Alþingi 1991

ÞINGSETNINGARFUNDUR

þriðjudaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 1991, þriðjudaginn 1. okt., var hundraðasta og fimmtánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en hundrað og þrítugasta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigurður Árni Þórðarson rektor steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.
2. Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
5. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
9. Eiður Guðnason, 4. þm. Vesturl.
10. Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.
12. Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
13. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
14. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.
15. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
18. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
19. Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.
20. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.
21. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
22. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
23. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
24. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.
25. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.
26. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
27. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
29. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
30. Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.
31. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
32. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
33. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykn.
34. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.
35. Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.
36. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
37. Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.
38. Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.
39. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
44. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
45. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
47. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
48. Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.
49. Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.
50. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.
51. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
52. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.
53. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.
54. Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.
55. Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.
56. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
58. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.
59. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
61. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
62. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
63. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 16. september 1991 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 1. október 1991.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 16. september 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

Friðrik Sophusson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 1. október 1991."

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Það þing sem hér hefur störf er hið eitt hundraðsta og fimmtánda í röðinni síðan Alþingi þjóðarinnar var

endurreist. Eins og ævinlega hefur það störf við breyttar aðstæður, breytta heimsmynd frá þeirri sem við sáum blasa við þegar síðasta þingi var slitið. Hugsanlega finnst mörgum okkar að breytingarnar séu hraðari en svo að við náum að fylgjast með, en samt hljótum við að axla þá ábyrgð sem því fylgir að vera einlægt þátttakendur í að skapa söguna.

Þetta Alþingi hefur líka störf við nýjar aðstæður sem skapast af nýjum þingskapalögum. Í fyrsta sinni starfar það nú í einni málstofu og hverfur frá deildaskiptingunni. Það gefur okkur tilefni til að minnast þess hvaða kröfur þjóðin hlýtur jafnan að gera til lýðræðislega kjörinna fulltrúa sinna. Fremst fer þar vafalaust krafan um að þingmenn standi ævinlega vörð um hag og menningu þjóðarinnar og er svo sjálfsögð að hana þarf aldrei að orða. En þjóðin gerir ekki kröfur til að alþingisfulltrúar hennar séu ofurmenni og leysi allan vanda eins og töframenn. Hún gerir ekki heldur kröfu til þess að allir séu á einu máli. Hún veit jafn vel og Njáll að allt orkar tvímælist þá gjört er. En hún ætlast til þess að starfshættir Alþingis og störf þingmanna séu með þeim hætti að ávallt sé tryggt að hvert þjóðþrifamál hafi verið rætt til hlítar, allar hliðar þess hafi verið skoðaðar áður en ákvörðun er tekin. Hún er þar með enn þess sinnis sem Jón Sigurðsson lýsti öðrum betur og hefur áður verið til vitnað við þingsetningu, enda mættu orð hans vera einkunnarorð hvers löggjafarþings okkar þegar hann sagði að Alþingi væri „fræ-korn allrar framfarar og blómgunar lands vors, eins konar þjóðskóli landsmanna til að venja þá á að hugsa og tala með greind og þekkingu um málefni þau sem alla varðar. Alþingi er engan veginn sett höfðingjum í víl, heldur fyrst og fremst alþýðu."

Svo mörg voru orð frelsishetjunnar og þau orð vildi ég óska að yrðu svífandi yfir vötnum þessa þings. Í þeirra krafti óska ég þingmönnum gifturíkra samræðna og farsælla ákvarðana eftir að allar hliðar mála hafa verið kannaðar.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Ég býð alla hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa. Sömuleiðis býð ég starfsfólk þingsins velkomið til starfa og óska því allra heilla í störfum.

Á þessum tímamótum, þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn til reglulegs starfs samkvæmt nýjum stjórnarskrárákvæðum og nýjum þingsköpum, vil ég láta í ljós þá von að þessi mikla breyting á starfsháttum þingsins verði til góðs og að störf þess í vetur verði landi og þjóð til heilla.

Minning Hannibals Valdimarssonar.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Hannibal Valdimarsson, fyrrum alþingismaður og ráðherra, andaðist sunnudaginn 1. september. Hann var áttatíu og átta ára að aldri.

Hannibal Valdimarsson var fæddur 13. janúar 1903 í Fremri-Arnardal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Valdimar bóndi þar Jónsson bónda og hákarlaformanns á Melum í Árneshreppi í Strandasýslu Jónssonar og Elín Hannibalsdóttir bónda á Bakka í Langadal, síðar í Tungu í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, Jóhannessonar.

Hann lauk prófi frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri vorið 1922 og var falin húsvarsla skólans næsta vetur. Síðan stundaði hann nám við Jonstrups Statsseminarium í Danmörku á árunum 1924–1927. Að því námi loknu hélt hann smábarnaskóla á Ísafirði 1927–1928, var kennari við barnaskólann á Akranesi 1928–1929 og skólastjóri barnaskólans í Súðavík 1929–1931. Árin 1931–1934 var hann skrifstofumaður hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga og jafnframt stundakennari við Gagnfræðaskólann á Ísafirði til 1933. Hann hafði umsjón með byggingu Alþýðuhúss Ísafjarðar 1934 og 1935 og var síðan forstöðumaður þess til ársins 1938. Skólastjóri Gagnfræðaskólans á Ísafirði var hann 1938–1954 og löngu síðar vegna fráfalls skólastjóra seinni hluta skólaársins 1974–1975. Hann var ritstjóri Skutuls á Ísafirði 1935–1938 og 1943–1947 og ritstjóri Alþýðublaðsins 1952–1954.

Hannibal Valdimarsson var formaður Verkalýðsfélags Álftfirðinga 1930–1931, formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði 1932–1938, formaður Alþýðusambands Vestfjarða 1934–1953 og forseti Alþýðusambands Íslands 1954–1971. Hann var í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 1939–1949. Á Alþingi átti hann sæti óslitið í 29 ár. Hann var landskjörinn alþingismaður 1946–1952, 1953–1956 og 1959–1963, þingmaður Ísfirðinga 1952–1953, Reykvíkinga 1956–1959 og 1967–1971, Vestfirðinga 1963–1967 og 1971–1974, sat á 30 þingum alls. Hann var félags- og heilbrigðismálaráðherra frá 24. júlí 1956 til 23. desember 1958 og félagsmála- og samgönguráðherra frá 14. júlí 1971 til 16. júlí 1973. Formaður Alþýðuflokksins var hann 1952–1954, Alþýðubandalagsins frá stofnun þess 1956 og til 1968 og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna frá stofnun þeirra 1969 og til 1974 og var jafnframt formaður þingflokksins. Hann var í kaupskrárnefnd 1954–1971 og í Norðurlandaráði 1954 og 1973–1974. Árið 1966 var hann skipaður í nefnd til að semja frumvarp um almennan lífeyrissjóð, árið 1968 í atvinnumálanefnd ríkisins, árið 1972 kosinn í stjórnarskrárnefnd og skipaður formaður hennar og árið 1973 í neyðarráðstafananefnd vegna eldgossins í Heimaey.

Þau æviatriði Hannibals Valdimarssonar sem hér hafa verið rakin sýna ljóslega langan og merkan æviferil. Hann aflaði sér ungur kennaramenntunar og sinnti framan af kennslu og skólastjórn, var áhrifamikill kennari og röggsamur stjórnandi. Hann hóf ungur afskipti af félagsmálum og hagsmuna- og réttindamál-

um alþýðu, gekkst fyrir stofnun verkalýðsfélaga og var kjörinn þar til forustu. Saman við þau störf hans tvinnaðist þátttaka í bæjarmálum á Ísafirði og í landsmálum, harðskeytt blaðamennska, löng seta á Alþingi og formennska stjórnmálasamtaka. Tvisvar átti hann sæti í ríkisstjórn og gekkst þá fyrir setningu laga um jafnréttismál og kjarabætur verkalýðs. Á efri árum hóf hann búrekstur í Selárdal í Arnarfirði.

Hannibal Valdimarsson var skapríkur hugsjónamaður, jafnaðarmaður í mörgum skilningi, ósérhlífinn og djarfur í baráttu fyrir málstað alþýðu sem hann helgaði drjúgan hluta ævistarfsins. Þótt hann fylgdi og stjórnaði þrennum stjórnmálasamtökum um ævina stefndi barátta þeirra allra að áþekku marki. Hann brast ekki kjark til að ganga fram fyrir skjöldu og hvetja til baráttu fyrir umbótum til handa alþýðu á nýjum vettvangi þegar honum þótti svo horfa við. Þegar aldur færðist yfir þau mörk sem sett eru opinberu starfi dró hann sig í hlé, enda lengi og vel unnið þeim málstað sem hann helgaði sig ungur að árum. Á kyrrlátu ævikvöldi undi hann sér ýmist hér syðra eða vestur í Selárdal með eiginkonu sinni, Sólveigu Ólafsdóttur frá Strandseljum í Ögurhreppi.

Ég vil biðja þingheim að minnast Hannibals Valdimarssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Þessum fundi er nú frestað til kl. 13.30 á morgun.

Fundi frestað.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.).

miðvikudaginn 2. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):
Þingsetningarfundi er fram haldið. Til hægðarauka hefur verið útbýtt sérstakri dagskrá fyrir fundinn, en verkefni hans eru fastákveðin í þingsköpum.

Sú nýbreytni er í þingsköpunum, 12. gr., að skrifstofustjóri, eða fulltrúi hans, situr þingfundi og er forseta til halds og trausts við sín störf. Ég býð skrifstofustjóra velkominn til starfa í þingsalnum.

Kosning forseta.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Salome Þorkelsdóttir,** 2. þm. Reykn., hlaut 34 atkv. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., hlaut 26 atkv.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):
Samkvæmt þessu er Salome Þorkelsdóttir rétt kjörin forseti Alþingis og mun hún nú taka við fundarstjórn og óska ég henni allra heilla í hennar starfi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég það traust sem mér hefur verið sýnt með kjöri í þetta virðulega embætti sem forsetastaða á Alþingi er. Ég vænti þess að eiga við alla gott samstarf.

Eins og hv. þm. sjá hafa orðið miklar breytingar í sölum Alþingis frá því þingfundum var frestað í maílok í vor. Það er líka að vonum því nú hafa orðið miklar breytingar á skipulagi Alþingis. Forseti og varaforsetar hafa unnið að því í sumar að búa í haginn fyrir hið nýja skipulag þingsins. Hér í þingsalnum hefur sætaskipan verið breytt, reyndar í það horf sem margir eldri þingmenn kannast við, þ.e. ráðherrasætin eru nú forseta á hægri og vinstri hönd eins og áður var allt fram til ársins 1987. Skrifarasætin við hlið forseta verða ekki framar setin þingmönnum, eins og áður hefur komið fram, heldur munu starfsmenn skrifstofunnar annast þau störf sem skrifarar höfðu áður og vera forseta til aðstoðar. Og ég tek undir árnaðaróskir starfsaldursforseta til þeirra embættismanna þingsins sem þeim störfum munu gegna.

Í þeim sal þar sem áður voru haldnir fundir efri deildar hafa nú verið fjarlægð borð og stólar þingmanna, forsetastóll og ræðustóll, en salurinn verður framvegis setustofa þingmanna þar sem þeir geta sinnt ýmsum verkefnum jafnframt því sem þeir geta fylgst með þingstörfum. Það hafa verið gerðar töluverðar endurbætur á salnum, flestar með þeim hætti að yfirbragð salarins er fært til upprunalegs horfs. Af óviðráðanlegum orsökum hefur orðið töf á afhendingu nýrra húsgagna í salinn en væntanlega verður hann kominn í rétt horf þegar þingmenn mæta til funda eftir helgina.

Þá hefur atkvæðagreiðslukerfi verið komið fyrir í þingsalnum, bæði í borðum þingmanna, á veggi salarins og hér í borði forseta. Er það von okkar forseta og varaforseta að þessi nýja tilhögun verði til þess að flýta þingstörfum og bæta þau á margvíslegan hátt. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að ekki eru allir á einu máli um ágæti þessa búnaðar, enda er hér um að ræða nýja tækni sem skiljanlegt er að menn taki með vissri varúð. Þar er forseti engin undantekning. Ég vil þó engu að síður eindregið hvetja þingmenn til að nýta sem mest atkvæðagreiðslukerfið því að einungis á þann hátt verður í ljós leitt hvernig það reynist. En ég vænti þess að þegar fram líða stundir muni búnaðurinn sanna ágæti sitt.

Þá hafa farið fram margs konar aðrar viðhaldsframkvæmdir í húsinu, í veitingastofu hússins, skrifstofu þingsins og á þakhæð hússins. Reynt hefur verið að vanda til alls þessa svo sem kostur hefur verið og er sérstök ástæða til þess að þakka starfsmönnum þingsins, iðnaðarmönnum og öðrum sem að verkinu hafa komið, þar á meðal húsameistara ríkisins sem jafnan hefur verið með í ráðum. Húsafriðunarnefnd hefur fylgst með framkvæmdum hér og ekki gert athuga-

semdir. Sömuleiðis hafa verið gerðar ýmsar breytingar í þeim sjö húsum sem Alþingi hefur afnot af hér í nágrenni Alþingishússins.

Það má öllum ljóst vera hvílíkt óhagræði það er að starfsemi þingsins skuli fara fram í átta húsum, flestum gömlum og óhagkvæmum. Það er löngu orðið tímabært að Alþingi geri hér bót á, annaðhvort með því að reisa nýtt skrifstofuhús við hlið Alþingishússins eða kaupa hús í næsta nágrenni sem rúmað gæti starfsemi þess að verulegu leyti. Fyrrverandi forsetar hafa á undanförnum árum unnið að lausn þessa máls og verður verkinu haldið áfram.

Nú eru mikil tímamót á Alþingi. Deildaskipting þingsins hefur verið afnumin og nú er að hefjast fyrsta reglulega þing samkvæmt hinu nýja skipulagi. Fyrir okkur liggur að hrinda í framkvæmd nýjum þingsköpum og móta framkvæmd þeirra að mörgu leyti. Sem forseti hlýt ég að óska eftir góðu samstarfi okkar, forseta og varaforseta, við alla þingmenn, jafnt stjórnarsinna sem stjórnarandstöðu í því mikilvæga og vandasama starfi sem okkar bíður.

Ég treysti því að allir leggist á eitt um að móta heiðarlegar og réttlátar reglur hér á Alþingi þar sem fram fer helsta stjórnmálaumræðan í landinu. Við skulum ekki láta skammsýn sjónarmið ráða í hita leiksins heldur hugsa fyrst og fremst um heiður og virðingu þessarar stofnunar. Við alþingismenn störfum ýmist sem stjórnarsinnar eða stjórnarandstaða í samræmi við leikreglur lýðræðisins.

Hér í sölum Alþingis skynjum við þunganið sögunnar. Þetta vekur með okkur hugrenningar um liðna tíma og merka atburði sem gerst hafa í sögu þingsins. Á tímamótum sem þessum er okkur hollt að muna að sá grunnur sem við byggjum á í dag er í rauninni löngu lagður fyrir tilverknað fyrri kynslóða. Þess minnumst við með þakklæti í hug:

Vinn úr sögunnar gnótt
allt þitt framtíðar vit!
Heyr þú dáinna kynslóða draum!

segir Jóhannes úr Kötlum í hátíðarljóði sínu sem hann orti í tilefni Alþingishátíðarinnar 1930.

Á þessu ári eru liðin nákvæmlega 110 ár frá því að lokið var byggingu hússins sem er í dag samkomustaður okkar, þjóðkjörinna fulltrúa íslensku þjóðarinnar. Alþingi var þá nýbúið að öðlast löggjafarvald og fjárveitingavald með stjórnarskránni 1874 og mikill hugur var í mönnum að fylgja þessu eftir með ráðum og dáð. Sú kynslóð sem stóð að smíði hússins átti sér draum og háleit markmið sem henni tókst að láta rætast. Ég get ekki stillt mig um að víkja nokkru nánar að þessum atburði því að út af fyrir sig erum við líka að minnast merkra tímamóta í sögu Alþingishússins eða öllu heldur þáttaskila í sögu þess. Hornsteininn var lagður að húsinu hinn 9. júní 1880. Í steininn var greypt silfurplata og á henni voru m.a. skráð þessi orð úr Jóhannesarguðspjalli: „Sannleikurinn mun gera yður frjálsa."

Þegar þing var svo í fyrsta sinn sett í Alþingishúsinu hinn 1. júlí 1881 mæltist landshöfðingja, Hilmari Finsen, m.a. á þessa leið:

„Alþingishúsið er nú fullgjört og stendur það nú sem hið skrautlegasta og öruggasta hús er nokkurn tíma hafi verið reist á Íslandi, landi og lýð til sóma og niðjum vorum til minnis um það að á fyrsta kosningartíma stjórnarfrelsisins hafi Alþingi Íslendinga í samverknaði við stjórnina haft vilja og dug til að framkvæma eins fagurt og stórkostlegt verk."

Landshöfðingi vígði síðan Alþingishúsið með bæn um að guð blessaði og varðveitti húsið og léti ævinlega sannleikann ríkja í því svo að fulltrúar þjóðarinnar, þjóðin sjálf og landið yrði frjálst í réttum og sönnum skilningi þeirra orða því að þá gætum við átt það víst að framförum og hagsæld ættjarðarinnar yrði borgið um aldur og ævi.

Hv. þingmenn. Ég vil núna, 110 árum síðar, taka undir þessi orð og vænti þess að störf okkar á þessu þingi verði landi og þjóð til heilla og hagsbóta. Ég endurtek þakkir mínar fyrir það traust sem mér er sýnt með kosningu í embætti forseta.

Kosning varaforseta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fer nú fram kosning fjögurra varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. einnig 5. mgr. 68. gr. Ég vil biðja um lista.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þar sem Sjálfstfl. hefur rofið þá samstöðu sem myndaðist í vor um skipan forsætisnefndar og lætur sér ekki nægja það alræðisvald sem forseta er fengið samkvæmt þingsköpum, þá sér stjórnarandstaðan ekki ástæðu til að bjóða fram í kosningum um varaforseta.

Undanfarna áratugi hefur verið góð samvinna um stjórn þingsins á milli stjórnar og stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Hún hefur byggst á gagnkvæmu trausti, sanngirni og tillitssemi manna á meðal. Sjálfstfl. kýs nú að hverfa af þeirri braut og er farinn að beita svipuðum vinnubrögðum og sjálfstæðismeirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur hefur tíðkað, að neyta alltaf ýtrasta aflsmunar og taka aldrei ótilneyddur tillit til minni hlutans. Það er mikil afturför að innleiða þau vinnubrögð hér á Alþingi.

Í vor náðist þverpólitísk samstaða um ný þingsköp. Það var ákveðið að kjósa varaforseta hlutfallskosningu og skapa með því svigrúm til samkomulags um að allir flokkar, sem nú eiga sæti á þingi, ættu aðild að forsætisnefndinni. Við hefðum ekki gengið frá þingsköpunum í núgildandi formi hefðum við ekki treyst því að sjálfstæðismenn sýndu sanngirni. Þar sem þeir hafna því nú munum við stjórnarandstæðingar ekki bjóða fram til þessara kosninga.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til þess að svara hv. síðasta ræðumanni nokkrum orðum þar sem hann virðist ekki gera sér grein fyrir þeim mismun sem er á

alræði og lýðræði. Það sem hér er um að ræða er það að Sjálfstfl. gerir tilkall til þess lýðræðislega þáttar eða hlutar sem hann á samkvæmt þingstyrk rétt til í stjórn þingsins eins og öðrum nefndum hér á Alþingi. Ég vil vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns láta það koma fram, eins og kom reyndar fram í máli hans sjálfs, að lög um þingsköp Alþingis gera ráð fyrir hlutfallskosningu við kjör varaforseta þingsins. Alþingi er sjálft kjörið hlutfallskosningu og það er eðlilegt að valdahlutföll í þinginu endurspeglist í nefndum þess, þar á meðal í stjórnarnefndinni.

Sjálfstfl. gaf eftir rétt sinn til eins af fjórum varaforsetum á síðasta vori til að undirstrika þá samstöðu sem var milli flokkanna um breytingar á starfsháttum Alþingis, breytingar á stjórnarskrá og þingsköpum. Sú ákvörðun hafði það í för með sér að stjórnarandstaðan, sem er skipuð 27 þingmönnum, hafði þrjá menn í forsætisnefnd, en stjórnarflokkarnir með sína 36 þingmenn fengu tvo í nefndina. Engu að síður ákváðum við að sætta okkur við þetta á síðasta vori til að undirstrika samstöðu allra flokka um þær breytingar sem þá var verið að gera. En þegar ákvörðun var tekin um þetta atriði á síðasta vori var því skýrt og greinilega lýst yfir af minni hálfu fyrir hönd Sjálfstfl. að þessi ákvörðun hefði ekki sjálfstætt fordæmisgildi, hvorki nú í haust né síðar. Sú yfirlýsing er þingmönnum að sjálfsögðu handbær í þingtíðindum frá 31. maí sl. og það þarf þess vegna engum að koma á óvart að Sjálfstfl. skuli ekki nú vilja gefa stjórnarandstöðunni eftir sæti í forsætisnefnd sem hann hefur þingstyrk til að gera tilkall til. Það er hrein ósanngirni að gera kröfu til þess.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, virðulegi forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um atkvæðagreiðslu vegna þeirra tíðinda sem orðið hafa, að stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Alþfl., hafa nú ákveðið að neyta flokkspólitísks aflsmunar við kjör varaforseta í forsætisnefnd. Þetta er mikil breyting frá þeirri hefð sem haldist hefur allt frá árinu 1971, og gefist vel, að stýra þinginu í samráði og samvinnu en líta ekki á þingið sem flokkspólitíska valdastofnun þar sem valdahlutföll ríkja. Sú breyting er ekki orðin til af þeirri nauðsyn að tryggja að stjórnarflokkarnir eigi lokaorðið ef til þess kæmi að ágreiningur yrði í forsætisnefnd eftir flokkslínum því sá réttur er vel tryggður í þeim þingsköpum sem við samþykktum í vor. Forseti hefur ávallt úrskurðarvald. Hvað veldur því þá að menn vilja fórna þeim góða kosti að allir séu ábyrgir fyrir stjórn þingsins? Þann kost áttum við.

Mér þykir miður að svo er nú orðið sem við blasir. Mér er mjög annt um heiður þessa þings. Þetta er ekki í þeim anda sem umræður um setningu nýrra þingskapa gáfu til kynna þótt ég muni jafn vel eftir þeim fyrirvara sem gerður var undir lokin eins og aðrir hér. Hins vegar var þá talað um endurskoðun ef á þyrfti að halda en mér vitanlega hefur engin umræða um þörf á endurskoðun verið tekin upp neins staðar milli flokka.

En mig langar jafnframt, með leyfi hæstv. forseta, að geta þess að er fjallað var um þingsköpin nú í vor sagði hv. 8. þm. Reykv. Geir H. Haarde svo, og talaði fyrir munn allrar nefndarinnar: „Æskilegt er talið að sem flestir flokkar eigi aðild að forsætisnefndinni sem skipuð er forsetum og varaforsetum og þykir eðlilegt að þingflokkar reyni að ná samkomulagi áður en til listakosningar kemur um hverjir skuli skipa embætti varaforseta.

Í þessu sambandi er rétt að taka það fram að undirstrikað er enn frekar en var upphaflega í því frv. sem nú liggur fyrir að áður en komi til listakosningar skuli þess freistað að ná samkomulagi milli þingflokka um skipan í forsætisnefndina og kjör varaforseta."

Þetta var mjög í takt við þann anda sem ríkti þarna og endurspeglar mjög vel þá hugmynd sem við sem sátum í þessari nefnd gerðum okkur um það mál, að halda þeirri góðu venju sem skapast hefur að allir eigi að eiga aðild að og bera ábyrgð á stjórn þingsins. En nú blása nýir vindar og nöturlegri.

Við þessar aðstæður teljum við kvennalistakonur okkur ekki unnt að eiga nokkurn þátt í kosningu stjórnar þingsins eða að bera ábyrgð á nýjum háttum sem þar kunna að verða upp teknir. Stjórnarsinnar hafa valið að víkja frá farsælli leið og þeir verða því að bera ábyrgð á stjórn þingsins í samræmi við sína ákvörðun.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykv. ætlaði að fara að kenna mér lýðræði og hvernig túlka bæri valdahlutföll á þinginu. Mér er alveg ljóst hverjir eru í meiri hluta á þessu Alþingi, hverjir hafa myndað meiri hluta um stjórn landsins. Það er ekki nein hæfa að reyna að túlka þetta þannig að í forsætisnefnd sé stjórnarandstaðan að reyna að ná meiri hluta. Forseti skal skv. 10. gr. þingskapa skera úr verði ágreiningur. Þar með er forsetanum alltaf tryggt að hafa síðasta orðið og stjórnarliðinu þá, enda gerir maður ráð fyrir því að frambjóðandi stjórnarliðins nái kjöri sem forseti. Þannig er réttur ríkisstjórnarinnar eða stjórnarmeirihlutans margfaldlega tryggður í bak og fyrir samkvæmt þessum þingsköpum. Og það er ekki við hæfi að reyna að láta þetta líta svo út að hér sé um einhverja nefnd að ræða þar sem atkvæði gangi eftir höfðatölu þeirra sem í henni sitja vegna þess að forseta er þingsköpum samkvæmt tryggt að hafa síðasta orðið.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram í þessari umræðu.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við stöndum hér frammi fyrir mjög sérkennilegri stöðu eftir það góða samkomulag sem náðist um afgreiðslu þingskapalaganna sl. vor og þann jákvæða anda sem kom fram í þeirri afgreiðslu og samkomulagsvilja af hálfu allra flokka sem birtist bæði í þeim nefndum sem störfuðu í þinginu og eins í þeirri nefnd sem undirbjó frumvarpið áður en það var lagt fyrir þingið.

Hér er Sjálfstfl. í raun og veru að ganga á bak þeirra fyrirheita sem nýju þingskapalögin gáfu og

Sjálfstfl. var aðili að. Með þessu er Sjálfstfl. að koma aftan að hinum þingflokkunum, sérstaklega þingflokkum stjórnarandstöðunnar, og ég gagnrýni það harðlega og þó sérstaklega framkomu formanns þingflokks Sjálfstfl.

Það eru fjögur atriði sem ég vil vekja athygli á, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi það að samkvæmt hinum nýju þingsköpum er það þannig að forsetinn hefur valdið ef ágreiningur kemur upp. Aðalforsetinn hefur valdið. Ég minni á það að í þeirri nefnd sem undirbjó þingskapalagafrv. beitti ég mér sérstaklega fyrir því að þetta ákvæði væri alveg skýrt, við gagnrýni m.a. frá ýmsum félögum mínum, bæði í mínum flokki og öðrum flokki. En á móti kemur svo það að forsætisnefndin er samráðsnefnd. Hún er í raun þingræðisleg stjórn en ekki flokkspólitísk nefnd á sama hátt og aðrar þingnefndir. Með ákvörðun sinni er Sjálfstfl. og *stjórnarmeirihlutinn því að afsala sér samráði*, afsala sér samráðsmöguleikum hér í þinginu. Það er það sem er alvarlegt.

Í þriðja lagi vil ég benda á að með þessu er í raun og veru verið að þvinga það fram að útiloka sérstaklega einn stjórnarandstöðuflokkinn frá samráði um þinghaldið og að sjálfsögðu hljótum við í hinum stjórnarandstöðuflokkunum að standa gegn slíku gerræði og tilræði við anda nýju þingskapalaganna.

Í fjórða lagi birtist í þessari afstöðu Sjálfstfl. og Alþfl. sérstakt vantraust á nýkjörnum forseta. Það bendir til þess að Sjálfstfl. treysti ekki nýkjörnum forseta til að sitja einn í forsætisnefndinni og þess vegna þurfi að kalla þar fram sérstakan eftirlitsmann.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að harma þessa niðurstöðu. Hér er vegið að grundvallaratriðum lýðræðis og þingræðis. Það boðar illt um framhaldið. Það sýnir auðvitað hverjir það eru sem forustuna hafa, borgarstjórinn í Reykjavík fyrrverandi er að innleiða vinnubrögð borgarstjórnarmeirihlutans hér á hinu virðulega Alþingi og ber að harma það.

Þegar þessi mál voru rædd hér sl. vor kom það fram hjá formanni þingflokks Sjálfstfl. að hann teldi það mjög óheppilegt að þurfa að ganga frá málum eins og gert var. Það kom fram að fyrrverandi formaður þingflokks Sjálfstfl. vildi allt gera til að stuðla að sem breiðastri samstöðu um þessi mál. Nú hefur hin nýja forusta Sjálfstfl. tekið völdin, ákveðið að ganga yfir minni hlutann hvað sem það kostar. Af þeim ástæðum var það sem Alþb. hafnaði aðild að kosningum í forsætisnefnd við þessar aðstæður vegna þess að hér er um að ræða brot á nýju þingskapalögunum, þ.e. anda þeirra, og í öðru lagi eru engin efnisleg rök fyrir því að neinn flokkur hafi nema einn mann í forsætisnefndinni. Þess vegna var það einróma niðurstaða okkar að taka ekki þátt í þessum vinnubrögðum með þeim hætti sem formaður þingflokks Sjálfstfl. og fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík hefur hér forustu um með Alþfl. í eftirdragi.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að svara í nokkru því sem fram hefur komið hjá hv. stjórnarandstæðingum. Það er rétt að það komi alveg skýrt fram að um það atriði sem hér er verið að ræða, hvort aðild þingflokkanna að forsætisnefndinni eigi að vera hlutfallsleg eða hvort hver flokkur eigi ávallt að hafa þar einn fulltrúa, hefur verið ágreiningur frá upphafi. Og ég veit að ég þarf ekki að minna hv. síðasta ræðumann á þau átök sem urðu í undirbúningsnefnd þingskapalaga um þetta atriði. Sjálfstfl. hefur ekki viljað fallast á það að honum, sem langstærsta flokki þingsins, beri sömu áhrif í þessari nefnd og hinum minnsta flokki þingsins, jafnvel þó svo að sá flokkur hefði tvo eða þrjá þingmenn innbyrðis. Það var líka tillaga af hálfu þessara aðila að þó að hér væri fjöldi smáflokka skyldu þeir allir hafa jafna aðild að stjórn þingsins í gegnum forsætisnefnd. (Gripið fram í.)

Ég fagna því að hv. 9. þm. Reykn. skyldi hafa vitnað til ummæla minna við framsögu fyrir þessu máli á *sínum tíma vegna þess að það er almennt talið æskilegt* að sem flestir þingflokkar komi að málum. Þess vegna ber að harma það að núverandi stjórnarandstöðuflokkar skuli vilja afsala sér allri ábyrgð á stjórn þingsins og öllu samráði með því að taka nú ekki kjöri í forsætisnefndina. Það er auðvitað æskilegt að sem flestir þingflokkarnir eigi þar aðild þó að auðvitað sé aldrei hægt að tryggja að þeir séu þar allir öllum stundum.

Formaður þingflokks Kvennalistans kom að máli við mig fyrr í þessari viku til þess að kanna hvort unnt væri að ná samkomulagi um óbreytta skipan frá því sem ákveðið var í vor. Að athuguðu máli í okkar þingflokki var niðurstaðan sú að við kærðum okkur ekki um slíkt samkomulag áfram en buðum að sjálfsögðu upp á samkomulag um einn lista, en þó þannig að Sjálfstfl. hefði hlutfallslegan styrk á þeim lista. Til þess kemur þó greinilega ekki að slíkur listi verði borinn fram. Það var sem sagt reynt að ná samkomulagi á þessum nótum, það var óskað eftir því en tókst ekki og það er þá í samræmi við þingskapalögin að kosning fari fram.

En ég vek enn á ný athygli á því að það getur ekki komið nokkrum hér í salnum á óvart að þessi skuli verða niðurstaðan vegna þess að gerður var sérstakur fyrirvari um þetta atriði. Hann var lesinn hér upp, hann liggur fyrir í þingtíðindunum. Það var sagt sérstaklega að þetta hefði ekki fordæmisgildi hvorki nú í haust né síðar og þess vegna eru það látalætin ein að vera að gera veður út af þessu með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Sjálfstfl. stendur einhuga að baki þessari ákvörðun þrátt fyrir dylgjur síðasta ræðumanns um annað.

Ég vil í lokin segja að það er vissulega harmsefni að stjórnarandstaðan skuli ætla að afsala sér aðild að stjórn þingsins og þeirri ábyrgð og því samráði sem því fylgir en það er auðvitað hennar ákvörðun. Það eru stjórnarandstöðuflokkarnir sem taka þá ákvörðun og bera á henni ábyrgð en ekki þeir sem hafa tekið þá ákvörðun að óska eftir því að fá styrk í forsætisnefnd í samræmi við hlutfallslegan þingstyrk hér í sölum Alþingis.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég var einn þeirra sem tók þátt í störfum í þeirri nefnd sem fjallaði um þingskapalögin og ég verð að játa það að þessi uppákoma kemur a.m.k. mér á óvart þótt formaður þingflokks Sjálfstfl. haldi því fram að hún ætti ekki að koma neinum á óvart.

Það er alveg rétt að það voru deildar meiningar um það hvernig málum skyldi skipað. Lögð var áhersla á það að allir flokkar sem nú sitja á Alþingi ættu aðild að þessari forsætisnefnd og m.a. rætt um það hvort ekki væri jafnvel rétt að fjölga í nefndinni til þess að koma til móts við þau sjónarmið Sjálfstfl. að hann hefði fleiri í nefndinni. En aðalatriðið er það að Sjálfstfl. féllst á það í umfjöllun málsins að hafa þá skipan að það væru fimm í nefndinni og Sjálfstfl. hefði þar einn aðila. Það mátti því ætla, miðað við þann samkomulagsvilja sem hefur verið um kosningu forseta í gegnum nánast alla sögu Alþingis, að hér yrði um óbreytta skipan að ræða, a.m.k. meðan skipan Alþingis væri óbreytt. Nú hefur engin breyting orðið á skipan Alþingis frá því á síðasta þingi, ekki nokkur, og því hefði verið mun heiðarlegra af Sjálfstfl. að neita því algjörlega í vor að hafa þá skipan mála sem tekin var upp. Og við hljótum að spyrja í þessu sambandi: Hver er ástæða þessarar stefnubreytingar? Hefur eitthvert það atvik komið upp í stjórn þingsins sem gefur tilefni til þessa? Hefur stjórnarandstaðan verið með einhver uppsteyt í forsætisnefndinni? Hefur hún reynt að fá þar fram meirihlutavilja, jafnvel þó það sé ekki hægt?

Við sem stóðum að þessu máli á sl. vori hljótum að spyrja og fá um það skýr svör frá Sjálfstfl.: Hver er ástæða þessarar stefnubreytingar? Það þýðir ekkert að vitna til einhverra fyrirvara sem gerðir voru því niðurstaðan varð sú að forsætisnefndin var skipuð með þessum hætti og það var meðal ástæðna þess að um það náðist gott samkomulag. Við sem að þessu stóðum af hálfu stjórnarandstöðu hlutum að vera í þeirri trú að svo yrði áfram, en svo er ekki. Það virðist vera að Sjálfstfl. leggi meiri áherslu á það að beita meirihlutaafli hér á Alþingi en nokkuð annað og virðist hafa gleymt því um stundarsakir a.m.k. að hann er forustuflokkur í núv. ríkisstjórn og ber þá ábyrgð að ná sem bestu samkomulagi hér á Alþingi, sem Alþfl. virðist líka hafa gleymt.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég sé mig tilknúinn að koma hér einu sinni enn til þess að leiðrétta þær rangfærslur sem hv. þm. Geir H. Haarde lét út úr sér áðan þar sem hann var að gera því skóna að áhrif stærsta og minnsta flokksins í forsætisnefnd hafi verið jafnmikil á sl. sumri. Ég verð til upplýsingar fyrir hann að lesa fyrir hann 9. og 10. gr. þingskapa, með leyfi forseta:

9. gr. hljóðar svo: „Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.“ — Hefur æðsta vald í í stjórnsýslu þess.

10. gr. hljóðar svo: „Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Forseti stjórnar fundum hennar.

Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og hefur umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi á aðild að. Hún fjallar um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir Alþingi heyra. Nefndin setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Auk þess fjallar forsætisnefnd um þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða varaforsetar óska að ræða. Verði ágreiningur í nefndinni sker forseti úr.“ — Ég endurtek: Verði ágreiningur í nefndinni sker forseti úr. — „Forsætisnefnd fer með þau verkefni sem forsetum Alþingis hafa verið falin í öðrum lögum.“

Það getur ekki skýrara verið en þetta að yfirburðavald forsetans er algerlega tryggt í tveimur greinum þingskapa. Að halda því fram að einhver varaforsetanna sé jafnoki að valdi við forsetann er náttúrlega fjarstæða og að ímynda sér það að áhrif Sjálfstfl. hafi verið jöfn og áhrif Kvennalistans á síðasta sumri í stjórn þingsins er fjarstæða.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég bið forseta að virða það að það kann að vera nauðsynlegt að ræða aðeins um þau þáttaskil sem hér eru greinilega að verða á fyrsta reglulega þingi þegar við erum að reyna að móta siðvenjur nýrra þingskapa sem við öll studdum í vor heils hugar.

Hv. þm. Svavar Gestsson og Halldór Ásgrímsson, sem tóku þátt í því fyrir hönd Alþb. og Framsfl. að móta þessi þingsköp í samstarfi við formann þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Geir Haarde, hafa mjög rækilega lýst því hér með hvaða hætti þeir telja að þessi afstaða Sjálfstfl. sé brot á því samkomulagi og þeim samstarfsanda sem mótaði afgreiðslu þingskapanna sl. vor.

Það er rétt að það voru með tvíþættum hætti sett fram sjónarmið um það hvernig þessi skipan ætti að vera. Annars vegar var það sjónarmið að forseti þingsins hefði ákvörðunarvald og það sjónarmið varð ofan á í lagasetningunni samkvæmt þeim lagagreinum sem hv. þm. Páll Pétursson las hér upp áðan. Hitt sjónarmiðið fól það í sér að forsætisnefndin væri formlegur aðili sem skiptist í meiri og minni hluta og þar réði meiri hlutinn og þá eðlilega meiri hluti ríkisstjórnar. Fyrri leiðin var farin, að fela forsetanum í lögum ótvírætt yfirráðavald yfir öllum málum ef forsetinn kýs svo. En nú kemur Sjálfstfl. og óskar eftir því til viðbótar að fá flokksleg ítök í þessari samráðsnefnd þingsins og skipta henni í meiri hluta og minni hluta. Það er algjört brot á þeim starfsvenjum sem hér hafa tíðkast í u.þ.b. tvo áratugi.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp að þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sat 1978–1979 var stjórnarandstæðingurinn Þorv. Garðar Kristjánsson forseti Ed. og gafst það vel. (**GHH:** Manstu hvers vegna?) Já, já, ég man fullkomlega hvers vegna. Það er algjört aukaatriði í málinu hvers vegna hann var forseti Ed., en ég get rifjað það upp fyrir þingmanninn. Það var vegna þess að alþýðuflokksmaður gekk frá því starfi og við sem vorum þá stjórnarmeirihlutinn í Ed. sýnd-

um stjórnarandstöðunni þá tiltrú að við kusum stjórnarandstæðinginn Þorv. Garðar Kristjánsson sem forseta Ed. og hann rækti það starf með sóma.

Í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens var stjórnarandstæðingurinn Sverrir Hermannsson forseti Nd. öll þau ár og gafst sú skipan líka vel og stjórnarandstæðingurinn Sverrir Hermannsson gegndi því starfi með sóma. Þessir tveir menn voru þess vegna formlegir þátttakendur í yfirstjórn þingsins sem forseti Ed. og forseti Nd. þótt þeir væru í stjórnarandstöðu og var aldrei hægt að finna neitt tilefni til að gera athugasemd við þá skipan eða sýna þeim vantraust, vegna þess að við öll sem að henni stóðum mátum þingræðið meira en flokkslega hagsmuni. En það stóra sem hér hefur gerst er að hin nýja forusta Sjálfstfl. metur flokkslega hagsmuni meira en þingræðið.

Hv. þm. Geir Haarde hefur endurtekið hér í ræðustólnum að Sjálfstfl. beri jafnmikil áhrif og Kvennalistanum í forsætisnefndinni. Samkvæmt lögum þingsins hefur Sjálfstfl. nú, þar sem forseti hefur verið kosinn Salome Þorkelsdóttir, alræðisvald í forsætisnefndinni ef Sjálfstfl. svo kýs, því forsetinn getur hvenær sem er haft sérstöðu í nefndinni og þá ræður hennar eina atkvæði. Forsætisnefndin er nefnilega eina nefnd þingsins sem samkvæmt lögum starfar þannig að einn maður í nefndinni ræður öllu. Það er þess vegna fullkomlega út í hött hjá hv. þm. Geir Haarde að fara að tala hér um forsætisnefndina sem einhverja venjulega þingnefnd þar sem menn þurfa að hafa meiri hluta og minni hluta, vegna þess að hún starfar samkvæmt sérstökum lögum þar sem einum manni er falið algjört vald í nefndinni ef hann svo kýs. En það dugir Sjálfstfl. ekki að fá alræðisvald samkvæmt lögum í nefndinni. Hann þarf líka að fá sérstaka flokkslega fulltrúa inn í nefndina. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé og nauðsynlegt að svarað sé í þingsalnum hvers vegna. Því ef Sjálfstfl. svarar ekki skýrt hvers vegna þá er ekki hægt að ályktа annað en að ástæðan sé vantraust þingflokks Sjálfstfl. á hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, sem kosin hefur verið forseti Alþingis, komi engin önnur ástæða fram. Og Sjálfstfl. verður svo að meta það við sig hér í salnum hvort hann vill skilja við málið með þeim hætti að allur þingheimur og þjóðin dragi þá ályktun að Sjálfstfl. hafi ekki talið nóg að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hafi alræðisvald í nefndinni vegna þess að hann treysti henni ekki til að fara með það.

Ég vil svo, virðulegur forseti, spyrja forustu Alþfl. sem hér er í salnum, ég tek eftir því að formaður Alþfl. er ekki í salnum en þá varaformann Alþfl. eða formann þingflokksins, hvort sú tillaga um málsmeðferð sem hér er gerð af hálfu Sjálfstfl. sé sameiginleg tillaga stjórnarflokkanna, hvort Alþfl. standi að þessu verki og hafi samþykkt það eða hvort hér sé um sérstaka flokkslega ákvörðun Sjálfstfl. að ræða. Það er auðvitað alveg ljóst að þessi ákvörðun, verði henni fylgt fram, mun hafa áhrif á öll samskipti ríkisstjórnarinnar við þingið. Alþfl. getur þess vegna ekki firrt sig neinni ábyrgð í þessu máli og það er nauðsynlegt fyrir okkur í stjórnarandstöðuflokkunum að fá að vita formlega hér í þingsalnum hver er aðild og afstaða Alþfl. til þessa máls. Alþfl. er eini flokkurinn hér á Alþingi sem ekki hefur tjáð sig í þessum umræðum um það hver hans afstaða er til málsins. Ég óska eftir því að varaformaður Alþfl. eða formaður þingflokksins lýsi því hér hver er afstaða Alþfl. áður en haldið er lengra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur ástæðu til þess að minna hv. þm. á, þar sem við erum að byrja að starfa samkvæmt nýjum þingsköpum, að athugasemdir við atkvæðagreiðslu eiga ekki að taka lengri tíma en fimm mínútur hvert sinn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Hér hafa verið höfð endaskipti á öllum þeim rökum sem við þekkjum best. Því er haldið fram að það sé brot á þingræðisreglum þegar einn af þeim stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi vill að farið sé eftir þeim lögum sem um það gildir sem um er að véla og sá þingstyrkur sem fólkið hefur ákvarðað þeim flokki skuli fá að njóta sín hér í þingsölunum og reyndar í forsætisnefndinni. Og því er jafnframt haldið fram að það geti vel verið að Sjálfstfl. sérstaklega sé að sýna nýkjörnum forseta Alþingis vantraust, aðeins örfáum mínútum eftir að flokkurinn hefur staðið að því að bjóða þann forseta fram og auðvitað fylkt sér bak við það forsetaefni í atkvæðagreiðslu. Þarna eru höfð endaskipti á hlutunum og auðvitað er fráleitt að halda því fram að forseti njóti ekki fulls trausts sjálfstæðismanna og stjórnarliða allra og reyndar held ég að forseti ætti að fá að njóta trausts allra þingmanna í þessum sal. Þannig hefur hún haldið á sínum málum hér í þinginu.

Ég vil líka andmæla þeirri túlkun, sem mér finnst fráleit, að Sjálfstfl. hafi í vor afsalað sér til frambúðar þeim rétti að fá mann samkvæmt þingstyrk sínum í forsætisnefndina. Það var gerður skýr fyrirvari þá og ef menn hefðu þá túlkað það svo, eins og hv. 1. þm. Austurl., að þar með væri Sjálfstfl. að ganga á bak orða sinna í raun, þá hefði þingmaðurinn átt að gera harða athugasemd þegar formaður þingflokks Sjálfstfl. birti þennan fyrirvara mjög ákveðið hér í þingsalnum og ég hygg að þingmaðurinn hafi verið á staðnum. Þá hefðu þingmenn átt að gera athugasemd við þau ummæli.

Ég vil líka vekja athygli á því að ég lít þannig til að með því mikla valdi sem forseta þingsins framvegis er fært með þingskapalögum, þá hlýtur forseti að líta á sig sem forseta allra þingflokkanna og fara þannig að í störfum sínum. (**Gripið fram í:** Ekki Kvennalistans.) Að sjálfsögðu líka Kvennalistans, allra þingflokkanna, hv. þm. Auðvitað lítur forseti á sig sem málsvara allra þingflokkanna. Það er í eðli starfsins finnst mér, það er mín skoðun. Aðrir þingmenn kunna að hafa aðra skoðun um hvað felist í raun í hinu mikla valdi sem forsetanum er fengið. Og því sé eðlilegt að Sjálfstfl. hafi samkvæmt styrk sínum annan þingmann inni í þeirri forsætisnefnd til að koma hinum flokkspólitísku sjónarmiðum á framfæri innan þeirrar þingnefndar. (Grip-

ið fram í.) Salome Þorkelsdóttir, forseti þingsins, er að sjálfsögðu fulltrúi Sjálfstfl. Hún er jafnframt forseti þingsins alls og nýtur trausts þingsins alls sem slíks.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. aðeins að sitja á sér með frammíköll og leyfa þeim sem hverju sinni er að tala að gera það í friði.

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Sem endranær hefur formaður Alþb. miklar áhyggjur af afstöðu Alþfl. Ég vona að það beri því einungis vitni að hann hyggist í framtíðinni taka meira mark á stefnu þess flokks heldur en hann hefur gert hingað til. Ég hlýt auðvitað í upphafi máls míns að harma þau orð sem hann lét falla hér um forseta þingsins og lýsi því yfir að ég ber fullt traust til þessa forseta og hlakka til samstarfs við hann. Hér hefur líka hver fulltrúi stjórnarandstöðunnar á fætur öðrum komið og lýst því yfir skýrt og skorinort að formaður þingflokks Sjálfstfl. gerði fyrirvara í vor, ekki bara í þingskapanefndinni heldur í umræðunum hér á þingi þar sem hann lýsti því yfir að það væri alveg ljóst að hér væri ekki verið að gefa fordæmi, hvorki fyrir næsta þing né önnur þing. Það er því alveg ljóst að engum manni, hvorki Ólafi Ragnari né öðrum á að koma það á óvart að Sjálfstfl. hefur nú ákveðið að neyta þingstyrks síns. Ég segi það líka og lýsi því yfir fyrir hönd Alþfl. að við höfum rætt þetta mál og tekið um það formlega afstöðu og við styðjum þetta.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls en umræðurnar gefa vissulega tilefni til þess. Ég get í fyrsta lagi ekki látið hjá líða vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. hér áðan að spyrja: Ef það er raunverulega vilji þingsins, eins og mér heyrðist á máli hans að væri, að sem flestir eigi aðild að stjórn þingsins, hvers vegna velja stjórnarflokkarnir þá ekki þá leiðina sem valin var í vor að sem flestir eigi aðild að stjórn þingsins? Ekkert er auðveldara. Hvers vegna þessi stefnubreyting? Hvers vegna að feta nýja slóð eftir góða reynslu af því að byggja stjórn þingsins á samstarfi og samvinnu allt frá árinu 1971 eins og hér hefur verið rakið?

Ég sætti mig ekki við það að í vor höfum við til málamynda kosið samkvæmt þessum anda til þess að sátt yrði aðeins um afgreiðslu nýrra þingskapalaga. Ég hefði kosið að vilji manna væri að sátt væri um samráð og samstarf allra samkvæmt nýju þingsköpunum, ekki aðeins að samþykkja þau heldur einnig að vinna eftir þeim. Ákvörðun stjórnarflokkanna er ekki í þessum anda. Eru nýir tímar að renna upp? Er það rétt, sem hæstv. forsrh. segir, að nú eigi að fara að vinna í forsætisnefnd með flokkapólitík að leiðarljósi?

Ég ætla ekki að ítreka það enn aftur hvert hlutverk forsætisnefndarinnar er. Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði það ágætlega nú áðan með því að lesa upp úr þeim þingsköpum sem við samþykktum í vor.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Vegna ummæla hæstv. forsrh. um að við hefðum átt að gera athugasemdir við þann fyrirvara sem Sjálfstfl. gerði vil ég í fullri einlægni segja við hann að við höfðum fulla ástæðu til að ætla það að Sjálfstfl. mundi standa með sama hætti að málum eins og á sl. vori meðan ekki væri breytt skipan hér á þingi.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða breyting hefur orðið á í sumar? Hver er ástæða þess að fulltrúar stjórnarflokkanna kjósa að hefja þinghaldið með þessum hætti? Það kemur mjög á óvart og það er eðlilegt að við spyrjum hæstv. forsrh. um það hvernig standi á þessu þannig að við vitum um það og getum þá tekið tillit til þess í áframhaldandi störfum þingsins. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. eða annan málsvara stjórnarliðsins: Hvaða stjórnmálaleg sjónarmið eiga erindi inn í forsætisnefndina? Er það hugmyndin og er það ætlun stjórnarmeirihlutans að þinginu, Alþingi Íslendinga, verði á komandi vetri fyrst og fremst stjórnað í samræmi við stjórnmálaleg viðhorf stjórnarmeirihlutans? Er það ætlun núv. forsrh. að standa þannig að málum í vetur á komandi þingi? Ef það er ætlunin þá er mikilvægt að vita það strax.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Mig langar til þess að minna hér aðeins á orð sem forseti lét falla áðan í ræðu sinni eftir að hafa verið kjörin í þetta embætti. Þá sagði forseti eitthvað á þá leið að það væri mjög mikilvægt að það næðist gott samstarf í þinginu um starf þingsins og að þingmenn mættu ekki láta skammsýn sjónarmið í hita leiksins ráða för. Það er nákvæmlega það sem ég held að hér sé að gerast og ég hlýt að líta á orð forseta hér áðan sem varnaðarorð til samherja sinna í Sjálfstfl. Það sem hér er að gerast kemur mér þó í sjálfu sér ekki á óvart. Ég hef setið í borgarstjórn Reykjavíkur í sex ár og þekki þau vinnubrögð sem hér eru á ferðinni. Það sem kom mér hins vegar á óvart var að fyrrum samherji minn og Kvennalistans í borgarstjórn Reykjavíkur, hv. þm. Davíð Odsson, fyrirgefið, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, það er kannski ekki furða að slái saman, sem var þá andstæðingur Davíðs Oddssonar skuli nú eiga þátt í því að greiða fyrir þeim gerræðislegu vinnubrögðum, sem þar tíðkuðust, hér á Alþingi, að nú skuli hann eiga þátt í því að útiloka Kvennalistann frá stjórn þingsins til þess að fjölga þar sjálfstæðismönnum. Það kemur mér á óvart í þessu máli.

Í þessu sambandi langar mig til þess að rifja upp orð sem virtur ritstjóri hér í borg lét falla fyrir nokkrum árum í sjónvarpsþætti sem var helgaður núv. forsrh. Davíð Oddssyni. Þá sagði þessi virðulegi ritstjóri að pólitískir andstæðingar hans mættu biðja fyrir sér þegar, eins og hann orðaði það, fáknum yrði hleypt út fyrir borgarhliðin. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að hald sig við atkvæðagreiðslu og athugasemd.)

Nú kemur það — það er augljóst og skilið eftir það sem hér er að gerast hvað háttvirtur ritstjórinn átti við.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við megum hlýða á það hér að það séu gerræðisleg vinnubrögð að fara eftir því sem lýðræðisreglurnar bjóða. Tveir ræðumanna hafa velt því fyrir sér og spurt um það hvort virkilega eigi að fara að koma inn í forsætisnefndina, eins og það var orðað, flokkspólitískum sjónarmiðum. Og hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði: Hvaða stjórnmálaleg sjónarmið eiga erindi inn í forsætisnefnd?

Þetta segja þessir ágætu þingmenn eftir að þeir hafa farið hamförum yfir því að einn stjórnmálaflokkur eigi ekki að eiga sæti í forsætisnefnd. Ef flokkspólitísk sjónarmið og stjórnmálaleg sjónarmið eiga ekki erindi í forsætisnefndina, hvaða máli skiptir þá hvort einn stjórnmálaflokkur sé utan hennar? Geta þá ekki fulltrúar stjórnarandstöðunnar almennt gætt hagsmuna þessa flokks ef þannig er spurt?

Ég verð að segja það alveg eins og er eftir þessa uppákomu og reynsluna af henni þá er ég nú, hafi ég verið í vafa, sannfærður um að það er rétt ákvörðun hjá Sjálfstfl. að fá það sæti sem honum ber og gefa það ekki eftir þegar hann nú hefur gefið það eftir í örfáa mánuði, fjóra mánuði eða svo, og stjórnarandstaðan telur sig þegar eiga sæti þó að lög standi til annars.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Sú sérkennilega staða er komin hér upp í þinginu að hæstv. forsrh. virðist ekki gera greinarmun annars vegar á þingræðinu almennt og þingflokkunum og hins vegar almennum pólitískum átökum.

Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að forsætisnefndin er yfirstjórn þingræðisins, þingsins. Þar eiga að vera fulltrúar þingflokkanna. Í danska þinginu er það í lögum að fulltrúar fjögurra eða fimm stærstu þingflokkanna eiga að eiga þar fulltrúa. Það er ákveðið í lögum. Þegar frá þessum málum var gengið í þinginu sl. vor ræddum við m.a. um þetta en formaður þingflokks Sjálfstfl. taldi að það yrði erfitt fyrir hann að koma þeim sjónarmiðum í gegnum Sjálfstfl. eins og hann var þá á sig kominn. Niðurstaðan varð sú að við féllumst á það til samkomulags að hafa þetta ákvæði inni eins og er þó svo að það stangist í grundvallaratriðum á við það ákvæði að forsetinn hafi allsherjarvald.

Ég hlýt auðvitað að spyrja hæstv. forseta hvort hún sé þeirrar skoðunar að það sé heppilegt að hennar flokkur taki ákvörðun um það að henda stjórnarandstöðunni út með þeim hætti sem verið er að gera. Það er auðvitað orðið alveg nauðsynlegt eftir þær ítarlegu umræður sem hér hafa farið fram að forsetinn tjái sig eitthvað um þetta mál.

Hitt er síðan í öðru lagi mjög athyglisvert að hæstv. forsrh. hefur ekki svarað enn þá fyrirspurn hv. 1. þm. Austurl., þ.e. þeirri: Hver eru rökin fyrir breytingunni, hin óhjákvæmilegu þingræðislegu og pólitísku rök? Hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í forsætisnefndinni valdið verulegum erfiðleikum í störfum hennar í sumar? Og ég spyr hæstv. forseta að því líka: Hafa þeir tafið störf forsætisnefndarinnar? Hafa þeir setið þar uppi með málþóf og „kverúlans"? Það væri fróðlegt að vita hvort forsetinn hefur eitthvað sérstaklega uppá þessa þingmenn að klaga, hv. þm. Jón Helgason, Hjörleif Guttormsson og Kristínu Einarsdóttur, ef ég man rétt að hafa setið í þessari nefnd. Það er mjög athyglisvert ef um það er að ræða. Eða hver eru rökin? Og hver eru hin pólitísku rök? Hvað stendur til af hálfu Sjálfstfl.? Hverju á að fara að breyta hér í grundvallaratriðum að svo mikið liggi við að það þurfi að efna til allsherjarumræðu og eldhúsdags í upphafi þings? Hvað stendur til? Hvaða mél hafið þið í pokahorninu? Óhreint er það örugglega, en hvað er það?

Hitt er svo líka athyglisvert að hv. 17. þm. Reykv. — sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún ruglaði saman við forsrh. af einhverjum ástæðum hér áðan og kemur mér ekkert á óvart út af fyrir sig — kemur mér ekkert á óvart að hann skuli skrifa upp á ákvarðanir forsrh. í seinni tíð, en það er athyglisvert og til umhugsunar að þetta skuli hafa verið staðfest. Formaður þingflokks Alþfl., fulltrúi fyrir flokk með tíu þingmenn, skrifar hér upp á pólitískt gerræði. Öðruvísi mér áður brá í málflutningi þessa manns þó ég verði ekki hissa á neinu lengur sem frá honum kemur og gæti iðulega komið fyrir mig, virðulegur forseti, að rugla þeim saman, honum og hæstv. forsrh.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er margt sem er nýtt í þessu máli. Eitt er það að það hefur verið siður í þinginu um margra áratuga skeið að ef ríkisstjórnin eða einn þingflokkur vildi gera veigamiklar breytingar á háttum sem verið hafa í þinginu þá eru þau mál fyrst tekin upp í samráði milli þingflokkanna. Það er sú grundvallarregla þingræðisins hér innan veggja Alþingis, að hafa samráð um málið. Hæstv. forsrh. getur rætt eins lengi og hann vill um hlutfallstölur sem það eina sem skiptir máli í lýðræði, en hann þyrfti ekki að lesa lengi ævisögu fyrirrennara síns, Bjarna Benediktssonar, fyrrv. forsrh. og formanns Sjálfstfl., til þess að skilja að samráðið er ekki síður grundvallarþáttur í framkvæmd lýðræðisins en hlutfallstölurnar. Bjarni Benediktsson var slíkur stuðningsmaður samráðsins að hann lét meira að segja stjórnarþingmenn kjósa stjórnarandstæðinga inn í nefndir þingsins til þess að tryggja samráðið. En nú er kominn til valda í Sjálfstfl. og í ríkisstjórn Íslands forsætisráðherra sem hafnar þessum vinnubrögðum Bjarna Benediktssonar og horfir bara á hlutfallstölurnar einar og segir: Ég er með stærst hlutfall, ég ræð. Í staðinn fyrir leikreglur samráðsins er komin leikregla tilkynninganna. Þær tíðkuðust á Íslandi á einveldistímanum.

Ég nefndi það áðan að hér hefur tíðkast innan þingsins sú venja að vilji þingflokkur, hvað þá heldur ríkisstjórn, gera breytingar á samskiptum þingflokka, þá eru þau mál fyrst rædd milli þingflokkanna og haft samráð um það. Það er hins vegar athyglisvert að

Sjálfstfl. kaus ekki að fara þá leið heldur tilkynnti hann stjórnarandstöðunni daginn fyrir þingsetningu að hann ætlaði að gera þetta svona. Hann hafnaði því að taka málið til umræðu milli þingflokkanna. Það er ekki síður yfirlýsing af hálfu Sjálfstfl. um það hvernig hann vill vinna hér í þinginu í vetur og við í stjórnarandstöðunni hljótum að draga okkar lærdóma af því.

Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að forsætisráðherrann var ekki mjög skýrmæltur í ræðustólnum hér áðan nema hvað hann veifaði þessum hlutfallsreikningi lýðræðisins. En þó var það þannig að hæstv. forsrh. sagði að Sjálfstfl. hefði þótt nauðsynlegt að setja mann inn í forsætisnefndina til viðbótar við hv. þm. Salome Þorkelsdóttur til að gæta flokkslegra hagsmuna Sjálfstfl.

Ég hef fyrr í þessum umræðum nefnt nafn hv. fyrrv. þm., Þorv. Garðars Kristjánssonar. Þegar hann var forseti sameinað þings stýrði hann þinginu án þess að þingflokkur Sjálfstfl. teldi nauðsynlegt að hafa nokkurn annan þingmann til að gæta flokkslegra hagsmuna Sjálfstfl. í þáverandi forsætisnefnd sem skipuð var þremur mönnum, forseta Ed., forseta Nd. og forseta Sþ. Þá dugði Sjálfstfl. einn. Núna vill hann tvo. Og það er þess vegna sem ég sagði hér áðan: Það er ekki hægt að draga aðra ályktun, nema aðrar ástæður komi fram hér í umræðunni, en þá að í þessari ákvörðun felist beint vantraust þingflokks Sjálfstfl. á starfsgetu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, sem nú hefur verið kosin forseti. Hún þarf sérstakan fylgdarsvein eða fylgdarkonu eða eftirlitsmann sem enginn forseta Sjálfstfl. fyrr hefur þurft.

Hæstv. forsrh. talar mikið um lýðræðið og hæstv. forsrh. átti stuttan fund með George Bush á hóteli í New York fyrir skömmu síðan. (**Forseti:** Tíminn er liðinn.) Virðulegi forseti. Ég skal ljúka þessu með fáeinum setningum vegna þess að í þeirri lýðræðisskipan sem ríkir í Bandaríkjunum er eitt grundvallarrit talið öðrum æðra. Það ber á ensku heitið Federalist Paper Number Ten og er ein af þeim ritgerðum sem höfundar bandarísku stjórnarskrárinnar skrifuðu til þess að útskýra þær grundvallarhugmyndir sem í bandarísku stjórnarskránni væru. (Forseti hringir.) Og í þessu grundvallarriti, virðulegi forseti, kemur fram sú meginregla höfunda bandarísku stjórnarskrárinnar, þeirrar fyrstu sem vestrænt lýðræði byggir á, og hún er sú að í lýðræðinu sé réttur minni hlutans höfuðatriði. Í lýðræðinu sé réttur minni hlutans höfuðatriði. Þeir vitru menn, sem sömdu stjórnarskrá Bandaríkjanna, létu sér aldrei detta í hug hinn þröngsýna, barnalega skilning sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan, að það væru bara reiknitölurnar sem réðu því hvort í landi væri lýðræði eður ei.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst athyglisvert að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skyldi vitna í Bjarna Benediktsson hér. Mér þótti það athyglisvert af tveimur ástæðum. Þingmaðurinn vitnaði sérstaklega í ævisögu Bjarna sem hann hafði lesið þó að hún hafi enn ekki verið skrifuð. (**ÓRG:** Þetta er skrifað í Andvara, ævirit Bjarna Benediktssonar.) Ævisaga hans hefur enn ekki verið skrifuð. Hins vegar hafa komið minningaþættir út um hann. En mér þótti það athyglisvert vegna þess að það var einmitt eftir að Bjarni Benediktsson hvarf hér úr þingsölum 1971 sem sú skipan að forsetadómi var tekin upp, sem nú hefur gilt, því að Bjarni Benediktsson var andvígur þeirri skipan og taldi eðlilegt að ríkisstjórnarflokkarnir færu alfarið með stjórn þingsins.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að þetta er dapur dagur í sögu þingsins. Hér kemur upp hæstv. forsrh. og lýsir því að af lýðræðisást einni saman sé Sjálfstfl. nauðsyn að eignast tvo fulltrúa í forsætisnefndinni. Hér bjuggum við við það á undanförnum þingum að það voru þrír menn sem stjórnuðu þessu þingi. Nú er svo komið að það er einn sem stjórnar þinginu og Sjálfstfl. hefur fengið þann aðila kjörinn. Þyrfti til þess minnst 32 þingmenn á Alþingi Íslendinga ef lýðræðið hefði bjargað honum í þessum efnum, lýðræði fólksins í landinu. Aftur á móti heldur sá fyrir andlitið sem ber ábyrgðina á því að þetta gerðist. Og það er ekki skrýtið þó að hann komi hér upp í ræðustól, hv. 17. þm. Reykv., og eigi að tala fyrir Alþfl. en eyði mestöllum tímanum í málsvörn fyrir Sjálfstfl., virðist rétt hafa komið við í Alþfl. á leiðinni til hægri.

Ég verð að segja það eins og er að sá blekkingaleikur að bera þetta saman við kosningu í venjulegar nefndir er hlægilegur. Kjósum við formenn í nefndirnar hér? Ég held nú ekki. Við kjósum aðeins nefndarmenn. Svo skipa nefndirnar sinn formann. Ef menn hefðu búist við þessu, þá hefði auðvitað verið sjálfsagður hlutur að láta forsætisnefndina hafa völdin. Það væri lýðræði. Þá hefði Alþfl. fengið að ráða einhverju líka. Það hefði verið eðlilegt. Ekki fékk nú Sjálfstfl. hreinan meiri hluta í kosningunum. Hann þarf að notast við Alþfl. að staðaldri. Og hvers vegna mátti þá ekki Alþfl. ráða einhverju líka þarna? Nei, það blasir sem sé við að menn eru að reyna að koma því þannig fyrir í túlkun að þetta sé sambærilegt og um það væri að ræða að verið sé að kjósa í venjulegar nefndir. Ég tel að aðeins undir einum kringumstæðum gæti það verið réttlætanlegt að Sjálfstfl. beitti sínum þingstyrk við þessar aðstæður og það er þegar hann er í stjórnarandstöðu. Þá væri það ekki óeðlilegt. En að gera það sem leiðtogi ríkisstjórnarinnar og aflið sem á að halda mönnum saman og tryggja hér eðlileg vinnubrögð. Menn sjá árangurinn. Hvað er klukkan? Hvernig halda menn að atkvæðagreiðslur gangi ef þannig verður rætt um allar atkvæðagreiðslur í vetur? Duga þá nýju þingsköpin?

Því miður var ég ekki trúaður á að sá friðarandi sem virtist hafa ríkt hjá þeim mönnum sem sömdu þessi nýju þingsköp væri raunverulegur á sínum tíma. Ég trúði því ekki. Ég treysti því ekki og ég taldi þessi ákvæði hreina vitleysu, að hafa þannig gengið frá mál-

um að það ætti að vera hlutfallskosning í forsætisnefndina ef allt valdið væri komið til forsetans. En hvað um það. Meiri hlutinn samþykkti þetta. Meiri hluti þingsins þurfti alls ekki að tryggja Sjálfstfl. þetta vald í þingsköpunum. Það var engin nauðsyn að gera það og nú blasir það við að það voru mistök að gera það.

Herra forseti. Ég vænti þess að forseti sjái nú til þess með skörungsskap að hér verði kosið eins og dagskrá bendir til og á það muni reyna hvernig gengur að klára þetta mál því að ekki virðist hæstv. forseti óska eftir þinghléi til að beita sér fyrir sáttum. Það er trúlegt að það verði lítið gert af því í vetur og þetta er upphafið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Til mín var beint spurningu. Hæstv. forsrh. spurði um það hvort hinn eðlilegi vilji allra flokka til að eiga þátt í stjórn þingsins og axla þar með vissa ábyrgð sé ekki flokkapólitík. Að vísu orðaði hann spurninguna ekki á þennan hátt. Engu að síður var þetta inntakið.

Ég vil segja þetta: Að taka þátt í starfi forsætisnefndar hefur ekki fram til þessa verið og á að mínu mati ekki að vera flokkapólitík. Og það vorum ekki við sem tókum ákvörðun um að breyta þessari skipan og blanda flokkapólitík þarna inn. Þeir sem gerðu það verða að axla ábyrgðina og þeir verða að gera sér grein fyrir að það eru þeir sem breyta til, ekki við sem vildum halda þeirri óbreyttu skipan sem verið hefur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú beina því til hv. þm. sem þegar hafa nokkrum sinnum tekið til máls um þessa atkvæðagreiðslu að reyna að endurtaka sig ekki. Þetta kemur allt í þingtíðindum þegar þar að kemur. Forseti getur að sjálfsögðu ekki bannað mönnum að gera athugasemdir við atkvæðagreiðsluna en biður samt um, svo að hægt sé að halda þingstörfum áfram í dag samkvæmt dagskránni, að menn reyni að endurtaka sig ekki þegar þeir taka til máls að nýju. Þessu er ekki bara beint til hv. 8. þm. Reykv., sem næstur er á mælendaskrá, heldur almennt.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem fram hafa komið sem er óhjákvæmilegt að svara. Ég vil að vísu í upphafi fagna því nýmæli að formaður Alþb. sé farinn að tala vel um Bandaríkin hér úr ræðustól, en ég mótmæli því sem hann sagði um vinnubrögð í þessu máli. Vinnubrögðin í vor voru þau sömu og nú. Þau voru þau sem ég lýsti hér áðan, að Kvennalistinn óskaði eftir því við Sjálfstfl. að fá mann í forsætisnefnd á okkar kostnað. Þá var það samþykkt, gerður fyrirvari um að það gilti ekki um aldur og æví, hvorki í haust né síðar. Í haust var því hafnað þegar sú ósk kom fram. Vinnubrögðin voru nákvæmlega þau sömu, nákvæmlega sama samráðið okkar í milli.

Það er líka rangt og það er nauðsynlegt að svara þeim dylgjum enn einu sinni sem fram hafa komið hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni í garð forseta þingsins. Hann nefndi það sem dæmi að í því sem hann kallaði forsætisnefnd á sínum tíma, þegar það voru þrír forsetar, hafi Þorv. Garðar Kristjánsson verið eini sjálfstæðismaðurinn. Það var nú aldeilis ekki á árunum 1983–1987 þegar Þorv. Garðar Kristjánsson var forseti sameinaðs þings. Þá sat sjálfstæðismaður í forsæti Ed. Og hver var það? Það var enginn annar en núverandi forseti, Salome Þorkelsdóttir. Þannig að hafi menn með túlkun hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar viljað lýsa vantrausti á Þorv. Garðar Kristjánsson sem þá var forseti og setja inn eftirlitsmann, þá var það sá forseti sem nú hefur verið kjörinn og sem hann er að bera okkur á brýn að við treystum ekki, nokkrum mínútum eftir að við höfðum kosið þennan þingmann til að gegna þessu virðingarmikla embætti. Allt eru þetta útúrsnúningar og ein fjarstæða frá upphafi til enda eins og hv. þm. er þekktur fyrir að fara með.

Ég tel óhjákvæmilegt að leiðrétta það sem hv. þm. Svavar Gestsson var hér að rekja af nefndarfundi frá því í maí sl. um mína afstöðu til þessa máls. Það voru hrein ósannindi. Ég minni hv. þm. á, þó að það séu ekki fundargerðir af þeim fundum með ummælum einstakra manna, að það er mjög óviðeigandi og óvenjulegt að vitna í samtöl manna með þeim hætti sem hann gerði. En ég skal bara minna hann á orðræður okkar um þetta atriði þar sem ég stóð á því fastar en fótunum allan tímann að Sjálfstfl. ætlaði ekki að afsala sér þeim rétti sem þingstyrkur gæfi tilefni til. Og að bera þetta á brýn hér núna eru auðvitað ekki bara ósannindi, það er ósæmandi hv. þm. og fyrrv. ráðherra að haga sér með þeim hætti.

Hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, sagði hér áðan í tvígang að menn hefðu haft fulla ástæðu til þess að ætla að þetta fyrirkomulag, sem var ákveðið í vor, yrði óbreytt á meðan þingskipan héldist óbreytt. Með öðrum orðum er engu líkara en hann hafi ekki heyrt þann fyrirvara sem ég er margbúinn að vitna hér í og fór með í vor eða þá að menn skilja ekki mannsins máls og eru ekkert með á nótunum í því hvað hér er verið að segja og gera. Auðvitað geta menn ekki komið og sagt að þeir hafi haft fulla ástæðu til að halda eitt og annað þegar búið er að lýsa því yfir að ekki sé ástæða til að halda það, þegar búið er að lýsa því yfir að það sé ekki komið fordæmi, hvorki fyrir þetta haust né síðari tíma.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti, en ég taldi óhjákvæmilegt að svara þessum fáu atriðum sem fram voru komin í máli þeirra ræðumanna sem ég hef hér nefnt.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig tilneydda til þess að segja nokkur orð eftir að hafa hlustað á þá ólánsumræðu sem hér hefur átt sér stað. Það ber vott um kynslóðaskipti í Sjálfstfl. að mál eins og þetta skuli hafa komið upp. Forsætisnefnd þingsins og hlutverk hennar, sem lesa má um í 10. gr. þingskapalaga, í bæklingum sem nú liggja á borðum okkar, kemur ekkert pólitískum hlut-

föllum í þinginu við. Það er eðli þjóðþings að því sé stjórnað í vinsemd og með vitund allra þingflokka.

Ég vil minna þá hv. nýju þingmenn, sem hér hafa tekið sæti nú og virðast ekki skilja til fulls hvernig þjóðþingi er stjórnað, að sú var tíðin að hér kom inn nýr stjórnmálaflokkur, þ.e. Samtök um kvennalista. Til þess að sá flokkur gæti átt aðild að fjárlaganefnd eða þáverandi fjárveitinganefnd var lögum breytt á hverju ári um að fjölga um einn mann í nefndinni. Þetta þótti sjálfsagt, þingræðislegt og eðlilegt.

Þau þrjú ár sem ég gegndi því virðulega embætti hæstv. forseta þessa þings var það gert í nánu samráði við samforseta mína sem lögum samkvæmt stjórnuðu með mér þinginu. Sem dæmi um samvinnu á þeim árum fóru þrír samforseta minna sem fulltrúar mínir í opinbera heimsókn til erlendra þjóða, þar á meðal núv. hæstv. forseti þessa þings. Ég man aldrei að til þess kæmi að einhverjum stjórnmálalegum meiri eða minni hluta þyrfti að beita. Og það er nýtt fyrir mér ef ekki er hægt að vinna með hv. þm. Jóni Helgasyni við stjórn þingsins. Þessi umræða er í stuttu máli öll hin mestu endemi.

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Ég var á móti því að sá háttur yrði ofan á sem varð því miður um alræði hæstv. forseta. Eðlilegast hefði verið að forsætisnefndin stjórnaði þinginu. En hvað um það, við sættum okkur við niðurstöðu meiri hluta við setningu laganna að sjálfsögðu.

En nýjum hv. þm. og hæstv. ráðherrum skal það sagt að það þarf ekki pólitískan styrk til að sjá t.d. hv. þm. fyrir herbergjum til að vinna í. Það er dálítið öðruvísi þegar við stjórnum þjóðþingi eða þegar við stjórnum nýju ráðhúsi þar sem engar skrifstofur þarf fyrir borgarfulltrúa. Hér er unnið öðruvísi og það er hlutverk hæstv. forseta þessa þings og forsætisnefndarinnar að tryggja það að allir hv. þm. eigi jafnmikinn rétt. Um það er þingræði ef menn skyldu ekki skilja það. Þess vegna er öll þessi umræða sorgleg. Og ég harma það að nýkjörinn hæstv. forseti þessa þings og flokkur hennar og aðstoðarflokkur skuli setja sig í svo óvíturlega aðstöðu með skorti á stjórnvisku sem ég leyfi mér að hafa grunsemdir um að komi frá yngri kynslóð þingflokks Sjálfstfl.

Ég vil því, hæstv. forseti, bera fram ósk og ég tel mig hafa nokkuð til míns máls og nokkurt leyfi til að bera hana fram, vegna þess að á sl. vori var hugur í okkur hv. þm. að bæta og efla þetta þing, koma því í eina málstofu og styrkja það með betra starfsliði og betri vinnubrögðum: Sýnið nú þingræðislegan anda eftir þessa umræðu sem hefur um margt verið ágæt og upplýsandi. Tökum okkur nokkurra mínútna hlé og látum síðan fara fram kosningu á sama hátt og hún fór fram á sl. vori. Þar með væri æru þessa fyrsta þings undir nýjum þingsköpum e.t.v. bjargað.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi koma því á framfæri að gefnu tilefni að reynsla mín hér í þinginu um nokkurra ára skeið er sú að samstarfið og árangur þinghaldsins fyrir stjórn og stjórnarandstöðu byggist á góðri samvinnu milli einstaklinga þvert yfir múra stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég verð að viðurkenna það að niðurstaða þingflokks Sjálfstfl. í þessu máli sem hér hefur verið rætt kom mér á óvart. Ég var í góðri trú, þeirri að þrátt fyrir yfirlýsingar hv. þm. Geirs Haarde, þá mundi Sjálfstfl. ekki beita afli með þeim hætti sem hann ætlar að gera nú. Hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. lét það yfir þingheim ganga að hann notaði um mín orð heldur ósmekklegar lýsingar. Hann talaði um að eitthvað væri ósæmandi. Ég verð að segja fyrir mig að ég mun ekki nota orðið „ódrengilegt" við hv. þm., en ég get ekki neitað því að mér kom það í hug þegar ég kynntist afstöðu hans og Sjálfstfl. í þessu efni.

Ég endurtek það aftur að starfið hér byggist ekki bara á því hverjir eru saman í flokki og hverjir ekki, hverjir saman í stjórnarflokkum og hverjir ekki. Starfið hér byggist á því að menn geti af einlægni starfað saman um úrlausn hinna flóknustu mála. Og mér finnst að hv. þm. Geir H. Haarde hafi eyðilagt mikið fyrir sér og sínum flokki með þessum vinnubrögðum. Sérstaklega verð ég að segja að mér finnst það alvarlegt og leitt að hann skuli hafa gert það með þessum hætti og farið þannig með sjálfan sig a.m.k. gagnvart mér, hvað sem öðrum þingmönnum líður.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það má segja að þessi umræða sé að sönnu dapurleg en hún er engu að síður óhjákvæmileg úr því sem atburðir eru orðnir eða eru að verða hér á þinginu. Hér er rætt um mikilvæg grundvallaratriði og ekki tjáir annað en að menn fái tóm til að gera það.

Það hefur oftast verið svo þann tíma sem ég hef setið á Alþingi að hversu hart sem menn hafa deilt um málefnin þá hafa menn náð þokkalegu samkomulagi um hvernig þær deilur skyldu fara fram innan veggja þingsalanna og á grundvelli þingræðisins. Og það er þetta sem er mikilvægt. Þingið er rammminn um skoðanaskipti og málflutning meiri hluta og minni hluta og það þarf um fram allt að tryggja.

Ég sakna þess að í þessari umræðu hafa menn ekki rætt um hina praktísku hlið málsins. Er það heppileg tilhögun að það vanti fulltrúa eins þingflokks inn í forsætisnefndina? Ég segi nei. Það er ákaflega óheppilegt og sérstaklega þegar stjórnarandstöðuþingflokkur á í hlut. Ég teldi það bættan skaðann reyndar í tvennum skilningi þó Alþfl. ætti engan fulltrúa í forsætisnefndinni af því að hann tilheyrir stjórnarliðinu. En ég held að það sé mjög óheppilegt að það vanti fulltrúa eins stjórnarandstöðuflokksins þangað inn. Fyrst og fremst vegna þess hvers eðlis forsætisnefndin er. Og það er ekki síður dapurlegt að verða vitni að þeim mikla misskilningi sem gætir t.d. í málflutningi forsrh. á því hvers eðlis forsætisnefndin er. Þar er ekki gengið til atkvæða um frv. Þetta er ekki vettvangur af því tagi að hlutfallslegt vægi flokka hér í þinginu þurfi að vera til staðar, aldeilis ekki. Þvert á móti er það fyrir fram ákveðið hver sá er sem þar hefur völdin. Það er forsetinn eins og hér hefur margoft verið vitnað til.

Ég fullyrði að við þingmenn, sem á sl. vori höfð-

um ýmsir efasemdir um mörg ákvæði hinna nýju þingskapa, létum það margir ráða nokkru um afstöðu okkar að víðtækt og fullt samkomulag tókst að lokum um afgreiðslu málsins. Ég tek undir það sem lá í orðum hv. 1. þm. Austurl. að ef þessir atburðir verða nú erum við að nokkru leyti blekkt í framhaldinu. Ég tel mig vera það. Ég hafði efasemdir um ýmis ákvæði þessara þingskapa, en ég lét það hafa úrslitaáhrif í raun og veru á afstöðu mína að þetta víðtæka samkomulag tókst.

Í forsætisnefndinni á að fara fram samráð. Samkvæmt þeim bæklingi sem lá á borðum okkar, hæstv. forseti, okkur til upplýsinga, þar sem dregin eru út nýmælin í þingsköpunum, stendur m.a. þegar búið er að fara yfir hlutverk forsetans og varaforsetarnir eru nefndir til sögunnar: „Varaforsetar eru kjörnir listakosningu ef ekki er samkomulag milli þingflokka um einn lista", o.s.frv. Ja, það er a.m.k. greinilegt að höfundar þessa rits, sem liggur hér í 63 eintökum á borðum þingmanna, hafa reiknað með því að gjarnan væri það svo að samkomulag tækist og aðeins einn listi kæmi fram. Og það er nákvæmlega í þeim anda sem unnið var að þessum málum sl. vor. Ég vil einnig vekja athygli á því að neðar á sömu síðu þessa rits er kveðið á um samráð forseta og þingflokksformanna. Þar er nákvæmlega sama samráðshlutverkið aftur á ferðinni. Og mér sýnist að Sjálfstfl. geti alveg með sömu rökum heimtað þrjá þingflokksformenn á þann vettvang eins og fleiri fulltrúa inn í forsætisnefndina. T.d. ætti Sjálfstfl. að hafa 2,8 þingflokksformenn á móti einum frá Alþfl. Það yrði að finna einhvern 80% mann til að gegna því starfi.

Nei, í alvöru talað, hæstv. forseti, þá held ég að menn verði fyrst að glöggva sig á því hvert er hlutverk forsætisnefndarinnar, hvað á hún að gera, og ekki gleyma síðan að ræða hina praktísku hlið málsins. Er það til bóta, er það heppilegt fyrirkomulag að einn þingflokkanna hafi tvo menn þarna inni og einn þingflokkanna engan? Ég held ekki. Ég held að ef við hugsum málið rólega og yfirveguðum eina stund þá komumst við að þeirri niðurstöðu, það hlýtur að vera, að það væri óheppilegt fyrir störfin hér í þinginu og þá eigum við að láta það ráða afstöðu okkar. Ég ætla nú ekki að fara fram á að gert verði fundarhlé ef það er þjargfastur ásetningur og þegar fyrirliggjandi ákvörðun meiri hlutans að keyra þetta mál hér yfir, þrátt fyrir að nú liggi fyrir yfirlýsing stjórnarandstöðunnar um að hún treysti sér ekki til að taka þátt í störfum forsætisnefndarinnar við þær aðstæður sem er auðvitað stóralvarlegur atburður í byrjun þingsins, stóralvarlegur atburður. Og ég trúi því nú ekki fyrr en ég tek á því að eftir sem áður standi til að keyra þetta mál yfir.

En ég vil spyrja hæstv. forseta, og beina því til stjórnarliðsins, hvort þeir hv. stjórnarliðar vilji ekki koma hér upp og biðja um þinghlé.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka þá ósk sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og nú reyndar einnig hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég beini því formlega til forseta Alþingis. Forseti Alþingis er ekki bara forseti ríkisstjórnarmeirihlutans, heldur forseti Alþingis og hefur þetta mikla vald sem í þingsköpunum er falið forseta þingsins. Finnst forsetanum ekki rétt í ljósi þess sem hér hefur komið fram í þingsalnum að gera nú hlé á fundum þingsins og forsetinn leiti eftir viðræðum við forustumenn þingflokkanna um það hvað gera skuli í framhaldi af þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram.

Ég tel alveg nauðsynlegt að það verði skýrt áður en þessi atkvæðagreiðsla hefst hvort forsetinn gerir tilraun til þess eða ekki að ná mönnum saman hér. Ef forsetinn hefur atkvæðagreiðsluna nú án þess að gera slíka tilraun til sátta þá harma ég mjög að það skuli vera hin fyrsta ganga. Ég beini því eindregið þeim tilmælum til forseta að hún geri nú fundarhlé og beiti sér fyrir viðræðum um málið.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég sé mig knúinn til að koma hér í ræðustól enn og aftur til þess að blanda mér í umræðuna um hvað gerðist og hvernig við störfuðum að undirbúningi þingskapalaganna. Ég taldi þá fulla ástæðu til að halda að allir þingmenn og allir flokkar á Alþingi sæju sér hag í því að starfa sem friðsamlegast saman. Sýna hver öðrum sanngirni, tillitssemi og reyna að ganga svo fram að þeim væri treystandi. Því miður, því miður hefur Sjálfstfl. ekki uppfyllt væntingar mínar. Hann sýnir á sér nýja hlið. Hann sýnir ekki sanngirni eða tillitssemi, hann fer fram af ýtrustu hörku og neytir þess afls sem hann framast hefur og hann sýnir okkur að það er óviturlegt að treysta þessum mönnum til góðs. Það er skynsamlegra að búast við því versta.

Guðni Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er svartur dagur í sögu Alþingis (Ljósin í þingsalnum dofna.), og ljósin dofna yfir þeim harmleik sem þingsagan er hér að upplifa. Þess vegna hygg ég að það hafi komið okkur fæstum stjórnarandstæðingum í hug undir ræðu prestsins í kirkjunni í gær, undir ræðu forseta Íslands hér í þessu húsi að sá dagur væri í nánd að samstaða væri rofin um breytt þinghald, að allir þingflokkar ættu fulltrúa í forsætisnefnd og mótuðu þannig breytta starfshætti hér á Alþingi. En nú stöndum við frammi fyrir því að frá því að það hefur gerst hefur verið kjörinn forseti Alþingis Íslendinga og forseti Alþingis Íslendinga hefur fengið aukið vægi nú. Það embætti hefur með breyttri þingskipan stækkað í hugum fólksins í landinu. Því reynir nú mjög á forseta Alþingis hvort hún telur sig forseta þingsins eða forseta sem stjórnað er með handa- eða höfuðhreyfingum forsrh. Sannleikurinn er sá að Sjálfstfl. er hér að niðurlægja nýkjörinn forseta. Þjóðinni verður það ljóst. Þið eruð að rjúfa friðinn hér í þingsölum. Þið eruð að setja út í horn minni hluta þingsins. Þið eruð að loka ykkur af og ég spyr forseta þingsins: Treystir forseti þingsins sér til að starfa við þær aðstæður að hún sitji ein í forsætisnefndinni með þremur flokkssystkinum sínum og einum alþýðu-

flokksmanni? Treystir forseti þingsins sér til þess að starfa við þær aðstæður? Þessu vil ég fá svar við hér.

Ég vil rifja upp orð forseta þingsins sem voru skynsamleg og ég veit að okkur mörgum stjórnarandstæðingum gramdist að friður væri rofinn um þingið að við fengjum ekki tækifæri til að kjósa forseta þingsins, Salome Þorkelsdóttur. Það hefðum við gjarnan viljað, við hefðum treyst henni. En Sjálfstfl. rauf þann frið áður. Hann kastaði stríðshanskanum í gær þegar hann sveik þau viðhorf og þá samstöðu sem náðist í vor.

Hvers vegna, hæstv. forseti, er svo mikilvægt nú að það sé friður um þingið? Þjóðin bíður eftir þessu þingi alveg eins og við. Hvar sem maður hefur farið um á síðustu dögum þá hefur þjóðin verið að spyrja: Verður það ekki breyting á störfum Alþingis að nú er það komið í eina málstofu? Verða starfshættirnir ekki öðruvísi? Verða vinnubrögðin ekki öðruvísi? Við höfum sagt: Jú, þingmenn binda vonir við það. En nú er þetta rofið nema forseti þingsins sýni í verki að hún sé forseti þingsins og fresti hér fundi og nái sátt um framhaldið. Ég hygg að þá mundi þjóðin gleðjast ekki síður en þingmenn.

Ég vil vænta þess að stærsti stjórnmálaflokkur landsins láti ekki sem svo að hér sé að störfum meiri hluti í borgarstjórn Reykjavíkur. Það eru meiri vonir bundnar við hæstv. forsrh. en svo að hann sýni það á fyrsta degi þess sem hann situr á alvöru þingi að hann láti kné fylgja kviði.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það hafa komið fram tilmæli frá forustumönnum a.m.k. tveggja stjórnmálaflokka um að fresta þessari afgreiðslu. Ég tel eðlilegt að verða við þeirri ósk. Það er engu hætt með því og það auðveldar auðvitað nýkjörnum forseta að hugsa málið og ræða það eins og hér hefur komið fram. Ég sé ekki að neinu sé hætt með því. Ég tel eðlilegt að allir stjórnmálaflokkar styðji hæstv. forseta í ákvörðun á þann veg.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hér kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykv., hafa nokkrir hv. þm., sem talað hafa hér fyrir munn stjórnarandstöðunnar, óskað eftir því að gert yrði hlé á þessum fundi. Forseti hafði á sínu minnisblaði að gera 10 mínútna hlé á fundinum að lokinni þeirri atkvæðagreiðslu sem ekki hefur enn farið fram en átti að fara fram fyrir líklega 1½ klukkutíma síðan. Hvort forseti getur einhverju breytt þeim ákvörðunum sem hér hafa nú þegar verið teknar og allir hv. þm. eru vel meðvitaðir um, formenn þingflokka hafa haldið fundi og rætt saman, það er ekki hennar að ákveða. En mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að verða við þeirri ósk að gefa mönnum 15 mínútna hlé til þess aðeins, ef við getum sagt sem svo, að standa upp og teygja úr sér og ræða saman og verður það því gert þar sem sú ósk hefur komið fram. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér í ávarpsorðum mínum í upphafi að ég lít svo á að forseti Alþingis sé forseti þingsins alls og mun þannig starfa hver sem niðurstaða verður á kjöri í forsætisnefndina. — [Fundarhlé.]

Samkvæmt beiðni þingflokks Framsfl. verður þessum fundi nú frestað til morguns og hefst hann klukkan hálfellefu fyrramálið.

Fundi frestað.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

fimmtudaginn 3. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Kosning varaforseta (frh.).

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
2. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.,
4. varaforseti: Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég býð varaforsetana velkomna til starfa.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið tíðindi í þingsögunni og ég harma þau tíðindi. Ég held að þetta sé alvarleg þróun sem orðið hefur þar sem forsætisnefndin ber nú vott um pólitíska styrkleikabaráttu og þar hefur ekki verið tekið tillit til þeirra lýðræðislegu sjónarmiða sem ættu að vera í sambandi við stjórn þingsins.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

2. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson,
3. sæti hlaut Eggert Haukdal,
4. sæti hlaut Anna Ólafsdóttir Björnsson,
5. sæti hlaut Árni M. Mathiesen,
6. sæti hlaut Björn Bjarnason,
7. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir,
8. sæti hlaut Svavar Gestsson,
9. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson,
10. sæti hlaut Egill Jónsson,
11. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
12. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson,
13. sæti hlaut Sigbjörn Gunnarsson,
14. sæti hlaut Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,

15. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir,
16. sæti hlaut Sturla Böðvarsson,
17. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
18. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir,
19. sæti hlaut Halldór Ásgrímsson,
20. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
21. sæti hlaut Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
22. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
23. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir,
24. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
25. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
26. sæti hlaut Jón Helgason,
27. sæti hlaut Gunnlaugur Stefánsson,
28. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir,
29. sæti hlaut Jóhann Ársælsson,
30. sæti hlaut Árni R. Árnason,
31. sæti hlaut Karl Steinar Guðnason,
32. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
33. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
34. sæti hlaut Guðmundur Bjarnason,
35. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson,
36. sæti hlaut Ingibjörg Pálmadóttir,
37. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson,
38. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
39. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
40. sæti hlaut Páll Pétursson,
41. sæti hlaut Geir H. Haarde,
42. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir,
43. sæti hlaut Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
44. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
45. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich,
46. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
47. sæti hlaut Árni Johnsen,
48. sæti hlaut Finnur Ingólfsson,
49. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
50. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
51. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir,
52. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson,
53. sæti hlaut Steingrímur Hermannsson.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Björn Bjarnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

3. Félagsmálanefnd.
Guðjón Guðmundsson (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

4. Fjárlaganefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón Kristjánsson (B),
Sturla Böðvarsson (A),
Árni Johnsen (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B).

5. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Páll Pétursson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),

Árni M. Mathiesen (A),
Ragnar Arnalds (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Björn Bjarnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

9. Samgöngunefnd.
Árni M. Mathiesen (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Árni Johnsen (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Sturla Böðvarsson (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Björn Bjarnason (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Páll Pétursson (B),
Geir H. Haarde (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Varamenn:
Árni R. Árnason (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón Helgason (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og þingmönnum er kunnugt leiðir af afnámi deildaskiptingar og breyttum þingsköpum að frá og með þessu þingi verður veruleg breyting á störfum þingnefnda. Forsætisnefnd og formenn þingflokka hafa fjallað nokkuð um skipulag nefndastarfsins og í samræmi við þá umfjöllun mun ég strax að loknum þessum fundi rita öllum þingmönnum bréf þar sem gerð verður grein fyrir tilhögun nefndastarfsins og m.a. veittar upplýsingar um fundatíma og fundarstaði fastanefndanna.

Ég tel rétt að vekja strax athygli hv. þm. á eftirfarandi atriðum í þessu sambandi:

1. Hver nefnd hefur fastan fundatíma einu sinni í viku og hefur þá til ráðstöfunar tæpar tvær klukkustundir eða eina klukkustund og 45 mínútur.

2. Fastir fundatímar nefnda verða á morgnana líkt og verið hefur. Þeir munu þó hefjast aðeins fyrr en áður eða kl. 8.15. Slíkt er gert til að hægt sé að ljúka nefndarfundum kl. 12 á hádegi, enda munu þingfundir nú hefjast fyrr en verið hefur eða kl. 13.30. Með því að hefja nefndarfundi aðeins fyrr er mögulegt að koma því svo fyrir að hægt sé að hafa tvo tveggja tíma nefndarfundi að morgni, þ.e. frá kl. 8.15 til 10 og frá kl. 10.15 til 12. Ekki er hægt að koma við fleiri nefndarfundum samtímis en tveimur því ella fara fundir nefndarmanna að rekast á.

3. Miðað er við að nefnd haldi fund að jafnaði í hverri viku á sínum fasta fundatíma og því ekki þörf á að boða sérstaklega til þeirra funda. Ef nauðsynlegt verður að fella fund niður verður hann afboðaður. Dagskrá funda mun að jafnaði verða dreift í hólf þingmanna a.m.k. daginn fyrir reglulegan fund. Mikilvægt er því að þingmenn hafi hugfast að fundarboð verða aðeins send ef aukafundur er haldinn utan reglulegs fundatíma.

4. Föstum fundum nefnda hefur verið raðað þannig að fundir sem nefndarmenn sækja í einstökum nefndum rekist ekki á. Vegna daglegra funda fjárlaganefndar fram að jólahléi hefur þó ekki verið hægt að fella fundatíma hennar inn í hið almenna fundaskipulag þingsins.

5. Þeim tilmælum er beint til nefnda að þær komi strax saman á föstum fundatíma í næstu viku. Á þeim fundi kjósi hver nefnd formann og varaformann, sbr.

14. gr. þingskapa, og þá verði jafnframt rætt um skipulagningu nefndastarfsins næstu vikurnar.

2. FUNDUR

mánudaginn 7. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að þegar afgreiðslu dagskrármála lýkur munu hefjast utandagskrárumræður samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapa að ósk hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, 3. þm. Vesturl., og Steingríms J. Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e., um sjávarútvegsmál.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég verð að átelja harðlega þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Venjan hefur verið sú á mörgum undanförnum þingum að forsetar hafa tilkynnt það til formanna þingflokka fyrir hádegi þann dag sem til stendur að hafa utandagskrárumræðu. Þetta var ekki gert í þessu tilfelli, hvort sem það er ásetningur forseta að hundsa okkur eða, sem ég vil vona, að þarna hafi orðið einhver misgá. En ég er mjög óánægður með það ef hverfa á frá þeirri skipan að láta okkur vita með fyrirvara þegar forseti hefur ákveðið að verða við beiðni um utandagskrárumræður. Ég vissi það að vísu og hafði lesið það í blöðum að fulltrúar Alþb. í sjútvn. höfðu óskað eftir því að taka hér til máls utan dagskrár en ég vissi ekki hvaða dag forseti hafði ákveðið að taka það efni til meðferðar á þinginu. Ég óska eindregið eftir því og treysti því að ég geri það í umboði allra þingflokksformanna, eða a.m.k. í umboði formanna þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna, að fá að vita með eðlilegum fyrirvara þegar til stendur að taka upp mikilsverðar utandagskrárumræður.

Ég læt þess getið að fyrrv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, er ekki viðstaddur á þessum fundi því að hann er erlendis og hefur fjarvistarleyfi og það þykir mér talsvert mikið verra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir það mjög miður að farist hefur fyrir að tilkynna hv. 1. þm. Norðurl. v., formanni þingflokks framsóknarmanna, formlega að þessi utandagskrárumræða ætti að fara fram í dag en eins og hann gat um hefur hann væntanlega vitað að hún stóð til. Forseti hefur að sjálfsögðu þann ásetning að láta vita af slíku og mun verða komið í veg fyrir slík mistök í framtíðinni og biður velvirðingar á þessum mistökum.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 7. okt. 1991:

„Þar sem Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, María E. Ingvadóttir viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna,
Björn Bjarnason."

Kjörbréf Maríu Ingvadóttur hefur þegar verið rannsakað. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og ég býð hana velkomna til þingstarfa á ný.

Þá hafa borist eftirfarandi þrjú bréf. Í fyrsta lagi bréf dags. 3. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.

Þá er hér í öðru lagi bréf, einnig dags. 3. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.

Í þriðja lagi er bréf, dags. 3. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ég því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Alþfl. í Austurlandskjördæmi, Hermann Níelsson kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Gunnlaugur Stefánsson,
5. þm. Austurl."

Kjörbréf þessara þriggja varamanna hafa öll verið samþykkt, en þar sem Þuríður Pálsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson og Hermann Níelsson hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi ber þeim nú skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þuríður Pálsdóttir, 8. þm. Reykv., og Hermann Níelsson, 5. þm. Austurl., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Guðjón A. Kristjánsson mun ekki vera kominn til þings og verður því að fresta þeirri athöfn að hann undirriti sitt drengskaparheit.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svofellt bréf sem er dags. 3. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því vegna forfalla 1. varamanns að 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Anna Kristín Sigurðardóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Margrét Frímannsdóttir,
4. þm. Suðurl."

Þá hefur mér borist eftirfarandi bréf, dags. 3. okt. 1991:

„Ég undirritaður varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þessa eru önnur óhjákvæmileg störf mín."

Undir bréfið ritar Ragnar Óskarsson Vestmannaeyjum.

Þar sem kjörbréf Önnu Kristínar Sigurðardóttur kennara, 2. varamanns Alþb. í Suðurlandskjördæmi, hefur ekki verið rannsakað ber kjörbréfanefnd skv. 4. gr. þingskapa að prófa kjörbréf hennar.

Nefndin er beðin að taka til starfa en á meðan verður gert 5 mínútna hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbn. hefur athugað kjörbréf Önnu Kristínar Sigurðardóttur, sem er 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, og sömuleiðis farið yfir bréf frá Ragnari Óskarssyni, sem er 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, sem getur ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurlandskjördæmis, í fjarveru hennar. Ástæður þess eru önnur óhjákvæmileg störf.

Kjörbn. hefur ekkert við kjörbréf Önnu Kristínar Sigurðardóttur að athuga og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Önnu Kristínar Sigurðardóttur samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Anna Kristín Sigurðardóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber henni því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Jafnframt mun Guðjón A. Kristjánsson undirrita sitt drengskaparheit en því var frestað fyrr á fundinum.

Anna Kristín Sigurðardóttir og Guðjón A. Kristjánsson undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Anna Kristín Sigurðardóttir og Guðjón A. Kristjánsson hafa nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þau boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Málefni og hagir aldraðra.

Beiðni SvG o.fl. um skýrslu, 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 45 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sjávarútvegsmál.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Mjög alvarleg tíðindi hafa verið að berast að undanförnu af okkar stærsta atvinnuvegi, sjávarútveginum. Okkur alþýðubandalagsmönnum þótti einsýnt að efnt yrði til umræðu í hv. Alþingi um leið og það kæmi saman. Það má e.t.v. lýsa ástandinu með því að segja að nú stefni í léleg aflaföng um land allt og í ördeyðu þar sem illa hefur gengið að halda veiðiréttí í heimabyggð.

Það sem hefur breytt þeirri mynd sem dregin var upp af ástandi mála í sjávarútveginum í kosningunum og aðdraganda þeirra eru fyrst og fremst tvær alvarlegar fréttir. Í fyrsta lagi skýrsla Hafrannsóknastofnunar frá því í júní um ástand sjávar og fiskstofna. Í öðru lagi það álit fiskifræðinga að nú hafi klak brugðist sjötta árið í röð hjá þorskstofninum. Sú ákvörðun hæstv. sjútvrh. að leyfa veiðar á 265 þús. tonnum af fiski er skiljanleg í ljósi þessara upplýsinga sem lágu fyrir frá Hafrannsóknastofnun og verður ekki gagnrýnd hér. En afleiðingar þeirrar ákvörðunar verða margvíslegar og þungbærar einstaklingum, fyrirtækjum og byggðarlögum. Og landsmenn allir munu verða minntir á mikilvægi sjávarútvegsins með þeim samdrætti sem fylgir í þjóðfélaginu öllu. Þó er kvíði manna mestur í sjávarútvegsbyggðunum víðs vegar um landið. Þar standa menn í sumum stöðum frammi fyrir þeirri nýju og köldu staðreynd að ráðamenn eru farnir að tala um það eins og óumflýjanlega þróun að byggð leggist af í einhverjum sjávarbyggðum. Víða um landið muna menn enn þá viðskilnað viðreisnarstjórnarinnar, þeirrar rómuðu fyrirmyndar stjórnarinnar sem nú situr, sem skildi eftir auðn og eymd og það varð hlutverk þeirrar stjórnar sem tók við af henni að rétta við byggðirnar um landið.

En það eru ekki einungis þessar ástæður fyrir kvíða manna um framtíðina. Í okkar efnahagslífi hafa erfið-

leikatímabil verið að koma öðru hvoru. En nú eru menn kvíðnari en áður vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur gefið það til kynna með ýmsum hætti að hún líti ekki á það sem hlutverk sitt að styrkja fyrirtæki og byggðarlög sem eiga í erfiðleikum með sama hætti og áður hefur verið gert. Hér má minna á orð formanns stjórnar Byggðastofnunar, hv. 1. þm. Vestf., en hann sagði, ef ég man rétt, að það virtist vera stefna hæstv. ríkisstjórnar að leggja landsbyggðina í auðn. Þegar forustumaður í Sjálfstfl., sem þar að auki gegnir stjórnarformennsku í Byggðastofnun, stofnun sem á að vera nokkurs konar björgunarstofnun byggðarlaganna í hallærum, túlkar skilaboð hæstv. ríkisstjórnar með þessum hætti þá þarf enginn að undrast þó gamli viðreisnarkvíðinn gangi aftur um byggðir landsins.

En hvernig er þá rétt að bregðast við gagnvart þessum erfiðleikum sem eru vissulega miklir? Við alþýðubandalagsmenn teljum að það þurfi að bregðast við nú þegar með ýmsum hætti til að draga úr þeim vanda sem aflasamdrátturinn veldur. Fyrsta úrræðið er að auka verðmæti þess afla sem við þó drögum úr sjó. Þar er fyrst að nefna að draga verður úr útflutningi á óunnum fiski til að auka atvinnu við fiskvinnslu í landinu. Þetta verður best gert með því að setja reglur sem tryggja að allur afli sem veiddur er hér við landið verði boðinn til sölu innan lands með viðunandi hætti. En um leið og settar yrðu reglur sem gerðu mönnum skylt að bjóða afla sinn til sölu með tilteknum hætti þá yrði líka að setja reglur um fiskmarkaði þannig að þeir standi ekki að baki mörkuðum erlendis. Við verðum að gefa erlendum kaupendum möguleika á að kaupa hér fisk með sambærilegum hætti og við seljum fisk á erlendum mörkuðum. Við þurfum að gera ráð fyrir því í því skipulagi sem við tökum upp á þessu málum að hluti aflans haldi áfram að fara til sölu á erlendum ferskfiskmörkuðum. Ferskfiskmarkaðirnir eru mikilvægir og við megum ekki spilla þeim möguleikum sem þeir geta gefið okkur. Einnig verður að taka til athugunar hvort það eigi með einhverjum hætti að jafna þann aðstöðumun sem er EB-löndin skapa sinni fiskvinnslu með tollum. Þar kæmi jöfnunargjald til athugunar. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því sem fram kemur í samþykkt aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva. Þar stendur eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskverð erlendis á óunnum þorski og ýsu að frádregnum kostnaði og yfirvigt er að jafnaði töluvert undir samanlögðum verðum innan lands og þeirri verðmætaaukningu sem vinnsla hérlendis skapar. Nauðsynlegt er því að sú verðmætasköpun sem myndast við vinnslu þess afla hér á landi haldist í íslensku hagkerfi. Mesta möguleika til að bæta okkur upp aflasamdráttinn álítum við vera í því að auka gæði þess afla sem við fáum úr sjónum og fá með þeim hætti hærra verð fyrir hann."

Þegar talað er um gæði aflans er rétt að það komi fram að samkvæmt rannsóknum sem hafa farið fram á fiski geymdum í ís hér á landi þá er hann talinn fyrsta flokks vara fyrstu sex dagana frá því að hann er veiddur. Eftir það missir hann gæði með vaxandi hraða með degi hverjum. Ef við skoðum svo hvaða vöru við erum að bjóða til sölu á svokölluðum ferskfiskmörkuðum þá er rétt að hafa það í huga að íslenskur fiskur er ekki flokkaður þar sem góð vara. En hann er talinn mjög mikilvægur vegna þess að það sárvantar fisk á þessa markaði. Mestur hluti þess afla af Íslandsmiðum sem seldur er á þessum mörkuðum er flokkaður sem þriðja flokks hráefni. Í EB-löndunum gilda mjög skýrar reglur um það hvernig eigi að flokka þann fisk sem þar er seldur. Hann er flokkaður í E-flokk, sem er gæðavara. Í þann flokk fer fiskur sem er fjögurra daga og yngri. Í A-flokk fer fiskur sem er sjö daga og yngri. Í B-flokk fer fiskur sem er sjö daga og eldri. Í þennan síðasttalda flokk fer stærstur hluti þess afla sem boðinn er til sölu frá Íslandi. Það er af þeirri einföldu ástæðu að fiskurinn okkar er orðinn allt of gamall þegar hann kemur til sölu. Hann er síðan boðinn upp og þá myndast auðvitað mismunandi verð af ýmsum ástæðum. Þá hefur frágangur á fiski mikið að segja og sumar útgerðir hafa náð mjög góðum árangri með vönduðum vinnubrögðum.

Virtur maður, sem hefur fylgst með þessum málum mjög lengi erlendis, sagði það við mig að ef allir gengju jafn vel frá fiski og þeir sem best gera í dag gætum við aukið verðmæti þess afla sem nú er seldur á mörkuðunum, án þess að við breyttum nokkru öðru, um 15%. Besti fiskurinn sem er boðinn til sölu núna á erlendum mörkuðum er að jafnaði frá Vestmannaeyjum. Sá fiskur fer í skip á föstudegi og er boðinn til sölu á mánudegi á mörkuðunum. Þessi afli er 4–10 daga gamall við sölu á markaði ef menn hafa byrjað veiðiferð á laugardegi sem er algengt í Vestmannaeyjum. Af þessu má sjá að þar sem best er staðið að þessum málum er samt töluverður hluti aflans farinn að tapa gæðum þegar hann er seldur. Fiskur sem fer með gámum frá Austfjörðum fer með sömu skipum og er þess vegna að meðaltali tveimur dögum eldri. Annar fiskur er svo þaðan af eldri og stóru togararnir eru að bjóða hluta aflans sem er orðinn upp undir 20 daga gamall.

Við höfum því miður verið of lengi á rangri braut í stjórnun þessara mála en núna er tími til að gera átak til að auka verulega kröfur um það hvernig menn sem fá tækifæri til að nýta sér þessa auðlind skuli um hana ganga. Við getum ekki sætt okkur við að menn sem hafa einkarétt á að veiða besta fisk í heimi á miðunum hér geymi hann í ís í 10–20 daga og selji hann síðan á mörkuðum erlendis þegar hann er orðinn þriðja flokks hráefni. Það kemur vel til greina að í reglum um meðferð afla verði ákvæði um síðasta leyfilegan söludag. En það þarf líka að taka til hendinni gagnvart meðferð afla innan lands.

Víða hagar þannig til að frystihús hafa að uppistöðu í sinni vinnslu einn ísfisktogara. Þau hefja gjarnan vinnslu á elsta aflanum og skipuleggja vinnsluna þannig að henni sé lokið þegar skipið kemur úr næstu veiðiferð. Það er algengt að verið sé að vinna 7–12 daga gamlan fisk í þessum húsum. Þar sem svona er staðið að málum er nánast allur fiskurinn unninn eftir að það tímabil er liðið, samkvæmt íslensku skil-

greiningunni, sem fiskurinn er fyrsta flokks hráefni. Það er enginn vafi á því að eftir mjög miklu er að slægjast í auknum arði af auðlindinni ef takast mætti að koma öllum afla á markað áður en hann fer að tapa gæðum vegna of langrar geymslu.

Við alþýðubandalagsmenn höfum undirbúið þáltill. þar sem lagt er til að allur afli verði boðinn til sölu áður en menn ráðast í að flytja hann óunninn úr landi. Þar er einnig lagt til að gæðakröfur verði auknar þannig að hráefni verði ekki spillt með langri geymslu áður en sala fer fram.

En það er fleira sem kemur til athugunar þegar slíkar aðstæður skapast sem nú. Alls konar óheppilegar afleiðingar hins misheppnaða stjórnunarkerfis fiskveiðanna hafa verið til umræðu frá því að það var tekið upp. En í sumar hefur umræðan um þann afla sem fleygt er í sjóinn náð nýju hámarki. Í þessu sambandi hafa menn talað um tugi þúsunda tonna, jafnvel 100.000 tonn. Hve miklum afla er hent í sjóinn skal ekki fullyrt hér en það er enginn vafi á að magnið er mikið. Við þurfum að gera mönnum kleift að koma með þennan afla í land án þess að þeim sé refsað fyrir það. Ein hugmynd til skoðunar er að taka upp þá skipan til bráðabirgða, þangað til menn hafa losnað út úr þessu kerfi, að gefa útgerðarmönnum kost á að landa afla utan kvóta. Þetta mætti framkvæma með þeim hætti að þeim afla sem útgerðarmaður kysi að landa utan kvóta yrði ráðstafað sérstaklega, hann seldur og andvirðinu skipt. Útgerðin fengi hæfilegan hluta þess þannig að hún hefði hag af að koma með allan þann afla að landi sem á annað borð kæmi í veiðarfærin en hefði þó ekki hag af að stunda sérstaklega veiðar utan kvóta. Hinn hluti andvirðisins gæti runnið til Hafrannsóknastofnunar eða í þyrlukaupasjóðinn, sem virðist ekki veita af að efla miðað við að þar sést ekki að neitt eigi að gerast. Við þurfum að fá allan afla sem veiðist til vinnslu í landi og við megum ekki sætta okkur við að gengið sé um fiskimiðin með þeim hætti sem raun ber vitni. En öll not af þessari uppsprettu auðsældar í landinu hljóta að koma til endurmats og skoðunar í ljósi þeirra alvarlegu aðstæðna sem nú eru uppi.

Þau tíðindi sem ég nefndi í upphafi máls míns, að lélegur árangur hefði orðið af þorskklaki sjötta árið í röð, eru jafnvel enn alvarlegri en fréttir um matið á þorskstofninum. Það er vegna þess að þau vekja upp spurningar um það á hvaða leið við höfum verið á undanförnum árum í nýtingu á þessari auðlind. Hefur hið raunverulega álag á þorskstofninn aukist meira en sú tonnatala sem lögð hefur verið á land gefur tilefni til að ætla? Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að við höfum á undanförnum árum flutt veiðiálagið frá hefðbundnum bátaveiðum yfir í togveiðar og veiðum þess vegna fleiri einstaklinga í hverju tonni en áður. Ef fullyrðingar um að afla sé hent í sjóinn í gífurlegu magni eru réttar þá er mjög aukið álag í því fólgið. Þegar það fer síðan saman að léleg nýliðun er í þorskstofninum og jafnframt að fiskurinn er veiddur mun smærri en áður þá kann aðalskýringin á því hvernig komið er að vera fengin.

Um þetta skal ekki fullyrt hér. Það kann vel að vera að aðrir þættir í umgengni okkar um fiskimiðin geti hafa haft áhrif á lífríkið í sjónum. Þess vegna eru auknar rannsóknir á því og áhrifum veiðanna forsenda þess að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir.

Þær afar slæmu aðstæður sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir magna upp vandamálin sem fylgja hinu misheppnaða kvótakerfi. Útgerðarfyrirtækjum, sem vegna aflasamdráttar standa frammi fyrir taprekstri og eru skuldug upp fyrir haus, er ætlað með kerfinu að kaupa kvóta og sameina veiðiheimildir og sveitarfélögin í landinu standa frammi fyrir því að þau bera sérstaka ábyrgð á hverri einustu sölu skips úr byggðarlaginu. Tími bæjarútgerðanna er að renna upp. Verðið rýkur upp úr öllu valdi og menn stefna að því að selja þjóðarauðinn jafnvel á uppboði og færa kvótakaup til bókar með samþykki ríkisskattstjóra sem eign sína. Hvað voru hv. alþm. að meina með því að setja í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða ákvæði um að þjóðin ætti þessa auðlind?

Hæstv. sjútvrh. er væntanlega aðalhöfundur og ber sérstaka ábyrgð á 2. lið stefnuyfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Með mótun sjávarútvegsstefnu, sem nær jafnt til veiða og vinnslu, hamlar gegn ofveiði, eflir fiskmarkaði, treystir byggð og stuðlar að hagræðingu og þar sem stjórnskipuleg staða sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða er tryggð", haganlega orðað. Nú þegar menn standa frammi fyrir þeim erfiðleikum, sem hér hefur verið lýst, er mjög nauðsynlegt að það verði útskýrt fyrir Alþingi og þjóðinni allri hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst ná þessum markmiðum og við biðjum hæstv. ráðherra að útskýra alveg sérstaklega hvernig og hvar á að treysta byggð í landinu. Er það kannski hérna í kringum Tjörnina eða í Öskjuhlíðinni? Við höfum nefnilega ekki séð neitt koma frá hæstv. ríkisstjórn sem bendir til þess að hún hafi í huga að taka upp öfluga stefnu til að styrkja byggð úti um landið. Þvert á móti virðast ákvarðanir hennar og fyrirætlanir flestar koma þyngra niður á landsbyggðinni heldur en öðrum hlutum landsins. Hér nægir að minna á neikvæðari afstöðu til byggðamálanna, minnkandi framlög til skóla og sjúkrahúsa, verulega minnkun framkvæmda í vegamálum frá því sem fyrirhugað var, algeran niðurskurð á framlögum til styrkingar raflína sem þýðir stórhækkun á raforkuverði ofan á þá hækkun sem þegar er ákveðin vegna Blönduvirkjunar, minnkuð þjónusta Skipaútgerðar ríkisins, sem mun hækka vöruverð á landsbyggðinni, og ef verðjöfnun verður lögð niður á olíuvörum mun það bitna meira á landsbyggðarfólki. Samdrátturinn í landbúnaðinum skellur með miklum þunga á sveitum landsins og byggðakjörnunum sem tengjast þeim og þegar fyrirsjáanlegur samdráttur vegna aflaminnkunar, sem óhjákvæmilega bitnar mest á sjávarbyggðunum, er hafður í huga og einlægar fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar um byggingu álvers, þá sjá allir menn að það þarf stórátak til að koma í veg fyrir að landið rísi endanlega upp á rönd og byggðirnar hrynji.

Virðulegi forseti. Ég hef hér verið að ræða það al-

varlega ástand sem komið er upp í þjóðfélaginu. Það er mín von að í þessari umræðu tali stjórnarsinnar skýru máli um það hvernig þeir hyggjast bregðast við og að menn velkist ekki í vafa um framtíð sinna byggðarlaga, fyrirtækja og heimila. Það er okkar skoðun að nú þegar eigi að bregðast við með ýmsum hætti til að bæta upp aflasamdráttinn. Við spyrjum því hæstv. sjútvrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að mæta ört versnandi afkomu fiskvinnslufyrirtækja? Verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að meta versnandi afkomu og minni veltu sjávarútvegsfyrirtækja vegna þess aflasamdráttar sem ákveðinn hefur verið? Verður sjávarútvegsfyrirtækjum áfram skylt að greiða í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins þó að þau séu almennt rekin með tapi? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera ráðstafanir til að fá meira af aflanum til vinnslu hér innan lands? Til hvaða ráðstafana hefur sjútvrn. gripið í framhaldi af umræðum um að fiski sé hent í sjóinn í stórum stíl? Hefur ráðuneytið kannað áreiðanleika heimilda um það? Eru í bígerð aðgerðir til að koma í veg fyrir að afla sé hent í sjóinn? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í gæðamálum sjávarútvegsins á næstunni, samanber lélega flokkun íslensks fisks á mörkuðum? Stendur til að setja reglur um fiskmarkaði sem eru sambærilegar við þær sem gilda á þeim erlendu mörkuðum sem við seljum á? Og síðast en ekki síst, ætlar ríkisstjórnin í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í sumar að flýta þeirri endurskoðun sem fram á að fara á fiskveiðistefnunni?

Við höfum gert ráð fyrir því eftir hina miklu umræðu sem varð um sjávarútvegsmál í aðdraganda kosninganna að sjútvrh. mundi beita sér fyrir því að sjútvn. Alþingis hæfist strax handa að loknu þinghaldi í vor við að leggja höfuðlínur þess mikla starfs sem endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar er. Nei, í þess stað hófst sérkennileg togstreita milli stjórnarflokkanna um það hver ætti að fá að ráða formennsku í nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði. Í þeirri nefnd eru einungis stjórnarsinnar og hún hefur tvo formenn. En sjútvrh. skipar síðan aðra nefnd og í henni eiga að vera fjölmargir, m.a. hagsmunaaðilar. Hvorki meira né minna en fjórum aðilum er ætlað að starfa að þessari mikilvægu endurskoðun, hæstv. sjútvrh. með sínu ráðuneyti, sjútvn. Alþingis, tveggja formanna nefndinni og stóru samráðsnefndinni. En það gerist ekki neitt. Hið stórhættulega kerfi heldur áfram að grafa um sig. Sameign þjóðarinnar er á uppboði og heilu byggðarlögin eru á uppboði. Menn henda aflanum fyrir borð en hæstv. sjútvrh. virðist hæglátastur manna og fram að þessu hefur sjútvn. ekkert fjallað um mál málanna. Hvernig á maður að skilja það?

Við fulltrúar Alþb. í sjútvn. Alþingis óskum eftir því að hæstv. sjútvrh. skýri það út hér á hv. Alþingi hvaða hlutverk ríkisstjórnin ætlar sjútvn. Alþingis í þeirri endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem lögum samkvæmt á að fara fram.

Það er líka eindregin ósk okkar að hæstv. sjútvrh. útskýri með fáeinum orðum hvaða hlutverk hinum aðilunum er ætlað, með öðrum orðum hver á að kútta, hver á að hausa og hver á að fletja því að sjálfur ætlar hann greinilega að salta.

Að lokum vil ég segja þetta: Það verður aldrei hægt að koma á neinni sátt um stjórn fiskveiða nema menn vinni saman í öllum flokkum ásamt hagsmunaaðilum, vísindamönnum, embættismönnum og öllum sem málið varðar. Sérhver kaupskapur milli stjórnarflokkanna er dæmdur til að mistakast og mun örugglega stranda hér í hv. Alþingi. Því miður hefur þetta mikilvæga hagsmunamál farið óbjörgulega af stað hjá hæstv. ríkisstjórn og ég skora á hæstv. sjútvrh. að taka málið upp á sínum rétta vettvangi í sjútvn. Alþingis. Það verður að skapa þverpólitíska samstöðu um að vinna að þessu máli með öllum sem það mest varðar. Og það má ekki dragast lengur og það þarf að hefjast handa strax.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir það að hefja hér umræður á hinu háa Alþingi um stöðu sjávarútvegsins. Það er ærin ástæða til þess að mínu mati. Ég tel að það sé brýnt að héðan frá Alþingi heyrist sú rödd út um byggðir landsins þar sem fólkið fær trú á því að löggjafarsamkoma þjóðarinnar vilji á málefnalegan hátt fjalla um þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar á þann veg að mönnum skiljist að hann er undirstaða velferðar og verðmætasköpunar í landinu. Framvinda mála á þeim vettvangi er lykilatriði varðandi þróun byggðar og gagnkvæmur skilningur manna á milli á þróun sjávarútvegsins ræður úrslitum um það hvort sátt getur ríkt á milli þéttbýlis og dreifbýlis í landinu. Þess vegna er mjög mikilvægt að okkur takist að stilla saman kraftana til að styrkja undirstöður sjávarútvegsins og treysta samstöðuna í þessu þjóðfélagi og styrkja undirstöður velferðar og lífskjara í landinu.

Sjávarútvegurinn býr nú við erfiðar aðstæður. Hann er að mæta nýjum aðstæðum nánast hvert sem litið er. Hér hefur verið vikið að því að teknar hafa verið erfiðar ákvarðanir um takmörkun á heildarafla vegna lélegs ástands þorskstofnsins og vísbendingar gefa ástæðu til að ætla að við þurfum að búa við takmarkaðan afla á næstu árum. Að þessum nýju aðstæðum þarf sjávarútvegurinn að laga sig.

Verðmyndun á sjávarafurðum hefur verið að breytast. Að nýjum aðstæðum á þessum vettvangi þarf sjávarútvegurinn að laga sig. Alþjóðaviðskipti eru að breytast og við höfum verið að búa okkur undir að taka ríkari þátt í alþjóðasamvinnu en verið hefur fram til þessa. Sjávarútvegurinn þarf að laga sig að þessum nýju aðstæðum. Ég hef hér nefnt þrjú atriði sem munu skipta mjög miklu máli fyrir þróun og mótun sjávarútvegsins í landinu.

En vitaskuld er það afkoma sjávarútvegsfyrirtækjanna sem mestu ræður um árangur í þessu efni. Við höfum nýlega fengið upplýsingar um stöðu þeirra mála. Þar kemur glöggt í ljós að þær ráðstafanir sem fyrrv. ríkisstjórn greip til fólu fyrst og fremst í sér að fresta vandanum, skjóta vandamálunum á frest án þess að taka á þeim. Sjávarútvegurinn kemur að því leyti illa undan fyrrv. ríkisstjórnarsamstarfi. Það var ekki nóg að koma á fót lánasjóðum. Það þurfti að tryggja undir-

stöður atvinnugreinarinnar. Og þetta gerist á sama tíma og öll ytri skilyrði voru hvað hagstæðust. Verð hækkaði stöðugt á erlendum mörkuðum og gengi erlendra gjaldmiðla hækkaði. Með öðrum orðum, ytri aðstæður voru eins ákjósanlegar eins og hægt var. Samt var haldið þannig á málum að það fjaraði undan og það er ekkert til þegar á móti blæs. Við getum ekki vænst þess á næstunni að verð á erlendum mörkuðum hækki og getum ekki treyst á það að gengi erlendra gjaldmiðla hjálpi okkur í þessari stöðu.

Þjóðhagsstofnun hefur gert úttekt á stöðu sjávarútvegsins. Við ríkjandi aðstæður er reiknað með því að sjávarútvegurinn í heild sé rekin með 1% hagnaði. Vinnslan á hinn bóginn býr við þau skilyrði að hún er rekin með 7–8% tapi, en það er á hinn bóginn ágætur hagnaður af útgerðinni, um 8%. Þetta sýnir okkur, þó að það sé mín skoðun að 1% hagnaður sé allsendis ófullnægjandi rekstrarstaða fyrir sjávarútveginn, að miðað við þær ytri þrengingar sem við stöndum frammi fyrir er staðan í heild viðunandi eins og sakir standa. Hér er að stærstum hluta til um að ræða atriði sem greinin sjálf verður að takast á við í innbyrðis samskiptum sín á milli. Þegar útgerðin er rekin með hagnaði og vinnslan með tapi, þá verða sjávarútvegsfyrirtækin í viðskiptum með hráefnið að koma á jafnvægi. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þeim vanda sé veitt út í þjóðfélagið. Það er verkefni sjávarútvegsins innbyrðis að taka þar á.

Við vitum á hinn bóginn að þegar á næsta ári verða aðstæður sjávarútvegsins miklu lakari. Og niðurstöður athugana Þjóðhagsstofnunar benda til þess að hér verði á mjög veruleg umskipti. Sjávarútvegurinn mun frá því að vera nú í um 1% hagnaði, sem er ófullnægjandi staða, verða á næsta ári í þeirri stöðu að taprekstur verður 5–6% í heild á veiðum og vinnslu. Og tap á fiskvinnslunni er áætlað að muni verða 9–10% en veiðarnar verði þá reknar með 1–2% hagnaði. Hér verður áfram um að ræða tekjuskiptingarvanda að hluta til innbyrðis í greininni, en rekstrarstaðan í heild ófullnægjandi. Og hvernig bregðumst við við þessum aðstæðum? Til þess eru margar leiðir. En það liggur í augum uppi að ef tryggja á sjávarútveginum eðlilegan rekstur verður að skapa til þess rými. Þjóðartekjur okkar eru að minnka. Við höfum minna til skiptanna á næsta ári þegar aðstæður eru eins og nú hefur komið fram. Samdráttur í heildaraflamagni þýðir það að við töpum 7–8 milljörðum kr. af útflutningstekjum þjóðarinnar. Og við skiptum þeim ekki upp. Ef við ætlum að láta höfuðatvinnugrein þjóðarinnar ganga, sem við hljótum að ætla okkur því að á þessu lifum við, þá þurfa aðrir að gefa eitthvað eftir til að skapa eðlilegt rými fyrir þá atvinnugrein sem er meginuppistaða verðmætasköpunarinnar í landinu.

Við verðum í fyrsta lagi að hafa hemil á útgjöldum ríkisins, minnka notkun ríkisins á peningum, draga úr lánsfjárþörf ríkisins og að því hefur ríkisstjórnin verið að vinna á undanförnum mánuðum. Á þeim málum hefur hún verið að taka, fyrst og fremst að draga úr notkun ríkisins á peningum til þess að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið í landinu. En hver hefur verið skilningurinn á því? Það kom glögglega fram í máli hv. málshefjanda. Hann hafði ekki mikinn skilning á því að það þyrfti að skapa slíkt svigrúm, að ríkissjóður og ríkið þyrfti að draga saman til þess að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið í landinu. Nei, það stóð út úr hv. þm. að það væri umkvörtunarefni að ríkisstjórnin ynni nú að því að reyna að draga saman seglin. Eigum við ekki frekar að reyna að sameinast um það og taka sameiginlega á þessu stóra verki að draga saman seglin í útgjöldum ríkissjóðs til þess að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið. Því að við gerum það ekki með öðrum hætti nema við ætlum að hleypa verðbólgunni af stað á nýjan leik. Og við verðum að stuðla að því að sveitarfélögin í landinu geri slíkt hið sama, hafi hemil á útgjöldum sínum til þess að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið. Þegar þjóðartekjurnar minnka, þá verður einkaneyslan í landinu að láta undan síga ef það á ekki að koma niður á atvinnuvegunum. Þetta eru þau höfuðverkefni sem við stöndum frammi fyrir og ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti verið að vinna að því að skapa atvinnulífinu þetta svigrúm í störfum sínum undanfarna mánuði og ég vona að það komi meiri og betri skilningur á nauðsyn þess en fram kom í ræðu hv. þm. þegar hann lýsti afstöðu Alþb. til þeirra verka. Það er ekki að gamni sínu sem hæstv. ráðherrar eru í sínum fagráðuneytum að takmarka útgjöld og ákveða þjónustugjöld á ákveðnum sviðum. Sú höfuðnauðsyn sem býr þar að baki er að koma á eðlilegu jafnvægi og skapa svigrúm fyrir atvinnuvegi landsmanna. Og þegar við mætum efnahagslegum örðugleikum eins og við stöndum núna frammi fyrir, þá þurfa menn að taka verulega á í því efni.

Það er ekkert smáræði áfall fyrir eitt þjóðfélag þegar stjórnendur landsins standa frammi fyrir því einn góðan veðurdag að þurfa að taka ákvörðun sem þýðir 7–8 milljarða kr. tekjutap. Því verður ekki mætt með ræðum af því tagi sem hér var flutt áðan um að hvergi nokkurs staðar megi hafa hemil á útgjöldum ríkisins og skera niður. Þá mæta menn ekki þessum vandræðum. Þá eru menn að segja að sjávarútvegurinn eigi að sigla í strand. Og ég trúi því ekki að svo verði þegar á reynir og menn standa frammi fyrir því að velja á milli þess hvort opinber útgjöld eiga að aukast eða hvort menn ætla að skapa svigrúm fyrir framleiðsluatvinnuvegi landsmanna sem eru í raun réttri undirstaða allrar velferðar í landinu því að ef sjávarútvegurinn fær ekki að ganga og ef honum verður ekki skapað eðlilegt svigrúm þá brotnar líka undirstaðan undir velferðarkerfinu. Þetta er kjarni málsins. Að því að skapa þetta svigrúm er unnið og verður unnið áfram því að án öflugs sjávarútvegs tökumst við ekki á við þetta verkefni.

Hitt er svo alveg ljóst að þessar aðstæður kalla líka á það að sjávarútvegurinn sjálfur takist á við nýjar aðstæður. Svo miklu minni afli sem nú er til ráðstöfunar og verður væntanlega til ráðstöfunar á næstu árum þýðir að við getum ekki haldið úti jafnmörgum skipum til þess að draga þennan afla að landi og það verða eitthvað færri fiskvinnslustöðvar sem vinna þennan afla. Það er óhjákvæmilegt ef við ætlum okkur að

standa þannig að málum að atvinnugreinin skili hámarksarði og skili þjóðinni þeim verðmætum sem við hljótum að krefjast af höfuðatvinnuvegi landsmanna. Víða eru menn að takast á við þessi verkefni af fullri einurð í þeim tilgangi að skapa sterkari og traustari stoðir undir rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna. Byggðastofnun hefur fyrir sitt leyti haft forustu um að leiða menn saman m.a. í þeim tilgangi að verja einstakar byggðir og byggðasvæði. Þar þurfa menn í ýmsu að líta til þess að samvinna og samstarf getur verið nauðsynlegt og er í mörgum tilvikum nauðsynlegt. Ég vona að forusta Byggðastofnunar í þessu efni dugi til þess að við getum tekist á við þessi verkefni, treyst undirstöðurnar, komið á þeirri hagræðingu sem nauðsynleg er og óhjákvæmileg er. Það er þannig með almennum aðgerðum, almennum ráðstöfunum sem við mætum þessum vanda um leið og við þurfum vitaskuld að hafa auga með þeirri þróun byggðar í landinu og ég treysti mætavel forustu Byggðastofnunar í því efni. Við höfum séð að hún er að leggja grunn að slíku átaki í samstarfi og samvinnu fyrirtækja á þessu sviði.

Málshefjandi innti síðan eftir því hvort ætlunin væri að gera ráðstafanir til að auðvelda fiskvinnslu innan lands aðgang að því hráefni sem nú er flutt óunnið úr landi og lagði sérstaka áherslu á það af sinni hálfu að allur fiskur færi um fiskmarkaði hvort sem hann yrði síðan seldur til vinnslu hér heima eða á erlenda markaði.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að á þessu ári hefur orðið verulegur árangur í því að draga úr útflutningi á ferskum, óunnum fiski. Við höfum á fyrstu átta mánuðum þessa árs náð þeim árangri að um 17% minna magn er flutt út af ferskum, óunnum fiski en áður og það hefur náðst meiri árangur hlutfallslega í mikilvægum tegundum eins og þorski og ýsu þar sem samdráttur í útflutningi af þessu tagi er um 40%. Þessi breyting hefur eðlilega skapað íslenskri fiskvinnslu meira svigrúm, hún hefur fengið fyrir vikið meira hráefni til vinnslu hér heima. Þetta hefur gerst m.a. vegna starfa Aflamiðlunar, vegna þess álags sem er á útflutning af þessu tagi og kemur sem skerðing á kvóta og enn fremur vegna markaðsaðstæðna. Á hinn bóginn hefur ekki orðið minnkun á því magni sem farið hefur til vinnslu í fullvinnsluskipum eða frystiskipum. Það er atriði sem við þurfum að skoða sérstaklega.

Ég hygg að menn séu um það sammála að það sé eitt af mikilvægustu stefnuatriðum í sjávarútvegi að við vinnum sem mest af okkar afla sjálfir, gerum sem mest úr þeim verðmætum sem eru í sjónum með fullvinnslu hér heima, á sama tíma og við viljum að sjálfsögðu notfæra okkur alla markaði og þar á meðal takmarkaða ferskfiskmarkaði, eins og ég er alveg sammála hv. þm. um að við þurfum að gera samhliða. En hér hefur náðst nokkur árangur í því að auka hlutdeild innlendrar vinnslu. Náum við lengra í því efni með frekari boðum og bönnum? Menn hafa rætt um möguleika á því að banna einfaldlega útflutning á þorski og ýsu. Ég dreg stórlega í efa að slík boð og bönn leiði til þess markmiðs sem við höfum sett okkur og ég hygg að við séum sammála um að ná. Ég efast um að það sé rétta leiðin. Menn hafa rætt um hvort selja eigi allan afla á markaði innan lands. Ég hef talið fulla ástæðu til þess að skoða þær hugmyndir mjög gaumgæfilega. Það er margt sem getur mælt með því að það sé gert. Það hefur líka ókosti. Við sjáum nú þann árangur sem við höfum náð með núverandi kerfi, m.a. álaginu og stýringu Aflamiðlunar. Ef við settum allan afla á markað hér innan lands gætum við ekki beitt þeim takmörkunum sem Aflamiðlun gerir í dag og við yrðum að fella álagið niður. Það mundi ekki hafa þau áhrif að letja menn til þess að selja fisk úr landi. Þessi tvö tæki til að takmarka útflutning yrðu ekki fyrir hendi. Niðurstaðan gæti orðið sú að meiri fiskur færi úr landi ef við settum allan fisk á markað hér innan lands. Ég er ekki að fullyrða að svo yrði en það er augljóst að þessi stjórntæki sem hafa hamlað útflutningi yrðu ekki fyrir hendi og niðurstaðan gæti því orðið önnur en sú sem menn eru að stefna að. Því tel ég að menn þurfi að skoða mál af þessu tagi mjög nákvæmlega og gera sér fulla grein fyrir því hvað muni gerast ef slík skipan yrði tekin upp því það væri illt ef menn gerðu þetta í þeim tilgangi að stuðla að því að meiri fiskur yrði til úrvinnslu hér heima en árangurinn yrði annar.

Málshefjandi vék einnig að því hvað stæði fyrir dyrum í gæðamálum, sérstaklega vegna fregna um slaka flokkun á íslenskum fiski á mörkuðum erlendis. Það er vitaskuld satt og rétt að þegar hátt verð er á erlendum mörkuðum þá freistast menn til þess að flytja sem mest inn á slíka markaði til þess að njóta ávaxta af markaðsaðstæðunum og fiskurinn sem þangað fer getur verið fimm til fimmtán daga gamall. Ráðuneytið hefur fengið nýlegar upplýsingar frá Hull um skiptingu á íslenskum fiski í gæðaflokka. Samkvæmt þeim upplýsingum hefur um 60% af íslenskum fiski flokkast sem gæðafiskur, um 25% sem miðlungsgóður fiskur og um 15% sem fiskur með mjög lítil gæði.

Síðastliðið vor voru uppi hugmyndir um það að setja reglur um síðasta söludag að undangengnum frekari rannsóknum. Þær liggja fyrir að því er varðar geymsluþol á þorski en að því er varðar geymsluþol á karfa liggja rannsóknir ekki enn fyrir, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur unnið að því í samstarfi við þýska aðila og er reiknað með að þær liggi fyrir innan skamms. Tilskipun Evrópubandalagsins um nýjar viðmiðanir og nýjar reglur varðandi hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu á sjávarafurðum mun ugglaust hafa hér áhrif þó að við gerum okkur ekki fulla grein fyrir því enn hversu mikil, en að því er nú unnið að aðlaga okkar reglur og okkar kerfi að þessum nýju aðstæðum. Í Bandaríkjunum er einnig von á nýju gæðaeftirlitskerfi og hér eru staddir um þessar mundir fulltrúar frá bandarískum stjórnvöldum til þess að skoða íslenska fiskvinnslu og hugsanlega kanna möguleika á því að gera samning sem fæli það í sér að íslenskar sjávarafurðir ættu greiðan aðgang að Bandaríkjamarkaði án hefðbundinnar skoðunar eftirlitsaðila þar.

Það er ljóst að þessar nýju aðstæður kalla á endurmat og endurskoðun á okkar gæðaeftirlitskerfi og að því er nú unnið. Það er unnið að endurskoðun á lög-

um um Ríkismat sjávarafurða og við stefnum að því að leggja fram á þessu þingi frv. til laga um meðferð sjávarafla og breytingu á lögum um starfsemi Ríkismats sjávarafurða. En endurskoðun á þessum lögum er löngu orðin tímabær. Það stendur líka yfir undirbúningur að *fræðslunámskeiðum fyrir sjómenn um meðferð sjávarafla* og við gerum ráð fyrir því að tilraunanámskeið hefjist á því sviði nú í haust. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins mun einnig halda áfram rannsóknum á geymsluþoli fisks og á aðferðum til þess að lengja geymsluþol. Á þessum sviðum er markvisst unnið og ég geri ráð fyrir því að í ýmsu efni komi tillögur þar að lútandi til kasta þessa þings.

Þá spurði málshefjandi til hvaða ráðstafana hefði verið gripið vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um það að fiski sé hent í sjóinn í stórum stíl. Þetta er alvarlegt umfjöllunarefni sem ástæða er til að taka föstum tökum. Það er að vísu ekki nýtt af nálinni, menn þekkja það í gegnum áratugi að fiski er hent í sjóinn og fráleitt að kenna það einu stjórnkerfi við fiskveiðar frekar en öðru. Hér koma til margs konar aðstæður, til að mynda þegar menn fá fisk sem ekki hefur fengist nægjanlega gott verð fyrir. Að því leyti hafa aðstæður verið að lagast með nýjum mörkuðum og nýrri markaðssetningu þar sem menn hafa verið að finna markaði fyrir fisktegundir sem lítið verð hefur fengist fyrir áður. Hér kemur til smáfiskur eða undirmálsfiskur. Þar þurfa menn að taka á að því er varðar svæðaskiptingu landhelginnar og notkun veiðarfæra. Í þriðja lagi má svo nefna fiskinn sem hent er vegna þess að skip sem eru að veiða margar tegundir af fiski eru búin með kvóta af einni tegund. Í þessu efni skiptir miklu máli að koma á virkum skiptum á aflaheimildum þannig að úr þessari hættu dragi. Um leið og við náum betri nýtingu á fiskiskipaflotanum og stærð hans verður meira í samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna á að draga úr þessum vanda. En hvað sem því líður þá er mjög mikilvægt að á þessu sé tekið.

Ég afréð því að kalla á minn fund fyrir nokkrum vikum síðan forustumenn útvegsmanna og sjómanna og fulltrúa Hafrannnsóknastofnunar og tilkynna að við ætluðum okkur í ráðuneytinu að taka á þessum verkefnum og óskuðum eftir samstarfi þessara aðila. Þeir tóku því allir fúslega að taka þátt í störfum til að við gætum tekið á þessum álitaefnum. Við þurfum í fyrsta lagi að staðreyna hversu mikil brögð eru að því að fiski sé hent í sjóinn og af hvaða ástæðum. Það verður fyrsta verk samráðshóps þessara aðila. Í öðru lagi þurfum við að taka á svæðalokunum og veiðarfæranotkun og huga enn betur að skipulagi veiðieftirlitsins. Þessi samstarfshópur ráðuneytisins, starfandi aðila í útgerð og á meðal sjómanna og Hafrannsóknastofnunar mun hefja störf nú alveg á næstunni. Ég fagna því hversu góðar undirtektir voru af hálfu útvegsmanna og sjómanna til að takast á við þetta verkefni. Það sýnir og sannar að þeir aðilar sem á sjónum starfa vilja ganga vel um auðlindina, þeir vilja sýna að þeir taki á þessum verkefnum af ábyrgð og festu.

Þá vék málshefjandi að endurskoðun núverandi laga um fiskveiðistjórnun, spurði hvort endurskoðun á þeim yrði flýtt og hafði þau orð að hér væri um að ræða „stórhættulegt kerfi" eins og ég hygg að hann hafi komist að orði. Það er fróðlegt að heyra fulltrúa Alþb. lýsa því hér yfir að við búum við stórhættulegt stjórnunarkerfi í fiskveiðum. Síðasta löggjöf um þetta efni *var samþykkt hér á Alþingi á vordögum 1990* með aðild þingmanna Alþb. (Forseti hringir.) — Herra forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu, en ætla aðeins að minna hv. þm. á að núverandi löggjöf var samþykkt með aðild þingmanna Alþb. Þeir bera fulla ábyrgð á því kerfi sem við störfum eftir í dag, en bæði samkvæmt skýrum ákvæðum í þeim lögum og samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna er ætlunin að endurskoða kerfið á grundvelli laganna og þeirri endurskoðun á samkvæmt lögunum að vera lokið fyrir árslok 1992. Það er eðlilegt að stjórnarflokkarnir hafi þar forustu um, þess vegna var skipuð sérstök nefnd þeirra. Jafnframt hefur verið skipuð nefnd hagsmunaaðila og sjútvn. Alþingis hefur verið skrifað bréf þar sem gerð er grein fyrir því að hún á lögum samkvæmt að vera samráðsaðili í þessu efni. Við gerum ráð fyrir því að samstarfinu við sjútvn. verði hagað með þeim hætti að fulltrúar endurskoðunarnefndarinnar fari á fund sjútvn. eftir því sem hún óskar. Hér er því búið að leggja grunn að öruggri pólitískri forustu um þessa endurskoðun sem hlýtur að hvíla á ríkisstjórnarflokkunum á hverjum tíma og breiðri, víðtækri samstöðu við hagsmunaaðila í sjávarútveginum og alla stjórnmálaflokka á Alþingi. Ég tel að það sé nauðsynlegt að viðhafa slíkt víðtækt samráð og víðtæka samvinnu til þess að treysta sem best samstöðuna um þessa endurskoðun.

Að því er varðar spurningu um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þá verður innan tíðar skipuð nefnd til þess að hefja endurskoðun þeirra laga, en það er ekki ætlunin að raska því jafnvægi sem þessi sjóður hefur stuðlað að í efnahagslífinu á undanförnum missirum og hefur átt sinn þátt í því að þjóðarsátt um laun hefur haldist með jafn góðum hætti og raun ber vitni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aflasamdráttur og afleiðingar hans, afkoma Íslendinga, vandi fiskvinnslunnar, launakjör fiskvinnslufólks, tekjuskipting samfélagsins, það er ekki lítið sem ætlunin er að ræða hér í dag utan dagskrár ef marka má blaðafregnir. Ég verð raunar að lýsa því yfir að ég efast ekki um að þessi umræða þarf meiri tíma en þann sem við höfum til ráðstöfunar fyrir þingflokksfundi, en ég kannast ekki við það að gert hafi verið neitt samkomulag enn þá, heldur aðeins rætt um það að hafa hér kvöldfund. Það leiðréttir mig þá einhver ef ekki er rétt.

Þessum mikilvægu málefnum er jafnframt sniðinn þröngur stakkur þar sem hverjum ræðumanni er skammtaður naumur tími samkvæmt nýjum þingsköpum. Við kvennalistakonur vöruðum í vor við að þrengja um of ræðutíma manna þegar stór mál eru til umræðu en aðrir kusu að hafa annan hátt á og sæti ég því. Mér heyrðist hins vegar á máli síðasta ræðumanns, hæstv. sjútvrh., að ekki hefði veitt af að hafa eilítið rýmri reglur.

Aldrei er brýnna en þegar erfiðleikar steðja að að gæta réttlætis. Nú hafa verið birtar skýrslur um aflasamdrátt og versnandi afkomu atvinnuveganna. Ekkert svigrúm er til launahækkana, segja forsvarsmenn vinnuveitenda. Í vor þegar betur virtist ára var sagt: Bíddu við. Og þetta kom út úr biðinni. Nú skal þrengja enn að launafólki. Á því mun versnandi afkoma útgerðar og fiskvinnslu bitna.

Hæstv. sjútvrh. boðar að það sé eðlilegt að fiskvinnslufyrirtæki fari á hausinn. En þá verður líka að hyggja að afleiðingum þess, ekki bara að skapa orsakirnar. Ekki er ég að segja að allar orsakir þess ástands sem nú er séu vegna stjórnvaldsaðgerða en vissulega er ábyrgð þeirra nokkur. Mér hefur fundist til þessa vanta í þá umræðu sem hér fer fram að ræða alvarlega um fólkið sem byggir upp fiskvinnsluna, ekki bara fiskvinnsluna sem hugtak. Það er nefnilega boðuð kjaraskerðing þessa fólks.

Því er hampað að kaupmáttur hafi batnað verulega að undanförnu. Vissulega er það gott að nú skuli kúrfan hafa farið um stund upp í mót en ekki niður þótt ekki finni það nú allir á buddunni sinni. En lítum á staðreyndir. Við hvað er miðað? Jú, sú viðmiðun sem helst hefur verið notuð er samanburður launa nú við fyrsta ársfjórðung ársins 1990, þ.e. aðallega tímabilið rétt áður en kjarasamningar voru gerðir, þ.e. þjóðarsáttin margnefnda, og auk þess á þeim tíma þegar hún var að byrja. Síðan þá hefur kaupmáttur sem betur fer batnað. En ég verð að vitna til orðalags sem ég heyri alloft notað í kringum mig: Maður á ekki miða við það versta.

Á fyrsta ársfjórðungi 1990 var kaupmáttur í lágmarki hjá flestum stéttum miðað við næstu ár á undan. Og nú á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, því að þaðan hef ég nýjustu tölur, er kaupmáttur tekjulægstu stéttanna, verkafólksins, enn talsvert undir því sem gerðist þegar framfærsluvísitala var sett föst árið 1980. Þetta eru staðreyndir sem ekki verður litið fram hjá. Landverkafólk ASÍ er sem betur fer ekki undir kaupinu sem það fékk árið 1980, heldur eilítið yfir eða hálfu prósenti en er þó mun lakar sett en t.d. á árunum 1987, 1988 og 1989, þannig að því miður miðar lítið í átt til bættra lífskjara. Flestum er ljóst að bilið milli hinna efnameiri og efnaminni fer breikkandi. Skattprósenta, flatur skattur, hefur hækkað en skattleysismörk eru smánarlega lág þannig að þessar skattbyrðar leggjast þungt á láglaunafólk.

Matarskattur var tekinn upp á ný fyrir nokkrum árum og nú skal fólk axla alls kyns skatta í furðulegustu gerðum: Álögur á sjúklinga, námsmenn og fleiri þannig að enn erfiðara verður að ná endum saman ef fjárlagafrv. verður að lögum í núverandi mynd. Þetta verðum við að hafa í huga er við ræðum að einstakir hópar í samfélaginu þurfi að sæta tekjuskerðingu. Það er nefnilega ekki hægt að skerða það sem lítið eða ekkert er.

Fyrir mér vakir í þessari umræðu að benda á að leita verður annarra leiða en að velta byrðum yfir á launafólk í fiskvinnslu og annars staðar og þessar leiðir verður að finna. Þá er e.t.v. ástæða til að líta fyrst á vaxtamálin. Vextir eru allt of háir og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að svo er komið. Þegar vextir voru keyrðir upp í vor lá fyrir fyrirheit, eða a.m.k. lá það í loftinu, að þeir mundu lækka hressilega með haustinu. Ekki bólar á því. Stjórnvöld bera fulla ábyrgð á þeim vöxtum sem atvinnugreinar og einstaklingar sæta. Með því að ætla sér allan sparnað í landinu og gott betur taka stjórnvöld einfaldlega þá ákvörðun að þau ætli að halda vöxtunum uppi. Þetta þýðir að í góðum árum fer stór hluti ágóða fiskvinnslunnar í vaxtagreiðslur en ekki í kjarabætur og þegar harðnar í ári eru þessar byrðar nægar til að ríða fiskvinnslunni að fullu eins og öðrum atvinnuvegum þó ekki sé þar á ofan um aflasamdrátt að ræða. Aðeins sumum er ætlað að lifa, öðrum alls ekki. Ég hlýt að vitna í skýrslu stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva en þar segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármagnskostnaður hefur vaxið á þessu ári vegna hækkunar nafnvaxta og raunvaxta. Nokkur von er til þess að nafnvextir lækki á nýjan leik en ekkert bólar á lækkun raunvaxta sem víða eru komnir um og yfir 10% umfram lánskjaravísitölu." — Hér er um nýja skýrslu að ræða, best er að taka það fram. „Við þessar erfiðu aðstæður verður verðbólga að vera í algjöru lágmarki. Raungengi má ekki hækka og allar hugmyndir um tengingu krónunnar við ECU eru óraunhæfar við þessar miklu sveiflur í sjávarútvegi. Lækkun fjármagnskostnaðar skiptir fiskvinnsluna verulegu máli, en áætla má að heildarskuldir allra fiskvinnslufyrirtækja í frystingu, söltun, bræðslu og rækjuvinnslu að meðtöldum afurðalánum nemi yfir 35–40 milljörðum kr. um þessar mundir. Heildarskuldir sjávarútvegsins námu um síðustu áramót tæplega 84 milljörðum kr. samkvæmt upplýsingum hagfræðideildar Seðlabanka Íslands."

Þar fyrir utan á eftir að koma í ljós hvernig nýir skattar í dulargervi eða óduldir, svo sem aukin þátttaka í kostnaði við rannsóknir og eftirlit, leggjast á útgerð og fiskvinnslu. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er mikil í þessum efnum og ríkið verður að leita annarra leiða en þeirra að kæfa atvinnustarfsemina í landinu með vaxtaokri og skattpíningu.

Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram núna, ekki síst vegna þess að við erum oft að fjalla um tölur á blaði án þess að líta til þess hvað að baki þeirra er. Ekkert má gleymast, jafnvel ekki þegar við erum að fjalla um alvarleg tíðindi eins og stórminnkaðan afla á Íslandsmiðum, afla sem sumir virðast jafnvel reiðubúnir að deila með harðskeyttum flota Evrópubandalagsríkja. Undarlegar áherslur þar og ætti flestum að vera ljóst að fiskurinn er ekki til skiptanna.

Víkjum þá að aflasamdrættinum. Ég tek fyllsta mark á viðvörunum fiskifræðinga. Ég efast ekki um að niðurstaða þeirra er rétt, að draga verður úr veiðum sé nokkur hætta á því að gengið verði of nærri fiskstofnunum. Og maður skyldi ætla að á meðan svo mikið er lagt upp úr að hafa góðar og nákvæmar rannsóknir á þoli fiskstofnanna mundi ríkisstjórnin kosta kapps um að gera sem best við þá sem annast rannsóknirnar. En öðru nær. Í því fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram,

svo og fjáraukalögum, er gert ráð fyrir að þessar mikilvægu rannsóknir verði fjármagnaðar af sértekjum ýmissa stofnana að miklu meira leyti en áður hefur verið. Hins vegar er mælt með útgjöldum til nefndarstarfs um stjórn fiskveiða, að vísu ekki háar upphæðir en áherslan leynir sér ekki. En ég vík nánar að þessu á eftir ef tími gefst til.

Hvernig verður best brugðist við aflasamdrætti? Þar eru nokkrar meginspurningar sem liggja fyrir. Hvernig á að nýta þá takmörkuðu auðlind sem fiskurinn í sjónum er? Hver á að fá að nýta þær auðlindir sem eru til skiptanna? Hvernig verður það gert á sem réttlátastan hátt? Við kvennalistakonur höfum gagnrýnt tilhögun kvótakerfisins harðlega, ekki vegna þess að við séum á móti því að það sé stýring á afla heldur vegna þess að við viljum að kvóta sé skipt eftir einhverju réttlæti og í samræmi við fyrstu og skástu grein laga um stjórn fiskveiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign okkar allra.

Það eru til fleiri aðferðir við hagræðingu en sameining fyrirtækja í anda þess sem boðað er í nýútkominni þjóðhagsáætlun og við höfum margoft bent á að besta leiðin að þessu marki sé að taka upp byggðakvóta, þ.e. að gera okkur grein fyrir því hve miklu máli kvóti skiptir einstök byggðarlög landsins og treysta þeim til þess að hagræða og nýta hann á sem bestan hátt.

Byggðakvóti hefur þann kost að þá er hægt að skipuleggja veiðar og vinnslu á hverju svæði fyrir sig. Þá byggðaröskun má stöðva sem verður með tilfærslu kvóta eftir hentisemi hinna vel stæðu sem geta keypt kvóta og þar með lífsbjörg heilla byggðarlaga. Sú hagræðing hefur á stundum reynst æðikostnaðarsöm.

Auk þess er það réttlætismál að treysta atvinnulíf hinna dreifðu byggða jafnt sem þéttbýlisins á suðvesturhorninu. Skipting kvóta varðar alla. Og ekki er ólíklegt að betur yrði farið með dýrmætan kvóta ef menn tengdu hann víðtækum hagsmunum útgerðar, fiskvinnslu, stéttarfélaga og sveitarfélaga en ekki aðeins eins eða tveggja þessara aðila. Og fleiri spurningar koma upp í hugann.

Við kvennalistakonur höfum oft lýst þungum áhyggjum okkar yfir því hve óöryggi fiskvinnslunnar er mikið. Aldrei er hægt að vita hvenær fiskur er falur og hvenær siglt er með afla. Við teljum að þetta mál verði best leyst með því að vigta allan afla hér heima og gefa þar með íslenskri fiskvinnslu færi á að bjóða í fiskinn. Og enn vil ég vitna í nýlega skýrslu Samtaka fiskvinnslustöðva, þó mér gefist nú sjálfsagt ekki langur tími til þess. Í þessari skýrslu segir m.a., með leyfi forseta:

„Slagurinn um takmarkað hráefni til fiskvinnslu hefur sjaldan verið harðari hér á landi en nú á haustdögum 1991. Þrátt fyrir um 40% samdrátt í útflutningi á óunnum þorski og ýsu til Bretlands og að heildarmagn í útflutningi hafi dregist saman um 17% miðað við sama tíma á sl. ári hefur hráefnisskortur, ekki síst á fiskmörkuðum innan lands, haft í för með sér aukinn rekstrarvanda fiskvinnslufyrirtækja og tímabundið atvinnuleysi fiskvinnslufólks. Aflamiðlun hefur stjórnað útflutningi á óunnum fiski í tæplega eitt og hálft ár og hefur tekist þokkalega til í sínu hlutverki. Þegar fyrir lágu tillögur Hafrannsóknastofnunar um verulega skerðingu í þorsk- og ýsuafla á nýbyrjuðu fiskveiðiári lagði stjórn SF til að öll vinnsla á þessum fisktegundum færi fram hér innan lands enda hagstæðara fyrir þjóðarbúið að nýta þá verðmætasköpun sem vinnsla þessara fisktegunda skapar hér á landi."

Ég hafði raunar hugsað mér að fjalla örlítið meira um þetta en hlýt að bíða með það.

Vík ég þá að næsta máli. Við kvennalistakonur höfum ekki frekar en aðrir neina klæðskerasniðna lausn á því smáfiskadrápi sem viðgengst og þeim afla sem hent er af því að hann er of gamall í netum, ekki af réttri stærð eða tegund eða ekki fiskaður innan þeirra marka sem ætlað er. En þessi mál eru vonandi í alvarlegri athugun og verða án efa eitt það mikilvægasta sem glíma þarf við. Hér þarf gott eftirlit og rannsóknir en það virðist ekki felast í stefnu stjórnvalda nú sem skera niður útgjöld ríkisins til ýmissa mikilvægra rannsókna og eftirlits og ætlast til þess að þeim sé mætt með auknum sértekjum. Mér er til efs að það dæmi hafi verið hugsað til enda. Sparnaður í rannsókn og eftirliti getur reynst dýr. Samkvæmt fjárlagafrv. lækka framlög ríkisins til rannsókna og eftirlitsstofnana um því sem næst 50%. Á meðan þrengt er að útgerð og fiskvinnslu með aflasamdrætti er þeim jafnframt ætlað að bæta þessum kostnaði á sig eða öðruvísi get ég ekki skilið fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Ekki hækka launin fyrir það fé sem í þetta fer.

Ég skal ekki segja á hvaða hátt best verður aflað fjár til rannsókna og eftirlits en ég tel ekki rétt að stjórnvöld ákveði einhliða að varpa byrðum yfir á aðra en ríkissjóð eins og mér sýnist að hér sé að gerast. Jafnframt ætti það að vera nauðsynlegt að stjórnvöld tækju þátt í því að efla í stað þess að draga úr rannsóknum, m.a. á gæðum og betri nýtingu fiskstofna. Mér sýnist að svigrúm til þess sé ekki mikið.

Virðulegi forseti. Það er fjölmargt sem ástæða væri til að ræða hér við þessa umræðu og ég býst við að til þess að halda heilli brú í þeirri umræðu verði ég að nýta mér þann tíma sem á til góða því af því að ég má tala aftur síðar í þessari umræðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna þeirri umræðu sem hér fer nú fram um sjávarútvegsmál og af því tilefni sem hefur gefist um þá breytingu sem varð á utandagskrárumræðuforminu við ný þingskapalög hlýt ég reyndar að fagna því að þar skyldi ræðutíminn hafa verið skertur. Ég held að umræðan verði miklu markvissari, en hún gerir að vísu þá kröfu til þingflokkanna að þeir skipuleggi sig betur og sinn málflutning, en því miður, virðulegi forseti, gaf aðdragandi þessarar umræðu ekki tilefni til þess að við hefðum mikið svigrúm til þess.

Ég sé að hæstv. sjútvrh. er ekki í salnum en hann kaus einhverra hluta vegna að breyta þessari umræðu að hluta til í almennan eldhúsdag um efnahagsmál og stefnu ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir að forsætisráðherra

væri ekki viðstaddur og því hljóta stjórnarandstæðingar líka að fagna. (Gripið fram í.) Ég vil ekki ætla honum það.

Ég geri mér grein fyrir því að við stöndum frammi fyrir miklum vanda og það sem þar er alvarlegast núna er að sjötta árið í röð virðist viðkoma þorskstofnsins ætla að verða léleg og við þessu hljótum við að bregðast.

Ég ætla næst að fara hér örfáum orðum um nýsetta löggjöf um stjórn fiskveiða. Eðli málsins samkvæmt munum við aldrei finna þá löggjöf sem er gallalaus og eðli málsins samkvæmt líka munu alltaf vera deildar meiningar og átök um stjórn á þessari mikilvægustu auðlind okkar. Það er því mikill barnaskapur að ætla sér að veifa einhverjum patentlausnum eins og héraðakvóta, auðlindaskatti eða öðru slíku. Slíkt verður alltaf dæmt til að renna út í sandinn.

Ég vil líka minna á það að undir forustu fyrrv. sjútvrh. var um þetta mál haft meira og víðtækara samráð við alla hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka en ég hygg að dæmi séu til um annað þingmál. Ekki meira um það. Jú, aðeins að lokum varðandi ágalla þessara laga.

Menn ræða hér mikið um það að um borð sé fiski mokað í sjóinn. Menn tala í því sambandi um allt að 100 þús. tonn. Ég ætla ekki að draga það í efa að slíkt geti komið fyrir, að menn lendi á því að toga á smáfiskaslóð og ýmislegt fleira getur komið upp á sem gerir það að verkum að einhver fiskur fari fyrir borð aftur. Svo mun hafa verið um alla tíð og jafnvel áður en nokkurt kerfi var um þessar veiðar. En þær örökstuddu fullyrðingar, m.a. hér á hinu háa Alþingi, um að sjómenn Íslands gangi á þennan hátt um þessa auðlind samræmast á engan hátt þeirri virðingu sem ég ber fyrir þeirri stétt. Menn verða að bera fram haldgóð rök til þess að halda svona hlutum fram.

Hæstv. sjútvrh. kom inn á rekstrarstöðuna í dag og viðskilnað síðustu ríkisstjórnar. Hann sagði að aðgerðir hennar hefðu eingöngu frestað vandanum. Við skulum fyrst staldra aðeins við og átta okkur á því hvaða vandi var fyrir höndum. Það var vandi sem hafði skapast af langvarandi fastgengisstefnu meðan aðrir kostnaðarþættir í þjóðfélaginu æddu áfram sem þýddi það að fjármunir voru færðir svo milljörðum skipti frá undirstöðuatvinnuveginum, sjávarútveginum, til millliliða og þjónustugreina.

Ég ætla ekki að draga úr ábyrgð míns flokks á þessu máli. Menn trúðu því á þessum tíma að fastgengisstefnan væri lausnarorðið. En ég vil bara minna á þátt Sjálfstfl. á fastgengisárunum og ég vil minna á það að fastgengisstefnan var fyrst reyrð í óleysanlegan hnút undir forustu núv. hæstv. sjútvrh. sem þá var reyndar forsrh. Við getum farið í gegnum söguna það sumar og haust þegar þau átök áttu sér stað ef menn vilja fara út í það frekar. Þá fjármuni sem þarna var verið að létta útgerðinni byrðirnar á hefði í raun átt að færa útgerð og fiskvinnslu aftur óendurkræft, en til þess fundust því miður engar leiðir. Þessir fjármunir voru komnir í umferð annars staðar innan lands og m.a. til þess að braska með og byggja upp að mínu mati ótímabæran innlendan verðbréfamarkað. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar þessi mál eru rædd.

Í öðru lagi vil ég segja það varðandi stöðu þessara sjóða í dag, Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs, að talsmenn núverandi ríkisstjórnar leyfa sér að horfa fram hjá því að menn höfðu það alltaf í huga að í kjölfar þessara aðgerða hlyti að koma til hagræðingar og nýs fjármagns inn í greinina, sem hefur gerst að nokkru leyti og á væntanlega eftir að gerast í meira mæli. Á þetta er aldrei minnst þegar rætt er um stöðu þessara sjóða í dag.

Ég ætla svo að koma að þeim vanda sem þessu fylgir. Eftir að hafa fylgst nokkuð náið með útgerð og fiskvinnslu í um áratug er þar svo komið í mínum huga að við erum að meira leyti að fást við byggðavanda en rekstrarvanda. Það gerir að vísu málið ekki einfaldara. Það gerir það bæði flóknara og viðkvæmara en við verðum engu að síður að horfast í augu við vandamálið á þeim nótum.

Ég hlýt því að taka undir það með hæstv. sjútvrh. að nú sé Byggðastofnun að hafa forustu um að leysa þessi mál á ákveðnum stöðum og landsvæðum. En ef ég man rétt þá heita slíkar aðgerðir í munni núv. hæstv. forsrh. „sjóðasukk" og því skal ljúka ekki seinna en strax. Það verður þess vegna bæði skemmtilegt og fróðlegt að fylgjast með hvernig þetta mál fer fram, hvort sú stefna sem hæstv. sjútvrh. nefndi áðan fær brautargengi eða hvort það verður stefna hæstv. forsrh. sem samkvæmt stjórnskipun fer með málefni Byggðastofnunar. Með þessu mun bæði stjórnarandstaðan og almenningur í landinu fylgjast grannt á næstu vikum.

Við skulum þá aðeins koma að þeim aðgerðum núverandi ríkisstjórnar sem hæstv. sjútvrh. kaus að greina frá úr þessum ræðustól þegar sjávarútvegsmálin voru til umræðu. Hann kom nánast eingöngu inn á ríkisfjármálin sem ég veit og viðurkenni að hafa mikil áhrif á vaxtastig í landinu og vaxtastigið ásamt gengisþróuninni eru þær ytri aðstæður sem öðru fremur móta starfsskilyrði fiskvinnslu og útgerðar. Hverjar eru þessar aðgerðir núverandi ríkisstjórnar? Er það sem fer í ríkisreksturinn í því fjárlagafrv. sem nú er búið að leggja fram lægra hlutfall af þjóðartekjum en verið hefur áður? Ekki sé ég það. Samkvæmt því sem ég hef lært í hagfræði þá þýðir þetta að akkúrat sama fjármagnið fer í þennan rekstur og hlýtur þá að viðhalda þeirri spennu sem fyrir var. Hins vegar er munurinn sem við sjáum framan í í fjárlagafrv. sá að hluti af tekjunum er færður yfir á þjónustugjöld. Hvað þýðir það? Ekki eru það peningar sem eru búnir til úr engu. Þeir hljóta alveg eins að hafa áhrif inn á lánsfjármarkaðinn og á þá spennu sem þar er. Að mínu mati hefði verið bæði heiðarlegra og ég tala nú ekki um hve miklu réttlátara að ná þessum tekjum með almennri skattlagningu, sem hefði þá verið hægt að leggja á eftir aðstæðum manna sem notfæra sér þessa þjónustu, en með þeim þjónustugjöldum sem nú eru lögð til. Þetta var það framlag til almennra efnahagsmála sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. áðan.

Ég ætla að lokum að fara örfáum orðum um einn þátt núgildandi laga um stjórn fiskveiða sem ég tel al-

varlegan ágalla eins og hann stendur núna og þurfi að taka á, en eins og ég sagði áðan þá finnum við aldrei kerfi sem er gallalaust. Það er ákvæðið um forkaupsrétt sveitarfélaga við kvótasölu. Ég man ekki hver það var sem nefndi það hér áðan að með þessu gæti tími bæjarútgerðanna verið runninn upp aftur — gott ef það var ekki framsögumaður. Þær hafa vissulega á vissum stöðum og vissum tímum lyft grettistaki, en hér eru menn að ræða um svo stóra hluti í sumum tilfellum og það er sett miklu meiri pressa á sveitarfélög um kaup sem þau hafa að mínu mati enga heimild til þess að framkvæma samkvæmt þeim skyldum og lögum um sveitarfélög sem þau starfa eftir. Þau hafa ákveðna tekjustofna til þess að sinna vissum verkefnum en við getum komið til með að sjá dæmi um pressu á sveitarfélag um að þurfa að ráðstafa allt að heilsárstekjum sínum til að bregðast við í tilfellum sem þessum.

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég sé langt kominn með minn tíma en ég vona að hér verði góð umræða um þennan málaflokk sem hlýtur alltaf að vera í stöðugri endurskoðun.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fyrst fyrir hönd okkar fulltrúa Alþb. í sjútvn. þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og málflutning hér áðan. Ég verð að vísu að segja það að ég hefði kosið að hann hefði notað minni tíma í pólitískar leikfimiæfingar og meira af tíma sínum til svara þeim beinu spurningum sem fram voru bornar. Um hitt er svo ekki að fást þó maður sé ósammála því sem í svörunum felst. Ég ætla aðallega, herra forseti, að nota tíma minn til að ræða nánar en gert var í framsögu um rekstrargrundvöll og efnahagslegar aðstæður sjávarútvegsins um þessar mundir. Ég verð að vísu að segja að þá er nokkur skaði að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur ef um það verður að ræða að sama verkaskipting og tíðkast hefur í ríkisstjórnum eigi að halda áfram í þessu háttvirta ráðuneyti. Nú veit ég ekki hvort hæstv. forsrh. ætlar að vera samnefnari efnahagsmálanna í þessari ríkisstjórn. Það hefur lítið farið fyrir því enn þá og nýjustu fréttir jafnvel þær að hann muni engan efnahagsráðunaut ætla sér að halda. Það hefði vissulega verið ástæða til þess að færa umræðuna um sjávarútvegsmálin og rekstrarstöðuna þar yfir í hið almenna samhengi efnahagsmálanna. Ég vil jafnframt fagna því að þessi umræða skuli komast á dagskrá í byrjun þings, fyrir því eru ærin rök.

Þannig háttar til í sjávarútveginum um þessar mundir samkvæmt nýframkomnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilum að þar hefur orðið tiltölulega snögg og mikil breyting til hins verra. Það er núna mikill taprekstur í botnfiskvinnslunni svo nemur um 7,5% af tekjum og stefnir í tæplega 10% taprekstur botnfiskvinnslunnar á næsta ári þegar reiknaðar eru inn í afkomuforsendurnar í septembermánuði sl., aflasamdrátturinn sem fram undan er. Þetta eru vissulega ljótar tölur og auðvelt að færa þær yfir í þekktar stærðir um eigið fé og skuldahlutfall sjávarútvegsins og sjá hvað muni gerast á næsta ári ef svo heldur sem horfir. Ég held að niðurstaðan þar hljóti að verða mjög einföld. Sjávarútvegurinn þolir ekki þetta tap, jafnvel ekki í tiltölulega skamman tíma.

Hins vegar er það rangt hjá hæstv. sjútvrh. að þetta sem nú er að gerast vegna breyttra aðstæðna segi eitthvað um þær ráðstafanir sem fyrri ríkisstjórn greip til. Það væri ástæða til þess og jafnvel þegar menn hefðu ótakmarkaðan ræðutíma, herra forseti, að fara yfir þann málflutning sem hæstv. stjórnarliðar hafa einkum og sér í lagi eytt orku sinni í á undanförnum mánuðum, sem sagt því að rægja fyrri ríkisstjórn og hennar aðgerðir. Ég held að sá tími sé nú að koma, herra forseti, að við förum að spyrja: Hvað vill þessi ríkisstjórn? Hvað ætlar hún að gera?

Þess saknaði ég nokkuð þegar hlutföllin í ræðu hæstv. sjútvrh. sem flutt var hér áðan eru skoðuð að hann er enn í þessu farinu, þó hann sé að vísu ekki jafnilla haldinn af þessum sjúkdómi og hæstv. forsrh. því hann minntist þó nokkrum orðum á það sem ríkisstjórnin sjálf hygðist fyrir. En því miður var hann að nokkru leyti í sama farinu, að vera að nudda um efnahagsráðstafanir ársins 1988 og 1989, eftir að hans eigin ríkisstjórn, þ.e. núv. hæstv. sjútvrh. og þáv. forsrh., hafði hrökklast frá völdum.

Afkoma sjávarútvegsins tók miklum breytingum til hins betra á árinu 1989 og einkum á árinu 1990. Þannig kemur það fram í gögnum Þjóðhagsstofnunar að hagnaður botnfiskvinnslunnar á árinu 1990 nam rúmum 300 millj. kr. eftir að 6% ávöxtun fjármagns hefur verið dregin frá. Það þýðir að til viðbótar þeim 2900 millj. sem þarf til að reikna sjávarútveginum eðlilega ávöxtun fjár, 6% sem nú er miðað við í tölum Þjóðhagsstofnunar, stóðu rúmar 300 millj. kr. í hreinan hagnað. Þetta er óneitanlega mikil breyting til hins betra í afkomu sem sjávarútvegurinn bjó við og árið 1990 verður óumdeilanlega í hópi hinna hagstæðustu fyrir sjávarútveginn á síðari árum. Það segir sína sögu um gagnsemi ráðstafananna frá 1988 og 1989. Ég held að hæstv. sjútvrh. ætti ekki að reyna að fela hlutina með umfjöllun af því tagi sem hann bauð okkur upp á hér áðan. Það er líka rangt sem kom fram í máli hans, og hæstv. forsrh. hefur í umræðum undanfarnar vikur og mánuði verið iðinn við að halda fram, að ráðstafanirnar 1988 og 1989 hafi eingöngu falist í því að útvega sjávarútveginum og útflutningsgreinunum lánsfé. Þær fólust ekki síður í hinu að breyta rekstrarskilyrðum greinanna þannig að útkoman á árinu 1990 varð jafnhagstæð og raun ber vitni. Það var gert með lækkun vaxta og verðbólgu og það var gert með lagfæringu á gengisskráningu þessum greinum í hag. Það er því miður fráhvarfið frá þessu sem samfara vissulega versnandi ytri skilyrðum, sem koma til á næsta ári með aflasamdrætti, að sigla hlutunum í óefni.

Hæstv. sjútvrh. talaði nokkuð um almennar aðgerðir og að það væri hlutverk ríkis og sveitarfélaga að rýma til, eins og hann margendurtók, og skapa svigrúm fyrir atvinnulífið. Ég fæ í fljótu bragði ekki séð hvernig þetta sem eitthvert töfraorð muni gerbreyta hlutföllum í útgjöldum sjávarútvegsins nema ef hæstv. sjútvrh. hefur verið að dulbúa í máli sínu þá fullyrðingu að mikilvægt væri fyrir afkomu sjávarútvegsins að

lækka vexti. Þá erum við auðvitað sammála um það. Þar með er hæstv. sjútvrh. líka að segja að það hafi verið ægileg mistök sem ríkisstjórnin undir forustu formanns Sjálfstfl. gerði í vor að fíra upp vöxtunum. Auðvitað voru það mistök.

En hitt er alveg ljóst að orðaleikir af því tagi sem hér voru í frammi hafðir af hæstv. sjútvrh. munu ekki breyta tæplega 10% tapi botnfiskvinnslunnar á næsta ári sem nú horfir í. Svona leikfimiæfingar breyta engu um það að það stefnir í að sjávarútvegurinn verði keyrður áfram hér, þ.e. botnfiskvinnslan, með um 10% tapi og afkoma sjávarútvegsins í heild að veiðunum meðtöldum verður alls ófullnægjandi. Sjávarútvegurinn mun ekki þola það tap, líka vegna þess að þegar skoðað er hvað það er sem gerir það að verkum að veiðarnar standa þó þetta skár kemur í ljós að það er fyrst og fremst hagnaður af rekstri frystiskipa sem myndar jákvæðu hliðina þeim megin. Bátaflotinn er nú samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar þegar rekinn með tapi og rekstur venjulegra togara er ekki nema 3–4% yfir núllinu. Þetta þýðir að afkomudreifingin er svo misjöfn að allur þorri fyrirtækjanna er nú þegar í miklum erfiðleikum. Þetta veit ég að margir hv. alþingismenn, sem þekkja eitthvað til þessara hluta, hljóta að viðurkenna. Aðeins til að nefna mönnum dæmi um hlutina upp úr t.d. gögnum Þjóðhagsstofnunar frá 24. sept., fréttabréfi nr. 10, þá sé ég ekki betur en þar sé verið að gera ráð fyrir að saltfiskverkunin verði á næsta ári að óbreyttu komin í yfir 16% tap, þ.e. sjötta hver króna miðað við tekjur tapast. Og hvað halda menn að hin venjulegu fyrirtæki, hin fjölmörgu smáu fyrirtæki í saltfiskverkun hringinn í kringum landið, sem eru mjög afgerandi þáttur í atvinnulífi og umsvifum á fjölmörgum stöðum og jafnvel hin einu í mörgum minni plássanna, þoli þetta ástand lengi? Nú þekki ég ekki tölur um eiginfjárhlutfall í saltfiskgreininni sem slíkri ef það er þá til, en það kæmi mér þá ekki á óvart þó það hlutfall væri ekki mikið hærra en þetta sem reiknað er með að verði í tap á næsta ári. Þá sigli hér í nákvæmlega sömu hlutina og haustið 1988, sjávarútvegurinn siglir hraðbyri í gjaldþrot, eigið fé þurrkast út úr greininni. Það er ljóst að verg hlutdeild fjármagns stefnir í það að verða neikvæð á næsta ári og reikna má með, miðað við rekstrarforsendurnar núna í september, að hún verði orðin neikvæð um einhver hundruð milljóna á næsta ári og þá þurfa menn ekki frekari vitna við um það hvað hér er að gerast.

Það er líka skaði, herra forseti, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér vegna þess að það er óhjákvæmilegt að fá það á hreint og það fljótt frá hæstv. ríkisstjórn: Verður þessi „kemur-mér-ekki-við"-stefna gagnvart fyrirtækjunum og atvinnulífinu keyrð hér áfram? Því miður varð ekki hæstv. sjútvrh. skilinn öðruvísi með öllu talinu um almennar aðgerðir en að það væri meiningin. Fyrirtækin verða bara að bjarga sér. Það verður bara að hafa sinn gang, þau verða bara að fara á hausinn. Þessari stefnu hefur þjóðin gefið nafnið „kemur-mér-ekki-við"-stefnan. Ríkisstjórnin sem hún fékk yfir sig og segir að henni komi atvinnulífið ekki við. En vandinn er bara sá að þeir hlutir sem eru að breyta stöðu sjávarútvegsins og atvinnulífsins í svo veigamiklum mæli sem raun ber vitni eru ekki á valdi forsvarsmanna fyrirtækjanna nema að mjög litlu leyti. Það þýðir lítið að segja við framkvæmdastjóra í saltfiskverkun vestur á fjörðum sem hefur sjálfan sig og fjölskylduna og kannski fimm manns í vinnu: Þú verður bara að bjarga þér þegar það er vaxtastefna ríkisstjórnarinnar, gengisstefna ríkisstjórnarinnar og „kemur-mér-ekki-við"-stefna ríkisstjórnarinnar sem er að drepa hann, fyrst og fremst. Þeir hlutir eru ekki á valdi þessa viðkomandi framkvæmdastjóra og það þýðir lítið að senda honum skeyti í gegnum fjölmiðlana um að hann verði bara að hagræða, gjöra svo vel og hagræða. Það verður auðvitað að vera fyrir hendi einhver heilbrigður grundvöllur undir atvinnurekstrinum áður en hægt er að segja: Nú skalt þú hagræða, án þess að verið sé að draga úr því á nokkurn hátt að það er nauðsynlegt að það sé gert allt sem hægt er og til hins ýtrasta að koma okkur í gegnum þessa erfiðleika með slíkum aðgerðum.

Ég held að hæstv. sjútvrh., sem vonandi kemur hér aftur upp undir lok umræðunnar, verði að svara skýrar sérstaklega um þetta atriði. Bar að skilja svar hans hér áðan um almennar aðgerðir og að ríki og sveitarfélög ættu að leysa þetta vandamál með því að skapa svigrúm sem svo að ríkisstjórnin hafi ákveðið að gera ekkert sértækt gagnvart vanda sjávarútvegsins, ekkert sértækt? Eða átti að skilja hann einhvern veginn öðruvísi og þá hvernig? Þetta vildi ég gjarnan að hæstv. sjútvrh. færi aðeins rækilegar yfir. Því að mér finnast það mikil ótíðindi og efast þó um að það verði ekki jafnvel fyrr heldur en næsta haust sem þessi ríkisstjórn verður búin að sigla hlutunum í sambærilegt strand og önnur gerði haustið 1988. Þannig mun það þá enda. Það er eiginlega alveg augljóst mál í mínum huga. Þá verður náttúrlega að kalla einhverja aðra til þess að taka við og reyna að bjarga málunum.

Ég held þess vegna að til að læra af þeim mistökum og forðast að það fari á hinn sama veg, sem er dýrt fyrir þjóðina að lenda með reglubundnu millibili í því að ríkisstjórnir undir forustu Sjálfstfl. klúðri hlutunum og verði að segja af sér, þá skulum við taka þessa umræðu strax af því að við sjáum nú þegar að hverju stefnir. Við sjáum það nú þegar og áreiðanleg og tiltölulega óhrekjanleg gögn eins og þetta mat Þjóðhagsstofnunar hér, sem ég hvet menn eindregið til að hafa við hendina, fréttabréf nr. 10 frá 24. sept. sl., gefa til kynna.

Herra forseti, ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri en ég ítreka óskir mínar til hæstv. sjútvrh. um að svara þessum hlutum skýrar ef hann mögulega getur. Eins er það að ef umræðunni verður haldið fram í kvöld eða jafnvel á síðari dögum þá væri auðvitað mjög æskilegt að hæstv. forsrh. kæmi til hennar ef hann getur komið því við.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þeir tveir hv. þm. Norðurl. e. sem hér hafa talað hafa nokkuð fært þessa umræðu inn á það hverjum sé um að kenna. Nú er það staðreynd að meg-

inumskiptin sem verða frá núverandi stöðu og fram á það sem við horfum á næsta ári má rekja til þeirra breytinga sem verða á heildarafla landsmanna og þeim takmörkunum sem við höfum orðið að setja okkur í því efni. Það kemur hins vegar á daginn að þær aðgerðir, sem gripið var til haustið 1988, fólu ekki í sér að undirstöður sjávarútvegsins hefðu verið styrktar, þær frestuðu þeim vanda. Staðreyndin er sú og á móti því verður ekki mælt að meginástæðan fyrir því að sjávarútvegurinn stóð vel á árinu 1990, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vék hér að, er sú að á þeim tíma hækkaði verð á afurðum okkar erlendis og gengisþróun á erlendum mörkuðum var einkar hagstæð. Þetta er meginástæðan fyrir því að sjávarútvegurinn gekk eðlilega á þessum tíma. Það kemur hins vegar í ljós núna þegar gengi erlendra gjaldmiðla heldur ekki áfram að hækka og verð á erlendum mörkuðum staðnar að sjávarútvegurinn kemst í þá erfiðu stöðu að í heild er tekjuafgangurinn ekki meiri en 1% og þyrfti hún að vera sterkari.

Þetta er kjarni málsins. Hv. 6. þm. Norðurl. e. ræddi um þetta um margt á málefnalegan hátt. En hann vék að gengisstefnu fyrr og síðar. Ég hygg að um það sé ekki ýkja mikill ágreiningur að þær ríkisstjórnir sem hér hafa setið á undanförnum árum hafa haft stöðugleika í gengismálum að höfuðkeppikefli, og svo verður áfram. Það er grundvöllur núverandi stjórnarstefnu að viðhalda stöðugleika í gengismálum. Og sú var einnig raunin í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. vitnaði til.

Það er svo ástæða til að rifja aðeins upp hvernig hlutirnir gengu fyrir sig á þessu ári, 1988, sem hv. þingmaður vitnaði til. Þá var svo komið að útilokað var að komast hjá því að breyta gengi krónunnar vegna þess að þá hafði um nokkurra mánaða skeið orðið sú þróun að verð á erlendum mörkuðum lækkaði mánuð eftir mánuð og gengi erlendra gjaldmiðla breyttist okkur í óhag. Fyrstu viðbrögð við þessu voru tengd kjarasamningum í febrúar 1988. Um það var fullt samkomulag milli þeirra flokka sem þá sátu í ríkisstjórn að þetta yrði gert og það var gert í samkomulagi við forustumenn aðila vinnumarkaðarins á þeim tíma en verð á erlendum mörkuðum hélt áfram að lækka, gengið að breytast okkur í óhag og kjarasamningum var breytt á næstu vikum þar á eftir þannig að þegar komið var fram í maímánuð var skekkjan orðin svo alvarleg að ekki varð við unað. Þá var tekin ákvörðun upp á nýtt að breyta gengi krónunnar um 10% og Seðlabankanum gefin heimild til að bæta við 3% í gengissigi. Það var um það nokkur ágreiningur hversu hratt ætti að nota þá heimild en að öðru leyti var fullkomin samstaða um þá aðgerð. Þróun ytri aðstæðna hélt áfram yfir sumarmánuðina og menn sáu hins vegar fram á að á haustmánuðum væri öldudalnum náð og þá væri hægt að taka lokaákvörðun. En hvað gerðist þá? Þá gerðist það að flokkur hv. þm. hafnaði tillögum um mjög hófsama breytingu á gengi krónunnar sem sett var fram til að styrkja undirstöðurnar. Og hann var svo ákveðinn í því að taka pólitíska hagsmuni fram yfir hagsmuni sjávarútvegsins að hann kaus að efna til stjórnarslita í þeim tilgangi einum. Hann hafnaði þá tillögu um mjög hófsama breytingu á gengi krónunnar. Þetta ætti hv. þm. að muna og festa sér í minni og geta um þegar hann flytur ræður sínar um þetta efni á upprifjunarfundum, það er kjarni málsins. Menn hefðu á þeim tímapunkti þurft að styrkja undirstöðurnar með breytingum en fara hægar í sakirnar að skjóta vandamálunum á frest með lánveitingum einum saman og á því eru menn að taka og þurfa menn að taka í dag.

Vitaskuld er höfuðatriði í nútímaþjóðfélagi að beita almennum aðgerðum í efnahagsmálum. Tími hinna sértæku ráðstafana er liðinn. Hitt vitum við að við höfum hér stofnun í byggðamálum til þess að takast á við ákveðin verkefni vegna þess að það er um það allvíðtæk samstaða að hlúa að byggðunum í landinu og við vitum það sérstaklega að því er sjávarútveginn varðar að hann er undirstaða í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Og það gegnir vitaskuld furðu þegar hv. þm. eru að setja af stað einhverjar sjónhverfingar í þessu efni eins og þeir fylgist ekki með þjóðmálaumræðunni. Byggðastofnun hefur verið að veita forustu í því að taka á slíkum vanda víðs vegar um landið að undanförnu með markvissum og skipulögðum hætti. En það breytir ekki því að grundvallarreglan er hinar almennu ráðstafanir. Tími hinna sértæku ráðstafana er liðinn vegna þess að þær hafa ekki dugað og munu ekki duga atvinnulífinu og koma auk þess með ósanngjörnum hætti niður vegna þess að þær bitna vitaskuld á best reknu fyrirtækjunum þegar til lengri tíma er litið. Og við þessar aðstæður stöndum við frammi fyrir í dag þar sem meginvandi sjávarútvegsins á næsta ári stafar af því að afli er að dragast saman sem við getum ekki bætt upp með neinu öðru ráði en að draga saman útgjöld þjóðfélagsins að öðru leyti. Meginþunginn í hinum almennu ráðstöfunum hlýtur að vera fólginn í því að skapa sjávarútveginum eðlilegt svigrúm, að hafa hemil á útgjöldum ríkisins og sveitarfélaga og einkaneyslunni í landinu. Þetta hlýtur að vera meginverkefnið. Og ég fagna því að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem hér talaði, sýndi á þessu miklu meiri skilning en talsmenn Alþb. hafa gert við þessa umræðu. Ég þykist mega taka það sem vísbendingu um ábyrgari afstöðu þess flokks sem þeir eru hér fulltrúar fyrir heldur en Alþb. virðist ætla að taka í umræðum um þetta efni. Formaður þess flokks hefur þó á undanförnum árum verið að stæra sig af að hafa breytt honum og að hann hafi m.a. innleitt það meginsjónarmið að almennar reglur eigi að gilda þegar gripið er til ráðstafana í efnahagsmálum. Hann hafi kaffært hugsjón hinna sértæku aðgerða í Alþb. og hefur stundum barið sér á brjóst og sagt: Ég hef breytt þessum flokki í nútímaflokk. En svo standa þeir upp hver á fætur öðrum þingmenn Alþb. og segja: Við ætlum að ríghalda okkur í gömlu aðferðirnar hvað svo sem formaðurinn segir á mannamótum. Þetta eru kjarnaatriði í því sem hér er til umræðu og það mun skipta mjög miklu máli hvernig til tekst í því að skapa sjávarútveginum svigrúm hvaða árangri við náum í því að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs að hafa hemil á útgjöldum og fá sveitarfélögin til þátttöku í því efni og að kjarasamningar í landinu fari fram í ljósi þeirra augljósu staðreynda sem nú blasa við.

Við erum alveg sammála um að atvinnulífið þolir ekki jafnhátt vaxtastig og við búum við núna. En við læknum það ekkert með því að gera einhverjar Egilsstaðasamþykktir um að það skuli vera svo og svo mörgum prósentustigum lægra en það er. Við læknum það ekki nema gera þær ráðstafanir sem duga til þess að koma vöxtunum niður. Höfuðverkefnið í því er að minnka lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs sem var komin úr öllum böndum undir forustu Alþb. Það var verk þess að hleypa lánsfjáreftirspurn ríkisins svo úr hófi fram að vextirnir hafa ætt upp. Og það eru afleiðingarnar m.a. af því sem sjávarútvegurinn er að glíma við í dag. Of háir vextir eru afleiðing af því, af þessum verkum Alþb. Þeir ættu að flytja fólkinu sem starfar í sjávarútveginum þau skilaboð og vera menn til að játa það fyrir framan það fólk. Þær ráðstafanir sem verið er að gera í ríkisfjármálum nú miða að því að leiðrétta þessa skekkju, draga úr þessari eftirspurn og ná þannig niður vöxtunum, til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og þar á meðal sjávarútveginn. Ég hef þá trú og sannfæringu að það muni takast.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram fer þessi umræða nú fram í fyrsta sinn skv. 50. gr. þingskapa. Í þeirri grein er ákvæði sem kveður skýrt á um þann rétt sem hæstv. sjútvrh. hefur nú notfært sér í þessari umræðu til að tala. Hann hefur skv. 50. gr. ekki rétt til að tala oftar. Nú er enginn af ráðherrum Sjálfstfl. í þingsalnum lengur til andsvara og fullkomlega óeðlilegt að halda umræðunni áfram fyrst hæstv. sjútvrh. hefur kosið að tala þannig í þessari umræðu að það er alveg sama hvað menn segja í næstu ræðum, hann hefur engan möguleika til að koma aftur upp í ræðustólinn.

Í 50. gr. segir alveg skýrt að málshefjandi og ráðherra sem hlut á að máli megi eigi tala lengur en 30 mínútur og aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en 15 mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar. Það er þess vegna fullkomlega óeðlilegt, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði haldið áfram þegar hæstv. ráðherra hefur kosið að setja hana í þessa hnappheldu. Ég óska þess vegna eftir því að umræðunni verði frestað þar til hæstv. forsrh. getur komið hér til fundar vegna þess að það er eðlilegt að hæstv. forsrh. sitji nú fyrir svörum það sem eftir er af þessari umræðu, fyrst hæstv. sjútvrh. getur það ekki úr því sem komið er að hann fór upp í ræðustólinn eftir að aðeins fáeinir þingmenn höfðu talað.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú háttar þannig til að þingflokksfundir hefjast kl. 4 og það var gert ráð fyrir að umræðu yrði frestað til kl. hálf níu. Enn eru margir þingmenn á mælendaskrá.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til í þinginu að forsætisnefndin er einlit, skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna. Þess vegna er hún ekki lengur samráðsvettvangur um þinghaldið. Þess vegna berast þaðan tilskipanir. Snemma í dag kallaði hæstv. forseti í mig og skýrði mér frá því að það væri hugmynd hennar að ef þörf krefði yrði haldið áfram fundum kl. 6 í dag og síðan aftur kl. 8.30 í kvöld. Ég hafði auðvitað ekkert með þetta mál að gera en bar mig saman við félaga mína í Alþb. Niðurstaða okkar varð sú að við gerðum ekki við þetta alvarlegar athugasemdir. Hins vegar kom það á daginn síðan að formaður þingflokks Framsfl. taldi óhjákvæmilegt að til þess að geta haldið þessari umræðu áfram þyrfti að kalla til mann nokkurn sem Halldór heitir Ásgrímsson, hv. 1. þm. Austurl. Þess vegna skildi ég það svo að það væri niðurstaðan að umræðunni yrði ekki haldið áfram fyrr en einhvern tíma síðar í þessari viku. Þessu vildi ég koma á framfæri, virðulegi forseti, og jafnframt undirstrika það að þessi tíðindi hér í dag, svo lítil sem þau eru, eru fyrsta dæmið um það að einlit stjórnarsinnaforsætisnefnd getur ekki stjórnað þinginu með eðlilegum hætti. Það er útilokað mál. Það á eftir að koma ykkur í koll oftar í vetur.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Forseti átti tal við mig í fundarbyrjun þar sem hún setti fram hugmyndir sínar um þinghaldið í dag. Ég hafði allan fyrirvara á því að gefa eftir af þingflokksfundartímanum og jafnframt á kvöldfundi, ætlaði nú samt að sjá hvernig umræðan þróaðist og hversu mikil þátttaka væri í henni og hvernig menn höguðu orðum sínum. Síðan bárust mér þau tíðindi, ég hafði vikið úr þingsalnum, að hér hefði verið tilkynnt um kvöldfund og að samkomulag yrði um kvöldfund. Ég hafði símasamband við forseta sem var að gegna öðrum skyldustörfum og tjáði henni að það væri ekki í samkomulagi við mig að hér yrði haldinn kvöldfundur eða fundur milli sex og sjö. Ég óskaði jafnframt formlega eftir því að umræðunni yrði ekki haldið áfram fyrr en fyrrv. sjútvrh. gæti tekið þátt í henni. Hún tók mér ljúfmannlega og hún var afar kurteis, ég veit ekki hvaða skilning hv. 2. þm. Vestf. leggur í ljúfmennsku (Gripið fram í.) og kvaðst mundu ræða þetta mál við varaforseta sína. Eitthvað hefur skolast í þeim samtölum en ég árétta þá ósk að þessari umræðu verði ekki haldið áfram fyrr en hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh., getur tekið þátt í henni. Hann er með fjarvistarleyfi í dag og á morgun en kemur til landsins annað kvöld og á miðvikudag er honum væntanlega ekki neitt að vanbúnaði að taka þátt í umræðunni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að geta þess að mér var tilkynnt hér í upphafi þessa fundar að það stæði til að halda kvöldfund. Ég taldi þá að það yrði leitað samkomulags um það og var því mjög undrandi þegar ég heyrði tilkynnt úr forsetastól að af þessum kvöldfundi yrði og að um það hefði tekist samkomulag því það hafði alla vega ekki verið gert við mig. (Gripið fram í.) Það var reyndar ekki tilgreint hvers konar samkomulag þetta var og það væri kannski svolítið forvitnilegt að fá að vita hvað verður ofan á, hvort

hæstv. forseti, frú Salome Þorkelsdóttir, eða einhver annar hér ákveður þetta og í samráði við hverja.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hér hafa komið fram óskir um frestun á þessari umræðu. Forseti telur að þær ástæður sem tilgreindar eru fyrir ósk um frestun séu eðlilegar og þess vegna verður umræðu frestað og leitað samkomulags um framhald hennar.

Umræðu frestað.

3. FUNDUR

þriðjudaginn 8. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 5. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi frá 8. okt. til og með 21. okt., leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Guðmundur Árni Stefánsson bæjarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir bréfið ritar Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykn.

Kjörbréf Guðmundar Árna Stefánssonar hefur verið samþykkt, en þar sem hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi ber honum nú skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guðmundur Árni Stefánsson, 4. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Guðmundur Árni Stefánsson hefur nú undirritað drengskaparheit og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Um þingsköp.

Framhald utandagskrárumræðu um sjávarútvegsmál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hafði beðið um orðið um þingsköp áður en fundi lauk í gær, en forseti ekki orðið við því. Það eina sem ég ætlaði að koma á framfæri var það að þegar áfram yrði haldið umræðu um sjávarútvegsmál yrði boðaður til að vera viðstaddur hæstv. heilbrrh. Það má mjög um það deila hver af þeim ráðherrum Alþfl. ætti helst að vera við þá umræðu miðað við þau störf sem þeir gegna, en miðað við hvert stefnir í þeim málum að óbreyttu virðist eðlilegast að það sé hæstv. heilbrrh. sem verði boðaður. Ég mælist til þess að forseti komi þeim skilaboðum til hæstv. heilbrrh. þegar áframhald verður á umræðunni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu skýra hæstv. heilbrrh. frá þessari ósk en tekur jafnframt fram að það er fyrst og fremst viðkomandi ráðherra sem ber skylda til að vera viðstaddur þessa umræðu sem fram fer væntanlega síðar um sjávarútvegsmál. Vill forseti beina því til hv. þingmanna að þingskapaumræða um mál sem eru ekki á dagskrá í dag verði helst ekki látin taka langan tíma.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það voru ummæli forseta hér í stólnum á þá leið að það væri fyrst og fremst viðkomandi ráðherra sem ætti að vera viðstaddur umræðu sem urðu til þess að ég bað um orðið um þingsköp. Ég vakti athygli á því í gær, virðulegi forseti, að hæstv. sjútvrh. hefði kosið að tala mjög fljótlega í annað sinn í þessari umræðu og þar með gæti hann ekki samkvæmt nýjum þingsköpum talað aftur. Forseti Alþingis var ekki í forsetastóli þegar þetta gerðist og ég tel þess vegna óhjákvæmilegt vegna svars forseta hér í stólnum áðan til hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að ítreka þá ósk sem ég setti fram í gær, að hæstv. forsrh. yrði sá sem yrði fyrir svörum af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessari umræðu. Hæstv. sjútvrh. getur ekki talað aftur í umræðunni, það er bannað samkvæmt nýjum þingsköpum. Það var að mörgu leyti óeðlilegt að ráðherrann kæmi svona fljótlega aftur, sérstaklega í ljósi þess að margir þingmenn voru þá á mælendaskrá. Það er hins vegar ekki hægt að halda umræðunni um sjávarútvegsmálin áfram án þess að einhver sé í forsvari fyrir ríkisstjórnina í þeim umræðum og það er eðlilegt að fyrir ríkisstjórnina í heild sé það hæstv. forsrh. Ég vil þess vegna ítreka þá ósk mína sem ég setti fram í gær að umræðunni um sjávarútvegsmál yrði haldið áfram þegar hæstv. forsrh. er hér mættur til þess að svara þeim spurningum sem hv. þm. hafa nú þegar borið fram en hæstv. sjútvrh. getur ekki svarað samkvæmt þingsköpum.

Fjáraukalög 1991, 1. umr.

Stjfrv, 9. mál. — Þskj. 9.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 sem er að finna á þskj. 9 og er 9. mál Alþingis á þessu tímabili.

Afkoma ríkissjóðs á þessu ári hefur nú verið endurmetin í tengslum við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1992 og með tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um

framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Fjmrn. hefur átt í viðræðum við öll ráðuneytin um stöðu mála og metið beiðnir til fjáraukalaga. Þær tillögur, sem settar eru fram í frv. eru sameiginleg niðurstaða ráðuneytanna þar sem aðeins er orðið við brýnustu þörfum.

Rekstrarhalli ríkissjóðs er nú áætlaður 8,9 milljarðar kr. samanborið við 4,1 milljarð í fjárlögum eins og þau voru samþykkt í lok sl. árs. Þetta skýrist að stærstum hluta af auknum útgjöldum sem ætlað er að verði 5,1 milljarður kr. Tekjur hækka lítið eitt frá því sem áður var talið eða um 0,2 milljarða. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er nú áætluð 12,1 milljarður kr. en var í fjárlögum áætluð 5,9 milljarðar.

Í ríkisfjármálum hafa þannig á þessu ári orðið feiknarleg umskipti sem annars vegar verða rakin til efnahagsþróunarinnar á árinu en einnig til efnahagsstjórnar fyrrv. ríkisstjórnar, einkum í ríkisfjármálum.

Eftir stjórnarskipti í vor lagði ég fram skýrslu á Alþingi um stöðu ríkisfjármála og horfur um framvindu til loka ársins. Í þeirri skýrslu var fjallað um helstu þætti ríkisfjármála og gerð grein fyrir breyttum aðstæðum í efnahagsmálum frá því að fjárlög voru samþykkt. Misvægi í þjóðarbúskapnum hafði þá farið vaxandi en það birtist m.a. í aukinni innlendri eftirspurn, meiri útlánum og minnkandi sparnaði. Fráfarandi ríkisstjórn hafði á síðustu mánuðum valdaferils síns tekið ákvarðanir um aukin útgjöld ríkissjóðs jafnframt því sem áform fjárlaga um tekjuöflun hafði ekki komið til framkvæmda. Samkvæmt fjárlögum átti hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs að vera tæplega 5,9 milljarðar kr. en halli á rekstrarreikningi 4,1 milljarður. Lánsfjárþörf ríkissjóðs átti að öllu leyti að mæta með innlendum lánum og jafnframt var fyrirhugað að verja tæplega 1½ milljarði til að greiða niður erlendar skuldir.

Samkvæmt endurmati á stöðu ríkisfjármálanna sem fram fór við stjórnarskiptin í lok aprílmánaðar sl. vor var halli á rekstrarreikningi áætlaður rúmlega 9 milljarðar kr. Talið var að hrein lánsfjárþörf gæti orðið 13,1 milljarður sem er rúmlega tvöfalt meira en áætlað hafði verið í fjárlögum. Ástæður þessara miklu frávika má m.a. rekja til þess að fyrrv. ríkisstjórn fylgdi ákvörðun fjárlaga ekki eftir og gildir það jafnt um mál á gjalda- og tekjuhlið fjárlaganna.

Ef fyrst er fjallað um tekjur, þá er í fjárlögum gert ráð fyrir 500 millj. kr. sérstakri tekjuöflun sem fyrrv. ríkisstjórn ætlaði að ráðast í á fyrstu mánuðum ársins. Annars vegar skyldi það gert með nýjum jöfnunartolli á innfluttar matvörur og hins vegar með hækkun á verði áfengis og tóbaks umfram almennt verðlag. Ekkert var aðhafst til þess að afla teknanna.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir að Íslenskir aðalverktakar skiluðu 400 millj. kr. greiðslu í ríkissjóð á þessu ári vegna breytinga á eignarhaldi fyrirtækisins. Þrátt fyrir að Alþingi samþykkti frv. til fjárlaga rétt fyrir jól var ákveðið að innheimta fjárhæðina nokkrum dögum síðar og draga þannig úr rekstrarhalla ríkissjóðs á sl. ári, þ.e. á árinu 1990, á kostnað afkomunnar á yfirstandandi ári, ársins 1991.

Í þriðja lagi má nefna áhrif skattafsláttar einstaklinga vegna hlutabréfakaupa. Áhrif endurgreiðslna á tekjur ríkissjóðs voru vanmetnar eins og flestum mátti vera ljóst strax í upphafi. Með svipuðum hætti og gegndi um tekjurnar var ýmsum málum á gjaldahlið fjárlaganna ekki fylgt eftir í samræmi við ákvæði fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár og stofnað var til nýrra útgjalda sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.

Fyrrv. ríkisstjórn gaf fyrirheit um að leitað yrði heimilda í fjáraukalögum fyrir fjárveitingum að upphæð 550 millj. kr. Þar vegur þyngst 250 millj. kr. framlag vegna framkvæmda við endurbyggingu Þjóðleikhúss, en það er fjármagn umfram það sem Alþingi hafði samþykkt, 129 millj. kr. framlag til ríkisspítala vegna rekstraruppgjörs fyrir árið 1990 og 70 millj. kr. framlag til aðstoðar við flóttafólk í Írak. Aðrar upphæðir eru lægri.

Í lánsfjárlögum voru samþykkt viðbótarútgjöld sem námu 1 milljarði kr. Stærstu liðirnir voru tjónabætur vegna óveðurs að upphæð 350 millj. kr. og afnám skerðingar markaðra tekjustofna, samtals 165 millj. kr., auk ýmissa framlaga til framkvæmda. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár hafði verið gert ráð fyrir að ná fram sparnaði með breytingum á lögum um almannatryggingar og breyttu skipulagi á innflutningi og dreifingu lyfja, samtals að upphæð 400 millj. kr. Við stjórnarskiptin sl. vor lágu engar tillögur fyrir um hvernig þetta átti að nást. Reyndar hafði þáv. ríkisstjórn, sú sem hér starfaði á undan þeirri sem nú situr, haft þetta verkefni allan sinn valdaferil án þess að um nokkurn árangur væri að ræða.

Endurmetin áætlun í vor gerði ráð fyrir að fjárþörf umfram fjárlög yrði allt að 1 milljarði kr. Þá var í fjárlögum gert ráð fyrir að tekjutengja lífeyrisbætur sem skyldu lækka útgjöld um 400 millj. kr. en fyrrv. ríkisstjórn náði ekki samstöðu um þær hugmyndir frekar en margt annað. Að mati forsvarsmanna Lánasjóðs ísl. námsmanna við stjórnarskiptin var fjárþörf sjóðsins á þessu ári talin vera 700 millj. kr. umfram áætlun fjárlaganna. Skýringin er m.a. halli frá fyrra ári, kostnaður vegna lántöku í lok síðasta árs, hækkun á gengi Bandaríkjadals og meiri fjölgun lánþega en áætlað hafði verið. Fjárþörf vegna útflutningsbóta á landbúnaðarafurðum var talin nema 250 millj. kr. umfram forsendur fjárlaga, einkum vegna meiri mjólkurframleiðslu á síðasta ári en ætlað hafði verið. Og loks má nefna að við afgreiðslu lánsfjárlaga úr efri deild Alþingis í lok desember var heimiluð lánveiting til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmdanna við Hornafjarðarós. Framkvæmdirnar eru taldar kosta um 130 millj. kr. og verða greiddar úr ríkissjóði.

Eins og heyra má á þessari upptalningu vantar mikið á að áætlun um tekjur og gjöld stæðist þegar stjórnarskipti urðu sl. vor. Fráfarandi ríkisstjórn kaus að láta ríkisfjármálin reka á reiðanum og tók ekki á málum, aðallega vegna innbyrðis ágreinings.

Ný ríkisstjórn ákvað að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða í peninga- og ríkisfjármálum til að vega á móti auknum viðskiptahalla og jafnvægisleysi í opinberum fjármálum. Í fyrsta lagi voru vextir á spariskírteinum og ríkisvíxlum hækkaðir til að draga úr yfirdrætti rík-

issjóðs í Seðlabanka og örva sparnað í þjóðfélaginu. Í öðru lagi var ákveðið að beita ströngu aðhaldi í ríkisbúskapnum, bæði með því að herða eftirlit með innheimta tekna og útgjöldum ríkissjóðs. Í þriðja lagi ákvað ríkisstjórnin að lækka útgjöld og falla frá ýmsum lántökuáformum sem blöstu við þegar hún tók við völdum. Með þessum aðgerðum var stefnt að því að lækka lánsfjárþörf ríkisins um 3,5–4 milljarða kr. Ákveðið var að ná fram 500 millj. kr. sparnaði í heilbrigðiskerfinu með því að draga úr lyfjakostnaði og kostnaði við sérfræðiþjónustu. Framlag til vegamála var lækkað um 350 millj. kr. og með breyttum útlánareglum Lánasjóðs ísl. námsmanna var viðbótarfjárþörf sjóðsins lækkuð um 300 millj. kr. eða úr 700 millj. eins og horfur voru við stjórnarskiptin niður í 400 millj. kr. Þá voru lánveitingar ríkissjóðs til loðnuverksmiðja lækkaðar um 200 millj. kr. og Húsnæðisstofnun var ætlað að endurgreiða skammtímalán hjá ríkissjóði. Ákveðið var að lækka útgjöld um 300–500 millj. kr., m.a. með því að fresta framkvæmdum og falla frá ráðningu í nýjar stöður. Loks var með átaki í innheimtumálum áætlað að auka tekjur um 300–500 millj. kr. Áform ríkisstjórnarinnar sem ákveðin voru sl. vor hafa komið til framkvæmda í öllum meginatriðum. Vandinn í ríkisfjármálum reyndist þó enn stærri þegar betur var að gáð.

Í skýrslu sem ég nefndi áðan og lögð var fram á Alþingi á sl. ári var bent á að áætlun um afkomu ríkissjóðs væri óviss og í fjárlögum væri hvergi borð fyrir báru. Í ljós hefur komið að fjárhagsstaða ýmissa stofnana og sjóða var verri en talið var. Í þessu frv. er sótt um viðbótarheimildir í gjaldahlið að fjárhæð 5,1 milljarði kr. eins og áður sagði. Er það um 2,6 milljörðum hærri fjárhæð en talið var að þyrfti í vor. Þessi aukning skiptist þannig að nú er lagt til að atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fái 350 millj. kr. ríkisframlag í stað lántöku, enda liggur fyrir að deildin tapar kröfum að fjárhæð 400–500 millj. kr. strax á þessu ári vegna gjaldþrota sem þegar hafa komið fram. Til greiðslu launa vegna gjaldþrota fyrirtækja þarf 290 millj. kr. umfram fjárlög. Til greiðsluuppbóta á lífeyri vantar 120 millj. kr. og áætlað er að halli helstu stofnana ríkisins hafi aukist um 600 millj. kr., þar af um 300 millj. kr. vegna skólastarfs í landinu. Til kaupa á segulómtæki fyrir ríkisspítala vantar 25 millj. kr. en spítalanum hafði verið fært þetta tæki að gjöf á 60 ára afmæli spítalans á sl. ári, en í fjárlögum var engin fjárveiting, heldur var vísað til 6. gr. heimildar frá fyrra ári. Til greiðslu útflutningsbóta þarf 650 millj. kr. umfram fyrri áætlun, þar af eru 270 millj. kr. vegna vanmats á útflutningsbótaþörfinni, en til viðbótar var tekin ákvörðun um að flytja út umframbirgðir eldra kindakjöts til Mexíkó og sparar það að sjálfsögðu á sama hátt á næsta ári því hér er um tilflutning á milli ára að ræða.

Ég hef nú, virðulegi forseti, dregið fram þann útgjaldavanda fjárlaganna á árinu 1991 sem fyrrv. ríkisstjórn skildi eftir sig óleystan. Það liggur einnig fyrir að sú ríkisstjórn, og reyndar aðrar sem á undan henni fóru, hafa skilið eftir sig erfiðleika vegna ákvarðana um skuldbindingar sem hengdar hafa verið á eða settar á ríkissjóð en þær munu auka útgjöld ríkissjóðs á næstu árum. Staða ýmissa sjóða hins opinbera var með þeim hætti að án aðgerða þyrftu þeir veruleg framlög úr ríkissjóði til að standa við skuldbindingar sínar. Þannig var misvægið í inn- og útlánsvöxtum 2–3% hjá Byggingarsjóði ríkisins, 5–6% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna hefði þurft að vera 1,1 milljarði kr. hærri í fjárlögum þessa árs til að ekki væri gengið á eigið fé sjóðsins. Ef vextir útlána Byggingarsjóðs ríkisins hefðu ekki verið hækkaðir hefði ríkissjóður þurft að leggja sjóðnum til fé árlega sem nemur 460 millj. kr. næstu 15 árin, þó svo að útlánastarfseminni hafi verið hætt. Þá hefur verið áætlað að árlegt framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna þyrfti að vera 60% af fjárþörf hans til að standa undir rekstri og greiðslu vaxta af lántöku sjóðsins. Loks má nefna lánveitingar ýmissa opinberra sjóða sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, þar sem vextir á útlánum eru lægri en vextir á teknum lánum. Hér má nefna Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, Hlutafjársjóð, ábyrgðadeild fiskeldislána, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands. Þessu til viðbótar má nefna skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris opinberra starfsmanna. Samkvæmt nýlegri athugun er talið að greiðslur í lífeyrissjóð þyrftu að vera mun hærra hlutfall af dagvinnulaunum en nú er til að standa undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins.

Af einstökum verkefnum má hins vegar nefna að ákvörðunin um smíði Herjólfs kostar ríkissjóð um 1½ milljarð kr. án þess að nokkur fjárveiting sé í fjárlögum. Til Vestfjarðaganga er talið að þurfi að greiða 1,4 milljarða á næstu fjórum árum. Búið er að heimila umfangsmikil kaup með vísan til 6. gr. fjárlaga en til að standa straum af útborgunum eru í fjárlögum 300 millj. kr. til greiðslu á 6. gr. heimildunum. Kaupverð eigna nema nú alls rúmlega 1 milljarði kr. en inni í þeirri fjárhæð eru kaup á húsi fyrir listaskóla og dómhús í Reykjavík. Talið er að innréttingarkostnaður þessara húsa nemi tæplega 700 millj. kr. Ég endurtek: Heimildin sem var fyrir hendi til greiðslu var 300 millj. kr. en líklega hafa verið teknar ákvarðanir á grundvelli þessara 300 millj. upp á 1,7 milljarða á fyrri hluta þessa árs. Enda þótt mat á skuldbindingum sé afar erfitt má ætla að þær geti haft í för með sér allt að 4–6 milljarða kr. árlegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á næstu árum. Og það er einmitt þetta sem stundum hefur verið kallaður fortíðarvandi og hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að taka á í fjárlögum á næsta ári eins og glögglega kemur fram í því fjárlagafrv. sem var dreift á öðrum degi þingsins og verður til umræðu síðar í þessum mánuði.

Lánsfjárlög A-hluta ríkissjóðs eru í fjárlögum þessa árs metin 5,9 milljarðar kr. eða sem svarar 1,6% af vergri landsframleiðslu. Hér var að sjálfsögðu um óraunhæfa áætlun að ræða, ekki síst í ljósi þess að fyrri ríkisstjórn vildi hvergi hreyfa vextina í takt við aðstæður á lánsfjármarkaðinum. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins var sala á nýjum ríkisvíxlum og spariskírteinum minni en nam innlausn eldri bréfa þannig að

grípa þurfti til yfirdráttar Seðlabanka sem nam 9,1 milljarði kr. Til þess að brúa 13,1 milljarðs kr. lánsfjárhalla á árinu öllu án yfirdráttar í Seðlabanka hefði þurft að selja spariskírteini og ríkisvíxla fyrir um það bil 14 milljarða kr. umfram innlausn eldri bréfa það sem eftir var ársins. Til samanburðar má nefna að á árinu 1990 nam hrein innlend lánsfjárþörf ríkissjóðs 7,2 milljörðum kr. eða helmingi lægri upphæð. Lántökuáform annarra opinberra aðila og lánastofnana en ríkissjóðs stefndu í um 21 milljarð kr. nettó og skýrist það einkum af umsvifum í húsbréfakerfinu á lánamarkaðinum.

Að öllu samanlögðu stefndi þannig í að hrein heildarlánsfjárþörf yrði um 34 milljarðar kr. eða 11 milljarðar kr. umfram forsendur fjárlaga — og þá er verið að ræða um lánsfjárþörf opinberra aðila. Þetta svarar til 9,4% vergri landsframleiðslu. Hefði ekkert verið að gert og hvergi spornað við fótum ríkti hér í dag enn meiri þensla á lánamörkuðum og erlendar lántökur hefðu þurft að vera enn þá hærri en nú er áætlað.

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er öðrum þræði staðfesting á þeim lausatökum sem voru á stjórn ríkisfjármálanna á fyrri hluta þessa árs. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að læra af þeirri reynslu til að koma í veg fyrir að áætlanir fjárlaga fari úr böndum. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi gert það í sinni fjárlagavinnu, þeim undirbúningi sem fram fór á sl. sumri og að því leyti til getur maður verið þakklátur fyrrv. fjmrh. og fyrrv. ríkisstjórn að hægt er að læra af mistökum þeirra.

Ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni það síðasta sem gerðist í fjmrn. áður en fyrri fjmrh. hvarf þaðan, en það auðvitað er efni í nýja ræðu. Ég vil þó rifja það upp að þeir atburðir áttu sér stað þá að ráðuneytismenn skiluðu inn skýrslu sem var dagsett 27. apríl um horfur á yfirstandandi ári í tengslum við stjórnarmyndun sem þá átti sér stað. Tveimur dögum seinna, þ.e. daginn fyrir stjórnarskiptin, hélt síðan þáv. fjmrh. blaðamannafund, gaf út fréttatilkynningu í nafni ráðuneytisins og sú fréttatilkynning er í hrópandi ósamræmi við þær upplýsingar sem komu frá þeim sem starfa í ráðuneytinu.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, vil ég einungis vísa til athugasemda og greinargerðar með þessu frv. sem ég tel að skýri allvel hvað í frv. felst. Að lokum óska ég þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjárln. og 2. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar Sjálfstfl. fór síðast með stjórn ríkisfjármála var við lýði hér kerfi sem fól það í sér að fjármálaráðherrann sat við skrifborð sitt og samþykkti hinar og þessar greiðslur út úr ríkissjóði einn og sér. Þegar Sjálfstfl. fór síðast með stjórn ríkisfjármála þá voru ekki lögð fyrir Alþingi fjáraukalagafrv. til þess að vita hvort þingið vildi veita ráðherranum heimildir til þess að skrifa þessa tékka í ráðuneytinu. Þegar Sjálfstfl. fór síðast með stjórn ríkisfjármála þá hlóðst upp í ráðuneytinu stór bunki af fjáraukalögum fyrri ára sem ekki höfðu verið lögð fram. Og þegar Alþfl. sat í fjmrn. í rúmt ár þá hélt hann áfram þessum ósiðum, lagði ekki fram fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár, hélt áfram að skrifa tékkana við skrifborð ráðherrans og stjórna ríkisfjármálunum þannig að lausatökin voru svo hrópandi að þingmenn þessara tveggja flokka töldu nauðsynlegt á síðustu tveimur þingum að festa það í lögbókina að Sjálfstfl. gæti aldrei gert þetta aftur þegar hann fengi fjmrn. í hendur.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar beittum við okkur fyrir margvíslegum kerfisbreytingum og endurbótum í meðferð ríkisfjármála. Lykillinn í þeim breytingum fólst í því að aukafjárveitingar í gamla stílnum, þetta kerfi þegar fjármálaráðherrann úthlutaði persónulega úr sæti sínu ríkisfjármálunum, yrði lagt niður. Við lögðum fyrir þingið fjáraukalög og óskuðum samþykktar áður en fjármálaráðherrann leyfði sér að skrifa tékkana í fjmrn. Og það merkilega var að hér á þinginu virtist vera að takast breið samstaða um það að aldrei aftur skyldi þetta gamla spillingarkerfi Sjálfstfl. fá að ráða í fjmrn.

Hæstv. núv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, sem væri nú æskilegt að sæti hér í salnum, var 1. flm. frv. ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni og hv. þm. Agli Jónssyni og þingmönnum míns flokks og þingmönnum annarra flokka, Framsfl., þar sem menn sameinuðust um það að aldrei aftur skyldi þetta gamla kerfi innleitt og ég lýsti því yfir hér í ræðustól sem fjmrh. að sú tillögugerð hefði minn fulla stuðning. Svo kemur Sjálfstfl. með sitt fyrsta fjáraukalagafrv. og gamla spillta kerfi aukafjárveitinganna er komið í fullan gang á nýjan leik. Hver hefði trúað því eftir allar hetjuræðurnar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þáv. formaður fjvn., hélt — og ég er með þær hér í stólnum þykkar og miklar, um það að slíkar aukafjárveitingar væru meira að segja brot á stjórnarskránni? Hver hefði trúað því að það yrði fyrsta verk þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson settist í að innleiða á nýjan leik gamla, spillta kerfi aukafjárveitinganna?

Það er kannski í stíl við þessa herra að eitt hið fyrsta sem þeir gera í anda þessa gamla tíma, í anda þessa kerfis, sem við héldum öll að við ætluðum að sameinast um að leggja niður, er að skrifa út úr ríkissjóðnum bifreiðar handa sjálfum sér, án nokkurra heimilda í fjárlögum, án þess að þingið hafi veitt þeim nokkurn rétt til þess.

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili var flutt frv. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var 1. flm. að og fjvn. öll flutti. Í 1. gr. þessa frv. stendur: „Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár.“ Síðan er í greinargerðinni rakið rækilega hvernig fjvn. þáv. leitaði álits lögfræðinga og prófessora við Háskólann til þess að styðja þessa tillögugerð. Ég lýsti því yfir hér hvað eftir annað í minni tíð sem fjmrh. að ég styddi þetta sjónarmið og ég beitti mér fyrir þeirri kerfisbreytingu að leggja aukafjárveitingarnar algjörlega niður vegna þess að ég taldi það ekki við hæfi að í nútímaþjóðfélagi þar sem gerð væri krafa til þess að réttur þingsins væri virtur,

þar sem gerð væri krafa til þess að menn viðurkenndu í reynd að fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, að ráðherrarnir héldu þeim gamla sið að telja að þeir væru ríkið. Og þannig voru engar aukafjárveitingar veittar á meginhluta þess stjórnartíma sem síðasta ríkisstjórn sat. En það liðu ekki nema nokkrar vikur þangað til nýja ríkisstjórnin var byrjuð á þessu gamla, spillta kerfi.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvernig réttlætir hann það fyrir þingheimi, fyrir sjálfum sér, fyrir málflutningnum og fyrir okkur sem trúðum að hann meinti eitthvað með öllum ræðunum sem hann flutti hér um þetta mál sem formaður fjárveitinganefndar að hann sæti svo þegjandi í ríkisstjórninni þegar þetta gamla, spillta kerfi væri innleitt á nýjan leik? Eða mótmælti hann kannski? Eða sat hann bara þegjandi?

Ég tel að við eigum öll, sem í góðri trú unnum að þessari kerfisbreytingu á síðasta kjörtímabili, kröfu á því að þessu sé svarað og hæstv. fjmrh. sem kom hér upp á síðasta kjörtímabili og rak á eftir því að frv. sem bannaði með lögum aukafjárveitingar yrði lögfest, rak á eftir því. Hvernig réttlætir hann það hér að meðal hans fyrstu verka er að skrifa út (Gripið fram í.) Hvað segir ráðherrann? Hvað er ráðherrann að tauta hérna fyrir framan ræðustólinn? (**Fjmrh.:** Það þarf að reyna að koma viti fyrir ræðumann.) Þú skalt nú byrja á því að reyna að koma viti fyrir sjálfan þig. (**Fjmrh.:** Það verður nú ábyggilega léttara verk.) Já, vegna þess að það er minna sem þarf að leggja í það. Hæstv. ráðherra getur ekki snúið sig út úr því með einhverjum labbitúrum um þingsalinn að hér hafa auðvitað orðið mjög vond skipti. Það er einu sinni þannig í málum af þessu tagi að það er bara til ein lína. Annaðhvort eru aukafjárveitingar lagðar niður eða ekki. Og þegar þær eru teknar upp á nýjan leik eins og gert var á fyrstu vikum þessarar ríkisstjórnar þá er engin varnarlína eftir. Það sýnir stíl þessara herra að þeir byrja aukafjárveitingarnar með því að kaupa bíl handa forsrh. Hvaða heimild var fyrir því í fjárlögum? Engin. Svo er keyptur bíll handa menntmrh. Hvaða heimild var fyrir því í fjárlögum? Engin. Svo var keyptur bíll handa fjmrh. Hvaða heimild var fyrir því í fjárlögum? Engin. Var jeppinn ekki nógu góður eða hvað? Eða gat ráðherrann ekki bara keyrt á sínum bíl? Þurfti hann að brjóta reglurnar? Var ekki einu sinni hægt að bíða eftir því að þingið samþykkti hvort það mundi leyfa það að keyptar væru nýjar „drossíur" undir forsrh., undir menntmrh. og undir fjmrh.? Nei, það var ekki hægt að bíða, svo mikið lá þessum herrum á að sýna mátt sinn og dýrð að þeir gátu ekki beðið eftir að þingið heimilaði og brutu þess vegna starfsreglurnar og innleiddu þetta gamla kerfi á nýjan leik.

Samviska hæstv. heilbrrh. var þó kannski þannig að hann lagði ekki í að láta heilbrrn. kaupa bílinn heldur keypti hann sjálfur. En gerði það hins vegar undir þeim reglum sem ég hef talið þannig að enginn ráðherra í nútímaþjóðfélagi ætti að nota sér, alla vega ekki sá ráðherra sem er að segja við veika fólkið í landinu, gamla fólkið í landinu, þá sem þurfa lyfin og þá sem þurfa að fara á sjúkrahúsin: Þið verðið að spara, þið verðið að borga sjálf. Að sá ráðherra ætlaði ekki að notfæra sér þessa gömlu reglu að hann að vísu er skráður fyrir bílnum, það er rétt, en ríkið borgar allan rekstrarkostnaðinn, ríkið borgar allt bensínið og það sem meira er ríkið borgar ráðherrunum í reiðufé á hverju ári 20% af andvirði nýs bíls af þessari gerð. Sem þýða 800 þús. kr. á ári til viðbótar við launin til hæstv. heilbrrh. úr ríkissjóði í reiðufé þannig að þegar hann stendur upp úr stólnum að loknu kjörtímabili er ríkið búið að borga honum nánast allan bílinn og hann getur selt hann á 2–3 millj. og hirt obbann af því í eigin vasa sem hreinan hagnað. Ég segi nú við hæstv. heilbrrh.: Er það nú hægt að flytja messurnar til sjúklinganna og gamla fólksins og þeirra sem þurfa á lyfjunum að halda í allt sumar um að nú sé hart í ári, nú sé þjóðin að glata efnahagslegu sjálfstæði sínu, nú verði allir að spara, líka hinir veiku, líka hinir öldruðu og verða svo fyrstur manna til að fara að nýta sér það kerfi sem félagi okkar beggja, Vilmundur Gylfason heitinn, hefði kallað löglegt en siðlaust? Kannski er það nauðsynlegt að við hér í þingsalnum flytjum frv. sem afnemur möguleika ráðherra á því að láta ríkissjóð borga sér í eigin vasa 0,8–1 millj. kr. á ári til þess að ráðherrann geti átt bílinn skuldlausan í lok kjörtímabilsins og selt hann svo og grætt á því stórfé. Það er rétt sem Morgunblaðið sagði í Reykjavíkurbréfi síðasta sunnudag: Það er tími til kominn að þessir herrar fari að átta sig á því hvaða kröfur almenningur í landinu gerir til þeirra.

Virðulegi forseti. Ég nefni þetta í upphafi vegna þess að kjarninn í viðleitni okkar allra á síðustu tveimur til þremur árum var að innleiða hér kerfisbreytingar í ríkisfjármálum. Taka hér upp nýja siði. Leggja af það vonda frá liðinni tíð. Festa í sessi það kerfi að þingið sjálft ákveði fjárgreiðslur úr ríkissjóði en geðþóttavald ráðherranna væri úr sögunni. Og ég spyr: Hvers vegna vill núv. ríkisstjórn innleiða þetta geðþóttavald á nýjan leik? Hvaða pólitíska nauðsyn knýr þessa ríkisstjórn til þess að innleiða það geðþóttavald? Þetta spillta geðþóttavald sem hv. þm. Pálmi Jónsson lýsti svo vel hér á síðasta kjörtímabili. Styður hann að þetta sé innleitt á nýjan leik? Ætlar hv. þm. Pálmi Jónsson að sitja þegjandi hér í salnum og taka við þessu fjáraukalagafrv. svona? Menn geta rétt ímyndað sér hvað hann mundi segja ef það hefði verið einhver annar flokkur en Sjálfstfl. sem flytti þetta frv. hér. Er hann búinn að gleyma allri gagnrýninni sem hann flutti á liðna tíð á síðasta kjörtímabili? Eða er þessum mönnum nákvæmlega sama um heiður sinn? Var ekki að marka orð af því sem sagt var á síðasta kjörtímabili? Voru þetta bara blekkingar? Blekkingar í þingsalnum, blekkingar gagnvart þingheimi, blekkingar gagnvart þjóðinni, blekkingar gagnvart sjálfum sér? Er ekkert að marka yfir höfuð hvað þessir menn segja? Við hinir, í góðri trú, tókum saman höndum með þeim til að innleiða þessa kerfisbreytingu en nú er henni eytt með einu frv.

Það frv., sem fjárveitinganefnd flutti öll og ég studdi, var flutt tvisvar á síðasta kjörtímabili. Og eins og kom fram í þessum ræðustól á síðasta þingi þá var unnið að því í fjmrn. í minni tíð að festa þessar regl-

ur í sessi og í lög og við vorum reiðubúin að ganga til samstarfs við fjárveitinganefndina og þingið allt í þeim efnum. Það stóð ekki á okkur að afnema heimildina um aukafjárveitingar.

Ég gæti, ef ég vildi eyða hér tíma í ræðustólnum, lesið upp ræðurnar sem hæstv. núv. heilbrrh. flutti um þetta mál. Rifja hér upp ræðurnar sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti um þetta mál. Rifja upp ræðurnar sem formaður þingflokks Sjálfstfl. hv. þm. Geir Haarde flutti um þetta mál. Og rifja upp ræðurnar sem núv. hæstv. fjmrh. flutti um þetta mál. En ég ætla ekki að verja tímanum í það, hver og einn getur lesið þær í þingtíðindum. En þær eru þarna. Þær minna okkur á það hvað þeir sögðu og hvað þeir lögðu til.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað knúði þessa menn til að innleiða þetta gamla, spillta kerfi á ný. Eða ætlar fjmrh. að koma til þingsins núna og segja: Ég vildi bara fá að gera þetta í fyrsta sinn, ég ætla aldrei að gera þetta aftur? Ég ætla aldrei að gera þetta aftur. Hvernig eigum við að trúa slíkum mönnum? Er það ekki nauðsynlegt að við festum þetta þá bara í sessi hér í lögbókina strax núna í þessum mánuði. Tökum upp þessa grein úr frv. frá hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Pálma Jónssyni og þingmönnum allra flokka á þingi, Kvennalistans, Framsfl. og Alþb. og tökum valdið af þessum mönnum vegna þess að þeir hafa sýnt það með þessu frv. að þeim er ekki treystandi. Þeir falla strax í gömlu, spilltu freistingarnar að úthluta gæðunum úr ríkissjóðnum við skrifborðið sjálft að eigin geðþótta án þess að spyrja þingið.

Í því frv., sem hér er til umræðu, úir og grúir af slíkum aukafjárveitingum í gömlum stíl. Það væri allt of langt mál að fara að telja þær allar hér upp. Ég vil þó nefna hér nokkur dæmi til að sýna hve víða og á hve margvíslegan hátt þetta gamla kerfi er innleitt hér á nýjan leik. Ég nefndi áðan að forsrh. keypti sér nýjan bíl án nokkurrar heimildar í fjárlögum. Engin heimild er í fjárlögum til þess. Menntamrh. keypti sér nýjan bíl. Engin heimild í fjárlögum til þess. Halda þessir menn að ríkissjóður sé þeirra einkavasi eða hvað? Og fjmrh., eins og ég sagði hér áðan, gat ekki setið í jeppanum í nokkra mánuði og beðið þess að þingið veitti honum heimild til að kaupa þessa bifreið heldur fór sérstaklega á stað og keypti það sem hann sagði í fjölmiðlum að væri sparnaðarbifreið upp á 3 millj. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur.) En því miður er það þannig að hv. Alþingi hefur líka gerst brotlegt í þessum efnum. Það er vont vegna þess að hv. Alþingi ber að virða sínar eigin reglur, ber að sýna fordæmi sem aðrir eiga að fara eftir og það er voðalega erfitt fyrir þingið að koma til framkvæmdarvaldsins og segja: Þið eigið að lúta þessum reglum þegar þingið sjálft brýtur þær. Það voru engar fjárlagaheimildir fyrir þeim útgjöldum sem hér hafa verið reidd fram á síðustu mánuðum í margvíslegar framkvæmdir í þinghúsinu. Ég ætla ekkert að kveða upp úr með það hvort þær voru nauðsynlegar eður ei. En það er alveg ljóst að það voru engar fjárlagaheimildir fyrir þessum framkvæmdum. Þetta voru útgjöld sem reidd voru úr ríkissjóðnum án þess að þingið hefði samþykkt að það yrði gert. Öðrum ríkisstofnunum er neitað um slíkt með réttu. Þess vegna má Alþingi ekki taka sér slíkt bessaleyfi að fara að verja milljónum króna í framkvæmdir hvort sem það er nýtt atkvæðagreiðslukerfi, framkvæmdir í sal efri deildar, ný uppröðun á ráðherrunum og fjölmargt annað þegar þingið hefur ekki samþykkt sjálft að verja peningum til þessara hluta. Því miður er það þannig að þingið hefur brotið þessar reglur með þessum hætti.

Utanrrn.? Það er alveg ljóst að á skrifstofu utanrrn. hafa menn verið að greiða út fé í allt sumar og haust án þess að hafa til þess heimildir í fjárlögum. Hvernig ætlar formaður Alþfl. sem hefur flutt messur um það að menn verði að leggja mikið á sig í okkar þjóðfélagi, æskan verði að borga skólagjöld, sjúklingarnir verði að borga sjúkragjöld, vegna þess að það er svo erfitt árferði, að réttlæta slíkt þegar hann sjálfur brýtur þessa grundvallarreglu með því að verja í utanrrn. í sumar fjármunum til margvíslegra útgjalda í algjöru heimildarleysi?

Uppbætur á landbúnaðarafurðir? Í þessu fjáraukalagafrv. kemur fram að búið er að greiða lán vegna útflutningsuppbóta sem tekin voru í tíð páv. hæstv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Ég skil það að vísu vel að þetta lán hefur verið mjög viðkvæmt mál fyrir formann Alþfl. vegna þess að hann er eini fjármálaráðherrann sem hefur tekið erlent lán til að greiða útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur. Ég veit af eigin reynslu að þetta var honum gífurlegt feimnismál, þetta lán sem hann tók sem fjmrh., vegna þess að enginn hafði gengið svona langt í því sem hann sjálfur kallar landbúnaðarsukkið. En það var engin heimild í fjárlögum til að greiða alla þessa upphæð sem búið er að greiða nú, en komið til þingsins á eftir og beðið um að það sé staðfest að þetta hafi nú verið í lagi, alllöngu eftir að greiðslan hefur verið reidd fram. Þannig má halda áfram, fram og aftur í þessu frv. Rekja dæmin ærið mörg, stór og smá, sem sýna það að á fyrstu mánuðum Sjálfstfl. er hann búinn að innleiða gamla geðþótta, spillta kerfið á ný þar sem engin takmörk eru fyrir því hvað fjmrh. og ríkisstjórnin leyfa sér. Búin að eyða fénu, búin að láta hlutina gerast og stillir svo þinginu upp frammi fyrir því hvort menn vilji nú ekki náðasamlegast staðfesta þetta eftir á.

Ég verð að játa það að ég var kannski svo einfaldur að ég trúði því hér í þingsalnum á undanförnum tveimur árum að þingmenn og forustumenn allra flokka ætluðu að sameinast um það að verja þessa kerfisbreytingu. Koma í veg fyrir að gömlu reglurnar yrðu innleiddar á ný. Ég var svo einfaldur. Ég var að vísu dálítið undrandi á því að fjmrh. skyldi ekki koma með fjáraukalagafrv. hér á vorþinginu. Ég lét í ljósi þá skoðun í þeirri fréttatilkynningu sem hæstv. fjmrh. gerði aðeins að umtalsefni í lok sinnar ræðu, þannig að það liggur fyrir á prenti að það ætti að leggja fram fjáraukalagafrv. á vorþinginu vegna þess að ég gerði mér grein fyrir að það kynni að reynast erfitt að halda þannig á öllum rekstri ríkisins til októbermánaðar án þess að hafa heimildir frá Alþingi til að inna greiðslurnar af hendi. En engu að síður kaus hæstv. núv. ríkisstjórn þá leið að leggja ekki fjáraukalagafrv. fyrir

þingið í vor. Ég dró þá þá ályktun, kannski í einfeldni minni, að þar með ætlaði hún að hafa aðhaldstæki, þar með ætlaði hún að hafa aðhaldstæki í ríkisfjármálunum í sumar og haust til að segja við alla: Við höfum ekki heimildir, það er ekki hægt að inna þessa greiðslu af hendi vegna þess að Alþingi hefur ekki samþykkt heimildina. Nei, það var ekki þannig. Það var bara opnað tékkheftið fram og aftur, engin fyrirstaða. Kannski í trausti þess að þeir kæmust upp með þann stráksskap sem einkennt hefur málflutning hæstv. fjmrh. undanfarið að ætla sér að skrifa allt árið á mig. Ætla sér að fara með þetta ár, 1991, eins og ég hafi verið fjmrh. til áramóta þó ég hafi farið út úr fjmrh. síðustu daga aprílmánaðar. Þá er söngurinn alltaf sá að ég beri ábyrgð á þessu öllu saman alveg fram til desemberloka og þá er nú kannski réttast að ég spyrji: Af hverju var ég þá ekki látinn stjórna þessu út árið og þessir menn komi þá bara 1. jan. í ráðuneytið? En það er auðvitað ekki skýringin. Þeir vildu bara fá að innleiða þetta gamla vald.

Virðulegi forseti. Þetta er e.t.v. megineinkennið á því fjáraukalagafrv. sem hér hefur verið lagt fram. Gamla, spillta aukafjárveitingakerfið er aftur mætt til leiks. Það væri nú skemmtilegt að þingið starfaði samkvæmt þeim reglum sem hv. þm. Pálmi Jónsson og hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson sögðu að væri það eina sem væri í samræmi við stjórnarskrána og þingið mundi t.d. fella út úr fjáraukalagafrv. heimildina til að kaupa þessar bifreiðar og sjá hvað gerðist. Það er að vísu rétt að ekkert mundi gerast með bíl hæstv. heilbrrh., hann var svo klókur. Hann mundi bara áfram taka sín 800 þús. í vasann á ári frá ríkinu til viðbótar við allt hitt og koma svo og segja gamla fólkinu og sjúklingunum vikulega að þetta fólk ætti að spara.

Hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni að áður en ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá hefði ég gert grein fyrir því hvernig staðan væri í ríkisfjármálunum og hverjar horfurnar væru og það er alveg rétt. Ég gerði það. Og það er líka alveg rétt að embættismenn fjmrn. komu með aðra samantekt. Sú samantekt sem embættismenn fjmrn. komu með var byggð á þeirri algengu vinnureglu ráðuneytisins að embættismennirnir koma með yfirlit yfir það hvað muni gerast ef engar nýjar ákvarðanir eru teknar. Það er hin algenga vinnuforsenda embættismanna ráðuneytisins. Þegar þeir eru að lýsa ástandinu gefa þeir sér ekki nýjar pólitískar forsendur. Þeir koma ekki og segja þessi ákvörðun, hin ákvörðun og þannig koll af kolli. Þeir lýsa bara ef engin ákvörðun er tekin og ekkert gert. Þannig lögðu þeir t.d. fram skýrslu í sumar fyrir núv. hæstv. ríkisstjórn um 25 milljarða og 15 milljarða eins og frægt er orðið, svona pappírstölur.

Hins vegar lá það nokkuð ljóst fyrir að ef ríkisstjórnin gripi til aðgerða, bæði á gjaldahlið og tekjuhlið fjárlaganna og það var fyllilega hægt að gera það í maímánuði. Þingið sat, til þess var möguleiki, það hefði verið hægt að stýra ríkisfjármálunum með þeim hætti að hallinn væri kringum 6 milljarðar á þessu ári. Þau atriði eru ítarlega rakin í þeirri greinargerð sem ég lagði fram í lok aprílmánaðar á þessu ári. Það er þess vegna fullkomlega út í hött hjá hæstv. fjmrh. að leyfa sér þann málflutning hér að öll þau útgjöld og þær ákvarðanir að afla ekki þeirra tekna sem í fjárlögunum var ákveðið að ætti að afla séu á ábyrgð síðustu ríkisstjórnar. Ég benti honum á leiðir í þessum efnum hér í ræðustólnum í maí en hann vildi ekki fara þær, t.d. til þess að nýta sér þau tekjuákvæði sem í fjárlögunum voru. En ráðherrann og ríkisstjórnin ákváðu að fara ekki þessar leiðir. Honum var líka bent á margvíslega aðra þætti sem hann kaus að fara ekki eftir. Þess í stað kom ríkisstjórnin í þingsalinn í maí og sagði: Við höfum ákveðið að beita vaxtatækinu. Við ætlum að beita vaxtatækinu til þess að ná þessum árangri.

Ríkisstjórnin var vöruð við að það tæki mundi ekki skila þeim árangri nú frekar en það gerði það á árunum 1987–1988. Ég sagði í þessum ræðustól að það gæti verið eðlilegt að hækka vexti á ríkisvíxlum eitthvað, ég hef aldrei gagnrýnt þá aðgerð, en hins vegar mundi það að hækka raunvaxtastig spariskírteina um þriðjung ekki skila neinum teljandi árangri í ríkisfjármálunum og hafa það eitt í för með sér að öllu peningakerfi landsins væri gefið grænt ljós á það að hækka raunvaxtastigið í hagkerfinu um þriðjung atvinnulífinu til tjóns, almenningi til tjóns, og hafa það eitt í för með sér að skerpa efnahagskreppuna sem erfiðleikar sjávarútvegsfyrirtækjanna vegna minnkandi aflasamdráttar fela í sér. Og þetta hefur komið á daginn. Árangurinn af því að hækka vexti spariskírteina um ⅓ er kringum einn milljarður. Það er nú allt og sumt. Það er reyndar athyglisvert að árangurinn af sölu spariskírteinanna á 8% raunvöxtum er aðeins lítið eitt meiri síðan í maí en sá árangur sem við náðum í tíð síðustu ríkisstjórnar á fyrstu fjórum mánuðum ársins með 6% raunvöxtum. Það er því auðvitað alveg ljóst að sú ákvörðun að hækka vextina á spariskírteinunum, þessi hornsteinn efnahagsaðgerðanna í sumar, skilaði nánast engum árangri fyrir ríkisfjármálin en varð þess hins vegar valdandi að veruleg langvarandi skekkja kom inn í allt peningakerfi landsins og atvinnuvegirnir blæða nú fyrir þá ákvörðun.

Það er líka rétt að rifja það upp hér vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði áðan að allir hefðu mátt vita að heimildarákvæði í tekjuskattslögunum um að hlutafjárkaup væru frádráttarbær mundu hafa í för með sér þennan gífurlega tekjumissi fyrir ríkið eins og raun varð á. Væri ekki æskilegt að hæstv. fjmrh. rifjaði upp þær umræður og þau orðaskipti sem við áttum um þessa breytingatillögu hans og nokkurra annarra þingmanna fyrir rúmu ári vegna þess að það var ekki þáv. ríkisstjórn sem beitti sér fyrir því að frádráttarákvæðið vegna hlutafjárkaupanna væri rýmkað. Nei. Það myndaðist nýr meiri hluti í fjh.- og viðskn. neðri deildar þar sem núv. hæstv. fjmrh. fór í fararbroddi til þess að knýja fram í þinginu gegn vilja þáv. hæstv. fjmrh. að heimildin til hlutafjárkaupanna væru rýmkuð og ég varaði þá við. Ég varaði þá við hvað eftir annað að þetta mundi leiða til þess að upphæðin yrði allt of há. Það er því rangt hjá hæstv. fjmrh. að ekki hafi verið vitað til hvaða tekjutaps þetta mundi leiða. Það er þess

vegna sem þingið síðan samþykkti að þrengja heimildina á nýjan leik, vegna þess að því fannst síðan of langt gengið með þessum breytingum sem núv. hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir. Hluti af tekjutapinu, hluti af þeim halla sem hann er að koma með inn í þingsalinn er því vegna þeirra breytinga sem hann sem þingmaður á Alþingi beitti sér fyrir á tekjuskattslögunum. Svo leyfir hann sér, bæði í þingsalnum og í fjölmiðlum landsins, að segja að þetta ár sé allt á ábyrgð fyrrv. ríkisstjórnar. Þetta er útflutningsuppbótalánið sem Jón Baldvin Hannibalsson tók sem fjmrh. á ábyrgð mína eða ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, samt sem áður er það í þessu frv. Ekki er skattaafslátturinn vegna hlutafjárkaupa á ábyrgð síðustu ríkisstjórnar. Hann er á ábyrgð þess þingmeirihluta sem myndaðist hér um það mál undir forustu páv. hv. þm. og núv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, og hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar.

Í frv. eru tíu liðir sem í raun og veru mynda þennan útgjaldaauka. Það eru tíu liðir í frv. sem samtals hljóða upp á útgjaldaauka upp á 3,5 milljarða af þeim u.þ.b. 5 milljörðum sem hér er um að ræða í útgjaldaauka. Það er athyglisvert að horfa á hlutina svona. Það gerði hæstv. fjmrh. ekki þegar hann var að mæla fyrir þessu frv. Þessir tíu liðir eru atvinnutryggingardeildin 357 millj., Lánasjóður ísl. námsmanna 400 millj., útflutningsuppbætur, m.a. vegna þeirra kostakjara sem menn fengu í Mexíkó, 890 millj., ríkisábyrgð á launum 248 millj., Tryggingastofnun 860 millj., ríkisspítalarnir 281 millj., uppbætur á lífeyri 120 millj., Skýrsluvélar ríkisins 130 millj., Skipaútgerð ríkisins 100 millj. og óveðurstjón 200 millj. — samtals 3586 millj. Allt hitt, rúmur 1 milljarður, er þar fyrir utan.

Séu þessir tíu liðir skoðaðir kemur það auðvitað fljótlega í ljós að í mörgum þeirra er núv. hæstv. ríkisstjórn að færa yfir á þetta ár og reyna að koma því þannig yfir á mig sérstaklega og fráfarandi ríkisstjórn einnig, annars vegar liði sem að mörgu leyti væri eðlilegt að færa á næsta ár, t.d. útflutningsuppbæturnar vegna Mexíkósölunnar, sem samkvæmt venju og hefð væri eðlilegast að færa á næsta ár, eða að setja inn í þessa púlíu ýmsar syndir fyrri ára löngu áður en Alþb. kom í ríkisstjórn og losna þannig við þær út úr kerfinu og geta falið þær pent, t.d. ýmsar syndir núv. hæstv. utanrrh. þegar hann var fjmrh. Þetta er snyrtilega gert, hæstv. fjmrh. Ég mótmæli því auðvitað algjörlega að síðan séu þessar tölur rökstuddar með þeim hætti að þetta sé allt vegna þess að stjórnin á ríkisfjármálunum hafi farið úr böndunum hjá fyrrv. ríkisstjórn.

Það er staðreynd sem enginn hefur treyst sér til að mótmæla enn sem komið er að þegar við gengum út úr Stjórnarráðinu í lok aprílmánaðar stóðust útgjaldaáætlanir fjárlaganna algjörlega. Það voru aðeins tvö frávik sem þá höfðu komið fram frá þeim áætlunum sem lágu til grundvallar fjárlögunum. Annars vegar var það að við höfðum borgað fyrir fram alla upphæðina til Lánasjóðs ísl. námsmanna, þannig að hún gjaldféll öll á fyrstu fjórum mánuðum ársins en dreifist að öllu jöfnu yfir hina mánuðina, og hins vegar að ég hafði samþykkt að skera hæstv. félmrh. niður úr þeirri snöru sem hún var búin að koma sér og Húsnæðisstofnun í og skrifa undir víxil sem Húsnæðisstofnun tók. Hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir fullyrti við mig þegar ég samþykkti víxilinn að Húsnæðisstofnun gæti greitt þegar að gjalddaga kæmi. Síðan reyndist sú yfirlýsing hæstv. félmrh. því miður ekki vera rétt þannig að víxillinn féll allur á ríkissjóð en var ekki hluti af hinum venjubundna rekstri ríkisins heldur eingöngu hluti af því vandræðaástandi í húsnæðiskerfinu sem hafði þróast vegna þess að ekki hafði tekist að koma á samningum milli lífeyrissjóðanna og Húsnæðisstofnunar. Að öðru leyti stóðst framkvæmd fjárlaganna algjörlega.

Jú, jú, hæstv. fjmrh. getur komið hér og sagt: Það var hitt og þetta sem var eftir. — Já, vissulega var ýmislegt eftir. Það er eðli máls samkvæmt þannig að hve flínkir sem menn eru að setja saman fjárlög þá geta menn aldrei kortlagt allt árið þannig að ekki þurfi einhvern tímann að grípa inn í. En þá grípa menn líka inn í og til þess eru ríkisstjórnir að grípa inn í. Ef hæstv. fjmrh. hefði hagnýtt sér þá reglu og þá nýskipan í kerfismálum sem við vorum búin að koma hér upp að afnema aukafjárveitingar þá hefði verið auðveldara fyrir hann að standa á bremsunni. Þess vegna er það staðreynd málsins að verulegan hluta af þeim halla sem birtist í þessu frv. má rekja til þessara tíu liða sem ég taldi upp hér áðan og eru margir á þann veg að annars vegar er verið að lauma inn uppgjörum á skuldum og tilefnum frá árunum 1987 og 1988 áður en Alþb. kom í ríkisstjórn, frá stjórnartíma Sjálfstfl. þegar hann var síðast í Stjórnarráðinu, og hins vegar er verið að reiða fram fé á þessu ári til að létta á fjárlagadæminu fyrir árið 1992. Út af fyrir sig er ekki ágreiningur af minni hálfu um það að marga af þessum liðum verður að greiða en mér hefði fundist heiðarlegra hjá hæstv. fjmrh. að bókfæra þá á árið 1992. En hann kaus að fara aðra leið og hann um það.

Virðulegi forseti. Á þessum fyrstu dögum þingsins hefur nokkuð verið rætt um hinn svokallaða fortíðarvanda. Ég ætla ekki að verja löngu máli í þessari umræðu til að ræða hann. Hins vegar er athyglisvert að eitt af því sem er komið inn í þetta fjáraukalagafrv. er upphæð til fortíðarvandanefndar. Og mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því, af því það kemur ekki fram í frv., er búið að greiða hjá ríkisféhirði eitthvað af reikningunum vegna þessarar fortíðarvandanefndar, t.d. sérfræðingum eða nefndarmönnum eða einhverjum slíkum? Ef svarið er já, að það sé búið að greiða eitthvað af reikningunum vegna þessarar fortíðarvandanefndar, þá er það enn eitt dæmið af fjölmörgum um það hvernig gamla, spillta aukafjárveitingakerfið er komið í gang á nýjan leik vegna þess að þingið hefur ekki veitt forsrn. eða fjrmn. neina heimild til þess að borga krónu vegna einhvers auglýsingafiffs sem Sjálfstfl. fann upp og kallar fortíðarvandanefnd. Það er fyrst núna (Gripið fram í.) — ég skal koma að þessu eftir eina mínútu, hv. þm. — sem komið er til þingsins og beðið um heimildina. Ég óska þess vegna eftir því að fá alveg skýr svör við því hvort búið er að greiða frá ríkisféhirði einhvern kostnað vegna þessarar nefndar nú þegar.

„Þið ættuð að þekkja það", kallaði hv. þm. Ingi Björn Albertsson fram í. Já, kannski er það alveg rétt. Við ættum að þekkja sumt af því. Við þekkjum t.d. flugstöðvarmálið sem var fyrsta fortíðarvandamálið sem þessi ágæta nefnd fjallaði um og það eina sem hún hefur skilað okkur skýrslu um. Ég stóð í því, bæði hér í þingsalnum og í sérstakri nefnd á árum áður, að vara Sjálfstfl. við að byggja þessa flugstöð. Vara þáv. utanrrh. Geir Hallgrímsson og síðan Matthías Á. Mathiesen við að fara út í þessa framkvæmd vegna þess að þá var á það bent af mér og öðrum að íslenska þjóðin mundi þurfa að borga milljarða á næstu árum og áratugum vegna þessarar byggingar. En það var ekki hlustað á okkar varnaðarorð. Við lögðum það til ýmsir að líkt og Danir, Bretar og aðrir færum við bara í það að byggja kassalaga flugstöðvar sem hægt væri að stækka eftir þörfum, en í staðinn fóru menn að byggja það sem sumir kölluðu kirkju og aðrir kölluðu monthús. Og nú er staðreyndin sú að íslenskur almenningur skuldar 3 milljarða í þessari byggingu og enginn veit hvernig á að fara að því að reka flugstöðina. En hæstv. þáv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen var svo sniðugur að þegar hann lét taka lánin átti fyrsta afborgun vegna flugstöðvarlánanna ekki að falla fyrr en árið 2020. Hugsið ykkur annað eins. Svo eru þessir menn að koma og segjast vera einhver fyrirmynd í meðferð ríkisfjármála.

Við erum búin að heyra um atvinnuvegasjóðina. Þar á að vera einhver sérstakur fortíðarvandi. Stærðargráða þess fortíðarvanda í frv. er rúmar 300 millj. (Gripið fram í.) Já, hæstv. fjmrh., alveg rétt, á þessu ári 300 millj. En hvað er það? Það er það sem Reykjavíkurborg fór umfram á tveimur mánuðum við bygginga veitingahússins Perlunnar í Reykjavík. Bara umframgreiðslan á síðustu tveimur mánuðum við bygginga Perlunnar er jafnmikil og allur atvinnuvegavandinn sem forsrh. og fjmrh. eru búnir að syngja um hér í allt sumar að sé að sliga ríkið. Þetta eru nú stærðarhlutföllin. Það sem fer í þennan vanda nær ekki einu sinni 10% af byggingarkostnaði ráðhússins þannig að jafnvel þótt við þyrftum á næstu tíu árum að reiða jafnmikið fram værum við ekki komin upp í ráðhúsupphæðina fyrr en eftir aldamót.

Hvað er annað í fortíðarvandanum, hv. þm. Ingi Björn Albertsson? Það er Framkvæmdasjóður. Það er alveg rétt. Framkvæmdasjóður er gjaldþrota. Á það var bent í tíð síðustu ríkisstjórnar þannig að það er ekkert nýtt. En af hverju er hann gjaldþrota? Það er vegna þess að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar skipaði svo fyrir að Framkvæmdasjóðurinn skyldi reiða fram stórkostlegar upphæðir í fiskeldisfyrirtækin. Vegna þess að í ríkisstjórnartíð Sjálfstfl. 1983–1988 var lagt á Framkvæmdasjóð að stunda stórkostlegar lánveitingar til fiskeldisfyrirtækjanna. Það eitt og sér er fortíðarvandi Framkvæmdasjóðs. Ef það hefði ekki verið stæði sá sjóður í dag ágætlega.

Þriðji fortíðarvandinn er refaræktin. Það eiga sjálfsagt allir einhverja sök í þeim efnum. En þetta er það sem einkum og sér í lagi myndar þær fortíðarskuldir sem þessi nefnd er að fást við sem er að finna í frv.

Virðulegi forseti. Ég sagði það áðan að ég ætlaði ekki að gera þessa umfjöllun um fortíðarvandakenninguna að miklu máli hér. Ég kaus að kalla þessa nefnd í sumar sjálfsgagnrýnisnefnd Sjálfstfl. og fagnaði henni sem slíkri. Það væri æskilegt ef Sjálfstfl. færi að stunda einhverja sjálfsgagnrýni, sérstaklega mennirnir sem eru komnir í þingsalinn og ráðherrastólana sérþjálfaðir í meðferð opinberra fjármuna frá Perlunni og ráðhúsbyggingunni, þó ég verði að segja það að þetta fjáraukalagafrv. hefur valdið mér miklum vonbrigðum. (**EgJ:** Það er von.) Ég hélt, hv. þm. Egill Jónsson, að þú og hv. þm. Pálmi Jónsson og hv. þáv. þm. Sighvatur Björgvinsson og við öll ætluðum að sameinast um það að gamli tíminn þegar ráðherrarnir höfðu geðþóttavald til þess að leika sér með ríkiskassann eins og þeim sýndist væri liðinn. Ég harma það að núv. hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin öll sé búin að innleiða þetta spillta kerfi á ný í Stjórnarráðið á Íslandi og Alþingi standi á ný frammi fyrir því að eiga að samþykkja greiðslur nú sem þessir herramenn eru fyrir löngu síðan búnir að reiða út úr ríkissjóðnum sjálfum sér og gæðingum sínum til handa.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig góður siður að leggja fram frv. til fjáraukalaga eins og hér hefur nú verið gert og er til umræðu. Það eru sjálfsögð vinnubrögð sem tekin voru upp í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að sýna það á hverjum tíma og horfast í augu við það ef nauðsynlegt er að gera breytingar á gildandi fjárlögum. Það er einnig ástæða til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að virða þessi vinnubrögð og getur vel komið til greina að slíkt frv. þurfi að leggja fram oftar en einu sinni á ári ef ástæða er talin vera.

Fyrrv. ríkisstjórn lagði til að hafa óráðstafaða liði í fjárlögum ríkisstjórn og ráðuneytum til ráðstöfunar vegna óvæntra útgjalda og auðvitað má að nokkru leyti koma í veg fyrir þörf á fjáraukalögum með slíkum vinnubrögðum. Þar getur þó aldrei verið um að ræða nema smærri upphæðir, smærri tölur, en dugar ekki ef verulegra breytinga er þörf. Það getur verið nauðsynlegt að endurmeta stöðuna eins og hér er reynt að gera.

Það hefur auðvitað ýmislegt breyst og ýmislegt er ófyrirsjáanlegt. Það getur verið nauðsynlegt fyrir framkvæmdarvald og fyrir ríkisstjórn að grípa til ýmiss konar aðgerða á fjárlagaárinu sem fjárlög heimila ekki. Og auðvitað geta síðan verið í fjárlagafrv. og við afgreiðslu fjárlaga fyrirheit stjórnvalda sem ekki ná fram að ganga. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Mál eru í vinnslu og undirbúningi þegar fjárlagafrv. er samið og þegar fjárlög eru afgreidd er oft og tíðum ekki búið að ná endanlegri niðurstöðu. Það er einmitt það sem gerðist í sambandi við fjárlög yfirstandandi árs. Þá var unnið að ýmsum hugmyndum um breytingar, svo sem á lífeyristryggingum og sjúkratryggingum, sem ekki náðust fram vegna þess að þegar á reyndi náðist ekki samkomulag milli þáverandi stjórnarflokka um það hvernig að málum skyldi staðið. Ég kem e.t.v aðeins nánar að því síðar.

En það vill til að svo er einnig í fjárlagafrv. hæstv.

ríkisstjórnar, eða hæstv. fjmrh., fyrir árið 1992. Þar eru einnig boðuð ýmis fyrirheit um breytingar, t.d. er gert ráð fyrir verulegum skattahækkunum, m.a. með breytingum á tekjuskatti, að hugsanlega verði dregið úr barnabótum eða sjómannafrádrætti jafnvel breytt, sem við vitum þó ekki enn hvort ná fram að ganga vegna þess að um það er ekkert samkomulag milli stjórnarliðanna.

Einnig er gert ráð fyrir stórkostlegri innheimtu skólagjalda þrátt fyrir yfirlýsingar sumra hv. þm. Alþfl. um að þeir muni aldrei samþykkja slíkt, t.d. hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., ítrekað lýst því yfir. Þó er gert ráð fyrir hundruðum milljóna í innheimtu skólagjalda í þessu frv. Við munum auðvitað bíða og sjá hvort samkomulag tekst um það milli stjórnarliðanna hvernig að þeim „fyrirheitum" verður staðið sem gefin eru í fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Nú er það frv. vissulega ekki til umræðu hér í dag og verður nægur tími til þess að ræða það síðar. En ég vildi aðeins nefna þetta við þessa umræðu um fjáraukalög fyrir árið 1991 af því að hluti af því sem þar er lagt fram og er hér einmitt til umræðu stafar af því að það náðist ekki samkomulag við einn fyrrverandi stjórnarflokk, Alþfl., um ýmsar aðgerðir sem fyrirhugaðar voru og hafa áhrif á upphæðir í þessu fjárlagafrv.

Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á að sverta viðskilnað fyrri ríkisstjórnar í ríkisfjármálum og hvernig að ýmsum málum hafi verið staðið. Sá áróður virðist vera svo harðsnúinn að hann dregur jafnvel kjark úr fólki. Hann er þess valdandi að sveitarstjórnarmenn nánast biðja afsökunar á ýmsum nauðsynlegum beiðnum sem þeir leggja fyrir alþingismenn og fjárlaganefnd vegna þess að þeir halda að ríkissjóður sé ekki lengur megnugur til eins eða neins, ekki lengur megnugur til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem honum þó ber að standa við og taka þátt í, svo sem ýmsum framkvæmdum á móti sveitarfélögunum. Forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana tala jafnvel í sama dúr. Slíkur áróður og slíkur málflutningur dregur úr þori manna og vilja, framtaki til þess að takast á við ný verkefni, og þetta dregur úr bjartsýni. Það er hættulegt. Nú er ég ekki að gera lítið úr þeim vanda sem fram undan er, fyrst og fremst vegna þess að við horfumst í augu við að það dregur úr sjávarafla. Við þurfum enn að draga saman í fiskveiðum. Það er áhyggjuefni sem við verðum auðvitað öll, þingheimur allur, að horfast í augu við.

Fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hefur hér á undan gert grein fyrir því hver sé hlutur fyrrv. ríkisstjórnar í þessu fjáraukalagafrv. og sé ég ekki ástæðu til þess að fara ítarlega yfir það aftur. En það er full ástæða til þess að ræða ítarlega um stjórnarstefnu núv. ríkisstjórnar, um aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar á ýmsum sviðum og einnig aðgerðarleysi hennar á öðrum sviðum. Vissulega verður einnig tími til þess að gera það nánar síðar og á fyrst og fremst erindi við umræðu um stefnuræðu hæstv. forsrh. og svo að sjálfsögðu aftur við umræður um fjárlagafrv. 1992 og vafalaust oftar í hv. þingi. Því er kannski ekki ástæða til þess að eyða löngum tíma í það núna en óhjákvæmilegt þó að nefna nokkur atriði.

Stjórnarliðið, hæstv. ríkisstjórn, hratt af stað skriðu vaxtahækkana strax eftir að hún komst að völdum undir því yfirskyni að það þyrfti að bæta stöðu ríkissjóðs, laga greiðslustöðu ríkissjóðs, án nokkurs árangurs fyrir ríkissjóð en með alvarlegum afleiðingum fyrir atvinnulífið í landinu sem ekki er séð fyrir endann á. Það er ljóst og reyndar yfirlýst í greinargerð frumvarpsins sem hér er til umræðu að spariskírteini ríkissjóðs seljast mun minna en ráðgert var og sala ríkisvíxla stóð ekki undir innlausn eldri víxla framan af þrátt fyrir þessa miklu vaxtahækkun sem setti atvinnulífið í úlfakreppu og hefur auðvitað leitt til þess að ávinningurinn og afkomubatinn sem var í fyrirtækjunum á síðasta ári, ekki síst í undirstöðuatvinnufyrirtækjum okkar við sjávarsíðuna, er nú að hverfa í þessa vaxtahít. Það er alvarlegt mál, ekki síst þegar horft er til þess ástands sem er fram undan vegna aflasamdráttarins sem ég nefndi áðan. Þetta mun síðan leiða til erfiðari stöðu hjá Atvinnutryggingarsjóði sem mun í einhverjum tilfellum reynast erfiðara að innheimta skuldir, afborganir lána, hjá þessum fyrirtækjum sem nú eru sett í slíka úlfakreppu með sinn veika efnahag. Allt bendir til þess að ríkisstjórnin ætli að halda sig við þann boðskap að hafast ekkert að, koma hvergi nærri. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon orðaði það svo skemmtilega hér í gær og kallaði réttilega „kemur-mér-ekki-við"-stefnu hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórnar hans. „Kemur-mér-ekki-við"stefna þessarar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á eftir að koma betur í ljós á komandi mánuðum og kannski missirum ef þessi ríkisstjórn lifir svo lengi.

Aðrar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar eru að verulegu leyti aðför að því velferðarkerfi sem við höfum verið að byggja upp á undanförnum árum. Bæði það sem gert hefur verið í sumar og kemur að hluta til fram í grg. þessa frv. og einnig það sem boðað er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þjónustugjöld er það kallað og á nú að standa undir hluta af kostnaði við menntakerfið okkar og heilbrigðisþjónustuna.

Mig langar þá að fara örfáum orðum um heilbrigðismálin og þær aðgerðir sem þar hefur verið gripið til, bæði vegna þess að ég þekki nokkuð vel til þeirra mála og eins vegna þeirra orða hæstv. fjmrh. hér áðan að þar hefði ekkert verið gert í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og engar tillögur legið fyrir. Í fjárlagafrv. í fyrra og í efnisatriðum fjárlaganna sem gilda fyrir þetta ár var boðað að breytingar yrðu á rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík með samstarfi, samvinnu, jafnvel samruna, allra þessara sjúkrahúsa. Nú hefur hæstv. heilbrrh. haldið áfram þessari vinnu en með nokkuð annarri áherslu. Hann hefur lagt áherslu á að það beri að sameina Borgarspítalann og Landakotssjúkrahúsið, St. Jósefsspítalann Landakoti, en hér hygg ég að hæstv. ráðherra sé á villigötum. Ég held að hann nái ekki fram þeirri hagræðingu og þeim sparnaði sem slík sameining eða samvinna ætti að geta leitt til og fyrirhugað var. Ég held að eina leiðin til að ná verulegum árangri í þessu sambandi sé að sjúkrahúsin öll starfi náið sam-

an eða séu sameinuð undir einn hatt. Og ég veit að sú skoðun mín er reyndar studd og áréttuð af rekstrarráðgjöfum sem nú hafa verið að skoða þessi mál á vegum Landspítalans.

Í öðru lagi var boðað í fjárlagafrv. að tekjutengja lífeyri. Um þetta náðist ekki samkomulag fyrrv. stjórnarflokka. Hins vegar kom þó fram sú stefna í frv. til nýrra laga um almannatryggingar sem lagt var fyrir Alþingi á síðustu starfsdögum þess í vor. Þar var gert ráð fyrir að spara verulegar upphæðir en þar sem ekki náðist að koma því frv. fyrir þingið nægjanlega snemma til að fá það samþykkt er ljóst að a.m.k. sá sparnaður næst ekki með þeim aðferðum.

Í þriðja lagi voru boðaðar kerfisbreytingar í innflutningi, dreifingu og verðlagningu á lyfjum svo sem hæstv. fjmrh. nefndi í ræðu sinni áðan. Um þetta náðist ekki heldur samkomulag við Alþfl. Hæstv. fjmrh. sagði hins vegar að engar tillögur hefðu verið fyrirliggjandi í heilbrrn. og enginn árangur hefði náðst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar á þessu sviði. Ég verð út af þessum orðum að fá að gera nokkra grein fyrir því sem þá var verið að vinna að og hvernig staðið var að þeim málum á árum áður.

Fljótlega eftir að ég kom í heilbrrn. síðla árs 1987 útvíkkaði ég starfssvið nefndar sem fjallaði um þessi lyfjamál og hafði verið skipuð af fyrrv. hæstv. heilbrrh. Ragnhildi Helgadóttur. Sú nefnd var að vísu æðilengi að störfum og skilaði ekki áliti fyrr en seint á árinu 1989. Það var rekið eftir störfum þeirrar nefndar en því miður tók það langan tíma, var yfirgripsmikið starf. Þær hugmyndir sem þar komu fram voru síðan notaðar við þær aðgerðir sem gripið var til.

Árið 1990 fór síðan að verulegu leyti í það að undirbúa þær skipulagsbreytingar sem ég hafði hugsað mér að koma á. Tíminn var þó ekki látinn ónotaður vegna þessa.

Á árinu 1990 var gripið til þess að lækka álagningu í heildsölu verulega, úr 17% í 13,5%. Einnig var álagning í smásölu lækkuð verulega eða úr 68% í 59% og var reyndar álit þess sem hér stendur að það mætti ganga enn lengra í því efni og voru hugmyndir uppi um það. Þá var sett þak á álagningu dýrustu lyfja. Það náðist samkomulag um það að apótekin gæfu Tryggingastofnun stighækkandi afslátt eftir veltu apóteka. Það var gefin út samheitaverðskrá lyfja. Það var gefinn út listi með skrá yfir ódýrustu sambærileg lyf. Sjúklingagjald var tvöfalt, það sem menn greiða fyrir lyfin, þannig að gjaldið var lægra ef keypt voru lyf af þessum svokallaða „bestukaupalista" eða lista með ódýrustu lyfjunum. Allt þetta leiddi til sparnaðar sem var áætlaður um 300 millj. kr. á ári. Þess vegna mótmæli ég því að ekkert hafi verið gert.

Síðan sagði hæstv. fjmrh. að engar tillögur hafi legið fyrir og engar hugmyndir verið uppi í ráðuneyti heilbrigðismála um það hvernig ætti að ná þessum sparnaði. Það er ekki heldur rétt. Sú vinna sem var í gangi á árinu 1990, úrvinnsla úr nefndarálitinu sem ég gat um fyrr, leiddi í fyrsta lagi til þess að við töldum óhætt að setja inn í fjárlagafrv. í fyrra hugmyndir um verulega lækkun og sparnað í lyfjakostnaði. Og í ársbyrjun þessa árs var lögð fyrir ríkisstjórnina tillaga að frv. hvað varðaði þessi mál. Þar var gert ráð fyrir því að sett yrði á laggirnar svokölluð lyfjastofnun sem ætti að semja við framleiðendur og innflytjendur um verð, afhendingu, birgðahald og dreifingu lyfja til notenda. Stofnun þessi átti að vera útboðs- og innkaupaaðili en ekki ætlað að sjá um dreifingu eða birgðahald. Hér hygg ég að hafi gætt nokkurs misskilnings þegar frv. var síðan til meðhöndlunar hjá stjórnarflokkunum. Menn töldu að hér væri um að ræða stofnun sem ætti að sjá um lyfjainnkaupin öll, hafa dreifingu og birgðahald á sinni könnu og vera ríkisrekið bákn sem ekki gæti þjónað tilgangi. Þetta var misskilningur og því miður leitt ef hann hefur orðið til þess að tefja það að menn gætu náð saman um þær hugmyndir sem hér voru settar fram. Ég er sjálfur sannfærður um það að með þessu móti hefði mátt ná fram kerfisbreytingu, verulegri hagræðingu og sparnaði í sambandi við lyfjakostnaðinn.

Auðvitað geta menn haft misjafnar skoðanir á því hvernig eigi að standa að þessu máli og er ekkert við því að segja. Ég vænti þess að hæstv. núv. heilbrrh. sýni okkur fljótlega hugmyndir sínar um það hvernig hann vill breyta þessu kerfi vegna þess að ég álít skipulagsbreytingar nauðsynlegar. Sú stefna sem nú ríkir og var tekin upp strax í tíð þessarar ríkisstjórnar er hins vegar að láta fólkið borga, það var ekki ráðist að kerfinu, það voru ekki framkvæmdar þessar skipulagsbreytingar sem boðaðar höfðu verið og hugmyndir voru uppi um og lágu fyrir í ráðuneytinu. Það var hins vegar tekið upp það kerfi að láta menn borga. Þessi feluleikur með skattheimtu, auðvitað er þetta ekki annað en skattheimta, bitnar mest á þeim sem verst eru settir. Það er út af fyrir sig gott ef hægt er að draga úr lyfjanotkuninni og hef ég ekkert um það að segja annað en lýsa stuðningi við aðgerðir sem leiða til þess en það má ekki gerast á þann hátt sem hér var eingöngu lagt upp með að láta fólkið borga fyrir lyfjanotkunina. Reyndar var og er lyfjaneysla ekki mjög mikil hér á landi, samanborið við nágrannalöndin hefur það komið í ljós og kom einmitt mjög skýrt fram í áliti þeirrar nefndar, sem starfaði frá 1987 til 1989. Lyfjaverðlagningin og lyfjadreifingin var hins vegar hér með þeim hætti að kostnaður við lyfjaneysluna var mikill og það var sú skipulagsbreyting sem ég vildi knýja á um og lagði fyrir fyrrv. ríkisstjórn, en því miður náðist ekki samkomulag við Alþfl. um aðgerðir.

Nú er það svo að þó að takist að draga úr lyfjakostnaði, sem er út af fyrir sig gott mál, má það ekki leiða til þess að það komi fram í auknum kostnaði við rekstur sjúkrahúsanna með aukinni sjúkrahússvist einstaklinganna, hinna sjúku, og vissulega getur það leitt til þess. Við vitum að ýmis ný lyf hafa dregið úr kostnaði við aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar, hafa dregið úr nauðsyn á innlögn sjúklinga á sjúkrahúsin. Þess vegna má ekki eingöngu líta á þetta svo einhliða að segja að viðbótarkostnaður í lyfjum sé af hinu illa, það beri að draga úr honum hvað sem það kostar, það verður að gæta þess að það leiði ekki til hins að sjúklingarnir þurfi á annarri þjónustu heilbrigðiskerfisins að

halda sem getur líka verið dýrari.

Það sem er gagnrýnisvert í þessum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar er þessi stóraukni þáttur hinna sjúku og fráhvarfið frá samhjálparstefnunni sem velferðarkerfi okkar hefur byggt á. Kerfisbreyting er nauðsynleg og hana hafði ég undirbúið hvað þennan þátt mála varðaði. Má vel vera að það þurfi og sé hægt að framkvæma þetta öðruvísi heldur en þær tillögur gerðu ráð fyrir, en það verður alla vega að framkvæmast öðruvísi en núv. hæstv. heilbrrh. hefur lagt upp með. Þessi feluleikur með skattheimtuna er síðan skýrður út á þann hátt að hann eigi að auka kostnaðarvitund fólks á því hvað menntakerfið eða heilbrigðisþjónustan kostar. Það er auðvitað hægt að gera með ýmsum hætti. Við höfðum undirbúið það í heilbrrn. meðan ég sat þar að taka upp svokölluð sjúkrakort sem væru hliðstæð greiðslukortum þannig að hægt væri að sjá á hverjum tíma hvernig kostnaði við heilbrigðisþjónustuna væri varið hjá hverjum og einum sem hana þyrfti að nota. Þetta er auðvitað enn hægt að gera án þess að það kosti stóraukin útgjöld fyrir einstaklinginn.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að ræða einstaka þætti þessa frv., það hefði fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, gert hér áðan, en þó er óhjákvæmilegt að nefna nokkur atriði. Þar er t.d. gert ráð fyrir niðurskurði á nokkrum framkvæmdaliðum sem ekki eru skýrðir nánar í frv. Væntanlega mun það nú koma upp í vinnu fjárln. þegar hún fjallar um frv. og þess vegna e.t.v. ekki ástæða til þess að krefjast þess að slíkir listar séu lagðir fram í þessari umræðu, en það er t.d. gert ráð fyrir niðurskurði á framkvæmdum framhaldsskóla upp á 40 millj., sjúkrahúsa og læknisbústaða upp á 21 millj., heilsugæslustöðva upp á 30 millj. og vegagerðar upp á 350 millj. sem hæstv. ráðherra reyndar nefndi hér í sinni framsöguræðu án þess að gera nánari grein fyrir. Það er að vísu talað um það hér í greinargerð frv. að að hluta til sé það vegna þess að hægt var að draga úr kostnaði við snjómokstur og jarðgangagerð, en síðan er einnig talað um það að framkvæmdum hafi verið frestað. Auðvitað er bæði fróðlegt og nauðsynlegt að sjá í hverju það er fólgið og þetta þarf Alþingi að sjálfsögðu einnig að staðfesta þannig að þetta sé réttlætanlegt gagnvart þeim framkvæmdum sem búið er að áætla og ákveða að veita fjármunum til í núgildandi fjárlögum. Hins vegar er hér gert ráð fyrir nokkuð auknu framlagi til hafnarframkvæmda, eða upp á 130–140 millj. kr. sem er einkum vegna framkvæmda við Hornafjarðarhöfn.

Það er einnig talað um það í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að framlag til samgöngumála eða samgöngumannvirkja sé aukið. En það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og hefur reyndar einnig komið fram í fjárln. að verulegar skuldir eru vegna hafnarframkvæmda í ár, og kannski undangenginna ára líka, og í greinargerð frv. fyrir næsta ár segir að 300 millj. af fjárveitingunni sem þar er áætluð eigi að ganga til þess að greiða eldri skuldir. Þó að framlag til málaflokksins sé aukið í krónutölu er það auðvitað alls ekki aukning til framkvæmda heldur þvert á móti, það er verulegur niðurskurður og boðaður enn frekari niðurskurður. Þar sem að auki er talað um að ekki verði heimilt að taka lán til framkvæmda svo sem gert hefur verið, þá sýnist mér að fjárveitingin sem eftir stendur óráðstöfuð í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, 222 millj. kr., sé svo sem til þess að vinna framkvæmdir við eina höfn. Eina höfn, það er það sem hæstv. ríkisstjórn kallar stóraukið framlag til samgöngumála.

Hér er einnig fjallað um Skipaútgerð ríkisins og gert ráð fyrir því að hún fái viðbótarfjárveitingu upp á 100 millj. kr. í viðbót við þær 130 millj. sem fjárlög gera ráð fyrir sem mun vera í samræmi við upphaflega beiðni fyrirtækisins, svo sem fram kom á fundi í fjárln., upplýsingar frá forstjóra Skipaútgerðarinnar. Skipaútgerðin er afar mikilvægt fyrirtæki og þjónusta hennar, einkum fyrir smærri byggðarlög, en auðvitað einnig fyrir samgöngur og vörudreifingu um landið allt. Nú eru hins vegar boðaðar breytingar, sumt af því kannski þegar farið að hafa áhrif á rekstur þessa fyrirtækis, alvarlegar breytingar og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þessa fyrirtækis. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að vita hvað hér býr undir og hverjar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. samgrh., sem reyndar er nú ekki hér staddur, eru til þessa fyrirtækis og hvað hann hugsar sér. Ég tel að hér sé um svo veigamikið mál að ræða að það sé ekki vitlegt að fara fram svo sem hér er gert ráð fyrir. Reyndar sýnir sú viðbótarfjárveiting sem gert er ráð fyrir í þessu fjáraukalagafrv. það að Skipaútgerðin þarf á þessum stuðningi að halda til þess að geta veitt þessa mikilvægu þjónustu.

Eitt smámál langar mig að nefna. Hér er gert ráð fyrir, eins og ég nefndi áðan, 40 millj. kr. niðurskurði til framkvæmda við framhaldsskóla, en að auki er gert ráð fyrir viðbótarframlagi til þriggja framkvæmda. Ég vildi nefna það að fyrrv. ríkisstjórn hafði jafnframt gefið fyrirheit um smáfjárveitingu til tveggja annarra skóla sem ekki eru nefndir hér, sem hæstv. fjmrh. hefur ekki treyst sér til að taka inn í þetta frv. eða treyst sér til að standa við þau fyrirheit sem forveri hans í fjmrn. og fyrrv. hæstv. menntmrh. höfðu þó gefið.

Ég nefni þetta hér og vonast til þess að hv. fjárln. sjái sér fært að skoða þetta og standa við þessi gefnu fyrirheit, þó svo að fyrrv. ríkisstjórn hafi átt í hlut enda hér ekki um stórar upphæðir að ræða.

Virðulegi forseti. Ég á sæti í fjárln. og kem þess vegna til með að skoða þetta frv. nánar þegar það kemur þar til meðhöndlunar og sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð hér eða nú. Ég vil þó að lokum segja það að Framsfl. getur að sjálfsögðu stutt ýmsar hugmyndir sem draga úr halla ríkissjóðs eða stuðla að sparnaði í þjóðarbúinu en við leggjum áherslu á að slíkur sparnaður má ekki ganga gegn því velferðarþjóðfélagi og því velferðarkerfi sem okkur hefur tekist að byggja upp með jöfnuði milli þjóðfélagsþegnanna með mikilli baráttu á undanförnum áratugum. Aðgerðir hæstv. núv. ríkisstjórnar virðast hins vegar því miður allar stefna að því að rífa niður þetta mikilvæga velferðarkerfi. Gegn slíkum vinnubrögðum munu framsóknarmenn berjast.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í frv. því til fjáraukalaga, sem hér hefur verið lagt fram, virðast heildartekjur ríkissjóðs ætla að standast svona nokkurn veginn, frávikin aðeins 0,2% hækkun eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan. Það verða þó lítils háttar breytingar á milli liða, t.d. verða tekjur af staðgreiðsluskatti lægri heldur en áætlun gerði ráð fyrir og er það fyrst og fremst vegna skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa einstaklinga sem nær því fimmfölduðust á milli ára. Þessi skattafsláttur orkar reyndar mjög tvímælis. Menn sáu þarna tækifæri til þess hinn 31. des. sl. að fjárfesta í hlutabréfum, jafnvel með lántöku, til þess að ná sér í endurgreiðslu á tekjuskatti. Síðan gátu menn selt hlutabréfin strax í byrjun janúar á næsta ári. Þessu hefur nú verið breytt, var breytt sl. vor til þess að koma í veg fyrir slíkt, en þetta var stór galli á tekjuskattslögunum sem rýrir tekjuskattinn á þessu ári. Hins vegar voru helmingi fleiri bílar fluttir inn en í fyrra og kemur það e.t.v. á móti lækkun tekjuskattsins að tekjur af innflutningsgjöldum hækka. Þetta varðar tekjuhliðina. Aftur á móti er dæmið ekki alveg eins gott ef skoðuð er gjaldahliðin því gert er ráð fyrir 4,8 milljarða meiri halla en á fjárlögum og þar er um að ræða m.a., eins og reyndar hefur komið fram í máli nokkurra hér á undan mér, útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, framlög til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna tapaðra krafna og greiðslu vegna ríkisábyrgðar á laun til komin vegna gjaldþrota, en gjaldþrotahrina dynur nú yfir þjóðfélagið svo sem kunnugt er, m.a. vegna þess að atvinnustefna er ekki til hjá ríkisstjórninni. Í þessu fjáraukalagafrv. verður því hallinn tæpir 9 milljarðar kr. Heildarlánsfjárþörf verður þá 19,8 milljarðar og taka þarf erlend lán upp á 13,6 milljarða ef endar eiga að ná saman.

Enn einu sinni er ríkissjóður rekinn með stórkostlegum halla. Það virðist óbreytanlegt, þó að stefnt hafi verið að því í fjárlögum yfirstandandi árs að hallinn yrði 4 milljarðar verður hann helmingi hærri þegar upp er staðið.

Fyrir Alþingi liggur nú fjárlagafrv. þar sem stefnt er að 4 milljarða halla. Skyldi hann líka verða helmingi hærri í október á næsta ári? Það liggur við að þetta sé orðið eins og náttúrulögmál.

Ég er samt ekki í vafa um að það er hægt að spara og það sé hægt að ná endum saman. Bruðl í rekstri ráðuneyta er yfirþyrmandi. Nýlega birtust tölur um risnukostnað upp á 1 milljarð kr. Þá er kostnaður við ýmis nefndastörf, sérfræðiþjónustu og skýrslugerðir langt yfir skynsamlegum mörkum. Kostnaður vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði hefur farið tugi milljóna fram úr áætlun. Fjárvöntun slysatrygginga er áætluð 120 millj. kr. og er það talið vera aðallega vegna aukinna bóta vegna umferðarslysa. Spyrja má hve miklum fjármunum er varið til fyrirbyggjandi aðgerða sem óneitanlega væri nú æskilegra. Hér hefur verið minnst á bifreiðakaup ráðuneyta þannig að ég ætla ekki að fara nánar út í það. En kostnaður vegna endurbóta á Þjóðleikhúsi var 250 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárlögum. Þá eru fasteignakaup 105 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir. Þannig væri hægt að halda áfram að telja upp, þó ég ætli ekki að gera það frekar nú. Fjáraukalögin eru leiðrétting á fjárlögum yfirstandandi árs og verður trúlega ekki mjög miklu breytt úr því sem komið er, þó finnst mér alltaf rétt að vekja athygli á ýmsum þeim atriðum sem orkað getur tvímælis um hversu nauðsynleg eru.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að fjárlögin fyrir 1991 hefðu verið óraunhæf áætlun og þess vegna þyrfti nú svo viðamikil fjáraukalög. Ég vil leyfa mér að halda því fram að fjárlagafrumvarpið fyrir 1992 sé óraunhæf áætlun og ekki síður þess vegna mun þurfa á næsta ári fjáraukalög sem taka á þeim vanda ef frumvarp til fjárlaga 1992 verður samþykkt óbreytt. Til marks um það ætla ég að nefna að sú hagstjórn sem hæstv. ríkisstjórn virðist fara eftir er sú að markaðurinn skuli ráða. Vextir eiga að fara eftir framboði og eftirspurn. Það er sú hagstjórn sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að hafa næstu fjögur árin. Við getum skoðað eitt dæmi um slíka hagstjórn, það eru húsbréfin. Útgáfa húsbréfa átti að fara eftir framboði og eftirspurn og menn héldu að hún mundi ekki þurfa að verða svo mikil vegna þess að vextirnir á þeim mundu ráða því hversu mikið yrði gefið út. Þetta hefur alveg gjörsamlega farið úr böndunum. Útgáfa húsbréfanna hefur farið langt fram úr þeirri áætlun sem gert var ráð fyrir þegar þau voru tekin upp.

Ef fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar verður með svipuðum hætti þá gef ég ekki mikið fyrir hana.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í fjárln. og mun að sjálfsögðu fjalla um þetta frv. þar og ræða það frekar þegar það kemur aftur til umræðu. Því ákvað ég að taka hér til máls að fyrrv. hæstv. fjmrh. gerði að umræðuefni fordæmi Alþingis um að halda sín eigin fjárlög og ég vil taka undir það með hv. 8. þm. Reykn. og fyrrv. hæstv. fjmrh. Ég vil þess vegna upplýsa að það hefur verið reynt að gera það á undanförnum árum. Þegar fyrrv. forsetar tóku við stjórn þingsins haustið 1988 var keyrsla hins háa Alþingis fram úr fjárlögum 92 millj. 476 þús. kr., þannig að nauðsynlegt var að biðja um þessa upphæð á fjáraukalögum þá. Árið 1989 var þessi upphæð þó komin niður í 69 millj., en það átti sér þær skýringar að gamlir ógreiddir reikningar, ekki síst frá embætti húsameistara ríkisins, komu fram sem enginn hafði hugmynd um, svo og var Austurstræti 14 tekið á leigu og það urðu að sjálfsögðu veruleg fjárútlát. Síðan voru samþykkt aftur fjáraukalög í apríl 1990 og þá fór Alþingi ekki fram á neitt. Árið 1990 var aukafjárveiting Alþingis komin niður í 4.871 þús., það var beiðni sem þingið lagði fram og getur nú varla talist mikil upphæð og nú er þó ekki farið fram á nema 16 millj. og 600 þús.

Ég vil benda hv. þm. á að í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1989 kemur fram á bls. 25 og 26, eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Heildargjöld Alþingis lækkuðu að raunvirði á

milli áranna 1989 og 1988 um 2,6%. Lækkunin skýrist einkum af minni kostnaði við kaup á þjónustu, aðallega sérfræðiþjónustu, og lækkun kostnaðar vegna eignakaupa."

Síðan er talað hér um að launagjöld hafi hækkað að raungildi og síðan gerð sú athugasemd að Ríkisendurskoðun veki athygli á fjölgun fastra stöðugilda við skrifstofu Alþingis þrátt fyrir þær skipulagsbreytingar á rekstri þingsins sem gerðar voru á árinu 1989 og áttu m.a. að stuðla að fækkun starfsfólks. Þetta er einfaldlega rangt hjá Ríkisendurskoðun, ég harma að þurfa að segja það hér. Ég mun fá það staðfest skriflega hjá fjármálastjóra innan tíðar. Skýringin á þessu er sú að á árinu 1989 hættu hér 11 starfsmenn, langflestir þingverðir. Það tók að sjálfsögðu sinn tíma og það var auðvitað gert með eðlilegum uppsagnarfresti. Á meðan var ráðið í stöður sem þóttu henta þinginu betur á þeim tíma og þess vegna sköruðust mannaráðningar allnokkuð, en því fer fjarri að stöðugildum hafi fjölgað. Og ég vil biðja Ríkisendurskoðun að vanda betur verk sitt í framtíðinni heldur en bera svona lagað á borð fyrir hið háa Alþingi, enda mun verða krafist leiðréttingar á því. En hér segir sem sagt og það þykir mér rétt að hv. þm. geri sér grein fyrir: „Raunlækkun gjalda Alþingis að frátöldum kostnaði vegna embættis umboðsmanns nam 3,1% á milli áranna 1988 og 1989", raunlækkun gjalda Alþingis. Það eru ekki margar stofnanir í landinu sem geta státað af þessu. Þetta þótti mér sjálfsagt að allir hv. þm. gerðu sér ljóst. Og til gamans má geta þess að fyrir nokkrum dögum var hringt í fjármálastjóra Alþingis, Karl M. Kristjánsson frá forsrn. og spurt hvort tekinn hefði verið upp nýr háttur á að færa risnu í Alþingi. Kvað fjármálastjóri það alls ekki vera og hún væri færð nákvæmlega eins og verið hefði. Skýringin kom þá á spurningu aðstoðarmanns forsrh. að ráðuneytið hefði ekki trúað því hversu lág hún væri, þannig að ég vil taka það fram hér að mér finnst Alþingi hafa reynt að feta sína slóð með góðu fordæmi á síðustu árum. Þetta vildi ég að kæmi hérna fram.

Það er annað sem mig langar aðeins að minnast á hér. Vegna þessara 16 millj. og 600 þús. sem nú er farið fram á vil ég taka það fram að það á sér vissulega skýringar sem menn verða að virða. Með breytingu frá tveim málstofum í eina var auðvitað óhjákvæmilegt að gera hér allnokkrar breytingar sem hlutu að kosta einhverja peninga þannig að ég held að það sé nú tæplega hægt að lasta það. Það er einnig skýring að við höfum kannski ekki séð fyrir hversu margir nýir hv. þm. kæmu út úr nýafstöðnum kosningum. 25 nýir þingmenn voru fleiri en svo að við hefðum gert ráð fyrir því þannig að hluti af þessari beiðni er vegna viðbótarbiðlauna. Þetta er nú svona það sem ég ber einhverja ábyrgð á. Síðan skal ég ekkert um það segja hve nauðsynlegt var að kaupa húsgögn og setja upp tölvuatkvæðagreiðslukerfi. Við höfðum gert um það fundarsamþykkt í apríl sl., fyrri forsetar, að gera það ekki. Menn kusu að breyta þeirri ákvörðun og ég skal ekkert vera að skipta mér af því. Ég vil hins vegar benda á svona til gamans að til eru enn á Alþingi mjög svo fallegir stólar sem voru í þessum sal þegar ég kom hér til þings fyrst og ég hefði gjarnan viljað sjá þá í setustofu þingmanna, en það er eins og annað smekksatriði og ég skal heldur ekki vera að gera það að miklu umræðuefni.

En það er annað sem mig langar að minnast hér á sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og ég vona að sé réttara en athugasemdir um fjölda starfsmanna á Alþingi, en það eru töflur í fskj. 1.1, og reyndar fskj. 1.2 og þau eru fleiri, en það er hvernig tekist hefur til um innheimtu þinggjalda fyrirtækja og félaga. Og það er satt að segja skelfileg lesning og ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. og jafnvel fyrrv. hæstv. fjmrh. hvernig á því standi að menn hafi komist upp með að greiða 39,2% af álögðum þinggjöldum t.d. á Bolungarvík árið 1989, 36,1% í mínum góða fæðingarbæ, Hafnarfirði, 27,9% af álögðum gjöldum í Keflavík svo að dæmi séu tekin. Sama er uppi á teningnum þegar kemur að launaskatti sem er álagður fyrir 1988. Á árinu 1989 greiðir Blönduós 38,1% af sínum álagða launaskatti. Bolungarvík, það er ljóta fólkið, 17,1%, Hvolsvöllur 30,2, Höfn 30,4, Keflavík 30, Selfoss 34,7, Vestmannaeyjar 34,5 og Akranes 37,9%. Ég hlýt að spyrja: Hvað er hér á ferðinni? Hvers vegna er ekki harðar gengið að því að þessir skattar séu greiddir? Það skal þá engan undra þó að stjórnvöld verði að biðja um aukafjárveitingu ef menn greiða ekki álögð gjöld nema að svo litlu leyti að það er allt niður í einn fjórða af álagningu. Þetta hlýt ég að minnast á hér og óska eftir skýringum. Ég hef gert það í fjárln., við embættismenn hæstv. fjmrn. og svör urðu nú dálítið einkennilegt, allt niður í það að þetta færi eftir skapgerðareinkennum innheimtumanna þannig að þau eru greinilega mjög svo misjöfn. Eins og frægur prófessor sagði: „Konur hafa alltaf verið með ýmsu móti." En það er vart á það að treysta þegar kemur að fjárhag hins íslenska ríkis. Og ég vil því biðja hæstv. fjmrh. sem ég geri ráð fyrir að hafi engin svör við þessu heldur, sem kannski ekki er von, a.m.k. að athuga hverju þetta sætir.

Hæstv. forseti. Ég hefði auðvitað ótal athugasemdir hér að gera, en ég tel enga ástæðu til þess að gera þær nú. Það er sjálfsagt að fara betur yfir þetta með hv. fjárln. og ræða það síðan þegar því verki er lokið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að leggja fram frv. til fjáraukalaga. Ég tel að það staðfesti að sú valdabarátta, sem hófst milli þings og framkvæmdarvalds á seinasta kjörtímabili, hafi þó skilið það eftir að ráðherrum landsins er ljóst að án fjáraukalaga hafa þeir ekki greiðsluheimildir fram yfir það sem fjárlög ákveða.

Á bls. 2 í þessu frv. kemur fram að þrjú ráðuneyti leita ekki eftir auknum greiðslum og það verður að segjast eins og er að það er þeim ráðherrum sem þeim málum stýra til verulegs sóma að þannig skuli á málum haldið. Það má segja að miðað við að það eru tveir ráðherrar sem hafa haldið um fjármálin hjá hverju

ráðuneyti á þessu tímabili beri að þakka þeim sem var og þeim sem er það aðhald sem þeir sýna í þessum efnum. Þetta er sjútvrn., þetta er viðskrn. og þetta er Hagstofan.

Eftir fréttaflutningi að dæma hafa menn nú varla átt von á því að sjá hér beiðni um fjárgreiðslur úr ríkissjóði upp á þær upphæðir sem hér liggja fyrir og það þarf enginn að halda að nauðir hafi rekið menn til að biðja um slíka hluti. Það eru engar nauðir sem hafa rekið menn til þess. Og það er eitt sem ég get aldrei komið inn í minn haus í sambandi við þetta og það er viðleitni ráðherra til að refsa þeim forstjórum ríkisstofnana sem standa sig vel og fara að lögum en verðlauna hina sem eru ákveðnir í að eyða meira en þeir hafa heimildir til. Ég ætla að nefna eitt dæmi úr þessu frv. í þessu sambandi. Ein af þeim stofnunum sem hefur virt fjárlög og segir það hreint út t.d. við fjárveitinganefnd: Við höfum farið að fjárlögum er Fiskifélag Íslands. Þar láta menn sér ekki detta það hug að heimilt sé að eyða meira en fjárlögin gera ráð fyrir. Þess vegna þykir mér það leiðinlegt að hér er gerð tillaga um það að lækka heimildir til þeirra. Er það rökrétt? Er það rökrétt að taka þær stofnanir fyrir þar sem forstöðumennirnir vinna eftir fjárlögunum, ákveðnir í því að láta enda ná saman? Eru það skynsamleg vinnubrögð að skera niður hjá slíkum aðilum þó ekki sé nema 500 þús.? Væri nokkuð hættulegt við það þó það kæmi nú í ljós þegar ríkisreikningur yrði gerður upp að það hefði verið 500 þús. sem þeir hefðu eytt minna heldur en heimildirnar hljóðuðu upp á? Ég segi nei. Ég tel að þetta sé mjög hættuleg stefna. Þessu er ekki beint gegn núv. fjmrh. sem aðkasti í hans garð og ég vona að hann taki það ekki þannig. Þetta eru bara vinnubrögð sem hafa svo lengi verið tíðkuð.

Dæmi um aðra stofnun sem hefur nánast haft fjmrn. og fjárveitinganefnd að fíflum þann tíma sem ég hef setið á þingi er Þjóðleikhúsið. Það er margverðlaunað fyrir óstjórnina. Það eru ekki verðlaun upp á eina eða tvær millj. Nei, það eru verðlaun upp á hundruð milljóna. Það væri fróðlegt að láta reikna það út hvað niðurgreiðslurnar á aðgöngumiðana eru komnar í. Hvað borga menn mikið af aðgöngumiðunum og hve mikið borgar ríkið? Að reka Þjóðleikhúsið með þeim hætti sem verið hefur, hafa þar fastráðna leikara sem e.t.v. fá eitt hlutverk eða ekkert á ári, er náttúrlega stefna sem ekki gengur upp. Í það minnsta hlýtur einhver vitræn niðurstaða að verða í þeim efnum hvaða kröfur menn ætla að gera.

Það er líka með byggingaráform. Er það rökrétt að fréttir berist í gegnum fjölmiðla þessa lands að það sé búið að ákveða að eyða meira en heimildir eru til í byggingarframkvæmdir? Í trausti þess tekið lán hjá verktakanum eins og það er orðað á fínu máli, í trausti þess að þetta verði heimilað í fjárlögum. Ég segi nei.

En ég ætla að fara dálítið víðar yfir sviðið. Eitt þjóðþing í heimi, bandaríska þingið, er svo hart á þeirri reglu að þingsins sé fjárveitingavaldið, að heimildir fjmrn. til yfirdráttar eru bundnar í lögum og stuðningsmenn fyrrv. forseta Bandaríkjanna gengu svo langt að þeir gerðust þjófar til þess að tryggja honum fé, að vísu eftir því sem forsetinn segir án hans heimildar. Ég ætla ekki að rengja það.

Ég sá fréttir í blöðum í sumar að hjá einu fylkinu í Bandaríkjunum voru greiðsluheimildirnar þrotnar og ekkert var borgað út og þeir tilkynntu einfaldlega að skrifstofunni væri lokað. Hér á landi tíðkast það vissulega að þingmenn vinna eið að því að halda stjórnarskrána. Hér hafa margir verið að skrifa undir það á þessu ári, unnið drengskaparheit að því að virða stjórnarskrána. Spurningin er: Hafa þeir lesið hana? Hafa þeir lesið stjórnarskrána? Geta þeir unnið eið að því að virða hana án þess að vita hvað í henni stendur? Ég játa það að mér varð það á að trúa því að þannig væri staðið að málum á Alþingi að ég ætti ekki von á því frá framkvæmdarvaldinu að það kæmi með tillögur sem brytu þvert á stjórnarskrána og minn lestur á stjórnarskránni var heldur fljótfærnislegur. Hann var ekki nákvæmur þegar ég hafði unnið mitt drengskaparheit á sínu tíma. Og ég var búinn að sitja hér þó nokkurn tíma þegar ég áttaði mig á því að ein aðalgreinin, ákvörðunin um það hvar væru réttarskilin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds varðandi meðferð fjármuna, var þverbrotin af framkvæmdarvaldinu á Íslandi og hafði verið þverbrotin í marga, marga áratugi. Hér tíðkaðist það að ráðherrar tóku að sér fjárveitingavaldið, oftast nær tveir, þ.e. viðkomandi fagráðherra og fjmrh., stundum þó ríkisstjórnin sem heild sem samþykkti það.

En þetta er nú einu sinni það atriði sem er elsta deilan á milli framkvæmdarvalds og þinga um allan heim. Konungar gátu ekki farið í stríð hér áður nema þingið samþykkti að hækka skatta og samþykkti greiðslur. Hér á Íslandi var hins vegar ákaflega einföld aðferð til að losna við þær skammir sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur mátt þola í dag. Aðferðin var sú að leggja ekki fram neitt frv. til fjáraukalaga, koma bara með ríkisreikning, upp í 8 eða 10 ára gamlan. Þeir sögðu reyndar í fjmrn. að þeir væru ekki hreyknir þegar þeir komu með þann elsta í tíð hæstv. fyrrv. fjmrh., það skal viðurkennt. Þeir játuðu það. Í þessum ríkisreikningum kom fram að það er eytt í þetta og hitt og mér varð hugsað til þess hvílíkir vitleysingar það væru sem sætu úti í fjvn. dag eftir dag, mættu þar á morgnana, sætu fram á kvöld og væru að prútta um það hvort færi einni milljón meira í þetta eða hitt vitandi það að ráðherrarnir ætluðu ekki að hafa þetta að neinu. Þeir vildu bara hafa þá í vinnu þarna fram að jólum svo að þeir gerðu ekkert annað af sér því að raunverulega þurfti ekkert nema eina greiðsluheimild í janúar, tilkynningu um það að hæstv. fjmrh. hefði heimild til að eyða því sem hann vildi á næsta ári. Það þurfti ekki meira. Þetta gat verið í 6. gr. og mátti sleppa hinum.

Nei, samviskusömustu þingmenn, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. sem hafði ár eftir ár setið þarna með sinni vinnusemi, sem hann hafði tamið sér fyrir norðan, yfir þessum plöggum, alveg sveittur stundum, voru meira að segja með áhyggjur af afkomu þjóðarbúsins. En að þeir færu eftir því, biðjið guð að hjálpa ykkur. Nei, það gerðu þeir ekki.

Og núna er komið virðulegt lið. Þið sjáið hvernig komið er fyrir ágætum dreng, hv. 6. þm. Reykn. Það er eins og hann sé með allar byrðar heimsins á herðunum þegar við mætum honum hérna á göngunum. Hann er kominn í þá ábyrgðarstöðu að stýra vinnu fjvn. í vetur og tekur hlutverkið alvarlega. Það var dálítið þung brúnin á flokksbróður hans einu sinni úti í Þórshamri þegar fréttir bárust um það úr dagblaði norður í landi að þeir Norðlendingar ættu það ekki undir slæmri fjvn. hvaða peninga þeir fengju í skólann því að hæstv. fjmrh. væri búinn að lofa þeim aukafjárveitingu eftir áramót. Og auðvitað var ráðherrann látinn vitna að þetta væri lygi, enda framsóknarblað sem birti fréttina þó að viðtalið væri við alþýðuflokksmann. (**Gripið fram í:** Hver var fjmrh.?) Og menn tóku gleði sína smástund. En viti menn. Það reyndist nú meira mark takandi á þessu blaði fyrir norðan en menn höfðu búist við og upphæðin sem nefnd var hafði hækkað verulega þegar hún birtist í ríkisreikningnum. Það vill svo til að menn færa sig á milli ráðuneyta. Þessi hækkaði í tign, hann varð utanrrh. eftir þetta.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess einfaldlega að það mun mjög reyna á þá ungu þingmenn sem hér eru komnir inn hvort þeir ætla að virða stjórnarskrána og krefjast þess að þeirra formsatriða sé gætt að ráðherrar landsins leggi fyrir þingið hvað þeir vilja gera eða hvort þeir ætla að síga niður í það far að þingið standi alltaf frammi fyrir gerðum hlut, það sé búið að eyða peningunum og þingið eigi raunverulega aðeins eitt val, annaðhvort að samþykkja eða sækja mennina fyrir landsdóm. Ekki er nema tvennt um að ræða. Og það er nú einu sinni svo að menn hafa ekki áhuga á að fara að setja ráðherra fyrir landsdóm. Ég held að það langi ekki nokkurn mann til þess, hvorki út af bílum né öðru. Mér finnst nú að ráðherrabílarnir skipti ekki öllu máli. Ég hef fyrirgefið þessum mönnum hvað þeir hafa mikla löngun til að keyra um í fallegum bílum. Glysgirni manna birtist á ýmsa vegu. Þetta er kannski þeirra veikleiki. Menn kannast við þetta. Hann birtist í ýmsum myndum. Það verður að líða þeim þetta. Eftir erilsaman dag líður þeim kannski betur ef þeir eru komnir í góða bíla.

En hvað um það. Það sem þeir ungu þingmenn sem hér eru inni þurfa að gera upp við sig er þetta: Ætla þeir að krefjast þess að ríkisreikningurinn sem lagður verður fram sé í samræmi við fjárlögin og fjáraukalögin? Það er spurningin. Ætla þeir að krefjast þess? Eða ætla þeir að sætta sig við það að fyrst komi fjárlög, svo komi fjáraukalög og svo komi ríkisreikningur þar sem búið er að bæta við því allra óþægilegasta sem ekki þótti prenthæft í fjáraukalögunum.

Ég verð að segja það að ég vonast til þess að það unga fólk sem hér er komið inn og á vafalaust margt eftir að sitja lengi á Alþingi Íslendinga og stjórna málum þjóðarinnar hafi þrek til að krefjast þess að Alþingi Íslendinga verði ekki fótum troðið í þessum efnum. Framsóknarmenn hafa ekki síður en aðrir átt menn það harða og skapmikla í ráðherrastólum að þeir hafi fótum troðið þingið hvað þetta varðar. Þetta er ekki spurning um flokka, því skulu menn gera sér grein fyrir. En spurningin er: Hafa menn þrek til að setja strik undir og segja: Þetta gengur ekki lengur? Fyrst verður að samþykkja málin hér, svo hafið þið heimildir til að gera þetta. Ef aukafjárveitingarnar hefðu ekki verið notaðar í gegnum árin væri skuldastaða íslenska ríkisins allt önnur en hún er í dag. Það er meira að segja spurning hvort við skulduðum krónu. Það geta menn skoðað ef þeir sjá vaxtabyrðina af þeim skuldum sem íslenska ríkið er með. Ég er ekki að segja að allt sem hefur verið sett fram á þennan hátt hafi verið óþarfi, ég er ekki að halda því fram, en þá hefðu ráðherrarnir líka orðið að standa frammi fyrir þinginu og segja: Við ætlum ekki lengur að halda því jafnvægi milli tekna og gjalda sem við töluðum um fyrir jól. Við ætlum ekki að halda því lengur.

Ég man eftir umræðu hér í þinginu þegar ágætur maður sagði að þetta væru best unnu fjárlög sem nokkurn tíma hefðu verið lögð fram og ég trúði því. Ég trúði því að hann væri að segja satt. Svo fór fjmrh., sem var nú nokkuð umdeildur stjórnmálamaður, að tala um það í febrúar að það væri gat í fjárlögunum og hann hélt áfram að djöflast á þessu gati sem var í fjárlögunum þangað til menn fóru allir í kuðung og heimtuðu að reynt yrði að fylla upp í gatið. Og tilfellið var: Hann, eini fjmrh. á þessu tímabili, á þessum áratug, fór nálægt því að vera með jöfn útgjöld og gjöld. Hann var líka talinn algjörlega óhæfur.

Ég ætla ekki að fara yfir einstaka liði þessa frv. til fjáraukalaga. Það verður vafalaust gert í fjárln. og fulltrúar flokkanna sem þar eru munu gera grein fyrir því við 2. umr. málsins. Ég ætla að minna hæstv. fjmrh. á það að samkvæmt þeim fjárlögum sem eru í gildi var veitt fjármagn til að halda uppi skólastarfi í Reykjanesi við Djúp. Og ég ætla að minna hæstv. fjmrh. á það að á seinasta þingi komu fram mjög athyglisverðar en ekki skemmtilegar upplýsingar um það hve stór hópur ungmenna yfirgefur íslenska grunnskólann og er í hálfgerðu reiðileysi, mest hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru e.t.v. yfir 200 nemendur. Það var látið hlaupa á tölu niður fyrir 200 og upp fyrir 200 í þeim upplýsingum sem fram komu.

Alþingi Íslendinga samþykkti þáltill. á seinasta þingi þar sem farið var fram á mikið samráð á milli ráðuneyta og annarra aðila til þess að leita lausna á þessum mikla vanda. Sé hann ekki tekinn föstum tökum og með eðlilegum hætti og andi grunnskólalaganna virtur, að þar eigi nemendur rétt á námi við þeirra hæfi, eru menn að flytja vandann yfir á svið dómsmála í landinu. Og þar má nefna tvær stofnanir sem eru þær fyrstu. Það er annars vegar sú aðstaða sem komið hefur verið fyrir á Tindum og hins vegar Unglingaheimili ríkisins. Þess vegna er forvarnarstarfið gagnvart þessum unglingum ódýr lausn fyrir íslenska þjóð. Það er svo ódýr lausn að við höfum ekki efni á að láta það ógert að vinna að því. Hinn hluturinn er dýr. Þá hleypur kostnaðurinn á milljónum á hvern einstakan einstakling og e.t.v. milljónatugum haldi það áfram. Þess vegna verð ég að segja það eins og er að með fullri virðingu fyrir hæstv. fjmrh., því að það er

ekki við hann að sakast í þessu máli, hef ég ekki sagt mitt síðasta orð um þá ráðstöfun að gera aðför þeim skóla sem tekið hefur á móti mörgum nemendum úr þéttbýli sem af ýmsum ástæðum áttu ekki margra kosta völ og gefið þeim kost á skólavist þar sem þeir voru ekki brennimerktir, á þann hátt að þeir hefðu verið settir á Unglingaheimili ríkisins eða á einhvern annan stað, og margir þeirra urðu meiri gæfumenn eftir dvölina þar en áður þó að það hafi ekki átt við um alla.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í ljósi þeirra umræðna sem fram undan eru um fjárlög næsta árs er einkar fróðlegt að skoða frv. það til fjáraukalaga sem lagt hefur verið fram og þá hagstjórn sem þar er á ferð. Kosningavíxlar falla á þjóðina, áætlanir standast ekki, gleymst hefur að reikna með útgjöldum auk ófyrirsjáanlegra atburða sem orðið hafa í þjóðlífinu og auka útgjöld ríkisins, jafnframt því sem niðurskurðarhnífurinn er nú mundaður ákaft.

Ríkisstjórnin boðaði í upphafi ferils síns niðurskurð og síðan uppskurð á ýmsum þáttum í ríkisrekstrinum. Launafólki er tilkynnt að ekki verði um neinar launahækkanir að ræða, boðuð eru þjónustugjöld, hætta á afskiptum af atvinnulífinu í einum grænum hvelli og aukin einkavæðing, jafnt í skólastarfi sem atvinnurekstri, er fyrirhuguð. Það eru að hefjast nýir tímar niðurskurðar og samdráttar í frjálshyggjustíl.

Þau fjáraukalög sem hér eru til umræðu sýna vel hve nauðsynlegt er að skoða ríkiskerfið í samhengi og huga að því að eitt hefur áhrif á annað. Ráðstafanir og stefna ríkisstjórnarinnar, svo sem vaxtastefnan og samkeppnin um lánsfjármagn, koma niður á atvinnulífinu. Fyrirtæki verða gjaldþrota eða draga saman seglin. Þau neyðast til að segja upp fólki, en það þýðir aftur aukin útgjöld ríkisins í atvinnuleysisbótum og ríkisábyrgð á launum. Samdráttur á vinnumarkaði ýtir undir að ungt fólk fari fremur í nám en stundi vinnu sem aftur kallar á aukin útgjöld í skólakerfinu og námslánakerfinu. Væntingar um bætt kjör sem greinilega voru á kreiki á fyrri hluta ársins hafa ýtt undir eyðslu sem dregur úr sparnaði. Það eykur spennuna á lánamarkaði og þannig bítur hvað í skottið á öðru.

Það er t.d. mjög athyglisvert hve bílainnflutningur hefur aukist á þessu ári en óhjákvæmilegur fylgifiskur hans, eins og málum er nú háttað, er fjölgun umferðarslysa sem auka kostnað heilbrigðiskerfisins og kalla á meiri tryggingabætur. Slíkar hringrásir þarf að rjúfa með viðeigandi aðgerðum, svo sem fyrirbyggjandi heilsuvernd sem ég tel mun betri kost til að ná niður útgjöldum en þjónustugjöldin sem ríkisstjórnin hyggst koma á.

Það er góð regla þegar skera þarf niður að byrja á sjálfum sér, sýna gott fordæmi og láta mótlætið bitna meira á háum en lágum. En ráðherrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru ekki allir á þeim buxunum. Þrátt fyrir skamma setu á ráðherrastólum geta þrír ráðherranna ekki sætt sig við að aka um á öðru en glænýjum bílum og hafa endurnýjað bílakostinn. Hefði það ekki mátt bíða í svo sem eitt ár eða tvö meðan svo illa stendur á sem raun ber vitni? Hæstv. utanrrh. sýnir þó fórnarlund og lækkar ráðstöfunarfé sitt um 2 millj. kr. og hefur líklega ærna ástæðu til.

Virðulegi forseti. Það sem vakti hvað mesta athygli mína við lestur frv. til fjáraukalaga var sú gífurlega upphæð sem bæta þarf við útflutningsbætur landbúnaðarvara, heilar 890 millj. kr. sem þýðir að alls verða greiddar útflutningsbætur sem nema 2 milljörðum 327 millj. kr. á þessu ári. Þessi tala undirstrikar enn og aftur hve nauðsynlegt er að endurskoða uppbyggingu landbúnaðarins en það verður reyndar að taka fram að gert er ráð fyrir verulega lægri upphæð á næsta ári og koma þar til áhrif búvörusamningsins nýja og reyndar að verið er að færa upphæðir á milli ára.

Á næstu vikum verða eflaust miklar umræður um svokallaðar sértekjur ríkisstofnana, en í þeim felast greiðslur fyrir veitta þjónustu. Í frv. til fjáraukalaga stinga upp kolli nokkur dæmi um sértekjur sem ýmist hafa brugðist eða fyrirhugað er að koma á. Þannig hefur tilraunastöð Háskólans að Keldum orðið af tekjum og nefnt er að Þjóðskjalasafn Íslands eigi að afla sér sértekna. Í ljósi þeirra umræðna sem fram undan eru um fjárlögin þætti mér afar fróðlegt að vita hvernig stofnun eins og Þjóðskjalasafnið á að afla sér tekna. Er meiningin að taka gjald af því gamla fólki sem þar situr og gluggar í kirkjubækur, af sagnfræðingum í heimildaleit eða Vestur-Íslendingum í leit að uppruna sínum? Eða er e.t.v. verið að tala um einhvers konar geymslugjald fyrir allar þær stofnanir sem skylt er að skila skjölum sínum til varðveislu? Mér er það einfaldlega hulin ráðgáta fyrir hvað á að taka greiðslu. Ef aðrar hugmyndir um sértekjur eru eitthvað álíka má vænta þess að þær verði stórlega ofmetnar í fjárlögum næsta árs.

Virðulegi forseti. Það er margt sem vekur spurningar í þessu frv. Ég vil að lokum víkja nokkrum orðum að þeim niðurskurði sem sjútvrh. boðar í þessu frv. og verið var að hrósa hér áðan. Að mínum dómi sýnir hann einna best rangar áherslur í stjórnarháttum þessarar ríkisstjórnar. Fram undan er aflaskerðing sem leiða mun til almenns samdráttar í þjóðfélaginu komi ekki eitthvað nýtt til. Á slíkum tímum er mikil þörf á rannsóknum og tilraunum sem verða mega til að bæta gæði framleiðslunnar, auka nýtni og leita nýjunga. Sjútvrn. biður hið háa Alþingi að samþykkja niðurskurð til Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og lækkun á framlagi til viðfangsefnisins Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi. Við kvennalistakonur munum ekki samþykkja tillögur sem grafa undan framtíð þessarar þjóðar. Meðan ekki er gerð tilraun til að afla ríkinu aukinna tekna hjá þeim sem betur mega sín með sköttum á fjármagnstekjur, með hátekjuskattþrepi og lúxussköttum er engin ástæða til að fallast á niðurskurð af þessu tagi.

Margt af því sem kallar á aukin útgjöld ríkisins er óhjákvæmilegt vegna gildandi laga og vegna þess að eitt og annað ófyrirsjáanlegt kemur upp. Það hlýtur þó

að vera krafa Alþingis að fjárlögin séu virt og framkvæmdarvaldið haldi sig innan þess ramma sem því er settur. Innan rammans þarf aftur meiri sveigjanleika þannig að hægt sé að bregðast við óvæntum atburðum. Við hljótum að gera kröfur um raunhæfari áætlanir og aukið aðhald að framkvæmdarvaldinu. Það er hlutverk okkar sem hér sitjum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bæta örfáum orðum inn í þá umræðu sem hér fer fram um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991. Ég á sæti í fjárln. sem mun fjalla um einstaka liði frv. þannig að ég mun ekki við þessa 1. umr. gera þá að umræðuefni heldur vil ég undirstrika nokkur atriði sem hafa komið fram við þessa umræðu.

Það hefur verið rætt nokkuð um gildi fjáraukalaga og þær heimildir sem ríkisstjórn þarf til fjárútláta og skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég tel að það sé nokkrum erfiðleikum bundið að gera áætlanir sem standast nákvæmlega þannig að það er ætíð þörf á því að leggja fram frv. til fjáraukalaga og ég vil þakka að það hefur verið lagt fram nú á fyrstu dögum þessa þings. Hitt er svo annað mál hver verður þörfin á slíku í framtíðinni. Hæstv. stjórnarliðar hafa talað mjög um það, einkum utan þings í alls konar yfirlýsingum, að það fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram sé raunhæfara en önnur slík hafa verið hingað til. Það er eins og maður hafi heyrt slíkar staðhæfingar einhvern tíma áður. En þó held ég að það sé allra síst nú sem hæstv. ráðherrar eða hv. þm. stjórnarliðsins geta haft slíkar staðhæfingar í frammi því að sannleikurinn er sá að fjárlagafrv. er það glæfralegasta plagg sem hefur séð dagsins ljós síðan ég kom hér inn á hv. Alþingi og það mun áreiðanlega verða þörf á ríflegum fjáraukalögum að ári ef allt gengur þar eftir. Sannleikurinn er sá að það fjárlagafrv. sem nú liggur hér fyrir byggir í mjög ríkum mæli og ríkara mæli en oftast áður á lagabreytingum sem verða að fara fram hér á hv. Alþingi og sem maður veit ekkert á þessari stundu hvort nokkurt samkomulag er um, ekki einu sinni í stjórnarliðinu. Þetta kom nú í hugann við ræðu hæstv. fjmrh. í upphafi umræðunnar, þar sem hann býsnaðist yfir því að fyrrv. ríkisstjórn hefði ekki gengið frá öllum málum fyrir kosningar og allri þeirri tekjuöflun sem fyrirhuguð væri. Maður hefði þá haldið að núv. stjórnarherrar tækju upp betri siði í þessum efnum.

Ég vil aðeins nefna örfá dæmi. Það er reiknað með því í fjárlagafrv. að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins séu seldar og hafrannsóknir fjármagnaðar með því. Það er reiknað með verulegum tekjum af niðurfellingu sjómannafrádráttar svo að eitthvað sé nefnt. Eru þetta nú þær aðgerðir sem eru heppilegastar eða nauðsynlegastar við það ástand sem ríkir í sjávarútveginum í ár en sitja með niðurskurð veiðiheimilda í höndunum frá 17 og upp í 25% eftir tegundum? Laun sjómanna munu væntanlega lækka sem þessu nemur. Er þá rétti tíminn til þess að reikna með slíkri tekjuöflun? Er það rétti tíminn þegar aldrei hefur verið eins mikil þörf fyrir hagræðingu í sjávarútvegi og ætla þeim byggðum sem byggja á sjávarútvegi umfram allt að selja heimildir Hagræðingarsjóðs til þess að standa undir hafrannsóknum þó að þær séu vissulega bráðnauðsynlegar, ekki síst við þessar aðstæður, og ekki ætla ég að draga úr því að efla þær. Þá er aðferðin alveg galin við þessar aðstæður og mig undrar þá bjartsýni að ætla að þessar lagabreytingar renni hér í gegnum þingið.

Það er m.a. reiknað með sölu ríkiseigna upp á 1 milljarð kr. Við vitum ekkert hvaða eignir það eru enn nema við vitum það að Skipaútgerð ríkisins, sem reiknað er með að fái 100 millj. kr. framlag í þeim fjáraukalögum sem hér eru til umræðu, er þar á meðal. Það er ekki reiknað með neinu framlagi til hennar á næsta ári sem þýðir annaðhvort að leggja hana niður eða selja hana og allar óarðbærar hafnir verði lagðar af. Það getur ekki þýtt neitt annað. Þetta nefni ég til þess að sýna að það verður þörf á umræðu hér um fjáraukalög á næsta ári. Það er víst áreiðanlegt að sú ríkisstjórn sem nú situr gengur ekki frá öllum málum fyrir áramót þannig að þetta séu þau síðustu fjáraukalög sem við ræðum um sem eru með einhverjum upphæðum sem máli skipta.

Það er ekki þörf á því að hafa þessi orð öllu lengri við 1. umr. Það mun verða farið í gegnum þetta frv. lið fyrir lið og einstakir liðir þess ræddir og það gefst tækifæri til þess við 2. umr. málsins að fara betur í þá og það sem liggur þeim að baki.

Hæstv. ráðherrar hafa gert mikið úr þeim fortíðarvanda sem þeir telja sig hafa tekið í arf frá fyrri ríkisstjórn. Það er nú einu sinni svo að hver ríkisstjórn sem situr leysir ekki öll vandamál og mér dettur ekki í hug að halda því fram að fyrrv. ríkisstjórn hafi leyst öll vandamál í þjóðfélaginu. Það var engu líkara en að núv. ráðherrar hrykkju upp við það að það væri við einhver vandamál að etja í þjóðfélaginu þegar þeir tóku við og þeim kæmi það á óvart. Ég óska þeim til hamingju þegar þeir rísa upp úr stólunum, sem vonandi verður sem allra fyrst, þegar þeir verða búnir að leysa öll vandamál í þjóðfélaginu. Mér finnst þessi umræða um þennan fortíðarvanda vera dálítið spaugileg svo að ekki sé meira sagt. Ég held að það sé sæmra fyrir hverja ríkisstjórn sem situr að líta til næstu framtíðar og lengri framtíðar og þeir reyni að leysa þau vandamál sem fyrirsjáanleg eru, t.d. í undirstöðuatvinnugreinum landsmanna sem núna blasa við og sem brenna á öllum. Þetta fjáraukalagafrv. og þetta fjárlagafrv., sem eru vissulega tengd þó fjárlagafrv. verði hér til umræðu síðar, taka ekki á þeim vanda. Þau þvert á móti auka við hann.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri nú en ég mun taka þátt síðar í þeirri umræðu sem hér verður um ríkisfjármálin og þau vandamál sem við er að etja á þeim vettvangi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem fram hafa farið um það frv. sem hér er til umræðu og sér í lagi þeim málefnalegu ábendingum sem komust til skila undir umræðum. Ég fagna því að sjálfsögðu að hv. þm. hafa margir hverjir sagt að

þeir telji það vera æskilegt að fjáraukalagafrv. sé lagt fram með þeim hætti sem nú hefur verið gert. Ég tel að það sé sjálfsögð skylda fjmrh. á hverjum tíma og ég held að það sé tími til kominn að efla það samstarf sem þarf að vera á milli fjmrh. annars vegar og fjárveitingavaldsins, hins háa Alþingis, hins vegar. Þessi mál hafa verið að þróast á undanförnum árum. Allt hefur það verið til bóta og ég á von á því, eins og reyndar hefur komið fram í yfirliti sem fylgdi stefnuræðu forsrh., að flutt verði í vetur stjórnarfrv. um greiðslur úr ríkissjóði en efnisatriði úr því frv. voru nokkuð til umræðu hér í þessum umræðum.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram að ekki verði lagt fram fjáraukalagafrv. á næsta ári. Ég held að öllum sé ljóst að þær áætlanir sem birtast í fjárlögum, bæði gjaldamegin og teknamegin, eru þess efnis að ekki er hægt að búast við því að þær tölur séu óskeikular.

Mig langar til þess í fáeinum orðum að víkja að nokkrum þeim atriðum sem fram komu í ræðum hv. alþm. sem tóku þátt í umræðunum og reyna að svara fyrirspurnum sem til mín var beint.

Hv. 18. þm. Reykv. spurðist fyrir um það hvernig á því gæti staðið að Þjóðskjalasafni væri ætlað að afla sértekna. Ástæðan er sú að starfsmenn Þjóðskjalasafns selja sérfræðiþjónustu sína. Að því er ég best veit er það gert með því að þeir fara til ráðuneyta og opinberra stofnana, jafnvel annarra aðila og aðstoða við skjalavistun og önnur slík atriði og taka að sjálfsögðu fyrir það gjald eins og vera ber því að hér er um að ræða þjónustu sem Þjóðskjalasafnið selur af hendi. Þetta er meginástæðan fyrir því að Þjóðskjalasafninu er ætlað að skila sértekjum.

Hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, tók hér til máls og ræddi fyrst og fremst við unga og óreynda þingmenn og gerði það að sjálfsögðu vel að vanda, enda kennaramenntaður maður sem fram kom í máli hans þegar hann vék því að Reykjanesskóla. Hann benti réttilega á að sumar stofnanir fara að fjárlögum en aðrar gera það ekki og til eru dæmi þess að þeim stofnunum sem fara að fjárlögum er refsað fyrir það, hinar verðlaunaðar. Hann minntist sérstaklega á tvær stofnanir í þessu sambandi. Önnur er Þjóðleikhúsið sem hann taldi dæmi um stofnun sem hefði verið verðlaunuð þrátt fyrir það að fara sýknt og heilagt langt fram úr fjárlögum. Ég hygg að það sé nokkuð til í því og sjálfsagt rétt sem hv. þm. sagði um Þjóðleikhúsið og það hlýtur auðvitað að verða til þess að maður veltir því fyrir sér hvort það sé eðlilegt að fjmrn. til að mynda greiði út laun til B-hluta stofnunar eins og Þjóðleikhússins löngu eftir að vitað er að Þjóðleikhúsið hefur farið langt fram úr fjárlagaheimildum. Slíkar umræður þurfa auðvitað að eiga sér stað og ég fagna því að fulltrúar þingflokkanna í fjárln. skuli velta slíku fyrir sér því að ég tel að það þurfi að taka slík mál til alvarlegrar athugunar.

Hv. þm. ræddi um siði á bandaríska þinginu. Ég get bætt því við hugleiðingar hans að þannig hagar til þar að óheimilt er að efna til skuldbindinga fram í tímann, að búa til fortíðarvanda í framtíðinni og sú aðferð sem þeir nota er að reikna út strax hve miklar skuldbindingar munu falla á ríkissjóð, gera ráð fyrir þeim fjármunum og síðan er hann geymdur í sérsjóði og ávaxtaður þar til þess að mæta þeim útgjöldum sem síðar kunna að verða vegna áforma og skuldbindinga sem teknar eru á viðkomandi fjárlagaári. Þetta er meginregla sem auðvitað var komið á til þess að hafa það aðhald sem hv. þm. vitnaði til þegar hann ræddi um að það væri sinn siður í hverju landi og kannski ósiðirnir mestir hjá okkur eins og dæmin sanna í gegnum tíðina. Er ég þá ekki að ráðast á einn eða neinn, við höfum aðra hætti en sú þjóð sem til var vitnað.

Hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, taldi það spaugilegt að ræða um fortíðarvanda. Ég er ekki á sama máli. Ég held, eins og hann sagði, að menn ættu að líta til framtíðar og ég legg áherslu á að ef menn vilja í alvöru líta til framtíðar í þessum skilningi þá verða menn að koma í veg fyrir að slíkur fortíðarvandi, sem svo er kallaður, myndist. Ég held að það sé nefnilega dálítið til í því sem háskólastrákur sagði sem hringdi til mín á Rás 2 um daginn, þegar hann sagði: Ég vil heldur greiða skólagjöld núna en skattana vegna eyðslu ykkar seinna. Með öðrum orðum vildi hann heldur að við, sem nú njótum útgjalda fjárlaganna, greiddum þau útgjöld nú, slepptum honum sem framtíðarskattborgara landsins við að greiða fyrir okkur, og hann væri þess vegna tilbúinn til að taka á sig auknar byrðar nú til að sleppa síðar. Ef þetta er ekki að hugsa til framtíðar þá veit ég ekki hvað það er því hér er komið að kjarna málsins og það er að eiga fyrir skuldbindingunum þegar þær eru ákveðnar. Um það snúast fjárlög á næsta ári kannski fyrst og fremst en ekki eingöngu það fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu þótt vissulega sé margt í því sem til er orðið útgjaldamegin vegna þess að menn gerðu ekki ráð fyrir því að þurfa að greiða skuldbindingar síðar.

Hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, ræddi um Alþingi og skal ég engar athugasemdir gera við hennar málflutning nema einn, og ég hygg að það þurfi að vera okkar athugunarefni hér og kannski fjárln., en það er að mér er sagt að risnukostnaður Alþingis sé að nokkru leyti færður á aðra liði. Ég er ekki að tala eingöngu um árið 1989, heldur hefur mér verið sagt og kann það rangt að vera, og ég hygg að það hafi verið ástæða fyrir því að leitað var upplýsinga, að risna t.d. vegna þingveislu, bæði þingmanna og starfsmanna þingsins, hafi ekki verið færð á svokallaðan risnureikning þingsins. Ég held að það hafi verið það sem vakti fyrir fyrirspyrjanda þegar hringt var í Alþingi og um þetta mál var spurt. Það kann að vera að þar sé um að ræða mistök innan ársins, en ég hygg að það hafi verið efni fyrirspurnarinnar sem hv. þm. gat um þegar hann vitnaði til ákveðins viðtals tveggja persóna um þau mál. Hér er auðvitað um bókhaldsatriði að ræða en það skiptir auðvitað máli að bókhald ríkisins í öllum stofnunum sé eins. Nú ætla ég ekki að segja að þetta sé nákvæmlega svona heldur aðeins að halda því fram að ég hygg að ástæðan fyrir fyrirspurninni hafi verið sú sem hér um getur og er þá enginn dómur lagður á það hver niðurstaðan síðan verður.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér ræðu sem hefði kannski fremur átt að flytja við 1. umr. fjárlaganna þannig að það gefst ugglaust síðar tækifæri til þess að fjalla um þau efnisatriði sem komu fram í hans máli. Að nokkru leyti var það þó fyrst og fremst vörn fyrir ráðherratíð hans sem heilbrrh. og hann sneri máli sínu fyrst og fremst til núv. hæstv. heilbrrh. sem því miður varð að hverfa á braut og getur því ekki svarað því að sinni en næg tækifæri gefast til þess síðar.

Ég er alveg sammála hv. þm. þegar hann segir að ríkið stjórni vaxtastiginu. Ég held að það sé nefnilega nákvæmlega rétt. En það er ekki rétt að segja að ríkið geri það með því að setja vaxtahlutfallið eða prósentuna á þær hugsanlegu lántökur sem ríkið ætlar að efna til. Meginástæðan er að sjálfsögðu sú að lánsfjárþörf ríkisins, það mikla fjármagn sem ríkið þarf á að halda umfram það sem tekjur ríkisins gefa tilefni til leiðir til þess að ríkið er langstærsti lántakandinn hér á landi, rífur í sig alla peningana og þetta leiðir til mikillar spennu á lánsfjármarkaðinum þannig að vextirnir þrýstast upp. Það er nefnilega þannig hvort sem okkur líkar betur eða verr að lögmál framboðs og eftirspurnar gildir á lánsfjármarkaði hér á landi eins og alls staðar annars staðar. Íslenskt efnahagslíf er ekkert öðruvísi en efnahagslífið í öðrum löndum þar sem þessi lögmál eru að sjálfsögðu í gildi. Þess vegna get ég tekið undir það þegar sagt er að ríkið stjórni vöxtunum hvað þetta snertir, en það er auðvitað út í bláinn að halda því fram að ríkið með einhverri einni ákvörðun leiði vaxtastigið í landinu því auðvitað hlýtur ríkisvaldið — alveg sama hvort fjármálaráðherrann heitir Friðrik Sophusson eða Ólafur Ragnar Grímsson — að leitast eftir því að taka þá fjármuni sem ríkið þarf á að halda á sem allra lægstu verði. Menn leika sér ekki að því að taka lán á mjög háum vöxtum. Menn neyðast til þess vegna þess að þeir þurfa á fjármagninu að halda, vextirnir hækka vegna þess að spennan vex, en einmitt sú spenna á að öllu jöfnu að leiða til meiri sparnaðar. Það er frammi fyrir þessu vandamáli sem íslenska þjóðin og þá einkum íslenska ríkið stóð frammi fyrir eftir fyrsta þriðjung þessa árs. Reyndar hafði þessi þróun hafist miklu fyrr þó hún hafi hafist fyrir alvöru fyrir síðustu áramót.

Í mikilli bjartsýni á síðasta ári um þetta leyti hafði Seðlabankinn spáð því að sparnaður í ár, nýr sparnaður, yrði 36 milljarðar. Þegar stjórnarskipti urðu kom ný spá Seðlabankans fram: 24 milljarðar. Það skakkaði 12 milljörðum, það skakkaði þriðjung. Hér er auðvitað um mjög viðkvæmar tölur að ræða sem breytast við tiltölulega lítil utanaðkomandi umhverfisafskipti, ef ég má nota svo flókið orðalag. Það er hins vegar ljóst að sparnaðurinn hvarf og hann hvarf að verulegu leyti í eyðsluna sem kemur m.a. fram í miklum bílainnflutningi landsmanna á yfirstandandi ári. Það var þess vegna fullkomlega eðlilegt, og reyndar löngu tímabært, að vextirnir breyttust því ríkið sat eftir og á fyrstu fjórum mánuðum ársins greiddi ríkið út heilmikla peninga í stað þess að taka að láni. Ríkið var fjármagnað með því að draga yfir á reikningi hjá Seðlabankanum, sem auðvitað þýðir ekkert annað en erlend lántaka, þýðir ekkert annað en það sé verið að taka inn í landið fjármuni sem engin verðmætasköpun er á bak við og það getur ekki gengið til frambúðar.

Þetta tel ég mjög mikilvægt að komi fram vegna þess að mér hefur stundum ekki sýnst nægur skilningur fyrir þessu. Menn segja: Íslenska ríkið bara leiðir vextina með því að ákveða einhverju hálfu prósenti minna eða meira. Þetta er rangt. Íslenska ríkið sem langstærsti lántökuaðilinn, með þessa gífurlegu lánsfjárþörf, sem svo er kölluð, leiðir vextina vegna hennar og ef við erum sammála um það þá eigum við öll að einbeita okkur að því að ná niður þessari lánsfjárþörf, fyrst og fremst með því að koma í veg fyrir að halli myndist á ríkissjóði.

Menn geta deilt um leiðir að þessu marki en ég held að við verðum öll að sætta okkur við það að þetta markmið er nauðsynlegt ef við viljum ná vöxtunum niður og gera efnahagsumhverfið bærilegt fyrir atvinnulífið í landinu, en það er atvinnulífið sem þarf að standa undir þeim hagvexti hér á landi sem við þurfum á að halda ef við ætlum að bæta lífskjörin. Svo einföld eru þessi sannindi. Þetta er ekki eitthvað sem núv. fjmrh. eða ríkisstjórn hefur fundið upp. Þetta eru lögmál sem allir þekkja úr hinum vestræna heimi og þetta eru lögmál sem eru svo mikilvæg og sterk að þjóðir sem héldu að hægt væri að fara gegn þeim hafa nú á undanförnum árum verið að átta sig á því að þessum lögmálum verður maður að taka mark á ef árangur á að nást við hagstjórn. Á ég þá að sjálfsögðu við þau fjölmörgu ríki sem á undanförnum missirum og árum hafa verið að snúa frá miðstýrðum búskap og til markaðsbúskaparins.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. gat þess að þótt framlög ykjust á næsta ári til nokkurra viðfangsefna þá minnkaði framkvæmdamáttur fjármagnsins samt sem áður því það færi svo mikið til greiðslu skulda. Og ef ég skildi hann rétt þá var hann að segja þetta í ávirðingarskyni við það sem kemur fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Auðvitað hef ég tækifæri til þess að ræða það síðar, en ég tel fulla ástæðu til þess að hér komi fram við þessa umræðu að ríkisstjórnin ætlar sér að leggja í mörgum tilvikum meiri framlög til viðfangsefnanna án þess að til greiðslu komi jafnmikið og gert er á yfirstandandi ári. Það á ekki einungis við í hafnarmálunum sem hann minntist á, þar sem á næsta ári verður að greiða skuldir sem fyrrv. ríkisstjórn skildi eftir, því það er afskaplega auðvelt að taka lán og framkvæma og segja svo við næstu menn þegar þeir koma að borga lánið: Heyrðu, ætlið þið ekkert að gera? Eins og það að borga lán sé einskis virði, að borga skuldir sem aðrir stofnuðu til, sem auðvitað er jafngildi framkvæmdanna. Því það væri enginn vandi að framkvæma, það vitum við öll, ef við þyrftum aldrei að borga kostnaðinn við framkvæmdirnar. Það sama gildir um Lánasjóð ísl. námsmanna, Byggingarsjóð verkamanna og fjölmörg önnur viðfangsefni, á næsta ári er gert ráð fyrir að meiri fjármunir renni til verkefnanna, það kosti ríkissjóð meira en samt fari minni peningar til viðkomandi viðfangsefna í þeim skilningi að það renni til þeirra sem eiga að nota fjármagnið. Þetta er liður í því

sem ég ræddi hér áðan, að koma í veg fyrir að skuldbindingar myndist með þeim hætti að einhverjum í framtíðinni sé ætlað að borga það sem menn gera við peningana í dag.

Þá kem ég, virðulegur forseti, að aðalræðumanni dagsins, hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég get að sjálfsögðu ekki farið ofan í saumana á hverju einasta atriði sem hann fjallaði um í sinni löngu ræðu en það eru nokkur atriði sem ég vil þó nefna.

Hann talaði um það og gerði það sem margir gera þegar þeir lenda í vörn eða telja sig ekki hafa góðan málstað, að þyrla upp moldviðri og kasta reykbombum, þykjast vera í sókn. Svo sagði hann að þetta frv. sem hér er til umræðu væri spillingarfrv., það væri verið að endurvekja gömlu spillinguna. En hún átti að vera í því fólgin að nú hefði ríkisstjórnin ákveðið að eyða fjármunum sem engar heimildir voru fyrir og hann benti á ráðherrabílana í því skyni. Við skulum aðeins kíkja á þetta nánar.

Voru heimildir fyrir ráðherrabílum sem keyptir voru í stjórnartíð hv. 8. þm. Reykn., t.d. þegar umhvrh. í ríkisstjórn hans keypti ráðherrabíl? Voru heimildir á fjárlögum? Nei. Af hverju kom ekki þáv. fjmrh., 8. þm. Reykn., í veg fyrir það? Einfaldlega vegna þess að það hefur tíðkast að við ráðherraskipti eða þegar nýir ráðherrar hafa komið að völdum þá hafi bílar verið seldir eða endurnýjaðir. Ég er ekkert að segja að það sé góð regla. Ég er bara að benda á að það hefur engin breyting orðið á. Þegar hv. þm. var ráðherra var þetta gert með nákvæmlega sama hætti og það er gert í dag, með nákvæmlega sama hætti. En þegar rætt er um spillingu og okkur er kennt um það, ráðherrum þessarar ríkisstjórnar, að við höfum farið frjálslega með fé, við höfum veitt aukafjárveitingar án þess að heimildir væru fyrir hendi, og þegar menn tala um spillingu, ekki einu sinni heldur tvisvar eða þrisvar sinnum í sínum málflutningi, þá verður manni hugsað um þennan ágæta þingmann sem hefur smíðað sér þennan geislabaug. Er hann ekki alveg saklaus? Er þetta ekki bara Jesús Kristur og Jóhannes skírari í einni og sömu persónunni? (Gripið fram í.) Ja, eitthvað merkir geislabaugurinn. Eða skyldi hann kasta steinum úr glerhúsi?

Við skulum leggja örfáar spurningar fyrir hv. þm.: Hvar var heimildin til þess að leggja 250 millj. kr. í Þjóðleikhúsið eftir að Alþingi hafði samþykkt annað, sem hv. þm. ásamt hv. þm., fyrrv. menntmrh., Svavari Gestssyni, ákvað að láta af hendi rakna svo sem tveimur dögum fyrir stjórnarskipti? Var það í fjárlögum? Lánsfjárlögum? Fjáraukalögum? Hvar voru heimildirnar til þess að samþykkja ýmsar skólabyggingar og gera samning um það og skuldbinda fram í tímann? Hvar voru heimildirnar til þess að fara langt umfram fjárlög við 6. gr. heimildina og kaupa hús, ráðstafa fjármunum ríkisins langt umfram það sem leyft var í fjárlögum? Hafði hv. þm. heimild Alþingis til þess að skrifa undir skuldbindingar við viðaukana við búvörusamninginn? Auðvitað kom það ekki til greiðslu á yfirstandandi ári, en á næstu árum. Ég gerði þetta ekki að árásarefni í minni upphafsræðu hér. En ég lýsi furðu minni á þeim málflutningi sem kemur fram með þeim hætti að þessi ágæti forveri minn, hv. 8. þm. Reykn., skuli leyfa sér að koma hér í þennan ræðustól og tala um spillingu. Ég undrast það stórlega og verð að segja: Lítið hefur hann lært.

Það mætti kannski bæta við af því að það var minnst á bílamálin að þar eru auðvitað reglur sem þarf að endurskoða. Þær voru skildar eftir með þeim hætti að það var nauðsyn að endurskoða reglur um bíla ráðherranna og ég ætla ekki að víkjast undan því. Sú vinna fer fram um þessar mundir. Reyndar fór nú hv. þm. ranglega með tölur í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum og sagði að sparibíllinn, eins og hann kallaði það, hjá fjmrh. hefði kostað 3. millj. en það eru ekki nema 2,5–2,6 millj. Þar er því einhver munur á, en það er nú þannig með það þegar hv. þm. nefnir tölur þá skiptir sannleikurinn ekki alltaf mestu máli.

En ég spyr: Af hverju breytti hann ekki þessum reglum? Sat hann ekki í embætti fjmrh. um nokkurra ára skeið? Þessar reglur voru í gildi allan tímann. Af hverju breytti hann þeim ekki? Er það kannski til að geta komið aftur upp í ræðustól í dag og sagt að það hafi verið einhverjum öðrum að kenna, að einhver ráðherrann í ríkisstjórninni sem hann sat í hafi komið í veg fyrir það að hann gæti tekið þessa spillingu út úr kerfinu?

Hann spurði líka: Gat ekki fjmrh. notað bara jeppann áfram? Var gamli jeppinn ekki nógu góður? Um hvaða jeppa skyldi hann vera að tala? Það er jeppi fjmrh., jeppi fjmrn. Þegar hv. 8. þm. Reykn. var í fjmrn. þá kannaðist hann ekkert við að þessi bíll væri ráðherrabíll. Hins vegar ók hann oft á þeim bíl og hafði bílstjóra á þeim bíl en ég hygg að það hafi ekki átt að gilda um það sömu reglur og um aðra svokallaða ráðherrabíla. Og fyrst hv. þm. kaus að ræða þetta mál, þá ætla ég að segja honum hreinskilnislega þetta: Í stað þess tvískinnungs, þeirrar hræsni að þykjast ekki hafa ráðherrabíl, eins og forveri minn, hv. 8. þm. Reykn., sagði á sínum tíma, þá taldi ég það betra að kaupa ráðherrabíl og láta sömu reglur gilda um mig og aðra ráðherra. Hitt er svo annað mál að reglurnar þarf að endurskoða og ég vil taka það fram að þær eru um þessar mundir til endurskoðunar enda hefur fallið skattalegur úrskurður um hlunnindi sem fylgja bílanotkun ráðherranna. Þar sem hv. síðasta ríkisstjórn kom sér ekki saman um nýjar reglur, þá skildi hún það vandamál eftir fyrir nýja ríkisstjórn og við það erum við að fást nú. Auðvitað á að gera þinginu grein fyrir þeim reglum þegar þær verða endanlega lagaðar. Þetta tek ég fram vegna þess að hv. þm. kaus það sér til málsvarnar í því augnmiði að búa til sókn að fjalla sérstaklega um ráðherrabíla.

Hv. þm. sagði einnig: Það er sérkennilegt á yfirstandandi ári að fara að greiða af lánum sem hæstv. utanrrh. tók á sínum tíma vegna útflutningsuppbóta. Má ég minna hv. þm. á að í hans eigin fjárlagafrv., sem hann lagði fyrir þingið um síðustu jól og samþykkt var þá og er í gildi á yfirstandandi ári, er á bls. 310 gert ráð fyrir því að 277 millj. kr. séu greiddar af þessu

láni. Það er gert þannig að það er ekkert nýtt sem hefur verið að gerast. Þetta er gert. Afborgun af þessu láni fer fram vegna ákvæða í fjárlögum yfirstandandi árs. Þó að hv. þm. vilji ekkert af þessu máli vita í dag stendur það svart á hvítu á bls. 310 í fjárlagafrv. fyrir 1991: „Afborgun af láni sem tekið var á árinu 1988 277 millj. kr." þegar verið er að tala um útflutningsuppbæturnar. Ég held að við eigum ekki að vera að deila um þessi atriði. Þetta eru skuldir sem eru orðnar og þetta eru skuldir sem við eigum að greiða hvort sem okkur líkar betur eða verr. Því fyrr sem við skiljum það að skuldir þarf að greiða þeim mun betra fyrir okkur báða, mig og hv. þm., fyrrv. fjmrh. Og auðvitað þýðir ekkert fyrir mig að koma hér og segja: Ég ætla ekki að borga þessar skuldir. Þetta eru skuldir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrv. fjmrh. Það þýðir bara ekki neitt. Þetta eru skuldir íslenska ríkisins, skuldir sem urðu til með löglegum hætti. Auðvitað ber að greiða þær skuldir og það verða nýir valdhafar, nýir stjórnendur, að sætta sig við þó þeir séu ekki sammála því hvernig að skuldbindingunum var staðið.

Hv. þm. gerði mikið úr því að hann hefði séð við stjórnarskiptin hvernig átti að smokra sér út úr þeim vanda sem ríkissjóður stóð augljóslega frammi fyrir. Hann sagði: Auðvitað hlaut að koma upp vandi ef ekkert hefði verið gert. Ég, sagði hann, lagði til í þeirri fréttatilkynningu sem hefur verið rætt um hér í dag hvernig ætti að bregðast við. Ég er með þessa fréttatilkynningu. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr henni orðrétt. Hér er komið að því sem hv. þm. átti við, þ.e. lausnir hans á fjárhagsvanda ríkissjóðs. Orðrétt hljóðar þetta svona:

„Taka verður ákvarðanir um 500 millj. kr. viðbótartekjur sem áttu annars vegar að nást með sérstökum jöfnunartolli á ýmsar innfluttar matvörur og hins vegar með sérstakri hækkun á verði áfengis og tóbaks umfram almennt verðlag. Það mun þó valda erfiðleikum í þessu sambandi að gætt hefur samdráttar í sölu áfengis og tóbaks þrátt fyrir óbreytt verð frá því í desember en tekjuáætlun gerði ráð fyrir aukningu. Því er hugsanlegt að heppilegt geti verið að grípa að einhverju leyti til annara leiða til að ná þessari tekjuöflun, t.d. með því að fara hægar í fyrirhugaða lækkun jöfnunargjalds."

Þetta eru bjargráðin. Þegar hv. þm. var fjmrh. sagði hann: Ég og mín ríkistjórn ætlum að hækka áfengi og tóbak umfram annað verðlag í upphafi ársins. Það var ekki gert. Samt seldist minna og hann viðurkennir að þetta er ekki sá fjársjóður sem hægt er að ganga í. Hann segir síðan: Við þurfum að grípa til jöfnunartollsins sem við ætluðum að leggja á, reyndar líka í upphafi ársins. Ég hygg að það hafi verið hægt að ná inn kannski 80–90 millj. en ekki 500 millj. Það er af og frá. Ég hef farið í gegnum þá reikninga og það eru svona 80–90 millj. sem hugsanlega hefði verið hægt að skila. Svo segir hann: Ef þetta dugar ekki þá frestum við afnámi jöfnunargjaldsins. Frestum hvenær? Jöfnunargjaldið er 4% í ár. Það er bundið í lögum að það skuli fellt niður um næstu áramót en það lækkaði um eitt prósentustig 1. sept. sl.

Nú skulum við segja að við hefum farið að ráðum þessa ágæta hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og leyst fjárhagsvanda ríkissjóðs með þessum leiðum. Hvað hefðum við fengið mikið í tekjur? Milli 60–80 millj. Þ.e. með því að fresta lækkuninni úr 4% í 3% 1. sept. hefðum við kannski náð 80 millj. til að loka þessu milljarðagati. Ég spyr: Trúa menn því að það hefði lokað þessu gati? Ég trúi því ekki. Þar að auki hefði þurft að fresta því að lækka jöfnunargjaldið um 1% með bráðabirgðalögum. En rökstuðningur hans er náttúrlega slíkur að það verður að benda á að það voru engar lausnir í sjónmáli. Staðreyndin er sú að við stjórnarskiptin stóð fráfarandi stjórn uppi úrræðalaus og um það snýst þetta mál.

Síðan er hægt að segja eins og sumir hv. alþýðubandalagsþingmenn hafa gert: Það er verið að ráðast á námsmenn. Það er verið að ráðast á hina og þessa hópa. Við skulum líta aðeins betur í fréttatilkynningu hv. þm. Þar segir m.a. um útgjaldavandann: „Í fjórða lagi telja forsvarsmenn LÍN að um 400 millj. kr. muni vanta í sjóðinn á þessu ári jafnvel þótt fyrirhugaður 200 millj. kr. sparnaður náist að stærstum hluta." Með öðrum orðum, ég skýt því hér inn í, er viðurkennt að það vanti 600 millj. frá upphaflegri áætlun. Reyndin er 700. Það er nú bitamunur en ekki fjár. Síðan stendur orðrétt: „Í þessu sambandi ber að hafa í huga að til stóð að taka reglur LÍN til endurskoðunar á miðju sumri m.a. til að stuðla að sparnaði."

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að hv. þm., eftir að ljóst varð að hann yrði ekki lengur ráðherra því að þetta er skrifað 29. apríl, daginn fyrir stjórnarskipti, viðurkennir að það hafi verið ætlun fráfarandi ríkisstjórnar að skerða námslán um 400–600 millj. kr. Finnst mönnum það vera sterkt í stöðunni af hálfu þessara manna að koma nú og gagnrýna núv. ríkisstjórn fyrir að gera nákvæmlega það sem þeir voru að segja að þeir ætluðu að gera? Það kann vel að vera að þeir hafi ætlað að gera þetta eitthvað aðeins öðruvísi. Niðurstaðan er sú sama. Þeir ætluðu að ná þessum peningum með því að skerða námslán með einhverjum hætti. Hvort það yrði gert nákvæmlega eins og við gerðum það eða með einhverjum öðrum hætti skiptir ekki aðalmáli. Það sem skiptir máli er að þeir ætluðu að gera það og þeir verða að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að gera það ef þeir eiga að vera teknir trúanlegir.

Hv. þm. talaði talsvert um heiðarleika. Það er ekki nýtt. Hann er sérfræðingur í heiðarleika. Hann sagði: Er það heiðarlegt að setja inn á fjáraukalög nú útgjöld sem raunverulega tilheyra næsta ári? Hann var fyrst og fremst að ræða þar um útflutningsuppbæturnar sem reyndar koma til greiðslu í ár en tilheyra næsta ári hvað það snertir að að öllu jöfnu hefði kjötið sem er verið að greiða með verið flutt út á lengri tíma eða allt fram á næsta haust. Þetta fannst honum óheiðarlegt að færa á milli ára.

Nú er það svo að það segir hvergi í fjárlögum að þessar útflutningsuppbætur hefðu átt að vera á næsta ári. Það er hvergi í lögum minnst á það. En ég ætla að minna á að fimm eða sex dögum eftir að fjárlagafrv.

var samþykkt fyrir síðustu jól — og í því stóð skýrum stöfum að ákveðnar tekjur frá Aðalverktökum skyldu koma á árið á eftir, þá gerðust þau undir og stórmerki að fjmrh. tók þessar tekjur inn á sl. ári þrátt fyrir að í lögum sem nýbúið var að samþykkja stæði allt annað. Ég er ekki að segja að þetta sé óheiðarlegt. Það hvarflar ekki að mér. En ég held því fram að þetta hafi verið gert til þess að búa til betri afkomu á sl. ári því að auðvitað gat hv. þm. farið að lögum og beðið í tvo eða þrjá daga. Hann var sjálfur nýbúinn að samþykkja löggjöfina eins og hún þá leit út. Það eru fleiri slík dæmi sem ég hirði ekki um að nefna nú. En ég frábið mér það að menn komi hér upp og segi að eitthvað sé ekki heiðarlegt eða gefi það í skyn með slíku orðbragði á meðan þeir hafa sjálfir staðið nákvæmlega eins að verki. Og mér dettur ekki í hug að saka hv. þm. um óheiðarleika í því sambandi.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hve mikið hefði verið greitt til svokallaðrar fortíðarnefndar. Að því er ég best veit eru það 980 þús. kr. í dag. Fortíðarvandanefndin er ekkert auglýsingafiff. Ég þekki það úr fjmrn. hvernig peningum var varið til auglýsinga á þessu ári. Það get ég upplýst einhvern tíma síðar. Það voru ekki neinar 980 þús. kr. Það var önnur upphæð. Við skulum ræða það síðar. En það er alveg ljóst að það hlýtur að vera eitt verðugasta viðfangsefni þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr að völdum hér á landi að ná tökum á þessum vanda. Okkur kemur ekkert við hvernig vandinn varð til. Það skiptir til að mynda engu máli hver var utanrrh. né hverjir sátu í ríkisstjórn þegar flugstöðvarvandinn varð til. Miklu veldur sá er upphafinu veldur, segir máltækið.

Ólafur Jóhannesson var utanrrh. þegar fyrsta ákvörðun var tekin. Alþb. átti aðild að ríkistjórninni. Alþb. lagði til að hönnuninni yrði breytt og flugstöðin minnkuð. Einhvern tíma var talað um það að menn hefðu verið að skera hana niður við eldhúsborðið hjá sér. Sú hönnunarbreyting kostaði stórkostlega fjármuni. Auðvitað komu síðar að þessu verki ýmsir aðrir og auðvitað bera fjölmargir ábyrgð á því að verkið kostaði mun meira en til var ætlast í upphafi.

Það breytir því ekki að við verðum að greiða skuldirnar. Það er það sem við ætlum okkur að gera og það er þess vegna sem við leggjum í þessa vinnu til þess að í framtíðinni verði hægt fyrir þá skattborgara sem hér búa að lifa sæmilega mannsæmandi lífi án þess að vera allan daginn að vinna upp í skuldir okkar, skuldirnar sem ég bjó til og skuldirnar sem hv. 8. þm. Reykn. skildi eftir. Um það snýst þetta mál. Það er ekkert merkilegra eða ómerkilegra en akkúrat það.

Og sjóðavandinn sem er ekki meiri en 300 millj. sagði hv. þm., ég held að hann hafi reyndar verið að gera að gamni sínu, að hann hafi notað þetta vegna þess að við ákváðum núna að leggja um það bil þá upphæð til hliðar og til atvinnutryggingardeildar Byggðasjóðs af því að við vissum að upphæðin er glötuð. Auðvitað eru upphæðirnar miklu, miklu hærri ef öllu er safnað saman og það er áreiðanlega sameiginlegt áhugamál okkar, ekki bara okkar tveggja heldur allra hv. alþm. að reyna að koma lagi á þessa hluti. Nógu skelfilegt er það samt að þurfa að búa við tóma sjóði og geta ekki gripið til þeirra nú þegar við siglum inn í einhverja mestu efnahagslægð sem við höfum lent í um áratugaskeið.

Virðulegur forseti. Það hefur farið nokkur tími í að svara hv. þm. Það ætti út af fyrir sig ekki að koma mönnum mikið á óvart. Við stjórnarskipti verða menn að eiga orðastað eins og hér hafa átt sér stað og ég ætla ekki að víkja mér undan því. Ég á satt að segja von á því að um slíkt verði að ræða á næstunni. Ég óska hins vegar eftir því að í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu reynum við að haga málflutningi okkar þannig að hann sé eins og við best þekkjum til. Og við skulum viðurkenna að það er enginn saklaus og það er enginn einn sem er sekur. Við skulum ekki reyna að grípa til þeirra bragða, þeirra fiffa, eins og hv. þm. kallar stundum svo, að búa til reykbombur, reyna að skapa okkur færi þegar færin eru ekki til. Þá held ég að það sé miklu betra að viðurkenna einungis staðreyndirnar, reyna ekkert að fela sig og segja: Gott og vel. Okkur tókst kannski ekki eins og við ætluðum okkur. Við getum hins vegar lært af þessari reynslu og í framtíðinni skulum við reyna að gera betur. Batnandi mönnum er nefnilega best að lifa.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eitt fyrsta verk núv. ríkisstjórnar var að taka þá ákvörðun að óska eftir því við embættismenn ráðuneyta að þeir gerðu úttekt á stöðu ríkissjóðs og horfum í ríkisfjármálum þegar stjórnarskiptin urðu. Auðvitað voru það ekki ráðherrarnir sem unnu þetta verk sjálfir. Þeir óskuðu eftir því að þetta verk væri unnið og það var framkvæmt af embættismönnum ráðuneytanna, sömu embættismönnum ráðuneytanna og sátu þar í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Niðurstaðan af þessari úttekt var síðan gefin út í sérstakri skýrslu sem ég veit að mönnum er í fersku minni. Þar voru engar tilbúnar tölur settar á blað. Það voru ekki einhverjar hugdettur núv. ráðherra heldur voru þetta niðurstöður sömu embættismannanna og unnið höfðu fyrir fyrrv. ríkisstjórn.

Það er með ólíkindum að þessar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar hæstv. fyrrv. fjmrh. eða hann hafi a.m.k. ekki haft grun um í hvert stefndi áður en hann fór úr ráðuneytinu. Það er meira en með ólíkindum því að mér er fullkunnugt um að a.m.k. margt af því sem þar kom fram var á hans vitorði og auðvitað vissi hann mjög vel að ýmis áform sem fyrrv. ríkisstjórn hafði, bæði í samdrætti útgjalda og í öflun nýrra tekna, náðu ekki fram að ganga og höfðu að sjálfsögðu áhrif á niðurstöðu fjárlaga. Það er því gersamlega út í hött að hæstv. fyrrv. fjmrh. ætli að halda því fram að málin hafi snúist við á einni nóttu, þeirri nóttu þegar hann fór úr fjmrn. sjálfur, úr því að vera í góðu horfi yfir það að vera með svipaðri niðurstöðu og skýrsla embættismannanna gaf til kynna.

Hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur ekki mótmælt því að sú niðurstaða sem varð í athugun embættismannanna á stöðum og horfum ríkisfjármálanna væri rétt. Hann hefur hins vegar haldið því fram að sú mikla breyting,

þau miklu umskipti sem urðu frá þeim upplýsingum sem hann gaf og til þeirra upplýsinga sem síðan komu fram eftir stjórnarskiptin hafi orðið við það eitt að hann fór sjálfur úr ráðherrastól. Og hann lætur í það skína að ef hann hefði sjálfur fengið að vera fjmrh. áfram út árið eins og hann var að tala um hér áðan, þá mundi allt hafa haldið svona heldur til betri vegar, ekki út af því að hann hefði gripið til einhverra sérstakra aðgerða til að tryggja það, það hefur aldrei komið fram hjá honum, heldur vegna þess að hann sæti í fjmrn. Með öðrum orðum, persónan ein mundi valda því að í staðinn fyrir þann mikla útgjaldavanda sem ríkissjóður er að fást við nú mundi allt hafa verið í lukkunnar velstandi.

Það er gott að menn hafi sjálfstraust og nauðsynlegt, ekki síst fyrir formenn flokka. En svona miklu sjálfstrausti eins og hv. formaður Alþb. hefur hef ég ekki fyrr kynnst. Með öðrum orðum að björgunarúrræðið í ríkisfjármálunum sé það eitt að á einni nóttu verði hann sjálfur settur aftur í þann stól sem hann áður sat. Það eitt geti bjargað málum.

Í þeirri úttekt sem gerð var að minni tilhlutan í heilbrrn. kom fram að útgjaldahækkun í því ráðuneyti umfram það sem áætlað var í fjárlögum væri um 1,7 milljarðar kr. eða rétt þar fyrir neðan. Ástæðurnar fyrir því voru auðvitað augljósar. Í fyrsta lagi hafði verið gert ráð fyrir 400 millj. kr. lækkun á útgjöldum ríkisjóðs vegna lífeyristrygginga. Það átti að ná þessum árangri með breytingum á lögum. Sú breyting á lögum var ekki gerð. Ég er ekki að saka neinn um það að hún skyldi ekki hafa verið gerð. Hún var bara ekki gerð og það er staðreynd. Sú staðreynd olli því að þessi ráðgerði sparnaður á útgjöldum ríkissjóðs til lífeyristrygginga náði ekki fram. Seta hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar í fjmrn. áfram hefði engu um það breytt.

Þá kom það líka fram að gert var ráð fyrir lækkun lyfjakostnaðar og lækniskostnaðar vegna sérfræðingshjálpar um allt að 800 millj. kr. Til þess að ná því fram þurfti m.a. að gera lagabreytingar. Þær voru hins vegar ekki gerðar og því horfðust menn í augu við það að bara á þessum tveimur útgjaldaliðum, lífeyristryggingum og sjúkratryggingum, náðist ekki lækkunarmarkmið upp á 1.200 millj. kr. Og það hefði engu breytt um þá niðurstöðu þótt hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefði setið einum mánuði eða einum degi lengur í sínum stól í fjmrn.

Ef athugað er hvernig menn ætluðu að ná þessum árangri til lækkunar á útgjöldum til lífeyristrygginga kemur það fram í fjárlagafrv. síðustu ríkisstjórnar, í greinargerð sem er á ábyrgð hæstv. fyrrv. fjmrh. og að sjálfsögðu með hlutdeild hæstv. fyrrv. heilbrrh. Þar segir orðrétt:

„Fyrir lyfjakostnaði eru áætlaðir 2,3 milljarðar kr. í frv. Sú tala byggist á því að hægt verði að ná þar fram sparnaði er nemur 500–600 millj. kr. M.a. er gert ráð fyrir að ná þessum sparnaði með breyttu skipulagi á innflutningi og dreifingu lyfja, lækkaðri álagningu í heildsölu og smásölu og breyttu skipulagi á kostnaðarþátttöku neytenda í lyfjakostnaði.“ Nú lá það að sjálfsögðu fyrir og er rétt hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni að það náðist ekki samstaða í ríkisstjórninni um að gera þær breytingar á lyfjadreifingalögum og lyfsölulögum sem hann lagði til og þess vegna náðu þær breytingar á því skipulagi sem hann hugðist gera ekki fram að ganga. En eins og ég benti á var líka sagt í grg. frv. að það ætti einnig fyrir utan þetta breytta skipulag og lækkaða álagningu, sem hvorugt er hægt að takast á við nema með breyttum lögum, að breyta skipulagi á kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði. Það var sérstaklega talið upp sem þriðji þáttur verksins.

Mín fyrstu viðbrögð við því að það munaði 1.700 millj. kr. á útgjaldaþörf viðfangsefna í mínu ráðuneyti miðað við stöðu á miðju ári 1991 annars vegar og áætlun fjárlaga hins vegar var að sjálfsögðu að kanna með hvaða hætti væri hægt að ná þeim markmiðum sem fráfarandi ríkisstjórn hafði sett sér með lækkun þessara útgjalda. Ég spurðist að sjálfsögðu fyrir í ráðuneytinu: Hvað voru menn búnir að undirbúa í þeim efnum sem væri þá hægt að grípa til þótt komið væri fram á mitt ár? Niðurstaðan var eins og ég sagði hér áðan. Menn höfðu undirbúið skipulagsbreytingar með frv. sem menn höfðu lagt fram á Alþingi en ekki var samstaða um og náði því ekki afgreiðslu og ekki meira um það mál að segja.

Um kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði, eða þær ráðagerðir sem komu fram í þessum texta, er hins vegar það að segja að út af fyrir sig hafði ekkert sérstakt verið undirbúið í ráðuneytinu annað en það að í tímans rás hafði á vegum ráðuneytisins verið lagt í ýmsa vinnu og skoðun á ýmsum valkostum án þess þó að ráðherra eða ráðuneytið hefði valið einn kostinn framar öðrum. Og þar sem ekki voru tök á því á miðju ári þegar Alþingi sat ekki að breyta lögum og ná þannig árangri með breyttu skipulagi í lyfjasölu og breyttum álagningarmálum, en til þess að það sé hægt verður að breyta lögum í báðum tilvikum, þá var auðvitað ekki nema þriðji kosturinn eftir til þess að ná þeim markmiðum a.m.k. að hluta til sem fyrrv. ríkisstjórn hafði sett sér. Sá þriðji kostur var það sem sagt var að ríkisstjórnin mundi leita eftir í grg. með fjárlagafrv., þ.e. að reyna að breyta kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði. Og það var það sem ég gerði. Hafi það komið fyrrv. ráðherrum og ríkisstjórn á óvart, þá spyr ég: Lásu menn ekki sinn eigin texta sem skrifaður var á þeirra eigin ábyrgð? Þetta var nákvæmlega það sem menn sögðust ætla að gera í fjárlagafrv. sem fyrrv. ríkisstjórn lagði fram.

Auðvitað má deila um aðferðina sem ég greip til. Það var ekki úr mörgum kostum að velja vegna þess að það skapar manni auðvitað lítið svigrúm að verða að starfa innan þeirra þröngu marka sem lögin setja í þeim efnum. En að halda því allt í einu fram að sú aðgerð að breyta kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði sé árás á velferðarríkið af sömu mönnum og sett höfðu inn í sitt eigið frv. að það stæði til kalla ég hámark hræsninnar. Og ég vil í fullri alvöru spyrja hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson: Las hann aldrei sína eigin grg. með sínu eigin frv.? Eða hví kom honum það

svo á óvart ríkisstjórnin skyldi reyna að fylgja fram þeirri stefnu og þeim aðferðum sem hann sjálfur hafi boðað í sínu eigin fjárlagafrv.? Hæstv. fyrrv. fjmrh. er jafnábyrgur fyrir því að þessi leið skuli valin og núv. ríkisstjórn og ber sennilega meiri ábyrgð því það var að hans tillögu sem þessi lækkun útgjalda var gerð í fjárlagafrv. og það var með hans orðum sem aðferðinni er lýst eins og ég sagði hér áðan. Og það var meira sem menn ráðgerðu. Menn ráðgerðu að lækka mjög verulega framlög úr ríkissjóði til lífeyrisgreiðslna til aldraðs fólks. Er það árás á velferðarkerfið? Ég spyr. Nú hefur núv. ríkisstjórn ekki framkvæmt þau áform. Ber þá að skilja það svo að hún vilji standa fastari vörð um velferðarkerfið en hæstv. fyrrv. fjmrh. sem lagði það til í sínu eigin fjárlagafrv. að framlög úr ríkissjóði til þess að greiða gömlu fólki lífeyri skyldu lækkuð verulega?

Það er afskaplega fljótt sem menn geta skipt um skoðun. Mér er vel kunnugt um það eftir löng kynni við hv. alþm. Ólaf Ragnar Grímsson að honum er það mætavel ljóst, honum er það jafn vel ljóst og mér og flestum okkar í þessum sal að það er brýn nauðsyn á því að tekist verði í alvöru á við útgjaldavanda ríkissjóðs og honum er það alveg ljóst að það verður ekki gert, vandinn er svo stór að menn ráða ekki við hann öðruvísi en að víkja að ýmsum þáttum velferðarkerfisins, ekki til þess að brjóta velferðarkerfið niður heldur til þess að varðveita kjarna velferðarkerfisins áður en það brotnar niður af sjálfsdáðum undan eigin þunga. Þetta veit hv. alþm. Ólafur Ragnar Grímsson mætavel. Og hann veit það mætavel og hefur verið með hugmyndir um það sjálfur og beinar tillögur um að gera það með svipuðum hætti og við erum að áforma og hugsa núna. Þess vegna kemur mér það á óvart að á einni nóttu, þeirri nóttu þegar hann hvarf úr sínum fyrri stól í fjmrn., skuli hann hafa skilið allar sínar skoðanir eftir á borðinu þegar hann gekk út úr herberginu og fengið sér nýjar.

Hv. þm., hæstv. fyrrv. fjmrh., sagði það einnig að núv. ríkisstjórn væri siðspillingarstjórn og fjárlagafrv. hennar siðspillt fjárlagafrv. vegna þess að ríkisstjórnin hefði gert sig seka um það að grípa til einhverra fjárgreiðslna sem Alþingi hefði ekki heimilað. Það vill svo til, virðulegi forseti, að á vorþingi var lagt fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, 475. mál Sþ., þskj. 1036. Þetta frv. til fjáraukalaga var aldrei afgreitt. Þar var fyrrv. fjmrh. að leita heimildar Alþingis til greiðslu umfram samþykktar heimildir úr ríkissjóði upp á 675 millj. kr. Ég þykist geta fullyrt að þessar greiðslur hafa náttúrlega aldrei farið fram, eða hvað? Þetta frv. var aldrei samþykkt. Alþingi gaf þáv. fjmrh. aldrei heimild til þess að greiða þessar 675 millj. kr. Og miðað við ræðu hans hér áðan trúi ég því ekki að hann ætli að slá það met í spillingunni að hafa engu að síður greitt þetta fé þó svo hann hafi farið þá leið að biðja Alþingi um að heimila sér greiðsluna og Alþingi hafi ekki afgreitt málið. Það getur varla verið að maður sem talar eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. talaði áðan hafi gert sig sekan um það að láta fara fram greiðslur úr ríkissjóði á þessum fjárhæðum án samþykktar Alþingis.

Ég er alveg sammála hæstv. fyrrv. fjmrh. um það að frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, sem ég var 1. flm. að ásamt fleiri aðilum úr fjvn. sem þá starfaði, er gott frv. og nauðsynlegt og ef það hefði ekki verið fyrir hans tilverknað og fleiri manna þá væri það frv. orðið að lögum í dag, þannig að ef við einhverja menn er að sakast um að það frv. er ekki orðið að lögum, þá er það við fyrrv. hæstv. fjmrh. og nokkra þingmenn aðra. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það frv. gerði einnig ráð fyrir því með hvaða hætti ætti að takast á við viðfangsefni sem kæmu upp þegar Alþingi ekki situr að störfum þannig að menn verða að grípa til greiðslna án þess að heimildir fyrir hinum einstöku greiðslum liggi fyrir fyrir fram. Ef það frv. hefði verið samþykkt, sem það ekki var, þá hefðu ríkisstjórnir ekki lent í þeim vandræðum sem þær geta lent í þegar þing ekki situr og upp koma ný viðfangsefni sem menn telja sig þurfa að sinna. Ég tek undir það með hæstv. fyrrv. fjmrh. að það hefði verið betra að þetta frv. hefði verið orðið að lögum og ég er að sjálfsögðu jafnreiðubúinn til að styðja samþykkt þess nú eins og ég var fyrir einu ári síðan vegna þess að ég tel að það frv. horfi til mikilla bóta í ríkisrekstrinum og í stjórn ríkisfjármála. En ég endurtek: Það er ekki við okkur flutningsmenn frv. að sakast að það er ekki orðið að lögum. Hæstv. fyrrv. fjmrh. ber sjálfur talsverða ábyrgð á því.

Auðvitað geta menn deilt hér í Alþingi, og eiga að deila um mál, en að falla í þá gryfju að ætla að slá sig til riddara með því að ásaka andstæðinga sína í pólitík fyrir persónulegan skepnuskap, óheilindi og subbuhátt er fyrir neðan virðingu okkar. Það er fjármálaráðherra sem setur reglur um hvernig bílamálum ráðherra skuli hagað. Margir fjármálaráðherrar hafa breytt þeim reglum í sinni valdatíð. Hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði það ekki. Það getur vel verið að hann hafi samt sem áður ekki verið sáttur við reglurnar. Ég ætla ekkert að efa það að hann hafi kannski viljað breyta þeim með einhverjum hætti, en staðreyndin er sú að hann gerði það ekki og staðreyndin er líka sú að það er alveg sama hvernig menn hafa breytt þeim reglum og í hvaða veru, ráðherrar hafa alltaf verið gagnrýndir fyrir að fylgja þeim reglum, sama hvaða reglur hafa verið settar. Þetta er mjög vinsælt umræðuefni hjá almenningi, þ.e. kjör ráðherra og ekki síst ráðherrabílar, en ég held það verði aldrei hægt að setja þær reglur um ráðherrabíla sem allur almenningur er sáttur við. Þær verða alltaf gagnrýndar með hvaða hætti svo sem þær eru. Það hefur a.m.k. verið reynslan af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum. Það hefur aldrei verið meiri sátt um hina nýju skipan heldur en var um hinar eldri. Þær reglur, sem settar hafa verið um bílahlunnindi ráðherra, eru þær að um tvennt er fyrir þá að ræða. Í fyrsta lagi að ríkið láti þeim í té bifreið, kaupi svokallaðan ráðherrabíl, annist um rekstur þeirrar bifreiðar og síðan er samkvæmt núgildandi skattalögum gert ráð fyrir því að ráðherra reikni sér til tekna vegna eigin afnota 20% á ári af endurstofnverði bílsins sem skattur er síðan lagður á, 39,79%. Hinn valkosturinn er sá í þessum reglum að ráðherra leggi sinn bíl til sjálf-

ur, þá er rekstrarkostnaður hans greiddur af ríkinu og reiknað endurstofnverð bílsins, 20%, greitt til ráðherrans sem þóknun fyrir að nota bíl hans í þágu embættisstarfs hans og sú þóknun er að sjálfsögðu skattlögð með 39,79% skatti. Ég veit ekki hvort þessar reglur eru eitthvað betri eða verri en aðrar reglur sem ríkið setur starfsmönnum sínum þar sem gert er ráð fyrir því t.d. að ríkissjóður eða ríkisstofnanir greiði ákveðið kílómetragjald fyrir hvern ekinn kílómetra eða eins og dæmi eru til um að ríkisstofnanir leigi bíla undir embættismenn af þeim sjálfum eða öðrum fyrir verð sem tekur mið af verðskrám bifreiðaleiga hverju sinni. Ég hef ekkert hugleitt það og ekkert borið það saman hvor aðferðin er hagkvæmari og hvor óhagkvæmari. Ég er bara að benda á þær tvær leiðir sem reglur um ráðherrabifreiðar gera ráð fyrir að ráðherra nýti.

Síðan er að sjálfsögðu til þriðja leiðin. Hún er sú að menn hafi ekki opinberlega neinn ráðherrabíl, hvorki sinn eigin né bíl í eigu ríkisins en nýti sér bifreiðar ríkisins án þess að telja sér til tekna, hvorki endurstofnverð bílsins né annað mat á eigin afnotum af slíkri bifreið og losni þannig við að greiða rétta skatta og skyldur af þeim bifreiðanotum. Það er þriðja leiðin. Allir vita það að hæstv. fyrrv. fjmrh. notaði þessa margumtöluðu jeppabifreið fjmrn. í þágu sinna starfa og ég er ekkert að elta ólar við það með hvaða hætti það var, en ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að þau afnot hafi komið fram á framtali ráðherrans sem mat á hlunnindum eins og lög gera ráð fyrir og ætla ekki að fara að elta ólar við hæstv. ráðherra um þau efni, vil aðeins segja með orðum Nóbelskáldsins úr frægum sjónvarpsþætti, virðulegi forseti: „Eigum við ekki að lyfta þessum umræðum upp á eilítið hærra plan?"

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þeir eru nú svona á réttri leið ráðherrarnir. Það var annar tónn í hæstv. fjmrh. hér í sinni seinni ræðu heldur en í hinni fyrri. Í fyrri ræðunni gekk allt út á það að hin vondu tíðindi í þessu fjáraukalagafrv. væru öll skrifuð á reikning fráfarandi ríkisstjórnar og sérstaklega fráfarandi fjmrh. Í seinni ræðunni bað ráðherrann um það að við ættum að ræða þetta sameiginlega og meta þetta sameiginlega og greina frá því eins og við best þekkjum til. Það stendur ekki á mér, hæstv. fjmrh., að fylgja þeirri aðferð. En ég hef setið þegjandi í allt sumar við endalausum ræðum hæstv. fjmrh. og sérstaklega hæstv. heilbrrh. og forsrh. þar sem söngurinn gekk út á það að öll óáran, allur fortíðarvandi, allar skuldir sem hér væri við að glíma, væri sök fráfarandi ríkisstjórnar með einum eða öðrum hætti. (**Heilbrrh.:** Það hef ég aldrei sagt. Það er rangt.) (**Gripið fram í:** Hann talar um fjmrh. þessa stundina.) (**Fjmrh.:** Nei.) Nei, nei, ég hafði hæstv. heilbrrh. einnig með vegna þess að hæstv. heilbrrh. kom hér hvað eftir annað í sumar og flutti miklar messur um 25 milljarða vanda sem menn væru að glíma við í fjárlagadæmi fyrir næsta ár og þetta væri vandi sem síðasta ríkisstjórn hefði skilið eftir sig og þyrfti nú að leysa í fjárlögum næsta árs. Það vill bara svo til að nú er fjárlagafrv. komið fram og hæstv. heilbrrh. hættur að tala um þennan 25 milljarða vanda vegna þess að það kom nefnilega í ljós að þetta var marklaust tal.

Nei, virðulegi fjmrh., ég hef aldrei sagt að það sé ekki við mikil vandamál að etja, ég hef aldrei skorast undan því að taka þátt í umræðu um vandamál ríkisfjármálanna. Ég beitti mér meira að segja sérstaklega fyrir því þegar ég flutti framsöguræðu fyrir fjárlagafrv. hér á síðasta reglulega þingi að langur kafli í þeirri ræðu var um fortíðarvandann, sem nú er svo kallaður, þ.e. sjóðina eins og byggingarsjóðina, eins og Lánasjóðinn, eins og lífeyrisgreiðslurnar og fjölmargt annað. Og ég veit að það voru ýmsir undrandi á því að ég skyldi verja verulegum tíma í framsöguræðu minni fyrir því fjárlagafrv. sem var síðast á kjörtímabilinu til þess að draga þannig upp mynd af vandamálum framtíðarinnar, vandamálum sem þyrfti að takast á við vegna þess að ýmsir áttu kannski von á því að þegar gengið væri til kosninga mundi ríkisstjórnin og fjármálaráðherrann reyna að draga fjöður yfir þau vandamál sem væri við að glíma, en það var þveröfugt. Það var dregið hér upp í þingsalnum í októbermánuði fyrir ári síðan hvað þetta væru margvísleg vandamál. Ég sit því ekkert undir neinum ræðum um það hér að ég hafi eitthvað sérstaklega verið að leitast við að fela einhvern vanda. Það má margt segja um mig meðan ég var í stóli fjmrh., en að menn ætli nú að fara að reyna að festa í sessi þá kenningu að ég hafi verið að reyna að fela vandann, það finnst mér merkileg tilraunastarfsemi.

Ástæðan fyrir því að ég fór svona hörðum orðum og talaði um óheiðarleika við hæstv. fjmrh. eru sífenduteknar tilraunir hans til þess að skrifa allan halla yfirstandandi árs á fjármálaráðherratíð mína og fyrrv. ríkisstjórn. Ég get vitnað fyrir ráðherrann í orðréttar setningar ef hann vill. Meira að segja úr sjónvarpsþáttum sem við höfum setið tveir einir í ásamt spyrjanda fyrir nokkrum dögum síðan. Ef hæstv. ráðherra vill fara að hætta þessum leik og fara að taka sinn part af þessu eins og hann á með réttu og hans ríkisstjórn þá stendur ekki á mér að fara að færa umræðuna, eins og hæstv. heilbrrh. var nú að biðja um svo smekklega, á hærra plan og kveinkaði sér greinilega undan því að mælikvarði Vilmundar Gylfasonar væri lagður á hann.

Ég vil því segja það alveg skýrt við hæstv. fjmrh. að það mun ekki standa á mér að eiga hér í þingsalnum eða annars staðar málefnalegar umræður við hann eða aðra um vandamál ríkissjóðs en ég segi í fullri hreinskilni, þær hafa ekki verið málefnalegar hér í allt sumar. Verstur hefur verið hæstv. forsrh. en hann er nú fjarverandi þannig að það er erfitt að eiga orðastað við hann í bili um þau mál. Ég hef hins vegar virt honum það svona til vorkunnar að því leyti að hann væri kannski ekki alveg orðinn nægilega vel inni í málunum. En ég hef ekki verið að svara því hér í sumar, en þegar þetta er svo komið hingað inn í þingsalinn í framsöguræðu hæstv. ráðherra þá er mér nú nóg boðið.

Það er athyglisvert að bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. viðurkenna það, a.m.k. óbeint í ræðum sín-

um hér, að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafi í sumar og haust verið farið allverulega inn á hina gömlu braut aukafjárveitinganna. Það er viðurkennt. Hæstv. heilbrrh. segir: Ja, ég er jú tilbúinn að samþykkja þetta frv. En hann var ekki tilbúinn að fara eftir anda þess í sumar og haust. Það fannst mér merkilegt. Eins segir hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin muni flytja frumvarp sem banni slíkar greiðslur úr ríkissjóði heimildarlausar og ég fagna því. En ég skil þá ekki af hverju var verið í sumar og haust að fara inn á þessa gömlu braut.

Það er mikill misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að við þurfum eitthvað sérstaklega á því að halda að búa hér til reykbombur eða moldviðri. Satt að segja er það nú þannig að þessi ríkisstjórn sér manni fyrir þeim efniviði að maður kemst ekki yfir að nota bara allt sem fram er reitt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þannig að það er langt í það að við þurfum að fara að smíða einhverjar sérstakar reykbombur til þess að hafa eitthvað um að tala hér í þingsalnum.

Hæstv. ráðherra kaus í þeirri vörn að beina nokkrum spurningum til mín og ég skal alveg taka þær fyrir. Það er alveg guðvelkomið, hæstv. ráðherra. En það sýnir að samviskan er slæm hjá báðum þessum mönnum, annars vegar þær spurningar og hins vegar getsakir hæstv. heilbrrh. í minn garð — og væri nú æskilegt að hæstv. heilbrrh. væri hér í salnum eða a.m.k. þar sem maður vissi að hann heyrði mál okkar. Ef hann er ekki hér í hliðarherbergjum til að hlusta á mál okkar þá óska ég eftir því að hann sé sóttur — og birtist hann nú hér.

Hæstv. fjmrh. spurði um Þjóðleikhúsið. Það er alveg rétt að það kom í ljós að á síðustu tveimur mánuðunum sem unnið var að framkvæmdum við Þjóðleikhúsið var greinilega farið verulega fram úr þeim áætlunum sem höfðu verið lagðar fram. Þeim framkvæmdum stjórnaði sérstök byggingarnefnd og við vitum allir hver var formaður þessarar byggingarnefndar, það er núv. hv. þm. Árni Johnsen sem hefur verið verðlaunaður sérstaklega fyrir þessa frammistöðu af Sjálfstfl. með því að setja hann í fjárln. Niðurstaðan var hins vegar sú að undir hans verkstjórn fóru þessar framkvæmdir mun meira fram úr áætlunum en talið var og það kom öllum á óvart, tel ég vera. Alla vega hvað það skipti háum upphæðum. Það var ekki fyrr en á allra síðustu vikum mínum í fjmrn., og það geta embættismenn fjmrn. staðfest við hæstv. ráðherra ef hann vill kanna það, sem það kom í ljós hvað þar var raunverulega um háar upphæðir að ræða. Ég vildi hins vegar ekki skilja þær eftir í reiðuleysi, hæstv. ráðherra, og þess vegna skrifaði ég undir skuldbindinguna um það að við þær skyldi staðið. Það hefði verið hægur vandi fyrir mig að skilja þær eftir í reiðuleysi, en ég gerði það ekki. Ég vildi hafa það alveg skýrt, hæstv. ráðherra, að það eins og annað væri fyllilega viðurkennt af ráðuneytinu þó að ég hefði beitt mér fyrir því ef ég hefði setið áfram í ráðuneytinu að það hefði farið fram sérstök athugun á því hvers vegna byggingarnefndin fór svona langt fram úr áætlun. Nú veit ég ekki hvort núv. hæstv. fjmrh. hefur ákveðið að beita sér fyrir slíkri athugun en það væri vissulega þörf á því að byggingarnefnd Þjóðleikhússins væri látin gera ítarlegri grein fyrir því hvers vegna hún fór svona rækilega fram úr áætlun. Ég mun styðja hæstv. ráðherra í því.

Síðan spurði hæstv. ráðherra: Hvað um samninga um skólabyggingar? Ef hæstv. ráðherra les þá samninga, sem ég vona að hann geri, þá sér hann að í þessum samningum eru alveg skýr ákvæði þar sem tekið er fram að varðandi allar þær fjárhæðir sem þar eru eru fyrirvarar um samþykkti Alþingis. (Gripið fram í.) Hæstv. heilbrrh. spyr: Til hvers voru þeir þá gerðir? Er það virkilega fyrrverandi formaður fjvn. sem leyfir sér svona lagað hérna í þingsalnum? (**Heilbrrh.:** Já.) Ósköp breytast menn nú mikið við að verða ráðherrar. (**Heilbrrh.:** Þeir breytast meira þegar þeir hætta því.) Hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. vita það ósköp vel að um samvinnu verkefni ríkis og sveitarfélaga hefur það tíðkast um árabil að gera samninga um greiðsluflæði vegna framkvæmdanna og það er fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að þau sveitarfélög, sem eiga þar hlut að máli og eiga að fjármagna með ríkinu viðkomandi byggingar, fái einhver svör um það af hálfu ráðuneytanna hvað ráðuneytin hyggjast fyrir. Og ef ráðherrarnir eru flissandi hér í salnum yfir því að sveitarfélögunum eru veitt svör í samningum við því hvað ríkisvaldið hyggst fyrir varðandi fjármögnun sameiginlegra framkvæmda, þá eiga sveitarfélögin í landinu satt að segja ekki von á góðu af hálfu þessara hæstv. ráðherra. Eða á kannski að taka upp aftur sömu siðina og tíðkuðust þegar Sjálfstfl. og Alþfl. réðu fjmrn. og skuldbindingarnar gagnvart Reykjavík t.d. voru þannig að þeir þorðu aldrei að setja þær á pappír? Það var til þess að reyna að blekkja fólkið í landinu og þingið hvað ríkið skuldaði Reykjavíkurborg mikið. Þegar ég kom í fjmrn. höfðu fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundsson, Þorsteinn Pálsson og Jón Baldvin Hannibalsson hlaðið upp skuldum gagnvart Reykjavíkurborg sem voru yfir 1 milljarð. Og þáv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson hvatti mig til þess hér í þingsalnum að gera samninga við Reykjavíkurborg um greiðslu á þessum skuldum og ég gerði það. (**Fjmrh.:** Þú gegndir að sjálfsögðu.) Og ég gerði það, hv. þm. Já, en þess vegna skil ég ekki að þið sitjið hér félagarnir og flissið yfir því að það séu gerðir samningar við önnur sveitarfélög eða er það bara Reykjavík sem á að hafa þessi forréttindi eða hvað? Þetta er auðvitað málflutningur sem er langt fyrir neðan virðingu manna sem hafa hér langa þingreynslu og vita það auðvitað að það er sjálfsagt og eðlilegt að í samskiptum ríkis og sveitarfélaga um sameiginlegar framkvæmdir séu gerðir samningar um það hvers konar greiðsluflæði sveitarfélögin geta átt von á. Hins vegar eru þeir samningar gerðir með fyrirvara um það að Alþingi hverju sinni kunni að breyta þeim og þess vegna er ekkert vald tekið af Alþingi og engin greiðsla framreidd.

Hvaða samningar voru þetta nú? Það voru samningar um Verkmenntaskólann í Kópavogi sem hafði verið hér á borðum margra ríkisstjórna og margra ráðuneyta um langt árabil. Og ég lauk því máli sérstaklega til hvattur af þingmönnum allra flokka. Síðan var það

samingur um byggingu við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki. Þar gilti það sama. Það hafði verið samvinnuverkefni manna úr mörgum flokkum. Og síðan var bygging Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem ég fékk sérstakt bréf um frá öllum þingmönnum kjördæmisins. Efstur á blaði var hv. fyrrv. þm. Matthías Á. Mathiesen, þar sem ég var hvattur til þess af 11 þingmönnum allra flokka úr þessu kjördæmi að gera þann samning til þess að greiða fyrir því að sveitarfélögin sem voru reiðubúin að fjármagna bygginguna á tveimur árum gætu gengið að því vísu. Ég gekk hins vegar þannig frá þessum samningum að í engum þeirra er hærri upphæð á ári til þessara skólabygginga en verið hefur í fjárlögum undanfarinna ára til framhaldsskólabygginga. Í þessum samningum er því ekki farið fram úr þeim venjum og hefðum sem myndast hafa hér í þinginu varðandi framlög til framhaldsskólabygginga. En það er hins vegar fróðlegt að fá það upplýst hér í umræðunum hvort samningar ríkis og sveitarfélaga eru orðnir aðhlátursefni hjá ráðherrum í núv. ríkisstjórn. Þriðja atriðið voru síðan húsbyggingar og þar eru kannski húsakaup og þar er kannski einna helst um að ræða SS-húsið. Það er það eina sem í raun og veru er umtalsvert á þeim lista. Það var eins með það. Það var reyndar í tvígang búið að samþykkja í fjárlögum og lánsfjárlögum heimild til fjmrh. að kaupa það hús og svo mikið þótti þinginu við að það endurtók samþykktina alveg sérstaklega á síðasta vetri til þess að hafa það nú alveg gulltryggt að þetta yrði gert. Og á mig var gengið af þingmönnum allra flokka til þess að nýta þessa heimild. Að spyrja síðan þessara spurninga, sem einhverja vörn fyrir það að inn í þessi fjáraukalög eru komnar alls konar nýjar greiðslur sem aldrei hafa verið ræddar hér við þingið, er auðvitað ekki skynsamlegur málflutningur, virðulegi fjmrh.

Búvörusamningurinn, það var það síðasta af þessum spurningum. Jú, jú, það er alveg rétt, ég undirritaði hann. Hann var kynntur í ríkisstjórn hvað eftir annað. Í honum voru líka fyrirvarar um samþykkt Alþingis að sjálfsögðu. Síðan samþykkti Alþingi hér í fjáraukalögum (**Fjmrh.:** Er það svo?) fyrsta áfangann af þessum samningum, að sjálfsögðu verða þær greiðslur ekki inntar af hendi nema Alþingi samþykki þær, að sjálfsögðu. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu eru þeir samningar undirritaðir með þeim hætti eins og almennt hefur tíðkast og gert hefur verið, að sjálfsögðu eru þeir það. (**Gripið fram í:** Þannig að samningurinn er bindandi?) Já, samningurinn er bindandi, að sjálfsögðu er hann bindandi. En það breytir ekki því eins og þeir þingmenn sem hér sátu á síðasta þingi vita, gagnstætt því sem Alþfl. hefur verið að reyna að halda fram, að búvörusamningurinn kom að hluta til til þinglegrar meðferðar hér við afgreiðslu lánsfjárlaga á síðasta reglulega þingi. Ef þessir menn draga það í efa, þá er hægur vandi fyrir þá að koma með málið inn í þingið. Það er ekkert sem bannar þeim það.

Síðan varð hæstv. ráðherrum nokkuð tíðrætt um ummæli mín um bílakaup þeirra og voru nú svörin nokkuð sérkennileg í þeim efnum. Það er að vísu rangt hjá hæstv. fjmrh. að ég hafi notað orðið „sparibíll", hæstv. ráðherra. Ég notaði ekki orðið sparibíll. Ég vitnaði orðrétt í ráðherrann sem sjálfur gaf þessum tveimur bílum sínum og forsrh. heitið „sparnaðarbílar" hér í blaðaviðtali og ég veit að það er rétt hjá honum að bíll fjmrh. var um 300 þús. kr. ódýrari heldur en bíll forsrh. eða svo. En sú tala sem ég var hér með var upphæðin varðandi bíl forsrh. Það má vel vera að hæstv. ráðherra geti fundið einhver dæmi þess frá síðari árum að einstakir ráðherrar hafi keypt til handa ráðuneytum sínum bíla án sérstakrar heimildar í fjárlögum og hæstv. fyrrv. umhvrh. var nefndur sérstaklega í því sambandi. Þar var hins vegar um nýtt ráðuneyti að ræða. En í öllum þessum ráðuneytum þremur, forsrn., menntmrn. og fjmrn. voru til ágætis bílar sem ráðherrarnir hefðu alveg getað notað til haustsins og vil ég þá fyrst nefna þann bíl sem forsrn. hafði og mér vitanlega er ekki búið að selja. En það var greinilega ekki hægt fyrir ráðherrann að bíða til haustsins heldur varð að drífa í þessu strax í sumar.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherrum að það kom fyrir að ég í minni fjármálaráðherratíð eins og aðrir starfsmenn ráðuneytisins notuðum þann jeppa sem ráðuneytið hafði til ráðstöfunar. Það er auðvitað mikill munur á því hvort um er að ræða bifreiðar sem ráðuneytin eiga og allir starfsmenn ráðuneytisins geta notað, ráðherrann sem og aðrir í ákveðnum sérstökum erindum, en það var iðulega að þessi bíll var notaður til langferða um allt land af embættismönnum ráðuneytisins þó að það hafi komið fyrir að ég hafi einnig notað hann bæði hér innan bæjar og til langferða á vegum ráðuneytisins sem tengdar voru vinnunni í ráðuneytinu. En að hæstv. heilbrrh. ætli svo að fara að gera úr því það mál, sem mátti lesa í hans lokaorðum, sýnir best hve hæstv. ráðherra er með vonda samvisku og sýnir best að hann hefur hvorki kynnt sér reglurnar né venjurnar í þessum efnum og held ég að hann ætti að gera það. Því að þær skattareglur sem hann vitnaði til eru eingöngu tengdar þeim bílum sem eru í ríkiseign og eru notaðir af ráðherrunum í einkalífi þeirra, á heimilum þeirra og í akstri tengdum því utan vinnutímans. Það var ekki um mig að ræða í þessu tilviki eins og allir þeir vita sem til þekkja. (**Heilbrrh.:** Það er nú ekki rétt, hæstv. fyrrv. fjmrh.) Jæja, við skulum þá fara alveg yfir það, virðulegi ráðherra, ef þú vilt. (**Heilbrrh.:** Við skulum ekkert vera með neitt svona núna.) Við skulum alveg gera það ef þú vilt. (Gripið fram í.) Nei, nei. Við skulum alveg gera það ef þú vilt. En hitt finnst mér merkilegt að sá ráðherra Alþfl., sem hæst hefur í sumar talað um siðferðisskyldu þjóðarinnar, um sparnaðinn í nafni siðferðisins og að menn mættu ekki leggja byrðar á börnin í framtíðinni og sett hefur fram mestar kröfurnar til sjúklinganna, eldra fólksins og annarra, skuli mér vitanlega vera fyrsti ráðherrann um langt, langt árabil til að nýta sér þær reglur sem að vísu eru vissulega enn þá í gildi því miður og þingmenn Alþfl. gagnrýndu harðlega á þinginu 1978–1979 þegar upp kom að páv. formaður Alþfl. hafði nýtt sér þær reglur og þingflokkur Alþfl. sameinaðist þá um það að slíkt samrýmdist ekki þeim kröfum sem þingflokkur Alþfl. gerði gagnvart sínum ráð-

herrum. Ég man þá umræðu vel, hæstv. heilbrrh. Ég man vel hvernig ungu mennirnir sem þá voru í þingflokki Alþfl. skildu muninn á löglegu og siðlausu. Og ég segi það aftur við hæstv. ráðherra: Það er alveg rétt, því miður eru enn þá í reglunum í ráðuneytunum heimildir til þess að gera það en ég man ekki eftir neinum ráðherra í bili sem á undanförnum árum hefur keypt sér nýjan bíl til þess að hagnýta sér þessar reglur, að láta ríkið borga niður bílinn fyrir sig. (**Heilbrrh.:** Forsrh. fyrrv. gerði þetta nú síðast.) Það held ég ekki. Þann megintíma sem fyrrv. forsrh. starfaði með mér og starfaði sem forsrh. þá keyrði hann í þeim bíl forsrn. sem núv. forsrh. fannst ekki nógu góður fyrir sig.

Menn verða auðvitað að eiga það við sjálfa sig hvað þeim finnst eðlilegt og hvað ekki. En af því að hæstv. ráðherra var að tala um ákveðnar leiðir, og taldi hér upp að ráðherrar ættu bara að kost á ákveðnum leiðum og látum þá liggja á milli hluta hvað hann vill segja um mig, þá vil ég einfaldlega segja við hann að hann gleymdi leið hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hann hefði alveg átt þann kost að fara þá leið, en það var athyglisvert að hæstv. heilbrrh. nefndi ekkert þá leið þegar hann var að telja hér upp hvaða leiðir ráðherrar ættu í sínum bílamálum.

Ég tók þetta dæmi ekki vegna þess að það séu sérstaklega háar upphæðir heldur einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin hefur komið hér fram í sumar og sagt: Sjúklingar eiga að borga meira, námsfólk á að borga meira, gamla fólkið á að borga meira, vegna þess að allt er svo erfitt. Við erum komin á svo tæpt vað að allir verða að leggja eitthvað á sig. Þá hefði verið betra að ráðherrarnir hefðu gengið á undan með góðu fordæmi og lagt líka eitthvað á sig. Þá held ég að þjóðin hefði betur trúað þeim siðferðisþrótti sem væri í þeirra orðum. Að þessu leyti get ég tekið undir með Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um síðustu helgi og væri hollt fyrir ráðherrana sem eitthvað kveinka sér undan mínum orðum í þessari umræðu að lesa Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins um síðustu helgi. Því það er ekki hægt að koma hér til þings og þjóðar og gera skýrar kröfur um fórnir af hálfu þeirra sem minnst mega sín í okkar þjóðfélagi vegna einhvers þjóðarvanda, en haga sér svo svona sjálfir.

Hæstv. fjmrh. vék að því að við hefðum reiknað með því í tíð fráfarandi ríkisstjórnar að það þyrfti að grípa til einhverra aðgerða í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er út af fyrir sig alveg rétt, hæstv. ráðherra. Ég vil minna ráðherrann á það að námsmannahreyfingin kom í sumar með tillögur sem námu, ef ég man rétt, um 500 millj. kr. sparnaði í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna þannig að það hefur ekki verið neinn ágreiningur, hvorki í tíð síðustu ríkisstjórnar né við námsmannahreyfinganna um að það þyrfti að grípa til einhverra aðgerða. Um það snýst ekki ágreiningurinn varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna. Ágreiningurinn snýst um það, hverjar aðgerðirnar eru. Ég taldi það fagnaðarefni að námsmannahreyfingin skyldi í sumar koma sjálfkrafa með tillögur um 500 millj. kr. sparnað í málefnum Lánasjóðsins. Það sýnir að sú undirbúningsvinna sem við vorum búin að leggja mikið í á mánuðunum og missirunum áður en við fórum úr Stjórnarráðinu hafði borið þann árangur að milli námsmannahreyfingarinnar og ríkisvaldsins var kominn heilbrigður umræðugrundvöllur sem fól í sér sjálfkrafa viðurkenningu námsmannahreyfingarinnar um sparnað upp á hálfan milljarð. En í stað þess að ganga að þeim tillögum hlaut ríkisstjórnin að fara í stríð við námsmannahreyfinguna.

Hæstv. fjmrh. sagði það líka hér að ég hefði sagt að það væri óheiðarlegt að flytja á milli og setja í þetta frv. upphæðir sem hefði e.t.v. átt að gjaldfæra á næsta ári. Það sagði ég ekki, hæstv. fjmrh. Það sem ég sagði að væri óheiðarlegt var að á sama tíma og þetta er gert, að setja í fjáraukalagafrv. gjöld sem féllu á árunum 1987 og 1988 og síðan gjöld sem almennt hefðu fallið í fjárlagafrv., væri fjáraukalagafrv. túlkað hér af hæstv. ráðherra eins og það væri allt saman verk og sök fyrrv. ríkisstjórnar og fyrrv. fjmrh. Það væri framsetningin og ályktunin og túlkunin sem væri óheiðarleg. Ég hef aldrei gagnrýnt það að menn færi þessar upphæðir til. Að sjálfsögðu ekki. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að þær koma einhvern tíma til greiðslu og eiga að gera það. Það sem mér fannst hins vegar athugunarvert við þetta fræga útflutningsuppbótalán sem tekið var í tíð páv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar var að það skyldi vera búið að greiða núna þá upphæð sem beðið er um heimild í fjáraukalagafrv. núna að yrði greitt til viðbótar þeirri upphæð sem er í fjárlögunum. Athugasemd mín um óheiðarleika átti þess vegna eingöngu við ályktunina og túlkunina en ekki við aðferðina sjálfa í frv.

Hæstv. heilbrrh. ætlaði líka að fleyta einhverjar kerlingar hér á því að víkja að því fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990 sem var óafgreitt sl. vor. Í þessari umræðu um aukafjárveitingarnar, hæstv. heilbrrh., höfum við alltaf, allir sem í þeirri umræðu hafa tekið þátt, gert greinarmun á því hvort um er að ræða að farið er fram úr ýmsum greiðslum, dæmi t.d. útgjöld vegna lyfjakaupa sem áætluð eru og menn vita ekki nákvæmlega eða t.d. launagreiðslur vegna gjaldþrota í fyrirtækjum og sótt er til heimilda um slíkt eftir á, eða hvort verið er að sækja um heimildir gagnvart nýjum og beinum útborgunum á liðum sem aldrei hafa verið ræddir í þinginu. Auðvitað kæmi til greina að taka upp bandarísku aðferðina eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ræddi hér fyrr í dag og þá gildir það um allt, líka áætluðu tölurnar. Þá stoppar bara greiðsluflæðið. En þær athugasemdir sem ég setti hér fram um hinn gamla sið sem upp væri tekinn viku eingöngu að nýjum liðum sem aldrei hafa verið orðaðir hér í þinginu. Ég hefði getað, hæstv. heilbrrh., talið upp fullt af hlutum í þessu frv. sem eru merki um það að menn hafa ekki áætlað greiðslutölur rétt og eru þess vegna að biðja um heimildir, en ég gerði það ekki. Ég vék ekki einu orði með gagnrýni á slíkt vegna þess að ég veit að það getur alltaf verið snúið að áætla slíkt og það getur alltaf komið upp vandamál af því tagi. Það eru þess vegna hreinir útúrsnúningar hjá hæstv. heilbrrh. að grípa til varnar af því tagi sem hann gerði hér.

Hæstv. heilbrrh. reyndi að búa hér til einhverja mikla fléttu á þann veg að ég hefði skipt um skoðun við að fara úr fjmrn. Ég get huggað hæstv. ráðherra með því að segja honum það að ég hef ekki skipt um skoðun við það að fara úr ráðuneytinu. Ég er t.d. með nákvæmlega sömu skoðun nú og ég var þá, að það ætti að tekjutengja ellilífeyri. Þeim hugmyndum, sem hæstv. fyrrv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, og ég sem fjmrh. vorum með um tekjutengingu ellilífeyris, hugsa ég að við séum enn þá báðir hlynntir. Það er engin breyting á okkar afstöðu, hæstv. heilbrrh., í þeim efnum. En þær tillögur strönduðu á afstöðu Alþfl. vegna þess að Alþfl. vildi hafa hérna kerfi þar sem menn fá kannski milljónir í tekjur á ári af fjármagnstekjum, skattfrjálsar, en fá engu að síður grunnlífeyrinn í ellilífeyriskerfinu eins og maðurinn sem er bara með 50 eða 60 þús. kr. í mánaðartekjur. Það var þetta kerfi sem við vildum leggja niður. Við vildum afnema það kerfi að menn sem væru með mörg hundruð þúsund krónur í mánaðartekjur af ýmsum orsökum, m.a. vegna skattfrjálsra fjármagnstekna, væru svo að sækja sama grunnlífeyrinn í Tryggingastofnun eins og fólkið sem rétt getur lifað af 50–60 þús. kr. En Alþfl. sagði nei. Við erum alveg tilbúnir að flytja þær tillögur hér í vetur í þinginu ef þið viljið og láta á það reyna enn á ný að Alþfl. standi vörð um hagsmuni hátekjuhópanna.

Við erum líka enn þá með þær tillögur, hæstv. heilbrrh., sem við vorum með í tíð fráfarandi ríkisstjórnar að tekjujöfnunin hér í landinu ætti að verða með þeim hætti að lagt yrði á sérstakt hátekjuþrep í tekjuskattinum, lagður yrði á fjármagnstekjuskattur, frádráttur vegna hlutafjárkaupa yrði minnkaður eða afnuminn og þessir peningar notaðir til tekjujöfnunaraðgerða innan skattakerfisins til þess að auka kaupmátt fólksins með lágu tekjurnar. En við höfnuðum auðvitað algjörlega að fara þá leið sem valin er í fjárlagafrv. að hlífa hátekjufólkinu, hlífa fjármagnseigendunum, en leggja tugi þúsunda á lágtekjufólkið og miðlungstekjufólkið í gegnum alls konar gjöld sem ekki má víst kalla skatta en eru bara eitthvað hinsegin. Sú stefna er alveg óbreytt, hæstv. heilbrrh.

Við lögðum líka fram margvíslegar tillögur um lyfjasparnað, fyrrv. heilbrrh. og ég, tillögur sem miðuðu að því að taka á milliliðunum, taka á kerfisgróðanum, taka á þeirri gróðamyndun sem hefur leitt til þess að lyfsalar hafa svo mikið af peningum að þeir vita ekkert hvað þeir eiga við þá að gera, kaupa laxeldisfyrirtæki, gosdrykkjarverksmiðjur, bjórverksmiðjur, ég veit ekki hvað og hvað, fyrir gróðann af lyfjabúðinni. Það var þetta kerfi sem við ætluðum að leggja af en það strandaði líka á því að ráðherrar Alþfl. komu í ríkisstjórnina og sögðu: Nei, því miður, við höfum bara ekki heimild, fáum ekki leyfi í þingflokknum til að breyta þessu kerfi.

Við gætum auðvitað alveg farið út í að rekja það hvernig Alþfl. hafnaði að tekjutengja lífeyrinn, hafnaði kerfisbreytingunum í lyfjaversluninni, hafnaði hátekjuskatti á hópana með hundruð þúsunda í mánaðartekjur, hafnaði að leggja á fjármagnstekjuskatt á síðasta þingi. Það er alveg velkomið að rekja þetta ef hæstv. ráðherrar vilja. Við höfum ekki skipt um skoðun.

Það er þess vegna algjörlega rangt hjá hæstv. heilbrrh. og sýnir að annaðhvort hefur hann lítið hlustað eða ekki skilið í minni ræðu að ég hafi verið að halda fram þeirri kenningu að það hafi verið persóna mín sem réði því hver útkoman yrði úr ríkisrekstrinum í ár. Það var ekki ein einasta setning í þá veru í minni ræðu. Ekki ein, hæstv. heilbrrh. Ég leyfði mér hins vegar að benda á það að ég hefði reifað ýmsar hugmyndir um aðgerðir og tillögur og viðurkennt sjálfkrafa án þess að nokkur væri sérstaklega að biðja mig um það, viðurkennt áður en ég fór úr fjmrn. að það þyrfti að grípa til aðgerða, setti það á blað. Það var því alveg ljóst af minni hálfu að það yrði að grípa til aðgerða eins og endranær. Það var hins vegar bara spurning hverjar aðgerðirnar ættu að vera. Hver ætti að bera byrðarnar. Hver ætti að bera kostnaðinn. Ágreiningur okkar við núv. hæstv. ríkisstjórn er ekki um það hvort það þurfi að grípa til aðgerða eða ekki. Ágreiningurinn er ekki um það. Ágreiningurinn er um það hverjar aðgerðirnar eiga að vera og hverjir eiga að bera fórnarkostnaðinn. Við höfum sagt, öll stjórnarandstaðan: Það er hátekjufólkið og fjármagnseigendurnir, gróðaöflin í þessu þjóðfélagi sem eiga að bera fórnarkostnaðinn, en ekki fólkið sem þarf og verður á þjónustunni að halda og er með lágar tekjur, eins og Sjálfstfl. og Alþfl. eru að gera.

Það er auðvitað ánægjulegt að öll verkalýðshreyfingin í landinu stendur með okkur í því stríðinu á móti ríkisstjórninni. Ég á nú alveg eftir að sjá hvernig Alþfl. ætlar að leysa þá þraut — þó það sé ekki umræðuefni hér, en það hefur að vísu aðeins verið vikið að þeim ágæta manni Karli Steinari Guðnasyni í þessari umræðu — hvernig Alþfl. ætlar að leysa þá þraut að ætla formanni Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og varaformanni Verkamannasambandsins að stýra afgreiðslu svona fjárlagafrv. í gegnum þingið. Það er mikið lagt á einn mann, ég segi nú bara það.

Virðulegi forseti. Það er svo sem ýmislegt fleira sem mætti segja um þær ræður sem hér voru fluttar. Ég ætla ekki að bæta miklu við en vil þó aðeins segja við hæstv. fjmrh.: Það þurfti enga sérstaka nefnd í þennan fortíðarvanda. Þess vegna kallaði ég það auglýsingamennsku, allt þetta í kringum fortíðarvandanefndina og annað í þeim dúr. Látum nú vera að ég hef aldrei skilið hvers vegna forsrn. er látið stýra þeirri nefnd. Það er eitthvert innanhússmál hjá þeim í Sjálfstfl. Í fjmrn. lágu fyrir öll gögn um flugstöðvarbygginguna, það þurfti enga sérstaka nefnd í það að fletta því upp hvað þjóðin skuldaði vegna flugstöðvarbyggingarinnar, hver rekstrarkostnaðurinn yrði á næstu árum. Það lá allt fyrir. Það er bara peningaeyðsla, hæstv. fjmrh., að verja þessari milljón það sem af er í þessa fortíðarvandanefnd því hún er ekki komin með neitt nýtt sem ekki lá fyrir í öðrum gögnum. Jafnvel í fyrra og hittiðfyrra. Það er auðvitað athyglisvert að það er búið að greiða núna eina milljón vegna þessarar fortíðarvandanefndar án þess að þingið hafi

veitt nokkra heimild til þess að greiða krónu vegna hennar.

Eins er auðvitað með Framkvæmdasjóð. Það lá fyrir í fjmrn. og hjá öðrum sérfræðingum nægilega skýr úttekt á stöðu Framkvæmdasjóðs til þess að hægt væri að draga af henni ályktanir. Um fiskeldið var gerð sérstök úttekt í sumar þannig að mér er ekki alveg ljóst hvað það var sem skorti upplýsingar um sem þurfti að setja þessa virðulegu nefnd til þess að afla. Þess vegna leyfði ég mér að kalla það auglýsingamennsku af því að hefðu menn viljað átta sig á í hverju þetta fólst var það hægt á fáeinum dögum með aðstoð þeirra embættismanna sem eru í ráðuneytunum eða hjá viðkomandi stofnun.

Varðandi byggingu flugstöðvarinnar þá er rétt að hafa það sem rétt er í þeim efnum, virðulegi fjmrh., að það var ekki fyrr en Geir Hallgrímsson varð utanrrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1983 sem ákvörðun var tekin um að hefja flugstöðvarbygginguna á grundvelli þeirra tillagna sem þá lágu fyrir. Í þrjú ár, frá 1980–1983 lagðist Alþb. gegn því að bygging af þessu tagi væri reist, ekki vegna þess að við vildum ekki reisa nýja flugstöð heldur einfaldlega að við vildum ekki binda þjóðinni þessa bagga.

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða hafi verið til gagns. Hún hefur dregið nokkuð skýrt fram hugmyndaheim ráðherranna, viðmiðanir þeirra og rök. Hún hefur líka leitt okkur skýrt í ljós hvert er eðli þess fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu, en því miður hefur hún ekki aukið traust manna á því að þeir menn sem nú sitja í ráðherrastólum hafi það samhengi milli orða og athafna að þeir geti greitt úr þeim vandamálum sem vissulega þarf að taka hér á og við höfum margir á undanförnum árum bent á að væru brýn viðfangsefni.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, heldur aðeins að koma hér aftur inn á eitt efnisatriði sem reyndar var nokkuð til umræðu áðan og ég reyndi að gera skil í minni fyrri ræðu, en út af orðum hæstv. heilbrrh. verð ég að bæta hér við örfáum orðum. Hann las upp úr grg. með fjárlagafrv. frá síðasta ári vegna fjárlaga þessa árs um hugmyndir og fyrirætlanir um sparnað í heilbrigðisþjónustunni eða tryggingakerfinu, bæði hvað varðar lífeyristryggingar og sjúkratryggingar. Ég taldi mig reyndar hafa gert nokkuð ítarlega grein fyrir því áðan líka, en vil aðeins árétta það að varðandi fyrirhugaða lækkun eða sparnað í útgjöldum lífeyristrygginganna þá var í frv. til nýrra almannatryggingalaga sem hafði verið unnið að á vegum ráðuneytisins með aðild fulltrúa allra stjórnarflokkanna — og reyndar allra stjórnmálaflokkanna. Að vísu hygg ég að fulltrúi Sjálfstfl. hafi dregið sig út úr því nefndarstarfi á síðari stigum eða a.m.k. mætt illa á fundi ef hann mætti nokkuð. En fulltrúar stjórnarflokkanna áttu aðild að þessari vinnu og í þessu frv. til nýrra laga um almannatryggingar var gert ráð fyrir tekjutengingu ellilífeyrisins svo sem hv. síðasti ræðumaður gerði hér grein fyrir áðan og afgreiðsla þess frv. strandaði á þingflokki Alþfl. Og eins og hæstv. ráðherra sagði hér og greindi réttilega frá áðan, þá nær það ekkert lengra, málið fór ekki í gegn, það varð ekki að lögum, þessi breyting náði ekki fram að ganga og þess vegna ekki þessi fyrirhugaði sparnaður. Síðan rakti hæstv. ráðherra hugmyndirnar um sparnað í lyfjakostnaði og las upp úr grg. fjárlagafrv. frá í fyrra. Með leyfi forseta vil ég endurtaka það til áréttingar: „Fyrir lyfjakostnaði eru áætlaðir 2,3 milljarðar kr. í frv. Sú tala byggist á því að hægt verði að ná þar fram sparnaði er nemur 500–600 millj. kr. M.a. er gert ráð fyrir að ná þessum sparnaði með breyttu skipulagi á innflutningi og dreifingu lyfja, lækkaðri álagningu í heildsölu og smásölu og breyttu skipulagi á kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði."

Ég get alveg fullvissað hæstv. ráðherra um það að þetta hef ég lesið. Þetta las ég í fyrra, þetta var í frv. að sjálfsögðu með mínu samþykki og að mínu undirlagi vegna þess að þetta var það sem við vorum að vinna að í heilbrrn. og ég vil undirstrika það. Ég vil jafnframt minna hæstv. ráðherra, páv. hv. formann fjvn., að ég var kallaður á fund fjvn. og beðinn sérstaklega að gera grein fyrir því hvaða hugmyndir væru uppi um að ná fram þeim ásetningi um sparnað sem hér væri gerð grein fyrir, og ég hygg að það hafi verið hv. þm. Pálmi Jónsson sem spurði sérstaklega um hugmyndir um breytt skipulag og kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði. Mér er þess vegna skylt og reyndar líka ljúft að gera grein fyrir því sem ég sagði þar á þeim fundi í fjvn. Ég hygg reyndar að það sé líka til í þingtíðindum vegna þess að einhvern tíma kom þetta til umræðu hér inni í þingsal líka og ég gerði grein fyrir hugmyndum mínum í þessu efni sem voru fyrst og fremst þær að formið sem við tókum upp með bestukaupalistanum um það að hafa þátttöku einstaklinganna mismunandi eftir því hvort lyf voru á bestukaupalista eða ekki, 550 kr. annars vegar og 750 kr. hins vegar, náði ekki þeim árangri að fullu sem við höfðum vænst. Þess vegna voru hugmyndir uppi um það að reyna að tengja þessa kostnaðarþátttöku meira verðinu með hlutfallsgreiðslu og hafa þá lægri töluna sem var 550 kr. samkvæmt bestukaupalistanum, hafa hana lægri — ég hygg ég hafi nefnt töluna 300 kr., þó var það nú gert með fyrirvara vegna þess að ekki höfðu verið teknar neinar ákvarðanir um það — en hærri töluna, sem var 750 kr. fyrir lyf utan bestukaupalista, eitthvað hærri. Ég held ég hafi nefnt töluna þá líka, segi það þó með fyrirvara, það má fletta því upp í þingtíðindum hafi það komið fyrir í þeirri ræðu líka, en ég held ég hafi nefnt það í umræðunum í fjvn. þá, á bilinu 2500–3000 kr. sem væri hámarksgreiðsla, og bilið þarna á milli væri tengt lyfjaverði, hækkandi hlutfallslega. En þetta var einn af þeim þáttum sem varð að ná fram með breytingu á lögum vegna þess að þetta er ekki heimilt lögum samkvæmt. Þetta veit ég að hæstv. heilbrrh. er kunnugt um og þess vegna hékk þessi aðgerð einnig á spýtunni um lagabreytingu. Þannig að hugmyndir sem voru uppi í ráðuneytinu, og ráðherra greindi frá að hefðu verið athugaðir ýmsir kostir þar, voru ekki að mínu skapi af því að þær gerðu ráð fyrir því að einstaklingarnir tækju á

allt annan hátt þátt í þessum kostnaði og í meira mæli. Og það er engin hræsni af minni hálfu — eins og ég skildi hæstv. ráðherra að hann væri að drótta því að mér að það væri hræsni að látast ekki muna eftir þessu eða látast ekki vita hvaða meining væri í því að tala um breytt skipulag og kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði — þegar ég fullyrði það að sú aðferð sem hæstv. ráðherra hefur viðhaft í þessu sambandi er ekki að mínu skapi. Það var ekki annað sem ég lýsti yfir hér áðan heldur en það að ég væri mótfallinn því formi sem hefði verið tekið upp og kallaði það árás.

Að þetta gjald skyldi ekki vera látið fylgja verðlagi, sem hefði auðvitað verið hægt, að hækka 550 kr. og 750 kr. með verðlagi og hugsanlega að taka upp fleiri gjaldflokka, er auðvitað heimilt lögum samkvæmt, að ákveða krónutölur og í fleiri þrepum heldur en bara þessi tvö sem gert var á sínum tíma og ég hef hér gert grein fyrir, það var ekki gert vegna þátttöku stjórnvalda í svokallaðri þjóðarsátt og um það var líka samkomulag. Um það var rætt í ríkisstjórninni hvort það ætti að breyta þessu, og ég setti fram hugmyndir um það að láta þetta fylgja verðlagi, en vegna þátttöku ríkisvaldsins og vilja til þess að reyna að halda verðlagi niðri þá var ekki gerð á því breyting af minni hálfu og með vitund og vilja ríkisstjórnarinnar og þar með auðvitað líka hæstv. ráðherra Alþfl. í þeirri ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt að lokum. Ég vil minna á það í sambandi við þær tölur sem menn hafa dregið hér fram um að það vantaði verulega fjármuni inn í tryggingakerfið og að lítið hafi verið gert í heilbrrn. til að fylgja fram þessum hugmyndum, þá beitti ég mér fyrir breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra á síðasta þingi sem olli miklum umræðum hér í hv. Alþingi. Þær breytingar fólu það í sér að heimilt væri að verja hluta af gjaldinu, sem renna á lögum samkvæmt í Framkvæmdasjóð aldraðra, til reksturs stofnana. Og alla vega þær 100 millj., 105, 107 eða 110 millj. ef ég man rétt, rúmlega 100 millj. kr., u.þ.b. ⅓ hluti af innheimtu gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra rann á þessu ári samkvæmt minni tillögu og samkvæmt breytingu á lögum um sjóðinn til Tryggingastofnunarinnar, til rekstrarverkefna, til þess að minnka þennan mun sem við blasti.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar, virðulegi forseti, en vildi láta þetta koma fram hér til áréttingar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég vil aðeins staðfesta að það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að sá kostur, sem að flestra áliti er bestur, að taka upp hlutfallslega þátttöku neytenda lyfja í lyfjakostnaði, er ekki fær nema með því að breyta lögum. Menn verða að búa við þau lög sem í gildi eru. Hins vegar var markmiðið það sama, með öðrum orðum það að reyna að draga úr heildarlyfjaneyslu, m.a. með því að auka með einhverjum hætti þátttöku sjúklinga í heildarlyfjakostnaðinum. Þannig að tilgangurinn var sá sami hjá hæstv. síðustu ríkisstjórn eins og bæði er lýst í grg. fjárlagafrv. og í orðum ráðherrans fyrrv. hér áðan, með því að flytja til kostnaðarþátttöku að einhverju leyti. Ég er hins vegar sammála honum um það að sú aðferð sem hann lýsti um hlutdeildarþátttöku sjúklinga er betri aðferð, en það er bara ekki hægt að beita henni nema með því að breyta lögum. Ég verð að segja alveg eins og er að eftir allt það moldviðri sem þyrlað var upp í kringum þá reglugerðarbreytingu sem gerð var og gildi tók 1. júlí sl., þá held ég að niðurstaðan sé þess eðlis að a.m.k. hörðustu gagnrýnendur þeirra breytinga ættu að hugsa sig tvisvar um og jafnvel þrisvar því að sú niðurstaða, að heildarlyfjakostnaður landsmanna hafi nú í þrjá mánuði samfleytt verið 25% undir því sem menn reiknuðu með án þess að hægt sé að merkja mjög verulega íþyngingu í lyfjakostnaði fyrir þá hópa sem sérstaklega var reynt að vernda, þ.e. gamla fólkið, barnafólkið og þá sem þjást af langvarandi sjúkdómum, er vissulega talsverður árangur. Við tökum þessa umræðu sjálfsagt síðar og getum þá rætt frekar um einstök atriði í þeim þætti.

Um ræðu hæstv. fyrrv. fjmrh. hér áðan hef ég afskaplega fátt að segja annað en það að hv. þingmaður er enn á þeim buxunum að hann er alltaf að ræða um sjálfan sig í ýmsum myndum. Öll hans umræða héðan úr þessum ræðustól er raunverulega um hann sjálfan, hans eigin persónu og þá vondu einstaklinga sem hafa verið að þvælast fyrir honum í metnaði hans. Ég óska þess bara eindregið að hæstv. fyrrv. fjmrh. komist úr þessum persónulegu þrengingum og maður hitti hann aftur fyrir eins og maður þekkti hann hér áður og geti farið að ræða við hann um málefni en ekki alltaf manninn Ólaf Ragnar Grímsson í hinum ýmsu myndum sem hann kýs að ræða það, svona heldur leiðinlega málefni til lengdar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

4. FUNDUR

miðvikudaginn 9. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Kosning tveggja aðalmanna í útvarpsráð í stað Ingu Jónu Þórðardóttur viðskiptafræðings og Magnúsar Erlendssonar fulltrúa og eins varamanns í stað Friðriks Friðrikssonar framkvæmdastjóra til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel mjög bagalegt að ganga til kosninga í fjarveru hæstv. menntmrh. þar sem einhverjir þeir hlutir virðast hafa gerst í september að slíkt mannfall sjálfstæðismanna hefur orðið í útvarpsráði að

það hefur hreinsast út. Nú er það svo að þegar menn deila er það auðvitað spurning hverjir eigi að víkja, í þessu tilfelli einn ráðherra eða þrír fulltrúar í útvarpsráði. Hitt er þó ekki síður umhugsunarefni hvort þingið geti haft það sem verkefni að standa í kosningum og kjósa fólk til starfa ef það liggur ekki fyrir hvort það muni endast í störfunum nema örstuttan tíma.

Ég sé að þetta mál er fyrst á dagskrá og mér þætti t.d. mjög vænt um ef það yrði upplýst af hæstv. menntmrh. hvort þannig er háttað sambandi hans við hina væntanlegu útvarpsráðsmenn sem tilnefndir yrðu af Sjálfstfl. að gera megi ráð fyrir friðsamlegri sambúð eða hvort flokkurinn hefur aðeins ákveðið að stinga upp á mönnum til þessara starfa en engin könnun farið fram á því hvort þarna sé nægilegur trúnaður á milli. Auðvitað hefði þetta verið upplýst hér strax ef hæstv. menntmrh. hefði verið við, en í fjarveru hans er þessum spurningum náttúrlega alveg ósvarað. Við getum þess vegna átt von á því þó við kjósum nú menn í ráðið að t.d. í desembermánuði taki þeir upp á því að segja allir af sér og þetta verði fastur liður á dagskrá á hverju þingi. Mér finnst vonlaust að búa við slíkar aðstæður og annaðhvort þurfi að liggja fyrir yfirlýsing frá þeim aðilum sem nú eru til kjörnir að þeir séu sáttir við að eyða hluta af ævi sinni til þessara starfa og sambandið við hæstv. menntmrh. sé með eðlilegum hætti því að án þess gæti það orðið hálfgert skemmtiefni á Alþingi að kjósa menn í trúnaðarstöður aðeins vegna þess að það eru einhverjar deilur í Sjálfstfl. sem eru svo djúpt niðri að maður veit ekki einu sinni hvað á að segja. Það er ekki upplýst hvað traustið var á háu stigi áður en það brast.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Við þökkum auðvitað ráð sérfræðings Framsfl. í friðsamlegri sambúð. Þau eru góðra gjalda verð. En Sjálfstfl. er ekkert að vanbúnaði að láta þessar kosningar fara fram.

Björn Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson bar fram, þá get ég ekki svarað fyrir hönd menntmrh. en ég get svarað fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl. að við erum með tillögu hér og hún er borin fram í trausti þess að sjálfsögðu að viðkomandi aðilar taki að sér þau störf sem um er að ræða en ófyrirsjáanleg atvik í framtíðinni getum við náttúrlega ekki rætt um hér og getum ekki veitt neinar tryggingar umfram það sem venjulegt er þegar menn eru kjörnir í trúnaðarstörf á hinu háa Alþingi. Og við vitum að það hefur oftar en einu sinni komið fyrir að menn hafi orðið við sérstakar aðstæður að bera fram tillögu eins og þessa hér og þau tilvik eru mjög mörg og mönnum er kunnugur aðdragandi að þessu máli. Forseta Alþingis hafa borist bréf frá viðkomandi aðilum og málið hefur í alla staði verið borið fram með réttum hætti þannig að eins og hæstv. fjmrh. sagði þá er okkur ekkert að vanbúnaði að ganga til þessa kjörs og við óskum eftir að til þess verði gengið í samræmi við þær venjur og reglur sem hér hafa gilt.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Satt best að segja stendur nú þingið frammi fyrir talsverðum vanda í þessu máli og ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að vekja athygli á þessari sérkennilegu stöðu því það er auðvitað rangt sem hv. 3. þm. Reykv. heldur fram að svona nokkuð hafi oft gerst. Ég fullyrði að þetta er alger nýlunda í sögunni. Sjálfstfl. er brautryðjandi á þessu sviði hvað sem öðrum sviðum líður. Það er ekki nokkur leið að neita því. Það hefur aldrei áður gerst að fulltrúar stjórnarflokks í útvarpsráði hafi sagt af sér með því að lýsa því yfir að það sé trúnaðarbrestur á milli þeirra og viðkomandi ráðherra og síðan taka þeir á ras einn af öðrum út úr útvarpsráði og vilja ekki vera þar undir þessum ráðherra. Þetta er auðvitað alger nýlunda þannig að þingið hlýtur að taka þetta mál til sérstakrar umræðu.

Það er alveg rétt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan að það er engu að treysta í þessu fyrir þingið nema hugsanlega orðum hæstv. menntmrh. Við hljótum auðvitað að óska eftir því að fram fari umræður um það og við getum spurt hann að því hvort það ríki trúnaður á milli hans og væntanlegra útvarpsráðsmanna Sjálfstfl. þannig að ekki þurfi að vera með föstum hætti á dagskrá hér í vetur kosning á fólki sem hefur tekið á ras út úr útvarpsráði eins og fráfarandi útvarpsráðsmenn hafa gert.

Það er að sjálfsögðu misskilningur sem lá í orðum bæði hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. að það sé nóg fyrir þingið að Sjálfstfl. sé tilbúinn til að kjósa mennina. Það eru ekki rök í málinu vegna þess að það eru fleiri flokkar á þinginu en Sjálfstfl. Það gæti ekki verið að það ætti eftir að koma í ljós og renna upp fyrir þeim varaformanni Sjálfstfl. og varaformanni þingflokks Sjálfstfl. að það eru fleiri flokkar með fulltrúa á Alþingi en Sjálfstfl. þannig að jafnvel þótt Sjálfstfl. væri tilbúinn til þess að kjósa þessa tvo menn eða þrjá í útvarpsráð út af fyrir sig, þá dugir það ekki. Alþingi Íslendinga er skipað fulltrúum margra flokka og það er nauðsynlegt fyrir Sjálfstfl. að átta sig á því að það verða fleiri að koma hér við sögu en Sjálfstfl.

Þess vegna vil ég eindregið fyrir hönd okkar þingmanna Alþb. taka undir þær óskir hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að þessu máli verði frestað þangað til menntmrh. verði hér staddur þannig að unnt sé að spyrja hann hvort það ríki trúnaður milli hans og væntanlegra ráðsmanna eða hvort það sé hætta á því að það bresti á trúnaðarbrestur eiginlega strax eftir að þeir eru allir kosnir. Málið er því snúið og ég beini þeim alvarlegu tilmælum til hæstv. forseta Alþingis að málinu verði frestað þar til hæstv. menntmrh. kemur hér til þess að lýsa því af sinni hálfu hvort um er að ræða trúnað í þessu efni eða ekki. Í raun og veru getur enginn tekið af skarið í þeim efnum, eins og hv. þm. Björn Bjarnason benti á, nema menntmrh. vegna þess að hann er auðvitað framkvæmdarvaldshafinn í þessu máli borinn uppi þeim meiri hluta sem situr hér á Al-

þingi, þó ég beri auðvitað enga ábyrgð á honum eða við í minni hlutanum. Ég vil því eindregið beina því til hæstv. forseta að þessari kosningu verði frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti sér ekki ástæðu til að fresta þessari kosningu. Hins vegar vill forseti benda hv. 9. þm. Reykv. á að það eru möguleikar á að spyrja hæstv. menntmrh. um þetta mál þegar hann kemur aftur. Það er ekkert sem bannar það. En forseta þykir það nokkuð óvenjulegt ef gerðar eru athugasemdir við slíkar aðstæður sem hér er um að ræða. Þetta getur komið fyrir hvaða þingflokk sem er og hefur gerst að menn þurfa að endurkjósa þegar forföll verða í stjórnum, ráðum eða nefndum sem kosið er til af Alþingi. Þetta getur alltaf gerst og við skulum vona að þeim sem hafa verið kosnir í slík embætti hljótist heilsa og gæfa til þess að sitja í sínum embættum út sitt kjörtímabil hver sem í hlut á. Hér stendur sérstaklega á og þess vegna er óskað eftir því að þessi kosning fari fram og forseti mun að sjálfsögðu verða við því og biður hv. 9. þm. Reykv. að hafa biðlund og eiga orðastað við hæstv. menntmrh. þegar þar að kemur.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að það er upplýst út af fyrir sig að Sjálfstfl. er reiðubúinn til þess að ganga til þessara kosninga. Þetta er ekki ákvörðun sem tekin hefur verið bara í forsætisnefnd þingsins heldur er þetta undirbúin ákvörðun.

En það er misskilningur að ég hafi verið með fyrirspurn í málinu. Ég var með einfalda ósk og bað um frestun. Það hefur oft gerst að hér hefur legið á mörgum dagskrám tilkynning um að það eigi að kjósa og það hefur ekki verið framkvæmt strax. Ég veit ekki til annars en það hafi oft komið fyrir að þannig stæði á. Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir því að það yrði upplýst hvort hægt væri að fá þessa frestun þar til menntmrh. kæmi var einfaldlega sú að það er ekkert ósætti mér vitanlega á milli þessara þriggja við Sjálfstfl. Hafa þeir hafi sagt sig úr flokknum? Ég hef ekki frétt af því. Er heilsubrestur alls staðar? Ég hef ekki frétt af því. Mér er sagt að það sé aðeins ósætti við menntmrh. Þess vegna finnst mér ekki óeðlilegt að það liggi fyrir og þingheimi sé það ljóst að það sé þó í það minnsta sátt í upphafi þegar af stað er farið milli menntmrh. og þeirra sem á að kjósa nema ástandið sé svo slæmt að það séu engar sættir og það megi bara ekki komast upp. Það verði að drífa kosninguna af í fjarveru hæstv. menntmrh. þess vegna. Nú eigi bara að sitja menn sem hafi þrek til að vera ósáttir við hæstv. menntmrh. en hafi þrek til þess að sitja í útvarpsráði engu að síður. Ég skil ekki hvers vegna má ekki fresta svo einföldu máli. Ég segi það eins og er. Eru einhver stórtíðindi á dagskrá í útvarpsráði sem gera það að verkum að þetta þolir ekki bið fram yfir helgi eða hefur hæstv. menntmrh. búið sig undir fjarvistir í þinginu á næstunni? Það er nánast merkilegur einstrengisháttur ef það er ekki hægt að verða við einfaldri beiðni um það að fá atkvæðagreiðslu frestað í nokkra daga. Mér finnst nú orðin hálfgerð nasistastjórn á þinginu ef þetta eru vinnubrögðin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil nú frábiðja mér slíkar ávirðingar af hv. 2. þm. Vestf. að hér sé nasistastjórn á ferðinni á hv. Alþingi.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. forseta úr stólnum áðan vil ég bara að það komi fram að ég tel það náttúrlega býsna alvarlegan hlut ef forsæti þingsins er ekki tilbúið til þess að fresta kosningu um skeið. Ég sé ekki að það geti verið verulegur héraðsbrestur fyrir Ríkisútvarpið þó að það hinkri smástund með kosningu á þessum aðilum. Og ég bendi hæstv. forseta á það hvað það er í sjálfu sér alvarlegt mál ef hæstv. forseti neitar þingflokkum stjórnarandstöðunnar um jafneinfalda ósk og þá að hinkrað verði með kosningu á tilteknum mönnum um nokkurra daga eða jafnvel nokkurra vikna skeið þar til hæstv. menntmrh. er kominn hér til þess að vera fyrir svörum. Ég tel satt að segja að neitun af hálfu forsetans, og ég vil að sjálfsögðu ekki nota nein stór orð um núverandi forseta þingsins, ég tek það fram að gefnu tilefni, en ég hlýt samt að leggja á það áherslu að forsetinn er trúnaðarmaður okkar allra. Forsetinn lýsti því yfir þegar hún var kosin forseti Alþingis að hún væri trúnaðarmaður okkar allra og það er augljóst mál að hún væri að bregðast þeim trúnaði ef hún yrði ekki við óskum okkar að þessu leytinu til.

Að vísu verð ég að viðurkenna að þegar ég sá hvernig stjórnarliðið ætlaði að raða sínum mönnum inn í forsætisnefndina óttaðist ég auðvitað að þau vinnubrögð yrðu upp tekin að það yrði ekki hlustað á stjórnarandstöðuna. Og ég verð að segja alveg eins og er að þegar manni eru að berast tilkynningar frá forsætisnefndinni eða frá formönnum nefnda sem stjórnarflokkarnir einir eiga, þá er það auðvitað mjög sérkennileg upplifun í þinginu eftir að hafa kynnst því hér um 20 ára skeið, síðan 1971, að tekin voru upp þau vinnubrögð að stjórnarandstaðan ætti aðild að stjórn þingsins. Nú hafa verið teknir upp nýir hættir. Nú eru það nýir menn sem stjórna og það á að útiloka stjórnarandstöðuna alls staðar og taka upp tilskipanastíl á öllum sviðum.

Ég skora á hæstv. forseta Alþingis að taka þegar í stað af skarið í þessu efni og sýna að hún lætur ekki hina hörðu hægri stefnu ríkisstjórnarinnar, svo að ég vitni í hæstv. sjútvrh., stjórna sér heldur sé hún sjálfstæður embættismaður þingmanna allra og segi núna við þingið: Vegna óska sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni er málinu frestað. Það er nauðaeinfalt en í rauninni það sjálfsagðasta og eðlilegasta sem forsetinn gerir vegna þess að ég segi að ef því er hafnað þá er það vísbending um að það eigi að stjórna þessu þingi í vetur með meiri hörku og af meira tillitsleysi en maður hefur séð í þessari virðulegu stofnun um 20 ára skeið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni þykir forseta rétt að upplýsa það að hingað til hefur aldrei verið gerð athugasemd við það ef einn flokkur þarf að endurnýja umboð sinna fulltrúa í nefndum eða ráðum þegar þannig kemur upp á á hv. Alþingi. Það hafa aldrei verið gerðar athugasemdir og það hefur farið fram athugasemdalaust af hálfu annarra þingflokka.

Það sem hér er verið að gera er að einn flokkurinn þarf að endurnýja umboð sinna fulltrúa í útvarpsráði vegna þess að fulltrúar hafa sagt sig úr ráðinu áður en kjörtímabili er lokið. Ef um væri að ræða að hér þyrfti að fara fram tilnefning eða kosning fulltrúa allra flokka eða fleiri en eins flokks, þá horfði málið að sjálfsögðu allt öðruvísi við og þá hvarflaði ekki að forseta annað en að verða við þeirri ósk að fresta slíkri kosningu ef hún kæmi fram. En hér er um sérstakar aðstæður að ræða sem forseti er sannfærð um að allir hv. þm. vita að er sanngjörn ósk og það er að kosning þessara fulltrúa Sjálfstfl. í útvarpsráð megi fara fram við þessar sérstöðu aðstæður án þess að aðrir þingflokkar geri athugasemdir við það. Þetta finnst forseta nauðsynlegt að komi fram hér og nú.

Björn Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem hinn virðulegi forseti sagði varðandi fordæmi í þessu máli. Það eru engin dæmi þess að aðrir þingflokkar hafi viljað hlutast til um málefni af þessu tagi þegar þau hafa komið upp á Alþingi og það er nýmæli í þessum umræðum sem hér er um að ræða að aðrir flokkar skuli ætla að hlutast til með þeim hætti og þeim kröfum sem hér eru uppi. Mér finnst að virðulegur forseti hafa gert góða grein fyrir þeim þætti málsins.

Varðandi hinn þátt málsins sem hefur verið gerð athugasemd við af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni þá er mér skylt að upplýsa það að að sjálfsögðu var haft samráð við hæstv. menntmrh. um val á þeim mönnum sem hér verður gerð tillaga um þannig að í því efni hefur verið gengið frá málum með þeim hætti sem viðunandi er innan þingflokks Sjálfstfl. og almennt er viðhafður innan þingflokka á Alþingi. Mér finnst því að báðar þær mótbárur sem hér hafa komið fram falli um sjálfar sig og sérstaklega þó sú að um sé að ræða einhvern yfirgang af hálfu Sjálfstfl. að koma fram með þessa sanngjörnu ósk og fara þess á leit við þingið að hún nái fram að ganga þannig að útvarpsráð verði starfhæft með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það hefur verið siðvenja á Alþingi að þingflokkar sýndu hver öðrum þá kurteisi að ef tilnefna þarf nýjan mann í ráð eða nefndir utan þings vegna þess að fulltrúi flokksins hefur andast eða sagt af sér af þeim ástæðum að hann eða hún hefur horfið á annan starfsvettvang, þá hafa flokkar yfirleitt gert það að máli viðkomandi flokks. Það hefur hins vegar aldrei fyrr gerst í þingsögunni að fulltrúar sem kosnir hafa verið í veigamikið ráð utan þings hafi sagt af sér vegna stjórnmálalegs ágreinings við ráðherrann sem stýrir stofnuninni og vegna þess að trúnaðarbrestur hafi orðið milli þeirra sem í ráðið voru kjörnir og ráðherrans sem á að stjórna stofnuninni samkvæmt lögum og stjórnarskrá landsins. Það er þess vegna komin upp alveg ný stjórnarfarsleg staða þar sem ástæða kosningarinnar er trúnaðarbrestur og ágreiningur milli viðkomandi ráðherra og þeirra sem sögðu sig úr ráðinu. Það hefur aldrei gerst fyrr. Þess vegna þýðir ekkert fyrir fulltrúa Sjálfstfl. og hvað þá heldur forseta þingsins að halda því fram að þetta sé eins og venjulega. Og forseti þingsins, með allri virðingu fyrir henni, má alls ekki fara með slíkar rangtúlkanir úr forsetastól vegna þess að við berum öll mikla virðingu fyrir forsetastólnum.

Því er eðlilegt vegna þess að við berum öll ábyrgð á Ríkisútvarpinu, það er ekki bara Sjálfstfl. sem ber ábyrgð á Ríkisútvarpinu, og við erum öll hér í salnum með því að stilla ekki öðrum frambjóðendum að gerast ábyrgðaraðilar þessara kosninga vegna þess að stjórnarandstaðan gæti hæglega fengið annan af þessum fulltrúum ef hún stillti. Við erum þess vegna að gerast ábyrgðarmenn þessara kosninga. Ég skil ekki hvers vegna þessi kosning má ekki bíða í fáeina daga eftir því að menntmrh. komi í salinn. Ég bara skil það ekki. Það hlýtur eitthvað að búa undir fyrst sjálfstæðismenn á þingi eru að reyna að knýja kosninguna fram áður en þingið hefur tækifæri til að ræða við menntmrh. Hvað hefur Sjálfstfl. að óttast? Af hverju mega ekki fara fram í þingsalnum í fáeinar mínútur orðaskipti milli menntmrh. og okkar? Komi hann hér og fullyrði að það sé trúnaður milli hans og þeirra sem eiga að taka við er málið afgreitt. En við viljum fá að heyra það í þingsalnum á þeim vettvangi sem skiptir okkur máli.

Vegna þess að þetta er algjörlega einstakt mál vil ég lýsa yfir stuðningi við þá ósk sem hefur komið fram frá þingmönnum tveggja flokka, virðulegi forseti, um að þessari kosningu sé frestað. Það væri mjög ógæfulegt spor ef forseti færi að neita ósk frá þingmönnum tveggja flokka um að fresta kosningu í fáeina daga þegar ekki er hægt að færa fram neina efnisástæðu fyrir því að þessi kosning þurfi að fara fram nú. Það eru liðnar nokkrar vikur síðan fyrsta manneskjan á þessum lista, Inga Jóna Þórðardóttir, sagði af sér. Nokkrar vikur. Það hefur ekkert verið talið brýnt af Sjálfstfl. að koma með það mál hér inn. Og það er liðin, ef ég man rétt, rúm vika eða meira síðan hinir tveir sögðu af sér. Það er því ekkert svo brýnt að það þurfi endilega að ganga frá því í dag. Hitt er aðalatriðið, virðulegi forseti, að þegar komið hefur fram ósk frá þingmönnum tveggja flokka væri það afar hættulegt skref að neita þeirri ósk, hvað svo sem forsetanum finnst um það mál persónulega. Það er aukaatriði í málinu.

Björn Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taldi að við hefðum haft tækifæri til þess í þingflokki Sjálfstfl. að koma með þetta mál fyrr inn á þingið og gerði það að málsástæðu í þessum umræðum, þá vil ég taka það fram að þess var enginn

kostur. Þetta er fyrsta tækifærið sem við fáum til þess að koma þessu máli inn á þingið með eðlilegum hætti miðað við venjulega uppsetningu á dagskrá í þinginu. Þetta er því fyrsta tækifærið sem við höfum til þess og við ákváðum einmitt að nota þetta fyrsta tækifæri og það er í dag. Ástæðan er sú að við teljum brýnt að koma stjórn Ríkisútvarpsins í það horf sem lög mæla fyrir um.

Í öðru lagi vil ég einnig láta þess getið að ég tel að fullyrðingar þingmannsins um það að ástæður fyrir því að menn hafi horfið úr nefndum og ráðum og Alþingi hafi orðið að grípa til þess ráðs sem við mælum með að gert verði hér í dag og óskum eindregið eftir að gert verði í dag séu svo margvíslegar að það er ógerningur að fullyrða að hér sé um einsdæmi að ræða í þingsögunni. Auðvitað hafa menn staðið frammi fyrir því áður að menn hafa sagt sig úr nefndum og ráðum á vegum Alþingis af málefnalegum ástæðum án þess að um andlát eða störf á öðrum vettvangi sé að ræða. Þannig að fullyrðingar þingmannsins um þetta efni fá ekki heldur staðist.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég minnist þess aldrei að forseti hafi neitað um að fresta kosningu þegar sett hefur verið fram formleg ósk þar um. Ég vek athygli á því að þó að hér sé einungis um frambjóðendur frá einum flokki að ræða þá er okkur ætlað að taka afstöðu til málsins. Við sitjum í salnum og tökum þátt í kosningunni með nærveru okkar þó að einungis einn flokkur stilli upp þannig að þetta er ekki innanflokksmál Sjálfstfl. Jafnvel þó að hann haldi að þjóðfélagið sé orðið að innanflokksmáli Sjálfstfl. þá er það ekki svo í augum okkar stjórnarandstæðinga. Þetta kemur okkur öllum við.

Mér finnst með vísan til þess sem hefur komið fram hér í umræðunum fullkomin nauðsyn til þess að hæstv. menntmrh. — og kem ég nú upp til þess að leggja inn gott orð fyrir hæstv. menntmrh. þó öðrum væri það nú kannski skyldara — verði að fá tækifæri til að greina frá viðhorfi sínu til þessara kosninga. Það væri illa gert gagnvart vini okkar, hæstv. menntmrh., ef verið væri að prakka inn á hann í útvarpsráð einhverjum aðilum sem hann hefði vanþóknun á, ekki traust á og hafa kannski ekki einu sinni traust á honum. Mér finnst því mjög óviturlegt og raunar illa gert við ráðherrann að láta þessa kosningu fara fram öðruvísi en það liggi hér skýrt og skilmerkilega fyrir að hann sé þessari uppstillingu samþykkur.

Ég vek athygli þingheims á því að útvarpsráð er prýðilega starfhæft. Það sem hér á að fara að gera er einungis það að taka þá tvo varamenn, ef ég man rétt, sem sitja nú í útvarpsráði og mæta til funda eftir að fauk í suma fulltrúa Sjálfstfl. í ráðinu og þeir gengu á dyr og gera þá að aðalmönnum. Það er svo sem ekki neitt stórt skref sem þarna á að stíga. Ég lít svo á að útvarpsráð sé í dag prýðilega starfhæft eftir því sem það getur verið og jörðin meira að segja snýst. Við getum vel dregið það að láta þessa kosningu fara fram og ég vil árétta þá ósk sem hér hefur komið fram. Úr því hún er fram komin finnst mér viðurhlutamikið að hafna henni og bera vott um vinnubrögð sem eru ný hér í þinginu og ég er ekki sáttur við.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ef að líkum lætur þá eiga fjölmiðlar eftir að gera þessari gagnmerku umræðu ítarleg skil í fréttum sínum í kvöld. Mér finnst það sorgleg staðreynd að þjóðþing Íslendinga skuli verja tíma sínum í umræður af þessu tagi og ég hugsa að ég sé ekki einn um þá skoðun. Þetta eru fáránlegar umræður vægast sagt og ef stjórnarandstaðan heldur að vegur hennar og virðing aukist við umræður af þessu tagi þá vanmetur hún þjóðina.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði: Ég minnist þess aldrei að ekki hafi verið orðið við ósk um frestun kosninga. Minnist hv. þm. Páll Pétursson þess að beðið hafi verið um frestun kosninga við þær aðstæður sem hér eru þegar einn flokkur er að skipta um fulltrúa vegna þess að þeir hafa sagt af sér og horfið frá störfum? Minnist hv. þm. þess að gerðar hafa verið athugasemdir við það af hálfu annarra flokka? Hann hefur að vísu setið lengur á þingi en sá sem þetta mælir svo munar heilum fjórum árum að ég hygg. Ég minnist þess ekki síðan ég kom til vinnu í þessu húsi og þessum virðulega stað árið 1978 að það hafi nokkurn tímann verið gerð athugasemd af þessu tagi. Aldrei. Og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson heldur því fram, hann heldur nú mörgu fram úr þessum ræðustóli því hann kemur hér oft og fær ekki allt jafn vel staðist, að í þessu máli sé kominn upp einhver ný stjórnarfarsleg staða. Ég hef aldrei heyrt annað eins, verð að segja það eins og er. Ný stjórnarfarsleg staða. Þetta er fáránleg fullyrðing og gjörsamlega út í hött. Hér er auðvitað verið að gera það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði í ræðustól fyrir fáeinum dögum og ég held að ég muni það orðrétt vegna þess að það voru óvenjuleg ummæli. Hann sagði, með leyfi forseta, nokkurn veginn orðrétt: „Það verður ekki hægt að stjórna þinginu. Það á eftir að koma ykkur í koll."

Er þetta hlutverk stjórnarandstöðunnar? Lítur stjórnarandstaðan á þetta sem hlutverk sitt á hinu háa Alþingi? Ég er sannfærður um að almenningur í landinu er á öðru máli en ef stjórnarandstaðan vill hafa þetta vinnulag þá velur hún sér auðvitað þetta vinnulag og við því er ekkert að segja. En þeir sem eru í stjórnarflokkunum og styðja þessa ríkisstjórn munu auðvitað halda sínu striki vegna þess að vinnubrögð og umræða eins og vakin er hér í dag er auðvitað með þeim ólíkindum að það er eins gott að þjóðin fái þá að sjá hið sanna og rétta andlit þeirrar stjórnarandstöðu sem nú er á þinginu.

Ég skal, virðulegi forseti, taka það fram að lokum að ég set ekki alla þingmenn stjórnarandstöðunnar undir sama hatt í þessu efni. Ég er viss um að þorri stjórnarandstöðuþingmanna er í hjarta sínu algjörlega ósammála þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður í frammi vegna þess að hér er verið að búa til ný vinnubrögð í þinginu. Vinnubrögð sem aldrei hafa áður tíðkast og mér finnst það einboðið við þær aðstæður

sem nú ríkja að auðvitað fari þessi kosning fram.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. umhvrh. fyrir þá ræðu sem hann flutti hér þar sem hann kýs að fara yfir almennt hlutverk stjórnarandstöðu í þjóðþingum í lýðræðisríkjum. Ég geri ráð fyrir því að við séum a.m.k. nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar í salnum sem erum tilbúnir til þess að ræða hlutina á almennum grundvelli eins og hann gerði. Það er ánægjulegt að hæstv. umhvrh. hafi kosið sér það hlutverk að greiða fyrir umræðum í þinginu með þeim hætti sem hann gerði núna og greinilegt að hann hyggst halda þeim hætti eitthvað áfram og vonandi þann tíma sem hann situr sem ráðherra vegna þess að vissulega er það mjög mikilvægt að þingið fái verulega tækifæri til að fjalla um þau þýðingarmiklu grundvallaratriði sem hæstv. umhvrh. nefndi hér áðan.

Hins vegar er það kannski ekki beint til þess að greiða fyrir umræðum að stilla á fúkyrðaflauminn í sjálfum sér eins og hæstv. umhvrh. gerði og hellti sér yfir hv. 8. þm. Reykn., Ólaf Ragnar Grímsson, með býsna sérkennilegum hætti þar sem hann talaði um að það sem fram hefði komið hjá honum væri gjörsamlega fáránleg fullyrðing og alveg út í hött. Og svo sagði hæstv. ráðherra líka að hann vissi að í hjarta sínu — hann hefur sem sagt verið í líffærarannsóknum hér — væru þingmenn stjórnarandstöðunnar yfirleitt heldur óánægðir með þetta tal í okkur.

Ég held að það sé út af fyrir sig ástæða til að ræða þessi mál og alveg sérstaklega þá alvarlegu staðreynd — hugsið ykkur, virðulegi forseti, þá alvarlegu staðreynd að svo geti farið að fjölmiðlar segðu frá þessu sem hér er að gerast. Og hæstv. umhvrh., sem veit alveg nákvæmlega hvernig þjóðin hugsar, eins og sést m.a. á skoðanakannanatölum Alþfl., er sannfærður um að þessi umræða verði alveg sérstaklega til þess að lækka risið á þinginu. Hann veit þetta allt mjög nákvæmlega og væri fróðlegt að vita hvaðan hann hefur upplýsingar um það. En ég verð að segja það við hann og aðra hæstv. ráðherra að þeir verða auðvitað að þola það þrátt fyrir háa tign að við sem erum þingmenn í þessum sal munum tala við þetta lið meira og minna hér í allan vetur. Ég er reiðubúinn til þess að ræða það við hæstv. umhvrh. hér í salnum almennt hvert sé hlutverk stjórnarandstöðunnar yfir höfuð. Ég er tilbúinn til þess að taka smárispur á því hvort hlutirnir eins og þeir eru að ganga fyrir sig hér séu eðlilegir eða ekki. Hæstv. umhvrh. ætlaði að beita því sem rökum að aldrei áður hefði verið gerð athugasemd af því tagi sem hér hefur komið fram. Það kann út af fyrir sig að vera. Ég skal ekkert um það segja. Ég hef ekki farið yfir þingsköpin lið fyrir lið í þeim efnum, en ég segi: Það er algjör nýlunda, það hefur aldrei gerst áður að menn hafi ruðst út úr stjórnarstofnun ríkisins með þeim hætti sem útvarpsráðsmenn Sjálfstfl. hafa nú gert. Það hefur aldrei áður gerst. Þess vegna er það fullkomlega eðlilegt að þetta mál sé tekið hér til sérstakrar umræðu og það eru engin rök hjá hæstv. umhvrh. að segja að aldrei hafi komið fram óskir af þessu tagi. Það eru engin rök af því að stjórnarflokkur hefur aldrei komið fram með þeim endemum, leyfi ég mér að segja, sem Sjálfstfl. er að birtast hér í þessum sal í dag. Aldrei.

Það var í rauninni mjög athyglisvert þegar hv. þm. Björn Bjarnason var að reyna að flytja rök fyrir þessu máli. (Forseti hringir.) Já? (**Forseti:** Tíminn.) Tíminn er 5 mínútur, er hann liðinn? (**Forseti:** Já.) Já. Ég verð að segja virðulegi forseti, að ég tel að þetta sé nokkuð vandasamt mál þar sem hæstv. umhvrh. er búinn að þenja sig hér nokkuð lengi um almennt hlutverk stjórnarandstöðunnar, hefur hellt yfir okkur svívirðingum, talsmenn stjórnarandstöðunnar hér í salnum, þá finnst mér það nokkuð sérkennilegt að maður standi í þeirri stöðu að hafa ekki möguleika á því að bera hönd fyrir höfuð sér. Ég verð því miður að láta það koma fram hér að ég mun að sjálfsögðu nýta rétt minn til að ræða þessi mál frekar vegna þess að ég tel að áburður hæstv. umhvrh. á okkur sé með þeim hætti og sé svo alvarlegur að það þurfi að ræða hann alveg sérstaklega.

Ég ætla að lokum að segja það við hv. þm. Björn Bjarnason. Hann komst svona að orði orðrétt, með leyfi forseta: „Við ákváðum einmitt að nota þetta fyrsta tækifæri.“ Í þessum orðum kemur fram svo botnlaus hroki gagnvart þinginu að ég hef satt að segja sjaldan heyrt annað eins. Vér vantar bara í staðinn fyrir við til þess að minna á hina gömlu tíma þegar valdinu var beitt hér af ýtrustu hörku. „Við ákváðum einmitt að nota þetta fyrsta tækifæri.“ Og ég spyr hv. þingmann: Hverjir eru þessir við? Er það stjórn Sjálfstfl.? Er það þingflokkur Sjálfstfl. eða (Forseti hringir.), virðulegi forseti, er það forsætisnefndin? Er hv. þm. Björn Bjarnason að tala hér fyrir forsætisnefndina, en honum var troðið þar inn til pólitísks eftirlitsstarfs eins og kunnugt er. Er það í raun og veru það sem hann er að segja, að hann sé hér að tala fyrir forsætisnefndina? (Forseti hringir.) Ég segi, virðulegi forseti, enn og aftur kemur það í ljós að vinnubrögðin — hæstv. fjmrh. er ekki forseti hér. Hann ætti að reyna að fara í einhverja aðra hluti frekar en vera að gera athugasemdir við mál einstakra þingmanna. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þingmann að ljúka máli sínu fyrst og fremst vegna þess að það er komið langt fram yfir tilskilinn tíma samkvæmt þingsköpum. Hv. þm. getur beðið um orðið síðar, en núna er tími hans liðinn og bráðum kominn tvöfaldur tími.) Já, já. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þá þolimæði sem hún hefur sýnt mér í þessari ræðu sem ég hef flutt hér og fagna því að hún skuli standa að þingstjórninni með þeim hætti. Ég vildi jafnframt leyfa mér að skora á hæstv. forseta að sýna nú myndugleika í starfi og fara eftir óskum þeim sem birst hafa frá stjórnarandstöðuflokkunum í þessu máli. Nú reynir á það hvort forsetinn er forseti þingsins alls eða Sjálfstfl. Ég skora á forseta að sýna þá reisn að hún þori að taka þetta mál af dagskrá og fresta því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur afstöðu til þessa máls eins og annarra án tillits til þess hvort hún tilheyrir Sjálfstfl. eða einhverjum öðrum flokki. Það er skylda forseta að gæta

hags allra þingmanna og allra þingflokka og hún hefur einsett sér að reyna að sýna réttláta fundarstjórn og telur sig vera að gera það. En hún verður líka, eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði, að sýna myndugleika í sinni fundarstjórn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið er ekki bara einhver venjuleg stofnun. Ríkisútvarpið er sameign þjóðarinnar. Ríkisútvarpið er veigamesta stofnunin í fjölmiðlum landsins og ásamt Háskólanum, Þjóðleikhúsinu og ýmsum öðrum stofnunum einn af burðarásum íslenskrar menningar.

Nú liggur það fyrir að það er vegna pólitísks ágreinings um Ríkisútvarpið sem þessi kosning er að fara fram hér í dag. Þetta er engin venjuleg kosning, hv. þm. Björn Bjarnason.

Inga Jóna Þórðardóttir hefur lýst því yfir opinberlega að hún hafi sagt af sér sem formaður útvarpsráðs vegna þess að það sé pólitískur trúnaðarbrestur — pólitískur trúnaðarbrestur á milli hennar og menntmrh. Magnús Erlendsson hefur lýst því yfir opinberlega að hann hafi neitað menntmrh. um þá ósk að verða formaður útvarpsráðs vegna þess að hann vilji mótmæla ákvörðun menntmrh. að gera Heimi Steinsson að útvarpsstjóra. Hann geti ekki setið í útvarpsráði þar sem Heimir Steinsson sé útvarpsstjóri. Friðrik Friðriksson hefur mér vitanlega ekki gert svipaða grein fyrir ástæðum sínum opinberlega.

Það liggur ljóst fyrir að ástæða þess að Sjálfstfl. þarf nú, þremur mánuðum eftir að útvarpsráð var kosið, að koma hér enn á ný og biðja um kosningu nýrra manna er pólitísk mótmæli trúnaðarmanna Sjálfstfl. gagnvart menntmrh. og gagnvart nýjum útvarpsstjóra. Og við, sem viljum varðveita sess Ríkisútvarpsins sem sameign þjóðarinnar viljum frið á Ríkisútvarpinu, innan þess og um Ríkisútvarpið, við eigum kröfu á því áður en gengið er til þessara kosninga að fá að heyra frá menntmrh. sem samkvæmt stjórnarskránni er æðsti yfirmaður og trúnaðarmaður þjóðar og þings gagnvart Ríkisútvarpinu að hann telji að sú skipan sem verði með nýrri kosningu komi á friði um Ríkisútvarpið. Við viljum ekki að innanflokksátökin í Sjálfstfl. séu færð inn í Ríkisútvarpið. Þau hafa verið færð inn í Ríkisútvarpið. Það liggur fyrir. Það eru ekki við sem höfum gert það, hæstv. umhvrh. Sjálfstfl. hefur fært innanflokksátök sín inn í Ríkisútvarpið og það er þess vegna sem tveir af trúnaðarmönnum Sjálfstfl. neita að gegna formennsku í útvarpsráði og það, hv. þm. Björn Bjarnason, hefur aldrei gerst fyrr að tveir af þeim mönnum, sem Sjálfstfl. hefur sýnt mestan trúnað á sl. 8 árum með kosningum í útvarpsráð, neiti að gegna formennsku í ráðinu af ágreiningi við menntmrh. Svo er sagt hér að þetta sé venjuleg kosning, þetta sé bara eitthvert formsatriði hérna í þingsalnum.

Hæstv. umhvrh., sem lengi starfaði á Ríkisútvarpinu, veit ósköp vel að það er dýrmætt að tryggja frið um Ríkisútvarpið og forða því að það verði bitbein pólitískra átaka milli flokka, hvað þá heldur harðra innanflokksátaka í þeim flokki þar sem menntmrh. situr. — Vill ekki fjmrh. sýna forseta þingsins þá virðingu að vera ekki að senda forsetanum komment á umræðuna á meðan við hinir erum að tala? (Gripið fram í.) Við höfum fleiri eyru. Vill ekki Sjálfstfl. láta forsetann einan um að stjórna þinginu? Eða á þetta að vera svona í vetur að þið sitjið formaður og varaformaður sitt hvorum megin við forsetastólinn og sendið bendingar um það hvernig þetta á að vera? Það væri a.m.k. alveg nýtt hér í þinginu. Var það kannski ástæðan fyrir því að það var raðað hérna upp á nýtt í þingsalnum, að hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., og varaformaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., gætu setið hérna sitt hvorum megin og með höfuðhneigingum eins og forsrh. í síðustu viku eða hvíslingum eins og fjmrh. núna væri að segja forsetanum hvað hún mætti gera og hvað hún mætti ekki gera út frá sjónarmiðum flokksforustu Sjálfstfl.? Ég segi aftur við þennan formann og varaformann Sjálfstfl.: Þið eigið ekki að gera forsetanum þetta.

Þess vegna er þetta mál mjög sérstakt og óvenjulegt. Það hefur aldrei komið fyrr fyrir að tveir menn hafi neitað að gegna formennsku í útvarpsráði vegna pólitísks ósamkomulags við menntamálaráðherrann. Það hefur heldur ekki komið fyrir að tveir menn í nokkru öðru ráði sem þingið kýs í hafi neitað að gegna formennsku í því, hvort sem um er að ræða bankaráð eða stjórn ríkisfyrirtækis, vegna pólitísks ágreinings við ráðherra úr sínum eigin flokki.

Ég endurtek þess vegna þá ósk til forseta þingsins að hún skilji að það er nauðsynlegt fyrir okkur sem viljum að þessi kosning skapi frið um Ríkisútvarpið að fá að heyra í þingsalnum þau orð menntamálaráðherra að hann telji þetta viðunandi lausn til þess að skapa frið um Ríkisútvarpið. Okkur dugir ekki endursögn hv. þm. Björns Bjarnasonar á því hvað gerist í þingflokki Sjálfstfl. Okkur dugir ekki slíkt. Það er menntamálaráðherrann einn sem getur veitt okkur þá tryggingu sem við erum að biðja um. Og ég skil ekki hvers vegna forusta Sjálfstfl. hér í salnum vill meina menntamálaráðherranum að lýsa því yfir gagnvart þinginu því að það er rangt hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að það sé fyrst núna í dag sem Sjálfstfl. hafi haft tækifæri til að láta þessa kosningu fara fram. Hún gat verið hér á dagskrá á mánudaginn var. Hún gat verið hér á dagskrá á þriðjudaginn var, í gær. Hún getur verið hér á dagskrá eftir helgina. Ég ítreka ósk okkar, þingmanna a.m.k. tveggja flokka hér, virðulegi forseti, að þessari kosningu verði frestað þar til menntmrh. hefur tækifæri til að verða við óskum okkar og þá mun ekkert standa á okkur að láta kosninguna fara fram samdægurs, alls ekki standa neitt á okkur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú verður forseti að viðurkenna það að honum láðist að endurtaka hringingu á bjöllu og hv. 8. þm. Reykn. fór þó nokkuð fram úr tíma sínum, en vill minna hv. þingmenn sem eiga eftir að tjá sig um þingsköp á að ræðutími er 5 mínútur að hámarki í hvert sinn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það hefur verið talið sjálfsagt og eðlilegt á Alþingi til þessa að ef fulltrúar flokka í stjórnum, nefndum eða ráðum hafa sagt af sér á kjörtímabilinu, sama hvaða ástæða liggur að baki þeirri afsögn, þá hefur þingið samþykkt það að viðkomandi flokkur gæti gert tillögur á Alþingi um menn í staðinn og fallist á að kjósa samkvæmt beiðnum viðkomandi flokks. Þetta er sú siðvenja sem hefur ríkt hér.

Hv. alþýðubandalagsmenn boðuðu það hér fyrir nokkru síðan að þeir mundu veita þessari ríkisstjórn mjög harða, málefnalega andstöðu. Andstaðan er svona eins og hún hefur komið fram hér í dag. Ég held að það væri mjög ákjósanlegt að þeir hv. alþýðubandalagsmenn, sem hér hafa talað í þessari umræðu, haldi því áfram með þeim hætti sem þeir hafa gert.

Ég vil aðeins minna á að það er ekkert ýkja langt síðan átti að ganga til kosninga hér á Alþingi um stjórn í annarri ekki síður mikilvægri stofnun en útvarpsráði. Það var í stjórn Seðlabanka Íslands. Einum sólarhring áður en ganga átti til þeirra kosninga sagði fulltrúi Alþb. í stjórn Seðlabankans, Þröstur Ólafsson, af sér vegna pólitísks ágreinings við formann Alþb. sem hér var að tala rétt áðan. Formaður Alþb. óskaði þá eftir því að kosningunni sem fyrirhugað var að fram færi daginn eftir yrði frestað svo að Alþb. gæfist kostur á að finna nýjan frambjóðanda. Á það var fallist og kosningunni var frestað í þrjár vikur á meðan formaður Alþb. leitaði að nýjum manni og engum datt í hug að hreyfa við því andmælum eða krefja formanninn sagna um það hvort hinn nýi fulltrúi Alþb. í stjórn Seðlabankans hefði traust formannsins sem Þröstur Ólafsson hafði ekki eða öllu heldur hafði formaðurinn ekki traust hans.

Þetta er furðuleg umræða sem hér á sér stað og ég held að það væri mjög æskilegt fyrir ríkisstjórnina að hún héldi sem allra lengst áfram og að þeir sömu menn sem taka þátt í umræðunni af hálfu Alþb. haldi sinni þátttöku áfram. Ég er sérstaklega ánægður með það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli hafa kvatt sér hljóðs hér aftur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá orð. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hæstv. heilbrrh. Þessi umræða er á marga lund dálítið sérstök og lýsir kannski nýjum vinnubrögðum hv. stjórnarandstöðuþingmanna, málefnalegum umræðum. Mig langar til að benda á að í þessari umræðu hefur komið fram að hv. starfandi formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur tjáð þingheimi að hæstv. menntmrh. vilji láta þessa kosningu fara fram. Hann hefur ekki beðið um frest. Hann er tilbúinn til að láta þessar kosningar fara fram. Þá koma hér upp annars vegar formaður Alþb., hins vegar formaður þingflokks Framsfl. og segja: Við tökum ekki mark á þessu, við viljum fá að heyra þetta frá hæstv. ráðherra sjálfum. Ég veit ekki hvort það eigi að draga lærdóm af því sem hér er sagt, en sé svo, þá eru þessir tveir ágætu menn að segja við okkur hér: Það á ekki að taka mark á formönnum flokka. Það á ekki að taka mark á formönnum þingflokka þegar þeir bera boð innan úr þeirra þingflokkum. Ef það eru þau nýju vinnubrögð sem á að taka upp, þá bið ég þessa ágætu hv. þingmenn að huga vel að því hvort þeir vilja að slík vinnubrögð verði tekin upp hér á þingi, að það verði ekki tekið mark á orðum hv. 8. þm. Reykn. þegar hann talar fyrir hönd Alþb. né heldur hv. 1. þm. Norðurl. v. þegar hann mælir fyrir hönd þingflokks Framsfl.

Svo kann að fara að innan tíðar þurfi að kjósa í nefndir og ráð, t.d. bankaráð. Það hagar þannig til í bankaráði Landsbankans að stjórnarmeirihlutinn á þingi hefur minni hluta í bankaráði. Ef menn vilja taka upp ný vinnubrögð og láta kosningar í eiginlegri merkingu fara fram þegar menn falla frá, forfallast af einhverjum ástæðum eða segja af sér, þá er það nýlunda. Ég hef ekki heyrt að hv. stjórnarandstæðingar hafi farið fram á það. Ég hef ekki heyrt það. En ég vek athygli á því að svo er ekki til að dreifa í þessu máli. Hér er farið að mjög gamalli venju þar sem einn þingflokkanna tilnefnir auðvitað menn í stað þeirra sem þar voru að störfum. Það hefur oft verið gert. T.d. sagði hv. þm. Svavar Gestsson af sér þegar hann sat í stjórnarnefnd ríkisspítala. Annar var kjörinn umsvifalaust í hans stað. En það eru til dæmi um það að menn hafa sagt af sér vegna þess að þeir töldu sig ekki hafa trúnað við flokksforustu og ef hv. 8. þm. Reykn. má vera að því að hlusta, þá vil ég rifja upp eitt dæmi sem er hvað þekktast.

Margrét Björnsdóttir var fulltrúi Alþb. í Þróunarsamvinnustofnun. Hún sagði af sér vegna þess að hún taldi að það væri ekki trúnaður lengur á milli hennar og (Gripið fram í.), ekki á þeim tíma, og formanns Alþb. Það var auðvitað umsvifalaust skipt um mann og kosin var í hennar stað Ingunn Anna Jónasdóttir hinn 12. okt. í fyrra. Það hreyfði enginn andmælum, enda farið að venju.

Ég minni á þetta vegna þess að þetta afhjúpar málflutning stjórnarandstæðinga og sýnir að hér er aðeins verið að reyna að ýfa upp mál innan Sjálfstfl. Það tekst ekki því að innan þess flokks eru menn fyllilega sammála um það hvernig standa ber að þessu kjöri og ég vil taka undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað og bent á að ef breyting verður á, þá sé um að ræða algjöra nýlundu þingsögunni.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er allmerkileg lífsreynsla fyrir þann sem búinn er að sitja yfir 30 þing að hlusta á þessar umræður sem nú hafa staðið í næstum því klukkutíma. Ég á aðeins eitt orð til yfir þessar umræður: Skrípaleikur.

Það er staðreynd að þrír menn hafa sagt sig úr útvarpsráði og þeir eru úr sama flokki. Það er staðreynd að flokkur sem á þrjá fulltrúa og þrjá varafulltrúa á nú samtals þrjá fulltrúa. Með öðrum orðum: Það á ekki að leyfa honum að eiga nema aðalmenn þannig að það er ekki upp á neitt að hlaupa ef einn maður forfallast, þá á að láta vanta.

Umhyggja þeirra hv. ræðumanna stjórnarandstöðunnar fyrir menntmrh. er auðvitað sérkapítuli í þessari umræðu allri. Það er þingflokkur viðkomandi flokks sem tekur ákvörðun bæði um þessar nefndir sem aðrar. Það hefur aldrei skeð í Sjálfstfl. að ráðherrar flokksins hafi eitthvert neitunarvald eða alræðisvald um það hverjir eigi að vera í nefndum og stjórnum sem undir viðkomandi ráðherra heyra. Ég var ráðherra í átta ár. Ég gerði aldrei kröfu til þess varðandi þær nefndir, sem heyrðu undir þau ráðuneyti sem ég fór með, að ég ætti að segja hvaða þingmenn eða aðila flokkur veldi í slíkar nefndir. Þetta eru alveg ný vinnubrögð. Það er orðið meira ráðherradekrið í þessum hv. stjórnarandstæðingum. Það er eins og þeir hafi bara ekki áttað sig á því að þeir eru komnir úr ráðherrastólunum. Það gengur bara ekki að vera með svona gremju hjá fullorðnum mönnum. Menn koma og fara. Ég vil benda hv. stjórnarandstæðingum á það að lífið er ekki allt búið, það er ekki búið að slíta þingi þó að Alþingi kjósi núna í útvarpsráð. Þeir geta talað við menntamálaráðherra síðar. Það eru hér uppi möguleikar að bera fram fyrirspurnir, utandagskrárumræður. Ég hélt að menn vissu um þetta hvort tveggja. Það er ekkert verið að varpa frá sér neinum slíkum rétti.

Ég vil nú í fullri vinsemd, þó að hv. 2. þm. Vestf. hafi hú hafið þennan söng með sínu lagi, segja að það er ekki ástæða fyrir aðra að taka undir með þessum hætti. Og ég er afar leiður yfir því hvernig hv. þm. Svavar Gestsson talaði hér áðan. Þetta var orðið miklu líkara leiksýningu heldur en alvöruumræðu og alvörutali. Í sannleika sagt þurfum við ekki eftir neinu að bíða. Þetta eru hlutir sem alltaf hafa viðgengist að þegar forföll hafa orðið í nefndir og stjórnir, þá hefur viðkomandi flokkur alltaf haft tækifæri til og samþykkt af öllum öðrum að tilnefna og láta kjósa nýja aðila. Ég mun ekki taka þetta sem fordæmi ef það kemur eitthvað slíkt fyrir hjá öðrum flokkum, heldur ganga til kosninga athugasemdalaust. Ég veit það að hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni er alltaf umhugað um friðinn en hann óskaði eftir því að það væri friður um Ríkisútvarpið. Það hefur ekki alltaf verið friður á því heimili frá því að það var stofnað eins og menn vita sem kynna sér söguna og alltaf geta einhverjir hnökrar orðið, en ég tel að hér sé ekki ástæða til frekari umræðna á þessu stigi. Það er sjálfsagður réttur og sjálfsögð kurteisi að þetta kjör fari hér fram og ég tel að þeir sem eiga vantalað við hæstv. menntmrh. glati ekkert tækifærinu þó að þessi kosning fari fram.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Geðprýði hv. 1. þm. Vestf. í garð menntmrh. efa ég ekki. Hann mun sjálfsagt eiga við hann orðastað af prúðmennsku eins og við búumst allir við. Ég vænti þess að hann fari í utandagskrárumræðu og ræði við hæstv. menntmrh. á næstu dögum. Hæstv. umhvrh. aftur á móti lýsti því yfir að það yrði skaði ef fréttamenn mundu birta það sem hér hefur farið fram og auðvitað er það lágmarkskurteisi að bera þá hógværu ósk fram að þeir hlífi hæstv. umhvrh. við að geta um hans þátt í þessum umræðum.

En ég vil undirstrika það að hér hefur ekki verið deilt um hin óskráðu lög, þau óskráðu lög í vinnubrögðum þingsins að stjórnarflokkar eða stjórnarandstæðingar sem tapa mönnum af ýmsum ástæðum úr stofnunum fái að setja aðra menn í staðinn. Það hefur ekki verið deilt um þetta, ekki minnst á þetta einu einasta orði. En það er fróðlegt að sá sem var talsmaður hins ýtrasta réttar, hv. 3. þm. Reykv., skuli ekki gera sér grein fyrir því að ef hinn ýtrasti réttur væri notaður, þá er það stjórnarandstaðan sem hirðir annan manninn af Sjálfstfl. og þar með meiri hlutann í útvarpsráði. Kannski yrði það bara leyst með nýrri lagasetningu, einn, tveir, þrír til að hægt væri að kjósa upp á nýtt. Slík hótun hefur ekki farið fram vegna þess að hér eru menn þeirrar skoðunar að óskráð lög geti átt rétt á sér. Og varðandi forsætisnefndina þá hef ég aldrei skilið þær talnakúnstir að komast að þeirri niðurstöðu að Sjálfstfl. eigi tvo í nefndinni eins og fréttamenn hafa haldið fram. Ég veit ekki hvor af forsetunum er genginn úr flokknum.

Ég vil aftur á móti undirstrika það að okkur er ljóst að það er tekist á um stefnu í útvarpsráði. Það er tekist á innan Sjálfstfl. um stefnu í útvarpsráði. Við vitum ekki hver ágreiningurinn er. Við viljum gjarnan að menntmrh. láti svo lítið, gegni þingskyldu, sé hér við og svari örfáum spurningum áður en þessar kosningar fara fram. Er það til of mikils mælst? Eru það engin tíðindi þegar þrír menn hlaupa frá sínum trúnaðarstörfum sem enginn efar að þeir ætluðu að gegna af trúmennsku fyrir flokkinn. Það er eitthvað stórt og mikið sem hefur gerst. Ég ætla ekki að bera það á þessa menn að þeir séu átök vegna þess hver varð útvarpsstjóri sem valdi þessu. Ég ætla ekki að bera það á þessa menn. Ég tel að þarna sé tekist á um stefnu. Þess vegna er leitað eftir því að fá menntmrh. hér til að gera grein fyrir stöðunni, hvort þessi átök verða viðvarandi eða hvort hér sé þá saminn friður í þessum efnum.

Mér eru það mikil vonbrigði að í þessari umræðu gerist það að menn hafa ekki heiðarleika til þess að tala um það eina atriði sem hér var beðið um, þ.e. frestunina. Menn tala um allt aðra hluti, allt aðra hluti út og suður. Það er látið í það skína að stjórnarandstaðan ætli að fara að hrifsa til sín völd þó að það sé yfirlýst að hún ætlar ekki að bjóða fram á móti, þó að það sé yfirlýst að sá er munurinn á þessari kosningu og kosningunni í vor að þá gat Sjálfstfl. tekið þessa fulltrúa en núna fær hann þá vegna þess að hin óskráðu lög þingsins eru á þann veg og menn ætla að virða þau. Það má vel vera að það sé rétt að það komi fram að stjórnarandstaðan ætlar að virða hin óskráðu lög og þarf engar leiðbeiningar frá 1. þm. Vestf. í þeim efnum. Engar. Það kom fram áður en hann kom hér í ræðustól. (Forseti hringir.) Nú glymur bjallan. Ég ætla líka að virða það, herra forseti.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er í raun annað tilefni en hér varð upphaf umræðunnar sem gerir það að verkum að ég sé mig knúinn til að gera hér athugasemd. Það er að

vísu skaði að það er enginn hæstv. ráðherra í salnum. En ég vil vekja athygli á þeirri slæmu byrjun sem hér er augljóslega að verða á fyrstu dögum þinghaldsins í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu. Hér komu ekki færri en þrír hæstv. ráðherrar upp í þessum umræðum um þingsköp og í máli þeirra allra fólust beinar ögranir í garð stjórnarandstöðunnar. Beinar ögranir. Þær voru að vísu sverastar í máli hæstv. umhvrh., sem hér er okkur til mikillar ánægju genginn í salinn, en þær voru engu að síður alvarlegar í máli hæstv. heilbrrh. og fjmrh. Þar var gerð tilraun til þess að kenna stjórnarandstöðunni einni um, og einhliða, það slys sem varð hér þegar meiri hlutinn kaus að beita valdi við kosningu forsætisnefndar. Þar er verið að snúa hlutunum við. Ég held að þessi viðbrögð hæstv. ráðherra og hv. stjórnarliða beri vott um þá slæmu samvisku sem þeir nú hafa eftir að hafa áttað sig á þessum miklu mistökum sem augljóslega hafa spillt hér mjög andrúmsloftinu í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu þegar í byrjun þingsins.

Ég held að hæstv. ráðherrar ættu að hugsa sinn gang, ég tala nú ekki um áður en þeir vaða upp í þennan virðulega ræðustól með þeim hætti sem hæstv. umhvrh. gerði hér áðan. Er hann að undirbúa gott samstarf um þingstörfin með sínum málflutningi og sínum ögrunum í garð stjórnarandstöðunnar? Er hann að greiða götu sinna mála hér á þingi eða hvað? Og er stjórnarliðið með virðingu sinni hér trekk í trekk við lýðræðislegar hefðir í þinginu að leggja inn gott orð fyrir sig í vetur? Það er von að maður spyrji.

Hæstv. heilbrrh. — ég vil skjóta því að af því að hann er í hliðardyrunum — taldi það vera meiri hlutanum eða stjórninni mjög til hagsbóta að stjórnarandstaðan héldi áfram málflutningi eins og hér hefur verið í þingsköpum. Það má hann halda. En ég fullyrði hitt að fátt er stjórnarandstöðunni meira til hagsbóta og ríkisstjórninni erfiðara en að hæstv. heilbrrh. haldi áfram því striki sem hann hefur siglt í sumar, og hefur það þegar mælst í skoðanakönnunum eins og kunnugt er.

Virðulegur forseti. Ég vil tala út frá þeim mistökum sem hér urðu þegar forsætisnefndin var kjörin af því að ég óttast að hér séum við að upplifa ákveðnar afleiðingar af því í því andrúmslofti sem augljóslega endurspeglast í þessari umræðu. Hér var borin fram ósk eins og mjög venjulegt er í þingstörfum að einstakir þingmenn, þingflokkar, ég tala nú ekki um þegar stjórnarandstaðan gerir það, bera fram einhverja ósk sem þá eru yfirleitt hefðir fyrir að orðið er við, hér var borin fram ósk um frestun á máli sem er á dagskrá og ekki hafa verið færð fram nein rök fyrir að sé svo afgerandi og brýnt að ekki megi verða við þeirri frestun. Og það voru færð fram skýr rök hvers vegna var beðið um frestunina. Menn hafa áhuga á því að eiga orðastað við hæstv. menntmrh. áður en dagskrármálið verður afgreitt. Það er mjög slæmt að það skuli ekki vera hægt að verða við þessari ósk. Það er búið að bera hana fram, hún hefur verið studd rökum og það er mjög slæmt, það er vond byrjun á þessum samskiptum að ekki skuli vera hægt að verða við henni. Og það versta sýnist mér vera að þetta er til marks um þau miklu mistök sem áttu sér stað hér í þinginu þegar stjórnarmeirihlutinn kaus að beita valdi með alkunnum afleiðingum við kjörið í forsætisnefnd. Þetta held ég að ætti að verða forseta, hæstv. ráðherrum og öllum öðrum auðvitað hér á hinu háa Alþingi umhugsunarefni þegar þessari umræðu lýkur og áður en menn þurfa að mæta nýjum, slíkum uppákomum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala hér aftur, enda tel ég að það sé búið að orða óskirnar til hæstv. forseta nægilega skýrt í þessari umræðu. En þegar hæstv. ráðherrar koma hér upp og fara með ósatt mál í vörn sinni fyrir það sem hér er að gerast, þá er auðvitað óhjákvæmilegt að menn komi upp og greini þinginu frá því að ráðherrarnir eru farnir að grípa til þeirrar aðferðar að skrökva í ræðustólnum hvað eftir annað og gera það sem heitir á hversdagslegu máli að ljúga upp á aðra þingmenn til þess að finna einhver rök til stuðnings máli sínu.

Hæstv. heilbrrh. flutti hér langa lýsingu á því að ég hefði óskað eftir frestun á kosningu manns í bankaráð Seðlabankans vegna þess að Þröstur Ólafsson hefði sagt sig úr bankaráðinu og Alþb. síðan kosið mann í staðinn fyrir Þröst Ólafsson. Það er ekki flugufótur fyrir þessu. Eina skýringin sem ég veit er að hæstv. heilbrrh. hafi dreymt þetta eða þá fengið sér eitthvað af bestukaupalistanum og sé þess vegna farinn að sjá veruleikann í undarlegu ljósi.

Það vill nú svo til að Þröstur Ólafsson ræddi aldrei við mig úrsögn sína úr bankaráði Seðlabankans og ég er reyndar fyrst að heyra það núna að hann hafi sagt sig úr bankaráði Seðlabankans. Ég hef spurst fyrir um það á skrifstofu þingsins hvort það sé eitthvert bréf um það að hann hafi sagt sig úr bankaráði Seðlabankans og það hefur ekki fundist hér á skrifstofunni. Ég bað þingið að fletta því upp hvort hér hefði einhvern tíma verið á dagskrá þingsins sl. vetur kosning manns í bankaráð Seðlabankans í staðinn fyrir Þröst Ólafsson. Það hefur aldrei verið dagskrárefni hér á þinginu. Lyfin á bestukaupalistanum hafa því greinlega verið sterk. Þetta er bara einhver draumsýn í heilbrrh. að lýsa atburðarásinni með þessum hætti. Þetta hefur aldrei gerst, virðulegi forseti, bara aldrei gerst. Kosningin í bankaráð Seðlabankans var fyrst á dagskrá hér 26. nóvember sl. og síðan fór kosningin fram 28. nóv. Það er að vísu rétt að Alþb. óskaði eftir því að kosningunni frá 26. nóv. yrði frestað til 28. nóv. vegna þess að við vildum ræða við þáv. viðskrh. hvernig yrði með formennskuna í bankaráði Seðlabankans og varaformennskuna. Það var fullburða kosning fulltrúa allra flokka í bankaráð Seðlabankans samkvæmt hlutfallskosningu hér á Alþingi. Það hefur aldrei verið viðfangsefni hvort mitt né þingsins að kjósa mann í staðinn fyrir Þröst Ólafsson í bankaráð Seðlbankans, aldrei, bara ekki til í veruleikanum. Það er auðvitað mjög vont þegar ráðherrar koma hér upp og fara með hreinan hugarburð með þeim myndugleika sem heilbrrh. er tamur. Ég verð að segja við forseta þingsins ef hann er

að reyna að leita fordæmis í þessari lýsingu heilbrrh.: Þetta hefur aldrei gerst.

Í öðru lagi kemur svo fjmrh. og fer með þá lýsingu að ástæðan fyrir því að þingið kaus sér fulltrúa í staðinn fyrir Margréti Björnsdóttur í stjórn Þróunarstofnunar hafi verið trúnaðarbrestur milli mín og hennar. Það er líka algerlega rangt og ekki flugufótur fyrir því. Margrét Björnsdóttir hafði sagt sig formlega úr Alþb., var ekki lengur í flokknum og henni fannst þess vegna eðlilegt fyrst hún var ekki lengur í flokknum sem valdi hana að fulltrúa að flokkurinn veldi annan fulltrúa. Fullkomlega heiðarleg og rétt afstaða og hafði ekkert með mig að gera persónulega, formann Alþb., vegna þess að þessi kosning fór fram eftir að Margrét Björnsdóttir hafði sagt sig úr Alþb. Ef það eru fordæmin sem hæstv. fjmrh. vitnar til að menn eigi að fara eftir og líkir þessu við það þegar menn segja sig úr stjórnmálaflokkum, þá er það satt að segja harðorðari yfirlýsing á því hvað gerst hefur hjá Sjálfstfl. en við hinir höfum haft uppi í ræðustól. Báðar þessar lýsingar tveggja hæstv. ráðherra á fordæmunum eru þess vegna fullkomlega út í hött.

Það er vont að hv. þm. Matthías Bjarnason er genginn úr salnum og væri æskilegt að í hann væri náð því að hann fór sem aldursforseti þingsins með föðurlega áminningu til mín og hv. þm. Svavars Gestssonar sérstaklega um það hvernig við ættum að haga okkur gagnvart ráðherrum. Og af því að ég ber mikla virðingu fyrir þessum aldna Ísfirðingi þá þakka ég ábendingarnar. En ég hef líka hlustað í sumar á sýnikennslu Matthíasar Bjarnasonar í því hvernig eigi að tala við ráðherra. Hún er yfirleitt á þann veg að forsrh. hafi dottið á höfuðið, fengið stein í hausinn, hann hafi aldrei heyrt neitt vitlausara og hann ætli ekki að tala aftur við þessa menn, svo að ég fari með eftir minni nokkrar setningar sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur notað í garð ráðherra eigin flokks. Hann sé hættur að tala við þá á þingflokksfundum, hann tali bara við þá í þingsalnum, sagði hann í sumar. Það er einmitt það sem við erum að gera. Við erum að fylgja fordæmi Matthíasar Bjarnasonar og tala við menntmrh. í þingsalnum. En ég þakka hins vegar ábendingarnar.

Hins vegar vil ég segja forseta það til huggunar að við hér frá stjórnarandstöðunni ætlum ekki að temja okkur ummælastíl Matthíasar Bjarnasonar við ráðherrana í vetur.

Virðulegi forseti. Að lokum bara þetta: Eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur sagt þá er stjórnarandstaðan að virða hér þau óskráðu lög í þinginu að við stillum ekki upp á móti Sjálfstfl. við þessar kosningar og er sjálfsagt og eðlilegt og hefur aldrei hvarflað að okkur að gera annað. Það hafa líka verið óskráð lög í þinginu að þegar þingmenn tveggja flokka óska eftir frestun á máli sem enga brýna nauðsyn ber til að ljúka á þeim degi er orðið við þeirri frestun hvað sem öðrum þingmönnum finnst um ástæðurnar. Þetta hafa verið óskráð lög, virðulegi forseti, og það væri mjög vont ef nú ætti að fara að brjóta þessi óskráðu lög af forseta þingsins. Þess vegna vil ég biðja þá forustu Sjálfstfl. sem hér situr að vera ekki að setja þessar þvinganir á forsetann og samþykkja að líkt og við virðum þau óskráðu lög að Sjálfstfl. hafi rétt til þess að tilnefna, þá virði þeir líka þau óskráðu lög að það sé orðið við óskinni um frestun svo að við getum átt hér orðastað við menntmrh.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég veit það eins og aðrir alþingismenn að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson datt úr ráðherrastól ekki alls fyrir löngu. En ég vissi það ekki fyrr en nú að hann hefði komið svona illa niður því það er bæði auðsætt og auðheyranlegt að hann er enn þá mjög særður og finnur afskaplega mikið til. Ég vildi bara óska eftir því að hv. þm. leitaði leiða til þess að fá lyfjaskírteini svo að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af fjárhag sínum þó að hann þyrfti að leita sér læknishjálpar út af þessu mikla áfalli sem hann varð fyrir. En hins vegar er meinlaust gaman að sumu sem ráðherrann fyrrv. segir. Það er enginn trúnaðarbrestur, segir hann, við formann í stjórnmálaflokki þó maður segi sig úr flokknum. Það er ekki trúnaðarbrestur. Það er ekki trúnaðarbrestur milli manns í trúnaðarstöðu fyrir flokk og formannsins þó maðurinn í trúnaðarstöðunni segi sig úr flokknum. Hvernig er hægt að staðfesta trúnaðarbrestinn milli forustu og flokksmanns með rækilegri hætti en að segja sig úr flokknum?

Hvar er bréfið, spyr hv. þm., hvar er bréfið sem Þröstur Ólafsson skrifaði þegar hann sig úr Alþb. og sagði af sér trúnaðarstöðunni í þess þágu? Hann er búinn að gleyma því líka. Það er ekki í þinginu. (**ÓRG:** Jú.) Nei, nei, nei. Það er í hans eigin fórum vegna þess að Þröstur Ólafsson skrifaði honum sjálfum. Og ég ætla að minna hv. þm. á það að það var ekki að ástæðulausu sem það sat ekkert bankaráð í Seðlabankanum í þrjár vikur. Umboð bankaráðs Seðlabankans féll niður um mánaðamótin október/nóvember. Það var búið að ákveða að kjósa í bankaráðið áður en umboð starfandi bankaráðs félli niður. Rétt áður en átti að ganga til þeirra kosninga tilkynnti Þröstur Ólafsson, sem búið var að ræða við að yrði áfram fulltrúi Alþb. í því ráði, að hann gæfi ekki kost á sér. Hv. formaður Alþb. óskaði þá eftir því að kosningum yrði frestað og á það var fallist. Þeim var frestað það lengi að kosningarnar fóru ekki fram fyrr en 28. nóv. og var Seðlabankinn þá búinn að vera stjórnunarlaus 28 daga. Ekkert bankaráð yfir Seðlabankanum. Jóhannes ríkti einn ásamt sínum kollegum. Það var ekki ástæðulaust. (Gripið fram í). Auðvitað var hann ánægður með það. Ástæðan var sú að það hafði orðið trúnaðarbrestur á milli formanns Alþb. og þess fulltrúa sem Alþb. átti í stjórn Seðlabankans sem hafði sagt af sér og sagt sig úr flokknum. Og hvernig lýsa menn betur trúnaðarbresti en með því að segja sig úr flokki? Og út á þetta sat ekkert bankaráð yfir Seðlabankanum í 28 daga.

Ég trúi því ekki að þegar hv. þm. datt úr ráðherrastólnum hafi hann komið svo illa niður að hann hafi gleymt þessu líka.

Björn Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið í umræðunum að hv. stjórnarandstæðingum sem fýsir að ræða við menntmrh. mun gefast óteljandi tækifæri til þess á þinginu í vetur. Mér finnst það ekki málsástæða fyrir því að verða við ósk þeirra um að þessari kosningu sé frestað.

Ég vil einnig geta eins vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram í dag en ég hélt að ég þyrfti ekki að taka það upp á þessum fundi. Í morgun efndi forseti til fundar með formönnum og fulltrúum þingflokkanna og þar var þetta mál tekið fyrir og bent á að það yrði hér á dagskránni. Svavar Gestsson mætti þar fyrir hönd þingflokks Alþb. og sagði að hann mundi gera athugasemd við málið í ræðustól. Aðrir hlýddu á það en engar komu óskir fram um það að þessari kosningu yrði frestað eða málið yrði tekið af dagskrá og látið bíða. Ég kom því í góðri trú inn á þennan fund vitandi það að hér yrðu umræður og fús til að taka þátt í umræðum um þingsköp vegna þessa máls en að taka þátt í þeim almennu stjórnmálaumræðum sem hér hafa farið fram ætla ég ekki að gera.

Ég legg þetta mál fram með þeirri sanngirnisósk að það verði afgreitt eins og venjur standa til í þinginu og ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem hér hafa orðið. Við gerðum þetta í góðri trú, sérstaklega eftir fundinn í morgun. Ég segi við því að ég tel að forseti hafi einnig verið í góðri trú um að það mundi ekki verða hreyft athugasemdum við það að málið næði fram að ganga á þingfundinum í dag. Það var sagt að hreyft yrði athugasemd við málið en að það yrði reynt að tefja fyrir framgöngu þess með þeim hætti sem raun ber vitni um kom ekki fram. Ég tel ekki ástæðu til þess og tel að það séu einnig óskráð lög í samskiptum þingmanna að um slíkt mál eigi að ríkja sá trúnaður að þegar efnt er til samráðsfunda eins og við efndum til í morgun þá gangi mál fram, enda eru þau sett fram af fullri sanngirni.

Varðandi það sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi áðan, þegar ég sagði „við" í ræðu minni fyrr, þá var ég að svara fyrirspurn frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þar sem hann var að kvarta undan því að við sjálfstæðismenn hefðum ekki borið þetta mál upp fyrr á þinginu en raun ber vitni um. Ég sagði að frá okkar bæjardyrum séð væri þetta fyrsta tækifærið sem við höfðum til þess. Og ég taldi að í orðum hans fælist brýning um að nauðsynlegt væri að bægja frá því óvissuástandi sem nú ríkir í útvarpsráði og hér hefur verið margrætt. En ég tel að það séu óskráð lög í samskiptum þingmanna að eins og framganga málsins hefur verið höfum við sjálfstæðismenn, og ég leyfi mér að fullyrða forseti þingsins líka, verið í góðri trú allan tímann eftir þann fund sem við fulltrúar þingflokkanna áttum með henni í morgun að þetta mál mundi ná fram að ganga. Ef hv. þingflokksformenn hefðu á fundinum í morgun vakið máls á þessu með þeim hætti að við hefðum séð ástæðu til að draga okkar tillögur til baka, þá hefðum við vafalaust tekið málið upp á nýjum forsendum.

En mér finnst að ég verði að láta það koma fram í fullri hreinskilni að við erum ekki með neinn átroðning á nokkurn mann heldur höfum við viljað að þetta mál næði fram að ganga, en við getum ekki finnst mér á þeim forsendum sem hafa komið fram í þessum umræðum orðið við þeim óskum að draga málið til baka.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný verð ég að byrja ræðu mína á þann veg að ég hafði ekki ætlað mér að tala hér aftur. En þegar ráðherrar fara enn á ný með fullkomin ósannindi er óhjákvæmilegt að mótmæla þeim.

Hæstv. heilbrrh. fór aftur með einhverja furðusögu um kosningu í bankaráð Seðlabankans sem er í engu samræmi við raunveruleikann. Það kom aldrei til umræðu í þingflokki Alþb. að Þröstur Ólafsson yrði endurkosinn fulltrúi flokksins í bankaráð Seðlabankans, heldur var þingflokkurinn snemma búinn að ákveða það að hv. fyrrv. þm. Geir Gunnarsson yrði fulltrúi flokksins í bankaráði Seðlabankans sem og varð. Ástæðan fyrir því að málinu var hins vegar frestað, m.a. að okkar ósk, í þinginu var að milli stjórnarflokkanna þáverandi fóru fram viðræður um það hverjir af þeim fulltrúum sem allir voru búnir að ákveða að yrðu í ráðinu gegndu embætti formanns og varaformanns. Alþfl. gerði kröfu til þess að eiga líka formann í Seðlabankanum þó hann ætti formann í bankaráði Landsbankans. Sumum stjórnarflokkanna, m.a. Borgfl. og okkur í Alþb. og ég held líka Framsfl., fannst það óeðlilegt að Alþfl. væri með formennsku í bankaráðum tveggja banka. Það var ástæðan fyrir því að kosningunni í bankaráði Seðlabankans var frestað um smátíma á þinginu sl. vetur og hafði ekkert með Þröst Ólafsson að gera, kom aldrei til tals né í huga nokkurs manns.

Það er auðvitað mjög erfitt, virðulegi forseti, ef ráðherrarnir ætla að taka upp þann hátt að fara með hugarburð sinn og næturdrauma í ræðustólnum og reyna að sannfæra okkur hina og þjóðina um að það sé einhver veruleiki. Það greiðir alla vega ekki fyrir umræðum. Ég vona þess vegna að hæstv. ráðherrar hætti að koma upp með svona skrök og hugaróra í ræðustólinn svo að maður þurfi ekki hvað eftir annað að koma hér upp og segja eins og við litla krakka: Allt í lagi, allt í lagi, þetta gerðist ekki, þig bara dreymdi það.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Fulltrúar stjórnarflokkanna beggja hafa haldið sýnist mér einar 8–10 ræður í dag. Þeir hafa með öðrum orðum sett á mjög sérkennilegt málþóf og málalengingar í þessum virðulega sal undir forustu þriggja ráðherra sem hafa veist mjög harkalega að einstökum þingmönnum stjórnarandstöðunnar með undirleik hv. 3. þm. Reykv. Ég verð að segja það að ég hef verið hér í nokkuð langan tíma en ég man ekki eftir því að ráðherrar hafi beitt sér í þingskapaumræðum með þeim hætti sem hér hefur farið fram í dag. Það er mjög athyglisvert og mjög umhugsunarvert. Það er greinilega tekin upp sú nýja stefna að framkvæmdarvaldið og starfsmenn þess ætli að beita sér sérstaklega gagnvart þingræðinu og segja þingræðinu fyrir verk-

um eins og hæstv. umhvrh. áðan sem réðst af mikilli grimmd og ósvífni gegn einstökum þingmönnum fyrr í dag.

Ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að vekja athygli á þessu en líka öðru, virðulegi forseti, því samkvæmt þingskapalögum er það þannig að forsætisnefndin á að hafa samráð við formenn þingflokkanna. Og ég mætti á fund fyrir þingflokk Alþb. í dag að beiðni hæstv. forseta Alþingis. Þar voru einnig fulltrúar annarra þingflokka. Þar var rætt um þinghaldið og ég held að það sé ekki hægt að neita því að við gerðum eins og við gátum til þess að greiða götu þinghaldsins í þeim umræðum sem fram fóru og hirði ég ekki um að rekja það hér vegna þess að það tíðkast ekki í þinginu að rekja ummæli annarra manna af þeim fundum eins og t.d. hv. 3. þm. Reykv. gerði áðan. Ég hygg að allir viðstaddir menn á þeim fundi geti borið um það að við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar þar, gerðum það sem við gátum til þess að greiða fyrir eðlilegri meðferð mála. Þetta er eini samtalsvettvangurinn sem forsætisnefndin hefur við þingið í dag, við stjórnarandstöðuna. Og við leggjum á það áherslu að menn vandi sig og menn vinni þá hluti vel. Þess vegna er það auðvitað alveg ofboðslegur hlutur að ummæli manns á fundi af þessu tagi séu afflutt með þeim hætti sem hv. 3. þm. Reykv. gerði áðan. Ég frábið mér a.m.k. slíkar trakteringar af hálfu forsætisembættisins vegna þess að það sem liggur fyrir er það að þegar þessi dagskrárliður var sérstaklega kynntur á fundi forsætisnefndarinnar og formanna þingflokkanna í morgun, þá lét ég það koma fram að svo gæti farið að einhverjir þingmenn vildu gera athugasemdir við þennan lið. Ég sagði ekki að ég mundi óska eftir frestun á honum eða taka hann til umræðu. Ég vakti eingöngu athygli á því að málið væri sérkennilegt. Síðan á að knýja málið áfram til afgreiðslu í dag á þeim forsendum að við höfum ekki beðið um frestinn í morgun. Ég segi alveg eins og er að það er orðið nokkuð vandlifað fyrir stjórnarandstöðuna á þingi ef ummæli einstakra þingmanna sem geta þó oft tekið skýrt til máls eru afflutt með þeim hætti sem hér hefur verið gert og þetta eigi að nota til þess að neita þeirri einföldu og sanngjörnu ósk sem borin hefur verið fram. Sem er hver? Sem er þessi: Við förum fram á það að málinu verði frestað. Við erum ekki að biðja um neitt annað en að málinu verði frestað.

Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að við þekkjum öll hvernig háttar til um meðferð mála, umræður og afgreiðslur í ýmsum stofnunum, ekki aðeins hér á þingi heldur t.d. einnig í sveitarstjórnum. Hér sitja í salnum mjög reyndir sveitarstjórnarmenn sem hafa jafnvel farið með meiri hluta í viðkomandi sveitarfélögum um árabil. Ég er sannfærður um það að þegar stjórnarandstaða þar eða minni hluti óskar eftir fresti á máli er orðið við því. Í borgarráði Reykjavíkur og borgarstjórn er hlutum þannig háttað að þegar mál kemur í fyrsta sinn á dagskrá er venjulega beðið um frestun á afgreiðslu þess og það er alltaf orðið við þeirri beiðni hvort sem stjórn eða stjórnarandstaða ber þá beiðni fram. En hér í þessari stofnun, allt í einu svo sem upp úr þurru og algerlega að ástæðulausu, nema þá kannski til að þjóna geðvonskunni í hæstv. umhvrh. sem eru engin rök að mínu mati, gersamlega í raun og veru að ástæðulausu, á að hella yfir þingið afgreiðslu af þessu tagi og ég spyr hæstv. forseta áður en ég fer hér úr ræðustólnum: Ætlar forsetinn að reyna að afgreiða þetta mál í dag? Hyggst hæstv. forseti Alþingis afgreiða málið með þessum hætti þrátt fyrir þær hógværu óskir stjórnarandstöðunnar sem fram hafa komið og snúast bara um eitt: Að þessu máli verði frestað. Það er svo nauða, nauða einfalt. Ég skora á forseta að taka tillit til þessarar óskar.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það er sýnilega viðurhlutamikið að sitja fundi með forseta Alþingis nú um stundir þegar maður getur átt von á því að upp á mann verði vitnað hér í þingsalnum. Það var að vísu alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að ég hreyfði ekki mótmælum í morgun við því að kosningar yrðu hér á dagskrá, gerði enga athugasemd þar um. Hins vegar kom það skýrt fram hjá einum fundarmanni að um það yrðu umræður og ég taldi ekki ástæðu til þess að árétta það.

Hér hafa komið fram óskir um frestun á málinu og þær hafa verið rökstuddar og rökstuddar bara mjög gildum rökum. Ég hef hæfileika til þess að skipta um skoðun, hv. 3. þm. Reykv., og ég tel það frekar þroskamerki að geta lagað sig að breyttum aðstæðum og vera ekki eins og eintrjáningur því að venjulega farnast þeim mönnum illa í pólitík sem eru eins og eintrjáningar. Í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram lít ég málið öðrum augum heldur en ég gerði í morgun.

Hér hafa þrír ráðherrar haldið uppi umræðum og ég tel það alveg óþarfi fyrir hæstv. umhvrh. að láta sér renna í skap út af þessu atriði. Hann hefur nóg tækifæri til þess að ergja sig síðar í vetur yfir stærri hlutum en þessum. Ég minnist þess aldrei að það hafi verið neitað að fresta kosningu. Ég minnist þess heldur aldrei að kosningu hafi borið að með sama hætti og þessa og ég skil ekkert í því, frú forseti, að forseti skuli ekki verða við þessari eðlilegu ósk okkar. Ég vek athygli á því að þetta er í fyrsta skipti sem þessi kosning er á dagskrá. Venjan er sú þegar um kosningar er að ræða að þær eru hafðar oftar en einu sinni á dagskrá áður en þær fara fram. Þegar af þeirri ástæðu er eðlilegt að láta þær ekki fara fram í dag.

Ég vek athygli hæstv. fjmrh. á því að við erum ekki að stilla upp á móti kandídötum Sjálfstfl. Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess að glúpna fyrir hótunum hans um það að Sjálfstfl. fari að beita valdi til þess að taka viðbótarmenn í bankaráði Landsbankans eins og hann lét sig hafa hér áðan. Hæstv. fjmrh. fullyrti að um þessa uppstillingu til þessarar kosningar í útvarpsráð væri fullkomin eining innan Sjálfstfl. Ég leyfi mér að efast um að hæstv. ráðherra fari með rétt mál. Þrír gegnir sjálfstæðismenn hafa sagt sig úr útvarpsráði og væntanlega hafa þeir verið óánægðir þegar þeir gengu út. Mér er ekki kunnugt um að þeir hafi sagt sig úr Sjálfstfl. Það kann að vera að svo sé. Mér er ekki

kunnugt um það og ef þeir eru enn í Sjálfstfl. þá held ég að það sé hæpið að treysta því að fullkomin eining sé í Sjálfstfl. um uppstillinguna. Og ég árétta enn og aftur ósk mína við hæstv. forseta með vísan til þess að ég tel að forseti eigi að reyna að sýna stjórnvisku þegar hún hefur tækifæri til að fresta þessum kosningum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sá fram til þessa ekki ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu en að gefnu tilefni verð ég að gera það. Það er þá einkum vegna þess sem gerðist á fundi í morgun. Mér finnst réttara að ég greini sjálf frá því hvað ég sagði eða ekki sagði á þeim fundi heldur en aðrir gefi það til kynna.

Það mátti ætla á máli hv. 3. þm. Reykv. að ég hefði ekki rætt um þetta. Það er ekki alls kostar rétt. Ég verð að viðurkenna að það vakti undrun mína að þessi kosning átti að fara fram núna í dag. Ég vakti athygli á því á fundinum í morgun og nú er ég að vitna bara til minna orða og tel mig mega það. Ég spurðist fyrir um hvort það lægi á að kjósa fyrr en 24. okt. þegar aðrar kosningar fara fram og ég taldi fulla ástæðu til þess að koma með þessa athugasemd inn á fundinn. Ég ætla hins vegar ekki að rekja hvað aðrir sögðu. Þeir geta gert það sjálfir.

Í öðru lagi vil ég að það komi fram að stjórnarsinnar bera fulla ábyrgð á þeirri umræðu sem verið hefur um þingsköp í dag.

Í þriðja lagi vil ég taka það fram að það lá ekki ljóst fyrir, alla vega ekki í mínum huga í morgun að þessi kosning mundi fara fram án nærveru hæstv. menntmrh. Það gat ég ekki séð fyrir. Það má vera að aðrir hafi getað gert það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. menntmrh. er fjarverandi og verður það í tvær vikur. Að gefnu tilefni er rétt að taka það fram.

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um þingsköp. Hér hafa mörg orð verið látin falla, misþung í hita umræðunnar eins og oft gerist hjá okkur, en því hefur verið beint til forseta að fresta því að láta þessa kosningu fara fram, að það sé sanngjörn krafa og eðlileg rök fyrir henni. Forseti sagði það fyrr á þessum fundi að hún gæti ekki séð að það væru eðlileg rök fyrir þeirri kröfu af þeirri einföldu ástæðu að hér er aðeins um það að ræða að einn þingflokkur þarf að endurnýja umboð fulltrúa sinna í þessu tiltekna ráði, útvarpsráði. Forseti sagði aldrei að það væri við venjulegar aðstæður heldur einmitt við óvenjulegar aðstæður. Þetta gerist hjá Sjálfstfl. að þessu sinni. Þetta getur komið fyrir hjá hvaða flokki sem er, það þekkjum við öll. Það hefur gerst þó að það hafi ekki endilega verið í tiltekið útvarpsráð heldur í aðrar stjórnir eða nefndir að þurft hefur að endurnýja umboð manna á óvenjulegum tíma við óvenjulegar aðstæður og það hafa aldrei verið gerðar athugasemdir við það af öðrum þingflokkum heldur slíkt látið fara fram eins og viðkomandi þingflokkur hefur óskað eftir.

Nú liggur fyrir að þingflokkur Sjálfstfl. hefur þegar valið nýja fulltrúa í útvarpsráð í stað þeirra sem óskuðu eftir því að vera leystir frá störfum. Forseti hefur þessi bréf undir höndum. Það er mjög skýrt og skorinort frá þeim öllum, hverjum fyrir sig, að þeir óska eftir því að verða leystir frá störfum á þeim degi sem bréfin eru skrifuð. Þess vegna telur þingflokkur Sjálfstfl. nauðsynlegt og óskar eftir því að fá að láta kjósa nýja fulltrúa í útvarpsráð. Og ég er þess fullviss að þingflokkur Sjálfstfl. mundi aldrei koma í veg fyrir það að annar þingflokkur sem óskaði eftir slíku né einhver annar tiltekinn þingflokkur koma í veg fyrir það undir slíkum kringumstæðum.

Það hefur komið fram í þessum umræðum núna að hér séu óvenjulegar aðstæður sem eru m.a. raktar til þess að það sé öðruvísi stjórnun á þinginu. Forseti getur ekki fallist á það. Forseti er sannfærður um að hvaða forseti sem væri mundi verða við þessari ósk. Aðstæðurnar eru óvenjulegar af því að við erum að byrja þingstörfin og ýmis viðkvæm mál hafa verið á döfinni og skapa þessar umræður. Nú bið ég hv. þm. að sýna þann skilning og þetta umburðarlyndi gagnvart þeim þingflokki sem óskar eftir að þessi kosning fari fram og láti þar við sitja. Þetta er ósk forseta til hv. þm. vegna þess að forseti telur að ef þessu máli verður frestað nú sé verið að skapa fordæmi sem geti átt eftir að endurtaka sig hvað eftir annað í framtíðinni þegar slíkar óvenjulegar aðstæður koma upp.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað með athygli á ræðu forseta. Ég verð því miður að segja það að forseti vék ekki einu orði í ræðu sinni að þeirri staðreynd að forustumenn tveggja þingflokka hafa óskað eftir þessari frestun. Hvað sem líður vilja Sjálfstfl. þá er það staðreynd að tveir þingflokkar hafa óskað eftir þessari frestun. Það komu ekki fram nein rök hjá hæstv. forseta fyrir að skapa það fordæmi en ég hygg að væri í fyrsta sinn sem það væri gert að þegar tveir þingflokkar óska eftir frestun á máli neiti forsetinn þeirri ósk.

Forsetinn spurði hvort við vildum verða við þessum tilmælum forsetans að ganga nú til kosninga. Svarið er skýrt. Við endurtökum ósk okkar um frestun, ekki vegna þess að við viljum leggja neinn stein í götu þess að Sjálfstfl. geti valið sína fulltrúa, það munum við aldrei gera. En við viljum nýta okkur þann þingræðislega rétt að heyra yfirlýsingu hæstv. menntmrh. hér í þingsalnum um Ríkisútvarpið og útvarpsráð áður en kosningin fer fram. Það er kjarni málsins, virðulegi forseti. Við höfum óskað eftir því að fá að hlýða á menntmrh. í þingsalnum áður en kosningin fer fram. Þess vegna endurtek ég þá ósk að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur nokkrum sinnum komið fram í þessum umræðum að menn hafa óskað eftir að þessari kosningu væri frestað. Nú vill forseti fá það staðfest hvort þetta er ósk frá þingflokkum.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Það er rétt til getið að þessi ósk er af okkar hálfu borin fram af þingflokki Alþb.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:
Frú forseti. Það er ósk þingflokks framsóknarmanna að þessari kosningu verði frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þar sem það liggur nú ljóst fyrir og staðfest að það er ósk þingflokka Alþb. og Framsfl. að þessari kosningu verði frestað, þá verður orðið við því og vill forseti jafnframt taka það skýrt fram að þessi beiðni verður á engan hátt fordæmisskapandi í framtíðinni.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:
Frú forseti. Ég vil bara þakka fyrir að forseti skyldi sýna þessa stjórnvisku. Ég tel að hér hafi fengist viturleg niðurstaða og öllum til sóma, ekki síst forseta Alþingis.

Um þingsköp.

Hvítbók ríkisstjórnarinnar o.fl.

Guðrún Helgadóttir:
Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni það mál sem hér hefur verið rætt í dag, vil hins vegar taka undir þakkir til hæstv. forseta fyrir að fara að sjálfsagðri beiðni tveggja þingflokka um frestun á máli. Það er venja.

Það sem ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að gera hér að umtalsefni er þetta: Á morgun fer fram umræða um stefnuræðu hæstv. forsrh. Í fréttum síðustu daga hafa fréttamenn verið að tala um stjórnarsáttmála. Þann stjórnarsáttmála hef ég ekki enn þá séð. Ég hygg að svo sé um fleiri hv. þm. Ég hlýt því að spyrja hæstv. forseta hvort þingmenn megi gera ráð fyrir því að stefnuræða hæstv. forsrh. sé byggð á einhverjum stjórnarsáttmála. Venjan hefur verið sú að þegar ríkisstjórn er mynduð er hún mynduð um sáttmála. Ég hlýt fyrir hönd hv. þm., leyfi mér a.m.k. að gera það fyrir hv. þm. Alþb. að óska að okkur verði sýndur þessi sáttmáli áður en dagur er á enda. Það er afar erfitt fyrir þá hv. þm. sem eiga að taka þátt í þessari umræðu og hitta alþjóð að máli um stefnu hinnar nýju ríkisstjórnar, sem vitanlega er beðið með eftirvæntingu í þjóðfélaginu öllu, að hafa ekki séð það samkomulag sem stjórnarflokkarnir hafa gert með sér. Þetta held ég að hver einasti maður hljóti að viðurkenna og hver einasti hv. þm. og ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta að hún segi okkur frá hvort von sé á stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar áður en umræða um stefnuræðu hæstv. forsrh. fer fram.

Annað örlítið erindi á ég við hæstv. forseta sem er nú annars eðlis, en er mér þó nokkurt mál, ekki vegna þess að það komi mér til ógagns. Ég vil benda hv. þingmönnum og hæstv. forseta á að hér hefur verið lagt fram á þskj. 21 frv. til laga um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Engin mál voru mér erfiðari þegar ég settist fyrst inn á hið háa Alþingi en einmitt mál af þessu tagi. En þegar þessu fylgir síðan viðauki sem heitir að vísu á gamla málinu foreldra okkar „Tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 10. sept. 1984 um villandi auglýsingar" en síðan er afgangurinn af þessu skjali á enskri tungu, þá spyr ég, hæstv. forseti: Er það orðið inngönguskilyrði til að gerast þingmaður á Íslandi að vera læs á enska tungu?

Ég vil benda á að utanrmrn. eitt eyddi umfram fjárveitingu 58 millj. vegna samninga við Evrópubandalagið og EFTA og skýringin sem fjárln. var gefin var að mikið af þessu væri þýðingarkostnaður. Ég held að það hefði þá ekki getað munað mikið um að þýða þennan viðauka með framlögðu þingskjali upp á heila 41 síðu. Jafnvel við sem erum allsæmilega að okkur í enskri tungu eigum fullt í fangi með að lesa um flókna viðskiptahætti á öðrum tungumálum en okkar eigin. Og ég mælist til þess eins og ég hef gjört svo oft áður hér á hinu háa Alþingi að hv. þingmönnum sé ekki boðið upp á að þau gögn sem þeir þurfa að nota í starfi sínu séu á enskri tungu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 14. þm. Reykv. spurði um stefnuræðu hæstv. forsrh. (**GHelg:** Stjórnarsáttmála.) Hún spurði hvort það væri von til þess með tilliti til stefnuræðunnar sem eigi að flytja á morgun hvort hv. þingmenn fengju að sjá stjórnarsáttmála sem fréttamenn hefðu verið að fjalla um en þingmenn ekki séð.

Forseti getur að sjálfsögðu lítið svarað því hvernig fréttamenn hafa fengið stjórnarsáttmála sem ekki liggur fyrir prentaður. Því getur forseti ekki svarað, en það eru kannski einhverjir aðrir sem geta svarað því hvenær von er á stjórnarsáttmálanum tilbúnum til prentunar. En það þykist forseti vita að um leið og það gerist þá verði honum útbýtt til hv. þingmanna.

Varðandi þetta þingskjal sem var verið að útbýta í dag kemur það forseta líka á óvart að stór hluti skjalsins er á enskri tungu og getur tekið fyllilega undir athugasemdir hv. 14. þm. Reykv. um að að sjálfsögðu eiga slík skjöl að vera þýdd og munu verða þýdd.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):
Virðulegi forseti. Vegna þess sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan um stjórnarsáttmála þá var frá því greint við myndun ríkisstjórnarinnar að á haustmánuðum yrði gefin út „hvítbók" eins og sagt var þar sem nánari grein væri gerð fyrir stefnu stjórnarinnar. Það hefur verið unnið að gerð þessarar bókar, eða skjals, að undanförnu. Þeirri vinnu er ekki lokið. Hún er á lokastigi. Hins vegar heyrist mér af fréttum að einhver fréttamaður hafi komist yfir vinnuskjal með efni þessarar bókar á einhverju stigi. Sumt af því sem hermt hefur verið í fréttum úr því er rétt, annað er rangt vegna þess að það hefur breyst í umræðum og samtölum milli flokkanna og þessari vinnu er ekki lokið. Ég get ekki fullyrt hvenær þetta skjal verður tilbúið til

prentunar og dreift til þingmanna og annarra, en þess verður áreiðanlega ekki langt að bíða. Hins vegar hygg ég að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafi eins og aðrir þingmenn fengið í trúnaði senda stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hann mun flytja annað kvöld.

Varðandi hitt atriðið sem hún gerði hér að umtalsefni áðan, þ.e. skjal sem fylgdi frv. um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, þá er það nú í rauninni ekki þingskjal en ég tek fyllilega undir það að mér finnst ekki rétt að dreifa hér eingöngu á erlendum málum skjölum sem þingmönnum eru ætluð til glöggvunar. Sem starfandi viðsiptaráðherra um sinn mun ég beita mér fyrir því að þetta verði fyrirliggjandi þingmönnum til handargagns og gagns á íslensku. En ég veit ekki hvar þýðingarvinna við þetta plagg er á vegi stödd, það gæti tekið einhvern tíma að koma því yfir á kjarngott og skiljanlegt mál vegna þess að þetta er torf á því máli sem það er ritað á, en ég mun beita mér fyrir því.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil, svo að ekkert fari nú á milli mála, formlega óska eftir því fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna að þessu riti sem kallað hefur verið hvítbók verði komið í hendur þingmanna flokksins og þá alþingismanna allra áður en stefnuræðan fer fram. Svo sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. hér áðan telur hann ekki þetta plagg fullunnið. Enn lifir mikið dags og kunna þeir nú að geta bætt þar úr. En það er ákaflega óheppilegt að mínum dómi og óeðlilegt að hefja hér annað kvöld umræður um stefnuræðu forsrh. ef slík grundvallargögn, eins og mér skilst að þessi hvíta bók eigi að vera, liggja ekki fyrir. Varðandi þá athugasemd að ekki sé búið að prenta bókina þá nægir okkur alveg að fá hana í vélrituðu eða ljósrituðu formi fyrst um sinn og ég óska eftir því að hún liggi hér fyrir áður en umræður um stefnuræðu fara fram, því að sjálfsögðu er þarna um stefnuskrá ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að ræða og það er mjög óeðlilegt að hún sé ekki þingmönnum tiltæk með eðlilegum fyrirvara áður en umræðan fer fram.

Ég man nú ekki betur en að í vor hafi hæstv. forsrh. lýst því yfir eða látið að því liggja að bók þessi mundi verða tiltæk í þingbyrjun. Nú er þingið komið af stað og bókin hefur ekki borist okkur. Ég vil formlega óska eftir því fyrir hönd þingmanna Framsfl. að við fáum þessa bók í hendur enda liggur ljóst fyrir að fréttamenn hafa hana undir höndum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu koma þessum skilaboðum hv. formanns þingflokks Framsfl. til formanna stjórnarflokkanna sem hvorugur eru hér að þessu sinni. Ég hef kannski ekki talað alveg nægilega skýrt áðan en ég vil bara ítreka það að bókin er ekki fullsamin. Um leið og hún verður fullsamin verður henni að sjálfsögðu dreift, að sjálfsögðu samstundis og hún hefur verið prentuð. Ég veit ekki með hvaða hætti fréttamaður hefur komist yfir eitthvert vinnuplagg frá einhverjum tíma sem, eins og ég sagði áðan, hefur verið vitnað í bæði rétt og rangt. En þessum skilaboðum mun ég að sjálfsögðu koma til skila.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær óskir sem hér hafa komið fram og jafnframt bæta því við að ég bar þær fram í morgun á fundi með formönnum þingflokka og forsetum að skjal þetta yrði lagt fram hið fyrsta. Ég fer hér úr þessum virðulega ræðustóli með formlegum hætti fram á það að þingflokkar stjórnarflokkanna taki það mál fyrir núna á eftir, hvort ekki megi dreifa gagni þessu til þingmanna þannig að þeir geti haft það undir höndum og til athugunar þegar umræða fer fram á morgun. Það er auðvitað mjög bagalegt að hafa ekki skjalið við höndina þegar umræða fer fram um stefnuræðu forsrh. Það eru mjög mikilvæg atriði í þessu sem snerta þingmál sem þegar er búið að dreifa hér, eins og tillögur um sölu á ríkisfyrirtækjum og fleira. Ég vil því mjög eindregið ítreka héðan þá ósk sem ég bar fram í morgun um að formenn þingflokka stjórnarflokkanna fjalli um það á fundum sínum á eftir að skjali þessu verði komið í hendur stjórnarandstöðuþingmanna hið allra fyrsta.

Um þingsköp.

Afhending skjala úr ráðuneytum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég á erindi við hæstv. forseta út af málum sem hafa borið að í þingnefndum á þessu þingi og á nýliðnu sumarþingi þar sem það hefur gerst í tveimur nefndum þar sem ég á sæti að leitað hefur verið upplýsinga frá ráðuneytum, en þingnefndunum verið meinað um þær upplýsingar. Það sem um er að ræða er í fyrsta lagi það að umhvn. þingsins á síðasta þingi fór fram á það bréflega 12. sept. sl. við umhvrn. og hæstv. umhvrh. að fá tiltekið málsgagn vegna athugana á starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi. Þessari beiðni nefndarinnar var synjað af hæstv. ráðherra og þetta gerðist á þeim tíma sem auglýsing var um það að heimild væri til athugasemda vegna þessa starfsleyfis. Viðbrögð minni hlutans í umhvn. komu fram á fyrsta degi þessa þings og raunar fyrir þingsetningu og hefði ég út af fyrir sig ekki verið að taka þetta mál fyrir sérstaklega hér á nýju þingi ef ekki hefði bæst við sérstakt tilefni í gær þegar það kom fram á fundi menntmn. þingsins að beiðni frá mér um tilteknar upplýsingar frá menntmrn., nánar tiltekið varðandi málefni Kennaraháskóla Íslands á liðnu sumri og samskipti menntmrn. og Menntaskólans við Hamrahlíð, þar sem ráðuneytið var að óska eftir breytingum á námsskrám, var synjað af menntmrn. og hæstv. ráðherra að sjálfsögðu.

Ég tel að hér séu í rauninni mjög alvarleg tíðindi á ferðinni í samskiptum Alþingis og framkvæmdarvalds-

ins og vil vekja athygli hæstv. forseta á þessum sérkennilegu viðbrögðum og jafnframt athygli þingheims á því sem þarna hefur gerst. Ég tel það vera afar alvarlegt mál ef sú regla verður upp tekin í samskiptum þings og framkvæmdarvalds að þingnefndir fái ekki aðgang að málsskjölum eins og þeim sem hér er um að ræða og raunar almennt.

Nú er það svo að það hafa ekki verið sett lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en á síðasta þingi, og raunar á þinginu þar á undan, kom fram frv. þar að lútandi. Það væri fróðlegt fyrir menn að kynna sér það frv. þó að ýmissa mati væri ekki gengið nógu langt í þeim efnum í því frv., sem ekki var afgreitt og ekki hefur verið lögfest, í tengslum við það mál sem ég er hér að vekja athygli á.

Virðulegur forseti. Ég óska eftir að heyra viðhorf hæstv. forseta til þessa máls og óska eftir atbeina forseta þingsins til þess að breytingar fáist fram í samskiptum sem þessum, jafnnauðsynlegt og það er fyrir eðlileg störf þingsins nú og framvegis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur heyrt þessar athugasemdir og óskir hv. 4. þm. Austurl. og mun kynna sér þær nánar við fyrsta tækifæri. Forseti hafði vænst þess að fá nú tækifæri til þess að koma öðru dagskrármálinu til nefndar sem er aðeins atkvæðagreiðsla og vill beina því til hv. þingmanna hvort það mætti verða.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að segja hérna örfá orð. Þetta er auðvitað ekki einungis í umhvn. eða menntmn. sem þingmenn hafa orðið fyrir því að neitað væri um upplýsingar. Við höfum ekki fengið að sjá þau drög að samningi um álver á Keilisnesi sem sagt er að liggi fyrir í öllum meginatriðum, heldur einungis greinargerðir iðnrn. um þau mál og ég vil sem iðnaðarnefndarmaður óska eftir því að forsetinn rannsaki einnig vinnubrögð formanns iðnn. í þessu sambandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur heyrt þessa ósk og mun kynna sér þetta mál án þess að farið verði út í nokkra rannsóknamennsku.

Fjáraukalög 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér er nú nokkur vandi á höndum og kannski fleiri þingmönnum vegna þess að á þeim tækjum sem hér eru fyrir framan þingmenn eru fimm hnappar. Ég hef spurt sessunauta mína hvað hnappurinn yst til hægri og hvað hnappurinn yst til vinstri merki og sessunautar mínir hafa hvorugur getað gefið mér svör við því. Nú er það auðvitað þannig og við erum fullfær hér í þingsalnum að ýta á rauða hnappinn, alla vega við í Alþb., og umhvrh. kannski fullfær að ýta á græna hnappinn og Sjálfstfl. á núll-hnappinn, en vandinn er sá að okkur hefur verið sagt að með því að ýta á annan hvorn þessara hnappa sem eru yst til vinstri eða yst til hægri sé hægt að fá skráningu á því hvaða þingmenn taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Og af því að okkur kann að vera nokkur forvitni á því að fá að vita hvernig menn greiða atkvæði og hverjir séu viðstaddir og hverjir ekki, hvort það séu t.d. við í stjórnarandstöðunni sem séum að hjálpa ríkisstjórninni við að koma þessu máli í gegn af því að það séu kannski fleiri stjórnarandstæðingar hér í þingsalnum heldur en stjórnarliðið — og það sýnir nú samvinnulipurð stjórnarandstöðunnar við ríkisstjórnina og forsetann að það séu kannski atkvæði stjórnarandstæðinga hér í salnum sem verði til þess að hægt sé að koma þessu frv. til nefndar — þá tel ég nauðsynlegt að fá leiðbeiningar forsetaembættisins um það á hvaða hnapp ég á að ýta til þess að ég geti fengið það skráð hvert sé hlutfall stjórnarþingmanna og stjórnarandstöðuþingmanna í þessari atkvæðagreiðslu svo að á spjöldin komi skýrt fram hve sanngjarnir, samvinnuliprir (**Gripið fram í:** Og heiðarlegir.) og heiðarlegir við stjórnarandstæðingar erum í störfum þingsins, að það erum við sem tryggjum það að ríkisstjórnin kemur hér málum áfram en ekki stjórnarliðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú létta þessum áhyggjum af hv. 8. þm. Reykn. að þessu sinni því að forseti ætlar hreinlega að láta fara fram handaupprettingu núna. Það stendur þannig á að forseti telur að þingmenn, forseti og allir aðrir, þurfi að fá tækifæri til þess að prófa þetta kerfi þegar þar að kemur. Það hafa staðið yfir prófanir á því núna. Forseti getur gert þá játningu að hann er sjálfur ekki farinn að fullreyna það og vill gjarnan fá tækifæri til þess til að gera nú engar vitleysur þegar þar að kemur, þannig að nú munum við bara greiða atkvæði með gamla, góða laginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EGuðn, GAK, EKJ, FI, FrS, ÞurP, GuðjG, GHelg, HN, HÁ, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, GÁS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, AKS, MB, MI, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, SalÞ.

13 þm. (GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, RA, SJS, ÞorstP, DO, EH) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 49 shlj. atkv.

5. FUNDUR

fimmtudaginn 10. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundur er settur í Alþingi. Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, stefnuræða forsrh. og umræður um hana sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu.

Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og aðrir þingflokkar 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð, Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn., og Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., og Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl., í fyrri umferð en Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv., í fyrri umferð en Sighvatur Björgvinsson heilbrrh. í þeirri seinni. Fyrir Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., og Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv., í fyrri umferð en Anna Kristín Sigurðardóttir, 4. þm. Suðurl., og Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf., í síðari umferð. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv., og Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., í fyrri umferð en Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls samfagna þeim löndum okkar sem eru að gera garðinn frægan í Japan þessa dagana. Hver sem endanleg úrslit heimsmeistarakeppninnar verða hafa þeir þegar náð stórkostlegum árangri og þjóðin öll sendir þeim baráttukveðjur á lokasprettinum.

Við Íslendingar búum við betri kjör en flestar aðrar þjóðir. Gildir það jafnt um efnahag okkar og persónuréttindi. Síðari helmingur þessarar aldar hefur í raun verið sigurganga fyrir íslenska þjóð. Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa. Sú góða staða gefur okkur þó ekki tilefni til þess að láta okkur í léttu rúmi liggja þegar hægir á eða kyrrstaða verður. Ég tala nú ekki um þegar um afturkipp er að ræða. Þannig fer því miður ekki á milli mála að við lifum nú lengsta tímabil stöðnunar í íslenskum þjóðarbúskap frá lýðveldisstofnun.

Vegna ástands fiskstofnanna hefur verið óhjákvæmilegt að draga saman í fiskveiðum og vinnslu og við vitum jafnframt að væntingar manna til nýsköpunar í iðnaði og öðrum greinum hafa brugðist. Útlit er fyrir að ytri aðstæður muni ekki lagast á næsta ári og horfur eru á áframhaldandi lægð í sjávarútvegi. Vonir standa þó til að samningar takist um nýtt álver í byrjun næsta árs. Rætist þær vonir mun það vega upp á móti þeim þrengingum sem við höfum þurft að ganga í gegnum allt frá árinu 1987. Takmörk eru fyrir því hvaða áhrif við getum haft á þessar ytri aðstæður nema að því er lýtur að samningagerð við erlenda aðila um orkunýtingu. En á hinn bóginn er því ekki að leyna að auk erfiðra ytri aðstæðna hafa alvarlegar veilur í hagstjórn magnað erfiðleikana. Verulegur og viðvarandi halli á ríkissjóði í tíð fyrri ríkisstjórnar hefur haft í för með sér gífurlega lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs með óhagstæðum áhrifum á fjármagnsmarkaðinn, atvinnulífið og heimilin í landinu þar sem raunvextir hafa af þeim ástæðum haldist háir. Þá hafa svonefndar björgunaraðgerðir, þar sem stofnað var með erlendum lántökum til nýrra millifærslusjóða, ekki leyst nokkurn vanda. Í stað þess að taka á rekstrarvanda, sóun og óráðsíu voru fjármunir þessara sjóða notaðir eins og deyfilyf. Á meðan lyfin verkuðu var látið sem allt væri komið í samt lag. Því miður var þá horft fram hjá því að erfið staða fyrirtækjanna gæti stafað af mistökum eða óvarkárni stjórnenda þeirra. Þetta var þáttur í stefnu fyrrv. ríkisstjórnar sem ekki vildi beita almennt viðurkenndum hagstjórnaraðferðum en trúði á lækningamátt opinberrar íhlutunar. Í stað þess að hamla gegn útgjaldaþenslu ríkissjóðs og búa útflutningsgreinum viðunandi starfsskilyrði voru skattar hækkaðir, raunvextir hækkuðu sífellt og erlendu lánsfé var beint í gegnum millifærslusjóðina til að lina þjáningar þeirra fyrirtækja sem verst stóðu að mati trúnaðarmanna ríkisstjórnarflokkanna í sjóðunum.

Þessir stjórnarhættir sem hér er lýst höfðu ekki aðeins í för með sér mismunun fyrirtækja heldur komu þeir í veg fyrir eðlilega þróun atvinnulífsins þar sem þeim var haldið á floti sem nutu velvildar stjórnarherranna. Því miður standa menn nú frammi fyrir þeirri staðreynd að vandinn sem menn töldu sig vera að ráðast gegn með þessum aðferðum er enn óleystur og hefur í mörgum tilfellum magnast. Menn misstu tækifærið þegar aflabrögð voru hagstæð og verðlag á útflutningi hátt til að leggja grunn að góðri lífsafkomu.

Það sem verra er, sjóðirnir sem hjálpræðið kom úr eru ekki aðeins tómir heldur stórskuldugir. Þannig blasir við að á undanförnum fjórum árum hefur hagur Framkvæmdasjóðs Íslands versnað um tæplega 3.000 millj. kr. og er eiginfjárstaða hans nú neikvæð um a.m.k. 1.200 millj. kr. Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að leggja þurfi rúmar 1.700 millj. í afskriftasjóð Byggðastofnunar til að mæta líklegum áföllum. Þá hefur stjórn þessarar stofnunar farið fram á að ríkissjóður leggi atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar til rúmlega 1.400 millj. kr. á næsta

ári til þess að mæta töpuðum útlánum, en samtals hefur verið gert ráð fyrir að útlánatap deildarinnar nemi rúmum 1.700 millj. kr. Ríkisendurskoðun hefur jafnframt talið að tvöfalda þurfi framlög í afskriftasjóð Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar og áætlar að tap ríkissjóðs vegna ábyrgða á hlutdeildarskírteinum sjóðsins verði allt að 270 millj. kr. þegar upp verður staðið.

Athyglisvert er að Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að við stjórnarskiptin hafi framlög í afskriftasjóði áðurgreindra sjóða verið 1.300 millj. kr. en hefðu þurft að vera 5.800 millj. Með öðrum orðum, það hafði verið látið í veðri vaka að staða þessara sjóða væri 4.500 millj. kr. betri en raun varð á. Þessi staða auk gríðarlegrar skuldasöfnunar ríkissjóðs síðustu mánuði fyrir stjórnarskiptin eru sú arfleifð sem síðasta ríkisstjórn skildi eftir. Ég vil minna á að skuldir ríkissjóðs jukust um 9 milljarða kr. frá síðustu áramótum og fram til kosninganna í apríl. Um allt þetta þögðu þáv. forsrh. og þáv. fjmrh. þunnu hljóði í kosningabaráttunni og fóru þannig á bak við landsmenn.

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum og framangreindur vandi kom í ljós þurfti enn fremur að taka á ýmsu sem hafði verið látið reka á reiðanum um langt skeið. Ég vil taka tvö dæmi til skýringar. Í fyrsta lagi vil ég nefna tök fyrrv. ríkisstjórnar á vanda fiskeldisfyrirtækja. Á vegum Framkvæmdasjóðs Íslands var í október 1990 tekin saman greinargerð um alvarlega stöðu fyrirtækja í þessari grein. Þáv. forsrh. lagði þessa samantekt fyrir ríkisstjórnarfund hinn 9. nóv. 1990. Ríkisstjórnin þáv. fól pólitískum aðstoðarmönnum fimm ráðherra að fara yfir málið í heild sinni. Í áðurnefndri greinargerð Framkvæmdasjóðs segir orðrétt:

„Nú er svo komið að til einhverra ráða þarf að grípa til að greinin í heild lognist ekki út af og þar með öll sú þekking og verðmæti sem liggur hjá þeim aðilum sem unnið hafa í greininni til þessa."

Þetta var 9. nóv. 1990. Á ríkisstjórnarfundi 18. jan. 1991 lagði þáv. forsrh. fram skýrslu starfshóps aðstoðarmanna ráðherranna. Í þeirri skýrslu segir að ákveða verði hvort halda beri fiskeldinu áfram eða leggja það niður. Orðrétt segir í skýrslunni:

„Í raun er verulegur hluti af þeim 6.250 millj. kr. sem opinberir sjóðir og bankar hafa lánað til fiskeldis tapaður." Þá segir á öðrum stað í skýrslunni: „Þannig er sýnt að hvorki núverandi framleiðsla né full framleiðslugeta stöðvanna stendur undir nema litlum hluta stofnfjárfestingar og rekstrarfjárþörf."

Þrátt fyrir þessa vitneskju þögðu ráðherrar að því undanskildu að í umræðum í Nd. Alþingis skömmu fyrir þinglok gat þáv. fjmrh. þess í framhjáhlaupi að 4–5 milljarðar kr. kynnu að vera tapaðir í fiskeldi. Að öðru leyti var hvergi minnst á þennan gríðarlega vanda allan sl. vetur og farið með álit trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar sem hernaðarleyndarmál. Það er hins vegar athyglisvert að sama dag og skýrsla aðstoðarmannanna var lögð fram í ríkisstjórninni ritaði þáv. forsrh. Framkvæmdasjóði Íslands bréf með eindregnum tilmælum um að sjóðurinn keypti laxakynbótastöð að Kalmanstjörn fyrir meira en 150 millj. kr. Með öðrum orðum, á sama tíma og aðstoðarmennirnir töldu fjárfestingu í fiskeldi vonlausa þröngvaði þáv. forsrh. Framkvæmdasjóði til nýrra fjárfestinga í greininni.

Í öðru lagi vil ég nefna tök fyrri ríkisstjórnar á málefnum Álafoss hf. Forustumenn stjórnarandstöðunnar hafa ráðist harkalega að ríkisstjórninni vegna gjaldþrots fyrirtækisins þótt þeim hafi um alllangt skeið fyrir kosningar verið kunnugt um að hverju stefndi. Björgunaraðgerðir höfðu ekki skilað tilætluðum árangri og fyrir lá að verulegt nýtt fjármagn þyrfti að koma inn í reksturinn til að endar næðu saman. Framkvæmdasjóður tapaði alls um 1,8 milljörðum kr. á undanförnum árum vegna ítrekaðra björgunaraðgerða við Álafossfyrirtækið. Fyrir liggur að aðrir opinberir sjóðir hafa tapað a.m.k. 400 millj. kr. til viðbótar. Þáv. forsrh. beindi þeim eindregnu tilmælum til stjórnar Framkvæmdasjóðs að keypt yrðu verksmiðjuhús af Álafossi hf. í Mosfellsbæ á árinu 1990 fyrir meira en 250 millj. kr. Stjórn sjóðsins beygði sig undir vilja ráðherrans en færði sérstaklega til bókar í fundargerð sjóðsins að þessi ráðstöfun samræmdist ekki hagsmunum hans.

Þegar síðan í óefni var komið sl. vor og öll framangreind aðstoð hafði ekki megnað að forða fyrirtækinu frá gjaldþroti kaus þáv. forsrh. að láta málið danka fram yfir kosningar þannig að það kom í hlut þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að skýra frá hvernig komið væri.

Ég hef rakið þessi dæmi til þess að leiða mönnum fyrir sjónir þá sóun á almannafé sem fylgdi atvinnustefnu fyrri ríkisstjórnar. Því miður er ekki sagan öll sögð. Minna má á bága stöðu rækjuvinnslunnar og margra fyrirtækja í sjávarútvegi. Eftir atvinnustefnu fyrri ríkisstjórnar stendur slóði gjaldþrotafyrirtækja og sú staðreynd að þjóðin glataði gullnum tækifærum.

Framsóknarmenn tala um gjaldþrotastefnu en gjaldþrotin sem við höfum orðið vitni að eru í raun aðeins óumflýjanleg afleiðing þeirra eigin stefnu. Og hver skyldu áhrifin af þeirri stefnu vera á lífskjör launafólks? Allir vita að skattar og vextir rýra kjör fólksins í landinu. Þeir fjármunir sem varið er til að halda gjaldþrotafyrirtækjum gangandi nýtast ekki til að bæta lífskjör.

Ríkisstjórnin hófst þegar handa eftir kosningar við að vinda ofan af þessari óstjórn. Aðhaldsaðgerðir sem gripið var til hafa þegar skilað nokkrum árangri. Verðbólga fer hraðlækkandi, hægt hefur á aukningu innflutnings og dregið hefur úr þenslumerkjum. Markmiðið er að auka arðsemi atvinnulífsins og skapa svigrúm fyrir betri lífskjör.

Á undanförnum missirum höfum við orðið vitni að pólitísku fjörbroti kenningakerfis sósíalismans. Þessi hugmyndafræði hefur ráðið örlögum hundruða milljóna manna um allan heim og haft gífurleg áhrif á stjórnmálaumræður, einnig hér á landi. Ríkisrekstur og miðstýring eru hvarvetna á undanhaldi og reynsla síðustu þriggja ára hér á landi ætti að sannfæra menn um að þau meginsjónarmið sem orðið hafa ofan á annars staðar eigi einnig við hér á landi. Hvarvetna í grannríkjum okkar hafa þeir flokkar sem áður boðuðu rík-

isafskipti og ríkisforsjá horfið frá þeirri stefnu og færa sér nú í nyt ótvíræða yfirburði markaðsbúskapar. Þessir flokkar hafa viðurkennt að sósíalismi sinn með kenningum sínum um hlutverk ríkisvaldsins hefur orðið undir í hugmyndabaráttunni og reynst vera fátæktarstefna. Þessa fátæktarstefnu boða helstu forustumenn stjórnarandstöðunnar á Íslandi þó enn þrátt fyrir að aðgerðir þeirra á síðustu árum hafi leitt til versnandi lífskjara.

Undir yfirborði stjórnmálanna takast á tveir meginstraumar sem ég vil lýsa með eftirgreindum hætti. Annars vegar eru þeir sem halda því fram að orsakir eymdar og volæðis sé að finna í ranglátu þjóðfélagskerfi sem mismuni og komi í veg fyrir að menn fái notið sín. Flest félagsleg og stjórnmálaleg vandamál megi leysa með því að innleiða róttækar lausnir á ríkisins vegum og smíða nýtt þjóðfélag. Stórkostlegasta nýsmíði af þessu tagi er nú hrunin til grunna í Ráðstjórnarríkjunum. Hér í þessum sal sitja enn þá menn sem bundnir voru þessum dauðu kenningum órjúfanlegu böndum en vilja nú ekkert af fortíð sinni vita.

Hins vegar eru hinir sem ekki eru eins ginnkeyptir fyrir einföldum lausnum. Þeir líta svo á að maðurinn sé ófullkominn og seint takist að leysa öll mannleg vandamál. Í stað þess að gera sér mynd af þúsund ára ríki treysta þeir því að í samskiptum borgaranna verði smám saman til reglur um það sem má og ekki má í mannlegum samskiptum og að þær lausnir sem þannig finnast séu haldbetri en gervilausnir kenningasmiðanna.

Í þjóðfélagi eins og okkar kemur oftrúin á mátt skipulagshyggju fram hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar sem hafa tilhneigingu til að leysa deilur og önnur vandamál með lagasetningum og reglugerðum og með því að færa valdhöfunum aukin völd. Sífellt fleiri svið mannlífsins eiga að lúta boðum og bönnum en að sama skapi verði dregið úr því að þjóðfélagið þróist áfram á grundvelli sjálfsprottinna reglna og samskipta fólks í milli. Í stað þess að leita lausna eftir eðli tiltekins vandamáls gætir tilhneigingar til þess að leysa öll vandamál með lagaákvæðum og reglugerðarfyrirmælum. Seint virðist mönnum ætla að koma í hug að þessi aðferð geti jafnvel aukið vandann. Víða um lönd leita menn leiða til að grisja skóg laga og reglugerða. Umræðu hefur skort hér á landi um þessi efni þar sem ástandið er litlu betra en annars staðar.

Allt fram á sjötta áratug þessarar aldar einkenndist íslenskur þjóðarbúskapur af sjónarmiðum skipulagshyggju. Atvinnulíf landsmanna var háð höftum og leyfisveitingum þar sem meginreglan var sú að allt væri bannað nema það væri sérstaklega leyft af stjórnvöldum. Viðreisnarstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. réðst í stórkostlegar kerfisbreytingar þar sem þjóðfélagið var fært í átt til þess frjálsræðis sem lyft hafði lífskjörum annarra þjóða á Vesturlöndum fram til þess tíma. Þjóðin naut ávaxtanna af þessum breyttu stjórnarháttum og því voru viðreisnarárin eitt mesta framfararskeið í sögu þjóðarinnar. Þegar syrti í álinn undir lok sjöunda áratugarins höfðu menn skynsemi og áræði til að mæta aðsteðjandi vanda með almennum aðgerðum þannig að hagur þjóðarinnar fór batnandi á ný.

Í upphafi ræðu minnar lýsti ég því hvernig síðasta ríkisstjórn tók á efnahagsvanda þjóðarinnar, þ.e. með því að sökkva þjóðinni dýpra í skuldafenið þegar afleiðingar aðgerða hennar blöstu við. Ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. hefur einsett sér að taka á vandanum sem við blasir í íslensku efnahags- og atvinnulífi og vilji forustumanna þessara flokka stendur til þess að milli þeirra takist eins traust samstarf og var á milli flokkanna á viðreisnarárunum. Mikið liggur við að dreginn sé réttur lærdómur af reynslu undanfarinna ára og þeim misheppnuðu tilraunum sem gerðar hafa verið til nýsköpunar í atvinnumálum. Með aðgerðum sínum hyggst ríkisstjórnin hverfa frá fátæktarstefnu Framsfl. og Alþb. í fyrri ríkisstjórn. Takmörkun ríkisumsvifa, ráðdeild í opinberum rekstri og markviss uppbygging velferðarkerfisins eru þar lykilatriði. Velferð Íslendinga verður að standa á varanlegum grunni, þann grunn verður að treysta.

Ríkissjóður hefur verið rekinn með halla um langt árabil. Auk skattahækkana hefur verið gripið til óhóflegrar lántöku til að mæta þeim rekstrarhalla. Nú er svo komið að vextir og afborganir af lánum ríkisins nema um 17% af áætluðum heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1992. Stór hluti skuldarinnar eru neysluskuldir og skuldir vegna misheppnaðra fjárfestinga sem draga úr hagsæld þjóðarinnar þegar til lengdar lætur. Mönnum á því ekki að koma á óvart að meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum er að stemma stigu við vaxandi útgjöldum ríkissjóðs. Það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, draga úr ríkisútgjöldum og skapa með því skilyrði fyrir lækkun skatta er fram líða stundir. Gera má ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1991 nemi um 30% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall farið hækkandi á undanförnum árum. Nauðsynlegt er að sporna við og stöðva sjálfvirka útþenslu hins opinbera. Ríkisstjórnin hyggst auka aga og ráðdeild í opinberum rekstri. Ítreka verður ábyrgð stjórnenda opinberra stofnana og fyrirtækja á rekstri þeirra og afkomu.

Ríkisstjórnin mun vinna að samræmingu á skattlagningu eigna og eignatekna. Í því felst mismunun að tekjur sem fólk aflar sér skuli ekki allar skattlagðar með sambærilegum hætti. Skattheimta verður einfölduð og efld með því að breikka og afmarka skattstofna og fækka undanþágum í því skyni að lækka skatthlutföll og þar með skatta. Framkvæmd skattalaga verður bætt. Skattlagning fyrirtækja verður samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum. Hugað verður að samræmingu neysluskatta við það sem gerist í öðrum Evrópuríkjum.

Til að langvarandi árangur náist í ríkisfjármálum verður markvisst unnið að kerfisbreytingum í opinberum rekstri. Þessar breytingar felast í nýrri skilgreiningu á verkefnum og verksviði ríkisvaldsins. Ríkið mun hætta afskiptum af atvinnurekstri þar sem einstaklingum og fyrirtækjum er betur treystandi til að skila árangri. Markmiðið er að breyta hagkerfinu með því að færa verkefni og rekstur frá opinberum aðilum en treysta og bæta jafnframt þá þjónustu sem samstaða

er um að ríkisvaldið eigi að hafa með höndum. Þannig verður íslenskt hagkerfi losað úr viðjum pólitískrar ofstjórnar. Þessar ráðstafanir miða að því að farið sé vel með það fé sem þjóðin leggur í sameiginlegan sjóð.

Ríkisstjórnin mun selja ríkisfyrirtæki og fela einkaaðilum verkefni og þjónustu að undangengnum útboðum auk þess sem hagrætt verður í rekstri hins opinbera. Sérstakt kapp verður lagt á að selja þau ríkisfyrirtæki sem notið hafa óeðlilegrar samkeppnisaðstöðu í samanburði við annað atvinnulíf í landinu. Sölunni verður auðvitað þannig hagað að ekki komi til röskunar á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Einnig hefur ríkisstjórnin einsett sér að breyta ýmsum opinberum stofnunum og fyrirtækjum í hlutafélög er verða a.m.k. fyrst um sinn í eigu ríkisvaldsins en hlutabréf í þeim verði síðan seld. Þessi fyrirtæki og stofnanir eiga að starfa við sambærileg skilyrði og önnur fyrirtæki, enda gildi um reksturinn almennar bókhalds- og skattareglur.

Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. mun standa vörð um afkomuöryggi og jafna tækifæri og lífskjör landsmanna. Margar þær aðferðir sem beitt hefur verið til að ná settum velferðarmarkmiðum, t.d. í húsnæðismálum, bera þess glögg merki að þær eru frá þeim tíma er lífskjör landsmanna voru mun lakari en þau eru nú og hvorki aðferðirnar né sjálf markmiðin hafa verið endurmetin með tilliti til breyttra aðstæðna. Slíkt endurmat er löngu orðið tímabært.

Jafnframt því sem útgjöld ríkissjóðs til flestra þátta velferðarkerfisins hafa vaxið hafa verið lagðar á hann skuldbindingar sem þjóðin fær vart risið undir til lengdar. Sem dæmi um þetta má nefna að gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs muni í árslok 1991 nema 54 milljörðum kr. umfram iðgjaldagreiðslur. Óhjákvæmilegt er að tekist verði á við vanda af þessum toga án tafar. Að öðrum kosti stefnir í svo mikla örðugleika að grundvelli velferðarþjóðfélagsins er hætta búin.

Ríkisstjórnin mun treysta stoðir velferðarkerfisins og tryggja að það geti þjónað tilgangi sínum um ókomin ár. Nauðsynlegt er að nýta betur sameiginlegt ráðstöfunarfé landsmanna og gera velferðarþjónustu hins opinbera skilvirkari, m.a. með hóflegum greiðslum fyrir veitta þjónustu, án þess að skertur sé hagur þeirra sem erfiðast eiga. Kostnaðarvitund almennings og opinberra starfsmanna verður virkjuð í því skyni að hafa hemil á útgjöldum og beina þeim að forgangsverkefnum.

Reynsla grannþjóðanna sýnir að kostnaðarþátttaka neytenda eykur hagkvæmni í rekstri og umsýslu hins opinbera. Markviss ráðstöfun þess fjár sem rennur til velferðarmála er forsenda þess að styðja megi fjölskyldur og einstaklinga sem verða fyrir áföllum í lífsbaráttunni. Það er umfram allt þeirra vegna sem skilgreina verður á nýjan leik markmið og leiðir velferðarkerfisins og laga það að samfélagi nútíðar og framtíðar. Einnig mun atvinnulífið í landinu í auknum mæli standa straum af kostnaði við rekstur þeirra stofnana er veita því þjónustu og upplýsingar.

Aðgerðir til eflingar atvinnulífi landsmanna munu miða að því að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og tryggja atvinnu- og afkomuöryggi launafólks. Til þess verður að búa fyrirtækjum og einstaklingum slík skilyrði að áræði og frumkvæði fái notið sín og að þeir sem reka fyrirtæki sín skynsamlega og af hagsýni uppskeri samkvæmt því.

Með stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum vill ríkisstjórnin skapa forsendur fyrir varanlegri uppbyggingu í íslensku atvinnulífi og er þess fullviss að markaðslausnir séu farsælastar til að tryggja fyrirtækjum vöxt og viðgang.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á ráðstafanir til að efla innlendan hlutafjármarkað. Fjárfestingarlánasjóðum verður fækkað og þeim breytt í sjálfstæð hlutafélög eða starfsemi þeirra færð til annarra fjármálastofnana. Ríkisbönkum verður einnig breytt í hlutafélög. Haldið verður áfram að rýmka gjaldeyrisreglur svo að innlend fyrirtæki hafi ekki lakari aðgang að fjármagni en erlendir keppinautar. Rýmkun gjaldeyrisreglna og aukin samkeppni er fylgir í kjölfar frekari opnunar íslensks lánamarkaðar mun stuðla að lækkun vaxta hér á landi. Aukin alþjóðleg samkeppni á íslenskum lánamarkaði er ein forsenda þess að raunvextir lækki.

Áður var vikið að áhrifum mikillar eftirspurnar ríkissjóðs eftir lánsfé á vaxtastigið. Þótt halli á ríkissjóði hafi þannig veruleg áhrif eru önnur atriði ekki síður mikilvæg. Má þar nefna að almennir lántakendur eiga erfitt með að fara út á erlendan lánamarkað og þess vegna fá innlendar lánastofnanir ekki það aðhald frá erlendri samkeppni sem nauðsynlegt er. Einnig hefur það veruleg áhrif að stórum hluta lánsfé er beint til forgangsútlána, t.d. með lánum lífeyrissjóða til húsnæðiskaupenda. Allt hefur þetta leitt til þess að lánsfjáreftirspurn er meiri en sparnaður landsmanna stendur undir.

Í upphafi síðasta áratugar þegar vaxtafrelsi var innleitt var það forsenda að bankar hefðu ekki samráð um vaxtaákvarðanir. Bönkum hefur fækkað verulega síðan auk þess sem þeir hafa hagsmuna að gæta í öðrum fjármálastofnunum og því er hætt við að þær veiti þeim ekki þá samkeppni sem annars mætti búast við. Þessar staðreyndir setja mark sitt á síðustu vaxtaákvarðanir bankanna.

Í bréfi, sem ég ritaði Seðlabankanum 6. sept. sl., varaði ég við því að í skjóli takmarkaðrar samkeppni geti verið hætta á að bankarnir hækki vexti á einum tíma til að vega upp tap á öðrum. Á virkum markaði yrðu bankarnir að byggja ákvarðanir sínar á efnahagslegum forsendum. Í þessu felst að vextir hér á landi geta verið aðrir í lengri eða skemmri tíma en virkur markaður leiddi til. Ekki er blöðum um að fletta að slíkt getur haft óheppilegar afleiðingar í för með sér fyrir þróun efnahagsmála. Í umræddu bréfi hvatti ég Seðlabankann til að beita ráðstöfunum á sviði peningamála til að stuðla að vaxtaþróun sem væri í samræmi við hagsmuni efnahagslífsins í heild. Einnig að bankinn freistaði þess að veita lánastofnunum það aðhald sem skortir vegna ófullkominna markaðsaðstæðna.

Í því efni er ekki verið að mæla með handaflsað-

gerðum ofstýringarmanna. Viðfangsefnið verður að nálgast með svipuðum hætti og tíðkast í öðrum löndum og innan þeirra marka sem aðstæður hér leyfa. Ríkisstjórnin mun gaumgæfa vandlega hvort skynsamlegt sé að tengja gengi íslensku krónunnar við myntkerfi Evrópulanda með það að markmiði að auka hér stöðugleika í efnahagsmálum og laga íslenska hagkerfið að þeim breytingum sem átt hafa sér stað í efnahagslegu umhverfi landsins. Ljóst er að áður en til slíks getur komið þurfa að eiga sér stað umfangsmiklar breytingar í gjaldeyrismálum og starfsemi Seðlabankans á því sviði.

Á fréttamannafundi sl. vor lýsti formaður Framsfl. því yfir að byggðastefna þess flokks hefði brugðist. Vegna þeirrar stefnu hafa íbúar heilu byggðarlaganna þurft að sætta sig við að afkoma þeirra og búsetuöryggi væri komið undir pólitískum duttlungum miðstýringarvaldsins. Við svo búið verður ekki lengur unað. Undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar verður að búa sanngjörn kjör, stöðugleika og heilbrigð rekstrarskilyrði. Í því felast mikilvægustu hagsmunir landsbyggðarinnar og í rauninni sú eina byggðastefna sem duga mun þegar horft er til lengri tíma.

Ríkisstjórnin mun greiða fyrir aðlögun landsbyggðarinnar að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Vaxtasvæði verða efld með bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra. Þrátt fyrir óhjákvæmilegan samdrátt á mörgum sviðum leggur ríkisstjórnin til raunhækkun framlaga til vegamála á næsta fjárlagaári sem nemur um 8%. Þar með er mörkuð sú stefna að bættar samgöngur séu eitt helsta framfararmál landsbyggðarinnar. Einnig mun ríkisstjórnin vinna að því að færa ríkisstofnanir út á land.

Í heimi vaxandi landþrengsla og mengunar verða æ verðmætari þau íslensku náttúrugæði sem felast í hreinu og heilnæmu lofti, hreinu vatni, kyrrð og fögru og ósnortnu landslagi. Þessum verðmætum hefur ekki verið sýnd tilhlýðileg nærgætni og virðing. Landið hefur blásið upp og spillst. Brýnt er að hamla gegn ofbeit og vaxandi mengun. Fjöldi einstaklinga og félagasamtaka hefur unnið ötult starf á sviði umhverfis- og gróðurverndar og skógræktar. Þessi þróun og stóraukinn áhugi almennings á útivist og umhverfismálum er til marks um breyttar áherslur og hugsunarhátt. Ríkisstjórnin vill stuðla að endurheimt landkosta og leggja sitt af mörkum til að almenningur geti óhindrað notið tómstunda og útivistar í hreinu og fögru landi.

Umhverfismál eru nú meðal brýnustu velferðarmála mannkyns. Ríkisstjórnin mun taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi um umhverfisvernd ekki síst þeim þáttum er varða hagsmuni landsins með beinum hætti, svo sem vörnum gegn mengun lofts og sjávar.

Íslenska þjóðin hefur notið góðs af aukinni samvinnu og samskiptum við aðrar þjóðir. Með bættum samgöngum og byltingu í fjölmiðlum hefur staða Íslendinga í samfélagi þjóðanna gjörbreyst og stefnur og straumar erlendis frá berast hingað til lands án teljandi hindrana. Þessi þróun hefur vakið mörgum ótta um stöðu íslenskrar þjóðmenningar. Viðleitni til að efla og varðveita íslenska menningu mun því aðeins lykta farsællega að í henni búi sá styrkur að hún fái dafnað í náinni snertingu við aðrar þjóðir. Til að svo megi verða þarf að styrkja þann menningarlega metnað sem býr með íslenskri þjóð. Spenna í samskiptum þjóða í okkar heimshluta hefur snarminnkað að undanförnu. Þjóðir Austur-Evrópu og Ráðstjórnarríkjanna eru að brjótast undan oki kommúnisma og forsjárhyggju sem hafði fært þær í fjötra fátæktar og kúgunar. Þessu fögnum við Íslendingar. Ríkisstjórnin mun sýna órofasamstöðu með þeim þjóðum og þjóðfélagsöflum sem berjast fyrir framgangi lýðræðis og mannréttinda og krefjast þess að sjálfsákvörðunarréttur þjóða á grundvelli lýðræðis verði hvarvetna virtur. Ekki er vafi á að framganga utanrrh. og atbeini Alþingis til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna var árangursríkur og vakti verðskuldaða athygli.

Sú utanríkisstefna sem mótuð var á stríðsárunum tók einkum mið af öryggis- og varnarhagsmunum þjóðarinnar á viðsjálverðum tímum. Sú stefna laut landfræðilegum, sögulegum og pólitískum forsendum. Forsendur geta breyst en markmiðin hljóta að vera hin sömu, þ.e. að tryggja frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar, vinna að friðsamlegum samskiptum ríkja og tryggja öryggi og frið í okkar heimshluta.

Á næstu árum mun vægi viðskiptamála aukast í samskiptum Íslands við önnur ríki en líklegt má telja að þáttur varnarmála verði ekki eins fyrirferðarmikill og verið hefur. Með þessum orðum er ég þó ekki að draga úr mikilvægi traustra varna. Flest bendir til að frjálsræði muni eflast í milliríkjaviðskiptum og er áríðandi að Íslendingar verði ekki utangarðsáhorfendur í þeirri þróun.

Til þess að hér þróist heilbrigt atvinnulíf er staðið getur undir kröfum landsmanna um viðunandi lífskjör þarf Ísland að taka vaxandi þátt í alþjóðlegu verslunar- og iðnaðarsamstarfi. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. mun leggja ríka áherslu á að tryggja sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar með virkri þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og í varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Á þessu ári eru 40 ár liðin frá því núgildandi varnarsamningur var gerður við Bandaríkin og 50 ár eru síðan Íslendingar sömdu fyrst við Bandaríkjamenn um hervarnir landsins. Auk áherslu á samstöðu vestrænna lýðræðisríkja um samvinnu í öryggis- og varnarmálum mun ríkisstjórnin taka virkan þátt í samstarfi innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, hjá Sameinuðu þjóðunum og í norrænu samstarfi.

Mikilvægasta verkefnið sem fengist er við í utanríkismálum þjóðarinnar er að marka stefnu gagnvart ríkjum Evrópubandalagsins. Í því sambandi mun ríkisstjórnin gera það sem í hennar valdi stendur til þess að hagstæð niðurstaða fáist í samningum EFTA og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði. Ekki kemur þó til greina að Íslendingar gangist undir neinar þær skuldbindingar er fela í sér afsal forræðis yfir fiskveiðilögsögunni umhverfis landið. Allt kapp er nú lagt á að leysa ágreiningsatriðin sem eftir eru í þessum samningaviðræðum. Með EES-samningum er verið að samræma umferðareglur atvinnulífsins innan

Vestur-Evrópu, ef svo má að orði komast. Það er skoðun mína að EES-samningurinn muni ótvírætt veita íslenskum fyrirtækjum aukið svigrúm og skapa þeim fleiri tækifæri jafnframt því sem aukin samkeppni íslenskra fyrirtækja við erlenda keppinauta mun koma íslenskum neytendum til góða.

Raunar er mikilvægt að íslensk fyrirtæki búi sig undir aukna samkeppni. Niðurfelling tolla á íslenskum sjávarafurðum mundi hafa í för með sér augljósa hagsbót. Íslendingar hafa nú þegar fellt niður alla tolla á iðnvarningi frá aðildarlöndum samningsins og mun ríkissjóður því ekki verða fyrir beinu tekjutapi vegna hans. Ekki skal þó fjöður yfir það dregin að enn getur brugðið til beggja vona um niðurstöður samningaviðræðna við Evrópubandalagið.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ég nefndi það fyrr í ræðu minni að í lok stjórnartíðar sinnar tókst viðreisnarstjórnin á við gríðarlegan vanda í þjóðlífinu sem yfir hafði dunið. Sú ríkisstjórn veitti þjóðinni leiðsögn frá þeim vanda. Vinstri stjórnin sem tók við kom öllu úr böndum á örfáum mánuðum og árum. Verðbólga fór upp úr öllu valdi og það er ekki fyrr en nú sem við Íslendingar erum að ná tökum á henni á nýjan leik. Það er áríðandi að við notfærum okkur þá möguleika sem aukinn stöðugleiki og lækkandi verðbólga veita okkur og að samið verði skynsamlega um kaup og kjör í komandi kjarasamningum innan þeirra marka sem aðstæður leyfa. Með þeim hætti ætti að vera unnt að tryggja kaupmáttinn á meðan þjóðin vinnur sig út úr vandanum. Þannig tryggjum við velferðina í sessi og sköpum traustan grundvöll undir framfarasókn í framtíðinni.

Andstæðingar okkar segja: Þessi ríkisstjórn vill velferðina feiga. Það er öðru nær. Hún vill á hinn bóginn ekki velferð sem hvílir á sandi, velferð sem kostuð er með sífelldum nýjum lántökum. Sú velferð, ef velferð skyldi kalla, kemur afkomendum okkar í koll þar sem hún hleður á þá skuldaböggum. Á okkur hvílir sú skylda að treysta undirstöðu velferðarinnar. Við viljum velferð á varanlegum grunni. Ríkisstjórnin vill treysta hag fjölskyldnanna í landinu en um leið horfast í augu við að kostnaðinn verðum við sjálf að greiða. Við látum ekki neina bölsýni buga okkur þó um hríð hafi gætt stöðnunar.

Hin velmenntaða og atorkusama íslenska þjóð hefur farið um langan veg á skömmum tíma og hefur alla burði til að taka á móti þegar vindur er í fangið. Skynsamleg nýting fiskimiðanna umhverfis landið, bætt samkeppnisskilyrði atvinnulífs okkar, umbætur í landbúnaði, áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu, virkjun og sala þeirrar orku og afls sem landið býr yfir hlýtur að skipta sköpum í þeirri sókn til framfara sem nú er hafin. Engin ástæða er til að leggja árar í bát. Það er umfram allt trúin á getu okkar Íslendinga sjálfra til að sigrast á hverjum vanda sem mun leggja grunninn að bættum lífskjörum og bættu mannlífi í þessu landi í framtíðinni. – Takk fyrir.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Ég vil taka undir heillaóskir hæstv. forsrh. til bridsspilaranna í Japan. Það er satt að segja stórkostlegt hvernig íslenskir íþróttamenn halda oft hátt á loft merki lands og þjóðar en þó sjaldan með meiri glæsibrag en nú. Það er mikil landkynning sem í þessu felst.

Það var skynsamlegt hjá þeim Viðeyjarbræðrum að skrifa sem minnst niður af því sem þeir urðu ásáttir um út í eyjunni. Að vísu hefur heiðursmannasamkomulagið ekki reynst vel en ég er sá bjartsýnismaður að ég leyfi mér að vona að þeir séu enn þá nokkuð margir jafnaðarmennirnir innan Alþfl. og þeir í Sjálfstfl. sem ekki hafa ánetjast frjálshyggjunni sem hefðu ekki samþykkt samning sem hefði boðað það sem gerst hefur á undanförnum mánuðum.

Ég átti hins vegar von á því að við fengjum að heyra hjá hæstv. forsrh. ítarlega hver stefna ríkisstjórnarinnar væri. En hæstv. forsrh. er við sama heygarðshornið. Hann leitar að sökudólg. Sautjánda júní voru það kerlingarnar með kaffipokana. Nú er það fyrrv. ríkisstjórn og alveg sérstaklega fyrrv. forsrh., sem hér stendur. Það er satt að segja stórkostlegt, ég held að það hafi aldrei gerst áður, að fyrrv. forsrh. fær svo gífurlega mikið rúm í mikilvægri stefnuræðu forsrh. Það er hreint og beint ótrúlegt. Að vísu fá athafnamennirnir dálítið pláss því hann telur að stjórnendum fyrirtækja hafi orðið á mistök sem þeir hafi ekki fengið að gjalda fyrir.

En það er æðialvarlegt margt sem er sleppt í stefnuræðu hæstv. forsrh. Þar er hvergi minnst á þjóðarsátt eða kjarasamninga. Og ég hélt satt að segja að það væri eitthvert stærsta verkefni sem fram undan væri. Ætlar hæstv. ríkisstjórn á engan máta að taka þátt í því að hér megi nást viðunandi kjarasamningar? Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að semja við opinbera starfsmenn? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir því að þeir sem lægst launin hafa fái einhverjar kjarabætur? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að sýna dug til þess að færa einhvern hluta af hinum gífurlega arði fjármagnsins yfir til launþega? Arði sem hefur vaxið stórum skrefum upp á síðkastið. Við fáum ekkert um slíkt að vita.

Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera til þess að blása lífi í íslenskt atvinnulíf sem nú er í kreppu? Það eina sem hæstv. forsrh. benti á eru álsamningar. Og því miður þá líta þeir nú mjög illa út. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera til að stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi, til að virkja þær miklu auðlindir sem við eigum í fólkinu í landinu, til að stuðla að aukinni ferðaþjónustu? Svona gæti ég lengi talið. Á þetta er ekki nokkurn skapaðan hlut minnst. Við verðum þess vegna að meta stefnu núv. ríkisstjórnar af því sem hún hefur gert undanfarna mánuði og að vísu er þar af nógu að taka.

Áður en ég kem að því vil ég þó leggja á það áherslu að síður en svo er ég að gera lítið úr þeim erfiðleikum sem blasa við íslensku atvinnulífi nú með þann samdrátt sem verður í sjávarútvegi. Og síður en svo vil ég draga úr öllum skynsamlegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til þess að stuðla að sparnaði í ríkisrekstri. En allar slíkar aðgerðir verður að skoða á grundvelli þeirrar aðstöðu sem er í þjóðarbúinu nú og

það er ekki nokkur vafi á því að það versta sem hægt var að gera íslenskum atvinnuvegum var að hækka vextina og það voru fyrstu aðgerðir þessarar ríkisstjórnar. Á sama tíma og íslensk ríkisstjórn hækkar vexti segir einkavinur hæstv. forsrh., Bush Bandaríkjaforseti, í stefnuræðu sinni að honum hafi tekist að lækka vexti um helming í Bandaríkjunum og stuðla þar með að auknum hagvexti. Um svipað leyti kemur boðskapur frá þeim sjö iðnríkjum sem hittast tíðum og þar er eindregið lagt til að vextir verði lækkaðir, en hér í kreppunni eru þeir hækkaðir. Enda er nú svo komið, sem hver maður getur séð sem skoðar reikninga fyrirtækjanna, að þessi mikla sprenging á vöxtum dregur óðum til sín alla þá góðu afkomu sem þau höfðu á síðasta ári. Hún er horfin. Hún er búin.

Hæstv. forsrh. boðar það að ríkisstjórnin muni ekki skipta sér af atvinnuvegunum. Hún ætlar sem sagt ekki að aðstoða íslenskt atvinnulíf í þeim erfiðleikum sem nú eru. Ég er sannfærður um að það er fyrsta ríkisstjórnin á Íslandi sem það gerir ekki. Viðreisnarstjórnin, sem hæstv. forsrh. hælir mjög í ræðu sinni, hafði þó dug til þess þegar erfiðleikarnir skullu á 1967 og 1968 að setja upp nefndir um land allt sem áttu að stuðla að því og unnu að því að draga úr atvinnuleysi. Nú má ekkert slíkt gera. Nú er það frjálshyggjan blessuð sem allt á að leysa. Það verður ekki annað sagt en að þessir menn séu kaþólskari en páfinn.

Nei, þetta boðar svo sannarlega ekki gott. Hæstv. forsrh. finnur nú gjarnan sök hjá þeim sjóðum sem settir voru á fót af fyrri ríkisstjórn til að bjarga íslensku atvinnulífi frá hruni. Í raun og veru þarf ég ekki að svara því. Það hafa aðrir gert svo ágætlega eins og t.d. alþýðuflokksmaðurinn, forseti Alþýðusambands Vestfjarða, sem rakti í fjölmiðlum hvernig fyrirtækin allt í kringum landið hefðu hrunið ef ekki hefði verið gripið til slíkra aðgerða. Ég leyfi mér að fullyrða að kostnaður ríkissjóðs hefði orðið margfaldur ef ekki hefði verið komið í veg fyrir það gjaldþrot sem blasti við, svo ég tali nú ekki um kostnað einstaklinganna og kostnað fyrirtækjanna, kostnað þjóðarbúsins í heild sinni.

Hæstv. forsrh. talar enn þá um laxeldið. Það er eins og hann einn hafi ekki vitað að laxeldið var í erfiðleikum. Hann fullyrðir að þar hafi verið farið leynt með. Á hverju byggði t.d. hv. 1. þm. Vestf. það ágæta frv. og athyglisverða sem hann flutti á þinginu sl. vetur um aðstoð við fiskeldið? Á hverju haldið þið að hann hafi byggt það? Á hverju byggðist það samkomulag sem varð á milli ríkisstjórnar og flm. frv. um aðgerðir í þágu laxeldis sem byggðu fyrst og fremst á því frv. Byggðu þær á því að einhverju var haldið leyndu? Ég held það sé ekki nokkur einasti maður sem trúir slíku. Og að hugsa sér að fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík skuli tala um sóun á opinberu fé. Það verður með sanni sagt að þar kastar grjóti sá sem í glerhúsinu býr.

Nú er kominn út nýr boðskapur og menn tala um varanlega velferð. Hvað þýðir svona slagorð? Kemur hin varanlega velferð fram í því sem hæstv. heilbrrh. hefur verið að gera? Kemur hin varanlega velferð fram í þeim handahófskenndu aðgerðum sem hann gerði og áttu að draga úr lyfjakostnaði? Kemur hún t.d. fram í því að foreldrarnir með ungu börnin sín verða nú að greiða fullu verði fúkkalyfin þegar börnin fá eyrnabólgu eða hálsbólgu? Ég hitti slíka foreldra í sumar sem hurfu frá því að kaupa slík lyf. Hvernig í ósköpunum getur einn ráðherra við sitt skrifborð ákveðið að þetta lyf skuli greiða fullu gjaldi og annað ekki? Að sjálfsögðu er þetta ekkert annað en sjúklingaskattur.

Hvað boðar sá sparnaður í heilbrigðiskerfinu sem við höfum hlustað á upp á síðkastið? Hvað boðar það t.d. að loka því sjúkrahúsi sem hagkvæmast er og með lægstu daggjöldin og án þess að veita fjármagn til hinna sem hljóta að þurfa að taka við sjúklingunum? Er það þessi varanlega velferð?

Það eru æðimargar slíkar spurningar sem ekki hefur verið svarað. Ég sé ekki betur af því sem hefur gerst og met þannig stefnu þessarar ríkisstjórnar að frjálshyggjan fari með lausan tauminn og hér sé í raun og veru það að gerast að verið sé að rífa niður það velferðarkerfi sem íslenska þjóðin hefur byggt upp áratugum saman af miklum dugnaði.

Hæstv. forsrh. segir að ég hafi sagt að byggðastefna framsóknarmanna hafi brugðist. Þarna er nú ein af þessum hálfkveðnu vísum hans. Ég sagði að byggðastefna undanfarinna ára hefði ekki náð þeim árangri sem að var stefnt og það er rétt. Þrátt fyrir stórkostlegar aðgerðir, t.d. í samgöngumálum, fjarskiptamálum, hafnamálum, þá flytur fólkið enn þá búferlum frá dreifbýlinu til þéttbýlisins og ég held að við hljótum að viðurkenna þetta öll.

En hvernig ætlar núv. hæstv. ríkisstjórn að taka á þessu máli? Hæstv. forsrh. sagði ekki alls fyrir löngu að það yrði að svipta Byggðastofnun fjárræði. Hann minnist ekki á það nú. Voru þetta marklaus orð? Ég spyr. Getur einhver upplýst það hér í kvöld? Stendur enn þá til að svipta Byggðastofnun fjárræði? Að vísu treysti ég formanni Byggðastofnunar til að koma í veg fyrir slíkt glapræði, en af hverju talaði forsrh. svona? Ég vildi gjarnan fá á þessu skýringar.

Það er varla hægt að standa hér án þess að ræða lítillega um Evrópskt efnahagssvæði þó tími minn leyfi ekki að fara ítarlega út í það. Að vísu kom lítið fram um það hjá hæstv. forsrh. nema helst að hann sér þar einhvern bjargvætt í erfiðu íslensku ástandi. Hins vegar hefur mér heyrst að hæstv. utanrrh. sé nú kominn að allt annarri niðurstöðu en fyrir örfáum mánuðum. Sagði hann ekki að hann væri orðinn hundleiður á EB? Mér sýnist að hæstv. utanrrh. sé nú farinn að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að EB eru einhver harðsvíruðustu sérhagsmunasamtök sem til eru í þessum heimi. Evrópubandalagið kappkostar, hvort sem það er gagnvart Afríku eða Íslandi, að fá inn hráefni sem ódýrast en standa sem mest gegn því að fullunnar iðnaðarvörur fái aðgang. Það er í raun og veru í hnotskurn þetta sem við erum að stríða við og verðum vitanlega að taka til mjög alvarlegrar athugunar.

Hæstv. forsrh. sagði í upphafi sinnar ræðu fáein orð sem eru mjög athyglisverð og ég vil taka undir. Okkur Íslendingum hefur tekist á undanförnum áratugum

að koma hér á fót þjóðfélagi sem er að mörgu leyti sérstætt og við búum við afar góð lífskjör, bæði efnahagslega og góð persónuréttindi. Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi nokkurn veginn orðað þetta svo. Þetta er athyglisvert þegar litið er svo á það sem á eftir fylgdi í ræðu hæstv. forsrh. En þetta er staðreynd. Okkur Íslendingum hefur tekist að byggja upp eitt hið ágætasta velferðarþjóðfélag sem þekkist. Hvernig hefur það gerst? Það hefur gerst fyrst og fremst með dugnaði einstaklinganna, stjórnenda fyrirtækjanna og samstarfi þeirra við stjórnendur bæði ríkis og sveitarfélaga. Það er sú samstaða sem hefur fyrst og fremst náð þeim gífurlega árangri sem við Íslendingar búum að.

Þessa samstöðu má ekki rjúfa í fábrotnu íslensku efnahagslífi. Stjórnvöld verða að vera reiðubúin til þess að vera sá bakhjarl í íslensku efnahagslífi sem þarf þegar á móti blæs. Annars mun okkur ekki takast að brúa þær miklu sveiflur sem íslenskt efnahagslíf þarf svo sannarlega oft að búa við.

Það er alveg óþarfi að vera að draga hér upp einhverja svartsýnismynd af íslensku efnahagslífi og framtíð okkar Íslendinga. Vissulega blæs á móti nú, en það hefur oft gert það áður. Það gerði það, eins og ég sagði, á árunum 1967 til 1968, ekki síður en það gerir nú. En við eigum í þessu landi mikinn hóp af dugmiklum einstaklingum, einstaklingum sem eru vel menntaðir, nokkuð sem við þurfum að leggja áherslu á. Ég vil í því sambandi segja það skýrt og skorinort að Framsfl. mun aldrei fylgja því að leggja skólagjald á nemendur og draga þannig úr menntahvöt einstaklingsins. Þetta er einhver sú mesta auðlind sem við Íslendingar eigum.

Á grundvelli þessarar auðlindar, grundvelli dugnaðar einstaklingsins, framsýni stjórnvalda, vonandi einhvern tímann bráðum, getum við Íslendingar tryggt okkur gott líf í þessu landi um langan aldur. Ég á þá von heitasta að þessari ríkisstjórn takist ekki að ríf a niður það mikla sem hefur verið upp byggt. — Ég þakka þeim sem hlustuðu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það þarf að líta mjög langt aftur í tímann til þess að finna jafnskörp skil í íslenskum stjórnmálum og orðið hafa með tilkomu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Sjálfstfl., sem boðaði mannúð og mildi fyrir kosningar, taldi skatta vera spurningu um hugarfar, fiskveiðistefnu þyrfti að breyta strax og fordæmdi flatan niðurskurð í landbúnaði, hefur nú verið við völd í fimm mánuði. Það sem frá ríkisstjórninni hefur komið kristallast í stefnuræðu forsrh. Þar segir hann, sem svo oft áður og er afar trúr þeirri skoðun sinni, að allur vandi sé vegna rangrar stefnu fyrrv. ríkisstjórnar.

Við bíðum hins vegar eftir að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson komi með stefnu. Stefnu í atvinnumálum, stefnu til jöfnunar lífskjara, stefnu sem jafnar lífskjörin, en þá verður honum tregt tungu að hræra. Í stefnuræðu sinni boðar hæstv. forsrh. enga stefnu í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar aðra en að aðhafast ekkert. Hæstv. ríkisstjórn virðist vera stolt af þeirri stefnu, afar stolt. Samt erum við að ganga inn í mikið erfiðleikatímabil.

Á síðustu 20 árum hefur þjóðin gengið í gegnum slíka erfiðleika af ýmsum toga og sigrast á þeim. Slíkar þrengingar sem við horfumst í augu við nú hafa komið á fjögurra til fimm ára fresti og eru sérílenskt fyrirbæri, m.a. vegna einhæfs atvinnulífs. Þrengingar kalla á aðgerðir. Háir vextir annars vegar og aðgerðaleysi hins vegar auka vandann. Það þarf þolinmæði og þrautseigju til að halda sjó í miklu brimi, háskalegast er að aðhafast ekki neitt. En aðalatriðið er að skapa hér rekstrargrundvöll. Það verður ekki gert með síbylju um óleysanlegan vanda. Eitt erfiðasta málið í dag er hugarfar ríkisstjórnarinnar sem er að draga máttinn og kjarkinn úr þjóðinni með úrræðaleysi sínu.

Nú vildi ég með vinsemd og virðingu benda hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarflokkanna sem allir, eða alla vega flestir, eru af Reykjavíkursvæðinu, allir á glænýjum bílum, að taka sér nú ferð á hendur og heimsækja atvinnufyrirtæki vítt og breitt um landið og ræða við fólkið. Hæstv. forsrh. gæti farið þá leið að heimsækja aðeins sjálfstæðismenn í atvinnurekstri svo hann geti sneitt hjá framsóknarfátæktinni eins og hann komst svo smekklega að orði í sinni stefnuræðu. Hann ætti að hlusta á þetta fólk þó ekki væri nema augnablik. Síðan ætti hann að skoða það hvað það raunverulega þýðir fyrir byggðarlög að leggja niður skóla á landsbyggðinni og skoða þá staðreynd að börn sem fá nám sitt í heimabyggð búa síðan frekar úti á landsbyggðinni en þau sem þurfa ung að fara að heiman. Þá þurfa þessir ágætu menn að sjá hvað það kostar að lama sjúkrastofnanir þannig að þær verða ekki færar um að taka á móti einföldustu aðgerðum, fæðingum eða slysum. Hvað það kostar þjóðfélagið að taka ákvarðanir við skrifborðið í heilbrrn. án alls samráðs og samstarfs við fólki sem vinnur við þessar stofnanir og nýtur þjónustu þeirrar og án faglegs undirbúning.

Hæstv. ríkisstjórn þarf að vinna með fólkinu í landinu ef menn vilja þjóðarsátt um sparnað. Þá verða þeir sem meira hafa að leggja meira af mörkum. Hæstv. ríkisstjórnarmenn segja að það sé eðlilegt að menn borgi fyrir þá þjónustu sem þeir fá, hvort sem er í skóla eða sjúkrastofnunum. Það fari sem sagt eftir efnahag hvers og eins hvað hann getur leyft sér af grundvallarmannréttindum. Ef þetta er sannfæring þeirra er þá ekki rétt að þeir greiði gjöld af ráðherrabílum sínum? Þjónustugjöld.

Virðulegi forseti. Það verður aldrei svo að við engan vanda verði að etja í þjóðfélaginu. Til þess getum við ekki ætlast. En það þarf að jafna byrðina og það er hægt. Nú þarf vilja og þor til að viðurkenna að hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur skjátlast í mörgum atriðum. Það er mannlegt að skjátlast en að skjátlast og kenna öðrum um og klína öllu upp á fortíðina, það er léleg pólitík. En hæstv. ríkisstjórn á kost á að bæta sig og það er von landsmanna allra að ekki verði löng bið eftir því. — Ég þakka.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hinum megin á hnettinum situr

hin unga og vaska landsliðssveit Íslendinga í brids og spilar stíft upp á vinning. Mitt í bölmóði dægurþrassins yljar það okkur um hjartaræturnar vegna þess að það sýnir okkur að Íslendingar geta þrátt fyrir allt haldið til jafns við þá sem eru bestir ef rétt er á spilunum haldið.

Frumkvæði Alþingis Íslendinga og íslensku þjóðarinnar að stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna er annað dæmi um það að fámenn þjóð getur látið að sér kveða góðum málstað til þurftar á alþjóðavettvangi ef rétt er á spilunum haldið. Málflutningur okkar Íslendinga um það að höfin verði ekki undanskilin í afvopnunarkapphlaupinu í kjölfar fjörbrots kommúnismans er annað dæmi um málflutning með réttum rökum sem skilað hefur árangri og tekið hefur verið eftir.

En lítum okkur ögn nær. Sumum þykir þegar við svipumst um í íslensku þjóðfélagi að íslenska þjóðin hafi ekki mjög góð spil á hendi eins og stendur. Það er athyglisvert að við erum eina þjóðin í Evrópu sem fimmta árið í röð horfist í augu við ekki aðeins stöðnun heldur samdrátt í sinni þjóðarframleiðslu. Við sjáum það fyrir að útflutningstekjur okkar munu minnka á bilinu 7–10 milljarðar kr., um 150 þús. á hverja fjögurra manna fjölskyldu á næsta ári, bara vegna aflaskerðingar.

Við slíkar kringumstæður er nauðsynlegt að halda vel á spilunum. Við slíkar kringumstæður er alveg augljóst mál að kjarasamningar hljóta fyrst og fremst að snúast um það að tryggja atvinnuöryggi fólks og að freista þess eftir megni að leiðrétta þann kjaramun sem farið hefur vaxandi á undanförnum árum. Hæstv. fyrrv. forsrh. spurði: Er ekkert sagt um þjóðarsátt? Jú, það er einmitt komið á daginn samkvæmt skoðanakönnun að þrír til fjórir af hverjum fimm launþegum í þessu landi vilja halda áfram á þeirri braut. Með öðrum orðum, lýsa þeirri skoðun sinni að meginmálið sé að varðveita hér stöðugleika meðan við erum að vinna okkur út úr þessum vanda. En á meðan held ég að það sé mikilvægast að halda á spilunum eins og bjartsýnismennirnir í Yokohama.

Virðulegi forseti. Í morgun kynntum við forsrh. og ég þessa bók: „Velferð á varanlegum grunni, stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl." Ég vil skora á þau ykkar sem mál mitt heyrið að kynna ykkur þessa bók vel og vandlega og fordómalaust vegna þess að þar leggjum við spilin á borðið og í þessu kveri er að finna svörin við því hvernig við viljum halda á spilum þessarar þjóðar út þetta kjörtímabil.

Lítum aðeins í kringum okkur: Ef við lítum til grannþjóða okkar í Evrópu og víða annars staðar í heiminum, þá eru þar augljós teikn um vaxta- og breytingaskeið. Það sem er að gerast er að menn eru að fella niður forna múra, viðskiptahömlur, einokun, opna landamæri, byggja upp öflugri markaði. Þetta einkennist af samruna fyrirtækja, þetta einkennist af örum tækninýjungum, þetta einkennist af því að það er verið að nýta ný tækifæri, það er verið að lækka verð, það er verið að bæta kjör.

Ef við lítum til Íslands sjáum við að hér blasir við önnur mynd. Við erum að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé bara vegna þess að við eigum svona vonda stjórnmálamenn. Að hluta til er þetta vegna þess að okkar atvinnulíf er einhæft og sveiflukennt og hvílir á veikum grunni. En að öðru leyti er það vegna þess að úrelt viðhorf og úrelt kerfi einokunar, forréttinda og pólitískrar fyrirgreiðslu eru of víða ráðandi í íslensku þjóðfélagi. Við þekkjum dæmi þess í landbúnaðinum og við vitum að það hefur ekki skilað okkur árangri þrátt fyrir að við höfum árum saman varið sem svarar öllum tekjuskatti einstaklinga til stuðnings þessari atvinnugrein, búum við samt sem áður við hæsta matvælaverð í heimi og bændur kvarta sáran undan sínum hlut. Við vitum að þetta einkenni er einnig víða að finna í sjávarútveginum. Það er hætta á því ef ekki verður gripið í taumana að hér myndist hópur manna sem telur sig sjálfborinn til eignarréttar á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn býr við mismunun og hann fær ekki að njóta þeirra tækifæra sem honum þurfa nú að bjóðast, ekki hvað síst ef okkur tekst að ná árangursríkri samningsniðurstöðu um tollfrjálsan aðgang að aðalmörkuðum okkar.

Lítið á bankakerfið íslenska sem einkennist af samráði þar sem bankastjórar halda uppi óeðlilega háu vaxtastigi til þess að bæta upp mistök þeirra sjálfra í eigin rekstri. Lítið á sérfræðingaveldið í íslenska opinbera geiranum, sjálftökuliðið. Lítið þið á þá sem eiga allt sitt á þurru samkvæmt sínum eigin gjaldskrám eins og þeir gefa þær út. Ég segi, þegar við lítum í kringum okkur og berum saman samfélagsgerð okkar Íslendinga, þá eru það þeir sem hafa haslað sér völl sem einokunaraðilar í íslensku þjóðfélagi, sem ætla að einoka meginauðlindir þjóðarinnar, sem hafa félagsbundin samráð um verðlagningu, sem bindast samtökum um að útiloka samkeppni, sem bindast samtökum um það að koma í veg fyrir að við getum nýtt okkur ný tækifæri, það eru þessir aðilar sem halda niðri lífskjörum á Íslandi. Það eru þessar einokunartilhneigingar og það eru þessar valdastofnanir sem eru fallhamarinn sem lemur niður lífskjörin. Og það er það sem hér stendur, í þessari bók er í einni setningu sagt: Það er viðleitnin til þess að snúa þessu tafli við, að breyta þessu, að breyta þessum úreltu viðhorfum, að breyta þessum valdstjórnaraðferðum.

Hæstv. fyrrv. forsrh. lýsti eftir því hvernig ætti að leysa vanda atvinnuveganna. Við skulum byrja á sjávarútveginum. Ef við náum því markmiði, sem er eitt helsta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar, að tryggja íslenskum sjávarútvegi annaðhvort að fullu og öllu eða langmestu leyti tollfrjálsan aðgang að okkar helstu mörkuðum, þá þýðir það ný tækifæri í sjávarútvegi. Þá þýðir það tækifæri til þess að flytja fullvinnslu sjávarafurða inn í landið í staðinn fyrir að flytja hráefnið og vinnuna út úr landinu. Í framhaldi af því er hægt að upphefja þá mismunun sem einkennir þessa grein með því að efla fiskmarkaði. Þeir gefa kost á því að efla fyrirtæki í úrvinnslu, í matvælaiðnaði, með aukinni sérhæfingu, aukinni framleiðni og bættum lífskjörum.

Lítum á annað mál sem heitir landbúnaðurinn. Lít-

um nú á þann kafla í þessari ágætu bók þar sem fjallað er um landbúnaðinn. Þar er tíundað að í framhaldi af þeim breytingum, sem tókust þrátt fyrir allt í tíð fyrri ríkisstjórnar, er að því stefnt að hverfa frá greiðslum útflutningsbóta, að hætta afskiptum ríkisins af sauðfjárræktinni, að taka upp beinar greiðslur til bænda í staðinn fyrir niðurgreiðslur, að draga stórlega úr útgjöldum ríkissjóðs, að hverfa frá opinberri verðlagningu, að gefa heildsöluverð frjálst haustið 1992, að tryggja það að bændur eigi val um aðgerðir til þess að lækka sláturkostnað sem er óhóflega hár. Að því er varðar mjólkurframleiðsluna segir hér: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á meira frelsi í greininni, endurskoðun verðmiðlunar, afnám sérstakra sölusvæða, frjálsa verðlagningu", o.s.frv. Það er talað um að undirbúa landbúnaðinn undir aukið frjálsræði í framhaldi af samningum um Evrópskt efnahagssvæði og GATT. Það er talað um að endurskoða búvörulögin með það í huga að draga úr sjálfvirkni í útgjöldum. Það er talað um það að endurskoða stofnanakerfi landbúnaðarins út frá kostunarprinsippi um það að þessi atvinnugrein kosti þær stofnanir í auknum mæli sjálf og það er talað um endurskoðun á lögum og bent á Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem þegar hefur verið byrjað á.

Ég þarf ekki að nefna hvílík framsýni er í því fólgin af hálfu hæstv. iðnrh. og viðskrh. að hafa strax í byrjun sl. kjörtímabils lagt að því grundvöll að hér mætti byrja nýtt átak eftir 16 ára kyrrstöðu við að nytja orkulindir í þágu okkar þjóðar. Svörin eru af þessu tagi og ég endurtek það að ég skora á áhugamenn um þjóðmál og stjórnmál á Íslandi að kynna sér þessi svör.

Virðulegi forseti. Þeim áróðri er nú stíft haldið fram að þessi ríkisstjórn stefni að því að rústa sjálft velferðarkerfið á Íslandi. Ég spyr: Halda menn að við lifum á velferðarláni? Halda menn að velferðarkerfið á Íslandi verði til frambúðar rekið á erlendum lánum? Eða eru þeir menn hér uppi sem telja við þau skilyrði í íslenskum þjóðarbúskap að það hefði átt að hækka skatta? Áttu það að vera skilaboðin um að draga frekar úr kaupmætti launþega á Íslandi? Nei. Áttum við að taka erlend lán? Nei. Það var ekki annarra kosta völ en einbeita sér að því að lækka ríkisútgjöld. Hefur það tekist? Já, það hefur tekist. Það hefur tekist að lækka ríkisútgjöld að raungildi um 4,5% milli ára. Það markar tímamót. Og það er fitjað upp á öðrum breytingum í grundvallaratriðum í ríkisrekstri, að því er varðar að breyta fyrirtækjum í ríkiseign í hlutafélög, bæði að því er varðar einkavæðingu og einnig að því er varðar að breyta stofnunum hvort heldur er rannsókna- og þjónustustofnunum eða menningarstofnunum í sjálfstæðar stofnanir og taka þær út úr ríkisrekstrinum. Ef við lítum á þann þátt sem varðar kostnaðarhlutdeild almennings samkvæmt fjárlagafrv., þá eru staðreyndirnar þær að nettóhækkun vegna þeirrar gjaldtöku, miðað við útgjöld fjögurra manna fjölskyldu í landinu, er 10.360 kr. á ári en það eru 863 kr. á mánuði.

Fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson sagði: Aldrei mun Framsfl. standa að því að hækka skólagjöld. Skólagjöld hafa verið innheimt á Íslandi á undanförnum árum sem nemur um 300 millj. kr. Ég spyr forsrh. og bið framsóknarmenn að svara því á eftir: Hvað ætli skólagjöldin í Samvinnuskólanum séu há núna? Eru þau 45 þús. eða eru þau tvisvar sinnum 45 þús.?

Virðulegi forseti. Var hægt að fara aðrar leiðir að því er varðar það að leggja meiri byrðar á breiðu bökin? Ég bið menn um að kynna sér yfirlýsingar um frv. sem lagt verður fram á þessu þingi um skattlagningu fjármagns- og eignatekna. Ég bið menn að kynna sér hugmyndir um skorður við þeim ósið að hafa millifæranleg töp milli ára frádráttarbær frá skatti.

Til eru þeir sem segja: Aðgerðir af þessu tagi samræmast ekki jafnaðarstefnunni. Ég veit að formaður Alþb. mun fara með þá messu hér á eftir. En ég segi: Það er ekki jafnaðarstefna að ríkið skaffi öllum allt ókeypis. Sú stefna heitir kommúnismi og hún hefur verið reynd til þrautar á sl. 70 árum og hún er hrunin og það hafa engir frekar en íslenskir jafnaðarmenn sem aðrir barist gegn þeirri stefnu í 70 ár. Afleiðingarnar eru einfaldlega þær að flestir fá því sem næst ekki neitt eftir þeim leiðum.

Jafnaðarstefnan hefur það að markmiði að tryggja öllum tækifæri til þroska til þess að bjarga sér sjálfir en jafnframt að búið verði þannig um hnútana að enginn þurfi að óttast um afkomu sína vegna veikinda, slysa eða elli. Ég spyr: Haldið þið að velferðarkerfi á Íslandi á svo feisknum stoðum sem þar hefur verið, byggt á erlendum lánum, haldið þið að það hefði tryggt þessa velferð á varanlegum grunni? Nei. Það voru íslenskir jafnaðarmenn sem byggðu þetta kerfi upp og við lítum á það sem skyldu okkar að tryggja af raunsæi og án skrums fjárhagslegan grundvöll þessa kerfis. Þess vegna leggjum við hiklaust fyrir ykkur þá stefnu sem hefur einkunnarorðin: Velferð á varanlegum grunni.

Það er orðið langt síðan Roosevelt Bandaríkjaforseti bauð upp á „new deal", bauð að gefa upp á nýtt. Ég vék að spilamennsku í upphafi ræðu minnar. Það þarf að halda vel á spilunum þegar á móti blæs, en það er fyrst og fremst traustið á sjálfum okkur sem skiptir máli, að láta ekki úrtöluliðið hræða úr sér líftóruna, það er ástæðulaust, það er ekkert að óttast. — Þakka ykkur fyrir.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Alþfl. hefur um árabil barist fyrir breytinum á því kerfi sem helsta auðlind þessarar þjóðar, sjávarútvegurinn, býr við. Það var fyrir tilstilli jafnaðarmanna að lögfest var að fiskstofnar við Ísland væru sameign þjóðarinnar en ekki séreign örfárra útgerðarmanna. Ekki síst til að gera þetta ákveði virkt og til að tryggja nauðsynlegar umbætur á starfsumhverfi sjávarútvegsins gekk Alþfl. til samstarfs í þessari stjórn. Um þessar mundir er að koma betur og betur í ljós hversu óheillavænlegar afleiðingar fylgja því að ekki skuli vera búið að koma á hugmyndum jafnaðarmanna um veiðileyfagjald eða kvótaleigu. Er enn við lýði það fáheyrða skipulag að útgerðarmönnum eru afhentar endurgjaldslaust heimildir til að veiða fiskinn í sjónum sem við, fólkið í land-

inu, eigum þó lögum samkvæmt. Þetta hefur verið kallað mesta eignatilfærsla Íslandssögunnar. Eðlilega ganga útgerðarfyrirtækin á lagið. Þannig er nú að verða alsiða að fyrirtækin eignfæri kvótann, þessi „eign" er svo afskrifuð í ársreikningum og afskriftirnar notaðar til að búa til falskan rekstrarkostnað sem annaðhvort dregur úr sköttum eða í versta falli byggir upp tap sem eigendurnir geta síðan selt. Þess eru jafnvel dæmi að stór útgerðarfyrirtæki noti kvótann með þessum hætti til að laga eiginfjárstöðu sína áður en þau fara í útboð á hlutafé. Með þessu geta þau náð til sín verulegu fjármagni á hlutafjármarkaðnum og síðan notað þetta fjármagn til að kroppa til sín enn meiri kvóta frá byggðarlögum sem eru þó þegar farin að líða stórlega fyrir kvótamissi. Það þarf því engan að undra að Alþfl. leggur höfuðáherslu á að þessu fráleita kerfi verði breytt og innan stjórnarinnar er þetta verk þegar hafið. Þannig er því lýst skorinort yfir í starfsáætlun stjórnarinnar að veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs verði seldar á markaðsverði. Með þessu teljum við jafnaðarmenn að verið sé að stíga fyrsta skrefið að því að aflaheimildir verði ekki færðar útgerðarmönnum á silfurfati heldur leigðar árlega gegn gjaldi. Það er hins vegar ekki nóg að koma á kvótaleigu. Við Íslendingar þurfum líka að stórefla fiskmarkaðina. Þess vegna leggur Alþfl. ríka áherslu á að sem mest aflans fari yfir innlendan markað þannig að tryggt sé að sem stærstur hluti hans sé unninn á Íslandi. Ég staðhæfi að með því að stórefla hlutverk fiskmarkaðanna er hægt að vinna upp mikinn hluta tekjutapsins sem kvótaskerðingin veldur þó að vissulega skipti máli að hagstæðir samningar náist um Evrópskt efnahagssvæði.

Lýðræðið er dýrmætt en það er viðkvæmt. Í litlu þjóðfélagi eins og okkar er það afar hættulegt ef of mikil völd safnast á hendur of fárra einstaklinga eða hagsmunahópa. Þá skapast einokun sem ævinlega er dragbítur á framfarir og vitaskuld andstæð hagsmunum neytenda. Þetta hefur því miður gerst í okkar litla þjóðfélagi. Hér ríkir fákeppni eða hrein ríkisvernduð einokun á allt of mörgum sviðum. Lítil og miðlungsstór útflutningsfyrirtæki í fiskvinnslu eru nú stödd á heljarþröm vegna þess að stóru sölusamtökin hafa nánast lögverndaða einokun á útflutningi. Eimskipafélagið ræður flutningum á sjó. Það beitir öllu sínu afli til að koma í veg fyrir að upp komi ný samkeppni. Sama félag hefur nú náð miklum áhrifum í Flugleiðum. Þannig ráða örfáir menn nánast því sem þeir vilja um verð og tilhögun flutninga til og frá landinu. Sami hópur ræður líka stærsta einkabanka landsins og stærsta tryggingafélaginu. Þannig liðast armar kolkrabbans um flesta mikilvægustu þætti athafnalífsins og drepur í dróma frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja sem ná að ógna einhverjum hluta hans um stundarsakir. Þessi einokun vinnur gegn hagsmunum neytenda. Það er því sérstakt fagnaðarefni að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir skorinort að löggjöf verði sett gegn hringamyndun og einokun. Því munu þingmenn Alþfl. fylgja mjög fast eftir.

Jafnaðarmenn hafa fyrir sitt leyti markað þá stefnu að hófleg þjónustugjöld megi nota til að auka aðhald og sparnað. Það er hins vegar ófrávíkjanleg forsenda af hálfu jafnaðarmanna að sérstakt tillit verði tekið til barnafólks og aldraðra. Af þeirri ástæðu höfnum við því afdráttarlaust að gjöld verði tekin fyrir sjúkrahúsvist og af sömu ástæðu er veruleg andstaða innan Alþfl. við handahófskennd skólagjöld. Og til að taka af öll tvímæli er rétt að fram komi að þessi þingmaður hér mun aldrei greiða skólagjöldum sitt atkvæði.

Stjórnarandstaðan hefur geisað mjög gegn þjónustugjöldum og látið eins og hún hafi aldrei heyrt á þau minnst áður. En vel á minnst, hver skyldi nú fyrst hafa innleitt umræður um þjónustugjöldin. Var það sá illi þrjótur Davíð Oddsson? Nei. Var það kannski Jón Baldvin Hannibalsson? Nei. En var það kannski fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson? Já, það var nefnilega hann. Það var nefnilega minn gamli fóstri, Ólafur Ragnar Grímsson, sem hóf þá umræðu með því að halda sérstaka ráðstefnu um þjónustugjöld á vegum fjmrn. Og það var sami Ólafur Ragnar Grímsson sem opnaði á það fyrstur íslenskra fjmrh. að skólagjöld yrðu látin standa undir sérstökum rekstrarkostnaði Háskólans. Og þetta varð til þess m.a., svo að ég hressi örlítið upp á minni hæstv. fyrrv. fjmrh., að stúdentaráð Háskóla Íslands sá sérstaka ástæðu til þess að álykta gegn þessu og samkvæmt ályktun sem samþykkt var 1. október 1990, segir, með leyfi forseta:

„Menntamálanefnd stúdentaráðs Háskóla Íslands mótmælir harðlega hugmyndum fjármálaráðherra um skólagjöld við Háskóla Íslands í hvaða mynd sem er."

Þarf þá frekari vitna við um hver á krógann? Hefur Alþb. gleymt þessu? Ef svo er, þá get ég lofað forustu Alþb. því að ég mun minna hana á þetta frumkvæði hennar hér í sölum Alþingis aftur og aftur og aftur. En núna hlakka ég til að sjá formann Alþb. koma hér upp á eftir. Hann mun þá væntanlega skýra þjóðinni frá því hvort Alþb. sé á á sömu stefnu og hann var í fyrra í skólagjaldamálinu, hvort hann hyggist kannski halda fleiri ráðstefnur um þjónustugjöldin eða hvort hann sé kannski eins og systurflokkur Alþb. í Danmörku, sósíalíski þjóðarflokkurinn, búinn að vernda sínu kvæði í kross og farinn að styðja hófleg þjónustugjöld eins og allaballar hennar hátignar Danadrottningar. Menn þurfa því ekki að undra þó að forusta Alþb. sé heldur óstyrk þegar hún talar um þjónustugjöld og sumir reyndar svo mjög að þeir minna helst á slánalegar fermingarstelpur sem eru að stelast til að prófa háu hælana hennar mömmu.

Góðir Íslendingar. Mæt fyrrv. þingkona Kvennalistans hefur lýst mæðrahyggju listans þannig að í henni felist tilhneiging til að síða til óknyttadrengina í kring. Nýir þingmenn eins og ég sjálfur hafa síðustu daga horft upp á hluta stjórnarandstöðunnar láta þannig í þessum öldnu og virðulegu sölum að þó sumir þeirra hafi troðið marvaðann á þingi í vel á annan áratug, þá kemur mér ekkert betra orð í hug til að lýsa þeim en óknyttadrengir. Þeir hafa jafnvel ekki skirrst við að veitast með heldur dapurlegum hætti að þeim ágæta og virðulega forseta sem hér stýrir endranær fundi. Ég vil því enda mál mitt með því að skora á þingkonur Kvennalistans að síða nú til óknyttadrengi stjórnarand-

stöðunnar í anda hinnar fornu mæðrahyggju. Þá getur þetta þing kannski loksins farið að vinna. — Ég þakka.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær árnaðaróskir sem formenn hinna flokkanna þriggja hafa fært héðan úr þingsalnum til Japan þar sem Íslendingar eru vissulega að vinna til mikillar tignar í brids. En hér í þingsalnum hefur líka verið spilað í kvöld eins og fram kom greinilega í ræðu hæstv. utanrrh. Hér eru nefnilega ráðherrar og þingmenn Alþfl. og Sjálfstfl. að keppa til heimsmeistaratignar í öðru spili, spili sem er ekki eins göfugt og brids, spilinu póker þar sem aðalkúnstin er að blekkja hina, segja eitt og gera annað. Það eru þessir snillingar pókerspilsins sem hér koma með stefnuræðu sína í kvöld.

Hver hefði trúað því, virðulegi forseti, í vor að Sjálfstfl. mundi í haust leggja fram þessi verk? Hver hefði trúað því í vor, viku fyrir kosningar, ef mér og þér og ykkur öllum, landsmenn góðir, hefði verið sagt það að á hausti mundi Sjálfstfl. leggja fram frumvörp sem mundu slá út hlutfall ríkisútgjalda í íslenskum þjóðarbúskap, sem mundu auka skattana, alla skattana og slá Íslandsmet í skattbyrði á árinu 1992? Hver hefði trúað því í vor að forsrh. væri svo rúinn öllu trausti að jafnvel Vinnuveitendasambandið væri komið í hlutverk barnsins í ævintýrum H.C. Andersens og segði þjóðinni að hann væri ekki í neinum stefnuklæðum?

Þeim hefur verið tíðrætt um lýðræðið hér í kvöld, þessum pókerspilurum ríkisstjórnarinnar. En lýðræðið er ekki bara form. Það er ekki bara spurning um það að við komum öll á fjögurra ára fresti og setjum atkvæði í kjörkassa. Lýðræði er spurning um heilindi, er spurning um trúnaðartraust, er spurning um orðheldni. Það er spurning um það að stefnan fyrir kosningar sé hin sama og eftir kosningar. Og það er einmitt þetta sem hefur brugðist. Ár eftir ár hafa forustumenn Sjálfstfl. staðið í þessum stól og boðað minni ríkisafskipti, minni skatta, flutt hér skammarræðu eftir skammarræðu eftir skammarræðu — einn þeirra mun koma upp í kvöld, Pálmi Jónsson, sem ágætissýnishorn þessa málflutnings — á síðustu árum yfir mér og fyrrv. ríkisstjórn fyrir þenslu ríkisútgjalda og skattana. Og jafnvel í prófkjörinu í Reykjavík þegar frambjóðendur Sjálfstfl. voru spurðir þessarar einföldu spurningar: Ætlið þið að afnema alla skatta vinstri stjórnarinnar?, þá sagði forsrh. núv.: Já. Þá sagði fjmrh. núv.: Já. Hver er reynslan? Jú, reynslan birtist í fjárlagafrv. sem kom fram á öðrum degi þingsins. Sjálfstfl. mun á næsta ári standa fyrir hærra hlutfalli ríkisumsvifa í íslenskum þjóðarbúskap en nokkru sinni fyrr. Sjálfstfl. mun á næsta ári, já, með aðstoðarflokki sínum sem hér talaði áðan, standa fyrir því að tekjuskatturinn á næsta ári verður hærri — já, verður hærri en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni. Sjálfstfl. mun standa fyrir því, já jafnvel fjmrh. sem ár eftir ár lofaði að lækka bifreiðagjöldin, að bifreiðagjöldin á næsta ári verða hærri en nokkru sinni fyrr. Og ekknaskatturinn, já Þuríður Pálsdóttir, ekknaskatturinn. Hún er mætt hér í þingsalnum, baráttukonan gegn ekknaskattinum sem lofaði fólkinu í prófkjöri Sjálfstfl. að hann yrði afnuminn. Og á borðinu fyrir framan hana liggur fjárlagafrv. þar sem Sjálfstfl. birtir hinn svokallaða ekknaskatt í öllu sínu veldi. Og Þuríður Pálsdóttir er komin hingað á þing brosandi til að greiða honum atkvæði. Hvað ætli gömlu konurnar segi um þau heilindi?

Og skerðingin á tekjum kirkjunnar sem Þorsteinn Pálsson hamaðist gegn og fékk meira að segja biskupinn yfir Íslandi til að trúa því að Sjálfstfl. ætlaði ekki að stunda slíkt. Í kaflanum um kirkjumál í fjárlagafrv. er skerðingin á tekjum kirkjunnar í fullu gildi og biskupinn veit ekki sitt rjúkandi ráð.

Þjóðin veit heldur ekki sitt rjúkandi ráð vegna þess að hún er búin að sjá í gegnum pókerspilarana. Hún er búin að sjá að þessir menn sögðu eitt fyrir kosningar og gera allt annað eftir kosningar. Svo kemur forsrh. blessaður hér í kvöld og flytur aftur ræðuna um að það sé stefnan að lækka ríkisútgjöldin, að lækka skattana. Útvarp Matthildur, gott kvöld. „Súperskattman Islandicus", Davíð Oddsson, mætti hér til að gera grín að sjálfum sér í fyrstu alvörustefnuræðu sinni á Alþingi. Jafnvel Morgunblaðið getur ekki annað en sagt þjóðinni frá því að á næsta ári verði opinber gjöld verkamannafjölskyldunnar aukin sem nemur hálfum mánaðarlaunum.

Svo er reynt að tala eitthvað um fortíðina. Blessaður forsrh. ætti nú að lesa sér betur til um fortíðina, alla vega fiskeldið, áður en hann fer að tala um það enn einu sinni hér í kvöld. Hverjir voru það sem vildu í mars auka ríkisútgjöldin til fiskeldis? Auka ríkisábyrgðirnar í fiskeldi? Hverjir aðrir en núv. fjmrh. Friðrik Sophusson og Matthías Bjarnason sem fluttu hér frv. sem ég varð að berjast gegn sem fjmrh. Sjálfstfl. sem vildi ausa meiru úr sjóðum ríkisins í fiskeldið og þingflokkur Sjálfstfl. neitaði að víkja af þingi í vor fyrr en búið væri að ganga frá því að meiru yrði eytt í fiskeldið. Fortíðarnefndin, sjálfsgagnrýnisnefnd Sjálfstfl., sett upp alveg sérstaklega til að skoða flugstöðina. Við hin þurfum ekki að skoða flugstöðina. Við vissum það að hún var montbygging sem við skuldum þrjá milljarða í en sem ráðherrar Sjálfstfl. tóku ákvörðun um að byggja. Það er þess vegna við hæfi að hún sé fyrsta verkefni þessarar sjálfsgagnrýnisnefndar Sjálfstfl. sem hann kýs að kalla fortíðarnefnd.

Já, aðstoðarflokkur Sjálfstfl., kæri Össur. Þú ert mættur hér í salinn, liðsmaður Davíðs Oddssonar, og þér líður svo illa að þú notar meginhluta ræðu þinnar til að mótmæla þinni eigin ríkisstjórn. Hvílíkt upphaf, kæri fóstri. Hvílíkur ferill. Viltu ekki frekar koma aftur heim í raunverulega jafnaðarmannaflokkinn en vera í þessum aðstoðarflokki Davíðs Oddssonar? Þú, sem í borgarstjórn sast í fjögur ár og barðist á móti honum, skrifaðir Þjóðviljann á móti fjölskyldunum fjórtán, ert nú að hefja þær til vegs. Heldurðu að Halldór Blöndal taki mark á þér? Heldurðu að Þorsteinn Pálsson taki mark á þér þó að þú flytjir ræðu hér um kvótaleigu og annað? Veistu ekki að þeir yppa bara öxlum og fjárlagafrv. er nákvæmlega eins og þeir gengu frá því. Það er ekki tekið tillit til eins eða neins sem þú segir. Komdu bara heim aftur.

Og Jón Baldvin kominn til landsins loksins með fleiri flugtíma á þremur árum en Gylfi Þ. á fimmtán og byrjaður að lesa bókina sem gefin var út í dag. Kannski hefur hann aldrei lesið hana fyrr. Ég las hana í dag og það má segja að fjallið tók jóðsótt og það fæddist hvít mús. Kannski var Jón Baldvin að lesa hana í fyrsta sinn hérna í ræðustólnum og hann kaus að lesa kaflann um landbúnaðarmál. En kæri Jón, hvað er í kaflanum um landbúnaðarmálin? Ekkert annað en búvörusamningurinn sem við skrifuðum undir, Steingrímur J. Sigfússon og ég. Þú sagðir á blaðamannafundinum í dag að það væri merkur árangur hjá þessari ríkisstjórn að á næsta ári yrðu ekki útflutningsuppbætur á kindakjöti og það yrðu beinar greiðslur til bænda. Þetta var einmitt kjarninn í búvörusamningnum sem Steingrímur J. Sigfússon undirritaði og þú hamaðist á móti í vor og sagðir þegar þú myndaðir ríkisstjórnina að hún væri mynduð til þess að eyða þessum samningi. Í dag lastu þessi ákvæði upp úr „þinni hvítu mús" og hældir þér sérstaklega af að þetta væri hinn mikli árangur. Búvörusamningurinn sjálfur birtur á heilli blaðsíðu í þessari bók. Til hamingju, Halldór Blöndal.

En, kæri Össur, er það þetta sem barist var fyrir? Að þeir spili bara með ykkur í Sjálfstfl.? Hafi ykkur sem aðstoðarflokk og geri ekkert með það sem þið segið?

Nei, eigum við ekki að mynda hérna alvöruríkisstjórn? Er ekki kominn tími til þess að fara að haga sér þannig að stefnan sé í samræmi við verkin? Er ekki kominn tími til að fara að gera það sem við lofuðum í vor? Alþb. er reiðubúið til þess. Alþb. sagði fyrir kosningarnar: Við viljum jafna lífskjörin. Við viljum leggja hátekjuskatt á þá sem eru með mörg hundruð þús. kr. á mánuði. Við viljum leggja skatt á fjármagnstekjur og afnema afsláttinn vegna hlutafjárkaupanna. En við ætlum ekki að nota þetta til að auka tekjur ríkisins. Við ætlum að nota þetta til að jafna kjörin sem innlegg í kjarasamninga sem við ætluðum að ganga frá sl. sumar þannig að við værum nú mætt hér til þings með nýja kjarasamninga, áframhaldandi stöðugleika og öryggi fyrir landsmenn alla.

Það eru vissulega erfiðleikar fram undan en það þarf ríkisstjórn með kjark, ríkisstjórn með heilindi, ríkisstjórn sem leiðir fólkið í landinu saman, launafólkið, fólkið á landsbyggðinni og þéttbýlinu, fólkið í atvinnulífinu, leiðir þjóðina saman en skiptir henni ekki í andstæðar fylkingar. Það er þannig ríkisstjórn sem við þurfum. Ríkisstjórn sem er ekki að keppa um heimsmeistaratign í póker, ríkisstjórn sem hugsar um að vinna Íslandi allt. — Góða nótt.

Svavar Gestsson:

Góðir tilheyrendur. Í stefnuræðu forsrh. áðan kom oft fyrir að beita eigi aðhaldi, aga og ráðdeild í meðferð ríkisfjármála. Þetta segir sá maður sem er nýlega kominn frá því að byggja ráðhús og perlu sem hafa farið milljarði króna fram úr áætlun. Davíð Oddsson er því því miður sístur manna á Íslandi til þess að veita ráð í þessu efnum þó Össur Skarphéðinsson hafi kosið hann sér til fylgilags.

Rök Davíðs Oddssonar eru þau að húsin séu fögur og flókin. Það sama verður hins vegar ekki sagt um lífskjör þess fólks sem ríkisstjórnin hefur lagt í einelti í sumar með aðgerðum sínum og skipulegu svartagallsrausi. A.m.k. eru launaumslögin ekki fögur og það er vissulega flókið að lifa af því sem kemur upp úr þeim þessa dagana. Ríkisstjórnin hefur ekki beitt sjálfa sig aðhaldi né aga. Rekstrarkostnaður ráðuneytanna vex og aukafjárveitingarnar eru byrjaðar aftur. Aðhaldið hefur ekki beinst að prjálinu heldur að lífskjörum heimilanna og fremstur fer heilbrrh. Alþfl. sem byrjaði á því að hækka lyfjareikning heimilanna í landinu um mörg hundruð millj. kr. Og svo þegar hann var búinn að því, þá lagði hann til að það yrði lagður á allsherjar sjúklingaskattur á alla þá sem yrðu lagðir inn á spítala. Þetta var tillaga með þeim hætti að jafnvel hluta af Alþfl. varð bumbult og er þá langt til jafnað. Og heilbrrh. greip til þess að ákveða að leggja skatt á alla þá sem þurfa að leita á náðir heilsugæslustöðva. Þegar það dagsverk var búið var ákveðið að leggja niður nokkrar stofnanir, nokkrar heilbrigðisstofnanir í tilskipanastílnum.

Núna einmitt í dag er verið að stofna sérstakt varnarlið til að verja St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði. Ég geri ráð fyrir því að bæjarstjórinn í Hafnarfirði, sem situr nú á Alþingi, sé einn af liðsmönnum í því varnarliði.

Næsti hópur sem ríkisstjórnin sýndi sérstakt aðhald og aga var skólafólk þegar búið var að afgreiða sjúklingana og spítalana. Það var ákveðið að leggja sérstakan skatt á nemendur framhaldsskóla og háskóla. Þar með er í rauninni gerð atlaga að framtíðarlífskjörum þjóðarinnar því að vísindi, þróun og rannsóknir eru undirstaða góðra lífskjara. Það á einnig að skera niður Lánasjóð ísl. námsmanna og skólar eru lagðir niður með tilskipunum.

Þegar ríkisstjórnin er búin að sýna fólki sérstakt aðhald og aga með þessum hætti í allt heila sumar, þá birtist fjárlagafrv. og þar er auðvitað stefnan staðfest. Það á að leggja skatta á sjúklinga en ekki á hátekjumenn. Það á ekki að leggja skatta á stóreignamenn. Það á að leggja skatta á skólafólk en ekki á stóreignamenn. Það á að skerða kaupmátt launa á næsta ári. Það á að skera niður framlög til heilbrigðismála og menningarmála. Og í stefnukveri sínu, sem ríkisstjórnin birti í dag og Jón Baldvin veifaði hér áðan, er gerð grein fyrir því að það sé ætlunin að leggja á altækan virðisaukaskatt sem þýðir hærri matarskattur og skattur á menningarstarfsemi.

Með öðrum orðum, það á að ráðast gegn velferðarkerfi almennings en það er hvergi tekið á velferðarkerfi *forréttindastéttanna, velferðarkerfi fjölskyldnanna* fjórtán, velferðarkerfi kolkrabbans, sem hefur rakað saman gróða upp á hundruði milljóna eða milljarða kr. Þvert á móti er ríkisstjórnin markvisst með stefnu sinni að byggja upp velferðarkerfi gróðastéttanna til að koma því á varanlegan grunn. Þetta er þjóðfélagið sem blasir við.

Þetta er það sem hefur gerst. Það hefur átt sér stað í sumar grundvallarbreytingar í íslenskum stjórnmálum. Alþfl. er kominn úr felum og gengur fram undir hinni hörðu hægri stefnu sem Þorsteinn Pálsson lýsti sl. vor. Jafnaðarstefnuna er hvergi að finna nema í Alþb. Þegar þrengir að lífskjörum þjóðarinnar í heild er meiri og brýnni þörf á því að beita úrræðum jafnaðarstefnu en nokkru sinni ella. Það er ekki jafnaðarstefna að leggja skatt á sjúklinga en sleppa hátekjumönnum. Það er ekki jafnaðarstefna að leggja skatt á skólanemendur en sleppa fjármagnseigendum. Það er ekki jafnaðarstefna að skera niður velferðarkerfið en hrófla hvergi við fjölskyldunum fjórtán.

Fólkið í landinu er skelfingu lostið. Það heyrir eina frétt á dag um gjöld á sjálfsagða velferðarþjónustu. Það heyrist ein ný frétt á dag um tilskipanir um leggja niður skóla, skera niður námsframboð í skólum og breyta rekstri skóla í grundvallaratriðum. Það er ráðist að menningarstofnunum eins og Alþýðuleikhúsinu og safni Sigurjóns Ólafssonar.

Og svo undirstaðan sjálf, atvinnulífið, hvað gerist þar? Er tekið á vandamálum þess? Það hefur ekki verið gert nema með því að margfalda vexti eins og gert var sl. vor. Það hefur ekkert verið gert til að taka á tekjuskiptingarvanda sjávarútvegsins. Það hefur ekkert verið gert til að treysta grundvöll íslensks iðnaðar, nema síður sé. Það hefur ekkert verið gert til að byggja upp nýja framtíð batnandi lífskjara í þessu landi sem á vissulega stórfelld verðmæti orku og eigin lands. En það gæti hvort tveggja verið í hættu nú í EES-viðræðunum. Forráðamenn atvinnufyrirtækjanna um allt land standa frammi fyrir vaxandi taprekstri og það orð sem lýsir best ástandinu á landsbyggðinni er ótti, ótti við skilningsleysi þessarar ríkisstjórnar og helstu talsmanna hennar sem vita ekkert um atvinnurekstur og reka stefnu sem Steingrímur J. Sigfússon kallaði „kemur-mér-ekki-við"-stefnan.

Í felukveri því sem ríkisstjórnin dreifði til þingmanna í dag er enn talað um aga, ráðdeild, aðhald. Og sá sem gengur fremst er forsrh. sem þó skilur eftir sig slóða af óráðsíu og eyðslu þannig að enginn samjöfnuður finnst í landinu um annað eins. Í blaði nokkru í dag er farið yfir framúrkeyrslu í nokkrum opinberum byggingum ríkis og borgar á undanförnum árum. Þar kemur fram að Davíð Oddsson skipar bæði fyrsta og annað sæti óráðsíunnar. Hann fær gullpening óráðsíunnar fyrir ráðhúsið og silfurpening óráðsíunnar fyrir Perluna. Hann hefur með öðrum orðum sannað það betur en nokkur annar maður að Sjálfstfl. er ekki nú frekar en fyrr treystandi fyrir almannafé.

Þegar Þorsteinn Pálsson afhenti Davíð Oddssyni formannslyklana í Sjálfstfl. sl. vor talaði hann um hættuna á hinni hörðu hægri stefnu. Sú stefna hefur birst okkur í sumar og hún hefur birst okkur með undirleik þess Alþfl. sem hefur yfirgefið jafnaðarstefnuna. Í bæklingi ríkisstjórnarinnar sem dreift var í dag segir m.a.:

„Leitað verður leiða til þess að gefa almenningi kost á að velja um mismikla sjálfsáhættu", ég vek athygli hlustenda á því að hér er ekki verið að tala um bíla, hér er verið að tala um fólk, „mismikla sjálfsáhættu í þessum efnum", þ.e. heilbrigðisþjónustunni, „gegn breytilegu tryggingariðgjaldi í einhverri mynd."

Því miður er ekki nánar útskýrt hvernig á að koma þessu við en þó sést það greinilega. Greinilega er ætlunin að láta fólk borga mismunandi tryggingariðgjald eftir því sem efni þess leyfa. Þeir sem eiga litla peninga borga þá lágt iðgjald. Þeir sem eiga mikla peninga borga þá hátt iðgjald. Gott og vel. En afleiðingin er sú að þeir sem eiga litla peninga taka mikla sjálfsáhættu eins og það er kallað, ríkisstjórnin talar um fólk eins og bíla, en þeir sem eiga mikla peninga taka enga sjálfsáhættu. Og menn borga þeim mun hærra tryggingariðgjald sem þeir eru veikari og sem þeir eru eldri.

Segjum að tveir menn fótbrotni. Annar er efnaður og hraustur og hann þarf ekki að borga eyri fyrir að láta gera að meinum sínum á spítalanum. Hinn getur því aðeins látið gera að meinum sínum á spítalanum að hann borgi tafarlaust og þeim mun meira þarf hann að borga sem hann er veikari fyrir eða t.d. fatlaður.

Góðir tilheyrendur. Er það þetta þjóðfélag sem við viljum? Er þetta þjóðfélag jafnaðarstefnunnar? Mitt svar er nei. Og meiri hluti þjóðarinnar segir nei eins og sést m.a. á því að hér situr nú eftir aðeins 4–5 mánuði óvinsælasta ríkisstjórn í sögu lýðveldisins og fylgið hrynur af stjórnarflokkunum. Og það er kannski einmitt það og það eitt sem stjórnarherrarnir geta skilið. Það er ekki heldur hægt að kaupa sér kaskótryggingu vegna ósigra í kosningum. Sem betur fer kannski, enda hætt við því að kostnaðurinn yrði Alþfl. a.m.k. ofviða.

Góðir Íslendingar. Fram undan eru hörð átök við þá ríkisstjórn sem nú situr og stefnu hennar. Það þarf að fylkja liði stjórnarandstöðu utan þings og innan, stjórnarandstöðunnar í stjórnarflokkunum líka. Það þarf að verða til þverpólitísk hreyfing íslenskra jafnaðarmanna sem hafnar misréttinu, hreyfing sem hefur það hlutverk að verja velferðarkerfið. Sú hreyfing gæti einmitt hafa hafist í dag með stofnun varnarliðs um einn spítala í Hafnarfirði. Ég skora á landsmenn alla að fylkja liði í þeirri varnarbaráttu. Við skulum ekki láta eyðileggja Ísland jafnréttis og réttlætis. Við skulum ekki láta líðast að Ísland verði gert að tilraunastofu þess thatcherisma sem nú er að deyja í Bretlandi. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Minn gamli vin Össur Skarphéðinsson bar fram þá frómu ósk hér áðan að mæðrahyggjan fengi að svífa yfir vötnum hér í þessum þingsal. Ekki vil ég valda honum vonbrigðum og mun reyna að gera mitt til þess að svo megi verða. Ég mun ekki skorast undan því að siða til óknyttadrengi stjórnar eða stjórnarandstöðu þyki mér þess þörf. Ég mun heldur ekki skorast undan því að siða til afturbatadrengi sem einu sinni rufu ró þessa þings en eiga nú enga ósk heitari en að halda henni. Ég mun auðvitað leitast við að taka hann og aðra drengi móðurlega á kné mér, en hann verður svo að meta það hvort kné

mitt er nógu virðulegt til þess að bera hann.

Forsrh. hefur nú öðru sinni flutt þingi og þjóð stefnuræðu stjórnar sinnar á þeim tæpu sex mánuðum sem þessi stjórn hefur setið. Þetta er ekki langur tími. Því meira sem ég sé og heyri til stjórnarherranna, þeim mun oftar verður mér hugsað til ákveðins kollega þeirra sunnar af hnettinum. Hann hét Eiríkur langsokkur og vann sér það helst til frægðar að vera faðir Línu langsokks. Þar fyrir utan var hann negrakóngur á ótilgreindri eyju þó hann væri þar að vísu sjaldan, rétt eins og utanrrh. En þegar hann var þar þá stjórnaði hann mikið.

Ráðherrarnir okkar ætla líka að stjórna mikið og þeir ætla að stjórna einir. Fátt er ógnvænlegra.

Ef marka má stórkarlalegar yfirlýsingar ráðherranna *um allar þær breytingar sem þeir ætla að gera á* íslensku þjóðfélagi, þá virðast þeir ekkert hafa lært af þeim miklu hræringum sem verið hafa í heiminum á undanförnum missirum. Þeir virðast ekki ætla að tileinka sér ný viðhorf eða breyttan stjórnstíl. Í Austur-Evrópu krafðist fólkið kerfisbreytinga og hreif ráðamenn með sér. Hér eru það ráðherrarnir sem ætla að gera slíkar breytingar að fólki forspurðu.

Í fyrirliggjandi fjárlagafrv. og stefnuræðu hæstv. forsrh. sjáum við reykinn af þeim réttum sem stjórnarherrarnir hyggjast bera á borð fyrir þjóðina á næstu árum. Þeir ætla að breyta sjúkratryggingunum, lífeyrisréttindunum, barnabótunum, réttindum opinberra starfsmanna, skólakerfinu, námslánunum — svona mætti lengi telja.

Með stefnuræðu hæstv. forsrh. fylgir langur listi yfir lagafrv. sem ríkisstjórnin ætlar að flytja og varða flest svið okkar daglega lífs. Samt varar forsrh. við *þeirri* tilhneigingu að leysa öll vandamál með lagaákvæðum og reglugerðarfyrirmælum eins og hann orðar það. Það fara ekki saman orð og æði. Þegar listi hæstv. forsrh. er skoðaður með hliðsjón af þeim yfirlýsingum sem komið hafa frá ráðherrum á undanförnum vikum, þá má ljóst vera að þær forsendur sem þorri almennings byggir tilveru sína á eru brostnar eina ferðina enn. Nýju stjórnarherrarnir ætla að henda rusli fyrirrennara sinna og innrétta upp á nýtt. Þeir ætla að fullnægja eigin metnaði og almenningur á að laga tilveru sína að því. En hvaða leyfi hafa menn til að segja þjóðinni fyrir verkum með þessum hætti? Hvaða leyfi hafa þeir til að bjóða okkur upp á eitt kerfi í dag og annað á morgun? Hvaða leyfi hafa nýir ráðamenn til að yfirtaka Stjórnarráðið á fjögurra ára fresti og haga sér þar eins og flílar í glervörubúð?

Íslenskt þjóðfélag er sameign okkar allra. Vilji menn gera á því grundvallarbreytingar þá verða slíkar breytingar að byggja á víðtækri samstöðu og samráði. Allar breytingar ríkisstjórnarinnar stefna í eina átt.

Þær stefna að því að flytja kostnað frá ríkinu yfir á breiðu bökin í þjóðfélaginu. Bök barnafólks og ellilífeyrisþega. Önnur bök til að bera byrðar fundu kratar og sjálfstæðismenn ekki ef frá eru talin bök íslenskra hrossa. En vegna andstöðu sjálfstæðismanna var að sjálfsögðu horfið frá því óráði. Menn geta kallað nýjar álögur á fjölskyldurnar í landinu skatt eða þjónustugjöld. Slíkur orðhengilsháttur má einu gilda. En álögur eru það. Aukin hlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu leggst á foreldra ungra barna og gamalt fólk vegna þess að það notar heilbrigðisþjónustuna öðrum fremur. Það er barnafólk sem þarf að taka á sig þyngri skattbyrði þegar barnabæturnar verða tekjutengdar án þess að nokkurt tillit sé tekið til þess kostnaðar sem fólk hefur af því að sækja sér tekjur. Það er barnafólkið sem er nýbúið að koma yfir sig húsnæði sem þarf að bera þá okurvexti sem hér eru á húsnæðislánum. Það er barnafólkið sem nú þegar hefur ómældan kostnað af menntun barna sinna sem þarf að greiða þau skólagjöld sem fyrirhuguð eru. Í ljósi þess þarf engan að undra þó ekki sé minnst einu orði á fjölskylduna í stefnuræðu forsrh., enda væru vinsamleg orð í hennar garð ekki *annað en hræsnin einber.*

Að óreyndu hefði ég haldið að hægt væri að finna breiðari bök í íslensku þjóðfélagi. Á það má benda að þar er nokkuð stór hópur karlmanna sem ekki verður séð að leggi meira til þjóðarbúsins en aðrir þegnar landsins en samt bera þeir mun meira úr býtum. Þessir karlmenn hafa hálfa milljón, milljón og jafnvel eina og hálfa milljón í mánaðartekjur. Þeir eiga hlutabréfin sem hækkuðu svo mikið í verði á síðasta ári. Þeir eiga drjúgan hlut í því sparifé sem við hin þurfum að taka að láni á okurvöxtum og þeir eiga lúxusbílana sem fluttir hafa verið inn unnvörpum að undanförnu. En þessir menn þurfa að vera léttir á sér eins og flugan og geta því engar byrðar borið. Þess sjást heldur engin merki í stefnuræðu forsrh. né fjárlagafrv. að það eigi að venja þá við að bera sinn skerf. Engar tekjur af fjármagnsskatti eru sjáanlegar, hvað sem líður orðum hæstv. *utanrrh. hér áðan. Ekkert hátekjuskattsþrep,* ekki hærri virðisaukaskattur á lúxusvörur, ekkert sem orða mætti við réttlæti. Milli þessara manna og hinna tekjulægstu er staðfest regindjúp og af hálfu ríkisstjórnarinnar er engin brúarsmíð fyrirhuguð. Í fyrri hópnum eru menn í slíkum vandræðum með aurana sína að þeir taka jafnvel upp á því að setja koparslegin þök á hús sín. Í hinum er mörgum farið eins og konunni sem hringdi til fjmrh. í útvarpsþætti um daginn og spurði hvers vegna ekki væri hægt að kaupa spariskírteini í áskrift fyrir þúsund krónur á mánuði. Hún vildi svo gjarnan spara en fimm þúsund krónur voru henni um megn.

Á undanförnum vikum hafa menn úr tekjuháa hópnum lokið upp einum munni um að ekki sé nokkurt svigrúm til að hækka laun og bæta kaupmátt. „Minna en ekki neitt til skiptanna", segir fjmrh. „Menn skipta ekki *mínusi* og fá plús", segir *framkvæmdastjóri* Vinnuveitendasambandsins. Og menn biðja um svigrúm til að hagræða, auka framleiðni og hagvöxt. Svo muni röðin koma að því að bæta kjörin. Í tvígang á skömmum tíma hafa stjórnvöld og atvinnurekendur fengið svigrúm til að lagfæra það sem aflaga hefur farið og í bæði skiptin hafa þessir aðilar klúðrað því. Hvaða ástæða er til að ætla að þeir geri það ekki eina ferðina enn? Þeir fengu þetta svigrúm á árunum 1983–1986 og þeir fengu þetta svigrúm með þjóðarsáttinni. Nú hefur hún staðið í tvö ár og enn virðast

menn hafa ekki misst, eins og forsrh. orðaði það, heldur klúðrað tækifæri sem verkalýðshreyfingin gaf þeim. Enn er beðið um gott veður og vísað til langvarandi aflasamdráttar. En það veiða ekki allir fisk og fjölmörg fyrirtæki skiluðu verulegum hagnaði á síðasta ári. Engu að síður er reynt að fá verkalýðshreyfinguna til að semja um kjaraskerðingu núna gegn vilyrði um eitthvað annað seinna. En það hefur í besta falli bókmenntalegt gildi að vísa til þess sem gerist seinna. Þetta seinna kemur aldrei. Verði taxtar verkalýðshreyfingarinnar látnir drabbast mikið lengur getur það ekki endað nema á einn veg: Í virðingarleysi gagnvart vinnu og verðmætasköpun og megnri óánægju sem mun gegnsýra allt okkar þjóðfélag.

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Ráðherrarnir tala hver í kapp við annan um að það þurfi að auka kostnaðarvitund almennings. Í ræðu sinni hér áðan sagði forsrh. að það ætti að virkja kostnaðarvitund opinberra starfsmanna til að hafa hemil á útgjöldum og beina þeim í forgangsverkefni. Með þessu fína hugtaki, kostnaðarvitund, er verið að boða að fjármunir eigi að stjórna gerðum okkar í ríkari mæli en þeir gera í dag. Menn hafa ekki minnst á ábyrgðartilfinningu, sómatilfinningu, samkennd, metnað eða aðrar álíka óáreiðanlegar kenndir.

En hvað stjórnar gerðum þeirra opinberu starfsmanna sem sitja í ráðherrastólunum? Var það kostnaðarvitundin sem sagði forsrh. og fjmrh. að nauðsynlegt væri að ráðuneyti þeirra eignuðust nýja 3 millj. kr. bíla um leið og þeir settust í ráðherrastólana? Var það sómatilfinningin og samkenndin með þeim sem hafa fengið tilskipun um að spara sem réði því að heilbrrh. keypti sér glæsibíl sem skattgreiðendur hafa að fullu greitt þegar ráðherrann stendur upp úr stólnum? Nei, það var lögmálið og valdið sem réði gerðum þeirra. Þeir höfðu vald til að gera þetta og þeir notuðu það. Reglurnar heimiluðu þetta og því þótti sjálfsagt að notfæra sér þær.

Menn sem eru eins fastir í viðjum valds og reglna og þessar stjórnarathafnir bera vott um eru ekki líklegir til að geta notfært sér þær kjöraðstæður sem nú eru til að finna og fá stuðning við nýjar lausnir á aðsteðjandi vanda. Þeir eru ekki líklegir til að leggja grunn að stjórnarháttum þar sem lausnir fá eðlilega framrás en eru ekki þvingaðar fram. Þar sem lagður er grunnur að þjóðfélagi „sem þróast á grundvelli sjálfsprottinna reglna og samskipta fólks á milli", eins og forsrh. orðaði það, en ekki á grundvelli boða og banna. Þeir verða að horfast í augu við þá sorglegu staðreynd að þeir stóðust ekki fyrsta prófið. Og svo að vitnað sé í orð eistneska skáldsins Jaan Kaplinski, þá geta tilraunir til að sniðganga hið sorglega í lífinu ekki átt sér annað en sorglegan endi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Einu sinni fyrir langa löngu sat vond stjórn á Íslandi. Myrkrið grúfði yfir landinu, það var miðstýring, höft og skömmtun. En þá komst góða stjórnin til valda og sjá: Það varð viðreisn. Sólin braust fram úr skýjunum og frelsið blómstraði. Það syrti í álinn um sinn en menn beittu skynsemi og áræði þannig að hagur þjóðarinnar fór batnandi á ný. Samt komst vonda stjórnin aftur til valda og það liðu mörg, mörg ár með þrútið loft og þungan sjó, ægilegri miðstýringu, sjóðasukki og halla á ríkissjóði. Deyfilyfjum var dælt í helsjúkt atvinnulífið. Frelsisflokkurinn stóð hnípinn hjá og fékk ekkert að gert.

Þá gerðist það að vorlagi að Davíð og Jón Baldvin hittust í Viðey og sóru þess dýran eið að koma aftur á frelsi og létta oki miðstýringarinnar af þjóðinni. Þeir skyldu ekki verða sakaðir um dulið dálæti á ríkisafskiptum eins og drengirnir hennar Margrétar Thatcher. Þeir gengu saman út í bjarta vornóttina til að skapa nýja viðreisn.

Góðir áheyrendur. Þessa svarthvítu söguskoðun las ég út úr þeirri stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hér var flutt í kvöld. Menn hafa löngum leikið sér að því að túlka söguna sér í vil og það verður að segjast að það sakleysi Sjálfstfl. sem skín út úr þessari ræðu er harla ósannfærandi. Það er eins og Sjálfstfl. hafi ekki komið nálægt stjórn landsins nema á viðreisnarárunum. Á þeim 47 árum sem liðin eru frá stofnun íslenska lýðveldisins hefur Sjálfstfl. setið í stjórn í 33 ár, gott betur en ⅔ hluta lýðveldistímans. Hann ber ekki síður en hinir gömlu flokkarnir ábyrgð á þeirri miðstýringu, ríkisafskiptum, forsjárhyggju, byggðaröskun, fjárfestingarmistökum, bruðli og sóun sem hæstv. forsrh. gagnrýnir nú svo ákaft. Sjálfstfl. er ekki síður en aðrir þeir sem setið hafa í stjórn flekkaður af spillingarkerfi þar sem embættum er úthlutað til flokksgæðinga þvert á faglegar kröfur og hagsmuni þjóðarinnar. Ég hygg að enn sitji menn hér í þessum sal sem tekið hafa þátt í að færa vald frá sveitarfélögum til ríkisins, frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, frá fólkinu til valdhafa.

En hæstv. forsrh. kýs að kasta öllum syndum Sjálfstfl. bak við sig og sjá þær aldrei meir. Hann vill gleyma hliðarsporum með Framsókn og Sósíalistaflokknum og muna bara góðu árin með elskunni sinni í viðreisn. En hvernig var þessi viðreisn? Hún fór vel af stað og vissulega var losaði um höft. Aflabrögð voru góð og síldarævintýrið færði björg í bú. En einn góðan veðurdag var síldin búin. Verðfall varð á mörkuðum, atvinnuleysi, landflótti, gengisfellingar á gengisfellingar ofan, verkföll svo vikum skipti, átök á götum Reykjavíkur og námsmenn gerðu uppreisn. Þannig endaði sú sæla. Þjóðin fékk sig fullsadda af viðreisninni og stjórnin féll árið 1971.

Nú hafa viðreisnaröflin náð völdum á nýjan leik og fara ekki með friði frekar en hið fyrra sinni. Það eru boðaðar miklar breytingar. Frjálshyggjubókmenntum rignir yfir þing og þjóð. Það á að taka upp þjónustugjöld í skólum og á sjúkrastofnunum. Launafólki er tilkynnt að launahækkanir verði engar, afskiptum af atvinnulífinu verður hætt í einum grænum hvelli, einkavæðing er boðuð í atvinnurekstri og skólum, stofnanir verða lagðar niður eða seldar. Það skal beitt leifturssókn til að ná niður ríkishallanum. Reiknimeistarar frjálshyggjunnar liggja yfir tölum og línuritum og reikna með ískaldri ró út hagræðingu, gróða eða halla.

Það er ekki spurt um þarfir, gæði eða gott mannlíf, orsakir eða afleiðingar, hvað þá vilja fólksins í landinu. Konur í Reykjavík skulu sviptar vali á fæðingarstofnunum, fyrirmyndarhjúkrunarheimili í hjarta borgarinnar þar sem gamla fólkið getur fylgst með iðandi athafnalífi skal burt. Skurðstofum á að loka og breyta vel reknu sjúkrahúsi Hafnfirðinga í hjúkrunarheimili. Lánasjóði ísl. námsmanna sem gert hefur þúsundum námsmanna kleift að afla sér margvíslegrar menntunar verður breytt á þann veg að annað tveggja hlýtur að gerast, námsmönnum mun stórfækka eða stór hópur menntafólks mun búa við afar kröpp kjör að loknu námi vegna þungrar skuldabyrði. Og er þá aðeins fátt eitt nefnt af því sem stjórnin boðar.

Ég spyr: Hver hefur gefið ríkisstjórninni umboð til slíkra breytinga? Ekkert þessu líkt var rætt í kosningabaráttunni sl. vor. Ekkert samráð hefur verið haft við einn eða neinn. Stjórnin er með aðgerðum sínum að koma aftan að þjóðinni, enda blæs nú ekki byrlega í segl hennar. Verkalýðshreyfingin er á móti henni. Námsmenn eru á móti henni. Meiri hluti kjósenda styður hana ekki lengur ef marka má skoðanakannanir. Vinnuveitendasambandið gagnrýnir hana. Og jafnvel heggur nú sá er hlífa skyldi. Sjálft Morgunblaðið reynir að koma vitinu fyrir stjórnina með því að kalla til vitnis breskan íhaldsmann sem fengið hafði sig fullsaddan af frjálshyggjuvitleysunni í Thatcher og ráðgjöfum hennar. Þeir stjórnarliðar sem enn eru eftir geta gert orð Jóns Grindvicensis í Íslandsklukkunni að sínum: „Minn herra á öngvan vin." Ríkisstjórn sem er svo vinafá og snauð stjórnar í óþökk þjóðarinnar og á að segja af sér áður en draumar Davíðs og félaga breytast í martröð þjóðarinnar.

Í kjölfar þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í Evrópu hlýtur að fylgja umrót og uppstokkun þeirra hugmynda sem ráðið hafa för í pólitískri þróun álfunnar. Þar eru ekki á ferð einhverjir tveir tærir meginstraumar sem takast á líkt og segir í ræðu hæstv. forsrh. heldur hafa líka orðið til ýmsar blöndur sem bæði hafa fætt af sér gott og illt. Nú er komið að því að vega og meta hvað er nothæft og hverju þarf að henda úr þessum hugmyndaheimi sem haft hefur áhrif á alla stjórnmálaflokka og flestar þær pólitísku hreyfingar sem nú starfa.

Mörgum spurningum þarf að svara. Við þurfum að skilgreina hlutverk ríkisvaldsins upp á nýtt. Karlmenn verða að opna augu sín fyrir kröfum kvenna um breytt þjóðfélag og láta hluta af völdum sínum. Börnin verða að öðlast sess sem mikilvægasti fjársjóður samfélagsins á hverjum tíma. Við verðum að finna leið til að nýta okkur kosti markaðsbúskapar, sem vissulega eru til staðar, án þess að það bitni á náttúrunni eða ábyrgð okkar á bræðrum okkar og systrum. Við þurfum að bæta gæði mannlífsins í stað þess að dansa stöðugt hraðar kringum gullkálfa eyðslu og sóunar. Við verðum að koma okkur saman um meginlínur í þeirri velferðarþjónustu sem við viljum reka. Það þarf vart að minna á hve gott velferðarkerfi er mikilvægt fjölskyldum þessa lands og það er grundvöllur aukins frelsis kvenna til að velja sér lífsfarveg.

Síðast en ekki síst bíður allra jarðarbúa það risavaxna verkefni að taka á vandamálum mannkynsins en þau eru: vaxandi andstæður milli ríkra þjóða og fátækra, mengun, gífurleg fólksfjölgun, eyðing skóga og ósonlags ásamt sjúkdómum, t.d. eyðni, sem kosta mun mannkynið miklar upphæðir á næstu árum, enda útbreiðslan hröð. Spennufallið í samskiptum risaveldanna og það ánægjulega afvopnunarkapphlaup sem nú er hafið gefur ríku þjóðunum tækifæri til að snúast í sameiningu gegn eyðingaröflunum. Samvinna, gagnkvæm virðing og skilningur á því að við eigum aðeins eina jörð verður að ráða för eigi að takast að snúa dæminu við.

Hverjir eiga að leiða þá miklu vinnu sem fram undan er í heiminum? Svo mikið er víst að frjálshyggjuöflunum er ekki treystandi til þess. Í þeirra húsum sitja hagsmunir stórfyrirtækjanna í fyrirrúmi. Það er ekki tilviljun að helstu dragbítar á sameiginlega umhverfisvernd í heiminum, meðal þeirra ríkja sem geta beitt sér, eru Bandaríkin, Bretland og Japan, ríki þar sem markaðsöflin leika lausum hala. Heimurinn þarf á nýrri stjórnmálastefnu að halda, stefnu sem sameinar virðingu við náttúru og mannlíf, stefnu sem nýtir hið besta úr reynslu karla og kvenna, stefnu sem setur mannréttindi, mannúð og réttlæti í öndvegi.

Góðir áheyrendur. Fram undan eru tímar samdráttar vegna minnkandi afla. Á slíkum tímum er mikilvægt að endurskoða tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, skipta jafnar og réttlátar því sem til er. Við verðum að nýta betur það sem við eigum, auka rannsóknir, gera tilraunir og leita nýrra leiða til atvinnusköpunar. Íslenskt samfélag þarf svo sannarlega á endurskipulagningu, uppbyggingu og nýsköpun að halda. En til að árangur náist þarf að ríkja sæmileg sátt um hvert stefna skuli.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lítur svo á að hún hafi vald til þess að koma stórfelldum breytingum nánast umræðulaust. Hún hefur ákveðið að taka krappa hægri beygju inn á einstefnugötu markaðslögmálanna á ólöglegum hraða. Það er þjóðarinnar að stöðva þennan hættulega hraðaakstur sem allra fyrst áður en hann veldur stórslysum.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Í upphafi þings ganga þingmenn til kirkju til að njóta menningar og listar á kyrrlátri stund í erli dagsins. Þannig erum við minnt á menningararfleifð þjóðarinnar sem er samofin íslenskri kirkju. Þetta er í senn hátíðleg og virðuleg athöfn sem sæmir vel Alþingi Íslendinga.

Inn um glugga Dómkirkjunnar berst hávaði. Hann kemur frá ungmennum sem hafa safnast saman á Austurvelli til að mótmæla. Þetta unga fólk mótmælir því sem það kallar aðför að jafnrétti til náms, skerðingu námslána, innritunargjöldum í skóla og ýmsu fleiru. Þarna standa meðal annarra þingmenn framtíðarinnar sem í fyllingu tímans takast á hendur ábyrgð á stjórn landsins. Mér dettur ekki í hug að halla á íslenska æsku. Þar fer fallegt, frjálslegt, heilbrigt og mannvænlegt fólk, enda alið upp við nægtir og makræði þess

velferðarþjóðfélags sem við höfum byggt upp hér á landi. Þarna voru börnin okkar þúsundum saman.

Þessi mótmæli vöktu með mér hugrenningar um að lífið er ekki tómur gleðileikur. Við þurfum ætíð að vera viðbúin mótlæti. Þetta vissu forfeður okkar í landi sem er háð duttlungum náttúrunnar í einu og öllu. Og þrátt fyrir alla tækni erum við enn minnt á þessa staðreynd er aflasamdráttur blasir við og þar með minnkandi þjóðartekjur. Það þarf sterk bein til að þola góða daga. Mér þótti við þessar aðstæður tónninn í mótmælum námsmannanna ekki með öllu sanngjarn. Við höfum til skamms tíma getað búið vel að námsfólki okkar og viljum gera það áfram. Hitt er ljóst að til að svo megi verða þurfum við að tryggja framtíð Lánasjóðs ísl. námsmanna með ráðdeild og raunhæfum aðgerðum.

Það er heldur ekkert óeðlilegt við hófleg innritunargjöld. Þau eru hugsuð þannig að framhaldsskólarnir ákveði sjálfir hvort þeir leggi slík gjöld á eða nái fram sparnaði í rekstri til að brúa það bil sem þeim er ætlað að fylla. Þar að auki má minna á þá staðreynd að innritunargjöld hafa lengi tíðkast í skólum hér á landi.

Í útvarpinu á dögunum var viðtal við nokkra nemendur í Garðaskóla í Garðabæ. Þau tóku þátt í nemenda- og kennaraskiptum við þekktan skóla í Frakklandi. Tvennt vakti athygli mína í þessu viðtali. Annars vegar sú alþjóðlega samvinna sem þarna átti sér stað og það stórkostlega tækifæri sem krakkarnir fengu til að kynnast erlendum jafnöldrum sínum. Hins vegar hvað þeim fannst skilja þjóðirnar að. Íslendingarnir nefndu strangan aga í Frakklandi, bæði í skóla og heima. Frakkarnir nefndu sérstaklega hvað Íslendingar færu seint að sofa. Mér fannst þessir krakkar þótt ungir væru býsna glöggir á kviku íslensks samfélags sem hefur á síðustu áratugum einkennst öðru meir af agaleysi hvert sem litið er. Þetta agaleysi birtist á heimilum, í skólum, atvinnulífi og hjá ríki og sveitarfélögum. Það kemur m.a. fram í því að ekki hefur verið gætt þess aðhalds sem skyldi og nú er svo komið að óhjákvæmilegt er að bregðast við þeim vanda sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir. Það verður að stöðva eyðsluna og skuldasöfnunina. Við höfum lifað um efni fram og þá er ekki um annað að ræða en spara í stóru og smáu, jafnt einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar. Þar verður ríkið að ganga á undan með góðu fordæmi og það er raunar sterkasta leiðarljós þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr við völd.

Heimurinn í dag er annar en í gær. Vaxandi samvinna þjóða kallar einnig á aukna samkeppni. Menntun er undirstaða framfara. Það veltur á menntuninni hvernig okkur reiðir af í samvinnu og samkeppni við aðrar þjóðir. Þess vegna ber að leggja þyngri áherslu á menntun þjóðarinnar í framtíðinni. Um menntunina þarf að fjalla á málefnalegan og gagnrýninn hátt. Ég er ekki með þessum orðum að segja að menntun eigi að vera dýrari. Ég er að leggja áherslu á gæði menntunar og að við nýtum til hins ýtrasta þá fjármuni sem til hennar er varið. Ég vænti þess að við eigum hér í vetur málefnalegar og uppbyggilegar umræður um menntamál þjóðarinnar.

Góðir áheyrendur. Meginhlutverk íslenskra stjórnmálamanna á næstu árum verður að koma íslensku samfélagi á réttan kjöl að nýju eftir eyðslustefnu og fyrirhyggjuleysi síðustu missira. Við þurfum að treysta undirstöður samfélags þar sem fólk og fyrirtæki fá að njóta sín, samfélags þar sem fólk þorir að eiga sér hugsjónir og drauma og hefur aðstæður til að hrinda þeim fram. Án slíks verða engar framfarir. Það er rík tilhneiging til þess í fari okkar Íslendinga að mála sterkum litum. Þótt móti blási um stund megum við ekki missa kjarkinn og leggjast í sekk og ösku, heldur þvert á móti nota andstreymið til að sigrast á þeim erfiðleikum sem nú blasa við. Vilji er allt sem þarf.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ólafur Ragnar Grímsson sagði hér í þessum ræðustól áðan að fjárlagafrv. boðaði brigð á fyrirheitum sjálfstæðismanna um skattalækkun að loknum síðustu kosningum. Þetta er rangt. Ég lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar að ekki yrði unnt að lækka skatta á fyrsta eða öðru ári að kosningum loknum. Sambærilegar yfirlýsingar gáfu bæði núv. og fyrrv. formaður flokksins. Hvers vegna var þetta nú ekki hægt? Hvers vegna skyldum við forustumenn Sjálfstfl. gefa slíkar yfirlýsingar? Það var auðvitað vegna þess að viðskilnaður Ólafs Ragnars Grímssonar og ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var með þeim hætti í ríkisfjármálum að þetta var ekki mögulegt. Ríkisútgjöldin höfðu þanist út, skattar höfðu verið hækkaðir en þrátt fyrir það fór hallarekstrinn sívaxandi, hallarekstur sem safnaðist upp og myndaði byrðar fyrir framtíðina. En þetta var ekki nóg. Það var hvarvetna að finna skuldbindingar án fjárframlaga sem safnað hafði verið upp, skuldbindingar sem koma okkur í koll nú, kemur í hlut okkar og framtíðarinnar að standa undir og greiða. Þessar skuldbindingar ásamt hallarekstri Ólafs Ragnars í fjármálaráðherratíð hans voru að ég taldi fyrir kosningar um 53 milljarðar kr. En þetta var ekki nóg. Það var bætt við þetta á síðustu dögum þess þings með heimildum um lántökur, heimildum um skuldbindingar út og suður um fjármálakerfið. Og enn er verið að draga undan teppunum skuldbindingar Ólafs Ragnars Grímssonar í ríkisfjármálum sem við þurfum að standa undir og þess vegna er ekki hægt að lækka skatta nú að sinni. Það eru baggarnir hans Ólafs Ragnars sem þjóðin verður nú að standa undir. Ólafur Ragnar Grímsson kom hér með sakleysislegan ungmeyjarsvip en sannleiksástin hefur ekki breyst.

Löngu áður en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar var mynduð var ljóst hvert stefndi í hinum veigamestu málefnum þjóðfélagsins. Í höndum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar höfðu hrannast upp gífurleg vandamál í ríkisfjármálum og atvinnumálum. Þessi vandamál voru mun hrikalegri heldur en menn vildu þá vera láta og vilja enn kannast við. Hagsmunir atvinnulífsins eru að því leyti nátengdir stöðu ríkisfjármála að með sívaxandi útþenslu ríkiskerfisins, skattahækkunum, en þó háskalegum halla á ríkissjóði, hefur ríkisbúskapurinn dregið til sín æ stærri hluta af ráðstöfun-

arfé þjóðarinnar, bæði með sköttum og lánsfé. Afleiðingin lýsir sér ekki einungis í því að fjármagnið hefur með sívaxandi skattheimtu verið sogað frá atvinnuvegum og heimilum heldur einnig með því að lánsfjárhungur ríkissjóðs hefur haldið uppi háum vöxtum í landinu og olli þeirri vaxtahækkun sem Steingrímur Hermannsson minntist á hér áðan. Sú vaxtahækkun var afleiðing af því lánsfjárhungri sem ríkissjóður hafði valdið í efnahagskerfinu í lok stjórnartíðar Steingríms Hermannssonar.

Fráfarandi ríkisstjórn taldi sig leysa vandamál atvinnuveganna með því að taka tæpa 9 milljarða kr. að láni erlendis og dreifa gegnum nýtt sjóðakerfi til fyrirtækjanna. Auðvitað kom þetta sumum fyrirtækjum vel, en því miður allt of mörgum einungis í bili. Þetta sannast m.a. af því að gjaldþrotin héldu áfram alla tíð fyrri ríkisstjórnar þótt lánin væru afborgunarlaus fram á þetta ár. Staðreyndin var að fráfarandi ríkisstjórn vanrækti að koma atvinnuvegunum á rekstrarhæfan grundvöll. Þess í stað gerði hún tilraun til að fela vandann, geyma hann með því að breiða yfir hann ábreiðu sem ofin var úr erlendu lánsfé. Þetta lánsfé þurfti ekki að endurgreiða fyrr en ný ríkisstjórn var tekin við. Það var vitaskuld í fullu samræmi við ýmislegt annað í stjórnarháttum þeirrar ríkisstjórnar, m.a. fjármálastjórninni sem ég vék að hér áðan.

Þótt afborganir af þeim lánum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni séu ekki nema að litlu leyti fallnar í gjalddaga hafa þegar tapast í gjaldþrotum af þessu fé um 500 millj. kr. Þungi endurgreiðslnanna hefst hins vegar á næsta ári því að þá koma til gjalda nær 2 milljarðar af þessu fé. Þannig er sú arfleifð sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar var að taka við í málum atvinnulífsins. Við bætist nú sá mikli vandi sem stafar af því að á næsta ári er spáð samdrætti í verðmæti sjávaraflans um 11% eða nálægt 9 milljörðum kr.

Í samræmi við það sem fram kom í ræðu forsrh. hér áðan lít ég á það sem höfuðverkefni ríkisstjórnarinnar að takast á við þau gífurlegu vandamál sem atvinnuvegirnir búa við, en einnig hina hrikalegu stöðu ríkisfjármála. Það er grundvallaratriði að atvinnulífið geti dafnað og skilað vaxandi tekjum í þjóðarbúið. Viðskilnaður vinstri stjórnar og þau áföll sem spáð er á næsta ári gera kröfur til þess að ríkisstjórnin beiti sér að þessu markmiði frekar en ella. Engar aðgerðir, t.d. í byggðamálum eða öðrum þáttum mála, geta komið í staðinn fyrir þá miklu hagsmuni sem fylgja því að árangur náist á þessu sviði.

Ný vinnubrögð hafa verið tekin upp við gerð fjárlagafrv. fyrir næsta ár og árangri náð. Skarplega þarf þó enn að taka á til að markmiði okkar sjálfstæðismanna um jöfnuð í fjármálum ríkisins verði náð áður en kjörtímabilið er hálfnað og jafnframt að búa í haginn fyrir minnkandi skattbyrði almennings á síðari hluta þess. Þessi verkefni eru sannarlega krefjandi og ríkisstjórnin þarf víðtækan stuðning til þess að árangur náist. Ég er þess fullviss að að þeim verði unnið af þeirri festu, en þó með þeirri hófsemi sem einkennir ákjósanlega stjórnarhætti. — Góða nótt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það verður ekki með sanni sagt að sú ræða sem hæstv. forsrh. flutti hér áðan hafi verið efnisrík eða stefnumarkandi. Fremur var það nú hið gagnstæða. Hún var í stíl við þá stefnuræðu eða vísi að stefnuræðu sem hann flutti á vorþinginu og kaffipakkaræðuna sem hann flutti á Austurvelli 17. júní sl. Ég tel að hæstv. forsrh. þurfi að fá sér betri aðstoð við ræðugerð.

Út frá þessari stefnuræðu er ekki auðvelt að festa hendur á því hvað ríkisstjórnin vill. Í lok stjórnarmyndunar í Viðey var enginn eiginlegur málefnasamningur gerður, bara svona heiðursmannasamkomulag, og þá boðaði hæstv. forsrh. með talsverðu steigurlæti að með haustinu yrði gefin út svokölluð hvítbók með nánari útfærslu á stefnumálum ríkisstjórnarinnar. Þar yrðu nú bakskjölin aldeilis birt. Þessa bók hefur okkur loksins tekist að særa út úr ríkisstjórninni nú í morgun. Ég sá mig í gær tilneyddan að fara hér í ræðustól til þess að krefjast þess fyrir hönd þingflokks okkar að okkur yrði afhent þessi hvítbók, enda var hún þá komin í hendur fréttamanna. Við þessari kröfu er nú loks orðið. Þó var ekki eftir miklu að slægjast. Hvítbókin er full af skrúðmælgi og óskhyggju en í of litlu samræmi við verk ríkisstjórnarinnar. Þó finnast þar háskalegar hótanir. Hæstv. utanrrh. veifaði þessari bók hér áðan og ljóstraði upp um nokkrar af þessum hótunum. Það sem máli skiptir er það að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur með verkum sínum og framgöngu síðan hún tók við valdataumunum sýnt sitt rétta andlit.

Við framsóknarmenn ákváðum það í vor að gefa nýrri ríkisstjórn starfsfrið ef það mætti verða til þess að hún næði tökum á verkefni sínu. Við höfum sýnt henni umburðarlyndi en nú verður ekki lengur undan því vikist að reyna að koma vitinu fyrir hana eða að öðrum kosti reyna að koma í veg fyrir að henni takist að framkvæma sumt af því sem hún hefur á prjónunum. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er að skemma þjóðfélagið.

Við Íslendingar eigum gott land og gjöfult haf. Við höfum á undanförnum áratugum byggt hér þjóðfélag sem hefur að flestu leyti verið til fyrirmyndar. Hér hefur verið komið á velferðarkerfi þar sem allir hafa haft nóg að bíta og brenna og búið við félagslegt öryggi. Aldraðir og sjúkir hafa átt aðgang að læknisþjónustu og lyfjum án tillits til efnahags. Jafnrétti hefur verið til náms þannig að allir sem gátu og vildu hafa getað numið án tillits til efnahags. Atvinna hefur verið næg, þjóðarsátt ríkt á vinnumarkaði og verðbólga hefur með sameiginlegu átaki aðila vinnumarkaðarins, bænda og ríkisvalds verið færð í bönd þannig að hér ríkti efnahagslegt jafnvægi og stöðugt verðlag.

Þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók til starfa urðu mjög glögg þáttaskil í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir það að nú hafi verið gefin út svokölluð hvítbók sem heitir „Velferð á varanlegum grunni“ — þetta er fallegt nafn — sú velferð sem hér er lagður grunnur að er ekki velferð allra, aðeins velferð fárra. Og grunnurinn, þar er boðuð efnahagsleg velferð fjölskyldnanna fjórtán og lagður grunnur undir þær en einungis grunnur

fyrir þessar fjórtán fjölskyldur. Ríkisstjórnin þykist aðhyllast markaðsbúskap og frjálsa samkeppni og hún boðar löggjöf um bann við hringamyndun í hvítbókinni sömu dagana og verið er að kyrkja Ríkisskip í þágu Eimskipafélagsins og skaffa Flugleiðum einokunaraðstöðu. Ríkisstjórninni hefur á sínum stutta valdaferil tekist að færa ótrúlega margt til verri vegar. Þrátt fyrir það gengur stefnuræða forsrh. fyrst og fremst út á það að reyna að sverta fyrrv. ríkisstjórn og forsrh. hennar. Viðskilnaður ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var að flestu leyti góður. Þó hafði ekki unnist tími til að koma fullkomnu lagi á fjármál ríkisins og vextir voru enn þá of háir. En í stað þess að halda áfram góðu verki ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar greip ríkisstjórn Davíðs Oddssonar til þess ráðs sem óviturlegast var. Hún hafði forgöngu um að hækka vextina í landinu. Það hafði aftur þær afleiðingar að fyrirtæki og einstaklingar sem skulduðu fé fengu mörg hver ekki risið undir stóraukinni vaxtabyrði og skriða gjaldþrota hófst, beinlínis fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún mundi ekki standa fyrir neinum aðgerðum til aðstoðar fyrirtækjum eða atvinnuvegum í vanda. Ríkisstjórnin brást þeirri frumskyldu sinni að jafna út sveiflur og stuðla að því að atvinnulífið gæti gengið og því væru sköpuð eðlileg starfsskilyrði. Fyrirtækin voru knúin í gjaldþrot fullkomlega án þess að það væri athugað að í mörgum tilfellum var það ríkinu fjárhagslega miklu óhagkvæmara heldur en að rétta þeim hjálparhönd. Gjaldþrotin voru látin ganga yfir gjaldþrotanna vegna. Ríkisendurskoðun varð í sumar að breyta fyrri álitsgerð og vitnaði til þess að nú væri komin önnur stjórnarstefna þannig að gjaldþrot mundu stóraukast. Hæstv. forsrh. vitnaði hér áðan í hina síðari álitsgerð Ríkisendurskoðunar. Sú greinargerð var samin með hliðsjón af því að hann var kominn til valda og að ríkisstjórnin var hætt að létta undir með atvinnulífinu, fremur hið gagnstæða.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar reynir að innleiða hér hið mannfjandsamlega og ískalda kenningakerfi frjálshyggjunnar og taka upp stjórnarhætti og vinnubrögð sem alls ekki eiga við á Íslandi eða verða með nokkrum hætti löguð að íslenskum veruleika, án þess að það leiði til hins mesta ófarnaðar.

Atvinnulífið er látið lönd og leið. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar koma kjarasamningar ekkert við. Í stefnuræðunni er varla minnst einu orði á kjarasamninga eða þróun launamála. Ríkisstjórnin hefur lagt fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þetta fjárlagafrv. er framúrskarandi óraunhæft. Þótt það sé morandi í hótunum við velferðarþjóðfélagið, þá örlar þar varla á raunhæfum sparnaði eða aðhaldi. Sjálfstæðismenn sögðu fyrir kosningar að þeir ætluðu að lækka skatta. Reyndar er hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson undantekning því hann gloprði því út úr sér eða var svo hreinskilinn að segja að það væri ekki hægt. Þá ruku nú talsmenn Sjálfstfl. upp og töldu hann ekki mæla fyrir munn Sjálfstfl., þeir ætluðu aldeilis að lækka skattana.

Þetta fjárlagafrv. boðar stórfelldar skattahækkanir svo nemur mörgum milljörðum. Skattahækkanirnar eru ekki ætlaðar þeim sem breiðust hafa bökin, nei. Sjúkum, öldruðum, barnafólki og námsmönnum er ætlað að bera meginþungann af þessum skattahækkunum. Svo kalla þeir þetta þjónustugjöld og ég veit ekki hvað og hvað og skólagjöld. Svo á að skerða barnabætur. Þá eru stórauknar álögur á atvinnuvegina. Þannig vegur ríkisstjórnin af fullkomnu miskunnarleysi að þeim sem minna mega sín og gerir það með bros á vör. Það er engu líkara en ráðherrunum þyki gaman að leggja á skólagjöld og leggja þannig af jafnrétti til náms án tillits til efnahags. Það eru engu líkara en þeir hafi gaman af því að svipta sjúka og aldraða félagslegu öryggi til að geta fengið lyf og læknisþjónustu án tillits til efnahags. Nei. Hér eftir á besta læknisþjónusta að vera sérréttindi þeirra sem hafa fé til að greiða hana. Þetta gera mennirnir sem gengu til síðasta landsfundar undir kjörorðinu: Mannúð og mildi.

Ríkisstjórnin gerir gælur við að afhenda einkaaðilum skólana. Það er ekki í anda þess að varðveita jafnrétti til náms. Skólagjöld og skerðing námslána koma þungt niður á barnafólki og hinum efnaminni. Skólagjöld sem tekjuöflunarleið fyrir ríkisskóla er algert nýmæli sem betur fer. Stefna ríkisstjórnarinnar er landsbyggðinni einstaklega andsnúin og því atvinnulífi sem þar er stundað. Jafnvel þótt ýtrustu kröfum Alþfl. um að þröngva kosti landbúnaðarins og sjávarútvegsins hafi ekki verið sinnt samkvæmt hvítbókinni og reyndar ekki heldur fjárlagafrv. Veiðileyfagjald er næstum því eingöngu skattur á landsbyggðina.

Við höfum átt í samningum um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Framsóknarmenn tóku þátt í því að sest var að því samningaborði, enda væri nauðsynlegum fyrirvörum haldið til haga og hagsmuna Íslands gætt vandlega. Það er ástæða til að óttast að núv. ríkisstjórn hafi ekki gætt hagsmuna Íslands nægilega. Slakað hefur verið á fyrirvörum og því miður eru fremur litlar horfur á að við eigum kost á viðunandi samningi. Þingflokkur framsóknarmanna mun meta það samningsuppkast, sem gert kann að verða, vandlega og með aðgát og taka að því búnu afstöðu til þess. Ekki kemur til greina að fallast á að veita útlendingum aðgang að fiskveiðilögsögunni, aðgang að útgerð eða aðild að útgerð og fiskvinnslu í stað tollaívilnana. Ekki má opna fyrir verulegan innflutning búvöru og rústa þannig íslenskan landbúnað með niðurgreiddri búvöru frá Evrópubandalaginu. Íslendingar verða áfram að eiga land sitt sjálfir og varðveita stjórnarfarslegt sjálfstæði.

Góðir Íslendingar. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er ekki vandanum vaxin. Hún fylgir hættulegum úrræðum frjálshyggjunnar í blindni og það mun leiða okkur í ógöngur. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er meira að segja að innleiða hér á Alþingi sömu vinnubrögð og sjálfstæðismeirihlutinn í Reykjavíkurborg notar, að taka aldrei ótilneyddur tillit til minni hlutans og sýna alltaf ýtrustu hörku í samskiptum við hann. Innan stjórnarflokkanna og hér á Alþingi er fjöldi mætra manna sem bæði hafa þekkingu á atvinnulífinu og ættu að hafa ábyrgðartilfinningu og burði til þess að hafa vit fyrir sínum mönnum í ráðherrastólunum. Hvað dvelur orminn langa?

Eftir að Davíð Oddson yfirgaf borgarstjórastólinn hefur komið æ betur í ljós hve illa hann hefur stjórnað Reykjavíkurborg. Þar hefur allt vaðið í sukki og stjórnleysi. Hér hafa verið nefnd tvö dæmi, ráðhúsið og Perlan. Dæmin eru miklu fleiri. Þetta er bara toppurinn á ísjakanum. Nú þykist hann hafa efni á því að gagnrýna góða stjórn fyrirrennara síns í embætti forsrh. Maður, líttu þér nær. Davíð Oddsson þykist ekki þurfa á efnahagsráðgjöf að halda. Þess í stað er hann að ráða sér hermálafulltrúa. Ríkisstjórn hans hefur fengið sitt tækifæri, hún hefur klúðrað því, hún er að skemma okkar góða þjóðfélag. Hún verður að fara frá sem fyrst. — Góðar stundir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ólafur Ragnar Grímsson talaði mikið um velferðarríkið hér áðan. Hvernig lauk hv. þm. ferli sínum sem fjmrh.? Hann hreykir sér af því hér í þingsölunum að með því að undirrita búvörusamninginn og viðhengi hans með flokksbróður sínum Steingrími J. Sigfússyni hafi hann skuldbundið ríkissjóð á næsta ári til þess að greiða 2–3 þúsund millj. kr. meira í styrki til landbúnaðarins en á yfirstandandi ári. Þetta voru skuldbindingarnar sem hæstv. fyrrv. fjmrh. undirritaði sem vörðuðu velferð sauðskepnunnar. Hann undirritaði hins vegar enga samninga sem vörðuðu velferð gamla fólksins, barnafólksins eða sjúklinganna. Nei, þvert á móti skópu þessar aðgerðir hæstv. fyrrv. ráðherra vanda hjá gamla fólkinu, sjúklingunum og barnafjölskyldunni því að velferð sauðskepnunnar kreppir nú meira að velferð mannskepnunnar en hún gerði áður.

Hv. þm. Svavar Gestsson gekk ungur til liðs við þá stefnu sem þá réði hálfum heiminum. Þessi stefna hefur nú lagt í rúst efnahag þeirra ríkja í Evrópu sem fyrir rúmum mannsaldri voru í hópi auðugustu ríkja heims. Þar ríkir nú vesöld, fátækt og armóður. Leifarnar af hinu fyrrum fjölmenna stuðningsliði þessarar stefnu eru þó enn sums staðar á kreiki. Gera Íslendingar sér það ljóst hversu lánsamir þeir eru að hafa aldrei gengið undir ok þeirrar stefnu sem Svavar Gestsson og sumir félagar hans boðuðu? Sovét-Ísland, óskalandið, það kom aldrei, svo sé guði fyrir að þakka. Hefði það komið, þá mundi ríkja hér á Íslandi það misrétti sem ríkt hefur í löndum kommúnismans. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miða ekki að því að koma á fót slíku misrétti, hvorki í heilbrigðismálum né í öðrum málum heldur þvert á móti að varðveita kjarna velferðarríkisins, þann kjarna að við viljum tryggja öllum lífsafkomuöryggi, hvort sem er um að ræða gamalt fólk, barnafólk eða sjúklinga.

Við Íslendingar eigum nú að baki lengsta samfellda tímabil stöðnunar í efnahagslífi frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari. Allt frá árinu 1988 hefur ríkt kyrrstaða og afturför í þjóðarbúskapnum. Eftir því sem við best fáum séð eigum við ekki von á því að mikið rofi til á næstu 4–5 árum. Eina von okkar að auka þjóðartekjur í nánustu framtíð er að okkur takist að ná samningum um aukið aðgengi fyrir tollfrjálsar íslenskar afurðir á erlendum mörkuðum og álver á Keilisnesi. Ef ekki mun áfram ríkja kyrrstaða og afturför í íslenskum þjóðarbúskap þar sem þjóðin getur jafnvel átt von á því að lífskjör hennar rýrni um allt að 2% á ári á sama tíma og aðrar Evrópuþjóðir í kringum okkur halda áfram að sækja fram. Þetta er hið erfiða viðfangsefni sem stjórnvöld glíma nú við, þetta er kjarni málsins. Halldór Laxness hefur sagt: Því hefur verið haldið fram, segir skáldið, að Íslendingar beygi sig ekki fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur og þó enn síður fyri rökum trúarinnar en leysi vandræði sín með því að stunda orðhengilshátt og deila um tittlingaskít sem ekkert kemur málinu við en verða skelfingu lostnir og setur hljóða hvenær sem komið er að kjarna málsins.

Umræðurnar sem orðið hafa á Alþingi að undanförnu og endurteknar eru í kvöld af hálfu stjórnarandstöðunnar eru góð lýsing á sannleiksgildi þessara orða skáldsins. Stjórnarandstaðan ræður ekki kjarna málsins. Að vísu setur hana ekki hljóða en sumir hengja sig í aukaatriðin, aðrir lemja höfðinu við steininn, sumir hrópa og kalla og aðrir fara að flengja sjóinn. Ef slíkar aðferðir væru líklegar til að leysa vandann væri stjórnarandstaðan að gera gagn með málflutningi sínum. Þar sem aukaatriðin skipta hins vegar ekki máli, höfuðið gefur eftir á undan steininum og sjórinn skilar ekki meiri afla þó að hann sé flengdur, þá er þessi málflutningur stjórnarandstöðunnar okkur gagnslaus.

Þegar ég kom í heilbr.- og trn. lét ég það verða mitt fyrsta verk að biðja um úttekt á stöðu mála þar. Í þeirri úttekt kom fram að útgjaldaflokkar heilbr.- og trmrn. stefndu 1.700 millj. kr. fram úr heimildum fjárlaga. Sú fjárvöntun samsvarar því að fyrirvinna fjölskyldu hefði á síðari hluta ársins 1990 þurft að greiða meira en 14 þús. kr. í viðbótarskatt í ríkissjóð til að mæta þessum aukna kostnaði. Og hver var ástæðan fyrir þessari fjárvöntun? Hún var m.a. sú að aðgerðir sem fyrrv. ríkisstjórn hafði boðað um sparnað og aðhald voru aldrei framkvæmdar. Lyfjaútgjöldin ein saman stefndu 600–700 millj. kr. fram úr því sem fjárlög heimiluðu.

Í Danmörku eru lyf álíka dýr og á Íslandi og er það eina landið í allri Vestur-Evrópu þar sem lyfjaverð er álíka hátt og hér. Danir kaupa lyf fyrir um 13.600 ísl. kr. á mannsbarn á ári. Íslendingar voru farnir að kaupa lyf fyrir yfir 20 þúsund ísl. kr. á mannsbarn á ári. Er það goðgá þó hugað sé að því hvort ekki megi lækka þennan mikla lyfjakostnað?

Umræðan í kjölfar þeirra breytinga sem ég gerði um mitt ár er dæmi um hvernig hægt er með óvönduðum aðferðum að þyrla upp rakalausu og ástæðulausu moldviðri sem byggist aðeins á því að einn étur fullyrðingu upp eftir öðrum uns úr verður tilhæfulaus múgæsing. Fullyrt var að gamla fólkið hefði orðið að flýja á vit félagsmálastofnana. Sagt var að foreldrar hefðu ekki lengur efni á að kaupa meðul fyrir börnin sín, að mikið veikir sjúklingar liðu ómældar þjáningar vegna þess að þeir hefðu ekki lengur efni á að kaupa lyf og þegar á þá var gengið sem hæst hrópuðu, þá var eina svarið sem fékkst: Jú, það segja þetta allir.

Nú eru liðnir þrír mánuðir og nokkur reynsla fengin. Ekki er vitað um eitt einasta gamalmenni sem hef-

ur þurft að fá aðstoð Félagsmálastofnunar vegna hás lyfjakostnaðar. Fjölmargir sjúklingar sem þjást af langvinnum sjúkdómum borga nú minna fyrir lyfin sín en þeir gerðu áður vegna þess að reglugerðin sem ég setti gerði ráð fyrir að hægt væri að veita þeim meiri hjálp en þeir hefðu áður fengið en það hafa samt orðið umskipti. Lyfjaútgjöld þjóðarinnar hafa á þessum þremur mánuðum, júlí, ágúst og september orðið yfir 300 millj. kr. lægri en þau voru á sama tíma í fyrra. Lyfjakostnaður sjúklinga hefur á þessum sama tíma lækkað um 200 millj. kr. frá því sem hann var á sama tíma fyrir einu ári. Útgjöld sjúkratrygginga sem í maíbyrjun stefndu í 2.800–3.000 millj. kr. voru um sl. mánaðamót 1.800 millj. kr. og aðeins þrír mánuðir eftir af árinu. Og hvað um sjúklingana? Þótt lyfjakostnaður hafi hækkað nokkuð sem hlutfall af lyfjaverði nemur sú hækkun aðeins 190 kr. að meðaltali á lyf en lyfin hafa á sama tíma lækkað í verði um allt að 400 kr. á hverja lyfjaávísun því að læknar eru nú í miklu meira mæli en áður farnir að ávísa á ódýr lyf í stað dýrra lyfja þar sem þau ódýru koma að sama gagni.

Virðulegi forseti. Ég mun áfram beita mér fyrir því að lyfjareikningur þjóðarinnar geti lækkað. Nú er verið að vinna í heilbrrn. að nýrri lagasetningu um lyfsölu og lyfjadreifingu þar sem stefnt er að því að gera lyfjaverslun frjálsari en hún er í dag og koma á aukinni samkeppni þannig að álagning og innflutningsverð fari lækkandi. Er goðgá að leita leiða til þess að draga úr kostnaði við heilbrigðisþjónustuna? Meðallegukostnaður á dag á sjúkrastofnun á Íslandi er um 17 þús. kr. á hvern sjúkling. Legukostnaðurinn er frá 5 þús. kr. á dag upp í yfir 20 þús. kr. á dag á stærstu sjúkrastofnunum. Er það goðgá eða árás á velferðarkerfið að leita svars við þeirri spurningu hvort ekki sé hægt með einhverjum ráðum að draga úr þessum kostnaði?

Hæstv. fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds gerði á sínum tíma samning við lækna til að dylja þá launahækkun sem í þeim samningi fólst fyrir öðrum launþegum. Var gert ráð fyrir því að læknar í þjónustu ríkisins hefðu rétt á að fá ferðir til útlanda greiddar af ríkinu. Á ári nemur þessi kostnaður vegna utanlandsferða um það bil 300 millj. kr. Þetta er álíka há fjárhæð og varið er til allra framkvæmda í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og hjúkrunarheimilum utan Reykjavíkur. Er goðgá að spyrja sig að því hvort ekki megi nýta þessa fjármuni betur? Er það árás á velferðarkerfið? Hvað er velferð?

Kjarninn er ekki sá að allir fái allt fyrir ekki neitt. Sú kynslóð sem nú er upp á sitt besta á Íslandi lifir við meiri velferð en nokkur önnur kynslóð Íslendinga hefur gert frá því að sögur hófust. Hún býr í einhverju efnaðasta þjóðríki heims. En hún er líka einhver kröfuharðasta kynslóð sem Ísland hefur nokkurn tíma byggt og sú kröfuharka má ekki bitna á velferðarkerfinu. Hin kröfuharða kynslóð má ekki ganga svo langt í kröfugerð sinni að hún krefjist þess að allir, líka þeir sem þurfa þess ekki, geti gengið óhindrað í almannasjóði velferðarkerfisis því ef hún heldur þeirri kröfu til streitu þá munu þeir sjóðir ekki geta borgað útgjöld vegna þeirra sem þurfa á aðstoðinni að halda.

Góðir áheyrendur. Ríkisstjórn Íslands er nú að takast á við mjög alvarleg og erfið úrlausnarefni. Aðrar ríkisstjórnir hefðu þurft að takast á við þessi vandamál en þær hafa ýtt þeim frá sér. Ef núverandi stjórnarmeirihluta brestur kjarkur eða stuðning fólksins í landinu til að takast á við efnahagsvandann sem nú ógnar tilveru okkar allra, þá sé ég ekki að ríkisstjórn annarra flokka geri það. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er nú að grípa til eru ekki aðgerðir sem líklegar eru til að skapa okkur ráðherrunum stundarvinsældir. En þær eru óhjákvæmilegar og landinu verður að stjórna. Við erum ekki að gera skipulagsbreytingar í ríkisrekstri, taka upp takmörkuð þjónustugjöld, breyta rekstri stofnana eða endurskipuleggja ýmsa þætti í velferðarkerfinu af mannvonsku. Við erum ekki heldur að gera þetta að gamni okkar. Við erum að gera þetta vegna þess að það er mín einlæg sannfæring og okkar alþýðuflokksmanna að þetta sé eina leiðin til að varðveita sjálfan kjarna velferðarríkisins sem er sá að tryggja öllum Íslendingum öryggi án tillits til afkomu og efnahags, að tryggja öldruðu fólki áhyggjulaust ævikvöld, að tryggja sjúku fólki þá læknishjálp sem það verður að fá. Ef ég tryði því ekki sjálfur að við værum að gera það sem óhjákvæmilegt er til að tryggja hér á Íslandi framtíð þjóðfélags mannúðar og mildi þá stæði ég ekki í þessum sporum. — Þakka ykkur fyrir.

Anna Kristín Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Margt var það í stefnuræðu forsrh. sem vekur furðu og ástæða er til að skoða nánar. Eitt af því er orðaval ráðherrans. Hann talaði t.d. um fátæktarstefnu sem samkvæmt hans mati er hvort tveggja í senn, sósíalismi og stefna fráfarandi ríkisstjórnar. Þeir sem aðhyllast þessa svokölluðu fátæktarstefnu eru þeir sem telja að orsaka eymdar og volæðis — og takið eftir, hann kallaði það eymd og volæði, hann var að tala um kjör fólks í landinu — þeir sem aðhyllast þessa fátæktarstefnu telja að orsaka hennar sé að leita í ranglátu þjóðfélagskerfi. Hvílík firra. Samkvæmt þessari stjórnmálaskýringu forsrh. leitar hann orsaka fátæktar í meðfæddum eiginleikum einstaklinga og á ekkert skylt við þær aðstæður sem honum eru búnar í samfélaginu. Þetta orðaval ráðherrans lýsir einungis fádæma hroka og skilningsleysi á lífskjörum þeirra sem við erfiðar aðstæður búa. Og þau eru e.t.v. glöggur vitnisburður um hans eigin viðhorf.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að jafna lífskjör fólks. En miðað við yfirlýsingar og aðgerðir hennar hefur einhver af hæstv. ráðherrum tekið að sér að skilgreina hugtakið jöfnuður upp á nýtt. E.t.v. hefur einhver af ráðherrum Jafnaðarmannaflokks Íslands gert það. Lítum nánar á örfá dæmi um jöfnunaraðgerðir ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Lögð skulu á skólagjöld og námslán stórlega skert og þau gerð óhagstæð. Þetta er gert til að draga úr eftirspurn eftir námi, sagði fjmrh. í útvarpsviðtali um daginn. Hvílíkt markmið. Það á sem sagt að draga úr eftirspurn og fækka í skólum með því að hrekja þá efnaminni út úr skólunum.

Auka á hlut sjúklinga í lyfja- og lækniskostnaði,

sem líklega á að draga úr eftirspurn eftir læknisþjónustu.

Barnabætur skulu lækkaðar og komið í veg fyrir umbætur í skólamálum sem ný grunnskólalög gera ráð fyrir og eru liður í því að bæta hag barna og fjölskyldufólks. En eins og allir vita er hagur allt of margra barna hér á landi mjög slæmur.

Þessar aðgerðir eiga allar að leiða til jöfnunar samkvæmt nýrri skilgreiningu þess orðs. Hæstv. heilbrrh. vill kannski kalla þetta tittlingaskít og aukaatriði eins og hann talaði um hér áðan. En ég sakna þess að í svokallaðri stefnubók ríkisstjórnarinnar skuli ekki vera sérstakur kafli sem fjallar um skilgreiningu hugtaka. Hvað á ríkisstjórnin t.d. við þegar hún talar um velferð? Ef skilningur á því hugtaki er sams konar og á hugtakinu jöfnuður, þá skiljum við alls ekki það sem ríkisstjórnin er að tala um.

Þetta og margt fleira kallaði forsrh. hóflegar greiðslur fyrir þjónustu sem ekki skerða hag þeirra sem erfiðast eiga. Veit ráðherrann virkilega ekki betur en þetta? Veit hann ekki að þessi illa dulbúna skattlagning bitnar einmitt harðast á þeim sem erfiðast eiga? Ég vil leyfa mér að upplýsa ráðherrann og ríkisstjórnina alla um það að þá sem erfiðast eiga er líklegast að finna í hópi sjúklinga, aldraða, öryrkja og barnmargra fjölskyldna, einmitt þessara hópa sem ríkisstjórnin er að auka skattbyrðina á núna. Þá er hins vegar alls ekki að finna í hópi fjármagnseigenda og stóreignafólks. Ég minnist þess þó ekki að hafa séð tillögur um álögur á þennan hóp í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar sem segist ætla að jafna lífskjör fólks.

Á sama tíma og þessar tillögur eru settar fram senda ráðherrar ríkisstjórnarinnar ákall til samtaka launafólks um samstarf og skynsamlega samningagerð, eins og þeir kalla það, sem merkir hjá þeim 3–4% kjaraskerðingu. Dettur þeim í hug að venjulegt launafólk sé tilbúið til að taka á sig stórfellda kjaraskerðingu til viðbótar öllum nýju gjöldunum þegar engar ráðstafanir eru gerðar til að liðka fyrir samningum eða bæta hag láglaunafólks af hálfu ríkisstjórnarinnar? Þvert á móti er það megineinkenni fram komins fjárlagafrv. að hagur þeirra sem betur mega sín er tryggður á kostnað hinna sem minna hafa.

Góðir áheyrendur. Þessi ríkisstjórn er að breyta þjóðfélaginu í grundvallaratriðum. Hennar stefnu má réttilega kalla fátæktarstefnu. Hún byggir á svonefndri „perlusiðfræði" og mun leiða til þess að sá hópur sem nú býr við erfið kjör mun stækka til mikilla muna. Þjóðin verður að sameinast, og er að sameinast, gegn þessari stefnu og brjóta hana á bak aftur. Því fyrr, því betra. — Ég þakka.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. heilbrrh. fór nokkuð mikinn hér rétt áðan og gagnrýndi fráfarandi ríkisstjórn fyrir það helst að hafa gert samning við bændur, samning sem hann verður að standa við. Það kom mér ekki svo mjög á óvart að það skyldi fara í taugarnar á hæstv. heilbrrh. að hann verði að standa við það sem menn hafa gert. Hann hefur ýmislegt sagt og haft sína meiningu á því hvernig eigi að standa við það.

Ég minnist þess að á sjálfum baráttudegi verkalýðshreyfingarinnar, 1. maí sl., birtist í Skutli, málgagni Alþfl. á Vestfjörðum, grein eftir Sighvat Björgvinsson þar sem hann spyr lesendur blaðsins að því: Hverjir eru það sem eru tilbúnir að vinna undanbragðalaust að því að skila launafólki því sem það á inni hjá atvinnuvegunum og þjóðfélaginu? Og það vildi svo til að þann dag sem þessi grein birtist var greinarhöfundur orðinn ráðherra og búinn að velja sér svarið við þessari spurningu. Svar hans var Sjálfstfl., sá flokkur sem formaður Alþfl. hefur líkt við mexíkanskan bófaflokk. Og hverjar hafa efndirnar verið á þessum málflutningi heilbrrh. sem hann hafði uppi fyrir kosningar? Hvernig hefur gengið að skila launafólki því sem það átti inni hjá atvinnuvegunum og þjóðfélaginu? Svarið við því liggur líka fyrir. Launafólkið átti ekkert inni. Það á þvert á móti að bera nýja skatta, ekki eftir efnum og ástæðum, heldur eftir heilsu og barnafjölda þannig að þeir sem hafa lakari heilsu eiga að borga meira en þeir sem hafa betri heilsu og þeir sem eiga fleiri börn eiga að borga meira en þeir sem eiga færri börn. Þetta er hin nýja jafnaðarstefna Alþfl.

Hér hefur verið spurt: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í málefnum sjávarútvegsins? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þeim vanda sem blasir við landsbyggðinni um land allt? Þeim vanda sem lýsir sér í því að sjávarútvegsfyrirtækin þola ekki þetta hávaxtastig í marga mánuði í viðbót. Þeim vanda sem lýsir sér í því að mörg fyrirtæki riða til falls vegna þeirra skulda sem á þau söfnuðust á tímum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Og vegna þess vanda sem blasir við landsbyggðinni vegna þess aflasamdráttar sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári. Svörin hafa verið heldur fátækleg. Formaður Alþfl. svaraði því þannig: Lausnina er að finna í samningum við Evrópubandalagið. Það er svarið. Það er svarið sem fólkið úti á landi á að gera sig ánægt með, það fólk sem horfir fram á það að ársverkum á næsta ári muni fækka um 8–10%. Ég vil taka það fram vegna þessa svars formanns Alþfl. sem vísar til Evrópu að Evrópubandalagið hefur nú þegar hafnað alfarið tollfrelsi með fiskafurðir og krefst þess að fá að fjárfesta í sjávarútvegi Íslands og annarra EFTA-landa. Slíkt kemur að sjálfsögðu ekki til greina, enda virðast hagsmunir Íslendinga að engu orðnir í þeim viðræðum sem staðið hafa yfir um EES að undanförnu. Samningar, þar sem búið er að henda út öllum hagsmunamálum Íslendinga en gera ráð fyrir svokölluðu fjórfrelsi við þessar aðstæður eru fráleitir. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan nú óskað eftir sérstökum umræðum um Evrópusamninginn í næstu viku hér á Alþingi.

Alþb. bendir fólki á að þó að illa horfi í sjávarútvegi á næsta ári í kjölfar aflasamdráttar, þá er engin ástæða til að leggja árar í bát. Við höfum þegar flutt þáltill. í því skyni að tryggja fiskvinnslunni á landsbyggðinni hráefni og aukinn hlut í þeim afla sem veiddur er á Íslandsmiðum. Ég bendi á að á síðasta ári voru um 150 þús. tonn af botnfiski flutt til útlanda

óunnin. Það er til hráefni til að halda uppi atvinnu hér á landi ef menn einfaldlega hafa þor og kjark til þess að grípa til þeirra aðgerða sem þarf til að beina hráefninu til vinnslu innan lands en ekki að flytja það út óunnið til útlanda. — Tíma mínum er því miður lokið. Ég þakka fyrir áheyrnina.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það má segja stjórnvöldum til hróss að stefna þeirra í velferðarmálum er skýr. Það er líka það eina jákvæða sem hægt er að segja um þá stefnu. Henni verður best lýst með orðunum: Einföld, stílhrein og óréttlát. Ég efast um að önnur eins kúvending hafi orðið í íslenskum stjórnmálum á þessari öld og með valdatöku Viðeyjarstjórnarinnar. Horfið er frá hugmyndum um að allir eigi að eiga jafnan rétt í velferðarkerfinu, aðgang að góðum skólum, heilsugæslu og annarri nauðsynlegri þjónustu. Nú á að mismuna. Ekki þannig að þeir greiði mest sem hafa hæstar tekjurnar. Þvert á móti. Ætlast er til að sá greiði mest af nýjum sköttum stjórnarinnar sem lægstar hefur tekjurnar. Með því að skattleggja nauðþurftir, svo sem lyf, læknisþjónustu og skólagöngu er hæst hlutfall klipið af tekjum hinna láglaunuðu. Eða trúa stjórnvöld því kannski að það séu einungis þeir sem hafa há laun sem þurfi á þessu að halda? Auðvitað ekki. Og þeim er ljóst að byrðarnar eru þyngstar á láglaunafólkinu. Gallinn er bara sá að þeim er nákvæmlega sama.

Hvernig hafa stjórnarsinnar hugsað sér að fólk t.d. með 55 þús. kr. mánaðartekjur geti greitt mat, húsnæði, skólagöngu og nauðsynleg lyf? Við slík laun búa allt of margir í okkar góða landi, aðallega konur. Veldur það áhugaleysinu? Og einnig ríkisstarfsmenn. Þeim á hvort er að fækka svo þeir eru kannski úr leik þess vegna. Þrátt fyrir þessa staðreynd talar hæstv. forsrh. í ræðu sinni um sigurgöngu íslensku þjóðarinnar frá fátækt til bjargálna. Hvílík þversögn. Hann fylgist ekki með. Eru menn bjargálna með laun undir 55 þús. kr. á mánuði til að framfleyta heilli fjölskyldu? Nei. Samt er mörgum gert að lifa á þeim lúsarlaunum, meira en 15% verkafólks bæði karla og kvenna. Þetta eru tölur úr nýjasta Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar þannig að ég geri ráð fyrir að þær séu réttar. Og ef litið er á konur í afgreiðslustörfum er ástandið enn þá verra. Meira en 20% þeirra eru undir 55 þús. kr. mörkunum. Ég spyr því: Er það þetta fólk sem á að herða sultarólina núna þegar illa árar? Væri ekki nær að þeir greiddu sem geta? En það er ekki stefna stjórnvalda.

Ekki má hins vegar hreyfa við fjármagnseigendum. Þeir eru friðaðir. Hvaða réttlæti er í því að einn greiði skatt en annar ekki af eigum sínum? Sá sem kaupir íbúð gerir það, fyrst reyndar af kaupinu sem hann borgar hana með og síðan af henni sjálfri. En kaupi hann hlutabréf, þá eru þau skattfrjáls, svo og tekjurnar sem hann notar til að kaupa þau með. Hvort er hú lífsnauðsynlegt: þak yfir höfuðið eða hlutur í fyrirtæki? Á maðurinn kannski að byggja sér bréfhús úr hlutabréfum? Eru það kannski nýjustu húsbréfin? Stefna ríkisstjórnarinnar hlýtur að vekja spurninguna: Ríkir hér lýðræði í raun? Er stjórnin málssvari kjósenda sinna?

Í kosningabaráttunni gátu kjósendur stjórnarflokkanna haldið að þeir væru að kjósa allt aðra flokka en þá sem nú sitja í stjórn, jafnvel þótt þeir kysu A eða D, stjórn sem legði áherslu á velferð kjósenda, meira að segja allra, legðist gegn skattahækkunum og ætlaði sér að bæta kjör hinna lægst launuðu. Vonbrigði þessa fólks sjást vel í hörðum viðbrögðum við áformuðum aðgerðum stjórnarinnar. Hlusta stjórnvöld á þessar raddir? Nei. Þeirra er valdið og þau nota það. Gleymd eru fyrirheit um tekjujöfnun, svo sem hækkuð skattleysismörk. Svikin eru loforð um að skattar verði ekki hækkaðir því að hvað eru þjónustugjöldin annað en skattar?

Stjórnvöld hafa verið óspör á að kenna öðrum um allt það sem miður fer. Það er ekkert nýtt. En hverjar eru svo lausnir þessarar ríkisstjórnar? Atvinnustefnan er rýr. Lausnarorðið er einkavæðing. Ég óttast þó að stjórnvöld hafi alls ekki gert sér grein fyrir því um hvað þau eru að tala. Hvað merkir t.d. einkavæðing heilsugæslu og skóla? Að sumir verði kannski jafnari en aðrir? Það er mikill munur á því að leyfa einkafyrirtækjum að starfa við hlið opinberra aðila og því að stjórnvöld leggi lögboðna þjónustu svo sem skóla heilla skólahverfa í hendur einkaaðila. Því miður heyrist mér að hæstv. menntmrh. geti vel hugsað sér að fara hina verri leið. Annað er val, hitt er einokun. Mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna einokun á að vera í lagi bara ef hún er á hendi einkaaðila. Hvernig geta þeir sem kalla sig málsvara frelsis tekið undir það? Ég óttast að nú séu menn að rjúka til og endurtaka mistök Margrétar Thatcher því treglega gengur mönnum að læra af sögunni.

Mig langar til að vitna nú til orða bresks íhaldsmanns sem var hér á landi nýverið. Þessi maður, Douglas Smith, er sérfræðingur í markaðsmálum. Hann segir í Morgunblaðinu í fyrradag, með leyfi hæstv. forseta:

„En þegar vatnsveiturnar eru einkavæddar eða rafveiturnar, hvar er þá öll samkeppnin? Venjulegur notandi á rauninni ekki aðra möguleika en þann að kaupa þjónustuna af fyrirtækinu á staðnum eða svæðinu, ekki fer fólk almennt að grafa eigin brunn í garðinum eða fá sér dísilrafstöð. Í stuttu máli, við teljum að of langt hafi verið gengið. Niðurstaðan í t.d. vatnsveitumálum er að franskir aðilar hafa keypt margar veitnanna, verðið á þjónustunni og laun ráðamanna fyrirtækjanna hafa hækkað upp úr öllu valdi. Þeir eru farnir að fjárfesta í hótelum í staðinn fyrir að gefa okkur kost á hreinna vatni [...] eða lækka verðlagið."

Það hafa nefnilega ýmis hugmyndakerfi hrunið. Og hvaða lærdóm getum við hér heima dregið af einkavæðingu t.d. bifreiðaskoðunar? Ég held að það sé æðimisjafnt sem menn láta af því. Það er því athyglisvert að sjá í hvítbókinni, sem ríkisstjórnin sendi frá sér í morgun, að einkavæðing er draumsýn ríkisstjórnarinnar. Þar stendur, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin stefnir að því að gera átak til einkavæðingar starfsemi hins opinbera á kjörtímabilinu."

Það vekur athygli að á meðal þess sem á listanum er eru Rafmagnsveitur ríkisins, Póstur og sími og Landsvirkjun. En um þessar stofnanir segir orðrétt, með leyfi forseta: „... verður unnið að því að auka sjálfstæði og rekstrarábyrgð annarra með breyttu rekstrarformi, einkum með því að breyta þeim í hlutafélög." Enn fremur: „Formbreyting af því tagi sem hér um ræðir útilokar hvorki frekari breytingar, svo sem þær að rekstur og rekstrarþættir framangreindra stofnana séu boðnir út eða seldir, né þarf hún nauðsynlega að fela í sér að hlutur ríkisins verði seldur."

Hér er greinilega sótt á einkavæðingarmið. Og stefnuræða hæstv. forsrh. er í sama anda. Hér er sem sagt allt opið fyrir einokun fjármagnseigenda. Viðvörun Douglas Smith er því fyllilega tímabær. En annað sýnu alvarlegra mundi einnig felast í einkavæðingu fyrirtækja á borð við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins. Þá mundi erlendum aðilum verða gerður greiður aðgangur að sameign þjóðarinnar, þ.e. orkulindum okkar, ef yfirlýst stefna stjórnvalda nær fram að ganga að við göngum inn Evrópskt efnahagssvæði, EES.

Þannig er að eitt lykilatriði EES er að ekki má mismuna Íslendingum og útlendingum í fyrirtækjarekstri. Þetta þýðir að á meðan orkufyrirtæki landsins eru eign opinberra aðila geta útlendingar ekki eignast þau. Ef þessi fyrirtæki eru hins vegar einkavædd þá má John Smith eða Jacques Delors alveg kaupa þau upp eins og Jón Jónsson eða Jón Baldvin. Þetta hef ég meira að segja fengið staðfest hjá ábyrgum opinberum aðilum. Þetta sannar tvennt. Að stjórnvöld hafa ekki hugsað dæmið um einkavæðingu til enda og að þau hafa ekki enn áttað sig á því hvað felst í aðild Íslands að EES, illt að vita en satt.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þau dæmi sem ég hef nefnt hér eru aðeins hluti af þeirri vanhugsuðu og alvarlegu stefnu sem stjórnvöld hafa tekið. Stefnu sem er ekki í þágu velferðar. Stefnu sem bitnar ekki síst á konum, því þær sitja í lægst launuðu störfunum. Það eru ekki þær sem munu kaupa upp fyrirtækin í einkavæðingaræðinu. Sennilega ekki íslenskir karlmenn heldur, skyldi sú hugsun hafa verið hugsuð til enda? Það eru þær sem þurfa að borga stærstan hluta launa sinna í hækkuð þjónustugjöld verði reynsla okkar svipuð og reynsla Breta. Ég hlýt því að óska þess að stjórnin fari frá sem allra fyrst. Hún svindlaði sig inn á kjósendur. Hve mikinn skaða hún gerir áður en hún fer frá fer eftir því hve lengi hún leikur lausum hala. Vissulega getur hún fallið á innbyrðis sundurþykkju en líklegra þykir mér að viljinn til að sitja og beita valdi sínu verði málefnaágreiningi yfirsterkari.

6. FUNDUR

mánudaginn 14. okt.,
kl. 13.30 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 10. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu viku leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl."

Þá hefur einnig borist eftirfarandi bréf, dags. 10. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu viku leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson prófastur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v."

Þá hefur einnig borist bréf, dags. 10. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturl., Elínbjörg Magnúsdóttir fiskvinnslukona, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl."

Þá hefur einnig borist eftirfarandi bréf, dags. 10. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Austurl., Einar Már Sigurðarson kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 10. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. e., Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e."

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 10. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55 1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Samtaka um Kvennalista í Reykn., Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og því undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Aðrir varamenn taka hins vegar sæti á Alþingi í fyrsta sinn og ber þeim því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni samkvæmt 2. gr. þingskapa og munu þeir gera það nú.

Hjálmar Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., Elínbjörg Magnúsdóttir, 5. þm. Vesturl., Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl., Stefanía Traustadóttir, 4. þm. Norðurl. e., og Kristín Sigurðardóttir, 9. þm. Reykn., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varaþingmenn hafa nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þau Jónas Hallgrímsson, Hjálmar Jónsson, Elínbjörg Magnúsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Stefanía Traustadóttir og Kristín Sigurðardóttir öll boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Þróun íslensks iðnaðar.

Beiðni SvG o.fl. um skýrslu, 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Beiðnin leyfð með 48 shlj. atkv.

Kosning tveggja aðalmanna í útvarpsráð í stað Ingu Jónu Þórðardóttur viðskiptafræðings og Magnúsar Erlendssonar fulltrúa og eins varamanns í stað Friðriks Friðrikssonar framkvæmdarstjóra, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það hefur orðið að samkomulagi þó svo kosning í útvarpsráð fari fram nú að þegar menntmrh. kemur heim verði umræða hér utan dagskrár um

málefni Ríkisútvarpsins. Ég tel rétt að þetta komi fram við þessa atkvæðagreiðslu, hæstv. forseti.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Frú forseti. Þar sem við stjórnarandstæðingar höfum nú um helgina verið fullvissaðir um að það ágæta *fólk sem hér stendur til að kjósa í útvarpsráð muni* ekki koma í bakið á hæstv. menntmrh. í störfum sínum sé ég ekkert á móti því að þessi kosning fari fram.

Við kosningu aðalmanna og varamanns kom fram einn listi með nöfnum tveggja aðalmanna og eins varamanns. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Halldóra Rafnar BA,
Hjálmar Jónsson sóknarprestur.

Varamaður:
Guðmundur H. Garðarsson, fyrrv. alþingismaður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þar sem nú hafa verið kjörnir aðalmenn í útvarpsráð tveir fulltrúar sem áður voru varamenn telur forseti eðlilegt að fram fari kjör í tvö varamannssæti sem nú eru laus, þegar á þessum fundi, ef tilbúinn er listi með nöfnum þeirra. Vil ég biðja um lista.

Fram kom einn listi með nöfnum tveggja varamanna. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Varamenn:
Dögg Pálsdóttir lögfræðingur,
Pétur Rafnsson framkvæmdastjóri.

Sementsverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):
Virðulegi forseti. Í fjarveru hæstv. iðnrh. vil ég mæla hér fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, en þetta frv. er að finna á þskj. 14. Frv. hefur tvívegis áður verið lagt fram á Alþingi í þessari eða mjög svipaðri mynd. Á 112. löggjafarþingi var það raunar afgreitt frá efri deild en dagaði þá uppi í neðri deild. Á síðasta þingi var frv. flutt að nýju í efri deild en hlaut ekki afgreiðslu enda var þá þinghald venju fremur stutt.

Tilgangurinn með þessu lagafrv. er eins og fram kemur í heiti þess að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Byggt er að stofni til á frv. sem samið var í iðnrrn. árið 1987 en á því hafa síðan verið gerðar nokkrar breytingar. Meginefni frv. má í stuttu máli lýsa í sex liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að leggja Sementsverksmiðju ríkisins og allt hennar fylgifé til sérstaks hlutafélags sem stofnað verði og að sérstök matsnefnd skuli meta eignir og verði matið haft til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár í væntanlegu félagi.

Í öðru lagi að hlutverk hins nýja félags verði víðtækara en hlutverk Sementsverksmiðjunnar er nú og því heimilað að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Heimili félagsins og varnarþing verður á Akranesi.

Í þriðja lagi er lagt til að öll hlutabréf félagsins verði við stofnun þess eign ríkissjóðs og að samþykki Alþingis þurfi til að bjóða hlutabréfin til sölu.

Í fjórða lagi er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar og lögbundið samráð verði haft við Akraneskaupstað um málefni félagsins.

Í fimmta lagi er lagt til að skipuð verði sérstök undirbúningsnefnd til þess að undirbúa stofnun félagsins og að stofnfundur verði haldinn eigi síðar en 1. júlí 1992.

Í sjötta lagi er lagt til að nýja hlutafélagið yfirtaki reksturinn í ársbyrjun 1993.

Það var með lögum nr. 35/1948 að Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til að reisa hér á landi verksmiðju til að framleiða sement. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi og hefur verið rekin sem sérstakt ríkisfyrirtæki, en um hana gilda raunar ekki önnur lagaákvæði en lögin um byggingu sementsverksmiðju. Sementsverksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan og er fjárhagur hennar traustur eins og fram kemur í grg. með frv. Raunar má geta þess hér til viðbótar að sementsframleiðsla á þessu ári hefur verið heldur meiri en áætlað var, einkanlega var sementssala á fyrri hluta ársins meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir þannig að aukningin á sementssölu fram til þessa er um 2% miðað við gerðar áætlanir. Miðað við 8 mánaða uppgjör á þessu ári gæti stefnt í það að þetta fyrirtæki skilaði 30–40 millj. kr. rekstrarhagnaði á þessu ári ef svo heldur sem horfir.

Alþingi kýs nú fimm menn í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára í senn og skipar iðnaðarráðherra einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Í þessu frv. er lagt til að lögbundið verði samráð starfsmanna og stjórnenda í þessu væntanlega hlutafélagi og jafnframt að tryggt verði til frambúðar samráð félagsstjórnar og bæjaryfirvalda á Akranesi. Er þetta lagt til ekki síst með tilliti til þess að tryggja stöðu starfsmanna og bæjaryfirvalda, tryggja stöðu þeirra að stjórn félagsins en þessir aðilar hafa jafnan átt gott samstarf við hina þingkjörnu stjórn fyrirtækisins.

Til þess nú að tryggja sem best að mat á eignum verksmiðjunnar endurspegli réttilega þau verðmæti sem þarna er um að ræða, þá er í frv. lagt til að þriggja manna matsnefnd hæfra og óvilhallra manna leggi mat á verðmæti verksmiðjunnar og skal a.m.k. einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Nefndin skal dómkvödd af bæjarfógetanum á Akranesi. Inn í slíkt mat kemur að sjálfsögðu jafnt verðmæti fasteigna, véla og búnað-

ar sem og þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. Síðan er lagt til að ráðherra skipi aðra nefnd sem hafi það hlutverk að stofna hlutafélagið og koma því á laggirnar en lagt er til að það taki við verksmiðjurekstrinum 1. jan. 1993.

Ef frv. þetta verður að lögum þá mun stjórn hlutafélagsins kjörin á aðalfundi til eins árs í senn og mun iðnaðarráðherra fara með eignarhluta ríkisins í félaginu. Um stjórn félagsins, framkvæmdastjórn, ársreikninga o.s.frv. mun fara eftir ákvæðum hlutafélagalaga og samþykktum félagsins, en gæta verður í því sambandi sérákvæða sem lagt er til að lögfest verði, svo sem um hlutverk, heimili, endurráðningu starfsmanna, samstarfsnefnd og samráðsfundi.

Það er gengið út frá því að þetta fyrirtæki greiði skyldur og skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds og fær Akraneskaupstaður fjórðung landsútsvarsins auk hlutdeildar í tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt reglum þar að lútandi. Reikna má með því að tekjur kaupstaðarins af aðstöðugjaldi verði nokkru hærri en hluti kaupstaðarins í landsútsvari. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun tapa samsvarandi fjárhæð í tekjum sínum sem þó skiptir sjóðinn tiltölulega litlu máli. Við þessa breytingu verða aðstöðugjaldstekjur bæjarfélagsins á hvern íbúa sambærilegar og hjá velflestum öðrum sveitarfélögum.

Þegar breyta á ríkisfyrirtæki í hlutafélag þarf að huga m.a. að lífeyrisréttindum starfsmanna. Í dag eru um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hefur þeim ekki fjölgað á síðustu árum. Aðrir starfsmenn eru hins vegar í hinu almenna lífeyrissjóðakerfi. Þótt ekki sé beint að því vikið í texta frv. er í greinargerð gert ráð fyrir að lífeyrisréttindi þessara starfsmanna breytist ekki og það verður að gera ráð fyrir því að sá kostnaður sem því er samfara komi inn í matið á verðmæti fyrirtækisins. Hitt er svo það að þegar verið er að breyta mörgum ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, þá hlýtur þetta mál líka að koma upp á þeim vettvangi.

Virðulegi forseti. Aðalspurningin sem upp kemur í hugann varðandi þetta frv. er: Af hverju er lagt til að Sementsverksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag? Svarið við því er einfalt: Með því að fyrirtækið væri rekið sem hlutafélag yrðu rekstarskilyrði þess samræmd því sem almennt gildir um stærri fyrirtæki í landinu. Með því móti yrði ábyrgð ríkissjóðs á fyrirtækinu takmörkuð við hlutafjáreign ríkisins. Um alla starfsmenn giltu sömu reglur og á almennum vinnumarkaði og skattareglur fyrirtækisins yrðu þær sömu og almennt gilda.

Sementsverksmiðjan hefur auðvitað í raun haft einokunaraðstöðu á íslenskum markaði og hlýtur því að vera undir smásjá hvað varðar verðlagningu á framleiðslu fyrirtækisins. Skylt er þó að geta þess í þessu sambandi að innflutningur á sementi er frjáls. Það hefur hins vegar enginn séð sér hag í því að flytja inn sement vegna þess að innflytjendur hafa ekki getað keppt við það verð sem Sementsverksmiðja ríkisins býður.

En meðan ríkissjóður á öll hlutabréf í þessu fyrirtæki verður ekki breyting á ábyrgð stjórnvalda á verðlagningu sements, en í raun hafa það verið verðlagsyfirvöld en ekki eigendur fulltrúa fyrirtækisins sem á undanförnum árum hafa haft síðasta orðið um verðlagningu á sementi. Ef hlutabréf í félaginu yrðu hugsanlega seld síðar mundu koma upp spurningar um yfirburðaaðstöðu félagsins á markaði og auðvitað þá stóraukið eftirlit opinberra aðila. Fyrirtækið yrði þá áfram undir smásjá verðlagsyfirvalda samkvæmt núgildandi lögum, en það fellur undir skilgreininguna „markaðsráðandi fyrirtæki á sínu framleiðslu- og sölusviði".

Við eigum væntanlega eftir á næstunni að sjá breytingar á þeirri löggjöf sem mælir fyrir um frjálsa samkeppni fyrirtækja á íslenskum markaði og munum þá e.t.v. taka nýjum tökum ýmis vandamál í verðmyndun hér á landi sem stafa af einokunaraðstöðu fyrirtækja, hvort sem þau eru í opinberri eigu eða í eigu einstaklinga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hefði talið eðlilegra að við hefðum getað átt orðastað við hæstv. iðnrh. en þar sem hann er ekki hér nú, þá hef ég hugsað mér að segja nokkur orð um þetta frv.

Lagt er til í þessu frv. að Sementsverksmiðja ríkisins verði gerð að hlutafélagi. Ég sé í fljótu bragði ekkert sem mælir gegn því, en þó eru nokkur atriði sem verður að hafa í huga.

Hæstv. umhvrh. minntist hér á réttindi starfsmanna en ég tel mjög mikilvægt að um leið og slík breyting eins og hér er gert ráð fyrir er gerð, þá verði athugað mjög vel að hagsmunir þeirra verði ekki afgangsstærð í málinu. Vona ég að séð verði til þess, eins og kom raunar fram í máli hæstv. umhvrh.

Í frv. er gert ráð fyrir að öll hlutabréf fyrirtækisins verði í eigu ríkisins og að sérstaka heimild þurfi til þess frá Alþingi að selja hlutabréfin. Eftir því sem komið hefur fram opinberlega, þá virðist það vera hugmyndin að selja öll hlutabréfin sem ríkið hefur yfir að ráða í þessu fyrirtæki. Mig langaði til að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvaða áform eru innan ríkisstjórnarinnar í sambandi við þetta mál? Er meiningin að selja þessi hlutabréf strax eða á að vera einhver frestun á því máli? Það er gert ráð fyrir því hér og ekki var hægt að heyra í máli framsögumanns að það ætti að gera það, a.m.k. ekki um leið og þetta frv. væri samþykkt, en mig langaði til að vita hvaða áform væru uppi að því er varðar þetta fyrirtæki.

Það er eitt atriði sem ég á mjög erfitt með að fella mig við í frv. og það er 9. gr. þess. Þar er gert ráð fyrir að fyrirtækið greiði opinber gjöld samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og hætti að greiða landsútsvar. Hæstv. umhvrh. taldi að þetta skipti í raun engu máli fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en ég held að það geti skipt miklu máli að skerða þannig það fé sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Mig langar til að vita nánar hvað þetta eru miklar upphæðir. Hæstv. ráðherra

sagði: Þetta skiptir ekki máli fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það skiptir auðvitað máli þegar verið er að skerða Jöfnunarsjóðinn ef áform eru uppi um að halda áfram slíkum skerðingum.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga segir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að landsútsvör greiði: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Áburðarverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sementsverksmiðjan, Sala varnarliðseigna, olíufélögin, Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, bankar og sparisjóðir. Þarna eru t.d. bankar og sparisjóðir, er það einnig áform ríkisstjórnarinnar að um leið og bankarnir verða gerðir að hlutafélögum, eins og mér skilst að sé á þeirra stefnuskrá, þá muni þeir líka hætta að greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga? Ég tel því að þarna sé um stórmál að ræða og ekki sé hægt að afgreiða það með því að þetta skipti ekki neinu máli fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eins og kom hér fram í máli hæstv. umhvrh. Það er því akkúrat þetta atriði sem ég hef lagt mikla áherslu á þegar þetta mál hefur komið hér til umræðu, að farið verði sérstaklega ofan í hlut Jöfnunarsjóðsins og hann verði ekki skertur eins og hérna virðist vera gert ráð fyrir og e.t.v. eru áform uppi um í áframhaldinu.

Ég nefndi það að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg væri eitt af þeim fyrirtækjum sem greiddi landsútsvar. Í maí árið 1989 voru samþykkt lög hér á Alþingi um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og það eru nákvæmlega eins ákvæði í þessu frv. Það stendur í 6. gr.: „Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.“ Þannig virtist hafa verið gert ráð fyrir því þann 9. maí að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ætti að greiða samkvæmt þeim lögum. En þann 20. maí, nokkrum dögum síðar, voru samþykkt lög á Alþingi um tekjustofna sveitarfélaga þar sem Ríkisprentsmiðjan Gutenberg er inni sem greiðandi landsútsvars. Mér skilst þá að þau lög eigi að gilda, þau sem eru nýrri. Eftir því á Ríkisprentsmiðjan Gutenberg að greiða landsútsvar þannig að það er ekkert sem mælir gegn því að Sementsverksmiðja ríkisins geri það líka. Þetta finnst mér vera atriði sem skiptir mjög miklu máli og er alls ekki hægt að afgreiða svona með einni setningu, að þetta breyti ekki neinu fyrir Jöfnunarsjóðinn.

Mér finnst líka skipta verulegu máli þegar verið er með áform um að selja ríkisfyrirtæki, eins og hér er greinilega stefnt að, að þau fyrirtæki hafi ekki einokunaraðstöðu eins og Sementsverksmiðja ríkisins hefur því að í stað þess að vera með einokun ríkisfyrirtækja værum við með einkaeinokun sem er alls ekki neitt betri heldur auðvitað miklu verri. Mér finnst því að þetta mál sé miklu flóknara en svo að hægt sé að segja að þetta sé bara eitthvert smámál sem við getum samþykkt hérna á skömmum tíma. Það þarf að fara mjög vandlega ofan í þetta mál frá ýmsum sjónarhornum.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi taka það fram að ég teldi heppilegra að ræða þetta mál að viðstöddum hæstv. iðnrh. Þó að ég kunni vel að meta upplestur hæstv. umhvrh. og telji hann ekki síðri í lestri en hæstv. iðnrh. og jafnvel betri, þá teldi ég hitt heppilegra að ræða málin að hæstv. iðnrh. viðstöddum. Ég vil láta það koma fram að ég skildi svo samtöl formanna þingflokka og forsetanna í morgun að það væri ætlunin að standa þannig að þessu að hæstv. umhvrh. mundi hafa framsögu um málið, en síðar færu fram ítarlegri umræður um það þegar hæstv. iðnrh. væri kominn. Með hliðsjón af því hafði ég ekki hirt um það að biðja um orðið í þessari umræðu sem talsmaður Alþb. í þessum málaflokki, en taldi nauðsynlegt úr því að þess var ekki getið af hæstv. forseta að láta þetta koma hér fram af minni hálfu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti geta þess að hann hafði gert ráð fyrir því að slík beiðni, ef ákveðin yrði, kæmi fram frá þingflokksformönnum en ekki að forseti að fyrra bragði mundi lýsa því yfir að óskað væri eftir frestun. Þannig skildi hann þessar umræður.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns um það að þessari umræðu verði frestað. Eins og fram kom í máli hv. 15. þm. Reykv. hér áðan er margt flókið í þessu máli sem þarf að ræða nánar. Ég tek undir þá ósk að þessari umræðu verði frestað þangað til iðnrh. verður viðstaddur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram bein ósk um að þessari umræðu verði frestað og mun forseti verða við þeirri ósk og er því umræðunni frestað. (**Umhvrh.:** Ég hafði óskað eftir að taka til máls, forseti.)

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Frumvarp um Sementsverksmiðju ríkisins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. umhvrh. óskar eftir því að taka til máls. Forseti verður þá að gefa honum orðið undir umræðu um þingsköp því forseti er búinn að fresta umræðunni um Sementsverksmiðjuna.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er heldur óvenjulega að málum staðið. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir flytur ræðu og beinir til mín spurningum sem starfandi iðnrh. Síðan kemur fram ósk um að umræðunni verði frestað, sem er að vísu mjög óvenjulegt því að það er alvanalegt í störfum þingsins að starfandi ráðherrar í forföllum annarra mæli fyrir frv. og þau fái að ganga til nefndar. Ég ætla ekki að hafa uppi neina kröfu um slíkt. Hér er að vísu um að ræða mál sem er hv. þm. mörgum hverjum afar vel kunnugt, en auðvitað þarf það góða og ítarlega athugun í nefnd. Og það hefur enginn beðið um

að þessu máli yrði hraðað sérstaklega. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir talaði um að hér ætti að afgreiða málið á skömmum tíma og væri engin ástæða til þess. Ég er henni alveg sammála um það. Það á að taka sér tíma til að ahuga þetta mál þó að það hafi að vísu fengið mjög mikla athugun í þinginu áður. En það er óvenjulegt að stjórnarandstaðan skuli ekki fallast á það að mál gangi áfram til nefndar, þetta er bara 1. umr., og beri því við að ráðherra sá sem um málið fjallar að venjubundnum hætti sé ekki viðstaddur.

Við getum úr okkar fyrra samstarfi, hv. þm. Svavar Gestsson, fundið mýmörg dæmi um þessa málsmeðferð og aldrei hafa verið við það gerðar athugasemdir.

En ég viðurkenni það, virðulegi forseti, að mér finnst það ekki rétt og eðlileg fundarstjórn þegar búið er að beina til mín spurningum að mér skuli þá ekki gefið orðið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að á dagskrá þessa þingfundar eru tvö mál sem annars vegar er flutt af hæstv. iðnrh. og hins vegar af hæstv. viðskrh. Að því er þessi mál varðar liggur það þannig gagnvart mínum flokki að við hefðum gjarnan viljað eiga orðastað við hæstv. iðnrh. um það fyrra, þ.e. Sementsverksmiðju ríkisins, af ýmsum ástæðum og þykir þess vegna lakara að umræðan hin fyrsta verði til lykta leidd án þess að hann sé viðstaddur.

Öðru máli gegnir að mínu mati um þingmálið sem varðar samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og snertir setningu auglýsingalöggjafar að öðru leyti en því að við höfum gert við það athugasemd að dreift hefur verið þingskjali á ensku, sem er fylgiskjal þess frv., og okkur þykir það óeðlilegt. Hæstv. umhvrh. hafði lofað því að ráða bót á því máli með því að láta þýða þingskjalið og að dreifa því til meðferðar í þinginu.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. umhvrh. að mál geta verið afar misjöfn að þessu leytinu til. Oft hefur það gerst að ráðherrar hafa talað fyrir málum þegar þeir hafa gegnt störfum fyrir aðra ráðherra en ég hygg að ég þurfi ekki að nefna mörg dæmi, þó gæti ég það, um að stjórnarandstöðuþingmenn hafa óskað eftir því að mál sé ekki tekið fyrir nema viðkomandi fagráðherra sé viðstaddur. Í því sambandi nægir mér væntanlega til þess að hressa upp á minni hæstv. ráðherra að benda á hv. 8. þm. Reykn. sem iðulega fékk ekki að láta hlutina ganga þannig fyrir sig að einhverjir aðrir töluðu fyrir þeim málum sem hann var með. Ég hygg að það hafi aftur og aftur gerst að menn hafi sagt sem svo: Það er óhjákvæmilegt að Ólafur Ragnar Grímsson, páv. hæstv. fjmrh., sé viðstaddur þegar umræður fara fram um hans mál. Mér er sem ég sjái upplitið á sumum ágætum stjórnarandstæðingum á þeim tíma hefði verið reynt að knýja fram umræðu um hans mál án þess að hann væri viðstaddur.

Þess vegna er allur gangur á þessu og við þurfum svo sem ekkert að setja á neinar ræður um það. En ég endurtek það að ég vil fyrir mitt leyti og fyrir hönd þingflokks Alþb. fara fram á það að umræðan um Sementsverksmiðju ríkisins fari fram að verulegu leyti að viðstöddum hæstv. iðnrh.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það hvarflaði að sjálfsögðu aldrei að mér að hafa neitt við þessa ósk að athuga. Ég benti bara á að oft hefði verið á annan veg gert. Mín athugasemd fólst hins vegar eingöngu í því að ég óskaði eftir að fá að svara hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og þeim spurningum sem hún hafði fyrir mig lagt og mér þykir miður að ég skyldi ekki hafa átt kost á því.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Stjfrv., 21. mál (auglýsingar). — Þskj. 21.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Í fjarveru hæstv. viðskrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þetta mál er að finna á þskj. 21.

Frv. þetta á rætur að rekja til þáltill. um auglýsingalöggjöf frá 18. mars 1987. 1. flm. þeirrar tillögu var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Frv. var lagt fram seint á 112. löggjafarþingi vorið 1990 en varð ekki útrætt. Sama sumar var það sent til umsagnar ýmissa aðila og bárust m.a. umsagnir frá Neytendasamtökunum, Barnaverndarráði og Verslunarráði Íslands. Eftir athugun á þeim athugasemdum sem þá komu fram þótti ekki ástæða til að gera breytingar á frv. og var það lagt fram efnislega óbreytt á 113. löggjafarþingi haustið 1990, en varð enn ekki útrætt. Frv. er nú lagt fram enn á ný efnislega óbreytt nema hvað gildistökugrein hefur af eðlilegum ástæðum verið breytt.

Þetta frv. samdi nefnd sem viðskrh. skipaði 15. mars 1988. Í því eru ákvæði sem byggja á hinni almennu grein verðlagslaganna um villandi auglýsingar en þó gengur þetta frv. lengra og felur í sér ýmis nýmæli. Það tekur reyndar á ýmsum öðrum grundvallaratriðum, t.d. nauðsyn varúðar í auglýsingum sem höfða til barna og nauðsyn þess að auglýsingar séu ekki aðeins á lýtalausri íslensku í sjónvarpi og hljóðvarpi heldur hvar sem þær birtast. Þá þótti rétt að hafa fá ákvæði í hinum almennu auglýsingalögum en setja ítarlegri útfærslu lagaákvæðanna í reglugerð sem auðvelt væri að breyta eftir kröfum tímans hverju sinni. Í reglugerðinni skyldi m.a. byggt, eins og fram kemur í greinargerð, á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi, en þær reglur eru mjög ítarlegar.

Þá er í frv. gerð tillaga um kerfi til þess að taka á ýmsum úrlausnaratriðum um auglýsingar. Kerfið byggist á virku starfi og valdi auglýsinganefndar sem nýtur aðstoðar Verðlagsstofnunar, þeirrar opinberu stofnunar sem einna helst er ætlað að sinna neytendavernd hér á landi. Það má ætla að þetta kerfi verði bæði

virkara og liprara en núverandi kerfi og eru vonir bundnar við að þessi auglýsinganefnd geti gert mikið gagn til að bæta auglýsingar og til að búa til farveg fyrir neytendur til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Markmiðið með hinum nýju ákvæðum í lögum og reglugerð er að stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaði og vernda betur hagsmuni neytenda, fyrst og fremst barna, eins og fram kemur í frv. Það er ekki vanþörf á því að gefa hagsmunum barna sérstakan gaum nú á tímum þegar áhrif fjölmiðlanna eru jafnrík og raun ber vitni. Auglýsingaákvæði annarra íslenskra laga eða reglna byggjast ekki endilega á sömu sjónarmiðum.

Sú athugasemd Verslunarráðs Íslands að í frv. séu engin veigamikil ný ákvæði um auglýsingar sem þegar sé ekki lagarammi um sýnist mér ekki fá staðist. Hér skal þó undirstrikað að með þessu frv. er lagður grundvöllur að því að unnt sé að setja ítarlegri reglur um auglýsingar sem snerta börn með hliðsjón af siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins og hugsanlega ýmsum öðrum heimildum. Án skýrrar lagastoðar væri ekki unnt að setja ítarlegar reglur um þetta efni í reglugerð.

Þá er einnig með frv. lagður grundvöllur að setningu reglna um auglýsingar almennt með tilvísun í siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins aðrar erlendar heimildir en engin slík tilvísun er nú í gildandi lögum. Að þessu leyti getur ný almenn auglýsingalöggjöf horft mjög til framfara.

Ég vil þá víkja, virðulegi forseti, að nokkrum þáttum frv., einkum nokkrum nýmælum sem í því er að finna.

Í a-lið 1. gr. felst það nýmæli að ákvæði laga og reglugerða verði ítarlegri en áður, m.a. um auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi, þar sem ýmsar reglur hafa þó verið settar eins og þingheimi sjálfsagt er kunnugt. Þá verður meira samræmi milli krafna um auglýsingar hvort sem þær birtast í sjónvarpi eða hljóðvarpi annars vegar eða öðrum fjölmiðlum hins vegar. Þar hefur nokkur mismunur verið á og reyndar hafa kröfur til auglýsinga sem birtar hafa verið í hljóðvarpi og sjónvarpi verið mjög mun strangari. Það hafa verið gerðar strangari kröfur til þeirra en annarra auglýsinga og það er sjálfsagt að samræma þessa kröfugerð.

Með b-lið 1. gr. eru tekin upp í íslensk lög hefðbundin ákvæði reglugerðar um auglýsingar í sjónvarpi, en samkvæmt þeim skulu auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi vera á lýtalausri íslensku en erlendur söngtexti má þó vera hluti auglýsingar. Samkvæmt gildandi reglum má erlent tal ekki vera hluti auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi. Ekki var talið fært að gera vægari kröfur í þessu frv. en gerðar hafa verið hér á landi að undanförnu til þessarar greinar auglýsinga.

Það nýmæli felst einnig í b-lið 1. gr. að þar er sett fram sem aðalregla að aðrar auglýsingar en auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli einnig vera á lýtalausri íslensku. Þegar sérstaklega stendur á má þó auglýsingatexti vera á erlendu máli, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til erlendra manna.

Í c-lið 1. gr. er byggt á gildandi ákvæðum verðlagslaganna um rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar.

Ákvæði í d-lið 1. gr. eru þess efnis að auglýsingar skuli vera þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingu sé að ræða og þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Þessar reglur eru efnislega samhljóða ákvæðum reglugerðar um auglýsingar í útvarpi og er þarna annað dæmi um að setja sem almenna reglu það sem nú gildir fyrir eina grein fjölmiðlunar, þ.e. auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi, þar sem þróast hafa allítarlegar og skýrar reglur.

Í d-lið 1. gr. er einnig lögfest það ákvæði reglugerðar að auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi skuli fluttar í sérstökum auglýsingatímum. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segir að auglýsingatímum skuli jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi efnis. Því virðist ekki útilokað samkvæmt gildandi reglum að auglýsingar geti tengst dagskrá að einhverju leyti. Ekki þykir rétt að taka til greina tillögur stjórnar Neytendasamtakanna um að bæta við d-lið 1. gr. setningu sem, með leyfi forseta, mundi hljóða á þessa leið: „Ekki má rjúfa útsendingu kvikmynda eða einstakra þátta í sjónvarpi til flutnings auglýsinga. Þetta á þó ekki við um beinar útsendingar þegar eðlileg rof verða á útsendingu.“ Eðlilegra þykir að útfærsla á þessari lagagrein verði í reglugerð sem auðvelt sé að breyta með tilliti til tíðarandans.

Í e-lið 1. gr., sem yrði 49. gr. verðlagslaga, felst það mikilvæga nýmæli að lögfest er að ákvæði varðandi auglýsingar sem höfða til barna verði fest sérstaklega í lögum. Það ákvæði að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og sérstakrar varúðar skuli gætt þegar þær höfða til þeirra á sér fyrirmynd í reglugerð um auglýsingar í útvarpi en nær því ekki einungis til þeirra heldur auglýsinga almennt og jafnvel ekki aðeins í fjölmiðlum. Þá telst til bóta að útfæra má þetta ákvæði í reglugerð eftir því sem þurfa þykir og m.a. byggja á ákvæðum siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Þar er að finna ýmis ákvæði er varða börn og auglýsingar, m.a. um það að auglýsingar skuli ekki innihalda neitt sem hvatt geti til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi. Svipaðar athugasemdir eiga við um það ákvæði í e-lið að þess skuli gætt þegar börn koma fram í auglýsingum að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er. Hér er um að ræða lögfestingu á ákvæðum er ná til fleiri tegunda auglýsinga en verið hefur.

Þá þótti rétt að hafa í f-lið 1. gr. ákvæði um uppsetningu auglýsinga á mannvirkjum og er það nýmæli í íslenskum lögum.

Í g-lið 1. gr. er mælt fyrir um það að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd auglýsingaákvæða í reglugerð sem byggist m.a. á þessum oftnefndu siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins. Ákvæði siðareglnanna sjálfra eru svo birt í II. viðauka með þessu frv. Jafnframt er dreift sérstaklega með frv., í takmörkuðu upplagi, erlendum reglum sem greint er frá í yfirliti

yfir viðauka aftast í þessu frv.

Hv. þm. Svavar Gestsson vék aðeins að þessum viðauka sem lagður var inn í frv. og raunar var það einnig gert á þingfundi hér í seinustu viku. Þá greindi ég frá því að ég mundi beita mér fyrir að fá þetta þýtt. Ég bíð hins vegar enn upplýsinga um hvort búið sé að þýða þetta í þeim regluskógi sem verið er að þýða eða hvort leggja á sérstaklega í kostnað við að þýða þessar reglur, sem eru raunar ekki partur af þingskjalinu og var ekki dreift hér sem þingskjali. En ég get raunar alveg tekið undir með þeim hv. þm. sem þetta hafa gagnrýnt, að þetta hefði betur verið á íslenskri tungu. Ég vek hins vegar athygli á því að þegar frv. var dreift á sínum tíma og lagt fram á Alþingi á árinu 1988, ætli við hv. þm. Svavar Gestsson höfum ekki verið saman í stjórn á því ári, voru þessar reglur á enskri tungu prentaðar sem fskj. með frv. Ekki er ég að mæla því bót, síður en svo, og held raunar að það hefði verið betri og æskilegri kostur að reyna að dreifa þessu sem lausu en ég tek aftur undir það að auðvitað hefði verið betra að hafa þetta á íslensku.

Í h-lið 1. gr. segir að ábyrgðin á því að ákvæði í lögum og reglugerð séu haldin hvíli á auglýsanda, höfundi auglýsingar eða auglýsingastofu eða útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum birtingaraðila. Þetta ákvæði er líka nýmæli, a.m.k. að forminu til. Það þykir nauðsynlegt að taka af tvímæli um það hver beri ábyrgð á auglýsingagerðinni.

Í i-lið er gert ráð fyrir því að viðskrh. skipi til fjögurra ára í senn fimm menn og jafnmarga til vara í auglýsinganefnd er gegni lykilhlutverki að því er varðar að framfylgja þessum ákvæðum verðlagslaga er varða auglýsingar og reglugerð á þeirra grundvelli. Auglýsinganefndin taki á sviði auglýsinga, eins og frv. gerir ráð fyrir, við hlutverki Verðlagsráðs sem er skipað níu mönnum. Reyndar er nefndinni ætlað að gegna verulega víðtækara hlutverki varðandi auglýsingar en Verðlagsráði þar eð byggt er á fleiri ákvæðum í lögum og ítarlegri reglugerð. Nýju ákvæðin munu auka skilvirkni í meðferð auglýsingamála og gera einstaklingum auðveldara að sækja rétt sinn.

Veigamesta athugasemd Verslunarráðs Íslands varðandi frv. á sínum tíma byggðist raunar á þeim misskilningi að Verðlagsráð og auglýsinganefnd ættu að starfa samhliða að þessum málum samkvæmt frv. Svo er að sjálfsögðu ekki því að auglýsinganefndin mun leysa Verðlagsráð af hólmi að því er auglýsingar varðar ef þetta frv. verður að lögum.

Samkvæmt j-lið er Verðlagsstofnun ætlað að sinna þjónustuhlutverki við auglýsinganefndina.

Úrræði auglýsinganefndar skv. k-lið í 1. gr. eru svipuð að eðli og umfangi og úrræði Verðlagsráðs í gildandi lögum, m.a. bann, jafnvel að viðlögðu févíti, krafa um útsendingu leiðréttingar eða viðbótarskýringar og sátt. Það nýmæli felst í ákvæðinu að formaður auglýsinganefndar, sem er lögfræðingur, eða starfandi formaður geta bannað auglýsingu til bráðabirgða ef hún er ekki talin vera í samræmi við ákvæði laga eða reglugerðar. Þetta er hægt að gera með vissum skilyrðum og þá um stuttan tíma. Sé vafi á ferðum mundi formaður eða starfandi formaður kalla nefndina saman í stað þess að grípa til bráðabirgðabanns. Ekkert mundi banna nefndinni eða formanni hennar að birta skriflegt rökstutt bann opinberlega. Reynslan hefur sýnt að birtingin ein gæti reynst áhrifarík.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hæstv. efh.- og viðskn. Vænti ég þess að þar komi fram við athugun frv. hugsanlegar athugasemdir um einstök atriði, t.d. um vald formanns nefndarinnar, sem menn geta auðvitað haft ýmsar skoðanir á, en að þessi vinna gangi þó þannig að unnt verði að taka skýra afstöðu til málsins á þessu þingi. Ákvæði frv. hafa fyrst og fremst þann tilgang að vernda betur hagsmuni neytenda, einkum barna, og stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaði.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta frv. Hér er á ferðinni merkilegt og gott mál. Ég fagna því að þetta frv. skuli komið fram. Alveg sérstaklega finnst mér það mjög til bóta hve hér er horft á auglýsingamál út frá sjónarhóli barna og vernd barna og unglinga. Við vitum að auglýsingar eru sterkur miðill og áhrifamikill og þeim er ekki síst beint til barna sem eru jú neytendur framtíðarinnar. Ég ítreka það að ég lýsi hér með yfir stuðningi við þetta mál og mun að sjálfsögðu kanna það betur þegar það kemur til nefndar.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Örstutt um þetta frv. Ég hef að vísu ýmislegt við að athuga en ætla að leyfa mér að gera aðeins tvær athugasemdir hér þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um málið. Þær athugasemdir sem ég vil gera á þessu stigi varða h-lið 1. gr. sem verður 52. gr. en hann hljóðar svo, með leyfi forseta: „Ábyrgðin á því að ákvæðin í lögum þessum og reglugerð á grundvelli þeirra séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu og útgefanda, eiganda fjölmiðils eða birtingaraðila."

Framsögumaður tjáði okkur að hér væri um nýmæli að ræða þar sem tekið væri skýrt á því hver beri ábyrgð. Ég tel þvert á móti að hér komi alls ekki skýrt fram hver ber ábyrgð. Hér er einn allsherjar hrærigrautur þar sem segja má að allir sem koma nálægt auglýsingunni beri ábyrgð.

Í mínum huga á aðeins einn aðili að bera ábyrgð og það hlýtur að vera birtingaraðilinn. Að öðrum kosti gengur dæmið ekki upp. Það er birtingaraðilinn einn sem tekur um það lokaákvörðun hvort viðkomandi auglýsing er birt eða ekki og þar með á hann náttúrlega að bera ábyrgðina.

Hin athugasemdin sem ég vildi að kæmi fram og var einnig fylgt úr hlaði sem nýmæli er k-liður 1. gr. sem verður 55. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta: „Telji formaður auglýsinganefndar eða starfandi formaður hennar að auglýsing sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara getur hann bannað hana til bráðabirgða. Skal bannið gilda þar til auglýsinganefnd kann

að hnekkja því en fellur þó niður eftir viku hafi nefndin ekki tekið afstöðu."

Ég tel alveg útilokað að einn maður geti farið með slík völd. Það tjón sem maður með slík völd getur valdið er ómetanlegt og ómælanlegt. Við þekkjum það vel að auglýsingar geta verið settar fram með tilteknum tímatakmörkunum. Það getur verið að verið sé að auglýsa viðkvæma vöru sem aðeins hefur til að mynda viku líftíma eða annað slíkt og ef einn maður á að hafa slík völd að geta stöðvað það þá er það óbætanlegt. Ég tel því að þetta sé óviðunandi og þessu verði að breyta í meðförum nefndarinnar.

Þetta eru þær athugasemdir, hæstv. forseti, sem ég vildi koma á framfæri á þessu stigi málsins. En eins og ég sagði hér í upphafi þá hef ég ýmislegt við þetta frv. að athuga og er ekki tilbúinn að leggja blessun mína yfir það eins og það er hér lagt fram.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tjáð sig um þetta mál fyrir þeirra undirtektir. Það er auðvitað rétt sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson segir að í þessu frv. eru ýmis álitamál sem mönnum getur sýnst sitt hvað um eins og það að einn maður geti með ákvörðun bannað auglýsingu. Ég held þó að þau tilvik geti hugsanlega komið upp að slíkt gæti verið nauðsynlegt. Yfirmenn fjölmiðla þurfa oft að taka slíkar ákvarðanir. Það getur vel verið að þeim fyndist ákjósanlegra að geta vísað því máli í annan farveg, a.m.k. á stundum.

Þau atriði sem hv. þm. nefndi hér hljóta auðvitað að fá ítarlega umfjöllun í nefndinni. Ég held þó að meginatriðið varðandi þetta mál sé það að hér er verið að auka neytendavernd og hér er verið að vernda hagsmuni barna. Það er hvort tveggja svo mikilvæg atriði að við megum ekki láta minni háttar ágreining um einstök efnisatriði önnur tefja framgang þessa máls. Ég trúi því raunar að þetta mál muni hafa greiðan framgang hjá nefndinni og á hinu háa Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til efh.- og viðskn. með 37 shlj. atkv.

7. FUNDUR

þriðjudaginn 15. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Málefni St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár hefst utandagskrárumræða um málefni St. Jósefsspítala í Hafnarfirði að beiðni hv. 4. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar. Þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hún má standa í allt að hálftíma. Vill forseti benda á að málshefjandi má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn og enginn oftar en tvisvar.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Eins og okkur hv. alþm. er kunnugt voru á sl. vori gerðar miklar breytingar á þingsköpum Alþingis sem við sáum fyrir að hefðu breytingar í för með sér á starfsháttum hér. Að vísu hefur það síðan gerst að sumt í framkvæmd þeirra hefur komið okkur stjórnarandstæðingum nokkuð á óvart. Nú gerist það að einn hv. stjórnarþm. kveður sér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða við ráðherra sinn. Það er málefni sem við hingað til höfum talið að ætti að ræðast inni á þingflokksfundum. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra hvort við megum reikna með því að í vetur verði þingflokksfundir stjórnarliðsins færðir inn í þingsalinn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki svarað þessum athugasemdum hv. 2. þm. Suðurl. á annan veg en þann að hann telur það skyldu sína þegar hv. þm. óska eftir því að fá að taka upp mál utan dagskrár, sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu hverju sinni, að reyna að verða við þeim óskum í samráði viðkomandi ráðherra eftir því sem tilefni gefast til, án tillits til þess hvort um er að ræða þingmenn stjórnarliðs eða stjórnarandstöðu. Forseti væntir þess að formenn þingflokka haldi áfram að halda sína þingflokksfundi á réttum stöðum en ekki hér í þingsölum.

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna málefna St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og þeirrar afdráttarlausu viljayfirlýsingar Hafnfirðinga, Garðbæinga og íbúa Bessastaðahrepps sem nú liggur fyrir í þeim efnum. Staðfest eru sjónarmið 10.322 íbúa þessara sveitarfélaga, 18 ára og eldri. Með undirskriftum þeirra er lögð áhersla á að tryggður verði áfram deildaskiptur rekstur sjúkrahússins og þannig að þjónusta verði með sambærilegum hætti og verið hefur. Þessi undirskriftasöfnun fór fram sl. laugardag og sunnudag að tilhlutan 50–60 félagasamtaka í Hafnarfirði og nærsveitum. Af þessum ríflega 10.000 undirskriftum eru alls 8.168 úr Hafnarfirði. Það þýðir að um 8 af hverjum 10 íbúum Hafnarfjarðar hafa undirritað þessa áskorun til Alþingis og ríkisstjórnarinnar.

Ég tel nauðsynlegt að undirstrika alvöru þessa máls hér og nú í þingsölum. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er gerð tillaga um helmingsniðurskurð á rekstrarfé til St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Nái þær tillögur fram að ganga hefur rekstrargrundvelli sjúkrahússins verið kippt undan því. Hér er með öðrum orðum ekki um að ræða tillögur til sparnaðar eða hagræðingar, heldur áform sem virðast miða að eðlisbreytingu á starfsemi þessarar stofnunar þannig að henni verði breytt í hjúkrun-

ardeild fyrir aldraða langlegusjúklinga. Þeim hugmyndum hefur verið mótmælt af öllum hlutaðeigandi aðilum, bæði fagfólki sem og leikmönnum. Nú síðast með þessum undirskriftum með svo afdráttarlausum og skýlausum hætti.

Sannleikurinn er sá að heilbrigðisþjónusta í Hafnarfirði hefur verið byggð upp markvisst og skipulega á löngum tíma með fagleg sem og fjárhagsleg sjónarmið að leiðarljósi. Þar hefur tekist gott samstarf milli aðila og stofnana í heilbrigðisþjónustu, m.a. milli Sólvangs, sem gegnir mikilvægu hlutverki á sviði öldrunarþjónustu, Hrafnistu, heilsugæslustöðvarinnar, heimahjúkrunar, heimilishjálpar, verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða og síðast en ekki síst Jósefsspítala sem að mörgu leyti gegnir lykilhlutverki í þessu þéttriðna neti.

Til St. Jósefsspítala hefur löngum verið litið sem fyrirmyndarsjúkrahúss í faglegu sem fjárhagslegu tilliti. Forsvarsmenn St. Jósefsspítala, bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, sem skipa meiri hluta stjórnar sjúkrahússins, sem og Hafnfirðingar almennt eru vissulega reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum til aukins sparnaðar og hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu. Í góðri samvinnu við heilbrigðisyfirvöld í þessu landi er vafalaust hægt að ná landi hvað varðar rekstur St. Jósefsspítala eins og aðrar þjónustustofnanir. Öðru máli gegnir um eðlisbreytingar á starfsemi sjúkrahússins eins og óhjákvæmilegar eru miðað við óbreytt fjárlagafrv. Ekki verður unað við slík og þvílík áform.

Ég spyr því hæstv. heilbrrh. hvort ekki megi treysta því að áfram verði unnið að lausn þessa máls í þeim anda sem ég hef hér áður lýst og sem svo skýlaust kemur fram í þeim undirskriftum sem fyrir liggja og voru afhentar hæstv. forseta þingsins og hæstv. heilbrrh. fyrir nokkrum mínútum.

Menn eiga nefnilega að hreinsa arfann og annað illgresi í garðinum sínum en láta ósnertar eða í besta falli hlúa að rósunum rauðu í fullum blóma.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það hafa orðið miklar breytingar í sjúkrahúsþjónustu sl. 10–20 ár. Meðallegutími hefur á þessum tíma lækkað úr 15 dögum og allt ofan í 8–9 daga. Mikið af aðgerðum hefur færst af legudeildum yfir á göngudeildir og af spítölum í læknastofur úti í bæ. Öll tækniþróun er í þá átt að draga úr þörf fyrir almenn sjúkrarými en auka þörfina í staðinn fyrir vistunarrými aldraðra og endurhæfingarpláss.

Það er fyrir löngu orðið tímabært að endurskoða skipulag sjúkrahúsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og fyrrv. heilbrrh. vann m.a. að því. Ég beiti mér fyrir því nú, m.a. vegna þess að það er staðreynd sem ekki verður horft fram hjá að þjóðfélagið hefur ekki lengur nægt fé til þess að borga fyrir óbreytta starfsemi og ef ekkert verður að gert mun það verða til þess að menn verða í enn ríkara mæli en nú er orðið að draga úr þeirri þjónustu sem sjúkrahúsakerfið veitir. Nú eru á höfuðborgarsvæðinu 100 sjúkrarúm sem ekki eru í notkun árið um kring og ef heldur fram sem horfir mun þeim fara fjölgandi. Það er því eðlilegt af öllum ástæðum að hugað sé að endurskipulagningu á sjúkrahúsaþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði er einn af spítölunum á þessu svæði. Ég hef óskað eftir því að hafa samstarf við forráðamenn þessarar sjúkrastofnunar, eins og annarra á svæðinu, um endurskipulagningu og óskaði eftir því á fundi með þeim að þeir gerðu sjálfir tillögu um breytingar á skipulagi og starfsháttum spítalans. Á fundi sem ég átti með forráðamönnum St. Jósefsspítala fyrir nokkrum dögum féllust þeir á að gera slíkar tillögur og báðu um 10 daga frest til þess að skila þeim. Sá frestur er um það bil að líða. Ég á von á því að eiga fund með forráðamönnum sjúkrahússins innan örfárra daga. Þar vænti ég þess að fá tillögur forráðamanna sjúkrahússins um breytingar á rekstri sjúkrahússins St. Jósefsspítala í Hafnarfirði með það að markmiði að ná góðum árangri í sjúkrahúsarekstri fyrir það fé sem þjóðin getur varið til þeirra hluta.

Ég tel ekki eðlilegt, virðulegi forseti, á þessari stundu að tjá mig frekar um þetta mál. Ég vil eiga samstarf við forráðamenn þessa sjúkrahúss eins og ég á nú samstarf við forráðamenn bæði Landakotsspítala og Borgarspítala um sömu hlutina. Ég vil að St. Jósefsspítali í Hafnarfirði taki fullan þátt í þeirri skipulagsbreytingu sem verið er að gera á höfuðborgarsvæðinu en verði þar ekki einhver afgangsstærð. Til þess að svo geti orðið þurfa stjórnendur spítalans að eiga samvinnu við heilbrrh. Þeir hafa lofast til þess og ég treysti því.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Það hlýtur öllum að vera ljóst að við stöndum frammi fyrir miklum útgjaldavanda í okkar annars ágæta heilbrigðiskerfi. Þennan vanda þarf að leysa ef heilbrigðiskerfið á að geta þróast á eðlilegan hátt og veitt þegnunum það öryggi sem við öll kjósum. Þessi vandi verður hins vegar ekki leystur með sífellt meiri samþjöppun stofnana og miðstýringu þannig að í landinu verði aðeins tveir spítalar sem rísi undir nafni og þeir verði ríkisspítalar staðsettir í Reykjavík eins og fram hefur komið í tillögum hæstv. heilbrrh. Sú hagræðing og sá sparnaður sem nauðsynlegur er mun aðeins eiga sér stað með samstarfi sjálfstæðra stofnana sem veita hver annarri aðhald með samanburði og samkeppni.

Mál St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði er um margt sérstætt. Afstaða ráðuneytisins er furðuleg en ráðuneytið lét eins og um ríkisspítala væri að ræða sem það gæti skipað fyrir. En eins og þingheimur veit er spítalinn sameign Hafnfirðinga og ríkisins. Það er því afar undarlegt, svo að jafnvel vekur tortryggni, að ekkert samráð virðist hafa verið haft við bæjarstjórn eða bæjarstjóra fyrr en tilskipun um niðurskurð barst til stjórnenda spítalans. Það er þó ánægjuefni að hæstv. heilbrrh. virðist nú hafa ákveðið að endurskoða fyrri áætlanir og hefur óskað eftir samráði við stjórnendur spítalans. Það ber vott um að barátta stjórnenda spítalans og yfir 10 þúsund Hafnfirðinga, Garðbæinga og íbúa Bessastaðahrepps er að skila árangri.

Það er enda í hæsta máta óeðlilegt að á tímum þegar hagræðing og sparnaður eru hvað nauðsynlegust sé

spítalinn sem hvað hagkvæmast er rekinn og einna lengst hefur náð í hagræðingu skorinn niður við trog. Á meðan fá aðrir spítalar 10–15% hækkun á framlögum á milli ára. Það læðist að manni sá grunur að þessari hugmynd hafi skotið upp kollinum á síðustu stundu þegar 120 millj. vantaði upp á að settu marki um niðurskurð væri náð. Að þetta hafi verið eins konar afgangsstærð í bókhaldi ráðuneytisins. En ég ætla að láta hæstv. heilbrrh. vita það hér og nú að Hafnfirðingar, Garðbæingar og íbúar Bessastaðahrepps eru ekki og verða aldrei einhver afgangsstærð og þeirra málstað verður haldið fram við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að taka þetta mál hér upp í framhaldi af þeirri glæsilegu undirskriftasöfnun og þeim einhug sem hefur birst okkur af hálfu íbúa þess svæðis sem hér um ræðir með bréfum til forseta og hæstv. heilbrrh. í dag.

Hin faglega hlið málsins frá heilbrigðissjónarmiði er þannig að ætlunin er að skera niður framlög til þessa spítala úr 223 millj. kr. í 116 millj. kr. Það hefur ekki verið gerð grein fyrir því hvernig þetta á að gerast og ljóst er af undirskriftasöfnuninni og texta hennar að forráðamenn spítalans í Hafnarfirði munu ekki gera tillögu til heilbrrh. um þann niðurskurð sem hann gerir kröfu um. Það er augljóst eftir viðtöl sem ég átti í morgun við forstöðumann St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði að tillögur þeirra munu ganga út á að breyta skipulagi þjónustunnar lítillega og þeir telja að að hámarki sé hægt að spara þarna 20 millj. kr.

Það er þess vegna augljóst mál að það verður aldrei hægt að skera niður á spítalanum með þeim hætti sem heilbrrh. gerir kröfur um. Um það verður a.m.k. aldrei samkomulag. Í fjárlagafrv. stendur að sparnaðurinn á St. Jósefsspítalanum verði því aðeins ákveðinn að um hann verði samkomulag. Og ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Við hverja hyggst hann gera þetta samkomulag? Mun hann leggja áherslu á að ná þessu samkomulagi við forráðamenn þessa tiltekna spítala?

Ég vil í annan stað spyrja: Takist ekki að ná þessum sparnaði, sem bersýnilega tekst ekki á árinu 1992, hvaðan hyggst ríkisstjórnin taka þá fjármuni sem á vantar til þess að tryggja óbreyttan rekstur spítalans, a.m.k. á fyrri hluta næsta árs? Þetta var heilbrigðishliðin.

Svo er það hin hliðin, að reyta rauðar rósir. Það var tímabær áminning hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni til ríkisstjórnarinnar að menn ættu ekki að vera að reyta mikið af rauðum rósum og reyta frekar upp illgresið. Og þá kem ég að þessu máli. Var þetta mál kynnt í þingflokki Alþfl. þegar fjárlögin voru lögð fyrir? Var þetta mál kynnt í þingflokki Sjálfstfl. þegar fjárlögin voru lögð fyrir? Ég spyr hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Björn Bjarnason: Voru þessi mál kynnt í þessum þingflokkum þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir á sínum tíma? Það er algerlega óhjákvæmilegt að þeir svari þessum spurningum og það er sérstaklega óhjákvæmilegt vegna þess að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vottaði hæstv. utanrrh. sérstakt traust á flokksstjórnarfundi Alþfl. þar sem fjallað var um fjárlögin. Spurning mín er: Var Alþfl. blekktur? Var flokksstjórn Alþfl. blekkt í þessu efni? Það er óhjákvæmilegt að það komi fram.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekkert nýtt að deilur komi fram í Alþfl. á þessu þingi eins og hv. þm. Jón Helgason benti á hér áðan. Við munum verða vitni að því oft í vetur. Í útvarpsumræðunum var það þannig (Forseti hringir.) að formaður þingflokks Alþfl. og formaður Alþfl. héldu hér ræður, annar með skólagjöldum og hinn á móti skólagjöldum. (**Forseti:** Hv. þm. er löngu kominn fram yfir tímann, ef hann vildi gjöra svo vel og stoppa.) Þessu mun halda áfram með þessum hætti, bæði innan og utan þess tíma, virðulegi forseti, sem þingsköp marka.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil svara því strax sem spurt var hér um af síðasta ræðumanni að þessi áform varðandi þennan sérstaka spítala voru kynnt í þingflokkum stjórnarflokka. Ég vil líka nefna það og ítreka að það er áríðandi að menn missi ekki sjónar af þeim áformum um hagræðingu og sparnað í heilbrigðiskerfinu sem okkur er öllum nauðsynlegt að ná fram ef heilbrigðiskerfið á að standast. Hæstv. heilbrrh. hefur þegar beitt sér fyrir aðgerðum varðandi lyfjakostnað. Hann sætti miklum árásum og gagnrýni vegna þeirra aðgerða sinna, meira og minna órökstuddum og úr lagi færðum. Það hefur komið á daginn að heilbrrh. hafði rétt fyrir sér og hefur þegar sparað stórkostlegar fjárhæðir fyrir landsmenn, án þess að tefla hagsmunum sjúklinga í tvísýnu. Nú er komið að því að hagræða á sjúkrahúsum líka og það er nauðsynlegt að líta til sjúkrastofnana hér á svæðinu í heild. Ég hygg að allir sem þekkja til og ræða málið málefnalega átti sig á því að það er óhjákvæmilegt ef ná á fram hagræðingu að horfa til þessara stofnana sem heildar. Ég vek líka athygli á því að hæstv. heilbrrh. lagði sérstaka áherslu á það að hann vildi gera þetta í góðu samstarfi við hagsmunaaðila hér á svæðinu og ég veit að hann hefur þegar átt viðræður við forráðamenn stóru spítalanna hér og þar eru áform vel á veg komin. En við vitum líka, það þekkja menn, að það er ekkert auðsótt mál eða létt að sameina sjúkrahúsin hér eða ná fram hagræðingu í sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið reynt. Það hefur ekki gengið. En ég vænti þess og hef trú á því að sá maður sem nú gegnir embætti heilbrrh. sýni það að hann nái slíku fram og hann á minn fulla stuðning við það.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð sérkennileg staða sem menn standa hér frammi fyrir þegar þeir eru komnir inn á þingflokksfund kratanna í þinginu. Það er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, samflokksmaður heilbrrh. sem þarf að koma hingað inn til þess að óska eftir liðsinni stjórnarandstöðunnar við að stoppa það mál sem hann segir okkur að hann sé að berjast fyrir að stoppa suður í Hafnarfirði, að St. Jósefsspít-

ali verði tekinn af Hafnfirðingum. Þetta vekur auðvitað upp ákveðnar spurningar og ekki síst í ljósi þess sem forsrh. lýsti hér yfir áðan, að þetta hafi allt saman verið kynnt í þingflokkum stjórnarliðsins. Ég veit ekki betur, a.m.k. horfði maður oft upp á það í sjónvarpinu að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sat þingflokksfundi Alþfl., og spurningin er þá auðvitað þessi: Vissi hann um þetta? Ég trúi því tæpast að svo sé. Enda ef svo væri þá væri hér um hreint lýðskrum af hans hálfu að ræða gagnvart kjósendum bæjarstjórans í Hafnarfirði. Ég vil hins vegar trúa því að þingmaðurinn sé uppgefinn á því að ná fram sínum sjónarmiðum inn í þingflokki Alþfl. og sé þess vegna kominn inn í þingið til þess að óska liðsinnis stjórnarandstöðunnar í þessum efnum.

Það er rétt hjá hæstv. heilbrrh. að það er nauðsynlegt að taka skipulag heilbrigðisþjónustunnar og sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu til sérstakrar athugunar. Það var gert af fyrrv. heilbrrh. Það voru lagðar fram margar tillögur en því miður strönduðu þær allar á þeim manni sem hérna situr, hæstv. forsrh., sem þá var borgarstjóri í Reykjavík. Fyrir tveimur árum síðan ætlaði þessi maður vitlaus að verða þegar þáv. heilbrrh. lagði fram hér í þinginu frv. til laga um breytingu á heilbrigðisþjónustu, þar sem gert var ráð fyrir því að einn fulltrúi frá ríkinu ætti að setjast í stjórn Borgarspítalans. Hann varði sig með því að það væri verið að stela Borgarspítalanum í Reykjavík af Reykvíkingum með því að setja einn fulltrúa ríkisins inn í stjórn hans. En það var forsenda fyrir því að menn gætu staðið saman um breytingar á skipulagi sjúkrahúsanna í Reykjavík sem er mjög nauðsynlegt.

Það hefur komið hér fram að það eru engin fagleg rök (Forseti hringir.) fyrir þessari breytingu sem hér er fyrirhuguð á rekstri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Það hefur líka komið fram að þetta er best rekna sjúkrahúsið í landinu. Það er lægstur kostnaður á dag við rekstur þessa sjúkrahúss. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Það hefur líka komið fram að sparnaðurinn sem af þessu hlýst er enginn vegna þess að þær aðgerðir og annað slíkt sem þarna eru gerðar í dag munu allar flytjast yfir á hin sjúkrahúsin í Reykjavík.

Að lokum, virðulegi forseti: Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að breyta St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði er ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið, en hún er ekki tekin af vel yfirlögðu ráði. Það er eins og ríkisstjórnin hafi ekki verið allsgáð þegar hún gerði þetta.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla, eins og fleiri hér, að þakka fyrir það að þessi umræða um St. Jósefsspítala skuli koma hér upp. Ég vil hins vegar minna á það að málefni St. Jósefsspítala er ekki einangrað mál, heldur tengist það þeirri umræðu sem nú á sér stað um hagræðingu og niðurskurð í heilbrigðismálum almennt. Þessi breyting sem á að verða, þ.e. niðurskurður á St. Jósefsspítala, er liður í tillögum heilbrrh. og ríkisstjórnar um tilflutning verkefna milli sjúkrastofnana. Það eru uppi hugmyndir um að leggja St. Jósefsspítala niður sem deildaskipt sjúkrahús — því auðvitað er þetta ekkert annað. Það eru uppi hugmyndir um að leggja Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar niður sem valkost fyrir fæðandi konur. Og það eru uppi hugmyndir um að leggja niður hjúkrunarheimili aldraða í Hafnarbúðum. Allt eru þetta greinar á sama meiði. Það á með öðrum orðum að leggja niður litlar og svokallaðar „óhagkvæmar" rekstrareiningar. 54 rúma sjúkrahús þykir of lítið, 25 rúma hjúkrunarheimili þykir of lítið og 10 rúma fæðingarheimili þykir of lítið. En það sem þessar stofnanir eiga sameiginlegt er ekki bara það að vera litlar, heldur eiga þær það líka sameiginlegt að fólki var ekki fyrir alls löngu talin trú um það að framtíð þessara stofnana væri trygg, að ríkið, stóri bróðir, mundi tryggja framtíð þessara stofnana þegar þær flyttust frá sveitarfélögunum að stórum hluta og yfir til ríkisins.

Árið 1987 eignaðist ríkið 85% hlut í St. Jósefsspítala og þá var gerð skrifleg samþykkt um að það yrði í framtíðinni rekið með líku sniði og áður. Ári áður, 1986, seldi Reykjavíkurborg ríkinu Hafnarbúðir og urðu miklar deilur um það í borgarstjórn Reykjavíkur. Rökin, sem við sem börðumst gegn þessari sölu beittum, voru þau að það væri ekki tryggt að þetta yrði áfram hjúkrunarheimili, ef þetta kæmist í hendur ríkisins. Þá gengu menn fram fyrir skjöldu, m.a. núv. forsrh. sem þá var borgarstjóri og taldi að þetta væri hin mesta firra, það væri bara um nýjan rekstraraðila að ræða, það væri eina breytingin og þetta væri tryggt sem hjúkrunarheimili um ókomna framtíð. Nú sjáum við það fimm árum síðar hvernig þau mál hafa farið.

Fyrir rúmu ári stóð mikill styrr um Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar. Þá sögðu margir, þegar þrengt var að því í húsnæðismálum og neðri hæðin leigð fyrir sjálfstætt starfandi lækna, að þetta væri orðin svo lítil rekstrareining að lífdagar heimilisins væru taldir. Þá sögðu meirihlutamenn í borgarstjórn Reykjavíkur að svo væri ekki og konur voru fullvissaðar um að þetta yrði rekið áfram og það gerði m.a. þáv. borgarstjóri og núv. forsrh. (Forseti hringir.) En nú er sem sagt enn ein atlagan gerð.

Virðulegi forseti. Ég óttast að í hagræðingarmálunum í sjúkrahúsunum sé einblínt á tölur og oft sjái menn ekki skóginn fyrir trjám. Þetta er ekki bara spurningin um það hvað það kostar að reka stofnanir, heldur líka hvernig gengur að reka þær, hvernig gengur að manna þessar stofnanir og hvernig gengur að halda í fólk. (Forseti hringir.) Ein ástæðan fyrir því hversu oft hefur þurft að grípa til þess að loka rúmum, en eins og heilbrrh. vék hér að áðan hafa 100 rúm ekki nýst að fullu, er sú að það fæst ekki fólk til starfa. En á þessum stofnunum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, hefur eftir því sem ég best veit gengið vel að fá fólk.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða sýnist ekki vera tímabær af þeirri góðu og gildu ástæðu að þrátt fyrir það að tillaga hafi verið gerð af hæstv. heilbrrh. um breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustu á höfuð-

borgarsvæðinu, sem m.a. felur það í sér að St. Jósefsspítali verði ekki deildaskipt sjúkrahús, þá hefur hann jafnframt tekið það skýrt fram að þetta eru engin fyrirmæli eða tilskipanir. Hann hefur lýst sig reiðubúinn til þess að taka upp viðræður við forráðamenn sjúkrahússins um það að þeir leggi fram sínar eigin tillögur um það hvernig þessum sparnaðarmarkmiðum megi ná. Þeim viðræðum er ekki lokið, þær viðræður eru í gangi og það á að bíða einfaldlega eftir því að fagleg umfjöllun um það mál fari fram. Markmiðið með tillögum sem ríkisstjórnin í heild að sjálfsögðu stendur að, á ábyrgð þingflokka hennar, eru þau að ná fram nauðsynlegum sparnaði og hagræðingu í heilbrigðisþjónustu. Það á við um landið allt og það á við um höfuðborgarsvæðið. Og það er ekki gert á kostnað eins né neins vegna þess að hinn kosturinn er sá að ef menn heykjast á þessu þá mun það bitna á öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins, jafnt Hafnfirðingum sem öðrum. Það er alls ekki verið að veitast að hagsmunum Hafnfirðinga af þeirri einföldu ástæðu að hér er um samfellt heilbrigðisþjónustusvæði að ræða. Að sjálfsögðu sækja Hafnfirðingar og njóta þjónustu sjúkrahúsa í Reykjavík og eins er það að menn njóta þjónustu St. Jósefsspítala þótt ekki séu búsettir í Hafnarfirði.

Meginmarkmiðið er það að taka á þeim vanda sem er orðinn vegna þeirrar þróunar sem gerst hefur á 10–15 árum. Það er skortur á hjúkrunarrými fyrir aldraða fólk, en það er offramboð á almennum sjúkrarúmum og það eru tillögur uppi um það að breyta þessu með því að líta á þetta sveði í heild sinni — og það tekur ekki bara til St. Jósefsspítala, það tekur til viðamikilla skipulagsbreytinga varðandi stóru sjúkrahúsin hér í Reykjavík. Ættu Reykvíkingar að rísa upp á afturfæturna gegn því þegar um er að ræða sjálfsagða, vel rökstudda sparnaðaraðgerð? Í hverra þágu er hún? Hún er í þágu skattgreiðenda, þeirra sem þjónustunnar njóta, hvort sem þeir eru búsettir í einu sveitarfélagi eða öðru.

Um það var spurt hvort þessar tillögur hefðu verið lagðar fram í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég vil láta það koma skýrt fram hér að þessar tillögur voru rækilega ræddar í þingflokki Alþfl., (Forseti hringir.) þær eru sameiginlegar tillögur ríkisstjórnarinnar, þær eru á ábyrgð þeirra þingflokka sem að þeim standa. Og ég vil láta í ljós þá ósk að forráðamenn sjúkrahússins St. Jósefsspítala í Hafnarfirði bregðist vel við þeim umræðum, þeim faglegu umræðum sem nú eiga að fara fram og sýni þá ábyrgð að koma með tillögur sem þeim væri meira að skapi um að ná þessum sparnaðarmarkmiðum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta nokkuð undarleg málsupptekt. Eins og hér hefur verið bent á þá er þetta málefni sem átti að sjálfsögðu að útkljást í þingflokkum stjórnarliðsins og mér finnst það bera vott um nokkurn Pílatusarþvott hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að taka málið upp með þessum hætti sem hann gerir hér við flokksbróður sinn. Hann er einn helsti áhrifamaður Alþfl., vonarstjarna og væntanlegur formaður þess flokks, og ætti sannarlega að hafa aðstöðu til þess innan Alþfl. að hafa áhrif á stefnuna og koma vitinu fyrir hæstv. heilbrrh., flokksbróður sinn.

Þetta mál kemur til umræðu og kemur hér til kasta Alþingis við afgreiðslu fjárlaga. Við þá afgreiðslu getur þingheimur tryggt áframhaldandi rekstur þessa vel rekna spítala í Hafnarfirði og það er sjálfsagt að gera þá kröfu til þeirra aðila sem hafa þekkingu og skilning á málinu í stjórnarliðinu að þeir taki saman höndum við okkur stjórnarandstæðinga sem höfum þekkingu og skilning á málinu til þess að tryggja áframhaldandi rekstur hins vel rekna sjúkrahúss þarna í Hafnarfirði.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Formaður Alþfl. heldur áfram að hirta þingmenn sína hér í þingsalnum. Í sjónvarpsumræðunum hirti hann formann þingflokksins fyrir það að vera á móti skólagjöldum og sagði að það væru bara kommúnistar sem væru á móti skólagjöldum. Í dag kemur hann hér upp og hirtir Guðmund Árna Stefánsson og segir að það hafi ekki verið tímabært að biðja um þessa utandagskrárumræðu. Hitt er svo merkilegra að bæði forsrh. og utanrrh. lýsa því hér skýrt yfir að þessar tillögur um að leggja niður St. Jósefsspítala í núverandi mynd hafi rækilega verið ræddar í þingflokki Alþfl. eins og formaður Alþfl., utanrrh., sagði hér fyrir fáeinum mínútum og það væri á ábyrgð þingflokks Alþfl., eins og formaður Alþfl. og utanrrh. sagði hér fyrir fáeinum mínútum. Og forsrh. sagði að þessar tillögur hefðu verið kynntar í þingflokkum stjórnarflokkanna, Árni Mathiesen. Hvað átti það þá að þýða fyrir þingmenn stjórnarflokkanna að mæta í Hafnarfirði með okkur hinum og forsvarsmönnum spítalans og forsvarsmönnum Hafnarfjarðarbæjar fyrir nokkrum vikum síðan og þykjast á þeim fundi ekki kannast neitt við neitt, eins og þeir þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl. úr Reykjaneskjördæmi sem hér sitja í salnum og mættu á þessum fundi? Nú segja formenn stjórnarflokkanna: Þið samþykktuð þessa breytingu í þingflokki Sjálfstfl. og þingflokki Alþfl.

Hvers konar hræsni er það eiginlega að vera vikum saman búin að gefa Hafnfirðingum til kynna, Árni Mathiesen og aðrir þingmenn Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi og þingmenn Alþfl., að þið hafið ekkert um þetta vitað þegar formenn ykkar flokka segja nú hér að þið hafið samþykkt þetta á þingflokksfundunum og berið á þessu fulla ábyrgð. Það kom fram í fjölmiðlum að Guðmundur Árni Stefánsson hefði setið þennan þingflokksfund Alþfl. þar sem þetta var, samkvæmt orðum utanrrh. hér í stólnum, rækilega rætt og samþykkt. Og á flokksstjórnarfundi Alþfl., eins og hér kom fram, sá hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sérstaka ástæðu til þess að flytja traustsyfirlýsingu á ráðherra Alþfl. vegna fjárlagafrv. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Það er vont að þingmenn stjórnarflokkanna skuli hafa tekið þátt í þessum blekkingarleik. Ef þeir mótmæla ekki orðum forsrh. og utanrrh. hér úr ræðustól Alþingis, þá stendur það eftir, virðulegi forseti, að þessir þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl.

(Forseti hringir.) hafa skrökvað að almenningi í Hafnarfirði og Reykjaneskjördæmi.

Ég vil svo að lokum hvetja þingmenn til þess að kynna sér rækilega grein sem birtist í Þjóðviljanum í dag eftir heilsugæslulækni í Hafnarfirði, Guðmund Helga Þórðarson, þar sem koma fram sterk, fagleg rök fyrir því hvers vegna á að reka St. Jósefsspítala áfram í núverandi mynd.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa undrun minni á þessum umræðum eins og þær eru hér upp settar og mér sýnist vera mikil sýndarmennska sem hér fer fram og leikaraskapur. Eins og réttilega hefur verið bent á er þetta umræða sem hefði betur farið fram fyrr innan stjórnarflokkanna, hefur kannski gert það, það er e.t.v. það versta, hafi hún gert það, þá er hér farið með sýndarmennskuna fram fyrir fjölmiðla í hinu hv. Alþingi.

Málshefjandi talaði um það að hér væri verið að knýja á um eðlisbreytingu á starfsemi og vissulega er það rétt. Það sjá allir menn þegar fjárveitingar eru skornar niður um helming og boðað að gera sjúkrahús að öldrunarstofnun. En það er ekki bara í St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði sem slíkar breytingar eru boðaðar. Það kom fram hér hjá hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörgu Sólrúnu, að það er auðvitað spurning um kerfisbreytingar í heilbrigðisþjónustunni sem hér er verið að leggja til. Þær eru hins vegar ekki nýtt mál á borðum ráðherra og ríkisstjórna, það skal ég vera fyrstur manna til að viðurkenna og taka undir. Það er nauðsynlegt að endurskipuleggja starfsemi ýmissa sjúkrahúsa. En að gera það á þennan hátt, flausturslega og óyfirvegað og boða þar að auki breytingar á smærri sjúkrahúsum eins á Patreksfirði, Blönduósi og Stykkishólmi, án þess að það sé nú ítarlega skýrt í fjárlagafrv. en nefnt í grg., þá sýnist mér að það sé verið að ráðast að stofnunum sem e.t.v. geta gert aðgerðir, og það vitum við að er gert á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði, á ódýrari máta en gert yrði á hinum stóru og dýru stofnunum sem eru sérhæfðar til þess að takast á við stór og vandasöm verkefni. Þar hins vegar álít ég að sé möguleiki að spara. Ég álít að það sé möguleiki að spara mikið með endurskipulagningu sjúkrahúsanna hér í Reykjavík. Það á að gera með því að efla samstarf og samvinnu allra sjúkrahúsanna þriggja. Ég óttast að einnig þar sé hæstv. heilbrrh. á villigötum þegar hann er að tala um sameiningu Landakots og Borgarspítalans sérstaklega og efna til harðvítugrar samkeppni milli þessara tveggja stóru sjúkrahúsa sem þá yrðu til. E.t.v. er vilji sumra starfsmanna Landakotsspítalans til sameiningar við Borgarspítalann að hluta til vegna þess að þar vilja menn viðhalda launakerfi sem ég tel að sé kostnaðarsamt og dýrt fyrir heilbrigðisþjónustuna og ég vara við slíkum hugmyndum.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins undirstrika þá ósk sem hér kom fram, m.a. frá hv. þm. Svavari Gestssyni, að við verðum að fá það á hreint, og spyrja þá tvo ágætu stjórnarliða sem annars vegar hófu umræðuna og hins vegar tóku þátt í henni strax á eftir, hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson og Árna Mathiesen, hvort þetta hafi verið rætt í stjórnarflokkunum við fjárlagagerðina. Hver er þá afstaða þessara ágætu manna til þessa máls? Það finnst mér vera nauðsynlegt að komi fram.

Ég álít svo að það eigi að reyna að tryggja starfsemi St. Jósefsspítalans í svipuðu formi og hún hefur verið vegna þess að þar hefur farið fram nauðsynleg þjónusta á ódýran hátt en ráðast hins vegar að skipulagi sjúkrahúsanna þriggja hér í Reykjavík með sparnaðartilllögur og hagræðingarhugmyndir í huga.

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. svör hans við spurningu minni sem var í þá veru hvort ekki mætti treysta því að áfram yrði unnið að þessu máli í þeim anda að St. Jósefsspítali bjóði um ókomna tíð upp á sambærilega þjónustu og þar hefur viðgengist. Ég vil í tilefni orða hv. þingmanna hér, um tilefni þessarar umræðu, varpa því fram við hið háa Alþingi hvort það telji það ekki ástæðu umræðu um mikilvægt mál af þessu tagi þegar á ellefta þúsund kjósendur, umboðsmenn þeirra í þessum sal, hafa lýst yfir vilja sínum og skýlausum skoðunum til tiltekinna mála, að það útheimti ekki hálftíma af mikilvægum tíma þingsins. Það var mín hugsun fyrst og síðast og ég læt liggja milli hluta pólitíska bófahasar hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar og einhvers konar samsæriskenningar á þeim væng.

Af því að hér var beint spurt vil ég láta það koma skýlaust fram og þarf auðvitað ekki að segja það að vitaskuld var sá sem þetta mælir á móti öllum lausum og föstum hugmyndum um eðlisbreytingar á starfi Jósefsspítala á öllum stigum og stundum. Meira þarf ekki um þau mál að segja. Efni málsins er St. Jósefsspítali og heilbrigðisþjónusta í Hafnarfirði og á því svæði. Og í tilefni að því að menn hafa hér velt upp þeim punkti að Hafnarfjörður sé hluti af höfuðborgarsvæðinu vil ég minna á að hér í Reykjavík starfar samstarfsnefnd um sjúkrahúsin sem Hafnfirðinar eiga enga aðild að. Ég vil líka minna á að Hafnfirðingar hafa byggt upp sína heilbrigðisþjónustu og það umdæmi allt, Garðabæ og Bessastaðahrepp, algerlega sjálfstæðir. Af hverju á að breyta því núna án þess að nokkur gild rök komi fyrir? Ég minni á að það er vandi hér á ferð í Reykjavík, 100 rúm ónotuð eins og hæstv. heilbrrh. kom inn á. Það er líka vandi hvað varðar langlegudeild fyrir aldraða hér í Reykjavík. Þessi vandamál eru ekki í Hafnarfjarðarumdæmi. Hvers vegna að yfirfæra þau þangað þegar menn vilja þar leggja sitt af mörkum með liðstyrk allra fagmanna, með liðstyrk bæjaryfirvalda og annarra sem hlut eiga að máli? Ég segi enn og aftur: Við skulum fara í nákvæma skoðun á heilbrigðiskerfinu og öðrum þjónustuþáttum sem leiða til hagræðis og sparnaðar en við skulum láta það í friði þar sem hagrætt er og sparað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér hefur farið fram gagnmerk umræða sem er fyrirboði stærri hluta en svo að ástæða sé að stöðva upplýsingastreymi til þingsins alveg strax.

Ég vil vekja athygli á því að forseti hefur reynt að hafa hemil á ræðumönnum með stöðugum bjöllusöng. Að mínu viti hefur sá tími sem bjöllusöngurinn hefur hljómað verið tekinn af rétti þeirra, sem í salnum sitja, til þess að mega gera hér athugasemdir. Því ef þeir ræðumenn sem hér hefðu talað og hefðu hlýtt strax hefði verið möguleiki á að fá svör við sumum þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Það er gjörsamlega vonlaust að una því að jafnskýr maður og skarpur til allrar karlmennsku og hv. 17. þm. Reykv. sitji nú límdur við stólinn en svari ekki þeirri einföldu spurningu sem til hans var beint. Var þetta mál tekið fyrir til efnislegrar afgreiðslu í þingflokki Alþfl? (Gripið fram í.) Hér hefur ekki komið fram svar frá formanni Alþfl. Hins vegar setti mann hljóðan við að átta sig á því að forsrh. skyldi fróðari um afgreiðslur Alþfl. en formaður flokksins. Þess vegna óskum við eftir úrskurði hv. 17. þm. Reykv. og hann sýni nú af sér skörungsskap og svari þeirri spurningu: Var þetta mál tekið til efnislegrar afgreiðslu í þingflokki Alþfl.?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni upplýsa hv. 2. þm. Vestf. um það að bæði hann og hv. 17. þm. Reykv., sem hann var að beina orðum sínum til, höfðu beðið um orðið og voru á mælendaskrá. Forseti reynir hins vegar að halda sig við þingsköpin og standa við að þessi umræða standi ekki lengur en hálftíma. Þess vegna hafði forseti tilkynnt að nú væri ekki hægt að gefa fleirum orðið enda hafði þá formaður Alþfl. væntanlega svarað því sem ástæða var til að svara, en það metur forseti að sjálfsögðu ekki. Þess vegna var mælendaskrá lokað. Nú er aðeins eftir einn á mælendaskrá sem er hæstv. heilbrrh.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Skv. 2. mgr. 56. gr. hinna nýju þingskapalaga er þingmönnum heimilt að kveðja sér hljóðs til andsvara hvenær sem er og bera af sér sakir en þarf þó ekki að vera tilefni að menn þurfi að bera af sér sakir lengur heldur geta menn einungis beðið um orðið til andsvara. Þess vegna hefur auðvitað hv. 17. þm. Reykv. alla möguleika á því að kveðja sér hljóðs skv. 2. mgr. 56. gr. þingskapalaga til andsvara. Og ég bendi svo virðulegum forseta á að síðan er öðrum þingmönnum heimilt að taka þátt í þeirri andsvaraumræðu í allt að 15 mín., 2 mín. á hvern þingmann. Það er ekkert sem útilokar þetta í umræðum utan dagskrár eins og þeim sem nú fara fram.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér sannur heiður að verða hér fyrsti þingmaðurinn til þess að notfæra mér þennan nýja rétt þingskapalaga og ég þakka hv. þingmanni Svavari Gestssyni þetta tækifæri sem hann hefur gert mér kleift. Ég vil til endurgjalds lýsa því yfir fyrir þingmanninum að ég er reiðubúinn til að leiða hann og aðra þingmenn Alþb. hvenær sem er um rósagarð Alþfl. Og ég hygg raunar að sá þingmaður, sem ég hef hér ávarpað, hefði gott af því að ég settist niður með honum eitt eftirmiðdegi og færi með honum í gegnum stefnuskrá Alþfl. Ég tel reyndar líka að hann hefði gott af því að ég færi með honum í gegnum sögu Alþb., sérstaklega mál sem hann drap á hér fyrr í dag, skólagjaldamálið. Hann var raunar þá að tala um ágreining í Alþfl. Getur það verið að þessi þingmaður hafi með þeim hætti verið að reyna að draga fram að það eru nú ekki allir þingmenn Alþb. með hreinan skjöld í því máli? Ég vísa hér til þess að formaður Alþb. er í raun inni sá maður sem hóf umræðu um skólagjöld. Kann að vera að hv. þm. Svavar Gestsson sé með þessum hætti í fyrri ræðu sinni að draga fram ágreining við hann? Ég veit ekki. Hitt er rétt að skýrt komi hér fram til þess að Svavar Gestsson, hv. 9. þm. Reykv., vaði ekki í villu og svíma í þessum málum fremur en öðrum að þetta mál var tekið fyrir og rætt í þingflokki Alþfl. og var kynnt af heilbrrh. og rætt og kynnt af hans hálfu með öðrum atriðum sem hann hugðist koma fram í heilbrigðismálum. (Gripið fram í.) Fjárlögin voru ekki lögð fram með þeim hætti, einstakir liðir, til endanlegrar afgreiðslu eins og þér er kunnugt. (**SvG:** Nú.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vestf. kveður sér hljóðs um andsvar. Forseti vill benda á það til skýringar að andsvar er ætlað sem athugasemdir við einstökum ræðum en ekki öðrum andsvörum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þetta er sú gagnmerkasta ræða sem ég hef hlýtt á um heilbrigðismál. (**Gripið fram í:** Já.) Og í fyrsta skipti sem skólagjöld hafa verið stór þáttur af slíkri umræðu. Hins vegar hefur hún upplýst merkilegan hlut. Hún hefur upplýst það að fjárlögin eru í reynd ósamþykkt af Alþfl. Ósamþykkt af Alþfl. Þau eru hugmyndasamsafn merkra manna að vísu og sérfræðinga og álitsgerðir en þau eru ósamþykkt af Alþfl. Og þetta leiðir það líka fram að þeir hafa trúlega fyrirvara við fleiri greinar svo við getum átt von á mjög merkri atkvæðagreiðslu um fjárlögin þegar þar að kemur. (**ÓRG:** Ég bað um orðið um andsvar.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar upplýst það að andsvar er ekki við athugasemdir annarra þingmanna heldur strax á eftir ræðu sem flutt hefur verið. (Gripið fram í.) Hv. 17. þm. Reykv. var ekki að flytja aðalræðu. Forseti vill enn og aftur benda á að hér fer fram utandagskrárumræða um málefni St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og biður hv. þingmenn að hafa það í huga.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er hin sérkennilega túlkun forseta á 56. gr. sem var tilefni þess að ég bað um orðið um þingsköp vegna þess að ég tel hana alranga og mjög hættulegt ef sú túlkun festist hér í sessi. Í greininni stendur, með leyfi forseta: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum", einstökum ræðum, ekki við neinni aðalræðu heldur einstökum ræðum, „strax og þær hafa verið flutt-

ar.“ Og ég skal taka það fram að ég bað um orðið meira að segja undir ræðunni til þess að veita andsvar. „Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar“, hvert andsvar, virðulegi forseti, „má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftar en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en í fimmtán mínútur í einu.“

Virðulegi forseti. Mér sýnist alveg ljóst samkvæmt þessum texta að sá skilningur að einungis sé hægt að heimila einum manni, í þessu tilviki hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, að veita andsvar við ræðu formanns þingflokks Alþfl. sé alls ekki í samræmi við þessa grein þingskapa. Án þess að ég hafi nokkurn áhuga á að efna hér til einhvers orðaskaks við forseta, þá vil ég biðja forseta í fullri vinsemd að endurskoða túlkun sína á þessari grein.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. 8. þm. Reykn. um það að það var ekki hennar skoðun að það mætti aðeins einn þingmaður gefa andsvar heldur var forseti að benda á að það er ekki ætlast til samkvæmt þingsköpum að þingmenn geti gefið andsvar við andsvari. Hv. 17. þm. Reykv. var að gefa andsvar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Mér sýnist í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað vera til athugunar að endurskipulagning í heilbrigðismálum nái inn á fleiri stofnanir en bara sjúkrahúsin. Sú ástæða, virðulegi forseti, sem er fyrir því að verið er að skoða endurskipulagningu á sjúkrahúsarekstri á Íslandi, er tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða faglega ástæðu. Sú faglega ástæða er að mikil breyting hefur orðið í sjúkrahúsþjónustu sl. 15–20 ár. Það er full ástæða til að skoða skipulag sjúkrahúsþjónustu á Íslandi í ljósi þess. Síðari ástæðan er fjárhagsleg. Hún er sú að í þeirri efnahagskreppu sem við nú lifum höfum við ekki lengur fjármuni til þess að auka við þjónustu eins og við höfum verið að gera á undanförnum árum og til þess að geta varðveitt það þjónustustig sem við höfum í dag verðum við að gera skipulagsbreytingar. Ef við gerum það ekki þá eru ekki nema tveir kostir í boði. Annar er sá að við greiðum verulegan hluta af kostnaði við rekstur heilbrigðiskerfisins með erlendum lántökum. Það held ég að menn telji ekki vera rétt. Hinn kosturinn er sá að neyðast til að halda áfram í auknum mæli á þeirri braut sem við höfum verið á, með öðrum orðum að loka stöðugt fleiri sjúkrarúmum. Þau sjúkrarúm sem lokuð eru á Íslandi eru engum til gagns.

Virðulegi forseti. Hæstv. fyrrv. heilbrrh. gerði ítrekaðar tilraunir í þessum efnum m.a. með því að leggja til svokallaðan flatan niðurskurð til sjúkrahúsa víðs vegar um land. Þá risu menn upp til harkalegrar gagnrýni, stjórnendur sjúkrahúsa, og sögðu við hæstv. fyrrv. heilbrrh. að slíkar tillögur væru ástæðulausar, slíkar tillögur væri ekki hægt að framkvæma, menn yrðu að manna sig upp í það og hafa kjark til að benda á tiltekin viðfangsefni sem yrði að breyta. Það erum við að gera nú. Umræddar tillögur í fjárlagafrv. eru að sjálfsögðu tillögur ríkisstjórnar og stjórnarflokka til hv. Alþingis. Það er síðan Alþingi sem þarf að afgreiða málið og þann tíma sem eftir lifir þangað til sú afgreiðsla fer fram verðum við að nýta vel til þess að reyna að ná samkomulagi við stjórnendur sjúkrahúsa um óhjákvæmilegar aðgerðir og ég ítreka, þessar aðgerðir eru óhjákvæmilegar. Við flýjum ekki undan þeirri staðreynd. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, að ég á nú mjög gott samstarf við forsvarsmenn sjúkrahúsanna í Reykjavík um skipulagsbreytingar og óska eftir því að St. Jósefsspítali í Hafnarfirði verði aðili að þeim skipulagsbreytingum. Ég treysti því að forráðamenn spítalans muni innan fárra daga hittast á fundi í heilbrrn. þar sem við munum ræða þeirra eigin tillögu um lausn málsins.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bar nokkrar spurningar fram fyrir hæstv. heilbrrh. og mér þykir leitt að hann skuli ekki hafa svarað þeim. Ég verð þess vegna að endurtaka þær. Ég spurði í fyrsta lagi hvort það væri meining hans að ganga því aðeins til breytinga á St. Jósefsspítalanum að samkomulag næðist um það við forráðamenn spítalans eins og það er orðað í grg. fjárlagafrv. Í öðru lagi benti ég á að ef þessum sparnaði á að ná sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. þá er bersýnilegt að taka verður til hendinni strax. Það verður ekki gert fyrr en fjárlög hafa verið afgreidd. Það þýðir að þessi nýja starfsemi verður ekki allt næsta ár í gangi. Þess vegna verður kostnaður við spítalann á næsta ári hvað sem öðru líður meiri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Það er augljóst að þar mun verða miklu meiri kostnaður, upp á nokkra tugi milljóna kr. Hvað hyggst heilbrrh. gera í þeim efnum?

Mér finnst að úr því að við höfum tekið þessa umræðu hér í dag um St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði sé nauðsynlegt að þau atriði komi einnig fram sem ég innti eftir fyrr í dag. Mér sýndist að heilbrrh. hefði þá tekið eftir spurningum mínum en svo virðist því miður ekki hafa verið og þess vegna neyðist ég til þess að endurtaka þær, virðulegi forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ef ég ætlaði nú að lýsa þeirri niðurstöðu sem e.t.v. verður á samningaviðræðum þeim sem eru hafnar, þá væru þær tilgangslausar. Staðreyndin er mjög einföld. Hún er sú að við verðum að miða í heilbrigðismálum sem og öðrum málum við getu þjóðarinnar til að greiða reikninginn. Ef menn ná ekki árangri á einu sviði gæti það kostað okkur það að menn yrðu að ná þeim mun meiri árangri á öðru. Þegar fjárlög verða afgreidd mun niðurstaðan koma í ljós og þá gefst hv. þm. kostur á að

ráðstafa atkvæði sínu í samræmi við sína eigin samvisku.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir í seinni ræðu sinni að tillögurnar um að leggja niður St. Jósefsspítala í núverandi mynd væru tillögur stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl. Það er mjög merkileg yfirlýsing í ljósi þess sem sumir þingmenn þessara flokka, t.d. hv. þm. Árni M. Mathiesen, hafa sagt undanfarnar vikur og gefið íbúum Hafnarfjarðar og Garðabæjar og öðrum íbúum Reykjaneskjördæmis í skyn að þeir hefðu hvergi nærri þessu máli komið. Nú hefur heilbrrh., líkt og forsrh. og utanrrh., tekið algerlega af skarið hér og sagt það að tillagan í fjárlagafrv. sé tillaga frá þingflokki Alþfl. og Sjálfstfl.

Þar með liggur það auðvitað fyrir að þetta mál er af öðru tagi en þingmenn þessara tveggja stjórnarflokka hafa látið í veðri vaka í Hafnarfirði og Reykjaneskjördæmi. Að þessu leyti ber að þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að hafa vakið þessa umræðu hér vegna þess að hún hefur loksins leitt sannleikann í ljós. Hitt er svo vont að hæstv. heilbrrh. skyldi í engu svara spurningum hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. StG o.fl., 2. mál (byggðastjórnir). — Þskj. 2.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 8 frá 1986 sem er á þskj. 2. Flm. þessa frv. eru allir þingmenn Framsfl. Í frv. er lagt til að 104. gr. sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

„Öll sveitarfélög skulu verða aðilar að staðbundnum landshlutasamtökum sveitarfélaga. Starfssvæði þessara samtaka skal miða við núverandi kjördæmi.

Verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga er að vinna að hagsmunamálum íbúa í hverju kjördæmi. Þau skulu gera tillögur um skipulag og uppbyggingu opinberrar þjónustu og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði í hverju kjördæmi um sig. Þau skulu annast önnur þau verkefni sem löggjafarvaldið kann að fela þeim.

Landshlutasamtök halda ársfund og kjósa byggðastjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörgengir í byggðastjórn skulu vera héraðsnefndarfulltrúar og varamenn þeirra. Byggðastjórn skal kjósa fimm til sjö manna byggðaráð úr sínum hópi sem fer með framkvæmdarstjórn landshlutasamtakanna.

Í hverju kjördæmi skal Byggðastofnun falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar og þar skal vera aðsetur byggðastjórnar og byggðaráðs auk fulltrúa ýmissa opinberra aðila, svo sem ráðuneyta og stofnana.

Félmrn. setur með reglugerð nánari ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga. Hver landshlutasamtök gera sérstaka samþykkt sem staðfest skal af ráðuneytinu.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir m.a.:

„Frv. þetta er að stofni til samhljóða frv. sem unnið var af nefnd sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skipaði í byrjun desember 1989 og gera átti tillögu um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum.

Nefndin var skipuð fulltrúum þáv. stjórnarflokka og skilaði áliti 12. febr. 1991. Formaður nefndarinnar var Stefán Guðmundsson alþingismaður en aðrir í nefndinni voru: Ragnar Arnalds alþingismaður, Sighvatur Björgvinsson alþingismaður, Trausti Þorláksson Sigtúni, Öxarfjarðarhreppi, og Zophonías Zophoníasson Blönduósi.

Frv. það var ekki lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi vegna tímaskorts, en birtist sem viðauki 1 við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun, sem fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, lagði fram og varð að lögum nr. 39/1991.

Forsenda þess að þjóð haldi forræði á landi sínu er að hún byggi það og nýti allar auðlindir þess. Jafnvægi í byggð Íslands, þ.e. að þjóðin byggi landið allt og nýti sjálf auðlindir þess, er því forsenda fullveldis þjóðarinnar og óskoraðs forræðis hennar á landi og landgæðum.

Nýjar hugmyndir, sem fram hafa komið í nágrannalöndunum á sviði byggðamála undanfarin ár, hafa einkum byggt á því að styrkja heimaaðila og efla sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í stað almennra, miðstýrðra aðgerða hafa komið sértækar aðgerðir sem byggja á frumkvæði og ábyrgð heimaaðila. Þeim rökum er einkum beitt að hjá þeim sé sú staðarþekking sem tryggi besta nýtingu fjármuna, auk þess sem heimamenn viti best hvaða verkefni er vert að styðja og forgangsröð þeirra. Þetta á síðan að verða aflvaki aukins hagvaxtar og nýrra atvinnutækifæra.

Að því er varðar framtíðarstefnumótun í byggðamálum má í grófum dráttum segja að stjórnvöld standi frammi fyrir tveimur kostum:

Annars vegar að leggja áherslu á það sem kalla má hefðbundna byggðastefnu, en hún byggir á því að fyrir hendi sé hagvöxtur sem nota má til jöfnunaraðgerða.

Hinn kosturinn, sá sem hér er lagt til að unnið sé eftir og svo mjög hefur einkennt faglega umræðu um byggðamál á seinni árum, byggir hins vegar á þeirri meginforsendu að aukin ábyrgð heimamanna á eigin málum og jafnvægi í byggð sé sá grundvöllur sem þurfi að vera fyrir hendi ef takast eigi að auka hagvöxt í landinu öllu.

Til þess að ná þessu markmiði hafa augu manna einkum beinst að leiðum sem fela í sér að ákvarðanatakan er í auknum mæli færð heim í héruð þar sem heimaaðilar geta sjálfir samræmt aðgerðir í hinum ýmsu málaflokkum og þannig nýtt betur það fjármagn sem til ráðstöfunar er.

Núverandi fyrirkomulag stjórnkerfisins byggir á

sterkri miðstýringu og veigalitlum sveitarfélögum. Með því að skipta stjórnkerfinu upp í sérhæfð svið er ætlunin að ná aukinni skilvirkni og hagkvæmari rekstri. Áætlanagerð, ákvarðanataka og framkvæmd fer að mestu fram innan viðkomandi sviðs og hjá fagráðuneytum og fagstofnunum. Heima í héraði er enginn formlegur samstarfsvettvangur fyrir hendi sem myndað getur mótvægi við ríkisvaldið og stofnanir þess sem staðsett er á tiltölulega afmörkuðu landsvæði og dregið úr miðstjórnarhlutverki þess. Möguleikar til raunverulegrar valddreifingar eru því litlir.

Æskilegt er að víkja frá núverandi fyrirkomulagi og flytja ábyrgðina í auknum mæli í hendur heimamanna. Grundvallaratriði í því er að efla kjördæmin stjórnsýslulega og efnahagslega þannig að þau verði fær um að takast á hendur aukin verkefni og meiri ábyrgð á eigin málum.

Í frv. er lagt til að héraðsnefndir skuli mynda byggðastjórnir í hverju kjördæmi sem leysi þau verkefni sem þeim verða falin með lögum. Öllum sveitarfélögum í kjördæminu er skylt að eiga aðild að byggðastjórn. Þannig mynda sveitarfélögin samstarfsvettvang um úrlausn ákveðinna verkefna sem þeim verða falin.

Gert er ráð fyrir að heimamönnum verði falið að ákveða með hvaða hætti kosið verður til byggðastjórna enda geta aðstæður verið mismunandi í einstökum landshlutum. Kjörgengir til setu í byggðastjórn yrðu héraðsnefndarfulltrúar og varamenn. Úr hópi byggðastjórnarmanna skal kosið fimm til sjö manna byggðaráð eftir ákvörðun byggðastjórnar.

Í kjördæmum landsbyggðarinnar verði komið á fót héraðsmiðstöðvum þar sem byggðastjórn hefði aðsetur auk fulltrúa ýmissa opinberra aðila, svo sem ráðuneyta og stofnana, sem annast mundu stjórnsýsluþjónustu í umdæminu. Lagt er til að Byggðastofnun verði falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar. Að teknu tilliti til íbúafjölda og legu staðanna er eðlilegt að þessar héraðsmiðstöðvar verði á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, í Borgarnesi og Keflavík.

Mikilvægasta markmiðið með starfsemi héraðsmiðstöðva er að tekið verði eins fljótt og kostur er á þeim vandamálum sem upp koma á landsbyggðinni í kjölfar breyttra atvinnuhátta. Þessu markmiði verði m.a. náð með því að stórauka atvinnuþróunarstarf í héruðunum og samræma áætlanagerð þannig að innan hins opinbera verði aðilar að starfa saman og þeim verði gert að skila sameiginlegri áætlun fyrir landshlutann.

Hér er lagt til að farin verði ný leið, leið sem tekur mið af breyttum háttum í þjóðfélaginu og brúar þá gjá sem myndast hefur milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar. Því er skynsamlegast að efla sveitarstjórnarstigið, auka völd og ábyrgð réttkjörinna sveitarstjórnarmanna í stað þess að koma á nýju stjórnstigi.

Hornsteinninn að þessu frv. er að treysta sveitarstjórnarstigið og að sveitarfélögin verði efld, áhrif þeirra og ábyrgð aukin. Jafnframt þessu þarf að koma á auknu samstarfi og samruna sveitarfélaga innan viðkomandi kjördæmis þannig að þau verði betur í stakk búin til að takast á við ný og stærri verkefni en áður, verkefni sem verði flutt frá miðstýrðu og býsna fjarstýrðu kerfi til þeirra sem við eiga að búa."

Í athugasemdum við frv. segir svo um 1. gr.:

„Til þess að unnt sé að efla kjördæmin stjórnsýslulega og efnahagslega og auka þannig ábyrgð og vald heimamanna í eigin málum verður að mynda lögbundinn samstarfsvettvang allra sveitarfélaga í hverju kjördæmi um úrlausn þeirra verkefna sem þeim verða falin. Í 1. mgr. er lagt til að þessi samstarfsvettvangur miðist við núverandi kjördæmi landsins sem staðbundin landshlutasamtök og lögbundið að öll sveitarfélög skuli vera aðilar að þeim.

Verkefni landshlutasamtakanna skv. 2. mgr. skal vera að vinna að hagsmunamálum íbúa viðkomandi kjördæmis með því m.a. að gera tillögur um skipulag opinberra verkefna og þjónustu í héraði, framkvæmdaröð og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði, jafnframt því að gera áætlanir á sviði byggða- og atvinnuþróunar innan þess ramma sem stjórnvöld setja.

Þau verkefni, sem eðlilegt má telja að byggðastjórn fjalli um, eru:

Byggðaáætlanir fyrir landshlutann.
Samgöngumál (hafnir, flugvellir, vegir).
Heilsugæsla og sjúkrahús sveitarfélaga.
Skipulags- og umhverfismál.
Atvinnuþróun og nýsköpun atvinnulífsins, svo sem málefni atvinnuþróunarfélaga.
Löggæsla.
Húsnæðismál, sbr. nýja löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins.
Málefni framhaldsskóla.
Rekstur fræðsluskrifstofa.
Málefni fatlaðra.
Öll önnur sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að landshlutasamtökin haldi ársfund og kjósi sér stjórn, byggðastjórn, að loknum sveitarstjórnarkosningum, og héraðsnefndarmenn og varamenn þeirra séu einir kjörgengir í byggðastjórn. Á þennan hátt er ætlunin að tryggja að í byggðastjórn sitji einstaklingar sem valdir hafa verið til sveitarstjórnarstarfa af íbúunum sjálfum og beri þannig ábyrgð á störfum sínum gagnvart íbúum viðkomandi svæðis. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að heimamönnum verði falið að ákveða með hvaða hætti kosið verður til ársfundar og byggðastjórnar enda geta aðstæður verið mismunandi í einstökum kjördæmum.

Þá er gert ráð fyrir að byggðastjórn kjósi fimm til sjö manna byggðaráð úr sínum hópi sem skal vera framkvæmdaráð byggðastjórnar á svipaðan hátt og bæjarráð er framkvæmdaráð bæjarstjórna í dag. Byggðaráðinu er ætlað að vera skilvirk afgreiðslustofnun og framkvæmdaaðili á samþykktum byggðastjórnar sem auðvelt eigi með að koma saman og fylgja málum eftir til framkvæmda.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að byggðastjórn og byggðaráð hafi aðsetur á einum ákveðnum stað í hverju kjördæmi, í héraðsmiðstöðvum, þar sem einnig hefðu aðsetur fulltrúar ýmissa opinberra aðila,

svo sem ráðuneyta og stofnana, sem annast stjórnsýsluþjónustu í umdæminu. Byggðastofnun verði falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar. Markmiðið með stofnun og starfsemi héraðsmiðstöðva er að tekið verði eins fljótt og kostur er á þeim vandamálum sem upp koma á landsbyggðinni í kjölfar breyttra atvinnuhátta. Með því að mynda miðstöð í hverju kjördæmi fyrir ýmsa opinbera þjónustu fyrir allt kjördæmið þar sem byggðastjórn hefði einnig aðsetur má spara fé með samnýtingu ýmissar aðstöðu og faglærðs starfsfólks sem að auki gerði starfsemi héraðsmiðstöðvanna skilvirkari og auðveldaði aðilum innan kjördæmisins að reka sín erindi.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að félmrn. setji nánari ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga með reglugerð og einnig að samþykktir, sem landshlutasamtökin skuli gera, skuli samþykktar af félmrn."

Virðulegi forseti. Hér eru settar fram mjög róttækar tillögur í byggðamálum sem grundvallast á því að efla kjördæmi stjórnsýslulega og efnahagslega þannig að þau verði færari um að takast á hendur aukin verkefni og meiri ábyrgð eigin mála. Við það atriði hvernig stjórnir kjördæmanna skyldu myndaðar var leitað leiða til að tryggja sem best að jafnræðis- og sanngirnissjónarmiða væri gætt og að þeir sem til starfanna veldust bæru fjárhagslega ábyrgð gagnvart viðkomandi sveitarfélögum. Það má segja að byggðastjórn virki hér mjög hliðstætt og bæjarstjórn gerir og byggðaráð sem bæjarráð. Síðan koma að sjálfsögðu til starfsnefndir sem vinna að hinum ýmsu hagsmuna- og sérmálum viðkomandi kördæma.

Svo að ég nefni dæmi sé ég fyrir mér að menntamálanefndir og samgöngu-, heilbrigðis-, umhverfis- og atvinnumálanefndir kjördæmanna fjalli um uppbyggingu og skipulag hinna ýmsu sérmála viðkomandi kjördæma. Ekki er nokkur efi í mínum huga að með slíku samstarfi er tvímælalaust hægt að ná fram mikilli hagræðingu og aukinni skilvirkni þess fjármagns sem til ráðstöfunar er hverju sinni.

Verkefni byggðastjórnar á m.a. að felast í því að gera tillögur um framkvæmdaröð og skipulag opinberra verkefna í viðkomandi kjördæmum þar sem jafnframt verði gerðar áætlanir á sviði byggða og atvinnuþróunar. Þetta gerist innan þess ramma um markmið og áætlanir sem settur hefur verið af stjórnvöldum. Byggðaráð verði sá aðili í kjördæmi sem ber ábyrgð á því gagnvart ríkisvaldinu að árangur verði í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið.

Það er ekki skynsamlegt að vilja hvorki sjá né viðurkenna þann vanda sem við okkur blasir í byggðamálum. Ef árangur á að nást í þessum málum er það frumskilyrði að þekkja vandann og greina hann rétt. Þá er möguleikinn mestur að réttum mótefnum sé hægt að beita. Það þarf engan að undra þótt hrikti í undirstöðum heilla byggðarlaga þegar framleiðslutakmarkanir hafa verið settar á höfuðatvinnuvegi landsbyggðarinnar, bæði sjávarútveg og landbúnað.

Ég vænti þess að umræða um þetta mál geti orðið málefnaleg og umfram allt að alþingismenn átti sig á mikilvægi þess að málið hljóti jákvæða afgreiðslu á þessu þingi. Í dag stöndum við svo sannarlega á krossgötum nýrra leiða í byggðamálum. Það er okkar alþingismanna að velja og varða hina nýju leið.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Ég get að flestu leyti tekið undir það sem framsögumaður hefur sagt á undan mér, þ.e. að mjög brýnt sé að efla stjórnsýsluna heima fyrir. Ég tel það nauðsynlegt og það hefði átt að gerast mikið fyrr að sú umræða yrði virk á Alþingi.

Fjórðungssamböndin svokölluðu hafa verið starfandi lengi, sum í 40 ár eða lengur. Þau hafa verið samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Þar hefur verið mótuð stefna í mörgum mikilvægum málum sem snerta hagsmuni íbúanna. En löggjafinn hefur þó ekki viðurkennt þau sem löglegt stjórnsýslustig.

Með sveitarstjórnarlögunum 1986 var sú breyting gerð að sýslunefndir voru af lagðar og í stað þeirra skyldu koma héraðsnefndir sem voru þá ekki bundnar við sýslumörk heldur skyldu þær geta verið atvinnuleg, félagsleg og menningarleg heild. Héraðsnefndirnar voru þannig bundnar af því að á svæði hverrar fyrir sig væri hægt að líta sem landfræðilega eina heild, þær væru samstarfsvettvangur sveitarfélaga á tilteknu svæði. Héraðsnefndir hafa síðan verið að taka til starfa og verkefni þeirra verið að smáaukast á undanförnum árum. Yfirleitt lofar starf þeirra góðu um framhaldið. En í því starfi eins og öðru eru fjármunir afl þeirra hluta sem gera skal. Í dag er það þannig að úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fá fjórðungssamböndin, Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag sem ágreiningur er nú orðinn nokkur um hvort eigi að fara þangað eða hvort héraðsnefndirnar eigi að fá það til sinna starfa.

Síðustu árin hafa líka öðru hvoru borist fréttir af því að hrikti í stoðum landshlutasamtakanna. Sum sveitarfélög hafa ýmist sagt sig úr þeim eða hóta því. T.d. mun nefnd vera að skoða hvort leggja eigi Fjórðungssamband Norðlendinga niður eða skipta því í tvennt. Slíkar hræringar eru í fleiri landshlutasamtökum

Þessi tillaga sýnist mér aðallega vera til þess að lögbinda landshlutasamtökin við kjördæmi og tengja þau jafnframt héraðsnefndunum. Talað er um að þau haldi ársfund en það er ekki sagt hvernig eigi að kjósa til þess ársfundar sem síðan á að kjósa byggðastjórn úr hópi héraðsnefndamanna. Það er heldur ekki talað um hvernig hann eigi að vera saman settur. Síðan á byggðastjórnin, sem kosin væri úr hópi héraðsnefndarmanna, að kjósa sér fimm til sjö manna byggðaráð sem færi með framkvæmdastjórn landshlutasamtakanna.

Ég sé ekki alveg á þessu stigi málsins hvaða tilgangi það þjónar að fara nú að lögbinda landshlutasamtökin. Mér er kunnugt um að það hefur verið mikið rætt á undanförnum árum en ekki hefur náðst fram vilji fyrir því í þjóðfélaginu að lögbinda þau. Hins veg-

ar var sú stefna tekin 1986 að setja á stofn héraðsnefndir sem skyldu í raun og veru fara með það sem landshlutasamtökin gera í dag að miklu leyti. A.m.k. var álitið að samstarf innan þeirra mundi þróast með öðrum hætti en verið hefur í fjórðungssamböndunum vegna þess að þau, þ.e. fjórðungssambönd, væru e.t.v. of stór eining, hagsmunir allra færu þar ekki nægilega saman. Það liggur fyrir að héraðsnefndirnar hafa sums staðar stofnað til samstarfs við aðrar héraðsnefndir um tiltekið verkefni innan landshlutanna og það samstarf mun trúlega aukast. Margir álíta að samstarf innan héraðsnefnda, innan tiltekins svæðis, muni geta leitt til samvinnu sveitarfélaga í ýmsum málum og e.t.v. að þau sameinist síðar. Mér sýnist að verið sé að koma þarna á flóknara kerfi en þörf er á.

Það má líka nefna það að komin er út álitsgerð nefndar sem skipuð var til að vinna að sameiningu sveitarfélaga og fækkun þar með og stækkun. Það nefndarálit hefur ekki verið rætt hér en ég sá reyndar að fyrirspurn er komin fram um það mál í þinginu. Mér sýnist eðlilegt að skoða þær tillögur vel samhliða þessu frv. Ég legg einnig til að þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, verði sent sveitarstjórnum til umsagnar um leið og því verður vísað til félmn. og 2. umr. Ég vitna þar í 2. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1986 þar sem segir að engu málefni sem varða sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar. Í sömu sveitarstjórnarlögum er líka sagt í IX. kafla, 97. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum."

Mér sýnist því eðlilegt að skoða þessar tillögur mjög vel samhliða frv. Ég ítreka það að frv. verði sent sveitarstjórnunum til umsagnar áður en frekari umræður fara fram. Hins vegar fagna ég því að þessi mál komast í umræðu á þinginu og ég vænti þess að það verði til þess að finna leið til að draga úr miðstýringu og færa völd og áhrif nær fólkinu.

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft stóru og mikilvægu máli og á margan hátt róttækar tillögur fram færðar. Þær varða hin stóru mál í okkar samfélagi, þ.e. þróun byggðar í landinu og hvernig auka má þátt heimamanna sem ég er sammála flm. um að er lykilatriði ef menn hafa áhuga á því að snúa hinni óheillavænlegu byggðarþróun við. Ég vil þess vegna í upphafi taka undir það sem segir í grg. um meginmarkmið frv., „að það að auka ábyrgð heimamanna á eigin málum og jafnvægi í byggð sé sá grundvöllur sem þurfi að vera fyrir hendi ef takast eigi að auka hagvöxt í landinu öllu."

Það eru þó einstaka athugasemdir sem ég vil koma á framfæri í þessari umræðu. Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir því að starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem gert er ráð fyrir að lögleiða, verði núverandi kjördæmi. Þetta þýðir að hér er verið að gera tillögu um að starfssvæði samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði breytt. Það eru reyndar landshlutasamtök sem spanna tvö kjördæmi, þ.e. Reykjavíkurkjördæmi og hluta af Reykjaneskjördæmi. Þá eru Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum einnig í Reykjaneskjördæmi. Þarna er því raunverulega gengið á hlut heimamanna að ákvarða þau mörk sem landshlutasamtök sveitarfélaga starfa eftir og er það að hluta til þvert öfugt við megintilgang frv.

Ég sagði að þetta væru á margan hátt róttækar tillögur. Samt sem áður finnst mér þær ekki nógu róttækar vegna þess að í frv. segir m.a.: „Þau skulu gera tillögur um" — þ.e. landshlutasamtökin — „skipulag og uppbyggingu opinberrar þjónustu og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði í hverju kjördæmi um sig."

Þarna er sagt „gera tillögu um" en ekki „ákvarða" sem ég hefði haldið að væri miklu mun vænlegra ef menn í raun og veru vilja koma valdinu heim í hérað.

Stærsta athugasemd mín við frv. er þó þar sem fjallað er um kosningu til byggðastjórna og byggðaráða. Þar er gert ráð fyrir að eingöngu séu kjörgengir héraðsnefndarfulltrúar. Þetta þýðir, ef við höldum okkur við höfuðborgarsvæðið eða þann hluta Reykjaneskjördæmis sem tilheyrir starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að stærstu kaupstaðir þess eiga ekki, að því að ég best veit, aðild að neinni héraðsnefnd og hefðu þar af leiðandi miðað við frv. ekki neina möguleika á að eiga menn í byggðastjórnum. Hins vegar kemur fram í frv. að öll sveitarfélög eru skuldbundin til þess að vera aðilar að landshlutasamtökum sveitarfélaga. En samkvæmt núverandi sveitarstjórnarlögum er kaupstöðum ekki skylt að eiga aðild að héraðsnefndum, eingöngu heimilt. Þannig er það í dag að margir kaupstaðir, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, eru ekki aðilar að héraðsnefndum. Einnig má nefna Vestmannaeyjakaupstað og Siglufjörð sem ekki eiga aðild að héraðsnefndum. Á Austurlandi eru rétt nokkrir mánuðir síðan síðasti kaupstaðurinn gerðist aðili að héraðsnefnd Múlasýslna. Þetta er aftur á móti hluti af vandamálum vegna þeirra sveitarstjórnarlaga sem sett voru 1986 og er vissulega kominn tími til að menn hugi að breytingum á þeim.

Ég tel miklu mun vænlegra, ef menn vilja í raun gera þá breytingu að auka vald heimamanna, að tryggja lýðræðislega kosningu til þeirra stjórna sem með það vald fara. Ég er hræddur um að ef fyrirkomulag frv. verði samþykkt verði of lítið mark tekið á byggðastjórnunum vegna þess að þar erum við komin, ef við horfum til byggðaráðanna, líklega í fjórða lið frá kjósandanum. Fyrst yrðu sveitarstjórnir kosnar, síðan kjósa sveitarstjórnir héraðsnefndina, síðan á að kjósa úr hópi héraðsnefndanna í byggðastjórnina og síðan á byggðastjórnin að kjósa byggðaráðið. Þarna held ég að vegurinn frá kjósandanum til ákvarðanatökunnar sé heldur langur.

Síðan kemur í frv. um frumkvæði, þ.e. það sem snýr að héraðsmiðstöðvum. Þar vil ég benda á að í raun er farið í öfuga átt miðað við það sem segir í megintilgangi frv. Þar segir: „Í hverju kjördæmi skal Byggðastofnun falið að hafa frumkvæði að ..." Þarna hefði ég talið eðlilegt að heimamenn hefðu frum-

kvæði. Það mætti hugsanlega vera frumkvæði með Byggðastofnun, þ.e. að heimamenn og Byggðastofnun hefðu frumkvæði í sameiningu, en alls ekki Byggðastofnun ein sem ætti síðan að hafa samvinnu við heimamenn um héraðsmiðstöðvarnar.

Í grg. er einnig gengið þvert á meginmarkmið frv. þar sem heimamönnum er leiðbeint um hvar þeir eigi að staðsetja héraðsmiðstöðvarnar og taldir upp nokkrir annars ágætir staðir. Varðandi þetta vil ég segja: Við eigum ekki að taka frá heimamönnum rétt til að ákveða staðsetningu vegna þess að það geta verið mjög misjöfn viðhorf í landshlutunum um það hvar hentugast sé að hafa héraðsmiðstöðvarnar. Eða, svo ég vitni til þess landshluta þaðan sem ég kem, þar hafa menn ákveðið að dreifa þessum stofnunum um kjördæmið, á milli staða, vegna þess að menn telja það ekki rétt að auka miðstýringu, hvort heldur hún er á höfuðborgarsvæðinu eða í litlum höfuðborgum í kjördæmunum. Þess vegna segi ég: Það á að láta heimamenn ræða þessi mál og gera þau upp við sig. Þeir hafa líka gott af því að takast á um ákveðin mál eins og staðsetningarmálin vegna þess að það eru þeir sem eiga að nota þjónustuna og þess vegna held ég að þeir hafi miklu mun betri forsendur til þess að taka þessar ákvarðanir.

Rétt undir lok grg. segir: „Því er skynsamlegast að efla sveitarstjórnarstigið, auka völd og ábyrgð réttkjörinna sveitarstjórnarmanna í stað þess að koma á nýju stjórnstigi."

Það er rétt að með þessu er verið að efla að hluta til sveitarstjórnarstigið, en þarna er líka verið að stíga fyrsta skrefið í átt að nýju stjórnstigi. Ég held að það sé ekki rétt að taka skrefið svona stutt, það eigi í raun að taka skrefið allt og koma á fót nýju stjórnstigi þar sem við færum völdin nær heimafólkinu og gerum þau raunveruleg, en ekki á eingöngu að ýja að ákveðnum völdum og, sem maður óttast helst, að byggðastjórnirnar verði eingöngu umsagnaraðilar og síðan verði niðurstaðan sú að fólkið úti í landshlutunum missi trúna á að við getum fært hin raunverulegu völd út til fólksins því þá er ég hræddur um að verr sé af stað farið en heima setið.

Það er eitt sem nauðsynlegt er að átta sig á þegar þessi mál eru rædd og það er vandamál sem hin nýju sveitarstjórnarlög hafa skapað varðandi héraðsnefndir og landshlutasamtök. Það er mjög misjafnt eftir kjördæmum hvernig þessi mál hafa þróast. Á Austurlandi eru héraðsnefndir tvær. Annars staðar eru þær margar og sums staðar, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu eins og ég sagði áðan, eru margir kaupstaðir utan héraðsnefnda. Það er líka rétt að þetta hefur valdið sumum landshlutasamtökum ákveðnum vandræðum. Við höfum leyst þetta mál þannig á Austfjörðum að við höfum í raun tekið héraðsnefndina og látið hana inn í landshlutasamtökin. T.d. er sameiginleg stjórn fyrir héraðsnefnd Múlasýslna og Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Hins vegar er sérstök héraðsnefnd fyrir Austur-Skaftafellssýslu. Þetta hefur ekki valdið okkur miklum vandræðum vegna þess að við höfum í raun reynt að halda verkefnum héraðsnefndarinnar eins mikið niðri og nokkur kostur er, en þess meira tekið af verkefnum inn til landshlutasamtakanna.

Þessu er ekki þannig farið í öllum kjördæmum og mér er kunnugt um að núverandi fyrirkomulag hefur valdið vandkvæðum víða. Ég held að það sé ljóst að ekki er hægt til frambúðar að búa við hvort tveggja, landshlutasamtök í þeirri mynd sem þau eru í dag og héraðsnefndir. Þess vegna er það auðvitað löggjafans að taka á málinu og þess vegna er þetta frv. brýnt og mjög nauðsynlegt að það fái alvarlega og ítarlega skoðun.

Að lokum vil ég taka undir það og leggja á það áherslu að ég er sammála því meginmarkmiði að við eflum stjórnsýslu heima í héraði en reynum að færa raunveruleg völd en ekki gervivöld til heimahéraðs.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um nokkra efnisþætti þessa frv. sem við þingmenn Framsfl. höfum lagt hér fram.

Ég hlýt að fagna því að í grundvallaratriðum hafa þeir ræðumenn sem hér hafa talað verið samþykkir meginstefnu frv. Það er svo aftur annað mál að ýmsir hefðu gjarnan viljað ganga lengra og stíga það skref í einu að við stofnuðum þriðja stjórnsýslustigið með beinni kosningu heima til þess stigs. Ég get tekið undir það að það væri öflugasta aðgerðin í stöðunni í dag, en ég held í þessu máli, sem snertir svo mikið sveitarstjórnirnar úti um allt land, getum við aldrei gengið lengra heldur en vilji þeirra stendur til á hverjum tíma. Því miður er það svo, og það þekkja allir sem hafa kynnt sér málið, að innan raða sveitarstjórnarmanna úti um land hefur verið mjög mikil andstaða við þriðja stjórnsýslustigið. Það er kannski þess vegna öðru fremur sem þessi leið er valin, að fara hér millistig, lögfesta samstarf á kjördæmagrundvelli, þar sem það verða sveitarfélögin sem mynda grunninn að þeirri nýju stjórnsýslueiningu sem þá væri komin fram.

Að mínu mati er margt sem er þess valdandi að sveitarstjórnarmenn hafa ekki verið tilbúnir í þessa umræðu fyrr en í dag, m.a. sú mikla vinna sem unnin var þegar verkaskipting ríkis og sveitarfélaga tók gildi, ef ég man rétt, 1. jan. 1990. Það hefur hins vegar komið strax í ljós að sú skipan er meingölluð. Við vorum rækilega minnt á það, virðulegi forseti, í dag í umræðu um skipan sjúkrahúsmála í Reykjaneskjördæmi eða á höfuðborgarsvæðinu, eftir því sem menn vildu túlka málið í ræðustól fyrr í dag. Við vorum rækilega minnt á ágalla þess kerfis, verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, sem var lögleitt fyrir skömmu. Ég met málið þannig að allir aðilar málsins, að minnsta kosti sveitarfélögin, sjái þá galla sem á þessu kerfi eru.

Það liggur þá kannski beint við að menn spyrji: Er þá ekki hægt að leysa þetta mál í tengslum við þá endurskoðun á stærð og skipan sveitarfélaga sem nú er í gangi? Það er að mínu mati ekki hægt, einfaldlega vegna þess að þar er um að ræða leið sem er allt of seinvirk og eðli málsins samkvæmt tekur mörg ár, ef ekki áratug, að hrinda í framkvæmd. Okkur liggur hins vegar á og þess vegna er bent á þennan millileik.

Stækkun sveitarfélaga getur borið nokkuð skjótan árangur til þess að gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem þau hafa á hendi í dag, grunnskólann, hina félagslegu þjónustu og margt sem því tengist. Þess vegna styð ég það að þeirri vinnu verði hraðað sem mögulegt er. Ef við ætlum hins vegar að fara að koma með einingar, sem geta verið í stakk búnar til þess að taka við nýjum verkefnum, vonandi með fjárhagslegri ábyrgð, af ríkinu, dugir ekkert minna en að gera það á kjördæmagrunni. Þess vegna er að mínu mati mikill misskilningur að álíta að það að stækka sveitarfélag upp í það að þau verði 25 á landinu öllu geti leyst það mál sem við erum hér að ræða.

Ég hef þá komið fram með þau efnislegu atriði sem ég vildi hreyfa hér. Það er kannski eitt í lokin vegna þess sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns varðandi sérstöðu höfuðborgarsvæðisins og Reykjaneskjördæmis. Ég held að menn ættu kannski í framhaldi af þessu að skoða hvort ekki þurfi að setja sérstök lög um málefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og feta þar í fótspor margra nágrannalanda okkar þar sem gilda sérstök lög um höfuðborgina og þá þjónustu sem hún veitir sínum íbúum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í athugasemdum með frv. sem hér er til umræðu kemur fram að tilgangurinn sé að efla kjördæmin stjórnsýslulega og efnahagslega og auka þannig ábyrgð og vald heimamanna í eigin málum. Undir það markmið get ég vissulega tekið. Ég vil jafnframt láta það koma fram að ég tel einnig að eitt brýnasta verkefnið í málefnum landsbyggðarinnar sé að skapa þau skilyrði að sveitarfélögin geti tekið við auknum verkefnum og þjónustu sem nú eru á höfuðborgarsvæðinu og að þau verði flutt út á landsbyggðina.

Ég held að það sé alveg ljóst að núverandi fyrirkomulag stjórnkerfisins er komið í ógöngur. Það byggir í allt of miklum mæli á sterkri miðstýringu og fámennum og vanmegnugum sveitarfélögum eins og raunar kemur fram í grg. með frv. Spurningin er hins vegar hvort sú breyting sem lögð er til í frv. nægir ein og sér til að ná því markmiði sem að er keppt.

Ég tel nauðsynlegt jafnframt að stíga á næstunni stór skref varðandi stækkun sveitarfélaganna. Í því sambandi vil ég nefna það sem fram hefur komið í þessari umræðu, þá vinnu sem undanfarið hefur farið fram á vegum félmrn. varðandi nýja tillögugerð um sameiningu sveitarfélaga en þingmönnum hefur nýverið verið send áfangaskýrsla nefndar sem undanfarið hefur unnið að þessu verkefni.

Ég ætla ekki að ræða það efni sem fram kemur í þeirri skýrslu. Til þess gefst nægur tími síðar á þinginu. Ég vil þó nefna að þar kemur fram t.d., sem ég tel mjög athyglisvert, að almenna reglan er núna að sveitarfélög sem eru með færri en 400–500 íbúa verða að leysa mörg verkefni sín með samstarfi við nágrannasveitarfélögin, en að sveitarfélög sem hafa a.m.k. 800–1000 íbúa geta leyst flest verkefnin sjálf. Í þessari skýrslu kemur fram að hjá sumum fámennum sveitarfélögum, einkum þeim sem liggja nærri þéttbýli, eru samstarfsverkefnin orðin svo mörg að nær engin úrlausnarverkefni eru eftir sem sveitarstjórnin sér um og leysir ein og sér. Dæmi eru um að allt að 70–80% af útgjöldum fámennra sveitarfélaga sé ráðstafað í samstarfsverkefni og því eru nánast engin sjálfstæð verkefni eftir hjá sveitarfélaginu.

Ég held að þau rök sem eru sett fram í þessari skýrslu séu einmitt mjög mikilvæg og sýni fram á að það sé orðið mjög brýnt að efla og stækka sveitarfélögin til þess að þau geti betur þjónað sínum íbúum og séu fær um að taka að sér í auknum mæli verkefni frá ríki yfir til sveitarfélaga og til þess að þjónustu og stofnanir sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu sé hægt að færa út á landsbyggðina.

Ég nefni þetta mál sem snertir þá vinnu sem nú er í gangi um skiptingu landsins í sveitarfélög vegna þess að ég tel að þessi mál séu nátengd. Þ.e. þær hugmyndir sem koma fram í frv. því sem hér er til umræðu og hugmyndirnar um róttæka breytingu á skiptingu landsins í sveitarfélög. En ég tel að það frv. sem hér er til umræðu sé jákvætt framlag til þeirrar umræðu sem nauðsynlegt er að fram fari á næstunni um byggðamál.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Það kemur glögglega í ljós að flm. hafa eins og margir áhyggjur af þeirri þróun sem verið hefur á landsbyggðinni undanfarin ár og um alllangan tíma. Þeirra tillaga til þess að sporna við fæti að einhverju leyti er sú að færa sveitarfélögin saman með tilteknum hætti. Eins og hæstv. félmrh. vék hér að áðan eru komnar fram tillögur frá nefnd sem í raun og veru hefur komist að sömu niðurstöðu en telur aðra tillögu betri sem er sú að í stað þess að færa sveitarfélögin saman í gegnum landshlutasamtök verði það gert með beinni sameiningu sveitarfélaga. Báðar þessar leiðir sýnast mér stefna að sama marki, vinna að því að gera þessar félagslegu heildir stærri og kraftmeiri. Ég bendi hins vegar á að það er niðurstaða og álit þeirrar nefndar sem samdi nýútkomna skýrslu fyrir hæstv. ráðherra að hún telur ekki þá leið færa að fækka sveitarfélögum niður í 20–30 á einu bretti. Ég hygg því, og ég deili ekki við nefndarmenn um það eftir að þeir eru búnir að fara um allt land, að það verði of erfitt verkefni að ætla sér að knýja það fram með fortölum og löggjöf.

Ég hygg að við getum samt nálgast þessa æskilegustu niðurstöðu nefndarinnar í gegnum þriðju leiðina, ef svo má orða það. Það væri þá í gegnum héraðsnefndirnar sem eru í dag um 20 talsins. Það eru núna um það bil fimm ár síðan Alþingi breytti lögum þannig að stofnun héraðsnefnda var lögboðin. Þó svo að þær séu raunverulega ekki lögformlegur samstarfsvettvangur sveitarfélaga hefur það samt gerst á þessum fimm árum að þróunin hefur verið sú að sveitarfélögin hafa verið að færa sig saman og taka upp samstarf í gegnum héraðsnefndir. Þetta er þróun sem að mínu viti hefur tekið of langan tíma, en hvað um það. Hún er þrátt

fyrir allt komin það langt á veg að hér eru að verða nokkuð burðugar stjórnsýslueiningar.

Ég nefni sem dæmi að á Vestfjörðum eru í raun og veru þrjár héraðsnefndir sem eru nokkuð misjafnlega langt komnar í sínu samstarfi, en mér heyrist að sýnu lengst sé komin héraðsnefnd Vestur-Barðstrendinga og þar eru áform um miklu nánara samstarf. M.a. hef ég heyrt af því að þeir áformi að taka upp samstarf um það að halda innan síns svæðis þeim kvóta sem þar er og jafnvel samstarf líka um að reyna að kaupa inn á svæðið fiskveiðiheimildir.

Ég held að það sem við gerum núna eigum við að byggja á því sem komið er þannig að við fáum sem eðlilegasta þróun í framhaldi af þeim farvegi sem málin eru í í dag. Ég held að við gætum og ættum að skoða það vandlega í athugun á þessu frv. hvort ekki væri farsælt að lögbinda héraðsnefndirnar sem samstarfsvettvang sveitarfélaga og byggja þá framtíð upp í gegnum þær nefndir fremur en landshlutasamtökin sjálf. Ég held að við náum frekar þeim markmiðum sem við stefnum að og þeim markmiðum sem svo ágætlega er lýst í frv. þeirra þingmanna Framsfl.

Þetta vildi ég láta koma fram á þessu stigi en að öðru leyti vísa ég til ræðu hv. 4. þm. Austurl. sem gerði ágætlega skil og grein fyrir okkar afstöðu í því máli.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið, en vil aðeins víkja að nokkrum atriðum. Það var fyrst það sem kom fram hjá hv. 6 þm. Vestf. um að vísa málinu til umsagna sveitarstjórna. Auðvitað hefur ekki annað hvarflað að mér en að nefndin geri slíkt. Hún mun örugglega leita umsagna um þetta mál. Ég vil einnig benda á það að þegar þetta mál var hér til umræðu sl. vetur vakti ég einmitt sérstaka athygli á því að það væri kosturinn við að þetta mál væri á ferðinni að það gæfist ráðrúm til þess að ræða þetta úti um allt land. Ég veit til þess að sveitarstjórnir og héraðsnefndir og fjórðungssamböndin hafa tekið þetta mál upp og notað þennan tíma til þess að kynna sér það. En vitaskuld verður þetta mál sent til umsagnar.

Hér kom einnig fram hjá hv. 4. þm. Austurl. að í sambandi við vægi, sem þessar stofnanir okkar hefðu sem við erum að tala um að koma upp, hefðu þær ekki nógu mikla möguleika t.d. í sambandi við framkvæmdafé sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Ég sé það satt að segja svo fyrir mér að einmitt þessar byggðastjórnir okkar hafi mjög mikil áhrif þar á.

Ég sé engan tilgang í því að fjárln. í dag, eins og hún hefur líka starfað undanfarin ár, sé að fjalla um það á hvern hátt skuli skipta vegafé í ákveðinn vegarkafla hér og þar eða til skólamála og hafnamála og ég gæti haldið áfram og farið í gegnum sviðið allt. Mér finnst það fyrst og fremst verkefni okkar sem hér sitjum að einbeita okkur að löggjafarvaldinu sjálfu. Það er fjárln. að koma sér saman um það hvernig fjármagninu er skipt á milli hinna ýmsu kjördæma. Síðan er það einmitt þessara byggðastjórna að skipta því upp innan viðkomandi kjördæmis. Þá reynir á þá menn sem þar sitja að fara nógu vel með það fjármagn þannig að menn nái sem mestu út úr þeim fjárveitingum sem eru hverju sinni.

Við þekkjum það í dag sem höfum verið í þingmennsku í nokkur ár að því miður er það svo að þetta fjármagn er höggvið niður hjá okkur til verkþátta í kjördæmunum svo við náum ekki einu sinni hagkvæmni útboða vegna þess hvað við skiptum þessu takmarkaða fjármagni mikið upp. Ég er sannfærður um að ef þetta væri komið í hendur heimamanna sjálfra, þá næðu menn allt annarri sátt um þessi mál og færu betur með þetta fjármagn en er í dag.

Hv. 4. þm. vék einnig að kosningunum til byggðastjórnarinnar og ég er ekki hissa á því. Þetta var sá punkturinn í þessum tillögum sem við staðnæmdumst hvað mest við því að hér þarf að ná mikilli sátt. Kjördæmin eru mjög misjöfn innbyrðis. Við getum t.d. tekið tvö kjördæmi sem eru Norðurl. e. og Norðurl. v. og séð hversu Akureyri vegur þungt í Norðurl. e. Það er ekki svo afgerandi í Norðurl. v. Þess vegna segi ég það að ég treysti heimamönnum best til þess að ákveða hvernig með þessi mál skuli farið. Fleiri en einn ræðumaður hafa vitnað einmitt til héraðsnefndanna. Héraðsnefndirnar eru nefnilega gott dæmi um þetta. Héraðsnefndirnar hafa komið sér saman og eru að því nú í hinu besta skipulagi. Það hefur ekki verið með miklum skipunum að ofan. Menn hafa lagað sig að umhverfinu. Og ég treysti heimamönnum fyllilega í þessu máli.

Og svo hitt sem kannski vegur ekki síst þungt í þessu máli að við lögðum áherslu á að þeir sem í kjöri verða til byggðastjórnar séu menn sem fólkið hefur sjálft kosið til ábyrgðar í sambandi við sveitarstjórnarmál og hafa verið þar í framboði, þannig að þar geta ekki verið einhverjir aðrir sem komi þar til en séu ekki í neinum tengslum við sveitarstjórnirnar og geti gert stórkostlega fjárbindandi aðgerðir fyrir viðkomandi sveitarfélög. Það fyndist mér sjálfum mjög óeðlilegt. Ekki að það geti ekki verið hinir hæfustu menn, heldur að þá erum við komnir svona nálægt því sem við vorum með í gamla daga í sýslunefndarforminu sem ég man eftir að menn voru nú ekki beint yfir sig hrifnir af. Ég held þess vegna að menn hafi reynt að teygja sig býsna langt í þessu. Þetta er nokkuð rúmt orðað og einmitt í trausti þess að sveitarstjórnarmönnum sjálfum sé mjög treystandi til þess að fara með þessi mál.

Ég þakka einnig hæstv. félmrh. fyrir hennar orð og ég trúi því að hún leggi okkur lið í að koma þessu máli í höfn. Ég hef trú á því að það muni hún gera eftir þeim orðum sem hún lét hér falla. Ég hef þá skoðun að nái þetta mál fram sé það raunverulega grundvöllur fyrir því að árangur verði í því starfi sem hún var að tala um, þ.e. samningu sveitarfélaga. Það sé grundvöllur að því að við getum unnið verulega skipulega að því máli að sameina sveitarfélögin, það sé að okkur takist að koma upp þessu samstarfi sveitarfélaganna bundnu kjördæmunum. Ég held að við þurfum að vinna meira saman og við, eins og réttilega kom fram hjá félmrh., erum svo smá bundin okkar héruðum eða

takmörkuðum svæðum að okkur veitir satt að segja ekki af því að ná saman á kjördæmavísu þannig að við getum gert auknar kröfur til þess að fá aukin verkefni heim í byggðarlögin.

Ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hér hafa látið í sér heyra og vonast til þess að málið fái góða afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 17. mál (tilfærsla í starfi). — Þskj. 17.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 frá 31. mars 1987, sem er á þskj. 17. Flm. þessa frv. eru allar þingkonur Kvennalistans.

1. gr. hljóðar svo:

„Fyrri mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi eða flytja hana til í því nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Einnig er óheimilt að segja foreldri í fæðingarorlofi upp starfi eða flytja það til í því að orlofinu loknu nema gildar ástæður séu fyrir hendi."

Í gildandi lögum um fæðingarorlof segir að óheimilt sé að segja upp barnshafandi konu nema gildar ástæður séu fyrir hendi, né heldur foreldri í fæðingarorlofi. Það sem hér er bætt við er að það megi ekki heldur flytja þau til í starfi.

Frv. samhljóða þessu var lagt fram á 113. löggjafarþingi af þeim þingkonum Kvennalistans sem þá voru í Nd. Frv. hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram á ný.

Lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex var mikilvægt skref í þá átt að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra á tímabilinu eftir fæðingu barns.

Nauðsynlegt er að skipan fæðingarorlofsmála sé þannig að tekið sé mið af móður- og fjölskylduhlutverki kvenna sem og þátttöku þeirra í atvinnulífi. Samkvæmt lögum um fæðingarorlof er ekki heimilt að segja barnshafandi konu eða foreldrum í fæðingarorlofi upp starfi nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í 6. gr. laganna er kveðið á um að skylt sé, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin. Hins vegar er ekki skýrt kveðið á um það í lögunum að foreldrar geti gengið að sínum störfum að fæðingarorlofi loknu.

Ég er þess fullviss að þegar þessi lög voru sett á sínum tíma var það ætlun löggjafans að foreldrar gætu gengið að sínum fyrri störfum. Því miður hefur það komið fyrir að konum hefur verið ætlað að taka að sér önnur störf en þær voru í þegar þær fóru í fæðingarorlof og voru ráðnar í upphaflega. Þess eru dæmi að konur hafi hafnað slíkum tilflutningi og í kjölfar þess verið sagt upp eða þær hafa kosið að segja upp fremur en að þurfa að sætta sig við að vera fluttar til í starfi.

Í kvennablaðinu Veru frá því í nóvember 1990 er sagt frá reynslu tveggja kvenna sem ekki fengu að hverfa að sínum fyrri störfum eftir að þær komu úr fæðingarorlofi. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp örstuttan kafla úr umfjöllun Veru, en þar segir:

„Sögur þeirra eru keimlíkar. Þær eru með svipaða menntun — önnur með verslunarskólapróf en hin með stúdentspróf úr Verslunarskólanum — þær gegndu báðar störfum innkaupamanna, eru báðar 31 árs gamlar, voru báðar að eignast sitt fyrsta barn og uppsagnir þeirra bar að með sama hætti."

Þegar þær fóru í fæðingarorlof var ekkert sem benti til þess að þær yrðu meðhöndlaðar sem raun bar vitni eftir að þær komu til baka. Önnur kona lýsir fundi sem hún var boðuð á skömmu áður en hún átti að hefja störf á ný. Hún segir svo í Veru, með leyfi forseta:

„Á þessum fundi tilkynnti hann mér að því miður væri ekkert fyrir mig að gera í fyrirtækinu. Það væri búið að þrengja þann fjárhagsramma sem hann hefði og hann gæti ekki ráðið mig í þá aðstoðarmannsstöðu sem um var rætt." — En ég get tekið það fram að það var talað um að þegar hún kæmi til baka gæti hún jafnvel fengið betri stöðu sem mundi henta henni betur og ætti raunverulega að gera hana hærra setta en áður. — „Hann sagði reyndar að þeir gætu reynt að finna eitthvað fyrir mig á skrifstofunni. Þegar ég spurði hvað það væri sagði hann að í raun og veru væri ekkert starf laust en það væri verið að athuga það. Síðan talaði hann um að það mundi losna starf á skrifstofunni við að reikna saman einhverjar nótur. Ég hafnaði því þar sem ég hef ekki verið að mennta mig og vinna mig upp í fyrirtækinu til þess að fara í slíkt starf. Enda er þetta starf sem þeir gera sér alveg grein fyrir að maður þiggur ekki. Þetta var bara fyrirsláttur."

Þetta segir konan sem þarna um ræðir.

Hin konan segir mjög svipaða sögu í þessu blaði, hún var líka boðuð á fund rétt áður en hún átti að hefja störf á ný eftir fæðingarorlof. Hún segir, með leyfi forseta:

„Þegar ég kom á fundinn tilkynnti hann mér að það hefði verið ákveðið að flytja mig til í starfi þar sem aðstæður mínar væru breyttar. Ég væri komin með barn og þeir teldu mig þar af leiðandi ekki geta valdið starfinu sem skyldi. Bauð hann mér starf á skrifstofunni við að leggja saman nótur."

Því miður þá er mér kunnugt um að þetta eru ekki einu dæmin um það sem ég vil kalla ólöglegar aðgerðir gagnvart konum sem hafa farið í fæðingarorlof.

Til að það sé ekki nokkur vafi á því í lögum og þetta sé mjög skýrt höfum við flm. lagt til að breyta lögunum þannig að það sé skýrt að hvorki megi segja konum upp né heldur að flytja þær til, hvorki í fæðingarorlofi né eftir að foreldri kemur aftur úr fæðingarorlofi. Þess vegna er þetta frv. flutt. Ég vil taka það fram að ég tel það flutt eingöngu til þess að skýra það

að þetta sé ótvírætt þó að mér finnist sjálfri að það eigi ekki að vera nokkur vafi á því að þetta sé ekki heimilt.

Ég vil einnig taka það fram að þó að við þingkonur Kvennalistans flytjum þetta litla frv. nú þá þýðir það ekki að við séum að öðru leyti ánægðar með lögin um fæðingarorlof. Það þarf að gera á þeim ýmsar breytingar, t.d. að lengja fæðingarorlofið, breyta greiðslufyrirkomulaginu og ýmislegt fleira. En það bíður síðari tíma.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í hv. heilbr.- og trn. þingsins þykir mér rétt að gera hér nokkrar athugasemdir. Hér er mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fæðingarorlof nr. 57/1987. Samhljóða frv. var lagt fram á 113. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá. Bæði þessi frv. eru flutt af hv. þm. Kvennalistans.

Í grg. segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex var mikilvægt skref í þá átt að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra á tímabilinu eftir fæðingu barns."

Af þessu tilefni þykir mér rétt að vekja athygli á því að hæstv. þáv. heilbr.- og trmrh. Sjálfstfl., Ragnhildur Helgadóttir, beitti sér einmitt fyrir þessari réttarbót.

Þótt það sé að sjálfsögðu mikilvægt að taka mið af móður- og fjölskylduhlutverki kvenna, þá verð ég að viðurkenna að mér er ekki með öllu ljóst hverjar afleiðingar yrðu af lagabreytingum sem þetta frv. mælir fyrir um. Í 6. og 7. gr. núgildandi laga virðist réttur barnshafandi kvenna og foreldra í fæðingarorlofi vera nokkuð tryggur. Þannig hljóðar 6. gr. núgildandi laga: „Skylt er, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum. Slík tilfærsla skal ekki hafa áhrif á launakjör viðkomandi til lækkunar."

Og 7. gr. hljóðar þannig:

„Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldra í fæðingarorlofi.

Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæði fyrri mgr. skal hann greiða bætur. Við ákvörðun bóta skal m.a. taka mið af ráðningartíma starfsmanns hjá viðkomandi atvinnurekanda."

Því frv. sem hér er til umræðu er ætlað að breyta fyrri mgr. 7. gr. á þann hátt að atvinnurekanda sé enn fremur óheimilt að flytja barnshafandi konu til í starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildi um foreldra í fæðingarorlofi eða eins og segir í seinni málslið 1. gr. frv.: „Einnig er óheimilt að segja foreldri í fæðingarorlofi upp starfi eða flytja það til í því að orlofinu loknu nema gildar ástæður séu fyrir hendi." — Athugum sérstaklega þessi orð „að orlofinu loknu". Hvað felst í þessum orðum? Hvað á þetta tímabil að ná langt og hver á að túlka það? Er hér átt við á fyrsta degi eftir að orlofi lýkur eða er það næstu fimm ár?

Ég held að hér gæti komið upp slíkur ágreiningur um túlkun að erfitt yrði að finna lausn á. Þessi framkvæmd yrði tæknilega erfið. Þar að auki kemur e.t.v. til sú hætta að konur yrðu síður ráðnar á vinnumarkaði ef lögin yrðu orðuð á eins fortakslausan hátt og hér er gert ráð fyrir. Það verður að athugast að leikreglur á vinnumarkaði ná til beggja. Það er að vísu rétt að það má ýmislegt segja um framkvæmd og túlkun á lögum og reglum um fæðingarorlof, t.d. varðandi þann mismun sem gerður er á greiðslum til kvenna eftir því hvar þær eru á vinnumarkaði, hvort þær eru opinberir starfsmenn, sem njóta fullra launa, eða á almennum vinnumarkaði þar sem sá réttur er ekki fyrir hendi og greiðslur eru takmarkaðar. En þau ákvæði í fæðingarorlofslögum sem hér eru til umræðu virðast fela í sér nokkuð tryggan rétt fyrir konur. Þannig má t.d. benda á 1. mgr. 7. gr. sem hér var gerð grein fyrir áðan sem kveður á um það að uppsögn sé óheimil nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Það þarf því mikið að koma til þannig að mögulegt sé að réttlæta uppsögn við þessar aðstæður. Að sjálfsögðu er það einnig réttlætismál að slíkt sé rækilega tryggt.

Virðulegi forseti. Þetta mál mun verða skoðað í heilbr.- og trn. þingsins þar sem ég á sæti. Hins vegar þótti mér rétt að vekja athygli á þeirri óvissu sem þetta frv. gæti leitt af sér.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv. sem flutt er af þingkonum Kvennalistans og tek undir þau rök sem hv. flm. hafði hér uppi um mikilvægi þess að skýra lagatextann. Og ég get tekið undir með henni að mér finnst hann ekki nægilega skýr eins og hann er nú í lögunum og veit einnig dæmi eins og hún nefndi hér sem sanna það.

Nú skal ég ekki fullyrða það að hér megi ekki orða eitthvað öðruvísi ef það þykir réttara, en meiningunni sem kom fram í máli flm. er ég algjörlega sammála.

Ég get einnig tekið undir það sem kom fram að lög um fæðingarorlof í heild sinni eru ekki neitt endanlegt plagg að mínu mati og ég tek einnig undir að það skref sem stigið var árið 1987 var stórt og var mikil réttarbót sérstaklega fyrir konur. Það sem er hér til umfjöllunar á aðeins við eina grein laganna og ég vil vegna orða hv. síðasta ræðumanns nefna það að í mínum huga fjallar 6. gr. um þau tilfelli þegar konan óskar sjálf vegna heilsu sinnar eftir að verða flutt í annað starf. En aftur á móti er 7. gr. til þess að tryggja það að vinnuveitandinn noti ekki tækifærið meðan viðkomandi starfsmaður, kona eða karl, er í fæðingarorlofi og færi hann til í starfi að honum forspurðum.

Ég get nefnt það að í tíð fyrrv. heilbrrh., Guðmundar Bjarnasonar, var unnið í nefnd að gerð nýs frv. um fæðingarorlof og það var í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Þar náðist samstaða um tillögur sem því miður komu ekki til þingsins á því þingi en er til

í frumvarpsformi og ég vonast til þess að núv. hæstv. heilbrrh. taki þær tillögur til athugunar og við fáum á þessu hv. þingi að fjalla um nýja löggjöf um fæðingarorlof.

Hv. Alþingi hlýtur að þurfa að hafa forgöngu um það hverju sinni að þjóðfélagið sé vinsamlegt í garð fjölgunar þjóðfélagsins, sé vinsamlegt í garð barnshafandi kvenna. Eins og þetta þjóðfélag okkar er orðið í dag þá eru konur svo til allar úti á vinnumarkaði og með því að fæðingarorlof er ekki nema sex mánuðir þá er það ekki nægilega langur tími. Nú er mikið lagt upp úr því að ungbörn fái að njóta móðurmjókur sem lengst og í lengri tíma en sex mánuði. Til þess hlýtur að þurfa að taka tillit þegar samin eru lög um fæðingarorlof.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa fleiri orð um þetta frv. en lýsi í öllum aðalatriðum yfir stuðningi við það og þá meiningu sem í því felst.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Út af meðferð málsins í hv. heilbr.- og trn. vil ég aðeins upplýsa að það er rétt að það liggur fullbúið frv. um breytingu á lögum um fæðingarorlof fyrir í heilbrrn. Við erum að endurskoða það frv. m.a. með tilliti til breyttra aðstæðna og frv. um nýskipan þeirra mála verður væntanlega lagt fram á Alþingi í vetur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kvennalistans fyrir að taka þetta mál hér til umræðu. Málið kemur til þeirrar nefndar sem ég á sæti í og þar munum við væntanlega fara yfir það vandlega. Mér heyrðist á hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að málið yrði tekið þar til rækilegrar meðferðar og það er vissulega fagnaðarefni að stjórnarþingmenn skuli veita slíkar yfirlýsingar í upphafi þings að frumvörp stjórnarandstöðunnar og tillögur fái rækilega meðferð ekkert síður en það sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir lét í ljós þá von að væntanlega kæmi frv. frá ríkisstjórninni um þessi mál. Ég verð að segja alveg eins og er að ég el enga sérstaka von í brjósti um það að ríkisstjórnin komi með betri tillögur um skipan þessara mála en eru í gildandi lögum. Það kæmi mér þá mjög á óvart ef svo yrði miðað við þau tök sem sú ríkisstjórn sem nú situr í landinu hefur yfirleitt haft á heilbrigðis- og tryggingamálum.

Ég vil hins vegar segja út af því frv. sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, nefndi og rætt var á vegum stjórnarflokka — ég hygg reyndar bara á vegum ríkisstjórnar síðast, ég hygg að það mál hafi aldrei komið fyrir þingflokka, að ég hafði fyrir mitt leyti mjög alvarlegar athugasemdir við það frv. eins og það lá fyrir og ég tel að á því hafi verið mjög veigamiklir gallar. Hæstv. heilbrrh. orðaði það þannig: Við erum að vinna að lagfæringum eða breytingum á frv., ég man ekki hvernig hann orðaði það nákvæmlega, í heilbrrn. Ég vildi mega leyfa mér að inna hæstv. heilbrrh. eftir því hverjir eru að vinna að þessu og hvort sömu aðilar verða kallaðir til starfa við málið og síðast. Mig minnir að þeir sem kallaðir eru aðilar vinnumarkaðarins hafi unnið að málinu á síðasta kjörtímabili, Alþýðusambandið og e.t.v. fleiri. Vinnuveitendasambandið held ég að hafi verið kallað í þetta líka, án þess að ég vilji fela mín örlög í þeirra hendur. Ég hef lítinn áhuga á því og ekki treysti ég þeim fyrir minni pólitísku afstöðu í þessu máli hvað sem þeir heita þar, aðilar vinnumarkaðarins. Ég mundi vilja leyfa mér að inna hæstv. heilbrrh. að því hverjir eru að vinna að endurmati á þessum málum og jafnvel fyrir mína hönd persónulega bjóða það að hv. heilbr.- og trn. Alþingis taki málið til meðferðar fyrir hæstv. ráðherra og reyni að fara rækilega yfir það þar sem málið er hvort eð er komið inn á okkar borð að frumkvæði hv. þm. Samtaka um kvennalista.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Hv. heilbr.- og trn. Alþingis mun að sjálfsögðu fá málið til meðferðar þegar heilbrrh. hefur formað sínar tillögur og flutt þær fyrir Alþingi. Það er hinn eðlilegi háttur málsins og auðvitað höfum við þann eðlilega hátt á í lýðræðislegu þjóðþingi. Það tíðkast ekki að menn sendi tillögur inn til Alþingis sem þeir styðja ekki sjálfir. Það held ég að hv. þm. Svavar Gestsson hljóti að gera sér ljóst. Það voru ekki hans vinnubrögð í heilbr.- og trn. né í öðrum ráðuneytum sem hann hefur setið í að senda inn til Alþingis tillögur sem hann ekki studdi sjálfur.

Þeir sem eru að vinna að athugun þessara mála eru að sjálfsögðu starfsmenn míns ráðuneytis og ég sjálfur. Við erum einnig að skoða þar mál sem hafa verið lögð inn til ráðuneytisins og vísað til ríkisstjórnarinnar eins og frv. sem hv. 6. þm. Reykv. flutti á Alþingi í fyrra og var vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er að sjálfsögðu í skoðun í þessari yfirferð einnig. Ef hv. þm. Svavar Gestsson vildi láta svo lítið að setja hugmyndir sínar um breytingar á blað og senda það til heilbr.- og trn. þá væri sjálfsagt að skoða þær líka. Það verður auðvitað að ráðast hvort hann treystir núv. ráðherra og starfsmönnum hans til þess að líta á sínar hugmyndir.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir við þetta frv. Ég vil skilja ummæli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur þannig að hún sé ekki andvíg þessu þó að það hafi ekki verið alveg ljóst af hennar máli.

Það sem hún sagði að væri neikvætt við þetta var að það væri mjög erfitt og gæti orðið vafi á með túlkun. Mætti ekki segja konu upp eða foreldri þegar það kæmi úr fæðingarorlofi, hvenær og hvort mætti þá gera það?

Þetta eru atriði sem ég athugaði sérstaklega við undirbúning frv. vegna þess að auðvitað komu þessar spurningar strax upp. Það er ljóst að réttur til að segja

upp starfsmönnum er mjög rúmur hér á landi en atvinnurekandinn hefur hins vegar mjög takmarkaðan rétt til þess að færa fólk til í starfi nema starfið sé sambærilegt. Þess vegna getur atvinnurekandi auðvitað sagt starfsmanni upp um leið og hann kemur úr fæðingarorlofi. Þetta breytir því ekki en uppsagnarfresturinn verður auðvitað að vera eðlilegur og fólk á að geta verið í sínu starfi meðan á þessum uppsagnarfresti stendur.

Ég talaði við fólk sem hafði sérstaklega kynnt sér íslenskan vinnurétt og það taldi að þetta væri ekki hægt að mistúlka, þ.e. að ekki mætti segja fólki upp meðan á fæðingarorlofi stæði, en það gilti auðvitað að það mætti segja því upp eins og öðrum starfsmönnum þegar það kæmi til baka. Þetta orðalag átti að ná yfir það en ef hægt er að finna annað betra orðalag þá er ég að sjálfsögðu ekki andvíg því.

Ég vona að hv. heilbr.- og trn. geti fallist á að þetta sé eðlilegur réttur þeirra sem eru í fæðingarorlofi, bæði kvenna og karla.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þá átti ég ekki við uppsögnina sjálfa í mínu máli hér áðan, heldur tilfærsluna eins og segir í 1. gr. frv.: „Einnig er óheimilt að segja foreldri í fæðingarorlofi upp starfi eða flytja það til í því að orlofinu loknu ..." Það sem ég var að velta fyrir mér var: Hvað á þetta tímabil að ná langt? Er það á fyrsta degi eftir að orlofi lýkur sem má ekki flytja foreldri til í starfi eða er það eftir einhver ár?

Að sjálfsögðu vil ég einnig að það komi fram að ég fagna því að hv. þm. ræði hér um reglur og lög um fæðingarorlof. Ég tel það mjög jákvætt. En ég ítreka það að þetta mál verður skoðað nánar í hv. heilbr.- og trn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

8. FUNDUR

miðvikudaginn 16. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að þegar dagskrárliðir þessa fundar hafa verið afgreiddir fer fram utandagskrárumræða um EES. Fer hún fram að beiðni hv. þingflokka stjórnarandstöðunnar og er það umræða sem fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. StG o.fl., 2. mál (byggðastjórnir). — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og til félmn. með 42 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 17. mál (tilfærsla í starfi). — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 45 shlj. atkv.

Íþróttakennsla í framhaldsskólum, fyrri umr.

Þáltill. HN, 34. mál. — Þskj. 34.

Flm. (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Tillaga sú sem ég mun nú kynna fjallar um málefni sem vissulega varðar okkur öll og ristir að mínu mati dýpra í samfélaginu en mörgum kann að þykja við fyrstu sýn eða við skyndikynni. Tillagan snertir íþróttakennslu í framhaldsskólum, líkamsrækt og heilsuvernd almennings og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ráðherrum heilbrigðis- og menntamála að:

a. láta kanna að hve miklu leyti íþróttakennsla í framhaldsskólum miðist við að gera nemendur hæfari til að stunda holla hreyfingu (trimm) að eigin frumkvæði og taka þannig ábyrgð á eigin heilsurækt að námi loknu,

b. láta kanna hvaða áhrif aukin þátttaka hins almenna borgara í líkamsrækt (trimmi) geti haft á sparnað við rekstur heilbrigðisþjónustunnar í landinu."

Greinargerðin með tillögunni skýrir, að vísu í stuttu máli, aðdraganda málsins en ég tel þó rétt að nefna í nokkrum orðum hvaða forsendur undirritaður hefur til umfjöllunar um málið.

Undirritaður starfaði sem íþróttakennari í tvo áratugi og sá m.a. um menntun leiðbeinenda á íþróttabraut framhaldsskóla, tilraunakenndi nýtt námsefni við Menntaskólann á Egilsstöðum sl. vetur sem vitnað er til í greinargerðinni og var í trimmnefnd ÍSÍ 1977–1988, verkefnisstjóri trimmdaga 1986 undir kjörorðunum „heilbrigt líf — hagur allra" og stundaði framhaldsnám við Íþróttakennaraháskólann í Stokkhólmi með valgrein almenningsíþróttir.

Virðulegi forseti. Þá ætla ég að leyfa mér að víkja að greinargerðinni.

Haustið 1990 lagði námsstjóri í íþróttum framhaldsskóla fram nýtt námsefni til bóklegrar kennslu að

norskri fyrirmynd. Námsefnið nefnist: Þjálfun, heilsa, vellíðan. Með samræmdri, fræðilegri kennslu í tengslum við íþróttakennsluna er stigið stórt skref í þróun og aðlögun hennar að þörfum nútímans.

Fram að þessu hefur kennslan miðast við iðkun íþrótta og hollrar hreyfingar. Það hefur hins vegar komið í ljós að fjöldi nemenda öðlast ekki nægjanlegt sjálfstraust og kunnáttu til að halda áfram þeirri iðkun á eigin vegum að námi loknu. Hið nýja námsefni hefur þegar skilað árangri í þessum efnum samkvæmt könnun námsstjóra og lofar því góðu verði það tekið til kennslu í öllum framhaldsskólum landsins.

Eigi hið nýja námsefni og fyrirkomulag íþróttakennslunnar að ná tilgangi sínum og skila þeim árangri sem til er ætlast verða kennslutímarnir að nema annaðhvort 3 x 40 mínútum á viku eða 2 x 60 mínútum. Bóklega námið fer fram í einum tíma, annar tíminn er nýttur til verkefna úr námsefninu sem nemendur stjórna sjálfir — að sjálfsögðu undir leiðbeiningu kennara — og þriðji tíminn til hefðbundinnar íþróttakennslu. Að sjálfsögðu verður skiptingin önnur ef um 2 x 60 mínútur er að ræða.

Flestir framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa tekið upp þetta nýja fyrirkomulag að einhverju eða öllu leyti. Mikið skortir þó á að svo sé í Reykjavík enn sem komið er. Vinna þarf markvisst að því að allir framhaldsskólar landsins bjóði nemendum sínum umrætt nám.

Læknavísindin hafa með rannsóknum og könnunum sl. áratugi talið sannað að ef einstaklingur leggur reglulega stund á líkamsrækt og er sér meðvitaður um gildi heilbrigðra lífshátta fyrir heilsufar sitt þurfi hann síður á þjónustu heilbrigðisstofnana að halda.

Hér á landi hefur almennur áhugi á íþróttum og útivist aukist verulega. Fjölmargir Íslendingar hafa réttan skilning á nauðsyn líkamsþjálfunar í fyrirbyggjandi heilsuvernd. Íþrótta- og ungmennafélögin í landinu hafa mörg hver stuðlað að þátttöku almennings í trimmi þótt þau starfi að stærstum hluta að íþróttauppeldi æskufólks og búi íþróttafólk sitt undir keppni í hinum fjölmörgu íþróttagreinum sem stundaðar eru.

Fjöldi líkamsræktarstöðva býður fólki góða aðstöðu og leiðbeiningar til iðkunar hollrar hreyfingar og sveitarfélög hafa byggt íþróttamannvirki, t.d. til skokks og skíða- og sundiðkana, sem fólk nýtir sér sannarlega, að ógleymdum íþróttahúsunum og öðrum mannvirkjum. Auðveldara er nú fyrir hinn almenna borgara að stunda líkamsrækt við hæfi ef hann vill hugsa um eigin heilsu.

Þrátt fyrir jákvæða þróun þessara mála er viðurkennt að fjöldi fólks nýtir sér ekki þá aðstöðu sem býðst af einhverjum ástæðum. Ef til vill vantar fleiri valkosti.

Í nágrannalöndum okkar hafa hin frjálsu íþróttasamtök innan sinna vébanda sérsambönd sem einbeita sér að útbreiðslu almenningsíþrótta, bæði með eigin starfsemi og með því að fá sérsambönd keppnisíþrótta til samstarfs um þennan þátt. Einnig hafa þau stuðlað að fjölbreyttu íþróttastarfi meðal starfsfólks á vinnustöðum og annarra hópa og samtaka sem hafa áhuga að eða önnur tengsl við slíkt sérsamband almenningsíþrótta. Á þennan hátt ná fjöldasamtökin inn á flest heimili með hvatningu sína og tilboð til fólks um holla hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Það má geta þess að þetta íþróttastarf meðal starfsfólks á vinnustöðum hefur þróast yfir í það að starfsfólkið hittist eftir vinnutíma í verkefni þar sem það kemur með sínar fjölskyldur.

Töluverð umræða hefur farið fram innan Íþróttasambands Íslands sl. 10–15 ár um stofnun sérsambands eða samtaka um almenningsíþróttir en því hefur ávallt verið slegið á frest.

Stjórn ÍSÍ skipaði trimmnefnd árið 1971 sem síðan hefur haldið málefnum almenningsíþrótta á lofti og unnið mikið og þarft starf. Það hefur þó ekki nægt til þess að íþróttahreyfingin tæki skrefið til fulls og leyfði nefndinni að þróast yfir í sérsamband eða samtök með aðildarhópum og beinum tengslum við einstaklinga um allt land.

Um þessar mundir er vaxandi umræða og áhugi innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og meðal rekstraraðila heilsuræktarstöðva um myndun samtaka til eflingar almenningsíþrótta í landinu. Þarna er um að ræða hreyfingu sem tengst gæti verkefni heilbrigðisráðuneytisins um heilbrigði allra árið 2000 en Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur sett ríkjum heims það markmið til að stefna að.

Alþingi Íslendinga hlýtur að fagna þessari þróun til eflingar heilbrigði þjóðarinnar og ber að stuðla að henni á allan hátt.

Markhópurinn, sem ég á við með því að flytja þessa tillögu, sem þetta mál snýst um eru allir þeir einstaklingar sem ekki æfa og keppa með íþróttafélögum né sækja líkamsræktarstöðvar reglulega eða sjá sér fyrir hollri hreyfingu á annan hátt. Þetta mál miðast við að í boði verði fjölbreyttari valkostir fyrir fólk á öllum aldri. Um er að ræða málsvara iðkenda sem ekki endilega eru félagar í íþróttafélögum. Um er að ræða samnefnara sem flytur upplifun þeirra sem reynslu hljóta til byrjenda og hugsanlega er verið að skapa starfsemi sem læknar geta e.t.v. ávísað á í stað lyfja, dugi holl hreyfing og félagsskapur í slíkum tilvikum.

Virðulegi forseti. Í gær fór ég með hv. þm. fjárln. í heimsókn til endurhæfingarstöðvar fyrir unga eiturlyfjaneytendur í Krýsuvík. Starfsfólkið þar vinnur stórkostlegt starf af mikilli hugsjón og ósérhlífni. Heimsóknin var eins konar sjokk fyrir mig, að kynnast hinu ógæfusama unga fólki sem við berum vissulega ábyrgð á. Þarna er um ákveðna endastöð fyrir þetta unga fólk að ræða. Væri okkur ekki nær að efla það fyrirbyggjandi starf, t.d. í íþrótta- og æskulýðsmálum, sem í flestum tilfellum forðar börnum frá böli vímuefna. Starf að almenningsíþróttum beinist einnig að börnum og unglingum, sérstaklega þeim sem ekki eru verndaðir við æfingar og keppni íþróttafélaganna eða við annað hollt félagsstarf.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.
Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Eins og forseti gat um í upphafi fundar fer nú fram utandagskrárumræða um EES að beiðni stjórnarandstöðuþingflokkanna. Þessi umræða fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa. Vill forseti jafnframt geta þess að það er samkomulag um það við formenn þingflokkanna að þessi umræða megi standa fram undir kl. hálfsex ef nauðsyn krefur þannig að þingflokksfundum verður þá frestað sem því nemur.

Steingrímur Hermannsson:
Virðulegi forseti. Fyrir hönd stjórnarandstöðunnar bað ég um þessar umræður um Evrópskt efnahagssvæði. Ástæðan fyrir þessari beiðni hlýtur að vera öllum augljós. Okkur er sagt að nú dragi til úrslita um þessa samninga um Evrópskt efnahagssvæði á ráðherrafundi sem haldinn verður 21. þessa mánaðar.

Evrópskt efnahagssvæði og samningarnir voru allítarlega ræddir í maí sl. og það fer að vísu tvennum sögum af því hvort mikið hafi gerst frá því í maí eða lítið. Okkur hefur heyrst á hæstv. utanrrh. að heldur lítið hafi gerst og hann sé orðinn reyndar leiður á þessu þófi. Hins vegar berast þær fréttir frá ýmsum öðrum ríkjum eins og t.d. Norðmönnum að mjög sé unnið að samningum og jafnvel allar líkur til þess að höggvið verði á hnútinn nú á þessum fundi eða fyrir hann og af samningum muni þá verða. Á sama tíma hygg ég að segja megi að menn hér heima séu heldur ráðvilltir í þessu sambandi. Við þingmenn þekkjum ekki gjörla eins og ég sagði hvað hefur í raun gerst og hvernig málin standa og því síður almenningur. Hér hafa verið stofnuð samtök gegn aðild að Evrópsku efnahagssvæði og mjög kvartað undan því að almenningur viti lítið um stöðu þessara mála, áhrif þeirra á íslenskan þjóðarbúskap o.s.frv. Því var beðið um þessar umræður að þær gætu orðið til þess að skýra málin nokkuð betur fyrir okkur og fyrir almenningi í landinu. Ég hygg einnig að æskilegt sé fyrir hæstv. utanrrh. að um þessi mál sé fjallað nú áður en hann heldur til þessa mikilvæga fundar. Ég segi mikilvæga fundar því að vafalaust eru samningar um Evrópskt efnahagssvæði það stærsta mál sem við höfum fjallað um, a.m.k. í erlendum samskiptum okkar Íslendinga og jafnvel þótt víðar sé leitað og getur verið afar örlagaríkt fyrir framtíð þjóðarinnar.

Ég hafði í upphafi hugsað mér að fara fáeinum orðum um aðdraganda þessa máls. Aðdragandinn er sá að fyrri ríkisstjórn ákvað að taka þátt í viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði og ég gerði síðan grein fyrir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar og með þeim skilyrðum sem ríkisstjórnin setti á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í Ósló vorið 1989. Nú er nauðsynlegt, áður en við ræðum stöðuna, að gera okkur jafnframt grein fyrir því — og fara reyndar lengra aftur í tímann — að 1972 gerðum við Íslendingar mjög góðan, vil ég segja, og athyglisverðan samning við Efnahagsbandalagið, sem svo hét þá, um viðskiptatengsl þessara þjóða ásamt bókun 6, sem ég veit að allir kannast við. Það er nauðsynlegt að hafa það í huga að bókun 6 er tvímælalaust sá besti viðskiptasamningur sem nokkur erlend þjóð hefur náð við Evrópubandalagið. Með bókun 6 fáum við tollfrelsi fyrir stóran hluta af okkar útflutningi, þ.e. sjávarafurðir til Evrópubandalagsins og sömuleiðis með viðskiptasamningum fyrir allan okkar iðnaðarvarning, en Evrópubandalagið fær líka innflutning til landsins án tollverndar, ekki nauðsynlega tollfrjálsan en án tollverndar, þ.e. með sambærilegum tollum og aðrar þjóðir, fyrir í raun alla framleiðslu Evrópubandalagsins. Ein er þó mikilvæg undantekning frá þessu og það eru landbúnaðarafurðir sem eru ekki í þeim samningi.

Það er athyglisvert sem segir í bókinni „Ísland og Evrópa" sem Evrópunefndin gaf út. Þar er fjallað um þau atriði nokkuð sem ekki eru í þessum samningi, m.a. um saltfisk og skreið, og þar er upplýst, sem ég veit að er satt og rétt, að tollur á saltfisk og skreið hafði verið felldur niður af Efnahagsbandalaginu einhliða áður og er ekki tekinn inn í þessa samninga. Hins vegar segir hér að samningamenn Íslands hafi verið fullvissaðir um það að Evrópubandalagið mundi ekki taka upp á ný toll á saltfisk. En eins og hér er sagt þá tókst því miður ekki að fá um það neina bókun, aðeins munnlega yfirlýsingu eins og ég hef nú rakið.

Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga þegar við ræðum nú um eitt stærsta málið, að fá niðurfelldan toll á saltfiski. Það má segja að þetta skipti ekki öllu máli þegar samningurinn var gerður 1972, en þetta skipti mjög miklu máli eftir að Spánn og Portúgal gengu í Evrópubandalagið 1986, okkar stóru viðskiptavinir, og staðreyndin er sú að Evrópubandalagið setti takmörk á það magn af saltfiski sem mætti flytja inn tollfrjálst. Það sem er umfram 25 þús. lestir, ef ég man rétt, er hins vegar háð tollum og vissulega brýtur það í bága við þessa munnlegu yfirlýsingu Evrópubandalagsins.

En frá því að þessi samningur var gerður 1972 og kemur síðan smám saman til framkvæmda á næstu árum varð í raun framan af ekki mikil aukning á innflutningi okkar Íslendinga til Evrópubandalagsins. Sú aukning verður ekki fyrr en á síðari árum, alveg sérstaklega eftir að Bandaríkjamarkaður veikist og dollarinn veikist og arðbærara verður að flytja út á Evrópumarkað, en þangað flytjum við nú yfir 60% af okkar sjávarafurðum, nálgast líklega 70%.

Það er því með þennan bakgrunn sem fyrri ríkisstjórn ákveður að taka þátt í viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði. Hún ákveður að gera það eins og aðrar þjóðir EFTA á grundvelli ræðu Delors, aðalframkvæmdastjóra Evrópubandalagsins, sem hann flutti 17. jan. 1989 og lýsti þar hinni svokölluðu tveggja stoða lausn, þ.e. að tveir aðilar jafnréttháir, tvær jafnsterkar stoðir yrðu aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er líka mjög mikið grundvallaratriði sem við verðum að hafa í huga. Það er boðað að þessir tveir aðilar verði jafnsterkir.

Við Íslendingar töldum, og ég hygg að allir hafi verið sammála um það, að ekki væri ástæða fyrir okkur að sækja um aðild, þ.e. útvíkkun á bókun 6 nema við fengjum tollfrelsi fyrir allan okkar fisk. Því ákvað

ríkisstjórnin að leggja á það höfuðáherslu innan EFTA að slíkt tollfrelsi fengist, fyrst innan EFTA og það yrði síðan atriði í kröfu EFTA-ríkjanna í samningunum við Evrópubandalagið. Þetta er líka afar mikilvægt að menn hafi í huga. Það er einnig mikilvægt að menn minnist þess að á leiðtogafundinum í Ósló vorið 1989 leystist þetta mál ekki fyrr en á síðustu fimm mínútum fundarins og við Íslendingar höfðum þar hótað að ganga út ef ekki fengist tollfrelsi fyrir sjávarafurðir innan EFTA. Við byggðum þetta m.a. á því að okkur hafði verið ráðlagt á ýmsum fundum sem við áttum með leiðtogum Evrópubandalagsins í Brussel að leita fyrst tollfrelsis innan EFTA, þá stæðum við miklu sterkar að vígi.

Mér er ljóst að um þetta voru nokkuð skiptar skoðanir og ýmsir töldu að við ættum að leita beint sérsamninga við Evrópubandalagið en fyrri ríkisstjórn kaus að fara þessa leið enda fengist tollfrelsi innan EFTA fyrir fisk og sjávarafurðir og það yrði mikilvægur þáttur í kröfu EFTA-ríkjanna gagnvart Evrópubandalaginu. Þetta er líka lykilatriði. Ég vil taka það fram að ég minnist þess ekki að nokkru sinni hafi verið rætt um það að þetta tollfrelsi yrði takmarkað, að einhverjar sjávarafurðir yrðu undanþegnar þessu tollfrelsi. Ég vona að ég fari þar með rétt mál. Ég man ekki eftir því að nokkurn tíma hafi á slíkt verið minnst. Það var a.m.k. ekki minnst á það á leiðtogafundinum í Ósló. Þar var krafist tollfrelsis fyrir meginframleiðslu okkar Íslendinga og það fékkst. Það má geta þess að það var fyrrv. forsrh. Svía, Ingvar Carlsson, sem hjó á hnútinn á síðustu fimm mínútum þess fundar. Þetta er nauðsynleg forsaga. Jafnframt settum við fram í Ósló ýmsa fyrirvara fyrir okkar aðild. Þessir fyrirvarar voru síðan hvað eftir annað ræddir í ríkisstjórninni og ætíð staðið mjög fast á þeim. Einna ítarlegast voru þessir fyrirvarar ræddir í lok október á sl. ári þegar þessi mál voru komin til nokkurra úrslita. Ég ætla að fara yfir þessa fyrirvara með tilvísun til þess skjals sem þá var lagt fyrir þáverandi ríkisstjórn.

Í fyrsta lagi óskuðum við eftir takmörkun á fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi og alveg sérstaklega að fjárfesting í sjávarútvegi kæmi ekki til greina, hvorki í veiðum né frumvinnslu. Til að undirstrika þetta atriði flutti ég, fyrir hönd fyrrv. ríkisstjórnar, frv. til laga hér á Alþingi, reyndar tvö frv., lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lög um breytingar á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Þarna er leitast við að hreinsa nokkuð til í þessum málaflokki, gera ákvæðin skýrari því þau voru afar óskýr. Í fyrsta lagi er tekið af skarið með það að erlendir aðilar mega ekki fjárfesta neitt í útgerð og frumvinnslu í sjávarútvegi og það er í raun meginatriði þessara laga. Ég get ekki farið að rekja þau hér í smáatriðum en nú er nauðsynlegt að fá það upplýst frá hæstv. utanrrh. hvort þetta ákvæði muni ekki tvímælalaust halda ef úr þessum samningum verður. Við heyrum að Evrópubandalagið krefst heimildar til fjárfestinga í sjávarútvegi í Noregi, en er ekki alveg ljóst að svo mun alls ekki verða hér á landi?

Auk þess eru í þessum lögum, þrátt fyrir það að mjög er losað um alla heimild til fjárfestinga í venjulegum iðnaði og ýmsum öðrum greinum hér á landi, ákveðin ákvæði sem kunna að stangast á við reglur og ég veit að stangast á við reglur Evrópubandalagsins. Þar er ákveðið að maður skuli vera íslenskur ríkisborgari eða hafa dvalist hérlendis í eitt ár til að vera jafngildur íslenskum ríkisborgurum í fjárfestingu hér á landi. Halda slík ákvæði eða verður að breyta þeim? Þetta er nauðsynlegt að fá upplýst.

Hér er einnig ákveðið að erlendir aðilar megi eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabönkum. Heldur það ákvæði eða verður að breyta því? Hér er erlendum aðilum ekki heimilað að setja upp banka heldur aðeins útibú. Heldur það ákvæði eða verður að breyta því?

Einnig er heildarfjárfesting erlendra aðila takmörkuð *á hverju ári eins og nokkuð ítarlega er rakið í* 7. lið 4. gr. þessara laga. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra.“ Að vísu er þarna opið, „með leyfi viðskiptaráðherra“, en yrði slíkt þolað í þessu svokallaða frelsi Evrópubandalagsins?

Hér eru fyrirtæki jafnframt skráð erlend sem út af fyrir sig hlýtur að mega séu þau með erlendri fjárfestingu. Þetta er eitt af allra stærstu málunum.

Í öðru lagi setti síðasta ríkisstjórn það skilyrði að ekki kæmi til greina erlend fjárfesting í orkumálum, þ.e. hvorki eignarhald á orkulindum né virkjun orkulinda. Ég tel að miðað við þær reglur sem hér gilda um virkjun fallvatna þá muni þær reglur halda, þ.e. að hér hefur hið opinbera, ríkið, einkarétt til virkjunar á fallvötnum, þá muni þær halda. Hins vegar er ekki ljóst með jarðhitann og spurning hvernig á að girða fyrir það að erlendir aðilar geti virkjað jarðhitann hér á landi. Heldur sá fyrirvari sem við settum í þessu sambandi?

Ýmis önnur atriði voru nefnd af okkar hálfu. Í fyrsta lagi land og hlunnindi. Sá fyrirvari var settur af Íslands hálfu að ekki kæmi til greina að erlendir aðilar gætu eignast hér land og þau hlunnindi sérstaklega sem því fylgja sem var kallað í þessu skjali sem lagt var fyrir ríkisstjórnina í lok október „Fjárfestingar í landareignum í ágóðaskyni“. Hér er að mínu mati um mjög stórt atriði að ræða sem hefur verið mjög til umræðu innan Evrópubandalagsins og ég vil leyfa mér að segja að er mikið áhyggjuefni hjá sumum þjóðum þar, t.d. Dönum og ég hygg Bretum og fleirum, þar sem dómstóll Evrópubandalagsins hefur dæmt gegn takmörkunum sem þar hafa verið settar á slíkar eignir. Þetta er hlutur sem við hljótum að spyrja um: Er tryggt, sem síðasta ríkisstjórn var algjörlega sammála um, að ekki komi til greina að erlendir aðilar fái að fjárfesta í landareignum í ágóðaskyni, eins og segir hér, eða í hlunnindum, gætu eignast þau hlunnindi sem fylgja slíkum kaupum?

Við settum einnig skilyrði um innflutning á vinnuafli og gerðum þá kröfu að sömu reglur giltu um innflutning á vinnuafli frá Evrópubandalaginu og gilda í

samningum okkar við Norðurlöndin. Þar er slíkur innflutningur frjáls þar til gripið er í taumana eða hann stöðvaður af einhverjum ástæðum, þ.e. íslenska ríkið hefur heimild til að stöðva slíkan innflutning. Hvernig stendur þetta mál? Mér skilst að þarna hafi verið miklir erfiðleikar og hefur verið vísað í almennan fyrirvara sem ég kem að hér á eftir.

Í þessum viðræðum voru að vísu aðrir fyrirvarar nefndir eins og þýðingarskylda á útsendu sjónvarpsefni, einkaréttur Pósts og síma á gagnaflutningsnetum og sömuleiðis gilda sérreglur um lyfjakaup. Ég lít svo á að þó að þetta séu vissulega fyrirvarar sem þarf að ræða þá séu þeir þó ekki eins mikilvægir og þeir sem ég hef nú þegar nefnt.

En staðreyndin er jafnframt sú að ýmislegt fleira hefur komið í ljós eftir að þessir samningar hefjast. Þar vil ég nefna heilbrigðisreglur sem krafa hefur verið um að yrðu samræmdar á milli allra ríkja EES. Í þessum heilbrigðisreglum er, sýnist mér, fjölmargt sem við Íslendingar getum alls ekki undirgengist.

Þá hafa einnig orðið miklar umræður um innflutning á landbúnaðarafurðum. Fyrri ríkisstjórn hafði séð óskir um slíkt sem voru mjög takmarkaðar, þ.e. takmarkaðar við nokkrar gróðurhúsaafurðir. Og þótt frjáls innflutningur á þeim gæti sannarlega valdið hér nokkrum erfiðleikum þá taldi síðasta ríkisstjórn að það mál yrði að skoða ef annað gengi upp sem ég hef rakið og eftir hefur verið sótt. Hins vegar hefur komið fram að síðan hafi Evrópubandalagið óskað eftir langtum víðtækari heimildum til innflutnings á landbúnaðarafurðum, m.a. mjólkurafurðum, sem að vísu er sagt að við Íslendingar höfum ekki tekið þátt í, en aðrar þjóðir samþykkt. Hvað þýðir það? spyr ég. Þýðir það að ef við fengjum tollfrelsi fyrir allan okkar fisk og vildum gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, þá yrðum við að samþykkja þennan innflutning á landbúnaðarafurðum sem mér er tjáð að geti verið u.þ.b. 17% af mjólkurframleiðslunni hér á landi?

Við höfum jafnframt frétt að loftferðasamningar verði á einn eða annan máta teknir inn í þessa samninga um Evrópskt efnahagssvæði sem aldrei var nefnt í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hvað þýðir það? Þýðir það að við yrðum að öllu leyti háðir þeim ákvörðunum sem Evrópubandalagið tekur um loftferðir, þ.e. um verð og tíðni o.s.frv.? Þýðir það að við yrðum að öllu leyti háðir því frjálsræði sem nú er verið að tala um í loftferðum innan Evrópubandalagsins? Mun það einnig ná til Evrópska efnahagssvæðisins og verðum við Íslendingar aðilar að því? Þetta er hlutur sem var aldrei ræddur en mér er tjáð að hafi síðan verið til umræðu.

Við vorum einnig vissulega með fyrirvara um aðlögun í frelsi til fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipta. Fjármagnsflutninga afgreiddi síðasta ríkisstjórn þannig að sett var sérstök reglugerð sem gerir ráð fyrir slíkri aðlögun. Ég spyr: Stenst það? Og hvað um þjónustuviðskiptin? Yrði sú aðlögun viðunandi fyrir okkar íslensku þjónustufyrirtæki sem eru smá borin saman við það sem er í kringum okkur?

Ég hygg að ég hafi rakið flesta af þeim fyrirvörum sem settir voru og eins og menn munu taka eftir þá eru þeir fáir en þeir eru stórir. Sá kostur var valinn að hafa þá ekki mjög marga. Mér skilst að Svíar hafi verið með á annað hundrað alls konar smærri fyrirvara um einstakar framleiðslugreinar, sem að vísu hefur verið fallið frá nú, og sama hafi átt við t.d. um Sviss. En við ákváðum að hafa þá fáa en standa mjög fast á þessum fyrirvörum.

En það er líka fleira sem við þurfum að sjálfsögðu að vita um og það er: Hvað telja menn að tollfrelsi muni fást fyrir mikið af okkar sjávarafurðum? Ég vísa til þess sem ég sagði hér í upphafi að fyrri ríkisstjórn lagði áherslu á tollfrelsi fyrir allar sjávarafurðir og reyndar má segja að annað hafi aldrei verið til umræðu. Ég vísa einnig til þess sem hæstv. sjútvrh., sem hér gekk í salinn áðan, sagði hér í maí að aðild að Evrópsku efnahagssvæði kæmi ekki til greina, og hann lagði mikla áherslu á það, nema tollfrelsi fengist fyrir allar okkar sjávarafurðir. Er þetta ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða er þetta einkaákvörðun hæstv. sjútvrh.? Ég tek undir þetta með hæstv. sjútvrh. Ég tel þetta eitt allra stærsta málið. Hvernig verður þá haldið á því máli m.a. eftir slíka yfirlýsingu? Ég vona að hæstv. sjútvrh. sé hér þinghúsinu og geti þá rætt það nánar.

Ýmislegt fleira hefur verið nefnt í þessum umræðum eins og ríkiseinkasala á áfengi og tóbaki sem fróðlegt væri að heyra um. Ég heyri að sumir hv. þm. hafa haft af því áhyggjur hvað um hana verður. Það er mál sem aldrei kom upp á borðið fyrr en eftir að síðasta ríkisstjórn fór frá. Hvað um starfsmenntun? Mér hefur verið tjáð að það séu nokkrar deilur um hvort starfsmenntun verði viðurkennd á Evrópsku efnahagssvæði. Það er vitanlega stórmál að almennt mundi fást skilyrðislaus aðgangur að öllum menntastofnunum Evrópska efnahagssvæðisins og þar með gjöldum sem eru viðráðanleg fyrir okkur Íslendinga og þá sem að koma því eins og menn vita er það mjög mismunandi hvað greiða þarf í skólagjöld. Þetta er mjög stórt atriði og sumir hafa litið til þessa atriðis sem mikilvægs hliðarákvæðis fyrir okkur Íslendinga ef úr þessum samningum verður.

Það er kannski rétt að spyrja að því, þó ég búist ekki við að hæstv. utanrrh. hafi um það mikil svör, hefur verið rætt um eða er von á nokkrum breytingum í sambandi við það víðtæka styrkjakerfi sem Evrópubandalagið rekur í sínum sjávarútvegi? Vitanlega er það hlutur sem við getum illa sætt okkur við, alveg sérstaklega ef tolla á áfram flökin sem eru í beinni samkeppni við þær afurðir sem þetta styrkjakerfi framleiðir.

Ég gæti út af fyrir sig rakið ýmislegt fleira. Ég hygg að tíma mínum sé senn lokið en mig langar að lokum til að vísa til þess sem fram kemur í ritinu „Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið" sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út. Þar eru teknar saman þrjár skýrslur sem voru unnar að minni ósk og ríkisstjórnarinnar síðustu þar sem reynt er að meta hvaða hagsmunum við sækjumst eftir og geta orðið miklir í þessum samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Þar koma fram mjög athyglisverðar tölur. Þar er metið að

það lægsta sem unnt er að gera ráð fyrir að við hefðum út úr þessu jafngilti 425 þús. kr. eingreiðslu til hverrar fjögurra manna fjölskyldu í landinu, þ.e. hver fjögurra manna fjölskylda fengi einn vel notaðan gamlan bíl. Hins vegar eru flestir sammála því að það er ekki mikið og þarna er miðað við 6% raunvexti. En síðan sé miðað við þá hæstu tölu sem Þjóhagsstofnun telur að Ísland geti fengið út úr þessu, þá er gert ráð fyrir því að fjögurra manna fjölskylda fengi jafngildi um 1 millj. 882 þús. kr. eingreiðslu. Það er eins og rúmlega hálfur ráðherrabíll svo að ekki eru þetta miklar og stórar tölur og vekur menn náttúrlega til umhugsunar um það hvers virði aðild að Evrópsku efnahagssvæði er í raun, t.d. ef við fáum ekki tollfrelsi fyrir allar okkar sjávarafurðir sem er að sjálfsögðu innifalið í þessari hærri tölu. Og sömuleiðis þegar maður gerir sér grein fyrir þeim staðreyndum að hagvöxtur í Evrópu hefur verið töluvert minni en gert var ráð fyrir og margir spá því að mjög miklir erfiðleikar séu fram undan. Og ekki síst þegar maður hlustar á hæstv. utanrrh. sem hefur lýst Evrópubandalaginu sem einhverju mesta afturhaldi í heimi, einokunarstofnun og sjálfselskri stofnun sem fyrst og fremst hugsi um það að fá inn hráefni ódýrt en halda unnum vörum fyrir utan. Og ég verð að viðurkenna að ég er mjög sammála lýsingu hæstv. utanrrh. á þessum málum.

Loks langar mig til þess að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telur ekki koma til greina ef þessir samningar nást að leggja þá fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu eins og fjöldi Íslendinga nú krefst. Tvímælalaust er hér um gífurlega mikið hagsmunamál íslensku þjóðarinnar að ræða og ég vil taka það fram að ég tel þá ósk mjög sanngjarna. En hins vegar er mér ljóst að til að unnt sé að framkvæma slíkt verður að útbúa málið á þann máta að það sé vel aðgengilegt og það hlýtur að vera hægt eftir þessar miklu umræður.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Nú er komið á annað ár frá því að hæstv. fyrrv. ríkisstjórn undir forustu Steingríms Hermannssonar þáv. forsrh. hóf samingagerð um myndun Evrópsks efnahagssvæðis, fyrst með könnunarviðræðum og síðan undirbúnings- og loks samningaviðræðum. Nú dregur senn að því að við freistum þess að leiða þetta tafl til lykta. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Þetta er viðamesti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa freistað að gera í sögu lýðveldisins. Þetta er vissulega mikið mál, flókið og víðtækt.

Þess er ekki kostur hér að gera neina tæmandi grein fyrir málinu, enda er þess ekki þörf. Í því efni vísa ég til þeirra viðamiklu gagna sem lögð hafa verið fram um málið og þeirra umræðna sem farið hafa fram um það á öllum stigum þess, í ríkisstjórn, í hv. utanrmn., í hv. Evrópustefnunefnd, hér á hinu háa Alþingi í tilefni af skýrslum utanrrh. og öðrum tilefnum, sem og kynningarstarf og viðræður sem fram hafa farið við samstarfshópa, aðila vinnumarkaðar og atvinnulífs, almannasamtök o.s.frv. Efnislega hefur verið gerð mjög rækileg grein fyrir þessu mikla máli þannig að yfirleitt verður ekki undan því kvartað að menn, hvort heldur eru hv. alþm. eða almenningur í landinu, eigi ekki aðgang að raunsönnum upplýsingum um málið þótt mikið skorti á enn að um þær upplýsingar sé fjallað af sæmilegri hlutlægni.

Nú þegar nokkrir dagar eru til stefnu áður en við freistum þess að láta á það reyna til þrautar hvort þessir samningar takast eða ekki er þeim sem hér stendur vissulega nokkur vandi á höndum. Það er ekki hygginna manna háttur að sýna samningsaðila á lokastigi máls á spilin og augljóslega hlýtur sá sem hér stendur að vera undir þagnarskyldu að því er varðar hagsmuni bandalagsþjóða auk þess sem ekki er skynsamlegt á þessu stigi málsins að tíunda út í hörgul og láta þýða og birtast inn á borð kommissara í Brussel síðdegis í nótt eða í fyrramál nákvæmlega í öllum atriðum hvernig við hyggjumst freista þess að ljúka málinu. Ég hika þó ekkert við að segja eftirfarandi:

Mitt mat er það að samningamönnum Evrópubandalagsins sé um það kunnugt svo óyggjandi sé að Íslendingar hafa sett ófrávíkjanleg skilyrði sem verða frágangssök ef á reynir eins og ég mun víkja hér að á eftir. Þau stóru ágreiningsmál sem eftir eru eru nokkur og milli þeirra eru nokkur innbyrðis tengsl. Það hlýtur því að ráðast nokkuð af samningsniðurstöðunni í þeim stóru málum í heild og er þess vegna ekki allt undir okkur komið heldur einnig samningsvilja og samningsgetu bandalagsþjóða okkar og samningsaðila.

Ég nefndi hér nokkur stór mál. Þau eru gamalkunnug, þau eru þrjú. Þau eru sjávarútvegsmálin, þau eru óskir Evrópubandalagsins um sjóðsstofnun til bágstaddra svæða innan Evrópubandalagsins í nafni byggðastefnu og þau eru gegnumflutningarnir um Alpana. Fyrst örfá orð um hið síðasttalda. Í fréttum hefur verið reynt að byggja upp nokkra bjartsýni á þeim forsendum að búið sé að útkljá þetta erfiða mál, samninga Evrópubandalagsins við Sviss og Austurríki um þungaflutninga um Alpana sem alls ekki er á samningasviði EES heldur tvíhliða samningar þessara aðila. Hitt er rétt að EB hefur gert það að kröfu að þeim samningum verði lokið áður en af samningum um Evrópskt efnahagssvæði geti orðið. Sannleikurinn er sá að fréttaflutningurinn er því miður í of miklum bjartsýnistón. Það hefur að vísu tekist samkomulag með samningamönnum þessara aðila um að þeir munu beita sér fyrir lausn, en í Fréttabréfi Evrópubandalagsins, sem gefið var út í dag, segir frá því að hinn hollenski samgönguráðherra, Mai-Weggen hafi því miður gert sig sekan um of mikla bjartsýni og hann hafi hugsanlega farið út fyrir samningsumboð sitt þannig að engan veginn er hægt að slá því föstu að þetta mál sé til lykta leitt, enda hafa heyrst háværar andmælaraddir frá þeim sem frekast reka þetta mál, Grikkjum, að nokkru leyti Ítölum en þó einkum forustulandinu Hollandi sem mun eiga meginið af þeim vörubílaflutningaflota sem angrar íbúa hinna fögru fjallabyggða í Sviss og Austurríki.

Í þessu fréttabréfi er reyndar líka varað við því að menn séu nú of bjartsýnir um að verið sé að ná endum saman í þessu. Þetta er talin vera hin dulda rödd framkvæmdastjórnarinnar og þar segir að á seinasta fundi aðalsamningamanna EFTA og EB hafi ekki náðst

gagnkvæmur skilningur um lausn hinna stóru deilumála. Aðilar hafi skýrt stöðu sína en í raun og veru hafi ekki þokast nær lausn. Síðustu tíðindi sem ég hafði í dag voru þau að Evrópubandalagið hafði áformað að leggja fram tilboð af sinni hálfu til kynningar hjá fastafulltrúum EB nú síðdegis í dag. Þeir höfðu boðað að þeir mundu láta okkur vita af því og kynna okkur það áður en það yrði lagt fram, það átti að gerast í morgun, það hefur ekki gerst enn þannig að það er óvíst á þessari stundu hvort þeim tekst að leggja eitthvert slíkt sameigilegt tilboð fyrir sína fastafulltrúa. Þetta nægir til þess að vara við því að málið sé í höfn. Því fer fjarri. Málið er í mjög tvísýnni stöðu. Það getur brugðið til beggja vona og aðalvandinn er að sjálfsögðu sá að innbyrðis ágreiningur og hagsmunatogstreita einstakra aðildarríkja bandalagsins er enn mikil og spurningin um árangur og niðurstöðu ræðst fyrst og fremst af því hvort framkvæmdastjórnin, sem við erum að semja við, hefur til þess burði og styrk að leysa þessi innbyrðis ágreiningsefni eða kveða þau niður með einum eða öðrum hætti. Við höfum reynslu fyrir því að það hefur brugðist áður. Það getur brugðist enn þannig að ég vara hv. þm. við því, þá sem skilja mikilvægi málsins, að gera sér of háar vonir og þá hina sem telja þetta hið versta mál vara ég við því að fyllast þórðargleði yfir því að niðurstöður liggi fyrir.

Virðulegi forseti. Ég hygg að þá sé skynsamlegast að gera grein fyrir sjávarútvegsmálinu. Því fer fjarri að þetta mikla mál snúist eingöngu um sjávarútveg, en hitt er rétt að sjávarútvegurinn er okkar undirstöðuatvinnugrein, sú atvinnugrein sem Íslendingar byggja afkomu sína á og það er erfiðasta og vandmeðfarnasta samningamálið. Rifjum aðeins upp. Samningsstaða EB, hver var hún? Hún byggði á forsendum hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins. Hún var tiltölulega einföld og tiltölulega skýr. Hún var þessi: Evrópubandalagið samþykkir ekki neinar tollaívilnanir eða aukinn markaðsaðgang nema á móti komi ígildi þess í krónum og aurum í veiðiheimildum. Reyndar er það svo að sumir efa að bandalagssamningsaðilarnir hafi umboð til þess að víkja frá þessari grundvallarstefnu sem á rætur sínar í sjálfum Rómarsáttmálanum. Samningsstaða EFTA hefur frá öndverðu verið þessi: Við vísum á bug þessum tengslum milli markaðsaðildar og veiðiheimilda, höfnum því. Við höfum vísað á bug öllum kröfum Evrópubandalagsins um einhliða veiðiheimildir. Að því er okkur Íslendinga varðar höfum við frá upphafi haldið til streitu algerum, skilyrðislausum og varanlegum fyrirvara um rétt til fjárfestingar eða stofnunar fyrirtækja í útgerð og frumvinnslu og sameiginlega hefur EFTA-staðan síðan verið sú að krefjast þess að EFTA-ríkin fái fullan tollfrjálsan markaðsaðgang.

Áðan spurði hv. þm. Steingrímur Hermannsson: Hefur eitthvað breyst í þessum efnum? Nei, sannleikurinn er nú sá, hv. þm., það hefur ekki mikið breyst frá því að við vorum að bardúsa í þessu saman og komst ekki hnífurinn í milli okkar sem frægt er orðið. Það hefur ekki mikið breyst en það hefur aðeins þokast. Og hvað hefur þá þokast? Það væri óvarlegt af mér í ljósi reynslunnar að slá því föstu að viðsemjendur okkar hafi nú fallist á kröfur og sjónarmið Íslendinga því að allt er nú í heiminum hverfult og margt getur gerst í samningum á lokastundu. En ég segi þetta: Það er mat mitt, byggt á viðræðum og nýlegum viðtölum við aðalsamningamann Íslands, að samningamenn Evrópubandalagsins geri sér ljósa grein fyrir skilyrðislausum kröfum Íslendinga að því er varðar þetta tvennt. Við munum aldrei fallast á einhliða veiðiheimildir Evrópubandalagsins í íslenskri lögsögu. Við munum aldrei fallast á heimildir þeirra til fjárfestingar í veiðum og frumvinnslu. Þessum fyrirvörum hefur verið haldið til streitu og verði reynt að brjóta þá, þá þýðir það að það er frágangssök af okkar hálfu.

Hvert er þá átakasvæðið? Það er markaðsaðgangurinn. Hvað hefur gerst í því? Í lok júlí gerðist það að forseti ráðherraráðs Evrópubandalagsins lýsti því yfir á frægum fundi í Lúxemborg að það væri komin pólitísk lausn í því máli sem m.a. byggði á viðurkenningu Evrópubandalagsins á markaðsaðgangi EFTA-ríkjanna. Hann var gerður ómerkur orða sinna, því miður.

Eftir þann fund er ljóst að einstök aðildarríki bandalagsins, með Bretland og Írland í fararbroddi og Frakkland á næstu grösum, hafa sett hnefann í borðið og sagt að þau geti ekki samþykkt fullan markaðsaðgang. Bretar og Írar nefna þrjár fisktegundir sem verða að fara út úr því dæmi, lax, síld og makríl, þar sem síldin, fyrst og fremst, snertir okkar hagsmuni. Frakkar hafa ekki sett þetta fram eins skýrt en rætt og lýst fyrirvörum að því er varða skelfisk fyrst og fremst. Sumt af því virðist vera byggt á einberum misskilningi sem út af fyrir sig hefur verið leiðréttur við þá tæknilega, en ég get ekki kveðið fastar að orði um þeirra stefnu.

Kjarni málsins er þessi: Eftir að samningsaðilarnir, þ.e. Noregur annars vegar og EB, drógu tilboð sín út af borðinu í sumar og eftir að ljóst er að vegna pólitískra kringumstæðna í Noregi munu Norðmenn ekki eða eru ekki líklegir, skulum við segja, til þess að endurnýja þau tilboð sem þeir höfðu áður gefið munnlega. Með öðrum orðum, eftir að líkur benda til að tilboð Norðmanna um gagnkvæmni í veiðiheimildum verði minna eru kröfur EB um samsvarandi þrengingu á markaðsaðgangnum strangari og erfiðari við að fást. Það sem hefur hins vegar gerst jákvætt í þessu er þetta: EFTA-ríkin hafa sín í milli samþykkt að nái einstök EFTA-ríki, og þetta á náttúrlega fyrst og fremst við um Ísland, þeirri samningsniðurstöðu í tvíhliða viðræðum að markaðsaðgangur verði annar, e.t.v. meiri eða e.t.v. öðruvísi en Noregs eða annarra EFTA-landa, rúmast það innan samningsumboðsins. Þetta með öðrum orðum styrkir samningsstöðu okkar vegna þess að tollastrúktúr okkar og Norðmanna er ólíkur. Að sumu leyti er fríverslunarsamningur um bókun 6 hjá okkur betri en þau kjör sem Norðmenn búa við, að sumu leyti er hann lakari, sérstaklega vegna þess sem gerðist 1985 þegar Norðmenn, með því að bjóða veiðiheimildir, fengu tollfrelsi fyrir saltfisk, en við fengum ekki vegna þess að við höfnuðum veiðiheimildakaupum í staðinn fyrir markaðsívilnanir.

Þarna er því átakasvæðið og um það segi ég ekki

mikið meira. Ykkur er öllum fullkunnugt um hvílíka áherslu við leggjum á markaðsaðganginn. Að vísu hafa menn lagt misjafnlega mikla áherslu á hann. Sumir hafa gert lítið úr því sem hagsmunamáli fyrir íslenskan sjávarútveg að losna við eitthvað á þriðja milljarð í tollgreiðslum og talið að hann lendi hvort eð er mestan part á neytendum. Þær raddir hafa einkum heyrst í hópi andstæðinga þessa samnings, sem hins vegar segja svo núna að þetta sé náttúrlega höfuðmálið. Um þetta er ekki hyggilegt að segja neitt annað en það að við munum, á grundvelli þeirrar samningsstöðu að geta samið hugsanlega með viðauka um séríslenska hagsmuni, freista þess að ná þar eins miklum árangri í þágu íslenskra þjóðarhagsmuna og mögulegt er. Hitt er rétt að taka fram að af hálfu EB hafa verið þæfðar ýmsar hugmyndir, t.d. um það að að hluta til verði þessi vandamál með hinar viðkvæmu tegundir, svokallaðar, leystar með tollfrjálsum kvótum sem gætu farið vaxandi á einhverjum tíma. Að einhverju leyti verði reynt að beita tímabundnum aðlögunarákvæðum með þeim rökum að meira að segja aðildarríkin sem samið hafa sig inn í Evrópubandalagið hafa undir öllum kringumstæðum orðið að sæta aðlögunartímum. Síðan gæti verið þarna vandmeðfarið orðalag á þróunargrein um framhald.

Um þetta verður tekist á, um þetta er tekist á í þeim viðræðum sem fara fram. Reynslan kennir okkur það að við skulum ekki ganga til þessa verks með neina bjartsýnisglýju og ég hika ekki við að segja það enn einu sinni, ég hef sagt það oft áður, að við kaupum ekki þennan samning hvaða verði sem er. Við skulum hins vegar átta okkur á hver aðalatriðin eru. Aðalatriðið að því er varðar sjávarútvegsmálið er ekki út af fyrir sig niðurfellingin á þessum rúmum tveimur milljörðum í tollum, vegna þess að það fer auðvitað eftir markaðsaðstæðum á hverjum greiðslubyrðin lendir, hvort það er á neytandanum eða útflytjandanum. Þetta er ekki aðalatriðið þó að víst muni um það í stöðnun íslensks efnahagslífs. Aðalatriðið er það hvort okkur tekst að brjótast undan þvingunum hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu EB, það er ekki lítill ávinningur að brjóta hana á bak aftur, og síðan hitt að framtíð sjávarútvegs og fiskvinnslu á Íslandi losni úr þeim álögum þessa aðalmarkaðssvæðis okkar, með 75% af sjávarafurðaútflutningi, sem byggir á því að þeir eru tilbúnir að bjóða lága eða enga tolla á ósunnum vörum en háa tolla á unnum vörum og stuðla þannig að því að halda íslenskri fiskvinnslu á stigi hráefnaframleiðenda og okkur sjálfum sem þjóð sem útflytjendum á hráefni og útflytjendum á vinnuafli með þeirri niðurstöðu að virðisaukinn í þessari aðalatvinnugrein okkar, sem ætti að vera hátækniiðnaður sem stefnir að háþróaðri matvælaframleiðslu á hæstu kaupgetumarkaði Evrópu, breytist. Þetta er aðalatriðið og um það er verið að takast á. Ef það tekst er búið að gerbreyta með róttækum hætti vaxtarskilyrðum sjávarútvegs og fiskvinnslu á Íslandi og mun margt annað fleira fylgja í kjölfarið.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson spurði: Eru einhverjar horfur á því að EB taki til endurskoðunar sameiginlega fiskveiðistefnu sína sem er forsendan fyrir ríkisstuðningi og niðurgreiðslum í sjávarútvegi þeirra? Við því er ekkert svar til annað en það að samkvæmt þeirra eigin reglum ber að taka hana til endurskoðunar árið 1992. Hvenær að því kemur að henni verður endanlega hafnað þori ég ekki að fullyrða um. Sem kunnugt er hefur hún hvergi gengið upp. Hún hefur ekki gengið upp í samningum þeirra við strandríki allan tímann frá árinu 1987. Henni hefur verið hafnað í GATT, henni hefur víðast hvar verið hafnað í alþjóðlegu samstarfi og ekki munum við framlengja líf hennar, svo mikið er víst.

Virðulegi forseti. Það hefur verið mikið spurt um það hvort Íslendingar hafi að öðru leyti fallið frá þeim fyrirvörum sem settir voru í upphafi þessara viðræðna. Svarið við því er út af fyrir sig mjög einfalt: Þeim hefur öllum verið til haga haldið, öllum meginfyrirvörunum, þótt leiðirnar sem farnar eru til þess hafi í sumum tilvikum breyst. Fyrirvararnir voru þessir helstir:

Að fallast ekki á rétt til fjárfestingar og stofnunar fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, þeim fyrirvara er til haga haldið.

Að fallast ekki á heimildir erlendra aðila til fjárfestingar eða nýtingar á íslenskum orkuauðlindum. Það er hafið yfir allan vafa að núverandi skipan þeirra mála samræmist að fullu EES-samningi þannig að þar þurfti ekki fyrirvara við þótt við höfum sett hann af öryggisástæðum.

Að því er varðar áhyggjur manna af því að núgildandi íslensk lagaákvæði um eignarhald á almenningum og orkulindum, milli einkaeignar og almenninga, eru óskýr er því til að svara að við gerðum tilraun til þess í tíð fyrri ríkisstjórnar að fá því breytt en það strandaði á Framsfl., en það ákvæði er nú í stefnuyfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Að því er varðar atvinnu- og búseturétt vísuðum við upphaflega til fyrirvara um norræna vinnumarkaðinn. Niðurstaðan nú er sú að við höfum fyrirvara í öryggisákvæðinu, í almennu öryggisákvæði, sem er styrkt með sérstakri yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda sem þýðir það, að mínu mati, að fyrirvarinn að því er þetta varðar er heldur öflugri en hann var. Hann þýðir einfaldlega að það er algjörlega á valdi íslenskra stjórnvalda að koma í veg fyrir innflutning fólks, erlendra ríkisborgara, einhliða. Það er ákvörðun sem íslensk stjórnvöld geta tekið, meira að segja ef horfur eru á að jafnvægi raskist. Sú ákvörðun stendur. Réttur samningsaðilans sem vill vefengja okkar ákvörðun er sá að þeir geta gripið til gagnaðgerða og þær gagnaðgerðir sem verða að vera samsvarandi geta þeir borið undir dómstól. En ákvörðunin um stöðvunarréttinn er algjörlega á okkar valdi.

Að því er varðar fyrirvarann um fasteignakaup og jarðakaup er staða málsins þessi: Í upphafi samningaviðræðna vildu öll EFTA-ríkin áskilja sér varanlegan fyrirvara um kaup á fasteignum og jörðum. Þegar á viðræðurnar leið kom í ljós að Evrópubandalagið féllst ekki á það að EFTA-ríkin settu sér sérstakar reglur á þessu sviði þótt þau sæktust eftir samræmdum reglum á öðrum. Af hálfu EB var á það bent að löggjöf EB væri sveigjanleg og gæti tekið tillit til sérstakra að-

stæðna. Hverju ríki væri frjálst að hafa eftirlit með fjárfestingum og setja um þær reglur svo fremi sem þær styddust ekki við mismunun á grundvelli þjóðernis. Þá tóku EFTA-ríkin sig til og könnuðu hvort slíkar reglur, t.d. um lágmarksbúsetutíma eða um forkaupsrétt sveitarfélaga eða ríkis eða um búsetuskyldu, gætu gert sama gagn og varanlegir fyrirvarar. Haustið 1990 sendi forsvarsmaður samningahóps 2, þ.e. um fjármagnssviðið, ráðuneytisstjóra landbrn. gögn um þetta mál og með þeim beiðni utanrrh. um að landbrn. athugaði þörf á endurskoðun íslensku jarðalaganna vegna þessa.

Á fundi aðalsamningamanna EFTA og EB í Sviss 8. nóv. 1990, í tíð fyrri ríkisstjórnar, féllust fulltrúar EFTA-ríkjanna á að láta á það reyna hvort hægt væri að falla frá óskum um varanlega fyrirvara ef samkomulag næðist um viðunandi öryggisákvæði í samningnum. Undir lok nóvember voru lagðar fyrir ríkisstjórn hugmyndir um samningaramma Íslands í EES sem fela í sér að fyrirvari sé í raun og veru óþarfur ef lögfestur er forkaupsréttur ríkis og fimm ára búsetukrafa og sett skilyrði um nýtingu jarða. Setja má þau skilyrði að eigandi búi sjálfur á jörðinni, treysti sveitarfélag sér ekki til að nýta sér forkaupsrétt getur ríkið gengið inn í kaupin, og fleira má gera til þess að tryggja þetta án þess að brjóta mismununarregluna.

Eftir að samkomulag náðist í meginatriðum um beitingu öryggisákvæða á ráðherrafundinum 19. des. 1990 sem var úrslitafundur, í tíð fyrri ríkisstjórnar, hefur verið litið svo á að óskir EFTA-ríkjanna um varanlega fyrirvara í fjárfestingu, aðra en þá sem snerta fjárfestingu í sjávarútvegi sem ég hef þegar gert grein fyrir, væru úr sögunni. Samningsstaðan að því er varðar jarðakaup hefur í engu breyst frá því í desember 1990.

Stundum hefur verið vitnað til þess hvort þetta sé nægilega tryggt. Ég er sjálfur sannfærður um að svo sé algjörlega. Menn hafa spurt spurninga: Hvað með Dani sem höfðu fyrirvara frá því fyrir einingarlögin 1985 gagnvart sumarbústöðum á Jótlandi sem auðkýfingar í Hamborg vildu kaupa? Eða löggjöf í Grikklandi og reyndar mál sem upp kom á Írlandi?

Að því er varðar Danmörku er það svo að löggjöfin danska er talin standast viðkomandi tilskipun Evrópubandalagsins en Danir setja fimm ára búsetuskilyrði fyrir heimild til kaupa á sumarbústöðum. Til skamms tíma gilti í Grikklandi löggjöf sem útilokaði útlendinga frá kaupum á fasteignum á vissum svæðum, 55% af landinu — ég er að tala um aðildarríkin, ekki samningsríkin. — Hinn frægi Evrópudómstóll kvað upp dóm um þessa löggjöf 30. maí 1989. Samkvæmt honum er það ljóst að leyfilegt er að setja búsetuskilyrði fyrir kaupum á sumarhúsum og fasteignum. Að því er varðar Írland hafa aðildarríki EB þann hátt á að þau hafa sérstaka „land-commission" sem verður að samþykkja öll fasteignakaup utan þéttbýlis. Þeir hafa síðan undantekningarreglur sem kveða á um skilyrði um sjö ára búsetuskilyrði í Írlandi. EB-dómstóllinn taldi í dómi sínum, nr. 182 frá 1983, að slíkar takmarkanir væru heimilar svo framarlega sem ákvæði Rómarsamningsins um aðildarríkin væru að öðru leyti virt. Í umræðum milli EFTA-ríkja hafa allir fulltrúar EFTA-ríkjanna talið að þetta væri fullnægjandi aðgerð.

Þá hef ég gert grein fyrir hvernig fyrirvörum hefur verið haldið til haga eins og þeir voru settir fram í ræðu hæstv. þáv. forsrh., sem við vorum sammála um og erum sammála um, í Ósló í mars 1989, um sjávarútvegsfjárfestingar, nýtingu orkulinda, atvinnu- og búseturétt og fasteigna- og jarðakaup. Því miður er það svo að í tíð fyrri ríkisstjórnar hafði þáv. hæstv. landbrh. þá afstöðu, af ástæðum sem hann hefur gert grein fyrir hér á hinu háa Alþingi, að hann vildi ekki verða við þessum tilmælum. En þetta er hins vegar stefnuskrárákvæði núv. ríkisstjórnar, að herða á þessum lögum.

Þess skal síðan getið að til þess er nægur tími af þeirri einföldu ástæðu að um þetta allt gildir á fjármagnssviðinu þriggja ára aðlögunartími þannig að almennu EES-reglurnar um opnun koma ekki til framkvæmda fyrr en 1996.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir að tíminn líður hratt og ég er rétt að byrja þessa ræðu. Til þess að svara spurningum hv. þm. Steingríms Hermannssonar að öðru leyti ætla ég reyna að fara hratt yfir sögu, en þetta eru kunnugleg mál trúi ég í augum þingmanna. Aðrir fyrirvarar sem við settum varða eftirfarandi:

Spurningin um að fella niður fjáröflunartolla og mæta tekjutapi ríkissjóðs í formi vörugjalda er útkljáð mál.

Að því er varðar spurninguna um samræmingu heilbrigðisreglna er Ísland eina landið sem er með undanþágu frá dýraheilbrigðisreglugerð EB. Hér stendur mikill vinur landbúnaðarins, af því að ég barði það í gegn, en er þó með böggum hildar um afleiðingarnar vegna þess að Evrópubandalagið lítur nefnilega á dýr, hvort heldur er á sjó eða þurru landi, sem sömu skepnuna sem heyri undir sömu ráðuneytin. Þetta þýðir þess vegna það að við þurfum að ná samkomulagi um það að þessari undanþágu frá heilbrigðisreglugerðum dýra verði ekki beitt gegn okkur þegar kemur að útflutningi á fiski og þeir segi þá: nú, þið eruð ekki með heilbrigðisvottorð hér samkvæmt samræmdu kerfi, og stöðvi hverja sendingu.

Viðleitni okkar beinist þess vegna að því, eins og venjulega, að gæta hagsmuna landbúnaðarins án þess þó að það bitni á þjóðarhagsmunum en það mál er ekki alveg til lykta leitt.

Að því er varðar ríkiseinokun ÁTVR hafa vonir manna um það að afnumin verði einokun ríkisins á brennivíns- og tóbakssölu því miður ekki ræst því við munum geta haldið áfram að einoka þetta af félagslegum ástæðum.

Að því er varðar undirboðsaðgerðir — það er geysilega þýðingarmikið atriði, þar sem við gerðum kröfu um það að EB væri óheimilt að úrskurða allt í einu, eins og reyndi á bæði með álbræðsluna og járnblendið, að beita sem sé refsitollum vegna gruns um undirboðsaðgerðir — er það mál leyst þannig að við erum frjálsir gagnvart því. Það hafði geysilega þýðingu að

því er varðar allt samstarf við erlenda aðila um nýtingu orkulinda í stóriðju.

Að því er varðar starfsmenntunina þá er það ekki að fullu leyst. Já, svarið við spurningu hv. þingmanns er það að við höfum náttúrlega samstarf á samstarfsvettvangi samninganefndar 4 á geysilega mörgum sviðum að því er varðar rannsóknir, þróun, samstarf háskóla innbyrðis og áætlanir um samstarf á sviði menningarmála og vísinda. Hins vegar er krafan um það að njóta sömu kjara að því er varðar skólagjöld í háskólum eða framhaldsstofnunum óleyst mál.

Lítum á eldri fyrirvara, af því að hv. þingmaður vék að þeim. Fjárfestingar í fjölmiðlum, hann er úreltur, þýðingarskylda vegna erlends sjónvarpsefnis, lítið á CNN og Sky News í fjölmiðlunum, hann er úreltur, því miður. Einkaréttur Pósts og síma vegna gagnaflutninganets, það mál er leyst. Fyrirvarar um nauðsynlegt birgðahald vegna lyfja, það er leyst. Fyrirvari vegna þriggja mánaða birgðaskyldu vegna olíu eða hömlur á frjálsri verslun vegna olíuviðskipta okkar við Rússa, þau mál eru leyst.

Um landbúnaðarmálin er það að segja að þau eru að sjálfsögðu ekki á þessu samningsstigi af þeirri einföldu ástæðu að sameiginleg landbúnaðarstefna bandalagsins er ekki á samningsstiginu. Hún er 65% af öllu reglugerðarverki EB. Frá því eru hins vegar örfá frávik. Ég er búinn að greina frá heilbrigðisreglugerðunum, það mál er leyst að því er varðar landbúnaðinn. Að því er varðar suður-evrópskt grænmeti, þ.e. heimild til innflutnings á sex eða sjö tegundum af suður-evrópsku grænmeti, hefur það mál verið leyst og í góðu bróðerni við garðyrkjubændur íslenska. Tímabilið var örlítið þrengt og eitthvað fækkað tegundum af afskornum blómum.

Að því er varðar rétt til innflutnings á unnum matvælum úr landbúnaðarhráefnum er það mál óleyst. Hv. þingmönnum er kunnugt af leikritinu um Létt og laggott sem var leikið ...reglum en það stendur þannig að Ísland og Austurríki voru ekki aðilar að þeim lista sem þar um ræddi. Austurríki hefur gert ákveðið tilboð um breytingar en það er ekki útkljáð. Að því er okkur varðar, þá er það mál óútkljáð. En það er ofarlega á blaði í þeim umræðum sem nú fara fram.

Virðulegi forseti. Rétt aðeins að lokum vil ég nefna það að hv. þm. ætti að vera kleift að kynna sér marga aðra þætti þessa máls sem minna eru í sviðsljósinu og varða kannski ekki eins brýna og augljósa þjóðarhagsmuni, t.d. á sviði menntamála, að því er varðar félagsleg réttindi, að því er varðar rannsóknir og vísindi, að því er varðar neytendavernd, að því er varðar stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, að því er varðar matvælalöggjöf, að því er varðar starfsemi heilbrigðisstétta, að því er varðar menntamálasamstarf og að því er varðar flugmál.

Hv. þm. spurði sérstaklega um flugmálið. Það er dálítið flókið mál að gera grein fyrir því þannig að ég verð sennilega að áskilja mér rétt til þess að gera það síðar í svörum í þessari umræðu, en það er ekki rétt sem fram kom hjá honum að á það hefði ekki verið minnst í tíð fyrri ríkisstjórnar því að viðræður um það hófust árið 1988. Þær eru ekki til lykta leiddar en heildarniðurstaðan sem fram undan er og að hefur verið unnið, bæði í samráði við flugráð en ekki hvað síst við Flugleiðir, er að við tekur eftir 1993 breytt skipan þar sem ekki er um að ræða að byggja á tvíhliða samningum um flugréttindi heldur verða menn að fullnægja almennum skilyrðum í samkeppniskerfi en rétturinn til flugs á öllu svæðinu verður meiri. Ég hef átt viðræður við forráðamenn Flugleiða sem telja að það mál sé í góðu horfi að því er varðar íslenska hagsmuni.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þetta mál mikið lengra. Ég veit að einhverjum spurningum er kannski ósvarað. Það verður þá svo að vera þangað til síðar í umræðunni. Ég segi aðeins að lokum: Á undanförnum mánuðum hef ég vegna samningsóvissunnar gert lítið af því að bera hönd fyrir höfuð stjórnvalda, sjálfs mín eða annarra sem að þessum samningum hafa komið, og ég tek eftir því að á þessu sumri hefur allur málflutningur um þetta mál verið með endemum í íslenskum fjölmiðlum. Því hefur að mestu verið látið ósvarað sem þýðir að það er með hræðsluáróðri búið að gera þetta mál tortryggilegt. Ég vil aðeins nefna það að ég er með í höndum dreifirit frá samtökum sem kenna sig við óháð Ísland og hafa sett upp til kynningar almenningi 26 punkta um þetta mál. Um þá vil ég bara segja eitt: Hver einasti af þessum 26 punktum byggir annaðhvort á rangfærslu á staðreyndum, útúrsnúningi á staðreyndum eða misskilningi á staðreyndum. Þannig að ef þetta er framlag samtakanna til kynningarstarfsins þá held ég að þar hljóti að vera eitthvað að.

Ég hef ekki komist til þess að ræða kosti eða galla þessa samkomulags að öðru leyti, enda kannski ekki tímabært eða ástæðulaust. Við skulum láta það bíða þess tíma að það fáist úr því skorið á mánudag eða aðfaranótt þriðjudags hvort samningarnir takast og koma þá saman og meta niðurstöðuna á hvorn veginn sem hún verður.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var hárrétt mat hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni að hefja þessa umræðu með því að rekja bókun 6 sem Ísland gerði við Evrópubandalagið og tók gildi 1976. Ég hef rekið mig á það að æðimargir í þessu þjóðfélagi horfa spyrjandi á ræðumann þegar bókun 6 er nefnd. Það er þess vegna lykilatriði til þess að skilja hvar samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði eru nú staddir og til þess að spyrja um afstöðu ríkisstjórnarinnar að öllum sé ljóst hvað fólst í bókun 6 og hvers vegna hún er einhver mikilvægasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert.

Bókun 6 fól það í sér að gegn því að Ísland samþykkti að heimila löndum Evrópubandalagsins að flytja allar sínar iðnaðarvörur og framleiðsluvörur tollfrjálst til Íslands skuldbatt Evrópubandalagið sig til þess að fella niður tolla á íslenskum sjávarafurðum. Ég legg áherslu á það: Að fella niður tolla á íslenskum sjávarafurðum. Vandinn er hins vegar sá að Evrópubandalagið hefur ekki enn sem komið er fullgilt og framkvæmt sinn hluta af þessum samningi. Það hafa verið

gerðar ítarlegar tilraunir til þess af hálfu margra íslenskra ríkisstjórna, margra íslenskra utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra að fá Evrópubandalagið til þess en það hefur ekki tekist.

Það sem hæstv. utanrrh. var að lýsa hér áðan að gæti kannski gerst næstu daga, það lengsta sem hann taldi að hægt væri að komast í samningunum næstu daga við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði, er ekkert annað en það sem Ísland gerði samning um við Evrópubandalagið 1976. Með öðrum orðum. utanrrh. var að lýsa því hér áðan, svo ótrúlegt sem það kann að virðast, að Ísland mundi engu ná í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði á sviði sjávarútvegs sem Evrópubandalagið skuldbatt sig ekki til að gera 1976. Með öðrum orðum, árangurinn væri enginn fyrir Ísland því að við felldum niður tollana á iðnaðarvörum Evrópubandalagsins fyrir rúmum áratug þannig að þeir fengu allt sitt frá okkur fyrir rúmum áratug síðan en hafa ekki staðið við það að við fengjum okkar samkvæmt bókun 6.

Þetta er kjarni málsins, virðulegi utanrrh. og það er auðvitað alveg nauðsynlegt að láta þetta koma skýrt fram. Þegar fyrrv. ríkisstjórn og núv. ríkisstjórn tóku þá afstöðu að halda viðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði áfram var það á grundvelli kröfunnar um fullan og frjálsan markaðsaðgang á sjávarafurðum inn á markaði Evrópubandalagsins.

Nú liggur það alveg ljóst fyrir og þarf ekki að bíða neina daga eftir því, það er nú þegar komið fram af hálfu Evrópubandalagsins, að það mun ekki fallast á fullan og frjálsan markaðsaðgang. Þeirri kröfu hefur endanlega verið hafnað af hálfu Evrópubandalagsins. Þess vegna er ósköp eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna eru Íslendingar þá að halda áfram í þessum viðræðum? Ég vil minna á það að hæstv. forsrh. sagði í viðræðuþætti fulltrúa allra flokka í sumar, í ágústbyrjun, að það væri ófrávíkjanleg krafa ríkisstjórnarinnar að fullur og frjáls markaðsaðgangur væri forsenda fyrir samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Það var yfirlýsing forsrh. í sumar og sjútvrh. sagði á Alþingi í maí, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnaði í, að fullur markaðsaðgangur fyrir sjávarafurðir væri forsenda samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Ef þessi stefna er enn þá óbreytt af hálfu ríkisstjórnar Íslands, sem forsrh. og sjútvrh. hafa lýst fyrir þjóðinni og sem var ótvírætt stefna síðustu ríkisstjórnar, eins og þáv. forsrh. hennar lýsti hér áðan, þá liggur það nú þegar ljóst fyrir að Íslendingar ná engu nýju fram í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að við erum þegar búnir að vinna okkur réttinn til tollalækkana á hinum og þessum sjávarafurðum með bókun 6 frá 1976. Það er enginn nýr réttur til Íslands fólginn í samningi nú sem fæli í sér að Evrópubandalagið samþykkti að lækka tollana á einstökum sjávarafurðum um þetta mörg prósent, hafa þá áfram þetta mörg prósent á öðrum sjávarafurðum eða fella þá alveg niður á einhverjum.

Svona einfalt er málið. Og það er auðvitað mjög mikilvægt að það komi skýrt fram í umræðunni: Er það virkilega þannig að núv. hæstv. utanrrh. ætli að fara að gera samning um Evrópskt efnahagssvæði á sviði sjávarútvegs sem færi Íslendingum engan nýjan rétt þegar ljóst er að Evrópubandalagið hefur ekki staðið við sitt frá bókun 6? Eða með öðrum orðum, á að selja Evrópubandalaginu tvisvar þessa hluti án þess að fá nokkuð í staðinn? Þ.e. selja Evrópubandalaginu fyrst 1976 frjálsan aðgang fyrir allar iðnaðarvörur og framleiðsluvörur Evrópubandalagsins og síðan núna frjálsan aðgang með fjármagn, vinnuafl, fasteignir, þjónustuviðskipti og fjölmargt annað inn á okkar markað án þess að fá nokkuð í staðinn umfram bókun 6. Því að það er ekkert í því sem utanrrh. var að lýsa hér áðan sem gæti hugsanlega gerst á næstu þremur dögum sem er umfram bókun 6. Ef svo er tel ég nauðsynlegt að hæstv. utanrrh og aðrir ráðherrar í þessari ríkisstjórn segi alveg skýrt hér í umræðunum hvað það er.

Ef yfirlýsing forsrh. sem hann gaf í áheyrn alþjóðar í sumar, í byrjun ágúst, og yfirlýsing sjútvrh. á Alþingi í maí standa áfram, þá er alveg ljóst að þessum viðræðum er lokið hvað Ísland snertir. Evrópubandalagið hefur nú þegar hafnað algerlega kröfunni um fullan og frjálsan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. Þess vegna var auðvitað dálítið furðulegt að sjá í sjónvarpi í gær fréttir af því að það hefði þokast í jákvæða átt í þessum samningum og einn hv. þm., Björn Bjarnason, sem sæti á í utanrmn. gaf það til kynna í viðtölum við sjónvarpið þegar alveg er ljóst að það hefur allt þokast aftur á bak hvað sjávarútveginn snertir í þessum umræðum. Menn mega ekki vera svo bundnir þessu pólitíska ástaræintýri sínu með EES að vilja ekki horfast í augu við þá staðreynd máls að Evrópubandalagið hefur nú þegar ákveðið að verða ekki við þeirri kröfu Íslands sem er umfram bókun 6.

Ég vil hvetja alla hv. alþm. og raunar almenning allan í landinu til þess að lesa þá ágætu lýsingu og sögu bókunar 6 sem kemur fram í þessu riti sem Evrópustefnunefnd Alþingis gaf út, Ísland og Evrópa, á bls. 116–130. Þar kemur alveg fram hvaða rétt Ísland vann sér inn 1976 og á hvern hátt Evrópubandalagið hefur skotið sér undan að verða við þeim rétti.

Þótt Evrópubandalagið komi á mánudaginn og segi: Jú, jú, við skulum lækka tollana á þessari vöru um þetta mörg prósent og annarri vöru um þetta mörg prósent og jafnvel á flökum, virðulegi utanrrh., þá er það enginn sigur af neinu tagi. Það er ekkert nýtt í því sem áunnist hefur annað en það sem við höfum átt rétt á síðan 1976. Þess vegna er það þannig að á sviði sjávarútvegs liggur það ljóst fyrir, nema Evrópubandalagið gerbreyti þessu á næstu dögum sem allir telja að það muni ekki gera, að það sem íslensk sjtórnvöld hafa óskað eftir varðandi sjávarútveginn næst ekki fram. Ég tel mjög hættulegt að vefja þessa umræðu inn í alls konar bómull og smáatriði og lýsingar fram og aftur, en víkja ekki að þessum kjarna málsins. Þetta er svona einfalt.

Hæstv. utanrrh. sagði að öllum fyrirvörum sem settir voru á sínum tíma hefði verið haldið til haga þótt leiðin að þeim hefði breyst. Þetta er því miður ekki rétt, hæstv. utanrrh. Það sem hefur gerst er það að í þeim samningi sem nú liggur fyrir, og þeim ákvæðum

hans verður ekki breytt á næstu dögum, er vikið frá tveimur grundvallarreglum sem hafa gilt á Íslandi um aldir. Það er annars vegar sú grundvallarregla að samkvæmt samningnum fá allir íbúar ríkja Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna rétt til þess að setjast hér að, stunda hér vinnu og hefja hér efnahagsstarfsemi þannig að hverjir sem eru, tugum, hundruðum eða þúsundum saman, geta komið hingað og krafist nákvæmlega sama réttar til vinnu, atvinnustarfsemi og rekstrar og íslenskir ríkisborgarar hafa haft til þessa. Og það hefur hingað til verið grundvallaratriði í afstöðu okkar litlu en sjálfstæðu þjóðar og setti t.d. mjög svip sinn á áratuga deilur við Dani að við vildum að íslenskir ríkisborgarar hefðu þessi sérréttindi. Nú á að afnema þessi sérréttindi fyrir íslenska ríkisborgara.

Í öðru lagi hefur það verið grundvallaratriði að við einir ættum rétt á að eiga landið okkar. Vissulega er það rétt hjá hæstv. ráðherra að það hefur verið settur fyrirvari varðandi fiskinn í sjónum. En við erum mörg þeirrar skoðunar að sá fyrirvari um rétt okkar til að eiga fiskinn í sjónum sé jafndýrmætur gagnvart landinu, jörðinni, dölunum og þeim gæðum sem á landinu eru. Við sjáum ekki mun í sjálfu sér á þeim gæðum sem felast í fiskinum í sjónum og hinum sem felast í því að eiga landið. Engu að síður er utanrrh. búinn að ganga frá samningi sem felur það í sér að erlendir ríkisborgar allir, hver og einn, í öllum aðildarríkjum Evrópubandalagsins og EFTA, munu nú í fyrsta sinn í aldagamalli sögu þessarar þjóðar fá rétt til þess jafnan og við sjálf að kaupa hér lönd, jarðir, o.s.frv. Það má eftir þennan samning ekki setja nein lög sem mismuna íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum hvað þetta snertir.

Utanrrh. segir: Jú, við getum sett lög um það að menn þurfa að hafa búið hér í fimm ár og kannski annað. Það getur vel verið. En grundvallarreglunni hefur verið breytt, hæstv. ráðherra. Og nú vill svo til að samningurinn er líka þannig að ef við teljum að erlendir ríkisborgarar séu orðnir of fyrirferðarmiklir í atvinnulífinu hér eða of fyrirferðarmiklir varðandi kaup á landi og jörðum hér getum við að vísu gripið til almenns öryggisákvæðis, en þá geta hin ríkin líka gripið til gagnráðstafana hjá sér. Það segir utanrrh. aldrei þegar hann er að lýsa þessu. Þá geta hin ríkin gripið til gagnráðstafana hjá sér. Ef menn eru svo ósáttir við það, þá þurfa menn að fara í mál fyrir dómstólum. Og dómstóllinn fær rétt til þess að dæma í því. Það var einmitt það sem gerðist í máli Spánverja og Breta að Bretar höfðu sett fyrirvara um rétt útlendinga til þess að eiga og stjórna fiskvinnslufyrirtækjum í Bretlandi, en dómstóllinn dæmdi að samkvæmt grundvallarreglunum gætu Bretar ekki sett slíka reglu.

Virðulegi forseti. Ég skal virða þau tímatakmörk sem samkvæmt þingsköpum eru sett í þessari umræðu. En það er óhjákvæmilegt að koma að því strax að varðandi þessi tvö höfuðatriði er komin upp algerlega ný staða. Hæstv. utanrrh. sagði að allur málflutningur sumarsins hefði verið með endemum. Já, virðulegi utanrrh., að það er rétt að það er einn maður sem hefur talað með endemum í þessari umræðu í sumar. Ég gerði mér það til skemmtunar að biðja bókasafn þingsins að gefa mér ljósrit af öllum ummælum utanrrh. í sumar um viðsemjendur sína, Evrópubandalagið. Það er mjög skrautleg lesning, virðulegi utanrrh. Ég minni t.d. bara á það nýjasta sem kom í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum síðan og felur í sér orðalag þar sem Evrópubandalaginu er lýst á þessa leið: Evrópubandalagið er vanmáttug og óskiljanleg stofnun sem ætti enga möguleika að vinna sig fram úr stórmálum á borð við pólitíska samruna aðildarríkjanna og samskiptanna við Austur-Evrópu ef bandalagið gæti ekki lokið samningum við EFTA og EES. Síðan er þeim líkt við músarholur og margt fleira. Hæstv. utanrrh. segir um stjórnendur Evrópubandalagsins 22. júní: „Mér er fjandans sama hvað þessir menn röfla." Og síðan er því lýst fram og aftur hvernig þeir hafa röflað í kommisjóninni, en því miður, hæstv. utanrrh., hefur atburðarásin leitt það í ljós að þeir reyndust hafa rétt að mæla og röflið var í lýsingu hæstv. utanrrh. og forsrh. á því hvað gerst hefði. Ég vil segja það hér, ég tel mjög óheppilegt að utanrrh. Íslands hefur tamið sér orðbragð af þessu tagi um Evrópubandalagið þó að ég sé nú enginn vinur þess, en það er hins vegar óskiljanlegt hvernig sami ráðherra ætlar svo að reyna að skýra út fyrir íslensku þjóðinni að það sé lífsnauðsynlegt fyrir okkur að gera samning við þá menn, sem hann hefur í sumar lýst með þessum hætti, samning sem eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson réttilega lýsti hér. Stofnun forsrh., Davíðs Oddssonar, hefur metið á þann veg að í versta falli sé ávinningurinn á við gamlan Skoda, í besta falli hálfvirði þeirrar bifreiðar sem forsrh. keypti sér í sumar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú fer að líða að því að teknar verði ákvarðanir sem geta verið þær afdrifaríkustu frá því að íslenska lýðveldið var stofnað. Fyrir lok þessa mánaðar, jafnvel á næsta mánudegi, þann 21. október, getur orðið ljóst hvort íslensk stjórnvöld með utanrrh. í broddi fylkingar ætla að ganga að afarkostum Evrópubandalagsins varðandi Evrópskt efnahagssvæði. Það hefur raunar margoft komið fram að Alþfl. telur ekkert því til fyrirstöðu að Ísland verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði, nánast án fyrirvara. Það kemur mér þess vegna ekkert á óvart að ríkisstjórnin ætlar nú að ganga að samningum um Evrópskt efnahagssvæði þó allt sé málið langtum herfilegra en þegar upp var lagt fyrir tveimur og hálfu ári. Við skulum samt muna eftir því að samningspakkinn stóri, blaðsíðurnar 11.000, eiga eftir að koma fyrir Alþingi og það gætu orðið þung spor fyrir marga hv. stjórnarliða að lögfesta efni þeirra á einu bretti eins og þeir Viðeyjarfóstrar munu krefjast.

Segja má að íslensk stjórnvöld hafi þegar með yfirlýsingu í mars 1989 og í síðasta lagi á miðju sumri 1990 ákveðið að fallast á að lögfesta hér á landi reglur Evrópubandalagsins og Rómarsáttmálans á sviði fjórfrelsisins svonefnda. Frá því í nóvember 1990 hefur verið ljóst að Ísland gæti ekki vænst þess að fá neina umtalsverða fyrirvara í EES-samning nema e.t.v.

varðandi fjárfestingar í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Í stuttu máli felst í fjórfrelsinu að landamæri verða afnumin milli landanna 19 sem mynda eiga Evrópskt efnahagssvæði að því er varðar fjármagn, þjónustu og vöruviðskipti. Einnig er hluti af því sú regla að fólk á svæðinu, þ.e. í allri Vestur-Evrópu, fær sama rétt til að stofna fyrirtæki og kaupa fasteignir, þar með talið land án tillits til þjóðernis.

Ef Ísland gengur í EES verðum við hluti af svæði þar sem 360 millj. manna hafa sama rétt og ekki er leyfilegt að mismuna á nokkurn hátt eftir ríkisborgararétti. Það er sem sagt verið að steypa allri Vestur-Evrópu í eina efnahagsheild og Ísland eins og önnur EFTA-ríki afsalar sér mikilvægum þáttum af sjálfsákvörðunarrétti sínum í hendur fjölþjóðlegs valds og yfirþjóðlegra stofnana. Þeir sem ákafastir eru í því að gera þennan samning líkt og þeir Viðeyjarbræður virðast reiðubúnir að ganga enn þá lengra, þ.e. að gera að Ísland að hluta af stórríkinu sem verið er að mynda í Vestur-Evrópu með gömlu nýlenduveldunum, Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi, sem þungamiðju. Því auðvitað stöðva menn sig ekki af í Evrópsku efnahagssvæði heldur ganga alla leið á fáum árum inn í sjálft Evrópubandalagið fái þeir Davíð og Jónarnir ráðið ferðinni. Ráðamenn í öðrum EFTA-ríkjum eru nógu hreinskilnir til að viðurkenna að EES verður í besta falli tjald til einnar nætur og varla ætla menn Íslandi að bera uppi súlurnar tvær og standa eitt síns liðs undir kostnaði við skriffinnskubákn og stofnanir sem á að setja á fót samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

Það er athyglisvert að sjálfstæði Íslands og aldalöng barátta kvenna og karla í þessu landi virðist ekki skipta núverandi valdhafa miklu máli. Iðnrh. fyrrv. og núv. ríkisstjórnar gekk jafnvel svo langt strax í fyrra að nú þyrfti að endurskilgreina hugtakið „sjálfstæði" og það munaði raunar minnstu að hann endurtæki þjóðminjasafnsræðu Gylfa Þ. frá viðreisnarárunum sælu.

Ég legg áherslu á það, virðulegi forseti, að kjarni þessa máls snýst um flest annað en fisk þó að annað mætti ætla af málflutningi stjórnmálamanna og flestra fjölmiðla. Þeir snúa öllu á haus og gera fiskinn og óverulegar tollalækkanir að aðalatriði. Meginatriði EES-samningsins eru, eins og fram hefur komið, lög og reglur sem varða innri markað Evrópubandalagsins. Tollaniðurfellingar á sjávarafurðum geta ekki og mega ekki ráða afstöðu manna til þessa stórmáls. Þær skipta sáralitlu á móti því sem er á hinni vogarskálinni, en það er afsal á ákvörðunarrétti þjóðarinnar og mikilvægustu stjórntækjum í efnahagsmálum Íslendinga. Það er verið að hengja okkur eins og viljalaust verkfæri aftan í vagn sem stjórnað er af kommissörum í Brussel.

Við skulum líta á örfá dæmi sem varða afleiðingarnar af því að lögfesta hér fjórfrelsið svokallaða. Vinnumarkaðurinn á Íslandi verður galopinn fyrir öllum þegnum Vestur-Evrópu. Þeir mega leita hér starfa nema í vissum störfum í opinberri þjónustu alveg til jafns á við Íslendinga. Verkalýðsfélög fá engan umsagnarrétt um það hvort ráða má útlendinga til starfa eins og nú er réttur þeirra. Ég gef ákaflega lítið fyrir þær fullyrðingar sem hæstv. utanrrh. var með hér áðan um að Íslendingar gætu sjálfir ákveðið alla fyrirvara að því er þetta varðar. Hingað til hefur verið talað um að þarna megi einungis grípa inn í ef um verulega röskun væri að ræða á íslenskum vinnumarkaði og það eru þá alveg nýjar fréttir ef einhver breyting hefur orðið þar á. Það er a.m.k. ekki neitt um það í þeim samningsdrögum sem liggja fyrir frá Brussel að því er séð verður. Þarna verð ég að fá nánari skýringar á því hvenær megi grípa inn í því að það kemur mér mjög á óvart að Íslendingar hafi þarna allan rétt. Og mér kemur raunverulega mjög á óvart hversu andvaralaus verkalýðshreyfingin er í þessu máli hér á landi því ég tel að þarna geti verið mjög mikið í húfi, ekki bara varðandi samningsstöðu verkalýðsfélaganna gagnvart atvinnurekendum, heldur einnig um félagslega stöðu samtaka launafólks í heild.

En þá er það frelsi fjármagnsins. Fjármagnseigendur í Vestur-Evrópu fá hér óskoraðan rétt til jafns við okkur til að setja á fót og kaupa fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífsins nema hvað reyna á að halda fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða utan seilingar. Útlendingar fá þannig að gerðum þessum samningi enn rýmri rétt en lögfestur var af fyrri ríkisstjórn sl. vetur til að kaupa sig inn í íslenskt atvinnulíf hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu, iðnfyrirtæki og fullvinnslu sjávarafla svo eitthvað sé nefnt. Mér kemur raunar á óvart að fyrrv. forsrh. skuli ekki gera sér grein fyrir því að löggjöfin, sem lögfest var hér á síðasta þingi, fellur auðvitað meira og minna um sjálfa sig ef af þessum samningum verður.

Það er jafnframt viðurkennt af þeim sem gerst þekkja til að skýr undanþága í sjálfum texta EES-samningsins að því er varðar fiskveiðar mun ekki duga til að halda útlendingum frá þessari undirstöðu íslensks efnahagslífs. Útlendingar fá einnig óskoraðan og hömlulausan rétt til að stofna hér banka og kaupa hlut í bönkum og setja á fót önnur fjármálafyrirtæki. Þetta er auðvitað sjálfsagður hlutur í fjórfrelsinu. Hvers kyns þjónusta og þjónustuviðskipti verða einnig jafnaðgengileg útlendingum eins og okkur sjálfum og auðvitað fá Íslendingar, sem yfir fjármagni ráða, að leika sér um víðan völl EES allt frá Gíbraltar og Eyjahafi norður að Nordkapp. Aðrar auðlindir landsmanna en þær, sem er að finna í hafinu, eru á þessu veisluborði fjármagnsins þótt talað sé um að skerma þær af með löggjöf. Þetta getur átt við um landið sjálft, hlunnindi af ýmsum toga og jafnvel orkulindirnar, þetta gæti fallið áður en langt um líður undir fjórfrelsið. Við skulum minnast þess að fjölþjóðlegur EES-dómstóll skipaður EB-dómurum að meiri hluta á að skera úr um ágreiningsefni og hann getur og á raunar að þurrka út íslenskan lagabókstaf ef litið er svo á að hann stangist á við lögmálið sjálft, þ.e. fjórfrelsið. Það nægir að minna hér á dóma EB-dómstólsins í fiskveiðimálum á sl. sumri og nú síðast þann 4. október þar sem breskri löggjöf, sem átti að vernda þjóðlega hagsmuni breskra sjómanna, var blásið út í hafsauga af dómurum í Lúxemborg.

Hæstv. utanrrh. hélt því fram hér áðan að það væri

nægilegt að setja inn í íslenska löggjöf ýmislegt sem mundi tryggja rétt Íslendinga. Ég vil minna hann á þessa dóma og túlkun á því að það muni vera mjög erfitt að setja lög sem hugsanlega gætu stangast á við hið margumtalaða fjórfrelsi og rétt allra þeirra 360 milljóna sem búa á þessu svæði. En þeir sem eru þeirrar trúar að Íslendingar eigi ekki að vera að burðast við að stjórna sér sjálfir standa auðvitað að þessum samningi, en ég á bágt með að trúa því að meiri hluti Íslendinga vilji slást í þá för.

En er þetta þá ekki allt saman réttlætanlegt út á svokallaða fríverslun með fisk sem var stóra baráttumálið og raunar pólitískur aðgöngumiði að EES í byrjun? Með því að samþykkja fríverslun hefðu allir tollar verið felldir niður auk þess sem þjóðirnar hefðu ekki lengur getað styrkt sinn sjávarútveg eins og nú er gert. EB féllst auðvitað ekki á þessa kröfu, enda mundi hún kollvarpa öllu styrkjakerfi bandalagsins á sjávarútvegssviðinu.

Þá var gerð krafa um tollfrjálsan aðgang að mörkuðum EB fyrir sjávarafurðir og mér heyrðist áðan að hæstv. utanrrh. teldi að þessi krafa væri enn af hálfu Íslands á borðinu. En þetta vill EB heldur ekki fallast á og hefur margoft komið fram. Það eina sem þeir vilja fallast á á þessu sviði eru einhverjar tollaívilnanir á ógunnum eða lítt unnum fiski sem er auðvitað algerlega óviðunandi. Ég skildi ekki þann kafla ræðu hæstv. utanrrh. þegar hann talaði um að það væri lífsspursmál fyrir okkur að fá þennan samning vegna þess að þá mundum við geta aukið fullvinnslu á sjávarafurðum okkar þegar það liggur ljóst fyrir að EB mun ekki vilja samþykkja fullt tollfrelsi. Þetta fannst mér einkennilegt að bera hér á borð fyrir okkur þegar hitt er alveg ljóst að EB mun ekki fallast á tollfrjálsan aðgang okkar vara, því miður.

Ég vil einnig minna á það að hæstv. sjútvrh. sagði hér í sumar að ekki kæmi til greina að semja við EES nema fullt tollfrelsi fengist.

En það er ekki svo að EB vilji veita smá tollaívilnanir fyrir ekki neitt. Þeir vilja í staðinn fá veiðiheimildir innan íslenskrar landhelgi. Undanfarin ár hefur það verið krafa EB að fá veiðiheimildir innan landhelginnar og það hefur mikið verið rætt hér, bæði í þessum ræðustól og annars staðar, og það hefur verið fullyrt að Íslendingar muni aldrei fallast á að fyrir aðgang að mörkuðum komi aðgangur að auðlindum. Síðan hefur verið reynt að breyta þessu þannig að nú sé talað um gagnkvæmar veiðiheimildir. Það eru bara blekkingar því þá er auðvitað verið að veita aðgang að auðlindinni fyrir aðgang að mörkuðum og ekkert annað og það er hvergi hægt að sjá það erlendis í neinum plöggum að þarna sé verið að tala um neitt annað en að Íslendingar hafi nú loksins gefið sig og hleypt skipum EB inn í landhelgina.

Í umræðunum um EES hefur því þráfaldlega verið haldið fram að við hefðum ekki um annað að velja en gerast aðilar að EES, annars mundum við einangrast frá Evrópu. Þetta er auðvitað eins og hver önnur firra. Það er miklu meiri hætta á einangrun ef við erum innan tollamúra EB heldur en fyrir utan. Við höfum mikla möguleika sem sjálfstæð og fullvalda þjóð ef rétt er á málum haldið. Við eigum mjög verðmætar auðlindir og við höfum mikla möguleika á því að selja okkar vörur, bæði á Evrópumarkaðnum og ekki síður á öðrum mörkuðum, bæði Bandaríkjamarkaði og mörkuðum í Asíu, t.d. í Japan. Þeir geta orðið okkur mikilvægir og eins markaðir í Austur-Evrópu.

Það er erfitt að skilja þann málflutning sem heyrist víða að ekki muni okkur takast að selja eina einustu bröndu upp úr sjó ef ekki verður af EES-samningi.

Það var eitt atriði sem mig langaði til að spyrja hæstv utanrrh. að. Nú sé ég að hann hefur vikið sér frá. Ég verð að láta það bíða örlítið en mig langaði til að gera hér að umtalsefni það sem hann vék að í lok ræðu sinnar að hér væri verið með einkennilegan málflutning, það væri áróður í fjölmiðlum og það væri verið að bera á borð fyrir fólk rangar upplýsingar. Mig langaði til að benda honum og öðrum á að það er ekki rétt sem mikið hefur verið rætt um, að Norðmenn séu nánast allir fylgjandi aðild. Það var haldinn blaðamannafundur í Ósló í gær þar sem voru, eftir því sem mér telst til, milli 50–60 forsetar bæjarstjórna eða sveitarstjórna á vesturströnd Noregs. Þeir sendu undirskriftalista þar sem þeir skrifuðu undir og kröfðust þess að norska ríkisstjórnin féllist ekki á það að yfirráð Norðmanna yfir auðlindinni yrðu minnkuð. Þeir vildu ekki fallast á það að útlendingum yrði veitt heimild til fjárfestingar í norskum sjávarútvegi og fleiri atriði m.a. um norsk lög sem þeir töldu að nauðsynlegt væri að setja varðandi ýmis atriði sem þeir lögðu áherslu á, t.d. varðandi fiskveiðar. Það er því langt í frá að það séu einungis nokkrar hræður á Íslandi sem setja sig gegn þessum samningum. Ég vil benda alþingismönnum á úr því að hæstv. utanrrh. sér sér ekki fært að vera hérna í salnum á það að fólk um allt land hefur mjög miklar áhyggjur af því að nú séu stjórnvöld að glutra niður sjálfstæði þjóðarinnar. Er engin leið að hæstv. utanrrh. geti verið í salnum? Ég veit að ég hef mjög takmarkmaðan tíma og þess vegna finnst mér erfitt að þurfa að nota tíma minn í að tala hér án hans. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra mun hafa verið kallaður fram í síma, en ég hef gert ráðstafanir til að láta ná í hann.)

Ég vildi benda hæstv. utanrrh. á jafnframt sem ég vildi benda öllum hv. alþm. á það að fólk um allt land hefur verulegar áhyggjur af því að stjórnvöld séu að glutra niður sjálfstæði þjóðarinnar og leggja það í rúst sem fyrri kynslóðir hafa barist fyrir. Fjöldi fólks um allt land er að safna undirskriftum þar sem skorað er á ríkisstjórnina að hætta við þessa samninga en ef undir samninga verður skrifað, þá er jafnframt skorað á ríkisstjórnina að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla þannig að fólkið geti sagt álit sitt á þeim samningi. Þessar undirskriftir hafa gengið sérstaklega vel og vil ég nefna sem dæmi að í Rauðasandshreppi skrifuðu nær allir sem eru á kjörskrá í hreppnum undir áskorunina og á Patreksfirði hafa um 200 manns hafa skrifað undir og á Tjörnesi, í Aðaldalshreppi og í Ljósavatnshreppi hafa yfir 70% þeirra sem eru á kjörskrá

hafa skrifað undir. Það sama er að segja um Landeyjahrepp, Breiðdalshrepp og fleiri og fleiri þannig að það er greinilegt að fólk í landinu er að átta sig á því að ekki er allt sem sýnist.

Það sem mig langar til að gera líka að umtalsefni er þetta plagg sem hæstv. utanrrh. virðist sem betur fer vera búinn að lesa eitthvað í, þetta gula plagg sem er frá Samstöðu um óháð Ísland, þar sem hann sagði ef ég tók rétt eftir að þar væri í hverjum einasta punkti misskilningur, útúrsnúningur og ég held að hann hafi notað líka rangfærslur. Og til þess að gefa ykkur hugmynd um hvað þarna stendur — ég ætla að vísu að sjá til þess að alþingismenn fái þetta í sín hólf þannig að þeir geti sjálfir lesið þetta, en mig langaði til að lesa hérna eitt, með leyfi forseta, einn af þessum punktum sem er misskilningur, útúrsnúningur eða rangfærsla, eitthvað af því.

„Íslendingar hafa alla möguleika á að laga sig að breytingum í Evrópu sem annars staðar eftir því sem nauðsynlegt er talið. Við getum tekið upp fjölmargt jákvætt úr löggjöf og stefnu annarra landa, t.d. á sviði efnahagslífs, umhverfisverndar og neytendamála, án þess að afsala fullveldi okkar.“ — Það væri fróðlegt að vita hvað er rangt við þetta. Síðan kemur næsta og hann er kannski mjög á móti því:

„Við ráðum yfir gjöfulum sjávarauðlindum og framleiðum eftirsóttar vörur sem geta verið undirstaða góðra lífskjara. Við eigum að leita hagstæðra viðskipta við sem flesta en binda okkur ekki við eitt markaðssvæði.“ Ég get líka tekið einn punkt í viðbót:

„Í EES-aðild fælist stórfelld skerðing á sjalfsákvörðunarrétti þjóðarinnar og Íslendingar mundu afsala sér mikilvægum stjórntækjum í atvinnu- og efnahagsmálum. Því er það sjálfsögð krafa að þjóðin sé spurð um afstöðu til aðildar að EES í almennri atkvæðagreiðslu.“ — Menn geta sjálfsagt haft skoðun á því hvort þarna felist stórfelld skerðing á sjalfsákvörðunarrétti. Þeir sem þetta skrifa eru þeirrar skoðunar. Og síðan kemur einn punkturinn í viðbót:

„Að margra mati mun EES-dómstóll geta dæmt ómerka fyrirvara og lög þjóðríkja ef þau fela í sér ákvæði sem stríða gegn grundvallarhugmyndinni um að allir þegnar svæðisins hafi sama rétt til atvinnu, fjárfestingar og stofnunar fyrirtækja.“ — Þetta gæti t.d. átt við um rétt til fjárfestingar til kaupa á landi og varðandi nýtingu náttúruauðlinda.

Það er ekkert rangt í þessu. Þetta er mat margra og þó að mat utanrrh. sé eitthvað annað, þá er þetta ekki nein vitleysa. Það eru mjög margir sem telja þetta. Af þessu tilefni langar mig til að benda á það að hæstv. utanrrh. hefur margoft haldið því fram, t.d. við skólafólk, að til þess að Íslendingar geti átt rétt á að ganga í skóla í Evrópu, þá þurfi þeir að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Allir háskólar í Evrópu muni annars lokast. Og ef allt sem sagt er varðandi aðra þætti þessa máls eru eins miklar rangfærslur og varðandi skólamálin, þá er illa komið.

Það er aðeins eitt í viðbót vegna þess að hæstv. utanrrh. sagði að það væri mjög auðvelt fyrir alþingismenn og almenning að fá upplýsingar um þessi mál, þá vil ég benda á það að maður nokkur hringdi upp í utanrrn. og spurði hvar hann gæti náð í upplýsingar. Honum var vísað á að það væri hægt að fara niður í Alþingi og fá upplýsingar þar, það væri búið að gefa út bók sem hægt væri að fá upplýsingar um, þannig að það er þá fyrst og fremst frá Alþingi sem hægt er að fá upplýsingar en ekki frá utanrrn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér fer nú fram umræða um mikilvæg mál, svo sannarlega eins og menn hafa getið um, þar sem er um að ræða einhver mikilvægustu samskiptamál okkar við umheiminn, nágrannaþjóðir og talsvert fjarlægari þjóðir raunar líka. Það má segja að við séum hér að gæta fengins fjár eins og þar stendur. Það er ekki unninn allur sigurinn þó að við höfum unnið þá marga.

Ég vil byrja á því, þar sem ég er líklega síðastur í þessari umferð, ef sérstakar umferðir eru sem mér skilst raunar, að vekja á því athygli að hér hafa verið mjög málefnalegar og uppbyggilegar umræður. Menn hafa ekki verið að reyna að snúa of mikið út úr eða etja kapps með þeim hætti sem ekki væri málefninu til framdráttar. Ég held að það eigi allir þeir ræðumenn sem talað hafa sammerkt.

Það hefur komið hér fram að fólk væri ráðvillt í þessu máli og það er engin furða. Svo vill nú til að ég hef núna um tveggja og hálfs eða þriggja ára skeið veitt forustu tveimur nefndum, Evrópustefnunefndinni og svo utanríkismálanefndinni núna, og ég segi það alveg eins er að ég er sjálfur ráðvilltur í þessu máli. Það er svo margt að gerast og gerast svo hratt að það er varla á okkar færi að geta gert okkur grein fyrir öllum málavöxtum en einmitt þess vegna þurfum við að ræða málin.

Ég var raunar þeirrar skoðunar að heppilegra væri að ræða þetta mál núna í utanrmn. heldur en fara í almenna umræðu hér í þinginu því að málið væri kannski of viðkvæmt til þess að gera það, en ég hef breytt um skoðun. Þessi umræða nú er með þeim hætti að hún er öllum þeim til sóma sem hafa tekið þátt í henni. Og þó að eitthvað hvessi kannski hér á eftir, þá er það allt í lagi og verður sjálfsagt fyrirgefið bæði af mér ef á mig er skotið og eins af öðrum. Ég held að við séum að ræða málið með skynsamlegum hætti og fagna því.

Hér hefur verið talað um það hve mikið væri að marka þá fyrirvara alla saman sem gerðir hafa verið í þessu máli sl. tvö og hálft ár sem við höfum meira og minna verið að fikra okkur áfram og raunar að treysta okkar stöðu jafnt og þétt. Ég held að það dyjist engum ef farið er yfir söguna seinna meir, þá er það auðvitað alveg á hreinu að við höfum verið að vinna sigra í þessu máli eins og landhelgismálunum öllum nú um langt skeið og við getum glaðst yfir því, en megum ekki að láta það verða til þess að við gagnrýnum kunningja okkar, samstarfsmenn og andstæðinga að svo miklu leyti sem hægt er að tala um andstæðinga í deilum um landhelgismál og öll mestu hagsmunamál þjóðarinnar. Þar eru engir andstæðingar, við erum samherj-

ar í því. Og öll getum við tekið því þó að á okkur sé deilt, enda er það náttúrlega nauðsynlegt í öllum mannlegum samskiptum að opinber deila fari fram, opinberar umræður og rökræður og það sem við erum að gera.

Ég held að það sé rétt að fyrirvararnir haldi að verulegu leyti a.m.k. og þeir eru víðtækir. Það er rétt að segja það strax — af því að það er mín eindregin skoðun og ég held kannski allra íslenskra þingmanna — að veiðiheimildir til Evrópubandalagsins eða annarra útlendinga verða ekki veittar. Það er eins gott að þeir skilji þetta. Raunar hef ég leyft mér að segja það að kannski væri kominn tími til þess að við settum kostina en ekki alltaf þeir. Það er náttúrlega ekki vel viðunandi, svo ekki sé nú sterkar til orða tekið, að þetta bandalag sem við höfum samninga við og sem er í þeim heimshluta sem við viljum tilheyra þó að við viljum ekki — og það eru, held ég, að allir stjórnmálaflokkar sammála um — við viljum ekki aðild að þessu bandalagi. Við viljum aðeins samningsbundin ákvæði, ekki það að við séum meðlimir bandalagsins. Það held ég í rauninni að engir vilji. Um það ályktaði minn flokkur strax árið 1987 að málið væri ekki á dagskrá og ég held að aðrir flokkar séu því alveg sammála. En þessi umræða hefur farið fram með þeim hætti sem hún á að gera og við höldum áfram á þeirri braut.

Ég vil fyrst undirstrika þær skoðanir sem ýmsir erlendir menn hafa á því sem við höfum verið að gera og það er einmitt í ætt við það sem ég var að segja að við höfum verið að setja ákveðna kosti. Við höfum ekki gert það nægilega ríkulega. Þeir hafa verið að setja okkur kosti þar sem þeir hafa sagt: Þið verðið að gjöra svo vel að fallast á þetta. Annars eruð þið utan gátta í ykkar eigin álfu. En við eigum auðvitað að gera þeim þá kosti að við fáum að vera í okkar eigin álfu óáreittir, við fáum að nýta okkar auðlegðir sem við eigum að réttum lögum samþykktum af meiri hluta Sameinuðu þjóðanna, lögum sem í raun eru fyrir lifandi löngu orðin lög, de jure eins og það er kallað. Þetta eru lög sem við höfum verið að framfylgja og krefjast, þeir hafa beitt ólögum og þeir hafa verið með þvinganir gegn okkur. Við skulum ekki hafa nein stóryrði um þetta. Það þarf ekki. Þetta eru bara staðreyndir lífsins. Þeir hafa gert það. Og þegar ég segi þeir, þá eru það auðvitað ekki allir þeir menn sem eru í þessu gífurlega kerfi, þessu gífurlega apparati sem er verið að byggja utan á á hverjum degi. Þetta er eitthvert mesta skrímsli í þessu tilliti þó að einstaklingarnir hver um sig séu náttúrlega afburðamenn, það ráðast ekki aðrir en afburðamenn þarna til, enda skilst mér að kjörin séu góð og menn geti haft það lystisamlegt, en það kemur okkur ekki nokkurn skapaðan hlut við. En við eigum að beita okkar rökum og meðal þeirra raka aðferðum sem við notum — við höfum engin vopn önnur en orðið — og ég hef leyft mér að segja það að Evrópa mun kannski alltaf berjast, hún er að gera það svolítið í dag og muni berjast, en að hún muni berjast með blýöntum og það er allt í lagi. Meðan menn berjast með blýöntum, þá getur það auðvitað verið kostnaðarsamt, en það er þó allt í lagi miðað við þau ósköp sem menn hafa orðið að þola vegna vopnanna.

Fyrsti kosturinn sem við höfum er auðvitað sá að bókun 6 taki sitt gildi eins og hv. þm. Ólafur Ragnar gat hér um. Þar höfum við verið sniðgengnir. Það hefur verið brotið á okkur og það er ekki ég sem segi þetta, ég skal láta aðra menn segja það. Það gerði t.d. hvorki meira né minna en Mitterand Frakklandsforseti þegar hann kom hér. Hann sagði það að við ættum þarna réttar að gæta. Ég hef að vísu ekki orðrétt hérna hjá mér hvað hann sagði, en ég hef nokkurn veginn orðrétt hvað annar maður sagði. Sá heitir Henning Christophersen og hann sagði það í mín eyru og okkar sem frá Evrópustefnunefnd vorum erlendis til að kynna okkur málavexti. Við höfum farið þangað í tvígang og utanrmn. einu sinni. Og þó að menn fárist nú yfir utanferðum, þá held ég að þetta hafi verið þess virði. Kannski þurfa enn þá einhverjir að fara, fleiri en bara embættismenn, kannski einhverjir þingmenn líka til þess að gæta hagsmuna okkar, lífshagsmuna, mestu hagsmunanna sem við eigum að gæta.

En þessi maður, Henning Christophersen, varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sagði m.a. að vissulega hefðu Íslendingar opnað markaði sína fyrir varning frá Evrópubandalaginu en hefðu þó ekki fríverslun með fisk eða tollfrelsi fiskafurða frá öðrum. Þetta eru hans óbreyttu orð. Jafnvægi þyrfti að nást á þessu sviði, sagði hann enn fremur og þar var ekki töluð nein tæpitunga. Ég endurtek, sagði hann, bandalagið hefur fengið tollfrelsi við innflutning til Íslands en Íslendingar greiða nú tolla af innflutningi á Evrópumarkað. Hér þyrfti jafnvægi að nást var endurtekið.

Þetta þurfa Íslendingar allir að vita, segi ég, ekki síst blaðamenn og þeir sem um þessi mál fjalla. En auðvitað er þetta allt flókið og ekki ætla ég að draga úr því, en þetta er ekki einfalt. Það erum við sem eigum réttar að gæta hjá Evrópubandalaginu. Það á ekki rétt hjá okkur, síst af öllu þau réttindi sem við látum aldrei af höndum, að þeir ryðjist með flota sinn inn á okkar hafsvæði, að þeir komi kannski á þessu töfraári, 1992 eftir 15 ár eða meira, jafnvel nærri tvo áratugi og segi: Nú ætlum við að koma inn á ykkar mið. Það mál var raunar afgreitt löngu, löngu áður.

Við getum líka aðeins rifjað það upp í örstuttu máli sem er þó öllum Íslendingum í fersku minni. Við áttum hér í stríði við Breta sem núna eru bandamenn okkar, hygg ég, í afstöðu til þess ofurvalds sem hefur verið að myndast í Evrópu — þó að sumir segi nú raunar að þetta ofurvald sé að verða valdalaust vegna sinna eigin innri átaka. Ég ætla ekki að dæma neitt um það. Vonandi er það ekki rétt. En við háðum þessa baráttu og urðum að taka á móti Bretum þá og urðum að taka á móti öðrum. Við höfum aldrei haft nein vopn til þess að berjast með og munum ekki leita þeirra nema þeirra vopna sem við alltaf höfum barist með, þ.e. rökum og réttlæti. Og þegar menn líta yfir þessa heimsmynd, þá held ég nú að fleiri en Bretar og Írar séu að átta sig á því að barátta okkar Íslendinga í hafréttarráðstefnunum í 11 ár hefur ekki verið þýðingarlaus. Þeir hafa sjálfir helgað sér hafsvæði 200 mílur eins og

við og hafsbotnssvæði sem við erum núna með samningum við Breta að ná fullnaðaryfirrétti yfir, þ.e. í fyrsta lagi með samningum við Norðmenn og fleiri hafsvæði sem að réttum lögum ná hvorki meira né minna en norður undir pól, og hafsbotnssvæði. Um þessi hafsvæði ætlum við að semja við þessar þjóðir. Við ætlum að semja um það að þetta hafsvæði verði verndað. Eru ekki allir að tala um að við þurfum að vernda umhverfið? Eru nokkrir líklegri til þess að gera það en við, að vernda norðurslóðirnar? Erum við ekki að bjóða fram okkar hjálp til þess? Við ætlum ekki að taka neitt sem við eigum ekki að réttum lögum, alheimslögum. En við ætlum líka að taka það og erum að því og við gefum ekkert eftir, við stígum ekki skref til baka — það held ég að við alþingismenn getum verið sammála um, við getum deilt um svo margt annað, en við tökum ekki skref til baka. Við skilum ekki einhverju af því sem við sjálfir eigum til einhverra sem alls ekki eiga það og aldrei hafa átt það.

Það var að vísu svo að á annarri hafréttarráðstefnunni — það er rétt að minna á það líka — átti að reyna að koma í gegn tillögu sem flutt var af Kanada um 12 mílur sem landhelgi til frambúðar, fiskveiðilögsögu. Þá var það sem upp kom reglan um sex og sex, svo sem menn muna, það ættu að vera réttindi fyrir þá sem höfðu um langan tíma fiskað á þessum miðum að veiða á þessu ytra belti. Við reyndum að fella þá tillögu og bárum fram tillögu okkar sem heitir núna „íslenska ákvæðið" í öllum umræðum, þ.e. að sérstakt tillit skuli tekið til þjóða sem fyrst og fremst lifa af fiskveiðum og hagnýtingu hafsins. Hún var felld með held ég eins atkvæðis mun sem varð til þess að við greiddum atkvæði á móti megintillögunni sem féll líka. Annars hefðum við kannski setið uppi með 12 mílurnar og þá hefðu þessar 200 mílur, og kannski 500–600 mílur á hafsbotni, ekki tilheyrt okkur. Kannski er þetta heppni. Kannski er það framsýni þeirra manna sem þá voru við stjórnvölinn og minnist ég þá sérstaklega auðvitað okkar sérfræðings sem bar hita og þunga dagsins, Hans G. Andersens, en auðvitað hafa margir að þessu unnið.

En við eigum að halda baráttunni áfram með þessum hætti og ef ég vík aðeins að fyrirvörunum, þá eru þeir fleiri en þessi aðalfyrirvari sem ég var að nefna áðan og hæstv. ráðherra hefur rakið hér. Ég trúi því að hann muni ekki hvika frá neinum þeirra í einu eða neinu. Hann getur það heldur ekki nema með samþykki utanrmn. og þingsins því eins og menn vita, þá verður að leggja öll slík mál í fyrsta lagi fyrir utanrmn., hafa samráð við hana, og síðan þingið sjálft og ég veit að hann hefur engan vilja til þess heldur og enginn hér inni að fara að gera einhverja samninga sem ekki eru a.m.k. með öruggan meiri hluta að baki sér í þinginu. Allt annað væri óhæfa og gæti ekki gengið upp. Þess vegna er ekkert að óttast þó að ráðherrann hitti með einhverjum góðum mönnum þá ráðamenn í Brussel, sem á að gerast á mánudaginn, og við treystum því auðvitað og óskum honum og hans fylgdarliði gæfu og árangurs í þessari för. En við treystum því auðvitað að farið verði að þeim þjóðarvilja sem ætti nú að vera nokkurn veginn allir ef ekki alveg allir sem aldrei samþykkja það að við förum nú að gefa eftir af réttindum okkar, okkar lífshagsmunum. Það mundi vera nokkuð sem er nefnt orði sem ég ætla ekki að viðhafa. Það er ljótara en svo.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur talsvert verið rætt eins og gefur að skilja um þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði og ég fæ ekki betur heyrt, og reyndar ekki í fyrsta sinn, en að það vefjist nokkuð fyrir mönnum hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði snúist um fisk eða ekki um fisk, hvort hann snúist jafnvel um eitthvað allt annað. Og það er kannski ekki furða vegna þess málflutnings sem haldið hefur verið uppi af stjórnarliðum um alllangt skeið.

Fyrir liggur að fiskur var ástæðan sem upp var gefin af stjórnvöldum þegar af stað var farið. Þegar af stað var farið í þessar samningaviðræður þá var það fiskurinn sem upp var gefinn. Þá sögðu ýmsir og þar á meðal kvennalistakonur að það væri hægt að fara einfaldari leið, það væri hægt að fara þá leið að ná tvíhliða samningum við Efnahagsbandalagið um endurbætur á þessari svokölluðu bókun 6, það væri hægt að fara þá leið og þeirrar skoðunar voru fleiri hér í þinginu. Ástæðan fyrir því að við lögðum þetta til var sú að ef maður ætlar sér að kaupa sófa, þá fer maður ekki og leitar að húsi, þá kaupir maður ekki hús. Og það finnst mér einmitt vera það sem stjórnvöld eru að gera núna. Þau eru að kaupa hús þegar þau vantar sófa.

Þegar þarf að markaðssetja þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði, þá er fiskur aðalatriðið, þá er lögð áhersla á þessa tvo milljarða sem fást í niðurfellingu tolla, á þá vaxtarmöguleika sem skapast fyrir íslenskan fiskiðnað við þennan samning, þ.e. fiskur er aðalatriðið þegar þarf að markaðssetja samninginn. Þetta er sóknaraðferð hæstv. utanrrh. og annarra. En þegar þarf að réttlæta samninginn, þegar þarf að réttlæta að það komi ekki allt það út úr samningnum sem til stóð að fá, þá er fiskurinn ekki aðalatriðið, þá er hann ekki lengur aðalatriðið heldur þetta viðskiptaumhverfi sem samningurinn felur í sér, þá er það aðalatriðið. Með öðrum orðum er það varnaraðferðin sem hæstv. ráðherrar nota.

Það liggur fyrir og það hafa margir bent á það hér í þessari pontu að Evrópubandalagið er ekki til viðræðu um frjálsan og takmarkalausan aðgang með fisk á markað sinn. Þær hugmyndir sem nú liggja í loftinu hjá Evrópubandalaginu og hafa verið settar fram af framkvæmdanefnd þess er að tollar verði felldir niður, m.a. af saltfiski og skreið og ýmsum slíkum vörum. Þessi tollaniðurfelling mun líklega nema um 1 milljarði ef við miðum við árið 1990 og þetta er um 50% af þeim tollum sem við nú greiðum til Efnahagsbandalagsins sem þeir virðast ætla að fallast á að fella niður miðað við núverandi hugmyndir.

Vaxtarbroddurinn í íslenskum fiskiðnaði er ekki í saltfisknum. Hann er í útflutningi, m.a. á ferskum flökum og fiskréttum og það verður engin breyting á þeim tollum samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum. Fersk

flök bera áfram þann toll sem þau bera í dag. EB ætlar með öðrum orðum ekki að hleypa okkur inn á smásölumarkaðinn þar sem við getum selt fiskinn sem hágæðavöru. Við eigum öðru fremur að vera hráefnaframleiðendur hér eftir sem hingað til.

Ráðherrar í núv. ríkisstjórn hafa margir hverjir gefið út skýlausar yfirlýsingar um að ekki komi annað til greina en hindrunarlaus og tollfrjáls aðgangur að markaði EB með sjávarafurðir. Þorsteinn Pálsson hefur m.a. nú nýverið látið hafa slíkt eftir sér í útvarpi. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Kjarni málsins er sá að við höfum ekki hag af þessum samningum fyrir okkur nema við fáum tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir. Annars er ekki jafnvægi í samningnum á milli okkar og Evrópuþjóðanna og jafnvægið hlýtur að vera forsenda fyrir því að við getum átt þarna aðild að."

Hæstv. iðnrh. tók í svipaðan streng í útvarpi ekki alls fyrir löngu. Þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Fiskurinn er okkar iðnaðarvara. Við verðum að fá hindrunarlausan aðgang að Evrópumarkaði fyrir okkar unnu vörur. Annað kemur ekki til greina."

Ég mundi ætla að það þyrfti ekki fleiri orð um þetta mál, þ.e. samningurinn miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir kemur ekki til greina. En ég hef samt efasemdir um að þessi fögru fyrirheit haldi og þær efasemdir fæ ég m.a. úr stefnuræðu hæstv. forsrh., sem því miður er ekki í salnum eins og stendur.

Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni, með leyfi forseta: „Með EES-samningum er verið að samræma umferðarreglur atvinnulífsins innan Vestur-Evrópu. Það er skoðun mín að EES-samningurinn muni ótvírætt veita íslenskum fyrirtækjum aukið svigrúm og skapa þeim fleiri tækifæri jafnframt því sem aukin samkeppni íslenskra fyrirtækja við erlenda keppinauta mun koma íslenskum neytendum til góða.

Raunar er mikilvægt að íslensk fyrirtæki búi sig undir aukna samkeppni." Og svo segir forsrh.: „Niðurfelling tolla á íslenskum sjávarafurðum mundi hafa í för með sér augljósa hagsbót." Með öðrum orðum er niðurfellingin orðin eins konar viðbit með öllu hinu. Hún er ekkert aðalatriði lengur. Þess vegna hef ég efasemdir um það að fögur fyrirheit, um frjálsan markaðsaðgang sem algert skilyrði, haldi.

Það kom líka fram í ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan að það væri ástæða til þess að ætla að þetta haldi ekki. Hann sagði að það væri ekki aðalatriðið að brjóta tollana á bak aftur. Hann sagði: Það er aðalatriði að brjóta á bak aftur tengingu markaðsaðgangs og veiðiheimilda. Það er aðalatriði að brjóta á bak aftur tolla á unnum sjávarafurðum þannig að ekki sé hægt að halda okkur sem hráefnaframleiðendum. Þetta sagði hæstv. utanrrh. áðan og þó að ég hefði gjarnan viljað að hann gengi lengra í sínu máli, þá hlýt ég samt sem áður að taka þessi orð hans þannig að hann muni ekki setja stafina sína undir samning samkvæmt þeim hugmyndum sem framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins hefur lagt fram vegna þess að þar felst engin niðurfelling á tollum á unnum sjávarafurðum. Og ég ætla að leyfa mér að treysta því að orð hæstv. utanrrh. héðan úr pontu muni standa þegar hann kemur á erlenda grund nú eftir helgi.

Menn hafa talað nokkuð hér um fyrirvara sem settir hafi verið þegar farið var af stað í þessa samninga og þá fyrirvara sem eftir standi núna. Og margir tala nokkuð um að allir fyrirvarar sem Íslendingar gerðu við upphaf samningaviðræðna séu nú dottnir út. Ég er ekki þeirrar skoðunar í sjálfu sér að allir þessir fyrirvarar séu nú dottnir út heldur miklu fremur er ég þeirrar skoðunar að þessir svokölluðu fyrirvarar hafi alla tíð verið mjög óljósir og opnir. Það kann vel að vera að það hafi átt sér stað einhver umræða í ríkisstjórninni þar sem þessir fyrirvarar hafi verið þrengdir, en fæst okkar hafa þá verið vitni að því og það eina sem maður getur haldið sér í er það sem sett var á blað.

Hér hefur verið vitnað í ræðu Steingríms Hermannssonar, þáv. forsrh., sem hann flutti þegar af stað var farið í þessar viðræður og ég verð að segja að þegar ég les það sem þar stendur, þá finnst mér vera þar á ferðinni óraunsætt mat á eðli Efnahagsbandalagsins og eðli viðræðnanna um Evrópska efnahagssvæðið. Í ræðu þáv. hæstv. forsrh. segir: „Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning. Hins vegar verðum við að hafa fyrirvara hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Hið litla og viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það er nú áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnshreyfinga."

Nú get ég út af fyrir sig tekið undir þessi orð fyrrv. hæstv. forsrh. En ég hef ekki og hef aldrei haft neina trú á því að hægt sé að fara í viðræður við Efnahagsbandalagið á svona grundvelli. Auðvitað er hægt að gera fyrirvara og það á að slá varnagla, en það er ekki hægt að borða bara skrautið af kökunni, því miður. Eðli Efnahagsbandalagsins er slíkt að það hefði aldrei komið til álita, held ég, af þeirra hálfu að gera samning á þessum nótum.

Fyrirvararnir voru settir líka á blað í hefti sem gefið var út af utanrrn. í október 1990 og þeir eru, með leyfi forseta, þessir:

Fjárfestingar erlendra aðila tengdar náttúruauðlindum verði takmarkaðar, varnaglaákvæði varðandi frjálsan atvinnurétt og ekki verði slakað á settum kröfum um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd.

Í mínum huga eru þessir fyrirvarar hvorki ítarlegir né afmarkaðir og því er skoðun mín sú að samningamenn Íslands hafi í sjálfu sér ekki gengið lengra en við er að búast miðað við gefnar forsendur. Hins vegar, og það blasir við, er að verða æ ljósara æ fleirum hvaða hættur fyrir íslenskt fullveldi og íslenskt efnahagslíf eru á ferðinni í þessum samningi. Menn eru að átta sig á því peningaveldi og því skrifræði sem við er að eiga þegar Efnahagsbandalag Evrópu er annars vegar og ég held að hæstv. utanrrh. sé meira að segja að átta sig á því, það lýsa best tilsvör hans í fjölmiðlum á undanförnum dögum.

Ólafur Ragnar Grímsson líkti hér áðan sambandi utanrrh. og Efnahagsbandalagsins við ástarsamband og

mér finnst hæstv. utanrrh. tala eins og maður sem hefur orðið fyrir vonbrigðum í ástamálum.

Það sem hins vegar hefur gerst varðandi þessa fyrirvara er að sú tilhneiging er rík að reyna að fara í kringum ýmsa vankanta sem fylgja samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að fara í kringum þessa vankanta eins og köttur í kringum heitan graut, þ.e. festa hlutinn ekki kirfilega niður heldur reyna að komast einhvern veginn fram hjá þeim. Þannig hefur m.a. komið fram að ef við verðum að fella niður fjáröflunartolla vegna þessara samninga, þá munum við bara taka upp vörugjald í staðinn með einhverju „smáfiffi". Ef við þurfum að opna fyrir fjárfestingu útlendinga í fasteignum, þar á meðal í laxveiðiám og bújörðum, eins og hér hefur verið bent á, þá ætla menn bara að setja girðingar í íslensk lög sem kveða á um að menn þurfi að hafa átt búsetu í landinu í tiltekinn árafjölda til þess að geta fjárfest. Það er m.a. eitt af þessum „fiffum" sem verið er að tala um. Menn fullyrða hér að það muni halda og utanrrh. vék m.a. til fordæmis hjá Dönum. Grikkjum og Írum. En hann talaði ekki um mál Breta hér áðan eða það hefur þá a.m.k. farið fram hjá mér.

Þannig er að það er nýfallinn dómur hjá EB-dómstólnum í máli sem Spánverjar höfðuðu gegn Bretum á þeim forsendum að í breskum lögum væru ýmis ákvæði sem stönguðust á við lög og reglur Efnahagsbandalagsins. Þessi ákvæði eru m.a. þess efnis að menn þurfa að hafa átt fasta búsetu í fimm ár í landinu til þess að eiga hlutabréf í fyrirtækjum sem fjárfesta m.a. í fiskiskipum. EB-dómstóllinn dæmdi Bretum í óhag. Úrskurðurinn var sá að með þessu ákvæði væri íbúum EB mismunað eftir þjóðerni. Það var sem sagt ekki tekið gott og gilt að menn þyrftu að hafa fasta búsetu í landinu vegna þess að í rauninni fælist í því að verið væri að hygla breskum borgurum á kostnað annarra. Að þessu máli vék hæstv. utanrrh. ekki hér áðan og væri athyglisvert fyrir þingmenn að heyra hans mat á því.

Eitt af því sem upp hefur komið í þessari umræðu um Evrópska efnahagssvæðið eru menntamálin. Ég hef orðið vör við það að margt ungt fólk heldur að það verði sett í átthagafjötra ef ekki semst um Evrópska efnahagssvæðið. Það muni ekki geta sótt sér menntun til Evrópu vegna þess að Ísland verði hálft í hvoru talið utan Evrópu ef það verði ekki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta eru villandi upplýsingar og þetta er hræðsluáróður. Og hann er alvarlegur þessi hræðsluáróður vegna þess að það er verið að reyna að tala ungt fólk inn á málstað með villandi upplýsingum og það finnst mér mjög alvarlegt. Slíkt kom m.a. fram í DV í gær. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um skólamálin er svipaða sögu að segja og um atvinnumálin. Utan við Evrópskt efnahagssvæði getur orðið erfitt fyrir nemendur í EFTA-ríkjum að fá inni í háskólum ef um biðlistanemendur er að ræða. Innan við svæðið standa þeir jafnfætis um inngöngu en hins vegar liggur jafnrétti í skólagjöldum enn ekki fyrir."

Ég hef ástæðu til að ætla það að þær upplýsingar sem þarna koma fram séu fengnar úr utanríkisráðuneytinu og ef svo er, þá lít ég það mjög alvarlegum augum. Málið er það að menntamál og menntastefna er ekki sameiginlegt mál Efnahagsbandalagsins. Það er mál einstakra þjóðríkja, enda eru háskólar meðal styrkustu stoða undir þjóðmenningu einstakra ríkja og þess vegna er þetta mál einstakra ríkja innan Efnahagsbandalagsins. Það breytir hins vegar ekki því að háskólar eru í eðli sínu alþjóðlegir. Orðið sjálft, universitas, bendir til þess að háskólar leggi upp úr því að vera alþjóðlegir, og þeir reyna að hafa sem mest samstarf sín á milli því að það eykur víðsýni og það eykur kraft þessara stofnana. Samstarf háskóla er mikið þeirra á milli og það er oft og tíðum algjörlega án afskipta ríkisvaldsins. Það er á einstaklingsbundnum grunni, nemendur sækja um námsvist, kennarar fara á milli og hafa samband sín á milli, sækja ráðstefnur o.s.frv. Hins vegar er því ekki að neita að alþjóðlegir samningar færast sífellt í aukana á þessu sviði og þessir samningar geta verið um einstök verkefni, þeir geta verið um kennaraskipti og þeir eru í miklum mæli um námsmannaskipti. Þessi námsmannaskipti eru þá í því formi að námsmaður frá einu landi getur sótt hluta menntunar sinnar til annars lands og fengið það metið heima fyrir, þ.e. hann tekur þá kannski missiri eða ár af sínu námi í öðru landi og fær þar ýmsa fyrirgreiðslu þess vegna. Íslendingar eru aðilar að slíkum áætlunum og t.d. hefur verið bent á Comett II og Erasmus-áætlanirnar sem eru áætlanir á vegum Evrópubandalagsins sem EFTA-ríkin hafa þegar gerst aðilar að. Þau hafa þegar gerst aðilar að þessum áætlunum og það verður engin breyting á því með Evrópska efnahagssvæðinu. Og það sem meira er, það verður eiginlega engin breyting á þessu samstarfi með Evrópska efnahagssvæðinu. Það falla ekki einu sinni niður skólagjöld í Bretlandi með Evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskir námsmenn hafa átt mjög greiðan aðgang að háskólum bæði vestan hafs og austan og ég held að íslenskir námsmenn hafi gert meira af því en flestir námsmenn t.d. á Norðurlöndunum að sækja til annarra ríkja. Þetta þykir t.d. Dönum mjög merkilegt, hve mikið af Íslendingum sækir menntun sína til annarra ríkja. Ein af ástæðunum fyrir því að þeir hafa gert þetta er að íslenska lánakerfið hefur „styrkt" þá til þess, en að öðru leyti hefur íslenska ríkið ekki haft af þessu nokkurn kostnað. Það hefur ekki haft nokkurn kostnað af menntun þessa fólks. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu.

Það er engin ástæða til þess að ætla að þessi einstaklingsbundni aðgangur að háskólum verði ekki til staðar áfram. En ef við viljum vera aðilar að formlegu samstarfi og stúdentaskiptum, þá þurfum við auðvitað að kosta einhverju til. Við getum ekki fengið alla hluti fyrir ekki neitt. Mig langar í því sambandi að vísa til rits frá Háskóla Íslands þar sem fjallað er um þessi mál. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Kerfisbundið samstarf háskóla í Evrópu felur í sér aukin tækifæri frá því sem verið hefur. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að leggja í verulegan kostnað eigi þessi tækifæri að nýtast sem skyldi. Það mun því velta fyrst og fremst á okkur sjálfum og því hvernig við

skipuleggjum störf okkar hér heima hvað við berum úr býtum við breyttar aðstæður." Og þetta er sett á blað óháð umræðu um Evrópskt efnahagssvæði.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Við erum í töluverðum vanda í þessum umræðum. Það liggur í loftinu að til úrslita dragi í samningaviðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði nk. mánudag. Á þessu viðkvæma viðræðustigi er ákaflega erfitt fyrir þá sem að samningunum standa fyrir Íslands hönd að ræða um hin óleystu atriði. Áætlanir hafa verið uppi um það að í dag leggi framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins drög að þessum samningi fyrir fastafulltrúa eða sendiherra aðildarríkja bandalagsins í Brussel. Þeirra hlutverk er síðan að kynna drögin fyrir ríkisstjórnum sínum með því fororði að ráðherrar verði tilbúnir til að taka afstöðu til málsins á mánudag.

Fyrir liggja yfirlýsingar hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar þess efnis að ekki séu kröfur á hendur okkur um frekari gagnkvæmar veiðiheimildir en rætt var um í sumar eða um að við föllum frá banninu við fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Ef tekið er mið af málatilbúnaði okkar Íslendinga til þessa veltur það þá á því hverjar lyktir verða varðandi kröfuna um tollfrelsi á sjávarafurðum hvort þessi samningur verður gerður af okkar hálfu.

Þegar fundum Alþingis var frestað hinn 31. maí sl. lá í loftinu að stjórnarandstaðan mundi krefjast aukaþings í sumar ef henni þætti ástæða til vegna samningaviðræðnanna um Evrópska efnahagssvæðið. Að því er ég best veit var ósk um það aldrei sett fram. Þótt Alþingi hafi ekki verið kallað til aukafundar vegna þessa máls í sumar hefur tíminn frá því í lok maí síður en svo verið viðburðalaus.

Undir lok júní ríkti mikil bjartsýni hér og í Noregi vegna niðurstöðunnar á sameiginlegum ráðherrafundi aðildarríkja EFTA og Evrópubandalagsins í Lúxemborg. Þennan fund sátu utanrrh. og sjútvrh. fyrir Íslands hönd og minnumst við líklega öll yfirlýsinganna sem gefnar voru eftir hann um að lausn á deilunni um verslun með fisk á hinum sameiginlega markaði Evrópuríkjanna væri á næsta leiti auk þess sem unnt yrði að semja við Evrópubandalagið um hóflegar gagnkvæmar veiðiheimildir. Ótrúleg tíðindi virtust hafa gerst. Þau reyndust þó of góð til að vera sönn. Skömmu eftir fundinn í Lúxemborg kom í ljós að þrjár aðildarþjóðir Evrópubandalagsins, Bretar, Frakkar og Írar, höfðu ekki samþykkt niðurstöðuna. Hafði þó fyrrv. ríkisstjórn Íslands með sjálfan forsætisráðherrann í fararbroddi hvað eftir annað vakið máls á því opinberlega að íslenskur málstaður í sjávarútvegsmálum nyti sérstaks skilnings meðal ráðamanna Bretlandi og Frakklandi. Sjálfur forseti Frakklands hafði og gengið fram fyrir skjöldu í málinu þegar hann heimsótti Ísland. Nú sýnast Frakkar hins vegar standa gegn tollfrelsi á fiski vegna umhyggju sinnar fyrir landbúnaðarstefnu bandalagsins.

Eftirleikurinn eftir fundinn í Lúxemborg sannaði tvennt. Í fyrsta lagi eru ákvarðanir um sjávarútvegmál ótrúlega viðkvæmar á vettvangi Evrópubandalagsins. Þess vegna getur allt gerst í þeim efnum fram til fundarins nk. mánudag. Í öðru lagi eru hugmyndir manna um að innan bandalagsins geti framkvæmdastjórn þess gefið ríkisstjórnunum fyrirmæli byggðar á sandi. Þetta yfirríkjabandalag hreyfir sig ekki hraðar en ríkisstjórnir einstakra aðildarlanda þess ákveða. Úrslitavaldið er þrátt fyrir allt í höndum ríkisstjórna einstakra landa og það kom skýrt fram eftir fundinn í Lúxemborg. Yfirlýsingar utanríkisráðherra Lúxemborgar, sem stjórnaði fundinum fyrir hönd Evrópubandalagsins, um pólitíska samstöðu um lausn á ágreiningi um sjávarútvegsmál í samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið, áttu einfaldlega ekki við rök að styðjast.

Í sumar birtust í Morgunblaðinu ítarlegar frásagnir af umræðum á aukafundi norska Stórþingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Af þeim greinargóðu frásögnum má ráða að norskir ráðamenn voru eins og íslenskir ráðherrar í góðri trú þegar þeir fögnuðu niðurstöðum Lúxemborgarfundarins.

Þess misskilnings virðist gæta í umræðum um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi að það sé Evrópubandalaginu sérstakt kappsmál að gera þennan samning. Ef gengið er til samninga á röngum forsendum er meiri hætta á því en ella að niðurstaðan verði röng. Samningur um Evrópskt efnahagsvæðið er mun meira virði fyrir EFTA-ríkin en Evrópubandalagið.

Sögu Evrópska efnahagssvæðisins má rekja aftur til 1984. Þá gerðist það á fundi í Lúxemborg að ráðherrar frá ríkjum EFTA og Evrópubandalagsins komu sér saman um að koma á Evrópsku efnahagssvæði með óformlegum hætti, þ.e. með því að stíga skref fyrir skref við úrlausn einstakra mála. Þá varð einnig að samkomulagi að Evrópubandalagið hætti að ræða við hvert EFTA-ríki um sig á tvíhliða grunni en talaði við þau sameiginlega.

Árið 1985 gaf bandalagið út hvíta bók um sameiginlegan innri markað sinn og setti sér að markmiði að hann kæmi til sögunnar 1. jan. 1993. Þá var ljóst að það þyrfti að skipulagsbinda samstarfið við EFTA ef það ætti að skila árangri. Í ársbyrjun 1989 bauð Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, EFTA-ríkjunum upp á viðræður um hvernig staðið skyldi að framkvæmd mála. Samþykktu leiðtogar EFTA-ríkjanna að ganga til slíkra viðræðna á fundi sínum í Ósló í mars 1989 en í þeim hópi voru hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, og hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson. Um haustið 1989 fékk utanrrh. síðan umboð til að ganga til samningaviðræðnanna. Sjálfstfl. vildi að Alþingi samþykkti þetta umboð en því var hafnað í snörpum umræðum og einnig hinu að huga að tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið með þeim orðum að það væri ekki við hæfi á meðan staðið væri í viðræðum með EFTA-þjóðunum.

Þessum fjölþjóðlegu viðræðum, sem hófust 1989, er ekki lokið enn þá. Kjarni þeirra er að EFTA-löndin eru að laga sig að sameiginlegum innri markaði Evrópubandalagsins. Í því felst að tekin verða upp frjáls viðskipti með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl. Þetta

markaðskerfi kemst ekki á nema stofnað sé eftirlits- og réttarkerfi til að tryggja hin frjálsu viðskipti. Þannig má segja að um leið og einstakar þjóðir auka viðskiptafrelsi innan landamæra sinna sætti þær sig við samþjóðleg afskipti af því að þær standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum um Evrópska efnahagssvæðið. Í þessu felst ekki síst trygging fyrir smáríkin sem eiga aðild að samstarfinu. Þau eiga ætíð að geta skotið ágreiningsmálum til úrskurðar hjá hlutlausum aðila.

Það er fátt sem bendir til að Evrópubandalaginu sé mikið í mun að gera samning um Evrópskt efnahagssvæði, þvert á móti er auðveldara að færa fyrir því rök að stærstu ríkin innan Evrópubandalagsins sýni málinu ekki nægilegan áhuga og það sé ein helsta ástæða þess hve langan tíma tekur að fá botn í það. Fréttir herma að fyrir embættismenn bandalagsins sé erfitt að koma samningaviðræðunum á dagskrá ráðherrafunda Evrópubandalagsins og takist þeim það sé málið svo aftarlega á dagskránni að allir helstu ráðherrar séu farnir af fundi þegar það kemur til umræðu.

Þótt þeirri kröfu hafi verið hafnað á sínum tíma af Alþb., Alþfl. og Framsfl. að Alþingi samþykkti umboð fyrir utanrrh. í þessum mikilvægu og langvinnu samningaviðræðum hefur þingið fylgst náið með gangi þeirra. Utanrrh. hefur gefið þinginu skýrslur og málið hefur verið ítarlega rætt endranær svo sem á þingi sl. vor. Þá hefur utanrmn. Alþingis fylgst með hverju skrefi í málinu.

Í lok júlí ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að fresta samningaviðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði fram á haustið. Töldu margir að í þeirri frestun fælist í raun dauðadómur yfir hugmyndinni um þetta samstarf. Voru gefnar stóryrtar yfirlýsingar um það. Í Morgunblaðinu 31. júlí sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að viðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið væri lokið hvað Ísland snerti. Mér heyrist annað upp á teningnum nú. Nú er bókun 6 allt í einu orðin kjarni þessa máls að mati hv. þingmanns. Á þessum tíma var mín afstaða sú að fyrir Ísland skipti mestu hvað EFTA-ríkin ætluðu að gera, hvort þau vildu rjúfa samstöðuna sem myndast hafði 1984 eða halda áfram að reyna sameiginlega að leita eftir samningum.

EFTA-ríkin ákváðu að gera a.m.k. eina tilraun enn til að ná samkomulagi. Norðurlönd eru fjögur af sjö aðildarríkjum EFTA og á fundi forsætisráðherra landanna í Reykjavík 12. ágúst var lögð áhersla á að víðtækur samningur um Evrópskt efnahagssvæði væri forgangsatriði allra ríkisstjórna á Norðurlöndunum. Í samræmi við þetta hefur verið unnið áfram að samningagerðinni um Evrópskt efnahagssvæði og nú hefur ný dagsetning fyrir lokatilraun verið ákveðin mánudaginn 21. okt. næstkomandi.

Samkvæmt heimildum, sem ég treysti vel til að meta gildi slíkra yfirlýsinga um lokafrest í samningum Evrópuþjóða, er ljóst að náist ekki samningur á mánudaginn kemur virðist borin von að það gerist með þeim hætti að Evrópskt efnahagssvæði komi til sögunnar 1. jan. 1993.

Innan Evrópubandalagsins er hugur manna bundinn við annað en þessa samninga. Þar er rætt um mál sem eru miklu stærri að mati aðildarþjóðanna, svo sem framtíð Júgóslavíu, samskiptin við þjóðirnar í Mið- og Austur-Evrópu og samstarf sjálfra aðildarþjóða bandalagsins. Forustumönnum bandalagsins er auk þess ljóst að stærstu EFTA-ríkin eru hvort sem er á leið inn í Evrópubandalagið og þau vilja ekki láta samningaþras um Evrópskt efnahagssvæði tefja fyrir viðræðum um aðildarumsóknir þeirra.

Undir forustu utanrrh. hefur réttilega verið haldið þannig á málstað Íslands í þessum samningum að allt veltur á því hvort samkomulag tekst um viðskipti með sjávarafurðir án þess að við látum í té veiðiheimildir fyrir aðgang að mörkuðum. Um þessa samningatækni var samstaða í síðustu ríkisstjórn og einnig þeirri sem nú situr. Það er fráleitt að söðla nú um og taka upp aðrar aðferðir þegar málið er á lokastigi.

Við stjórnarskiptin í vor hafði í raun verið samið um allt sem máli skiptir fyrir okkur annað en sjávarútvegsmálin. Í höfuðdráttum var gengið frá samningum um eftirlitsstofnun og dómstól Evrópska efnahagssvæðisins hinn 19. des. 1990. Í tíð síðustu ríkisstjórnar lá einnig fyrir hvaða ákvæði yrðu í samningunum um rétt manna til kaupa á fasteignum og um flutning á vinnuafli til landsins. Því miður lét landbrh. þeirrar stjórnar undir höfuð leggjast að sinna hagsmunagæslu vegna ákvæða um landakaup en að henni er nú unnið undir forustu hæstv. landbrh. Halldórs Blöndals.

Töluverðar umræður hafa orðið um Evrópska efnahagssvæðið í sumar. Þar hafa margir dregið upp ákaflega dökka mynd af því hvað samningur um efnahagssvæðið hefði í för með sér. T.d. er því haldið á loft að samningurinn mundi spilla fyrir því að við gætum átt viðskipti við Bandaríkin og Japan, svo tvö mikilvæg viðskiptalönd séu nefnd. Þetta er mikill misskilningur. Við útilokum alls engin viðskipti við þessar þjóðir með samningi við Evrópuríkin. Við afsölum okkur ekki heldur neinum þeim rétti sem tryggir okkur forræði yfir fiskveiðilögsögunni og íslensku landi eða auðlindum. Dómstóll og eftirlitskerfi sem fylgja Evrópska efnahagssvæðinu skerða ekki fullveldisrétt þjóðarinnar. Við getum áfram haft stjórn á flutningi fólks til landsins.

Talsmenn samtakanna undir furðulega nafninu „Samstaða um óháð Ísland" leggja sig fram um að rugla fólk í ríminu með því að gera engan greinarmun á Evrópska efnahagssvæðinu annars vegar og Evrópubandalaginu hins vegar. Að setja mál sitt fram með jafnóljósum og oft röngum hætti og samtökin hafa gert er ekki til marks um mikla trú á eigin málstað. Það hefur aldrei dugað til lengdar í umræðum um íslensk utanríkismál að treysta alfarið á hræðsluáróður.

Að mínu mati sýna neikvæðar umræður um Evrópska efnahagssvæðið að einangrunarhyggja á enn hljómgrunn hér á landi. Verði hún ofan á, ef samningurinn um svæðið kemst af borði stjórnarerindrekanna til ákvörðunar hér á Alþingi, mundum við Íslendingar skapa okkur mikla sérstöðu ekki aðeins í Evrópu heldur almennt í samfélagi þjóðanna. Við lifum á byltingartímum þar sem þjóðir árétta í senn sjálfsákvörð-

unarrétt sinn og vilja til að vinna að brýnum úrlausnarefnum í nánu samstarfi við nágranna sína.

Að baki Evrópusamstarfinu er hugsjónin um að náið viðskiptasamstarf sé besta leiðin til að tryggja frið og velferð á varanlegum grunni. Þessi hugsun hefur sannað gildi sitt og í henni felst sterkasta stjórnmálaaflið í öllum Evrópuríkjum nú á tímum, afl sem gengur þvert á stjórnmálaflokka og veldur einnig ágreiningi innan þeirra.

Það er brýnt að samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið ljúki. Þrástaða hefur í raun verið í viðræðunum frá því fyrir þingkosningarnar hér á landi í apríl þegar hæstv. utanrrh. sagði að samið hefði verið um 98% þess sem um væri fjallað í viðræðunum. Afstaða ríkisstjórnar Íslands er skýr og hún byggist á grunni sem lagður var í tíð fyrrv. stjórnar. Þess vegna ætti hún að njóta víðtækari stuðnings en ella.

Tilraunir stjórnarandstæðinga annarra en þingmanna Kvennalistans til að gera þessa stefnu tortryggilega nú ræðst ekki af málefnum heldur þeirri staðreynd að þeir sitja ekki lengur í ríkisstjórn. Það sæmir ekki að stjórnast af slíku í jafnmikilvægu hagsmunamáli þjóðarinnar og hér er um að ræða.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Aðeins út af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan þá er ég honum sammála í þeim efnum að það á ekki að breyta um samningatækni. En það er að sjálfsögðu ekki sama um hvað samið er og það er heldur ekki sama hvernig er haldið á þessum málum.

Ég tel að þeir samningar sem nú standa yfir eigi að sjálfsögðu að hafa það að markmiði að styrkja efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Það er ekkert lítið mál, þótt sumir hafi viljað gera lítið úr því hér í þessum umræðum, að við eigum tollfrjálsan aðgang inn á okkar mikilvægustu markaði og það er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir efnahagslegt sjálfstæði okkar. En það er því miður svo að frá því að við skildum við þetta mál á sl. vori hefur margt gengið aftur á bak. Okkur sem í stjórnarandstöðunni störfum finnst oft og tíðum að ráðherrar í núv. ríkisstjórn tali af nokkurri léttúð um þetta alvarlega mál. Mér fannst t.d. hæstv. utanrrh. gera heldur lítið úr því sem um var talað í sambandi við gagnkvæmar veiðiheimildir við Efnahagsbandalagið eins og það væri sáralítið mál. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. eða hæstv. sjútvrh.: Hvað hefur verið unnið á þessu sumri í því máli? Hvernig á að útfæra það mál og þau skipti? Hvernig á að tryggja það að ekki verði þar veitt annað en til stendur? Vegna þess að þar er verið að tala um fisktegund sem við því miður vitum allt of lítið um hvernig eigi að veiða eða um útbreiðslu hennar. Auðvitað geta menn sagt sem svo að þar hafi ekki verið stundaðar nægilegar rannsóknir og það er rétt, en það er erfitt að semja um slíka hluti nema vita nánar um þá. Það er líka staðreynd að það hefur ekki verið hægt að veiða loðnu á svæði utan íslenskrar lögsögu sem við eigum að fá í staðinn og það er mikilvægt að fá upplýsingar um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur haldið á þessu máli, sem hæstv. utanrrh. vildi gera heldur lítið úr á sl. vori. Hér er um viðkæmt mál að ræða sem menn verða að fjalla um af fullri alvöru.

Hæstv. utanrrh. hefur á þessu sumri líka talað heldur óljóst um ýmislegt varðandi landbúnaðarmál. Þá hefur jafnframt komið fram í þeim umræðum sem verið hafa að gætt hefur óhóflegrar bjartsýni hjá hæstv. ráðherrum. Nú geta menn sagt sem svo að þeir hafi verið alveg eins ráðherrarnir í Noregi, eins og kom hér fram hjá hv. 3. þm. Reykv., og þar af leiðandi sé það ekkert óeðlilegt þó að það sé eins hér á Íslandi. Ég hef orðið var við það að allmikill samgangur hefur verið á milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs í þessum efnum. En ég hef nokkrar efasemdir um að það sé mikilvægast fyrir Íslendinga að halla sér upp að Norðmönnum í þessu máli vegna þess að Norðmenn hafa ávallt reynt að hengja sig aftan í Íslendinga að því er varðar sjávarútvegsmálin og viljað fara í kjölfar þeirra. Okkur hefur líka þótt það nokkuð merkilegt hjá hæstv. utanrrh. að hann hefur látið í það skína nú að undanförnu að hann væri orðinn heldur leiður á þessu máli og það hefur komið fram nokkurt áhugaleysi.

Það er e.t.v. þess vegna sem þjóðin hefur minni og minni trú á þessum samningum. Mönnum hefur með þessum hætti tekist að draga athyglina allmikið frá alvöru málsins sem er vissulega mjög stór. Ég tek undir að það er erfitt að fjalla um þetta mál hér á Alþingi á þessu stigi en það er alveg ljóst að þessir samningar eru okkur því aðeins hagstæðir að samningarnir um gagnkvæmar veiðiheimildir séu ljósir og þeir séu óruggir fyrir hönd okkar Íslendinga. Það skiptir afar miklu máli og við höfum litlar upplýsingar um það hvað gert hefur verið í þeim efnum í sumar. Það skiptir líka öllu máli að okkar markaðsaðgangur sé ótvíræður og við fáum möguleika til að þróa íslenskar sjávarafurðir. Þá hafa ekkert að segja einhverjir útreikningar um það hvernig þetta hefur verið í fortíðinni heldur þarf að fara fram mat á því hvað slíkur samningur mundi gefa okkur í framtíðinni þegar slíkur markaðsaðgangur væri fenginn. Það skiptir meginmáli. Ég vildi því spyrja: Hefur verið unnið að einhverju slíku mati?

Ég vil ekki eingöngu gera það að umræðuefni hér sem komið hefur fram hjá hæstv. ráðherrum heldur vildi ég jafnframt segja það að þessir samningar sem nú verður gengið til eru ekki til komnir vegna þess að við Íslendingar höfum sérstaklega beðið um það heldur vegna þeirrar staðreyndar að það hefur verið ákveðið að stofna þennan innri markað Evrópubandalagsins og þar af leiðandi varð að grípa til einhverra ráðstafana í framhaldi af bókun 6. Ég er ekki sammála hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um það að bókun 6 gefi okkur þennan rétt. Það er því miður ekki svo því að fríverslunarsamningurinn fjallar um tollfrelsi á iðnaðarvörum. Bókun 6 fjallar sérstaklega um sjávarafurðirnar og Evrópubandalagið hefur í reynd aldrei viljað viðurkenna það formlega að samtölum um bókun 6 væri lokið. Þar af leiðandi hef ég ekki trú á því, því miður, að hægt sé að reka þetta mál eingöngu með því að krefjast þess að bókun 6 gangi í gildi, það er

margoft búið að reyna, og því verður að gera það með öðrum hætti.

Hitt er svo annað mál að við verðum að sjálfsögðu að vera undir það búin að þessir samningar sigli í strand. Ég ætlast ekki til þess að núv. ríkisstjórn svari því nú hvað þá skuli gera. En núv. ríkisstjórn verður að vita þann hug Alþingis, m.a. þeirra sem í stjórnarandstöðu starfa, að við munum að sjálfsögðu ekki samþykkja hvað sem er. Til dæmis eru þær hugmyndir, sem nú eru uppi á borðinu að því er varðar markaðsaðgang, svo fráleitar að Íslendingar geta aldrei að því gengið. Þetta verður mótaðilum okkar að vera fullkomlega ljóst.

Ég tel að sú umræða, sem orðið hefur á þessu sumri, hafi á margan hátt verið óheppileg og ónákvæm en mér finnst það ósæmilegt af hæstv. utanrrh. að kenna þar fyrst og fremst öðrum um. Ég tel að þar sé fyrst og fremst um að kenna núv. ríkisstjórn sem hefur fjallað þannig um málið að það hefur ekki vakið traust meðal þjóðarinnar. Það hefur heldur ekki vakið traust margra okkar sem störfum í stjórnarandstöðu en viljum þó af heilum hug standa að baki okkar samningsmönnum sem eru að reyna að ná fram því besta í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vona að það takist, en mér finnst að svona margvíslegt óraunsæi sem hefur komið fram í ummælum íslenskra og norskra ráðherra hafi að sumu leyti skaðað okkar málstað. Að öðru leyti vil ég óska utanrrh. góðs gengis í þessum erfiðu samningum og vona að honum takist að halda þannig á málstað Íslendinga að við getum staðið að því þegar við sjáum þá pappíra líta dagsins ljós.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Að sumu leyti snýst þessi umræða um það hvar við viljum vera í samstarfi þjóðanna. Við höfum valið okkur þar sess á mörgum stöðum. Næst okkur er Norðurlandaráð og þar næst kannski Evrópuráðið þar sem íslenskir þingmenn og Íslendingar hafa starfað og átt gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir. Ég held að um þetta sé í rauninni enginn ágreiningur. En það er þá á öðrum sviðum sem ágreiningurinn kemur upp.

Það hefur verið mikið um það rætt í þessari umræðu allri að við séum að samsama okkur reglum Evrópubandalagsins og Evrópuríkjanna og hefur oft verið talað um það í hálfgerðum lítilsvirðingartón til hvers sú ofurvinna sé að þýða 11 þúsund síður af erlendum lagareglum og við þetta höfum við ekkert að gera. En spurningin er auðvitað þessi: Getum við búið við einhverjar allt aðrar reglur í viðskiptalífinu og í almennum samskiptum borgaranna heldur en eru við lýði og gilda í grannlöndum okkar, þeim löndum sem við höfum mest samskipti við og viljum hafa nánust og mest samskipti við? Ég held að svarið sé nei.

Það hefur ýmsu verið haldið fram í þessari umræðu og sérkennilegast af því sem hér hefur verið vikið að er það efni sem sumir kalla fræðsluefni en er kannski miklu frekar hræðsluefni sem samtökin sem kalla sig „Samstaða um óháð Ísland" hafa látið frá sér fara. Því miður er það svo að þar úir og grúir af misskilningi og rangtúlkunum, að ekki séu notuð sterkari orð, og í þessum punktum um Evrópskt efnahagssvæði (EES), sem þessi samtök hafa birt, eru um 20–30 atriði sem ekki aðeins orka tvímælis heldur eru beinlínis röng eða á misskilningi byggð. Og það er auðvitað full ástæða fyrir stjórnvöld til að svara þessu skýrt og skilmerkilega vegna þess að það eru of margir sem á þetta leggja trúnað, því miður.

En hvaða rök eru það sem beitt er gegn aðild Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu? Horfum aðeins aftur í tímann. Það eru nákvæmlega sömu rök og beitt var hér í þessum virðulega þingsal þegar verið var að ræða um aðildarumsókn Íslendinga að EFTA. Og hver voru þyngstu rökin í þeirri umræðu? Að það væri verið að glutra niður sjálfstæðinu, svo að ég noti orð sem Kristín Einarsdóttir notaði hér áðan, það væri verið að selja landið. Það voru landsölumennirnir sem vildu ganga í EFTA. Þeir sem um nokkurt árabil hafa fylgst með íslenskri stjórnmálaumræðu muna auðvitað að þetta er rétt og þetta eru þau rök, nákvæmlega sömu rökin sem þá voru höfð uppi og raunar líka við inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagsins á sínum tíma.

Við erum að afsala okkur sjálfstæði og afsala okkur fullveldi, segja andstæðingar þessa samnings. Það má auðvitað flytja mál með þeim hætti að hver einasti alþjóðasamningur sem Ísland skrifar undir, hvort sem hann fjallar um vernd tiltekinna svæða, umhverfisvernd eða eitthvað annað, feli í sér einhvers konar afsal. En við skrifum undir slíka samninga vegna þess að við teljum okkur hafa af því meiri hagnað, betri stöðu heldur en gera það ekki og það er nákvæmlega það sem þetta mál snýst um. Mér finnst það alltaf afar einkennilegt og fæ það ekki til að samrýmast heilbrigðri skynsemi þegar sagt er að Íslendingar séu að afsala sér fullveldinu. Allar þær þjóðir, sem lýst hafa áhuga á þessu samstarfi, eru þær um leið að segja: Við ætlum að afsala okkur fullveldi okkar og sjálfstæði? Eru Svíar að segja það? Eru þeir að afsala fullveldi og sjálfstæði Svíaríkis? Eru Norðmenn að segja það?

Þegar Eystrasaltsríkin eftir langa baráttu höfðu á ný öðlast sjálfstæði og viðurkenningu í samfélagi þjóðanna, þá var eitt það fyrsta sem leiðtogar þeirra sögðu að fengnu sjálfstæði: Við viljum ganga í Evrópubandalagið. Voru þeir að segja sínum þegnum að daginn eftir að þeir öðluðust sjálfstæði ætluðu þeir að afsala sér því? Við erum ekki að tala hér um inngöngu í Evrópubandalagið. Það er ekki á dagskrá. Við erum að ræða allt aðra hluti. Við erum að ræða nána samvinnu og samstarf. Þetta eru rök sem ekki ganga upp og þeir sem töluðu mest um það þegar Ísland gekk í EFTA að verið væri að afsala fullveldinu, selja landið, fórna sjálfstæðinu, hvað segja þeir nú? Var það gert? Auðvitað var það ekki gert.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur það fyrir sið núna þegar hann kemur í ræðustól hér að segja að það hafi komið upp ný staða, það sé alveg ný staða í málinu. Í hinni fáránlegu umræðu hér þegar fulltrúar stjórnarandstöðunnar komu í veg fyrir að einn flokkur fengi að velja nýja fulltrúa í útvarpsráð í stað þeirra

sem höfðu sagt af sér, þá sagði þessi hv. þm.: Það er komin upp ný stjórnarfarsleg staða í málinu. Nú kemur hann í þennan ræðustól og segir: Það er komin upp ný staða í þessu máli, algjörlega ný staða, vegna þess að það er ljóst árangur er enginn. Við höfum átt rétt á öllu þessu síðan 1976. Og ég spyr: Af hverju sagði hv. þm. þetta aldrei í okkar fyrrv. stjórnarsamstarfi? Það hefur ekkert breyst síðan. Raunar svaraði 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, þessum fáránlegu fullyrðingum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar svo ágætlega hér áðan að ég ætla ekki að endurtaka neitt af því. Það stendur, það er rétt sem hv. þm. sagði varðandi bókun 6 og þessar furðulegu upphrópanir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann sagði líka hér áðan annað sem ég hjó eftir: Og hver er ávinningurinn af þessu öllu saman? Hann er á við gamlan Skoda. Ég held að hv. þm. verði svolítið hált á svellinu þegar hann fer út í samlíkingar af þessu tagi. Ég minni á að eftir stjórnarmyndunina á sl. vori þegar hann var nú reyndar ekki mönnum sinnandi og kom með grátstafinn í kverkunum í fjölmiðla kvöld eftir kvöld eins og flestir muna, þá sagði hann: Og hvað bar svo Alþfl. úr býtum í þessu stjórnarsamstarfi? Hann fékk ráðuneytin sem hann hafði. Og svo orðrétt, með leyfi forseta: „Og jeppann hans Júlla." Það var mat hans á umhverfismálunum og heilbrigðis- og tryggingamálunum og ég held að það sé álíka mikið að marka mat hans í þessum efnum og hann ætti að halda sig frá líkingum af þessu tagi, hv. þm. (Gripið fram í.) Nú getur hann greinilega ekki setið á sér lengur. Hann kemur í ræðustól hér á eftir sjálfsagt og skýrir sitt mál.

Það er líka svolítið sérkennilegt þegar hann er að ræða um ummæli hæstv. utanrrh. í þessu máli. Það er rétt að utanrrh. hefur haft ýmis orð um afstöðu embættismannaliðsins hjá Evrópubandalaginu. Hann hefur haft ýmis stór orð um það. Og það er undarlegt þegar honum er svo legið á hálsi fyrir þetta en svo jafnframt fyrir það að halda ekki nægilega vel fram okkar hlut í þessum efnum. Það er svolítið undarlegur málflutningur. Það mætti auðvitað nefna ýmislegt fleira úr máli hv. þm. þó ég geri það ekki hér að sinni.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir ræddi um það að við værum að glutra niður sjálfstæðinu og ég vísa til þess sem ég hér áður sagði. Þetta er sama röksemdin og hún er jafnhaldlaus og hún var þá.

Hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur kom fram að það væri ekki bara hægt að borða skrautið af kökunni. Það er auðvitað hárrétt og ég tek undir það. En varðandi það sem hún sagði um skólamálin og aðgengi Íslendinga að skólum í Evrópu, þar sem hún taldi að haldið væri uppi hræðsluáróðri, þar hefur hún rangt fyrir sér og áreiðanlega er það óviljandi sem hún fer þar með rangt mál í öllum meginatriðum. Það vita þeir sem vilja vita og til þekkja að það er að verða erfiðara fyrir Íslendinga að komast í skóla á þessu svæði. Það vita þeir sem hafa verið í norrænu samstarfi um nokkurt árabil að það hefur verið erfiðara á undanförnum árum fyrir Íslendinga að komast inn í ýmsa sérskóla í háskólanámi í Danmörku vegna þess að nemendur frá löndum Evrópubandalagsins hafa haft og hafa þar forgang. Þetta vita allir sem hafa komið nálægt norrænu samstarfi. Nú fer þetta bara að gilda á stærra svæði heldur en í Evrópubandalaginu. Þetta fer að gilda miklu víðar í Evrópu.

Það má líka taka undir það sem hún sagði að við getum ekki fengið alla hluti fyrir ekki neitt og kannski er þar komið að nokkrum kjarna þessa máls sem mér finnst stundum afar einkennandi fyrir málflutning andstæðinga þess að við gerumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Við viljum njóta réttinda en okkur er ákaflega fast í hendi að þau séu gagnkvæm með einum eða öðrum hætti. Við eigum að hafa hér hömlur á því að útlendingar geti keypt upp jarðir í stórum stíl. Um það er ekki ágreiningur. En ég held að okkur finnist flestum hverjum ákaflega sjálfsagt að íslensk félagasamtök, launþegasamtök og aðrir geti keypt sér sumarhús til orlofsbúða og þá væntanlega með landi í ýmsum löndum Suður-Evrópu þar sem menn vilja gjarnan eyða sumarleyfum sínum. Þetta hefur verið gert. En í þessum málflutningi felst auðvitað nokkur tvískinnungur og það ber okkur að viðurkenna.

Ég vildi líka spyrja hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson varðandi búseturéttinn og atvinnuréttinn sem hann gerði hér að umræðuefni. Hvað hefur breyst í því efni síðan við vorum saman í ríkisstjórn? Það hefur ekkert breyst. Þegar um þetta er rætt þá minni ég á samkomulagið um norrænan vinnumarkað og reynslu okkar Íslendinga af því samkomulagi. Hefur hún verið slæm? Ég fullyrði að hún hefur verið góð eins og reynsla okkar af norrænni samvinnu yfirleitt. Þegar hér hefur verið atvinnuleysi hafa Íslendingar hindrunarlaust getað farið til Norðurlandanna og stundað þar vinnu um hríð, komið síðan aftur hingað þegar atvinnuástand hefur batnað. Hefur þetta norræna samkomulag leitt til þess að hingað hafi streymt fólk í stórum stíl í atvinnuleit? Það hefur ekki leitt til þess og það er engin ástæða til að ætla að annað muni gilda þótt svo hér tækju þær reglur gildi sem um er talað í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði. Ég bið hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að svara því: Hvað hefur breyst um þetta efni síðan við vorum saman í ríkisstjórn?

Að lokum, virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði hér áðan: „Það er ekki sama hvernig er haldið á þessum málum." Það er mikið rétt. Hann bar fram góðar óskir til utanrrh. og ríkisstjórnar um að þetta mætti allt vel takast. Það var auðvitað drengilega gert. En í fyrrv. ríkisstjórn var ágætt samstarf um þessi mál þangað til örskömmu fyrir kosningar. Þá hlupu samstarfsflokkarnir út undan sér í atkvæðaleit sem raunar bar ekki tilætlaðan árangur. Við vorum sammála um það að á þessu máli hefði verið vel haldið í fyrri ríkisstjórn og það er enn vel haldið á þessum málum af Íslands hálfu og það gildir um talsmenn Íslands hvort sem það eru aðalsamningamenn eða utanrrh. sem hefur haldið vel á þessu máli fyrir okkar hönd og mun vonandi takast að leiða það til lykta með farsælum hætti fyrir okkur öll. Enda þótt sú nýja staða hafi skapast í málinu að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er ekki lengur ráðherra og sættir sig ekki við þær niður-

stöður sem hann var fullsáttur við í sinni ráðherratíð, þá er ég ekki viss um að sú nýja staða sé endilega nokkuð verri fyrir okkur, nema síður sé.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað margt sem mætti taka upp í ræðu síðasta ræðumanns, hv. umhvrh., en það er aðallega eitt sem mig langar til að nefna hér og það er að Norðmenn telja að þeir séu að afsala sér hluta af sínu fullveldi og þess vegna þurfa þeir að samþykkja í Stórþinginu með þrem fjórðu hluta atkvæða þann samning ef af verður um Evrópskt efnahagssvæði. Það er þeirra skoðun að þeir séu að gera það og það er líka mín skoðun að í þessum samningi felist afsal á fullveldi.

Það er alveg rétt að það er erfiðara að komast inn í háskóla í Evrópu, það er staðreynd, en samningur um Evrópskt efnahagssvæði breytir engu þar um.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði um norska þingið og það sem þar þyrfti hugsanlega að gerast að því er ég best veit. Hins vegar er það auðvitað svo að í ólíkum löndum eru ólíkar reglur og lög og menn túlka fullveldið með mismunandi hætti. Ég held að það sé alveg ljóst að inntak orðsins fullveldi hefur verið að breytast og er að breytast en er ekki eitthvað óumbreytanlegt. Þannig hygg ég að inntak orðsins fullveldi sé nú nokkuð annað árið 1991 t.d. en það var árið 1918.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Norsku stjórnarskránni var breytt fyrir fáeinum árum þar sem fullveldisákvæði voru skýrð til samræmis við almenna túlkun í þjóðarétti á síðari áratugum. Það hefur ekki fengist fram slík breyting á íslensku stjórnarskránni vegna þess að hún hefur lítið breyst í meginatriðum eins og menn þekkja. Þess vegna er norska stjórnarskráin að því er varðar skilgreiningu á fullveldi að þjóðarétti nútímalegri en sú íslenska. Þar af leiðandi er það svo að ef skoðuð eru grunngögn norsku stjórnarskrárbreytingarinnar og álitsgerðir lögfræðinga um umræðuna nú þá er augljóst að þar telja menn að um sé að ræða skerðingu á fullveldi sem við mættum gjarnan fara yfir og er á sama hátt þrenging á fullveldi okkar vegna þess að samþykkjum við lagabálka hins Evrópska efnahagssvæðis, þá erum við að þrengja okkar lagasetningargetu, vil ég segja í fyrsta lagi.

Í öðru lagi er það rangt hjá umhvrh. að ekki sé hægt að gera fjölda tvíhliða samninga við erlenda háskóla hvað sem líður aðildinni að Evrópsku efnahagssvæði. Háskóli Íslands hefur þegar gert tugi slíkra samninga og háskólarektor fyrrverandi hefur látið það koma fram, m.a. við skólaslit Háskólans sl. vor, að það sé í rauninni fjarstæða að reyna að nota aðild og aðgang að háskólum sem rök fyrir því að Íslendingar neyðist til að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að hér fari fram mjög mikilvægar umræður um efni sem er vafalaust það afdrifaríkasta sem við komum til með að taka afstöðu til hér á þessu þingi. Málshefjandi varpaði fram nokkrum mikilvægum grundvallarspurningum í inngangsræðu sinni og utanrrh. veitti nokkur svör, en satt að segja fannst mér þau tæplega nógu sannfærandi og reyndar vantaði nokkuð upp á. Þau stangast í nokkrum atriðum á við upplýsingar sem við í þingflokki framsóknarmanna höfum fengið frá sérfræðingum sem eiga a.m.k. að vera eins kunnugir þessu máli og hæstv. utanrrh.

Hv. þm. Björn Bjarnason og hæstv. umhvrh. létu báðir að því liggja að við stjórnarandstæðingar værum farnir að sýna tortryggni í þessu máli. Það hefur nú verið allbreið samstaða um þetta mál í þinginu án tillits til þess hver staða manna hefur verið stjórnarmegin eða stjórnarandstöðumegin, þ.e. við erum allflest á því að það væri mikilvægt að ná heppilegum og góðum samningum um Evrópskt efnahagssvæði. En þegar menn fara að tala eins og hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. umhvrh. þá er náttúrlega von, og það verður að virða okkur það til vorkunnar, að við sýnum af okkur nokkra tortryggni þegar menn fara að tala af miklum sannfæringarkrafti og hita fyrir samningi sem þeir ekki vita hvað kemur til með að innihalda. Þeir virðast gefa sér það að hér sé um geysilegt hagsmunamál Íslendinga að ræða, að gerast aðilar að þessu samkomulagi, hvernig svo sem það verður, því þeir vita ekkert frekar en við hin hvað út úr þessu kemur á endanum. Það er auðvitað mjög mikilvægt eins og ég sagði áðan að ná viðunandi samkomulagi. En þá er það spurningin: Hvað er viðunandi samkomulag og hvað er óviðunandi samkomulag? Hvar liggja þessi mörk? Satt að segja þá virðast horfurnar í bili ekki vera sérstaklega góðar á því að um viðunandi samkomulag geti verið að ræða. Ég er ekki að áfellast utanrrh. þó hann í hita leiksins hafi hvað eftir annað tekið talsvert upp í sig um viðmælendur sína þarna úti og það er ekki óeðlilegt að hann hafi einstöku sinnum orðið þreyttur og ergilegur í þeirra garð og látið eitt og annað fjúka. Ég vonast til og reyndar treysti því að hann hafi unnið að þessu af bestu vitund. Spurningin er hvort hann hefur gert það alltaf af nægilegri gát.

Ég vil nefna nokkur atriði sem mér finnast vera grundvallaratriði í þessu og skeri úr um hvort skynsamlegt sé fyrir okkur að gerast aðilar að þessu kompaníi. Það kemur ekki til greina, og ég held að það sé algjör samstaða þingheims um það, ég vil vona það, meira að segja með heitustu talsmönnum þessa samkomulags, að fiskveiðiheimildir verði endurgjald fyrir tollfrelsi á sjávarafurðum. Ég vil bæta því við að ég tel að innflutningur landbúnaðarvara, unninna eða óunninna í einhverjum mæli, komi heldur ekki til greina sem endurgjald fyrir tollfrelsi fyrir sjávarafurðir. Það er rétt að undirstrika að ég tel að það komi ekki til greina að láta sem milligjöf eða endurgjald fyrir tollfrelsi sjávarafurða verulegar tilslakanir á innflutningi landbúnaðarvara. Ég tel líka að það sé höfuðatriði að halda eignarhaldi okkar og yfirráðum yfir sjávarút-

veginum og það getum við ekki nema með því að standa fastir á banninu við fjárfestingum í sjávarútvegi.

Menn hafa rætt hér um þessa fyrirvara sem upphaflega voru settir fram skýrt og skilmerkilega en hafa nú verið að þynnast út í meðferð málsins. Nú eru þeir komnir í það form að þetta er orðinn almennur fyrirvari að ef um stórfellda röskun sé að ræða, þá sé viðkomandi ríki heimilt að grípa til aðgerða sem auðvitað kallar þá væntanlega á gagnaðgerðir Evrópubandalagsins. Það er þá matsatriði hvað er stórfelld röskun. Ég reikna með því að varðandi fólksflutningana haldi þessi fyrirvari, það sé hægt að sýna fram á það úti í heimi hvað sé stórfelld röskun og fá aðra til þess að meta það og líta á það með svipuðum augum eins og við gerum.

Hæstv. umhvrh. nefndi norrænan vinnumarkað. Við höfum að vísu dálitla reynslu af honum og hana bara góða, en þar er ekki nákvæmlega um sama hlutinn að ræða eins og hér vegna þess að norræni vinnumarkaðurinn var negldur í bak og fyrir með fyrirvörum, þannig að það var engin áhætta að gerast aðilar að honum vegna þess hvað fyrirvararnir voru sterkir. Ég á ekki von á því að í þessu tilfelli verði fyrirvarar eins sterkir og þar voru og þar af leiðir að ekki er um eins mikið öryggi að ræða, en ég er ekki mjög hræddur við þetta atriði varðandi fólksflutningana. Ég er hins vegar miklu hræddari við fasteignaviðskiptin. Ég held að það sé mjög erfitt að fella fasteignaviðskipti undir þennan fyrirvara vegna þess að það sem okkur Íslendingum kann að finnast stórfelld röskun í fasteignakaupum útlendinga, kann þeim að þykja bara sjálfsagður hlutur. Ég held að okkur gangi afar erfiðlega að sækja þetta mál á þeim grundvelli. Jafnframt hefur það komið fram hjá mjög málsmetandi sérfræðingum í lögum um þetta efni, og það ekki bara íslenskum heldur í gögnum sem okkur hafa verið fengin frá öðrum EFTA-þjóðum sem eiga aðild að þessum viðræðum með okkur, að afar erfitt er að setja lög sem vernda forræðisrétt eða einkarétt viðkomandi þjóðar til fasteignakaupa. Ég óttast að þarna sé um að ræða atriði sem okkur gengi mjög erfiðlega að leysa ef af samningi verður. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að skoða það ákaflega nákvæmlega hvernig því verður fyrir komið áður en við förum að játast undir einhver ákvæði þar að lútandi.

Stjórnarfarslegt sjálfstæði hefur náttúrlega reynst okkur vel og ég treysti því að menn séu sæmilega sammála um það, kannski með einhverjum ofurlitlum undantekningum, að það verði að tryggja. Það hefur sem sagt verið hér á undanförnum mánuðum allbreið samstaða um það að reyna að ná samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Sú samstaða er hins vegar ekki takmarkalaus og ríkisstjórnin getur ekki ætlast til þess að hún sé það. Við getum ekki fallist á samning sem er óhagstæður og það er nauðsynlegt fyrir utanrrh. að vita það á lokasprettinum þegar hann heldur utan til þess að ganga að þessari lokalotu, að svoleiðis gæti samningur orðið að óhjákvæmilegt væri að leggjast gegn honum. Það verður náttúrlega enginn heimsendir þó að þessi samningur náist ekki og það kann að vera skynsamlegra að skoða málið upp á nýtt og leita annarra leiða til samskipta við Evrópubandalagið en með aðild að Evrópsku efnahagssvæði ef við eigum ekki kost á boðlegum samningi.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er væntanlega eitt af þeim mikilvægustu sem koma til kasta þessa þings. Hér er um að ræða einn mikilvægasta viðskiptasamning sem gerður er af Íslendingum frá því lýðveldið var stofnað. Það er auðvitað ljóst að við stöndum í mjög erfiðri og viðkvæmri stöðu í dag. Það er erfitt að meta þann árangur sem kann að nást og það er erfitt að meta það núna hvort við munum yfir höfuð ná þeim samningum sem þetta þing telur viðunandi og sem hægt er að sætta sig við fyrir hönd þessarar þjóðar. En þessi umræða hefur verið að mestu leyti mjög málefnaleg og ég fagna henni og tel að hún hljóti auðvitað að vera mjög mikilvægt veganesti fyrir utanrrh. og samningamenn íslenska ríkisins þegar þeir halda utan til lokahrinunnar.

Það hefur komið fram hér í máli, til að mynda Steingríms Hermannssonar, hv. þm. Reykn., að hann hefur vissar spurningar um fyrirvara við þennan samning. Mér var þó ekki ljóst á máli hans hver er raunverulega afstaða hans og hans flokks til þessa samnings. Ég vænti þess að þegar hann kemur upp hér á eftir muni hann gera það örlítið ljósara fyrir þingheimi.

Kristín Einarsdóttir, sem því miður er ekki lengur í salnum, kom hér upp og drap talsvert á þau rök sem menn hafa fært gegn Evrópska efnahagssvæðinu. Ég verð að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með verulegan hluta þeirrar ræðu. Kristín drap t.d. á að hún teldi að Alþfl. styddi samninga um Evrópskt efnahagssvæði og sagði, með leyfi hæstv. forseta: „nánast án fyrirvara."

Þetta er auðvitað alrangt og þetta er skrýtið í ljósi þeirra yfirlýsinga sem komu fram hjá hæstv. utanrrh. skömmu áður en hv. þm. tók til máls. Það er t.d. alveg ljóst að fyrirvarar eru um það að hér verða aldrei einhliða veiðiheimildir settar í staðinn fyrir tollfrelsi. Og það er alveg ljóst að það er ófrávíkjanlegt af hálfu þessarar ríkisstjórnar, af hálfu þessa utanrrh., af hálfu Alþfl., að útlendingum verður ekki hleypt inn með fjárfestingar. Þannig að þetta stenst einfaldlega ekki hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur.

Kristín notaði jafnframt gamalkunnug rök sem oft heyrast hjá andstæðingum Evrópsks efnahagssvæðis, sem sagt að menn ættu ekki að vera að binda allan þennan tíma, allt þetta atgervi og alla þessa fjármuni sem hafa farið til samninga um Evrópskt efnahagssvæði, til þess eins að njörva Íslendinga á eitt markaðssvæði. Þessi rök skil ég ekki. Hér er um að ræða misskilning hjá hv. þm. á eðli EES annars vegar og Efnahagsbandalagsins hins vegar, vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að í viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði hefur frá upphafi ekki verið stefnt að sameiginlegri viðskiptastefnu, þannig að munurinn á EES

og EB er m.a. sá að EES er ekki tollabandalag. Það er því ekkert sem segir að þó að Íslendingar gerist aðilar að Evrópsku efnahagssvæði geti þeir ekki gert sérstaka fríverslunarsamninga við önnur ríki. Það er auðvitað verið að vinna að því núna í utanrrn. að ná góðum samningum um viðskiptasambönd við Asíuríki, við ýmis ríki í Austur-Evrópu, jafnvel Bandaríkin. Sá misskilningur veður að vísu mikið uppi hjá ýmsum hv. þm. stjórnarandstöðunnar að það skipti verulegu máli fyrir okkur að ná fríverslunarsamningi við Bandaríkin. Það er ekki svo. Meðaltollurinn til að mynda á íslenskum fiskafurðum til Bandaríkjanna er 1,2%. Ef við gerðum þennan samning yrðum við sennilega fyrir tekjutapi, við yrðum að fella niður tolla sem eru mun hærri á innflutningi frá Bandaríkjunum. Þannig að ég vísa þessum rökum andstæðinga Evrópsks efnahagssvæðis, um að það sé ekki hægt að binda okkur með þessum hætti við eitt markaðssvæði, algjörlega út í hafsauga.

Menn hafa rætt nokkuð um gagnkvæmar veiðiheimildir og ég tók eftir því að hæstv. fyrrv. sjútvrh. hann tróð þar varlega slóðina. Hann hafnaði þeim alls ekki. Hann nefndi það að menn yrðu að vita með hvaða hætti væri þar um vélað. Ég er alveg sammála honum. Ég tel að ekki sé hægt að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir eins og hver og einn vill. En með þeim hætti sem verið var að semja, til að mynda á hinum örlagaríka fundi hér í sumar, tel ég mjög vel ásættanlegt. Hvað var verið að ræða um þar? Það var verið að ræða um að við mundum skipta á annars vegar 30 þús. tonnum af loðnu og hins vegar langhala að ígildi 2.600 þorsktonnum. Þið hafið vafalaust aldrei séð langhala. Ég hef einu sinni borðað hann og hann er góður. En ég tel hins vegar að þó að lítið sé vitað um þessa fisktegund sé auðvitað alveg ljóst að þetta er tegund sem við erum ekki að nýta þannig að við erum þarna að fá eitthvað fyrir ekkert.

Það er líka alveg ljóst að miðað við þær upplýsingar sem að vísu liggja ekki fyrir frá fiskifræðingum heldur frá sjómönnum úr kjördæmi hæstv. fyrrv. sjútvrh., þá hagar langhali sér þannig að á haustum gengur hann bersýnilega saman í torfum til hrygningar og það er auðvelt að veiða hann. En ég segi auðvitað gagnkvæmar veiðiheimildir, við skulum skoða það ef þarf en við skulum vera mjög ströng á þeim. Við mundum þá væntanlega skilgreina þau svæði sem mætti hleypa útlendingum á grundvelli gagnkvæmra heimilda inn í. Við mundum búa til hólf. Við mundum setja tilkynningaskyldu og við mundum að sjálfsögðu meina þessum útlendingum að veiða í þessu hólfi nema um borð væri íslenskur veiðieftirlitsmaður. Ég tel því fullásættanlegt að íhuga þetta mjög sterklega.

Svo vil ég auðvitað minna á eitt þegar menn eru að tala um veiðiheimildir. Eru ekki útlendingar með einhliða veiðiheimildir í íslenskri landhelgi? Hvað með Færeyinga? Er það ekki af því örlæti sem frændsemin skýtur mönnum stundum í bringu að við höfum leyft þeim að veiða? Og hvað með Belga? Var það ekki líka af því örlæti sem við fylltumst af þegar þeir á sínum tíma veittu okkur nauðsynlega og dýrmæta aðstoð í erfiðri landhelgisdeilu að við gáfum þeim kvóta sem að vísu er bundinn við skip þannig að smám saman minnkar þessi kvóti. Menn skulu þess vegna aðeins staðnæmast og íhuga þetta mál áður en þeir halda því fram að hér sé, eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir orðaði það: Gagnkvæmar heimildir eru blekkingar. Þetta er alrangt og þetta er málflutningur sem er ekki sæmandi þessari tegund af umræðu.

Hvað er það þá sem er í húfi? Það er nefnilega miklu meira í húfi en menn gera sér grein fyrir. Ég lít svo á að það sem er í húfi sé uppbygging íslensks sjávarútvegs næstu tvo áratugi. Við búum við það í dag að Evrópubandalagið hefur komið upp mjög harðvítugri tollastefnu gagnvart okkur sem byggist á því að annars vegar er verið að hafa lága og jafnvel lækka tolla á hráefni og hins vegar er verið að halda uppi háum tollum á unninni vöru. Með öðrum orðum, það er verið að gera tvennt. Það er verið að flytja út virðisaukann og það er verið að flytja út atvinnu. Hvort tveggja þurfum við. Vitaskuld er það rétt að í dag höfum við markaði fyrir unnin ferskflök, t.d. í Bandaríkjunum. Við erum að fá þar allt upp í 520–550 kr. á kg meðan gamla frysta þorskblokkin er að gefa okkur 320–350 kr. Markaðurinn, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði áðan, vaxtarbroddur markaðarins liggur í þessu og það verðum við að íhuga mjög vel og vandlega þegar við förum út í þessa samninga. Ingibjörg Sólrún sagði áðan að tollar á ferskum þorskflökum mundu ekki breytast. Það er nefnilega ekki rétt. Hafi ég skilið rétt, þá er þetta eitt af því sem tekist er á um. Og það skiptir mjög miklu máli. Ef það tekst að fá afnám tolla á þessari vöru, þá skiptir það einfaldlega geysilega miklu máli.

Mér kom það nokkuð á óvart að heyra menn tala eins og þessi ríkisstjórn væri að falla frá öllum fyrirvörum. Ég veit ekki betur en þeir fyrirvarar sem í upphafi voru settir, t.d. um sjávarútveg, þeir halda, um nýtingu orkulinda, um sölu orku, þeir halda. Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 8. þm. Reykn. talaði um jarðakaup. Það vildi svo til að ég var á sínum tíma stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar sem hann sat í. Þar var uppi mjög skýlaus og afdráttarlaus stefna í þessum málum sem hæstv. utanrrh. lýsti mjög vel áðan. Ég var því sammála að það væri hægt að setja girðingar í íslensk lög og hafa síðan ef í óefni stefndi sem neyðarúrræði hið almenna öryggisákvæði. Ég tel þetta rétta stefnu enn þá og ég vek athygli á því að öll EFTA-ríkin eru sömu skoðunar. Hæstv. umhvrh. spurði áðan: Hvað hefur breyst hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni? Hann er vafalaust maður til þess að svara fyrir sig, en ætli það sé ekki aðallega það að hann er ekki lengur í ríkisstjórn.

Ég held líka að við verðum að íhuga stöðu Íslands og hugsa hina almennu pólitík sem felst í því að hafna þessum alþjóðlegu samningum. Hvað verður þá um Ísland? Ekki skal ég segja litla Ísland. Auðvitað getum við áfram staðið einir og óstuddir. (**SvG:** Er búið að semja?) Það er nefnilega ekki búið að semja, ágæti þm. Svavar Gestsson, og ég tel einmitt að þessi umræða sé

þörf og jákvæð og á henni sé mikið mikilvægi einmitt vegna þess að okkar menn eru að fara að ganga til lokahrinunnar. Það er þess vegna sem það er í anda þess lýðræðis sem við búum við að við tökum þessa umræðu og þess vegna er það mjög virðingarvert af stjórnarandstöðunni og hv. þm. Steingrími Hermannssyni að taka þetta upp á þessum tímapunkti vegna þess, eins og fram hefur komið hjá ræðumönnum í þessari pontu, að menn eru að reyna að ræða sig niður á það hvað er viðunandi.

Ég verð að segja: Hvað verður um Ísland? Hvað verður um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi? Það var komið lítillega inn á það áðan. Danir eru komnir í Efnahagsbandalagið. Svíar munu verða þar innan nokkurra ára. Finnar, hvað verður síðan um Noreg? Hvað þýðir þetta þá? Við verðum einangraðir. EFTA verður að engu. Hvað með Norðurlandaráð? Eru ekki að verða miklar breytingar þar? Ég veit ekki betur en menn hafi verið að gera því skóna að mikilvægi Norðurlandaráðs mundi breytast allverulega. Er ekki að verða til nýr öxull landa Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna? Er ekki talað um að þau muni beita sér sem ás gagnvart Evrópu, þá væntanlega á grundvelli hins Evrópska efnhagssvæðis? Hvað verður þá um okkur? Þetta eru líka hlutir sem skipta verulegu máli og við þurfum líka að hafa til hliðsjónar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að nota mér þessa grein þingskapa mikið, en ég get ekki orða bundist út af því sem formaður þingflokks Alþfl. sagði áðan. Ég vona að það hafi verið mismæli því hann sagði að við fáum eitthvað fyrir ekkert. Ég vona satt best að segja að þetta hafi verið mismæli. Hann talaði eins og margir þingmenn stjórnarflokkanna hafa gert að þessar gagnkvæmu veiðiheimildir væru ekkert mál, eins og ekki væri hægt að nýta langhala af Íslendingum. Ég vil benda hv. þm. á það að loðnukvóti Efnahagsbandalagsins hefur á undanförnum árum alls ekki verið veiddur. Ef eitthvað er, þá erum við e.t.v. að fá lítið sem ekkert fyrir eitthvað. Þetta er nefnilega stórmál og það er afar alvarlegt mál ef þau ummæli berast til þeirra aðila sem standa í þessum samningum að það sé litið á þetta mál af slíkri léttúð á Alþingi Íslendinga.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Staðreyndin er sú í þessu máli að þessi tiltekna tegund fisks hefur ekki verið nýtt. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið uppi nein sérstök áform um að nýta hana. Mér er ekki kunnugt um að það hafi einu sinni verið uppi nein sérstök áform um að rannsaka eða kanna útbreiðslu þessarar tegundar eða stofnstærð hennar fyrr en þessi mál bar á góma hér fyrr í vor. Það var reyndar staðfest af Jakobi Jakobssyni á fundi utanrmn., þar sem ég var staddur sem varamaður. Það liggur því alveg fyrir, ágæti þm., að í þessu dæmi var um það að ræða að við mundum fá 30 þús. tonn af loðnu gegn því að veita þessar mjög takmörkuðu heimildir, ígildi 2.600 þorsktonna af langhala. Menn geta svo dæmt um það hvað í því raunverulega felst.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans hlýt ég að lýsa því að mér þótti leitt að hann treysti sér ekki til að ræða ítarlegar um mörg þau mikilvægu atriði sem ég nefndi og aðrir hafa nefnt síðar. Ég skil út af fyrir sig vel að hæstv. utanrrh. vill ekki leggja spil sín á borðið, en ég held einnig að það geti verið mjög hollt fyrir okkar viðsemjendur að vita þó hverjar lágmarkskröfur okkar Íslendinga eru í mörgum þeim mikilvægu atriðum sem um er samið. Ég vil segja það við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem vildi fá að vita afstöðu mína til þessa máls, að ein af ástæðunum fyrir því að ég bað um þessa umræðu var einmitt til þess að geta mótað mér afstöðu í málinu.

Það er mikill misskilningur hjá hæstv. umhvrh. að samstarfsflokkar í síðustu ríkisstjórn hafi snúist gegn Evrópsku efnahagssvæði í kosningabaráttunni, a.m.k. á það alls ekki við Framsfl. Ég hygg að þar hljóti hann að vera, eins og svo margir aðrir, að rugla saman afstöðunni til hugsanlegrar aðildar að Evrópubandalaginu og samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Því var harðlega mótmælt af mér og mörgum fleirum að slík aðild kæmi nokkru sinni til greina.

En ég vil nú enn reyna að nálgast þetta mál dálítið út frá því sem hér hefur verið sagt og alveg sérstaklega því sem hæstv. utanrrh. sagði. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu að sá rammi sem var settur fram í Ósló í mars 1989 var þröngur. Það er hárrétt. En það eru viss grundvallaratriði þar sem hljóta að halda og við verðum að meta endanlegu niðurstöðu út frá. A.m.k. geri ég það og ég hygg við framsóknarmenn.

Í fyrsta lagi höfum við ætíð krafist fulls tollfrelsis fyrir okkar sjávarafurðir. Ég held að allir hafi í raun og veru verið sammála um að það er krafa okkar og það komið greinilega fram, eins og hér hefur verið sagt, bæði hjá hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Hvernig stendur það mál? Við vitum að þegar slitnaði upp úr samningum gerðist það m.a. á þessum grunni. Það náðist alls ekki fullt tollfrelsi fyrir sjávarafurðir. E.t.v. eru menn reiðubúnir að víkja eitthvað frá því en þá verð ég a.m.k. að vita í hverju það felst.

Ef ég má meta það sem ég þekki til þessara mála, þá stendur málið þannig að okkur er boðið fullt tollfrelsi fyrir ferskan fisk. Ef ég má leyfa mér að segja það svo, þá held ég að það sé verra en ekkert. Með því er nákvæmlega verið að ýta okkur meira inn í nýlendufyrirkomulagið, þ.e. fá hráefnið tollfrjálst, en tolla síðan það sem fullunnið er. Ég hef skilið tilboð Evrópubandalagsins svo að þeir vilji ekki fella niður toll af ferskum flökum. Og ég hef skilið þá svo að þeir vilji ekki fella niður toll af fullunnum fiskréttum, svo að ég nefni eitthvað, heldur ekki af saltsíld, en kannski er þetta tvennt sem ég nefndi fyrst hvað mikilvægast í þessu sambandi. Það er vaxtarbroddurinn í okkar framleiðslu. Þess vegna, hv. þm., mun afstaða mín mjög

mótast af því hvort vaxtarbroddarnir í okkar framleiðslu fá tollfrjálsan aðgang. Ég sé ekki mikinn ávinning í hinu. Hæstv. utanrrh. treysti sér ekki til þess að svara þessu og ég vil virða það, en ég vil bara láta það koma hér fram að af minni hálfu er það algert lágmarksskilyrði að tollfrjáls aðgangur fáist fyrir þessar lykilvörur og vaxtarbrodd í okkar fiskframleiðslu. Þetta er má segja kjarni málsins.

Síðan eru það hinir ýmsu fyrirvarar sem settir voru fram í Ósló. Fyrri ríkisstjórn fjallaði um þau mál og það er alveg hárrétt að þar var rætt um að e.t.v. mætti tryggja sömu hagsmuni eftir öðrum leiðum. Og ég vil taka það skýrt fram að ég er enn þá þeirrar skoðunar og er tilbúinn að skoða það að þeir séu tryggðir eftir öðrum leiðum. Sú var meginástæðan fyrir því að við fluttum hér frv., eins og ég nefndi áðan, um erlenda fjárfestingu sem er orðið að lögum. Þar er verið að reyna að tryggja bann við erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi eftir öðrum leiðum, þ.e. setja upp girðingar, eins og menn tala um, í íslenskum lögum. Því spurði ég um það og vildi fá svar við því og fékk reyndar svar við því hvort þessi girðing muni halda og mér skilst að hún muni halda og ég fagna því. Hins vegar eru í þeim sömu lögum settar upp fleiri tálmanir fyrir fjárfestingu erlendra aðila og ég hef ekki enn þá, nema ég hafi misst af því, fengið svör við þeim atriðum, t.d. með bankastarfsemina og með búsetukröfu og ríkisborgararétt, þó að hann hafi verið mjög mikið styttur frá því sem áður var. Þetta er hlutur sem er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir áður en við getum metið þessa hlið samninganna, annars vegar viðskiptafrelsið, sem ég nefndi áðan og nær fyrst og fremst til sjávarafurða af okkar hálfu, og hins vegar fyrirvarana sem við settum.

Okkur er tjáð að fyrirvari um aðlögun að fjármagnsflutningum, a.m.k. hvað viðvíkur bankastarfseminni og lánastarfseminni, muni fást, þ.e. að þar verði viss aðlögunartími og sömuleiðis viss aðlögunartími í sambandi við frelsi með þjónustuna. Hins vegar er ég ekki enn þá sannfærður um að unnt sé að setja þær girðingar í sambandi við landakaupin í, eins og kallað hefur verið, arðskyni eða kaup á landnytjum, hlunnindum, að þær haldi. Mér sýnist það vera mál sem við hljótum að þurfa skoða miklu betur. Í mínum huga er það afar stórt mál. Það er að vísu svo að jarðakaup eru þegar hafin. Erlend fyrirtæki eru farin að kaupa hér jarðir. Það er vissulega svo að hægt er að leppa slík kaup í mörgum tilfellum og kannski verður aldrei ráðið við það. En ég álít þetta eitt af allra stærstu málunum. Við getum kannski aldrei komið í veg fyrir það, ég veit það ekki, að keyptar verði eyðijarðir kannski hingað og þangað um landið. En getum við stöðvað það að kaupa heila dali? Ég vil taka það fram að ég spurði einn af embættismönnunum að þessu og hann taldi t.d. að hinn almenni fyrirvari sem er í samningsdrögunum um að heimila ríki að grípa í taumana ef eitthvert ákvæði samningsins veldur erfiðleikum mundi ekki halda í því tilfelli að erlendir aðilar keyptu dal. Ef við ætlum að setja þær reglur að erlendir aðilar, eða sá sem kaupir jörð, hvort sem hann er innlendur eða erlendur, þurfi að búa á jörðunum, hvað þá t.d. um Hornstrandirnar þar sem enginn býr? Og hvað um hinar fjölmörgu eyðijarðir þar sem enginn býr í dag? Er hægt að girða fyrir það?

Ég tel þetta gífurlega stórt atriði því að ég er sannfærður um að auðugum erlendum fyrirtækjum munar ekkert um það að kaupa upp Ísland á örskömmum tíma. Þessi 250 þúsund manna þjóð stendur ekki þar gegn nema hún hafi alveg skýr og ákveðin ákvæði sem geta komið í veg fyrir slíkt. Þetta vil ég fá að sjá. Okkur er sagt að verið sé að undirbúa þetta í landbrn. Ég vil fá að sjá það áður en ég get gert upp hug minn, hv. þm., hvort ég er með þeim samningum sem út úr þessu kunna að koma. Þetta er mjög stórt atriði að mínu mati.

Hæstv. utanrrh. hefur oftast nefnt þennan almenna fyrirvara í sambandi við fólksflutningana. Út af fyrir sig er það athyglisvert, en okkur er líka sagt að hinir erlendu aðilar geti gripið til gagnráðstafana. Hann sagði áðan, ef ég tók rétt eftir, svipaðra gagnráðstafana. Þetta er töluvert annað en ég hef heyrt frá embættismönnum. Ég hef heyrt það frá embættismönnum að þeir gætu gripið til gagnráðstafana, en það væru engar takmarkanir settar á það. Þetta er mjög stórt atriði. Og það er vitanlega stórt atriði ef unnt er að grípa til gagnráðstafana, t.d. að falla frá tollfríðindum sem við höfum fengið, ef það væri hægt. Ég spyr: Kemur það til greina? Er það þá okkar að sækja það mál fyrir dómstólum? Og þegar við sækjum það fyrir dómstólum, mun þá ekki verða fjallað um ákvörðun okkar að grípa til þessa ákvæðis, þessa almenna fyrirvara, af dómstólunum einnig í tengslum við málið? Það er afar erfitt, hæstv. utanrrh., að fjalla um afleiðingarnar af gagnráðstöfunum en ekki orsakir. Hæstv. forsrh. getur kannski svarað því sem lögfræðingur. Ég hefði talið að dómstóllinn hlyti að rekja málið til uppruna síns og þá erum við komnir með málið fyrir dómstól. Þetta er einnig mjög stórt atriði í mínum huga.

Ég nefndi nokkur atriði áðan sem mér sýnist vera erfitt að samþykkja, t.d. skipan dómstólsins, þrír frá EFTA og fimm frá EB. Ég á erfitt með að sætta mig við að þarna sé misjöfn skipan og alveg sérstaklega finnst mér ástæðulaust fyrir Evrópubandalagið að krefjast þess fyrst þeir halda því fram að þetta sé hlutlaus dómstóll. Fróðlegt væri að spyrja þá af hverju það megi ekki vera öfugt, fimm og þrír. Staðreyndin er vitanlega sú að málin sem koma fyrir dómstólinn eru jafnstór hjá báðum aðilunum hvort sem þeir eru fleiri eða færri sem eiga aðild að málinu. Og mér finnst það slæmur kostur að samþykkja að dómararnir eru ekki jafnmargir frá báðum aðilum.

Loks vil ég svo nefna það sem hv. 1. þm. Austurl. kom inn á um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Ég hef fremur haft tilhneigingu til að líta á það sem framkvæmd á bókun 6 þar sem er ætlast til þess að þjóðirnar ræðist við um samstarf í sjávarútvegi og hefur verið gert fjölda mörgum sinnum og hefur nú verið lögð áhersla á af EB að leiða til lykta. Ég vil taka undir það sem kom fram í andsvari áðan að alls ekki er um það að ræða að fá eitthvað fyrir ekkert, því fer víðs

víðs fjarri og vitanlega þarf að vera vel frá þessu máli gengið. Í því sambandi held ég að að fenginni reynslu annarra þjóða sé hvað mikilvægast að eftirlit með slíkum veiðum sé mjög gott. Við þekkjum sögu frá Írum t.d. sem segja að þeim hafi gengið afar illa að hafa eftirlit með veiðiskipum Evrópubandalagsins. Ég mun vilja fá að sjá áður en ég geri upp afstöðu mína að slíkt eftirlit sé tryggt. Er það það gott að við getum verið vissir um að menn taki ekki nema nákvæmlega það sem þeir mega? Er t.d. hægt að setja í slíkan samning þá reglu að skipin komi ætíð með sinn afla til hafnar og hann verði skoðaður? Er það hægt?

Fyrir utan það sem ég hef rakið og eru stóru atriðin, þá er vitanlega staðreyndin sú að inn í þessar viðræður hafa komið fjölmörg atriði sem við ræddum ekki um í fyrri ríkisstjórn. Eflaust er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði áðan um einstök atriði, að þau hafa komið upp um áramótin en aldrei var fjallað í ríkisstjórninni um atriði sem nefnd munu hafa verið í viðræðunum 19. des. Ég hlýt að viðurkenna það að sumt af því sem ég hef séð þar núna á blaði kemur mér nokkuð á óvart, t.d. kröfur um samræmingu á heilbrigðisreglum o.s.frv., og náttúrlega landbúnaðarmálin og fleira sem allt hlýtur að skoðast mjög vandlega áður en dæmið er metið í heild sinni.

En aðeins að lokum þetta: Ef svo fer að boðið verður upp á samninga sem við getum ekki sætt okkur við og við höfnum þeim, ég vona sannarlega að við getum staðið saman um það, er okkur þá voðinn vís? Einangrumst við eins og kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni áðan? Ég held alls ekki. Ég held í fyrsta lagi að við höfum ótrúlega góðan samning, svokallaða bókun 6, sem ég held að sé tvímælalaust óumdeilanlega besti samningur sem erlend þjóð hefur við Evrópubandalagið og ég hef aldrei heyrtýjað að því að Evrópubandalagið muni fella niður þann samning. Þvert á móti hafa þeir aðspurðir sagt nei, að það muni ekki verða gert. Og er ekki möguleiki fyrir okkur að nálgast ýmislegt af því sem við erum að semja um núna einhliða? Við getum og erum að gera það á sumum sviðum. Við erum að losa um fjármagnsflutninga. Við gerum það einhliða. Við ákváðum að fjármagnsflutningar milli landa skyldu vera frjálsir frá 1993, ef ég man rétt. Og það gerum við einhliða. Við höfum einhliða mjög rýmkað reglur um erlenda fjárfestingu og við getum gert það út af af fyrir sig enn meira. Við getum út af fyrir sig ef við viljum rýmkað reglur um starfsemi erlendra banka hér. Við getum rýmkað reglur um starfsemi þjónustufyrirtækja hér ef við viljum.

Æðimikið af því, sem eru vissulega stór atriði, sem Evrópubandalagið fær eða við njótum eða hvernig sem við viljum meta það og um er verið að semja getum við út af fyrir sig gert einhliða. Ég vil því vara mjög við þeirri svartsýni sem ég hef orðið var við hjá sumum aðilum að hér sé allt í kaldakoli ef þessir samningar nást ekki. Ég held að því fari víðs fjarri.

Að lokum. Ég er sömu skoðunar og ég var í síðustu ríkisstjórn. Ég styð samninga ef þeir nást á þeim nótum sem þá voru settar fram, en ég get alls ekki sagt hvort svo er nú. Það vantar afar margt í þessa mynd eins og hún liggur fyrir núna. Ég treysti því að sjálfsögðu eins og aðrir þingmenn að ekki verði gengið frá samningum, ekki skuldbundið á nokkurn máta, fyrr en Alþingi hefur fengið að fjalla mjög vel um það sem býðst. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja það að ég tel að þær umræður sem hér hafa farið fram í dag séu með mjög fáum undantekningum afar gagnlegar. Við stöndum bersýnilega á þröskuldi erfiðra og flókinna ákvarðana og það er í rauninni ekkert einfalt mál að fjalla um þessa hluti við þær aðstæður sem nú eru. Ég tel að það hafi raunar tekist allvel og menn hafi í öllum meginatriðum reynt að fara málefnalega í hlutina ef frá eru skildar örfáar athugasemdir sem komu fram fyrr í dag frá t.d. hæstv. umhvrh. sem sá ástæðu til að blanda sér í málið án þess að mikið hefði verið varpað á hann orði sérstaklega í umræðunum.

Það hefur verið mjög athyglisvert t.d. að fylgjast með málflutningi talsmanna Sjálfstfl. þar sem augljóst mál er að menn tala með mismunandi áherslum. Ég tel ástæðu til þess að þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir þá ræðu sem hann flutti hér í dag vegna þess að ég skildi hana þannig að þar væri verið að vara við, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þjóðin hefur af alþjóðlegum samskiptum, ekki síst í hafréttar- og landhelgismálum á undanförnum áratugum. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt að formaður utanrmn. geri grein fyrir málum með þeim hætti sem hv. þm. gerði fyrr í dag.

Það kvað við talsvert annan tón hins vegar hjá öðrum talsmanni Sjálfstfl. hér í dag, hv. þm. Birni Bjarnasyni. Ég veit ekki hvor þeirra talaði fyrir Sjálfstfl. langsum og hvor talaði fyrir Sjálfstfl. þversum en það var nokkuð ljóst í þessu máli að þeir töluðu sinn með hvorum hætti. Og það er alveg rétt sem einhver hv. þm. sagði í dag að í rauninni er hér um að ræða svo örlagaríkt mál að um það getur auðvitað verið ágreiningur, ekki aðeins á milli flokka heldur einnig innan flokka. Og það var reyndar hv. þm. Björn Bjarnason, man ég núna, sem komst þannig að orði sem mér finnst athyglisvert og bendir til þess að hann gerir sér grein fyrir því að innan Sjálfstfl. eru mjög mismunandi áherslur uppi í þessu máli.

Ég vil einnig leyfa mér að andmæla því sem fram kom hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um það að í rauninni hafi þeir fyrirvarar sem gerðir voru í tíð fyrri ríkisstjórnar í þessu máli verið heldur veigalitlir. Ég tel að þeir hafi skipt mjög miklu máli eins og rakið var hér af hv. 7. þm. Reykn. Afstaða Alþb. var sú í þessu máli að það var rétt að okkar mati og ég tel það enn rétt að kanna hvað í þessum samningum gæti falist fyrir hagsmuni Íslands. Ég tel að í þessari afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna felist engin einangrunarstefna eins og var verið að reyna að klína á okkur hér fyrr í dag, heldur þvert á móti. Við töldum að okkur væri skylt að líta til allra átta og fara vandlega yfir það. Eru í þessum málum einhverjir kostir sem geta styrkt stöðu Íslands í hinu alþjóðlega, almenna viðskiptasamstarfi?

Núna hins vegar liggur fyrir má segja í grófum dráttum hvað er í boði þó að það sé ekki 100% ljóst. Þá er niðurstaðan í fyrsta lagi sú að maður hlýtur að spyrja sig þegar komið er að umræðum af þessu tagi: Hvað græðum við á þessu? Hvað höfum við upp úr þessu? Bætum við okkar lífskjör á því að gerast aðilar að samningunum um Evrópskt efnahagssvæði?

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, Íslenskur þjóðhagsbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið, er ítarleg athugun á þjóðhagslegum áhrifum hugsanlegrar aðildar að Evrópsku efnahagssvæði. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 86:

„Höfuðniðurstaða þessarar athugunar er sú að mögulegur ávinningur af þátttöku Íslands í EES sé fyrir hendi." Þetta er nú ekki mjög hátimbrað orðalag. „Ekki er um mjög stórar fjárhæðir að ræða á hverju ári á þjóðhagslegan mælikvarða, en hér er um varanlegan ávinning að ræða", segir hér. „Hver króna í varanlegum tekjuauka jafngildir um 18 kr. greiðslu", hvorki meira né minna, 18 kr. greiðslu „í eitt skipti fyrir öll, sé miðað við 6% raunvexti. Þannig jafngildir varanleg aukning einkaneyslu um 0,7% um 24 þús. kr. á ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu", þ.e. 6 þús. kr. á ári á mannsbarn, en það er nú ekki sagt hér, „sem núvirt, miðað við 6% raunvexti, jafngildir um 425 þús. kr. eingreiðslu. Þetta er lægsta talan (eftir 8 ár) í töflum 2 og 3. Sé miðað við hæstu töluna, sem er 3,1% aukning einkaneyslu, fæst varanleg aukning um 107 þús. kr. á ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu, sem jafngildir um 1 millj. 882 þús. kr. eingreiðslu." Nákvæmt skal það vera, enda eru þetta miklir vísindamenn sem skrifa, sem jafngildir 1 millj. 882 þús. kr. eingreiðslu. Svo segir orðrétt, með leyfi forseta enn á ný: „Þegar þessar tölur eru settar í slíkt samhengi öðlast þær nýja merkingu."

Fyrir mér öðlast þetta þá nýju merkingu, sem er svo sem engin frétt fyrir mig en kannski einhverja, að það sé frekar lítið á þessu að græða og það sé ástæðulaust að glúpna eða kikna í hnjáliðunum frammi fyrir stærðum af þessu tagi og um þetta eru í rauninni allir sammála. Það er sáralítið á þessu beint að græða. Auk þess er það þannig, eins og hv. 7. þm. Reykn. benti hér á fyrr, að við getum auðvitað með einhliða ákvörðunum af ýmsu tagi tryggt okkur það hagræði sem felst í samstarfinu um Evrópskt efnahagssvæði án þess í rauninni að gerast aðilar að því. Með öðrum orðum er það ávinningur sem skilar sér til okkar hvort eð er vegna hinna almennu, alþjóðlegu viðskipta, séstaklega auðvitað við Evrópu, sem við komum til með að eiga. Þegar upp er staðið verður því hagnaðurinn af þessu í peningum, jafnvel þó að Þjóðhagsstofnun telji sig geta reiknað það upp á 18 kr. á mann með 6% raunvöxtum, orðinn svo smár að það er væntanlega ekki það sem dregur menn. Hvað er það þá?

Það er a.m.k. þannig að það er viðurkennt að við högnumst ekki á þeim ákvæðum samninganna um Evrópskt efnahagssvæði, ef af verður, sem snerta landið eða fjárfestingu útlendinga eða atvinnumálin. Það er viðurkennt af utanrrh. að í öllu þessu felist í raun og veru stórkostleg áhætta og hann er búinn að sveitast við það lengi, bæði þegar hann var í ríkisstjórn með mér og þar áður og svo í þessari, að finna aðferðir til þess að losa þjóðina við þessa áhættu. Það viðurkenna allir að þetta er stórfelld áhætta fyrir Ísland að því er varðar landið sérstaklega, fjárfestingu útlendinga og atvinnumálin á landinu í heild. Það viðurkenna það allir, líka hæstv. utanrrh. Og þá spyr ég: Er það skynsamlegt í ljósi þessa litla hagnaðar, sem menn viðurkenna líka, að menn séu að taka svo stóra áhættu með sjálfstæði lands og þjóðar, þ.e. möguleika okkar til að ráða yfir landinu sjálfu? Er það réttlætanlegt, ég spyr, að taka áhættu andspænis afar litlum hugsanlegum ávinningi?

Það liggur einnig fyrir að það eru mörg spurningarmerki og margar hættur á veginum í sambandi við dómstólinn eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti áðan. Sömuleiðis er mörgum spurningum ósvarað varðandi möguleika hinna samningsþjóðanna á gagnráðstöfunum gegn okkur. Við vitum ekki í raun og veru hversu langt er hægt að ganga í þeim efnum, hvort um er að ræða gagnráðstafanir á sama sviði eða hvort menn geta í raun og veru hefnt fyrir ákvarðanir sem við kunnum að taka á einu sviði með hverju sem er, að menn geti í raun og veru brugðið fyrir sig gersamlega ólíkum vopnum til að berja til baka eitthvað sem við kunnum að ákveða og menn telja í blóra við samninginn. Það er þess vegna alveg augljóst mál að mörgum spurningum er ósvarað. Menn eru þarna á mjög þunnum ís og ég bið menn í fullri vinsemd að fara yfir þetta málefnalega og skoða hug sinn, hver og einn, vegna þess að hér er auðvitað ekki um það að ræða að menn geti leyft sér að taka afstöðu út frá neinu öðru en sinni eigin samvisku gagnvart landi og þjóð og þeim kjósendum sem hafa kosið menn hér inn í þessa virðulegu stofnun.

Það er einnig viðurkennt, og það er ekki nokkur leið að neita því, að með því að gerast aðilar að þessum samningsdrögum eða samningum eins og þeir hugsanlega verða erum við að þrengja okkar löggjafargetu. Í sjálfu sér er ekki rétt að taka þannig til orða að við séum að afsala okkur löggjafarvaldi, heldur erum við auðvitað um leið og við samþykkjum aðild að Evrópsku efnahagssvæði að samþykkja mjög viðamikla lagabálka sem útiloka það í raun og veru að við getum breytt lögum á því sviði. Við erum að þrengja okkar löggjafargetu. Það er ekki hægt að neita því.

Það er auðvitað fullkomlega rangt hjá hæstv. umhvrh. þegar hann segir að rökin gegn þessu, eða spurningarnar sem bornar eru fram, séu nákvæmlega þau sömu og í EFTA-málinu á sínum tíma. Ég er sannfærður um að ef menn fletta þeim umræðum er um að ræða talsvert aðrar áherslur. Við skulum gera okkur grein fyrir því að í EFTA-málinu á sínum tíma voru aðalrök þeirra sem héldu með EFTA þau að með því opnaðist markaður 100 milljón manna sem við ella fengjum ekki aðgang að. Og í töflum sem ég hef látið dreifa með þingskjali um íslenskan iðnað kemur fram að í rauninni höfum við ekki styrkt okkar útflutningsiðnað eða samkeppnisiðnað á þessum tíma sem liðinn er í samræmi við þær spár og fyrirheit sem

gefin voru varðandi aðildina að EFTA á sínum tíma. Ég held þess vegna að menn eigi ekki að vera að bregða sér ofan í fornar skotgrafir í þessu efni, heldur skoða þetta mál efnislega út frá þeim rökum sem liggja fyrir í augnablikinu.

Ég mótmæli síðan sérstaklega því sem fram kom hjá hv. 17. þm. Reykv. Össuri Skarphéðinssyni, þeirri afstöðu sem kom fram í spurningunni: Hvað verður um Ísland? Ég vona satt að segja að þeir í Brussel frétti ekki af þessu. Það er vond samningsstaða fyrir hæstv. utanrrh. að hafa þetta á bakinu. Það er vond samningsstaða fyrir utanrrh. að hafa það á bakinu að formaður þingflokks Alþfl. telji að Ísland eigi engra annarra kosta völ en að ganga inn í þetta kerfi. Það er ekki svo. Í raun og veru er það þannig að Ísland á stórfellda þróunarmöguleika inn í framtíðina hvað svo sem samningum líður. Staðreyndin er sú að við erum hérna með einhverjar auðugustu orkulindir sem um getur. Við getum byggt upp lífskjör á Íslandi þegar fram í sækir og staðan á hinum alþjóðlega orkumarkaði breytist. Þá getum við byggt hér upp lífskjör á Íslandi sem eru með því besta sem nokkurs staðar gerist. Það er ekki nokkur vafi á því. Þess vegna er algjörlega fráleitt og stórhættulegt að setja sig í þær stellingar að við eiginlega neyðumst til að gera þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði, annars séum við bara einangruð og eigum engra annarra kosta völ. Því fer víðs fjarri. Íslenska þjóðin á marga aðra kosti. Og í því að segja það eru menn ekki í raun og veru að taka undir neitt sem heitir einangrunarstefna heldur þvert á móti. Í þessari Evrópuumræðu er það þannig að þeir sem tala fyrir tengingunni við Evrópu eru í rauninni oft og tíðum mestu einangrunarsinnarnir af því að samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði og við Evrópubandalagið og vinnubrögð Evrópubandalagsins ganga út á það að einangra Evrópu í lúxusklúbbi í heiminum, verja Evrópu gagnvart öðrum hlutum veraldarinnar. Það er sú ljóta einangrunarhyggja sem felst í þessum Evrópumálum.

Að síðustu, virðulegi forseti, ítreka ég þá fyrirspurn sem kom fram fyrr í dag varðandi spurninguna um þjóðaratkvæði og það væri fróðlegt að heyra hvaða skoðun utanrrh. hefur á því máli. Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að það sé mjög vandmeðfarið hvernig svona mál yrði lagt fyrir þjóðina. Ég tel engu að síður að ef svo fer að samningar verða gerðir sé málið svo stórt, eins og hæstv. utanrrh. hefur aftur og aftur sagt, að okkur sé skylt að íhuga það hvort á að láta ganga um það þjóðaratkvæði. Mín niðurstaða um málið, að svo miklu leyti sem ég þekki það á þessu stigi, er sú að við tökum of mikla áhættu miðað við sára lítinn ávinning.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að koma hér aftur í pontu en sá mig eiginlega knúna til þess eftir orð hæstv. umhvrh. hér í pontunni áðan.

Fyrst langar mig til að benda á sérkennilegt atriði sem kom fram í máli hæstv. ráðherra en þar sagði hann að furðulegt væri af stjórnarandstöðunni að gagnrýna utanrrh. fyrir stór orð en gagnrýna hann svo jafnframt fyrir að hann hefði ekki haldið nógu vel á málum. Ég hef aldrei séð neina tryggingu í því að það að hafa stór orð um hlutina tryggi einhver gæði, eða að það samsvari því að menn passi vel upp á mál þótt þeir hafi stór orð um þau. Ég sé því enga mótsögn í þessu tvennu.

Hæstv. umhvrh. sagði að ég færi með rangt mál þegar ég var að tala hér um menntamálin áðan og þegar ég hélt því fram að Evrópskt efnahagssvæði hefði enga úrslitaþýðingu fyrir okkur í menntamálum í Evrópu, það opnaði ekki nýjar leiðir. Hann sagði að það vissu allir sem eitthvað vissu á annað borð að það væri orðið erfiðara fyrir Íslendinga að komast í ákveðið sérnám í Danmörku en verið hefði. Það kann vel að vera að það sé orðið erfiðara fyrir Íslendinga að komast í ákveðið sérnám í Danmörku. Ekki ætla ég að neita því því það vita líka allir sem vilja vita að Íslendingar hafa notið ákveðinna forréttinda í Danmörku um langt árabil. Það vita t.d. þeir sem hafa stundað nám í Danmörku. Þeir þekkja þau forréttindi. Þetta má kannski kalla arfleifð frá nýlendutímanum sem ekki er óeðlilegt að hverfi með tíð og tíma. Þannig hefur það t.d. verið að ákveðnir skólar hafa verið opnir fyrir Íslendingum og tiltekin pláss í ákveðnum skólum og hafa verið frátekin fyrir þá. Það er kannski ekkert óeðlilegt þó að Danir séu eitthvað að hugsa sig um og þetta sé að hverfa, þessi forréttindi Íslendinga. Hundruð íslenskra námsmanna hafa verið í Danmörku á undanförnum árum og þeir hafa notið margháttaðrar fyrirgreiðslu, styrkja og annarra slíkra hluta.

Mér finnst skipta máli þegar menn halda því fram að það sé verið að loka á Íslendinga í Danmörku að þeir færi þá almennileg og gild rök fyrir sínu máli og nefni dæmi því til sönnunar að þetta sé vegna þess að Ísland er ekki inni í Evrópubandalaginu eða verði á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki vegna einhverra sérstakra samninga eða sérstakra ákvæða sem gilt hafa um Íslendinga. Mér finnst alveg óþarfi að sitja hér og hlusta á menn hafa eitthvað fyrir satt, og ekki síst þegar um ráðherra er að ræða, en færa ekki ljós og góð rök fyrir sínu máli.

Mig langar að vitna í þessa skýrslu sem ég var hér með áðan sem heitir „Háskóli Íslands, framvinda og framfarir 1985–1991". Þar er m.a. fjallað um þessi alþjóðamál og þar kemur skýrt fram að það er að verða ákveðin breyting, ekki bara í Evrópu, heldur í heiminum, í samstarfi háskóla. Hér segir, með leyfi forseta: „Þær breytingar sem nú eiga sér stað í samstarfi háskóla gera það að verkum að háskólar sem ætla að vera fullgildir þátttakendur í þróuninni geta ekki setið hjá aðgerðalausir og látið það ráðast hver hlutur þeirra verður. Bæði stjórnvöld og háskólar í nágrannaríkjum okkar gera sér grein fyrir þessari þróun, en þar fá háskólar víða sérstaka fjárveitingu til alþjóðavæðingar. Þessa sér merki í markvissri uppbyggingu á námsleiðum fyrir erlenda nemendur og rekstri alþjóðaskrifstofa í einstökum háskólum. Það skipulag sem nú er að líta dagsins ljós þýðir að við fáum ekki lengur frítt far í alþjóðasamskiptum. Ef við ætlum okkur að halda öllum

leiðum opnum og njóta þeirra kosta sem samningar um stúdenta- og kennaraskipti og samvinna í rannsóknum bjóða upp á verðum við að kosta nokkru sjálf til."

Svo er líka hægt að vitna til plaggs, sem ég held að sé unnið í utanrrn., um þessi mál. Þar segir, með leyfi forseta: „Engar almennar reglur eru í gildi innan EB sem veita nemendum aðildarríkjanna forgang að menntastofnunum í aðildarríkjunum, enda hafa stjórnvöld í hverju landi fyrir sig yfirstjórn skólamála með höndum." Ég held að þetta geti ekki verið mikið skýrara.

Ég kom hér áðan í pontu og bað hæstv. utanrrh. um leggja mat á þá dóma sem EB-dómstóllinn felldi í máli Spánverja gegn Bretum, en vegna naums tíma gat ég kannski ekki farið eins vel í það mál og ég hefði viljað. Ég veit ekki hvort þingmenn þekkja almennt þessa dóma. Mig langar aðeins til að rekja þetta mál áður en hæstv. utanrrh. gefur mér sitt svar sem ég vona að verði hér á eftir.

Bretar settu, að ég held, a.m.k. þrenn lög og voru með þeim að reyna að koma í veg fyrir að Spánverjar skráðu skip sín í Bretlandi, veiddu úr þeim kvóta sem Bretum var úthlutað af Efnahagsbandalaginu og sigldu með kvótann til Spánar og ynnu hann þar.

Lög frá 1987 kveða á um að 75% af áhöfn fiskiskipa skuli vera breskir ríkisborgarar eða íbúar annarra EB-landa sem hafa fasta búsetu í Bretlandi. Dómsorð EB-dómstólsins var á þá leið að þessi lög væru í andstöðu við samþykktir EB vegna þess að þau mismunuðu íbúum innan EB.

Önnur lög voru frá 1987 um að fiskiskip sem skráð eru í Bretlandi verði að hafa fast aðsetur fyrir starfsemi sína, koma annað slagið til breskra hafna og landa 50% af afla sínum og selja í Bretlandi. EB-dómstólinn féllst á að þessi lög gætu haldið gildi sínu á þeirri forsendu að ekki væri óeðlilegt að ákveðin efnahagsleg tengsl væru milli þjóðarinnar sem ætti kvótann, sem fengi úthlutað kvótanum, og þeirra skipa sem veiddu hann.

Þriðju lögin voru frá 1988 og þau voru um það að 75% eignarhlutur í fiskiskipum yrði að vera í eigu breskra ríkisborgara eða fyrirtækja. Og til að fyrirtæki gæti talist breskt verði 75% hlutafjár að vera í breskri eigu og 75% stjórnarmanna verði að vera breskir. Að auki var gerð sú krafa að eigendur væru ekki aðeins breskir ríkisborgarar, heldur hefðu einnig fasta búsetu í landinu. Eigendur 95 spænskra togara sem hafa veitt af breskum kvóta á undanförnum árum höfðuðu mál til að fá þessum lögum breytt og dómurinn féll Bretum í óhag. Úrskurðurinn var sá að með þessu móti væri íbúum EB mismunað eftir þjóðerni. Það var heldur ekki tekið gott og gilt að menn þyrftu að hafa fasta búsetu í Bretlandi. Féll dómurinn á þá leið að með því móti væri í rauninni verið að hygla breskum borgurum á kostnað annarra.

Ég held að eftir þessa dóma hljótum við að efast um að þær girðingar sem menn vilja setja í íslenska löggjöf haldi þegar á reynir og ég verð þá að fá mun sterkari rök en þau sem ég hef heyrt hér til að trúa því.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur er ég knúinn til að segja það, þegar talað er um aðgang stúdenta að skólum, t.d. í Danmörku, að ég kynntist því mjög vel sem formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs á sínum tíma að til mín og til fleiri fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði leituðu íslenskir námsmenn af þeirri ástæðu að þeir fengu ekki inngöngu, t.d. í verslunarháskóla í Danmörku, vegna þess að nemendur frá löndum Evrópubandalagsins voru teknir þar fram fyrir og höfðu meiri rétt. Ég ætla ekkert að segja fleira um þetta og það skiptir mig í sjálfu sér ákaflega litlu hvað hv. þm. Ingibjörg Sólrún kann frekar að segja um þetta mál. Þetta upplifði ég, þetta upplifðu áreiðanlega fleiri Íslendingar sem tóku þátt í störfum Norðurlandaráðs.

Varðandi alþjóðasamskipti háskóla er það rétt að það hefur aukist að nemendur geti stundað hluta af sínu háskólanámi við erlendan háskóla. Um það eru margar samstarfsáætlanir í gangi sem Háskóli Íslands er m.a. aðili að. Þetta er alveg rétt, en það breytir ekki því að varðandi greinar eins og dýralækningar, byggingarlist, arkitektúr, og sjálfsagt ýmislegt fleira þar sem um það er að ræða að íslenskir stúdentar verða að stunda allt sitt nám, allt námið frá upphafi til enda við erlenda háskóla, þá eru horfurnar þær að þetta sé að verða erfiðara. Í raun hafa margir íslenskir námsmenn, sem hafa verið að leita fyrir sér um skólavist erlendis, einmitt upplifað það með þeim hætti og þó að hv. þingmaður komi upp í ræðustól aftur og haldi hinu gagnstæða fram breytir það því ekki. A.m.k. hef ég ekki ástæðu til að ætla að þeir íslensku stúdentar sem hafa rætt þessi mál í minni áheyrn og sagt mér af sinni reynslu séu að fara með ósatt mál. Ég hef enga ástæðu til að ætla það.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta andsvar var að mínu mati afskaplega rýrt í roðinu vegna þess að þó að til hæstv. umhvrh. hafi leitað íslenskir námsmenn, af því að þeir fengu ekki aðgang að einhverjum skólum í Danmörku, t.d. verslunarskólum, þarf það ekki að vera vegna þess að einhverjir EB-nemendur séu sjálfkrafa teknir fram fyrir. Þannig er í Danmörku eins og orðið er hér á Íslandi og er að verða í æ ríkara mæli að það komast ekki allir í háskólanám sem það vilja. Fólk kemst ekki ótakmarkað í greinar eins og arkitektúr, í dýralækningar, í læknisfræði o.s.frv. Það eru fjöldatakmarkanir. Og danskir námsmenn mega sjálfir sæta því að komast ekki inn í sína háskóla þegar þeir vilja fara þangað. Þeir mega sæta því að þurfa að vera úti á vinnumarkaði tiltekinn tíma til að vinna sig upp, inn í háskólann. Þetta er því ekki nokkurt einasta svar og engin rök komu hér fram.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka undir þau ummæli sem hér hafa komið fram, m.a. hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að þessi umræða hefur ver-

ið mjög gagnleg og réttlætir það að við höfum rætt þetta mál á þeirri stundu að úrslit eru að nálgast. Ég vil hins vegar segja það í fullri vinsemd við hæstv. umhvrh. og hv. þm. Össur Skarphéðinsson að mér fundust þær flokkspólitísku keilur sem þeir voru að reyna að slá hér í umræðunum vera lítt í stíl við það sem flestir þingmenn virtust telja nauðsynlegt að væri kjarninn í þessum umræðum.

Hæstv. umhvrh. hafði það sem meginstef í sinni ræðu að ég, og væntanlega einnig aðrir forustumenn Alþb., værum með einhverja allt aðra afstöðu núna í þessu máli en við hefðum haft þegar við vorum í ríkisstjórn og þetta stafaði af því að við værum svo sárir yfir því að vera ekki í ríkisstjórn. Mér finnst þetta satt að segja afar barnalegur málflutningur.

Afstaða okkar í þessu máli er nákvæmlega sú sama nú og hún var meðan við fjölluðum um þetta mál í tíð fráfarandi ríkisstjórnar. Hún er nákvæmlega hin sama. Það er ekkert í þessu máli eða málflutningi okkar sem hefur tekið breytingum við það að við sitjum utan ríkisstjórnar. Ég skal einmitt sanna þetta með því að svara þeirri spurningu sem hæstv. umhvrh. beindi til mín og *sneri að fyrirvaranum um norræna vinnumarkaðinn*. Hæstv. umhvrh. sagði hér: Í síðustu ríkisstjórn var samstaða um þennan fyrirvara. Hvað hefur breyst nú? — það er einmitt kjarni málsins. Það var samstaða í síðustu ríkisstjórn um að þetta yrði afstaða Íslendinga. Vandinn er bara sá að Evrópubandalagið hafnaði þessum fyrirvara. Það er vandamálið. Það er það sem hefur breyst, hæstv. umhvrh., að Evrópubandalagið hafnaði þessum sérstaka fyrirvara um vinnumarkaðinn og vildi láta setja í staðinn, og EFTA-ríkin féllust m.a. á það, hið almenna öryggisákvæði. Nú er þess vegna enginn fyrirvari um vinnumarkaðinn í samningsdrögunum. Við vildum hins vegar, og fráfarandi ríkisstjórn, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, gerði um það sérstaka samþykkt, að fyrirvarinn sem kenndur hefur verið við norræna vinnumarkaðinn ætti einnig að gilda gagnvart evrópska efnahagsbandalaginu. Þess vegna er það alveg ljóst, virðulegi umhvrh., að það er það sem hefur breyst efnislega. Svo geta menn rætt það hvort öryggisákvæði dugi eða dugi ekki, sé betra eða verra. En það er alveg ljóst að sá fyrirvari sem hér hefur gilt gagnvart Norðurlöndum er úr sögunni.

Eins tel ég að varðandi yfirráðin yfir landi, hér hefur verið hallað mjög máli á fráfarandi landbrh., hefur auðvitað það gerst að við vildum margir að í samningnum yrði sambærilegur fyrirvari um sérstaka eign Íslendinga á landinu eins og er gagnvart fiskimiðunum. Að við skildum ekki á milli í samningnum, auðlinda hafsins og auðlinda landsins. En frá því var síðan horfið og eingöngu hafður sérstakur fyrirvari varðandi auðlindir hafsins. Það hefur þess vegna breyst, virðulegi umhvrh.

Ég vil nú minna á að það var sérstaklega talið nauðsynlegt að fyrsta verk núv. ríkisstjórnar, mig minnir tveimur eða þremur dögum eftir að hún var mynduð, væri að halda fund í Ráðherrabústaðnum á sunnudegi til að veita hæstv. utanrrh. ótakmarkað umboð í samningunum sem hann taldi sig ekki hafa haft í síðustu ríkisstjórn. Og hæstv. utanrrh. kom út af þeim fundi í Ráðherrabústaðnum og sagði við fjölmiðla: „Nú hef ég ótakmarkað umboð.“ Það var m.a. ein meginréttlætingin *í málflutningi hans fyrir að fara í núv. ríkisstjórn* að Sjálfstfl. hefði afhent honum ótakmarkað umboð.

Svo við þurfum auðvitað ekki að ræða þetta í þeim stíl sem hæstv. umhvrh. gerði hér. Ég tek undir það sem aðrir þingmenn hafa sagt um ræðu hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar, það var margt í henni sem betur hefði mátt vera ósagt og betur væri að ekki yrði þýtt á næstu sólarhringum og sent til Brussel. Sú ræða yrði það sem almennt er kallað í alþjóðasamskiptum „none paper“.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði: Hvað verður um litla Ísland ef ekki verður úr samningnum um Evrópskt efnahagssvæði? Ég get svarað því hér og svar mitt er hið sama og svar Morgunblaðsins sl. sunnudag. Morgunblaðið sagði í leiðara sínum sl. sunnudag orðrétt: „Þátttaka í Evrópska efnahagssvæðinu ræður engum úrslitum um afkomu okkar Íslendinga, við komumst af án þess.“ Þetta er afstaða Morgunblaðsins, þetta er afstaða mín. Hún ræður engum úrslitum og við komumst vel af án þess. En það er greinilegt að talsmenn Alþfl. í þessum umræðum telja að þetta sé slíkt úrslitaatriði að þeir þurfi að ræða hér í umræðunum örlög Íslands ef ekki verður af þessu.

Ég vil segja í fullri vinsemd við hæstv. utanrrh. að við vitum öll hér í salnum að hann og hans flokkur hafa fjárfest mikið pólitískt í Evrópska efnahagssvæðinu. Ég ætla ekkert að lýsa því hér hvernig það hefur verið gert á sl. tveimur árum, fundarferðir ráðherrans, yfirlýsingar Alþfl., kosningabaráttan o.fl. Það er þess vegna eðlilegt að hæstv. utanrrh., eða flokkur hans, hafi nokkra tilhneigingu til þess að vilja teygja sig og teygja sig og teygja sig í þessum samningum til þess að öll þessi pólitíska fjárfesting sé réttlætanleg. Ég vona að virðulegur utanrrh. hugleiði alvarlega, eftir þessar umræður hér, að hann hefur greinilega fengið þann boðskap að það eru alvarleg takmörk fyrir því hvað hægt er að teygja sig langt á næstu sólarhringum. Og ég vona að hann sýni þann þroska að meta meira hagsmuni Íslands en flokkspólitíska fjárfestingu Alþfl. Þar til annað kemur í ljós ætla ég að ganga út frá því að þessi von mín sé rétt. Ég ætla líka að vona að ráðherrar Sjálfstfl., sem ekki hafa talað í þessum umræðum, meti meira hagsmuni Íslands en greiðasemi og góðvild gagnvart samstarfsaðila sem huganlega vill réttlæta pólitíska fjárfestingu Alþfl. í þessu máli.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur að allmiklu leyti svarað þeirri fullyrðingu hv. þm. Björns Bjarnasonar um það að fyrir stjórnarskiptin hafi í reynd verið samið um allt sem máli skipti þannig að ég vona að hv. þm. íhugi í fullri velvild að sú söguskoðun sem hann hefur flutt hér í dag og flutt áður er ekki rétt. Og það gætum við ráðherrar í þeirri ríkisstjórn rökstutt mjög ítarlegu máli.

Það hefur verið sagt í þessum umræðum að fyrirvarinn gagnvart fjárfestingum í sjávarútvegi sé skýr og klár og frá honum verði ekki vikið og það er gott. Hins vegar hefur ekkert verið rætt í þessum umræðum

hvernig við ætlum að tryggja að sá fyrirvari haldi þegar íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru komin á almennan hlutabréfamarkað hér á Íslandi sem rennur þá saman við hlutabréfamarkað Evrópubandalagsins. Vegna þess að það er eitt af grundvallaratriðum Evrópska efnahagssvæðisins að hlutabréfamarkaðurinn er sameiginlegur á svæðinu öllu. Ég hef ekki enn heyrt svarið við því hvernig eigi að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti á hlutabréfamarkaði keypt sér hlutabréf í þeim íslensku sjávarútvegsfyrirtækjum sem almennt bjóða hlutabréf sín og það gera þau æ fleiri í æ ríkari mæli á almennum hlutabréfamarkaði. Ég hef ekki heldur séð svörin við því hvað kemur í veg fyrir að erlendir aðilar stofni eignarhaldsfélög og noti þau síðan sem tæki sitt til að fara inn í fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi. Ég held að það væri mjög gagnlegt að það væri rætt áður en menn fullyrða það og reyna að sannfæra sjálfa sig um það að varðandi eignarhald á íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum felist engin hætta í þessum samningum.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson vakti athygli á því hér, líkt og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, að þær hugmyndir sem Evrópubandalagið hefur sett fram um tollabreytingar væri fráleitt að vera aðgengilegar fyrir Ísland. Við vitum það sem höfum starfað með þessum mönnum hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og Steingrími Hermannsyni að í þessum efnum taka þeir yfirleitt varlega til orða. Þessar yfirlýsingar þeirra hér í þingsalnum eru því mjög alvarleg viðvörun varðandi þær hugmyndir sem við höfum séð í utanrmn. að Evrópubandalagið hefur sett á blað eða reifað, þó að það skjal frá utanrmn. hafi ekki verið rætt hér í umræðunum.

Ég vil svo lýsa því hér að lokum að ég hef haft þann skilning á bókun 6 sem kemur fram í þeirri bók, sem Evrópustefnunefnd Alþingis gaf út og rakin er rækilega á bls. 116–130, að bókun 6 hafi tengst þeim fríverslunarsamningum sem Ísland hefur gert við Evrópubandalagið, að þeir fengju að flytja inn iðnaðarvörur til okkar og við fengjum að flytja út sjávarútvegsvörur til þeirra vegna þess að sjávarútvegsvörurnar væru okkar dýrmætustu iðnaðarvörur. Það er hins vegar alveg rétt að við eigum ekki sjálfkrafa tryggingu fyrir því að Evrópubandalagið viðurkenni það, það er samningsatriði. En við veittum þeim aðgang með sínar iðnaðarvörur í trausti þess að við fengjum aðgang með okkar sjávarútvegsvörur. Ef niðurstaðan af samningunum um Evrópskt efnahagssvæði verður sú að við fáum þær tollalækkanir að hluta til, sem beðið hefur verið um, og Evrópubandalagið fær í staðinn aðgang með sitt fjármagn, með sín þjónustufyrirtæki, fjórfrelsið, sem ekki var veitt í fríverslunarsamningunum, þá tel ég að við Íslendingar höfum verið að kaupa tvisvar það jafnrétti sem átti að ríkja í hinum upphaflegu samningum sem tengjast bókun 6, þeir flytja inn iðnaðarvörur við flytjum sjávarútvegsvörur til þeirra.

Virðulegur forseti. Það væri freistandi að ljúka þessari ræðu hér með nokkrum vel völdum tilvitnunum í hæstv. utanrrh. um Evrópubandalagið, þá furðuskeppnu og það skrímsli, þá eiginhagsmunaveru, þá þröngsýni, þá tillitssemi, þau músarholusjónarmið, svo ég noti nú nokkur orð sem fram hafa komið í lýsingu utanrrh. á Evrópubandalaginu. Ég ætla bara að lokum að láta í ljósi þá von að hann hafi sín eigin orð ríkulega í huga þegar hann á úrslitastundum næstu sólarhringa á að meta hvað þjónar hagsmunum Íslands.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður gefa tilefni til svara af nokkrum tilefnum, leiðréttinga í öðrum þegar um meinlegan misskilning hefur verið að ræða og að sjálfsögðu væri æskilegt ef þess væri kostur að setja þetta mál í ögn stærra samhengi, þar sem það á heima, heldur en kannski hefur tekist í þessari umræðu.

Víkjum þá fyrst að svörum að því er varðar efnisatriði. Einn hv. þm., hv. 8. þm. Reykn., skar sig nokkuð úr í þessum umræðum, með þeim hætti að ef taka ætti orð hans bókstaflega þá er varla hægt að taka hann mjög alvarlega í þessum umræðum. Hann eyddi ræðutíma sínum í að segja: Bókun 6 frá 1976 tryggði okkur nefnilega 100% markaðsaðgang, þannig að við eigum hann og ef við ekki fáum hann eða eitthvað minna en það þá er það bara tap og enginn ávinningur. Ég vona að hv. þm. sé einn um þennan skilning. Vegna þess að þetta er kolrangur skilningur. Og fyrir þennan skilning fengi nemandi í Háskóla Íslands í stjórnmálafræðideild heldur bágt, trúi ég. Fríverslunarsamningurinn 1972 var eins og þeir vita, sem lesið hafa rit Evrópustefnunefndar undir ritstjórn hv. form. utanrmn., um fríverslun með iðnaðarvörur. Bókun 6 var sérstakur samningur eða samningsviðauki sem fjallaði um aðgang okkar fyrir sjávarafurðir. Það er mat manna, sem þann samning gerðu á þeim tíma, að hann hefði tryggt okkur u.þ.b. 70% markaðsaðild á þeim tíma þegar samningurinn var gerður. Sú viðmiðun nú samkvæmt bókun 6 væri eitthvað innan við 60%. Þetta er það sem bókun 6 var um og hún var aldrei um neitt meira annað en það eins og fram kom í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, fyrrv. sjútvrh., sem minnti á að samkvæmt skilningi EB hefðu þeir alltaf talið að þeir ættu vanlokið fullnaðarsamningum við Íslendinga á grundvelli bókunar 6 vegna þess að þessar heimildir voru gefnar í trausti þess að gerður yrði í framhaldinu rammasamningur við Íslendinga og á þeim forsendum sameiginlegrar fiskveiðistefnu bandalagsins sem krafði okkur um veiðiheimildir í staðinn fyrir frekari tollaívilnanir. Á það reyndi síðan 1985 þegar eftir því var leitað við inngöngu Spánar og Portúgals að við gengum eftir tollfríðindum að því er varðaði saltfisk og var því synjað af því að við vildum ekki láta af hendi veiðiheimildir, Norðmenn fengu af því að þeir voru tilbúnir til þess. Þetta er það sem er um bókun 6 að segja.

Að halda því fram hér í alvarlegri umræðu af hálfu formanns stjórnmálaflokks að við höfum átt samkvæmt bókun 6 100% markaðsaðgang er ekki sæmandi í svona málflutningi. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson, fyrrv. hæstv. sjútvrh., hefur reyndar leiðrétt þetta þannig að ekki þarf frekar við það að bæta. Annað at-

riði í málflutningi hv. 8. þm. Reykn. var svona af sögulegu hyperbólunni, þ.e. það átti að vera nýtt í Íslandssögunni, það er allt svo nýtt í Íslandssögunni hjá honum, að samkvæmt þessum samningum væri nú útlendingum veittur atvinnuréttur. Og það var alveg nýtt í Íslandssögunni, hafði aldrei gerst fyrr að erlendir aðilar mættu eignast jarðnæði á Íslandi. Hvort tveggja er rangt. Hvort tveggja er bara söguleg hyperbóla. Rangt augljóslega vegna þess að við höfum í mörg ár haft samning um hinn norræna vinnumarkað sem kvað á um það að það voru gagnkvæm atvinnuréttindi á íslenskum og norrænum vinnumarkaði. Með þeim afleiðingum að hér eru starfandi á vinnumarkaðnum eitthvað á annað þúsund norrænir menn allt í allt, á vinnumarkaði á Norðurlöndum eru þúsundir Íslendinga. Fróður maður hefur metið það svo að ef þessi samningur væri ekki í gildi þá væri atvinnuleysi á Íslandi sennilega um 7%.

Að því er varðar rétt manna til að sitja bújarðir þá er það svo að þess eru nokkur dæmi að erlendir menn, menn af erlendu ríkisfangi og erlendum uppruna sitji bújarðir hér, þannig að ekki er það nú neitt nýnæmi. Það sem hér skiptir máli er eftirfarandi: Er fyrirvarinn sem nú er að því er varðar vinnumarkaðinn jafnhaldgóður og sá sem gilti gagnvart norræna vinnumarkaðnum? Ég segi já. Hann byggir annars vegar á öryggisákvæði og hins vegar á sérstakri yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands um það við hvaða kringumstæður því skuli beitt. Og það er enginn vafi á því að það er á valdi íslenskra stjórnvalda að beita þessu ákvæði, taka í taumana ef þörf krefur. Það er ekki hægt að áfrýja þeirri ákvörðun íslenskra stjórnvalda til dómstóls. Réttur gagnaðilans er um gagnaðgerðir og því má áfrýja til dómstóls.

Menn geta náttúrlega lengi sagt: Ég tel nú samt sem áður að fyrirvarinn að því er varðar hugsanlegan rétt erlendra ríkisborgara til kaupa á hlunnindajörðum sé ekki nægilega vel tryggður, jafnvel þótt við setjum í íslensk lög nánari skilyrði sem byggja ekki á mismunun, skilyrði sem lúta að forkaupsrétti sveitarfélaga, skilyrði sem lúta að forkaupsrétti ríkis, skilyrði sem lúta að nýtingarkvöð, skilyrði sem lúta að búsetutímabili.

Og af því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði með vísan til svokallaðs kvótahoppsdóms í málum Breta og Spánverja þá vil ég taka fram eftirfarandi: Ég gerði grein fyrir því hvernig dómar hafa fallið að því er varðar þrjú mál og varða þetta hvort réttur sé ríkisstjórnar í aðildarríkjum EB til þess að hafa þrengingarákvæði varðandi búseturétt og það er alveg ljóst að því er varðar bæði Danmörku, Grikkland og Írland. Að því er varðar þetta tiltekna mál sem hv. þm. vék að þá er hægt að fara lengi út í þá sálma, en ég ætla bara að segja eitt: Sá dómur er þessum samningum óviðkomandi. Af hverju? Það er vegna þess að hann lýtur að skráningu skipa milli landa innan bandalagsins. Sjávarútvegurinn er ekki partur af fjórfrelsinu innan bandalagsins og í annan stað eru algerir og ófrávíkjanlegir og varanlegir fyrirvarar af Íslands hálfu varðandi rétt til fjárfestingar eða stofnunar fyrirtækja í sjávarútvegi, útgerð og frumvinnslu. Þannig að sá dómur hefur ekkert gildi að því er þessa samninga varðar.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði: Er nú tryggt að þessi fyrirvari haldi miðað við frekari opnun fjármagnsmarkaðar, miðað við hlutabréfamarkaði, miðað við eignarhaldsfyrirtæki? Svar við því er þetta: Samkvæmt honum væri ólöglegt að veita veiðiheimildir útgerðarfyrirtæki sem væri að einhverju leyti í eigu erlendra aðila. Er hægt að framfylgja því? Til þess væru ýmsar leiðir. Já. En það er líka hægt að segja: Ja, en það verður leppað, það verður svindlað. Það er hægt að gera það nú þegar og sumir halda því fram að það sé gert nú þegar. En það verður ekkert frekar hægt að gera það við þessi skilyrði heldur en núverandi skilyrði. Og reyndar má segja á móti: Hvaða fjármagnsaðili mundi hætta fé sínu til þess að kaupa hluti í útgerðarfyrirtæki og eiga það á hættu að það verði arðlaust við sviptingu á veiðiheimildum?

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og reyndar fleiri flokksbræður hans reyndu að gera lítið úr þeirri vinningsvon sem í þessum samningum er fólgin og reiknaði í skódum og ráðherrabílaverðum. Það vill nú svo til að enginn hefur fremur en ráðuneytið undir hans stjórn, fjmrn., lagt mat af jafnmikilli bjartsýni eins og fjmrn. samkvæmt þessari skýrslu um Evrópu 1992 og ríkisfjármálin útgefinni í apríl undir verkstjórn hæstv. páv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar.

Þar segir í fyrsta lagi: „Þetta mun leiða til agaðri hagstjórnar.“ — Munum við ekki ræðu hæstv. fyrrv. fjmrh. um nauðsyn agaðri hagstjórnar?.

Þar segir í annan stað: „Ríkisútgjöld munu lækka. Þegar á heildina er litið gæti aðlögun að evrópska markaðnum dregið úr útgjöldum ríkissjóðs enda þótt kostnaður aukist á ýmsum sviðum. Heildaráhrifin gætu legið á bilinu 1–2½ milljarður kr. Þessi áhrif eru þó óviss. Sparnaðurinn kemur einkum fram í auknu aðhaldi að ríkisstyrkjum til atvinnuvega, einkum ívilnunum á sviði skattamála og lánafyrirgreiðslu.

Aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og meiri hagkvæmni í búrekstri gæti einnig skilað sér í lægra búvöruverði og þannig dregið úr þörf fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði.

Þá er líklegt að vextir lækki þegar fram í sækir vegna áhrifa innri markaðarins. Opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins mun hafa sömu áhrif.“

Þá segir í þriðja lagi: „Heildaráhrifin eru jákvæð. Margt bendir til þess að aðlögun íslensks efnahagslífs að evrópska markaðnum muni hafa jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs. Áhrifin koma fram bæði í auknum tekjum vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu og sparnaði í ríkisútgjöldum. Þessi áhrif gætu mælst á bilinu 4–6 milljarðar kr. þegar upp er staðið eða sem svarar 1–1,5% af landsframleiðslu. Áhrifin koma þó ekki að fullu fram fyrr en að nokkrum tíma liðnum.“

Hvað eru þetta margir skódar? Hvað eru þetta margir hálfir ráðherrabílar? Þeir eru býsna miklu fleiri en hv. þm. vildu vera láta og þó er þetta nú ekki kjarni málsins. Það er búið að taka saman skýrslur af hálfu allra stofnana, Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, ráðu-

neyta og það fer að sjálfsögðu mjög eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Samningurinn liggur heldur ekki fyrir. En kjarninn í þessu mati er náttúrlega ekki fólginn í útreikningum í krónum og aurum og skódum, ráðherrabílum eða öðru slíku. Menn verða einfaldlega að leggja mat á vaxtarhorfur íslensks þjóðfélags, annars vegar í samhengi aðildar að innri markaðnum gegnum Evrópska efnahagssvæðið hins vegar hvaða áhrif það hefur að ná ekki slíkum samningum hefur.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vitnaði til gagnrýninna orða af minni hálfu um Evrópubandalagið. Og það er rétt. Ég hef gagnrýnt Evrópubandalagið og það hafa margir af starfsbræðrum mínum gert, fyrst og fremst vegna þess að látin hafa verið uppi af hálfu pólitískra forustumanna, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, nokkuð afdráttarlausar yfirlýsingar um vilja þeirra til að ganga frá þessum samningum og að þeir munu ekki láta músarholusjónarmið eða kjördæmahagsmuni einstakra ríkja standa þar í veginum. Þegar kemur að samningaborðinu hefur hins vegar verið að mæta mönnum sem telja sig hafa nánast ekki umboð til þess að víkja í einu eða neinu frá samningum eða ganga til raunverulegra samninga. EFTA-ríkjunum hefur verið sýnd sú móðgun að þegar komið hefur á lokastig samningafunda, þá hafa ráðherrar sem með þessi mál hafa farið ekki verið viðstaddir, verið farnir. Þetta hef ég gagnrýnt og gert það opinberlega og stend við þá gagnrýni. En þversögnin er fólgin í því að gagnrýna utanrrh. fyrir þetta mat á Evrópubandalaginu sem stjórnkerfi og samningakerfi og hins vegar því að gagnrýna utanrrh. fyrir að vera svo blindaður af ljóma Evrópubandalagsins að hann vilji ólmur draga þjóðina nauðuga viljuga inn í Evrópubandalagið, það er þversögnin. Það er ekki hægt að halda hvoru tveggja fram vegna þess að það er alveg skýrt, og ég hef sagt það frá upphafi, við kaupum ekki þessa samninga hvaða verði sem er. Við leggjum á þá raunsætt mat. Samningarnir liggja ekki fyrir. Ég er ekki að krefja talsmenn þingflokka um það að taka afstöðu hér afdráttarlaust með samningum fyrr en samningsniðurstaðan liggur fyrir.

Ég tek eftir því að það er allt annar tónn í umræðu af hálfu málsvara Alþb. heldur en var í fyrri ríkisstjórn. Ég tek eftir því að talsmenn Framsfl. halda opnum dyrum svo sem er hygginna manna háttur við þessi skilyrði. Og ég tek eftir því að það var talsvert annar tónn í umfjöllun um þetta mál af hálfu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur en hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Það er gott að hafa margradda kór.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson vék að mjög þýðingarmiklu máli í þessu samhengi sem er spurningin um gagnkvæmar veiðiheimildir og taldi að um það mál hefði verið fjallað — af minni hálfu væntanlega — af léttúð. Ekki vil ég við það kannast, en það er hverju orði sannara að þetta er ekkert léttúðarmálefni heldur mikilvægt mál. Ég gekk út frá því sem gefnu að vísu að mönnum væri þetta mál allvel kunnugt því að það var vissulega rætt á sl. sumri, kynnt hagsmunaaðilum. Þeir ályktuðu um málið og okkur er kunnugt um það að þeir lýstu sig ekki andvíga þeirri niðurstöðu. Og hver var hún? Hún var fyrst og fremst þessi: Þetta er árlegur samningur á grundvelli rammasamnings og kæmi fyrst til framkvæmda 1993. Hér er um að ræða gagnkvæm skipti á veiðiheimildum og alls ekki einhliða veiðiheimildir. Hámarkið miðast við jafnvirði 3000 tonna af karfa, samkvæmt EB-útreikningsreglum ígildi 2600 tonna af þorski. Veiðiheimildir Íslendinga yrðu með gagnkvæmum hætti 3000 tonn af karfa úr hlut Grænlendinga í loðnustofni sem er metinn þá á 30 þús. tonn. Í þessum samningsdrögum eru ákvæði um það að náist þær veiðar ekki, þá komi veiðiheimildir í öðrum tegundum.

Að því er varðar útfærslu, þá er kveðið á um það af okkar hálfu að þessar veiðiheimildir skuli skiptast gróflega að ⅔ langhali, ⅓ karfi, hámark aukaafla yrði 5%. Veiðarnar færu fram í ákveðnum hólfum sem hafa verið skilgreind. Fjöldi skipa yrði takmarkaður, hann yrði háður leyfum, engir frystitogarar yrðu leyfðir, veiðileyfi yrðu gefin út af íslenskum stjórnvöldum á hvert skip, veiðitími er skilgreindur, veiðarfæri eru skilgreind og íslenskir eftirlitsmenn um borð. Þetta er kjarni þessa máls.

Nú vil ég að vísu láta þess getið að þetta sem ég hef nú verið að kynna er hið íslenska tilboð. Ég hef ekki aðra vitneskju en þá að af hálfu Evrópubandalagsins hefur þetta tilboð ekki verið gagnrýnt og það hafa ekki verið uppi kröfur um breytingar á því. En þetta mál er ekki í höfn og ég vil taka það alveg skýrt fram. Og ég vil undirstrika það sem ég sagði í ræðu minni í upphafi, ég vara við bjartsýni um það að þetta liggi fyrir eins og við viljum hafa. Togstreitan um lausnina að því er varðar markaðsaðganginn verður erfið og við verðum krafnir fram á seinustu stund um allt það sem viðsemjendum okkar getur komið til hugar til þess að fá í staðinn því að það er ljóst að eftir að þeir gáfust upp á kröfunni um einhliða veiðiheimildir og eftir að þeir, a.m.k. munnlega eins og nú er, féllust á skilyrðislausan, varanlegan fyrirvara að því er varðar fjárfestingarréttindi í sjávarútvegi, þá vilja þeir á móti herða kröfurnar um það að markaðsaðgangurinn verði minni. Það er rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði. Ég færist undan því á þessari stundu að tíunda það í tollflokkum og tegundum hver séu okkar samningsmarkmið. Menn kunnugir sjávarútvegi vita þau gjörla, en það er ekki í samræmi við íslenska hagsmuni að gera það hér og nú og hafa það í þýðingum á borðum samningsaðila okkar á morgun. Það mál er einfaldlega þannig að nú stendur fyrir dyrum lokatafl ið og það er um það að ná sem hagstæðustum markaðsaðgangi þrátt fyrir það að okkur hefur tekist að brjóta á bak aftur forsendur fiskveiðistjórnunar EB um veiðiheimildir og fjárfestingarrétt og það verður ekki dans á rósum.

Þá vildi ég gjarnan víkja að nokkrum atriðum í máli frummælanda, hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Hann spurði um þjóðaratkvæði. Svar mitt við því er mjög einfalt. Þetta er milliríkjasamningur sem ég tel að eigi að meðhöndla á nákvæmlega sama hátt og sambærilega milliríkjasamninga þar sem í þeim felast eng-

in afsöl á fullveldi, engin afsöl á löggjafarvaldi, ekki afsal á dómsvaldi. Þá er ekkert sérstakt tilefni til þess að bera þetta undir þjóðaratkvæði frekar en aðra samninga sem ríkisstjórnir á liðnum árum hafa afgreitt með sama hætti, þ.e. með því að það er Alþingi sem staðfestir þá eða hafnar þeim.

Hér var nokkur umræða um norsku stjórnarskrána. Það er kannski ástæða til þess að víkja að því hér, og þá vitna ég í lagaálit frá forstöðumanni Lagastofnunar Háskólans, en þar segir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Á Norðurlöndum hafa farið fram allnokkrar umræður um það hvort samningar um EES kalli á stjórnarskrárbreytingar. Eftir því sem næst verður komist eru þær ekki fyrirhugaðar vegna þess að efni samningsins er ekki talið kalla á slíkar breytingar. Hér er því þó við að bæta að líklegt er að samningurinn verði borinn upp í norska Stórþinginu á grundvelli 93. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um samþykki ¾ hluta þingmanna þegar um aðild Noregs að fjölþjóðasamtökum er að ræða þar sem stofnanir eru að einhverju leyti yfirþjóðlegar. Ekki eru þó allir norskir fræðimenn á einu máli um að EES-samningurinn heyri undir 93. gr. og telja margir að einfaldur meiri hluti dugi."

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Ekki virðist nauðsyn á að breyta íslensku stjórnarskránni þótt við gerumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu þar sem ekki sýnist þar gert ráð fyrir framsali íslensks ríkisvalds í hendur yfirþjóðlegum stofnunum í þeim mæli að það skerði sjálfsforræði landsins. Annað gildir um aðild að Evrópubandalaginu. Þar yrði stjórnarskrárbreyting tvímælalaust nauðsynleg." (**Gripið fram í:** Hver skrifaði þetta?) Þetta er minnisblað um stjórnarskrána og Evrópska efnahagssvæðið og höfundur er Gunnar G. Schram lagaprófessor.

Virðulegi forseti. Tíminn leyfir ekki að ég fjalli frekar um þetta mál eins og ég gjarnan vildi þó gera að því er varðar víðtækara samhengi þess. Ég vil að lokum aðeins draga saman nokkur meginatriði.

Það hefur einkennt alla umræðu um þessa miklu samninga við Evrópubandalagið að fólk virðist ekki gera sér grein fyrir þeim reginmun sem er á samningum af þessu tagi við Evrópubandalagið og umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Það er gegnumgangandi í þessari umræðu að þessu er ruglað saman og þegar ég vék að þessu dreifiriti samtakanna sem nefna sig „Samstaða um óháð Ísland" og benti á að þar er flest á misskilningi byggt, þá er rauði þráðurinn í þeim misskilningi að þar er alltaf verið að rugla saman aðild að Evrópubandalaginu og þessum samningum. Það er tími til kominn í nafni hins upplýsta lýðræðis að menn láti af svona tvískinnungi. Þessu er ekki saman að jafna. Það er alveg sama hvort menn líta á ákvörðunarferlið, á stofnanirnar sjálfar, þá er þarna á reginmunur. Og að því er varðar hið Evrópska efnahagssvæði og samanburðinn við stofnanir EB, þ.e. ráðherraráðið, framkvæmdastjórnina, þingið o.s.frv., þá er það tiltölulega einfalt mál.

Evrópubandalagið er tollabandalag. Þessir samningar eru ekki um tollabandalag. Evrópubandalagið hefur sameiginlega ytri tolla. Það er ekki á Evrópska efnahagssvæðinu. Evrópubandalagið hefur sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart þriðja aðila. Það er ekki í þessum samningum. Löggjafarvaldið í Evrópubandalaginu er hjá ráðherraráðinu fremur en Evrópuþinginu, þó nú í minni mæli, þingið hefur a.m.k. ákvarðanir um fjárlög en löggjafarvaldið er hjá ráðherraráðinu sem er yfirþjóðleg stofnun. Það er ekkert framsal á löggjafarvaldi frá löggjafarsamkundum EFTA-ríkjanna. Stjórn EES-svæðisins tekur engar ákvarðanir nema með samstöðu. Þar eru engar atkvæðagreiðslur, þar er engin þjóð borin ofurliði í atkvæðagreiðslu.

Dómstóllinn að því er varðar EES felur ekki í sér framsal á æðsta dómsvaldi í hendur erlendu dómsvaldi. Eftirlitsstofnunin er eins og hver annar dómari að því er varðar leikreglur í alþjóðlegum samningum. Að sjálfsögðu er það ekki innlendur aðili einn sem kveður upp úr um það hvenær verið er að brjóta alþjóðlegan samning. Það er engri þjóð eins nauðsynlegt og smáþjóð í heimi þar sem hnefaréttur hins stóra gildir nú yfirleitt að leysa sín mál með samningum og með því að tryggja að eftirlit með samningum sé öruggt. Að halda því fram að hér sé um að ræða fullveldisafsal er rökleysa. Einstaklingur sem gengur að samningum við annan einstakling þarf að vera sjálfráða og fjárráða. Ríki sem gerir milliríkjasamninga þarf að vera fullvalda. Það ríki sem gerir slíka samninga er ekki að svipta sig fullveldi en það er hins vegar að takmarka af ásettu og yfirlögðu ráði vegna þess að það er eiginhagsmunamat ríkisins að það vill gera svo ef á bak við það er löggjafarvald viðkomandi ríkis og framkvæmdarvald.

Við eigum aðild að GATT. Það takmarkar rétt ríkisins núna til fjáröflunartolla, en það veitir líka um leið útflutningsgreinum okkar ákveðin réttindi gagnvart tollmúrum annarra. Við göngum í NATO. Það skuldbindur okkur til samstöðu með aðildarríkjunum í öryggismálum, en það veitir okkur á móti öryggi í öryggismálum. Við göngum í Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar. Þar tökum við á okkur skuldbindingar, t.d. um varðveislu mannréttinda. Í Evrópuráðssamstarfinu kom það á daginn að grundvallaratriði í stjórnskipan Íslands, sem er aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds, var þar af mannréttindadómstóli talinn ósamrýmanlegur alþjóðasamningi og við umturnuðum okkar dómskerfi á þeirri forsendu. Er það afsal á fullveldi? Nei, það er að standa við kvöð alþjóðlegra skuldbindinga. Þannig mætti lengi telja.

Það var ágætur jesúíti frá Louvain í Belgíu sem birti hér eina athyglisverðustu greinina, uppýstustu greinina sem birst hefur um EES-umræðuna í íslenskum fjölmiðlum á þessu sumri. Og hann sagði: Það er ekkert algjört fullveldi nema hjá guði almáttugum. Sá einn er engum háður sem öllu ræður. Guð er fullvalda en engir aðrir eru algjörlega fullvalda. Þetta eru pottþétt rök hjá jesúítanum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég held að (**ÓRG:** Það er eins gott að Jón Sigurðsson var ekki jesúíti.) Þetta frammíkall er svona framhald af ræðu hv. formanns Alþb. og sýnir þá alvöru sem hann

leggur í þetta mál sem öðrum þræði er kallað hið mikilvægasta sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar en öllu gamni fylgir nokkur alvara.

Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu. Ég hef lagt vel við hlustir um það sem hér hefur verið sagt og við skulum vona það sameiginlega að okkur takist að halda þannig á málum í þessu endatafli að það geti skapast sem mest og víðtækust samstaða meðal íslensku þjóðarinnar um þessa samninga.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði nú lofað að tala ekki mikið a.m.k. núna í lokin og skal reyna að standa við það. En síðasti ræðumaður vék orðum að mér og harma ég það ekki, síður en svo, og við fengum hér mjög skemmtilega kennslustund í Evrópufræðum og mörgu fleiru sem líka var mjög nauðsynlegt að rifja upp, ýmislegt merkilegt og mismuninn á EB og EES og hvaðeina. Auðvitað er þar mismunur á en ég held nú að það sé varlegra að hlaupa ekki inn í þetta nýja bandalag án þess að hafa einhverja hugmynd um hvað efnislega muni felast í því sem á að fara jafnvel að skrifa undir í næstu viku. Ég vil árétta það sem ég sagði hér áðan að það verður ekki skrifað undir neitt í næstu viku. Alþingi verður að fjalla um þetta áður en um það er samið. Ég gat um það sérstaklega að lögum samkvæmt verður að bera slík stórmál undir utanrmn. og ef það á að byrja að tala saman á mánudag þá get ég varla ímyndað mér að það verði skrifað undir eitthvað í næstu viku. Ég held að það væri brot á öllum lögum og venjum. Þannig höfum við sem betur fer enn þá nokkurt svigrúm áður en þessi ósköp ganga yfir okkur, ef það eru ósköp. Við skulum segja að þeir víki frá öllu sem þeir eru að krefja og þá gætum við svo sem gert okkar kröfur og sagt: Við ætlum að hafa þetta svona. Þið samþykkið það, alveg eins og þeir segja alltaf við okkur: Við ætlum að hafa þetta svona, þið samþykkið það. Við samþykkjum ekkert óséð. Ekki ég. Það er alveg á hreinu.

En það eru ýmiss konar fyrirvarar í þessari bók sem var nefnd og ég vona að allir hv. þm., líka þeir sem nýkomnir eru, hafi náð sér í. Hún er til hér í nokkru upplagi, en þar er þess getið t.d. að 7. nóv. 1976 hafi Gundelach, sá frægi samningamaður, sagt að það væri alveg ...(Forseti hringir.) Ég get líklega ekki fengið að lesa þetta allt saman, en þar eru gerðir fyrirvarar í bak og fyrir. Allar íslenskar ríkisstjórnir hafa bent á þann reginmun sem væri á þessum reglum öllum gagnvart okkur og öðrum þegar við veitum full tollfríðindi á öllum innflutningi á iðnaðarvarningi frá bandalaginu, en síðan er samið við Spánverja og Portúgali t.d. og þá auðvitað ruglast allar þessar reglur. Og eins og ég er alltaf að segja þá á eitthvað að koma á móti einhverju, það á eitthvað að koma á móti einhverju, ekki að það eigi (Forseti hringir.) að koma sérstakir viðskiptasamningar — ég verð líklegast að hætta, en ég býst við að allir menn geri sér grein fyrir því að þegar allur grunnurinn undir viðskiptunum í heild sinni ruglast út af magni og verðmæti, þá á auðvitað hjá siðuðum mönnum að taka þetta upp og það eru margir fyrirvarar í bak og fyrir frá öllum ríkisstjórnum um þetta.

9. FUNDUR

fimmtudaginn 17. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Notkun kjarnakljúfa á höfum úti, ein umr.

Fsp. ISG, 7. mál. — Þskj. 7.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Frú forseti. Á undanförnum vikum hafa þeir gleðilegu atburðir gerst að Bandaríkjamenn, Bretar og Sovétmenn hafa einhliða lýst yfir fækkun kjarnaodda um borð í herskipum sínum. Þetta eru óneitanlega mikilvæg og þakkarverð skref í átt til afvopnunar, en þau duga þó ekki og draga auk þess hlutfallslega lítið úr þeirri vá sem öllu lífríki jarðar stafar af gífurlegri notkun kjarnorku á höfum úti. Nú er talið að um 570 kjarnaofnar séu um borð í skipum og kafbátum kjarnorkuveldanna fimm og þessi fljótandi kjarnorkuver sigla um auðug fiskimið og hrygningarstöðvar í Norður-Atlanshafi. Vegna andstöðu stjórnvalda í kjarnorkuríkjunum eru þessi skip ekki háð öryggisreglum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, enda er það í andstöðu við reglur þessarar stofnunar að starfrækja kjarnakljúfa við hlið vopna og annarra hættulegra efna sem vissulega eru um borð í herskipum.

Kjarnorkuknúnir kafbátar eru kjarnorkuveldunum mjög mikilvægir vegna þess að þeir geta verið í kafi mánuðum saman en dísilknúnir kafbátar geta aðeins verið í kafi nokkra tíma í senn. Einmitt þess vegna þarf að halda mjög fast á málum gagnvart kjarnorkuveldunum ef á að takast að fá þau til að draga úr notkun kjarnakljúfa um borð í herskipum. Og það eigum við Íslendingar að gera og verðum að gera ef okkur er annt um lífsbjörgina okkar.

Óhöpp eru tíð um borð í kafbátum. Á árunum 1954–1988 var tilkynnt um 200 óhöpp í kjarnorkuknúnum kafbátum. Sjö kjarnorkukafbátar hafa farist, þar af sex í Norður-Atlantshafi og a.m.k. fimm sitja enn á hafsbotni. Þessir kafbátar eru eins og vistfræðilegar tímasprengjur. Einn þessara kafbáta er sovéski kafbáturinn Komsomolets sem fórst fyrir utan Bjarnarey árið 1989. Óttast menn að öryggisskjöldurinn um bátinn gefi sig og ætla því að freista þess að ná flaki hans af hafsbotni. En það er ekki síður áhættusöm aðgerð. Berist geislavirk efni frá þessum kafbáti út í hafið er ekki endilega víst að þau hafi áhrif á fiskstofna okkar, en þau munu auðveldlega geta haft áhrif á markaðsmál okkar og það er til lítils að semja um tollfríðindi fyrir fiskinn okkar ef enginn vill kaupa hann.

Það er sannfæring mín að afvopnun á höfunum og kjarnorkuafvæðing hafanna sé lífsspursmál fyrir okkur Íslendinga og þess vegna er eftirfarandi fsp. lögð fram til hæstv. utanrrh. á þskj. 7. Hún er svohljóðandi:

„Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á nauðsyn þess að draga nú þegar úr notkun kjarnakljúfa á höfum úti?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Kjarnakljúfar á höfum eru í reynd hreyfanleg kjarnorkuver. Þau eru talin vera hátt á sjötta hundrað. Þeim mun væntanlega fækka á næstu árum vegna úreldingar og vonandi einnig fyrir tilstilli takmörkunar vígbúnaðar hvort sem það fer fram á grundvelli einhliða aðgerða, í trausti gagnkvæmra aðgerða eða með formlegum samningaviðræðum. Þrátt fyrir það er ljóst að kjarnakljúfar verða áfram notaðir í herskipum og kafbátum. Þetta er staðreynd sem við komumst ekki hjá að horfast í augu við.

Það er af þessum sökum sem íslensk stjórnvöld hafa ekki einungis beint athyglinni að fækkun þeirra heldur alþjóðlegri viðurkenningu á þeim hættum sem geta stafað af slysum þar sem kjarnakljúfar á höfunum koma við sögu. Í ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í síðasta mánuði gerði ég grein fyrir því að ríkisstjórn Íslands mundi halda áfram að vinna að slíkri viðurkenningu. Ég minni á að haustið 1989 lögðu Íslendingar til á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin gæfi út leiðbeinandi og fyrirbyggjandi reglur varðandi öryggi kjarnakljúfa í hafi. Slíkar reglur hefur Alþjóðasiglingamálastofnunin gefið út fyrir kjarnorkuknúin herskip en einungis fáein slík skip eru til. Reglurnar ættu að okkar mati einnig að ná til herskipa og kafbáta. Það er engin gild ástæða fyrir því að um kjarnorkuver í höfum gildi ekki álíka reglur og eiga við um kjarnorkuver á landi.

Milli Norðurlandaþjóða tókst samstarf um tillögu Íslendinga og var hún lögð fram á aðalfundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í september sl. Ljóst var í upphafi að gera mátti ráð fyrir mikilli andstöðu við að reglurnar næðu til herskipa og varð það raunin. Þá kom jafnframt í ljós að það getur reynst erfitt að þoka málinu áfram í undirstofnunum Sameinuðu þjóðanna, enda er þeim einungis ætlað að beina athyglinni að notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Þess vegna er nauðsynlegt að taka málið upp á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Það má gera með ýmsum hætti. Leið sem oft hefur reynst árangursrík er að koma nýjum málum að hjá Sameinuðu þjóðunum með því að fá samþykki fyrir sérfræðingakönnun. Markmiðið með því er fyrst og fremst að ná fram alþjóðlegri viðurkenningu á að um sé að ræða vandamál sem nauðsynlegt er að finna lausn á. Slík sérfræðingakönnun er því fyrsta skrefið til að það geti tekist að ná samstöðu á alþjóðavettvangi um að nauðsynlegt sé að beina athyglinni að hættum sem stafa af kjarnorkuverum í höfum ekki síður en þeim sem á landi eru.

Tillaga um slíka könnun var unnin í ráðuneytinu á sl. hausti og hún kynnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Áður en tillagan er lögð fram til atkvæðagreiðslu er nauðsynlegt að afla henni víðtæks stuðnings. Við höfum nýverið tekið málið upp við talsmenn Norðurlandaþjóðanna. Við munum taka það upp að nýju á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðar í þessum mánuði og hyggjumst á næstunni eiga viðræður um málið við stjórnvöld ríkja sem eiga kjarnorkuknúin herskip, þ.e. Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland. (Gripið fram í.) Sovétríkin já, þau ríki sem áður hétu Sovétríkin.

Á vettvangi utanríkismála eru fá mál Íslendingum jafnmikilvæg og þau að koma í veg fyrir að geislavirk mengun geti valdið umhverfisspjöllum eða stórslysum í lífríki sjávar. Við komum ekki til með að leysa þennan vanda frá degi til dags. Það getur tekið langan tíma en það verk er hafið.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau greinargóðu svör sem hér voru gefin, þ.e. að því leytinu til sem mér tókst að nema þau, bæði vegna þess að hæstv. utanrrh. talaði fremur lágt úr pontunni og auk þess er nokkur ókyrrð í salnum svo að það er svolítið erfitt að heyra það sem hér fer fram. En mér heyrðust svörin vera á þá lund að þau væru mjög ásættanleg, þ.e. þetta væri áhersluatriði hjá núv. utanrrh. og núv. ríkisstjórn og það er auðvitað gott.

Utanrrh. kom aðeins inn á að það yrði fækkun í flota kjarnorkubúinna herskipa á næstu árum, m.a. fyrir tilstilli úreldingar. Það er auðvitað vandamál sem snertir okkur líka, þ.e. úrelding þessara skipa. Það er spurning hvernig menn ætla að koma þessum úrgangi fyrir sem þeir úrelda. Og það má benda á það að þetta er varanlegur arfur sem menn eru að koma sér upp þegar slík skip eru byggð því að í lok ársins 1989 voru úr sér gengnir kjarnakljúfar tilheyrandi flotum kjarnorkuveldanna 24. Árið 1995 verða þeir orðnir 180 og 400 í viðbót árið 2020 með sama áframhaldi. Og því miður virðast kjarnorkuflotarnir hafa mjög litlar áætlanir uppi um örugga meðferð þessara kjarnakljúfa sem þeir úrelda.

Það má benda á það að í þeirri umræðu sem verið hefur um einhliða afvopnun á höfunum hafa ekki verið uppi áætlanir hjá þessum kjarnorkuveldum um að draga úr byggingu kjarnorkuknúinna kafbáta. Bretar munu t.d. ætla að halda áfram að byggja Trident-kafbáta sína sem þeir voru með plön um áður.

En ég þakka fyrir svörin og ég vænti þess að það verði gert eins og utanrrh. boðaði að þessi mál verði tekin upp, m.a. á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Umferð kjarnorkuknúinna herskipa um íslenska lögsögu, ein umr.

Fsp. ISG, 8. mál. — Þskj. 8.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan, þá eru höfin gífurlega kjarnorkuvædd og þau eru eins og

einskis manns land þar sem kjarnorkuveldin fara nákvæmlega sínu fram og lúta aðeins eigin reglum. Þau hafa í raun slegið eign sinni á úthöfin sem eru þó sameign allra jarðarbúa. Þess vegna m.a. hafa kjarnorkuveldin aldrei verið tilbúin til að ljá máls á samningum um afvopnun á höfunum. Á þessum málum þarf að taka á alþjóðavettvangi og fsp. mín hér á undan tekur nokkuð mið af því.

En við getum líka gert sitthvað hér heima fyrir og við getum með einhliða aðgerðum haft mikil áhrif á nánasta umhverfi okkar og reynt að vernda það eins og kostur er. Mikilvægt skref í þá veru var stigið á árinu 1985 þegar þáv. hæstv. utanrrh., Geir Hallgrímsson, lýsti því yfir úr þessum stól að bann við staðsetningu kjarnorkuvopna tæki einnig til herskipa sem kæmu til íslenskra hafna eða sigldu um íslenska lögsögu. Þetta sama ár stóð utanrmn. sameiginlega að flutningi þáltill. um stefnu í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi. Þar var m.a. lýst yfir vilja til að kanna möguleika á kjarnorkuvopnalausu svæði í Norður-Evrópu, eins og stendur í ályktuninni, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því.

Bæði yfirlýsing Geirs Hallgrímssonar sem og þál. voru mikilvægar á sínum tíma og eftir þeim var tekið á alþjóðavettvangi. En frá því að þær voru gerðar hefur mikið vatn runnið til sjávar og menn áttað sig æ betur á að það eru ekki aðeins vopnin sem ógna okkur heldur notkun kjarnorku á höfum úti. Skoðun mín er sú að Alþingi þurfi að endurskoða þessa ályktun frá 1985 vegna breyttra aðstæðna í heimsmálum og afvopnunarmálum. Við þurfum að skerpa hana sérstaklega með tillliti til afvopnunar á höfunum og við þurfum að láta hana taka almennt til notkunar kjarnorku um borð í herskipum sem hingað koma í íslenska lögsögu. Ég mun beita mér fyrir því að slík endurskoðun fari fram í utanrmn. og reynt verði að ná samstöðu núna rétt eins og árið 1985 því að slík samstaða hjá Alþingi eins og þar náðist er mjög mikilvæg.

Ég tel engu að síður ástæðu til að spyrja um áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og þess vegna hef ég lagt fram fsp. til hæstv. utanrrh. á þskj. 8, en hún er svohljóðandi:

„Hefur ríkisstjórnin einhver áform um að banna umferð kjarnorkuknúinna herskipa um íslenska lögsögu?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hefur verið yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda um áratuga skeið að leyfa ekki staðsetningu kjarnavopna hér á landi. Í ágúst 1980 lýsti þáv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, því yfir að bannið ætti við um varanlega sem og tímabundna staðsetningu kjarnavopna og jafnframt flutning kjarnavopna um Keflavíkurflugvöll og lofthelgi Íslands. Geir Hallgrímsson, þáv. utanrrh., útfærði þessa stefnu enn frekar þegar hann lýsti því yfir í apríl 1985 að bannið ætti einnig við um herskip sem kæmu í hafnir hérlendis eða sigldu um íslenska lögsögu.

Það hefur verið nokkuð almennur skilningur hér á landi sem erlendis að í yfirlýsingu Geirs Hallgrímssonar fælist útfærsla á stefnunni um að leyfa ekki staðsetningu kjarnavopna hérlendis. Undirritaður hefur heyrt þá túlkun hjá einum eða tveimur gamalgrónum embættismönnum utanrrn. að svo væri ekki. Sú stefna að leyfa ekki heimsóknir herskipa með kjarnavopn innan borðs væri eldri. Mér hefur ekki tekist að finna staðfestingu þess í skjalasafni utanrrn. Af þeim sökum tel ég rétt að álykta að Geir Hallgrímsson hafi útfært þessa stefnu og fyrir þann tíma hafi íslensk stjórnvöld ekki haft skýra stefnu í þessu máli.

Á síðustu árum og raunar áratugum hafa engin kjarnorkuknúin herskip siglt innan 12 mílna landhelgi svo vitað sé. Utan 12 mílna landhelgi getum við ekki bannað för herskipa eða annarra skipa. Um það eru skýr ákvæði í þjóðarétti. Í ljósi þess að kjarnorkuknúin herskip hafa ekki siglt um íslenska landhelgi svo að vitað sé né heldur borið fram ósk um að koma til hafnar hér á landi hafa íslensk stjórnvöld ekki séð ástæðu til að setja sérstakar reglur um slíkar siglingar eða banna þær og núv. ríkisstjórn hefur ekki uppi slík áform. Ég tek hins vegar fram að ef það kæmi upp að kjarnorkuknúin herskip tilkynntu um siglingu um íslenska landhelgi eða bæru fram ósk um að ná höfn á Íslandi, þá yrði það mál tekið til sérstakrar afgreiðslu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir að ég er mjög ánægður með það að í utanrmn. verði tekin upp umræða um þessi mál eins og gert var 1985 og að hér skuli vera vakin athygli á þeirri merku ályktun sem þá var gerð. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Þetta er auðvitað stærst allra mála og við munum í utanrmn. áreiðanlega reyna að ná samkomulagi svipað og gerðist með þeirri merku ályktun sem hér var vitnað til.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör utanrrh. við fyrirspurn minni. Ég get hins vegar ekki sagt að ég sé fyllilega sátt við þau svör vegna þess að það kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann sæi ekki ástæðu til að setja bann við siglingu kjarnorkuknúinna herskipa um íslenska lögsögu vegna þess að ekki væri vitað til þess að nokkurt slíkt hefði komið inn fyrir 12 mílna lögsöguna á undanförnum árum. Ég er ekki alveg jafnsannfærð og utanrrh. um það, en ég þarf að skoða það mál betur áður en ég fullyrði nokkuð héðan úr þessari pontu.

En ég vil minna á það að þegar hér stóð yfir umræða á Alþingi um það að koma upp kjarnorkulausu svæði á Norðurlöndum var því m.a. haldið fram að það væri alveg óþarfi og hefði enga pólitíska þýðingu að koma með slíka yfirlýsingu vegna þess að Norðurlöndin væru í raun kjarnorkuvopnalaus. Og því hélt m.a. hæstv. utanrrh. fram. Raunin hefur auðvitað sýnt allt annað. Þegar farið hefur verið ofan í þau mál hefur komið í ljós að tugir og hundruð herskipa með kjarnavopn innan borðs hafa að öllum líkindum komið til norrænna hafna á undanförnum árum. Það hefði þess vegna verulega pólitíska þýðing að lýsa því yfir og ég trúi því að það hefði pólitíska þýðingu að lýsa

yfir slíku banni. Það væri þá alveg ljóst hver vilji okkar er.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 10 þm. Reykv. fyrir að taka þessa fsp. fyrir á hinu háa Alþingi. Ég tek undir með henni að ég vildi að ég væri eins sannfærð og hæstv. utanrrh. um það að hér hafi ekki komið herskip með kjarnavopn innan borðs.

En ég leyfi mér að ítreka spurningu til hæstv. utanrrh. Hér liggur fyrir beiðni um skriflegt svar frá hv. 10. þm. Reykv. um herskipakomur í íslenskar hafnir og íslenska lögsögu. Þegar hefur komið svar við henni og þar fylgir mikil upptalning af herskipum af öllu tagi. Ég leyfi mér að biðja hæstv. utanrrh. að segja það hér og nú svo það sé skráð. Er það alveg öruggt að ekkert af þessum skipum hefur borið kjarnavopn?

(**Forseti:** Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs.) Ég var að spyrja hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Það hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs. (Gripið fram í.) Má ég gera athugasemd, hæstv. forseti? (**Forseti:** Hv. þm. hefur nú þegar gert athugasemd.)

Stefna stjórnvalda gagnvart flóttamönnum á Íslandi, ein umr.

Fsp. KÁ, 12. mál. — Þskj. 12.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í sumar átti ég þess kost að sitja sumarþing Evrópuráðsins í Helsinki í Finnlandi ásamt fleiri þingmönnum. Meðal þess sem vakti hvað mesta aðhygli mína af þeim málefnum sem rædd voru þar var umfjöllun um fólksflutninga og flóttamannastraum milli ríkja Evrópu og sá gífurlegi þrýstingur sem skapast hefur við hlið Evrópu frá fólki sem ýmist flýr styrjaldir eða pólitískar ofsóknir í löndum þriðja heimsins eða leitar betra lífs meðal hinna ríku þjóða, hinum svokölluðu flóttamönnum af efnahagslegum ástæðum, sem reyndar falla ekki undir alþjóðlegar skilgreiningar á flóttamönnum. Síðustu tölur sem menn höfðu handbærar um fólksflutninga og flóttamannastraum eru frá árinu 1989 en það ár urðu mestu flutningar fólks innan Evrópu og inn í Evrópu síðan árið 1951, en þá voru menn enn að taka á afleiðingum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Innflytjenda- og flóttamannastraumur er orðinn svo mikið vandamál víðs vegar í Evrópu að t.d. löndin við norðanvert Miðjarðarhaf hafa boðið ríkjunum við sunnanvert hafið upp á sérstakt átak í atvinnu- og efnahagsmálum ef það mætti verða til að stöðva strauminn til Evrópu. Það er afar ólíklegt að við Íslendingar munum fara varhluta af þeim fólksstraumi eða nýju þjóðflutningum sem liggja vestur og norður á bóginn. Það er því ekki að ástæðulausu að mig fýsir að vita hvernig málefnum flóttamanna og innflytjenda er háttað hér á landi ef þær upplýsingar sem ég vænti frá hæstv. dómsmrh. mættu verða til að vekja fólk til umhugsunar um þessi mál og kveikja umræður um það hver framtíðarstefna okkar á að verða varðandi flóttamenn og fólk sem sækir eftir landvistarleyfi hér.

Á þskj. 12 leyfi ég mér því að spyrja hæstv. dómsrmh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hvaða skyldur hafa íslensk stjórnvöld gagnvart flóttamönnum ef litið er til samþykkta Sameinuðu þjóðanna varðandi málefni þeirra?

2. Hvaða reglur gilda um landvistarleyfi útlendinga á Íslandi og borttvísun úr landi?

3. Hver er stefna núv. ríkisstjórnar í málefnum flóttamanna sem hingað leita?"

Síðasta spurningin er ekki síst borin fram vegna þess að virtur lögmaður hér í bæ hefur haldið því fram að íslensk lög séu ekki í samræmi við mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Því fýsir mig að vita hvort fyrirhugaðar séu breytingar á þeim lögum sem fjalla um flóttamenn og útlendinga.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við 1. lið fsp. skal tekið fram að Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna frá árinu 1951 og breytingum á þeim samningi frá 1957. Þar er að finna skilgreiningu á hugtakinu flóttamaður. Ef flóttamaður fellur undir þá skilgreiningu nýtur hann ákveðinna réttinda og verndar. Hann fær dvalarleyfi og ferðaskilríki ef því er að skipta. Hann á rétt á að fá atvinnuleyfi til jafns við aðra útlendinga og nýtur almennt séð ekki lakari réttinda en aðrir útlendingar. Sum réttindi skulu þó ekki takmörkuð. M.a. er réttur til vinnu ekki háður takmörkunum eftir þriggja ára dvöl. Aðstaða til barnafræðslu skal vera sama og veitt er ríkisborgurum og fleira af því tagi.

Ísland á aðild að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Samstarf er haft við þá stofnun um úrlausn einstakra verkefna. Þannig var til að mynda um ríkisstjórnarákvörðun þá sem tekin var haustið 1989 um að taka á móti 60 flóttamönnum frá Suðaustur-Asíu á árunum 1990–1992, sem svo komu hingað í tveimur hópum á síðasta ári og þessu ári.

Sem svar við 2. lið fsp. er það að segja að um landvistarleyfi útlendinga fer eftir lögum um eftirlit með útlendingum frá 1965. Norðurlandabúar þurfa ekki leyfi til að koma hingað til lands. Ríkisborgurum allmargra ríkja er heimilt að koma til landsins án vegabréfsáritunar til allt að þriggja mánaða, þó ekki í atvinnuskyni. Að öðru leyti þurfa útlendingar vegabréfsáritun. Áritun er þá persónubundin og ræðst af erindinu, heimsókn, atvinnu, fjölskyldutengslum og fleiri atriðum. Atvinnuástæður í landinu koma einnig til álita.

Skv. 10. gr. laganna ber að meina útlendingi landgöngu ef hann uppfyllir ekki tiltekin skilyrði, m.a. ef ætla má að útlendingur hafi í hyggju að ráða sig í vinnu hér eða á hinum Norðurlöndunum án þess að hafa aflað sér leyfis fyrir fram. Ef útlendingur ber að hann hafi orðið að leita sér hælis sem pólitískur flóttamaður og framburður hans telst sennilegur má lögregla ekki meina útlendingi landgöngu heldur ber að leggja það mál fyrir dómsmrh.

Um brottvísun er fjallað í 11. og 12. gr. laganna um eftirlit með útlendingum. Stundum er lögreglustjóra heimilt að vísa útlendingi úr landi svo sem ef hann hefur komið inn í landið án þess að gefa sig fram við vegabréfaeftirlit eða hefur áður verið vísað úr landi og er á ný kominn til landsins án tilskilins leyfis. Þá er dómsmrh. heimilt að vísa útlendingi úr landi m.a. þegar mátti meina útlendingi um landgöngu og ef útlendingur brýtur gegn reglum um vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða atvinnuleyfi eða skilyrðum sem þau eru bundin. Enn fremur er almenn heimild til að vísa útlendingi úr landi ef áframhaldandi dvöl hans telst hættuleg *hagsmunum ríkisins eða almennings* eða vist hans er óæskileg af öðrum ástæðum. Ástæður brottvísunar verður að sjálfsögðu að meta hverju sinni.

Sem svar við 3. lið fsp. er það að segja að stefna ríkisstjórnarinnar er sú að veita flóttamönnum er hingað koma og uppfylla skilyrði alþjóðasamnings aðstoð eftir því sem efni standa til hverju sinni. Þó skal tekið fram að á því er byggt sem meginreglu að flóttamönnum ber að leita til yfirvalda í því sem kallað er fyrsta hælisland, þ.e. í landi er þeir fyrst koma til og er það í samræmi við reglur sem víða erlendis er fylgt, m.a. í nýlegum samningi Evrópubandalagsríkjanna.

Að öðru leyti hlýtur afstaða til meðferðar á málefnum einstakra flóttamanna sem hingað koma og ekki falla undir skilgreiningu alþjóðasamnings að mótast af aðstæðum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann veitti. En eftir sem áður eru ýmsar spurningar í sambandi við stefnu stjórnvalda og þær skyldur sem Íslendingar hafa. Ég vonaðist til þess að skýrar kæmi í ljós hvort ætlast er til að íslensk stjórnvöld uppfylli ákveðna kvóta varðandi flóttamenn eða hvort þetta er bara samningsatriði á hverjum tíma.

Eins nefndi hæstv. dómsrh. að tekið væri á flóttamönnum og hlustað á þeirra málstað og þeim veitt hæli eftir því sem efni standa til. Hvað þýðir þetta í raun?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Aðalatriðið er það að Ísland hefur leitast við að standa við allar alþjóðlegar skuldbindingar í þessu efni. Það verður ekki sagt að hingað hafi verið stríður straumur flóttamanna. En vitaskuld eru þessi mál þann veg vaxin að það þarf að meta mál í hverju falli. Þau eru í flestum tilvikum einstaklingsbundin og það er fyrst og fremst til þess mats sem ég var að vísa til í mínu svari.

Flóttamenn á Íslandi, ein umr.

Fsp. KÁ, 13. mál. — Þskj. 13.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Í framhaldi af fyrri fsp. minni um málefni flóttamanna leyfi ég mér á þskj. 13 að spyrja hæstv. dómsrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hversu margt fólk, sem fellur undir skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á flóttamönnum, hefur beðið um hæli hér á landi undanfarin fimm ár?

2. Hversu margir flóttamenn hafa fengið hæli hér á landi sl. fimm ár?

3. Hafi útlendingum verið synjað um landvist sl. fimm ár, af hvaða ástæðum hefur það verið gert og frá hvaða löndum hafa þeir komið?

4. Hversu mörgum útlendingum hefur verið vísað frá Íslandi „á landamærum", þ.e. í flughöfninni í Keflavík og höfnum landsins?

5. Hafa *stjórnvöld vitneskju um flóttamenn* sem dveljast hér á landi ólöglega?"

Með þessum spurningum vonast ég til að fá upplýsingar um það hvort flóttamannastraumur hingað til lands hafi aukist, hvernig tekið hefur verið við fólki sem hér leitar landvistar. Og þá langar mig að vita hvort hér hefur komið upp vandamál sem er vel þekkt í Evrópu og t.d. Kanada, en það er fólk sem kemst ólöglega inn í landið eða dvelst ólöglega í landinu og er þar af leiðandi oft notað sem ódýrt vinnuafl og býr við mikið óöryggi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við 1. og 2. lið fsp. er það að segja að flóttamenn, samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að taka á móti flóttamönnum frá Suðaustur–Asíu, hafa frá 1986 og fram til 1. okt. á þessu ári verið 83. Að auki hefur 33 verið veitt landvistarleyfi. Það eru aðilar sem ekki falla með skýrum hætti undir skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna en hefur af mannúðarástæðum verið veitt landvistarleyfi hér.

Sem svar við þriðju spurningunni er það að segja að erfitt er að afla gagna í þessu efni með skjótum hætti vegna þess að eldri gögnum hefur verið komið fyrir í geymslum en óhætt er að benda á að hér hafa verið veittar á árunum 1986 til 1990 10.115 vegabréfsáritanir til landsins. Árlega er nokkrum tugum synjað um vegabréfsáritun til Íslands. Ýmsar ástæður liggja að baki synjunum um áritun, t.d. ófullnægjandi skilríki, grunur um að viðkomandi sé í atvinnuleit og margir hafa fengið brottvísun frá einhverju hinna Norðurlandanna. Í mörgum tilfellum undanfarið hefur fólki frá Túnis, Alsír og Marokkó verið synjað um áritun. Ástæðan fyrir því er sú að upp komst að um skipulagðan innflutning á fólki var að ræða frá þessum ríkjum. Einnig var talsvert synjað frá ríkjum fyrir botni Miðjarðarhafs á meðan Persaflóadeilan stóð yfir af ótta við hryðjuverk.

Sem svar við 4. lið fsp. er það að segja að á síðasta ári var 40 mönnum vísað frá Íslandi á landamærunum. Það sem af er þessu ári 15, en samtals frá árinu 1987 og það sem af er þessu ári hefur 150 aðilum verið vísað frá Íslandi á landamærunum.

Sem svar við 5. lið fsp. er aðeins það að segja að það svar er nei. Sú vitneskja er ekki fyrir hendi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé mál til komið að

mál sem þessi séu tekin upp á hinu háa Alþingi. Það er alveg ljóst að lög um flóttamenn eru mjög ófullkomin og í raun og veru engin. Núgildandi lög um útlendingaeftirlit eru löngu úrelt orðin og ég vil minna hv. þingheim á ágætan sjónvarpsþátt sem Einar Heimisson stjórnaði og var sýndur á þessu ári, sem fjallaði einmitt um flóttamenn. Þar voru viðtöl við starfsmenn Útlendingaeftirlits sem ítrekuðu það að þörf væri á endurskoðun laganna.

Ég vildi því biðja hæstv. dómsmrh. að huga vandlega að þessum málum. Það nær auðvitað engri átt að fólki sé vísað hér frá á landamærunum, eins og það heitir, og það eftir geðþóttaákvörðunum. Sjálfsagt er það oft gert í góðri meiningu en það er ekki sæmandi að mönnum sé þar mismunað og það fara af því sögur að þar skipti nokkru máli af hvaða kynstofni menn séu og við eigum auðvitað ekki sem Íslendingar og Norðurlandabúar að sætta okkur við það að slíkt eigi sér stað.

Ég vil þess vegna þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál upp. Ég hafði raunar hugsað mér að gera það sjálf en hún varð einfaldlega á undan og það er sama hvaðan gott kemur. En ég vil biðja hv. dómsrh. að huga vel að þessum málum. Ég held að lög um innflytjendur þarfnist endurskoðunar og ég treysti hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því. Í framhaldi af því vil ég líka biðja hæstv. ráðherra að taka til endurskoðunar lög um ríkisborgararétt. Að mínu viti eru 10 ár of langur tími að krefjast af fólki sem hér hefur sest hér að og reynst nýtir og góðir borgarar. Ég tel að það sé of langur tími og vil nota þetta tækifæri til að minna hæstv. ráðherra á það.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið hér í dag. Mér þykja þetta athyglisverðar upplýsingar sem hafa komið fram og þær þarfnast svo sannarlega frekari skoðunar.

Það er nú svo varðandi þá sem koma til landsins og er vísað burt á landamærunum, eins og það er kallað, að það er erfitt að fá nánari vitneskju um það hvaðan það fólk kemur og af hvaða ástæðum því er vísað á brott. Það er ein af grundvallarreglum varðandi þá sem leita hælis að þeir hafi möguleika á að ná sambandi við stjórnvöld og að þeir fái tækifæri til að tala sínu máli. Ég tek undir það með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ég held að þau lög sem hér eru í gildi þarfnist endurskoðunar.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi við fyrri fsp. minni að flóttamannastraumur og fólksflutningar eru stöðugt vaxandi, það er auðvitað vandamál því að þessu fylgja ýmiss konar ráðstafanir sem þarf að grípa til. En málið er það að mínum dómi að við þurfum að átta okkur á þeim breytingum sem eiga sér stað. Við þurfum að marka stefnu og við þurfum að uppfylla þær skyldur sem lagðar eru á þjóðir heims varðandi flóttamenn og þá sem leita hælis af ýmsum ástæðum. Ég þakka þau svör sem hér hafa verið veitt.

Björgunarþyrla, ein umr.

Fsp. GHelg, 19. mál. — Þskj. 19.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Hinn 12. mars 1991 samþykkti hið háa Alþingi þáltill. hv. 5. þm. Reykv. Inga Björns Albertssonar og varð ályktunin svohljóðandi eftir afgreiðslu hv. allshn.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Tillaga þessi fékk mikla umfjöllun í hv. nefnd og menn gerðu sér fullkomlega ljóst að hér var um að ræða mikla fjármuni þegar til kaupanna kæmi, en menn mátu nauðsynina svo knýjandi að ekki yrði hjá því komist að bæta flugvélakost Landhelgisgæslunnar. Málið fór til umsagnar fjölda aðila, m.a. Slysavarnafélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sjómannasambands Íslands, Flugmálastjórnar, Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík og síðast en ekki síst Landhelgisgæslunnar sjálfrar. Allir þessir aðilar lýstu stuðningi við þetta mikilvæga mál.

Ég átti sæti í nefndinni og tel mig hafa átt nokkurn þátt í samþykkt tillögunnar og skal það ekki rakið hér frekar. Ekki skal ég heldur endurtaka þau augljósu rök fyrir nauðsyn þess að tryggja betur líf og limi þeirra sem sjóinn sækja hér við land og þeirra sem í afskekktum byggðum búa, að ekki sé minnst á þá karla og konur sem hætta eigin lífi við að bjarga öðrum.

Það kom mér hins vegar á óvart að sjá engin merki þess í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 að kaup á björgunarþyrlu séu fyrirhuguð og enn meiri undrun vakti viðtal við hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, í Dagblaðinu 7. okt. sl. — Nú vil ég benda á að hv. þm. er sitjandi forseti, vilji hann svara fyrir sig þá vildi ég biðja hæstv. forseta að fá sér varamann svo hann sé ekki bundinn í þessum virðulega stól, en auðvitað ræður hæstv. forseti því sjálfur. — En í Dagblaðinu 7. okt. kemur fram að hv. 3. þm. Reykv. er formaður í nefnd sem skipuð var til að kanna þá kosti sem bestir væru við kaup á þyrlu. Þar lýsir hv. þm. þeirri skoðun sinni að Íslendingar eigi að hafa öflugt samstarf við varnarliðið á sviði björgunarmála en vill ekkert annað um málið segja og boðar niðurstöður nefndarinnar innan tíðar. Þær niðurstöður hef ég ekki enn þá séð.

Ég harma mjög ef hið nýja Alþingi hefur skipt um skoðun á þessu mikilvæga máli og hef því lagt fram fsp. á þskj. 19 sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður undirbúningi á kaupum á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna sem samþykkt voru með ályktun Alþingis 12. mars 1991?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í maímánuði sl. skipaði ég nefnd sem fékk það hlutverk að undirbúa framkvæmd á ályktun Alþingis og gera þar um tillögur. Hún átti jafnframt að gera heildarúttekt á flugrekstri Landhelgisgæslunnar, bæði að því er varðar björgunar- og eftirlitsflug, gera

tillögur um val hentugra þyrlna og flugvéla til þessara verkefna og samstarf við aðra björgunaraðila og þar á meðal varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Björn Bjarnason alþm. var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur unnið hratt og vel og 11. okt. sl. skilaði hún áliti. Mér barst það í hendur í gær. Í áliti nefndarinnar segir m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Nefndin er þeirrar skoðunar að við val á nýrri þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna eigi að huga að öflugri vél en TF-SIF er nú. Í raun er þá ekki nema um þrjár tegundir á heimsmarkaðnum að ræða. Um frekari skýringar á þessu er vísað til sérstakrar greinargerðar Þorsteins Þorsteinssonar."

Þá segir í áliti nefndarinnar: „Í greinargerð Alberts Jónssonar kemur fram að bráðabirgðakönnun hans hefur ekki leitt neitt í ljós sem fyrir fram ætti að hindra aukinn hlut Íslendinga í starfi björgunarsveitar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem nú er alfarið á vegum liðsins. Hann bendir á tvo kosti. Annars vegar að Íslendingar annist björgunarþjónustuna fyrir varnarliðið og hins vegar að stofnað verði til samstarfs um rekstur björgunarþyrlna. Yrði annar hvor þessara kosta valinn hefði það í för með sér að ákvörðun um kaup á þyrlu eða þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna hlyti að miðast við sams konar vélar og varnarliðið notar þótt búnaður væri annar hjá Landhelgisgæslunni en varnarliðinu.

Nefndin bendir á að ekki hefur verið rætt á stjórnmálalegum forsendum við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um samstarf við varnarliðið. Telur hún nauðsynlegt að það sé gert ef það er vilji íslenskra stjórnvalda að kanna frekar þá kosti sem fram koma í greinargerð Alberts Jónssonar. Á meðan ekki liggur fyrir afstaða stjórnvalda til þess hvort vilji er til framangreinds samstarfs við varnarliðið telur nefndin sér ekki fært að taka ákvarðanir um einstakar tegundir á þyrlum. Er þetta sagt um leið og ítrekað er að brýnt sé að Landhelgisgæslan fái öflugri þyrlu til afnota fyrir björgunarsveit sína."

Þá segir enn fremur í álitinu: „Í landinu eru nú tvær þyrlur Landhelgisgæslunnar, TF-GRÓ, sem ekki getur talist björgunarþyrla, og TF-SIF, auk þriggja þyrlna varnarliðsins sem fær væntanlega fjórar nýjar þyrlur til starfa í björgunarsveit sinni nú í vetur. Það er því með engu móti unnt að segja að hættuástand ríki um þessar mundir hér vegna skorts á björgunarþyrlum.

Alþingi hefur ályktað um þyrlukaup meðal sjómanna og þeirra sem sinna slysavörnum og björgunarstörfum. Eru miklar væntingar vegna kaupa á nýrri þyrlu. Starfslið Landhelgisgæslunnar og þyrlu sveitarinnar er til þess búið að takast á við erfiðari verkefni en áður í samræmi við aukna reynslu. Þetta er þó háð því að öflugri og betri búin þyrla fáist, auk þess sem viðkomandi rekstur sé tryggður.

Nefndin telur að stjórnvöld eigi að vinna hratt að ákvörðunum um kaup á öflugri þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Fram kom í nefndinni að hugsanlegar viðræður við Bandaríkjamenn kynnu að taka langan tíma og þess vegna væri nauðsynlegt að kanna svo fljótt sem verða má markað á notuðum þyrlum til kaups eða leigu fyrir Landhelgisgæsluna. Vegna þess hve mikið er í húfi, bæði fjárhagslega og að öðru leyti, verða stjórnvöld að gefa sér tóm til að skoða alla kosti gaumgæfilega. Þar vegur þyngst endurmat á hlutverki Landhelgisgæslunnar og ákvörðunin um það hvort unnt sé að taka upp skipulagsbundið samstarf við varnarliðið með einum eða öðrum hætti.

Leggur nefndin til að veitt verði heimild til formlegra viðræðna við bandarísk stjórnvöld um framtíðarskipan björgunarstarfsemi fyrir varnarliðið um leið og kannað sé til þrautar hvort hinar nýju þyrlur varnarliðsins hæfi íslenskum björgunaraðilum."

Þetta er niðurstaða nefndarinnar sem skipuð var til að undirbúa fyrsta skref í þessu máli. Dómsmrn. mun nú taka þessa skýrslu til skoðunar og undirbúa á grundvelli þeirra tillagna og þeirra athugana sem hér hafa farið fram næsta skref í þessu mjög svo mikilvæga hagsmunamáli sem Alþingi hefur réttilega ályktað um.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt var það eindreginn vilji Alþingis fyrr á þessu ári að Íslendingar eignuðust öfluga björgunarþyrlu. Það mál var ítarlega rætt hér í þinginu og niðurstaðan varð sú að bæði var samþykkt sérstök tillaga og enn fremur var í lánsfjárlögum samþykkt heimild til fjármálaráðherra að ráðstafa 100 millj. í þessu skyni. Það liggur því alveg ljóst fyrir að Alþingi hafði fyrir sitt leyti samþykkt það að Íslendingar eignuðust björgunarþyrlu, öfluga björgunarþyrlu, þjóðin sjálf væri búin tækjum til að geta bjargað mönnum úr háska.

Í samræmi við þennan vilja Alþingis ákváðu ég og þáv. dómsmrh. að fela Landhelgisgæslunni að meta hvaða tegundir af þyrlum kæmu þar til greina. Skömmu eftir að Alþingi hafði gert þessar samþykktir kölluðu þáv. dómsmrh. og ég, sem þá gegndi embætti fjmrh., á forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar til okkar (Forseti hringir.) og þeir fengu það verkefni að skila skýrslu. Í þessu skyni fór sérstök sendinefnd Landhelgisgæslunnar og embættismanna fjmrn. og dómsmrn. til Bandaríkjanna og Frakklands og skilaði síðan niðurstöðu þar sem það kom alveg skýrt í ljós hvert var mat þessara yfirmanna Landhelgisgæslunnar og embættismanna dómsmrn. og fjmrn. (Forseti hringir.) — Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en ég tel alveg nauðsynlegt að þetta komi fram hér í umræðunum vegna þess að ég lýsi furðu minni á því að núv. dómsmrh. og núv. fjmrh. skuli hafa hætt við þessa meðferð málsins sem beið þeirra þegar þeir komu í ráðuneytin, þeir hafi nú gengið gegn vilja Alþingis með því að setja á laggirnar nefnd sem greinilega hafði bara þann tilgang að koma málinu í þann farveg að nú ættu að hefjast langvarandi viðræður við bandaríska herinn um að hann tæki að sér það hlutverk. Alþingi ályktaði um það að Íslendingar sjálfir ættu að annast þetta verk, Alþingi hefur aldrei ályktað um það að bandarískt herinn ætti að annast björgun íslenskra sjómanna. Það er þess vegna andstætt vilja Alþingis að núv. dómsmrh. og núv. fjmrh. hafi sett mál-

ið í þann farveg og furðulegt að sá maður, sem nú situr í stóli forseta og var formaður þessarar nefndar, Björn Bjarnason, skuli hafa stýrt því í þennan farveg.

Ég vil þess vegna mótmæla harðlega þessum vinnubrögðum. Þau eru algjörlega óhæf. Dómsmrn. og fjmrn. gætu nú þegar farið að vilja Alþingis í þessu máli ef þau kysu að gera svo og er mjög slæmt að hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sem var eindreginn baráttumaður þessa máls, skuli ekki geta tekið þátt í þessum umræðum hér í þingsalnum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það vekur nokkra undrun mína að framámenn í samtökum sjómanna sem hér sitja meðal þingmanna skuli ekki hafa áhuga á þessu máli og um leið og ég að sjálfsögðu þakka hæstv. ráðherra fyrir það svar sem hann gaf, þá vekur það furðu mína en það er auðvitað alveg hárrétt sem hv. 8. þm. Reykn. sagði. Menn hafa hætt við að kaupa björgunarþyrlu. Það er hárrétt að Alþingi samþykkti aldrei að fara í viðræður við bandaríska herinn um björgun á íslenskum sjómönnum eða flutningi sjúklinga milli staða á okkar strjálbýla landi.

Í þessu umræddda blaðaviðtali sem ég vitnaði í í fyrri ræðu minni segir blaðafulltrúi bandaríska hersins, með leyfi hæstv. forseta: „Björgunarsveit bandaríska flughersins á Keflavíkurflugvelli hefur fyrst og fremst það hlutverk að bjarga flugmönnum sem hafa verið skotnir niður á vígvelli.“ — Síðan telur blaðafulltrúinn að til greina kæmi samningur við Landhelgisgæsluna varðandi aðstoð þegar sérstaklega stæði á. Síðan segir blaðafulltrúinn, með leyfi hæstv. forseta: „Það er hins vegar spurning fyrir Íslendinga hvort þeir geti alfarið treyst á herinn í þessu sambandi. Það reynir náttúrlega hver og einn að vera sjálfum sér nógur í þessum efnum. Ef til stríðs kæmi mundi herinn fyrst og fremst hugsa um sína.“

Þetta var ekki það sem við vorum að ræða á hinu háa Alþingi og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. og raunar ríkisstjórnina alla, það er nú ekki mikið af henni hér: Eru þetta þakkirnar til þeirra manna sem hætta lífi og limum allan ársins hring í höfunum hér í kringum landið?

Ég vil spyrja hv. 16. þm. Reykv., Guðmund Hallvarðsson: Er hann sáttur við þessa afgreiðslu mála? Við alþýðubandalagsmenn erum það ekki. Við höfum stutt tillögu hv. 5. þm. Reykv., Inga Björns Albertssonar, með ráðum og dáð og ég get upplýst það hér að ég hygg að það hafi verið mín afstaða sem réði því og það náðist meiri hluti og reyndar einróma álit að lokum um þetta mál í hv. allshn. Ég vil fyrir hönd míns flokks lýsa því yfir að við fordæmum þessa meðferð mála og skorum á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða þetta mál.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðum verið beint sérstaklega til mín sem eins af forsvarsmönnum sjómannastéttarinnar varðandi það mál sem hér er til umræðu, björgunarþyrlu. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Hitt finnst mér þó vefjast nokkuð fyrir þingmönnum, og þeir gera kannski meira úr en efni standa til, að það er ekki eingöngu sjómannastéttin sem er háð þessu öryggistæki. Ég vil minna á það og ítreka að af 1162 klukkustunda flugi björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar á síðasta ári voru ekki allar flugstundir eingöngu vegna sjómanna. Engu að síður er þetta mikið hagsmunamál fyrir sjómannastéttina.

Það kom fram hér í máli hv. 8. þm. Reykn. að hann hefði sett á laggirnar nefnd til þess að vinna að þessum málum þá síðasta þing starfaði. Og það er rétt. En hvar liggja niðurstöður þeirrar nefndar, þeirra embættismanna, sem voru á ferð og flugi um Bandaríkin og Evrópu? (Forseti hringir.) Við höfum ekki fengið að sjá niðurstöður þessara aðila, alla vega ekki samtök sjómanna.

Ég vil taka það fram og ég ítreka það að auðvitað er það krafa sjómannastéttarinnar að þetta öryggistæki, þessi öryggishlekkur verði svo úr garði gerður að sjómannastéttin megi vel við una.

Að lokum þetta, forseti, ég vildi aðeins ítreka það og endurtaka að þyrla er nauðsynleg jafnt sjómönnum sem öðrum landsmönnum og ég treysti því að hæstv. dómsmrh. vinni að því fljótt og vel að leysa þann vanda sem við blasir vegna þessa nauðsynlega björgunartækis.

Forseti (Björn Bjarnason):

Ég vil vekja athygli hv. 8. þm. Reykn. á því að samkvæmt þingsköpum hefur hann þegar nýtt sér þann rétt sem hann hefur til þátttöku í þessum umræðum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Mér þykir að bæði hv. fyrirspyrjandi og hv. 8. þm. Reykn. hafi snúið býsna mikið út úr því sem ég greindi hér frá um undirbúning þessa máls. Það var tekið á þessu máli um leið og núv. ríkisstjórn var mynduð í þeim tilgangi að undirbúa þá ákvörðun sem vandlegast sem hér liggur fyrir. Ég hygg að það sé ekki um það ágreiningur á Alþingi hversu mikilvægt það er að styrkja Landhelgisgæsluna með nýrri, öflugri þyrlu.

Í þeim niðurstöðum nefndarinnar sem ég las hér, en hún hefur unnið hratt og vel, kemur mjög skýrt fram sú skoðun að styrkja þurfi Landhelgisgæsluna til þyrlukaupa, en nefndin hefur líka tekið fyrir það verkefni sem henni var ætlað að athuga með víðtækara samstarf þeirra aðila sem að björgunarmálum vinna á þessu svæði. Það er skynsamlegt, bæði út frá öryggishagsmunum þeirra sem í hlut eiga, að allir þeir aðilar hafi sem nánasta samvinnu því að það er öryggismál, það er til þess að styrkja og bæta öryggi, ekki síst sjófarenda, að sem víðtækust samvinna sé þar um. Það er líka spurning um kostnað því að um leið og við ætlum að tryggja sem fullkomnasta öryggisþjónustu, að þá viljum við öll að það sé gert á sem hagkvæmastan hátt og fyrir því hefur verið unnið með þessum hætti, með vönduðum hætti á úttekt á flugrekstri Landhelgisgæslunnar og mögulegri samvinnu þeirra aðila sem með björgunarmál fara.

Hv. 8. þm. Reykn. minnti hér á að heimilt hefði verið á lánsfjárlögum að taka 100 millj. kr. lán. Það var ekki ákveðin fjárveiting til þessa verkefnis, það var heimilt að taka 100 millj. kr. lán. Það þarf að ákveða með hvaða hætti á að borga lán þegar ákvarðanir af þessu tagi eru teknar. En þyrlan kostar allmiklu meira en 100 millj. kr. Hún getur kostað frá um 500 millj. upp í 800 millj. kr. og rekstur slíkrar þyrlu getur kostað frá 40 og upp í 80 millj. kr. á hverju ári. Það er þess vegna alveg augljóst að það þarf að vanda allan undirbúning á þann veg að við getum staðið að þessum ákvörðunum og framkvæmt þær með sómasamlegum hætti. Það er þess vegna sem lagt var í þá undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið með skjótum hætti og á vandaðan veg og þar eru mjög skýrar niðurstöður um nauðsyn þess að efla þyrlukost Landhelgisgæslunnar. Það eru líka tillögur um nánara samstarf við björgunarsveit varnarliðsins. Ég lít svo á að þetta hvort tveggja sé mikilvægt til aukins öryggis fyrir sjófarendur og aðra þá sem þurfa á björgunarsveitum af þessu tagi að halda.

Ég minni líka á að það er alþjóðleg samvinna á þessu sviði og það er vaxandi alþjóðleg samvinna á sviði björgunarmála og hún verður óhjákvæmileg og mikilvægari eftir því sem árin líða. Þessi viðkvæmni við þátttöku í samstarfi við erlenda aðila er því alveg óskiljanleg vegna þess að hún er beinlínis til hagsbóta fyrir þá sem hér þurfa á aðstoð að halda.

Ríkisstjórnin mun svo, eftir að dómsmrn. hefur farið yfir efni þessarar skýrslu og metið tillögurnar, fjalla um næsta áfanga málsins og ég get tekið það fram hér að það verður unnið hratt og markvisst í þessu máli með hagsmuni þeirra í huga sem hér eiga mikið í húfi og á þann veg að fjárhagslegar forsendur þessara ákvarðana séu tryggðar. Þar verður ekki unnið með neinum losarahætti, þar verður ekki látið duga að afla 100 millj. kr. lánsheimildar án þess að tryggja hvernig það eigi að borga og það verður ekki látið duga að skrifa auða ávísun á það hvernig eigi að standa undir auknum rekstrarútgjöldum. Þess vegna þarf þennan vandaða undirbúning og þess vegna verður málinu haldið áfram og vinnu áfram við þetta mál með þeim hætti.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þeim orðum sem hafa fallið um störf þeirrar nefndar sem ég veitti formennsku geta þess að álitið er mjög ítarlegt og mér finnst eðlilegt fyrir þingmenn að þeir kynni sér það áður en þeir fella dóm um störf nefndarinnar. Það sem hæstv. dómsmrh. las upp voru kaflar úr áliti nefndarinnar og það er alrangt að draga þá ályktun af því sem hann las eða af störfum nefndarinnar að það sé markmið okkar að björgunarsveit varnarliðsins taki að sér björgunarstörf hér á landi. Þvert á móti ganga hugmyndirnar sem fram koma í áliti nefndarinnar út á það að Íslendingar fari alfarið með björgunarstörf hér á landi og taki við þessum störfum af björgunarsveitinni hjá varnarliðinu, með samstarfi við varnarliðið ef þannig verkast vill eða með því að taka þessa starfsemi algerlega að sér. Ég hvet þingmenn til þess að lesa þessa ítarlegu skýrslu og greinargerð áður en þeir fara að fella dóma um hana.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kvartaði undan því hér áðan að samtök sjómanna hefðu ekki fengið að sjá þá skýrslu sem stjórnendur Landhelgisgæslunnar og embættismenn fjmrn. og dómsmrn. gerðu eftir að þeir höfðu lokið könnun á því hvaða tegundir af þyrlum kæmu hér helst til greina. Mér var nú ekki kunnugt um það að sjómannasamtökin hefðu óskað eftir því að fá að sjá þessa skýrslu. Alla vega gerðu þau það ekki við mig meðan ég var fjmrh. en mér finnst sjálfsagt að beina því til núv. dómsmrh. og fjmrh. að sjómannasamtökin fái þessar niðurstöður, alveg sjálfsagt mál, og enn fremur að allshn. Alþingis fái þær niðurstöður því að þetta voru hæfustu menn sem til eru hér á landinu sem við fengum til að meta þyrlukaupin. Við þurftum ekkert að fela það einhverjum öðrum utan þessa starfsvettvangs að gera það svo að niðurstaðan liggur fyrir. Ég vil eindregið hvetja til þess að samtök sjómanna og þingið sjálft fái þessa skýrslu í hendur og harma það að núv. ríkisstjórn skuli hafa ýtt öllu því starfi til hliðar og í staðinn hafið hér mjög flókinn leik tafa og fresta án þess að lýsa því yfir hvenær ríkisstjórnin hyggst tryggja það að Íslendingar eignist öfluga björgunarþyrlu.

Málefni héraðsskólanna, ein umr.

Fsp. AKS, 27. mál. — Þskj. 27.

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 27 leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh. um málefni héraðsskólanna. Í fyrsta lagi spyr ég um það hvort menntmrn. hafi mótað almenna stefnu varðandi framtíð og hlutverk þessara skóla. Hafi það verið gert, þá vil ég gjarnan vita í hverju hún felst.

Tilefni þessarar spurningar er óljós og ótrygg lagaleg staða þessara skóla og nægir í því sambandi að benda á niðurlagningu Héraðsskólans í Reykjanesi aðeins örfáum dögum áður en skólastarf átti að hefjast. Mega kannski fleiri skólar eiga von á slíkum tilskipunum frá menntmrn. innan skamms?

Þá má einnig benda á að héraðsskólarnir hafa oft og iðulega tekið við nemendum af höfuðborgarsvæðinu og annars staðar að sem af ýmsum ástæðum hafa orðið að hverfa frá grunnskólanámi. Ekki er ég að leggja faglegt mat á þetta fyrirkomulag né mæla því bót. Þetta er hins vegar staðreyndin og hlýtur að kalla á sérstakar hliðarráðstafanir af hálfu menntmrn. ef stefnan er sú að leggja niður skólana eins og allt útlit er fyrir.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. menntmrh. hvaða starfsemi eigi að taka við því skólastarfi sem verið hefur í Reykholti. Eins og fram kemur í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skólastarf í Reykholti leggist af vorið 1992.

Þar kemur hins vegar hvergi fram hvaða starfsemi eigi að taka við eða yfirleitt hvort einhver starfsemi eigi að vera þar. Mér er kunnugt um að á sl. vetri stóðu yfir viðræður við Menningar- og fræðslusamband alþýðu um að starfrækja þar félagsmálaskóla. Hvað líður þeim viðræðum?

Í þriðja lagi spyr ég um stefnu menntmrn. í málefnum skólanna á Laugarvatni. Laugarvatn hefur fram til þessa skipað ákveðinn sess í skólamálum þjóðarinnar og m.a. með tilkomu fjölbrautaskóla og óöruggri stöðu héraðsskólanna hefur skólastarf á þessum stað verið í nokkurri hættu. Undanfarið hafa staðið þar yfir viðræður við heimafólk um samræmda löggjöf fyrir alla skólana á Laugarvatni frá grunnskóla til háskóla. Héraðsskólinn hefur þegar verið sameinaður menntaskólanum. Því vil ég spyrja um framhaldið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. dómsmrh. svarar þessari fsp. í fjarveru hæstv. menntmrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við 1. lið fsp. vil ég segja þetta: Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á stöðu héraðsskólanna vegna breyttrar skólaskipunar í landinu. Efstu bekkir grunnskóla eru nú starfræktir á mun fleiri stöðum en áður auk þess sem framhaldsskólum hefur fjölgað að mun. Þetta hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt hefur verið að taka starfsemi héraðsskólanna til endurskoðunar og sumir þeirra hafa þegar fengið nýtt hlutverk. Í stuttu máli er staðan sem hér greinir að því er varðar einstaka skóla:

Héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði. Skólanum var breytt í skólabúðir fyrir nokkrum árum og hefur sú starfsemi gefið góða raun.

Héraðsskólinn á Laugum. Skólanum var breytt í framhaldsskóla fyrir nokkrum árum og er nú starfrækt þar tveggja ára framhaldsnám.

Héraðsskólinn á Laugarvatni. Í skólanum hefur verið 9. og 10. bekkur grunnskóla. Starfsemin var sameinuð Menntaskólanum á Laugarvatni á þessu hausti.

Héraðsskólinn á Núpi. Við skólann er starfræktur 10. bekkur grunnskóla og eins árs framhaldsnám. Gert er ráð fyrir að skólinn starfi í framtíðinni sem hluti af samhæfðu framhaldsskólakerfi á Vestfjörðum.

Héraðsskólinn í Reykjanesi. Skólinn starfar ekki skólaárið 1991–1992 vegna nemendafæðar en menntmrn. mun hafa frumkvæði að því að skipuð verði nefnd til að ræða og gera tillögur um starfsemi í Reykjanesi sem gæti orðið byggðarlaginu til hagsbóta.

Alþýðuskólinn á Eiðum. Við skólann er starfræktur 10. bekkur grunnskóla og tveggja ára framhaldsnám. Ekki eru ráðgerðar breytingar á starfsemi hans.

Héraðsskólinn í Reykholti. Við skólann er nú starfrækt 1. og 2. ár framhaldsnáms.

Héraðsskólinn í Skógum. Við skólann eru nú efstu bekkir grunnskóla og eins árs framhaldsnám. Framhaldsnámið er í vetur starfrækt sem útibú frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og er þar um tilraun að ræða.

Eins og þetta yfirlit ber með sér er staða héraðsskólanna mismunandi eins og sakir standa. Ekki hefur verið mörkuð heildarstefna um framtíð þeirra en unnið verður að því máli í menntmrn. á næstunni.

Sem svar við 2. lið fsp. er þetta að segja: Það er ekki gert ráð fyrir að héraðsskólinn í Reykholti starfi nema út þetta skólaár og tillögur um nýtingu húsnæðis skólans verða undirbúnar nú á þessu hausti.

Um 3. lið fsp. sem fjallar um skólana á Laugarvatni er það að segja að héraðsskólinn, eins og áður hefur verið tekið fram, var sameinaður menntaskólanum. Á Laugarvatni starfa nú grunnskóli og menntaskóli auk Íþróttakennaraskólans. Þetta eru sjálfstæðar skólastofnanir og ráð fyrir því gert að þær starfi áfram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög athyglisverðu máli og tímabært að það sé gert. Ég vil í þessu sambandi benda á að nú er svo komið að framhaldsskólarnir, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og víða úti um land eru að springa og þar eru á næstu árum fyrirsjáanlegar stórfelldar fjárfestingar til þess að anna þörfinni fyrir framhaldsskólastigið. Ég vil því eindregið hvetja til þess að endurskoðun á hlutverki héraðsskólanna verði mjög hraðað og það kannað hvort þeir geti ekki á einhvern hátt fyllt upp í þá þörf sem er öllum aðilum til hagsbóta. Ég bendi á það að eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur héraðsskólanum á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu verið breytt í framhaldsskóla. Það var þyrnum stráð braut en menn höfðu bæði þolinmæði og kjark til þess að halda út og það sannar sig rækilega í dag í minu kjördæmi að þar voru stigin rétt spor.

Að lokum bendi ég á það að ég held að það sé tímabært að á Alþingi verði tekin upp gagnger umræða um skólamál og þá sérstaklega framhaldsskólastigið og stöðu þess.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Varðandi Reykholt vil ég segja það fyrst að ég held að það sé mjög mikilvæg yfirlýsing sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. hér áðan að aflétt verði óvissu um framtíð skólastarfs í Reykholti núna fyrir áramót þannig að samhliða afgreiðslu fjárlaga verði tekin ákvörðun um það hvernig því starfi verði háttað og þá sérstaklega það hvort ríkisstjórnin er tilbúin til samstarfs við Menningar- og fræðslusamband alþýðu um skólastarf í Reykholti í framhaldi af því starfi sem verið hefur. Sá undirbúningur er í raun og veru frá genginn. Það liggja fyrir drög að samkomulagi um það mál og það er að mínu mati afar mikilvægt að menn lendi þessu máli með Reykholt þannig að þar þurfi ekki að vera óvissa kannski árum eða a.m.k. missirum saman.

Í öðru lagi í sambandi við Reykjanes ætla ég ekki að segja margt um það núna nema ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra. Mér heyrðist í svarinu að það ætti að skipa nefnd til að fara í Reykjanesmálið sérstaklega. Það væri fróðlegt fyrir þingheim að vita hverjir eigi að vera í þeirri nefnd. Ég vil segja fyrir mitt leyti að mér finnst mjög sérkennilega að hlutum

staðið í Reyjanesi (Forseti hringir.) og hefði talið eðlilegt að starfrækja nám í Reykjanesi sem hluta af hinum samhæfða framhaldsskóla á Vestfjörðum eins og ákveðið hefur verið í sambandi við Núpsskóla og rakið var hér áðan.

Varðandi Laugarvatn vil ég segja það að mér fannst fróðlegt að heyra að ráðuneytið vinnur áfram eftir þeim áætlunum sem gerðar höfðu verið um samhæfingu allra skólanna á Laugarvatni frá grunnskóla til háskólastigs. Ég held að það sé mjög mikilvægt að því verði þannig haldið áfram og tek svo að lokum undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að það er nauðsynlegt að taka hér umræðulotu um skólamál strax og hæstv. menntmrh. sjálfur lætur svo lítið að láta sjá sig í þessum sal.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fsp. því hún á fullan rétt á sér. Ég vil líka taka undir það sjónarmið að hér fari fram almenn umræða um skólamál því að þar þarf sannarlega um margt að tala.

En út af því sem hæstv. dómsmrh. skýrði frá varðandi það að Reykjanesskóli hefði verið lagður niður vegna nemendafæðar, þá vil ég upplýsa hann og aðra um það að það voru ekkert færri nemendur sem þar sóttu um skólavist og hefðu verið þar við nám í vetur en verið hafa undanfarna vetur. Það skýtur skökku við að ráða skólastjóra og kennara að skóla sem á að leggja niður 25. júlí í sumar. Öll vinnubrögð menntmrn. og menntmrh. í þessum efnum eru hneyksli. Ég hef ekki tækifæri til þess nú hér við þessa athugasemd við fyrirspurn að gera þessi mál að umræðuefni, en þegar almenn skólamálaumræða fer fram, þá mun ég taka þátt í henni og þá ekki síst vegna aðgerða menntmrh. og menntmrn. varðandi Reykjanesskólann og það ofbeldi sem þar var sýnt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa það að nú þegar liggur fyrir að það mun verða utandagskrárumræða um skólamálin nk. mánudag, en þá verður hæstv. menntmrh. kominn til landsins og hann hefur nú þegar samþykkt það að sú umræða fari fram á mánudag.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka fyrir það að þessi fsp. skuli vera komin fram og vil taka undir það sem kom fram í máli hæstv. starfandi menntmrh. að heildarstefna í þessum málum hvað varðar héraðsskólana hefur alls ekki verið mótuð. Það er orðið mjög brýnt að setja á stofn nefnd sem mundi fjalla virkilega um það hvað á að gera við húsnæði héraðsskólanna sem ríkið á úti um allt land. Málefni Reykjanesskólans er málefni alveg sérstaks eðlis því að þar er sú leið farin að leggja niður skólann án nokkurs fyrirvara, án þess að skoða þau mál nokkuð fyrst. Hvað varðar Reykholt er þó starfandi nefnd og skólinn starfar þar í vetur þannig að það er þó frekar hægt að hugsa sér að það verði búið að finna leið til þess að halda honum áfram gangandi á næsta ári en það var ekki fyrir hendi þegar Reykjanesskólinn var fyrirvaralaust lagður niður. Og mótmæli við þá ráðstöfun hafa reyndar komið fram frá öllum þingmönnum Vestfjarða. Þar hafa verið inni nemendur sem hvergi eiga athvarf í öðrum skólum og ekki hvað síst héðan af höfuðborgarsvæðinu og það er tími til kominn að þau mál séu skoðuð í samhengi við skólastefnu yfirvalda.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn hér þakka fyrir þessa fsp. Hún hefur vakið upp forvitnilegar umræður. En það sem ég hnaut sérstaklega um var það í svari hæstv. dómsmrh. sem vék að Héraðsskólanum í Reykjanesi. Mér heyrðist hann taka þannig til orða að ákvörðun hefði verið tekin um að leggja þann skóla niður.

Eftir því sem menntmrh. gaf út gagnvart okkur þingmönnum, þá var yfirlýsingin á þá lund að hún gilti einungis um yfirstandandi skólaár og ekki lengur. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort þarna hafi orðið breyting á, hvort menn hafi tekið ákvörðun til lengri tíma, áður en búið var að gefa þessa yfirlýsingu út. Ég vil einnig minna á að það er að mínu viti ákaflega erfitt að taka alla héraðsskóla landsins undir eina nefnd og reyna að leysa þau mál á heildargrundvelli. Það verður líka að gæta að því að hver skóli er í sínu umhverfi og hefur haft sitt hlutverk og það verður að leysa málefni hvers þeirra á sínum forsendum.

Ég vil svo að lokum minna forseta á að það hefur verið beðið um utandagskrárumræðu um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi.

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. starfandi menntmrh. Því miður fékk ég það staðfest í svörum hans, sem ég óttaðist mjög, að ráðuneytið hefur ekki mótað sér neina ákveðna stefnu í málefnum þessara skóla og ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það er mjög nauðsynlegt að hraða þeirri vinnu að móta heildarstefnu og hefði þurft að gera áður en farið var út í aðgerðir eins og við skólann í Reykjanesi. Og ég vil taka undir það sem hefur komið hjá hv. þm. Vestf. hér á undan.

Ég hefði gjarnan viljað fá að vita eitthvað um vilja eða viðhorf hæstv. menntmrh. en því miður var þess ekki kostur þar sem hann er fjarstaddur og starfsmönnum hans í ráðuneytinu virðist greinilega ekki hafa verið kunnugt um vilja hans þar sem þessi vinna hefur ekki farið í gang.

Ég vil bara ítreka það og taka undir það sem fram hefur komið að það er mjög mikilvægt að fara strax af stað við að móta þessa heildarstefnu og áður en til fleiri aðgerða kemur í málefnum þessara skóla.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna athugasemdar hv. 5. þm. Vestf. vil ég ítreka það að í svari mínu um Reykjanesskóla var það eitt sagt að starfsemi færi þar ekki fram á skólaárinu 1991–1992 og hins vegar að skipuð yrði nefnd til þess að gera tillögur um starfsemi í Reykja-

nesi í þeim tilgangi sem þjónaði hagsmunum byggðarlagsins.

Endurskoðun almannatryggingalaga, ein umr.

Fsp. FI, 20. mál. — Þskj. 20.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn sú, sem ég hef lagt fram til hæstv. heilbr.- og trmrh., um endurskoðun almannatryggingalaga, kemur fram á þskj. 20 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi frumvarp það um almannatryggingar sem fyrrv. heilbr.- og trmrh. lagði fram á síðasta þingi og ekki var afgreitt?

Ef ekki, hyggst þá ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, um almannatryggingar, og þá með hvað að markmiði?"

Fyrrv. heilbrrh. skipaði nefnd til þess að endurskoða lög um almannatryggingar. Það var í árslok 1987. Hún starfaði frá upphafi árs 1988 og fram í september 1990 og skilaði af sér frv. til laga um heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum.

Flestir þingflokkar, sem þá áttu sæti á þingi, áttu aðild að þessari nefnd. Þó var Kvennalistinn ekki aðili að nefndinni og á síðustu stigum nefndarstarfsins komu aðilar vinnumarkaðarins þar að, fulltrúar frá ASÍ og Vinnuveitendasambandi Íslands. Hv. fyrrv. þm., Árni Gunnarsson, var fulltrúi Alþfl. í þessari nefnd. Hann skrifaði undir nefndarálitið og studdi það sem þar kom fram en án þess að binda Alþfl. sem þingflokk í þeim stuðningi. Í fyrrv. ríkisstjórn settu fulltrúar Alþfl. sig hins vegar upp á móti þessu frv. og treystu sér ekki til að leggja það fram eða standa að samþykkt þess á Alþingi, fyrst og fremst af þeirri ástæðu að þar var gert ráð fyrir tekjutengingu ellilífeyris.

Núna, þegar maður lítur á frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og lítur á bls. 330, þá ætla ég að vitna þar í tvær setningar, með leyfi forseta:

„Tengslum almannatrygginga við lífeyristryggingar utan almannatryggingakerfisins verður komið á fastan grundvöll. Við það er gert ráð fyrir að lífeyristryggingar í heild lækki um 330 millj. kr."

Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að á fjárlögum næsta árs verði lífeyristryggingar lækkaðar um 330 millj. kr. Af þessu verður ekki annað ráðið en að gert sé ráð fyrir því að tekjutengja lífeyri almannatrygginga, þ.e. grunnlífeyrinn. Ef svo er, þá eru það nokkuð nýjar fréttir að þeir stjórnmálaflokkar, sem núna mynda meiri hluta hér á Alþingi, Alþfl. og Sjálfstfl., ætli að taka þessa tekjutengingu upp. Það var ítrekað reynt allan þann tíma sem fyrri ríkisstjórn starfaði að fá Alþfl. til fylgis við þessa stefnu að tekjutengja lífeyri lífeyristrygginga. Það var aldrei hægt. Sjálfstæðismenn, sérstaklega þeir sem þátt tóku í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjavík, skrifuðu margar greinar í Morgunblaðið um að þetta væri heilagur réttur sem lífeyrisþegar hefðu unnið sér inn og hann mætti aldrei snerta. En nú kemur það sem sagt í ljós að þessar hugmyndir eru uppi.

Að lokum, virðulegi forseti. Útgjöld til tryggingamála munu aukast um hundruð millj. kr. á næstu árum verði ekkert að gert í almannatryggingalögunum og verði þau lög ekki tekin til endurskoðunar. Sú endurskoðun, sem fram fór á vegum fyrri ríkisstjórnar, hafði það að markmiði að færa til innan rammans, eins og við kölluðum það, þ.e. að koma í veg fyrir útgjaldasprengju sem yfirvofandi var í tryggingamálum, að færa frá þeim sem búa við góðar aðstæður og fá bætur út úr almannatryggingunum til þeirra sem búa við afskaplega erfiðar aðstæður og lök kjör.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 20 er spurt um þrjú efnisatriði. Fyrsta spurningin er: „Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi frumvarp það um almannatryggingar sem fyrrv. heilbr.- og trmrh. lagði fram á síðasta þingi og ekki var afgreitt?" Svarið er nei.

Spurt er: „Ef ekki, hyggst þá ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, um almannatryggingar?" Svarið er já.

Þriðja spurningin er: Með hvað að markmiði verður sú endurskoðun látin fara fram? Markmiðið er endurskipulagning stjórnunar, samræming bótaflokka, einföldun kerfisins og aukin skilvirkni.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. skýr svör. Af orðum hans má ráða og það er alveg skýrt að það á að fara fram heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum. En hann svaraði ekki því sem mér finnst mestu máli skipta nú og því ítreka ég spurningu mína hér úr þessum ræðustóli til hæstv. heilbr.- og trmrh.: Þýða þessar 330 millj. kr. lækkun á lífeyristryggingunum fyrir næsta ár að það eigi að tekjutengja lífeyrinn? Ef svo er, þá verð ég einnig að spyrja: Hvað er það þá í því frv., sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram á Alþingi, sem Alþfl. getur ekki stutt?

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir því að spara milli 300 og 400 millj. kr. á almannatryggingakerfinu. Augljóst er að sú endurskoðun, sem hæstv. ráðherra var að tala um hér áðan, mun ekki skila sér inn í þingið ef um viðamikla endurskoðun er að ræða þannig að hún hafi áhrif á útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins á næsta ári. Sá sparnaður, sem um er að ræða í fjárlagafrv., hlýtur því að vera á takmörkuðum þætti trygginganna, væntanlega þá að því er varðar tekjutryggingu elli- og örorkulífeyris. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt fyrir þingheim, bæði fjárln. og heilbr.- og trn. Alþingis, að fá um það upplýsingar hjá ráðherranum núna með hvaða hætti menn sjá fyrir sér þennan niðurskurð á útgjöldum lífeyristrygginganna upp á 300–400 millj. kr. og því vil ég taka undir þá fyrirspurn sem fram

kom hér áðan hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Sú endurskoðun sem rætt var um er þegar hafin. Hliðsjón verður að sjálfsögðu höfð af þeirri vinnu sem unnin hefur verið, m.a. að tilhlutan síðasta ráðherra þessa málaflokks. Við munum leggja fram frv. um endurskoðaðar almannatryggingar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þá munu þingmenn geta tekið afstöðu til niðurstöðunnar af þeirri endurskoðun sem nú fer fram þannig að afgreiðslan mun að sjálfsögðu vera í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar eins og þeim er lýst í stjórnarsáttmála og eins og er komið fram í fjárlögum.

10. FUNDUR

fimmtudaginn 17. okt.,
að loknum 9. fundi.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill í upphafi fundar taka fram að hér fer fram framhald utandagskrárumræðu um sjávarútvegsmál og mun hún hefjast um klukkan tvö. — [Fundarhlé.]

Íþróttakennsla í framhaldsskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HN, 34. mál. — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til menntmn. með 34 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 35, um stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins, sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Framsfl. Samkvæmt frv. þessu er ríkisstjórninni falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Skipaútgerðin hf. og skal leggja til þess allar eignir Skipaútgerðar ríkisins, þ.e. skip, fasteignir og allt fylgifé. Jafnframt er heimilt að selja 40% hlutafjár hins nýja félags og skulu starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins, umboðsmenn og viðskiptavinir hennar fá forkaupsrétt að þessu hlutafé.

Á síðustu árum hafa aðstæður breyst mikið í rekstri skipafélaga og hefur verið nauðsynlegt að aðlaga starfsemi þeirra í samræmi við það til þess að ná fram hagkvæmari rekstri. Það er auðveldara að gera slíkar breytingar ef rekstur fyrirtækisins verður sjálfstæðari eins og verða mun með því að breyta Skipaútgerð ríkisins í hlutafélag og jafnframt er þá hægt að ná samvinnu við hagsmunaaðila með beinni eignaraðild þeirra að fyrirtækinu.

Allt frá stofnun Skipaútgerðar ríkisins árið 1929 hefur hún þjónað landsbyggðinni með ágætum en fengið til þess árlegar greiðslur úr ríkissjóði til að standa undir þjónustunni. Verulegur árangur hefur þó náðst í hagræðingu á síðustu árum til þess að draga úr þeirri greiðsluþörf.

Með þeirri breytingu sem í frv. felst telja flm. að lagður sé grundvöllur að því að ná lengra í þá átt þannig að greiðslur úr ríkissjóði geti farið lækkandi. Nauðsynlegt er þó, eins og kveðið er á um í 6. gr. frv., að samgrh. geri þjónustusamning við hið nýja hlutafélag þar sem kveðið skal á um þjónustuskyldur félagsins við afskekktar hafnir landsins og um endurgjald fyrir þá þjónustu.

Fyrir nokkrum vikum tilkynnti hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, að hann hefði falið stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins að setja eitt af þremur skipum fyrirtækisins á söluskrá og segja upp samningi við Samskip hf. um Færeyjasiglingar. Jafnframt hefði ríkisstjórnin ákveðið að starfsemi Skipaútgerðar ríkisins yrði endurmetin og kannað hvort tímabært væri að hætta rekstri fyrirtækisins.

Að mati okkar flutningsmanna er þarna um skammsýna ákvörðun að ræða og byrjað á öfugum enda. Skipaútgerðin gerði þennan samning um Færeyjasiglingar fyrir nokkrum árum. Sá samningur hefur gert Skipaútgerðinni kleift að bæta þjónustu við nokkra staði á landinu og ná jafnframt fram aukinni hagkvæmni í rekstri vegna þess ávinnings sem Færeyjaflutningarnir hafa gefið. Ef á að endurskipuleggja rekstur og jafnvel að selja fyrirtækið, þá er það undarleg ráðstöfun að byrja á að kippa einni styrkustu stoðinni undan rekstrinum og rýra þannig stórlega verðmæti fyrirtækisins. Það brugðust líka margir hart við þegar hæstv. samgrh. hafði tilkynnt þetta. Mótmæli bárust frá viðskiptavinum og fleiri aðilum víðs vegar um land. Innflytjendur og samtök þeirra hér í Reykjavík lýstu yfir áhuga sínum á að gerast þátttakendur í rekstri fyrirtækisins og leggja þannig fram sinn skerf til að gera rekstur þess hagkvæmari.

Níutíu og þrír af hundrað starfsmönnum Skipaútgerðarinnar skrifuðu undir þakkir til innflytjenda og lýstu einnig yfir vilja sínum til þess að taka þátt í slíkum rekstri.

Samdráttur í samgöngum er þungt áfall fyrir okkar dreifbýli því að fyrsta atriðið í öllum tillögum um að halda jafnvægi í byggð landsins eru greiðar og bættar samgöngur og þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Það hlýtur því að þurfa að vera alveg ljóst hvað

á að taka við ef breytingar á að gera á rekstri Skipaútgerðar ríkisins.

Færeyjasiglingarnar eru líka mikilvægur þáttur í samvinnu milli þessara landa. Alþingi er aðili að samvinnu milli Færeyja, Íslands og Grænlands með þátttöku í Norræna þingmannaráðinu og ýmsum fleiri samtökum og þar eru allir sammála um að undirstaða aukinnar samvinnu þessara landa séu greiðar samgöngur. Með ferðum Skipaútgerðar ríkisins til Færeyja hafa viðskiptin farið vaxandi og það væri því afturför ef þær yrðu lagðar niður.

Við framsóknarmenn viljum að sjálfsögðu draga úr útgjöldum ríkissjóðs með öllum skynsamlegum ráðum og teljum að með samþykkt þessa frv. sé hægt að ná verulegum árangri á því sviði án þess að draga úr þjónustu og stefna tilvist fámennra byggðarlaga í hættu. Við væntum þess að þetta frv. fái stuðning annarra hv. alþm. og það nái afgreiðslu sem fyrst áður en Skipaútgerð ríkisins verður fyrir tjóni.

Í grg. með frv. og einstökum greinum þess eru nánari skýringar á því hvað í frv. felst og tel ég ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og samgn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla að lýsa stuðningi við meginefni þessa frv. en aðeins vekja á því athygli að þarna er möguleiki á að stofna raunverulegt almenningshlutafélag.

Það rifjast upp í huga mér að þegar Þjóðverjar voru að byrja að rétta úr kútnum eftir síðari heimsstyrjöld, þegar þýska undrið varð til eins og svo var kallað þar sem á örfáum árum var byggt upp öflugt atvinnulíf á rústunum, þá voru einmitt almenningshlutafélög ein meginstoðin. T.d. voru Volkswagen-verksmiðjurnar þannig byggðar upp, almenningshlutafélagið nýja, að allir landsmenn gátu fengið að eignast hlutabréf að vissu marki. Sérstaklega var greitt fyrir starfsfólki. Það fékk gefins hlutabréf, beinlínis gefins, til þess að það hefði ákveðna hvöt til að vinna ötullega við uppbygginguna fyrirtækisins. Það var raunar gengið mun lengra. Þetta var nokkurs konar samhjálp í þjóðfélaginu að því leyti að þeir sem efnaminni voru fengu hlutabréf keypt með afslætti eða á lágu verði, þetta voru nokkurs konar fjölskyldubætur.

Það er hægt að gera margvíslega hluti þegar vilji er fyrir hendi. Auðvitað má segja að þessi félagsform, almenningshlutafélög og samvinnufélög, séu af sama meiði og það er ánægjulegt að ötulir samvinnumenn eins og flm. eru skuli sjá að þetta er heppilegra form í þessu tilfelli, og kannski langflestum tilfellum, heldur en samvinnufélögin. Þau hafa gert sitt gagn í gegnum tíðina. Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður þeirra en þó kannski meiri en menn halda. Ég hef stundum mætt, fyrir nokkuð löngu, á fundi samvinnumanna og gert grein fyrir mismun á samvinnufélögum og almenningshlutafélögum og hefur farið vel á með mér og t.d. fyrrv. forstjóra Sambands ísl. samvinnufélag og fleiri samvinnumönnum.

Ég tala þess vegna af heilum hug þegar ég bendi á að í nefnd þarf að athuga alla þessa kosti. Kannski er hægt að stofna þarna mjög öflugt félag sem gæti orðið arðvænlegt og skilað hagnaði en samt mikilli hagsæld til fólksins í landinu sem félagið þjónar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hef hér hlýtt á tvo hv. ræðumenn tala um rekstur Skipaútgerðar ríkisins og í þeim tóni sem menn bíði eftir því í löngum biðröðum að fá að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki. Þess er auðvitað að engu getið í ræðum þessara hv. þm. hver raunveruleg staða Skipaútgerðar ríkisins er og hvernig afkoma hennar hefur verið síðastliðin ár.

Ef við lítum til baka til síðasta áratugar, frá árinu 1981–1990, kemur í ljós að á verðlagi í júnílok á þessu ári námu opinberir styrkir til Skipaútgerðar ríkisins 3 milljörðum 36 millj. kr. Ef við horfum aftur til sl. árs þá kemur í ljós að samkvæmt fjárlögum var ætlað á verðlagi þess árs 169,4 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins, á verðlagi í júní 182,5 millj. Síðan var ákveðið að veita sérstyrk til Skipaútgerðar ríkisins að fjárhæð 586 millj. kr., miðað við verðlag í júnílok 631 millj. kr.

Þegar þannig hafði verið gengið frá og í stórum dráttum létt erfiðasta skuldabagganum af Skipaútgerð ríkisins var það ákvörðun fyrri ríkisstjórnar að láta við það sitja að til Skipaútgerðar ríkisins rynnu á þessu ári 134,4 millj. kr. og var einmitt talað í þeim anda sem ég heyrði hér áðan að það væri svo sem auðvelt að halda uppi því þjónustustigi sem Skipaútgerðin hefur gert með þrem skipum, koma við á hverjum þeim stað sem hún hefur komið við á o.s.frv. En samt sem áður átti að láta við það sitja vegna þess að svo ríflega hafði verið staðið að verki árið áður, ríflega 800 millj. kr. varið til Skipaútgerðar ríkisins, þá var talið að þetta mundi nú kannski duga. Ef hv. þm. fletta upp í frv. til fjáraukalaga, sem hér liggur fyrir þinginu, kemur í ljós að samkvæmt beiðni forstjóra og stjórnarnefndar Skipaútgerðar ríkisins er farið fram á að Alþingi veiti enn til viðbótar 100 millj. kr. til Skipaútgerðarinnar nú á þessu ári.

Það má auðvitað skrifa um það langa doðranta, herra forseti, að rétt sé að stofna almenningshlutafélag um slíkt fyrirtæki og kannski væri skynsamlegast að taka það líka fram að einhver einstakur mætti ekki eiga í fyrirtækinu nema svo og svo lítið, eins og menn stæðu í biðröðum til að fá að kaupa annað eins og því líkt sem auðvitað er ekki tilfellið.

Ég er síður en svo á móti því að breyta Skipaútgerð ríkisins í hlutafélag ef sú verður niðurstaðan að halda rekstri hennar áfram á þeim grunni sem hún er á núna sem mundi auðvitað hafa það í för með sér að slíkt fyrirtæki yrði sjálft að bera ábyrgð á sínum fjárskuldbindingum og gæti ekki hlaupið til og beðið samgrrn. og Alþingi um að rétta fyrirtækið af svona einu sinni eða tvisvar á ári.

Ég vil vekja athygli á 6. gr. þessa frv., herra forseti, sem hljóðar svo:

„Samgrh. skal gera þjónustusamning við hið nýja

hlutafélag þar sem kveðið skal á um þjónustuskyldur félagsins við afskekktar hafnir landsins og um endurgjald fyrir þá þjónustu."

Ég geri mér ekki algerlega ljóst um hvað verið er að tala í þessari grein. Það var ekki gerð glögg grein fyrir því í ræðu hv. flm. og ekki heldur í grg. með frv. Spurning er hins vegar hvaða staði hér er verið að tala um. Ég hef beðið um að tekið sé saman yfirlit yfir þá staði sem Skipaútgerð ríkisins þjónar í dag og yrðu taldir illa settir ef þjónusta legðist af. Miðað við flutninga á árinu 1990 lítur dæmið þannig úr: Til Norðurfjarðar voru flutt 426 tonn, frá Norðurfirði 146 tonn, til Hólmavíkur 552 tonn, ekki eitt einasta tonn frá Hólmavík, til Borgarfjarðar eystri 253 tonn, þaðan 166 tonn, til Kópaskers 441 tonn, frá Kópaskeri 21 tonn, til Bakkafjarðar 170 tonn, frá Bakkafirði 163, til Mjóafjarðar 44 tonn, frá Mjóafirði 1 tonn. Samtals 1886 tonn til þessara staða og 497 tonn frá þeim. Ef flutningur á áburði og sementi er tekinn frá erum við að tala um 1122 tonn. Af öðrum flutningum erum við að tala um 764 tonn til þessara staða.

Ef við t.d. veltum því fyrir okkur, svo við tökum staði eins og Kópasker, hvort lagt sé upp úr að vera með fastar áætlunarferðir þangað kemur í ljós að Skipaútgerð ríkisins kýs heldur að þjóna þeim stað með vöruflutningum á landi frá Raufarhöfn. Við getum auðvitað bætt við stöðum. Það er álitamál hvaða staði brýnast er að Skipaútgerð ríkisins sinni en þegar við erum að tala um þessa staði þá hljótum við líka um leið að velta fyrir okkur hverju er til kostað.

Ég vil vekja athygli hv. þingdeildarmanna á því (**Gripið fram í:** Það er búið að afnema deildaskiptinguna.) alþingismanna á því að samgöngur á landi hafa batnað mjög verulega á liðnum árum og það er t.d. komið svo að stöðum á Snæfellsnesi og Norðvesturlandi er að mjög óverulegu leyti sinnt af Skipaútgerð ríkisins ef við skiljum undan Sauðárkrók og Siglufjörð. Ég vil líka vekja athygli á því að þeir Færeyjasamningar sem talað er um eru gerðir við Samskip. Samskip rekur myndarlega skipaútgerð, hefur annast flutninga fyrir annað þeirra sölufyrirtækja sem eru í frystum fiski en umsvif þess eru einmitt mjög mikil á Austurlandi. Ég reikna með því að þeir sem mest hafa gert úr hagnaðinum af Færeyjasiglingunum telji nú að Samskip hljóti bráðum að fara að hugsa sér til hreyfings og fá þennan feita bita aftur ef það er rétt sem svo sterklega er gefið í skyn að þessi viðskipti gefi svo mikið af sér. Ég held að það sé líka nauðsynlegt fyrir hv. þm. að átta sig á því að flutningar með Skipaútgerð ríkisins eru minnkandi, sérstaklega ef við undanskiljum Færeyjasiglingarnar. Ég vík aðeins að þeim nokkrum orðum.

Það er álitamál hvernig á að fara með kostnað og tekjur af einum viðkomustað þegar komið er við á mörgum stöðum. Einlægast og skynsamlegast sýnist að reyna að reikna hvern stað út fyrir sig á sömu forsendum. Það hefur hins vegar ekki verið gert af þeim sem hafa talið Færeyjasiglingarnar ábatasamar. Hitt hygg ég að liggi ljóst fyrir að með því að fækka um eitt skip hjá Skipaútgerð ríkisins er hægt að halda uppi viðhlítandi þjónustustigi með ströndinni, hvernig sem á það er litið, og auðvitað mun það spara mikið í rekstrarkostnaði við það fyrirtæki ef það verður áfram rekið.

Ég vil líka leggja áherslu á að Skipaútgerð ríkisins stendur frammi fyrir mikilli fjárfestingu, í fyrsta lagi vegna þess að búið er að segja upp þeim samningum sem hún hefur haft um sína skipaafgreiðslu og þess vegna er óhjákvæmilegt ef rekstur heldur áfram að ráðast í byggingu á nýrri vöruskemmu hér inn við sundin og í öðru lagi vegna þess að skip Skipaútgerðarinnar eru ekki byggð til að flytja mikið magn gáma og má því færa rök fyrir því að þau nýtist ekki við strandflutninga sem skyldi. Óhjákvæmilegt er því af þeim sökum líka að hugsa til nokkurrar fjárfestingar og verulegrar fjárfestingar ef hugmyndin er að halda rekstrinum áfram með þrem skipum eins og mér skilst að hv. þingmenn kjósi.

Ég fékk bréf frá Kaupmannasamtökunum, frá sambandi stórkaupmanna þar sem þeir lýstu áhuga sínum á því að fá að fylgjast með þeim umræðum sem yrðu um rekstur Skipaútgerðar ríkisins, hvort þar væru einhverjar hugmyndir um breytingar. Eins og ég hafði búist við hafa Kaupmannasamtökin ekki áhuga á að leggja fram fjármagn til strandsiglinga þannig að auðvitað er ekki um það að tala að þar sé í neina sjóði að fara. Á hinn bóginn sögðust þeir hafa af því þungar áhyggjur að ekki væri nægilega vel séð fyrir skemmum fyrir vöruflutninga hér á svæði Reykjavíkurhafnar. Það er vitaskuld mál sem Alþingi kemur ekki við né samgönguráðherra, hvernig Reykjavíkurborg fjárfestir eða telur sér nauðsynlegt að fjárfesta í hafnarmannvirkjum, og vitaskuld benti ég Kaupmannasamtökunum á að kynna þessi mál fyrir borgarstjórn Reykjavíkur jafnframt því sem ég taldi að Kaupmannasamtökin gætu leitað eftir samningum við þau tvö skipafélög sem mest koma við strandsiglingar og millilandasiglingar. Þá er ég að tala um Eimskipafélagið og Samskip, en vitaskuld er það ekki hlutverk Skipaútgerðarinnar að reka millilandasiglingar, enda hefur Skipaútgerðin gert það í umboði annars skipafélags og veit ég ekki betur en það samstarf hafi verið mjög náið. Það mun svo koma í ljós á næstu dögum geri ég ráð fyrir.

Ég hef hugsað mér að hafa samband við bæði stjórnendur Samskipa og Eimskipafélags Íslands í næstu viku, eftir að úttektin liggur fyrir á rekstri og framtíðarskipulagi á strandsiglingum, um það hvaða hugmyndir þeir hafi í þeim efnum, hvort þeir geti hugsað sér að taka rekstur Skipaútgerðar ríkisins að einhverju leyti yfir, hvort þeir telji það kannski fremur samræmast sínum hagsmunum að koma þar hvergi nærri eða hvernig þeir vilja haga sér.

Herra forseti. Ég stóð frammi fyrir því áður en fjárlagafrv. var lagt fram að velta því fyrir mér hvernig fjármunum til samgöngumála væri best fyrir komið. Það var auðvelt að fara þá leið að skera framlög til vegamála niður um sambærilega fjárhæð og nemur rekstrarstyrk Skipaútgerðar ríkisins á þessu ári, um 250 millj. kr. eða svo. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að væri fólk á hinum smærri stöðum sem ég hef vitnað til

spurt að því nú á þessari stundu hvort það hefði heldur kosið að taka framlög til Skipaútgerðar ríkisins á síðasta ári og þessu til samgöngubóta — við erum þar að tala um 1,1 milljarð kr. — eða til þessa hallarekstrar sem ég hef verið að lýsa hefðu ýmsir getað bent á hitt, að nauðsynlegra hefði verið að bæta samgöngurnar.

Ég get farið aðeins í kringum landið. Hér þarf ekki að fara ítarlega í hvern stað. Þingmenn þekkja til á landsbyggðinni. Við getum byrjað á Hálfdáni og velt fyrir okkur hvaða þýðingu það hefur fyrir Suðurfirðina ef hægt yrði að ná samkomulagi um eitt hafnarsamlag á því svæði. Þá mundi það auðvitað í senn lækka kostnað við farmflutninga þangað og um leið draga úr nauðsyn á hafnarframkvæmdum á hverjum stað fyrir sig.

Við getum líka velt því fyrir okkur, þegar búið er að kaupa nýja ferju fyrir þá í Djúpinu og við sjáum fram á að jarðgöng verða lögð í gegnum Breiðadalsheiði og Botnsheiði á næstu árum, hvort ekki sé á næsta leiti hafnarsamlag við Djúpið þannig að þeim muni duga ein vöruhöfn á þeim slóðum. Þeir gætu líka sparað flugvelli og ýmis önnur opinber mannvirki sem voru raunar höfuðrökin fyrir því að ráðist var í jarðgöngin nú á sl. vori. Ég geri ráð fyrir að góður vilji sé til þess á Norðurfjörðum að ræða um það hvernig hægt sé að koma við meira öryggi og meiri hagkvæmni í strandsiglingum og býst við að þeir séu opnir fyrir öllum möguleikum í því efni.

Það má auðvitað líka velta því fyrir sér, af því að margir hafa gaman af því að tala um Norðurfirði, Skipaútgerð ríkisins hefur komið þangað á hálfsmánaðarfresti, hvort kannski væri svigrúm fyrir Djúpbátinn til að skjótast þangað, fyrir þann bát sem annast Grímseyjarsiglingar eða fyrir bát frá Hólmavík. Hitt vekur aftur minni athygli og um það er minna spurt að samkvæmt reglugerð á að löggilda það nú um næstu áramót að tveir flugmenn skuli vera í hverri flugvél, hvort sem hún fer með póst, vörur eða fólk, hversu lítil sem hún er. En skoðun allra þeirra sem nálægt flugrekstri hafa komið er sú að ógjörningur sé að hugsa sér það að ströndum verði sinnt með sama hætti og verið hefur án þess að opinber styrkur komi til. Ég hef hins vegar ekki orðið var við áhyggjur út af því.

Við getum líka velt því fyrir okkur, svo að ég fari í Eyjafjörð, að enn er nokkur spölur sem ekki hefur verið byggður upp og ekki er lagður varanlegu slitlagi milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Það má vera að einhverjum mundi finnast skynsamlegt að leggja áherslu á að þetta yrði næsti kaflinn í samgöngubótum þar til að hægt yrði að stofna eitt hafnarsamlag við utanverðan Eyjafjörð. Hið sama má segja um staðina á Austurlandi, að auðvitað standa byggðirnar frammi fyrir því að reyna að sameina sig um vöruhafnir, líka vegna þess að þróunin hefur verið sú að flutningaskipin hafa verið að stækka og ógjörningur að hugsa sér að hið opinbera stækki og dýpki allar hafnir hringinn í kringum landið til að mæta þessum nýju tæknibreytingum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, fagna því að þeir þingmenn sem talað hafa og þeir þingmenn, sem flytja frv. til laga um stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins, gera sér með orðum sínum hér áðan og með þessum frumvarpsflutningi grein fyrir að það gengur ekki að halda rekstri Skipaútgerðar ríkisins áfram í því horfi sem hún er. Mér þykir vænt um að í frv. kemur fram sterkur vilji til að finna leið og ráð til að hægt sé að draga úr þeim miklu framlögum sem ríkið hefur á þessu ári og undanförnum árum orðið að borga til þessa rekstrar, skilningur á því að opinber útgerð af þessu tagi án nauðsynlegs aðhalds er úrelt fyrirbæri. Þess vegna veit ég að hér innan þingsins mun verða friður um að reyna að finna hverja þá lausn, hvort sem hún verður nákvæmlega eftir höfði flm. eða með öðrum hætti, að hægt sé að tryggja gott þjónustustig, eins og sagt er, í farmflutningum hringinn í kringum landið og að rétt sé að leita samstarfs við hvern þann aðila sem reiðubúinn er til að koma inn í þessa þjónustu, síðast en ekki síst kannski með því að aðlaga skipaeða strandsiglingar meira að rekstri flóabáta en verið hefur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Varðandi frv. sem hér liggur fyrir má segja að um er að ræða viðleitni til þess að endurskipuleggja þann rekstur farmflutninga á sjó sem verið hefur á undanförnum áratugum. Vissulega er rétt að það er viðleitni til að bregðast við að nokkru leyti breyttum aðstæðum og nýjum hugsunarhætti.

Um meginatriði frv. tel ég að að mörgu leyti sé eðlilegt að skoða til hlítar það að fara þessa leið, að breyta þessu félagi í hlutafélag og fá til samstarfs aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skipaútgerðar um land allt. Frv. er í meginatriðum samhljóða tillögum sem stjórnarnefnd um Skipaútgerð ríkisins hefur verið með á sínu borði frá sl. vetri og hafa verið kynntar bæði fyrrv. og núv. hæstv. samgrh.

Auðvitað hlýtur fyrsta spurningin að vera þessi: Til hvers menn eru að reka félagið? Það er eðlilegt að menn spyrji sig að því við og við til að minna sig á það, þannig að menn beri ekki af leið og festist í einhverjum vafa. Að mínu viti er tilgangurinn í raun og veru sá sami nú og hann var á sínum tíma, þ.e. að veita landsbyggðinni þjónustu, tengja hana við höfuðborgarsvæðið og höfuðborgarsvæðið við landsbyggðina og líka, sem stundum gleymist, tengja saman sveitarfélög innan landsbyggðarinnar. Tilgangur félagsins er líka að veita öðrum skipafélögum samkeppni til að halda verðinu niðri sem frekast er kostur. Þetta eru í raun og veru hin þríþættu markmið sem ég sé fyrir mér með rekstri félags af þessu tagi, þ.e. þjónusta, samkeppni og verð. Ég óttast að ef menn hætta að reka fyrirtæki eins og Skipaútgerð ríkisins án þess að nokkuð annað komi í staðinn muni verð hækka verulega á vöruflutningum bæði á sjó og landi vegna þess. Það er mín skoðun, sem ég hygg að ég geti rökstutt nokkuð ítarlega ef út í það er farið, að sú pólitíska ákvörðun að reka skipafélag með niðurgreiddri vöruþjónustu, eins og menn eru að gera með Skipaútgerð ríkisins, hefur haft áhrif á verðlag hjá öðrum aðilum sem eru í þessum flutningarekstri, hvort sem það er Eimskipafélag Ís-

lands, Samskip eða aðilar sem flytja á landi. Ef menn hætta þessum þætti, þessari niðurgreiðslu á farmgjöldum úr almannasjóðum, til hagsbóta fyrir landsbyggðina, óttast ég það að flutningskostnaður, sá reikningur sem landsbyggðin verður að borga fyrir flutning til og frá höfuðborgarsvæðinu, muni hækka um mörg hundruð milljónir.

Ég minni á, þegar menn ræða um þessa hluti, að því hefur verið lýst yfir af hálfu talsmanna Eimskipafélags Íslands að þeir hafi ekki áhuga á öðrum flutningum en þeim sem skila hagnaði. Þjónustustigið er í raun og veru ekki þeirra áhugamál, heldur einfaldlega að reka fyrirtæki og hirða það sem skilar ágóða hverju sinni. Hinir mega síðan eiga sig sem ekki búa á áhugaverðum stöðum á landinu.

Varðandi lýsingu hæstv. samgrh. á þeim styrkjum sem runnið hafa til Skipaútgerðarinnar á undanförnum tíu árum má reikna ýmsa hluti út á þennan veg. Ég er hræddur um að menn fái út háar tölur í hallarekstri ef menn ætla að reikna út fyrirtæki eins og Herjólf með sama hætti. Þess vegna er að mörgu að gæta þegar menn fara með tölur af þessum toga og það verður líka að gæta að því að fyrirtækið, Skipaútgerð ríkisins, hefur ekki fullt vald á sinni verðlagningu, á sinni gjaldskrá. Þetta er ríkisfyrirtæki sem er bundið ákvörðunum samgrh. hverju sinni um það hver gjaldskráin er og hve hún má hækka frá einum tíma til annars. Auðvitað hafa samgönguráðherrar á undanförnum árum nýtt þetta vald sitt og oft og tíðum horft til þess að menn eru í stöðugri viðleitni við að halda hér niðri verðbólgu og halda aftur af verðhækkunum í þjóðfélaginu. Því hefur hækkunin á gjaldskrá Skipaútgerðar ríkisins oft og tíðum verið minni en ráð var fyrir gert við afgreiðslu fjárlaga hvert sinn og í áætlunum fyrirtækisins um rekstur ár frá ári.

Hvað varðar það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um nauðsyn á 100 millj. kr. aukafjárveitingu á þessu ári vegna ársins 1991, er rétt að upplýsa að það lá þegar fyrir í áætlunum Skipaútgerðarinnar við afgreiðslu fjárlaga að það þyrfti um 220 millj. kr. ef reka ætti fyrirtækið á sömu forsendum og menn hafa ákveðið og tóku ákvörðun þá um að gera, forsendum um gjaldskrá og að öðru leyti hvernig fyrirtækið er rekið. Við afgreiðslu fjárlaga var hins vegar þessi tala skorin niður án þess að mönnum væru gefnar upp einhverjar nýjar forsendur til að reka fyrirtækið þannig að menn gætu mætt þeim niðurskurði. Þetta er ekki fyrsta árið sem slíkt kemur fyrir. Það má fara dálítið aftur í tímann, jafnvel aftur til áranna 1983–1987 og athuga hvernig menn afgreiddu og fóru með áætlanir fyrirtækisins um fjárframlög á þeim tíma án þess að mæta niðurskurði á þeim áætlunum með einhverjum öðrum hætti. Það verður að fara saman — ef menn hafa þá afstöðu að ætla að reka fyrirtæki sem eigi að þjónusta landsbyggðina og taka fyrir það gjald sem er minna en kostnaðurinn, og menn ætla að borga þann kostnað af sameiginlegum sjóðum — að ef menn eru ekki tilbúnir til þess að veita ríkisframlag fyrir þessum mismun hvílir sú ábyrgð á Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma að gefa mönnum upp forskrift fyrir því hvernig eigi að haga rekstri fyrirtækisins til að mæta því sem upp á vantar.

Það er sjálfsagt að athuga, eins og fram kemur hjá hæstv. ráðherra, samtengingu strandflutninga við flóabáta, en á það er rétt að benda að flóabátar eru almennt ekki búnir til þess að flytja gáma, hafa hvorki til þess aðstöðu um borð né gámana sjálfa og það kann að verða nokkuð snúið mál að umskipa vörunum í einhverjum söfnunarhöfnum um borð í flóabátana til flutnings þaðan. Og það er hugsanlegt að við nánari skoðun komi það upp að við það verði kostnaður jafnvel meiri en að fara með vöruna beint á viðkomandi höfn.

Ég hef svo sem áður lýst því yfir að ég væri tilbúinn til þess að skoða hugmyndir um breytingar á þessum rekstri, breytingar á formi. Formið er ekki aðalatriðið heldur markmiðin sem menn ætla að ná fram. Og ef menn eru sammála um hver þau markmið eru, að halda uppi þjónustu og halda uppi samkeppni, koma í veg fyrir óeðlilega einokun einstakra flutningsaðila og halda niðri verði, þá hygg ég að þingmenn geti á tiltölulega skömmum tíma náð samstöðu um afgreiðslu á frv. þessu. Það væri hægt að ná fram öllum þessum markmiðum með hlutafélagaforminu ef menn eru sammála um hver þau eru. Ég er hins vegar ekki alveg sannfærður um að allir séu sammála um að þetta sé markmiðið.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Skipaútgerð ríkisins hefur starfað allt frá árinu 1929 og hennar hlutverk var í upphafi og lengi vel mjög veigamikið. Hún sinnti svo að segja flutningum bæði á vörum og fólki vítt og breitt um landið. Á síðustu árum og áratugum hefur hlutverk Skipaútgerðarinnar breyst verulega þannig að viðkomustöðum hefur fækkað vegna þess að nýjar samgönguleiðir hafa orðið til. Eftir því sem vegagerð fleygir fram hafa samgöngur færst yfir á vegi landsins í staðinn fyrir á sjó. Farþegaflutningar Skipaútgerðarinar hafa svo að segja að öllu leyti lagst niður frá því að vera mestu farþegaflutningar hér á stríðsárunum og fyrstu árum eftir stríð. Þeir hafa farið fyrst og fremst yfir á flugvélarnar og með tilkomu nýrra og betri flugvalla og öruggari flugsamgangna hefur þessi þáttur Skipaútgerðarinnar að mestu leyti lagst niður.

Samhliða þessu hafa vöruflutningar annarra skipafélaga orðið mun meiri og það er skýring á því sem hæstv. samgrh. gat um að engir flutningar hafa verið frá þessum smáhöfnum vegna þess að það eru aðrir flutningar sem eiga sér stað í útflutningi en í innflutningi. Eigi að síður verður ekki frá því vikist að Skipaútgerðin hefur enn þá nokkru hlutverki að gegna og enn eru staðir sem komast ekki í öruggt samband við samgöngukerfið á næstu árum þó að hinir staðirnir séu fleiri sem verða ekki vandamál innan nokkurra ára. Þetta vandamál verður samfélagið að leysa. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að ríkja miklu meiri samkeppni í flutningum til og frá landinu. Hvað vöruflutninga snertir eru þeir að verulegu leyti að færast mjög á eina hendi, eina til tvær eða þrjár. En þarna

þurfa auðvitað að vera fleiri aðilar til þess að halda uppi samkeppni og á bak við það eru t.d. samþykktir Félags ísl. stórkaupmanna sem eru stærstu innflytjendur á vörum til landsins.

Út af fyrir sig er það ánægjulegt að heill þingflokkur, og það ekki ómerkari flokkur en allur Framsfl. hér á þingi, skuli flytja frv. um stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins. Einhvern tíma hefði það nú talist til stórtíðinda að Framsfl. tæki upp þessa afstöðu. Það er mjög ánægjulegt til að vita fyrir þá sem hafa verið hlynntir því sem hefur verið að gerast í Bretlandi á undanförnum árum að þangað sækir nú bara allur Framsfl. fyrirmynd sína, til frú Thatcher. Þeir vitna í að við sölu opinberra fyrirtækja í Bretlandi tíðkast að bjóða starfsmönnum hlutabréf á sérstökum kjörum. Sumir hafa talað frekar illa um gömlu konuna, en nú hafa opnast augu heils þingflokks fyrir því hvað hún hafi nú verið mild og góð og selt starfsfólki fyrirtækja bréf á sanngjörnu verði. Þetta út af fyrir sig er mjög ánægjulegt.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að stofna hlutafélag um strandsiglingar og vöruflutninga til og frá landinu. En ég saknaði þess í máli frsm. og 1. flm. þessa frv. að fá eiginlega engar skýringar með 1. gr., en þar segir:

„Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Skipaútgerðin hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

Að leggja allar eignir Skipaútgerðar ríkisins, þ.e. skip, fasteignir og allt fylgifé, til hins nýja félags." Passa þessar eignir? Eru þessi skip heppileg til frambúðar, bæði til að annast þjónustuna innan lands og sömuleiðis í millilandasiglingum? Það hefði verið mjög æskilegt að það hefði legið fyrir eitthvert álit um það.

Í öðru lagi á að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í félaginu. Það hefði líka verið fróðlegt að fá nokkurt yfirlit yfir það hvað hv. flm. hugsar sér í þessum efnum. Hvers virði telur hann að þessi skip, fasteignir og annað fylgifé séu og hverjar eru skuldir Skipaútgerðar ríkisins? Það eru ekki nema um 8–9 ár síðan að endurnýjaður var floti Skipaútgerðarinnar og farið var í mjög mikla fjárfestingu og sömuleiðis í byggingu hérna við Reykjavíkurhöfn. Þar með voru tekin ákaflega há lán sem þessi stofnun hefur ekki staðið undir og ég þekkti mjög vel til, a.m.k. um fjögurra ára skeið.

Í þriðja lagi er í þessu frv. lagt til að selja 40% hlutafjár í félaginu með þeirri takmörkun að enginn einn aðili geti eignast meira en 10% hlutafjár. Ég spyr: Af hverju leggja flm. til að takmarka sölu á þennan hátt þegar verið er að leggja niður óheftan ríkisrekstur og fara yfir í hlutafélag? Af hverju leggja þeir til að ríkið eigi áfram 60% hlutafjár en aðeins að bjóða út 40%? Ég tel að þeir hafi gengið allt of skammt hvað þetta snertir. Því ekki að stefna að því að selja allt hlutaféð eins og það leggur sig? Það er ekkert óeðlilegt við það að ríkið eigi e.t.v. einhvern hlut á meðan verið er að selja.

Hæstv. samgrh. minntist á þær breytingar sem verða nú á næstunni í samgöngumálum t.d. á Vestfjörðum með jarðgöngum í gegnum Breiðadals- og Botnsheiði sem færir auðvitað norðurbyggðir Vestfjarða saman þannig að ekki verður vandamál í þessum flutningamálum þar. Þegar kominn er fullkominn vegur yfir Hálfdán milli Bíldudals og Tálknafjarðar eru líka komnar mjög góðar samgöngur innan Vestur-Barðastrandarsýslu þannig að þörfin fyrir strandferðirnar fer minnkandi og aðrir aðilar gætu sinnt þeim. Hins vegar eru svo aftur sérstæður eins og Árneshreppur sem ekki breytist svo lengi sem við sjáum og það bil verður að brúa. Hv. flm. þessa frv. benda réttilega á þetta. En þeir setja inn í 6. gr. frv. að samgrh. skuli gera þjónustusamning við hið nýja hlutafélag þar sem kveðið skuli á um þjónustuskyldu félagsins við afskekktar hafnir landsins og um endurgjald fyrir þá þjónustu. Hvers vegna á það heima í þessu frv. um Skipaútgerðina hf. að ríki sé skylt lögum samkvæmt að gera eingöngu samninga við þennan eina aðila? Ég vil standa að því að sú kvöð fylgi að meðan ákveðnir hlutar af landinu búa við erfiðar samgöngur, eins og þær hafnir sem hæstv. samgrh. gat um, eigi ríkissjóður og Alþingi auðvitað að sjá um að þessi byggðarlög séu ekki svipt eðlilegum samgöngum. En að binda það í lögum að það eigi að vera eitthvert ákveðið hlutafélag sem ríkinu sé skylt að gera samning við, það tel ég ekki rétt. Ég tel að þetta hafi ekki verið nóg hugsað af hálfu hv. flm. þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég fagna því að menn séu almennt að hverfa frá þessum óhefta ríkisrekstri og algerum fjárskuldbindingum ríkisins og fara út á braut sem lagt er til með þessu frv. Ég tel rétt að þetta frv. fái eðlilega og þinglega meðferð en það þarf að svara ýmsum spurningum áður en Alþingi treystir sér að stíga slíkt skerf og sömuleiðis þarf Alþingi að kynna sér enn betur þau sjónarmið sem uppi eru hjá hæstv. samgrh. og ríkisstjórninni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kem hér upp er kannski það að hæstv. samgrh. fór nokkuð um víðan völl í ræðu sinni áðan, fór bæði á landi, legi og alla leið upp í himinblámann þegar hann blandaði flugsamgöngum inn í málið líka. Ræða hans var um tíma undir lokin farin að minna mig á hina gömlu, góðu daga í Ed. þegar þar var stundað alvörumálþóf, enda kom það í ljós að hæstv. ráðherra var enn þá með hugann við hið deildaskipta Alþingi.

En fyrst varðandi ræðu hv. 1. þm. Vestf. áðan og meiningar hans um það að við frjálslyndir framsóknarmenn ætluðum að fara að taka upp thatcherisma, þá er það alger misskilningur. Við erum hins vegar tilbúnir að taka undir frjálslynda stefnu í peningamálum og uppbyggingu atvinnulífsins en ég vil miklu frekar sækja fyrirmyndir til uppbyggingar og endurreisnar atvinnulífs í Þýskalandi en til thatcherismans sem að mínu viti byggir á hinni hörðu peningahyggju sem ég sé marga meinbugi á. Það hefur nú verið svo þegar við höfum flutt mál, sem við höfum talið til framfara í viðskiptaheiminum, hvort sem það hefur lotið að löggjöf

um samvinnufélög eða annað, höfum við nú alltaf átt hauk í horni þar sem er hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson.

Ég ætla einmitt í beinu framhaldi af þessu að víkja að nokkrum atriðum í máli ráðherrans. Það var eitt sem kom mér eiginlega mjög á óvart, því að ég þekki hæstv. samgrh. að því að vilja beita markaðslausnum helst alls staðar þar sem hægt er, að hann færði það sem rök gegn áframhaldandi rekstri Skipaútgerðar ríkisins, hvort sem væri í því formi sem hann er í í dag eða breyttu formi, að óhjákvæmilega þyrfti að efna til nokkurra fjárfestinga. Þar finnst mér nú Bleik brugðið ef talsmenn frjáls markaðsbúskapar leggjast gegn grundvallaratriði, að mínu mati, gegn slíku kerfi. Ég hef alltaf skilið það svo að það byggði á því að menn reyndu á hverjum tíma að nota hagkvæmustu tækni, en þyrftu þá óhjákvæmilega að grípa til nokkurrar fjárfestingar. Það er svo annað mál að í breyttu formi Skipaútgerðarinnar sem skipafélags í hlutafélagsformi verða allir aðilar málsins miklu betur meðvitaðir um sína ábyrgð. Ef samið er við ríkið um fasta upphæð fyrir þá þjónustu við afskekkta staði sem viðkomandi félag ætti að sinna, þá er félagið orðið stjórnunarlega og rekstrarlega miklu betur í stakk búið til að takast á við þessi verkefni og það verður þá ekkert sótt meira. Ef þetta dugir ekki til þá verður að sækja til eigendanna um nýtt hlutafé og það geta menn metið út frá þeim forsendum.

Ég vil ekki ætla hæstv. ráðherra það að þarna leynist á bak við einhverjar hugsanir í þá átt — og það í beinu framhaldi af því sem hann nefndi um óhjákvæmilega nýja fjárfestingu — að menn óttist um þá fjárfestingu sem nú þegar er til staðar og sem því miður miðast mestöll við að allir vöruflutningar til landsins hafi viðkomu í Reykjavík.

En síðan var það eitt atriði sérstaklega í máli hæstv. ráðherra sem ég ætla að taka til umræðu og það er þegar hann kom að flugmálunum og þeirri reglugerð sem tekur gildi nú um næstu áramót sem leggur þá kvöð að á öllum flugleiðum, eins og hann rakti áðan, verði tveir flugmenn. Þetta er vissulega áhyggjuefni og getur komið harkalega niður á þjónustu við smærri staði sem hafa notið þessarar þjónustu fram að þessu og hún hefur staðið undir sér.

Hæstv. ráðherra sagði hins vegar að af þessu hefðu þingmenn engar áhyggjur og létu sér í léttu rúmi liggja. Í því sambandi vil ég benda hæstv. samgrh. á það að mér er kunnugt um það að 1. þm. Austurl. og varaformaður Framsfl. hefur skrifað samgrh. bréf þar sem hann fer fram á það að upplýst verði á hvern hátt samgrn. ætli að bregðast við þessum breyttu aðstæðum gagnvart þeim litlu stöðum sem þarna um ræðir. Ég vil því, virðulegi forseti, biðja hæstv. samgrh. að leita nú — virðulegi forseti, ég ætla að gera hlé á ræðu minni á meðan ráðherrar spjalla saman í ráðherrastólum þannig að samgrh. hafi tækifæri til þess að hlusta á mál mitt. (Gripið fram í.) Ég mun hins vegar ekki endurtaka allt sem ég hef sagt um þetta mál, en, hæstv. samgrh., ég vil fara fram á það að þú leitir nú í bréfasafni ráðuneytisins að þessu bréfi. (**Landbrh.:** Ég man eftir því.) Þú manst eftir þessu bréfi? Það er þá því miður í hróplegu ósamræmi við þau orð sem þú hafðir hér úr ræðustól áðan.

Að lokum, virðulegi forseti, sýnist mér að hér í þinginu muni vera — og dreg þá ályktun af þeim umræðum sem hér hafa farið fram — meiri hluti fyrir því að þetta mál nái fram að ganga í einhverja þá veru sem hér er lagt til. Vissulega fer það fyrir þingnefnd og kann þar að taka breytingum, en ég tel víst að það sé ekki bara hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Matthías Bjarnason sem hugsa á þennan hátt í Sjálfstfl. Og ég hlýt þá að treysta því líka að hæstv. samgrh. framfylgi þessum vilja Alþingis þegar og ef hann kemur fram í formi laga.

María E. Ingvadóttir:

Virðulegi forseti. Ég er hérna með örstuttar athugasemdir. Í 5. gr. frv. segir að samgrh. sé heimilt að semja um að hlutafélagið, sem stofnað verður, skuli gefa fastráðnu starfsfólki Skipaútgerðar ríkisins kost á sambærilegum störfum og þeir hafa gegnt hingað til. Í athugasemdum við 5. gr. segir hins vegar að ekki þyki rétt að binda hendur nýrra stjórnenda við endurráðningu. Stangast þetta ekki eitthvað á?

Það hlýtur að vera eðlilegt að forráðamenn nýs fyrirtækis geri þær breytingar á starfsmannahaldi sem þeir telja æskilegt og þeim þykir þörf á til að ná fram meiri hagræðingu.

Enn fremur segir í athugasemdum við 5. gr. að þeir starfsmenn sem nú eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skuli halda réttindum sínum. Er það þá svo að starfsmenn þeirra ríkisfyrirtækja sem seld verða í framtíðinni haldi áfram þessum sérréttindum þó svo að launakjör þeirra verði í samræmi við hinn almenna launamarkað?

Ég vil einnig taka undir orð hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, varðandi 7. gr. Ég tel að þar megi taka skýrar til orða, en þar segir: „Verði hlutabréf ríkissjóðs boðin til sölu, öll eða að hluta," o.s.frv. Í athugasemdunum kemur hins vegar fram að ríkissjóður skuli eiga a.m.k. 60% hlutafjár. Væri ekki eðlilegra að ríkissjóður ætti ekki nema t.d. 49% fyrstu fimm árin og síðan yrðu þau öll seld og að það kæmi þá skýrt fram að þarna væri verið að selja ríkisfyrirtæki en ekki aðeins að breyta um eignarhaldsform? Enn fremur hlýtur áhugi almennings á að eignast hlut í fyrirtækinu að vera minni ef ríkissjóður ætlar að eiga meiri hluta í því og ég tel að með því verði kostir einkavæðingar að engu gerðir.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár (frh.).

Sjávarútvegsmál.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sjávarútvegurinn er og verður undirstaða efnahags- og atvinnulífs Íslendinga. Hagur

þessarar atvinnugreinar er hagsmunamál allrar þjóðarinnar og ber að skipuleggja hann samkvæmt því. Sá tími er löngu liðinn að náttúran var látin einráð um stjórnun fiskveiða. Mannleg stjórnun hefur nú gilt árum saman, friðunaraðgerðir, skyndilokanir uppeldissvæða, mörkun sóknartíma, aflahámark á fisktegundir og takmarkanir af ýmsu tagi. Allar þessar aðgerðir hafa verið umdeildar og hagsmunaárekstrar tíðir. En það er athyglisvert að á sama tíma og hlutfall sjávarafurða í heildarútflutningi landsmanna hækkar í 83% á fyrstu sjö mánuðum þessa árs, úr 78% á sama tíma í fyrra, þá lækkar framlag ríkisins til rannsóknastarfsemi í þágu þessa mikilvæga málaflokks. Það geta menn lesið út úr fjárlagafrv. fyrir árið 1992 sem nýlega hefur verið lagt fram því að framlag til rannsókna- og eftirlitsstofnana í sjávarútvegi lækkar um 51% frá síðustu fjárlögum. Fyrirtækjum í sjávarútvegi sem nýta þjónustu þessara rannsóknastofnana er ætlað að greiða fullt verð fyrir þá vinnu.

Það er enginn í vafa um það að þarna erum við að tala um undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, atvinnuveg sem er undirstaða þeirrar velmegunnar sem við höfum búið við á undanförnum árum. En við höfum líka horft upp á það hin síðari ár að sá afli sem leyft er að veiða fer stöðugt minnkandi. Tekin hefur verið sú ákvörðun að leyfa ekki meiri veiðar á þorski á næsta ári en 265 þús. tonn. Sú ákvörðun er tekin með skírskotun til tillagna Hafrannsóknastofnunar í skýrslu sem út kom í júlí sl. Það stefnir því í mikinn samdrátt þjóðartekna ef engin breyting verður á þessari afstöðu.

Þegar við stöndum frammi fyrir þessari köldu staðreynd hljóta að vakna hugmyndir um það hvort ekki sé hægt að nýta betur þann afla sem á land berst, hvort ekki þurfi að efla rannsóknir í þágu atvinnuvegarins og leita að nýjum nýtanlegum fiskistofnum. En nú ber svo við að atvinnugreininni sjálfri, sem á næsta ári hlýtur að fást við þann vanda sem leiðir af minnkandi aflaheimildum og þar af leiðandi minnkandi tekjur, er gert að standa undir þeirri rannsóknastarfsemi sem hingað til hefur verið á vegum sjútvrn., þ.e. í miklu meira mæli en áður hefur verið, með því að hækka þjónustugjöld þessara stofnana. Auknar sértekjur eiga að lækka útgjöld í sjútvrn. um 40% frá fjárlögum 1991. Hins vegar fær aðalskrifstofa ráðuneytisins 11% hækkun frá síðustu fjárlögum og það er skýrt með því að ráða þurfa tvo nýja starfsmenn til að framfylgja ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Því til viðbótar má bæta því við að í fjáraukalögunum fyrir 1991, sem nú liggja fyrir Alþingi, er farið fram á 1,5 millj. til viðbótarverkefna hjá aðalskrifstofu, m.a. vegna aflakvóta smábáta sem var úthlutað í fyrsta sinn um sl. áramót. Það stefnir því í meiri kostnað við skrifstofuhald ráðuneytisins þó það sé nú ekki það sem þurfum helst á að halda.

Hæstv. sjútvrh. sagði fyrir nokkrum dögum þegar umræður þessar hófust að ríkisstjórnin væri að draga saman seglin. Það er þó ekki mikill samdráttur á skrifstofuhaldi eða í nefndaskipan. Nú eru starfandi þrjár nefndir þar sem verkefni virðast skarast mjög og kom það reyndar fram í máli flm. í framsöguræðu hans. Er það sparnaður að skipa nefndir á nefndir ofan til að vinna að sama máli? Ekki er það vinnusparnaður og ég hef miklar efasemdir um að sú vinna skili öðru en efni í pappírstætara.

Hafrannsóknastofnun er sú stofnun sem mest hefur unnið að rannsóknum á fiskistofnum í kringum landið. Við þær niðurstöður sem hjá henni hafa birst hefur verið stuðst þegar ákvörðun hefur verið tekin um leyfilegan hámarksafla fiskistofna. Ég er ekki í vafa um það að við eigum úrvalsfiskifræðinga sem vinna af samviskusemi sín störf, en þeir hafa ekki haft það fjármagn sem þeir hafa talið æskilegt til að geta gert enn betur. Sjómönnum finnst oft að fiskifræðingar varpi fram fullyrðingum sem ekki séu byggðar á nægum rannsóknum né nægilega trúverðugum. Þegar skýrsla Hafrannsóknastofnunar kom út í sumar var haldinn fundur um málið með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi á Vestfjörðum og mætti þar fulltrúi frá Hafrannsóknastofnun til að skýra sitt mál. Fundurinn sem haldinn var þarna sendi frá sér ályktun þar sem því er haldið fram að þær upplýsingar, sem liggja til grundvallar aflatillögum Hafrannsóknastofnunar fyrir næsta kvótaár, séu engan veginn fullnægjandi. Enn fremur að nauðsynlegt sé að koma á samstarfshópi sjómanna og fiskifræðinga til að samræma reynslu þessara starfshópa því að án þess skapist ekki það traust sem nauðsynlegt sé að ríki á milli veiða og vísinda.

Fyrir nokkrum dögum var svipuð umræða á öðrum fundi sem fiskifélagsdeildir á Vestfjörðum héldu á Ísafirði. Þar kom m.a. fram gagnrýni á aðferðafræði fiskifræðinga við að reikna út stofnstærðir og mæla seiðafjölda. Sú umræða ítrekar það enn og aftur að nauðsynlegt sé að auka skilning milli þessara aðila sem báðir hljóta að hafa sama takmark, að viðhalda eðlilegri stofnstærð og sjá til þess að ekki sé stunduð ofveiði. Þetta samstarf ber því að efla með öllum tiltækum ráðum.

Þessi umræða hér í dag er til komin vegna þess vanda sem nú blasir við í sjávarútvegi, bæði í veiðum og vinnslu. Spurt hefur verið: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Svarið má að nokkru leyti finna í hinu nýja fjárlagafrv.: Það á að bæta við störfum á aðalskrifstofu og selja þann kvóta sem safnast hefur í Hagræðingarsjóð og láta hann ásamt auknum sértekjum, ef þær nást, standa undir rekstri Hafrannsóknastofnunar á næsta ári. Sem sagt: Aukið skrifstofuhald og skammtímalausnir.

Ég vil þó taka það fram að við kvennalistakonur höfum vissulega lagt það til í tillögum okkar í fiskveiðimálum að hluti kvótans verði nýttur til að efla rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. En Hagræðingarsjóður átti að vera til að geta hlaupið undir bagga með byggðarlögum sem stæðu illa að vígi eða hefðu farið þannig út úr kvótaúthlutun að ástæða þætti til lagfæringar. Hann hefur enn það hlutverk og við lítum svo á að hann þurfi að vera til staðar, m.a. vegna byggðasjónarmiða. Þess vegna eigi ekki nú að breyta hlutverki hans.

Væri ekki raunhæfara að efla rannsóknastofnanir sjávarútvegsins með föstum fjárframlögum svo þær hafi árvissar tekjur til þeirrar starfsemi sem nauðsyn-

leg er til að þær geti sinnt sínu starfi og aukið það eins og þær telja brýna þörf á? Líklegra væri til árangurs að nýta starfskrafta sjómanna sem í áratugi hafa fylgst með breytingum á lífríki í sjónum í starfi sínu til að vinna í auknum mæli með vísindamönnunum, heldur en bæta við fleira starfsliði á aðalskrifstofu við að deila út kvóta á milli skipa. Það er ekki vinna sem skilar framtíðinni neinu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að vonum að beðið er um umræðu um stöðu sjávarútvegsins og óskað eftir skýrum svörum ríkisstjórnarinnar við því hvað hún hyggst gera til að bregðast við þeim vanda sem þar er uppi og bregðast við þeim vanda sem þessi staða hefur og framkallað á landsbyggðinni.

Ef við förum aðeins yfir það hver eru helstu vandamálin í sjávarútvegi, þá eru þau í fyrsta lagi háir vextir, raunvextir sem eru komnir um og yfir 14% á ári. Við höfum séð hvernig ríkisstjórnin ætlar að bregðast við þessu. Það gerði hún sl. vor með því að hækka vextina, með því að leggja meiri byrðar á þessa útflutningsgrein.

Annað vandamál sem er uppi í sjávarútvegi er fortíðarvandinn, vandi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Sá vandi sem varð til vegna þess að menn tóku ástfóstri við hagfræðikenningar, tóku upp trúarbrögð í stjórnun í sjávarútvegi og þar á ég við fastgengisstefnuna og hina háu vexti sem menn hleyptu af stað á árunum 1986 og fastgengisstefnuna sem reið yfir okkur á árunum 1987 og 1988. Hver er sá vandi sem varð til vegna þessarar pólitísku stefnu þeirrar ríkisstjórnar, hæstv. sjútvrh.? Hver er sá vandi? Við sjáum það í hagtölum að vandinn er sá að á árinu 1988 var sjávarútvegurinn rekinn með 10% halla. Hvað er 10% halli margar krónur fyrir þessa atvinnugrein? Það getum við líka séð í hagtölum að er einhvers staðar á bilinu 6000–8000 millj. kr. Vandi og halli sem að mestu leyti verður til vegna þeirrar stjórnarstefnu sem menn ráku á þessum tíma. Síðan hafa safnast þessir háu vextir í þessi þrjú ár á þennan halla. Þess vegna var þessi atvinnugrein að hruni komin haustið 1988 þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá og menn urðu að bregðast við með skjótum hætti til að koma í veg fyrir það að landsbyggðin hryndi. Það var gert, eins og menn þekkja, með því að útvega þessum fyrirtækjum lán í gegnum sérstakan sjóð, sjóð sem hefur hlotið heldur hrakleg ummæli af hálfu sjálfstæðismanna, þar sem þeir tala um sjóðasukk — og eru trúlega best færir af öllum til að dæma um það ef miða má síðustu atburði úr sjóðum Reykjavíkurborgar. Og hvað skyldi það hafa verið há upphæð sem menn veittu til atvinnugreinarinnar í lánsformi til að mæta þessum háu tölum, þessum mikla halla, sem varð til? Það er um 9000 millj. kr., upphæð sem er ekki fjarri því að vera sú sama og er fortíðarvandinn sem varð til í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Ég segi nú bara alveg eins og er að mér þykir það engin furða þó eitthvað af því fé kunni að tapast. Það er ekki hægt að ætlast til þess að menn geti borið þetta tap án þess að einhver afföll verði í þessari atvinnugrein.

Þriðji vandinn sem er uppi í þessari atvinnugrein, er sá samdráttur í afla sem boðaður er á næsta ári. Við höfum spurt: Hvernig ætla menn að bregðast við þessum samdrætti? Því þessi samdráttur þýðir það fyrir sjávarútvegsplássin úti á landi að ársverkum á þessum stöðum mun fækka um 8–10%. Og það er býsna mikill vandi sem menn verða að bregðast við, reyna að útvega þessu fólki einhverja vinnu.

Við höfum bent á það að til þess að draga úr því höggi sem þessi samdráttur mun kalla yfir landsbyggðina eigum við þess nokkur úrræði. Við getum bent á tölur um það að á síðasta ári voru flutt út óunnin í gámum eða með ísfiskskipum um 150 þús. tonn af botnfiski. Stjórnvöld geta ef þau hafa áhuga á beint meira af þessum fiski til vinnslu innan lands.

Ég vil líka benda á að á síðasta ári voru um 120 þús. tonn af botnfiski unnin úti á sjó á frystiskipum. Það er vinna sem ég set spurningarmerki við að sé sú hagkvæmasta fyrir þjóðarbúið, að flytja vinnuna úr landi og út á sjó. Ég hef verið að reyna að gera mér grein fyrir því hvaða munur er á vinnslu um borð í frystitogara og frystihúsi á landi og reynt að afla mér upplýsinga um það. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið má setja dæmið þannig fram að ef sá fiskur, sem unninn var í frystihúsum á Vestfjörðum, og útflutningsverðmæti þeirra húsa var um 4 milljarðar kr., hefði verið unninn um borð í fyrstitogurum hefði útflutningsverðmætið ekki orðið nema um 3 milljarðar kr. Í raun og veru er ég að segja að það standa til þess rök og líkur að menn skapi meiri verðmæti með því að vinna fiskinn í landi en um borð í frystitogurum. Ég bendi á það að sá fiskur sem menn vinna um borð í frystitogurum er seldur beint af þeim til útlanda, mest til Bretlands, sem þaðan fer í frystihús til frekari vinnslu á Bretlandi. Ég held að menn hljóti að bregðast við því þegar ekki er til nægur fiskur til að halda uppi vinnu í frystihúsum okkar að reyna að færa meira frá þessari vinnslu og frá beinum útflutningi yfir í vinnslu innan lands. Það eru allir möguleikar til þess ef menn hafa til þess kjark og vilja.

Það er hins vegar ekki að sjá og hefur ekki komið fram í máli hæstv. sjútvrh. að hann hafi einhvern áhuga á þessum leiðum. Ég bendi á að menn eru nú enn að fjárfesta meira í sjófrystingunni heldur en nú þegar hefur verið gert og hefur það þó vaxið gríðarlega á undanförnum 4–5 árum. Það er verið að veita fé úr opinberum sjóðum til þess að byggja ný frystiskip sem eiga að koma í staðinn fyrir ísfisktogara. Skyldi það vera skynsamlegt frá sjónarhóli þjóðfélagsis að færa enn meira af vinnslunni í þennan geira?

Það er líka til enn ein leið til að bæta þessum sjávarútvegsplássum upp þeirra aflatap og draga þar með úr því höggi sem þau óhjákvæmilega verða fyrir að óbreyttu og það er að nota Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Hann hefur fiskveiðiheimildir sem m.a. er ætlað að dreifa út á byggðirnar ef þannig ástand skapast á þeim stöðum.

Hæstv. sjútvrh. hefur þegar svarað því í Dagblað-

inu 19. sept. sl. þannig að hann segir að peningunum sé betur varið til hafrannsókna en byggðaaðgerða. Honum finnst það betri leið að selja heimildir Hagræðingarsjóðsins á almennum markaði til að afla skatttekna fyrir ríkissjóð heldur en að láta þennan fisk í hendurnar á því fólki sem kann best með hann að fara. Hann hefur engan áhuga á því að fólkið í sjávarplássunum úti á landi geti haft bjartari framtíð heldur en nú horfir.

Menn hafa líka spurt: Hvernig ætlar þessi ríkisstjórn að bregðast við fortíðarvandanum, fortíðarvanda ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar? Við höfum fengið mjög skýr skilaboð frá hæstv. forsrh. þar sem hann dæmir allar þær aðgerðir sem menn urðu að grípa til á haustdögum 1988 sem sukk, segir að þær hafi ekki leyst nokkurn vanda og að þeirra aðgerða hafi notið eingöngu þeir sem voru velviljaðir þáverandi stjórnarherrum. Ekki er nú tónninn bjartur í garð fyrirtækja um allt land sem urðu að fá þessa fyrirgreiðslu til þess að koma í veg fyrir að þau stöðvuðust á næstu vikum eftir haustdagana í september 1988. Hvað ætluðu menn að gera þá? Ætluðu menn að láta þessi frystihús fara á hausinn hvert á fætur öðru og segja síðan við fólkið: Þið bara bjargið ykkur sjálf? Það var þetta sem menn sögðu fyrir þremur árum og það er þetta sem mér heyrist menn vera að segja í dag.

Menn hafa bent á Suðureyri við Súgandafjörð og sagt að það yrði prófsteinn á byggðastefnu núv. ríkisstjórnar hvernig menn ætluðu að leysa vandann sem þar er uppi. Sjútvrh. hefur reyndar með óbeinun hætti sagt sitt sjónarmið um það. Hann hefur sagt í blaðaviðtali um þá þróun sem er í gangi að stórir staðir séu að eflast á kostnað hinna smærri, að það sé vænlegasta leiðin. Hinir smáu, dæmigerðu íslensku útgerðarstaðir með eitt frystihús og einn togara eru ekki vænlegir að mati hæstv. sjútvrh.

Víkjum aftur að þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir á einu af þessum litlu, dæmigerðu íslensku sjávarútvegsplássum sem ekki rúmast innan hinna vænlegustu leiða. Og hver var leiðin? Í stað þess að reiða fram það fé sem þurfti til þess að menn gætu rekið sitt fyrirtæki sómasamlega, og hefði nú staðið hæstv. ráðherra næst að gera slíkt eftir afrek hans í efnahagsstjórn á sínum tíma, þá er staðurinn seldur. Eitt lítið sjávarútvegspláss var selt fyrir 12 millj. 466 þús. kr. Það er verðið á þessum stað, þar sem í gegnum árin hefur verið einhver hæsta framleiðsla pr. íbúa hér á landi mælt í útflutningstekjum.

Ég á dálítið erfitt með að átta mig á þeim rökum sem stjórnarliðið færir fram fyrir þeirri stefnu sinni sem það keyrði í gegn í Byggðastofnun. Og það væri fróðlegt að fá sérstaka umræðu um það mál síðar í tengslum við vanda annarra útgerðarstaða þar sem við blasir alvarlegt ástand innan ekki svo margra vikna ef ekkert verður gert. Verða þeir staðir kannski seldir fyrir 12 millj. 466 þús. kr.? Og hverjum verða þeir seldir? Ég á dálítið erfitt með að fá botn í það að hagkvæmasta leiðin fyrir ríkissjóð og hagsmuni hans sé að selja 97 millj. kr. fyrir 12 millj. 466 þús. kr., aðgerð sem hefur það í för með sér að sveitarsjóður Suðureyrarhrepps verður að afskrifa sitt hlutafé úr 25 millj. í 3 millj. þannig að með þessari aðgerð eru menn að framkalla 22 millj. kr. tap fyrir þann aðila. Ekki var hann spurður að því. Ef maður reiknar út þetta tilboð sem meiri hlutinn í stjórn Byggðastofnunar hefur tekið, þá fær maður það út að það er verið að selja það sem menn ágirnast úr plássinu, fiskveiðiréttindin, fyrir hlægilega lítið verð. Það er verið að selja nánast allan kvóta staðarins fyrir smápeninga. (Forseti hringir.) Þetta er væntanlega sú leið sem ríkisstjórnin vill fara til þess að halda stöðunum í byggð.

Ég vil að endingu, hæstv. forseti, lesa hér upp orð sem núv. hæstv. forsrh. lét falla á landsfundi Sjálfstfl. þegar hann var búinn að vinna þá kosningu og birt eru í blaði sem heitir Vesturland undir fyrirsögninni „Við viljum ekki sjá landið okkar sporðreisast". Þau eru þannig, með leyfi forseta:

„Skilyrði þess að menn njóti verka sinna, afls og áræðis. Það hlýtur að vera forgangsverkefni á Íslandi að skapa þau skilyrði sem skynsemin segir okkur að menn ekki megi bresta, skilyrði þess að menn njóti verka sinna, afls og áræðis hvar sem þeir búa." Og enn fremur: „Þegar til lengri tíma er horft, þá getur það ekki orðið nema til skaða ef öfluga og lífvænlega byggð er ekki að finna hvarvetna um landið." Og ég endurtek, hvarvetna um landið, hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. ræðumaður gerði hér að umtalsefni erfiðleika sjávarútvegsins á árunum 1987–1988 með heldur ómaklegum árásum á hv. 1. þm. Austurl. Hann hélt því fram að þáverandi stjórnvöld hefðu borið ábyrgð á þeim erfiðleikum, en eins og þingmenn vita gjörla, þá stöfuðu erfiðleikar sjávarútvegsins á þeim árum af því að á haustmánuðum 1987 byrjaði verð að falla á erlendum mörkuðum, gengi Bandaríkjadollars byrjaði síðan að falla og á árinu 1988 urðu kauphækkanir í sjávarútvegi mun meiri en ráð var fyrir gert. Mér finnst það vera ómakleg árás, ekki síst af hálfu þingmanns stjórnarandstöðunnar, að ráðast hér með þessum hætti á hv. 1. þm. Austurl. sem þá gegndi embætti sjútvrh. og halda að hann beri ábyrgð á því að verð hafi fallið á erlendum mörkuðum, að gengi Bandaríkjadollars hafi lækkað og kauphækkanir hafi orðið meiri en ráð var fyrir gert, það finnst mér vera ómakleg árás á hv. 1. þm. Austurl. og nauðsynlegt að grípa inn í umræðuna til að taka upp hanskann fyrir hann í þessu efni.

Hitt er annað mál að á endanum varð ágreiningur um það hvernig átti að bregðast við þessum erfiðleikum. Það var góð samstaða um það að aðlaga gengi krónunnar í febrúar 1988 og aftur í maí að breyttum aðstæðum, en haustið 1988 sneri Framsfl. við blaðinu og neitaði frekari aðlögun á gengi krónunnar til að tryggja rekstur sjávarútvegsins og þess vegna slitnaði upp úr því samstarfi. En að halda því fram að hv. þm. hafi borið ábyrgð á þessum breytingum á ytri aðstæðum er mikil óskammfeilni.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykja svörin vera fátækleg hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann skýtur sér á bak við hv. 1. þm. Austurl. Auðvitað er það viðfangsefni stjórnvalda að bregðast við með stjórnvaldsaðgerðum þegar aðstæður breytast erlendis sem menn fá ekki við ráðið og það var nákvæmlega það sem hæstv. sjútvrh. gerði ekki á sínum tíma þegar hann hélt dauðahaldi í sína fastgengisstefnu. Ég vil minna ráðherrann á það að eitt af þeim verkum sem hann hefur hvað mest lofað á sínum embættisferli var að gefa vextina frjálsa og eitthvað hafa þeir nú kostað.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins minna á það að ekki var ágreiningur um stöðugleikastefnu í gengismálum. Hitt var óhjákvæmilegt eftir að ytri aðstæður höfðu breyst til hins verra að aðlaga gengi krónunnar. Það varð hins vegar ágreiningur á haustmánuðum 1988. Þar varð ágreiningur um tillögu af minni hálfu um hóflega breytingu á gengi krónunnar sem Framsfl. hafnaði og sem Alþb. gerði að sinni stefnu þegar það gekk inn í nýtt stjórnarsamstarf. Þá hafnaði það nauðsynlegri, hóflegri aðlögun að breytingu á gengi krónunnar. Það var Framsfl. sem byrjaði á því að hafna þessari aðlögun, hafnaði þar með tillögu af minni hendi og hálfu Sjálfstfl. sem miðaði að því að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Alþb. gekk inn í nýtt stjórnarsamstarf á þeirri forsendu að þessari tillögu hefði verið hafnað af Framsfl. Það er því nauðsynlegt að forustumenn Alþb. taki þennan nýja hv. þm. og kenni honum nokkuð um forsögu þessa máls.

María E. Ingvadóttir *(andsvar)*:

Heiðraði forseti. Ég vona að ég hafi misskilið hv. 5. þm. Vestf. þegar hann mælir gegn því að afli sé unninn um borð í frystitogurum. Það getur varla verið að þingmaðurinn sé á móti tækninýjungum sem gera það mögulegt að ná bestu mögulegum gæðum á okkar dýrmæta hráefni. Ég vil benda hv. 5. þm. Vestf. á það að um það snúast einmitt viðræður um hið Evrópska efnahagssvæði að ná fram tollalækkunum á unnum fiskafurðum þannig að við getum unnið hér heima úr þessum gæðafiski okkar sem frystitogararnir koma með. Við viljum færa verðmætasköpunina hingað heim úr erlendum frystihúsum og af erlendum fiskmörkuðum sem bjóða því miður upp á misgóðan íslenskan fisk til dreifingar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég mun síðar á þessum fundi, vegna þess að ég er hér á mælendaskrá, koma inn á þá stefnu sem var rekin í gengismálum 1988 og hv. þm. kom inn á og mun því ekki nýta tímann hér til andsvara út af því. En ég vil fara þess á leit við hæstv. sjútvrh. að leyfa mér sem allra fyrst að komast að í þessum umræðum og stytta því þessa andsvaraumræðu þannig að ég geti varið mig sjálfur í þessum umræðum sem ég mun að sjálfsögðu gera.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. sjútvrh. að það var rekin röng gengisstefna 1988. En merkilegt má það vera hjá manni sem veit þetta ef hann ekki spyr sjálfan sig að því: Hvaða gengisstefna er rekin í dag? Það er nefnilega dálítið sérstæður hlutur og það er eins og ráðherrarnir hafi snúið sér við í stólunum og horfi aftur fyrir sig. Hæstv. forsrh. er svo illa fastur í fortíðarvanda að ef hann væri starfandi veðurfræðingur mundi hann alltaf spá um veðrið sem var í gær og væri þá trúlega að spárnar yrðu miklu betri með þeim vinnubrögðum. En hann sagði líka að það hefði gerst á því ári að Bandaríkjadollar hefði lækkað. Hann lækkaði. Það var ekki forseti Bandaríkjanna sem lækkaði dollarann. En hvers vegna lækkaði þetta merkilega fyrirbrigði íslenska krónan ekki? Hvers vegna lækkaði hún ekki? Lýtur hún allt öðrum lögmálum? Er sjálfsagt að halda henni uppi með handafli eins og gert er í dag og gert var þá? Hvar er markaðshyggja þessara manna? Nei, þetta er merkileg ríkisstjórn sem við höfum yfir þessu landi. Ég hef vissulega hlustað hér á ýmsar leiðbeiningar um það hvernig eigi að reka sjávarútveg og hvernig ekki eigi að reka hann. Og það má vel vera að sumir telji að það sé slíkt samsafn af fíflum í greininni og það þurfi að hreinsa út. Þeir þurfi allir að fara á endurhæfingarnámskeið og enginn sé nothæfur. En ef við gerum nú ráð fyrir að það séu menn með fullu viti í greininni, hvað var þá að undir ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., viðreisninni fornu? Hvað var þá að? Hvers vegna eru menn með rekstrargrundvöll sem ekki stenst samkvæmt útreikningum? Hvers vegna? Og hver einasti ráðherra horfinn úr salnum. Það er nú sennilega það sem menn mega búast við og þakka fyrir að hæstv. forseti yfirgefur ekki stólinn líka.

Nei, hér hafa menn haft stór orð um það — og gengur nú hæstv. heilbrrh. í salinn. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Það er von að hæstv. umhvrh. verði hissa á því að sjá ekki heilbrrh. í salnum en hann ku vera við rósatínslu í Hafnarfirði.

En ég ætla að víkja örlítið að kommúnismanum sem ku hafa verið að hrynja í Ráðstjórnarríkjunum. Það var mikil skelfing þegar kommúnisminn kom fram. Þá héldu menn því fram að það gæti verið réttlætanlegt að þjóðnýta eignir. Taka eignir með ofbeldi af mönnum og láta alþýðuna njóta þeirra eða ríkið. Og það fór skelfingarskjálfti um aðals- og kóngalið Evrópu. Þetta var ægilegt tímabil. Og nú segja menn að þetta sé hrunið. En hefur nokkurn tímann verið rekinn hreinræktaðri kommúnismi en á Íslandi í dag? Það er verið að þjóðnýta íslenskan sjávarútveg án þess að borga krónu í bætur. Samkvæmt stjórnarskránni ber að greiða bætur ef menn þjóðnýta einhvern hlut. Hvert fyrirtækið eftir annað stefnir í gjaldþrot og hverjir eignast þetta? Íslenska ríkið. Alveg eins og hjá Stalín gamla. Það er Landsbankinn, það er Byggðastofnun, Atvinnutryggingarsjóður eða Fiskveiðasjóður og nú er umhvrh. hæstv. farinn að skrifa.

Það er ekki skrítið þó þeim bregði við sem nú viðhalda kommúnisma á Íslandi á hraðbyr. Maður skyldi

nú ætla að bjargvættur Íslands, Einar Oddur Kristjánsson á Flateyri, væri að bæta við sig starfsliði undir góðum starfsskilyrðum þessarar ríkisstjórnar. Það væri verið að fjölga starfsmönnum í frystihúsinu, fjölga á skrifstofunni og búa sig undir að mala gull fyrst að góð ríkisstjórn væri komin að. Það er nú öðru nær. Hann segir bara upp liðinu, segir bara upp liðinu. Og ef allir tækju nú mark á stefnunni (**Gripið fram í:** Sennilega er búið að því.) og teldu að hann væri sá rétti boðberi réttra aðgerða, hvað þá? Nú, þá mundi afgangurinn af fiskvinnslufólki og framkvæmdastjóraliði og skrifstofuliði þessara fyrirtækja fá uppsagnarbréfin. Og hverjir bera þá ábyrgð á því fjöldaatvinnuleysi kreppustjórnar sem nú er komin til valda nema ráðherrar vors lands? Enda leita þeir langt til fanga eftir þekkingu og vísdómi þessa dagana.

Það væri gaman ef það væri orðin svo vitræn umræða í þessu sambandi að það væri einhver hagfræðistefna sem menn ætluðu að fara eftir. Það væri annaðhvort kommúnismi eða kapítalismi eða þá miðjuvegurinn, blandað hagkerfi. En þetta er alveg sérstakt fyrirbrigði, þetta er alveg sérstakt fyrirbrigði sem hvergi í heiminum, mér vitanlega, hefur verið prófað nema á Íslandi, fjöldaaftökur manna í atvinnulífinu. Fjöldaaftökur. Og fréttirnar sem berast um skuldasúpuna sem eftir verður þegar þessi eða hinn er tekinn af. Það er engin skiptimynt, það er sko engin skiptimynt. Til að halda uppi kolvitlausu gengi í þessu landi vegna þess að íslenska krónan má ekki lúta sömu lögmálum og aðrir gjaldmiðlar, þ.e. hún fellur eða hún rís eftir því hvernig efnahagsástandið er. Það er af og frá að hún megi fara eftir þessum lögmálum. Við fréttum að Bandaríkjadalur hækkar eða lækkar, pundið lækkar eða hækkar en hér gilda engin slík lögmál. Handaflið og Jón hæstv. Sigurðsson. Það er nú svo að það er merkilegt að þó hann sé ekki jesúíti, eins og kom hér fram í gær, er trúin á þessum hæstv. ráðherra svo mikil að hæstv. sjútvrh. er í annað skipti kominn í bjargsig þar sem hann á líf sitt undir þessum hæstv. ráðherra. Í fyrra skiptið hélt hann því fram að framsóknarmenn hefðu borið ábyrgð á gengisskráningu í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hann sjálfur var forsrh. í. Það fyrsta sem fyrrv. formaður Framsfl., Ólafur heitinn Jóhannesson, vildi kenna okkur ungum þingmönnum í lögfræði var að ríkisstjórn væri ekki fjölskipað stjórnvald. Samkvæmt þeirri kenningu var það alveg á hreinu að Jón Sigurðsson réði gengismálum, hæstv. viðskrh. þeirrar ríkisstjórnar. Hann er líka hæstv. viðskrh. þeirrar ríkisstjórnar sem nú er og hvar er hann með hæstv. sjútvrh.? Hann er með hann dinglandi í bandinu framan í Heiðnabjargi íhaldsins. Spurningin er: Ætlar hann að draga hann upp?. Ég held að hæstv. sjútvrh. megi fara að hugsa sinn gang hvort það sé tilfellið að hann ætli bara að setja línuna fasta á bjargbrúninni og láta hann dingla, láta hann dingla. (Forseti hringir.) Nú er hæstv. forseti orðinn órólegur. (**Forseti:** Forseti gerir athugasemd við slíkt orðalag hjá hv. þm.) Nú, það má þá breyta því í það að hæstv. viðskhr. hugsi sér að láta hann hanga.

En ég vil undirstrika það að þessi mál eru slík alvörumál að horfa upp á að gengisskráning þessarar þjóðar eigi ekki að lúta neinum hagfræðilegum lögmálum, þar eigi handaflið eitt að blífa. Alveg sama þó það sé dúndrandi halli á viðskiptum Íslands við útlönd, alveg sama þótt rekstrargrundvöllur undirstöðuatvinnugreina þjóðarinnar sé hruninn. Nei, Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh., segir nei. En ég hygg að þrátt fyrir allt hafi hæstv. sjútvrh. lært það af reynslunni frá þeim dögum þegar hann var forsrh. að hann hugleiði það þó ekki fari hátt að það sé spurning hvort það sé gæfulegt að eiga líf sitt undir hæstv. viðskrh.

Ég ætla að bæta því við að það getur farið svo, þó ég viti að það séu margir sem hugsi sem svo að það sé gaman að kaupa fyrirtæki eftir að þau eru farin á hausinn og eru seld á útsölu, að þessi kreppa hitti þá fyrir sem síst skyldi. Það gæti farið svo að það færu nú með í hruninu einhver af óskabörnum íhaldsins í þessu landi, virðulegar ættir hröpuðu með, það skyldi þó ekki vera. (**Gripið fram í:** Það hefur nú bjargað ýmsum.) Ég hygg að almennar aðgerðir sem menn hafa talað um að *þyrftu að koma til sjái ekki dagsins ljós.* Og ég hygg að þær muni ekki sjá dagsins ljós á næstunni. Ég hygg að hrunadansinn haldi áfram. Og það er eins gott að menn geri sér grein fyrir því að þessi ríkisstjórn ætlar að leysa málin með kreppu. Það á að hræða kjarkinn úr íslenskri alþýðu svo að hógværðin verði einkenni hennar í næstu kjarasamningum, það er stefnan.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri það á máli hv. ræðumanns að hann hefur ekki fylgst svo gjörla með umræðum um efnahagsmál að undanförnu. Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa hv. þm. um það sem hefur gerst í þeim efnum þó ég hyggi að öðrum þingmönnum sé um það kunnugt. Ríkisstjórnin hefur nýverið markað nýja stefnu í gengismálum sem er fráhvarf frá þeirri stefnu sem fyrrv. ríkisstjórn fylgdi. Hv. þm. kvartaði undan því hvernig gengið hefði stundum verið ákveðið með handafli. Sannarlega er það svo að gengisskráningin hefur verið við það miðuð að hún væri ákveðin af Seðlabanka með samþykki ríkisstjórnar. Núv. ríkisstjórn hefur markað hér nýja stefnu þar sem ráð er fyrir því gert að taka þetta einhliða vald frá Seðlabankanum og færa það meira út á markaðinn þannig að hann ráði meiru um þróun á gengi krónunnar. En um leið er ráð fyrir því gert að Seðlabankinn fái styrkari völd til að hafa áhrif á stjórn peningamála, þannig að samhliða slíkri breytingu verði unnt að fylgja fram nauðsynlegri og óhjákvæmilegri stöðugleikastefnu í efnahagsmálum til að treysta undirstöður atvinnulífs og efnahagslífs í landinu. En kjarni málsins er sá að tekin hefur verið ákvörðun um að breyta um gengisstefnu og hverfa frá stefnu fyrrv. ríkisstjórnar sem hv. þm. lýsti alveg réttilega í ræðu sinni og taka upp nýja skipan í meira samræmi við það sem gerist meðal annarra þjóða þar sem framboð og eftirspurn hefur meiri áhrif en verið hefur á verðmyndun gjaldeyrisins. Styrk peningastjórn Seðlabankans á um leið að tryggja nauðsyn-

legan stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér tefur ekkert núv. ríkisstjórn við að breyta þessu strax í dag ef áhuginn er til staðar. En það kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að á sama tíma og þeir ætla sér að láta markaðinn fara að ráða gengi krónunnar þá ætla þeir að efla miðstýringarvald Seðlabankans til þess að hann sé nægilega sterkur til að koma í veg fyrir að markaðurinn geti hreyft gengið. Þetta kom alveg skýrt fram í ræðunni. Þetta er nú skrítin hagfræði. Þetta er sýndarmennska, þetta er aumasta sýnarmennska. Við þurfum ekki veglegasta seðlabanka í heimi miðað við fólksfjölda, það er ekki það sem þessi þjóð þarf, hún þarf rekstrargrundvöll fyrir sína atvinnuvegi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvernig skilja á andsvar hv. þm., en það væri æskilegt að fá svör við því hér síðar í umræðunni af hálfu talsmanna Framsfl. hvort það hafi verið réttur skilningur í ræðu hv. þm. þegar hann gagnrýndi það að Seðlabankinn yrði gerður styrkari í þeim tilgangi að viðhalda hér stöðugleika í efnahagsmálum, að það væri vilji Framsfl. að draga úr þeim stöðugleika og kynda undir verðbólgu á nýjan leik. Ég vona að það sé ekki réttur skilningur. En það hefði mátt ætla að þetta væri stefna Framsfl. eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Ég vona að það verði þá leiðrétt af talsmönnum flokksins síðar í umræðunni.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gerist stundum þegar menn verða rökþrota að þeir forðast það umræðuefni sem þeir voru að ræða um. Hæstv. sjútvrh. vill að markaðsöflin hafi áhrif á gengi krónunnar. Engu að síður treystir hann markaðsöflunum ekki til að gera það án þess að hér verði verðbólga og allt fari af stað. Þess vegna vill hann fjármagna Seðlabankann að hann geti boðið fast verð, boðið fast verð og komið í veg fyrir að markaðsöflin ráði gengi krónunnar. Þetta kalla ég sýndarmennsku. Hæstv. sjútvrh. er að sjálfsögðu heimilt að hlusta á allar leiðbeiningar frá forustu Framsfl. um þetta efni ef hann telur að svo sé komið fyrir aðalsérfræðingum Sjálfstfl. í markaðsmálum, Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni og fleirum, að þeirra leiðbeiningar dugi ekki.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði í þessari umræðu fyrir nokkrum dögum síðan, sem ég var því miður ekki viðstaddur, að hann teldi það brýnt að héðan frá Alþingi heyrðist sú rödd út um byggðir landsins þar sem fólkið fengi trú á því að löggjafarsamkoma þjóðarinnar vilji á málefnalegan hátt fjalla um þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar á þann veg að mönnum skiljist að hann er undirstaða velferðar og verðmætasköpunar í landinu.

Hæstv. sjútvrh. sagði jafnframt: „Það er þess vegna mjög mikilvægt að okkur takist að stilla saman kraftana til að styrkja undirstöðu sjávarútvegsins og treysta samstöðuna í þessu þjóðfélagi og styrkja undirstöðu velferðar og lífskjara í landinu.“ Og að lokum vil ég vitna í það sem hæstv. sjútvrh. sagði jafnframt í upphafi sinnar ræðu: „Sjávarútvegurinn býr nú við erfiðar aðstæður.“ Ég er þessum orðum hæstv. sjútvrh. mjög sammála. En þá kemur næsta spurning. Hvernig heldur hæstv. ríkisstjórn á þessari málefnalegu umræðu sem hún er að kalla eftir?

Við höfum heyrt, ég vil segja fúkyrði hæstv. forsrh. landsins um nokkurt skeið um það sem fyrrv. ríkisstjórn gerði og á hvern hátt hann hefur fjallað um það við landsmenn. Það er að sjálfsögðu hans mál, en ég hafði vænst þess af núv. hæstv. sjútvrh. að hann ræddi þessi mál með öðrum hætti en hæstv. forsrh. Hæstv. sjútvrh. sagði þegar hann hóf þessa umræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Þar kemur glöggt í ljós að þær ráðstafanir sem fyrrv. ríkisstjórn greip til fólu fyrst og fremst í sér að fresta vandanum, skjóta vandamálunum á frest án þess að taka á þeim.“ Og hann sagði jafnframt: „Það er ekki nóg að koma á fót lánasjóðum. Það þurfti að tryggja undirstöður atvinnugreinarinnar.“ Hann sagði jafnframt: „Samt var haldið þannig á málum að það fjaraði undan og það er ekkert til þegar á móti blæs.“

Mér dettur ekki til hugar að standa hér og kenna hæstv. núv. sjútvrh. eða öðrum ráðherrum í núv. ríkisstjórn um það hvernig er komið í okkar samfélagi. Málin eru því miður ekki svo einföld að það sé nóg að skipta um ráðherra og þá verði allt gott og blessað, hvar í flokki sem þeir annars eru. Það er nefnilega ekki slíkur búskapur hér á Íslandi að ráðherrar ráði því einir hvernig gengur í samfélaginu og ég hefði haldið sem betur fer.

Þess vegna kemur mér það á óvart að menn skuli ræða málin með þessum hætti og halda því fram, eins og gert er í þessu dæmalausa kveri, að hér hafi fyrst og fremst, á undanförnum árum, hversu lengi veit ég ekki, ríkt forsjárhyggja og miðstýring í atvinnumálum. Ég kannast ekki við að hafa búið í því samfélagi. Hvernig í ósköpunum stendur á því að núv. ríkisstjórn leggur á það höfuðáherslu að reyna að sannfæra landsmenn um það að hér hafi ríkt forsjárhyggja og miðstýring í atvinnumálum og hér hafi allt verið í kalda koli?

Ég rifja upp vegna þessa hvert umhverfi sjávarútvegs á Íslandi er og hvenær það umhverfi kom upp. Það hefur verið að gerast á löngum tíma, það hefur verið að þróast um langt skeið. Við höfum verið að átta okkur á því að ekki er endalaust hægt að sækja í hafið og við höfum áttað okkur á því að við höfum þurft að breyta ýmsu, fiskveiðum, fiskvinnslu, og hugsa upp á nýtt. M.a. þess vegna voru sett hér lög um stjórn fiskveiða. Þessi löggjöf er mikið grundvallaratriði. Hún opnar möguleika til að hagræða í sjávarútveginum, sameina veiðiheimildir, opnar m.a. möguleika til þess að markaðskraftarnir fái að njóta sín. Og hvernig talaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., um það hér í útvarpsumræðun-

um? Það var allt af hinu vonda, það var allt saman kallað brask, kvótabrask. Það eru vissulega viðkvæm mál en þar er þó opnuð leið til þess að þessir frægu markaðskraftar geti notið sín. Er það miðstýring? Er það forsjárhyggja?

Hvað vill núv. ríkisstjórn gera í sambandi við það mál? Þar hefur hún skapað óvissu. Sett hefur verið niður nefnd til þess að fjalla um það mál, milli Alþfl. og Sjálfstfl., og yfirlýsingar ganga sitt á hvað frá Alþfl. og Sjálfstfl., þó að ég vilji taka það skýrt fram að núv. hæstv. sjútvrh. hefur gert hvað hann hefur getað til að eyða þeirri óvissu og mótmæla ýmsum yfirlýsingum vegna þess að hann veit að þessi óvissa tefur fyrir nauðsynlegri framþróun í sjávarútveginum. Ég styð hann í því og vil vinna að því að þeirri óvissu verði eytt. Hins vegar vill svo merkilega til að menn hafa ekki viljað leita mikils samstarfs við núverandi stjórnarandstöðu um það mál. Það er að vísu sagt að það muni verða gert í gegnum sjútvn. Alþingis. Gott og vel. En við sem í stjórnarandstöðu vinnum hefðum viljað gera það með öðrum hætti og taka á þessum alvarlegu málum með þeirri hugsun sem hæstv. sjútvrh. nefndi í upphafi síns máls.

Annar mikilvægur þáttur í þessu umhverfi eru lögin um Hagræðingarsjóð. Því hefur nú verið lýst yfir af núv. ríkisstjórn að þeim lögum eigi að gjörbreyta og þær heimildir eigi að nýta til að fjármagna ríkissjóð. Við vitum það vissulega að ríkissjóður er í miklum vanda og það þýðir ekkert að segja sem svo að við honum skuli ekki brugðist. Ég tel hins vegar að sjávarútvegurinn sé ekki þannig staddur í dag að hann geti lagt þar mikið af mörkum og ég er mjög andvígur því að breyta lögunum um Hagræðingarsjóð. Það má hæstv. ríkisstjórn vita að með því er hún að stofna til pólitískra átaka hér á Alþingi um það mál vegna þess að við munum berjast gegn því máli. Ég er ekki að segja það í neinum hótunartón, en það mega menn vita að það mál verður að sjálfsögðu ekki afgreitt umræðulaust á Alþingi miðað við þann vanda sem er víða í byggðum landsins því að þessi sjóður átti að verða öryggisventill ef upp kæmi neyðarástand í ákveðnum byggðalögum.

Hæstv. núv. sjútvrh. segir: „Það er ekki framkvæmanlegt. Það er engin leið að framkvæma þessi lög." Það hefur ekki reynt á það enn þá og ég er honum ósammála í því. Það má vel vera að þessi löggjöf sé ekki fullkomin og það þurfi að taka hana til endurskoðunar. Gott og vel. Við skulum þá gera það um leið og fiskveiðistefnan er tekin til endurskoðunar og gefa þessum lögum einhvern tíma.

Ég vil líka minna á það að hér kom upp mikið vandræðaástand í sambandi við loðnuflotann og þá þurftum við að grípa til þeirra neyðarráðstafana að nýta aflaheimildir þessa sjóðs til að færa yfir til þeirra skipa. Hvað ætla menn að gera nú ef í ljós kemur að loðnan er ekki í því magni sem nægir til þess að reka þessi loðnuskip með sómasamlegum hætti? Á þá að skerða hjá hinum hluta flotans? Að sjálfsögðu gerum við okkur vonir um að svo verði ekki og loðnustofninn sé í skikkanlegu ástandi og þar sé hægt að veiða. Við höfum hins vegar enga vissu fyrir því og meðan við höfum ekki þá vissu á að sjálfsögðu ekki að fara út í að orða breytingar á hlutverki Hagræðingarsjóðsins.

Ég minni á lögin um Verðjöfnunarsjóð vegna þess að hæstv. sjútvrh. hélt því fram að ekkert hafi verið til þegar á móti blés. Það vill nú svo til að í Verðjöfnunarsjóði eru til í dag um 2,6 milljarðar og það hefur verið að safnast saman í þessum sjóði. Þess vegna er það algjörlega rangt sem hæstv. ríkisstjórn heldur fram sí og æ í fjölmiðlum, að ekkert sé til, allir sjóðir tómir, allt tómt. Menn hafi gengið nánast ránshendi um þjóðfélagið. Þetta er nú málflutningurinn. Svo eru menn að biðja um málefnalega afstöðu stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi.

Ég ætla vissulega að temja mér það en ég bið hæstv. ríkisstjórn að gæta orða sinna þegar slíkar beiðnir eru lagðar fram. Ég minni á það skipulag sem var tekið upp í sambandi við Aflamiðlun sem er líka mikilvægur þáttur og hefur verið að þróast. Að vísu eru núv. hæstv. utanrrh. og fyrrv. hæstv. utanrrh. á móti þeirri skipan mála. Ég sé að núv. sjútvrh. er það ekki og það er mikilvægt að sú starfsemi fái að þróast, ekki síst til þess að reyna að draga úr útflutningi á ferskum fiski sem er ávallt átakamál og eru engin töfrabrögð við að finna lausnir á.

Það eru margvísleg samstarfsverkefni í gangi, hafa verið í gangi og eru enn þá í gangi, um gæðastjórnun, um fræðslu og menntamál, um hafrannsóknir, um margvíslegar nýungar í sjávarútvegi. Þetta er það umhverfi sem sjávarútvegurinn býr við í dag. Að halda því fram að ekkert hafi verið gert til að styrkja undirstöðu þessarar atvinnugreinar er náttúrlega slík fásinna að það er nánast ekki hægt að hlusta á það til langframa hér á Alþingi.

Menn spyrja núv. hæstv. ríkisstjórn: Ja, hvað ætlið þið að gera í þessum vanda? Og það er alveg eins og menn haldi að þeir geti svarað því nákvæmlega hvernig eigi að gera þetta allt saman. Ég held að það sé mikilvægt að sjútvegurinn fái að vera í friði fyrir núv. ríkisstjórn því að umræðan á þeim bæ snýst ekki síst um það hvernig menn eigi að fara að því að skattleggja þessa atvinnugrein. Alþfl., sem er ekki viðstaddur hér við þessa umræðu og er hans sárt saknað, vill ávallt, þegar hann opnar munninn í þessari sjávarútvegsumræðu (**Gripið fram í:** Hann er kominn.), eilíflega, leggja skatt á sjávarútveginn, selja veiðiheimildir og reyna að ná einhverjum peningum í ríkiskassann frá sjávarútveginum. Þetta er sorgleg umræða. Alþfl. hefur nú að vísu tekist að fá Hagræðingarsjóðinn inn í ríkissjóð og ég býst við að þeir telji það til meiri háttar afreka þótt ég sé ekki mjög hrifinn af því afreki þeirra, og ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. sé það í hjarta sínu ekki heldur. En það er nú svo í ríkisstjórnum að þegar forustumenn flokka koma sér saman um eitthvað, jafnvel lítt grundað eins og þeir gerðu í Viðey, þá kemur það fyrir að hinir verða að standa með þeim til að halda samstöðunni. Hins vegar er ekki hvað sem er gerandi fyrir samstöðuna þó að ég hafi fullan skilning á því að auðvitað þurfa menn að reyna að viðhalda samstöðu um erfið mál.

Ég er því sammála að það sem þarf að gera er fyrst og fremst á sviði almennra aðgerða. Við þurfum sameiningu aflaheimilda, við þurfum sameiningu vinnslustöðva, við þurfum betri nýtingu, við þurfum meiri sérhæfingu, við þurfum að auka gæðin, við þurfum meiri markaðssókn, við þurfum eflingu rannsókna. Sumt af þessu er fyrst og fremst málefni sjávarútvegsins sjálfs og það verður ekki gert af núv. ríkisstjórn. Hins vegar þarf sjávarútvegurinn að hafa frið fyrir núv. ríkisstjórn til þess að gera það en sumt er á hennar færi.

Hæstv. forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu, en ég á því miður eftir að koma inn á dálítið úr fortíðinni sem ég verð þá að gera síðar í þessari umræðu. Ég legg hins vegar áherslu á að það skiptir sjávarútveginn miklu máli hverjir vextirnir eru í þessu landi, og það sem hefur sett vextina úr böndum er fyrst og fremst húsbréfakerfið sem fór úr böndum í tíð fyrri ríkisstjórnar, það er rétt, og þurfti að byrja á að taka á við stjórnarskiptin, okkur tókst það ekki. En það hefur tekið núv. ríkisstjórn allt of langan tíma að koma böndum á það kerfi. Það er mikilvægt að því verði haldið áfram og það líðist ekki að menn séu í slíkri peningaprentun þó að það sé til góðra mála.

Gengisstefnan skiptir afar miklu máli. Og hver er hún? Það stendur í fjárlagafrv. að gert sé ráð fyrir óbreyttu gengi á árinu 1992 og að dollarinn muni hækka um 2,5%, þ.e. gert ráð fyrir að Evrópumyntirnar muni lækka. Þetta er í forsendum fjárlagafrv. Auðvitað veit ég að það sem stendur í fjárlagfrv. er ekki það eina sem skiptir máli.

Síðan er komið fram frv. á Alþingi þar sem ríkisstjórnin fer fram á heimild til að binda gengi íslensku krónunnar við ECU, held ég að sé rétt. Hæstv. viðskrh., sem fer með gjaldeyrismál og gengismál, hefur lýst því yfir að stefnan sé að taka upp tengingu við ECU. Ef það verður gert er ekki nóg að hafa sterkan Seðlabanka — en ég tek þó undir með hæstv. sjútvrh. að það er mikilvægt að hafa sterkan Seðlabanka. Ef menn segja hins vegar Seðlabankanum nákvæmlega fyrir um það hvað hann á að gera hefur það ekki mikið upp á sig. Ég hef heyrt mótmæli hæstv. sjútvrh., að hann telji þetta ekki tímabært. En hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstjórnin talar svona út og suður? Og hvernig á það starfsumhverfi að vera sem sjávarútvegurinn er að finna sér í öllum þessum yfirlýsingum? Það er kannski von að mönnum gangi það illa. Þess vegna held ég að það sé kannski mikilvægt að annaðhvort tali ráðherrarnir í takt eða þá að þeir segi ekki neitt, sem ég held að sé miklu betra.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég byrja á að þakka þessa umræðu sem við hófum hér. Það hefur sýnt sig á þeim umræðum sem hafa farið fram að þær voru tímabærar og þarfar. Það er mjög alvarlegt ástand í sjávarútveginum og í byggðum landsins. Við höfum lagt fram bæði spurningar, ábendingar og beinar tillögur. Sumu af þessu hefur verið svarað í þessum umræðum, öðru ekki. Svörin eru nú flest óljós að minni hyggju. Ég var það barn þegar ég var að velta fyrir mér þessum umræðum að ég hélt að hæstv. sjútvrh. hefði talað sig dauðan, eins og kallað er, snemma í umræðunni. Ég sé að þetta nýja skrapdagakerfi sem menn hafa tekið upp í umræðum á þinginu reynist bara vel og ég sé þess vegna eftir að hafa ekki flutt mína ræðu mun fyrr og getað tekið þátt í umræðunum áfram eftir sem áður. Menn þurfa þá ekki annað en að beina orðum sínum hressilega að einhverjum til að hann geti fengið nóg tækifæri til að halda áfram umræðunum.

Mig langar fyrst til að rifja upp nokkrar af þeim spurningum sem við lögðum fram og þær hugmyndir sem ég setti fram í umræðunni. Það var þá fyrst að við töldum að taka ætti mjög ákveðið á gæðakröfum í sjávarútveginum til að auka þar með framboðið innan lands og auka verðmæti alls aflafangsins að þessu leyti líka.

Það var líka annað. Við töluðum um að gefa mönnum tækifæri til að koma með allan afla sem kæmi um borð í fiskiskip að landi og bentum á hugmynd til að framkvæma það. Umræður hafa verið mjög þrálátar í sumar um það hvað hafi verið hent í sjóinn af fiski. Menn hafa talað hér, og verið heilagir á svipinn, um það að sjómenn hentu ekki fiski í sjóinn, en nú hafa sjómenn þorað að segja það upphátt að þeir geri það, vegna kerfisins. Hæstv. sjútvrh. sagði að fiski væri ekki hent í sjóinn fyrir eitt eða neitt kerfi, fiski hefði alltaf verið hent í sjóinn. Fyrrv. sjútvrh. hafði það aftur á móti fyrir vana að segjast ekki trúa því að fiski væri hent í sjóinn. Hann nefndi það nú ekkert núna hvort hann er farinn að trúa því, en það er enginn vafi á því að upplýsingarnar um það að fiski sé hent í sjóinn eru réttar. Sjómenn hafa sagt frá þessu sjálfir. Það er öruggt að allir þingmenn hafa heyrt dæmi um það hvernig menn henda fiski í sjóinn vegna kerfisins sem þeir búa við, þeir eiga engra góðra kosta völ og þess vegna gerist þetta. Síðasta dæmið sem mér var sagt frá var af bát í Ólafsvík sem fékk 8 tonna hal af karfa. Hann átti engan karfakvóta og hann lét þetta bara fara í sjóinn. Hvað erum við að eltast við að nota þorskkvótann okkar í karfa? Þetta er einfaldlega svona og menn verða að horfast í augu við það.

Við bentum á að athuga mætti hvort það ætti að setja jöfnunargjald á útflutning til að reyna að hamla á móti honum og til þess að aðvara þær þjóðir sem við eigum í viðskiptum við með það að við teljum það ekkert sjálfsagt mál að þær beiti tollum til þess að koma í veg fyrir að við getum nýtt okkur markaðina og til þess að ná til sín fiskinum óunnum í sín fiskiðjuver. Þetta finnst okkur að megi skoða.

Við spurðum hæstv. sjútvrh. hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera til að mæta ört versnandi afkomu fiskvinnslufyrirtækja. Auka svigrúmið var svarið, að því er mér fannst. En ég kem að því síðar. Við spurðum hvort það yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir til að meta versnandi afkomu og minni veltu sjávarútvegsfyrirtækja vegna þess aflasamdráttar sem hefur verið. Svarið var að tími sértækra aðgerða væri liðinn. Við spurðum hvort sjávarútvegsfyrirtækjum yrði áfram skylt að greiða í Verðjöfnunarsjóðinn. Það mál á að skoða. Við spurðum hvort hæstv. ríkisstjórn ætlaði að gera ráðstafanir til að fá meira af aflanum til vinnslu innan

lands. Ég tel ekki að við höfum fengið nein svör við því. Við spurðum hvað ríkisstjórnin hygðist gera í gæðamálum sjávarútvegsins. Það komu svör við því að það væri í bígerð að endurskoða reglugerðir um þessi mál en ekki er neitt sem bendir til þess að það eigi að framkvæma eitthvað nú þegar. Og við spurðum hvort ríkisstjórnin ætlaði í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur að flýta þeirri endurskoðun sem á að fara fram á fiskveiðistefnunni. Við því finnst mér að ég hafi fengið mjög skýr svör og það ekki bara í þessum umræðum, heldur annars staðar, t.d. í umræðum í sjútvn. og af því sem við höfum heyrt í sumar. Það á sem sagt ekki að gera það.

Það er í gangi núna alls konar þróun í sjávarútveginum, alls kyns breytingar sem hafa tekið mið af þessu kerfi sem við búum við og er meingallað á margan hátt. Það var nefnt hér áðan að sjófrysting er að aukast mjög hratt. Hún hefur aukist úr 5% og upp í líklega 16% á síðustu fimm árum. Hún hefur þrefaldast á síðustu fimm árum svo að ég hafi þetta nú rétt, hún hefur þrefaldast, úr 5% í 16%. Ég ætla ekkert að mótmæla því að fiskur af frystitogurum sé fersk og góð vara. En vinnsluaðferðir um borð í frystitogurum eru ekki góðar enn sem komið er. Þessi vara er ekki unnin sambærilega við það sem hún er unnin í okkar fiskiðjuverum í landi og ef okkur tækist að fá aflann að landi með sömu gæðum og hann er unninn í þessum frystitogurum gætum við gert miklu meira við hann en þar er hægt og þess vegna þurfa menn auðvitað að horfa á það. Mér er kunnugt um það að frægir togarar eru núna að verða að frystiskipum. Ögri og Vigri eiga að verða að frystiskipum núna bráðlega. Skagstrendingar eru að fá geysistórt skip og þurfa auðvitað að kaupa meiri kvóta þegar það kemur. En þeir hafa m.a. haldið uppi háu kvótaverði í landinu.

Við heyrum þessa dagana að menn eru jafnvel farnir að tala um að setja landhelgi í kringum Vestmannaeyjar, setja landhelgi hingað og þangað, friða hrygningarstöðvar. Menn eru að tala um þetta vegna þess að kerfið sem við búum við fullnægir ekki þeim væntingum og því sem við þurfum að gera til að verja fiskstofnana. Menn verða líka að beita sóknartakmörkunum til þess að þetta kerfi geti gengið upp. Það er mín skoðun að því meira sem við notum af sóknartakmörkunum, því betra verði það kerfi sem við notum við fiskveiðarnar og það henti okkur á margan hátt miklu betur.

Hæstv. fyrrv. sjútvrh., sem er nú farinn, taldi að það væri aðalatriði fyrir sjávarútveginn að fá frið fyrir núv. ríkisstjórn. Ég skil svo sem ósköp vel hvað hann er að fara með því. Honum þykir mjög vænt um þetta kerfi, þykir undarlega vænt um það. Hann var búinn að vera lengi sjútvrh. og hafði tekið þátt í því að móta þetta kerfi allt saman og hann hefur tekið slíku ástfóstri við það að honum finnst að það megi alls ekki spilla því og það eigi að vera áfram svona eins og það er. Ég held að það væri mikið slys ef þetta héldi áfram að vera svona lengi. En það eru einmitt þeir sem hafa þeirra hagsmuna að gæta eða telja sig hafa þeirra hagsmuna að gæta að kerfið verði óbreytt sem vilja helst að umræðan um kerfið trénist upp og staðni. Þeim finnst ágætt að það skuli vera búið að skipa þessa átta manna nefnd og að Sjálfstfl. og Alþfl. skuli vera búnir að setja sig í þá aðstöðu að það er ekki líklegt að þeir komist út úr því, það er ekki líklegt að þeir nái saman og þó svo að þeir næðu saman er ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að hafa samráð við stjórnarandstöðuflokkana til að mynda breiða samstöðu um þetta mál. Þess vegna finnst mönnum sem vilja hafa þetta óbreytt þetta bara ágætt.

Ég vil áður en ég held áfram koma nokkuð að gæðamálunum sem ég lagði mikla áherslu á í fyrri ræðu minni. Ég held að þar eigum við stórkostlega möguleika og að við verðum að standa uppréttari gagnvart þeim kröfum sem við gerum til sjálfra okkar og fiskveiðistefnunnar um það hvernig afla við ætlum að bjóða, hvernig fisk við ætlum að bjóða á erlendum mörkuðum og til vinnslu innan lands. Það hefur komið mjög vel fram undanfarna daga, ég hef verið að leita mér upplýsinga um þessi mál og ég hef fengið að vita það að langstærstur hluti af þeim afla t.d. sem fer á erlenda markaði er frá 5 og upp í 20 daga gamall. Og það hefur komið mjög skýrt fram að samkvæmt því áliti, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var með á sínum tíma, sögðu menn að fiskur sem væri búið að geyma lengur en 6 daga í ís væri ekki lengur 1. flokks. Við erum sem sagt að selja þennan fisk og við erum að vinna hann innan lands eftir að hann er ekki lengur 1. flokks vara. Og ég vil segja það við hæstv. sjútvrh. sem kom hér með prósentutölur um það að 60% af fiskinum sem seldur var í Hull í sumar hafi verið gæðafiskur, 25% af fiskinum sem seldur var hafi verið sæmilegur og 15% slakur. Ég fór að kanna það hvaða tölur þetta væru og ég vil nú bara biðja hann að vera ekki að koma með slíkar upplýsingar inn í hæstv. Alþingi eða koma því á flot hér í landinu að þetta sé ástandið vegna þess að þegar maður fer að gá að því eftir hvaða kerfi þetta var metið, þá er það kerfi ekki til, það er ekki til neitt kerfi sem þetta hefur verið metið eftir. Þetta eru einhverjar hugrenningar manna sem hefur verið talað við í síma þarna úti. Vitaskuld er allur aflinn metinn eftir stöðlum Efnahagsbandalagsins og þar kemur það í ljós að hann fer allur í 3. flokkinn, það eru sem sagt þrír flokkar, E, A og B og allur okkar afli fer í þennan B-flokk. Ég fékk það staðfest að í 38., 39. og 40. viku í sumar var allur afli sem var seldur í Grimsby í þessum 3. flokki og það þarf ekkert að segja okkur eitt eða neitt um það. Við hljótum að sjá að verðið skapast auðvitað af gæðunum. Og þess vegna hljótum við að vera að verðfella stóran hluta af þeim afla sem við drögum úr sjó með því að geyma hann svona lengi áður en hann kemst í vinnslu. Ég er ekki með neinar patentlausnir á því hvernig eigi að stytta þennan tíma. En það er a.m.k. lágmarkið að við höfum þá skoðun og höfum þá stefnu að það eigi að stytta þennan tíma og stytta hann verulega, koma honum niður í það að við séum að vinna aflann okkar meðan hann er enn þá 1. flokks. Að því þurfum við að stefna með einhverjum ráðum. Og þá er ekki víst að þessi floti sem menn hafa svo miklar áhyggjur af sé svo

mikið stór. Menn ættu a.m.k. að velta fyrir sér hvernig sóknarmynstrið mundi líta út ef enginn hefði leyfi til þess að geyma fisk lengur en sex daga áður en hann kæmist til vinnslu.

Svo er annað. Það er ekkert víst að við komumst upp með það til lengdar að hafa gæðamálin eins og þau eru. Mér er kunnugt um að það er að koma sendinefnd frá Bretlandi hingað. Hún kemur í þeim sérstaka tilgangi að reyna að ræða við Íslendinga um gæðamál íslensks fisks sem sendur er á markaði þar. Það er nú tilgangurinn. Hún kemur hingað eftir nokkra daga. Það eru menn sem vilja fá betri afla til að selja úti og til að vinna.

En það sem ég ætlaði að segja áðan um það að menn fá kannski ekki tækifæri til þess að halda þessu áfram er það að Efnahagsbandalagið er að herða sínar kröfur um hvernig eigi að standa að þessum málum. Í þessum nýju reglum, sem eiga að taka gildi um áramótin 1992–1993, er þriðja aðila, eins og okkur, gert að standa nákvæmlega eins að meðferð á fiski og þeir ætlast til að gert sé á þeirra mörkuðum. Og ég held að það væri nú eiginlega bara lágmarkið að við settum okkur það til að byrja með, bara strax, við getum tekið upp slagorð Alþfl., Ísland í A-flokk, en það verður að taka það sérstaklega fram að það er ekki besti flokkurinn. Besti flokkurinn er E-flokkur. En á meðan við erum með allt saman í B-flokki, þá er kannski gott að færa sig upp um eina tröppu. Ég tel að við eigum stórkostlega möguleika þarna og það séu þeir sem við eigum að einbeita okkur að núna þegar við stöndum frammi fyrir þessum vandamálum sem hafa skapast í sjávarútveginum.

Tilskipun EB um heilbrigðiskröfur sem taka gildi 1992–1993 fylgir sem fskj. II með þskj. 33. Ég vil lesa upp úr því, með leyfi forseta:

„Þann 16. júlí 1991 náði Ráð Evrópubandalagsins samkomulagi um tilskipun um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða.

Aðildarríki EB skulu hafa fellt ákvæði tilskipunar þessarar inn í löggjöf sína fyrir 1. jan. 1993, daginn sem lög um sameiginlegan markað Evrópu taka gildi.

Tilskipunin nær til allra afurða sjávar- og ferskvatnsfiska sem ætlaðar eru til manneldis. Hún kveður á um að þessar afurðir skuli fullnægja tilteknum skilyrðum, svo heimilt sé að markaðssetja þær, þar á meðal varðandi fiskiskip, uppskipunarhafnir, fiskmarkaði, heildsölur, o.s.frv., verkunar- og vinnslustöðvar og flutninga."

Svo kemur hér á öðrum stað: „Fiskafurðir, sem teljast eiga hæfar til manneldis, verða að standast kröfur varðandi ferskleika, sníkjudýr og amínósambönd, svo og trimethylamín og histamín.

Hvað varðar efna- og gerlamengun eru í tilskipuninni tilgreindar leiðir sem fara skal til að ákvarða hvaða greiningaraðferðir og sýnatökukerfi skuli nota í hverju tilfelli og hvaða hámarksfrávik séu ásættanleg. Framkvæmdastjórn EB skal leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir fastanefnd dýralækna (heilbrigðisnefndina)."

Svo kemur hér um innfluttar fiskafurðir: „Hluti tilskipunarinnar fjallar einnig um innflutning fiskafurða frá þriðju ríkjum (ríkjum utan bandalagsins). Höfuðreglan er sú að sambærilegar reglur skuli gilda varðandi fiskafurðir framleiddar innan bandalagsins sem utan þess. Framkvæmdastjórnin mun leggja tillögur varðandi skilmála fyrir innflutningi frá hverju einstöku ríki fyrir fastanefnd dýralækna."

Ég held að við stöndum frammi fyrir því að við þurfum að bregðast við þessu fyrir þennan tíma.

Hæstv. sjútvrh. sagði að sjávarútvegurinn hefði komið illa undan síðustu ríkisstjórn þrátt fyrir góð ytri skilyrði. En hann mundi svo eftir því að hann hafði verið í annarri ríkisstjórn og fór að kvarta undan því, vegna þess að auðvitað vaknar tilvísun hjá mönnum þegar þeir heyra svona hluti, kvarta undan því að Framsókn hefði ekki viljað fella gengið. Ég veit ekki hvað oft hann er búinn að koma hér upp í skrapdagakerfinu til þess að tala um þessi ósköp sem gengu yfir hann þegar Framsókn vildi ekki fella gengið. Og svo er hann að segja okkur frá því að þessi ríkisstjórn sem situr núna ætli sér að láta markaðinn ráða um það hvernig genginu eigi að skipa. Hvaða markaður er það sem á að ráða? Það er ekki markaðurinn á Íslandi. Nei, það á að taka upp viðmiðun við ECU sem menn kalla hér. Það er þá markaðurinn á því svæði sem ræður en ekki bara á Íslandi. Eftir að hafa hlustað á útleggingar hæstv. sjútvrh. á þessum hörmungum sínum þegar hann fékk ekki að fella gengið, þá finnst mér svolítið skrýtið að hann skuli ekki geta tekið þátt í því í ríkisstjórn að ákveða það að íslenska krónan eigi að tengjast einhverjum öðrum myntum með svona afdrifaríkum hætti. Ég sé satt að segja ekki hvernig hann hefði bjargað sér í þessum hörmungum sem hann lýsti svona vel ef íslenska krónan hefði verið bundin við ECU. Hefði verið hægt að leysa málið þá? Ég spyr.

Hann talaði um ábyrgðarleysi Alþb. að koma hér, og eins og hann orðaði, að það hefði staðið upp úr þingmönnum einhvers konar runa af ábyrgðarlausu tali um það hvað ætti að gera fyrir alla. Það sem ég gerði hér í minni ræðu var að ég benti á það að í fjárlagafrv. koma fram áherslur sem segja okkur það að þessi ríkisstjórn dregur höndina alls staðar til baka þar sem snýr að stuðningi við landsbyggðina. Ég nefndi þessa neikvæðu afstöðu til byggðamálanna. Menn segja að tími sértækra aðgerða sé liðinn. Það dregur úr framkvæmdum vegna vegamála og raforkuverðs. Raforkuverð mun hækka verulega. Þjónusta Skipaútgerðarinnar verður minnkuð. Verðjöfnun á olíuvörum er sennilega á leiðinni út úr heiminum og samdráttur í landbúnaði skellur yfir þessar byggðir á sama tíma sem það gerist að það verður svona mikill samdráttur í sjávarútveginum. En inni í þessu fjárlagafrv. er, og ég endurtek það, gert ráð fyrir því að það verði byggt álver. Og ef menn halda virkilega að þetta muni gerast hljóta menn að sjá að það þarf að gera eitthvað fyrir landsbyggðina um leið og slíkar framkvæmdir færu í gang. En það virðist nú reyndar ekki vera ástæða til þess að halda að álversframkvæmdir fari í gang þannig að það mundi ekki sporðreisa landið eins og það mundi gera ef áætlanir ríkisstjórnarinnar stæðust.

Ég nefndi það og það hefur komið fram hjá öðrum hér í umræðunni að Hagræðingarsjóðurinn er tekinn. Það var einn möguleikinn til að koma til móts við byggðarlögin. Ég held að það þurfi ekki að sanna það betur en með þessum fáu dæmum og það er hægt að finna fleiri dæmi um að það er miklu neikvæðari afstaða í þessari ríkisstjórn til landsbyggðarinnar. Það kemur bara fram í þessum áætlunum ríkisstjórnarinnar sem við skulum vona að verði ekki allt saman á ákvörðunum Alþingis. Allt á þetta svo að leysast með almennum aðgerðum. Það á að gefa sjávarútveginum svigrúm, minnka fjárþörf ríkisins og sveitarfélaganna. Það kom margoft fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að sveitarfélögin ættu að taka þátt í þessu. Ég er svolítið forvitinn um það með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst láta sveitarfélögin taka þátt í glímunni við vanda sjávarútvegsins. Það langar mig að vita. Sveitarfélögin hafa verið á leiðinni út úr þeim vanda sem þau hafa átt við að glíma á undanförnum árum. Þau hafa verið að minnka sinn hlut í lánafyrirgreiðslu í landinu þannig að það verður ekki mjög sótt til þeirra í því að draga úr lántökum. Þó kann það að geta verið eitthvað. En gæti það verið að hæstv. sjútvrh. hefði ætlað að taka peninga þar sem þeir eru til, hjá sveitarfélögunum hérna á suðvesturhorninu. Væri það hugsanlegt þar sem menn velta sér í slíkum auðæfum að fegurðin ríkir ein þegar þeir eru að taka ákvarðanir um einhverjar glæsihallir eða monthús? Það væri gaman að vita það hvort svona hugrenningar hefðu eitthvað verið á ferðinni í höfði hæstv. sjútvrh. þegar hann var að tala sífellt um sveitarfélögin.

Við höfum margoft heyrt menn tala um stjórnkerfi sjávarútvegsins og ekki bara hér í hv. Alþingi. Ég tel að þetta kerfi, sem er í gangi núna, sé því miður miðstýringarkerfi, mjög þunglamalegt, og ég tel að það sé reyndar furðulegt að sjálfstæðismenn sumir hverjir skuli vera tilbúnir til þess að vernda þetta kerfi og að sjútvrh. skuli ganga þar fremstur í flokki og fara sér eins hægt og hann mögulega getur því hann virðist vera mest hræddur um það að hann stigi niður öðrum hvorum fætinum eitthvað öðruvísi heldur en fyrirrennari hans.

Sem dæmi langar mig til þess að lesa, hæstv. forseti, upp úr þessu nýja plaggi sem þingmenn fengu, Velferð á varanlegum grunni. Þar er kafli um sjávarútveginn. Ég ætla ekki að þreyta þingmenn á að lesa hann allan því að ég geri ráð fyrir að menn hafi gert það. Hann byrjar á gamla versinu sem var í litla plagginu, og svo halda menn áfram: „Til að vinna að mótun heildstæðrar stefnu í þessum efnum hefur verið skipuð sérstök átta manna nefnd sem jafnframt hefur verið falið að fjalla um framtíðarmarkmið sjávarútvegsins og gera tillögur um hvernig megi ná þeim markmiðum sem sett verða, þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál."

Þeir menn sem eiga að leiða þessa víðtæku sátt eru Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri, Þröstur Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, Árni Vilhjálmsson prófessor, Björn Dagbjartsson doktor, Pétur Bjarnason fiskeldisdoktor, Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, Þorkell Helgason doktor og Örn Traustason skipstjóri. Allt eru þetta náttúrlega frægir aflamenn og eiga sjálfsagt eftir að koma með skemmtilegar og góðar tillögur um hvernig eigi að standa að þessum málum. En er líklegt að niðurstaða af þeirra hugrenningum og samtölum geti orðið einhvers konar þjóðarsamkomulag um það hvernig eigi að komast út úr þessu mikla vandamáli, þ.e. að finna leið sem þjóðin getur nokkurn veginn unað sameiginlega við um það hvernig eigi að stjórna íslenskum sjávarútvegi? Ég held ekki.

Svo ætla ég að lesa til viðbótar upp úr þessu plaggi það sem bendir til og styður það sem ég var að segja áðan um hæstv. sjútvrh. og framsóknarmennskuna í öllum framgangi hans í sínu embætti. Það er klausa sem er svona:

„Festa og stöðugleiki eru forsenda þess að fiskveiðistjórnunin leiði til þeirra hagræðingar sem stefnt er að. Á það skal því lögð áhersla að með þessu starfi er ekki stefnt að því að innleiða fyrirvaralítið grundvallarbreytingar á því sviði er raskað geti þróun í hagræðingarátt."

Er hægt að segja þetta öllu betur? Það er bara verið að segja okkur það að það eigi að fara sér hægt. Og það er verið að segja okkur að það eigi að leyfa þessu kerfi sem er í gangi núna að grafa betur um sig. Það er verið að styrkja kerfið og því hljóta alþýðuflokksmenn, sem hafa viljað reyna að breyta kerfinu að vísu í áttir sem ég er ekki beint hrifinn af, að hafa áhyggjur af, trúi ég.

Þetta kerfi er þannig að ekki hefur tekist að ná markmiðunum sem voru sett með því. Það voru sífellt vandamál í gangi og óréttlætið er slíkt að það er með eindæmum. Svo að ég taki eitt dæmi til þess að rifja upp hvernig þessi veiðiréttur hefur verið færður mönnum á silfurfati, þá er þetta þannig að það eru þrjú ár af öldinni sem ráða því hverjir eiga fiskinn í sjónum. Ég get sagt ykkur dæmi af skrifstofumanni ofan af Akranesi. Hann hefur verið skrifstofumaður alla sína ævi. Svo datt honum í hug að fara til sjós. Hann keypti sér bát 1985 og fór að róa. 1987 seldi hann bátinn aftur og fór í sama skrifborðsstólinn og hann hafði verið við áður. Í sumar seldi hann þessi áunnu aflaréttindi sín fyrir 15–16 millj. kr.

Það var annar maður að labba í land á Akranesi sem er búinn að vera 50 ár á sjó og skipstjóri mjög mörg síðustu árin. Hann hefur ekki leyfi til þess að fiska eina einustu bröndu. Hann selur engan aflarétt.

Svona eru hlutirnir. Og ég segi fyrir mig að ég er mjög óánægður. Mér hafa orðið það vonbrigði að sjá nýjan sjútvrh. taka sín fyrstu skref með þeim hætti sem hæstv. núv. sjútvrh. gerir. Það höfðu margir vonað að maður sem kæmi nýr í þennan stól og væri ekki bundinn af fyrri ákvörðunum gæti sest yfir þessi mál og reynt að kippa einhverju í liðinn. En að hann skuli ganga fram með þeim hætti sem hann gerir, sem sagt hægt og án þess að fara nokkurs staðar út af sporinu, því hefði ég ekki trúað fyrir fram. Og ég hefði ekki heldur trúað því að þeir fylgismenn ríkisstjórnarinnar sem töluðu hæst í kosningunum um að á þessum málum þyrftu að verða verulegar breytingar skuli ætla að

láta það viðgangast að þetta fari í þann farveg sem það er að fara í.

Ég tel að það séu margvíslegar breytingar sem þyrfti að ráðast í strax. Ég ætla ekki að setja á langar ræður um hverjar þær eru til viðbótar við þær sem við höfum talað um að ætti að gera núna strax til að bregðast við þeim vandamálum sem hafa komið upp á þessu ári, en við teljum að það eigi að snúa sér að því að endurskoða fiskveiðistefnuna og það eigi að gera það strax. Menn eigi að setjast yfir þetta af alvöru strax vegna þess að við erum að missa af möguleikanum. Þetta kerfi er að grafa um sig. Og það verður því erfiðara að snúa til baka sem við höldum lengur áfram. Og ég segi alveg eins og er að ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. noti skrapdagakerfið á eftir og segi okkur frá því, almennilega og skýrt, hvernig hann ætlar sér að uppfylla þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum um að aflaheimildirnar verði áfram eign landsmanna allra, að hann útskýri það hverng hann stefnir að því að ná því markmiði.

Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu mikið. Hún er orðin nokkuð löng. Þingmenn eru orðnir þreyttir á henni og fáir í salnum. Alþfl. er nánast einmenntur hér. (**Gripið fram í:** Þeir eru tveir.) Eru tveir? (Gripið fram í.) Já, framsóknarmönnum fækkar óðum.

Ég ætla þó að segja það undir lokin að ég hef fundið fyrir því að þeir sem hafa fylgt þessu kerfi sem er í gangi núna eru bara tiltölulega ánægðir. Þeir hafa orðið góða von um að þetta fái að vera svona áfram og þeir setja allt sitt traust á núv. sjútvrh. um það.

Guðjón A. Kristjánsson:

Frú forseti. Framtíðarhorfur í íslenskum sjávarútvegi geta varla talist bjartar um þessar mundir þegar hafður er í huga sá farvegur sem honum hefur verið ætlaður. E.t.v. verður einhver annáll landsbyggðarinnar skráður í framtíðinni með eftirfarandi hætti:

Árið 1999 var síðasta ísfisktogaranum á Íslandi breytt í frystiskip. Á því ári lagðist byggð af á Flateyri við Önundarfjörð og íbúum Vestfjarða hafði fækkað um 2000 frá árinu 1990. Grímsey var komin í eyði, Kópasker og Borgarfjörður eystri voru orðnir að notalegum sumardvalarstöðum fárra fjölskyldna. Þorlákshöfn var orðin lítil ferjustaður með tveimur sjoppum og bensínafgreiðslu.

Hversu fjarlæg halda þingmenn að þessi martröð sé í raunveruleikanum? Sá landshluti sem ég er þingmaður fyrir hefur jafnan verið talinn liggja einkar vel við nýtingu sjávarfangs, raunar svo vel staðsettur til nýtingar á fiskislóð að á betra verður varla kosið. Ekki leikur vafi á því að Íslendingar lifa að stærstum hluta á fiskveiðum. Hvers vegna á þá landshluti eins og Vestfirðir í vök að verjast ef hann er jafn vel staðsettur og fullyrt er? Svarið liggur í takmörkunum á sjávarafla, miðstýrðu fiskveiðikerfi, höftum á athafnafrelsi einstaklingsins og framtaki. Orsakirnar má um deila, en þær eru m.a. vísindaleg ráðgjöf sem við sættum okkur við að byggja á of veikum grunni. Við sættum okkur einfaldlega við það að vita of lítið um fiskstofnana og um fiskislóðir. Þess vegna fagna ég því framtaki sem stefnt er að á vegum sjútvrn. að efla fjölstofna rannsóknir á fiskstofnunum við Ísland. Þar er mjög þarft mál á ferðinni og hefði betur verið komið af stað fyrir nokkrum áratugum síðan.

Hér er iðulega deilt um nýtingu fiskstofna, um það hvort við erum að nýta þá rétt eða rangt og um það hvaða áhrif fiskstofnarnir hafa hver á annan. Mig langar aðeins að vitna í formála, með leyfi forseta, að bókinni „Fiskarnir" eftir dr. Bjarna Sæmundsson. Þau orð voru rituð á lokadaginn 1926 og falla vel að þessari sjávarútvegsumræðu og því hvernig menn tala um sjávarútvegsmál í dag. Hann segir:

„Um útreikninga manna á fiskigöngum er það því miður að segja að þeir hafa ekki ætíð því miður reynst réttir sem ekki er að furða þegar reiknað hefur verið með óþekktum stærðum eða menn ímynda sér það sem nauðsynlegt var að vita. Þess vegna var mönnum og er jafnvel enn oft hætt við því að grípa það sem hendinni er næst sem orsakir til þess að útreikningarnir reyndust skakkir, þ.e. að fiskurinn komi ekki á sínar vanalegu stöðvar og orsakirnar voru og eru oft enn að þeirra dómi tíðast mennirnir og þeirra athafnir. Oftast voru það ill áhrif frá aðkomuskipum, útlendingum eða innlendum. Þau drógu fiskinn á djúpið og héldu honum þar við niðurburðinn eða veiddu fiskinn upp svo að ekkert varð eftir handa heimamönnum eða það var tálbeitan sem allir gátu ekki aflað sér, moldrok í sjóinn sem fældi fiskinn o.s.frv. Á síðustu öld bættist askan frá gufuskipunum og vélaskröltið og á þessari öld jafnvel mótorskellirnir við, en ekkert hefur þó líklega gefið mönnum jafnillan grun á sér í þessu sambandi og hvalveiðarnar og botnfiskveiðarnar. Hvalveiðarnar áttu að hafa sérstaklega óheppileg áhrif á göngu síldarinnar að landi og inn á firði, en botnvörpuveiðarnar á aðrar fiskigöngur og fiskveiðar. Varpan átti að umróta botninum og eyða um leið öllum gróðri hans, hrognum fiska, jafnvel þeim sem aldrei eru við botn eins og lirfum þorsksins, drepa allt ungviði unnvörpum og flæma allan fisk af miðunum."

Þetta var formálinn að bókinni „Fiskarnir" eftir dr. Bjarna Sæmundsson. Ég held að hann eigi að mörgu leyti vel við umræðuna í dag.

En við skulum víkja aftur að umræðunni um fiskveiðistjórnunina. Gjöf þjóðarinnar á sjávarútvegsauðlind til útvegsmanna og síðast en ekki síst skortur á hugrekki til að hverfa frá því fiskveiðistjórnunarkerfi sem okkur hefur tekist að festa okkur í með tilheyrandi örðugleikum, byggðaröskun, atvinnuleysi og kvótabraski.

Nú er það ekki svo að sá sem hér talar hafi ekki tekið þátt í að útfæra þetta kerfi síðan 1983 þegar því var komið á. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að kvótakerfið hefur reynst okkur illa og í hvert skipti sem reynt hefur verið að betrumbæta kerfið hafa fleiri vandræði af hlotist. Við horfum upp á það gerast að atvinnutækifærum Íslendinga fækkar jafnt og þétt í flestum undirstöðugreinum atvinnulífsins.

Í nýlegri fyrirspurn til iðnrh. og svari hans kemur fram að atvinnutækifærum fækkar jafnt og þétt í öll-

um iðnaðargeiranum nema ferðamannaiðnaði. Erlendir menn yfirtaka störfin á kaupskipunum og kaupskipum skráðum undir íslenskum fána fækkar stöðugt. Þessari þróun verður að snúa við. Íslensk atvinnustefna verður að hafa að meginmarkmiði það sjónarmið að fjölga atvinnutækifærum okkar eigin þegna en fækka þeim ekki. Það getur ekki verið að við ætlum að sætta okkur við að atvinnutækifærum í landinu fækki almennt. Þjóðinni fjölgar þó enn þá og varla verður sú stefna framkvæmd með vilja stjórnvalda að flytja fjölgunina úr landi. Ég vil aldrei þurfa að trúa því að Ísland geti ekki gefið af sér störf fyrir Íslendinga eða hafa menn yfirleitt þá skoðun að framtíðin bjóði ekki upp á störf fyrir þjóð sem telur fleiri en 260 þúsund manns?

Mér hrýs hugur við þeirri þróun og þeim skoðunum sem oftar heyrast að nauðsynlegt sé að fækka í ákveðnum stéttum, t.d. í landbúnaði, siglingum, fiskveiðum, fiskvinnslu. Hvar á þá að vera vöxtur í íslenskum atvinnutækifærum? Hvalur og selur synda í sjó og lifa góðu lífi á því að éta frá okkur auðlindina og við þorum varla að nýta okkur þá kjötvöru sem þar syndir vegna umhverfisverndarsinna sem algerlega hafa misst sjónar á því markmiði sínu að halda jafnvægi í lífríki sjávarins sem fyrir löngu er orðið háð því að maðurinn nýti það rétt, ekki bara eina tegund úr lífríkinu heldur allar svo að jafnvægi haldist. Við eigum samleið með umhverfisverndarsinnum að því er varðar varnir gegn mengun sjávar, lofts og lagar. En við höfnum alfarið ruslahaugastefnu iðnríkjanna um losun úrgangsefna í hafið. Við munum um ókomna framtíð vera háð því að nýta náttúruauðlindir okkar og flytja til okkar þau aðföng sem við höfum ekki sjálf.

Sjómennirnir sem stunduðu hvalveiðar við stendur landsins og eiga allt sitt undir því að þær veiðar verði leyfðar að nýju treysta því að í ljósi þeirra gagna sem fyrir liggja um veiðiþol einstakra hvalastofna verði samþykkt að hefja veiðar á hrefnu og langreyði strax á næsta sumri. Afkoma sjómanna og fjölskyldna þeirra er í húfi. Jafnframt benda t.d. sjómannasamtökin á að ef Alþjóðahvalveiðiráðið ákveður áframhaldandi hrefnuveiðibann verður afkoma þeirra sjómanna sem stunda fiskveiðar við stendur landsins og þar með þjóðarinnar allrar stefnt í hættu í framtíðinni vegna offjölgunar sjávarspendýra.

Undir þetta sjónarmið hefur verið tekið í hvítbókinni svokölluðu sem kom út fyrir nokkrum dögum. Þar er skýrt talað um að hvalastofnanir munu í framtíðinni vega að afkomu þjóðarinnar. Mér finnst vera orðið meira en tímabært að Alþingi Íslendinga og sérstaklega ríkisstjórnin leggist á eitt við að standa vörð um íslensk atvinnutækifæri og að þeim fækki ekki eins og allt stefnir í á þessu ári og næstu árum.

Mig langar að víkja aftur að kvótakerfinu eins og það kemur mér fyrir sjónir. Formælendur kvótakerfisins hafa haldið því fram að alls ekki mætti vera með samkeppniskerfi í fiskveiðunum. Það væri allt of dýrt og atvinnuástand væri ekki tryggt né hagkvæmni veiðanna. Á sama tíma tala sömu menn fyrir því í tíma og ótíma að óveiddur fiskur verði að fá að ganga kaupum og sölum í fullri samkeppni milli aðila og þeir sem betur geti gert þurfi nauðsynlega að geta staðið upp úr. Sem sagt, það er í mjög góðu lagi að hafa fulla samkeppni ef fjármunir eru greiddir til þeirra útgerðarmanna sem ekki hafa dug eða vilja til að gera út, jafnvel ár eftir ár, fyrir sömu tonnin og hvaðan sem fjármagnið kemur, innlent eða erlent. Það má alls ekki vera samkeppni í veiðunum þar sem þeir sem betur gera ná meiri afla og betri afkomu. Nei, það má bara vera frjálst og óheft ef útgerðarmenn fá fjármuni fyrir óveiddan fisk í sjó sem þeir jafnvel hafa engan áhuga á að reyna að veiða.

Fyrir fáum árum var Aflatryggingasjóður afnuminn og voru allir sammála því að fækka sjóðum í sjávarútvegi. Í núverandi kvótakerfi tel ég að sé upprisinn nýr aflatryggingasjóður útgerðarmanna einna þar sem þeir sem meiri tekjur hafa færa til hinna sem ekki vilja nýta sér afkomumöguleikana. Spyrja mætti hvort skyldi vera hagkvæmara, að fullnýta allar tegundir eins og gerist í skrapdagakerfinu og gerðist líka í sóknarmarkinu eða láta auðlindina synda hjá garði eins og gerist í aflamarkskerfinu? Síðasta dæmið er það t.d. að rækjukvótarnir voru ekki fullnýttir á síðasta fiskveiðiári. Það má líka líta til þess að á meðan við vorum við sóknarmarkið annars vegar og aflamarkskerfið hins vegar nýtti sóknarmarkskerfið allar sínar heimildir en aflamarkskerfið skildi eftir á því ári bæði ýsu- og ufsaheimildir sem námu u.þ.b. 15 þús. tonnum. Í mínum huga er það ekki spurning að sóknarmarkskerfið með hámaksbremsu á fáar tegundir reynist betra, bæði aflalega og í heild í kostnaðarsparnaði. Því hefur verið haldið fram að kvótakerfið, aflamarkið, hafi leitt til mikils sparnaðar í orkunotkun á fiskiskipum. Sú fullyrðing stenst varla. Menn geta kynnt sér ef þeir vilja hjá starfsmönnum Fiskifélags Íslands olíunotkun flotans.

Þá er eftir að fjalla um afkomu einstakra byggða og réttarstöðu sjómanna í framtíðinni sem að mínu mati er aldeilis óviðunandi ef áfram verður haldið þeirri mismunun sem núverandi kerfi býður upp á. Að lokum vil ég leyfa mér að vona að það nefndarstarf sem farið er í gang á vegum ríkisstjórnarinnar leiði það af sér að menn þori að líta á þessi stefnumál í sjávarútvegi með það að markmiði að reyna að komast út út því kerfi sem við erum að festast í. Ella tel ég að það muni leiða til þess að við munum sigla inn í auðlindaskatt sem ekki mun verða landsbyggðinni til góðs né þjóðinni allri.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst svara fyrirspurn sem til mín var beint af hv. 1. þm. Reykn., sem spurði hvort ég væri á móti því að vinna fisk um borð í frystitogurum. Ég vil benda þingmanninum á að það sem menn vinna um borð í frystitogurum hefur vaxið gríðarlega frá árinu 1984 eða frá því að vera um 20 þús. tonn af botnfiski upp í það að vera 120 þús. tonn. Af þessum botnfiski voru á síðasta ári um 42 þús. tonn af þorski einum saman. Ég vil líka benda þingmanninum á að það liggur fyrir óumdeilanlega, þó að menn geti

deilt um hvað upphæðin er mikil, að verðmæti afurða úr frystihúsi í landi er meira en verðmæti afurða úr frystihúsi á sjó. Ég gat um það áðan að þær tölur sem ég áætlaði gætu verið fyrir frystihús á Vestfjörðum um 1 milljarður kr. eða sem nemur um 60 kr. á kíló. Ég vil líka benda á að nú er uppi sú staða að það þarf að draga úr veiðum sem þýðir að það fólk í landi sem vinnur við þessa atvinnugrein sér fram á að hafa ekki fulla vinnu. Það er um 10% samdráttur í atvinnu í sjávarútvegsplássum vegna samdráttar í afla sem fyrirhugaður er á næsta ári. Það er því skynsamlegt að beina meira af fiskinum til vinnslu í verðmætari vinnslugreinar en að auka vinnslu fisks úti á sjó eins og er verið að gera núna í dag. Það eru ekki margir dagar síðan Fiskveiðisjóður samþykkti að veita mörg hundruð milljóna króna lán til að byggja nýjan frystitogara á Skagaströnd.

Ég tel að við ættum að draga úr þeirri þróun sem verið hefur með sjófrystinguna og reyna að minnka það aflamagn sem fer þar í gegn, en auka aflamagnið sem fer í gegnum landfrystihúsin. Ég er hins vegar ekki að tala um að það eigi að þurrka að fullu og öllu út þessa grein í sjávarútvegi.

Hæstv. sjútvrh. upplýsti það hér áðan að hann er farinn að ryðga dálítið í því sem gerðist haustið 1988 og kallaði eftir kennslustund í þeim efnum. Þegar hann kvartaði undan því að Framsfl. hefði ekki viljað fella gengið þá voru fleiri, hæstv. sjútvrh., sem ekki vildu fella gengið en Framsfl. og Alþfl., það var líka nefnd, sem vann fyrir þáv. hæstv. forsrh. undir forustu Einars Odds Kristjánssonar, sem afskrifaði gengisfellingarleiðina. Og forsrh. þáv. stóð einn að þeirri kröfu sinni að efnahagsvandann ætti að leysa með stórfelldri gengisfellingu. Ég held að það sé full þörf á því að taka hæstv. sjútvrh. í kennslustund í þeim fræðum hvernig eigi að búa að atvinnugrein sem sjávarútvegi og hvaða skilyrði þurfi að vera í lagi til að menn geti rekið þessa atvinnugrein af einhverju viti.

Ég hef ekki séð að það væri vit í því fyrir atvinnugrein að búa við þau skilyrði að hún þurfi að framleiða sína vöru fyrir 100 kr. þurfa síðan að skila afurðum þeirrar vöru sem heitir gjaldmiðill í banka fyrir 80 kr. vegna pólitískra ákvarðana, m.a. í Sjálfstfl. Það heitir miðstýring á máli sumra manna. Og ég sé það að hæstv. sjútvrh. og flokkur hans hefur ekkert lært frá því haustið 1988 því hér stefnir í það sama, að það verði fjöldagjaldþrot í sjávarútvegsplássum á landsbyggðinni. Það er það sem blasir við. Það er það sem við finnum sem búum á svæði eins og Vestfjörðum þar sem jörðin skelfur undir mönnum í hverju einasta plássi og kannski hvergi meir en í því plássi sem ég á heima í. Því spyrja menn: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að koma í veg fyrir að þessi pláss hringinn í kringum landið hrynji? Og svarið er: Tími hinna sértæku aðgerða er liðinn. Nú höfum við fengið fyrstu almennu aðgerðina í gegnum stjórnarmeirihlutann í stjórn Byggðastofnunar og ég spyr: Er þetta almenn aðgerð? Að selja eitt pláss til annars. Selja eitt frystihús til annarra fyrirtækja í sjávarútvegi sem er stjórnað og átt og rekið af valinkunnum sæmdarmönnum í Sjálfstfl. Þetta lítur út í mínum augum sem sértæk aðgerð til að færa almannaeign í hendur færri aðila. Mér sýnist að Sjálfstfl. leggi nokkuð mikið upp úr því í stefnu sinni gagnvart landsbyggðinni að verða það sem stundum er kallað flokkur allra stétta. Búa til eina stétt sem honum finnst hafa vantað hér á landi, aðalsmannastéttina og styrkja hana síðan.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræður hv. þm. fara í nokkra hringi. Hér fyrr í umræðunni kvartaði hann yfir því að gengið hefði ekki verið lækkað 1988. Þegar það var rekið ofan í hann hvernig að þeim málum var staðið þá kemur hann núna og segir: Að sjálfsögðu átti ekki að lækka gengið 1988. Þá átti að fara þá leið að lækka alla launataxta í landinu um 10% og hann segir að ég hafi einn allra Íslendinga staðið gegn því haustið 1988 að lækka með lögum alla launataxta um 10%. Það er nú býsna fróðlegt og væri gaman að heyra hér aðra forustumenn Alþb. hvort þeir voru á þeim tíma þeirrar skoðunar að það hefði átt að lækka með lögum alla launataxta um 10% eða er það kannski þeirra tillaga nú að það eigi að byrja á því að lækka alla launataxta um 10%? Ég gat ekki skilið hv. þm. betur en hann væri að vísa til tillagna af því tagi og teldi að það hefði átt að fara þá leið 1988 og það mátti kannski skilja af orðum hans að það væri heppilegast að ganga þannig að verki nú. Þeir snúast í býsna marga hringi hv. þm. Alþb. nú um stundir.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sannfærðist um það undir þessari ræðu að það er full þörf á því að hæstv. sjútvrh. fái sér góða menn til að kenna sér betur sjávarútvegsfræðin. Ég bendi honum t.d. á hv. 3. þm. Vestf. sem flutti hér ágæta ræðu og gæti frætt hann um ýmislegt. Það ætti að vera hæstv. sjútvrh. fullkomlega ljóst að þegar búið er að halda genginu föstu í langan tíma verður ekki við þær aðstæður málunum bjargað með stórfelldri gengisfellingu, 20–30% gengisfellingu, það er ekki lausnin við þær aðstæður. Menn eiga að hafa þá efnahagsstjórn að koma í veg fyrir slíkar stíflur.

Ég var að vísa til þess í minni ræðu að stuðningur við gengisfellingu af því tagi sem þá var uppi á borði hjá hæstv. núv. sjútvrh. var enginn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær tillögur um breytingar á gengi krónunnar sem ágreiningur var um haustið 1988 lutu að því að breyta genginu um 6–10%, það var nú allt og sumt. Það var verið að ræða um mjög hóflega aðlögun miðað við erfiða aðstöðu í sjávarútveginum. En hv. þm. vék sér undan því, af því hann fór svo mörgum orðum um nauðsyn þess haustið 1988 að fara kauplækkunarleiðina, að svara hvort það hafi í raun og veru verið vilji hans flokks þá og hvort það sé vilji hans flokks í dag að fara kauplækkunarleiðina.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég taldi ekki þörf á að svara því sérstaklega, það svar birtist í þátttöku okkar í þáv. ríkisstjórn og þeim aðgerðum sem hún framkvæmdi.

María E. Ingvadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. nefndi það að það munaði um 1 milljarð á ári á verðmæti afurða úr frystitogurum og frystihúsum. Mig langar að spyrja hann að því: Hver er munur á framlegð á afurðum úr frystitogurum og úr frystihúsum?

11. FUNDUR

mánudaginn 21. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 21. okt. 1991:

„Þar sem Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að beiðni hennar með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir H. Haarde.

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er nú boðin velkomin til starfa á ný.

Um andsvör og fyrirspurnir til ráðherra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti mæla héðan úr þessum stól nokkur orð um þingsköp og framkvæmd þeirra. Tilefnið er umræða sú sem fram fór á þriðjudaginn í sl. viku utan dagskrár um málefni St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Við lok þeirrar umræðu kvöddu sér hljóðs þingmenn og gerðu m.a. að umtalsefni síðari mgr. 56. gr. þingskapa, um andsvör, sem eru eins og þingmönnum er kunnugt nýmæli í þingsköpunum. Þrír hv. þm. tóku síðan til máls undir þessu nýja formerki, andsvör, og var það í fyrsta sinn sem á þetta ákvæði þingskapanna reyndi. Forseti var þessu óviðbúinn en hafði reyndar hugsað sér að leyfa andsvör í utandagskrárumræðum hinum lengri ef um yrði beðið en hafði ekki hugleitt sérstaklega hina svokölluðu hálftíma umræðu að þessu leyti.

Forseti hefur nú lesið yfir umræðurnar og enn fremur hafa nokkrir hv. þm. rætt við forseta um þetta atriði og gert athugasemdir. Kann forseti því vel að þingmenn komi að máli við forseta um framkvæmd þingskapa. Forseti telur við nánari athugun að það geti ekki komið til greina að þingmönnum verði leyft að veita andsvör í umræðum utan dagskrár sem ekki mega standa lengur en í hálftíma þegar ræðutími málshefjanda er takmarkaður við þrjár mínútur og ræðutími annarra þingmanna og ráðherra er takmarkaður við tvær mínútur. Það má líka augljóst vera að umræðu sem standa á í hálftíma verður ekki haldið innan þeirra marka ef leyfð verða andsvör eftir hverja ræðu. Í athugasemdum um þetta nýmæli í frumvarpi til nýrra þingskapa sem samþykkt var á síðasta þingi segir:

„Er megintilgangur þessarar breytingar," þ.e. að leyfa andsvör, „sá að gera umræður líflegri, skoðanaskipti hraðari og jafnframt að stytta umræður."

Það er ljóst að umræður utan dagskrár skv. fyrri mgr. 50. gr., hálftíma umræðurnar, styttast ekki við það að leyfa andsvör. Auk þess er ræðutími í andsvörum jafnlangur og þingmenn hafa almennt í hinum styttri umræðum utan dagskrár.

Forseti hefur rætt þetta við þingflokksformenn og eru þeir á sama máli og forseti um þá túlkun framvegis að andsvör verði einungis leyfð þegar rædd eru lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur og í hinum lengri utandagskrárumræðum, en andsvör verða ekki leyfð í hálftíma umræðum utan dagskrár, ekki í umræðum um fyrirspurnir, í þingskapaumræðum eða þegar gerðar eru stuttar athugasemdir eða leiðréttingar, né heldur í hefðbundnum útvarpsumræðum þar sem röð flokka er fyrir fram ákveðin.

Þetta vill forseti taka fram vegna þeirrar umræðu sem varð á þriðjudaginn í síðustu viku.

Þess er líka rétt að geta að á fundum sl. miðvikudag og fimmtudag notfærðu ýmsir þingmenn sér þetta nýmæli þingskapa með eðlilegum hætti að dómi forseta og þannig náðist líka sá tilgangur sem áður er rakinn, að gera umræður líflegri, skoðanaskipti hraðari og jafnframt að stytta umræðurnar. Forseti telur mjög mikilvægt að þegar í upphafi takist að móta fasta framkvæmd þessa nýmælis þannig að allir hv. þm. geti vel við unað.

Þá vill forseti geta þess að á morgun í upphafi fundar verða á dagskrá þingsins í fyrsta sinn svokallaðar óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa. Gefst þá þingmönnum kostur á að spyrja viðstadda ráðherra spurninga sem þeir svara á fundinum. Gert er ráð fyrir að fyrirspurnatími þessi taki um hálftíma. Um ræðutíma gilda sömu reglur og á venjulegum fyrirspurnafundum, þ.e. fyrirspyrjandi hefur tvisvar sinnum þrjár mínútur og ráðherra tvisvar sinnum fimm mínútur. Ekki verða leyfðar athugasemdir annarra þingmanna.

Forseti vill taka fram að hann er óánægður með ákvæði þingskapa um ræðutíma í þessum umræðum og gerði tilraun til að ná nokkurs konar heiðursmannasamkomulagi um styttri ræðutíma en það tókst ekki. Samt sem áður hefur forseti ástæðu til að ætla að þingmenn og ráðherrar stilli máli sínu mjög í hóf þannig margir þingmenn komist að, en þeir verða aðeins tveir ef ræðutími hvers verður fullnýttur. Fyrirkomulag umræðna verður þannig að þingmenn kveðja sér hljóðs með venjubundnum hætti en verða auk þess beðnir að rísa úr sæti til að auðvelda forseta yfirsýn yfir þá sem biðja um orðið. Forseti velur fyrirspyrjendur en þeir ráða því til hvaða ráðherra þeir vilja beina máli sínu. Fyrirspyrjandi má gera stutta athugasemd við svar ráðherra og ráðherra má tala í annað sinn. Forseti vill ítreka þá ósk sína að fyrirspurnir verði stuttar, um eitt

eða tvö efnisatriði, og ekki síður að svör ráðherra verði stutt og hnitmiðuð. Með þeim hætti eru mestar líkur á að þetta nýmæli sem tekið var upp í þingsköpum á sl. vori reynist góð og skemmtileg viðbót í starfi okkar hér í þessum sal.

Forseta hefur borist tilkynning frá skrifstofunni um að á morgun verði til andsvara eftirtaldir ráðherrar: Forsrh. Davíð Oddsson, fjmrh. Friðrik Sophusson, samgrh. Halldór Blöndal, umhvrh. Eiður Guðnason og heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að sú utandagskrárumræða, sem fyrirhuguð var í dag um skólamál, getur ekki orðið vegna veikinda hæstv. menntmrh. en stefnt er að því að hún verði síðar í vikunni.

Þess í stað verður leyfð utandagskrárumræða að beiðni hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, um ummæli hæstv. forsrh. um byggðamál. Umræðan hefst um eða upp úr kl. 2.30 eftir því hvernig stendur á með dagskrá.

Gæðamál og sala fersks fisks, fyrri umr.

Þáltill. JÁ og SJS, 33. mál. — Þskj. 33.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um gæðamál og sölumeðferð á ferskum fiski sem er á þskj. 33. Flm. eru Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að grípa þegar í stað til ráðstafana til að tryggja aðgang innlendrar fiskvinnslu að hráefni á Íslandsmiðum og bæta meðferð afla.

Settar verði í þessu skyni reglur um að allur fiskur, er ekki fer beint til vinnslu hérlendis, skuli boðinn til sölu innan lands á fiskmarkaði eða með öðrum viðurkenndum hætti. Einnig verði settar strangar reglur um meðferð og ferskleika afla sem ætlaður er til sölu á mörkuðum þar sem m.a. verði kveðið á um hve langur tími má líða frá því fiskur veiðist þar til sala fer fram."

Með tillögunni er eftirfarandi greinargerð:

„Í tillögu þessari felst að vegna aðstæðna í sjávarútveginum og byggðarlögunum og hins mikla aflasamdráttar, sem fyrirsjáanlegur er, verði þegar í stað gripið til sérstakra aðgerða sem gildi meðan sú endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar fer fram sem lög gera ráð fyrir.

Tilgangur aðgerðanna er að tryggja fiskvinnslunni hér innan lands betri möguleika til að ná auknum hlut í vinnslu þess afla sem kemur af Íslandsmiðum og jafnframt að bæta meðferð aflans almennt.

Óþarft er að fjölyrða um þýðingu þess fyrir byggðarlögin við sjávarsíðuna að sem mest af þeim afla sem að landi kemur sé tekinn þar til vinnslu og skapi þannig atvinnu og umsvif. Enn frekar nú, þegar afli dregst saman og efnahags- og atvinnuhorfur eru jafnískyggilegar og raun ber vitni, er nauðsynlegt að allt sé gert sem hægt er til að stuðla að slíkri þróun.

Algengt er talið að fiskur sé seldur á erlendum mörkuðum fyrir lægra verð en fæst á sama tíma hér innan lands. Sjálfsagt hlýtur því að vera að gefa íslenskum kaupendum tækifæri til að gera tilboð í fiskinn áður en ráðist er í að selja hann óunninn erlendis. Ísaður fiskur, sem seldur er á erlendum mörkuðum, er að stærstum hluta orðinn mjög gamall, sjö til átján daga, og þess vegna ekki fyrsta flokks vara. Talið er að ísaður fiskur sé ekki fyrsta flokks vara nema í sex daga frá því að hann er veiddur. Benda má á að samræmdar reglur um sölu á ferskum fiski eru í gildi á mörkuðum í Evrópu. Fiskur, sem seldur er á EB-mörkuðum, er flokkaður í þrjá flokka, þ.e. E (excellent), A og B. Fjögurra daga gamall fiskur og yngri fer í E-flokk, sjö daga og yngri í A-flokk og fiskur eldri en sjö daga fer í B-flokk. Meiri hluti þess íslenska afla sem seldur er ferskur erlendis flokkast í B-flokk vegna þess hversu gamall hann er. Sjálfsagt hlýtur að teljast að gera nú sérstakt átak til betri meðferðar afla og ná þannig meiri arði af þeim fiski sem til ráðstöfunar er.

Fiskmarkaðir eru nú sem óðast að taka til starfa hér á landi. Ástæða er til að gera ráð fyrir að verulegur hluti afla af miðunum við landið verði seldur á þeim innan tiltölulega skamms tíma. Mjög mikilvægt er að eðlilegar kröfur verði gerðar til starfsemi þessara markaða. Nú þegar fiskur fer í auknum mæli til sölu með þessum hætti hér innan lands er eðlilegt að setja markið hátt og stefna að því að vinna íslenskum fiski háan sess sem góðri vöru."

Við höfum látið fylgja með þessari tillögu fylgiskjöl, grein úr Fréttabréfi Ríkismats sjávarafurða, sem er viðtal við Þórð Árelíusson um fiskmarkaði og gæðamál og tilskipun EB varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða og þær reglur sem eru í gildi núna á mörkuðum EB eða útdrátt úr þeim. En þær koma til með að breytast um áramótin 1992–1993.

Í utandagskrárumræðunum um sjávarútvegsmál, sem fóru fram fyrir nokkru, voru þessi mál til umræðu. Þá kynntum við þessa þáltill. okkar að hún ætti að koma hér fram. Ég ætla ekki að endurtaka þær umræður nema það sem snýst um gæðamálin, en þar hlýt ég þó að nefna fáein atriði.

Menn hafa talað um það hér á Íslandi, a.m.k. hefur almenna umræðan verið dálítið á þann veginn, að margir hafa staðið í þeirri meiningu að gæðamálum væri mjög vel fyrir komið hér og íslenskur fiskur þætti gæðavara á erlendum mörkuðum, en það er nú ekki þannig. Á erlendum mörkuðum er íslenski fiskurinn flokkaður sem þriðja flokks hráefni. Það fæst fyrir hann gott verð miðað við það verð sem við fáum fyrir íslenskan fisk á innlendum markaði, en það er ekki þar með sagt að það sé ekki hægt að fá hærra verð fyrir hann. Og þess vegna fór ég að kanna það hvernig

verð raðast niður eftir gæðum á þessum mörkuðum erlendis og hef reynt undanfarna daga að fá einhverja niðurstöðu í það mál. Það tókst mér ekki, einfaldlega vegna þess að hingað til lands koma, eins og er, ekki upplýsingar nema um meðaltalsverð úr hverri sölu hjá hverju skipi. Ég held að þarna þurfi menn að ráða bót á og það þurfi kerfisbundið að safna þessum upplýsingum til að menn geti borið saman og komist að því eftir hverju er að slægjast með því að koma aflanum í betra ástandi á þessa markaði. Og ég kemst ekki hjá að endurtaka það að ég hef orðið var við að það er ekki bara almenna umræðan sem snýr á þennan veginn um gæðamálin heldur sagði hæstv. sjútvrh. í sjávarútvegsumræðunni að íslenskur fiskur seldur á mörkuðum í Hull hefði í sumar verið talinn 60% gæðafiskur, 25% sæmilegur og 15% slakur. Ég fór að reyna að kanna hvernig stóð á þessum tölum sem samræmast alls ekki þeim upplýsingum sem ég hef um það að nánast allur afli sem seldur er á mörkuðunum erlendis sé þriðja flokks fiskur, þ.e. í B-flokki. Þá komst ég að því að þessi flokkun sem var kynnt í hv. Alþingi er ekki til. Það var ekki hægt að fá að vita neitt um hvað stæði á bak við þessar prósentutölur sem sjútvrh. kynnti hér. Þetta voru sem sagt einhverjar tilbúnar reglur sem menn höfðu fundið upp hjá sér til að gefa þeim hjá Ríkismati sjávarútvegsins upp um hvernig ástand fisksins væri. Og ég átel þetta. Við getum ekki vænst þess að það séu neinar aðrar reglur um gæðamálin í gildi á þessum mörkuðum en þær sem Evrópubandalagið hefur samþykkt og nú stendur til að herða þær reglur.

Við verðum að gera ráð fyrir því að allur fiskur sem við seljum á þessum mörkuðum í framtíðinni þurfi að uppfylla þau skilyrði sem Evrópubandalagið mun setja og þær reglur eru nú í smíðum. Ég tel að ástandið hjá okkur sé mjög slæmt. Við erum að veiða heimsins besta fisk á miðunum. Við komum með hann að landi en hann kemst yfirleitt ekki til vinnslu fyrr en eftir að hann hefur tapað gæðum. Ríkismat sjávarafurða, sem ætti að vera sá aðili sem gæti upplýst okkur um hvernig ætti að setja þessa kröfu upp, segir að sex daga fiskur og yngri geti verið fyrsta flokks fiskur. Þá hljótum við í framhaldi af því að líta þannig á málin að við hljótum að stefna að því að ná því marki að allur fiskur sem veiðist við landið sé unninn sem fyrsta flokks vara, það sé a.m.k. möguleiki á að hann sé það. Stærsti hlutinn af þessum fiski er unnin eftir þennan tíma.

Það er því kominn tími til að snúa við blaðinu og nú er til þess alveg sérstakt tilefni vegna þeirra aðstæðna sem eru í sjávarútveginum. Ég tel að til að byrja með gætum við tekið upp slagorð Alþfl. og sagt: Ísland í A-flokk. Þótt það sé ekki besti flokkurinn sem þeir nota þarna er það a.m.k. mun betri flokkur en við erum í núna.

Ég tel líka og vil endurtaka það að við þurfum að safna kerfisbundið upplýsingum um verð, hvernig það raðast eftir gæðum. Það er enginn vafi á að það er verulega mikill verðmunur á fiski sem seldur er og er orðinn við skulum segja sextán til sautján daga gamall og fiski sem seldur er fimm til sex daga gamall, en það er yngsti fiskurinn sem kemst á markaðina frá okkur. Það er mikill verðmunur þar á. Og það þurfa menn að geta séð til þess að geta hagað sínum veiðum og flutningi á fiski þannig að hægt sé að ná sem bestum verðum.

Ég tel hægt að gera mjög stórt átak án þess að það kosti mjög mikið. Til að byrja með mætti stytta túra togaranna. Ég held að ef frystihúsin í landinu og fiskvinnslan stæðu frammi fyrir því að þau hefðu reglur að fara eftir mundum við ekki heyra tilkynningar í útvarpinu, eins og við heyrum núna, um að togararnir séu að koma að landi eftir 10, 11 eða 12 daga veiðiferðir. Ég held að það sé ástæðulaust. En ég hef svolitlar áhyggjur af því að í því plaggi sem hæstv. ríkisstjórn gaf út fyrir nokkrum dögum er nánast ekkert um gæðamál á íslenskum fiski. Þar er kafli sem heitir Sjávarútvegur og í honum er vers sem heitir Hagnýting auðlindarinnar. Út af fyrir sig er allt í lagi með það sem í því stendur, svo ég fái að vitna í það orðrétt, með leyfi forseta: „Hrundið hefur verið af stað umfangsmiklu samstarfsverkefni sjútvrn., Hafrannsóknastofnunar, sjómanna og útvegsmanna til að takast á við smáfiskadráp, verndun uppeldis- og hrygningarstöðva og koma í veg fyrir að fiski sé hent fyrir borð. Verkefni þetta er þáttur í framkvæmd þeirrar grundvallarstefnu að varðveita auðlindina og byggja upp fiskstofnana samhliða skynsamlegri nýtingu."

Hvergi er talað um að gera átak í gæðamálunum og hef ég af því áhyggjur. Ég vonast til þess að hv. Alþingi taki vel á þeirri tillögu sem við höfum lagt fram og í framhaldi af henni verði tekið á gæðamálum og einnig verði tekið á því máli sem við erum líka með í þessari tillögu, þ.e. að settar verði reglur um fiskmarkaðina í landinu vegna þess að það er full ástæða til þess. Ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af því að ef við komum ekki á samræmdum reglum á okkar fiskmörkuðum munum við lenda í erfiðleikum þegar reglurnar verða hertar á fiskmörkuðunum hjá Evrópubandalaginu um áramótin 1992–1993.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í þessari umræðu að Alþfl. telur það rétta stefnu að allur fiskur sem veiddur er á Íslandsmiðum sé boðinn til sölu á innlendum mörkuðum. Þetta er hægt að gera með tvennum hætti. Það er hægt að gera það annars vegar með því að sett verði löndunarskylda á öll fiskiskip, þ.e. að fiskiskipin þurfi að koma með aflann að landi og hann verði síðan boðinn til sölu á innlendum fiskmörkuðum. Það eru bæði til kostir og gallar við þá aðferð. Kostirnir eru að sjálfsögðu þeir að þá fer vigtunin fram í landinu sjálfu og auðvelt að koma við fullkomnu eftirliti með slíkum löndunum. Það er líka kostur að flutningastarfsemi á fiski yrði þá alfarið í höndum Íslendinga sjálfra og mundi sjálfsagt skapa talsverða vinnu í landi. Ókosturinn er hins vegar að sjálfsögðu sá, a.m.k. hvað varðar þann fisk sem seldur er til útlanda, að hann yrði að öllum líkindum eitthvað eldri við það að vera fyrst landað á Íslandi, boðinn upp á íslenskum mörkuðum og síðan fluttur til útlanda til neyslu.

Hinn kosturinn er sá að öll sala fari fram á íslenskum mörkuðum en menn geti boðið fisk til sölu í gegnum fjarskiptakerfi þannig að löndunin þyrfti ekki í öllum tilvikum að eiga sér stað á Íslandi. Ókosturinn við þá aðferð er að sjálfsögðu sá að þá er eftirlitið með vigtun ekki í höndum Íslendinga sjálfra. Kosturinn er hins vegar sá að ef keyptur er afli sem veiddur er á Íslandsmiðum og seldur til neyslu erlendis er líklegra að sá fiskur kæmi nýrri í hendurnar á kaupendum og minni líkur á að hann verðfélli.

Í báðum þessum tilvikum gætu íslenskir fiskkaupendur átt sama rétt og erlendir fiskkaupendur til kaupa á fiski. Auðvitað þarf hins vegar þegar menn taka upp þann hátt að bjóða allan fisk sem veiddur er á Íslandsmiðum til sölu á innlendum mörkuðum, hvora leiðina sem menn velja, að gera aðrar breytingar jafnhliða. Þá er ljóst að við verðum að gera breytingar á mjög gömlum lagaákvæðum sem heimila ekki landanir erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum. Auðvitað er það einsýnt að ef við tökum upp þau vinnubrögð að selja allan afla íslenskra fiskiskipa á Íslandsmiðum í gegnum íslenska fiskmarkaði verðum við að gefa erlendum skipum sem vilja selja afla sinn á íslenskum fiskimörkuðum heimild til að landa í íslenskum fiskihöfnum. Enn fremur þyrfti þá að skoða 20% kvótaskerðingarálagið, sem nú er lagt á vegna sölu á ísfiski til erlendra kaupenda, vegna þess að ekki væri alveg einsýnt afli hvaða skips væri keyptur af erlendum kaupendum ef um slíka opna fiskimarkaði væri að ræða þar sem allur fiskur sem veiðist á Íslandsmiðum væri seldur í gegnum íslenska markaði.

Sú þróun hefur átt sér stað núna að undanförnu að mikið hefur dregið úr löndunum á ísfiski og gámafiski erlendis. Það sem af er þessu ári hafa landanir innan lands á botnfiski verið 4% meiri en á sama tíma á síðasta ári. En erlendis er hann 23% minni en á sama tíma á síðasta ári. Hér er rætt um hefðbundnar landanir á ísfiski. Útflutningur á ferskum fiski í gámum hefur dregist saman um 27%. Þá er einnig athygli vert fyrir okkur að reyna að gera okkur grein fyrir hvað verður um þann fisk sem veiddur er á Íslandsmiðum og keyptur af erlendum kaupendum. Það var gerð athugun á því árið 1989 hve stórt hlutfall af útfluttum ferskum fiski sem seldur var í Grimsby færi beint til neytenda og hve mikið færi til frekari vinnslu. Af 92 þús. tonnum sem seld voru það ár á fiskmarkaði í Grimsby fóru 54 þús. tonn til frekari vinnslu eða 60% af löndurum afla.

Við skoðum þessar tölur með hliðsjón af því að það virðist vera að verðmætasköpun við frystiverkun innan lands sé um 84% þannig að það er miklu hagkvæmara fyrir Íslendinga að vinna þann afla af Íslandsmiðum sem fer til vinnslu heima fyrir en selja hann til útflutnings þar sem hann er tekinn til vinnslu. Auðvitað verður það alltaf svo að einhver hluti af þeim fiski sem veiddur er á Íslandsmiðum fer til beinnar almennrar neyslu sem nýr fiskur erlendis. En það er ekki eðlilegt að veruleg brögð séu að því að þessi fiskur sé seldur til vinnslu á erlendum mörkuðum þegar höfð er hliðsjón af því hve verðmæti þessa fisks aukast mikið við vinnslu hér heima fyrir.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins láta það koma fram að það hefur verið og er stefna Alþfl. að allur fiskur veiddur á Íslandsmiðum skuli seljast um íslenska markaði. Að sjálfsögðu leggjum við áherslu á að sú stefna nái fram að ganga.

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis svara því að ég tel að það þurfi ekki að hafa þau áhrif sem komið hefur fram bæði nú og í umræðum áður að við myndum ekki geta haft áfram einhvers konar skerðingarákvæði á útfluttum fiski. Ég tel að það eigi að vera auðvelt að halda því áfram ef menn telja ástæðu til. Auðvitað verða menn þá að fylgja því eftir hvernig fiskurinn er fluttur úr landi.

Ég veit vel að það hefur dregið úr þessum útflutningi. En ég tel að stefnan hljóti að vera, eins og hæstv. heilbrrh. nefndi hér áðan, að vinna þann afla sem fer á annað borð í vinnslu á Íslandi. Við verðum að stefna að því að hráefnið verði ekki flutt héðan til þess að vinna það erlendis og selja svo í samkeppni við okkur.

Ég tel í sambandi við markaðina sjálfa þá muni strax gerast mjög afdrifaríkir hlutir ef við tökum á gæðamálunum. Ef við ákveðum það að fiskur megi ekki vera eldri en eitthvað ákveðið áður en hann kemur að landi, við skulum segja sjö til átta daga gamall, þá gerist það af sjálfu sér að menn geta ekki siglt beint af miðunum. Menn þurfa að landa á milli eða safna saman í skip. Og þá liggur það auðvitað ljóst fyrir að fiskurinn verður yngri þegar hann verður fluttur út ef menn þurfa standa þannig að málum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira núna en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á þeirri athyglisverðu umræðu sem fram hefur farið að frumkvæði tveggja þingmanna Alþb. og með eindregnum stuðningi Alþfl. Það er mjög sjaldgæft að það gerist í þingsölum að þingmenn stjórnarflokks gangi fram með þeim hætti sem hér hefur gerst til sérstaks stuðnings við þingmenn stjórnarandstöðuflokks. Ég tel það auðvitað sérstaklega þakkarvert og það sýnir að hér er um að ræða gott mál sem á breiðan stuðning og líklegt að það verði samþykkt og það verði niðurstaða þingsins að lokum sem lagt er til í tillögu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og Steingríms J. Sigfússonar.

Það er mjög athyglisvert að hæstv. heilbrrh. skuli gefa þessa yfirlýsingu. Það bjuggust reyndar flestir við því þegar hann kom í ræðustólinn undir þessum umræðum að hann myndi ætla að gefa almennar spítalayfirlýsingar til að gleðja þjóðina, eins og hann hefur gert undanfarnar mánuði, en það varð ekki sem sagt. Aldrei þessu vant vildi hann blanda sér sérstaklega í umræðu um gæðamál í sjávarútvegi og er það út af fyrir sig sérstakt fagnaðarefni. En það er þó einkum athyglisvert hvaða tíma hann nákvæmlega velur til að gefa þessa yfirlýsingu. Ég sá að hann leit mjög gaumgæfilega yfir ráðherrastólana um leið og hann steig í

ræðustólinn og komst að þeirri niðurstöðu, sem er athyglisverð, að enginn ráðherra Sjálfstfl. var viðstaddur þegar hann gaf þessa yfirlýsingu. Það var þess vegna allt í lagi fyrir hann að flytja hana með þeim hætti sem hann flutti hana hér áðan.

Ég kvaddi mér einungis hljóðs, virðulegi forseti, til að vekja athygli á þeirri athyglisverðu staðreynd að Alþfl. hefur hér hlaupið undir bagga með Alþb. Mér þykir a.m.k. vænt um að svo skuli komið fyrir Alþfl. að hann leiti á okkar náðir og ég vona að það verði einnig á öðrum sviðum, t.d. í heilbrigðis- og tryggingamálum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Gæðamál sjávarfangs eru ekki flokksmál Alþb. og hafa aldrei verið. Hins vegar er það mjög skiljanlegt þegar það gerist að Alþb. lýsir skynsamlegum skoðunum að það sé mikil ástæða til þess að vekja á því athygli. Það er ekki á hverjum degi, virðulegi forseti, sem alþýðubandalagsmenn tala eða hegða sér skynsamlega á Alþingi. Ég er alveg fús til þess að vekja athygli á því ef slíkt skyldi koma fyrir aftur á þessu þingi. Ég á satt að segja ekki von á því.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram mjög góð umræða um sjávarútvegsmál og hefur verið rekinn mjög harður áróður fyrir því að þorskarnir verði skyldaðir að fara í A-flokk, þar verði enginn griður gefinn og miðað við fylgishrun Alþfl. samkvæmt skoðanakönnunum er að sjálfsögðu ekkert skrýtið þó að heilbrrh. styðji þá hugmynd að að minnsta kosti þorskarnir fari í A-flokk.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram umræða sem vissulega væri gaman að taka þátt í en aðeins fyrir örfáum dögum var umræða um sjávarútvegsmálin sem ég því miður gat ekki tekið þátt í.

Ég held að mönnum sjáist yfir það hvað það er sem raunverulega þarf að gera í þessari atvinnugrein. Það er fyrst og fremst eitt sem þarf að gera og það er grundvallarmál. Það þarf að koma á aukinni arðsemi í sjávarútveginn. Það þarf að vera hagnaður í þessari atvinnugrein. Það er grundvallarmálið í dag. Sjávarútvegurinn verður að fá að hagnast það mikið að hann geti borgað, ekki aðeins hærra fiskverð, hann verður einnig að geta borgað hærri laun til þess fólks sem starfar í sjávarútvegi. Þetta er grundvallarmálið í dag. Um þetta á þessi umræða vitaskuld að snúast. Ef það næst ekki fram að við komum svo miklum hagnaði í þessa atvinnugrein að við getum bæði hækkað fiskverðið og bætt laun fólks, sem þar starfar, mun verða skammt í það að við Íslendingar verðum aðeins veiðiþjóð í okkar eigin landi og látum öðrum þjóðum það eftir að njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar. Þetta er staðreyndin. Og því hryggir það mig að hvernig sú ríkisstjórn sem nú situr bregst hér við.

Ef við lítum yfir fjárlagafrv., sem ég ætla ekki að fjalla mikið um, það gefst tækifæri til þess síðar, þá er þar krökkt af tillögum og hugmyndum um nýja og stóraukna skattheimtu á þessa atvinnugrein. Og það er hreint ekki til þess að styrkja þessa stefnu sem við erum að tala um.

En að endingu, virðulegi forseti, er rétt að það komi fram vegna þess eins og ég sagði í upphafsorðum mínum að ég gat ekki tekið þátt í umræðunum um sjávarútvegsmálin, að sú fiskveiðistefna sem við búum við í dag og höfum verið að aðlaga að okkar háttum hefur leitt af sér margs konar hagræðingu í veiðum og vinnslu og stórbætt meðferð aflans. Og það þarf einmitt að vera leiðarljós þeirra manna sem nú eru að fjalla um nýja stjórnun fiskveiða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. ST o.fl., 36. mál (mæðravernd). — Þskj. 36.

Flm. (Stefanía Traustadóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, á þskj. 36. Flutningsmenn auk mín eru þau Guðrún Helgadóttir og Svavar Gestsson.

Frv. þetta er flutt þar sem taka þarf af öll tvímæli um það að mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd verði ókeypis fyrir verðandi mæður og foreldra ungra barna. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 2. mgr. 20. gr. laganna (20.2) bætist nýr málsliður svohljóðandi: Mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd er þó ævinlega á kostnað ríkissjóðs."

Og í 2. gr. frv. segir einfaldlega: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Virðulegi forseti. Ég hef verið innt eftir því hér í þingsölum til hvers við værum að flytja þetta frv., hvort þessi réttur sé ekki tryggður í lögum. Það eru ekki einungis þingmenn sem trúa að svo sé, það á einnig við um margt starfsfólk heilsugæslustöðva og ekki síst konur almennt. En því miður er hann það ekki.

Í grg. með frv. er að finna helstu efnisatriði laga og reglugerða er varða þetta mál og ætla ég að stikla á því helsta. Í 19. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu er talin upp sú þjónusta sem heilsugæslustöðvum er ætlað að veita. Þar er mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd talin upp í liðum 5.2 og 5.3 sem liðir í almennri heilsuvernd. Í 20. gr. sömu laga segir að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva skuli greiðast úr ríkissjóði og að ráðherra setji gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og hún skuli vera í samræmi við hliðstæða gjaldskrá samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Í athugasemdum með frv. til þeirra laga var þetta ákvæði réttlætt með vísun til breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. laga nr. 87/1989, þess efnis að ríkið taki nú yfir rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrasamlög verði lögð niður. Því þótti rétt að ráð-

herra ákveði gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og hún skuli vera í samræmi við hliðstæða gjaldskrá samkvæmt lögum um almannatryggingar og vera með sama hætti alls staðar á landinu en ekki eins og nú er með mismunandi hætti, eins og þar segir.

En hvers vegna er látið að því liggja að fólki sé mismunað? Getur það verið, virðulegi forseti, að það séu einhvers staðar ákvæði í lögum sem mismuna fólki t.d. eftir búsetu hvað varðar greiðslu fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva? Því miður er það svo en aðeins hvað varðar nokkra tiltekna þætti heilsugæslunnar. Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu er ákvæði til bráðabirgða um heilsuverndarstarf í Reykjavík sem er samkvæmt lögum nr. 44/1955 og lögum nr. 28/1957. Þetta ákvæði fellur úr gildi um næstu áramót og þá skulu sömu lög gilda um land allt.

Í 4. gr. laganna frá 1955 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölul. 2. gr., skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.“ Hér er vísað til 2. gr. þessarar sömu laga en þar eru taldar upp helstu heilsuverndargreinarnar en þær sem hér er vísað til eru nr. 1, sem er mæðravernd, nr. 2, sem er ungbarnavernd (0–2 ára barna) og smábarnavernd (2–7 ára barna) og svo nr. 7, sem er berklavarnir, og nr. 9, áfengisvarnir.

Virðulegur forseti. Þetta ákvæði 4. gr. laganna frá 1955 er eftir því sem næst verður komist eina ákvæði í lögum sem tekur til mæðraverndar og ungbarna- og smábarnaverndar og þá á þann hátt að hið opinbera eigi að greiða hana. Og eins og þegar hefur komið fram, þá fellur þetta ákvæði niður um næstu áramót og á í raun einungis við um heilsuverndarstarf í Reykjavík. Þetta ákvæði hefur verið til bráðabirgða inni í almennum lögum um heilbrigðisþjónustu um nokkurn tíma og hefur verið framlengt með einfaldri lagasetningu á hverju ári að ósk borgarstjórnar Reykjavíkur.

Nú er það hins vegar svo eftir því sem ég hef getað staðreynt að það er í raun hvergi tekið gjald fyrir mæðravernd né ungbarna- og smábarnavernd á heilsugæslustöðvum vítt og breitt um landið. Það skal tekið fram að það var ekki innt eftir öðrum þáttum heilbrigðisþjónustunnar.

Virðulegur forseti. Það efast enginn um mikilvægi mæðraverndar og ungbarna- og smábarnaverndar. Hér á Íslandi höfum við konur átt kost á mjög góðri þjónustu fyrir okkur sjálfar og börnin okkar, svo góðri að við og heilbrigðisyfirvöld okkar höfum getað farið út í hinn stóra heim og sagt: Það er hvergi í heiminum eins lítið um burðarmálsdauða og á Íslandi og það er hvergi í heiminum eins lítið um mæðradauða og á Íslandi.

Í nýsamþykktri heilbrigðisstefnu íslenskra stjórnvalda er það sérstaklega tekið fram að lög um heilbrigðisþjónustu, sem sett voru 1944, hafi skipt sköpum fyrir þjónustu ungbarna og mæðraverndar og lagðar fram tölur um framúrskarandi árangur okkar í baráttunni gegn ungbarnadauða. Þess vegna vekur það enn meiri furðu að þar skuli að öðru leyti hvergi minnst á mæðra- og ungbarnaeftirlitið. Í yfirlýstri heilbrigðisstefnu okkar er hvorki sett fram það markmið að viðhalda þeirri góðu þjónustu sem við búum við né heldur að hana skuli auka eða bæta. Þessi grundvallarþáttur í forvarnastarfi heilsugæslu hvað varðar konur og börn er þar ekki á blaði, hefur hreinlega gleymst. Og hvers vegna? Kannski vegna þess að okkur þykir hann svo sjálfsagður að við tökum ekki eftir þegar smám saman er grafið undan honum. En rétturinn til ókeypis mæðra- og ungbarnaverndar þótti ekki sjálfsagður hér áður fyrr. Barna- og mæðravernd var eitt af helstu baráttumálum íslenskra kvenna sem sést m.a. á lögum næstelsta kvenfélags landsins, Kvenfélags Svínavatnshrepps, frá 1874. Það er af mörgu að taka í baráttusögu íslenskra kvenna hvað varðar heilbrigðismál og þeirra framlag er ómetanlegt. Það má minna á stofnun Landspítalans og á stofnun ungbarnaverndar Líknar frá árinu 1927 en þar unnu konur eins og Katrín Thoroddsen læknir endurgjaldslaust árum saman og veittu verðandi og nýbökuðum mæðrum ómetanlega aðstoð þar til mikilvægi þessarar þjónustu var loks viðurkennt og skyldur og ábyrgð hins opinbera í lög leidd árið 1944.

Virðulegur forseti. Konur hafa þörf fyrir sérhæfða heilbrigðisþjónustu á mörgum sviðum. Stærsti hluti þeirrar þjónustu varðar mæðravernd og fæðingarhjálp. Reglubundið eftirlit á meðgöngutíma skiptir sköpum í öllu forvarnarstarfi hvað varðar öryggi og heilbrigði fæðandi móður og barns. Samkvæmt þeim heimildum, sem ég hef undir höndum, hefur ekkert tilfelli mæðradauða verið skráð frá árinu 1975 og er það eingöngu þakkað reglubundnu eftirliti því að meðgöngueitrun, sem var algengasta dánarorsök fæðandi kvenna, þarf ekki að vera hættuleg ef hún er greind á byrjunarstigi. Þessi sjúkdómur veldur hins vegar oft og tíðum engum óþægilegum einkennum og ýtir sú staðreynd enn frekar undir nauðsyn þess að konur eigi kost á og mæti reglulega í skoðun. Mikilvægi ungbarnaverndarinnar er óumdeilanlegt. Sú þjónusta sem felst í heimsóknum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á heimili nýfæddu barnanna er ómetanleg, bæði hvað varðar ráðgjöf og kennslu til nýbakaðra foreldra og eftirlit með heilsu og framförum litla barnsins. Ég er sannfærð um að þá öryggiskennd sem þessar heimsóknir veittu mér á sínum tíma á ég sameiginlega með fleiri mæðrum. Ég er líka sannfærð um að það er ekki til betra og skilvirkara forvarnastarf hvað varðar barnavernd hér á landi en einmitt ungbarnaeftirlitið og við megum ekki gera neitt sem getur hindrað eða dregið úr þeirri þjónustu. Þvert á móti eigum við að leggja okkur fram um að auka hana með öllum tiltækum ráðum, m.a. þar sem henni verður ekki komið við vegna búsetu foreldra eða starfsmannaeklu á viðkomandi heilsugæslustöð. Slík markmið hefði ég m.a. viljað sjá í okkar nýju heilbrigðisstefnu.

Það hefur ekki farið fram hjá mörgum, virðulegur forseti, að hæstv. ríkisstjórn ráðgerir miklar og umdeildar breytingar á heilbrigðiskerfi landsmanna. Þar er talað í stórum bókstöfum um sparnað og hagræðingu

í rekstri. Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ætlunin að spara ríkissjóði greiðslu til heilsugæslustöðva með því að auka sértekjur þeirra um 375 millj. kr. Þannig eiga heilsugæslustöðvar á landinu öllu að taka inn um það bil hálfan milljarð í formi svokallaðra þjónustugjalda, þ.e. taka sérstakt gjald fyrir hverja heimsókn á heilsugæslustöð eins og skýrt er tekið fram í fjárlagafrv.

Það kom hins vegar ekki fram í máli hæstv. heilbrrh. þegar hann var að vígja nýja og glæsilega heilsugæslustöð á Húsavík sl. föstudag að á næsta ári skuli Húsvíkingar borga 8,6 millj. kr. fyrir þá þjónustu sem þeir eiga að fá í þessum glæsilegu húsakynnum. Sértekjur gömlu stöðvarinnar á Húsavík á yfirstandandi fjárlagaári eru áætlaðar 140 þús. kr. Samkvæmt þessu eiga sjúkir og aldraðir, barnafjölskyldur og aðrir sem þangað þurfa að sækja að greiða rúmum 8 millj. kr. meira fyrir heilsugæslu á næsta ári en þeir gera núna að viðbættri aukinni þátttöku í lyfjakostnaði. Og þetta á ekki bara við um Húsavík, þetta á við um landið allt. Það er ekki að sjá að margumtalaður samdráttur eigi við um það sem er í launaumslögum almennings eða í peningaveskjum sjúkra eða aldraðra hér á landi þrátt fyrir spár um minni þjóðartekjur og lægri kaupmátt.

Það má líka velta því fyrir sér hvort hæstv. ríkisstjórn líti á heilsu landsmanna sem fortíðarvanda sem komi henni ekki við og fólk skuli taka afleiðingum eigin lífernis í gegnum árin hafi það ekki efni á að leita sér lækninga. Það má líka velta fyrir sér hvaða afleiðingar þær furðulegu hugmyndir sem hæstv. heilbrrh. hefur verið að viðra um sjálfsábyrgð og frelsi til að taka áhættu hvað varðar eigið heilbrigði geta haft á líf fólks.

Virðulegi forseti. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar, sem er ekki ætlunin að ræða hér frekar, vekur mér ugg um að í orðunum „gjald fyrir hverja heimsókn" felist að nú eigi líka að taka gjald fyrir mæðravernd og smábarna- og ungbarnavernd. Sú staðreynd að það er hvergi tryggt í lögum nema í bráðabirgðaákvæði um Reykjavík að þessi þjónusta skuli vera ókeypis gerir slíkt skref óþarflega auðvelt fyrir núverandi eða seinni tíma ríkisstjórnir, sem geta þegjandi og hljóðalaust, án lagabreytinga, sett gjald á þessa þjónustu til að ná fram markmiðum um sparnað. Vissulega getur hæstv. núv. heilbrrh. sparað ríkissjóði tugi milljóna með því að gera verðandi mæðrum og foreldrum ungra barna skylt að greiða fyrir hverja heimsókn á heilsugæslustöð. Hver móðir á rétt á a.m.k. 10 heimsóknum ef farið er eftir reglugerðum þar sem kveðið er á um hvað felst í mæðravernd og þá er gert ráð fyrir að allt sé eðlilegt og eins og það á að vera. Hér á landi fæðast 4500 börn á ári. Nú má leika sér með tölur og segja: 300 kr. fyrir hverja heimsókn, kannski 500, kannski 800. Ungbörn eiga rétt á a.m.k. átta heimsóknum fyrsta aldursárið og þá er miðað við að barnið sé heilbrigt að öllu leyti. Þetta eru margar heimsóknir og ekki ólíklegt að hæstv. ráðherra og aðstoðarmenn hans sjái þarna möguleika á miklum sparnaði. Smábörn eiga rétt á a.m.k. 2–3 heimsóknum. Það er hægt að spara mikið fyrir ríkissjóðs ef allar þessar heimsóknir verða gerðar gjaldskyldar og jafnframt auka útgjöld heimilanna um litlar 30–70 millj. kr. eftir því hvað gjaldið verður hátt. En hitt er sýnu alvarlegra hverjar afleiðingar slíkur sparnaður, fyrir hönd ríkissjóðs, getur haft fyrir öryggi og heilsu verðandi mæðra og kornabarna.

Virðulegur forseti. Langflestar íslenskar mæður hugsa vel um eigin heilsu og heilsu ófædda barnsins síns og mæta reglulega í mæðraskoðun. Þær vita langflestar að þessi þjónusta er nauðsynleg og góð og að þær eiga rétt á henni. Hvaða áhrif getur það haft ef þær eiga að fara að greiða kannski 500, kannski 800 kr. fyrir hverja heimsókn? Það þarf ekki nema eina verðandi móður sem tekur áhættu af því að hún hefur ekki efni á að greiða fyrir skoðun og stofnar sér og sínu ófædda barni óafvitandi í hættu, það er einni konu of mikið. Langflestir foreldrar vilja börnum sínum það besta og leggja sig fram um að þeim líði sem best. En því miður er ekki öllum nýfæddum börnum búin bestu skilyrði. Foreldrar þeirra eru mismunandi vel undir það búnir að annast þau, kannski vegna þekkingarskorts, óreglu eða fátæktar. Það þarf ekki nema eitt lítið vannært barn með illa brenndan bossa sem fær ekki þá umönnun sem það á rétt á vegna þess að foreldrar þess hafa ekki efni á að borga hjúkrunarfræðingnum. Það þarf ekki nema eitt slíkt barn til þess að það sé einu barni of mikið.

Virðulegur forseti. Í ljósi þessara staðreynda og þeirrar áhættu sem gjaldtaka fyrir mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd getur haft í för með sér þykir flutningsmönnum rétt að tryggja að sú reglubundna og góða heilsuvernd sem felst í mæðra- og ungbarnaverndinni verði áfram mæðrum og foreldrum ungra barna að kostnaðarlausu. Því er lagt til að tryggja þann rétt með lagasetningu.

Að lokinni umræðu vænti ég þess að málinu verði vísað til heilbrn. og þaðan til 2. umr.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Mig langaði til þess að koma hér í stólinn til þess að lýsa yfir ánægju minni með að með þessu frv. skuli vakið máls á mikilvægu máli sem ég held að Alþingi þurfi að taka til umfjöllunar og umræðu í vetur í mun ríkara mæli en verið hefur að undanförnu. Það er spurningin um það hvenær veita eigi heilbrigðisþjónustu án endurgjalds og hvenær gegn endurgjaldi. Eftir því sem manni virðist á fjárlagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, á að reyna að koma greiðslu inn í heilbrigðiskerfið á öllum stigum þess og ég held að það sé mjög mikilvægt að velta því fyrir sér hvort slíkt eigi rétt á sér.

Það hefur aðeins verið vikið að því af 1. flm. þessa frv. hversu mæðravernd og ungbarnavernd séu mikilvægir þættir heilsuverndar og það þarf held ég enginn að efast um það sem lítur yfir söguna. Ef við skoðum dauðsföll ungbarna á undanförnum áratugum, við getum bara tekið síðustu öld, þá hefur þeim auðvitað fækkað alveg gífurlega, ekki síst vegna kerfisbundins eftirlits með barnshafandi konum og ungbörnum. Dauðsföll ungbarna voru um 300 af hverjum 1000 börnum árið 1850 og fóru síðan í 5,4 af hverjum 1000

um 1950. Og þetta stefnir í það núna að vera 3–4 börn af hverjum 1000 um aldamótin. Og auðvitað skiptir þetta verulegu máli og á stærstan þátt í langri meðalævi Íslendinga.

Á heilsugæslustöðvum er veitt, má segja, tvenns konar þjónusta. Annars vegar er þar veitt fyrirbyggjandi þjónusta og hins vegar það sem við getum kallað viðgerðarþjónusta.

Heilsuverndin byggir auðvitað á margs konar fræðslu og tengist ekki bara einstökum komum í heilsugæslustöð heldur margháttaðri fræðslu sem veitt er á heilsugæslustöðinni. Eitt af því sem er að verða mjög mikilvægt í dag í hvers konar ungbarnaeftirliti er fræðsla til foreldra um meðferð ungra barna, um uppeldi ungra barna og um ábyrgð foreldra á börnum sínum. Ég held að það væri mjög mikilvægt að geta komið slíkri fræðslu við í heilsugæslustöðvum án þess að það komi sérstakt endurgjald fyrir. Þess vegna held ég að það sé mjög erfitt að ætla að láta foreldra greiða fyrir ungbarnaeftirlitið eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Það er held ég öllum ljóst sem til þekkja að heilsuvernd í hvaða formi sem er sparar umtalsverðan kostnað fyrir samfélagið síðar meir. Fyrirbyggjandi aðgerðir í heilsuverndinni eru fjárfesting sem eykur framleiðslugetu þjóðfélagsins. Ég held að mjög mikilvægt sé að menn hafi þetta í huga núna þegar talað er í sífellu um þau deyfilyf sem spýtt hefur verið í atvinnulífið á undanförnum árum. Fjármunir í heilsuvernd eru ekki deyfilyf. Það eru lyf sem auka framleiðslugetu þessa þjóðfélags. Vegna þeirrar umfjöllunar sem hér hefur komið upp vil ég lýsa því sem minni skoðun að heilsuverndarþátturinn í heilsugæslustöðvum eigi að vera veittur án endurgjalds. Hins vegar finnst mér í rauninni sjálfsagt að taka eitthvert gjald fyrir þessa svokölluðu viðgerðarþjónustu.

En ég vil vegna þessarar umræðu spyrja heilbrrh. hvort fyrirhugað sé að taka t.d. upp gjald fyrir heilsuvernd sem veitt er í skólunum vegna þess að einn þáttur heilsuverndarstarfsins fer fram í skólunum og oft er sú þjónusta veitt af hjúkrunarfræðingi heilsugæslustöðva. Á sá þáttur heilsuverndarstarfsins að vera undanskilinn gjaldtöku samkvæmt þeim hugmyndum sem uppi eru í heilbrigðisráðuneytinu eða á að greiða fyrir þennan þátt líka?

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins stíga hér í stól til þess að taka undir með hv. flm. það ágæta mál sem hér er á ferðinni og þakka hv. þm. fyrir sína framsögu. Áður en sú breyting var gerð fyrir rúmum tveimur árum að afnema endurgjald á heimsóknir á heilsugæslustöðvar var þessi þáttur þjónustunnar fólki að kostnaðarlausu. Í raun og veru má segja, hvernig sem menn líta á, að í gegnum árin hefur verið talið að hann ætti að vera það og það rökstutt með þeim hætti að heilsugæslulæknar, sem yfirleitt fá greitt sérstaklega fyrir hvert einasta verk sem þeir vinna inni á heilsugæslustöðvunum, fá ekki sérstaklega greitt fyrir þau verk sem lúta að ungbarnaeftirliti og mæðravernd. Það er talið að þetta eigi að vera inni í þeirri þjónustu sem þeir eiga að veita á stöðvunum. Til að undirstrika það að þessi þjónusta á að fara fram á heilsugæslustöðvunum er í samningi við sérfræðinga um sérfræðilæknishjálp tekið fyrir að þessi þjónusta sé veitt af sérfræðingum. Auðvitað geta sérfræðingar veitt slíka þjónustu en þeir fá hana ekki endurgreidda frá tryggingunum. Það er því mjög mikilvægt þegar sú breyting verður um áramót að þetta gjald verður tekið upp og lögin um Heilsuverndarstöð Reykjavíkur falla úr gildi sé það klárt að þessi þjónusta eigi áfram að vera þeim að kostnaðarlausu sem á henni þurfa að halda.

Hins vegar velti ég því svolítið fyrir mér hvort þetta sé rétti staðurinn í heilbrigðisþjónustulögunum til að bæta þessari grein við og ég held að það sé rétt að þingnefndin taki það til umfjöllunar og skoði. Það er svo að heilbrigðisþjónustulögin eru fyrst og fremst lög um skipulag þjónustunnar en taka ekki til þess hversu mikið eða lítið á að greiða, það eru almannatryggingalögin. Því fyndist mér rétt að skoðað yrði gaumgæfilega hvort ekki væri eðlilegra að þessum þætti yrði frekar komið fyrir í almannatryggingalögunum en heilbrigðisþjónustulögunum, vegna þess að ég held að það sé rétt hjá mér að það sé hvergi í heilbrigðisþjónustulögunum getið um greiðslur sem snúa að heilbrigðisþjónustunni. Það eru fyrst og fremst almannatryggingalögin.

Um leið og þetta yrði skoðað af þingnefnd er annar þáttur sem ég í mínu fyrra starfi varð nokkuð var við og þyrfti að skoða. Námsmenn og aðrir þeir sem dvelja tímabundið erlendis og þurfa á þessari þjónustu að halda hjá erlendum læknum hafa auðvitað þurft að greiða fyrir þá þjónustu en Tryggingastofnun ríkisins hefur hins vegar neitað að endurgreiða þá reikninga hafi þeir verið sendir hingað heim. Það er því eðlilegt að skýrt verði kveðið á um það í lögum, hvort sem það verður í heilbrigðisþjónustulögunum eða lögum um almannatryggingar, að þeir sem dvelja tímabundið erlendis og njóta læknisþjónustu þar eigi rétt á endurgreiðslu frá tryggingunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ummæli forsætisráðherra um byggðamál.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að fjalla stuttlega um ummæli hæstv. forsrh. um byggðamál síðustu daga. Oft hefur verið fjallað um byggðamál af misjafnri þekkingu og litlum skilningi en nú hafa þau tíðindi orðið að í fyrsta sinn hefur forsrh. landsins viðrað þær hugmyndir að tilteknar byggðir séu óhagkvæmar og eigi ekki rétt á sér og hjálpa eigi fólki að flytjast á brott. Enn fremur taldi hæstv. forsrh. rétt að skoða hvort verið gæti að launum og þjónustu fólks annars staðar væri haldið niðri vegna þessara byggða

sem að hans mati eru óhagkvæmar og eiga ekki rétt á sér.

Þessi ummæli eru með þvílíkum fádæmum og lýsa þvílíkri vanþekkingu og vanvirðu við það fólk sem býr í sjávarplássum um landið að það verður ekki komist hjá því að krefjast þess að hæstv. forsrh. geri frekari grein fyrir þeim nú þegar.

Í fyrsta lagi kref ég hæstv. forsrh. skýringa á því hvað sé óhagkvæm byggð að hans mati. Ég bendi í því sambandi á gífurlega offjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. skýri það frekar hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu að það geti verið að tilteknar byggðir valdi því að launum og þjónustu sé haldið niðri annars staðar og hvar þá.

Vegna þess að hæstv. forsrh. vék sérstaklega að Vestfjörðum vil ég spyrja hann hvaða byggðir á Vestfjörðum eigi ekki rétt á sér að hans mati. Ég vil í því sambandi minnast á þau ummæli forstjóra Byggðastofnunar að menn horfðu nú fram á meiri byggðavanda á Vestfjörðum en nokkru sinni fyrr. Þar eru gífurlegir erfiðleikar fram undan, nánast í hverju einasta sjávarplássi frá Patreksfirði til Ísafjarðar. Meginorsök þessara erfiðleika eru háir vextir, gífurleg skuldasöfnun sem varð á tímum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar með hágengisstefnunni og háum vöxtum og samdráttur í afla sem kemur harðar niður á Vestfjörðum en annars staðar á landinu.

Í Þjóðarsál 17. okt. sl. sagði hæstv. forsrh. að ekki stæði til að setja peninga í hvert einasta byggðarlag í landinu og halda þeirri skipan sem nú er. Ég vil því spyrja: Hvaða byggðarlög fá ekki náð fyrir augum stjórnvalda og hvert eiga íbúar þeirra að flytja?

Hæstv. forsrh. sagði á landsfundi Sjálfstfl. að Sjálfstfl. vildi að byggðirnar allar hefðu sem besta möguleika og jafnasta. Enn fremur sagði hann, með leyfi forseta: Þegar til lengri tíma er horft þá getur það ekki orðið nema til skaða ef öfluga og lífvænlega byggð er ekki að finna hvarvetna um landið.

Þetta sagði hæstv. forsrh. fyrir kosningar. Hann segir annað nú eftir kosningar. Nú er það miðstýringin og forsjárhyggjan sem á að ráða búsetu manna.

Virðulegur forseti. Ég hef beint spurningum mínum til hæstv. forsrh., svo sem eðlilegt er þar sem tilefnið eru ummæli hans. Ég vil að lokum beina því til viðstaddra ráðherra hvort hæstv. forsrh. hafi verið að flytja þjóðinni skoðanir þeirra á byggðamálum og hugmyndir þeirra um úrræði á vanda landsbyggðarinnar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu efni. Að vísu er það svo að tilefnið er kannski ekki jafnmerkilegt og mikið og málshefjandi vildi vera láta. Ég hygg að ekki sé ágreiningur um það á milli þingmanna og reyndar þjóðarinnar að byggðastefna undanfarandi ára hefur brugðist og umræðan er gjörsamlega stöðnuð. Það er auðvitað nauðsynlegt að hleypa þar inn nýju ljósi og nýjum hugmyndum og ræða málið af hreinskilni og ekki með þeim klisjukennda hætti sem hefur tíðkast og flestir stjórnmálaflokkar hafa tamið sér og étið hver upp eftir öðrum. Ég tel að byggðamál hafi ekki verið rædd í samhengi. Ég tel að byggðamál hafi heldur ekki verið unnin í samhengi. Ég tel að það sé nauðsynlegt í framtíðinni að Byggðastofnun sé ekki að fjalla um einn þátt, þingmenn að fjalla um vegagerð í þessu skotinu og hafnagerð í hinu skotinu, félagsleg úrræði og heilbrigðisúrræði í enn einu skotinu. Menn verði að ræða þessi mál í samhengi.

Þau orð sem helst hafa verið höfð til þess að snúa út úr þeim, af því sem ég lét frá mér fara á fundi sjálfstæðismanna nú fyrir nokkru, eru um að ég vildi láta hugleiða hvort ekki gæti komið til álita að í stað þess að dæla fjármunum ár eftir ár, áratug eftir áratug, í tiltekin fyrirtæki til þess að byggðirnar legðust ekki af, til þess að eignir manna yrðu ekki verðlausar, yrði skoðað í heild hvort það mætti ekki nýta fjármunina betur einmitt í þágu þessa fólks. Til að mynda með því að stuðla að því, ef fólk kysi svo sjálft, auðvitað ekki með valdboði, að fólk gæti flust til innan tiltekinna svæða. Vestfirðir eru nefndir sérstaklega og málshefjandi rakti það að nýlega hefðu komið fram ummæli um að á Vestfjörðum væru mikil staðbundin byggðavandamál. Samt horfum við upp á að þar er atvinnuleysi ekkert heldur mikil umframeftirspurn eftir vinnuafli, fjöldi erlendra manna er þar í vinnu. Við horfum upp á að þar eru meðaltekjur hæstar á landinu. Þrátt fyrir það eru þar „stórkostleg" byggðavandamál. Það er örugglega alveg rétt.

Hugsun mín er þessi: Við eigum að taka málið fyrir í samhengi. Við eigum að horfast í augu við það að byggðastefnan hefur brugðist. Við eigum að tala ófeimin um það að hægt sé með öðrum hætti en gert hefur verið að stuðla að því að landið allt haldist í byggð, eins og var haft eftir mér frá landsfundinum af hv. málshefjanda. „Að lífvænleg byggð megi vera hvarvetna um landið."

Það eru ekki efni til þess af minni hálfu hér og nú að svara einstökum spurningum málshefjanda enda gefa þau ummæli sem eftir mér voru höfð á flokksráðsfundi Sjálfstfl. ekki sérstaklega tilefni til þess. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn komist út úr þeirri þráhyggju og þeirri stöðnun sem umræða um byggðamál hefur verið í. Það nægir ekki að halda blaðamannafund og lýsa því yfir að 20 ára byggðastefna hafi brugðist, og halda síðan áfram umræðunni í sama farvegi. Menn eiga ekki að vera í þessum klisjukenndu umræðum um það að menn vilji halda byggð alls staðar og sjá samt ekki út úr því hvernig þeir ætli að gera það. Menn segja annars vegar eftir að afli hefur dregist saman: Við verðum að veiða fisk með færri skipum, við verðum að hafa færri vinnslustöðvar. Um þetta segjast allir menn vera sammála. En þegar kemur að því að það geti haft áhrif í byggðalegum efnum hlaupa menn frá skoðunum sínum eins hratt og fætur toga.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er útilokað að ræða

þetta mikilvæga mál á þeim skamma tíma sem veittur er nú. Ég ætla aðeins að segja örfá orð.

Ég get tekið undir með hæstv. forsrh. að skoða þarf byggðastefnuna frá grunni, ekki vegna þess að ekki hafi verið gífurlega mikið gert í byggðamálum, ég bendi á allar þær miklu samgöngubætur sem hafa orðið, til að nefna eitthvað. Engu að síður er það staðreynd að fólksflutningar hafa haldið áfram á höfuðborgarsvæðið.

Hæstv. forsrh. hefur aðeins nefnt, ef ég veit rétt, tvennt til ráða í byggðamálum. Það fyrra er að svipta Byggðastofnun fjárræði, sem ég hef fyrr spurt um hvort enn stæði til að gera og ekki fengið svör við, og hitt, að flytja fólk með styrkjum ríkisins frá ýmsum byggðarlögum landsins.

Svo vildi til að ég var á Vestfjörðum þegar þessi orð voru sögð og þau vöktu mikla athygli. Ég er sannfærður um að hægt er að gera mjög margt af skynsemi á Vestfjörðum sem styrkir byggð þar. Ég vek athygli á því að samdráttur í þorskafla kemur hvergi verr niður en á Vestfjörðum. Vestfirðingar eru háðari þorskafla en menn í nokkrum öðrum landshlutum. Þeir geta ekki farið í síldina eða loðnuna eða humarinn nema að litlu leyti.

Ég vil aðeins á þessum skamma tíma leggja eindregið til að hæstv. forsrh. feli Byggðastofnun að gera nú þegar mjög vandlega úttekt á þeim erfiðleikum sem eru á Vestfjörðum og gera tillögur um hvernig byggð verður styrkt þar á þeim grunni sem heimamenn vilja hafa hana, en ekki flytja menn nauðaflutningum frá einum stað til annars. Heimamenn vilja taka á þessum vanda, eru tilbúnir að taka þátt í umræðum um hann, eru tilbúnir að hagræða og skipuleggja sín mál þannig að þetta geti staðist. Þannig á að vinna að þessu máli í samráði við þá. Ég skora á hæstv. forsrh. að beina nú þegar slíkum tilmælum til Byggðastofnunar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla fyrst og fremst að leggja út af ummælum hæstv. forsrh. í svari hans áðan þegar hann nefndi það að fjármunum hefði verið dælt árum saman í vonlaus fyrirtæki á landsbyggðinni. Þarna þykir mér hlutunum snúið ansi hastarlega við. Við skulum skoða þetta út frá þeim forsendum sem ég veit að hæstv. forsrh. vill ræða byggða- og atvinnumál, þ.e. að stjórnvöld sjái til þess að með almennum aðgerðum hafi fyrirtækin í grunnvinnslunni rekstrarskilyrði til þess að byggja sig upp. Og við skulum líta á hvernig hæstv. núv. ríkisstjórn stendur að málum og í hvaða átt peningum kynni að vera dælt í dag.

Samkvæmt spá Seðlabanka Íslands er peningamálum þjóðarinnar stýrt þannig þessi missiri að á síðasta ársfjórðungi þessa árs verða raunvextir á Íslandi, á íslenskum peningum, 15,8%.

Nú vil ég biðja hæstv. forsrh. að hugleiða það með mér: Hvert skyldi þessi stefna dæla peningum? Skyldi hún dæla peningum til fyrirtækja sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu á landsbyggðinni?

Virðulegi forseti. Ég er ansi smeykur um það að ef við skoðum þessi mál eilítið nánar fari ekkert á milli mála hvert straumar fjármagnsins liggja nú vegna þess að ríkisstjórninni hefur algjörlega mistekist að skapa hin almennu skilyrði fyrir atvinnuvegina. Ríkisstjórn sem svo hefur farið fyrir nýtur ekki lengur trausts þjóðarinnar og henni ber að fara frá sem fyrst.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað kjarni þessa máls, eins og hæstv. forsrh. hefur bent á, að það er ekki hlutverk einstakra stjórnmálamanna að ákveða eða fullyrða eða segja neitt um það hvaða byggðir séu hagkvæmar og hvaða byggðir séu óhagkvæmar. Þannig hegða menn sér einfaldlega ekki í lýðræðisríki og þar skilur á milli okkar og t.d. hins látna leiðtoga sósíalismans, Ceausescu, sem hafði þá skoðun að það ætti að taka fólk og flytja það hreppaflutningum milli héraða. Hugmynd sem einu sinni skaut rótum í Alþb. og var þar sérstaklega fagnað af því unga fólki sem á að erfa lönd og álfur í þeim flokki. Kjarni málsins er auðvitað sá að Sjálfstfl. mun aldrei nokkurn tímann ljá máls á neinum hugmyndum sem fela það í sér að bera fé á fólk í því skyni að fá það til að flytjast hreppaflutningum frá byggðum sínum. Sjálfstfl. hefur ítrekað, bæði á landsfundi árið 1989 og á landsfundi árið 1991, markað stefnu sína í þessum málum. Það er afstaða Sjálfstfl., það er sú skoðun sem við fylgjum eftir í hinni pólitísku baráttu jafnt hér innan þings sem utan.

Við erum þeirrar skoðunar, eins og segir í ályktun um byggðamál, að meginmarkmið nýrrar byggðastefnu Sjálfstfl. sé átak í atvinnu- og samgöngumálum og efling vaxtarsvæða á landsbyggðinni. Með hugtakinu vaxtarsvæði eigum við við þéttbýlisstaði og sveitir sem tengjast með samgöngum og myndi þannig þjónustu- og atvinnuheruð. Þetta er auðvitað kjarni málsins. Þegar við erum núna að byggja upp með myndarlegum hætti, með tengingu, með jarðgöngum á norðanverðum Vestfjörðum þá erum við að efla þessa staði, gera þá arðsamari og eftirsóknarverðari til búsetu. Það er staðreynd sem blasir við og þýðir ekkert að horfa fram hjá og þýðir ekkert að berja hausnum við steininn út af að fólki hefur fækkað á norðanverðum Vestfjörðum. Meginástæðan er sú að að hefur skort á þessa samgöngulegu tengingu þannig að við höfum ekki haft aðstæður til að efla okkar atvinnulíf, skjóta undir það styrkari og fleiri stoðum og gera búsetuna þannig eftirsóknarverðari. Þess vegna er þessi umræða náttúrlega á villigötum. Kjarni málsins er þessi: Sjálfstæðismenn munu auðvitað standa að og fylgja eftir þeirri byggðastefnu sem við höfum markað á landsfundi og ég hef margítrekað hér í þessari ræðu.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Það er rétt hjá forsrh. að byggðastefna undanfarinna áratuga hefur verið röng. Byggðastefna sem skipulega hefur flutt fólk af landsbyggðinni hingað suður á suðvesturhornið. Hér ber ríkisvaldið í gegnum árin mjög mikla ábyrgð. Ríkisvaldið hefur raunverulega haldið fram þessari byggðastefnu sem hefur flutt fólkið suður, gert suðvesturhorninu auðveldara með að laða til sín fólk.

Hver er stærsti vinnuveitandi hér í Reykjavík? Ætli öllum þingmönnum sé það ljóst svona í fljótu bragði? Það er ríkisvaldið. Og hvaða vinnuveitandi er það sem hefur þanið fyrst og fremst út starfsemi sína, báknið sitt hér á undanförnum árum? Það er ríkisvaldið í Reykjavík. Öflugasta fyrirtækið á suðvesturhorninu, kallar til sín fólk. Aftur á móti ef við hefðum haldið fram byggðastefnu sem hefði flutt stofnanir út á land, eflt þar þjónustuna og gert ríkisvaldið þar skilvirkara, *þá hefði það stuðlað að jafnvægi í byggð landsins.* Það er á slíkum grunni, hæstv. forsrh., sem við þurfum að skapa byggðastefnu sem býr til þjóðarsátt en ekki að sundra meira en orðið er með óheppilegum yfirlýsingum án þess að taka á málunum í heild. Það er einmitt á þeim skilum sem við þurfum að fara að ræða byggðamálin núna, að skapa þjóðarsátt á milli byggðanna og það gerum við helst og fremst með því að viðurkenna að fólk á rétt á því að búa þar sem það hefur *sitt heimili, á sínar eignir,* að það sé *réttur* þess, að jafna aðstöðumuninn á milli þeirra sem búa í dreifbýlinu og hinna sem búa hér í Reykjavík og nágrenni. Það er á þessum skilum sem við þurfum að fara að ræða um málefni byggðanna. Það er arðsamt og það er hagkvæmt vegna þess að oftast er unnið á hagkvæman hátt og í arðsömum störfum í sjávarþorpum vítt og breitt um landið. Ætli það sé ekki fremur efnahagsvandi þjóðarinnar að fólk flyst í ríkari mæli úr arðbærum og hagkvæmum störfum í ýmiss konar þjónustu sem ekki er þjóðarbúinu hagkvæmt í heild sinni?

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi þakka þá umræðu sem hér fer fram því hún fer svo sannarlega ekki fram að ástæðulausu. Ummæli hæstv. forsrh. á fundi Sjálfstfl. nú um helgina hafa vakið ugg og reiði fólks vítt og breitt um landið.

Hann lýsir yfir furðu sinni m.a. á því að fólk skuli fara frá byggðum þar sem atvinna er næg og heldur að fólk hafi ekki áhuga á neinu öðru en að vinna daginn út og daginn inn. Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. forsrh. á að lesa niðurstöður skoðanakönnunar sem félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir nokkrum árum síðan. Þar kom m.a. fram að fólk leggur að sjálfsögðu mikla áherslu á atvinnu sína en ekki síður á samgöngur og margs konar þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntunarmöguleika. Það er kannski þarna sem skýring er komin á ákvörðun hæstv. menntmrh. þegar hann ákvað að leggja niður skólahald í Héraðsskólanum í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, að þetta væri leiðin til þess að draga úr þjónustu og til þess að koma fólki af stað til að fara inn á hin svokölluðu vaxtarsvæði á landsbyggðinni. Vaxtarsvæði, hæstv. forsrh., hvaða svæði eru það? Er hægt að nefna dæmi um það? Og hvaða staðir eru það sem fólk þarf helst að fara frá til að flytja inn á vaxtarsvæðin? Hér hafa verið nefndar byggðir á Vestfjörðum en hæstv. forsrh. var í útvarpsþætti sl. fimmtudag m.a. að svara spurningu frá einum íbúa á Fáskrúðsfirði og nefndi þá nokkra staði til viðbótar. *Í því ágæta kjördæmi sem ég kem frá nefndi* hann staði eins og Fáskrúðsfjörð, Bakkafjörð og Borgarfjörð eystri. Eru þetta m.a. staðir sem hæstv. forsrh. vill aðstoða fólk við að flytja frá?

Ein af forsendunum sem hæstv. forsrh. vildi við hafa til að ákveða það frá hvaða stöðum ætti að fara var hagræðing. Hvaða hagræðing er það, hæstv. forsrh., sem þú miðar við? Hverjir eiga að reikna út þessa hagræðingu? (Forseti hringir.) Hverjir eiga að gefa forsendurnar? Eru það m.a. forsendur sem gefnar eru í skýrslu sem Byggðastofnun gaf út fyrir nokkrum árum um kostnað þéttbýlismyndunar? Væri ekki ráð fyrir hæstv. forsrh. að kynna sér niðurstöður þeirrar ágætu skýrslu og komast þá að því að hið hagkvæmasta fyrir samfélagið er auðvitað að snúa við hinni óheillavænlegu byggðarþróun sem verið hefur hér allt of lengi og væri þá kannski ráð að hæstv. forsrh. boðaði aðstoð fólki sem flytja vill frá höfuðborgarsvæðinu?

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram er til komin vegna ummæla hæstv. forsrh. Þau ummæli eru reyndar tæplega svara verð, svo fáránleg sem þau eru. Í því sambandi vil ég þó spyrja: Hvað er byggðastefna? Það er að gera fólki kleift að búa þar sem það velur sér búsetu án þess að það kosti meira í rekstri heimila og það eigi kost á svipaðri þjónustu skóla og heilbrigðisstofnana og annars staðar á landinu. Einnig að opinber þjónusta sé sem næst bústað eða samgöngur greiðar þangað. Í öðru lagi að menningarþætti sé sinnt bæði af hálfu opinberra aðila og með frjálsum félagasamtökum. Í þriðja lagi, og ekki síst, er að fólk geti stundað atvinnu sem næst sér til að framfleyta sér og sínum.

Hvernig er svo byggðastefnan í framkvæmd? Nýjustu yfirlýsingar forsrh. eru þær að flytja eigi fólk til eftir geðþóttaákvörðunum stjórnmálamanna þegar búið sé að ákveða hvaða staðir eigi að lifa. En hver skyldi vera undirrótin að því að slíkar yfirlýsingar koma ef við getum átt von á að stjórnmálamenn með frjálshyggju að leiðarljósi láti frá sér fara slík ummæli? Það er vitaskuld sú fiskveiðistefna sem rekin hefur verið. Þegar réttleysið til að lifa á smærri stöðum á landsbyggðinni er tekinn af fólkinu í krafti þess að skipin eigi réttinn til að veiða og þegar þau eru seld í burtu hafi fólkið engan rétt til að afla sér viðurværis með því að nýta þær auðlindir sem fyrir eru á svæðinu.

Það fer að verða spurning hvort sú sjávarútvegsstefna sem rekin hefur verið undanfarin ár og felst í því að binda fiskveiðikvóta við skip er ekki að verða mannréttindamál og þar með dómsmál.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er ekki hægt að gera þessu umræðuefni tæmandi skil í símskeytastíl eins og er í þessari umræðu. Ég óskaði í gær eftir umræðu utan dagskrár um byggðamál og ég vonast til að hún verði heimiluð innan skamms.

Ummæli forsrh. sem hann viðhafði nú um helgina eru að sjálfsögðu algjörlega forkastanleg, eins og þau hafa verið túlkuð eða flutt í fjölmiðlum a.m.k., og ef

sönn eru þá bera þau vott um ótrúlega vanþekkingu og ókunnugleika á staðháttum. Það hefur verið bent á það rækilega að þetta mistókst hjá Ceausescu og það kemur líka til með að mistakast hjá hæstv. forsrh. að framfylgja byggðastefnu á þennan hátt.

Forsrh. gerði það að umtalsefni í ræðu sinni að byggðastefnan hefði brugðist. Hún hefur ekki brugðist. Sannleikurinn er sá að byggðastefnan hefur gert feiknamikið gagn á umliðnum árum. Hún hefur hins vegar ekki leyst allan vanda. Það þarf að breyta byggðastefnunni og aðlaga hana breyttum staðháttum og reyna að finna sem allra árangursríkast form fyrir hana. En ef byggðastefnan hefði ekki komið til þá væri vandi landsbyggðarinnar miklu meiri en hann er í dag, þá væri illa komið fyrir landsbyggðinni og stór svæði þar komin í eyði og þyrfti þá ekki að brúka rúmenskar aðferðir við að færa fólkið til.

Ríkisstjórnin hefur gert ýmislegt fleira í byggðamálum heldur en boða það að gelda Byggðastofnun og taka af henni fjárforræði. Hún hefur látið atvinnulífið afskiptalaust, hún hefur gefið atvinnulífið, framleiðsluatvinnuvegina, upp á bátinn og það er út af fyrir sig ekki nein smáræðisaðgerð í byggðamálum. Hún hefur haft forgöngu um að stórhækka vextina. Það hefur komið afar hart niður á atvinnulífi á landsbyggðinni. Hún hefur ekkert frumkvæði haft í kjaramálum. Þar með hlýtur þjóðarsáttin að hrynja og dýrtíðarskriðan að fara af stað.

Það gleður mig að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er kominn til baka og hefur manndóm í sér til þess að bera til baka ummæli forsrh. sem honum, eins og mér, hefur greinilega þótt mjög óvitur.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessar umræður eru mjög athyglisverðar. Síðastliðið vor lét af völdum ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og eins og hann talaði hér áðan og ýmsir aðrir stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar þykjast þeir hafa skilið þannig við að allt væri í blóma í hinum strjálu byggðum landsins, það væri verið að efla byggð þar hvarvetna, en nú hefði skyndilega kveðið við nýjan tón. Við getum tekið einn málaflokk eftir annan.

Ástandið í landbúnaði var þannig að síðasta ríkisstjórn gerði búvörusamning á sínum síðustu vikum sem felur í sér að skera niður heildarfullvirðisrétt í sauðfjárrækt, úr 12.000 tonnum niður í 8.600 tonn. Halda svo þeir menn, sem stóðu að þessum samningi, að þessi niðurskurður, sem er um 30%, komi hvergi við?

Ef við lítum á um sjávarútveginn og sérstaklega vegna þess að Vestfirði bar á góma, þá skulum við rifja það upp að búast má við því að aflakvóti á þessu svæði, á Vestfjörðum og við Eyjafjörð, dragist saman um 27% á þessum árum. Eru menn svo hér í þessum sal að láta eins og þetta komi ekki við neinn eða eru hv. þm. búnir að gleyma þeim áhrifum sem samsvarandi samdráttur í aflabrögðum hafði á þessi byggðarlög þegar kvótinn var tekinn upp á árinu 1984 og á þeim árum? Það var enginn smávegis samdráttur þá í þeim héruðum sem voru mest háð sjávarútvegi.

Við getum líka litið á dæmið út frá öðrum forsendum. Eigum við að horfa þannig á ástandið núna að þjónustufyrirtæki úti á landsbyggðinni hafi verið að styrkja sig? Er það t.d. þannig ef við horfum á afskekkta staði eins og Norður-Þingeyjarsýslu að þau fyrirtæki, sem þar hafa haldið uppi bæði verslun, viðskiptum og vinnslu á afurðum fyrir bændur, hafi staðið sig eitthvað sérstaklega vel? Nei, síður en svo. Staðreyndin er auðvitað sú, hæstv. forseti, að þessi ríkisstjórn tekur við erfiðu búi. Það er nauðsynlegt að ræða opinskátt um vanda landsbyggðarinnar, en auðvitað forkastanlegt að einstakir þingmenn, ég tala ekki um fyrrverandi forustumenn þjóðarinnar, séu að reyna að fela sig á bak við einhver skrautyrði og þori ekki að bera ábyrgð á ástandinu eins og það var þegar þeir létu af völdum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það vanti mikið á að þingheimur hafi fengið að vita hvaða hugsun lá falin á bak við þá fullyrðingu hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Ef einhver.) að skynsamlegt væri að greiða mönnum fjárstyrki til þess að flytjast frá ákveðnum þorpum, ef ég skil þetta rétt, til annarra þorpa eða annarra byggða. Nú er það svo að hvort sem menn telja byggðastefnuna hafa brugðist eða ekki þá hefur verið höfð sú eina stefna varðandi stuðningsaðgerðir við þorp og byggð í þeim að það hefur verið lagt fé til framkvæmda til ýmissa málefna í viðkomandi þorpum. Ég vil ekki segja að menn hafi dælt fjármunum til byggða. Menn hafa vissulega lánað fé í verulegum mæli til sumra atvinnufyrirtækja. Það hefur verið gert hvar sem er á landinu.

Sé horft á Vestfirði og talað um þorp þar, þá blasir það við að þar eru tvö þorp sem hafa vaxið, annars vegar Hólmavík og hins vegar Tálknafjörður. Ef skoðað er hvað fjölgað hefur á Ísafirði og hver staðan er þar þá hefur fjölgun þar byggst á fleiri störfum af hálfu opinberra aðila. Nú hefur stundum verið deilt á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og þess vegna spurning hvort annar aðilinn fengi þá flutningsstyrk á Hólmavík en hinn á Tálknafjörð.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess að mér er ekki alveg ljóst við hvað menn eiga þegar þeir tala um vaxtarsvæði og skil ekki til fullnustu hvaða hugsun liggur þar á bak við. Það er skilin eftir sú stefnumörkun, hæstv. samgrh., að í staðinn fyrir það að leggja vegi eigi að veita fólki styrk til að flytja burtu, þá er skilin eftir sú stefnumörkun að með samgöngubótum á Vestfjörðum verði byggðirnar færðar saman. Sé hugsunin í þessu að breyta út af því, þá þarf það að koma fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er hálftíminn liðinn, en málshefjandi á eftir að taka til máls ásamt hæstv. forsrh. og þar á eftir fær hv. 9. þm. Reykv. að tala um þingsköp.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Í gegnum árin hefur af hálfu stjórnvalda og allra flokka verið um það samstaða að

gera mönnum lífið betra á landsbyggðinni eftir því sem kostur væri og samkvæmt þeim ábendingum sem menn hafa komið sér saman um heima í héraði. Það hefur legið fyrir um áratuga skeið að það hefur verið stefna Vestfirðinga að fara fram á það við stjórnvöld að bæta samgöngur. Vestfirðingar hafa gjarnan orðað það svo að það væri þrennt sem þyrfti að gera til þess að það væri betra að búa á Vestfjörðum og byggð gæti fremur haldist í horfinu en verið hefur. Það væri í fyrsta lagi að bæta samgöngur, í öðru lagi að bæta samgöngur og í þriðja lagi að bæta samgöngur.

Hæstv. forsrh. er í raun og veru sá fyrsti sem bregður út af þessari stefnu og viðrar hugmyndir um það að í stað þess að bæta samgöngur eigi að flytja fólk til. Ég tók hins vegar eftir því að þegar á hann var leitað og hann var beðinn um að gera grein fyrir afstöðu sinni vildi hann ekki svara. Hann hafði engin rök fram að færa fyrir þeirri skoðun sinni að einstakir staðir á Vestfjörðum valdi því að fólk annars staðar búi við lakari kjör og verri þjónustu. Og það er mikill ábyrgðarhluti af hæstv. forsrh. að viðra hugmyndir af þessu tagi án þess að vera tilbúinn að færa rök fyrir þeim þegar eftir því er leitað.

Ég hef metið umræðurnar svo eftir þær ræður sem hér hafa verið fluttar að ágreiningur sé innan stjórnarliðsins um þessa stefnu hæstv. forsrh. Hann kýs að segja sem minnst á þessari stundu og einstakir stjórnarþingmenn, eins og hv. 3. þm. Vestf. sagði hæstv. forsrh. „ganske pent" að hann ætti ekki að vera að tala.

Hins vegar vek ég athygli á því að þessar hugmyndir hæstv. forsrh. eru ekkert einangrað fyrirbæri og ekkert nýjar hugmyndir. Ég bendi á að annar borgarfulltrúi í Reyjavík, Sveinn Andri Sveinsson, sem gegnir stöðu formanns Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýsir sinni skoðun mjög skeleggur í Morgunblaðinu í gær. Hann segir þar að flutningur fólksins til höfuðborgarsvæðisins sé ekkert vandamál. Þangað eigi fólkið að fara vegna þess að borgarkjarninn hljóti að taka til sín hæfasta og menntaðasta vinnuafl. Mér finnst þessi stefna mjög athyglisverð og það er ljóst að hún á sér mjög dygga stuðningsmenn í Sjálfstfl. og að þeir sem hafa þessa skoðun eru ofan á í þeim flokki. Því er það að Sjálfstfl. í ríkisstjórn er hættulegur fyrir landsbyggðina.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það var sagt í ævintýrunum að ef ljós hittu á tröllin yrðu þau að steini. Stundum vill það verða í þingsölum ef nýjar hugmyndir hitta suma þingmenn fyrir, þá verða þeir að steini. Ég á þar ekki við málshefjanda heldur suma aðra sem hér hafa talað.

Þegar menn í þessum sal bregðast þannig við ummælum af því tagi sem ég hafði fram að flytja að þeir telja það eðlilegt að líkja viðkomandi við einhvern mesta fjöldamorðingja sögunnar, (Gripið fram í.) mann sem hefur reyndar setið í tespjalli við þann sem fram í kallar núna, einhvern mesta fjöldamorðingja sögunnar, þá er umræðan náttúrlega komin á hreinar villigötur og ekki sæmandi þeim sem tala úr þessum ræðustól.

Það var nefnt hér að ég hefði lagt til að það ætti að flytja fólk nauðaflutningum. Ég hef hvergi nefnt það. Ég bendi hins vegar á það og vek athygli á því að margt fólk sem býr við aðstæður sem eru erfiðar hefur ástæður til þess að ætla að ríkisvaldið muni um eilífðartíma tryggja atvinnu á viðkomandi stöðum. Ef ríkisvaldið gerir það ekki, þá er ég að orða þá skyldu ríkisvaldsins að það geti ekki leyft sér að skilja þetta fólk eftir eignalaust heldur komi til móts við það ef leitað verður eftir því. Ég held að menn eigi að ræða þetta öfgalaust og ekki með fullyrðingastíl eins og þingmenn hafa tamið sér sumir hverjir þegar byggðamál eru rædd.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson nefndi að heimamenn væru tilbúnir til að taka þátt í vandanum og það er hárrétt hjá honum. Ég hef orðið var við það einmitt núna þessa daga að mikill fjöldi fólks úr þeim dreifðu byggðum hefur samband og segir: Þetta eru hugmyndir sem hlýtur að mega skoða eins og aðrar hugmyndir og er vænlegt að skoða eins og aðrar hugmyndir. Auðvitað er það afbökun, útúrsnúningar og rangfærslur að halda því fram með vísun og leitun að samjöfnuði við einhvern mesta fjöldamorðingja sögunnar að það eigi að fara að flytja fólk hreppaflutningum. Það er ekki boðlegt fyrir neina þingmenn að tala með þeim hætti úr þessum ræðustól.

Hv. 4. þm. Austurl. sagði eitthvað á þá leið að ég hefði ekki heildarmyndina inni því að það væru fleiri þættir sem skiptu máli en peningamálin ein. Ég er honum hjartanlega sammála og það er kannski meginatriðið í þessu sambandi. Ef okkur tekst með sameiningu sveitarfélaga og með almennum skynsamlegum aðgerðum, þar sem allir þættir koma saman, að tryggja búsetu á svæðum um landið allt og gera þau sterk og öflug þá getum við kannski einmitt komið til móts við þessi sjónarmið. Önnur sjónarmið en hin beinu fjárhagslegu sjónarmið, félagsleg sjónarmið, menningarleg sjónarmið og fleiri slík sjónarmið sem fólkið þar eins og hér leggur mikið upp úr. Menn mega ekki bara loka sig inni í fortíðinni.

Einn hv. þm. sagði: Það hefur bara verið höfð uppi ein stefna fram til þessa. Orðrétt sagði hann það úr þessum ræðustól. „Það hefur bara verið höfð uppi ein stefna í þessum efnum." Og hvernig hefur hún lukkast? Við horfum fram á það að við eigum að skoða alla þætti og við eigum að skoða þá með þeim hætti að fólkinu úti á landi sé sómi sýndur. Ég held nefnilega að sumir þingmenn geti vel hugsað sér það að fólkið á vissum stöðum úti á landi sé alltaf upp á þá komið og reddingar þeirra hér syðra.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja alveg nýtilkomið að þingmönnum sé neitað um orðið um þingsköp eins og gerðist hér áðan. Ég hef ekki hugsað mér að ræða það hér úr þessum ræðustól ítarlega, en mun auðvitað gera ráðstafanir til þess að leita réttar míns sem þingmanns í þessum efnum. Með hvaða hætti það verður gert mun koma í ljós. Það er auðvitað alveg augljóst mál að ef forsetinn ætlar að taka upp ný

vinnubrögð af þessu tagi mun það náttúrlega ekki auðvelda þingstörfin í vetur ef hér er stýrt eftir nýjum þingsköpum frá umræðu til umræðu.

Það hefur aldrei nokkurn tíma verið rætt um það að umræða um þingsköp væri óeðlileg eða óheimil við þær aðstæður sem við vorum í fyrir örfáum mínútum. Það er algerlega nýtt. Mér finnst því að forsetinn hefði í nafni góðrar samvinnu átt að nefna það við okkur þingflokksformenn sem gegndum því starfi í síðustu viku áður en það er tilkynnt úr ræðustól með þessum hætti og einum þingmanni meinað að fá að taka til máls um þingsköp þegar það var þó knýjandi, virðulegi forseti.

Þannig háttaði til að mælendaskrá hafði verið lokað samkvæmt yfirlýsingu hins virðulega forseta. Þá kemur hér í stólinn maður sem nú gegnir starfi landbrh. og samgrh. en við þekktum á síðasta kjörtímabili undir heitinu 2. þm. Norðurl. e. og var mjög oft í ræðustól. Sýnist hafa tekið hamskiptum eftir að hann settist í ráðherrastól og er orðinn allur blíðari á manninn að sjá, en féll aftur í gamlar viðjar persónuleikans í stólnum áðan og hóf dómadagsárásarræðu á m.a. hv. þm. Steingrím Hermannsson og fleiri hér með hreinum ólíkindum, enda þótt enginn gæti í raun og veru beðið um orðið til að svara fyrir sig. Það sem ég ætlaði í fullri vinsemd að stinga að forsetanum var sá möguleiki að bætt yrði við öðrum hálftíma í utandagskrárumræðu og hún færi fram að nýju til þess að hægt væri að halda áfram og taka eina rispu í framhaldi af ummælum hæstv. samg.- og landbrh. sem gaf tilefni til þess að honum yrði svarað, en skaust hér upp í skjóli þess að enginn hafði aðstæður til að biðja um orðið af þeim sem hann veittist sérstaklega að. Ég kalla þetta ódrengilega framkomu af hæstv. ráðherra og vildi benda á þann möguleika að við færum í umræður um málin með skynsamlegum hætti innan marka þingskapanna og á grundvelli fyrri mgr. 50. gr. þeirra.

En það á kannski að taka upp tilskipanastíl á forsetastólnum eins og búið er að gera t.d. í menntmrn. þar sem skólar eru lagðir niður fyrir hádegi, eða í svipuðum stíl og hæstv. forsrh. hefur ákveðið að taka upp við að flytja fólk meira og minna nauðaflutningum víðs vegar að af landinu eins og hv. þm. Matthías Bjarnason skildi það hér á dögunum þegar hv. þm. Matthías Bjarnason sagði: Ef alla á að flytja suður verða allir að fara í verslun, viðskipti og verðbréfasölu. Ef það er það hagkvæmasta hlýtur að þurfa að færa þetta nær. Hins vegar hafa ýmsir verið að tala um það að flytja fólk eins og hjá þjóð sem var undir járnhæl kommúnismans í yfir 40 ár eins og í Rúmeníu. En það var ekki lagt í það og allir vita um endalok þess manns. En það gerist aldrei á Íslandi og það dettur engum manni í hug að flytja fólk nauðugt. Þetta sagði nú maðurinn að gefnu tilefni. Það eru því ekki vondir stjórnarandstæðingar sem fóru að reyta af sér þessar samlíkingar.

Þetta eru einmitt þingsköp, virðulegi forsrh., vegna þess að þannig háttar til að umræðan hefur auðvitað farið út um víðan völl. Það er óhjákvæmilegt að svara sérstaklega þessum árásum þínum á þingmenn varðandi Ceausescu. Það er óhjákvæmilegt að svara því. Það getur farið svo að það verði að fara mjög vítt yfir málin í þingskapaumræðu um þessa stefnu borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. í Reykjavík, sem þú og Sveinn Andri Sveinsson hafa gefið yfirlýsingar um, að flytja eigi fólk nauðungarflutningum.

Ég vil inna eftir því, virðulegi forseti, hvort það er tilfellið að hæstv. forseti ætli að taka upp þessa nýja stefnu í þingsköpum að neita þingmönnum um orðið um þingsköp þegar mikið liggur við, þegar ráðherrar hafa með ódrengilegum hætti veist að þingmönnum sem engan kost eiga á því að bera hönd fyrir höfuð sér í þeim umræðum sem fram fara.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er mikill misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv. að forseti hafi ætlað að meina hv. þm. að tala um þingsköp. Ég gat þess sérstaklega að hann fengi leyfi til að tala um þingsköp þegar umræðunni væri lokið, þessari hálftíma umræðu sem er mjög óheppilegt að slíta í sundur þegar umræðan stendur svo stutt sem raun ber vitni. Ég vænti þess að hv. þm. sé mér sammála um að það hafi ekki komið mikið að sök þó hann hafi orðið að bíða þar til þessari umræðu lyki til þess að koma sínum málum að.

Ég vil líka minna á að ég gat þess að mælendaskránni væri lokað. Það var kannski ekki rétt orðað samkvæmt þingsköpum en ég var að upplýsa það að tíminn leyfði ekki að fleiri gætu tekið til máls þannig að þingmenn færu ekki að biðja um orðið og þeim yrði ekki leyft að tala þegar þar að kæmi. Það var skýringin hjá mér og var vel meint en ekki illa.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér er það ekkert ljúft að taka þátt í langri þingskapaumræðu. Það hefur verið mín stefna að við reyndum að halda umræðu á málefnalegum grundvelli og á þann hátt tók ég þátt í umræðunni hér áðan. Það er hins vegar held ég fáheyrt að undir lok slíkrar utandagskrárumræðu sem var áðan taki ráðherra til máls með þeim hætti sem hæstv. landbrh. gerði með nánast beinum útúrsnúningum ef ekki því að staðreyndir hafi verið færðar til. Það dugir ekkert að koma upp og segja það að með búvörusamningi á síðasta vori hafi fullvirðisréttur verið færður úr 12 þús. tonnum niður í 8 þús. tonn. Það getur vel verið að með einhverjum reikningskúnstum sé hægt að sýna fram á að fullvirðisréttur hafi verið fram undir þetta 12 þús. tonn, en sú framleiðsla sem bændur gátu komið á markað var, hæstv. landbrh., ekki 12 þús. heldur 9 þús. tonn. (**Forseti:** Má ég biðja þingmanninn að halda sig við þingskapaumræðu.) Ég mun reyna að gera það eftir því sem mér er unnt.

Í öðru lagi vil ég benda á það að sami hæstv. ráðherra vék að einu byggðarlagi í okkar landi á mjög óviðurkvæmilegan hátt undir lok máls síns þannig að ekki var hægt að svara. Hann tók sem dæmi byggðarlag þar sem illa hefði til tekist í byggðamálum og hann var svo óheppinn að nefna heila sýslu úr eigin kjördæmi og sýslu þar sem menn hafa með dugnaði og

áræði náð að rétta sinn hlut betur en þekkist annars staðar í dreifðum byggðum á síðustu árum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að láta þess getið ef það gætir einhvers misskilnings að allir hafa sama rétt til að taka þátt í umræðu utan dagskrár í hálftíma umræðunni. Um ráðherra og þingmenn gildir sami tími, tvær mínútur, en málshefjandi hefur þrjár mínútur. Ráðherrar geta þannig sett sig á mælendaskrá eins og þingmenn. Þetta þykir forseta nauðsynlegt að taka fram.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki búist við því að þessi umræða héldi áfram undir þingsköpum en er vanur því að taka þátt í slíkum umræðum og stendur ekki á mér.

Það er undarlegt að einn af forustumönnum bænda skuli halda því fram hér að heildarfullvirðisréttur virkur og óvirkur í sauðfjárrækt sé 9 þús. tonn. Þetta er vitaskuld ekki rétt. Hann er um 12 þús. tonn eins og ég sagði hér áðan og það er verið að tala um að færa hann niður í 8.600 tonn. Þetta á bóndanum að vera kunnugt og má vera að honum hafi hitnað í hamsi og hann ekki gætt að því sem hann sagði.

Hitt er auðvitað alveg laukrétt að í þessum áfanga búvörusamnings er gert ráð fyrir því að fækka um 55 þús. ær og það skiptir auðvitað ekki máli. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Forseti verður að biðja menn að halda sig við þingskapaumræður.) Ég held að við getum farið hér í umræður um það. Ég býst við að hv. þm. viti það jafn vel og ég að gert er ráð fyrir því að þeir bændur sem hyggjast á nýjan leik nýta sinn fullvirðisrétt, bæði vegna riðu, skurðar og annars, hafi keypt um 20 þús. gimbrar á þessu hausti. Ég veit hins vegar ekki hvort hæstv. forseti telur almennar umræður um landbúnaðarmál falla undir þingsköp. (**Forseti:** Forseti telur að slíkar umræður falli ekki undir þingskapaumræður.) En ég taldi óhjákvæmilegt að leiðrétta þetta.

Ég tel líka óhjákvæmilegt að það komi alveg skýrt fram að þeir sérstöku erfiðleikar sem nú eiga sér stað víða í byggðarlögum úti á landi, og ég vil ítreka það, eru vegna erfiðleika í þjónustugreinum og kemur m.a. mjög glöggt fram í þeim byggðarlögum sem ég gat um áðan. Auðvitað er það líka rétt að íbúar þar hafa brugðist við vandanum eins og fólk úti á landsbyggðinni reynir að gera hvar sem það er statt. Annað er auðvitað ekki nema útúrsnúningur, að reyna að halda því fram að fólk þar deyi ráðalaust þó að á móti blási í bili.

Hitt var kjarni minnar ræðu og ég vil ítreka það sem ég sagði. Það er uggvænlegt ástand víða í atvinnumálum landsbyggðarinnar. Það er dæmalaust að þingmaður eftir þingmann skuli koma hingað upp og láta eins og óheimilt sé að nefna þá sérstöku erfiðleika sem landsbyggðin stendur frammi fyrir sem að sumu leyti eru vegna samdráttar í sjávarútvegi og vegna þess að dregið hefur úr sókn í fiskstofna og að sumu leyti eru því að kenna að hér hefur verið fylgt rangri stefnu í byggðamálum, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur undirstrikað öðrum mönnum betur.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur oftar en einu sinni komið fram þegar fjallað hefur verið um erfiðleika á einstaka stöðum á landsbyggðinni að fólk hefur kveðið upp mjög harða dóma í útvarpi og víðar. Það hefur sagt: Það á að flytja fólk frá heilum kauptúnum í einhvern annan ákveðinn stað. Þetta harðneskjulega umræðuefni hjá því miður allt of mörgum landsmönnum hefur farið ákaflega fyrir brjóstið á mér. Ég gerði það í örstuttu samtali að minna á félaga Ceausescu sem sumir voru hrifnir af í eina tíð en er nú dáinn. Og ég bætti við, þetta gerist aldrei á Íslandi. Þetta er svo heimfært upp á það að ég eigi við hæstv. forsrh. hvað þetta snertir. Forsrh. hefur ekki lýst því yfir að hann ætli að stuðla að einhverjum nauðungarflutningum á Íslendingum. Það sem gerir það að hér eru erfiðleikar víða á landsbyggðinni er fyrst og fremst röng fiskveiðistefna á undanförnum árum sem hefur kippt atvinnugrundvellinum undan fjölmörgum kauptúnum og kaupstöðum á Íslandi. Það hefur orðið samdráttur þar víða og úr því þarf að bæta með réttlátari skiptingu á afla á milli landsmanna.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. KS o.fl., 37. mál (iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða). — Þskj. 37.

Flm. (Kristín Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 37 um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru aðrar þingkonur Kvennalistans, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Í frv. þessu leggjum við til að við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo: „Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða."

Með frv. þessu er lagt til að menn geti dregið iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða frá tekjum utan atvinnurekstrar. Árið 1987 var tekin upp staðgreiðsla skatta. Frá þeirri breytingu hafa landsmenn búið við tvísköttun á lífeyrissjóðsgjöld. Framlag launþega í lífeyrissjóði er skattlagt þegar hann myndar réttindi sín með inngreiðslum og lífeyrisgreiðslur til hans eru einnig skattlagðar þegar launastarfi lýkur.

Í starfi milliþinganefndar þeirrar er undirbjó upptöku staðgreiðslukerfisins kom þetta vandamál til umræðu. Mögulegar lausnir þóttu flóknar og því heppilegra að láta breytinguna ganga yfir áður en flókin afbrigði yrðu tekin upp. Meginástæðan fyrir því að málið þótti flókið var sú að menn voru að einbeita sér að þeim möguleika að hafa lífeyrisgreiðslur skattfrjálsar við útborgun andstætt því sem áður hafði verið. En

réttindi fólks til eftirlaunagreiðslna eru mjög mismunandi. Sumir eiga mikil og jafnvel margföld réttindi til lífeyris. Aðrir fá háar greiðslur vegna þess að vinnuveitandi þeirra hefur greitt mun hærra iðgjald en algengast er. Fjöldinn fær hins vegar fremur lágar greiðslur. Með því að leggja allar greiðslur úr lífeyrissjóðum að jöfnu væri því verið að skapa mikið óréttlæti, en til þess að tryggja að allir búi við ámóta skattfrelsi hefði þurft mjög flóknar reglur.

Á sínum tíma var enginn tilbúinn með lausn á þessu vandamáli en ýmsar gallaðar leiðir voru nefndar. Jafnframt þótti heppilegt að svo mikil kerfisbreyting sem staðgreiðslan var fengi að vera sem einföldust í upphafinu. Því fór það svo að lögin voru samþykkt með þessum ágalla.

Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið óréttlæti. Álagning tekjuskatts, bæði við myndun sjóðsins og úttekt úr honum, er óeðlileg. Fólk leggur fyrir í lífeyrissjóði til þess að búa í haginn fyrir elliárin. Hins vegar er hægt að leggja fyrir sparifé eða kaupa ríkisskuldabréf og mynda þannig eigin lífeyrissjóð, eins og segir í auglýsingum frá ríkissjóði. Tekjuskattur er greiddur við öflun eigin sparnaðar en ekki þegar peningarnir eru teknir út. Að þessu leyti er ólík skattaleg meðferð á frjálsum sparnaði og skyldusparnaði í lífeyrissjóði. Í frv. er lagt til að tekjuskattur verði aðeins greiddur einu sinni af sömu tekjunum. Ástæður þess að fremur er valið að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins en úttekt úr honum eru nokkrar.

Í fyrsta lagi er það ljóst að ekki munu allir þeir sem greiða í lífeyrissjóð fá greiðslur úr honum. Hluti þeirra sem greiða í lífeyrissjóði lifa það ekki að njóta lífeyrisgreiðslna, jafnvel ekki heldur erfingjar þeirra. Enn aðrir fá aðeins lítinn hluta.

Í öðru lagi má spyrja: Verða lífeyrissjóðirnir til eftir nokkra áratugi? Nokkur ótti er meðal fólks um það að eftir nokkra áratugi muni einhverjir lífeyrissjóðanna ekki hafa bolmagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Allir vona að svo verði ekki, en fari svo munu aðeins þeir sem fá greiðslur úr sjóðnum greiða skatta af þeim. Hinir sem mynduðu sjóðinn en fengu lítið eða ekkert hefðu a.m.k. ekki þurft að greiða skatt af framlaginu ef þetta frv. verður samþykkt.

Í þriðja lagi er nýting persónuafsláttar oft betri á efri árum vegna nokkuð lægri tekna. Þorri fólks hefur lægri tekjur á eftirlaunum en það hafði í fullu starfi eða mundi hafa í sams konar starfi nú. Það yrðu því meiri líkur til þess að nýting persónuafsláttar á lífeyrisgreiðslur yrði betri hjá eftirlaunaþeganum en þegar launþegi er að afla tekna til að skapa framlag sitt í sjóðinn.

Í fjórða lagi þarf að hvetja fólk til þess að mynda lífeyrissjóði. Langtímasparnaður og fyrirhyggja varðandi afkomu fólks eftir starfslok er nauðsynleg ef hægt á að vera að lifa mannsæmandi lífi. Hvetja þarf til fyrirhyggju með skattfrelsi við myndun slíkra varasjóða. Full ástæða er til að hvetja til að jafnvel enn stærri hluti verði lagður fyrir en nú er gert. Skattfrelsi er hluti af slíkri hvatningu. Það er ljóst að ríkissjóður mun ekki geta staðið undir mannsæmandi eftirlaunagreiðslu til fólks ef lífeyrissjóðirnir bregðast.

Í fimmta lagi getur skattfrelsi á lífeyrisgreiðslur við útborgun falið í sér mismunun. Einstaklingar fá greiðslur úr mismunandi sterkum lífeyrissjóðum og framlag vinnuveitenda er mishátt. Ef lög væru þannig að allar lífeyrissjóðsgreiðslur til eftirlaunaþega væru skattfrjálsar hefði það í för með sér mikla mismunun því endurgreiðslur eru mjög mismunandi eins og fyrr var sagt. Allar tilraunir til að hafa skattfrelsið innan skynsamlegra marka kalla á mjög flóknar reglur. Einfaldasta leiðin og sú réttlátasta er því að hafa skattfrelsið við myndun sjóðsins.

Það er mjög mikilvægt að þrátt fyrir fyrirsögn 30. gr. verði ákvæðið túlkað svo rúmt að sjálfstæðir atvinnurekendur geti setið við sama borð og aðrir varðandi greiðslur í lífeyrissjóði. Þeir munu ekki síður en aðrir þurfa á lífeyri að halda í elli sinni, enda sýnist manni oft að atvinnurekstur á Íslandi standi ekki svo traustum fótum að allir þeir sem leggja fé sitt og frumkvæði í hann geti gengið að digrum sjóðum að lokinni starfsævi. Það þarf raunar að fylgja því eftir að allir myndi sér lífeyrisréttindi á ævi sinni og þar verði enginn launþegi undanskilinn.

Það verður ekki nauðsynlegt að hafa neitt hámark á upphæð iðgjaldagreiðslna, hvorki á hlutfalli framlagsins né heildarupphæð hverju sinni, sé það skýlaust að allar greiðslur úr sjóðnum verði skattlagðar eins og aðrar tekjur. Það mun þá verða persónuafslátturinn og nýting hans sem hefur áhrif á það hvort óskertar greiðslur fást úr lífeyrissjóðum eða einhver skattur verði greiddur af þeim.

Mikil umræða hefur verið um þessa tvísköttun lífeyrisiðgjalda í þjóðfélaginu. Á vinnustöðum um allt land hafa þessi mál orðið að umræðuefni og öðru hverju hafa þessar umræður orðið mjög háværar. Á 113. löggjafarþingi var samþykkt ályktun um þetta mál að frumkvæði Guðmundar H. Garðarssonar. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Það er skoðun flm. þessa frv. að sú leið sem hér er lögð til sé einföld og sú réttlátasta sem kostur er á.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. 1. flm. frv. sem hér er til umræðu að það er ákaflega eðlilegt að málið sé rætt á hinu háa Alþingi. Þetta er mál sem er mikið rætt á hinum ýmsu vinnustöðum og víðar í þjóðfélaginu, eins og réttilega kom fram í máli flm. Það eru nokkur atriði þó sem ég vil taka fram í þessari umræðu.

1. Sú þáltill. sem samþykkt var er til umfjöllunar í ráðuneytinu.

2. Ég tel vafasamt, eins og fram kom í máli hv. þm. Kristínar Sigurðardóttur, að fullyrða að með stað-

greiðslukerfinu hafi skattfrelsi iðgjalda verið afnumið. Staðreyndin er að hjá öllum þorra launþega féll þessi frádráttur inn í fastan 10% frádrátt og hafði engin eða lítil áhrif á skattgreiðslurnar.

3. Það er einnig vafasamt að halda því fram að um tvísköttun lífeyrissjóðsgjalda sé að ræða. Auk þess að verulegur hluti þeirra ber engan skatt vegna þess að um er að ræða tekjur neðan skattleysismarka er stór hluti lífeyrisgreiðslna einnig undir skattleysismörkum og því ekki greiddur af þeim skattur. Líklega er langtum stærri hluti lífeyrisiðgjalda alls ekki skattlagður en sá hluti sem er skattlagður, að ekki sé talað um að hann sé tvískattaður.

4. Í reynd er valið í þessu efni ekki um skattleysi eða sköttun þessa hluta tekna heldur val á milli breiðari skattstofns og lægra hlutfalls eða þrengra stofns og hærra hlutfalls. Þrenging skattstofnsins um 4% mundi lækka tekjur ríkis og sveitarfélaga mjög verulega ef ekki yrði að gert. Til að halda óbreyttum tekjum yrði að hækka skatthlutfallið um u.þ.b. 1,6% og breyta persónuafslætti þannig að skattleysismörk yrðu óbreytt. Einnig mætti hugsa sér að fara þá leið að lækka persónuafsláttinn en ég hygg að fæstir mundu kjósa hana.

5. Breyting sem þessi mundi ekki auka jöfnunaráhrif skattkerfisins þar sem hún gagnast lítið þeim sem eru tekjulágir og skattlausir. Það er því alltaf spurning um forgangsröðun þegar verið er að ræða um skatta og skattleysi og maður hlýtur að spyrja hvort eðlilegt sé að byrja á þessum stað þegar vitað er að aðrar breytingar gætu komið þeim meira að gagni sem lægstar hafa tekjurnar.

6. Ég vil minna á að hlutur atvinnurekenda er 60% af þessum fjármunum og sá hluti er að sjálfsögðu skattfrjáls vegna þess að hann telst til gjalda hjá fyrirtækjunum.

7. Ég vil benda á að í tillögu sem samþykkt var á Alþingi var gert ráð fyrir að samræmi væri með þessum þvingaða sparnaði og frjálsum sparnaði. Ég minni á að í dag er í sumum tilvikum ekki um eignarskatt að ræða á sparnaði og þá fyrst og fremst þeim sem ríkið stendur fyrir. Einnig er engin ávöxtunar- eða vaxtaskattur, enginn fjármagnstekjuskattur, eignatekjuskattur eða hvað menn vilja kalla hann. Hins vegar er, eins og fram kom í máli hv. 1. flm., skattur tekinn af þeim tekjum sem mynda frjálsan sparnað í dag með sama hætti og tekjurnar sem renna til lífeyrissjóðanna eru skattlagðar.

Tillaga sem samþykkt var á sínum tíma og flutt var af hv. þáv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni er til skoðunar í ráðuneytinu. Ég legg til að þetta frv. fái skoðun ásamt þeirri ályktun Alþingis og tel að málin séu að mörgu leyti mjög skyld, eins og reyndar mátti skilja á máli hv. 1. flm. frv. Ég er fyllilega sammála þeirri hugsun sem fram kemur í frv. að stefna eigi að sem mestum sparnaði og ráðdeild og það eigi að efla þá hugsun og ýta undir að fólk leggi til hliðar fjármuni fyrr á ævinni til þess að fólk geti síðar lifað mannsæmandi lífi. Að því leyti til er ég fyllilega sammála hv. flm.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að mér finnst mjög eðlilegt að þetta mál sé rætt í sölum Alþingis og tel að það eigi að fá skoðun ásamt öðrum hugmyndum sem fram hafa komið og snúa að breytingum á tekjuskattskerfinu.

Flm. (Kristín Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka undirtektir hæstv. fjmrh. og fagna því að þetta mál skuli vera í jákvæðri athugun af ríkisstjórninni.

Varðandi persónuafsláttinn var það vissulega nefnt við þá endurskoðun laganna sem við ræddum um áðan hvort þetta væri inni í persónuafslættinum. Menn reiknuðu þetta aðeins og sýndist að það gæti ekki staðist skoðun, ekki nema verið væri að auka skattbyrði. Það er alveg rétt að auðvitað er stór hluti launþega ekki skattlagður og það er mjög erfitt og nánast útilokað að gera leiðréttingar í gegnum skattkerfið til fólks sem greiðir ekki skatta. Það verður að nota aðrar aðferðir.

Það er alveg rétt að með tillögunni er ekki beinlínis verið að leggja að jöfnu frjálsan sparnað og lífeyrissjóð því eins og fjmrh. nefndi getur frjáls sparnaður lent í eignarskatti nema menn uppfylli skilyrði ríkissjóðs um eignarhlut og skipta stöðu. En ég fagna sem sagt að þetta skuli væntanlega fá jákvæða og góða umfjöllun í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

12. FUNDUR

þriðjudaginn 22. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Gæðamál og sala fersks fisks, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ og SJS, 33. mál. — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til sjútvn. með 38 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. ST o.fl., 36. mál (mæðravernd). — Þskj. 36.

Stefanía Traustadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég bað um að fá að gera örlitla athugasemd áður en frv. það sem ég kynnti hér í gær yrði afgreitt til nefndar og þaðan til 2. umr. Tilefnið er að forseti sá ekki þegar ég bað um orðið hér í gær og sleit umræðunni. Ég er kannski ekki orðin nógu sjóuð í þeim táknmálum sem viðgangast í þingsölum en alla

vega þakka ég forseta að leyfa mér að komast að núna.

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, 10. þm. Reykv., og Finni Ingólfssyni, 11. þm. Reykv., fyrir þann stuðning við þetta mál sem kom fram í þeirra orðum. En ég vil taka það fram vegna orða hv. þm. Finns Ingólfssonar að það er ekki nóg að eitthvað sé talið eiga að vera ókeypis og kannski gert ráð fyrir því í samningum um kaup og kjör, t.d. hvað varðar þetta mál í samningum um starfskjör lækna sem vinna við heilsugæslustöðvar. Slíkir samningar eru engin trygging og það er hægt að breyta þeim og endurskoða án þess að Alþingi komi nokkurs staðar þar nálægt. Þess vegna er nauðsynlegt að við setjum í lög þessa skyldu ríkissjóðs. Það þarf að vera ótvírætt tryggt í lögum að svo mikilvæg þjónusta sem smábarnaeftirlitið og mæðraverndin er sé á kostnað ríkissjóðs. Eins og ég sagði í ræðu minni í gær er alveg ástæðulaust að gera núv. eða seinni tíma ríkisstjórnum þau skref of auðveld að setja gjöld á þessa þjónustu ef þeim sýnist svo. En það geta þeir í raun gert frá og með næstu áramótum.

Vegna orða Finns Ingólfssonar, 11. þm. Reykv., vil ég taka það fram að í 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um hvernig skuli staðið að kostnaði við rekstur heilsugæslustöða og því ekkert óeðlilegt að þar komi inn ákvæði hvað varðar þetta atriði.

Ég vil líka taka fram að það getur verið að það sé jafngóð trygging fyrir því að þessi þjónusta sé á kostnað ríkissjóðs ef það verði sett í lög um almannatryggingar og jafnvel að samin verði sérlög um þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar. Það eru til sérlög um ýmsa aðra þætti hennar sem og vísað er til, t.d. í reglugerðum um hvernig skuli standa að heilsugæslu. En það er nauðsynlegt að festa þetta ákvæði í lög og gera það sem allra fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 41 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. KS o.fl., 37. mál (iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða) . — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og til samgn. með 43 shlj. atkv.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti sagði við upphaf fundar í gær er þetta í fyrsta sinn sem fyrirspurnir af þessu tagi koma hér á dagskrá. Er því mikið í húfi að vel takist til með þessa nýbreytni í þingstörfum. Forseti væntir góðrar samvinnu við þingmenn um framkvæmd þessa ákvæðis þingskapanna. Mikilvægast er að fyrirspurnir og svör verði stutt og hnitmiðuð þannig að sem flestir þingmenn sem kjósa að taka þátt í þessum umræðum komist að.

Fyrirmyndir að óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra eru frá öðrum þingum komnar og hafa þótt gefast vel en meginhugmyndin er að spurningar og svör gangi greiðlega fyrir sig. Gert er ráð fyrir að fyrirspurnatími þessi taki hálftíma. Um ræðutíma gilda samkvæmt þingsköpum sömu reglur og á venjulegum fyrirspurnafundum, þ.e. fyrirspyrjandi hefur tvisvar sinnum þrjár mínútur og ráðherra tvisvar sinnum fimm mínútur. Ákvæði um athugasemdir annarra þingmanna en fyrirspyrjenda og ráðherra eiga ekki við hér enda hafa allir þingmenn sama rétt á fundinum til að koma upp í ræðustólinn og beina fyrirspurn til ráðherra.

Forseti væntir þess eindregið að þingmenn fullnýti ekki þann rétt til ræðutíma sem þeim er áskilinn í þingsköpum því að þá komast aðeins tveir þingmenn að á þessum hálftíma sem okkur er skammtaður.

Fyrirkomulag umræðunnar verður þannig að þingmenn kveðja sér hljóðs með venjubundnum hætti, banka í borðið, en eru auk þess beðnir vinsamlegast að rísa úr sæti til að auðvelda forseta yfirsýn yfir þá sem biðja um orðið. Þetta eru þingmenn beðnir að endurtaka í hvert sinn sem fyrirspurn er svarað.

Forseti verður að velja fyrirspyrjendur en þeir ráða því til hvaða viðstaddra ráðherra þeir beina máli sínu. Verði þátttaka mikil er víst að einhverjir þingmanna komist ekki að en við það verður að una.

Forseti vill ítreka þá ósk sína að fyrirspurnir verði stuttar, um eitt eða tvö efnisatriði, og ekki síður að svör ráðherra verði stutt og hnitmiðuð. Þá er þess að vænta að þetta nýmæli reynist vel.

Kostnaður af samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að beina spurningu til hæstv. forsrh. Í nótt lauk samningum um hið Evrópska efnahagssvæði sem staðið hafa mánuðum saman og menn hljóta að gera sér grein fyrir að svo viðamiklum samningum fylgir verulegur kostnaður. Því vil ég

spyrja forsrh. Íslands: Hvað er áætlað að fjórfrelsið muni kosta íslenska ríkið í ráðgjöf, eftirliti, kynningu, þýðingum, sérfræðiþjónustu og öðru því sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun kalla á?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég taldi að þennan tíma ætti að nota til þess að spyrja um viðhorf og efnisatriði sem ráðherrar gætu svarað úr. Það gefur auga leið að spurningu eins og þessari er ekki hægt að svara á augabragði. Svarið er því: Ég veit það ekki.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með þetta svar. Eins og ég nefndi þá hafa þessir samningar staðið mánuðum saman og mér þykir það vægast sagt undarlegt ef menn hafa ekki reynt fyrir fram að gera sér einhverja grein fyrir því hvað af þessum samningi leiðir og hvað hann muni kosta íslenska ríkið.

Tannréttingar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. sem snertir tannréttingar. Fjöldi fjölskyldna er með stóra reikninga í fórum sínum vegna tannréttingakostnaðar og þetta fólk vill fá að vita hvað hæstv. ráðherra ætlar sér í sambandi við þessa reikninga. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir miklum niðurskurði vegna tannlækninga. Er e.t.v. meining ráðherrans að ríkið hætti að taka þátt í þessum kostnaði? Ef hæstv. ráðherra segir sem svo að hann vilji semja, þá vil ég benda á að það er enginn samningur í gildi við tannlækna nú sem stendur og þess vegna getur Tryggingastofnun ekki tekið þátt í þessum kostnaði.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum og reglugerð eiga þeir sem leita hjálpar tannréttingalækna rétt á að fá endurgreiddar ákveðnar fjárhæðir sem þeir þurfa að leggja út vegna kostnaðarins. Til þess að svo geti orðið þurfa tannréttingalæknar að skila til Tryggingastofnunar ríkisins vottorðum um hvað þeir hafi gert svo að endurkröfunni sé hægt að koma fram og fólkið nái rétti sínum. Þetta er sambærilegt við það sem gert er í núgildandi virðisaukaskattslögum þar sem húsbyggjendum sem þurfa að leggja í verulegan kostnað vegna meiri háttar viðhalds á húseign sinni er gefinn réttur til þess að fá endurgreiddan virðisaukaskatt vegna vinnu á byggingarstað að því tilskildu að viðkomandi iðnaðarmenn skili reikningum þar sem hægt er að sjá hver endurgreiðslurétturinn er. Iðnaðarmenn gera þetta, tannréttingalæknar gera þetta ekki þannig að fólkið sem við þá skiptir getur ekki komið fram rétti sínum.

Ég hef leitað til landlæknis með þetta mál. Í læknalögum er skylda til allra lækna að skila þeim vottorðum sem heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisyfirvöld krefjast af þeim. Landlæknir hefur skrifað þessum læknum til þess að gefa þeim kost á að koma með sín rök í málinu um það að skila ekki tilsettum vottorðum svo að sjúklingar þeirra geti náð fram rétti sínum. Ég mun beita öllum ráðum til þess að tryggja það eftir réttum löglegum leiðum að fólk þetta fái rétti sínum framgengt og ég treysti á stuðning landlæknis í þeim efnum og þarf ekki meira um það að segja.

Bílakaup ráðherra.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki farið fram hjá mér frekar en mörgum öðrum að ráðherrarnir hafa verið að fá sér nýja bíla við sitt hæfi. Það hefur líka vakið athygli mína að þeir bílar hafa margir hverjir ef ekki flestir verið keyptir hjá Heklu hf. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvers vegna bifreiðarnar eru keyptar þar og í öðru lagi hvers vegna ekki fór fram útboð á þessum bílakaupum þannig að hin frjálsa samkeppni fengi að njóta sín.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Forseti. Það mun vera rétt að nokkrir af þeim bílum sem keyptir hafa verið eru frá Heklu, aðrir ekki. Ástæðan fyrir því að ekki var um útboð að ræða er sú að það stendur til að breyta reglum um ráðherrabifreiðar og ég á von á því að nefnd sem starfar að því muni skila áliti innan tíðar. Í því áliti verður tekin afstaða til þessarar hliðar þessa verkefnis ásamt öðrum sem talsvert hafa verið í umræðunni að undanförnu og snerta ráðherrabíla.

Ég hygg að ástæðan fyrir því að bílar frá Heklu hafi orðið fyrir valinu hjá viðkomandi ráðherrum sé fyrst og fremst vegna þess að sú verslun hefur umboð fyrir bíla sem henta ákaflega vel til þessara nota.

Framtíðarsýn forsætisráðherra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ég ætla að spyrja hér um viðhorf. Í rauninni ætla ég að spyrja um svolítið meira. Ég ætla að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sjái lengra en nef hans nær. Ég ætla nefnilega að spyrja um framtíðarsýn forsrh. Hann sagði í sjónvarpinu í dag og hann hefur sagt það áður að samningur um Evrópskt efnahagssvæði mundi minnka þann þrýsting á íslenskum stjórnvöldum að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið. Nú liggur fyrir að það hefur aukið á þrýstinginn í Sviss. Svisslendingar ætla að sækja um aðild eftir að þessi samningur var gerður. Því hefur verið lýst yfir að samningurinn muni auðvelda Norðmönnum að sækja um aðild. Svíar hafa sótt um aðild, Austurríkismenn hafa sótt um aðild þannig að ásóknin inn í Evrópubandalagið eykst fremur en minnkar eftir þennan samning.

Og nú vil ég spyrja forsrh. hvernig hann sjái fyrir sér framtíð Íslands og framtíð Evrópska efnahagssvæðisins þegar og ef þessi ríki ganga inn í Evrópu-

bandalagið. Ég vil taka það fram strax að það þýðir ekki að segja mér að þá breytist þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið einfaldlega í tvíhliða samning vegna þess að það svarar ekki spurningunni um það hvað eigi að verða um eftirlitsstofnun EFTA, hvað eigi að verða um sérfræðiþjónustu EFTA, hvað eigi að verða um EES-dómstólinn og fleira sem okkur er sagt núna að sé svo mikilvægt, ekki bara til að gæta hagsmuna Evrópubandalagsins, nei, til að gæta hagsmuna okkar. Þarf þá ekki þessar stofnanir allar áfram til að gæta okkar hagsmuna? Og ég vil þess vegna spyrja um framtíðarsýn forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Ég tel að hún sé mjög tímabær, þ.e. í dag, á þessum sólarhring, hafa verið að gerast mikil tíðindi. Samningar hafa náðst eftir tæplega þriggja ára þjark um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég var þeirrar skoðunar — það er að vísu bara skoðun — að ef svo færi að sá samningur hefði ekki orðið, þá hefði þrýstingur aukist innan lands á stjórnvöld að þau gengju til beins samstarfs og fengju aðild að Evrópubandalaginu. Ég er þeirrar skoðunar að þessi samningur, þessi mjög svo hagstæði samningur, muni ekki leiða til þess. Ég tel líka að þeir möguleikar sem þessi samningur opnar fyrir íslenska þjóð muni nýtast henni þó svo færi að allverulegur hluti þessara þjóða mundi ganga inn í Evrópubandalagið. Við vitum ekki enn þá um nokkur þessara ríkja. Við vitum ekki enn þá um Finnland. Finnland mun taka afstöðu til þessa þáttar væntanlega fyrir mitt næsta ár. Við vitum ekki enn þá um Noreg. En ég er sannfærður um það — það er líka bara sannfæring og framtíðarsýn — að ef svo fer að öll þessi ríki gangi inn í Evrópubandalagið, þá mundi það bandalag með okkur sem fyrrverandi aðila að hinu Evrópska efnahagssvæði hafa skyldu til þess að sjá réttindum Íslands borgið í viðskiptum við bandalagið umfram það sem orðið hefði ef við hefðum ekki orðið þátttakendur í hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Forseti. Það var raunar eins og mig grunaði, framtíðarsýnina vantaði. Nú er ég ekki að biðja hér um einhverja framtíðarsýn fram á næstu öld. Ég er að biðja um sýn sem nær eins og fimm ár fram í tímann. Þá sýn vantar. Menn hafa einhverja skoðun á því hvað gæti hugsanlega gerst, en þeir vita ekki hvað gæti hugsanlega gerst. Og það finnst mér mjög alvarlegt. Mér finnst líka alvarlegt að menn skuli segja hér úr pontu að ef stór hluti EFTA-ríkja gangi inn í EB, þá muni EB hafa skyldu til þess að gera vel við okkur þegar þar að kemur. Við ætlum með öðrum orðum að leggja framtíð okkar upp í hendurnar á EB.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langaði til að bera fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Árið 1944 tóku 98% þjóðarinnar þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðskilnað frá Dönum og 95% þeirra sögðu já. Í nótt var gerður samningur í Lúxemborg, samningur fyrir Íslands hönd sem felur í sér verulegt afsal á sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Telur forsrh. fullnægjandi að samningurinn verði staðfestur aðeins með einfaldri atkvæðagreiðslu á hér á Alþingi? Telur hann ekki rétt eins og árið 1944 að leyfa þjóðinni að segja álit sitt?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ekki efni til þess að efnt sé til þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning sérstaklega og tel alls ekki hægt að líkja honum á nokkra lund við þann atburð þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi. Reyndar minnist ég þess og við minnumst þess öll að sumir töldu að síðustu alþingiskosningar hefðu verið þjóðaratkvæðagreiðsla um Evrópubandalagið. Ég hef reyndar ekki heyrt túlkun manna á því hvernig sú þjóðaratkvæðagreiðsla hafi farið en sumir töldu fyrir fram að þar væri um þjóðaratkvæðagreiðslu að ræða.

Ég vek líka athygli á því að ég hafði þau orð uppi af hálfu míns flokks að ef um það væri að ræða að menn ætluðu að ganga í Evrópubandalagið, þá ætti að vera um það þjóðaratkvæðagreiðsla. Þetta er mjög í samræmi við það sem önnur ríki hafa gert, til að mynda Norðmenn. Þeir höfðu þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu í Evrópubandalagið. Þeir ætla ekki að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning, enda er hann annars eðlis. Og hvers vegna vil ég ekki og tel ekki nauðsynlegt að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning? Vegna þess að ég er ósammála fullyrðingum um það að í honum felist afsal fullveldis þjóðarinnar á nokkra lund. Ég tel ekki að dómstóll sem eðli málsins samkvæmt á að skera úr ágreiningi um efnisatriði samnings milli ríkjabandalaga, þar sem við eigum aðild að öðru bandalaginu — ég tel ekki að það feli í sér afsal á fullveldi landsins að sameiginlegur dómstóll skeri úr um ágreiningsefni þjóða á milli. Því hefur verið dálítið blandað saman, að menn séu með þessum hætti að glata hluta af fullveldi sínu.

Auðvitað má segja að með allri samningsgerð við annan aðila glati menn einhverju af frelsi sínu. Samningsgerð um Atlantshafsbandalagið, samningsgerð um Sameinuðu þjóðirnar, samningsgerð um mannréttindasáttmála og mannréttindadómstól, mannréttindanefnd. Auðvitað má halda þessu fram. En að hinu leytinu má líka halda því fram að með þessum hætti sé réttur einstaklinganna tryggður eins og sýndi sig varðandi dómstólaskipun einmitt hér á Íslandi. Ég tel því ekki efni til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið og ég tel reyndar blasa við að um þennan samning hljóti að verða víðtæk samstaða hér á Alþingi því að svo margir hafa að þessu máli unnið. Fyrrv. ríkisstjórn hafði alla forustu um þennan samning. Sá samningur hefur ekkert breyst nema til batnaðar þannig að ég á ekki von á öðru en langflestir þeirra sem hér sitja hljóti að stuðla að því að þessi samningur nái fram að ganga og menn nái þeim miklu sóknarfærum í atvinnu- og

efnahagslífi sem samningurinn býður upp á.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Skoðun mín á því að hér sé um fullveldisafsal að ræða er ekki eingöngu byggð á því að við setjum okkur undir erlendan dómstól. Þetta er líka það að við afsölum okkur verulegum hluta af löggjafarvaldinu og það er t.d. mat Norðmanna að hér sé um fullveldisafsal að ræða, ekki að fullu og öllu heldur að verulegu leyti. Og það er mat flestra að hér sé a.m.k. um 60% inngöngu í Evrópubandalagið að ræða þannig að þarna er verulega stórt skref inn í Evrópubandalagið. Ég held því að það velkist mjög fáir í vafa um það að þarna er um verulegt fullveldisafsal að ræða. Mér eru það því mikil vonbrigði að heyra það að forsrh. telur á þessari stundu ekki ástæðu til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um þennan samning. Ég skora á hann og reyndar ríkisstjórnina alla að endurskoða þetta mjög vel og láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning. Með því móti er hægt að fá að vita hvort þjóðin er tilbúin til að taka þetta stóra skref inn í Evrópubandalagið og afsala sér eins stórum hluta af fullveldi sínu og þarna er verið að gera.

Afhending EES-samningsins í utanríkismálanefnd.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Forsrh. hefur í þremur ræðum hér lýst skoðun sinni á samningi sem utanríkismálanefnd Alþingis hefur ekki enn þá fengið að sjá. Það er fullkomlega óeðlilegt að forsrh. Íslands og utanrrh. Íslands séu að segja þjóðinni opinberlega að þessi samningur sé góður, hann sé svona, þetta sé jákvætt o.s.frv., forsrh. fullyrðir að fyrir samningnum sé meiri hluti á Alþingi þegar þrátt fyrir ítrekaðar óskir, síðast í morgun var neitað að afhenda utanrmn. samninginn. Það er fullkomlega óeðlilegt að forsrh. og utanrrh. séu að tjá sig opinberlega um þennan samning — og utanrrh. ætli t.d. að halda blaðamannafund um samninginn núna eftir nokkrir klukkustundir — án þess að utanrmn. og þingið fái að sjá samninginn. Þess vegna vil ég hér í sérstöku tilefni af ræðum forsrh. bera fram þá formlegu fyrirspurn til hans, er hann ekki reiðubúinn að fallast á þá ósk allra stjórnarandstöðuflokkanna í utanrmn. að þegar í dag fái stjórnarandstöðuflokkarnir að sjá þann samning sem undirritaður var í Lúxemborg í nótt? Ég skil ekki hvers vegna ríkisstjórnin hafnar þessari sjálfsögðu ósk eins og hún gerði í morgun og ber þess vegna fram þá fyrirspurn nú til forsrh. hvort hann er ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir því að við fáum þennan samning í hendurnar í dag.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að utanrrh. og embættismenn hans hafi haft mjög náið og gott samráð við utanrmn. á öllum stigum málsins eins og lög gera ráð fyrir, meira samráð kannski en menn hafa átt að venjast. Hins vegar var auðvitað ekki hægt á þessum síðasta sólarhring að halda uppi slíku samráði, enda ekki ráð fyrir því gert.

Ég hafði áætlað að ríkisstjórnarfundur yrði kl. 8 í fyrramálið og í framhaldi af því í yrði fundur í utanrmn., ég hafði rætt það við formann nefndarinnar sem taldi engin tormerki á því þannig að ríkisstjórninni yrði kynnt málið fyrst og síðan utanrmn. í heild. Mér finnst sjálfsagt vegna þessarar athugasemdar formanns Alþb. að taka málið upp við utanrrh. hvort við getum haft á þessu breytta skipan. En ég vil ekki hér og nú úr þessum ræðustól, án samráðs við hann, gefa neinar sérstakar yfirlýsingar um það.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir það jákvætt að hæstv. forsrh. hefur samþykkt að beita sér fyrir því við utanrrh. að við stjórnarandstöðuflokkarnir og utanrmn. fái samningstextann í hendur í dag og ég vona að utanrrh. verði við þeirri ósk. Það er hins vegar misskilningur að það hafi verið haft náið samráð um alla þætti við utanrmn. Ég vil nefna eitt dæmi. Margir, m.a. utanrrh., segja að eitt mikilvægasta ákvæði þessa samnings sé að tryggt sé að erlendir aðilar geti ekki fjárfest í íslenskum sjávarútvegi. Fyrir rúmri viku síðan óskuðum við eftir því í utanrmn. að fá að sjá þann texta samningsdraganna þar sem það væri tryggt. Það var ekki orðið við þeirri ósk okkar og utanrmn. hefur ekki enn séð neinn stafkrók um það hvernig þetta sé tryggt í samningnum þannig að við getum metið það sjálfstætt hvort nægilega örugglega sé um hnútana búið. Það er þess vegna margt í þessu sem við þurfum að fá að sjá og ég fagna því og vona að það verði niðurstaðan að við fáum samninginn í hendur síðdegis í dag.

Sjúkrahúsið í Stykkishólmi.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að bera fram fyrirspurn til heilbrrh.

Í fjárlagafrv. er að finna tillögu um samdrátt í þjónustu ýmissa sjúkrahúsa, m.a. í Stykkishólmi, en í Stykkishólmi er gert ráð fyrir að staða skurðlæknis verði lögð af og þar með er verið að leggja niður alla almenna þjónustu á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Því spyr ég: Hvaða faglegt mat lá að baki þeirrar ákvörðunar að leggja niður alla almenna þjónustu á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi fyrir 4 millj. kr.?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlunin að leggja niður almenna þjónustu á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi nema síður sé. Þar er ætlunin að spara fé án þess að draga úr þjónustu. Ég mun upplýsa það þegar lengra líður á þetta þing, fyrst á réttum stað í fjárln. þingsins, hverjar ástæðurnar eru fyrir því og hvernig framkvæmdin á því verði. En ég ítreka það, hér er ekki um að ræða samdrátt í þjónustu. Ég vil líka leiðrétta það að á þessu sjúkrahúsi séu gerðar 250 aðgerðir. Ég tel að það láti nærri að þær séu 40 og ég vildi gjarnan að hv. þm. hugleiddi, og er sjálfsagt að upplýsa hann um

það síðar, kostnaðinn sem þessu er samfara. Það er ætlunin að draga úr kostnaði en ekki að skerða þjónustu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að minna heilbrrh. á að það er hvergi sparað meira í rekstri í heilbrigðisþjónustunni en einmitt á þessu ákveðna sjúkrahúsi og með því að leggja niður þessa stöðu er búið að leggja niður stofnunina sem slíka.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlunin að leggja niður þessa stöðu. Hins vegar er ætlunin að borga ekki eins mikið fyrir þau verk sem þarna eru unnin og gert er í dag. Það er hægt að gera án þess að breyta þjónustu sjúkrahússins. Ég held það væri tímabært fyrir menn að hugleiða hvort sé réttara að verja þjónustu í heilbrigðiskerfinu eða launamál einstakra starfsmanna þess.

Reglur um launuð aukastörf ráðherra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. forsrh.

Hefur hæstv. forsrh. sett reglur og eða beint tilmælum til ráðherra sinna um það hvað samræmist eða samræmist ekki störfum þeirra sem ráðherra? Hér er átt við önnur launuð störf. Ef slíkar reglur hafa verið settar og eða ef tilmælum hefur verið beint til þeirra er óskað eftir að það verði upplýst. Ef slíkar reglur hafa ekki verið settar og ekki verið beint til þeirra tilmælum, þá er óskað eftir því að fá það upplýst hvort ætlunin er að gera það.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir bókun, ég hygg frá fyrrv. ríkisstjórn, um það að ráðherrar gegni ekki launuðum störfum annars staðar. Ég hygg að sú bókun hafi ekki verið endurnýjuð, en ég hygg þó að það sé farið eftir henni. Þannig hafa ráðherrar, til að mynda ráðherrar sem sátu í bankaráðum Landsbanka og Búnaðarbanka, vikið úr slíkum ráðum, þannig að ég held að í raun sé farið eftir henni og ég tel að það sé hin rétta regla. (**SvG:** En borgarstjórn Reykjavíkur?) Það gildir sú regla um kjörna fulltrúa að þeir hafa skyldu til að taka kjöri í sveitarstjórn eins og fyrrv. félmrh. veit.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans í þessum efnum. En varðandi þá athugasemd, sem kom hér fram í frammíkalli og hlýtur að vekja nokkra umhugsun, má spyrja hvort það sé eðlilegra að menn gegni trúnaðarstörfum sem þeir eru kosnir til í sínu sveitarfélagi eða þeir gegni störfum sem þeir eru kosnir til af Alþingi Íslendinga, þannig að mér sýnist nokkuð skorta á sjálfsgagnrýni í þessum efnum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að það séu ótal eða allmörg fordæmi fyrir því að ráðherrar hafi setið í sveitarstjórn jafnframt ráðherradómi. Ég þekki a.m.k. eitt dæmi um fjmrh. sem sat í sveitarstjórn athugasemdalaust þó hann væri fjmrh. Ég hygg að hér séu oddvitar eða slíkir aðilar inni sem hafa gegnt slíkum störfum, meðhjálparastörfum jafnvel, þó þeir hafi verið ráðherrar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill, af því að þetta er í fyrsta skipti sem teknar eru á dagskrá fyrirspurnir til ráðherra, þakka hv. þm. og hæstv. ráðherrum sérstaklega fyrir hversu vel og snögglega þetta hefur gengið fyrir sig því að hér hafa 24 ræður verið haldnar á þessum hálftíma.

Fjárlög 1992, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 sem hefur verið lagt fram á Alþingi. Mörg undanfarin ár hafa framsöguræður með fjárlagafrv. verið langar og ítarlegar þar sem forverar mínir hafa leitast við að gera sem flestum efnisatriðum frv. skil. Sú aðferð er góðra gjalda verð en ég tel hana samt ekki þjóna nægilega vel þeim tilgangi sem framsöguræða með fjárlagafrv. á að gera. Að mínu áliti á fjárlagaræða að fjalla um stefnumörkun ríkisstjórnar fremur en að vera almenn lýsing á einstökum atriðum fjárlagafrv. Í henni skýrir fjmrh. þær megináherslur sem í því felast og af hverju þær eru nauðsynlegar. Í ræðu minni mun ég þess vegna skýra helstu forsendur frv., stefnu hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum, almennt og ríkisfjármálum sérstaklega. Ég ætla einnig að lýsa því tvíþætta vandamáli sem við stöndum frammi fyrir. Annars vegar ríkir alvarleg stöðnun í efnahagslífinu. Þetta birtist í því að ný verðmætasköpun er í lágmarki í landinu. Hins vegar, og það er bein afleiðing af þessu, getum við ekki að óbreyttri efnahagsstefnu staðið undir sífellt vaxandi kostnaði við velferðarríkið og velferðarkerfið. Það er afar mikilvægt að við áttum okkur á þessum vandamálum, hvernig þau tengjast innbyrðis og nauðsyn þess að taka á þeim strax. Forsenda árangurs í þessu efni er að allir hafi skilning á því að lausn þeirra ræður úrslitum um lífskjör okkar í framtíðinni. Ég ætla ekki að halda því fram að þetta fjárlagafrv. marki tímamót í þeim skilningi að það leysi öll vandamál enda verða þau ekki leyst með einhverjum töfrabrögðum á svipstundu. Þeir sem halda slíku fram eru einfaldlega að blekkja þjóðina. Við þurfum ekki annað en að rifja upp hvað hefur orðið af öllum hornsteinum síðustu fjárlagafrv. til að sjá að það er innihaldið sem skiptir máli, ekki umbúð-

irnar, enda stendur varla steinn yfir steini af því sem lagt var upp með í sumum þessara fjárlagafrv. Gott dæmi eru fjárlög yfirstandandi árs.

Ég tel að það frv. sem hér er til umræðu geti haft veruleg áhrif með þeim aðgerðum sem það boðar. Mestu máli skiptir að allir, jafnt stjórnmálamenn sem almenningur, geri sér grein fyrir þeirri hættu sem okkur sem þjóð er búin ef ekki er spyrnt við fótum. Um það snýst stefna þessa fjárlagafrv. Ef okkur tekst að vinna þessari stefnu fylgi og framfylgja henni, þá verður þetta tímamótafrumvarp, annars ekki.

Áður en lengra er haldið langar mig að fjalla um aðsteðjandi vandamál og fyrst vík ég að stöðnuninni í íslensku efnahagslífi. Það hefur varla farið fram hjá nokkrum manni að íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum miklar þrengingar á undanförnum árum. Frá árinu 1987 hefur þjóðarbúskapurinn verið í öldudal og framleiðslustarfsemin í lágmarki. Hver er ástæðan fyrir þessu? Algengasta svarið hefur verið að um sé að kenna minni afla og erfiðleikum í sjávarútvegi. Þetta er auðvitað rétt svo langt sem það nær enda er sjávarútvegur mikilvægasta atvinnugrein okkar. Þó er þetta aðeins hluti af skýringunni. Málið er í rauninni alvarlegra og vandinn djúpstæðari. Ef við lítum í kringum okkur sjáum við að það ríkir kyrrstaða í íslensku atvinnulífi. Það er nánast sama hvert litið er. Ný fjárfesting er í lágmarki, nýsköpun er mjög lítil og ný atvinnutækifæri eru af skornum skammti. Það er þessi lognmolla, þessi stöðnun, sem er hið raunverulega vandamál í íslensku efnahagslífi. Þessu þarf að snúa við, að öðrum kosti blasir við áframhaldandi kyrrstaða og sífellt lakari lífskjör. En til að snúa vörn í sókn þurfum við að átta okkur á hverjar eru rætur vandans. Af hverju er íslenskt atvinnulíf í dvala? Til þess liggja ýmsar ástæður. Íslensk fyrirtæki voru um langan aldur starfrækt í mjög vernduðu umhverfi. Þetta hefur hins vegar smám saman verið verið að breytast sem er afleiðing af aðild Íslands að EFTA, niðurfellingu verndartolla, bættum samgöngum og aukinni samkeppni erlendis frá. En það sem skiptir sennilega meira máli er að alveg fram á síðasta áratug bjuggu íslensk fyrirtæki sem og aðrir í þessu þjóðfélagi við neikvæða raunvexti. Við þær aðstæður má segja að hluti af eðlilegum rekstrarkostnaði fyrirtækja hafi ekki komið fram í bókhaldi. Verðbólgan faldi hluta raunverulegs tilkostnaðar með sjónhverfingum á kostnað sparifjáreigenda. Afleiðingarnar þekkjum við öll. Í stórum stíl var ráðist í fjárfestingar sem meira og minna voru fjámagnaðar með lánum. Yfirleitt var lítið hugsað um hvort fjárfestingin skilaði raunverulegum arði. Verðbólgan sá um sína. Þegar verðtrygging kom til sögunnar reyndi fyrst á hvort raunverulegur rekstrargrundvöllur var fyrir starfseminni eða ekki. Jafnframt gerðu þessar nýju aðstæður meiri kröfur til stjórnenda fyrirtækjanna.

Á undanförnum árum höfum við verið að súpa seyðið af verndarstefnunni. Að sumu leyti er ástandið ekki ósvipað því sem blasti við í Austur-Evrópu þegar járntjaldið féll. Í mörgum tilvikum hefur einfaldlega ekki reynst vera grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri, a.m.k. ekki í óbreyttri mynd. Allt of sjaldan hafa fyrirtækin brugðist nægilega fljótt við með breytingum í rekstri, auknum sparnaði og sameiningu fyrirtækja.

En það er ekki hægt að skella skuldinni alfarið á atvinnulífið. Kannski skiptir mestu máli að stjórnvöld hafa ekki brugðist rétt við. Stjórnvöld hefðu fyrst og síðast átt að grípa til almennra aðgerða til að tryggja stöðugleika, lítla verðbólgu, lága vexti og yfir höfuð svipuð rekstrarskilyrði og í öðrum löndum. Það var ekki gert. Þvert á móti. Í stað þess að halda aftur af útgjöldum ríkisins og skapa atvinnulífinu þannig aukið athafnafrelsi gerðist hið gagnstæða. Ríkisbáknið þandist út sem aldrei fyrr. Aukin útgjöld kölluðu á meiri og meiri skattahækkanir og þegar það dugði ekki til var gripið til þess ráðs að slá lán, jafnt innan lands sem utan. Afleiðingin birtist í óðaverðbólgu og óheyrilega háum vöxtum. Samt tókst ekki að ná endum saman í ríkisrekstrinum.

Við skulum aðeins líta á nokkrar staðreyndir sem mönnum eru ekki alltaf ljósar. Gera menn sér grein fyrir því að erlendar skuldir á hvert mannsbarn í landinu hafa tvöfaldast á síðustu tíu árum? Ég veit að það er alltaf erfitt að átta sig á stórum fjárhæðum. Þess vegna skulum við skoða hvað þetta þýðir á einföldu máli. Árið 1980 skuldaði hver einstaklingur í landinu 350 þús. kr. í útlöndum. Á þessu ári eru skuldirnar tvöfalt hærri, þ.e. hver Íslendingur skuldar 700 þús. kr. í útlöndum. Á sama tíma hafa þjóðartekjurnar einungis hækkað um 150 þús. kr. á mann. Hér er um að ræða tölur á verðlagi ársins 1991. Af þessu má ráða hvað skuldastaðan hefur versnað.

Skoðum þessa óheillaþróun aðeins betur. Á hverjum einasta degi ársins hækka erlendar skuldir þjóðarinnar að meðaltali um 40 millj. kr. Þetta jafngildir 1,5 millj. kr. á hverri klukkustund. Með öðrum orðum, á sama tíma og þessi fjárlagaumræða stendur yfir hækka erlendar skuldir þjóðarinnar um 6–7 millj. kr., jafnvel 8–10 millj. kr. ef umræðan tekur langan tíma. Og núna erum við öll að súpa seyðið af þessari stefnu. Jafnt fyrirtæki sem einstaklingar. Sífellt stærri hluti af tekjum þjóðarinnar fer til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum. Þar með verður alltaf minna og minna eftir til annarra nota. Afleiðingin er augljós, hún kemur fram í vaxandi erfiðleikum einstaklinga og fyrirtækja, stöðnun og gjaldþrotum. Og ríkið hefur ekki heldur farið varhluta af þessari þróun enda er ríkisbúskapurinn sannarlega í miklum ógöngum.

Nú er svo komið að ríkið getur ekki staðið undir velferðarkerfinu lengur með óbreyttum hætti. Við þessar aðstæður verðum við að spyrja grundvallarspurninga um velferðarkerfið. Er það eðlileg velferðarstefna að allir geti notið opinberrar þjónustu á kostnað samfélagsins óháð þörfinni fyrir hana og greiðslugetu viðkomandi einstaklinga? Er það skynsamleg velferðarstefna að taka erlend lán til að standa straum af samfélagsþjónustu dagsins í dag og láta börnin okkar endurgreiða lánin þegar að skuldadögum kemur? Er þetta ábyrg velferðarstefna og réttlátt velferðarkerfi? Ég segi nei. Ábyrg og réttlát velferðarstefna hlýtur að felast í því að fólk deili með sér kjörum en ekki í því að ein

kynslóð sendi reikninginn á þá næstu. Ábyrg og réttlát velferðarstefna felst einnig í því að þeir einstaklingar sem það geta greiði a.m.k. að hluta fyrir þjónustuna til að hinir, sem lakast eru settir, geti notið hennar án tillits til efnahags. Við höfum einfaldlega ekki lengur efni á því að gera allt fyrir alla án tillits til þarfar og greiðslugetu.

Nú kann einhver að segja sem svo: Já, en þetta er ekki mitt vandamál. Ríkið hlýtur að leysa þetta. En ég spyr á móti: Hvað er ríkið? Ríkið er ekkert annað en við öll, þú og ég. Ef menn taka ekki á þessum málum þýðir það einfaldlega að skattarnir hjá okkur, þ.e. mér og þér, hækka. Og ekki nóg með það. Ef ekki verður gripið í taumana blasir við algert hrun í atvinnustarfsemi, atvinnuleysi í stórum stíl og velferðarkerfi okkar hrynur endanlega til grunna.

Sjálfsagt telur einhver að ég sé að mála skrattann á vegginn. Það sögðu menn líka fyrir 20 árum í Danmörku og héldu að sér höndum þar til allt var komið í óefni. Atvinnuleysið, sem var svipað þar og hjá okkur árið 1970, fór upp í 10%, erlendar skuldir hrönnuðust upp og skattarnir hækkuðu um 50%. Fóru úr 40% af þjóðartekjum í tæplega 60% á þessu tímabili. Þannig lágu Danir í því. Og þannig getur farið fyrir okkur. Það er ekkert náttúrulögmál að atvinnuleysi sé lítið hjá okkur, ekkert frekar en hjá Dönum. Það er heldur ekkert náttúrulögmál að skattar geti ekki orðið hærri en þeir eru í dag, ekkert frekar en hjá Dönum sem voru með svipaða skatta fyrir 20 árum og við höfum í dag.

Það sem ég er að segja er að vandinn er raunverulegur. Þetta getur gerst hér. Þetta eru hin raunverulegu vandamál í íslensku efnahagslífi og hafa reyndar verið það um allnokkurt skeið. Menn hafa bara ekki viljað horfast í augu við þessi vandamál. En nú verður ekki undan því vikist. Við verðum að taka til hendi við verðum að snúa þessari þróun við. Við verðum að hleypa nýju lífi í íslenskt efnahagslíf til að geta staðið straum af kostnaðinum við þá samfélagsþjónustu sem við viljum veita og njóta. Þetta kallar á róttækar breytingar í hagstjórn. Gömlu úrræðin duga ekki lengur. Skattar á Íslandi eru of háir. Vextir á Íslandi eru of háir. Við verðum að lækka skatta og við verðum að lækka vexti. En slíkt gerist ekki með tilskipunum stjórnvalda eða yfirlýsingum á tyllidögum. Eina leiðin til þess er að draga úr umsvifum ríkisins og stöðva hallarekstur og lántökur opinberra stofnana og sjóða. Við vitum það öll að hér á landi eru til stjórnmálaflokkar sem eru tilbúnir til að hækka skattana upp úr öllu valdi til viðbótar við það sem þeir hafa gert á undanförnum árum og fara ekki dult með þá skoðun sína. En ríkisstjórnin hæstv. hefur kosið að fara aðrar leiðir. Hún hafnar skattahækkunarleiðinni.

Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um þau vandamál sem við blasa í efnahagslífi okkar Íslendinga. Þetta er ekki að ástæðulausu, því það er forsenda þess að við getum unnið okkur út úr erfiðleikunum að við gerum okkur glögga grein fyrir ástandinu, hvar við stöndum og hvert okkur ber að stefna.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um þær leiðir sem ríkisstjórnin hæstv. telur færar út úr ógöngunum. Í örstuttu máli má segja að meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar séu:

að draga úr ríkisumsvifum,

að tryggja lága verðbólgu og stöðugt gengi,

að stuðla að frjálsum viðskiptum milli landa,

að tryggja atvinnu og aukinn kaupmátt þegar til lengri tíma er litið.

Þetta eru allt markmið sem flestir geta orðið sammála um. En hvað þýðir þetta fyrir hvern og einn í þessu þjóðfélagi? Hvaða breytingar er verið að boða? Lítum nánar á hvern þátt fyrir sig.

Eins og ég nefndi fyrr í ræðunni hefur ríkisbáknið hér á landi þanist út á undanförnum árum. Þrátt fyrir stórfelldar skattahækkanir hafa endar ekki náðst saman því að útgjöld ríkisins hafa aukist enn meira, skuldirnar hafa því hrannast upp. Sífelldur hallarekstur hefur leitt velferðarkerfið sem við höfum byggt hér upp á síðustu árum og áratugum í öngstræti. Ég veit að einhver kann að segja sem svo: Er ekki verið að gera úlfalda úr mýflugu? Getur það verið að ástandið sé virkilega svona slæmt? Höfum við ekki hingað til getað staðið undir öllum kostnaði við velferðarkerfið? Af hverju þennan hávaða núna? Þetta eru allt eðlilegar spurningar. Ég vildi sannarlega að til væru einfaldar lausnir en þær eru því miður ekki til. Við erum komin í þrot með að fjármagna velferðarkerfið og þá á ég ekki eingöngu við velferðarkerfi einstaklinga, heldur einnig fyrirtækjanna. Eina leiðin er að skera niður ríkisútgjöld, spara í rekstrinum og auka kostnaðarhlutdeild þeirra sem njóta opinberrar þjónustu og geta greitt fyrir hana. Aðeins þannig er hægt að tryggja góða velferðarþjónustu fyrir alla.

Að draga úr ríkisumsvifum þýðir einfaldlega það að við verðum að finna nýjar leiðir til að tryggja einstaklingum þá velferðarþjónustu sem við viljum halda uppi án þess að leggja þungar byrðar á hinn almenna skattborgara. Í fjárlagafrv. eru stigin ákveðin skref í þessa átt. Á sama hátt verður ríkið að hætta afskiptum af rekstri einstakra fyrirtækja hvort sem það er beint eða í gegnum sjóðakerfið. Í stað þess þarf að skapa atvinnulífinu eðlileg rekstrarskilyrði þannig að fyrirtæki geti staðið á eigin fótum.

Þetta er auðvitað grundvallarbreyting á þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa fylgt hingað til. Aðeins þannig getum við hleypt lífi í efnahagslífið á nýjan leik. Besta leiðin til að skapa eðlileg rekstrarskilyrði er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Þar leika gengisfesta og lág verðbólga lykilhlutverk. Jafnframt þarf að stuðla að lækkun vaxta og lækkun skatta. Um nauðsyn þess að gengi krónunnar sé stöðugt og verðbólga hér á landi sé svipuð og í helstu viðskiptalöndunum þarf naumast að fjölyrða. Mörg þau vandamál sem nú er við að glíma í efnahagsmálum má rekja til ákvarðana sem teknar voru á tímum óðaverðbólgu liðinna ára. Gengisfellingar hafa engan veginn náð tilætluðum árangri enda hafa þær einungis frestað nauðsynlegri endurskipulagningu í atvinnulífinu.

Opnun hagkerfisins og frjáls gjaldeyrisviðskipti eru mikilvægir liðir í því að koma í veg fyrir óraunhæfa

gengisskráningu. Jafnframt er ljóst að varanlegur stöðugleiki í verðlagsmálum næst ekki nema með því að gengi íslensku krónunnar verði stöðugt. Það er í þessu samhengi sem ríkisstjórnin hæstv. hefur sett stefnuna á að tengja íslenska krónu við evrópska myntkerfið. Með slíkri tengingu eru stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins vissulega settar þröngar skorður. Mestu máli skiptir þó að hún stuðlar að meiri aga í hagstjórn og þar með auknum stöðugleika. Eftir að þetta skref hefur verið stigið geta menn ekki lengur leyft sér að reka ríkisbúskapinn með halla ár eftir ár og stjórn peningamála verður jafnframt að vera þannig að hún stuðli að sem mestum stöðugleika í verðlagi. Frjáls milliríkjaviðskipti eru ein af forsendum þess að kyrrstaða efnahagsmálanna undanfarin ár verði rofin. Þær breytingar sem eru á döfinni innan Evrópubandalagsins gera það enn brýnna að stefnunni verði breytt. Lífskjör á Íslandi þurfa að vera sambærileg því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Of mikil ríkisumsvif, óhófleg skattlagning og skuldasöfnun kemur í veg fyrir að frjáls milliríkjaviðskipti tryggi þann hagvöxt og þau lífskjör sem við sækjumst eftir. Af þessum ástæðum tel ég mjög mikilvægt að það náist farsæl niðurstaða í þeim viðræðum sem nú standa yfir á vegum GATT og fjalla um aukið frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu milli landa. Sama gegnir um aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Þótt Alþingi eigi að sjálfsögðu eftir að fjalla um samninginn sem gerður var í nótt og taka afstöðu til hans virðast langflest hagsmunamál okkar hafa komist í höfn. Það er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að tryggja afurðum okkar greiðan aðgang að Evrópumarkaðnum. Ný tækifæri virðast nú geta opnast í þeim efnum.

Eitt af því sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf er að næg atvinna hefur verið í boði fyrir alla. Eftirspurn eftir fólki til starfa hefur löngum verið meiri en framboðið. Á þessu ári má þó gera ráð fyrir að atvinnuleysi á Íslandi verði nálægt 1,5% af vinnuafli og spáð er auknu atvinnuleysi á næsta ári. Sem betur fer er atvinnuleysi hér á Íslandi lítið miðað við það sem aðrar þjóðir þurfa að þola. Í þessu efni getur þó brugðið til beggja átta ef hagstjórnin fer úr böndunum, það sýnir reynsla annarra þjóða.

Það er auðvitað ljóst að erfið ytri skilyrði torvelda lausn þeirra vandamála sem við er að glíma. Komandi kjarasamningar hljóta óhjákvæmilega að taka mið af þessum aðstæðum enda getum við litlu breytt um það að minnkandi þjóðartekjur vegna samdráttar í afla og framleiðslu þýða sjálfkrafa skerðingu á kaupmætti þjóðarbúsins. Eðli máls samkvæmt þýðir það að minna er til skiptanna. Markmið kjarasamninganna fram undan hlýtur því að vera að draga sem mest úr skerðingunni hjá þeim sem búa við lökust kjör. Besta leiðin til þess er að stuðla að sem mestum stöðugleika í verðlagi. Það er besta kjarabótin við núverandi aðstæður.

Í framhaldi af þessari umfjöllun um markmið efnahagsstefnunnar almennt skulum við huga nánar að því hvaða stefnubreytingar á sviði ríkisfjármála eru boðaðar í þessu fjárlagafrv. Það er ljóst að stefnubreyting í ríkisfjármálum hefur mikla þýðingu fyrir framgang efnahagsstefnunnar.

Meginatriði stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eru þessi:

Árið 1992 verði halli ríkissjóðs ekki umfram 1% af landsframleiðslu og á árinu 1993 verði fjárlög hallalaus. Dregið verði úr lánsfjárþörf bæði ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og þannig stuðlað að lækkun vaxta. Og þessum markmiðum verði náð án hækkunar skatta. Í þessu felst það markmið ríkisstjórnarinnar að fjárlagahallinn árið 1992 verði minni en 4 milljarðar kr. og lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila verði innan við 24 milljarðar kr.

Áður en ég fer nánar út í einstök atriði þeirrar stefnumörkunar í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin leggur til grundvallar vil ég vekja athygli á nokkrum atriðum sem dæmi um þær áherslubreytingar sem þetta fjárlagafrv. boðar. Ríkisútgjöld eru skorin niður um 15 milljarða kr. á næsta ári frá því sem þau hefðu annars orðið. Í krónum talið verða ríkisútgjöld á næsta ári samkvæmt frv. lægri en í ár. Þrátt fyrir verulegan samdrátt í heildarútgjöldum hækka framlög til ákveðinna málaflokka. Hér má nefna framlög til samgöngumála, til málefna fatlaðra, Byggingasjóðs verkamanna og Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í frv. er halli ríkissjóðs á næsta ári 3,7 milljarðar kr. samanborið við 9 milljarða á yfirstandandi ári. Þetta yrði minnsti halli á ríkissjóði í sjö ár. Þrátt fyrir að fyrirsjáanlegur efnahagssamdráttur skerði skattstofna ríkissjóðs á næsta ári er ekki gripið til þess ráðs að hækka skatthlutföll eða leggja á nýja skatta eins og gert hefur verið mörg undanfarin ár. Skatttekjur ríkisins hækka því ekki á næsta ári heldur verða þær ívið lægri en á þessu ári. Í stað frekari skerðingar á þjónustu eða almennrar skattahækkunar verður kostnaðarþátttaka þeirra sem nota tiltekna þjónustu aukin. Með þessu er stutt við bakið á velferðarþjónustunni í landinu en það kemur þeim sem lakast eru settir helst til góða. Samkvæmt þessu frv. verður lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs á næsta ári aðeins þriðjungur þess sem stefnir í á þessu ári eða u.þ.b. 4 milljarðar kr. samanborið við 12 milljarða á yfirstandandi ári. Dregið verður úr lántökum annarra opinberra aðila og sjóða. Samanlagt lækkar lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila úr 63 milljörðum kr. á þessu ári í 24 milljarða kr. á því næsta eða um þriðjung. Af þessum 24 milljörðum fara tæplega 16 milljarðar í húsnæðislánakerfið. Minni lánsfjárþörf hins opinbera dregur úr spennu á lánamarkaðnum og þar með skapast skilyrði til lækkunar vaxta. Lægri vextir stuðla að aukinni fjárfestingu í atvinnulífinu og skapa þannig grundvöll fyrir aukinn hagvöxt og bætt lífskjör. Árið 1993 er stefnt að enn frekari lækkun útgjalda þannig að jöfnuður náist milli tekna og útgjalda á því ári.

Eins og þessi upptalning á helstu áhersluatriðum frv. ber með sér er stefnt að verulegum árangri. Mikilvægt er að vel takist til því í húfi er að tryggja hér á landi sambærileg lífskjör og í okkar helstu nágrannalöndum.

Við skulum nú líta nánar á einstök atriði. Hver eru helstu áhersluatriðin á útgjaldahliðinni og hverjar eru

helstu breytingar á því sviði? Til þess að draga úr ríkisútgjöldum er stefnt að sölu ríkisfyrirtækja. Þá verður aðild ríkisins að ýmsum verkefnum endurmetin. Jafnframt verði í ríkari mæli tekin upp þjónustugjöld í stað skatta. Loks má nefna að stefnt er að því að endurskoða starfsmannastefnu ríkisins frá grunni.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um hvert þessara atriða fyrir sig. Með einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja má auka hagkvæmni í ríkisrekstri og draga úr rekstrarhalla. Aukin áhersla á einkavæðingu þjónar þannig því hlutverki að finna leiðir til sparnaðar og koma í veg fyrir skattahækkanir. Á þessu sviði getum við lært af reynslu annarra þjóða. Sérstök ráðherranefnd forsrh., fjmrh. og viðskrh. mun hafa yfirumsjón með framkvæmd einkavæðingar. Unnið verður að sölu fyrirtækja sem geta búið við aðhald markaðarins með því að breyta þeim í hlutafélög. Þá verður sjálfstæði einstakra stofnana aukið og rekstur og þjónusta boðin út í ríkari mæli. Ábyrgð á rekstri er þannig skilin frá pólitískum afskiptum og sambærilegum árangri náð í ríkisrekstri og þegar farið var að bjóða út verklegar framkvæmdir ríkisins. Tekjur af sölu ríkisfyrirtækja munu bæta afkomu ríkissjóðs, létta skuldastöðuna og draga úr vaxtagreiðslum hins opinbera. Til að gefa hugmynd um stærðargráður má nefna að þeir sem vel þekkja til telja að það megi jafnvel ná inn allt að 2 milljörðum kr. á ári með sölu ríkisfyrirtækja næstu árin.

Miklar umræður hafa að undanförnu átt sér stað um þjónustugjöld. Það er nauðsynlegt að átta sig á því hvers vegna ríkisstjórnin hæstv. hefur farið inn á þá braut að taka upp þjónustugjöld í meiri mæli en áður og hvaða möguleikar voru í stöðunni. Í rauninni stóðum við frammi fyrir þremur kostum. Í fyrsta lagi að hækka almenna skatta. Annar kostur var að beita hefðbundnum niðurskurði og skerða þjónustu t.d. með því að loka í stórum stíl sjúkrahúsdeildum og skólum. Þriðji kosturinn var að fjármagna hluta starfseminnar með þjónustugjöldum. Eins og ég hef margsinnis nefnt í ræðu minni er það stefna hæstv. ríkisstjórnar að grípa ekki til almennrar skattahækkunar. Þess vegna var farin sú leið að draga úr útgjöldum. Jafnframt var mörkuð sú stefna að auka kostnaðarþátttöku notenda á tilteknum afmörkuðum sviðum. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt fyrirbæri heldur hefur þessi leið verið farin bæði hér á landi og annars staðar.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á þjónustugjöld víða um lönd. Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar hafa menn viljað komast hjá almennum skattahækkunum, hins vegar eru þjónustugjöld til þess fallin að efla kostnaðarvitund þeirra sem njóta þjónustunnar, svo og hinna sem hana veita. Þeir stuðla þannig að sparnaði og betri meðferð á almannafé. Það er mjög mikilvægt að allir átti sig á því að með þessu er verið að treysta velferðarþjónustuna í landinu, ekki síst við þá sem verst eru settir, en þeir hefðu annars orðið fyrir barðinu á löngum biðröðum, skömmtun eða beinum niðurskurði sem óhjákvæmilega hefði skert þjónustuna og þá væntanlega mest til þeirra.

Flestum er ljóst að samningamál opinberra starfsmanna eru ekki í nægilega góðu lagi. Þetta gildir bæði um hin eiginlegu samningamál, um kaup og kjör og eins atriði sem snúa að ýmsum framkvæmdamálum, svo sem ráðningarformi og fleiru. Ríkið þarf að geta ráðið til sín hæfa starfsmenn hér eftir sem hingað til. Jafnframt þarf ríkið að geta haldið góðum starfsmönnum í þjónustu sinni. Ég er ekki viss um að núverandi kerfi sé nægilega vel í stakk búið til að þjóna þessum markmiðum. Þess vegna þarf að endurskoða starfsmannastefnu ríkisins frá grunni. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að starfsmannastefna ríkisins miði að því að auka sveigjanleika við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Það þarf að byggja inn í kerfið meiri hvatningu fyrir starfsmenn til að sýna framtakssemi. Jafnframt þarf að breyta ráðningarforminu þannig að nýir starfsmenn ríkisins verði þegar fram í sækir ráðnir með lífeyrisréttindi sem samsvara réttindum á almennum vinnumarkaði.

Loks koma ýmis atriði til endurskoðunar í tengslum við meiri valddreifingu í ríkiskerfinu. Aukið sjálfstæði ríkisstofnana, meiri fjárhagsleg ábyrgð en um leið aukið aðhald í fjárframlögum, kallar á ýmsar breytingar gagnvart starfsmönnum. Þetta krefst aukinnar hagræðingar í rekstri ríkisstofnana en um leið býður það upp á skoðun á því hvernig hún gæti komið fram í bættum kjörum starfsmanna. Öll þessi atriði þarf að skoða í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir milli ríkisins og starfsmanna þess.

Samhliða fyrstu aðgerðum til að draga úr hallanum á ríkissjóði verður að halda áfram umbótum á sviði skattamála. Fram undan eru ýmis mikilvæg verkefni, bæði að því er varðar álagningu skatta og framkvæmdir. Mig langar að nefna það helsta sem er á döfinni en vísa að öðru leyti til athugasemda fjárlagafrv. og starfsáætlunar hæstv. ríkisstjórnar um frekari umfjöllun.

Hæstv. ríkisstjórn ætlar á næstu tveimur árum að ná jafnvægi í ríkisfjármálum án þess að hækka skatta. Lokatakmarkið á sviði skattamála er að létta skattbyrðina á fyrirtækjum sem og einstaklingum. Jafnframt er réttlætismál að draga úr því misræmi sem fyrirfinnst í mörgum tilvikum í skattkerfinu í dag. Um einstaka skatta er það að segja að hæstv. ríkisstjórn ætlar þegar á næsta ári að spara einn milljarð króna með því að lækka endurgreiðslur og fækka undanþágum í skattkerfinu. Á öðrum sviðum er gert ráð fyrir að það taki lengri tíma að undirbúa aðgerðir, jafnvel þótt nú þegar sé hafin á vegum fjmrn. víðtæk endurskoðun á skattkerfinu.

Eitt brýnasta verkefni hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum er að samræma skattlagningu eigna og fjármagnstekna. Samræmingin er liður í því að draga úr misræmi í skattkerfinu. Það er óréttlátt að skattleggja sumar tekjur á meðan aðrar eru skattfrjálsar. Þetta misræmi þarf að leiðrétta. Ég vil taka það fram að óháð því hvaða leið verður fyrir valinu er þessari samræmingu ekki ætlað að skila ríkissjóði auknum tekjum heldur tryggja sanngjarna og samræmda skattheimtu. Af öðrum skattabreytingum sem koma til athugunar á næstunni vil ég nefna eftirfarandi.

Hlutfall tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja þarf að lækka samhliða minni ríkisumsvifum og fækkun undanþága og endurgreiðslna.

Virðisaukaskattur er hærri hér á landi en annars staðar. Hann þarf að lækka, m.a. með fækkun undanþága og hertu skatteftirliti.

Tryggingagjald er mishátt eftir atvinnugreinum og þarf að samræma. Í tengslum við það þarf að taka aðstöðugjaldið til endurskoðunar.

Hér hef ég aðeins drepið á því helsta sem er á döfinni á sviði skattamála. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að eitt helsta markmiðið með aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum er að draga úr umsvifum og afskiptum ríkisvaldsins af almennri efnahagsstarfsemi í landinu. Aðeins með því að þetta takist er raunhæft að tala um að skattar verði lækkaðir en það er ein af mikilvægustu forsendum þess að atvinnu- og efnahagslíf hér á landi geti dafnað og hagvöxtur orðið sambærilegur á við það sem gengur og gerist í helstu nágrannalöndum okkar. Það er því mikið í húfi að sparnaðaraðgerðirnar nái fram að ganga.

Eins og ég nefndi í upphafi ræðu minnar stöndum við Íslendingar nú á krossgötum. Langvarandi eyðsla umfram efni er einfaldlega að sliga þjóðarbúið. Afleiðingin er vaxandi viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun sem er á góðri leið með að slá fyrri met. Vextirnir hækka upp úr öllu valdi. Framtakssemin lamast og engin nýsköpun á sér stað í atvinnulífinu. Niðurstaðan er efnahagsleg stöðnun. Við getum ugglaust haldið áfram á sömu braut og hingað til enn um hríð. Haldið áfram að slá lán í útlöndum eða hækka skatta til þess að fjármagna sífellt meiri eyðslu innan lands. Þetta er gamalkunn leið. Við sjáum afleiðingar hennar víða í löndunum í kringum okkur þar sem skattbyrðin er orðin ógnvænleg, atvinnulífið í lamasessi og erlendar skuldir hrannast upp, hagvöxtur er enginn og atvinnuleysi vaxandi.

Ég spyr: Viljum við búa við þessa framtíðarsýn? Er ekki ýmislegt á sig leggjandi til að koma í veg fyrir það? Ég trúi að svo sé. Ég held að enginn Íslendingur vilji þessa framtíð, allra síst unga fólkið sem þarf að taka við þjóðarbúinu, skuldum þess og eignum. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstjórn kosið að fara nýjar leiðir, brjótast út úr þeirri kyrrstöðu sem við höfum verið í allt of lengi. Við verðum að ráðast gegn áframhaldandi útþenslu ríkisbáknsins, skera niður óþarfa útgjöld, spara og sýna ráðdeildarsemi. Þetta er einmitt það sem venjuleg fjölskylda mundi gera við svipaðar aðstæður og þetta er nákvæmlega það sem við sem þjóð þurfum að gera. Þetta er megininntakið í þeirri stefnu sem fjárlagafrv. boðar.

Ýmsir hafa gagnrýnt fjárlagafrv. á þeirri forsendu að í því sé ekki nægilega langt gengið í niðurskurði. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hefði viljað ganga enn lengra í þá átt og ég mun styðja allar raunhæfar tillögur sem settar eru fram í því efni. En hér hefur að mínu mati verið stigið ákveðið skref og við það miðað að frv. sé tryggt brautargengi á Alþingi. Lítum aðeins betur á þetta mál.

Í frv. er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í opinberum lántökum á næsta ári. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra stofnana og sjóða lækkar um 12 milljarða kr. eða um þriðjung frá yfirstandandi ári. Við þetta dregur úr spennu á innlendum lánamarkaði og forsendur skapast fyrir lækkun vaxta. Lægri vextir gera atvinnulífinu kleift að ráðast í ný verkefni og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun í landinu. Ljóst er að ýmsa þætti á sviði lánsfjármála þarf að huga vandlega að á næstunni með það fyrir augum að draga enn frekar úr lánsfjárþörf opinberra aðila. Draga þarf úr ábyrgðum ríkisins á lántökum hvers konar því þær hafa haldið uppi of mikilli eftirspurn eftir lánsfé af þessu tagi og stuðlað að hærri vöxtum. Gleggsta dæmið um þetta er auðvitað húsbréfakerfið. Æskilegt hefði verið að takmarka enn frekar útgáfu ríkistryggðra húsbréfa á næsta ári og draga þannig úr spennu á lánamarkaðinum. Í frv. er engu að síður dregið verulega úr lántökum frá því sem er á þessu ári.

Ég vil einnig benda á að í rauninni er niðurskurður útgjalda í frv. meiri en virðist við fyrstu sýn. Þetta er spurning um við hvað er miðað. Þegar ég kom að fjárlagaundirbúningnum sl. sumar var staðan sú að miðað við gildandi lög og þá samninga sem lágu fyrir og höfðu verið samþykktir af fyrrv. ríkisstjórn, stefndi í u.þ.b. 20 milljarða halla á ríkissjóði á næsta ári og útgjöldin stefndu í 125 milljarða króna. Hæstv. ríkisstjórn setti sér það markmið að ná um 15 milljarða kr. sparnaði í ríkisútgjöldum og það markmið næst með þessu fjárlagafrv. verði það samþykkt lítið breytt.

En eru þetta ekki bara tilbúnar tölur?, spyrja menn. Eru þetta ekki aðeins óskalistar frá ráðuneytunum sem eru hvort eð er alltaf skornir niður? Svarið er nei. Langstærsti hluti þessa halla var til orðinn vegna laga sem samþykkt höfðu verið á Alþingi og samninga sem ríkisvaldið hafði gengist undir. Dæmi um þetta er búvörusamningurinn og framhaldsskólalögin sem hvort tveggja þýddi beinar greiðslur úr ríkissjóði. Hér voru því engir óskalistar á ferðinni nema ef vera kynni óskalistar og samþykktir fyrrv. ríkisstjórnar. Ég vil biðja menn að hafa þetta í huga þegar fjallað er um hvort niðurskurður í fjárlagafrv. sé nægilega mikill.

Auðvitað hefði verið hægt að gera það sama og fyrri ríkisstjórn, að hækka bara skattana. T.d. mætti ná 15 milljörðum króna með því að hækka virðisaukaskattinn í 33%, eða hækka tekjuskatt einstaklinga upp í 56%. Það er gamla aðferðin, en hún hefði þýtt 230 þús. kr. skattahækkun á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu á næsta ári. Hæstv. núv. ríkisstjórn hafnar þessari skattahækkunarleið. Það er hún sem hefur næstum kaffært efnahagslífið í landinu og þess vegna er sparnaðarleiðin farin.

Ég veit að sparnaður frv. kemur víða við og verður tilfinnanlegur fyrir marga. Auðvitað vildu flestir að hægt væri að auka útgjöldin til hinna og þessara verkefna vítt og breitt um landið. Það væri miklu auðveldara að vera í pólitík ef hægt væri að lofa öllum gulli og grænum skógum, en því miður gengur það ekki upp. Það gengur einfaldlega ekki að halda sífellt áfram að slá lán til þess að standa undir óraunhæfum loforð-

um. Það er komið að skuldadögunum. Við höfum allt of lengi látið þessa óráðsíu viðgangast. Við verðum að spyrna við fótum strax.

Ýmsir hafa spurt hvort einhver ástæða sé til að búast við að þetta fjárlagafrv. sé eitthvað raunhæfara en forverar þess. Þetta er eðlileg spurning, ekki síst í ljósi þess að mörg fyrri frv. hafa reynst býsna haldlítil þegar á hólminn kom. Ég ætla ekki að halda því fram að allt það sem er sett fram í þessu frv. gangi eftir. Það væri til of mikils ætlast. Hins vegar tel ég að það sé margt sem stuðlar að því að áform þessa frv. séu raunhæfari og líklegri til að halda en fyrirheit í fyrri frv. Ég vil nefna tvö atriði til að rökstyðja þessa skoðun. Bæði atriðin fela í sér stefnubreytingu frá fyrri frv. og frumvarpsgerð.

Í fyrsta lagi höfnum við þeirri leið sem hefur verið farin á mörgum undanförnum árum að skuldbinda komandi kynslóðir vegna útgjalda fjárlagaársins. Í stað þess viljum við heldur horfast í augu við vandamálin þegar í stað, fella þau inn í fjárlögin og ætla fyrir greiðslum strax. Dæmi um þetta eru skuldbindingar gagnvart Lánasjóði ísl. námsmanna og byggingarsjóðunum. Í báðum tilvikum færum við inn á útgjaldaliðina fjárhæðir sem eiga að standa undir þeim skuldbindingum sem til er stofnað á næsta ári. Þess vegna hækka framlög til þessara viðfangsefna þótt lánareglurnar þrengist. Hingað til hefur verið látið reka á reiðanum og úrlausnum frestað til framtíðar. Það er ásetningur okkar að búa ekki til nýjan fortíðarvanda. Nóg er nú af honum samt eftir viðskilnað síðustu ríkisstjórnar.

Hitt atriðið sem ég vil nefna er að undirbúningur við gerð frv. var með öðru sniði en áður. Einstakir hæstv. ráðherrar og ráðuneyti komu í ríkari mæli en áður að sjálfri fjárlagavinnunni. Hæstv. ríkisstjórn ákvað snemma í sumar að fela hæstv. ráðherrum að gera tillögur um 15 milljarða kr. heildarlækkun útgjalda frá upphaflegum áætlunum. Hún samþykkti enn fremur að fela hæstv. ráðherrum að sundurliða og rökstyðja tillögur um tiltekna lækkun útgjalda á hverju málefnasviði. Með þessum hætti var ábyrgð á fjárlagavinnunni dreift til að fram kæmu raunhæfari sparnaðartillögur en ella. Með þessum breyttu vinnubrögðum hefur umfjöllun um lækkun ríkisútgjalda óhjákvæmilega færst meira en áður út til ráðuneytanna. Þau hafa þannig lagt sig fram um að ná sparnaði sem er framkvæmanlegur.

Bæði þessi atriði stuðla að því að gera fjárlagafrv. raunhæfara en áður hefur tíðkast. Þetta er mikilvægt því þrátt fyrir þær aðhaldsaðgerðir sem frv. felur í sér eru ýmsar blikur á lofti í efnahagsmálum. Þannig verður viðskiptahalli á næsta ári meiri en á þessu ári. Í því felst að erlendar lántökur halda áfram að aukast. Þess vegna er enn mikilvægara að tryggja framgang þeirra aðgerða sem felast í fjárlagafrv.

Í upphafi ræðu minnar sagði ég að þetta yrði ekki hefðbundin fjárlagaræða þar sem þingmenn yrðu þreyttir með löngum talnaþulum. Ég taldi heppilegra að beina athyglinni að þeim erfiðleikum í efnahagsmálum sem við þjóðinni blasa. Þeir eru raunverulegir og á þeim þarf að taka. Að öðrum kosti höldum við áfram að dragast aftur úr þeim þjóðum sem við viljum helst bera okkur saman við. Þetta er ekki fögur mynd sem hér hefur verið dregin upp en því miður er hún bæði áþreifanleg og raunveruleg. Ég hef í máli mínu lagt áherslu á fjögur lykilatriði sem móta stefnu og aðgerðir þessa fjárlagafrv. Þau eru:

Að draga úr ríkisumsvifum og hleypa þannig nýjum þrótti í efnahagslíf þjóðarinnar.

Að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu.

Að renna styrkum stoðum undir velferðarkerfið.

Að byggja traustan grunn fyrir komandi kjarasamninga.

Ég vil nú fara nokkrum orðum um hvert þessara fjögurra atriða.

Í fyrsta lagi er með þessu fjárlagafrv. gerð tilraun til þess að innleiða nýja stefnu í efnahagsmálum. Stefnu sem miðar að því að draga úr ríkisútgjöldum, stöðva hallarekstur, hemja erlenda skuldasöfnun, lækka vexti og skatta. Þetta er ekki auðvelt verk. Ytri aðstæður eru erfiðar og því reynir enn frekar á efnahagsstjórnina. Opinberu fjármálin í heild leika hér stórt hlutverk.

Í öðru lagi er með fjárlagafrv. lagður grunnur að stöðugleika og bættum rekstrarskilyrðum atvinnulífs og þar með heimila. Með gengisfestu er stuðlað að lækkun verðbólgunnar. Með minni hallarekstri ríkisins og minni lántökum opinberra aðila er stuðlað að lækkun vaxta á fjármagnsmarkaði en vextir hér á landi eru allt of háir.

Í þriðja lagi vil ég nefna að frá því að fjárlagafrv. var lagt fram á Alþingi og kynnt fyrir u.þ.b. þremur vikum hefur það hlotið verulega umfjöllun í fjölmiðlum, hjá hagsmunasamtökum og almenningi. Gagnrýni á frv. hefur verið að mjög ólíkum toga. Annars vegar fara þeir sem telja að of langt sé gengið í niðurskurði og sparnaði. Þeir telja að ráðist sé að rótum velferðarkerfisins, m.a. menntamálum og heilbrigðismálum. Þeim finnst að of mikið sé hert að hagsmunum námsmanna, húsbyggjenda og annarra hópa sem njóta niðurgreiðslna úr ríkissjóði. Hins vegar er gagnrýni þeirra sem telja að niðurskurðurinn sé of lítill og lánsfjárþörf ríkisins of mikil. Þess vegna sé frv. ekki til þess fallið að koma hér á skynsamlegri efnahagsstjórn. Máli þeirra til stuðnings hafa verið lagðar fram spár um meiri halla í viðskiptum við útlönd og enn verri stöðu ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í frv. og forsendum þess.

Þessi mismunandi viðhorf lýsa vel að sínum augum litur hver silfrið. Frá mínum bæjardyrum séð er alls ekki verið að ráðast á velferðarþjónustuna heldur þvert á móti verið að styrkja hana þannig að hún komi þeim verst settu fyrst og fremst til góða. Ég deili þó áhyggjum með þeim sem telja að æskilegra hefði verið að taka stærri skref til lækkunar útgjalda og lántöku strax á næsta ári til að lækka vextina. Mér er engin launung á því að sjálfur hefði ég viljað ganga enn lengra en frv. gerir ráð fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú að um þetta verður stjórnarmeirihlutinn að vera sammála. Skrefastærðin er því samkomulagsmál milli stjórnarflokkanna en ekki ákvörðun eins ráðherra. Aðalatriðið er að stefnan er mörkuð og fyrsta skrefið stigið.

Í fjórða lagi legg ég áherslu á að stefnan sem mörkuð er í fjárlagafrv. er gott veganesti í þá kjarasamninga sem fram undan eru. Það er ljóst að meginmarkmið komandi kjarsamninga er að verjast þeim áföllum sem við blasa á næsta ári, sérstaklega gagnvart þeim sem búa við kröppust kjör. Besta ráðið er að tryggja sem mestan stöðugleika í verðlagsmálum. Við hljótum að draga lærdóm af þjóðarsáttarsamningunum sem skiluðu ótvírætt meiri kjarabótum en hefðbundnir verðbólgusamningar hefðu gert. Um það eru flestir ef ekki allir sammála. Við þurfum nú að finna leiðir til þess að fleyta okkur yfir þær grynningar sem fram undan eru án þess að kalla yfir okkur verðbólguholskeflur af gamla taginu.

Aðilum vinnumarkaðarins er mikill vandi á höndum að ná samningum sem styrkja þá stefnu sem allir virðast sammála um. Ríkisvaldið verður nú eins og endranær mikilvægur aðili að kjarasamningum, bæði með beinum og óbeinum hætti. Ég vil að það komi skýrt fram hér við 1. umr. um fjárlagafrv. að hæstv. ríkisstjórn er reiðubúin til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins um frekari aðgerðir til að lækka útgjöld ríkisins og draga úr lántökum þess í því skyni að stuðla að gerð ábyrgra kjarasamninga.

Með þeim samningum sem nú hafa tekist milli Íslands og annarra aðildarríkja EFTA annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar hefur verið stigið mikilvægt skref til hagsbóta fyrir atvinnulífið. Samþykki Alþingi þessa samninga fá íslensk fyrirtæki ný sóknarfæri inn á erlenda markaði. Þeir geta þannig orðið til þess að rjúfa þá kyrrstöðu sem hér hefur ríkt um árabil. Það skiptir miklu að okkur takist að nýta þá möguleika sem samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið bjóða.

Athuganir sem hér hafa verið gerðar á áhrifum aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu benda til þess að þau geti verið umtalsverð, bæði í formi aukins hagvaxtar og minni verðbólgu. Jafnframt felst í samningunum áskorun um að við tökum til hendinni heima fyrir. Við þurfum að laga atvinnulíf okkar að breyttum aðstæðum.

Við þessar aðstæður eru miklar kröfur gerðar til ríkisfjármálanna. Þar skiptir ekki síst máli að stefnan í ríkisfjármálum sé trúverðug og í samræmi við stefnuna í gengis- og peningamálum. Skattkerfið þarf að vera sveigjanlegt til þess að stuðla að meiri stöðugleika í efnahagslífinu. Jafnframt þarf að ná betri tökum á útgjaldahliðinni og hverfa frá varanlegum hallarekstri. Hér hlýtur að koma til álita að takmarka yfirdráttarheimildir ríkissjóðs í Seðlabanka, líkt og tíðkast víða í Evrópu. Með því gæti skapast nauðsynlegt aðhald að útgjaldaákvörðunum stjórnvalda og um leið forsendur fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Virðulegi forseti. Þótt dimmt hafi verið yfir efnahagslífinu um skeið og þjóðin hafi búið við tímabundið andstreymi í atvinnumálum megum við ekki láta hugfallast. Við verðum að hafa trú á því að við getum leyst aðsteðjandi vandamál. Við höfum sýnt það áður við svipaðar aðstæður að okkur er fátt ómögulegt. Tækifærin eru fyrir hendi, m.a. í því sem samningar um Evrópska efnahagssvæðið gefa okkur. Við þurfum að nýta þessi tækifæri til að efla hagvöxt og auka þjóðartekjurnar. Skynsamlegasta framlag ríkisins til lausnar á efnahagsvandanum er að rifa seglin, draga úr umsvifunum og skapa þannig svigrúm fyrir fólk og fyrirtæki til að sýna hvað í þeim býr. Það er ekki síst um þetta sem stefna fjárlagafrv. snýst.

Að lokinni 1. umr. óska ég eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Með framlagningu fjárlagafrv. mótar ríkisstjórn að verulegu leyti stefnu sína og afstöðu til hinna ýmsu málaflokka. Að sjálfsögðu eru fjárlög og ríkisfjármál stefnumarkandi hvað efnahagsmál almennt varðar, en draga einnig fram áherslur hvað varðar atvinnumál, byggðamál og velferðarkerfið, svo sem stefnuna í menntamálum, heilbrigðismálum og félagsmálum hvers konar.

Við höfum nú hlýtt á hæstv. fjmrh. gera grein fyrir fjárlagafrv. við þessa 1. umr. og þeim áherslum sem ríkisstjórnin hyggst leggja. Til að fá yfirlit yfir stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar er þó nauðsynlegt að lesa vel saman grg. fjárlagafrv. og hvítu bókina svokölluðu, sem sumir hafa nú reyndar kallað hvíta mús, sem nýútkomin er og á að gera grein fyrir stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, og síðan en ekki síst hinar ýmsu yfirlýsingar og staðhæfingar sem einstakir stjórnarliðar, hv. alþm. í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar, hafa gefið að undanförnu og reyndar allt frá því í sumar, þar sem þeir hafa lýst yfir andstöðu og fyrirvörum við fjölmargt sem sett er fram í áðurnefndum gögnum. Þetta þarf að reyna að lesa saman til þess að átta sig á hvert stefnir og hver eru markmið ríkisstjórnarinnar og hvernig henni tekst að koma þeim fram miðað við þessa ósamstöðu sem virðist alls staðar koma upp. Og það verður að krefjast svara frá hv. stjórnarliðum, hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar, nú í þessari umræðu vegna þess að það er til lítils að halda áfram vinnu við fjárlagafrv. sem er fullt upp af hugmyndum um gjaldtökur, um skattaálögur, um niðurskurð og fleira og fleira sem einstakir hv. stjórnarþingmenn keppast við að lýsa andstöðu sinni við. Ef við fáum það ekki fram hér nú í þessari umræðu þá veit ég ekki hvenær við stjórnarandstæðingar eigum yfirleitt að fá að vita um hvað þessir stjórnarliðar eru sammála.

Fjárlagafrv. er því ekki traustur grunnur til að byggja á eins og hæstv. ráðherra hefur þó reynt að tíunda hér í sínu máli, hvorki hvað varðar stefnuna né talnalegur grunnur fyrir ríkissjóð eða ráðuneyti að starfa eftir. Fullyrðingar í frv. og hjá hæstv. ráðherra um ný og betri vinnubrögð við fjárlagagerð eru því nánast út í hött og nákvæmari og traustari vinnubrögð við undirbúninginn lítils virði ef þau eru unnin í ráðuneytum af ráðherrum með sínum embættismönnum en án samráðs við stuðningslið ríkisstjórnarinnar hér inni á hinu hæstv. Alþingi. Frv. er því á margan hátt óraunhæft og mun ég rekja það nánar síðar.

Ef við skoðum aðeins útlínurnar í þessari stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum þá er hér í fyrsta

lagi gert ráð fyrir 5% verðlagshækkun milli áranna 1991 og 1992. Gott ef satt væri og gott ef einhverjar líkur væru á að það stæðist. Hins vegar er nefnd 3% skerðing á ráðstöfunartekjum. Það er nefnt að búast megi við auknu atvinnuleysi. Það er ekki gert ráð fyrir neinum launabreytingum þrátt fyrir lausa kjarasamninga. Það er gert ráð fyrir auknum álögum á almenning, bæði í formi hærri beinni skatta, hvað sem hæstv. ráðherra annars segir um það, og að sjálfsögðu stórauknum skattaálögum í formi svokallaðra þjónustugjalda sem ekkert eru annað en nýir skattar á almenning. Í formi ýmiss konar gjaldtöku á atvinnulífið eru einnig nýir skattar, að ekki sé nú talað um hin gífurlegu aukaútgjöld fyrir atvinnulífið vegna vaxtastefnu hæstv. núv. ríkisstjórnar, og síðan algjört áhuga- og úrræðaleysi hennar hvað varðar atvinnumálin ef horft er til þeirra vandamála sem fylgja samdrætti í fiskveiðum á næsta ári og munu hafa áhrif á atvinnulífið um allt land, ekki síst í byggðarlögum allt í kringum landið sem byggja sína afkomu á fiskveiðum. En hér er auðvitað fylgt svokallaðri „kemur-mér-ekki-við"-stefnu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og ríkisstjórnar hans.

Ef við lítum aðeins nánar á einstök atriði þá er það fyrst verðlagsþróunin sem ég óttast að muni ekki standast. Það er m.a. vegna þess að fjárlagafrv. er óraunhæft. Það eru ýmsir málaflokkar vanáætlaðir, það er ósamkomulag um ýmsa liði, bæði útgjaldaliði, um gjaldtöku og niðurskurð. Útgjöld ríkisins eiga því eftir að aukast og annaðhvort hallinn eða skattheimtan að vaxa. Ýmsir hafa einnig uppi efasemdir um stöðugleika gengisins þó hæstv. ráðherra hafi lagt mikla áherslu á mikilvægi þess, og má gjarnan taka undir það með honum, en erfiðleikarnir vegna aflasamdráttarins eiga eftir að koma fram og þeir eiga eftir að þrýsta á. Ég hef jafnvel heyrt þær fullyrðingar frá fjármálamönnum þjóðarinnar að gengið sé nú þegar í dag rangt skráð.

Það á eftir að þrýsta á með gengisskráninguna ef ríkisstjórnin ætlar ekki bara aðgerðarlaus að horfa upp á stórkostlegt atvinnuleysi á heilu landsvæðunum og jafnvel leggja atvinnulíf í heilum landshlutum í auðn og flytja fólk síðan nauðungarflutningum, búferlum, eins og hæstv. forsrh. hefur reyndar ýjað að.

Kjarasamningar eru lausir. Launþegar voru búnir að leggja sitt af mörkum til þjóðarsáttarinnar svokölluðu. Svigrúmið er vissulega lítið til leiðréttinga miðað við það ástand sem við okkur blasir, en það er erfitt að ætla sér í engu að mæta sanngjörnum og eðlilegum kröfum um leiðréttingu hjá þeim sem verst eru settir. Það er krafa um meira launajafnrétti og meira launajafnræði í þjóðfélaginu. Það er engin stefna boðuð í kjaramálum í þessu fjárlagafrv., það eru hins vegar boðaðar nýjar álögur. Það er boðaður niðurskurður á útgjöldum ríkisins til ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota. Og það eru ekki neinir smáaurar. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 261 millj. kr. til þessa málaflokks og í fjáraukalögum sem nýlega hafa verið lögð fram og mælt fyrir hér er gert ráð fyrir 287 millj. kr. að auki eða samtals nær 550 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er hins vegar gert ráð fyrir 100 millj. Hér á að skera niður um nærri því hálfan milljarð. Hverjar eru svo hugmyndirnar að baki? Annars vegar að draga hreinlega úr greiðslum sem nemur þessum hálfa milljarði og láta launþegana þá standa uppi með óbættan skaðann eða að stofna nýjan sjóð sem eigi að byggjast upp með álögum á atvinnulífið eða jafnvel launþegana sjálfa, kannski launþegana sjálfa. Sú hugmynd er ekkert skýrð í frv. og reyndar lítt rædd við aðila vinnumarkaðarins eftir því sem fram hefur komið í viðræðum í fjárln. Lítt rædd við aðila vinnumarkaðarins á sama tíma og atvinnustefnan er aðgerðarleysi og við blasa aukin gjaldþrot. Þá á að skera þennan lið niður um hálfan milljarð. Þetta hygg ég að allt saman eigi eftir að hafa áhrif á efnahagsstefnuna og efnahagsstjórnina í landinu.

Ég nefndi auknar álögur á almenning. Hugmynd stjórnarflokkanna um skattalækkanir sjást hvergi þrátt fyrir miklar umræður um það, ekki einu sinni eignarskattinn illræmda, svokallaðan ekknaskatt, margfræga, eða margumræddan nefskatt í Framkvæmdasjóð aldraðra sem samkvæmt frv. heldur fullu verðgildi og vel það, þrátt fyrir stóryrtar yfirlýsingar sumra hv. núverandi stjórnarliða, ég nefni t.d. hv. þm. Geir H. Haarde, formann þingflokks Sjálfstfl., sem mjög hefur barist fyrir því á undanförnum þingum að þessi nefskattur yrði lagður niður. Hvar eru nú hans hugmyndir? Ég geri út af fyrir sig ekki athugasemdir við það að þessi skattur sé áfram í því formi sem hér er gert ráð fyrir, en þetta sýnir aðeins að orð og athafnir þessara ágætu stjórnarherra fara ekki vel saman.

Tekju- og eignarskattur í frv. hækkar um u.þ.b. 1 milljarð kr. Óljóst er að vísu með hvaða hætti, en það er hins vegar rætt um tekjutengingu barnabóta og skerðingu á afsláttar- eða frádráttarliðum. Hvaða afsláttar- eða frádráttarliðir eru það, hæstv. fjmrh., sem hér er hugað að? Á að lækka vaxtabæturnar eða á að lækka eða breyta afslættinum vegna hlutafjárkaupa, draga þannig úr áhuga manna til fjárfestingar í atvinnulífinu? Eða á kannski, þrátt fyrir umræður í fjölmiðlum og hótanir stjórnarliða, að breyta sjómannaafslættinum? Hvað segja hv. stjórnarþingmenn um það? Hvað segir hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson um hugmyndir um það að breyta sjómannaafslættinum? Það er reyndar leitt að hafa nú nýverið misst út af þingi hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson þegar þessi umræða fer fram vegna þess að ég heyrði hann lýsa því yfir í fjárln. þar sem hann sat um tíma, að það væri ekki vilji til þess a.m.k. hjá fjölmörgum stjórnarliðum. Þess vegna verður hæstv. fjmrh. að svara hér og nú hvaða hugmyndir liggja þarna að baki.

Hlutfall beinu skattanna hækkar reyndar líka ef tekið er mið af minni tekjum af innflutningi. Í raun breytast skattahlutföllin þannig að beinu skattarnir hækka sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs. Og þó er það í raun ekkert hjá hinum nýju feluskattsköttum sem hæstv. ríkisstjórn boðar í þessu frv.

Í grg. er rætt um lækkun útgjalda um 5 milljarða kr. og talið mikið afrek, ef ekki einsdæmi. Þetta þarf hins vegar að skoða miklu nánar.

Nýju feluskattarnir eru kallaðir þjónustugjöld og

koma sem sértekjur hjá ráðuneytum og stofnunum og lækka því útgjöldin í stað þess að færast sem tekjur í tekjuhlið frv. og útgjaldahliðin þá sem því nemur hærri. Auðvitað er með þessu móti hægt að lækka útgjaldahliðina og lækka veltutölurnar í fjárlagafrv. Þessir 5 milljarðar kr. sem á að taka með ýmiss konar felusköttum skiptast á milli samneyslunnar og tilfærslnanna eins og það er flokkað í frv. þannig að samneyslan, þ.e. launa- og rekstrarkostnaður, lækkar um 1,8 milljarða samkvæmt grg. Hér er eingöngu um að ræða sértekjur og þjónustugjöld frá einstaklingum og atvinnuvegum. Þar með eru talin margumrædd skólagjöld — og er nú gott að hv. þm. Össur Skarphéðinsson lætur svo lítið að koma hér í salinn rétt í augnablikinu. Ég nefndi það áðan að nauðsynlegt væri að fá upplýsingar um það varðandi þessar sértekjur og þjónustugjöldin sem frv. innifelur, hvort samstaða er um það hjá hv. stjórnarþm. að innheimta þessi gjöld. Þær yfirlýsingar hafa heyrst, bæði hér í þinginu og utan þings, að svo sé ekki og það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá það skýrt fram. Ég vænti þess að hv. þm. sem lýst hafa sig andvíga töku skólagjaldanna, eins og þessi hv. þm., formaður þingflokks Alþfl., geri okkur hér á eftir grein fyrir skoðunum sínum hvað þetta mál varðar.

Tilfærslurnar eru hins vegar nær eingöngu bótagreiðslur almannatrygginga sem eiga að lækka um rúma 3 milljarða og eru þá komnir þessir 5 sem á að spara eða lækka útgjöldin um, eins og sagt er í grg. frv., en á hins vegar að taka með nýjum sköttum og skattaálögum.

Hér er um að ræða mest auknar álögur á almenning með greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu hvers konar. Kem ég nánar að þeirri sundurliðun síðar. 5 milljarða í nýjum álögum á almenning og atvinnulífið er reynt að fela en tekst auðvitað ekki, samanber yfirlýsingar ýmissa launþegasamtaka sem að sjálfsögðu hafa mótmælt þessari nýju og óréttlátu skattheimtu. Mig langar til þess að vitna í ályktun frá framkvæmdastjórn Landssambands ísl. verslunarmanna þar sem fjallað er um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir lækkun heildarútgjalda ríkissjóðs. Þarna er aðeins um að ræða leik að tölum og orðum. Þegnum landsins er ætlað að greiða þessa lækkun og gott betur. Nú heita skattarnir „þjónustugjöld" og þeir sem nýta þjónustuna skulu greiða fyrir. Ein af undirstöðum hins svokallaða velferðarkerfis hefur falist í góðri heilbrigðisþjónustu. Í stefnu núv. ríkisstjórnar felst hins vegar gróf aðför að heilbrigðiskerfinu sem felur í sér mismunun þegnanna. Aukinn lyfjakostnaður og aukin gjaldtaka af sjúklingum kemur harðast á þá sem síst skyldi.

Stjórn Landssambands ísl. verslunarmanna mótmælir slíkir stefnu harðlega. Í heild felur frv. í sér auknar álögur sem einkum snúa að almenningi. Ljóst er að verði frv. óbreytt að lögum mun framfærslubyrði heimilanna þyngjast verulega. Minni niðurgreiðslur landbúnaðarvara munu hækka matarkostnað heimilanna og bitna harðast á þeim sem lægst hafa launin. Niðurskurður á útgjöldum vegna ríkisábyrgðar á launum mun einnig koma hart niður á launafólki á sama tíma og áhersla er lögð á að auka ríkisábyrgðir á lánum til fyrirtækja.

Stjórn Landssambands ísl. verslunarmanna krefst þess að ríkisstjórnin endurskoði þau atriði fjárlagafrv. sem einkum snúa að launafólki. Stjórnin telur að tillögur ríkisstjórnarinnar geti stefnt samningaviðræðum í hættu og aukið líkurnar á átökum á vinnumarkaði."

Þetta vil ég að hæstv. fjmrh. íhugi sérstaklega vegna yfirlýsinga hans í lok ræðu sinnar áðan um að þetta frv. væri einstaklega vel til þess fallið að styðja við væntanlega kjarasamninga, en í lokasetningu þessarar ályktunar segir: „Stjórnin telur að tillögur ríkisstjórnarinnar geti stefnt samningaviðræðum í hættu og aukið líkurnar á átökum á vinnumarkaði."

Þetta er sem sagt innlegg ríkisstjórnarinnar til þess að auðvelda gerð nýrra kjarasamninga.

Varðandi skólagjöldin sem eiga að skila mörg hundruð milljónum króna er nauðsynlegt að fá skýr svör, svo sem áður hefur komið hér fram, annars er þessi fjárlagagerð óraunhæf. Þá er líka nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hvernig bregðast eigi við. Reyndar var hann svo lítillátur í lokaorðum sínum að nefna það að e.t.v. mætti spyrja hvort þetta fjárlagafrv. væri raunhæfara en ýmis önnur og hann reiknaði ekki með því að allt gengi eftir sem hér er lagt til. Væri kannski líka fróðlegt að vita hvaða atriði það eru nánar tiltekið, hvort skólagjöldin eru t.d. einn af þeim þáttum. Er hæstv. fjmrh. kannski þegar búinn að gera sér grein fyrir því að ekki er líklegt að hann komi þeirri hugmynd fram?

Ég tel mig geta talað fyrir munn stjórnarandstöðunnar, veit þó að auðvitað munu fulltrúar annarra stjórnarandstöðuflokka tala hér á eftir, þegar við mótmælum þessum felusköttum. Við munum berjast gegn þessari óréttlátu skattheimtu.

Við framsóknarmenn teljum að sjálfsögðu rétt og nauðsynlegt að viðurkenna staðreyndir og ef það er svo að við getum ekki náð niður þessum ríkisútgjöldum þá á að láta þá sem efni hafa á greiða skattana. Það á ekki að láta þá verst settu gera það. Það á ekki að láta þá sem eru sjúkir, þá sem eru aldraðir, eða börn og barnmargar fjölskyldur greiða skattana. Það eiga hinir að gera sem hafa til þess efni. Þannig hlýtur það velferðarþjóðfélag að líta út sem við viljum byggja upp og við viljum búa við.

Við teljum að það eigi að leggja skatta á fjármagnstekjurnar. Yfirlýsingar í frv. eru hins vegar mjög óljósar hvað þennan þátt mála varðar og langar mig til þess að vitna aðeins í frv. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skattlagningu eigna og eignatekna þarf að samræma. Núverandi tilhögun einkennist af fjölda undanþága og flóknum álagningarreglum. Aukið frjálsræði í viðskiptum með fjármagn kallar á samræmingu í átt til þess sem gildir í öðrum löndum. Þessi breyting er ekki sérstaklega ætluð til að skila ríkissjóði auknum tekjum heldur tryggja sanngjarna og samræmda skattheimtu."

Undir það strikaði reyndar hæstv. ráðherra í máli sínu hér áðan að þessi breyting ætti ekki að skila rík-

issjóði auknum tekjum. Ég tel hins vegar að svo sé og skattur af fjármagnstekjum eigi að sjálfsögðu að skila tekjum í ríkissjóð.

Það má líka hafa það í huga þegar launamismunur er orðinn svo gífurlegur sem raun ber vitni, þegar tekjur einstaklinga eru jafnvel orðnar upp undir, í sumum tilfellum yfir, hálf milljón króna á mánuði hlýtur að verða skoða hugmyndir um hátekjuskatt. Þá hlýtur að verða skoða með hvaða hætti er hægt að koma á raunhæfari tekjuskiptingu í þessu þjóðfélagi. Það verður þó að gæta þess að við eyðileggjum ekki eða fórnum staðgreiðslukerfi skatta sem ég hygg að þingheimur allur sé nokkurn veginn sammála um að beri að virða, en hér er um að ræða svo mikinn launamun að vart verður við unað öðruvísi en gripið verði til einhverra aðgerða.

Það þarf líka að skoða samræmi milli skatta ríkis og sveitarfélaga. Það á að endurskoða aðstöðugjaldið. Það segir reyndar í grg. frv. með miklu lítillæti: „Aðstöðugjaldið verður tekið til athugunar." Ekki veit ég hvað það boðar nákvæmlega, nema þá það að hæstv. ríkisstjórn vilji ekki hrófla mikið við þessum trygga, örugga og háa tekjustofni Reykjavíkurborgar þar sem hæstv. forsrh. er fyrrv. borgarstjóri og vill vafalaust gjarnan verja sem mest og best hagsmuni Reykjavíkurborgar og gæta að tekjuskiptingunni milli sveitarfélaganna. Ég tel hins vegar að þennan skatt eigi að fella niður. Það á að leggja aðstöðugjaldið af. Það verður auðvitað ekki gert í einni sjónhendingu og það þarf að finna nýja tekjustofna, skattstofna, fyrir sveitarfélögin en skoða þá jafnframt í leiðinni verkefnatilflutning eða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í tengslum við slíka skattendurskoðun.

Þá kem ég aðeins að álögunum á atvinnulífið, virðulegi forseti. Atvinnulífinu er ætlað að standa í auknum mæli undir ýmiss konar þjónstu ríkisstofnana. Það er út af fyrir sig ekki fráleitt að hugsa sér að atvinnulífið taki í eitthvað auknum mæli þátt í rekstri þeirra stofnana sem þjónusta það að verulegu leyti, en það verður að gerast smám saman og gerast eftir því sem atvinnulífið hefur efni á. Það er erfitt að stíga stór skref nú þegar atvinnulífið á í vök að verjast og það er einkennilegt að þá skuli vera ráðist að sjávarútveginum með þeim hætti sem hér er boðað. Það munar auðvitað mest um sértekjur Hafrannsóknastofnunarinnar sem á nú að fá í sértekjur rúmlega hálfan milljarð króna í viðbót við það sem áður hefur verið. Þetta á að gerast með því að breyta hlutverki Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Það er horfið frá því að sjóðurinn gegni sínu hlutverki við úreldingu fiskiskipa, við hagræðingu í sjávarútveginum og við að koma byggðarlögum til aðstoðar þegar útlit er fyrir að kvóti sé að flytjast þaðan í miklum mæli.

Í hvítbókinni góðu er fjallað um þetta mál og, með leyfi forseta, sagt: „Ákveðið hefur verið að útvegurinn standi frá upphafi fiskveiðiársins 1991--1992 undir öllum kostnaði við veiðieftirlit, ekki aðeins helmingi hans líkt og tíðkast hefur.

Jafnframt hefur verið ákveðið að leggja til breytingar á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Samkvæmt gildandi lögum kostar sjávarútvegurinn tiltekin verkefni til úreldingar fiskiskipa og í byggðamálum með tekjum af allt að tólf þúsund lesta aflaheimildum. Þessi verkefni verða takmörkuð eða lögð niður með öllu. Sjávarútvegurinn stendur eftir þessa breytingu undir rúmlega 80% af árlegri fjárþörf Hafrannsóknastofnunar. Þetta gjald er liður í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að láta atvinnuvegina bera í ríkari mæli en nú kostnað af því rannsóknar- og þjónustustarfi sem fram fer í þeirra þágu á vegum ríkisins." — Svo mörg voru þau orð.

Það segir í grg. fjárlagafrv. að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs verði fénýttar og tekjum varið til að standa undir rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunarinnar, 525 millj. kr. eða rúmlega hálfum milljarði.

Mig langar til þess að spyrja um afstöðu hæstv. sjútvrh. en veit að hann er staddur erlendis eða kannski rétt ókominn til landsins. Þá væri a.m.k. æskilegt að staðgengill hans svaraði okkur hver hugur hans sé til þessa auðlindaskatts. Auðvitað er þetta ekkert annað en fyrsta skrefið í gjaldtöku á sjávarútveginum, svonefndum auðlindaskatti. Þessu hefur hæstv. sjútvrh. margsinnis andmælt. Hann hefur lýst því yfir að það komi ekki til greina að setja nýjar álögur á sjávarútveginn í núverandi stöðu. En hvað þýðir þá það sem hér er verið að gera? Auk þess er hent út ákvæðunum, ef af þessum breytingum verður, um aðstoð við byggðarlög sem missa kvóta og brýtur það óneitanlega í bága við stefnuna í stjórnarsáttmálanum þar sem segir að í nýrri sjávarútvegsstefnu verði reynt að treysta byggð eftir föngum og væri fróðlegt að vita hvaða hugmyndir þar eru uppi.

Þá verður ekki komist hjá því að fara nokkrum orðum um vaxtastefnu hæstv. núv. ríkisstjórnar sem með aðgerðum sl. vor leiddi til vaxtasprengingar í landinu. Reynt er auðvitað að kenna fyrrv. ríkisstjórn um það og sagt að það hafi verið nauðsynlegt til þess að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs — en hver var árangurinn? Það er best að spyrja að árangrinum. Tilefnið átti að vera að selja ríkisvíxla og spariskírteini ríkissjóðs en árangurinn varð næsta lítill samkvæmt upplýsingum í grg. frv. sjálfs í kaflanum um lánsfjármál þar sem greint er frá því að sala ríkisverðbréfa á innlendum markaði hafi gengið treglega þrátt fyrir þessa vaxtasprengingu.

Þá er þess einnig getið að háir raunvextir lánsfjár virðist lítil áhrif hafa á eftirspurn heimilanna eftir lánsfé. Þetta vissu reyndar ýmsir að þótt hringlað sé með vextina eins og hér hefur verið gert, þeir sprengdir upp, hefur það ekki veruleg áhrif á eftirspurnina. Afleiðingarnar eru hins vegar hrikaleg vaxtahækkun, mikið hærra vaxtastig, hærri raunvextir, sem hefur valdið heimilum og atvinnuvegum stórkostlegum skaða. Samkvæmt upplýsingum, m.a. frá Þjóðhagsstofnun, var skuldastaða atvinnuveganna á árinu 1989 nettó um 277 milljarðar kr. og vaxtagreiðslur tæpir 14 milljarðar miðað við raunvexti sem þá voru 4,9%. Á árinu 1990 voru sambærilegar tölur að skuldir voru taldar nettó 320 milljarðar kr., vaxtagreiðslur hins vegar 20 milljarðar enda raunvextirnir hækkað aðeins, eða í 6,2%.

Áætla má að gróf skuldastaða nú sé um 340 milljarðar kr. og þá hækka vaxtagreiðslurnar gríðarlega ef tekið er mið af þeim upplýsingum sem nýlega hafa komið frá Seðlabankanum, dags. 16. okt. sl., og segja okkur að raunvaxtastigið í dag, á fjórða ársfjórðungi, sé um 16%, eða hafi hækkað frá 6,2% á síðsta ári í 16% miðað við ástandið í augnablikinu.

Ef til vill er ekki rétt að taka tölurnar eins og þær liggja fyrir fyrir þennan eina ársfjórðung, heldur líta á meðaltalið fyrir árið allt sem Seðlabankinn áætlar á bilinu 9–10%. Ef við segðum nú að raunvaxtastigið yrði 9,5% þá yrði vaxtagreiðsla atvinnuveganna 32 milljarðar kr. af þessari 340 milljarða kr. skuld og hefur þá hækkað um 12 milljarða frá síðasta ári, úr 20 milljörðum í 32 milljarða. Svo halda menn að vaxtastefna hæstv. ríkisstjórnar hafi ekki áhrif á getu atvinnuveganna til þess t.d. að leiðrétta eitthvað launastigið í landinu.

Þá virðist fjárþörf húsnæðiskerfisins nær óstöðvandi. Nú stefnir í u.þ.b. 20 milljarða kr. útlán á næsta ári þrátt fyrir nýlegar aðgerðir hæstv. félmrh. Húsbréfakerfið hefur algjörlega farið úr böndunum að mínu áliti. Það stefnir í að útlán úr því verði komin í 33 milljarða í lok næsta árs ef svo fer fram sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Og þar fyrir utan eru útlán byggingarsjóðanna á þessum sama tíma. 33 milljarðar í húsbréfunum einum þýðir auðvitað líka stórauknar ríkisábyrgðir því húsbréfin eru gefin út með ríkisábyrgðum.

Einn af hornsteinum — það má kannski setja það innan gæsalappa af því mér heyrðist hæstv. fjmrh. vera að tala um hornsteina fyrrv. fjárlagafrv. — þessa frv. í efnahagsstefnunni er takmörkuð ríkisumsvif og hæstv. ráðherra reyndi nokkuð að ræða þann þáttinn. Hér er auðvitað blekkingarleikurinn með þjónustugjöldin. Auknum útgjöldum er haldið niðri með því að auka skattana þeim megin í frv. en það er einnig aukin útþensla á ýmsum öðrum sviðum þrátt fyrir þetta stöðuga stagl um samdráttinn. Flest ráðuneytin fá nú fjárveitingar umfram verðlagsbreytingar og flest vegna þess að þar er verið að fjölga starfsmönnum. Það er aðhaldið á heimilum hæstv. ráðherra. Félmrn. eitt gerir ráð fyrir að stöðugildum fjölgi í málefnum fatlaðra um 61. 61 stöðugildi bara í þessum málaflokki á sama tíma og öll sjúkrahúsin í landinu fjölga stöðum um 16.

Nú er það svo að sumt af því sem þar er verið að gera er nauðsynlegt og ég fagna reyndar hugmyndum um að koma upp heimilum fyrir geðfatlaða einstaklinga. Það er brýnt mál og nauðsynlegt og í öllu þessu niðurskurðartali hæstv. ríkisstjórnar er þó ánægjulegt að eitt og eitt skref skuli vera stigið sem nauðsynlegt er til að lagfæra og bæta okkar velferðarþjóðfélag.

Síðan er gert ráð fyrir því á nokkrum stöðum í frv. að sveitarfélögin taki á sig auknar skuldbindingar á ýmsum sviðum. T.d. er nefnd aukin hlutdeild í gerð hafnarmannvirkja. Það er nefnt að bæði í málefnum fatlaðra og húsnæðismálum verði kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna aukin. Hafa hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. rætt þetta við fulltrúa sveitarfélaganna í landinu og er líka með samþykki hv. stjórnarliðanna fært hér til? Ef það er gert sem hluti af verkaskiptingu með samkomulagi þá er út af fyrir sig ekki við því að segja en það kemur ekki fram í grg. fjárlagafrv.

Ég hef nokkrum sinnum sagt að ég teldi fjárlagagerðina óraunhæfa. Mig langar til þess að nefna nokkur atriði til viðbótar þeim sem ég hef þegar rætt um, óleyst og órædd mál, t.d. ríkisábyrgð á laun upp á 400–500 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir rekstrarhagræðingu í framhaldsskólum upp á 128 millj. Sparnaðaragerðum á grunnskólastigi upp á 50 millj. Lögreglustjórinn í Keflavík á að draga saman starfsemi sína um 30 millj. Rekstrarkostnaður við Byggingarsjóð ríkisins á að lækka um 70 millj. Sjúkrahúsin í landinu, fyrir utan þjónustugjöldin, eiga að draga saman þannig að bráðaþjónustan á St. Jósefsspítala, á Landakoti, sem á að leggja niður og fleiri aðgerðir því tengdar, á að spara 310 millj. Á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði, eins og við erum reyndar búin að ræða hér, á að spara 115 millj. Þá á að lækka rekstrarkostnað sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það stendur bara „almenn lækkun" án frekari skýringa upp á 122 millj. Síðan á að lækka rekstrarkostnað sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur um 78 millj. Þetta eru samtals 625 millj. í rekstrarútgjöldum sjúkrahúsanna.

Hér er því samtals um að ræða 1 milljarð og 350 millj. kr. Fyrir þessu er engin nánari grein gerð í fjárlagafrv. Aðspurðir segjast þeir ágætu embættismenn sem hafa heimsótt fjárln. svarað því til að þeim væri ekki kunnugt um til hvaða aðgerða ætti að grípa. Varðandi 128 millj. kr. sparnað í framhaldsskólunum og 50 millj. kr. sparnað hjá grunnskólastiginu hafa embættismenn menntmrn. svarað því til að þeir vissu ekki hvaða hugmyndir væru uppi. Ef hæstv. fjmrh. veit það þá væri fróðlegt að heyra það frá honum hér á eftir.

Þá er fjárvöntun Skipaútgerðarinnar 250 millj., þar er skilið eftir gat. Að vísu er sagt að það sé verið að endurskoða starfsemi Skipaútgerðarinnar, en engin grein gerð fyrir því hvað þar sé um að vera. Og svo á auðvitað eins og hæstv. fjmrh. ræddi hér um áðan að afla aukinna tekna með því að selja ríkisfyrirtæki fyrir u.þ.b. 1 milljarð kr. Reyndar taldi hann, ef ég heyrði rétt, að það kynni að vera enn meira, kannski 2 milljarðar og 2 milljarðar á ári á næstu árum, þannig að þar á sannarlega að taka til hendinni.

Reyndar get ég vel fallist á það með hæstv. fjmrh. að það megi gjarnan breyta ýmsum ríkisfyrirtækjum, selja sum þeirra, breyta þeim í hlutafélög og fá öðrum aðilum til rekstrar. En ég leyfi mér að hafa efasemdir uppi um að það geti leitt til svo mikils hagnaðar fyrir ríkissjóð. Það þarf að hafa það í huga að dreifa eignarhaldinu, fyrirtækin séu ekki seld stórum aðilum eða einokunaraðilum, heldur að eignarhaldinu sé dreift. Það þarf að hafa það í huga að starfsmenn viðkomandi fyrirtækja geti gerst aðilar að rekstrinum og það þarf einnig að hafa það í huga að oft og tíðum þarf að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækjanna. Þeim hefur í sumum tilfellum ekki verið veitt fjármagn til þess að leggja í nýfjárfestingar eða tækjavæða sig svo sem nauðsyn væri þó á. Þetta þarf allt að hafa í huga við sölu fyrirtækjanna þannig að ég hef mínar efasemdir um það að

þetta gefi svo miklar tekjur.

Að lokum langar mig til að nefna hér liðinn „Launa- og verðlagsmál" sem reyndar heyrir undir ráðuneyti hæstv. ráðherra sjálfs. Þar er í fjárlögum þessa árs gert ráð fyrir tæpum 2 milljörðum kr., 1890 millj., en í fjárlagafrv. nú aðeins 480 millj. Ef þetta stenst, að skera hér niður um tæplega 1,5 milljarð, þá er það vel, en mér finnst margt benda til þess í forsendum frv. að svo verði ekki og að efnahagsstefnan sem þar er boðuð muni ekki standast.

Þá verður ekki komist hjá því að fara örfáum orðum um einstök ráðuneyti. Þó svo að málefni þeirra verði vissulega nánar rædd við 2. umr., þá er þó nauðsynlegt að nefna nokkra þætti. Framlög til Byggðastofnunar eru t.d. skorin niður úr 250 millj. í 200 millj., þrátt fyrir að nýjum verkefnum sé bætt við á stofnunina eins og t.d. launum til iðnráðgjafa upp á 12,5 millj. Og vissulega eru gefin fögur fyrirheit um það að flytja stofnunina jafnvel til Akureyrar, en það er til lítils ef hún er um leið gerð óvirk eða óstarfhæf af því að hún sé gelt hvað fjármuni varðar og hafi enga möguleika á að standa við hlutverk sitt.

Í menntamálum verður manni fyrst hugsað til þess hvað á að gera í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar er um að ræða verulegan niðurskurð, hvað varðar veitt lán, þó að ríkisframlag til sjóðsins sé hækkað ofurlítið. Í fjárlögum ársins í ár er gert ráð fyrir 3,5 milljörðum kr. í lánveitingar og auk þess í fjáraukalögunum 400 millj., þannig að samtals eru til ráðstöfunar 3,9 milljarðar í ár. Í fjárlagafrv. er hins vegar ekki gert ráð fyrir nema 3,3 milljörðum. Það á að skera niður lánveitingarnar um 600 millj. kr. í Lánasjóðnum. Á hverjum á það að bitna?

Í viðbót við þennan gífurlega niðurskurð eru síðan skólagjöldin þannig að þessi nýja stefna í menntamálum stefnir auðvitað í hættu jafnrétti til náms, jafnrétti til náms í þessu þjóðfélagi sem við höfum verið að reyna að byggja upp og við viljum sannarlega standa vörð um. Hér verðum við líka að fá nánari skýringar hæstv. ráðherra og stjórnarliða.

Svo er ráðist að smáliðum sem ég ætla ekki að tína upp núna en mun gera síðar, eins og t.d. fjárveitingu til leikfélaga. Auðvitað eru þetta smámunir einir en sýnir þó hugsunarháttinn og ég trúi því vart fyrr en á verður tekið að slíkir hlutir verði ekki lagfærðir.

Hvað landbúnaðarmálin varðar þá er auðvitað ljóst að búvörusamningurinn eykur útgjöldin tímabundið. En honum fylgdu að auki ýmis fyrirheit. Það tókust sættir m.a. út á þau fyrirheit sem fylgdu við gerð búvörusamningsins. Eitt af því var t.d. það að Framleiðnisjóðnum væri úthlutað því fjármagni sem lög mæla fyrir um. Það er gert ráð fyrir því í búvörulögunum að sjóðurinn fái til ráðstöfunar 4% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar. Það mundi á næsta ári gera 650–680 millj. kr. Þetta er hins vegar skorið niður um helming eða í 340 millj. kr. Hér eru svikin þau fyrirheit sem gefin voru við gerð búvörusamningsins. Það á reyndar einnig við í öðrum þætti mála en það átti að stórefla framlög til skógræktar og til landgræðslumála. Ég vænti þess að hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn. Alþingis, hafi eitthvað við þessa meðferð að athuga. Þar voru gefin fyrirheit um 2 milljarða kr. á samningstímanum. Í þessu frv. eru hins vegar framlög til skógræktar 40 millj. þannig að það mun væntanlega eiga að bæta það vel upp síðar ef á annað borð á að standa við þessi fyrirheit.

Sjávarútvegsmálin hef ég þegar nefnt, m.a. meðferðina á Hagræðingarsjóðnum og gjaldtökuna af sjávarútveginum þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. Svo er einnig um félagsmálin, en ég hef áður fjallað um ríkisábyrgð á launum og geri það ekki frekar, og húsnæðismálin sem þó verða miklu nánar rædd við 2. umr. eftir nánari umfjöllun í fjárln.

Þá kem ég að málaflokknum heilbrigðis- og tryggingamál. Þar á sko aldeilis ýmist að beita hnífnum, samanber áætlanir um niðurskurð, eða beita nýjum álögum og gjaldtökum á þá sjúku.

Sameining Borgarspítala og St. Jósefsspítala er að mínu áliti óskynsamleg. Hún kostar í fyrsta lagi mikið meira en gert er ráð fyrir í frv. Það er gert ráð fyrir að verja 200 millj. kr. til þess að greiða fyrir þessari sameiningu. Samkvæmt upplýsingum fróðra manna sem ég hef leitað til má þó gera ráð fyrir að það þurfi nær 400–500 millj. kr. til þess að breyta St. Jósefsspítalanum og Landakoti í hjúkrunarheimili og byggja upp skurðstofur og aðra stoðþjónustu á Borgarspítalanum, eins og hlýtur að vera nauðsynlegt, ef þessi sameining á að verða annað en orðið tómt. Þessi sameining mun síðan leiða til harðnandi samkeppni milli þessara tveggja stóru sjúkrastofnana sem þá verða til hér í höfuðborginni um mannafla og tækjabúnað og mun því sennilega aldrei sparað neitt, þrátt fyrir fyrirheitin.

Ég tel að skynsamlegri kostur væri sameining allra sjúkrahúsanna í Reykjavík eða í það minnsta mjög náið samstarf þeirra með vel skilgreindri verkaskiptingu. Það mundi geta sparað mörg hundruð milljónir kr., jafnvel milljarð, og var í undirbúningi í minni tíð í heilbr.- og trmrn.

Mig langar í þessu sambandi að vitna í grein eftir þann ágæta mann Ásmund Brekkan, prófessor og forstöðulækni á röntgendeild Landspítalans, þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Hvers vegna er samruni Landspítala og Borgarspítala betri kostur en sá sem nú er til umræðu, sameining Landakots og Borgarspítala?

1. Borgarspítalinn og Landspítalinn eru á almennan mælikvarða meðalstórar en mjög virkar og sæmilega tæknivæddar stofnanir. Á þeim fer í dag fram nánast öll sú rannsókna- og lækningastarfsemi sem telja má til hátæknilæknisfræði. Virkni þeirra hverrar um sig mundi aukast til muna við samruna og skynsamlega skiptingu starfa, gagna og gæða og samanlagt yrði hún þeim mun meiri en tvíefld og nýtanlegri en nú er.

2. Margumtalaðar dýrar fjárfestingar vegna rannsóknatækja, lækningatækja og lækningaaðferða mundu nýtast mun skynsamlegar ef ekki væri um tvöfaldanir að ræða eins og nú er. Og í enn ríkari mæli ef úr yrði sameining Borgarspítalans og Landakots.

3. Nýting og efling sameinaðs mannafla á öllum

stigum heilbrigðisstétta yrði mun betri og hagkvæmari. Ég sé jafnvel fyrir mér að nýliðun til starfanna mundi aukast, svo og að einstökum skipulagsheildum héldist betur á starfsliði. Þetta síðastnefnda tel ég að muni gerast fyrst og fremst vegna þess að með vaxandi gæðum og gæðamarkssetningu mundi metnaður starfsmanna enn aukast og virkni þeirra þar með.

4. Kennsla heilbrigðisstétta og hvers konar vísindastarfsemi yrði mun virkari og hnitmiðaðri.

5. Reksturinn yrði, þegar fram líða stundir, fjárhagslega hagkvæmari. Í fyrsta lagi vegna þess að dregur úr dýrum tvöföldunum og launakostnaði og vegna margföldunar vakta. Og í öðru lagi vegna þess að metnaðarfullt og vel upplýst starfsfólk með hágæði að markmiði mun einnig halda mun betur utan um þá fjármuni sem það hefur handa í milli."

Tilvitnun lýkur í þessa ágætu grein Ásmundar Brekkan sem birtist í Morgunblaðinu 10. sept. sl., en segir meira en mörg orð mín um það hvernig þeir menn sem best vita hugsa í þessu efni og hvert þeirra álit er á þeirri sameiningu sem nú er í bígerð annars vegar og þeim hugmyndum sem áður voru uppi.

Í viðbót við þessar hugmyndir er sjúkrahúsunum öllum síðan ætlað að stórauka sértekjur sínar með þjónustugjöldum. Hér er um að ræða u.þ.b. 600 millj. kr. Ekki er að finna nánari skýringu á því í frv. hvort hér er um að ræða hækkun eða að taka upp göngudeildargjald, hvort hér er kannski um það að ræða að sjúklingarnir greiði fæðiskostnað eða jafnvel hreinlega aðgangseyri fyrir að fá að fara inn á sjúkrahúsin. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherrar fjármála og heilbrigðismála geti skýrt þetta betur fyrir okkur. 600 millj. kr. eru ekki lítill skattur þegar hann er lagður á sjúklingana.

Þá er einnig nýr skattur lagður á þá sem heimsækja heilsugæslustöðvarnar, og á að skila 375 millj. kr. í nýjar tekjur. Hér er um að ræða breytta áherslu frá því áður var þegar aðgangur að heilsugæslunni var ókeypis, gert til þess að fá fólk til þess að nota fremur hina ódýrari þjónustu, frumheilsugæsluna, heldur en að leita eftir þjónustu á dýrari stigum, sem e.t.v. var oft ónauðsynleg, þjónustu sérfræðinga og þjónustu sjúkrahúsa. Hér er fallið frá þeirri stefnu sem ég tel að sé miður. Ég tel að þetta sé ekki til þess fallið að draga úr heildarkostnaði við heilbrigðisþjónustuna, heldur þvert á móti.

Þá er læknakostnaður lækkaður um 260 millj. sem hlýtur að skýrast á því að hækkað gjald einstaklinganna vegna heimsókna til sérfræðinganna eigi að skila þessum upphæðum. Því er samtals um að ræða 600 millj. á sjúkrahúsin, 375 millj. á heilsugæslustöðvarnar, 260 millj. til sérfræðinganna eða samtals 1235 millj. kr. í auknum álögum vegna heimsókna sjúklinganna til heilbrigðisstéttanna.

Um lyfjamál hefur mikið verið rætt. Heilbrrn. hefur verið beðið um sundurliðun á þessum kostnaði til fjárln. þannig að við sæjum hvað af þeim sparnaði, sem sagður er hafa náðst á þessu ári sem nú er að líða, kemur til af minni notkun lyfja og hvað af sparnaðinum kemur vegna aukins kostnaðar einstaklinganna. Þetta hefur ekki fengist enn en ég efast ekki um að við munum fá þessar upplýsingar. Hæstv. heilbrrh. upplýsti það hér í umræðum á dögunum að meðalhækkun lyfseðils hefði verið 160 kr. ef ég man rétt — hann er nú ekki hér viðstaddur því miður til að staðfesta þetta. Það skiptir kannski ekki máli hvort það voru 180 kr. — en slíkt meðaltal segir auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut. Það segir ekkert um það hvað einstakir sjúklingar hafa þurft að greiða í aukinn lyfjakostnað. Og það hefði verið fróðlegt að vita hvort hins vegar almenn hækkun upp á 160 kr. á hvern lyfseðil hefði ekki getað gefið álíka sparnað og hefði auðvitað komið mikið réttlátar niður heldur en það form sem nú gildir.

Áætlaður sparnaður í lyfjaútgjöldum á næsta ári er 800 millj. kr. Rætt er um skipulagsbreytingar í frv. en það er jafnframt sagt að forsendur fyrir áætluninni séu þær að verðlag lyfja á næsta ári er talið muni verða svipað því sem það var í upphafi árs 1991. Þessa skýringu skil ég reyndar ekki og finnst með ólíkindum ef það á ekki að reyna að ráðast neitt að sjálfu lyfjaverðinu. Þær tillögur, sem voru uppi í heilbrrn. áður, gerðu einmitt ráð fyrir því. Við höfðum undirbúið það að verulegar breytingar yrðu á varðandi innflutning sem ættu að leiða til lækkunar á innflutningsverði og auðvitað lækkunar á dreifingarkostnaði þannig að lyfjaverðið í heild átti að geta lækkað umtalsvert. Að áliti þeirra manna, sem höfðu unnið þessar tillögur og yfirfarið, var þar um að ræða skipulagsbreytingar sem mundu spara mörg hundruð millj. kr., e.t.v. upphæðir ekki öllu lægri en þær sem hæstv. heilbrrh. státar sig nú af.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gæta aðhalds í þessum útgjaldasama málaflokki heilbrigðis- og tryggingamála. Ég geri ekki lítið úr því, en ég tel að það þurfi að gerast á annan hátt heldur en þann að hinir sjúku séu látnir greiða stærri og stærri hluta af kostnaðinum. Sérstaklega tel ég þó að beri að varast hugmyndirnar sem eru settar fram í hvítbókinni um kaskótryggingu sjúklinga. Að sjúklingarnir geti kaskótryggt sig með mismikilli sjálfsáhættu gegn breytilegu iðgjaldi. Þetta tel ég að muni fyrr en síðar leiða til tvöfaldrar heilbrigðisþjónustu í landinu, tvöfalds heilbrigðiskerfis, sem muni enda í hreinum óskapnaði og síst af öllu til bóta fyrir þá sem minna mega sín.

Það sem ég tel að þurfi að gera í þessum málaflokki er í fyrsta lagi að sameina öll sjúkrahúsin í Reykjavík og spara með því hundruðir milljóna ef ekki milljarð. Það á að endurskipuleggja í lyfjamálunum á þann hátt að það leiði til lækkaðs lyfjaverðs og ég er sannfærður um að það er hægt. Ég er ekki að gera kröfur um að það sé endilega gert með þeim hugmyndum sem ég setti fram hér í lok seinasta þings. Ef menn finna aðrar leiðir sem skila svipuðum árangri í öðru formi þá er sjálfsagt að skoða það. Í þriðja lagi tel ég hugsanlegt að breyta þátttöku einstaklinga í lyfjakostnaðinum, eins og ég gerði reyndar grein fyrir í umræðum á dögunum, með því að einstaklingarnir greiði hlutfallslegan kostnað, með þó lágmarki og hámarki sem tryggi það að menn þurfi ekki að borga kannski 10–20 þús. kr. fyrir lyfjaskammtinn sinn eða

jafnvel meira, eins og við höfum heyrt að undanförnu. Í fimmta lagi tel ég að það þurfi að efla kostnaðarvitundina og tek undir það með hæstv. ráðherrum sem hafa rætt um það. Það þarf að efla kostnaðarvitund einstaklinganna fyrir þessari heilbrigðisþjónustu og reyndar velferðarþjóðfélaginu og kerfinu okkar öllu. Það er hins vegar hægt að gera á annan hátt en þann sem nú hefur verið lagt upp með. Það má gera t.d. með sjúkrakortum, sem eru hliðstæð greiðslukortum einstaklinga, sem gefa upplýsingar um þann kostnað sem fallið hefur á einstaklinginn sem þarf að leita eftir heilbrigðisþjónustu hvers konar. Og síðast en ekki síst á að gera það með stórauknu forvarnastarfi hvers konar sem mun auðvitað skila okkur mestum fjármunum til lengri tíma litið.

Að þessum málum var ég að reyna að vinna að í heilbrrn. á undanförnum missirum. Sum höfðu þegar skilað árangri, önnur voru stöðvuð af þingflokki hæstv. núv. heilbrrh. Sá ráðherra sagði það hér í utandagskrárumræðum á dögunum þegar rætt var um málefni St. Jósefsspítala í Hafnarfirði að áður hefði verið reynt að spara í heilbrigðismálum með því að beita flötum prósentvís niðurskurði. Það hefði sýnt dugleysi þeirra sem þá stjórnuðu heilbrigðismálum enda ekki skilað miklum árangri. Út af þessum ummælum hæstv. ráðherra verð ég að segja það — þó hann sé ekki hér viðstaddur, ég vænti þess að hann sjái það síðar eða heyri af því — að hér var um að ræða almennan niðurskurð í öllum ríkisgeiranum sem var lagt upp með af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar í fjárlagagerðinni allri en ekki í heilbrrn. einu, þó e.t.v. bæri mikið á því þar, kannski mest á því þar af því við reyndum af megni að fylgja þessu eftir. Mér er hins vegar ljóst að þetta er ekki góð aðferð til þess að ná fram sparnaði og hagræðingu, a.m.k. ekki sé hún endurtekin. Það er auðvitað hægt að beita slíkum aðferðum að einhverju leyti, en ekki endurtekið.

Í samgöngumálum er talað um það í grg. frv. að fjárframlög séu aukin og eigi það að sýna stefnu og vilja ríkisstjórnarinnar. Ef þetta er hins vegar skoðað aðeins nánar þá sjáum við að til vegamála hækkar að vísu framlagið örlítið í krónutölu, en hins vegar er um að ræða verulega lækkun ef tekið er tillit til gildandi nýsamþykktrar vegáætlunar. Þá er líka fellt inn í fjárveitinguna til Vegagerðarinnar greiðslur sem átti að fjármagna að hluta til með lántöku, t.d. stórar upphæðir vegna Vestfjarðaganga upp á rúmar 800 millj. kr. og skuldauppgjör við Reykjavíkurborg. Þetta eru verulegar breytingar á vegáætluninni sem þýðir að fjárveitingar til almennra verkefna eru stórlega skornar niður.

Sjálfsagt verður þetta rætt nánar í þinginu í vetur vegna þess að m.a. er boðuð, ég man ekki í hvoru plagginu, fjárlagafrv. eða hvítbókinni, endurskoðun vegáætlunar á þessu þingi. Ég veit ekki hvort hv. þm. stjórnarliðsins hefur verið það ljóst fyrir fram.

Sama sagan á reynar við í sambandi við hafnamálin. Þar er einnig örlítið hærri krónutölu varið til málaflokksins en stórlega dregið úr framkvæmdum þrátt fyrir það. Framkvæmdir í ár munu líklega hafa numið milljarði kr. en samkvæmt grg. frv. er áætlað að verja rúmum 200 millj. til hafnarframkvæmda á næsta ári. Það dugar í eins og eina eða kannski tvær hafnir þegar hrópað er á nauðsynlegar framkvæmdir alls staðar.

Um Ríkisskip hef ég áður rætt. Þar vantar 250 millj. kr. Ég vil vara við að ráðist verði svo að því mikilvæga fyrirtæki nú að það verði nánast lamað og hræið síðan afhent samkeppnisaðilunum. Það verður að tryggja þessa nauðsynlegu þjónustu fyrir hinar minni byggðir allt í kringum landið. Fjölmargt fleira væri hægt að ræða um nú, virðulegi forseti, en verður að bíða 2. umr.

Ég hef fullyrt að fjárlagafrv. sé óraunhæft. Ég tel mig hafa fært fyrir því rök. Það er veruleg ný skattheimta fólgin í þessu fjárlagafrv. sem þó er reynt að fela. Það eru boðaðar hættulegar kerfisbreytingar í mikilvægum málaflokkum, bæði heilbrigðis- og menntamálum. Það er að sjálfsögðu, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, nauðsynlegt að horfast í augu við staðreyndir. Við vitum að við blasir samdráttur í atvinnulífinu vegna samdráttar í fiskveiðum. Og við verðum þess vegna að leita allra leiða til þess að gæta aðhalds og sparnaðar. En það er ekki hægt að gera það á þann hátt sem hér er boðaður.

Við framsóknarmenn og stjórnarandstæðingar munum gera nánari grein fyrir því við 2. umr. fjárlaga þegar þau koma til meðhöndlunar eftir umfjöllun í hv. fjárln. Í því sambandi má undirstrika það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra í lokaorðum hans að það eru efasemdir um að allt sem hér er sett á blað muni standast og þess vegna ekki hægt að fjalla mikið nánar um það að þessu sinni.

Með þessu frv. er hæstv. ríkisstjórn fyrst og fremst að blekkja sjálfa sig en hún blekkir hins vegar ekki aðra.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. „Óskandi væri að Íslendingar færu að sjá að það er aumt líf og vesælt að sitja sinn í hverju horni og hugsa um ekkert nema sjálfan sig og slíta svo sundur félag sitt og skipta sundur afli sínu í svo marga parta sem orðið getur í stað þess að halda saman og draga allir einn taum og hugsa fyrst og fremst um heiður og velgengni landsins sem öllum góðum Íslendingum ætti þó að vera í fyrirrúmi."

Þessi orð skrifaði einn vitrasti stjórnmálamaður Íslands fyrr og síðar, skáldið Jónas Hallgrímsson, fyrir um það bil 150 árum og aldrei hafa þau verið sannari en nú. Og þau verða alltaf sönn vegna þess að í brjósti Jónasar Hallgrímssonar brann ástin á landi, þjóð og tungu og eldur hugsjónarinnar um frjálst og fullvalda Ísland sem byði öllum landsmönnum réttláta hlutdeild í gæðum þess. Er þetta sú ímynd sem landsmenn hafa af landsstjórninni nú 150 árum seinna og nær 50 árum eftir að langþráð fullveldi var fengið? Eru ráðherrar íslensku þjóðarinnar ímynd manna sem hafa yfirsýn yfir réttlætið í samfélagi okkar, skilgreina það sem aflaga hefur farið og bera í brjósti hugsjónir um að berja í brestina og skila börnum okkar betra og heið-

arlegra þjóðfélagi en þeir tóku við? Svari því hver fyrir sig.

Við mér, hæstv. forseti, blasir mynd sem skelfir mig, mynd þar sem ást á landi og þjóð og vitræn framtíðarsýn eru víðs fjarri. Íslendingar gerðu það ljóst í almennum kosningum á sl. vori að þeir vildu að þáv. stjórnarflokkar héldu áfram því starfi sem þeir höfðu hafið. Einn þeirra, Alþfl., Jafnaðarmannaflokkur Íslands, kaus að hafa þann vilja að engu, ekki vegna grundvallarágreinings um stefnu þáv. ríkisstjórnar, eins og ætla mætti, heldur vegna persónulegrar óvildar tveggja ráðherra ríkisstjórnarinnar í garð alþýðubandalagsmanna. Og hvað olli þeirri óvild? Það var tvennt.

Alþýðubandalagsmenn vildu fara varlega í samningum um Evrópskt efnahagssvæði og þeir vildu fara varlega í samningum um nýtt álver. Alþb. leyfði sér að benda á varasöm atriði í báðum þessum málum en það var meira en þeir sem engum ráðum taka þoldu. Ímynd landsfeðranna er ekki lengur ímynd íhugulla manna sem hugsa og rökræða áður en ákvörðun er tekin, heldur er hún orðin ímynd óþolinmóðra spilamanna sem kunna best við sig í kastljósum fjölmiðlanna þar sem hver keppir við annan um vanhugsaðar yfirlýsingar og ábyrgðarlaust hjal.

Það tók ekki langan tíma að finna spilafélaga og glaðklakkalegir birtust þeir þjóðinni og höfðu myndað ríkisstjórn. Um hvað var ósagt látið og það er óljóst enn. Daginn áður en hæstv. forsrh. skyldi flytja stefnuræðu sína óskaði ég eftir að hið háa Alþingi fengi að líta samstarfssáttmála hinnar nýju ríkisstjórnar sem þá hafði þó verið við völd í nokkra mánuði. Sú ósk var ekki að ófyrirsynju fram borin þar sem lagður hafði verið fram listi um væntanleg stjfrv. til 167 laga, 167, virðulegur forseti. Mörg þessara frv. snertu undirstöður samfélagsins. Hæstv. umhvrh. varð fyrir svörum og taldi enn nokkurt verk óunnið áður en stjórnarsáttmáli lægi fyrir.

En viti menn. Morguninn eftir lá á borðum hv. þm. sáttmáli hinnar nýju ríkisstjórnar. Velferð á varanlegum grunni, stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Menn eru ekki lengi að því sem lítið er. Texti þessa rits er enda á þann veg að með hreinum ólíkindum er og væri best ef þingmenn sýndu ríkisstjórninni þá hollustu og ókomnum kynslóðum þá kurteisi að láta það hverfa. Í gær kom fram í Dagblaðinu að flokksstjórn Alþfl. hefði haldið fund um síðustu helgi og að sjálfsögðu hafði hún ekki treyst sér til að álykta um þetta dæmalausa rit.

En nokkru áður en syfjaðir embættismenn hófu störf í ráðuneytunum og suðu saman stjórnarsáttmála nóttina góðu höfðu hv. þm. haft tækifæri til að lesa frv. til fjárlaga árið 1992. Sárþreyttir embættismenn ráðuneytanna gátu því lítið annað gert við gerð stjórnarsáttmálans en tínt saman óljósar hugmyndir sem misfrumlegir ráðherrar og misskýrir í hugsun höfðu kastað fram þegar þeir óðu inn í ráðuneytin úr Viðeyjarferjunni því að nú skyldi tekið til hendinni. Öllum verkum sem í vinnslu voru skyldi kastað burt og skipti þá engu þó að þjóðarsátt hefði náðst um stefnumörkun, svo sem í skólamálum, kjaramálum, byggðamálum og á fleiri sviðum. Fílarnir voru komnir og óðu um glervörubúðina, eins og hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, orðaði það svo hnyttilega í umræðum um stefnuræðuna. Hugmynd Jónasar Hallgrímssonar um „að hugsa fyrst og fremst um heiður og velgengni landsins sem öllum góðum Íslendingum ætti þó að vera í fyrirrúmi" er líklega gamaldags í skæru ljósi fjölmiðlanna.

Þessi sérkennilega röð verkefna er engin tilviljun. Halda mætti að eðlilegra hefði verið að fyrst birtist sáttmáli um sameiginleg stefnumið, síðan fylgdi á eftir fjárlagafrv. og stefnuræða. Það er ljóst að það frv. til fjárlaga sem hér liggur frammi byggist á fjölmörgum lagabreytingum sem allsendis er óljóst hvort báðir stjórnarflokkarnir geta samþykkt, eins og þegar hefur komið fram. Sum ganga raunar þvert á grundvallarsjónarmið Alþfl. En með því að haga röðinni á þennan veg er Alþfl. stillt upp við vegg eins og fanga til aftöku. Verði ekki meiri hluti fyrir þeim frv. sem fjárlagafrv. byggist á er ríkisstjórnin fallin. Sú er trú mín að við eigum eftir að sjá Alþfl. heykjast í hnjánum áður en skotið ríður af.

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur haft mörg og stór orð um afleita stjórn ríkisfjármála í tíð síðustu ríkisstjórnar. Því hefði mátt búast við róttækum breytingum í því fjárlagafrv. sem hér liggur frammi samanborið við það síðasta. En hver er sannleikurinn? Er áætlaður fjárlagahalli minni? Er dregið úr umsvifum ríkisins? Er starfsmannafjöldi A-hluta minni? Eru útgjöld ráðuneytanna lægri? Þannig mætti lengi spyrja eftir öll stóru orðin. En sannleikurinn er þessi og mig undrar ekki þótt hæstv. ráðherra forðaðist að minnast á tölur í ræðu sinni áðan.

Áður en ég held áfram máli mínu, hæstv. forseti, vil ég mælast til að a.m.k. hæstv. fjmrh. sitji hér og hlýði á mál mitt og ekki væri verra að einhverjir fagráðherrar treystu sér til að vera viðstaddir umræðu um fjárlög. Hér er komin upp harla óvenjuleg staða og það er enda athyglisvert þegar á það er minnst, hæstv. forseti, að hinir ungu nýkjörnu þingmenn sem nú hafa kjörist til þings sækja þingfundi með ólíkindum illa, svo manni hlýtur að vera misboðið. Og ég vil biðja hæstv. forseta að reyna að ráða bót á þessu.

Ég mun nú halda áfram máli mínu, hæstv. forseti. Þó að hæstv. fjmrh. sjái ekki ástæðu til að hlýða á það þá vænti ég að því verði komið til hans í rituðu formi.

Ég var að tala um sannleikann sem felst í fjárlagafrv. nú samanborið við hið síðasta. Og sá sannleikur er svona: Frv. er lagt fram með 3,7 milljarða kr. halla sem samsvarar 1% af áætlaðri landsframleiðslu næsta árs. Þetta er sami halli í hlutfalli við áætlaða landsframleiðslu og í frv. í fyrra og nánast sama upphæð. Framsetning fjárlaganna er hefðbundin greiðslugrunnsframsetning. Skuldbindingar sem falla á ríkissjóð koma ekki inn í fjárlögin þrátt fyrir allt talið um það. Að vísu eru framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna og Byggingarsjóðs verkamanna aukin til að standa undir áætlaðri vaxtaniðurgreiðslu. Þessi framlög eru hins vegar með hefðbundnum hætti hluti ráðstöfunarfjár sjóðanna og koma því til útlána á næsta ári.

Þjónustugjöld eru hins vegar aukin og niðurskurður er á einstaka sviðum. Á heildina litið næst hins vegar enginn árangur í að draga úr umsvifum ríkisins. Heildarútgjöld, áður en þjónustugjöld og sértekjur eru dregnar frá, verða 31% af landsframleiðslu, samanber 29,9% 1990 og 31,2% í ár. Þetta er nú allur munurinn. Þar sem landsframleiðslan lækkar milli ára er samt um að ræða lækkun útgjalda að raungildi eða um 2,2%. Hér er þó um mun minni samdrátt að ræða en rætt er um í frv. og byggir á því að draga þjónustugjöldin frá útgjöldunum. Samdrátturinn er mestur í tilfærslum en rekstrargjöld aukast, bæði sem hlutfall af landsframleiðslu og að raungildi. — Er gott að sjá hæstv. fjmrh. ganga í salinn. (**Fjmrh.:** Þakka þér fyrir.) Ég er að bera saman tölur úr því frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir og hinu síðasta sem hæstv. ráðherra eðlilega forðaðist að minnast á sjálfur.

Rekstrargjöld ríkisins, áður en þjónustugjöld og sértekjur eru dregnar frá, aukast bæði að raungildi og sem hlutfall af landsframleiðslu. Þau verða 13% af landsframleiðslu 1992 samanborið við 12,5% í ár og 12,4% í fyrra. Á föstu verðlagi ársins í ár, miðað við verðlag samneyslu, verða þau 47,7 milljarðar kr. samanborið við 47 milljarða í ár og 47,2 milljarða kr. í fyrra.

Starfsmannafjöldi A-hluta verður svipaður og í ár. Skattheimta ríkisins er að mestu óbreytt. Skattar hækka lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu fyrst og fremst vegna 1,5% samdráttar í landsframleiðslu. Heildartekjur ríkisins án þjónustugjalda verða 28,1% af landsframleiðslu í samanburði við 27,5% í ár og 27,1% í fyrra. Það er afar erfitt að sjá mikinn mun á þessum tölum.

Þá er komið að þjónustugjöldum og þau hækka svo sannarlega. Það er liðurinn Sértekjur sem hækkar úr 4,6 milljörðum kr. í ár í 7,1 milljarð kr. í því frv. sem hér liggur nú fyrir. Að raungildi nemur hækkunin nærri 50%. Þjónustugjöldin hækka sem hlutfall af landsframleiðslu úr 1,3% í 1,9%.

Í frv. er reiknað með sölu eigna. Talað er um 1,1 milljarð af sölu eigna. Ekki er ljóst hvernig þetta á að gerast né hvort þetta á að koma til greiðslu á árinu. Hér er varla hægt að tala um tekjur þar sem í vissum skilningi er hér um að ræða jafngildi lántöku. Sá sparnaður sem fer í að kaupa hlutabréf af ríkissjóði fer ekki í að kaupa spariskírteini. Tekjur af sölu eigna eru ekki varanlegar tekjur. Sala eigna og fyrirtækja ríkisins getur í sumum tilfellum verið ágæt í sjálfu sér en hún leysir ekki hallavanda ríkissjóðs. Hallinn mælist of lítill sem þessu nemur.

Ég skal fljótlega ljúka þessari talnaromsu. Tekju- og eignarskattar einstaklinga aukast um 3,1% að raungildi. Eignarskattar einstaklinga aukast um 10,9% eða um 6,8% að raungildi miðað við verga landsframleiðslu. Og töluverð aukning er á útgjöldum hjá flestum skrifstofum ráðuneyta.

Síðast en ekki síst. Í forsendum frv. er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna álvers á næsta ári en alls óvíst hvort slíkar framkvæmdir hefjast þá. Ef ekki verður af þeim verða tekjur ríkissjóðs mun minni en gert er ráð fyrir í frv. Ráð virðist fyrir því gert að laun verði óbreytt frá því sem nú er, sem auðvitað er ekkert sem á er að treysta. Um það verða að fara fram kjarasamningar innan tíðar. Útgjöld heilbr.- og trn. aukast um 1% frá gildandi fjárlögum en útgjöld landbrrn. um 34%. Gert er ráð fyrir skólagjöldum sem alls er óvíst að samstaða náist um. Þannig mætti lengi telja. Í bréfi sem barst í dag frá Félagi ísl. iðnrekenda er talað um að á þessu ári séu horfur á að viðskiptahalli verði um eða yfir 20 milljarðar kr. sem er 5–6 milljarða meiri halli en gert hefur verið ráð fyrir til þessa. Og um 8 milljörðum meiri halli en fram kom í síðustu spá.

Í þessu fjárlagafrv. er tvennt sem sker sig úr. Annars vegar þjónustugjöld, sem auðvitað eru ekkert annað en álögur á þá sem síst skyldi, og svo töfraorðið einkavæðing. Fyrst mun ég fara nokkrum orðum um einkavæðingu. Á bls. 243 á þskj. 1 segir svo þar um, með leyfi hæstv. forseta: „Aðrar þjóðir hafa góða reynslu af því að einkavæðing leiði til hagkvæmni í rekstri. Stefnt er það því að beita svipuðum aðferðum hér."

Nú vill svo til að nú í október var staddur hér á landi kunnur breskur íhaldsmaður og fyrrv. borgarstjóri, Douglas Smith að nafni. Hann var staddur hér í boði Kynningar og markaðs og flutti aðalræðu á ráðstefnu um kynningarmál en hann er meðal kunnustu sérfræðinga á sviði kynningarfyrirtækja. Hvað hafði hann um einkavæðinguna að segja?

Í viðtali í Morgunblaðinu 8. okt. 1991 er fyrirsögn á viðtali við þennan umrædda mann sem hljóðar svo: „Stjórn Thatcher gekk allt of langt í einkavæðingunni." Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

Douglas Smith er spurður: Eru íhaldsmenn að digna í baráttunni, er frjálshyggjan og trúin á einkavæðingu á undanhaldi? Og Douglas Smith svarar: „Í fyrsta lagi er ekki margt eftir til að einkavæða. Eina sviðið sem eitthvað er rætt um að ráði eru ríkisjárnbrautirnar og kolanámurnar. Þetta er hvort tveggja erfitt viðureignar. Hverjum er eiginlega hægt að selja járnbrautarteinana?

Við erum búin að einkavæða almenn samgöngutæki þ.e. strætisvagna og rútur, sömuleiðis flugvellina, ríkisflugfélagið gamla, British Airways, rafveiturnar, vatnsveiturnar, gasfyrirtækin og símafélagið sem nú heitir Telecom.

Ég varaði við einkavæðingu í samgöngumálum en árangurslaust. Nú er ég smeykur um að sumir kjósendur eigi eftir að launa okkur lambið gráa. Fjöldi gamals fólks úti á landsbyggðinni, sem kosið hefur íhaldsflokkinn, er mjög háður strætisvagna- og rútuferðum. Þessir kjósendur finna sárt fyrir lélegri þjónustu einkafyrirtækjanna." Og spurningin er: Halda menn enn þá að einkavæðing tryggi betri þjónustu?

Með leyfi forseta ætla ég aðeins að lesa nokkur fleiri orð sem Douglas Smith sagði og bera yfirskriftina: „Hálfbrjáladir prófessorar." „Einkavæðingin hófst á skynsamlegum nótum í upphafi níunda áratugarins en endaði sem rugl. Hugmyndin var ekki gagnrýnd að neinu ráði en margir skoðanabræður mínir voru fullir efasemda, einkum þegar líða tók á valdaskeið Thatcher. En þú mátt ekki gleyma að breskur forsætisráðherra er

nánast einræðisherra í ríkisstjórn og flokki meðan hann heldur embættinu. Auðvitað þarf meiri hluti flokksins á þingi líka að vera traustur. Sá harði kjarni sem studdi Thatcher hefði auk þess farið sínu fram hvernig sem við hefðum látið og þeir voru í meiri hluta í þingflokknum. Bresk ríkisstjórn hefur yfirleitt 350–400 þingsæti á bak við sig og má gera ráð fyrir að um 100 þeirra séu annaðhvort í ríkisstjórninni sjálfri eða gegni valdamiklum embættum fyrir hana. Þessi hópur er sjaldan reiðubúinn að hætta völdum sínum með því að ganga gegn forsætisráðherranum.

Margar af hugmyndunum um einkavæðingu komu frá þrem svonefndum hugmyndabönkum flokksins sem voru yfirleitt mannaðir harla hægri sinnuðum flokksmönnum og sérfræðingum. Í röðum þeirra voru hálfbrjálaðir prófessorar."

Sagðirðu hálfbrjálaðir? spyr blaðamaðurinn. „Já, ég hef alltaf sagt að þeir séu það. Þetta eru menn sem auk þess eru ekki í neinum tengslum við raunveruleikann, einkavæðing strætisvagna t.d. var hugmynd afar undarlegs og geysilega hægri sinnaðs prófessors í einhverjum fílabeinsturninum", og lýkur þar, hæstv. forseti, tilvitnun.

Þetta var hin góða reynsla annarra þjóða af einkavæðingu sem ráðgjafar ríkisstjórnarinnar ættu að kynna sér vel áður en lengri greinargerðir berast frá fílabeinsturnunum og skal þó enginn dómur lagður á andlega heilsu þeirra sem þar sitja. Við skulum leyfa yfirlýsingum um hugsanlega sölu á Búnaðarbankanum og Skipaútgerð ríkisins í hæsta lagi að vera merki um létta ruglun, svo og einkavæðingu á kennslu grunnskólabarna. Það er hlutverk hins háa Alþingis að vera afruglari fyrir þær útsendingar.

Rétt áður en ég tók til máls barst bréf sem ég ætla að leyfa mér að kynna fyrir hv. þingheimi en það er ályktun sem samþykkt var á haustþingi Kennarafélags Reykjavíkur 5. okt. sl. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Kennarasamband Íslands leggur áherslu á að hvorki stétt né einahagur hafi áhrif á möguleika einstaklinga til náms. Kennarasamband Íslands varar jafnframt við stofnun einkaskóla sem einungis eru kostaðir af foreldrum og fyrirtækjum. Slíkir skólar verða fyrst og fremst sérskólar hinna efnuðustu í landinu."

Hið sama á við um þá geigvænlegu hækkun þjónustugjalda sem boðuð er. Ríkisstjórnin eygir enga leið til að auka tekjur ríkisins aðra en þá að láta þá greiða fyrir þjónustuna sem njóta hennar. Hverjir njóta svo þjónustu heilbrigðiskerfisins? Vitanlega þeir sem sjúkir eru, aldraðir eða fatlaðir. Og samkvæmt kenningu hæstv. heilbrrh. er óeðlilegt að við, fullvinnandi fólk í föstu starfi, séum að greiða fyrir þjónustu við þetta fólk. Samkvæmt kenningum frjálshyggjufólksins er þetta fólk auðvitað óarðbært. Það er óhagkvæmt í rekstri og þess vegna ekki á vetur setjandi. Rétt eins og gamla fólkið sem unir hag sínum vel í Hafnarbúðum þar sem það nýtur öryggis vegna stöðugleika í rekstri og áralangra kynna við aðra vistmenn. Þetta fólk er óhagkvæmt í rekstri og þess vegna ástæðulaust að bera undir það hugmyndir um að flytja það eitthvert annað. Vellíðan umræddra vistmanna, sem þegar öllu er á botninn hvolft unnu fyrir þeim fjármunum sem hæstv. ráðherrar eru nú að deila út, er óviðkomandi reikningum ríkisins. Útreikningar sýna að það er hagkvæmara að hafa þá annars staðar.

Því er hins vegar ósvarað fyrir hvern það er hagkvæmara. Umræðan um hagkvæmni hefur nefnilega ekki farið fram, enda er greinilegt að hugtakið vefst fyrir fleirum. T.d. setti hv. 1. þm. Vestf. spurningarmerki við það hvenær byggð væri hagkvæm eða óhagkvæm og lái honum hver sem vill. Það hygg ég að fólkið geri líka sem stritað hefur fyrir sér og sínum í þúsund ár á erfiðum stöðum þessa stóra lands, fólkið sem hefur erjað jörðina og hætti lífi og limum með sókn í það sjávarfang sem tilvera okkar byggist á, stundum við bærileg kjör, stundum í sárri neyð sem við þekkjum ekki lengur. Þetta fólk býðst nú hæstv. forsrh. til að leiða til blómlegri byggðarlaga og hjálpa því við að koma sér fyrir á nýjum stað.

Þetta er hugmynd ekki ólík þeirri sem skaut upp í rugluðum kollinum á úrkynjuðum dönskum kóngi í móðuharðindunum endur fyrir löngu, en hann vildi flytja kuldabólgna Íslendinga suður á jósku heiðarnar og Íslendingar hafa hlegið að æ síðan.

Í viðtali í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum sagði hv. 1. þm. Vestf. eftirfarandi um hugmyndir hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi skil ég ekki hvenær byggð er óhagkvæm eða hagkvæm. Ég vil ekkert um þessi ummæli segja. Hann auðvitað skýrir þau sjálfur. Ég tel að það sé hagkvæmt að búa sem víðast á þessu landi og það verður auðvitað að skapa sín skilyrði að fólk geti lifað þar sem það hefur lifað áður en nú er svo komið í þessu landi frjálsræðis að nú má enginn eiginlega fara á sjó nema með leyfi æðstu stjórnarherra í Reykjavík. Það var í gamla daga að menn fóru bara á sjó ef veður leyfði. En nú er beðið eftir einhverjum útreikningum og fræðingum og öllu slíku og ef þetta heldur svona áfram, þá verður kannski óhagkvæmt að vera nokkuð að stunda sjó. Það verða allir að fara í verslun og viðskipti og verðbréfasölu. Ef það er það hagkvæmasta, þá hlýtur að þurfa að færa þetta nær. Hins vegar hafa ýmsir aðrir verið að tala um að flytja fólk eins og hjá þjóð sem var undir járnhæl kommúnismans yfir 40 ár, sem sagt eins og í Rúmeníu. En það var nú ekkert lagt í það og það vita allir um endalok þess manns. En það gerist aldrei á Íslandi og það dettur engum manni í hug að flytja fólk nauðugt."

Þetta sagði hv. 1. þm. Vestf. Þó að samlíkingin sé ekki fögur, er óhugnanlegt sannleikskorn í henni. Þegar valdhrokinn nær tökum á stjórnvöldum og þau verða viðskila við fólkið í landinu sínu gerast atburðir eins og sagan hefur sýnt, bæði hérlendis og erlendis. Þá er fólk flutt hreppaflutningi eða til fjarlægra landa án tillits til velferðar þess sjálfs og vilja og mannúð og mildi einskis virt, mannúð og mildi, hæstv. forseti.

Mannúð og mildi eru ekki einungis orð. Þau eru lýsing á hugarfari sem kemur fram í verkum þeirra sem þau nota. Þau stjórnvöld sem ekki þekkja þessi orð bera dauðann í farteskinu eins og svo oft hefur kom-

ið í ljós. Það getur vel verið að það borgi sig ekki að eyða milljónum til bjargar einu mannslífi ef eingöngu er horft á tölur, ekki fremur en það borgaði sig fyrir unga móður að gefa fjölfötluðu barni sínu annað nýra sitt nú nýlega. En slík mál fjalla ekki um tölur. Þau fjalla um tilfinningar, um virðingu fyrir sérhverju mannslífi, um ást. Það orð er ekki oft nefnt í þingsölum, sennilega af því að það er erfitt að reikna ást út. En ég leyfi mér að halda því fram að ástlaus stjórnmál séu hættuleg stjórnmál. Og stjórnvöld sem enginn virðir eða þykir vænt um eru gagnslaus stjórnvöld og eiga ekkert skylt við stjórnvöld í lýðræðisríki. Engu ríki verður stjórnað af neinu viti gegn vilja fólksins sem byggir það. Vissulega er stundum erfitt að átta sig á vilja fólksins í landi okkar. En eitt veit ég þó. Fólkið í þessu landi vill að allir eigi sama rétt til náms þó að vissulega sé mikill munur á aðstöðu fólks í þéttbýli og dreifbýli. Jafnrétti virðist þó ekki vera stefna þessarar ríkisstjórnar ef hún kemur áformum sínum í framkvæmd.

Eitt þeirra þjónustugjalda sem mennirnir í fílabeinsturnunum hafa fundið upp er skólagjald, 17 þús. fyrir háskólanemendur, 8 þús. fyrir nemendur í öðrum framhaldsskólum. Slíkt getur orðið álitleg upphæð fyrir fjölskyldurnar í landinu að ekki sé minnst á einstæða foreldra. Þetta þykir ríkisstjórninni betri kostur en að skattleggja fjármagnsgróða hinna ríku.

Þá er vegið að Lánasjóði ísl. námsmanna sem er undirstaða jafnréttis til náms og mun ég ekki fara nákvæmlega yfir þann þátt núna þar sem mál sjóðsins verða rædd utan dagskrár á næstu dögum. Sú umræða hefur dregist allt of lengi vegna fjarveru hæstv. menntmrh. en hann hefur lofað að sitja fyrir svörum nú þegar hann er kominn til landsins. En um leið og sá arður sem vel menntað fólk í öllum greinum skilar þjóð sinni er að engu gerður er nú í fyrsta sinn litið á framfærslulán námsmanna á sama hátt og þau væru lán til eigin fjárfestinga. Með hugmyndum um vexti á námslán er orðin grundvallarstefnubreyting frá þeim viðhorfum sem hingað til hafa gilt um aðstoð til náms. Verðtryggingu var ekki mótmælt 1976, en vaxtagreiðslur og stytting endurgreiðslutíma er harkaleg árás á námsmenn sem sæta mun mikilli andstöðu.

Á 113. löggjafarþingi samþykkti hið háa Alþingi ný lög um grunnskóla. Frv. sem til laganna leiddi var afrakstur mikillar vinnu og samráðs við alla þá sem best þekkja til grunnskólakennslu í landinu. Ekki var ný ríkisstjórn fyrr tekin við en framkvæmd þessara laga er frestað án alls samráðs við það fólk sem best vann að lögunum og farið að boða fleiri einkaskóla fyrir börn efnaðra foreldra, enda stóð ekki á andmælum kennara við þessari firru á nýafstöðnu þingi eins og ég hef þegar kynnt. En þannig virðist þessi gæfulausa ríkisstjórn ætla að vaða yfir allt og alla án þess að þurrka af sér áður en inn er gengið. Menn eiga að þurrka af sér áður en þeir ganga í nýtt hús.

Ekki er langt síðan barn fékk ekki afhent prófskírteini við skólaslit af því að skólagjaldið hafði ekki verið greitt og barnið var þannig auðmýkt og niðurlægt fyrir augum allra viðstaddra. Er þetta það sem við viljum sjá gerast í grunnskólum landsins í framtíðinni? Það held ég ekki. En vera má að hugmyndin að menntastefnu fyrir útvalda sé einnig sótt til Viðeyjar þar sem út var gefin á sínum tíma fræg matreiðslubók sem bar heitið „Einfalt matreiðsluvasakver fyrir heldrimanna húsfreyjur."

Hæstv. forseti. Hér hefur verið stiklað á nokkrum atriðum sem felast í því frv. til fjárlaga sem hér er til umfjöllunar og þá helst þeim sem vega að þeim grundvallarskilningi sem menn hafa lagt í orðið velferðarþjóðfélag. En í því eru fleiri mikilvæg atriði sem lúta að því að brjóta niður það velferðarþjóðfélag sem við erum öll sammála um, enda segir á bls. 239 í 1. kafla grg. með frv. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsmönnum verður ekki lengur tryggð ein sú besta velferðarþjónusta sem völ er á án tillits til kostnaðar, afkomu manna og efnahagsaðstæðna." Skýrar verður það ekki sagt. „Ein sú besta velferðarþjónusta sem völ er á" er ekki fyrir alla. Hún er bara fyrir suma og þeir eiga von á góðu fyrir vestan eftir síðustu yfirlýsingar hæstv. forsrh.

Einu sinni var hlegið um allan Skagafjörð að karli sem var tjáð að kona hans þyrfti að gangast undir aðgerð. „Tekur því", spurði karl og tók um budduna. „Þetta er nú gömul manneskja." Þetta er heilbrigðismálastefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn. Stóra spurningin verður: Tekur því?

Hæstv. forseti. Spyrja má hvort það taki því að fara nákvæmlega yfir öll þau atriði í frv. til fjárlaga sem vert er að vekja athygli á. Ég tel óhjákvæmilegt að fara stutta yfirferð yfir helstu breytingar sem boðaðar eru aðrar en þær sem áður eru nefndar og mun reyna að stytta mál mitt sem kostur er.

Það vekur athygli í öllu vonleysishjali ríkisstjórnarinnar að í grg. frv. verða menn að viðurkenna að þeir taki við búi þar sem verðbólga er lág, gengi stöðugt og næg atvinna. Ef ríkisstjórnir nágrannaþjóða okkar fengju sömu einkunn og síðasta ríkisstjórn væri kæti á þeim bæjum að ég hygg. Vissulega horfir illa um afla. En það er nú eðli lífríkis hafsins að koma okkur á óvart með tilheyrandi hagsveiflum og spár mínar þar um eru litlu óáreiðanlegri en spár hvers annars. En ljóst er að ástæðulaust er að reikna með happdrættisvinningum í aflaverðmæti við gerð fjárlaga.

Það er einnig ljóst að í hönd fara kjarasamningar þar sem fjöldi launþega hlýtur að krefjast launahækkana eftir að forsendur þjóðarsáttar eru brostnar með álögum af ýmsu tagi. Og þá er annað höfuðmisklíðarefni fyrri ríkisstjórnar enn þá sagan endalausa, samningar um nýtt álver virðast hingað til aðeins skot út í loftið, eins og þeir nota við hönnun stórhýsa hjá Reykjavíkurborg, og tekjur af því einungis tölur á blaði.

Í grg. er tekið fram að horfur á peningamarkaðnum séu óvissar. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs minnki úr 12 milljörðum kr. á þessu ári í 4 milljarða árið 1992. En einnig er tekið fram að fjárþörf húsnæðiskerfisins verði áfram mjög mikil og allt óvíst þar um. Þegar við bætast öll þau lagafrv. sem afla eiga tekna í tekjuhlið fjárlaga og óvíst er um samþykki hins háa Alþingis fyrir er heildar-

tekjuhlið frv. nær ómarktæk. Okkur í fjárln. Alþingis er því nokkur vandi á höndum við að skipta fjármunum sem við vitum ekki hverjir eru. Við höfum enga tryggingu fyrir þeim 106 milljörðum kr. sem okkur er falið að deila milli verkefna.

Þá hef ég áður vakið athygi á slælegri innheimtu ýmissa álagðra gjalda og mikinn og óskiljanlegan mun á skilum á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þar þarf að taka til hendinni því að til lítils er að leggja á gjöld sem síðan eru ekki greidd. Ég vill enn ítreka við hæstv. fjmrh. að reynt verði að bæta úr þessu.

Ef litið er lauslega í gegnum það frv. sem hér liggur fyrir, þá vil ég byrja á hinu háa Alþingi. Ég hef vakið athygli á nauðsyn þess á undanförnum árum að hið háa Alþingi sjálft gerir raunhæfar fjármálaáætlanir og fari ekki fram úr fjárlögum. Árið 1988 vantaði 92 millj., árið 1989 64, en betur tókst til árið 1990 og var töluvert fyrir því haft og ber ekki síst að þakka það góðri stjórn starfsmanna og fjármálasviðs þingsins. Ég skal taka það fram að þá þurfti aðeins að biðja um 4 millj. á aukafjárlögum. Ég hlýt því að harma þær ákvarðanir sem á þessu sumri hafa leitt til að nú er beðið um 40 millj. kr. á aukafjárlögum sem nú liggja fyrir. Sumar eiga sér skýringu en aðrar eru einungis fram komnar vegna ákvarðana sem engin heimild var fyrir. Það er eftir sem áður skoðun mín að Alþingi fái það fé sem það telur sig þurfa án afskipta framkvæmdarvaldsins. En það er einnig skylda þess að halda sig frá fjáraukalögum.

Athugasemdir hef ég ýmsar við liðinn Æðsta stjórn ríkisins. Ég vil leggja á það áherslu að það er landi og þjóð til minnkunar að ekki skuli þegar í stað unnið að byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir forseta Íslands. Það er með eindæmum að forseti lýðveldisins skuli búa í eigin húsnæði nær eftirlitslaust og án öryggisgæslu eftir því sem ég best veit. Bessastaði hlaut þjóðin að gjöf og þar hafa nú orðið þær breytingar sem allir þekkja og eru eflaust til bóta. En til þess var ætlast að forseti sæti staðinn og hafi þjóðin ekki ráð á því að hýsa forseta sinn með myndarlegum hætti er lýðveldið heldur lágreist stofnun.

Í liðnum Forsætisráðuneyti vekur athygli að framlag til öryggismálanefndar fellur niður. Eins og allir vita varð sú nefnd til að skila umtalsverðri þekkingu á vígbúnaði og varnarmálum inn í landið sem flestum Íslendingum var að mestu framandi. En þekking og fræðsla eru ekki áhugamál hæstv. ríkisstjórnar um þau efni fremur en önnur og því er nefndin nú lögð niður og ber að harma það. Embætti húsameistara ríkisins tel ég óþarft og fráleitt að því sé ætlað að afla sértekna. Þessar sértekjur eru ekkert annað en tilfærsla á fjármunum frá öðrum opinberum stofnunum og hvergi skorið við nögl þegar reikningar eru sendir. Þessa stofnun þarf að taka til rækilegrar endurskoðunar og athugunar á því hvort hún sé ekki tímaskekkja.

Enn eina athugasemd vil ég gera við þennan fjárlagalið. Um margra ára skeið hafa staðið yfir rannsóknir á lífríki Þingvallavatns sem Pétri Jónassyni vatnalíffræðingi var falið að stjórna. Þessu verki er nú lokið og einungis eftir að koma út niðurstöðum á bók. Lagðar hafa verið til þessa verks nokkrar milljónir á fjárlögum undanfarinna ára en fé hefur einnig komið frá öðrum aðilum, innlendum og erlendum. Nú bregður svo við að 2 millj. til þessa verks eru felldar niður, hvað sem þá verður um jafnháa upphæð sem Landsvirkjun hefur lagt fram árlega. Þessi ráðstöfun er fráleit og hana ber að leiðrétta og að því verður að sjálfsögðu unnið innan nefndarinnar.

Lið 02 Menntamálaráðuneyti hef ég þegar gert að umræðuefni að nokkru. En ljóst er að auk þess sem áður var á minnst lækka framlög til rannsókna og vísinda að raungildi þrátt fyrir áætlun um tvöföldun á 10 árum. Lög um leikskóla og grunnskóla eru lögð í salt og héraðsskólar lagðir niður án þess að um það hafi tekist sátt. Engar fréttir eru af samningum við Félagsmálaskóla alþýðu um afnot af Reykholtsskóla og engar hugmyndir uppi um nýtingu Skálholtsskóla. Óvíst er um framtíð Reykjanesskóla. Víst má ræða breytta nýtingu þessara skóla. En menn eiga, eins og ég áður hef sagt, að þurrka af sér áður en þeir vaða inn.

Fjölmargar menningarstofnanir verða skurðarhnífnum að bráð. T.d. er sárt ef loka þarf safni Sigurjóns Ólafssonar sem kona hans, Birgitta Spur, hefur komið upp af fádæma elju og virðingu við verk manns síns, til þess eins að spara 5 millj. Ég vil minna hv. þingheim á að þessi mikli listamaður varð ekki þungur á fóðrunum hjá hinu háa Alþingi. Hann fékk heiðurslaun listamanna nokkrum dögum áður en hann lést og munu þau aldrei hafa komið til greiðslu.

Önnur listastarfsemi er skorin niður eftir geðþótta og vegið að einni blómlegustu listgrein landsmanna, leiklistinni, þó að engin listgrein geti státað af eins mörgum virkum listamönnum og áhugaleikhúsin um land allt. Stórfé virðist vanta til rekstrar Þjóðleikhússins og almennt verða flestar listgreinar hart úti. Síðast en ekki síst vil ég spyrja hæstv. menntmrh., sem að sjálfsögðu er ekki hér, hvort engin áætlun sé um að flytja inn í hið glæsilega hús sem keypt var af miklum myndarskap fyrir Handíða- og myndlistarskólann, Leiklistarskólann og Tónlistarskólann. Ekkert er ætlað í stofnkostnað svo að þessir skólar megi flytja þar inn og ég spyr: Á ekki að nýta þetta glæsilega hús til þeirrar starfsemi sem því var ætlað að hýsa en halda áfram að greiða svimandi háa húsaleigu til nafnkunnra einstaklinga fyrir óhentugt húsnæði og vanrækt fyrir þessa mikilvægu starfsemi? Ég óska eftir afdráttarlausu svari.

Ég geri mér grein fyrir að ræða mín hefur tekið nokkurn tíma, hæstv. forseti, en ég á enn nokkurt mál eftir. Í lið 03 Utanríkisráðuneyti ber að fagna því að embætti varnarmálafulltrúa í Brussel er lagt niður, hvað sem hann hefur nú haft að gera. Munar þar um einar 3 millj. og er það vel. Hitt þykir mér kyndugra að ástæða sé til að draga úr tollgæslu á Keflavíkurflugvelli. En mér hefur ekki gefist tími til að kanna það mál. Ég vil hins vegar ítreka enn tillögu mína, sem ég lagði fram í milliþinganefnd um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þess efnis að embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli verði óviðkomandi utanrrn.

Verði einhver til að hafa á móti 11% hækkun til sendiráða Íslands erlendis sem núv. hæstv. utanrrh. hefur oft hnýtt í, þá er ég ekki ein af þeim. Að þeim á að búa af myndarskap en ég hygg að starfskrafta þeirra megi nýta mun betur. Ég er viss um að sendiherrar okkar erlendis kysu heldur að annast fundasetu fyrir hönd ráðherra landsins um ýmis þau málefni sem þeir verða hvort sem er að gjörþekkja en að endasendast eftir ráðherrum á flugvelli heimsins og halda þeim, frúm þeirra og föruneyti rándýrar veislur oft í mánuði. Margir sendiherrar okkar eru menn sem hafa mikla þekkingu á alþjóðamálum og ættu auðvitað að veljast til starfa vegna þess og mikla fjármuni mætti spara með því að fela þeim viðameiri störf en að eltast við íslenska ráðherra á eilífum þeytingi um heiminn. Sendiráðin eru andlit okkar í hinum stóra heimi og útverðir íslenskrar menningar og þess vegna ber að búa þau myndarlega. 58 millj. á aukafjárlögum ársins 1991, m.a. vegna utanfara í sambandi við samninga um Evrópskt efnahagssvæði hefðu lækkað verulega ef sendiráðsfólk okkar hefði fengið að annast eitthvað af þessum fundum.

Það verður að játast að ég átti ekki von á að um störf hæstv. landbrh. yrði meiri friður en ýmis önnur og sannast þar að lengi má manninn reyna. Vera kann að þar sé flest svo niður njörvað að litlu verði hnikað og af takmarkaðri þekkingu minni sýnist mér einhver skynsemi í fjárlagafrv. þessa hæstv. ráðherra. A.m.k. sýnist þar ekki vaðið inn á skítugum skónum. Þó ber að benda hæstv. ráðherra á að hafa hemil á húsakaupum Skógræktar ríkisins án fjárlagaheimildar, eins og áttu sér stað Selfossi. Einnig mætti athuga svik sömu stofnunar við sunnlenska bændur varðandi skógræktarverkefni og 3 millj. í skólagjöld í Garðyrkjuskóla ríkisins er utan alls velsæmis. Þá er hæstv. ráðherra, sem er farsællega fjarverandi, inntur eftir hvernig þeim vísindarannsóknum sem hafnar voru að Mógilsá hefur reitt af eftir að forstöðumannsskipti urðu því að miklu skortir á að mínu mati að nægjanlegar rannsóknir hafi farið fram til grundvallar vinnu við uppgræðslu lands okkar og mikil nauðsyn á að þessar rannsóknir detti ekki niður.

Að öðru leyti og að þessum fallegu orðum sögðum um hæstv. landbrh. bíðum við byltingarinnar í íslenskum landbúnaði sem Alþfl. ræddi á flokksstjórnarfundi sínum um helgina og vonum að um hana takist farsæl sátt og samvinna við hæstv. ráðherra.

Í lið 05 Sjávarútvegsráðuneyti má sjá fyrstu merki um auðlindaskatt og verða það að teljast nokkur tíðindi. Það er Hafrannsóknastofnunin sem látin er ríða á vaðið og skulu nú hagsmunaaðilar í sjávarútvegi fjármagna að einhverju leyti rekstur stofnunarinnar. Ekki er svo að sjá að mikið samráð hafi verið haft við forráðamenn stofnunarinnar né hagsmunaaðilana og er það eftir annarri forræðisáráttu ríkisstjórnarinnar.

Þá hlýt ég aðeins að minnast á ótrúlegt klúður hæstv. dómsmrh. og heilbrrh. í málefnum ósakhæfra afbrotamanna þar sem ég hafði ítrekað tekið það mál upp hér í þingsölum en hér eins og annars staðar hafa fagleg úrræði lotið í lægra haldi fyrir valdhrokanum.

Þá er ljóst hverja virðingu stjórnvöld bera fyrir ályktunum hins háa Alþingis þegar kemur að kaupum á þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Í frv. til fjárlaga er ekki gert ráð fyrir neinu fé til þeirra kaupa þvert ofan í samþykkt þingsins. Það er úrræði ráðamanna að hefja umræður við bandaríska herinn um björgunarmál og sjúkraflutninga á landi.

Núv. hæstv. kirkjumálaráðherra hefði átt að hafa færri orð. Hann er að sjálfsögðu heldur ekki hér. Hann er trúlega á leiðinni til Íslands með þeim ráðherra sem eitt sinn spurði: Hverjir eiga Ísland? En ég vona að sú spurning komist til hæstv. kirkjumálaráðherra, hvað hann hafi átt við með óánægju sinni með niðurskurð fyrrv. fjmrh. á tekjum til þjóðkirkjunnar. Ekkert bendir til að ákvörðunum fyrrv. hæstv. fjmrh. hafi verið breytt í því frv. sem nú liggur fyrir. Þannig er þetta svo oft og það er svo margt í þessu frv. sem gerir það að verkum að maður hlýtur að spyrja: Hvernig er hægt að ætlast til að þjóðin taki þessa menn alvarlega?

Hæstv. forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Liður 07 Félagsmálaráðuneyti er að mestu óráðin gáta og lítið eftir af stóryrðum og hótunum hæstv. félmrh. Á ráðherranum er nú ekkert fararsnið þó að óvíst sé um fjármögnun til húsnæðismála, þó að ríkisábyrgð á launum verði takmörkuð, þó að jafnréttismálin séu síst betri en áður, eins og ný könnun á launum karla og kvenna í landinu sýnir þar sem konur eru varla hálfdrættingar í launum á við karla árið 1991, þó að skerða eigi Framkvæmdasjóð fatlaðra með því að verja nú þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins til viðhalds þegar byggðra stofnana.

Svo hefur stefna hæstv. ríkisstjórnar í heilbrigðismálum gengið fram af fólki að þau mál hlutu að koma fram í upphafi ræðu minnar. Skal ekki fleira um þau sagt að sinni, enda hygg ég að aðrir verði til þess.

Ég hef einnig aðeins vikið að samgöngumálum svo sem öllum hugmyndum um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins eða selja hana en ég hlýt einnig að minnast á framlög til jarðganga á Vestfjörðum sem nú stendur til að taka af vegafé. Það var aldrei ætlunin.

Flugmál gætu verið umræðuefni eftir að ljóst er að forræðishyggjumenn ríkisstjórnarinnar vilja ekkert vita af frjálsri samkeppni, enda hæstv. samgrh. nátengdur — ég sagði nátengdur, öllum einokunarfyrirtækjum í samgöngumálum á Íslandi eins og dæmin sanna og auðvelt er að sýna fram á.

Um lið 11 Iðnaðarráðuneyti mun hv. þm. Svavar Gestsson, fjalla hér síðar en hann er fulltrúi flokks okkar í hv. iðnn. Þar er líkast því að hið eineyga yfirvald íslensks iðnaðar hafi gleymt því að hann er til. Og augað eina beinist að nýrri álverksmiðju einni. Þar ríkir hugmyndaleysið öllu ofar og enginn sýnilegur áhugi á að nýta þann sköpunarmátt og verktækni sem finna má í landinu.

Af hinu ráðuneyti hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar er enn minna að frétta. Ógerningur sýnist að koma lögum yfir greiðslukortaþjónustu, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hv. þm., hlutafélagabraskið eða yfirleitt nokkuð annað sem lýtur að meðferð þeirra fjármuna sem fólkið í landinu aflar. Hæstv. ráðherra er valdalaust

handbendi bankavaldsins í landinu og berst fyrir vindunum sem blása frá húshornum þeirra sem því stjórna sem að sjálfsögðu eru hinir sömu og einoka allt annað viðskiptalíf í landinu.

Umhvrn. er svo nýtt en þó svo langþráð ráðuneyti að lítið er enn um það að segja. Eðlilegt er að bíða átekta og gefa hæstv. umhvrh. tíma til að sanna þjóðinni að hann skilur það sem hún skilur, að góð umgengni um umhverfið getur aldrei orðið nema arðbær og hagkvæm. Full ástæða er til að benda hv. þingheimi á ágæta grein eftir dr. Þorvald Gylfason í Vísbendingu 3. okt. sl., sem ber heitið „Hagvöxtur og mengun", þar sem hann bendir á að vaxandi mengun er ekki sjálfsagður fylgifiskur aukins hagvaxtar heldur sé þvert á móti forsenda aukins hagvaxtar umhyggja fyrir umhverfinu.

Hæstv. forseti. B-hluti þessa frv., um ríkisfyrirtæki og sjóði, er e.t.v. enn óljósari en A-hlutinn. Í fjölmörgum tilvikum er engin ákveðin stefna um rekstur fyrirtækja og sjóða og ótrúlegt að ákvarðanir verði teknar á þeim nauma tíma sem hv. Alþingi gefst til að ljúka afgreiðslu fjárlaga. Hvað gera skal við 3,7 milljarða skuld sem hvílir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins eru óútkljáð mál auk ótal margs annars. Þetta frv. til fjárlaga kemur mér því fyrir sjónir sem óábyrgar hugleiðingar í veigamiklum atriðum fremur en vönduð vinna manna sem reynslu og þekkingu hafa af ríkisfjármálum.

Að lokum þetta, hæstv. forseti. Ég hef rætt meira um það sem áhyggjum veldur í þessu frv. en það sem ásættanlegt er. Ríkisstjórn sem tekur við búi sem ekki er verra en svo að verðbólga er lág, gengi stöðugt og atvinnuleysi óverulegt ber fyrst og fremst að verja þá stöðu. Allar aðgerðir sem ógna þeirri stöðu eru hættulegar. Sérhver ríkisstjórn þarfnast tíma til að breyta veigamiklum atriðum í ríkisfjármálum, ekki síst þegar reynslulausir menn sem aldrei hafa á hið háa Alþingi komið setjast við stjórnvölinn. Íhygli og samráð eru góðir förunautar þeirra sem stjórna löndum og þjóðum svo að friður ríki um niðurstöðurnar. Það er engin stjórnviska að æða inn eins og flíahjörð og enn verra þegar flíahjörðin treður sér inn í þröngan flíabeinsturn og skellir á eftir sér.

Hið háa Alþingi stendur nú á merkum tímamótum eftir að þingið var fært í eina málstofu. Störf hv. fjárln. hljóta að breytast við það og sú er von mín að störf hennar verði markvissari. Nefndin á ekki að vera ríki í ríkinu hér innan hins háa Alþingis þar sem aðrar hv. nefndir þingsins eiga nú einnig að fjalla um fjárlög fyrir hina ýmsu málaflokka.

Fyrrv. hæstv. fjmrh. gerði ýmsar mikilsverðar breytingar á meðferð ríkisfjármála og nægir þar að nefna bætta innheimtu söluskatts og virðisaukaskatts auk þess sem aukaútgjöld ríkissjóðs fara nú að framlögðum frv. til fjáraukalaga í stað þess að áður var löngu búið að eyða því fé sem beðið var um með fjáraukalagafrv. svo að hið háa Alþingi stóð frammi fyrir gerðum hlut. Síðast þegar þetta gerðist voru það fjáraukalög síðustu 10 ára og geta menn gert sér í hugarlund hversu mikið gagn var að þeirri samþykkt. Margt þarf þó enn að breytast til batnaðar í meðferð ríkisfjár.

Ýmislegt kemur mér spánskt fyrir sjónir eftir mánaðarveru í hv. fjárln. sem ég mun ræða á síðari stigum afgreiðslu þessa frv. Nærtækt dæmi þó er það, sem ég get ekki sætt mig við, að fyrir hefur komið að hafnar séu framkvæmdir án heimildar Alþingis með undirrituðum loforðum þingmanna einstakra kjördæma um að þeir muni beita sér fyrir fjárframlögum til verksins. Slík loforð geta ekki verið nema pappírinn einn og ósæmilegt með öllu að hv. þm. taki sér slíkt vald. Miklu fremur ætti hið háa Alþingi að ráðast í færri verkefni, undirbúa framkvæmdir nákvæmlega og tryggja áreiðanlegar fjárhagsáætlanir og ljúka síðan hverju verki. Óarðbærir hússkrokkar um land allt eru óheppileg fjárfesting og gera engum gagn, hvorki einstökum kjördæmum né landsmönnunum í heild.

Sams konar ábyrgðarleysi einkennir að mínu viti þetta frv. til fjárlaga og það verður mikil vinna að skila því aftur til hins háa Alþingis svo að vit sé í. En stefna hæstv. ríkisstjórnar er ljós. Bilið milli ríkra og fátækra í landinu á enn að aukast og haldið skal áfram að færa sífellt meira fé á æ færri hendur. Í nýlegum sjónvarpsþætti um örlög byggðarinnar í Djúpuvík á Ströndum eftir að síldarævintýrinu lauk var gamall maður spurður hvort það hefði orðið byggðarlaginu til góðs. „Nei, þeir fóru með gróðann", sagði hann, „hann varð ekki eftir hér." Síldarkóngurinn sem þar var að verki deildi honum ekki heldur þegar hann kom heim til Hafnarfjarðar, ekki fremur en síldarkóngurinn frá Siglufirði deildi sínum gróða meðal Reykvíkinga þegar ævintýrunum lauk. Þetta fé vex og dafnar enn í dag í kauphöllum landsins undir trúrri forustu eigenda þess sem nú sitja m.a. hér á hinu háa Alþingi, kynslóð fram af kynslóð.

Við alþýðubandalagsmenn, hæstv. forseti, munum halda áfram að afhjúpa sannleikann um íslenskt efnahagslíf og skilgreina það þjóðfélag sem íslenskir launþegar búa við. Gera þeim skiljanlegt að Ísland er auðugt land sem ætti að búa fjölskyldunum í landinu betri kjör en þær búa nú við. En til þess þarf að ná þeim fjármunum, sem þeir hafa unnið fyrir, frá þeim sem hafa tekið sér þá til eigin þarfa. Og það er meginverkefni hæstv. fjmrh. fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Ég hef lokið máli mínu hæstv. forseti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru viss forréttindi að vera hér fulltrúi fyrir fámennasta þingflokkinn. Bæði er það að röð á mælendaskrá fer eftir stærð þingflokka og þeir stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað á undan mér, hafa rakið svo vel helstu atriði fjárlagafrv. að ekki er þörf á að endurtaka það allt aftur. Ég mun því reyna að forðast miklar endurtekningar og get fullvissað hæstv. fjmrh. um að ég mun reyna að vera stuttorð.

Hér hefur verið lagt fram fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Samkvæmt yfirlýsingum frá stjórnarliðum að undanförnu og í máli ráðherra áðan á þetta frv. að boða þáttaskil í ríkisfjármálum. Þetta er orðin árviss lexía til þingmanna á hverju hausti og gildir einu hverjir sitja í stjórn. Hvert einasta fjárlagafrv. er tímamóta-

frumvarp. Það er til þess ætlað að breyta um stefnu, draga úr ríkisumsvifum, hætta að vera með óraunhæf fjárlög því nú skulu forsendur standast þó að það hafi aldrei gerst áður samkvæmt reynslu undanfarinna ára.

Þegar skyggnst er til baka og rifjuð upp ummæli þingmanna við fyrri fjárlagaumræður voru ummæli hv. þm., Pálma Jónssonar, í umræðum um fjárlagafrv. fyrir tveimur árum, árið 1990, svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hæstv. ráðherra hefur sagt að frv. marki ákveðin tímamót. Það sé áfangi að nýjum grundvelli í efnahagsstjórn á Íslandi og það sé traustur rammi um efnahagslífið sem allir aðilar í þjóðfélaginu verði að laga sig að. Látið er að því liggja að frv. sé svo fullkomið að það þurfi helst engu að breyta." Síðan rekur hann málið nokkru nánar og bætir við: „Því miður er það svo að þegar farið er að skyggnast í málin hverfur glansinn og dökku hliðarnar blasa við." Þetta sagði hv. þm. Pálmi Jónsson um fjárlagafrv. fyrir tveimur árum síðan. Og þá sat andstæðingur hans, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, í stóli fjmrh. Nú situr flokksbróðir hv. þm. Pálma Jónssonar í stóli fjmrh. og ég get alveg hugsað mér að nota þessi sömu orð um fjárlagafrv. sem nú liggur frammi.

Það er svo að það er árlegur viðburður að fjmrh. leggi fram nýtt fjárlagafrv. sem í hvert einasta sinn á að vera fullkomnasta fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram því nú á að taka á ríkisfjármálunum, stemma stigu við eyðslunni, nú skulu skattar ekki hækkaðir, dregið skal úr skuldasöfnun og eftirspurn eftir lánsfé skal minnka o.s.frv. Þannig er þetta frv. líka til orðið. Það á að byggjast á velferð á varanlegum grunni, segja hinir vísu menn. Réttara væri að tala um helför á hallandi grunni. Því sú stefna sem þar kemur fram mun leiða þjóðfélagið á heljarþröm.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1992, sem forsendur fjárlagafrv. hljóta að byggjast á, er vissulega hið furðulegasta plagg. Landsframleiðslan á að dragast saman, þjóðartekjur minnka um 3% en bygging álvers á að bjarga málinu, svo trúverðugt sem það nú er. Verði breyting á þeirri áætlun verður að skoða allar efnahagsforsendur að nýju. Það er raunar hið eina sem ríkisstjórnin horfir á og vinnur að, önnur atvinnustefna er engin í þjóðhagsáætlun. Miklir fjármunir hafa verið notaðir til að greiða fyrir kostnað vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Þar erum við að ræða um hundruð milljóna. Þýðing laga og reglugerða Evrópubandalagsins kostar okkur a.m.k. 80 millj. og er þó ekki búið að loka þeim reikningi enn þá. Ferðakostnaður vegna samningagerðar EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði á þessu ári er orðinn 58,7 millj. kr. Undir samningana um Evrópskt efnahagssvæði var skrifað í nótt eins og alþjóð veit. Ekki er vitað að fullu hvað í þeim samningum felst en það kemur til kasta Alþingis að fjalla um það síðar. Flestir þeir fyrirvarar sem fyrri ríkisstjórn setti eru ekki lengur fyrir hendi.

Með samningnum erum við að afsala okkur hluta af fullveldi okkar. Erlendir dómstólar munu hafa úrskurðarvald í málum sem snerta hagsmuni okkar. Því er það sjálfsögð krafa að þjóðin sé spurð um afstöðuna til aðildar að Evrópsku efnahagssvæði í almennri atkvæðagreiðslu. En það virðist þó ekki vera á dagskrá samanber skoðun hæstv. forsrh. í umræðunum hér fyrr í dag.

Þetta frv. boðar minnkandi þjóðartekjur vegna aflasamdráttar á næsta ári, sem getur numið allt að 10 milljörðum króna og fer það nokkuð eftir því hvernig verðlag þróast á erlendum mörkuðum. Þar hefur verðlag verið mjög hátt á þessu ári og toppnum er sennilega náð. Þess vegna eru miklar líkur á að það muni fara lækkandi.

Í tekjuhlið frv. er gert ráð fyrir því að áætlanir um byggingu álvers verði að veruleika eins og ég sagði áðan. Það er þó engan veginn víst og margir óvissuþættir eru um þróun þeirra mála. Það er því ekki réttlætanlegt að ganga út frá þeim forsendum við samningu fjárlaga að úr því verði. Reyndar hafa heyrst gagnrýnisraddir um það úr höfuðstöðvum Vinnuveitendasambands Íslands.

Þá verður mikil aukning á sértekjum ríkssjóðs svokölluðum, eða um 2,5 milljarða. Það eru skólagjöld og þjónustugjöld ýmiss konar. Það er þó engan veginn víst að þingmeirihluti sé fyrir þeim ákvörðunum ríkisstjórnarinnar því yfirlýsingar sumra þingmanna úr hópi stjórnarliða benda til þess að þeir muni ekki samþykkja það. Niðurstaða í tekjuhlið frv. er því sú að þó því sé haldið fram að skattbyrði eigi ekki að aukast er það aðeins orðaleikur þar sem í stað beinna skatta eiga að koma þjónustugjöld sem rýra afkomu einstaklinga og heimila á næsta ári. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir auknum álögum á almenning í landinu alveg sama hvort það heita skattar eða þjónustugjöld. Hlutur ríkissjóðs af þjóðarkökunni eykst og verður nú 30% en er í ár áætlaður 28,7%.

En það má vissulega lesa stefnubreytingu út úr þessu frv. Sú stefnubreyting felur í sér að nú skulu borgarar þessa lands greiða í auknum mæli fyrir þá þjónustu hins opinbera sem hingað til hefur verið talin sjálfsagður hluti af velferðarkerfinu. Með því að taka upp stórhækkuð þjónustugjöld til sjúkrastofnana, setja á skólagjöld fyrir framhaldsskólanemendur og fyrir aðgang að háskólum og hækka lyfjakostnað sjúklinga er sú stefna tekin að færa kostnað vegna þessara málaflokka á herðar þeirra sem nota þessa þjónustu. Og þar finna stjórnarliðar breiðu bökin. Það er skólafólkið, það eru fjölskyldurnar með yngstu börnin sem þurfa yfirleitt mest að leita læknis við hinum ýmsu barnasjúkdómum, það eru aldraðir og öryrkjar sem þurfa oftast meira á lyfjum að halda en fullfrískt fólk á miðjum aldri. En foreldrar yngstu barnanna og eldra fólkið eru einmitt oftast tekjulægstu hóparnir í þjóðfélaginu. En sparnaður í rekstri ráðuneyta er ekki finnanlegur í hinu nýja fjárlagafrv. og heldur ekki í því fjáraukalagafrv. sem nú liggur fyrir Alþingi, fyrir árið 1991. Þar fara skrifstofur ráðuneytanna 80 millj. kr. fram úr fjárlögum yfirstandandi árs. Og greiðslur til fjmrh. fyrstu átta mánuði þessa árs voru 1 milljarður 124 millj. kr. umfram heimildir. Þar af er rúmur milljarður vegna fasteignakaupa. Það er því ævinlega sama úrræðið sem gripið er til, þ.e. að fara í vasa almennings til að standa undir því ríkisbákni sem fyrir löngu

er orðið að þeim óskapnaði sem engin lög virðast ná að minnka. *Og trúverðugleiki stjórnvalda til að minnka* umsvif ríkisins er ekki mikill þegar litið er til þess hvernig rekstur ráðuneyta fer sífellt úr böndunum.

Almenningi er sí og æ bent á að herða sultarólina en bruðl í rekstri ráðuneyta er á allra vitorði. Stundum hefur verið sagt að siðferðisvitund þjóðarinnar og meðferð fjármála sé á mjög lágu plani. En ætli þar eigi ekki við málshátturinn; það höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það, og í fullu gildi.

Þá er eftir að geta þess að í forsendum fjárlaga er ekki gert ráð fyrir neinum launahækkunum á næsta ári og það þrátt fyrir að samningar séu nú lausir hjá þorra launafólks. Það ber því allt að sama brunni, forsendur þessa frv. eru byggðar á mjög ótraustum grunni. Þá get ég ekki látið hjá líða að nefna að það er alveg sama hversu fallegar tölur koma út úr fjárlagafrv. það skiptir líka máli hvernig framkvæmd fjárlaganna er. Og eins og ég nefndi dæmi um úr fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár er það því miður dæmi um að aðhalds er ekki gætt sem skyldi og ætti Alþingi í raun að hafa meira um það að segja að fylgjast með því að fjárlög séu haldin. Allt of oft virðast ráðherrar haldnir þeirri blindu að þeir geti sjálfir ákveðið útgjöld sinna ráðuneyta óháð fjárlögum og allt of oft hafa þeir komist upp með það vegna þess að Alþingi, sem samþykkir fjárlög, fylgir því ekki eftir að þau séu haldin. Ríkisendurskoðun hefur margsinnis gert athugasemd við framkvæmd fjárlaga, sömu atriðin ár eftir ár og lítið orðið ágengt.

Þá er 6. gr. fjárlaganna mjög umdeilanleg þar sem svokölluð heimildarákvæði um ýmsa liði eru. Kemur þar hvort tveggja til að þar hafa ráðherrar mjög frjálsar hendur til ýmissa skuldbindinga og hafa þeir yfirleitt farið langt fram úr fjárlögum. Samanber að á þessu ári voru þær heimildir 300 millj. kr. en í fjáraukalögum er gert ráð fyrir að auka þær heimildir um 105 millj. kr. Þó telur Ríkisendurskoðun að enn vanti 700 millj. kr. á þær heimildir. Að mínu áliti er tímabært að þrengja þessar heimildir verulega þó að sú skoðun sé nokkuð útbreidd meðal þingmanna að einhverjar heimildir þurfi að vera fyrir hendi.

Annað í tekjuöflun ríkisins sem snertir framkvæmd þarf líka skoðunar við. Það er sú staðreynd að stór hluti álagðra skatta innheimtist ekki. Mjög er það mismunandi eftir skattumdæmum hvernig til tekst um innheimtu. Þar er víða pottur brotinn og dæmi um að ekki náist nema 50% af tilteknum gjaldaflokkum í innheimtu. Það er mjög ámælisvert að fyrirtæki skuli komast upp með að innheimta skatta af starfsmönnum sínum og skila þeim síðan ekki. Það hlýtur að vera meira en lítið að í innheimtumálum þegar útistandandi skattskuldir eru orðnar jafnháar þeirri upphæð sem er hallarekstur ríkissjóðs.

Að síðustu má nefna þær lagabreytingar sem er gengið út frá í forsendum fjárlagafrv. vegna tekju- og gjaldahliða. Þær lagabreytingar, sem þar eru kynntar, eru ekki komnar í framkvæmd. Þær eru hvorki meira né minna en 43. Þar er um að ræða breytingar sem geta skipt sköpum um afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Nægir þar að nefna lög um almannatryggingar, *lög um ríkisábyrgð á laun, um slysatryggingar*, heilbrigðisþjónustu, Atvinnuleysistryggingasjóð, Húsnæðisstofnun ríkisins, lyfsölusjóð, hafnalög, stjórn fiskveiða og búvörulög svo eitthvað sé nefnt. En hvað boðar þessi áætlun um ríkisbúskap fyrir fólkið í landinu? Hún boðar í stuttu máli aukna skattheimtu, sem nú er kölluð þjónustugjöld. Aukið atvinnuleysi, niðurskurð á opinberum framkvæmdum og versnandi afkomu heimilanna í landinu. Frv. boðar engar breytingar í þá átt að rétta við halla ríkissjóðs á næsta ári eins og forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa látið í veðri vaka. Gert er ráð fyrir halla í frv. upp á 3,7 milljarða kr. Trúlega á sú upphæð eftir að hækka í meðförum Alþingis samkvæmt reynslu undanfarinna ára og einnig í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 þegar það kemur fram. Þá eru horfur á peningamarkaðnum næsta ár mjög óvissar. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkisins minnki milli ára úr 12 millj. á yfirstandandi ári í 4 milljarða á næsta ári. En þá er fjárþörf húsnæðiskerfisins ekki meðtalin. Eins og nú horfir er lánsfjárþörfin 24 milljarðar og þar af á að taka 15 milljarða á innlendum lánamarkaði. Það verður því áfram keppt um sparifé landsmanna, sem heldur vaxtastiginu uppi. Samkvæmt áætlunum um nýjar erlendar lántökur á næsta ári mun skuldastaðan versna og hlutfall hreinna skulda af landsframleiðslu hækka úr 48,5% á þessu ári í 52% á næsta ári. Miklar umræður eru í gangi um tengingu íslensku krónunnar við ECU. Seðlabankinn hefur þó lýst því yfir að það sé ekki tímabært. Jafnframt eru ýmsar blikur á lofti sem benda til þess að haldið sé opnu fyrir hugsanlega gengisfellingu í vetur. Og á meðan svo er kemur tenging við ECU tæplega til greina.

Í byggðamálum eru markmiðin ekki háleit. En í hvítbókinni segir svo, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum styðja viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar.“ Enn fremur: „Ríkisstjórnin mun starfa í anda sátta milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.“ Í höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins á að taka ákvörðun um það hver séu vaxtarsvæði landsbyggðarinnar. Þar á að taka ákvörðun um hvaða byggðir eigi að vaxa. Og svokallaðar óhagkvæmar rekstrareiningar eiga að leggjast af. Hvað varðar það ákvæði að ríkisstjórnin ætli að starfa í anda sátta milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis er rétt að minna á ummæli hæstv. forsrh. á *flokksráðsfundi Sjálfstfl. nú um helgina*. En þau urðu tilefni til utandagskrárumræðu hér í þinginu í gær. Fannst mönnum það vera til að auka sátt milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar? Ef framhaldið verður í þeim dúr er ekki á góðu von og það *mun enn breikka það bil sem nú þegar er milli íbúa* þessa lands eftir búsetu.

Einn ljós punktur er þó í byggðamálum samkvæmt þessu fjárlagafrv. en það eru þær áætlanir sem gera ráð fyrir 340 millj. til niðurgreiðslna á rafhitun til íbúðarhúsnæðis. Það felur í sér að húshitunarkostnaður lækkar um u.þ.b. 10 þús. kr. á ári fyrir meðal íbúðarhús á svokölluðum köldum svæðum, þ.e. þar sem ekki er

hitaveita. Það er vissulega spor í rétta átt en þó er engan veginn stigið það skref sem þarf til að jafna húshitunarkostnað á landinu. Það er stór hluti af þeim byggðavanda sem við er að glíma hversu mikill munur hefur verið á þessum kostnaðarlið heimilanna eftir landshlutum og innan svæða. Furðu gegnir hve seint menn hafa áttað sig á því og leitað leiða til úrbóta. Þessum aðgerðum þarf að fylgja eftir og hefur fjárln. beðið um skýrslu um það hvernig þau mál séu hugsuð í framkvæmd.

Málefni fatlaðra eru einn sá málaflokkur sem vel er gert við í þessu fjárlagafrv. Þar er gert ráð fyrir að störfum fjölgi um 61 og fjárveitingar til rekstrar allra stofnana fatlaðra hækka um 190 millj. kr. Þetta er málaflokkur sem fyrirsjáanlega mun fara vaxandi á næstu árum enda er verið að gera stóra hluti í uppbyggingu þeirra mála um allt land. Lög um málefni fatlaðra eru í endurskoðun og mun bráðlega verða lagt fram frv. í þinginu.

Þegar hin nýju lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga tóku gildi var gengið frá kostnaðaruppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga sem þá var óuppgert. Ekki hefur þó enn verið gengið frá öllum endum í því sambandi. En framlag til þeirra mála er 400 millj. kr. á næsta ári. Er þar farið eftir vinnureglum sem mótaðar voru við afgreiðslu fjárlaga 1990. Áætlað er að lokauppgjör geti farið fram á árinu 1993. Það er von mín að þær áætlanir standist því það skiptir sveitarfélögin mjög miklu máli í sínum rekstri.

Um önnur einstök mál væri hægt að fjalla frekar í þessum umræðum, en eins og ég sagði í upphafi sé ég ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins. Næstu vikur fer fram vinna í fjárln. um einstakar greinar frv. og þar verða mótaðar tillögur um breytingar.

Ég tel þó ástæðu til að ítreka þá skoðun mína að þetta fjárlagafrv. boðar ekki bjarta framtíð fyrir hina íslensku þjóð. Einkenni þess eru aukin skattheimta, niðurskurður og skuldasöfnun. Það boðar vaxtahækkanir og versnandi afkomu atvinnuveganna. Það boðar aukin umsvif skrifstofubáknsins í Reykjavík. Þessi ríkisstjórn er haldin frjálshyggjuofstæki sem vonandi kemur henni sjálfri í koll sem allra fyrst.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Jafnan þegar fjárlagafrv. er lagt fram til 1. umr. spara stjórnarandstæðingar ekki stórar yfirlýsingar, stór orð og gagnrýna mikið. Reynslan hefur sýnt að svo hefur verið nú eins og áður. Það er einnig rétt að allar ríkisstjórnir sem hafa lagt fram sín fjárlagafrv., síðasta ríkisstjórn líka, hafa sett fram frómar óskir og góðar vonir. En það sem mestu skiptir er hvernig tekst með framkvæmdina á sjálfum fjárlögunum. Við erum ekki að leggja fram fjárlög. Við erum að leggja fram fjárlagafrv. til 1. umr. Þetta frv. á eftir að fara til fjárln. til umræðu og skoðunar og síðan lagt aftur fyrir þingið í tveimur umræðum. Reynslan hefur sýnt að fjárlagafrv. hefur jafnan tekið breytingum í meðförum þingsins, allt að 2–3% og jafnvel hærri tölu, og þannig á það að vera. Þetta er stjfrv. Þetta er frv. ríkisstjórnarinnar og það reynir á þingið hvernig það muni fara með frv. En það er alveg hárrétt að að baki þessu frv. standa tveir þingflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl. Fjmrh. hefur gert grein fyrir innihaldi frv., þeim forsendum sem að baki liggja og þeirri framtíð sem blasir við.

Það vakti athygli mína í ræðum stjórnarandstæðinga að þeir skyldu draga dul á það ástand sem við blasir í þjóðarbúinu um þessar mundir. Þjóðarframleiðsla fer minnkandi, viðskiptakjör eru að versna, hagvöxtur er að dragast saman og skuldsetning þjóðarinnar er að verða eitt allsherjarvandamál. Arfurinn úr fjármálaráðherratíð fyrrv. fjmrh. er ekki grunnur til þess að byggja á öðruvísi en tekið verði á ríkisfjármálunum með allt öðrum og gjörbreyttum vinnubrögðum.

Síðustu ríkisstjórn tókst að ná verðbólgunni niður. Verðbólgan er enn á viðunandi stigi og allar líkur til þess að hún vaxi ekki ef tekst að ná fram mörgum þeim markmiðum sem fjárlagafrv. boðar. Það var gott verk hjá þeirri ríkisstjórn og þar náði hún sínum besta árangri, að ná niður verðbólgunni. En það verður að spyrja að því núna hvort það kunni að vera að lífskjörin í þessu landi byggi á fölskum grunni þegar skuldsetning þjóðarinnar er orðin slík og raun ber vitni. Ætlum við enn og aftur að afgreiða frómar óskir og góðar vonir með aukinni lántöku? Það er stóra spurningin og þar reynir á þingið. Þar reynir á ríkisstjórnina. Þar reynir á okkur öll.

Frv. miðar að því að það verði afgreitt með 4 milljarða kr. halla og að heildarlánsfjárþörf opinberra aðila verði ekki meiri en 24 milljarðar. Hér er stigið skref í rétta átt í að draga úr þenslu ríkisins. Launþegar hafa staðið að þjóðarsátt um kjarasamninga sína síðustu ár. Það verður að spyrja hvort ríkisvaldið hafi sl. ár tekið yfir höfuð þátt í þeirri þjóðarsátt sem launþegar hafa tekið á sig. Ríkið hefur spennt bogann hátt, bæði með þenslu skrifstofubáknsins í Reykjavík og á suðvesturhorninu og með ýmsum aðgerðum sem hafa stuðlað að fólksflutningi af landsbyggðinni suður til Reykjavíkur undanfarin ár, ekki bara í tíð síðustu ríkisstjórnar heldur jafnvel síðustu 20 ár. Þetta hefur orðið til þess að þenslan hefur aukist. Spurningin er hvort við eigum að halda þessari þenslu áfram á grundvelli lána.

Þenslan hefur líka haft þau áhrif að vextir eru hér hærri en í nokkru öðru nágrannalandi og eru að sliga atvinnulífið þannig að það verður of lamað innan tíðar til þess að borga mannsæmandi laun, til þess að standa við samningsbundið andspænis launþegum sem krefjast nú hærri launa. Og ég skil það vel. Ég skil það vel á meðan ríkisvald undanfarinna ára hefur haft forustu um að spenna bogann og taka sí og æ meiri hlut af kökunni til sín. Í raun og veru er ríkisvaldið orðið eins og fíkill á fjármagnsmarkaðinum í leit og eftirsókn eftir fjármagni til þess að fjármagna frómar óskir og góðar vonir án þess að eiga innstæðu fyrir því að greiða fyrir þessar frómu óskir og góðu vonir. Hér verður að staldra við.

Þetta fjárlagafrv. er tilraun til þess að staldra við. Það er tilraun til þess að við horfum í eigin barm og reynum að skoða hvort við eigum innstæður fyrir þeim framkvæmdum og þjónustu og því velferðarkerfi sem

við viljum verja í þessu landi. Það er kjarni málsins, að verja velferðarkerfið í þessu landi þrátt fyrir minnkandi þjóðarframleiðslu, versnandi viðskiptakjör, minnkandi hagvöxt og skuldsetningu þjóðarinnar. En um leið að treysta hag ríkissjóðs þannig að hann megi takast á við aukin verkefni.

Hér hefur ekki mikið verið rætt um að frv. gerir ráð fyrir að gera nýtt átak í samgöngumálum með því að auka framlög til þeirra. Það er framlag til eflingar byggðastefnu í landinu. Það hefur verið minnst á að málefni fatlaðra fái sérstaka umfjöllun og þar er um aukin framlög að ræða? Lítið hefur verið rætt um að það eigi að halda áfram uppbyggingu félagslegra íbúða í landinu með því að framlag til þess liðar á fjárlögum lækkar ekki heldur er að rauntölu það sama og var síðast sem tryggir það að nú getum við byggt a.m.k. 500–600 íbúðir til viðbótar. Það er líka byggðastefna gagnvart þeim sem áhuga hafa á þeim málum. Og það var gott að heyra þingmann Kvennalistans fagna lækkun húshitunarkostnaðar sem ríkisstjórnin hafði forgöngu um. Það var raunverulega fyrsta verkefni þessarar ríkisstjórnar, sem hún samþykkti í upphafi ferils síns, að lækka húshitunarkostnaðinn um 11% á hinum köldu svæðum á landsbyggðinni og er ekki vanþörf á. Er hér einungis um að ræða fyrsta áfanga af þremur til þess að lækka húshitunarkostnað enn frekar. Hér er í raun og veru um eitt brýnasta lífkjarajöfnunarmál að ræða fyrir fólkið á landsbyggðinni.

Í fjórða lagi vildi ég nefna að það er ásetningur þessarar ríkisstjórnar að flytja ríkisstofnanir út á land eins og aðstæður frekast leyfa. Því hefur verið lýst yfir að Byggðastofnun eigi að flytja norður á land og ég veit að í athugun er flutningur á fleiri ríkisstofnunum. Það er raunhæft skref til byggðajöfnunar og það er líka raunhæft skref til lífskjarajöfnunar í þessu landi.

En það er líka mergurinn málsins hvernig okkur tekst að tryggja og jafna lífskjörin í landinu þrátt fyrir að við verðum að draga saman seglin í ríkisfjárfestingum og ríkisútgjöldum. Það er hárrétt hjá þingmanni Framsfl., Guðmundi Bjarnasyni, að ekki var samstaða um öll atriði fjárlagafrv. í þingflokki Alþfl. Er það óeðlilegt? Í ríkisstjórninni starfa saman tveir ólíkir flokkar og þar er tekist á um ólík sjónarhorn og ólík viðhorf í mörgum málum. Þar verður að ná málamiðlun og þannig gengur það fyrir sig og hefur gengið fyrir sig í ríkisstjórnum þar sem tveir eða fleiri flokkar starfa saman allt til þessa.

Um eitt atriði tókst ekki samstaða. Það var í sambandi við skólagjöld sem mikið hafa verið til umræðu allt fram að þessu. Fjórir þingmenn í þingflokki Alþfl. hafa lýst því yfir að þeir muni ekki styðja aukin skólagjöld, eins og fyrir þeim er gerð grein í fjárlagafrv. Það kann einnig að vera, eins og ég hef sagt áður, að í meðförum þingsins eigi einstök atriði eftir að taka nokkrum breytingum eins og reynslan hefur jafnan sýnt í umræðum um fjárlagafrv. á Alþingi.

Það verður að halda fullri atvinnu í landinu þrátt fyrir að á móti blási. Það gerum við með því að treysta atvinnulífið eins og við frekast getum. Það verður að halda verðbólgustiginu lágu og þar með vinna gegn því að vextirnir hækki, heldur lækki. Og það verður að treysta búsetuna í landinu og jafna lífskjörin. Þessi markmið verður að hafa að leiðarljósi í umræðum á Alþingi og líka við afgreiðslu fjárlagafrv. er þau verða að lögum.

Frú forseti. Um þetta má hafa mörg orð. En mikilvægast er að þjóðarsátt takist um stefnuna í ríkisfjármálunum, að þjóðarsátt takist um kjaramálin í komandi kjarasamningum og þjóðarsátt takist um búsetuna í landinu. Ég held að þjóðarsátt eigi víðar við en við samningaborð um kaup og kjör. Þjóðarsátt á við á flestum sviðum og aldrei frekar en nú.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að fjalla lítillega um nokkra þætti fjárlagafrv. sem snúa að heilbrigðisþjónustunni. Eins og við þekkjum hefur læknisfræðin verið á hraðri framfarabraut undanfarinn áratug. Þess vegna hafa útgjöld til heilbrigðisþjónustu hérlendis aukist að sama skapi. Aukningin nemur u.þ.b. 75% á undanförnum áratug miðað við fast verðlag. Nú nemur hlutfall þeirra af vergri landsframleiðslu tæplega 9% en var um 6,5% fyrir um áratug. Ég vil hins vegar benda á að iðulega þegar rætt hefur verið um heilbrigðisþjónustu og sparnað á þeim lið hefur verið vísað til heildarútgjalda heilbrrn., sem eru 40% af útgjöldum ríkissjóðs, en ekki til þeirra u.þ.b. 25% sem eru hlutur heilbrigðisþjónustu.

Vegna framangreindra framfara hefur hlutfall heilbrigðisþjónustu af vergri landsframleiðslu alls staðar í heiminum farið vaxandi á undanförnum árum og því er hækkunin hér ekkert einangrað fyrirbæri. Með sífelldum tækninýjungum, auknum fjölda aldraða og síauknum kröfum um góða heilsu, allt frá getnaði til grafar, munu útgjöld til þessa málaflokks aukast gríðarlega ef ekki verður gripið í taumana og aðhald aukið. Jafnvel þótt aðhald í þessum málaflokki verði aukið er fyrirsjáanlegt að ekki verður á næstunni unnt að stöðva algjörlega aukningu útgjalda, heldur einungis hægja á þeirri þróun. Þetta er vel þekkt alþjóðlegt vandamál og í nágrannalöndum okkar er nú alls staðar leitað leiða til lausnar.

Eitt af einkennum heilbrigðisþjónustunnar, eins og hún hefur verið veitt á undanförnum árum í flestum löndum hins vestræna heims og ekki síst á Norðurlöndum, er að ríkið hefur greitt nánast fyrir alla þjónustu með fáeinum undantekningum þó. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að hvorki sjúklingarnir, sem eru neytendur þjónustunnar, eða heilbrigðisstéttir, sem eru veitendur, hafa beinlínis haft hag af því að velja ódýrustu leiðir. Skynbragð þeirra á kostnað í heilbrigðisþjónustu hefur verið svo lítið til dagsins í dag að sem dæmi heyrist enn sú fullyrðing þegar Íslendingar tjá sig um heilbrigðisþjónustuna að heilbrigðisþjónustan á Íslandi kosti ekki neitt. Heilbrigðisyfirvöld hafa enn fremur, því miður, ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi, þ.e. að hafa forgöngu um að efla skynbragð almennings á þessi mál. Eitt gleggsta dæmið um það var frá heilbr.- og trmrn. sjálfu þegar tilkynnt var fyrir u.þ.b. hálfu öðru ári að heimsókn til heimilis-

læknis kostaði ekki neitt.

Við búum í velferðarþjóðfélagi og ég veit ekki um nokkurn Íslending sem ekki vill halda því áfram. Hins vegar er ekki þar með sagt að við eigum ekki að gæta að kostnaði í allri þjónustu og velferðarþjónustu ekki síst. Ýmsar leiðir eru til í þessum efnum án þess að skerða þjónustu eða gæði. Ein áhrifaríkasta leiðin er að efla verðskyn og kostnaðarvitund þeirra sem þjónustunnar neyta og þeirra sem hana veita. Það eru þessir aðilar fyrst og fremst sem geta veitt aðhald með ákvörðun um hagstæðustu lausn án þess að velferð þeirra minnki. Að mínu mati er það einmitt þessi leið sem verið er að reyna að feta í fjárlagafrv. fyrir 1992.

Grundvallarstefna frv. er aðhald, ekki með miðstýrðu valdi ráðuneytisins, heldur af hálfu veitenda og neytenda. Dæmi um þetta eru hin svokölluðu þjónustugjöld. Í ráði er að hækka það gjald sem sjúklingur greiðir úr eigin vasa við heimsókn til sérfræðings og einnig að aftur verði tekið upp gjald til heimilislæknis sem verði þó mun lægra en til sérfræðings og þannig hvatt til að leitað sé til heimilislækna nema um sérstakar ástæður sé að ræða. Hóflegar greiðslur sjúklinga fyrir læknisverk eiga ekki að koma venjulegum bjargálna borgurum fjárhagslega á kné. En slíkt fyrirkomulag hlýtur að vekja viðkomandi sjúklinga og lækna til umhugsunar um hvort og hvaða þjónustu sé þörf hverju sinni.

Nú þegar má sjá þess veruleg merki í lyfjakaupum eftir reglugerðarbreytinguna í sumar að hófleg greiðsla sjúklinga fyrir lyf veitir aðhald í lyfjakostnaði og lyfjaneyslu. Hitt er einnig ljóst að það verður að taka tillit til ákveðinna hópa þjóðfélagsins, ýmist af þeirri ástæðu að þeir þurfi á tíðri þjónustu að halda eða að þeir eru undir ákveðnu tekjumarki. Til þessara hópa vil ég einkanlega telja öryrkja, aldraða, fólk með langvinna sjúkdóma og ekki síst börn. Er eðlilegt að þessir hópar greiði hlutfallslega lægra gjald. Einnig tel ég eðlilegt að sett verði ákveðið hámark á heildarútgjöld einstaklinga eða heimila til heilbrigðisþjónustu og þá á ég bæði við um svokölluð læknisverk og lyfjakaup.

Stuðningur við hugmynd um þjónustugjöld byggir á þeirri skoðun að fólk í fullri vinnu og yfirleitt heilsuhraust komist varla á vonarvöl fjárhagslega þótt það þurfi að greiða nokkur þúsund krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustuna því þegar þetta sama fólk þarf á lengri og tímabundinni þjónustu að halda mun það sjálfkrafa flokkast í þann hóp sem er undanþeginn gjaldi. Hitt er nokkuð víst að það aðhald, sem greiðsla fyrir heilbrigðisþjónustu úr eigin vasa veitir mun hafa áhrif á og hægja á útgjaldaaukningu.

Það má deila um hvort heppilegra sé að hafa fastagjald án tillits til kostnaðar við þjónustuna eða hafa gjöldin sem hlutfall af heildargreiðslu fyrir læknisverk. Tel ég eðlilegra að þau væru hlutfallsleg við heildargreiðslu. Gagnrökin fyrir slíku fyrirkomulagi hafa verið þau að það yrði of flókið í framkvæmd. Hins vegar er ljóst að lyfjaverslanir og læknar munu í nánustu framtíð vinna alla reikninga sína sjálfvirkt á tölvu. Ég sé þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að þessu kerfi verði komið á. Hlutfallsgreiðslur munu kalla á enn frekari aðgát í útgjöldum, bæði hjá sjúklingum og heilbrigðisstéttum.

Tækniný jungar í heilbrigðisþjónustunni gera kleift að bjarga fleiri mannslífum, stytta legutíma á sjúkrahúsum og halda sjúklingum lengur alfarið utan sjúkrahúsa. Þær þýða því ekki eingöngu aukinn kostnað. Þróun í læknisfræði undanfarin ár hefur haft í för með sér gjörbyltingu á þjónustumunstri og þá einkanlega sjúkrahúsa. Þau sinna í sífellt ríkari mæli sjúklingum sínum á göngudeildum eða sjúklingar fá þjónustu á venjulegum lækningastofum. Það á því ekki lengur við að ræða um þjónustuumfang sjúkrahúsa með tilvísun í rúmafjölda, eins og gert hefur verið af mörgum, bæði hv. þm. og öðrum aðilum utan þings.

Það er nauðsynlegt að fá mælikvarða á eins konar framleiðni þessara stofnana. Með framleiðni á ég ekki einungis við fjölda innlagðra sjúklinga og göngudeildarþjónustu, heldur er nauðsynlegt að taka tillit til samsetningar sjúkdóma og þá þjónustu sem á við á hverjum tíma. Að auki sinna stóru sjúkrahúsin iðulega rannsóknum fyrir önnur sjúkrahús og lækningastofur sem einnig er nauðsynlegt að reikna með þegar rætt er um þetta hugtak — framleiðni sjúkrahúsa.

Það er m.a. vegna þessara framangreindu breytinga sem orðið hafa á undanförnum árum í þjónustumunstrinu að hugað er að því í frv. hvort grundvöllur sé fyrir náinni samvinnu eða samruna Borgarspítala og Landakots. Rúmafjöldi þessara spítala sem formlega er skilgreindur fyrir bráðasjúklinga er að öllum líkindum of mikill í dag miðað við framangreindar breytingar og verður eflaust betur nýttur fyrir hjúkrunarsjúklinga á skipulagðan hátt, en þar er einmitt neyðin stærst. Það er þó ekki ljóst í hvaða formi samrekstur eða mjög náin samvinna Borgarspítala og Landakots verður né hvernig þessi sjúkrahús ætla sér að ná tilætluðum sparnaði. Hins vegar er ljóst að þarna er kjörið tækifæri til þess að stokka upp rekstrarform hjá báðum aðilum og færa þau formlega í það horf að þau endurspegli glöggt þær tæknilegu framfarir sem orðið hafa. Ljóst er þó að enn þá eru hendur manna bundnar þegar til breytinga er boðað og þar ber hæst þau takmörk sem núverandi starfsmanna- og kjarastefna ríkisins gefur, enda nemur launaþáttur þessara stofnana sem við erum að ræða um 60–70% af heildarkostnaði. Því er nauðsynlegt að koma á meiri sveigjanleika í ráðningum og í launagreiðslum til starfsmanna. Þess vegna ber að fagna áformum í frv. um að endurskoða lög um starfsmanna- og kjaramál ríkisins.

Mér er kunnugt um að fulltrúar Borgarspítala og Landakots hafa þegar hafið viðræður um framtíðarfyrirkomulag. Hver sem útkoman verður af fyrirhuguðum samrekstri eða samvinnu milli Borgarspítala og Landakots tel ég nauðsynlegt að endanlegt rekstrarform þessara stofnana verði frábrugðið því sem gerist á Landspítala, þannig að skoða megi með samanburði bæði kosti og galla hvers kerfis og þróa þannig löngu staðnað rekstrarform allra sjúkrastofnana.

Þótt því sé ekki hreyft í frv. tel ég löngu orðið tímabært að endurskoða rekstrarform heilbrigðisþjónustu um land allt og ekki síst með tilliti til starfsmanna- og

kjaramála. Ég tel ekki rétt að festa með lögum fjölda starfsmannaheimilda og innbyrðis skiptingu þeirra. Lögin eiga fyrst og fremst að tryggja að ákveðin þjónusta og gæði séu fyrir hendi en ekki að binda í tíma og rúmi mönnunarmunstur einstakra stofnana sem ekki eru í takt við þær framfarir og þær breytingar sem orðið hafa og munu verða á heilbrigðisþjónustu. Ég fagna því að nú þegar starfar nefnd sem kannar rekstur sjúkrahúsa, m.a. utan Reykjavíkur.

Nýleg lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru að mínum dómi tímaskekkja, a.m.k. hvað snertir heilbrigðisþjónustu. Vandamál sveitarfélaganna var fyrst og fremst óraunhæft fjárframlag til heilbrigðisþjónustu, en ekki að þau væru vanhæf til fjárhagslegrar eða stjórnunarlegrar ábyrgðar. Það eru ýmsar leiðir til að meta fjárþörf, m.a. með því að taka tillit til aldursskiptingar, fjölda fólks í héraði, með tilliti til faraldsfræðilegrar þekkingar og einnig er að koma fram á sjónarsviðið kerfi sem mælir framleiðni, ef við viljum kallað það því nafni, í heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa. Sambærilegt kerfi fyrir sjúkrahúsaþjónustu hefur verið notað í ýmsum nágrannalöndum okkar á undanförnum árum. Þar með er gert kleift að bera saman á raunhæfan hátt kostnað milli sjúkrahúsa í sem flestum sérgreinum. Þetta kerfi er nú þegar tilbúið á Landspítala og ég beini því til heilbrrh. að hann gefi öðrum sjúkrahúsum kost á uppsetningu þess hið fyrsta.

Að endingu vil ég gjarnan fara nokkrum orðum um þjónustu við aldraða. Heilbrrh. hefur lýst því yfir að hann muni sérstaklega beita sér fyrir lausnum á vanda aldraðra og því ber að fagna. Flestum er kunnugt um þann stóra hóp aldraðra á höfuðborgarsvæðinu sem bíður eftir innlögn á hjúkrunarheimili. Þessi hópur er ekki þess megnugur að berjast sjálfur fyrir réttindum sínum. Við getum hins vegar ekki lokað augunum fyrir því að hvað sem líður þrýstingi frá öðrum hópum er bættur aðbúnaður fyrir þetta fólk forgangsverkefni og forgangsverkefni sem ekki þolir bið.

Hugmyndir hafa verið uppi um að gera Landakotsspítala að hjúkrunarspítala eingöngu. Talað er um 150 rúma stofnun. Ég tel nauðsynlegt að kanna þessar hugmyndir afar vel, einkum með tilliti til þess hvort svo stór eining sem byggingin sjálf sé heppileg fyrir þessa tegund þjónustu. Með tilliti til þess einnig að það mun taka tíma að ljúka vinnu um samvinnu eða samruna Borgarspítala og Landakots tel ég nauðsynlegt að strax verði gerðar ráðstafanir til að stokka upp deildir innan þessara spítala með því að fjölga hjúkrunarrúmum fyrir aldraða og auka hagkvæmni í þessari þjónustu.

Ég vil einnig benda á möguleika þess að bjóða út þessa þjónustu því lengi hafa verið við lýði stofnanir sem hafa staðið sig með ágætum, bæði hvað snertir þjónustugæði og verð.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu bent á nokkra þætti og staðreyndir sem ég tel ástæðu til að leggja áherslu á og undirstrika við framlagningu frv. og ég hef talað um heilbrigðisþjónustu. Ég vil því leyfa mér að draga saman eftirfarandi atriði:

1. Heilbrigðisútgjöld eru ekki nema hluti af útgjaldalið heilbr.- og trmrn.

2. Aukning heilbrigðisútgjalda er alþjóðlegt fyrirbæri.

3. Ekki er lengur unnt að greiða allt fyrir alla.

4. Það þarf að efla verðskyn og kostnaðarvitund neytenda og veitenda í heilbrigðisþjónustu.

5. Tryggja verður að hófleg þjónustugjöld íþyngi ekki venjulegum borgurum verulega.

6. Nauðsynlegt er að hafa undantekningar og þak á þessum greiðslum.

7. Endurskipuleggja þarf heilbrigðisþjónustu innan spítala og utan með tilliti til þeirra framfara sem orðið hafa á undanförnum árum.

8. Til að auka sveigjanleika í ráðningum og launagreiðslum er rétt að endurskoða starfsmanna- og kjarastefnu ríkisins.

9. Æskilegt er að hafa fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu til að fá samanburð á gæðum og hagkvæmni.

10. Rétt er að flytja aftur fjárhagslega- og stjórnunarlega ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni til héraða.

11. Þjónusta við aldraða er forgangsverkefni og það forgangsverkefni þolir ekki bið.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Þuríður Pálsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel mér skylt að blanda mér nokkuð inn í þá umræðu sem fram fer í sambandi við frv. hæstv. ríkisstjórnar til fjárlaga 1992.

Hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. hæstv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni, hefur að undanförnu orðið tíðrætt um þá eignarskatta sem boðaðir eru í fjárlagafrv. 1992. Í sjónvarpsviðtali sem hann átti við hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, vegna fjárlagafrv. upp á 447 blaðsíður, eyddi hann drjúgum hluta af tíma sínum í að ræða um ekknaskattinn svonefnda sem hann sjálfur lagði á í desember 1988 og gat hann mín skilmerkilega í þeim sjónvarpsþætti. Í annað sinn notaði hann lungann úr ræðutíma sínum um stefnuræðu forsrh. í það að tala persónulega beint við mig í opinni sjónvarpsútsendingu út af sama ekknaskatti. Það svona flaug í gegnum huga minn: Það er tungunni tamast sem hjartanu er kærast.

Það er gleðilegt að vita til þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú kannast við þetta afkvæmi sitt. Þennan sama skatt sem hann boðaði sérstakan blaðamannafund út af til að lýsa yfir að væri ekki til. Þennan sama skatt sem hann lét fjmrn. gefa út sérstaka fréttatilkynningu um, nr. 16/1989, til dagblaða og fréttastofa og bar nafnið „Ekknaskatturinn er ekki til". Í því sama plaggi frá fjmrn. komu þær röngu og villandi upplýsingar fram að einungis einstaklingar sem ættu meira en 12,5 millj. kr. skuldlausa eign, yfirfært á núvirði um 18 millj., greiddu þennan skatt. Hið rétta er að skattleysismörkin voru þá 2,5 millj. kr. Af næstu 4,5 millj. var eignarskattsþrepið, sem áður var 0,95%, hækkað upp í 1,2%. Og af skuldlausri eign yfir 7 millj. kr. bættist við háeignaþrep, 1,5% sem gerði samtals 2,7%. Þá bættist við sérstakur eignarskattur sem áður hafði verið lagður á og er markaður byggingu Þjóðarbókhlöðu og endurbótum menningarbygginga, 0,25%

á eignarskattsstofn yfir 4 millj. 250 þús. Samanlagt þýddi það einfaldlega að einstaklingur sem átti skuldlausa eign yfir 7 millj. kr. greiddi 2,95% í eignarskatt sem þýddi hreina eignaupptöku á færri árum en hann hafði til að afla húseignarinnar. Í ofanálag var skatturinn lagður á afturvirkt sem reyndist mörgum einstaklingum þungur baggi.

En hvernig var þetta áður? Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 var gert ráð fyrir nokkrum mismun. Skattleysismörk eignarskatts fyrir hækkun skattsins í desember 1988 voru tæpar 2 millj. Álagningarhlutfallið var 0,95% en engin stigshækkun var þá á eignarskattinum. Mismunur álagningar gat því orðið mestur milli einstaklinga og sambúðarfólks 18.979 kr. en varð eftir hækkunina mestur kr. 135.000 kr. Það er því fyrst og fremst þessi mismunur sem varð kveikjan að því viðurnefni sem festist við þessa skattheimtu, ekknaskatturinn.

Það er athyglisvert að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli nú skora á mig að lagfæra hans eigin mistök. Já, bæði ég og fjölmargir aðrir, þar á meðal allmargir alþingismenn, börðumst fyrir afnámi þeirrar stórhækkunar á eignarskatti sem var lögfest 1988. Sá árangur náðist að háeignaþrep sem fyrrv. hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, hafði upphaflega lagt á sem 1,5% var lækkað niður í 0,75%, eins og það er í dag, og að auki var það tekjutengt. Þannig að í dag greiðir sá einstaklingur sem hefur 168.000 kr. mánaðarlaun efra þrepið að fullu en séu tekjur undir 84.000 kr. á mánuði leggst skatturinn á samkvæmt lægra þrepi. Milli tekjumarkanna hækkar skatturinn hlutfallslega. Einnig var eftirlifandi maka veittur fimm ára frestur ef hann situr í óskiptu búi þannig að eignarskatturinn var lagður á hann sem um eign hjóna væri að ræða.

Þetta var áfangi en kom þó ekki þeim einstaklingum til góða sem nú eiga eignir undir 9,6 millj. kr., þ.e. undir háeignaþrepi. Þarna var því samþykkt lækkun á eignarskatti á þá sem meira áttu en hækkunin á meðaleignir launafólks stóð óbreytt.

Samkvæmt erlendum tölfræðiskýrslum eru það fullorðnar konur sem einkum halda uppi menningarlífi þjóða. Það eru þær sem eru ötulastar við að kaupa og lesa bækur. Þær sækja listasöfn og sýningar, fara í leikhús og á tónleika og hlusta á óperur. En hvergi í heiminum er þeim gert jafn hátt undir höfði og hér á Íslandi þar sem þeim er einnig ætlað að standa að mestu undir byggingu Þjóðarbókhlöðu og endurbótum menningarbygginga.

Ég leyfi mér að óska eftir svari hjá hæstv. fjmrh. Friðriki Sophussyni við því hvort áformað sé að setja aðrar og réttlátari reglur um álagningu þjóðarbókhlöðuskattsins svonefnda svo hv. þm. og ráðherrar fái nú tækifæri til að vera með í þjóðarátakinu við uppbyggingu menningarbygginga í stað þess að einbúar þjóðfélagsins standi að mestu undir þeirri greiðslubyrði.

Á sama tíma og eignarskattshækkunin var lögfest á Alþingi voru lög um málefni aldraðra, nr. 91/1982, með síðari breytingum, einnig lögfest. Í 2. mgr. 1. gr. stendur svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara laga er að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur og möguleikar þeirra til ráðstöfunar eigin eigna og lífeyris ef þess gerist þörf."

Og í 4. lið 8. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf."

Ég fæ ekki betur séð en að hugsunarhátturinn að baki því að háskatta óarðbært íbúðarhúsnæði sé ömurleg tímaskekkja og misskilin jafnaðarmennska og um leið brot á fyrrnefndum lögum um aldraða. Eignarskatturinn er lagður á íbúðarhúsnæði eftir mati Fasteignamats ríkisins. Það vita allir að fasteignamat á landinu er langhæst í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Misræmið kemur því verst niður á þeim einbúum sem búa í eigin óarðbæru íbúðarhúsnæði á þessum svæðum, þeim sem hafa lagt metnað sinn í að koma sér upp húsnæði með sparnaði og ráðdeild. Það er því bæði hjúskaparstaða og búseta sem veldur misræmi í eignarskattsálögum.

Ég held að vel flest fólk af minni kynslóð hafi viðurkennt þörfina fyrir að eignast þak yfir höfuðið þegar það var að byrja að búa. Óvíða var þörfin brýnni en hér á landi. Fyrst og fremst voru afar fá hús á Reykjavíkursvæðinu, reyndar á öllu landinu, árið 1940. Í öðru lagi er legu landsins um að kenna. Mestan hluta ársins erum við innan dyra nema hvað við förum milli húsa og það er áreiðanlega leitun á jafnvíðtækri þjóðfélagsbreytingu og varð hér á landi á árunum frá stríðslokum og til vorra daga. Fólkið sem lagði í að koma sér upp eigin húsnæði, hvort heldur var íbúð í blokk, tví-, þrí- eða fjórbýlishúsi, einbýlishúsi eða raðhúsi lagði yfirleitt allt sitt undir og var í áratugi að basla við þessa fjárfestingu. Þetta var að miklum hluta venjulegt launafólk sem flest sýndi mikla ráðdeild og sparsemi til að geta borgað skuldir sínar með skilum. Og flestir eyddu meginhluta tekna sinna í að koma sér upp eigin húsnæði, tekna sem búið var að greiða fullan skatt af.

Húsnæðismálalán og námslán voru auðvitað óþekkt fyrirbæri. Þessi kynslóð var alin upp við það að fólk ætti að greiða skuldir sínar og hún gerði ekki miklar kröfur til annarra en sjálfrar sín. Ég held að fæst okkar hafi álitið að við værum verðandi stóreignafólk við það að eiga eina sæmilega íbúðarhæð, raðhús eða lítið einbýlishús þegar grynnka fór á skuldunum eftir áratuga baráttu. Auk þess er þá viðhald eigna og fasteignagjöld ærin greiðslubyrði fyrir flesta.

Ef við vorum svo heppin að eiga maka gerðum við fyllilega ráð fyrir að þegar annaðhvort hjóna félli frá fengi það sem eftir lifði að búa á sínu eigin heimili meðan stætt væri og fólk kysi. Einhvern veginn höfðum við alltaf reiknað með að njóta sömu mannréttinda fullorðin og við nutum sem yngra fólk. Það er staðreynd að fleiri konur fara illa út úr þessu eignarskattsdæmi en karlar. Fleiri ekkjur eru á landinu en ekklar,

þ.e. rúmlega 8 þús. ekkjur en rúmlega 2 þús. ekklar. Í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi einu voru í desember 1988 5449 ekkjur en 1389 ekklar. Þá eru fleiri fráskildar og einstæðar konur á landinu en karlar og að auki eru konur yfirleitt tekjulægri en karlar, þ.e. ef þær hafa vinnu á annað borð. Og þar að auki eru þær oft með börn og unglinga á framfæri. Þær búa í því húsnæði sem hjón hafa búið í árum saman og í flestum tilfellum hafa þær alið upp barnahóp. Þetta er ekki bara húsnæði sem Fasteignamat ríkisins telur í fermetrum, heldur heimili fólks sem geymir dýrmætar minningar liðinnar ævi og gefur þá öryggistilfinningu sem í mörgum tilfellum er einmitt forsenda þess að gera eldra fólki kleift að vera sjálfbjarga. Sú lágmarkskrafa að fólk fái að búa óáreitt á sínu eigin heimili svo lengi sem það vill og treystir sér til hlýtur að vera það takmark sem er farsælast fyrir þjóðarbúið og sjálfsögð mannréttindi eldra fólks. Sem dæmi má nefna að daggjöld á elliheimilum eru mismunandi, frá 2 þús. upp í rúm 7 þús., og á hjúkrunarheimilum eru daggjöldin frá rúmum 3 þús. upp í rúm 6 þús.

Mig langar til að nefna smádæmi um misrétti þessarar álagningar vegna þess að það eru ekki allir sem skilja það. Ég ætla að taka dæmi um 6 millj. kr. eign. Þar greiðir einstaklingur 31.200 kr. í eignarskatt og hann er strax farinn að greiða þjóðarbókhlöðuskatt, 2.500 kr. Í allt greiðir hann 33.700 kr. Hjón borga engan eignarskatt, þau hafa ekki náð 6,8 millj. kr. markinu, og þau greiða auðvitað ekki neinn þjóðarbókhlöðuskatt. Hvaða íbúðir eru nú metnar á 6 millj.? Það eru litlar íbúðir í blokk og áður en einstaklingur tekur þátt í sameiginlegum kostnaði í hússjóði á hann að vera búinn að greiða 33.700 kr. í eignarskatt til ríkisins fyrir að fá að eiga íbúðina.

Þá ætla ég að taka sem dæmi 9,6 millj. kr. eign sem er undir háeignaþrepi. Þar greiðir einstaklingur 74.400 í eignarskatt og 11.500 kr. í þjóðarbókhlöðuskatt, samtals 85.900 kr. Hjónin borga þarna 33.600 í eignarskatt og auðvitað ekkert í þjóðarbókhlöðuskatt vegna þess að þau eru ekki komin upp að 10 millj. kr. markinu. Þau greiða sem sagt samanlagt 33.600 kr. á móti einstaklingnum sem greiðir 85.900 kr. Hvort um sig borgar þá 16.800 kr. Það þarf 5,1 einstakling í hjónabandi til að greiða sama eignarskatt og einbúinn. Og það þýðir að skatturinn á einbúann er 410% hærri en á einstakling í hjónabandi miðað við sams konar skuldlausa eign. Og þessi eign er undir efra þrepi eignarskattsins eins og ég sagði.

Þá tek ég sem dæmi 14 millj. kr. eign. Þar greiðir einstaklingur 160.200 kr. og í þjóðarbókhlöðuskatt 22.500 kr. Hann er kominn í 182.700 kr. Þetta er miðað við hæsta tekjumark hjá einstaklingi. Hjónin borga 86.400 kr. í eignarskatt og viti menn, velkomin í Þjóðarbókhlöðuna, tíuþúsundkall, greiða 5.000 kr. hvort í þann skatt. Samanlagt borga þau 96.400 kr. eða 48.200 á hvort hjónanna. Eignarskatturinn af slíkri eign getur farið lengst niður í 127.200 kr. við 84.000 kr. tekjumarkið hjá einstaklingi sem gerir samanlagt með þjóðarbókhlöðuskatti 149.700 kr.

Ég treysti því að hæstv. ríkisstjórn vindi bráðan bug að því að lagfæra þessa brotalöm á skattkerfinu. Hvergi á Norðurlöndum eða í Evrópu, þar sem ég hef spurst fyrir, greiðir fólk eignarskatta eftir sams konar álagningarreglum og hér gilda, þ.e. að hjúskaparstaða fólks eða fráfall maka ráði þar úrslitum. Fasteignir eru einfaldlega metnar í ákveðið eignarskattshlutfall líkt og fasteignagjöldin eru hér. Síðan er ekki spurt hvort einn, tveir eða fleiri greiði þau gjöld sem á eignina eru lögð. Þá má einnig bæta því við að hvergi nema í Svíþjóð eru eignarskattar viðlíka háir og hér á landi, en þar eru líka alls konar undanþágur og munu eignarskattar þar raunar allir til endurskoðunar. Í allflestum löndum er íbúðareign upp að vissu marki eignarskattsfrjáls, t.d. voru árið 1989 eignir á um 12 millj. ísl. kr. í Danmörku og um á um 15 millj. ísl. kr. í Finnlandi eignarskattsfrjálsar.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. eru fyrirhugaðar umbætur í skattamálum. Þar stendur, með leyfi forseta: „Núverandi fyrirkomulag þar sem eignir eru skattlagðar með háum skatthlutföllum, fjölmörgum undanþágum og flóknum álagningarreglum er óviðunandi.“ Enn fremur: „Samræming skatta af eignum og eignatekjum á að tryggja sanngjarna, almenna og hóflega skattheimtu.“

Ég ítreka að ég treysti því og sætti mig raunar ekki við annað en að óréttlátir eignarskattar verði afnumdir og að íbúðarhúsnæði, sem sannanlega er nýtt til eigin þarfa, verði eignarskattsfrjálst upp að 12–15 millj. kr. Aðeins með því móti öðlast einstæðir sama rétt og það fólk sem er í sambúð. Ég treysti því einnig að stefna hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar tryggi að staðið verði við þá sjálfseignastefnu í húsnæðismálum sem rekin hefur verið hér á landi síðustu áratugina og ríkisstjórnin taki ekki þátt í þeirri miðstýringu að skammta einstæðu fólki heimilisrými með háum eignarsköttum sem stuðla að beinni eignaupptöku.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns bendi ég á þá nýbreytni, sem samkvæmt nýjum þingskapalögum er tekin upp við afgreiðslu fjárlaga, að efh.- og viðskn., sem áður hét fjh.- og viðskn., fjallar nú um tekjuhlið frv. þó að hún sé ekki beint til umræðu. Og í hinu breytta nafni nefndarinnar, efnahags- og viðskiptanefnd, felst að hún fjallar um efnahagslegan þátt ríkisfjármálanna. Þess vegna fagna ég því að hæstv. fjmrh. skyldi verja svo miklum tíma af sinni ræðu einmitt í hinn efnahagslega þátt ríkisfjármálanna og efh.- og viðskn. hefur nú þegar hafið umfjöllun sína um þessi mál.

Ég get að mörgu leyti tekið undir umfjöllun hæstv. fjmrh. um efnahagslíf okkar Íslendinga síðustu ár og þá miklu breytingu sem við höfum gengið í gegnum á leið okkar frá þjóðfélagi niðurgreiddra vaxta til þess sem við ætluðum til þjóðfélags þar sem menn greiddu hóflega vexti af því fjármagni sem menn höfðu að láni þó svo að það hafi nú farið að nokkru úr böndunum. Hins vegar fannst mér hæstv. fjmrh. taka djúpt í árinni áðan þegar hann vildi líkja núverandi ástandi við það sem væri austan við járntjald eftir að það féll. Þessi um-

mæli eru svo út í hött, í það minnsta fyrir mig sem nýlega hef átt þess kost að ferðast um austantjaldslöndin, að þau gera allt annað ómerkt. Það er svo erfitt að taka mark á máli ræðumanna sem slá um sig með svo röngum og algjörlega órökstuddum fullyrðingum.

Ég geri mér líka fulla grein fyrir að ríkisbúskapurinn skiptir mjög miklu máli í efnahagslífi einnar þjóðar og ég er tilbúinn til að taka þátt í þeirri vinnu sem nauðsynleg er til þess að stuðla að frekara jafnvægi. Það er alveg rétt að þar eigum við fortíðarvanda að etja. Og ég veit að í máli hæstv. fjmrh. hefur ekkert komið fram annað en að þetta sé sameiginlegur fortíðarvandi þeirra stjórnmálaflokka sem hér hafa verið við völd á undanförnum árum og áratugum. Eðli málsins samkvæmt, ef við tökum bara þann tíma sem ríkisstjórnir og stjórnmálaflokkar hafa setið við völd, bera væntanlega engir stjórnmálaflokkar meiri ábyrgð en minn flokkur og flokkur hæstv. fjmrh. Því miður er hins vegar ekki svo farið um alla talsmenn núv. ríkisstjórnar. Og fortíðarvandatal hæstv. forsrh. er í hæsta máta ósæmilegt að mínu mati. Nægir þar að nefna úttekt Morgunblaðsins um síðustu helgi þar sem farið var í gegnum það sem mistekist hefur í fjármálastjórn ríkis og sveitarfélaga. Ef ég man rétt var sú grein myndskreytt með helstu skrautfjöðrum fráfarandi borgarstjóra og núverandi forsrh. Íslands. Þessi umræða hans um fortíðarvandann finnst mér þess vegna því miður vera að nokkru leyti úr glerhúsi komin og gott ef það glerhús er ekki með snúningsgólfi líka.

Ég ætla síðan að koma örfáum orðum að því hvernig núv. ríkisstjórn hefur tekið á þessum málum. Í framhjáhlaupi í upphafi er full ástæða til að líta á hvaða fordæmi þeir ráðherrar sem hæst töluðu um sparnað á sl. sumri höfðu fyrir þjóðinni. Og í ljósi þessa, þó að ég vilji yfirleitt ekki fara út í slíkan sparðatíning, er sú umræða sem orðið hefur um bílakaup ráðherra fullkomlega réttlætanleg. Í öðru lagi langar mig að nefna að það vekur nokkra athygli, ef ástandið er eins alvarlegt og ráðherrar lýsa yfir, að nú skuli fjarvistir ráðherra og utanlandsferðir vera sem aldrei fyrr. Ekki meira um það.

Lítum svo aðeins á hið efnahagslega samhengi í dag. Ég ætla að byrja á að vitna í hvítbókina, sem að vísu er ansi mikið lengri og umfangsmeiri en lofað var í vor, en þar segir um markmið ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin vill tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og stuðla þannig að því að sættir takist um sanngjörn kjör. Hún mun í þessu skyni beita sér fyrir aðgerðum í skatta- og félagsmálum, sem koma hinum tekjulægstu til góða." Ég mun koma að þessu síðar í ræðu minni.

En hvert er þá hið efnahagslega samhengi sem við búum við í dag? Hver er sú umgjörð sem atvinnulífið og einstaklingarnir í landinu búa við þetta missiri? Að mínu mati, í þeirri þröngu stöðu sem okkar þjóðfélag er í í dag, er ekkert eitt atriði sem er eins ráðandi varðandi tekjuskiptingu í landinu, varðandi afkomu yngra fólksins, varðandi afkomu fyrirtækjanna, en vaxtastigið. Bent var á það fyrr í dag að á síðasta ársfjórðungi þessa árs spáir Seðlabankinn því að raunvextir á innlendu fjármagni verði 15,8%. Það eina sem ríkisstjórnin hefur nefnt til þess að draga úr þessu er að stuðla að samdrætti í ríkisbúskapnum og skapa þannig atvinnulífinu svigrúm, draga þannig úr spennunni, og þá muni vextirnir lækka.

Hæstv. fjmrh. lýsti því vel í sinni ræðu að þessi markmið, um samdrátt í ríkisbúskapnum, eru í eðli sínu langtímamarkmið. Þar næst ekki árangur nema með mikilli vinnu og á löngum tíma. Því verður að grípa inn í þessi atriði fyrr, og að mínu mati er ekkert eins mikilvægt núna og að taka á húsbréfakerfinu. Nú stefnir útgáfa húsbréfa á þessu ári í 15 milljarða. Þarna væri hægt að taka á svo um munaði og gera að fljótt. Og ég verð, virðulegur forseti, að leyfa mér að segja að það er engan veginn hægt að kalla þetta fortíðarvanda því ef ég man rétt er þetta vandamál enn í núv. ríkisstjórn.

Hvaða áhrif hefur þessi spenna í húsbréfakerfinu? Hún hefur réttilega þær afleiðingar að vextirnir eru spenntir upp, í gangi er óeðlileg þensla, í gangi er uppbygging á húsnæðiskerfinu sem ekki er innstæða fyrir. Þetta þýðir í öðru lagi að svigrúm atvinnuveganna til nýrrar uppbyggingar er verulega skert.

Ég ætla að setja þetta í byggðalegt samhengi líka af því að ég hef um margra ára bil haldið því fram að ekkert eitt atriði sé eins mikilvægt fyrir heilbrigða byggðastefnu og að mönnum takist að hafa eðlilega stjórn á efnahagsmálum. Þeir peningar sem m.a. hæstv. forsrh. hefur lýst yfir að sé dælt í vonlaus fyrirtæki úti á landsbyggðinni eru ekki nema brot, og ég endurtek, eru ekki nema brot af þeim fjármunum sem hafa runnið af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins í gegnum slæma stjórn efnahagsmála á umliðnum áratugum. Og ég bendi á, til viðbótar við það sem ég hef lýst, hvernig hæstv. núv. ríkisstjórn hefur tekist að skapa þennan ramma, að allt þetta sem ég nefndi áðan setur aukna pressu á gengismálin, það skekkir gengismyndina og á þann hátt er það enn til þess að gera fyrirtækjunum í landinu erfiðara fyrir.

Ég ætla að koma að einu efnisatriði varðandi útgjaldalið fjárlagafrv. Það snertir landbúnaðarmál. Ég vísa til búvörusamnings sem gerður var á síðasta vori þar sem tókst samkomulag milli forustu bænda og ríkisvaldsins um ákveðna málsmeðferð gagnvart landbúnaðarmálum, stýringu landbúnaðarframleiðslu og framlögum ríkisins til þessa málaflokks. Þetta samkomulag gengur m.a. út á það að stórlækka á næstu árum framlög til landbúnaðarmála á þann hátt, sem m.a. hefur komið fram í viðtölum okkar í efh.- og viðskn. við starfsfólk fjmrn., að strax á árinu 1993 muni þessi útgjöld lækka um 1 milljarð. (Gripið fram í.) Meira, segir hæstv. fjmrh. og er vonandi að það sé rétt. En þetta samkomulag byggðist á ákveðnum forsendum. Ein af þeim forsendum var sú að stuðningur ríkisvaldsins við hinar hefðbundnu búgreinar í gegnum niðurgreiðslur yrði að raungildi óbreyttur þannig að breytingar á niðurgreiðslustigi ríkisins á þessar búvörur þyrftu ekki að koma fram í breyttu vöruverði. Á móti þessu skuldbundu bændur sig, og það er búið að ganga frá þeim

samningi í sauðfjárrækt, til að lækka verð framleiðslu sinnar í ákveðnum áföngum til þess að tryggja lægra vöruverð til neytenda. Nú hefur það komið fram í umfjöllun m.a. landbn. um þessi mál og þeim viðtölum sem við höfum þar óskað eftir að í sauðfjárframleiðslunni lækkar niðurgreiðslustigið um fjögur prósentustig þegar hið nýja kerfi, bein greiðsla, tekur við. Ef aðilar vinnumarkaðarins halda og knýja ákveðið á um, sem ég efa ekki að þeir geri, að ákvæði þessa samkomulags um vöruverðslækkun verði haldið til streitu þá rústar það launalið sauðfjárbóndans á næstu árum. Í öðru lagi kemur fram í fjárlagafrv. að niðurgreiðslur á mjólkurvöruverð verði óbreyttar í krónutölu frá því sem er nú, sem þýðir lækkun sem nemur verðlagshækkunum á tímabilinu. Og ég vil beina því til fjmrh. hvort ekki verði staðið við þennan samning af hálfu ríkisins varðandi þessi atriði eins og önnur eins og hæstv. landbrh. hefur reyndar marglýst yfir að gert verði.

Það eru hér nokkur atriði að lokum. Í ræðu hæstv. fjmrh. segir að ekkert hafi verið gert af hálfu fyrri stjórnvalda til þess að ná niður verðbólgunni og skapa eðlilegan rekstrargrundvöll í okkar þjóðfélagi. Ég vil nú minna hæstv. ráðherra á þjóðarsáttina sem gerð var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Þar vil ég sérstaklega geta ummæla formanns Vinnuveitendasambands Íslands á síðasta aðalfundi þess þar sem hann lýsti því yfir að ríkisstjórnin hefði staðið í einu og öllu við það sem að henni sneri varðandi þá samningsgerð. Það er svo aftur annað mál að það var feikileg vinna óunnin til þess að skapa þann grundvöll sem við þurfum og ég hef lýst í fyrri ræðu minni hvernig núv. ríkisstjórn hefur staðið að þeirri vinnu og hvernig rekstrarumhverfi atvinnuveganna er í dag.

Ég vil líka ítreka við hæstv. fjmrh. spurningar, sem hér hafa komið fram, um breytingar á aðstöðugjöldum sem eru að mínu mati einhver ranglátasta skattlagning sem er í gangi í dag og er þess eðlis að hún hefur á stundum riðið baggamuninn um það hvort fyrirtæki hafa lifað eða dáið. Það er hins vegar flókið mál hvernig á að leysa þetta því að þarna er um að ræða tekjustofn sveitarfélaga. Þess vegna vil ég beina eftirfarandi spurningu til fjmrh. og ég vil fá ákveðin svör: Hvaða áform eru uppi um breytingar á aðstöðugjaldi og á hvern hátt hefur ríkisstjórnin hugsað sér að bæta sveitarfélögunum upp tekjumissi sem af þessu hlýst?

Það væri síðan hægt að halda langa ræðu um ummæli sumra stjórnarsinna um þjónustugjöldin og á hvern hátt umræðan hefur verið út og suður eftir því hver talar, hvort það er lektor við Háskólann eða hvort það er bóndi austan af landi, svo eitthvað sé nefnt. Þessari óvissu verður að eyða því ansi mikill munur er á því hvort menn eru að ræða um hóflega gjaldtöku til þess að auka kostnaðarvitund eða hvort, t.d. í menntamálum, menn eru að stíga fyrsta skrefið að m.a. einkavæðingu á skólakerfinu í þá átt að menntun, og þá kannski fyrst og fremst æðri menntun, verði forréttindi hinna efnameiri eða þeirra sem eiga aðgang að sjóðum sem úthluta til þeirra þátta. Það hefur nefnilega hvergi komið skýrt fram hver sé stefna núv. ríkisstjórnar í þessu. Í hvítbókinni er ýjað að öðrum hlutum. Og ýmsar yfirlýsingar stuðningsmanna og áhrifamanna innan vébanda núv. stjórnarsamstarfs benda í þá átt að hugmyndin sé að ganga þarna miklu lengra. Sé það gert er verið að hverfa frá þeim grundvallarhugmyndum sem hafa verið uppi varðandi velferðarkerfi okkar og hafa byggst á því að tryggja öllum jafnan rétt. Það verðum við að skoða mjög vel. Það er hinn og haf milli þeirrar stefnu og þess sem maður hefur heyrt meðal stuðningsmanna núv. ríkisstjórnar, þeirra sem lengst vilja ganga, m.a. á þá vegu að það sé eðlilegt að þeir sem eigi fjármuni geti keypt sér forgang að heilbrigðiskerfinu. Það er staðreynd, hæstv. fjmrh., að þetta eru hugmyndir sem maður hefur heyrt viðraðar meðal áhrifamanna innan núv. stjórnarflokka.

Að lokum örfá orð um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að hæstv. fjmrh. nefndi það sérstaklega í sinni ræðu að þar gæti verið um að ræða atriði sem væri til mikilla hagsbóta fyrir okkar efnahag. Það var að skilja hann sem svo að það væri eitthvað sem kæmi af himnum og líklegast bara í flugvélinni með hæstv. utanrrh. og sjútvrh. í dag þannig að við gætum farið að njóta þess strax á morgun. Það læðist hins vegar að mér sá grunur að sá hugsanlegi ábati sem menn gætu haft af þessum samningi sé ekkert sem sé í hendi alveg á næstunni. Og ég óttast það að eins og frá samningnum var gengið, þar sem nánast allir þeir fyrirvarar, sem settir voru á Óslóarfundinum í upphafi aðrir en þeir sem lúta að fjárfestingu í sjávarútvegi, eru í burtu, þá geti þessum samningi á næstu árum fylgt þær breytingar og margar hverjar sársaukafullar sem muni ekki auka hagvöxt í upphafi heldur jafnvel draga verulega úr honum. Þetta eigum við að vísu allt eftir að sjá og fylgjast með á næstu dögum og mánuðum. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er í rauninni dálítið sérkennilegt að tala um fjárlagafrv. íslenska ríkisins fyrir árið 1992 við þær aðstæður sem við búum við núna þar sem þjóðin, og þingmenn að sjálfsögðu líka, eru uppteknir af þeim stóru tíðindum sem hafa verið að gerast í tengslum við hið Evrópska efnahagssvæði og þar sem einstakir þingmenn berjast um á hæl og hnakka við að reyna að fá upplýsingar um það hvað er í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og hefur gengið heldur illa. Menn hafa ekki fengið að sjá neina texta, hvorki utanrmn. Alþingis né heldur ríkisstjórnin sjálf, nema kannski utanrrh., það er líklegt að hann hafi séð einhverja texta. Við þessar aðstæður erum við að fjalla um fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 1992 (**Gripið fram í:** Og þar vantar ekki textann.), og þar vantar nú ekki textann og óþarfi að reyna að giska á hlutina á svona „telepatískum" loftkenndum forsendum. En maður hlýtur þó að velta því fyrir sér hvort þetta er kannski af ýmsum ástæðum söguleg stund að því er varðar fjármál íslenska ríkisins vegna þess, þó ekki komi annað til, að það er líklegt að þegar fjárlög íslenska ríkisins verða afgreidd fyrir árið 1993 þá hafi átt sér stað breytingar sem verði með þeim hætti að

óhjákvæmilegt verði að taka tillit til þeirra við fjárlagagerðina haustið 1992 vegna ársins 1993 ef Ísland ákveður að gerast aðili að hinu svokallaða Evrópska efnahagssvæði. Þannig getur það með öðrum orðum verið að við séum hér að fjalla um síðasta fjárlagafrv. þar sem forsendurnar eru í raun og veru eingöngu þær sem við ákveðum sjálf með okkar lögum og reglum, ýmist góðum eða vondum, ýmist viturlegum eða vitlausum eftir atvikum. En það er nú kosturinn við lýðræðið að við höfum ekki einasta leyfi til að hafa rétt fyrir okkur heldur líka rangt. En hugsanlegt er þegar kemur að fjárlögum ársins 1993 og umræðunni í október að ári þá verði menn að ræða um hlutina út frá allt öðrum forsendum en nú eru uppi, í efnahagsmálum, atvinnumálum, skattamálum, heilbrigðismálum, landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum og jafnvel þeim málum sem snerta félagslega velferð. Ég hygg að það eigi reyndar eftir að koma í ljós varðandi hið Evrópska efnahagssvæði að það verði ýmsir hlutir sem menn muni sjá á næstu vikum og mánuðum þar sem menn segja sem svo: Nú er þetta virkilega svona, ekki var mér sagt frá því. Og menn muni í einstökum atriðum telja að þeir hafi ekki haft réttar og glöggar upplýsingar um málin vegna þess að hið Evrópska efnahagssvæði er auðvitað ekki bara fiskur heldur er það kannski fyrst og fremst fjölmargt annað.

Það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er auðvitað merkilegt fyrir annarra hluta sakir. Sérstaklega fyrir þær sakir að hér er farið út af tiltekinni braut sem mótuð hefur verið á undanförnum árum og áratugum liggur mér við að segja. Þá er ég ekki að tala um skuldasöfnun út af fyrir sig vegna þess að hér er haldið áfram skuldasöfnun. Ég er að tala um það fyrst og fremst að forsendur fjárlaga íslenska ríkisins hafa byggst á tiltekinni almennri pólitískri sátt um ýmis meginatriði velferðarkerfinsins, mér liggur við að segja burt séð frá því hverjir hafa komið að málinu. Ef maður lítur t.d. á árin frá 1960 og allt fram til ársins 1990 má segja að í grundvallaratriðum hafi menn verið sammála um viss meginatriði, hverjir svo sem hafa stýrt landinu. Það eru t.d. ákveðin lágmarksmannúðarsjónarmið sem menn hafa haft í heiðri. Ég tel að núna hafi það hins vegar gerst með framlagningu þessa fjárlagafrv. og stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar að menn hafi sett spurningarmerki við þessi mannlegu grundvallargildi, mannúðargildin, sem okkar þjóðfélag byggist á, mannúðargildi sem halda okkar þjóðfélagi saman hvar svo sem við kunnum að hafa vera stödd í stjórnmálaflokkum.

Nú þekki ég vitaskuld eins og aðrir hv. þm. vel rök ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Þau eru m.a. þau að um hafi verið að ræða óhóflega skuldasöfnun og það verði að gera ráðstafanir til að draga úr henni. Það sé hætt við því að ef haldi áfram á sömu braut verði okkar efnahagslega sjálfstæði hætta búin. En í stefnumótun ríkisstjórnarinnar birtist það líka að menn telja nauðsynlegt að hverfa frá hinum félagslegu grundvallaratriðum til þess að hinar markaðslegu forsendur, m.a. svokölluð kostnaðarvitund almennings, fái að njóta sín. Ég held að það væri mjög alvarlegur hlutur ef við breyttum Íslandi í tilraunastöð fyrir markaðskerfið með þeim hætti sem mér finnst gert hér. Ég er ekki að segja það að hæstv. núv. ráðherrar, sem hér sitja mér á vinstri hönd séu sérstaklega illa innrættir menn, né sá sem situr mér á hægri hönd. Ég ímynda mér það að þeir muni t.d. hjálpa gömlu fólki yfir götuna og að þeim þyki vænt um börn, svo ég nefni dæmi um viss manneskjuleg grundvallaratriði. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að þeir telji að þeir séu í nauðum staddir, þeir eigi kannski engra annarra kosta völ en þeirra að reyna að klóra í bakkann með þeim hætti sem hér er reynt að gera. Og þá vil ég segja það sem mína skoðun að ég tel að þeir séu að því er þetta varðar á rangri braut. Ég tel að þetta sé óþarfa braut. Ég tel að þeir þurfi ekki að vera á þessari braut og þá er ég ekki kannski síst að beina orðum mínum til Alþfl. Ég held að það hefði verið hægt að fara aðrar leiðir til þess að treysta velferðarkerfið, jafnaðarkerfið í þjóðfélaginu, heldur en hér eru gerðar tillögur um. Ég held að það hefði verið skynsamlegra að afla skatta með sérstöku hátekjuskattþrepi t.d., með skattlagningu fjármagnstekna og reyna þannig að ná endum saman um leið og það verður auðvitað að vera alveg ljóst, eins og ég hygg að segja megi að við höfum sýnt í fráfarandi ríkisstjórn, að við viljum veita aðhald. Auðvitað verður að veita aðhald í ríkisrekstrinum. Á þeim tíma sem við fórum með þessi mál t.d. í fjmrn. og menntmrn., svo ég nefni dæmi, þá hygg ég að það sé hægt að sýna mjög mörg dæmi þess að við höfum þrátt fyrir allt og allt gengið í það að veita mjög strangt aðhald sem var ekkert sérstaklega vinsælt af því fólki sem starfaði t.d. í skólakerfinu á þeim tíma. En þar var um að ræða þó á þeim tíma aðra nálgun í grundvallaratriðum, aðra aðferð.

Nú er farið inn á nýja braut. Annars vegar persónulega gjaldtöku þeirra, ekki sem njóta þjónustunnar, ég mundi ekki orða það þannig, heldur þeirra sem verða að fá þjónustuna eins og sjúklinga og hins vegar inn á einkavæðingarbraut. Ég er í grundvallaratriðum ósammála þessum aðferðum.

Varðandi einstök atriði í fjárlagafrv. vildi ég drepa á nokkra þætti eftir að ég hef rakið þetta almenna, sem sagt að ég tel að menn séu hér á rangri braut, það sé óþarfi að fara þessa leið. Það hefði verið hægt að fara aðra leið. Ég tel t.d. að Alþfl. sé engin vorkunn í þessu efni, hann hefði getað kosið sér betri bandamenn til þess að ná fram áherslum jafnaðar og velferðar. Og auðvitað harma ég það að hann skyldi kjósa sér það hlutskipti að fara með Sjálfstfl. í núv. ríkisstjórn.

Í fjárlagafrv. koma fram nokkuð mörg grundvallaratriði þar sem maður sér að hlutirnir eru með þeim hætti að ástæða er til að ætla að þar sé verið að víkja frá meginatriðum undanfarinna ára og áratuga og ég ætla nú að víkja að þeim. Þá vil ég í fyrsta lagi segja: Fjárlagafrv. boðar kjaraskerðingu þjóðarinnar umfram það sem nemur skerðingu þjóðartekna. Ég viðurkenni að þar getur verið um að ræða verulegan vanda, en ég tel að í fjárlagafrv. sé um að ræða skerðingu sem er umfram þann vanda sem birtist okkur í skerðingu þjóðartekna, þar sé gengið lengra heldur en efnisleg rök þjóðarbúsins segja til um. Ég tel að þetta komi t.d. fram í því að það er bersýnilega gert ráð fyrir kaup-

lækkun í fjárlagafrv. Það er gert ráð fyrir meiri skerðingu launatekna í fjárlagafrv. en nemur þeirri skerðingu tekna þjóðarbúsins sem líka er talað um í fjárlagafrv. Það er sem sagt verið að ganga meira á hlut launafólksins, sem á ekkert að selja nema vinnuafl sitt, en samdrátturinn í þjóðarbúinu gefur tilefni til. Og til viðbótar við hina beinu kjaraskerðingu, kaupmáttarskerðingu, sem birtist fólki á næsta ári í kauptöxtunum sjálfum og þá er ég að tala um forsendur fjárlagafrv., sjáum við í einstökum þáttum þess að þar er verið að auka skerðinguna með ýmsum hætti. Það er t.d. rætt um það að breyta tekjuskattskerfinu, það er rætt um að breyta því í verulegum mæli þannig að munar nokkrum hundruðum milljónum króna án þess að það sé tekið fram nákvæmlega hvað það er sem menn eru þar að tala um, menn eru að ræða þar um ýmsa hluti. Ég hygg að menn séu t.d. að tala um að breyta barnabótakerfinu í grundvallaratriðum. Ég hef ekki séð hvernig það lítur út. Kannski eru menn að hugsa um að nota sömu upphæð til barnabóta og gert er núna og tekjutengja þær allar. Ef það er skoðun ríkisstjórnarinnar þá er ég hlynntur þeirri stefnu. Ég tel að það eigi að ganga mjög langt í tekjutengingu. Hins vegar hefur það komið fram í ummælum hæstv. fjmrh. við fjölmiðla, það er ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo að ætlunin sé í raun og veru að draga úr heildarútgjöldum ríkisins til barnabóta. Hann orðar það þannig að það eigi að lækka endurgreiðslur tekjuskattsins. Það eru þá barnabætur og vaxtabætur og sjómannaafsláttur. Og ég hlýt á þessu stigi málsins, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. fjmrh., hversu langt á að ganga í þessum efnum? Hvað líður því starfi sem ríkisstjórnin hefur verið að vinna í þessu efni? Eru menn sérstaklega að hugsa um sjómannaafsláttinn eða sérstaklega um barnabæturnar eða sérstaklega um vaxtabæturnar eða allt þetta? Ætla menn að ganga enn lengra í tekjutengingu eða skemmra en nú er gert? Þetta held ég að sé mjög nauðsynlegt að fá að vita núna við 1. umr. málsins.

Til viðbótar þessu er svo gert ráð fyrir því að almenningur eigi að greiða fyrir skólavist, skólagjöld, nokkur hundruð millj. kr. og það er gert ráð fyrir greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu, sérstaklega þó lyf í viðbót við það sem verið hefur. Það er gert ráð fyrir því að greitt verði fyrir heilsugæslu og það er gert ráð fyrir öðrum greiðslum þannig að í heild er um að ræða mörg hundruð millj. kr. Og þegar þetta er allt lagt saman, þ.e. að frv. stefnir opinskátt að kjaraskerðingu, að frv. segir að það eigi í raun og veru að draga úr endurgreiðslum tekjuskatts, það á að leggja á skólagjöld og það á að innheimta greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu, er niðurstaðan sú að þetta frv. getur ekki undirbúið jarðveginn fyrir áframhaldandi frið við stéttarsamtökin í landinu.

Ég segi það alveg fullum fetum, virðulegi forseti, að ég held að það hljóti að vera afar erfitt fyrir samtök launafólks að taka þeim trakteringum upp á nokkra milljarða króna sem eru í þessu frv. Ég tel með öðrum orðum að þetta frv. greiði ekki fyrir kjarasamningum. Væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. fjmrh. svarar því með hvaða rökum hann telur að þetta frv. greiði fyrir kjarasamningum þegar í frv. er gert ráð fyrir kjaraskerðingu umfram skerðingu þjóðartekna og auk þess gjöldum á almenning upp á nokkra milljarða króna. Það hlýtur að vera afar snúið mál fyrir forustumenn í samtökum launafólks að taka á málinu við þessar aðstæður.

Síðan bætist það við að bersýnilega er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að breyta í grundvallaratriðum réttarstöðu opinberra starfsmanna og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann hugsar sér að halda þeim málum áfram. Hafa átt sér stað viðræður um þau mál við BSRB eða hvað?

Frv. víkur með öðrum orðum almennt frá þeirri mannúðarstefnu sem hefur verið í gildi í þjóðfélaginu og heildarsátt hefur verið um. Það boðar meiri kjaraskerðingu en felst í skerðingunni á tekjum þjóðarbúsins.

Þá er ég kominn að einstökum atriðum og ætla einkum að víkja að heilbr.- og trmrn. Mér sýnist gert ráð fyrir því að skera eigi niður framlög til lífeyristrygginganna um 330 millj. kr. Og ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvernig ætlunin er að gera þetta. Hann getur auðvitað sagt við mig: Ja, við erum að vinna í þessu í heilbrrn. og við sýnum ykkur í stjórnarandstöðunni ekkert það sem við erum að vinna í o.s.frv. Ég hef heyrt þá rullu 30 sinnum hér þegar á stuttum valdatíma hæstv. heilbrrh. En ég nenni ekki að fá svoleiðis svör núna. Ég er bara að spyrja hann í einlægni: Hvað eru menn að gera? Hversu langt er þetta komið? Hvenær kemur frv. inn í þingið? Er þetta hluti af heildarendurskoðun almannatryggingalaganna eða er þetta bara þetta mál út af fyrir sig? Ætla menn að tekjutengja meira? — elli- og örorkulífeyrinn t.d.? Og ef svo er, hafa alþýðuflokksmenn skipt um skoðun frá síðasta þingi? Það getur auðvitað vel verið að annað sé þarna uppi, en ég vil spyrja um þetta atriði. Þarna er verið að skerða tekjur, skerða kjör tryggingaþega um 330 millj. kr.

Í öðru lagi eru sjúkratryggingarnar. Það er gert ráð fyrir því að taka kostnað sjúkratrygginganna talsvert niður. Í greinargerð fjárlagafrv., á bls. 331, er farið yfir það rækilega hvaða þættir það eru sem menn eru að tala um. Það er verið að tala um kostnað við hjálpartæki sem á að lækka um 95 millj. kr. vegna útboða á einnota vörum og greiðsluþátttöku notenda í kostnaði þeirra. Ég hefði aðeins viljað inna hæstv. heilbr.- og trmrh. eftir því hvaða útboð hann er þarna að hugsa um t.d. á hjálpartækjum fatlaðra eða hvað er verið að tala um vegna þess að engar nánari skýringar hafa komið fram á þessu. Vafalaust er heilbr.- og trmrn. með ítarlegri skýringar en hér koma fram vegna þess að mér sýnist nú sums staðar á þessum texta að hann hljóti að hafa verið skrifaður í fjmrn.

Það er gert ráð fyrir því að lækka útgjöld vegna 39. gr. almannatryggingalaganna um 30 millj. kr. en undir þennan lið falla ýmsar bætur sjúkratrygginga, svo sem styrkir til tannviðgerða, sjúkraþjálfunar, ferðakostnaður til útlanda o.fl. Ég spyr um þetta. Ég spyr enn fremur um það að gert er ráð fyrir því hér að

lækniskostnaður lækki um 260 millj. kr. með hækkun á gjaldi fyrir komu til lækna. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi fara um það nokkrum orðum hvernig hugmyndin er að framkvæma þetta. Þá er gert ráð fyrir að draga úr erlendum sjúkrakostnaði um 20 millj. kr. og að síðustu lækkar framlag til niðurgreiðslu lyfja um 800 millj. kr. frá því sem ella hefði verið. Ég skil greinargerðina þannig, þ.e. frá því sem hefði verið að óbreyttu áður en reglugerð nr. 300 7. júlí 1991 var sett. Þannig eru þetta í raun og veru ekki 800 millj. kr. frá núverandi stigi heldur 800 millj. kr. frá því stigi sem var í útgjöldum sjúkratryggginganna til lyfja í ársbyrjun 1991.

Ég mun koma aðeins að lyfjunum nánar síðar en víkja þessu næst að sjúkrahúsunum og þá sérstaklega að sjúkrahúsunum á höfuðborðarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir verulegum breytingum. Það er verið að tala um að breyta rekstri Borgarspítalans og Landakotsspítalans í grundvallaratriðum. Nú er kannski rétt að taka það fram, virðulegi forseti, að þetta er í fyrsta sinn sem þingið fjallar um fjárlög eftir nýju þingsköpunum, þ.e. eftir að fagnefndir eru farnar að fara yfir málin og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að þær nefndir, sem ég á sæti í alla vega, hafi gert þetta samviskusamlega og þær heimsóknir, sem við höfum farið í heilbr.- og trn. hafa til þessa verið gagnlegar og verða það vonandi áfram. Og umræður um fjárlagafrv. í hv. iðnn. hafa einnig verið mjög gagnlegar. Það er þess vegna hægt að fara aðeins ítarlegar í fagþættina í frv. heldur en venjulega á þessu stigi málsins. Ég tel það mjög til bóta. Mér sýnist að málið liggi í rauan og veru þannig frá sjónarmiði þingsins séð að áður en að frv. kemur til 1. umr. sé mjög heppilegt að nefndirnar hafi byrjað yfirferð málsins og ég tel ástæðu til að geta þess hér varðandi forustumenn hv. nefnda, heilbr.- og trn. og iðnn., og einkum þann síðarnefnda sem ég hef ekki ávarpað af sérstakri virðingu áður hér úr ræðustólnum að það er ástæða til að þakka það að menn hafa sinnt því samviskusamlega. (**Gripið fram í:** Hefurðu dottið, Svavar?) Við erum nú alltaf sanngjarnir, alþýðubandalagsmenn eins og þú veist, hv. þm.

Varðandi Borgarspítalann og Landakotsspítalann langar mig aðeins til að biðja hæstv. heilbrrh. um að ræða það nokkru nánar við okkur hvernig það er hugsað. Í fyrsta lagi þetta: Það er í raun og veru ekki búið að ákveða þessar breytingar í einstökun atriðum. Forráðamenn Borgarspítalans og Landakotsspítalans vita ekkert um til hvers er ætlast af þeim í dag. Og það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur að standa þannig að málum að forustumenn þessarar sjúkrahúsa, eins og ég geri ráð fyrir t.d. með sjúkrahúsið í Stykkishólmi, viti ekkert um til hvers er í rauninni ætlast af þeim. Og ég gagnrýni vinnubrögð heilbrrn. í þessu máli. Ég tel að þessi vinnubrögð séu óeðlileg. Forráðamenn þessara stofnana, eins og t.d. Landakotsspítala, eru algerlega í lausu lofti, hafa ekki hugmynd um til hvers er ætlast af þeim. Þeir hafa heyrt það eftir hæstv. heilbrrh. og fleirum að það standi til að breyta Landakotsspítala í hjúkrunarheimili. Ég verð að segja að það er auðvitað algjör fjarstæða að gera það eins og hv. 13. þm. Reykv. vék hér aðeins að áðan. Það er í rauninni algerlega út í hött að breyta Landakotsspítala í hjúkrunarheimili vegna þess að það er svo dýrt. Það þarf að gera svo miklar breytingar á búnaði spítalans, lyftum, göngum og öðru slíku, að það er útilokað að gera þetta.

Það liggur ekkert fyrir um það enn þá hvaða starfsemi Landakotsspítala og Borgarspítala það er sem á að færa saman. Hvaða starfsemi það gæti verið sem væri sérstaklega hentugt að flytja til. Ég sé það satt að segja ekki í fljótu bragði með góðu móti hvað það gæti verið nema menn ætli sér að flytja tiltekinn hluta skurðlækninganna, handlækningar sem þarna eru unnar, í burtu. Sem þýðir ósköp einfaldlega það að þær verður að vinna einhvers staðar annars staðar. Þá er fyrst og fremst um að ræða bæklunarlækningar og það eru biðlistar alls staðar eftir bæklunarlækningum. Með þessu er að mínu mati verið að segja: Það á bara að bíða lengur eftir bæklunarlækningum ef það eru bara handlækningarnar sem menn eru að tala um að flytja frá Landakotsspítala yfir á Borgarspítalann. Önnur hugmynd, sem hefur komið upp og menn geta út af fyrir sig rætt, er að flytja barnadeild Landakotsspítala yfir á Borgarspítala með þeim faglegu rökum fyrst og fremst að Borgarspítalinn er með slysadeild. Þangað kemur mikið af börnum. Og Borgarspítalinn þarf í rauninni að hafa deild fyrir börn. Ég sé hins vegar ekki ef maður skoðar rekstartölur Landakotsspítala og Borgarspítala að þetta spari neitt. Hvernig svo sem ég velti þessu dæmi sé ég í rauninni ekki að það sparist neitt við það að gera þetta svona. Og ég kemst að þeirri niðurstöðu eftir þó nokkuð vandlega umhugsun að menn segi í fyrsta lagi: Menn geta þetta ekki, þetta verður ekki gert í raun og veru. Vegna þess að þeir aðilar sem standa að stofnunum eins og Borgarspítalanum, Landakotsspítalanum og St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði munu ekki láta segja sér svona fyrir verkum af því að það er svo vitlaust sem menn eru að tala um út frá faglegu sjónarmiði og líka út frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Mér er tjáð að forráðamenn St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði hafi þegar skilað hæstv. heilbrrh. tillögum um breytingar á spítalanum. En það var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að fjárveitingar til spítalans verði lækkaðar í fjárveitingum að mig minnir um 115 millj. kr. Mér er tjáð að sparnaðartillögur forráðamanna St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði séu einhvers staðar á bilinu 10–20 millj. kr. og þeir segja að þeir komist bara alls ekki lengra.

Út af fyrir sig er hugsanlegt að breyta St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði í hjúkrunarheimili. En það er dýrt. Það er í raun og veru rándýrt vegna þess að búnaður spítalans hæfir ekki hjúkrunarheimili. Auk þess sem það vill svo vel til að langlegumál aldraðra eru í betra horfi í Hafnarfirði, svo að ég tali aðeins um það, heldur en t.d. hér í Reykjavík. (Gripið fram í.) Þeim var nú hjálpað á síðasta kjörtímabili þar eins og annars staðar, hv. þm. Þannig að ég fæ ómögulega séð í fljótu bragði að þessir tilflutningar milli spítalanna, Landakotsspítala og Borgarspítala, breytingin á St. Jósefsspítala, breytingarnar á Stykkishólmsspítala, breytingarnar á Patreksfirði, ganga faglega upp nema menn

ákveði að fella niður þjónustu sem fólk á núna lögbundinn rétt á samkvæmt lögunum um heilbrigðisþjónustu eins og þau voru sett 1973 og hafa verið síðan. Ef það er í raun og veru þannig að ríkisstjórnin ætli sér að fella niður rétt manna til heilbrigðisþjónustu, ef ríkisstjórnin hefur þá stefnu á hún auðvitað að segja það fullum fetum. Forráðamenn Landakotsspítala, sem við ræddum við á dögunum, sögðu: Það er engin leið að ná þessum markmiðum nema með því að fella niður þjónustu, þ.e. að breyta í grundvallaratriðum 1. gr. laganna um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um það að fólk eigi rétt á eins góðri heilbrigðisþjónustu og almennt er völ á á hverjum tíma. Ég fullyrði með öðrum orðum að það sé ekki hægt án slíkra breytinga að ná þessum markmiðum sem hæstv. heilbrrh. hefur ákveðið að beita sér fyrir burt séð frá því hvort þau eru réttlætanleg eða ekki.

Það er einnig mjög athyglisvert í þessu sambandi, virðulegi forseti, að átta sig á því að forráðamenn Landakotsspítala t.d. hafa ekki fengið um það upplýsingar hvernig á að fara að því að loka Hafnarbúðum. Þeir hafa ekki undirbúið neinar ráðstafanir í þeim efnum enn þá, þó er verið að tala um að loka þeim nú um áramótin, eftir örfáar vikur. Þeir hafa ekki hugmynd um hvernig þeir eiga að standa að þessu. Þegar maður spyr þá hvernig á að fara í þessi mál og hvort þeir hafi ekki heyrt eitthvað í heilbrrn. segja þeir: Nei, nei við vitum ekkert um þetta en við höfum heyrt þetta í fjölmiðlum. Það væri svo sem eftir öðru hjá þessari ríkisstjórn að hún léti sér nægja að senda út opinberar tilkynningar í fjölmiðlum. En allir forráðamenn þessara stofnana, hvort sem það er Landakot, Hafnarbúðir, St. Jósefsspítali, Borgarspítalinn eða hvað það er, búa núna við algera óvissu frammi fyrir árinu 1992 af því að þeir hafa í raun engin fyrirmæli um það í einstökum atriðum hvernig á að fara að þessu eða leiðbeiningar um það í einstökum atriðum. Ég segi að forráðamenn þessara stofnana séu örugglega allir af vilja gerðir til þess að vinna með stjórnvöldum. Ég er sannfærður um það og þekki það reyndar. Þeir hafa engar leiðbeiningar um það og ég segi: Þessi tilraun til breytinga og sparnaðar er dæmd til þess að mistakast vegna þess að svona er að henni staðið burt séð frá því hvort er rétt eða rangt að gera þessa hluti. Hún er dæmd til þess að mistakast. Og ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, að þegar kemur að umræðu um fjárlögin fyrir árið 1993 mun verða hægt að slá því föstu að menn hafi ekki náð þeim markmiðum sem menn skrifa niður í þessu plaggi af því að þau eru ekki framkvæmanleg með þessum aðferðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi í þessum efnum. Og það lýsir auðvitað alveg ótrúlegu kunnáttuleysi í vinnubrögðum þegar um er að ræða mann eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hefur mikla reynslu af hinu opinbera kerfi sem form. fjárveitinganefndar um langt árabil og þekkir þessi mál betur en mjög margir aðrir.

Hið sama er auðvitað að segja um Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar. Það var hjartans mál hjá sumum að halda því opnu dálítið áfram. Ég ætla ekkert að fara að tala hérna við hæstv. forsrh. og borgarfulltrúann í Reykjavík um það mál núna á þessum kvöldfundi. En það var mikið hjartans mál hjá sumum að hafa þetta fæðingarheimili um skeið. Þá voru demonstrasjónir, með leyfi forseta, alls konar fyrirsagir í Morgunblaðinu, leiðarar og Reykjavíkurbréf um nauðsyn þess fyrir konur þessa lands að til væri Fæðingarheimili Reykjavíkur. Það var nú ekki lítið sem gekk á og ályktanir í borgarstjórn Reykjavíkur um gerræði manna að láta sér detta það í hug að leggja það niður. Formaður heilbrigðisráðs Reykjavíkur, það er nú ekki búið að kjósa hann inn á Alþingi enn þá þannig að hann hefur enn þessa skoðun sem borgarstjórnarmeirihlutinn hafði um skeið, að það mætti engu breyta þarna, Árni Sigfússon heitir hann. En eins og biskupinn yfir Íslandi benti á í dag þá breyta sjálfstæðismenn mjög mikið um skoðun eftir því hvort þeir eru innan eða utan stjórnar, eða innan eða utan þings. Biskupinn hélt alveg sérstaka dómadagsræðu um það í upphafi prestastefnu í dag hvað þeir væru snöggir að skipta um skoðun í Sjálfstfl.

Staðan er auðvitað þannig í kringum Fæðingarheimili Reykjavíkur, það er nákvæmlega eins, menn hafa í raun og veru engar leiðbeiningar um það hvernig á því máli á að taka. Ég get hins vegar sagt það fyrir mitt leyti í sambandi við Fæðingarheimilið að ég tel sjálfsagt að endurskoða rekstur þess. Ég er þeirrar skoðunar og hef alltaf verið það. Það er sjálfsagt að gera það. Hins vegar held ég að það eigi að koma þessum málum dálítið öðruvísi fyrir heldur en að setja þetta allt undir ríkið eins og yrði gert að óbreyttu. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að það eigi að vera tiltekið svigrúm fyrir ákveðna faglega samkeppni í heilbrigðisþjónustunni. Ég held að einokunarstarfsemi þar sé vond eins og í samgöngunum, siglingum til landsins. Ég er á móti því að breyta þjóðfélaginu í eitt allsherjar Eimskipafélag. Hvort sem það er á spítölum eða í frakt. Ég er á móti því.

Sameining spítalanna er líka mál sem hefur verið skoðað dálítið. Hér er skjal sem heitir „Samsöfnun og dreifing sjúkrahússþjónustu á höfuðborgarsvæðinu" og er þýtt af löggiltum skjalaþýðanda og dómtúlki fyrir ríkisspítalana. Sjálfsagt borgað fyrir það þó þeir hafi enga heimild til þess að mati heilbrrh. því að hann vill vita alveg nákvæmlega hvernig þessum milljörðum er varið sem ríkisspítalarnir eru með og má það heita göfugmannlegt markmið að velta fyrir sér hverri krónu sem ríkisspítalarnir fá. (Gripið fram í.) Það er mesta furða hvað maðurinn lítur vel út og er brattur að sjá miðað við þær annir sem hann hefur tekið á sig, (Gripið fram í.) að velta fyrir sér krónum ríkisspítalanna því þær eru margar. En niðurstaðan í þessari skýrslu er ekki sú að það eigi að sameina Borgarspítalann og Landakotsspítalann. Það er nú eitthvað annað. Og það er von að heilbrrh. hafi verið reiður þegar hann fékk þessa skýrslu, alveg fokvondur í sjónvarpinu. Ég veit ekki hvort menn muna eftir því, hann hefur svo oft verið það í sumar. (Gripið fram í.) Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Við samruna Borgarspítalans og Landakotsspítalans verður tvöföldunin mest." — þ.e. tvöföldun á þjón-

ustu — „Borgarspítalinn og Landakotsspítalinn munu sameiginlega hafa 40–60% markaðshlutdeild í mörgum sérgreinum.“ — Það er aldrei hægt að tala um neitt öðruvísi en sem markaðshlutdeild. Það mun vera átt við fólk hér, býst ég við. — Svo segir hér: „Við þessa sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala mun kostnaður hækka, sóun verður í hámarki og gæði munu minnka.“ — Þetta er fagleg niðurstaða og það er ekki nokkur leið að horfa fram hjá þessu fyrir hv. Alþingi. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. heilbrrh. geri grein fyrir því hér hvernig á því stendur að hann ætlar að hafna þessum sjónarmiðum vegna þess að ég er alveg sannfærður um að það er rétt sem fyrrv. hæstv. heilbrrh. sagði hér áðan, að samvinna allra sjúkrahúsanna í Reykjavík er líkleg til að skila sparnaði þegar fram í sækir, en auðvitað ekki strax, eftir eitt ár eða þvíumlíkt.

Því endurtek ég það sem ég sagði hér áðan að ég tel það algjörlega fráleitt að steypa öllum þessum húsum saman í eitt stórfyrirtæki, svoleiðis kompaní mundi ég ekki vilja hafa. En skipuleg samvinna er skynsamleg og fagleg samkeppni á vissum sviðum er einnig skynsamleg og veitir aðhald að gæðum heilbrigðisþjónustunnar. Kannski getur það verið að við séum mjög mörg hér, þingmenn, sammála um þetta og mér heyrðist það reyndar á hv. 13. þm. Reykv. áðan að svo væri. Spurningin er þá um það hvort hugsanlegt sé að við getum hér í þessum sal náð saman um það að taka á þessum málum því að í mínum huga er það þannig að við eigum þá skyldu, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að fara yfir mál af þessu tagi vegna þess líka að menn vita að það er ekki víst að við verðum mjög lengi í stjórnarandstöðu. Það gæti nefnilega orðið stutt. Það er því vissara fyrir þá sem eru í stjórnarandstöðu í dag að vera ábyrgir strax svo fari ekki fyrir þeim eins og núv. kirkjumálaráðherra sem biskupinn tók á kné sér í dag og flengdi, með leyfi forseta. (**Gripið fram í:** Leyfði forseti það?) Ja, forseti sagði ekki orð um það. Þess vegna er það þannig ... (**Fjmrh.:** Er þetta ekki sami maðurinn og var sóknarprestur ræðumanns?) Þetta er fyrrverandi sóknarprestur minn, það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Tók hann ekki einhvern tímann sóknarbarnið á kné?) Nei, hann náði því aldrei, en kannski hæstv. núv. fjmrh. af því að hann mætti í kirkju hjá honum einu sinni en ég aldrei.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að við eigum hér öll óskiptan hlut. Ég held það sé nauðsynlegt að átta sig líka á því þegar menn eru að tala um þróun ríkisútgjalda að það er alveg rétt að heilbrigðisútgjöldin hafa þanist út, það er rétt. Það er enginn ágreiningur um það. Það er hins vegar rangt sem stundum er sagt að útgjöld til heilbrigðis- og menntamála hafi þanist út, vegna þess að í rauninni er það þannig að menntamálaútgjöld hafa hreyfst furðulega lítið hér á undanförnum árum miðað við útgjöld til heilbrigðismála. Þess vegna eigum við hér óskiptan hlut og spurningin er sú: Getum við t.d. gert hv. heilbr.- og trn. Alþingis að vettvangi til að fara yfir þessa hluti í alvöru og af einlægni, þannig að menn skoði þetta opnum augum, algjörlega opnum augum. Ég viðurkenni að vísu að í þeim efnum vil ég að menn hafi jafnarsjónarmið í heiðri. Menn hafi kröfur um gæði heilbrigðisþjónustunnar að leiðarljósi og ég endurtek að ég tel að einokunarstefna á því sviði þjóni ekki þeim markmiðum sem við eigum að stefna að.

Fyrir utan þetta með spítalana sem ég hef hér rætt er gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 að auka gjöld þeirra sem koma til heilsugæslustöðva um 375 millj. kr. Ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða það almennt, en ég ætla að spyrja hæstv. heilbrrh. — og nú þykir mér leitt ef hann er farinn. Hann hefur brugðið sér fram aðeins. (Gripið fram í.) Í símann, já. Þá hinkra ég bara. Ég get þá vikið hérna aðeins að öðrum ráðherra Alþfl. á meðan til að nota tímann.

Ég ætla aðeins að víkja að iðnrn. í þessu fjárlagafrv. og ég verð að biðja hæstv. fjmrh. að vera í fyrirsvari fyrir það, eins og auðvitað fjárlagafrv. í heild af því ég sé að iðnrh. er ekki mættur hér. Ég er ekki að segja að það komi mér á óvart, því hann er eiginlega aldrei hérna. En það er mjög athyglisvert að líta yfir fjárlagatillögur iðnrn. Þannig háttar til með ráðuneytin að yfirleitt er gert ráð fyrir tilteknum upphæðum sem ráðuneytin hafi til ráðstöfunar eins og það er kallað í sambandi við ýmsa málaflokka. Það er liður sem heitir Ráðstöfunarfé en hitt er yfirleitt mjög nákvæmlega njörvað niður hvað það er sem ráðherrarnir mega eyða. Það er á bls. 191. Það er að sjálfsögðu passað mjög vandlega að ráðherrarnir séu ekki mikið að þvælast um með opin tékkhefti. En þegar maður skoðar fjárlagatillögur iðnrn., þá eru aldeilis jól og páskar á þeim bæ. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að til sé liður sem heitir „Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra, 8 millj.“, sem er óvenjumikið miðað við það hvað þetta er lítið ráðuneyti. Látum það nú vera. Síðan kemur liður sem heitir Iðnaðarrannsóknir, algjörlega ósundurgreint. Hvað ætli eigi að rannsaka þar? Það veit enginn. Hver á að fá þessa peninga? Enginn veit. — 31,1 millj., Iðnaðarrannsóknir. Þá er hann kominn í 39 millj. Síðan kemur liður sem heitir „Iðnþróun og tækninýjungar“. Áðan voru það iðnaðarrannsóknir og svo er það iðnþróun og tækninýjungar. Það eru 9,7 millj. og engin grein gerð fyrir því í hvað á að nota þessa seðla. Það veit ekki nokkur maður. Svo kemur hérna liður sem heitir Iðnþróunarverkefni. Hann er 2,4 millj. Og svo er hérna liður sem engin grein er gerð fyrir en er vafalaust hinn þarfasti og heitir Smáiðnaður í dreifbýli, 10,7 millj. Og þegar búið er að veita peninga í iðnþróun og tækninýjungar og iðnþróunarverkefni þá kemur hérna nýr liður sem heitir Iðnþróun og markaðsmál. — Þeir hafa ekki einu sinni vit á því að skýra þetta mismunandi nöfnum. — 10,7 millj.

Hæstv. iðnrh. er því með seðla upp á marga tugi milljóna og bætir um betur undir liðnum Ýmis orkumál. Það eru 10 millj. það sem heitir Markaðs- og skipulagsmál. Þannig að hann er á þremur stöðum með peninga í iðnþróun, á þremur stöðum með peninga í markaðsmál, fyrir utan það að vera með lið sem heitir Ráðstöfunarfé. Það hefði bersýnilega verið hrein-

legra að kalla þetta allt ráðstöfunarfé ráðherra 90 millj., því þetta er auðvitað þannig að samkvæmt reglum og venjum í Stjórnarráði Íslands fer iðnrh. með þessa liði. En það er auðvitað algjörlega fráleitt að setja fjárlagafrv. fram með þessum hætti. Þó að hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. sé duglegur — það er alveg óumdeilanlegt, duglegur er hann — þá finnst mér það of langt gengið að verðlauna dugnaðinn með því að hann sé með opinn tékka á fimm reikninga í ríkissjóði. Það er óþarflega flott fyrir hann.

Ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann er ekki sammála mér um að það eigi að breyta þessu þannig að þessir liðir séu settir upp með þeim hætti að fólk átti sig á því í hvað þessir peningar fara. Auðvitað getur hæstv. núv. fjmrh. komið upp og sagt: Já, en þetta hefur lengi verið svona.

Það er út af fyrir sig nokkuð til í því því að hann er búinn að vera nokkuð lengi iðn.- og viðskrh. og alveg kominn tími til að skipta honum út. (**Fjmrh.:** Þetta var svona hjá Hjörleifi líka.) Ég er sannfærður um að það var ekki svona hjá honum, nei, ég kann þetta nú ekki í 20 ár að vísu, en alla vega held ég að það sé afar óeðlilegt að ráðherrar séu með opna tékkareikninga á fimm reikninga úr ríkissjóði.

Þetta er langt símtal hjá hæstv. heilbr.- og trmrh., hann hefur þurft að tala vestur á firði kannski. (**Forseti:** Það er búið að gera ráðherra viðvart.) (**Gripið fram í:** Hann er að tala við iðnrh.) Hann er að tala við iðnrh., já. Hver ætli borgi símtalið? (**Forseti:** Forseti er búinn að gera hæstv. ráðherra viðvart svo hann mun áreiðanlega koma strax og hann getur.) Já. Það er auðvitað dálítið vandasamt, virðulegi forseti, í sambandi við umræður af þessu tagi að forráðamenn Alþfl. skuli — já, kemur hann blessaður.

Ég vil þá, af því að ég er búinn að ræða hér talsvert um iðn.- og viðskrh. víkja þessu næst aðeins nánar að lyfjamálunum sem ég var að fjalla um fyrir nokkru. Spurningin er sú: Nást þessar 800 millj.? Verður hægt að ná þessum 800 millj. í sparnað í lyfjunum? Það er auðvitað spurning sem við hljótum að velta fyrir okkur. Í sjálfu sér er alveg hugsanlegt að það gerist. Hins vegar er ljóst að það hefur margt verið að gerast í sumar í lyfjamálum sem bendir til þess að vinnubrögðin séu býsna fálmkennd og fljótfærnisleg, burt séð frá hinu efnislega innihaldi málsins, þ.e. því að láta sjúklinga borga meira í lyfjum.

Mér er tjáð að sl. vor hafi verið í gangi 3000 lyfjakort í landinu. Í fyrri hluta júlímánaðar voru gefin út 1700 kort. Í síðari hluta júlímánaðar voru gefin út 4047 kort. Í fyrri hluta ágústmánaðar voru gefin út 1858 kort. Í síðari hluta ágústmánaðar voru gefin úr 1522 kort. Í fyrri hluta septembermánaðar voru gefin út 1158 kort. Í síðari hluta septembermánaðar voru gefin út 1165 kort. Og í fyrri hluta októbermánaðar, 15. okt., voru gefin út 1011 kort. Samtals hafa verið gefin út, frá í vor að reglugerðin var sett, 12.489 lyfjakort. Og auk þess á Akureyri 970 kort á þessum tíma öllum, eða samtals 13.459 lyfjakort á þessum tíma.

Ég held að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að menn reyni að átta sig á því hvernig á þessum hlutum er haldið. Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það að gefin séu út lyfjakort. Spurningin er hins vegar hvort það hafi verið rétt í þessa hluti farið. Ég held að það hafi ekki verið gert, ég held að það hafi verið farið í þessi mál af allt of miklu offorsi og niðurstaðan blasir við í þessari útgáfu lyfjakorta upp á 14.000 eða svo, 14.000 kort frá því að reglugerðin var gefin út 1. júlí sl. En í öðru lagi kemur þetta auðvitað fram í því að það hafa verið gefnar út tvær leiðréttingarreglugerðir á þessari reglugerð sem gefin var út 7. júní, reglugerð nr. 300 í Stjórnartíðindum. Síðan hafa verið gefnar út leiðréttingarreglugerðir, reglugerð nr. 368 og reglugerð nr. 372, vegna þess að menn sáu að upphaflega reglugerðin gekk ekki af því að í henni voru margar fljótfærnisvillur burt séð frá innihaldi málsins að öðru leyti. Til dæmis ber það vott um faglega fljótfærni svo ég nefni eitt dæmi, og ég ætla að nefna fleiri hér, að það er ákveðið í reglugerð nr. 300 frá því snemma í sumar að neflyf skuli greidd að fullu. Lyf skuli ákvörðuð í verðflokki til sjúklinga eftir því hvar þau eru tekin inn, en ekki eftir verkun lyfjanna. Lyf sem var tekið í gegnum nefið urðu menn að borga að fullu en lyf sem hafði sömu áhrif en er notað „óralt", eins og það heitir í apótekum, var hægt að fá það niðurgreitt. Þeir sáu undir eins í heilbrrn. eftir nokkra daga að þessi nefreglugerð gekk ekki upp og þess vegna urðu þeir að breyta þessu þannig að niðurstaðan varð sú að það sem tekið væri í gegnum nefið og hefði tiltekna verkun yrði jafnvel líka niðurgreitt.

Í annan stað vil ég nefna það dæmi að það er ákveðið að minnka lyfjaskammta og það styðst við alveg tiltekin rök sem ég er fullkomlega sammála og hafa komið fram hjá hæstv. heilbrrh., menn hafa ávísað á óheyrilega stóra lyfjaskammta. En það á auðvitað sérstaklega við þegar um er að ræða fólk sem fær skjótt bót meina sinna. Þegar aftur á móti er um að ræða einstaklinga sem þurfa að nota lyf að staðaldri og eru væntanlega flestir eða allir þeir sem eru með lyfjakortin, þá hefur þetta bersýnilega kostnaðarauka í för með sér. Það þýðir það að menn verða að leita oftar til læknis á ári en áður, sex sinnum í stað fjórum sinnum og auk þess er það auðvitað þannig að lyfjagreiðslan miðast við 60 stykki í pakkningu, þó svo um 100 stykkja pakkningar sé að ræða, þær má ekki rjúfa, það er almennt öryggisatriði, en fyrir 100 stykkja pakkningu borga menn eitt fastagjald. Það er líka ljóst að með þessu móti verða lyf fyrir sjúklinga sem þurfa lyf að staðaldri, ég er ekki að tala um hina, 10–15% dýrari en ella. Með öðrum orðum: Þetta er ekki allt saman sparnaður heldur að hluta til verulegur kostnaðarauki fyrir tryggingarnar.

Ég hef áður minnst á lyfjakortin. Ég gæti nefnt t.d. lausasölulyfin sem nú eru óniðurgreidd. Það hefur það iðulega í för með sér að læknar verða að vísa á niðurgreidd dýrari lyf. Ég tek dæmi: Sýrubindandi lyf sem fæst í handkaupi kostar óniðurgreitt 7.728 kr., átta vikna skammtur. Sýruhemjandi lyf sem hægt er að nota í staðinn kostar hins vegar ekki 7.728 kr. heldur 14.168 kr., en þetta sýruhemjandi lyf fæst samkvæmt lyfseðli en ekki hitt. Menn velja þess vegna dýrara lyfið af því

að ódýrara lyfið er aðeins selt í handkaupi. Niðurstaðan verður sú að þessi átta vikna lyfjaskammtur af þessum lyfjum, sýrubindandi lyfjum og sýruhemjandi lyfjum, er 6.440 kr. dýrari fyrir ríkið en hann þyrfti annars að vera. Hann er verulega mikið dýrari fyrir ríkið heldur en annars þyrfti að vera. Ég held að þessi dæmi nægi alveg, virðulegi forseti, til að sýna fram á að það er útilokað að fullyrða að reglugerðin um lyfin, hvaða reglugerð af þessum þremur sem er, skili þessum 800 millj. kr. sem verið er tala um. Það er algjörlega útilokað.

Ég held að menn muni komast að því að þarna séu hlutirnir talsvert mikið öðruvísi en gert var ráð fyrir í upphafi og ég held að menn muni sjá að í þessi mál var farið af mikilli fljótfærni og offorsi. Ég er ekki almennt að gagnrýna það að menn reyni að hemja lyfjakaup en það er að sjálfsögðu ekki sama hvernig að því er staðið. Ég held að í þessu máli sé það nákvæmlega eins og með sjúkrahúsin að við munum í október 1992, þegar við fjöllum um fjárlagafrv. 1993, sjá að vinnubrögðin skiluðu ekki þeim árangri sem menn ætluðu sér að ná af því að það var farið svona í hlutina. Ég spyr í þessu máli: Er það hugsanlegt að menn fáist til að setjast yfir þetta í sameiningu, bæði stjórn og stjórnarandstaða? Ég vil segja fyrir mig, eins og hefur komið fram í þessari ræðu áður, að ég skil það mjög vel að menn reyni að ná utan um heilbrigðisútgjöldin. Ég held að lyfin séu þar alveg sérstaklega vandasamur þáttur.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gert ráð fyrir því að lyfjalögum verði breytt. Ég vil inna hann eftir því hvernig það stendur og spyrja hann hvenær þess sé að vænta að frv. um það efni komi inn í þingið, en aðeins benda á það að hann hefur sagt að það eigi að taka upp hlutfallsgreiðslur og þak. Það er í grófum dráttum danska kerfið. En þá spyr ég: Hverjir eru það sem munu verða fyrir hlutfallsgreiðslum og þaki eftir að búið er að gefa út 15–17 þús. lyfjakort? Ef ráðherrann ætlar að fara yfir í hlutfallsgreiðslur og þak, er hann þá að segja að hann ætli að innkalla öll lyfjakortin aftur sem menn hafa núna til þess að geta komið þessum greiðslum við eða hvað? Væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi vera svo vinsamlegur að fara nokkrum orðum um það hér á eftir.

Ég vék að því í máli mínu áðan, virðulegi forseti, að í rauninni væri í þessu frv. hróflað við mörgum þeim grundvallaratriðum mannúðarstefnu sem nánast allir flokkar hefðu a.m.k. í orði kveðnu játað hér á undanförnum árum og áratugum. Ég vék að því að þetta frv. væri kjaraskerðingarfrv. vegna þess að það skerti kjör launafólks eins og ég rakti. Og ég verð að segja það enn fremur að ég tel að hinar almennu efnahagslegu forsendur frv., sem ég ætla þá að víkja næst að, séu afar veikar. Í fyrsta lagi byggir frv. á því að það verði um að ræða mikið af svokallaðri einkavæðingu — en það er orð sem jafnvel gamaldags stjórnmálamenn hafa tamið sér og lært eins og kom fram í útvarpspætti á dögunum, jafnvel hæstv. menntmrh. er búinn að læra þessa rullu. Einkavæðing, deildir Ríkisútvarpsins. Það hefur ekki komið fram hvaða deildir það eru, hvort það er innheimtudeildin eða hvað það er. — Einkavæðing, það er mikið atriði í þessu frv. og það á að taka inn pening á því. Og það stendur í frv. að hæstv. fjmrh. ætli að stofna deild, einkavæðingardeild í fjmrn. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig gengur að stofna þessa einkavæðingardeild? Hafa verið ráðnir menn í þennan einkavæðingarher? Einhvers staðar annars staðar las ég svo að þetta einkavæðingartrúboð ætti að vera á vegum forsrh. þannig að þetta er eiginlega þverfagleg deild sem stofna á í fjmrn. Væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvort hún á ekki samt örugglega að heyra undir fjmrh. þó að hann sé bara varaformaður í Sjálfstfl., eða hvað? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. Og hverjir eiga að stýra þessari einkavæðingardeild? Það væri gaman að heyra það. Á að stofna hana núna um áramótin? (**Gripið fram í:** Viðskrh. hæstv. fær að vera með.) Hann fær að vera með með tékkheftin, sjö tékkhefti á ríkissjóð, opin. Það er fróðlegt að vita. Verður staðan auglýst? Verður staða deildarstjóra einkavæðingardeildar auglýst? Verður frjáls samkeppni um stöðuna? Hvaða hæfileikum þurfa menn að vera gæddir? Hvaða prófgráðu þurfa menn að hafa til að stjórna einkavæðingardeildinni? (**Gripið fram í:** Bílpróf.) Bílpróf. Það er góð hugmynd. Hvaða hugmyndir gerir hæstv. fjmrh. sér um þetta efni? Það væri fróðlegt að fá að vita um það. En ég segi við hann: Þetta er ein af þeim forsendum fjárlagafrv. sem mun bresta. Hann getur ekki komið fram þeirri einkavæðingu sem hann er að tala um í frv. Ekki vegna þess að hann muni reka sig á kreddur neins staðar heldur vegna þess að hann mun reka sig á íslenskan félagslegan veruleika. (Gripið fram í.) Þetta var góð spurning, hv. þm. Það væri kannski eðlilegt, virðulegi forseti, að benda hæstv. fjmrh. á það að þetta yrði kannski bara boðið út sem verkefni. Það væri auðvitað eðlilegt að það væri einkaskrifstofa sem sæi um einkavæðinguna. En ég fullyrði gamanlaust að hæstv. fjmrh. hefur ekkert upp úr þessu krafsi. Ekki neitt.

Í öðru lagi eru það þjónustugjöldin sem eru ein forsenda þessa fjárlagafrv. Mér er sagt að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hafi lýst því yfir að fjórir þingmenn Alþfl. væru á móti skólagjöldum. Í Alþfl. er deild sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson stýrir. — Er hann nú farinn? Nei, hann er þarna, blessaður. — Það er deild sem ætlar að stoppa skólagjöldin. Hér í vinstri hreyfingunni fyrir 20 árum voru flokkar stundum auðkenndir með bókstafnum R í sviga fyrir aftan tiltekið nafn. Hv. þm. Össur Skarðhéðinsson hefur kosið sér að vera formaður í Alþfl. „revólúsjónerarna". Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi hugsað sér að keyra málið fram eftir sem áður og hvernig hann hugsar sér að innheimta skólagjöldin. Ég held að þetta sé óframkvæmanlegt burt séð frá afstöðu hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar, sem menn gera nú greinilega ekki allt of mikið með í stjórnarflokkunum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hann hyggst koma þessu við. Þetta er enn ein ástæðan fyrir því að ég segi: Forsendur frumvarpsins eru veikar.

Í þriðja lagi segir hæstv. fjmrh. í fjárlagafrv.: Verðbólgan verður eins. Mjög lítil verðbólga á næsta ári.

Ég segi: Ég dreg það mjög í efa. Vegna þess að menn eru hér að slá því föstu að kauplag og gengi verði örugglega 100% óbreytt milli áranna 1991 og 1992. Ég leyfi mér mjög að draga í efa að það gangi upp miðað við þá stöðu sem nú er uppi í sjávarútveginum og þær raddir sem nú heyrast um að gengið sé í raun og veru þegar fallið. Ég er ekki að segja neitt slíkt en þær raddir hafa heyrst, m.a. frá flokksfélögum þeirra forustumanna Sjálfstfl. sem sitja mér hér á hægri og vinstri hönd. Auðvitað er það líka algjörlega fráleitt að kauplag verði óbreytt hér allt næsta ár, það gengur alls ekki. Því segi ég: Þessar forsendur ganga heldur ekki upp. Margoft hefur verið bent á að það að hingað komi álver, og reiknað er með því í þessu fjárlagafrv., en það er mjög óviss þáttur að ekki sé meira sagt.

Í fjárlagafrv. er eins og ég hef komið að áður gert ráð fyrir breytingum á tekjuskattskerfinu í heild. Það liggur ekkert fyrir um að stjórnarflokkarnir nái samstöðu um eitt eða neitt í þeim efnum. Í fjárlagafrv. er birtur listi upp á margar blaðsíður yfir frv. til laga sem á að breyta. Ég segi: Það liggur ekkert pólitískt samkomulag fyrir í stjórnarflokkunum um það hvernig þessum lögum á að breyta í einstökum atriðum. Ekki neitt. Og ég segi við hæstv. fjmrh.: Þær grundvallarforsendur, pólitískar og efnahagslegar, sem þetta frv. byggir á, halda ekki. Ég er þess vegna sannfærður um að það verður ekki aðeins hæstv. heilbrrh. sem mun verða fyrir því að menn fari yfir málin í október 1992 og segi: Þetta náðist ekki, heldur verður það fyrst og fremst hæstv. fjmrh. vegna þess að pólitíski veruleikinn í kringum hann er ekki þannig að hann geti gert ráð fyrir því að ná þessum markmiðum.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var mikill skjálfti að sögn í vinstri armi Alþfl. Þá var mikill titringur. Hæstv. félmrh., sem er því miður ekki stödd hér, kom oft í sjónvarpið, eins og hún gerði nú oft þegar kom að fjárlögum hér fyrr á árum, og sagðist aldrei mundu samþykkja þetta. Svo samþykkti hún það auðvitað. Og þegar fjárlagafrv. var samþykkt í ríkisstjórninni nú í haust sagði hæstv. félmrh. að það væri alveg óhjákvæmilegt að koma inn í fjárlagafrv. tekjujöfnunaraðgerðum. Og dag eftir dag birtust dramatískar fréttir í DV og víðar um að það léki allt á reiðiskjálfi í Alþfl. út af fjárlagafrv. „Ósamkomulag tefur fjárlagagerð. Reynt til þrautar að ná samkomulagi í dag", 3. sept. „Skólagjöld ágreiningsatriði", segir Össur Skarphéðinsson, 3. sept. „Hugmyndir mínar hafa ekki fengið hljómgrunn", sagði Jóhanna Sigurðardóttir á sömu síðu í sama blaði. „Óbundin af þeim ákvörðunum sem teknar voru", sagði Jóhanna Sigurðardóttir 4. sept. „Skólagjöld og sjúkraskattur eru enn inni", sama blað. Daginn eftir kemur Jóhanna Sigurðardóttir — þá fer maður nú að kannast við þetta allt saman frá gamalli reynslu. „Jóhanna Sigurðardóttir: Bjartsýnni um að samkomulag náist." Og þá er kominn kunnuglegur hljómur þar sem segir hér orðrétt: „Að mati Jóhönnu þarf að koma upp öflugu neti jöfnunaraðgerða til að tryggja hag þeirra sem lakast eru settir samfara auknum gjaldtökum. Hún segir að slíkt muni óhjákvæmilega leiða til aukinna útgjalda en á móti megi fá tekjur þannig að heildardæmi fjárlagagerðarinnar raskist ekki." Alltaf ábyrg. (**Gripið fram í:** Hvar er hún núna?) Ég er nú alveg hættur, hv. þm., að spyrja mikið um ráðherrana, þeir eru ekki vanir að vera hér svo mikið nema hæstv. heilbrrh. Hann lætur sjá sig stundum. En ætli hæstv. félmrh. eigi heimangengt, eða er hún með fjarvistarleyfi? (**Forseti:** Hún er með fjarvistarleyfi í dag.) Nú, þá er það gott en hæstv. heilbrrh. getur örugglega talað fyrir Alþfl. Svo kemur frétt í DV 6. sept.: „Þrír kratar með bókun gegn skólagjöldum." Byltingarliðið mætt á staðinn. (Gripið fram í.) Og tekið er fram að Jóhanna hafi lýst sérstakri andstöðu við þetta mál. Daginn eftir þetta, laugardaginn 7. sept. kom hæstv. félmrh. í sjónvarpið og sagði: „Ég hef tryggingu fyrir því að það verði gripið til jöfnunaraðgerða. Ég hef fengið alveg örugga pólitíska tryggingu fyrir því." Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh.: Hvaða jöfnunaraðgerðir eru það sem þið lofuðuð félmrh., sem eru ekki hér, sem er ekki hér í þessari bók? Hvaða jöfnunaraðgerðir eru það sem þið lofuðuð og eru ekki í þessari bók? Því að það eru engar í þessari bók. Þessi bók er bara með ójöfnunaraðgerðir. En hvaða jöfnunaraðgerðir eru það sem Alþfl., byltingardeildinni, var lofað þegar menn voru látnir kokgleypa þetta fjárlagafrv.? Það er útilokað að ljúka þessari umræðu hér í þessari virðulegu stofnun öðruvísi en að ríkisstjórnin geri grein fyrir því: Hverjar eru þessar jöfnunaraðgerðir? Hvar eru þær? Það verður að koma fram í hverju þær verða fólgnar. Og ég skora á hæstv. ráðherra að gera grein fyrir því hvar þær eru því að það er vonlaust að fjalla um þetta mál öðruvísi en að menn geri hér grein fyrir jöfnunaraðgerðunum í einstökum atriðum, þeim jöfnunaraðgerðum sem réðu úrslitum um það að Alþfl. samþykkti þetta frv., að sögn. Ég trúi því ekki að forustumenn Alþfl. hafi blekkt eða reynt að blekkja flokksstjórn Alþfl. eða þingflokk til stuðnings við þetta plagg. Það hlýtur að vera að menn hafi í raun og veru eitthvað í þessum efnum. Kannski hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé með einhverjar upplýsingar í pokahorninu um þetta mál sem hann mundi vilja koma á framfæri? (**Gripið fram í:** Hann er alltaf að skrifa.) Hann er alltaf að skrifa og ég vona að hann sé á mælendaskrá. Er hv. þm. Össur Skarphéðinsson á mælendaskrá, virðulegi forseti. (**Forseti:** Ég sé það nú ekki.) Nei. (**ÓRG:** Setja hann á mælendaskrá.) Þá óska ég eftir því, virðulegur forseti, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson verði bara settur á mælendaskrá til þess að hann geti komið fram með sín sjónarmið í málinu. Vegna þess að hann hefur alltaf verið að reyna að leika hlutina þannig að Alþfl. væri í raun og veru bæði með og á móti þessari ríkisstjórn.

Í umræðunum um stefnuræðu forsrh., sem hefði í raun og veru nákvæmlega getað verið flutt á landsfundi Sjálfstfl. því það var ekkert frá krötunum í henni, voru t.d. tveir menn í fyrri umferðinni frá Alþfl. Fyrst hæstv. utanrrh. sem sagðist vera með skólagjöldum og sagði sem væru á móti skólagjöldum væru kommúnistar, síðan hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem var á móti skólagjöldum og var þar af leiðandi eini kommúnistinn sem hér er í þinginu eða hefur fengið þá nafn-

gift í seinni tíð. Ég óska honum til hamingju með það í sjálfu sér. En það er kominn tími til það þessir menn í Alþfl. sem eru að reyna að leika tveim skjöldum og þykjast alltaf vera betri en hinir fantarnir, þeir komi nú fram. (Gripið fram í.) Vegna þess að það verða auðvitað tættar af þeim spjarirnar hér í atkvæðagreiðslum um fjárlagafrv. þegar þar að kemur. Það mun þá koma greinilega í ljós hvaða heilindi eru á bak við þeirra ummæli í þessum efnum. Ekki aðeins í sambandi við skólagjöldin, heldur ýmis önnur mál sem þeir hafa haft uppi alls konar svardaga um. Og það er auðvitað ódýrt, að ekki sé meira sagt, að menn skuli reyna að þvo sig hreina af óvinsælum og erfiðum ákvörðunum ríkisstjórna með þeim hætti sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur reynt að gera, það er ódýrt, nema menn ætli að fylgja því eftir. Þess vegna skora ég á hv. þm. að sýna nú einu sinni kjark og þora að tala hér í óbundinni umræðu í þinginu þar sem hægt er að svara honum og tala við hann.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir nokkur meginatriði í þessu fjárlagafrv. Ég tel mig hafa sýnt fram á það að í grundvallaratriðum sé hér ráðist að ákveðnum samnefnara mannúðarstefnu sem hefur í raun og veru einkennt málflutning, ákvarðanir stjórnmálaflokka á undanförnum árum og áratugum. Ég tel mig hafa sýnt fram á það að frv. boði kjaraskerðingu umfram það sem þörf er á miðað við samdrátt í þjóðartekjum og ég hef látið það koma fram að ég dreg það í efa að heilbrrh. nái sínum markmiðum, m.a. vegna þess hvernig að málum er staðið af hans hálfu, burt séð frá því hvert sé efni málsins að öðru leyti.

Ég vil aðeins, af því að hæstv. heilbrrh. brá sér fram áðan, leggja fyrir hann eina spurningu að lokum. Það er varðandi heilsugæsluna. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að taka inn í tekjur í heilsugæslunni um 375 millj. kr., og ég vil spyrja hann: Er þessi tala miðuð við þau gjöld sem tekin voru í heilsugæslunni áður eða er gert ráð fyrir meiri þjónustu þarna sem eigi að skattleggja heldur en áður var tekin á heilsugæslustöðvum? Ég spyr að gefnu tilefni. Samkvæmt upplýsingum sem hér komu fram í gær í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. fellur það niður um næstu áramót að ungbarnaeftirlit og mæðravernd séu gjaldfrí í þessum efnum. Og ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort það sé ekki algjörlega á hreinu að ungbarnaeftirlit og mæðravernd eigi áfram að vera gjaldfrí þrátt fyrir þessa lagabreytingu um áramótin, því ef það er ekki þá sýnist mér að þær tekjur sem ríkið mundi taka inn á þessari breytingu á heilsugæslustöðvunum yrði ekki 375 millj., heldur miklu hærri upphæð, þannig að menn væru að taka 10–20 og allt upp í 100–200 millj. kr. inn með sérstakri skattlagningu á foreldra ungbarna og mæðravernd og ungbarnaeftirliti yfirleitt. Þessa spurningu vildi ég skilja eftir hjá hæstv. heilbrrh. um leið og ég læt í ljós ósk um það að bæði hann og hæstv. fjmrh. svari þeim mörgu spurningum sem hér hafa verið bornar fram og sem komið hafa fram í máli annarra þingmanna.

Hér fyrr í dag var nokkuð vikið að kostnaðarmálum heilbrigðisþjónustunnar almennt og þá alveg sérstaklega að þeirri breytingu sem gerð var á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og rætt var um það að sú breyting hefði ekki verið heppileg að öllu leyti fyrir heilbrigðisþjónustuna. Ég vil láta það verða mín síðustu orð hér í þessum stól núna í bili að ég er algjörlega sammála þessu. Ég tel að margir þættir varðandi breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi verið mjög vanhugsaðir. Ég tel að menn hafi í raun og veru sett dæmið þannig upp: Hér er ég með svo og svo mikil útgjöld hjá sveitarfélögunum til heilbrigðismála, sjúkratrygginga, tannviðgerða aðallega og slíkra þátta, það þarf að losa sveitarfélögin við þetta. Sveitarfélagamenn þrýstu þessu í raun og veru út af sveitarfélagareikningunum og inn á reikninga ríkisins. Með þessu móti var verið að slíta í sundur samstarf ríkis og sveitarfélaganna um heilbrigðisþjónustuna í landinu, og það er rangt. Ríkið og sveitarfélögin þurfa að vinna saman að verkum af þessu tagi annars er hætta á óhæfilegri miðstýringu á þessu sviði. Á móti þessu var svo ákveðið, eins og hv. þm. þekkja, að sveitarfélögin tækju í staðinn upp byggingar grunnskóla, dagheimila, tónlistarskóla og fleiri slíka þætti. Ég segi alveg eins og er að ég tel að þessi niðurstaða hafi verið fráleit vegna þess að sveitarfélögin eru svo misjöfn í þessu efni, það var fullkomlega fjarstætt að henda í þau öll verkefnum af þessu tagi. Þó svo að sveitarfélag eins og Reykjavíkurborg ráði vel við þessi verkefni, þá á það ekki við um hin litlu sveitarfélög. Ég tel að það hefði verið mikið nær að flytja til sveitarfélaganna ýmsa aðra þætti. Ég nefni í því sambandi t.d. vissa þætti í safnaðarstarfi presta. En eins og þetta gerðist var niðurstaðan að mínu mati ófagleg frá sjónarmiði heilbrigðismála annars vegar og menntamála hins vegar. Ég er sannfærður um það að áður en mjög langur tími líður, þegar kemur fram á næsta ár, þegar þessi verkaskipting hefur verið í gildi í tvö til þrjú ár, þá muni menn sannfærast um þetta.

Ég hef aldrei verið hrifinn af þessari klisju um hreina verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mér finnst það lýsa reglustikusjónarmiði, menn vilji búa til þil og hólf. Ég er meira fyrir óhreina verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Að ríkið og sveitarfélögin hjálpist að. Og ég er sannfærður um það að þeir hnökrar, sem nú hafa komið upp á milli heilbrrn. og St. Jósefsspítalans og Stykkishólmsspítalans og Borgarspítalans og Landakotsspítalans, hefðu ekki komið upp ef stjórnkerfið hefði verið öðruvísi, ef menn hefðu ekki verið búnir að hrúga þessu öllu á ríkið, eins og það er. Ég tel að það sé útilokað í raun og veru að ráða nokkuð við yfirstjórn heilbrigðismála á Íslandi meðan þessum hlutum er svona fyrir komið. Þess vegna mun ekki líða langur tími, eins og ég sagði áðan, áður en menn átta sig á því og segja: Þessu verður að breyta aftur, þetta gengur ekki. — Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið við þessa 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er fjárlagagerð með öðru sniði en áður hefur verið. Hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir margháttuðum umbótum sem koma fram í frv. Er þess að vænta að fjárlög

næsta árs geti orðið raunhæfari umgjörð um efnahagsstjórn okkar en fjárlög hafa verið og það takist að hafa traustari stjórn á útgjöldum á vegum einstakra ráðuneyta en verið hefur.

Þeir þættir frv. sem ég vil gera að umtalsefni hér við 1. umr. eru þau atriði sem lúta að almennum efnahagsmarkmiðum, stefnu í skattamálum, nokkrir þættir varðandi mennta- og menningarmál, landbúnaðarmál, málefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, heilbrigðismál og samgöngumál.

Öllum hv. þm. má vera ljóst að vegna versnandi ytri skilyrða og mistaka við atvinnuuppbyggingu eru efnahagslegar forsendur fjárlagagerðarinnar mjög erfiðar. Minnkandi þjóðartekjur og skuldsettir og gjaldþrota atvinnuvegasjóðir setja okkur í mikinn vanda. Það markmið stjórnarflokkanna, og þá ekki síst Sjálfstfl., að lækka skatta til þess að örva frumkvæði einstaklinga til uppbyggingar og aukinnar verðmætasköpunar eru fjær en vonir stóðu til.

Við afgreiðslu þessa frv. til fjárlaga verður reynt að koma í veg fyrir hækkun skatta, m.a. með samdrætti og tilfærslum í skattkerfinu. Skattalækkanir verða því miður að bíða betri tíma. Við núverandi aðstæður í efnahagsmálum skiptir miklu, ekki síst fyrir atvinnuvegina, að takmarka ríkisumsvif og halda niðri verðbólgu. Þannig og því aðeins næst það mikilvæga markmið að tryggja atvinnu og auka kaupmátt þegar til lengri tíma er litið og ekki síst að treysta velferðarkerfið fyrir þá sem vegna efnahags þurfa einkum á því að halda. En til þess að markmið efnahagsstefnunnar verði að veruleika verður að fylgja þeirri stefnu sem hæstv. fjmrh. boðar í frv. um minnkandi ríkissjóðshalla, samdrátt í lánsfjárþörf ríkisins án þess að hækka skattana. Að þessum meginmarkmiðum verður þingið að stefna til þess að vinna okkur út úr þeim vanda og snúa vörn í sókn.

Mennta- og menningarmál eru stór hluti ríkisútgjalda. Þau útgjöld skipta miklu máli fyrir vöxt og framfarir í þjóðfélaginu og menningarlega reisn okkar. Tvennt vil ég nefna af mjög mörgum þáttum í þessum málaflokki sem mætti gera að umtalsefni við þessa umræðu. Það fyrra eru framhaldsskólarnir en það síðara varðar þjóðminjavernd.

Uppbygging framhaldsskólanna hefur verið mjög hröð og út um allt land hafa risið mjög merkilegar skólastofnanir sem þjóna byggðunum á sama hátt og þeir grónu skólar sem hér í höfuðborginni hafa starfað í áratugi. Það er mitt mat að ásamt bættum samgöngum séu málefni framhaldsskóla þau málefni sem mestu skipta við að treysta byggðina í landinu. Menntaskólar, fjölbrautaskólar og framhaldsdeildir í tengslum við grunnskóla eru víða hornsteinar byggðanna og því þarf að hlúa að þessum skólum, ekki síst hinum smæstu einingum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framlög til framhaldsskóla aukist um 11% á milli ára.

Þjóðminjasafn Íslands er án efa mikilvæg menningarstofnun sem hefur staðið í skugga í umróti og hraða þjóðfélagsbreytinga. Á grundvelli þjóðminjalaga þarf að efla þessa stofnun, ekki síst þann hluta hennar sem á að vinna að varðveislu íslenskrar byggingarlistar að fornu og nýju. Það er ekki vansalaust að menningarminjar drabbist niður og glatist. Um leið og við byggjum upp nýjar, glæsilegar stofnanir þurfum við að huga að því að varðveita eldri byggingar með vönduðu viðhaldi. Má benda á Viðeyjarstofu og Hóladómkirkju sem dæmi um glæsilega endurreisn menningarminja. Við afgreiðslu fjárlaga þarf að líta til þess að eðlileg framlög séu til viðhalds og endurgerðar mannvirkja, ekki síður en framlög til nýbygginga sem oftast hafa í för með sér mikinn kostnað við rekstur.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 400 millj. til þess að gera upp við sveitarfélög samkvæmt samningum í tengslum við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem í einhverjum tilvikum liggja ekki enn fyrir. Leggja verður áherslu á að ljúka uppgjöri við sveitarfélögin og tryggja að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái það fjármagn sem lög gera ráð fyrir, svo sem frv. gerir ráð fyrir reyndar. Það varðar miklu, ekki síst vegna mikilvægra áforma um að sameina sveitarfélög og efla þannig og leggja grundvöll að nýrri sókn á landsbyggðinni og efla vaxtarsvæði.

Framlög til landbúnaðarmála hafa verið einhver allra viðkvæmasti hluti fjárlagagerðarinnar. Vegna mikils samdráttar og breytinga í þessari atvinnugrein er nauðsynlegt að huga rækilega að framlögum til landbúnaðarins, að hverri stofnun, og gæta þess að þær róttæku samdráttar- og skipulagsbreytingar gangi ekki of nærri eða of harkalega að þessari mikilvægu atvinnugrein okkar landsmanna.

Heilbrigðismálin taka til sín langstærstan hluta ríkisútgjalda. Það er því ekki óeðlilegt að þar leiti menn eftir hagræðingu og sparnaði í rekstri. Með hverju ári hafa kröfur um bætta og háþróaða heilbrigðisþjónustu aukist. Stofnanir hafa verið byggðar, allt samkvæmt gildandi löggjöf og eftir leiðsögn og góðum ráðum þeirra sem best þekkja til og eftir stefnumótun heimamanna.

Miklar umræður hafa orðið um hugmyndir heilbrrh. er lúta að róttækum breytingum á rekstri nokkurra sjúkrahúsa. Er þar um að ræða nokkur minni sjúkrahús, m.a. utan höfuðborgarsvæðisins. Það má öllum ljóst vera að miklar breytingar á rekstri slíkra stofnana verða ekki gerðar í einu vetfangi né heldur í fullri andstöðu við eigendur eða sveitarstjórnir. Ljóst er að fjárln. og heilbrrh. verða að finna lausn gagnvart þessum sjúkrahúsum sem er ásættanleg og Alþingi samþykkir. Það er ekki hægt að sætta sig við vinnubrögð sem tíðkuðust hjá fyrri ríkisstjórn sem rauf áratuga gamla samninga og færði sjálfseignarstofnanir á föst fjárlög án þess að gefa viðkomandi færi á að semja eða verjast. Hversu sterka stöðu sem ríkisvald hefur í krafti fjárlaga gagnvart sjálfseignarstofnunum er óverjandi að slíta áralöng samskipti einhliða án samninga. Slík vinnubrögð standast hvorki lög né siðareglur í viðskiptum opinberra aðila sem fjalla um heilbrigðismál.

Í umræðum um heilbrigðismál verður engu að síður að nálgast það erfiða viðfangsefni að ná útgjöldum niður og að takmarka eins og hægt er að útgjöld streymi fram án þess að stjórnendur fái rönd við reist.

Erfiðast í þessu sambandi er það að oft er unnið undir miklum þrýstingi þeirra sem stjórna stofnunum og ráða þeim.

Heilbrrh. hefur sýnt það að hann hefur fullan vilja til þess að takast á við þessi mál og standa að endurskipulagningu heilbrigðiskerfisins og hagræða þar. Ég hef ástæðu til þess að trúa því og treysta að honum takist að ná þar árangri.

Samgöngumálaþáttur fjárlagafrv. getur gefið tilefni til langrar umræðu hér við þessa 1. umr. um fjárlagafrv. Ég mun þó við þessa umræðu stytta mjög mál mitt, en vegamál og hafnamál eru útgjaldaþættir í fjárlagafrv. sem varða landsbyggðina mjög miklu. Í þeirri kröppu stöðu sem þjóðarbúið er í verður að telja það mikilvægan árangur að auka framlög til vegamála um 15% frá því sem er í fjárlögum þessa árs og framlög til hafnamála um 35%. Með þessum framlögum er lögð áhersla á þessa tvo mikilvægu þætti. Þess ber þó að geta að framlög til hafnamála munu fara að verulega miklu leyti til þess að gera upp skuldir ríkisins við hafnirnar. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri frá Hafnamálastofnun er skuld ríkissjóðs nú við hafnirnar um 600 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur dregið úr framlögum til hafnanna á sama tíma og framkvæmdaþörf hefur aukist verulega vegna stærri skipa og vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á hafnarmannvirkjum. Árið 1988 var fjárveiting um 75% af framkvæmdum þess árs. Árið 1989 var fjárveitingin um 62% af framkvæmdum og árið 1990 68%. Í ár stefnir í það að fjárveiting til hafnarmála verði einungis um 43% af þeim framkvæmdum sem lokið verður við á þessu ári. En í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir og kynnt að endurskoðun fari fram á hafnalögunum með það meginmarkmið í huga að tryggja rekstur hafnanna, sameina hafnir og ná sem mestri hagræðingu í rekstri þeirra.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að markmið þessa frv. sem hér er til umræðu nái fram að ganga, okkur takist að ná valdi á ríkisfjármálum með þeim hætti að það styrki framvindu efnahagsmála. Takist það verður öðrum markmiðum náð svo sem þeim að styrkja og efla byggðina í landinu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan að hv. 9. þm. Reykv. yrði gert viðvart. Hann beindi nokkrum spurningum til mín og ég held að réttara væri að hann væri sjálfur í salnum þegar þeim er svarað. Vildi ég biðja hæstv. forseta að sjá til þess að þingmanninum verði gert viðvart, og ég ætla þá að bíða með mál mitt þangað til hann er genginn í salinn. — Þá er hv. þm. kominn og er það gott því það var mjög ánægjulegt að heyra hans ræðu hér áðan. Hún var að flestu leyti mun málefnalegri og á lægri nótunum en það sem hann og flokksbræður hans hafa tíðkað fram að þessu. Vissulega er ánægjulegt að eiga orðastað við hv. þm. þegar hægt er að ræða við hann með þeim hætti.

Í fyrsta lagi almennt um það sem hann sagði í sinni ræðu áður en hann kom að spurningunum sem hann beindi til mín. Að sjálfsögðu er það mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að forsendur fjárlagafrumvarpa séu einvörðungu þær sem við Íslendingar ákveðum sjálfir. Svo er auðvitað ekki því að við erum ekki einir í heiminum hvað sem líður viðskiptasamstarfi okkar við aðrar þjóðir. Einn stærsti útgjaldaliður í fjárlagafrv., bæði nú og áður, er t.d. vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Að nokkru leyti má með sanni segja að það séu forsendur sem við ákveðum sjálf, að vísu ekki á þeim tíma þegar fjárlagaafgreiðsla fer fram heldur á árunum áður. Þetta ákváðum við að nokkru leyti sjálf með því að undanfarandi ríkisstjórnir, allar, ekkert ein frekar en önnur, hafa tekið þá ákvörðun að mæta ekki útgjaldaþörf ríkisins með samsvarandi tekjuöflun, heldur ýta vandanum á undan sér með því að taka lán, aðallega erlendis, til þess að greiða útgjöld sem tekjur hrökkva ekki fyrir og safna þannig erlendum skuldum sem þjóðin verður að greiða af bæði vexti og afborganir. Við Íslendingar ráðum hins vegar ekki sjálfir þessum vaxtakjörum. Við réðum því á sínum tíma að við tókum þessi lán. Við ráðum hins vegar ekki vaxtakjörunum sjálf.

Í fjárlagafrv. yfirstandandi árs er, ef mig minnir rétt, gert ráð fyrir að við þurfum að borga vegna A-hluta ríkissjóðs eins á tíunda milljarð króna í vaxtagreiðslur. Verulegur hluti af þessum vaxtagreiðslum fer til erlendra lánveitenda þar sem vaxtakjörin ráðast af aðstæðum á erlendum lánsfjármarkaði. Þetta eru aðstæður og forsendur sem við ákveðum ekki sjálf. Með sama hætti eru framlög til fjárfestingarlánasjóða sem koma úr ríkissjóði að verulegu leyti til þess að greiða kostnað vegna lántöku fjárfestingarsjóðanna sem ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa ákveðið að taka til þess að framlána síðan atvinnuvegum og einstaklingum eftir atvikum. Mér er nær að halda að ef allar vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs og opinberra sjóða væru teknar saman mundi láta nærri að um 17 milljarðar kr. færu í vaxtagreiðslur samtals til erlendra og innlendra aðila. Þetta eru ekki nema að mjög takmörkuðu leyti forsendur sem við ákveðum sjálf.

Ein af meginforsendum í sérhverju fjárlagafrumvarpi er þær gengisforsendur sem lagðar eru til grundvallar því mati sem ríkisstjórn vill hafa í þeirri áætlun sem fjárlagafrv. er. Við ráðum ekki þróun gengismála á alþjóðlegum mörkuðum. Við ráðum ekki stöðu gengis íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum nema að takmörkuðu leyti. Með sama hætti eru viðskiptakjör mikilvæg forsenda fjárlagagerðar. Við Íslendingar ráðum þeim ekki nema að takmörkuðu leyti. Söluhorfur á erlendum mörkuðum fyrir framleiðsluafurðir okkar eru líka mikilvæg forsenda fjárlagagerðar. Ekki ákveðum við það einir, Íslendingar. Með sama hætti eru veiðar og sjávarafli veruleg forsenda fjárlagagerðar. Ekki erum við einráðir um það. Það er þess vegna afskaplega mikill misskilningur hjá hv. þm. að halda að við Íslendingar séum einir í heiminum þó að við höfum ekki enn þá tengst Evrópsku efnahagssvæði eins og til stendur. Auðvitað eru aðstæður sem ráða mjög miklu um forsendur fjárlagagerðar aðrar en þær aðstæður sem við ráðum sjálf. Umheimurinn hefur talsverð áhrif á forsendur fjárlaga. Það er ekkert nýtt. Það

mun verða svo hvað sem líður tengslum okkar við Evrópskt efnahagssvæði eða öðrum viðskiptasamningum sem við gerum.

Hv. þm. varð mjög tíðrætt um mannúðarsjónarmiðin. Er það mannúð að keppast, eins og stjórnarandstaðan hefur gert, við að gera þá sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu yfir sig hrædda við þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa til til að lækka ríkisútgjöld þegar því er lýst yfir, og þegar reynslan sýnir það svo ekki verður undan þeim dómi vikist, að það er markmið og hefur verið markmið ríkisstjórnarinnar að hlífa fyrst og fremst smælingjunum við áhrifum þeirra breytinga sem gerðar hafa verið? Stjórnarandstaðan hefur hins vegar miðað starfsaðferðir sínar, eins og í lyfjamálinu, við að gera þetta vesalings fólk hrætt, gera það óttaslegið við þær breytingar með því að þyrla upp ósannindum og moldviðri og éta fullyrðingar hver eftir öðrum sem aldrei hefur verið hægt að heimfæra upp á veruleikann. Eru það mannúðarsjónarmið að leggja sig fram um að hærða lítilmagnann, gamla fólkið, sjúklingana og aðra slíka, og nota til þess staðlausa stafi og ósannar fullyrðingar sem hver étur upp eftir öðrum? Það eru ekki mannúðarsjónarmið að mínu mati.

Auðvitað er rétt að ræða til hlítar hvaða aðgerðir eru tiltækar þegar við stöndum frammi fyrir vandamálum eins og þeim sem við þekkjum og stjórnarandstaðan viðurkennir, a.m.k. hv. 9. þm. Reykv. þegar hann talaði hér áðan. Það er ekki tilviljun eða að ástæðulausu að við eigum nú að baki lengsta samfellda skeið stöðnunar og afturfarar í íslenskum þjóðarbúskap frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari. Allt frá árinu 1988 hefur hér ríkt stöðnun, ýmist stöðnun eða afturför í þjóðartekjum og landsframleiðslu. Á sama tíma og hagvöxtur annarra ríkja í kringum okkur hefur verið 3,5% og allt upp í 4% hefur hér á Íslandi annaðhvort ríkt stöðnun í þjóðartekjum og landsframleiðslu eða þjóðartekjur og landsframleiðsla hafa farið minnkandi. Við Íslendingar, sem vorum vön því, a.m.k. í sl. 15–20 ár fyrir árið 1988, að búa við stöðugan vöxt þjóðartekna og landsframleiðslu upp á allt að 6% á ári, erum nú að festast í fari stöðnunar og við sjáum ekki fram á að mjög miklar breytingar verði þar á í nánustu framtíð. Þá er mjög eðlilegt að stjórnvöld íhugi með hvaða hætti eigi að bregðast við.

Hvernig höfum við brugðist við þessari stöðu á undanförnum árum? Við höfum ekki brugðist við þessu eins og hyggin húsmóðir mundi gera sem stjórnaði heimili þar sem útgjöldin væru þriðjungi meiri en tekjurnar eins og verið hefur hjá ríkissjóði. Við höfum ekki brugðist við með þeim hætti að reyna að samræma útgjöld okkar þeim tekjum sem þjóðin hefur til skiptanna, heldur höfum við mætt þessum tekjuvanda, eða öllu heldur útgjaldavanda, með því að slá lán erlendis, ekki bara fyrir fjárfestingum þjóðarinnar, ekki bara fyrir kaupum hennar á vélum og tækjum, skipum og flugvélum, byggingu hafna og annarra mannvirkja, vega, flugvalla. Við höfum líka slegið erlend lán fyrir daglegri neyslu þjóðarinnar, hvort heldur um er að ræða neyslu á sviði mennta- og menningarmála, heilbrigðismála eða félagsmála. Það segir sig auðvitað sjálft að hægt er að grípa til slíks úrræðis tímabundið ef þjóð er í skammvinnum öldudal og sér fram á það að innan skamms muni fjárhagurinn og afkoman aftur fara að rísa. En það er ekki hægt fyrir þjóð sem hefur lifað samfellt stöðnunarskeið frá árinu 1988 að ástunda þannig búskap til eilífðarnóns. Ástæðan er mjög einföld. Ástæðan er sú að þjóð sem þannig hegðar sér mun fljótlega missa lánstraust sitt erlendis og þegar lánstraustið er farið er sjálfsforræðið fyrir efnahagsmálum viðkomandi þjóðar um leið farið. Og ef hún missir stjórn á efnahagsmálum sínum þá er mjög skammt í það að sú hin sama þjóð missi sitt stjórnmálalega sjálfstæði. Þess eru mörg dæmi, og sum þeirra nýleg, að þannig hafi farið fyrir þjóðríkjum, vel menntuðum þjóðríkjum, eins og þjóðríkið Ísland er.

Það er því mjög eðlilegt að menn spyrni við fótum og hugleiði það hvernig taka eigi á slíkum vanda. Það hefði þurft að gerast miklu fyrr. Þá hefðum við ekki þurft að gera ráð fyrir að borga á tíunda milljarð króna á árinu 1992 í vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs eins og við þurfum að gera. Ef menn hefðu brugðist við þessum vanda þegar á árinu 1988, svo að ég tali nú ekki um ef menn hefðu farið svolítið hægar á tveimur eða þremur árunum þar á undan sem eru síðustu góðærin sem við höfum þekkt í íslenskum þjóðarbúskap fram til þeirra daga er við lifum nú.

Töluð orð verða hins vegar ekki aftur tekin. Afgreidd fjárlög verða ekki afgreidd upp á ný. Þess vegna verðum við að horfast í augu við að þurfa á næsta ári að greiða á tíunda milljarð króna í vexti af slíkum neyslu- og eyðslulánum. Þessir rúmlega 9 milljarðar kr. hefðu verið betur komnir í velferðarkerfinu en í höndunum á innlendum og erlendum lánveitendum ríkissjóðs.

Miklar breytingar til bóta hafa orðið á fjárlagagerð á undanförnum árum. Ein af þeim breytingum var undirbúin af fyrrv. fjmrh. og framkvæmd af núv. fjmrh. Það var að byggja gerð fjárlaga á svokölluðum fjárlagarömmum, þ.e. að samkynja viðfangsefni eru flokkuð saman, búinn til rammi, og ráðherrum síðan uppálagt að gera sínar tillögur miðað við, eins og nú var gert, óbreytta útgjaldaramma frá fyrra ári, að vísu með þeim möguleikum að hreyfa til útgjöld milli einstakra viðfangsefna innan rammans en að menn yrðu að binda sig við það að hafa útgjöldin í heild innan viðkomandi ramma óbreytt frá árinu áður. Og einasta viðbótin sem til kæmi væri vegna nýrra laga sem Alþingi hefði sett og ekki væru komin til framkvæmda. Þetta undirbjó hæstv. fyrrv. fjmrh. og gerði það ágætlega. Þannig voru tillögur í fjárlagafrv. unnar að þessu sinni. Þegar tillögur í fjárlagafrv. voru lagðar fram af hálfu hinna einstöku fagráðherra var því miðað við óbreytta útgjaldaramma frá árinu áður, að viðbættum þeim nýju viðfangsefnum um útgjöld sem Alþingi hafði samþykkt og ekki áttu að koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1992. Þau fjárlög sem þannig voru unnin, við þessar aðstæður, voru þess vegna allt öðruvísi en þau hefðbundnu fjárlög sem við þekkjum og lýsa sér í óskalistum einstakra ráðherra. Slík fjárlög voru ekki unnin nú heldur voru unnin rammafjárlög eins og

fyrrv. fjmrh. hafði lagt grundvöllinn að. Hér var ekki um óskalista að ræða, heldur óbreytt útgjöld frá fyrra ári innan viðkomandi ramma að því einu viðbættu sem nýjar ákvarðanir Alþingis um ný útgjaldaviðfangsefni gerðu ráð fyrir.

Þegar uppgjörið fór síðan fram milli tekna, miðað við óbreytta gjaldstofna, og útgjalda unninna samkvæmt þessum fyrirmælum og samþykktum ríkisstjórnarinnar varð niðurstaðan sú að það munaði um 20 milljörðum kr. á útgjöldum annars vegar og tekjuöflunarmöguleikum hins vegar. Slíkum mismun sópa menn ekkert undir teppið hjá sér. Því miður er það svo að í þeim mismun, í þeirri útgjaldaþörf ríkisins, er ekki tekið tillit til þeirra skuldbindinga sem á ríkissjóð hefur verið hlaðið á undanförnum árum vegna þess að það er ekki aðeins að ríkt hafi kyrrstaða í íslenskum þjóðarbúskap frá árinu 1988, þjóðarkakan hafði ekki stækkað heldur minnkað á þeim tíma. Ef svo væri, þá væri vel. En það er ekki einu sinni að svo sé vegna þess að á þessum árum hafa stjórnvöld gert tilraunir með ný atvinnuviðfangsefni sem áttu að þoka íslenskum þjóðarbúskap á veginn fram en hafa reynst myllusteinn um háls þessarar þjóðar. Er ég þá auðvitað að tala um loðdýrarækt og fiskeldi. Þann reikning erum við Íslendingar ekki enn farnir að greiða þó að við vitum nokkurn veginn hversu hár hann er. Það var ekki tekið tillit til þeirra skuldbindinga í þeim fjárhagsvanda ríkissjóðs sem ég var að lýsa áðan. Það var ekki heldur tekið tillit til annarra skuldbindinga, svo sem skuldbindinga ríkisins vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Í Þýskalandi greiða menn 18% af launum til lífeyrissjóða. Þar greiðir viðkomandi einstaklingur 9% af launum sínum og atvinnuveitandi hans greiðir 9% á móti. Það er talið að til þess að hægt væri að standa undir skuldbindingum Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna um greiðslu verðtryggðs lífeyris með iðgjöldum þyrftu iðgjaldagreiðslur í sjóðinn að nema u.þ.b. 25% af launum viðkomandi einstaklings í staðinn fyrir 10%, þ.e. 4% frá launþega og 6% frá vinnuveitanda eins og nú. Þetta þýðir að um 70% af lífeyrisgreiðslum til lífeyrisþega sem eru félagsmenn í sjóðnum þurfa að koma beint úr ríkissjóði á hverju ári umfram það sem sjóðurinn getur. Ef Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna væri gerður upp um næstu áramót þannig að ákvörðun yrði tekin um það hér á hinu háa Alþingi að þyngja ekki sjóðnum, eða öllu heldur ríkissjóði, með frekari skuldbindingum en þegar er búið að taka á ríkissjóð vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og sjóðurinn yrði síðan gerður upp þar sem annars vegar væru skoðaðar skuldbindingar Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna til lífeyrisgreiðslna og hins vegar eignir sjóðsins, miðað við að þær innheimtist allar og standi fyrir sínu, mundi vanta 54 milljarða kr. til þess að jafna skuldbindingar sjóðsins við eignir hans. Með öðrum orðum, ríkissjóður verður að taka á sig 54 milljarða kr. til þess að jafna annars vegar skuldbindingar og hins vegar eignir Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna miðað við næstu áramót. Árleg greiðslubyrði til þess að halda þessum skuldbindingum óbreyttum er um 4,5 milljarðar kr. Menn hafa ekki heldur tekið tillit til þessara skuldbindinga við áætlun um ríkisfjármálaútkomuna á árinu 1992. Þannig að ef menn ætluðu að horfast í augu við vandann eins og hann raunverulega er, eins og búið er að skilja hann eftir í höndunum á okkur alþingismönnum öllum, sama í hvaða flokki við sitjum, þá værum við að tala um fjárþörf á næsta ári umfram tekjur ríkissjóðs upp á 30 milljarða kr. eða um ⅓ hluta af samanlögðum tekjum sem við getum gert ráð fyrir að innheimta á næsta ári.

Þetta er vandinn eins og hann er ef úttekt á skuldbindingum og útgjaldaþörf ríkissjóðs væri gerð miðað við það að hann stæði í járnum á næsta ári og bætti ekki við skuldbindingar umfram það sem á honum hvílir nú. Þetta er að kenna mörgum stjórnmálamönnum úr öllum flokkum, mörgum ríkisstjórnum skipuðum ráðherrum úr því nær öllum þingflokkunum nema þeim þingflokki sem hefur gefist kostur á stjórnaraðild a.m.k. þrisvar sinnum en hefur hafnað henni.

Það er mjög eðlilegt að gera eins og hv. 9. þm. Reykv. gerði hér áðan að reyna að skoða hvaða möguleika menn hafa til þess að mæta slíkum vanda. Ríkisstjórnin gerir tillögur um það í fjárlagafrv. að leysa hann að nokkru en þó takmörkuðu leyti með lækkun ríkisútgjalda. Hv. þm. nefndi aðrar leiðir í þessu sambandi. Hann nefndi leiðir skattahækkana og það er sjálfsagt að skoða það. Hann nefndi þar tvö dæmi. Hann nefndi hátekjuskatt. Fyrrv. fjmrh. gerði tillögu um hátekjuskatt. Hvað skyldi tekjuskattur einstaklinga skila ríkissjóði nettó? Allur tekjuskattur einstaklinga að frádregnum barnabótum og öðrum endurgreiðslum á þeim skatti? Ætli hann gefi ekki ríkissjóði samtals um 10 milljarða kr. Ef menn eru að tala um að fjármagna alla tekjuþörf ríkissjóðs með tekjuskatti, þá þyrfti að þrefalda hann frá því sem nú er ef ætti að fara þá leiðina. Hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði tillögur um hátekjuskatt. Sá skattur mundi hafa skilað 200–400 millj. kr. til ríkissjóðs upp í fjárvöntun, ef allt er til talið, upp á um 30 þús. millj. kr.

Ég held að menn hljóti að sjá, hvað svo sem menn segja um þá aðferð að stórspilla núverandi einföldu staðgreiðslukerfi skatta með því að taka upp tvö þrep sem við íslenskar aðstæður mundi þýða það að menn væru að verulegu leyti horfnir frá staðgreiðslunni og farnir í eftirágreidda skatta vegna þess að svo margir Íslendingar taka laun sín frá fleiri en einum vinnuveitanda, að hátekjuþrepi er ekki hægt að koma á fót nema með eftirálagningu skatta fyrir mjög marga einstaklinga. En jafnvel þó að menn stórspilltu núverandi staðgreiðslukerfi með slíku mundi það ekki skila nema nokkur hundruð millj. kr. upp í fjárvöntun ríkissjóðs miðað við þau áform sem menn hafa lýst um innheimtu slíks hátekjuskatts.

Hv. 9. þm. Reykv. minntist á fjármagnstekjuskatt. Nýlega kom út skýrsla eftir efnahagsráðgjafa fyrrv. fjmrh. um álagningu fjármagnstekjuskatta. Ég minnist þess ekki að í þeirri skýrslu sé gert ráð fyrir því að fjármagnstekjuskattur, miðað við þær breytingar sem nefndin undir forustu efnahagsráðgjafa fyrrv. fjmrh. gerði ráð fyrir að gera þyrfti á eignarsköttum jafnframt, skilaði einni einustu viðbótarkrónu til ríkis-

sjóðs. Það er ekki minnst á það í úttekt Más og nefndar hans að fjármagnstekjuskattur eigi að skila ríkissjóði einni krónu til viðbótar eftir að búið er að taka tillit til þeirra breytinga sem gera þyrfti á eignarskatti með upptöku fjármagnstekjuskatts. Þannig að ekki gerði efnahagsráðgjafi hæstv. fyrrv. fjmrh. í þeirri úttekt sinni ráð fyrir því að fjármagnstekjuskatturinn ásamt þeim breytingum sem samfara yrðu gerðar yrði veruleg tekjulind fyrir ríkissjóð.

Hins vegar er, eins og hv. þm. væntanlega vita, gert ráð fyrir því í stjórnarsáttmála að leggja slíkan fjármagnstekjuskatt á og er stefnt að því að frv. um það efni verði unnið á árinu 1992 og slíkur skattur geti tekið gildi á árinu 1993. En ef menn ætla að fá einhverja umtalsverða fjármuni út úr slíkum fjármagnstekjuskatti skulu menn gera sér fulla grein fyrir því að það fæst ekki öðruvísi en allar vaxtatekjur séu notaðar sem álagningargrundvöllur. Ef menn fara að undanþiggja þar einhverjar tilteknar vaxtatekjur, svo sem af almennum sparnaði, sem menn taka sér gjarnan í munn og ekki er skilgreint frekar hvað er, þá eru menn jafnframt að undanþiggja svo til allt innlánsfé í bönkum og sparisjóðum landsins, því að meginuppistöðu er allt það innlánsfé almennur sparnaður. Það eru mjög fáir sem eiga mjög háa fjármuni inni á bankareikningum. Meginhlutinn af innlánsfé banka og sparisjóða er í formi almenns sparnaðar launafólks. Ef menn ætla að undanþiggja slíkan almennan sparnað fjármagnstekjuskatti þá eru menn að undanþiggja allt innlánsfé bankanna slíkum skatti.

Menn hafa talað um að undanþiggja líka frá slíkum fjármagnstekjuskatti fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna sem eru voldugustu peningastofnanir landsins. Ef menn undanþiggja bæði vaxtatekjur lífeyrissjóðanna og vaxtatekjur af almennum sparnaði slíkum skatti þá stendur orðið harla lítið eftir sem álagningarstofn fyrir fjármagnstekjuskatt. Og ekki afla menn mikils fjár með því.

Menn hafa líka talað um, og það er sjálfsagt að huga að því, að spara í ríkisrekstri. Við erum að tala hér um áform ríkisstjórnar um að reyna að lækka útgjöld um 15 milljarða kr. Menn horfa mikið í því sambandi, virðulegi forseti, á Alþingi, ríkisstjórn og aðrar æðstu stofnanir þjóðfélagsins. Kostnaðurinn samtals við allar þessar stofnanir, Alþingi, ríkisstjórn, Hæstarétt, forsetaembætti, er röskur 1 milljarður kr. Við erum að tala um tilraunir til þess að lækka ríkisútgjöld á næsta ári um fimmtánfalda þá upphæð. Við erum að tala um að gera tilraun til þess að lækka ríkisútgjöld á næsta ári um jafnháa fjárhæð og varið er til allra menntamála og menningarmála á Íslandi. Menn skulu gera sér það fyllilega ljóst að menn takast ekki á við svo erfitt viðfangsefni með einhverjum óljósum yfirlýsingum um almennan sparnað og ráðdeild í ríkisrekstri. Þetta er miklu stærra viðfangsefni en svo. Menn skulu líka gera sér fulla grein fyrir því að ekki er hægt að ná árangri sem menn mæla í 10–15 milljörðum, hvað þá heldur meira, öðruvísi en að takast á við fjárfrekustu útgjaldaviðfangsefni í ríkisrekstrinum.

Meginatriðið í því sambandi er að sjálfsögðu að varðveita kjarna velferðarkerfisins. Kjarni velferðarkerfisins er ekki sá að allir fái allt fyrir ekki neitt, heldur að þeir hafi forgang til velferðarhjálpar samfélagsins sem mest þurfa á henni að halda, þeir komist að, en aðrir sem eru betur megandi og geta bjargað sér sjálfir standi ekki í vegi fyrir þeim í biðröðinni eftir aðstoð frá opinberu velferðarkerfi.

Það er því alveg sama hvernig menn reyna að koma sér undan því, sem Íslendingar eru meistarar í, að horfast í augu við það viðfangsefni sem við þurfum að takast á hendur. Það er alveg sama hversu menn berja oft höfðinu við steininn, hversu oft menn fara niður í fjöru að flengja sjóinn, menn breyta því ekki að það er kominn sá tími og raunar löngu kominn að íslenska þjóðin verður að horfast í augu við þá örðugleika sem að verulegu leyti eru orðnir að sjálfskaparvíti hennar. Hún verður að takast á við þau vandamál sem hún hefur að verulegu leyti búið til sjálf vegna þess að fram til þessa hefur þjóðin ekki verið reiðubúin til að takast á við þau vandamál sem við hafa blasað, heldur hefur ýtt þeim á undan sér, frestað því að takast á við viðfangsefni sitt, valið heldur léttu leiðina ljúfu, sem sé þá leið að láta erlendar lánastofnanir fjármagna fyrir sig ekki bara framkvæmdir heldur almenna neyslu.

Hv. 9. þm. Reykv. varpaði fram nokkrum spurningum í þessu sambandi. Hann spurðist fyrir um hvernig ætti að standa að því áformi sem boðað er í fjárlagafrv. að lækka útgjöld ríkisins til greiðslu ellilífeyris. Þau mál eru nú í skoðun í heilbrrn. og er þess skammt að bíða að tillögur ráðuneytisins verði lagðar fram, vissulega fyrst í ríkisstjórn og stjórnarflokkum og síðan, ef samstaða tekst um þær tillögur, á Alþingi. Auðvitað hegða menn sér þannig eins og hæstv. fyrrv. ráðherra, hv. 9. þm. Reykv., veit. Menn ná auðvitað samstöðu um skipulagsbreytingar fyrst meðal þeirra flokka sem ætla sér að bera ábyrgð á þeim á Alþingi og leggja síðan tillögur ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna fyrir Alþingi þar sem þær eru afgreiddar. Það er ekki hygginna manna háttur að ríkisstjórn sem Alþb. á ekki aðild að leggi tillögur sínar fyrst fyrir Alþb. áður en hún fer að fjalla um þær sjálf, enda mundi vera skrítin útkoma úr slíkri tillögusmíð.

Hv. þm. verður því að hafa biðlund eftir því að ríkisstjórnin leggi sínar tillögur fram á Alþingi. Þær munu koma fram. Þær munu hafa í för með sér einföldun á lífeyrisbótakerfinu. Þær munu hafa það í för með sér að lífeyrisbótakerfi almannatrygginga verður skoðað í samhengi við lífeyristryggingakerfi lífeyrissjóðanna þannig að það verði fullt samspil milli þeirra réttinda sem almenningi eru tryggð, annars vegar í almannatryggingakerfinu og hins vegar í kerfi hinna frjálsu lífeyrissjóða og eytt þeirri mismunun sem þar á sér stað um greiðslur vegna ýmissa bótaflokka. Eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkistjórnarinnar verður jafnframt miðað við að það verði meira aðlaðandi fyrir fólk að spara í lífeyrissjóðum en núgildandi kerfi gerir ráð fyrir.

Hv. þm. spurði um sjúkratryggingar. Þar hefur ríkisstjórnin ýmis áform, svo sem að draga úr kostnaði vegna hjálpartækja, vegna tannviðgerða, vegna komu

til sérfræðinga og vegna lyfjakostnaðar. Kostnaður vegna hjálpartækja hefur vaxið mjög ört á mjög skömmum tíma og mikið af þeirri kostnaðarviðbót hefur ekki orðið vegna aðstoðar við fólk sem við í daglegu tali mundum kalla sjúklinga eða fatlað fólk. Hér er um að ræða mikinn útgjaldavöxt vegna dýrra einnota hjálpartækja, svo sem þeirra sem íþróttamenn nota sem hafa brákað sig eða skaddað í leik og þurfa á slíkum einnota búnaði að halda til þess að geta tekið þátt í næsta leik sem fram fer. Þetta eru mjög dýr hjálpartæki og kosta miklar fjárhæðir sem ríkissjóður hefur alfarið greitt. Það er mjög eðlilegt ef menn athuga það hversu mikið, það skiptir hundruðum prósenta, þessi útgjaldaliður hefur hækkað á fáum árum, að menn skoði hvort eðlilegt sé að ríkissjóður greiði slíkan tækjabúnað að fullu og hvort ekki sé jafnframt eðlilegt að leitað sé leiða til þess að fá ódýrari einnota búnað með útboðum. Það verður gert og það er verið að skoða.

Þá er einnig, eins og hv. þm. vita, búið að standa marga mánuði og mörg missiri í samningum við tannlækna og tannréttingarlækna sem ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Það kom fram í svari við fsp. í dag að tannréttingarlæknar hafa með því að neita að skila Tryggingastofnun ríkisins vottorði yfir vinnu sína komið í veg fyrir það að stórir hópar sjúklinga geti leitað þess réttar um endurgreiðslu sem þeir eiga lögum og reglugerðum samkvæmt. Auðvitað verður ekki búið við þess konar ástand til langframa. Ríkisstjórnin mun því endurskoða þessar reglur í þeim tilgangi að tryggja að þeir sem aðstoðarinnar þurfa fyrst og fremst við geti fengið að njóta hennar og að þar verði forgangshópunum gefinn sá forgangur sem eðlilegt er að þeir hafi.

Hv. þm. spurði sérstaklega um lyfjakostnaðinn og það er sjálfsagt að veita honum nokkur svör við því. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að greiddir séu 2,3 milljarðar vegna útgjalda sjúkratrygginga við lyfjakostnað. Það er 300 millj. kr. lægri fjárhæð en greidd var samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1990 vegna þessa kostnaðar. Í grg. með fjárlagfrv. fyrir yfirstandandi ár er m.a. sagt að þessari lækkun eigi að ná fram með breyttum reglum um hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Það var ein af þremur aðferðum sem upp var talin að fráfarandi ríkisstjórn ætlaði að beita sér fyrir. Hún gerði það hins vegar ekki. Þegar stjórnarskipti urðu og ég lét gera athugun á því í heilbrrn. hverjar horfur væru með útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar kom í ljós að útgjöld vegna lyfjakostnaðar stefndu í 2,8–3,1 milljarð króna á árinu 1991. Eða 500–800 millj. kr. fram yfir það sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Þann 1. okt. sl. var hins vegar búið að greiða í Tryggingastofnun ríkisins 1 milljarð 733 millj. kr. vegna lyfjakaupa. Um mitt ár, þann 1. júní, var búið að greiða rúmlega 1,4 milljarða vegna lyfjakostnaðar hjá sjúkratryggingum og þá stefndi kostnaðurinn í, eins og ég sagði áðan, 2,8–3,1 milljarð. Um síðustu mánaðamót var búið að greiða 1 milljarð 733 millj. kr. og ekki nema þrír mánuðir eftir af árinu. Þær aðgerðir sem gripið var til um mitt árið virðast því ætla að tryggja það að útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar fari ekki mikið umfram það, þó ég vilji ekki fullyrða meira á þessu stigi, sem fjárlög síðustu ríkisstjórnarinnar heimiluðu þáv. hæstv. heilbrrh. að greiða vegna lyfjaútgjalda sjúkratrygginga. Það væri því frekar ástæða fyrir fráfarandi ráðherra að lýsa ánægju sinni með það að fjárlögin sem þeir báru ábyrgð á skyldu vera nálægt því að standast að þessu leyti og væri betra að svo væri um fleiri útgjaldaviðfangsefni.

Útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar fyrir mánuðina júlí, ágúst og september eru á þriðja hundrað millj. kr. lægri en þau voru fyrir sömu mánuði í fyrra. Í heilbrrn. var áætlað að þær aðgerðir sem gripið var til með útgáfu reglugerðarinnar sem gildi tók þann 1. júlí gætu skilað á heilu ári 300–350 millj. kr. í lækkuð útgjöld vegna sjúkratrygginga. Á þremur mánuðum er árangurinn orðinn nokkuð yfir 200 millj. kr. og virðist niðurstaðan ætli að verða sú sama og ráð var fyrir gert í afgreiddum fjárlögum.

Auðvitað má gera ráð fyrir því þegar menn leggja af stað með svo róttækar aðgerðir að menn séu undirbúnir undir það að gera einhverjar leiðréttingar á leiðinni að hinu endanlega markmiði í ljósi reynslunnar. Það höfum við gert í heilbrrn. og ég skammast mín ekkert fyrir það. Það hefði hins vegar verið ástæða til að átelja heilbrrh. sem ekki hefði framkvæmt slíkar leiðréttingar í ljósi reynslunnar. En til allrar hamingju voru þær leiðréttingar sem við þurftum að gera á reglugerðinni minni háttar leiðréttingar samkvæmt ábendingum lækna og stöfuðu þær fyrst og fremst af flokkun lyfja, þ.e. að í stað lyfja sem notuð voru við tilteknum ofnæmissjúkdómum eða vegna óþols gegn þeim lyfjum sem almennt voru notuð tóku menn í einstaka tilvikum önnur lyf sem höfðu sambærilega verkun en voru gefin við öðrum sjúkdómum en þau lyf voru gefin við sem t.d. voru undanþegin greiðsluskyldu. Í nokkrum tilvikum komu upp slíkar ábendingar frá læknum sem tillit var tekið til. Í öðrum atriðum komu upp ábendingar, t.d. þær sem má segja að séu mistök og kannski hefði mátt sjá fyrir. Eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði áðan voru nokkur ofnæmislyf gefin sem neflyf en ekki flokkuð undir sama flokk og sambærileg ofnæmislyf sem gefin voru sem munnlyf. Það var ósköp eðlilegt að slík mistök gætu átt sér stað. Þau voru leiðrétt örfáum dögum eftir að reglugerðin var gefin út. Mér finnst ekkert óeðlilegt að heilbrrh. grípi til slíkra aðgerða til að leiðrétta ráðstafanir sem hafa verið undirbúnar af hans ráðuneyti. Mér hefði fundist óeðlilegt ef hann hefði ekki gert það.

Hv. þm. tók dæmi um dýr sýrubindandi lyf á lausakaupalista sem eru dýrari en sýruhemjandi lyf sem eru veitt gegn lyfjaskírteini. Ódýrasta sýrubindandi lyfið er nú gamla Gelusilið, sem er svo ódýrt að það er hætt að selja það í mörgum apótekum, meira að segja í mörgum stórum apótekum, því menn telja það varla borga sig að versla með svo ódýrt lyf. Menn geta því fengið mjög ódýr lyf, hv. 9. þm. Reykv., sem gera það gagn sem hv. þm. var að lýsa hér áðan. Menn geta náttúrlega líka fundið mjög dýr lyf með sambærilegri verkan.

Tilgangur reglugerðarinnar var að ýta frekar undir neyslu ódýrra lyfja en dýrra þar sem ódýru lyfin gerðu sama gagn. Það kemur m.a. fram í því að verð á hverri lyfjaávísun hefur lækkað úr 2.400–2.600 kr. í 2.200–2.300 kr. og lækkunin er eingöngu vegna þess að menn eru nú farnir að ávísa á ódýr lyf fremur en dýr þar sem ódýru lyfin koma að sama gagni. Er það af hinu illa? Er það af hinu illa að lyfjaneyslan skuli á þremur mánuðum falla um á milli 22 og 25% án þess að það sé merkjanlegt að neinn bíði skaða af?

Á Íslandi var lyfjaneysla á einstakling kominn í yfir 20 þús. kr. á ári á sama tíma og í Danmörku, þar sem lyf kosta álíka mikið og á Íslandi — Danmörk er eina landið í Vestur-Evrópu þar sem lyf eru álíka dýr og á Íslandi — var lyfjaneysla um 13.600 ísl. kr. á mannsbarn á ári. Er það einhver goðgá að huga að því að lækka lyfjareikning íslensku þjóðarinnar til móts við það sem gerist og gengur í nágrannalöndunum? Ég tel svo ekki vera.

Hæstv. fyrrv. ráðherra beitti sér hins vegar fyrir því í sinni ráðherratíð í heilbrrn. að gera aðra tilraun. Hann vildi gera það meira aðlaðandi að menn neyttu frekar innlendra lyfja en erlendra þar sem bæði gerðu sama gagn. Hvernig fór hæstv. páv. ráðherra að því? Ég er viss um að þingmenn eru forvitnir að heyra það. Hann heimilaði apótekurunum að hafa hærri álagningu á innlendu lyfin en þau erlendu vegna þess að hann taldi að þá mundu apótekararnir frekar selja neytendum lyfin. Þannig að hæstv. páv. ráðherra heimilaði apótekurum að leggja á innlend lyf yfir 80% í smásölu. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðherra var þetta?) Þetta var hv. 9. þm. Reykv. þegar hann var ráðherra. Þá heimilaði hv. 9. þm. Reykv., sem þá var að mig best minnir formaður Alþb. eða um það bil að verða formaður Alþb., apótekurum að leggja yfir 80% meira á lyf framleidd innan lands en erlend því að þannig taldi hann líklegast að auka — hvað sagði hann áðan þegar hann var að vitna í hinn erlenda fræðimann, markaðsaðgengi íslenskra lyfja á kostnað þeirra erlendu með því að leyfa apótekurunum að fá meira fyrir að selja þau en innfluttu lyfin.

Þetta var markaðsfræðin hjá hv. 9. þm. Reykv. þegar hann sat í heilbrrn. Hann var þá ekkert að hugsa um neytendurna. Hann var ekkert að hugsa um að hvetja til neyslu innlendra lyfja með lægra vöruverði. Honum datt ekki í hug að taka tillit til sjónarmiða þeirra sem áttu að neyta lyfjanna. Nei, hans markaðslausn fólst í því að heimila apótekurum að hafa meiri tekjur af því að selja innlend lyf en erlend. Ef apótekararnir myndu fá meira í vasann þá mundu þeir sjá til þess að sjúklingarnir tækju frekar innlendu lyfin en þau erlendu. Þess vegna var sú furðulega staða um nokkurt árabil í verðlagningu og álagningarmálum lyfja sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason afnam, eigi hann heiður fyrir það. En þess vegna var sá háttur hafður á nokkuð lengi að apótekarar máttu leggja yfir 80% í smásölu á innlend lyf á sama tíma og þeir máttu ekki leggja nema um 70% á lyf ef þau voru keypt erlendis frá. Þetta var gert til þess að auka söluna á innlendum lyfjum.

Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. í því að það hefði mátt skoða það betur þegar ýmis verkefni á sviði heilbrigðismála voru flutt frá sveitarfélögum alfarið yfir til ríkisins. Eins og nú standa sakir hafa heilsugæslustöðvar og sjúkrahús undir stjórn þar sem heilbrrn. og ríkisvaldið greiða reikninginn ekki nema tiltölulega lítið svigrúm til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru af viðkomandi stjórnum. Það er líka búið að undanþiggja svokallaða fulltrúa sveitarstjórna ábyrgð á rekstri þessara stofnana gagnvart sínum sveitarstjórnum vegna þess að sveitarstjórnirnar eiga ekki lengur beina aðild að umræddum rekstri. Niðurstaðan hefur því miður orðið sú að stjórnir margra þessara stofnana hafa verið að taka ákvarðanir um viðfangsefni, um samninga við einstaka aðila, um kaup, um ráðstöfun fjármuna, án þess að starfa þar, hvorki á ábyrgð sveitarfélaganna né ríkisins sem reikninginn borgar. Og auðvitað er það ekki besta fyrirkomulag sem hægt er að hugsa sér að aðrir taki ákvarðanir um útgjöldin en þeir sem eiga að greiða reikninginn.

Þá hefur einnig komið í ljós að, að minnsta kosti síðustu missirin áður en verkaskiptingin gekk í gildi, héldu sveitarstjórnir vissulega að sér höndum í sambandi við mannaráðningar á heilsugæslustöðvar þannig að þrátt fyrir að hæstv. fyrrv. ráðherra hafi verið mjög rýmilegur þegar flutningurinn varð á heilsugæsluviðfangsefnunum frá sveitarfélögum til ríkisins í sambandi við mannaráðningar komu upp óskir á þessu sumri um á milli 80 og 90 ný stöðugildi í heilsugæslu.

Það er alveg ljóst að útgjaldaþrýstingurinn á ríkissjóð vegna heilsugæslunnar og annarra viðfangsefna sem ríkissjóður fjármagnar nú einn í heilsugæslunni verður mjög mikill. Það er vissulega full ástæða til að huga að því að gera þær breytingar á stjórnun sjúkrahúsa og heilsugæslustofnana og ýmsum viðfangsefnum að þeir sem eiga að greiða reikninginn hafi jafnframt aðstöðu til þess að hafa úrslitaáhrif um þær ákvarðanir sem teknar eru. Það er líka mjög eðlilegt að sveitarfélögin verði gerð samábyrg um þessa útgjaldaþætti með einhverjum hætti. Ég er alveg sammála hv. 9. og 13. þm. Reykv. um þessi efni.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi svarað flestu því sem hv. 9. þm. Reykv. spurði að. Við munum eiga kost á því að koma að þeim málum aftur síðar, ekki einu sinni heldur oft, vegna þess að það verður að sjálfsögðu að leggja fram ýmis lagafrv. tengd þeim breytingum sem ríkisstjórnin áformar og gerir grein fyrir í grg. fjárlaga. Mönnum mun þá gefast kostur á að ræða þessi mál hvert fyrir sig. Ég tel að ég sé búinn að svara öllum spurningum hv. 9. þm. Reykv., utan tveggja atriða sem hann minntist á.

Hann spurði m.a. um skólagjöldin, hvernig ríkisstjórnin hygðist standa að töku skólagjalda. Ég spyr hæstv. ráðherrann á móti: Hvernig fór hann að því? Í valdatíð hans í menntmrn. voru tekin skólagjöld sem samsvöruðu, ef mig minnir rétt, um 300 millj. á ári. Þessi skólagjöld voru afskaplega misjöfn eftir skólum. Í hans ráðherratíð fengu sumir skólar leyfi hans til að taka mjög há skólagjöld. Aðrir fengu leyfi til að taka

lægri. Sumum skólum var látið eftir átölulaust af hans hálfu að taka gjöld af nemendum fyrir ýmsa þjónustu, svo sem pappírskaup, ljósritun o.fl., sem öðrum heimilaðist ekki. Ég held að það væri mjög ákjósanlegt að spyrja hv. 9. þm. Reykv. fyrst: Hvernig var þetta heimilað í hans ráðherratíð? Hvaða afskipti hafði hæstv. ráðherra af því? Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra hafi verið ókunnugt um þetta. (**SvG:** Ég mun svara þessu.) Ég trúi því að hæstv. fyrrv. ráðherra hafi gert sér það fyllilega ljóst að ýmsir sérskólar voru að verulegu leyti kostaðir af skólagjöldum. (**SvG:** Nóg er nóttin.) Með heimild hæstv. ráðherra fyrrv. sjálfs. (**SvG:** Við ræðum þetta í nótt.)

Um einkavæðinguna. Það vill svo til að hún stendur nærri hv. 9. þm. Reykv. um þessar mundir. Hann hefur skýrt okkur frá því í viðtölum í blöðum og sjónvarpi að nú standi yfir einkavæðing á sjálfu höfuðmálgagni Alþb., Þjóðviljanum og tilgangurinn sé sá að auka, nú skulum við enn nota sérfræðimálið, markaðsaðgengi Þjóðviljans og gera hann þannig úr garði að hann verði eftirsóknarverður til kaupa á almennum markaði. (**SvG:** Hvernig er ungbarnaeftirlitið?) Nú stendur það til af hæstv. fyrrv. ráðherra, hv. 9. þm. Reykv., að einkavæða Þjóðviljann. Ég segi alveg eins og er að ef sú tilraun hans ber árangur og hann getur einkavætt Þjóðviljann þannig að hann öðlist gott markaðsaðgengi og verði aðlaðandi vara til kaupa á íslenskum fjölmiðlamarkaði, þá held ég að þar með sé fundinn sá deildarstjóri einkavæðingardeildar ríkisstjórnarinnar sem hv. 9. þm. Reykv. var að lýsa eftir. Því það er sannkallaður kraftaverkamaður sem getur áorkað því að einkavæða Þjóðviljann með þeim hætti að hann öðlist af sjálfsdáðum 20.000 kaupendur á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Þá þurfum við, virðulegi forseti, ekki að leita lengra. Þá er hv. 9. þm. Reykv. sjálfsagður deildarstjóri einkavæðingardeildar ríkisstjórnarinnar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er farið að líða á kvöld þó nóttin sé enn þá ung og ráðherrar hressir og málglaðir. Ég ætla ekki að tala lengi. Það sem mig langar að taka fyrir er í fyrsta lagi forsendur fjárlagafrv., síðan ætla ég að koma inn á mennta- og menningarmál og í lokin tala aðeins um Lánasjóð ísl. námsmanna og Evrópska efnahagssvæðið.

Mig langar til að byrja á að þakka fjmrh. fyrir að hafa ekki verið að leggja hornsteina því sá steinn hefði lent í þeirri hrúgu sem liggur eftir fyrri fjmrh. og ráðherrana sem komu á undan honum. Að mínum dómi er þetta frv. sem hér liggur fyrir ekki á traustari grunni byggt en þau frv. sem við höfum séð undanfarin ár.

En margt má læra af reynslunni og eitt af því sem hæstv. fjmrh. mætti læra af forvera sínum er það að fara ekki svona geyst af stað eins og við höfum hér dæmi um. Fyrrv. hæstv. fjmrh. hætti að mestu erlendum lántökum og kveikti þar með mikið samkeppnisbál á íslenska lánamarkaðnum. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að læra af þessu og að skynsamlegra væri að ná ríkishallanum niður í áföngum, skref fyrir skref, því að snöggar og vanhugsaðar aðgerðir geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Til eru aðrar leiðir til að ná hallanum niður.

Svo ég víki aðeins að forsendum frv. þá er það einkum tvennt sem veldur áhyggjum. Annars vegar það að inn í forsendur frv. er reiknað eitt stykki álver. Það er ljóst að ef af álversframkvæmdum verður mun það hafa töluverð áhrif á íslenskt efnahagslíf. En hvað gerist ef þær framkvæmdir fara ekki í gang? Ég hef verið að reyna að spyrja þá sérfræðinga sem við höfum fengið í heimsókn í efh.- og viðskn. og mönnum er svarafátt. Hitt atriðið er að í þessu frv. er ekki reiknað með neinum launahækkunum. Ég held að þetta sé mikið óraunsæi, enda er þetta spurning um samninga. Þetta er spurning um samninga við opinbera starfsmenn og ýmsa þá sem vinna fyrir ríkið. Og ég spyr aftur: Hvað gerist ef samið verður um einhverjar launahækkanir? Hvaða áhrif mundi það hafa á ríkisfjármálin?

Ríkisstjórnin boðar það að hún ætli að endurskoða sína starfsmannastefnu og ráða fólk án þeirra lífeyrisréttinda sem opinberir starfsmenn njóta nú. Þetta er líka samningsatriði. Og ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að þegar samningar fara í hönd þá verða menn að mætast einhvers staðar á miðri leið.

Ríkisstjórnin boðar ýmsar aðferðir til að ná niður ríkisútgjöldum og á bls. 244 í fjárlagafrv. segir að við hafi blasað þrjár leiðir. Þar segir, með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi að hækka skatta. Annar möguleiki var að beita hefðbundnum niðurskurði og skerða þjónustu til dæmis með því að loka í stórum stíl sjúkrahúsdeildum og skólum. Þriðji möguleikinn var að fjármagna hluta starfseminnar með þjónustugjöldum.“ Og það var síðasta leiðin sem valin var.

Þessi ríkisstjórn valdi þá leið að hækka ekki beina tekjuskatta. Hún ætlar ekki að leggja á hátekjuskatt, hún ætlar ekki að leggja á lúxusskatta og mér heyrðust vera miklar vöflur á hæstv. heilbrrh. hér áðan varðandi skatt á fjármagnstekjur þó ég voni svo sannarlega að það verði reynt að leggja á slíkan skatt því að það er algert einsdæmi að hér skuli fólk geta haft milljóna tekjur af fjármagni án þess að borga af því nokkurn skatt.

En það eru ýmsar fleiri leiðir til og ég vil enn og aftur benda hæstv. heilbrrh. á það að ef menn vilja ná niður útgjöldum í heilbrigðiskerfinu þá tel ég að besta leiðin til þess sé að leggja áherslu á fyrirbyggjandi heilsugæslu. Það tekur tíma en það skilar miklum árangri.

Ríkið fer ýmsar leiðir í öflun tekna og eitt af því sem boðað er er sala ríkisfyrirtækja. Ég tel að þetta sé mjög ótrygg tekjuöflun. Ef ég man rétt þá er í frv. reiknað með að þetta skili u.þ.b. milljarði. En þarna hlýtur að vera um býsna ótryggan tekjustofn að ræða. Það hafa komið fram listar um það hvaða fyrirtæki á að selja og það er nefndur ýmiss konar vandi sem við er að glíma. Ég vil af því tilefni spyrja hæstv. fjmrh. hvort honum hafi ekki komið til hugar að selja bara þetta vandamál, flugstöðina. (**Fjmrh.:** Viltu kaupa?) Ég vil ekki kaupa, en þið hafið svo mikla trú á því að

menn vilji kaupa ríkisfyrirtæki. Ég legg til að þið reynið að selja flugstöðina.

Það er boðað að stjórnin ætli ekki að auka skatta og menn geta deilt um það hvað eru skattar og hvað eru ekki skattar. En svo mikið er víst að með þessu frv. er verið að auka álögur á fólk, almenning í landinu, og það er fyrst og fremst gert með þjónustugjöldum og skólagjöldum, og síðan með því að stofnanir afli sér sértekna. Enn og aftur hef ég miklar efasemdir varðandi sértekjur. Þegar við vorum að ræða fjáraukalögin þá nefndi ég Þjóðskjalasafnið og hæstv. fjmrh. upplýsti það að þeirri stofnun væri ætlað að selja þjónustu. Ég lét mér ekki til hugar koma að þessi ríkisstjórn ætlaði að fara að beina ríkisfyrirtækjum út í samkeppni við fyrirtæki á frjálsum markaði, enda eru þetta nú ekki miklar tekjur sem Þjóðskjalasafnið á að afla sér. En ég hef grun um að það gildi svipað um ýmsar aðrar stofnanir, að þeim sé ætlað að afla sér meiri sértekna en raunhæft er. Þar vil ég nefna t.d. Tilraunastöðina á Keldum.

Einn liður í þessum niðurskurði ríkisins er sá að tekjutengja, tekjutengja barnabætur, tekjutengja vaxtabætur enn meira en orðið er og að skoða sjómannaafsláttinn. Mig langar aðeins að koma nánar inn á þetta fyrirbæri tekjutengingu. Eftir því sem ég best veit leituðu menn til Bretlands þegar var verið að byggja upp íslenska tryggingakerfið. Ég held að ég fari rétt með að það hafi verið byggt á svokallaðri Beverage-áætlun sem var kynnt á stríðsárunum í Bretlandi og vakti gífurlega athygli. Hún gekk út á það að koma á mörgum tegundum trygginga sem náðu til fólks alveg frá vöggu til grafar. Það var m.a. styrkur til greftrunar, sem var nú aldrei komið á hér. En þetta kerfi byggðist á því að fólk átti að borga ákveðin iðgjöld. Slíku kerfi var komið á hér en síðan gerðist það að þessi iðgjöld voru innlimuð í skattkerfið og í rauninni erum við enn að borga okkar iðgjöld í gegnum skattkerfið. Þess vegna er ég ákaflega ósátt við það þegar ráðherrar, sérstaklega ráðherrar Alþfl., sem ættu nú að þekkja sögu tryggingaanna öðrum betur, eru sífellt að tala hér um ókeypis þjónustu. Hæstv. heilbrrh. sagði hér áðan að allir fái allt fyrir ekki neitt. Ég mótmæli svona málflutningi. Það er ekki hægt að segja þetta við fólk sem er búið að borga sín gjöld áratugum saman og á þar af leiðandi inni, það á inni hjá ríkinu upphæðir, sínar tryggingabætur, og rétt á því að fá hina svokölluðu ókeypis þjónustu, þ.e. að þurfa ekki að greiða fyrir sjúkrahúsvist og að greiða takmarkaðan lyfjakostnað. Þess vegna finnst mér þetta villandi ummæli. Tekjutenging getur vissulega átt rétt á sér í vissum tilvikum. En spurningin er: Er verið að greiða fólki eða er verið að taka tillit til þess að fólk hafi borgað inn í kerfið eða er verið að tala þarna um einhvers konar tekjujöfnun? Þetta er hlutur sem þarf að skoða mjög rækilega. Tekjutenging má ekki bitna á þeim sem hafa borgað sín gjöld áratugum saman.

Enn og aftur langar mig að nefna það sem ég kom að hér í upphafi, að menn fari ekki of hratt í svona miklar breytingar. Þar má minna á hugmyndir hagfræðingsins Keynes um hlutverk ríkisvaldsins í því að halda uppi vinnu því að allar svona — ja, ég vil ekki kalla þetta róttækar aðgerðir en allar mikilvirkar aðgerðir geta haft afleiðingar sem enginn sér fyrir. Þess vegna eiga menn að vanda sig vel og taka eitt skref í einu. Þegar við horfum á ástandið í dag, hæstv. heilbrrh., þá er það sem mér finnst skipta öllu máli það að halda uppi vinnu í landinu. Það er algjört grundvallaratriði að við höldum uppi vinnu í landinu og að ríkið gangi ekki á undan með aðgerðum sem geta orðið til þess að skapa atvinnuleysi.

Ég ætla aðeins að víkja að skólamálum og koma þar inn á skólagjöld sem hér voru rædd áðan. Mér finnst gæta mikils misskilnings í umræðunni um skólagjöld. Það eru innheimt gjöld í skólum landsins að upphæð u.þ.b. 300 milljónir. En megnið af þessum gjöldum fer til félagsstarfa nemenda. Það er aðeins lítið brot sem rennur til skólanna og það eru undantekningar að þessi gjöld standi undir rekstri skóla. Það gildir að vísu annað um svokallaða sérskóla, einkaskóla og fullorðinsfræðslu. Þannig eru þau skólagjöld sem nú er verið að tala um algjör nýlunda. Þau eru nýlunda að því leyti að nú eiga nemendur að fara að standa undir rekstri skólanna. Samkvæmt fjárlagafrv. er áætlað að innheimta 128 millj. kr. í framhaldsskólum landsins og síðan allt að 17.000 kr. á nemanda í háskólum. Svona hugmyndum hafna ég algjörlega. En ég ítreka þá spurningu sem fram kom hér fyrr í dag um það hvernig skiptingu þessara gjalda skuli háttað og hvernig innheimtan á að fara fram. Hvernig á að framkvæma þetta?

Varðandi skólana kom það í ljós á síðasta ári að útgjöld framhaldsskólanna voru stórlega vanáætluð og sem sést á síðasta frv. til fjáraukalaga, sem nú er til skoðunar hér í þinginu. Þá þurfti að sækja um 150 millj. kr. aukafjárveitingu eingöngu vegna kennslu. Ég hef aðeins verið að skoða nokkra skóla samkvæmt þessu fjárlagafrv. og ég get ekki betur séð en að það sé verið að framreikna rangar áætlanir. Mig langar að biðja fjmrh. að skoða þetta svolítið betur. Ég óttast að þarna sé verið að leika sama leikinn, að þessi útgjöld til framhaldsskólanna standist ekki og að það verði farið fram úr sem verður þá að bjarga með aukafjárveitingu á næsta ári nema sá varnagli dugi sem sleginn er í frv., sem segir að ef menn ekki ná þessum tekjum inn, sértekjum, þá skuli verða samdráttur í kennslu. Ég hefði gaman af að sjá hvernig sá samdráttur á að fara fram í yfirfullum framhaldsskólum landsins.

Mig langar aðeins að nefna nokkrar menningarstofnanir. Það hefur lítið verið talað um menningu hér í dag, það var reyndar minnst á Þjóðminjasafnið rétt áðan. Hús Þjóðminjasafnsins er ákaflega illa á sig komið og þar hafa nokkrar viðgerðir verið í gangi. En samkvæmt þessum fjárlögum er áætlað að Þjóðminjasafnið fái 10 millj. kr. til viðgerða. Það er augljóst mál að þetta dugar hvorki til eins né neins. Fjárveiting til Þjóðminjasafnsins er lækkuð um 8%. Ég verð að lýsa því hér sem minni skoðun, og hef af því reynslu sem kennari að hafa oft og iðulega heimsótt þessa stofnun, að mér finnst Þjóðminjasafnið orðið forngripur, algjör forngripur. Þetta er svo gamaldags og úrelt safn að það er sorglegt. Þeir sem hafa heimsótt þjóðminjasöfn í

öðrum löndum þar sem dregin er fram saga og menning þjóða á mjög lifandi og skemmtilegan hátt, tárast þegar þeir koma inn í þessa stofnun sem á svo sannarlega skilið að hún verði endurskoðuð og endurskipulögð. Og ég skora á hæstv. fjmrh. að skoða Þjóðminjasafnið alveg sérstaklega.

En það má líka geta þess sem gott er og ég fanga því alveg sérstaklega að loksins á að fara að setja kraft í það að ljúka Þjóðarbókhlöðunni og var löngu orðið tímabært, enda búið að nota það fé sem til hennar átti að fara í allt annað, sem náttúrlega er hneyksli.

Hins vegar verð ég líka að nefna það að ýmsar sjálfstæðar listastofnanir fara mjög illa út úr fjárlögum þessa árs. Þar er sérstaklega að nefna Listasafn Sigurjóns Ólafssonar en fjárveiting til þess er skorin niður um 62%. Svo vil ég nefna þá merku stofnun Kvennasögusafnið sem er skorin niður um 33%. Ég verð að segja það að mér finnst það merka framtak ekki eiga þessa meðferð skilið. Það má líka nefna byggðasöfnin í landinu. Framlög til þeirra eru skorin niður um 18%. Í tengslum við þetta vil ég sérstaklega nefna það að mér hefur verið sagt að byggðasafn og hús sem er í vörslu byggðasafnanna og ýmsir gamlir bæir eins og t.d. Glaumbær í Skagafirði, sem er ómetanlegt safn og merkilegt, þarfnist viðgerðar og safnmenn eru mjög áhyggjufullir vegna ástandsins þar og víðar.

Menningarsjóður er skorinn niður um 58%. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er þar á ferð? Það kemur fram að það eigi að endurskoða lögin um Menningarsjóð. Ég vil nefna það að Menningarsjóður hefur gegnt ákveðnu hlutverki, hann hefur gefið út m.a. fræðibækur sem seljast á löngum tíma og hafa kannski ekki þótt spennandi fyrir hinn harða markað. Þar af leiðandi óttast ég um sérstakar fræðibækur sem hægt hefur verið að koma út í gegnum þessa ríkisútgáfu. Varðandi Menningarsjóð þá er þar dæmi að finna um enn einn tekjustofninn sem hefur verið notaður í eitthvað annað og það gildir um ýmsar aðrar stofnanir sem hafa orðið að sjá af sínum fjárframlögum til annarra hluta. Virðist yfirleitt vera lítið mark tekið á því þegar tekjustofnar eru markaðir ákveðnum verkefnum.

Þá vil ég loks nefna það að sú breyting er gerð að styrkjum til frjálsrar leikstarfsemi er safnað í einn sjóð en það þýðir að frjálsir leikhópar verða nú að hljóta náð fyrir augum nefndar sem úthlutar þessum peningum. Leikarar Alþýðuleikhússins hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessa og sjá ekki fram á annað en að verða að hætta sinni rótgrónu starfsemi.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Umræða um hann mun fara fram hér innan skamms þannig að ég ætla ekki að fara út í þær breytingar sem þar er von á. En það verður ekki annað sagt en það séu fyrst og fremst stjórnvöld sjálf sem hafa búið til vanda í kringum Lánasjóðinn með því að gera sjóðnum að taka lán á vöxtum en hann lánar síðan fé út vaxtalaust. Þetta er enn eitt dæmið um vanda sem hefur verið búinn til. Þetta er svipaður vandi og Byggingarsjóður ríkisins stóð frammi fyrir og Byggingarsjóður verkamanna stendur frammi fyrir núna. Þetta ástand hefði ekki komið upp ef ríkið hefði staðið við sitt. Ég verð að lýsa því sem minni skoðun að menntun þjóðarinnar er svo mikilvæg að framlög til hennar á ekki að skerða. Að mínum dómi er það fyrst og fremst ríkisins að sjá til þess að Lánasjóður ísl. námsmanna fái það fjármagn sem hann þarf á að halda, en það þýðir ekki að það megi ekki breyta úthlutunarreglum og skilgreina hlutverk sjóðsins upp á nýtt.

Hér í dag spurði ég hæstv. forsrh. um það hvort einhverjar áætlanir lægju fyrir um þann kostnað sem fylgja mun samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það var fátt um svör. Ég verð að segja það að ég er ákaflega ósátt við svona stjórnarhætti, ef menn eru að undirbúa samninga sem fela í sér miklar breytingar að þeir reyni þá ekki á nokkurn hátt að gera sér grein fyrir því hvaða breytingar og hvaða kostnað slíkir samningar hafa í för með sér. Ég ætla að nefna það að á fundi landbn. í morgun kom það fram hjá fulltrúum landbrn., sem voru í heimsókn hjá nefndinni, að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mundi kalla á mikla vinnu í ráðuneytinu. Þess vegna vil ég ítreka þessa spurningu og beini henni nú til hæstv. fjmrh.: Er í þessu fjárlagafrv. reiknað með kostnaði vegna samninganna um Evrópskt efnahagssvæði? Og þarf ekki að gera ráð fyrir þeim kostnaði og jafnvel auknum kostnaði í því frv. sem hér liggur fyrir og jafnvel leggja þá fram viðaukatillögur um það? Stjórnarhættir eins og þessir, að menn séu að gera svona mikla og ítarlega samninga án þess að reikna út kostnaðinn, kunna ekki góðri lukku að stýra.

Það eru mín lokaorð til ríkisstjórnarinnar að menn reyni að temja sér það í framtíðinni að horfa meira á samfélagið og hlutverk ríkisins í samhengi. Að spyrja um orsakir og afleiðingar. Því að við erum svo oft búin að lenda í því að taka ákvarðanir, samþykkja breytingar, án þess að gera okkur grein fyrir því hvaða afleiðingar þær breytingar hafa. Slíkt sýnir ekki mikla stjórnvisku.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera fjárlagafrv. skil eða gera það að umtalsefni í heild sinni, það hefur þegar verið gert af hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Norðurl. e., flokksbræðrum mínum. En þar sem ég á sæti í hv. menntmn. þingsins ætla ég að gera að umtalsefni örfá atriði sem snerta sérstaklega þá nefnd. Það hefur þegar verið rætt um marga liði sem snúa að frv. þar sem boðaður er niðurskurður og ég ætla að reyna að endurtaka ekki mikið af því en ég ætla aðallega að gera að umtalsefni þann niðurskurð sem fyrirhugaður er til áhugaleikstarfsemi í landinu. Þar finnst mér vera ráðist á tiltölulega lítinn kostnað en geysilega mikilvæga starfsemi sem haldið er uppi um land allt. Ég ætla að segja það í upphafi að ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn, hv. þm. stjórnarflokkanna, muni ætla að skila þessum málaflokki frá sér á þann hátt sem frv. boðar. Þarna er nefnilega einmitt grasrótina að finna í íslensku menningarlífi. Nú er starfandi 81 leikfélag í landinu sem er aðili að Bandalagi ísl. leikfélaga. Á síðasta ári voru settar upp

74 styrkhæfar sýningar hjá um 50 áhugaleikfélögum. En hvað er svo þetta Bandalag ísl. leikfélaga sem á að skera niður fjárveitingar til um 24% samkvæmt frv. og þessi áhugaleikfélög sem á að skera niður um 18%, eða leikstarfsemi eins og það heitir? Bandalagið rekur óopinberan leiklistarskóla í landinu fyrir þúsundir manna. Það rekur skrifstofu hér í Reykjavík sem þjónustar öll áhugaleikfélögin, 81 að tölu, og grunnskólana 230 sem allflestir setja upp sýningar. Það veitir þeim ráðgjöf, útvegar leikrit, farða og fleira. Minni grunnskólar hafa það margir hverjir sem metnað og markmið að allir nemendur skólans taki þátt í sýningum, svokölluðum vorsýningum. Þetta er ómetanlegt starf í uppeldi barna.

Bandalagið þjónar framhaldsskólunum sem margir hverjir setja upp mjög metnaðarfullar sýningar, unglingaklúbbum innan leikfélaganna sem starfa í skapandi listgreinum og eru mjög vaxandi starfsemi innan leikfélaganna. Þessir leikklúbbar fá aðstoð og þjónustu frá skrifstofu bandalagsins. Bandalagið hefur sent bæði börn og unglinga á leiklistarnámskeið víða um heim. Má nefna Dublin, Belgíu, Lúxemborg og Norðurlöndin í því sambandi. Þetta er allt saman mögulegt vegna þess að bandalagið er til og tekur þátt í alþjóðasamstarfi og reyndar líka í norrænu samstarfi á sínu sviði. Og það sem meira er, íslensk leiklistarstarfsemi á áhugasviðinu hefur vakið verðskuldaða athygli erlendis og ég er sannfærð um það að ástæðan er sú að hér hefur þróast samstarf áhugaleikfélaga og atvinnufólks og flestar sýningar sem settar eru upp hjá áhugaleikfélögunum eru settar upp af fagfólki, þ.e. atvinnufólki. Þetta hefur verið mögulegt vegna þess að það hafa fengist styrkir til uppsetningar á leikritum hjá áhugaleikfélögum sem hefur, þegar best hefur verið, dugað fyrir launum leikstjóranna. Þessi laun voru á síðasta ári frá því að vera 205 þús. og upp í 330 þús. eftir því um hversu viðamiklar sýningar er að ræða og einnig eftir því hversu margar sýningar eru settar á svið því það hefur þurft að skipta á milli verkefna.

Ég hef áhyggur af því, hæstv. forseti, ef starfsemi áhugaleikfélaganna leggst af. Sú starfsemi sem farið hefur fram á vegum þeirra er mjög mikilvæg og þá alveg sérstaklega á landsbyggðinni. Ýmsir hafa áhyggjur af því að börn og unglingar og fólk yfirleitt hafi ekki gott af því að vera matað, sýknt og heilagt. Þessi starfsemi er einmitt starfsemi þar sem fólk er ekki matað heldur er sjálft að skapa og gerir fólkið virkt.

Ég get sagt það að lokum hér í sambandi við þessa starfsemi að ef um það væri að ræða annars vegar að leggja niður áhugaleikfélögin í landinu og þau störfuðu ekki, og hins vegar að leggja niður Þjóðleikhúsið, þá er ég ekki viss hvorn þáttinn ég mundi vilja leggja niður. Ég er raunar þeirrar skoðunar að Þjóðleikhúsið yrði frekar fyrir valinu af minni hálfu, þar sem ég hef starfað mikið að þessum málum í minni heimasveit og þekki allvel hvað hér er um að ræða.

Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, bréf sem mér barst í dag frá einu svona leikfélagi sem starfar á Akureyri og heitir Saga, leikklúbburinn Saga, leikklúbbur ungs fólks. Það hljóðar svona:

„Kæri alþingismaður. Okkur, félögum í leikklúbbnum Sögu, langar að fara þess á leit við þig að þú beitir þér gegn tillögum um skerðingu styrkja til leikfélaga innan Bandalags ísl. leikfélaga og skrifstofu bandalagsins. Ef þessi tillaga um 11% skerðingu til leikfélaga og 17% til skrifstofunnar nær fram að ganga munum við, eins og margir aðrir leikhópar í landinu, ekki geta starfað af jafnmiklum krafti og við vildum. Við erum full af orku og ákafa að leggja fram okkar skerf til menningar í landinu og teljum að fjármunum sé vel varið til að styrkja ungt fólk til hollra og listskapandi verka. Okkar er framtíðin en ykkar er valdið. Leggjumst öll á eitt að skapa æskunni heilbrigða vegferð." — Hér er lokið tilvitnun í þetta bréf sem er síðan undirritað af stjórn leikklúbbsins Sögu.

Mig langar nú áður en ég lýk alveg umræðu um þennan lið, Listir, framlög, heitir hann innan frv., að minnast á einn þátt sem heitir Kynning á íslenskri list erlendis upp á 9 millj. og er nýr liður. Ég hef áhuga á því að vita hvaða starfsemi þetta er, hæstv. ráðherra, sem þarna á að fara að taka upp sem nýjung, ég hef nú ákveðinn grun um það hvað það muni vera en vildi gjarnan fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra.

Mig langar að minnast í örfáum orðum á annan lið sem heyrir undir menntamál og lítið hefur verið minnst á í umræðunni hér í dag, ef þá nokkuð. Það er liður sem heitir Ýmis íþróttamál. Þar er um verulegan niðurskurð að ræða í fjárlagafrv. ef borið er saman við fjárlögin fyrir yfirstandandi ár. Þarna er vegið að öðrum þætti í almenningsstarfi sem er mikilvægur og mjög fyrirbyggjandi, bæði hvað snertir fullorðið fólk og ekki síður börn og unglinga. Auk ÍSÍ heyra undir þennan lið íþróttafélög, bridssamband, glíma og undir þessum lið eru einnig skákmótsstyrkir og skólaskákmót sem lækka á milli ára. En á sama tíma og þetta frv. er lagt fyrir Alþingi, frv. sem boðar samdrátt í þessum málum, þá leggur einn hv. þm. Sjálfstfl., Ingi Björn Albertsson, fram frv., og hefur reyndar fengið til liðs við sig um 20–30 þingmenn, ýmist stjórnarsinna eða stjórnarandstæðinga, sem gengur út á það að stofna sjóð til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn. Á stofnfé að samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara. Að mínu mati er hér um sýndarmennsku að ræða hjá hv. þingmanni þegar hann hefur á sama tíma samþykkt framlagningu á þessu fjárlagafrv. Í grg. frv. hv. þm. kemur m.a. fram, reyndar hefur það ekki enn komið til umræðu, að íþróttir séu sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi á Íslandi og að þúsundir manna á öllum aldri leggi daglega stund á íþróttir um allt land.

Ég ætla að síðustu áður en ég lýk máli mínu að minnast á örfá atriði í viðbót og sérstaklega á þá nýjung sem tekin er upp í frv. og eru skólagjöldin. Ég veit reyndar að það á að ræða þau frekar hér við hæstv. menntmrh. þegar hann hefur náð heilsu, þannig að ég skal ekki hafa mörg orð um það. En með þessu skrefi sem ríkisstjórnin stígur er tekið stórt skref aftur á bak í þjóðfélaginu. Ég býst við að hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir því hvaða kostnað það hefur í för með sér fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum, eins og stundum er nú kallað, að senda börn sín til framhaldsnáms.

Flestir þurfa að fara þá leið að kaupa sér eða leigja sér íbúð í framhaldsskólabæjunum og mynda þannig eins konar útibú frá eigin heimili. Þetta er alveg gífurlegur kostnaður fyrir, oft á tíðum, frekar tekjulágt fólk sem leggur metnað sinn í það að börnin gangi menntaveginn. Mér finnst það keyra um þverbak ef enn á að fara að bæta á útgjöld þessa fólks.

Lánasjóðurinn hefur komið hér til umræðu og við eigum eftir að ræða hann frekar við hæstv. menntmrh. en það var dapurlegt að heyra það þegar fulltrúar frá sjóðnum komu til viðræðna við menntmn. — og þessir fulltrúar voru greinilega viljugir og vildu að haft væri samráð við þá um málefni sjóðsins og gerðu sér grein fyrir því að hann væri í vanda og það þyrfti að taka á þeim málum — að það hefði ekkert verið haft samband við þetta ágæta fólk. Það hefði reynt að koma á framfæri þeim upplýsingum að það vildi fá að hitta þá nefnd sem vann að tillögum um breytingar á sjóðnum á vegum hæstv. menntmrh. en á það hefði ekki verið hlustað.

Þeir fjárlagaliðir sem ég hef hér gert að umtalsefni eru ekki fjárfrekir þegar fjárlagafrv. er skoðað í heild sinni, en það sýnir að mínu mati innrætið hjá hæstv. ríkisstjórn að ráðast með þessum hætti að almenningsleikstarfsemi og almenningsíþróttum í landinu. Ég heiti á hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarsinna — sem eru nú kannski ekki aðrir hér en hæstv. forseti, jú, tveir ráðherrar (**Gripið fram í:** Aldrei að vita nema það séu einhverjir fleiri.), og gætu verið fleiri — að hugsa sig tvisvar um áður en þeir leggja það til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt hvað snertir þessa liði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessar umræður sem hér hafa farið fram við 1. umr. fjárlaganna og þau fjölmörgu atriði sem menn hafa minnst á. Það fer nú sjálfsagt þannig að ég get varla svarað öllum þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint, en ég mun að sjálfsögðu gera tilraun til þess að gera það, a.m.k. að mestu leyti. Ég bendi hins vegar á að það er sjálfsagt, ef eitthvað gleymist, að gera það þá síðar í þessari umræðu en minni jafnframt á að það er hægt að taka mál upp auðvitað bæði í hv. fjárln. og eins mun gefast tækifæri síðar, m.a. í umræðum um frv. sem verða til umræðu á morgun, lánsfjárlög, bæði fyrir næsta ár og yfirstandandi ár, að taka upp nokkra liði sem kannski falla niður í þessari ræðu minni.

Ég mun reyna að víkja að ræðum manna í þeirri röð sem þær voru fluttar, en að sjálfsögðu ekki taka upp hvert einasta atriði heldur þau sem ég tel að mestu skipti að svör fáist við á þessari stundu.

Varðandi ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég segja það varðandi þá spurningu sem hann varpaði fram um ríkisábyrgð á launum að það liggja fyrir hugmyndir sem ræddar voru á milli fjmrn. og félmrn. á sínum tíma um það hvernig ná megi þeim árangri sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru fyrst og fremst tvær hugmyndir sem koma til greina. Annars vegar að þrengja reglurnar mjög verulega, en þær eru ákaflega rúmar, og hins vegar að fjármagna ríkisábyrgð á launum með einhvers konar sjóðmyndun sem atvinnulífið stæði þá straum af kostnaði við. Einnig mætti hugsa sér að fara hvorar tveggja leiðirnar. Þessu máli er ekki endanlega lokið innan ríkisstjórnarinnar en ljóst að ríkisstjórnin hefur samþykkt að ná þessu meginmarkmiði. Það varpar kannski ljósi á þetta vandamál að skoða hvernig þessi mál hafa þróast. Þessi útgjaldaliður á fjárlögum hefur sífellt farið vaxandi. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að hann kosti ríkissjóð 261,5 millj. Það er nú ljóst að til viðbótar þarf að greiða vegna óafgreiddra krafna sem nú liggja fyrir 150 millj., vextir og fleira upp á 20 millj. Þá eru gamlar skuldir upp á 78 millj., óuppgert orlofsfé vegna ábyrgðar á greiðslu orlofs 39 millj., eða samtals eru þetta um 549 millj. kr. Með öðrum orðum verða fjárútlátin meira en helmingi meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þegar síðan reglurnar eru skoðaðar kemur í ljós að þær eru svo rúmar að ég held að allir séu sammála um að þær þurfi að þrengja. Ég tel þess vegna að það sé einsýnt að farin verði sú leið að þrengja reglurnar verulega. Ég bendi á að hér er nánast um sjálftöku að ræða í dag. Það er ljóst að bankar, starfsmenn, stjórnendur og lífeyrissjóðir geta allir átt þátt í þeirri ákvörðun að láta fyrirtæki starfa áfram löngu eftir að ljóst er að það er gjaldþrota í raun vegna þess að ríkissjóður, við skattborgararnir, munum borga brúsann. Og ég er sannfærður um að það má ná heilmiklum árangri og um leið koma á heilbrigðari starfsháttum fyrirtækjanna með að stytta þann tíma eða stytta viðmiðanir sem koma fram í núgildandi lögum.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að ná árangri upp á 1 milljarð á afsláttar- og frádráttarliðum, hvað ætti að lækka. Í þessu sambandi vil ég geta þess að eins og þeir sem lesið hafa frv. vita er gert ráð fyrir því að um næstu áramót falli jöfnunargjaldið niður. Jöfnunargjaldið er talið gefa ríkissjóði tæplega milljarð á yfirstandandi ári, á milli níu og tíu hundruð millj. Þar með lækkar verðlagið um næstu áramót talsvert þar sem jöfnunargjald fellur niður. Þessu tekjutapi hyggst ríkisstjórnin ná með því að lækka útgjöld vegna afsláttar- og frádráttarliða. Og það er rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að þarna er fyrst og fremst verið að horfa á afsláttar- og frádráttarliði í tekjuskattinum. En þess ber að geta að frádráttar- og afsláttarliðir tekjuskatta einstaklinga eru líklega um það bil 10 milljarðar og sést á því hvers konar gífurlegar upphæðir þetta eru sem greiddar eru til baka eða eru afslættir af tekjusköttum.

Ákveðin nefnd hefur verið sett á laggirnar, nefnd sem í eiga sæti fulltrúar stjórnarflokkanna, til að vinna að frekari tillögugerð og sú nefnd starfar um þessar mundir. Ég tel ekki rétt að segja frá því nákvæmar heldur en komið hefur fram í hverju tillögurnar verða fólgnar. Við höfum reiknað út í ráðuneytinu ýmsa valkosti sem koma til greina. En að sjálfsögðu verður að nást pólitísk samstaða innan stjórnarflokkanna og á milli þeirra til að þessi árangur náist. Ég vil taka það fram að báðir stjórnarflokkarnir vissu auðvitað nákvæmlega út á hvað þessi hugmynd gekk og ég tel að það sé ljóst að við það verði staðið að afla ríkissjóði tekna með þessum hætti. Ég tek fram að í raun og veru

er ekki um stóra upphæð að ræða í hlutfalli við afsláttar- og frádráttarliðina sem nema 10 milljörðum kr. eingöngu í tekjuskattinum.

Ég vil enn fremur taka það fram að rætt hefur verið um að gera þetta með svokölluðum tekjutengdum hætti a.m.k. að hluta. Þá á ég fyrst og fremst við barnabæturnar og barnabótaaukann.

Hv. þm. kallaði þjónustugjöldin, sértekjurnar, feluskatta. Það er út af fyrir sig huggulegt nýyrði en ég vil benda hv. þm. á að þjónustugjöldin og sértekjurnar eru ekki nýtt fyrirbæri, þau hafa tíðkast alllengi þótt þessi gjöld hækki nokkuð ef frv. nær fram að ganga.

Um skólagjöldin ætla ég ekki að fjölyrða nú. Það verður sérstök umræða um skólagjöldin innan tíðar. Ég vil þó að það komi fram að ákveðið var í haust að kanna það mjög rækilega hvort lög leyfðu að heimt yrðu inn skólagjöld með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og til hvaða kostnaðarþátta í skólakerfinu mætti láta skólagjöldin renna. Í þeirri vinnu hefur þegar verið upplýst að skólagjöld hafa verið innheimt í miklu stærri stíl, held ég, en flestir hafa áttað sig á. Í sumum tilvikum hefur þetta komið fram í fjárlagafrv. undanfarinna ára og fjárlögum og ríkisreikningi en að öðru leyti er ekki hægt að rekja svokölluð skólagjöld í opinberum tölum vegna þess hreinlega að þau hafa verið heimt inn án þess að um tilkynningar hafi verið að ræða til æðstu menntayfirvalda. Og þetta hefur gerst jafnt í tíð hv. 9. þm. Reykv. eins og annarra menntmrh. á undan honum, m.a.s. hygg ég að þetta hafi þótt svo sjálfsagt í sumum tilvikum og hefur gengið svo lengi að menn hafa ekki hirt um að tilkynna það einu sinni. Þannig verða menn að átta sig á að skólagjöld eru ekki ný af nálinni.

Ég ætla ekki hér, ég hef gert það áður, að ræða um vexti og hver beri ábyrgð á þeim háu vöxtum sem hér eru. Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni sem fer reyndar saman við skoðanir allflestra þeirra sem eitthvað hafa kynnt sér peninga- og bankamál, sem ég veit nú að hv. þm. hefur gert, og hún er að eftir því sem meiri ásókn er í fjármunina þeim mun meiri líkur eru á því að vextir hækki. Það er ekki þannig í okkar hagkerfi frekar en öðrum í hinum vestræna heimi, sem er reyndar orðinn æðistór nú á dögum, að menn stjórni vaxtastefnunni með tilskipunum og yfirlýsingum. Það er fyrst og fremst eftirspurnin og framboðið sem ræður því hvert vaxtastigið er á hverjum tíma. Og ég vil taka það fram að hin mikla lánsfjárþörf ríkisins hefur valdið gífurlegri sprengingu í vöxtum hér á landi, svo mikilli að við hljótum að þurfa að taka á því máli enda er það eitt af markmiðum þessa frv. að það verði gert.

Hv. þm. spurði um fatlaða og sveitarfélögin. Í því sambandi vil ég taka það fram að hæstv. félmrh. hefur boðað til fundar með sveitarstjórnarmönnum í næsta mánuði þar sem þetta mál verður m.a. til umræðu.

Það var athygli vert að hlusta á hv. þm. segja skoðun sína á sjúkrahúsunum í Reykjavík og þeim kostnaði sem þar mætti ná niður, ekki síst þeirri trú hans að með sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík mætti spara allt að einum milljarði. Þessi skoðun hv. þm., sem er fyrrv. heilbrrh., lýsir því best að menn hafa trú á því að um talsverða sóun og tvíverknað sé að ræða í þessu kerfi. Sjálfur hef ég komið nokkuð nálægt því, verið formaður stjórnarnefndar ríkisspítala um fjögurra ára skeið og er einn þeirra sem tel að það megi spara talsverða fjármuni í sjúkrahúsunum og rekstri þeirra í Reykjavík og tel að þess vegna megi ætla að hægt sé að ná fram því markmiði sem sett er í frv. Og þótt það náist ekki fullkomlega á fyrsta árinu held ég að það sé full ástæða til að fara af stað með þetta mál.

Hv. 14. þm. Reykv. flutti hér mikla og góða ræðu. Hv. þm. er ekki við nú í lok þessarar umræðu þannig að ég veit ekki hvort ég á að vera að svara miklu af þeim fyrirspurnum sem fram komu í máli þingmannsins. Það eru þó nokkur atriði sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi það að þegar verið er að bera saman frv. til fjárlaga á næsta ári og frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár verða menn að muna eftir hallanum sem er á fjárlögum yfirstandandi árs. Það er ekki hægt að bera saman tölur um tekjur og gjöld og halda að slíkur samanburður segi allt, menn verða jafnframt að sjá hver raunverulega útkoman er. Það er ekki nóg að bera frumvörpin saman, það verður að bera frumvarp á næsta ári saman við raunveruleikann á yfirstandandi ári til að fá rétta mynd.

Nokkrir hv. þm. hafa í þessari umræðu fjallað um álver. Það er rétt sem hefur komið fram í ræðum þeirra að gert er ráð fyrir því að framkvæmdir vegna álvers hefjist á næsta ári og þá að sjálfsögðu bygging virkjana í tengslum við það álver. Það er talið að slíkar framkvæmdir geti gefið ríkissjóði um 1 milljarð eða 1 til 1,5 milljarða, það er auðvitað mjög erfitt að áætla það nákvæmlega. Ég var spurður að því hvað mundi gerast ef ekki yrði af byggingu álversins. Það sem gerist er að þessar tekjur hverfa að sjálfsögðu úr áætlunum en á móti kemur að lántökur til Landsvirkjunar fyrst og fremst verða minni. Hins vegar held ég að ástæðulaust sé að örvænta vegna samninganna sem standa fyrir dyrum við þessi þrjú fyrirtæki, Atlantsálsfyrirtækin. Reyndar er álverð mjög lágt um þessar mundir. Það er u.þ.b. helmingi lægra en árið 1988 þegar ég skrifaði undir samninginn við sum þessara Atlantsálsfyrirtækja og lagði þar með grunninn að þeirri vinnu sem síðan hefur verið fylgt, ekki einungis af þessari ríkisstjórn heldur einnig af þeirri síðustu. Það er ljóst að þetta lága álverð og mikið framboð á hrááli, m.a. frá austantjaldsþjóðunum og vegna þess hve friðvænlega horfir í heiminum, gerir það að verkum að ýmsir óttast að ekki verði af byggingu álversins. Ég vil þó taka fram að ég hef þær fréttir að færa að forustumenn þessara fyrirtækja hafa fullan hug á því að láta framkvæmdirnar hefjast sem fyrst. Bankarnir sem hugsanlega munu lána fyrirtækinu hafa þó í hyggju að gera meiri kröfur til fyrirtækisins en almennt hefur verið gert hingað til af ýmsum ástæðum. Það út af fyrir sig er ekkert nema fagnaðarefni fyrir okkur Íslendinga, að staðið sé betur að tryggingum gagnvart bönkunum.

Álverð hefur lítils háttar hækkað að undanförnu, fyrst og fremst vegna þess að sumar álverksmiðjur hafa verið að loka fyrir starfsemi sína. Samt er talið að ál-

verð hafi nú þegar náð botni og búast megi við hækkandi álverði á næstunni þannig að það er ekki ástæða til annars en að trúa því að af þessum framkvæmdum geti orðið og þess vegna rangt að sleppa fyrirhuguðum framkvæmdum þegar verið er að meta tekjur ríkissjóðs á næsta ári.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi síðan um einkavæðingu og vitnaði þar í Douglas Smith sem hér var á ferð fyrir stuttu og minntist á að hann væri á móti því að einkavæða járnbrautir. Ég get sannfært hv. þm. um að við munum ekki gera tilraun til að einkavæða járnbrautir hér á landi þó ekki væri nema af þeirri ástæðu að þær fyrirfinnast ekki. Ég held hins vegar að það sé rangt sem kom fram í ályktun þingmannsins út frá orðum Douglas Smith að einkavæðing sé ekki af hinu góða. Ég held nefnilega að jafnvel Douglas Smith, sem er nú sá íhaldsmaður breskur sem kannski styst hefur viljað ganga í þessum efnum, viðurkenni að einkavæðingin getur gert stórkostlegt gagn. En það er hins vegar rétt að það er hægt að ganga of langt í þeim efnum eins og svo mörgum öðrum. Ég get fullvissað hv. þm. og aðra þingmenn jafnframt að það er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að ganga eins langt og breska ríkisstjórnin hefur gengið á undanförnum árum. En fyrr má nú rota en dauðrota í þessum efnum. Ég bendi á að sum fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins eru fyrirtæki sem eru ekkert öðruvísi en fyrirtæki sem nú þegar starfa á markaðnum. Þá er ég að segja frá því að það er ekki verið að tala um vatnsveituna, ekki endilega rafmagnsveitur o.s.frv., en það er til fjöldi fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins og eru nákvæmlega eins og önnur atvinnufyrirtæki.

Ég tek undir það með hv. þm. að loforð þingmanna úr ýmsum kjördæmum um fjárframlög til einstakra verka á næsta ári eða næstu árum er ósiður sem ég tel ástæðu til að lagður verði af. Og ég er sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um að slík plögg eru í raun og veru marklausar yfirlýsingar og allt of mikið gert af að safna slíku saman. Mér hefur stundum dottið í hug hvort ekki væri kominn tími til að ná þessum plöggum á einn stað, ég veit að þau eru til hjá hinum ýmsu opinberu stofnunum, og gefa þetta einhvern tímann út í bók bara til sýnis fyrir þjóðina um það hvernig þingmenn geta sameiginlega komist að niðurstöðu sem í raun og veru er alger markleysa, sem oftast er nú þegar þingmenn koma sér saman um eitthvað. Það verður að segjast eins og er. (**Gripið fram í:** Þú ferð nú ekki að gera Matthíasi þetta.) Það er ekki bara hann. Að vísu eru það 1. þm. kjördæmanna, og það fellur nú í hlut sjálfstæðismanna yfirleitt að eiga þá, sem skrifa efstir á blaðið, það er einfaldlega af því að Sjálfstfl. er stærstur. En það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að þetta er gert í allt of stórum stíl. Síðan veifa menn þessu hverjir framan í aðra. Ég hygg að menn sem hér sitja hafi sumir hverjir tekið þátt í þessum leik. (Gripið fram í.) Þá hafa nú menn vitnað þegar að þessum orðum töluðum. (**Gripið fram í:** Svo eru tveir hérna líka.)

Hv. 6. þm. Vestf. og reyndar fleiri þingmenn minntust á launin í forsendum frv. og lögðu út af þeim og spurðu: Ja, ef launin hækka hvaða áhrif hefur það á frv.? Vantar þá ekki stórar fjárupphæðir í frv. gjaldamegin? Það er að sjálfsögðu rétt, ef launin hækka þá hækkar auðvitað sá kostnaður ríkisins. En á móti kemur að launahækkunin er almenn, skattar verða hærri þannig að búast má við að nettóútkoman verði sú að hún hafi ekki áhrif á ríkissjóð. Sannleikurinn er nú sá, og það er einkenni á ríkisrekstrinum, að eftir því sem veltan verður meiri og jafnvel meiri sjúkdómur kemur fram í efnahagslífinu þeim mun meiri tekjur fær ríkið. Þetta er auðvitað alþekkt. Það verður að játast og segjast alveg eins og er að á næsta ári er gert ráð fyrir talsverðum viðskiptahalla, þ.e. að þjóðin eyði um efni fram en sú eyðsla er skattlögð og ríkissjóður nýtur þess og fær þannig fjármuni í ríkissjóð. Á sama hátt getum við gert ráð fyrir að ef launin hækka langt umfram það sem þjóðartekjurnar segja til um megi búast við enn þá meiri viðskiptahalla og meiri gróða í ríkissjóð. Þetta er nú einu sinni lögmálið í þessum efnum, jafnöfugsnúið og ýmsum þykir það vera.

Hv. þm. Þuríður Pálsdóttir ræddi hér um svokallaðan ekknaskatt og spurði hvort áformað væri að setja aðra og réttlátari reglu vegna þessa sérstaka eignarskatts. Ég vil eingöngu svara því til að það er ætlunin, eins og reyndar hefur komið fram, að leggja af eða takmarka verulega eignarskatta í sömu mund og teknir verða upp svokallaðir eignartekjuskattar þar á meðal fjármagnstekjuskattar. Þessi skattur, skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og aðrir eignarskattar munu þess vegna dragast verulega saman eða jafnvel hverfa um leið og fjármagnstekjuskattur og aðrir eignartekjuskattar verða teknir upp.

Ég vil hins vegar benda á vegna þess að það var minnst hér á þjóðarbókhlöðuskattinn, og reyndar kom það fram hjá hv. 18. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, að á næsta ári er gert ráð fyrir að langsamlega stærsti hluti þessa sérstaka eignarskatts, sem er innheimtur aðeins af þeim sem eiga mestu hreinu eignirnar, rennur til Þjóðarbókhlöðunnar eða 335 millj. af 365 millj. sem menn áætla að heimtist inn. Afgangurinn, 30 millj., rennur til Bessastaða þar sem framkvæmdir hafa átt sér stað að undanförnu. Þetta er talsverð breyting frá því sem var á yfirstandandi ári þegar aðeins 145 millj. kr. runnu til Þjóðarbókhlöðunnar, en til Þjóðleikhússins fóru 140 millj. og 60 millj. til Bessastaða, ef ég man rétt.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., ræddi hér um fjölmörg atriði og varpaði fram mörgum fyrirspurnum. Hann minntist á vextina og vaxtastigið. Ég hef áður rætt um þau atriði, en hann sagði: Samkvæmt áætlunum Seðlabankans verða raunvextir á síðasta ársfjórðungi þessa árs um 16%, 15,8% nákvæmlega.

Þetta er rétt — og þá er verið að tala um mun á nafnvöxtum og verðbólgu á óverðtryggðum skuldabréfum, þ.e. meðaltal af þessu — ef engar lækkanir verða á nafnvöxtum af því sem eftir lifir ársins. Vextir á verðtryggðum skuldabréfum eru 10% en það er rétt að raunvextir geta orðið tæplega 16% það sem eftir lifir ársins ef þeir verða ekki lækkaðir. Og hver er ástæð-

an? Ástæðan er einfaldlega sú að verðbólgan er á svona hraðri niðurleið og það er auðvitað það sem er fagnaðarefni. Það hlýtur að vera skylda bankakerfisins og annarra þeirra sem stunda lánastarfsemi að lækka vextina í takt við verðbólguna. Ég vek athygli á því að í kvöldfréttum kom fram að Íslandsbanki telur sig geta náð þeim árangri á síðari hluta ársins að skila hallalausum rekstri þó að halli á rekstrinum hafi verið mörg hundruð millj. kr. á fyrri hluta ársins. (**Gripið fram í:** Er það eðlilegt?) Það er óeðlilegt og ástæðan fyrir því að það er óeðlilegt er að fyrir tæpu ári síðan höfðu þáverandi stjórnvöld þau afskipti af þessum lánamarkaði að bankarnir, þar á meðal banki sem ég átti sæti í bankaráði í, þ.e. meiri hluti bankanna lagði ekki í að hafa vaxtamuninn eðlilegan. Þetta gerði það að verkum að á fyrri hluta ársins og reyndar á síðustu tveimur mánuðum sl. árs varð stórkostlegt tap á flestum bankanna. (**GB:** Kæmi ekki til greina að ríkisstjórnin fengi þá til að hagræða svolítið þar eins og á sjúkrahúsunum?) Það finnst mér og ég tek þessari ábendingu fyrrv. bankastjóra fegins hendi og ég skal koma henni til skila. (**GB:** Honum er kunnugt um að það er hægt að gera það þar ekki síður en á sjúkrahúsunum.) Það er áreiðanlega rétt. En ég bendi einungis á þetta vegna þess að þetta er kannski ein meginskýringin. Ég tel að við eigum auðvitað öll að fylgjast með því hvort bankarnir og aðrir lækki vextina, nafnvextina, í takt við verðbólguna. En ástæðan fyrir því að ég tek þennan punkt upp er auðvitað sú að þessi staðhæfing sýnir að verðbólgan er á slíkri niðurleið að það er gert ráð fyrir því að hún verði á fjórða ársfjórðungi samkvæmt þessari spá 3,8%. 3,8% verðbólga og hún heldur áfram að lækka á næsta ári. Ef fram heldur sem horfir getur verðbólgan á næsta ári verið helmingi lægri en hún er í ár.

Ég ætla ekki að ræða hér ítarlega um húsbréfakerfið. Ég ætla einungis að segja að það hefur náðst talsverður árangur, mun meiri en náðist í tíð síðustu hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum.

Vegna búvörusamningsins vil ég segja að ég tel að staðið hafi verið við það samkomulag um verðlagsforsendurnar sem koma fram í búvörusamningnum og ég hef ekki heyrt annað heldur en að menn séu sammála um það að þær ákvarðanir, sem þegar hafa verið teknar, bæði verðlagsákvarðanir og eins ákvarðanir varðandi frv., séu í þeim anda sem menn vilja starfa eftir. Það er hins vegar rétt að það er skerðing á framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á næsta ári miðað við gamla búvörusamninginn.

Ég verð víst að fara hraðar yfir sögu ef ég á að komast áfram áður en nóttin er öll. (**Gripið fram í:** Nógur tími.) Ég er að sjálfsögðu ánægður að heyra hvað menn njóta þess vel að sitja hér undir ræðu minni.

Hv. þm. ræddi nokkuð um þjónustugjöld og það gerðu auðvitað fleiri þingmenn og það er ekkert óeðlilegt því það er auðvitað ein af mestu og helstu stefnubreytingum sem kemur fram í frv. að hækka þjónustugjöldin, láta þá greiða sem njóta þjónustunnar. Hv. þm. spurði hvort við værum að hverfa frá því að jafn réttur væri fyrir alla til þessarar velferðarþjónustu. Þetta gefur auðvitað tilefni til að íhuga nokkuð hvað í því felst að jafn réttur sé til slíkrar þjónustu. Er það jafn réttur að áliti þingmannsins ef allir eru jafnilla settir? Ég spyr vegna þess að það er staðreynd að ef við ætlum að ná því markmiði að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum hlýtur það að kosta annaðhvort niðurskurð eða skattheimtu, nýja skattheimtu í stórkostlega ríkum mæli. (**Gripið fram í:** Eða sparnað í rekstri.) Eða sparnað í rekstri og sparnaður í rekstri kemur oft þannig fram að menn draga úr rekstrinum. Það hafa menn gert, það gerðu t.d. hv. 1. þm. Norðurl. e. þegar hann var heilbrrh., það þekki ég mjög vel. Þá sparaði hann í rekstri m.a. með því að loka sjúkradeildum á Landspítalanum. Það var kallaður sparnaður í rekstri. Þannig að það er alveg hárrétt sem hv. 6. þm. sama kjördæmis kallar hér fram í. Þetta þekkjum við. En við skulum átta okkur á því að það bitnar á einhverjum. Það bitnar á þeim sem ella hefðu getað fengið pláss inni á slíku sjúkrahúsi og ég vil að það komi skýrt fram að ég tel það ekki goðgá að sjúklingar sem leggjast inn á sjúkrahús greiði að einhverju marki fyrir það. Ég vil rifja upp að það var formaður Framsfl. sem 1988 sagði frá því á flokksþingi að gamall maður hefði hringt í sig og spurt hverju það mætti sæta að hann fengi ekki einu sinni að borga fyrir matinn sinn á sjúkrahúsinu. Og síðan bætti formaður Framsfl. því við: „Og ég tel að þetta hafi verið heilbrigður maður, enda var þetta framsóknarmaður." (Gripið fram í.) Hann sagði heilbrigður maður og það var vegna þess að það eru margir heilbrigðir menn sem fara á sjúkrahús. Það fara nefnilega margir á sjúkrahús, m.a. til rannsókna og sem betur fer koma nú menn heilbrigðir út og eru jafnvel heilbrigðir þegar þeir leggjast inn. Það er einmitt af þeim ástæðum, kannski fyrst og fremst, sem við ættum að athuga að það er freisting fyrir marga lækna að leggja fólk inn á sjúkrahúsin, fólk sem gæti fengið þjónustuna utan sjúkrahúsa og þurft að borga fyrir hana í dag. Það er freisting fyrir læknana að segja: Gott og vel, í stað þess að þú þurfir að borga 1500 kr. eða 900 kr. fyrir rannsókn og fyrir sérlæknisþjónustu, skal ég bara leggja þig inn því þá kostar það ekki neitt. — Með öðrum orðum það kostar ekki sjúklinginn neitt. Það kostar auðvitað skattborgarana, okkur, ríkissjóð, miklu meira. Ég segi það af því að menn voru að tala um réttlæti og jafnan rétt. Er það ekki meira réttlæti og er það ekki jafnari réttur ef sá, sem lagður er inn á sjúkrahúsið og er nákvæmlega jafnmikið eða lítið veikur eins og hinn sem fer á göngudeildina, borgar það sama? Hvort er meira jafnrétti? Ég er ekki í nokkrum vafa um það og ég veit að eru margir fleiri. Ég held t.d. að hv. 1. þm. Norðurl. e. sé sammála mér um að það sé að sjálfsögðu réttlætismál að þeir sem lagðir eru inn borgi a.m.k. það sama og hinir sem þurfa í sumum tilvikum jafnvel að búa á hótelum og ganga til lækninga á göngudeildum sjúkrahúsanna og borga fyrir það og þurfa þar að auki að borga lyfin sem menn þurfa ekki að gera þegar þeir eru lagðir inn á sjúkrahúsin. Nú er ég ekki að tala um að menn eigi endalaust að borga allan kostnaðinn, held-

ur að ákveðnu marki, einmitt í jafnréttisskyni.

Ég get því miður ekki sagt nákvæmlega hver ábatinn verður ef Íslendingar samþykkja Evrópska efnahagssvæðið. En ég bendi á að Þjóðhagsstofnun og samtök atvinnulífsins hafa sett sig nokkuð nákvæmlega ofan í þessi mál og að þeirra áliti er um nokkurn og talsvert mikinn ábata að ræða. Það sem ég held að skipti mestu máli er að þessi aðild gefur ný tækifæri, hún ýtir við íslensku efnahags- og atvinnulífi, sparkar dálítið í okkur og ég held að við höfum gott af því í þeirri lognmollu sem hér hefur ríkt.

Hv. 9. þm. Reykv. flutti hér langa og yfirgripsmikla ræðu. Hann taldi að ríkisstjórnin væri að fara út af þeirri braut sem hingað til hefði verið almenn pólitísk sátt um og nefndi í því sambandi þjónustugjöldin. Ég ætla ekki hér og nú að skattyrðast eða deila við þingmanninn um þetta mál en ég vil einungis benda honum á eitt og það er að kynna sér nýjar hugmyndir og nýjar samþykktir SF-flokksins í Danmörku. SF-flokkurinn í Danmörku hefur verið eins konar systurflokkur Alþb. Nú hefur það gerst í þessum flokki að augu manna hafa opnast fyrir því að það kunni að eiga að beina augum frekar að þjónustugjöldum heldur en að skattheimtunni vegna þess að flokkurinn sér að það er í mörgum tilvikum ekki hægt að verja kerfi þar sem sóun er mikil. (**SvG:** Þetta er misskilningur hjá þér.) Þetta er ekki meiri misskilningur en það að þetta er til skjalfest og ég á það. (**SvG:** Er þetta á dönsku?) Þetta er á dönsku þannig að ég get látið þýða þetta fyrir hv. þm. ef hann treystir sér ekki til að lesa dönskuna.

Þá kem ég að því sem hv. þm. sagði, hann sagði: Fjárlagafrv. boðar kjaraskerðingu, umfram skerðingu þjóðartekna.

Á bls. 259 í þessu frv., og það getur nú verið það eina held ég sem hv. þm. er að benda á, er tafla þar sem skýrðar eru þjóðhagsforsendur fjárlagafrv. Þar segir m.a. að gert sé ráð fyrir því að þjóðartekjur lækki um 3,1% á milli áranna 1991 og 1992 — 3,1%. Kaupmáttur þjóðartekna á mann, þegar búið er að deila þessu niður á Íslendinga, verður 4% minni á næsta ári heldur en á yfirstandandi ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður hins vegar 3% lægri á næsta ári heldur en á yfirstandandi ári. Með öðrum orðum, kaupmáttur ráðstöfunartekna dregst minna saman en þjóðartekjurnar. Á þetta vil ég leggja áherslu því að þetta er akkúrat öfugt við það sem hv. þm. sagði þegar hann þóttist vera að vitna í þetta sama frv. og ég er nú að lesa úr.

Varðandi réttarstöðu opinberra starfsmanna vil ég taka fram að það atriði og önnur sem snerta opinbera starfsmenn verða að sjálfsögðu til umræðu í kjarasamningum við þá sem núna eru hafnir því auðvitað hafa viðræður farið fram á milli aðila þótt viðræður séu nú flóknari en oftast áður því að samningsrétturinn er hjá viðkomandi félögum en ekki heildarsamtökum.

Ég tel að þetta frv. greiði að sjálfsögðu fyrir kjarasamningum. Samkvæmt frv. er verðlagi haldið niðri, hallarekstur verður minni á næsta ári og við höfum boðið upp á það að aðilar vinnumarkaðarins komi að þessu frv. og hjálpi okkur til við frekari niðurskurð ef þeir hafa tillögur og ábendingar þar um.

Um einkavæðingardeild í fjmrn. vil ég aðeins segja að það er hugmyndin að tveir starfsmenn, sem nú þegar starfa hjá fjmrn., myndi þessa deild, þetta eru menn sem hafa fengið þekkingu um einkavæðingu í framhaldsskólum, reyndar báðir í Bandaríkjunum. Ég minni á að einkavæðing er ekki einungis sala á opinberum fyrirtækjum. Einkavæðing er ekkert síður það að bjóða út rekstrarverkefni ríkisins, en það er kannski sá hluti þessa verkefnis sem fyrst og fremst snýr að fjmrn. Það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh., að yfirumsjón með þessu verkefni hefur forsrh. ásamt tveimur öðrum ráðherrum, þeim sem hér stendur og hæstv. viðskrh.

Ég ætla ekki að ræða frekar um ræðu hv. 9. þm. Reykv. nema tilefni gefist til en honum var tíðrætt um mannúðarstefnu. Mér finnst einhvern veginn að hv. þm., þegar hann segir að við höfum breytt frá fyrri stefnu og horfið frá mannúðarstefnunni, skuldi okkur nokkrar skýringar á því hvernig hann hefði ætlað sér að brúa það bil sem er á milli tekna og gjalda hjá hinu opinbera. Það er ekki nóg að koma hér upp og segja: Ég vil leggja á hátekjuskatt og ég vil leggja á fjármagnstekjuskatt, vegna þess, eins og hæstv. heilbrrh. sagði, að fyrirliggjandi hugmyndir um slíka skatta hafa ekki gefið tekjur nema að verulega litlum hluta upp í það gat sem er á milli gjalda og tekna ríkisins.

Mér sýnist hvað varðar álver og launahækkanir, ef þær yrðu, sem hvort tveggja kom fram í ræðu hv. 18. þm. Reykv., að ég hafi gert því nokkur skil í minni ræðu. Hún kom með ábendingu um að selja flugstöðina og ég hef þegar skrifað það hjá mér og má vera að hún geti hjálpað mér að finna kaupanda að henni. Það er sums staðar sem flugstöðvar eru í einkaeign, en sjaldnast er það nú, en hins vegar er það svo að rekstrurinn er víðast hvar í höndum annarra en ríkisins.

Hún fjallaði nokkuð um tekjutengingu og mér þótti það vera athyglisverðar hugleiðingar. Það sem við erum að tala um þegar rætt er um tekjutengingu er hins vegar, eins og ég hygg að hafi komið fram í máli 9. þm. Reykv., að þegar við ætlum að draga úr endurgreiðslunum og afsláttunum af t.d. barnabótum eða barnabótaauka eigi skerðingin að fara eftir tekjum fólks. Það er það sem átt er við með tekjutengingu, hvort sem það er persónuafsláttur, vaxtaafsláttur eða barnabætur. Þetta er ekkert einfalt mál því það er alþekkt í hagfræðinni og skattamálum að ef tekjutengingin er of mikil verður jaðarskatturinn svo hár að fólk hættir að vilja að vinna, það vill frekar hrapa í tekjum til þess að fá meiri opinbera styrki. Það er m.a. þess vegna sem þetta mál er vandmeðfarið.

Ég skal ekki segja um það hvort verið er að framreikna rangar áætlanir í framhaldsskólunum en ég vil gjarnan kynna mér það. Það er ljóst að tölurnar, sem eru í fjárlagafrv., eru unnar í menntmrn. og það er auðvitað okkar hlutverk í fjrmn. að ganga úr skugga um það að þær tölur séu þannig unnar að þær séu raunhæfar. Það er líka ljóst að við höfum sagt að ef þessi árangur næst ekki með t.d. skólagjöldum, hlýtur það að bitna með öðrum hætti á þessari starfsemi og hugsan-

lega þarf þá að grípa til þess að minnka kennslu í þessum skólum. Ég bendi á að á undanförnum árum og áratugum hefur kennsla verið að aukast og stundum kannski stjórnlausar heldur en heppilegt hefði verið.

Um Menningarsjóð er það að segja að gert er ráð fyrir því að á næsta ári hætti Menningarsjóður bókaútgáfu Menningarsjóðs og það er skýringin á því að þessi tala lækkar í frv. Hugmyndin er þá fremur sú að einhverjir styrkir gangi til annarra bókaútgefenda ef Menningarsjóður vill styrkja útgáfu á menningarriti eða menningarritröð.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna ætla ég ekki að vera langorður. Hins vegar vil ég alveg taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. að lántökur sjóðsins eru auðvitað sjálfskaparvíti en ég minni á að hefði verið um að ræða hærra framlag frá ríkinu þá hefði eitthvað annað þurft að láta undan í staðinn. En það er rétt, svona hafa ríkisstjórnir umgengist sjóðinn og búið til þetta stórkostlega vandamál. En af því að við höfum verið að tala um Lánasjóð ísl. námsmanna annars vegar og skólagjöld hins vegar þá langar mig til þess að vekja athygli á einu. Finnst hv. þm. vera vit í því að íslenskur lánasjóður, Lánasjóður ísl. námsmanna, láni — ég tek það fram að lán hans eru á að giska 50% gjöf ef maður skoðar vaxtamuninn og þann kostnaðarmun sem kemur fram hjá sjóðnum miðað við útlán og innlán — til að greiða skólagjöld í stórum stíl erlendis til þess að standa straum af kostnaði við erlenda háskóla þannig að þeir séu betri, fái hæfari kennara, kennara sem fái betri laun, á sama tíma og ekki má bæta stöðu íslenskra skóla, Háskólans og framhaldsskólanna, með því að heimta inn skólagjöld til þeirra? Finnst hv. alþm. það vera eðlilegt að við greiðum í sameiningu með framlögum okkar u.þ.b. helminginn af útlánum til námsmanna? Það er u.þ.b. helmingurinn sem endurgreiðist og síðan er notað til skólagjalda í Bretlandi og Bandaríkjunum en á meðan er slíkt ekki hægt hér á landi. Ég bið menn að velta þessu aðeins fyrir sér því að ég býst við því að ýmsum þætti eðlilegra að íslenskir skattborgarar lánuðu heldur íslenskum námsmönnum til þess að stunda nám við íslenskan háskóla og stæðu þannig undir kostnaði við skólagjöld sem verða þá notuð til þess að styrkja íslenska skóla og bæta kjör kennaranna sem þar starfa. (Gripið fram í.) Og hafa þá enga stúdenta í skólanum, bara hafa þá svona heima hjá sér? Nei, lánin þurfa að sjálfsögðu að ganga til námsmanna, ef það eru þeir sem eru kallaðir millilíðir fyrir austan.

Spurt var um það hvernig staðið væri að kostnaði við Evrópska efnahagssvæðið. Það er auðvitað rakið í frv. en rétt til þess að skýra það þá er það þannig að á yfirstandandi ári ganga til þýðinga laga og reglugerða 37,4 millj., þær verða 20 millj. á næsta ári. Til viðskiptaskrifstofu fara á þessu ári um 105 millj., verða 75 millj. á næsta ári. Þarna er um að ræða m.a. ferðalög og ýmislegt annað sem tengist þessu starfi. Formennska Íslands í EFTA, sem verður á næsta ári hálft árið, kostar 15 millj. Framlag til EFTA vegna aðildar verður á næsta ári tæpar 48 millj. en var á þessu ári 25 millj. Það þýðir að á næsta ári ganga 157 millj. til þessa verkefnis í stað 167 millj. á yfirstandandi ári. Og eins og kemur fram í frv. er gert ráð fyrir því að þetta dugi til þess að ljúka þeim verkefnum sem unnin eru í tengslum við aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Tekið skal fram vegna greiðslu í svokallaðan Þróunarsjóð að það er ekki hugmyndin að greiða það á næsta ári. Verði samningurinn gerður þá kemur til greiðslu fyrst á árinu 1993, ef ég skil samninginn rétt. (Gripið fram í.) Nei, ég skal ekki um það segja en ég býst við því að það geti farið þannig að yfirvinna í þessu ráðuneyti eins og svo mörgum öðrum sé ekki skilin nákvæmlega í sundur eftir verkefnum, en það má ugglaust t.d. í fjárln. ganga eftir því hvernig henni er skipt á milli mismunandi verkefna.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að þreyta menn meira. Þetta hafa verið langar umræður og gefa reyndar tilefni til miklu lengri ræðu og meiri tilrauna til svara a.m.k., svo ég kalli þetta ekki svör. Ég vil aðeins að allra síðustu benda á að komið hefur fram í umræðum mikill munur á viðhorfum stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar til skatta fyrst og fremst. Segja má að hver einasti fulltrúi stjórnarandstöðunnar hafi bent á að grípa mætti frekar til skattahækkana en þeirra leiða sem stjórnin vill fara. Við, sem erum í þeirri ríkisstjórn sem situr að völdum, viljum ekki fara skattahækkunarleiðina vegna þess að við teljum að það sé fullreynt að hún leiði ekki til þess að við lokum þessu margfræga fjárlagagati og við náum jafnvægi í ríkisfjármálum. Ástæðan er sú að útgjöldin hafa alltaf vaxið hraðar en skattarnir þegar á hefur reynt. Þess vegna teljum við miklu eðlilegra að ráðast að útgjöldunum og lántökunum, reyna að draga úr umsvifum ríkisins og skapa þannig svigrúm, olnbogarými, fyrir fólk og fyrirtæki þannig að það geti farið að búa til verðmæti sem aftur getur gert það að verkum að ríkið fái meira í sinn hlut með sköttum sem þetta fólk og þessi fyrirtæki greiða í framtíðinni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held ég verði að biðja forseta að kanna hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. gæti komið hingað og hlýtt á mál mitt og sömuleiðis hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., og gera ráðstafanir til að kalla þá hingað í umræðuna þannig að hún geti haldið áfram með eðlilegum hætti og hér megi verða skoðanaskipti og upplýsingaskipti sem óhjákvæmileg eru í umræðum sem byggjast á lýðræði og þingræði og forsendum þess. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. heilbrrh. komi í salinn, hann mun vera hérna í húsinu. Hins vegar er hv. þm. Össur Skarphéðinsson ekki í húsinu.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gera ráðstafanir til þess að kalla hingað hæstv. heilbr.- og trmrh. og jafnframt að láta í ljósi djúpan harm yfir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli ekki vera í húsinu og finnst mér það satt að segja nokkuð slök frammistaða hjá þingmanni á sínu fyrsta þingi og auk þess leiðtogi annars stjórnarflokksins að nenna ekki að vera hérna aðeins fram yfir miðnætti þegar verið er að tala um fjárlagafrv. Ég er

hræddur um að það verði orðið feyskið og þreytt stjórnarliðið þegar líður á kjörtímabilið ef menn eru þegar farnir að leggja upp tærnar í fyrstu fjárlagaumræðunni sem þeir taka þátt í. Greinilegt er að menn hafa ekki gert sér grein fyrir því áður en þeir tóku á sig það mikilvæga trúnaðarstarf að vera formenn í þingflokkum að það þýðir að menn þurfa að vinna fyrir kaupinu sínu og vaka þó að taxtinn sé örugglega lægri en hjá Reykvískri endurtryggingu eða hvað það nú hét fyrirtækið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vann hjá um skeið við að leggja ráð um tryggingar á löxum. Þar hafa taxtarnir örugglega verið betri en hjá hv. þm. Geir Haarde, formanni þingflokks Sjálfstfl., sem af hetjuskap vakir enn og er kominn endurnærður úr Suður-Ameríku og getur örugglega frætt okkur eitt og annað um fjárlagaástandið í Chile, svo lengi sem við höfum nóttina hér til umræðu. (**Forseti:** Því miður verður forseti að tilkynna hv. 9. þm. Reykv. að hæstv. heilbrrh. er ekki í húsinu.) Ég vil inna forseta eftir því hvort það væri hugsanlegt að óska eftir því að ráðherrann kæmi hingað á staðinn til að taka þátt í þessum umræðum vegna þess að það er bersýnilega talsvert eftir af umræðunum. En ég vil biðja forseta um að íhuga það mjög alvarlega og það er auðvitað satt að segja ekki nokkur hemja að ráðherrar komi hér upp og þenji sig á annan klukkutíma með almennar umvandanir og skæting í garð þingmanna, eins og hæstv. heilbr.- og trmrh., og hlaupi svo á dyr þegar það er yfirvofandi að þeim verði svarað. Það er nú ekki mikill hetjuskapur. Þeim hefði ekki þótt það Vestfirðingum, forfeðrum hans, sem héngu á hvönninni lengi og létu það ekki á sig fá. (**Gripið fram í:** Er ekki óhætt að fá sér kaffisopa á meðan hann kemur úr Breiðholtinu?) Mér finnst þetta góð ábending, það er spurning hvort hæstv. forseti er tilbúinn að gera hlé meðan... (**Fjmrh:** Það var enginn á mælendaskrá þegar ég fór í stólinn, hann hefur haldið að ég væri síðastur.) Nei, hæstv. ráðherra vissi vel að ég mundi tala á eftir hæstv. fjmrh. og hafði meira að segja sagt mér að hann mundi biðja um orðið til þess að gera grein sérstaklega fyrir sparnaðaráformum sjúkrahúsanna í Reykjavík, sem ég hafði gert að umtalsefni í ræðu minni, en hann hafði gleymt að taka til meðferðar. Ég er út af fyrir sig tilbúinn að gera hlé á ræðu minni meðan menn ná í hæstv. heilbr.- og trmrh. eða ræða um það að öðru leyti hvernig umræðunni verður fram haldið. Í sjálfu sér er hugsanlegt að ræða þessi mál síðar, t.d. á morgun, og hæstv. fjmrh. er nú ekki forseti þannig að hann getur sparað sér höfuðhreyfingarnar. En þeir eru farnir að tíðka það hérna hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að vera endalaust að reyna að stjórna þessum vesalings forsetum úr hinni einlitu forsætisnefnd. Það er komið kerfi eins og það var í Sovétríkjunum í gamla daga. (**Fjmrh.:** Það þekkir hv. ræðumaður.) Ég þekki það ekki neitt. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvað hann vill gera í þessum vanda sem þingið stendur frammi fyrir núna. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að það er verið að kanna aðstæður hæstv. heilbrrh. og ég fæ innan tíðar upplýsingar um það, ef hv. 9. þm. gæti haldið áfram ræðu sinni á meðan.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir liðlegheitin og aðeins víkja hér að einu atriði sem fram kom í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. en að öðru leyti geyma það og síðan víkja mér aðeins að því sem fram kom í máli hæstv. fjmrh.

Hæstv. heilbrrh. lagði megináherslu á það í ræðu sinni að við værum nú að upplifa lengsta samdráttarskeið sem komið hefði yfir þjóðina síðan í stríðslok. Í sjálfu sér er það ljóst að við stöndum frammi fyrir því að um er að ræða verulegan vanda í þjóðarbúi okkar. Hitt er hins vegar vitað og liggur fyrir af opinberum gögnum að samdráttarskeiðið var miklu lengra á árunum fyrir 1950 og rétt fram yfir 1950. Við skulum líka velta því fyrir okkur af hverju þetta samdráttarskeið er sem við búum núna við. Er það eingöngu vegna þess að það sé nokkur tregða á aflabrögðum? Eða eru einhverjar aðrar ástæður til þess að þjóðin stendur núna frammi fyrir mjög verulegum vanda? Ég tel að meginástæður þess að um er að ræða samdrátt í efnahagslífinu um þessar mundir séu eftirfarandi:

Ástæða númer eitt er vaxtaokur sem var innleitt af ríkisstjórninni 1984, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, að kröfu Sjálfstfl. þá í ágúst 1984. Vaxtaokrið hefur haft það í för með sér að atvinnuvegirnir og einstaklingarnir hafa orðið að leggja til hliðar stærri hluta fjármuna sinna í vexti en ella hefði verið og þetta hefur haft í för með sér að minni fjármunir hafa verið til almennrar uppbyggingar í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Í þessu sambandi er mjög merkilegt að íhuga það að spyrji maður opinberar stofnanir, eins og t.d. Þjóðhagsstofnun, hvernig raunvaxtagjöld hafa þróast á tilteknu árabili þá kemur í ljós að það eru engar upplýsingar að hafa um þau mál. Ég er sannfærður um ef væri þetta skoðað ofan í kjölinn þá kæmi í ljós að íslenskir einstaklingar og atvinnuvegir hafa verið að borga vexti sem eru langt umfram það sem gerist með öðrum siðuðum þjóðum. Þetta er í raun og veru meginástæða þeirrar stöðnunar í hagvexti og framþróun sem við stöndum frammi fyrir hér á Íslandi. Það er vaxtaokurstefnan sem Sjálfstfl. ber höfuðábyrgð á.

Í öðru lagi er ástæðan sú að menn hafa ekki mannað sig upp í það á undanförnum árum, hvorki í þeirri síðustu ríkisstjórn sem ég var í eða þessari eða þar áður, að taka á því máli sem við höfum kallað fiskvinnslustefnu, þ.e. stefnu sem hefur það að markmiði að stuðla að auknum verðmætum með beinum hætti úr hinu íslenska sjávarfangi. Í þeim efnum hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson flutt mál í þinginu að undanförnu og það er augljóst að það getur verið um að ræða mjög stórfellda aukningu á þeim verðmætum sem þjóðarbúið hefur.

Þriðja ástæðan er sú að — ég nenni nú ekki að hafa ekki einu sinni fjmrh. hérna. (**Forseti:** Fjmrh. mun koma innan stundar.) (**Fjmrh.:** Ég er hér.) Nei, sko minn. — Fyrsta ástæðan er vaxtaokur. Önnur ástæða er sú að hér hefur ekki verið rekin markviss fiskvinnslustefna. Þriðja ástæðan er sú að patentlausnaaðferðirnar í uppbyggingu iðnaðar- og atvinnulífs hér á landi hafa sett allt of mikinn svip á atvinnuþróun hér á landi á undanförnum árum. Ég er að tala um þessar sífelldu

álvers- og stóriðjuáherslur þar sem menn hafa aldrei fengist til þess að horfa á nein önnur atvinnutækifæri en þau sem felast í álverksmiðjum og stóriðjufyrirtækjum.

Fjórða meginástæðan er sú að menn hafa ekki fengist til þess að leggja þá fjármuni í rannsóknir, vísindi og þróunarstarfsemi sem er óhjákvæmileg með þjóð sem vill byggja upp sín framtíðarlífskjör. Sú ríkisstjórn sem nú situr er auðvitað sérstaklega fjandsamleg rannsóknum, vísindum og þróunarstarfsemi og birtist það m.a. í því að framlögin til rannsókna á næstu árum munu samkvæmt fjárlagafrv. lækka um ¼ frá því sem er á árinu 1991. Þessi afstaða ríkisstjórnarinnar til rannsókna, mennta og þróunar kemur líka fram í ákvörðunum og stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna, hún kemur líka fram í framkomu menntmrn. við Kennaraháskóla Íslands. Hún kemur líka fram í þeim ákvörðunum að leggja á skólagjöld. Allt þetta er sönnun þess að ríkisstjórnin hefur ekki snefil af skilningi á því að rannsóknir, vísindastarf og þróunarverkefni eru undirstaða góðra lífskjara í framtíðinni.

Allt þetta hefur valdið því að við stöndum núna frammi fyrir stöðnun. Það er meginatriðið. Og það þýðir ekkert fyrir hæstv. heilbrrh. að ætla sér að fara í hlutina eins og hann gerði án þess að benda á þennan veruleika.

Hæstv. heilbrrh. hugðist svara nokkru því sem fram kom í máli mínu í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði. Sagði að það væri þannig að við mundum auðvitað á næsta ári og hefðum á undanförnum árum orðið að búa við áhrif af ytri kringumstæðum. Það er rétt. Að sjálfsögðu búum við við áhrif af ytri kringumstæðum. Það vita allir. En það var eins og heilbrrh. teldi það mikla uppgötvun. Mér finnst það ekki meðmæli með honum, ég verð að segja það alveg eins og er. Hitt er alveg ljóst að þegar og ef Íslendingar verða aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði verða áhrif hinna erlendu samninga sem við höfum gert meiri en þau eru núna. Hæstv. fjmrh. benti í svarræðu sinni áðan á eitt atriði í tekjuöflun ríkissjóðs 1992 þar sem við erum í raun og veru að taka tillit til erlendra samninga. Það er niðurfelling jöfnunargjaldsins. Ég segi: Svona dæmi verða hundrað sinnum fleiri í fjárlögum ársins 1993, 1994 og 1995 ef Íslendingar gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tala nú ekki um ef menn ganga með þjóðina inn í Evrópubandalagið.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. fullyrti að allar ríkisstjórnir hefðu skilið eftir stórkostlegan halla á ríkisbúskapnum og þar með safnað skuldum. Það er rangt. Ég bendi á að þau ár sem Ragnar Arnalds fór með fjrmn. var um að ræða mjög góða stöðu hjá ríkissjóði. Mjög góða stöðu.

Hæstv. heilbrrh. lagði mikla áherslu á það að ríkisstjórnin væri að hlífa smælingjunum með stefnu sinni. Smælingjunum. Þetta var jafnaðarmannslegt orðbragð eða hitt þó heldur. Ég hef gert það upp við mig, virðulegi forseti, af því að ekki er hægt að draga hæstv. heilbrrh. upp úr rúminu að hlífa honum og láta ekki ræsa hann út. Ég kalla hann ekki smælingja þó hann kjósi að vera undir dúnsænginni uppi í Breiðholti. En sú afstaða sem fram kom í máli hæstv. heilbrrh. með því að nota orðið smælingi sýndi í raun og veru betur en flest annað hvernig hann lítur á verkefni sín. Með hvaða augum hins hrokafulla valdsmanns hann horfir niður til smælingjanna.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði að hann teldi út af fyrir sig eðlilegt að skoða skattahækkanir. Hann rakti síðan nokkur dæmi um þær skattahækkanir sem ég nefndi sem dæmi í minni ræðu fyrr í dag. Hann taldi að þar væri lítið að hafa. Öðruvísi mér áður brá. Áður kunni Alþfl. ráð við öllum hlutum í þessum efnum. Nú er hann farinn að sofa og kýs að vera undir sæng þegar á að tala við hann.

Fyrir nokkrum árum fluttu þingmenn Alþfl. tillögu um stighækkandi eignarskattsauka. Sú tillaga gerði ráð fyrir því að menn greiddu í sérstakan eignarskattsauka marga milljarða króna umfram það sem greitt er í eignarskatt í dag. Hverjir voru flm. þessarar tillögu á sínum tíma? Þar voru fremstir í flokki hæstv. núv. ráðherrar, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Eiður Guðnason. Alþfl. hefur hins vegar lært nýja lexíu í þeirri stjórn sem nú situr. Það er greinilegt. Og hefur lagt til hliðar þau stefnumál sín að reyna að draga úr ójöfnuði í þjóðfélaginu með því að leggja skatta á þá sem geta greitt.

Hæstv. heilbrrh. og sömuleiðis hæstv. fjmrh. hafa rætt talsvert mikið um að nauðsynlegt sé að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Út af fyrir sig get ég verið sammála því markmiði. Ég held hins vegar að spurningin í þessu efni sé ekki um það hvort menn vilja ná þessu markmiði, heldur í fyrsta lagi um það hvernig á að ná markmiðinu, með hvaða aðferðum, og í öðru lagi á hve löngum tíma á að ná markmiðinu. Ég dreg í efa að það sé skynsamleg hagstjórn að fara endilega jafnbratt í þessa hluti og hæstv. ríkisstjórn segist ætla að gera. Ég á eftir að sjá að hún geri það. Á tímum samdráttar í þjóðartekjum og þjóðarbúskap er ekki víst að það sé skynsamlegt að fara í þessa hluti eins og hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að gera, þar sem menn setja sér að ná tilteknum jöfnuði á árinu 1993, ef ég man rétt. Ég spái því að það verði mjög erfitt fyrir ríkisstjórnina að ná þessu og ég dreg í efa að það samrýmist hinum efnahagslega veruleika sem þjóðin býr við. Mér finnst varðandi atriði eins og jöfnuð á ríkisfjármálum, svo mikilvægt sem það er, þá eigi menn ekki að nálgast það út frá kreddusjónarmiðum, heldur með hliðsjón af aðstæðum eins og þær eru á hverjum tíma.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. viku að skólagjöldum og ég ætla aðeins að fara yfir það. Skv. 8. gr. framhaldsskólalaganna er heimilt að innheimta svokölluð námsefnisgjöld í skólum. Í 32. gr. framhaldsskólalaganna, 1. mgr., stendur hins vegar að ríkissjóður greiði laun og annan rekstrarkostnað framhaldsskólanna og síðan er það nákvæmlega talið upp hver þessi annar rekstrarkostnaður sé. Þau gjöld sem um er að ræða í 8. gr. framhaldsskólalaganna er ekki hægt að nota til að borga almennan rekstur skólanna. Það er ekki hægt. Þess vegna er það þannig að ef ríkisstjórnin ætlar sér að leggja á þessi skólagjöld þá verður hún

að breyta framhaldsskólalögunum.

Nú hefur það komið fram hjá einhverjum þingmönnum Alþfl. að þeir séu ekki tilbúnir til þess að breyta framhaldsskólalögunum með þeim hætti sem óhjákvæmilegt er. Ég hirði ekki um að blanda mér í umræður af þeim toga sem hæstv. heilbrrh. hóf fyrr í þessari umræðu að skólagjöldin yrðu lögð á í rauninni samkvæmt sömu ákvæðum laga og til þessa hafa verið notuð. Það gengur ekki. Það vita allir og það vita meira að segja embættismenn menntmrn. Það hefur komið fram að embættismenn menntmrn. telja óhjákvæmilegt að breyta lögum um framhaldsskóla eigi að taka gjöld í rekstur.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. ræddi nokkuð ítarlega um þessa hluti og mér fannst hann horfa fram hjá þessum veruleika og neita sér um að ræða þetta málefnalega, því miður. Það reyndi hins vegar hæstv. fjmrh. og ber að þakka honum fyrir það.

Ég vek einnig athygli á því, virðulegi forseti, að í umræðunum í kvöld ræddi ég um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Ég fullyrti að sú aðferð sem heilbrrh. ætlar að nota muni ekki skila árangri. Hann svaraði því engu. Ég vil einnig vekja athygli á því að í ræðu minni fyrr í kvöld óskaði ég eftir upplýsingum um hvaða jöfnunaraðgerðir það eru sem ríkisstjórnin er með í farteskinu sem krötunum var lofað að hafa samkvæmt ummælum hæstv. félmrh. Og ég verð að ítreka þá spurningu við hæstv. fjmrh. Hvaða jöfnunaraðgerðir eru það sem ríkisstjórnin hét Alþfl. en eru ekki í fjárlagafrv. eins og það lítur út núna?

Ég ætla ekki að fara yfir einstök atriði eða svör hæstv. fjmrh., enda engin ástæða til, en hann sagði þó nokkra afar merkilega hluti. Eitt voru þau orð sem hann hafði um álver. Hæstv. ráðherra sagði: Bankarnir gera meiri kröfur til fyrirtækjanna um tryggingar. Það hlýtur að þýða það að fyrirtækin komi aftur og segi: Við þurfum að breyta samningsdrögunum sem fyrir liggja af því það getur ekki verið að tryggingarnar kosti ekki neitt. Það sem fjmrh. var að upplýsa okkur um hér áðan er þess vegna það að fyrirtækin sem menn hafa verið að ræða við ætli að koma og gera kröfur um einhverjar breytingar á samningsdrögunum þeim í vil. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar sem eru afar merkilegar vegna þess að það er búið að fullyrða við okkur aftur og aftur af hæstv. iðnrh. að þetta sé allt saman klappað og klárt og búið. Við höfum auðvitað aftur og aftur sagt: Það getur ekki verið að þetta sé búið fyrr en búið er að ganga frá ábyrgðum og tryggingum. Hæstv. iðnrh. hefur vísað því frá sér. En nú flettir hæstv. fjmrh. ofan af kollega sínum með þessum hætti og það er þakkarvert.

Mér fannst það einnig afar athyglisvert, sem hæstv. fjmrh. sagði um launahækkanir, að það sé í raun og veru allt í lagi með launahækkanir frá sjónarmiði ríkisins. Allt í lagi, hann sagði það, vegna þess að tekjurnar hækka bara á móti. Þetta er fínt fyrir Ögmund og þá félaga að heyra þetta. Afar merkilegt.

Út af fyrir sig hefði verið ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann ætlar að haga sinni kjaramálastefnu umfram það sem felst í fjárlagafrv. Hann er í sjálfu sér búinn að gefa vissa yfirlýsingu um það að menn geti svo sem sleppt fram af sér beislinu dálítið í kauphækkunun hjá opinberum starfsmönnum vegna þess að þetta komi allt inn í ríkissjóð aftur. Ég hygg að það sé sjaldgæft að fjmrh. gefi yfirlýsingar af þessu tagi. Ég veit ekki hvort þetta var fingurbrjótur hjá hæstv. ráðherra eða hvort hér er um að ræða mjög yfirvegaða yfirlýsingu af hans hálfu. Auðvitað snýr dæmið ekki þannig eins og hann lýsti því að það sé því betra fyrir ríkissjóð þeim mun verra sem það er úti í þjóðfélaginu. Það er ekki svo einfalt. Það er ekki algjört jafnaðarmerki þar á milli, ef allt er á hvolfi í þjóðfélaginu sé fínt ástand uppi í Arnarhvoli hjá ríkissjóði. Það er ekki alveg þannig. En hann orðaði þetta þannig að það var ekki nokkur leið að skilja hann öðruvísi en hann teldi að í rauninni þá væri það allt í besta lagi þó að menn slepptu aðeins fram af sér beislinu í sambandi við kauphækkanir.

Það sem mér fannst líka afar merkilegt í ræðu hæstv. fjmrh. var um gjöldin á sjúkrahúsunum. Og sérstaklega fróðlegt þegar hann sagði frá því að læknar legðu menn inn á sjúkrahús til að spara þeim göngudeildargjöld upp á 900 kr. Ég segi: Það eru fátækir menn sem borga þann skemmtanaskatt eða sleppa við 900 kr. og leggjast í staðinn inn á spítala í nokkra daga. Það er afar sérkennileg túlkun. Hitt er þó enn þá athyglisverðara þegar hann sagði að það þyrfti að taka sérstaklega á vandamálum fólks sem væri hér til lækninga og byggi á hótelum og það væri þá alveg eins gott fyrir það að borga á spítölum og að vera á Hótel Sögu. Ég held að málið sé ekki svona einfalt. A.m.k. man ég ekki eftir því það fólk utan af landi sem ég þekki til hafi skráð sig mikið á Hótel Sögu þó það hafi verið hér syðra til lækninga.

Það eru rök sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa aftur og aftur notað að það sé alveg eins gott fyrir fólk að borga eitthvað smávegis á spítölum eins og að vera á hótelum. Þetta sýnir mér ekkert annað en það að þetta eru gjörsamlega lífsfirrtir menn sem láta sér detta í hug að bera svona rugl á borð fyrir þjóðina.

Það voru einnig athyglisverðar upplýsingar sem fram komu hjá hæstv. ráðherra í sambandi við einkavæðingardeildina. Það er þó árangur af þessum umræðum að það er búið að slíta það út úr ráðherranum hverjir eiga að vera í einkavæðingardeildinni. Það eru tveir starfsmenn sem starfa þegar í ráðuneytinu og þeir hafa hlotið framhaldsmenntun. Hann nefndi það alveg sérstaklega þeim til ágætis að þeir hefðu hlotið framhaldsmenntun. Það hefur ekki alltaf átt upp á pallborðið hjá hæstv. fjmrh. að menn hafi hlotið framhaldsmenntun. (**Gripið fram í:** Í Ameríku.) Auk þess í Ameríku. Þannig að þetta eru bersýnilega efnismenn og ég sé að það er ástæðulaust fyrir mig að taka því tilboði sem hæstv. heilbrrh. gerði mér að ég tæki þetta að mér. Ég get út af fyrir sig alveg hugsað mér að fara yfir þessa hluti vegna þess að þessi mál eru ekki þannig að menn eigi að nálgast þau eftir einhverjum kreddu- og reglustikusjónarmiðum. En það finnst mér ríkisstjórnin gera. Mér finnst hún slegin blindu, haldin oftrú á það að hægt sé að leysa allt með þessu einkavæðing-

artali. Ég tel svo ekki vera. En ég útiloka ekki að það séu margir þættir sem megi skoða og út af fyrir sig einkavæða. Þá verður náttúrlega um leið að tryggja að ekki skapist einokunaraðstaða tiltekinna aðila í þjóðfélaginu, eins og reyndar blasir þegar við á ýmsum sviðum.

Rök hæstv. ráðherra fyrir því að taka upp skólagjöld voru fróðleg. Þau voru mjög athyglisverð. Það þarf að taka upp skólagjöld á Íslandi til þess að það sé hægt að lána fyrir þeim. Af því að það er lánað fyrir skólagjöldum í Bandaríkjunum verður endilega að taka upp skólagjöld á Íslandi til þess að hægt sé að lána fyrir þeim líka hér því það er ekkert réttlæti í því að ekki sé hægt að lána fyrir skólagjöldum á Íslandi eins og í Ameríku. Það er nú langt seilst eftir rökum, drottinn minn dýri, á þessari nóttu.

Auðvitað er það alveg augljóst mál að þessi ákvörðun um skólagjöld er ákvörðun um grundvallaratriði sem getur staðið til mjög langs tíma. Mín skoðun er hins vegar sú að ríkisstjórn sem vill standa undir því nafni að heita félagshyggjustjórn eigi að afnema þessa skatta. Félagshyggjustjórn ætti að setja sér það meginmarkið að afnema hægri skattana, sjúklingaskattana og skólagjöldin. Og það verða kannski þau kaflaskil sem verða næst þegar skipt verður um stjórn, að hér taki við mannúðarstefna í stað þeirrar stefnu sem nú er fylgt.

Ég er í sjálfu sér ekki að segja að núv. ríkisstjórn sé að hafna með öllu forsendum mannúðarstefnu og ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að ræða þau mál með býsna alvarlegum hætti eins og hann gerði áðan. Ég er ekki að segja að ríkistjórnin sé að hafna með öllu forsendum mannúðarstefnu. Ég er að segja að ég óttast að ef lagt er inn á þessa braut á annað borð geti orðið mjög erfitt að snúa við og því fyrr sem það yrði gert þeim mun betra. Þess vegna má það ekki bíða lengur en til næstu stjórnar að afnema hægri skattana.

Nú vill svo vel til að staðan er þannig, virðulegi forseti, að samkvæmt þeim niðurstöðum skoðanakannana sem liggja fyrir hafa stjórnarandstöðuflokkarnir meiri hlutann hjá þjóðinni. Það sem þarf auðvitað að gera sem fyrst er að það verði hægt að breyta þessum meiri hluta skoðanakannana í þingstyrk til þess að losna við þá ríkisstjórn sem nú situr.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur það gerst að svör hæstv. fjmrh. við ræðu hér í dag hafa verið þess eðlis að þau gefa tilefni til þess að umræðu sé haldið áfram. Vissulega erum við stjórnarandstæðingar tilbúnir til þess að taka þátt í viðræðum við hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar þó farið sé að halla fram yfir miðnætti.

Þá er fyrst til að taka varðandi einkavæðingardeildina. Mér fannst það eiginlega mjög athyglisvert sem kom fram í ræðu hv. 14. þm. Reykv. í dag þegar hún talaði um ruglaða prófessorinn í Englandi sem stýrði einkavæðingunni hjá Thatcher. Mér flaug í hug hvort við gætum ekki átt upp í Háskóla einhverja sem gætu tekið þetta að sér. Ég held reyndar að það þyrfti ekki að fara lengra en upp í lektorsstigið til þess að finna hæfilegan kandídat. En ég vil ekki velja honum forskeyti varðandi gáfnafar eða annað slíkt líkt og gert var í dag varðandi prófessorinn enska. En ég kem þessari ábendingu á framfæri.

Það sem fyrst og fremst gerði það að verkum að ég sá ástæðu til þess að koma hér aftur var umfjöllun hæstv. fjmrh. um vaxtamál. Hann sagði að það væri svo einfalt að það væri eftirspurnin sem réði vöxtunum. Undir það get ég tekið ef við værum komin með þróaðan fjármagnsmarkað. En að mínu mati er langt frá að svo sé orðið. Og varðandi þróun fjármagnsmarkaðar síðustu ár höfum við því miður farið allt of mikið eftir kennisetningum. Það er eiginlega bágt til þess að vita að með breyttum viðhorfum í stjórnmálum á alþjóðavettvangi sé svo komið uppi á litla Íslandi að þeir einu sem eru tilbúnir að stjórna blint eftir kennisetningum eru sjálfstæðismenn og síðan vissulega þeir hægri kratar sem manni finnst á stundum að séu kaþólskari en páfinn hvað þessi atriði snertir og er þar kannski hæstv. viðskrh. fremstur í flokki. Það er nú samt svo að þrátt fyrir þessi ummæli eru ekki gerðir alltaf í samræmi við það. Að mínu mati var það ekkert annað en handaflsaðgerð að hækka vaxti á ríkisvíxlum fyrr á þessu ári því einmitt á þeim tímapunkti var vaxtamunur ríkisvíxla og almennra víxla á því stigi sem menn telja eðlilegt með tilliti til mismunandi áhættu á þróuðum fjármagnsmarkaði. En þá voru ríkisvíxlarnir rifnir upp með þeim árangri sem sést á þessu línuriti hér. Aðrir vextir fóru stig af stigi á undan. Og ef þetta eru ekki handaflsaðgerðir þá veit ég ekki hvar þær er að finna.

Í öðru lagi varðandi vaxtamálin og ræðu hæstv. fjmrn. áðan. Hann bendir réttilega á að það háa raunvaxtastig sem ég nefndi að væri spáð á síðasta ársfjórðungi byggðist á lækkandi verðbólgu. Og við getum alveg rætt hvernig stendur á þessari lækkandi verðbólgu, hverjir lögðu grunninn að henni. Það var ekki núv. ríkisstjórn. Það er arfur frá þjóðarsáttarsamningunum sem, eins og ég sagði fyrr í dag, fyrrv. ríkisstjórnin studdi á allan þann hátt sem farið var fram á. Hitt er það að ég óttast að ekki verði gripið til róttækra aðgerða til að þrýsta nafnvöxtunum niður á eftir verðbólgunni. Ég veit að sá aðili sem samkvæmt okkar stjórnkerfi á að fylgjast með þessu skoðar hvert raunvaxtastig ársins er. Og Seðlabankinn segir ósköp rólega: Við eigum ekkert að gera annað en bera það saman við raunvexti í nágrannalöndunumum, viðskiptalöndunum, og hefur komist að þeirri niðurstöðu að út frá þessu háa vaxtastigi síðasta ársfjórðunginn verði raunvextir hér að meðaltali 10,2% sem sé líklegast allt í lagi. Enn um sinn verða atvinnuvegirnir og einstaklingarnir sem skulda að búa við raunvaxtastig sem er fáheyrt í hinum vestræna heimi.

Við skulum víkja aðeins að ríkisfjármálunum. Talsmönnum ríkisstjórnarinnar, m.a. síðast hæstv. fjmrn. í svarræðu sinni áðan, er tíðrætt um að það verði að draga úr ríkisútgjöldum og skapa þannig atvinnulífinu og heimilunum í landinu aukið svigrúm. Ég sagði fyrr í dag að undir þetta gæti ég tekið. En það er hins veg-

ar talnaleikur og langt frá því að draga úr ríkisútgjöldum að færa hluta af þessum gjöldum yfir á þjónustugjöld vegna þess að eftir stendur að ríkið tekur á næsta ári örlítið hærra hlutfall af landsframleiðslu en í ár. Og samkvæmt þeirri hagfræði sem ég kann að minnsta kosti þá eru þeir peningar alveg jafnbundnir í þeirri þjónustu sem ríkið veitir hvort sem þeir koma að hluta til í gegnum þjónustugjöld eða ekki. Þessi aðgerð sem slík skapar ekki svigrúm fyrir aðrar efnahagsstærðir í okkar efnahagslífi. Þetta eru þær bláköldu staðreyndir sem liggja fyrir í fjárlagafrv.

Ég kallaði fram í fyrir hæstv. fjmrn. áðan, sem auðvitað er ósiður að gera, að hann gleymdi að nefna eina leið enn til að bregðast við vaxandi ríkisútgjöldum og það er sparnaður. Með þjónustugjaldaleið hefur ríkisstjórnin gefist upp á að beita sparnaði. Hæstv. fjmrh. sagði að sparnaðarleiðin hefði verið reynd. Hún þýddi í heilbrigðisþjónustunni lokun deilda og minni þjónustu. En hæstv. fjmrn. sagði örskömmu seinna í sinni ræðu að hann tæki heils hugar undir það sjónarmið 1. þm. Norðurl. e. og fyrrv. heilbrrh. að það mætti með hagræðingu og sparnaði spara svo sem 1 milljarð í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þarna stangast því eilítið á.

Það sem ég vildi hins vegar leggja áherslu á í ræðu minni í dag varðandi þjónustugjöldin er að það er langur vegur frá hugmyndum um þjónustugjöld til þess að auka aðhald í ríkisrekstri til þeirra hugmynda sem við höfum þráfaldlega heyrt frá ýmsum talsmönnum núv. stjórnarflokka um mjög róttækar aðgerðir í ríkisfjármálum í þeim velferðargrunni sem við höfum búið við. Og það kom ekkert það fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan sem eyðir þeirri óvissu sem hér er um að ræða. Þær hugmyndir sem m.a. hæstv. menntmrh. hefur viðrað varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna ganga svo langt í þessa átt að ef þær næðu fram að ganga yrði framhaldsmenntun forréttindi þeirra sem annaðhvort ættu peninga eða aðgang að þeim sem væru tilbúnir til að veita styrki til framhaldsnáms. Þetta er það kerfi sem er við lýði í fyrirheitna landinu, í Bandaríkjunum, þar sem þeir sem hvorki eiga peninga né njóta styrkja eiga ekki aðra leið til að afla sér menntunar en að ganga í herinn. Við höfum að vísu engan her á Íslandi og vonandi verður svo ekki en svona liggur málið fyrir.

Ég get nefnt það líka að áhrifamenn innan stjórnmálaflokkanna sem nú eru við völd hafa varpað fram þeirri hugmynd að það sé ekkert óeðlilegt að þeir sem eiga peninga geti keypt sér forgang að heilbrigðisþjónustunni. Meðan þessar hugmyndir eru uppi þá tek ég öllum tilburðum um þjónustugjöld eða innheimtu fyrir þessa þjónustu út frá þeim. Þá get ég ekki annað en reiknað með því að þetta sé fyrsta skrefið að því kerfi sem ég var að nefna áðan. Má ég þá frekar biðja um að við leggjum þessi gjöld á þá sem hafa burði til að bera þau og við búum við það félagslega öryggi sem okkar velferðarkerfi er, kerfi sem var byggt upp á tímum þegar þjóðartekjur okkar voru mun minni en þær eru í dag en enginn sá eftir því að það væri borið uppi af samfélaginu.

Þetta hins vegar kemur því ekkert við að varðandi okkar peningamál og atvinnulíf hljótum við að horfa til meira frjálsræðis og meiri þátttöku einstaklinganna. Þetta hafa sumir menn kallað félagslega markaðshyggju. Það er himinn og haf á milli slíkra hugmynda og peningahyggju þeirrar sem mönnum er tíðrætt um og réð ríkjum á Tatchertímanum í Bretlandi. Því miður sé ég engar líkur til þess að núv. ríkisstjórn hafi burði eða vilja til þess að feta þá leið sem ég nefndi áðan.

Það væri hægt að hafa langt mál enn um þá þætti sem komu fram í svarræðu hæstv. fjmrn. en ég mun láta staðar numið hér.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fara fáeinum orðum um nokkur atriði sem mér finnst ekki hafa verið rædd sem skyldi í umræðunni og tel þörf á að vekja athygli á og í sumum tilfellum jafnvel leita svara hjá hæstv. fjmrh.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnst það mikill skaði að hæstv. heilbrrh. er horfinn á braut því ég hafði hugsað mér að beina til hans fyrirspurnum og hefði líka gjarnan haft áhuga á því fyrst hann fór að rifja upp söguna og fór nokkuð langt aftur í tímann til að leita að málsvörn fyrir sig, jafnvel svo að hann fór aftur til þess tíma þegar hann var þingmaður á eigin afli, ef svo má segja, áður en Karvel Pálmason fór að draga hann á eftir sér hingað inn í þingsali. Ég hefði gjarnan viljað rifja upp nokkurra ára gamalt viðtal við hæstv. ráðherra einmitt um fjárlög og fjárlagafrv. sem mér fannst mjög athyglisvert þegar ég las það yfir fyrir fáum dögum í ljósi þeirra fjárlaga sem menn eru að fjalla um núna. Það er margt skylt með því fjárlagafrv. sem hæstv. núv. heilbrrh. var þá að fjalla um og því frv. sem nú liggur fyrir. Hins vegar ber nokkuð á milli í afstöðu ráðherrans nú og þá. Ég hefði þess vegna kosið að hæstv. heilbrrh. gæti verið viðstaddur til að skýra þá breytingu sem orðið hefur á afstöðu hans á þessum tíma fyrst hann kaus sjálfur að sækja aftur í tímann eftir sögulegu samræmi í öðrum tilvikum.

Ég vil þá víkja að þeim málum sem ekki lúta að hæstv. heilbrrh. og verð að fá að geyma þær fyrirspurnir, hæstv. forseti, í þeirri von að hægt verði að bera þær fram við hæstv. ráðherra síðar, jafnvel síðar í þessari umræðu.

Ég vil fyrst gera að umtalsefni Byggingarsjóð verkamanna. Eftir því sem fram kemur í frv. er einkum þrennt sem mér sýnist að áform séu uppi um. Í fyrsta lagi að hækka vexti lánanna. Í öðru lagi að lækka þau lán sem veitt eru út á hverja íbúð um 12–18% og í þriðja lagi að auka hlutdeild sveitarfélaga í þessum framkvæmdum. Ég vil fyrst leita eftir því við hæstv. fjmrh. hvort hann geti upplýst mig um hvaða áform eru uppi um þessa vaxtahækkun. Hvað menn hugsa sér að hún verði mikil, hvort hún verði afturvirk, hvort sú vaxtahækkun verði látin ná til þeirra lána sem þegar er búið að veita eða verða veitt fyrir næstu áramót. Þetta skiptir verulegu máli fyrir greiðslubyrði þeirra sem í hlut eiga en eins og við vit-

um hefur á síðustu árum verið gerð vaxandi krafa um að menn geti sýnt fram á að þeir standi undir þeirri greiðslubyrði sem þeir takast á hendur við úthlutun íbúða. Ef það eru áform stjórnvalda að breyta vöxtum þá eru það jafnframt áform um að auka greiðslubyrði sem getur orðið til þess að kollvarpa fyrri áætlunum og við stöndum uppi með dæmi um fólk sem ræður ekki lengur við að borga af sínum lánum af því að hækkun vaxtanna leiðir til þessa að stærri hluti tekna viðkomandi fara í þennan kostnaðarþátt í heimilisútgjöldunum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh. varðandi þær auknu álögur á sveitarfélögin sem mér sýnist að menn séu að viðra. Mér sýnist að ef þessi áform eru í raun og veru uppi þá séu menn að byrja að brjóta upp það samkomulag sem gert var milli ríkisins og sveitarfélaganna fyrir tveimur til þremur árum, mig minnir að það hafi tekið gildi 1. jan. 1989, þar sem var um að ræða ákveðna breytingu á málaflokkum og kostnað sem þeim tilheyra. Í framhaldi af því féll niður kostnaðarhlutur sveitarfélaga í nýframkvæmdum sem áður var 10% af veittum lánum. Þessum kostnaði var létt af sveitarfélögum í þessum samningum. Og mér sýnist á tölum sem fyrir liggja í fjárlagafrv. að ætlunin sé að láta sveitarfélögin bera um og yfir 300 millj. kr. Ég bendi á til samanburðar að í þeirri áætlun sem Húsnæðisstofnun gekk frá og sendi frá sér í sumar var gert ráð fyrir því að hlutdeild sveitarfélaga yrði 100 millj. Ef ég skil hlutina rétt sýnist mér þarna vera áform um að þrefalda, og liðlega það, það fjármagn sem sveitarfélögin þurfa að leggja fram.

Ég bendi líka á það að í umræðum um sjávarútvegsmál benti hæstv. sjútvrh. sérstaklega á það að sveitarfélögin ættu að draga saman seglin, þau ættu að minnka sín útgjöld, draga úr sínum framkvæmdum til þess að skapa svigrúm á lánamarkaðnum fyrir atvinnuvegina. Ég held að það gangi illa upp að einn ráðherra kalli eftir því að sveitarfélögin dragi saman seglin en annar ráðherra leggi fram frv. þar sem ekki verður annað séð en að áform séu uppi um að auka álögur á sveitarfélögin og vinni því gegn hinu markmiðinu. Ríkisstjórnin verður að hafa í heild sinni sama markmið gagnvart sveitarfélögum, hafi hún á annað borð einhverja ákveðna stefnu í þeim efnum. Og þó að ég sé í sjálfu sér ekki sammála þessu markmiði þá er hitt slæmt líka að menn séu með þetta sitt á hvað. Það gengur allavega ekki upp í mínum huga að menn eigi að fylgja stefnu hæstv. sjútvrh. um það að sveitarfélögin eigi að draga úr sínum framkvæmdum og jafnvel rekstri, en þurfi síðan að auka sín útgjöld til ríkissjóðs eða Byggingarsjóðs verkamanna í þessu tilviki.

Annað sem ég vildi vekja athygli á eru vegamálin. Það kemur fram að um er að ræða aukningu í krónutölu á milli ára samkvæmt frv. en ég bendi á það að samkvæmt því sem ég hef athugað og borið saman frv. og vegáætlunina, þá er ekki gert ráð fyrir að tekjur til vegamála samkvæmt frv. nái því sem menn gerðu ráð fyrir og samþykktu í vor. Mér sýnist vanta nokkuð á það. Það þýðir einfaldlega skerðing á framkvæmdum sem nemur því fé sem vantar á vegna þessa. En ég bendi líka á það að í frv. er gert ráð fyrir því að færa allan kostnað vegna Vestfjarðaganga í gegnum fjárlög eða vegáætlun. Þar með eru menn að taka nokkur hundruð milljónir og setja inn í vegáætlunina sem ekki var gert ráð fyrir við afgreiðslu vegáætlunar. Eins og menn muna og eiga að kannast við var gert ráð fyrir því í vegáætlun og sérstakri þáltill. sem var samþykkt um Vestfjarðagöngin að þau yrðu fjármögnuð á mun fleiri árum en tekur að byggja þau. Menn mundu brúa þennan tímamismun sem lánum sem yrðu greidd á 12 árum eða svo, ef ég man rétt, en framkvæmdatíminn er 4–5 ár. Með því að færa þessa upphæð inn í vegaféð sýnist mér, ásamt því að tekjurnar í fjárlagafrv. til vegagerðar eru ekki í samræmi við samþykkta þál. um vegáætlun, að þarna sé um 17% samdrátt í framkvæmdum á næsta ári í vegagerð að ræða, þrátt fyrir að annað sé látið í veðri vaka, þar sem fram hefur komið í stefnuræðu hæstv. forsrh. að framlög til vegamála muni aukast um 8% á næsta ári frá því sem var á þessu ári. Ég set spurningarmerki við þessi 8%, en ég bendi á að þetta segir ekki nema hálfan sannleikann því þó framlögin aukist þá munu framkvæmdirnar óhjákvæmilega dragast harkalega saman, ef áform ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Ég verð að segja að mér finnst þetta ódrengilega gert gagnvart Vestfirðingum, og hafa þeir nú þurft að þola meira af hálfu þessarar ríkisstjórnar en aðrir landsmenn, að búa til þá stöðu að menn í öllum kjördæmum verði að fara að skera niður framkvæmdir frá því sem búið er að samþykkja í vegáætlun vegna Vestfjarðaganga. Það er eins og verið sé að etja mönnum saman og búa til deilumál um Vestfjarðagöngin, gera þau óvinsæl í öðrum kjördæmum. Þetta blasir við að getur orðið því að auðvitað taka menn því ekki fagnandi að framkvæmdir á næsta ári séu skornar svo mikið niður, sem mér sýnist að ætla að verða um 17%, frá því sem menn voru að samþykkja rétt fyrir kosningar, þar á meðal Sjálfstfl.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. — því miður eru aðrir ráðherrar ekki viðstaddir og ekki hæstv. samgrh. til að inna hann sérstaklega út í samgöngumálin þannig að ég verð að biðja fjmrh. um að sýna mér þá þolinmæði að taka við spurningunum: Hyggst ríkisstjórnin nema úr gildi þá þál. sem er í gildi og Alþingi samþykkti á sínum tíma um jarðgöng á Vestfjörðum, þar sem mælt er fyrir um það hvernig þetta skuli fjármagnað? Finnst hæstv. fjmrh. það óskynsamlegt að fjármagna svo viðamikið verkefni sem og göngin eru á liðlega einum áratug, framkvæmd sem endist áratugum saman, að fjármagna hana á liðlega einum áratug? Vill hann færa það niður í framkvæmdatímann, 4–5 ár? Mér finnst það ekki óskynsamlegt að dreifa kostnaði vegna framkvæmdanna á eitthvað lengri tíma en 4–5 ár, sérstaklega þegar líftími framkvæmdanna er svona mikill. Hins vegar hef ég fullan skilning á því að hæstv. fjmrh. getur ekki svarað mér til fullnustu um þessi mál, en ég vænti þess samt að hann geri sitt besta í því.

Þá er eitt mál sem ég vildi gjarnan spyrja um og það eru kirkjumálin, liður sem heitir Biskup Íslands — blessaður biskupinn er afskaplega óhress og sérstaklega í dag. Ég sé að undir þeim lið er gert ráð fyrir því

að á móti auknum útgjöldum til Biskupsstofu komi auknar sértekjur sem nema tæpum 4 millj. kr. vegna aukinnar kostnaðarþátttöku sjóða kirkjunnar sem Biskupsstofa hefur haft umsjón með. Ég vil inna ráðherra eftir því hvað þetta er mikil aukning frá því sem var í fyrra og hvaða sjóði er um að ræða. Nú má vera að þetta standi einhvers staðar í frv., ég er búinn að leita og rakst ekki á það, þannig að ég ber þessa spurningu fram til ráðherra, ég vil fá upplýsingar um þessar sértekjur, hvaða sjóðir það eru sem eiga að leggja þessar tekjur til og hvað þetta er mikil aukning. Við vitum krónutöluna, það er gefið upp, en hvað er þetta mikil aukning í hlutfalli? Ég held við verðum að sameinast um það að standa vörð um kirkjumálin og sérstaklega embætti biskups Íslands. Það er ekki annað við hæfi á þessum síðustu og verstu tímum.

Þá er enn fyrirspurn til hæstv. fjmrh. og hún er um Héraðsskólann í Reykjanesi. Á bls. 291 í frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Framlag til Héraðsskólans Reykjanesi lækkar um 10,4 millj. kr. og tekur mið af að skólinn hætti starfsemi haustið 1991."

Það kom mér ákaflega mikið á óvart þegar ég sá þetta því að þessi setning felur í sér endanlega ákvörðun. Hún segir ekkert annað. Hins vegar höfum við þingmenn Vestfirðinga, sem og aðrir viðkomandi, fengið bréf frá hæstv. menntmrh. þar sem hann tilkynnir að skólinn muni ekki starfa skólaárið 1991–1992 og gildir sú ákvörðun ekki lengur, það kosti nýja ákvörðun ef hann á ekki að starfa eftir þann tíma. Þarna ganga hlutirnir ekki upp í mínum huga.

Getur það verið að hæstv. ráðherrar menntamála og fjármála séu ekki sammála? Er annar búinn að taka ákvörðun fyrir fullt og fast og hinn bara fyrir einn vetur? Auðvitað hefði hæstv. ráðherra átt að setja tölur sínar fram varðandi þennan skóla þannig að skólastarf gæti verið með eðlilegum hætti haustið 1992. Hann hefði átt að gera það samkvæmt ákvörðun hæstv. menntmrh.

Virðulegi forseti. Mér varð hugsað ýmislegt í þessari stuttu þögn um þetta mál. Ég komst að þeirri niðurstöðu að það væri best að geyma frekari orðaskipti um þetta mál þar til síðar, það gefst tækifæri til þess.

Þá vil ég fara í sértekjurnar, eftirlæti ríkisstjórnarinnar, þessa miklu uppsprettu auðsins. Þegar maður skoðar sértekjur sýsluembættanna þá er það ákaflega mismunandi. Ég hef gert fyrirspurn um það mál án þess að fá í raun og veru þau svör sem að var stefnt. Þó að margt annað í þeim svörum sem ég fékk og fjallar um önnur mál hafi verið býsna gott og vel svarað, þá stendur það eftir ósvarað í mínum huga hvers vegna sértekjurnar eru svona mismunandi eftir embættum. Ég vil nefna fáeinar tölur fyrir hæstv. ráðherra. Ef við tökum t.d. embætti sýslumannsins á Ísafirði, þá eru sértekjur þess embættis áætlaðar 3,4 millj. kr. Ef við tökum embættið á Akureyri, sem er mun fjölmennara umdæmi, þá eru sértekjur þar áætlaðar 1,1 millj. kr., þ.e. ⅓ af þeim sértekjum sem er áætlað að hafa inn af þegnum sýslumannsins á Ísafirði. Og ef ég tek sýslumanninn í Reykjavík, sem hér er til, þá eru sértekjur 0 kr. Svona gæti ég nefnt fleiri tölur um það hvernig sértekjurnar hlaupa mjög breytilegum tölum í engu samræmi við íbúafjölda embættanna. Ég get tekið sem dæmi um háa tölu, Selfoss. Ég man nú ekki hvað það er fjölmennt umdæmi en þar á að taka inn 6,2 millj. kr. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti upplýst mig eitthvað frekar um þessar sértekjur, þó sérstaklega skýringuna á því hvers vegna þær eru svona mismunandi. Eru menn að borga í sumum embættum einhverja aðra skatta en í öðrum? Eru einhverjir aðilar, t.d. á Akureyri, sem þurfa ekki að borga neitt fyrir einhverja tiltekna þjónustu eins og það heitir í dag, sem sams konar aðilar í öðru umdæmi þurfa að borga einhverjar umtalsverðar upphæðir fyrir? Því hvað svo sem okkur finnst um skattheimtu og réttlæti í henni eða ranglæti, þá er eitt sem menn eru ákaflega viðkvæmir fyrir og það er ef mönnum er mismunað. Ef menn borga ekki það sama í sambærilegri aðstöðu og að öðru jöfnu.

Meira um sértekjur, og nú vil ég gleðja hæstv. fjmrh., nú vil ég reyna að benda honum á tekjuöflunarleið, þar sem hann getur fengið sér meiri pening í kassann. Ég er hérna með skjal sem ég fékk í dag sem er yfirlit yfir embættisbústaði sýslumanna, sem allir vita að eru embættismenn sem ekki eru á allra lægstu launum, og yfirlit yfir húsaleigu eftir embættum. Það er ákaflega fróðleg skrá. Ég veit það að barnafólki í Reykjavík, sem þarf að borga 35.000–45.000 og jafnvel 50.000 kr. á mánuði fyrir þriggja herbergja íbúð hér í bænum, þykja það sjálfsagt nokkur tíðindi að hæsta húsaleigan sem sýslumaður greiðir á Íslandi er 19.988 kr. Það er hæsta tala sem til er á blaðinu. Ég held að mönnum þyki það dálítið fróðlegt og forvitnilegt og ég held að það sé full ástæða til að skoða þessa hluti, þó ekki væri nema til þess að gæta einhvers viðunandi réttlætis gagnvart öðrum. Ég get nefnt hér prýðilegt embætti, Höfn í Hornafirði, þar er húsaleigan á mánuði 4.307 kr. Ég vil nefna eina tölu enn sem er sú lægsta, það er á Blönduósi, sýslumaðurinn á Blönduósi. Hvað halda menn nú að hann borgi í húsaleigu á mánuði? Ég veit að vísu ekki hvernig það hús lítur út, ég hef aldrei séð það. Ég sé það hins vegar hérna af skránni yfir fasteignamat að þetta er greinilega nokkuð frambærilegt hús. Hvað heldur hæstv. fjmrh. að húsaleigan sé á mánuði hjá sýslumanninum á Blönduósi? Hún er heilar 11 kr. Heilar 11 kr.

Finnst nú ekki einhverjum ástæða til þess að skoða þetta og ef þetta er réttlætið hvort ekki væri ástæða til að spyrja sig hvort þetta réttlæti sé það besta sem völ er á? Ég held að barnafjölskyldunni í Reykjavík sem borgar 45.000 kr. á mánuði í húsaleigu þyki þetta skrítið réttlæti.

Ég er líka með yfirlit yfir alla prestsbústaði á Íslandi — og nú vil ég taka það alveg skýrt fram að ég veit að prestar eru í allt öðrum tekjuflokki heldur en sýslumenn og ég vil því fara miklu mýkri höndum um þessar tölur en sýslumannstölurnar — en þrátt fyrir allt og allri minni virðingu og samúð með prestum, sem eiga nú ekki sjö dagana sæla hérna hjá hæstv. ríkisstjórn eins og við heyrðum í kvöld, þá finnst mér samt

í einfeldni minni ástæða til að skoða þar húsaleiguna. Hér eru ýmsar tölur sem eru þannig að það er varla hægt að kalla þær húsaleigu. Hæsta talan sem ég sé hér er 11.320 kr. fyrir 242 m^2 hús. Hins vegar sé ég hér nokkra bústaði þar sem húsaleigan er hvorki meira né minna, segi og skrifa, 1 kr. Ein króna. Ég ætla bara að telja það hérna í fljótheitum, af því að ég er svo æfður í reikningi, hafði góðan kennara hér forðum, ég sé hérna eina sex bústaði þar sem húsaleigan er 1 kr. (Gripið fram í.) Nú er ég svo illa að mér í brauðum og skal ekki um það dæma. Svo sé ég hér tvo bústaði þar sem húsaleigan er 100% hærri, hugsið ykkur, 2 kr. Hér er einn á 3 kr. og hér er annar 4 kr. Og læt ég nú lokið lestri um húsaleigu á prestsbústöðum.

Eins og ég gat um þá var ég með nokkur atriði í fjárlagafrv. sem lúta sérstaklega að hæstv. heilbrrh. og ég vil eiginlega hlífa hæstv. fjmrh. við því að taka við spurningum og svara fyrir þau mál þannig að eins og ég gat um áðan þá geymi ég þau til síðari tíma. Kannski fæ ég tækifæri síðar í þessari umræðu en alla vega við síðari umræður um þetta fjárlagafrv., þannig að það bíður, herra forseti. Ég læt þetta duga að sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ýmsum spurningum ósvarað af því sem fram hefur komið hér í dag og í kvöld. Mig langar til þess að ítreka spurningar til hæstv. fjmrh. og auk þess taka hér upp atriði sem ég gleymdi sjálf í fyrri ræðu minni í kvöld. Fyrsta spurningin varðar aðstöðugjaldið, þ.e. aðstöðugjaldið sem sveitarfélögin leggja á. Í fjárlagafrv. kemur fram að það eigi að endurskoða aðstöðugjaldið og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvar það mál er statt og hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að standa að breytingu á aðstöðugjaldinu.

Það kom fram í svarræðu hæstv. fjmrh. þar sem rætt var um einkavæðingu að þar væri ekki eingöngu um það að ræða að selja ríkisfyrirtæki heldur einnig um útboð á rekstrarþáttum ríkisins og ég vildi gjarnan fá upplýst hvaða rekstrarþætti hæstv. ráðherra hefur í huga. Getur hann nefnt okkur dæmi um það að hverju menn eru að stefna í þessu efni?

Síðan vil ég líka vera góð við hæstv. fjmrh., eins og síðasti ræðumaður, og benda á leiðir til að afla aukinna tekna. Það er þá annars vegar það að bæta innheimtu. Eftir því sem mér skilst eru býsna mikil vanskil á opinberum gjöldum og ég vildi gjarnan fá það upplýst hversu mikil þau vanskil eru, þ.e. hversu miklu væri hægt að ná inn með bættri innheimtu og hvað hugsar ráðherra sér í þeim efnum?

Síðast en ekki síst þá vitum við það að hér á landi er því miður töluverð starfsemi sem kölluð er svört starfsemi eða svarti markaðurinn. Formaður Vinnuveitendasambandsins hefur gert þetta fyrirbæri að umræðuefni og lýst yfir vandlætingu sinni á þessum svarta markaði. Þarna held ég að sé fyrirbæri sem stjórnvöld ættu virkilega að snúa sér að því þarna er auðvitað verið að stinga undan virðisaukaskatti, fyrir utan það hvað þetta dregur úr siðgæðinu í landinu.

Það voru sem sagt þessi atriði sem ég vildi koma hér á framfæri og það mundi gleðja mig ef hæstv. fjmrh. gæti svarað þessu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Það er nú fari að líða svolítið fram á nóttina og farið að fækka mjög í þingsalnum. Ég ætla ekki að tala mjög langt mál þannig að ég reikna með að þingmenn komist til náða áður en líður mjög langt fram á næsta klukkutíma a.m.k. Mig langaði í upphafi minnar ræðu að tala um þann ótta sem setti að mér þegar þessi ríkisstjórn varð til í vor. Mér fannst nefnilega að á allri hennar tilurð og þeirri samsetningu sem er á bak við hana gætum við átt von á því að jákvæð afstaða til landsbyggðarinnar yrði ekki söm og ef áfram hefðu verið við völd þeir flokkar sem voru við völd fyrir kosningar. Þessi neikvæða afstaða sem ég átti von á hefur komið fram í sumar, hún hefur komið fram með ýmsum hætti, með alls kyns yfirlýsingum frá forsrh., með umfjöllun um hin og þessi málefni sem ríkisstjórnin hefur verið með til umræðu. Við höfum orðið vör við neikvæðari afstöðu til byggðamálanna. Við höfum orðið vör við umtal um að það eigi nú að hætta stuðningi við alls kyns fyrirtæki á landsbyggðinni sem hafi verið dælt í peningum og annað hefur verið talað í þessum dúr. Svo þegar fjárlagafrv. lítur dagsins ljós þá koma fyrirætlanirnar fram í því. Við sjáum að það er verið að tala um minnkandi fé til framkvæmda, t.d. í vegamálum. Það er merkilegt að heyra stjórnarþingmenn koma hér hvern á fætur öðrum og halda því fram að það sé um aukningu að ræða í vegamálum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór yfir það hér áðan og benti á það að reiknað er með jafnvel 17% samdrætti framkvæmda miðað við áður gerðar áætlanir. Við höfum séð að raforkuverð hefur verið að hækka í sumar, að þjónusta Skipaútgerðarinnar á að dragast saman og jafnvel að leggjast af. Við sjáum samdráttinn í landbúnaðinum sem fólkið á landsbyggðinni finnur auðvitað mest fyrir og við sjáum þessa minnkuðu þorskveiði sem áætlað er að verði á næsta ári og þar af leiðandi samdrátt í öllu þjóðfélaginu sem af því leiðir. En auðvitað hefur þetta mest áhrif úti á landsbyggðinni.

Á sama tíma er gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrv. að hér verði byggt álver og ég ætla að endurtaka það sem ég hef áður sagt að ég tel að ábyrg stjórnvöld, sem eru við völd á þeim tíma sem slíkar stórframkvæmdir fara af stað, eigi að taka tillit til þess í sínum áætlunum og reyna að draga úr neikvæðum áhrifum sem auðvitað verða við slíkar miklar framkvæmdir og þá þurfa menn auðvitað að draga úr framkvæmdum annars staðar til að koma þar á móti. Þetta finnst mér vera það sem blasir við að allir ábyrgir stjórnmálamenn hljóti að gera ef það stefnir í svona stórframkvæmdir. En á sama tíma sem við sjáum fram á þessa hörmungatíð um byggðir landsins þá er sem sagt gert ráð fyrir því að landið sporðreisist í framkvæmdum við nýtt álver.

Það er ýmislegt búið að koma fram í umræðunni hér í kvöld sem væri ástæða til að fara mörgum orðum um.

Eitt er það sem hv. heilbrrh. hefur verið iðinn við að tala um á undanförnum mánuðum, en hann talar gjarnan um að ein kynslóðin sendi reikninginn á aðra. Þetta sagði nú reyndar hæstv. fjmrh. líka hér í kvöld. Ég segi það að þetta er hluti af þeim óvandaða málflutningi sem hefur verið stundaður af hæstv. ráðherrum. Þeir hafa leyft sér að tala sífellt um einhverja gúmmítékka sem þessi kynslóð, sem núna ber ábyrgð á stjórn landsins, sé að senda á þær næstu. Ég ætla ekki að draga úr þeim góða ásetningi að hætta að safna skuldum, en á bak við þessar fullyrðingar hef ég ekki séð neinn rökstuðning. Ég hef ekki séð menn fara yfir það hvað það er sem við erum að vísa á framtíðina. Menn þurfa auðvitað að reikna það út til þess að skoða hvað það er sem unga fólkið tekur í arf frá þessari kynslóð. Þá sjáum við að á sl. 20–30 árum hafa orðið til gífurleg verðmæti í þjóðfélaginu. Við getum séð framkvæmdirnar í raforkuverunum í landinu, við getum séð framkvæmdirnar í vegamálunum, í heilbrigðismálunum, hafnirnar, skólana, sjúkrahúsin. Allt þetta hljóta menn að verða að skoða og bera saman til þess að sjá hvort við erum að skila til framtíðarinnar miklu lélegra búi og skrifa mikið af gúmmítékkum, eins og menn tala gjarnan um í óvirðulegum tón um þessa kynslóð sem heldur um stjórnvölinn núna. En þetta má alls ekki taka þannig að ég telji að það eigi að halda áfram að safna skuldum. Mér finnst bara að menn eigi að vanda sinn málflutning svolítið betur, menn eigi a.m.k. að hafa það alveg á hreinu að verið sé að skila af sér verra búi til framtíðarinnar heldur en áður.

Það er reyndar furðulegt að heyra rökstuðning manna fyrir ýmsu af því sem ríkisstjórnin er að taka sér fyrir hendur í þessu fjárlagafrv. T.d. hlustaði ég á það hér í kvöld að hæstv. heilbrrh. sagði að það væri til að styðja við bakið á þeim lakast settu sem menn settu þjónustugjöld. — Til að styðja við bakið á þeim lakast settu. Til að vernda þetta kerfi, velferðarkerfi, þá væri verið að setja þjónustugjöldin. Óskaplega finnst mér þetta undarlegur málflutningur og ég verð að segja það að ég skil það ekki að þingmönnum skuli vera boðið upp á svona rökstuðning. Auðvitað koma þjónustugjöldin þyngst niður á þeim sem minnst hafa í vösunum. Þjónustugjöldin verða auðvitað hæst prósentan af kaupi þess manns sem lægst hefur kaupið.

Hv. 1. þm. Vesturl. hafði áhyggjur af því í ræðu sinni hér í kvöld að skattalækkanir væru fjær en vonir stóðu til, eins og hann orðaði það, því að sjálfstæðismenn lofuðu skattalækkunum í kosningunum í vor. Þeir verða nú að bíta í það súra epli að verða að hækka skattana og það hefur komið mjög skýrt og greinilega fram í þessum umræðum að vissulega eru á ferðinni skattahækkanir. Ég ætla út af fyrir sig ekkert að álasa hæstv. fjmrh. fyrir það að reyna að ná í auknar tekjur til þess að standa undir gjöldum ríkisins. Ég ætla aftur á móti að álasa honum fyrir það að hafa ekki valið aðrar leiðir en þessi þjónustugjöld. Ég tel að það hefði a.m.k. verið ástæða til að nota þær leiðir sem menn hafa verið að ræða í umræðunni hér í kvöld, eins og að skattleggja fjármagnstekjur. Það hefði a.m.k. getað orðið til þess að það hefði verið hægt að hafa minna af þessum þjónustugjöldum þó að menn hafi viljað gera lítið úr því hvað væri hægt að ná í af tekjum með þeim hætti sem stjórnarandstæðingar hafa bent á í umræðunni.

Hæstv. heilbrrh. hélt hér ræðu um það að stjórnarandstaðan væri að rassskella sjóinn, eins og hann orðaði það, innan um þessa ræðu sína sem hann hélt um mixtúruna og alls kyns lyf sem hann er búinn að læra allt utan að og uppfræddi þingmenn mjög vel um hvaða mixtúrur væru ódýrastar ef einhver krankleiki yfirtæki líkamann. En ég var á einum fundi þar sem hæstv. heilbrrh. var mættur til þess að fara yfir þessi mál. Á þeim fundi talaði hann í hástemmdum tón um það að menn væru að rassskella sjóinn og berja sjálfa sig með hrísi. Og hann skammaði alla sem þar voru inni. En það vildi svo til að eftir því sem ég komst næst þá var enginn maður í þeim sal sem ekki var í Alþfl. eða studdi hann nema ég. Þetta var nefnilega á opnum fundi Alþfl. á Akranesi. Ég held að raunveruleikinn sé sá að hæstv. heilbrrh. hafi fengið mest af þeirri gagnrýni sem honum hefur auðvitað sviðið mest undan frá sínum eigin flokksmönnum, þó svo að hann kjósi að skamma stjórnarandstöðuna í stað þeirra fyrir það sem honum svíður undan.

Það er eitt mál sem mig langar til þess að ræða um hér núna sem stjórnarliðar hafa hampað og það er að gert sé ráð fyrir því í þessum fjárlögum að auka niðurgreiðslur á raforku til húshitunar. Aukningin er heilar 44 millj. Það er verið að auka þessar niðurgreiðslur úr 297 millj. upp í 341 millj., það eru sem sagt 44 millj. til viðbótar til niðurgreiðslu á húsahitun frá því sem áður hefur verið. Þetta hefur verið upplýst hér í umræðunum að geti gert u.þ.b. 10.000 kr. á þessa staðalíbúð sem menn eru búnir að finna upp til að reikna út hverjir eigi skilið að fá þessar niðurgreiðslur. En það er ekki allt sem sýnist í þessu frv. Á öðrum stað í frv. kemur það fram að ekki er gert ráð fyrir því lengur að styðja við bakið á sveitaveitunum í landinu og styrking raflína er ekki lengur uppi á borðinu, þ.e. dregið er úr þessum tveimur liðum sem voru í fjárlagafrv. síðast upp á 50,8 millj. en eru núna upp á 18,7. Það þýðir lækkun upp á 32 millj. Ég hirði ekki um að bera þetta saman upp á nákvæmar tölur. En við erum að tala um krónuhækkun upp á eitthvað í kringum 8 millj. til lækkunar á kyndingarkostnaði fólks á landsbyggðinni. Þarna er nú öll rausnin. Það er tekið þarna til baka.

En það er annað sem mig langar að ræða í þessu sambandi og það eru hækkanir á raforkuverðinu. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að þessi mikla rausn þeirra í því að greiða niður kyndingarkostnað á landsbyggðinni hverfi í skuggann af hækkunum Landsvirkjunar. Landsvirkjun hækkaði sína gjaldskrá um 5% í júlí ef ég man rétt. Hún óskaði eftir 5% hækkun til viðbótar nú í haust. Hún hafði áætlað 20% hækkun til viðbótar við 5% frá í vor til að bæta sér upp tímabundinn hallarekstur sem Landsvirkjun telur sig verða fyrir á næstu þremur árum.

Ég hef í höndunum bréf sem Þjóðhagsstofnun hefur skrifað Landsvirkjun þar sem hún er að gefa álit sitt

á þessum hækkunartilefnum. Mig langar til að vitna í bréfið, með leyfi hæstv. forseta. Bréf er frá 17. sept. Þar segir: „Með bréfi, dags. 12. sept., óskaði Landsvirkjun eftir umsögn Þjóðhagsstofnunar um þörf fyrirtækisins fyrir 5% hækkun á gjaldskrá til almenningsveitna frá 1. okt." Það eru sem sagt seinni 5%. „Landsvirkjun hefur gert rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir árin 1991 og 1992. Þar kemur fram að áætlaður rekstrarhagnaður í ár mun verða 68 millj. kr. miðað við óbreytta gjaldskrá en greiðsluafgangur fyrirtækisins verði neikvæður um 616 millj. kr. Að óbreyttri gjaldskrá er talið að á árinu 1992 muni bæði rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækisins versna um röskar 500 millj. kr. frá áætlaðri niðurstöðu í ár. Á sömu forsendum er talið að ávöxtun eigin fjár verði 0,3% í ár en neikvæð um 2,2% á næsta ári." Svo kemur: „Ljóst hefur verið lengi að fyrstu árin eftir að Blönduvirkjun yrði tekin í rekstur yrði rekstrarafkoma fyrirtækisins léleg. Einnig leiða áætlanir fyrirtækisins í ljós að raunverð raforkunnar er nú nægjanlega hátt til að skila fyrirtækinu viðunandi arði til langs tíma litið."

Um þetta er fjallað í bréfi Þjóðhagsstofnunar til Landsvirkjunar frá 27. júní. Þar kemur m.a. fram samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar að óbreytt raunverð til aldamóta og 3% árleg lækkun úr því fram til 2012 skili Landsvirkjun 5,9%, og ég endurtek það, 5,9% arðgjöf eigin fjár að meðaltali yfir 30 ára tímabil, þ.e. 1991–2021. Það ber að taka sérstaklega fram að miðað við þessar áætlanir er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun verði búin að greiða upp allar sínar skuldir árið 2004. Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki hafi verið ástæða til að reyna koma í veg fyrir að Landsvirkjun hækkaði sína gjaldskrá. Á sama tíma og ríkisstjórnin er af rausn sinni að greiða niður húshitunarkostnað komi ekki Landsvirkjun og hækki vegna einhverra tímabundinna tilefna, eins og þarna kemur fram að eru, gjaldskrá sem eigi svo að lækka aftur á árinu 1995. Ég tel að það sé full ástæða til þess að halda aftur af þessum hugmyndum Landsvirkjunar og vonast sannarlega til þess að menn hugsi til þess.

Það er annars mjög merkilegt að heyra þessar löngu ræður og útleggingar þingmanna og ráðherra á vaxtamálum og gengismálum í landinu. Mér finnst það ákaflega merkilegt og ég vil rifja það upp að í sjónvarpinu var viðtal við seðlabankastjóra Íslands í kvöld út af því að nú væri Evrópska efnahagssvæðið koma og það færi að hafa áhrif á bankamálin. Hann sagði alveg blákalt á skjánum að það mætti reikna með því að vextir mundu lækka í landinu. Hann er að segja okkur það, þessi yfirmaður peningamála í landinu, að allt þetta frelsi sem við höfum haft í sambandi við vextina hafi ekki virkað. Bankarnir hafi bara verið að taka miklu meiri vaxtamun en þeir geti tekið ef þeir lenda í samkeppninni. Sjálfsagt er eitthvað til í þessu hjá honum. En þegar menn eru með þessar fræðilegu útskýringar á því hvernig raunvextir verða til í þjóðfélaginu er dálítið umhugsunarvert að hugleiða hvað gerist ef við erum nú komin inn í þetta alþjóðlega samstarf um peningamálin. Hvar eru þá þessi heppilegu áhrif aðhaldsins vegna vaxtanna? Hvað gerist þegar ríkissjóður fer að skrifa gúmítékkana eftir að við erum komin inn í þetta samstarf? Það hefur engin áhrif á vextina vegna þess að vextirnir taka mið af allt öðru. Þá er ekki lengur þetta lokaða kerfi sem við höfum núna. Bankarnir og ríkisstjórnin skammta ekki lengur lánsfé inn í þetta kerfi hér með því að ákveða hvað kemur mikið af erlendum peningum inn. Eftir að fullt frelsi ríkir hljóta vaxtamálin að ráðast erlendis. Skiptir þá engu máli lengur hve mikill hallarekstur verður á ríkissjóði og hvað hann gefur mikið út af skuldabréfum?

Það er kannski ástæða fyrir menn að velta þessu fyrir sér. Eins er það með gengið að við höfum hlustað á langar ræður um gengismálin. Við heyrðum sjútvrh. kvarta mikið undan því að hann hefði ekki getað ráðið því á sínum tíma hvernig gengið var skráð. Ráðherra úr sömu ríkisstjórn og er með það á sinni stefnuskrá að tengja íslensku krónuna við þetta svokallaða ECU. Það verður býsna merkilegt að sjá hvernig gengur að koma þessu öllu heim og saman.

Ég ætla ekki að halda ræðu langt fram eftir nóttu. Mér hefur fundist það merkileg upplifun að koma á hv. Alþingi og sjá hvernig menn starfa, hvernig menn halda fundi, halda ræður og halda langa fundi og þreyta hvern annan á þeim. Mér finnst mjög merkilegt að upplifa það hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig. Mér finnst margt sem menn mættu taka til athugunar, m.a. stjórn þingsins, hvernig eigi að standa að þessum hlutum. Ég ætla að geyma mér að setja það álit mitt fram. En ég vil segja það sem nýr þingmaður að ég tel mörgu ábótavant við stjórn þingsins og í sambandi við það gætu menn kannski lært svolítið af því hvernig menn stjórna málum í sveitarstjórnum út um landið. Þar eru að mínu viti miklu skilvirkari vinnuaðferðir en á hv. Alþingi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er talsvert liðið á þann fundartíma sem talist getur hæfilegur og eðlilegur við 1. umr. fjárlaga enda klukkan nokkuð gengin í þrjú að nóttu. Ég tel ástæðu til þess að gera tilraun til að svara fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Mun ég þá fyrst og fremst beina máli mínu til þeirra sem ekki höfðu áður talað í umræðunni en töluðu hins vegar eftir að ég talaði í annað sinnið.

Hv. 5. þm. Vestf. varpaði til mín nokkrum spurningum. Fyrst um Byggingarsjóð verkamanna og þær breytingar sem boðaðar eru á útlánareglum sjóðsins. Nú er það svo að þær reglur eru ekki endanlega tilbúnar, enda gildir frv. sem hér er verið ræða frá næstu áramótum. Hins vegar er nú þegar ljóst í megindráttum út á hvað breytingarnar ganga.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að áætlað er að talsverður hluti, líklega u.þ.b. fimmtungur, af útlánsfjármagninu gangi til almenna leiguíbúðakerfisins en lán til þess bera hærri vexti en önnur lán úr Byggingarsjóði verkamanna. (Gripið fram í.) Já, það eru almennu kaupleiguíbúðirnar.

Í öðru lagi vil ég minna á að núna á haustmánuð-

um gengur í gildi í fyrsta skipti það ákvæði sem fjallar um að vextir skuli hækka eftir tiltekinn eignarhaldstíma þeirra sem tóku lán fyrir sex árum síðan, svokölluð sexáraregla. Ekki er enn ljóst hve margir íbúðaeigendur, sem tekið hafa lán úr Byggingarsjóði verkamanna, þurfa að sætta sig við hærri vexti á lánum sínum vegna þess að um tekjubreytingar hefur verið að ræða. Þó er gert ráð fyrir að það gerist í allmögum tilvikum.

Í hugmyndum sem liggja fyrir er í þriðja lagi gert ráð fyrir að lækka lánshlutfallið, m.a. gerist það með því að útlánum úr sjóðnum verði beint til kaupa á eldri íbúðum í stærri stíl en verið hefur. Allt þetta gerir það að verkum að gera má ráð fyrir að nýting á fjármununum verði betri en hingað til hefur verið.

Þá vil ég geta þess að um það hefur verið rætt að hækka vexti en vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna eru nú 1% og útlánatíminn 43 ár. Þar sem vaxtaupphæðin er afgangsstærð er ekki hægt að segja til um hverjir vextirnir verða og hvort um vaxtahækkun verður að ræða almennt í þessu kerfi. En það hefur verið rætt að vextir gætu hækkað um 1,5–1,75% og gætu þess vegna orðið á milli 2,5 og 3% eftir að breyting hefur átt sér stað. Það sem ég segi um þessi atriði er sagt með þeim fyrirvara að reglurnar liggja ekki endanlega fyrir og þeir aðilar sem semja þær reglur er að sjálfsögðu stjórn sjóðsins og félmrn.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði um kostnað sveitarfélaganna vegna Byggingarsjóðs verkamanna. Það er rétt að gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin taki þátt í uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins hvert á sínum stað. Nefnt hefur verið í því sambandi að sveitarfélögin gefi eftir gatnagerðargjöld.

Þetta mál, eins og ég hef sagt áður, heyrir undir félmrn. og það sem ég segi hér verður að takast með þeim fyrirvara að vera kann að fyrirhugaðar breytingar verði ekki nákvæmlega eins og ég hef hér lýst. Mér finnst þó ástæða til að fram komi að það hafa verið uppi sjónarmið, ekki síst frá ýmsum stöðum á landsbyggðinni, að svo gæti verið að félagslega íbúðakerfið hefði öfug áhrif á byggðastefnuna. Meira að segja hafa sumir gengið svo langt að halda því fram að of mikil uppbygging félagslega kerfisins, nýbyggingar á þess vegum, hafi verðfellt eignir manna úti á landsbyggðinni. Af þessum ástæðum m.a. hafa augu manna beinst að því hvort ekki sé ástæða til að nýta fjármagn sjóðsins fremur til kaupa á eldra húsnæði en að nýbyggingar séu stundaðar í eins stórum stíl og verið hefur.

Fleiri atriði koma til skjalanna, t.d. þau að sveitarfélög fái aðgang að fjármagni með nokkurra ára millibili þannig að íbúðabyggingar séu af hentugri stærð en verið hefur. Skal ég svo ekki fjölyrða meira um þessar breytingar sem fyrirhugaðar eru en klykkja út með því að hækkun á framlagi ríkisins til sjóðsins á að nægja til þess að ekki myndist munur á innlánum og útlánum sjóðsins sem ýtt verður til framtíðar og ætlað skattgreiðendum framtíðarinnar að greiða. Með öðrum orðum eiga þær 1.100 millj. sem ganga til Byggingarsjóðs verkamanna að standa undir vaxtamuninum vegna útlána á næsta ári.

Hv. þm. ræddi næst um vegáætlun og spurðist fyrir um hvort ætlunin væri að breyta henni þar sem ljóst væri að tölurnar í fjárlagafrv. svöruðu ekki til talna í vegáætlun þeirri sem samþykkt var á Alþingi fyrr á þessu ári. Ég hygg að svo sé. Það er rétt sem hv. þm. sagði að sé miðað við vegáætlun er um skerðingu að ræða. Sé hins vegar miðað við framlög til vegagerðar á yfirstandandi ári og reyndar síðustu árum er um aukningu á fjárframlagi að ræða til vegagerðar á næsta ári. Það er enn fremur rétt að ríkisstjórnin hætti við að taka lán til framkvæmda við göng á Vestfjörðum. Og ég verð að segja að ég tel það ríkisstjórninni til hróss að hafa gert það vegna þess að það hlýtur að vera eitt meginmarkmiðið, og ég held að enginn hafi talað gegn því í þessari umræðu, að draga úr lántökum. Ef menn vilja framkvæmdir samt sem áður verður auðvitað að greiða þær af einhverjum fjármunum sem fyrir liggja og það hlýtur þá að bitna á einhverju öðru í staðinn. Svo einfalt er það mál.

Ég tel hins vegar fulla ástæðu til þess fyrir ríkisstjórnina að vekja athygli á því að fjármunir til samgöngumála, sérstaklega til vegamála, vaxa á næsta ári sé miðað við yfirstandandi ár. Að vísu má segja að sumar þær framkvæmdir sem vegaféð gengur til hafi þegar átt sér stað, þar á meðal má minna á að ætlunin er að greiða Reykjavíkurborg vegna samnings sem borgin gerði á sínum tíma við þáv. fjmrh. og samgrh. og ljóst var allan tímann að greiða þyrfti af því skuldabréfi sem var vegna gamalla framkvæmda hér á höfuðborgarsvæðinu. Eigi að síður eru það að sjálfsögðu framkvæmdir þó það séu ekki framkvæmdir sem eiga sér stað á næsta ári.

Varðandi þriðja atriðið um biskupinn og sjóðina þá verður mér heldur svarafátt. Ég hygg þó að hér sé átt við Kirkjubyggingasjóð og Kristnisjóð sem eru sjóðir sem tilheyra biskupsembættinu.

Um skólann Í Reykjanesi get ég verið stuttorður. Þær tölur sem eru í frv. koma úr menntmrn. Ég hygg að tölurnar séu ekki endanlegri en aðrar tölur í frv. Fari svo að nægilegur nemendafjöldi fáist í Reykjanesskóla á næsta skólaári, sem hefst haustið 1992, er ég viss um að fjármagn fæst til skólahaldsins. Verði hins vegar skortur á nemendum, eins og gerðist á sl. hausti, tel ég ekki ástæðu til að endurvekja skólastarf á þessum stað.

Varðandi sértekjur í sýslumannsembættum get ég ekki upplýst hv. þm. Það er ljóst að um verulegar breytingar er að ræða í dómskerfinu. Sýslumannsembættin skiljast frá dómaraembættunum, en ég tel mig þó geta svarað því að ekki er um það að ræða að misjafnt verð eigi að gilda í mismunandi umdæmum fyrir sams konar þjónustu. Ég hygg að munurinn á sértekjum milli embætta sé til kominn vegna þess að útseld þjónusta sem fer um embættin er mismunandi mikil. Því miður kann ég ekki að gefa frekari skýringar á því hvað veldur og hvers vegna sértekjurnar fylgja ekki hlutfallslega stærð sýslumannsembættanna.

Hv. þm. upplýsti okkur um leigukjör embættismanna, sýslumanna og presta. Ég vil af því tilefni ein-

ungis segja það að leiga fyrir embættisbústaði heyrir undir mismunandi ráðuneyti. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar og hef lagt drög að því í mínu ráðuneyti að kalla eftir upplýsingum um embættisbústaði og kanna það rækilega hvort það kerfi sem við búum við sé ekki löngu úrelt orðið. Ég tel satt að segja að spurningin snúist ekki lengur um það hvort leigan sé 2 kr. eða 20.000 kr. heldur hvort yfir höfuð sé eðlilegt að íslenska ríkið greiði verulega niður húsnæðiskostnað fyrir suma embættismenn ríkisins á meðan allur almenningur verður að greiða sinn kostnað sjálfur. Mér finnst þess vegna vera kominn tími til að kanna hvort ekki sé hægt að breyta þessu kerfi þannig að um jafnræði sé að ræða milli fólks. Sjálfur veit ég til þess að það hefur skapast hróplegt ósamræmi á vissum stöðum. Þetta gildir ekki einungis í opinbera kerfinu, heldur einnig í bankakerfinu og ég þekki dæmi þess að þegar einstaklingur sem búsettur var á ákveðnum stað úti á landi var gerður að útibússtjóra þá fór hann úr sínu eigin húsnæði og yfir í leiguhúsnæði sem bankinn átti og borgaði aðeins hluta, lítinn hluta af þeirri leigu sem hann gat leigt sitt eigið hús á. Þarna er auðvitað um gífurleg fríðindi að ræða sem í vissum tilvikum a.m.k. sýnast óeðlileg.

Hv. 18. þm. Reykv., sem reyndar hafði tekið þátt í umræðunni fyrr, varpaði til mín nokkrum fyrirspurnum. Í fyrsta lagi um aðstöðugjaldið. Ég bendi á að aðstöðugjald tilheyrir tekjustofnum sveitarfélaga og þar með heyrir málið undir félmrn. Fjmrn. hefur hins vegar komið að þeirri vinnu sem hefur verið unnin að undanförnu og allt frá því að fyrrv. ráðherrar félagsmála og fjármála úr síðustu ríkisstjórn settu á laggirnar nefnd til þess að kanna þetta mál. Nokkrir útreikningar hafa átt sér stað. Þeir sýna fyrst og fremst að ef um breytingar yrði að ræða mundu tekjur færast frá Reykjavík og til nágrannasveitarfélaganna, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem stundum eru kölluð svefnbæir Reykjavíkur.

Það er ljóst að á undanförnum árum hefur aðstaða sveitarfélaganna breyst, aðstöðugjaldið er sveigjanlegra en áður. Þetta breytir þó ekki því að aðstöðugjald er ákaflega óheppilegur skattur á fyrirtæki og fyrst og fremst af þeirri ástæðu er verið að leita annarra lausna, annarra aðferða til að tryggja sveitarfélögunum eðlilegar tekjur. Ég kemst þó ekki hjá því að segja frá sjónarhóli ríkisins að fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur almennt batnað mjög mikið á undanförnum árum og svo mikið að sú nýbreytni hefur átt sér stað að aðilar vinnumarkaðarins skjóta nú örvum sínum fremur til sveitarstjórnanna heldur en ríkisstjórnarinnar þegar rætt er um gjöld og skatta.

Hv. 18. þm. Reykv. ræddi síðan um einkavæðingu og spurði til hvaða rekstrarþátta útboð gætu náð til. Í því sambandi vil ég minna á að á sínum tíma var samþykkt á *Alþingi samhljóða þáltill.* þar sem því var beint til fjmrh. á þeim tíma að hann léti kanna það rækilega hvar heppilegt væri að leita útboða. Þetta mál hefur verið kannað, fyrst og fremst með þeim hætti að skoða hvernig aðrar þjóðir fara að. Danir hafa náð nokkuð langt á þessu sviði. Útboð þeirra eru annars vegar til fólks og fyrirtækja sem starfa utan ráðuneytanna og hins vegar til aðila sem eru í raun opinberir starfsmenn.

Rekstrarþættirnir sem hægt er að bjóða út eru mjög margir, miklu fleiri en ég býst við að komi upp í huga okkar hér á landi, en algengast er þó að þetta nái til þátta eins og ræstinga, mötuneytisþjónustu o.s.frv. En þar sem þjóðir eru lengra komnar hafa miklu stærri einingar verið boðnar út og nánast allt sem hugsast getur, *þó man ég ekki eftir að hafa séð að lögregluþjónustan hafi verið boðin út* með þessum hætti. Þó kann það vel að vera að einhvers staðar hafi slíkt verið gert. **(Gripið fram í:** En tollgæslan?) Tollgæslan er hluti af löggæslunni og gilda því um hana sömu reglur.

Um innheimtuna vil ég segja að hún hefur batnað mjög mikið. Í byrjun septembermánaðar var ljóst að heimst höfðu inn opinber gjöld, talsvert meira en ráð hafði verið fyrir gert, vegna sérstaks átaks sem fjmrn. efndi til í maí sl. Því miður get ég ekki hér og nú upplýst þingheim um tölur í þessu sambandi, en ég hygg að sá árangur sem þá náðist sé svo mikill að varla verði við því búist að á næsta ári verði hægt að ná slíkum árangri.

Ég er sammála hv. þm. um að það sé skylda fjmrn. að ráðast gegn svokallaðri svartri atvinnustarfsemi. Ég bendi hins vegar á að það er afar erfitt um vik í mörgum tilvikum. Sum starfsemi er þannig að það er varla hægt að koma því við að nota tæki eins og sjóðskassa og fleira í þeim dúr sem forveri minn fann upp og kom á. Til að mynda fer ýmiss konar markaðsstarfsemi fram, þar á meðal hér í Reykjavík, í Kolaportinu, sem er ákaflega vinsæl starfsemi. Ég vil þó segja það að tryggasta ráðið til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og það ráð sem víðast hefur gefist best er að fækka og helst að útrýma undanþágum í skattkerfinu. Það tryggir til að mynda í virðisaukaskattskerfinu langbest að skattar skili sér í ríkissjóð.

Ég veit ekki hvort ætlast var til af hv. 3. þm. Vesturl. að ég tæki þátt í þeim hugleiðingum sem hann fór hér með í ræðustól sem margar hverjar voru athyglisverðar. Ég minni á að hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar fer eftir lögum, enda er Landsvirkjun ekki ríkisfyrirtæki í sama skilningi og önnur fyrirtæki sem veitir þjónustu til landsmanna. Mér finnst mjög eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé ástæða til þess að verðlagsferillinn sé annar en Landsvirkjunarstjórnin hefur óskað eftir. Ég bendi á að þau fyrirtæki sem kaupa orku af Landsvirkjun til endursölu þurfa að hækka sína gjaldskrá um ⅓ af gjaldskrárhækkun Landsvirkjunar. Ég get ekki lagt dóm á þetta á þessari stundu en mér finnst að þetta sé mál sem hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnin þurfi að skoða. Og þótt ríkisstjórnin geti ekki með beinum hætti hlutast til um gjaldskrá Landsvirkjunar þá er það nú svo að *ríkisstjórnarflokkarnir* eiga sæmilegan aðgang að ýmsum stjórnarmönnum Landsvirkjunar og gætu með þeim hætti haft áhrif á það hvernig Landsvirkjunarstjórn kýs að haga gjaldskrármálum fyrirtækisins á næstu árum og jafnvel áratugum.

Ég ætla ekki að hefja hér umræður um vexti og

gengi. Ég minni einungis á að frændur okkar á Norðurlöndum sem standa utan við Evrópubandalagið, Svíar, Norðmenn og Finnar, hafa allir tengt krónur sínar og reyndar mörk, af því að það eru mörk í Finnlandi, við ECU. Sú tenging hefur leitt til góðs, a.m.k. í Noregi og Svíþjóð, að sögn stjórnvalda þar. Hins vegar kann að vera ákaflega mikilvægt fyrir okkur að fylgjast rækilega með því hvað mun gerast í Finnlandi á næstunni því að svo hagar til í Finnlandi nú um stundir að efnahags- og atvinnulífið þar á í mjög svipuðum erfiðleikum og við eigum í hér á landi. Það var mjög víðtæk samstaða um þessa tengingu á sínum tíma. Síðan þegar í ljós kom að erfiðleikarnir voru meiri en menn áttuðu sig á þá byrjuðu áköll að koma, fyrst og fremst frá útflutningsgreinunum, sem eru tengdar skógarhöggi og pappírsframleiðslu í Finnlandi, ósk um að breyta genginu, fella gengið. Samningar voru lausir til skamms tíma, það var samið í gær eða fyrradag í Finnlandi og kjarasamningar sem gerðir voru voru með þeim hætti að þegar á heildina er litið þá er í raun og veru samið um óbreytt kjör.

Finnar standa frammi fyrir miklum efnahagsvanda sem m.a. er til kominn vegna þess að Sovétviðskiptin hafa dottið út. Sömu sögu má segja um okkur. Og ég hygg að það væri skynsamlegt af Íslendingum, íslenskum stjórnvöldum, að fylgjast náið með þróuninni í Finnlandi og læra af því sem þeir eru að gera einmitt nú.

Íslenska hagkerfið er ekkert lokað hagkerfi, það er að opnast smám saman og það er auðvitað hárrétt sem kom fram hjá hv. ræðumanni að innan tíðar geta íslenskir bankar og innlánsstofnanir ekki ákveðið vexti með sama hætti og þær hafa gert. Vextir munu ákvarðast með öðrum hætti og þá verður peningamálastjórnin hér á landi allt öðruvísi en hún hefur verið hingað til og tekur væntanlega mið af þeim stjórntækjum sem notuð eru víðast annars staðar í heiminum og byggjast á því að Seðlabankinn reynir að halda verðlagi krónunnar, genginu, stöðugu með því að kaupa og selja gjaldeyri eftir því hvernig framboð og eftirspurn er á hverjum tíma.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég hafi svarað svona nokkurn veginn þeim fyrirspurnum sem til mín var beint hér að lokum. Og í trausti þess að umræðunni sé að ljúka þá vil ég þakka öllum hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni fyrir þolinmæði þeirra, að þeir skyldu sýna þann áhuga að vera hér með mér og okkur til að ræða þetta merkilega frv. allt til þess að klukkan er langt gengin í þrjú að nóttu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta verður stutt, ég fer að sjálfsögðu að tilmælum hæstv. fjmrh. Ég kom upp aðeins til þess að segja fáein orð í framhaldi af hans svörum. Ég vil þakka honum svörin. Mér finnst hann hafa staðið sig býsna vel og svarað eftir bestu getu og ég þakka fyrir það.

Það sem ég vil segja er varðandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga sem kom aðeins fram í ræðu hæstv. fjmrh. Ég hygg að það sé ákaflega mismunandi hvernig sú fjárhagsstaða hefur batnað á undanförnum árum. Ég held ég megi fullyrða það að staða sveitarfélaga af stærðinni 1.000–2.500, sem eru allnokkur á landinu, hefur almennt versnað nokkuð mikið á undanförnum árum og staða sumra allverulega. Auðvitað eru ýmsar ástæður sem valda því þar á meðal framkvæmdir sem þessi sveitarfélög hafa ráðist í en það hafa líka verið, að mati þeirra manna sem þar eru, framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að halda uppi þjónustu, til að halda fólkinu þarna. Menn eru komnir dálítið langt inn í nauðvörn til að halda fólki í sínum byggðarlögum.

Annað sem ég vil drepa á, og mér finnst vera stórtíðindi í þessu fjárlagafrv., vegna þess að það hefur ekki komið fram áður. Við höfum dregið hér upp að þegar grannt er skoðað er í raun og veru stórkostlegur niðurskurður á framkvæmdum til vegagerðar á næsta ári. Það sem leynist í fjárlagafrv. þegar að er gáð er að þrátt fyrir það að hækkun í krónutölu verði á milli ára, á milli fjárlagafrumvarpa, þá verður að því er ég áætla um 17% niðurskurður í framkvæmdum á næsta ári frá því sem gert er ráð fyrir í samþykktri vegáætlun. Og það er gríðarlegur niðurskurður. Það sýnist mér láta nærri að slaga hátt í það að vera 1000 millj. Ég er hræddur um að ansi margir landsbyggðarþingmenn muni hrökkva illilega við þegar þeir horfa framan í það dæmi hvað þeir hafa til skiptanna að samþykktu þessu frv. borið saman við það sem menn eru þegar búnir að skipta og ráðstafa í vegáætlun.

Eitt atriði vil ég nefna enn og það er vegna þess að hér var minnst á framlög ríkisstjórnarinnar til að auka niðurgreiðslur á raforku til húshitunar úti á landi. Það ber vissulega að þakka þá viðleitni sem ríkisstjórnin hefur haft uppi um það mál. Hins vegar held ég að menn verði að horfast í augu við það að sú viðleitni dregur ekki mjög langt. Hún hefur verið afskaplega lítil það sem af er. Ég get nefnt sem dæmi um það sem ég veit að taxtar hjá Orkubúi Vestfjarða hækkuðu núna 1. okt. um 10%. (**Fjmrh.:** Þeir hækkuðu ekki fyrr á árinu.) Voru áður búnir að hækka á árinu. (**Fjmrh.:** Vestfirðingarnir?) Já, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk. (**Fjmrh.:** Nei. Það er rangt.) Ég skal ekki þræta við ráðherra um það en við getum ábyggilega gengið úr skugga um það. Og vegna þess að húshitun er niðurgreidd og niðurgreiðslan er ekki aukin á móti hækkuninni, þá þýðir þetta, að því er mig minnir, um 16–17% hækkun í krónutölu á reikningi til húshitunar. Þetta blasir við þrátt fyrir þessar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur tilkynnt að hún muni grípa til. Þetta held ég að séu atriði sem menn verði að skoða mjög rækilega á næstunni til þess að fá úr því skorið hvort það sé stefna ríkisstjórnarinnar að auka húshitunarkostnað landsmanna á köldu svæðunum þrátt fyrir yfirlýsingar og fyrirheit um annað — og að nokkru leyti aðgerðir eins og fram hefur komið.

Í þriðja lagi, sem líka eru veruleg tíðindi, er það að hækkun á lánum Byggingarsjóðs verkamanna gæti orðið mjög mikil. Ég tók hins vegar glöggt eftir því að hæstv. fjmrh. setti málið þannig upp að áformað var að ná ákveðinni upphæð í sparnaði og taldi upp ákveðin

atriði sem eiga að leiða til þess að svo geti orðið en síðan verði vextirnir hækkaðir til að ná því sem upp á vantar. Ég er alveg með á þessa forsendu. En hann nefndi sjálfur að það gæti orðið um 1,5–1,75% hækkun á vöxtum í prósentvís talið, það þýðir í krónutölu talið, því það eru krónurnar sem fólkið borgar ekki prósenturnar, hækkunin á vaxtaþættinum er þá 75–80%, 75–80% fleiri krónur. Það er gríðarlega mikil breyting. Ég er hræddur um að menn verði að fara dálítið hægt í það því það verður hjá býsna mörgum greiðendum sem það kollvarpar þeirra greiðsluplani það mikið að það fer upp fyrir þeirra raunverulegu greiðslugetu, breyting af þessari stærð.

Ég vil þó segja um þau atriði sem hæstv. ráðherra taldi upp að ég er í sjálfu sér sammála honum og ríkisstjórninni í því markmiði að 20% af útlánum sé í almennri kaupleigu, sem markmið í sjálfu sér er ég alveg sammála því. Það er ekkert fjarri því að það sem menn hafa verið að úthluta á undanförnum árum í þessari almennu kaupleigu séu 20% af heildinni. Þannig að ég held að menn vinni í sjálfu sér ekkert mikið með því.

Endurskoðun á vöxtum eftir sex ára eignarhald, sem gerist þannig að hafi tekjur eiganda farið upp fyrir tiltekin mörk á þessu tímabili og hagur hans vænkast þá hækka vextirnir, getur talist eðlilegt. Þetta er verið að skoða í Húsnæðisstofnun, aðeins byrjað og of snemmt að segja til um það hver niðurstaðan verður. En þó má segja að fyrsta athugun gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni í þá veru að það komi inn auknar tekjur í verulegum mæli vegna þessarar endurskoðunar. Þannig að í mínum huga eru líkurnar á því að vextirnir hækki um það sem hæstv. ráðherra nefndi meiri en hann gerði sér vonir um, en það eru hlutir sem verða náttúrlega að koma í ljós. En standi ríkisstjórnin að þessum áformum sínum þá er allt útlit fyrir að hún sé að auka greiðslubyrði verulega hjá stórum hluta fólks og jafnvel að kollvarpa þeirra greiðsluáætlunum og greiðslugetu í býsna mörgum tilvikum. Þetta eru tíðindi sem mér þykir taka að hafa á orði. Ég held að mönnum muni þykja þetta meiri breytingar en vænta mátti eftir lestur frv., bæði hvað varðar niðurskurðinn í framkvæmdum á vegafé, hækkun á vöxtum Byggingarsjóðsins og orkuverð til húshitunar.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. ráðherra, þar sem hann hafði ekki fullkomin svör við því hvaða sjóður þetta væri sem væri í vörslu biskups Íslands og hver hækkunin væri þar hlutfallsleg sem gert væri ráð fyrir, að hann léti taka þetta saman í sínu ráðuneyti og vinna þessar upplýsingar og senda mér þegar það liggur fyrir. Og ég treysti honum alveg fyllilega til að verða við þessari beiðni.

Fleira vil ég ekki segja í þessari umræðu, virðulegi forseti, og læt *máli mínu lokið.*

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

13. FUNDUR

miðvikudaginn 23. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess varðandi umræður um 2. dagskrármálið, skýrslu utanrrh. um niðurstöður samninga um Evrópskt efnahagssvæði, að orðið hefur samkomulag milli þingflokkanna um að stefnt verði að því að ljúka fyrri umferð þeirrar umræðu fyrir þingflokksfundi sem eiga að vera kl. 4 í dag og það hefur jafnframt orðið að samkomulagi að hver þingflokkur fái allt að hálftíma í þeirri umferð. Að vísu getur hæstv. utanrrh. þurft aðeins lengri tíma, en hann mun hafa þetta samkomulag í huga. Síðan munu þingflokksformenn ræða um framhaldið en stefnt er að því að reyna að ljúka þessari umræðu fyrir kl. 7 því að sjálfsögðu verður ekki aftur kvöldfundur í kvöld. En það verður þá tilkynnt síðar á fundinum hvernig því verður fyrir komið.

Fjárlög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og til fjárln. með 42 shlj. atkv.

Skýrsla utanrrh. um niðurstöður samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Aðfaranótt þriðjudags 22. þ.m. tókust samningar milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna sjö um myndun Evrópsks efnahagssvæðis og er við það miðað að samningurinn komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993.

Áður en ég geri Alþingi grein fyrir samningsniðurstöðum skal þess getið að samningurinn hefur þegar verið kynntur í hv. utanrmn. og að sjálfsögðu í ríkisstjórn.

Fyrst vil ég víkja nokkuð að fram kominni gagnrýni á málsmeðferð. Ég vek athygli hv. þm. á því að þessi hinn mikli samningur, í þeim drögum sem hann nú liggur fyrir, er að sjálfsögðu í höndum allra meðlima utanrmn. Það sem gerðist á þessum samningafundi í Lúxemborg fjallaði um tiltekin, fá, skýrt afmörkuð mál. Þrjú hin stóru mál voru sjávarútvegsmálið, þungaumferð um Alpana og stofnun eins konar Þróunarsjóðs af hálfu EFTA við þróunarsvæði innan Evr-

ópubandalagsins. Auk þess var þarna fjallað um fáein önnur mál sem minna máli skipta. Að öðru leyti voru samningsdrögin rækilega rædd og reyndar í höndum meðlima utanrmn. fyrir utan það að þessi þrjú stóru mál höfðu verið þar þaulrædd og kynnt. Áður en haldið var til lokafundarins höfðu embættismenn sérstaklega kynnt hv. formanni utanrmn. stöðu málsins. Það eina sem ekki var lagt á borðið fyrir fram voru nákvæmar upplýsingar um samningataktík íslensku samningamannanna áður en haldið var til fundarins og þarf það ekki skýringar við. Um leið og samningar höfðu tekist um nóttina aðfaranótt þriðjudagsins hafði ég samband við formann utanrmn. Það sem hér er verið að segja er einfaldlega þetta: Gagnrýni um það að málið, sé órætt í utanrmn., að meðlimir utanrmn. hafi ekki allar þær upplýsingar sem tiltækar eru um málið, er ekki á rökum reist.

Reyndar er það svo að meginhluti þessara samninga lá fyrir í öllum höfuðdráttum þegar í tíð fyrrv. ríkisstjórnar eins og sýnt mun verða fram á hér á eftir. Þá hefur sá misskilningur einhvern veginn komið fram að ekkert hafi verið sett á blað um þessa samninga. Það er auðvitað misskilningur. Hið sanna er að það er á verkstjórnarábyrgð formennskulands EFTA að ganga endanlega skriflega frá þeim textum sem hér um ræðir. Þeir bárust síðdegis í gær og þeim var dreift í hendur ráðherra og meðlima utanrmn. í gærkvöldi um leið og þeir lágu fyrir. Það skal síðan tekið fram að endanlegur texti þessa mikla samnings getur ekki legið fyrir í endanlegu formi fyrr en báðir aðilar hafa gengið frá honum, þegar hann hefur verið þýddur á þjóðtungur viðkomandi þjóða. Að því er stefnt að aðalsamningamenn setji stafi sína með öllum eðlilegum fyrirvörum á þann texta innan svona hálfs mánaðar en utanríkisráðherrar geta ekki undirritað með fyrirvörum um staðfestingu þjóðþinga fyrr en endanlegur texti hefur verið þýddur á þjóðtungur allra aðildarlanda og þá á ég líka við níu þjóðtungur tólf aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þetta er nauðsynlegt að komi fram vegna þess að annað hefur verið gefið í skyn að því er varðar málsmeðferðina.

Víkjum þá að efnisatriðum, virðulegi forseti. Fyrst um sjávarútvegsmálið. Eins og hv. þm. er kunnugt, seinast af þeirri utandagskrárumræðu sem fram fór hér á hinu háa Alþingi fáeinum dögum áður en haldið var í lokalotuna, var staða málsins þessi: Evrópubandalagið lagði til grundvallar forsendur sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu sinnar með kröfu um hvort tveggja, veiðiheimildir í lögsögu EFTA-ríkja og kröfu um rétt til fjárfestingar í útgerð og fiskvinnslu. Staða EFTA-ríkjanna var þessi: Í upphafi lögðum við fram kröfuna um fríverslun með fisk sem þýðir ekki aðeins tollfrjálsan aðgang að markaði heldur einnig samræmdar samkeppnisreglur og þar með niðurfellingu á ríkisstyrkjum. Þeirri kröfu var hafnað þegar á haustmánuðum 1989, þ.e. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og þá var ákveðið af þeirri ríkisstjórn að við mundum halda til streitu kröfunni um fullnægjandi markaðsaðgang.

Hver var niðurstaða þessara samninga? Hún var sú í fyrsta lagi að hin ófrávíkjanlegu skilyrði Íslendinga um að hafna algerlega kröfunni um veiðiheimildir Evrópubandalagsins í skiptum fyrir tollfríðindi stóðu, sú ófrávíkjanlega krafa náði fram. Í annan stað. Sú ófrávíkjanlega krafa okkar að vísa á bug kröfum um rétt til fjárfestingar í útgerð og fiskvinnslu stóð, sú krafa stóðst og hún er tryggð.

Að því er varðar markaðsaðganginn, þá var samningsstaðan vissulega ekki mjög góð vegna þess að umleið og þessum kröfum hafði verið hafnað lá það fyrir að mörg aðildarríki EB, reyndar sex talsins, settu fram auknar kröfur um að þrengja markaðsaðgang EFTA-ríkjanna þannig að sá kafli samningsins þar sem ekki er um breytingar á tollum, það voru tillögur uppi um það að fjölga t.d. þeim fisktegundum sem ekki nytu tollalækkunar. Niðurstaðan varð að síður þessi: Gerður var samningur þar sem sjávarafurðum er skipt í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er sá flokkur sjávarafurða sem fær núll-toll strax í byrjun samnings. Í annan stað er sá flokkur sjávarafurða þar sem tollar eru lækkaðir frá því sem þeir eru nú um 70%. Í þriðja flokknum eru síðan nokkrar sjávarafurðir þar sem tollum er ekki breytt.

Ef við lítum á núverandi útflutning Íslendinga á sjávarafurðum og tökum tillit til þeirra tollaívilnana sem í fyrsta lagi voru tryggðar með bókun 6 á sínum tíma, sem er bæði að hluta til í núll-tollum en að öðru leyti í tollaívilnunum, og síðan á ákvæði þessa samnings, þá er niðurstaðan sú að í lok samningsins þegar hann er að fullu kominn til framkvæmda 1. janúar 1997, þá njóta íslenskar sjávarafurðir 96% tollfrjáls aðgangs að Evrópumarkaðnum. Það er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því þar sem því var haldið fram hér í utandagskrárumræðu áður en haldið var í lokalotuna að bókun 6 hefði tryggt Íslendingum 100% markaðsaðgang. Það var að vísu leiðrétt í þeim umræðum. Í stórum dráttum mátti segja að hún hefði miðað við núverandi aðstæður tryggt okkur svona tæplega 60% tollfrjálsan aðgang. Árangurinn sem náðist núna í lokalotunni er þá sá að sú hlutfallstala hækkar í 96%. Það sem er síðan eftirtektarvert við þetta er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Þrátt fyrir þessa erfiðu samningsstöðu náðist ávinningur í þremur greinum þennan hálfan annan sólarhring sem setið var í samningum. Í fyrsta lagi hafði Evrópubandalagið sagt alveg skilyrðislaust að að því er varðaði lax, makríl og síld kæmu ekki neinar tollaívilnanir til greina. Samt sem áður tókst að fá það fram að saltsíldarflök eru í núll tollflokki, við fengum tollfrelsi í því til viðbótar því tollfrelsi sem bókun 6 áður tryggði okkur varðandi frysta síld. Þetta er afar mikilvægt atriði vegna þess að þetta skiptir sköpum fyrir framtíðarmöguleika síldarútgerðar og síldarvinnslu hér á landi í kjölfar á hruninu í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu. Sama máli gegnir með hörpudisk. Þeir höfðu sagt: Skelfiskur, nei. Við veitum ekki tollaívilnanir í því. Það tókst hins vegar að því er varðaði hörpudisk og loks til viðbótar tókst að fá tollaívilnanir í flokki 2 sem átti að lækka um 60% hækkað upp í 70%.

Síðan er það að segja að eftirstöðvar tolla sem verða eftir eru orðnir svo lágir að þeir geta ekki talist viðskiptahindrun. Þetta er aðalatriði málsins. Með þess-

um samningum hefur tekist í fyrsta sinn að tryggja höfuðútflutningsafurðum Íslendinga, sjávarafurðum, sama sess í fríverslunarsamstarfi eins og áður um iðnaðarvörur og nú í þessum samningi um þjónustu þannig að sú sérstaða Íslendinga að þurfa sífellt að berjast vegna sérstöðu sjávarafurða er nú því sem næst komin á enda. Þetta er í fyrsta skipti sem þannig háttar til að við höfum getað tryggt íslenskum sjávarafurðum því sem næst sömu viðskiptakjör og helstu útflutningsafurðum annarra þjóða. Þetta eru þess vegna tímamót í efnahagssögu Íslendinga.

Mér þykir ástæða til að geta þess, virðulegi forseti, að í raun og veru var hér um að ræða tvo samningaferla, annars vegar samninga framkvæmdastjórnar við okkur EFTA-ríkin, en hins vegar samninga framkvæmdastjórnar við aðildarríki sín og það er alveg ljóst að á lokastigi þessara samninga, að því er varðar sjávarútvegsmálið, var gerð mjög hörð og alvarleg atlaga af hálfu einstakra aðildarríkja til þess að knýja Íslendinga og Norðmenn til undanhalds í þessu máli. Vörn framkvæmdastjórnar var sú að ef við legðum áherslu á að fá einhverjar breytingar frá upphaflegum málamiðlunartillögum, þá yrði því svarað með gagnkröfum af þessu tagi, sérstaklega að því er varðar fjárfestingarréttindi og veiðiheimildir. Ég get þess vegna ekki annað en sagt nú þegar þessi samningsniðurstaða liggur fyrir að hún fór fram úr þeim vonum sem ég gat með raunsæju móti gert mér fyrir fram áður en haldið var að þessu endatafli.

Það er sérstök ástæða til að geta þess að því er varðar veiðiheimildirnar að í því efni tókst að ná svona hagstæðum samningum án þess að beygja sig fyrir kröfu Evrópubandalagsins um veiðiheimildir. Það mun áreiðanlega ýta undir það að Evrópubandalagið taki nú af meiri alvöru á því máli en samkvæmt skýrslu sérfræðinganefndar, sem skilað var í desember 1990 til framkvæmdastjórnarinnar, er eindregið mælt með því að framkvæmdastjórn og ráðherraráð Evrópubandalagsins taki þá verndarstefnu í sjávarútvegsmálum, sem bandalagið hefur fylgt hingað til, til rækilegrar endurskoðunar.

Þá er að geta rammasamnings um tvíhliða skipti á veiðiheimildum. Það mál hefur áður verið kynnt hér. Það er ekkert nýtt um það að segja. Það er einungis vísað í slíkan samning í aðaltextanum. Að öðru leyti stendur hann og er í því fólginn að við höfum gefið tilboð um að heimila veiðar, allt að 3 þús. tonn karfaígilda í skiptum fyrir allt að 25–30 þús. tonn af loðnu samkvæmt nánari reglum sem ég kynnti hér fyrr við utandagskrárumræðuna 16. okt. Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á því, þegar skýrt er frá þessu máli, að meginþunginn að því er varðaði atlögu Evrópubandalagsins að því að tryggja sér veiðiheimildir beindist að Norðmönnum og niðurstaðan í því máli var sú að Norðmenn láta af hendi verulegar veiðiheimildir. Ég tek það skýrt fram að það eru ekki einhliða veiðiheimildir heldur er það innan ramma tvíhliða samnings sem Norðmenn hafa þegar. Hins vegar er hlutur beggja ríkja að því er varðar markaðsaðganginn hlutfallslega hinn sami þótt hlutur Norðmanna sé lægri hlutfallslega vegna þess að þeir höfðu lakari fríverslunarsamninga fyrir.

Að því er varðar hafnir og hafnaraðstöðu, þá er það mál óbreytt, þ.e. við lýsum því yfir að við erum reiðubúnir til þess að heimila eðlilega þjónustu og löndun að því er varðar íslenskar hafnir, ef um er að ræða löndun á fiski úr umsömdum fiskstofnum. Að öðru leyti er það mál algerlega í höndum íslenskra stjórnvalda.

Þá er þess að geta að í textanum er að finna þróunargrein sem kveður ekki á um annað en það að eftir tvö ár ræði aðilar saman en það er engin tilvísun í neinar skuldbindingar, enda skal það gert með vísan til fiskveiðistefnu hvers aðildarríkis.

Áður en ég læt þessum kafla ræðu minnar lokið vil ég taka fram að það er á misskilningi byggt, sem mér hefur verið eignað, að ég hafi sagt að þessi samningur hafi tryggt Íslendingum allt fyrir ekkert, eins og það er sagt. Hið rétta er að ég hef vitnað í þau ummæli varaforseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Frans Andriessens, sem lét þau orð falla á fyrsta viðræðufundi okkar. Það eru með öðrum orðum hans orð en ekki mín.

Virðulegi forseti. Þá vil ég aðeins geta annarra stórra mála. Í fyrsta lagi er svokallaður þróunarsjóður. Það sem þar gerðist var að upphæðin, sem áður hafði verið mest um rætt, sem EFTA-ríkin þurfa að greiða í þann sjóð, lækkaði úr 2 milljörðum í 1½ milljarð. Hins vegar hækkaði sá þáttur sem við almennt köllum styrk-þátt greiðslnanna úr 326 millj. í 500 millj. þannig að við erum hér að tala um heildarupphæð upp á 2 milljarða ECU, en þetta eru hagstæðari kjör en við gerðum ráð fyrir áður. Af okkar hálfu metum við það svo að við getum átt von á því að þurfa að greiða í þennan sjóð um 67 millj. íslenskra kr. á fimm ára tímabili.

Að því er varðar deilumálið mikla um flutningsrétt Evrópubandalagsríkja um Alpana, þá var það leyst að lokum á seinustu stundu. Ég mun ekki hér og nú skýra frá efnisatriðum þess, heldur vísa til þeirrar greinargerðar sem þingmenn munu fá í hendur þegar textar liggja fyrir.

Önnur atriði, sem um var fjallað þarna og skipta verulegu máli, eru þessi: Það er tryggt að Evrópubandalagið skuldbindur sig til þess að beita EFTA-ríkin ekki gagnráðstöfunum vegna svokallaðra undirboða. Þetta er afar mikilvægt atriði, ekki hvað síst fyrir starfsemi t.d. stóriðjufyrirtækja á Íslandi, og það náðist. Að því er varðar skipasmíðar, sem er almennt mikilvægt mál en Finnar beittu sér einkum fyrir, þá náðist eftirfarandi árangur: Evrópubandalagið lýsir því yfir að það muni taka til endurskoðunar á árinu 1993 svokallaða tilskipun 7, sem um þetta fjallar, með það að markmiði að afnema ríkisstyrki í þessari grein. Þetta er hins vegar ekki skuldbinding en þetta er fyrirheit og því er við bætt að þessi endurskoðun skuli gerð í nánu samráði við EFTA-ríkin.

Að því er varðar starfsmenntun þá liggur fyrir að okkur eru tryggð jöfn réttindi og jöfn staða að því er varðar aðgang að menntastofnunum og þátttöku í marg-

víslegum áætlunum, bæði á sviði vísinda, rannsókna og menntamála, en varðandi spurningu um skólagjöld, þá er því til að svara að það er ekki á verksviði framkvæmdastjórnar heldur einstakra landa. Það er viljayfirlýsing almennt um það að gera slíka samninga af hálfu flestra ríkja með undantekningunni tvö lönd, Bretland og Belgíu, sem taka við miklum fjölda erlendra námsmanna og taka skólagjöld í ágóðaskyni.

Að því er varðar spurninguna um viðskiptameðferð á matvælum, unnum matvælum úr landbúnaðarhráefnum, þá er þetta að segja: Listinn sem EFTA-ríkin óskuðu eftir að yrði dreginn upp og samkomulag gert um þær vörur er staðfestur af þeim, en að því er varðar hinar þrjár umdeildu vörur, Létt og laggott, smjörva og rjómaís, þá eru þær ekki á þessum lista. Með öðrum orðum, meðferð þeirra að því er varðar spurninguna um innflutningsrétt fer þá eftir íslenskum lögum og reglum og reyndar er það svo að þær eru sumar hverjar þegar á fríverslunarlista viðskrn. og þurfti því ekkert sérstaklega um þær að fjalla í raun og veru.

Að því er varðar öryggisákvæðið, sem er geysilega þýðingarmikið ákvæði í þessum samningi, þá fylgir því sérstök íslensk yfirlýsing af hálfu íslenskra stjórnvalda um það við hvaða skilyrði við hyggjumst beita því.

Að því er varðar spurningar um breytingar á einokun í viðskiptum með áfengi og tóbak, þ.e. Áfengiseinkasölu ríkisins í þessu tilviki, þá er á það fallist að þessari einokun sé uppi haldið af svokölluðum félagslegum ástæðum á Norðurlöndum og megi svo sem vera áfram að því er varðar smásöluverslun, en þá verður jafnframt að vera tryggt að ekki séu hömlur eða mismununarreglur að því er varðar innflutning á þessum varningi.

Að því er varðar dómstólinn var ein breyting sem hefur engin efnisáhrif. Hún varðar það að upphaflega höfðu EFTA-ríkin gert samningskröfu um það að þau mættu leita forúrskurða í ágreiningsmálum frá EES-dómstólnum. Evrópubandalagið hafnaði þessu með þeim rökum að þeir vildu ekki gefa kost á því að annar dómstóll en þeirra eigin kvæði upp slíka forúrskurði vegna þess að það byði þá heim hættu á ólíkri túlkun. Evrópubandalaginu snerist hugur og sóttist nú eftir því að fjallað yrði um þetta. Niðurstaðan varð sú að hér er um að ræða valkvætt ákvæði, þ.e. það er hverju samningsaðildarríki í sjálfsvald sett hvort við óskum eftir því að leita slíkra forúrskurða og þá hjá Evrópubandalagsdómstólnum. Af hálfu okkar var því lýst yfir að við mundum ekki leita eftir því.

Að því er varðar þátttöku í nefndastarfi, þá var það áhugamál og hagsmunamál sumra EB-ríkja, annarra en okkar, að auka fjölda þeirra nefnda þar sem EFTA-ríkin hafa fulla aðild, sérstaklega varðar þetta svissneska hagsmuni varðandi banka og fjárhagsmálefni. Niðurstaðan varð sú að nefndunum var fjölgað úr fjórum í níu. Reyndar er þetta ekki vandamál að því er varðar EB. Sennilega mun þessi aðild að nefndum aukast eftir hendinni en þetta er ágreiningsmál innan Evrópubandalagsþingsins og þess vegna var ekki gengið lengra í þá átt.

Að því er varðar grein, sem þarna er um að aðildarríkin muni leitast við að samræma innbyrðis reglur um að draga úr ríkisaðstoð í sjávarútveginum, þá þarfnast hún þeirra skýringa að það er auðvitað vitað af hálfu Evrópubandalagsins að ríkisstyrkir eru verulegir í Noregi og að svo miklu leyti sem Norðmenn lögðu áherslu á það að fá varúðarákvæði gegn „anti dumping", eða viðbrögð eða mótaðgerðir gegn niðurboðum á verði, þá var þetta sett á blað og er auðvitað okkur út af fyrir sig mjög hagkvæmt. Ég minni á að við gerðum á sínum tíma samninga innan EFTA um að koma þar á fríverslun með fisk sem skuldbinda Norðmenn til þess fyrir árslok 1993 að draga úr ríkisstyrkjum sínum í áföngum.

Virðulegi forseti. Ég má þá víkja að nokkrum spurningum sem vaktar hafa verið upp í þessari umræðu á ýmsum vettvangi. Í fyrsta lagi er þessi spurning: Nú þegar fyrir liggur niðurstaða í þessum samningum, þá er ástæða til þess að spyrja: Hefur hann breyst að verulegu leyti á lokastigi frá þeim samningstextum í drögum sem lágu fyrir í tíð fyrrv. ríkisstjórnar? Hefur kannski eitthvað versnað frá því sem það var þá?

Sannleikurinn er sá að meginefni þessara samningsdraga var mótað í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og það er athyglisvert að þannig hafa fjórir þingflokkar komið að þessu máli alveg frá því að það upphófst með undirbúningssamningunum sem fram fóru undir íslenskri verkstjórn á seinni hluta árs 1989. Þannig vek ég t.d. athygli á því að sá samningshópur, sem lauk fyrst störfum, var hópur tvö sem fjallaði um fjármagnsmarkaðinn. Það hefur ekkert breyst á því sviði frá því að fyrrv. ríkisstjórn stýrði þessum málum. Í raun og veru má segja að um það bil 96% af efnisákvæðum þessa samnings, og þá fyrir utan niðurstöðuna í sjávarútvegsmáli, Alpamálinu og sjóðsmálinu, hafi legið fyrir 19. des. 1990, þ.e. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar.

Þá skulum við víkja að einstökum spurningum. Það er spurt um fyrirvarana. Hefur þeim verið til skila haldið? Svarið er já. Fyrirvararnir sem skipta öllu máli voru fjórir. Í fyrsta lagi: Engar veiðiheimildir í staðinn fyrir tollaívilnanir. Það stendur. Í öðru lagi: Enginn fjárfestingarréttur að því er varðar útgerð og fiskvinnslu. Það stendur. Þriðji meginfyrirvarinn var að öðru leyti um nýtingu íslenskra auðlinda, þ.e. orkulinda. Það var líka upplýst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að ekki þyrfti sérstakan fyrirvara vegna þess að sú skipan sem við höfum á þeim málum stenst algerlega og það er ekkert í þessum samningi sem knýr á um breytingar á því. Fjórði fyrirvarinn varðaði vinnumarkaðinn. Hver er réttur íslenskra stjórnvalda til þess að takmarka innstreymi fólks sem hingað kynni að leita að atvinnu? Sá fyrirvari var í upphafi í því formi að við vísuðum til fyrirvara Íslands í samningnum um norræna vinnumarkaðinn. Þessi fyrirvari er efnislega enn nákvæmlega hinn sami þótt í öðru formi sé, þ.e. íslensk stjórnvöld hafa með vísan til hins almenna öryggisákvæðis og sérstakrar yfirlýsingar sinnar rétt til þess að stöðva innflutning erlends vinnuafls hvenær sem er ef að mati íslenskra stjórnvalda innflutningur af því tagi vekur upp hótun um röskun á íslenskum

vinnumarkaði, hvort heldur er í einstökum atvinnugreinum, einstökum héruðum o.s.frv. Þetta fer ekkert á milli mála. Þetta er ákvörðunarefni íslenskra stjórnvalda.

Hver er þá réttur gagnaðilans? Réttur gagnaðilans er samkvæmt þessum samningi að grípa til gagnráðstafana sem í enska textanum eru orðuð sem „proportionate", þ.e. hlutfallslega jafngildar gagnráðstafanir. Í flestum tilvikum mundi vera um að ræða þá samsvarandi gagnráðstöfun, þ.e. að takmarka rétt íslenskra ríkisborgara til að leita að vinnu erlendis. Það gæti í einstökum tilvikum verið í öðru fólgið. Dæmi: Í Sviss eru 600 þús. farandverkamenn, mestan part frá Evrópubandalaginu. Ef Sviss lokaði á þann innflutning samkvæmt þessu ákvæði gæti Evrópubandalagið ekki út af fyrir sig lokað á Svisslendinga vegna þess að Svisslendingar leita yfirleitt ekki að atvinnu í Evrópubandalaginu. Þá mundu þeir geta gripið til gagnráðstafana en Sviss hefði þann rétt að áfrýja því undir úrskurð dómstólsins hvort um jafnvægar gagnráðstafanir væri að ræða. Það er það eina sem hægt er að áfrýja.

Annað mál sem mikið er spurt um er hlunnindajarðir. Er hægt samkvæmt þessum samningi að selja laxveiðiárnar, dalina og fjöllin og öll náttúrudjásnin? Og það er gefið í skyn að þeim sem hér stendur sé það mikið kappsmál að selja landið þar sem aftur á móti eðalbornir menn í stjórnarandstöðu vilji náttúrlega gæta þess sem sannir föðurlandsvinir. Reyndar er málflutningur af þessu tagi fyrir neðan virðingu manna í umræðum af þessu tagi. En hverjar eru staðreyndirnar? Staðreyndirnar eru þessar: Við vildum setja almennan fyrirvara, sértækan að því er varðaði slíka hluti, þá undir rétti erlendra aðila til kaupa á fasteignum. Það kom á daginn í tíð fyrri ríkisstjórnar haustið 1989 að það yrði ekki unnt að fá fram slíkan fyrirvara. Þess vegna var það að forsvarsmaður í samningahópi tvö tók það mál sérstaklega upp við þáv. hæstv. landbrh. að eftir umræður EFTA-ríkjanna hefði það orðið niðurstaðan að menn vildu leysa þetta vandamál eftir öðrum leiðum, nefnilega með því að breyta lögum og reglum í hverju landi með þeim hætti að það skilaði sama tilgangi og sértækur fyrirvari. Það var að okkar hugmyndum í þessu erindi, því var lýst á þann veg að við óskuðum eftir því að landbrn. skoðaði sérstaklega breytingar á löggjöf, bæði jarðalögum, ábúðarlögum og fleiri lögum þannig að hert væri á ákvæðum um forkaupsrétt sveitarfélaga og þau styrkt með ákvæðum um forkaupsrétt ríkisins. Síðan væru sett sérstök ákvæði sem kvæðu á um búsetuskyldu ákveðinn tíma og jafnframt um nýtingarkvöð. Því miður er það svo að hæstv. þáv. landbrh. varð ekki við þessum tilmælum þannig að þessu máli var ekki sinnt fyrr en eftir stjórnarskiptin. Nú liggur það fyrir samkvæmt stefnuyfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstjórnar að núv. hæstv. landbrh. er með í undirbúningi breytingar á lögum í þessu skyni þannig að ef stjórnarandstaðan er að gagnrýna það að þetta skuli ekki þegar vera frá gengið, þá er skýringin sú að það var dregið eða því hafnað af hæstv. fyrrv. landbrh. En þess er síðan að geta að á þessu sviði gildir þriggja ára aðlögunartími þannig að út af fyrir sig er nægur tími til þess að setja þessa löggjöf. Ákvæðin koma ekki til framkvæmda fyrr en 1996.

Þess skal jafnframt getið af því að slíkt ofurkapp er lagt á að gera þetta tortryggilegt að um þessi mál hefur verið fjallað rækilega. Það sem ég á hér við er þetta: Menn hafa spurt: Er það alveg tryggt að íslensk stjórnvöld geti sett slíkar takmarkanir í lög og það standist jafnvel þótt það yrði kært fyrir dómi. Nú vil ég vekja athygli manna á því að við erum ekki með þessum samningi að ganga í Evrópubandalagið. Við erum ekki undir sömu kvöðum og aðildarríki Evrópubandalagsins. En það liggja fyrir þrír dómar þar sem á þetta hefur reynt að því er varðar aðildarríki Evrópubandalagsins. Fyrsta ríkið er Danmörk, þar sem Danir setja fimm ára búsetuskilyrði og það hefur staðist. Annað landið er Grikkland sem með sérstakri löggjöf útilokaði útlendinga frá kaupum á fasteignum á vissum svæðum sem nema 55% af landi innan landamæra Grikklands. Hér mun sérstaklega átt við hinar undurfögru eyjar grísku hafsins. Þeir útilokuðu erlenda aðila frá því með sérstökum rökstuðningi og dómur, sem um það gekk 30. maí 1989, staðfesti að leyfilegt væri að setja búsetuskilyrði fyrir kaupum. Og þriðja málið varðar Írland. Þar er opinber stofnun, svokölluð „Land Commission", sem verður að samþykkja öll fasteignakaup utan þéttbýlis. Og þar eru einnig búsetuskilyrði að því er varðar sjö ár. EB-dómstóllinn taldi í dómi nr. 182/1983 að slíkar takmarkanir væru heimilar stjórnvöldum.

Ég segi: Þetta liggur fyrir að því er varðar aðildarríki EB frá dómstóli sem hefur lögsögu yfir því. Að því er varðar þennan samning, þá erum við að gera samning við Evrópubandalagið og það er sérstakur dómstóll með fulltrúum EFTA-ríkja í dómnum sem um það fjallar. Það er hafið yfir allan vafa að okkar mati að réttur íslenskra stjórnvalda til þess að setja slík þrengjandi ákvæði í lög stenst.

Þá er í þriðja lagi spurt: Hvað með fjármagnsmarkaðinn? Eru engar takmarkanir í honum? Jú, jú, það eru takmarkanir. Það er í fyrsta lagi fjárfestingarréttur að því er varðar útgerð og fiskvinnslu. Þá spyrja menn: Já, en getur það nokkuð staðist? Geta menn ekki farið á bak við það? Svarið er þetta: Fyrirvari okkar er með vísan til þess að íslensk stjórnvöld geta haldið óbreyttum íslenskum lögum. Það er á valdi íslenskra stjórnvalda. Spurning: Þau lög sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt, standast þau? Það er engin breyting að því er þetta varðar í þessum samningi. Og síðan er hitt að ef um er að ræða hlutabréfaeign einhvers fyrirtækis, þrjú, fjögur, fimm stig, þá er einfaldlega gagnspurningin þessi: Við erum hér að tala um framkvæmd laga og kemur þessum samningi ekkert við sérstaklega. Haldið þið að erlendir fjármagnseigendur mundu hætta miklu fé til kaupa á hlutabréfum í útgerðarfyrirtækjum vitandi vits um það að ef upp kemst verður viðkomandi fyrirtæki svipt veiðiheimildum og þar með hlutabréfin verðlaus?

Að því er varðar t.d. þjónustusviðið að öðru leyti, banka. Fyrrv. ríkisstjórn leiddi í lög heimild til 25% erlendrar hlutabréfaeignar í bönkum. Sannleikurinn er

sá að það gæti í sumum tilvikum við eðlilega dreifingu hlutafjár verið nóg til þess að ráða meiri hluta í stjórn viðkomandi banka. Hér er ósköp einfaldlega um það að ræða að á fjármagnssviðinu fyrir utan þá fyrirvara sem við höfum sett erum við að óska eftir því að frjáls fjármagnsmarkaður verði til þess að veita fákeppninni á hinum þrönga íslenska markaði aðhald og samkeppni. Það er hagsmunamál íslensks atvinnulífs, það er hagsmunamál fyrirtækja, það er hagsmunamál íslenskra neytenda. Þá spyrja menn: Já, en verður ekki fjárflótti? Ef menn eru þeirrar skoðunar að raunvextir á Íslandi séu hinir hæstu í heimi, þá verður væntanlega ekki flótti, heldur þvert á móti má þá búast við því að hinir háu raunvextir laði erlent fjármagn inn í landið.

Það er sagt: Er ekki verið að hleypa útlendingum í fyrsta skipti inn í fiskveiðilögsöguna? Svarið er nei, það er rangt. Menn höfðu samninga við Belga til þess að ná hinni hagstæðu bókun 6 á sínum tíma. Menn hafa gert samninga við Færeyinga um heimildir, sem eru að vísu endurskoðaðar ár frá ári, 9 þús. tonn. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í ljósi þessara samninga og í ljósi nýgerðra samninga Færeyinga við Evrópubandalagið sem að sumu leyti tryggja þeim hagstæðari markaðsaðstöðu en okkur vegna þess að þeir eru í reynd hluti af danska ríkinu sem er EB-ríki, þá beri okkur að endurskoða þessa samninga.

Er hætta á því að útlendingar eignist flotann? Því er haldið fram. Ég er búinn að svara því. Er hætta á því að íslenskur landbúnaður verði lagður í rúst vegna innflutnings? Nei, það er engin hætta á því. Hitt er alveg ljóst, bæði vegna þess sem er að gerast í heiminum nú í þessum samningum um EES, í hinum mjög mikilvægu alþjóðaviðskiptasamningum í GATT, að auðvitað er stefnt að því að auka frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hér er stefnumarkandi yfirlýsing um það að aðildarríkin vilji gera það. Sum EFTA-ríkin hafa þegar tekið myndarlega á því máli, t.d. Svíþjóð, og fleiri munu á eftir koma. Og það er auðvitað sameiginlegt hagsmunamál neytenda í landinu og reyndar bænda líka.

Erum við að beygja okkur fyrir heilbrigðisreglugerð EB? Er hætta á því að flutt verði inn dýr sem sýkja hinn göfuga, íslenska stofn? Svarið er nei. Við fengum undanþágu, eina EFTA-landið, frá heilbrigðisreglugerðinni. En viðvörunarorð: Heilbrigðisreglugerðirnar um dýr og jurtir eru nefnilega hinar sömu, enda landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál hin sömu í stjórnkerfi EB. Við höfum af því áhyggjur að það kunni að fara svo í framkvæmd að EB reyni að beita því að við erum ekki aðilar að þessum heilbrigðisreglugerðum og stöðlum sem eins konar viðskiptahindrun í útflutningi okkar á fiski. Við því verður að sjá þannig að við höfum óskað eftir sérstökum viðræðum um það til að tryggja hagsmuni okkar í því efni. Að sjálfsögðu er það svo að hinir meiri hagsmunir okkar hljóta að ráða í því efni.

Síðan er frá því að segja að það sem þarna er frá gengið og um samið varðandi neytendavernd, vinnuvernd og félagsmál er almennt byggt á því að það eru hærri staðlar í viðkomandi samningsríkjum en hjá okkur og Íslendingum því til hagsbóta.

Getur dómstóll hnekkt fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett í þessum samningum? Því er haldið fram í gula skjalinu frá Samstöðu um óháð Ísland. Nei, það er fjarri lagi. Þeir geta ekki hnekkt því.

Hefði verið betra að fara í tvíhliða samningaviðræður? Það er víst sérskoðun Kvennalistans núna. Svarið er mjög einfalt. Ef norska þingið felldi þessa samninga yrði staðan sú að við yrðum að fara aftur í endurskoðun á heildarsamningsdrögunum. Þá er hætt við því að sá ávinningur sem þessi samningur tryggir íslenskum sjávarútvegi yrði ekki tryggur vegna þess að við yrðum auðvitað spurðir: Eruð þið tilbúnir að borga í tvíhliða samningum það verð sem Norðmenn borguðu? Hverjir ætla að borga í sjóðinn fyrir Norðmenn ef þeir fella? Hverjir ætla að borga veiðiheimildirnar ef þeir fella? Þetta er auðvitað kjarni málsins. Við vorum í þessum samningum af því að það er hagstæðara fyrir okkur vegna þess að fórnarkostnaðurinn dreifist á fleiri.

Var annarra kosta völ? Hefðum við frekar átt að semja við Bandaríkin, Japan eða einhverja aðra? Svarið er ósköp einfalt. Þessir samningar binda ekkert hendur okkar um samninga við þriðja ríki. Við erum ekki að ganga í tollabandalag. Við erum alfrjálsir að því að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin. Við vorum að gera fríverslunarsamning við Tyrkland, m.a. um fríverslun með fisk. Það er þó allavega 60 milljóna markaður. Og við erum að gera slíka samninga við Tékkóslóvakíu, Ungverjaland og Pólland og kemur þessum samningi ekkert við. Við erum alfrjálsir í því efni.

Þá er spurt: Já, en er þetta ekki bara bráðabirgðasamningur? Eru ekki Norðurlöndin öll að ganga í Evrópubandalagið og EFTA-ríkin? Staldrið nú við. Þeim mun þýðingarmeira var það út frá íslenskum hagsmunum að ná þessum samningi vegna þess að þessi samningur blívur út af fyrir sig og hann tryggir okkar brýnustu viðskiptahagsmuni. Þeir sem eru mest á móti því að það komi til álita að Ísland gangi í Evrópubandalagið, og ég er einn í þeim hópi, að óbreyttri fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins kemur það ekki til greina og ég er alveg sannfærður um að það er enginn stjórnmálamaður á Íslandi og enginn stjórnmálaflokkur sem heldur öðru fram; út frá sjónarmiðum slíkra manna er það auðvitað stórkostlegt að hafa náð þessum samningi sem tryggir þessa hagsmuni og þennan aðgang okkar að innri markaði Evrópu og þessu 380 millj. markaðssvæði án nokkurra skuldbindinga um inngöngu í Evrópubandalagið.

Það er spurt síðan að því er varðar sjávarútvegsmálið: Hvernig er það eiginlega? Er það rétt að það sé kannski sýnd veiði frekar en gefin þessi tollaniðurfelling á unnum vörum, hvort heldur það eru saltfiskur, saltfiskflök, síldarflök eða t.d. neytendapakkningar frystar? Við höfum tollfrelsi á þeim fyrir ef við vildum taka upp máltíðaframleiðslu. Svarið þetta: Þeir tollar sem eftir standa eru svo lágir að þeir eru ekki viðskiptahindrun. Það er staðreynd að með þennan samn-

ing í höndunum eru komin algerlega ný starfsskilyrði fyrir íslenskan sjávarútveg og fiskvinnslu.

Þá eru það stóru spurningarnar: Felur þessi samningur í sér afsal á fullveldi? Svarið er nei. Hann gerir það ekki. Það er ekkert afsal á löggjafarvaldi Íslendinga. Það gerist ekkert. Þessi samningur verður auðvitað borinn undir Alþingi Íslendinga. Það er á valdi Alþingis Íslendinga að samþykkja hann eða hafna honum. Það verða engar ákvarðanir teknar um ný lög eða reglur nema Alþingi Íslands samþykki það. Það er ekkert framsal á löggjafarvaldi til einhvers yfirþjóðlegs valds. Það eru engar ákvarðanir teknar í æðstu stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins nema með samstöðu. Þar fara engar atkvæðagreiðslur fram. Það er engin þjóð borin ofurliði.

Sama máli gegnir með framkvæmdarvaldið og sama máli gegnir með dómsvaldið vegna þess að það segir sig sjálft að þegar við erum að mynda almennar reglur á viðskiptasviðinu á þessum hinum stóra markaði, þá þýðir það að við erum að óska eftir því sem smáþjóð að þessar reglur verði samræmdar. EFTA setur upp eftirlitsstofnun til þess að framfylgja því í framkvæmd. Og það er sjálfstæður EES-dómstóll sem kveður síðan upp úrskurði í ágreiningsmálum sem upp koma milli samningsaðilanna, ríkjanna. Þetta er ekkert framsal á valdi Hæstaréttar. Þetta er ekkert framsal á valdi íslenskra dómstóla. Þetta er gerðardómur um alþjóðlegar leikreglur og er satt að segja alveg nothæf samlíkingin um íþróttakappleik. Við höfum ekki sérreglur um íslenskan fótbolta, er það, hv. þm.? Eða sérreglur um íslenskan handbolta? Við förum eftir alþjóðlegum reglum, kveðjum stundum til í landsleikjum alþjóðlega dómara vegna þess að í alþjóðlegum samskiptum eiga að gilda lög og reglur. Og það er smáþjóðum meira hagsmunamál en nokkrum öðrum að það verði farið að lögum og reglum og hnefarétturinn ekki látinn gilda. Það er vegna þess að það er ekkert afsal réttinda í þessum samningi sem með hann á að fara eins og aðra slíka samninga, nefnilega leggja hann fyrir Alþingi og það er stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að það sé ekkert tilefni til þjóðaratkvæðagreiðslu þess vegna.

Virðulegi forseti. Þessi samningur er að mínu mati vegabréf okkar Íslendinga inn í 21. öldina. Hann er að því er varðar mikilvægi a.m.k. sambærilegur við stærstu ákvarðanir sem teknar hafa verið í sögu íslenska lýðveldisins eftir stríð, ákvörðunina um inngöngu okkar í Atlantshafsbandalagið og ákvarðanirnar um stækkun landhelginnar. Við höfum með þessum samningi tryggt brýnustu þjóðarhagsmuni frammi fyrir þróun mála í Evrópu gagnvart stærsta markaðssvæði okkar sem tekur við 75% af okkar vöruútflutningi og okkar sjávarafurðaútflutningi, tryggt aðild okkar að þeim efnahagsávinningi sem er í boði á þessum 380 milljóna markaði með öflugasta kaupmátt í heimi.

Við höfum með þessum samningi tryggt það í fyrsta sinn í sögunni að uppistöðuatvinnuvegur okkar, sjávarútvegurinn, nýtur sambærilegra viðskiptakjara á við aðrar atvinnugreinar. Við tryggjum okkur hlutdeild í því hagvaxtarskeiði, í því vaxtarskeiði, í þeim verðlækkunum, í þeim lífskjarabata sem fram fer núna við samrunaferilinn í Evrópu. Við tryggjum hlutdeild okkar í þátttöku í vísindum, í rannsóknum, í samstarfi á menntasviði. Við tryggjum hag okkar og samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að brjóta á bak aftur fákeppni hins íslenska fjármagnsmarkaðar. Við erum hér að tala um mál sem skírskota til hagsmuna neytenda vegna þess að samkeppnin mun aukast og þrýstingurinn á að draga úr einokun og fákeppni í íslensku þjóðfélagi sem er eitt okkar stærsta hagsmunamál. Það er í þeim anda. Þetta er í þágu neytenda. Þetta er í þágu unga fólksins á Íslandi. Þetta er í þágu landsbyggðarinnar að svo miklu leyti sem þessi samningur er alveg sérstaklega hagkvæmur íslenskum sjávarútvegi. Þetta er í þágu vaxandi þjónustugreina. Þetta er til þess að auðvelda okkur að renna fleiri traustum stoðum undir íslenskt atvinnulíf. Með öðrum orðum, þetta er samningur sem gefur okkur tækifæri og nú er það undir sjálfum okkur komið hvernig við nýtum tækifærið.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. nefndi þennan samning farseðil okkar inn í 21. öldina, eða ég hygg að hann hafi notað þau orð. Með því lýsir hann að sjálfsögðu mikilvægi þessa samnings. Ég get tekið undir það með hæstv. utanrrh. að samningurinn er ákaflega mikilvægur og líklega mikilvægari en þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu. Ég vil ekki bera hann saman við útfærslu landhelginnar. Það var alveg sérstakt mál. En mér kemur á óvart að hæstv. utanrrh. getur ekki hugsað sér að fallast á að samningurinn verði lagður fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu þegar hann er svo mikilvægur.

Í þessari umræðu náum við ekki að ræða nema lítinn hluta þessa gífurlega samnings. Ég tel mig vera kunnugri þessum samningi en margir aðrir en því fer víðs fjarri að ég hafi haft tækifæri til að kynna mér nema brot af samningnum. Við framsóknarmenn erum ákveðnir í því að skoða þennan samning mjög vandlega. Við göngum ekki í þá skoðun með neina glýju í augum. Við erum ekki þeirrar skoðunar að við höfum fengið allt fyrir ekkert eins og hæstv. utanrrh. hefur haft eftir einum starfsfélaga sínum. Því fer víðs fjarri að mínu mati.

Ég ætla að reyna í þessum orðum að draga upp nokkra mynd af kostum og göllum þessa samnings. Ég ætla að reyna að gera mér og ykkur nokkra grein fyrir því hvaða kostir kunna að fylgja því að taka þátt í þessum samningi, taka þátt í þeim samruna sem hæstv. utanrrh. talar um í Evrópu og hvaða ókostir, því að mínu mati er hvort tveggja að finna í þessum samningi. Þar er að finna kosti og þar er líka að finna stóra ókosti. Það er að finna stórar hættur í þessum samningi. Það er að finna hættur í því að taka þátt í EES og í þessum samningi. Það er að finna hættur bæði í því að taka þátt og líka hættur í því að vera fyrir utan. Þetta er áreiðanlega langsamlega viðamesti samningurinn sem við höfum gert á alþjóðlegum vettvangi og

sá sem getur haft hvað mestar og örlagaríkastar afleiðingar fyrir þjóðina.

Við settum fram óskir okkar um að taka þátt í þessu viðræðuferli í mars 1989 og þá settum við fram okkar óskir og kröfur um fyrirvara. Fyrsta ósk okkar og sú sem við lögðum höfuðáherslu á var að fá fullt tollfrelsi fyrir sjávarafurðir. Við höfum ekki fengið það. En ég hlýt að viðurkenna að ef náðst hefur 95–96% tollfrelsi, þá er það meira en ég bjóst við fyrir nokkrum dögum. Og við hljótum að skoða það mjög vandlega sem hefur náðst. Við höfum rætt það í utanrmn. í morgun og fengið ýmsar skýringar, en við þurfum að skoða það, hygg ég, töluvert betur, t.d. að gera okkur enn gleggri grein fyrir því hvort fullunnar sjávarafurðir í neytendapakkningum eru með það lága tolla að ekki valdi neinum vandræðum á því mikilvæga sviði. Þarna er líka um það að ræða ef slíkar vörur eru blandaðar með öðru, t.d. landbúnaðarafurðum. Falla þær þá undir þessa lægri tolla, o.s.frv.? En ég vil taka það fram á þessari stundu að ég tel að tollfrelsi með sjávarafurðir hafi mjög mikið náðst og vissulega er það mikils virði fyrir íslenskan sjávarútveg.

Með fyrirvarana hins vegar eru fleiri vafaatriði að mínu mati. Það er hárrétt hjá hæstv. utanrrh. að við tókum þann kostinn í síðustu ríkisstjórn að flytja á Alþingi frv. til laga um erlenda fjárfestingu og ég vil gjarnan orða það svo að setja þar í girðingu fyrir erlenda fjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi og frumvinnslu sjávarafurða. Mér sýnist að þetta haldi. Samkvæmt þeim gögnum sem við höfum séð eru ákvæði hinna nýju laga viðurkennd af okkar viðsemjendum.

En í þessum sömu lögum eru ýmis önnur ákvæði. Þar er t.d. ákvæði um eignaraðild útlendinga að íslenskum bönkum og leyfi til að setja hér á fót banka. Heldur það? Mér skilst að það muni ekki halda eftir 1996 þegar fullt frelsi verður á flutningi fjármagns. Með öðrum orðum verði þessi ákvæði að falla út? Hvaða stefnu ætlar þá hæstv. núv. ríkisstjórn, og vonandi ný þegar kemur að 1996, að hafa í þessu sambandi? Er það enn þá svo að þessi ríkisstjórn ætlar sér að einkavæða bankana og jafnvel selja? Ég vara mjög við slíkri stefnu. Að mínu mati kemur hún alls ekki til greina í þeirri stöðu sem við erum nú að horfast í augu við í sambandi við þennan samning. Það hlýtur að verða nauðsynlegt að hafa öflugan íslenskan banka sem getur staðist þá samkeppni sem verður á fullkomlega frjálsum bankamarkaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Það eru líka önnur ákvæði í þeim lögum sem mér skilst nú að öll þurfi að víkja, við þurfum þá að meta hvort við þolum það, t.d. ákvæði um hámarksfjárfestingu erlendra aðila í íslenskum iðnaði sem samkvæmt lögunum, ef ég man rétt, er bundin við 250 millj. kr. á ári. Í lögunum eru ákvæði um það að erlendir einstaklingar þurfi að vera búsettir hér í eitt ár áður en þeir fá sama rétt og Íslendingar til fjárfestingar í landinu. Ég skil það svo að þetta allt þurfi að víkja. Við þurfum að borga m.a. með því að þurrka út öll slík ákvæði. Að sjálfsögðu hljótum við að þurfa að meta það hvort við viljum undirgangast þessar breytingar á lögum um erlenda fjárfestingu. Og reyndar er fleira þarna í, t.d. er sumt háð samþykki viðskrh. svo að eitthvað sé nefnt. Þarf það líka að víkja? Getum við ekki haft slíkt eftirlit með erlendri fjárfestingu? Ég fyrir mitt leyti hef ekki fengið þetta nægilega upplýst en viðurkenni það að þegar við settum þessi lög var okkur ljóst að við kynnum að lenda í erfiðleikum með sum þessi atriði. En ég gerði mér vonir um að okkar samningamenn mundu beita sér fyrir því að við fengjum engu að síður að halda slíkum sérákvæðum fyrir þessa litlu þjóð.

Annar stór fyrirvari sem við vorum með og hæstv. utanrrh. segir að engum vandræðum valdi er fyrirvari um erlenda fjárfestingu í orkulindum. Okkur var tjáð að þessi fyrirvari muni halda svo lengi sem virkjun orkulinda er einkaréttur ríkisins. Svo er um vatnsaflið, svo er ekki enn þá um jarðhitann en ég tel að það hafi orðið samkomulag um það í síðustu ríkisstjórn að svo yrði einnig um hann. En nú lesum við í hvítri bók að það eigi jafnvel að einkavæða orkufyrirtækin og selja þau einstaklingum. Og við hljótum að spyrja: Er það virkilega svo? Og það hlýtur að ráða mjög afstöðu okkar til þessa máls í heild sinni. Er það virkilega ætlun hæstv. ríkisstjórnar að einkavæða orkufyrirtækin og hverjir kaupa þau þá? Hverjir kaupa þá orkufyrirtækin okkar? Ætli það verði ekki þeir sömu sem kaupa bankana, erlend stórfyrirtæki? Þetta er mjög stórt atriði sem við verðum að fá svör við sem allra fyrst.

Þriðji fyrirvarinn, sem ég vil nefna og reyndar tengist flutningi fjármagns og var í fyrstu felldur undir það en síðan rætt alveg sérstaklega um, eru kaup á landi. Um þennan fyrirvara er reyndar fjallað í lögum um erlenda fjárfestingu hér á landi. Þar eru sérákvæði sem segja að til að kaupa fasteign hér á landi þurfi maður að vera íslenskur ríkisborgari eða hafa verið búsettur hér í fimm ár. Samkvæmt grundvallaratriðum þessa samnings munum við ekki geta haldið kröfu um ríkisborgararétt, en líklega um fimm ára búsetu.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að þetta mál var rætt í fyrri ríksstjórn þegar í október í fyrra og einnig rétt að breytingar á lögum um landareign, og kannski ýmsum lögum, voru ekki undirbúnar af fyrri ríkisstjórn. Hins vegar vek ég athygli á því að þessi ríkisstjórn hefur bráðum setið í sex mánuði og ég trúi ekki öðru, fyrst svo mikil áhersla er lögð á þetta, en að hæstv. núv. landbrh. hafi þessar reglur tilbúnar. Við höfum séð ýmislegt í þessu sambandi. Við höfum séð reglur sem Írar hafa sett, ef ég man rétt, um sjö ára búsetu og við vitum um reglur sem Danir hafa sett o.s.frv. Við höfum séð meðferð á þessu fyrir dómstólum þannig að það liggur æði miklu meira fyrir nú í raun heldur en lá fyrir þegar málin voru rædd í október á sl. ári. Og ég spyr: Er þetta tilbúið? Við hljótum að þurfa að sjá þessar girðingar, sem svo eru kallaðar, áður en við getum gert upp hug okkar til samningsins í heild sinni.

Ég hef aldrei nokkurn tíma lýst því að ég telji að hæstv. utanrrh. vilji selja landið. Mér dettur það ekki í hug. Engu að síður finnst mér satt að segja landakaup í þessari umræðu of mikið takmörkuð við kaup á landi í ágóðaskyni. Hvað er ágóðaskyn? Er það í ágóðaskyni að kaupa upp einn dalinn til að útbúa þar

sumarsetur fyrir forustumenn fyrirtækisins? Að leyfa þeim að veiða í ánni eða ganga til rjúpna á haustin? Er það í ágóðaskyni? Ég held það kunni að reynast erfitt að sanna að það sé í ágóðaskyni og ég vara við slíkri túlkun. Það ber að takmarka og koma í veg fyrir landakaup eins og hægt er. Ég viðurkenni að það er ætíð hægt að fara á bak við slík ákvæði, því miður, og kannski gert þegar í dag en það ber að koma í veg fyrir meiri háttar eign erlendra aðila að íslensku landi, og ég kalla það meiri háttar eign ef erlendur aðili eignast hér dal. Menn hafa nánast haft í flimtingum hvort það sé meiri háttar eign ef erlendur aðili kaupir Laxárdal í Dalasýslu. Svo sannarlega er það meiri háttar eign. Þarna er um svo mikilvægt ákvæði að ræða og stóra hluti að við hljótum að biðja um upplýsingar um það sem allra, allra fyrst og ég ætla ekki hér á þessari stundu að bollaleggja um það hvernig þetta megi gera. Þetta er, held ég, mjög flókið lagalegt mál en mál sem verður að leysa.

Aðrir fyrirvarar sem við settum voru í fyrsta lagi að við undirgöngumst ekki yfirþjóðlegar stofnanir. Ég tel að þess sé gætt. Ég viðurkenni að vísu að dómstóllinn er það að nokkru leyti. Ég er óánægður með skipan dómstólsins og ég hef hvað eftir annað spurt að því hvers vegna í ósköpunum var ekki unnt að skipa dómstólinn jafnt frá báðum aðilum. Það er miklu meira sannfærandi því að málefni sem fyrir dómstólinn koma eru jafnstór fyrir báða aðilana þó að aðrir séu tólf og hinir séu sex. Það breytir engu og eftir að ég hef rætt þetta við íslenska sérfræðinga í lögum hef ég líka fengið sama álit, að það sé mjög óviðeigandi að dómstóllinn er ójafnt skipaður.

Því miður er líklega engu hægt að breyta í þessum samningi. Þó að stafir hafi ekki verið settir undir hann hefur hann náttúrlega verið bókaður sem samþykktur í fundargerðum en ég hlýt að láta þetta koma fram sem athugasemd við þennan samning.

Ég hef nú rakið meginfyrirvara og hæstv. utanrrh. segir að þeirra sé allra gætt og þeir séu allir tryggir. Ég get ekki að öllu leyti fallist á það og alveg sérstaklega með landakaupin. Reyndar á ég eftir að nefna einn fyrirvara sem er stór og það eru fólksflutningar sem við höfum ætíð verið sammála um að yrði að vera unnt að takmarka. Hæstv. utanrrh. segir að það sé í lagi með þessu sérstaka ákvæði, sem eigi fyrst og fremst við Ísland, sem heimilar viðkomandi ríki, í þessu tilfelli okkur Íslendingum, að grípa til ráðstafana ef samningurinn valdi einhverjum erfiðleikum á einstökum sviðum efnahagslífs í viðkomandi landi. Og það segir, ef ég man rétt, um þetta eins og það er bókað: Meiri háttar röskun eða hvað við viljum kalla það.

Hvað er meiri háttar í þessu sambandi? Hvað þarf atvinnuleysi hér að vera orðið mikið til að talist geti meiri háttar? Í þessu sambandi er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fá mjög góðar upplýsingar um öll réttindi og skyldur okkar gagnvart því fólki sem hingað kemur til landsins undir þessu frelsi. Þar er um gífurlega stórt mál að ræða. Njóta slíkir aðilar t.d. réttinda hér í tryggingum, í ellilífeyri eða almannatryggingum o.s.frv.? Hver eru réttindi þessara aðila og hverjar eru skyldur okkar gagnvart þeim aðilum sem hingað koma? Það er mjög athyglisvert sem forseti Alþýðusambands Íslands segir í viðtali í einu dagblaðinu í morgun að afstaða hans til þessa samnings muni fara eftir því hvernig farið verður með hin ýmsu félagslegu ákvæði. Ég spyr t.d.: Hvað um þá skyldu að vera í verkalýðsfélagi hér á landi? Heldur hún? Reyndar get ég sagt strax að mér hefur skilist á fundum sem ég hef átt að hún haldi ekki. Þetta er vitanlega mjög stórt atriði sem verkalýðshreyfingin hlýtur að vega og meta. En mér þótti athyglisvert að forseti ASÍ skyldi láta þessi orð falla þótt mér sé kunnugt um að töluverðar viðræður hafi farið fram um þessi mál. Er þá ýmislegt þarna enn sem ekki liggur ljóst fyrir? Þetta er mjög stórt atriði í þessu máli öllu saman.

Loks vil ég minna á það að þessi samningur er meira en samningur um svokallað fjórfrelsi sem ég hef nú farið í gegnum. Hann er líka samningur um fjölmörg jaðarverkefni. Sum sem okkur voru ljós og önnur sem mér sýnast hafa komið inn í í miklu ríkara mæli en áður var. Hæstv. utanrrh. nefndi t.d. samræmingu á heilbrigðiskröfum og á flutningi dýra á milli landa o.s.frv. En önnur jaðarverkefni eru t.d. rannsóknastarfsemi og ég fagna öllu samstarfi þar. Við getum vissulega átt það engu að síður, en það má ekki láta sem svo að við fáum það líka fyrir ekki neitt. Við þurfum að greiða fyrir okkar samstarf í slíkum verkefnum. Við þurfum að leggja í púkkið og við höfum alls ekki gert það í svo ríkum mæli að það hafi í raun dugað. Við þurfum að bæta þar mjög miklu við og ég óttast að hæstv. fjmrh. þurfi að sjá af töluverðu fjármagni ef þetta samstarf á að koma okkur að tilætluðum notum. En ég fagna því ef það verður þá loksins til þess að við mönnum okkur upp í að leggja miklu meira fjármagn til rannsókna heldur en við höfum gert á undanförnum árum.

Sama er reyndar að segja um menntasviðið. Mér er tjáð að EB hafi ekki fallist á það að EFTA-ríkin fái fullan aðgang að menntastofnunum og með sömu skólagjöldum og innlendir námsmenn og upplýst er að þetta muni vera eitt af því fáa sem Brussel hefur ekki enn tekið undir miðstjórnarvald sitt. Þetta verði sem sé á valdi einstakra ríkja. Það er þá eflaust ekkert við því að gera, en engu að síður er viljayfirlýsing um að vinna að því að samræma slíka hluti. Það er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að hafa sem greiðastan aðgang að menntastofnunum í Evrópu. Æskufólk okkar leitar framhaldsmenntunar erlendis og skoða þarf mjög vandlega hvernig þetta verður sem best tryggt. Þetta er eitt af því í þessum samningum sem við höfum lengi litið til sem mjög mikilvægt jaðar- eða hliðarverkefni. Reyndar eru jaðarverkefnin mjög mörg. Mig minnir að hæstv. utanrrh. hafi sagt á fundi utanrmn. í morgun, ég vona að ég sé ekki að upplýstra neinu leyndarmáli, að þau skipti tugum eða eitthvað svoleiðis. Jaðarverkefnin eru mjög mörg og við þurfum að sjálfsögðu að kynna okkur þau miklu betur.

Ég hef leitast við að rekja hér í hraðferð ýmislegt af því sem við þurfum að skoða. En svo þurfum við náttúrlega að gera margt upp við okkur því að samning-

urinn er alls ekki algóður og það er alls ekki svo að við fáum allt fyrir ekkert, því fer víðs fjarri. Hverju fórnum við? Jú, hér verður þá fullt frelsi í fjármagnsflutningum. Við skulum segja að við náum öllu hinu, að stöðva landakaupin og ýmislegt af því sem ég hef nefnt og koma í veg fyrir slíkt, en hér verður fullt samkeppnisfrelsi í öllum þjónustugreinum, bankastarfsemi þar með talin. Það getur vel verið að úr þessu komi, og vonandi að vextir lækki verulega því að þeir eru miklu hærri hér en í nokkru þeirra landa sem við erum að semja við og við skulum segja líka að tryggingar geti lækkað. Tryggingar hér eru hærri. En það getur vel farið svo að við fórnum þá okkar eigin tryggingafélögum. Ég nefni dæmi. Standast þau slíka samkeppni? Hefur það verið athugað hvernig þau geta það? Ég tel afar mikilvægt að innlend tryggingafélög hafi starfsgrundvöll. Og við erum að fórna mjög miklu ef öll innlend tryggingarfélög leggjast af og ég tala ekki um það eins og ég hef áður nefnt með bankana. Svo sannarlega erum við að kaupa aðgang að Evrópsku efnahagssvæði með því að opna slíka fyrir erlendum aðilum, miklu fleira en ég get á þessum skamma tíma nefnt hér og nú. Og ég trúi því, að hinir erlendu aðilar meti það einhvers. Þess vegna eru þeir að semja við okkur.

Ég segi, þarna eru kostir og gallar, lækkun fyrir neytendur í besta falli en e.t.v. mjög mikilvægri, innlendri starfsemi fórnað. Síðan kemur e.t.v. allra stærsta spurningin af öllu saman. Og hún er þessi: Er þetta betri varnarstaða fyrir okkur Íslendinga gagnvart inngöngu í Evrópubandalagið en að vera alveg fyrir utan?

Ég fagna sannarlega þeim yfirlýsingum, sem hafa komið frá hæstv. ráðherrum, um að innganga í Evrópubandalagið komi ekki til greina. Ég hlýt þó enn einu sinni að gera athugasemd við það sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að það kæmi ekki til greina, að því er mér skildist eingöngu, að óbreyttri fiskveiðistefnu eingöngu. Það er stórt atriði. Ég er honum sammála um það. Óbreytt fiskveiðistefna útilokar náttúrlega okkar aðild. En það er miklu fleira sem útilokar okkar aðild, miklu, miklu, miklu fleira. Ef við gerumst aðilar að EB göngumst við undir miðstýringuna frá Brussel, hið yfirþjóðlega vald. Og við munum aldrei geta losað okkur þaðan og við munum dragast inn í þetta 400 milljón manna mannhaf og hverfa. Það er sannfæring mín. Og sömuleiðis er það vitanlega fleira sem við getum nefnt, þá getum við ekki stöðvað landakaupin og haft neinar sérreglur. Við getum í mesta lagi fengið einhverja smávegis aðlögun svo að ég hlýt að gera athugasemd við það að það sé hin sameigilega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins sem útilokar það. Það er sem sagt miklu fleira. Er betra að stöðva sig með þennan samning en að gera engan samning? Við höfum eftir sem áður ágætan viðskiptasamning. Við höfum bókun 6 og við getum vissulega breytt öðrum hlutum eins og okkur sýnist, mörgum hverjum. Við fáum hins vegar ekki þessa 1,7 milljarða í niðurfellingu tolla og við fáum eflaust ekki þá lækkun á tryggingagjöldum og vöxtum sem ég nefndi áðan sem dæmi, en við höldum okkar stofnunum, við höldum náttúrlega okkar sjálfstæði og það er náttúrlega hin mesta vitleysa að segja að einhverju af okkar fullveldi sé ekki fórnað. Vitanlega er einhverju fórnað með sérhverjum svona viðamiklum samningi. Við höldum því meira óskertu ef við göngum ekki í EES.

Ég verð að viðurkenna að á þessari stundu hef ég ekki svar við þessari spurningu. Og þetta er sú spurning sem ég fyrir mitt leyti vil kanna mjög vandlega á næstu vikum. Hvernig líta Íslendingar á þetta mál? Er það rétt sem hæstv. utanrrh. hefur fullyrt að krafan um fulla aðild verði miklu háværari ef við erum þarna einir fyrir utan? Er það rétt? Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt. En ég vil fá að kanna það miklu betur.

Virðulegur forseti. Eins og hæstv. utanrrh. hefur sagt, þetta kann að vera farseðill okkar inn í 21. öldina og við hér á Alþingi þurfum að skoða þann farseðil mjög vandlega. Spurningin er: Förum við á 1. farrými eða í lest? Það er áreiðanlega ekkert unnið við að fara í lest. Við viljum þá fara á 1. farrými. Og ég vona að allir Íslendingar geti sameinaðst um það að tryggja okkur, ef við gerumst aðilar, 1. farrými inn í 21. öldina.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Með þeim samningum, sem hér eru til umræðu og efnislega lauk á ráðherrafundi EFTA og Evrópubandalagsins í Lúxemborg aðfaranótt þriðjudags, höfum við Íslendingar tryggt okkur stöðu í nýrri Evrópu. Við höfum tryggt okkur stjórnmálalega, við höfum tryggt okkur efnahagslega og við höfum tryggt okkur viðskiptalega. Það er því engum blöðum um það að fletta að hér eru til umræðu einhverjir viðamestu og þýðingarmestu samningar sem Íslendingar hafa gert. Það sem mestu máli skiptir er þó það að við höfum gert þessa samninga og tryggt stöðu Íslands í nýrri Evrópu á okkar eigin forsendum.

Við erum sammála um það að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina þegar af þeirri ástæðu að sameiginleg sjávarútvegsstefna þess gengur gegn íslenskum hagsmunum. Með þeim samningum, sem hér er verið að fjalla um, erum við að tryggja aðild okkar að hinu nýja efnahags- og viðskiptasamstarfi Evrópu án þess að fórna þessum þjóðarhagsmunum. Fyrir þá sök erum við að tryggja stöðu okkar á okkar eigin forsendum, á íslenskum forsendum. Það er það mikilvæga í þessu máli.

Hér er um að ræða gagnkvæma samninga. Við höfum rætt um fjórþætt frelsi. Við erum að ræða um frelsi í viðskiptum, á fjármagnsmarkaði og á vinnumarkaði. Vitaskuld hefur þetta miklar breytingar í för með sér og það felur í sér gagnkvæma hagsmuni allra þeirra sem hér eiga hlut að máli. Það er rétt að aðrar þjóðir öðlast hér réttindi til athafna sem þær hafa ekki haft áður. Við öðlumst sams konar rétt á vettvangi annarra þjóða og teljum okkur tryggja stöðu okkar betur með þeim hætti. Við ætlum með þessu að láta samkeppni knýja fram meiri vöxt og meiri verðmæti og tryggja á þann veg betri lífskjör fólksins í landinu. Við þurfum ekki síst á því að halda nú þegar við vitum að hráefn-

isauðlindin er takmörkuð og verður takmörkuð á næstu árum.

Það er athyglisvert við lyktir þessara samninga sem hafa staðið um alllangan tíma að fjórir af fimm flokkum Alþingis hafa með beinum hætti tekið stjórnskipulega ábyrgð og pólitíska ábyrgð á framgangi þessara samninga þó að vitaskuld séu ekki aðrir pólitískt ábyrgir fyrir lokaniðurstöðunni en þeir flokkar sem standa að núverandi ríkisstjórn. Því hafa fjórir flokkar á Alþingi mótað þá stefnu að æskilegt sé að tengjast Evrópubandalaginu með þeim hætti sem Evrópska efnahagssvæðið gerir ráð fyrir þó að menn hafi vafalaust innan allra flokka ólíkar skoðanir um það sem gera hefði þurft fyrirvara um eða gera mætti fyrirvara um.

Í heild hygg ég að ekki fari á milli mála að hér er um að ræða mikinn ávinning fyrir Ísland. En vitaskuld leiða allar breytingar af þessu tagi til þess að menn þurfa að horfast í augu við nýjar aðstæður. Allar breytingar kalla á endurmat og allar breytingar eru þess eðlis að menn verða að vega og meta kosti. Eftir sumu kunna menn að sjá, aðrar breytingar verða augljóslega til bóta og ný sóknartækifæri gefa okkur möguleika.

Staða sjávarútvegsins er og hefur verið mikilverðust í þessum samningum og þýðingarmest út frá íslenskum hagsmunum fyrir þá sök að sjávarútvegurinn er meginauðsuppspretta Íslendinga og mun verða það um mörg ókomin ár. Hann er undirstaða gjaldeyristekna og verðmætasköpunar og velferðar í landinu.

Staða okkar Íslendinga í viðræðunum hefur að sumu leyti verið þrengri en annarra þjóða fyrir þá sök að sérstaða okkar hefur verið meiri en annarra. Við erum í fyrsta lagi fámennari en aðrir sem tekið hafa þátt í þessum samningum. Við byggjum atvinnu okkar á einhæfari grundvelli en aðrar þjóðir og við höfum byggt höfuðframleiðslu okkar og meginframleiðslu og meginútflutningsafurðir á sviði sjávarútvegs sem er ekki þáttur í hinu fjórþætta frelsi sem Evrópska efnahagssvæðið snýst um. Það hefur því verið vandaverk að tryggja stöðu okkar vegna þessara aðstæðna. Og vitaskuld gátu komið upp bollaleggingar um að við hefðum hugsanlega átt að fara með öðrum hætti í þessar viðræður til að tryggja íslenska hagsmuni en ég held að niðurstaðan sé ótvírætt sú að um það getur ekki orðið ágreiningur eftir á vegna þess að á þessu meginsviði höfum við náð meiri árangri en við gátum frekast vænst.

Við byrjuðum þessar viðræður með sameiginlegri kröfu EFTA-landanna um fríverslun með fisk sem felur í sér afnám allra tolla og allra styrkja. Slík grundvallarákvörðun hafði áður verið tekin innan EFTA. Evrópubandalagið hafnaði því að semja við okkur á þessari forsendu vegna þess að það heldur enn við það að halda sjávarútvegi og landbúnaði utan þessarar grundvallarreglu í viðskiptum þjóða í milli. Páv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að halda viðræðunum áfram og samningaumleitunum áfram á nýjum grundvelli þó svo að Evrópubandalagið hafi hafnað því að semja á þessari forsendu. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt og eðlilegt, ekki síst í ljósi þeirrar niðurstöðu sem nú er fengin. Við erum því ekki með samningsniðurstöðu í höndum sem knýr Evrópubandalagið til þess að hætta öllum styrkjum. Við hefðum kosið að ná þeim árangri en fyrir lífandis löngu var það mál afgreitt út af borðinu og þáv. ríkisstjórn taldi það ekki ástæðu til þess að ljúka samningum eða ganga frá þeim.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins hefur líka gert það að verkum að við höfum mætt kröfu um einhliða aðgang að íslenskum auðlindum í skiptum fyrir tollaívilnanir. Það hefur verið breið og almenn samstaða um það meðal Íslendinga og allra flokka á Alþingi að hafna þessari kröfu og samningsniðurstaðan tryggir okkur að við getum gengið til nýja samstarfsins án þess að gefa eftir í þessu efni. Við höfum náð samningsmarkmiði okkar fram.

Evrópubandalagið sótti einnig á um fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi og þó að við göngumst almennt í samningunum inn á þá meginreglu að gagnkvæmur réttur til fjárfestinga verði fyrir hendi þá hlutum við að setja fyrirvara að því er varðar íslenskan sjávarútveg vegna þess að ella hefðu ríki Evrópubandalagsins komist bakdyramegin inn í íslenska landhelgi með kaupum á fyrirtækjum sem hefðu rétt til útgerðar og fiskvinnslu. Það er mjög mikilsverður árangur í þessum samningum að hafa haldið þeim fyrirvara. Öllum er kunnugt um hversu hart var á þá sótt að við létum undan í þessu efni og um það stóð lokasnerran í samningunum hvort undan þessu yrði látið eða ekki og það var mjög ánægjulegt að ná þessari niðurstöðu tollamegin án þessað þurfa að gefa eftir á þessu sviði. Það er reyndar meginatriði af okkar hálfu.

Fyrir íslenskan sjávarútveg verða miklar breytingar með samningunum. Sjávarútvegurinn hefur á grundvelli bókunar 6 notið mjög víðtæks tollfrelsis. Um 60% tollfrelsi hefur gilt á grundvelli bókunar 6. En við höfum greitt umtalsverðar upphæðir í tolla eða réttara sagt, mjög umtalsverðar upphæðir sem greiddar hafa verið í tolla hafa skert og veikt samkeppnisstöðu okkar á þessum mörkuðum, hindrað sókn okkar inn á þá með nýjar vörur og skert samkeppnisstöðuna innbyrðis í íslenskum sjávarútvegi, en um 2100 millj. kr. hafa verið greiddar í tolla vegna innflutnings á íslenskum sjávarafurðum til Evrópu. Langstærstur hluti þessara tolla fellur niður við upphaf samningsins en þá má heita að við höfum fellt niður tolla af um 76% útflutningsframleiðslunnar til Evrópu. Í áföngum lækka svo tollarnir til viðbótar fram til 1. janúar 1997 og þá höfum við fellt niður um 90% af öllum tollgreiðslum eins og þær voru á árinu 1990. Þegar saman er lagt það aukna tollfrelsi sem við fáum í samningunum og það tollfrelsi sem við nutum samkvæmt bókun 6 þá munum við njóta að loknum aðlögunartímanum tollfrelsis að því er varðar 95–96% af útflutningi okkar til Evrópubandalagsríkjanna. Það verður að teljast mjög mikilsverður árangur og alveg ótvírætt skapar það sjávarútveginum nýja stöðu.

Ef við lítum í hnotskurn á þá þætti sem hér koma við sögu þá er fyrst að geta þeirrar vöru sem kemur til tollaniðurfellingar þegar við upphaf samninganna. Þar er um að ræða saltaðan þorsk og öll söltuð flök en toll-

ar af þessum vörum voru tæplega 1 milljarður kr. vegna útflutnings á árinu 1990 eða um helmingur af öllum tollgreiðslum vegna íslenskra afurða inn á þennan markað. Þá falla einnig niður tollar af ferskum þorski, ýsu og ufsaflökum en umtalsverðar tollgreiðslur hafa verið á þessum vörum. Það sem mestu máli skiptir í þessu sambandi er þó það að hér gefast okkur tækifæri til nýrrar vöruþróunar og nýrrar sóknar inn á þennan markað. Það á einnig við um söltuðu síldarflökin, en þar hafa orðið mjög breyttar aðstæður eftir að Rússlandsmarkaðurinn brotnaði saman. Við þurfum nú að hasla okkur völl á nýjum mörkuðum og með nýrri vöruþróun að því er varðar síldina og það skiptir því mjög miklu máli að hafa með ótvíræðum hætti tryggt að tollur fellur niður af söltuðum síldarflökum. Það á einnig við um skreið, svo og tolla af ferskri og frosinni lúðu, grálúðu og flökum af þessum tegundum. Síðan tekur við fjögurra ára aðlögun sem stendur frá upphafi samninganna frá ársbyrjun 1993 til ársbyrjunar 1997. Á þeim tíma lækka tollar á velflestum öðrum vörum um 70%. Eftir stendur að tollar lækka ekki á humri og laxi. Í heild má segja að öllum tollmúrum hafi verið rutt úr vegi þó að óverulegir tollar standi eftir á takmörkuðum framleiðsluvörum. En kjarni málsins er sá að hér hafa verið skapaðar nýjar aðstæður til sóknar fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ég hef áður vikið að þeim þætti sem lýtur að fjárfestingu í sjávarútvegi. Við tryggjum það að núgildandi löggjöf í því efni stendur og þar með girðum við fyrir það að útlendingar komist bakdyramegin inn í landhelgina. Menn hafa verið að spyrja: Er ekki hægt að fara á bak við þessa samninga ef eitt fyrirtæki á í öðru og því þriðja og það kaupir svo aftur í útgerðarfyrirtæki? Ég ætla ekki að segja neitt til um það. Kjarni málsins er þó sá að í því efni er engin breyting frá núverandi stöðu. Ef þetta er hægt í dag, þá getur vel verið að það verði líka hægt eftir þessa samninga, en það verður ekkert frekar hægt eftir að þeir eru um garð gengnir heldur en núna því að fjárfestingarfyrirvarinn er þess eðlis að við megum halda löggjöf okkar eins og hún er. Sé vandamálið til í dag þá getur það verið til eftir þessa samninga og það er í raun og veru kjarni málsins. Samningarnir breyta engu þarna um.

Við höfum verið í viðræðum við Evrópubandalagið árum saman allt frá því að bókun 6 var gerð um gagnkvæman samning á sjávarútvegssviðinu. Það mál hefur verið tekið upp af flestum ríkisstjórnum og lýtur fyrst og fremst að því að gera samning um gagnkvæma samvinnu á sviði vísinda og rannsókna en jafnframt um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum innan tiltekinna marka. Og í tengslum við samningana er ákveðið að ljúka slíkri samningsgerð sem lengi hefur verið á döfinni og leiðir í sjálfu sér beint af bókun 6 á sínum tíma. Það er þess vegna ráð fyrir því gert að gera samning um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum að hámarki 3000 karfaígildi sem Evrópubandalagið fengi að veiða innan lögsögu okkar á móti því sem við fengjum u.þ.b 30 þúsund lestir af loðnu í grænlenskri lögsögu af kvóta sem Evrópubandalagið mundi kaupa af Grænlendingum. Hér er um gagnkvæm skipti að ræða, slétt skipti, sem geta þjónað hagsmunum beggja.

Það er ráð fyrir því gert að frá slíkum samningi yrði gengið einhvern tíma á næsta ári. En meginefni hans er takmörkun á gagnkvæmum skiptum veiðiréttinda. Við höfum lagt fram samningstilboð í þessu efni sem Evrópubandalagið hefur ekki mótmælt. Þar höfum við gert ráð fyrir því að meiri hluti aflans yrði langhali en minni hluti karfi. Evrópubandalagið hefur óskað eftir því að snúa þessum hlutföllum við. Það verður tekist á um það í þessum samningum. Við þurfum líka að framkvæma frekari rannsóknir á langhalastofninum.

Þessi samningur mun fela í sér, eins og við höfum gert Evrópubandalaginu grein fyrir og það hefur ekki gert athugasemdir við, að hér yrði um mjög fá skip að ræða. Það yrðu ekki verksmiðjuskip. Þau fengju aðeins að koma hér eftir að hafa fengið leyfi hvert fyrir sig. Þau kæmu hér á takmörkuðum tíma, mundu veiða á takmörkuðum, fyrir fram afmörkuðum svæðum. Þau yrðu að tilkynna komu sína inn í íslenska landhelgi til Landhelgisgæslunnar og tilkynna brottför, og um borð í hverju skipi yrði á kostnað útgerðaraðila íslenskur veiðieftirlitsmaður. Þannig yrði eins tryggilega frá því gengið og kostur er að skipin mundu í einu og öllu virða þær umgengnisreglur um auðlindina sem við sjálfir setjum. Ég tel þess vegna að þessi samningur um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum, sem gerður er í tengslum við aðalsamninginn, yrði okkur til hagsbóta. Hér er um samning að ræða sem er gagnkvæmur. Ef það kemur upp að annar hvor aðilinn getur ekki efnt skyldur sínar þá leiðir það af sjálfu sér að gagnaðilinn er leystur undan sínum skyldum því að þessi samningur er innbyrðis gagnkvæmur og hefur aðeins áhrif á sínu sviði.

Við gerum einnig ráð fyrir því, og það er hluti af þessum samningi, að á sama hátt og við höfum framkvæmt þá hluti gagnvart löndum Fríverslunarsamtakanna þá verði heimilaðar landanir á fiski frá þeim ríkjum sem eiga aðild að samningnum, þó þannig að væri verulegur ágreiningur um skiptingu á einstökum veiðistofnum þá höfum við rétt til þess að banna landanir á þeim tegundum í íslenskum höfnum. Þetta er í meginatriðum sama regla og gildir gagnvart ríkjum Fríverslunarsamtakanna.

Um þetta hefur stundum verið tekist á hér á Alþingi. Á síðasta kjörtímabili var meiri hluti neðri deildar þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að breyta íslenskri löggjöf að þessu leyti en efri deild á annarri skoðun. Ég held að hér sé um að ræða mjög eðlilega og sjálfsagða breytingu sem sé fyrst og fremst okkur Íslendingum til hagsbóta.

Í heild, frú forseti, þá er alveg ótvírætt að hér er um ræða mjög mikilvægan samning fyrir Ísland sem gefur okkur ný tækifæri. Við getum ekki vænst þess að taka meira hráefni úr sjónum á næstu árum. Kjarni málsins er sá að við getum ekki vænst þess að auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu með því að taka meira hráefni úr sjónum. Við þurfum þess vegna að einbeita okkur að því að þróa hér meiri fullvinnslu á afurðum, sækja meira fram á mörkuðunum og auka þannig verðmætasköpun þjóðarinnar og bæta lífskjörin. Þar eru

sóknarmöguleikar þjóðarinnar. Og þessi samningur er forsenda þess að þessi dugmikla og athafnasama þjóð geti bætt lífskjör sín með þeim hætti. Það er kjarni málsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér er ljúft að staðfesta allt það sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan um samskipti utanrmn. og ráðuneytisins. Það hefur allt verið með ágætum þessa daga. Það hafa verið haldnir einir fimm formlegir fundir nú á rúmlega tveimur sólarhringum og annríki hefur því verið mikið. Við höfum fengið jafnóðum allar þær upplýsingar sem samninganefndarmenn höfðu en það er svo annað mál að þær upplýsingar voru takmarkaðar. Það er enn ekki búið að ganga endanlega frá textum á því sem verið var að ræða um þarna úti og raunar upplýsti ráðherra okkur um það áðan og búast má við því að það taki þó nokkra daga að fá texta að þessum miklu samningum. Það geta orðið 10 dagar eða meira þangað til þeir sjást. Síðan verður þetta auðvitað þýtt á mörg mál.

Hér getum við ekki flutt þinginu þetta á erlendu máli til að menn hafi eitthvað í höndum. Það er rétt að við í nefndinni fengum þessi drög sem núna eru fyrir hendi seint í gærkvöldi og höfum getað kynnt okkur þau lítillega. Þó játa ég fúslega að það er óravegur frá því að ég geti kynnt mér jafnflókin skjöl á örfáum klukkutímum, við þurfum að liggja mjög yfir þessu. Ekki endilega sjávarútveginum. Ég held að það sé kannski einna skýrast að við fáum ótakmörkuð réttindi til þess að veiða og lifa og búa í okkar álfu og nýta okkar fiskimið, 200 mílurnar, sem við ein eigum og ætlum aldrei að láta neinn annan eignast neitt af. Það er frumkrafa og hún er samþykkt. Og þó það væri nú ekkert annað hljótum við, sem höfum verið svona nokkuð tortryggnir, að hugsa okkar ráð enn þá betur því að það er meginefnið.

Hitt er raunar líka mjög mikilvægt að ekki verði slakað neitt á í sambandi við dómstólinn og önnur þau atriði sem gætu verið á þann veg að við værum að fórna einhverju af okkar dýrmætustu hagsmunum, þ.e. sjálfu sjálfstæðinu. Það þarf að skoða öll þessi atriði mjög náið áður en undir nokkuð er skrifað. En svo vill til að það fór einmitt á þann veg, sem ég var að vona, að það væri ekki unnt að undirskrifa neitt núna á þessu stigi, hvorki að setja stafi samningamannanna á neinn pappír né heldur að undirrita hann formlega, einfaldlega vegna þess að pappírinn er ekki til enn þá. Það er ekki til það sem á að semja um. Og við hljótum að fagna því að okkur gefst gott tóm til þess að hugleiða málið og eins og ég segi, þá verða það alla vega nokkrar vikur. Ég mundi halda að við gætum alveg talið okkur nokkurn veginn sæl — eða vansæl eftir mati — ef þessu lyki einhvern tíma um mitt næsta ár.

Það gerist út af fyrir sig ekkert, það gengur ekkert af þessu í gildi fyrr en 1. jan. 1993 þannig að út af fyrir sig þarf ekki allt þetta óðagot. En það er hins vegar mjög gott að við skyldum hreinsa andrúmsloftið og núna fáum við fréttir úr öllum áttum sem hefðu kannski ekki alveg legið á lausu áður. Morgunblaðið mitt, ég hef ekki haft tíma til þess að lesa það allt saman, er allt uppfullt af ágætum fréttum og mismunandi sjónarmiðum um þessi mikilvægu samningamál sem á döfinni eru. Og við höfum núna mjög góðan tíma, alla vega fram yfir jól, til að velta þessu öllu fyrir okkur og sjá hvar við stöndum, hvað við getum samþykkt og hvað ekki því það eru ekki bara Íslendingar sem þurfa að fara með þetta fyrir sitt þjóðþing. Það þurfa líka EB-þjóðirnar að gera, allar held ég, og EFTA-þjóðir væntanlega.

Og þá kemur að því að við þurfum að hugsa hverning skyldi nú fara ef allar aðrar EFTA-þjóðir — þeirrar spurningar er spurt — gengju nú í Evrópubandalagið. Við höfum lýst því yfir, ég held allir íslenskir stjórnmálaflokkar, að það sé ekki á dagskrá að ganga í EB. Við munum ekki gera það og ég vona að enginn hafi breytt um skoðun í því efni. Sjálfstfl. var, hygg ég, fyrstur til þess að gera formlega ályktun um það á flokksþingi í nóvembermánuði 1987. Við höldum þó okkar striki. Við ætlum ekkert að gera það. Við getum alveg staðið álengdar og séð hverju fram vindur í því efni. Ég held að samningsstaða okkar til þess að ná tvíhliða samningum við Evrópubandalagið mundi ekkert versna við það að allir hinir færu í Evrópubandalagið. Þeir gera það auðvitað ef þeim sýnist svo, ekki getum við stöðvað þá í því. Ég er nú svo bjartsýnn að halda að við gætum samt sem áður fengið mjög hagstæða samninga við Evrópubandalagið.

Mín reynsla af Evrópumönnum, sem eru í þessum samskiptum þjóðanna, er sú að þeir vilji hafa Íslendinga í Evrópu og leyfa þeim að vera þar í sínum heimkynnum en ekki hrekja þá í vesturátt. Ég held það.

Bandalagsmenn þurfa að fá fiskinn okkar og þeir vita ósköp vel að við veiðum hann með minni kostnaði en þeir, förum betur með hann og förum betur með miðin. Þeir hafa sjálfir eyðilagt Norðursjávar- og Eystrasaltsmiðin eins og allir vita. Þeir hafa slæma reynslu af því að stjórna sjálfir jafnvel þó þeir séu með þessa stífu fiskveiðistefnu sína og þeir vilja auðvitað fá þennan besta fisk veraldarinnar. Þeir vilja samskipti við okkur.

En þeir halda líka af einhverjum óskiljanlegum ástæðum að Íslendingar séu voðalega gáfaðir og þess virði að þekkja þá. Og við munum hvað Mitterand Frakklandsforseti sagði hér í fyrra, ég held að við munum það öll, að það væri ekkert vandamál með að Íslendingar gætu haldið réttindum sínum. Þetta hafa fleiri menn sagt og margir í mín eyru. Henning Christophersen, sem er aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópubandalagsins, sagði það við okkur mörg úr Evrópustefnunefnd fyrir einu ári eða svo að það væri alveg sjálfsagt að leiðrétta okkar hag. Við hefðum samið um það að hleypa útlendingum með allan sinn iðnvarning til okkar. Þeir hefðu átt að gera það sama að því er fisk varðar, og gerðu það raunar fyrst að hluta, en þá kom bókun 6 sem aldrei var svo framkvæmd sem ruglaði öllu þessu. Hann sagði hiklaust og margendurtók, ég held að ég muni það nokkurn veginn orðrétt: „Þið hafið staðið við allt ykkar. Við höfum ekki gert það. Það er kominn tími til að við réttum þennan halla af og sjá-

um til þess að þið fáið algerlega frjálsa verslun á okkar mörkuðum."

Við þurfum ekkert að hræðast. Við skulum bara halda höfðinu og standa auðvitað við allt sem við höfum samið um, semja hins vegar ekki um neitt sem við ætlum okkur ekki að standa við. Við höfum ekki samið um eitt eða neitt af því tagi. Það hefur ráðherra nú upplýst. Það gleður mig og áreiðanlega okkur öll.

Við höfum góðan tíma til að ná samningum og ég endurtek að samstarfið á milli utanrmn. og utanrrh. sérstaklega hefur verið með ágætum og ekkert upp á það að klaga hvort sem það hefur verið að nóttu eða degi. Við töluðum lengi saman í síma frá Lúxemborg í fyrrinótt og ég held að við skiljum hvor annan.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að Alþingi hefur mjög góðan tíma til að meta þennan samning og Alþingi þarf góðan tíma til að meta þennan samning. Það er rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, formanni utanrmn., að það er nauðsynlegt að menn ætli sér næstu mánuði og fram á næsta ár til þess að fara vandlega yfir þau atriði sem eru óljós og kunna að orka tvímælis í þessum samningi.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem að utanrrh. frátöldum hefur kannski átt manna stærstan þátt í þróun þessa máls á síðustu tveimur árum, rakti hér í mjög vandaðri ræðu fjölmörg atriði sem orka tvímælis í þessum samningi. Þegar höfð eru í huga orð formanns utanrmn. og orð fyrrv. forsrh., þá er það vægast sagt dálítið hjákátlegt að hæstv. utanrrh. hefur kosið að leggja málið þannig fyrir þingið hér í dag og þjóðina í gær að málinu sé lokið, það sé einfalt og hægt að bóka að það sé harla gott. Hann hefur enn ekki nefnt eitt einasta atriði í þessum samningi sem kunni að orka tvímælis, sem kunni að vera neikvætt, sem sé eitthvað sem við höfum þurft að borga Evrópubandalaginu fyrir það sem við höfum fengið í staðinn. Hann hefur þvert á móti hvað eftir annað notað orðalag frá erlendum manni og gert að sínu að Íslendingar hafi fengið allt fyrir ekki neitt og allri gagnrýni, sem sett hefur verið fram, eða spurningum eða efasemdum, hefur hann svarað á þann veg að ekkert sé hæft í slíku.

Virðulegi forseti. Ég tel það afar óheppilegt fyrir málsmeðferðina að hæstv. utanrrh. og reyndar einnig hæstv. forsrh. skuli hafa kosið að leggja málið þannig fyrir að a.m.k. þeir tveir séu komnir að ótvíræðri niðurstöðu, þeir þurfi ekki að velta neinu fyrir sér lengur. Málinu er lokið í þeirra huga. Ég vil biðja hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að hugleiða mjög vandlega þær spurningar og þá atriðaskrá sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson fór yfir hér í sinni ræðu vegna þess að þar var að finna efnislega, ítarlega lýsingu á því sem þarf að liggja ljóst fyrir en gerir ekki nú áður en nokkur sæmilega vandaður þingmaður eða Íslendingur getur svarað því hvernig hann dæmir þennan samning. Þetta er ekki mál sem hægt er að dansa með eins og menn kunna að gera stundum hér í stjórnmálunum og leika sér að. Þetta er stærsti samningur sem Íslendingar hafa gert í áratugi, eins og hér hefur verið sagt í ræðustól, og hann er svo flókinn og hann er svo margþættur og hann á eftir að hafa svo afgerandi áhrif á íslenskt þjóðfélag að ekki er hægt á þessu stigi að komast að ákveðinni niðurstöðu um hver afstaða manna er nema menn vilji fara í vandaða umfjöllun um málið og vilji ekki í staðinn gera það að trúaratriði eða pólitísku hagkvæmnisatriði hver afstaðan er.

Í þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson veitti forstöðu studdi Alþb. það eindregið að farið væri í viðræður um Evrópskt efnahagssvæði. Hvers vegna gerðum við það? Vegna þess að við töldum að þar kynni að vera á ferðinni mikilvæg hagsmunamál sem við þyrftum að kanna mjög rækilega hvort við gætum leitt til lykta á þann veg að Íslandi væri til farsældar. Hins vegar var það aldrei í okkar huga að það væri sjálfgefið frá upphafi að niðurstaðan væri jákvæð eða þá þótt einhver áfangi væri kannski að baki að menn væru þar með búnir að gera upp sinn heildarhug. Það lá alltaf fyrir af hálfu okkar, og ég taldi nú reyndar samstarfsflokkanna einnig, Framsfl. og Alþfl., að að leiðarlokum ætluðu menn að meta hvað hefði komið út úr ferðinni, hverjir væru plúsarnir og hverjir væru mínusarnir. Og það var auðvitað líka þannig að samningnum væri ekki lokið fyrr en öllu væri lokið og þess vegna ekki hægt af hálfu utanrrh., og beinlínis fölsun, að lýsa því yfir hér að niðurstaða í einstökum þáttum saminganna hafi verið fengin fyrir mörgum mánuðum eða hálfu ári síðan. Ef Ísland hefði kosið svo hefði það, allt þar til á Lúxemborgarfundinum fyrir nokkrum dögum síðan, getað tekið upp hvaða mál sem var varðandi þennan samning. Það var engu lokið og engin niðurstaða fengin fyrr en öllu væri lokið.

Virðulegi forseti. Ég vona að allir flokkar hér á Alþingi geti sameinast um þann anda sem var í ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og hv. þm. Steingríms Hermannssonar og við gefum okkur góðan tíma á næstu vikum og mánuðum til þess að fara yfir þetta mál. Þessari umræðu verði ekki strax á fyrsta degi breytt í það hverjir vilja vera í halelúja-kórnum og hverjir ekki.

Það er rétt sem komið hefur fram að innan síðustu ríkisstjórnar var sú meginstefna sett fram í upphafi að við óskuðum eftir því að því kerfi yrði komið á að frjáls verslun yrði með sjávarafurðir í þeim skilningi að Evrópubandalagið legði niður ríkisstyrki þannig að allar þjóðir og öll fyrirtæki sætu við sama borð í þeim viðskiptum. Hvers vegna gerðum við það? Jú, vegna þess að Evrópubandalagið sjálft og ríki þess hafa varið svo miklum fjármunum í ríkisstyrki til sjávarútvegsfyrirtækja að það eru dæmi um það að samkeppnisfyrirtæki okkar íslensku fyrirtækja hafi fengið 75% af öllum fjárfestingarkostnaði sínum greidd úr sjóði Evrópubandalagsins eða úr ríkissjóði viðkomandi ríkis. Við erum að keppa við ríkisstyrkta framleiðslu í Evrópubandalaginu sem fær jafnvel þrjá fjórðu af öllum sínum fjárfestingarkostnaði greidda af hinu opinbera. Evrópubandalagið hafnaði þessari kröfu. Engu að síð-

ur ákváðum við að halda áfram og settum fram þá varakröfu að Evrópubandalagið samþykkti grundvallarregluna um frjálsan markaðsaðgang fyrir allar sjávarafurðir og eins og hér hefur komið fram hvað eftir annað var þeirri grundvallarreglu hafnað.

Evrópubandalagið hefur þess vegna hafnað tveimur grundvallarreglum frjálsra viðskipta, virðulegi utanrrh., og það er dálítið merkilegt að Evrópubandalagið gerir kröfur um að við leiðum í lög grundvallarreglur um frjáls viðskipti á þjónustumarkaði, frjáls viðskipti á gjaldeyrismarkaði, frjáls viðskipti á almennum fjárfestingarmarkaði, frjáls viðskipti á vinnumarkaði en Evrópubandalagið hefur hafnað því að innleiða tvær af höfuðgrundvallarreglum frjálsra viðskipta á sviði sjávarútvegsins, reglunni um enga ríkisstyrki og reglunni um tollfrjálsan aðgang. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á þessari staðreynd, sérstaklega í ljósi þess að yfirlýst stefna núverandi ríkisstjórnar var að það væri ófrávíkjanleg krafa fyrir samningunum um Evrópskt efnahagssvæði að grundvallarreglan um frjálsan markaðsaðgang yrði viðurkennd. Núverandi ríkisstjórn virðist hins vegar hafa breytt þeirri stefnu sinni og er nú reiðubúin að taka ákveðnar tollalækkanir sem ígildi þess.

Það kom í ljós í gærkvöldi þegar við fengum í hendur þann texta, sem gengið var frá í Lúxemborg, að komið var inn ákvæði, sem við í utanrmn. höfðum aldrei heyrt um áður, þar sem EFTA-ríkin skuldbinda sig til þess að vera ekki með ríkisstyrki á sviði sjávarútvegs. Það er sem sagt búið að snúa dæminu við í þessum samningi. Í stað þess að krafan væri upphaflega sú að það væri Evrópubandalagið sem hætti sínu styrkjakerfi í sjávarútvegi hefur Evrópubandalagið náð því fram í þessum samningi að EFTA samþykkir eitt og sér að vera ekki með ríkisstyrki af neinu tagi í sjávarútvegi án þess að Evrópubandalagið breyti í nokkru ríkisstyrkjum sínum. Þetta er mjög merkilegt ákvæði og var lítið um það rætt í ræðu hæstv. utanrrh.

Hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir það í reynd að Evrópubandalagið er með frjálsar hendur til þess að auka ríkisstyrkina í sjávarútvegi Evrópubandalagsríkjanna eins og það vill. En EFTA-ríkin eru búin að binda hendur sínar í þeim efnum. Með öðrum orðum: Frjálsu viðskiptin eiga að vera á þann veg að Evrópubandalagið getur haldið áfram að hlaða ríkisfyrirgreiðslu og ríkisstyrkjum og sjóðasukki, virðulegi forsrh., í sjávarútveginn, en EFTA-ríkin og Ísland mega ekki gera neitt.

Hvað getur þetta svo þýtt í einstökum tilvikum? Það getur þýtt t.d. að við fögnum því að fá núna möguleika til þess að flytja inn flök t.d. á breska markaðinn. Það er mikilvægur ávinningur. Ég fagna því að það hefur tekist. En Evrópubandalagið hefur möguleika til að vega upp þessar tollaívilnanir gagnvart Íslandi með því að auka styrkina til fyrirtækjanna, t.d. á Humber-svæðinu, þannig að samkeppnisstaða þeirra væri óbreytt á eftir. Þau hafa að vísu þurft að horfa framan í það að Íslendingar greiði ekki lengur neina tolla, en þá kemur bara breska ríkið eða Evrópubandalagið og lætur þau fá meiri peninga þannig að þau geta haldið áfram að keppa við íslenska framleiðslu í þessum efnum. Alls staðar þar sem menn viðurkenna grundvallarreglurnar um frjáls viðskipti og tollalækkanir sem hluta frjálsra viðskipta eru settar hömlur, eru settar bremsur á það hvort ríki getur beitt ríkisstyrkjum til þess að vega upp á móti tollaívilnunum annars ríkis. Það er ekki gert í þessum samningi. Evrópubandalagið og einstök ríki þess hafa áfram fullkomlega frjálsar hendur í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þessu í öllum fagnaðarlátunum yfir tollalækkunum sem eru mikilvægar og ber að fagna. Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími Hermannssyni að það er mjög mikilvægt að það tókst að ná meiru fram í þeim efnum en á horfðist. En það breytir því ekki að Evrópubandalagið getur hjálpað framleiðendunum hjá sér að ná þessu í gegnum ríkisstyrkjakerfið aftur. Þetta má ekki skilja á þann veg að tollalækkanirnar séu einskis virði. Því fer víðs fjarri. Þær eru mikils virði. En menn mega ekki túlka þetta mál og kynna það fyrir þjóðinni án þess að setja þetta í samhengi við það sem Evrópubandalagið hefur neitað að gera, þ.e. neitað að afnema ríkisstyrkina og neitað að veita fullan markaðsaðgang.

Það er einnig nauðsynlegt að menn hafi það í huga að með þessum samningi fá Norðmenn réttindi til að keppa við íslenskan sjávarútveg í einstökum greinum á markaðssvæði Evrópubandalagsríkjanna sem þeir hafa ekki haft jafngóða aðstöðu til á undanförnum árum vegna þess að við höfum haft bókun 6 en þeir ekki svo að íslenskur sjávarútvegur og framleiðsla geta búið við lakari samkeppnisstöðu að hluta til í einstökum greinum á eftir vegna þess að samkeppnisstaða Norðmanna styrkist. Þetta er auðvitað þáttur sem menn verða líka að horfa á ef menn hafa áhuga á því að leggja málið fyrir í heild sinni.

Þótt það sé mjög mikilvægt að tollalækkanir hafi náðst fram þá verður engu að síður að gera það alveg skýrt að enn þá eru ýmsar mikilvægar greinar sjávarútvegsins sem ýmist fá engar tollalækkanir eða eiga að borga toll áfram þótt hann sé kannski ekki hár. Þegar menn eru að segja að þetta opni mikla framleiðslumöguleika fyrir fullvinnslu á íslenskum sjávarafurðum þá er staðreyndin því miður sú að margar fullvinnsluvörur í sjávarútvegi njóta ekki tollfríðinda samkvæmt samningnum. Því miður. Þannig eru þróunarmöguleikarnir einhverjir en þeir eru ekki ótakmarkaðir.

Ef fiskeldið á Íslandi hefði reynst arðvænlegri grein en reyndin hefur því miður verið þá væri það auðvitað mjög alvarlegt fyrir okkur að vera núna að ræða samning þar sem lax og laxaafurðir eru algerlega utan við þann árangur sem náðst hefur. Áfram væru laxaafurðir á listanum sem hæstv. utanrrh. kallaði bannlistann, þ.e. þar er ekki um tollalækkanir að ræða, hvað þá heldur afnám tolla. Ef nú laxarækt og laxaframleiðsla á Íslandi yrði arðvænleg grein — og við þurfum ekki að fara nema tvö ár aftur í tímann þegar var fullyrt hér í þessum ræðustól að framleiðsla á eldislaxi og öðrum greinum laxaræktar gæti skilað okkur 5, 6, 7–8 milljörðum í þjóðarbúið eftir fáein ár — þá væri sú framleiðsla algerlega fyrir utan þann árangur

sem hér er verið að tala um. Evrópubandalagið hafnaði því að veita laxaframleiðslunni þessi réttindi. Kannski skiptir þetta okkur ekki máli vegna þess að fiskeldið geti ekki verið framtíðargrein í landinu. En verði fiskeldið framtíðargrein í landinu og kannski vaxtarbroddur eins og sumir töldu fyrir nokkrum árum þá er það mjög alvarlegt mál að við erum hér að gera samning þar sem framleiðsla á laxi verður á bannlistanum hvað tollalækkanir snertir.

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það í umfjöllun utan þings að Evrópubandalagið er að fá mikið fyrir sinn snúð í þessum samningi. Og það er dálítið merkilegt að virðulegur utanrrh. kýs að ræða það aldrei hvað Evrópubandalagið er að fá fyrir sinn snúð. Hvað er það? Jú, það er í grófum drættum það að eftir að þessi samningur tekur gildi þá getur hvaða fyrirtæki sem er, hvaða einstaklingur sem er í Evrópubandalagsríkjunum keypt hér fyrirtæki og hafið hér atvinnu í nánast öllum öðrum greinum íslensks efnahagslífs en í sjávarútvegi, t.d. í bankastarfsemi, tryggingastarfsemi, ferðaþjónustu, hótelrekstri, verslunarrekstri, viðskiptum, ráðgjafarþjónustu og þannig koll af kolli. Ef ríkisstjórnin framkvæmir áform sín um einkavæðingu, sem ég veit t.d. að virðulegur viðskrh. hefur mikinn áhuga á og Sjálfstfl. hefur mikinn áhuga á, þá er líka nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því hvaða áhrif sú einkavæðing hefur á möguleika erlendra aðila. Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson benti á, að samspil einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og samningsins um Evrópskt efnahagssvæði gæti haft það í för með sér að erlendir aðilar mundu hér í lok aldarinnar eiga allar virkjanir á Íslandi. Nú segir virðulegur utanrrh. hræðsluáróður. Óskandi að svo væri, virðulegi utanrrh. Óskandi væri að þetta væri bara bábilja í mér sett fram í þeim tilgangi að hræða fólkið í landinu gegn virðulegum utanrrh. Engu að síður er það staðreynd að ef ríkisstjórnin framkvæmdi þá stefnu að breyta Landsvirkjun í almenningshlutafélag, byði hlutabréfin til sölu á almennum markaði og gerði það sama við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, þá eru þessi orkufyrirtæki þar með orðin almenn viðskiptafyrirtæki og engar hömlur í þessum samningi á því að erlendir aðilar geti keypt hlutabréfin og þannig smátt og smátt eignast fyrirtækin. Einmitt þess vegna vildum við í síðustu ríkisstjórn, t.d. fulltrúar Alþb., að í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði kæmi sértækur fyrirvari um orkufyrirtæki þannig að það væri alveg sama hvort þau væru í einkaeign eða opinberri eign hér á Íslandi. Við mundum alltaf halda þeim í okkar höndum. Því var hins vegar hafnað að það væri sértækur fyrirvari varðandi orkulindirnar.

Sama gerðum við varðandi landið. Við sögðum líka: Fiskurinn er dýrmæt auðlind. Allir voru sammála um það í síðustu ríkisstjórn að það kæmi ekki til greina að útlendingar hefðu rétt til þess að eignast fiskinn. Um það er þess vegna sértækur fyrirvari í þessum samningi. Við vildum líka í síðustu ríkisstjórn hafa sértækan fyrirvara um landið vegna þess að við töldum landið vera jafnmikla auðlind og fiskimiðin. Því var hafnað. Hæstv. utanrrh. segir nú á frekar ósmekklegan hátt að hefði fyrrv. landbrh. staðið sig í stykkinu þá gætum við núna verið að ræða það hvernig mætti komast fram hjá því að enginn fyrirvari er um landið. Ástæðan fyrir því, virðulegi utanrrh., að það var ekki gert, er eins og þú veist að við vildum láta halda áfram að reyna á það hvort Ísland fengi ekki líka viðurkenningu á sértækum fyrirvara varðandi landareignina eins og við fengum varðandi fiskimiðin vegna sérstöðu okkar þar sem 250 þúsund manns búa í stóru landi með dýrmæt auðæfi á jörðum landsins. Ágreiningurinn í síðustu ríkisstjórn var um það að utanrrh. vildi ekki sækja þessa kröfu. Hann vildi ekki halda henni lengur til streitu. En við, t.d. fulltrúar Alþb., vildum að henni yrði áfram haldið til streitu.

Ég vil nefna hér til viðbótar vatnið. Ekki vatnið sem er notað til þess að virkja heldur vatnið sem við setjum á flöskur eða í dósir og flytjum til útlanda. Ég hef heyrt ýmsa halda því fram að eftir 10–15 ár gætu tekjur Íslendinga af útflutningi á vatni í neytendaumbúðum numið álíka miklu og tekjurnar sem við höfum núna af sjávarafla, einfaldlega vegna þess að vatnið er orðið dýr munaðarvara á flestum svæðum heims. Það er alveg ljóst að duglegir atvinnurekendur eins og Davíð Scheving Thorsteinsson hafa á síðustu 2–3 árum unnið frábært brautryðjendastarf á þessu sviði, svo afgerandi að mér er sagt að það fari einn gámur á dag frá hans fyrirtæki einu til útlanda með þessa framleiðsluvöru, vatn í dósum. Nú spyr ég: Er þessi samningur þannig að erlend fyrirtæki, t.d. Perrier í Frakklandi, fái ótakmarkaðan rétt eins og menn fá t.d. til þess að stofna banka, til þess að setja hér upp átöppunarverksmiðjur fyrir vatn til að setja það í dósir og neytendaumbúðir þannig að erlend fyrirtæki geti tekið allan arðinn af því að nýta þessa auðlind okkar, vatnið? Ég teldi það mjög illa farið ef við af skammsýni í þessum samningi, bara með því að einblína á fisk sem auðlind, værum að veita erlendum fyrirtækjum rétt á að nýta aðra auðlind sem kann kannski á 21. öldinni, virðulegi utanrrh., að gefa mönnum enn glæsilegri máltíðir á 1. farrýminu en fiskurinn. Þá mundum við bara vakna upp við það að samningurinn sem gerður var af lestarstjóranum 1991 hefði einfaldlega haft það í för með sér að það sæti enginn Íslendingur við það borð að nýta þetta vatn. Ég tel þess vegna að það sé eitt af þeim atriðum sem Alþingi þarf að kanna í meðferð málsins: Hvað um nýtingu vatnsins sem auðlindar í þessum samningi?

Ég ætla ekki að rekja hér ítarlega það sem sagt hefur verið varðandi landakaupin og varðandi vinnumarkaðinn. Það hefur þegar komið fram, t.d. hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Það er alveg ljóst að ráðherrarnir í ríkisstjórninni ætla að fara þá leið að þeir ætla að sætta sig við það að vera ekki með sérstakan fyrirvara um eignarhald Íslendinga á landi í þessum samningi. Þeir segja: Við skulum setja girðingar í íslensk lög sem eiga að tryggja það að við missum ekki landið í hendur útlendinga. Og ég virði alveg það sjónarmið utanrrh. að hann segir: Ég vil ekki að landið fari í hendur útlendinga. En þá spyrjum við hin: Hvernig á

að tryggja það? Þetta er slíkt lykilatriði, eignarhaldið á Íslandi. Ísland er ekki bara fiskimið. Ísland er eyja eins og allir vita. Hvernig á að tryggja eignarhaldið á Íslandi? Og þá vona ég að virðuleg ríkisstjórn verði við þeim tilmælum sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson setti fram hér áðan að áður en samningur um Evrópskt efnahagssvæði kemur til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi verði búið að setja lög sem tryggi það að landið verði áfram í eigu Íslendinga þrátt fyrir þennan samning. Það er ekki hægt að ætla þinginu eða þjóðinni að taka afstöðu til þessa samnings með það algerlega opið hvernig á að ganga frá því í íslenskri löggjöf að landið verði áfram í okkar eign.

Varðandi vinnumarkaðinn þá er það líka ljóst að samtök launafólks þurfa mjög rækilega að kanna það á hvern hátt þessi samningur kann að breyta réttindastöðu launafóks á Íslandi í samkeppni við það erlenda vinnuafl sem hingað kann að koma.

Virðulegi forseti. Við settum hér á síðasta þingi lög um fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahagslífi. Þar settum við alls konar girðingar eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti hér. Við settum girðingar um hlutfall sem útlendingar mættu eiga í íslenskum bönkum, við settum girðingar um hámark hvað snertir heildarfjárfestingu útlendinga í einstökum greinum, íslensku atvinnulífi. Allar þessar girðingar nema sú sem snýr að sjávarútveginum fjúka í þessum samningi. Öll ákvæði sem voru sett um búsetuskyldu, ríkisborgararétt, eignarhlutfall og hámarksupphæðir fara burt.

Ég tel það út af fyrir sig alveg vera eðlilegt að t.d. erlend verslunarfyrirtæki geti stofnað hér matvöruverslanir og boðið Íslendingum lægra vöruverð. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til þess að við séum endilega að vernda íslenska verslunarstétt hvað það snertir ef neytendur fá hagstæðari kjör. Ég hef líka sagt að það geti verið mjög sterk rök fyrir því að íslenskir neytendur geti keypt ódýrari farmiða til útlanda, geti keypt hagkvæmari tryggingar fyrir húsin sín og bílana sína. Fyrir öllu þessu er hægt að færa skýr og sterk rök. En hin hliðin á peningnum er líka sú að sjálfstætt ríki þarf ekki bara að hafa þing og ríkisstjórn og dómstóla. Það þarf líka að hafa ákveðna grundvallarþætti efnahagsstarfseminnar í sínum höndum ef sjálfstæði á að vera meira en form. Og það er sú spurning sem við þurfum að svara hér. Hvernig er það tryggt að ákveðnir grundvallarþættir efnahagsstarfseminnar séu áfram í okkar höndum? Það er rétt sem hæstv. utanrrh. hefur sagt að það felst ekki fullveldisafsal í þessum samningi hvað það snertir að Alþingi þarf auðvitað að samþykkja samninginn. En, virðulegi utanrrh., ég tel það skyldu þína vegna þess að þú ert ekki bara utanrrh. Alþfl. eða þessarar ríkisstjórnar, þú ert utanrrh. Íslendinga, ég tel það skyldu þína að um leið og þú fullyrðir að í þessu felist ekki fullveldisafsal með þeim rökum sem þú notaðir nú hér í 20. eða 30. sinn í ræðustólnum að benda þjóðinni og þinginu jafnframt á það að ef samningurinn verður gerður að lögum þá verður svigrúm Alþingis og þjóðarinnar til þess að taka ákvarðanir í efnahagsmálum þrengt allverulega. Þá verður svigrúmið til þeirra ákvarðana sem við höfum hingað til tekið í þessum sal og ríkisstjórnin hefur tekið við Lækjartorg til þess að stýra efnahagslífinu hér þrengt allverulega. Ég veit að t.d. virðulegur viðskrh. telur bara gott að þrengja þetta með þessum hætti vegna þess að hann hefur oftast trú á menntað einveldi í þessum efnum. En við hin, sem viljum kannski lýðræðislegri skipan, höfum talið mikilvægt að Alþingi og ríkisstjórnin hefðu þennan rétt. Og það er alveg nauðsynlegt að fara yfir það nákvæmlega fyrir þjóðina og fyrir þingið hvað þingið getur ekki gert eftir að það er búið að samþykkja þennan samning.

Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu á örfáum mínútum. Ég ítreka þá ósk, sem sett hefur verið fram, að þjóðaratkvæði fari fram um þennan samning. Og ég verð að segja að ég bara skil ekki hvers vegna ríkisstjórnin hefur ákveðið strax í upphafi umræðunnar að hafna þeirri ósk. Ef málið er svona einfalt, skýrt og augljóst, eins og fram hefur komið í máli utanrrh. hér í dag og forsrh. í fjölmiðlum í gær, hlýtur það að vera ákjósanlegt fyrir ríkisstjórnina að leggja málið fyrir þjóðaratkvæði. Þess vegna harma ég að hæstv. utanrrh. skyldi lýsa því yfir að ríkisstjórnin hefði ákveðið að hafna kröfunni um þjóðaratkvæði og ég óska eftir því að ríkisstjórnin endurskoði þá afstöðu sína.

Alþb. mun beita sér fyrir því á næstu vikum og mánuðum að þessi samningur fái rækilega umfjöllun hér í þinginu, í þjóðfélaginu, hjá samtökum atvinnulífs og samtökum launafólks. Við viljum leggja mikið í það að fram fari rækileg kynning á þessum samningi. Ekki á svona áróðursfundum þar sem utanrrh. talar bara einn í einhverri kappræðu við menn úti í sal, ég hef nokkra reynslu af því að mæta með utanrrh. á svoleiðis fundum, ég veit hvernig þeir eru, heldur á málefnalegum og efnislegum fundum þar sem málið er lagt fyrir ítarlega og hlutlaust og menn hafa fullan möguleika til þess að meta það með sanngjörnum og eðlilegum hætti. Það er þannig kynning og þannig umræða sem þarf að fara fram í þjóðfélaginu um þetta mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti í mestu vinsemd benda hv. þingmönnum á að ávarpa ekki ráðherra eða þingmenn beint í 2. persónu því að slíkt er ekki leyfilegt samkvæmt 54. gr. þingskapa.

Nú á einn þingflokkur eftir að tala í fyrri umferð. Það eru ekki nema fimm mínútur þangað til þingflokksfundir eiga að hefjast og það hefur orðið að samkomulagi við Kvennalistann að þær bíði með sína ræðu þar til kl. 6. — [Fundarhlé.]

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú liggur fyrir að samningur hefur verið gerður um Evrópskt efnahagssvæði milli ríkisstjórna EFTA-landanna og EB og hefur hæstv. utanrrh. gert okkur einhverja grein fyrir samningnum út frá sínu sjónarmiði. Mér heyrðist hann vera mjög sammála því sem sagt var um samninginn og í hans máli kom reyndar mjög skýrt fram að hann teldi að þarna hefðum við fengið allt fyrir ekkert því að hann talaði

eingöngu um að allt væri mjög jákvætt og mjög gott. Það væri ekki hægt að finna nokkurn einasta galla við þennan samning.

Ég verð að lýsa því að ég hef vissar áhyggjur ef þetta er sá boðskapur sem hann ætlar að flytja þjóðinni og byrjar nú í kvöld, samkvæmt auglýsingu undirritaðri af utanrrn., en þar kemur fram að almennur borgarafundur verður til að kynna samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Væntanlega greiðir utanrrn. þá kostnað sem af þessum fundi hlýst þannig að ég velti því fyrir mér hver muni þá fara um landið og gera grein fyrir þeim hættum og þeim göllum sem geta hugsanlega verið á þessum samningi og hver muni greiða þann fundakostnað.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hann hyggst almennt standa að kynningu á þessum samningi og hvort ræða hans hér áðan er forsmekkurinn að því sem þjóðin á að fá í kynningu á honum. Því að ef svo er, er það auðvitað ekki nokkur einasta kynning heldur er það einhliða áróður og þeir gallar og þær hættur, sem geta fylgt þessum samningi, koma á engan hátt fram. Ég vil því fá upplýst hvernig þeim fundum verður hagað ef sá fundur sem verður í kvöld er upphafið að einhverri fundaröð.

Okkur almennum þingmönnum er nokkur vandi á höndum að fjalla um þennan samning þrátt fyrir þá kynningu sem hér fór fram. Við höfum ekki séð hann enn þá og ekki getað kynnt okkur hann. Hann hefur að einhverju leyti verið kynntur í utanrmn. en auðvitað hefur enginn tími unnist til að kynna sér hvað þarna er á ferðinni og hvort það er rétt, sem hér hefur margoft verið haldið fram, að allir okkar fyrirvarar séu inni og engar hættur séu því samfara að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ef svo er hefur mikið breyst frá því í júlí því að við þau samningsdrög, sem þá lágu frammi, var margt að athuga. Í þeim drögum fólust greinilega ýmsar hættur þannig að mikið má þá hafa breyst frá því í lok júlí ef allt í einu eru engar hættur samfara þessum samningi.

Það er auðvitað öllum ljóst að grundvöllurinn fyrir þessum samningi er lög og reglur Evrópubandalagsins, sem eiga að gilda á þessu svæði um fjórfrelsið svonefnda, þannig að líkja mætti því að samþykkja hann við inngöngu í Evrópubandalagið að því er varðar þau atriði og má því segja að það sé þá um nokkurs konar inngöngu að 60% inn í Evrópubandalagið. Það finnst mér eðlilegt að komi fram og hæstv. utanrrh. hlýtur að gera þjóðinni grein fyrir því þegar hann þeysist um landið til að kynna þennan samning.

Mér fannst vanta í máli hans áðan að gera það alveg ljóst að lög Evrópubandalagsins eru æðri okkar lögum og það kom alls ekki fram, sem er eitt af því sem ég hef haft áhyggjur af, hvað verður með ný lög sem sett verða á þessu Evrópska efnahagssvæði. Eru það ekki í raun og veru lög og reglur Evrópubandalagsins sem við þurfum að samþykkja, ekki bara núgildandi lög heldur þau sem munu verða sett, sem ákvörðuð eru af Evrópubandalaginu í raun? Þó svo að ákvæði séu um það að við getum hugsanlega hafnað þeim hér á Alþingi verður það í raun varla hægt vegna þess að ef við höfnum þeim, erum við þá bara ekki að segja okkur úr þessu Evrópska efnahagssvæði?

Þann 31. júlí sl. var viðtal við Frans Andriessen í í Information og ég ætla að leyfa mér að lesa hér í þýðingu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tengsl EFTA-ríkjanna við ákvarðanakerfi Evrópubandalagsins verður takmarkað við að þau geti gert grein fyrir sjónarmiðum sínum á vissum skýrt afmörkuðum sviðum." Gert grein fyrir sjónarmiðum sínum, ég endurtek það. „Þegar allt kemur til alls verður það Evrópubandalagið sem ákvarðar hvað gerist á Evrópsku efnahagssvæði."

Þetta eru ummæli Frans Andriessens þannig að þetta er hans skoðun. Hefur þetta eitthvað breyst frá 31. júlí? Hefur eitthvað breyst með það að Evrópubandalagið mun í raun ákvarða lög og reglur á þessu svæði og þar með hér á Íslandi? Á þessu sviði, ef af þessum samningi verður, afsalar Alþingi sér því verulegum hluta af löggjafarvaldinu og framselur það í raun til annarra þjóða og að mínu mati er þarna um verulegt fullveldisafsal að ræða og ég er ekki ein um þá skoðun.

Það hefur einnig mikið verið rætt um að dómsvaldinu sé líka að verulegu leyti afsalað til yfirþjóðlegs dómstóls þannig að á þessum tveimur sviðum er um verulegt valdaafsal að ræða. Norðmenn telja að þarna sé um valdaafsal að ræða og þess vegna þarf þrjá fjórðu hluta atkvæða í norska þinginu til að þessi samningur verði samþykktur. Nú er talinn mjög mikill vafi á því í Noregi að svo verði og mig langar í því sambandi að beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Hvað verður um sjávarútvegskaflann í samningnum ef Norðmenn fella hann í Stórþinginu? Fellur hann þá allur úr gildi eða mun hann gilda gagnvart öllum öðrum þjóðum sem þarna áttu aðild að? Mér er það ekki ljóst af máli hæstv. ráðherra hér áðan. Ég tel mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þessa fullveldisafsals, að þessi samningur verði borinn undir þjóðaratkvæði og tel það raunar sjálfsagt mál, ekki eingöngu vegna þessa heldur tel ég að svo stórt mál sem þarna er á ferðinni verði að bera undir þjóðaratkvæði og ætti raunar að eiga við um miklu fleiri mál. Því vona ég að niðurstaðan verði sú að þetta mál verði borið undir þjóðaratkvæði áður en endanleg afstaða verður tekin.

Ráðherrann hefur löngum haldið því fram og hélt því fram áðan að auðvelt væri að setja í íslenska löggjöf ákvæði um eignarhald á landi. Ef þetta er svona auðvelt að hans mati og ekkert virðist standa í veginum fyrir því að Evrópubandalagið muni taka það gott og gilt, hvers vegna í ósköpunum var það þá ekki sett inn í samninginn? Ef það var skilningur allra að í lagi væri að hafa þessi ákvæði inni í íslenskum eða þá norskum lögum, hvers vegna í ósköpunum var það þá ekki gert?

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að nýlega hefur fallið dómur, sem hann hlýtur að vita um, í Bretlandi um að það væri óheimilt að hafa inni í breskum lögum sérákvæði um réttindi breskra þegna umfram aðra. Ef við eigum að geta haft inni í okkar löggjöf réttindi íslenskra þegna umfram aðra hljótum við að geta sett það inn í samninginn. Að vísu heyrðist mér á ráðherr-

anum áðan að eingöngu væri um að ræða búseturétt og forkaupsrétt sveitarfélaga og ríkisins að bújörðum. Ég sé fyrir mér að meira en stór hluti landsins væri þá kominn í ríkiseign eða í eign sveitarfélaga en ég hélt að það væri ekki beinlínis stefna þessarar ríkisstjórnar. Þannig er alveg ljóst að allir þeir fyrirvarar, sem talað var um í upphafi, eru auðvitað foknir út í veður og vind og það er alls ekki ljóst hvort sá almenni fyrirvari, sem hæstv. utanrrh. telur svo mikils virði, sé nokkurs virði í raun. Það þarf raunar að athuga það mál mjög vel áður en ég tek það sem góða og gilda vöru að nokkurt hald muni vera í honum.

Ég vil minna á greinargerðir sem birst hafa eftir Stefán Má Stefánsson prófessor þar sem hann hefur m.a. bent á að í dómum Evrópudómstólsins hefur höfuðáherslan verið lögð á að fjórfrelsið gangi framar öllum öðrum ákvæðum. Þess vegna finnst mér að þessi almenni fyrirvari sé ákaflega lítils virði, a.m.k. án nánari athugunar, ekki nema það hafi einnig breyst núna síðustu daga.

Fiskveiðimálin hafa auðvitað verið mest áberandi hér í umræðunni og ætla ég ekki að gera lítið úr þeim ávinningum sem náðst hafa á þeim sviðum. En þau ein og sér eru einungis lítill partur af þessu máli öllu og það verður auðvitað að skoða samninginn fyrst og fremst út frá öllum öðrum atriðum, sem eru eftir því sem hæstv. ráðherra hefur sjálfur sagt 97% af samningnum. Við höfum auðvitað ekki fengið það sem við lögðum upp með á því sviði. Fyrst var talað um fríverslun með fisk og hefur það verið rætt hér, bæði af mér og öðrum, hversu afdrifaríkir allir þeir ríkisstyrkir sem Evrópubandalagið leyfir geta orðið fyrir Íslendinga. Í Evrópubandalaginu er fiskvinnsla niðurgreidd en það getum við auðvitað ekki gert. Það á eftir að athuga betur þá niðurfellingu á tollum sem hér hefur mikið verið talað um og þá sérstaklega með tilliti til þess hversu mikla möguleika við höfum til að breyta okkar framleiðslu, fara út í meiri fullvinnslu og gera aðra hluti en einmitt það sem við höfum verið að gera hingað til. Sem greiðsla fyrir þetta eru auðvitað veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu sem eru mér mikill þyrnir í augum. Það er kallað gagnkvæmar veiðiheimildir og sagt að þetta sé algerlega fyrir utan samninginn. Auðvitað er það alveg rétt, en samningurinn tengist þessu óhjákvæmilega og talað er um að við megum veiða 30 þúsund tonn af loðnu við Grænland. Mér þykir það mjög einkennilegt að Evrópubandalagið sé farið að versla með loðnu við Grænland. Þeir eru auðvitað með samninga við Grænlendinga en hversu lengi eru þeir samningar í gildi? Hefur einhver loðna veiðst á þessu svæði undanfarið? Ég veit ekki betur en lítið sem ekkert hafi veiðst á þessu svæði af loðnu undanfarin ár og hvað gerist þá ef við veiðum ekki þessi 30 þús. tonn í staðinn fyrir karfa og langhala sem þeir fá að veiða innan okkar lögsögu? Af hverju geta þeir ekki sjálfir veitt sína loðnu og við fáum að veiða innan okkar lögsögu? Hvað er eiginlega þarna á ferðinni? Og hvað ef Ísland ákveður nú að segja upp þessum samningi? Hvað gerist þá ef við segjum eftir 1–2 ár að við viljum ekki lengur hafa þennan samning við Evrópubandalagið um svokallaðar gagnkvæmar veiðiheimildir? Mér þykir margt óljóst í þessu og vildi gjarnan fá svör um það hversu nátengdir þeir samningar eru.

Það er ljóst eftir að þessir samningar tókust að önnur EFTA-ríki hafa hlaupið upp til handa og fóta og sagst ætla að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, þ.e. þau ríki sem voru ekki þegar búin að því. Það er líka alveg ljóst að þessum samningum fylgir mikið stofnanabattarí með miklum kostnaði. Það eru áætlanir uppi um það að fjölga embættismönnum verulega innan EFTA og það verður óneitanlega mikill kostnaður við dómstólinn, það verður mikill kostnaður við eftirlitsstofnunina o.fl. Hver á að greiða þennan kostnað þegar hvert ríkið af öðru gengur inn í Evrópubandalagið og Ísland og Liechtenstein verða ein eftir? Þetta hefði mér þótt fróðlegt að heyra um. Eitthvað hljóta menn að hafa athugað hvað þetta kostar mikið og hversu mikið muni smám saman lenda í auknum kostnaði á Íslandi.

Það er einnig talað um að við munum taka þátt í einhverjum nefndum á vegum EES eða Evrópubandalagsins og mig langar líka að heyra hvernig þetta er hugsað og hversu mikill kostnaður muni verða þessu samfara og hvort við höfum yfirleitt mannskap í þetta, hvort það verði ekki hálf þjóðin í förum milli Brussel og Reykjavíkur.

Mér þótti líka mjög merkilegt að heyra það bæði af hálfu hæstv. utanrrh. og reyndar hæstv. sjútvrh. líka hversu mikil áhersla var lögð á það að binda þá sem voru í fyrri ríkisstjórn fasta við þennan samning. Það er eins og þeir hafi ekki mikla trú á samningum og vilji endilega láta stuðningsmenn fyrrv. ríkisstjórnar samþykkja samninginn nánast án skoðunar. Það er eins og það sé ekki talið að þessi samningur þoli skoðun hv. þm. og það er lögð mikil áhersla á að þeir beri ábyrgð á þessum samningi. Það er eins og þetta sé svo slæmur gerningur að það þurfi að klína því á einhvern annan heldur en sjálfan sig að skrifa undir þessi ósköp. En við skulum minnast þess að sú ákvörðun sem tekin var í Lúxemborg er einhliða ákvörðun ríkisstjórna. Alþingi á eftir að staðfesta samninginn og fjalla um hann hér og reyndar eiga 19 þjóðþing eftir að fjalla um þennan samning. Ég á mjög erfitt með að trúa því að þegar þingmenn fara ofan í þennan samning með gagnrýnum augum og reyna að meta hvaða afleiðingar hann muni hafa fyrir land og þjóð og fyrir þróun byggðar í landinu, þá hljóti hann stuðning hér á Alþingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið gefin í dag um þetta samningsuppkast sem nú liggur fyrir. Uppkast er þetta auðvitað og ekkert annað því að enn hefur það ekki hlotið náð fyrir augum utanrmn. og ekki Alþingis þannig að ekkert getur þetta annað verið. Um leið og ég þakka þessa skýrslu þá vil ég líka leggja áherslu á það að ég tel mjög mikilvægt að við fáum skriflega skýrslu upp í hendurnar vegna þess að það er mjög erfitt að henda reiður á því þegar menn tala héðan úr pontu og mikilvægt að fá skýrsluna og fá hana á íslensku. Það má

kannski benda fólki á það að í þessari skýrslu eins og hún er núna er bæði notuð enska og franska þannig að menn þurfa að geta talað tungur til þess að geta tileinkað sér innihald skýrslunnar.

Ég vil ítreka það sem kom fram hér í máli Kristínar Einarsdóttur, 15. þm. Reykv. Mér fannst hún hreyfa mjög mikilvægu máli þegar hún talaði um kynninguna á þessum samningi. Við erum búin að sjá það auglýst að fyrsti kynningarfundur utanrrh. er í kvöld. Það er borgarafundur og það hefur engum verið boðið þar til að mæta til andsvara og það skiptir máli að vita hvort þetta er upphafið að kynningunni. Hvort hún eigi að fara svona fram um landið allt, að ráðherra fari í yfirreið og kynni samninginn og kynni kosti hans en ekki galla, því að það hefur hann ekki gert, og hinir verði síðan að sjá til þess að koma sér sjálfir, eða hvort hann ætlar að bjóða upp á „debatt" um þennan samning þegar þar að kemur. En lokalotunni er sem sagt lokið í þessum samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði og fyrir liggur þetta uppkast. Niðurstaða er fengin úr erfiðustu deilumálunum sem auðvitað voru eins og ráðherra orðaði það, hin vanheilaga þrenning, flutningar, fiskur og sjóður.

Fiskurinn sér í lagi er auðvitað mál sem er okkur mjög mikilvægt og því skiptir okkur miklu efnisleg niðurstaða á því máli og orðalag á öllum hlutum sem hann varðar. Engu að síður er fiskurinn og það sem hann snertir ekki nema brot af þessum samningi og ekki þarf neinum blöðum um það að fletta að þetta er mjög mikið smáatriði í augum þeirra ríkja sem við höfum verið að semja við. Aðalatriðið í þessum samningi fyrir alla aðila er auðvitað það að þarna er verið að búa til eitt markaðssvæði með tæplega 400 millj. íbúa. Og fyrir aðgang að þeim markaði sem við fáum í gegnum þennan samning að flestu leyti, nema náttúrlega ekki hindrunarlausan aðgang með sjávarafurðir því að sú meginkrafa náðist ekki fram, þurfum við að greiða með því að takmarka löggjafaravaldið. Við getum líka kallað það löggjafarrétt eins og hér var sagt, en það er í sjálfu sér ekki aðalatriðið. Við verðum að takmarka löggjafarrétt aðildarríkja á sviðum sem samningurinn nær til eða löggjafarvald Alþingis.

Utanrrh. lagði áherslu á það strax að lokinni þessari samningsgerð að það mikilvægasta við hana væri að við værum þarna að verða aðilar að samrunaþróuninni í Evrópu. Ég hef sagt það áður og spurt um það áður héðan úr þessari pontu hvernig menn sjái framtíðina fyrir sér. Íslenskir ráðamenn segja að samningurinn komi í staðinn fyrir aðild að Evrópubandalaginu. Aðrir segja að þetta sé millibilsástand og fréttir blaðanna í dag sýna okkur svart á hvítu að það eru ansi margir sem líta þannig á málin. Ég hef beðið hér um framtíðarsýn manna og ég hef gert það ekki bara hér á þingi heldur á fundum sem ég hef verið á. Ég var á fundi sl. laugardag með aðstoðarmanni utanrrh. og þá sagði hann mér sína skoðun á því máli hver yrði framtíð Efnahagssvæðisins og framtíð Íslands á þessu svæði. Skoðun hans var sú að þetta mundi breytast í tvíhliða samning og í rauninni kemur mér skoðun hans afskaplega lítið við vegna þess að ég vil fá þau svör frá ráðherrum sem stefnumarkandi aðilum hvort þeir hafa sett niður fyrir sér þær líkur sem eru í þróuninni. Ég spurði hæstv. forsrh. að því um daginn og þá sagðist hann að hann líta svo á að EB hlyti að telja sig skuldbundið til þess að sýna velvilja og sjá réttindum Íslands borgið í viðskiptum ef flest aðildarríki EFTA gengju inn í Evrópubandalagið. Sem sagt, við áttum að vera upp á náð og miskunn EB komin. Og nú ætla ég að spyrja utanrrh. þessarar sömu spurningar. Ég hef gert það áður og hef ekki fengið svar. Hvernig sér hann fyrir sér stöðu Íslands og stöðu Evrópska efnahagssvæðisins eftir nokkur ár? Og mér finnst mjög mikilvægt að þessari spurningu sé svarað.

Það hefur verið talað um hræðsluáróður. Það hafa kannski gengið ásakanir hér á báða bóga um hræðsluáróður og músarholusjónarmið. Utanrrh. hefur nú verið nokkuð tamt að nota þetta hugtak en það má líka heimfæra það upp á þá sem tala hvað harðast fyrir þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Stundum tala menn sem mjög erfitt er fyrir leikmenn að sjá við eða etja kappi við um þætti í þessum samningi sem ekki hafa við nein rök að styðjast. Talsvert mikill hræðsluáróður kemur m.a. frá sumum samtökum atvinnurekenda. Undanfarna daga höfum við bæði lesið í blöðum og séð í sjónvarpi viðtöl við menn sem starfa í atvinnulífinu sem beinlínis halda fram villandi upplýsingum um Evrópska efnahagssvæðið. Þeir halda því m.a. fram að ef þetta Evrópska efnahagssvæði verði ekki að veruleika þá þurfum við Íslendingar að aðlaga okkur þýskum stöðlum og kröfum, frönskum stöðlum og kröfum, hollenskum stöðlum og kröfum o.s.frv. Það vita auðvitað allir sem eitthvað þekkja til að innri markaður Evrópubandalagsins verður að veruleika hvort sem Evrópskt efnahagssvæði kemur til eða ekki. Þjóðir, sem verða á þessum innri markaði, munu samræma staðla sína þannig að það verður einn EB-staðall og það verða EB-kröfur, en hvorki þýskar né franskar kröfur, um allt sem varðar vörur og viðskipti.

Því hefur líka verið haldið hér á lofti að menntun okkar yrði utan garðs ef ekki kæmi til Evrópskt efnahagssvæði og það kom m.a. skýrt fram hér í utandagskrárumræðunni að við mundum þurfa að gjalda nokkuð fyrir það í menntamálum. En ég held að þeir sem hlustuðu á aðalsamningamann Íslendinga í morgun á fundi utanrmn. séu varla í nokkrum vafa um að menntamál eru ekki á samningssviði Evrópubandalagsins nema þá í mjög takmörkuðum mæli. Það kom mjög skýrt fram hjá aðalsamninganefndarmanni Íslands að það væri ekki á valdi framkvæmdanefndar að semja um þau mál.

Nú stakk það mig dálítið hér í framsögu utanrrh. að hann sagði að samningur um Evrópskt efnahagssvæði tryggði jafnan aðgang að menntastofnunum á svæðinu. Hann orðaði það þannig. Ef maður lítur hins vegar á ákvæðið eins og það stendur í samningnum, ákvæði um starfsmenntun, þá er það mjög almennt orðað og þar er ekkert talað um jafnrétti. Það er talað um að bæta aðstæður námsmanna frá einstökum EES-ríkjum í öðrum EES-ríkjum. Öðruvísi er þetta nú ekki orðað og það er ekkert talað um jafnrétti innan svæðis-

ins. Það sem meira er, og hefur auðvitað komið hér fram, að það næst ekki niður nein niðurfelling á skólagjöldum einfaldlega vegna þess að þetta er mál einstakra þjóðríkja.

Hið almenna öryggisákvæði hefur hér komið til umræðu og það er varðandi vinnuafl aðallega og fjárfestingu í landi. Þetta svokallaða öryggisákvæði, þ.e. túlkun Íslendinga á þessu öryggisákvæði, er ekki inni í þeim texta sem kallast samantekt á niðurstöðum samninga um EES og við fengum í morgun, þ.e. yfirlýsing Íslendinga er ekki inni í sjálfri samantektinni heldur fylgir hún sem einhliða yfirlýsing um það hvernig Íslendingar hyggist beita öryggisákvæðinu. Þetta er fylgiskjal sem er yfirlýsing Íslendinga. Og orðalagið í þessari yfirlýsingu er þess eðlis að ég held að maður verði að gera það hér að umtalsefni. Þar segir nefnilega, svo að því sé snarað á íslensku, að það verði að eiga sér stað stórfelldur tilflutningur á vinnuafli til tiltekinna svæða, innan ákveðinna starfa eða starfsgreina til þess að gripið sé til öryggisákvæðisins. Líka er talað um að ef um er að ræða alvarlegt ójafnvægi á fasteignamarkaði, og þá er ég að tala um fasteignamarkað í víðum skilningi, þá geti Íslendingar gripið til þessa ákvæðis, þannig að verið er að tryggja ákveðinn neyðarrétt og þá hlýtur maður að spyrja: Hvenær hefur jafnvægið raskast? Er það þegar Vestmanneyingum finnst jafnvægið hafa raskast hjá sér? Þegar Ísfirðingum finnst það hafa raskast hjá sér? Patreksfirðingum? Akureyringum? Hvernig geta menn túlkað þetta ákvæði? (Gripið fram í.) Já, þú skýrir þetta væntanlega betur út fyrir okkur hér á eftir.

Eitt sem mig langar líka til þess að minnast á varðandi Evrópskt efnahagssvæði er stjórnkerfið sem er á svæðinu. Stjórnkerfinu er kannski best lýst sem völundarhúsi. Breskur íhaldsmaður var hér á þingmannafundi EFTA og EB í sumar, og ef ég man rétt, þá er hann fornvinur forsrh. Hann lýsti þessu stjórnkerfi sem kafkaískri höll og sagðist ekki skilja í því hvernig nokkurn einasta mann langaði inn á þetta svæði. Þetta er alveg rétt hjá manninum og ef við lítum bara til okkar Íslendinga þá er ljóst að við höfum ekki sjálfstæða rödd í stjórnkerfi EES. Við höfum sjálfstæða rödd innan EFTA en ekki í stjórnkerfi EES. Við höfum það ekki í EES-ráðinu og ekki í eftirlitsstofnuninni vegna þess að EFTA á að tala einum rómi. EB á að tala einum rómi og EFTA einum rómi þannig að það verður málamiðlun á málamiðlun ofan. Ég held að það blandist engum hugur um það sem hefur skoðað þessi mál að þarna er um að ræða bæði mjög flókið boð- og ákvörðunarkerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins og það er einmitt þess vegna sem t.d. Svisslendingar eru að sækja um aðild að Evrópubandalaginu.

Mér hefur heyrst að þeir menn sem sitja núna á ráðherrastóli hafi helst það mottó að allt eigi að vera afskaplega einfalt og skilvirkt en það er svo sannarlega ekki einfalt og skilvirkt kerfi sem þeir eru að leiða þjóðina inn í með þessum samningi ef af verður.

Lokalotan er afstaðin í samningagerðinni og ég held að það sé mikilvægt að við höfum öll í huga að ráðherra var í Lúxemborg ekki að ganga frá samningi um fisk, ekki bara frá samningi um þessi ágreiningsatriði, heldur var hann að ganga frá samningi um Evrópska efnahagssvæðið í heild sinni. Þó að fiskurinn sé mikilvægur verða menn að hafa allt undir þegar þeir vega og meta samninginn, ekki bara sjávarútvegshagsmuni okkar. Þingmenn verða að skoða þennan samning ofan í kjölinn og það verða allir þingmenn að gera, ekki bara nokkrir. Eins og hér hefur komið fram eru þetta einhverjir mikilvægustu samningar sem íslenska lýðveldið hefur gert. Sú skylda hvílir á okkur öllum að skoða þennan samning ofan í kjölinn. Það verða auðvitað fleiri að gera. Það verða hagsmunasamtök ýmiss konar að gera, það verða samtök í atvinnulífinu að gera, það verður verkalýðshreyfingin og það verða fleiri að gera. Ég vona svo sannarlega að sú umræða sem kemur í kjölfar alls þessa eigi eftir að verða málefnaleg og góð þannig að hlutirnir skýrist fremur en það sé reynt að hylja þá móðu eins og mér finnst of mikið hafa verið tíðkað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og samið var um var stefnt að því að ljúka þessari umræðu fyrir kvöldmat og það þýðir að við höfum núna einn klukkutíma til þess að ljúka umræðunni um hálfáttaleytið eða fyrir átta, getum við sagt. Og það þýðir að ekki verða nema u.þ.b. 15 mínútur fyrir hvern þingflokk ef allir vilja fá orðið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef átt viðræður við starfandi þingflokksformann Framsfl. og hann kannast ekki við að hafa samið um eitt eða neitt varðandi tímalengd. Hins vegar hafði sú ósk komið fram. Að mínu viti er ekki ólíklegt að margir líti svo á að þessi umræða hljóti að flokkast undir það málfrelsi sem gert er ráð fyrir þegar um mikilvæg mál er að ræða og tími þess vegna hafður rúmur, ekki 30 mínútna umræða heldur mun rýmri. Ég minni á það að þegar menn tóku ákvörðun um að tala við þessar þjóðir á sínum tíma fór hér fram umræða sem stóð mjög lengi og engum datt í hug annað en málið væri það stórt að það yrði málfrelsi við þá umræðu. Ég vil undirstrika það að hitinn var svo mikill að menn vildu fella starfandi ríkisstjórn. Ég fæ ekki séð að þegar niðurstaðan liggur fyrir hafi málið smækkað svo að matmálstími manna sé meira virði en umræða um það hér í þingsölum og virðist þá eitthvað hafa farið úr skorðum í þeim miklu umræðum sem átt hafa sér stað um mikilvægi þessa máls. Ég vil því lýsa því yfir að ég lít svo á að ég sé óbundinn af því að tala hér í 15 mínútur, eins og minn réttur hljóðar upp á, og sé ekki að svipta aðra þingmenn Framsfl. rétti til að tala hér í ræðustól á eftir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill taka undir það að þetta er þýðingarmikið mál. Það er síður en svo að nokkrum detti í hug að hefta málfrelsi manna, hvorki framsóknarmanna eða annarra, en eins og forseti skýrði frá var þetta það sem við getum kallað heiðursmannasamkomulag og var rætt

hér í morgun á milli formanna þingflokka og forseta. Til þess að reyna að leysa úr þessu máli þykir forseta rétt að gera nú 5 mínútna hlé á þessum fundi svo að menn geti talað saman áður en við höldum áfram. Verður gert hlé til kl. 19.00. — [Fundarhlé.]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í fundarhléi var gert samkomulag að því er mér hefur verið tjáð um hvernig þessari umræðu verði haldið áfram og henni síðan frestað. Hins vegar bárust mér þær fréttir á síðustu mínútu að í Ríkisútvarpinu hefði verið lesin í síbilju undanfarnar mínútur auglýsing frá utanrrn. sem hljóðaði á þá leið að Evrópskt efnahagssvæði væri orðið að veruleika o.s.frv. og mönnum boðið að koma á borgarafund utanrrh. í kvöld til þess að ræða þetta efni.

Virðulegi forseti. Það er mjög erfitt að halda áfram umræðu af því tagi sem við teljum okkur eiga þátt í, vandaðri málefnalegri umræðu, og eiga orðastað við utanrrh. ef hann á sama tíma er að láta ráðuneyti sitt, ekki Alþfl., tilkynna þjóðinni í auglýsingatímum að Evrópskt efnahagssvæði sé orðið að veruleika og utanrrh. ætli að tala um þann veruleika eftir eina og hálfa klukkustund á almennum borgarafundi.

Þess vegna spyr ég virðulegan forseta og jafnframt utanrrh.: Er eðlilegt að þinginu sé haldið við umræðuna með þessum hætti á sama tíma og utanrrn. tilkynnir þjóðinni að Evrópskt efnahagssvæði sé orðið að veruleika? Vill ekki hæstv. utanrrh. gera okkur grein fyrir, áður en lengra er haldið, í hvaða samhengi þessi opinberi fundur er við þessa umræðu og hvers vegna hann hefur kosið að ávarpa þjóðina með þeim hætti sem heyrst hefur síðustu mínúturnar á öldum ljósvakans? Mér finnst nauðsynlegt, áður en við höldum áfram, að ræða efnislega hvernig við eigum að skoða og taka til umfjöllunar á næstu mánuðum það sem utanrrh. ætlar að ræða í kvöld að sé orðið að veruleika.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi tilmælum og fyrirspurn til hæstv. utanrrh. og mér finnst afar merkilegt að hann kýs að svara þeim ekki. Fyrirspurnin og tilmælin voru á þá leið hvort honum fyndist eðlilegt að þingið héldi áfram þeirri umræðu sem hér hefur staðið þegar hann hefur kosið að tilkynna þjóðinni að Evrópskt efnahagssvæði sé orðið að veruleika og ætlar að fara til fundar við borgara Reykjavíkur eftir eina og hálfa klukkustund til þess að ræða þann boðskap. Það er vel hugsanlegt að hæstv. utanrrh. hafi ekki sjálfur ákveðið orðalagið á þessum auglýsingum. Ég er alveg tilbúinn að trúa því að einhver ákafamaður í ráðuneytinu hafi ákveðið þetta orðalag. Ef aftur á móti þögn ráðherrans áðan felur það í sér að þetta sé hans orðalag er illt í efni. Ég vil þess vegna spyrja ráðherrann: Er hann ekki reiðubúinn að skýra þinginu frá því hvernig þessi auglýsing er tilkomin og draga ályktun hennar til baka hér í þingsalnum? Ef þetta á að vera forsenda umfjöllunar úti í þjóðfélaginu, að Evrópskt efnahagssvæði sé orðið að veruleika, en þingið og utanrmn. eiga svo að standa í einhverjum þykjustuleik næstu vikur og mánuði, þá er þetta stærsta utanríkismál Íslendinga komið í svo erfiðan farveg að nánast er verið að hafa þingið eða þjóðina að fífli.

Ég vil þess vegna ítreka tilmæli mín til ráðherrans og spyrja forsetann hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því að gert verði smáhlé. Ef ráðherrann vill ekki tjá sig óska ég eftir því við forsetann að aftur verði gert smáhlé svo að þingmenn geti borið saman bækur sínar, hvað skuli gera í ljósi þess sem heyrst hefur á öldum ljósvakans síðustu mínúturnar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er ákaflega tregur til þess að taka þátt í svona leikaraskap um þingsköp, legg það ekki í vana minn að misnota þau þingskapaákvæði. Það er rétt til getið hjá hv. þm., fyrirspyrjanda, að ég réð ekki texta þessarar auglýsingar, hef haft öðru að sinna þó að það komi þessu máli ekkert við. Tilgangur fundarins er, eins og áður hefur verið sagt, að kynna þetta mál, gefa fólki kost á að leita um það upplýsinga, spyrja beinna spurninga. Frá því hefur verið skýrt áður.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég virði það sem hæstv. utanrrh. sagði hér í stólnum á betri veg við hann og í trausti þess að slík auglýsing verði ekki endurtekin og sá boðskapur ekki látinn ganga aftur út til þjóðarinnar í nafni utanrrn. mun ég ekki gera athugasemd við það að þessi umræða haldi áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í þingskapaumræðu 19. des. 1989 sagði hv. 1. þm. Suðurl. að rétt væri hjá hæstv. utanrrh. að þessi umræða, sem þá fór fram um Evrópskt efnahagssvæði, væri sennilega mikilvægasta umræða sem farið hefði fram á Alþingi Íslendinga um alllangan tíma. Ég er sammála því að svo hafi verið þegar það var rætt, og hafi það verið þá fer það ekki á milli mála að í dag er þetta mikilvægasta umræða sem farið hefur fram á Alþingi Íslendinga á undanförnum árum.

Ég held að nauðsynlegt sé að menn byrji á því að reyna að átta sig á hvað það er í þessum samningi sem við getum framkvæmt án þess að við séum í EES. Þar er fyrst til að taka samkeppni í þjónustu. Við þurfum ekki að gera þennan samning til að leyfa erlendum bönkum að starfa í landinu. Við þurfum ekki að gera þennan samning til að leyfa fleiri flugfélögum að lenda á Íslandi. Við þurfum ekki að gera þennan samning til að tryggingafélögin fái keppinauta erlendis frá og erlend tryggingafélög taki upp starfsemi hér. Þetta getum við allt gert án aðstoðar, aðeins ef Alþingi Íslendinga leggur það til og samþykkir. Ég held að það megi byrja á því að tína svona spjarir utan af samningnum til þess að menn reyni að komast að kjarna hans.

Annað atriði sem hlýtur að kalla á umhugsun er að hv. 1. þm. Suðurl. lagði á sínum tíma á það höfuðáherslu að Íslendingar færu í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið. Það er ekki rökrétt að bera þann samn-

ing sem nú liggur fyrir saman við það ástand sem við höfum í viðskiptasamböndum við Evrópu. Þennan samning á vissulega fyrst og fremst að bera saman við hugsanlega niðurstöðu af tvíhliða viðræðum. Ekki getum við haldið því fram að Sjálfstfl. hafi ekki verið alvara á sínum tíma þegar hann hélt því fram að við ættum að fara í tvíhliða viðræður og í gegnum tvíhliða viðræður gætum við náð árangri í tollamálum. Ég held að allir hafi verið sammála því að við gætum náð árangri í tvíhliða viðræðum í tollamálum. Hins vegar blasti það við á þeim tíma að Efnahagsbandalagið vildi fyrst ræða við Fríverslunarbandalagið um hugsanlegt Evrópskt efnahagssvæði. Að þeirri umræðu lokinni hefur alltaf legið ljóst fyrir að aðilar gætu leitað eftir tvíhliða viðræðum og látið á það reyna hvað út úr þeim kæmi. Þess vegna undirstrika ég þetta: Það sem á að bera saman í þessum efnum er annars vegar þessi samningur og hins vegar það sem hugsanlega hefði komið út úr tvíhliða viðræðum. Mér er ekki ljóst á þessari stundu hvort hefði verið mikill munur á niðurstöðunni varðandi tollamálin eftir því hvort við hefðum verið í tvíhliða viðræðum eða hefðum staðið að þessu á þennan hátt. Það hefur einfaldlega ekkert svar fengist við því.

Í þriðja lagi: Hvað þýðir tollfrelsi með fisk ef EB hefur áfram rétt til að styrkja sjávarútveginn og styrkja fiskvinnsluna? Þá þýðir tollfrelsi með fisk fyrst og fremst það að neytendur Evrópu fá fiskinn hugsanlega á því lægsta verði sem mögulegt er. Það segir ekkert um það hver samkeppnisaðstaða Íslendinga verður. Það eru nefnilega tvær hliðar á því máli að rústa atvinnuveg hjá öðru landi. Við könnumst við þá aðferð hjá EB að styrkja skipasmíðarnar með opinberum styrkjum. Hvað hefur það þýtt fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað? Það hefur þýtt hrun. Ef Evrópubandalagið hefur peninga til þess að greiða 80% byggingarstyrki til nýrra fyrirtækja sem fara í fiskvinnslu úti í Evrópu og ef bandalagið greiðir svo í upphafi 80% af launum mannanna sem þar vinna vegna þess að atvinnuleysið er það mikið að í gildi eru reglur hjá þeim á þann veg að nýtt fyrirtæki sem tekur menn af atvinnuleysiskrá býr við sérstök kjör í nokkur ár. Þegar þau ár eru liðin er einfaldlega hægt að loka því fyrirtæki og skipta um nafn og byrja aftur með nýtt fyrirtæki. Það keppir enginn á jafnréttisgrundvelli sem býr við það að andstæðingurinn hefur frjálsar hendur til að styrkja eftir þessum leiðum. Það er hrein blekking að halda að það þýði einhverja sigurgöngu fyrir íslenskan fisk ef EB beitir þessum aðferðum.

Í fjórða lagi mega EFTA-löndin mega ekki beita styrkjum en EB á að vera það frjálst. Hvað þýðir þetta? Ef Norðmenn samþykkja þýðir þetta trúlega það að Norður-Noregur mun að stórum hluta leggjast í eyði, einfaldlega vegna þess að lífskjör þar munu hrynja eftir að norska ríkið hættir að styrkja sjávarútveginn í Norður-Noregi. Ég verð einnig að segja það að ég veit ekki nema þetta gæti haft veruleg áhrif á byggðir á Íslandi.

Í fimmta lagi: Hver ber ábyrgð á kostnaði við yfirstjórn þessara mála? Hver ber ábyrgð á kostnaðinum við þá yfirstjórn sem hlýst af því að nú standa mál þannig að í stað þess að á sínum tíma ætluðu mjög mörg ríki að standa saman að þessu EES-svæði stöndum við nú frammi fyrir því að trúlega munu þau flest öll nema Ísland ganga inn í Evrópubandalagið? Hver verður afeiðingin? Hver verður þrýstingurinn á það að Íslendingar gangi líka inn þegar hinir eru allir farnir?

Í sjötta lagi: Hvað þýðir fullt frelsi í atvinnuleit innan þessa svæðis? Sumar stéttir eru með lögvernduð réttindi eins og heilbrigðisstéttir þessa lands. Ég á ekki von á að erlendir verkamenn eigi greiðan aðgang inn í heilbrigðiskerfið til starfa, en aðrar stéttir búa ekki við neina lögverndun á þeim störfum sem þeir sinna eins og íslenskir verkamenn, íslenskt fiskvinnslufólk og íslenskir sjómenn að stórum hluta, þ.e. þeir sem ekki eru yfirmenn. Og þá kemur þessi spurning: Þýðir þetta í reynd að atvinnulausir útlendingar muni koma til landsins? Samkvæmt markaðslögmálunum bendir allt til þess að það verði til að lækka kjör þeirra Íslendinga sem vinna í þessum greinum.

Ég held að nauðsynlegt sé að menn hætti að tala um þessi mál eins og einhver hershöfðingi hafi komið heim eftir sigursæla herför og nú beri að hafa lúðrasöng, blóm á veginn og mikið af lýð til að hylla. Það gengur bara ekki upp að ætla að standa þannig að málum í upplýstu þjóðfélagi. Það gengur bara ekki upp.

Ég verð að segja eins og er að ég ber mikið traust til þess að í utanrmn. Alþingis verði farið yfir þessi mál lið fyrir lið og ég hygg að menn hljóti að skoða þá heimsmynd sem menn eru að draga upp. Ísland er vissulega í Evrópu og það breytir engu hvort við gerum þennan samning eða ekki. Við verðum í Evrópu áfram. Aftur á móti erum við jaðarsvæði í miklu nágrenni við Ameríku, og efnahagslegt sjálfstæði landsins byggist á því að við höfðum vit á að setja ekki öll okkar egg í sömu körfu í viðskiptalegum skilningi. Ég er sannfærður um að það voru viðskiptin við Bandaríki Norður-Ameríku sem gerðu þessa þjóð efnahagslega sjálfstæða. Ég trúi því að markaðslöndin í Ameríku, markaðslöndin í Asíu og markaðslöndin í Sovétríkjunum séu þess virði að mjög hæpið sé að standa þannig að málum, eins og við Íslendingar höfum því miður gert, ef við skoðum íslensku tollalöggjöfina, að fremur sé stuðlað að innflutningi frá Evrópu en þessum löndum. Það eru margir vöruflokkar sem ástandið er þannig um í tollskránni að ef þeir eru fluttir inn frá Evrópu er tollurinn núll, en ef þeir eru fluttir inn frá öðrum löndum er tollurinn miklu hærri.

Menn hafa sumir talað á þeim nótum að þetta væri alveg sérstakur hópur að sækjast eftir samvistum við. Þetta er gamalmennahæli heimsins. Það er tölfræðileg staðreynd og auðvelt að átta sig á því. Þetta er samsafn af nýlenduþjóðum heimsins sem með mestum ójöfnuði hafa traðkað á öðrum þjóðum á liðnum öldum. Þetta er félagsskapurinn. Ég sé ekki að það sé neitt sérstakt keppikefli að leggja höfuðkapp á að eiga viðskipti við þessa fremur en aðra.

Ég er sannfærður um að ef GATT-viðræður fara út um þúfur þannig að mannkynið byggi á ný upp tollamúra á milli hins nýja stóra Þýskalands, milli hins nýja

stóra veldis Japana og milli hins nýja stóra veldis Bandaríkjamanna í Ameríku er mannkynið nær nýrri styrjöld en það hefur oft verið áður því að það er blekking að halda því fram að styrjaldir hafi nokkurn tíma verið um annað en hagsmuni. Heimsstyrjöldin fyrri var styrjöld um hagsmuni, heimsstyrjöldin síðari var styrjöld um hagsmuni og þriðja heimsstyrjöldin fer því aðeins af stað að mannkynið álpist til þess að styðja viðskiptafjötra í þeirri trú að það leysi þannig sín vandamál.

Ég vil trúa því að sem betur fer séu enn margir stórir leiðtogar í heiminum sem gera sér grein fyrir því að viðskiptamúrar sem Evrópubandalagið hefur verið að byggja upp eru ekki framtíðin. Mannkynið á að stefna að frelsi í viðskiptum á milli allra landa. Það er eina ásættanlega niðurstaðan sem að mínu viti er viðunandi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vek ég á því athygli að getsakir sem uppi höfðu verið hafðar um skort á upplýsingum til handa meðlimum utanrmn. eða leynd yfir skjölum og gögnum hafa verið bornar til baka, m.a. af formanni utanrmn. sem sagði að samstarf nefndar, ráðherra og ráðuneytis hefði verið eins og best verður á kosið sem rétt er.

Víkjum þá að þeim atriðum sem þarfnast svara. Ég vík fyrst að ræðu hv. 7. þm. Reykn., hæstv. fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Hann spurði: Hvers vegna ekki þjóðaratkvæðagreiðslu? Svarið við því er: Það er vegna þess að í samningnum felst ekkert afsal réttinda og engin kvöð um breytingu á stjórnarskrá eins og fram kom í grein eftir Gunnar G. Schram, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem ég vitnaði til fyrr í umræðunni. Með öðrum orðum ber enga nauðsyn til þess að með þennan milliríkjasamning verði farið með öðrum hætti en aðra sambærilega samninga. Menn hafa vitnað til Noregs. Ég vísa til þess að þrátt fyrir annars konar ákvæði í norsku stjórnarskránni og álit sumra lögfræðinga um nauðsyn aukins meiri hluta var það niðurstaða norska Stórþingsins að hafna tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um þennan samning.

Annað mál: Helst til margir þátttakendur í þessari umræðu hafa viljað eigna mér þau ummæli að í þessum samningi fælist allt fyrir ekkert af hálfu Íslands. Ég ætla að leiðrétta þetta einu sinni enn því að þessi ummæli eru höfð eftir Frans Andriessen, varaforseta Evrópubandalagsins, en hann lét þau orð falla á fyrsta fundinum við okkur Íslendinga. Þau eru ekki eftir mér höfð, þau eru ekki mín orð og lýsa ekki minni skoðun því að þessi samningur er að sjálfsögðu, eins og allir góðir samningar, gagnkvæmur hagur.

Hv. þm. ræddi nokkuð um fjármagnssvið og fjármagnsmarkaðinn og spurði: Hvað tekur við á þeim markaði hér á landi, samkvæmt þessum samningi, eftir árið 1996 þegar aðlögunartíma þriggja ára lýkur? Hann spurði sérstaklega um banka. Nú er það svo að það er ekkert í þessum samningi sem bindur hendur íslenskra stjórnvalda að því er varðar t.d. rekstur ríkisbanka. Við getum haldið áfram að reka og eiga ríkisbanka. Það er þess vegna alveg á ákvörðunarvaldi íslenskra stjórnvalda. Sem kunnugt er voru fyrstu skrefin í átt til aukins frjálsræðis á þessu sviði stigin í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég kannast ekki við að um það hafi verið neinn stór ágreiningur. Þá var leidd í lög heimild erlendra banka til þess að eiga hlut, 25%, sem dugar til meirihlutastjórnunar við alla venjulega skiptingu hlutabréfaeignar í bönkum og reyndar heimild fyrir erlenda banka til þess að stofnsetja hér útibú. Það er með öðrum orðum bara ákvörðunarefni íslenskra stjórnvalda og fer eftir því hvaða skoðanir menn hafa á því hvort eðlilegt sé að halda áfram ríkisbönkum. Að öðru leyti, ef menn telja að ekki sé líklegt að erlendir aðilar hafi áhuga á því — miðað við eftir hverju er að *slægjast við rekstur íslenskra banka eða arðsemi* þeirra — og ef menn vilja endilega og telja nauðsynlegt að halda því formi að reka ríkisbanka, er ekkert sem kemur í veg fyrir það.

Hv. þm. spurði um orkulindirnar. Það er alveg ljóst að núverandi skipan að því er varðar orkuframleiðslu og dreifingarfyrirtæki getum við haft hér eftir sem hingað til. Það er ekkert í þessum samningi kveður á um það. Það er ekkert í þessum samningi sem bannar opinbera eigu á orkufyrirtækjum. Það sem hér þarf að gera er atriði sem ekki tókst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar en núverandi ríkisstjórn hefur tekið um stefnumarkandi ákvörðun eins og fram kemur í hinni hvítu bók um *stefnu og starfsáætlun stjórnarflokkanna*. Það þarf að setja lög og reglur um eignamörk bæði orkulinda og almenninga í þessu landi. Það strandaði því miður á Framsfl. í síðustu ríkisstjórn í meðförum málsins á Alþingi.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna í þennan kafla um iðnaðar- og orkumál í því efni. Þar segir, með leyfi forseta: „Lagt verður fram frumvarp um eignarhald á orkulindum og afréttum og almenningum á 115. löggjafarþingi. Þar verður skilgreint hvaða réttur til náttúruauðæfa landsins skuli fylgja bújörðum og öðrum landareignum og hvað skuli teljast almannaeign.“ Slík lög er að sjálfsögðu nauðsynlegt að setja og það er boðað hér.

Hv. 8. þm. Reykn. spurði um vatnslindirnar í sama samhengi og ég leyfi mér að svara því, virðulegi forseti, með því að vísa enn til þessarar stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar en þar segir:

„Vegna vatnsútflutnings verður mótuð stefna og settar reglur um nýtingu auðlindarinnar, meðal annars reglur um gæða- og heilbrigðiskröfur og verndun vatnsbóla, og mörkuð stefna í uppbyggingu greinarinnar.“ — Ekkert er í þessum samningi sem kemur í veg fyrir það.

Hv. þm. vék einnig að spurningunni um rétt erlendra aðila til þess að kaupa hlunnindajarðir og því hef ég nú svarað svo rækilega að ég þarf ekki að endurtaka það.

Lítum hins vegar á málið frá dálítið öðru sjónarhorni. Íslensk stjórnvöld geta að sjálfsögðu sett þær reglur sem ég hef lýst sem þrengja rétt útlendinga sem annarra til að kaupa í fjárfestingarskyni eða auðgun-

arskyni slíkar náttúruperlur, laxveiðiár eða annað slíkt. Hvers vegna ekki, út frá þessum ótta, að varpa fram þessari spurningu: Telja þeir sem þyngst eru haldnir þessum ótta í alvöru að íslenskir bændur, eigendur landsins, landgæðanna, séu svo ginnkeyptir fyrir gylliboðum erlendra auðkýfinga að þeir séu líklegir til þess að selja óðul feðranna við fyrsta boð? Ég geri kannski ekki ráð fyrir því. Ég hef ekki endilega þá skoðun á íslenskum bændum en reglurnar sem ég hef lýst halda að mínu mati.

Sama er að segja um þann ótta sem menn hafa af fólksflutningum, óttann við innflutning erlends vinnuafls. Hv. þm. spurði, og vísar til meiri háttar röskunar, hver eigi að meta „meiri háttar". Það gera íslensk stjórnvöld, það gera ekki aðrir. Íslensk stjórnvöld taka ákvörðun um það á grundvelli öryggisákvæðisins með vísan til þeirrar yfirlýsingar sem því fylgir. Það er þeirra mat sem ræður ákvörðuninni. Það getur enginn breytt þeirri akvörðun. Það er efnislega nákvæmlega sami fyrirvarinn og við settum að því er varðar norræna vinnumarkaðinn. Hann heldur jafn vel og hann.

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. vék nánast að sömu málum og hv. þm. Steingrímur Hermannsson. Hann spurði um orkulindir, vatn og jarðir og því hef ég þegar svarað. Reyndar er athyglisvert við málflutning hans að hann eyddi megintíma ræðu sinnar í að spyrja. Hvernig væri nú þessi samningur ef fiskeldistilraun Íslendinga hefði ekki farið í vaskinn? Eins mætti spyrja: Hvernig væri þessi samningur ef makríll væri uppistöðufiskur í afla Íslendinga? Mér skilst að veðurfræðingar haldi því fram að ef hlýnar um einhver stig í sjónum geti farið svo að makríllinn flytji sig norðar og það væri kannski ekki séð fyrir því í þessum samningi.

Þetta minnir á þegar hv. þm. gerði það að meginefni ræðu sinnar og flutti hana sigri hrósandi að það væri eftir engu að slægjast í samningum við Evrópubandalagið um markaðsaðgang vegna þess að bókun 6 tryggði þetta allt saman. Málflutningur af þessu tagi er þess eðlis að í raun og veru er hv. þm. að halda fram hlutum sem gera það að verkum að maður freistast til þess að taka ekki mark á honum. Ég held að hv. þm. taki ekki mark á sér sjálfur.

Ég vek athygli á því enn og aftur að fjórir þingflokkar hafa komið að þessu máli í ríkisstjórn. Það er minn flokkur, Alþfl., það er Framsfl., það er Alþb. og það er nú Sjálfstfl. Á móti er auðvitað „á-móti-flokkurinn", Kvennalistinn. Hann var líka á móti fyrir kosningar og er sjálfum sér samkvæmur í því eftir kosningar, hann er á móti. (**Gripið fram í:** Fimm flokkar.) Er ekki einn horfinn af sjónarsviðinu? (Gripið fram í.) Jú, ég er að tala um þá sem nú eiga sæti á þingi.

Sú stefna sem mótuð var í þessu máli var að mestu mótuð af fyrrv. ríkisstjórn. Nokkur dæmi: Við settum fram kröfuna með fríverslun með fisk í upphafi. Það lá fyrir haustið 1989 að Evrópubandalagið hafnaði þeirri kröfu. Auðvitað settum við fram ýtrustu kröfur, sameiginlegar kröfur EFTA-ríkjanna um þetta efni, enda búnir að koma á fríverslun með fisk innan EFTA. Við vissum hins vegar um leið og við settum þessar kröfur fram að á því væru litlar sem engar líkur að Evrópubandalagið félli þannig frá sameiginlegri fiskveiðistefnu sinni, og við höfðum að sjálfsögðu tilbúna þá varaafstöðu að við ætluðum að krefjast tollfrjáls aðgangs, jafnvel þótt krafan um fríverslun með fisk næði ekki fram að ganga. Alþb. gerði enga tillögu um það að hætta þessum samningum þó að krafan um fríverslun með fisk hefði ekki náð fram að ganga.

Annað dæmi: Við freistuðum þess að ná fram sértækum fyrirvara að því er varðaði rétt til fjárfestingar í hlunnindajörðum. Það lá fyrir haustið 1990, meðan við vorum enn í þessu stjórnarsamstarfi, að þeirri kröfu var hafnað. Alþb. sagði sig ekkert úr ríkisstjórn af því tilefni og Alþb. kom út af fyrir sig ekki með neinar tillögur um það hvernig ætti að bregðast við því. Við komum með tillögur um það. Það vildi bara svo til að hinir ágætu þjóðernissinnar í Alþb. stýrðu t.d. landbrn. Þá var ekki vitað að við mundum fá þriggja ára aðlögunartíma í þessu máli. Við sem nú erum sakaðir nánast um landráð, sakaðir um það að láta okkur í léttu rúmi liggja þótt óðul feðranna séu í hættu, lögðum fram ákveðnar tillögur. Þeim var ekki sinnt af landbrh. Alþb.

Þannig má lengi telja og ég endurtek: Meginstefnan og megininntak þessara samninga voru að fullu mótuð í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég hef margsinnis sýnt fram á að öllum þeim fyrirvörum sem þá voru settir hefur verið til haga haldið þótt í einstökum tilvikum séu þeir í öðru formi.

Hv. þm. reyndi að gera það tortryggilegt að þarna er í texta vikið að því að EES-ríkin, EFTA-ríkin í þessu samkomulagi, vilji stuðla að því að draga úr ríkisstyrkjum í sjávarútvegi. Það var búið að upplýsa það í umræðum í utanrmn. hvað þetta merkti. Ekki þurfum við Íslendingar að óttast þetta vegna þess að við styrkjum ekki sjávarútveg, sjávarútvegurinn heldur uppi okkar þjóðfélagi. Þetta er til komið af þeirri einföldu ástæðu að Norðmenn vildu endilega krefjast þess að Evrópubandalagið beitti ekki aðgerðum vegna ákæru um undirboð. Tilefnið er með öðrum orðum það að Norðmenn hafa verið sakaðir um það, vegna offramleiðslubirgða á laxi, að þeir séu víða um Evrópu, alveg eins og í Bandaríkjunum, með undirboð á þessari vöru. Þetta var auðvitað auðsótt mál að því er varðaði Evrópubandalagið vegna þess að Norðmenn eru undir skuldbindingu innan EFTA um að afnema ríkisstyrki, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Það vorum við, það var Steingrímur Hermannsson, þáv. hæstv. forsrh., og reyndar sá sem hér stendur, sem knúðum það fram, reyndar á seinustu mínútunum á leiðtogafundi EFTA í Ósló í mars 1989, að EFTA-ríkin urðu við þessari kröfu. Þetta var krafa okkar Íslendinga. Nú segir hv. þm. að þetta geti orðið til þess að Norður-Noregur verði lagður í rúst. (**ÓÞÞ:** Ef þið haldið þessum styrkjum áfram ...) Það breytir engu um skuldbindingarnar og ekki heldur neinu um það hvernig þær eru til komnar. (Gripið fram í.) Svona er þetta til komið. Þetta er engin breyting á stöðunni. Þetta eru samningsbundnar skuldbindingar EFTA-ríkjanna innbyrðis.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kvennalistans spurðu

nokkurra spurninga, fyrst um kynningu. Ég hef sagt það áður að við höfum ekki getað kynnt óorðinn samning. Umræðan hefur því hingað til verið afar einhliða þannig að ég lít á það sem part af okkar upplýsingaskyldu að kynna þetta mál. Að sjálfsögðu er það gert á margvíslegum vettvangi. Við munum leggja á það höfuðáherslu að kynna þessa samninga, t.d. í samstarfsnefndum sem við erum í með aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum atvinnulífsins, með fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, með einstökum hópum atvinnuvega o.s.frv. Sömuleiðis, alveg eins og málið verður rætt á Alþingi Íslendinga og í nefndum o.s.frv., og til þess höfum við mikinn tíma, tel ég það skyldu mína að gefa almenningi á Íslandi kost á að kynna sér málið og einn þáttur þess er að gefa mönnum kost á að ræða það á fundum með beinum fyrirspurnum. (**Forseti:** Tíminn er naumur.) Tíminn er naumur, já, en umræðunum er ekki lokið. Er það ósk forseta að ég láti hér staðar numið? Nokkrar þeirra spurninga sem beint var til mín af fulltrúum Kvennalistans bíða þá og einnig einstaka spurningar frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og er ekkert við því að segja.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég komst svo að orði um þennan samning að hann væri vegabréf okkar Íslendinga inn í 21. öldina. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hæstv. fyrrv. forsrh., hefur tekið undir það en hefur gjarnan notað önnur orð, farseðill inn framtíðina. Það mál líka til sanns vegar færa. Hann lét í ljós þá ósk að við ferðuðumst þá áfram á 1. farrými. Já, já, það er kannski þægilegri ferðamáti. Það vill nú svo til að EFTA-hópurinn er kannski á 1. farrými að því er varðar þjóðarframleiðslu og tekjuskiptingu í heiminum og sama má segja um hið mikla markaðssvæði sem við nú tryggjum okkur aðild að. Menn geta þess vegna haft ýmis heiti á þessu, vegabréf inn í 21. öldina, farseðill til framtíðar þess vegna. Það sem við þurfum hins vegar að forðast er það sem hæstv. forsætisráðherra Dana einu sinni orðaði þegar hann var að lýsa stöðu mála í Danmörku og við gætum gjarnan hugleitt með hliðsjón af stöðnun og afturför í íslensku efnahagslífi. Hann sagði: „Danir eru vissulega á ferðalagi á 1. farrými. Þeir eru að vísu að fara til fjandans en þeir ferðast þó allavega þangað á 1. farrými."

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að grípa til þess hér en ég átti ekki von á að hæstv. utanrrh. mundi nota þær 15 mínútur, sem reyndar urðu 25, sem samið var um hér milli þingflokka að hann hefði hér í lok umræðna, til þess að ráðast á fjarstadda þingmenn og fyrrv. ráðherra með hreinum ósannindum að dómi okkar sem til mála þekkjum og að hann skyldi þar að auki verða við óskum okkar um skýr svör við tilteknum spurningum með útúrsnúningum. Það er því óhjákvæmilegt að mótmæla þessum málflutningi ráðherrans og koma jafnvel þeirri ósk á framfæri við virðulegan forseta að þegar þessari umræðu verður fram haldið, virðulegi forseti, fái bæði ráðherrann og einstakir þingmenn ótakmarkaðan tíma til þess að ræða þetta mál áfram því að það er ekki hægt að láta setja sig í þá spennitreyju að hafa aðeins fáeinar mínútur þegar ráðherrann kýs að nota sinn tíma ýmist til að þylja rangfærslur, útúrsnúninga, eða svara ekki lykilatriðum. Ég mótmæli þess vegna þeirri frásögn sem ráðherrann var hér með og óska eftir því við forsetann að þegar þessari umræðu verður fram haldið verði það gert á þann veg að það verði ótakmarkaður ræðutími, m.a. til þess að þeir þingmenn, sem ráðherrann hefur ráðist á hér þó að þeir séu fjarstaddir, fái tækifæri til að svara fyrir sig.

Umræðu frestað.

14. FUNDUR

fimmtudaginn 24. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Ráðning erlendra sjómanna á íslensk kaupskip, ein umr.

Fsp. GHall, 5. mál. — Þskj. 5.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 5 hef ég borið fram fsp. til hæstv. samgrh. um með hvaða hætti hann hyggist sporna við því að erlendir sjómenn séu ráðnir til starfa á skipum í þjónustu íslenskrar kaupskipaútgerðar.

Á undanförnum árum hefur það í vaxandi mæli gerst að íslenskar kaupskipaútgerðir hafa tekið erlend kaupskip á leigu til siglinga að og frá landinu. Um tvenns konar leiguform er þá einkum um að ræða, þ.e. svokölluð þurrleiga sem er leiga á skipi án áhafnar eða tímaleiga þar sem alfarið er erlend áhöfn á skipinu eða fáeinir Íslendingar um borð. Þá eru einnig allmörg kaupskip í eigu íslenskrar kaupskipaútgerða undir erlendum fánum, ýmist alfarið með erlendar áhafnir eða samsett af íslenskum og erlendum sjómönnum.

Afleiðing þess sem hér hefur verið getið er minnkandi íslenskur kaupskipafloti jafnhliða fækkun atvinnutækifæra íslenskra farmanna. Nú er svo komið að af 41 skipi í eigu Íslendinga eru aðeins 17 skráð á Íslandi undir íslenskum fána, hin 24 eru undir erlendum fána og flest undir svokölluðum þægindafána, þ.e. fána þeirra landa sem láta sig litlu varða um aðbúnað og öryggismál sjómanna.

Það er ekki langur tími í sögu þjóðar vorrar þá litið er til ársins 1913 en þá barst hinu háa Alþingi skeyti frá danska skipafélaginu sameinaða sem þá var með einokun í siglingum hér við land, þar sem Íslendingum var hótað samgönguerfiðleikum á sjó ef fjárhagslegur stuðningur yrði veittur við millilandaferðir Eimskipafélags Íslands sem þá var í burðarliðnum. Svar Íslendinga um land allt við þessum hótunum var aðeins

eitt. Þeir sameinuðust um hlutabréfakaup Eimskips og skipafélagið varð til.

Fimmtíu árum síðar birtist merkileg ábending til Íslendinga sem á enn við í dag, a.m.k. hvað varðar sjálfstæði þjóðarinnar og, með leyfi hæstv. forseta, vil ég vitna þar til.

„Þegar Íslendingar glötuðu sjálfstæði sínu á árunum 1262–1264 steig þjóðin það hættulega spor að trúa útlendingum fyrir siglingamálum sínum. Með stofnun hf. Eimskipafélags Íslands endurheimti þjóð vor þessi mál í sínar hendur og steig þar með hið heilladrýgsta spor í sjálfstæðisbaráttunni."

Virðulegi forseti. Það eru ekki mörg ár liðin síðan hið margumrædda skipafélag gaf út um það fyrirheit á aðalfundi sínum að það vildi verða burðarás í íslensku atvinnulífi. Vonandi verður það fyrirheit haldið. Samtök sjómanna gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem íslensk kaupskipaútgerð á við að etja í siglingum milli erlendra hafna, hvar erlendir samkeppnisaðilar eru með skip sín undir þægindafánum og mönnuð láglaunasjómönnum. Þar er vandinn fyrst og fremst sem á þarf að taka, hæstv. samgrh. Engu að síður eiga íslenskar kaupskipaútgerðir í harðri samkeppni við erlendar útgerðir um farmflutninga á lýsi og mjöli frá landinu. Við verðum að efla íslenska kaupskipaútgerð. Það er hluti af sjálfstæði okkar. Við verðum að efla íslenskt atvinnulíf, sérhvert atvinnutækifæri er okkur Íslendingum mikið verðmæti.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Að undanförnu hafa skráningar íslenskra kaupskipa erlendis aukist mjög. Nú er svo komið að af 41 skipi sem er í rekstri íslenskrar útgerðar eru 24 skráð í 7 erlendum ríkjum en aðeins 17 skip eru skráð á Íslandi. Það leiðir m.a. af þessari staðreynd að erlendum sjómönnum á flotanum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Sé litið á mönnun kaupskipanna sl. fjögur ár kemur glögglega í ljós að Íslendingum sem starfa á skipunum hefur jafnframt fækkað verulega.

Árið 1988 voru stöðugildi á flotanum alls um 500. Þar af sinntu Íslendingar um það bil 425 stöðugildum sem er nálægt 85%. Á stuttum tíma hefur þetta hlutfall orðið mun óhagstæðara. Í apríl 1991 voru stöðugildi um það bil 465. Þar af gegndu Íslendingar um 340 eða 73%. Stöðugildum íslenskra farmanna hefur því fækkað um nálægt 85 á þessum fjórum árum. Erlendu farmennirnir, um það bil 100 talsins, eru allir starfandi á þeim skipum í rekstri íslensku útgerðanna sem sigla undir erlendum fánum. Ríflega helmingur þeirra er á svokölluðum stórflutningaskipum sem sum hver eru alfarið í leiguverkefnum erlendis. Einnig eru þessir erlendu farmenn á áætlunarskipum sem eru annaðhvort í eigu íslensku útgerðanna eða eru í leigu til lengri eða skemmri tíma, en eins og fyrr segir eru þessi áætlunarskip skráð undir erlenda fána. Það er því ljóst samkvæmt framansögðu að skráning skipa undir erlendum fána og ráðning erlendra farmanna í skipsrúm haldast í hendur. Til þess að snúa þessari þróun við verður að skapa kaupskipaútgerðum betri samkeppnisstöðu gagnvart erlendum útgerðum og hvetja jafnframt til þess að þeir sem á skipunum starfa séu íslenskir þegnar.

Stjórnvöld hafa gert sér grein fyrir þeim vanda sem hér er við að etja og því var sl. vor skipuð nefnd á vegum samgrn. til þess að vinna að tillögum sem mættu verða til að bæta úr þessu ófremdarástandi. Í skipunarbréfi segir svo:

„Verksvið nefndarinnar verður að endurskoða gildandi lög og reglur um skráningu og mönnun íslenskra kaupskipa. Þetta verður gert með það að markmiði að skapa íslenskum kaupskipaútgerðum sambærilegan rekstrargrundvöll og í nágrannalöndunum. Í starfi sínu skal nefndin hafa hliðsjón af lögum annarra Norðurlanda um alþjóðlegar skipaskráningar og reynslu þessara þjóða á alþjóðlegri skipaskráningu."

Í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem birt var nú á dögunum segir svo í kaflanum um samgöngur og ferðamál: „Gerð verður könnun á hagkvæmni þess að koma á fót alþjóðlegri skipaskrá hér á landi."

Nefndin hefur ekki enn skilað áliti sínu en ég vonast til að niðurstaða hennar muni skapa grundvöll fyrir stefnumörkun í þessu máli. Nefndin hefur fjallað um mögulegar leiðir til þess að ná þeim markmiðum sem ég hef skýrt, þar á meðal skoðað leiðir sem Danir og Norðmenn fóru 1987 og 1988 þegar þeir stóðu frammi fyrir sams konar vanda og við stöndum nú frammi fyrir. Kaupskipum sem sigldu undir fánum þessara landa fækkaði ört og bitnaði það m.a. á tengdri starfsemi í þessum löndum, svo sem skipasmíðum og margvíslegri þjónustu við skipaútgerð. Með alþjóðlegri skipaskráningu, í Noregi NIS og í Danmörku DIS, var réttarstöðu útgerðarfélaga breytt þannig að rekstrarkostnaður þeirra var minni en áður. Í Noregi voru gefnar heimildir til að ráða erlenda sjómenn á öðrum kjörum en norska en í Danmörku voru veitt veruleg skattfríðindi til að tryggja dönskum sjómönnum skipsrúm.

Lög verða ekki sett um þjóðerni áhafna í alþjóðlegri skipaskrá, enda er frjálst val um þjóðerni áhafnar eitt megineinkenni slíkrar skrár. Það er ekki verkefni stjórnvalda að hafa áhrif á samninga milli hagsmunaaðila. Stjórnvöld geta hins vegar leitast við að leiða málsaðila til samkomulags og greiða fyrir viðræðum þeirra í milli og hefur samgrn. þegar átt fundi með fulltrúum útgerða og farmanna til þess að ræða vandamál er tengjast mönnun skipa og alþjóðlegri skipaskrá á Íslandi.

Það er alvarlegt mál að íslensk sjómannastétt missi æ fleiri atvinnutækifæri í hendur erlendra farmanna, en það er ekki komið undir stjórnvöldum einum að snúa þeirri þróun við. Ábyrgðin hvílir líka og kannski miklu fremur á farmönnum og á útgerðaraðilum sjálfum.

Ég vona að spurningunni sé svarað eins og efni standa til á þessari stundu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Ég hef reifað þetta á Alþingi nokkrum sinnum, m.a. á árunum 1986–1988 með ýmsum hætti, bæði í

formi fyrirspurna og þingsályktunartillagna. Ég vil einnig þakka hæstv. samgrh. fyrir það sem fram kom í hans máli þar sem greinilegt er að samgrn. er að reyna að taka á þessu máli af veikum mætti. Í raun og veru hefur ráðuneytið átt afar erfiða stöðu í máli af þessu tagi.

En ég kom hingað líka upp, virðulegi forseti, til að vekja athygli á því að þetta er fyrsta dagskrármálið sem tekið er fyrir hér á hv. Alþingi eftir að fram fer allsherjarumræða um EES. Í þeirri umræðu er fjallað um það að galopna í raun og veru þennan markað fyrir erlendum aðilum, bæði í rekstri og starfi þannig að sá málflutningur sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hafði hér uppi áðan bendir eindregið til þess að í verkalýðshreyfingunni a.m.k. séu menn sem hafa áhyggjur af þeirri þróun sem hlýtur að ganga hér yfir verði Íslendingar aðilar að EES. Af þeim ástæðum tel ég sérstaka ástæðu einnig til að þakka hv. þm. fyrir skörulegan málflutning hans hér.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka samgrh. hans svar. Mér þykir þó rétt að fram komi að bæði Norðmenn og Danir hafa farið út í hina svokölluðu alþjóðaskráningu, en þar er nokkur munur á, einkum ef litið er til þess að á norska flotanum eru núna rétt um 29% starfandi Norðmanna. Hinir eru annarra þjóða menn og einkum þá og sér í lagi frá þriðja heiminum. En það er líka athyglisvert að þar eru bara fáein prósent af undirmönnum sem vissulega veldur mönnum miklum áhyggjum, einkum þegar litið er til þess að í stýrimannaskólana koma þeir menn sem hafa fengið undirstöðu í sjómannafræðum, þ.e. undirmenn.

Hins vegar er þessi þróun allt önnur í Danmörku — 80% Danir, 20% útlendingar — og þar hafa stjórnvöld haft veruleg áhrif á og það er annað heldur en hæstv. samgrh. sagði hér um að það væri ekki stjórnvalda að skipta sér af þessu, þetta væri fyrst og fremst málefni útgerðar og sjómanna. Það kann að vera rétt að einhverju leyti en ég vil benda hæstv. samgrh. á það að varðandi skatthlunnindi og ívilnanir til danskrar útgerðar, þá er hún eingöngu veitt ef viðkomandi útgerð hefur ráðið innlenda menn til þjónustu sinnar en ráðning erlendra sjómanna á dönskum skipum gerir það að verkum að skattaívilnanir til útgerðar eru ekki með sama hætti.

Þá vildi ég taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér um varðandi áhyggjur verkalýðshreyfingarinnar af EES. Það er vissulega rétt að auðvitað hefur íslensk verkalýðshreyfing áhyggjur af því hvernig muni til takast varðandi vinnumarkaðinn. En ég get ekki tekið undir orð hv. 8. þm. Reykn. hvar hann sagði í fréttum fyrir líklega um tveim dögum síðan að þetta væri slík hætta fyrir íslenska verkalýðshreyfingu að hún mætti búast við því að hingað mundu streyma milljónir manna til starfa. Þar er nokkuð stórt tiltekið. Ég hef það hins vegar á tilfinningunni, og við höfum orðið varir við það í verkalýðshreyfingunni, að vegna gagnkvæmra samninga við Norðurlöndin hafa mál þróast þannig að fleiri Íslendingar hafa farið á vinnumarkaðinn þar ytra og skipta þar nokkrum þúsundum. Vegna þess samnings sem við höfum gert við hin Norðurlöndin, þá er atvinnuleysi hér á Íslandi minna en ella væri.

En ég endurtek þakkir mínar til hæstv. samgrh. og ég vænti þess að það sé litið til margra átta varðandi mál þetta og ekki eingöngu ætlað sjómönnum og útgerðarmönnum að leysa þetta mál vegna þess að málið er ekki sjómanna og útgerðarmanna einna heldur þjóðarinnar allrar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. 9. þm. Reykv. þá vil ég aðeins undirstrika það sem raunar hefur áður komið fram hjá ýmsum aðilum að íslensk kaupskipaútgerð á í erfiðri samkeppni við erlenda aðila, bæði í siglingum og flutningum til og frá Íslandi og eins hefur það færst í vöxt að íslensk útgerðarfélög hafa tekið að sér að annast farmflutninga erlendis. Það getur því ekki verið nema til þess að bæta aðstöðu þeirrar samkeppnisstöðu að við gerumst með þessum hætti aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og má raunar segja hið sama um Flugleiðir og hagsmuni þess félags. Það hefur af því margs konar ávinning að geta komið inn í þann samkeppnismarkað sem er innan Evrópubandalagsins. Þetta hvort tveggja á að geta orðið til þess að treysta atvinnugrundvöll bæði íslenskra farmanna og flugmanna um leið og það treystir samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem vinna á alþjóðlegum flutningaleiðum.

Ég vil svo aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að vitaskuld koma stjórnvöld inn í þetta mál og af þeim sökum er verið að vinna að þessum málum í samgrn. en það dugir ekki til. Bæði útgerðarmenn, farmenn og stjórnvöld verða að sameinast um að snúa þessari þróun við.

Ríkisjarðir, ein umr.

Fsp. KÁ, 15. mál. — Þskj. 15.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Eftir að endanlegt skipulag komst á íslensku kirkjuna seint á 13. öld tók kirkjan að eignast jarðir sem hún ýmist fékk að gjöf, keypti eða tók upp í sektir fyrir veraldlegar syndir manna. Eftir siðskiptin komust hinar gífurlegu jarðeignir kirkjunnar, svo og allar eignir klaustranna í hendur umboðsmanna Danakonungs. Með tilkomu þess embættismannakerfis sem mótaðist á 17. öld fengu embættismenn, jafnt prestar sem sýslumenn, jarðir til yfirráða og til urðu embættismannabústaðir sem sumir hverjir eru enn við lýði. Aðrar jarðir í eigu konungs voru leigðar eða veittar sem umboð. Á 19. öld var nokkuð selt af konungs- og kirkjujörðum en enn í dag er töluvert eftir af þessum aldagamla arfi sem nú telst eign þjóðarinnar auk þess sem margar jarðir hafa bæst við af ýmsum ástæð-

um. Því miður hafa jarðeignir fallið í verði og landbúnaður á erfitt uppdráttar sem kunnugt er, en samt sem áður hljóta að felast í jarðeignum ríkisins veruleg auðæfi sem unnt er að nýta betur í þágu þjóðarinnar með ýmsum hætti.

Til að fá upplýsingar um umfang ríkisjarða og nýtingu þeirra vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.:

„1. Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?

2. Hversu margar ríkisjarðir eru:

a. nýttar af embættismönnum ríkisins,

b. nýttar af bændum,

c. í eyði?"

Eftir að þessi fsp. kom fram var mér bent á það að þess væru dæmi að ríkisjarðir væru notaðar undir sumarbústaði, hefðu verið leigðar eða lánaðar undir sumarbústaði, jafnvel opinberra starfsmanna og það mál þarfnast nánari skoðunar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins? Svar: 730. Hversu margar ríkisjarðir eru nýttar af embættismönnum ríkisins? Svar: 43. Nýttar bændum? Svar: 516. Í eyði? Svar: 171.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þessi svör. Þau voru snögg eins og hans var von og vísa. Mér þykja þetta athyglisverðar tölur. Sem betur fer virðist meiri hluti ríkisjarða vera nýttar en harla margar eru þó í eyði.

Það vakti athygli mína þegar ég skoðaði listann yfir ríkisjarðir að ein jörð er í eigu sjútvrn. samkvæmt þessum lista og hin ýmsu ráðuneyti eiga ótrúlega margar jarðir. Ég vil benda hæstv. landbrh. á að þetta er mál sem greinilega þarfnast skoðunar, hvernig beri að nýta þessar jarðir, en það reyndar tengist næstu fyrirspurn.

Stefna ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisjarðir, ein umr.

Fsp. KÁ, 16. mál. — Þskj. 16.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í fsp. minni til hæstv. landbrh. hér áðan, þá hljóta að felast miklir möguleikar í öllum þeim fjölda jarða sem eru í eigu ríkisins. Það má t.d. hugsa sér að kanna hvort jarðir sem farnar eru í eyði eða nýtast illa geti komið að gagni fyrir ferðafólk sem tjaldsvæði, göngusvæði, sumarbústaðalönd, þjóðgarðar eða til ræktunar af ýmsu tagi svo eitthvað sé nefnt.

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar er sett fram hugmynd um að lána land til fósturs, þ.e. til uppgræðslu, og í fjárlagafrv. kemur fram að hugað verði að sölu ríkisjarða. Því vil ég spyrja hæstv. landbrh. nánar út í þessi áform og beini til hans eftirfarandi spurningum:

„Hver eru áform ríkisstjórnarinnar varðandi:

a. frekari eða breytta nýtingu ríkisjarða,

b. sölu á ríkisjörðum?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Jarðalög og ábúðarlög eru að stofni til frá 1976. Mér gafst að vísu ekki tækifæri til að upplýsa það í umræðum um hið Evrópska efnahagssvæði í gær, en landbrn. hefur ráðið Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann til þess að endurskoða í senn jarðalög og ábúðarlög, bæði auðvitað með breytta og kannski aðra nýtingu í huga, eins til þess að greiða fyrir viðskiptum með jarðir ríkissjóðs og síðast en ekki síst til þess að bæta úr því sinnuleysi sem áður var í landbrn. að huga ekki að því hvernig rétt væri að bregðast við samningum um Evrópskt efnahagssvæði með hliðsjón af því hvernig við gætum gætt þess að jarðir væru sem mest í eigu íslenskra aðila.

Ég vil minna á að síðasta ríkisstjórn flutti á síðasta þingi frv. um sölu fasteigna. Þar er kveðið á um það að íslenskur ríkisborgari eða erlendur maður sem búið hefur hér á landi í fimm ár hafi heimild til að kaupa fasteignir hér á landi þannig að sú hugmynd er auðvitað ekki ný af nálinni og tengist ekki þeirri samningsgerð nú að erlendum mönnum gefist kostur á að kaupa hér fasteignir.

Þessi mál eru sem sagt í athugun og vinnslu. Þau eru skemmra á veg komin en ég hefði kosið vegna gagnaöflunar og vegna anna Tryggva Gunnarssonar nú á þessu sumri og hausti en ég kaus að vandlega athuguðu máli að leita samninga við hann um að taka þessa endurskoðun að sér og ég vona að hv. þingmenn fallist á að það sé vel ráðið.

Hv. þm. spurði um áform ríkisstjórnarinnar varðandi frekari og breytta nýtingu ríkisjarða. Í hvítbók segir um þetta efni:

„Gildandi lög um jarðir og ábúð eru við það miðuð að hefðbundinn búskapur sé stundaður á sem flestum jörðum. Lögin verða endurskoðuð vegna beyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og frumvörp lögð fram á Alþingi 1991–1992."

Ég vil í þessu sambandi minna á að með búvörusamningi var ákveðið að skerða réttindi til sauðfjárframleiðslu um nær þriðjung. Það er gert ráð fyrir að virkur og óvirkur framleiðsluréttur dragist saman úr rétt 12.000 tonnum niður í 8.600 tonn nú á einu ári. Það er gert ráð fyrir að fækka um 55 þús ær nú á þessu hausti. Þetta hefur að sjálfsögðu í för með sér mikinn samdrátt á sauðfjárræktarsvæðum. Það koma upp mörg álitamál og liggja raunar fyrir fyrirspurnir í landbrn. um það hvort hugsanlegt sé að einstaklingar sem skortir í senn jarðnæði og framleiðslurétt geti komist að ríkisjörðum sem ábúandi hefur horfið frá. Ég hef ekki treyst mér til þess að verða við slíku þó ég á hinn bóginn hafi greitt fyrir því að ábúandi á ríkisjörð sem hefur farið af viðkvæmu svæði eins og Hólsfjallasvæðinu geti komið að annarri ríkisjörð í miðri sveit eða þar sem byggð er þéttari og ekki hætta á landspjöllum eða gróðureyðingu. Auðvitað vill landbrn. greiða fyrir því að bændur á ríkisjörðum geti komist að

betri jörðum sem kynnu að fara í eyði, eru betur húsaðar og liggja að betur grónum löndum, ódýrara að búa á o.s.frv.

Ég vil enn fremur tala um að í hvítbók er talað um að greitt verði fyrir því að áhugasamir aðilar fái landsvæði á ríkisjörðum til fósturs í því skyni að leggja sitt af mörkum til landgræðslu. Þetta er almennt ákvæði. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að útiloka það að einstaklingar geti fengið land fyrir sumarbústað sem er í ríkiseigu. Sum lönd á viðkvæmum svæðum og þar sem eru sérstakar náttúruperlur eiga að minni hyggju eðli málsins samkvæmt að vera í ríkiseigu, en ég vil þó ekki útiloka að það geti verið skynsamlegt eða hagkvæmt í tengslum við landgræðslu, skógrækt eða af öðrum ástæðum að gefa fólki á þéttbýlisstöðum færi á að koma sér vel fyrir í fallegum héruðum að nýta slíkar jarðir til sumardvalar. En reglur um slíkt verða auðvitað að vera almennar og koma í veg fyrir mismunun í því sambandi.

Um sölu á ríkisjörðum vil ég aðeins segja að í endurskoðun eru lög um Jarðasjóð og ég vænti þess að frumvarp um þau efni verði lagt fram nú á þinginu í næsta mánuði.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér. Það kemur í ljós að ríkisjarðir og landbúnaður kemur náttúrlega inn á EES-samningana eins og fleira og einnig að þessar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um sölu á ríkiseignum eru býsna óljósar, a.m.k. nefndi hæstv. landbrh. engin ákveðin áform í því máli.

Það er mjög athyglisverð hugmynd sem hefur verið til umræðu hjá landgræðslumönnum, en hún er sú að Landgræðslan fái til sín hluta af framleiðslurétti og þá einkum mjólkurkvóta til þess að eiga í skiptum í þeim tilgangi að fá bændur á viðkvæmum sauðfjárræktarsvæðum til að snúa sér að rekstri kúabúa. Þetta er mjög athyglisverð hugmynd en viðkvæm að því leyti að framleiðsla á mjólk er líka of mikil eins og við vitum. En það eru ýmsir möguleikar í nýtingu á þessari miklu eign sem ríkið á og felst í jörðum.

Þegar við erum að hugleiða það hvert skuli vera hlutverk ríkisins, þá hlýtur að koma til skoðunar hversu eðlilegt það er að ríkið eigi mikið af jarðeignum, hvað skuli við þær gera og hvernig þær verði best nýttar. Ég tek undir það með hæstv. landbrh. að náttúruperlur landsins eiga að vera í eigu þjóðarinnar en það gegnir kannski öðru máli um jarðir sem nýta má á ýmsan annan hátt.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í tilefni af þessari umræðu um ríkisjarðir þykir mér rétt að minna á að á sínum tíma þegar ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens sat að völdum, þá skipaði þáv. kirkjumálaráðherra svokallaða kirkjueignanefnd sem síðan skilaði mjög veigamiklu og viðamiklu áliti um þessi efni. Það var fyrri hluti þessa verks. Síðari hluti verksins er ókominn út en þar er um að ræða greinargerðir um einstakar kirkjujarðir. En í fyrri hluta verksins, sem fyrir liggur og hefur legið fyrir um nokkurn tíma, eru færð að því mjög veigamikil lagarök að þessar jarðir tilheyri kirkjunni eða einstökum söknum. Það er útilokað að ræða um þessi málefni án þess að þessi veigamikla og vel gerða greinargerð og skýrsla komi þar til álita. Niðurstöður þessarar nefndar eru mjög ótvíræðar í þessu efni og jafnframt er varpað fram nokkrum valkostum um leiðir til þess að fara í framhaldi af þeirri niðurstöðu sem nefndin kemst að.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 18. þm. Reykv. hefur talað tvisvar og notað tíma sinn en fær að gera örstutta athugasemd.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa ábendingu en ég vil minna á það sem kom fram hér áðan að samkvæmt þeim upplýsingum sem landbrh. gaf eru aðeins 43 jarðir nýttar af embættismönnum ríkisins. Það væri gaman að varpa því hér til hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, sem er einn þeirra sem situr á ríkisjörð, þ.e. spurningunni hvernig prestar eru flokkaðir. Teljast þeir hér til embættismanna ríkisins eða eru þeir inni í tölunni um bændur? Til þess að maður geti gert sér grein fyrir því um hversu margar jarðir er þarna að ræða sem kirkjan hefur yfirráð yfir þarf það að vera ljóst.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi út af hugmyndum um að Landgræðslan fái til sín mjólkurkvóta vil ég aðeins segja það að málefni mjólkurframleiðslunnar eru nú í athugun í sjömannanefnd. Illu heilli féllst forveri minn á það að heimila kúabændum að framleiða 15% fram yfir framleiðslurétt sem hefur valdið birgðasöfnun í mjólkuriðnaði en reiknað er með að mjólkurframleiðslan sé nú um það bil 5% meiri en nemur markaðnum hér á landi.

Á hinn bóginn eru verð á t.d. ostum erlendis það lág að ekki kemur til greina að stefna að frekari útflutningi á mjólkurvörum svo að mjókurkvóti er alls ekki til skiptanna heldur óhjákvæmilegt að draga þar saman. Hins vegar hefur Landgræðslan nokkurt fé til þess að liðka fyrir þar sem nauðsynlegt er og ég geri mér vonir um að það takist að hafa veruleg áhrif á það að búskapur með sauðfé dragist saman eða leggist niður á þeim svæðum sem viðkvæmust eru ellegar þá að fé verði haldið innan girðingar.

Um embættismenn vil ég aðeins segja að það er eðlilegt að jarðir séu undir fleiri en einu ráðuneyti. Þannig hefur samgrn. með þær jarðir að gera þar sem vitaverðir eru. Ég geri ráð fyrir því að góður prestur geti þess vegna verið góður bóndi en get á hinn bóginn ekki fullyrt um það hvort þeir sem tóku saman það svar sem hér er séu eru sömu skoðunar. Þess vegna er

mér ekki kunnugt um hvort þeir telji þá bændur sem búa með bændum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er sú umræða sem hér varð um það hversu eðlilegt það væri að ríkið ætti jarðnæði og í hversu miklu umfangi það ætti að vera. Og þá langar mig til þess að minna á þann samning sem hæstv. utanrrh. var að gera í Lúxemborg um Evrópskt efnahagssvæði og þær girðingar sem hæstv. landbrh. sagði að nú þyrfti að fara að setja í íslensk lög.

Það sem hér hefur verið rætt á þingi æ ofan í æ og utanrrh. hefur sagt er að til þess að menn hefðu rétt til landakaupa þyrfti að setja inn í lögin ákvæði um að menn hefðu fasta búsetu á jörðinni, ætluðu sér að hafa fasta búsetu, að þeir hefðu búið ákveðinn tíma hér í landinu og að þeir ætluðu sér að nýta jörðina. Þetta eru auðvitað afskaplega þröng ákvæði miðað við þann niðurskurð sem við erum að gera í landbúnaðarmálum. Ef menn ekki uppfylla þessi ákvæði, þá kemur til forkaupsréttur sveitarfélaga hugsanlega eða forkaupsréttur ríkis. Ég held því að það sé ljóst að ríkið mun eftirleiðis í ríkari mæli eignast jarðnæði heldur en hingað til.

Í þessu sambandi langar mig til að vísa til þess að þetta er í rauninni sérstakt vandamál hjá okkur vegna þess hversu landið er stórt og þjóðin er fámenn. Þetta er auðvitað allt annað hjá þjóðum úti í Evrópu þar sem víðast er skortur á landsvæði.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Mig langar til þess að þakka hæstv. kirkjumálaráðherra fyrir að geta þess að það er munur á hvort um ríkisjörð er að ræða eða kirkjujörð. Ég vil bæta því við að það er landbrn. sem fer með umsýslu ríkisjarða, en með sérstöku samkomulagi við þjóðkirkjuna er það kirkjumálaráðuneytið sem fer með umsýslu kirkjujarða. Hér er því greinarmunur á og réttilega upplýsti kirkjumálaráðherra að fram hefði komið mjög merkilegt álit lögfræðilegs eðlis um þessi efni sem einmitt skerpir þessi skil.

Til viðbótar vil ég segja það að ég held að prestssetursjarðirnar hafi verið kirkjunni og fjölskyldum prestanna mjög til styrktar í gegnum aldirnar og ég held að þessari ríku hefð í kirkjusögunni og um leið þjóðarsögunni þurfi að viðhalda vegna þess að hér er ekki einungis um landsbyggðarmál að ræða heldur spurninguna um það að treysta búsetu, þjónustuna út um dreifðar byggðir landsins.

Móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps, ein umr.

Fsp. StG, 18. mál. — Þskj. 18.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 18 til hæstv. menntmrh. um framkvæmdir við að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps en þar er spurt:

„1. Hvað hefur áunnist í að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps eftir samþykkt Alþingis frá 11. maí 1988 þar sem afdráttarlaus vilji Alþingis kom fram um úrbætur?

2. Hver eru framkvæmdaáform um að koma upp þeim búnaði sem enn skortir til þess að allar útsendingar Ríkisútvarpsins frá stöðvum þess í Reykjavík náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið?"

Virðulegi forseti. Ég flutti tillögu um þetta efni á Alþingi árið 1987 og í tengslum við það samþykkti Alþingi í maí 1988 svofellda ályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. að sendingar hljóðvarps og sjónvarps náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið. Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verk fyrir árslok 1991."

Það er engum vafa undirorpið að vilji Alþingis var sá að framkvæma efni tillögunnar, þ.e. að búa þannig um að dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps næðist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið. Vilji Alþingis á ekki að koma á óvart, fremur hitt hvað það er sem veldur því að ekki hefur verið framfylgt þessari samþykkt því að svo segir í útvarpslögum:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Sú staðreynd blasir við að enn hefur ekki tekist að dreifa hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna. Stendur víða svo á að fólk sem býr á ákveðnum svæðum fær ekki notið sjónvarps og nýtur mjög lélegra hlustunarskilyrða hljóðvarps. Og enn verra er þetta ástand hvað varðar móttökuskilyrðin á miðunum umhverfis landið. Þetta ástand er ekki viðunandi, enda í andstöðu við þá mörkuðu stefnu í útvarpsmálum að Ríkisútvarpið skuli vera útvarp allra landsmanna. Ríkisútvarpið hefur skyldum að gegna við fólkið í landinu, enda standa landsmenn allir undir kostnaði við rekstur þess beint eða óbeint. Ríkisútvarpið er samkvæmt tilgangi sínum sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar og aðalfréttamiðill sem ætlað er að ná til alls landsins. Eitt hlutverk enn er það sem treyst er á að Ríkisútvarpið gegni en það er öryggisþátturinn, það að geta miðlað upplýsingum ef vá steðjar að.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að fá jákvætt viðhorf og greinargóð svör hæstv. menntmrh. við þessari fyrirspurn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrri lið fsp. svara ég svo: Á undanförnum fimm árum hefur verið unnið að nýframkvæmdum við dreifikerfi Ríkisútvarpsins um allt land í því skyni að styrkja dreifikerfið. Þannig hefur nokkuð áunnist við það að bæta móttökuskilyrði bæði hljóð-

varps og sjónvarps. Þrátt fyrir þessar nýframkvæmdir vantar töluvert á að dreifikerfið geti talist fullnægjandi svo að markmið þingsályktunar þeirrar sem er tilefni þessarar fyrirspurnar geti náðst og útsendingar Ríkisútvarpsins náist með viðhlítandi hætti á landinu öllu og helstu fiskimiðum.

Í kjölfar þingsályktunarinnar frá árinu 1988 gerði Ríkisútvarpið kostnaðar- og framkvæmdaáætlun að beiðni ráðuneytisins varðandi framkvæmd þingsályktunarinnar. Niðurstöður þessarar áætlunar eru frá 16. des. 1988 og eru í grófum dráttum þær að áætlaður heildarstofnkostnaður við nauðsynlegar framkvæmdir á dreifikerfinu sé samtals rúmlega 1 milljarður kr. á verðlagi þess árs. Fjárfestingar Ríkisútvarpsins á dreifikerfinu síðustu 10 árin hafa verið á bilinu 15–25 millj. á ári sem getur engan veginn talist fullnægjandi. Ég hef í fórum mínum lista yfir það sem gert hefur verið í þeim efnum. Ég tel ástæðulaust að þreyta þingheim með upptalningu á einstökum framkvæmdum en listinn er falur fyrirspyrjanda og öðrum sem óska.

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins er komið til ára sinna og ljóst er að þessar fjárhæðir duga engan veginn til að það geti talist viðunandi. Dreifikerfið er veikburða og krefst sífellt meira viðhalds. 15–25 millj. á ári duga rétt til styrkingar á dreifikerfunum þremur, Rás 1, Rás 2 og Sjónvarpinu um allt land.

Samkvæmt 23. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, skal leggja 10% af bruttótekjum stofnunarinnar í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins og að auki skulu aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renna óskipt í sjóðinn. Framkvæmdasjóðnum skal varið til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

Á árinu 1987 ákvað Alþingi með lánsfjárlögum að ráðstafa þeim tekjustofni sem aðflutningsgjöldin eru með öðrum hætti og taldi fjármálastjóri Ríkisútvarpsins þá að tekjutap stofnunarinnar vegna þessa næmi um 250 millj. kr. á verðlagi þess árs. Þessi háttur hefur verið hafður á æ síðan þrátt fyrir ákvæði útvarpslaga og umrædda þingsályktun.

Hv. Alþingi hefur kosið að ráðstafa lögbundnum tekjustofni Ríkisútvarpsins með öðrum hætti en þeim að stuðla að uppbyggingu dreifikerfisins. Á þessu tímabili hefur einungis um það bil 1% af bruttótekjum stofnunarinnar komið í hlut dreifikerfisins.

Síðari lið fsp. svara ég með þessum hætti: Eins og ég greindi frá áður hefur Ríkisútvarpinu ekki verið gert kleift að vinna myndulega að þessum málum. Ekki verður dregin í efa jákvæð afstaða þingmanna sem kom fram með samþykkt þingsályktunarinnar 1988. Ef fjárveitingar verða óbreyttar til Ríkisútvarpsins er óraunhæf krafan um að þingsályktunin komist í framkvæmd. Má í þessu sambandi nefna að framkvæmdir til þess að dreifa útsendingu sjónvarps til fiskimiðanna í kringum landið munu einar sér kosta í kringum ½ milljarð kr. í það minnsta samkvæmt fyrrnefndri kostnaðaráætlun sem Ríkisútvarpið gerði árið 1988.

Þá er ótalinn sá stórskaði sem varð er langbylgjumastrið á Vatnsenda féll hinn 4. febr. sl. og skapaðist við það neyðarástand er útsendingar rofnuðu. Sem bráðabirgðaúrbætur vegna þessa hafa nýlega verið reist langbylgjumöstur á Vatnsendahæð um það bil helmingi lægri en þau gömlu. Uppsetningu loftnets á milli mastranna er nýlokið. Prófanir á aðlögun loftnetsins er hafin þannig að útsendingar geta að öllu forfallalausu hafist í nóvember. Sendingar verða sennilega skammdrægari en frá gamla loftnetinu. Fall langbylgjumastursins og endurreisn bráðabirgðaloftnetsins hefur það sem af er árinu kostað Ríkisútvarpið um það bil 33 millj. kr. Það er að mati Ríkisútvarpsins langmikilvægasta verkefnið að vinna að úrbótum á langbylgjukerfinu, en samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins er álitið að kostnaður við byggingu nýrrar langbylgjustöðvar sé um 800 millj. kr. a.m.k. Framkvæmdatími er áætlaður þrjú ár.

Með bréfi dags. 19. apríl 1991 skipaði menntmrh. starfshóp til að fara yfir þá möguleika sem fyrir hendi eru um þá þjónustu sem með langbylgjustöð Ríkisútvarpsins á Vatnsenda hefur annast og leggja fram álit um hvernig best verði staðið að þeim málum til frambúðar. Starfshópur þessi mun skila áliti sínu innan skamms og þegar það berst menntmrn. verður það tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þar sem þær upplýsingar sem ég er með koma að þessari fsp. þá taldi ég rétt að upplýsa að ég hef farið fram á það við póst- og símamálastjóra að hann geri athugun á því hvort ekki sé hægt að bæta úr þeim vandræðum sem eru út af Horni. Þar er dautt svæði fyrir talsíma og er það í athugun hjá honum hvort Póstur og sími geti brugðist við. Ég vil jafnframt upplýsa að búist er við að stafrænn sími verði tekinn upp hér á landi eftir 2–3 ár en það mun hafa það í för með sér að ekki verður hægt að hlera símtöl hjá þeim sem nota farsíma.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Varðandi þessar spurningar um móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps, en þar hefur komið fram að síðan langbylgjumastrið á Vatnsendahæð hrundi hefur verið ófremdarástand í móttökuskilyrðunum víða um land, þá vil ég að það komi fram hér að það eru nokkrir sveitabæir a.m.k. sem ég þekki til á Vestfjörðum í heilum fjörðum þar sem hvorki heyrist í útvarpi né sjónvarpi, hvorki í Rás 1 né Rás 2. Þetta tel ég mjög alvarlegt mál, ekki síst vegna þeirra öryggisatriða sem eru í því fólgin að hafa útvarp. Það er orðið mjög brýnt að eitthvað varanlegt sé gert í því að koma á langbylgju eins og var áður en mastrið hrundi. Það er ekki nægilegt að setja upp það sem verið er að prófa núna sem ekki mun ná nema til hluta af landinu.

Guðmundur Hallvarðsson:

Forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram varðandi þetta öryggismál, svo mikilvægar sem útsendingar sjónvarps og útvarps eru og sérstaklega

það sem lýtur að öryggismálum sjómanna. Því miður hefur sáralítil þróun orðið í þá átt frá því að sjónvarpssendingar hófust hvað varðar langdrægni þeirra sendinga. Það hefur meira að segja borið við hvað varðar mjög vinsælan stað, hvar skip hafa lagst í var í vondum veðrum undir Grænuhlíð, að mjög erfiðlega hefur gengið að fá stjórnvöld til þess að beina sjónvarpsgeislum í þá átt. Það hafði verið gert á Skutulsfirði en vegna truflana sjónvarpssendinga í Ísafjarðarkaupstað sem þessi sending sem beint var í átt að Grænuhlíð olli, þá var tekið það ráð að hætta sendingum.

En ég endurtek það að ég fagna þessum umræðum og ég vona að jafnt landsmenn sem og þeir sem sjóinn sækja eigi von á betrumbót hvað varðar þjónustu ríkisfjölmiðla.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég harma það hins vegar hversu sáralítið hefur miðað áfram. Þær kostnaðartölur sem nú eru nefndar eru býsna framandi fyrir mig. Þetta mál var rætt hér 1987 — og ég hef reyndar bréf undir höndum sem staðfestir það sem er skrifað af Herði Vilhjálmssyni vegna óska frá mér og unnið af Hans Þormar. Þar kemur fram að til þess að koma þessum miðli til landsmanna allra, að vísu skal það rækilega tekið fram að þar eru miðin í kringum landið undanþegin, þá kostaði þetta samkvæmt þeirri áætlun sem hér liggur fyrir samtals 65 millj. kr. Hér er því aðeins um mat á því að ræða um það hver forgangsröð framkvæmdanna er. Vilji Alþingis er skýr í þessu máli.

Það kom einnig fram þá þegar um þetta var rætt hjá hæstv. fyrrv. menntmrh. Svavari Gestssyni 1989, að það eru um 2000 manns á landinu sem aldrei geta hlustað á Rás 2 og það eru um 80 sveitaheimili á landinu sem aldrei hafa getað horft á Ríkissjónvarpið heima hjá sér. Þetta er vitaskuld óviðunandi. Ég veit satt að segja ekki hver það er sem hefur tekið sér það umboð að ákveða hver skuli geta horft á sjónvarp og hver ekki, hver skuli geta hlustað á útsendingar hljóðvarps og hver ekki. Það er m.a. af þessu tilefni sem fsp. er borin fram. Alþingi þarf hér að koma til og kveða skýrt á um að Ríkisútvarpið skuli áfram sem hingað til vera útvarp allra landsmanna og allir skulu jafnsettir hvar sem þeir búa á landinu til þess að njóta þessa miðils.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Okkur greinir auðvitað ekki á um það að ástandið er ekki eins og við vildum hafa það. Það eru of margir enn í þessu landi sem ekki njóta þess að hlýða á útvarp eða horfa á sjónvarp.

Ég veit ekki hvort mönnum er það kunnugt að það þarf ekki að fara undir Grænuhlíð eða í einhverja þrönga firði vestur á fjörðum eða annars staðar á landinu til þess að verða var við þessa staðreynd. Það þarf nú ekki lengra en upp í Kjós eða upp í Mosfellsbæ þar sem aðstæður eru alveg eins og þessar, að einstaka heimili sjá ekki sjónvarp alla vega.

Hver taki sér umboð til þess að ákveða hver fær að hlusta eða horfa, ég held að enginn sé nú í sjálfu sér að sækjast eftir slíku umboði. Ég tel alveg víst að það sé farið eftir þeim skynsamlegustu áætlunum sem menn gera þegar framkvæmdaröð er ákveðin. En það er vissulega viðfangsefni okkar að koma þessum málum í lag sem allra fyrst.

Þær tölur sem hv. 4. þm. Norðurl. v. nefndi og talað var um hér fyrr, 65 millj. kr., þar er auðvitað átt við eitthvað allt annað en ég var að telja upp áðan.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það sem vekur athygli mína í þessari fsp., og þá einkum í svari hæstv. menntmrh., eru þær tölur sem hann nefnir, kostnaðartölur um nauðsynlegar úrbætur. Hæstv. ráðherra telur þetta kosta liðlega 1000 millj. kr. Það eru tölur sem eru á allt öðru stigi en nefndar voru fyrir nokkrum árum þegar fyrirspurn var rædd sem vikið var að áðan.

Ég hefði haft áhuga á því ef menntmrh. vildi sundurgreina þetta eitthvað örlítið nánar þannig að menn áttuðu sig á því í hverju þessi munur liggur því að það er gríðarlegt stökk að tala um 80 millj. eða 1000 millj.

Ég vil líka minnast á skilyrði sjómanna til móttöku útsendinga sjónvarps og útvarps. Þau eru eins og allir vita nokkuð lakari og önnur en hjá flestum okkar hér á landi. Það hefur verið mikið knúið á um það af hálfu sjómanna að fá úrbætur í þessu efni. Ég minni á það mönnum til fróðleiks að hér fyrir nokkrum árum þegar verið var að sannfæra landsmenn og Vestfirðinga um það að nauðsynlegt væri að reisa ratsjárstöð á Bolafjalli, voru ein af þeim rökum sem stjórnvöld reiddu fram þá, þar á meðal frá hv. utanrrn., að með þeirri stöð kæmu sjónvarpssendingar til sjómanna.

Breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög, ein umr.

Fsp. EMS, 41. mál. — Þskj. 41.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég hef á þskj. 41 leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. um breytingu á skiptingu landsins í sveitarfélög. Fsp. hljóðar svo:

„1. Hvernig hyggst ráðherra fara með nýlegt nefndarálit um breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög?

2. Hvaða verkefni telur ráðherra skynsamlegt að færa til sveitarfélaga verði tillaga nefndarinnar að veruleika *um verulega fækkun sveitarfélaga*?"

Þetta nefndarálit er nokkuð ítarlegt og vel unnið og er rétt að það komi hér fram að þessi nefnd virðist hafa sinnt starfi sínu feiknavel. Nefndin var skipuð 8. jan. af hæstv. félmrh. og átti að gera samræmdar tillögur um æskilegar breytingar á skiptingu landsins í sveit-

arfélög. Það var óskað eftir því í skipunarbréfinu að nefndin lyki störfum fyrir 1. okt. en í skilabréfi nefndarinnar kemur fram að nefndin lítur á þetta sem áfangaskýrslu og tekur endanlega afstöðu til málsins í desember nk. og mun þá leggja fram lokatillögur til ráðherra.

Það er að sjálfsögðu ekki tími til þess hér í stuttum fyrirspurnatíma að fara ofan í þær tillögur sem nefndin gerir grein fyrir. Í skýrslunni eru þó nefndar fyrst og fremst tvær leiðir, annars vegar það sem nefndin kallar leið 1 og gerir ráð fyrir því að fjöldi sveitarfélaga í landinu verði 60–70 og það verði aðeins í örfáum tilvikum þar sem íbúar sveitarfélaga verði færri en 500. Hins vegar er það leið 2 þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög nái yfir mjög stór svæði eins og segir í tillögu nefndarinnar og aðeins í undantekningartilvikum yrðu íbúar þar færri en 1000. Með þessu yrðu sveitarfélög í landinu um það bil 25. Þá segir einnig varðandi þessa seinni leið, leið 2 í skýrslu nefndarinnar:

„Skilyrði mundu skapast [þ.e. með leið 2] fyrir hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að samstarfsverkefni þeirra gætu lagst af að mestu. Þessi stóru og fjölmennu sveitarfélög gætu tekið við verkefnum sem ríkið annast í dag."

Það er mjög nauðsynlegt fyrir þingheim að fá að heyra hugmyndir hæstv. félmrh. varðandi það hvaða verkefni þarna er um að ræða, hvaða stóru verkefni er hægt að færa til sveitarfélaga sem miðað við þessa leið verða sum hver ekki stærri en með 1000 íbúum. Ég held að þarna séu menn í raun og veru með of miklar væntingar.

Það er einnig nauðsynlegt fyrir þingheim að fá að heyra af því frá hæstv. félmrh. hvenær ráðherra gerir ráð fyrir því að tillögur verði lagðar fyrir þingið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Nefndarálit það sem hér um ræðir og um er spurt er í raun áfangaskýrsla nefndar sem ég skipaði í janúar sl. til að gera tillögur um æskilegar breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög. Nefnd þessi var skipuð fulltrúum allra þingflokka á Alþingi auk fulltrúa frá Byggðastofnun, Sambandi ísl. sveitarfélaga og félmrn. Áfangaskýrslan kom út um síðustu mánaðamót og henni hefur einkum verið dreift til alþingismanna og sveitarstjórnarmanna.

Ákveðið var að skýrslan yrði kynnt á fundum um allt land sem ætlaðir væru sveitarstjórnarmönnum, svo og öllum öðrum sem áhuga hafa á þessu máli. Félmrn. stendur fyrir þessum fundum í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Rétt er að minna á í þessu sambandi að sl. sumar héldu fulltrúar úr sameiningarnefndinni fundi með flestum sveitarstjórnum í landinu og kynntu sér viðhorf sveitarstjórnarmanna til málsins. Samband ísl. sveitarfélaga hefur ákveðið að halda aukafulltrúaráðsfund nú seint í nóvember í tengslum við árlega fjármálaráðstefnu. Á fundinum er ætlunin að fulltrúaráðið taki afstöðu til þeirra tillagna sem settar eru fram í skýrslunni. Nefndin sjálf hefur ekki tekið endanlega afstöðu í málinu en hún mun koma saman í desember og móta þá endanlegar tillögur í ljósi þeirra viðbragða sem skýrslan hefur þá fengið.

Ég vonast eftir að geta fljótlega eftir þinghlé lagt fram frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum byggt á endanlegu áliti og tillögum nefndarmanna.

Varðandi það hvaða verkefni væri skynsamlegt að flytja til sveitarfélaganna veltur mjög á því hversu róttæk breyting er fyrirsjáanleg varðandi stækkun sveitarfélaganna. Við núverandi aðstæður er mjög erfitt að færa aukin verkefni til sveitarfélaganna og ég veit að það er nokkuð almenn skoðun sveitarstjórnarmanna.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að ríkisstjórnin muni á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins. Grundvöllur þess að flytja aukin verkefni til sveitarfélaganna í einhverjum mæli tel ég vera að við getum stækkað sveitarfélögin verulega þannig að hvert sveitarfélag myndi eitt stórt þjónustu- og atvinnusvæði sem geti myndað sterk vaxtarsvæði og félagslega heild fyrir íbúa sína. Allar aðgerðir stjórnvalda á sviði byggðamála, atvinnumála, samgöngumála og sveitarstjórnarmála verður líka að samræma með markvissari hætti en verið hefur. Ljóst er að stækkun sveitarfélaga ásamt bættum samgöngum er víða um land forsenda fyrir samstarfi eða samruna undirstöðuatvinnufyrirtækja.

Þar sem mörg sveitarfélög eru á sama atvinnu- og þjónustusvæði kemur oft upp togstreita um staðsetningu atvinnufyrirtækja, uppbyggingu hafna eða sameiningu atvinnufyrirtækja. Með stækkun sveitarfélaganna væri hægt að koma í veg fyrir slíkt sem aftur gæti leitt til meiri hagkvæmni og styrkt atvinnulífið á stöðunum. Ef það markmið yrði sett að fækka sveitarfélögunum úr 200 í 25–30 þannig að sveitarfélög yrðu yfirleitt ekki með undir 1000 íbúa mundi það skapa skilyrði til þess að tryggja öflugt atvinnulíf á landsbyggðinni. Takmarkanir á möguleikum á samruna fyrirtækja vegna sveitarfélagamarka mundu vera að mestu úr sögunni og stjórnsýslan öll mundi verða mun einfaldari, skilvirkari og ódýrari. Aðstæður mundu skapast fyrir dreifingu valds frá miðstjórnarstofnunum ríkisins út til sveitarfélaganna.

Með þeim aðgerðum sem ég hef hér lýst væri hægt að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulífið á landsbyggðinni og koma í veg fyrir þá byggðaröskun sem við höfum upplifað sl. ár. Brottflutningur fólks af landsbyggðinni umfram aðkomna til höfuðborgarsvæðisins síðustu ár er af stærðargráðunni frá 1000–1500 manns á ári og mannfjöldaspár sýna stöðnun eða jafnvel fækkun íbúa landsbyggðarinnar á næstu árum verði ekkert að gert.

Náist samstaða um stóra áfanga í stækkun sveitarfélaganna mun ég samhliða beita mér fyrir því að skipulega verði af hálfu stjórnvalda lagðar fram ákveðnar tillögur um hvaða verkefni, stofnanir og þjónusta geti flust til landsbyggðarinnar til að efla atvinnulífið. Þessi mál eru nú til athugunar í félmrn. en verkefnin sem sérstaklega hljóta að koma til skoðunar eru

bæði á sviði heilbrigðis- og skólamála auk þess að flytja þjónustu og stofnanir út á landsbyggðina sem núna er nánast eingöngu að finna á höfuðborgarsvæðinu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt ábending sem fram kemur hjá félmrh. að aflleysi sveitarfélaga á landsbyggðinni er mikið og ákveðinn orsakavaldur í þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár. En ég bendi á það að hið mikla afl stóru sveitarfélganna á höfuðborgarsvæðinu er líka orsakavaldur og ég heyri ekki neinar hugmyndir um það hvernig á að taka á því að draga úr því afli. Ég bendi á hinn geysilega tekjuskiptingarvanda milli sveitarfélaganna innbyrðis þar sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa að mörgu leyti verulegar tekjur umfram sveitarfélög á landsbyggðinni. Þar á ég m.a. við aðstöðugjaldið og tekjur ýmissa sveitarfélaga af þjónustufyrirtækjum sem rekin eru með gífurlegum hagnaði eins og Hitaveitu Reykjavíkur. Ég hygg að í þessu tilliti verði líka að teikna upp landakortið hér á höfuðborgarsvæðinu og átta sig á því hvernig við getum breytt þeim forsendum sem hér gilda þannig að það verði landsbyggðinni líka í hag.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég hefði þó viljað fá að heyra örlítið skýrar og nánar um það vald sem minnst var á að færa ætti frá miðstjórnarvaldinu hér á höfuðborgarsvæðinu út til landshlutanna. Mér sýnist nefnilega í tillögum hinnar ágætu nefndar að þar sé í raun og veru skorturinn stóri, að það sé verið að færa hin raunverulegu völd út til landsbyggðarinnar.

Til þess að tefja ekki umræðuna af því að ég veit að hæstv. félmrh. er tímabundinn og ég vil helst fá að ná svari hjá hæstv. ráðherra við annarri fsp., þá vil ég minna á álit sem kom frá nefnd sem skipuð var af fyrrv. forsrh. um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum. Þar segir um verkefni sem eðlilegt má telja að byggðastjórn fjalli um. Þar er talin upp byggðaráætlunargerð fyrir landshlutann, samgöngumál, hafnir, flugvellir, vegir, heilsugæsla og sjúkrahús sveitarfélaga, skipulags- og umhverfismál, atvinnuþróun og nýsköpun atvinnulífs, svo sem málefni atvinnuþróunarfélaga, löggæsla, húsnæðismál, sbr. nýja löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins, málefni framhaldsskóla, rekstur fræðsluskrifstofa, málefni fatlaðra og að lokum öll önnur sameigileg verkefni ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það að ég tel þessar tillögur ganga allt of skammt í því að færa raunveruleg völd frá miðstjórnarvaldinu á höfuðborgarsvæðinu og út til landshlutanna.

Fjárveiting til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni, ein umr.

Fsp. EMS, 42. mál. — Þskj. 42.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 42 að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. sem hljóðar svo:

„1. Hvernig var af hálfu ráðherra staðið að úthlutun á 15 millj. kr. fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 1991 til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni?

2. Hvaða aðilar hafa fengið úthlutað fjármagni og hvenær var því úthlutað?"

Ástæður þessarar fsp. eru auðvitað þær að hér er um mjög brýnt mál að ræða og mikil ástæða til þess að vel sé að málinu staðið. Á öðrum vettvangi hef ég kynnst nokkuð því sem ég vil kalla fálmi ráðuneytisins í því að koma þessum peningum í þetta annars ágæta verkefni. Ég vil stikla aðeins á stóru.

Hinn 16. apríl sl. var landshlutasamtökum sveitarfélaga sent bréf frá ráðuneytinu þar sem fram kemur að þessar 15 millj. kr. séu til úthlutunar í ráðuneytinu. Þetta bréf barst Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi þann 22. apríl sl. en í lok bréfsins segir:

„Þess er vænst að stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga láti umbeðnar tillögur í té sem fyrst og eigi síðar en 30. apríl 1991."

Þessar tillögur átti samkvæmt bréfinu að vinna í samvinnu við atvinnumálanefndir sveitarfélaga.

Á Austurlandi var brugðist mjög skjótt við og strax þann 23. apríl eða daginn eftir að bréfið barst var dreifibréf sent öllum sveitarstjórnum á Austurlandi og þau beðin um að senda inn tillögur og minnt á frest ráðuneytisins. Síðan er erindið tekið fyrir í framkvæmdaráði Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi þann 7. maí en þá hafði tekist að fá örlítinn frest eftir munnlegum leiðum hjá ráðuneytinu til þess að skila inn tillögum. Með leyfi forseta, segir í fundargerð þessa fundar:

„Fram kom að einhver sveitarfélög og atvinnumálanefndir hefðu sleppt því að fjalla um málið vegna hinna kröppu tímamarka. Samþykkt var að fresta afgreiðslu á umsóknunum, fela framkvæmdastjóra að sækja um frekari frest hjá ráðuneytinu og jafnframt að leita eftir því við það að fjárveitingunni verði komið í hendur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands sem sjái um útdeilingu styrksins vegna þess að þar sé til staðar betri fagleg þekking er varðar málaflokkinn en hægt er að ætlast til af stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandsjördæmi."

Ég hef nú rakið helstu ástæður þess að ég tel nauðsynlegt að hæstv. félmrh. geri Alþingi grein fyrir því hvernig með þessa fjármuni var farið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ráðstöfun fjár til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni var hagað með eftirfarandi hætti: Skrifað var til landshlutasamtaka sveitarfélaga og þau upplýst um málið. Óskað var eftir því að þau

gerðu tillögur um ráðstöfun fjárins enda hefðu þau samráð við atvinnumálanefndir sveitarfélaganna innan sinna vébanda. Svör bárust frá þeim öllum sl. vor. Í mörgum tilfellum voru ekki í svörunum fólgnar beinar tillögur um úthlutun þeirra þar sem skilafrestur var skammur. Ráðuneytið óskaði síðan eftir viðbótarupplýsingum þar sem það átti við.

Ráðuneytið stóð þannig að ráðstöfun fjárins að haft var náið samstarf við Byggðastofnun og má því segja að endanleg úthlutun hafi í flestum tilvikum byggst á áliti starfshóps félmrn. og Byggðastofnunar sem fjallaði um umsóknir. Jafnframt var haft samráð við einstök landshlutasamtök, sveitarfélög og iðnráðgjafa einstakra svæða við úthlutunina, bæði bréflega og símleiðis.

Eftirfarandi forsendur voru lagðar til grundvallar við úthlutun fjárins: Verkefnið taki sérstaklega til atvinnumála kvenna. Ekki væru veittir beinir stofn- eða rekstrarstyrkir til einstakra fyrirtækja. Verkefnin skyldu vera vel skilgreind og fyrir lægi framkvæmda- og kostnaðaráætlun. Tekið væri mið af framlagi heimamanna til verkefnisins, þess er sótt var um.

Ráðstöfun fjárins var afgreidd í þremur áföngum, í júní, september og október, eftir því sem upplýsingar lágu fyrir. Af þeim 15 milljónum sem til ráðstöfunar voru eru afgreiddar 13 millj. 550 þús. en því sem eftir stendur hefur að mestu leyti verið úthlutað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ég mun hér gera grein fyrir því hvaða aðilar hafa fengið úthlutað fjármagni. Þeir eru eftirfarandi:

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, en verkefnið var þróunarverkefnið til fjölgunar atvinnutækifæra kvenna, 2 millj.

Til Akraness. Markaðsátak í sauma- og prjónaiðnaði og stofnun fjarvinnslustofu, 1 millj.

Atvinnuráðgjöf Vesturlands, atvinnuuppbygging fyrir konur, það voru þrjú verkefni, 1,2 millj.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, ráðstefna um atvinnumál kvenna, 350 þús.

Siglufjarðarkaupstaður, tveggja ára átaksverkefni í atvinnumálum kvenna, 650 þús.

Fjórðungssamband Norðlendinga, héraðsnefnd Austur-Húnvetninga ásamt Seylu- og Lýtingsstaðahreppi, átaksverkefni á svæðinu, svo sem minjagripagerð og nýting villigróðurs, 500 þús.

Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu, Saumasmiðjan Skagaströnd, það var námskeið í rekstri fyrirtækja, fjármálum og fleira, 100 þús.

Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu, vegna minjagripaframleiðslu, 300 þús.

Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu vegna fjallagrasatínslu og kortagerð, 150 þús.

Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, ráðning markaðsfræðings í 6 mánuði vegna fyrirtækja kvenna, 1 millj.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, smáiðnaðarverkefni, 1 millj.

Fjórðungssamband Norðlendinga, þ.e. Skútustaðahreppur, könnun og markaðssetning á aðstöðu til heilsuræktar, 400 þús.

Fjórðungssamband Norðlendinga, þ.e. Öxarfjarðar- og Kelduneshreppur, saumastofa og minjagripagerð, 100 þús.

Til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands var ákveðið að ráðstafa 5,3 millj. af þessu fjármagni samkvæmt tillögu Sambands sveitarfélaga á Austurlandi ásamt ábendingum um skiptingu fjárins. Landshlutasamtökin á Austfjörðum voru einu samtökin sem óskuðu eftir að fá óskipt til sín þetta fjármagn til ráðstöfunar en ráðuneytið taldi þó ástæðu til, eftir að hafa farið yfir þær tillögur sem þar lágu fyrir, að koma með ábendingar um skiptingu fjárins sem Atvinnuþróunarsjóði hefur verið sent.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, til heimilisiðnaðarmiðstöðvar að Þingborg, 1,5 millj.

Framtíðin, átaksverkefni í Mýrdal, til sjö verkefna sem tengdust atvinnumálum kvenna, 500 þús.

Samtals eru þetta 13 millj. 350 þús. kr.

Ég vænti þess að ég hafi svarað því sem fyrirspyrjandi óskaði eftir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel að hún sé tímabær, mjög þarflegt sé að fylgja því eftir hvernig svona fjármunum er varið. En mig langar í þessu sambandi að minna á að hér á Alþingi hafa áður verið samþykktar tvær þingsályktunartillögur sem ganga einmitt út á það að bæta atvinnuástand kvenna á landsbyggðinni. Þær voru báðar gerðar á síðasta kjörtímabili að frumkvæði Kvennalistans. Önnur þeirra gekk út á það að ríkisstjórnin kannaði möguleikana á að koma upp fjarvinnslustofum á landsbyggðinni og flytti verkefni frá ríkisvaldinu og út á land og hin gekk út á það að gera könnun á því hvernig mætti efla heimilisiðnað í landinu. Þessar tillögur voru samþykktar eftir allnokkra umræðu og athygli sem þær fengu hér á þingi. En það sem maður óttast yfirleitt með þál. er að framkvæmdin verði ekki eins góð og sá hugur sem að baki býr þegar hlutirnir eru samþykktir.

Það stakk mig dálítið í svari ráðherra hér áðan að það var leitað fyrst og fremst til landshlutasamtaka sveitarfélaga um tillögur og þau beðin að gera þær í samráði við atvinnumálanefndir. Mér finnst að það hefði átt að leita í mun ríkari mæli til kvennasamtaka og það hefði hreinlega mátt auglýsa eftir hugmyndum vegna þess að ef við ætlum að bæta atvinnustöðu kvenna á landsbyggðinni, þá þurfum við að sækja hugmyndir til kvenna. En því miður eru konur í mun minna mæli en karlar í sveitarstjórnum og í ýmsum stofnunum á vegum þeirra.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin en verð þó að taka fram að ég sakna þess að heyra ekki hvenær úthlutanirnar fóru fram en ég held að það geti skipt örlítlu máli vegna ýmissa hluta sem rætt hefur verið um í tengslum við þessar úthlutanir.

Ég vil einnig taka undir það sem kom hér fram áðan að það hefði verið miklum mun æskilegra að fleiri hefðu um þetta vitað. Eins og kom fram í máli mínu áðan voru ýmsar atvinnumálanefndir sveitarfélaga sem

treystu sér hreinlega ekki til þess að gefa svör á jafnskömmum tíma og um var beðið. En við skulum vona að sú reynsla sem ráðuneytið hefur fengið við þessa úthlutun nýtist á næsta ári því að ég hef séð að í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir sömu upphæð, ef ég man rétt, til sama verkefnis.

Kennaramenntun, ein umr.

Fsp. EMS, 39. mál. — Þskj. 39.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 39 að leggja fsp. fyrir hæstv. menntmrh. um kennaramenntun. Hún hljóðar svo:

„Hefur ráðherra einhver áform uppi varðandi framkvæmd tillagna um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun?"

Fyrirspurn þessi er auðvitað fyrst og fremst fram lögð vegna gífurlegs kennaraskorts á landsbyggðinni sem verið hefur um æðilangan tíma. Ýmislegt hefur þó verið gert til að reyna að sporna við þessum kennaraskorti, m.a. hafa verið samdar nokkuð nákvæmar tillögur á vegum starfshóps sem skipaður var af skólaráði Kennaraháskóla Íslands þann 10. mars 1989. Hópurinn skilaði áliti í desember sama ár þar sem tillögurnar eru bæði skilgreindar og námið skipulagt. Þær hafa því miður ekki náð fram að ganga og hæstv. ráðherra hafði fyrir nokkrum mánuðum síðan afskipti af þeirri stofnun sem með þetta fer og það er ekki síst þess vegna sem hæstv. ráðherra er að því spurður hvort hann hafi einhver áform uppi varðandi framkvæmd þessara ákveðnu tillagna.

Það er einnig merkilegt að í hinni svokölluðu hvítbók ríkisstjórnarinnar er hvergi á Kennaraháskólann minnst, eingöngu sagt: „Kapp verður lagt á að bæta úr kennaraskorti á landsbyggðinni." Ég vona að hæstv. ráðherra muni notfæra sér við það kapp þær ágætu tillögur sem fyrir liggja, væntanlega einhvers staðar í Kennaraháskóla Íslands.

Það er rétt að hér komi fram nokkrar tölulegar upplýsingar sem því miður eru af skornum skammti en verður væntanlega fljótlega bætt úr þar sem fyrir liggur beiðni um skriflegt svar frá hæstv. ráðherra um útskrifaða kennara frá Kennaraháskóla Íslands og hvernig þeir hafa skipst á fræðsluumdæmi. Ég hef hér undir höndum eingöngu tölur varðandi tvö sl. ár. Þar kemur fram að á árinu 1990 útskrifuðust 103 kennarar frá Kennaraháskóla Íslands. Af þeim eru 67 í starfi, þar af 31 utan Reykjavíkur og Reykjaness. En þeir skiptast nokkuð misjafnlega á fræðsluumdæmin og það er athygli vert að þetta ár fer enginn kennari í fræðsluumdæmi Norðurl. v. Á árinu 1991 útskrifaðist frá skólanum 101 kennari en hinn 4. sept. var 61 þeirra kominn til starfa, þetta gæti auðvitað eitthvað hafa breyst á síðustu vikum, og af þessum 61 sem eru í starfi eru 22 utan Reykjavíkur og Reykjaness. Það vekur enn athygli að aftur þetta ár er það sama fræðsluumdæmið sem engan kennara hefur úr þeim hópi sem útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svo sem kunnugt er hefur um árabil verið alvarlegur skortur á kennurum með full kennsluréttindi í grunnskólum á landsbyggðinni. Tilfinnanlegast hefur þetta ástand verið á Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurl. v. Frá því á árinu 1989 hafa menntmrn. og Kennaraháskóli Íslands unnið að undirbúningi svonefndrar dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar. Í þessari hugmynd felst að jafnhliða hinu hefðbundna kennaranámi verði kennaraefnum gert kleift að stunda námið að mestu í sinni heimabyggð, einkum í þeim landshlutum þar sem kennaraskortur er mestur. Þannig gæti tilhögun námsins verið eftirfarandi: Námskeið í heimavistarskólum á landsbyggðinni. Styttri námskeið námshópa á heimasvæði, fjarnám og leiðsögn með aðstoð síma og annarrar nútímasamskiptatækni.

Það er mikilvægt að menn geri sér ljóst að dreifð og sveigjanleg útfærsla þriggja til fjögurra ára háskólanáms er kostnaðarsöm aðgerð, bæði þegar um skipulagningu og framkvæmd er að ræða. Í þessu sambandi þarf að semja sérstaka kennsluskrá, þróa fjarkennsluaðferðir er falla með eðlilegum hætti að því námi sem hér um ræðir, undirbúa námsgögn og kosta kennslu fjarri miðstöð kennaramenntunar í landinu.

Á fjárlögum 1991 voru veittar 4 millj. kr. til nýrra verkefna við Kennaraháskóla Íslands. Þar af var 400 þús. kr. varið til undirbúnings dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar. Þrátt fyrir hinn þrönga ramma sem ríkisútgjöldum er settur er við það miðað í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að veitt verði 2 millj. kr. til dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar á vegum Kennaraháskóla Íslands.

Menntmrn. mun ræða við forsvarsmenn Kennaraháskólans strax og fjárlög hafa verið afgreidd á Alþingi um á hvern hátt þessi fjárhæð, ef samþykkt verður, gæti nýst sem best þannig að framkvæmd dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar gæti hafist sem fyrst, helst á næsta ári en ekki síðar en á árinu 1993. Fyrir sitt leyti hefur menntmrn. ítrekað stutt hugmyndir og framgang tillagna um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun og talið nám þetta vera mikilvægan þátt til lausnar á þeim kennaraskorti sem til staðar er á landsbyggðinni. Við komu mína í ráðuneytið verður engin breyting þar á. En til viðbótar þessari lausn koma sjálfsagt aðrar til greina sem vandlega verða kannaðar á næstunni í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands.

Af framansögðu má ljóst vera að menntmrn. stefnir að því að tillögur um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun komist sem allra fyrst til framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og sérstaklega fagna ég því sem fram kom að stefnt sé að því að tillögur um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun komist til framkvæmda á næsta ári og eigi

síðar en árið 1993. Það er ljóst að það verður ekki hægt að koma þeim fyrr til framkvæmda en næsta haust. Það er eðlilegt að draga þá ályktun að þetta þýði jafnframt að lenging kennaranámsins í Kennaraháskóla Íslands muni einnig koma til framkvæmda á næsta hausti.

Jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi, ein umr.

Fsp. EMS, 43. mál. — Þskj. 43.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 43 að leggja fsp. fyrir hæstv. samgrh. um jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi. Fsp. hljóðar svo:

„1. Hvenær er áætlað að nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi, skipuð af fyrrv. samgrh., ljúki störfum?

2. Hyggst ráðherra framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta kjörtímabili að framkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi hefjist strax að loknum framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum?"

Ofangreind nefnd var skipuð af fyrrv. samgrh. sem nokkurs konar samráðsnefnd Vegagerðar, ráðuneytis og heimamanna og hefur hún starfað nú um nokkurt skeið. Gert var ráð fyrir að hún lyki störfum á síðasta ári en af einhverjum ástæðum hefur það dregist. Enn hefur ekki borist álit frá nefndinni og þess vegna brýnt að fá af því fréttir hvernig nefndarstarfið gengur.

Þá er það ekki síður mikilvægt af ýmsum ástæðum að fram komi vilji hæstv. ráðherra gagnvart því að jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi hefjist strax að loknum jarðgangaframkvæmdum á Vestfjörðum. Slíkt kemur fram í athugasemdum um langtímaáætlun í vegagerð því að þar segir, með leyfi forseta:

„Verulegur hluti Vestfjarðaganga er einnig á 1. tímabili [þ.e á árunum 1991–1994] og fjárveitingar til nauðsynlegra rannsókna og undirbúnings vegna Austfjarðaganga. Á 2. tímabili er gert ráð fyrir að framkvæmdum og greiðslum vegna Vestfjarðaganga ljúki og framkvæmdir við Austfjarðagöng hefjist og verði þeim síðan fram haldið á 3. tímabili."

Það er ekki síður mikilvægt að fá að heyra skoðanir hæstv. ráðherra vegna þess að í hinni hvítu bók segir, með leyfi forseta:

„Endurskoðuð vegáætlun verður lögð fram á Alþingi haustið 1991 í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum." En einnig segir í hinni hvítu bók örlítlu síðar: „Unnið verður áfram að stórverkefnum, þ.e. jarðgöngum". Þess vegna, hæstv. samgrh., er það ekki síst okkur Austfirðingum mikilvægt að heyra vilja þinn í því máli sem um er spurt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er hvenær áætlað sé að nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi ljúki störfum. Nefnd þessi var skipuð í árslok 1988. Í skipunarbréfi voru engin takmörk sett um starfslok nefndarinnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá nefndinni miðaði hún í upphafi við að ljúka verkefninu á árinu 1990. Af ýmsum ástæðum, m.a. vegna mikillar undirbúningsvinnu í tengslum við flýtingu jarðgangagerðar á Vestfjörðum, hefur það dregist að nefndin skilaði af sér. Nú áformar nefndin að ljúka störfum í vetur.

Spurt er: „Hyggst ráðherra framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta kjörtímabili að framkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi hefjist strax að loknum framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum?"

Tillaga um langtímaáætlun í vegagerð var lögð fyrir Alþingi á sl. vetri en ekki samþykkt. Tillagan var samin af starfshópi sem skipaður var af þáv. samgrh. Í hópnum sátu fulltrúar stjórnmálaflokkanna auk fulltrúa samgrn. og Vegagerðar. Í tillögunni voru fjögur jarðgangasvæði tekin með, þ.e. lúkning Ólafsfjarðarmúla, endurbætur Strákaganga, Vestfjarðagöng og Austfjarðagöng. Vestfjarðagöngum var þar raðað á undan Austfjarðagöngum og tóku þau til sín meginhluta fjármagns á 1. og 2. tímabili áætlunarinnar. Austfjarðagöng fengu nokkurt fjármagn til undirbúnings og rannsókna á 1. tímabili 1991–1994, en framkvæmdafé ekki fyrr en á 2. tímabili 1995–1998. Samkvæmt þessu áttu framkvæmdir við Austfjarðagöng að hefjast seinni hluta 2. tímabils, þ.e. á árunum 1997–1998. Nokkur umræða fór fram um tillöguna þó að ekki yrði hún afgreidd. Í þeim umræðum var ekki hróflað við þeirri meginstefnu í jarðgangagerð sem hér var lýst.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1991–1994 var stefnumörkunin hins vegar staðfest. Í samræmi við það voru Vestfjarðagöng boðin út og gerður verksamningur við lægstbjóðanda. Samkvæmt honum á framkvæmdum að ljúka fyrir árslok 1994.

Þessi framkvæmdatími Vestfjarðaganga lá nokkurn veginn fyrir þegar unnið var að langtímaáætluninni en þá var gert ráð fyrir því að fjár á framkvæmdatímanum yrði að hluta til aflað með lánum. Alþingi hafði áður heimilað lántökur í þessu skyni og skyldu lán greiðast af vegáætlun á næstu árum eftir að framkvæmdum lyki. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að á næsta ári verði verkið fjármagnað innan vegáætlunar sem verður lögð fram nú á næstu dögum.

Hér á undan hef ég rakið nokkra þætti um framvindu jarðgangamála. Í ljósi þess verður svar við spurningu fyrirspyrjanda tvíþætt:

Í fyrsta lagi hefur Alþingi markað þá stefnu að Austfjarðagöng verði næsta jarðgangaverkefni á eftir Vestfjarðagöngum. Verða rannsóknir og annar undirbúningur á næstu árum við það miðuð. Ljóst er þó að vandkvæði eru á því að hraða jarðgangaframkvæmdum frá því sem ráð var fyrir gert. Þetta eru mjög dýr mannvirki en á hinn bóginn er mjög mikil þörf fyrir úrbætur á vegakerfinu og lagningu bundins slitlags. Til lengri tíma litið verður erfitt að draga úr almennri vegagerð til að gefa svigrúm fyrir meiri fjárveitingum til jarðganga. Þetta á við þó að fjárveitingar til vegáætlunar hafi farið hækkandi undanfarið og séu hærri samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrv. 1991 en verið hefur síðan 1974.

Í öðru lagi gerir tillaga um langtímaáætlun sem í var vitnað ráð fyrir verkbyrjun í Austfjarðagöngum á árunum 1997–1998. Ég tel ekki tímabært nú að gefa yfirlýsingar um neinar breytingar á þeirri tímasetningu þó að fjármögnun Vestfjarðaganga ljúki fyrr en áætlað var. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis á þeim tíma að taka ákvarðanir þar að lútandi við endurskoðun langtímaáætlunar og vegáætlunar og er nægur tími til stefnu í þeim efnum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því sem fram kemur í fjárlagafrv. að ríkistjórnin hefur nú þegar breytt í grundvallaratriðum þeirri stefnu sem samþykkt var að framfylgja með vegáætlun sl. vor. Það felst í fjárlagafrv., vegna ákvæða um greiðslu á Vestfjarðagöngum og minni markaðra tekjustofna en ráð var fyrir gert í vegáætlun, verulegur niðurskurður framkvæmda á næsta ári frá því sem samþykkt var í vegáætlun á sl. vori. Mér sýnist í fljótu bragði að sá niðurskurður framkvæmda geti numið um 17% og í krónutölu slagað langt upp í 1 milljarð kr. sem áformað er að verja til vegaframkvæmda á næsta ári miðað við samþykkta vegáætlun sl. vor. Það er því ljóst að ríkisstjórnin hefur þegar markað þá stefnu að draga úr framkvæmdum í vegamálum og víkja frá hinni metnaðarfullu stefnu sem þingið samþykkti sl. vor.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Hæstv. samgrh. hefur upplýst að búast megi við að framkvæmdir við 3. áfanga jarðganga, og þá á Austurlandi, hefjist 1997–1998. Ég vil endilega að sú skoðun mín komi fram að taka þurfi þessa tímasetningu til endurskoðunar ef byggðastefna ríkisstjórnarinnar á að standa fyrir sínu. Þar er lögð áhersla á að styrkja eigi vaxtarsvæði á landsbyggðinni. Grundvallarþáttur í þeirri styrkingu er einmitt að styrkja og efla vegakerfið og þar hlýtur náttúrlega að koma til jarðgangagerð, sérstaklega á svæði eins og Austurlandi.

Hæstv. samgrh. sagði að hér væri um dýrar framkvæmdir að ræða. Það kann að vera að þetta séu dýrar framkvæmdir þegar við horfum á tölurnar einar. En í samanburði við náttúruhús sem á að fara að byggja í Reykjavík fyrir 850 millj. kr. samkvæmt upplýsingum sem komu fram á umhverfisnefndarfundi í morgun, þá er einn milljarður í jarðgöng á Austurlandi litlir peningar.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó auðvitað hefði verið ánægjulegra að heyra meiri ákveðni hjá honum varðandi framtíðina. Ég legg á það mikla áherslu að samgöngumál og jarðgangagerð er að sjálfsögðu ákaflega stórt atriði ef við horfum til byggðamála. Hér hefur ítrekað komið fram í umræðum um byggðamál og ýmislegt þeim tengt að það sé m.a. ætlun ríkisstjórnarinnar að vinna þar að stórum málum. Það kemur því á óvart að hæstv. ráðherra skuli ekki geta kveðið fastar að orði en hann gerði hér úr ræðustólnum áðan.

Það er rétt að vekja athygli á því að um langa tíð hefur verið mikil samstaða með íbúum í þeim landshlutum sem mestra hagsmuna hafa að gæta varðandi jarðgöng því Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar hafa í raun verið sammála um þá röð sem á þessum framkvæmdum hefur verið og það væri því æði sérkennilegt og illa aftan að mönnum komið ef breytingar verða á þessari áætlun þegar kemur að þeim sem sætt hafa sig við að vera síðastir í röðinni.

Það var eitt til viðbótar í ummælum hæstv. ráðherra sem vakti athygli mína en það var um hina almennu vegagerð og bundið slitlag. Vissulega er mikil þörf á framkvæmdum í almennri vegagerð og lagningu bundins slitlags, en það er einmitt það að bera saman og segja að ef hægt verði á í jarðgangaframkvæmdum þá verði mögulegt að auka lagningu bundins slitlags. Það er einmitt þessi samanburður sem getur verið mjög hættulegur fyrir hinar stóru framkvæmdir vegna þess að það skiptir auðvitað miklu máli að við höldum þjóðarsátt, eins og sumir hv. þm. hafa gjarnan sagt þegar rætt hefur verið um byggðamál, að það verði haldið þjóðarsátt í jarðgangagerð. Hún hefur verið fyrir hendi og ég vara hæstv. ríkisstjórn við því að hrófla við þeirri sátt sem verið hefur.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þingmenn Austfirðinga hafa hér tekið djúpt í árinni varðandi jarðgangagerð. Annar þeirra talaði um þjóðarsátt um jarðgöng, en hvorugur þeirra minntist þó á það í hvaða röð þeir kysu að ráðast í jarðgöng á Austurlandi, enda mun það nú vera svo að um það séu skiptar skoðanir og síður en svo einhugur í þeim efnum.

Ég sé líka, hæstv. forseti, sérstaka ástæðu til að þakka þingmanni Alþfl. fyrir þann mikla stuðning sem hann er reiðubúinn til að veita mér á meðan ég gegni þessu embætti, stuðning frá hans flokki til þess að fá meira fjármagn til vegagerðar en nú er. Ég þakka fyrir þennan stuðning og ég vonast sannarlega til þess að aðrir þingmenn Alþfl. og ráðherrar muni tala sama rómi og hann þegar samgöngumál ber á góma. Ég er þakklátur fyrir þetta og veit að þingmaðurinn talaði þarna ekki fyrir sína eigin hönd heldur Alþfl. í heild. (Gripið fram í.) Ég hef ekki ástæða til að ætla annað.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að á þessu ári hefur þungaskattur hækkað um 15% og bensíngjald um eitthvað svipað. Þær hækkanir voru ákveðnar af síðustu ríkisstjórn. Eins og sakir standa nú er ekki grundvöllur fyrir frekari hækkunum á þessum gjaldmiðlum, en það er á hinn bóginn stefna ríkisstjórnarinnar að ráðast ekki á næsta ári í vegaframkvæmdir með lántökum heldur standa undir þeim með þeim tekjustofnum sem Vegasjóður hefur, sem eru bensíngjald og þungaskattur.

Ég vil svo að lokum taka fram, hæstv. forseti, að það er auðvitað ekki hægt að aðskilja einstakar framkvæmdir í vegamálum og segja að það séu öðruvísi krónur sem fara í jarðgöng en í bundið slitlag og eitthvað svoleiðis. Auðvitað verður skattheimta ríkissjóðs metin í heild sinni og auðvitað hljótum við á hverjum

tíma að meta í heild hvað við treystum okkur til að leggja mikið fram til vegamála, enda var gert ráð fyrir því af forvera mínum, þó hann vildi taka lán til Vestfjarðaganga nú á þessu ári, að slík lán yrðu að fullu greidd upp áður en ráðist yrði í jarðgöng á Austurlandi. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Ég vil líka vekja athygli á því að á Austurlandi eru ýmis fleiri verkefni brýn en jarðgöng. Ég vil minnast á samgönguerfiðleika Vopnafjarðar t.d., sem má segja að sé einangruð byggð frá Austurlandi og mjög vafasamt satt að segja að fara þá leið sem Austfirðingar kusu að leggja verulega peninga í að reyna að laga Hellisheiðina þannig að hún verði kannski fær hálfum mánuði lengur að sumarlagi í góðri tíð. Og ég vil líka minna á að það er töluvert í land með að hægt sé að ljúka því að tengja Norðurland og Austurland með fullnægjandi hætti yfir Möðrudalsöræfi og Neðrafjall. Ég vil láta þess getið að margir Austfirðingar, sérstaklega þeir sem tengjast þjónustuviðskiptum og ferðamálum, gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að hægt sé að ljúka þessum kafla hringvegarins, eins og öðrum, og af þeim sökum alls ekki einboðið að næsta stórverkefni á þessum landsfjórðungi hljóti að vera jarðgöng, eins og ég sé það mál fyrir mér.

En það er sem sagt hvorki fyrirspyrjanda né annarra þeirra sem sitja á þingi nú að kveða upp úr með það hvernig fjármunum ríkisins verði varið á þeim herrans árum 1997 og 1998, sem er sú viðmiðun sem forveri minn gerði í sambandi við jarðgangagerð á Austfjörðum, en ég legg áherslu á að sú nefnd sem hefur þau mál til athugunar er að reyna að vinna vel að sínu verki, reyna að draga fram hverjar séu óskir Austfirðinga, en það mun að sjálfsögðu geta sett allt málið í mikla tvísýnu ef mjög skiptar skoðanir eru heima í héraði um það hvar rétt og vænlegt sé að ráðast í jarðgöng næst.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Gamli Blöndal er nú að birtast hér í stólnum dag frá degi og verður senn kominn fullskapaður hér í þingsalinn þegar þingið kemur saman aftur eftir fríið og veri hann þá velkominn. En það var í stíl hins gamla Blöndals að ráðherrann notaði tíma sinn hér til að fara með skæting í garð manna sem ekki geta svarað fyrir sig og fullkomlega út í hött að ráðherrann sé að temja sér þannig stíl í svörum hér við fyrirspurnum.

Ég vil láta það koma hér fram vegna þess að ég hef nokkuð fylgst með þeim málum á undanförnum árum að Austfirðingar munu að sjálfsögðu koma sér saman um það í hvaða röð verður farið í þessar framkvæmdir og það er fullkomlega ástæðulaust fyrir ráðherrann að vera hér með skæting í garð Austfirðinga og gera því skóna að þar ríki svo mikil óeining að þeir geti ekki komið sér saman. Austfirðingar sýndu mikinn þroska fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan þegar þeir sjálfir komu fram með þá skoðun að þeir teldu eðlilegt að Vestfirðingar hefðu forgang og sýndu þar með hæfni sína til þess að ráða fram úr stórum málum. Ég er fullviss um það að Austfirðingar munu koma sér saman í þessu máli þegar það verður talið tímabært að tilkynna um slíkt. (Forseti hringir.) Ég skal svo ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en vil að lokum vekja athygli á því að það var afar sérkennilegt að hlusta á þakkarávarp ráðherrans til hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og mátti helst skilja að loksins hefði komið alþýðuflokksmaður sem styddi ráðherrann í vegamálum og jarðgangagerð, margbarinn ráðherrann af ríkisstjórnarfundum mættur hér, þakkandi Gunnlaugi Stefánssyni fyrir það að styðja sig. Ég þakka forseta fyrir umburðarlyndið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. samgrh. óskar eftir að bera af sér sakir og verður honum leyft það.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur eins og aðrir þingmenn vita að ég hafi verið að veitast að forvera mínum hérna áðan, ég var einungis að skýra frá þeim verðlagsforsendum sem vegáætlun var reist á og þeim lántökuheimildum sem hún var reist á og fjárlög voru reist á.

Ég vil í annan stað taka fram að það er í samræmi við annan málflutning hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að telja að það sé eitthvert níð um Austfirðinga þó sagt sé að þeir hafi mismunandi hagsmuni í samgöngumálum og menn séu ekki einhuga um það austur þar á hvað beri að leggja mesta áherslu á í vegamálum og hvar eigi að byrja ef spurning verður um það að ráðast þar í jarðgöng. Hvort t.d. eigi að reyna að bæta samgöngur fyrst við Vopnafjörð eða Norðfjörð, svo ég taki tvö dæmi. Auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta eftir því hvar maðurinn býr og eftir því hvaða hagsmuni hann hefur. Þetta vitum við og þess vegna sá ég ástæðu til að hvetja til þess að Austfirðingar kæmu sér saman í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti gat ekki heyrt að það hafi verið bornar sakir á hv. 8. þm. Reykn. En ef hann telur svo vera þá er fróðlegt að heyra það og tekur hann þá til máls og ber af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. var að hnýta í mig fyrir að hafa verið að gera athugasemd við ummæli hans um fyrrv. samgrh. og birtist nú gamli Blöndal æ hraðar hér í ræðustólnum, en það var eitt helsta einkenni gamla Blöndals hér á síðasta kjörtímabili að hann hvorki heyrði né sá það sem aðrir menn sögðu, hann fór bara sínar eigin leiðir. Staðreyndin er sú að ég minntist ekkert á fyrrv. samgrh. í minni ræðu, ekki einu einasta orði. Hvað þá heldur að ég væri að saka hæstv. ráðherra um það að hann væri eitthvað að veitast að fyrirrennara sínum. Hann var bara ekki til í minni ræðu hér, fyrrv. samgrh., og á hann þó allt gott skilið. Vil ég biðja virðulegan ráðherra að vera ekki að kveðja sér hér hljóðs til þess að bera af sér sakir þegar þær voru engar í þessum efnum. Og er ráðherrann nú greinilega farinn að heyra líkt og gamli Blöndal

gerði hér á síðasta kjörtímabili, en það voru yfirleitt ofheyrnir.

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég held að það sé ekki hægt að komast hjá því að vekja athygli á því að hæstv. ráðherra notar það að bera af sér sakir til að hefja hér umræður um mál sem vart er hægt að tengja sökunum, eins og kom fram hér í máli hv. síðasta ræðumanns. En þar áður hafði hæstv. ráðherra látið að því liggja að Austfirðingar gætu ekki komið sér saman um röð jarðganga eystra. (**Landbrh.**: Sagði ég það?) Nei, þú gafst svona ýmsar vísbendingar í þá átt, hæstv. ráðherra, að slíkt gætu menn ekki gert. Einnig kom fram hér í seinni ræðu hæstv. ráðherra eða seinustu ræðu, þær eru víst orðnar nokkuð margar, að mismunandi hagsmunir Austfirðinga mundu ráða því að menn ættu mjög erfitt með að koma sér saman um þessa röð.

Ég vek athygli hæstv. ráðherra á því að hann getur hvergi fundið í ályktunum t.d. austfirskra sveitarstjórnarmanna á þingum sínum annað en að þar hafi menn samþykkt niðurstöður nær því samhljóða með einstaka mótatkvæðum eða hjásetu. En meginniðurstaðan er sú og meginþorri Austfirðinga er sammála um það í hvaða röð á að hefja þessar framkvæmdir. (**Forseti:** Forseti biður hv. þm. að halda sig við þingsköp en ekki um efnisatriði.) Virðulegi forseti, það var hæstv. ráðherra sem hóf þessa umræðu hér og ég vil undir lokin, með leyfi forseta, rétt nefna eitt til viðbótar sem hæstv. ráðherra kom inn á, en það var tenging Vopnafjarðar og Héraðs. Þar voru ummæli hæstv. ráðherra með ólíkindum.

Aðgangur íslenskra námsmanna að háskólum ríkja Evrópubandalagsins, ein umr.

Fsp. KÁ, 53. mál. — Þskj. 54.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í utandagskrárumræðu um hið Evrópska efnahagssvæði fyrir nokkrum dögum áttu sér stað snörp orðaskipti milli hæstv. umhvrh. og hv. 10. þm. Reykv. Var um það deilt hvort sú staðreynd að Ísland væri utan Evrópubandalagsins hefði þegar gert það að verkum að íslenskir námsmenn ættu erfiðara með að komast inn í háskóla í ríkjum Evrópubandalagsins, þar sem námsmenn annarra Evrópubandalagsríkja sætu fyrir um skólavist. Ekki fékkst úr deilunni skorið og því beini ég því til hæstv. menntmrh. sem bestan aðgang hefur að upplýsingum um menntamál þjóðarinnar að hann skeri hér úr og spyr:

„1. Hefur íslenskum námsmönnum verið synjað um aðgang að framhaldsnámi í ríkjum Evrópubandalagsins vegna þess að námsmenn frá öðrum Evrópubandalagsríkjum hafi haft forgang að námi?

2. Ef svo er, hvaða skólar eiga þar í hlut?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt er svohljóðandi: Menntmrn. er ekki kunnugt um að íslenskum námsmönnum hafi verið synjað um aðgang að háskólum í ríkjum Evrópubandalagsins vegna þess að námsmenn frá öðrum Evrópubandalagsríkjum hafi haft forgang. Hins vegar hefur aðsókn að háskólum í Evrópu aukist mjög mikið síðustu árin og komast færri að en vilja. Víða eru fjöldatakmarkanir í gildi og sums staðar sérstakar hömlur á aðgangi erlendra námsmanna. Íslenskir námsmenn keppa við aðra umsækjendur samkvæmt þeim inngönguskilyrðum sem gilda í hverju landi og í hverjum skóla. Aukin samkeppni hefur leitt til þess að fleiri íslenskum námsmönnum er nú synjað um skólavist erlendis en áður, en ekki verður séð að munur sé þar á aðildarríkjum Evrópubandalagsins og öðrum ríkjum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þetta svar. Þetta sannar þau orð sem 10. þm. Reykv. lét hér falla að verið væri að halda uppi ákveðnum hræðsluáróðri í umræðunni um hið Evrópska efnahagssvæði. Við vitum að það er rétt sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að aðsókn að háskólum hefur aukist mjög verulega og menn hafa séð sig knúða til þess að setja ýmiss konar fjöldatakmarkanir. Ég þakka því fyrir þessi svör. Hér hefur verið leyst úr deilu.

15. FUNDUR

fimmtudaginn 24. okt.,
að loknum 14. fundi.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að þegar kosningum sem fram eiga að fara á þessum fundi er lokið hefst hér utandagskrárumræða um skólamál. Fer hún fram skv. síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga, og er að beiðni tveggja hv. þm., hv. 18. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf.

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17 nóv. 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og

menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Varamenn:
Sturla Böðvarsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Svavar Gestsson (B),
Árni Johnsen (A),
Ingi Björn Albertsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. des. 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen (A),
Jón Helgason (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd, frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Björn Bjarnason (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Jón Sigurðsson (A).

Umræður utan dagskrár.
Skólamál.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur og mánuði hefur dregið til slíkra tíðinda í skólamálum að ekki má lengur bíða að ræða hér á hinu háa Alþingi þær aðgerðir sem gripið hefur verið til nú þegar eða boðaðar eru í hvítbók stjórnarinnar og fjárlagafrv. Þá vekja þær yfirlýsingar sem komið hafa frá hæstv. menntmrh. og aðstoðarmanni hans, að ekki sé minnst á formann Alþfl., spurningar um skólastefnu ríkisstjórnarinnar og það hvers konar stjórnarhætti er verið að taka upp í menntmrn. Skóla var lokað nokkrum dögum áður en starf átti að hefjast. Skólum hefur verið skipað að skera niður kennslu og fækka nemendum eftir að skólastarf var hafið. Aðrir voru sviptir leyfi til breytinga og lengingar náms auk þess sem sú stefnubreyting er boðuð að nú skuli nemendur standa að hluta til undir rekstri ríkisskólanna.

Það verður ekki betur séð en að verið sé að rjúfa þá þokkalega góðu samstöðu um þróun skólakerfisins sem ríkt hefur um árabil og að boðuð sé stefna sem ekki eingöngu getur stórskaðað íslenska skólakerfið, ef hún kemst í framkvæmd, heldur ýtt af stað þjóðfélagsbreytingum sem eiga meira skylt við frumskógarlögmál iðnríkja 19. aldarinnar en jafnréttiskröfur samfélaga þeirrar 20.

Það eru því margar spurningar sem beina þarf til hæstv. menntmrh. en það skal tekið fram að málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna bíða betri tíma því fyrirhuguð er sérstök umræða um Lánasjóðinn innan skamms.

Virðulegi forseti. Þjóðfélag sem ekki vill staðna þarf reglulega að spyrja þeirra spurninga hvaða menntun sé nauðsynleg til að einstaklingarnir fái að njóta sín og til að æskileg þróun eigi sér stað, hvernig þeirrar menntunar skuli aflað og hvernig skipulagi skólastarfs verði best fyrir komið.

Öll skólasaga Íslands, allt frá dögum Ísleifs biskups Gissurarsonar, fyrsta skólameistarans í Skálholti, ber þess vott að skólarnir hafa ávallt gegnt ákveðnu hlutverki í þjóðfélaginu, hvort sem þeir voru fámennir skólar presta og lögmanna eða skólar fyrir allan almenning. Þeir þjónuðu ákveðnum þörfum samfélagsins löngu áður en nokkuð sem kalla má markað eða hugmyndir um framboð og eftirspurn komu til sögu. Hlutverk þeirra var og er að búa fólk undir líf og störf, mennta í þess orðs bestu merkingu, flytja menningararfinn frá kynslóð til kynslóðar og kenna fólki á gildismat samfélagsins.

Sagan sýnir einnig að íslenskt skólakerfi hefur frá upphafi einkennst af ákveðinni tegund víðsýni eða með öðrum orðum þörf fyrir ferska vinda menningar og mennta. Í byrjun var leitað til nunna í Erfurt, munka í Svartaskóla, til skólanna í Lincoln á Englandi eða í Hamborg í Þýskalandi. Jafnvel á erfiðustu tímum fór hópur skólapilta til Kaupmannahafnar og kom til baka með anda upplýsingar, rómantíkur og frelsisbaráttu. Þessi forna löngun til að víkka sjóndeildarhringinn hefur enst okkur fram á þennan dag og er einkenni á íslensku skólakerfi. Við höfum gert námsmönnum kleift að sækja sér menntun jafnt til Kína og Japans sem Bandaríkjanna og Kanada sem orðið hefur til að auðga mannlífið, bæta skólakerfið heima fyrir, efla rannsóknir, auðga atvinnulífið og gera t.d. heilbrigðiskerfi okkar að einhverju hinu besta í veröldinni.

En allt í einu er íslenska menntakerfið orðið of dýrt að sögn ráðamanna. Allt í einu er farið að dekra við einkavæðingu í skólakerfinu en hingað til hafa skólar í einkaeign takmarkast við sérskóla og skóla sem stofnaðir hafa verið af hugsjónaástæðum eða vegna trúarskoðana. Allt í einu er Lánasjóður ísl. námsmanna orðinn eins og hvert annað fyrirtæki sem á að reka með hagnaði. Menn horfa á sjóðinn gjörsamlega án samhengis við lífið í landinu. Allt í einu eru foreldrar sem eins og aðrir borga sinn skerf til skólakerfisins í gegnum skattakerfið ekki of góðir til að borga aukalega fyrir menntun barna sinna. Og þeir sem leggja út í háskólanám skulu ekki einungis taka námslán með vöxtum og verðbótum, sem greiða þarf upp á skömmum tíma, heldur bæta á sig skólagjöldum líka. Er meiningin að fækka nemendum í framhaldsnámi? Eru nemendur orðnir of margir að mati ráðamanna þótt það sé hvergi sagt berum orðum? Er menntunin of mikil? Ég spyr eins og Guðmundur Björnsson læknir við umræðurnar um fræðslulögin árið 1907: „Er nokkru fé betur varið á fjárlögum en því sem varið er til að mennta hina ungu og upprennandi kynslóð? Svarið verður sjálfsagt nei, og aftur nei."

Ef notað er mál peninganna erum við að tala um fjárfestingu sem skilar sér margfaldlega á komandi árum. Fjárfestingu sem kemur ekki aðeins einstaklingunum til góða heldur öllu samfélaginu. Menntakerfið ásamt heilbrigðiskerfinu á að hafa forgang þegar við skiptum sameiginlegum sjóðum okkar niður á þau verkefni sem ríki og sveitarfélög annast fyrir okkur.

Á þessari öld hafa orðið meiri breytingar á íslensku skólakerfi en á því þúsund ára tímabili Íslandsbyggðar sem á undan fór. Alla þessa öld hefur verið unnið að því jafnt og þétt að auka og bæta menntun landsmanna vegna þess að framsýnt skólafólk og ráðamenn hafa gert sér ljóst að góð almenn menntun er lykill að framförum í atvinnulífi og menningu. Hún er einfaldlega fjöregg þjóðarinnar ásamt blessuðum þorskinum. Þegar litið er yfir þróun skólamála á þessari öld má greina fjögur meginbreytingaskeið. Hið fyrsta átti sér stað á áratugnum eftir að Íslendingar fengu heimastjórn, annað skeiðið var á tíma nýsköpunarstjórnarinnar eftir lok síðari heimsstyrjaldar, hið þriðja á árunum um og eftir 1970, þegar hér átti sér stað menntasprenging, og loks stendur hið fjórða yfir nú.

Með heimastjórninni 1904 hófst mikið framfaraskeið sem lýsti sér ekki síst í þeirri menntabyltingu sem gerð var. Sama árið og fyrsti ráðherra Íslands settist í Stjórnarráðshúsið var lærða skólanum breytt í almennan menntaskóla og hann opnaður stúlkum. Árið 1907 voru sett ný fræðslulög sem kváðu á um skólaskyldu 10–14 ára barna. Árið 1908 var Kennaraskólinn stofnaður til að börnin fengju leiðsögn menntaðra kennara og 1911 var Háskóli Íslands stofnaður. Því er ég að rekja þetta hér, virðulegi forseti, að á þessum árum var lagður grunnurinn að þeim meginreglum sem einkennt hafa íslenskt skólakerfi æ síðan. Þar er fyrst að nefna þá skoðun að sú menntun sem talin er þjóðfélaginu og einstaklingunum nauðsynleg á hverjum tíma skuli greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Í öðru lagi að allir sem á annað borð ráða við skólagöngu skuli eiga kost á nauðsynlegri menntun, óháð stétt, búsetu og efnahag.

Í nefndaráliti neðri deildar frá árinu 1907 segir um frv. til fræðslulaga, með leyfi forseta: „Frumvarp stjórnarinnar er byggt á þeirri grundvallarsetningu að þjóðfélaginu sé skylt að sjá um að hvert einasta barn þjóðarinnar eigi kost á að njóta þeirrar menntunar sem nauðsynleg er talin hverjum manni." Þessi grundvallarregla hefur verið í heiðri höfð æ síðan.

Með fræðslulögunum 1907 voru skólagjöld afnumin í þeim barnaskólum sem þá voru starfandi, enda hafði orðið að fella mikinn hluta þeirra niður sökum fátæktar. Frá þeim tíma hefur nemendum ekki verið gert að standa undir rekstri ríkisskólanna með skólagjöldum, hvorki í grunnskólum, dagskólum framhaldsskólanna né háskólum. Nokkru öðru máli gegnir um fullorðinsfræðslu, svo sem öldungadeildir, þar sem nemendur greiða þriðjung kostnaðar auk nemendagjalda, í sérskólum þar sem greidd eru mismunandi há gjöld og í hinum svokölluðu einkaskólum sem kenna á sérsviði eins og Verslunarskóli Íslands og Samvinnuháskólinn í Bifröst, sem innheimta nokkuð há skólagjöld.

Þær fullyrðingar sem komið hafa fram hjá ráðamönnum um skólagjöld hafa verið afar villandi. Því hefur verið haldið fram að hér á landi séu innheimt skólagjöld sem nema allt að 300 millj. kr. Það er rétt ef allir skólarnir eru taldir með. En við verðum að greina annars vegar á milli þeirra skóla sem velja sína nemendur sjálfir, bjóða upp á sérhæft, dýrt nám og eru reknir af einkaaðilum, þótt þeir séu reyndar stórlega styrktir af ríkinu, og hins vegar þeirra skóla sem bjóða upp á almennt framhaldsnám og eru nú opnir öllum sem lokið hafa grunnskólaprófi.

Í Verslunarskóla Íslands eru innheimt skólagjöld að upphæð 37.000 kr. sem að hluta til renna til félagsstarfa nemenda og að hluta til annarra þarfa skólans. Samvinnuháskólinn í Bifröst innheimtir gjöld að upphæð 91.000 kr. yfir veturinn, sem á svipaðan hátt rennur til nemenda og kaupa á bókum og búnaði.

Í langflestum framhaldsskólum landsins er innheimt gjald sem er í kringum 8.000 kr. en þeir peningar renna að langstærstum hluta til félagsstarfa nemenda.

Þetta eru félagsgjöld og styrkir sem halda uppi víðfrægum kórum, rómuðum leiksýningum og ræðu- og spurningakepnnum, svo eitthvað sé talið. Um skólagjöld til reksturs skólanna er ekki að ræða.

Í skólum sem bjóða upp á verknám er greitt efnisgjald og í Háskóla Íslands er nú innheimt 7.700 kr. gjald sem eins og í öðrum ríkisskólum rennur fyrst og fremst til þjónustu við nemendur. 5.700 kr. skiptast milli Stúdentaráðs og Félagsstofnunar stúdenta, en 2.000 kr. koma inn í sjóði Háskólans frá hverjum nemanda. Fyrir þær fá þeir kennsluskrá, háskólapassa, myndatöku og vottorð. Það er ekki um rekstur skólans að ræða.

Í umræðum um fjárlög ársins 1992 sem fóru fram í fyrrinótt kom fram hjá hæstv. fjmrh. að menn hefðu ekki vitað af þessum innritunar- og félagsgjöldum sem innheimt eru í framhaldsskólunum. Illa fylgjast menn með. Við alla framhaldsskóla landsins starfa skólanefndir og eftir því sem ég best veit á Sjálfstfl. fulltrúa í öllum skólanefndum Reykjavíkur. Í lögum um framhaldsskóla sem samþykkt voru fyrir rúmum þremur árum segir, með leyfi forseta:

„Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld."

Það er ekki að ástæðulausu að þessi grein er í lögunum og nákvæmlega þessir þættir taldir upp því verulegur kostnaður fylgir umsóknum um skólavist og innritun, pappírsnotkun skólanna er með ólíkindum og skólarnir hafa takmarkað fé til kaupa á efni sem notað er t.d. í verknámi. Og því má við bæta að félagsstarfsemi nemenda kostar mikið fé enda oft rekin með halla.

Í 32. gr. laga um framhaldsskóla segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis."

Ríkið á að greiða reksturinn, skýrara getur það ekki verið. En hvað er einn lagabálkur milli vina?

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1992 er ætlunin að innheimta skólagjöld að upphæð 128 millj. kr. af nemendum framhaldsskólanna sem stunda nám í dagskóla. Háskólanemar eiga að greiða allt að 17.000 kr. á mann. Þarna er ekki um verulegar upphæðir að ræða fyrir ríkissjóð, en einstaklingana og fjölskyldurnar í landinu, sem líka eiga að taka á sig sjúkragjöld, lækkun barna- og vaxtabóta, ef verður að þeim breytingum sem ríkisstjórnin boðar, munar um slíkar upphæðir.

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar segir á bls. 7, með leyfi forseta: „Margar þær aðferðir sem beitt hefur verið til að ná settum velferðarmarkmiðum bera þess glögg merki að þær eru frá þeim tíma er lífskjör landsmanna voru mun lakari en þau eru nú og hvorki aðferðirnar né sjálf markmiðin hafa verið endurmetin með tilliti til breyttra aðstæðna."

Það er mikið rétt að lífskjör hafa batnað verulega hér á landi sem betur fer og einnig að margt má endurskoða í okkar velferðarkerfi. En það fólk sem mótaði íslenska velferð, jafnt í skóla sem heilbrigðiskerfinu, hafði ekki síst í huga að hætt yrði að greina á milli ríkra og fátækra eins og gert var. Hinir efnameiri áttu að greiða hlutfallslega meira til sameiginlegrar þjónustu, hinir fátæku minna og samfélagið átti síðan að sjá um þá sem undir yrðu á einhvern hátt. Þetta var og er réttlæti. Nú vill ríkisstjórnin snúa dæminu við. Þeir sem nota þjónustuna eiga að borga beint til að afla fjár og til að efla kostnaðarvitundina, eins og það er kallað. Þegar bent er á láglaunafólkið komast kratahjörtun við. Myndir Haraldar Guðmundssonar, Hannibals Valdimarssonar, Jóhönnu Egilsdóttur og fleiri alþýðuflokksmanna sem vörðu lífi sínu í þágu réttlátara þjóðfélags, þjóta eflaust um huga þeirra. Gott ef myndir þeirra sumra hanga ekki uppi á vegg í þingflokksherbergi Alþfl.

Jú, þessar aðgerðir mega ekki bitna á láglaunafólkinu. Það verður að fá undanþágur. En þá erum við komin aftur til áranna fyrir 1907 þegar fólk varð að ganga á fund skólastjórnenda og biðja um niðurfellingu gjalda vegna fátæktar. Ég vil hvorki sjá nemendur né foreldra í slíkri stöðu. Það væri afturför og til vansa í þessu þjóðfélagi þar sem bruðlað er stórkostlega með opinbert fé. Ef menn vilja efla kostnaðarvitundina eru aðrar leiðir færar til þess. T.d. ættu ráðherrar að byrja á sjálfum sér og steinhætta að tala um ókeypis þjónustu. Fólkið í landinu greiðir þessa þjónustu með sköttum í hverjum einasta mánuði. Hluti þjóðarinnar hefur greitt sína skatta og skyldur áratugum saman og á inni skólavist fyrir börn sín og barnabörn, ásamt heilsugæslu fyrir þau, sjúkratryggingagjöld sem fyrir allmörgum árum voru innlimuð í skattkerfið. Að segja svo við fólk að það sé að heimta ókeypis þjónustu er ósvífni af versta tagi og móðgun við íbúa landsins.

Það sem skiptir þó mestu máli er að verið er að víkja frá þeirri grundvallarsetningu að sú menntun sem talin er nauðsynleg á hverjum tíma sé greidd af okkur öllum í sameiningu vegna þess að hún kemur okkur öllum til góða og ég vil fá að heyra frá hæstv. menntmrh. hvað rökstyður slíka grundvallarbreytingu.

Þegar hæstv. menntmrh. leit loksins upp frá því verki að skera niður útgjöld menntmrn. og áttaði sig á því að skólahald væri að hefjast nú á þessu hausti, hófust miklar bréfaskriftir í ráðuneytinu. Skal fyrst nefna tilskipun til Kennaraháskóla Íslands um að lengingu kennaranáms úr þremur árum í fjögur skyldi frestað að sinni. Kennarar skólans höfðu unnið árum saman að undirbúningi þessarar breytingar vegna þess að þeir töldu þörf á bættu kennaranámi. Ég spyr mig hvort sú skoðun þeirra tengist hugsanlega þeirri staðreynd hve samsetning nemenda í framhaldsskólum hefur breyst og að Kennaraháskólinn, líkt og aðrir skólar, þurfi einfaldlega lengri tíma til að koma fólki sómasamlega gegnum það nám sem boðið er upp á eða hvort þarna sé fyrst og fremst um bætt gæði að ræða, nema hvort tveggja sé. Hvað um það. Sú ákvörðun menntmrh. að fresta breytingunni kom skólafólki mjög

á óvart, enda undirbúningi lokið. Búið var að ráða kennara í samræmi við nýja áætlun og nemendur höfðu búið sig undir breytingar. Að mínum dómi eru stjórnarhættir sem þessir forkastanlegir. Þeir sýna minni en engan skilning á því hvernig skólastarf fer fram, það krefst nefnilega mikils undirbúnings.

Þessar aðfarir hæstv. menntmrh. krefjast skýringa. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann sé andvígur lengingu kennaranáms. Hvað var um mikinn sparnað að ræða ef tilgangurinn var að spara? Hvaða áform hefur ráðherrann um kennaramenntun almennt? Og hvað um þær hugmyndir að koma upp kennaramenntun á Akureyri? Háskólinn á Akureyri hefur mikinn áhuga á að koma upp kennaradeild og veitir ekki af til að bæta úr þeim mikla kennaraskorti sem hrjáir landsbyggðina. Sú kennaramenntun þarf hins vegar ekki að vera með sama hætti og gerist í Kennaraháskóla Íslands enda ekkert sem segir að mennta eigi alla kennara eins.

Næstur í bréfabunkanum verður fyrir mér Menntaskólinn við Hamrahlíð. Menntaskólinn við Hamrahlíð var á sínum tíma reistur sem tilraunaskóli og átti að verða leiðandi í þróun skóla á framhaldsskólastigi. Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur ekki fremur en aðrir skólar farið varhluta af þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað í framhaldsskólum landsins, sem einkum felast í því að mun stærri hluti hvers árgangs sækist eftir framhaldsnámi án þess endilega að eiga erindi inn í skólana miðað við það nám sem þar er boðið upp á. Þetta hefur leitt til þess að námstími til stúdentsprófs hefur að meðaltali lengst verulega og gríðarlega mikið er um fall í einstökum áföngum eða bekkjum. Framhaldsskólarnir bjóða einfaldlega ekki upp á það fjölbreytt nám að það henti öllum þessum fjölda.

Alþingi samþykkti fyrir þremur árum lög sem, eins og áður segir, opna framhaldsskólann öllum þeim sem lokið hafa grunnskólaprófi. En til að ljúka því prófi þarf enga lágmarkseinkunn lengur. Litlar sem engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að mæta þessari breytingu af hálfu skólayfirvalda en að mínum dómi kölluðu ný lög á breytingar í kennslu, húsnæði og skipulagða endurmenntun framhaldsskólakennara þar sem menntun þeirra miðast á engan hátt við kennslu nemenda sem varla eru læsir eða skrifandi. Og því miður eru skólarnir afar illa búnir undir kennslu fatlaðra nemenda eða þeirra sem þurfa á einhvers konar sérkennslu að halda.

Á fjárlögum ársins 1992 eru áætlaðar 27,8 millj. til sérkennslu á framhaldsskólastigi og fer verulegur hluti þess fjár til kennslu fatlaðra nemenda. Ég vil taka það skýrt fram að ég styð af heilum hug rétt fatlaðra til framhaldsnáms og að öllum bjóðist nám við hæfi. En að öðru leyti held ég að þarna sé skólakerfið á rangri braut. Grunnskólinn getur nú ýtt vandamálunum á undan sér upp í framhaldsskólann sem farinn er að ýta þeim upp á háskólastigið.

Að mínu mati þarf grunnskólinn verulegrar skoðunar við og ég verð að viðurkenna að ég skil ekki þá uppeldisfræði sem byggist á því að gera nánast engar kröfur til námsárangurs og að nemendur þurfi ekki að standast lágmarkskröfur af neinu tagi. Slíkt er ekki góður undirbúningur fyrir líf og störf.

Kennarar Menntaskólans við Hamrahlíð höfðu löngu gert sér ljóst að skólinn yrði að bregðast við breyttum aðstæðum. Það er afar þreytandi fyrir kennara að reyna að kenna nemendum allt að þrisvar sinnum sama námsefnið sem þeir ráða ekki við og það er ömurlegt að horfa upp á ósigur nemenda sem falla hvað eftir annað, auk þess sem kennurum fannst skólinn vera farinn að staðna. Því varð niðurstaðan sú að þróa nýtt kerfi sem byggðist á því að stýra nemendum með ráðgjöf inn í nám sem þeir réðu við og vildu læra og gera þeim grein fyrir því hvað þyrfti til ef hugað væri að háskólanámi eða öðru námi. Kennslunefnd Háskóla Íslands gerði athugasemdir við áform Menntaskólans við Hamrahlíð, en ég fæ ekki betur séð en þær athugasemdir byggist á skilningsleysi á þeim aðstæðum sem nú ríkja í framhaldsskólunum. Háskóli Íslands hefur ekki aðlagast þeim breytingum sem orðið hafa á neðri stigum skólakerfisins. Hann fær þar af leiðandi nemendur sem ekki ráða við háskólanám.

Það er löngu tímabært að skólar á háskólastigi skilgreini þær kröfur sem gera þarf til nemenda í hinum ýmsu námsgreinum til þess að nemendur viti að hverju þeir ganga. Það er því miður verið að blekkja nemendur sem halda að það eitt að hafa stúdentspróf sé trygging þess að eiga erindi í háskóla. Þetta kerfi sem ég hef hér lýst er afar dýrt, en ég er þeirrar skoðunar að þær breytingar sem fyrirhugaðar voru í Menntaskólanum við Hamrahlíð, hefðu leitt til verulegs sparnaðar með því að stytta námstíma margra nemenda. En hæstv. menntmrh. ákvað að stöðva þessa tilraun og ég vil fá að heyra rök hans fyrir þeirri ákvörðun. Það er nefnilega afar sjaldgæft að menntamálaráðherrar skipti sér af innra starfi skóla með þessum hætti. Þarna er á ferð óeðlileg miðstýring og forræðishyggja.

Ég bendi þingmönnum og hæstv. menntmrh. á að í nýjasta hefti Nýrra menntamála er að finna grein eftir tvo kennara við Menntaskólann við Hamrahlíð sem skýra sjónarmið þeirra mjög rækilega.

Þá er þess að geta að sent var bréf til hvers einasta framhaldsskóla á landinu með endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar sem yfirfullum framhaldsskólum er gert að hagræða og spara, draga saman kennslu ef sparnaðurinn næst ekki á annan hátt og jafnvel fækka nemendum eins og skólameistarinn á Ísafirði fékk skipun um. Mér er spurn: Hvernig er þetta hægt? Hvernig er hægt að gera skólunum að taka inn alla nemendur sem sækja um, troða inn í skólana svo orðið hefur að bæta við húsnæði hér á Reykjavíkursvæðinu og skipa þeim svo að spara og fækka nemendum?

Þegar menntmn. hóf störf síðla sumars var óskað eftir ýmsum gögnum sem snerta menntamál. Þar á meðal var nýútkomin bók menntmrn. Til nýrrar aldar. Með fylgdi bréf frá aðstoðarmanni hæstv. menntmrh. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég vil taka fram að ritið Til nýrrar aldar, lýsir stefnu fyrrv. ríkisstjórnar og fyrrv. menntamálaráð-

herra í skólamálum en ber ekki að skoðast sem stefna núv. ríkisstjórnar eða núv. menntamálaráðherra. Ritið hefur því meira sögulegt gildi en hagnýtt."

Hér er á ferð mjög alvarlegt mál að mínum dómi. Í þessari bók er að finna mikið safn hugmynda um það hvernig best muni að þróa íslenskt skólakerfi á næstu árum. Hér eru ekki á ferð einkaskoðanir hæstv. fyrrv. menntmrh. Svavars Gestssonar eða starfsmanna hans, heldur lögðu hönd á plóg hundruð kennara og skólastjórnenda alls staðar að af landinu og af öllum skólastigum. Sett var upp forgangsröð í skólamálum og hana er að finna í þessari bók. Menn kann að greina á um einstök atriði eða hugmyndir en að hafna þessu riti gjörsamlega er að sýna skólafólki fullkomna fyrirlitningu. Ég vil því beina því til hæstv. menntmrh. að hann kynni sér þetta rit betur og hafi samráð við kennarastéttina um mótun framtíðarstefnu í skólamálum.

Víkur þá sögunni að hvítbók ríkisstjórnarinnar. Í henni er að finna hugmyndir um skólamál svo sem að hugað verði að styttingu námstíma til stúdentsprófs. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hafi hugað að því að slík stytting kallar á lengingu skólaársins, eins og vikið er að í bókinni, en það kallar aftur á algjöra skipulagsbreytingu á starfi og launakjörum kennara. Kennarastarfið og kennsluskylda er skilgreint á ákveðinn hátt og inni í þeirri skilgreiningu er m.a. tími sem ætlaður er til endurmenntunar vor og haust. Þá er unnin gífurleg yfirvinna í framhaldsskólunum, í öllum skólum reyndar, sem kennarar yrðu að draga úr með lengingu skólaársins, einfaldlega til að halda lífi og heilsu.

Þá vil ég líka spyrja hæstv. menntrm. hvort hann hafi hugleitt hvaða áhrif lenging skólaársins hefði á atvinnulífið í landinu, en ýmsar atvinnugreinar byggja enn að miklu leyti á skólafólki, svo sem ferðaþjónusta.

Þá væri fróðlegt að heyra hvaða hugmyndir ráðherrann hefur um einkavæðingu í skólakerfinu sem ýjað hefur verið að. Hvar á hún við, að hans mati og hvernig á að koma henni á? Bjóða út eitt stykki skóla eða hvað?

Ríkisstjórnin boðar að endurskoða skuli lög sem snerta öll skólastig, og ég spyr: Út á hvað á sú endurskoðun að ganga?

Virðulegi forseti. Hér hefur verið vikið að ýmsu því sem borið hefur til tíðinda í íslenskum skólamálum undanfarnar vikur og er þó margt eftir sem ég læt öðrum eftir að ræða. Það blasir ýmiss konar vandi við íslenska skólakerfinu. Hann er ekki fjárhagslegur að mínum dómi, enda skylda ríkissjóðs að standa undir þeirri almennu menntun sem við teljum þörf á. Vandinn er inntak skólastarfsins: Hvað á að kenna? Hvernig á skipulagið að vera? Hvaða kröfur á að gera?

Að mínum dómu eru helstu gallar hins íslenska skólakerfis það kröfuleysi sem ég ræddi um hér áðan og á við um grunnskólakerfið og það, hve einstaklingunum og þörfum þeirra er lítið sinnt þar sem sú skoðun virðist alls ráðandi í íslenska skólakerfinu að það eigi að kenna öllum það sama. Slíkt er misskilið jafnrétti að mínum dómi. Þá eru launamál kennara til mikils vansa og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvað ríkisstjórnin hyggist gera til að bæta launakjör þeirra. Þá má nefna hinn mikla kennaravanda á landsbyggðinni og hlutfall réttindalausra kennara þar. Í kjölfar þess er nauðsynlegt að kanna það misrétti sem börn á landsbyggðinni búa við af þessum sökum. Þá vil ég ítreka að ég tel nauðsynlegt að Háskólinn skilgreini þær kröfur sem hann vill gera til sinna nemenda.

Virðulegi forseti. Skólamál eru yfirgripsmikill málaflokkur sem þarfnast mikillar umræðu og skoðunar, enda snertir hann alla landsmenn. Ég vona að hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnin grípi ekki til neinna þeirra aðgerða sem skaðað geta skólakerfið meira en orðið er.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú staðreynd að ég hef hér með mér upp í pontu nokkuð þykkan bunka af skjölum segir kannski skýrar en nokkur orð að Vestfirðingar eiga sitthvað vantalað við hæstv. menntmrh.

Ég verð að segja að það hafa ekki svo ég muni til verið teknar svo margar umdeildar ákvarðanir í menntamálum og skólamálum á Vestfjörðum á jafnskömmum tíma og verið hafa frá því sl. sumar. Þar er ekki aðeins hin umdeilda ákvörðun um lokun Héraðsskólans í Reykjanesi heldur einnig fleiri atriði sem ég kýs að gera hér að umtalsefni og víkja lítillega að.

Ég vil í fyrsta lagi nefna þá ákvörðun ráðuneytisins að fyrirskipa 10% samdrátt í kennslukvóta Menntaskólans á Ísafirði. Þessi ákvörðun féll satt að segja í mjög grýttan jarðveg hjá stjórnendum skólans og Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Ég er með ályktun þess sambands sem þingmönnum var sent og þar er tekið svo til orða að atlaga sé hafin að Menntaskólanum á Ísafirði á sama tíma og nemendum þar er að fjölga. Og það er einmitt atriði sem vert er að undirstrika. Það hefur verið þannig á Vestfjörðum að of margir nemendur á framhaldsskólaaldri hafa kosið að fara í framhaldsskóla út fyrir fjórðunginn. Við höfum haft uppi tilburði undanfarin tvö ár að breyta þessu og það er að skila árangri. Þá birtist svar ráðuneytisins sem getur orðið til þess að brjóta niður alla þessa undirbúningsvinnu með því að fyrirskipa þennan 10% samdrátt. Að sögn skólameistara getur farið svo að það þurfi á þessum vetri að vísa úr skóla einhverjum af þeim nemendum sem þar sitja við nám ef ákvörðuninni verður ekki hnekkt. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Hefur hann tekið ákvörðun um að endurskoða fyrri fyrirmæli um 10% samdrátt? Og mun hann taka mið af þeirri staðreynd að nemendum hefur fjölgað í skólanum þannig að nemendur sem þar verða í vetur geti verið sæmilega öruggir í sínu námi?

Annað mál sem okkur Vestfirðingum þótti skjóta skökku við var sú ákvörðun menntmrn. að synja um heimild til að starfrækja öldungadeild á Hólmavík í tengslum við væntanlegan Framhaldsskóla Vestfjarða. Satt að segja er okkur það óskiljanlegt hvernig ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé til fé til þessarar deildar á Hólmavík, fé sem er eitthvað um 200 þús. kr. yfir veturinn, á sama tíma og ýmsir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn finna sér fé þó ekki sé til á

fjárlögum til að kaupa hentugar bifreiðar frá Heklu hf. Sú spurning kemur upp í minn huga hvort það sé í raun og veru dæmi um afstöðu Sjálfstfl. til menntamála og til fullorðinsfræðslu í hinum dreifðu byggðum landsins að það er að þeirra mati ekki hentugt að fólkið sem þar starfar fái tækifæri til að auka við sína menntun.

Ég vil áður en ég kem að aðalmáli í mínu erindi sem er Héraðsskólinn í Reykjanesi nefna eitt mál enn, sem er Framhaldsskóli Vestfjarða. Samningur milli sveitarfélaga á Vestfjörðum og ráðuneytisins lá tilbúinn til undirritunar við stjórnarskipti sl. vor. Síðast þegar ég vissi, ekki fyrir alllöngu, lá sá samningur enn óundirritaður hjá ráðuneytinu. Þessi samningur skiptir okkur verulegu máli í þeirri viðleitni okkar að efla og byggja upp framhaldsmenntun á Vestfjörðum því við erum meðvitaðir um það og fullvissir um að ein leiðin og jafnvel ein af betri leiðunum til að efla byggðir landsins og halda okkar fólki heima í héraði er að geta boðið upp á verðugt framhaldsskólanám. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort búið sé að ganga frá undirritun á þessum samningi og ef svo er ekki hvenær það sé fyrirhugað.

Í tengslum við Framhaldsskóla Vestfjarða, sem heimamenn eru sammála um að stofna, hefur líka verið í gangi vinna í að koma á fiskvinnslubraut við þann skóla. Sú vinna hefur verið unnin af nefnd sem páv. skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, Smári Haraldsson, veitti forstöðu og hefur sú nefnd unnið að þessu máli í samráði við menntrn. og bæjarstjórn Bolungarvíkur sem hefur boðist til að leggja til aðstöðu fyrir þessa braut. Þetta mál var á góðum skriði í tíð fyrrv. menntmrh. en eftir stjórnarskiptin hefur verulega hægt á því og ég vil leita eftir svörum ráðherra um hvað líði því að vinna að þessu máli og hvenær við megum vænta þess að á Vestfjörðum, þar sem eitt stærsta hlutfall vinnandi fólks á landinu vinnur við sjávarútveg, gefist kostur á að mennta sig í störfum við þá atvinnugrein.

Vík ég þá loks að Héraðsskólanum í Reykjanesi. Mér finnst óhjákvæmilegt að rekja aðdraganda málsins og greina frá afstöðu heimamanna til þessarar ákvörðunar og síðan vil ég kalla eftir rökum ráðherra fyrir sinni ákvörðun og hvernig hann rökstyður hana og lögmæti hennar. Ég held að best sé að lýsa aðdraganda málsins með því að vitna í greinargerð sem formaður skólanefndar Héraðsskólans í Reykjanesi hefur birt og rekur málið nokkuð vandlega í stuttu máli. Ég vil því, með leyfi forseta, vitna í greinargerð formanns skólanefndarinnar. Hún er svohljóðandi:

„Þegar langt var liðið fram á sumarið án þess að nokkurt lífsmark kæmi frá menntmrn. fór skólanefndin að undrast hversu seint gekk af hálfu ráðuneytisins að ganga frá ráðningu skólastjóra og kennara fyrir haustið. Taka verður fram að frá ráðuneytinu höfðu ekki komið fram neinar athugasemdir eða hugmyndir um breytingar á skólahaldi. Það er fyrst þann 25. júlí sem gengið er frá ráðningu skólastjóra og kennara. Þá veit maður ekki annað en að allt sé klárt og ég bið skólastjóra að fara að huga að auglýsingum og þess háttar, því venjan er að auglýsa skólann að vori og svo aftur seinni hluta sumars. Þá gerist svo um miðjan ágúst að deildarstjóri grunnskóladeildar menntmrn. kemur hér fram í svæðisútvarpinu og greinir frá hugmyndum ráðuneytisins um að loka Héraðsskólanum í Reykjanesi í vetur. Hann tíundar þar kostnað á hvern nemanda í skólanum og nefnir tölur sem eru allsendis ósannar, víðs fjarri réttu lagi. Þetta er það fyrsta sem skólanefndin heyrir af hugmyndum ráðuneytisins. Það er með eindæmum að boðskapur þess skuli berast skólanefnd með þessum hætti.

Ráðuneytismenn efndu svo til fundar með þingmönnum Vestfjarða eins og þeir kölluðu það í ágústmánuði. Samt boðuðu þeir ekki alla þingmennina til þess fundar. Þetta var kynnt sem upplýsingafundur. Þarna lögðu ráðuneytismenn ekki einungis fram villandi upplýsingar heldur beinlínis rangar upplýsingar í sumum tilvikum. Við töldum þetta háttalag vítavert og svöruðum því í ályktun sem skólanefndin lét frá sér fara á fundi inni í Reykjanesi þann 22. ágúst, en þar mætti fyrrgreindur deildarstjóri til að kynna skólanefndinni hugmyndir ráðuneytisins. Skólanefndin mótmælti harðlega og benti á að á þeim tíma þegar þeir leggja fyrir þingmenn og allan almenning í svæðisútvarpi upplýsingar um 11 örugga nemendur þá hefur skólanefndin í höndum 24 umsóknir. Þeir töluðu um þrjá nemendur í 10. bekk en við vorum þar með tólf umsóknir. Ráðuneytismenn hirtu alls ekki um að afla réttra upplýsinga. Hinn mikla kostnað á hvern nemanda á liðnum árum fengu þeir út með því að taka út úr langversta ár skólans hvað kostnað snerti. Í fyrsta lagi: Það skólaár voru tveir skólastjórar á launum. Og í öðru lagi: Þetta skólaár var byrjað með um haustið 23 nemendur og ráðuneytismenn deila með þeirri tölu í kostnaðartöluna enda þótt um vorið væru 32 nemendur útskrifaðir. Þá sem endranær voru nemendur að bætast við smátt og smátt eftir að kennsla var byrjuð. Í þriðja lagi: Þetta skólaár var síðasta árið sem starfsfólk mötuneytisins var á launum hjá ríkinu. Það hefur ekki verið á launaskrá síðan og ekki nema einn skólastjóri. Það var ekki hirt um að styðjast við eða birta réttar upplýsingar af því að það hentaði ekki málstað ráðuneytisins."

Að lokum vil ég vitna í annan stað í greinargerð formanns skólanefndar, þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Öll framvinda málsins af hálfu menntrmn. hlýtur að eiga sér miklu lengri aðdraganda en hér kemur fram. Það er greinilegt að þessari málsmeðferð var hagað á allan hátt til þess að drepa okkur á tíma. Skólanefnd fékk ekkert að vita fyrr en á allra síðustu stundu."

Hér er nokkuð glögglega rakið hvernig menntmrn. stóð að því að taka þessa ákvörðun og kynna hana þeim sem í hlut átti. Það er að vonum að formaður skólanefndar, sem öðrum fremur á að vera ráðuneytinu innan handar, skuli vera nokkuð þungorður í garð ráðuneytisins.

Ég vil benda á að þessi ákvörðun ráðuneytisins hefur mætt harðri mótspyrnu heiman úr héraði, nánast hvarvetna. Ég er hér með ályktanir frá ýmsum sveit-

arfélögum sem eru býsna harðorðar og mótmæla þessari ákvörðun. Sveitarstjórnir við Ísafjarðardjúp, bæjarstjórnirnar á Ísafirði og í Bolungavík og enn fremur frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, sem segir í sinni ályktun að þessi ákvörðun ráðherra sé aðför að byggðarlögum við Inndjúp. Ég vek athygli á því, þar sem þær ályktanir sem harðorðastar eru koma frá Fjórðungssambandi Vestfjarða, að á þeim tíma var formaður þess sjálfstæðismaðurinn Ólafur Helgi Kjartansson. Mér er það alveg óskiljanlegt hvers vegna hæstv. ráðherra hunsar með öllu vilja heimamanna, hvar í flokki sem þeir standa. Mér er það líka alveg óskiljanlegt hvers vegna ráðherra gat ekki sætt sig við þá málamiðlunartillögu sem þingmenn Vestfirðinga lögðu fyrir hann sem var sú að skólinn skyldi starfræktur í vetur en á þeim tíma færi fram athugun á starfi skólans og því hvort hægt væri að finna honum annað og verðugra hlutverk, þó svo núverandi hlutverk standi fyllilega undir því eitt og sér. Þetta var ekki hægt að fallast á og ég inni ráðherra eftir hans rökstuðningi við því að ganga á svig við vilja þingmanna og annarra heimamanna.

Ég bendi líka á þá ákvörðun Alþingis sem fyrir liggur í fjárlögum, sú ákvörðun lýsir sér í því að það er fjárveiting til að reka skólann út allt þetta ár. Sú ákvörðun segir okkur að það hafi verið vilji Alþingis við afgreiðslu fjárlaga að þessi skóli yrði starfræktur með því sniði sem verið hefur út þetta ár. Og ég spyr: Hvaða lög eru það sem hæstv. ráðherra getur vitnað til og taka af fjárlögin? Ég bendi hæstv. menntmrh. líka á að í 6. gr. núv. fjárlaga er tekið fram að fjmrh. sé heimilt að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1991 með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjvn. Þetta þýðir, ef við skilgreinum Héraðsskólann sem ríkisstofnun, að það er ekki menntmrh. sem á að taka þessa ákvörðun heldur hæstv. fjmrh. og þá því aðeins að fyrir liggi samþykki ríkisstjórnar og fjvn. Hér er enginn annar ráðherra í salnum svo ég komi auga á þannig að ég verð að beina því til hæstv. menntmrh., þar sem ég sé ekki hæstv. fjmrh., hvort fyrir liggi samþykki ríkisstjórnarinnar og fjvn. fyrir því að loka skólanum í haust.

Ég vil líka benda hæstv. ráðherra á að það er ekki sjálfgefið að skilgreina Héraðsskólann í Reykjanesi sem ríkisstofnun. Það er nefnilega til samningur þótt gamall sé orðinn á milli aðila, sýslunefnda og sveitarfélaga, um það að Héraðsskólinn í Reykjanesi sé sjálfseignarstofnun. Og ég hefði talið að í ljósi þess hefði ráðherra þurft að hafa samráð við eigendur þessarar sjálfseignarstofnunar eða aðila að henni áður en hann tæki sína ákvörðun.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra líka hvort hann sé búinn að skipa þá nefnd sem hann boðaði að yrði sett á laggirnar til að ræða framtíð skólans. Hverjir eru í nefndinni og hvert er erindisbréf hennar?

Ég vil að lokum vitna til ummæla hæstv. fjmrh. hér í fyrrinótt í umræðu um fjárlagafrv. vegna fyrirspurnar af minni hálfu. Þar kom fram hjá hæstv. fjmrh. sú yfirlýsing varðandi málefni skólans að fari svo að nægur fjöldi nemenda fáist til skólans næsta haust væri hann viss um að fjármagn fengist. Ég tel þetta þýðingarmikla yfirlýsingu, virðulegur forseti, þetta eru mín lokaorð, því hún felur það í sér að hæstv. fjmrh. er tilbúinn að standa að skólanum í óbreyttu formi, setur einungis upp það skilyrði að tilskilinn fjöldi nemenda fáist. Og ég spyr hæstv. menntmrh.: Er hann sammála varaformanni síns flokks?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna fjarveru minnar úr þinginu hér síðustu tvær vikur hefur dregist nokkuð að þessi umræða um skólamál gæti farið fram. Ég þakka hv. þm. sem höfðu farið fram á utandagskrárumræðuna þolinmæði þeirra að bíða þetta lengi. Það hefur orðið að samkomulagi, eins og kom hér fram hjá hv. þingkonu Kristínu Ástgeirsdóttur, að umræðan um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafði óskað eftir að færi fram, bíði, væntanlega þá þar til í fyrstu viku nóvember.

Frummælandi kom mjög víða við í ræðu sinni um skólamál. Ég mun eftir bestu getu ræða þá þætti sem hún gerði alveg sérstaklega að umræðuefni. Það er kannski rétt að ég byrji þá á skólagjöldunum sem rætt hefur verið um að leggja á vegna þess að hv. þm. gerði þeim fyrirrætlunum nokkuð ítarleg skil í sínu máli.

Samkvæmt fjárlagafrv. er skólagjöldum ætlað að standa undir nokkrum kostnaði við framhaldsskólana og háskólastigið. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að heimilt sé að innheimta allt að 8.000 kr. á nemanda á framhaldsskólastigi og allt að 17.000 kr. á háskólastigi. Ég tek skýrt fram að hér er um heimild að ræða en ekki skyldu skólanna til þess að nýta sér þessa heimild. Það hefur verið skýrt tekið fram að finni skólarnir aðrar leiðir til að ná saman endum, þá fari þeir þær. Ég tek líka fram að liðnum Rekstrarhagræðing í framhaldsskólum, eins og hann heitir, er ætlað að skipta á framhaldsskólana fyrir afgreiðslu fjárlaga eins og segir í athugasemd við fjárlagafrv. Jafnframt tek ég fram að ríkisstjórnin hefur samþykkt að láta kanna sérstaklega hverjar heimildir raunverulega felast í gildandi lögum til innheimtu sérstakra gjalda og hvaða rekstrarliðir í skólunum það eru sem með slíkri gjaldtöku má greiða. Ef það reynist svo að 8.000 kr. á nemanda sé of há tala, þá verður það leiðrétt fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Það liggja auðvitað nú þegar fyrir álitsgerðir lögfræðinga um þessar heimildir, en engu að síður verður þetta athugað enn á ný vegna efasemda sem komið hafa fram um heimildir og komu m.a. fram í máli hv. frummælanda. Ég get nefnt að ég hef undir höndum greinargerð frá Arnmundi Backman lögfræðingi um þetta mál. Menntmrn. hafði óskað eftir af ákveðnu tilefni við þennan lögfræðing með bréfi 20. febr. 1991 að hann léti í ljós álit sitt á þessum heimildum. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég aðeins að vísa í þetta álit. Þar segir svo:

„Ég tel að það sé ótvíræð skylda nemenda í framhaldsskólum að greiða skólagjöld. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, skal skóla-

nefnd ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Í 8. mgr. 15. gr. reglugerðar segir enn fremur að það sé hlutverk skólanefndar að ákveða að fengnum tillögum skólameistara upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjald, efnisgjald, pappírsgjald og nemendasjóðsgjald og sjá um bókhald yfir gjöldin og endurskoðun."

Það segir hér svo síðar: „Af framangreindu leiðir að fyrir því er ótvíræð lagaheimild að innheimta bæði pappírs- og prófgjöld eins og í því máli sem hér um ræðir" — *það var sérstakt mál sem var tilefni þessarar álitsgerðar* — „en einnig nemendasjóðsgjöld þau sem um ræðir og er þá vísað til þess að öll nemendasjóðsgjöldin hafa nemendur sjálfir samþykkt að greiða á fundum sínum allt frá því að tiltekinn sjóður var stofnaður."

Það liggja fyrir fleiri álitsgerðir um þessar heimildir og svo náttúrlega liggur það fyrir að mikill fjöldi skóla á framhaldsskólastiginu hefur innheimt skólagjöld, ég veit ekki hve lengi. Ég hef aðeins upplýsingar í höndunum fyrir síðasta skólaár. Og þar kemur það skýrt fram að mikill fjöldi skóla hefur innheimt slík gjöld. Þess vegna er það ekki rétt sem hv. frummælandi sagði að um skólagjöld til reksturs skólanna sé ekki að ræða. Því miður er það hins vegar svo að flestir þeirra skóla sem hafa innheimt gjöldin hafa ekki gert ráðuneytinu neina grein fyrir því hvernig þessar upphæðir hafa verið nýttar. Það eru aðeins örfáir skólar sem hafa sýnt það í fjárhagsáætlunum sínum og tillögum til menntmrn. fyrir næstu fjárlög að þeir innheimti slík gjöld sem renni til skólans beint. Ég er ekki að tala hér um, menn mega ekki rugla því saman, þau gjöld sem skólarnir innheimta fyrir nemendafélögin. Það er allt annað mál sem menntmrn. ætlar sér ekki að hafa nein afskipti af.

Ég held satt að segja að það sé ekki ástæða núna við þetta tækifæri til að ræða þessi mál frekar. Þau koma auðvitað til umræðu við afgreiðslu fjárlaganna, koma til meðferðar og umræðu bæði í fjárln. þingsins og í menntmn. vegna fjárlagafrv. Ég held ég sé heldur ekkert að tefja tímann með því að vera að rekja núna þá innheimtu sem hefur átt sér stað og ég vísaði til áðan. Sú innheimta er einfaldlega staðreynd. Ég hef því miður ekki nákvæmar tölur um þetta, en ég hef nefnt töluna 250 millj. sem samtals hafi verið innheimt í þessu kerfi. En ég hef ástæðu til að ætla að þessi tala sé töluvert mikið hærri ef sérskólarnir eru teknir með og ef farið væri sérstaklega ofan í ýmsa innheimtu vegna efnisgjalda hjá sérskólum og reyndar fjölbrautaskólum líka. Það kom hins vegar ýmsum á óvart þegar þessar tölur voru gefnar upp nú í sumar og ýmsum þótti þetta sérkennilegt. Ég verð að segja alveg eins og er að mér hefur þótt það hljóma dálítið einkennilega þegar einstakir skólameistarar skrifa lærðar greinar gegn þessum hugmyndum um innheimtu skólagjalda, sérstaklega þegar um er að ræða skólameistara sem hafa stundað þessa innheimtu án þess að gera ráðuneytinu grein fyrir henni en slík dæmi eru til. Það er holhljómur í slíkum skrifum.

Ég held ég láti þetta nægja þó ég hafi sannarlega miklu meira um skólagjöldin að segja en ég hef gert, en ég læt þetta nægja af þeirri ástæðu sem ég nefndi að þetta mál á allt saman eftir að koma frekar upp í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Ég ítreka þá enn að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja sérstaka nefnd sem tekur til starfa nú þessa daga til að fara ofan í þetta mál allt og kanna heimildirnar. Og eins og ég sagði í upphafi, ef þær reynast vafasamar, þá verður þessum tölum sem eru í fjárlagafrv. breytt. Það liggur alveg fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um það.

Hv. frummælandi kom í sínu máli næst að málefnum Kennaraháskólans og gerði að umræðuefni þá ákvörðun mína að kalla aftur heimild forvera míns til þess að taka upp fjögurra ára nám við Kennaraháskólann í stað þriggja ára sem nú er.

Í lögum um Kennaraháskólann frá 1988 er lagður grunnur að 120 eininga kennaranámi, þ.e. lengingu námsins um eitt ár, úr þremur árum í fjögur. Í sömu lögum er hlutverk skólans skilgreint þannig að Kennaraháskóli Íslands skuli vera vísindaleg rannsóknamiðstöð í uppeldis- og kennslufræðum og miðstöð kennaramenntunar hér á landi. Kennaraháskólinn skal annast endurmenntun, símenntun með skipulegri fræðslu og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni og þróunarstörf. Þá skal Kennaraháskóli Íslands annast framhaldsmenntun og viðbótarmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræða. Skólinn skal leggja áherslu á rannsóknir á sviði skólastarfs við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum í skólakerfinu. Hér er auðvitað um að ræða mikilvægt og fjölþætt verkefni sem skólanum er falið.

Á umliðnum árum hefur gengið hægt hjá Kennaraháskóla Íslands að fá tækifæri til að sinna þessum verkefnum. Kennarar hafa kvartað undan því að of litlu fé sé varið til endurmenntunarstarfs skólans. Rannsóknastarfsemi á vegum Kennaraháskólans hefur verið afar takmörkuð og þá hefur skólinn ekki enn getað boðið upp á framhaldsnám til æðri prófgráða, svo sem mastersgráðu. Eins og ég sagði er þetta mjög metnaðarfullt hlutverk sem skólanum er ætlað en hefur gengið of hægt að ná því fram.

Það sem einkum réð ákvörðun minni um að kalla aftur þessa ákvörðun var sú staðreynd að við vorum með þessu að skrifa ákveðna reikninga inn í framtíðina og það er nokkuð sem þessi ríkisstjórn ætlar sér ekki að gera. Það er alveg ljóst að það kallar á verulegar byggingarframkvæmdir að taka við heilum nýjum árgangi í þessum skóla þó að við tölum nú ekki um nema 120 nemendur sem er auðvitað of lág tala. Það er of lág tala nema sem hefur verið unnt að taka inn í þennan skóla til þessa. Eitt með öðru sem veldur þessum kennaraskorti er að það eru of fáir nemendur sem útskrifast. Kannski ætti ég heldur að orða það svo: Það eru of fáir af þeim sem útskrifast sem koma til starfa eins og glögglega kom fram í þeim tölum sem hv. frummælandi kom hér með og ég kannast vel við.

Einnig þykir mér sem það sé ekki rétt leið til þess

að bæta úr kennaraskortinum í landinu að efna til aðgerða einmitt nú sem hafa það í för með sér að enginn kennari muni útskrifast árið 1994. Ég held að við verðum að undirbyggja þessa ákvörðun betur en þarna hefur verið gert. Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að þessi ákvörðun var tekin.

Ég læt þess svo líka getið, sem ég hugsa að öllum sé ljóst, að ákvörðun um fjögurra ára kennaranám er ekki óumdeild ákvörðun, því fer víðs fjarri. Ég skil vel áhuga aðstandenda Kennaraháskólans en um þetta er sem sagt deilt meðal kennara og skólamanna yfirleitt og mér þótti þess vegna fullkomin ástæða til að doka við og kanna þetta mál allt saman betur. Meginrökin eru sem sagt þessi sem ég hef þegar getið um. Það er kannski dálítið erfitt að nefna ákveðnar tölur um það hvað þarna kann að sparast, enda er það ekki eingöngu það atriði sem ég er þarna að tala um. Samkvæmt áætlunum Kennaraháskólans sjálfs var ætlað að fram til ársins 1995 ykist kostnaður um 78 millj. kr. og svo, eins og ég sagði áðan, er þörf fyrir viðbótarhúsnæði sem ég ætla ekki að nefna neinar tölur um hvað mundi kosta en það hlýtur að velta á einhverjum hundruðum milljóna. Við höfum átt um þetta fundi með fulltrúum Kennaraháskólans og það er alveg ljóst að þetta mál verður ekki skilið eftir í lausu lofti. Við höfum komið okkur saman um það, ráðuneytið og Kennaraháskólinn, að setja nefnd af stað sem er að hefja störf einmitt núna þessa dagana þar sem verða tveir fulltrúar frá Kennaraháskólanum og tveir tilnefndir af ráðuneytinu til þess að fara ofan í þetta mál allt saman. Ég vona að það þurfi ekki að líða langur tími þar til ljóst verður hvert framhald þessa máls verður. Ég tek það fram að með þessari ákvörðun er ekki verið að segja að Kennaraháskólinn skuli aldrei verða fjögurra ára skóli, enda er það ákvæði í lögum og þarf að breyta þeim ef frá því verður endanlega fallið.

Þá minntist málshefjandi næst á málefni Menntaskólans við Hamrahlíð. Það er ein af þeim aðgerðum mínum sem hefur víst valdið dálítilli ókyrrð. Ég held að ég verði fyrst í því samhengi að fara nokkrum orðum um framhaldsskólann almennt.

Það er alveg ljóst að framhaldsskólinn er í miklum vanda, vanda sem stafar að hluta til af því sem ég vil kalla gáleysislegar ákvarðanir teknar af fyrri stjórnvöldum og hluta til teknar vegna breyttra þjóðfélagshátta. Það er búið að opna framhaldsskólann öllum. Hann er orðinn almenningsskóli í þeim skilningi að nú er ætlast til að nær allir fari í framhaldsskóla, að nær allir taki stúdentspróf. Framhaldsskólinn er hins vegar engan veginn í stakk búinn til þess að taka á móti þeim mikla fjölda nemenda sem þangað leitar eins og málum er nú háttað og þar kemur margt til. Það blasir við að nemendur eru mjög misjafnlega undir framhaldsnám búnir. Undirbúningur, áhugi og hæfileikar eru mismunandi. Framhaldsskólinn er hins vegar miðaður við tiltölulega einlitan hóp nemenda sem ætlast er til að stundi bóknám til stúdentsprófs. Á þessu eru að vísu veigamiklar undantekningar. Mér sýnist að það hafi skapast kreppuástand í skólamálum á framhaldsskólastigi. Þetta er hins vegar ekkert einsdæmi á Íslandi. Í löndunum í kringum okkur er þetta vandamál að vissu marki alls staðar fyrir hendi. Hins vegar er þetta kannski með versta móti hér á landi vegna þess að ekki hefur verið rétt að þessu staðið. Framhaldsskólinn hefur verið opnaður eins og ég sagði fyrir öllum án þess að tillit væri tekið til undirbúnings nemenda né tryggt að nægilega fjölbreytilegt nám stæði þessum hópi til boða. Það vantaði líka fyrirhyggju í þá átt að tryggja fjármagn í tengslum við þessar breytingar. Ef fjölga á svo mikið í framhaldsskólunum sem raun ber vitni þarf að auka fjármagn til skóla, svo og fjölbreytni námsins. Hvorugt hefur verið gert og það má segja að með þeim ákvörðunum um þær breytingar sem gerðar hafa verið hafi framhaldsskólakennarar líka verið settir í mikinn vanda. Það er raunar ekki réttlætanlegt að setja samviskusama kennara — og við skulum segja að þeir séu allir samviskusamir — í þá stöðu að opna framhaldsskólana á þennan hátt án þess að tryggja nauðsynlegar skipulagsbreytingar og fjármagn. Nemendur eru svo misjafnlega undirbúnir að oft og tíðum er nánast ógerningur að kenna öllum í sömu hópum. Flest bendir til þess að fornámið sem komið var á til að jafna þann mun sem var á undirbúningi nemenda skili sér ekki. Þó sýna rannsóknir að töluvert stór hópur framhaldsskólanema, eða um 20%, á í verulegum persónulegum erfiðleikum og framhaldsskólinn ekki þess umkominn að bregðast við því. Við þurfum að finna leið út úr þessum vanda.

Ef við lítum nánar á málið sem kemur upp í Hamrahlíð þá er það að hluta til angi af þeim almenna vanda sem framhaldsskólinn er í. Þar er tekist á um gildi og eðli stúdentsprófsins þar sem annars vegar eru skýrar kröfur frá Háskóla Íslands og hins vegar er um að ræða tillögur Hamrahlíðarmanna sem ganga meira út frá því að koma til móts við þann fjölbreytilega hóp nemenda sem inn í skólann kemur. Það er mjög brýnt í þessu sambandi að tryggja að stúdentsprófið haldi gildi sínu. Það er a.m.k. mín skoðun. Til þess að svo megi verða þarf að skapa fjölbreytilegra nám þannig að fleiri leiðir verði áhugaverðar fyrir framhaldsskólanemendur en stúdentsprófið eitt. Þetta þarf allt að skoðast í samhengi og það verður trúlega ekki sársaukalaust fyrir alla aðila að koma þessum málum í höfn. Í því skyni að reyna að leysa þessi mál er ég að ganga frá skipun nefndar sem á að koma með tillögur til útbóta í málefnum framhaldsskólans, m.a. að skilgreina betur kröfur til stúdentsprófs og hinar ýmsu námsbrautir á framhaldsskólastigi.

Ég fer ekkert dult með það, án þess að ég ætli að skjóta mér á bak við aðra í sambandi við þessa ákvörðun mína, að mér hnykkti við þegar ég fékk álit kennslumálanefndar Háskóla Íslands út af þessu máli öllu og það álit varð einmitt til þess að ég fór að rekja það hvern aðdraganda þessi ákvörðun hafði átt í ráðuneytinu. Og mér þótti satt að segja sem nokkuð hefði skort á samráð við þá sem þarna hafa verulegra hagsmuna að gæta og á ég þar auðvitað sérstaklega við Háskóla Íslands. Nú tek ég það líka fram að stúdentar fara víðar en í Háskóla Íslands, en hann er þó eini skólinn á háskólastigi, ég held að ég sé ekki að segja

of mikið, ég held að ég sé ekki að taka of djúpt í árinni, hann er alla vega sá skóli sem hefur sínar dyr opnar fyrir öllum sem þangað vilja koma og hafa stúdentspróf. Þannig er það með Háskólann.

Þau aðvörunarorð, sem komu fram í áliti kennslumálanefndarinnar, voru þess eðlis að mér þótti ástæða til að staldra við og það var gert. Ég sagði að ég væri að ganga frá skipan nefndar sem ætti að skoða þessi mál öll. Sú nefndarskipan verður gerð í fullu samkomulagi við forustu Menntaskólans við Hamrahlíð, við Háskóla Íslands og ég vænti þess að skólameistarafélagið og líkast til Félag framhaldsskólakennara eigi aðild að því verki sem þarna verður unnið.

Það er ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af þróun þessara mála, hvernig komið er fyrir þeim sem flaggað geta stúdentsprófi í dag og jafnvel þeim sem stundað hafa háskólanám. Það er ekki að ástæðulausu að menn hafi nokkrar áhyggjur af því hver geta þeirra er sem hafa slík próf. Ég á kannski ekki að vera að flagga neinum sönnunargögnum en ég hef gert það einhvern tímann áður á fundi, raunar á fundi með nemendum og kennurum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Ég fékk bréf, ég fæ mörg bréf í menntmrn., eitt var með þessari áritun: Herra Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra, menntamálaráðuneytinu. Það var ekki lengra en þarna tókst að koma fyrir sex ritvillum í ekki lengra máli. Þetta er aðili sem ég að vísu þekki ekki en hefur stundað háskólanám. Bréfið sjálft var náttúrlega ekki gott en ekki svo margar villur í svo fáum línum sem þarna var. Ekki ætla ég að alhæfa en margir sem þarna koma að verki hafa lýst miklum áhyggjum yfir þróun þessara mála. Ég læt þetta nægja um þetta atriði, Menntaskólann við Hamrahlíð. (**SvG:** Þessi nemandi hafði háskólapróf frá þessum sama háskóla sem var að gera kröfur.) Sem var að gera kröfur? (**SvG:** Sem var að gera kröfur til breyttra hátta í Menntaskólanum við Hamrahlíð.) Þekkir fyrrv. ráðherra kannski strax hver var bréfritarinn? (**SvG:** Hæstv. ráðherra nefndi að þetta væri maður með háskólapróf.) (**Forseti:** Ekki samtal við ræðumann.)Við fáum nóg tækifæri til að spjalla saman án frammíkalla.

Ég held að næst hafi hv. framsögumaður drepið á ritið Til nýrrar aldar og ráðlagt mér að kynna mér það rit. Ég hef gert það eftir bestu getu og hef sagt að í því sé margt mjög gagnlegt og gott sagt og eins og kom fram hjá hv. ræðumanni komu þar margir að verki. Þetta er mér alveg ljóst. En þetta rit, Til nýrrar aldar, var gefið út af menntmrn. á liðnu vori og er í raun framkvæmdaáætlun fyrrv. menntmrh. Ritið er stefnuyfirlýsing hans og ekkert nema gott um það að segja, líka það að það var gefið út rétt fyrir kosningar. Nú er hins vegar staðreyndin sú að það er komin ný ríkisstjórn og nýr ráðherra og það er ekki óeðlilegt að reikna með nýjum áherslum við það að slíkar breytingar verða.

Ég hef lýst því yfir að auðvitað verði það framkvæmt sem í þessu riti segir þar sem saman fer það sem þar segir og lög ákveða. En ýmsar aðrar bollaleggingar sem þar koma fram verða auðvitað endurmetnar og sú endurskoðun stendur einfaldlega yfir. Svo einfalt er það. En ég tek enn fram að með þessu er ekki verið að fordæma eitt né neitt, sem í þessu riti stendur. Ég gæti vafalaust tínt til eitthvað sem ég er algjörlega ósammála en sé ekki ástæðu til þess. Þetta verður einfaldlega endurmetið.

Hvítbókin kom hér nokkuð til umræðu. Ég sé að ég er alveg að verða búinn með tímann þannig að ég veit ekki hvernig ég á að nota — hvað á ég mikið eftir, forseti? (**Forseti:** Tíminn mun vera kominn akkúrat á þessari stundu.) Ég er ekki hálfnaður og ekkert kominn að því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi. Ef ég fæ nokkrar mínútur þá gæti ég svo sem drepið á örfáa þætti. Á ég ekki eftir annan hálftíma, ef ég kann nýju þingskapalögin rétt? Þá get ég að sjálfsögðu notað þann tíma til að koma að öðrum atriðum. En ef ég má, með leyfi forseta, kannski aðeins syndga upp á náðina á seinni hálftímanum? (**Forseti:** Það er tæpur hálftími kominn.) Þá held ég að ég reyni að velja úr eitthvað af því sem ég á eftir að svara.

Hv. málshefjandi kom hér t.d. nokkuð inn á launamál kennara sem er mjög freistandi að ræða þó ég verði að taka fram, og það vita auðvitað allir, að launamálin eru ekki á borði menntmrh., heldur er það fjmrh. sem hefur með samningamál við kennara eins og aðra ríkisstarfsmenn að gera. En það breytir hins vegar ekki því að ég kann að hafa einhverjar skoðanir á þessu. Það er deginum ljósara að laun kennara eru ekki í samræmi við mikilvægi starfa þeirra. Það er ég alveg sannfærður um. Ég hef ekki lausn á reiðum höndum fremur en aðrir en ég segi hins vegar að mér þykir sem laun og kjaramál opinberra starfsmanna yfirleitt séu farin að standa skipulagi hjá hinu opinbera almennt fyrir þrifum. Mér finnst t.d. ekki gott að forusta kennarasamtakanna skuli fyrst og fremst vera upptekin af kjarabaráttunni og er í sjálfu sér kannski ekkert að undra að svo sé. En það er vont að svo mikill tími forustu kennarasamtakanna skuli fara í slík mál. Við þurfum að komast út úr þessum vítahring með einum eða öðrum hætti.

Ég get aðeins skotið því að svona í framhjáhlaupi að ég heimilaði núna í sumar að gerður yrði svonefndur skólasamningur við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Það er tilraun sem verið er að gera til þess að brjótast út úr þessum vandamálum. Við munum fylgjast vandlega með því í ráðuneytinu hvað út úr þeim málum kemur. Þar er í stórum dráttum staðið þannig að málum að það er gerður samningur við tiltekinn hóp kennara í skólanum þar sem þeir gangast undir það að hafa tiltekna viðveru í skólanum og ganga í ýmis verk þar. Ég bið menn nú um að misskilja það ekki, það er ekki í ræstingu eða neitt slíkt, það er í kennslu, viðtöl við nemendur og foreldra og annað slíkt en þeir hafa alveg tiltekna viðveru. Hafa af þessu nokkurn fjárhagslegan ávinning en eins og þetta mál er lagt upp við mig þá er ástæða til að ætla að af þessu verði líka alls konar annar ávinningur og má kannski vera að þetta sé ein leið sem við gætum farið.

Um endurskoðun laga á hinum ýmsu skólastigum sem ég hef nefnt að yrði gerð þýðir einfaldlega það sem í þessum orðum felst að það er ástæða til endur-

skoðunar á ýmsum ákvæðum laga hinna einstöku skólastiga bæði í ljósi reynslunnar og vegna breyttra tíma. Um það gæti ég að sjálfsögðu líka sagt miklu fleira en nú er forseti farin að hringja bjöllunni. Ég held að ég verði þess vegna að bíða þar til í seinni ræðu að ræða málefni Reykjanesskólans sem ég á hér alveg eftir og raunar ýmislegt fleira sem ég hafði hug á að koma að í þessari umræðu.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því og reyndar þingheims líka að það lágu fyrir tvær beiðnir um utandagskrárumræður. Önnur var um skólamál frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, og hin frá mér um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi. Það er síðan farið fram á það við mig að fallast á að þessar tvær umræður verði felldar saman í eina. Ég held að ég megi segja að hæstv. forseti hafi lagt nokkurt kapp á það þannig að unnt væri að greiða fyrir þingstörfum að öðru leyti. Ég féllst á þessa áskorun til mín til að liðka fyrir þinghaldi en mér finnst það fullkomlega óviðunandi að það leiði til þess að annað málið sem í raun og veru er hér til umræðu kemst ekki að í svari ráðherra. Ég uni því ekki ef það er ætlun forseta að það skuli vera framhald á, að því verði ekki svarað af hálfu ráðherra fyrr en í seinni ræðu hans sem væntanlega verður flutt undir lok umræðunnar. Ég spyr því hæstv. forseta, hvernig hann hugsaði sér að þessar umræður færu fram. Og ég fer fram á það að hæstv. menntmrh. svari mínum fyrirspurnum til jafns við fyrirspurnir fyrri frummælanda áður en umræður halda áfram.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það hafa sjálfsagt orðið hér mistök með því að hafa þennan hátt á umræðunni þó það hafi allt verið áreiðanlega vel meint. Þó að ég hafi tekið ýmis gögn með mér hér upp í ræðustól þá hafði ég ekki tímamælt það sem ég kynni að segja. Og þótt við hefðum rætt saman, ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, þá vissi ég svo sem ekki hversu langan tíma það tæki mig að svara öllum þeim mörgu atriðum sem komu fram í hennar ræðu og mér entist ekki hálftíminn til þess.

Ég er tilbúinn að ræða núna áður en lengra er haldið málefni Héraðsskólans í Reykjanesi. Ef það kostar það að ég nota seinni ræðu mína í það og ég er búinn með ræðutímann þá er komið hérna nýtt kerfi, andsvör, er það ekki? Ég hef ekki séð hvernig það virkar en mér skilst að ég geti komið býsna oft upp í ræðustólinn ef ég nota þær heimildir. Ég er alveg tilbúinn að reyna það. Ég legg það í vald forseta hvaða hátt við höfum á þessu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér hefur átt sér allsérstæð grautargerð. Tvö málefni hafa verið tekin fyrir í einu og ráðherra stendur frammi fyrir því að með þeirri ákvörðun hefur hans ræðutími verið svo skertur að hann á ekki kost á að svara með eðlilegum hætti. Ég segi nú fyrir mig að þó andsvarakerfið sé komið inn í þingsköpin þá finnst mér ekki eðlilegt að standa þannig að málum að við vegum að ráðherranum sem við tvímælalaust munum gera vegna Reykjanesskólans og hann verði sviptur málfrelsi nema með tveggja mínútna athugasemdum eftir þær umræður. Ég sé ekki að forseti eigi aðra leið út úr þessu en að óska eftir því við þingheim að ráðherra fái lengri ræðutíma og fái óskertan ræðutíma í lokin. Og ég vænti þess jafnframt að forseti fari ekki aftur í svona samsuðu.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér stöndum við auðvitað frammi fyrir tilteknu nýju ákvæði í þingsköpunum sem er dálítið erfitt að framkvæma. Það er auðvitað algjörlega óviðunandi fyrir hv. 5. þm. Vestf. að hans fyrirspurn sé ekki svarað eins og hann gat hér um áðan. Í þessum umræðum kemur það fram að í raun og veru er um að ræða of þröng tímamörk í utandagskrárumræðunni. Það er ósköp einfaldlega þannig. Bæði fyrir hæstv. ráðherra til að svara fyrirspurnum og eins til þess að þingmenn geti skipst á skoðunum með eðlilegum hætti. Ég tel að þau skólamál sem hér eru á dagskrá séu með þeim hætti að það sé algjörlega útilokað að gera þeim nein skil í 15 mínútna ræðum eins og gert er ráð fyrir að við sem ekki erum frummælendur og ekki erum svarendur eigum hér rétt á, (Gripið fram í.) m.a. vegna þess að um það er að ræða, a.m.k. að því er undirritaðan varðar, að nokkuð hefur verið sveigt að mínum störfum í svarræðu hæstv. ráðherra. Engu að síður mundi ég vilja stinga upp á því við hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að leysa þetta mál þannig að hæstv. menntmrh. fái eins og 10 mínútur eða svo núna til að svara því með Héraðsskólann í Reykjanesi sem hv. 5. þm. Vestf. spurði um og hann fái þá svona liðlega 20 mínútur eftir atvikum þegar líður á umræðuna og hæstv. menntmrh. nýtir sér sinn seinni rétt. Auk þess getur hann náttúrlega notað andsvararéttinn. En þetta form kallar líka á það að við þingmenn notum andsvararéttinn líka við þær aðstæður sem nú eru uppi enda er ekkert sem útilokar það samkvæmt þeim ákvörðunum, sem hæstv. forseti tilkynnti hér á forsetastóli nú fyrir nokkrum sólarhringum, að þingmenn nýti sér andsvararéttinn í þessari tegund utandagskrárumræðna sem nú fer fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þeirra orða sem hafa verið látin falla í þessari þingskapaumræðu vill forseti láta þess getið, eins og hér kom reyndar fram, að það var gott samkomulag á milli þessara tveggja aðila sem vildu fá að ræða skólamálin í utandagskrárumræðu um að sameina hana undir þessum lið 50. gr. þingskapa, þ.e. síðari mgr., sem er þessi lengri umræða. Það lá ljóst fyrir strax þegar utandagskrárumræðan um sjávarútvegsmálin fór fram á dögunum að þetta er óhagkvæmt fyrirkomulag. Reynslan hefur sýnt það nú þegar, bæði þá og eins núna, að það er of þröngur stakkur, sérstaklega fyrir hæstv. ráðherra sem þurfa að svara í slíkum utandagskrárumræðum, að hafa ekki leyfi til þess að tala nema

tvisvar sinnum þó að það sé hálftími í hvort sinn. En svona eru þingsköpin.

Hins vegar tók ég því sem nokkurs konar tillögu eða ábendingu frá hv. 9. þm. Reykv. hvort ekki mætti nú gera undantekningu og leyfa hæstv. menntmrh. að svara hv. 5. þm. Vestf. í eins og 10 mínútur sem væru utan við þessi lög sem við erum að reyna að fara eftir. Forseta er ljúft að gera það og ef ekki koma athugasemdir við það frá þingheimi, — þegar er búið að biðja um orðið um þingsköp, en forseti ætlar aðeins að ljúka setningunni og gefa síðan hv. 1. þm. Vestf. orðið um þingsköp — þá vill forseti leyfa þetta þannig að hæstv. menntmrh. taki núna 10 mínútur af þessum hálftíma sem hann á eftir að nýta sér í þessari umræðu og vill forseti taka jafnframt skýrt fram að það er á engan hátt fordæmisskapandi.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Alþingi setur sér þingsköp og þá ber Alþingi að fara eftir þeim þingsköpum. Ef það á að breyta út frá því eins og forseti vill leggja til og fleiri hafa beðið um, þá hlýtur það að vera fordæmisskapandi jafnvel þó virðulegur forseti segi að það sé ekki fordæmisskapandi. Það er þá verið að skapa fordæmi.

Það sem hér hefur gerst er það að grautað er saman umræðu með þeim hætti að við getum ekki sætt okkur við hana. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að biðja um þessa utandagskrárumræðu og ræða almennt um skólamál. En ég er ekki að sama skapi eins ánægður með 5. þm. Vestf. sem hleypur hér fram fyrir skjöldu eftir að þingmenn Vestf. að einum undanskildum, hæstv. heilbrrh., hafa talað um það að taka málið hér upp á þingi og grautar því hér inn í þessa umræðu með þeim ömurlega hætti að ráðherrann nefnir ekki einu orði það sem hann hefur talað hér um. Þetta er orðin sú grautargerð að það verður útilokað annað, virðulegur forseti, en að krefjast þess að sérstök umræða verði tekin upp um hið svokallaða Reykjaneskólamál sem er langt mál og getur sú ákvarðanataka orðið afdrifarík þannig að það verður útilokað annað en taka það þá upp sérstaklega. Ég mun þá krefjast þess að fram fari þá sérstök umræða um það mál eftir þessa grautargerð 5. þm. Vestf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gera fimm mínútna hlé á þessum fundi og ræða við formenn þingflokka um þingsköp niðri á skrifstofu sinni. — [Fundarhlé.]

Hv. 5. þm. Vestf. vill bera af sér sakir.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að mig undraði mjög ummæli hv. 1. þm. Vestf. í minn garð hér áðan og þær ásakanir hans að ég hefði klúðrað þessari umræðu um Héraðsskólann í Reykjanesi. Það hefur þegar komið fram að ég bað um sjálfstæða umræðu um það mál. Það hefur líka komið fram að það voru aðrir sem óskuðu eftir því að ég féllist á að sameina þessa beiðni mína annarri beiðni og að ég varð við þeirri ósk. Hv. 1. þm. Vestf. ætti því að beina orðum sínum að þeim sem fóru fram á þessa tilhögun en ekki að mér. Ég vil segja það við hv. 1. þm. Vestf. að þótt hann hafi lengi setið á þingi eða sé nokkuð aldinn að árum, þá hefur hann ekkert forræði yfir mér sem þingmanni. Og þó að hann hafi tilkynnt fjölmiðlum að hann mundi taka málið upp hér, þá breytir það því ekki að ég hef óskað eftir því.

Hins vegar fyrst hv. þm. lætur svo þung orð í minn garð falla, þá vil ég minna hann á það að það er annað mál sem e.t.v. væri ástæða til að ræða hér í þingsölum og það er afstaða hans og ráðstöfun á eignum ríkissjóðs í Byggðastofnun, ákvörðun sem þar er tekin með hans atkvæði að selja eignir ríkissjóðs fyrir lítið fé náfrænda sínum.

Matthías Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja þessum hv. þm. að í Byggðastofnun er ekki greitt atkvæði og samþykkt tillaga með einu atkvæði. Hann kannski veit það ekki, það gerist kannski í einhverjum félagsskap sem hann í. Og það er því að taka upp rannsókn á hendur öllum þeim sem í stjórn Byggðastofnunar sitja og þá á öllum sviðum. Ég veit að þessi hv. þm. hefur afar gaman af öllu rannsóknarstarfi og sérstaklega ef hann finnur einhvers staðar auman blett, þá vill hann hræra vel í.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í sumar var gerð könnun á áhuga Hólmvíkinga á námi í öldungadeild. Undirtektirnar voru mjög góðar og bera vott um mikinn áhuga fólks á námi af þessu tagi. Alls lýstu 34 menn áhuga sínu á námi í öldungadeild auk þess sem 16 höfðu áhuga á að ná sér í 30 tonna skipstjórnarréttindi og 9 hugðu á vélavarðanám. Ætlunin var með stofnun þessarar öldungadeildar að skipuleggja hana með svipuðu sniði og var gert við öldungadeildina á Flateyri á síðasta vetri. Hver nemandi gat valið um hvaða greinar sem er, eina eða fleiri, og námið átti að aðlaga samræmdu áfangakerfi framhaldsskólanna í landinu og nýtist því nær öllum framhaldsskólum landsins. Nemendur í öldungadeild greiða skólagjöld og eru þau nokkuð mismunandi eftir skólum. Sem dæmi má nefna að nemendur í öldungadeildinni á Flateyri greiddu 4.250 kr. fyrir önnina ef þeir stunduðu nám í aðeins einni grein. Þeir sem stunduðu nám í fleiri en einni grein greiddu 8.500 kr.

Þessari beiðni Strandamanna að starfrækja öldungadeild í Hólmavík í tengslum við Menntaskólann á Ísafirði var hafnað af menntmrn., en það var ætlunin að deildin tæki til starfa með haustinu. Þetta neikvæða svar ráðuneytisins vakti bæði vonbrigði og undrun. Hugmyndin um öldungadeild hafði verið rædd mikið í sambandi við stofnun framhaldsskóla Vestfjarða. Á síðasta skólaári var sams konar deildum komið á fót á Flateyri og Patreksfirði en deildin á Flateyri mun ekki starfa í vetur vegna þess að ekki voru nægilega margir þátttakendur.

Eftir að afstaða ráðuneytisins lá fyrir var leitað eftir því að deildin yrði starfrækt innan fjárheimilda Menntaskólans á Ísafirði án sérstakrar fjárveitingar,

enda er kostnaður við þessa deild mjög lágur, nokkuð innan við 200 þús. kr. á skólaári. Eftir að menntmrn. hafnaði þessari beiðni skrifuðu heimamenn bréf 23. sept. þar sem óskað er eftir því að þessi beiðni verði tekin upp eftir áramót og deildin starfrækt hálft skólaár.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort ekki sé möguleiki á því að þetta stórmál fái nú afgreiðslu í menntmrn. því að ég tel að þó að það sé þröngt í búi hjá smáfuglunum, þá séu ábyggilega til molar þess virði sem þetta er til að leyfa fólki á þessum stað slíka fræðslu. Ég tel þetta svo smátt mál að það taki því varla að vera að vinna gegn því.

Þá kem ég að hinu málinu. Ég hefði að mörgu leyti viljað ræða almennt um skólamál en þar sem þessi háttur er nú kominn á þessa umræðu, þá vil ég minna á það að þingmenn Vestf., að einum undanskildum sem ekki var á fundinum, hæstv. heilbrrh., samþykktu á fundi sem haldinn var 28. ágúst að krefjast þess að Héraðsskólinn í Reykjanesi verði starfræktur næsta skólaár, enda er fjárveiting til skólahaldsins út þetta ár á fjárlögum og nú þegar liggja fyrir 30 umsóknir um skólavist næsta vetur. Þingmenn átelja í þessu bréfi að rangar upplýsingar sem starfsmenn menntmrn. hafa lagt fram séu notaðar sem grundvöllur að þessari ákvörðun. Þingmenn Vestf. lýsa sig í þessu bréfi reiðubúna að taka þátt í endurskoðun á framtíðarstarfi Reykjaneskóla. Þá skora þingmenn Vestf. á menntmrh. að koma til fundar hið fyrsta í Reykjanesi ásamt þingmönnum, skólanefndum, sveitarstjórnarmönnum og héraðsbúum um framtíðarmálefni skólans. Undir þetta bréf skrifuðu fimm þingmenn Vestf. eða allir þingmennirnir nema Sighvatur Björgvinsson.

Þessu bréfi var aldrei svarað. Hins vegar tekur menntmrh. þá ákvörðun að leggja kennslu niður í Reykjanesi í vetur. Aldrei hefur komið svar um það hvort menntmrh. er tilbúinn að koma til fundar við okkur til að ræða almennt um þessi skólamál og þessa ákvarðanatöku.

Það er nú nokkuð langt gengið að þurfa á sjálfu Alþingi að óska eftir svari hæstv. ráðherra á þessu atriði. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra segi að það sé svo langt um liðið, enda hefur hann nú verið fjarverandi um alllangt skeið, að það sé tilgangslítið að vera að halda fund á svona fámennum stað, en það gæti hugsast að samkomulag næðist um einhvern annan stað en Reykjanesið, en umfram allt hefur áhuginn, a.m.k. ekki minn, ekki fallið niður við það að ræða þessa ákvarðanatöku.

Það er ákaflega leiðinlegt hvernig að þessu Reykjaneskólamáli hefur verið staðið af menntmrn. og af sjálfum menntmrh. Það vissi enginn annað en að þarna yrði skólahald með eðlilegum hætti þennan vetur. Rekstur skólans í Reykjanesi er á fjárlögum til áramóta og það er vandlega þagað um þessi mál öll og 25. júlí, ef ég man rétt, er gengið frá ráðningu skólastjóra og kennara við Héraðsskólann í Reykjanesi.

Það er kallað í suma þingmenn Vestf. á fund fyrri hluta ágústmánaðar í sjálft menntmrn. til þess að skýra þeim frá því að hugmyndir séu uppi um það að leggja niður starfrækslu Reykjaneskóla á þessum vetri. Tveir þingmenn Vestf. voru ekki á þessum fundi, ég sem er 1. þm. og Ólafur Þórðarson sem er 2. þm. Það náðist að vísu í hann en hann var þá búinn að ráðstafa sér annars staðar og í töluverðri fjarlægð við menntmrn., en í mig var aldrei hringt og ég var þó við síma og farsíma þessa daga. Ekki veit ég hvers vegna. Kannski segir menntmrh. frá því í sínu svari. En á þessum fundi var dreift gögnum sem ég sá ekki fyrr en 28. ágúst hjá öðrum þingmönnum sem voru á þessum fundi. Það var ekki heldur haft fyrir því að senda mér og ég held ekki heldur hv. 2. þm. Vestf. þessi gögn. Þetta finnst mér vera ákaflega illa að verki staðið. Og þegar ég frétti um það hvað til stæði, þá hringdi ég í menntmrh. sem tók mjög elskulega í það að skoða þetta mál af fullri sanngirni. Ég sagði honum það að mér væri það mjög í mun að skólahald í Reykjanesi yrði ekki lagt niður í vetur. Það væri komið að því að skólahald ætti að hefjast innan nokkurra vikna. Hins vegar gæti ég mjög vel fallist á það að nefnd yrði skipuð til þess að kanna hvað ætti að gera í framtíðinni við þennan skóla.

Reykjanesskóli hefur starfað í rúmlega hálfa öld. Þar voru ágætir skólastjórar allan þennan tíma. Fyrsti skólastjórinn var einn af fremstu skólamönnum landsins, Aðalsteinn heitinn Eiríksson, sem var brautryðjandi skólans, stofnaði hann og var samnefnari fyrir heimabyggðina og ríkisvaldið, og það var lagður grundvöllur að uppbyggingu skólans sem stóð í mörg ár og miklu lengur heldur en hann var skólastjóri og lengur en Páll sonur hans, sem tók við af honum, var skólastjóri. Síðan komu ágætir skólamenn að skólanum og áfram hélt þessi uppbygging.

Reykjanesskóli var upprunalega til fyrir það að heimamenn lögðu til lóð, lögðu til hlunnindin sem eru í Reykjanesi, heita vatnið sem skóli og heimavist eru hituð upp með. Það hefur töluvert að segja og ég hefði talið nauðsynlegt að ræða við sveitarfélögin við Djúp, við Fjórðungssamband Vestfirðinga og finna leið til samkomulags í aðgerðum í þessu máli. En í staðinn fyrir það fara ákveðnir menn í ráðuneytinu af stað og einn kemur fram í svæðisútvarpinu á Ísafirði. Hann talar eins og sá sem valdið hefur og telur að það eigi að leggja þennan skóla niður, en aðrir vita þetta ekki fyrr en nokkru seinna. Þá er komið að því að þingmennirnir fjórir eru kallaðir til, en ég vil nú bæta því við af því að hæstv. menntmrh. er búinn að vera þingmaður í allmörg ár að það eru óskráð lög hér í þinginu að þegar þarf að kalla saman þingmannafund, þá er 1. þm., alveg sama í hvaða kjördæmi það er, falið það að kalla saman fund. Ef hann er ekki viðstaddur, þá er það 2. þm. þess kjördæmis sem kallar saman fund og það eru þeir sem ákveða þá hvenær fundur er kallaður saman og reyna eftir bestu getu að hafa samstarf og samvinnu við aðra þingmenn. Þetta var ekki gert.

Það voru gerð mörg mistök í sambandi við þetta mál. Það var látið í veðri vaka að kostnaður á nemanda í Reykjanesi væri jafnvel 1,5 millj. kr. en samkvæmt upplýsingum skólastjórans þar var rekstrarkostnaður fyrir árið 1990 19 millj. en fjöldi nemenda var um 33. Þýðir það að kostnaður á nemanda var 576

þús. en þessi tala var ekki raunhæf vegna þess að í henni eru ákveðnir kostnaðarliðir sem ekki eru fyrirsjáanlegir í framtíðinni. Fyrrv. skólastjórahjón voru á launum við skólann að hluta þetta ár með launatengdum gjöldum og námu þau um 1100 þús. Í öðru lagi voru laun starfsfólks við mötuneytið með launatengdum gjöldum u.þ.b. 1600 þús. en það er búið að leggja það niður og er ekki lengur á menntakerfinu. Ýmislegt viðhald sem löngu var tímabært féll einmitt á rekstur þetta ár og það vegur þyngst á tólfta hundrað þúsund vegna lagfæringa á rafmagni á drengjavistum. Samtals var þetta um 1,5 millj. Ef þessir liðir eru taldir frá, sem ekki áttu heima skólaári á eftir, þá er kostnaður við nemanda kominn niður í u.þ.b. 448 þús.

Ég verð að segja það að ég hef þekkt Ólaf Einarsson lengi og við höfum átt samvinnu og setið hér á Alþingi, ef ég man rétt í 20 ár síðan hann kom hér inn, og ég veit ekki annað en það hafi jafnan verið gott samstarf með okkur og mjög náið. Ég get ekki annað en látið það koma hér fram að mér finnst að það sé mikils virði þegar slíkar ákvarðanir eru teknar að hafa sem nánast samstarf við fólkið sem byggir þessi byggðarlög, við þingmennina sem eru fulltrúar fólksins hér á Alþingi. Jafnframt vil ég minna á að ráðherrar verða ekki ráðherrar nema hafa stuðningsmenn á bak við sig og því hefur það alltaf verið mikils virði fyrir ráðherra að reyna að hafa gott samstarf við stuðningsmenn sína sem og Alþingi í heild.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Áður en ég kem að Reykjanesskólanum ætla ég aðeins koma að svörum við nokkrum spurningum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson beindi til mín. Fyrst varðandi samning um framhaldsskóla Vestfjarða. Ég get upplýst að ég hef þegar staðfest samninginn um framhaldsskóla Vestfjarða sem sveitarfélög á Vestfjörðum hafa gert sín í milli, en það er ekki von að hv. þm. hafi verið það kunnugt vegna þess að það var gert núna eftir að ég kom aftur til starfa í ráðuneytinu, þ.e. sl. mánudag 21. október. En staðfesting liggur sem sagt þegar fyrir.

Varðandi öldungadeildina í tengslum við grunnskólann á Hólamvík var erindinu svarað með bréfi 13. ágúst og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið sér sér ekki fært að verða við þessari beiðni að þessu sinni þar sem fjárveiting er ekki fyrir hendi og ekki horfur á að hún fáist heldur á aukafjárlögum, en er reiðubúið að taka þetta mál til athugunar síðar verði óskað eftir því."

Ég get svarað hv. 1. þm. Vestf. þá um leið þannig að ég er alveg tilbúinn að líta sérstaklega á þetta mál, en ég bendi á að ákveðin vandkvæði eru uppi í sambandi við öldungadeildirnar yfirleitt. Öldungadeildirnar hafa þróast víða í það að verða hálfgerðir námsflokkar sem þekkjast nú sums staðar enn. Með þessu móti hafa menn kannski séð sér leik á borði að koma meiri kostnaði yfir á ríkisvaldið með því að fara inn á þessa braut. Í öldungadeildirnar sækir fólk sem hefur kannski ekkert annað í huga en að nema einhverjar greinar eða jafnvel eina grein, en er ekki að hugsa um að ná stúdentsprófi. Þetta er allt svona til sérstakrar athugunar núna, en ég er sem sagt reiðubúinn, eins og kom fram í þessu bréfi ráðuneytisins frá 13. ágúst, að skoða þetta mál sérstaklega.

Varðandi fiskveiðibrautina í Bolungarvík er ég ekki alveg reiðubúinn að svara hvernig það mál stendur. Ég man þetta ekki nægilega vel og tókst ekki að afla mér gagna. Ég held endilega að það sé eitthvað óafgreitt heima í héraði en ætla þó ekki að fullyrða það. Ég mun því athuga sérstaklega hvernig það mál stendur.

Ein spurning var um Menntaskólann, þ.e. kröfuna um samdrátt í kennslukvóta. Það eru tilmæli sem var ekki eingöngu beint til Menntaskólans á Ísafirði, en ég held að þar hafi orðið nokkur misskilningur. Það var verið að tala um fjárlögin fyrir árið 1992. Sjálfsagt hefur það áhrif miðað við þann fjölda sem tekinn er inn í skólann núna á haustmissiri þannig að það er skiljanlegt að skólameistari og skólayfirvöld hafi kippst nokkuð við þegar svona tilmæli koma, en menn eiga samt ekkert að láta sér bregða á niðurskurðartímum sem þessum. Það er verið að beina þeim tilmælum til allra stofnana sem undir ráðuneytið og ráðuneytin öll heyra að rifa seglin sem mest er mögulegt. Sú var ástæðan fyrir þessari beiðni.

Um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi hafa orðið allsnarpar umræður og ég vil aðeins segja strax í upphafi að mér þykir leitt að samráð og samband við þingmenn kjördæmisins hefur kannski ekki verið eins og best hefði verið á kosið. Ég þekki vel þá reglu sem hv. 1. þm. Vestf. var að minna mig á að ef óskað væri eftir fundi með þingmönnum einstakra kjördæma er venjan sú að hafa samband við 1. þm. kjördæmisins. Þetta þekki ég vel. En allt bar þetta nokkuð brátt að. Að því er mér a.m.k. þótti var mikil nauðsyn að ná fundi þingmannanna sem allra fyrst. Þetta mál hafði verið um nokkurt skeið, ekki lengi, í þeirri stöðu í ráðuneytinu að það varð að taka ákvörðun af eða á hvort skólastarf ætti að vera með óbreyttum hætti nú í haust eða hvort þarna yrði breyting á.

Hv. 1. þm. Vestf. nefndi það að 25. júlí hefði verið gengið frá ráðningu skólastjóra. Þetta er alveg rétt. Ég gaf leyfi til þess og taldi það einu færu leiðina þegar ég var spurður hvort ætti að ganga frá ráðningu skólastjórans vegna þess að hann þurfti að fara inn á launaskrá fyrir mánaðamótin. Ég taldi mér auðvitað ekki annað fært en að svara því játandi vegna þess að þá hafði ekki verið tekin ákvörðun um að skólahald yrði ekki með sama hætti og áður. Sú var ástæðan og gert alveg með opnum augum að kæmi sú staða upp að skólinn yrði ekki starfræktur yrði einfaldlega að ráða fram úr því hver yrði staða skólastjórans og, ef ég man rétt, eins kennara og eins leiðbeinanda líkast til. Þetta var sem sagt ástæðan fyrir því að frá ráðningu skólastjórans var gengið. En mér þótti þegar svo var komið undir mánaðamótin ekki hægt að bíða miklu lengur með ákvörðun. Mér þótti rétt og raunar skylt að hafa samráð og samband við þingmenn kjördæmisins. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson komst einhvern veginn þannig að orði að við í ráðuneytinu hefðum ekki boðað alla þingmenn til fundarins. Ég ætla ekki að gera

mikið mál úr þessu, en staðreyndin er sú að það náðist ekki í hv. 1. þm. Vestf. Ég var að vísu ekki sjálfur við símann, sem ég hefði svo sem vel getað hugsað mér að gera til þess að hafa tal af hv. 1. þm. Vestf., heldur var það tiltekinn starfsmaður í ráðuneytinu sem tók að sér að boða þingmennina. Og ég hef satt að segja ekki ástæðu til þess að rengja hann um að hann hafi reynt að ná sambandi við hv. 1. þm. Vestf. en hann segir mér að það hafi ekki tekist. Hann náði hins vegar í hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson sem hafði síðan samband við mig og við ræddum saman og það fór ekkert á milli mála hver afstaða hans var til þessa máls.

Ég ætla ekki í neinum smáatriðum að rekja þann fund sem fulltrúar ráðuneytisins ásamt mér og þingmenn kjördæmisins utan þeirra tveggja áttum í ráðuneytinu þann 1. ágúst en þar var þingmönnunum gerð grein fyrir stöðu mála. Ég vona að ég sé ekkert að segja of mikið þó að ég segi að þetta hafi verið vinsamlegur fundur. Það ríkti skilningur á þeim vandamálum sem við stóðum frammi fyrir. Það varð ekki nein endanleg niðurstaða á þessum fundi. Ég á nokkuð ítarlega fundargerð frá fundinum og ég leyfi mér að túlka það þannig að þingmenn kjördæmisins hafi haft skilning á vandamálinu og þeir hafi gert sér grein fyrir því að ráðuneytið stæði frammi fyrir þeim vanda að taka þarna ákvörðun. Ég tek það skýrt fram að ekki fór á milli mála hverjar voru óskir þingmannanna. Þær voru þær að skólinn yrði starfræktur.

Það kom upp sá möguleiki að væru nemendur þetta fáir, sem þar var talað um, yrði gert hlé á skólastarfi í vetur gegn því að yfirlýsing yrði gefin um að skólastarf hæfist þá að nýju haustið 1992. Ég treysti mér ekki til þess að gefa slíka yfirlýsingu. Það viðurkenni ég fúslega. En sú staða hefur komið upp annars staðar. Ég hlýt í þessu samhengi aðeins að minnast á það líka að málefni héraðsskólanna almennt hafa verið til meðferðar. Staða þeirra hefur töluvert mikið breyst við breytta þjóðfélagshætti og breytta skólalöggjöf og hlutverk þeirra er allt annað en áður var. Þetta eru staðreyndir.

Það var svarað hér fyrirspurn, að ég hygg í síðustu viku í minni fjarveru, um málefni héraðsskólanna þar sem nokkuð var rakið hver staða einstakra skóla er og það er einfaldlega svo að þeir eru hver af öðrum að týna tölunni í því formi sem þeir hafa verið reknir. Héraðsskólinn á Laugarvatni var t.d. nú í haust sameinaður Menntaskólanum og verður sem slíkur ekki rekinn meir. Mér þykir mjög líklegt að þetta sé síðasta árið sem Reykholtsskóli starfar í núverandi formi. Það liggur hins vegar ekki endanlega fyrir hvernig byggingar á staðnum verða nýttar en þegar ég kom í ráðuneytið lá fyrir ítarleg tillögugerð frá nefnd sem hafði starfað að þeim málum um framtíð þess staðar. Það er verið að yfirfara þær tillögur nú og ég vona satt að segja að hægt verði að vinna að málum þess staðar eins og þar var lagður grunnur að.

Það eru uppi spurningar um hvort Skógaskóli muni starfa áfram. Þar er gerð tilraun nú í vetur í samstarfi við Fjölbrautaskólann á Selfossi og má vel vera að sú tilraun heppnist og ef svo er þá er enn opin leið til þess að halda því starfi áfram. Þar hefur engum dyrum verið lokað. En svona er þetta. Hlutverk þessara héraðsskóla hefur mjög svo breyst á undanförnum árum og við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að taka þarna ákvarðanir.

Þegar ákvörðunin um að skólinn í Reykjanesi skyldi ekki starfa í ár var tekin lágu fyrir ákveðnar staðreyndir sem hins vegar hafa verið vefengdar, m.a. í bréfi þingmanna kjördæmisins sem vitnað var til hér áðan. Ég vona að menn virði mér það til betri vegar þó að ég fari eftir þeim upplýsingum sem lagðar eru á borð fyrir mig af starfsmönnum ráðuneytisins. Ég hef ekkert annað að halla mér að, ekki neitt, og ég hef ekki við frekari athugun málsins séð ástæðu til þess að rengja það sem lagt var á borð fyrir mig. Það er einu sinni svo að þessi skóli hefur nú á síðari árum byggt sína starfsemi að þó nokkru leyti á því að nemendur hafa komið annars staðar að heldur en úr héraði. Það voru einfaldlega ekki nægilega margir nemendur sem höfðu staðfest umsóknir sínar til þess að réttlætanlegt væri frá sjónarhóli ráðuneytisins að reka skólann núna í vetur. Þegar svo kom upp að fleiri kynnu að koma — enda fór skólanefndin í það að auglýsa sérstaklega, eftir að henni var kunn ákvörðun ráðuneytisins, látum það vera þó að það hafi verið gert — lýsti ég því yfir að ég væri reiðubúinn til þess að endurskoða þessa ákvörðun mína og ef svo færi að 30–40 nemendur staðfestu umsóknir sínar teldi ég réttlætanlegt að endurmeta þessa afstöðu. Þetta sagði ég og við þetta var ég reiðubúinn að standa. Það vil ég að komi skýrt fram. En það fór nú einfaldlega ekki svo að þessi fjöldi næðist. Talan 30 náðist ekki. Ég sé að enn er verið að vefengja að þar hafi ráðuneytið verið með réttar tölur og það þykir mér mjög leitt að sjá og heyra.

Það var hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem las hér upp úr bréfi skólanefndarinnar — er það ekki bréfið frá 21. ágúst? (Gripið fram í.) Það er grein, já, ég kannast við hana. Ég held að hún sé í mjög svipuðum dúr og bréfið sem barst ráðuneytinu frá skólanefndinni. Bréf skólanefndarinnar er dags. 28. ágúst og því svaraði ráðuneytið daginn eftir og ég ætla að lesa hér upp með leyfi hæstv. forseta aðeins stuttar glefsur úr bréfi ráðuneytisins. Þar segir svo:

„Í bréfinu“, þ.e. bréfi skólanefndarinnar, „koma fram villandi staðhæfingar sem ráðuneytið vill leiðrétta og koma á framfæri við þá aðila sem fengu sent afrit af bréfi skólanefndar. Þegar ákvörðun um að fella skólahald í héraðsskólanum niður næsta skólaár var tekin, lágu fyrir upplýsingar um samtals 24 umsóknir í þrjá árganga skólans. Þar af höfðu fjórar verið dregnar til baka. Þessar tölur voru staðfestar á fundi með skólanefndum beggja skólanna, skólastjóra og kennurum, fundi sem haldinn var í héraðsskólunum 15. ágúst sl. Miðað við þessar tölur stefndi í að kostnaður á hvern nemanda í héraðsskólanum yrði rúmlega 830 þús. á sama tíma og meðalkostnaður ríkisins á hvern grunnskólanemanda á Vestfjörðum er um það bil 125 þús. Þar á ofan var óvissa ríkjandi um það hvort allir þessir 20 nemendur skiluðu sér ef þeir yrðu krafðir um að

standa straum af launakostnaði í mötuneyti. Kostnaður við rekstur héraðsskólans 1991 var samkvæmt útreikningum fjármálaskrifstofu ráðuneytisins kr. 446 þús. á nemanda og á þá eftir að taka stofnkostnað með í dæmið. Þessu tvennu er ruglað saman í bréfi skólanefndar og svo virðist sem þingmenn Vestf. og Fjórðungssambandið hafi verið ranglega upplýstir um þessar prósentur. Hafi slíkt verið vísvitandi gert verður að átelja harðlega slíkan málflutning sem er héraðsskólanum síst til framdráttar."

Þetta var úr bréfi ráðuneytisins til skólanefndarinnar og bætt svo við að rök ráðuneytisins um nemendafæð og kostnað standist því fyllilega.

Í bréfi skólanefndar er fullyrt að nú liggi fyrir yfir 30 umsóknir. Þær lágu ekki fyrir þegar ákvörðun um að fella niður skólahaldið var tekin. Síðan er óskað eftir að þessar umsóknir eða ljósrit þeirra verði send ráðuneytinu sem var gert. Þar segir líka:

„Það er öllum ljóst sem til þekkja að tilvist Héraðsskólans í Reykjanesi byggist á nemendum utan byggðarlagsins. Minnkandi aðsókn að héraðsskólum almennt hefur leitt til þess að þeir hafa verið lagðir niður eða önnur starfsemi en grunnskólakennsla sett á fót. Þessi þróun hefur m.a. leitt til þess að stærra hlutfall nemenda héraðsskóla en áður hefur átt við einhvers konar erfiðleika að etja. Á þetta m.a. við um Héraðsskólann í Reykjanesi. Ekki skal dregið úr því að þessir nemendur hafa fengið góða umönnun í skólanum, en bent á að það er andstætt grunnskólalögum og stefnu ráðuneytisins að safna nemendum sem eiga í tímabundnum eða langvarandi erfiðleikum saman í tiltekna skóla."

Þetta vil ég nefna sérstaklega um leið og ég þó segi að skólamenn og ráðuneytismenn hafa sagt mér að það hafi vissulega verið gott að eiga þennan skóla að vegna þess að hann hafi tekið oft og tíðum við nemendum sem átt hafa í einhvers konar erfiðleikum, kannski ekki síst erfiðleikum á heimili en þeir sjálfir ekki verið neinir vandræðaunglingar. Og þannig hefur margur vandinn verið leystur og af þeim ástæðum kannski sérstaklega var ákveðinn vilji fyrir því í ráðuneytinu að reyna í lengstu lög að halda í þetta skólahald þótt það hafi hins vegar í lokin ekki verið talið réttlætanlegt.

Ég veit ekki hvort ég þarf í sjálfu sér að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál. Ég harma að þetta hefur valdið leiðindum og ég veit að þetta olli ákveðnum erfiðleikum vegna þess að ákvörðunin var seint tekin, en hún átti hins vegar ekki að koma mönnum algerlega í opna skjöldu. Þetta hefur vofað yfir og þetta var ekkert sem var í raun að gerast þegar bréfið frá ráðuneytinu um ákvörðunina og dags. er 21. ágúst var sent. Það átti sér ákveðinn aðdraganda sem heimamönnum var bærilega vel kunnur.

Ég vil líka segja að áframhaldandi rekstur Héraðsskólans í Reykjanesi hefði svo sem ekki skipt neinum sköpum í því fjármáladæmi sem við erum að glíma við núna. Ég viðurkenni það fúslega. Það sparast þarna að vísu nokkur upphæð. Það er svona eftir því frá hvaða sjónarhóli menn líta þegar þeir meta upphæðir, en mér finnst þetta frekar vera mál sem taka á prinsippákvörðun um, ef ég má orða það svo, vegna þess að við stöndum frammi fyrir mörgum hliðstæðum núna alveg á næstunni. Ég held að það sé alveg ljóst. Þetta er ekki neitt einstakt dæmi sem við komum ekki til með að sjá annars staðar.

Hæstv. forseti. Ég held að ég láti þetta nægja (**Gripið fram í:** Um nefndina.) Já, um nefndina. Ég lét þess einmitt getið á fundinum með þingmönnum kjördæmisins þann 1. ágúst að mér þætti skynsamlegt að nefnd yrði sett á laggirnarnar, skipuð heimamönnum og fulltrúum frá ráðuneytinu, sem fjalla skyldi um framtíð héraðsskólans og aðra menntunar- og menningarstarfsemi á staðnum. Eins og hér hefur komið fram er þetta ekki neitt einkamál ráðuneytisins. Landið er ekki í eigu þess eða hitavatnsréttindi á staðnum. Þau eru í eigu heimamanna, Ísafjarðar, ef ég veit rétt. Það er því auðvitað hið eðlilegasta mál að heimamenn komi þarna mjög sterklega að verki og mundu auðvitað gera þótt ekki væri þessi staða uppi. Ég hef ekki gengið frá þessu máli en er reiðubúinn að beita mér fyrir því í samráði við þingmenn kjördæmisins og heimamenn að sem allra fyrst verði sest niður til þess að fjalla um framtíð þessa staðar. Ég er alveg sannfærður um að staðurinn sem slíkur getur átt hlutverki að gegna í framtíðinni, en ég hef miklar efasemdir um að það sé hlutverk héraðsskóla. Við þurfum í sameiningu að finna leiðir til þess að kveikja þarna nýtt líf og sem gæti orðið til þess að renna stoðum undir þá veiku byggð sem þarna er.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Menntun er mikilvægasta aflið í baráttunni gegn félagslegu og efnahagslegu óréttlæti, hleypidómum og hvers konar ofstæki sem og í baráttunni fyrir friði, mannúð og mannréttindum. Menntun er jafnframt grundvöllur framfara á tæknisviði. Þessi orð eru eins og þau kannski bera með sér tekin upp úr stefnuskrá stjórnmálaflokks, í þessu tilfelli Framsfl.

Íslenskt menntakerfi hefur verið í mjög örri þróun á síðustu áratugum og þar hefur að sjálfsögðu ekki verið fundin nein endanleg lausn. Þó er ólíklegt að horfið verði frá þeirri skiptingu innan skólans sem nú er komin til framkvæmda, þ.e. leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli.

Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. og 5. þm. Vestf. fyrir að hefja þessa umræðu hér um skólamál. Það er með mig eins og fleiri að á síðustu mánuðum hafa verið að aukast áhyggjur í mínum huga yfir framtíð íslensks skólakerfis og hvað núv. hæstv. ríkisstjórn ætlar sér með það.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn gefið sér tíma til að setja saman stefnuskrá sem við myndun ríkisstjórnarinnar gafst ekki tími til vegna þess hversu mjög lá á að koma ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar frá völdum. Mergurinn málsins er kannski sá að fullyrðingar hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. frá vordögum um að nú fengi þjóðin loksins samheldna ríkisstjórn sem vegna samheldninnar og áþekkrar stefnu í öllum meginmálum þyrfti ekki að senda frá sér texta um stefnu

og starfsáætlanir hafa verið vanhugsaðar og nú sé komið í ljós að hvorki er samstaða innan hæstv. ríkisstjórnar í veigamiklum atriðum né á meðal stjórnarþingmanna. Því hefur verið gripið til þess ráðs að setja saman texta sem nokkurs konar ratljós fyrir þessa hv. þm. og flokksmenn alla.

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera hér að umræðuefni nokkur málefni sem snerta skólann. Ég byrja á leikskólanum og held síðan áfram upp skólastigann. Ný lög um leikskóla voru samþykkt á sl. vori. Það var tekin veigamikil ákvörðun um skipan leikskólamála í stjórnkerfinu þegar leikskólinn fékkst staðsettur innan skólakerfisins. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið mikilvægt skref. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. í hvaða átt hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að vinna að breytingum í samráði við samtök sveitarfélaga með þessa nýju löggjöf. Ég óttast um ákvæði 3. gr. sem samkvæmt bráðabirgðaákvæði eiga að koma til framkvæmda á næstu 10 árum, en þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sveitarfélag gerir árlega könnun á því hversu margir foreldrar óska eftir leikskólavistun. Á grundvelli þeirrar könnunar verði gerð áætlun um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi til a.m.k. tveggja ára í senn. Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir. Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntmálaráðuneytinu. Heimilt er að veita leikskóla starfsleyfi þótt börnin dvelji þar ekki daglega eða einungis hluta úr ári."

Ég óttast sem sagt, hæstv forseti, að þessi ákvæði séu í hættu. En einmitt þetta er grundvallaratriði í allri umræðu um jafnréttismál í landinu þar sem tæplega helmingur mannafla á vinnumarkaði er konur. Þarna verður að vinna samkvæmt nýsamþykktum lögum.

Víkjum þá að grunnskólanum. Ný löggjöf um grunnskóla var einnig samþykkt á sl. vori. Þar var stigið stórt skref í framfaraátt. Þar náðust m.a. fram ýmis meginatriði og markmið Framsfl., svo sem samfelldur skóladagur og skólamáltíðir. Þessa löggjöf á einnig að endurskoða samkvæmt texta í hvítri bók. Ég óttast að sú endurskoðun verði ekki til bóta þrátt fyrir það að núverandi hv. stjórnarþingmenn hafi allflestir staðið að samþykkt laganna fyrr á þessu ári. Það er þó ýmislegt sagt í hinni hvítu bók um grunnskólann sem ástæða er til þess að taka undir eins og t.d. um ráðgjöf með tilliti til námsframvindu, persónulegra málefna nemenda, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn ávana- og fíkniefnaneyslu og fleira.

Eitt vil ég benda hæstv. ráðherra á í tengslum við lengingu grunnskólans og það er lítill hópur sem lætur ekki mikið yfir sér en þarf athygli. Það eru þau grunnskólabörn sem eru í heimavist og þá alveg sérstaklega yngstu börnin. Á síðasta þingi lagði ég fram fyrirspurn um heimavistarskólana, en þar kom m.a. fram að í 15–20 grunnskólum voru þá börn í 1. bekk á heimavist. Að sjálfsögðu mislengi og mismargar nætur í viku. Víðast hvar er reynt að þjappa náminu saman á fáa daga þannig að svona ung börn þurfi ekki að sofa margar nætur að heiman. En með lengingu skóladagsins og lengingu skólaársins er hætt við, og ég er hrædd um að það gerist, að ekki verði tekið tillit til þessa litla hóps sem oft býr við lélegar aðstæður á heimavistum.

Ríkisstjórnin hyggst skilgreina stöðu einkaskólanna nánar. Nú er Tjarnarskóli kominn í frv. til fjárlaga. Hvert verður framhaldið? Við framsóknarmenn erum á móti því að einkavæða grunnskólann og óttumst stórslys í þeim efnum þar sem Sjálfstfl. fer nú með málefni hans. Reyndar er það sem Sjáflstfl. boðar engin einkavæðing þar sem sveitarfélög leggja til húsnæði og ríkið laun kennara. Þetta er því frekar til að þjóna óskum tiltölulega lítils hóps sem telur sig hafinn yfir almenning. Einkaskólar eru mjög óæskilegir í okkar litla þjóðfélagi. Aukið sjálfstæði skólanna er rétta leiðin en þó innan ákveðins ramma vegna lítilla og vanmáttugra sveitarfélaga. Þá er mjög æskilegt að efla fræðsluskrifstofur og kennslumiðstöðvar þeim tengdar þannig að kennarar á landsbyggðinni þurfi sem minnst að leita til Reykjavíkur. Ég geri þó að sjálfsögðu ráð fyrir að Námsgagnastofnun verði áfram til staðar.

Í framhaldi af málefnum grunnskólans langar mig til að koma inn á kennaramenntunina í landinu. Ný lög um Kennaraháskóla Íslands, sem samþykkt voru árið 1988, voru tvímælalaust til mikilla bóta fyrir allt skólastarf. Í þeirri löggjöf var stefnt að því að efla stórlega starfsemi endurmenntunar og símenntunar fyrir kennara. Þá var einnig tekin sú ákvörðun að lengja kennaranámið úr þriggja ára námi í fjögurra ára nám þó svo að ekki væri ákveðið hvenær það skyldi gert. Sú ákvörðun var tekin í tíð síðustu ríkisstjórnar að sú breyting skyldi koma til framkvæmda á þessu hausti. Vinnubrögð hæstv. menntmrh. við afturköllun þeirrar heimildar á síðustu stundu eru ámælisverð.

Stærsta vandamálið í dag er hins vegar hversu erfiðlega gengur að fá réttindakennara til starfa á landsbyggðinni. Það er orðið alllangt síðan farið var að tala um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun hér á landi samkvæmt norskri hugmynd. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað líði aðgerðum í þá átt.

Þá höfum við framsóknarmenn sett fram hugmyndir um sérstakan sjóð sem settur yrði á stofn og til hans rynnu þeir fjármunir sem ríkissjóður sparar með því að ráða réttindalaust fólk í stað réttindakennara. Þessir fjármunir yrðu síðan nýttir til að styrkja fólk til kennaranáms gegn því að það starfi að námi loknu við dreifbýlisskóla. Ég tel þó að stærsta skrefið sem hægt væri að taka nú í þessum efnum væri að koma við kennaramenntun á landsbyggðinni, t.d. við Háskólann á Akureyri eins og hér hefur áður verið nefnt í dag. Reynslan frá Samvinnuháskólanum og frá Háskólanum á Akureyri segir okkur að stundi fólk nám á landsbyggðinni eru meiri líkur til þess að það að námi loknu búi þar áfram og setjist þar að.

Í 16. gr. framhaldsskólalaganna stendur með leyfi forseta: „Allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er

skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri."

Þetta er ótvírætt ákvæði þess efnis að allir skulu eiga rétt á námi í framhaldsskóla. Að sjálfsögðu þarf að virkja alla einstaklinga en það þarf að gera með ólíkum úrræðum. Gamli menntaskólinn hentar ekki öllum. Hann var fyrst og fremst undirbúningur undir háskólamenntun.

Fyrrv. hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson beitti sér fyrir aukinni menntun fiskvinnslufólks. Við þurfum að auka menntun á sviði ferðamennsku og fleira mætti telja. T.d. eru umtalsverðir möguleikar á sviði matvælaframleiðslu, ekki síst í mínu umdæmi, Norðurl. e., sem menntakerfið á að laga sig enn frekar að. Sem sagt, það þarf ólík úrræði. Annað yrði ekki til annars en að brjóta niður einstaklingana.

Síðan langar mig aðeins að nefna ákvæði um jafnrétti til náms í hvaða skóla sem er. Þróunin hefur verið sú að framhaldsskólarnir komi heim í byggðarlögin og það er að sjálfsögðu rétt og gott. Sveitarfélögin og ríki bindast samtökum um stofnun nýs framhaldsskóla. Hlutur ríkisins við stofnbúnað er 60% en sveitarfélaganna 40%. Það er þannig ætlast til þess að nemendur stundi framhaldsnám í sinni heimabyggð sem er gott og gilt. En ég vil þó ekki að það sé njörvað svo rækilega niður að það komi niður á nemandanum fjárhagslega, í gegnum dreifbýlisstyrkinn svokallaða, kjósi hann að stunda nám í öðrum skóla. Þarna verður að vera ákveðinn sveigjanleiki.

Hæstv. forseti. Nú hafa gerst þau tíðindi í íslenskum skólamálum að ríkisstjórn Íslands hefur sett fram stefnu í fjárlagafrv. um skólagjöld á framhaldsskólastigi og háskólastigi en er nú reyndar eitthvað farinn að draga í land ef marka má orð hæstv. ráðherra hér áðan. Hin gamla speki, sem fram að þessu hefur verið tiltölulega góð samstaða um í þessu litla þjóðfélagi, að allir skuli eiga jafnan rétt til náms án tillits til efnahags, er nú í hættu. Í umræðunni um fjárlög gerði ég að umtalsefni þann gífurlega kostnað sem því fylgir víða hjá fólki í hinum dreifðu byggðum að senda börnin sín til framhaldsskólanáms í framhaldsskólabæjunum. Oftast er brugðið á það ráð að leigja eða kaupa íbúð, stofna til útibús frá heimilinu, a.m.k. þegar um fleiri en eitt barn er að ræða. Þetta eru atriði sem ég er sannfærð um að fólk hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu leiðir ekki oft hugann að. Það er svo vant því að hafa allt við höndina. Við framsóknarmenn mótmælum öllum frekari álögum á framhaldsskólanemendur og fjölskyldur þeirra og teljum slíka skattheimtu ósanngjarna og merki um uppgjöf við skattheimtu í landinu samkvæmt hefðbundnum aðferðum þar sem tekið er tillit til félagslegra og fjárhagslegra aðstæðna.

Eitt af því sem ríkisstjórnin hefur sett fram er að kannað verði hvort mögulegt sé að stytta þann tíma sem þarf til að ljúka námi til stúdentsprófs. Þetta eru í sjálfu sér ekki nýjar hugmyndir og ég er ekki andvíg því að þær verði skoðaðar. Ég vil tengja þetta því sem ég sagði fyrr um aukið sjálfstæði skólans. Gæti ekki verið skynsamlegt, hæstv. ráðherra, að gera tilraun í þessum efnum? Einn eða tveir skólar yrðu sérstaklega skipulagðir í þessu skyni, þangað sæktu þeir nemendur sem virkilega vilja leggja á sig mikla vinnu og lengra skólaár. E.t.v. væri þó rétt að byrja á því að kanna áhugann á meðal framhaldsskólanemenda.

Ég get ekki skilið við framhaldsskólann án þess að minnast á framhaldsskólana í mínu kjördæmi, sem er Norðurl. e., en þar eru gífurleg húsnæðisvandamál, bæði á Akureyri og á Húsavík. Framlög úr ríkissjóði til Verkmenntaskólans á Akureyri á þessu ári urðu að umtalsefni í þinginu þar sem að þau voru óeðlilega lág og ekki í samræmi við þarfir og ekki í samræmi við aðra skóla. Nú er skólinn sprunginn utan af starfseminni og kennsla er þar fram að kvöldmat. Menntaskólinn er einnig í mjög miklum húsnæðiserfiðleikum og þar eru áformaðar miklar framkvæmdir við uppbyggingu. Um þessi mál fjallar héraðsnefnd Eyjafjarðar þessar vikurnar og þessa mánuðina. Vel má vera að niðurstaðan verði sú, þó ég sé ekki að boða það alveg á næstu árum, að nýr framhaldsskóli komi á Eyjafjarðarsvæðinu og þá á Út-Eyjafjarðarsvæðinu svokallaða, t.d. á Dalvík. Þörfin er geysilega mikil.

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur verið að festast í sessi á síðustu árum, en þar hefur einnig skort fjármagn til framkvæmda. Núv. ríkisstjórn treystir sér ekki til að fylgja eftir þeim vilja fyrrv. ríkisstjórnar að veita fjármagni til skólans á fjáraukalögum, og gildir það sama um Verkmenntaskólann á Akureyri, sem hins vegar reyndist verða niðurstaðan að gera í sambandi við suma aðra skóla.

Framhaldsskólinn á Laugum í Reykjadal er einn af fáum gömlum héraðsskólum í landinu þar sem virkilega hefur fundist hlutverk fyrir skólann og þar fer fram blómleg starfsemi.

Háskólinn og háskólamenntun hefur verið nokkuð í umræðunni á síðustu vikum, ekki síst vegna Lánasjóðsins sem verður ræddur hér síðar og ég ætla ekki að gera að frekara umtalsefni í dag.

Einnig hafa verið settar fram hugmyndir um inntökupróf í háskóla. Fyrr í haust töluðu framámenn skólans um nauðsyn þess að koma á námsskeiðum fyrir nýnema til að kenna þeim íslensku. Þetta vekur hjá manni ýmsar hugsanir og alveg sérstaklega þá að lögð sé of mikil áhersla á háskólanám í þessu landi, án tillits til getu einstaklingsins og þarfa þjóðfélagsins. Verkmennt almennt hefur ekki hlotið þann sess sem henni ber.

Við framsóknarmenn höfum nýlega lagt fram á hv. Alþingi tillögur um endurmat á iðn- og verkmenntun.

Ég fagna því sem kemur fram í stefnu ríkisstjórnarinnar að Háskólann á Akureyri verði eflдur. Á það höfum við framsóknarmenn lagt mikla áherslu frá upphafi. Háskólinn hefur nú sýnt það með sinni starfsemi að sú gagnrýni sem var uppi um stofnsetningu skólans í upphafi átti ekki við rök að styðjast.

Hæstv. forseti. Ég vil að síðustu segja það að skólakerfið hér á Íslandi er að flestu leyti gott. Ólæsi er ekki vandamál hér. Ég vara hæstv. menntmrh. við byltingum í íslensku menntakerfi, ég tel reyndar að hann sé enginn byltingarmaður en það er félagsskapurinn sem

hann er í í hinum nýja Sjálfstfl. sem ég óttast.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að það sé innan hinna nýju þingskapa sem mér leyfist að svara spurningum sem beint er til mín þar sem ég hef nýtt ræðutíma minn.

Fyrst varðandi leikskólann. Hv. þm. spurði í hvaða átt ríkisstjórnin ætlar að vinna í sambandi við endurskoðun leikskólalaga. Ég get svarað því hreint út að mér finnst að eftir að sveitarfélögin hafa tekið alfarið við stofnkostnaði og rekstri leikskóla þá eigi endurskoðunin á leikskólalögunum að hníga í þá átt að afskipti ráðuneytisins verði sem allra minnst og minni en þau eru samkvæmt gildandi lögum.

Það er ekki ástæða fyrir hv. þm. að óttast mjög endurskoðun grunnskólalaganna undir okkar stjórn. Það er heldur ekki nein ástæða til þess að óttast einkavæðingu skóla almennt. Slíkt er ekki á dagskrá og ég get sagt að frá mínu sjónarmiði kemur auðvitað einkavæðing grunnskóla ekki til greina og enda hef ég aldrei heyrt neinn tala um slíkt í neinni alvöru. En það breytir ekki þeirri staðreynd að ýmsa þætti í rekstri skólanna má einkavæða. Það er allt annað en að tala um einkavæðingu heilla skóla. Það má einkavæða sem sagt ýmsa rekstrarþætti.

Varðandi Kennaraháskólann og dreifða og sveigjanlega kennaramenntun sem hv. þm. spurði um. Ég svaraði því í fyrirspurnatíma í morgun en þingmaðurinn hefur sjálfsagt ekki verið við. Ég get endurtekið það að vonast er til að það komi til framkvæmda haustið 1992 og í síðasta lagi haustið 1993.

Ég hef áður lýst áhuga mínum á að efla Háskólann á Akureyri, m.a. með því að athuga sérstaklega hvort kennaramenntun verði komið þar á og það mun ég láta athuga alveg sérstaklega.

Varðandi skólagjöldin þá er það misskilningur að ég sé eitthvað farinn að draga þar í land. Ég talaði alveg eins núna áðan og ég hef talað frá upphafi um möguleikann á innheimtu skólagjalda.

Tilraun til styttingar náms, að gera slíka tilraun í einum til tveimur skólum er sjálfsagt að athuga en þetta verður þáttur í endurskoðun framhaldsskólalaganna.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leggja nokkur orð inn í þá umræðu sem hér fer fram um skólamál. Þau eru vissulega þýðingarmikill málaflokkur og óumdeilt hve skólinn gegnir mikilvægu hlutverki í lífi okkar frá fyrsta skóladegi. Gildir þá einu hvort um er að ræða eflingu tungu okkar og almenns þroska eða grundvallarundirstöðu menntunar og menningar. Víst er líka að í breyttri þjóðfélagsgerð hefur skólinn og þá sérstaklega grunnskólinn tekið á sig ýmsar þær skyldur sem lágu hjá fjölskyldunni á fyrri tíma. Með þessa þætti í huga er það ljóst að almenn umræða um skólamál á í raun sífellt erindi við okkur öll. Hins vegar geta verið skiptar skoðanir um hvort þessi umræða um skólamál sé tímabær að því leyti sem hún fer hér fram í dag. Sumt af því sem til umfjöllunar er fellur að mínu mati í raun undir fjárlagaumræðu þar sem um er að ræða gagnrýni á niðurskurð eða lokun stofnana. Annað á í flestum tilfellum eftir að útfæra og kemur, ef svo ber undir, inn í þingið á sínum tíma.

En þar sem ég tek þátt í umræðu utan dagskrár finnst mér alveg við hæfi að nefna til umhugsunar að aðeins tíu þingmál eru komin til nefnda og að ótrúlega mikill tími hefur farið í óhefðbundna umræðu á þeim 24 dögum sem liðnir eru af þinginu. Miðað við þann áhuga sem oft hefur komið fram að við færum okkar þinghald í átt að því sem viðgengst í nágrannalöndunum, og er ég þar að vísa í þyngra vægi nefndarstarfa þingmanna, finnst mér við ótrúlega föst í átaka- og orðræðuformi þingfunda frá fornu fari. Í þessum orðum mínum felst ekki gagnrýni á málshefjanda sem að vanda þeirra kvennalistakvenna var með málefnalega framsögu hér.

Í svokallaðri hvítbók ríkisstjórnar koma fram áform í skólamálum til lengri tíma litið. Þar er boðað að leitað verði nánara samráðs við þann aðila sem ber ábyrgð á rekstri, bæði leikskóla og grunnskóla, en það eru sveitarfélögin. Þar kemur líka fram að leitað verði leiða til að framhaldsskólinn geti þjónað fjölbreytilegri þörfum nemenda og búið þá undir sérhæfðar námsbrautir og starfsnám, að tekið verði mið af þörfum viðkomandi atvinnugreina viðvíkjandi starfsnámi. Það er áhugi á að kanna hvernig breyta megi skipulagi náms, m.a. þannig að unnt sé að ljúka stúdentsprófi við 18 ára aldur eins og viðgengst víða í nágrannalöndum okkar og framsögumaður vék að. Einnig að ná fyrstu námsgráðu í háskóla ári fyrr. Stuðla að eðlilegri sérhæfingu og samræmingu í æðstu menntastofnunum og að eflingu þeirra.

Í hvítbókinni er fjallað um þær leiðir sem ríkisstjórnin vill kanna sem og áherslur. Sú vinna sem liggur til grundvallar útfærslu á auðvitað að mestu leyti eftir að fara fram og það er eðlilegt að hún eigi eftir að fara fram því að hún tengist óhjákvæmilega frumvarpsgerð þar sem um slíkt verður að ræða. Þannig minnist ég þess að þrátt fyrir nokkurn aðdraganda að frv. til laga um grunnskóla á síðasta vetri voru þó fluttar fjöldi brtt., m.a. af fulltrúum stjórnarflokka, sem þýðir einfaldlega að menn voru að ljúka samræmingu áhersluatriða sinna. Á þeim tíma var það gagnrýnt að sveitarfélögin voru ekki höfð nægilega með í ráðum. Þess vegna er það sérstaklega ánægjulegt hver áhersla er lögð á slíkt samráð í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar.

Þess er líka vert að geta að það kom rækilega fram í fyrrgreindri umræðu að þeir flokkar sem eiga fulltrúa á þingi eru sammála um þau meginatriði varðandi grunnskólann að hann skuli einsetinn, samfelldur og boðið upp á léttar máltíðir í skólum. Þá kom það fram í sömu umræðu frá fulltrúum allra flokka að nauðsyn væri á athvarfi í skólanum utan kennslutíma.

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem haldinn var sl. laugardag, kom sú hugmynd fram og fékk góðar undirtektir hvort ekki væri tímabært að rekstur grunnskólans færi að öllu leyti yfir

til sveitarfélaganna. Sú umræða spratt í framhaldi af gagnrýni á hve ríkisvaldið reynir að ýta verkefnum sem það á að greiða yfir á kostnað sveitarfélaganna. Í þessu tilfelli var um sálfræðiþjónustu í skólum að ræða.

Við munum að sjálfsögðu skoða þessa þætti mjög vel þó umræðan um þá sé ekki fullþroskuð nú.

Spurningar frummælanda vegna hugmynda um styttingu tíma til stúdentsprófs og hvernig slík aðgerð mundi tengjast atvinnulífi og kjörum kennara eiga fullan rétt á sér. En þetta eru m.a. þeir þættir sem þarf að kanna. Mín skoðun er sú að e.t.v. verði breyting í þá átt sem viðgengist hefur í nágrannalöndum okkar lyftistöng í kjaramálum kennara. Alla vega á ekki að hafna þessum hugmyndum án rækilegrar skoðunar.

Það hefur líka orðið mikil breyting á atvinnumálum á liðnum árum meðan áður fyrr þurfti að gera út á námsfólkið, ef svo má að orði komast, jafnvel gefið frí í gagnfræðaskólanum þegar óvænt kom mikill afli á land í sjávarútvegsplássum. Þá hefur þróunin orðið á þann veg hin síðari ár að minna og minna er byggt á sumarvinnufólki, t.d. í frumvinnslugreinum okkar. Jafnvel hafa komið sumur þar sem ríkisvaldið þurfti að grípa til sérstakra aðgerða í samvinnu við sveitarfélög til að afstýra því atvinnuleysi skólafólks sem yfirvofandi var. Ég tek líka undir varúðarorð hv. frummælanda varðandi þá þróun sem orðið hefur eftir að aflétt var lágmarkskröfum um námsárangur nemenda og ég tel fyllilega tímabært að skoða þau mál aftur.

Þó margt hafi breyst á framhaldsskólastiginu með tilkomu fjölbrautaskólanna og fjölbreytni námsbrauta hafi í framhaldi aukist ár frá ári hefur þó ríkt visst tregðulögmál í þeirri heildarsýn á samspili atvinnulífs og menntakerfis sem hér þyrfti að vera. Ég minnist þeirrar bjartsýni sem ríkti á sínum tíma í Kópavogi þegar unnin var námsskrá fyrir MK í framhaldi af breytingu skólans í fjölbrautaskóla. En þar með tók bærinn líka á sig ákveðinn kostnað vegna skólans. Á þeim tíma var ákveðið að áherslur þess skóla yrðu matvælaiðja og ferðaþjónusta, þ.e. þeir þættir sem tengdust framtíðarsýn í atvinnulífi okkar Íslendinga. Sú námsskrá sem unnin var laut bæði að styttri matvælaiðjubrautum sem tengst gætu vinnumarkaði beint og lengri brautum sem leiddu til háskólanáms. Í framhaldi af því var ákveðið að matvælaiðjuskólinn yrði tengdur Hótel- og veitingaskólanum sem þó var að nokkru sérmál en tengdist húsakostinum, samnýtingu dýrra innréttinga og áhalda auk sérhæfðra kennara.

Ég nefni þessi góðu og á sínum tíma merkilegu áform hér vegna þess að þó liðinn sé nær heill áratugur er MK enn að basla við að koma ferðamálaskólanum til fulls inn í sitt skólahald. En matvælaiðjuskólinn, húsið sjálft, er opinn grunnur, en grunnur samt, tekinn í framhaldi af samkomulagi sem loks var gert af hálfu menntmrn. laust fyrir kosningar.

Virðulegi forseti. Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að framhaldsskólinn geti þjónað æ fjölbreytilegri þörfum nemenda og búið þá undir sérhæfðar námsbrautir og starfsnám.

Varðandi menntunarmál almennt vil ég því líka nefna mikilvægi frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sem verður til umfjöllunar hér í haust sem mun þegar að lögum verður hafa geysilega þýðingu fyrir atvinnulífið, bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og greiða fyrir tækninýjungum.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í dag hafa staðið hér þarfar umræður um mál sem hvort um sig var fullt tilefni til þess að ræða, almenn skólamálaumræða, sem vitaskuld þarf alltaf að eiga sér stað í okkar þjóðfélagi ekki síst vegna þess að við stöndum frammi fyrir miklum og óleystum vanda í þeim þætti, vanda sem bæði er skólamálalegs eðlis og einnig fjárhagslegs eðlis, og vanda sem hefur komið upp vegna þeirrar óvæntu og óréttmætu ákvörðunar hæstv. menntmrh. að afleggja skólahald í Reykjanesi við Djúp á næsta ári. Ég tel þessa umræðu, þó að hún hafi verið af fullu tilefni, ákaflega óheppilega að því leytinu að hér er verið að sulla saman tveimur stórum málum sem vitað var að hlytu að kalla á mjög mikla umræðu og því hefði verið miklu eðlilegra að þessi umræða hefði farið fram undir öðrum formerkjum en hér hefur gerst í dag. Ég hefði t.d. talið ekki óskynsamlegt að þá umræðu, sem nú fer fram um Reykjanesmálið, hefði getað borið þannig að að þingmenn hefðu borið fram ósk um skýrslu um málið en í þingsköpum er einmitt gert ráð fyrir því að þannig sé hægt að standa að málum sem níu þingmenn hið fæsta telja ástæðu til þess að ræða. Sá framgangsmáti hefði að mínu mati verið miklu skilvirkari og miklu líklegri til þess að laða fram þá nauðsynlegu umræðu sem um þetta mál þarf að fara.

Ég sagði áðan að ákvörðunin um lokun Reykjaneskóláns hefði verið ónauðsynleg og óréttmæt og það er einlæg sannfæring mín. Ég geri mér hins vegar mæta vel grein fyrir því, eins og ég hygg að flestir geri og fram kom í máli hæstv. menntmrh. að hefði verið skilningur okkar, þeirra fjögurra þingmanna, sem mættum á títtnefndan fund í menntmrn. til þess að ræða um málefni Reykjanesskóla, að það er fyllileg ástæða til þess að ræða til frambúðar málefni skólans og ég hef aldrei skorast undan því. Hins vegar hygg ég að afar óheppilega og óskynsamlega hafi verið að öllu þessu máli staðið. Það hefur síst orðið til þess að auðvelda framtíðarvinnuna í þágu þessa skóla og í þágu skólahaldsins í landinu í framtíðinni.

Þau rök sem sett hafa verið fram fyrir því að nauðsyn hafi krafið að loka Reykjanesskólanum í ár eru einkanlega þau að kostnaður við skólahaldið hafi verið mikill vegna þess hve nemendafæðin sem við blasti í skólanum hafi verið alvarleg. Það hefur verið sagt sem svo og var sett fram sem skilyrði af hálfu menntmrn. að til þess að skólinn mætti starfa áfram í vetur yrði það að liggja fyrir að a.m.k. 30 nemendur kæmu að skólanum í haust. Það var úrslitakrafa, það ultimatum sem ráðuneytið setti stjórnendum skólans, að í skólanum yrðu að vera 30 nemendur hið fæsta til þess að hann mætti starfa.

Niðurstaðan af þessu máli varð sú að það tókst að vísu ekki á þeim fáu dögum sem fram undan voru að

uppfylla fullkomlega skilyrðið um 30 nemendur, en hins vegar er það staðreynd að 27 nemendur voru þess albúnir að hefja nám í skólanum í haust hefði skólinn fengið að starfa. Fyrir nú utan það sem allir ættu að vita og ekki síst starfsmenn ráðuneytisins að það hefur verið reynslan af starfi Reykjanesskólans, og raunar margra annarra skóla á landsbyggðinni, að aðsókn að skólanum eykst ekki síst á haustin af ýmsum ástæðum. Það eru fjölmargir nemendur sem sækja ekki um skólavist fyrr en jafnvel eftir að skólahald hefst og koma til skólans langt fram eftir öllu hausti. Fyrir því eru margar ástæður. Þetta hefur m.a. verið eitt af einkennum skólans í Reykjanesi vegna þess, eins og ég hygg að hafi komið fram í máli hæstv. menntmrh., að skólinn hefur verið þýðingarmikið skjól fyrir mjög marga nemendur í landinu sem ekki hafa átt í önnur hús að venda eða séð sínum hag best borgið á haustin með því að sækja í skólann, jafnvel þó að þeir eigi langt að sækja.

Það er alveg rétt að um tíma í sumar litu mál ekkert allt of vel út fyrir þennan skóla við Ísafjarðardjúp. Vegna breyttra laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga háttaði þannig til að launakostnaður í mötuneyti hefði fallið með fullum þunga á nemendur í skólanum. Þessir litlu sveitarhreppar sem í kringum skólann eru voru ekki í stakk búnir til þess að greiða þennan kostnað og auðvitað hlaut þessi aukakostnaður sem yfirvofandi var að draga úr skólasókninni, draga úr áhuga nemendanna og foreldranna til þess að senda börnin sín í þennan skóla. Þá gerðist það hins vegar að stjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga tók þá ákvörðun að standa undir þessum kostnaðarlið þannig að úr vegi var þessari hindrun sem við mörg, velunnarar skólans, óttuðumst að gæti ella orðið honum að fótakefli.

Það er þess vegna ekki rétt að dræm skólasókn hafi verið réttmæt forsenda fyrir því að fella niður skólahaldið. Aðsóknin að skólanum var í fullu meðallagi og þess vegna var eðlilegt að starfrækja skólann í vetur.

Reykjanesskóli við Djúp hefur, eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Vestf., gegnt afar mikilvægu hlutverki í skólahaldi á Vestfjörðum. Þetta hefur verið menntasetur Ísafjarðardjúpsins. Í þennan skóla hafa sótt nemendur víða að og hann hefur gegnt mjög miklu hlutverki. Það er út af fyrir sig alveg rétt sem hæstv. menntmrh. sagði að breyttar aðstæður í sveitum landsins og breyttar aðstæður í landinu hafa kallað á endurskoðun á skólahaldi og starfsemi við Reykjanes eins og annars staðar. Ég lýsti því til að mynda yfir á þessum fræga títtnefnda fundi, sem menntmrh. og ráðuneytið boðuð þingmenn Vestfirðinga á með litlum fyrirvara, að ég væri þess albúinn að taka þátt í þeirri endurskoðun. Vegna þess að ég er því sammála að sú starfsemi sem við Reykjanesið hefur verið upp á síðkastið var ekki til þess að byggja á til frambúðar. Ég tel að þetta svæði og þessi staður eigi annað og betra skilið en að hökta áfram í fyrsta gír, skólinn eigi alla virðingu skilið og það þurfi fremur að efla þá starfsemi en að láta hana drepast niður í dróma.

Hitt er auðvitað alveg ljóst að sú endurskoðun átti ekki að hefjast með því að leggja skólastarfið svo fyrirvaralítið niður. Það er út af fyrir sig rétt sem hæstv. menntmrh. benti á að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem lokun hefur vofað yfir þessum skóla. Ég þekki það af langri göngu minni sem formaður fræðsluráðs Vestfjarðaumdæmis að það hefur áður syrt mjög í álinn fyrir þennan skóla. Við höfum áður endurskoðað starfsemi og starfshætti skólahaldsins þarna. En aðstæður nú kölluðu enn á endurskoðun og ég er þeirrar skoðunar að veturinn sem nú er að hefjast hefðum við átt að nota í rólegheitunum til þess að finna starfsemi í Reykjanesinu nýjan og öflugan farveg.

Það er rétt að vekja athygli á því að formaður skólanefndar Héraðsskólans í Reykjanesi hefur ítrekað bent á að umsóknir um skólavist í skólanum voru orðnar um 24 þegar menntamrn. hélt því fram að þær væru allt að helmingi færri. Það er líka ástæða til þess að láta það koma fram hér, sem var upplýst á fundi með okkur þingmönnum Vestf. á Suðureyri við Súgandafjörð 28. ágúst sl., að menntmrn. hafði hvorki fengið upplýsingar sínar um væntanlega skólavist nemenda við Reykjanesskóla frá formanni skólanefndar né skólastjóra. Þess vegna vaknar með manni sú spurning hvaðan í ósköpunum þessar upplýsingar voru fengnar. Hvaðan í ósköpunum og hvaðan í dauðanum fékk ráðuneytið þessar tölur? Voru þær gripnar utan úr loftinu? Voru þetta einhverjar tölur sem höfðu borist með ótilgreindum hætti inn í ráðuneytið eða hvað hafði gerst? Staðreyndin var sem sagt sú að forráðamenn skólans sem gerst máttu þetta mál þekkja höfðu ekki veitt þessar upplýsingar. Þeirra upplýsingar hljóðuðu upp á að 24 nemendur höfðu um þessar mundir sótt um og niðurstaðan varð sú að um það leyti sem skólahald átti að hefjast voru komnir 27 nemendur sem voru tilbúnir til þess að hefja nám við skólann í haust.

Það er svo önnur saga sem hv. 1. þm. Vestf. rakti hér áðan að það var auðvitað með ólíkindum hvernig að öllu þessu máli var staðið, að ráða fyrst bæði kennara og skólastjóra að skólanum og taka síðan ákvörðun um það nokkrum dögum seinna að leggja niður skólahaldið. Þetta segir manni auðvitað að hið fjárhagslega spursmál, sem þó hefur alltaf verið sagt að væri ástæðan fyrir því að skólahaldið yrði ekki í vetur, var ekkert fyrir hendi. Það verður ekki sá fjárhagslegi ávinningur af þessari ákvörðun að með með nokkru móti sé hægt að réttlæta hana.

Eftir því sem ég best veit var búið að ráða skólastjóra. Það var búið að ráða kennara. Það þarf húsvörslu við þennan skóla í vetur. Maður spyr þess vegna sjálfan sig: Hvar er og hver verður þessi sparnaður? Það er gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga að þessi sparnaður geti numið eitthvað í kringum 10 millj. kr. miðað við fjárlögin í ár og verður náttúrlega út af fyrir sig fróðlegt að sjá hvort þær tölur standast. Jafnvel þótt svo verði er auðvitað ljóst að fjárhagslega er þetta ekki mál sem skiptir neinu í ríkissjóðsdæminu.

Ég sagði áðan að ég væri fyllilega tilbúinn til þess að standa að endurskoðun á starfseminni sem á að fara fram í Reykjanesi. Ég, eins og margir aðrir, hef haft af því nokkrar áhyggjur að ekki hafi verið nægjanlega vel frá því gengið hvernig staðið var að málum í Reykja-

nesinu. Annars vegar var hér um að ræða skóla og menntasetur fyrir Inn-Djúpið og nokkra nemendur af Vestfjörðum, hins vegar var hér um að ræða griðastað fyrir marga nemendur, eins og ég sagði áðan, sem ekki áttu í önnur hús að venda eða sáu hag sínum betur borgið með því að fara í þennan skóla. Ég tel að það hafi verið ámælisvert af yfirvöldum menntamála alla tíð að viðurkenna ekki þessa sérstöðu skólans, viðurkenna það ekki að slík starfsemi kallaði á aukna sérkennslu, á aukna sálfræðiþjónustu og ýmislegt fleira í þeim dúr. Fyrir utan það að sumir kunna að hafa haft af því áhyggjur að þetta tvennt færi kannski ekki allt of vel saman. En það er önnur saga.

Ég vil ítreka það að í Reykjanesi þarf að fara fram lifandi og öflug starfsemi. Þar er nú þegar starfrækt efnileg ferðaþjónusta hluta úr árinu. Þeirri þjónustu þurfum við að viðhalda og bæta við hana. En engu að síður er það svo að þarna þarf að fara fram kröftug starfsemi sem jafnframt tryggir það að Reykjanes við Djúp verði áfram það mennta- og menningarsetur sem það hefur jafnan verið og styrki byggðina við Ísafjarðardjúp.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að undirstrika það í framhaldi af ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að á þessum málum hafði verið tekið í Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp. Mér finnst það fjarskalega ófaglegt af honum sem fyrrv. eða jafnvel núv. formanni fræðsluráðs Vestfjarða að tala um hlutina eins og hann gerði áðan. Það er eins og hann geri sér ekki grein fyrir því að um árabil var ástandið í uppnámi í Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp og á því var tekið af fyrrv. menntmrh. í fullri sátt við heimamenn. Ég tel það í raun og veru háskalega ófaglega nálgun af hv. þm. að vera uppi með málflutning af því tagi sem hann flutti hér áðan.

Ég vil einnig segja að ég tel að eitt af því alvarlegasta við Reykjanesmálið sé framkoman við starfsliðið sem þar hefur verið og hafði verið kallað til af fyrrv. menntmrh. og menntmrn. vegna þess ófremdarástands sem verið hafði. Að skólanum hafði verið kallaður ungur skólamaður sem hafði lagt sig fram um að bæta skólastarf og ég vil láta það koma fram að a.m.k. af minni hálfu, þó að aðrir þingmenn hafi ekki gert það til þessa, tel ég að þeir forráðamenn skólans hafi starfað vel við erfiðar aðstæður við að byggja upp starfsemi skólans á ný. Þess vegna er ákvörðun hæstv. menntmrh. auðvitað þeim mun meira reiðarslag fyrir þá.

Hitt vil ég svo segja, virðulegi forseti, um þá umræðu sem hér hefur farið fram að ég er þeirrar skoðunar að í framhaldi af henni sé útilokað að samþykkja það oftar að hér fari fram margar utandagskrárumræður í senn þegar það gerist að þingmenn stjórnarliðsins hver á fætur öðrum ráðast að þessu fyrirkomulagi sem við höfum fallist á í góðri trú til þess að greiða fyrir eðlilegum störfum í þinginu. Auðvitað hefði verið eðlilegast í framhaldi af ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, ég sé það núna, að biðja um sérstaka umræðu um Menntaskólann við Hamrahlíð, sérstaka umræðu um Kennaraháskóla Íslands, sérstaka umræðu um Reykjanes, sérstaka umræðu um Menntaskólann á Ísafirði og þannig mætti lengi telja vegna þess að hæstv. núv. menntmrh. hefur bersýnilega skilið eftir sig jarðsprengjur um allt land í þessu efni sem óhjákvæmilegt er að ræða og ég tel þessar menntastofnanir sem ég nefndi áðan engu síður mikilvægar en Héraðsskólinn í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fyrrv. menntmrh. þarf auðvitað ekkert að rifja upp fyrir mér þau innri vandamál sem hefur verið við að glíma í Reykjanesi. Hins vegar var ég að árétta það sem allir hafa alltaf vitað og hefur auðvitað margoft komið fram í skólamálaumræðu á Vestfjörðum að það hefur ekki með nægjanlegum hætti verið tekið á og viðurkennd sú sérstaða skólans að taka á móti nemendum, eins og hann hefur gert, sem oft á tíðum hafa ekki átt í önnur hús að venda. Ég hygg að fyrrv. menntmrh. hljóti að hafa haft skilning á því, og það hefur verið samdóma álit bæði þeirra sem hafa starfað í Reykjanesi og annarra sem þekkt hafa til, að það hafi alls ekki með eðlilegum og nægjanlegum hætti verið tekið á og viðurkennd sérstaða skólans að þessu leyti.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Meginþátturinn í uppbyggingu skólastarfs á Vestfjörðum hefur gengið út á það að skipuleggja framhaldsskólann á Vestfjörðum með Menntaskólann á Ísafirði sem grunnþátt. Í gegnum það hefur verið gert samkomulag, m.a. um Iðnskólann á Ísafirði eins og hann var og um framhaldsdeildir víðs vegar um Vestfirði. Ætlunin var einnig að sjálfsögðu að Reykjanesskólinn yrði þáttur af þróun framhaldsskólans á Vestfjörðum, eins og héraðssamtök Vestfirðinga höfðu m.a. gert samþykktir um. Þess vegna er ákvörðunin um að leggja niður Reykjanesskólann brot á þeirri stefnu sem Samtök sveitarfélaga á Vestfjörðum höfðu markað og sem menntmrn. hafði fallist á fyrir sitt leyti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði að við hefðum átt að nota veturinn í vetur til að finna starfseminni á Reykjanesi nýjan og öflugan farveg. Það er einmitt það sem við ætlum að gera og breytir í engu þeirri ákvörðun sem tekin var að skólinn mundi ekki starfa í vetur. Þetta ætlum við okkur að gera og ég vona að það gerist í góðu og fullu samstarfi við þingmenn Vestfirðinga og heimamenn.

Ég hef þegar svarað því hvers vegna ég lét setja skólastjórann á launaskrá síðustu daga júlímánaðar. Ég hlaut að gera það vegna þess að ákvörðunin hafði ekki verið tekin þá um framtíð skólans. Ef ég hefði neitað að láta setja hann á launaskrá hefði ég þar með verið að gera það sem mér var alls ekki heimilt. Þessi sami maður verður skólastjóri grunnskólans í vetur og þeim sem höfðu verið ráðnir af skólanum hefur verið fund-

inn starfi. Það út af fyrir sig veldur því ekki neinum auknum fjárútlátum þótt ákvörðunin um að ekki yrði þarna skólahald hafi verið seint tekin. Ég er ekki að svara andsvari þó ég segi um leið að framkoman við starfsliðið var í alla staði eðlileg.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer nú að þreytast á því að sitja undir ámæli og ásökunum frá þingmönnum Sjálfstfl. af Vestfjörðum fyrir það að hafa fallist á beiðni forseta þings um að sameina tvær utandagskrárbeiðnir í eina. Ef þeir eru ósáttir við það fyrirkomulag eiga þeir náttúrlega að beina gagnrýni sinni á þann sem um það biður eða forseta þingsins. Hins vegar er það greinilegt að þeir kunna ekki við að skamma sinn eigin flokksmann og ráðast þá á mig í staðinn. Ég er út af fyrir sig maður til að taka við því en ég verð að segja að það er ekki drengilega gert hjá hv. þm. Sjálfstfl. af Vestfjörðum að vera alltaf með atyrði í minn garð fyrir það að fallast á beiðni forseta sem var sett fram í því skyni að greiða fyrir þingstörfum og þar á meðal málum stjórnarliðsins. Þingflokkur Sjálfstfl. verður að eiga það við sig innbyrðis ef menn eru ósáttir hver út í annan.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að í ræðu minni hafi ég ekki nefnt það einu orði að ég væri sérstaklega að atyrða hv. 5. þm. Vestf. Ég fann eingöngu að því að væri verið að slá þarna saman tveimur mjög stórum og viðkvæmum málum sem hvort um sig kallaði á sérstaka umræðu. Ég fann einnig að því með hvaða hætti þetta mál var borið upp og taldi að eðlilegra væri að nýta sér ákvæði þingskapalaganna um það að biðja um skýrslu um þessa mál. Ég hefði talið það heppilegri framgangsmáta. Um þetta geta menn auðvitað deilt. Ég hefði hins vegar talið að sú umræða gæti orðið markvissari og frjórri og leitt til ákveðnari niðurstöðu. Í því fólst aðfinnsla mín gagnvart hv. þm. en öðru ekki. Ég beindi spjótum mínum í ótilgreindar áttir varðandi það að verið var að slá saman tveimur málum í þessari umræðu og ég tel að hv. þm. sé óþarflega hörundssár gagnvart þessu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bendi hv. þm. á að það er vel hægt að biðja um þessa skýrslu ef honum sýnist svo. Það hefur ekkert breyst og ekkert gerst sem kemur í veg fyrir að hann geti beðið um þá skýrslu. Mér er satt að segja óskiljanlegt, fyrst honum finnst þetta vera svo mikið ráð, af hverju hann er ekki þegar búinn að því.

Hins vegar verð ég að segja að í svari hans kom fram hin raunverulega ástæða fyrir þeirra heldur stirðu lund og hún er einfaldlega sú að að þeirra mati bað ekki réttur maður um utandagskrárumræðuna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það fer að verða dálítið mikið af Vestfirðingum hér uppi í ræðustól, en það er alveg óháð þessum orðaskiptum hér á undan mér að ég hef beðið um orðið. Hér átti að ræða skólamál almennt og málefni Reykjanesskóla við Djúp. Það hef ég hugsað mér að gera.

Í kringum árið 1950 fjárfestu menn í steinsteypu á Íslandi. Það þótti þá álitlegast að eiga þar sína fjármuni. Minna var um það vert að leggja þá í banka því að þeir báru neikvæða vexti, en steinsteypan skilaði sér í auknu verðmæti eftir því sem árin liðu. Síðar breyttist þetta með verðtryggingu og þá þótti mjög álitlegt að eiga innstæðu í banka og þykir jafnvel enn. Það er minna rætt um það að menntun er fjárfesting. Menntun er fjárfesting þjóðarinnar, fjárfesting til framtíðar. Aðalnámsskrá grunnskóla og grunnskólalögin byggja á því að menntun sé fyrir alla, allir eigi rétt á henni og hún eigi að vera við hæfi hvers og eins. Það á að vera óháð búsetu, efnahag og stöðu. Ríkisvaldinu ber að sjá öllum sínum börnum fyrir grunnskólamenntun þegar það á við og útvega þeim aðgang að skóla frá sex ára aldri.

Misjafnlega gengur að uppfylla þessi skilyrði, sérstaklega úti um landið. Skólahús eru misjafnlega búin tækjum og misjafnlega mönnuð og eins og fram hefur komið hér fyrr er hlutfall leiðbeinenda í störfum um og yfir 50%. Hver skyldi vera ástæðan fyrir því? Þær eru sjálfsagt margar og mismunandi. Þeir kennarar sem útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands skila sér ekki til starfa í grunnskólum landsins. Þeir leita annað, ekki síst vegna lágra launa. Þar að auki er tregða meðal kennara við því að fara of langt frá þéttbýlinu í kringum suðvesturhornið.

Önnur ástæða er líka fyrir þessu. Hún er sú að þó að hægt sé að fá kennara til starfa er þar oft um tvo aðila að ræða, það vantar þá vinnu fyrir hinn aðilann. Það vantar vinnu fyrir makann. Þó að annar sé kennaramenntaður og vilji sækja vinnu út á land hefur makinn, sem oft er líka með háskólamenntun, ekki vinnu við hæfi. Það er líka spurning um húsnæði og um flutninga og kostnað við þá. Það er líka spurning um háan rekstrarkostnað þess heimilis sem viðkomandi ætlar að reka.

Hverjar ættu þá að vera úrbætur til þess að bæta úr þessum kennaraskorti við grunnskólana? Húsnæði verður að vera á sanngjörnu verði og sanngjörnum kjörum. Það verður jafnvel að veita aðstoð í formi flutningsstyrks og greiða niður húsaleigu. Þetta hafa sveitarfélögin tekið að sér að gera í síauknum mæli þó að í raun og veru sé ekki þeirra að sjá til þess að börnin fái kennslu, heldur ríkisvaldsins. Sveitarfélögin hafa tekið að sér að greiða staðaruppbót, misjafnlega mikið og oft eftir aðstæðum á hverjum stað. En það þurfa líka að vera fjölbreyttari atvinnumöguleikar, eins og ég nefndi áðan, fyrir hinn aðilann. Það er ekki alltaf svo að það séu einstaklingar sem koma til kennslu. Og síðast en ekki síst þarf að hækka laun kennara.

Framhaldsskólinn á líka að vera fyrir alla, en í framhaldsskólanum hafa skapast vandamál vegna þess að nú geta nemendur gengið á milli skólanna, úr grunnskóla upp í framhaldsskóla, án þess að mjög miklar kröfur séu gerðar um skil þar á milli. Þetta hefur skapað þau vandamál að sérkennsla þarf í auknum mæli að fara fram í framhaldsskólum. Þá hefur það

ákvæði að fatlaðir eigi inngöngu í framhaldsskólana jafnt og aðrir, sem er sjálfsagt mál, líka skapað ýmis vandræði og aðstöðumismunun í skólunum.

Í framhaldsskólunum hefur líka orðið mikil fjölgun undanfarin ár og er skemmst að minnast þess að á þessu hausti urðu nemendur um 1.500 fleiri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Því er meiri þörf á fjárframlögum á fjáraukalögum þessa árs vegna þessarar fjölgunar nemenda. Einnig er meiri þörf fyrir stoð- og sérkennslu.

Allt þetta kallar á aukið fjármagn. Það kallar þá jafnframt á nýja skipulagningu til að taka mið af þessum aðstæðum eða skoða hver grunnurinn ætti að vera. Það þarf að skoða málefnið betur. Það er ekki hægt að koma bara með handahófskenndar aðgerðir á síðustu mánuðum áður en skólastarf á að byrja og skera af handahófi hér og þar. Það hefur aldrei þótt til fyrirmyndar, ef eitthvað er að í mannlegum líkama, að leggja hann bara upp á borðið og skera af handahófi til þess að vita hvar meinsemdin er. Fyrst þarf að rannsaka og athuga hvar meinsemdin liggur. Ef framhaldsskólar og skólakerfið yfirleitt í landinu er komið svo langt fram úr því sem við Íslendingar höfum efni á að standa undir verðum við að skoða leiðir sem við getum farið í samráði við það fólk sem það á að bitna á en ekki gera handahófskenndar tilraunir við að lækna meinsemdina.

Er það þá rétt stefna að framhaldsskóli sé fyrir alla? Já, vissulega, en ekki sami skólinn eða sömu námsbrautir fyrir alla. Nám þarf að vera sveigjanlegt. Það þurfa að vera styttri brautir. Það þarf að auka fullorðinsfræðslu. Það þarf að fjölga öldungadeildum. Það þarf að bæta starfsmenntun og það þarf að sníða þetta að þörfum þjóðfélagsins á hverjum tíma. Og það á að færa menntunina nær fólkinu. T.d. er mjög misjafnt hvernig skilgreining er á milli starfsmenntunar, öldungadeildar, starfsþjálfunar o.s.frv. og mjög er misjafnt hvernig þetta er greitt af hálfu menntmrn. eða af hálfu viðkomandi aðila sem halda þessi námskeið eða halda þessari kennslu uppi.

Öldungadeildir hafa t.d. mikið félagslegt gildi. Ef hægt er að koma þeim á sem víðast út um land, og fullorðinsfræðslu annarri, hafa þær það gildi að þær auka bæði félagslegt og menningarlegt starf á stöðunum, þær auka samstarf skóla og þær vekja bjartsýni meðal íbúanna. Þess vegna þarf að styrkja þá starfsemi af fremsta megni.

Þetta er allt of dýrt, segja ráðamenn í dag. Fjárfesting er dýr eins og ég sagði í upphafi. Það er dýrt að byggja Perlu og hún fer fram úr áætlunum. Það er líka dýrt að leggja vegi, en það skilar sér í betri nýtingu ökutækja, bættum samgöngum sem hafa ótalin önnur áhrif. Það færir byggðirnar saman og bætir nýtingu annarra mannvirkja. Menntunin skilar líka miklu. Hún kostar ekki bara peninga, hún skilar sér alls staðar í þjóðfélaginu. Menntun á að vera fyrir alla, óháð búsetu, óháð kyni eða stétt, óháð efnahag. Þess vegna eru skólagjöld óheppileg lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs því að þau mismuna fólki eftir efnahag.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna aðeins þá breytingu sem fyrirhuguð er á Lánasjóði ísl. námsmanna þó að fram eigi að fara sérstök utandagskrárumræða um það síðar. Sú breyting, sem nefndin, sem skilaði áliti nýlega, hefur lagt til, er fáránleg í einu orði sagt. Hún er ekki til þess fallin að hvetja fólk til framhaldsnáms eða háskólanáms. Ef þær breytingar ná fram að ganga mun það auka misréttið. Bilið á milli fátækra og ríkra breikkar og á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ég vona svo sannarlega að þær tillögur verði gjörsamlega kolfelldar. Það verður hins vegar rætt síðar.

Málefni héraðsskólanna, þ.e. málefni Héraðsskólans í Reykjanesi, hafa verið til umræðu í tengslum við þessa skólamálaumræðu. Svo mörg orð hafa verið sögð um það mál að ég ætla ekki að bæta miklu við. Ég vil þó leggja áherslu á mikilvægi þess að þar sé starfræktur skóli, það er mikilvægur hlekkur í byggðajafnvægi. Þessi skóli hefur orðið út undan á síðustu árum, bæði í viðhaldi og í því að vera byggður upp samhliða öðrum skólamannvirkjum og annarri útfærslu í skólakerfinu. Að vísu hafa verið uppi hugmyndir um það, samkvæmt því sem hæstv. fyrrv. menntmrh. upplýsti hér áðan og ég get vissulega tekið undir þær hugmyndir, að uppbygging Reykjanesskólans muni verða í tengslum við framhaldsskóla Vestfjarða, en það var einnig upplýst í dag að nýlega væri búið að skrifa undir samning um það í menntmrn.

Ég held að sá hlekkur sem Reykjanesskólinn hefur verið megi ekki bresta. Þar er hægt að gera góða hluti. Aðstæður þar eru eru dálítið sérstakar. Þar er t.d. fuglalíf óvanalega mikið og fjölskrúðugt. Þangað hafa komið fuglafræðingar alls staðar að úr heiminum. Ég hef oft verið þar og hitt fólk frá ýmsum þjóðlöndum sem þar hefur sest að í nokkrar vikur til þess að rannsaka fuglalífið. Þar eru líka sérstakar örverur sem hafa bólfestu í hverunum sem eru á Reykjanesinu. Þær örverur eru mjög sjaldgæfar og eiga sér nánast enga sambærilega stöðu annars staðar í heiminum. Það býður því upp á möguleika á rannsóknum á þessum örverum og í framhaldi af því líftækni sem byggist á þeim rannsóknum. Því mætti hugsa sér að þarna væri e.t.v. hægt að hafa náttúrufræðibraut í tengslum við framhaldsskóla Vestfjarða.

Eins og mönnum er kunnugt, sem hafa hlustað og fylgst með fréttum, var þarna fiskeldisstöð í gangi sem varð síðan gjaldþrota, þannig að þar hefur verið byggð upp ýmiss konar aðstaða til fiskeldis. E.t.v. væri hægt að nýta þá aðstöðu til kennslu í fiskeldisfræðum.

Þá má einnig nefna að hæstv. menntmrh. nefndi áðan að hann ætlaði sér að vinna að dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun, mundi leggja mikla áherslu á að hún yrði komin af stað árið 1993. Ég fagna því vissulega að hann skuli vera að vinna að því. Þetta hefur verið mikið baráttumál kennara og landsbyggðarmanna yfirleitt að koma á dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun og ég vona svo sannarlega að það verði sem allra fyrst. E.t.v. væri hægt að nýta eitthvað af húsnæði Reykjanesskóla undir slíkt, t.d. koma á námskeiðum sem væru þá áfangi í dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun. Það mætti vel hugsa sér það.

Frú forseti. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn end-

urskoði þá ætlun sína að koma hér á stórhækkuðum skólagjöldum til að draga úr kostnaði af rekstri framhalds- og sérskóla og háskóla. Með skólagjöldum er verið að gera upp á milli nemenda, eftir efnahag og þar með eftir stétt og búsetu. Um leið er hugtakið framhaldsskóli fyrir alla fótum troðið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. boðaði það í ræðu sinni að þessi ríkisstjórn ætlaði ekki að skrifa reikning á framtíðina. Það er nú svo að eitt sinn þorðu sjálfstæðismenn að hylla skáld sem sagði „hverfult að börn þín skuldir sínar greiði", en það er nú eitthvað annað uppi á teningnum nú. Hæstv. menntmrh. fæst við þann fortíðarvanda sem byggist á barneignum í þessu landi og áður en hann þáði embættið hafði hann ekki gert sér grein fyrir því að þetta er líka framtíðarvandi í hugum flestra því að varla eru hugmyndir stjórnarherranna á þann veg að börn hætti að fæðast börn. Trúlega verða áfram skrifaðir reikningar á framtíðina, eða í það minnsta vona ég það, í þessum efnum.

Mér finnst aftur á móti dálítið einkennilegt þegar menn tala um stöðugt vaxandi vandamál í þessum efnum. Það blasir nefnilega við ef farið er yfir fjölda í árgangi á Íslandi að árið 1975 fæddust 4.384 börn í þessu landi, árið 1985 fæddust 3.856 börn og árið 1990 fæddust 4.768 börn. Barnafjöldinn er þess vegna minnkandi hlutfall af heildarfjölda Íslendinga sem á þessu tímabili fjölgaði um rúmlega 66.000 manns. Engu að síður er dæmið sett þannig upp að þetta sé að verða eitthvað óyfirstíganlegt vandamál, vandamál sem forfeður okkar af litlum efnum hikuðu ekki við að setja fremst í röð þess sem bæri að framkvæma í landinu þegar Íslendingar fengu stjórn eigin mála 1904. Mér finnst þess vegna að hér skjóti mjög skökku við í öllum málflutningi um þessa hluti. Ég tel það gjörsamlega óásættanlega niðurstöðu, sem fram kom í þingsölum í fyrra, að um 150–235 nemendur á skólaskyldualdri hafa horfið úr skýrslum án þess að vitað sé hvert þeir fóru. Þetta er gjörsamlega óásættanleg niðurstaða. Hvað yrði gert við sauðamann sem tapaði slíkum fjölda? Hvað var gert við smalana sem ekki komu heim með kvíaærnar? Hvað ætti að gera við menntmrh. sem hefur slíkt „kontról" á þeim málefnum sem honum er falið að sinna?

Reykjanesskóli við Djúp var einn af þeim skólum sem reyndi að leysa úr þessum málum. Hér hafa verið fluttar það stórar ræður um hann að ég tel ástæðulaust að bæta neinu öðru þar við en þeirri staðreynd að það var fyrirsjáanlegt að hann hafði næg verkefni í vetur miðað við umsvif hans á undanförnum árum.

Hér hafa menn haldið því hér fram að skólagjöld hafi alltaf verið innheimt á Íslandi. 250 millj. er sagt að greitt hafi verið og samt talið að ekki sé allt tínt til og mikið vanti á að upplýsingar séu fullnægjandi. Hér er verið að rugla saman tveimur þáttum. Skólar hafa gjarnan innheimt efnisgjald fyrir pappír, fyrir kostnaði við handavinnu og eitthvað smálegt. Þetta hefur ekki verið talið af þeirri stærðargráðu að það bæri að senda menntmrn. miklar skýrslur yfir það af ótta við kostnaðaraukann sem af því hlytist að hafa menn á störfum við að lesa slíkt í ráðuneytinu. Ég held að ef menn eru að tala um skólagjöld eins og þau hafa tíðkast í nágrannalöndunum þá viti allir hvað verið er að tala um. Það er verið að setja vissa bremsu á það að nemendur fari í skóla. Það er verið sortera menn eftir efnum en ekki eftir hæfni til náms. Breski verkamannaflokkurinn barðist mjög hart fyrir því eftir heimsstyrjöldina síðari að sú stefna yrði tekin upp að að stofnaðir væru skólar þar sem færi fram mikið leiðbeiningarstarf til að vísa mönnum veginn innan menntakerfisins. Þessir skólar hafa verið nefndir fjölbrautaskólar. Ástæðan var sú að það var búið að sanna það með félagslegum athugunum að það var mikill munur á hver yrðu örlög tveggja jafngreindra einstaklinga í bresku samfélagi eftir því hvaða foreldra þeir áttu. Ef foreldrarnir voru komnir af fólki með meiri greind og meiri efni sáu þeir um að koma þeim áfram á sama tíma og hinir hirtu hvorki um að velja fyrir þá skóla né hvöttu þá til áframhaldandi náms. Þess vegna komst breski verkamannaflokkurinn að því að það bæri að framkvæma þetta leiðbeiningarstarf innan skólanna sjálfra. Dýrasta lausnin í menntakerfi nokkurrar þjóðar er að taka svo vitlausa ákvörðun að það eigi að fara eftir efnum og ástæðum hverjir halda áfram skólanámi.

Ég er þeirrar skoðunar að fram til þessa höfum við Íslendingar verið að betrumbæta skólakerfi okkar. Við höfum kannski ekki verið með allt í fyrsta flokki, en við höfum engu að síður stöðugt verið að sækja fram. Ég óttast því miður að nú séu þær hugmyndir uppi sem leiði til verulegrar stöðnunar í þessum efnum. Samt ber að horfa á vissa ljósa bletti í þeirri stefnumörkun sem nú á sér stað. Hjá hæstv. menntmrh. eru hugmyndir um að stytta námstíma þeirra sem taka stúdentspróf. Ég vil taka undir þetta sjónarmið. Hins vegar er ég mjög andvígur því að við líðum það að tapa nemendum úr grunnskóla í jafnríkum mæli og verið hefur. Alveg eins tel ég það út í hött að Íslendingar uni því að útskrifa stúdenta mun seinna en aðrar þjóðir. Ég tel líka að það sé verulegur hvati ef bæði er gefinn kostur á að ljúka stúdenstnámi á þremur árum og fjórum. Ég hygg að þetta gæti tengst því hvaða örlög menn ætla heimavistarskólum en það er staðreynd að heimavistarskólar fara betur með tíma nemenda en aðrir skólar vegna þeirrar nálægðar sem nemendur eru við þau verkefni sem þeir eru að vinna.

Ég ætla að víkja í fáum orðum að því málefni sem mjög hefur verið haldið á lofti að undanförnu að Ísland bíði nánast gjaldþrot ef við stígum ekki með báðum fótum á bremsurnar gagnvart stuðningi við þá námsmenn sem stunda lengra nám. Það var vikið að því að það er kvíði meðal íslenskra framhaldsskólanema og verulegur ótti er við þá stefnumörkun að það eigi að herða mjög að námslánum. Mér er ljóst að það er ætlunin að taka heildstætt á þessu umræðuefni seinna en ég vil vekja athygli á því að það gætir verulegs ósamræmis í fjárlögum íslenska ríkisins sem annars vegar launar lögreglumönnum meðan þeir eru í Lögregluskóla og greiðir þeim dagpeninga ef þeir eru utan af landi og hins hvernig staðið er að því að

mennta aðra þegna sem ætla sér einnig störf hjá ríkinu. Það hlýtur að vera einhver vitræn hugsun að baki þeirrar stefnu sem menn eru að boða. Eða eru menn svo hræddir um að upplausn verði í landinu að nú þurfi enn að styrkja þann arminn, sem á að halda uppi lögum og lofum, ef friður á að vera um þá stefnu sem stjórnvöld boða?

Ég vil undirstrika alveg sérstaklega að ég held að þessi þjóð eigi farsæld sína undir því í framtíðinni hvernig henni tekst til að ala upp og mennta sitt æskufólk. Við sem hér erum í salnum eigum okkar eftirlaun og okkar aðbúnað á efri árum undir þessum atriðum. Það fer ekkert á milli mála. Og sú reglugerðarspeki, sem sumir hafa tekið upp, að skilyrðislaust eigi að kosta þess sama til grunnskólanema án tillits til nokkurra aðstæðna, það eigi að vera sama sem komi út í kröfum, í greiðslum, í námslánum, gerðar verði sömu kröfur eftir einhverjum reglustikufræðum, sú kenning gengur illa upp. „Örðugasta arfa sínum önn fyrir bera flestar mæður" var sagt af Stefáni G. Skáldinu sem upplifði það sem ungur sveinn að þurfa að segja móður sinni að hann hafði farið að gráta af því að hann komst ekki suður í skóla. Og hún lýsti því seinna yfir að þá hefði sér sviðið fátæktin mest. Ég held að Sjálfstfl. sé kominn í slíka villu í hugsun sinni í íslenskum skólamálum að hann þurfi alvarlega að fara að rétta kompásinn af og skoða hvað var á bak við hugsunina í slagorðunum um mannúð og mildi sem átti að nota til að afla fylgisins.

Mér finnst einhvern veginn sem menn hafi ekki frétt að járnfrúin í Bretlandi er ekki lengur við völd. Hún var ekki felld af breska verkamannaflokknum, hún var ekki felld í kosningum, hún var felld af íhaldsmönnum sjálfum á þingi íhaldsmanna í Bretlandi vegna þess að breskir íhaldsmenn vildu ekki það þjóðfélag íhaldsstefnu sem hún boðaði. Það var m.a. hennar kalda ákvörðun um að skipta Bretum upp í ríka menn og fátæka sem olli því að flótti brast í liðið. Þess vegna skora ég á hæstv. menntmrh. að gefa sér tíma til að hugleiða stöðuna í skólamálum og flýta sér hægt sem boðberi frjálshyggjunnar í menntamálum á Íslandi. Ég trúi ekki öðru en að hann búi yfir meiri lífsreynslu en svo að hann viti ekki eitt og annað um íslenskt samfélag sem væri honum hollara veganesti en þær hrásoðnu kenningar um að nú eigi að fara að sortera menn eftir nýjum leiðum inn í skólakerfið og inn á menntabrautir í þessu landi.

Ég veit að vísu að menn horfa til ýmissa átta þegar þeir velja sér fyrirmynd í stjórnun. Ég minnist þess þegar ég las biblíusögurnar sem ungur maður að þar er sagt frá þeim afarkostum sem skaparinn tilkynnti Lot að hann mundi eyða Sódómu fyndust þar ekki fimm réttlátir. Þó að nú hafi farið þannig fyrir Reykjanesi að hæstv. ráðherra hafi ákveðið að tilkynna að fyndust þar ekki 30 nemendur reiðubúnir að mæta til náms yrði skólanum eytt met ég það svo að nokkrar efasemdir sitji eftir. Ég vænti þess að þeir stjórnunarhættir verði aflagðir að við fréttum það í slíkum fyrirskipunartón hvaða ákvarðanir verði teknar í menntamálum á Íslandi. Ég trúi ekki öðru en að þær hefðbundnu leikreglur hins íslenska samfélags verði virtar að á Alþingi Íslendinga verði teknar ákvarðanir um hvað gert verði í skólastarfi næsta vetur. Það komi ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti á miðju sumri hvað menn ætli að aðhafast.

Ég vil þakka þeim sem hófu hér mál utan dagskrár um skólamál. Ég hef áður gert athugasemd við og ég vona að það gerist ekki aftur að menn ætli tveimur frummælendum að tala samtímis.

Ég vil aftur á móti undirstrika að það liggur fyrir að hér eiga að fara fram umræður um stefnuna varðandi menntunarmöguleika íslenskrar æsku í tengslum við námslánin. Ég tel óumflýjanlegt að þær umræður fari fram sem allra fyrst. Fyrst að hæstv. menntmrh. er í landinu og ekki hafa borist fréttir um brottför næstu daga þætti mér vænt um ef það yrði sem allra fyrst tímasett hvenær sú umræða fer fram. Ég er sannfærður um það að kvíði þeirra mörgu sem tóku sínar ákvarðanir út frá gjörbreyttum forsendum í möguleikum sínum til að fjármagna sitt nám geri þeim erfitt fyrir að einbeita sér að námi og því veldur sú óvissa að e.t.v. sé best að hætta strax en halda ekki áfram og geta ekki leyst þessi mál síðar.

Herra forseti. Mér þykir það miður hvað hæstv. ráðherra hefur sóað tíma sínum og á þess ekki kost að svara með eðlilegum hætti. Af þeirri ástæðu ætla ég ekki að fara hér út í hvassari umræðu en ég hef gert og vænti þess aftur á móti að hv. 3. þm. Vestf. falli ekki frá þeirri hugmynd að biðja um skýrslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. um væntanlega utandagskrárumræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna vill forseti benda honum á að nú þegar liggur fyrir í drögum að dagskrá Alþingis fyrir vikuna 3.–9. nóv. að sú umræða fari fram þriðjudaginn 5. nóv. Vænti ég að hv. þm. hafi heyrt þessi orð.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er þakkarvert að hér skuli fara fram umræða um skólamál enda tilefnin orðin mörg. Auðvitað hefði verið gott ef við hefðum getað gefið okkur lengri tíma eða bútað þessa umræðu meira í sundur en kostur er á. En það verður ekki á allt kosið og í sjálfu sér held ég að unnt sé að koma ýmsum skilaboðum á framfæri við hæstv. ráðherra. Ég tel ástæðu til þess að þakka frummælendum báðum fyrir það hvernig þau lögðu málin fyrir og ég held að það hafi í sjálfu sér greitt fyrir því að hér hefði átt að geta farið fram fagleg umræða í öllum meginatriðum þó að mál vilji náttúrlega fara dálítið út og suður eins og gengur í þessari virðulegu stofnun.

Satt best að segja er það þannig að þegar maður hugleiðir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í menntamálum verður jafnvel manni eins og mér, sem er nú þekktur fyrir ýmislegt annað, í fyrstunni eiginlega orðfall vegna þess að menn hafa sýnt skólunum í landinu ótrúlegt tillitsleysi, börnunum og unglingunum sem eru þar, kennurum og skólastjórnendum, skólanefndum og sveitarstjórnum. Einhver mundi kannski nota þau orð

að þar hafi verið gengið um á skítugum skónum eða eitthvað þvíumlíkt en ég ætla í sjálfu sér ekki að gera það. Ég verð að segja eins og er að mig setur iðulega hljóðan þegar ég hugsa um hvernig menn hafa farið með þessi mál í menntmrn. á undanförnum mánuðum, þar sem menn höfðu um nokkurra ára skeið gert tilraunir til að stilla saman strengi skólastéttanna á Íslandi á þeim forsendum að samstaða yrði til um það sem ég hef kallað íslenska skólastefnu, þ.e. stefnu sem gengur út á það að lyfta skólanum ofar á forgangslista þjóðfélagsins, þannig að menntamálin séu mikið framar en þau hafa verið í hinni almennu, félagslegu og pólitísku efnahagslegu umræðu. Ég leit aldrei á það sem hlutverk mitt í menntmrn. að knýja þar fram flokksstefnu af neinu tagi heldur að leita að samnefnara. Samnefnara sem væri sæmileg sátt um í hinu almenna íslenska skólakerfi og ég get út af fyrir sig viðurkennt að sjálfsagt er í einhverjum tilvikum hægt að benda á að það hafi ekki tekist fullkomlega. T.d. tel ég að okkur hafi ekki tekist það í kjaramálum framhaldsskólakennara svo ég nefni dæmi. En á öðrum sviðum að því er varðar hina almennu framkvæmdaáætlun í skólamálum til næstu ára, þá tókst það vel. Það var mjög mikil samstaða um þá stefnu. Hún kom t.d. fram á Alþingi í því að lög um leikskóla voru samþykkt samhljóða, lög um grunnskóla voru samþykkt samhljóða, m.a. með ágætum stuðningi núv. hæstv. forseta Alþingis og núv. hæstv. menntmrh. Þarna hafði í rauninni fundist víðtækur samnefnari. Mér finnst að Sjálfstfl. hafi núna því miður, eins og stundum áður í menntmrn., horfið frá þessari grundvallarhugsun og það sé verið að reyna að knýja fram stefnu sem byggist á allt öðrum forsendum. Mér finnst að stefnan einkennist af tvennu. Annars vegar er tilskipanastíllinn sem er mjög líkur því sem tíðkaðist í ráðherratíð Sjálfstfl. í menntmrn. hér áður, og hins vegar er einkavæðingarkreddan. Mér finnst að út af fyrir sig geti menn rætt um aðferðir, m.a. einkavæðingu og einkaskóla. Mín vegna má gera það. En menn eiga auðvitað aldrei að fórna grundvallarmarkmiðum í uppeldisstarfi fyrir kreddur af hvaða tagi sem þær kunna að vera. Mér finnst að það hafi í raun og veru því miður verið þannig að menn hafi fórnað grundvallaratriðum á altari kreddu, ekki pedagógískrar kreddu, ekki uppeldislegra skoðana, heldur rekstrarlegra skoðana, tiltekinna mjög þröngra sjónarmiða sem aðeins minni hluti Sjálfstfl. stendur á bak við. Eins og m.a. hefur komið í ljós í þessari umræðu og í umræðunni úti í þjóðfélaginu er aðeins brot af Sjálfstfl., það er kreddu-parturinn af íhaldinu, sem getur í raun og veru tekið undir þessi sjónarmið. Við þessu vil ég almennt vara.

Ég gæti í þessum efnum farið yfir ýmsa hluti. Ég gæti t.d. farið yfir bréf aðstoðarmanns menntmrh. um framkvæmdarstefnu ritsins Til nýrrar aldar. Þetta bréf lýsir svo miklum hroka og lítilsvirðingu gagnvart skólastéttum að það er algerlega ótrúlegt. Ég bendi á það í allri vinsemd að það fólk er ekki tilfinningalaust sem hefur starfað að því að reyna að ná samstöðu um þessi mál. Að þessi stefna er birt í minni tíð liggur auðvitað fyrst og fremst í því að ég lét hefja störf við þetta í nóvemberlok 1988 og þau tóku langan tíma. Og það var eitt sem mér gramdist við birtingu stefnunnar fyrst og fremst. Það var það að ekki skyldi vera hægt að koma plagginu út fyrr en nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Það spillti fyrir því. Mér fannst það ódýrt af núv. menntmrh., sem vissi hve faglega var unnið að málinu, að reyna að gera skjalið tortryggilegt með orðum sínum hér áðan. Mér fannst það óþarflega ódýrt miðað við það hvernig þessi mál hafa verið lögð upp.

Ég tel t.d. að framkoman við Menntaskólann við Hamrahlíð sé tilskipanastíll. Þar er ráðuneytið að hlutast til um innri mál framhaldsskólanna þar sem Menntaskólinn við Hamrahlíð er að reyna að taka á tilteknum innri vandamálum. Mér finnst það vera eins að því er varðar Kennaraháskóla Íslands. Ég dreg í efa að nokkurn tíma hafi háskólastofnun á Íslandi verið sýnd önnur eins lítilsvirðing og að skipa henni að breyta sínu námi í grundvallaratriðum með aðeins tíu daga fyrirvara. Og hvernig er það, hafði hæstv. menntmrh. og Alþingi og ríkisstjórnin ekki áður möguleika á að grípa þarna í taumana? Jú, að sjálfsögðu þegar lögin um Kennaraháskóla Íslands voru sett. Þau voru sett veturinn 1987–1988. Þá er Birgir Ísl. Gunnarsson menntmrh. Hann gerir ítarlega grein fyrir því í sinni ræðu hvaða rök eru fyrir því að taka upp fjögurra ára kennaranám. Er einhver sem mótmælir því? Nei. Er einhver sem fagnar því? Já. Hverjir? Allir. Fleiri, fleiri ræðumenn úr öllum flokkum fögnuðu frv. eins og það kom fyrir. Engar athugasemdir af neinu tagi. Og bara til að sýna hver samstaðan var í raun og veru þá segir frsm. menntmn. Nd. á sínum tíma, Sverrir Hermannsson, þetta. Þetta er ræða hans í heild, virðulegi forseti sem ég fer núna með.

„Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands og leggur einróma til að það verði samþykkt eins og hv. Ed. gerði það úr garði."

Engar athugasemdir. Og þess vegna er það auðvitað skiljanlegt að það komi forráðamönnum Kennaraháskólans á óvart, að ekki sé meira sagt, hvernig að þessu er staðið. Það eru send tilskipunarbréf. Það er ekki kallað á forráðamenn þessara stofnana til samtala um málið. Það eru tilskipunarbréf í fornum stíl eins og tíðkuðust hér fyrr á öldum. Þetta gengur auðvitað ekki.

Ég hef mjög knappan tíma, virðulegi forseti, miðað við hvað það er í rauninni margt sem væri hægt að segja um þetta mál. Ég ætla aðeins að víkja að örfáum atriðum sem komu fram í máli hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi segi ég í sambandi við skólagjöldin að það bersýnilegt að hann hefur dregið í land. Það er bersýnilegt að ráðherrann viðurkennir núna að hann er á tæpu vaði með að leggja á skólagjöld samkvæmt gildandi framhaldsskólalögum. Það er gott að hann hefur áttað sig á því gagnstætt því sem hann fullyrti í sjónvarpi um það leyti sem þessi umræða hófst að það væri hægt að leggja þessi skólagjöld á samkvæmt framhaldsskólalögum. En ég segi: Ég tel þetta stórhættulega braut í grundvallaratriðum vegna þess að hún vinnur á móti þeirri grunnhugsun í skólakerfinu að stuðla að jöfnun í aðstæðum til menntunar. Hér er ekki verið að leggja á skatt eftir efnum og ástæðum. Hér er

verið að leggja á nefskatta sem koma þyngra á þá sem litla fjármuni hafa en aðra. Ég segi því alveg eins og er: Mér er skapi næst að biðja hæstv. menntmrh. úr þessum stól um að hugsa sinn gang, átta sig á því að þetta er hættulegt. Þetta er varasamt fyrir jafnréttisþróun íslenska skólakerfisins. Og ég bið menn í rauninni í hvaða flokki sem þeir eru að íhuga að þetta getur haft hættulegar afleiðingar.

Ég ætla að víkja lauslega að framhaldsskólanum. Það er út af fyrir sig athyglisvert sem hæstv. menntmrh. segir að það var gáleysislegt að ákvarða að framhaldsskólinn ætti að vera fyrir alla. Hann sagði: Það vantaði fyrirhyggju. Ég get tekið undir margt af því sem hann sagði í þessum efnum. Hins vegar bendi ég á að framhaldsskólalögin voru ekki í sett minni tíð heldur áður. Við stóðum frammi fyrir því verkefni, sem er flókið og að sumu leyti óleysanlegt eins og staðan er í dag, að taka við öllu þessu fólki þar sem vantaði í raun og veru undirbúning að því er varðaði kennara, að því er varðaði húsnæði, að því er varðaði fjármagn og að því er varðaði námsframboð. Hvert er okkar svar í þessu efni? Okkar svar er það að breyta framhaldsskólanum í grundvallaratriðum þannig að fólk geti lokið námi til tiltekins prófs á einu eða einu og hálfu ári en ekki þurfi allir að taka stúdentspróf eða sveinspróf. Með þessu móti sáum við fram á að það væri hægt að spara stórkostlega í framhaldsskólunum vegna þess að í dag er það þannig að af 16 þúsund nemendum framhaldsskólanna eru milli 35–40% í raun og veru á fyrsta ári. Það er með öðrum orðum fólk sem er að spóla, sem er aftur og aftur og aftur að reyna að fara í tiltekna áfanga sem menn ráða síðan ekki við af ýmsum ástæðum. Þetta er dýrt og þetta er óskynsamlegt fyrir fólkið af því að það brotnar niður í þessu kerfi. Þess vegna þarf að breyta námsframboði framhaldsskólanna í grundvallaratriðum og að því á að vinna, en það á ekki að reyna að leysa vanda framhaldsskólanna og takmarka aðgang að þeim með því að leggja á skatta eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi í útvarpinu núna fyrir nokkrum dögum. Skólagjöldin eru vel til þess fallin að draga úr aðsókn að skólunum. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, að yfirlýsingar af þessu tagi eru gersamlega þvert á alla þá grunnhugsun sem skólastarf á Íslandi hefur byggst á.

Ég vil einnig segja það í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að í skólamálum gildir það að menn eiga ekki að reyna að stjórna þeim eftir reglustikum og tommustokkum vegna þess að aðstæður eru svo mismunandi. Ég fagna því að hæstv. menntmrh. er að undirbúa það að taka sérstaklega á málefnum Reykholtsskóla. Á málefnum framhaldsskólanna verður að taka með mismunandi hætti vegna þess að aðstæðurnar eru mismunandi. Og ég fagna því einnig sem hæstv. ráðherra sagði varðandi Fjölbrautaskólann í Garðabæ að þar hefur verið gengið frá skólasamningi. Það er skynsamlegt. Þar er reynt að taka á málum út frá forsendum þess skóla og slíkan skólasamning þyrfti í raun að gera við hvern einasta framhaldsskóla í landinu. Mér þykir vænt um það að hæstv. menntmrh. skuli halda sig á þeirri braut.

Ég gæti sagt ýmislegt fleira um þessi mál að sinni, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að bæta þar miklu við nema aðeins út af því sem hv. 11. þm. Reykn. sagði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi skólana og ræddi um þá hugmynd frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að hugsanlegt væri að flytja alla skólana yfir á sveitarfélögin. Ég tel það ekki skynsamlegt. Þó að skólarnir á Reykjavíkursvæðinu gætu kannski ráðið við það er landsbyggðin svo miklu veikari í þessu efni. Ég held að menn eigi að hugsa það mjög alvarlega hvernig er hægt að endurskipuleggja þessi mál á ný þannig að ríkið og sveitarfélögin hafi meira samstarf um skólana upp úr og niður úr en gert er samkvæmt gildandi lögum.

Að lokum þetta. Ég tel að fjögur atriði liggi mjög skýr fyrir eftir umræðuna um menntamál á þessu hausti. Í fyrsta lagi að Sjálfstfl. er að reyna að framkvæma stefnu sem hluti hans styður og er kreddustefna einkavæðingar og tilskipana. Sjálfstfl. hefur því miður ekki reynst þeim vanda vaxinn að honum sé treystandi fyrir skólamálum eins og kom reyndar fram í tíð fyrrv. hæstv. ráðherra Sverris Hermannssonar.

Í öðru lagi vil ég segja það í tilefni af umræðunni að skólamálin eru ódýr, menntamálin eru ódýr. Það er rangt að setja hlutina þannig upp að menntunin sé dýr. Í raun og veru er það svo að þróun og uppbygging menntakerfisins, rannsóknir, vísindi og þróunarstarfsemi eru undirstaða góðra lífskjara og sá sem gegnir starfi menntmrh. á ekki að koma fram eins og aðstoðarfjármálaráðherra. Hann á að halda á merkjum skólastarfs af fullri reisn og kröfuhörku fyrir hönd þess unga fólks sem er í skólanum og þeirrar framtíðar Íslands sem býr í þessu unga fólki.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örfá orð út af skólagjöldunum þótt mér þyki í raun og veru nóg komið. En það kemur enn og aftur fram að núv. ríkisstjórn sé með áætlanir sem aldrei hafi verið framkvæmdar áður. Það er eins verið sé að leggja til að lögð verði á skólagjöld í fyrsta skipti. Þetta er bara einfaldlega ekki rétt. Og ég verð að spyrja: Hvar var hv. þm. Svavar Gestsson? Var hann ekki í menntmrn. þegar skólagjöld voru lögð á skólaárið 1990–1991? Ég veit ekki hvað ég má fara langt aftur í tímann vegna þess að ég hef ekki gögn í höndunum. En ég hef gögn í höndunum um álagningu skólagjalda í framhaldsskólakerfinu fyrir skólaárið 1990–1991. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talaði um að það hefði verið lagt á eitthvert smálegt. (**ÓPP:** Efnisgjald.) Efnisgjald, já. (Gripið fram í.) Já, það er bara því miður svo, eins og ég sagði áður, að flestir skólar sem hafa lagt á skólagjöld hafa ekki séð ástæðu til að gera ráðuneytinu grein fyrir því. Sumir hafa gert það. Einkum þeir sem hafa lagt á hæstu gjöldin. Það má vel vera að mönnum þyki þetta eitthvað smálegt þegar einstakir skólar fá í sinn hlut 2,5 — fyrir 5,7 millj. er að vísu gerð grein fyrir, það er Fjölbrautaskólinn í Breiðholti — en 2,4 millj., 2 millj. fá aðrir skólar. Það má vel vera að þetta sé eitthvað smálegt, en þetta er nokk-

uð sem hefur gerst. Það eru staðreyndir málsins.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að það hafa verið innheimt skólagjöld, ég hugsa í raun og veru alveg frá því að skólastarf hófst á Íslandi, frá því að Ísleifur biskup Gissurarson setti niður skóla á sínum tíma og frá því að stofnaður var Hólaskóli og skóli í Skálholti. En það sem við erum að tala um hér er þetta: Skólagjöld þau sem hafa verið innheimt hafa verið tekin til félagsstarfs nemenda í fyrsta lagi. Í öðru lagi eru efnisgjöld upp í 18 þús. kr., hygg ég, á önn þar sem hæsta dæmið er sem mig minnir að sé frá hússtjórnarbraut Menntaskólans á Akureyri. Í þriðja lagi er um að ræða skóla sem gilda um sérstök afbrigðileg ákvæði í framhaldsskólalögum. Þ.e. Verslunarskólinn sem tekur 37 þús. kr. og er sérstaklega undanþeginn almennum ákvæðum laganna með ákveðinni lagagrein.

Þegar framhaldsskólalögin voru svo sett er ákveðið að setja í 8. gr. ákvæði um þessi gjöld til þess að ríkið geti í raun og veru verið með þau inni í sínum fjárlagafrv. og uppgjörum og gert kröfu á skólana um að þeir skili þessu. Hvað gerir núv. ríkisstjórn? Hún gerir enga slíka kröfu á skólana. Í rauninni er það þannig að þegar fjárlagafrv. birtist er engin grein gerð fyrir þessum gömlu skólagjöldum. En um það snýst málið hins vegar ekki. Málið snýst um það að ríkisstjórnin er að tala um að leggja á ný skólagjöld í rekstur skólanna, laun og annan rekstrarkostnað. (**Gripið fram í:** Ekki laun.) Nei ekki laun, en annan rekstrarkostnað samkvæmt 32. gr. laganna. Það er óheimilt samkvæmt 2. tölul. þeirrar greinar vegna þess að þar er nákvæmlega tiltekið að allur rekstur á að greiðast úr ríkissjóði. Þess vegna er það svo að ef ráðherra ætlar að taka skólagjöld í þessu efni verður að breyta lögum.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér áðan: Menntun er ódýr. Af því tilefni langar mig til að taka undir og benda á að það kom í ræðu Þórólfs Matthíassonar lektors á iðnþingi, sem er haldið í dag, að Ísland ver næstminnst af öllum ríkjum OECD í menntun. Eina ríkið sem ver minna er Grikkland og ég reikna með því að Ísland muni njóta þess vafasama heiðurs að fara í neðsta sæti eftir þær aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlar að beita í menntamálum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að fara örfáum orðum um ummæli hv. 11. þm. Reykn. Hún talaði í nokkrum umvöndunartón til þingmanna um að enn þá væru ekki komin nema tíu mál til nefnda. Ég get deilt áhyggjum hennar varðandi þetta. En þar sem það er stjórnarþingmaður sem setti þetta fram vil ég benda þingmanninum á að af þessum tíu málum eru einungis þrjú frá ríkisstjórninni. Að þessu gefna tilefni, virðulegi forseti, sé ég ástæðu til að vekja athygli á því að við erum að fara í viku frí á morgun sem er, eftir því sem ég skil, til komið að frumkvæði stjórnarflokkanna. Málum er þannig háttað að þessa 23 daga sem þing hefur staðið og hv. þm. nefndi hafa ráðherrar ekki verið til staðar til þess að leggja mál fyrir þingið, hvað þá að fram gæti farið umræða til þess að koma þeim til nefndar. Síðan átti það að gerast í dag, og það er kannski það sem stjórnarliðar sjá ofsjónum yfir, að koma átti á næstsíðasta degi fyrir þetta frí heilum ellefu málum hæstv. ráðherra til nefnda. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð, virðulegi forseti, sem hljóta að vera mjög ámælisverð af hendi hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef ekki fleira um þetta að segja.

Ég ætla að fara örfáum orðum um skólamál almennt. Ég hef reyndar verið viðriðinn skólamál allt mitt líf þangað til á síðasta vori að ég lét af störfum sem skólanefndarformaður, fyrst sem nemandi, síðan kennari og loks starfað í skólanefndum. Ég hef oft bent mönnum á í þeirri umræðu að okkur er hollt að líta til baka og átta okkur á því að við höfum á mjög skömmum tíma tvöfaldað umfang okkar skólakerfis, bæði hvað snertir nemendur og fjármagn. Það er jákvætt að mínu mati. En það er jafnrétt að við stöldrum við annað slagið og veltum því fyrir okkur hvernig höfum við varið öllu því fjármagni og öllum þeim tíma sem við verjum til skólastarfsins. Höfum við aukið virknina um 100% á sama tíma? Það er að vísu ekki eðlileg krafa. En þetta er samt hlutur sem okkur er hollt að gera og er bráðnauðsynlegt núna, fyrst og fremst hvað snertir framhaldsskólana sem, eins og hér hefur margsinnis komið fram, hafa vaxið mjög ört á síðustu árum og hafa gengið í gegnum þó nokkra vaxtarverki.

Í öðru lagi get ég tekið undir það sem hér hefur verið nefnt að það fer lítið fyrir ákveðinni stefnumörkun í skólamálum hjá núv. ríkisstjórn og fátt eitt komið fram enn sem bendir til þess að hún sé væntanleg. Það sem við höfum helst heyrt og hefur vakið óróa meðal skólafólks eru óskilgreindar yfirlýsingar ákveðinna stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og skólagjöld. Það er því fyllilega réttlætanlegt að þessi umræða sé tekin hér upp vegna þess að almenn menntun og almennur réttur til menntunar er einn af hornsteinum okkar þjóðfélags og það eru örugglega nægilega öflugir aðilar tilbúnir til þess að standa upp og verja þá hornsteina. Að sá réttur sé óháður efnahag og búsetu er annað grundvallaratriði sem ekki hefur verið deilt um í þjóðmálaumræðu að undanförnu.

Það má kannski túlka þær hugmyndir um skólagjöld sem nú eru uppi sem svo að þær virðist nokkuð sakleysislegar. Það á að efla kostnaðarvitund fólks, bæði neytenda og þiggjenda, eins og við höfum margheyrt í ræðum talsmanna núv. ríkisstjórnar. En í höndum þeirra sem telja rétt að þau ryðji veginn til þeirrar einkavæðingar, til þess kerfis í skólamálum að menntunin sé forréttindi hinna ríku og þeirra sem njóta styrkja frá stofnunum og sjóðum sem veita styrki til menntunar eru þau skólagjöld sem nú er verið að leggja á stórhættuleg.

Ég vil að vísu ekki ætla núv. hæstv. menntmrh. að það sé í raun hans meining, en það verður ekki fram hjá því gengið að þetta er meining áhrifaríkra afla inn-

an hans stjórnmálaflokks. Það er heldur ekki hægt að ræða þessi mál hér öðruvísi en að setja þau aðeins í samhengi með þeirri umræðu sem verið hefur um námslán, þó hér eigi að fara fram önnur umræða um þau. Ef þær hugmyndir næðu fram að ganga til viðbótar við skólagjöldin þá erum við komin með, eins og ég gat um í umræðu um fjárlagafrv. í fyrrinótt, kerfi fyrirheitna landsins. Kerfi eins og það sem gildir í Bandaríkjunum þar sem menntun er, eins og ég sagði áðan, forréttindi hinna efnameiri og þeirra sem eiga aðgang að peningum og þeir sem ekki eiga aðgang að fjármagni verða að sækja sína menntun með því að gerast sjálfboðaliðar í hernum. Við höfum að vísu engan her á Íslandi og ég veit ekki hvert þeir mundu leita sem ekki ættu kost á menntun hér vegna fjárskorts.

Ég ætla að lokum að koma aðeins að skólamálum sem byggðamálum. Um það hefur margt verið rætt, m.a. í tengslum við Héraðsskólann í Reykjanesi. Ég ætla að nálgast þetta út frá því að eins og það var sjálfsagt að færa hluta af framhaldsmenntuninni frá höfuðborginni út á land á fyrri hluta þessarar aldar er jafnsjálfsagt í dag, eins og skólamál hafa þróast, að háskólastigið verði byggt upp utan höfuðborgarsvæðisins. Þar á ég náttúrlega sérstaklega við uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Ég legg á það áherslu að uppbygging hans áfram verði forgangsverkefni í uppbyggingu í skólamálum á næstunni. Menn hafa verið viljugir við að gefa yfirlýsingar um slíka hluti á góðum stundum. Það hefur gilt jafnt um ráðherra sem stjórnmálaflokka. En mér hefur reyndar fundist á stundum að ekki fylgi alltaf hugur máli og það hafi virkilega þurft að berjast fyrir hverjum áfanga. Þrátt fyrir að sá skóli sé staðreynd í dag þá stendur hann enn mjög veikum fótum og þarf dyggan stuðning, bæði sinna velunnara og ríkisvaldsins meðan hann er að festa sig í sessi áfram.

Ég ætla að nefna tvö lykilatriði varðandi þróun Háskólans á Akureyri. Í fyrsta lagi fyrirætlanir um kennaramenntun við skólann og að þær verði að veruleika. Það hefur að mínu mati tvíþættan tilgang. Það er sú leið sem á skemmstum tíma getur veitt skólanum það vægi hvað snertir nemendafjölda og umfang til þess að festa sig í sessi og eins og hér hefur komið fram áður í dag þá er það lykilatriði að mínu mati til þess að bæta úr kennaraskorti í dreifbýli. Það segir kannski einhver: Skiptir það einhverju máli hvar menn sækja sína menntun? En við þurfum ekki annað en að líta á þá könnun sem gerð hefur verið meðal nemenda við Kennaraháskóla Íslands í Reykjavík til þess að sjá að hér er um að ræða raunverulega hættu. Meiri hluti nemenda við Kennaraháskóla Íslands eru konur, og það er ekki nema góðra gjalda vert, en það sem meira er er að meiri hlutinn eru giftar konur eða í sambúð og búnar að koma sér upp heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég ætla að nefna annað atriði um Háskólann á Akureyri sem hefur að vísu verið nokkurt feimnismál. Menn hafa rætt það sín á milli en ekki viljað ræða mikið opinberlega. Það er að nú þegar verði hugað að því að Háskólinn á Akureyri fái sérstakan tekjustofn til sinnar uppbyggingar líkt og Háskóli Íslands hefur haft með sínu happdrætti um áratugaskeið. Það er hægt að færa að því sterk rök að Háskóli Íslands hefði aldrei orðið það sem hann er í dag ef hann hefði ekki haft þennan sjálfstæða tekjustofn og þurft að reiða sig á bein framlög úr ríkissjóði til sinnar uppbyggingar. Í öðru lagi er það að mínu mati grundvallaratriði í því að Háskólanum á Akureyri takist að standa við og þróa sitt akademíska frelsi að hann geti haft ákveðið frumkvæði og sýnt fram á eigin tekjustofna til þess að hrinda fyrirætlunum sínum í framkvæmd. Þetta er atriði sem ég mundi vilja vinna að og í samvinnu við núv. ríkisstjórn ef hún vill ljá á máls á þessu.

Að lokum, virðulegi forseti, um skólamál sem byggðamál vil ég benda á þá tilhneigingu núv. stjórnvalda — hún hefur kannski komið skýrar fram í heilbrigðismálum en skólamálum en þó bryddað á henni þar, m.a. sagði hæstv. menntmrh. áðan að það sem væri að gerast í Reykjanesskólanum núna væri bara fyrsta tilvik af langri röð, ég man ekki hvort hann orðaði það akkúrat þannig, og við ættum eftir að sjá mörg slík tilfelli á næstunni — að setja samasemmerki á milli sparnaðar og aukinnar miðstýringar og þá á höfuðborgarsvæðinu. Eins og ég sagði hefur þetta verið meira áberandi í heilbrigðiskerfinu þar sem menn gefa sér þá hæpnu forsendu að það sé hagkvæmt að leggja niður litlar skurðstofur úti á landi til þess að dekka á móti rándýrar skurðstofur byggðar fyrir dýrar aðgerðir á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Þetta er stórhættuleg stefna sem að mínu mati er alls ekki sparnaðarstefna og byggðafjandsamleg í þokkabót, ekki síst í dag þegar við hljótum að fara að líta á öll byggðamál í nýju ljósi og þegar Reykjavík er kannski orðin útkjálki frá Brussel.

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. sem fóru fram á þessa utandagskrárumræðu um skólamál sem hefur auðvitað komið í ljós að full þörf var á. Það hefur verið þannig á stundum síðustu mánuði að það hefur hvarflað að mörgum að hæstv. menntmrh. væri kominn í einhverja samkeppni við hæstv. heilbrrh. um það að fá athygli fjölmiðla. En það verður að segjast um hæstv. heilbrrh. að hann virðist ætla að halda tigninni.

Vegna orða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um að nauðsynlegt væri að auka vægi þingnefnda, þá vil ég í upphafi taka undir það sjónarmið en jafnframt beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. að þessu gefna tilefni, hver það var í menntmrn. ef það hefur ekki verið hæstv. ráðherra sem neitaði beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í menntmn. um að fá bréfaskipti menntmrn. og Kennaraháskóla Íslands og einnig bréfaskipti Menntaskólans við Hamrahlíð og menntmrn. Því miður hefur hv. þm. ekki fengið þessi bréfaskipti til sín þrátt fyrir beiðni, bæði í þingnefndinni og þó málið hafi verið tekið upp við virðulegan forseta.

Hæstv. ráðherra fór eðlilega víða í umræðunni og hóf svör við ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um skólagjöld. Þar kom ýmislegt markvert fram, m.a. að hugmyndir hæstv. ráðherra um skólagjöld gera ráð fyr-

ir því að um hámarksupphæð sé að ræða. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé hugmyndin að þessi hámarksupphæð gildi einnig fyrir einkaskóla, og á ég þar að sjálfsögðu fyrst og fremst við Verslunarskóla Íslands, vegna þess að það er ljóst að breyta verður lögum ef menn ætla að ná fram þeim markmiðum sem menn hafa sett sér við þessa gjaldtöku. Það liggur ljóst fyrir öllum sem það vilja skilja ef lesin er 8. gr. laga um framhaldsskóla. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.“ — Það segir að það má eingöngu innheimta þessi gjöld og engin önnur. En það kemur fram í fjárlagafrv. að gert er ráð fyrir að þessi gjöld verði notuð til að lækka rekstrargjöld hjá skólum, en miðað er við, eins og þar segir, að skólarnir geti lagt á innritunar- og efnisgjöld og/eða lækkað rekstrargjöld til þess að semja starfsemina að fjárveitingum.

Ég vil fara fram á það við hæstv. menntmrh., að hann nefni okkur dæmi hvernig þetta getur orðið í raunveruleikanum. Æskilegast þætti mér að hæstv. ráðherra tæki dæmi af þeim framhaldsskóla sem næstur okkur er, þ.e. Menntaskólanum í Reykjavík, þannig að við fengjum hér í þingsölum „konkret“ dæmi um hvernig þetta er hugsað. Við höfum því miður ekki fengið nægjanlega skýr svör við því í menntmn. þrátt fyrir að embættismenn menntmrn. hafi verið um það spurðir.

Eitt til viðbótar varðandi skólagjöldin. Það kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. að mjög margir framhaldsskólar, að því er mig minnir, hafi notað þessi skólagjöld, sem innheimt hafa verið fram að þessu, til rekstrar. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. menntmrh. komi fram með það hvaða skólar eru þarna á ferðinni vegna þess að meðan það er ekki gert þá sitja allir framhaldsskólar undir þeirri ásökun hæstv. ráðherra að hafa í raun og veru brotið lög sem þeir eiga að starfa eftir.

Það er einnig nauðsynlegt að fá svör frá hæstv. ráðherra um það hvernig ríkisstjórnin hyggst manna þá nefnd sem m.a. á að yfirfara rekstur framhaldsskólanna vegna þess að í fjárlagafrv. segir að þessa nefnd muni ríkisstjórnin skipa. Það vekur óneitanlega þann ótta eftir að hafa hlýtt á m.a. fulltrúa námsmannahreyfinganna á fundi menntmn. þar sem þeir fjölluðu um ágæta nefnd sem hæstv. ráðherra skipaði um endurskoðun á reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna að þarna verði á ferðinni svipuð nefnd sem loki sig af og hafi ekki samráð við neina aðila sem að málinu koma.

Það er einn þáttur sem minnst er á í hinni hvítu bók sem nauðsynlegt er að fá frekari skýringar á frá hæstv. ráðherra og hann minntist einnig á sjálfur í ræðu sinni áðan. Það er varðandi einkavæðingu og einkaskóla. Í hinni hvítu bók segir að staða einkarekinna skóla í skólakerfinu verði skilgreind nánar. Spurning er hvort hægt er að fá á þessu stigi nánari skýringu á því hvað þarf að skilgreina nánar.

Þá er einnig nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur með örfáum dæmum um hvaða þættir í skólastarfinu það eru sem hæstv. ráðherra telur hægt að einkavæða.

Það er einn þáttur í skólastarfi hér á landi sem er líklega hvað mest einkavæddur, en það er fullorðinsfræðsla. Þar kemur að máli mikill fjöldi aðila og samkvæmt ágætri bók, Til nýrrar aldar, kemur m.a. fram að á árinu 1990 hafi um 150 aðilar komið nálægt fullorðinsfræðslu. Það er ekki síður athygli vert að í þessari sömu bók kemur einnig fram að á árinu 1990 hafi framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu á vegum nær allra ráðuneyta eða undirstofnana numið um 300–400 millj. kr. Ég hefði haldið, hæstv. menntmrh., að þegar tekið var til sparnaðarverka í menntmrn. þá hefði mátt skoða þennan þátt öllu betur. Það sem vekur enn meiri athygli er að það er ekki að sjá að menntmrn. hafi hug á því að auka sinn þátt í fullorðinsfræðslunni þegar fjárlagafrv. er skoðað. Hins vegar virðist félmrn. ætla að stórauka sinn þátt í þessari fræðslu því undir liðnum Starfsmenntun í atvinnulífinu er aukning úr 15 millj. á þessu ári í 58 millj. á því næsta. Þarna hefði ég haldið að hægt hefði verið að samræma hlutina og vera ekki að hafa þá á víð og dreif í ráðuneytunum. Það hefði verið eðlilegt að menntmrn. hefði þarna ákveðna yfirumsjón. Ég er sannfærður um að hægt er að auka verulega sértekjur stofnana og þar á meðal skólanna vegna þess að sú fullorðinsfræðsla sem m.a. fer fram í framhaldsskólum landsins er ódýrasta fullorðinsfræðsla sem fram fer og ekki bara ódýrasta heldur trúlega sú besta eða a.m.k. nálægt því að vera sú besta og þegar slíkt fer saman held ég að vænlegt sé að reyna að efla og breiða út slíka starfsemi.

Ein er sú stofnun sem sinna á grunnskólum landsins og heitir Námsgagnastofnun. Samkvæmt fjárlagafrv. virðist ekki vera gert ráð fyrir að framlag á nemanda verði aukið til þeirrar stofnunar. Því er nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. skýri hvort ekki sé ætlunin að framfylgja því sem ótvírætt er samkvæmt lögum, að nemendur í grunnskólum landsins eigi að fá öll kennslugögn ókeypis. Að vísu er sagt í hvítu bókinni: „Stefnt verður að aukinni þátttöku almennra bókaforlaga í gerð námsgagna.“ Hugsast gæti að þarna væri hugmyndin að bjóða út gerð námsgagna og hæstv. ráðherra hafi þá trú að með því sé hægt að spara stórar upphæðir og hægt sé að ná þessum markmiðum laganna fyrir sama pening og áður var þegar sá háttur var ekki á hafður að nemendur fengju öll gögn ókeypis.

Það hefur komið fram víða að markmið ríkisstjórnarinnar sé að auka sjálfstæði framhaldsskólanna, bæði faglegt og fjárhagslegt. Því er hins vegar ekki að neita að þau vinnubrögð sem notuð hafa verið og hér hafa verið gerð að umtalsefni hvað eftir annað vekja ugg vegna þess að skólakerfið er auðvitað viðkvæmt sem slíkt og það ber að meðhöndla það á þann hátt. Það gengur ekki að gefnar séu fyrirskipanir út og suður eftir geðþótta hverju sinni. Við höfum haft af því reynslu og ég hélt að það væru liðnir tímar að hæstv. menntmrh. gengi í spor sumra fyrirrennara sinna sem ekki þarf að nefna dæmi um því að þau ættu að vera öllum vel kunn.

Örlítið hér til viðbótar um grunnskóla. Það kemur fram í fjárlagafrv. að ákveðið hefur verið að seinka gildistöku nokkurra ákvæða nýrra grunnskólalaga, m.a. um hámarksfjölda nemenda í bekkjum. Því miður hafa ekki fengist um það nægjanlega skýr svör hversu mikið þessi ákvæði hefðu kostað hefðu þau verið látin taka gildi, en það vekur athygli að gert er ráð fyrir að almennar sparnaðaraðgerðir í grunnskólunum spari um 50 millj. og þeirra getið í greinargerðinni án þess að sérstaklega sé tilgreint hvað þarna er átt við.

Það er einnig nauðsynlegt, hæstv. menntmrh. að í þessari umræðu komi fram hvenær hæstv. menntmrh. gerir ráð fyrir að endurskoðun á bókinni Til nýrrar aldar verði lokið vegna þess að ekki er hægt að skilja orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að þar til því verki er lokið sé menntastefna ráðuneytisins í raun og veru ekki ljós. Það er ekki síður mikilvægt að fá um það upplýsingar hvernig þessi endurskoðun á að fara fram. Það hefur komið fram hér í umræðunum að þessi bók er ekki einkasmíði eða fámennissmíði, heldur smíði fjölda aðila á víð og dreif í skólakerfinu. Þess vegna er eðlilegt að spyrja: Verður farið að þessari endurskoðun á sama hátt, að sami fjöldi aðila fái að koma að þeirri endurskoðun eða er ætlunin að færa hana inn í fámennari hóp? Þá væri ekki síður nauðsynlegt að fá að heyra hvaða gæðingar fái að sitja þar.

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu og enda á því að gera stutta athugasemd við ummæli hæstv. menntmrh. um forustu kennarasamtakanna. Hæstv. ráðherra orðaði það svo að nauðsynlegt væri að forusta kennarasamtakanna þyrfti ekki að vera eins upptekin við kjaramálin og hún hefði verið. Þetta var væntanlega vel meint vegna þess að ef kjörin væru betri gæti forusta kennarasamtakanna að sjálfsögðu farið að sinna ýmsum öðrum málum. Ég held þó að nauðsynlegt sé að fram komi að forusta kennarasamtakanna og sérstaklega Kennarasambands Íslands hefur sinnt skólastefnu og skólamálum mjög mikið og ég efast um að mörg stéttarfélög í landinu hafi sinnt faglegri umræðu jafn vel.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru of margar spurningar til að ég geti svarað þeim á tveimur mínútum. Til þess hins vegar að taka það sem hv. þm. nefndi síðast og til að fyrirbyggja allan misskilning er mér mætavel kunnugt um það að forusta kennarasamtakanna hefur auðvitað sinnt öðru en kjaramálum, en ég sagði að mér þætti vont að hún væri svo mjög upptekin við þau eins og hún er og var svo sem ekkert hissa, ég tók það fram.

Ég var spurður hver í menntmrn. hefði neitað beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um bréfaskipti ráðuneytisins vegna Kennaraháskólans og Menntaskólans við Hamrahlíð. Það var komið með þau erindi til mín og ég heimilaði ekki að þetta bréfasafn yrði látið út. Það er einfaldlega þannig að menntmrn. lætur ekki sitt bréfasafn út til einstaklinga, jafnvel ekki þó að þeir séu þingmenn, um einstaka liði, hvað þá safnið allt. Ég vona að menn skilji það. Það er svo sérstakt athugunarefni ef beiðni kemur frá þingnefnd, og slíkar beiðnir hafa komið til einstakra ráðuneyta, veit ég, um upplýsingar, og það verður skoðað í hverju einstöku tilviki.

Hvort þessi hámarksupphæð sem er verið að tala um að setja á skólagjöldin gildi fyrir þessa svonefndu einkaskóla, það getur varla orðið. Ég nefni þar Verslunarskólann sem þegar innheimtir yfir 30 þús. kr. en ég held að það sé alveg ljóst að hann yrði að bæta við sína gjaldtöku vegna þess að það framlag sem Verslunarskólinn fær frá ríkinu miðast við meðalkostnað tveggja menntaskóla, ef ég man rétt, Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans við Sund.

Hvaða skólar hafi notað skólagjöldin til reksturs og þar með brotið lög, ég ætla ekki að fullyrða að þeir hafi brotið nein lög. Ég veit ekki til hvers þeir hafa notað þetta fé vegna þess að þeir hafa ekki gert ráðuneytinu grein fyrir því. Það hefur áður komið fram í mínu máli. Þetta er liður því sem verður sérstaklega skoðað fyrir afgreiðslu fjárlaga, hvað er raunverulega heimilt samkvæmt gildandi lögum að innheimta upp í rekstrarkostnað skóla. Það hafa verið settar fram efasemdir um að þetta sé heimilt og það verður kannað.

Ég hef ekki ákveðið það endanlega hvernig þessi nefnd verður skipuð og er algjör óþarfi að líkja því við það sem ég ákvað varðandi endurskoðun lánasjóðslaganna. Þar lofaði ég, og mun standa við það, að eftir að hugmyndir þeirrar nefndar hafa komið fram verði haft samráð við samtök námsmanna, og það verður gert. (Forseti hringir.) Ég er ekki nálægt því búinn. Ég ætla ekki að syndga mikið upp á náðina en mér finnst ég þurfa að svara einu. Reyndar þarf ég að svara miklu fleiru, ég skal vera mjög stuttorður.

Það var spurt hvað það væri sem hægt væri að einkavæða. Tilefnið var sjálfsagt að ég sagði að ég væri ekki með neinar hugmyndir um að einkavæða skólakerfið í heild, svo var ekki. Hins vegar má kaupa ýmsa þjónustu sem nú er innt af hendi af ríkisstarfsmönnum, þar á meðal kennslu, líkt og er í Verslunarskóla Íslands, og ég nefni t.d. ræstingu. Hv. þm. nefndi sjálfur fullorðinsfræðslu og það er ýmislegt svona sem má athuga. Talið er að það sem sparast við það sem ætlunin er að leggja fyrir Alþingi, um frestun á vissum þáttum grunnskólalaganna, muni verða um 40 millj. frá haustmissiri 1992. Ef um allt árið væri að ræða yrðu það 100 millj. kr.

Fleira hefði ég viljað segja en ég má ekki misbjóða þolinmæði forseta.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir þeirra þingmanna sem hafa lýst ánægju sinni með að hér skuli fara fram umræður um menntamál. Ég hef lengi talið að mjög skorti á slíka umræðu í íslenskri þjóðmálaumræðu og þess vegna fagna ég því.

Við lifum í síbreytilegum heimi sem einkennist í senn af samvinnu og samkeppni þjóða á milli. Um þetta höfum við einmitt verið að tala í þinginu á síðustu dögum í tengslum við samningana um Evrópskt efnahagssvæði. Við þessar aðstæður tel ég að aldrei

hafi verið jafnmikilvægt fyrir okkur Íslendinga og einmitt núna að huga vel að menntakerfi okkar því að aukin samkeppni kallar á enn þyngri áherslur á þau mál sem að menntuninni snúna. Aðeins með því að leggja áherslu á góða undirstöðumenntun fáum við staðist öðrum þjóðum snúning í samkeppninni.

Við Íslendingar höfum oftast nær verið ófeimnir við að bera okkur saman við aðrar þjóðir í flestum efnum og okkur þykir oft að okkar hlutur sé góður. Ef við berum okkur hins vegar saman við aðrar þjóðir í skóla- og menntamálum, hvað blasir þá við? Íslensk börn hefja skólagöngu seinna en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum. Íslensk börn verja styttri tíma á dag í nám í skólanum en börn með öðrum þjóðum og íslenskir unglingar útskrifast seinna en unglingar með öðrum þjóðum sem stúdentar eða úr öðrum framhaldsskólum og hefja háskólanám seinna en ungt fólk annars staðar í nágrannalöndum okkar. Þetta er það sem blasir við og kannski má draga það saman í hnotskurn að við notum tímann illa, við gætum notað tímann miklu betur.

Hv. þm. Svavar Gestsson, fyrrv. menntmrh., lét áðan eins og allt hefði verið blúndulagt í hans tíð í menntmrn. Hann hrósaði sjálfum sér og starfsháttum sínum og hann deildi á Sjálfstfl. og menntmrh. með fullyrðingum í hneykslunartón. Ég held að umræðurnar sem við höfum átt hér í dag sýni svo ekki verður um villst að það er ekki allt jafngott og hann vildi vera láta. Það er mikið verk að vinna í menntamálum þjóðarinnar þannig að við sjálfstæðismenn höfum nóg að gera í þessi fjögur ár, og við ætlum okkur að vinna vel.

Það sem ég vildi helst gera að umræðuefni er framhaldsskólinn vegna þess að ég tel að þar sé mesti vandinn í íslensku skólakerfi í dag. Framhaldsskólinn var opnaður upp á gátt fyrirhyggjulaust undir slagorðunum „framhaldsskóli fyrir alla“ og „jafnrétti til náms“. Um leið og þetta var gert var ekkert hugsað fyrir því hvernig því yrði mætt að inn í framhaldsskólann kæmu miklu fleiri nemendur en áður höfðu verið þar. Kennararnir voru ekki viðbúnir að taka við þessu. Skólarnir voru ekki viðbúnir hvað varðaði húsnæði og búnað. Nemendur voru heldur ekki viðbúnir, og við sitjum uppi með mjög stórt, óleyst vandamál.

Í framhaldi af þessu mætti kannski velta fyrir sér þessum spurningum: Í hverju er jafnrétti til náms fólgið? Er jafnrétti til náms fólgið í því að allir fari sömu leið, óháð hæfileikum og þörfum einstaklinganna? Svari því hver fyrir sig. Ég held að það sem einmitt núna er brýnast að gera sé að leggja meiri áherslu á fjölbreytni. Það vantar meiri fjölbreytni inn í framhaldsmenntunina. Við höfum lagt ofuráherslu á stúdentsprófið og bóklegt nám í þessu þjóðfélagi og við höfum talið unga fólkinu okkar trú um, eða einhvers staðar frá hefur það fengið þær hugmyndir, að stúdentsprófið sé nauðsynlegt til að standa sig, til að komast áfram. En það er bara ekki þannig því að þetta stúdentspróf veitir fólki engin starfsréttindi. Sá sem hefur stúdentspróf fær ekkert frekar vinnu en sá sem ekki hefur slíkt próf og þar held ég að sé kannski mesta verkið sem við þurfum að beina okkur að, þ.e. að búa til fleiri stuttar námsbrautir sem tengjast atvinnulífinu. Atvinnulífið kallar á slíkt nám, en við höfum ekki brugðist við því kalli. Hins vegar verðum við líka að gæta þess að stúdentsprófið haldi gildi sínu sem próf sem veitir aðgang inn í Háskólann. Á síðustu dögum hafa einmitt verið uppi umræður um það í Háskóla Íslands að taka upp inntökupróf í Háskólanum. Þetta er m.a. afleiðingin af því að framhaldsskólinn hefur verið opnaður og þessi umræða á örugglega eftir að verða háværari og það verður e.t.v. fyrr en okkur grunar, að slík inntökupróf verði tekin upp.

Með leyfi hæstv. forseta vitna ég í viðtal í Morgunblaðinu þriðjudaginn 22. okt. við Þorstein Vilhjálmsson sem er formaður kennslumálanefndar Háskólans. Hann segir þar:

„Við erum með þessum hugmyndum ekki að gagnrýna framhaldsskólana. Námið hefur orðið þar fjölbreyttara og þeir hafa brugðist við vaxandi ásókn í menntun. Það má segja að það sé eðlilegt næsta skref að skilgreina betur undirbúning fyrir þessa tegund af háskóla sem Háskóli Íslands er. Stúdentspróf er ekki endilega fullnægjandi undirbúningur fyrir nám í Háskóla Íslands, en það getur verið undirbúningur fyrir margt annað, annars konar háskóla eða lífið.“

Með þessu finnst mér hann segja að stúdentsprófið sé ekki lengur sá inngangur að Háskólanum sem var. Seinna segir: „Hann sagði að varlega yrði farið í sakirnar til að byrja með og árangur af inntökuprófi ekki látinn vega þungt en metið yrði hvort menn fengju skólavist. Einnig væri líklegt að aukið tillit yrði tekið til einkunna á stúdentsprófi, en ómögulegt væri að láta einkunnirnar ráða eingöngu þar sem stúdentsprófið væri mjög sundurleitt eftir framhaldsskólum.“

Guðni rektor Menntaskólans í Reykjavík segir í DV 23. okt.: „Ég vil bara að stúdentsprófið standi fyrir sínu.“ Þarna má segja að skoðanir stangist nokkuð á. Guðni segir líka í viðtalinu í DV, með leyfi forseta: „Það er alveg ljóst að þeir [og þar á hann við þá í Háskólanum] eru með þessu að segja að það sé ekki nógu góður undirbúningur í menntaskólanum.

Hann tekur þessar hugmyndir um inntökupróf sem gagnrýni á framhaldsskólann eða menntaskólana og ég held að sá skilningur sé alveg réttur hjá honum vegna þess að þarna er Háskólinn að bregðast við því að framhaldsskólinn útskrifar fólk með stúdentspróf sem stenst ekki þær kröfur sem til þess eru gerðar í Háskólanum.

Mig langar líka til að gera að umtalsefni afleiðingar þessarar opnunar á þá nemendur framhaldsskólanna sem trúa því að í þessu þjóðfélagi sé nauðsynlegt að hafa stúdentspróf en komast síðan að því að námið hentar þeim ekki og þeir ná ekki fótfestu. Þetta er mjög slæmt fyrir þetta unga fólk, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess og sjálfsmyndina og getur verið mjög erfið reynsla sem oft og tíðum endar með því að það flosnar upp úr námi löngu áður en því lýkur. Einnig má benda á að þessi opnun leiðir í raun og veru það af sér að framhaldsskólinn verði skyldunám. Þetta er í rauninni byrjunin á því ef við bregðumst ekki við með

einhverjum markvissum aðgerðum. Ég tel að það sem við eigum að gera núna og leggja megináherslu á sé að gera námið fjölbreyttara, hafa fleiri stuttar námsbrautir og leggja áherslu á starfsnám. Ég tel að það sé undirstaða þess að jafnrétti sé í raun til náms. Það er ekki jafnrétti að steypa alla í sama mót heldur þvert á móti að allir geti fundið nám við sitt hæfi.

Virðulegi forseti. Áður en ég lýk máli mínu vildi ég taka innritunargjöldin örlítið til umræðu. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi hér í ræðu sinni í dag niðurfellingu gjalda vegna fátæktar. Ég get ekki annað en undrast slíka umræðu á Íslandi árið 1991. Innritunargjöld hafa tíðkast í framhaldsskólanum svo lengi sem ég man og mér finnst að það hafi verið allt of mikið gert úr þeim innritunargjöldum sem fyrirhugað hefur verið að taka. Þar að auki er rétt að það komi líka fram hér að skólunum er gert að brúa ákveðið bil með þessum innritunargjöldum. Þeim er í sjálfsvald sett hvort þeir nota gjöldin til þess eða beita einhverjum öðrum aðgerðum.

Ég vænti þess að þessar umræður hafi orðið til að vekja fólk til umhugsunar um þann vanda sem við blasir og að það er ærið verk að bregðast þar við.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bera blak af fyrrv. hæstv. menntmrh. Birgi Ísl. Gunnarssyni. Þær endalausu árásarræður sem fluttar eru á hann hér af hv. þm. Sjálfstfl. eru satt að segja ákaflega merkilegar. Hæstv. fyrrv. menntmrh. gerði tillögu á Alþingi um frv. til laga um framhaldsskóla. Það var samþykkt samhljóða og engin athugasemd gerð við þau ákvæði sem hér hafa aðallega verið nefnd. Það er greinilegt að Sjálfstfl. er að reyna að nota sér þessi ákvæði til þess að skjóta sér undan skyldum sínum í sambandi við framhaldsskólana þó svo að það örli á því, eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykn., að menn átti sig á að það er breytt námsframboð, stuttar brautir, m.a. tengdar atvinnulífinu, sem þurfa að koma í staðinn fyrir þessar eilífu stúdentsprófsbrautir. Ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun að þá oftrú á stúdentshúfuna sem hefur birst hér í málflutningi m.a. hv. síðasta ræðumanns kann ég ekki að meta.

Hitt sem mér fannst einnig athyglisvert var það hvernig hv. þm. hagaði orðum sínum, að Sjálfstfl. hefði nóg að gera í menntmrn. næstu fjögur ár. Það er ljótur boðskapur á bak við slíka yfirlýsingu vegna þess að hver svo sem er menntmrh. má ekki vera þar í vinnu fyrir prönga flokkshagsmuni heldur þjóðina í heild, öll þau börn, alla þá unglinga og allt það unga fólk sem er í skólum landsins.

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma skýrt fram að hér er ekki um gagnrýni að ræða af minni hálfu á fyrrv. menntrh., Birgi Ísl. Gunnarsson. Ég tel að hann hafi unnið mjög gott starf í menntmrn. Einnig ætla ég að mótmæla því sem hv. þm. Svavar Gestsson fullyrti hér áðan að ég hefði oftrú á stúdentshúfunni. Þvert á móti var ég að leggja áherslu á að við höfum lagt oráherslu á stúdentsprófið með þeim afleiðingum sem nú blasa við. Það vantar meiri fjölbreytni fyrst og fremst. Það vantar meiri tengingu við atvinnulífið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að svo skuli vera komið að ég og hv. form. menntmn. erum sammála. Miklu máli skiptir það í fyrsta lagi að við erum sammála um það að við höfum ekki oftrú á stúdentshúfunni sem er einhver mesta vandræðaflík sem til er í þessu landi. Í öðru lagi erum við sammála um að það þurfi að gjörbreyta innra starfi framhaldsskólans og í þriðja lagi þykir mér afar vænt um að hv. þm. skuli hafa tekið af skarið um það að hún var ekki sérstaklega að ráðast á fyrrv. hæstv. menntmrh. Birgi Ísl. Gunnarsson.

Stefanía Traustadóttir:

Frú forseti. Það er af mörgu að taka ef maður ætlar að ræða skólamál en ég ætla að halda mig við einn afmarkaðan þátt.

Ein af mörgum afleiðingum þess að draga úr starfsemi, jafnvel takmarka svo starfsemi framhaldsskóla á landsbyggðinni með því að minnka fjárveitingar til þeirra eins og við sjáum t.d. núna í Menntaskólanum á Ísafirði er að þar komast að færri nemendur en vilja. Og einnig getur það haft þau áhrif að námsframboð verði mjög takmarkað þannig að þeir nemendur, sem hafa áhuga á að stunda nám, sjái ekki annan kost en að fara eitthvað annað og þá alla leið hingað suður til Reykjavíkur. Þessu fylgir að sjálfsögðu mikill aukakostnaður, fyrir einstaklingana og líka fyrir ríkissjóð ef ríkissjóður fer samkvæmt lögum.

Það er til sjóður sem gengur undir nafninu Dreifbýlissjóður og um hann eru lög nr. 23 frá 2. maí 1989, lög um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. 1. gr. þessara laga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám, sbr. 5. gr."

Þessum sjóði er fyrst og fremst ætlað að styrkja nemendur sem þurfa að fara úr heimabyggð sinni til þess að sækja nám vegna þess að þeir eiga ekki annarra kosta völ. Styrkur á hvern nemanda, sem átti rétt á styrk úr sjóðnum, var á sl. ári um það bil 40 þús. kr. yfir allt skólaárið. Ef fjárlög þessa árs eru skoðuð sést að framlag ríkissjóðs til hans núna er 7% hærra en er á yfirstandandi ári og gerir það svona rétt að halda í verðhækkanir, ekki mikið meira. En nú má búast við fleiri nemendum sem eiga rétt á styrk úr þessum sjóði m.a. vegna breytinga sem verða á framhaldsskólum eins og Menntaskólanum á Ísafirði og því ætti að hækka framlög til sjóðsins. Og það má líka benda á að ef af fyrirhuguðum breytingum á Lánasjóði ísl. námsmanna verður, þess efnis að nemendur, sem stunda verknám á framhaldsskólastigi og eru yfir tvítugt, eigi ekki lengur rétt lá láni úr Lánasjóðnum eins og þeir hafa haft hingað til, (**ÓÞÞ:** Eru undir tvítugu?) yfir tvítugu, nemendur, sem eru yfir tvítugt og stunda iðnnám

í framhaldsskólum, hafa átt rétt á láni úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta er atriði sem virðist eiga að taka af. Ég veit að þetta gæti aukið fjölda þeirra nemenda sem eiga rétt á styrk úr námsstyrktarsjóðnum jafnvel um 15–20%. Þar að auki má benda á að ef skólagjöld verða lögð á er heimilt samkvæmt lögum um þennan sjóð að veita nemendum sérstaka styrki ef heimilisástæður og efnahagur þeirra er slíkur og er styrkveitingin þá ekki háð búsetu. Því má búast við að fjöldi þeirra sem sækja í þennan sjóð aukist verulega og þá má um leið benda á að umráðafé hans hefur lítið sem ekkert aukist.

Þessar athugasemdir mínar, virðulegur forseti, eiga kannski frekar heima í umræðu um fjárlög, en ég tel samt að þær eigi einnig heima í þessari umræðu þó ekki væri nema til að sýna fram á hvað svona tilskipanir, sem við höfum orðið vör við úr menntmrn., geta verið vanhugsaðar og hugmyndir um sparnað og hagkvæmni í rekstri, t.d. í framhaldsskólakerfinu, geta verið skammsýnar. Það kom líka fram í orðum hv. 3. þm. Vestf. þar sem hann benti á að það muni kannski spara ríkissjóði 10 millj. að leggja niður skólann í Reykjanesi því að þessar ákvarðanir kalla á mun meiri útgjöld og þá á öðrum póstum ef á að fara samkvæmt lögum, t.d. hvað varðar dreifbýlisstyrkina. Og er ég þá ekki síður með áhyggjur af rétti ungs fólks til að afla sér menntunar því að það er ekki nóg að tala í stórum bókstöfum um jafnan rétt til náms ef möguleikum til að nýta þann rétt er svona misskipt eftir búsetu og efnahag ungmenna og foreldra þeirra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur hv. 10. þm. Reykn. talað um menntamál og boðað þar stefnu sem má segja að gangi að sumu leyti þvert á stefnu núv. hæstv. menntmrh. ef hann fer að ráðum þeirra sem sett hafa reglurnar um námslánin. Ef við viljum auka iðnnám í landinu verðum við að hafa víðsýni til þess að halda áfram að lána iðnnemum sem eru undir tvítugsaldri. Með þeirri ákvörðun að neita að veita lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna til nemenda, sem eru undir tvítugsaldri, eru menn að þrýsta mönnum frá verknámi með hraðari aðgerðum en nokkru öðru. Þess vegna verða menn að átta sig á því að það þýðir ekki í orði að tala um það að menn vilja styðja verknámið og hins vegar að svipta verknámið þessum möguleikum sem það hefur haft.

Ég ætla að bæta við: Ef við skoðum fjölbrautaskólana, sem hafa verið vaxtarbroddur hins íslenska skólakerfis á undanförnum árum, og framhaldsskólalögin, sem voru lögð fram af Birgi Ísl. Gunnarssyni þáv. menntmrh. og samþykkt á Alþingi Íslendinga, blasir það við að fyrst og fremst einn þáttur í þeim gengur ekki upp. Það eru blindgöturnar í verknáminu, þ.e. nemandi fer í fjölbrautaskóla, lýkur þar bóklega hluta ákveðins verknáms, e.t.v. fer hann líka í eitthvert verknám í skólanum, en svo liggur blindgatan í því að hann getur ekki klárað námið nema meistari taki hann í vinnu. Ef mönnum er alvara hljóta þeir í framhaldi af þessu að höggva á þennan hnút. Það gengur í sjálfu sér ekki að hafa þær blindgötur að menn standi frammi fyrir því eftir kannski tveggja eða þriggja ára nám í Iðnskólanum að þeir komist ekki á leiðarenda í því námi sem þeir ætluðu sér vegna þess að það er ákveðinn tími sem þeir eiga það undir einhverjum meistara hvort þeir komast áfram eða ekki.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að vekja athygli á er að talað er um hvað afleiðingar opnunar séu alvarlegar. Mér hefði nú fundist nær að spyrja: Hverjar hefðu afleiðingarnar verið ef menn hefðu lokað? Ef við hefðum bara Menntaskólann við Tjörnina, Menntaskólann við Hamrahlíð og nokkra aðra menntaskóla, hverjar hefðu afleiðingarnar þá orðið? Við vorum með þetta lokaða kerfi á tímabili á dögum viðreisnar. Þá streymdu menn í Kennaraskólann í stórum stíl. Hvers vegna? Það var leið sem var opnuð fram hjá þessu kerfi og afleiðingin var sú að það er búið að mennta óhemju marga sem aldrei hafa ætlað sér að fara í kennslu.

En það er líka tímabært að menn geri sér grein fyrir því að það er nú ekki eins og guð hafi sagt þó eitthvað heyrist úr Háskólanum. Ég held að það sé ekkert nýtt að Háskólinn hóti inntökuprófum og þrengingum á aðgerðum. Læknafélag Reykjavíkur hefur ráðið því í mjög mörg ár hversu margir fara í læknadeild. Menn hafa viljað byggja stéttarmúra til að þrengja að. En hitt er svo umhugsunarefni hvort það sé sjálfgefið miðað við það hve stúdentsprófið er orðið fjölbreytilegt. Einn er stúdent úr máladeild, annar úr stærðfræðideild, þriðji er úr náttúrufræðideild, einn úr verslunarfræði og þar fram eftir götunum. Ég kann ekki einu sinni nöfn á þessu öllu saman. Það er ekki sjálfgefið að nám í öllum greinum í Háskóla gangi upp sem framhald af öllum þessum tegundum af stúdentsprófi. Við getum tengt og sagt: Það á að vera eðlilegt að sá sem hefur stærðfræðipróf úr stærðfræðideild komist t.d. í verkfræði eða efnafræði, en það er ekkert sjálfgefið að fyrir þá sem hafa fyrst og fremst lagt áherslu á tungumál í sínu námi henti raungreinar í Háskólanum. Ég held að menn verði að átta sig á þessu. Það er einnig umhugsunarefni að sennilega fer íslenska þjóðin verr með sína stærðfræðinga og þá sem efnilegir eru í raungreinum en nokkur önnur þjóð með þeim kvöðum sem hún leggur á þá til tungumálanáms. Það eru náttúrlega mikil hlunnindi fyrir þessa aðila að stunda nám í enskumælandi heimi og læra kannski ekkert nema ensku en komast svo áfram eftir háskólanám á leiðarenda í einhverjum sérgreinum raunvísinda.

Ég held þess vegna að sú kenning að einhverjar alvarlegar afleiðingar séu af opnuninni í skólakerfinu standist ekki. Ég man ekki betur en Háskóli Íslands hafi fellt menn alveg miskunnarlaust í læknadeild frá því ég man eftir mér og ég býst við að hann haldi áfram að gera það. Ég býst við að það verði áfram þannig um þær deildir sem taka við mönnum og vita að þær eru að útskrifa menn sem komast í mjög hálaunuð störf. Þær geta valið úr. Það er svo aftur á móti spurning hvort þjóðfélagið raðar rétt upp áherslum í hvaða deildir hæfustu námsmennirnir þurfa að fara.

Ég held aftur á móti að eitt af verkefnunum sem

komi til umhugsunar hljóti að vera að koma í veg fyrir blindgöturnar í fjölbrautakerfinu. Og ég trúi því að þau lög um framhaldsskóla sem við höfum í dag bjóði upp á mikla möguleika á að auka fjölbreytni. Þess vegna finnst mér að það sé kannski ekki sanngjörn umsögn, skulum við segja, ekki árás á þann menntmrh. sem lagði til að þessi lög yrðu hér upp tekin og eftir þeim farið, að halda því fram að framhaldsskólinn sé eitthvert stórkostlegt vandamál í íslensku skólakerfi. Ég verð að segja eins og er að ég er miklu hræddari við stöðuna í grunnskólunum. Það er varla að það sé á hreinu lengur hvort ólæsi er í vexti á Íslandi eða ekki. Það er varla að menn viti það. Það hefur gengið verulegt sparnaðaræði yfir gagnvart grunnskólanum. Þetta er nú einu sinni sá skóli sem allir Íslendingar þurfa að fara í. Þar hefur virkilega verið sparað. Enn er verið að spara í þeim fjárlögum sem nú gilda. Að mínu viti er verið að framkvæma þá stefnu að leggja það á herðar kennaranna að búa við stærri bekkjardeildir en ásættanlegt er og jafnframt að gera of lítið úr því að þeir þurfi aðstoð gagnvart nemendum sem annaðhvort eru erfiðir eða eiga erfitt með nám.

Ég held að sú umræða sem hér hefur farið fram hafi verið mjög þörf. Ég er sannfærður um, eftir að hafa hlustað á mál þeirra sem hér hafa talað og áttað mig á því hverjir tóku ákvörðun um að þegja við þessa umræðu, því að það er líka athyglisvert miðað við yfirlýsingar í fjölmiðlum sem við höfum hlustað á, það hafa ekki allir hanar galað sem hafa haft hátt að undanförnu, að svo virðist sem bak við tjöldin hafi náðst einhver málamiðlum í þeim ágreiningsmálum sem uppi hafa verið og geti kannski komið manni til að trúa því að íslenska skólakerfið muni ekki taka öllum þeim breytingum sem mestu boðendur frjálshyggju hafa talið að væru í höfn og Alþfl. hafi kannski haldið fastar á sínum stefnumiðum í menntamálum en menn áttu von á miðað við eftirgjöf á ýmsum öðrum sviðum. Ég tel að sú þögn sem hér hefur ríkt og ég hef tekið eftir gagnvart afstöðu ýmissa sem hafa haft sig mjög í frammi að undanförnu boði það að í menntamálum hafi Alþfl. ákveðið að ná vopnum sínum og koma í veg fyrir að valtað verði yfir eitt og annað í fortíðinni sem hann getur vissulega hælt sér af að hafa átt sinn þátt í að skapa í landinu sem félagshyggjuflokkur.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta var dálítið skrítinn endir á annars ágætri ræðu. En við ætluðum ekki að ræða málefni Lánasjóðsins í dag, en samt hafa málefni hans öðru hverju komið upp og menn tala finnst mér stundum eins og hugmyndir lánasjóðsnefndarinnar sem ég skipaði á sl. sumri séu nánast orðnar að lögum. Bara til að fyrirbyggja allan misskilning, þá er ekki svo. Þessi nefnd hefur sett fram sínar hugmyndir. Þær eru margar hverjar ágætar, sumar hverjar tel ég ekki framkvæmanlegar en það hefur engum manni dottið í hug, ekki heldur þeim sem tóku þátt í þessu nefndarstafi, að allar þær hugmyndir sem þar eru settar fram verði framkvæmdar. Það eru settir fram kostir sem menn hafa svo um að velja. Þetta vildi ég taka fram.

Í öðru lagi vil ég einnig taka fram að ég mun ekki styðja tillögur sem þrengja kosti þeirra er hyggja á iðnnám. Ég held að það sé ekki skynsamlegt. Ég held að ekki sé skynsamlegt að standa þannig að málum. Það eru ýmsar leiðir til til að gera iðnnámið eftirsóknarverðara en það er og þær leiðir þurfum við að finna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. menntmrh. áðan um það að málefni Lánasjóðsins hafi komið til umræðu og ummæli þingmanna um þær hugmyndir sem sú nefnd sem hann skipaði hefur lagt fram finnst mér rétt að taka fram að þær hugmyndir eru unnar af nefnd sem fulltrúar nemenda eiga engan þátt í. Þeir hafa ekki fengið að vera með í þeirri stefnumörkun sem þar kemur fram. Ef á að vinna upp úr þeim tillögum einhverja breytingu á úthlutunarreglum og fleira vænti ég þess að nemendur eigi þá fulltrúa í þeim hópi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka öllum þeim sem tekið hafa til máls hér í dag. Ég þóttist vita að fleirum en mér lægi á að ræða skólamál. Það hefur komið greinilega í ljós. Mig langar að ræða enn á ný eða skýra betur nokkur atriði sem fram hafa komið í umræðunni.

Ég verð að segja að mér finnst ákaflega erfitt að greina hver skólastefna núv. ríkisstjórnar er. Það er verið að skoða ýmislegt og setja í nefndir og að mörgu leyti er ekkert nema gott um það að segja að menn skoði málin, sérstaklega þegar þeir kalla til fagfólk og skoða málin frá ýmsum hliðum. Það mætti gjarnan nefna það að ekki stendur á okkur í stjórnarandstöðunni að ræða góð mál.

Í dag hefur mikið verið rætt um skólagjöld. Mig langar til að endurtaka það sem ég sagði í ræðu minni: Megnið af þeim gjöldum sem eru innheimt rennur til félagsstarfs nemenda. Ég skal nefna dæmi því að ég veit um hvað ég er að tala vegna þess að ég gerði ásamt fleirum mjög ítarlega könnun á þessu sem fór þannig fram að við hringdum í fjölda skóla. Í flestum framhaldsskólum er það þannig að þau innritunargjöld sem innheimt eru skiptast nokkurn veginn til helminga milli nemendasjóðs og svokallaðs pappírssjóðs sem víða gengur undir því nafni. Þessi pappírssjóður er hins vegar víðast hvar notaður til að styrkja félagsstörf nemenda.

Ég nefni tvö dæmi. Í Kvennaskólanum í Reykjavík, þar sem ég þekki mjög vel til, voru 90% af því sem innheimt var í pappírssjóð á síðasta ári notuð í þágu nemenda. Meginskýringin á því var sú að þar var sett upp viðamikil leiksýning sem var með miklum halla og þessi sjóður greiddi þann halla. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð fóru á síðasta ári um 70% af sjóðnum til félagsstarfa nemenda. Þar tekur hinn víðfrægi kór Menntaskólans við Hamrahlíð stærstan skerf. Þannig er þessu háttað í flestum skólum og eins og ég nefndi hér fyrr í dag fylgir mikill kostnaður bara því að innrita

nemendur, senda þeim bréf með staðfestingu, kalla eftir því að nemendur staðfesti á ný. Einnig er gífurleg pappírsnotkun í skólunum sem er raunar mál sem mætti kanna út af fyrir sig, hvort ekki væri hægt að stöðva þá gífurlegu pappírseyðslu sem þar er. Það er sorglegt en satt að með tölvuvæðingu hefur pappírsnotkun margfaldast.

Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir skólagjöldunum er sá að þau eigi að mæta ákveðnum hluta af rekstrarkostnaði skólanna. Í framhaldi af því langar mig að nefna að á síðasta ári var rekstrarkostnaður framhaldsskólanna stórlega vanmetinn sem sést á því að nú varð að sækja um aukaframlag. Spurningin er hvort núgildandi fjárlög séu nokkuð betur unnin. Ég hef reyndar aðeins farið nákvæmlega ofan fjárhagsáætlun fyrir í einn skóla og þar virðist bæði vera reiknað með færri nemendum en eru í raun í skólanum og ekki er hægt að sjá annað en að hin ranga áætlun frá í fyrra hafi verið framreiknuð.

Ég held að þetta sé mál sem þurfi að athuga því að ef þetta er raunin komast skólarnir ekki hjá því að innheimta þessi skólagjöld verði þau lögfest. Þá eiga þeir engra kosta völ vegna þess að framhaldsskólarnir eru yfirfullir af nemendum og það verður ákaflega erfitt að ná fram sparnaði með því að draga úr kennslu. Það er nú einu sinni svo að kennslan er lögbundin. Nemendur eiga að taka ákveðinn einingafjölda og vandinn er sá, hæstv. menntmrh., að skólarnir eru að því leyti úr takt við annað að þeirra starfsár nær til tveggja ára. Þar af leiðandi er búið að ganga frá rekstri skólanna fyrir þennan vetur. Það verður ekki hægt að fækka nemendum með tilliti til þess hvað kemur út úr fjárlögunum fyrir árið 1992. Þess vegna kemur niðurskurðurinn, sem þeir þurfa að glíma við, á haustönnina 1992. Þetta er visst vandamál sem menn verða að hafa í huga.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir furðaði sig á þeim ummælum mínum að ég talaði um niðurfellingu vegna fátæktar. Ég hefði getað nefnt það hér áðan að ég þekki þess dæmi að hinn svokallaði pappírssjóður hefur verið notaður til að styrkja fátæka nemendur, nemendur sem hafa verið á framfæri Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Mig langar að nefna það líka að ég hef þá reynslu að baki að hafa setið í stjórn Verkamannabústaðanna í Reykjavík og það er einhver merkasta lífsreynsla sem ég hef orðið fyrir því að ég verð að játa það að ég er alin upp í svo vernduðu umhverfi ég vissi ekki að sá heimur sem ég kynntist í stjórn Verkamannabústaðanna í Reykjavík væri til. Því miður eru hér, sérstaklega innan borgarmarka Reykjavíkur, tugir, jafnvel hundruð fjölskyldna sem búa við svo erfið kjör að það munar um hvern einasta þúsundkall. Þær álögur sem verið er að leggja á með þeim fjárlögum sem nú eru til meðferðar í þinginu eru því þannig að þessar fjölskyldur munar um. Þess vegna sagði ég í ræðu minni fyrr í dag að ég vildi ekki sjá fólk í þeirri aðstöðu að þurfa að biðja um niðurfellingu. Mér finnst þetta niðurlægjandi og mér finnst að fólk eigi ekki að þurfa að standa frammi fyrir svona hlutum árið 1991.

Ég er mjög sammála því sem fram kom í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að auðvitað er við viss vandamál að glíma í framhaldsskólanum en mér finnst grunnskólinn vera meira vandamál. Auðvitað leiðir eitt af öðru. Vandamál framhaldsskólans koma í beinu framhaldi af því sem við er að glíma í grunnskólanum, og ég vil enn og aftur nefna það að við erum búin að koma upp kerfi þar sem vanda grunnskólans er ýtt upp í framhaldsskólann o.s.frv. Á þessu verður að taka. Ég er innilega sammála hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur um það að tíminn í grunnskólanum er mjög illa notaður.

Ég nefni dæmi sem ég þekki til af sjö ára gömlum nemanda sem nú er í námi hér í bæ. Hann er fluglæs, en það er verið að kenna bekknum síðari hluta stafrófsins. Ég nefni annað dæmi um nemanda sem nú er kominn upp í framhaldsskóla og sat út í horni mest alla sína grunnskólatíð við að vefa. Það vildi svo vel til að það var vefstóll inni í skólastofunni til að þeir nemendur sem löngu voru búnir að læra það námsefni sem var verið að kenna hefðu eitthvað að gera. Nú er ég ekki að tala sérstaklega um betri nemendur, en ég held að þetta skólakerfi sem við höfum í grunnskólanum þjóni mjög illa þeim sem standa illa að vígi og þeim sem standa best að vígi. Það eru ýmsar leiðir til til að leysa þetta. Ég vil taka sem dæmi að í Englandi og Skotlandi er verið að gera tilraunir með skólakerfi sem byggist upp á því að bekkir eru mjög stórir, allt upp undir 40 nemendur í bekk, en aðeins örstuttan part úr degi eru þeir saman allir 40. Það sem eftir lifir dags er stöðugt verið að taka litla hópa út úr. Einn hópurinn fer í hægferð í lestri, annar fer í hraðferð í stærðfræði o.s.frv. Með slíku kerfi er ákaflega auðvelt að fylgjast með því hverjir eiga erfitt og hverjum gengur vel. Allir eru saman en eru í mismunandi verkefnum á mismunandi hraða. Þ.e., þarna er verið að koma upp hægferð og hraðferð í sama bekk.

Ég held að það sé eitthvað slíkt sem hugsanlega gæti leyst vanda okkar. Menn mega ekki vera of fastir í því kerfi sem hér hefur verið við lýði frá því að skólaskyldu var komið á að allir nemendur sem eru jafngamlir þurfi endilega að vera saman í námi. Við sem höfum verið að kenna í framhaldsskólum þekkjum það að þegar nemendur koma inn í framhaldsskólann eru þeir ákaflega mismunandi langt komnir í þroska og eiga ekkert endilega allir saman, jafnvel 15–16 ára gamlir. Er þetta einhver heilög regla? Mega nemendur ekki byrja fyrr, mega þeir ekki hætta seinna? Mega þeir ekki vera á þeim hraða sem þeim hentar, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða framhaldsskólann?

Í mínum huga er þetta ákaflega stórt mál sem vert er að skoða mjög rækilega og þarf að taka á vegna þess að ég held að því miður fari okkar skólakerfi of illa með of marga.

Hæstv. menntmrh. nefndi það í sínum rökstuðningi fyrir breytingunum í Kennaraháskólanum að hann hefði verið að koma í veg fyrir það að reikningar væru sendir inn í framtíðina, en hér hefur komið fram að í skólakerfinu erum við óneitanlega að fjárfesta til framtíðar og of fáir skila sér til kennslu. Ég held að kennara-

menntun sé að mörgu leyti mjög góð menntun sem hentar til margra starfa og þess vegna í sjálfu sér ekkert um það að segja þó að fólk fari í önnur störf. Þetta getur verið eftirsóttur vinnukraftur og nýtist vel. En ég hef þó grun um að launamál kennara skipti þar mestu máli. Þá langar mig til þess að vitna í orð Tryggva Gíslasonar, skólameistara á Akureyri, sem hann lét falla í útvarpsþætti fyrir nokkrum vikum þar sem hann sagði að ef ekki yrði gerð bót á launakjörum kennara á allra næstu mánuðum eða árum mundi íslenska skólakerfið einfaldlega hrynja. Og ég held því miður að í þessu felist mikill sannleikur því að bæði er það að gerast að kennarastarfið á öllum skólastigum er orðið heldur lítið eftirsóknarvert vegna þeirra slæmu kjara sem þar eru, og það gildir alveg jafnt um grunnskólann og Háskólann, og jafnframt hafa þessi slæmu kjör mikil andleg áhrif innan kennarastéttarinnar. Þau átök sem átt hafa sér stað milli kennara og ríkisvaldsins hafa því miður haft miklu verri áhrif en ég held að nokkur ráðamaður geri sér grein fyrir. Þarna þarf virkilega að eiga sér stað breyting.

Hæstv. menntmrh. sagði líka að nýrri ríkisstjórn fylgdu nýjar áherslur í skólamálum. Ég er ekki sammála. Auðvitað þurfa menn alltaf að skoða hlutina og það má lengi betrumbæta. En ég held að í málaflokki eins og skólamálum þurfi að ríkja ákveðin samfella. Miklar grundvallarbreytingar í skólamálum geta haft svo afdrifaríkar afleiðingar að það getur tekið mörg, mörg ár að leiðrétta það sem rangt er gert. Þetta er viðkvæmur málaflokkur og menn eiga að hugsa vel sinn gang.

Ég ætla að gera það að mínum lokaorðum að minna hæstv. menntmrh., eins og aðra ráðherra, á það hversu gríðarlega mikilvægt það er að horfa á þennan málaflokk eins og aðra í samhengi við þjóðfélagið, hugleiða hvaða afleiðingar það hefur sem gert er. Við höfum verið að ræða hér margnefndan samning um Evrópskt efnahagssvæði. Samkvæmt því sem mér skilst af þeirri umræðu eru menn að gera þar samning og vita sáralítið um afleiðingarnar og hafa lítið reynt að gera sér grein fyrir þeim. Það er ákveðin lenska hér á Íslandi að vera alltaf að stökkva út í sundlaugina og svamla í stað þess að stíga skref fyrir skref, að vísu ekki í sundlauginni en taka málin svona í skrefum. (Gripið fram í.) Það er eftir því hvernig sundlaugin er, en það er óhætt að labba út í grunnu laugina og kannski best, fara niður stigann og feta sig út í djúpu laugina. (Gripið fram í.) Það er ekki góð leið í skólamálum.

Ég vil hvetja menntmrh. til að leita samstarfs við fólk í skólakerfinu svo og stjórnarandstöðuna og jafnframt hvetja hann til þess að hugsa vel sinn gang.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Orðið andsvar á kannski ekki við í þessu tilviki þótt ég nýti mér þann rétt sem ég hef samkvæmt þingsköpum til þess að taka til máls vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég vil taka eindregið undir það með henni sem hún sagði varðandi skólakerfið og þá stefnu hér að leggja alla að jöfnu innan íslenska skólakerfisins. Ég tel að þar hafi menn farið inn á varhugaverða braut og það sé tími til kominn að huga að leiðum til þess að snúa af þeirri braut.

Hún tók fast til orða þegar hún sagði að skólakerfið hafi farið of illa með of marga. Ef svo er, og hún talaði hér af reynslu sem kennari, að hennar mat er það að íslenska skólakerfið hafi farið of illa með of marga, þá er vissulega tími til kominn að líta á það kerfi og kanna hvort ekki sé bráðnauðsynlegt að gera skjótar úrbætur á því þannig að menn séu ekki lagðir að jöfnu á röngum forsendum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að það þarf að fara með gát í breytingar á skólakerfinu. Nákvæmlega eins og hún sagði getur það tekið langan tíma að leiðrétta ef gert er eitthvað rangt. Það er einmitt ástæðan fyrir því að ég afturkallaði ákvörðunina um fjórða ár Kennaraháskólans og afturkallaði samþykki forvera míns um breytingu á námsskrá Menntaskólans í Hamrahlíð vegna þess að ég hafði miklar efasemdir um að þarna væri verið að gera rétt. Ég er þess vegna ekki að gera neina byltingu eða kollsteypu. Við erum í sama kerfi og við höfum verið og menn hafa vissulega verið misjafnlega ánægðir með. En það er skynsamlegra að skoða þetta ofan í kjölinn. Það hafði ekki verið gert, það liggur fyrir. Því miður var ekki það samráð haft sem nauðsynlegt var áður en þessar ákvarðanir voru teknar. Ég er ekki að fordæma þær. Ég er ekki að segja að það sé alrangt sem þarna var fitjað upp á en ég vil skoða það betur. Á þetta legg ég áherslu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þeim málum sem ég hef hreyft hér hafa orðið þó nokkrar umræður og það eitt sannfærir mann um að það var full þörf á að biðja um að málin yrðu rædd.

Hvað varðar fyrsta atriðið sem ég tek hér til, samning milli ríkisins og sveitarfélaga Vestfjarða um framhaldsskóla Vestfjarða, þá fagna ég því að hæstv. menntmrh. hefur undirritað þann samning og hann því komist á því sveitarstjórnarmenn, og ég segi við sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum, bindum miklar vonir við þennan samning að hann muni verða okkur ansi haldrjúgur í þeirri viðleitni að búa Vestfirðingum og ungu fólki þar betri aðbúnað en verið hefur að mörgu leyti.

Hvað varðar annað atriðið, öldungadeildina á Hólmavík, fagna ég því út af fyrir sig að hæstv. ráðherra er reiðubúinn til að líta á þetta mál aftur eins og hann orðaði það. Ég hefði heldur kosið að hann tæki sterkar til orða. Ég vil þó virða þessa viðleitni en ítreka þó það sjónarmið varðandi þetta mál að ég skil ekki hvers vegna ekki voru til örfáar krónur fyrir erfiðisvinnufólk á Hólmavík til þess að sækja sér frekari menntun en hins vegar til margar, margar krónur til að kaupa bíla. Og ég held að það séu mjög margir sem eru sammála mér og skilja ekki þennan áherslumun.

Í þriðja lagi er fiskvinnslubraut við væntanlegan framhaldsskóla Vestfjarða sem ég gat um. Það mál er

þannig statt að sú nefnd sem sett var á laggirnar til þess að undirbúa það með fyrrv. skólameistara Menntaskólans á Ísafirði í forsvari skilaði af sér skýrslu snemma á þessu ári. Í þeirri skýrslu er lagt til að ráðinn verði sérstakur starfsmaður í sex mánuði til að skipuleggja námsbrautir í þessu námi við framhaldsskóla Vestfjarða. Og þar er óskað eftir því að sjútvrn. eða menntmrn. verði við því að greiða laun þessa starfsmanns sem sérstakt þróunarverkefni í námi fyrir sjávarútveginn eða fiskvinnsluna. Að vissu leyti er þetta mál því á borði hæstv. menntmrh. og að nokkru leyti hæstv. sjútvrh. og ég vildi beina því til ráðherra að líta á það og ýta því frekar áfram.

Í fjórða lagi, Menntaskólinn á Ísafirði. Þar tók ég eftir því að ráðherra notaði orðið tilmæli um samdrátt í kennslukvóta. En í þeim gögnum sem ég hef er talað um að fyrirskipa. Ég skil þessa breytingu þannig að í raun og veru sé ráðherra búinn að gera það upp við sig að Menntaskólinn á Ísafirði fái þann kennslukvóta sem þarf til að halda uppi því námi sem er í gangi út þennan vetur án þess að til truflunar að þurfa að koma, hvorki fyrir skólann né nemendir.

Þá er í fimmta lagi Héraðsskólinn í Reykjanesi. Þessi umræða hefur að vissu leyti varpað skýrara ljósi á það mál. Hún hefur dregið það fram að hér var um að ræða prinsippafstöðu sem ráðherrann studdist við við þá ákvörðun að loka skólanum en ekki fjárhagsástæður. Það hefur líka komið fram að þessi prinsippafstaða styðst við mjög takmarkaðan rökstuðning og líkur benda til þess að stuðningur við afstöðu af þessu tagi sé minni en ég hafði haldið innan Sjálfstfl.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra vefengdi á engan hátt skilning minn á gildi fjárlaga og bar ekki fram nein svör og tilvitnun í lög til þess að styðja ákvörðun sína um að loka skólanum. Það stendur þess vegna eftir að hér hafi menn tekið ákvörðun á hæpnum lagalegum forsendum. Í raun og veru stendur það eftir varðandi Héraðsskólann í Reykjanesi að það eitt sem menn setja fyrir sig og að vilja að verði uppfyllt er að nemendur ná einhverri tiltekinni tölu. Nefnd hefur verið talan 30 án þess að nokkur rökstuðningur fylgi fyrir því af hverju sú tala er heilagri en önnur. Ég bendi á það að fjöldi nemenda sem væntanlega hefði hafið nám í haust er mjög svipaður og verið hefur undanfarin ár. Með skírskotun til þeirra raka verður því ekki fundin haldbær skýring á því að loka skólanum þar sem engar breytingar hafa orðið sem munar um í þeim efnum.

Ég vil því skiljast við þetta mál að sinni þannig að ég líti svo á að hér hafi menn í raun og veru dregið nokkuð í land og ráðherra sé tilbúinn að endurmeta fyrri ákvörðun sína varðandi þennan skóla. Ég hygg að það besta sem þingmenn kjördæmisins geta gert til þess að vinna að hagsmunum þeirra sem að skólanum standa og íbúum sem búa á því svæði sem skólinn er sé að halda áfram að hafa áhrif á hæstv. ráðherra og láta ekkert annað trufla okkur í þeirri viðleitni. Ég bind nokkrar vonir við það að væntanlegur fundur og fyrirhuguð nefnd um framtíð skólans leiði til þess að sjónarmið okkar haldi áfram að vinna á eins og það hefur gert, bæði fyrir þessa umræðu og í henni. Ég vil því ljúka þessu máli með því að segja að þó að sigur hafi ekki unnist þá sér maður ljós fram undan í þessum efnum.

Fyrirkomulag þessara umræðna hefur nokkuð verið gagnrýnt og ég hef tekið sérstaklega eftir því að fáeinir þingmenn Sjálfstfl. hafa gert athugasemdir við það og í raun verið að beina gagnrýni að forseta. Ég vil segja af því tilefni að mér finnst það heldur ómaklega að forseta Alþingis vegið og hvað mig áhrærir hefur forseti sýnt sanngjarna og réttmæta fundarstjórn og ég mun halda áfram að taka vel beiðnum hennar í framtíðinni eins og ég gerði fyrir nokkrum dögum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. um þau orð sem ég notaði varðandi kennslukvóta Menntaskólans við Hamrahlíð að ég talaði um tilmæli en í bréfinu væri talað um fyrirskipun, þá má hann ekki skilja orð mín svo að þar með hafi ég lýst því yfir að Menntaskólinn fái þann kvóta sem hann hefur beðið um, en þetta verður allt saman athugað.

Ég hafði ekki tíma til þess að svara öllu í fyrri ræðum mínum í dag og þar á meðal ekki, og kannski gleymdi ég því, varðandi gildi fjárlaga. Menn geta haldið áfram að deila um það svo lengi sem þeir vilja að ef einhver tiltekin fjárveiting hefur verið samþykkt í þinginu sé alveg bráðnauðsynlegt að eyða henni. Ég hef ekki þann skilning á fjárlögum og lái mér hver sem vill. Þetta eru heimildir til framkvæmdarvaldsins sem það fær hjá fjárveitingavaldinu og mér finnst ekki að menn þurfi að deila um þetta.

Hv. þm. talaði um að hann fengi það út úr þessari umræðu varðandi Reykjanesskólann að þar hefði verið um grundvallarákvörðun að ræða, ekki fjárhagslega. Ég sagði það í minni ræðu að sparnaðurinn sem af því hlytist að skólinn starfaði ekki í vetur skipti ekki sköpum í þessu fjárlagadæmi okkar öllu og það er auðvitað ekki svo. En það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að réttlæta í rekstri þótt ekki sé þar um stórar fjárhæðir að ræða og mér finnst alveg út í bláinn að vera að tala um bílakaup í því samhengi.

Við verðum vonandi sammála um að setja nefnd á laggirnar til þess að kanna hver er heppilegust nýting mannvirkja á Reykjanesi við Djúp, hvernig hægt er að kveikja þar nýtt líf en ekki leyfa eitthvert líf sem er ekkert líf, eins og ég segi að Héraðsskólinn hafi verið orðinn. Ég held að við hljótum að vera sammála um að við eigum að reyna að finna þessum stað verðugt viðfangsefni. Hann hafði það fyrr á árum meðan héraðsskólarnir gegndu öðru hlutverki en þeir gera í dag. Það var svo og það á að endurnýja þennan stað með viðfangsefnum sem hæfa breyttum tímum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér virðist að mikill ágreiningur sé uppi á milli hv. 5. þm. Vestf. og hæstv. menntmrh. Annar telji sig hafa verið að leggja af draugabyggð í Reykjanesinu en hinn að verja þar mannlíf. Mér sýn-

ist þess vegna að umræðan um Reykjanesið hafi alls ekki skilað þeim árangri sem ég vænti.

En ég ætla ekki að fara nánar út í túlkun á því sem ég hafði hugsað mér að ræða. Það kallar á umræður í trássi við þann rétt sem mér er hér gefinn en þakka fyrir.

16. FUNDUR

föstudaginn 25. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Um þingsköp.

Framhald umræðu um skýrslu utanríkisráðherra um EES-samninga.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á einu og biðja virðulegan forseta að upplýsa okkur um það eftir því sem forseti getur. Fyrir tveimur dögum fór fram á Alþingi umræða utan dagskrár um Evrópskt efnahagssvæði. Ég tek eftir því að hæstv. utanrrh. hefur fjarvistarleyfi í dag sem er þá væntanlega um leið tilkynning af hans hálfu til Alþingis um að hann sjái sér ekki fært að vera við slíka umræðu hér í dag. Ég vek athygli á því að yfirstjórn þingsins hefur ákveðið að engir þingfundir verði alla næstu viku. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem hlýtur að vera eðlilegt að þingmenn fái tækifæri til að tjá sig um. Það er mörgu ólokið í því máli og ég tel að ríkisstjórn Íslands sé nauðsynlegt að fá fram skoðanir hér á Alþingi og í þjóðfélaginu áður en lengra er haldið. Þess vegna vildi ég fá það upplýst, ekki endilega nú, heldur á þessum fundi í dag, hvenær má vænta að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að taka þátt í slíkri umræðu hér á Alþingi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig eðlileg ósk að haldið verði áfram umræðu um hið Evrópska efnahagssvæði. En eins og fram hefur komið tel ég að það sé varla hægt á meðan hæstv. utanrrh. er fjarstaddur og því miður getur hann ekki verið á þingfundi hér í dag. Reyndar er ekki langt síðan að ákveðið var að halda þingfund í dag, en ástæðan var einmitt sú umræða sem var fyrir tveimur dögum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vænti þess að hv. þm. virði það við ríkisstjórnina og hæstv. utanrrh. þó framhald umræðunnar geti ekki átt sér stað einmitt í dag. Ég tel að þetta mál hlaupi alls ekki frá okkur og það sé í raun og veru hægt að taka málið upp eftir næstu viku án þess að stórir hlutir hafi gerst sem komi í veg fyrir það að sjónarmið manna fái að koma fram og hafa áhrif á gang mála eins og eðlilegt getur talist.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa óánægju minni og vonbrigðum með það að framhald umræðu um skýrslu utanrrh., sem var á dagskrá á miðvikudaginn var, skuli ekki vera á dagskrá í dag. Hún var heldur ekki á dagskrá í gær. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. utanrrh. var í miðri ræðu sinni þegar þingfundi lauk á miðvikudaginn og var kominn þar sögu, að því er hann sagði sjálfur, að hann þurfti að svara kvennalistakonum. Það er ekki í fyrsta skipti sem hann veigrar sér við að svara okkur og þess vegna hefði mér þótt lágmark að hægt hefði verið að fá að heyra svör hæstv. utanrrh. við þeim spurningum sem voru lagðar fram. Þetta er ekki eingöngu spurningin um það að við fáum að viðra okkar hugmyndir heldur ekki síður að fá að heyra svör við þeim spurningum, sem hér voru bornar fram af hv. kvennalistaþingmönnum sem og öðrum, sem ekki var svarað.

Ég get eiginlega ekki haft samúð með ríkisstjórninni vegna þess að hér er sérstakur þingfundur til að mæla fyrir málum ríkisstjórnarinnar, en ég heyrði ekki betur en allir þeir, sem höfðu fjarvist í dag, væru stjórnarliðar. Eigum við, þingmenn stjórnarandstöðunnar, síðan að hjálpa ríkisstjórninni við að koma málum sínum í gegnum þingið eða í gegnum 1. umr. þegar hv. stjórnarliðar geta ekki einu sinni séð sér fært að gera það? Ég vil líka benda hæstv. ráðherrum á það að við höfum líka skipulagt þennan dag alveg nákvæmlega eins og þeir og aðrir stjórnarliðar og þurfum auðvitað að breyta okkar áætlunum þar sem ákveðið var að hafa þennan þingfund. Ég vil benda á að í starfsáætlun þingsins stóð að þessi dagur gæti komið til greina sem þingfundardagur og þá eiga stjórnarliðar jafnt sem stjórnarandstæðingar að taka tillit til þess.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það sætir undrun hvernig haldið er á málum. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að nóg sé að taka umræðuna um Evrópskt efnahagssvæði upp þegar þingið kemur saman aftur. Umræðan var í miðjum klíðum, virðulegi ráðherra. Og eins og hér hefur komið fram, (**Fjmrh.:** Það má halda henni áfram.) Já, halda henni áfram, það var kannski réttara orðalag eða svo við séum alveg nákvæmir, að utanrrh. haldi áfram að svara þeim spurningum sem til hans var beint. Eins og hér hefur komið fram af hálfu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur hafði einn þingflokkur á Alþingi ekki fengið eitt einasta svar frá utanrrh. við þeim spurningum sem sá þingflokkur hafði borið fram.

Það var samkomulag um það og stjórnarandstaðan sýndi mikinn skilning og lipurð í því máli þegar við féllumst á að umræðutími sl. miðvikudag yrði takmarkaður. Fallist var á að hver þingflokkur hefði í fyrstu aðeins hálftíma. Til þess að greiða enn frekar fyrir ríkisstjórninni í þessum efnum var á það fallist að í annarri umferð hefði hver flokkur bara korter. Þannig sýndi stjórnarandstaðan mikinn skilning og lipurð í að greiða fyrir því að þetta gæti gerst með eðlilegum hætti. Ég vil nefna í þessu sambandi að það var utan-

rrh. sem óskaði eftir því að flytja þinginu skýrslu um málið. Það var ekki stjórnarandstaðan sem knúði á um að þessi umræða færi fram á miðvikudag heldur var það ríkisstjórnin sem ýtti út af dagskránni öllum þeim frv., sem átti að ræða á þeim degi, til þess að utanrrh. gæti flutt sína skýrslu. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt, ólýðræðislegt og óþingræðislegt að sú umræða sé stöðvuð í miðjum klíðum, í miðri ræðu ráðherrans og síðan líði tæpar tvær vikur, virðulegi forseti og hæstv. fjmrh., þangað til utanrrh. heldur áfram ræðu sinni og getur hafið svör sín til Kvennalistans. Það er sérstaklega óþingræðislegt og ólýðræðislegt vegna þess að þingflokkur Kvennalistans er sá þingflokkur hér á Alþingi sem samfleytt hefur tekið mjög gagnrýna afstöðu í þessu máli. Þess vegna er það sérstaklega nauðsynlegt að sá þingflokkur geti átt viðræður við utanrrh.

Þessu til viðbótar, virðulegi fjmrh., hafa ráðherrar í ríkisstjórninni kosið að fara með málið utan þings í fullbúna umræðu. Það var ekki aðeins það að utanrrh. léti þingið hætta fundi klukkan sjö sl. miðvikudag, það var ekki þingið sem óskaði eftir því heldur var það vegna þess að utanrrh. hafði sjálfur boðað fund á Hótel Sögu, sem hafði forgang fram yfir þingið. Við gerðum út af fyrir sig ekki athugasemdir við það, við vildum ekki af sanngirni okkar leggja stein í götu ráðherrans. Síðan efna forsrh. og sjútvrh. til almenns borgarafundar næsta dag á Hótel Sögu og við sýndum líka þá sanngirni, hæstv. fjmrh., að halda áfram hér þingstörfum og umræðum í þingsalnum þrátt fyrir það að forusta Sjálfstfl. væri með borgarafund á sama tíma úti á Hótel Borg. Við gerðum ekki athugasemd við það. En það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að ríkisstjórnin og stjórn þingsins setji stjórnarandstöðuna og sérstaklega þingflokk Kvennalistans í þá aðstöðu að hann verði að bíða hér í hálfan mánuð eftir því að heyra svör ráðherrans og geta rætt um þau vegna þess að ríkisstjórnin hefur kosið að taka önnur frv. hér á dagskrá í dag. Það er auðvitað ástæðan, virðulegi forseti. Það er hin raunverulega ástæða þess að ríkisstjórnin og fjmrh. hafa krafist þess að fá önnur frv. hér á dagskrá í dag. Ég vil mótmæla því mjög harðlega að þetta sé gert. Ég vil leggja það til við virðulegan forseta að það verði kannað hvað dvelur utanrrh. Ég sá í blöðum í morgun auglýsingar um það — ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, — að hann er að fara í fundaherferð svona vítt og breitt um landið og nú nú fer ég fram á að gert verði fundarhlé og það verði kannað hvort virðulegur utanrrh. getur ekki mætt hér til fundar. Ef hann getur það þá verði settur nýr fundur með skýrslu utanrrh. á dagskránni og við getum haldið áfram umræðunni, a.m.k. á þann veg að þingflokkur Kvennalistans fái svör við spurningum sínum og svo getum við skoðað það síðar í dag hvort umræðum verður haldið áfram um önnur mál.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, segja það vegna þess að við erum bæði þingmenn fyrir Reykjaneskjördæmi, að slíka tillitssemi sýnum við sumir ríkisstjórninni og stjórn þessa þings að þótt boðaður sé í dag ársfundur Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem þingmenn Reykjaneskjördæmis almennt hafa skyldur til að sækja og er greinilegt að sumir stjórnarþingmenn hafa e.t.v. útvegað sér fjarvistarleyfi til að geta verið þar í dag, erum við, stjórnarandstæðingar í Reykjaneskjördæmi, hins vegar mættir í þingsalnum til þess að sinna skyldum okkar sem stjórnarþingmennirnir gera ekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að leiðrétta misskilning sem virðist vera hér á ferðinni. Það fyrirkomulag sem verið hefur á dagskrá funda hefur verið í fullu samkomulagi milli þingflokka. Fundir hafa verið haldnir með formönnum þingflokka og gert samkomulag um fyrirkomulag fundarhaldsins — utandagskrárumræðan, sem fór hér fram í gær, var löngu ákveðin eins og hv. þm. vita.

Þegar umræðum um skýrslu utanrrh. var frestað á sínum tíma var það gert að ósk þingmanna, en ekki að ósk utanrrh. Það hafði verið gert samkomulag um að ljúka þeirri umræðu þennan tiltekna dag, en á síðustu stundu var fundinum frestað að ósk eins hv. þm. Þetta þykir forseta bráðnauðsynlegt að komi fram.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst nú að ekki hafi verið nauðsyn að halda neinn fund á þessum degi ef ekki á að ræða um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar er það alveg ljóst að það skiptir sáralitlu máli hvort það er rætt nú eða eftir viku, tíu daga eða tvær vikur. Staðreyndin er sú að það hefur enginn samningur verið gerður. Það er margupplýst enda enginn maður með umboð til að gera neinn samning. Utanrrh. sjálfur hefur upplýst það, eins og menn vita, að ekki sé búið að samræma neinn texta, það hefur ekki verið skrifað undir neinn texta, enginn hefur sett stafi sína á eitt eða neitt, enda hefði það verið lögleysa.

Ég hef margsinnis vakið á því athygli hér í þinginu og annars staðar að það sé enginn samningur gerður fyrr en ríkisstjórnin í fyrsta lagi sé búin að fjalla um hann og samningamenn að setja stafi sína undir eitthvað ef þeir ekki skrifa nafnið sitt allt saman. Það hefur ekki verið gert og engir stafir verið skrifaðir, enginn texti er til staðfestur eða samanborinn. Það eru til einhver slitur af samningi sem taka þó alls ekki yfir það sem mestu máli skiptir, ekki hvað mikinn fisk hver fær núna, heldur hitt hvernig skuli fara með þetta lögfræðilega. Það er mjög vandasamt. (**Forseti:** Forseti verður að biðja hv. þm. um að tala einungis um þingsköp.) Já, já, þetta eru þingsköp og ég skal endurtaka að það eru einmitt þingsköp sem ég er að ræða, hvort það hafi verið nauðsyn að hæstv. utanrrh. væri hér og lyki umræðunni. Ég tel að það sé engu hætt þó að það biði. Það er nógur tími til þess. Það verður ekkert skrifað undir eða samþykkt og það er langt þar til að Alþingi tekur þetta mál til umfjöllunar. Utanrmn. hefur á tveimur sólarhringum eða svo haldið fimm fundi um þetta mál. Hún er reiðubúin að halda fundum áfram ef menn vilja. Það er allt óklárt af hálfu ríkisstjórnarinnar sem eðlilegt er. Þetta eru svo flókin mál að það er gjörsamlega lífsins ómögulegt fyrir nokkurn mann

að vera svo gáfaður að geta afgreitt þetta á tveimur til þremur dögum, tveimur til þremur vikum eða tveimur til þremur mánuðum. Málið er miklu flóknara en svo og alvarlegra og mikilvægara fyrir þjóðina alla um ókomna framtíð eins og menn hafa margsinnis vakið athygli á. Þess vegna eru það þingsköp að reyna ekki hér í þinginu að knýja það fram óskoðað að eitthvað verði bindandi fyrir Íslendinga. Við erum óbundnir af öllu sem gert hefur verið í þessu EES-máli og við þingmenn hljótum að krefjast þess að við fáum eðlilega umfjöllun um málið í nefnd og hér í þinginu áður en til atkvæða verður gengið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill skjóta því hér inn áður en þingskapaumræðan heldur áfram, en það eru þrír á mælendaskrá, að forseti hafði gert ráðstafanir til þess að fá það upplýst hvort hæstv. utanrrh. gæti komið hér síðar í dag. Forseti hafði sagt hv. 18. þm. Reykv. það í gær, og það síðasta sem við töluðum saman um var að ég kannaði það hvort ráðherra gæti komið hingað síðdegis í dag, og þá gæti þessi umræða farið. Að sjálfsögðu yrði þá settur nýr fundur þar sem þetta mál yrði á dagskrá. Nú bíður forseti eftir að fá upplýsingar um það hvort þetta geti orðið. (**KSG:** Það getur orðið seinna í dag). Upplýsingar liggja hér fyrir um að hæstv. utanrrh. getur komið hér síðar í dag. Þá væntir forseti þess að hægt verði að ná samkomulagi um að taka þetta mál aftur á dagskrá og væntanlega ljúka þeirri umræðu.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég tel óhjákvæmilegt að hér komi fram eins og forseti sagði að formenn þingflokka hafa fjallað um hvernig þinghaldi skyldi hagað bæði í gær og í dag. Þetta var rætt á fundi sem fram fór í herbergi forseta seint á miðvikudag áður en umræðu um skýrslu utanrrh. um efnahagssvæðið lauk. Þetta var líka rætt á fundi forseta með þingflokksformönnum í gærmorgun kl. 10. Þá lágu fyrir drög að dagskrá og skipulagi funda bæði í gær og í dag. Ákveðið var að ganga til utandagskrárumræðu um skólamál í gær sem hafði verið beðið um fyrir nokkru. Þá var líka ákveðið að hafa dagskrá fundarins í dag með þeim hætti sem nú liggur fyrir. Ég man ekki til að nokkrar athugasemdir hafi komið fram um það af hálfu neinna þeirra sem voru á fundinum. Hins vegar kom fram að það þyrfti að finna tíma til að ljúka umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði. Vissulega er það rétt. Það bar ekki á góma sérstaklega að gera það í dag en ég tel að það væri mjög farsælt og reyndar heppilegast ef hægt væri að gera það síðdegis þegar utanrrh. getur verið hér að lokinni dagskrá fundarins sem hér liggur fyrir.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það verður ekki hjá því komist að ræða aðeins um hvernig þinghald er að þróast á hinu háa Alþingi og ég tek það fram að ég er ekki að ásaka hæstv. forseta þess vegna. Dálítið er það kyndugt að á degi sem ekki var alveg víst að yrði þinghaldsdagur, en stjórnarandstaðan féllst fúslega á að gera þennan dag að slíkum, á að fara að ræða frv. til lánsfjárlaga og eru mættir til þings sjö þingmenn Sjálfstfl. eftir að hæstv. dómsmrh. gekk í salinn og einn alþýðuflokksmaður var hér þar til hv. formaður fjárlaganefndar gekk í salinn en hann var reyndar ekki viðstaddur 1. umr.um frv. til fjárlaga.

Það hefur vakið athygli, hæstv. forseti, að stjórnarþingmenn hafa setið afar lítið hér í þingsölum allt frá því þing hófst. Og hv. stjórnarþingmenn, sem hér hafa setið, eru þeir sem hafa setið á þingi áður. Svo er að sjá að nýliðarnir, sem nú hafa verið kjörnir til Alþingis, líti ekki svo á að þeir þurfi að taka þátt í umræðum hér á hinu háa Alþingi. Við þetta verður að sjálfsögðu ekki unað. Þetta sæmir ekki virðingu þingsins og síst af öllu sæmir þetta þeim sjálfum. Það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess að stjórnarandstaðan sitji hér dag eftir dag og komi málum áfram fyrir hæstv. ríkisstjórn sem raunar sést harla lítið hér líka.

Hér er talað um að ekki sé unnt að ræða samninga um Evrópskt efnahagssvæði af því að hæstv. utanrrh. geti ekki verið viðstaddur. Ég hlýt að spyrja: Hvar er hæstv. forsrh.? Það væri skemmtilegt að sjá hann hér öðru hverju. Valdhrokinn sem lýsir sér í þessari framkomu er ólíðandi. Hann er ólýðræðislegur og óþingræðislegur. Menn ösla hér inn í ráðuneyti og boða að nú skuli varpað fyrir róða öllum verkum fyrrv. ríkisstjórnar. Gott og vel, en þá er lágmark að þeir komi hér og ræði þau mál og þingmenn þeirra taki þátt í umræðunum. Ég lýsi því yfir að mér er til efs að það sé ástæða til að sitja þennan þingfund nema stjórnarþingmenn komi til fundar. Þá vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur verið ákveðið að þing falli niður í næstu viku. Hv. fjárln. hefur hins vegar boðað að þar séu tveggja daga vinnufundir. Þar eru að sjálfsögðu menn úr kjördæmum landsins sem kynnu kannski að vilja nýta sér þessa viku til starfa út í kjördæmunum, en þeir eiga á því engan kost. Ég óska eftir því enn og aftur og hef áður beðið hæstv. forseta að líta ofan í þetta mál og kannað verði hvort þessir hv. þm. geta ekki framvegis setið dálítið betur þingfundi svo stjórnarandstaðan sé ekki dag eftir dag að tala saman án minnstu þátttöku hv. stjórnarþingmanna. (Gripið fram í.)

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að leiðrétta þau orð forseta að hæstv. utanrrh. hafi verið tilbúinn að ljúka umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði sl. miðvikudag og það hafi verið einstakir þingmenn sem ekki hafi viljað gera það. Ég vil nú í mikilli vinsemd biðja virðulegan forseta að túlka ekki veruleikann með þessum hætti. Það vita auðvitað allir hér að þingmenn stjórnarandstöðunnar voru tilbúnir til þess að halda umræðunni áfram allt miðvikudagskvöldið. En hæstv. utanrrh. hafði boðað almennan borgarafund kl. 8.30 og við virtum það. Við hefðum auðvitað alveg getað, virðulegi forseti, knúið á um það að utanrrh. hætti við borgarafund sinn og mætti í þinginu til að halda áfram þeirri umræðu sem hann hóf, en við gerðum það ekki.

Þess vegna vil ég biðjast undan því að af forsetastól sé þetta túlkað á þann veg að hæstv. utanrrh. hafi verið tilbúinn að halda áfram umræðunni á miðvikudaginn en það hafi strandað á þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Það sem kom hins vegar í ljós var að það samkomulag sem formenn þingflokka og forseti höfðu rætt, og alveg rétt frá greint af hv. þm. Geir H. Haarde, stóðst engan veginn í reynd. Það var allt of þröngur stakkur fyrir þessa umræðu. Meira að segja svo þröngur að ýmsir þingmenn sem hafa gegnt veigamiklu hlutverki í ferli þessa máls, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, komust ekki að í umræðunni Og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fyrrv. forsrh., sem ásamt núv. utanrrh. er kannski sá maður sem mest hefur starfað að þessum málum á síðustu tveimur árum, átti engan kost að svara ásökunum utanrrh. í sinn garð. Svo það var auðvitað alveg ljóst að það samkomulag sem menn höfðu gert stóðst ekki í reynd. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar sýndum fullan skilning á að leysa úr því vandamáli. Þess vegna bið ég hv. þm. Geir H. Haarde að halda ekki þannig á málinu að hér hafi bara verið gert með einföldum hætti eitthvert samkomulag og þar með hafi málið verið afgreitt. (**GHH:** Fyrir daginn í gær og í dag.) Já, fyrir daginn í gær og í dag. Það má vel vera að það hafi verið gert í gærmorgun. En þá held ég að menn hafi ekki áttað sig á því að ráðherrar í ríkisstjórninni, með forsrh., sjútvrh. og utanrrh. í fararbroddi, mundu halda út á völlinn með alls konar ásakanir í garð okkar hér inni á þinginu eins og t.d. hæstv. sjútvrh. gerði í minn garð á almennum borgarafundi í gær og eins og hæstv. forsrh. gerði í minn garð á almennum borgarafundi í gær. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að ráðherrarnir séu að fara út í þjóðfélagið með þá umræðu sem þeir vilja ekki taka þátt í hér í þingsalnum. Það er þess vegna einlæg ósk okkar að fá ráðherrana í þingsalinn til að geta talað við þá vegna þess að það er óásættanlegt að maður þurfi að mæta á borgarafundi hjá Sambandi ungra sjálfstæðismanna til að tala við ráðherrana um málið. Ef ráðherrarnir hefðu sýnt þann þroska að vera ekki með ásakanir af þessu tagi á meðan umræðan stóð hér í þinginu væri engin ástæða til að gera athugasemd við það. En þeir kusu að gera það ekki.

Þess vegna, virðulegur forseti, fer ég fram á að þessum fund verði frestað og við fáum það alveg á hreint. Hvenær verður þess umræða í dag? Ég ætla ekki að eiga það eitthvað óljóst að hún verði einhvern tímann síðdegis. Ég vil fá það alveg á hreint. Hvenær verður umræðan? Hvað verður hún löng? Með hvaða hætti verður hún? Ég vil fá það alveg á hreint að hæstv. forsrh. verði í umræðunni líka. Það er alveg óhjákvæmilegt eftir þá ræðu sem hann flutti á borgarafundi Sjálfstæðisflokksins í gær, og að frá þessu verði gengið í fullu samkomulagi. Það er ekki hægt að eiga það undir óljósri þróun mála fram eftir degi þannig að kannski utanrrh. birtist hér kl. 6 og segi jæja, nú er ég mættur, nú getið þið haldið áfram o.s.frv. Vinnubrögð af því tagi eru fullkomlega (Forseti hringir.) óviðunandi. Ég fer þess vegna fram á það, virðulegi forseti, að að lokinni þessari þingskapaumræðu verði fundinum frestað og gengið verði frá málinu og því komið í fastar skorður og svo getum við haldið áfram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þinghaldið hér undanfarna daga hefur verið í fullu samkomulagi milli þingflokka sem eiga sæti á Alþingi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að það náðist samkomulag þingflokksformanna um að fresta umræðunni um hið Evrópska efnahagssvæði um óákveðinn tíma. En eftir að samkomulagið var gert kom í ljós að þingmennirnir sem þátt tóku í umræðunni voru afar óhressir með að fá ekki að halda umræðunni áfram í gær eða í síðasta lagi í dag. Utanrrh. varð að hætta í miðjum klíðum og fresta ræðu sinni og átti þar af leiðandi eftir að svara mörgum þeim spurningum sem til hans höfðu borist. Það er nú svo að það eru fleiri en hæstv. utanrrh. sem þurfa að sitja á fundum út í bæ og ræða þetta mál. Það er að sjálfsögðu til mikillar umræðu í þjóðfélaginu og ekki þarf annað en fletta dagblöðum þessa dagana til að sjá að víða eru haldnir fundir. Þess vegna er brýnt að fá svör við þeim spurningum sem eftir urðu. Ég fór þess á leit við hæstv. forseta í gær að þessi umræða yrði sett á dagskrá í dag ef mögulegt yrði og það síðasta sem við vissum þegar við fórum hér út úr húsinu í gærkvöldi var að eftir því yrði leitað.

Málið er ekki á dagskrá þessa fundar en ég vona svo sannarlega, hæstv. forseti, að það takist að fá úr því skorið hvort og hvenær utanrrh. kemur til þess að það takist að ljúka umræðunni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það liggur fyrir að hæstv. utanrrh. getur verið hér við eftir kl. 14. Forseti hefur hug á því að ná samkomulagi um að umræðan um skýrsluna geti farið fram eftir þann tíma en mun óska eftir því að fá fund með formönnum þingflokka til að ræða það frekar á meðan fundur stendur yfir.

Nú væntir forseti þess að þessi þingskapaumræða geti hætt. Forseta langar að upplýsa það að eftir er að lesa upp bréf þar sem nýr þingmaður er að taka sæti. Honum þykir það miður að þurfa að taka á móti nýjum þingmönnum með þessum hætti, að komast ekki að með það að bjóða þingmanninn velkominn. Vil ég nú biðja menn að láta af þessari þingskapaumræðu að þessum orðum töluðum. (**ÓRG:** Hvað með forsrh., hvenær kemur hann?) Forseti getur ekki svarað því hvenær forsrh. mætir hér á fundi en væntanlega eigum við eftir að sjá hæstv. forsrh. á fundinum. (**Gripið fram í:** Og viðskrh. hlýtur að þurfa að koma hér og vera viðstaddur.)

Þá vill forseti einnig láta þess getið að honum þykir miður sú ásökun sem hér hefur komið í garð mætinga þingmanna á þingfundum. Forseti hefur ekki orðið vör við að það sé með neinum öðrum hætti heldur

en oft hefur verið áður á þingum. Það er misjafnt hvernig þingmenn mæta hér og forseti hefur ekki getað séð að nýir þingmenn sitji hér neitt verr en aðrir og vill þess vegna vísa slíkum ásökunum á bug.

En nú vill forseti beina því til hv. þm. sem enn hafa beðið um orðið um þingsköp hvort þeir eru tilbúnir að falla frá því. Eru hv. þm. tilbúnir til að falla frá orðinu um þingsköp? (**RG:** Já.) Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur beðið um orðið um þingsköp og verður honum sjálfsagt leyft það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því úr ræðustól á hinu háa Alþingi í gær með hverjum hætti viðvera ráðherra hæstv. núv. ríkisstjórnar hefur verið hér í haust. Og því miður, virðulegur forseti, þá verð ég að ítreka það aftur hér í tilefni þeirrar þingskapaumræðu sem hér hefur farið fram. Ég verð að taka undir orð hv. 14. þm. Reykv. um þau atriði. Ég ætla, virðulegi forseti, sérstaklega að gera að umtalsefni viðveru hæstv. iðn.- og viðskrh. hér á hinu háa Alþingi þetta haust. Hann hefur ekki sést nema í flugulíki ef ég man rétt í heilar þrjár vikur nema þá í mesta lagi, t.d. í gær og fyrradag, hálftíma í senn. Síðan gerist það í gær að hæstv. iðn.- og viðskrh. mætir á samkomu út í bæ þar sem hann flytur ræðu um veigamikla stefnumörkun í stórum málum sem hann hefur í einstökum tilfellum lagt fram frv. um á Alþingi en ekki haft fyrir því að kynna Alþingi, hvað þá að það sé komið til hv. efh.- og viðskn. þingsins. Þetta voru málefni um auðlindaskatt í sjávarútvegi, tengingu íslensku krónunnar við ECU og fleiri mjög stór mál.

Virðulegi forseti. Þessi framkoma er á engan hátt líðandi. Og eins og ég benti á í gær þá hefur þessi viðvera, eða fjarvera réttara sagt, hæstv. ráðherra þýtt það að nú, þegar verið er að frumkvæði stjórnarflokkanna að senda þingið heim í vikufrí, þá eru komin til nefnda þrjú mál frá hæstv. ríkisstjórn. Og miðað við þau stóru orð sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa haft um viðskilnað fyrri ríkisstjórnar og um þær breytingar sem þurfi að gera þá er þetta, virðulegi forseti, með öllu ólíðandi. Stjórnarandstaðan hefur verið tilbúin. Hún hefur setið hér í þingsölum tilbúin til þess að ræða þessi mál við ráðherra ríkisstjórnarinnar en þeir hafa vegna anna, væntanlega erlendis, ekki látið sjá sig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það voru fleiri búnir að biðja um orðið um þingsköp en forseti skilur það svo að þeir ætli að falla frá því, en hv. 14. þm. Reykv. tekur til máls um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Vegna orða forseta rétt í þessu um að ekki væri rétt að hinir ungu nýkjörnu þingmenn sætu þingfundi verr en aðrir vil ég biðja forseta að taka eftir því og ég vil hafa það fært til bókar í þingtíðindum að hér er enginn nýkjörinn þingmaður Sjálfstfl. í salnum. (**GHH:** Hvað með sessunaut þinn?) Ég bið afsökunar, það er einn, hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. Það er rétt. Hann er sá eini. Hv. þm. Björn Bjarnason situr í salnum, það er rétt, það er einn og það er ekki nóg. Ég skil ekki hvers vegna ekki má ræða um mál eins og þetta. Það er alvörumál ef stjórnarandstöðunni er ætlað að sitja hér einni dag eftir dag. Við erum auðvitað tilbúin til að koma þingmálum áfram. Það er sjálfsagt og eðlilegt. En það hlýtur að vera óeðlilegt að við séum ein um það. Og þess vegna bið ég hæstv. forseta að gera mig ekki að ósannindamanneskju þó að ég leyfi mér að halda því fram að yngri hluti þingflokks Sjálfstfl. sækir fundi svo illa að með ólíkindum er.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég bar fram þau tilmæli til forseta að hér yrði frestað fundi þannig að menn gætu rætt það utan þingsalar hvernig vinnan verður hér í dag. Nú hefur forseti kosið að verða ekki við þeirri ósk og það er auðvitað ákvörðunarvald forseta. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að hafi það verið ætlun virðulegs forseta að hefja umræðu um lánsfjárlög 1992, sem er fyrsta mál á dagskrá, vil ég láta forsetann vita það strax að ég mun mótmæla því að það verði gert án þess að tveir ráðherrar séu viðstaddir sem ekki eru hér nú, þ.e. hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. Það er ekki, virðulegi forseti, hægt að ætlast til þess að við í stjórnarandstöðunni tökum þátt í 1. umr. um lánsfjárlagafrv. fyrir 1992 án þess að þessir tveir ráðherrar séu a.m.k. í salnum til þess að taka þátt í þeirri umræðu.

Ég mun í sjálfu sér ekki gera athugasemd þótt einhver önnur frumvörp sem hér eru á dagskránni verði tekin fyrir. Ég vildi láta forseta vita það strax, ef hún ætlar að gera fundarhlé til að skipuleggja starfið í dag, að til þess að hægt sé að gera það með árangursríkum hætti og í friðsemd við okkur þurfum við í stjórnarandstöðunni að fá nánari upplýsingar um það hvaða ráðherrar verða hér í dag svo að hægt sé að haga starfi þingsins með tilliti til þess. Það er ekki hægt að gera þá kröfu til okkar að starfið hér haldi áfram og það sé fullkomlega tilviljunarkennt hvaða ráðherrar eru í salnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði beðið um leyfi að fá tækifæri til að bjóða nýjan þingmann velkominn en síðan mun fundi verða frestað og væntir þess að það geti nú gerst.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 25. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Reykn., Jóhann Einvarðsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn."

Kjörbréf hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar hefur verið rannsakað og hann hefur áður tekið sæti á Alþingi. Er hann nú boðinn velkominn til starfa. — [Fundarhlé.]

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Rétt er að geta þess að samkomulag hefur orðið milli forseta og þingflokksformanna um að umræðan um skýrslu utanrrh. hefjist þegar hæstv. utanrrh. kemur til fundarins, sem mun verða um kl. 2. Verður þá settur nýr fundur þar sem það mál kemur á dagskrá og verður þá framhald umræðu um skýrsluna tekið fyrir.

Bókhald, 1. umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald. Frv. þetta er samið að lokum viðræðum við stjórn Félags löggiltra endurskoðenda um vinnubrögð við mótun góðrar reikningsskilavenju. Góð reikningsskilavenja hefur verið skilgreint sem samheiti yfir þær aðferðir sem sérhæfðir og samviskusamir kunnáttumenn á sviði reikningshalds beita á hverjum tíma við gerð reikningsskila.

Góð reikningsskilavenja hér á landi hefur einkum mótast af lögum og reglum, alþjóðlegum reikningsskilareglum og álitsgerðum reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda. Áður fyrr voru ákvæði skattalaga mjög ráðandi við alla reikningsskilagerð en á síðari árum hefur verið vikið frá fyrirmælum skattalaga í vaxandi mæli við gerð ársreikninga fyrirtækja þó að sjálfsögðu hafi skattskil fyrirtækja byggst á þeim. Reglur skattalaga þurfa ekki að móta reikningsskil en kjósi löggjöfin svo geta reikningsskilareglur aftur á móti haft veruleg áhrif á skattskilareglur. En skortur á formlega settum reglum um reikningsskil hefur að margra dómi þótt leiða til minna samræmis í reikningsskilum en æskilegt er.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda hefur ályktað um nauðsyn þess að samræma aðferðir við gerð reikningsskila og telur hún að enn ríkari ástæður liggi til þess en áður að skýrar reglur gildi um reikningsskil fyrirtækja, reglur sem liggi ljósar fyrir og víðtæk samstaða ríki um í þjóðfélaginu. Er það álit stjórnar félagsins að ekki nægi lengur að reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda gefi út álit á ýmsum reikningsskilamálum. Ástæðan sé sú að hvorki félagsmenn Félags löggiltra endurskoðenda né forráðamenn fyrirtækja telji sig bundna af slíkum álitsgerðum. Hafi það leitt til meira ósamræmis í framsetningu reikningsskila en æskilegt geti talist þótt mismunandi framsetning geti að vissu marki rúmast innan góðrar reikningsskilavenju.

Lagt er til að lögunum um bókhald verði breytt á þann veg að inn í þau komi nýr kafli sem hafi fyrirsögnina Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja og verður kaflinn þrjár greinar eins og um getur í 1. gr. frv. a-liðurinn verður 23. gr. laganna. Í henni verði ákvæði um að fjmrh. skipi fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Þrír nefndarmenn séu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra aðila sem upp eru taldir í greininni. Sá fjórði sé ríkisendurskoðandi og sá fimmti sé skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar síðan formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

Í b-lið 1. gr. frv., sem verður 24. gr., er mælt fyrir um starfssvið ráðsins. Haft er í huga að fagleg vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi í starfsemi ráðsins og að ráðið taki upp mál ýmist að eigin frumkvæði eða eftir utanaðkomandi ábendingum. Ráðið mun óska eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum og reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda eftir því sem við á, en síðan gefa álit eða ákveða útgáfu á samræmdum reglum. Auk þess að vera fjmrh. til ráðuneytis um útgáfu reglugerða samkvæmt bókhaldslögunum getur ráðið verið öðrum stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum og varða reikningsskil. Hér má sem dæmi nefna ákvæði hlutafélagalaga um reikningsskil hlutafélaga og ákvæði sveitarstjórnarlaga um ársreikninga sveitarstjórna. Í faglegri umfjöllun sinni um reikningsskilareglur mundi ráðið auk íslenskrar löggjafar hafa til hliðsjónar alþjóðlegar reikningsskilareglur og venjur en vaxandi alþjóðavæðing atvinnulífsins kallar á samræmingu á þessu sviði milli Íslands og annarra ríkja.

Í c-lið, sem verður 25. gr. laganna, er lagt til að ráðherra ákveði skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila. Reynsla frá nágrannalöndunum sýnir að verulegur kostnaður getur verið því samfara að semja tillögur um reikningsskilareglur, sem lagðar eru fyrir samsvarandi stofnanir og reikningsskilaráði er ætlað að verða. Eðlilegt þykir að ríkissjóður, Verslunarráð Íslands og Félag löggiltra endurskoðenda beri kostnað sem af starfi nefndarinnar hlýst, þar með talinn kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, ritfanga, birtingar og fundakostnaðar samkvæmt nánara samkomulagi sem staðfest sé með ákvörðun ráðherra. Gert er ráð fyrir að ráðið starfi eftir fjárhagsáætlun sem lögð sé fyrir til staðfestingar aðila fyrir upphaf hvers starfsárs.

2. gr. frv. er einföld. Þar er eingöngu ákveði þess efnis að lögin taki þegar gildi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta frv. sem hér er til umræðu. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér er til meðferðar frv. til laga um breyting á lögum um bókhald sem gerir ráð fyrir því að breyta í nokkru vinnubrögðum í sambandi við mótun góðrar reikningsskilavenju. Þetta er afar mikilvæg venja. Það er sem sagt venja kunnáttumanna, sér-

hæfðra manna sem hafa nægilega menntun og þekkingu til að geta túlkað það hvað góð reikningsskilavenja er.

Að sjálfsögðu er þetta hugtak ekki nákvæmt. Það ræðst af lögum, það ræðst af venjum, það ræðst af dómum, það ræðst af áliti ýmissa nefnda, alþjóðlegra og innlendra, og það ræðst af því sem skrifað er í fagtímarit þau sem menntastofnanir gefa út o.s.frv. o.s.frv.

Ég sé að nú hefur Félag löggiltra endurskoðenda og ýmsir aðrir óskað eftir því að hið opinbera komi inn í mótun þessarar venju og haldi utan um hana með ákveðnari hætti en áður hefur komið fram. Ég ætla ekki að halda því fram að ég sé andvígur því að svo sé gert. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að með þessum hætti er verið að leggja allmiklar skyldur á hið opinbera í þessu efni. Það er verið að leggja miklar skyldur á þessa nefnd, að hún sé vakandi fyrir því sem almennt er að gerast í þessum málum. T.d. er alveg ljóst að í málum sem hafa verið rekin fyrir Hæstarétti hefur verið mjög um það fjallað hvort farið hafi verið eftir góðri reikningsskilavenju í uppgjörum fyrirtækja. Viðkomandi réttur verður þá að sjálfsögðu að dæma með tilliti til þess hvort það hafi verið gert. Það er alveg ljóst að þeir sem veita þjónustu á sviði reikningshalds og endurskoðunar eru ábyrgir fyrir því að þeir hafi í frammi góða reikningsskilavenju.

Ég hef vissar efasemdir um að það sé rétt af hinu opinbera að fara inn á allt of mörg svið samfélagsins og hef m.a. efasemdir um að það sé rétt í þessu tilviki. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að hér á að setja upp hóp fimm sérfróðra manna. Það skal einn tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, væntanlega úr þeirra hópi, annar af viðskiptadeild Háskóla Íslands, væntanlega kennari í reikningshaldi við Háskóla Íslands, og þriðji af Verslunarráðs Íslands. Það má vel vera að þeir hafi sérhæfða menn á þessu sviði innan sinna vébanda. Sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi sem að sjálfsögðu er sérfróður á þessu sviði. En ríkisendurskoðandi fjallar fyrst og fremst um mótun góðrar reikningsskilavenju að því er varðar reikninga ríkisins og stofnana ríkisins og að því leyti kann að vera rétt að hann sé aðili að þessu ráði þótt ég hafi vissar efasemdir um það. Ég held að það sé best að blanda Ríkisendurskoðun ekki allt of mikið inn í hin ýmsu mál í samfélaginu. T.d. hef ég miklar efasemdir um að það sé rétt af ríkisstjórn að vera að panta álit á hinu og þessu frá Ríkisendurskoðun og ég hef jafnvel tekið eftir því að Ríkisendurskoðun og ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar hafa verið saman á blaðamannafundum. Ég tel ekki vera hlutverk Ríkisendurskoðunar að mæta á blaðamannafundum með ríkisstjórninni. Ég tel að Ríkisendurskoðun sé stofnun Alþingis, hlutlaus stofnun, og mér hefur fundist að hæstv. núv. ríkisstjórn hafi ákveðna tilburði til þess að nota hana með öðrum hætti en á að gera þó að það sé að sjálfsögðu ákvörðunaratriði Ríkisendurskoðunar sjálfrar, hvort það skuli gert eður ei.

Í síðasta lagi á væntanlega fjmrh. að skipa einn í þessa nefnd án tilnefningar. Ég vil spyrja hvað menn hafa í huga í því sambandi, hvort það sé sérfróður maður í fjmrn. um góða reikningsskilavenju, þeir eru sjálfsagt til þar þótt ég hafi svona vissar efasemdir um að þeir fjalli um það mjög mikið dags daglega.

Þetta eru að sjálfsögðu allt saman atriði sem hægt er að ræða betur í nefnd þeirri sem fær málið til umfjöllunar og ég er ekki að gera kröfur til hæstv. fjmrh. að hann svari því sem ég hef hér sett fram. Þetta eru sjónarmið. Hér er ekki um stórpólitískt mál að ræða heldur faglegt mál sem rétt er að ræða með ákveðnum efasemdum á Alþingi. Ég veit að þeim stjórnarmönnum í Félagi löggiltra endurskoðenda mun ekki líka þessi ræða mín en það vill nú svo til að ég fékkst allmikið við það hér áður fyrr að fjalla um góða reikningsskilavenju og þetta er sagt í þeim anda en ekki vegna þess að ég sé sérstaklega andstæður því sem hér er sett á blað. En ég hef allmiklar efasemdir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til laga um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald, þar sem gert er ráð fyrir að sett sé á stofn svokallað reikningsskilaráð. Ég vil lýsa ánægju með að tekið sé á þessu máli vegna þess að reikningsskilareglur hafi verið mjög breytilegar síðustu ár og reikningsskilareglur hafa mikil áhrif á skattskilareglur. Þær breytingar hafa orðið á síðustu árum að reikningsskilareglur hafa ekki verið þær sömu í uppgjöri fyrirtækja, þær hafa verið breytilegar og forráðamenn fyrirtækjanna getað haft talsvert um það að segja hvernig reikningsskil fyrirtækjanna eru sett fram. Það gerir hlutina ekki nógu skýra til aflestrar fyrir hinn almenna þátttakanda í fyrirtækjum. Ég tel því að það horfi til bóta að mótaðar séu reikningsskilavenjur. Líka má geta þess að hlutabréfamarkaðurinn, sem er í mótun hér á landi, hefur mikla þörf fyrir þetta að mínu áliti.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda átti frumkvæði að þessu. Það reikninsskilaráð, sem fyrirhugað er að skipa samkvæmt frv., á að hafa einn nefndarmann sem tilnefndur er af Félagi löggiltra endurskoðenda. Þeir menn sem hingað til hafa mest haft um það að segja að móta reikningsskilavenjur eru í tengslum við þetta reikningsskilaráð og má frekar búast við að um faglegt mat verði að ræða.

Hins vegar vil ég taka undir þær athugasemdir sem hv. síðasti ræðumaður nefndi og koma fram í 1. gr. a., sem verður 23. gr., að einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Það kemur ekkert fram hvaðan hann ætti að koma eða hver ætti að vera bakgrunnur hans. Að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi við þetta frv.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessar efnislegu umræður sem farið hafa fram um þetta mál. Ég vil sér í lagi þakka hv. 1. þm. Austurl., með fullri virðingu fyrir öðrum ræðum sem fluttar voru, sem er áreiðanlega sá hv. þm. sem best þekkir til þessara mála enda gamall kennari í þessu fagi í Háskóla Íslands.

Ég vil taka það fram að þetta frv. er flutt vegna eindreginna óska Félags löggiltra endurskoðenda. Ég bendi jafnframt á að ekki er um það að ræða að álit

reikningsskilaráðs sé einhvers konar dómsniðurstaða eða hæstiréttur, heldur er fyrst og fremst verið að reyna að stuðla að góðri reikningsskilavenju. Álitið hefði þannig að sjálfsögðu áhrif á dóma, áhrif á það hvernig löggiltir endurskoðendur og reyndar forstjórar fyrirtækja vilja setja upp reikninga í fyrirtækjum þannig að þeir falli að góðri reikningsskilavenju.

Varðandi Ríkisendurskoðun verður það að koma fram að Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga ýmissa opinberra sjóða og banka, skrifar á ársreikninga Landsbankans og Búnaðarbankans til að mynda sem auðvitað eru stofnanir sem eru í fullri samkeppni við aðrar innlánsstofnanir. Ríkisendurskoðandi, sem heyrir undir forseta Alþingis, tekur einnig þátt í störfum ásamt fjmrn. í svokallaðri reikningsskilanefnd sem fjallar um uppsetningu fjárlaga, ríkisreiknings og tekur til meðhöndlunar fleiri slík atriði sem nokkur deila hefur staðið um vegna þess að ýmsir telja að færa eigi upp einhvers konar efnahagsreikning þegar fjárlagafrv. er sett fram, þannig að skuldbindingar til að mynda sem verið er að efna til á fjárlagaárinu komi fram í fjárlagafrv. en ekki eins og nú er að einungis þegar um greiðslur úr ríkissjóði er að ræða koma skuldbindingarnar fram í fjárlögunum þótt öðru máli gegni að sjálfsögðu um reikninginn sjálfan. Að því leytinu til getur verið eðlilegt að Ríkisendurskoðandi komi fram á fundum með fulltrúum ríkisstjórnarinnar þegar fjallað er um slík mál, en ég vil ekkert um það segja hvort það sé eðlilegt þegar fyrir liggur skýrsla sem Ríkisendurskoðandi hefur útbúið að beiðni viðkomandi ráðherra. Það er mál sem hv. Alþingi þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar og ræða. Ég tel að Ríkisendurskoðandi hafi gert margt gott og unnið þarft verk fyrir hönd Alþingis og það hafi á sínum tíma verið mjög til bóta að færa embættið undir Alþingi sem var gert m.a. að tilhlutan hv. 1. þm. Austurl. sem hér flutti margar góðar og langar ræður um það efni. Það breytir ekki því að það þarf auðvitað í tímans rás að átta sig á því hvort kompásinn er nákvæmlega réttur og hvort Ríkisendurskoðun starfar nú eins og Alþingi og hæstv. forsetar þess telja eðlilegast, þannig að tilganginum sé þjónað sem best. Um það ætla ég ekki að hafa fleiri orð.

Ég tel að það sé full ástæða til þess að fulltrúi án tilnefningar sé í reikningsskilaráði og geri þá ráð fyrir að slíkur fulltrúi sé fulltrúi fjmrn., einkum hef ég í huga mann, sem er sérfróður í skattarétti, og gæti þannig tengt þau sjónarmið, sem kæmu fram í ráðinu, við þau störf sem á hverjum tíma eru unnin í ráðuneytinu og á vegum skattakerfisins og snerta þann hluta sem snýr að skattframtölum og öðru því sem fjmrn. sér um. Ég hef enga fyrir fram ákveðna skoðun á því að öðru leyti hvaða kostum slíkur maður ætti að vera búinn og mundi fagna því að í nefndinni færu fram umræður um það eins og annað sem kemur fram í þessu frv. Ég óska reyndar eindregið eftir því að til nefndarinnar verði kallaðir forustumenn Félags löggiltra endurskoðenda og skal nefna nafn Árna Tómassonar sérstaklega í því sambandi. Ég veit að hv. form. efh.- og viðskn., sem hér er staddur á fundinum, mun verða við þeim tilmælum að boða hann ásamt fleiri forustumönnum félagsins til fundar þegar þetta mál verður tekið fyrir.

Að lokum vil ég segja að ástæðan fyrir því að Verslunarráð tilnefnir mann er auðvitað sú að Verslunarráðið er eins konar samnefnari fyrir fyrirtækin í landinu og það er ekki óeðlilegt að fulltrúi fyrirtækjanna komi að þessu máli því það er rétt eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að fulltrúar fyrirtækjanna, eigendur þeirra og stjórnendur, hafa haft og eiga að hafa mikið um það að segja hvernig reikningar eru settir upp innan þeirra reglna sem kallaðar hafa verið góðar reikningsskilavenjur.

Að allra síðustu vil ég ítreka að hér er ekki verið að taka fram fyrir hendur á dómstólum sem hafa að undanförnu í meira mæli en oftast áður fjallað um þetta atriði einmitt vegna þess að það hefur verið nokkuð áberandi vegna sérstöðu íslenska efnahagslífsins að menn hafa valið mismunandi leiðir í reikningsskilum sem þó geta átt það sameiginlegt að teljast vera góðar reikningsskilavenjur.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi svarað fyrirspurnum, sem til mín hefur verið beint, en ég mælist til þess að hv. nefndin taki málið að öðru leyti til ítarlegrar athugunar og afgreiðslu.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd út af því sem hæstv. fjmrh. sagði. Ég þakka honum fyrir svörin en aðeins vegna þess að hann lét í ljós að hann teldi að fjmrn. ætti fyrst og fremst að setja mann til þessara starfa á sviði skattaréttar, væntanlega þá aðila frá ríkisskattstjóraembættinu eða einhverju slíku, þá vil ég vara dálítið við því að rugla þessu allt of mikið saman. Það stendur hér í grg.: „Reglur skattalaga þurfa ekki að móta reikningsskil, en kjósi löggjafinn svo geta reikningsskilareglur aftur á móti haft veruleg áhrif á skattskilareglur."

Nú liggur það fyrir að það hefur verið tilhneiging hér á Alþingi að afnema ýmislegt sem er kallað frádráttarreglur. Afskrift vörubirgða, afskrift útistandandi skulda. Þessar reglur hafa þótt of rúmar þótt það sé alveg ljóst að í mörgum tilvikum eru þær það alls ekki. Það sem er rétt samkvæmt góðri reikningsskilavenju getur verið langt frá því að vera rétt í skilningi skattalaga. Það hefur verið viss tilhneiging til þess að móta skattalög í nokkru ósamræmi við góða reikningsskilavenju. Ef ríkisvaldið vill síðan fara að hafa mikil áhrif á túlkun á góðri reikningsskilavenju út frá hagsmunum ríkisins til að innheimta sem mesta skatta, sem ég veit að núv. fjmrh. er mikill áhugamaður um eins og allir fyrri fjmrh. sem ég hef kynnst, enda á hann eftir að mæla hér fyrir mörgum skattahækkunarfrv., tel ég það vera alveg nægilegt að fjmrn. og embættismenn fjmrn. hafi ábyrgð á því sviði, þó þeir fari ekki að reyna að búa til góðar reikningsskilavenjur út frá skattahagsmunum ríkisins, eða hafa áhrif í þá átt. Það finnst mér fulllangt gengið í skattpíningarstefnu.

Síðan vil ég vekja athygli á einu sem er í sjálfu sér mjög alvarlegt sem kemur fram í þessari grg. og ég

vænti þess nú að sé kannski ekki að öllu leyti rétt, því þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ástæðan sé sú að hvorki félagsmenn FLE né forráðamenn fyrirtækja telji sig bundna af slíkum álitsgerðum.“ Það er mjög alvarlegt ef það ástand er orðið í samfélaginu að forráðamenn fyrirtækja og ýmsir félagsmenn telja sig ekkert bundna af túlkun á góðri reikningsskilavenju. Ég held að það hljóti að vera einhver mistök í þessu. Ég vildi bara vekja athygli hæstv. fjmrh. á þessu því ef svo er taka viðkomandi aðilar mikla áhættu ef þeir treysta sér til að setja fram reikningsskil án þess að taka tillit til álitsgerða fagmanna á því hvað er góð reikningsskilavenja. Með því gætu þeir vísvitandi verið að blekkja þá sem lesa þessa reikninga og taka á sig slíka áhættu gagnvart lesendum reikningsskilanna og líka áhættu á að hljóta fyrir það þunga dóma af dómstólum landsins, að ég trúi því vart að ástandið sé með þeim hætti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég tel mikilvægt að það hafi komið hér inn á Alþingi til umfjöllunar og við munum fjalla um það með faglegum hætti í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar og þá mun sjálfsagt margt af því sem hér stendur skýrast betur og hvers vegna það er sett hér á blað. Ég ætlast ekki til þess að hæstv. fjmrh. svari því sem ég hef sett hér fram, enda var það ekki sett fram í þeim tilgangi, aðeins til ábendingar, vegna þess að mér fannst þetta gefa tilefni til athugasemda því hér er um alvarlega hluti að ræða.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. vék nokkuð að því í seinni ræðu sinni að Alþingi þyrfti að íhuga hver reynslan væri af störfum Ríkisendurskoðunar og þeirri skipan sem ákveðin var á sínum tíma. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi orðað það svo að rétt væri að forsetar þingsins og þeir sem fara með yfirstjórn þingsins tækju það til umfjöllunar með hvaða hætti þessi samskipti hafa verið og eiga að vera. Ég vil nota þetta tækifæri til að taka eindregið undir þessi orð hæstv. fjmrh. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að Alþingi ræði hispurslaust ýmislegt af því sem hefur verið að koma fram í störfum Ríkisendurskoðunar á undanförnum mánuðum. Ég vil segja það strax að mér finnst margt af því sem þar hefur gerst veikja mjög tiltrú þings og þjóðar á Ríkisendurskoðun. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það eru mjög alvarleg orð. En það er hins vegar óhjákvæmilegt að ég láti það koma fram að reynsla mín sem fjmrh. og ýmislegt sem fram hefur komið á síðustu mánuðum er auðvitað með þeim hætti að það er alveg óhjákvæmilegt að þingið fjalli á gagnrýninn hátt um reynsluna af störfum Ríkisendurskoðunar og þá stjórnunarhætti sem þar hafa tíðkast. Ég vil nefna nokkur dæmi máli mínu til stuðnings.

Ég ætla aðeins að rifja upp í fáeinum setningum, en það er ekkert höfuðatriði, að á síðasta vetrarþingi varð allmikil umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á Þormóði ramma. Ég ætla ekki að hefja þær umræður á nýjan leik. Það muna margir hv. þm. að í því máli kom fram að Ríkisendurskoðun hafði unnið tvenns konar skýrslur um Þormóð ramma sem á engan hátt bar saman. En vegna þess að ég var aðili að því máli ætla ég ekki að gera það að meginröksemd fyrir skoðun minni nú.

Annað dæmi vil ég nefna. Nokkrum mánuðum síðar urðu miklar umræður um skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi heilbrigðisstofnana og kjör lækna. Nú vill svo til að ég var í hópi þeirra manna sem í þeirri umræðu gagnrýndu margt í kjörum lækna, sérstaklega sérfræðinganna og samskipti þeirra við Tryggingastofnun. Hins vegar komu fram í blöðum í þessari umræðu mjög vandaðar greinar frá ýmsum forstöðumönnum sjúkrahúsa- og heilbrigðiskerfisins þar sem þeir gagnrýndu þær reikningslegu forsendur og þær aðferðir sem Ríkisendurskoðun hafði beitt í þessari skýrslu. Mér vitanlega svaraði Ríkisendurskoðun aldrei þeirri faglegu gagnrýni, en fljótt á litið virtist hún benda til þess að starfsmenn Ríkisendurskoðunar hefðu gefið sér ýmsa hluti sem stöfuðu af vanþekkingu þeirra á hvernig sjúkrahús almennt eru rekin, ekki fjárhagslega heldur sem heilbrigðisstofnanir.

Þriðja dæmið sem ég vil nefna hér er sú umræða sem fór fram í kjölfarið á skýrslu sem forsrh. bað um frá Ríkisendurskoðun til að meta stöðu nokkurra sjóða í eigu ríkisins, sérstaklega Framkvæmdasjóðs, Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Nú vil ég segja hér að það er á ýmsan hátt hæpið að framkvæmdarvaldið, þ.e. einstakir ráðherrar, geti pantað skýrslur frá Ríkisendurskoðun um eitt og annað. Ég taldi að þessi verkaskipting væri með þeim hætti að það væri óeðlilegt ef ég sem fjmrh. væri að panta skýrslur frá Ríkisendurskoðun. Ástæðan fyrir því að ég taldi slíkt óeðlilegt er að grundvallaratriðið í þeirri nýskipan sem var tekin upp fyrir nokkrum árum var að flytja Ríkisendurskoðun algerlega frá framkvæmdarvaldinu og gera hana hluta af tækjum löggjafarvaldsins til eftirlits með framkvæmdarvaldinu. Þess vegna taldi ég óeðlilegt að einstakir ráðherrar, kannski í pólitísku stríði eins og t.d. forsrh. stóð í í sumar, væru að draga Ríkisendurskoðun með skyndingu inn í það pólitíska stríð og réðu því nánast sjálfir hvort Ríkisendurskoðun skrifaði skýrslu um málið eða ekki vegna þess að þó það hafi kannski formlega verið borið undir forseta þingsins, sem mér er þó ekki ljóst að hafi verið gert, þá hefði verið erfitt fyrir forseta þingsins að neita forsrh. um slíka skýrslu. En ég vil segja það hér og nú að mér finnst óeðlilegt að einstakir ráðherrar geri mikið af því að panta slíkar skýrslur frá Ríkisendurskoðun, en látum það vera. Það er kannski ekki kjarni máls á þessu stigi þó ég telji að eitt af því sem þurfi að ræða sé hvort það er eðlilegt.

Hitt var svo öllu alvarlegra að í þeirri skýrslu sem Ríkisendurskoðun skilaði kom fram að sjóðir sem ríkisendurskoðandi hafði nokkrum mánuðum áður áritað reikningana hjá í nafni Ríkisendurskoðunar og engar athugasemdir gert við stöðu þeirra sjóða voru nú að dómi Ríkisendurskoðunar allt í einu orðnir gjaldþrota. Í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990 er birt áritun ríkisendurskoðanda á reikningum Atvinnutryggingarsjóðs. Þar stendur:

„Með skírskotun til áritunar ofangreindra endur-

skoðenda er ársreikningur Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina samþykktur.

Ríkisendurskoðun, Halldór V. Sigurðsson."

Og sams konar formleg áritun Ríkisendurskoðunar er á ársreikningi Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

Þegar ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, var síðan spurður að því í Morgunblaðinu nokkrum dögum seinna hvernig hann skýrði það að hann í vor áritar reikninga Byggðastofnunar og Hlutafjársjóðs og finnur ekkert athugavert en lýsi því yfir í skýrslu til forsrh. í sumar að þessir sjóðir séu bara gjaldþrota, þá var svar ríkisendurskoðanda, Halldórs V. Sigurðssonar, mig minnir að ég fari með það orðrétt, menn geta flett því upp í Morgunblaðinu: Það er komin önnur ríkisstjórn. Mig rak satt að segja í rogastans við að lesa þessi orð ríkisendurskoðanda. Er það háð því hvaða ríkisstjórn situr í landinu hvaða niðurstöðu Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðandi fær þegar þeim ber samkvæmt lögum að árita reikninga?

Ég vil nefna enn eitt dæmi og er nú leitt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli ekki vera í þingsalnum. Össur Skarphéðinsson var fulltrúi fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs um rúmlega tveggja ára skeið. Ég held að ég fari rétt með en það hefði verið æskilegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefði getað staðfest það í þingsalnum, að þegar ég var fjmrh. varð nokkur umræða í stjórn Framkvæmdasjóðs um hver staða sjóðsins væri. Ég taldi t.d. sem fjmrh. og lýsti þeirri skoðun í ríkisstjórninni að margt benti til þess að Framkvæmdasjóður væri e.t.v. gjaldþrota. Og ég ræddi það mál við fulltrúa fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs, Össur Skarphéðinsson, nokkrum sinnum og mér hefur verið tjáð að hann hafi síðan í stjórn Framkvæmdasjóðs farið fram á það að áður en stjórnin gengi frá því að samþykkja reikningana kæmi formleg staðfesting frá Ríkisendurskoðun um það að staða sjóðsins væri í lagi. Og síðan kom áritun ríkisendurskoðanda á reikninga Framkvæmdasjóðs með fullkomlega eðlilegum hætti og þá fyrst staðfesti stjórnin, í trausti þess að orðum ríkisendurskoðanda mætti treysta, að staða sjóðsins væri í lagi. Ég tek það hins vegar fram að ég fer með þetta eftir minni og það væri mjög æskilegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson gæti fjallað um þetta mál.

Þessi fjögur dæmi sem ég hef nefnt, deilan um tvenns konar skýrslur Ríkisendurskoðunar um Þormóð ramma, fagleg gagnrýni lækna og forstöðumanna sjúkrahúsa á heilbrigðislegar forsendur og útreikninga Ríkisendurskoðunar á rekstri sjúkrahúsanna og heilbrigðiskerfisins, áritun ríkisendurskoðanda á reikninga Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs fyrr á þessu ári og síðan yfirlýsing hans um það í sumar að sú áritun hafi verið marklaus eða hann skipt um skoðun vegna þess að komin var ný ríkisstjórn og í fjórða lagi umræðurnar í stjórn Framkvæmdasjóðs um stöðu sjóðsins og frestun á samþykkt stjórnar á reikningum sjóðsins þar til Ríkisendurskoðun hafði gengið frá reikningunum, eru auðvitað allt mjög alvarleg dæmi, því miður. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að forsetar þingsins og aðrir ábyrgðaraðilar á Alþingi taki til mjög ítarlegrar og alvarlegrar umræðu reynsluna af störfum Ríkisendurskoðunar og framgöngu Ríkisendurskoðunar í þessum málum á síðustu mánuðum.

Ég vil líka geta þess að mér hefur alltaf þótt óeðlilegt að vararíkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, skuli hafa starfað jafnnáið með fjvn. á sínum tíma og raun ber vitni. Það var óeðlilegt að sá maður, vararíkisendurskoðandi, sem átti síðan að vera trúnaðarmaður þingsins í því að fara yfir ríkisreikninginn og framkvæmd fjárlaganna hafi með beinum eða óbeinum hætti tekið þátt í meðferð þingsins á fjárlagafrv. á sínum tíma þannig að hann sæti alls staðar í kringum borðið á nánast öllum ferli máls. Ég hef sett fram þá skoðun að þingið ætti að ráða sér sjálfstæða starfsmenn til þess verks og mér er tjáð að nú hafi það verið ákveðið og ég tel það vera rétta ákvörðun og hefði átt að taka hana fyrir tveimur árum.

Virðulegi forseti. Mér fannst nauðsynlegt vegna þess að stöðu Ríkisendurskoðunar bar á góma í ræðu hæstv. fjmrh. að gera þinginu grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum, að hluta til byggðum á þeirri reynslu sem ég fékk sem fjmrh. en að hluta til líka á því sem ég hef skoðað í sumar og hvet eindregið til þess að forustumenn þingsins, forsetar og e.t.v. í samvinnu við fjárln. og efh.- og viðskn. þingsins ræði mjög rækilega á næstu mánuðum hvort ekki þarf að gera verulegar breytingar á yfirstjórn Ríkisendurskoðunar, setja henni fastar starfsreglur og eyða þeirri óvissu sem óhjákvæmilega hefur skapast vegna þess sem Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðandi hefur birt á undanförnum missirum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fann að því að það vantaði ýmsa menn hér í salinn þegar þessi umræða á sér stað rétt eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég verð að viðurkenna það að þegar hv. þm. fór að ræða sérstaklega Þormóð ramma saknaði ég sérstaklega hv. þm. Páls Péturssonar sem hefur nú lýst skoðun sinni á málflutningi hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og segist hafa þekkt þann málflutning í 20 ár og hann hafi einkennst af tilteknum þáttum sem hv. þm. Páll Pétursson rakti alveg sérstaklega.

Ég tók eftir því að þingmaðurinn var að bera sig upp undan Ríkisendurskoðun. Það er þekkt aðferð stjórnmálamanna þegar óháðar stofnanir koma með upplýsingar sem ekki falla í kram viðkomandi, þá reyna þeir með beinum eða óbeinum hætti að ógna viðkomandi stofnunum. Mér fannst á marga lund ómaklegt hvernig þingmaðurinn vék að ríkisendurskoðanda sem hefur auðvitað engin tök á því að bera hönd fyrir höfuð sér á þessum vettvangi.

Hv. þm. nefndi að það væri óeðlilegt að ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar væru að „panta" skýrslur frá ríkisendurskoðanda eða Ríkisendurskoðun. Og hann margnotaði þetta, „panta skýrslur". Mér fannst eima af því að þetta ætti að þýða það að viðkomandi ráðherra væri að „panta" niðurstöður skýrslna. Auðvitað er hér um að ræða að ráðherrar óska eftir því að Ríkisendurskoðun geri úttekt á tilteknum þáttum. Þeir geta ekki

vitað fyrir fram hver sú niðurstaða er. Og það er engin ástæða til þess að gefa sér það eða vera með hálfkveðnar vísur um það að ríkisendurskoðandi eða Ríkisendurskoðun lagi sig að óskum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra um niðurstöður slíkra skýrslna. Ég tel til að mynda að fyrrv. hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, hefði ekki átt að nefna það í ríkisstjórn þegar hann hafði hugboð um það að Framkvæmdasjóður væri á hausnum heldur hefði hann átt að láta fara fram á því ítarlega úttekt eða óska eftir því við forsrh. En það var svo alvarleg staða miðað við þá stöðu sem Framkvæmdasjóður sýndi eins og þingmaðurinn nefndi sérstaklega.

Þingmaðurinn velti því fyrir sér hvort sú breytta skipan sem gerð var á fyrirkomulagi Ríkisendurskoðunar leiddi til þess að ráðherrar hefðu ekki heimild til þess að óska eftir því að Ríkisendurskoðun gerði tilteknar úttektir eða gerði tilteknar skýrslur. Ég hygg að ráðherrann hljóti að vita betur hvernig fyrirkomulagið er. Breytingin felst í því í rauninni að ráðherra getur beðið um slíka skýrslu, en Ríkisendurskoðun þarf ekki að verða við þeirri beiðni ráðherrans. Ef ráðherrann biður hins vegar um slíka skýrslu og Ríkisendurskoðun ákveður að verða við þeirri beiðni, þá er það sjálfsögð og eðlileg aðgerð og í samræmi við hina breyttu skipan. Ef Ríkisendurskoðun neitar að verða við slíkri beiðni getur viðkomandi ráðherra snúið sér til forseta þingsins og ef forseti þingsins tekur þá ákvörðun að gefa Ríkisendurskoðun engu að síður fyrirmæli um að gera slíka athugun þá ber henni að fara eftir því. Geri forseti þingsins það ekki þá fer sú athugun ekki fram. Þetta er sú breyting sem orðið hefur.

Hv. þm. nefndi eftir minni sérstaklega ummæli ríkisendurskoðanda í Morgunblaðinu. Ég get ekki farið með þau ummæli hér eftir minni. En ég minnist þess þó að þau voru á nokkurn annan veg en þingmaðurinn gaf til kynna. Hann gaf til kynna að ríkisendurskoðandi hafi sagt að fyrst komin væri ný ríkisstjórn þá skyldi koma önnur niðurstaða. Það var ekki svo. Ummæli hans voru skilyrt. Ég þori ekki að fara með þau eftir minni, enda er afskaplega hæpið að gera það þegar reynt er með hálfkveðnum vísum að gera embættismann, í þessu tilfelli ríkisendurskoðanda, tortryggilegan með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði.

En hver er staðreynd málsins? Staðreynd málsins er sú, bæði varðandi Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð, að þeim niðurstöðum sem hafa komið frá Ríkisendurskoðun hefur ekki verið mótmælt. Og meira að segja fimm dögum eða svo áður en Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu sinni um Byggðasjóð ákvað Byggðastofnun skyndilega að bæta við á annan milljarð króna í afskriftasjóð umfram það sem hún hafði ákveðið örfáum mánuðum fyrr til þess að mæta hinni löku stöðu sem reyndar kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og starfsmenn Byggðastofnunar höfðu auðvitað séð að við mátti búast á næstunni.

Það er heldur ekki ágreiningur við Framkvæmdasjóð um það að staða þess sjóðs er svo miklu lakari sem Ríkisendurskoðun segir en sjóðurinn var áður, sjóður sem átti milljarða eignir fyrir örfáum árum er núna ófugur um 1200 millj. kr. Mér fannst afskaplega hæpið af hv. þm. að reyna að gera ríkisendurskoðanda, sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér hér, tortryggilegan með þeim hætti sem hann gerði.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að þessi framkoma Ríkisendurskoðunar hefði veikt tiltrú þings og þjóðar á þessari stofnun. Ég er ósammála þingmanninum um þetta. Hins vegar er ég sannfærður um að sú staðreynd að þessir sjóðir allir skuli vera svona miklu verr farnir en látið var í veðri vaka hefur veikt tiltrú þings og þjóðar á meðferð ríkisvaldsins eða fulltrúa þess í stjórnum þessara sjóða. Mér fannst því hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fara mjög ómaklegum orðum um ríkisendurskoðanda og vera með alls konar hálfkveðnar vísur í hans garð sem að mínu mati er ekki sæmandi þingmanninum.

Hins vegar væri fróðlegt, ekki endilega undir þessum dagskrárlið heldur síðar, að taka mjög ítarlega umræðu um þessi efni og um þessa stöðu alla. Ég er þingmanninum sammála um að það væri afskaplega fróðlegt að gera það. En ég tel að þingmaðurinn hefði átt, fyrst hann hafði lýst yfir í ríkisstjórn að hann hefði ekki trú á að Framkvæmdasjóður stæði eins og látið var í veðri vaka, að láta gera á því ítarlega athugun. Á því hefði farið betur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Meginefni frv. sem er til umræðu er það að stofna sérstakt ráð til þess að stuðla að mótun góðra reikningsskilavenja. Mér finnst eðlilegt að spyrja sig áður en lengra er haldið til hvers á að stofna sérstakt ráð og velta þeirri spurningu fyrir sér hvort það sé yfir höfuð rétt hugmynd eða af henni verði sá ávinningur sem menn eru að sækjast eftir.

Ég bendi á að það eru nokkur góð lög um skattskil fyrirtækja og einstaklinga þannig að ég hygg að það eigi ekki að vera neitt misræmi í því eða ágreiningur um hvernig þeir aðilar ganga frá sínum framtölum til skattayfirvalda. Síðan er annað mál það sem menn kalla góða skilavenju og hefur verið að þróast í gegnum árin hjá aðilum sem við þessi störf vinna og það má með nokkrum rétti taka þannig til orða að þar hafi þeir frjálsu aðilar, ef svo má segja, verið að ræða saman og móta sínar starfsvenjur.

Ég hef nokkrar efasemdir um að það sé einhver ávinningur í því fyrir stjórnvöld að blanda sér inn í það með hvaða hætti þessir aðilar móta sínar venjur. Eins og á hefur verið bent eru stjórnvöld, ef þau gera slíkt, að taka ábyrgð á málinu. Og ég er ekki viss um að það sé neinn ávinningur fyrir stjórnvöld að bæta þeirri ábyrgð á sig. Ef þeir aðilar sem koma að þessum störfum eru þeirrar skoðunar að það þurfi að koma upp slíku ráði til að samræma og þróa reikningsskilavenjur þá er ekkert sem bannar þeim að gera það með frjálsum hætti. Það þarf þekki endilega að lögbinda það. Þeir geta einfaldlega komið sér saman um slíkt sjálfir ef þeim sýnist svo. Og ég held að við getum verið sammála um það, ég og hæstv. fjmrh., að það sé ekki rétt að vera að lögbinda meira en nauðsyn krefur um athafnir manna af þessu tagi. Ég set því nokk-

uð stórt spurningarmerki aftan við þennan megintilgang laganna að lögbinda samstarfsvettvang af þessu tagi.

Ég myndi leggja til að sú nefnd sem fær frv. til athugunar skoði það mjög vandlega og ræði við þá aðila sem þetta varðar sérstaklega um hvort einhver ávinningur er í því að lögbinda þetta ráð.

Ég er þeirrar skoðunar að reikningsskilavenjur megi þróast með sjálfstæðum hætti án afskipta ríkisvaldsins. Ég sé ekki nein vandkvæði á því þó þær þróist með sínum hætti og séu fyrst og fremst mótaðar af þeim mönnum sem hafa sérfræðiþekkingu á þessu sviði og hafa atvinnu af þessum störfum. Ég sé ekkert á móti því. Á meðan ríkisvaldið hefur lög um skattskil sem skyldar alla þessa aðila til að skila tilgreindum upplýsingum til skattyfirvalda á tilteknu formi þá er að mínu viti alveg fullnægjandi samræming í því fólgin.

Annað sem ég nefni varðandi þetta ráð er að ég ekki viss um að það séu endilega þessir aðilar sem á að tilnefna í ráðið. Mér finnst vanta nánari ákvæði til að festa það hverjir eiga að fara í það frá tilnefningaraðilum.

Inn í umræðuna hefur Ríkisendurskoðun líka blandast, svo sem eðlilegt er, því það er sá aðili sem Alþingi styðst við sem sérfróðan aðila í þessum efnum. Ég verð að nokkru leyti að taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á störf Ríkisendurskoðunar. Mér finnst eðlilegt fyrst Ríkisendurskoðun heyrir beint undir Alþingi að þá fari beiðnir um skýrslur og vinnu af hálfu stofnunarinnar fyrir einstaka aðila hjá framkvæmdarvaldinu í gegnum forseta þingsins. Mér finnst í raun óeðlilegt að einstakir ráðherrar geti óskað eftir að stofnunin vinni fyrir þá án þess að þingið hafi nokkuð um það að segja í sjálfu sér. Ég held að það væri mikið betra ef slíkar beiðnir yrðu sendar forseta þingsins sem síðan afgreiddi þær. Þar kæmi sú tenging á milli Ríkisendurskoðunar og Alþingis sem ég hygg að ætlast sé til að verði.

Ég get tilfært dæmi um það hvernig staðið er að endurskoðun af hálfu Ríkisendurskoðunar sem mér finnst ekki vera nægilega vel gert. Þar á ég við ársreikning Byggingarsjóðs verkamanna. Ég er líka að nokkru leyti ósáttur við frágang málsins af hálfu löggilts endurskoðanda. Ársreikningur og rekstrarreikningur voru þannig settir upp að það átti að afgreiða þá með 500 millj. kr. halla. Ég taldi það ekki gefa rétta mynd þar sem á fjárlögum Alþingis var einmitt 500 millj. kr. veitt til sjóðsins þannig að í raun og veru var niðurstaða sjóðsins nákvæmlega eins og Alþingi ætlaðist til. Niðurstaðan varð sú eftir að ég hafði komið fram með athugsemd um þetta að leitað var álits ríkisendurskoðanda og fram komu síðan bréf þar sem vitnað var í þau lög sem um málið fjalla þar sem það kom skýrt fram að það átti að tilfæra framlag ríkissjóðs í gegnum rekstrarreikning. Engu að síður var það ekki gert heldur var gerð tillaga um að ganga frá honum með þeim hætti sem Ríkisendurskoðun fannst eðlilegast að lögin ættu að vera í framtíðinni.

Það varð niðurstaðan. Þó ég væri ósáttur við hana vildi ég ekki þæfa meira í þessu máli. En mér finnst óeðlilegt að gengið sé frá ársreikningum stofnana án þess að það sé í samræmi við gildandi lög. Og mér finnst líka óeðlilegt að menn séu ekki tilbúnir til að gera það við ábendingu.

Annað sem ég vildi benda á varðandi Ríkisendurskoðun er sú staðreynd að mér sýnist að oft og tíðum sé hún ekkert að endurskoða þó hún skrifi upp á reikninga. Það kemur t.d. fram í ársreikningi stofnana sem ég hef séð. Ég er með einn við hliðina á mér og þar kemur fram að Ríkisendurskoðun framselur í raun og veru vald sitt tilgreindum löggiltum endurskoðendum og skrifar síðan upp á ársreikninginn með vísan til þess að þeir hafi skrifað upp á. Það skil ég þannig að engin sjálfstæð endurskoðun hafi farið fram af hálfu Ríkisendurskoðunar. Það finnst mér óeðlilegt. Stofnunin á að endurskoða reikninga en ekki að fela einhverjum öðrum að gera það fyrir sig. Það væri fróðlegt ef hægt væri að fá við því svör, ef menn eru til þess búnir að veita þau, hvort Ríkisendurskoðun geti framselt sitt hlutverk.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka undir það sjónarmið að mér er í raun og veru alveg óskiljanlegt hvernig sama stofnunin kemst að tveimur ólíkum niðurstöðum með mjög skömmu millibili. Þar á ég við afstöðu Ríkisendurskoðunar varðandi tvo sjóði Byggðastofnunar. Þó ég hafi lesið bæði ársskýrsluna og skýrslu Ríkisendurskoðunar hef ég ekki fengið fullnægjandi skýringar á því hver rök Ríkisendurskoðunar eru fyrir þessari gífurlega mismunandi niðurstöðu. Það finnst mér vanta inn í alla þessa umræðu. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. að það væri fyllsta ástæða til að ræða þetta sérstaklega þar sem málið er býsna alvarlegt og hefur verið gert að pólitísku máli með ákveðnum hætti. Það er nauðsynlegt að þingið fái nákvæmar skýringar stofnunarinnar á því hvernig hún kemst að svona gjörólíkri niðurstöðu fáeinum mánuðum eftir að hún skrifaði upp á í fyrra sinnið.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það er mikilvægt að forsrh. og formaður stjórnar Byggðastofnunar komi sér saman um góðar reikningsskilavenjur í Byggðastofnun og ég vil gefa þeim tækifæri til þess. En ég hafði ekki gert ráð fyrir því að það yrði farið að ræða hér og skilgreina hvað væri góð reikningsskilavenja.

Hættan í þessu máli er einmitt ekki bara hvernig þeir sem ganga frá ársreikningum gera það heldur hvernig lesendurnir lesa þá og hvernig þeir sem fá slíkar skýrslur í hendur túlka þær. Þess vegna er að sjálfsögðu mikilvægt þegar hæstv. forsrh. biður um slíka skýrslu að hann túlki hana með frambærilegum hætti sem ég tel að hann hafi ekki gert. Ég er ekki sammála Ríkisendurskoðun í einu og öllu að því er varðar þær skýrslur sem hún hefur látið fara frá sér um hina ýmsu sjóði, þ.e. ég tel að hér sé um mjög erfitt mat að ræða. Það þarf að taka inn í það mat hver veiðin verður á næstu árum, hvernig markaðirnir verða, hvernig bankarnir munu hugsanlega starfa og hvernig ríkisstjórnin mun starfa. Það eru svo mörg óvissuatriði að það er

nær ógjörningur að leggja á það algilt mat hvað kann að tapast.

Hitt er svo annað mál að við þetta eru ákveðnar venjur og það er þær sem endurskoðendur fara eftir, m.a. endurskoðendur Byggðastofnunar, og starfa í samræmi við þær venjur sem menn hafa gert í gegnum tíðina. Ég býst við að ef farið væri með mjög krítískum hætti ofan í reikninga ýmissa banka og sjóða og menn gæfu sér mismunandi forsendur, t.d. að því er varðar reikninga Landsbankans eða Búnaðarbankans, þá gætu menn komist að þeirri niðurstöðu að áhættan í útlánunum væri allmiklu meiri. Allt út frá forsendunum.

Ríkisendurskoðun gerði þetta. Ég held að Ríkisendurskoðun hafi ekki verið alveg ljóst hvernig þetta kynni að verða túlkað. Því að ríkisstjórn landsins hefur leyft sér að túlka það þannig að hér hafi verið með þeim hætti bruðlað með fé skattborgaranna að þjóðfélagið hafi tapað svo og svo mörgum milljörðum og komið í fréttatíma eftir fréttatíma til að segja frá því að þarna hafi verið tapað milljarði og þarna milljarði o.s.frv. Ég vek athygli á því að öll þessi töp eru ekki komin fram. Og ég vek líka athygli á því að ýmsar aðrar stofnanir og sjóðir ríkisins og bankar eiga þarna hagsmuna að gæta. Halda menn e.t.v. að ef starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs hefði ekki verið hrundið af stað hefði það ekkert komið við Landsbanka Íslands? Gæti það verið að ef það hefði ekki gerst að Landsbanki Íslands hefði tapað svo miklu fé ... (Forseti hringir.) Já, virðulegur forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu en það má áreiðanlega koma að þessu síðar. Halda menn e.t.v. ef þetta hefði ekki verið gert að Landsbanki Íslands hefði engu tapað? Er mönnum ljóst hver er eigandi þessa banka og er mönnum ljóst hvað hefur gerst í samfélögum eins og í Noregi þegar slíkir bankar hafa lagst á hliðina? Hvernig ríkissjóður þar hefur þurft að koma inn með milljarð eftir milljarð.

Ég er sannfærður um að ef þetta hefði ekki verið gert þá hefði ríkissjóður Íslands tapað miklu meiru. Þess vegna voru menn að gæta hagsmuna ríkisins þegar þessar ákvarðanir voru teknar. Og það er með fádæmum hvernig hæstv. forsrh. hefur gengið fram fyrir skjöldu og kynnt þessi mál. Það er e.t.v. stærsta hættan að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu nýti sér slíkar túlkanir til hagsbóta fyrir sín sjónarmið sem eru fyrir fram tekin og það hefur hæstv. forsrh. gert og ég kenni nokkuð í brjósti um Ríkisendurskoðun að hafa látið hafa sig í þetta vegna þess þeir máttu vita hvernig hæstv. forsrh. mundi túlka þeirra álit.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða við hv. 1. þm. Austurl. vegna þess að hann hefur þegar talað sig dauðan að því er mér skilst. En verð þó að segja að það var bersýnilegt að hann var ekki viðstaddur í salnum þegar umræðan um þessa þætti hófst og vissi ekki hvernig hana bar að. Það hefði verið fróðlegra fyrir þingmanninn að vera hér inni þá hefði hann kannski skilið hvers vegna umræðan hófst um þennan þátt sérstaklega í umræðu um þetta frv. en það var málatilbúnaður hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem réði þeirri för en ekki málatilbúnaður af minni hendi.

En aðeins varðandi góðar reikningsskilavenjur. Ég er ekki neitt til þess undirbúinn hvorki til lengri eða skemmri tíma litið að tala um þá þætti við hv. 1. þm. Austurl. svo miklu betur sem hann er að sér um þá hluti en ég. En það er afskaplega fróðlegt fyrir leikmenn eins og mig að lesa dóminn um Hafskipsmálið og lesa reyndar yfirheyrslur yfir vitnum, endurskoðendum, um það með hvaða hætti endurskoðendur á víxl túlka í því máli góða reikningsskilavenju. Þar gátu úrslit þess máls ráðist töluvert af því hvað í hugtakinu fælist. Það kemur mjög glöggt fram í þeim málatilbúnaði öllum að skoðanir og útfærsla og notkun og viðtekin venja, getum við sagt, endurskoðenda er afskaplega misjöfn í þessum efnum. Við leikmenn höfðum haldið þegar við sjáum þá setningu að hér sé allt í samræmi við góða reikningsskilavenju, að það væri einhver fastur bókstafur, föst formúla, sem menn gætu nokkurn veginn gengið út frá í hverju fælist. En ef við lesum þennan dóm, bæði undirréttardóm og hæstaréttardóm, kemur glöggt fram að þetta er miklu óljósara og hangir í lausu lofti miklu meira en maður hefði nokkru sinni trúað. Að því leyti tel ég eðlilegt að þessi mál séu tekin fyrir í frumvarpsformi hér þó að ég get tekið undir með hv. 1. þm. Austurl. að varasamt sé að *ríkisvaldið sé um of að skipta sér af slíkum þáttum.* Þetta kom mér mjög á óvart við lestur þessa dóms að sjá hversu óljóst hugtak er hér á ferðinni.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í ræðu sinni fjallaði forsrh. m.a. um Hafskipsmálið. Ég ætla ekki að fara út í það hvað ég tel vera rétta reikningsskilavenju í Hafskipsmálinu þó að ég hafi á því ákveðnar skoðanir. Ég tel það ekki vera á dagskrá hér.

Ég vildi hins vegar aðeins ítreka það við hæstv. forsrh. að ástæðan fyrir því að ég fór hér upp var sú að hann var einu sinni enn að lesa yfir þingheimi og þjóð um öll töpin í sjóðunum og fullyrða um þá hluti. Það var ekki þetta tilefni sérstaklega sem gaf mér tilefni til að fara upp. Það var það tilefni hvernig forsrh. landsins hefur lesið um þessi mál yfir þjóðinni í allt sumar, næstum því á hverjum einasta degi, sem ég tel að hafi verið mjög villandi og tel nauðsynlegt að menn taki nokkurt mið af í framtíðinni því að það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að oft er hægt að túlka niðurstöður með ýmsum hætti. En það er bara því miður svo að þeir eru ýmsir til sem vilja túlka niðurstöður með tilliti til fyrri skoðana sinna eða þeirra skoðana sem þeir hafa gefið sér og fullyrðinga sem þeir hafa áður sett fram. Ég hef það á tilfinningunni að hæstv. forsrh. landsins hafi ansi mikið túlkað þessar niðurstöður í samræmi við fyrirframgerðar skoðanir sínar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var sérkennilegt erindi sem hæstv. forsrh. átti hér í ræðustólinn. Í sjálfu sér var ekkert tilefni til þess að hæstv. forsrh. færi að tala hér í umræðunni, en hann kaus að nota tækifærið og breyta alveg eðli þeirrar umræðu sem hér hafði farið fram

með þeim hætti sem hann hefur greinilega þjálfað sig í í borgarstjórn Reykjavíkur í gegnum árin.

Ég hafði ætlað mér einhvern tíma í vetur, við tækifæri þar sem málið yrði ekki tilefni mikillar umfjöllunar, að greina þinginu í stuttu máli frá þeirri skoðun minni sem byggð var á bæði reynslu minni sem fjmrh. og eins því sem gerst hefur í sumar, að nauðsynlegt væri að þingið tæki til skoðunar starfshætti Ríkisendurskoðunar og þær reglur sem hún starfar eftir vegna þess að það er þingið sem ber ábyrgð á Ríkisendurskoðun. Mér fannst þess vegna kjörið tækifæri til að láta þetta koma hér fram í tiltölulega rólegri umræðu um frv. sem í sjálfu sér þarf ekki að vera pólitískt deiluefni og hæstv. fjmrh. mælti fyrir hér áðan. Tilefnið var svo það að fjmrh. vék sjálfur að því í sinni ræðu að það kynni að vera nauðsynlegt fyrir þingið að skoða þessi mál. Satt að segja taldi ég að ég hefði nú í stuttri og málefnalegri ræðu gert grein fyrir rökum mínum fyrir því að þingið þyrfti að taka þessi mál til umfjöllunar. Það var ekki ætlun mín að fara að gera það síðan að meira máli hér í þingsalnum heldur koma þessu formlega og opinberlega á framfæri þannig að það lægi fyrir.

Síðan kemur hæstv. forsrh. og fer í þessum pólitíska stíl borgarstjórans í Reykjavík að fleyta frekar ómerkilegar pólitískar kerlingar í ræðustólnum. Hann sagði m.a. að ég hefði verið að bera mig upp undan Ríkisendurskoðun. Það er mesti misskilningur. Ég tel mína stöðu gagnvart Ríkisendurskoðun vera svo sterka að ég þurfi hvorki að bera mig upp gagnvart einum eða neinum í þeim efnum. Ef ráðherrann er með Þormóðs ramma málið í huga tel ég að ef á að setja það upp hver hafi unnið og hver hafi tapað því máli hafi fjmrh. og fjmrn. unnið það mál algjörlega, og ég vil segja hæstv. forsrh. frá því að þegar við gerðum forsetum þingsins grein fyrir sjónarmiðum fjmrn. á skýrslu Ríkisendurskoðunar hvað Þormóðs ramma málið snerti mætti ráðuneytisstjóri fjmrn. sérstaklega á fundinn með forsetum þingsins til þess að þar kæmi líka fram álit embættismanna fjmrn. Það vita þeir sem gegndu hér forsetastörfum á síðasta vetri. Hæstv. forsrh. ætti enn á ný að kynna sér pínulítið betur málin áður en hann fer að tjá sig um þau hér í ræðustólnum og ég get alveg sagt honum það í eitt skipti fyrir öll að við munum ekki gera mikið mál úr því þótt hann telji sig þurfa að kynna sér málin. Þegar hann rýkur hins vegar fram hvað eftir annað, t.d. í þessu máli, fiskeldismálinu, í stefnuræðunni og fleiri málum, greinilega án þess að vera búinn að kynna sér söguna, er óhjákvæmilegt að menn svari fyrir sig.

Hæstv. ráðherra sagði líka að mér fyndist Ríkisendurskoðun ógna mér. Það er mikill misskilningur, hæstv. forsrh. Mér stendur engin ógn af Ríkisendurskoðun að neinu leyti. Ég tel það hins vegar mjög alvarlegt mál þegar upp koma á einu ári, hæstv. forsrh., mörg tilvik þar sem efnisleg og ítarleg gagnrýni kemur fram á Ríkisendurskoðun, ekki bara hér í þingsalnum heldur hjá fjölda sérfræðinga utan þings. Ég vil t.d. minna hæstv. forsrh. á það álit sem einn af fremstu endurskoðendum þessa lands, sem m.a., ef ég man rétt, hefur gegnt ákveðnum trúnaðarstörfum fyrir Reykjavíkurbog og jafnvel Sjálfstfl., lét í ljós á þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég vil líka minna á álit fjölmargra sérfræðinga í heilbrigðismálum á skýrslu Ríkisendurskoðunar um heilbrigðiskerfið. Það er nefnilega þannig að fjöldinn allur af sérfræðingum og fagmönnum utan þings hefur sett fram mjög alvarlega gagnrýni á vinnubrögð, ályktanir, forsendur og skýrslur Ríkisendurskoðunar. Það er mesti misskilningur að það sé þannig að einhverjir stjórnmálamenn telji Ríkisendurskoðun ógna sér og um það snúist málið. Það er mikill misskilningur.

Hæstv. forsrh. sagði að ómaklegt væri að gera þetta hér í þingsalnum að ríkisendurskoðanda fjarstöddum. Það var líka frekar ómerkileg framsetning og ef hæstv. forsrh. læsi sér til í þingtíðindunum sæi hann að ég tók það mál upp á síðasta þingi að það væri mjög erfitt þegar tveir embættismenn störfuðu á ábyrgð þingsins, annar er ríkisendurskoðandi og stofnun hans og hinn er umboðsmaður Alþingis, og gæfu út skýrslur um hin ýmsu mál, og ef þær væru teknar til umfjöllunar hér í þingsalnum væru menn sakaðir um að vera að gagnrýna fjarstadda menn. Þess vegna benti ég á nauðsyn þess að skýrslurnar yrðu t.d. teknar til umfjöllunar í nefndum þingsins og á þeim vettvangi þar sem þingmenn gætu formlega rætt við þessa embættismenn. Hinu neita ég algerlega að menn megi ekki greina þinginu frá athugasemdum við þessi vinnubrögð og þessa skýrslu, einfaldlega vegna þess að embættismennirnir eigi samkvæmt lögum ekki sæti hér.

Ég vil líka segja við hæstv. forsrh. að hann ætti að biðja flokksbróður sinn fjmrh. að koma á fundi með forsrh. og fjmrh. og embættismönnum fjmrn. og reyndar einnig ýmsum embættismönnum Seðlabankans þar sem þeir gætu látið þessum ráðherrum í té þá gagnrýni sem embættismenn fjmrn. og ýmsir embættismenn Seðlabankans hafa á undanförnum missirum sett fram á vinnubrögð, forsendur og skýrslur Ríkisendurskoðunar. Það er nefnilega þannig að í röðum ýmissa færustu embættismanna þessa lands er uppi mjög alvarleg fagleg gagnrýni á vinnubrögð Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar verið veittur mjög mikilvægur sess og það er höfuðatriði að sem flestir geti treyst Ríkisendurskoðun og búið sé svo um hnútana að ef einhver brestur er þar á verði reynt að laga það. Það má alls ekki haga málinu þannig að embættismenn Ríkisendurskoðunar séu hafnir yfir alla gagnrýni því, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson benti rækilega á, og hefur hann til þess sterkan, faglegan grundvöll, fræði Ríkisendurskoðunar eru með þeim hætti að á þeim kann oft að vera mismunandi álit fagmanna, hvað þá heldur annarra.

Hæstv. forsrh. kvartaði undan því að ég hefði rifjað það hér upp að nokkrum mánuðum áður en ríkisendurskoðandi skilaði forsrh. skýrslu, þar sem hann lýsti því yfir að Atvinnutryggingarsjóður og Hlutafjársjóður væru jafnilla staddir eins og sagði í þeirri skýrslu, hefði sami ríkisendurskoðandi áritað reikninga þessara tveggja sjóða og talið reikningana sýna trausta og rétta mynd af stöðu sjóðanna. Hér er á borðum

þingmanna þessi skýrsla Byggðastofnunar og þar er áritað af ríkisendurskoðanda að hann telji reikningana sýna trausta og áreiðanlega mynd af stöðu sjóðanna. Nokkrum mánuðum síðar er hins vegar komin allt önnur niðurstaða. Hæstv. forsrh. getur auðvitað eins og ég flett upp þessu viðtali í Morgunblaðinu en það er alveg öruggt að einn af þeim skýringarþáttum sem ríkisendurskoðandi reiddi fram var að nú væri komin önnur ríkisstjórn.

Ég segi alveg eins og er að mér er hulin ráðgáta hvað það hefur með málið að gera, að hvaða faglegri niðurstöðu Ríkisendurskoðun kemst þegar hún skoðar þessa tvo sjóði, að komin sé ný ríkisstjórn.

Ég ætla ekki í umræðum um þetta litla frv. sem hæstv. fjmrh. var að mæla fyrir að fara að ræða við hæstv. forsrh. um túlkun hans á skýrslum Ríkisendurskoðunar. Það gefast nægileg tækifæri og tími til þess síðar á þessu þingi. Hitt er auðvitað alveg ljóst að niðurstöðu Ríkisendurskoðunar mætti túlka á þennan veg, vegna þess að hún er um framtíðina. Hún er ekki um fortíðina, hún er um framtíðina. Ég hef gagnrýnt það að Ríkisendurskoðun sé sífellt að gefa út skýrslur um framtíðina. Skýrsla Ríkisendurskoðun er hins vegar á þann veg að þessir sjóðir muni verða gjaldþrota í framtíðinni að gefnum tilteknum forsendum, m.a. um efnahagsstefnu ríkisstjórna. Þess vegna mætti, virðulegi forsrh., draga þá ályktun, ef menn vildu fara í sams konar pólitískt skak og ráðherrann hefur gert með þessar skýrslur Ríkisendurskoðunar, að álit Ríkisendurskoðunar á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sé á þann veg að hún, efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, muni gera þessa sjóði gjaldþrota vegna þess að fyrirtækin muni ekki geta staðið undir skuldbindingunum. Við í stjórnarandstöðunni höfum hins vegar sýnt þann þroska að vera ekki að detta niður á sama plan í umfjöllun um þessar skýrslur og forsrh. Efnislega er alveg hægt að halda á málinu með þeim hætti, enda veit ég að einn hv. þm., sem reyndar er fjarverandi, Ólafur Þ. Þórðarson, var að skemmta sér við það í sumar eftir að þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út að lýsa sérstakri ánægju sinni með þennan harða dóm sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefði fengið í skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna þess að Ríkisendurskoðun hefði lýst því yfir, strax eftir að stjórnin var mynduð, að stefna hennar mundi gera þessa sjóði gjaldþrota.

Ég held hins vegar að svona umræða sé ekki heppileg og eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson benti á eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar forsendur sem margar hverjar er hægt að telja mjög hæpnar og sumar á þann veg að hægt er að gefa sér aðrar sem eru raunsannari. Ég nefni sem dæmi að það er búið að leggja drög að nýjum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Meginrökin fyrir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði fyrir okkur Íslendinga eru að hann muni styrkja mjög stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þar með er ein af meginforsendum Ríkisendurskoðunar fyrir skýrslunni í sumar brostin og komin önnur miklu bjartari forsenda, ef dæma má af málflutningi hæstv. ráðherra um Evrópska efnahagssvæðið, sérstaklega sjútvrh., t.d. á fundinum sem Samband ungra sjálfstæðismanna hélt á Hótel Borg í gær. Ef hæstv. forsrh. bæði um aðra skýrslu í haust frá Ríkisendurskoðun um stöðu þessara sjóða í ljósi þess að fyrir lægi að samningur um Evrópskt efnahagssvæði hefði verið gerður sem gerbreytti markaðsstöðu íslensks sjávarútvegs hlyti Ríkisendurskoðun þess vegna að komast að annarri niðurstöðu í skýrslunni í haust en hún komst að í skýrslunni í sumar.

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að hæstv. forsrh. skyldi telja það tilefni til að fara upp með þá ræðu sem hann flutti að ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á því að þetta mál þyrfti að skoða. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að þingsalurinn er ekki heppilegasti vettvangurinn til að ræða það. Ég vona hins vegar að þessi umræða hafi þó orðið til þess að gera forsetum þingsins, sem bera ábyrgð á Ríkisendurskoðun, það ljóst að það er nauðsynlegt að forseti og forsætisnefnd þingsins taki til ítarlegrar umfjöllunar þá efnislegu gagnrýni sem fram hefur komið á störf Ríkisendurskoðunar. Við eigum ekki að gera það að flokkspólitísku máli hér í þinginu, á engan hátt. Ég get t.d. sagt hæstv. forsrh. það að ég ætla mér ekki í stjórnarandstöðu að leika sams konar leik með upplýsingar Ríkisendurskoðunar og t.d. flokksbróðir hæstv. forsrh., hv. þm. Pálmi Jónsson, lék á síðasta kjörtímabili. Það voru satt að segja mjög óvönduð vinnubrögð og voru skemmandi, bæði fyrir Ríkisendurskoðun og þau mál. Ég ætla mér ekki að gera það. Ég ætla að hafa nákvæmlega sömu afstöðu í stjórnarandstöðu til þessara mála eins og ég hafði sem fjmrh. Ef forsrh. vill flytja það mál niður á eitthvert pólitískt skæklatog, þá hann um það. Það breytir engu um þá niðurstöðu mína sem byggð er á reynslu sl. þriggja ára að það er nauðsynlegt að taka starfshætti Ríkisendurskoðunar til alvarlegrar umfjöllunar innan þingsins.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagðist hafa flutt hér í upphafi mjög málefnalega ræðu um þetta frv. um breytingu á lögum um bókhald. Hann vék ekki einu orði að því frv. í hinni málefnalegu ræðu sinni. Hins vegar fjallaði hann út frá þessu frv. um Þormóð ramma og skýrslu Ríkisendurskoðunar um það mál og umræður um það mál. Hann fjallaði um það hvort ráðherrar hefðu heimild til að panta skýrslur, hann fjallaði um Byggðastofnun, hann fjallaði, eftir minni, ranglega um ummæli ríkisendurskoðanda í Morgunblaðinu, hann fjallaði um það að Framkvæmdasjóður hefði að hans mati eða hugboði verið kominn á hausinn þegar hann var fjmrh. en lét þó ekki kanna það sérstaklega. Þannig flutti hann ræðu sína, hina málefnalegu ræðu. Það er afskaplega fróðlegt að sjá hvaða mælistiku þessi hv. þm. hefur á málefnalega ræðu.

Ég er líka feginn því að þingmaðurinn ætlar að hafa sömu skoðun hér í stjórnarandstöðu eins og hann hafði þegar hann var í stjórn rétt eins og við sjáum þessa dagana í umræðum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var vissulega vel til fundið

hjá hæstv. forsrh. að gefa okkur sýnishorn af hádegis*fréttum Útvarps Matthildar hér í ræðustólnum en þetta* hafði ósköp lítið með málefnalega umræðu um málið að gera. Eins og kom fram í ræðu minni þá var tilefnið orð fjmrh. um samskipti Alþingis og Ríkisendurskoðunar sem féllu í ræðu fjmrh. og urðu til þess að ég fór hér upp.

Í sjálfu sér er ekki mikið meira um þetta að segja. Ég ætla hins vegar að vona að forsrh. taki með efnislegri og málefnalegri hætti á vandamálum þjóðarinnar en á umræðunum hér í þingsalnum. Hins vegar er það alveg rétt hjá honum að ég hef talið að það þyrfti að vera málefnaleg umfjöllun um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég er ekki í hópi þeirra manna sem geta á einum sólarhring, áður en samningurinn liggur fyrir í endanlegum texta og form. utanrmn. upplýsti það hér fyrr í þinginu í dag að samningurinn liggur ekki fyrir í endanlegum texta, farið í einhverja húrra-hjörð yfir þessum samningi. Ég er heldur ekki í hópi þeirra manna sem vilja hér og nú lýsa yfir andstöðu við þennan samning, alls ekki. Ég er í hópi þeirra manna, sem ég vil kalla skynsemdarmennina í þessum umræðum um Evrópskt efnahagssvæði, sem vilja meta kosti og galla samningsins á rólegan og yfirvegaðan hátt þegar hann liggur fyrir.

Ég vil t.d. bara vekja athygli á einni mjög einfaldri staðreynd af því að formenn Alþfl. og formenn Sjálfstfl. eru báðir búnir að lýsa yfir stuðningi við þennan samning, að í þingflokkum þessara tveggja ráðherra og reyndar í þingflokkum annarra flokka er stór hópur þingmanna sem eðlilega getur ekki lesið þennan samning því að hann er enn þá bara til á flóknu, ensku tæknimáli (Forseti hringir.), já, ég vildi bara koma þessu að af því að forsrh. vék að Evrópsku efnahagssvæði, virðulegi forseti. Þess vegna er nauðsynlegt að mjög fljótlega verði gengið frá því að þýða á íslensku þau drög sem til eru svo að flokkar og stofnanir geti fjallað um þetta á eðlilegan hátt. Og það eigum við að gera. Við eigum hvorki að hlaupa til og segja, við erum með, eða hlaupa til og segja, við erum á móti. Við eigum að vera í skynsemdardeildinni sem vegur kosti og galla samningsins.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Umræður um þetta litla frv., sem hér er til umræðu, hafa nokkuð farið um víðan völl og ég harma það satt að segja að menn skuli ekki geta aðeins geymt sér það að ræða um það málefni sem mest hefur verið rætt hér. Ég minntist á Ríkisendurskoðun að gefnu tilefni vegna þess að hv. 1. þm. Austurl. nefndi hana í ræðu sinni. Hins vegar verð ég að harma það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi notað þessa umræðu til að koma til skila ákveðinni tortryggni í garð Ríkisendurskoðunar með því að viðhafa mjög stór orð og segja orðrétt að hann teldi að „Ríkisendurskoðun hefði veikt tiltrú þings og þjóðar". Þetta eru stór orð (**ÓRG:** Þetta er mín niðurstaða samt.), og hann segir það vera hans niðurstöðu.

Ég ætla ekki hér að halda því fram að þessi orð séu sögð til þess að bera sig undan því sem hefur komið fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég bendi á að það *er síðar hægt að ræða það mál og það verður ugglaust* gert. Það bar hins vegar á góma að líklega hefðu ýmsir aðilar hér í þjóðfélaginu tapað miklu ef ekki hefði verið gripið til þeirra ráðstafana 1988 og síðar sem kenndar hafa verið við þessa pólitísku sjóði og minnst á Landsbankann í því sambandi. Hafi það farið fram hjá hv. 1. þm. Austurl. og öðrum þingmönnum að Landsbankinn hefur tapað vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar m.a. skal það upplýst hér að Landsbankinn hefur þegar tapað umtalsverðum fjárhæðum með því að afskrifa B-hlutdeildarskírteini, sem væntanlega fást aldrei greidd, og með því að afskrifa hluta af A-hlutdeildarskírteinum Hlutafjársjóðs. Ég á ekki von á því að nokkurn tíma fáist nokkrir peningar af hálfu Landsbankans út úr því dæmi og þegar rætt er um þessa sjóði hefur aldrei verið minnst á þau töp sem lánastofnanir hafa orðið fyrir umfram það sem hefur verið gert í sjálfu sjóðakerfinu sem hv. 1. þm. Austurl. hefur hér verið að verja.

Menn hafa ráðist á Ríkisendurskoðun, ekki síst vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar um Atvinnutryggingarsjóð sem nú er atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar. Síðan hafa menn sagt að einstakir hæstv. ráðherrar, þar á meðal forsrh., hafi leyft sér að túlka skýrslu Ríkisendurskoðunar með þeim hætti sem ekki sé boðlegt. Má ég minna á að sjálf Byggðastofnun, sem nú fer með þennan sjóð, hefur látið frá sér fara álit sem er í raun svartara en álit Ríkisendurskoðunar. Það álit kom fram í byrjun september og það hefur verið skýrt frá því í blöðum. Niðurstaðan sem þar kemur fram er sú að skýrsla Ríkisendurskoðunar hafi jafnvel ekki gert nægilega mikið úr stórkostlegum vandamálum Atvinnutryggingardeildarinnar sem auðvitað stendur miklu, miklu verr heldur en þjóðinni var talin trú um á sínum tíma.

Ég ætla að bæta einu við því hollt getur verið fyrir hv. þm. að hlusta á það. Sumt af því sem gerst hefur í Atvinnutryggingarsjóði og atvinnutryggingardeildinni, sem nú heitir en var Atvinnutryggingarsjóður áður, er bein afleiðing af pólitískum afskiptum fyrri ríkisstjórnar, einkum og sér í lagi formanns Framsfl. sem þá var forsrh. Ég á í fórum mínum bréf frá forsrh. sem er svar við fyrirspurn sem ég beindi til hans um tvö tiltekin mál. Ég held að það sé hollt fyrir hv. þm. að fylgjast með því hvernig farið var með þennan sjóð.

Tvö fyrirtæki skulduðu verulegar upphæðir í Atvinnutryggingarsjóði á sínum tíma og datt páv. hæstv. forsrh. í hug að nú væri kominn tími til að breyta lánum Atvinnutryggingarsjóðs í hlutabréf Hlutafjársjóðs. Þetta voru tvö tiltekin fyrirtæki og upphæðin var þá samtals 150 millj. kr. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs mótmælti, féllst ekki á þessi tilmæli. En eftir að tilmælin komu ákveðnar fram af hálfu páv. forsrh. féllst stjórnin á að fara svona að, þótt fjármununum væri auðvitað hætt stórkostlega, með því skilyrði að páv. ríkisstjórn bætti sjóðnum þetta upp fjárhagslega þannig að það lenti ekki á eiginfjárstöðu sjóðsins. Að því sögðu breytti stjórn sjóðsins um álit og breytti þar með

þessu láni þannig að það varð nú hlutafé en ekki lán hjá viðkomandi fyrirtækjum. Efndir af hálfu þeirrar ríkisstjórnar urðu hins vegar engar. Fjármunirnir sem áttu að koma inn komu aldrei. Það voru hrein svik af hálfu þeirrar ríkisstjórnar. Og ég segi: Það þarf mikla djörfung, dirfsku og þor að koma hér í ræðustól af hálfu forustumanna fyrrv. ríkisstjórnar og segja að það sé verið að reyna að búa til úr málum einhverja allt aðra mynd heldur en blasir við. Sannleikurinn er nefnilega sá, og það er ekki hægt að flýja hann, að staða þessara sjóða er miklum, miklum mun verri en fyrrv. ráðherrar töldu þjóðinni trú um fyrir kosningar. Og það er ekki einungis Ríkisendurskoðun sem hefur staðfest það heldur Byggðastofnun sjálf og þar eiga auðvitað aðild fulltrúar úr þessum stjórnmálaflokkum sem nú eru í stjórnarandstöðu. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu þar sem hv. stjórnarandstæðingar, sem báru ábyrgð á málum fyrrv. ríkisstjórnar, koma hér upp og gefa það í skyn að hlutirnir séu miklu betri en þeir raunverulega eru.

Það var minnst á embættismenn fjmrn. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lýsti áliti þeirra á hugmyndum sem fram hefðu komið og sjónarmiðum Ríkisendurskoðunar. Ég vil þess vegna aðeins upplýsa að það er að tillögu fjmrn., þar á meðal þessara sömu embættismanna sem hv. þm. nefndi, sem Ríkisendurskoðun hefur verið falið og hún beðin um að kanna mjög nákvæmlega hvernig farið hefur verið með ríkisábyrgðir á undanförnum árum. Og það verður gert. Það hefur komið fram opinberlega, verið frá því skýrt og engar athugasemdir verið gerðar við það að sjálfsögðu. Við teljum að Ríkisendurskoðun, sem endurskoðar auðvitað ríkisábyrgðasjóð, sé best treystandi til þess að ná þessu saman og niðurstöðuna verður væntanlega hægt að sjá áður en fjárlagafrv. fyrir næsta ár verður samþykkt. Þetta er auðvitað bráðnauðsynlegt, m.a. vegna þess að stjórnmálamenn hafa haft afskipti af ríkisábyrgðum og stundum fallið frá þeim, gefið eftir eins og ég veit að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kannast við. Við verðum nefnilega að átta okkur á því í þessu þjóðfélagi að það er ekki lengur hægt að svamla áfram í sífelldri skuldasöfnun eins og fyrrv. ríkisstjórn hefur gert. Og auðvitað er það engin lausn að taka sífellt lán erlendis, hvernig sem það var gert, til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem þá hét eða til þessara sjóða og leggja nánast ekki krónu fram úr ríkissjóði þegar ráðstafanir voru gerðar, verulega miklu minni hluta af upphæðunum sem þarna var um að ræða, koma svo og segja: Við björguðum öllu. Hvernig haldið þið að þetta hefði nú farið ef við hefðum ekki útvegað pening í þetta, þegar ljóst er að langsamlega stærsti hluti peninganna var fenginn að láni erlendis og þá skuld á eftir að greiða. Það þarf djörfung og það þarf mikið hugrekki umfram meðalhugrekki að koma svo hér í ræðustól og halda því fram að hlutirnir séu skárri og betri heldur en þeir blasa við og ekki einungis Ríkisendurskoðun hefur haldið fram heldur líka sjálf Byggðastofnun.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjalla frekar um þessi mál núna. Það var ekki mín ætlan að gera það. Það voru hv. stjórnarandstæðingar sem hófu máls á þessum þætti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi umræða fari fram og ég tel ekkert athugavert við það að hún fari fram þegar skýrsla um Byggðastofnun verður rædd hér innan tíðar. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt og við skulum koma undirbúin til þess fundar, til að þurfa ekki að lýsa eftir minni hvernig viðtöl voru við einstaka aðila utan þingsins í Morgunblaðinu fyrir nokkrum mánuðum síðan, þá skulum við vera búin að vinna okkar heimavinnu og ræða þessi mál því ekki veitir okkur af því að ná niðurstöðu í þessu mjög svo mikilvæga máli.

Hitt get ég sagt að lokum, virðulegi forseti, að þessi umræða hefur kannski sýnt okkur fram á að það er nauðsynlegt að koma þessu litla frv. í gegn vegna þess að í raun er hér verið að deila um það hvernig túlka eigi niðurstöður manna, þar á meðal endurskoðenda um það hver staða sé í nokkrum sjóðum landsmanna. Hv. stjórnarandstæðingar, þó sér í lagi hv. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, hafa reynt að dreifa umræðunni út um víðan völl og ég held að það að hv. 1. þm. Austf., sem ekki var viðstaddur þegar málin dreifðust, hafi óvart tekið þátt í henni því að hann hafi haldið að einhver allt annar aðili hafi hafið umræðuna eða dreift henni langt út fyrir fundarefnið. En það er ekki hans sök. Hann gat ekki vitað annað, hann kom hérna inn í umræðuna síðar og gat ekki vitað betur. En verði þessi umræða til þess að mönnum skiljist að það þarf að ræða frv. þá er það gott. Ég treysti hv. nefnd til þess og þá sérstaklega treysti ég hv. 1. þm. Austurl., sem er sérfræðingur í þessum efnum, til þess að leiða þá umræðu í nefndinni þannig að niðurstaðan verði að þetta litla frv. fái góða skoðun og þá afgreiðslu sem ég held að eðlileg sé. Ég skal segja það hér og nú að ég hef engar fyrir fram mótaðar skoðanir á því hverjir eigi að fara í reikningskilaráðið. Sjálfur taldi ég að það gæti verið gagn að því fyrir fulltrúa fjmrn. að hann væri sérfróður um skattamál til að læra af því sem þar færi fram. Það kann vel að vera minn misskilningur og ég veit að hv. þm. Austurl. mun í störfum nefndarinnar leitast eftir því að niðurstaðan verði sem allra best, bæði fyrir fjmrn., fyrir fyrirtækin í landinu og ekki síst fyrir Félag löggiltra endurskoðenda sem hefur, eins og hv. 1. þm. Austurl. veit, verið í nokkrum vandræðum með þessi mál að undanförnu, m.a. vegna mála sem hér hefur aðeins borið á góma.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf eiginlega líka að bera af mér sakir því að ég hef ekkert gert af misgáningi hér í þinginu í dag og hef verið ágætlega vakandi og þarf ekki umhyggju hæstv. fjmrh. í þeim efnum.

En það kemur í ljós í þessum umræðum að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. skilja ekki hvað við erum að segja og það er það alvarlega í málinu. Við erum að segja að ef ekkert hefði verið að gert hefðu tugir fyrirtækja orðið gjaldþrota og þá þýðir lítið fyrir fyrrv. bankaráðsmann í Landsbankanum að tala um einhver B-hluta skuldbréf eða hlutabréf. Það er allt annað mál sem við erum að tala um. Heilu byggðarlögin hefðu

orðið gjaldþrota. Og hvað átti þá að gera? Hvað hefði núv. ríkisstjórn gert í þeim efnum? Og hvað er núv. ríkisstjórn að tala um að gera til þess að treysta endurgreiðslugetu þessara fyrirtækja? Leggja sérstakan skatt á sjávarútveginn í fjárlagafrv. núna. Það sýnir mat hennar á stöðu þessara fyrirtækja. Það er andstæðan, það er algerlega öfugt við það sem þeir segja. Og hæstv. viðskrh. tilkynnti það hjá iðnaðarmönnum í gær og er rétt að tilkynna iðnaðarmönnum landsins það að það standi til að leggja á auðlindaskatt. Hvernig eigum við að koma þessu heim og saman hjá hæstv. ríkisstjórn? Þarna er dálítið undarlegt mat á hlutunum. Það gengur sitt í hvora áttina. Ég vil gjarnan að þessi umræða fari fram undir lánsfjárlögum eða um Byggðastofnun eða í bæði skiptin því að mér heyrist að hæstv. ráðherrar hafi þetta svo mikið í huganum að þeir verði nánast að tala um þetta á hverjum degi. Ef þeir geta ekki talað um þetta í fjölmiðlum á hverjum degi verða þeir að tala um það hér á Alþingi. Og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að tala gætilega um þessi mál því að ég veit ekki betur en eitt af hans fyrstu embættisverkum hafi verið að fella niður skattskuldir sem ég veit ekki til að áður hafi verið gert. En það er sjálfsagt fyrri ríkisstjórn að kenna eins og allt annað.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það síðasta sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi áðan var hárrétt. Það lá fyrir í málinu álit og ég taldi mér skylt að gera það sem ég gerði þá til að gera m.a. ráðherra úr fyrrv. ríkisstjórn ekki að ómerkingi. (**Gripið fram í:** Þú framkvæmdir það samt.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að í tíð síðustu ríkisstjórnar hefði ekki verið sett króna í sjóði eins og Atvinnutryggingarsjóð. Hæstv. fjmrh., það eru til nógu mörg eintök af fjárlagafrv. og fjárlögum síðustu tveggja eða þriggja ára uppi í fjmrn. til að ráðherrann geti, svona þegar hann fær sér morgunkaffið, t.d. á mánudaginn, beðið ráðuneytisstjórann að ná í eintök af fjárlögum síðustu tveggja, þriggja ára fyrir sig. Þar getur hann flett því upp, ef það hefur farið fram hjá honum á meðan hann sat hér í þingsalnum sem þingmaður, að á fjárlögum síðustu ára hafa mörg hundruð milljónir verið lagðar í þessa sjóði. Svo kemur hæstv. fjmrh. upp og segir að ekki hafi verið lögð króna í þessa sjóði. Ég fer að segja eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson: Hvernig eigum við að taka þátt í umræðum við svona menn sem fara með hreint fleipur hér í ræðustólnum? Fjmrh. ríkisins tilkynnir þjóðinni í ræðustól Alþingis að ekki hafi verið sett króna í þessa sjóði á síðustu árum. Ég held þvert á móti, ef ég rifja þetta upp, að sjálfstæðismenn hafi gagnrýnt mig sem fjmrh. hér í þingsalnum á síðustu árum fyrir það að of mikið hafi verið lagt í þessa sjóði á fjárlögum. Ég bið því virðulegan fjmrh. að fara að lesa fjárlögin.

Ég gæti ýmislegt sagt um andsvar fjmrh. Ég ætla ekki að gera það hér úr ræðustólnum, en ef hann heldur áfram þeirri sögutúlkun sem hann var með í sínu andsvari mun ég gera það.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég rifjaði í ræðu minni upp, sem ég á staðfest, að það var fyrir atbeina hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar og þar með hæstv. forsrh. að ákveðinn sjóður, Atvinnutryggingarsjóður, breytti lánum í hlutabréf. Það var gert af hálfu stjórnarinnar í trausti þess, eftir að þessi þrýstingur kom, að nýir fjármunir kæmu í sjóðinn til að tryggja eiginfjárstöðu sjóðsins þess vegna. Ég segi, það var ekki gert, það kom ekki króna í sjóðinn af þessu tilefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1992, 1. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992. Með frv. er farið fram á heimildir eða hámörk á heimildir, eftir því sem við á, fyrir öllum lánum sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á árinu 1992. Gildir það jafnt um lántökur innan lands sem utan en til þessa hefur einungis verið leitað heimilda til að ábyrgjast erlendar lántökur annarra aðila en ríkissjóðs. Frv. er að þessu leyti víðtækara en áður. Hins vegar er nú felldur út úr því sá kafli sem til þessa hefur kveðið á um skerðingar á lögbundnum framlögum ríkissjóðs í fjárlögum. Þessi ákvæði munu birtast í sérstöku frv. sem lagt verður fram á Alþingi.

Almennt vil ég segja um frv. að áform ríkissjóðs og annarra opinberra aðila um nýjar lántökur eru veigamikill þáttur í efnahagsstefnu stjórnvalda hverju sinni og mikilvægt tæki til að hafa áhrif á stjórn peningamála. Auknar lántökur hins opinbera þýða ekki einvörðungu versnandi skuldastöðu heldur draga þær úr svigrúmi annarra aðila til lántöku sem leitt getur til hækkunar vaxta. Hætta er því á að fjárfestingar atvinnufyrirtækja verði minni en æskilegt er og að stöðnun verði í atvinnulífinu.

Lánsfjárþörf hins opinbera hefur aukist verulega á undanförnum árum. Árið 1986 nam hrein lánsfjárþörf, þ.e. heildarlántökur að frádregnum afborgunum af eldri lánum, um 4% af landsframleiðslu, 1988 var hlutfallið komið í tæplega 7% og og árið 1990 í tæplega 8%. Á yfirstandandi ári eru ríkissjóður og opinberir lánasjóðir þurftarfrekari á lánsfé en nokkru sinni fyrr. Hrein lánsfjárþörf hins opinbera er áætluð um 36 milljarðar kr. á árinu 1991, eða sem svarar til 9,7% af landsframleiðslu. Lánsfjárþörf hins opinbera hefur því meira en tvöfaldast á síðustu fimm árum, eða úr tæplega 15 milljörðum kr. árið 1986 (reiknað á verðlagi 1991) í 36 milljarða kr. árið 1991.

Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs á þessu ári er

talin verða um 12,1 milljarður kr. og hrein lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins um 22,3 milljarðar kr.

Árið 1991 er talið að nýr sparnaður innan lands verði um 29 milljarðar kr. eða jafnvirði 7,9% af landsframleiðslu. Nýr sparnaður hefur lækkað verulega frá fyrra ári þegar hann jafngilti 10,7% af landsframleiðslu. Lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila á þessu ári stefnir þannig í að verða um fjórðungi hærri en áætlaður nýr sparnaður landsmanna. Þessi mikla lánsfjárþörf hins opinbera er þrátt fyrir samdráttaraðgerðir núv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum í maí sl. og nýlegar breytingar á reglum um húsbréfaviðskipti, þvílíkir voru þeir skuldabaggar sem fyrri ríkisstjórn var búin að binda.

Núv. ríkisstjórn hyggst snúa þessari þróun við. Markmið ríkisstjórnarinnar er að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 verði minni en 4 milljarðar kr. samanborið við 12,1 milljarð á þessu ári eins og áður var nefnt. Samkvæmt þessu verður lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 aðeins þriðjungur af því sem hún stefnir í á þessu ári eða sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu.

Á árinu 1993 er að því stefnt að fjárlög verði hallalaus. Þá verður dregið úr lánsfjárþörf hins opinbera þannig að hún lækki um þriðjung og verði innan við 24 milljarðar kr. á næsta ári. Áætlað er að heildarsparnaður aukist um 30 milljarða kr. á árinu 1992 og verði svipað hlutfall af landsframleiðslu og á árinu 1991. Lánsfjárþörf hins opinbera sem hlutfall af nýjum innlendum sparnaði lækkar þá verulega milli ára eða úr 125% í 80%.

Þessi stefnubreyting er nauðsynleg ef tryggja á stöðugleika, litla verðbólgu og lægri vexti, en það er grundvöllur þess að unnt sé að byggja upp traust atvinnulíf. Það er því til mikils að vinna, ekki einvörðungu fyrir ríkisstjórnina, heldur og alla landsmenn. Á árinu 1992 er gert ráð fyrir að nýjar erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en eins árs verði 28 milljarðar kr. eða 5,5 milljörðum minni en 1991. Að afborgunum frátöldum er áætlað að hrein aukning erlendra lána á árinu 1992 verði 8,8 milljarðar kr. sem jafngildir 2,3% af landsframleiðslu. Hrein aukning erlendra lána þjóðarbúsins á árinu 1991 er áætluð 18,2 milljarðar kr.

Til þess að fá raunhæfa mynd af erlendum skuldbindingum þjóðarbúsins er eðlilegt að skoða það sem kallað er hrein skuldastaða, þ.e. stöðu langra erlendra lána og skammtímaskulda að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar. Skuldastaðan sem hlutfall af landsframleiðslu hefur farið hækkandi frá 1987 og er áætluð rúmlega 48% á þessu ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að skuldastaðan versni enn og jafngildi tæplega 52% af landsframleiðslu. Ástæðan er fyrst og fremst sú að á sama tíma og viðskiptahallinn eykst dregst landsframleiðslan saman.

Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum þjóðarbúsins hefur upp á síðkastið verið á bilinu 7–8% af landsframleiðslu. Það jafngildir u.þ.b. 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að greiðslubyrðin þyngist heldur vegna mikilla afborgana af erlendum lánum og fari í rúmlega 8,5% af landsframleiðslu. Vaxtabyrðin eykst þó lítið þrátt fyrir aukna skuldsetningu þar sem á móti vegur áframhaldandi lækkun vaxta á alþjóðamörkuðum. Þannig er talið að meðalvextir af erlendum lánum lækki úr 7,9% á þessu ári í 7,5% á því næsta.

Í frv. er að finna nokkur nýmæli frá því sem verið hefur í lánsfjárlögum síðustu ára. Þar ber helst að nefna þrennt.

Í fyrsta lagi er frv. nú lagt fram í fyrsta sinn í samræmi við 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem hljóðar m.a. svo, með leyfi forseta: „Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert."

Framkvæmd þessa ákvæðis er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að ná tökum á lánsfjárþörf opinberra aðila. Ákvæði þetta nær til þeirra opinberu aðila sem hafa lántökuheimildir í sérlögum og taldir eru upp í 4. gr. frv.

Í annan stað er í 6. gr. frv. nýtt ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra ákveður hvort lántaka samkvæmt lögum þessum fari fram innan lands eða utan, í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli."

Áður fyrr hafa erlendar lántökur verið skilgreindar sérstaklega í lagatexta. Tvær meginástæður liggja að baki þessu nýmæli. Annars vegar hefur frjálsræði í fjármagnsflutningum milli landa aukist og verður algjört með samningi um hið Evrópska efnahagssvæði, verði það staðfest hér á hinu háa Alþingi. Þannig geta erlendir aðilar skipt gjaldeyri í krónur og keypt spariskírteini ríkissjóðs fyrir andvirðið. Þá geta íslenskir aðilar keypt skuldabréf ríkissjóðs sem gefin eru út á erlendum mörkuðum. Þannig eru landamæri fjármagns að hverfa og nákvæm skilgreining milli innlendra og erlendra lána nánast orðin óframkvæmanleg. Hins vegar er þetta talið veita innlendum sparifjármarkaði ákveðið aðhald þar sem opinberir aðilar geta nú tekið erlend lán ef misræmi milli innlendra og erlendra vaxtakjara er verulegt.

Þar sem ríkisaðilar eru jafnstórir aðilar á lánamarkaði og raun ber vitni er þetta eins konar trygging fyrir að vextir á Íslandi séu í einhverju samræmi við það sem gengur og gerist í okkar helstu viðskiptalöndum.

Í fylgiskjali 3 með frv. kemur fram hvernig skipting milli innlendrar og erlendrar lántöku er áætluð miðað við núverandi aðstæður á lánamarkaði.

Loks er nú felldur út úr frv. sá kafli sem fram til þessa hefur kveðið á um skerðingar á lögbundnum framlögum ríkissjóðs á fjárlögum. Þessi ákvæði munu birtast í sérstöku frv. sem lagt verður fram á Alþingi innan tíðar og ég nefndi í upphafi máls míns.

Virðulegur forseti. Ég mun nú víkja að lántökum samkvæmt frv.

Í frv. er gert ráð fyrir að heimila ríkissjóði lántöku að fjárhæð allt að 13 milljarðar kr. á árinu 1992 og er það í samræmi við greiðsluyfirlit fjárlaga. Afborganir af eldri lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 9 milljarðar kr.

þannig að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nemur um 4 milljörðum kr. á næsta ári ef þetta frv. og frv. til fjárlaga verða að lögum og framkvæmd samkvæmt því. Þetta er eins og áður sagði einungis tæpur þriðjungur þess sem hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs stefnir að í ár. Ber þetta vitni um þann árangur sem ríkisstjórnin hefur náð í þessum efnum.

Stærsti hluti lánsfjárþarfar hins opinbera á næsta ári er hins vegar vegna húsnæðislánakerfisins. Í frv. er gert ráð fyrir að heimila Húsnæðisstofnun ríkisins allt að 20,2 milljarða kr. lántöku eða um 15,5 milljarða kr. umfram afborganir hennar. Það er nær þriðjungs lækkun hreinnar lánsfjárþarfar frá áætlun þessa árs. Miðað er við að ný húsbréf verði afgreidd fyrir 12 milljarða kr. að hámarki á árinu 1992 sem er um fimmtungi lægri fjárhæð en stefnir að í ár. Nýjar lántökur byggingarsjóðanna nema um 8,2 milljörðum kr.

Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 6,7 milljarðar kr. á árinu 1992. Hrein lánsfjárþörf Landsvirkjunar verður þó ekki nema 4,5 milljarðar kr. þar sem afborganir af eldri lánum nema 2,1 milljarði kr.

Á yfirstandandi ári er hrein lánsfjárþörf Landsvirkjunar áætluð 1,7 milljarðar kr. Hér er því um verulega aukningu að ræða og stafar hún af fyrirhuguðum framkvæmdum vegna álvers á Keilisnesi.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að lántökur opinberra fjárfestingarlánasjóða nemi allt að 6,6 milljörðum kr. Hér er um að ræða 2,7 milljarða kr. lántöku Fiskveiðasjóðs, 1,6 milljarða kr. lántöku Iðnlánasjóðs, 850 millj. kr. lántöku Byggðastofnunar, 700 millj. kr. lántöku Stofnlánadeildar landbúnaðarins, 600 millj. kr. lántöku Iðnþróunarsjóðs og 100 millj. kr. lántöku Útflutningslánasjóðs. Áætlaðar afborganir fjárfestingarlánasjóða ríkisins nema 6,7 milljörðum kr. á árinu 1992, þannig að hrein lánsfjárþörf þeirra er neikvæð um 100 millj. kr., þ.e. afborganir af eldri lánum verða 100 millj. kr. umfram nýjar lántökur.

Lántökuheimild Fiskveiðasjóðs hækkar um 1.550 millj. kr. frá árinu 1991. Skýringin er fólgin í breyttu skipulagi á fjármögnun skipa. Nú er sá háttur á hafður að bankar útvega útgerðaraðila lán eftir að samþykki Fiskveiðasjóðs liggur fyrir um nýsmíði eða kaup á skipum. Fiskveiðasjóður endurfjármagnar svo lánið til lengri tíma. Þess í stað er nú gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður láni útgerðaraðilum strax í upphafi. Þannig mun draga úr lánsfjáreftirspurn hjá bankakerfinu. Lántökuheimildir annarra fjárfestingarlánasjóða breytast minna milli ára. Þá eru ekki sett sérstök takmörk á ríkisábyrgð á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands önnur en þau sem lög um viðskiptabanka kveða á um. Ennig vil ég taka fram að hvorki Ferðamálasjóði né Landflutningasjóði eru heimilaðar lántökur á árinu 1992 samkvæmt frv.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti sjálfskuldarábyrgð á lántökum tveggja sjálfstæðra aðila á árinu 1992. Hér er um að ræða 400 millj. kr. ábyrgð á lántöku Herjólfs hf. vegna smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju og 500 millj. kr. ábyrgð á lántöku Vatnsleysustrandarhrepps vegna hafnargerðar fyrir væntanlegt álver á Keilisnesi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir áformum stjórnvalda um lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila sem ríkissjóður gengst í ábyrgð fyrir. Ég mælist til þess að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. fjárln. sem vísi því svo til efh.- og viðskn. til frekari umfjöllunar eins og lög um þingsköp Alþingis segja til um.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er ekkert að vanbúnaði að hefja mína ræðu. Hún mun ekki taka mjög skamma stund en ekki mjög langa. Um það hafði verið rætt að halda áfram umræðum utan dagskrár fljótlega upp úr kl. 2 þegar utanrrh. kæmi hér í húsið og ég vildi spyrja um það hvort forseti telji heppilegt að ég hefji mál mitt eða hvort hann vill gera hlé á störfum þar til sú umræða getur hafist þó ég vilji á engan hátt skorast undan því að hefja mitt mál.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti telur heppilegt að þingmaðurinn hefji mál sitt og síðan verði þá beðið um frestun ef ástæða þykir til þegar utanrrh. heldur áfram ræðu sinni og nýr fundur verður settur.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til lánsfjárlaga sem er mjög mikilvægt frv. þar sem í því koma fram fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í lántökum á næsta ári og þær fyrirætlanir sem koma fram í áætlunum ríkisstjórnarinnar um peningamarkaðinn á næstunni. Þetta frv. verður að sjálfsögðu að skoðast í samhengi við fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir og við verðum að líta á þessi frumvörp sem innlegg ríkisstjórnarinnar í það efnahagsástand sem nú ríkir í samfélaginu.

Ríkisstjórnin hefur tekið það fram að mikilvægast af öllu sé að ná jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, ná jafnvægi í ríkisfjármálum og mikilvægast af öllu, eins og ég hef skilið það, sé að ná niður vöxtunum. Ég tek undir það með hæstv. ríkisstjórn að það er mikilvægast af öllu í íslensku samfélagi í dag að ná því jafnvægi á peningamarkaði að vextir lækki. Og í ljósi þess er mjög nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir hvernig vextirnir eru að þróast um þessar mundir.

Það hefur komið fram hjá Seðlabanka Íslands að áætlaðir raunvextir, miðað við verðbólgu nú á fjórða ársfjórðungi, á óverðtryggðum skuldabréfalánum viðskiptabanka og sparisjóða séu 15,8%. Voru á fyrsta ársfjórðungi 10,5%, á öðrum ársfjórðungi 3%, á þriðja ársfjórðungi 11,9% og nú á fjórða ársfjórðungi 15,8%.

Það er ljóst að viðskiptabankarnir hafa borið sig afar illa undan því að hafa ekki haft nema 3% raunávöxtun þessara skuldabréfalána á öðrum ársfjórðungi og telja sig hafa tapað miklu fé og því þurfi þeir nú að ná upp. Það standi þess vegna ekkert til af þeirra hálfu að lækka vextina. Þeir segja að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt þau spil með framlagningu fjárlagafrv. og með framlagningu frv. til lánsfjárlaga að ástæða sé til að

ætla að það traust muni ríkja hér á fjármálamarkaði að vextir munu lækka mjög mikið. Ríkisstjórn sem lýsir því yfir hvað eftir annað að það eigi ekki að hafa afskipti af lánsfjármarkaðnum heldur eigi þar fyrst og fremst að ráða framboð og eftirspurn hlýtur að gera áætlanir um hvernig eigi að koma jafnvægi á lánsfjármarkaðnum til að ná vöxtunum niður. Og nú þýðir náttúrlega ekkert fyrir hæstv. ríkisstjórn að halda mikið fleiri ræður um viðskilnað fyrri ríkisstjórnar.

Að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin haldið því áfram út allt þetta kjörtímabil eða svo lengi sem hún ætlar sér að sitja, sem ég veit ekki hvað er lengi, en ég geri frekar ráð fyrir því að hún hafi ætlað sér að sitja út þetta kjörtímabil. Hæstv. ráðherrar gera lítið annað hér á Alþingi en að tala um viðskilnað fyrri ríkisstjórnar og hvað þar hafi gerst voðalegir hlutir. Og ef þeir hafa gert einhverja voðalega hluti, eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi hér áðan, hafi það verið vegna þess að hann vildi ekki gera einn ráðherra í fyrri ríkisstjórn ómerkan orða sinna.

Mér finnst þessi umhyggja hæstv. fjmrh. svona almennt í garð fyrri ráðherra ekki koma fram í ræðum sem hann heldur á Alþingi. En gott og vel, ekki ætla ég að halda því fram að allt sem fyrri ríkisstjórn hafi gert hafi verið skynsamlegt og hún hafi ekki gert nokkur mistök. Auðvitað gerði hún ákveðin mistök og þau ber að viðurkenna. Hins vegar lagar það ekkert stöðuna að tala um lítið annað. Það er eins og Alþfl. hafi ekki verið í þeirri ríkisstjórn eða þá að Alþfl. hafi í raun gengið í Sjálfstfl. þegar þessi stjórn tók við völdum. (Gripið fram í.) Framsókn hagaði sér ekki þannig, hæstv. fjmrh. En hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. tala um óskaplega hluti sem fyrri ríkisstjórn hafi gert og tala með þeim hætti hér á Alþingi að í því felast yfirleitt þungir áfellisdómar. Gott og vel. Við sem sátum í þeirri ríkisstjórn erum alveg menn til að taka við þeim ámælum og munum svara fyrir þær gerðir eftir því sem við höfum tækifæri til. En það er rétt að benda hæstv. ráðherrum af hálfu Alþfl. í núv. ríkisstjórn á að þeir sátu í þessari ríkisstjórn og báru því ábyrgð líka. Ætla þeir einnig að byggja allan sinn málflutning í vetur á því hvað þetta hafi nú allt verið slæmt í tíð fyrri ríkisstjórnar? Ég á ekki von á því. En hvað um það. Hvernig svo sem á þessu öllu stendur og hvernig þetta hefur orðið eru vextirnir allt of háir. Aðalástæðan er að sjálfsögðu sú að hér er umframeftirspurn í samfélaginu. Við höfum orðið fyrir margvíslegum, efnahagslegum áföllum. Það eru utanaðkomandi áhrif og margt fleira sem verður að viðurkenna. Ég er sem sagt sammála hæstv. ríkisstjórn í því að allt beri að gera til að lækka þessa vexti. En ég sé engin merki þess að vextir séu að lækka. Þeir kunna að lækka eitthvað en mér finnst það ekki koma fram í þessu lánsfjárlagafrv. að það sé hægt að treysta því að það verði jafnvægi á peningamarkaði á næsta ári.

Það kemur t.d. fram í þessum skjölum að ríkisstjórnin gerir ráð fyrir því að viðskiptahallinn verði 17 milljarðar, sem er mikið fé. Það má vel vera að viðskiptahallinn verði eitthvað meiri. Það verður ekki ráðið af þessum gögnum með hvaða hætti þessi mikli viðskiptahalli verður fjármagnaður. Það er sagt að ekki standi til að taka meiri erlend lán. Gott og vel. En mér sýnist að ætlunin sé að ganga þannig frá málum að það verði feiknarleg umframeftirspurn á peningamarkaðnum og vextir verða þar af leiðandi mjög háir.

Eitt af því sem hæstv. fjmrh. sagði var að Byggingarsjóður ríkisins mundi þurfa rúma 20 milljarða eða rúma 15 milljarða umfram afborganir, ef ég man rétt. (**Fjmrh.**: Húsnæðislánakerfið.) Húsnæðislánakerfið. Alveg rétt. Það er stórt kerfi sem þarf mikla peninga og þar er verið að gera marga nytsamlega hluti. En spurningin er sú hvort við höfum peninga við þessar aðstæður til að gera það eða hvort það sé þess virði að halda því áfram alveg án tillits til þess hversu háir vextirnir verða og alveg án tillits til þess hversu mikil afföllin verða í þessu kerfi. Það skipti bara engu máli.

Ég tek eftir að gert er ráð fyrir að útgáfa húsbréfa á árinu 1991 verði 15 milljarðar kr. og síðan á eftir að taka afföllin þar frá. Það eru þau afföll sem eru á þessum markaði. Afföllin eru að nokkru leyti frádráttarbær frá skatti, vextirnir líka, og það er afar undarlegt þegar verið er að halda því fram að þetta húsbréfakerfi kosti ríkissjóð ekki nokkurn skapaðan hlut, það sé bara frítt. Þetta er alrangt og ég veit að hæstv. fjmrh. veit það manna best. Auðvitað kostar það heilmikið og þessi eilífi samanburður á því að þetta sé fínt kerfi og önnur séu vond er slæm rökhyggja. Við þurfum fyrst og fremst að spyrja okkur þessara spurninga: Getum við lagt svona mikla peninga inn á þennan markað? Og ef við viljum gera það, verðum við þá ekki að draga úr ýmsu öðru?

Við þingmenn utan af landsbyggðinni viljum mikla peninga til vegagerðar. Við erum ekki mjög kröfuharðir um peninga til húsnæðismála því að ríkisstjórnin heldur uppi þeim málflutningi að helst enginn vill byggja þar. Það er jafnvel talað um að rétt sé að hjálpa mönnum í stórum stíl að flytja frá heilum landshlutum og eru Vestfirðir nefndir sérstaklega í því sambandi. Við erum ekkert sérstaklega áhugasamir um að þiggja þau húsnæðislán sem eru í boði til að byggja yfir þetta fólk í Breiðholtinu þó að í sjálfu sér sé gott að búa þar eins og ég get borið vitni um. Svona liggja einfaldlega áherslurnar, hæstv. fjmrh. — Ég kann nú betur við að hafa hæstv. fjmrh. hér en ég get skilið að hann þurfi að bregða sér frá. — Svona liggja áherslurnar. Áherslurnar hjá hæstv. ríkisstjórn liggja svona og þetta hefur farið úr böndum á árinu 1991. Og þar á að sjálfsögðu að nefna til fyrri ríkisstjórn. En það vill nú svo til að það eru nokkrir ráðherrar í núv. ríkisstjórn sem voru líka í þeirri fyrri og þeir bera væntanlega einhverja ábyrgð. Og það er alveg sama hversu vel menn vilja í þessum málaflokki, þetta gengur ekki. Þetta er ekki hægt.

Hæstv. fjmrh. kemur hér og segir: Það á nú að lækka þetta. Og það er búið að grípa til ráðstafana sem koma í veg fyrir að þetta verði eins mikið og í ár, og nefnir 12 milljarða. Hagfræðideild Vinnuveitendasamband Íslands metur það með öðrum hætti og telur að það muni nema 5% og samkvæmt mínum útreikning-

um eru það 750 millj. Nú má vera að þetta sé að mati ríkisstjórnarinnar vitlaust hjá Vinnuveitendasambandi Íslands eins og ýmislegt annað. Ég hlustaði á það í gær að hæstv. viðskrh. veitti VSÍ miklar ákúrur með miklum þjósti fyrir að fulltrúar þess skyldu hafa leyft sér að hafa efasemdir um að bygging álvers mundi hefjast á þessu ári, en hann skammaði að vísu Vinnuveitendasambandið fyrir nokkuð sem aldrei hefur verið sagt af þess hálfu. Það var nú það alvarlega. Þó það beri að sjálfsögðu að skamma Vinnuveitendasambandið fyrir rangfærslur og fyrir skoðanir er ekki rétt af núv. ríkisstjórn að skammast mikið yfir því sem ekki hefur verið sagt. Og fulltrúar VSÍ gátu ekki borið hönd fyrir höfuð sér á þessum fundi.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um hvernig hann sér þessa þróun í vaxtamálunum. Ef við lítum á hvernig vextirnir þróast miðað við vexti á erlendum mörkuðum kemur það fram að LIBOR-vextir hafa farið lækkandi að undanförnu á sama tíma og vextir á Íslandi hafa farið hækkandi. Það er mjög erfitt að gera sér í hugarlund að á sama tíma og vextir á alþjóðlegum mörkuðum, sérstaklega LIBOR-vextir — ég veit að þessi mynd er flóknari — hafa farið lækkandi hafa vextir hér á landi farið hækkandi. Þetta verður einfaldlega til þess að menn munu leita í meira og meira mæli inn á erlenda fjármagnsmarkaði og reyna að fá þar lán. Það er engin leið að reikna með því að hægt sé að halda uppi hærra vaxtastigi á Íslandi þegar til lengri tíma er litið en gengur og gerist erlendis. Og að mínu mati er heldur ekki hægt að reikna með því að hægt sé að hafa vexti á Íslandi miklu lægri en gengur og gerist erlendis. Við erum einfaldlega það háð alþjóðlegum peningamörkuðum að við ráðum ekki við það. Og ég ætlast ekki til þess af núv. ríkisstjórn — og hef heldur ekki svo mikla trú á henni, og veit að hún hefur heldur ekki svo mikla trú á sjálfri sér þó hún hafi það mikla trú á sjálfri sér að reikna með því að hún ráði við vaxtastigið á alþjóðlegum mörkuðum.

En ég hef miklar efasemdir um að það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera muni leiða til að vextir muni lækka mjög mikið hér á næstunni. Ég vona að það sé rangt en hæstv. ríkisstjórn verður a.m.k. að reyna að senda einhver önnur merki út á markaðinn en falleg orð og fagrar setningar um niðurskurð ríkisútgjalda og minnkun ríkisumsvifa. Það er bara ekki nóg. Það verður að vera hægt að lesa út úr þessum plöggum að það sé að gerast og menn hafi einhverja tiltrú þar á. Þar að auki er gert ráð fyrir því í áætlunum hæstv. ríkisstjórnar að farið verði í umtalsverðar virkjunarframkvæmdir á næsta ári og byggingu á mjög stóru álveri.

Ríkisstjórnin með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar fullyrðir að þetta mál sé í höfn og menn megi ekki efast um það. Menn sem hafi einhverjar efasemdir um það séu að gera ríkisstjórninni upp hluti sem alls ekki fá staðist. Nú kann svo að vera að það sé eins með þetta mál og vextina á alþjóðlegum lánamörkuðum, að það sé ekki alveg víst að ríkisstjórnin geti ráðið því í einu og öllu hver framvindan verður í þessu máli. Það vill nefnilega svo til að það þarf að fjármagna þetta mál eins og önnur og leita lána á alþjóðlegum mörkuðum. Það á allt saman eftir að gera. Það á eftir að fá þau kjör á þau lán að þau fái staðist.

Vinnuveitendasamband Íslands sagði einfaldlega: Við teljum ekki rétt að gera þetta með þeim hætti sem gert er í þjóðhagsáætlun, þ.e. að segja sem svo að ef bygging álversins og virkjananna hefst ekki á árinu 1992, þá verði að taka þjóðhagsáætlun og allar áætlanir til endurskoðunar. Þetta er afstaða ríkisstjórnarinnar. Afstaða Vinnuveitendasambandsins var einfaldlega sú að það væri rétt að ganga út frá því í fyrstu umferð að þetta mundi ekki gerast, í varúðarskyni. Það er alltaf skynsamlegt að sýna varúð. Það er rétt hjá Vinnuveitendasambandinu. En ef það gerðist hins vegar, sem þeir vonuðust til að gerðist, væri rétt að endurskoða allar áætlanir í ljósi þess. En ríkisstjórnin kaus að fara hina leiðina og skammar Vinnuveitendasambandið blóðugum skömmum fyrir það.

Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað telur hann að muni gerast á fjármagnsmarkaði ef þessi áform verða að veruleika? Ég vonast eftir því að þau verði að veruleika, ég vil taka það skýrt fram. Ég tel að hagkerfið á Íslandi þurfi á því að halda. Þótt ég sé ekki í einu og öllu sammála hvernig að þessu máli hefur verið staðið, þá er það ósk mín að það muni gerast.

Ég sé að hæstv. utanrrh. er kominn í salinn og hefur veitt okkur þá ánægju að vera viðstaddur og það er spurningin hvenær við munum verða þeirrar ánægju aðnjótandi að tala við hann. Ég vildi fá það upplýst áður en ég held mikið lengur áfram. (**Forseti:** Forseti hefur því miður misst af því sem um var spurt.) Virðulegur forseti. Það er eðlilegt, og ónærgætið af mér að vera að tala um þetta í þann mund sem forsetar voru að skipta um stól. En ég spurði einfaldlega hvort forseti vildi að ég frestaði ræðu minni núna. (**Forseti:** Forseta þykir ekki óeðlilegt að bjóða hv. þm. að ljúka sinni ræðu en eftir það mundi þessari umræðu verða frestað.) Ég á eftir að tala í allnokkurn tíma, virðulegur forseti, og mundi því alveg eins kjósa að umræðan gæti hafist nú þegar og ég frestaði einfaldlega minni ræðu. (**Forseti:** Ef hv. þm. óskar eftir því að fresta ræðunni finnst forseta sjálfsagt að verða við því.)

Umræðu frestað.

17. FUNDUR

föstudaginn 25. okt.,
að loknum 16. fundi.

Skýrsla utanrrh. um niðurstöður samninga um Evrópskt efnahagssvæði. — Frh. umr.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Þar mun hafa verið komið máli

mínu að ég var að leitast við að svara ýmsum spurningum og ábendingum sem til mín hafði verið beint og var kominn eitthvað áleiðis við að svara spurningum sem hv. 15. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir, og hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, höfðu beint til mín.

Fyrst var vikið að kynningu málsins. Það er kannski dálítið þversagnakennt að kvarta annars vegar undan því að málið sé ekki nægilega kynnt, en hafa síðan áhyggjur af því ef til stendur að kynna það betur. Erfiðleikarnir í því að kynna málið í smáatriðum voru náttúrlega þeir að samningsniðurstaða lá ekki fyrir, en málið í heild sinni hafði að sjálfsögðu verið rækilega kynnt á ýmsum vettvangi, eins og ég hafði vikið að, enda virðist það ekkert vefjast fyrir mönnum í þessu þjóðfélagi, fulltrúum almannasamtaka og hagsmunasamtaka, að lýsa afstöðu sinni til þess á grundvelli þeirrar almennu þekkingar sem menn höfðu á því í heild sinni.

Því var haldið fram að lög Evrópubandalagsins yrðu samkvæmt þessum samningi æðri íslenskum lögum. Mér er ekki alveg ljóst hvað átt er við með slíkum ummælum. Þessi samningur er milliríkjasamningur sem lagður verður fyrir Alþingi og verður þáttur í íslenskri löggjöf. Það er réttarvenja á Íslandi að lög sem fela í sér skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum hafa forgang umfram önnur lög ef þau rekast á. Í því efni er ekkert nýtt að því er þetta varðar. Ef spurningin er um ný lög og reglur sem sett verða í framhaldinu þá fer með þau alveg eins og þennan samning að engin ný lög eða reglur verða samþykktar nema samhljóða í EES-ráðinu. Þar fara ekki fram atkvæðagreiðslur. Þar eru fulltrúar þjóða ekki bornir ofurliði. Engin ný lög fá því lagagildi eða réttaráhrif nema þau verði samþykkt á þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Í þessu er fólginn meginmunurinn á EES annars vegar og Evrópubandalaginu hins vegar, en þess hefur gætt mjög í umræðum sumra stjórnarandstæðinga að þeir virðast rugla saman annars vegar aðild að Evrópubandalaginu og hins vegar Evrópska efnahagssvæðinu. Af þessu tilefni er kannski rétt að minna á hvílíkur reginmunur er á þessu, bæði að því er varðar stofnanir og ákvarðanatöku.

Evrópubandalagið er tollabandalag, Evrópska efnahagssvæðið er það ekki.

Evrópubandalagið hefur samræmda ytri tolla, Evrópska efnahagssvæðið hefur það ekki.

Evrópubandalagið hefur sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart þriðja aðila, Evrópska efnahagssvæðið hefur það ekki.

Að því er varðar ákvarðanatöku er ólíku saman að jafna. Í Evrópubandalaginu, byggðu á Rómarsamningnum, er ákvarðanatakan á grundvelli samþjóðlegra stofnana, þ.e. ráðherraráðið sjálft fer með löggjafarvald innan Evrópubandalagsins. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur mikið frumkvæði og stefnumörkun og í sumum tilvikum hafa tilskipanir hennar lagagildi. Þannig getur sú staða komið upp innan Evrópubandalagsins — þar sem flestir málaflokkar, og þeim fer fjölgandi, eru þannig meðhöndlaðir að um þá fer fram atkvæðagreiðsla — að fulltrúar eins ríkis geta greitt atkvæði gegn tilteknum lögum en þau fá samt lagagildi. Þannig er framsal löggjafarvalds frá þjóðþingum til hinnar samþjóðlegu stofnunar. Ekkert af þessu á við um Evrópska efnahagssvæðið. Alls ekkert. Með öðrum orðum er þar ekki samþjóðlegt eða yfirþjóðlegt vald í þessum skilningi. Ekkert framsal á löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi, hefur farið fram í Evrópska efnahagssvæðinu.

Þannig mætti tíunda þennan mun út af fyrir sig miklu nánar. Evrópubandalagið — fyrir utan þennan stofnanaramma, þetta yfirþjóðlega vald, þetta framsal á löggjafar- og framkvæmdarvaldi, meirihlutaákvarðanir í æðstu stjórnarstofnunum — stefnir einnig að því að auka þetta samþjóðlega vald. Nú eru á lokastigi tvær ráðstefnur, stjórnmálaráðstefnan og myntbandalagsráðstefnan innan bandalagsins þar sem markmiðið er að taka upp sameiginlega peningamálapólitík og sameiginlega utanríkispólitík, þar með talið sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum með sérstökum stofnunum innan Evrópubandalagsins, þ.e. að því er stefnt að gera Vestur-Evrópubandalagið, sem nú er stofnun níu aðildarríkja EB, að varnarbandalagi bandalagsins.

Ekkert af þessu á við um Evrópska efnahagssvæðið. Ef verið er að tala um pólitískt samráð þá fer það eingöngu fram á óskuldbindandi hátt milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Þannig að þess ber mjög að gæta að það er á algjörum misskilningi byggt þegar meira að segja sumir virðulegir lagaprófessorar hafa komist svo að orði að þarna sé á stigsmunur en ekki eðlismunur. Fyrir því verða ekki fundin rök.

Þetta segi ég einnig vegna tilvitnaðra ummæla í blaðaviðtal við varaforseta framkvæmdastjórnar bandalagsins, Andriessen, þar sem hann vék að því að EFTA-ríkin hefðu ekki fengið neinn rétt til íhlutunar um innri ákvarðanaferil Evrópubandalagsins. Það er að sjálfsögðu rétt. EFTA-ríkin sóttust ekki eftir því. Við erum ekki að ganga í Evrópubandalagið. Við eigum engan rétt á því að blanda okkur í eða hafa áhrif á innri ákvarðanir bandalagsins. Við vorum ekkert að sækjast eftir því. Við vorum að óska eftir samráði við undirbúning ákvarðana sem ætlunin er að komi til framkvæmda um svæðið allt. Þá hefur það sinn gang þannig að slíkar tillögur fara fyrir EES-ráðið en þar verða ekki teknar ákvarðanir á grundvelli atkvæðagreiðslu heldur einungis með samráði og engin ný lög fá lagagildi án þess að verða lögð fyrir þjóðþingin.

Að því var vikið að samkvæmt norsku stjórnarskránni þarf aukinn meiri hluta atkvæða, ⅔ hluta, til að þessi samningur verði staðfestur og verði þar að lögum. Það byggir á sérstöku ákvæði 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Slíku ákvæði er ekki til að dreifa hér. En það er kannski ástæða til að staldra við þá spurningu sem hv. 15. þm. Reykv. bar upp. Hvað gerist að því er varðar þennan samning ef t.d. Norðmenn felldu samninginn? Svarið er að þessi samningur, þótt hann hafi verið gerður við EFTA-þjóðirnar sjö og þær samræmt samningsstöðu sína, er að formi til samningur Evrópubandalagsins við hvert og eitt aðildarríki EFTA. Samningurinn út af fyrir sig stendur því jafn

vel þótt einhver einstök aðildarþjóð önnur felli hann. Það er alveg ótvírætt.

Hitt er svo annað mál að við því má búast að Evrópubandalagið óski eftir því að endurskoða samninganna í einhverjum greinum af þeirri einföldu ástæðu að í þessum heildarsamningi hefur verið tekið tillit til nokkurra sérhagsmuna einstakra þjóða. Ef við nefnum Noreg er augljóst mál að mikið samstarf var milli Íslendinga og Norðmanna að því er varðar sjávarútvegssviðið og því er ekki að neita að Evrópubandalagið gekk miklu harðar að Norðmönnum með kröfunni um veiðiheimildir. Að vísu ber að taka það skýrt fram að Norðmenn beygðu sig ekki fyrir kröfunni um að láta af hendi veiðiheimildir fyrir markaðs- eða tollaívilnanir, heldur var þetta á grundvelli tvíhliða samninga Norðmanna og Evrópubandalagsins. Þannig að sá tvíhliðasamningur er út af fyrir sig ekki partur af heildarsamningnum heldur er til hans vísað. Evrópubandalagið mun hins vegar líta svo á að ávinningur þess og þá Suður-Evrópuþjóðanna og jafnvægi samningsins hafi byggst mjög á þessum tvíhliða samningi Norðmanna. Þess vegna megum við búast við því að þeir óski eftir einhverri endurskoðun. Það gæti þá þýtt t.d. að aftur yrðu teknar upp auknar kröfur á Íslendinga vegna þess að þeir líta svo á, hvort sem það er með réttu eða röngu, að fórnarkostnaðurinn hafi verið greiddur fyrst og fremst af Norðmönnum á sjávarútvegssviðinu.

Það var enn og aftur spurt um óþul feðranna, þ.e. um hlunnindajarðir. Því er ég búinn að svara svo oft að ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það. Það hefur komið skýrt fram hvernig íslensk stjórnvöld ætla að taka á því máli. Það er með breytingum á lögum og reglum okkar sjálfra og hefur það að markmiði að íslensk stjórnvöld hafi það í hendi sér samkvæmt þeim lögum og reglum.

Hv. 15. þm. Reykv. nefndi hinn svokallaða kvótahoppsdóm, þ.e. dómur eða niðurstaða Evrópudómstólsins í deilum Spánverja og Breta að því er varðaði skráningu fiskiskipa. Er eitthvað að óttast þá dómsniðurstöðu að því er varðar þennan samning? Hefur hann eitthvert fordæmisgildi að því er okkur varðar? Svarið er nei. Hvers vegna? Í fyrsta lagi vegna þess að við erum ekki aðilar að Evrópubandalaginu. Í öðru lagi vegna þess að sjávarútvegssviðið er ekki partur af fjórfrelsinu. Og það er vegna þess að fyrirvari Íslendinga er varanlegur og ótvíræður um það að erlendir aðilar hafa engar heimildir til fjárfestingar eða eignarréttar í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi. Þess vegna kemur þessi dómur okkur ekkert við.

Þá var að því vikið hvað gerðist að því er varðaði skuldbindingar í tvíhliðasamningnum um skipti á veiðiheimildum ef loðna ekki veiddist. Hvað er það sem við eigum að fá í staðinn fyrir þessi 3000 tonn af karfaígildum? Svarið við því er að það er gagnkvæmt. Nái þær þjóðir sem hér um ræðir ekki sínum veiðiheimildum eða ef kveðið er á um að þessir fiskstofnar séu ekki líklegir til þess að gefa af sér þann arð sem hér um ræðir þá náttúrlega er um það samið. Þetta er rammasamningur. Hann gildir til 10 ára en síðan er samið um hann frá ári til árs. Og um það var rætt að ef af einhverjum ástæðum loðna er ekki fáanleg þá væri það af hendi látið í öðrum tegundum sem um væri samið og þar nefndum við til rækju.

Hv. 15. þm. Reykv. spurði um kostnaðinn við þessa samningsgerð. Auðvitað er hann einhver. Stærsti kostnaðarliðurinn er vafalaust vegna þýðinga samningsins sjálfs, laga og reglna. Og kostar einhverja tugi milljóna. Þegar upp verður staðið er ekki ólíklegt að hann kosti talsvert á annað hundrað milljónir. Annar kostnaður er líklega mestur ferðakostnaður þeirra embættismanna úr öllum ráðuneytum sem hafa tekið þátt í starfi samningahópanna. Sá kostnaður er að mestum hluta færður á reikning utanrrn. jafnvel þótt um starfsmenn annarra ráðuneyta sé að ræða. Ég hef auðvitað ekki endanlegar tölur um þetta en áætlanir um þann kostnað má lesa um í fjárlagafrv.

Þá er spurningin: Er hér um að ræða óhóflegan kostnað? Er ekki rétt að bera hann saman við þann ávinning sem við getum með nokkru öryggi tíundað af samningnum í heild? Stenst á hvað vinnst og hvað tapast? Annars vegar er um að ræða kostnað sem jafnvel mætti telja í tvö til þrjú hundruð milljónum allt í allt. Þá er á það að líta að tollalækkanirnar einar, t.d. samkvæmt mati forstjóra Sambands ísl. fiskframleiðenda, eru um 1850 millj. á ári, tæplega tveir milljarðar á ári. Ég hef ævinlega sagt að sú búbót sé hvað minnst í þessum samningi því ávinningurinn er fyrst og fremst og til lengri tíma á öðrum sviðum. En á því leikur ekki nokkur minnsti vafi að þessi tilkostnaður er smár í samanburði við ávinninginn.

Hv. 10. þm. Reykv. vakti máls á álitamáli sem upp getur komið og spurði: Hvað gerist ef öll önnur núv. aðildarríki EFTA sækja um og fá aðild að Evrópubandalaginu? Er ekki hér verið að tjalda til einnar nætur? Er þetta ekki bara skammtímamál? Og í framhaldi af því kemur auðvitað spurningin: Er þetta ekki alveg óumflýjanlega fyrsta skrefið á lengri leið, þ.e. að því er okkur varðar í átt til inngöngu í Evrópubandalagið? Staðreyndirnar eru þessar: Austurríki sótti um aðild að Evrópubandalaginu haustið 1989. Það breytti engu um það að Austurríki hélt kappsamlega áfram aðild sinni að þessum samningum og tók fullan þátt í þeim, sóttist eftir því að fá þessa samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Sama máli gegndi um Svíþjóð þegar þeir skyndilega söðluðu um og lögðu fram umsókn og hafa nú fylgt henni eftir. Daginn eftir að þessum samningum var lokið var því lýst yfir af hálfu svissnesku ríkisstjórnarinnar að Sviss sækti um aðild. Þrjú af EFTA-ríkjunum sjö hafa því þegar sótt um aðild. Og það má vafalaust slá því föstu að Liechtenstein muni fylgja fordæmi Sviss. Þá eru þau fjögur af sjö. Síðan eru uppi getgátur um að Finnland muni fylgja í kjölfarið. Finnskir ráðamenn hafa sagt að það sé líklegt um mitt næsta ár. Nú er margt sem bendir til þess að þeir jafnvel hraði því. Það gæti orðið á fyrri hluta næsta árs. Óvissan er aftur meiri um Noreg. Mitt mat er það að norska ríkisstjórnin muni gera þetta í kjölfar samningsins en það líði nokkur tími. Þá er spurningin þessi: Er þá ekki bara tjaldað til einnar nætur? Nú er ekki hægt að slá því föstu hvernig þessum ríkjum reiðir af

með aðildarumsókn sína. Þær hafa tekið þetta frá fjórum upp í átta ár í sumum tilvikum áður. Ég nefni t.d. í tilvikinu Írland, átta ár.

Svíar gera sér vonir um að vera orðnir meðlimir árið 1995. Austurríkismenn hafa á því annað mat. Þeir telja að það taki lengri tíma og geti verið orðið í gildi að því er varðar þessa nýju umsækjendur 1997. Af hálfu bandalagsins hefur verið sagt að þeir muni nú fjalla um aðildarumsóknir þeirra ríkja sem þegar eru á biðlistanum en þar eru þessi ríki ekki fyrst, heldur eru það Kýpur, Malta, Tyrkland og síðan Austurríki, Svíþjóð og Sviss. Það tekur eitt ár að kanna aðildarumsóknirnar og síðan hefur þetta tekið að jafnaði um þrjú ár. Það gæti tekið eitthvað skemmri tíma þar sem þessir samningar liggja fyrir og þeir geta eitthvað greitt fyrir samningsgerðinni.

En það er sama niðurstaða eftir sem áður að því er okkur varðar að jafnvel þótt öll hin EFTA-ríkin gengju í Evrópubandalagið þá eiga við þau rök að þessi samningur er við hvert aðildarríki fyrir sig og hann stendur. Mitt mat er það að með þessum samningi höfum við tryggt alla brýnustu hagsmuni Íslendinga í samskiptum við bandalagið. Þess vegna lít ég ekki svo á að þessi samningur sé neitt endilega fyrsta skref að einhverjum lokaáfanga sem væri aðild. Ég sé enga sérstaka rökvísi í því. Það má gagnálykta sem svo: Þar sem við höfum með þessum ágæta samningi tryggt hagsmuni okkar gagnvart Evrópubandalaginu þá rekur okkur engin nauður til að stíga lokaskrefið. Ég hef hins vegar lýst þeirri skoðun minni að ef okkur hefði mistekist að ná þessum samningum er það mitt mat að forsvarsmenn atvinnulífs á Íslandi hefðu þá sótt af vaxandi hörku þá kröfu sína að Ísland gengi í Evrópubandalagið.

Þar sem ég er andvígur því að Íslendingar gangi í Evrópubandalagið þá tel ég að þessi samningur sé einhver hinn heilladrýgsti út frá sjónarmiðum þeirra sem eru andstæðir ingöngu í Evrópubandalagið og á reyndar dálítið bágt með að skilja þá menn sem segja: Við erum algerlega andvígir Evrópubandalaginu og þess vegna erum við andvígir þessum samningi. Ég sé enga rökvísi í því. Ég held að það væri þvert á móti. Ef ég væri í þeim hópi fólks sem væri að berjast fyrst og fremst gegn einhverri hugsanlegri aðild að Evrópubandalaginu þá mundi ég fagna þessum samningi þar sem með honum hefur öllum þrýstingi verið létt af um það að knýja á um aðild að Evrópubandalaginu. Hvaða rök eru fyrir því að Íslendingar eigi að ganga í Evrópubandalagið úr því að þessi samningur er gildur? Mitt sjónarmið er það að svo lengi sem sameiginleg fiskveiðistefna bandalagsins er í gildi geti þjóð sem á jafnmikið undir sjávarútvegshagsmunum um sína afkomu ekki séð hag sínum betur borgið með aðild að bandalaginu.

Hv. 10. þm. Reykv. ræddi nokkuð um hinn svokallaða Þróunarsjóð. Það er vissulega einn af þeim kostnaði sem við eins og aðrir höfum orðið að taka á okkur til að ná þessum samningi. Mig minnir að ég hafi skýrt frá því áður að það er mat okkar að þessi greiðsla verði samkvæmt umsömdum reglum um 67 millj. íslenskra kr. á ári í fimm ár. Það var góður samningsárangur vegna þess að við höfðum flestir slegið því föstu að sú greiðsla yrði mun hærri. Það eru engin sérstök sanngirnisrök eða önnur fyrir því af hverju það ætti að gerast. Krafa Evrópubandalagsins var byggð á því að þetta væri nauðsynlegt til að fá fylgi Suður-Evrópuþjóðanna innan Evrópubandalagsins við þennan samning. Vegna þess að svo lítið fengist í veiðiheimildum og úr því að bæði Íslendingar og Norðmenn lokuðu á fjárfestingarréttinn þá voru eiginlega kröfur um að það ættu að vera miklu meiri framlög í sjóðinn.

Ég vil láta það koma fram að það voru einkum Finnar sem höfðu forustu fyrir okkur EFTA-þjóðunum í þessu máli. Yfir þeim hópi var maður að nafni Liikanen, fyrrum fjmrh. Finnlands. Og ég get ekki staðist það og tel reyndar rétt af okkar hálfu að lýsa aðdáun minni á því hversu frábærlega vel hann hélt á því máli. Það hafði enginn búist við að hann kæmi út úr þeim samningum með lægri upphæðir eftir að sjávarútvegsmálið var afgreitt með þessum hætti en áður hafði verið slegið föstu. Það var virkilega frábær árangur.

Kröfur Evrópubandalagsins voru stjarnfræðilegar. Það sagði: Þetta á að vera sjóður sem á að vera sambærilegur við byggða- eða þróunarsjóði bandalagsins sjálfs. Það var krafan gagnvart hinum ríku EFTA-þjóðum. Ef sú krafa hefði náð fram að ganga hefði hlutur okkar Íslendinga á ári orðið 700 millj. en ekki 67 millj.

Hv. þm. taldi svo vera, m.a. með vísan til blaðaummæla sem höfð voru eftir Andriessen, að einn galli þessa samnings væri sá að EFTA-ríkin hefðu engin áhrif á ný lög og reglur innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar mundi frumkvæðið allt koma frá Evrópubandalaginu og Evrópubandalagið mundi keyra þetta í gegn. Við værum nánast eins og laumufarþegar um borð. Ég er búinn að svara því. Það á ekki að blanda saman annars vegar ákvörðunarferli Evrópubandalagsins sem við höfum engin áhrif á og hins vegar þeirri staðreynd að ef Evrópubandalagið hefur frumkvæði að nýjum lögum sem eru þó innan samningssviðsins þá gerist það ekkert sjálfkrafa að þau taki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Til þess að það verði þarf samstöðu allra ráðherrafulltrúa EFTA-ríkjanna í EES-ráðinu. Og það dugar ekki heldur til heldur verður að leggja það, ef hér er um löggjöf að ræða, fyrir þjóðþingin.

Það er þess vegna rangt að halda því fram að Evrópubandalagið hafi í þessum samningi eitthvert þvingunarvald um ný lög eða reglur. Það er alls ekki svo. Menn geta lengi alið með sér vanmetakenndina og sagt: Er ekki EFTA veikari aðilinn í þessu samstarfi? Það er svo að EFTA-ríkin eru öflug efnahagsleg heild. Það hefur margsinnis komið hér fram að þau standa fyrir um þriðjungi af inn- og útflutningi Evrópubandalagsins í heild og eru öflugri viðskiptaaðili við Evrópubandalagið en Bandaríkin og Japan til samans. Það er auðvitað partur af ávinningi Evrópubandalagsins í þessum samningi að þótt hér sé um tiltölulega fámennar þjóðir að ræða, 30 milljónir, þá er þetta mjög

öflug efnahagsheild. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann eru hærri í EFTA en í EB. Hlutdeild EFTA-ríkjanna í utanríkisverslun er hlutfallslega mun meiri. Það eru mjög mikil efnahagsleg samskipti. Að jafnaði er um 60% af utanríkisverslun EFTA-ríkjanna við EB í merkingunni 60% af vöruútflutningi. Fjárfestingar sumra EFTA-ríkanna, ég nefni sérstaklega til Svíþjóð og Sviss, eru miklar í Evrópubandalaginu. Og þau fyrirtæki sem eru EFTA-fyrirtæki eru mörg og býsna öflug á Evrópubandalagssvæðinu. Ég nefni sem dæmi að það er yfir hálf milljón manna innan Evrópubandalagsins starfandi hjá fyrirtækjum sem eru í eigu Svisslendinga.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja nokkuð að þeim spurningum og ábendingum sem fram komu í máli hv. 2. þm. Vestf.

Hv. þm. lýsti þeirri skoðun sinni, ef ég skildi hann rétt, að hann hefði heldur kosið að við færum í tvíhliða samningaviðræður við Evrópubandalagið. Allavega rifjaði hann upp að talsmenn Sjálfstfl. á meðan Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu á fyrra kjörtímabili, a.m.k. sumir hverjir, héldu því sjónarmiði fram. Um það varð hins vegar samstaða milli þáv. stjórnarflokka að vísa því á bug. Með þeim rökum að samstaðan hjá EFTA-ríkjunum væri líklegri til árangurs. Hvers vegna? Vegna þess að það eru fyrst og fremst þau sem greiða aðgöngumiðann, hvort heldur við erum að tala um framlög í sjóðinn eða veiðiheimildirnar og fleira mætti tína til. Í tvíhliða viðræðum hefðum við verið einir á báti. Við hefðum þar verið að semja um tollalækkanir á sjávarútveginum fyrst og fremst. Við hefðum orðið að eiga þar í höggi fyrst og fremst við DG-14, þ.e. sjávarútvegsdeildina, sem fer með þau mál. Og okkur hefði áreiðanlega verið mun örðugra að ganga fram hjá grundvallarkennisetningu Evrópubandalagsins í sjávarútvegsmálum, nefnilega veiðiheimildir fyrir tollaívilnanir að jafngildi í krónum og aurum. Það hafa engin rök verið færð fyrir því að það hefði verið líklegra að við næðum þeim árangri, sem við nú höfum náð, eftir tvíhliðaleiðinni. Hvað sem öðru líður er þetta nú að fenginni samningsniðurstöðu um tómt mál að tala. Þetta heyrir til liðinni tíð.

Hv. 2. þm. Vestf. vék máli sínu að styrkjapólitík Evrópubandalagsins. Já, það er alveg rétt Evrópubandalagið rekur verndarstefnu, „proteksjónisma", á tveimur sviðum, í landbúnaði og í sjávarútvegi. Sumir hafa kallað þetta framsóknarstefnu. Já, styrkja- og verndarstefnu. Hið góða við þann samning sem við gerum er það að við erum að tengjast því sem stefnir í frjálsræðisátt í Evrópubandalaginu, þ.e. fjórfrelsinu, en eigum enga aðild að sameiginlegri landbúnaðarstefnu bandalagsins og sameiginleg fiskveiðistefna bandalagsins er ekki partur af þessum samningum. Við göngumst undir engar skuldbindingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu. Reyndar er kannski mesti árangurinn sem við náðum í þessum samningum sá að hafa brotið á bak aftur þær kröfur sem byggðu á grundvallarforsendum þessarar stefnu, kröfurnar um veiðiheimildir og fjárfestingarrétt.

Hitt er auðvitað alveg rétt að það er mjög æskilegt fyrir okkur sem sjávarútvegsþjóð, ekki aðeins að fá tollfrjálsan aðgang að markaðnum heldur einnig að ríkisstyrkir og byggðastefnupólitík bandalagsins í sjávarútvegi víki. Við skulum átta okkur á því að sjávarútvegur er aukabúgrein í Evrópubandalaginu og svo lítill hluti af þjóðarframleiðslu þess í heild að hann mælist vart. Engu að síður er hann mikilvægur í ýmsum afmörkuðum byggðum, t.d. á Humber-svæðinu í Bretlandi, Norður-Þýskalandi, vissum héruðum í Frakklandi eins og Bretagne, nú og Baskaströndum Spánar, Portúgal og reyndar víðar. Evrópubandalagið lítur svo á að sjávarútvegur sé svo vesöl atvinnugrein að fólk geti ekki haldið til jafns við aðra í lífskjörum af sjávarútvegi nema með því að njóta styrkja og flokkar þess vegna sjávarútveginn sem part af byggðastefnu. Rök þeirra fyrir kröfum sínum um sameiginlega fiskveiðistefnu eru með vísan til þess. Þeir segja alltaf: Þessir styrkir eru hluti af því að halda uppi byggð og að færa til fjármuni til að jafna lífskjör vegna þess að sjávarútvegurinn getur ekki staðið á eigin fótum.

Hv. þm. nefndi t.d. hversu illa væri komið fyrir Norðmönnum í Norður-Noregi vegna þess að sjávarútvegurinn væri þar mjög á brauðfótum. Það er alveg rétt. En af hverju er hann það? Er það vegna þess að fiskstofnarnir hafi brugðist þar í meira mæli en annars staðar? Jú, það hefur verið svo um tíma. En það er a.m.k. yfirveguð skoðun eins íslensks fræðimanns, fiskihagfræðings, sem býr í Noregi og hefur oft látið frá sér heyra um sjávarútvegsmál, bæði á Íslandi og í Noregi, að meginástæðan fyrir bágbornu ástandi sjávarútvegs í Norður-Noregi sé styrkjastefnan. Norðmenn hafi verið að styrkja sjávarútveginn, eins og hann hefur orðað það, nærri því til helvítis. Ég biðst afsökunar á orðbragðinu, virðulegi forseti.

Það er nefnilega ekkert gefið að styrkjapólitíkin muni styrkja sjávarútveginn. Þvert á móti er hann á fallanda fæti í Evrópubandalaginu, ekki aðeins í Norður-Noregi, heldur líka víða í Evrópubandalaginu og styrkirnir munu ekki duga til. Íslenskur sjávarútvegur er fullfær um að keppa við þessa atvinnugrein ef hann fær tollfrelsi. Ég met það a.m.k. svo að við þurfum ekki að óttast að við færum halloka í þeirri samkeppni. Íslenskur sjávarútvegur er miklu öflugri. Framleiðni í íslenskri útgerð eða fiskveiðum er sem kunnugt er miklu meiri en nokkurs staðar á þessu svæði. Það er fyrst og fremst vinnsluþátturinn og markaðsþátturinn sem eru veilurnar að því er okkur varðar.

En mun bandalagið halda áfram að reka þessa styrkjapólitík? Ég get auðvitað ekki svarað því. Ég get bara sagt tvennt. Samkvæmt þeirra eigin lögum og reglum eru þeir skuldbundnir til þess að taka hana til endurskoðunar árið 1992, á næsta ári. Framkvæmdastjórnin hefur skipað sérfræðingahóp til þess að undirbúa þá endurskoðun. Þeir birtu mikla skýrslu í desember 1990 og röktu þar hinn afar vonda árangur sameiginlegrar fiskveiðistefnu, bæði að því er varðaði það markmið að vernda fiskstofna, linnulausar deilur um skiptingu kvótanna innbyrðis milli landa, rányrkjuframgöngu einstakra þjóða, lélega framlegð, litla framleiðni, og komast að þeirri niðurstöðu að bandalagið

hefði hvergi náð neinum árangri með þessari stefnu, hvorki innbyrðis né í samskiptum við aðrar þjóðir. Það er athyglisvert að þeir birtu þar töflu um 50 samninga sem þeir hafa gert við aðrar þjóðir um fiskveiðimálefni. Nú er svo komið að ekki ein einasta fiskveiðiþjóð í heiminum, ekki ein einasta, ekki eitt einasta strandríki, hefur beygt sig fyrir kröfum bandalagsins um að láta veiðiheimildir í staðinn fyrir tollaívilnanir. Í langflestum tilvikum hafa þeir orðið að kaupa þessar veiðiheimildir fullu verði og í nokkrum tilvikum er um að ræða gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Og eftir að Kanadamenn sögðu upp gagnkvæmum samningi sínum við Evrópubandalagið 1987 er engin þjóð sem hefur beygt sig fyrir þessu. Jafnframt vekja þeir athygli á því að þessari undarlegu kröfu þeirra um að tengja saman fríverslun með vörur og aðgang að auðlindum hefur verið hafnað alls staðar í GATT. Evrópubandalagið hefur reynt þetta árum saman í GATT-samningum, að fá aðrar þjóðir til að fallast á þetta, án árangurs, þannig að hún er á brauðfótum. Með vísan til þeirra raka, ekki vegna gagnrýni okkar utan frá, heldur bara vegna þess hversu illa hún hefur gefist og vegna þess að hún hefur engum árangri skilað, þá tel ég líklegt að Evrópubandalagið muni að lokum endurskoða hana og það mun enn bæta okkar hag.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson taldi að þegar önnur EFTA-ríki væru gengin í Evrópubandalagið á seinni hluta þessa áratugar mundi tvennt gerast: Annars vegar mundi kostnaðurinn af hinu viðamikla kerfi EFTA-ríkjanna allur hvíla á Íslendingum og verða okkur ofviða. Við skulum átta okkur á því að EFTA-ríkin hafa ekki mikið kerfi. Í aðalstöðvum EFTA starfa núna, að öllum meðtöldum, 90 starfsmenn, þ.e. helmingurinn af Seðlabanka Íslands. Af þessum 90 starfsmönnum eru um 50 sem teljast vera embættismenn, sérfróðir á sínum sviðum. Þetta er svo hlægilega lítið apparat að það tekur því varla að nefna það, en það er einmitt höfuðkosturinn við EFTA. Vegna þess að það er svona lítið apparat hefur það verið árangursríkt kerfi. (**HÁ:** Hvernig blýanta notarðu?) Ætli ég noti ekki aðallega sænska blýanta. Það er athyglisvert að hlutur Svía í starfsmannahaldinu er mjög mikill. Þetta er ekki stórt apparat í samanburði við 3.600 starfsmenn framkvæmdastjórnar, sem reyndar þykir heldur ekki stórt vegna þess að þegar þeir eru að bera sig saman við aðra nefna þeir að franska menntamálaráðuneytið hefur 11 þúsund starfsmenn og breska innanríkisráðuneytið hefur 10 þúsund starfsmenn, og Frans Andriessen telur að utanríkisdeild Evrópubandalagsins með 200 sérfræðingum sé afar lítil miðað við þau verkefni sem eru á þeirra könnu. Þetta er ekkert apparat og það er ekki mikill kostnaður sem við höfum af því.

Mun þetta breytast mikið við framkvæmd samningsins? Við setjum upp tvær stofnanir, jú, eftirlitsstofnunina, og við skipum fimm af átta dómurum í sameiginlega dóminn. Það verður ekki mikil fjölgun á starfsmönnum. (Gripið fram í.) Í fullskipaðan dóminn eru það fimm af átta en síðan er hann skiptur þannig að það verða frá EFTA fimm dómarar en þrír í senn þegar dómurinn er að störfum. Ég held því að við þurfum ekki að bera mikinn kvíðboga fyrir því að við förum á hausinn út af þessu.

Þá sagði hv. þm.: En mun þá ekki þrýstingurinn aukast mjög á okkur að ganga inn þegar við erum einir eftir? Ja, Smith sagði þetta: Ef við hefðum ekki þennan samning yrði sá þrýstingur trúlega óbærilegur. En úr því að við höfum þennan samning, þá spyr ég: Hvaða rök ætla þeir að nota um óumflýjanlega nauðsyn þess að ganga í Evrópubandalagið þegar þessi samningur liggur fyrir? Hvaða rök eru það? Mætti ég fá að heyra þau.

Hv. þm. lýsti nokkuð áhyggjum sínum út af vinnumarkaðnum. Ég held að sá ótti sé alveg ástæðulaus. Ég þarf ekki að endurtaka það að fyrirvari okkar er á því sviði alveg jafnhaldgóður og sá fyrirvari sem settur var með vísan til gamla, norræna vinnumarkaðarins í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það er á valdi íslenskra stjórnvalda að grípa í taumana þegar þau meta það svo sjálf að fyrir því séu rök, og sú ákvörðun er endanleg, henni verður ekkert hnekkt.

Annars er það reynslan sem sker mest úr um þetta. Það er mjög athyglisvert að líta á reynsluna af norræna vinnumarkaðssamningnum. Menn lýstu ekki svo mjög áhyggjum sínum þá, að landið mundi fyllast af Skandinövum. Ég man ekki eftir neinni umræðu sem hafi komið þá upp um það að Íslendingar tækju til fótanna og settust að í Skandinavíu. Menn höfðu bara yfirleitt nokkuð jákvæða afstöðu til þessa. Er það vegna þess að þetta voru norrænar þjóðir og skyldar þjóðir? Gildir kannski eitthvað öðru máli um þjóðir sem eru eitthvað fjær, hafa eitthvert annað litaraft?

Reynslan var sú að á annan tug þúsunda Íslendinga eru búsettir í Skandinavíu með fullum réttindum samkvæmt þessum samningi, ekki aðeins atvinnuréttindum, heldur réttindum til að njóta félagslegrar þjónustu í þessum miklu velferðarríkjum. Einn ágætur hagfræðingur hefur metið það svo að ef þessi vinnumarkaður hefði ekki staðið okkur opinn væri atvinnuleysi á Íslandi núna 7%. Með öðrum orðum, hér væri dulbúið atvinnuleysi. Það þarf ekki að koma okkur á óvart eftir að hafa, einir þjóða í Evrópu, búið við samfellt stöðnunartímabil í fimm ár og reyndar hnignunartímabil að því er varðar vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna.

Evrópubandalagið hefur orðið reynslu í áratug af sameiginlegri búsetu á vinnumarkaðnum. Þeir hafa afnumið innbyrðis sín landamæri meðan þessi samningur hefur verið í gildi. Hvað hefur gerst? Jú, það voru menn í ýmsum ríkjum sem spáðu því að þetta væri kannski eitt mesta hættusvæðið. Nú mundu hefjast miklir þjóðflutningar innan Evrópubandalagsins. Hinir snauðu í suðurpartinum mundu flykkjast norður. Í þröngbýlu löndunum, eins og Hollandi og Belgíu, voru margir sem lýstu áhyggjum sínum. En hver var niðurstaðan? Hún er sú að fólk hreyfir sig bara yfirleitt ekki neitt. Það eru ákaflega litlir búferlaflutningar innan Evrópubandalagsins. Jafnvel þótt Portúgalar viti að eftir einhverju er að slægjast í miklu hærri lífskjörum í Þýskalandi vita þeir alveg hvað í því felst. Þeir vilja miklu fremur búa í sínu fagra landi sjálfir ef

þar er einhverja atvinnu að hafa. Þetta eru afar litlir flutningar. Það sem hefur verið eftirtektarvert um flutninga innan Evrópubandalagsins eru flutningar hinna ríku og öldruðu Norður-Evrópubúa suður í sólina og sæluna, á sólarstrendur Spánar, til Grikklands o.s.frv.

Auðvitað geta menn, og það er ekkert við því að segja, lýst áhyggjum sinum af því að þessi breyting geti haft mikil áhrif. Mínar áhyggjur eru miklu fremur þær að með þessari opnun vinnumarkaðarins muni æ fleiri Íslendingar leita eftir störfum erlendis, miklu fremur en að landið fyllist af fólki. Sérstaklega ber þar að hafa í huga að við höfum, með rausnarlegasta lánasjóði í heimi, menntað mikinn fjölda, tugi þúsunda af ungu fólki erlendis sem hefur einhver starfsréttindi sem er gjaldgengt erlendis, að vísu hvergi nærri allir.

Á það ber hins vegar að líta að vinnumarkaðurinn er þröngur í þessum löndum. Það er ekki auðvelt að fá atvinnu þar. Við skulum minnast þess, og menn hafa stundum nefnt það hér sem rök gegn þessum samningi, að atvinnuleysi er mikið í Evrópubandalaginu, tugir milljóna manna. Í einni andránni hafa menn sagt: Erum við ekki að flytja atvinnuleysi heim? En um leið og ég segi að ég hafi miklu fremur áhyggjur af því að það fólk sem er að mennta sig erlendis á kostnað þjóðarinnar skili sér ekki heim í þeim mæli sem það hefur gert áður — við vitum af eitthvað 100–200 læknum sem njóta svo rausnarlegra kjara í Bandaríkjunum, Kanada og Svíþjóð að þeir hafa sest þar að — bendi ég á að það gerðist áður en þessi samningur kom til og það hefur gerst burt séð frá þessum samningi. Ef okkur ekki tekst að halda hér uppi lífskjörum til jafns við grannþjóðir okkar mun það gerast að þessi kynslóð, með sína menntun erlendis frá, mun ekki snúa heim. Það er alveg burt séð frá þessum samningi. Það er sameiginlegt verkefni okkar, hvort heldur er forustumanna í stjórnmálum eða í atvinnulífinu, að snúa þeirri vörn, sem við höfum verið í í efnahags- og atvinnumálum, í sókn vegna þess að okkur mun ekki haldast á okkar fólki nema það sé gert, og það alveg burt séð frá þessum samningi.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson reyndi að færa rök að því að þetta hefði allt saman verið óþarft, við ættum svo margra annarra kosta völ, við ættum ekki að setja öll eggin í sömu körfuna, sagði hv. þm. Af hverju eru menn að þessu tali? Við erum ekki að ganga í neitt tollabandalag. Við erum ekkert að skuldbinda okkur um sameiginlega viðskiptastefnu eða ytri tolla. Við erum alfrjálsir að því að reka okkar utanríkisviðskiptapólitík og markaðspólitík hvar sem okkur þóknast og hvernig sem okkur þóknast. Við erum að gera fríverslunarsamninga við hvert ríkið á fætur öðru. Það er mjög athyglisvert að hafa náð fríverslunarsamningum við Tyrkland sem er öflugt ríki og vaxandi og á eftir að ná sér vel á strik á 21. öldinni, 70 milljóna þjóð. Við höfum fríverslunarsamning við þá, m.a. fríverslun með fisk. Við erum að ljúka slíkum samningum við Tékka, Ungverja og Pólverja sem allir munu hafa slík ákvæði. Það þrengir enn hringinn. Fyrir utan það að vera komnir með fríverslun með fisk á EFTA-svæðinu erum við að ná þessu við Austur-Evrópu- og Mið-Evrópuþjóðirnar og það þrengir enn hringinn að Evrópubandalaginu.

Ef menn telja að við eigum betri viðskiptakjaravon í Bandaríkjunum, þar sem engar tollahindranir hindra okkar útflutning, er ekkert sem hindrar það. Það er bara í höndum íslenskra útflytjenda og íslenskra atvinnurekenda að nýta þau tækifæri. Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir það. Ef við getum eflt viðskipti okkar og útflutning til Japan eða Austurlanda fjær er ekkert í þessum samningi sem hindrar það. Það er bara verkefni innlendra stjórnvalda. Þar er brýnasta verkefnið flutningar og flutningatækni, að tryggja það að hér séu hentug, reglubundin flug, sérstaklega, bæði til Bandaríkjanna, Kanada og Japan og að því er að sjálfsögðu unnið.

Að lokum, virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. lauk ræðu sinni með því að segja að í Evrópubandalaginu væri að finna gamalmenni heimsins. Þetta væri elliheimili heimsins og hafði hin verstu orð um elliheimilið. Af hverju talar hann svona illa um elliheimili? Eru það einhver rök í þessu máli? Það er alveg rétt, þessar þjóðir eru í aldursuppbyggingu sinni gamlar þjóðir. Sem betur fer eru Íslendingar enn ekki komnir sem þjóð á þann aldur. Við erum tiltölulega ung þjóð. Ég fæ hins vegar ekki séð að getum við haft ávinning af því að semja við þetta bandalag roskinna og ráðsettra Evrópubúa séu það rök gegn þessum samningi. Ellin hefur nokkuð til síns ágætis, stundum reynslu, og eitt er víst að við sem teljum okkur ung eða miðaldra hljótum öll að sæta því að aldurinn færist yfir okkur. Mundum við þá una því að það væri fært sem rök gegn okkur að ekki ætti að semja við hina aldurhnignu? Þakka ykkur fyrir.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem hæstv. utanrrh. misskilur það sem maður hefur sagt. Kannski hlustar hann ekki nógu vel, en það sem ég hafði eftir Frans Andriessen var, með leyfi forseta, þegar hann er að tala um tengsl EFTA-ríkjanna við ákvarðanakerfi Evrópubandalagsins:

„Þegar allt kemur til alls verður það Evrópubandalagið sem ákvarðar hvað gerist á Evrópsku efnahagssvæði."

Það var þetta sem ég sagði. Ég var ekki að tala um það að EFTA-löndin hefðu áhrif innan EB heldur það hver hefði áhrif innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta virtist hæstv. ráðherra ekki hafa heyrt ef marka má hans orð. Þó svo að hægt sé að sýna fram á það að með einhvers konar hillingum — ég vil nefna það hillingar — geti EFTA og þar með Ísland haft einhver áhrif á þau lög sem sett verða á Evrópsku efnahagssvæði er það að mínu mati alls ekki rétt. Það er í raun og veru EB sem tekur allar ákvarðanir um ný lög inni á Evrópsku efnahagssvæði og það er mat bæði norskra og sænskra lögfræðinga að svo sé. Það getur vel verið að það sé mat hæstv. utanrrh. að svo sé ekki, en ég er ekki ein um það að halda þessu fram þannig að hann þarf þá að fara að athuga sinn gang aðeins betur ef hann heldur þessu fram því að þá er hann að tala

gegn mjög mörgum lögfræðingum.

Ég spurði líka í minni ræðu um hve mikið áætlað væri að kostnaðurinn við framkvæmdina yrði eftir að samningurinn væri orðinn að veruleika. Ég var ekki að tala um hvað hann kostaði nú. Hæstv. ráðherra sagði að aðeins 90 manns væru núna á skrifstofu EFTA. Á ekkert að fjölga þeim? Ég hef heyrt að það eigi að margfalda þann fjölda. Síðan er talað um að EFTA taki þátt í einhverjum nefndum. Það hlýtur að kosta eitthvað líka og eins með dómstólinn. Þó að dómararnir séu ekki margir hlýtur það að kosta eitthvað. Síðan talaði ég um fullveldið og Noreg. Í Noregi er það mat manna að með samningnum fari fram verulegt fullveldisafsal og það er merkilegt ef það sama afsal á sér ekki stað hér á Íslandi.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að skýrari línur eru komnar í þetta stóra mál. Hitt er svo annað mál að mér finnst það e.t.v. ganga heldur langt hjá hæstv. ráðherrum og jafnvel fleirum að ræða þetta mál með þeim hætti að hið Evrópska efnahagssvæði sé orðin staðreynd.

Það er alveg ljóst að það er margt sem á eftir að gearst. Viðkomandi þjóðir eiga eftir að samþykkja þessa niðurstöðu. Evrópubandalagið á eftir að ganga með formlegum hætti frá málinu og það vakti athygli mína, og ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um það í upphafi máls míns, að formaður utanrmn. sagði í umræðum um þingsköp í dag að menn væru óbundnir af öllu. Það hefði ekki verið skrifað undir neitt, menn hefðu ekki einu sinni sett stafina sína á eitt né neitt og málið væri nánast allt í lausu lofti. Hv. formaður utanrmn. er að vísu ekki viðstaddur í þingsalnum, en ég skildi hann nánast þannig að þingmenn stjórnarliðsins væru gjörsamlega óbundnir af málinu. Það kom mér verulega á óvart að hæstv. ráðherrar hafi verið í þessum mikilvægu og alvarlegu samningaumleitunum án þess að ljóst væri að þeir hefðu samningsumboð a.m.k. frá meiri hluta Alþingis. Eða getur það verið að þeir þurfi e.t.v. að koma fljótlega og segja: Þetta var misskilningur af okkar hálfu. Við höfðum ekki umboð til þess að komast að þessari niðurstöðu.

Það kom mér mjög á óvart að formaður utanrmn. skyldi viðhafa þessi orð og það er býsna alvarlegt fyrir ríkisstjórn Íslands að nú skuli spyrjast út að formaður utanrmn. Íslendinga hafi lýst því yfir á Alþingi að Íslendingar væru óbundnir af öllu.

Það má vel vera að ýmsir láti sér í léttu rúmi liggja hvað sagt er hér á Alþingi og ég geri svo sem ekki ráð fyrir því að ávallt sé gert mikið með það sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar segjum hér. Ég sé a.m.k. oft að hæstv. ráðherrar eru svona heldur ólundarlegir yfir því. En menn gera mikið með það sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar segja hér á Alþingi og á erlendri grund og menn gera líka mikið með það sem formaður utanrmn. Alþingis segir hér á Alþingi og á erlendri grund. Og ég vona að menn geri það líka hér innan lands.

En hvað um það, þetta eru mjög mikilvægir samningar. Þetta mál er áreiðanlega eitt mikilvægasta mál ef ekki mikilvægasta málið sem Alþingi Íslendinga hefur tekið til umfjöllunar. Það á sér langan aðdraganda og menn geta farið misjafnlega langt aftur í söguna til þess að rekja hann. Við getum þess vegna byrjað um það leyti sem Ísland verður sjálfstætt, fullvalda ríkið. Við getum byrjað þegar heimsstyrjöldinni lauk og Atlantshafsbandalagið var stofnað og vestræn ríki bundust samtökum sem við Íslendingar tókum sem betur fer þátt í og minn flokkur bar fulla ábyrgð á. Við getum rakið hann síðan til samrunans í Evrópu, stofnun Efnahagsbandalagsins og stofnun EFTA sem Íslendingar stóðu að. Flokkur minn kaus á sínum tíma að sitja hjá í því máli vegna þess að hann hafði ýmsar athugasemdir við það. Framsfl. tók hins vegar pólitíska ábyrgð á og var í pólitískri forustu fyrir því að ganga frá bókun 6 á sínum tíma og þar með samskiptum okkar við Efnahagsbandalagið.

Þegar Evrópubandalagið ákveður að koma á innri markaði í Evrópu gátu EFTA-þjóðirnar ekki setið hjá. Þær urðu að ganga til samninga við Evrópubandalagið með einum eða öðrum hætti. Ákveðið var af fyrrv. ríkisstjórn með hvaða hætti skyldi staðið að því máli og þar voru ekki margir kostir. Í fyrsta lagi var að fara með öðrum EFTA-þjóðum í samninga við Evrópubandalagið, í samningana um Evrópska efnahagssvæðið, eða sitja hjá og reyna fyrir sér með öðrum hætti sem menn kölluðu gjarnan tvíhliða viðræður. Það var mat þáv. ríkisstjórnar og ég er sammála hæstv. utanrrh. í þeim efnum að það var ekkert annað að gera en vinna með hinum EFTA-þjóðunum. Það væri styrkur fyrir okkur og við ættum að gera það. Það var ástæða mikillar umræðu hér á Alþingi, meira að segja ástæða vantrausts á þáv. ríkisstjórn en sem betur fer varð niðurstaðan sú að ganga til samninga.

Mikið var um það rætt hver skyldu vera aðalatriðin af Íslands hálfu í þeim umræðum. Aðalatriðin voru þau að krefjast þess að það yrði fríverslun með fisk sem við höfðum áður komið fram með innan EFTA og það var ekkert lítið mál að koma því máli í höfn og varð til þess að Noregur hefur breytt um stefnu í þeim málum og ákveðið að afnema hina miklu styrki í sjávarútvegi í Noregi sem við Íslendingar höfðum gagnrýnt um langan tíma og var mikilvægt mál. Við vorum e.t.v. ekki mjög bjartsýn um það að Evrópubandalagið mundi fallast á fríverslun með fisk og það hefur komið á daginn fyrir löngu að það var rétt mat. Það var hins vegar eðlileg krafa af okkar hálfu að farið skyldi með þær iðnaðarvörur með sama hætti og aðrar iðnaðarvörur. Og það hefur styrkt okkur í þessum viðræðum að halda þeirri kröfu á lofti.

Það var líka talið mikilvægt að finna leiðir sem gætu orðið til þess að það kæmist á sjávarútvegssamningur milli Íslands og Evrópubandalagsins og menn leituðu allra líklegra leiða til þess að hann gæti orðið að veruleika. Eftir langar umræður var það mat þeirra sem best þekktu til og lengst höfðu unnið að þeim málum að lykillinn fælist í að reyna að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir við Evrópubandalagið í litlum mæli. Þetta var mjög gagnrýnt hér á Alþingi. Þetta var

gagnrýnt af dagblöðum. Þetta var gagnrýnt af einstökum þingmönnum hér á Alþingi og höfð uppi stór orð. En hvað um það. Þetta var sá lykill sem menn urðu að hafa í töskunni ef einhver von átti að verða til þess að ná í höfn.

Það var jafnframt talið nauðsynlegt að fram færi mjög mikil kynning á sérstöðu Íslands í þessu máli með samtölum við forsætisráðherra, utanríkisráðherra, þjóðhöfðingja, sjávarútvegsráðherra, viðskiptaráðherra, þingforseta og ýmsa hagsmunaaðila. Menn lögðu mikla vinnu í þessa kynningu. Og ég tel að hún hafi skilað verulegum árangri því að auðvitað er það svo að í viðræðum sem þessum verður árangurinn ekki aðeins á lokamínútunum. Hann er að verða til allan tímann þótt lokamínútur séu alltaf afdrifaríkar og ég geri ekki lítið úr því. Þá er það grunnurinn sem skiptir miklu máli.

Síðan gerist það í sumar að margvíslegar efasemdarraddir fara að heyrast um framvindu mála. Hæstv. ríkisstjórn lætur í ljós efasemdir, segist vera orðin uppgefin á þessu og gerir sig líklega í umræðum til þess að láta það í ljós að svo kynni að fara að þeir yrðu að skrifa undir samning sem væri okkur Íslendingum óhagstæður. Við gagnrýndum það verulega hér á Alþingi með réttu eða röngu. Ég skal ekkert fullyrða um það. En yfirlýsingar ráðherranna gáfu tilefni til þeirrar gagnrýni hvort sem það hefur allt verið á rökum reist eða ekki. Við áttum orðastað við hæstv. utanrrh. áður en hann fór í lokaferð sína og honum mátti vera það alveg ljóst að við í Framsfl. a.m.k. gætum ekki staðið að þeim hugmyndum sem þá voru uppi á borðinu og ég skildi hæstv. utanrrh. í umræðum sem fram fóru á Alþingi að hann gæti það ekki heldur.

Við erum komin með ákveðnar línur og við vitum nokkurn veginn um hvað var samið þarna hvort sem menn höfðu nú umboð til þess eða eru skuldbundnir af því eða ekki. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu: Eigum við að samþykkja þetta eða ekki? Við hljótum jafnframt að velta því fyrir okkur hvað ætlum við að gera ef við viljum ekki samþykkja þetta og hvaða leiðir eru þá til lausnar okkar málum?

Ég býst við því að það sé ekki einfalt fyrir Íslendinga að segja nú við Evrópubandalagið: Við viljum fá tvíhliða samning. Ég held að við sem ákváðum að fara þá leið að fara í samningana um Evrópska efnahagssvæðið höfum alveg gert okkur ljóst að það yrði ekkert auðvelt að hlaupa frá því á einhverju stigi og þess vegna tækju menn einhverja áhættu í þessum efnum. Ég ætla ekki að skorast undan ábyrgð á þeirri ákvörðun og tek á mig fulla pólitíska ábyrgð á því sem þá var að gerast.

Hitt er svo annað mál að það getur farið eftir ýmsu hvort við, sem erum í stjórnarandstöðu nú, getum stutt þetta mál í einu og öllu og tekið á því pólitíska ábyrgð. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvernig til tekst í nokkrum málum sem ekki eru ljós enn þá og hvað ríkisstjórnin hyggst gera innan lands til að tryggja raunverulegan framgang þessa máls, skapa atvinnulífinu skilyrði til að standa undir því og skapa okkur Íslendingum skilyrði til að lifa bærilega við þá niðurstöðu sem þar hefur orðið eða verður. Af þeim ástæðum er ég a.m.k. ekki tilbúinn til að svara því hér og nú hvort ég styð þessa niðurstöðu eður ei, eins og menn eru gjarnan spurðir um, vegna þess að niðurstaðan er ekki komin. Þar eru enn þá ýmis óljós atriði. Ég vil gera nokkur þeirra að umræðuefni hér.

Ég vil taka það fram að sú niðurstaða, sem hefur orðið að því er varðar tollana, er álíka góð og ég gerði mér vonir um lengst af og taldi ástæðu til að ætla, miðað við þau samtöl sem við áttum við ýmsa aðila, að gætu verið í spilunum. Ég gerði mér hins vegar alveg fulla grein fyrir því að það var ekki hægt að reikna með að við fengjum 100% tollfrelsi. Nú er sagt — og það hefur verið reiknað út og ég dreg það ekkert í efa — að það sé 96%. Hvort 96% er gott eða 98% er nú að deila um keisarans skegg. Ég held þannig að það verði að telja, miðað við þær væntingar sem þar voru í húfi, að þar sé um ásættanlega niðurstöðu að ræða.

Að því er varðar hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir eru ýmis atriði mjög óljós. Í fyrsta lagi virtist mér í drögum að þessum samningum að þar sé talað um karfa. Þar er talað, ef ég man rétt, um 3000 tonn af karfa. Þetta mál hefur verið kynnt fyrir okkur með þeim hætti að hér væri ekki átt við karfa heldur 70% langhala eða 80% langhala, það hefur nú ekki verið alveg ljóst, og síðan annan fisk með. Það stendur ekki í drögum að þessum samningi. Og þegar við ræddum þetta mál hér á sl. vori kom það fram á Alþingi að ekki hefðu farið fram nægilegar rannsóknir að því er varðaði þennan fiskstofn, þ.e. langhalann, til þess að unnt væri að ganga frá samningum um hann. Við vissum ekki á hvaða veiðisvæðum væri hægt að veiða hann, hversu mikið magn væri af honum og það voru ýmsar upplýsingar sem við höfðum alls ekki til þess að ganga frá fullgildum samningi um þetta mál. Þessar rannsóknir hafa einfaldlega ekki farið fram. Menn geta sagt sem svo að auðvitað hefði það átt að vera búið, en það er nú með svo margt að svo er ekki.

Það kom hins vegar skýrt fram í umræðum hér á Alþingi og umræðum í sjútvn. og utanrmn. að það væri mjög mikilvægt í ljósi þess sem þarna væri verið að tala um að fara strax í þær athuganir. Mér vitanlega hefur ekkert gerst í þessu máli, ekki nokkur skapaður hlutur, ekkert skip farið út til rannsókna, engin rannsóknaráætlun samin eða nokkur annar undirbúningur átt sér stað. Ef þetta er rétt verð ég að segja það alveg eins og er að mér finnst ekki vel á málum haldið.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að við gátum átt von á að þurfa að gera slíkan samning. En ég fer þess á leit að reynt sé að halda þannig á málum að henti okkur Íslendingum sem allra best. Ég benti hæstv. utanrrh. á það sl. vor að það væru áreiðanlega mögguleikar á því að semja þannig um þetta mál að það væri ekki aðeins mögulegt að við Íslendingar létum þessar veiðiheimildir í té í okkar lögsögu heldur í annarra þjóða lögsögu. Þá átti ég við að við erum með samning við Færeyinga, Norðmennn, og það vill svo vel til að Evrópubandalagsþjóðirnar veiða í lögsögu þessara þjóða. Það sem ég hafði í huga var einfaldlega það að í stað þess að leyfa Evrópubandalagsþjóðunum að

veiða hér gerðum við þá gagnkvæmu samninga við þær þjóðir, sem ég hef m.a. hér í huga, að við gætum framselt aflaréttindi, sem við hugsanlega fengjum í þeirra lögsögu, til Evrópubandalagsþjóðanna. Ég er ekki að segja að þetta muni takast. En ég held því fram að þetta beri að reyna og mér fannst að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin gerðu heldur lítið með þessar skoðanir og hefðu lagt þeim mun meiri áherslu á að tala um að þetta væri ekkert sem skipti máli. Það þyrfti nú ekki mikið að vera að hugsa um þessi fáu tonn. Formaður þingflokks Alþfl. lét þau ummæli út úr sér í umræðum að við værum að fá eitthvað fyrir ekkert. Það er því kannski von að maður vantreysti þessu aðeins og vilji að þarna fari fram ítarleg umræða, ekki endilega í almennum umræðum á þingi heldur í utanrmn., sjútvn., um hugsanleg lok þessa máls þar sem því hefur ekkert verið lokið, það á eftir að ganga frá því. Ég tel mikilvægt að við eigum sem best samstarf um það á Alþingi eins og í öðrum málum sem snerta svo viðkvæm mál sem þetta. Það verður líka að vera ljóst að sú loðna, sem við eigum að fá í okkar hlut í staðinn, hefur sárasjaldan verið veidd vegna þess að Evrópubandalagið hefur ekki haft nein tök á því að veiða hana. Þess vegna væri náttúrlega miklu frekar hægt að segja að Evrópubandalagið sé að fá eitthvað fyrir ekkert. En þetta er allt spurningin um mat á framtíðinni og það er ekki einfalt mál að meta hana. Ég er út af fyrir sig sammála því að það ber að hafa það í huga að þessi loðna verði einhvern tímann veiðanleg á svæði þar sem Evrópubandalagið getur náð til hennar. Þar af leiðandi tel ég ekki rétt að orða það þannig að þeir séu að fá eitthvað fyrir ekkert. Þetta er atriði sem ég tel mjög mikilvægt að fá betur upplýst.

Síðan er annað mál sem skiptir mjög miklu máli í sambandi við mat á því hver afstaða manna verður til þessa samnings þegar hann hugsanlega liggur fyrir, þ.e. hvaða áform ríkisstjórnin hefur til að skapa atvinnuvegunum sambærileg starfsskilyrði og gengur og gerist í Evrópu. Ætlar ríkisstjórnin að svara því hvort leggja á niður aðstöðugjaldið eða ekki? Við höfðum ákveðið það í fyrri ríkisstjórn að það skyldi gert. Nú fæst ekkert svar um það. Fjmrh. víkur sér undan því og í hvítu bókinni eða fjárlögunum, maður ruglar þessu dálítið saman, stendur eitthvað á þá leið að það skuli athugað. Reykjavíkurborg ber sig illa. Hún hefur ekki efni á því að missa neitt. Þar þarf að halda áfram að byggja og menn hafa ekki efni á því að missa svona tekjur. Þá spyr ég einfaldlega: Hvort vegur meira hagsmunir atvinnulífsins að þessu leyti eða sveitarfélögin í landinu og byggingaráform þeirra? Ég hef það á tilfinningunni að byggingaráformin í Reykjavík vegi miklu meira í þessu en hagsmunir atvinnulífsins í landinu. Það verður að upplýsast á Alþingi hvaða afstöðu ríkisstjórnin hefur í þessu máli. Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að skoða þetta og líta á þetta.

Það er líka mikilvægt að vita um stefnu ríkisstjórnarinnar í bankamálum. Stendur það til að um leið og það verður að veruleika að hlutabréf í öllum bönkum verði til sölu á erlendum mörkuðum, ríkisbankarnir orðnir að hlutafélögum, geti hver sem er keypt hlutabréf í þeim daginn eftir? Er það ætlunin?

Hvernig verður gengið frá málinu um möguleika erlendra aðila til að eignast landareignir? Ég veit að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki svör við því í dag, en það er mál sem verður að vinna á Alþingi. Það verður að vinnast af hæstv. ríkisstjórn og það verður að koma því máli sem allra fyrst inn á Alþingi.

Að því er varðar ýmsa aðra fyrirvara vil ég ekki halda því fram að hæstv. núv. ríkisstjórn hafi týnt þeim. Hins vegar hafa þeir breyst í meðförum og það er svo í öllum samningum að þótt fyrirvarar séu gerðir í upphafi þá verða menn að sjálfsögðu að meta það á lokastigi hvort hverfa eigi frá samningnum með því að ákveðnum fyrirvörum hefur ekki verið náð fram. Þannig er í einhverjum atriðum en það verða menn að meta.

Það er staðreynd að ef þessi samningur verður að veruleika mun það hafa margvísleg áhrif. Það mun m.a. hafa áhrif á samstarf okkar við hin Norðurlöndin. Um það er rætt í mikilli alvöru á Norðurlöndunum að breyta Norðurlandasamstarfinu með tilliti til þess sem er að gerast í Evrópu. Það hefur jafnvel gengið svo langt að því hefur verið haldið fram að ef Ísland og Noregur yrðu ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu kynni svo að fara að þeir yrðu út undan í Norðurlandasamstarfinu og Svíar, Danir og Finnar mundu ekki verða tilbúnir að eyða allt of miklum tíma í að skrafa við þá. Það má vel vera að ýmsum þyki léttvægt hvað þarna er að gerast, en ég lít á það með mikilli alvöru og tel afar nauðsynlegt að við tryggjum stöðu okkar í Norðurlandasamstarfinu í ljósi þeirrar þróunar sem á sér stað í Evrópu því þrátt fyrir allt þá er þetta samstarf okkur mjög mikilvægt.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. með hvaða hætti hann hyggst rækja það samstarf á næstunni til að tryggja hagsmuni okkar Íslendinga í því sambandi — og í reynd hæstv. forsrh. jafnframt, því á þeim mun hvíla að leiða þær viðræður fyrir hönd okkar Íslendinga — á hvern hátt staða Íslands verður best tryggð í samstarfi Norðurlandaþjóðanna í ljósi þess sem er að gerast í Evrópu. Um þetta hafa verið skrifaðar miklar skýrslur og margvíslegar tillögur komið fram og forsætisráðherrar hinna Norðurlandanna, einkum Svíþjóðar og Danmerkur, hafa verið að tjá sig allverulega um þessi mál að undanförnu.

Þetta eru þýðingarmikil atriði sem sýna það í hnotskurn hversu umfangsmikil áhrif þessa samnings geta orðið og hversu flókið það er í reynd að taka afstöðu til hans.

Síðan vildi ég spyrja, ekki endilega hæstv. ríkisstjórn heldur stjórn Alþingis Íslendinga, hvaða áhrif þessi hugsanlegi samningur kunni að hafa á störf og skipulag þingsins. Í Danmörku er það t.d. þannig að sérstök nefnd fjallar um samstarfið við Evrópubandalagið. Það er rætt í fullri alvöru á þjóðþingum hinna Norðurlandanna að taka upp þá skipan mála, m.a. í þeim tilgangi að þessar nefndir geti hist með reglubundnu millibili til að bera saman bækur sínar. Það er jafnframt ljóst að fjöldinn allur af lagafrv. á eftir að koma fram á Alþingi sem tengjast þessu máli og þing-

ið á eftir að verða mjög upptekið við þau lagafrv. um margra mánaða skeið.

Ég held það væri rétt af hæstv. ríkisstjórn og yfirstjórn þingsins að endurskoða afstöðu sína til þess hvort rétt sé að hafa þingið mjög lengi fjarverandi á allra næstu mánuðum. Ég gæti vel trúað því að full ástæða væri til að ætla að þingið þyrfti að sitja allt næsta sumar, þótt það valdi e.t.v. ekki tilhlökkun hjá mörgum. En þetta er atriði sem hlýtur að hafa verið rætt í hæstv. ríkisstjórn og er nauðsynlegt fyrir okkur alþingismenn að fá upplýsingar um, enda verði þessi samningur að veruleika.

Ég vildi jafnframt spyrja hæstv. utanrrh. hvað hann telji um það sem kallað er umhverfismál í Evrópubandalaginu. Þar mun hafa verið í smíðum nokkuð sem heitir umhverfissáttmáli og er mikilvægur sáttmáli. En það vill svo illa til að þær þjóðir sem við erum að semja við hafa afar lítinn skilning á sérstöðu okkar Íslendinga í þeim efnum. Átta sig ekkert á því að hér þurfi e.t.v. að farga einum og einum sel og hugsanlega einhverjum hnísum. Þeir hafa aðallega hringt í okkur í neyð sinni til þess að biðja um pláss fyrir veika seli sem þeir hafa ekki lengur pláss fyrir á spítölum í Þýskalandi. Þessum sjávarspendýrum hefur verið bærilega tekið hér af sumum en aðrir hafa tekið þeim fremur illa og ég ætla ekki að rekja frekar í hverju það felst.

Ég óttast það nokkuð að þessum ágætu vinum okkar sums staðar í Evrópu dytti það í hug að við mundum þurfa að skuldbindast hugsun þeirra í þessum málum, sem má aldrei gerast. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. vegna þess að ég hef heyrt það að menn láti sér detta slíkt og þvílíkt í hug. Ég trúi því ekki að hæstv. utanrrh. hafi tekið þátt í slíkum samtölum. (Gripið fram í.) Nei, ég veit það og treysti því. En ég nefni þetta til þess að menn hafi varann á sér í þeim efnum, því þetta er stórt mál og mikilvægt og mikilvægt að menn skrifi ekki undir neitt þar sem þetta stendur einhvers staðar neðanmáls. Menn hafa tilhneigingu til að búa til svona sáttmála og skrifa svo eitthvað neðanmáls sem getur haft úrslitaþýðingu fyrir Íslendinga en skiptir aðra engu máli.

Virðulegur forseti. Það hefur nokkuð verið rætt um ríkisstyrki Evrópubandalagsins til sjávarútvegsins og því haldið fram að þessir styrkir væru hættulegir, sem er rétt. En ég vil benda á að það leggur á okkur þær kvaðir á Íslandi að reka íslenskan sjávarútveg með hagkvæmari hætti en gerist og gengur meðal annarra þjóða. Því meiri sem þessir styrkir eru þeim mun hagkvæmar þurfum við að reka okkar sjávarútveg.

Ég óttast þessa styrki ekki mjög mikið því ég held þeir murki lífið úr sjávarútvegi margra landa. Það er nefnilega svo með styrkina, þótt hæstv. utanrrh. hafi látið sér sæma að kalla þá framsóknarstefnu, hvað svo sem hann átti nú við með því, að þeir eru ekki alltaf til góðs. Ég hélt að hæstv. utanrrh. vissi af löngu samstarfi við Framsfl. að hann hefði þá skoðun. Ég veit ekki til þess að við höfum verið að halda því fram að það þyrfti að styrkja sjávarútveginn á Íslandi sérstaklega. Við höfum einmitt haldið því fram að það þyrfti að koma á því skipulagi í sjávarútvegi á Íslandi að hann fengi staðist þessa samkeppni. Það höfum við verið að gera. Það er náttúrlega mikilvægt að menn haldi því áfram. En ef mönnum dettur svo í hug, eins og ég veit að hæstv. utanrrh. dettur í hug og hæstv. viðskrh., hann hefur lýst því yfir að það standi til alveg á næstunni, að leggja á auðlindaskatt í þessu umhverfi þá erum við ekki lengur sammála. Ef hæstv. utanrrh. heldur að það séu aðstæður til þess nú að skattleggja sjávarútveginn íslenska sérstaklega þegar sjávarútvegurinn í kringum okkur er ríkisstyrktur og við erum að fara inn í meiri alþjóðlega samkeppni, þá er ég ekki lengur með á nótunum. Ef það er ætlunin tengist það að sjálfsögðu öllu þessu umhverfi sem samningurinn verður að skoðast í og afstaða til hans hlýtur að mótast af mörgum slíkum málum.

Að lokum, virðulegur forseti, vildi ég segja að ég vænti þess að þetta mál náist í höfn með þeim hætti sem er okkur Íslendingum hagstætt. Það mun taka alllangan tíma og við þurfum tíma til að gera þetta mál upp við okkur. Þjóðin þarf góðan tíma og hún þarf raunsanna mynd af því sem er að gerast og það má alls ekki láta svo í skína að þetta sé allt orðið að veruleika. Þess vegna er mikilvægt að fram fari málefnaleg umræða um þetta mál.

Það hefur verið rætt allmikið um hvort þessi samningur, ef af verður, sé líklegur til þess að við Íslendingar göngum síðar í Evrópubandalagið. Ég vil lýsa því hér yfir að ég er algjörlega andvígur aðild að Evrópubandalaginu. Ég þarf ekki að hafa neinar skýringar um það. Ég þarf ekkert að segja eins og hæstv. utanrrh. að það sé vegna sjávarútvegsstefnunnar. Mér finnst hann gefa það mjög oft í skyn að ef sjávarútvegsstefnan væri önnur þá gætum við kannski gengið inn. Af hverju eru menn alltaf að gefa það í skyn með þessum hætti? Geta menn ekki einfaldlega sagt að við séum andvígir aðild að Evrópubandalaginu til þess að vera ekki að skapa neina óvissu um það í okkar samfélagi? Þá er ég ekkert að gera mönnum upp skoðanir í þeim efnum. Ég tek þau svör gild þegar menn segja það en það er margt annað sem þarna kemur til. Það er ekki bara sjávarútvegsstefnan.

Það mundi taka langan tíma að ræða um það en ég tel að ef við getum orðið aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu með hagstæðum hætti sé líklegra að það styrki stöðu þeirra sem ekki vilja ganga í Evrópubandalagið. Það er mín skoðun. Þar af leiðandi tel ég þetta mál vera mikilvægt í því ljósi. Ég er algjörlega ósammála þeim sem telja að gerð þessa samnings muni verða til þess að við Íslendingar göngum í Evrópubandalagið.

Ég verð að játa að auðvitað hikar maður í máli sem þessu. En ég sé ekki fram úr því hvernig núv. ríkisstjórn eða aðrir sem þurfa að stýra okkar ágæta landi ætla að halda á málum ef við mundum algjörlega segja okkur frá málinu. Ég átta mig ekki á því. Ég held að það yrði mjög erfið staða.

Hitt er svo annað mál að það er ekki sama hvernig á er haldið og mikilvægt að reyna að skapa sem breiðasta pólitíska samstöðu um þetta mál á Alþingi. Ég lýsi mig tilbúinn til slíks samstarfs. Enda felst í því

ósk um að tekið verði tillit til sjónarmiða þeirra sem starfa í stjórnarandstöðu og sýndur vilji til að starfa með þeim að málinu.

Ég er ekki að ætla að sá vilji sé ekki fyrir hendi, hann mun sjálfsagt koma í ljós. En það er margt sem ég tel að mætti betur fara í þessu máli. Það eru slíkir þjóðarhagsmunir að veði að við hljótum að leggja okkur fram líka sem erum í stjórnarandstöðu að það fáist sem best niðurstaða fyrir landið. Með þessu lýsi ég minni persónulegu afstöðu. Ég er ekki að lýsa afstöðu annarra til þessa máls, enda hygg ég að það séu skiptar skoðanir um málið á þessu stigi í öllum flokkum. Ég hef a.m.k. hitt fyrir þingmenn stjórnarliðsins hér á göngum sem lýsa miklum efasemdum í málinu. Ég tala nú ekki um þegar þeir eru farnir að tala um að ekkert sé bundið og allt sé laust og þetta þurfi að ræða og enginn viti hver niðurstaðan verði.

Virðulegur forseti. Þetta hefur orðið lengra en ég hafði ætlað mér en ég tel samt mjög mikilvægt að þessu máli sé sýndur sá sómi að það sé rætt á Alþingi. Ég held að það sé líka mikilvægt fyrir hæstv. ríkisstjórn að málið sé rætt hér og hún heyri álit okkar þingmanna á því. Ég vænti þess að hún muni sýna vilja til þess að hafa gott samstarf við þingmenn stjórnarandstöðunnar um það.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Aðgangur íslenskra námsmanna að háskólum ríkja Evrópubandalagsins (53. mál) 673.
Bókhald (45. mál, reikningsskilaráð) 763.
Breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög (41. mál) 658.
Fjárlög 1992 (1. mál) 452, 594.
Fjárveiting til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni (42. mál) 662.
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa 444:
- Afhending EES-samningsins í utanríkismálanefnd 449.
- Bílakaup ráðherra 446.
- Framtíðarsýn forsætisráðherra. 446
- Kostnaður af samningum um Evrópska efnahagssvæðið 444.
- Reglur um launuð aukastörf ráðherra 451.
- Sjúkrahúsið í Stykkishólmi 450.
- Tannréttingar 445.
- Þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn 447.

Gæðamál og sala fersks fisks (33. mál) 411, 442.
Heilbrigðisþjónusta (36. mál, mæðravernd) 418, 442.
Jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi (43. mál) 667.
Kennaramenntun (39. mál) 665.
Kosning í Norðurlandaráð 674.
Kosning í Vestnorræna þingmannaráðið 675.
Kosning í Þingvallanefnd 675.
Lánsfjárlög 1992 (30. mál) 788.
Móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps (18. mál) 653.
Ráðning erlendra sjómanna á íslensk kaupskip (5. mál) 644.
Ríkisjarðir (15. mál) 648.
Skýrsla utanrrh. um niðurstöður samninga um Evrópskt efnahagssvæði 594, 796.
Stefna ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisjarðir (16. mál) 649.
Stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins (35. mál) 443.
Tekjuskattur og eignarskattur (37. mál, iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða) 438, 443.
Tilhögun þingfundar 594.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 411, 674.
Tilkynning um dagskrá 763.
Um þingsköp:
- Framhald umræðu um skýrslu utanrrh. um EES-samninga 753.
- Sjá enn fremur:
- Jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi 667.
- Lánsfjárlög 1992 788.
- Skýrsla utanrrh. um samninga um Evrópskt efnahagssvæði 594.
- Umræður utan dagskrár (skólamál) 676.
- Umræður utan dagskrár (ummæli forsrh. um byggðamál) 424.

Um andsvör og fyrirspurnir til ráðherra 409.
Umræður utan dagskrár:
- Skólamál 676.
- Ummæli forsætisráðherra um byggðamál 424.

Varamenn taka þingsæti 409, 762.

Leiðrétting í 2. hefti:

Í 281. dálki (í ræðu utanrrh. utan dagskrár um Evrópska efnahagssvæðið), í stað fjórðu málsgreinar komi:

Að því er varðar rétt til innflutnings á unnum matvælum úr landbúnaðarhráefnum er það mál óleyst. Hv. þingmönnum er kunnugt af leikritinu um Létt og laggott, sem var sett á svið af formanni Alþýðubandalagsins í sumar, hver niðurstaðan var: Viðkomandi vörutegundir eru ekki á þeim lista yfir innfluttar vörur. Innflutningur er því heimill.

Það var krafa EFTA-ríkjanna (nema Austurríkis og Íslands) að semja um fríverslunarlista yfir matvæli (iðnaðarvörur) úr unnum landbúnaðarhráefnum, sem síðan yrði heimilt að leggja á jöfnunargjöld, til að vega upp niðurgreiðslur á hráefnisþáttinn. Málið stendur þannig að Ísland og Austurríki voru ekki aðilar að þeim lista sem þar um ræddi. Austurríki hefur gert ákveðið tilboð um breytingar en það er ekki útkljáð. Að því er okkur varðar, þá er það mál óútkljáð. En það er ofarlega á blaði í þeim umræðum sem nú fara fram.

arheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

18. FUNDUR

mánudaginn 4. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Framhald á fundum Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti býður þingmenn velkomna til starfa eftir viku fundahlé og vonar að þetta stutta hlé á störfum Alþingis hafi nýst alþingismönnum, þingflokkum og nefndum með þeim hætti sem að var stefnt.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa tvö bréf. Hið fyrra er svohljóðandi, dags. 25. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson sóknarprestur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v."

Hjálmar Jónsson hefur áður setið á Alþingi, kjörbréf hans verið rannsakað og er hann boðinn velkominn til áframhaldandi starfa.

Síðara bréfið er svohljóðandi og dags. 27. okt. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga, um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Sigurður E. Arnórsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e."

Kjörbréf Sigurðar E. Arnórssonar, varamanns Alþfl. í Norðurl. e. hefur verið rannsakað og samþykkt. Sigurður E. Arnórsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber nú skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Sigurður E. Arnórsson, 7. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sigurður E. Arnórsson hefur undirritað drengskap-

Tímamörk.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að sett hefur verið upp á borði forseta og í ræðustól klukka sem notuð verður þegar tímamörk gilda í umræðum. Þegar ræðumaður stígur í stólinn logar á grænum hnappi í ræðupúltinu og klukkan telur niður tímann sem ræðumaður hefur. Þegar hálf mínúta er eftir af lögmætum tíma kemur gult ljós og þegar ræðutíma er lokið kviknar rautt ljós í ræðupúltinu og sömuleiðis á borði forseta. Forseti getur því auðveldlega fylgst með því eins og ræðumaður að tímamörk séu haldin. Þetta er til hagræðis fyrir forseta og forseti væntir þess að þingmenn kunni þessu vel.

Um þingsköp.

Frumvarp um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp til að spyrjast fyrir um hverju það sæti að frv. til laga á þskj. 10 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem ég er 1. flm. að, hefur ekki enn fengist rætt þrátt fyrir að mál með raðtölu 30, 33, 35 og allt upp í 40 hafa verið tekin til umræðu. Það hlýtur að teljast eðlileg meðferð mála, virðulegi forseti, að mál séu tekin til umræðu sem næst í þeirri töluröð sem þau eru lögð fram.

Ég veit ekki hvað það er sem veldur því að þetta frv. fæst ekki rætt í þingsölum. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er mál sem mjög brýnt er að ræða á Alþingi, ekki síst með tilliti til þeirrar stöðu sem sjávarútvegurinn er nú í. Því spyr ég, virðulegi forseti: Má ég vænta þess að frv. verði til umræðu í þinginu á morgun?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill taka undir það með hv. 4. þm. Norðurl. v. að það er mjög æskilegt að mál séu tekin til umræðu eftir þeirri röð sem þau berast sem þingskjöl. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur óskað eftir því að ræða þetta mál þegar hæstv. sjútvrh. er viðstaddur. Mál tengd þessu máli voru á dagskrá í sl. viku en af ástæðum sem hv. þm. er væntanlega kunnugt tókst ekki að taka þau fyrir. Það er lögð áhersla á að þetta mál eins og svo mörg önnur frumvörp sem bíða 1. umr. verði afgreidd í þessari viku. Forseti mun leggja áherslu á það og er með þetta mál einnig á dagskrá. Þess er því að vænta að svo verði. Á morgun verður utandagskrárumræða, sem hefur verið löngu ákveðin, um Lánasjóð ísl. námsmanna, en þetta mál verður á dagskrá svo fljótt sem

verða má. Væntir forseti að hv. 4. þm. Norðurl. v. taki tillit til þessa.

Atkvæðagreiðsla með rafeindabúnaði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefur forseti hugsað sér að nota í fyrsta sinn atkvæðagreiðslukerfið sem sett var upp í þingsalnum í sumar og haust. Þegar forseti tilkynnir að atkvæðagreiðsla hefjist kviknar rautt ljós á litlum kassa sem hefur verið komið fyrir hægra megin á borði þingmanna og geta þingmenn þá greitt atkvæði. Það gera þeir með því að ýta á einn hnapp af þremur sem eru á þessum litla kassa. Hnappur nr. 2, rauður hnappur, merkir nei, grænn hnappur nr. 4 merkir já og hvítur hnappur nr. 3 merkir að þingmaðurinn greiðir ekki atkvæði. Komið hefur verið fyrir í borði þingmanna skýringum á þessum hnöppum. Þá vill forseti geta þess að hnappur nr. 1 er til þess ætlaður að þingmenn geti látið skrá atkvæðagreiðsluna í Alþingistíðindum þannig að fram komi hvernig hver og einn þingmaður greiddi atkvæði. Ef þingmenn óska eftir því að það sé gert ýta þeir á hnapp nr. 1. Að öðrum kosti birtast í þingtíðindum aðeins niðurstöðutölur atkvæðagreiðslunnar.

Þá vill forseti láta þess getið að það er brýnt að þingmenn sitji í sætum sínum meðan atkvæðagreiðslur fara fram vegna þess að atkvæðin eru skráð úr því sæti þar sem ýtt er á hnapp. Forseti vill geta þess sérstaklega að ef menn óska eftir að gera grein fyrir atkvæði sínu við atkvæðagreiðslu með þessu kerfi ber þeim að gefa forseta merki með hefðbundnum hætti. Forseti mun þá láta atkvæðagreiðslukerfið standa opið meðan þingmaður gerir grein fyrir atkvæði sínu og lýkur atkvæðagreiðslu ekki fyrr en þingmaðurinn hefur haft ráðrúm til þess að komast aftur í sæti sitt og greiða atkvæði.

Í þessu sambandi skal líka tekið fram að þingmönnum er heimilt að breyta atkvæði sínu meðan logar ljós á tækinu á borðum þeirra þannig að hafi þeir upphaflega ýtt á rauðan hnapp og sagt nei, þá geta þeir, ef þeim sýnist svo, ýtt á græna hnappinn áður en atkvæðagreiðslu lýkur og greitt já-atkvæði.

Forseti vonar að þetta sé skýrt og jafnframt að vel takist til, en verði hins vegar tafir vegna byrjunarerfiðleika biður hann þingmenn að hafa biðlund.

Jafnframt verður forseti að geta þess að með uppsetningu þessa kerfis er brotinn réttur á örvhentum þingmönnum. Öll tæki hafa verið sett við hægri jaðar á borðum þingmanna eins og áður segir. Áður hefur gengið úrskurður forseta um að vinstri hönd örvhentra þingmanna sé þeirra hægri hönd. Verður forseti að biðja örvhenta hv. þm. sérstakrar velvirðingar þar sem ekki reyndist tæknilega unnt að leysa þeirra mál. Einkum veldur hér sá gamli siður að dregið er um sæti þingmanna í upphafi hvers þings og erfitt að spá fyrir um hvar örvhentir dragast í sæti. Það skal enn fremur játað að forseti hefur ekki látið rannsaka hve margir hv. þm. eru örvhentir né heldur er það kannað þegar varamenn koma til þingstarfa hvort þeir eru réttþhentir eða ekki. Forseti er vissulega reiðubúinn að gera hér bót á ef unnt reynist.

Bókhald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÖS.

12 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GÁ, JGS, JónK, JónS, KSG, KHG, VS, VE, ÞorstP) fjarverandi.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SA, StG, SJS, StB, ÖS.

19 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÁ, JGS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, RA, SP, SvG, TIO VS, VE, ÞorstP) fjarverandi.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Í þessari ræðu um ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990, sem dreift var á Alþingi fyrir skömmu, mun ég fyrst fjalla um starfsemi Byggðastofnunar en síðan fara almennum orðum um byggðamál og stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokki.

Stofnunin hefur nú starfað í sex ár. Á þessum tíma hefur starfsemi hennar beinst annars vegar að því að styðja atvinnustarfsemi á landsbyggðinni en hins vegar að undirbúningi þess að þar rísi lífvænleg fyrirtæki. Starfsmenn Byggðastofnunar eru 43, þar af 7 sameiginlegir með Framkvæmdasjóði Íslands. Á Akureyri starfa þrír sérfræðingar og á Ísafirði einn auk iðnráðgjafa.

Nettórekstrarkostnaður stofnunarinnar, án frádráttar vegna tekna, var 138 millj. kr. á árinu 1990. Niðurstaða efnahagsreiknings um áramót var 9 milljarðar 921,9 millj. kr. en í lok september var hún 9 milljarðar 314,8 millj. kr. sem er lækkun um 6%. Bókfært eigið fé var hins vegar 1 milljarður 849,7 millj. kr. í lok september en var 1 milljarður 624,4 millj. kr. í upphafi ársins.

Skrifstofa Byggðastofnunar á Akureyri tók til starfa

1989. Hún deilir þar húsnæði með Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar, starfsemi atvinnumálanefndar Akureyrar og ferðamálafulltrúa Vestur-Norðurlanda. Skrifstofan á Ísafirði tók til starfa sl. ár og er hún staðsett í stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Iðnráðgjafi Vestfjarða er einnig staðsettur á skrifstofu stofnunarinnar þar.

Nú hafa komið fram athyglisverðar hugmyndir um nokkurs konar fræðasetur á sviði sjávarútvegs á Ísafirði og kemur vel til greina að stofnunin styðji það með einum eða öðrum hætti. Á þessu ári var fyrirhugað að stofnunin hæfi starfsemi á Austurlandi. Því hefur nú verið slegið á frest í sparnaðarskyni en stofnunin hefur hins vegar ráðið starfsmann í hálfu starfi þar til bráðabirgða.

Samkvæmt lögum er Byggðastofnun ætlað að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Þetta hlutverk sitt rækir stofnunin með ýmsum hætti. Hún hefur á undanförnum árum aðallega gert það með lánastarfsemi til fyrirtækja, bæði vegna framkvæmda en einnig í auknum mæli á síðustu árum vegna þeirra erfiðleika í rekstri sem mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa átt í. Þá hefur stofnunin einnig stutt við margar þær nýjunar í atvinnulífinu sem reyndar hafa verið á landsbyggðinni á undanförnum árum. Þetta hefur hún aðallega gert með því að lána fyrirtækjum af þeim lántökuheimildum sem hún hefur haft. Margar þessara tilrauna hafa því miður mistekist og hefur stofnunin af þeim sökum tapað miklum fjármunum. Hins vegar hefur stofnunin sloppið við alvarleg áföll vegna sjávarútvegs sem er þó langstærsta atvinnugreinin sem hún hefur lánað til.

Sífellt stærri hluti af starfi Byggðastofnunar á þessu sviði beinist að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja á landsbyggðinni. Á síðasta en þó einkum á þessu ári hefur starfsemi stofnunarinnar beinst mjög að hagræðingu í sjávarútveginum. Annars vegar er þar um að ræða starf vegna þeirra fyrirtækja sem hlutafjárdeild stofnunarinnar á hlut í og hefur það einkum beinst að sameiningu þeirra við önnur fyrirtæki. Hins vegar hefur stofnunin tekið þátt í nefndastörfum með viðskiptabönkum, Fiskveiðasjóði Íslands og sveitarstjórnum vegna endurskipulagningar sjávarútvegs á einstökum stöðum.

Í upphafi ársins ákvað stjórn Byggðastofnunar að efla atvinnuþróunarstarf á vegum stofnunarinnar. Ákveðið var að veita til rekstrarkostnaðar, átaks- og þróunarverkefna allt að 15 millj. kr. Auk þess var ákveðið að stjórnir slíkra verkefna og iðnráðgjafar eða stjórnir atvinnuþróunarfélaga gætu sótt um styrki til undirbúnings verkefna sem varða einstaka atvinnukosti samtals allt að 25 millj. kr. Átaksverkefnin ná yfir eitt byggðarlag eða hérað og hafa að markmiði að efla frumkvæði í héraði og leita leiða til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Við það er miðað að slík verkefni séu unnin að frumkvæði heimaaðila en Byggðastofnun styðji verkefnin með fjárframlagi og aðstoð frá starfsmönnum stofnunarinnar. Almennt hefur kostnaðarþátttaka stofnunarinnar verið um það bil helmingur af kostnaði en nokkru meiri í hinum fámennari héruðum. Framangreind ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar hefur stuðlað að umtalsverðri aukningu í atvinnuþróunarstarfi um allt land. Samþykkt hefur verið um að styðja við verkefni á 16 svæðum á landinu en þau eru ekki öll farin af stað enn þá. Verkefni þessi eru af mismunandi toga, allt frá afmörkuðum könnunum á einstökum möguleikum til víðtækra verkefna sem ná yfir allt viðkomandi hérað og jafnvel á fleiri en einu sviði samtímis.

Með lagabreytingu um Byggðastofnun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor var ákveðið að fela stofnuninni umsjón með almennri atvinnuráðgjöf í landshlutunum. Ákveðið var að breyta ekki fyrirkomulagi þessara mála fyrr en nú um þessi áramót, enda höfðu fjárveitingar fyrir yfirstandandi ár þegar verið ákveðnar þegar lagabreytingin var samþykkt og meðferð styrkveitingar til starfseminnar í höndum iðnrn. Ákveðið hefur verið að efla þessa starfsemi bæði með auknum styrkjum til rekstrar þjónustunnar og auknu fjármagni til verkefna á vegum atvinnuráðgjafa og annarra aðila á landsbyggðinni.

Eitt af þeim nýmælum sem er að finna í lögunum um Byggðastofnun er að atvinnuþróunarfélögum er ætlað að vera vettvangur einstakra héraða varðandi atvinnuþróun. Er stofnuninni ætlað að styrkja starfsemi þessara félaga og er henni heimilt að vera eignaraðili. Hún er nú þegar aðili að slíkum félögum á Suðurnesjum og í Þingeyjarsýslum. Vitað er um áhuga á fleiri stöðum á því að stofnunin verði eignaraðili að fyrirhuguðum félögum. Í samræmi við hin nýju lög hyggst stofnunin styðja rekstur slíkra félaga á næsta ári, bæði með rekstrarframlagi og þátttöku í verkefnum á þeirra vegum.

Þá er stofnuninni með hinum nýju lögum ætlað að stuðla að því að þekking og þjónusta menntastofnana og tæknistofnana nýtist atvinnuþróunarstarfi á landsbyggðinni og þeir sjóðir og stofnanir sem að slíku verkefni standa taki þátt í þessu starfi. Stofnunin hefur nú þegar haldið fund með forstöðumönnum þeirra stofnana sem í hlut eiga og er ástæða til að ætla að hægt verði að ná árangri á þessu sviði.

Samkvæmt lögunum um Byggðastofnun ber henni að vinna að tvenns konar áætlunum, annars vegar að landshlutaáætlunum en hins vegar að fjögurra ára byggðaáætlunum fyrir landið allt. Stefnan hefur verið að vinna að áætlunum fyrir einstaka landshluta, alltaf í nánu samráði við aðila í viðkomandi héraði. Undanfarin ár hafa slík verkefni verið unnin af mönnum sem stofnunin hefur fengið til liðs við sig á viðkomandi svæði. Á árinu 1990 var unnið að slíkri áætlun fyrir Mýrdalshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu en það var síðasti hluti verkefnis sem náði yfir Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Þrátt fyrir framangreint starf á vegum stofnunarinnar er ljóst að verkefni eru óþrjótandi þar sem sú búseturöskun sem stofnuninni er ætlað að sporna gegn heldur áfram.

Samkeppni um fiskaflann fer vaxandi og það leiðir óhjákvæmilega til endurskipulagningar á fiskvinnslu í landinu. Samdrætti í sauðfjárframleiðslu er enn ekki nærri því lokið. Afar miklir erfiðleikar eru í fiskeldi og ljóst að sú grein mun ekki standa undir þeim vænting-

um sem til hennar voru gerðar.

Landsmönnum fjölgaði um tæplega 1% á árinu 1990. Það var annað árið í röð sem fleiri fluttu af landinu en til þess. Búferlaflutningar milli landa hafa alltaf verið mjög sveiflukenndir en þeir hafa endurspeglað að nokkru efnahagsástand í landinu og viðhorf til framtíðarmöguleika. Margir þeirra sem héðan flytjast eru ungt og vel menntað fólk. Það er áhyggjuefni ef atvinnuþróun í landinu getur ekki skapað öllum sem það vilja starfstækifæri við hæfi hér á landi.

Ekkert lát er á þeirri íbúaþróun innan lands sem nú hefur staðið óslitið í meira en áratug. Húsbyggingar einkaaðila hafa því sem næst lagst af á landsbyggðinni og fjárfesting er þar almennt mjög lítil. Undangengin 10 ár hefur fjölgað umfram landsmeðaltal í 14 byggðakjörnum landsbyggðarinnar þar sem búa fleiri en 700 íbúar. Þar með eru allir þéttbýliskjarnar á Suðurnesjum, Hvammstangi, Blönduós, Sauðárkrókur, Dalvík, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði, Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn. En enginn staður á Vesturlandi eða Vestfjörðum hefur vaxið umfram landsmeðaltal á þessum tíma. Á Akureyri, stærsta þéttbýlisstað utan höfuðborgarsvæðisins, er íbúafjölgunin einungis helmingur af hlutfallslegri fjölgun þjóðarinnar. Á allmörgum þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar búa nú færri en fyrir 10 árum. Í sveitabyggðum fækkar íbúum jafnt og þétt.

Miklu skiptir fyrir búsetu í þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar hvernig sjávarútveginum reiðir af í þeim breytingum sem fyrirsjáanlegar eru á starfsskilyrðum hans á komandi missirum, m.a. með tilliti til þátttöku Íslands í Evrópsku efnahagssvæði. Aðlögun fiskvinnslunnar að nýjum aðstæðum skiptir meginmáli en skjóta verður fleiri stoðum undir atvinnulíf á þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar til að það verði fjölbreyttara en það er nú því að það hefur sýnt sig að þeir viðhalda sér ekki af sjávarútveginum einum saman. Samgöngubætur skipta verulegu máli til þess að efla þéttbýlisstaðina sem þjónustukjarna, en ljóst er að langmestur hluti nýrra starfa sem til verða í landinu á næstu árum verður í þjónustugreinum.

Nýr áfangi er nú hafinn á þeirri braut að tengja saman þá þéttbýlisstaði sem hafa verið í mestri einangrun. Lokið er við jarðgöng milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Ákveðið hefur verið að gera jarðgöng sem tengja saman þéttbýlisstaðina á norðanverðum Vestfjörðum, en samgöngubætur um Óshlíð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur standa yfir.

Ég hef gert nokkra grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar en ég get ekki látið hjá líða áður en lengra er haldið að fara nokkrum orðum um fjárhagsstöðu stofnunarinnar og þeirra sjóða sem hún hefur umsjón með.

Eftir stjórnarskiptin sl. vor fór ég þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún gerði ítarlega úttekt á fjárhagsstöðu þeirra fjárfestingarlánasjóða sem heyra undir forsrn. Stofnunin skilaði skýrslu sinni í ágústmánuði sl. og er ekki ofsögum sagt að staða þessara sjóða sé afleit. Helstu niðurstöður voru þær að auka þyrfti framlög í Afskriftasjóð Byggðastofnunar um 1200 millj. kr. því að á næstu árum gætu rúmar 1500 millj. kr. af útlánum hennar tapast. Varðandi þá sjóði sem stofnunin hefur yfirtekið og stofnað var til af síðustu ríkisstjórn er það mat Ríkisendurskoðunar að auka þurfi tillag í Afskriftasjóð atvinnutryggingardeildar um 1 milljarð og 350 millj. kr. Hvað varðar eigið fé deildarinnar yrði það neikvætt um 1,4 milljarða kr. ef afskriftareikningur væri færður samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar. Þannig er fyrirsjáanlegt að deildin þarf verulegt viðbótarfjármagn til að mæta greiðsluvanda á næstu árum. Varðandi hlutafjárdeild Byggðastofnunar telur Ríkisendurskoðun að tap ríkissjóðs geti numið allt að 260 millj. kr. þegar upp verður staðið.

Við þessa dökku mynd bætist síðan sú staðreynd að Framkvæmdasjóður Íslands hefur tapað 2,7 milljörðum kr. af eigin fé sínu á sl. 5 árum og er eigið fé hans nú neikvætt um a.m.k. 1,2 milljarða kr. Þessi mynd er einkar sorgleg þegar þess er gætt að vandinn í atvinnulífinu sem þessir sjóðir áttu að leysa er enn óleystur. Þetta er arfleifð síðustu ríkisstjórnar í atvinnumálum.

Virðulegi forseti. Flestum má ljóst vera að byggðastefna í þeirri mynd sem hún hefur verið rekin á undanförnum árum hefur brugðist. Augljóst er að það markmið hennar að stöðva fólksflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hefur ekki náðst. Öðru nær. Á síðasta áratug jukust þessir flutningar svo mjög að þeir hafa sjaldan eða aldrei verið meiri. Að minni hyggju gefur þessi þróun okkur tilefni til þess að endurmeta stefnu stjórnvalda í byggðamálum frá grunni. Að óbreyttu má gera ráð fyrir að verulega muni fækka á landsbyggðinni en fjölga einhliða og mjög hratt á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt framreikningum sérfræðinga Byggðastofnunar gæti þróunin orðið sú að um það bil 30 þúsund manns flytji til höfuðborgarsvæðisins á næstu 20 árum eða svo og að fækka muni um 11 þúsund manns á landsbyggðinni í heild. Fjölgun á höfuðborgarsvæðinu yrði um 53 þúsund manns samkvæmt áðurnefndum framreikningum sem byggðir eru á reynslu um búsetuflutninga og spám um fjölgun þjóðarinnar til ársins 2010.

Ekki er blöðum um það að fletta að mannlíf hér á landi yrði sýnu fátæklegra ef þessar spár gengju eftir, enda hefði slík þróun í för með sér mikla byggðarröskun. Færa má sterk rök fyrir því að slík þróun sé óæskileg út frá þjóðhagslegu sjónarmiði þar sem æskilegra væri að fólksfjölgun yrði á þéttbýlisstöðum úti á landi og að byggð eflist þar til mótvægis við höfuðborgarsvæðið. Það eru að vísu bæði gömul sannindi og ný að byggð leggst af á einstökum svæðum og önnur vaxa. Byggðarmynstrið er síbreytilegt og hefur breyst mikið hér á landi á þessari öld samfara miklum breytingum í atvinnuháttum.

Hér á landi hafa atvinnuhættir tekið örum breytingum á undanförnum árum með þeim afleiðingum að það hefur bitnað misjafnlega á einstökum byggðarlögum og atvinnugreinum. Á tímabilinu 1981–1988 fækkaði störfum í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu um 2000. Fjölgun varð á hinn bóginn nokkur í öðrum framleiðslugreinum en hrein aukning nýrra starfa var öll í þjónustugreinum eða alls um 18 þúsund ný störf.

Við Íslendingar sjáum nú fram á breytingar sem verða jafnvel enn örari í náinni framtíð og það vita allir sem vilja vita að þessi þróun mun takmarka afkomumöguleika fólks á einhverjum svæðum og einhverjum byggðarlögum.

Ég vil í fyrsta lagi nefna í þessu sambandi að fyrirsjáanlegt er — og raunar er það óhjákvæmilegt — að störfum í hefðbundnum landbúnaði, og þá sér í lagi sauðfjárrækt, muni fækka á komandi árum. Hafa menn áætlað að samdráttur í þeirri grein einni muni fækka ársverkum í sveitum um allt að 1000.

Í öðru lagi er fyrirsjáanlegt að með byggingu álvers á Keilisnesi muni framboð atvinnutækifæra suðvestanlands aukast og gæti það valdið einhverri röskun byggðar.

Í þriðja lagi er ljóst að fiskiskipum og vinnslustöðum hefur fækkað nokkuð og þeim mun væntanlega fækka enn frekar á komandi árum.

Allir þessir þættir gera hinum smærri og afskekktari byggðarlögum erfiðara fyrir en verið hefur líkt og þegar hefur komið á daginn. Þetta er staðreynd sem ég tel að við eigum að horfast í augu við, enda mun okkur Íslendingum seint takast að framfylgja hér árangursríkri byggðastefnu ef við bregðumst við vandanum með því að stinga hausnum í sandinn líkt og margir hafa gert og virðast kjósa að gera enn um sinn.

Víst eru horfurnar í málefnum margra byggðarlaga ekki bjartar eins og ég hef áður getið. Þess vegna hljótum við að gleðjast þegar rofar til og möguleikar skapast við að treysta undirstöður hinna dreifðari byggða landsins. Ég tel að samningur sá sem nýverið náðist um Evrópskt efnahagssvæði sé mjög til heilla fyrir þau byggðarlög sem byggja afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu. Þessi samningur gefur okkur Íslendingum tækifæri til nýsköpunar í atvinnumálum og þá sérstaklega í sjávarútvegi. Með niðurfellingu og lækkun tolla sem kveður á um í samningunum mun afkoma margra hefðbundinna útflutningsgreina tvímælalaust batna og vil ég t.d. nefna útflutning á saltfiski í því sambandi. Þá mun útflutningur á ferskum flökum, síldarflökum og fullunnum réttum væntanlega aukast og í heild á litið gefa okkur tækifæri til að flytja héðan út verðmætari og betri vöru, tilbúna til sölu á neytendamörkuðum í Evrópu. Samhliða því má gera ráð fyrir að útflutningur á óunnum fiski fari minnkandi.

Ég hef engar efasemdir um að fyrirtæki og starfandi aðilar í sjávarútvegi muni nýta þau tækifæri sem gefast með þessum samningum. Þar með munu útflutningsverðmæti fiskafurða aukast verulega, nýtingin á þeirri fjárfestingu sem fyrir er í landinu mun batna og í kjölfarið munu skapast ný og sérhæfðari störf í sjávarútvegi. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess samdráttar í afla sem orðið hefur á undanförnum árum sem og í ljósi þess að fátt bendir til þess að afli á Íslandsmiðum muni aukast í næstu framtíð.

Þeir misbrestir sem verið hafa á almennri efnahagsstjórn í landinu á undanförnum árum, og þá ekki síst í tíð síðustu ríkisstjórnar, hafa því miður oft verið réttlættir í nafni byggðastefnu. Einnig var offjárfesting í sjávarútvegi og landbúnaði á fyrri tíð yfirleitt kennd við byggðastefnu. Þá hefur á síðari árum verið gripið til fjárfrekra lausna á vanda einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi, oftast til bráðabirgða, einnig í nafni byggðastefnu. Það sama er að segja um fjárfestingu í svonefndum nýjum atvinnugreinum, loðdýra- og fiskeldi sem og viðhald hefðbundins landbúnaðar. En mér er spurn: Hefur þessi stefna reynst haldgóð? Hafa slíkar aðgerðir bætt stöðu landsbyggðarinnar? Svar mitt við þessum spurningum er nei. Um þetta ætti ekki að vera nokkur ágreiningur. Ég hef orðið þess sterklega áskynja í samræðum við landsbyggðarfólk að það er mér sammála. Svar þessa fólks er einnig nei. Því finnst sem byggðastefnan hafi verið notuð sem skálkaskjól.

Augljóst er að þessi stefna síðustu ára hefur ekki stuðlað að auknu sjálfstæði atvinnuveganna og fyrirtækja á landsbyggðinni. Hún hefur ekki eflt frumkvæði og framtak einstaklinga og félagasamtaka á landsbyggðinni. Öðru nær. Hún hefur gert bæði fyrirtæki og einstaklinga háðari ríkisvaldinu og forsjá þess. Stjórnvaldsákvarðanir á liðnum árum hafa auk þess á engan hátt tekið mið af þeim gagngeru breytingum í þjóðfélaginu og almennu efnahagsumhverfi sem átt hafa sér stað og búast má við í framtíðinni. Með henni hefur ekki verið stuðlað að eflingu þeirra atvinnugreina á landsbyggðinni sem fyrst og fremst veita nýliðum á vinnumarkaði atvinnu og verðug tækifæri.

Ég tel afar mikilvægt að stefnan í byggðamálum skapi forsendur fyrir varanlegri atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Það krefst þess að þeir sem um byggðamál fjalla nálgist þau með öðrum hætti en gert hefur verið til þessa. Gömlu klisjurnar duga ekki lengur. Nauðsynlegt er að opinská og heiðarleg umræða hefjist um þessi mál. Í raun er aðeins um tvennt að velja í þeirri stöðu sem skapast hefur. Annars vegar getum við haldið áfram óburðugum tilraunum til þess að bæta fyrir þá stöðnun sem átt hefur sér stað án vel skilgreindra markmiða. Hins vegar getum við skilgreint þau markmið sem við teljum raunhæf og æskileg í byggðamálum og leitast við að stýra þróuninni í þann farveg er efli farsæld landsbyggðarinnar og þjóðarinnar allrar. Ég þekki ekki afstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu efni en ríkisstjórnin kýs seinni kostinn. Við eigum að snúa vörn í sókn.

Spurt hefur verið um stefnu og áform ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og hefur hún sætt nokkurri gagnrýni fyrir það að í stefnu- og starfsáætlun sinni, hvítbókinni sem svo hefur verið nefnd, er ekki að finna ítarlega kynningu á áformum ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Því er til að svara í fyrsta lagi að íbúum landsbyggðarinnar er það kunnugra en öðrum að langur texti og fjöldi loforða um að fé skuli veitt í hitt og þetta er engin trygging fyrir árangri. Það sýna efndir síðustu ríkisstjórnar. Hitt er mikilvægara að sú ríkisstjórn sem nú situr lítur svo á að byggðamál séu samofin öðrum málefnum og málaflokkum og að helstu hagsmunamál hinna dreifðari byggða landsins felist í almennri stefnu stjórnvalda í mörgum málaflokkum, svo sem samgöngumálum, gengismálum og peningamálum.

Hér er raunar um algjöra viðhorfsbreytingu að ræða. Ég tel að það sé ósamboðið því fólki sem býr í hinum

dreifðari byggðum landsins að málefni þess skuli sífellt vera tekin úr heildarsamhengi þjóðmálanna og gerð að einhvers konar vandræðamáli og fólkið að vandræðafólki þegar illa hefur tekist til við um almenna hagstjórn. Það er bæði ómaklegt og ósanngjarnt. Raunar verð ég að segja að mér finnst það undarlegt að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og þeim er að honum starfa skuli oft og tíðum sýnd lítilsvirðing í íslenskri þjóðmálaumræðu.

Íslenska þjóðin byggir afkomu sína á veiðum og vinnslu sjávarfangs og sú verðmætasköpun sem þar á sér stað fer að mjög miklu leyti fram á landsbyggðinni. Það er meginþáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar að vaxtarsvæði landsbyggðarinnar verði efld. Með hugtakinu vaxtarsvæði er átt við þau svæði og byggðarlög sem tengjast eða geta tengst með greiðum og tíðum samgöngum þannig að íbúar innan þeirra geti samnýtt þjónustu og haft með sér náið samstarf í atvinnumálum. Efling þessara svæða, sem felur í sér að samgöngur innan þeirra verði bættar og fólk velji sér búsetu innan þeirra, býður ekki einvörðungu upp á aukna hagkvæmni í rekstri og þjónustu hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga við fólkið í landinu, heldur mun hún og gefa möguleika á aukinni fjölbreytni í félagslegu og atvinnulegu tilliti og tekur það jafnt til hefðbundinna greina iðnaðar, verslunar og þjónustu.

Þessi stefna felur í sér að byggðir landsins efli hver aðra, að byggð efli byggð. Markmiðið er að á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar geti þjónusta og iðnaður náð fótfestu við hlið sjávarútvegs og fiskvinnslu. Ríkisstjórnin boðar ekki kollsteypu í þessu sambandi, hún leggur áherslu á að fullt tillit verði tekið til sjónarmiða þess fólks sem byggir hin strjálbýlli héruð landsins. Um þessa stefnu verður að takast sátt. Það verður að takast sátt um hin raunhæfu og æskilegu markmið sem þjóðin vill setja sér varðandi þróun byggðar í landinu. Ég segi: Sem þjóðin vill setja sér, því að ég veit að ný byggðastefna, ný markmið í byggðamálum verða ekki farsæl að öðrum kosti.

Ég tel afar brýnt að einstaklingar, sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra hvetji til umræðu um það hvernig við viljum að byggð verði hér háttað í framtíðinni og að framsýn og fyrirhyggja ráði þeirri umræðu. Það er með öllu óþolandi og með öllu óviðunandi að stjórnvöld semji einhverja stefnu í byggðamálum sem síðan verði framkvæmd með valdboði.

Ef okkur tekst að snúa við þeirri óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað í byggðamálum ber brýna nauðsyn til þess að frumkvæði í nýrri stefnumótun verði í höndum landsbyggðarfólks, sveitarfélaga þar og samtaka þeirra. Hugmyndir heimamanna verða á hinn bóginn að vera til þess fallnar að viðkomandi svæði verði eðlilegt atvinnu- og þjónustusvæði. Ég vil undirstrika mikilvægi þess að vaxtarsvæðin verði glögglega skilgreind og þau nái að mynda öflugar heildir þar sem kröfum almennings og nútímans verður svarað, ekki síst í félagslegu og menningarlegu tilliti.

Ég benti á það í ræðu fyrir skömmu að e.t.v. væri það ekki eingöngu búsetuöryggi og afkomumöguleikar sem réðu því að fólk flyttist brott úr ákveðnum byggðarlögum. Í því sambandi vitnaði ég til Vestfjarða þar sem atvinnuleysi er lítið sem ekkert og meðaltekjur með því hæsta sem gerist á landinu, en þó er svo komið að verulega hefur fækkað á sumum stöðum. Það er því ljóst að huga verður að fleiri þáttum í umræðunni um byggðamál en gert hefur verið og ég tel brýnt að fólk átti sig á því á margir þeirra þátta sem ráða því hvar fólk velur sér búsetu eru þess eðlis að ríkisvaldið er á engan veginn í stakk búið til að hafa þar afgerandi áhrif. Ég tel það hins vegar raunhæfan kost að ríkisvaldið stuðli að því að byggð þéttist með almennum aðgerðum og komi þannig til móts við breyttar kröfur nútímasamfélags.

Ég fer ekki í grafgötur með þá trú mína að um leið og vaxtarsvæðin eflast muni smá og afskipt byggðarlög eiga á brattann að sækja. Ég varpaði fram þeirri hugmynd hvort ríkisvaldið gæti eða ætti með einhverjum hætti að koma til móts við það fólk sem finnur sig knúið til að flytja frá heimabyggð sinni í stað þess að verja miklum fjármunum í vonlausan atvinnurekstur eins og gert hefur verið í tíð síðustu ríkisstjórnar og reyndar áður. Þessi orð mín hafa verið rofin úr samhengi og mistúlkuð.

Orð mín voru ætluð til að hvetja til umræðu um skynsamlega nýtingu fjármuna og knýja fram skoðanaskipti sem geta leitt okkur fram á veg. Því miður sýna viðbrögðin að sumir líta á gömlu klisjurnar sínar um byggðamál eins og sjálfgefnar staðreyndir. Ég harma það ef slíkur þvergirðingsháttur á enn um sinn að koma í veg fyrir að málefnaleg umræða fari fram um byggðamál.

Það kemur fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að hún muni starfa í anda sáttar höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Ríkisstjórnin mun greiða fyrir aðlögun byggðar í landinu að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Við þessi orð og stefnumið mun ríkisstjórnin standa.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að gera stuttlega grein fyrir áformum um breytingu á skipulagi og starfsemi Byggðastofnunar. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að aðalskrifstofur stofnunarinnar verði fluttar til Akureyrar á fyrri hluta kjörtímabilsins. Það er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að koma upp fjölþættari starfsemi á vegum hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins og flytja stofnanir þess út á land. Sjálfur tel ég mikilvægt að stofnunin starfi í nánari tengslum við það umhverfi sem telst vera vettvangur hennar samhliða því sem breytingar verða gerðar á starfseminni.

Byggðastofnun er ætlað að vera vettvangur aðgerða ríkisvaldsis til áhrifa á atvinnu- og byggðaþróun. Í forsrn. er nú unnið að reglugerð um starfsemi og skipulag stofnunarinnar í framhaldi af lagabreytingum sl. vor. Þá var lögð til sú áherslubreyting í starfi stofnunarinnar að í stað þess að vera aðallega lánastofnun skuli atvinnuþróunar- og þjónustuhlutverk hennar eflt. Ég tel veigamikil rök hníga að því að ætla byggðaáætlunum, þá bæði þeirri áætlun sem Alþingi á að fjalla um og svæðisbundnum áætlunum, aukið vægi þegar kemur að lánveitingum og annarri fjárhagslegri

fyrirgreiðslu stofnunarinnar. Með slíkum áætlunum er verið að leggja grundvöll að samræmdri stefnu Alþingis og stjórnvalda í byggðamálum og því er eðlilegt að fjárhagsleg fyrirgreiðsla Byggðastofnunar sé í samræmi við þær. Þetta ætti líka að stemma stigu við handahófskenndri fyrirgreiðslu sem því miður hefur átt sér stað.

Ég hef því látið kanna sérstaklega vegna reglugerðarsmíðinnar hvort ekki sé unnt að setja sem almennt skilyrði fyrir lánveitingu og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu að fyrir liggi byggðaáætlun fyrir viðkomandi svæði. Þá tel ég rétt að í hinni stefnumarkandi byggðaáætlun sem lögð er fyrir Alþingi sé gerð úttekt á þeirri fyrirgreiðslu sem Byggðastofnun hefur veitt og í svæðisbundinni byggðaáætlun komi fram mat á því hvaða fjárhagslega fyrirgreiðslu þurfi af hálfu Byggðastofnunar til að koma þeim í framkvæmd.

Ég er þeirrar skoðunar að gildandi lög um stofnunina veiti henni ekki sjálfstæða heimild til kaupa á hlutafé í félögum eða að leggja fram önnur stofnframlög sem eigandi nema um sé að ræða fjárfestingar- eða þróunarfélög.

Þá hef ég einnig lagt til að í reglugerðina verði sett ákvæði þess efnis að Byggðastofnun verði sjálf ekki beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Með þessum ráðstöfunum í fyrirhugaðri reglugerð um Byggðastofnun er leitast við að sú söun fjármuna geti ekki átt sér stað, sem því miður hefur orðið, og þá ekki síst úr sjóðum sem síðasta ríkisstjórn setti á laggirnar og vikið var að hér að framan. Öll sú óráðsía stendur okkur nú fyrir þrifum þegar bregðast þarf við fyrirsjáanlegum aflasamdrætti.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er að hefjast mikilsverð umræða eða ætti að verða það. Það hafa orðið algjör þáttaskil í þessu þjóðfélagi og núv. ríkisstjórn lætur sig byggðamál litlu varða öfugt við fyrrv. ríkisstjórn. Svo langt hefur gengið að sjálfur hæstv. forsrh. hefur stungið upp á því að stuðla að tilflutningi fólks, beinum eða óbeinum nauðungarflutningum þó að hann hafi í ræðu sinni hér áðan verið að reyna að draga úr þeim ummælum sínum og sé væntanlega búinn að sjá að þau voru óskynsamleg.

Núv. ríkisstjórn gengur hart fram í því að rífa niður verk fyrrv. ríkisstjórnar og hefur því miður orðið of mikið ágengt. Fyrri ríkisstjórnir hafa með réttu talið það skyldu sína að reyna að efla atvinnulífið, ekki hvað síst á landsbyggðinni, og stunda hagstjórn sem skapar atvinnulífinu viðunandi starfsskilyrði, jafna út tímabundnar sveiflur sem alltaf verða og þrýsta niður vöxtum. Þetta er ekki stefna núv. ríkisstjórnar og hún virðist ekki telja það hlutverk sitt að vinna svo.

Ég tel að Byggðastofnun hafi á undanförnum árum verið mikilvægt tæki í þeirri baráttu fyrrv. ríkisstjórna að viðhalda og efla byggð í hinum dreifðu byggðum og hún hefur unnið mjög gott starf að mörgu leyti og gert verulegt gagn. Það hefur að vísu ekki allt gengið eftir og margur hjallinn reynst brattari en búist var við. Áætlanir hafa brugðist, því er ekki að neita, t.d. hefur fiskeldi lent í erfiðleikum sem ekki voru fyrir séðir og Byggðastofnun hefur tapað fé. En þegar heildardæmið er gert upp, þá held ég að mönnum blandist ekki hugur um það að Byggðastofnun hefur unnið gott starf og orðið til mjög mikils gagns. Byggðastofnun hefur orðið að afskrifa skuldir.

Forsrh. vitnaði hér áðan til álits Ríkisendurskoðunar. Það var vel til fundið að minnast á það. Ríkisendurskoðun hefur tvisvar sinnum á þessu ári gefið út álit um fjárhagsstöðu Byggðastofnunar og það álit sem hún gaf út í sumar var allt annað og miklu svartara en það álit sem hún lét frá sér fara fyrr á árinu. Þegar forstjóri Ríkisendurskoðunar var spurður að því hverju það sætti að Ríkisendurskoðun léti frá sér fara allt annað álit og ósamhljóða því sem hún hafði nýlega sent frá sér, þá var skýringin einföld: Það var komin ný ríkisstjórn í landið, ríkisstjórn sem ekki virtist ætla að aðstoða atvinnulífið í landinu. Það var skýringin á misræminu og það er út af fyrir sig fullkomlega eðlileg og skynsamleg skýring. Auðvitað tapar Byggðastofnun fé í stórum stíl með því að ríkisstjórnin reki þá gjaldþrotastefnu sem hún hefur gert.

Mér fannst koma ótrúleg skammsýni fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan um að byggðastefnan hefði brugðist á umliðnum árum. Byggðastefnan hefur ekki náð fullkomnum árangri í öllum tilfellum, en byggðastefnan hefur skilað feiknamiklum árangri og ef hennar hefði ekki notið við og ef starfsemi Byggðastofnunar hefði ekki notið við, þá væri ástandið miklu svartara en það er nú. Er þó sannarlega ástæða til að hafa andvara á sér og vinna áfram að því verkefni að efla byggðir landsins.

Aðgerðir fyrrv. ríkisstjórnar í atvinnumálum landsbyggðarinnar bægðu frá algjörum þjóðarvoða sem við blasti þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lét af völdum. Hún sneri þróun taprekstrar í hagnað hjá fjöldamörgum fyrirtækjum. Unnið var að stórfelldum skipulagsbreytingum sem stóðust allflestar, ekki alveg allar en allflestar stóðust og við stöndum miklu betur að vígi nú vegna þeirra verka sem þá voru unnin. Þessi taprekstur var til kominn m.a. vegna rangrar gengisskráningar, óraunhæfrar gengisskráningar sem rúði fyrirtækin tekjumöguleikum, vegna vaxtapólitíkur sem var því miður ákaflega mislukkuð. Ef hæstv. forsrh. léti svo lítið að skoða reikninga fyrirtækja nokkur ár aftur í tímann og bera þá saman, þá sæi hann hverslags þáttaskil urðu í kjölfar aðgerða fyrrv. ríkisstjórnar. Og ef hann nú sæi hvað er að gerast á þessu ári, þá kæmist hann enn betur að því á hve rangri braut núv. ríkisstjórn er og þá mundi hann komast að allt annarri niðurstöðu en í ræðunni áðan.

Sú framtíðarsýn sem forsrh. kynnir um framtíð Byggðastofnunar er sannarlega ekki glæsileg. Það virðist vera takmark ríkisstjórnarinnar að eyðileggja þessa stofnun. Það virðist vera takmark ríkisstjórnarinnar að lama starfsemi hennar þannig að hún verði eitthvert marklítið og máttlaust apparat sem ekki geti aðstoðað atvinnulífið, ekki geti stuðlað að hagræðingu, ekki geti stuðlað að endurreisn. Ef þessi áform ná fram að ganga þá er illa farið.

Það er sannarlega ekki bjart yfir íslensku atvinnulífi þessa dagana. Við höfum undanfarið fylgst með umræðum og yfirlýsingum eins af bankastjórum Landsbanka Íslands. Þar sendir hann fiskvinnslunni og útgerðinni í landinu heldur betur kveðjurnar þar sem Landsbankinn hótar að hætta fyrirgreiðslum nema afurðalánafyrirgreiðslum til meginatvinnuvegar landsmanna. Ég veit ekki hvernig mun fara fyrir okkur ef þetta á fram að ganga. Sjútvrh. hefur réttilega bent á að fjárþröng Landsbankans er fortíðarvandi sem skapast hefur af ógætilegri lánastarfsemi, ekki til sjávarútvegsins sérstaklega heldur m.a. til sveitarfélaga. Vel á minnst, sveitarfélög. Við heyrðum hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík tala hér um sukk og bruðl. Það var þá rétti maðurinn til að tala um sukk og bruðl. Verulegur hluti af þeim vandræðum sem Landsbankinn er kominn í er, eins og hæstv. sjútvrh. hefur réttilega bent á hvað eftir annað í fjölmiðlum undanfarið, vegna ógætilegrar lánastarfsemi til sveitarfélaga. Ég held að hann ætti að athuga yfirdráttinn hjá Reykjavíkurborg sem hæstv. forsrh. ber auðvitað sjálfur meginábyrgð á. Ef ekki verður snúið af þessari braut, ef ekki verður komið vitinu fyrir Landsbankann, þá erum við að sigla inn í óbotnandi vandræði. Það er ekkert um það.

Það er fleira sem steðjar að atvinnulífinu sem ástæða er til að draga inn í þessa umræðu. Það veður hér uppi í þjóðfélaginu hópur manna sem heimtar veiðileyfagjald á útgerðina. Veiðileyfagjald er að mínum dómi einhver sú versta aðferð sem við gætum notað við stjórnun fiskveiða. Það er skattur sem lagður yrði ofan á þann atvinnuveg sem er nú undirstaðan undir öllu þessu móverki okkar. Það er skattur sem legðist fyrst og fremst á landsbyggðina þaðan sem veiðarnar eru stundaðar. Ég held að núverandi kvótakerfi í sjávarútvegi hafi að verulegu leyti reynst allvel. Það eru á því annmarkar og þá þarf að sníða af. Það hafa margir annmarkar verið sniðnir af á undanförnum árum og það er eðlilegt að halda áfram þeirri vinnu vegna þess að það er ekki fullkomið. En að ímynda sér það að hægt sé að koma einhverju skikki á með því að fara að hamast á útgerðinni, eins og gert er núna, getur ekki leitt nema til vandræða.

Það er mjög athyglisvert sem einn af okkar fremstu mönnum í fiskvinnslu, Tómas Þorvaldsson í Grindavík, hélt fram á fiskiþingi, að einmitt sömu mennirnir, sem um langt árabil hafa verið að ganga í skrokk á landbúnaðinum, eru nú teknir til við að ganga í skrokk á sjávarútveginum. Hvernig í ósköpunum endar þetta?

Ég held að þessi umræða um veiðileyfagjald sé með þeim hætti að okkur beri skylda til að kveða hana niður, því að hún leiðir ekki til annars en ófarnaðar.

Ég bendi þingheimi og landsmönnum öllum á að fylgjast vel með hvernig þessi ríkisstjórn meðhöndlar atvinnulífið í landinu, hvernig hún meðhöndlar byggðastefnu og Byggðastofnun sem hér er sérstaklega til umræðu. Ég tel að ríkisstjórnin verði að breyta þeirri stefnu sinni eða stefnuleysi, sem hún hefur framfylgt, þ.e. niðurrifsstefnu sem hún hefur framkvæmt á undanförnum árum.

Frú forseti. Ég vænti þess að þessar umræður leiði það í ljós að ríkisstjórnin er á rangri leið, að ríkisstjórnin verður að breyta stefnu sinni. Annars er ekki óhætt að hafa hana við völd.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Þegar núv. ríkisstjórn kom til valda mátti strax greina nýjan og að mörgu leyti breyttan tón í garð landsbyggðar frá því sem áður hafði verið. Hæstv. forsrh. reyndi aftur og aftur að leika þann leik að sverta Byggðastofnun og ófrægja stjórn hennar með því m.a. að halda því fram að útlán fyrri stjórnar sjóðsins hefðu mótast af pólitískum duttlungum fyrrv. forsrh. Sams konar dylgjur má reyndar finna í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Íbúar heilla byggðarlaga hafa þurft að sætta sig við að afkoma þeirra og búsetuöryggi sé komið undir pólitískum duttlungum miðstjórnarvaldsins."

Þetta er enn sama glósan. Einnig var strax í upphafi þegar þessi stjórn kom til valda farið að hræra af miklum móði saman stöðu Byggðasjóðs annars vegar og stöðu alveg óskyldra sjóða, Atvinnutryggingarsjóðs og Framkvæmdarsjóðs og gera þetta með uppslætti í fjölmiðlum allt í einu lagi að einhverju allsherjargjaldþroti. Þessi ískyggilega ófrægingarherferð gekk þó að mínum dómi lengst þegar Ríkisendurskoðun var fengin til þess að gefa út álit á reikningum Byggðastofnunar, þessum reikningum sem útbýtt hefur verið til þingmanna fyrir árið 1990, en álitsgerðin gekk þvert á undirritaðan reikning stofnunarinnar sem þessi sama Ríkisendurskoðun hafði nokkrum vikum áður undirritað. Munurinn var bara sá að hún hafði undirritað ársskýrsluna áður en kosningar fóru fram, en álitsgerðin var gefin eftir að ný stjórn hafði verið mynduð.

Þegar bardagagleði forsrh. reis sem hæst í sumar mátti á tímabili skilja það svo að best væri að leggja Byggðastofnun niður. Nokkru seinna kom reyndar sú fræga kenning forsrh. að besta aðgerðin í byggðamálum væri að aðstoða fólk við að flytja á brott. Að minni hyggju var það ekki tillagan sjálf sem vakti mesta undrun. Hún hefur oft heyrst áður. Það var miklu frekar það skilningsleysi og algera uppgjöf gagnvart vandanum sem skein út úr þessum ummælum hæstv. ráðherra, þeim ráðherra sem byggðamálin heyra undir.

Þeir sem hlýddu hér áðan á ræðu hæstv. forsrh. hljóta að hafa tekið eftir því, rétt eins og ég, að hún var ekki öll samin af sömu persónunni. Hún var bersýnilega samin af a.m.k. tveimur mönnum. Fyrri parturinn var í ákaflega jákvæðum tón. Þar var tíundaður árangur Byggðastofnunar, sá árangur sem náðst hefði með byggðastefnunni á undanförnum árum, en í seinni hlutanum kvað svo allt í einu við alveg gjörólíkan tón. Þar var greinilega allt annar maður farinn að skrifa ræðuna. Þá var byggðastefnan orðin hálfgert skammaryrði og margendurtekið að hún væri óttaleg óráðsía og bruðl.

Kannski þarf það í sjálfu sér ekki að koma neinum á óvart að fyrrv. borgarstjóri Reykjavíkur hafi takmarkaðan skilning á byggðamálum og kannski þarf það

heldur ekki að koma neitt sérstaklega á óvart að byggðamál eigi lítt upp á pallborðið hjá þessari ríkisstjórn, t.d. ef haft er í huga, svona í framhjáhlaupi, að formenn þessara tveggja flokka, báðir formennirnir, báðir varaformennirnir og báðir þingflokksformennirnir, þ.e. allir helstu forráðamenn þessara tveggja flokka, eru frambjóðendur í Reykjavík. Auðvitað eru Reykvíkingar hvorki verri né betri en annað fólk, síst af öllu mundi ég halda slíku fram sem er bæði borinn og barnfæddur Reykvíkingur. En ég held að það hljóti að vekja athygli víðar en í mínum huga að þessir flokkar skuli ekki velja til æðstu trúnaðarstarfa í sínum röðum neina aðra en þá sem hafa verið í framboði hér í Reykjavík. Það er mjög athyglisvert. Það er engin undantekning á því. Þess vegna held ég að enginn þurfi að vera neitt stórkostlega undrandi þó að á þessum tveimur bæjum ríki nokkurt tómlæti um byggðamál.

Menn spyrja að því hvort byggðastefnan hafi brugðist. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta: „Sú byggðastefna sem rekin hefur verið hefur ekki skilað tilætluðum árangri.“ Vissulega kann ýmislegt að vera til í þessu, en fyrst verðum við að vita til hvers var ætlast í öndverðu. Ég held persónulega að enginn hafi átt von á því að með byggðastefnunni gufuðu öll vandamálin upp. Vandamálin eru vissulega enn óleyst og viðunandi jafnvægi í byggðamálum hefur ekki náðst. Langt í frá. En við hljótum að spyrja okkur: Hefur þá starf okkar verið til einskis? Hefur byggðastefnan brugðist? Er hún úrelt, jafnvel óþörf eins og sumir segja?

Ég hika ekki við að fullyrða og það af hjartans sannfæringu að byggðastefna undanfarinna ára hefur gert sitt gagn þótt hún hafi ekki leyst allan vanda. Hún hefur skilað stórfelldum árangri, en við skulum átta okkur á því að vandamálin væru margfalt stærri, margfalt rosalegri en þau eru ef ekkert hefði verið gert. Það er auðvitað kjarni málsins. En í hverju lýsir þessi vandi sér?

Ég vil í fyrsta lagi benda á þann vanda sem hlýst af hinu lága fasteignaverði víða um land sem aftur veldur því að lítið verður um húsbyggingar. Á þessu ári virðast vera sárafáar íbúðir í smíðum á vegum einkaaðila utan Reykjavíkur og Reykjaness, svo sárafáar að undrun sætir. Ég hef reynt að átta mig á því um hvaða tölu hér gæti verið að ræða en ekki komist að niðurstöðu því ég sé ekki að skýrslur greini það nákvæmlega hvað er á vegum einkaaðila og hvað er á vegum félagslegra aðila. En ég hygg að í kringum 1700 íbúðir séu í smíðum utan höfuðborgarsvæðisins um þessar mundir og ég held að mikill meiri hluti, kannski megnið af þessum íbúðum sé á vegum félagslegra aðila. Ég þori ekki að segja hvað er mikið afgangs þegar félagslegar íbúðir hafa verið dregnar frá en ég hygg að þær séu aðeins örfá hundruð á öllu landinu utan höfuðborgarsvæðisins.

Annað sem lýsir vandanum vel er hin lélega og fábreytta þjónusta víða úti um land og fólk finnur fyrir að ekki er fyrir hendi. Þar eru fábreytt atvinnutækifæri, þar er lítil atvinnuuppbygging, fólki finnst langt að leita til stjórnvalda og stjórnarstofnana og þar er hærra raforkuverð og víðast meiri húshitunarkostnaður. Þar er líka yfirleitt hærra verð á innfluttum vörum. Af þessum vanda, sem vissulega er ekki nýr, hefur leitt stanslaus straumur fólks og fjármagns hingað suður á höfuðborgarsvæðið. Til marks um þennan straum er kannski rétt að nefna eina tölu. Á áratugnum 1980–1990 fjölgaði íbúum í Reykjavík og á Reykjanesi um 24.000 manns. En fjölgun í öðrum landshlutum samanlagt var nánast engin, eða rétt um 400 manns. Þar var því stöðnun eða bein afturför.

Ég held það sé mjög eftirtektarvert fyrir alla sem hugleiða þessi vandamál að landsbyggðin er og hefur lengi verið í ákveðnum vítahring. Það er vegna þessa aðstöðumunar sem ég hef nú lýst sem fólkið er að flytja í burtu. En burtflutningur fólksins eykur svo aftur aðstöðumuninn fyrir þá sem eftir sitja. Það er eins með fasteignamálin. Vegna hins lága fasteignaverðs þorir fólk ekki að byggja. Það þorir ekki að fjárfesta í húsbyggingum. En svo aftur vegna þess hve lítið er byggt er víða skortur á íbúðarhúsnæði og þess vegna verður fólkið að fara. Þetta er vítahringur sem erfitt hefur reynst að brjótast út úr.

Ég tel að meginmarkmið byggðastefnu hljóti að vera að auðvelda landsbyggðinni að brjótast út úr þessum vítahring án þess að það þurfi að flýja á brott, eins og hæstv. forsrh. hefur gert að tillögu sinni. Ég tel að það hljóti að vera annað meginmarkmiðið að minnka aðstöðumuninn og reyna með Byggðasjóði og með öðrum aðgerðum að veita aftur út á land þó ekki væri nema einhverjum örlitlum hluta af því fjármagni sem sogast jafnt og þétt hingað inn á höfuðborgarsvæðið eftir óteljandi leiðum. Loks hlýtur það að vera markmið byggðastefnu að örva framtak og uppbyggingu heimamanna með öllum tiltækum ráðum.

Það er kannski ástæða til að nefna sjávarútveginn alveg sérstaklega í þessu samhengi. Hér á landi hefur verið síendurtekið kreppuástand í sjávarútvegi og þetta kreppuástand hefur leikið landsbyggðina sérstaklega illa. Stundum vegna þess að afli hefur dregist saman tímabundið, t.d. vegna þess að kvóti er minnkaður eins og nú stendur fyrir dyrum, en miklu oftar vegna mistaka í efnahagsstjórn, t.d. vegna þess að gengi krónunnar hefur verið rangt skráð um langt árabil eða vegna þess að raunvextir eru allt of háir. Ég tek það þó fram að auðvitað er þetta ekki byggðamál í sjálfu sér, ekki í eðli sínu. Þetta er miklu frekar þjóðarvandi sem kemur öllum landsmönnum í koll.

Vaxtamálin eru líka ansi fyrirferðamikil í þessu samhengi og hafa verið mikill örlagavaldur í íslensku atvinnulífi. Í því sambandi langar mig að nefna gjaldþrotin. Samkvæmt opinberum tölum urðu 73 gjaldþrot í Reykjavík árið 1982 hjá einstaklingum og félögum. Fimm árum seinna — aðeins fimm árum seinna — eða árið 1987 eru gjaldþrotin í Reykjavík orðin fimmfalt fleiri eða 351. Enn líða þrjú ár og við erum komin á árið 1990. Þá er samsvarandi tala í Reykjavík 932 gjaldþrot. Á þessum átta árum er um það að ræða að gjaldþrot í Reykjavík hafa þrettánfaldast. Það liggja ekki fyrir tölur utan Reykjavíkur frá seinustu árum en

ég hygg að aukningin utan Reykjavíkur sé mjög samsvarandi, ég veit að á árabilinu frá 1982 til 1987 fjölgaði gjaldþrotum úr 46 í 244.

Í hádegisfréttum var greint frá því að menn hefðu breytt framkvæmdafyrirkomulagi varðandi gjaldþrot með svonefndu tryggingagjaldi og af því mundi leiða nokkur fækkun skráðra gjaldþrota. Ég hygg hins vegar að sú fyrirkomulagsbreyting breyti ekki eðli málsins á nokkurn hátt. Þessi gífurlega aukning sem orðið hefur í gjaldþrotum á bara átta árum, eins og ég hef nefnt, þ.e. það virðist vera þrettánföldun, segir sína sögu og við hljótum að reyna að draga af henni einhverja ályktun. Hver er skýringin á þessum ósköpum? Ég er ekki í neinum vafa um skýringuna. Ég tel að það sé engin önnur skýring á þessu en sú að um miðjan seinasta áratug varð gífurleg hækkun raunvaxta, eins og flestir þekkja. Bara til þess að hafa það á hreinu hvað þarna var um mikla breytingu að ræða má nefna vexti á spariskírteinum sem voru liðlega 3% árið 1982 en voru komnir upp í 9% þegar líða tók á seinni hluta áratugarins. Sem sagt, raunvextir höfðu þrefaldast á fáum árum. Ég nefndi spariskírteinin, það má vissulega nefna aðra viðmiðun, t.d. raunvexti í bankakerfinu eða raunvexti hjá verðbréfasjóðunum. Ég hygg að það breyti ekki miklu, þarna var um að ræða þreföldun á raunvaxtastiginu á tiltölulega fáum árum. Það er þessi þreföldun á vaxtabyrðinni í þjóðfélaginu sem vissulega kemur ekki fram um leið og vaxtahækkunin verður heldur á lengri tíma vegna þess að vextirnir eru að hlaðast upp og menn eru að lenda í meiri og meiri þrotum, jafnt og þétt. En það þarf engan að undra þó að hraðinn verði alltaf meiri og meiri, eins og menn sáu á þessum tölum sem ég hef nú nefnt. Gjaldþrotin höfðu fimmfaldast á fyrstu fimm árunum, en þau höfðu þrettánfaldast eftir átta ár.

Auðvitað eru fleiri skýringar til á gjaldþrotahrinunni sem gengið hefur yfir á liðnum áratug, en ég er ekki í neinum vafa um að þetta er meginskýringin. Og svona í framhjáhlaupi segi ég hiklaust að raunvaxtahækkunin er líka meginskýringin á því hve verulega hefur hægt á hagvexti og atvinnuþróun hér á landi seinustu árin. Að vísu verður þar að taka inn í myndina minnkandi þorskveiði og aðra erfiðleika í þjóðarbúinu, en það er að minni hyggju alveg hiklaust meginskýringin á þessu vandamáli sem menn hafa verið að benda á að upp úr miðjum seinasta áratug fer hagþróun á Íslandi að verða verulega miklu hægari en áður var og verulega miklu hægari en í flestum öðrum OECD-löndum, en hafði áður verið miklu örari og miklu hraðari.

Ég viðurkenni það að vaxtamálið er ekkert sérstakt vandamál landsbyggðarinnar, en ég get samt ekki komist hjá því að nefna þetta vandamál hér vegna þess að ég held að fátt hafi dregið eins mikið úr uppbyggingu atvinnulífs víðs vegar um land í seinni tíð og einmitt vaxtapólitíkin. Staðreyndin er auðvitað sú að það er enn þá erfiðara úti á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu að koma auga á atvinnurekstur sem getur staðið undir þessu háa raunvaxtastigi eftir að þessi breyting hefur orðið.

Ég vil fara örfáum orðum um Atvinnutryggingarsjóð þótt það eigi við um þann sjóð sem ég nefndi hér áðan um vextina og sjávarútvegsmálin að þar er ekki eingöngu um byggðamál að ræða. Sjóðurinn var stofnaður haustið 1988 þegar hrun í sjávarútvegi blasti við og stjórn Þorsteins Pálssonar hrökklaðist frá völdum. Tilgangurinn með stofnun þessa sjóðs var að sjálfsögðu að fleyta atvinnulífinu í gegnum þá ólgusjóa sem þá blöstu við, í gegnum það kreppuástand sem þá var ríkjandi, án þess að efnahagslífið þyrfti að ganga í gegnum kollsteypu gengisfellingar og verðhækkana. Sjóðurinn var sem sagt fórnarkostnaður stjórnvalda á sínum tíma til þess að geta gert tvennt í senn: Gera sjávarútveginum kleift að endurskipuleggja fjárhag sinn og um leið að ná niður verðbólgu á sama tíma. Þetta tókst í seinustu ríkisstjórn. Sjávarútvegurinn mun og um leið allt efnahagslíf á Íslandi njóta þessa átaks á komandi árum. Þetta var ekki átak sem var bundið við þann tíma þegar það stóð yfir, heldur var þarna um að ræða átak sem mun gera okkur auðveldara að stjórna íslensku efnahagslífi um langt skeið, nú eftir að verðbólgunni hefur verið náð niður. En auðvitað tekur það líka nokkur ár að gera upp reikningana fyrir þann fórnarkostnað sem féll til á sínum tíma. Það þarf engum að koma á óvart. Og þess vegna nefni ég þetta mál hér að sú staðreynd að eftir að sjóðurinn lauk hlutverki sínu var hann vistaður hjá Byggðastofnun, má að sjálfsögðu aldrei verða til þess að framlag í Atvinnutryggingarsjóð flokkist undir fjárveitingar til byggðamála því að þetta var mál sem snerti þjóðfélagið allt.

Um Byggðastofnun og Byggðsjóð vil ég segja það að ég sé ekki betur en Byggðastofnun standi traustum fótum. Eigið fé Byggðasjóðs 30. apríl sl. var 1692 millj. kr. 99% af útlánum Byggðasjóðs eru gengistryggð eða verðtryggð. Hins vegar er Byggðastofnun almennt með veð fyrir aftan aðra stofnlánasjóði og banka. Sú hefur verið meginreglan alla tíð að Byggðastofnun hefur neyðst til og verið talið sjálfsagt að hún fengi ævinlega veð fyrir aftan aðra stofnlánasjóði og fyrir aftan bankana — þannig er það a.m.k. í yfirgnæfandi fjölda tilvika — og þetta hefur auðvitað sín áhrif þegar um mikla gjaldþrotahrinu er að ræða í þjóðfélaginu eins og núna er. Á þessum tímum þegar gjaldþrotum fjölgar sífellt má að sjálfsögðu búast við nokkrum áföllum og þess vegna hafa verið settar 1656 millj. kr. í afskriftareikning útlána. Áföll vegna gjaldþrota á komandi árum upp að þessu marki munu því ekki skerða þá eiginfjárstöðu Byggðastofnunar sem ég nefndi hérna áðan og er 1692 millj. kr.

En þá er rétt að varpa fram spurningunni: Hvað er brýnast í byggðamálum og hvað ber að forðast?

Í fyrsta lagi þarf að ýta undir frumkvæði og forustu heimamanna með því að efla kjördæmin stjórnsýslulega.

Það þarf að mynda byggðastjórnir í hverju kjördæmi sem gefi rétta og lýðræðislega mynd af íbúafjölda sveitarfélaga, svo og af skoðanahópum og valdahlutföllum stjórnmálasamtaka. Þá er ég einfaldlega að segja að núverandi kjördæmasamtök eru ekki fær um að gegna þessu hlutverki. Þar verða að koma til sam-

tök sem byggja á lýðræðislegri grunni en núverandi kjördæmasamtök gera og þarf varla að skýra það frekar fyrir þá sem til þekkja.

Það þarf einnig að efla starfsemi Byggðastofnunar og koma upp útibúum í öllum kjördæmum. Að því hefur verið unnið á undanförnum árum og ég tel að það mál sé á góðri leið.

Það þarf einnig að efla atvinnuþróunarfélög og atvinnuþróunarsjóði sem eru nú þegar að nokkru til í kjördæmunum. Þeir þurfa að vera til í öllum kjördæmum. Þessi atvinnuþróunarfélög ættu að yfirtaka hluta af starfsemi Byggðastofnunar.

Það þarf að sameina og stækka sveitarfélögin svo að þau verði fjölmenn og sterk og það þarf að efla fjárhag þeirra. Hins vegar á alls ekki að una lengur við forréttindi Reykjavíkurborgar í skattamálum. Þau forréttindi sem allir þekkja, og eru auðvitað ekki í takt við tímann, eru á kostnað annarra sveitarfélaga í landinu. Þessi forréttindi eiga að hverfa úr sögunni.

Það þarf að jafna raforkuverð um land allt. Til þess þarf að minni hyggju vafalaust að sameina Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun.

Það þarf að endurskipuleggja farþegaflutninga innan lands á sjó og landi. Hins vegar ber að sjálfsögðu að forðast það að draga úr bráðnauðsynlegri þjónustu Skipaútgerðar ríkisins eins og núverandi ríkisstjórn virðist áforma.

Það þarf að flytja a.m.k. tvær ríkisstofnanir á ári hverju út á land næsta áratuginn. Það verður að tryggja það að uppbygging stórfyrirtækja eigi sér víðar stað en á höfuðborgarsvæðinu. Stuðningur stjórnvalda í tíð seinustu ríkisstjórnar við flutning Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvöll og við flutning sjávarútvegsfyrirtækisins Ingimundar til Siglufjarðar var hvort tveggja dæmi um það hvernig rétt er að halda á málum, skref í rétta átt sem vísar veginn til frekari aðgerða af sama tagi.

Það á ekki að selja Rás 2 eins og Sjálfstfl. hefur boðað. Þvert á móti á að efla Ríkisútvarpið og það á að tryggja að allir landsmenn geti notið útsendinga þess en enn þá vantar töluvert upp á að svo sé. Ljósleiðarakerfi Pósts og síma gæti vissulega bætt þar verulega úr og þarf að athuga það nánar.

Áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, langar mig að fara örfáum orðum um óskabarnið sem minna hefur orðið úr en efni stóðu til. Þar á ég við fiskeldið. Fiskeldið hefur orðið þung byrði á sjóðakerfinu og því eðlilegt að ræða stöðu þess alveg sérstaklega. Það er grátlegt, því verður ekki neitað, það er grátlegt hvernig farið hefur fyrir fiskeldinu. 23 eldis- og hafbeitarstöðvar hafa orðið gjaldþrota og gífurlegir fjármunir hafa tapast. Lán Byggðastofnunar til laxeldisins nema 1400–1500 millj. kr. eins og mál standa nú. Enn eru um 50 stöðvar í rekstri, sumar á vegum þrotabúa eða stofnlánasjóða en flest þessara fyrirtækja eru í gífurlegum erfiðleikum.

Ég tel rétt að við veltum aðeins fyrir okkur spurningunni: Hvers vegna fór svona illa í laxeldinu? Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á og það er það sem menn verða. Menn sjá nú hvað var að, eftir á. Að sjálfsögðu var farið allt of geyst af stað og ekki af nægilegri fyrirhyggju. Sjóeldi reyndist miklu erfiðara hér við land en menn höfðu gert sér vonir um og menn höfðu reynslu af í nálægum löndum. Íslensku laxastofnarnir reyndust ekki henta vel til eldis. Það uppgötvuðu menn ekki fyrr en eftir á. Úr því má að sjálfsögðu bæta. Verð hefur farið mjög lækkandi á erlendum mörkuðum með stórauknu framboði og það er núna 20% lægra en það var fyrir fáum árum. Uppbygging laxeldisins lenti auk þess í vaxtasprengingunni miklu sem ég gerði áðan að umtalsefni og það hefur sannarlega goldið þess grimmilega. Afurðalánafyrirgreiðslan við laxeldið var frá upphafi mjög óhagkvæm, bæði dýr og ófullkomin og er það enn.

En þá er kannski eðlilegt að menn spyrji: Var rangt að hefja laxeldi hér á landi? Ég held að margir þeirra sem spyrja sig þeirrar spurningar séu furðufljótir að gleyma umræðunni eins og hún var almennt í þjóðfélaginu fyrir fimm árum síðan. Um miðjan seinasta áratug voru Íslendingar varla byrjaðir að framleiða lax í eldis- og hafbeitarstöðvum og þá, árið 1985, var útflutningur á laxi og silungi aðeins 17 millj. kr. Á sama tíma höfðu Norðmenn gert laxeldið að feikilegri stóriðju sem mokaði þá þegar til þeirra tugum milljarða króna. Írar, Skotar og Danir voru einnig komnir á fljúgandi ferð við uppbyggingu laxeldis. Máltækið segir: „Sveltur sitjandi kráka" og staðreyndin er sú að mönnum fannst þá að engin ný atvinnugrein lofaði jafnmiklu og góðu eins og einmitt laxeldið. Það var því eðlilegt að menn spyrðu sig á þeim tíma: Eigum við að sitja með hendur í skauti? Um það spurðu menn sig um land allt og svöruðu neitandi.

Markaður fyrir laxaseiði í Noregi var mjög góður og það var byrjunin. En skömmu eftir að menn fóru að selja inn á þann markað lokaðist hann mjög snögglega og íslenskar stöðvar sátu uppi með gríðarlega mikið magn af óseljanlegum seiðum. Þá var tekin ákvörðun um það að fara út í matfiskeldi, sem svo er kallað, í mjög stórum stíl. Og núna, fimm árum seinna, er útflutningsverðmæti eldis- og hafbeitarstöðva risið úr þessum 17 millj. sem það var fyrir fimm árum í 690 millj. kr. og hefur tekið feiknastökk upp á við á aðeins fimm árum. En fjárhagsstaðan er erfið, því er ekki að neita.

Ég vil þó minna á í þessu samhengi að Ísland er ekki eina landið í veröldinni sem glímir við erfiðleika í laxeldi. Ef þið hafið hlustað á útvarpsfréttir í gær hafið þið vafalaust tekið eftir frétt frá Noregi þar sem kom fram að nær allar laxeldisstöðvar, eins og Ríkisútvarpið orðaði það, hvort sem það er nú satt eða ekki en þannig var það orðað, nær allar laxeldisstöðvar í Noregi yrðu gjaldþrota á næstu dögum ef ekki fengist 13 milljarða kr. styrkur til norsks laxeldis frá ríki og bönkum. Þannig er ástandið í þessari atvinnugrein, ekki bara á Íslandi heldur í öllum hinum löndunum þar sem hún er stunduð. Og menn verða að gera sér grein fyrir því að þetta gerist ekki bara á sviði laxeldis heldur getur þetta gerst á mjög mörgum öðrum sviðum atvinnulífs og hefur verið að gerast á undanförnum áratugum. Þetta er ekkert einstakt með laxeldið.

Uppbygging íslensks atvinnulífs hefur aldrei gengið áfallalaust. Við höfum orðið fyrir áföllum aftur og aftur á þeim sviðum þar sem uppbygging hefur verið hvað mest. Áföllin og tapið í fiskeldinu stafa að sjálfsögðu af reynsluleysi, þekkingarleysi og vankunnáttu en líka af þessum erfiðu ytri aðstæðum, lækkandi verði og háum vöxtum.

Ég tel hins vegar að þekkingin og reynslan sem hefur fengist á þessum fimm árum geti orðið margra milljarða virði á komandi árum. Ef ég er spurður að því hvort ég telji tíma til kominn að hætta við laxeldið, þá svara ég alveg hiklaust að það væri glapræði. Það væri glapræði að gefast núna upp þótt móti blási. Það verður að reyna að láta þær stöðvar lifa sem hafa einhverja lífsmöguleika í von um batnandi afkomu með minnkandi framleiðslukostnaði, hugsanlega með aðeins hækkandi verði á nýjan leik eins og margir gera sér vonir um og með ýmiss konar hagræðingu sem víða er í fullum gangi.

Að lokum: Hver er framtíð fiskeldisins? Ég held að við verðum að hafa það í huga að eftir nokkur ár verður seiðaeldi til eflingar þorskstofninum komið í fullan gang hér á landi. Til þess að hjálpa náttúrunni svo að um munar við ræktun þorskstofnsins þarf að sjálfsögðu gífurlegt magn seiða en sú framleiðsla væri áreiðanlega fljót að borga sig ef vel tækist til. Ég bendi því á að þekkingin og tæknin sem hefur verið að flæða inn í landið á seinustu árum með laxeldinu ásamt auðvitað miklu af ónotuðum fjárfestingum gjaldþrota fyrirtækja sem nú eru fyrir hendi, þetta hvort tveggja á hugsanlega eftir að koma okkur að mjög góðum notum á næstu árum við uppbyggingu þorskstofnsins. Að sjálfsögðu eru vonir okkar ekki eingöngu bundnar við stóraukið laxeldi þrátt fyrir áföllin og hugsanlegt þorskeldi á komandi árum. Möguleikarnir eru fjöldamargir aðrir eins og flestir þekkja. Bleikjueldi lofar mjög góðu og gefur gott verð. Lúðueldi er hafið og miklir möguleikar virðast liggja í eldi heitsjávarfiska með aðstoð jarðhita þótt við höfum ekki enn spreytt okkur á þeim möguleikanum.

Ég segi að lokum um þetta stórkostlega mikilvæga mál: Hvers konar fiskeldi er sjálfgefið viðfangsefni okkar Íslendinga með þá frábæru aðstöðu sem við höfum á þessu sviði frá náttúrunnar hendi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að fram mun fara umræða utan dagskrár um heimsmeistaramótið í handbolta kl. 5.30 til 6 í dag, að beiðni hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, og er það skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu ársskýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1990. Get ég vissulega tekið undir orð Byggðastofnunar sem fram koma þar í athugasemdum að sú búseturöskun sem orðið hefur hlýtur að vera okkur mikið áhyggjuefni. Sú búseturöskun er ekki gott mál fyrir höfuðborg landsins og hún er heldur ekki hagstæð fyrir landsbyggðina. Hún er sem sagt ekki gott mál fyrir neinn íbúa landsins. Það kallar á ný mannvirki á höfuðborgarsvæðinu, það kallar á meiri fjárfestingar, uppbyggingu skóla og heilbrigðisstofnana og það kallar jafnframt á að sömu stofnanir verði vannýttar úti á landsbyggðinni.

Samþykkt hafa verið ný lög um Byggðastofnun þar sem talað er um að nú verði áherslubreyting í starfsemi stofnunarinnar. Í framtíðinni muni hún sinna meira byggðaáætlunum og þróunarverkefnum. Það er vissulega gott og vel — Byggðastofnun hefur sinnt þeim verkefnum — og hún mun sinna þeim í enn meira mæli á næstu árum. En á síðustu árum hafa oft verið samdar miklar og góðar skýrslur um þróun byggðamála og um einstök svæði en því miður hefur ekki alltaf mikið af þeim áætlunum komist í framkvæmd.

Hver er þá vilji stjórnvalda sem nú ráða gangi mála til þess að hafa áhrif á byggðaþróun? Það verður að segjast eins og er að íbúar landsbyggðarinnar a.m.k. telja ekki að vilji stjórnvalda í dag sé mjög jákvæður. Sú umræða sem komið hefur frá ríkisstjórn landsins hefur ekki verið í þeim dúr að íbúar landsbyggðarinnar þurfi neitt sérstaklega að hlakka til. Það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan vekur heldur ekki miklar vonir. Það er dökkt útlit hjá atvinnulífinu á landsbyggðinni en það er á því sem mannlífið byggist á.

Í sl. viku hitti ég nokkuð marga úr atvinnulífinu, að sjálfsögðu aðallega úr mínu kjördæmi, og það sem þeir sögðu var þetta: Á næsta ári fáum við að sjá hvort sjávarútvegurinn á landsbyggðinni lifir eða deyr. Það verða að koma til aðgerðir sem skuldbreyta og sem lækka vexti. Öðruvísi lifir atvinnulífið ekki af. En það sem við höfum heyrt frá stjórnvöldum er ekki til þess fallið að glæða vonir okkar um að þau hugsi sér að gera eitthvað í þeim málum.

Sjávarútvegurinn verður áfram undirstaða byggðar í landinu. Það getur ekki annað orðið á næstu árum. Við sjáum það ekki fyrir okkur. En vissulega þarf jafnhliða að auka störf í þjónustugreinum. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. hér áðan að sú aukning sem orðið hefur í þjónustugreinum er aðallega á suðvesturhorninu en mjög lítið á landsbyggðinni. Þar komum við líka inn á það að konum fækkar á landsbyggðinni en fjölgar jafnframt á höfuðborgarsvæðinu. Það vantar atvinnutækifæri fyrir konur úti um landið. Ef ekki fjölgar í þjónustugreinunum á landsbyggðinni, þá fjölgar ekki störfum fyrir konur. Miðað við stöðuna sem er í dag, þá eru þær meiri hluti þeirra sem stunda þau störf.

Það er vissulega jákvætt að félmrn. hefur veitt á síðasta ári, þessu yfirstandandi ári og mun veita á næsta ári 15 millj. kr. til uppbyggingar atvinnu fyrir konur í dreifbýli. Nýlega var haldin á Vestfjörðum mikil atvinnumálaráðstefna sem konur stóðu fyrir og sóttu hana um 100 konur. Þar komu fram mjög margar hugmyndir um það sem hægt væri að gera í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og ekki bara fyrir konur heldur fyrir alla íbúa. Ég vona svo sannarlega að framhald verði á þeirri vinnu sem þar byrjaði með hópum sem þegar hafa verið settir í gang til að vinna

áfram að þeim hugmyndum. Einnig kom það fram hjá mörgum þeim sem sóttu þessa ráðstefnu að þeir vonuðust til að hún væri aðeins byrjunin á fleiri slíkum úti um landið.

Hver skyldi þá í raun og veru vera undirrótin að þeirri byggðarröskun sem orðið hefur? Atvinna skiptir miklu máli. En það kom líka fram í máli hæstv. forsrh. áðan að á Vestfjörðum, þar sem fólki hefur fækkað mest, er það ekki vegna þess að atvinnu hafi vantað því að þar eru atvinnutekjur með því hæsta sem gerist á landinu og atvinnuleysi hefur varla verið þar mælanlegt. En hvað er það þá? Það vantar fjölbreytni. Atvinnulífið er of einhæft. Það byggir of mikið á sjávarútveginum sem er aðalundirstaðan. Þegar einhverjar sveiflur verða í honum hlýtur atvinna að minnka.

Fólkið horfir líka á fleira og það er hvernig aðstaðan er til að lifa á hverjum stað. Hv. þm. Ragnar Arnalds kom nokkuð inn á að það væri aðstöðumunur sem skipti máli líka og það held ég að sé í raun og veru og hafi verið á undanförnum árum þegar næg atvinna hefur verið. Það hefur verið aðstöðumunurinn sem hefur skipt máli. Það eru almenn lífskjör, það hvað kostar að reka heimili, það er orkukostnaðurinn, það er vöruverðið, það eru skólarnir og heilbrigðisstofnanirnar. Það er þetta sem skiptir máli þegar fólk er að velja sér búsetu eða velja hvort það vill vera áfram á þeim stöðum sem það býr á. Því miður hefur það verið svo á undanförnum árum, sérstaklega hvað varðar rekstrarkostnað heimilanna, að ekki hefur náðst hljómgrunnur fyrir því fyrr en nú á allra síðustu árum. Sl. vor var það í stefnuskrá núv. ríkisstjórnar að stuðla að lækkun orkukostnaðar í landinu. Það er jákvætt svo langt sem það nær. Ég óttast hins vegar að ekki sé nóg að gert.

Einnig hefur verið rætt um að stofnanir þurfi að flytja út á land. Um það hefur verið rætt í áratugi. Hvernig hefur það gengið? Það hefur gengið mjög hægt, það viðurkenna allir. Skógrækt ríkisins var flutt út á land á síðasta kjörtímabili með miklum látum sem allir muna sjálfsagt. Ég hef ekki heyrt um hvaða stofnun eigi næst að flytja út á land. Og ég held að það gangi ekki að vera alltaf að tala um að við ætlum að flytja stofnanir út á land. Það sem þarf að gera er að leggja þær niður í Reykjavík og stofna aðrar nýjar úti á landi. Það þýðir ekki að segja að við ætlum bara að flytja stofnanir út á land heldur verður að leggja þær niður, breyta þeim að einhverju leyti og stofna þær upp á nýtt eða nýjar stofnanir úti á landi. Öðruvísi verður ekki fjölgun í opinberum störfum úti á landi. Hins vegar þarf þetta vissulega að fylgjast að, opinber þjónusta, uppbygging í henni og atvinnuuppbygging með framtaki einstaklinga.

Samgöngur skipta miklu máli. Samgöngur eru nánast nr. eitt, tvö og þrjú þegar við ræðum um byggðamál, en mikið hefur áunnist í samgöngumálum síðustu árin og við horfum öll til þess að svo muni verða áfram á næstu árum. Við færum staðina saman með því að stytta leiðir á milli þeirra en ekki með því að taka fólkið af einum stað og flytja það yfir á annan.

En hvar skyldi svo grunnurinn liggja? Ef við reynum að grafa djúpt og leita, hvar liggur grunnurinn í allri þessari búseturöskun? Ég hef nefnt aðstöðumuninn, almennu lífskjörin, en það er líka annað sem er stórt mál. Ég ætla að vitna í bók eða rit sem heitir „Byggðamál á Norðurlöndum", með leyfi hæstv. forseta, hluta greinar eftir Gunnlaug A. Júlíusson:

„Allir þekkja, bæði beint og af afspurn, harmsögu sveitarstjórnarmanna utan af landi þegar þeir fara í ferðir suður til Reykjavíkur í þeim tilgangi að sarga peninga út úr fjárveitingavaldinu. Hér getur verið um að ræða fjárveitingar í verkefni sem viðkomandi sveitarstjórnir leggja sérstaka áherslu á að unnið verði að. Einnig getur verið um að ræða verkefni sem ríkið á að fjármagna að hluta til með sveitarstjórnum, en það stendur ekki við að greiða sinn hluta án eftirgangsmuna og þá þurfa sveitarstjórnarmenn að herja út lögboðnar skuldbindingar með suðurferðum. Þetta fyrirkomulag, sem of mörgum þykir sjálfsagt, er afar niðurlægjandi fyrir þá sem starfa að sveitarstjórnarmálum, svo að ekki sé meira sagt. Það fyrirkomulag, sem hér er við lýði, að öllu framkvæmdafé skuli úthlutað af Alþingi og í gegnum stofnanir í Reykjavík, er dæmi um lénsskipulag sem hefur verið kollvarpað fyrir löngu í öllum nágrannalöndum.

Vitaskuld reynir núverandi ástand að viðhalda sjálfu sér því að úthlutun fjármagns fylgja völd. Völdum fylgja margs konar áhrif og fríðindi sem erfitt er að sjá á bak. Því er andstaða við breytingar á því kerfi sem hér er við lýði ekki endilega rökræn umræða sem byggist á staðreyndum, heldur eðlileg tregða núverandi kerfis til að viðhalda sjálfu sér.

Til þess að auka ábyrgð sveitarstjórnarmanna varðandi ákvarðanatöku í málefnum sinnar heimabyggðar, gera framkvæmdaröðun markvissari og í samræmi við vilja heimamanna, ásamt því að dreifa völdum í þjóðfélaginu, er ekki einungis nauðsynlegt, heldur óhjákvæmilegt að landshlutasamtök fái tekjur beint og milliliðalaust af innheimtu skatts. Með því móti eykst sjálfstæði heimaaðila og völd og áhrif flytjast út á land frá miðstýringunni í Reykjavík.

Mikilsvert atriði í þessu sambandi er sú atvinnusköpun sem völdum og peningaumsýslu fylgja. Gegnum árin hefur ein af aðalástæðum fólksflótta af landsbyggðinni verið sú að það fólk, sem fer í langskólanám úr hinum dreifðu byggðum, kemur ekki nema að litlu leyti heim aftur vegna þess að verkefni við hæfi þess eru ekki fyrir hendi í heimabyggðum. Þau eru hins vegar fyrir hendi í Reykjavík. Með því að flytja völd, ákvarðanatöku og peningaumsýslu út til landshlutasamtakanna eru störf einnig flutt þangað. Því yrði slík kerfisbreyting, sem hér hefur verið lýst, landsbyggðinni til góðs í margháttuðum skilningi. Þangað væru flutt völd, áhrif og atvinna.

Með því að byggja upp landshlutasamtök sem hafa sjálfstæðan tekjustofn yrði grundvallarbreyting á valdauppbyggingu í þjóðfélaginu því að peningum fylgja völd og völdum fylgja áhrif. Í stað þess að vera þiggjendur, sem hafa lítil áhrif á forgangsröðun verkefna á annan hátt en með því að senda undirskriftir og óskalista, þá hefðu heimamenn öll ráð í sinni hendi hvað

varðar forgangsröðun verkefna á sumum sviðum, svo sem í mennta- og heilbrigðismálum.

Þýðing slíkrar valdreifingar yrði gífurleg fyrir landsbyggðina. Í stað þess að sækja vilyrði fyrir öllu því sem gera skal suður til Reykjavíkur færi ákvarðanatakan um mörg mikilvæg málefni fram heima í héraði."

Og að lokum segir: „Ef landshlutasamtök fengju beina tekjustofna og sæju alveg um ákvarðanatöku við ákveðnar fjárfestingar, þá mundu starfshættir Alþingis breytast verulega. Minni hluti af tíma þess færi þá til að huga að fjárveitingum í hin margvíslegustu smáverkefni sem eiga ekkert skylt við aðalverksvið þingsins. Því mundi þessi kerfisbreyting, sem hér hefur verið lýst, hafa í för með sér markvissari vinnubrögð, bæði heima í héraði og einnig í sölum Alþingis."

Ég held að með þessu ljúki ég máli mínu um ársskýrslu Byggðastofnunar að sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Sú nýlunda er í dag að hæstv. forsrh. er í þingsalnum og hefur gefið mönnum kost á að ræða landsins gagn og nauðsynjar í umræðum um skýrslu um byggðamál. Það er mjög virðingarvert og ákaflega óheppilegt að slíta þá umræðu í sundur. Í 50. gr. þingskapa segir svo: „Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár." Það er engin undanþága frá þessari skyldu á forseta og því algjörlega óheimilt á miðjum þingfundi að tilkynna að upp verði tekin utandagskrárumræða. Ég vil vekja athygli á þessu hér, ekki vegna þess að mér sé ekki ljóst að það mál er komið í hnút eins og fleiri mál hjá hæstv. ríkisstjórn, hún liggur því vel við höggi, heldur hins að með formlegum hætti hlýtur að verða að krefjast þess að forseti virði 50. gr. — alveg eins og okkur er ætlað að virða rauð, gul og græn ljós í borðinu — og fari eftir texta hennar undanbragðalaust, og tilkynni það í upphafi þingfundar ef fram eiga að fara umræður utan dagskrár.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það lá ekki fyrir í upphafi þessa fundar hvort sú utandagskrárumræða, sem hefur verið tilkynnt úr forsetastóli að eigi að fara fram kl. 17.30, mundi fara fram í dag eða annan dag. Það varð hins vegar samkomulag við formenn þingflokkanna um að umræðan gæti farið fram kl. 17.30 í dag til þess að slíta ekki sundur þá umræðu sem hér fer fram, en gert er ráð fyrir kvöldfundi til þess að halda henni áfram.

Forseti tekur alveg undir að það er slæmt að þurfa að víkja frá þingsköpum að þessu leyti, en þarna var fyrst og fremst um það að ræða hvenær hægt væri að tímasetja þessa umræðu, hvort hún yrði í dag eða á morgun. Það vissi forseti ekki í upphafi þessa fundar og þess vegna var það tilkynnt strax og forseti komst að til að gera það.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að valdsvið forseta er ærið. Engu að síður eru því takmörk sett með þeim leikreglum sem þingsköp áskilja og 50. gr. er alveg skýlaus hvað þetta snertir. Hér stendur hvergi að það geti átt sér stað að forseti, eftir samkomulag við þingflokksformenn, hafi heimild til að brjóta 50. gr. Það er ekki ýjað að þessu einu einasta orði. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. forseta lesa úr forsetastóli þann texta þingskapanna sem heimilar að þverbrjóta rétt þingmanna. Ég vænti þess að hæstv. forseti geri sér grein fyrir að það kallar á storma og stríð ef þeir sem ætla að halda öðrum til aga og reglna á þingfundum telja sér ekki skylt að fara sjálfir eftir þingsköpunum.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum styðja viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar og greiða fyrir aðlögun að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Ríkisstjórnin vill í samvinnu við heimamenn beita sér fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar á landsbyggðinni og hlúa að vexti og viðgangi smáfyrirtækja. Efling vaxtarsvæðanna, með bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra, er í senn hornsteinn hagkvæmrar byggðastefnu og almennrar atvinnu- og efnahagsstefnu á næstu árum. Ríkisstjórnin mun fylgja eftir áætlunum sínum um jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu. Ríkisstjórnin mun starfa í anda sátta milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir."

Hér hafa verið höfð stór orð uppi af þingmanni Alþb. og Framsfl. þess efnis að stefna þessarar ríkisstjórnar hafi nú þegar gjörsamlega brugðist og allt hafi snúist til hins verra á landsbyggðinni. Ég er viss um að þeir geta tekið undir það að þetta er stefna, sem hér hefur verið lesin upp og þeim er kunn, sem getur þjónað mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni ef hún nær fram að ganga. Það hlýtur hverjum manni að vera ljóst að of snemmt er að dæma um það núna hvort þessi stefna nær fram að ganga og hvort hún nær að skila þeim árangri sem við öll væntum.

Það er ekki gott að horfa til framtíðar í gegnum sjóngler fordómanna. Því miður virtist mér sérstaklega hv. þm. Páll Pétursson vilja líta svo á byggðamálin. Ég get ekki tekið undir orð fyrrv. forsrh. þegar hann sagði eitt sinn að byggðastefnan hefði brugðist. Þá erum við hv. þm. Páll Pétursson sammála. Satt er það að margt í byggðastefnu undangenginna ára hefur brugðist en margt tekist vel og þar hefur Byggðastofnun gegnt mjög mikilvægu hlutverki og oftast rækt það vel og skynsamlega. Auðvitað má deila um ýmsar ákvarðanir og gjörðir sem svo stór og mikilvæg stofnun tekur og stendur að, en í heild hefur Byggðastofnun á mörgum sviðum lyft grettistaki, ekki bara komið til hjálpar heldur lagt grundvöll að nýsköpun í atvinnumálum

á landsbyggðinni frekar en ella hefði orðið.

Við hvers konar vanda er að etja á landsbyggðinni? Meginvandinn á landsbyggðinni er sá að kvótakerfið og lág laun fiskverkunarfólks fara víða illa með byggðarlög. Þetta eru tvö stærstu vandamálin sem við er að etja á landsbyggðinni núna. Það eru lág laun þeirra sem vinna við frumatvinnuveginn, sjávarútveginn, og svo hins vegar kvótakerfið sem ekki bara raskar byggð heldur ógnar byggð vegna þess að þeir sem þurfa að starfa og lifa undir ógn kvótakerfisins geta búist við á hvaða tíma sem er að kvótinn, grunnurinn undir heimilunum, verði seldur burt. Atvinnuréttindi fólksins í byggðunum eru hvergi virt þegar kvótabraskið er annars vegar. Það hlýtur að skipta máli fyrir atvinnulífið í landinu þegar kvótabraskið getur numið 4 milljörðum á ári. Það hlýtur að muna miklu fyrir lítið byggðarlag er telur 350 manns að þurfa að kaupa kvóta fyrir 100 millj. kr. þegar skipið sjálft kostar 90 millj. Það hlýtur að skipta líka máli fyrir atvinnu fólksins á þeim stað þaðan sem skipið er selt. Við getum ekki varið slíkt kerfi. Það er svo meingallað að hér verður að takast á við málið, enda er það í endurskoðun í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin hefur heitið því að hér verði gerð breyting á. Þetta er eitt stærsta landsbyggðarmálið, þ.e. að treysta grundvöll sjávarútvegsins og atvinnunnar í þorpunum vítt og breitt um landið.

Hitt málið er lág laun fólksins er vinnur við sjávarútveginn og sérstaklega í fiskvinnslunni. Ég trúi ekki öðru en að ríkisstjórnin hafi forustu um að þar verði misréttið leiðrétt ef svo heldur fram sem horfir og verið hefur allt of lengi, allt of mörg ár, að þessi störf sem í raun og veru leggja grundvöll að þjóðarbúinu séu vanmetin.

Það eru fleiri mál sem rétt er að vekja athygli á í þessari umræðu. Það er satt að mikil búseturöskun hefur verið hér í landinu, ekki bara síðasta áratug og ekki bara síðustu tvo áratugi heldur lengur. Ein meginástæðan fyrir búseturöskuninni til viðbótar því sem ég hef sagt áður er ríkisþenslan í Reykjavík. Fjárfestingargleði ríkisins í Reykjavík og útþensla ríkisbáknsins í Reykjavík hefur náttúrlega skapað aðstöðumun á vinnumarkaði, fjárfestingarmarkaði, peningamarkaði og hvaða markaði sem er í raun og veru. Það hlýtur að skipta máli fyrir atvinnulífið í Reykjavík þegar ráðist er í framkvæmdir er kosta einn milljarð króna, eins og t.d. þegar ákveðið var að gera við Þjóðleikhúsið á stuttum tíma, innan árs. Það hlýtur að skipta máli fyrir atvinnulífið hér í Reykjavík og það sogar til sín með óbeinum hætti vinnuafl af landsbyggðinni, vinnuafl m.a. úr fiskvinnslunni, sem þolir ekki samkeppni við svona mikla fjárfestingargleði. Það hlýtur líka að skipta mjög miklu máli fyrir byggðina í landinu og fjármál ríkissjóðs þegar fyrrv. fjmrh. gerir í skyndi fyrir kosningar samning við Reykjavíkurborg um að greiða gamlar skuldir upp á 1 milljarð kr., skuldir fyrir framkvæmdir í vegagerð sem ekki allar finnast einu sinni í vegáætlun. Þetta skiptir máli fyrir getu ríkissjóðs til þess að standa að framkvæmdum í vegamálum þegar horft er til framtíðar og það er þegar farið að segja til sín þegar ríkissjóður þarf að borga af þessari skuld á fjórða hundrað millj. kr. á þremur árum. Þeir peningar eru náttúrlega hvergi teknir annars staðar en frá framkvæmdum sem miða að því að leysa úr brýnasta vanda. Samgrh. lýsti því hér yfir að tæpast yrði farið í jarðgangagerð á Austurlandi fyrr en í fyrsta lagið 1998 eða 1999 og okkur þótti það, þingmönnum Austurlands sem hér töluðu, heldur seint í verkin farið og það er rétt. Auðvitað finnst manni það vont að hugsa til þess að í svo mikilvæga framkvæmd verði ekki farið fyrr en eftir sex eða sjö, jafnvel átta ár, þegar við horfum upp á áætlanir í Reykjavík sem teljast skyndiframkvæmdir til þess að byggja hús er kostar milljarð króna. Það virðist annar mælikvarði gilda yfir höfuð á þær framkvæmdir sem farið er í hér í Reykjavík en nauðsynlegar framkvæmdir er tengjast landsbyggðinni. Við landsbyggðarþingmenn eigum ekki að una þessum mælikvarða. Við þurfum að standa fyrir nýju gildismati. Ef hægt er að byggja eitt stykki hús í Reykjavík á tveimur, þremur árum fyrir milljarð kr. og taka um það ákvörðun ári áður eða svo, hljótum við að geta krafist þess að sami mælikvarði gildi um framkvæmdir úti á landi. Þetta gildir líka um ofþensluna í öllum rekstri ríkisvaldsins í Reykjavík. Það má segja að hafi atvinnulífið í Reykjavík verið í örum vexti, þá hafi það fyrst og fremst verið vegna aukinna ríkisumsvifa, enda er ríkisvaldið langstærsti vinnuveitandi hér í Reykjavík. Gerið ykkur í hugarlund hvað stórt það þorp eða sá kaupstaður yrði, sem mundi ekki hafa neitt annað en Háskóla Íslands og stofnanir hans? Ef Háskóli Íslands yrði staðsettur utan Reykjavíkur í sjálfstæðu sveitarfélagi, hvað þyrfti margt fólk að búa á þeim stað og hvað gæti Háskóli Íslands einn og sér staðið undir stóru samfélagi? Þetta er rétt að íhuga og hvað sú stofnun er í raun og veru mikilvægur þáttur í öllu atvinnulífi og fjármálum Reykjavíkurborgar. Það er ekki að undra að Reykjavíkurborg geti ráðist í stórar og dýrar framkvæmdir á borð við ráðhúsið, á borð við Öskjuhlíðarhús, Perlu, og aðrar álíka, þegar svo vel er staðið að fjárhagi þessarar borgar og þegar sá fjárhagur stendur á jafnföstum rótum og ríkisvaldið hefur tryggt á undanförnum árum.

Það eru orð að sönnu sem segir í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að flytja þarf ríkisstofnanir út á land og það er rétt sem hv. 6. þm. Vestf. benti á að það þyrfti að hætta að tala um þetta, það þyrfti að grípa hér til einhverra framkvæmda. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. undirbúi sig til þess að fara að gera þinginu grein fyrir því hvaða stofnanir þetta verði.

Á sínum tíma var nefnd að störfum sem nokkrir hv. þm. sátu í. Hún gerði mikla úttekt á þessum málum, gaf út þykka bók og taldi upp margar stofnanir sem framkvæmanlegt væri að flutt yrðu út á land. Ég bjóst hálfpartinn við því að þessir hv. þm. sem sumir voru ráðherrar í síðustu ríkisstjórn gerðu alvöru í því að flytja eins og eina stofnun úr bókinni út á land. Það var nú tæpast. Jú, Skógrækt ríkisins komst í Egilsstaði og það hefur munað litlu síðan að hún flyttist aftur suður vegna húsnæðisvandræða. Ekki var nú betur búið að þeirri stofnun en það, en nú er verið að koma þeim

málum á fastan grundvöll. Það væri sannarlega ástæða til að dusta rykið af þessari þykku og stóru bók og athuga hvort ekki mætti nýta þá vinnu sem á bak við hana liggur til þess að hefja þetta starf nú þegar. Auðvitað eru margar stofnanir sem geta verið úti á landi og þarf ekki að fara mörgum orðum um það.

Það er fagnaðarefni hvað samvinna sveitarfélaga hefur verið að aukast að undanförnu. Sú nefnd sem hefur verið að störfum og ferðast um landið og átt viðræður við sveitarfélög hefur unnið nú þegar mikið og gott starf og það ber að þakka. Nú eru viðræður í gangi mjög víða í landinu, ekki endilega alls staðar til þess að sameina sveitarfélög, heldur einnig til þess að auka alla samvinnu sveitarfélaga. Telja verður að þetta sé eitt mikilvægasta átak sem átt hefur sér stað í byggðamálum á undanförnum árum og erum við ekki enn búin að sjá alla þá ávexti sem af þeirri samvinnu geta sprottið þegar fram líða stundir.

Virðulegi forseti. Samhliða því sem alvarleg búseturöskun hefur orðið í landinu hafa lífskjörin á landsbyggðinni versnað og þau hafa versnað í samanburði við lífskjörin hér í Reykjavík. Á einum vettvangi hefur þó verið staðið sérstaklega vel að málum á sl. þremur árum en það er húsnæðisstefna síðustu ríkisstjórnar og sú húsnæðisstefna sem nú þegar hefur verið mörkuð af þessari ríkisstjórn, að halda áfram að byggja íbúðir á landsbyggðinni á grundvelli hins félagslega átaks. Á þessu ári er verið að byggja 600 íbúðir á vegum hins félagslega kerfis. Á síðasta ári voru byggðar 800 íbúðir og það má spyrja sig að því hvernig húsnæðismálum á landsbyggðinni væri komið ef þetta átak hefði ekki verið gert. Hér á hæstv. félmrh. miklar þakkir skildar fyrir mikla dugandi og harða baráttu fyrir það að ná þessum málum fram. Hér hefur náttúrlega verið stigið mjög stórt og mikilvægt skref til þess að treysta byggðina í landinu, stærra skref en stigið hefur verið en á mörgum öðrum sviðum byggðamála.

Það er alveg ljóst að framfarir á sviði tækninnar leyfa að aukin starfsemi á vegum ríkisins geti farið fram á landsbyggðinni. Ég gæti meira að segja hugsað mér það að Þjóðhagsstofnun gæti verið staðsett utan Reykjavíkur. Og þannig er hægt að hugsa sér að stofnanir sem í raun og veru eru ekki nema sími og tölva, (**EgJ:** Og nafnið.) og nafnið, Egill, það er rétt, og nokkrir starfsmenn sem starfa við þessi tæki og tól og aðrir þurfa þar ekki að koma að, geti verið á landsbyggðinni. Það má örugglega flytja tölvurnar til og starfsfólk getur líka flutt á milli sveitarfélaga. Það höfum við séð í gegnum tíðina sem eigum heima á landsbyggðinni. Það má kannski hjálpa þessu fólki líka til að flytja út á land með tilstuðlan hæstv. forsrh. sem hefur heitið átaki í þessum efnum.

Að lokum langar mig til að nefna eitt málefni er snertir stóran hóp manna á landsbyggðinni og það er loðdýrarækt. Hún hefur verið til umræðu á hverju þingi en nú verður að fara að taka á þessum málum þannig að þeirri óvissu, sem fjölmörg heimili og margar fjölskyldur standa andspænis, verði eytt. Það er alveg ljóst að fjölmargar fjölskyldur, sem hafa og eru í loðdýrarækt, standa aldrei undir þeim áföllum sem dunið hafa yfir í þessari atvinnugrein. Ég skora á hæstv. landbrh. að taka þessi mál til endanlegrar afgreiðslu þannig að þessari óvissu megi eyða.

Það er kannski ekki ástæða til að fara nánar út í það núna hvernig að því skuli staðið, en það er alveg ljóst að ef loðdýrarækt á að komast af og ef við eigum að geta horft til framtíðar um að hún eigi að geta staðið á eigin fótum, eins og margt bendir til um þessar mundir þegar áætlanir eru bjartari en oft áður um hækkandi verð og betra gengi, þá hljótum við að standa frammi fyrir þeirri spurningu hvort gamlar stórskuldir eigi að ganga frá þessari atvinnugrein algjörlega eða hvort það eigi að létta þessum skuldum af til þess að hlúa megi enn betur að loðdýraræktinni en gert hefur verið fram að þessu. Hér þarf að taka heildarákvörðun er snertir alla skuldara í loðdýrarækt. Ekki að teknir verði út einn og tveir og þrír til sérstakrar afgreiðslu. Hér verður að taka heildstæða ákvörðun er gengur yfir alla jafnt.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að hægt verði að ræða landsbyggðarmál á grundvelli þjóðarsáttar. Að treysta megi grundvöll byggðanna svo að sátt megi ríkja á milli byggðanna og fólksins í landinu, en til þess að slík sátt geti orðið verður að leiðrétta aðstöðumun þann sem fólk hefur allt of lengi búið við. Það er erfitt að játa það, en það er satt að allt of margir segja við mig: Ef ég gæti selt þá væri ég farinn. Þessi orð lýsa kannski ástandinu betur en allt annað og það má upplýsa hv. þm. Pál Pétursson um það að þessi orð voru líka sögð í tíð fyrri ríkisstjórnar og í jafnríkum mæli. En það þarf að efla bjartsýni og von í byggðunum þannig að fólkið hafi trú á því að þar megi blómgast byggð og þar hlýtur ríkisstjórnin að hafa forustu á hendi og stjórnarandstaðan líka. Ég undrast það hlutverk stjórnarandstöðunnar í fyrstu umræðu um byggðamál nokkrum mánuðum eftir að ríkisstjórnin er komin til valda að láta líta svo út að allt sé í kalda koli hjá ríkisstjórninni í byggðamálum áður en nokkrar aðstæður gefa tilefni til að dæma hana. Það er ekki kominn nógu langur tími. Ef henni mistekst þá skal ekki standa á mér að leggja dóm á og gera það með þungum orðum. Ekki með fordómum. (**SJS:** Dæmið ekki.) Það er ágætt að dæma þegar við sjáum það í ljósi sögunnar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Fyrst að hv. 5. þm. Vestf. er kominn í salinn og var að grípa hérna fram í, þá er nú rétt að nefna eitt í sambandi við hans framlag til byggðamála. Hann hefur haft forustu um það að gera starfskjör prestanna í landinu tortryggileg, og áttum okkur sérstaklega á því, að það á bara við um prestana á landsbyggðinni. Ekki prestana í Reykjavík, ekki prestana á Akureyri, heldur sérstaklega starfskjör einnar stéttar sem nýtur ákveðinna réttinda umfram starfsskilyrði er viðkomandi stétt nýtur í Reykjavík. Maður hlýtur að spyrja þennan sama þingmann landsbyggðarinnar hvort maður megi búast við næstu aðför að kennurum, hvort næsta aðför muni beinast gagnvart fiskvinnslufólki. Og hvaða stéttum næst. Kannski er komin hér ein skýringin á því að það ríkir sundrung í landinu og í byggðunum. Það er verið að ala undir óánægju og gefa í skyn að eitthvað tortryggilegt

sé á ferðinni og sérstaklega á sviðum þar sem fyrri þingmenn voru að tryggja stöðu landsbyggðarinnar gagnvart Reykjavík, tryggja það að sóknirnar hefðu embættisbústað til þess að það væru meiri líkur á að sóknarprestar réðust til starfa í sóknunum og hefur það ekki gengið allt of vel til þessa. Það er ekki skylda ríkisvaldsins að tryggja prestsbústaði í Reykjavík. Það er að vísu skylda ríkisvaldsins að borga prestum í Reykjavík leigu fyrir afnot af einkahúsnæði sóknarprestsins. (**Gripið fram í:** Er það ein króna?) Þú veist það, hv. þm.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En það er sannarlega ástæða til að taka á málefnum landsbyggðarinnar og ég veit það að ríkisstjórnin mun gera það. Ég gef henni þann tíma sem nauðsynlegur er og ég trúi því að sá tími verði vel nýttur í þágu fólksins sem á landsbyggðinni býr.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Skýrslan um starfsemi Byggðastofnunar á sl. ári sem liggur hér fyrir til umræðu er ekki nema lítill hluti af byggðamálum, aðeins starfsemi einnar stofnunar sem er tiltölulega lítil miðað við þá nauðsyn sem er á að leggja meira fram til byggðamála en gert hefur verið, einkum á undanförnum árum.

Ég vil taka fram áður en lengra er haldið að að ég er ekki neinn aðili að hinni svokölluðu hvítbók ríkisstjórnarinnar sem ber heitið Velferð á varanlegum grunni og er mjög andvígur mörgu sem í þeirri bók er og sérstaklega því sem lýtur að byggðastefnu. Þetta er heimasmíði ríkisstjórnarinnar sem verður sjálfsagt hægt að ræða miklu ítarlegar á síðari tímum.

Það er ákaflega gott eins og hæstv. forsrh. sagði að byggðastefnan hefði brugðist. Ég vil bara alls ekki taka undir það. Og þótt hann sé kominn í landsmálin fyrir nokkrum mánuðum held ég að hann eigi eftir að læra mikið hvað hefur gerst í byggðastefnu. En af hverju hefur ekki náðst meiri árangur en raun ber vitni? Það er vegna þess að stjórnvöld á liðnum árum hafa verið að takmarka öll framlög til byggðamála. Það er ekki skemmtileg þróun sem hefur átt sér stað. Ég hef látið taka saman framlög til Byggðasjóðs og síðan Byggðastofnunar í fyrsta lagi á verðlagi hvers árs og nú á verðlagi í nóvember 1991. Hver eru þessi framlög? Þau voru árið 1972, miðað við verðlag í nóvember sl., næstum því 408 millj. En núna er í fjárlagafrv. ætlað að veita 200 millj. Með öðrum orðum, það er lækkun um 20% á milli ára. Hefur þessi þróun átt sér stað allan tímann? Nei, sem betur fer ekki. Árið 1975 lagði ríkisvaldið fram til byggðamála 1137 millj. 1976 1043 millj., 1977 1160 millj. og 1978 1036 millj. Síðan fer þetta ört lækkandi, næsta ár eru þetta 875 millj., svo 625 og niður í 176 millj. á árinu 1988. Svo koma hér menn, berja sér á brjóst og segja: Byggðastefnan hefur brugðist. Hverjir hafa brugðist? Stjórnvöld í þessu landi hafa brugðist byggðastefnunni. Og ég ætla að taka það fram að á árunum 1975–1978 þegar þessi framlög voru langhæst var gróska á landsbyggðinni. Þá var loksins hægt að stöðva fólksflóttann til Suðvesturlandsins á þessum árum. Þá var uppgangur í atvinnumálum og byggðamálum víðast hvar um land. Það sýnir best að þá var tekið á hlutunum með eftirminnilegum hætti. Þá var tekið á hlutunum á þann veg að menn meintu að það ætti að byggja landið allt.

Ég segi: Byggðastefnan hefur hvergi brugðist. Henni hefur orðið á í ýmsum framkvæmdum eins og víðast annars staðar. Mér þykir ansi hart að gengið að tala um sukk eins og kom fram í ræðu forsrh. Ég á eftir að fá þau orð staðfest þegar ræðan kemur prentuð og mun ekki taka þeim með sérstökum fögnuði og ætla ekki að taka við hverju sem að mér er rétt. Hv. þm. Ragnar Arnalds tók af mér ómakið með því að ræða nokkuð um reikninga Byggðastofnunar og hina frægu úttekt Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun skrifar upp á reikninga Byggðastofnunar 22. mars á þessu ári fyrir árið á undan. Endurskoðun var framkvæmd í samræmi við viðurkenndar endurskoðunarvenjur og í því sambandi gerðar ýmsar athuganir og kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri 1990 og efnahag Byggðastofnunar í árslok sama ár. Undir þetta rita löggiltir endurskoðendur Byggðastofnunar og síðan kemur:

„Með skírskotun til áritunar ofangreindra endurskoðenda er ársreikningur Byggðastofnunar samþykktur. Ríkisendurskoðun."

Um Atvinnutryggingarsjóðinn, sem allnokkuð hefur nú verið rætt um, er sams konar yfirlýsing löggiltra endurskoðenda og síðan Ríkisendurskoðunar, en hún er ekki dagsett fyrr en 13. maí 1991, þá setja löggiltir endurskoðendur sína áritun á reikninginn og stjórn Byggðastofnunar samþykkir reikninginn fyrir sitt leyti. Þá hafði það gerst að atvinnutryggingardeildin hafði verið sett undir Byggðastofnun frá síðustu áramótum, en Byggðastofnun hefur ekki komið nálægt einni einustu lánveitingu Atvinnutryggingarsjóðs og er því allsendis utan við þær ákvarðanir sem þá voru teknar. Þessu hefur verið margoft hrært saman, bæði atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar og Hlutafjársjóði hvað eftir annað hrært saman eins og það sé eitt og sama tóbakið.

Ég ætlaði að fara nokkrum orðum um fyrrv. ríkisstjórn í sambandi við byggðamálin en það tekur því varla að byrja. Það er komin hér orðsending frá forseta að nú þurfi að gera hlé vegna þingflokksfunda. Ég ætla að halda áfram máli mínu þegar þingflokksfundum lýkur, ef það verður þá ekki einhver truflun vegna utandagskrárumræðna. Læt ég svo staðar numið að sinni. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Heimsmeistarakeppnin í handbolta.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að kveðja

mér hljóðs utan dagskrár til þess að spyrja forsrh. og menntmrh. hvort núverandi ríkisstjórn Íslands hyggst standa við þau fyrirheit og þær skuldbindingar og yfirlýsingar sem ríkisstjórn Íslands gaf, sérstaklega árið 1988 þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sat, varðandi það að halda hér á Íslandi heimsmeistarakeppni í handbolta.

Um helgina hafa komið í fréttum viðtöl við menntmrh. þar sem hann lýsti því yfir að ekki sé lengur um neinn samning að ræða um að byggja sérstakt hús fyrir þessa keppni og að hann teldi að ríkisstjórnin mundi ekki og þyrfti ekki að aðhafast neitt í þessu máli. Þetta er að mínum dómi mikill misskilningur og mjög alvarlegt ef þetta verður niðurstaða málsins því að páv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson, páv. samgrh. Matthías Á. Mathiesen og einnig Matthías Á. Mathiesen sem utanrrh., einnig páv. menntmrh. Sverrir Hermannsson og Þorsteinn Pálsson sem forsrh. stóðu allir að formlegum yfirlýsingum og bréfaskriftum til Alþjóðahandknattleikssambandsins og allra aðildarríkja þess þar sem heitið var stuðningi íslensku ríkisstjórnarinnar við heimsmeistaramót í handbolta hér á Íslandi og að byggð yrði sérstök leikhöll í því skyni. Í bréfi sem Birgir Ísl. Gunnarsson menntmrh. ritaði til Alþjóðahandknattleikssambandsins í júní 1988 er því lýst yfir að ríkisstjórnin styðji eindregið óskina um að heimsmeistaramótið verði haldið á Íslandi og því lýst yfir að ríkisstjórnin telji að það sé svo mikilvægt að hún ætli að tengja það hátíðahöldum í tilefni af 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Jafnframt tilkynnir hann að samgrh. í þessari ríkisstjórn sé orðinn formaður undirbúningsnefndar.

Hinn 19. apríl 1988 skrifaði Birgir Ísl. Gunnarsson einnig annað bréf þar sem hann kynnir samþykkt ríkisstjórnar Íslands frá 19. apríl 1988 þar sem því er lýst yfir að ríkisstjórn Íslands muni beita sér fyrir því að byggð verði í samstarfi við Reykjavíkurborg sérstök íþróttahöll til að þessi samkeppni geti farið fram. Þetta bréf er síðan sent í enskri útgáfu til allra aðildarsambanda Alþjóðahandknattleikssambandsins. Það kemur einnig fram í þessum bréfaskriftum að páv. utanrrh. Matthías A. Mathiesen hefur sent bréf til allra sendiherra Íslands, til allra sendiherra erlendra ríkja á Íslandi og til allra ræðismanna Íslands þar sem óskað er eftir því að þeir beiti sér fyrir þessu. Og í formlegu bréfi sem páv. menntmrh. Sverrir Hermannsson og páv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen sendu í júní 1988 er því lýst yfir að ríkisstjórn Íslands óski eftir stuðningi annarra ríkisstjórna og allra annarra aðila við umsókn ríkisstjórnar Íslands, „our application", eins og stendur í þessu bréfi, til að halda heimsmeistaramótið á Íslandi. Síðan er gefinn út sérstakur skrautbæklingur með ávörpum frá forsrh., menntmrh., borgarstjóranum í Reykjavík og samgrh. þar sem aðildarríki Alþjóðahandknattleikssambandsins eru hvött til þess að styðja þessa ósk Íslands.

Virðulegi forseti. Ég vil þess vegna spyrja að því: Ætlar núverandi ríkisstjórn Íslands að standa við þær yfirlýsingar og samþykktir sem gerðar voru í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og allir þeir ráðherrar sem ég hef hér nefnt stóðu formlega að og sendu bréf um út um allan heim eða á að eyða svo orðstír Íslendinga í alþjóðlegu íþróttasamstarfi með því að draga þetta allt til baka fyrirvaralaust að ekkert aðildarríki neins alþjóðlegs íþróttasambands geti tekið mark á yfirlýsingum íslenskra ráðamanna framvegis?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Málið ber þannig að ríkisstjórninni nú að sveitarfélagið Kópavogur spyrst fyrir um það hvort ríkið geti aukið hlut sinn frá hinum lofuðu 300 millj. kr., framreiknuð eitthvað hærri upphæð, sem fyrrv. ríkisstjórn batt sig með í samningum við Kópavog. Okkar svar er að það stendur ekki til af okkar hálfu að hækka þetta framlag. Kópavogur mun hafa reynt að ná samningum við fyrrv. fjmrh. eftir bæjarstjórnarkosningarnar 1990 án nokkurs árangurs og fráfarandi fjmrh. beitti sér ekki fyrir því, þó að þess sé nú getið í samningnum sérstaklega, að fjárframlag væri inni á fjárlögum hans sem hann gekk frá síðast fyrir árið 1991. Þar virðist því ekki hafa verið mikill vilji til þess að standa við þennan samning.

Ríkisvaldið mun auðvitað standa við þann samning sem gerður var við Kópavog um þessa fjárhæð. En ríkisvaldið hefur lýst því yfir að hækkun á því framlagi komi ekki til álita. Það er þannig sem málið stendur. Komi málið upp á nýjan leik með öðrum hætti verða menn að taka á því þegar þar að kemur.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég vek aðeins athygli á því vegna þeirra bréfa sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að vitna til að þar voru ráðherrar í ríkisstjórn Íslands að hvetja til þess að umsókn Íslands um að fá að halda heimsmeistaramótið í handknattleik 1993 yrði tekin til greina og ríkisstjórnin mundi leggja sitt af mörkum til þess að þetta mót yrði haldið hér. Nú fór það svo að Svíþjóð hlaut mótið 1993 en Ísland 1995. Það hefur ekkert komið fram í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar annað en það að hún muni standa við sinn þátt samningsins sem gerður var milli ríkisstjórnarinnar og Kópavogs á sínum tíma, 5. apríl 1990. Ríkisstjórnin getur hins vegar ekki haldið því að Kópavogi að byggja þetta hús ef ráðamenn þar treysta sér ekki til þess. Ég held að það sem gerðist hafi einfaldlega verið að samningurinn sem var gerður 1990 var Kópavogskaupstað svo óhagstæður að bærinn treysti sér ekki til þess að byggja þetta hús. Það liggur líka fyrir, eins og hæstv. forsrh. sagði, að ríkisstjórnin hefur ekki gefið nein fyrirheit um að hækka þetta framlag, þær 300 millj. kr. sem samið var um á sínum tíma.

Og til að fyrirbyggja allan misskilning þá ætlaði þessi ríkisstjórn, og ég vona ekki fyrri ríkisstjórnir, sér ekki að halda þetta heimsmeistaramót sjálf. Það voru aðrir. En fyrrv. ríkisstjórn ætlaði að stuðla að því með þessu 300 millj. kr. framlagi og það hefur ekkert komið fram hjá núv. ríkisstjórn annað en að hún muni standa við sinn þátt þessa samnings.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð á hvaða forsendum núv. forustumenn Sjálfstfl. ætla að slátra svo mörgum af fyrrv. forustumönnum og nota þá til heimabrúks og flokka þá undir fortíðarvanda. Það verða þeir sem yngri eru í Sjálfstfl. að hafa manndóm til að ræða í þingsölum. Hitt er svo umhugsunarefni hvort Kópavogsbær er svo aumur viðsemjandi að við hann sé ekki hægt að gera samninga. Venjan er að halda mönnum við samninga og fylgja því eftir. Og að verðlauna þá með því að greiða þeim fjármuni eins og ríkisstjórnin hefur lagt til, 10 millj., ef þeir hætti við, er fáheyrð ósvífni. Það á ekki að verðlauna þá sem svíkja samninga og koma sér undan að virða þá. Það þarf að kenna öllum aðilum, bæði ríkisstjórn Íslands og einnig sveitarstjórnarmönnum að samningar eins og þessir eru svo mikilvægir varðandi heiður þjóðarinnar að það er gjörsamlega vonlaust að líða það að þeir séu hafðir að leikaraskap hjá meiri hluta hverju sinni. Það voru forustumenn íslenskrar þjóðar, ekki einhverra smáflokka, það voru forustumenn stærstu stjórnmálaflokka þjóðarinnar sem lögðu það til og stóðu að því að þetta yrði gert. Ætla þeir nú allir sem einn að hlaupa eins og hænsni út og suður?

Ef þetta er niðurstaðan, þá spyr ég: Er Kópavogskaupstaður reiðubúinn að líta svo á að allir samningar íslenska ríkisins við þá verði rofnir hverju nafni sem tjáir að nefna? Það hlýtur að vera grundvallaratriði að það sé hægt að gera samninga við bæjarfélag af þessari stærð, samninga sem standa og það er okkar krafa.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst það fremur óviðkunnanlegt þegar það gerist að maður er í samstarfi, ákvörðun sem maður trúir að maður eigi kost á að fjalla um, e.t.v. að hafa áhrif á eða a.m.k. að heyra um innan þingflokks, berist í fréttatíma sjónvarps eins og gerðist að þessu sinni. Ég vil taka fram að þó það hafi gerst er það ekki einstætt, slíkir hlutir gerðust líka á fyrra kjörtímabili. Ég gagnrýni þann gjörning, hver sem á í hlut.

Það samkomulag sem var kynnt sem samkomulag milli menntmrh. og fulltrúa Kópavogsbæjar kom mér mjög á óvart. Ég taldi að undanfari þessa hlyti að vera umfjöllun í ríkisstjórn sem við stjórnarliðar fengjum að vita um. Mér finnst skipta máli að það komi fram hér, og ég skildi orð forsrh. þannig, að ákvörðun ríkisstjórnar standi enn þá. Ákvörðunin um 300 millj. kr. framlag og þá væntanlega það lán sem átti að fylgja með standi, telji Kópavogur að hann haldi áfram með þetta mál og sé viljugur til þess.

Í fréttum kom hins vegar fram að samkomulag væri milli beggja aðila um að hætt yrði við framkvæmdina og að ríkisvaldið greiddi Kópavogi 10 millj. kr. eins og hér hefur verið nefnt.

Mér finnst það skipta meginmáli að sú ákvörðun ríkisstjórnar komi skýrt fram hér, eins og ég skildi forsrh. Hins vegar ef núv. meiri hluti í Kópavogi ákveður að hann treystir sér ekki í þessa framkvæmd á grundvelli samningsins sem gerður var, þá er það sérmál, og þá er það ákvörðun Kópavogskaupstaðar. Sú ákvörðun hlýtur að verða tekin fyrir í bæjarstjórn Kópavogs og kynnt þar og síðan í framhaldi á réttum vettvangi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrir að taka þetta mál upp hér og geta þess að ég hef afrit af nokkrum bréfum sem hann hefur augsýnilega einnig. Ég harma að málið skuli vera komið í þær ógöngur sem það er í og fer jafnframt fram á það hér og nú að þetta mál verði rætt utan dagskrár undir lengra forminu vegna þess að það er engin leið að ræða þetta mál á svo skömmum tíma sem okkur er ætlaður, í tveggja mínútna ræðutíma.

Ég tel líkt og aðrir sem hér hafa talað að ríkisstjórnin sé siðferðilega skyldug að sjá til þess að þessi keppni geti farið fram hér á landi. Það þarf ekki langt mál til að rökstyðja það. Það má kíkja á þau bréf sem hér hefur verið talað um og ég ætla að leyfa mér að lesa eina eða tvær setningar. Ég ætla að fá að lesa þær á ensku þar sem ég veit að þingmenn eru upp til hópa mjög vel menntaðir og skilja það tungumál. Í bréfi frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, þáv. menntmrh., til Alþjóðahandknattleikssambandsins, dags. 19. apríl 1988, stendur eftirfarandi:

„The government of Iceland herewith declares that a new sports, exhibition and conference hall for 8.000 spectators is planned to be built in Reykjavík well in advance of the World Championship in handball 1993–1994. This hall will be built in cooperation with the Reykjavík City and several interested parties ...“ o.s.frv.

Hér er það alveg skýrt frá menntmrh. í ríkisstjórn Íslands að þessi höll verður byggð og meira að segja að hún verði byggð í samvinnu við Reykjavíkurborg. Þess vegna er það alveg ljóst í mínum huga að ríkisstjórnin er siðferðilega skyldug að reisa þessa höll.

Síðan vil ég fá að leiðrétta þann misskilning að hér er ekki eingöngu verið að tala um handboltahöll, þó að þessi mikla keppni eigi að fara þar fram. Hér er verið að tala um fjölnota íþróttahús og ekki bara íþróttahús heldur ráðstefnuhús, fyrirlestrahús, hljómleikahús og hvaða nöfnum menn vilja nefna það.

Hæstv. forseti. Af því að menntmrh. kom inn á það að málið yrði að koma fram með nýjum hætti óska ég eftir skýringum á því hvað eru nýir hættir. Er nóg að Handknattleikssamband Íslands komi til ríkisstjórnarinnar og óski eftir því að málið verði tekið upp á nýtt? Er það frumkvæði nóg og mun þá málið verða tekið upp hjá ríkisstjórninni og leitað samstarfs við önnur sveitarfélög?

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál var upphaflega rætt 1987 og 1988 var ætlunin að byggja hér ráðstefnu-, sýningar- og íþróttahöll sem gæti síðan hýst leiki í heimsmeistarakeppninni í handbolta. Þessari áætlun var ekki fylgt. Þess í stað gerði síðasta ríkis-

stjórn samning við Kópavogsbæ, við vinstri meiri hlutann í Kópavogsbæ, rétt fyrir kosningar um að byggja sérstaka íþróttahöll, handboltahöll, sem síðan yrði breytt í skóla og venjulegt íþróttahús. Þetta hefur Kópavogsbæ ekki reynst mögulegt að framkvæma og sjálfsagt góðar og gildar skýringar á því, m.a. þær að slíkt hús sem hér hefur verið um rætt er ekki hentugt að lokinni svona keppni til þess að vera venjulegt íþróttahús.

Við stöndum því í dag frammi fyrir vandamáli sem við verðum að leysa og við verðum að líta á það jákvæðum augum og leita lausna á málinu. Ég treysti því að ríkisstjórnin standi við þær fjárhagslegu skuldbindingar sem síðasta ríkisstjórn gerði til byggingar íþróttahússins í Kópavogi og hjálpi til svo hægt verði að byggja hér ráðstefnuhöll og sýningarhöll sem getur hýst þá leiki heimsmeistarakeppninnar sem þarf að leika í svo stóru húsi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það megi til sanns vegar færa að sú ákvörðun að sækja eftir því að fá að halda hér heimsmeistaramót í handbolta hafi verið umdeilanleg. En það er of seint í rassinn gripið að ræða það nú. Sú ákvörðun var tekin og með lögmætum hætti þar til bærra stjórnvalda var það gefið út fyrir hönd Íslands að fyrir því yrði séð að hér yrði hægt að halda þessa keppni. Á bréfhausum fleiri en eins og fleiri en tveggja ráðuneyta íslenskra fóru út um allan heim loforð — það er ekki hægt að kalla það annað en loforð — íslenskra stjórnvalda að standa þannig við bakið á Handknattleikssambandinu, eða þeim aðilum sem héldu keppnina, að það yrði hægt.

Það er verið að spyrja um það hér, hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh., hvort þessi loforð verði efnd, ekki hvort við samning sem þegar er búið að rifta, þegar er búið að leysa Kópavogsbæ undan, verði staðið. Það er verið að spyrja hvort við þær skuldbindingar sem ríkisstjórn hæstv. núv. sjútvrh., þáv. hæstv. forsrh. Þorsteins Pálssonar, gaf út verði staðið. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh., sem svo vel vill til að situr hér undir umræðunni, hvernig honum líði sem fyrrv. hæstv. forsrh. í þeirri ríkisstjórn sem skartaði fleiri en einum og fleiri en tveimur ráðherrum í undirbúningsnefnd um málið, þannig að ekki var hægt að reyra þar rækilegar saman ríkisstjórnina en gert var á þeim tíma þegar hv. fyrrv. kollega minn, Matthías Á. Mathiesen þáv. samgrh., fór fyrir undirbúningsnefndinni og hæstv. þáv. menntmrh., Birgir Ísl. Gunnarsson, núv. seðlabankastjóri Sjálfstfl., skrifaði bréf út um lönd og álfur og gefnir voru út litprentaðir bæklingar sem skörtuðu myndum af þáv. borgarstjóra í Reykjavík, núv. hæstv. forsrh., forseta lýðveldisins og menntmrh. og fleiri stórmennum.

Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég ætla varla að trúa því að menn ætli virkilega að hegða sér með þessum hætti. Svona stjórnsýslu er ekki hægt að hafa í landinu, hvorki inn á við gagnvart þeim skiptum sem verða á milli ríkisstjórna og þaðan af síður út á við. Það er alveg ljóst að orðstír Íslands mun bíða stóra hnekki, ekki bara á íþróttasviðinu heldur líka almennt þegar að því kemur að okkur sé treyst til þess að standa fyrir stórviðburðum í heiminum. Mun þá fara fyrir lítið orðstír þeirrar þjóðar sem gat haldið leiðtogafund með tíu daga undirbúningstíma.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gaf út innstæðulausa ávísun á byggingu íþróttahúss vegna heimsmeistaramótsins í handbolta. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar átti engan annan kost en að framkvæma þau fyrirheit sem gefin höfðu verið og ég sem menntrmh. beitti mér fyrir því að það yrði staðið við fyrirheitin. Það er skylda ráðherra að vinna með þeim hætti. Það voru mjög gild fyrirheit sem höfðu verið gefin. Það voru ekki einasta margir ráðherrar sem höfðu sent þetta frá sér heldur t.d. forseti Íslands í bæklingi sem var gefin út í þúsundum eintaka og dreift í allri íþróttahreyfingunni. Þar var m.a. borgarstjórinn í Reykjavík, hann hét þá Davíð Oddsson, og það fylgdi líka litmynd af honum og teikning af Laugardalnum þar sem átti að koma fyrir myndarlegri íþróttamiðstöð, þ.e. myndarlegri en þar er nú. Það voru því mjög gildir menn sem gáfu þau fyrirheit sem hér um ræðir og það varð ekki undan því vikist að vinna að framkvæmd þeirra og ég beitti mér fyrir því sem menntmrh. að það yrði gert. Við náðum samningi við Kópavogsbæ á þeim tíma.

Nú virðist staðan vera önnur. Nú virðast menn þurfa að leita nýrra leiða og ég segi: Ég skora á ríkisstjórnina í nafni alþjóðasamskipta Íslands yfirleitt að taka á þessu máli á nýjan leik. Ég skora á menntmrh. alveg sérstaklega að beita sér fyrir því sem íþróttaráðherra. Ég minni á að samgrh. er nú að skipa nefnd um að byggja fjölnota hús fyrir ráðstefnu- og sýningarsali og ég spyr: Af hverju reyna menn ekki að tengja þessar hugmyndir saman?

Ég tel að það sé skylda menntmrh. Íslands að ganga í þetta mál núna og hann er að bregðast embættisskyldu sinni ef hann gerir það ekki. Mér finnst hann ætti að segja við forsrh. eins og einu sinni að hann vilji gjarnan ráða þessu sjálfur og tala fyrir sig.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það eru allmörg íþróttahús í landinu sem geta tekið á móti leikjum á borð við þá sem fara fram í handknattleikskeppni á heimsmeistaramóti. Vellirnir eru góðir. Vandamálið er pláss fyrir áhorfendur.

Þegar Svíar og Íslendingar kepptu um heimsmeistaramótið 1993 komu Svíar því inn í reglur Alþjóðahandknattleikssambandsins að það þyrfti að vera pláss fyrir 7.000 manns í sæti. Þeir unnu síðan 1993-mótið á hlutkesti.

Það kemur ekki á óvart að Kópavogskaupstaður hefur orðið að víkja frá þeirri upphaflegu áætlun að byggja fyrirhugaða íþróttahöll. Annaðhvort hefur fyrrv. vinstri meiri hluti í bæjarstjórn Kópavogs ákveðið að undirbjóða í verkið í trausti þess að fá síðar meiri pen-

inga eða hæstv. fyrrv. vinstri ríkisstjórn hefur ákveðið að knésetja bæjarstjórn Kópavogs á þeim tíma til þess að taka að sér verk sem hún gæti ekki staðið við. (**SvG:** Hvaða aðferð var notuð við knésetninguna?) Það kynni að vera. Það er því ekki óeðlilegt að sú slæma staða sem nú hafi komið upp, því vissulega hlýtur það að vera keppikefli allra að stuðla að því að menn geti staðið við fyrirheit og vonir um að heimsmeistaramótið í handbolta geti farið fram hér á landi 1995.

Það er líka ljóst að hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. hafa sagt að dyr séu opnar til viðræðna í þeim efnum. Það hlýtur að blasa við hjá Handknattleikssambandi Íslands að hafa forustu um að taka málið upp aftur. Það er HSÍ sem ætlaði sér að halda heimsmeistaramótið og njóta til þess fulltingis innlendra aðila. Það má segja, virðulegi forseti, að dyr standi opnar á tvennan hátt. Annaðhvort hlýtur HSÍ að kanna möguleika á því að fækka sætum í því húsi sem aðalúrslitaleikur á að fara fram í, því við það er bundin talan 7.000, eða að kannað sé hvort hægt er að ná öðrum samningum um byggingu húss og víst er það mest spennandi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég harma það að í svörum hæstv. ráðherra kom ekki fram að þeir vildu verða við þeirri ósk sem ég bar hér fram og það sem verra er er að hæstv. forsrh. fór í vörn sinni með rangt mál. Hann fullyrti í ræðustólnum að þegar ég var fjmrh. hefði ég ekki viljað verða við óskum þeirra sem tóku við meiri hluta í Kópavogi árið 1990. Þetta er rangt. Ég skal upplýsa það hér að aldrei, frá því að nýr meiri hluti tók við völdum í Kópavogi og þar til ég yfirgaf fjmrn. tæpu ári síðar, óskuðu þessir menn í eitt skipti eftir því að eiga fund með mér, hvorki um þetta mál né neitt annað. Þeir óskuðu aldrei eftir því að eiga viðræður við fjmrn. um að breyta þessum samningi eða neitt annað í þá veru. Þess vegna var gengið út frá því í fjmrn. að þeir yndu vel þessum samningi vegna þess að ekkert annað heyrðist frá þeim. Ég bið því hæstv. forsrh. að vera ekki að fara með rangt mál eins og hann gerði hér áðan.

Í öðru lagi tek ég undir það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson sagði að það er alveg ljóst að ríkisstjórn Íslands er siðferðilega skuldbundin til að tryggja að heimsmeistaramót í handbolta verði haldið á Íslandi. Það er ekki aðeins í því bréfi sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson las hér upp áðan þar sem páv. menntmrh., Birgir Ísl. Gunnarsson, lýsir því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og vitnar í samþykkt ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, þar sem þetta kemur skýrt fram, heldur lýsa menntmrh. Sverrir Hermannson og utanrrh. Matthías Á. Mathiesen því yfir í bréfi, sem þeir undirrituðu 9. júní 1987 og var sent á ensku út um allan heim, að það sé umsókn ríkisstjórnarinnar um að fá að halda heimsmeistaramótið í handbolta sem þeir eru að óska eftir að menn verði við. Og 31. ágúst sendi páv. samgrh., Matthías Á. Mathiesen, á bréfsefni samgrn. bréf á ensku til forseta Alþjóðahandknattleikssambandsins þar sem hann lýsir því sérstaklega yfir að ríkisstjórn Íslands styðji þessa ósk og tilkynnir meira að segja að hann, samgrh. í ríkisstjórninni sem líka er ráðherra ferðamála, sé formaður undirbúningsnefndarinnar. Þegar menn í erlendum löndum fá slík bréf á bréfsefnum ráðuneytanna undirrituð af utanrrh., menntmrh. og samgrh. og samgrh. sjálfur er orðinn formaður undirbúningsnefndarinnar er ekki hægt að skilja málið á annan veg en þann að ríkisstjórn Íslands og þar með lýðveldið Ísland sé búið að skuldbinda sig til að halda þessa heimsmeistarakeppni. Þess vegna tel ég það rangt að það sé bara málefni meiri hlutans í Kópavogi hvort heimsmeistaramótið verður haldið hér eða ekki. Það er málefni Íslendinga og ríkisstjórnar Íslands.

Ég vil svo láta það koma hér fram að það eru forkastanleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar að rifta þessu samningi án þess að ræða málið við Handknattleikssamband Íslands áður — það var ekki gert — án þess að ræða málið við það íþróttafélag í Kópavogi, Breiðablik, sem tengist þessum málum formlega með samningagerð. Það var heldur ekki gert. Ég vil upplýsa það hér að íþróttafélagið Breiðablik hefur farið fram á það að fá að reisa þetta íþróttahús í eigin nafni og láta fara fram alútboð til þess að sanna það að hægt sé að byggja húsið fyrir 600 millj.

Þess vegna er það alveg ljóst að vilji menn á annað borð standa við orð sín og orð Íslands og efla íþróttastarfsemi í landinu, þá eru margar leiðir og mörg ráð til þess að tryggja að svo verði. Ég skora á ríkisstjórnina að taka málið upp að nýju og standa við þau fyrirheit sem hér hafa verið gefin.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að standa ekki lakar við þetta fyrirheit en fyrrv. ríkisstjórn ætlaði að gera. Við höfum sagt sem svo: Við stöndum við þá fjárupphæð sem búið er að lofa. Við höfum ítrekað það úr þessum ræðustól. Ég veit ekki af hverju þingmaðurinn sem síðast talaði líkir því nánast við svik að ætla að gera það með sama hætti og fráfarandi ríkisstjórn vildi gera. Ég held reyndar að þegar fyrrv. ríkisstjórn gerði þennan samning við Kópavog og skammtaði Kópavogi þó þetta naumt hafi í raun málið verið drepið af hennar hálfu. Í mínum huga er það algerlega ljóst að tiltölulega lítið sveitarfélag eins og Kópavogur gat ekki haft afl og efni til þess að standa við sinn hluta af samningnum. Það hefði verið ofvaxið fjárhag þess sveitarfélags. Ég er ekki í vafa um það.

Ég vil aðeins nefna það vegna þess að persóna fyrrv. borgarstjórans í Reykjavík er iðulega nefnd í þingsölum af hinu og þessu tilefni vegna þeirra bréfa sem vitnað var til, þá reyndi fyrrv. ríkisstjórn aldrei að eiga neitt samráð við Reykjavíkurborg um að byggja þetta íþróttahús, aldrei voru uppi neinir tilburðir af hálfu fyrrv. fjmrh. eða menntmrh. að fá borgarstjórn Reykjavíkur til þess að byggja þetta hús þrátt fyrir að nú sé vitnað í bréf þar sem nafn Reykjavíkur er sérstaklega nefnt. Vegna bæklingsins góða þá skora ég á menn að lesa þann texta sem þar er eftir mér hafður

og byggist aðallega á því að lýsa því yfir að umhverfi Laugardalsvallarins sé fagurt og það væri út af fyrir sig ánægjulegt að hafa þessa keppni hér á landi. Engin fyrirheit gefin af hálfu Reykjavíkurborgar í þessu plaggi eins og menn geta séð.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi flest þessara bréfa undir höndum sem hér hefur verið vitnað til, bæði á ensku og íslensku, en ég sé hvergi þessa umsókn frá ríkisstjórn Íslands um að fá að halda heimsmeistaramót í handknattleik. Ég sé hins vegar stuðningsyfirlýsingar við umsókn Handknattleikssambands Íslands. Ég sé þær. Og það er allt annað mál. Hér er verið að rukka ríkisstjórnina um að standa við einhver fyrirheit um að hún ætli að halda heimsmeistaramótið. Hvers konar rugl er þetta eiginlega?

Í síðasta bréfið sem ég hef frá Birgi Ísl. Gunnarssyni stendur — ég verð víst að nota enskuna: „As you know the Icelandic Handball Federation has applied for hosting the World Handball Championship." Auðvitað er þetta það sem um er að ræða. Menn eiga því ekki að vera með svona útúrsnúninga, enda skiptir þetta ekki höfuðmáli.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að það ætti ekki að verðlauna þá sem standa ekki við samninga og hætta við eins og Kópavogur í þessu tilviki. Það eru bein ákvæði í samningnum sem gerður er 5. apríl og undirritaður er af páv. menntmrh. og páv. fjmrh. þess efnis að verði af einhverjum ástæðum hætt við að halda heimsmeistarakeppnina í handknattleik á Íslandi 1995 muni ríkisstjórnin leita eftir heimild Alþingis til þess að greiða Kópavogskaupstað hönnunarkostnað og annan kostnað o.s.frv. Það er einfaldlega þetta ákvæði sem verið er að standa við í því samkomulagi sem gert var milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa Kópavogs sl. laugardag.

Það er líka rétt að ítreka að það eru allt aðrar forsendur í dag en voru þegar verið var að reka áróður af íslenskum stjórnvöldum fyrir því að heimsmeistaramótið yrði haldið hér á landi. Það eru allt aðrar forsendur, eins og m.a. kemur fram í þessum litprentaða bæklingi sem hér hefur verið vitnað til. Þar var nefnilega verið að tala um fjölnota hús sem byggt yrði í Reykjavík. En um hvað var samið af fyrrv. ríkisstjórn? Það var samið um byggingu íþróttahúss sem síðar átti að breyta að hluta til í skólamannvirki. Þetta 300 millj. kr. fyrirheit fyrrv. ríkistjórnar var m.a. réttlætt með þeim hætti. Nú hafa menn komist að því að það er ekki heppilegt að byggja hús með þeim hætti og Kópavogsmenn hafa á undanförnum mánuðum unnið að því að endurhanna þetta hús og koma kostnaðinum verulega niður.

Ég er því miður búinn með tímann. Fleira mætti segja en ég ítreka það sem ég sagði áðan að ríkisstjórnin er auðvitað tilbúin til viðræðna ef einhverjir nýir fletir koma upp í þessu máli. Það er mjög eðlilegt að Handknattleikssamband Íslands eigi viðræður við ríkisstjórnina eða fulltrúa hennar og það er ekkert á móti því að ræða við fulltrúa Breiðabliks í Kópavogi en fyrir fram hlýt ég að draga það í efa að það félag hafi getu til að framkvæma þetta ef bæjarfélagið sjálft telur sig ekki geta það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Enn eru tveir á mælendaskrá en nú er hálftími liðinn og utandagskrárumræðunni því lokið. Því miður er ekki hægt að hleypa fleirum að í þessari umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. vakti athygli á því að ekki gæfist næði til að ræða þetta mál með eðlilegum hætti á svo stuttum tíma sem til þess er ætlaður fyrst málið er á annað borð tekið upp á þessu stigi. Ég tel að þessi athugasemd sé rétt og mér finnst mjög óeðlilegt af forseta að gefa ekki hæstv. sjútvrh. orðið til að gera grein fyrir stöðunni. Það liggur alveg á borðinu að hann sem forsrh. landsins markaði stefnuna með ákvörðun sinni á sínum tíma. Miðað við hvernig tímamörk eru nú gjarnan virt hér tel ég ákaflega óeðlilegt að skilja við umræðuna í jafnlausu lofti og hefur verið gert. Hæstv. menntmrh. er varla lentur í málinu því að hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að bæta Kópavogskaupstað það að taka sjálfur ákvörðun um að hætta við heimsmeistaramótið og má furðulegt heita.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun. — Frh. umr.

Matthías Bjarnason (frh.):

Virðulegi forseti. Þar var komið í ræðu minni að ég ætlaði að ræða nokkuð viðhorf fyrrv. ríkisstjórnar til byggðamála og Byggðastofnunar. Því miður verð ég að segja að hún hefur ekki úr háum söðli að detta því að þá voru lækkuð verulega framlög til Byggðastofnunar. Hún greip til þess ráðs að koma á hinum svokallaða Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina til þess að lána fyrirtækjum í helstu framleiðslugreinum, einkum í sjávarútvegi, sem voru orðin mjög skuldsett og kom einnig á hinum svokallaða Hlutafjársjóði. En þetta mátti ekki vera undir einni og sömu stjórn. Stjórnirnar urðu að vera þrjár á þessu. Einum sjóði var ekki trúandi fyrir því að fara með þetta. Af hverju var það ekki gert? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar frá talsmönnum fyrrv. ríkisstjórnar. Hvað var eðlilegra en að reyna að samræma vinnubrögðin? Það var ekkert eðlilegra.

Svo komum við að því, sem alltaf er verið að tala um, að ástand og horfur í atvinnuvegunum voru því að kenna að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði ekkert til varnar atvinnuvegunum. Ekki sat þorsteinn Pálsson einn í þessari ríkisstjórn. Ég man ekki betur en að í þessari ríkisstjórn hafi setið framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn og þeir voru þar í meiri hluta því að þetta var þriggja flokka ríkisstjórn. Ef ég man rétt, þá voru þar sex ráðherrar frá þessum tveimur flokkum en

fjórir frá flokki forsrh. Hvað gerðist á þessu stjórnartímabili?

Ég ætla hvorki að leiða einn né annan til vitnis, en það sem gerðist var það að atvinnuvegirnir voru reknir með stórkostlegum halla þegar leið að áramótum 1987–1988. Það fékkst engin samstaða um að breyta gengi krónunnar og það hrúguðust upp skuldir hjá atvinnufyrirtækjunum og ríkisstjórnin fór því frá. En hvað gerðist svo? Alþb. kom inn í ríkisstjórnina og hún naut stuðnings fyrrv. þingmanns úr Framsfl. sem taldist til nýrra samtaka sem höfðu aðeins þennan eina þingmann. Það sem gerðist á eftir var að Atvinnutryggingarsjóður er stofnaður og það er lánað til atvinnuveganna. Hlutafjársjóður er stofnaður og sjóðirnir starfa undir tveimur stjórnum á þessu tímabili. Það sem skeður er að þrátt fyrir góðan vilja að þessi lán verði öll endurgreidd þá kom það fljótt í ljós, og menn máttu sjá það og vita að svo skuldsett atvinnugrein sem sjávarútvegurinn var orðinn, að mörg þessara fyrirtækja mundu aldrei koma til með að endurgreiða. Þar við bættist að lán til þessarar starfsemi voru tekin til lengri tíma og með öðrum kjörum en útlánin. Þess vegna byrjaði sjóðurinn starfsemi sína með neikvæðri stöðu og staða hans verður neikvæð svo lengi sem þessi lán eru úti. Sum fyrirtækin hafa þegar orðið gjaldþrota. Önnur eru illa á vegi stödd.

Ég hef aldrei, þó að ég hafi verið stjórnarandstæðingur á þessum tíma, gagnrýnt að farið var út í þetta. Hitt segi ég að það þurfti aldrei að koma til þessa. Það var verið að leika sér að eldinum. Það var verið að leika sér að gera stöðu þessara fyrirtækja allra miklu verri en hún þurfti að vera. Þess vegna eru nú leikarnir þannig. Ég held að lengi megi um það deila hvort það hafi átt að fara út í þessar lánveitingar. En það átti auðvitað aldrei til þess að koma að fyrirtækin gætu ekki endurgreitt því að það átti að taka við sér og skrá gengi krónunnar réttu verði og renna traustari stoðum undir rekstur þessarar atvinnugreinar þegar í upphafi. En úr því sem komið var var ekki um annað að ræða en útvega þessum atvinnuvegum lán. Það hef ég sagt og stend við.

Ég vil líka koma inn á annað. Þegar ég nefndi áðan framlög til byggðamála kom ég ekki inn á að í framlögum til byggðamála voru verulegar upphæðir tekjur af svokölluðu álgjaldi eftir að álverksmiðjan í Straumsvík tók til starfa. Árið 1974 voru þessar tekjur hæstar 383 millj. á verðlagi 1. nóv. í ár og runnu þá til byggðamála. Álgjaldið fór svo lækkandi og á árunum 1975–1979 var þetta álgjald greitt til byggðamála, til Framkvæmdastofnunar og fyrst Atvinnutryggingarsjóðs, sem var forveri Framkvæmdastofnunar, og síðan kom Byggðasjóður. Þetta gjald nam á þessum árum 114–157 millj. kr. á verðlagi ársins í ár.

Hæstv. forsrh. varð það á að tala í ræðu sinni um eitthvert sukk. Ég vil ekki viðurkenna að neitt sukk hafi átt sér stað í starfsemi Byggðastofnunar, en ég svara ekki fyrir þessa tvo sjóði sem ég hef nefnt hér, Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og Hlutafjársjóðinn. En það er óþarfi að blanda þessu sífellt saman við Byggðastofnun. Nú er svo komið að útlán Atvinnutryggingarsjóðs eru með þeim hætti að enginn einn getur ráðstafað því nema fyrir liggi samþykki stjórnar Byggðastofnunar, samþykki forsrh. og samþykki fjmrh. samkvæmt lögum sem samþykkt voru á hv. Alþingi skömmu fyrir þinglok í vor. Það er svo ekki neitt leyndarmál að fjölmörg fyrirtæki hafa sótt um það að fá skuldbreytingu á þessum lánum, lengingu lána. Sumir hafa talað um að fella niður þessi lán. Allt er þetta í höndum þessara þriggja aðila, þessara tveggja ráðuneyta eða ráðherra og stjórnar Byggðastofnunar.

Nú spyr ég: Eru ofboðsleg vanhöld á lánveitingum Byggðastofnunar? Hefur verið miðað við framlögin sem ríkið rétti með annarri hendinni á undanförnum árum en tók aftur með hinni? Í fyrsta lagi var alltaf verið að gera kröfur á þessa stofnun um að vinna fyrir sig og hin ákveðnu ráðuneyti, taka sérstakan skatt, stimpilgjald og skatt til ríkisins, og þá voru þessi framlög í raun og veru komin niður í ekki neitt. Samkvæmt hlutverki Byggðastofnunar ber henni að veita styrki og henni ber að taka ákvarðanir um lán eða fyrirgreiðslu til þess að viðhalda atvinnu og uppbyggingu atvinnulífs um landið.

Við skulum líta á eftirstöðvar höfuðstóls lána Byggðastofnunar í árslok 1990. Hann er tæpir 8,6 milljarðar kr. og af þessum 8,6 milljörðum kr. eru 975 millj. kr. í vanskilum. Vanskil sem hlutfall af eftirstöðvum eru 11,4%. Finnst mönnum þetta vera ofboðslegt? Eru þetta stórkostleg vanskil? Það sjá allir sem vilja sjá hlutina í réttu ljósi að hér hefur verið farið eins varfærnislega með fjármuni og hægt hefur verið að gera.

Ég sé fyrir mér tap einstakra banka og annarra fjárfestingarlánasjóða. Og við sem höfum verið í stjórn Byggðastofnunar þurfum ekkert að fela andlitið þegar þessi samanburður er gerður.

Það er mikið talað núna um Evrópska efnahagssvæðið og byggðaþróun og það er ekki að ástæðulausu að maður vildi gjarnan í þessu sambandi gera þau mál nokkuð að umræðuefni. Ég held að það megi segja að Evrópska efnahagssvæðinu hafi verið gerð allgóð skil á undanförnum dögum, bæði hér á hv. Alþingi og eins víða úti um land, af hæstv. utanrrh. Það er eftirtektarvert að gerður hefur verið góður tolla- eða viðskiptasamningur. Hann er framhald af mjög góðum samningi sem Íslendingar gerðu einhliða við Efnahagsbandalagið á sínum tíma með hinni svokölluðu bókun 6 sem var stórfelldur hagsmunasamningur fyrir íslenskt efnahagslíf. Sá samningur kom ekki til framkvæmda um nokkurn tíma vegna þeirrar miklu deilu sem við áttum í við tvær þjóðir Efnahagsbandalagsins, Breta og Þjóðverja. Deilan við Þjóðverja leystist á undan. Við sem þá sátum í ríkisstjórn lögðum áherslu á að ná samkomulagi við Breta og ekki síst af þeirri ástæðu að þessi tollasamningur kæmi til framkvæmda. Þeir samningar náðust og breskur togarafloti sigldi út úr 200 mílna fiskveiðilögsögu sex mánuðum síðar eftir að þessi þjóð hafði stundað veiðar hér við Íslandsstrendur og allt upp í landsteina í 600 ár. Ég tel að það hafi verið mikill sigursamningur að fá slíka framkvæmd.

Nú tala menn mikið um það hvert verði framhaldið. Það á eftir að þýða þennan samning sem er upp á 11 þúsund — eða ég man ekki hvað, 30 þúsund síður, þetta er sitt á hvað. Ég er alveg staðráðinn í því að aldrei ætla ég að lesa þær allar. Þegar hann er til, þá reynir maður að lesa sér það til sem skiptir höfuðmáli, ekki eitthvert tæknimál sem maður þyrfti að hafa marga sérfræðinga við höndina til að spyrja jafnóðum og maður læsi hvað þýddi þótt komið væri á sæmilegt íslenskt mál.

Þá komum við að því hvernig við stöndum á öðrum sviðum. Erum við þá að verða eina þjóðin af EFTA-þjóðunum sem ekki hefur beðið um inngöngu í Evrópubandalagið? Snúum við við á þröskuldinum og segjum: Við ætlum ekki að fara inn þó allar aðrar þjóðir fari inn, eða hvað er verið að fara? Hvað erum við að gera í sambandi við Evrópubandalagið? Ég hef nokkrum sinnum heyrt forsrh. þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr segja að hver og einn verði að standa á eigin fótum. Enga styrki, enga fyrirgreiðslu, það verður hver að ráða sínum gerðum sjálfur eða fara lóðbeint á hausinn ef annað er ekki uppi á teningnum.

Af hverju er landsbyggðin svona illa á vegi stödd? Hún er illa á vegi stödd fyrir það að flestir þessir staðir lifa á sjávarútvegi og fiskvinnslu og á undanförnum árum, allt síðasta kjörtímabil, hafa fiskveiðiheimildir verið skornar niður. Það kemur harðast niður á sjávarútvegssvæðum landsins sem hafa svo sáralitlu þjónustuhlutverki að gegna. Þjónustuhlutverkið er fyrst og fremst hérna á höfuðborgarsvæðinu og einkum í Reykjavík. Þess vegna kemur það síður við það fólk sem á þjónustusvæðunum býr. Þess vegna er það sem svo illa er komið víða úti um land.

Nú segja menn: Hjá því verður ekki komist að beita hörðum aðgerðum við fiskveiðar og fiskveiðistjórnun. Ekki ætla ég að færast undan því að nauðsyn sé á því að beita aðgerðum við fiskveiðistjórnun. En þá spyr ég: Hvað á þá að gera við það fólk sem verður harðast úti í hinum ýmsu byggðum þessa lands? Á að segja því bara að koma til Reykjavíkur? Eða í Kópavog? Það er kannski pláss þar ef ekki verður byggð íþróttahöllin. Ég segi bara alveg eins og er: Mér sýnist vandamálin vera að verða mjög mikil. Það er ekki þessari ríkisstjórn að kenna eða fyrri. Það er ýmsum öðrum ástæðum fyrir að fara. Það er samdráttur alls staðar í þjóðfélaginu og það er alltaf verið að hvetja alla til að segja eins mörgu fólki upp og hægt er, til að hagræða eins og það er kallað. Hagræðingin hefur það í för með sér að fjöldi fólks missir vinnuna. Samdráttur í fiskveiðum hefur það í för með sér að fjöldi fólks hverfur frá þessari atvinnugrein og þarf að leita annað. Hvað er svo gert til að skapa ný atvinnutækifæri í landinu? Hvað gerði fyrrv. ríkisstjórn í þeim efnum? Það vantaði ekki að það var á stefnuskrá hennar. Það hefur ekkert gerst. Og ég vil fá að sjá eitthvað hjá núv. ríkisstjórn hvað hún ætlar að gera, hvort hún ætlar ekki að vera eitthvað skárri en hin sem er farin frá.

Við skulum tala varlega um að þjóðfélaginu komi atvinnulífið ekkert við. Við skulum þá fara til Evrópubandalagsins og vita hvort þessi stefna er ríkjandi þar, að því komi ekkert við eða þjóðum Evrópubandalagsins hvað er að gerast í atvinnumálum þessara þjóða. Vitið þið hvað er að gerast í Evrópubandabandalaginu? Samkvæmt fjárlögum bandalagsins eru styrkir til atvinnumála og annarra samskipta þjóða 4053 milljarðar ísl. kr. eða um 55,6 milljarðar ECU. Fjárlögin sem allir eru að býsnast hérna yfir, eru þau ekki 106 milljarðar? Þarna eru 4053 milljarðar. Haldið þið að við munum breyta stefnunni í Evrópubandalaginu þó að við gengjum í það? Ég er ekki á því.

Hvernig skiptist þetta á milli atvinnuveganna? Landbúnaðurinn er hæstur í Evrópubandalagslöndunum. Styrkir til hans eru hvorki meira né minna en 2369 milljarðar á þessu ári. Það er ekki mikið sem fer af þessu í mjólkurframleiðsluna eða bara 453 milljarðar og í nautakjötsframleiðslu 170 milljarðar og í kinda- og geitakjötsframleiðslu 124 milljarðar. Það er ekki nema þriðjungurinn sem fer til landbúnaðar eins og við þekkjum hann. Hitt fer í kornrækt, í sykur- og í vínræktina. Það er ekkert lítið. Og það fara um 30 milljarðar til niðurgreiðslna bara á hnetum. Er nú hægt að hugsa sér meira styrkjabandalag en Evrópubandalagið? Ég held að þeir mættu skammast sín, stjórnarherrarnir þjóðanna í Austur-Evrópu, hvað þeir náðu skammt á við EB og þeir eru hættir.

Við skulum svo koma inn á skipulagssjóðina og sjávarútveginn. Styrkirnar þar eru mun minni, en þeir ná þó 1042 milljörðum sem er ekkert lítil tala. Skipulagssjóðirnir eru svona bein þýðing af Byggðasjóði eða byggðastefnu. Og með því er ekki öll sagan sögð því að þjóðirnar sem njóta styrks í sjávarútvegi fá líka frá sínum löndum allt að helmingi upphæðarinnar á móti, en það er ekki sama upphæð og þetta því að þjóðir Suður-Evrópu fá sennilega ekki neitt á móti frá sínum löndum.

Evrópubandalagið setur 15 milljarða ECU til styrktar fiskvinnslu. Það er mjög eftirtektarvert hvað Evrópubandalagið hefur styrkt fiskvinnsluna og byggt hana upp víða í Evrópu. Og það er líka eftirtektarverð sú reynsla sem við urðum fyrir í fyrra þegar við fórum þessa ferð til Humber-svæðisins, til Þýskalands og til Zeebrugge í Belgíu, að alls staðar var sama sagan. Við þurfum að fá meira hráefni, meira sem er óunnið eða lítt unnið til þess að vinna í okkar eigin verksmiðjum. Og það er merkilegt að sjá hvernig þeir voru að byrja á stórfelldri framkvæmd í Zeebrugge í Belgíu, ef ég man rétt um 50 km frá jarðgöngunum undir Ermarsund. Allir ætluðu að vera tilbúnir og allir höfðu orð á því: Við þurfum að fá meira hráefni frá Íslandi. Þetta er það sem stakk okkur í þessu ferðalagi sem var mjög gagnlegt ferðalag. Mér fannst ég verða að segja frá þessu og gera þetta að nokkru umræðuefni. Ég er mjög áhyggjufullur yfir því sem er að gerast í byggðamálum.

Í vegamálum vorum við komnir í að leggja bundið slitlag á árinu 1988 á um 305 km af vegakerfi landsins. Þetta hefur hrunið núna og á því ári sem nú er að líða eru þessar framkvæmdir komnar niður í 100 km úr 305, á ekki lengri tíma. Með öðrum orðum er það komið niður fyrir þriðjung. Þetta er eins og fulltrúi

Kvennalistans sagði hér í dag, samgöngumálin eru mikils virði og við þurfum sannarlega að taka þar höndum saman.

Ég er ekki sérstaklega ánægður að draga úr menntamálum eins og gert hefur verið, loka skólum úti á landi, neita um öldungadeild, jafnvel sem kostar innan við 200 þús. kr. Þetta finnst mér ekki bera vott um stórhug í málefnum strjálbýlisins. En maður verður að vona að Eyjólfur hressist. Ég verð að segja það að mér finnst það nú ekki vera mikið atriði og ekki til þess að hrópa húrra fyrir landsbyggðinni þegar „cowboy-hattur" fyrrv. forsrh. var seldur á 30 eða 35 þús. kr. vestur á fjörðum og núna seldu þeir hattinn af utanrrh. fyrir 42 þús. og 42 þús. kr. fyrir að dansa fyrsta dans við frúna. Ég segi það er hægt að sannfæra mann hér í Reykjavík að landsbyggðarmenn viti ekkert hvað þeir eigi að gera við peningana. En svona hafa þeir það nú gott, sérstaklega í Dalvík, í kjördæmi samgrh., að þeir geta keypt svona verðlaunagripi, á 84 þús. bara á nokkrum mínútum. (**Landbrh:** Það er uppgangur þar.) Það er uppgangur þar. En hann er því miður, hæstv. samgrh., ekki alls staðar. Og þess vegna skulum við líta á hina alvarlegu hluti og það er ekkert fengið með því að flytja Byggðastofnun til Akureyrar. Það er skrifstofa á Akureyri og það er skrifstofa á Ísafirði. Báðar þessar skrifstofur hafa orðið stofnuninni til mikils gagns og ég tel meira virði að setja upp skrifstofur víðar á landinu eins og á Austfjörðum sem búið er að lofa og Norðurlandi vestra og víðar. Við eigum að byggja upp og hafa þessa fulltrúa og þessa samstarfsmenn sem næst fólkinu. Það er þetta sem ég álít að eigi að ganga langt fram fyrir það að flytja Byggðastofnunina til Akureyrar. Ég efast ekki um það að ef hæstv. forsrh. hugsar rólega um þessa hluti, þá kemst hann á sömu skoðun og ég er á.

Mér fannst eitt leitt sem hæstv. forsrh. sagði. Honum fannst það vera hálfgerðir leiðindanöldurseggir sem ekki tækju undir allt hjá honum í þessum byggðamálum og svo ofboðslega fastir í gömlu holunum sínum að þeir gætu ekki hreyft sig. Ég ætla að segja hæstv. forsrh. það að ég er svo lipur enn til snúninga og hlaupa að mig munar ekkert um að fara úr gamalli holu ef ég tel það betra sem ég sé í augsýn. Þá er ég alveg reiðubúinn. En ég er fastur í gömlu holunni minni ef það á að fara spor aftur á bak.

Hæstv. forsrh. sagði að hann hefði hitt fólk úti á landi sem væri svo afskaplega ánægt með þessar hugmyndir hans. Ég dreg það ekkert í efa að einhverjir eru til, því að alltaf eru til menn sem aldrei muna eftir neinu sem þeir hafa áður notið, en ég fullyrði að það er afskaplega lítill hluti af fólki úti á landi sem er ánægður með þetta. Og með allri virðingu fyrir hæstv. forsrh., sem er harðduglegur maður sem hefur komist áfram, þá ætla ég nú að gorta pínulítið, ég tel að ég þekki mun betur líf og störf fólksins víðast hvar úti um landið heldur en hann. En það er margt annað sem hann þekkir miklu betur en ég og ég fer ekki í jöfnuð við hann.

Það sem ég legg höfuðáherslu á er að auka framlög til byggðamála, halda í horfinu, taka mið af þeim fórnum sem landsbyggðin verður núna að fara í sambandi við samdrátt í fiskveiðum og fiskvinnslu. Það verður ekki gert nema með þeim hætti að jafna bilið á milli landsbyggðar og þéttbýlis. Ég tek undir þau orð hæstv. forsrh. að við þurfum að lifa í sátt og samlyndi í landinu. Við þurfum að skilja störf og líf hvers annars, hvar sem við búum á landinu.

Ríkisstjórnin sem ég sat í 1974–1978 var undir forustu Reykvíkings sem var talinn ákaflega mikill höfuðborgarmaður og var fyrrverandi borgarstjóri, Geir heitinn Hallgrímsson. Það hefur engin ríkisstjórn, eins og ég sagði hér frá áðan, gengið lengra til móts við landsbyggðina en sú ríkisstjórn sem sat á árunum 1974–1978. Þar sýndi forsætisráðherrann mikinn skilning í þessum efnum og það var aldrei talið eftir að það þyrfti að byggja upp landsbyggðina með þessum hætti og það með mjög góðum árangri. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar og menn hafa ekki staðið sig sem skyldi.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara út í fiskeldi, en eitt ætla ég að segja. Ef nokkur einn aðili hefur gert fiskeldinu mikinn skaða, þá eru það Norðmenn. Þeir hafa undirboðið afurðir okkar, þeir hafa dansað hrunadans sjálfir í fiskeldi og eru núna skælandi til sinnar ríkisstjórnar að fá styrki — upp á hvað? 1,3 milljarða norskra króna. Þeir hafa orðið okkur að mestu ógagni. Hitt er annað mál, og það skal fúslega viðurkennt, að það hlupu allt of margir af stað og ekki af nógu mikilli fyrirhyggju. En við eigum að nota það sem hefur gerst með því að læra af reynslunni, með því að gera okkur það ljóst að þessi mál eru ekki töpuð. Við höfum samt, þrátt fyrir allt, allt að vinna.

Ég trúi því og treysti að núv. hæstv. ríkisstjórn taki á honum stóra sínum í sambandi við viðhorf til landsbyggðarinnar og uppbyggingu úti á landi. Ef hún gerir það skal ég styðja hana af heilum hug, standa með henni í svo að segja hverri raun sem yfir kann að ganga, en þar er verk að vinna og þar má ekki slaka á klónni því oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að bregðast vel við þeim vanda sem þar er við að glíma.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu ársskýrsla Byggðastofnunar. Ég hef meira en tilfinningu fyrir því, ég hef vissu fyrir því að umræðan mun verða mikil um byggðastefnu. Þegar ársskýrsla Byggðastofnunar hefur verið rædd hér á undanförnum árum hefur venjulega verið heldur bragðdauf umræða.

Stefna þessarar ríkisstjórnar til byggðamála kemur m.a. fram í fjárlagafrv. þar sem framlag til Byggðastofnunar er stórlega skert, eða eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, framlagið er skert hvorki meira né minna en um 20% á sama tíma og aukin verkefni eru ætluð þessari stofnun til að leysa.

Menn hafa spurt sjálfa sig að því og aðrir hreinlega fullyrt að byggðastefnan hafi brugðist. Um þetta hafa menn nokkuð fjallað og ráðstefnur verið haldnar þar um. Ég held að það sé mikil einföldun að telja að byggðastefna og aðgerðir til að treysta byggð hafi mistekist. Ég bendi á mjög ítarlega skýrslu sem hæstv.

núv. heilbrrh. gerði um þetta atriði, að meta starfsemi Byggðastofnunar frá árinu 1972–1982. Þar reyndi hann að leggja hlutlaust mat á hverju sú starfsemi hefði áorkað og engin spurning er að niðurstaða hæstv. núv. heilbrrh. var á þann veg að stefnan hefði vissulega borið ríkulegan ávöxt. — Hér sjáið þið þessa skýrslu. Hún er meira en eitt eða tvö blöð. Hún er mikið plagg og segir sína sögu. — Mér finnst vera hæg heimatökin fyrir forsrh. að spyrja samráðherra sinn, hæstv. heilbrrh., út úr í þessum efnum áður en hann gengur svo vasklega fram eins og hann hefur gert að undanförnu að fordæma Byggðastofnun, byggðastefnu og þá sem þar hafa lagt fram vinnu.

Ráðstefnur hafa einnig verið haldnar um þetta til þess að kryfja þetta mál til mergjar. Það er ekki langt síðan að mikil ráðstefna, tveggja daga ráðstefna, var haldin um þetta efni undir yfirskriftinni „Hefur byggðastefnan brugðist?“ Og niðurstaðan varð á sama veg, menn voru sammála um það að byggðastefnan hefði ekki brugðist, hún hefði þvert á móti borið árangur.

En vissulega er margt enn ógert í byggðamálum og nýjar hugmyndir þar um hafa verið kynntar hér á Alþingi. Má þar nefna t.d. frv. okkar framsóknarmanna um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem hér hefur verið lagt fram og talað fyrir. Ég nefni þáltill. um byggðamál sem fjölmargir þingmenn Sjálfstfl. fluttu á síðasta þingi undir forustu núv. hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, ítarleg tillaga um byggðamál. Svo og tillögu nefndar sem fráfarandi ríkisstjórn skipaði — tveggja reyndar — til þess að fjalla um byggðamál og hv. þm. Ragnar Arnalds fór yfir í sínu máli hér áðan.

Umræðan hefur því miður ekki verið nægilega markviss. Ummæli ýmissa, bæði stjórnmálamanna og fjölmiðla, hafa vægast sagt oft á tíðum verið skaðleg þessari stofnun og þessari stefnu. Stjórnarmenn Byggðastofnunar, Ragnar Arnalds og Matthías Bjarnason, formaður stjórnarinnar, hafa gert starfsemi Byggðastofnunar góð skil í ræðum sínum. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því sem þeir hafa sagt og get því nokkuð stytt mál mitt.

Þeir leiðréttu margvíslegan misskilning og mistúlkun, m.a. í máli hæstv. forsrh. hér í dag. Hæstv. forsrh. ræðir aldrei svo um byggðamál að hann kenni ekki Framsfl. um það sem miður hefur farið. Því er rétt á þessari stundu að líta aðeins um öxl og skoða þátt Framsfl. í þróun byggðar í landinu. Forsrh. segir að byggðastefna síðustu ára undir forustu Framsfl. hafi gjörsamlega mistekist. Svo smekklega kemst hæstv. forsrh. að orði í stefnuræðu sinni að það þurfi að hverfa frá fátæktarstefnu Framsfl. — Ég endurtek það, hæstv. forsrh., að hverfa þurfi frá fátæktarstefnu Framsfl. í byggðamálum. En í upphafsorðum í sömu ræðu segir þó þessi sami hæstv. forsrh.: „Við Íslendingar búum við betri kjör en flestar aðrar þjóðir. Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa.“ Eitthvað aðeins ber nú þarna á milli, hæstv. forsrh.

Staðreyndin er sú að það sem hér hefur gerst á tveimur áratugum hefur tekið aðrar þjóðir aldir að fara í gegnum. Allt hefur þetta verið gert til að styrkja og byggja upp blómlegt mannlíf á landinu öllu. Það er fróðlegt af þessu tilefni að líta um öxl og glöggva sig á stöðu þessara mála um leið og við lítum til framtíðar og hyggjum að nýjum leiðum í byggðamálum. Við gætum fyrst staðnæmst við samgöngumálin. Getum við ekki verið sammála um að í samgöngumálum hefur fremur orðið bylting en breyting? Í stað þess að byggja vegi yfir fjöll stytta menn sér nú leiðina og fara í gegnum fjöllin. Ekki er langt síðan var krækt með vegi fyrir víkur og voga. Nú byggja menn ekki aðeins brýr til að stytta þá leið, heldur er umræðan komin langt á veg að gera jarðgöng undir fjörðinn til þess að bæta mannlíf á landinu. Uppbygging heilsugæslustöðvanna, öldrunarheimila, sjúkrahúsa og margvísleg uppbygging og stórbætt þjónusta við öryrkja og fatlaða. Á þessum árum hefur velferðarkerfið verið styrkt, hæstv. forsrh., en ekki vegið að því, eins og ríkisstjórn þín hefur gert í sínu fjárlagafrv, vegið að sjálfu velferðarkerfinu sem Alþfl. hefur frá upphafi vega stært sig af að hafa borið uppi.

Landsbyggðin hefur vissulega notið þessarar uppbyggingar. Stórstígar framfarir hafa orðið í fjarskiptum og ýmiss konar fjölmiðlun og nýjar og mjög fullkomnar boðlínur lagðar þótt enn sé vissulega margt ógert í þessum efnum, eins og við vikum að fyrir nokkrum dögum síðan í umræðu um útvarpsmál. Ég nefni orkumálin, hringtengingu landsins og uppbyggingu nýrra orkuvera. Ég nefni uppbyggingu skólakerfisins sem skapað hefur margvíslega nýja möguleika til mennta. Er það brjáluð byggðastefna, hæstv. forsrh., að hafa byggt upp Fjölbrautaskóla Vesturlands, Menntaskólann á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Norðurl. v., Verkmenntaskólann á Akureyri, Háskólann á Akureyri, Menntaskólann á Egilsstöðum, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja? Hvað skyldi uppbygging þessara menntastofnana hafa greitt götu margra sem á landsbyggðinni búa til frekari náms en þeim var áður mögulegt? Er það fátæktarstefna Framsfl., hæstv. forsrh., að endurbyggja togaraflota landsmanna svo til frá grunni eftir aðgerðaleysi fyrrverandi samstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. í fyrri viðreisnarstjórn? Þá var togaraflotinn gjörsamlega látinn drabbast niður og var að engu orðinn. Skylt er að minnast á þá stórkostlegu tæknivæðingu sem orðið hefur verið í vinnslu sjávarafla.

Skilningsleysi ráðherra Sjálfstfl. og Alþfl. á því hvað hafið er þessari þjóð er okkur vissulega undrunarefni. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er ráðherrum þínum í ríkisstjórn þinni það ljóst að landhelgi Íslands hefur aldrei verið færð út nema þegar Framsfl. hefur átt aðild að ríkisstjórn? Þegar Framsfl. kom til valda fyrir réttum 20 árum síðan, en það er það tímabil sem hæstv. forsrh. vill miða við, þá var landhelgin okkar rétt um 5.000 km^2 að stærð. En nú, 20 árum síðar, er fiskveiðilandhelgi okkar orðin hvorki meira né minna en 758.000 km^2. Var um 5.000 km^2 þegar Framsfl. kom til áhrifa að nýju. Er þetta virkilega sú fátæktarstefna sem forsrh. vill kenna við Framsfl.? Að stöðva stórkostlega rányrkju erlendra veiðiþjóða á íslenskum

fiskimiðum með aðgerðum sem Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu aldrei gert minnstu tilraun til að gera í samstjórn sinni.

Vita þessir hæstv. ráðherrar ekki á hverju þessi þjóð hefur lifað og mun lifa í næstu framtíð þegar menn tala jafngáleysislega eins og hér hefur verið gert? Hvers konar sögufölsun er núv. ríkisstjórn að koma á blað með málflutningi sínum?

Mér er vissulega skylt að geta þess að það eru fleiri en framsóknarmenn sem hafa komið að ýmsum þessum málum og það er ástæða til að minnast þess hlutar sem hæstv. fyrrv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, átti í því sem sjútvrh. á þeim tímum þegar landhelgin var færð út. Auðvitað er okkur skylt að meta það sem vel er gert.

Með þessum aðgerðum og mörgum fleiri hefur verið lagður grunnur að því velferðarþjóðfélagi sem Íslendingar höfum getað verið stoltir af. Því er það rétt sem hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að eftir þessi framsóknarár í íslensku þjóðlífi búum við Íslendingar við betri kjör en flestar aðrar þjóðir, við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa. Ég tek undir þessi orð þín, hæstv. forsrh.

Til að gera þetta allt mögulegt hefur íslenska þjóðin, fyrirtæki og einstaklingar orðið að taka lán. Það er rétt. Er það með þeim aðgerðum sem menn hafa komið óorði á byggðapólitíkina, eins og hæstv. forsrh. orðaði það? Það er ástæða að hæstv. forsrh. tali skýrt og finni orðum sínum stað þegar hann segir: „Margir stjórnmálamenn hafa tilhneigingu til þess þegar þeir hafa kosið að úthluta fé jafnvel með ólögmætum hætti að vitna til byggðastefnu í því sambandi. Ekki síst er þetta árátta framsóknarmanna."

Ég held það sé nauðsynlegt að hæstv. forsrh. tali örlítið skýrar. Hér er nefnilega mikið sagt og vegið að hópi fólks, hæstv. forsrh. Vopnaburðurinn er frumlegur en ekki fimlegur og má mikið vera ef hann skaðar ekki þann er á heldur. Skulda ekki hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Alþingi greinargerð vegna afskipta sinna og fyrirgreiðslu til Hraðfrystihúss Stokkseyrar? Mér er spurn, virðulegi forseti. Skulda þessir heiðursmenn Alþingi ekki greinargerð um það mál?

Það er mjög nauðsynlegt að þingmenn Sjálfstfl., sem tala í þessari umræðu um byggðamálin, skýri frá því hér hvaða svæði það séu á landinu sem hæstv. forsrh. ljóstraði upp að ættu tæpast lengur rétt á sér og hjálpa bæri fólki að flytja þaðan sem búseta þeirra væri óhagkvæm. Var þetta eitt af því sem bókað var í Viðey? Mér er spurn. Það eru ekki bara þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl. sem þurfa að vita þetta. Miklu fremur er það fólkið á þessum stöðum sem kaus þá sl. vor og þeir lofuðu svo glæstri framtíð. Það er þetta fólk sem á einmitt rétt á því að fá að vita um áform og áætlanir þingmanna sinna. Og ég vona að einhver þingmanna Sjálfstfl., ég hef enga von um að Alþfl. opni munninn í þessu máli, en ég trúi því að það finnist hér þingmenn Sjálfstfl. sem þori að segja meiningu sína í þessu máli. (**EgJ:** Er ekki eðlilegt að forsrh. geri það sjálfur?) Það væri best.

Ég endurtek tilmæli mín til þingmanna landsbyggðarinnar að tjá sig í þessu grundvallarmáli því hér er svo sannarlega boðuð ný byggðastefna.

Vissulega er það svo að verulega hriktir í undirstöðum ýmissa byggðarlaga í dag. Ég hef leyft mér að halda því fram að meginástæðan sé sú að búið er að setja framleiðslutakmarkanir á höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, bæði sjávarútveg og landbúnað, meðan meginhluti atvinnulífs höfuðborgarsvæðisins fær að vera algerlega frjáls. Það kom í hlut Framsfl. að hafa frumkvæði að því að leita leiða til að vinna sig frá þeim vanda sem við stóðum frammi fyrir með minnkandi afla og offramleiðslu í landbúnaði. Það var á árunum 1978 og 1979 þegar Steingrímur Hermannsson, páv. landbrh., lagði fyrst drög að samningi og samvinnu við bændur og samtök þeirra um skipulag framleiðslunnar við góðar undirtektir þeirra sem við eiga að búa þótt vissulega væri um samdrátt í framleiðslu að ræða og verulega tekjuskerðingu bænda. Sú vinna reyndist ekki jafnnotadrjúg og vænst var m.a. vegna þess að í febrúarmánuði 1980 settist sjálfstæðismaðurinn Pálmi Jónsson í stól hæstv. landbrh. og í fyrstu ræðu sinni, sem Pálmi Jónsson flutti á búnaðarþingi, lýsti hann því yfir að nú væri samdráttarskeiðinu í landbúnaði lokið. Nú væri samdráttarskeiði Framsóknar í landbúnaði lokið. Þar með voru þær áætlanir sem forveri hans í embætti landbrh., Steingrímur Hermannsson, hafði undirbúið að engu gerðar og framkvæmdir og fjárfestingar hófust af fullum krafti í landinu. Það kom svo í hlut Jóns Helgasonar sem var landbrh. 1983 að móta stefnu í þessum viðkvæmu og yfirgripsmiklu málum. (Gripið fram í.) Það er rétt. Þessar aðgerðir hafa vissulega komið illa við bændafólk og hin ýmsu byggðarlög. Þessu var reynt að mæta með nýjum atvinnugreinum og átti Framleiðnisjóður landbúnaðarins að vera þar til styrktar. Koma átti upp margvíslegum nýjum atvinnutækifærum með aðstoð þessa sjóðs. Því eru það mikil vonbrigði fyrir okkur sem að þessu stóðum og trúðum að við værum þar að gera rétt og við værum að feta okkur út úr vanda þegar við lesum að meining hæstv. ríkisstjórnar er að ráðast á þennan sjóð eins og fleiri og skera hann niður um hvorki meira né minna en 340 millj. kr.

Það kom svo í hlut Halldórs Ásgrímssonar að móta stefnu í sjávarútvegsmálum. Þetta verk vann hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson í fullu samstarfi og samvinnu við hagsmunaaðila í greininni sjálfri. Þetta var vandasamt verk og vissulega umdeilanlegt. Við stóðum frammi fyrir miklum vanda m.a. vegna minnkandi afla. En við Íslendingar stóðum ekki einir frammi fyrir aflaminnkun. Á þessum árum höfðu Kanadamenn aflað um 700–800 þús. tonn en afli þeirra var þarna kominn niður 200–300 þús. tonn. Í Barentshafi höfðu menn aflað milljón tonna en aflinn var kominn niður í 300–400 þús. tonn. Við þekkjum söguna úr Norðursjónum. Á árinu 1960 fiskuðu Grænlendingar 450 þús. tonn en afli þeirra var kominn niður í 15 þús. tonn. Hvar halda menn að við Íslendingar stæðum ef svo hefði verið haldið á málum hér? Það var ekki vinsælt verk að leika þá leiki en þá þurfti að leika.

Nú er svo komið þrátt fyrir að búið sé að rífast allan tímann um vitlausa stjórnun fiskveiða og menn hafa aldrei gert neitt annað en að skammast út af kvótanum þá menn hafa aldrei staðnæmst við kjarna málsins. Menn hafa rætt um smábáta fram og aftur en aldrei stöðvast við kjarna málsins sem er hvað má úr hafinu taka. Það er grundvallarmálið. Og nú er svo komið að erlendir aðilar eru einmitt að leita hingað til þess að læra af Íslendingum hvernig þeir hafa brugðist við vandamálum sínum í minnkandi afla. En vitaskuld hefur þetta allt saman, skerðing í landbúnaði og skerðing í sjávarútvegi, komið við landsbyggðina. Skerðingin hefur auðvitað fyrst og fremst þrengt hagi hinna ýmsu framleiðslubyggðarlaga.

En hvað er þá núverandi ríkisstjórn að gera? Þetta er í mínum huga eitt allra stærsta byggðamálið í dag. Þetta er ein meginástæða þess sem hefur verið gerast í byggðamálum. Og hvað er ríkisstjórnin að gera? Hvað er ríkisstjórnin að gera í sjávarútvegsmálum? Hver voru fyrstu verkin? Hver var vorhreingerning þessarar ríkisstjórnar í íslensku atvinnulífi? Hún var að hækka skatta. Hún var að hækka vexti. Og vegna hvers? Hver var ástæðan fyrir því að það þurfti að hækka vexti? Það þurfti að hemja þensluna að mati ríkisstjórnarinnar. Ég þekkti ekki þessa þenslu í mínu kjördæmi. Eg hef ekki trú á því að þingmenn Vestfjarða hafi þekkt þensluna. Ég efast um að hv. þm. Norðurl. e. hafi þekkt þensluna og svona gæti ég haldið áfram. Þenslan var á mjög takmörkuðu svæði á landinu. Hún var á svokölluðu Stór-Reykjavíkursvæði. Þar var þenslan. En vextirnir voru hækkaðir á öllu landinu og hafa nú komið mönnum svo sannarlega í koll. Þá mátti ekki grípa til sértækra aðgerða. Af hverju? Vegna þess að það voru talin vera framsóknarráð. Það voru talin framsóknarráð að grípa til sértækra aðgerða. Þá mátti ekki nota þau.

Menn hafa ekki aldeilis látið staðar numið við að hækka vexti. Nú hefur verið ákveðið að rífa Hagræðingarsjóðinn frá sjávarútveginum, stórkostleg skattlagning, og það er slæmt að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson skuli ekki vera hér sem ræddi áðan um þessi mál, um fiskveiðistjórnun, vegna þess að í Hagræðingarsjóðnum fólst það m.a. að það átti að flýta fyrir hagræðingu í sjávarútvegi sem nauðsynleg er og verður að nást fram. Og Hagræðingarsjóðurinn átti að gera meira. Hann átti líka að skapa möguleika til þess að hlaupa í skarðið ef illa færi fyrir ýmsum byggðarlögum atvinnulega séð. Nú er þessi sjóður hrifsaður á einu bretti.

Menn tala líka um það í sama orðinu að sjómannaskatturinn skuli af tekinn. Hæstv. fjmrh. hefur sagt að það sé óeðlilegt að ríkið greiði þennan skatt, það að eigi greinin að gera sjálf. Skattlagning upp á 1½ milljarð. Mér sýndist ég sjá hér í dyragættinni áðan hæstv. samgrh., en ef ég les fjárlagafrv. rétt og við getum talað um það á svona sæmilega skiljanlegu mannamáli þá er þar lagt til að minnka hlut ríkisins í hafnaframkvæmdum en auka hins vegar framkvæmdafé til hafna. Auðvitað er hér verið að tala um að minnka hlut ríkisins og auka hlut sveitarfélaganna í uppbyggingu hafna. Og meira en það, enda kom það fram á fundi í samgn. í morgun þar sem einn stjórnarliði sagði berum orðum að auðvitað væri verið að tala um setja skatt á það sem um hafnirnar fer. Ekki blæs nú byrlega, hæstv. forsrh., í þessum efnum. Að ógleymdu því sem er kannski stóra málið, boðaðri aflaskerðingu um 18–20% sem er hvorki meira né minna en 50 þúsund tonn, líklega röskir þrír milljarðar kr. að aflaverðmæti. Og hafa menn gert sér grein fyrir því að þessi aflaskerðing er hvorki meira né minna en meðaltalsvinnsla 7–8 fiskvinnslufyrirtækja. Svo halda menn að það muni ekki hrikta í byggð.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar, talaði áðan um vandann. Hann talaði um að vandinn væri tvíþættur. Annars vegar væru það lág laun fiskverkafólks. Ég tek undir það. En ég vil segja meira. Það er grundvallarmál í dag að hægt sé að koma það miklum hagnaði í sjávarútveg á Íslandi að við getum greitt hærra fiskverð og hærri laun til þess fólks sem við sjávarútveginn starfar. Ef þetta tekst ekki mun fiskurinn áfram fara frá okkur óunninn úr landi og erlendir aðilar munu njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar. Og þá mun verða skammt í að við Íslendingar verðum aðeins veiðiþjóð í þessu landi. Ég hef einna mestar áhyggjurnar af því í dag að hér séu menn á kolrangri braut.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vék hér að öðru. Hann minntist á að nauðsynlegt væri að flytja ríkisstofnanir út á land. Að þessu hefur Byggðastofnun verið að vinna og ég tek undir það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði áðan. Byggðastofnun hefur verið að vinna að þessum málum. Niðurstaða okkar í meiri hluta stjórnarinnar á sínum tíma þegar athugun fór fram á því hvort ætti að flytja Byggðastofnun til Akureyrar var sú að skynsamlegast væri að Byggðastofnun væri hér í Reykjavík með aðalstöðvar sínar, en síðan ætti stofnunin að setja upp starfsemi í öllum kjördæmum landsbyggðarinnar. Og ég er Matthíasi Bjarnasyni 100% sammála í þessum efnum. Þannig vil ég sjá þessa hluti gerast. Og því lagði Byggðastofnun af stað í þessum efnum, hóf starfsemi sína á Akureyri, á Ísafirði og undirbúningur starfseminnar var hafinn á Egilsstöðum. Sú yfirlýsing hæstv. forsrh., sem kom hér fram í dag, að nú væri ákveðið að fresta þeim framkvæmdum eru mér nýjar fréttir, og er ég búinn að sitja æðilengi í stjórn Byggðastofnunar. Mér er spurn, (**Gripið fram í:** Hvað segir Egill?) hver hefur tekið þessa ákvörðun? Hér eru tveir aðrir stjórnarmenn inni. Mér er spurn: Hver hefur tekið þessa ákvörðun? Hvar var hún tekin? Ég hef ekki heyrt hana fyrr. Ég hélt að stjórn Byggðastofnunar hefði gengið í takt í þessum efnum og það væri ætlan okkar að koma upp þessum stofnunum í kjördæmum landsins. Ég hef átt viðræður við marga af þingmönnum Sjálfstfl. og nokkra af ráðherrum flokksins sem mjög hafa tekið undir þessa stefnu og talið hana skynsamlega og rétta.

Hæstv. forsrh. sagði einnig að gera þyrfti byggðaáætlanir en það ætti ekki að gera þær með valdboði. Þetta er rétt. Þar er ég forsrh. sammála. Enda var hér á síðasta þingi flutt merkileg tillaga, sem var sam-

þykkt, um það að nú er skylt að gera byggðaáætlanir sem forsrh. leggur fyrir Alþingi til samþykktar. Ég sagði, þegar ég talaði fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, að það væri grundvallarmál að við gætum náð saman um að styrkja kjördæmi landsins stjórnsýslulega til þess að við fengjum þann aðila sem þarf til að vinna með ríkisstjórn hverju sinni um gerð slíkra byggðaáætlana. Þetta er grundvallarmál ef vel á að takast til, að heimamenn sjálfir verði sem virkastir á þessu sviði.

Hæstv. forsrh. vék einnig að því og sagði að Byggðastofnun ætti að hætta að leggja fram hlutafé í fyrirtæki og bætti við: Því miður. Hún ætti að hætta að sóa fé. Það voru ekki góð orð. Því miður eru þingmenn Suðurlands farnir nema ég sé að hér situr hv. þm. Jón Helgason. Ég hefði gaman að heyra í þeim Sunnlendingum um álit þeirra á þessum orðum hæstv. forsrh. Var það að sóa fé þegar Byggðastofnun gerðist hluthafi í fyrirtæki á Suðurlandi sem heitir Límtré? Var það að sóa fé? Tók við því fyrirtæki að margra áliti nánast vonlausu og byggði það upp og hefur gert það að góðu fyrirtæki. Byggðastofnun hefur fyrir nokkru síðan ákveðið að selja hlut sinn í þessu fyrirtæki en fyrir þrábeiðni heimamanna höfum við ekki gert það enn og nú hafa menn verið að efla þetta fyrirtæki og það hefur reynt að styrkja önnur til að standa á eigin fótum.

Ég gæti nefnt fleiri dæmi, hæstv. forsrh., en úr því að ég vék að Suðurlandinu get ég einnig minnst á þátt Byggðastofnunar í því að gera Sláturfélagi Suðurlands það mögulegt að flytja starfsemi sína frá Reykjavík austur í sveit. En ég viðurkenni að það er út af fyrir sig stefna sem forsrh. nefndi hér. Það er út af fyrir sig stefna. Það hefur hins vegar aldrei verið hugmynd Byggðastofnunar. Þó hún gerðist hluthafi í fyrirtækjum hefur það ætíð verið okkar markmið sem þar höfum starfað að það yrði ekki til eilífðarnóns. Byggðastofnun ætti að selja þessi bréf þegar mönnum tækist að koma fyrirtækjunum sæmilega fyrir vind.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu nú. Það verður sjálfsagt gert matarhlé nú og við munum hittast að loknu hléi. Skýrsla forsrh. var ítarleg og um margt forvitnileg. Ég hef trú á því að hún veki upp margar spurningar sem við eigum eftir að fá svör við. Það er nauðsynlegt að fara gaumgæfilega yfir framtíðarsýnina í byggðamálum og ég trúi því að það munum við gera það hér á eftir og auðvitað svo úti á akrinum sjálfum. — [Fundarhlé.]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að umræða um byggðamál skuli komast á dagskrá þingsins svo snemma á þessum vetri. Ég vænti þess að fleirum en mér þyki æskilegt að geta rætt um stöðu byggðamálanna eins og hún blasir við í byrjun vetrar og heppilegt tilefni til þess er auðvitað að fá í hendur ársskýrslu Byggðastofnunar og hlýða á ræðu hæstv. forsrh af því tilefni.

Ég held að ég verði samt vegna atburða í umræðunni fyrr í dag að víkja fyrst að ummælum hv. 1. þm. Vestf. um þá hvítu bók sem við alþingismenn fengum senda og bar að sögn kunnugra fæðingu hennar nokkuð brátt að. Er ekki að vita nema um hálfgerðan fyrirburð hafi þar af leiðandi verið að ræða, en á sólarhringnum áður en eldhúsdagsumræður um stefnuræðu forsrh. fóru fram kom þessi hvíta bók til þingmanna en áður hafði verið boðað að nokkur bið yrði eftir. Nú kom það fram í umræðum áðan að hv. 1. þm. Vestf. lýsti þessa bók, ekki bara þær línur sem fjalla um byggðamál sem hann lýsti sig ósammála, heldur alla bókina sér óviðkomandi. Ég hlýt því að spyrja og vona að það skýrist í umræðunni fyrr en seinna, hver er eiginlega staða þessarar bókar? Ég held að það sé ákaflega ankannalegt að við hv. þm. ræðum um stefnu ríkisstjórnarinnar, að svo miklu leyti sem við erum að reyna að greina hana, hafandi þetta plagg í höndunum ef það kemur svo á daginn, sem manni virðist verða æ ljósara, að þetta sé í raun og veru marklaust plagg og hafi ekki þá formlegu stöðu á nokkurn hátt sem gefið var í skyn þegar það var lagt fram. Ég skildi hv. 1. þm. Vestf. svo að þetta plagg hefði ekki fengið afgreiðslu í þingflokki Sjálfstfl. Í öllu falli var alveg ljóst að hann lýsir það sér óviðkomandi. Þess vegna hljótum við að spyrja: Er það svo um fleiri hv. þm. Sjálfstfl. að þetta hvíta plagg sé þeim óviðkomandi og er það e.t.v. svo þegar til kastanna kemur að einungis þeir tíu hv. þm. sem sitja í hæstv. ríkisstjórn beri ábyrgð á þessu skjali?

Mér er tjáð að á þingi hafi fyrir nokkru komið í ræðustól hv. varaþm. Alþfl. og bæjarstjóri í Hafnarfirði, Guðmundur Árni Stefánsson, og lýst því yfir að þetta plagg hefði ekki fengið þá afgreiðslu í Alþfl. sem lög þess flokks mæla fyrir um til þess að teljast gilt. Það mun vera svo að þar þurfi flokksráð eða flokksstjórn um að fjalla þar sem þetta er skjal er varðar efnisinnihald stjórnarsamstarfs og þetta plagg mun ekki hafa fengið þá afgreiðslu í Alþfl. (**Heilbrrh.:** Hvaða plagg ertu alltaf að tala um?) Ég er að tala um litlu, hvítu músina, hæstv. heilbrrh., sem svo var nefnd á dögunum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við fáum þetta fram og það fyrr en seinna. Æskilegt væri að t.d. þingflokksformenn stjórnarflokkanna gætu, ef þeir eru viðstaddir eða í kallfæri, upplýst okkur um hvaða stöðu þessi verkefnisáætlun, stefnuyfirlýsing eða hvað menn kjósa að kalla það, af nafninu verður það ekki ráðið, hefur hjá stjórnarflokkunum vegna þess að það er vísað í þetta skjal aftur og aftur í umræðum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég lýsi því eftir því og vona að talsmenn stjórnarflokkanna hér í kvöld, hæstv. forsrh. eða annar fyrir hönd Sjálfstfl., og við sitjum kannski uppi með hæstv. heilbrrh. sem talsmann Alþfl — það virðist ekki vera öðrum til að dreifa á þeim bæ en það hafði þó verið óskað eftir því af okkar hálfu að formaður eða varaformaður þess flokks yrði einnig viðstaddur umræðuna og er nokkur skaði ef því verður ekki við komið — svari þessu alveg afdráttarlaust. Nú er að vísu rétt að taka það fram að ég er ekki að lýsa sérstaklega eftir þessu vegna þess að ég telji það sem í þessari bók stendur þvílík tíðindi í stefnumarkandi atriðum, síður en svo. Þvert á móti var það þannig að þegar ég fór að blaða í gegnum pappíra til að undirbúa mig undir þessa

umræðu fór ég m.a. í stefnuyfirlýsinguna, þessa þunnu frá því í vor, og síðan í hvítu bókina og fór að leita að köflunum um byggðamál. Og mikið rétt. Ég fann einar fimm línur í örkinni frá 30. apríl um byggðamál. Reyndar er þar fjallað á einu bretti um atvinnu- og samgöngumál og jöfnunaraðgerðir eins og lækkun húshitunarkostnaðar, en þar segir þó í 9. lið, með leyfi forseta: „Með aðgerðum í atvinnu- og samgöngumálum verði þjónustu- og vaxtarsvæði á landsbyggðinni styrkt." Síðan er það ekki skýrt nánar. Við höfum síðan verið að fá á því ákveðnar skýringar hvað í þessu felist, a.m.k. í huga hæstv. forsrh. Ég fór svo í hvítu bókina, þetta leyniplagg sem svo var lengi og sem nú er smátt og smátt að verða ljóst að er eingöngu á ábyrgð tíu ráðherra í hæstv. ríkisstjórn og hefur enga stöðu í stjórnarflokkunum. En hvað um það. Ég fór í efnisyfirlitið og ætlaði að leita að kaflanum um byggðamál. Þetta er nokkuð mikið plagg. Hér var þeim búinn að vinnast tími til þess þegar kominn var október að semja 45 blaðsíðna plagg. Og ég fór í efnisyfirlitið á fremstu síðu og leitaði að kaflanum um byggðamál en fann hann hvergi. Ég fór að blaða í gegnum plaggið, las allar undirfyrirsagnir undir kaflafyrirsögnunum og leitaði þar að kaflanum um byggðamál og fann hann hvergi. (**ÓÞÞ:** Þetta er undir heilbrigðismál.) Nei, það er nú ekki alveg svo slæmt að þetta sé þar.

Í textanum um sambúð lands og þjóðar fann ég svo loksins ákveðna umfjöllun um byggðamál líklega upp á einar fimmtán prentaðar línur. Þar kemur þessi klausa sem hv. 1. þm. Vestf. var m.a. í dag að lýsa sig ósammála fyrir utan það að hann lýsti plaggið sér óviðkomandi. Það helsta sem ríkisstjórnin hefur í hvítu bókinni sinni fram að færa — handbók ráðherranna, sem við hljótum að fara að kalla svo úr þessu úr því að hún hefur aldrei verið samþykkt í stjórnarflokkunum — er það að byggðastefnan hafi brugðist og það sem menn hafi verið að gera í þessum efnum hingað til hafi allt verið tóm vitleysa og íbúar heilla byggðarlaga hafi þurft að sætta sig við að afkoma þeirra og búsetuöryggi væri komið undir pólitískum duttlungum miðstjórnarvaldsins o.s.frv. Svo kemur þetta með eflingu vaxtarsvæðanna og svo er minnst á húshitunarkostnaðinn. Þetta er það sem hefur staðið upp úr í þessu viðamikla framlagi ríkisstjórnarinnar til byggðamála.

Það bar allt að sama brunni líka, því miður verð ég að segja, í ræðu hæstv. forsrh. áðan. Eftir að hafa lesið að mestu leyti formálann að ársskýslu Byggðastofnunar — ég gat ekki heyrt betur, hæstv. forsrh. leiðréttir mig ef það er rangt, en að stofni til væri fyrri hluti ræðu hans keimlíkur málflutningnum í ársskýrslu Byggðastofnunar, kom í síðari hlutanum, sem var, eins og einhver glöggur ræðumaður fyrr í dag benti á, saminn af allt öðrum manni, helsta framlag hans til umræðunnar var þetta venjulega um mistök fyrri ríkisstjórnar, um hina slæmu arfleifð síðustu ríkisstjórnar í atvinnumálum. Reyndar hefur hæstv. forsrh. tekið þeim framförum að hann talar alltaf um síðustu ríkisstjórn þar sem áður voru yfirleitt allar ríkisstjórnir lýðveldisins, nema kannski viðreisn stundum, settar í falleinkunnarhópinn. Og svo kom þetta með sjóðina sem við erum búnir að heyra hundrað sinnum í vor, sumar og haust og þar með var þetta eiginlega búið. Ég kalla það að þar með hafi ræðan verið búin.

Þetta verð ég að segja, virðulegi forseti, að mér finnst verða æ dapurlegra með hverjum deginum sem líður. Ég hefi talið að það hefði verið tækifæri til þess núna fyrir hæstv. forsrh., m.a. vegna þess að ýmis ummæli hans á undanförnum dögum og vikum um atvinnu- og byggðamál hafa fallið í misgóðan jarðveg, að reisa sig svolítið í málfutningi með myndarlegri ræðu um byggðamál. Með stefnumarkandi ræðu sem eftir hefði verið tekið þar sem eitthvert efnislegt framlag kæmi af hans hálfu, sem forsrh. í nýrri ríkisstjórn, í væntanlega hans fyrstu opinberu ræðu sem fjallar um byggðamálin sérstaklega. En ég lýsi eftir því. Hvar var það í þessari ræðu? Mér er spurn. Ég heyrði ekkert nema fyrri hlutann sem lesinn var meira og minna upp úr ársskýrslunni og seinni hlutann sem var um hina vondu arfleifð hinna vitlausu manna sem hafa verið að gera endalaus mistök og axarsköft á undanförnum árum og áratugum.

Þessi málflutningur, hæstv. forsrh., er þegar orðinn þreyttur. Við þingmenn erum ýmsu vanir og gætum sjálfsagt hlustað á hann býsna lengi án þess að verða mjög flökurt af því að við fáum að heyra ýmislegt. En ég held að þjóðin sé að verða mjög leið á því að ekkert komi frá hæstv. ríkisstjórn annað en skammir um fyrri ríkisstjórn og ríkisstjórnir.

Svo er náttúrlega spurningin um Alþfl. Hvernig hæstv. umhvrh. líði undir þessum endalausa rógi, skömmum og svívirðingum um fyrri ríkisstjórnir og sérstaklega þá síðustu sem Alþfl. sat í. Það fer að verða dálítið kyndugt. Nú er hæstv. félmrh. mættur, varaformaður Alþfl., og þá get ég snúið máli mínu til hæstv. félmrh., gegnum forsetann að sjálfsögðu eins og þingsköpin segja. Ég óska eftir því að við heyrum eitthvað frá Alþfl. um þennan málflutning hæstv. forsrh. Er þetta ekki farið að verða pínulítið þreytandi, hv. talsmenn Alþfl.? Að allt sem ríkisstjórnin hefur fram að færa í hverjum málaflokknum á fætur öðrum, í byggðamálunum eins og öðru, eru skammir um síðustu ríkisstjórn og arfleifð fyrri ríkisstjórna.

Það verður auðvitað betra tóm til þess að ræða síðar og oftar aðgerðir til bjargar atvinnuvegunum á árinu 1988–1989, en eins og venjulega fór forsrh. yfir þau mál á sinn kostulega hátt, talaði um óráðssukkið og bruðlið og mistökin öll sem í þessu hefðu fólgist og klykkti svo út með því að segja að verst væri að vandamálin væru óleyst. Hæstv. forsrh. er ekki enn búinn að jafna sig á því að hann skuli koma að vandamálum þegar hann tekur við stjórn landsins. Það er greinilegt að hann hefur átt von á því að hann kæmi að algerlega sléttum sjó og ekki yrði við nein vandamál að glíma. Það er út af fyrir sig alveg rétt að öll vandamál leystust ekki með þeim aðgerðum sem þarna var gripið til, en hæstv. forsrh. væri hollt að hugleiða hvernig ástandið væri ef ekkert af þessu tagi hefði komið til sögunnar. Heldur hann að það væri hægara um vik að stjórna efnahags- og atvinnumálum á Ís-

landi í dag ef nánast allt atvinnulífið eins og það leggur sig hefði verið rústað niður á þessum tíma?

Auðvitað er það líka svo að hæstv. sjútvrh. og fyrrv. hæstv. forsrh. hlýtur að vera dálítið ókyrr stundum undir ræðum hæstv. núv. forsrh., ég ímynda mér það a.m.k., og þeir sjálfstæðismenn margir sem sátu samfellt í ríkisstjórn frá 1983 til 28. sept. 1988 hljóta auðvitað að líta í eigin barm þegar núv. hæstv. forsrh. lætur gamminn geisa um mistökin, axarsköftin, óráðsíuna og vitleysuna sem viðgengist hafi við stjórn landsins á undanförnum árum.

Hér var fiskeldi nefnt fyrr í dag. Skyldu ekki hv. þm. Sjálfstfl. sem enn eru á þingi og sátu á þingum kjörtímabilin 1983–1988 minnast þeirrar aðildar og þeirrar ábyrgðar sem Sjálfstfl. einmitt ber á þeirri fjárfestingu? Þá á ég ekki við ofurhugann, hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, heldur flokkinn almennt sem tók stærstu einstöku ákvarðanirnar og í raun og veru einu stóru opinberu ákvarðanirnar um að auka fjárfestingu og uppbyggingu í fiskeldi sem teknar hafa verið. Það var einmitt ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem um mitt ár 1988 tók langstærstu og eiginlega einu miklu ákvarðanirnar um að veita opinberan tilstyrk við fjárfestingu og uppbyggingu í fiskeldi. En samt halda þessar ræður svona áfram. Maður veltir því fyrir sér hvenær komi að því að t.d. hæstv. sjútvrh. eða einhverjir aðrir af talsmönnum Sjálfstfl. sem ábyrgð báru á stjórnmálum á þessum tíma fari að bera hönd fyrir höfuð sér.

En af því að byggðamálin hljóta óhjákvæmilega að tengjast fyrst og fremst ástandi mála í atvinnulífi landsbyggðarinnar eins og það blasir við okkur um þessar stundir — ég segi fyrst og fremst því að það hlýtur að koma í öðru eða þriðja sæti að ræða það t.d. hvort við eigum einhvern tíma síðar á kjörtímabilinu að flytja Byggðastofnun til Akureyrar — þá ætla ég að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þau.

Hæstv. sjútvrh. hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum síðustu sólarhringa að það verði að grípa til þess sem hann kallaði neyðaraðgerðir til að bjarga málefnum sjávarútvegsins og rekstrinum þar frá þeirri yfirvofandi vá sem þar er fyrir dyrum. Það þarf ekki að rekja fyrir hv. þm. orðaskipti sjútvrh. og ónefnds bankastjóra Landsbankans sem er kunnugur úr þessum sölum af þessu tilefni. Leiðum það hjá okkur en horfum á efni málsins. Hvert er það? Staðan er sú að það er 7–8% tap í botnfiskvinnslunni eins og hún leggur sig í dag og útlitið fyrir næsta ár er upp á taprekstur um a.m.k. 10%. Var það ekki hv. 1. þm. Vestf. sem sagði við okkur í dag að ástæðan fyrir því hvernig komið var haustið 1988 hefði í raun og veru verið ósköp einföld. Á mannamáli sagt var það að atvinnulífið væri rekið með bullandi tapi og var komið í þrot á haustmánuðum 1988. Hv. 1. þm. Vestf. þurfti ekki flóknari röksemdafærslu en þetta til þess að útskýra hvað hefði gerst. Það var ósköp einfaldlega þetta. Atvinnureksturinn gekk með bullandi tapi mánuð af mánuði og var kominn í strand haustið 1988.

Ætli þetta sé þá ekki eitthvað svipað núna? Halda menn það ekki? Hvað halda menn að sjávarútvegurinn, skuldsettur eins og hann er, keyri lengi áfram á 10% tapi sem blasir við honum? Ég tala nú ekki um ef helsti viðskiptabanki sjávarútvegsins, sem er með um 70–80% af fyrirtækjum í sjávarútvegi í viðskiptum að veltu til, stöðvar alla fyrirgreiðslu til þeirra nema afurðalán. Það er alveg augljóst mál að þá sigla hlutirnir hér mun hraðar í strand en nokkurn gat órað fyrir og kynnu að vera hér ýmsir ekki fjarri sem gætu sagt okkur eitthvað af því hversu lengi fyrirtækin mörg hver, stór og smá, koma til með að endast við þessar aðstæður.

Þá reynir á hvort hreystin verður jafnmikil og látið var í veðri vaka nú í vor og sumar að menn yrðu bara að bjarga sér og ríkisstjórnin færi ekki að grípa til neinna ráðstafana. Það væri liðin tíð, enda hefðu þær illa gefist, verið sukk og svínarí og gott ef ekki glæpastarfsemi á borð við það að stela kaffi, að vera að leyfa sér að grípa til ráðstafana til aðstoðar atvinnulífinu.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að taka þetta saman þegar verið er að ræða um byggðamál úr því að tækifæri gefst til þess á annað borð og þá hljóti fyrstu hlutirnir að koma fyrst sem er auðvitað þetta: Kemur atvinnulíf landsbyggðarinnar og reyndar landsmanna allra til með að ganga, ekki bara til næstu ára litið heldur til næstu mánaða litið eins og horfurnar eru orðnar í dag?

Ég tek auðvitað undir með hv. 1. þm. Vestf. að við aðstæður eins og þær sem núna eru uppi er það furðulegt að menn skuli vera að ræða um að draga úr stuðningi til byggðamála, að vera að bakka út úr hvers kyns stuðningi og fyrirgreiðslu við undirstöðuatvinnugreinar eins og sjávarútveg þegar hann þarf að mæta 20% aflasamdrætti og horfir fram á 10% taprekstur á næsta ári. Auðvitað ættu menn að vera að ræða hér tillögur sem væru þegar komnar fram frá hæstv. ríkisstjórn um ráðstafanir vegna þessa ástands og þessa útlits og hvernig ætti að beita auknum stuðningi og auknum ráðstöfunum í þessu skyni. Og menn ættu að vera að ræða hér hvernig rekstrarskilyrði atvinnugreinanna yrðu bætt þannig að þær gætu gengið og hvernig myndarlegar væri hægt að leggja til framfaramála til þess að mæta þeim samdrætti, þeirri veltuminnkun, sem augljóslega blasir við að óbreyttu, sérstaklega á landsbyggðinni.

Af því að hv. 1. þm. Vestf. rifjaði dálítið upp söguna í sinni merku ræðu, vék að því m.a. hvers vegna mönnum tókst á síðari hluta áttunda áratugarins að snúa straumnum við og það kom fimm, sex, sjö ára tímabil þar sem búsetuþróunin var í góðu jafnvægi og fólksfjölgunin jafnvel ívið meiri úti á landi en í þéttbýlissvæðunum, þá ætla ég að leyfa mér að bæta aðeins við þá söguskýringu af því að mér fannst hv. 1. þm. Vestf. gera þau ein mistök að fara ekki alveg nógu langt aftur. Hann byrjaði 1974 en hefði átt að byrja 1971 því að auðvitað voru það stjórnarskiptin þá og gerbreytt viðhorf í málefnum landsbyggðarinnar með tilkomu vinstri stjórnarinnar 1971 — eftir frosttímabil viðreisnarstjórnarinnar með landflótta og byggðaröskun, sem allir þekkja — með útfærslu landhelginnar og uppbyggingu sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar, stór-

auknum framkvæmdum í samgöngumálum og fleiru sem þarna kom til sögunnar, að það tókst að snúa þessu við. Það er alveg rétt sem hv. 1. þm. Vestf. segir og það má sú ríkisstjórn eiga sem sat að völdum 1974–1978 að hún hvarf ekki frá þessari stefnu nema í mjög litlum mæli þá. Hún hélt t.d. áfram uppbyggingu Byggðastofnunar með myndarlegum fjárveitingum á árunum 1975–1978. Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Vestf. sem sat í þeirri stjórn og það má hún vel eiga sem hún gerði skynsamlega. Það skynsamlegasta sem hún gerði var að halda áfram því uppbyggingarstarfi í byggðamálunum sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir á árunum 1971–1974.

Það var afleiðing aðgerða þessara tveggja ríkisstjórna sem á síðari hluta þessa tímabils sneri þróuninni algerlega við þannig að við upplifðum hér langbesta jafnvægisástand í byggðarþróun fyrr og síðar um áratuga skeið. Þetta segir okkur auðvitað að það eru sleggjudómar að segja að byggðastefnan hafi brugðist, bara á einu bretti. Þetta er allt rugl og vitleysa, kák og della sem allir hafa gert á undan mér, svo að maður leyfi sér að taka frjálslega í munn og endursegja ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Svona málfutningur gengur auðvitað ekki.

Við skulum fara með gagnrýnum huga yfir það hvað hefur tekist og hvað ekki og það er engin deila um það að ýmislegt í áherslum manna og tilraunum á undanförnum árum hefur tekist misvel. Þannig er það auðvitað og þætti svo sem ekkert skrítið yfirleitt annars staðar en á Íslandi að t.d. eitthvað af áhættufjármagni sem lagt er í slík fyrirtæki tapist. Þess vegna heitir það nú einu sinni áhættufjármagn, ekki satt, hv. þm. Eyjólfur Konráð? (**EKJ:** Jú, jú.) Já, rétt. Það stendur í bókunum. Það heitir auðvitað áhættufjármagn af því að menn vita að það getur tapast. Menn eru að leggja nokkurn veginn upp á von og óvon í tilraunastarfsemi í atvinnulífinu og eðli málsins samkvæmt gengur þar ekki allt saman upp. Menn geta haft þá skoðun að mönnum hafi jafnvel verið óvenjumislagðar hendur um ýmislegt í byggðamálum en það er fjarri lagi að standa að umræðum um þessi mál, og allra síst sæmandi forsrh. nokkurrar þjóðar, með þeim sleggjudómastíl sem hefur einkennt málflutning hæstv. forsrh.

Reyndar var það eitt sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. og ég leyfi mér aðeins að staldra við og það var umfjöllun hans um það, eins og ég skildi það, að EES-samningurinn leysti í raun og veru þetta allt fyrir okkur þegar hann kæmi. Hann hlyti náttúrlega að meira og minna leyti að gerbreyta öllum byggðamálum til betri vegar. Ég segi nú bara, mikil er trú þín. Nú þegar ber á því að stéttirnar í landinu eru sumar hverjar komnar í hár saman út af því að þær eru að hlakka yfir því að nú verði þær hver annarri óháðar með viðskipti þegar þær komast í hið mikla frelsi EES-samningsins. Ég heyrði t.d. af skemmtilegri sennu sem fór fram úti í bæ fyrir einum 2-3 sólarhringum. Þar hittust tæknimenn og byggingariðnaðarmenn og arkitektar. Þeir fyrrnefndu hlökkuðu mjög yfir því að nú yrðu þeir leystir undan þeim ósköpum að þurfa að eiga viðskipti við íslenska arkitekta sem fengju ekki mikla vinnu í íslenska byggingariðnaðinum eftir að EES-samningurinn væri kominn því að þeir gætu nú látið teikna allt í Bretlandi eða Danmörku og þyrftu ekki á þessum mönnum að halda meir. Og öfugt. Það kom auðvitað í ljós að arkitektunum datt í hug að það yrði nú ekki mikið að gera með þennan óhagkvæma byggingariðnað á Íslandi. Þeir mundu teikna fyrir erlenda verktaka. Það væri nóg að gera en hinir yrðu óþarfir. Ég segi það bara á frumstigi umræðna um þennan EES-samning að ég held að það sé of snemmt, hæstv. forsrh., að slá því föstu að hann komi eins og hin líknandi hönd og leysi allar andstæður í byggðaþróun á Íslandi. Það er a.m.k. sýnd veiði en ekki gefin.

Það er eiginlega óhjákvæmilegt að staldra aðeins við það sem komið hefur fram bæði í ræðum hæstv. forsrh., í báðum þessum bókum, handbók ráðherranna og örkinni frá 30. apríl, og auðvitað í frægum ummælum hæstv. forsrh. á flokksstjórnarfundi Sjálfstfl. um vaxtarsvæðin og þá byggðastefnu sem þar á bak við felst ef ég hef skilið hana rétt. Sem sagt þetta, að leggja beri alla áherslu á fáein, væntanlega valin, vaxtarsvæði á landsbyggðinni og jafnvel hjálpa síðan íbúum annarra byggðarlaga við að flytja þangað. Hvílíkt heimsmet í miðstýringu væri þetta og kemur það æ betur í ljós að Austur-Evrópuþjóðirnar eiga ekkert heimsmet þar eins og reyndar hv. 1. þm. Vestf. minnti á hér líka í dag í öðru samhengi. Þetta væri að mínu mati einhver sú ógæfulegasta stefnubreyting og kúvending í þeirri hugsun sem á bak við byggðaaðgerðir liggur, þróun í jafnvægi í byggð landsins sem nokkur getur verið. Ég er alveg sannfærður um það að þyngra högg væri ekki hægt að greiða álitlegustu vaxtarsvæðum á landsbyggðinni heldur en að tæma byggðarlögin í kringum þau og gera þar með þessi vaxtarsvæði svokölluðu, sem yrði auðvitað öfugmæli innan skamms, að einhverjum eyjum í óbyggðinni, einhvers konar vinjum í eyðimörk. Í mínum huga á þetta að vera í rauninni þveröfugt. Það er áhrifaríkasta byggðastefnan að beita aðgerðunum fyrst og fremst og markvissast þar sem byggðin er veikust til þess að ekki rofni sú keðja sem byggðin í landinu er.

Af því að hæstv. forsrh. var nú að guma af því hér þannig að hv. 1. þm. Vestf. sá ástæðu til þess að setja ofan í við hann að hann hefði farið mikið um landið og hlustað á fólk og hefði nú bara orðið þó nokkurn skilning á því hvernig fólkið í landinu hugsaði þessi mál held ég að hann ætti t.d. að fara til Húsavíkur, svo að ég taki nú stað í mínu kjördæmi, og spyrja þá að því þar, Húsvíkinga, hvers virði þeir telji byggðina fyrir austan sig vera sér á norðausturhorninu, á hinni löngu strandlengju frá Tjörnesi og til Vopnafjarðar. Þar búa að vísu ekki nema 2500 manns í nokkrum sjávarplássum og sveitum en þeir á Húsavík eru með það algerlega á hreinu hversu geysilega mikilvægt mál það er fyrir þá að missa ekki byggðina þannig að þeir verði ekki endastöð, ekki jaðarbyggð, ekki einhver eyja í óbyggðinni. Ég held að ef við getum fengið það aðeins betur fram og skýrar hvað hæstv. forsrh. á við og

hvað felst í þessari umfjöllun hér í bókunum, handbók ráðherranna og örkinni, þá skil ég vel að hv. 1. þm. Vestf. segi sig frá þessari hugmyndafræði. Það skyldi nú ekki vera að það hafi ekki síst verið þetta sem hann var að tala um.

Ég held að þetta sé mikil feigðarstefna og ég óska eftir því að hæstv. forsrh. tali ekkert rósamál þegar hann kemur hér upp í umræðunni næst, eða í lok hennar væntanlega til að svara fyrir, og skilgreini þetta svolítið fyrir okkur. Hvernig hugsar hæstv. ríkisstjórn sér þessi vaxtarsvæði? Hverjir eru staðirnir? Það þýðir ekkert að tala hér dulmál. (**PP:** Egill er að bjóðast til að tala fyrir forsrh.) Já, ég fagna því ef hv. þm. Egill Jónsson ætlar að taka að sér að tala fyrir forsrh. í þessum byggðamálum, og skilgreina vaxtarsvæðin. Hv. þm. væri kannski svo vænn í leiðinni svona í framhjáhlaupi að lýsa afstöðu sinni til hvítu bókarinnar. Er hún honum óviðkomandi eins og hv. 1. þm. Vestf.? Ég vil t.d. fá að vita það hvað er í huga hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar varðandi Norðurland í þessum efnum og sérstaklega Norðurl. e. Þar er mér málið skylt. Ég vil ekkert vera að ræða um byggðamál við ríkisstjórn sem er með slík áform uppi án þess að vita hvað þar er á ferðinni og beinlínis hvað felst í því. Úr því að þetta er á bók gengið, þá eru væntanlega til skýringar á þessu. Ekki er verið að setja þetta á blað bara út í loftið eða hvað, hæstv. forsrh.? Varla er verið að varpa þessu fram á alvarlegum fundum, eins og við skulum ætla flokksráðsfundi Sjálfstfl. eru, bara svona út í loftið.

Nei, ég segi það að sé einhver áherslubreyting vitlaus í byggðamálum á Íslandi þá er það sú borgríkis- og smáborgríkishugsun sem auðvitað felst í þessu. Það á að vera eitt, stóra borgríkið við Faxaflóa og nokkur smáborgríki úti á landi. Hvar eiga þau að vera? (Gripið fram í.) Ja, það er vonandi. En þá er líka best að stjórnarliðar tali skýrt og útskýri fyrir okkur hvað í þessu felst. Ég held nefnilega að einmitt áhrifaríkasta aðferðin til þess að efla landsbyggðina í heild og þá ekki síst þá staði hennar sem eru öflugastir fyrir, þ.e. að stöðva byggðaröskun og eyðingu þar sem hún finnst og hv. 3. þm. Austurl., sem ætlar að tala hér í umræðunni eins og fram hefur komið, þekkir þetta af því að menn hafa verið að glíma við gróðureyðinguna. Hvernig snúa menn sér í því máli? Menn fara ekki og bera á best grónu blettina eins og ríkisstjórnin ætlar sér með vaxtarsvæðahugmyndunum. Menn ráðast að gróðureyðingunni þar sem hún er og reyna að græða þar upp en tvöfalda ekki áburðinn á túnunum. Það þarf í raun og veru ekki flóknari umræður um þetta. Svo vitlaust er þetta. Þar að auki er allt vel þegið sem kemur til viðbótar til eflingar þeim byggðakjörnum á landsbyggðinni sem veita þjónustu og eru miðstöðvar í héruðum eða landshlutum. Það er bara allt annar hlutur. Það sem við erum hér að tala um er viðhorfið til hinna smærri og dreifðari byggða, hvort á að láta þær eyðast eða ekki. Þá segi ég alveg eins og er, það mun verða þungt að láta vaxtarsvæðin vaxa ef þau eru orðin eins og eyjar í eyðimörkinni.

Varðandi byggðamálin almennt, hæstv. forseti, held ég að hjá því verði varla komist að nefna fjárlagafrv. aðeins á nafn og almennt þau viðhorf hæstv. ríkisstjórnar til byggðamála sem hafa birst okkur hér og þar og annars staðar heldur en í handbók ráðherranna, örkinni og ræðu forsrh. Ég vil leyfa mér að nefna anda fjárlagafrv. almennt. Hvað er þar á ferðinni? Hvar er byggðastefnuna að finna í fjárlagafrv.? Er t.d. staðið þannig við loforðin um húshitunarkostnað og orkuverðsjöfnun að við getum klappað fyrir því og vel við unað? Hvernig lítur það mál út í fjárlagafrv., það sem er nefnt á nafn hér í báðum bókunum og á að vera ein af skrautfjöðrum ríkisstjórnarinnar að manni skilst í byggðamálum að gera eitthvað í sambandi við lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur á landinu? Ef ég finn þetta, þá held ég að ég geti lesið það upp, með leyfi forseta. Í 9. lið í örkinni stendur: „Lífskjör verða jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur."

Hvernig gengur með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur? Jú, það skal að vísu tekið fram að það stendur til að verja 40 millj. kr. til viðbótar til niðurgreiðslu á raforkuverði. En hvernig er dæmið í hinn endann? Einar 33 af þessum millj. eru teknar til baka strax í sama frv. með því að framlögin til Rafmagnsveitna ríkisins eru lækkuð til styrkingar á dreifikerfum. Ef Rafmagnsveiturnar ætla að halda sambærilegum framkvæmdum á þessum svæðum verða þær að fjármagna þær með gjaldskrárhækkunum, ekki eiga þær það á bankabók, og þá eru 7 millj. eftir til að lækka raforkuverðið með þessum lið. Hvað hefur svo verið að gerast? Í þrígang hefur Landsvirkjun hækkað taxta sína þannig að það liggur þegar fyrir að raunhækkun á raforkutöxtunum í landinu er orðin umtalsverð umfram verðlag. Að vísu var Landsvirkjun barin niður með áform sín um 20% raunækkun til viðbótar, en eftir stendur að kyndingarkostnaðurinn mun hækka að raungildi á þeim svæðum þar sem hann hefur verið hæstur fyrir ef fjárlagafrv. gengur fram óbreytt í kjölfar þeirra gjaldskrárbreytinga sem orðið hafa hjá Landsvirkjun og síðan auðvitað veitunum í kjölfarið. Svona stendur það, hæstv. forsrh., þessi skrautfjöður, ein af örfáum, sem manni virtist við lestur þessarar bókar að ríkisstjórnin ætlaði að reyna að koma sér upp.

Ég gæti farið gegnum fleiri slík dæmi, það verður væntanlega gert vandlegar þegar fjárlög verða hér til umræðu oftar í vetur. Mér væri hjarta nærri að nefna skólamálin og þá stöðu sem blasir þar við með upptöku skólagjalda og skertum framlögum til skólamála af ýmsu tagi. Með þeirri nýju stefnu sem upp virðist vera tekin, að loka bara fyrirvaralaust skólum á landsbyggðinni, með geðþóttaákvörðunum ráðherra, þó svo að Alþingi og fjárveitinganefnd hafi ákvarðað fjárveitingar til reksturs þeirra stofnana. Er þetta sérlega jákvætt? Vekur þetta bjartsýni á skilning og stuðning hæstv. ríkisstjórnar við byggðina þar sem hún er veik fyrir, eins og við Ísafjarðardjúp? Nei, því miður ekki. Og ætli það sé ekki svo að skólagjöldin og annar slíkur kostnaður sem nú á að leggja ofan á kostnað nemenda eða fjölskyldna, sem senda börn sín t.d. í framhaldsskólana, komi þyngst við þá sem þyngstar byrðarnar hafa fyrir — og hverjir eru það? Hverjir bera

langsamlega þyngstan baggann vegna skólagöngu barna sinna í dag? Það er fólk á landsbyggðinni í þeim byggðarlögum sem ekki hafa framhaldsskóla og það verður að senda börn sín um langan veg til dvalar í heimavistum eða annars staðar fyrir mörg hundruð þúsund krónur á hverjum vetri. Um hálfa millj. kr., að talið er, kostar nám með fullu gjaldi vegna dvalar í heimavist Menntaskólans á Akureyri að mér er tjáð. Og halda menn ekki að skólagjöldin komi þá þeim mun þyngra við þessar fjölskyldur sem þær bera meiri byrðar fyrir? Jú, líklega.

Félagslega þjónustu á landsbyggðinni mætti nefna, húsnæðismálin o.fl. Það er einnig óhjákvæmilegt að nefna, eins og hér var reyndar komið inn á, aðstöðu sveitarfélaganna. Ef byggðamál eru nefnd á annað borð. Það er augljóst mál að eitt af því sem verður að taka á er mismunandi aðstaða og mismunandi tekjugrundvöllur sveitarfélaganna. Það er geysistórt byggðamál í sjálfu sér að jafna aðstöðu sveitarfélaganna í þessu tilliti og þar er það auðvitað höfuðborgin og höfuðborgarsvæðið með þeim geysilegu viðbótartekjum, sem samþjöppun þjónustu og eftir atvikum atvinnulífs hér færir borginni á silfurfati, sem verður að jafna. Nú er að vísu svo komið samkvæmt nýjustu fréttum að fjármálum Reykjavíkurborgar hafi verið svo illa stjórnað á undanförnum árum og eyðslan þar svo gífurleg að skuldastaða borgarinnar við Landsbankann sé orðin mikið alvörumál. Fittið, eða yfirdrátturinn á heftinu einu saman er einn og hálfur milljarður króna. Ég man nú ekki hvort fittið er kannski sektirnar, það man kannski einhver hér. En í öllu falli er það svo. Það er kannski þess vegna þyngra um vik en hitt liggur á borðinu að tekjur þessa sveitarfélags standa langt upp úr öllum öðrum í landinu án þess að þeirra sé aflað með útsvarstekjum. Þó að þær séu sambærilegar við mörg önnur sveitarfélög eru heildartekjur borgarinnar þessar. Maður spyr sig auðvitað að því hvernig staða Reykjavíkurborgar væri ef hún hefði sambærilegar tekjur á íbúa og önnur sveitarfélög í landinu úr því að hún er svona bág eftir óstjórnun undangenginna ára þrátt fyrir þetta mikla tekjumisvægi sveitarfélaganna. En það er auðvitað ekki hlutur sem hægt er að búa við að Reykjavíkurborg geti leyft sér hvað sem er í krafti þess forréttindakerfis í tekjuöflunarmálum sveitarfélaga sem hún býr við. Það verður að gera þá kröfu til stjórnenda borgarinnar að þeir spili úr og reki borgina sem sambærilegum tekjum og önnur sveitarfélög hafa. Þar þarf að færa til eða jafna með einhverjum aðgerðum tekjur upp á verulegar fjárhæðir, 1–2 milljarða kr. á ári hið minnsta.

Þetta er réttlætismál og snertir auðvitað ekki síst þá staði landsbyggðarinnar sem ríkisstjórnin virðist nú bera nokkuð fyrir brjósti og eru miðstöðvar þjónustu og atvinnulífs í sínum héruðum og landshlutum og eru þeir staðir sem helst eru bornir saman við höfuðborgarsvæðið og gerðar kröfur til að standi því jafnfætis hvað þjónustu og lífskjör snertir. Það er sveitarfélögunum annars staðar í landinu mjög erfitt af þeirri einföldu ástæðu að forréttindakerfi höfuðborgarinnar og að nokkru leyti nágrannasveitarfélaganna er slíkt. Á þessum málum verður auðvitað að taka og hefði verið manndómsbragur að því ef hæstv. forsrh. hefði af sanngirni og réttsýni reifað þessi mál, þekkir það auðvitað manna best, hafandi verið borgarstjóri í Reykjavík, hvernig þessum málum er háttað. En það var fátt um þetta í framsöguræðu hæstv. forsrh., e.t.v. hefur hann hugsað sér að geyma þetta þangað til í seinni umferðinni.

Hæstv. forseti. Ég held ég sjái ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég endurtek og ítreka þær spurningar sem ég hef hér borið fram. Í fyrsta lagi var það til talsmanna stjórnarflokkanna að það verði skýrt fyrir okkur hvaða stöðu handbók ráðherranna hefur í flokkunum. Er það sem sagt rétt skilið að hún hafi hvorki verið samþykkt af þingflokki Sjálfstfl. né hafi hún verið samþykkt í þeim stofnunum Alþfl. sem ber samkvæmt lögum flokksins að fjalla um slíka hluti þegar stjórnarsamstarf á í hlut? Ef svo er þá er málið upplýst og ef því mótmælir enginn skulum við taka það sem gefið og þá er þetta eins og ég segi ekki annað en handbók ráðherranna.

Í öðru lagi lýsti ég eftir talsmönnum Alþfl. í þessari umræðu og auðvitað dettur okkur ekki í hug að enginn einasti alþýðuflokksmaður ætli að tala hér í kvöld, það kemur bara ekki til greina, þeir hljóta að hafa eitthvað að segja um byggðamál. (**Gripið fram í:** Það er einn búinn að tala.) Já, nú bið ég forláts, ég gleymdi gagnmerkri stólræðu hér í dag. Hér talaði hv. 5. þm. Austurl. af hálfu Alþfl. en ég vonast nú samt sem áður til þess að við fáum að heyra hér í einhverjum talsmönnum Alþfl., t.d. varaformanninum og hæstv. félmrh. og þá verði aðeins í leiðinni komið inn á þetta með þátttöku Alþfl. í síðustu, næst síðustu og þar síðustu ríkisstjórn, ef við teljum bæði ráðuneyti Steingríms Hermannssonar á síðasta kjörtímabili saman. Er það ekki að verða dálítið þreytandi fyrir talsmenn Alþfl. að hlusta á skammarræðu hæstv. forsrh. um fyrri ríkisstjórnir? Og hvernig líður hæstv. sjútvrh., ef ég má beina máli mínu til hans, og þeim sjálfstæðismönnum öðrum sem sátu meira og minna í ríkisstjórn eða báru ábyrgð á þeim á árunum 1983–1988? Er þess ekki að senn vænta að þeir fari að bera hönd fyrir höfuð sér ef enn heldur fram ræðum hæstv. forsrh. í sama stíl um mistök, sukk, óráðsíu og vitleysur allar sem allir á undan honum hafa gert?

Ég óskaði eftir því í fjórða lagi að talsmenn hæstv. ríkisstjórnar útskýri fyrir okkur vaxtarsvæðakenninguna, í hverju hún felst og hvort sem hv. 3. þm. Austurl. gerir nú meiri eða minni tilraunir til þess hér fer ég fram á að það verði formlega gert af hæstv. forsrh. sem stendur fyrir umræðunni að hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Við þessum fjórum spurningum og öðru því sem ég reifaði vænti ég að fá svör síðar í umræðunni, virðulegi forseti.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er vissulega ánægjuefni að nú skuli hafin umræða um byggðamál og ég vek athygli á því, sem reyndar hefur komið fram áður í þessari umræðu,

að venjulega hefur ekki farið mikið fyrir þeirri umræðu hér á hv. Alþingi á undanförnum árum þegar forsrh. hefur flutt skýrslu um byggðamál. Það er vitanlega ekki að ófyrirsynju því að umræða um byggðamál hefur verið nokkuð hávær í þjóðfélaginu að undanförnu og sannast sagna bæði ómarkviss og að sumu leyti ógætileg. Ég á að sjálfsögðu sérstaklega við ríkisstjórnina í þeim efnum. Ég held að það sé góður kostur fyrir menn sem taka að sér ábyrgðarstörf á hvaða vettvangi sem er að eyða hveitibrauðsdögunum áður heldur en farið er að fella mikla dóma. Ég er ekkert viss um að það reynist mönnum svo afskaplega auðvelt að ná trúverðugri pólitískri stöðu í byggðamálum eftir það sem á undan er gengið. Sannleikurinn er sá að ég held að það sé nú óumdeilt að það eru allir stjórnmálaflokkar nema Kvennalistinn, sem ekki hefur enn þá komist til áhrifa í ríkisstjórn, sem bera ábyrgð á ástandinu í þessu þjóðfélagi, á ástandinu í byggðamálum. Ég get ekki séð að þar sé einhver einn betri en annar í þeim efnum. Mín reynsla er reyndar sú að alþingismenn hafi mikinn vilja til þess að láta gott af sér leiða í málefnum dreifðra byggða um allt Ísland og í þau 12 ár, sem ég hef átt sæti í þingflokki sjálfstæðismanna, hafa ekki verið uppi erfiðleikar á milli manna í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Og er það svo í dag?) Það hafa ekki verið erfiðleikar á milli okkar sem erum kjörnir utan af landi og þeirra sem hafa verið kjörnir á Alþingi héðan af Faxaflóasvæðinu. Ég held að svo sé ekki enn.

Það er þess vegna mikil ástæða til þess að menn leitist við að hafa áfram sátt um þessi mál, bæði innan flokka og innan Alþingis. Ég hef t.d. átt sæti í fjárveitinganefnd Alþingis mestalla mína þingsetu og að sjálfsögðu haft þar samstarf við alþingismenn úr öllum flokkum og samtökum og byggðamál hafa ekki valdið þar sérstökum ágreiningi.

Það er að sjálfsögðu ekkert nýtt að maður hafi heyrt hróp um að byggðastefnan hafi brugðist og ég held að ég muni það rétt að eitt sinn hafi verið boðað til ráðstefnu þar sem að fyrirsögn var haft hvort svo væri eða ekki. Þar fór fram afar vandaður og markviss málflutningur og ég held að flestra dómur þar hafi verið að byggðastefnan hafi ekki brugðist. Ég met það svo að byggðastefnan hafi ekki brugðist og þótt ég hafi farið þessum viðurkenningarorðum um Alþingi og kynni mín af störfum alþingismanna er ég sammála því sem kom hér fram í ræðu hjá hv. 1. þm. Vestf. að það er margt sem hefur brugðist byggðastefnunni. Ef menn ætla að fara að gera úttekt á því eða fella um það dóma hvort byggðastefnan sem slík hefur brugðist eða ekki væri ástæða til að rifja upp hvað menn sögðu á þeim árum sem hvað markvissast var unnið að því að móta byggðastefnu hér á Alþingi.

Ég hef aðeins litið í þau fræði, að vísu ekki mjög ítarlega, en árið 1966 ritaði Jónas Haralz grein í Sveitarstjórnarmál þar sem hann skýrði tillögur um Vestfjarðaáætlun sem voru byggðar á ályktun Alþingis frá árinu 1963. Það er afar fróðlegt að lesa þessa grein. Þar segir hann m.a. frá því að til þess að ná fram markvissum tillögum í þessum efnum hafi Framkvæmdabankinn, sem hafði verið falið þetta verkefni, leitað til norskra sérfræðinga og byggðist Vestfjarðaáætlunin m.a. á ráðgjöf frá þeim.

Grundvöllur að þessari áætlun og þeim áherslum, sem komu fram í framhaldi af þessari þál., var að efla byggðarkjarnana. Fá stóra og sterka byggðarkjarna til að efla byggðirnar sem víðast um landið. Þar var talað um Ísafjörð, þar var talað um Akureyri, þar var talað um Egilsstaði og svo var að sjálfsögðu talað um Selfoss og svo mætti lengur telja.

En það kemur líka fram í þessari umfjöllun að uppi hafi verið miklar efasemdir um að einmitt þessi aðferð gæti gengið, efling byggðarkjarnanna gæti gengið. Þess er sérstaklega getið í þessari umfjöllun t.d. að til þess að mynda bærilega sterkan byggðarkjarna á Vestfjörðum, sem borinn yrði uppi af Vestfirðingum sjálfum, þyrfti að flytja Vestfirðinga alla á einn stað, Ísafjörð, til þess að fá þar byggðarkjarna 10–11 þús. manna. (**Gripið fram í:** Hvar kom þetta fram?) Í Sveitarstjórnarmálum, erindi Jónasar Haralz sem ég er hér að vitna til. Það voru því efasemdir á því þegar í upphafi að byggðakjarnarnir og byggðakjarnakenningin gæti skilað þessum árangri. Þetta varð reyndar reynslan. Byggðakjarnahugmyndin skilaði ekki árangri og þetta var sjálfstæðismönnum ljóst. Og þá skal ég víkja að því sem hér hefur verið minnst á, nýjar áherslur okkar í þeim efnum.

Ég hygg að það hafi verið rétt upp úr miðjum síðasta áratug sem Sjálfstfl. tók þessi mál til nýrrar yfirvegunar. Ég var þátttakandi í því starfi sem fulltrúi þingflokks sjálfstæðismanna en forustu fyrir þessu verki hafði hins vegar Lárus Jónsson, fyrrv. alþm. Þar komust menn meðal annars að þeirri niðurstöðu að þessi kjarnahugmynd hefði ekki skilað árangri og hennar í stað var tekin upp ný áhersla sem er skilgreind í tveimur landsfundarályktunum Sjálfstfl. sem hefur verið skýrð í tveimur þáltill. sem fluttar hafa verið hér á Alþingi, sú hin fyrri af mér, sú hin síðari af Þorsteini Pálssyni, og reyndar vorum við margir fleiri sem fluttum þá tillögu, þar sem lagt er til grundvallar að efla vaxtarsvæði landsbyggðarinnar. Þar er nákvæmlega skilgreint hvað í því felst. Það eru þær byggðir sem hægt er að tengja saman með daglegum samgöngum, bæði með tilliti til þjónustu og atvinnu. Og hvergi er talað um að þar eigi að vera einhver sérstakur aðflutningur, heldur þvert á móti með svipuðum hætti og kom fram hjá ræðumanni sjálfum, að byggja þessar sóknaraðgerðir á góðum samgöngum sem víðast um landið. Á þessu tvennu er að sjálfsögðu grundvallarmunur og vænti ég að þau mál séu það skýr í okkar stefnu að ekki þurfi að valda misskilningi í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** En eru þá einhverjar byggðir sem ...?) Ég kem aðeins síðar að því.

Nú er það hins vegar svo að ýmislegt hefur ekki gengið eftir með þeim hætti sem menn hefðu kosið í byggðamálum. T.d. hefur fólki úti á landsbyggðinni fækkað. Auðvitað er það út af fyrir sig óumdeilanlegt að slíkt er veikur þáttur í okkar byggðamálum. En það er margt annað sem hefur tekist með miklum ágætum og íslenskar, dreifðar byggðir hafa gerbreyst á síðustu

árum og áratugum. Menningarstarfsemi, félagsstarfsemi, kjör fólksins og atvinnulíf víða úti á landsbyggðinni. Það er afar margt sem hefur færst til betri vegar vítt um byggðir landsins, bæði til sjávar og sveita og ég held að það sé óþarfi að eyða tíma í það hér að telja slíka hluti fram.

En hvað er það þá sem hefur brugðist? Eins og ég sagði áðan og hef áður sagt, þá hefur ekki vantað áhugann og viljann en samt hafa hlutirnir ekki gengið upp að því er varðar atvinnulífið úti á landsbyggðinni. Ég er sammála því sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., og ég hef nú þegar lesið, að auðvitað hefur atvinnulífið grundvallaráhrif í þessum efnum.

Mín niðurstaða er sú að við höfum ekki gert nærri nógu vel við atvinnuvegina, hvorki til lands né sjávar. Við höfum rekið sjávarútveginn með halla um áratuga skeið. Hann hefur búið við taprekstur á taprekstur ofan og menn hafa jafnvel lent í því að safna upp hallanum í eins konar kreppulánasjóði. Hann hefur ekki einu sinni á veltuárum fengið að leggja fyrir þannig að hann geti mætt erfiðleikum þegar verr áraði.

Við höfum með sama hætti búið vel að ýmsu öðru í þessu þjóðfélagi. Ég held að lúxusinn þurfi ekki að kvarta og ég held að eyðslan þurfi ekki að kvarta. Ég held að hlutur þessara þátta hafi verið mun betri en atvinnulífsins og ég held að ekki þurfi að vera að metast um það að svo hefur þetta verið án tillits til þess hverjir hafa stjórnað landinu. Við höfum búið við ranga gengisskráningu og ekki hagað rekstri okkar atvinnuvega með þeim hætti að þar hafi verið hægt að safna upp arði, bæta rekstur og byggja upp nýjar greinar eins og jafnan verður þegar eitthvert fjármagn safnast fyrir í höndum athafnasamra einstaklinga og félaga. Þetta held ég að séu meginmistökin í okkar pólitíska starfi. Og þess vegna held ég og legg á það áherslu að ef menn ætla sér að fara inn á nýjar leiðir, breyta frá því sem verið hefur, hæstv. forsrh., þá eigi að leggja það til grundvallar að bæta þannig rekstrarskilyrði, sérstaklega í sjávarútvegi að hann geti staðið á eigin fótum og byggt sig upp. Þá held ég að margt mundi breytast í landinu.

Menn hafa talað mikið um fjárfestingu í landinu og þá ekki hvað síst í sambandi við aðalatvinnuvegina, sjávarútveg og landbúnað, og menn hafa haft það á orði hvað þar hafi verið ógætilega farið með peninga. Auðvitað er það svo að lengi má betur vinna, en það er fróðlegt að huga að því hvernig þessi mál hafa þróast. Nýlega hafa alþingismenn fengið í hendur bók um fjárfestingu, ég held alveg frá árinu 1945 til okkar daga. Hún er útgefin af Þjóðhagsstofnun og þar er mikinn fróðleik að fá. Ég var í kjördæminu mínu í gær og sýndi fundarmönnum þar m.a. litskyggnu af því hvernig þessi mál hafa þróast á síðustu áratugum. Því er nú verr að hér er ekki sú tækni að hægt sé að bregða slíku upp, en það er afskaplega mikinn fróðleik að fá í þeim efnum í þessari bók. Þar eru m.a. birtar töflur um það hvaða áherslubreytingar í fjárfestingu hafa orðið á milli tveggja síðustu áratuga. Menn skyldu t.d. varast það að láta fjárlögin sem slík vera heilaga biblíu í þeim efnum. Þá kemur það í ljós að fjárfesting í landbúnaði á næstliðnum áratug hefur minnkað, eins í fiskveiðum. Fiskvinnsla stendur í stað. Flestar aðrar greinar taka til sín meira fjármagn á síðasta áratug en var á áratugnum frá 1971–1980. En þar eru þó fjórar greinar sem skera sig alveg úr og nú ætla ég að geta þeirra aðeins nánar.

Iðnaður án stóriðju og fiskiðnaðar fjárfesti á áratugnum 1971–1980 upp á 36,5 milljarða kr. Á síðasta áratug fjárfesti hann upp á 58,8 milljarða kr. og var aukning í fjárfestingu á milli þessara tveggja áratuga upp á 22,3 milljarða kr. Iðnaðarmenn héldu ársþing sitt fyrir fáum dögum síðan og höfðu þar uppi háa umræðu um það hvað mikið væri borið í landbúnaðinn og hvað sjávarútvegsstefnan væri röng. Það væri fróðlegt að vita hvað þessi uppbygging í iðnaðinum á síðasta áratug upp á 22,3 milljarða skilaði miklum verðmætum í þjóðarbúið. Viðskiptabyggingar, aðallega verslanir og hótel, fjárfestu á áratugnum 1971–1980 upp á 27,9 milljarða kr. Á síðasta áratug var fjárfesting þeirra upp á 48,8 milljarða kr. og hún jókst á milli þessara tveggja áratuga um 20,9 milljarða kr. Ýmsar vélar og tæki, gröfur og jarðýtur og önnur tól til að vinna öll þessi verk og svo náttúrlega tölvurnar eru í þessum flokki líka, hækkuðu úr 20,3 milljörðum kr. upp í 40,3 milljarða kr. eða um 22 milljarða kr. á milli þessara tveggja áratuga. Og opinberar byggingar hækkuðu úr 38,3 milljörðum kr. upp í 53,9 eða um 15,6 milljarða kr. Hækkun í þessum fjórum flokkum á milli þessara tveggja áratuga er 80,8 milljarðar kr.

Með þessum hætti hafa menn verið að stýra fjármagninu í landinu. Menn vita það að sjálfsögðu að þetta fjármagn og þessar framkvæmdir hafa skapað gífurlega mikla atvinnu fyrir utan allar húsbyggingarnar sem hafa líka aukist upp á síðkastið. Og auðvitað hafa menn verið að vista fólkið í landinu með tilliti til þess hvernig þessu fjármagnið hefur verið ráðstafað. Ég hygg að það sé ágreiningslaust að þó að það dreifist að sjálfsögðu um allt landið, þá sé þetta fjármagn 80 milljarðar. Er það ekki nokkuð svipuð upphæð og gert er ráð fyrir að næsta álver með veituframkvæmdum muni kosta? Ætli það sé ekki mest hér á höfuðborgarsvæðinu? Og er það nokkur furða þó að það hrikti í byggðunum þegar svona vel er boðið, þegar leitað er eftir fólki til þess að vinna þessi verk?

Ég geri ráð fyrir því að út úr þessum skýrslum sé hægt að sjá hvar þessar framkvæmdir hafa risið, en það segir kannski sína sögu að fasteignamatsmarkaðurinn segir frá því að hér í Reykjavík einni saman sé núna leitað eftir kaupum á viðskipta- og iðnaðarhúsnæði sem er 200 þús. m^2 að stærð, 20 hektarar að stærð, svo það virðist hafa verið nokkuð vel gefið á garðann í þessum efnum á sl. áratug, 200 þús. m^2. Ég sé að hv. 2. þm. Vestf. hlýðir á mál mitt. (**Gripið fram í:** Með athygli.) Það kemur mér ekkert á óvart, en þetta húsrými er af nokkuð svipaðri stærð og öll íbúðarhús í hans kjördæmi. Með því að skilrúma þetta í sundur og kannski að skjóta einhverjum gólfum í þar sem vegghæðin væri nóg, þá væri hægt að vista alla Vestfirðinga í viðskipta- og verslunarhúsnæði hér í Reykjavík sem nú er á söluskrá.

Þetta eru brestirnir í byggðastefnunni. Og hverjir skyldu hafa fjármagnað þetta? Það væri kannski ástæða til þess að spyrja um það í Landsbankanum þegar menn eru núna uppi með stór orð um það að sjávarútvegurinn sé að verða þar sérstakur ómagi.

Því var aðeins kastað fram í umræðuna áðan hvort í þessari skilgreiningu okkar sjálfstæðismanna í byggðamálum fælust einhverjar bendingar um að það ætti að fella af einhverjar sérstakar byggðir. Svo er ekki. Ég held að reynslan sýni að það sé afskaplega ógætilegt að tala með þeim hætti. Fyrrv. forsrh. varð þetta á í sambandi við fámennt byggðarlag norður í landi, Kópasker, og það vildi reyndar svo til að þangað fór ég í vettvangskönnun á liðnu sumri ásamt þeirri nefnd sem ég stýri hér í Alþingi, landbn. Alþingis. Við fórum þar á margan hátt í afar athyglisvert ferðalag sem reyndar vakti mikla eftirtekt áður en lagt var af stað því að ríkisstjórnin var m.a.s. svo vinsamleg að taka upp umræðu um þessa ferð á sínum fundum og forsetar þingsins — sem voru í miklu annríki, m.a. að búa sig til Japans, ég held einir fimm saman og minna mátti það nú ekki vera, enda átti elsta þjóðþing veraldar hlut að máli svo að menn urðu að fara vel búnir í þá ferð — en samt gáfu menn sér tíma til að hugsa til kotunganna hér uppi á Íslandi sem skipuðu landbn. Alþingis og gáfu út góðar reglur til þess að vinna eftir (**Gripið fram í:** Hverjar voru þær?) svo að alls staðar væri séð fyrir góðum reiðum og bærilegri framkomu. En við fórum á þessar slóðir alveg norður í Öxarfjörð og Kelduhverfi og norður á Kópasker. Og ég verð að segja það alveg eins og er að þó að ég telji mig þekkja nokkuð vel til á landsbyggðinni, þá fannst mér koman þangað norður eftir vera uppörvandi og meira að segja afar uppörvandi. Í störfum fólksins þar sá ég ýmsa þá nýbreytni, framtakssemi og hugvit sem ég og mínir samnefndarmenn lærðu mikið af. Og þetta er byggðarlag sem fékk þunga dóma fyrir fáum árum.

Tvö fámenn byggðarlög í mínu kjördæmi hafa líka fengið að heyra sitt af hverju í þessum efnum og ég skal nafngreina þau; Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður. Það er víða meiri vandi núna á Austurlandi í atvinnumálum en í þessum fámennu byggðarlögum. Þau hafa náð býsna góðu valdi á sínum málefnum. Veit ég að fleiri þingbræður mínir geta staðfest það hér. Það er nefnilega vissara að fara varlega í dómum um þessi efni. Ég hef sagt það áður, þar sem menn eru núna sérstaklega að leggja til grundvallar í þessari byggðaumræðu sameiningu sveitarfélaga og annað slíkt, að við sköpum ekki aukin verðmæti með því. Við skulum láta fólkið vera í friði þar sem það vill vinna og starfa og þar sem það vill sjálft skapa sér félagslegt umhverfi. Það er grundvallaratriði.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Mönnum gefst víst kostur á því að tala hér öðru sinni og nóg er nóttin löng þó að alþingismenn gefi sér tíma til þess að brjóta byggðamálin bærilega til mergjar í þessari umræðu.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. hefur flutt skýrslu sína um Byggðastofnun og ég býst við að þeirrar skýrslu verði nokkuð minnst. Hún hefur þegar fengið dóm í fjölmiðlum með frásögn frá henni og orðin sem þar ómuðu í eyrum voru sukk og svínarí. Það er sú mynd sem þjóðin fær þegar hæstv. forsrh. ræðir um Byggðastofnun og byggðamál.

Þessari stofnun stýrir sérstök stjórn, kjörin af Alþingi og flestir stjórnarmenn eru hv. alþm. Á máli hæstv. forsrh. eru þetta þá sukkarar og hv. 1. þm. Vestf. er þá yfirsukkari, svo að maður noti orðalag hæstv. forsrh. Þessi hv. þm., 1. þm. Vestf., reyndi að taka hæstv. forsrh. í kennslustund hér. Það hefur hv. 3. þm. Austurl. líka reynt að gera, og reyndar fleiri hv. þm., og veit ég ekki hvort það ber mikinn árangur þó að ég reyni að segja hér einhver orð. En engu að síður gefur ræða hæstv. forsrh. tilefni til þess og mér finnst ég ekki geta annað þar sem hann vék sérstaklega að stefnu núv. stjórnarandstöðu í byggðamálum, hver hún væri, spurði hann. Hann sagðist ekki vita það, en þó vissi hann nógu mikið til þess að fullyrða að hana þyrfti að endurmeta, komast upp úr því fari sem hún væri í. Eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., þá fór það ekki á milli mála að hann taldi að hæstv. forsrh. vildi brjóta niður núverandi stefnu og breyta því að hv. 1. þm. Vestf. sagðist ekki vilja fara upp úr sínu gamla fari ef það yrði til þess að miða aftur á bak.

En áfram hefur hæstv. forsrh. verið að klifa á sukki sjóðanna sem voru stofnaðir þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð í september 1988. Aðdragandinn að því var sá að flest fyrirtæki í útflutningsgreinunum voru þá að stöðvast. Við framsóknarmenn vorum aðilar að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem þá hafði setið í 14 *mánuði. En við höfðum þá allt* frá áramótum 1987–1988 varað við stefnu þeirrar ríkisstjórnar, sérstaklega í vaxtamálum. Við gerðum það oft innan ríkisstjórnar, ég og aðrir sem í þeirri stjórn sátu. Svarið sem við fengum var þá gjarnan að það væri hagræðing í gjaldþrotum. Og fyrir þessar aðvaranir fengum við þungar ákúrur frá hendi Sjálfstfl. um að við værum að kljúfa ríkisstjórnina af því að við hvöttum til að hún tæki á þessum málum og breytti um stefnu, þá stefnu sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér í dag að hann hefði viljað að komið hefði verið í veg fyrir að leiddi til þess sem hún gerði, þ.e. hinnar erfiðu stöðu atvinnuveganna.

En þá gerðist það í byrjun ágústmánaðar 1988 að þáv. hæstv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, skipaði forstjóranefndina svokölluðu sem gerði róttækar tillögur í efnahagsmálum. En þegar þær tillögur voru bornar undir þingflokk Sjálfstfl. var þeim hafnað og afleiðingin varð þá úrræðaleysi sjálfstæðismanna. Þó reyndu þeir að koma með nýjar tillögur og í drögum að hugmyndum sem þáv. hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson lagði fyrir samstarfsflokkana segir m.a.:

„Stofnaður verður sjóður sem hafi að markmiði að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Sjóðurinn skal vera sérstök deild í Byggðastofnun sem annast rekstur hans og hafa sérstaka stjórn.“ (**Gripið fram í:** Kom þetta frá Sjálfstfl.?) Já.

„Stofnfé sjóðsins verður 600 millj. kr. sem greiðist af lögbundnu framlagi ríkissjóðs til Atvinnutryggingarsjóðs á árunum 1989 og 1990. Enn fremur skal sjóðnum aflað lánsheimildar allt að 400 millj. kr. á næstu tveimur árum þannig að ráðstöfunarfé hans verði 1000 millj. kr.

Sjóðurinn skal lána til aukningar eigin fjár í fyrirtækjum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra."

Þetta voru tillögurnar sem Þorsteinn Pálsson, þáv. forsrh. lagði fyrir samstarfsflokkana. Að vísu var þetta að mati okkar hinna allt of lítið, þörfin væri orðin svo brýn. En þarna eru tillögurnar sem sjálfstæðismenn nú að undanförnu hafa talað um sjóðasukk.

Árangurinn af starfi Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs hefur verið ræddur hér ítarlega af öðrum og ég ætla ekki að fara langt út í það en að sjálfsögðu kom hann skýrast fram í reikningum fyrirtækjanna á sl. vori yfir reksturinn árið 1990 þegar rekstri fyrri ára var gjörbreytt og menn höfðu trú á að nú færi að hilla undir betri tíð. En þá gerðist það því miður að reiðarslagið kom strax eftir myndun þessarar ríkisstjórnar, vaxtahækkunin sem ég e.t.v. vík að betur síðar.

En að sjálfsögðu vann fyrrv. ríkisstjórn að byggðamálum á mörgum öðrum sviðum en í sambandi við þessa sjóði og það kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar sem hæstv. forsrh. var að flytja og þar segir svo í lok inngangs hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðastofnun hefur um langt skeið bent á að þróun síðustu ára er óhagkvæm fyrir þjóðarbúið allt, bæði landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Þær lagabreytingar sem nú hafa verið ákveðnar auka möguleika á að hægt verði að snúa þessari þróun við og sú hugarfarsbreyting sem orðið hefur vekur ákveðnar vonir um að nú séu að verða þáttaskil í atvinnu- og byggðaþróun hér á landi. Byggðastofnun vill ekki láta sitt eftir liggja í þessum efnum."

Um aðdragandann að þessari laga- og hugarfarsbreytingu er nánar fjallað í skýrslu Byggðastofnunar á bls. 17, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ársbyrjun 1990 skipaði forsrh. nefnd um endurmat byggðastefnu, eftir tilnefningu allra stjórnmálaflokka á Alþingi. Stofnunin lagði nefndinni til ritara og að auki komu fleiri starfsmenn við sögu. Nefndin skilaði fyrstu tillögum um stefnumótun í atvinnumálum landsbyggðarinnar á miðju ári.

Síðan var unnið að undirbúningi lagafrv. í samræmi við tillögurnar, þar sem leitast var við að tryggja að mótun og framkvæmd byggðastefnu í landinu yrði felld í ákveðinn farveg.

Efnt var til viðræðna um horfur í byggðaþróun í landinu og hugmyndir nefndarinnar við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög, forstöðumenn rannsóknastofnana og fleiri aðila. Í framhaldi af því hélt nefndin fjölmenna ráðstefnu í Borgarnesi 8. okt. 1990 þar sem fulltrúar þessara aðila kynntu hugmyndir sínar.

Þá aðstoðaði stofnunin einnig aðra nefnd sem í áttu sæti fulltrúar stjórnarflokkanna. Verkefni þeirrar nefndar var að gera tillögu um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum." Hefur verið fjallað um það fyrr í þessari umræðu að einhverju leyti.

Þær lagabreytingar, sem nefndar eru í skýrslu Byggðastofnunar, komu fram í frv. sem lagt var fram á sl. vetri og afgreitt þá í þinglok. En vegna málflutnings hæstv. forsrh. tel ég nauðsynlegt að rifja upp nokkur atriði sem fram koma í greinargerð þessa frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðanefnd var skipuð af forsrh. 4. jan. 1990. Nefndinni var falið að gera tillögur um nýjar áherslur og langtímastefnu í byggðamálum með það að markmiði að byggð dafni í öllum landshlutum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka og samtaka á Alþingi.

Formaður nefndarinnar er Jón Helgason alþm. Aðrir í nefndinni eru: Egill Jónsson alþm., Guðmundur Einarsson, fyrrv. alþm., Gunnar Hilmarsson, formaður Atvinnutryggingarsjóðs, Hreggviður Jónsson alþm., Lárus Jónsson, fyrrv. alþm., Skúli Alexandersson alþm., Skúli Björn Árnason fulltrúi og Snjólaug Guðmundsdóttir húsmóðir. Ritari nefndarinnar er Kristófer Oliversson frá Byggðastofnun.

Áður en nefndin var skipuð hafði Byggðastofnun fjallað um þetta málefni og lagt fram hugmyndir um mótun nýrrar byggðastefnu og þar með átak til að rétta hlut landsbyggðarinnar til frambúðar. Haldnir voru fundir með fulltrúum allra stjórnmálaflokka þar sem starfsmenn stofnunarinnar lögðu fram gögn um þróun og horfur á landsbyggðinni. Megintilgangur þessara funda var að finna þau grundvallaratriði nýrrar byggðastefnu sem stjórnmálamenn úr öllum flokkum væru sáttir við og teldu framkvæmanleg. Niðurstöður viðræðna voru sendar forsrh. 16. apríl 1989. Í framhaldi af því skipaði hann nefnd eftir tilnefningu stjórnmálaflokkanna á Alþingi og hefur hún nú skilað fyrstu tillögum um stefnu í atvinnumálum landsbyggðarinnar.

Þegar byggðanefnd forsrh. hóf starf sitt var byrjað á að fara yfir ábendingar Byggðastofnunar og ræða þær. Var það niðurstaða nefndarinnar að taka sérstaklega fyrir atvinnumálin og draga fram þau atriði sem nefndarmenn gátu orðið sammála um. Nefndin telur að efling atvinnulífs á landsbyggðinni og aukin fjölbreytni sé lykilatriði ef takast á að stöðva fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins og jafna byggðarþróun. Full samstaða var í nefndinni um aðgerðir til að auka atvinnuþróunarstarf, sbr. fskj. I.

Fram til þessa hefur nefndin haldið 21 fund og rætt við fjölmarga aðila. Formaður og ritari héldu m.a. fundi og kynntu horfur í byggðarþróun í landinu og þær hugmyndir sem nefndin hefur til að sporna við fyrirsjáanlegri byggðarröskun. Fundir voru haldnir með eftirtöldum aðilum: Stjórn Byggðastofnunar, ASÍ, BSRB, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Verkamannasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Félagi ísl. iðnrekenda, LÍÚ, VSÍ, Kvenfélagasambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Tækniskóla Íslands, upplýsingaþjónustu Háskólans, Rannsóknaráði

ríkisins, Iðntæknistofnun, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Útflutningsráði Íslands, atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar, Seðlabanka Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Ferðaþjónustu bænda, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, byggðahreyfingunni Útverði, Sambandi ísl. sveitarfélaga og öllum iðnþróunarfélögunum á landsbyggðinni.

Í framhaldi af þessum viðræðum hélt nefndin fjölmenna ráðstefnu í Borgarnesi 8. okt. 1990 þar sem fulltrúar ofangreindra aðila kynntu hugmyndir sínar. Þar var einkum óskað svara við þremur spurningum.

Í fyrsta lagi hvort viðkomandi aðili sé ekki sammála því að aðgerða sé þörf til að koma í veg fyrir þá byggðarröskun sem tölur síðustu ára benda til. Í öðru lagi hvað viðkomandi aðili getur eða er reiðubúinn til að gera til þess að koma í veg fyrir að svo fari. Í þriðja lagi hverju æskilegt væri að breyta til þess að þeir næðu þar sem bestum árangri.

Á ráðstefnunni komu fram margar gagnlegar ábendingar og tillögur sem nefndin hefur stuðst við í starfi sínu."

Í þessari möppu sem ég er með eru þær tillögur og hugmyndir sem fram komu á ráðstefnunni og eins og áður sagði studdist nefndin við þær í sínum lokatillögum.

Tillögurnar leiddu til frv. sem fyrrv. ríkisstjórn lagði fram á Alþingi á sl. vetri og var samþykkt. Þau lög eru grundvöllur að því sem í skýrslu Byggðastofnunar segir að gefi vonir um þáttaskil í byggðamálum. En þetta skal endurmeta, breyta og brjóta niður eftir því sem hæstv. forsrh. segir nú. Frá allri þeirri samstöðu sem þarna tókst að ná fram með öllum flokkum skal hverfa.

Á ráðstefnunni í Borgarnesi hvöttu fulltrúar stéttarfélaganna til samstarfs í byggðamálum og lýstu yfir vilja sínum til að vera þar þátttakendur og vöruðu við afleiðingum byggðarröskunar með svipuðum rökum og fram kom í greinargerð Byggðastofnunar sem lögð var fyrir stjórnmálaflokkana og send forsrh. 1989. Það er þessi skýrsla sem er mjög fróðleg um úttekt. Þar eru færð rök fyrir því hversu gífurlega dýrt það verður þjóðarbúinu í heild ef flutningur fólks á höfuðborgarsvæðið verður jafnör og hann hefur verið að undanförnu og til þess liggja margvíslegar ástæður.

Frá háskólunum og Tækniskólanum kom fram að þar er fyrir hendi margvísleg þekking sem nýst getur atvinnulífinu í landinu betur en hún gerir í dag. En ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að þessi þekking yrði nýtt í þágu atvinnulífs á ýmsum stöðum um allt land. Þar getur verið um að ræða verkefni sem tengjast því að efla starfsemi sem fyrir er eða vinna að hugmyndum um nýja starfsemi og aðstoða við þróun þeirra.

Fulltrúar Rannsóknastofnunar atvinnuveganna lýstu ánægju sinni yfir að fá nú tækifæri til að koma þekkingu sinni á framfæri og jafnframt vilja til aukins samstarfs. En í 4. gr. laganna um Byggðastofnun frá sl. vetri segir að Byggðastofnun skuli hafa samráð við tæknistofnanir atvinnuveganna, stofnlánasjóði, háskóla og fleiri aðila er vinna að hliðstæðum verkefnum. Í samræmi við það hefur Byggðastofnun nú boðað til fyrsta fundar þessara aðila og þeir sem þar mættu voru ánægðir með það upphaf og vonast til að það lofi góðu um framhaldið.

Á fundinum í Borgarnesi lýstu fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga yfir stuðningi sínum við tillögu nefndarinnar. Að þeim snýr m.a. myndun atvinnuþróunarsvæða og stofnun atvinnuþróunarfélaga en um það atriði er fjallað í stefnumótun byggðanefnda sem send var forsrh. 11. júní 1990 og segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin er sammála um að veita eigi auknu fjármagni til atvinnuþróunar á landsbyggðinni og auka aðstoð stofnana ríkisvaldsins í því skyni með því skipulagi sem sýnt er á meðfylgjandi mynd. Mikilvægt er að taka tillit til þess við gerð fjárlaga. Það er ekki ætlun nefndarinnar að ríkisvaldið taki að sér aukna ábyrgð á atvinnuþróun í landinu, heldur er atvinnuþróunarfélögum ætlað að sinna undirbúningi og stofnun fyrirtækja sem verða síðan á ábyrgð þeirra sem reksturinn annast, þannig að ríkisvaldið styðji heimaaðila en stjórni þeim ekki og sveitarfélög eða samtök þeirra hafi í samráði við Byggðastofnun frumkvæði að því að stofnuð verði atvinnuþróunarfélög eða efld þau sem fyrir eru. Þessi félög verði fjármögnuð heima fyrir og með framlagi frá Byggðastofnun. Félögunum er ætlað að stuðla að nýsköpun og alhliða atvinnuþróun á starfssvæði sínu. Þau þurfa því eðli málsins samkvæmt að hafa rekstrarfé sem óvíst er hvort fáist endurgreitt. Þetta þarf að hafa í huga við skipulag og fjármögnun þeirra. Þarna hefur ríkisvaldið hlutverki að gegna. Meðal þeirra heimaaðila sem æskilegt er að taki þátt í atvinnuþróunarfélögum eru sveitarfélög, stéttarfélög, búnaðarfélög, peningastofnanir og stærri fyrirtæki. Auk ofangreindra aðila hafi Byggðastofnun beina aðild að þessum félögum."

Byggðanefndin varð sammála um að veita eigi auknu fjármagni til atvinnuþróunar á landsbyggðinni og auka aðstoð stofnana ríkisvaldsins í því skyni. Það er ekki ætlun nefndarinnar að ríkisvaldið taki að sér þessa auknu ábyrgð, heldur styðji heimaaðila. En að sjálfsögðu hafði byggðanefnd í huga þá reynslu sem fengist hefur af árangursríku samstarfi sveitarfélaga á sviði atvinnumála. Þar var gjarnan vitnað til samstarfs hreppanna í ofanverðri Árnessýslu um stofnun og rekstur verksmiðju og hv. 4. þm. Norðurl. v. minntist á áðan. Þar lagði Byggðastofnun til hlutafé til þess að tryggja rekstur þessa ágæta fyrirtækis. Árangurinn af starfi verksmiðjunnar hefur orðið sá að í sveitarfélaginu þar sem hún var stofnuð hefur íbúum fjölgað frá því um a.m.k. 20%. Þetta kallar hæstv. forsrh. sukk og óráðsíu sem þurfi að stöðva. Byggðastofnun megi ekki lengur styðja heimaaðila til að stofna svona fyrirtæki. Það þurfi að hafa vit fyrir stjórn Byggðastofnunar með því að banna henni að gera svona vitleysu.

Stærð atvinnuþróunarsvæða sem nefndin gerði til-

lögur um var hugsuð miðað við það að menn gætu gætu sótt atvinnu innan þess daglega. Það er vitanlega mjög háð því hvernig samgöngur eru. Samgöngur hafa farið ört batnandi síðustu árin og er verið að vinna að stórum verkefnum við að tengja nágrannabyggðarlög saman. Það getur sett stórt strik í reikninginn ef nú verður dregið úr framkvæmdum við það verkefni. Hv. 1. þm. Vestf. nefndi tölur áðan um það hve lagning bundins slitlags hefði dregist saman á þessu ári, miðað við það sem var fyrir þremur árum, eftir að ríkisstjórnin ákvað niðurskurð á sl. vori á framkvæmdafé Vegagerðarinnar.

Sú umræða sem ég hef hér rakið að byggðanefnd forsrh. stóð fyrir hefur áreiðanlega haft töluverð áhrif. Þetta starf, eins og hér hefur komið fram, var unnið í nánu samstarfi við Byggðastofnun. Ætla ég ekkert að metast um það hver eigi þessar hugmyndir. Hv. 3. þm. Austurl. rakti sína skoðun. Aðalatriðið er að samstaða náðist um málið, að lögbinda það og hefjast handa. Það var fyrir atbeina fyrrv. ríkisstjórnar en allir stjórnmálaflokkar stóðu að því. Því er það næsta furðulegt þegar hæstv. forsrh. segir nú að þetta eigi allt að endurmeta og brjóta niður. Komast upp úr þessu fari, eins og hann orðar það, sem menn sitja í og eru búnir að marka sér með þessum gjörðum.

Ég hygg að umræðan sem fram fór á síðasta ári hafi átt nokkurn þátt í því að auðvelda það verk, sem Byggðastofnun hefur verið að vinna að, að sameina og styrkja atvinnufyrirtæki og auka samvinnu milli sveitarfélaga og byggðarlaga. En ég vil undirstrika það að með þátttöku Byggðastofnunar í atvinnuþróunarfélögum og starfi hennar í byggðamálum er henni ekki ætlað að vera einhver yfirstjórnandi og koma á miðstýrðu kerfi frá höfuðstöðvum í Reykjavík, heldur, eins og tekið er fram í greinargerð nefndarinnar, er Byggðastofnun ætlað að vera bakhjarl og samræmingaraðili þessara aðila og veita fjárhagslegan stuðning. Það kom greinilega fram á fundinum í Borgarnesi að allir voru sammála þessari setningu sem stendur í stefnumótun byggðanefndar, með leyfi forseta:

„Atvinnuþróun á hverjum stað hlýtur fyrst og fremst að byggjast á vilja, þekkingu, dugnaði og framtaki þeirra sem þar vilja hasla sér völl. Hins vegar þarf við stofnun atvinnurekstrar að tryggja í ríkum mæli þekkingu og fjármagn sem mörgum verður ofviða nema sköpuð séu hagstæði skilyrði til þess. Þess vegna er mikilvægt að mynda samtök til þess að geta veitt slíka aðstoð og hvatt til athafna."

En til þess að geta nýtt þessi skilyrði sem eru hvarvetna um land og sitt framtak þarf að hafa trú á framtíðina og bjartsýni ríkjandi. En frá því að núv. ríkisstjórn kom til valda hafa því miður dunið yfir frá henni orð og athafnir sem hafa lamað þetta framtak. Ríkisstjórnin sér lítið bjart fram undan. Eins og ég sagði áður þá var vaxtahækkunin fyrsta verk hennar. Það eru tvímælalaust einhverjar mestu álögur sem lagðar hafa verið á atvinnulíf og skulduga einstaklinga með einu pennastriki og þessir aðilar eru nú að kikna undan þeirri byrði. Það hafa áreiðanlega fleiri hv. alþm. en ég heyrt síðustu viku þegar við vorum að ferðast um kjördæmi okkar. Skýrast kemur þetta kannski fram í orðum hæstv. sjútvrh. nú um helgina þegar hann segir að það verði að grípa til neyðarráðstafana til að koma vöxtunum niður. Við skiljum þetta vel eftir að hafa heyrt lýsingar þeirra atvinnurekenda m.a. sem studdu núv. stjórnarflokka í síðustu kosningum. Þeir segja að fjármagnskostnaður af rekstrarfé fyrirtækja nemi nú 25–45% og það muni allir skilja að undir slíkum klyfjum hlýtur reksturinn fljótt að kikna. Það undirstrikar auðvitað það sem flestir hafa sagt hér að auðvitað er það grundvöllur atvinnulífsins sem vegur þyngst um afkomu byggðarlaganna og að hún sé viðunandi og þess vegna eru aðgerðir eins og vaxtahækkunin náttúrlega rothögg þar á.

En það hefur fleira gerst. Það hefur verið boðað að að leggja eigi niður Skipaútgerð ríkisins.

Það hefur verið sagt að ríkisvaldið eigi ekki að hugsa um atvinnumál. Það var eitt af því sem hv. 1. þm. Vestf. hafnaði algjörlega í stefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Því hefur verið hótað að afnema verðjöfnun á olíu og bensíni.

Og svo var það síðasta nú um helgina sem reyndar hefur verið minnst á áður. Það er tilkynning Landsbankans um stöðvun lánveitinga til útgerðarinnar umfram afurðalán. En það er nú erfitt að ímynda sér að Landsbankinn, stærsti viðskiptabanki þjóðarinnar, hafi tekið slíka ákvörðun án þess að hafa verið búinn að eiga áður viðræður við hæstv. viðskrh. og ríkisstjórn.

Í fjárlagafrv. eru margir þættir sem snerta mjög fámenn byggðarlög og nú um helgina var vakin athygli mín á einu atriði úr heimabyggð minni. Það er fámennt sveitarfélag þar sem nærri 20% íbúanna eru á ellilífeyrisaldri. Í bréfi sem heilsugæslulæknirinn skrifaði þingmönnum segir m.a.:

„Samkvæmt lauslegri áætlun munu heimsóknir til læknis árið 1990 (heilsuvernd, þ.e. ungbarnaeftirlit og mæðravernd er þar undanskilið) hafa verið 1700. Það þýðir að fyrir hverja heimsókn til stöðvarinnar eigi neytandinn að borga um það bil 1700 kr."

Eins og ég sagði þá eru nærri 20% íbúanna ellilífeyrisþegar og eðli málsins samkvæmt eru þeir langstærsti hluti þeirra sem sækja þurfa þessa þjónustu. Ef ekki á að leggja þessa byrði á þá verður hún að sjálfsögðu margföld á hina.

Þetta er eitt dæmi af handahófi tekið úr fjárlagafrv. en við umræðu í allshn. kom fram ósk um að Byggðastofnun legði mat á áhrif fjárlagafrv. á byggðaþróun. Því miður treysti Byggðastofnun sér ekki til þess að gera það með stuttum fyrirvara. Þar var sérstaklega nefnt sem dæmi 340 millj. kr. niðurskurður á lögbundnu framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, fjármagni sem er ætlað til uppbyggingar og hefur hliðstætt gildi og fjármagn það sem Byggðastofnun fær. Þessar tvær stofnanir hafa haft samvinnu sín á milli um aðstoð eða stuðning við sum verkefni þannig að verið er að ganga þvert gegn vilja hv. 1. þm. Vestf. sem sagði að hann væri algerlega andvígur að skerða fjármagn til byggðamála. En því var Byggðastofnun sent þetta verkefni að með lagabreytingu á sl. vetri var gert

ráð fyrir því að Byggðastofnun gerði stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára í senn og forsrh. leggi tillögu fyrir Alþingi til afgreiðslu. Jafnframt er í þingsköpum kveðið á um að allshn. Alþingis skuli fjalla um byggðamál og þá um þessa áætlun og annað það sem byggðamál varðar. Sú lagabreyting er einmitt eitt af því sem Byggðastofnun telur að nú muni gera starfsemi byggðamála markvissari og telur að hafi vantað að um byggðamálin væri fjallað á Alþingi á þennan hátt. Þetta ætlar hæstv. forsrh. að endurmeta. En meðan lögum um Byggðastofnun hefur ekki verið breytt eða þessu ákvæði ber hæstv. forsrh. að leggja áætlunina fyrir þingið og ég vildi spyrja hann hvenær við megum vænta þess að fá hana.

Það er að sjálfsögðu margt fleira sem minnst hefur verið á og vekur mann til umhugsunar um byggðamál, en ég vonast til þess að fram komi hjá hæstv. forsrh. síðar í umræðunni að hann hafi a.m.k. tekið mark á heilræðum hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Austurl. og hann fari að hugsa rólega um þessi mál eins og þar var orðað og taki slíkar ábendingar til greina. En það er áreiðanlega rétt sem hv. 3. þm. Austurl. sagði að mikill skaði er skeður með þessari neikvæðu umræðu. Þetta er kærkomið tækifæri fyrir þá sem telja eftir allar fjárveitingar til uppbyggingar atvinnulífs úti á landi sem við höfum of oft heyrt í fjölmiðlum. Þetta er vatn á myllu þeirra og eins og ég sagði áður lamar þetta þá sem eru fullir af hugmyndum og vilja til þess að byggja upp og bæta mannlífið úti um allt land. En vonandi verða þeir nógu margir sem feta í fótspor hv. 1. þm. Vestf. og 3. þm. Austurl. og knýja þarna á um stefnubreytingu tafarlaust hjá hæstv. ríkisstjórn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. vék hér að tillögum um sjóðsstofnun af minni hálfu haustið 1988 án þess þó að gera grein fyrir þeim álitaefnum sem þá voru uppi í heild sinni. Af því tilefni vil ég rifja það upp að eftir langvarandi erfiðleika, þar sem allt árið hafði sigið á ógæfuhliðina með verðfalli á erlendum mörkuðum, með hækkandi kaupgjaldi og lækkandi gengi erlendra gjaldmiðla, var talið nauðsynlegt að lækka gengi krónunnar um 10–11% haustið 1988. Framsfl. hafði allt árið verið að knýja á um gengisbreytingu. Þegar ég flutti tillögu um þetta þá um haustið sneri Framsfl. allt í einu við blaðinu og hafnaði gengisbreytingu. Til málamiðlunar bauðst ég til þess að draga úr nauðsynlegri gengisbreytingu og taka þátt í að koma á sjóði til þess að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja en ekki til þess að hefja almenna lánastarfsemi. Þessari málamiðlun var einnig hafnað. Af þessu má sjá að Framsfl. var á þessum tíma ekki reiðubúinn til þess að taka í alvöru á vanda atvinnufyrirtækjanna. Hann tók pólitíska leikaraskap fram yfir mjög brýna hagsmuni atvinnufyrirtækjanna í landinu.

Það er að vísu satt og rétt að sú lánafyrirgreiðsla sem á eftir kom framlengdi líf ýmissa fyrirtækja, en hún leysti að sjálfsögðu ekki vanda þeirra, heldur skaut því á frest að leysa hann og því eru fyrirtækin nú verr undir það búin að mæta erfiðleikum en þau hefðu verið ef menn hefðu náð samstöðu um að taka á vandanum og grípa til nauðsynlegra aðgerða þá um haustið til þess að skjóta sterkum stoðum undir útflutningsframleiðsluna. En því hafnaði Framsfl. af einhverjum ástæðum þrátt fyrir það að hann hefði allt árið verið að knýja á um breytingar á gengi krónunnar. Allt í einu mátti ekki nefna það þegar komið var fram á haustdaga og voru menn þó að tala um hógværa hluti í þeim efnum.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert sem hæstv. sjútvrh. staðhæfði hér oftar en einu sinni að Framsfl. hefði allt árið 1988 verið að knýja á um leiðréttingu gengis. Hv. 1. þm. Vestf. sagði að þessi fasta gengisskráning hefði verið orsökin fyrir því hversu illa var komið fyrir atvinnuvegunum þannig að þarna segir hæstv. sjútvrh. að vegna þess að ekki var farið að ráðum framsóknarmanna þá var komið svona illa. Við framsóknarmenn höfnuðum því að það yrði farið í einu í svo mikla gengisfellingu að af því hlytist óðaverðbólga. Það sem við lögðum höfuðáhersluna á var að þannig yrði að halda á málum að ekki færi allt úr böndunum í óðaverðbólgu. Þess vegna yrði að vinna sig út úr vandanum. Og það var það sem var gert, gengið var aðlagað á nokkrum tíma án þess að verðbólgan ryki upp.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins minna á að gengið var fellt í góðu samkomulagi þeirra flokka sem sátu í ríkisstjórn í febrúarmánuði 1988 um 4% ef ég man rétt, aftur um 10% og 3% viðbótarheimild í maí í góðu samkomulagi þeirra flokka. Aðstæður héldu áfram að versna yfir sumarmánuðina. Þessar ákvarðanir voru teknar smám saman eftir því sem ástand mála breyttist. Þegar komið var fram á haustmánuði þótti mönnum einsýnt að öldudalnum væri náð og þá voru þessar tillögur fluttar og breytingartillagan var ekki meiri en svo að breyta átti genginu um 10%. Þá var nú ekki mikil kollsteypa sem af því hlaust. Eftir allt tal Framsfl. um nauðsyn þess að breyta gengi krónunnar var málamiðlunartillögu upp á 6% hafnað. Niðurstaðan af þessu getur ekki verið önnur en sú að Framsfl. tók ákvörðun á þeim tíma að taka pólitíska leikaraskap fram yfir hagsmuni atvinnuveganna.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er sérstök ástæða til þess að taka undir þau orð hæstv. forsrh. að það þarf að fara fram bæði opinská og heiðarleg umræða þann mikilsverða málaflokk sem byggðamálin eru. Byggðamálin eru auðvitað ætíð eitt af stærstu viðfangsefnum okkar og eins og málum er núna komið á landsbyggðinni og hafa verið á landsbyggðinni undanfarin ár er sértakt tilefni til þess að fram fari afar opinská og heiðarleg umræða þar sem við reynum að sleppa venjulegu, póli-

tísku hnútukasti en freistum þess fremur að vinna sameiginlega lausn á máli sem sannarlega hefur vafist fyrir mönnum undafarin ár, enda er það ástand sem við blasir núna ekki annað en einn punktur á löngum ferli, löngum hörmungarferli vil ég segja, þar sem mjög hefur hallað á landsbyggðina á undanförnum árum. Þróunin gagnvart landsbyggðinni hefur sem sagt verið mjög alvarleg. Það er ekkert sem er sérstaklega að bresta á núna. Það ættu menn a.m.k. að vita sem hafa verið þingmenn landsbyggðarinnar undanfarin ár svo að ekki sé nú talað um hina sem nýrri eru og grænni í þeim efnum hér á hv. Alþingi.

En hver er þessi alvarlega þróun sem ég læt mér svo tíðrætt um og menn hafa verið að nefna með einum og öðrum hætti í ræðum hér fyrr í kvöld og fyrr í dag? Ég nefni nokkur dæmi. Í fyrsta lagi blasir það við í almennum opinberum hagtölum að nettóbrottflutningur af landsbyggðinni hefur numið á undanförnum árum sem svarar til 1000–1600 manns árlega. Þetta þýðir það að dágott meðalstórt og býsna öflugt sjávarþorp víðs vegar af landsbyggðinni tæmist árlega. Ef við skoðum síðan fólksfjölgunina á höfuðborgarsvæðinu á síðustu fimm árum, ekkert sem er að gerast á síðustu mánuðum heldur á síðustu fimm árum, blasir það við að fólksfjölgunin hefur verið 14 þúsund á þeim tíma sem svarar til íbúafjölda Kópavogs, Hafnarfjarðar eða Akureyrar að ég hygg eða eitthvað af þeirri stærðargráðunni.

Þetta segir okkur auðvitað það hversu stórkostlegir byggðaflutningar eru að eiga sér stað og sýnu verra er þetta auðvitað ef við förum að reyna að rýna fram í framtíðina með tilvísun til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á undanförnum missirum og árum. Þá kemur í ljós ef framreikningar Byggðastofnunar eru notaðir, framreikningar sem Byggðastofnun byggir á sínum bestu fáanlegu upplýsingum, að búast má við því að um 31 þúsund manna tilflutningur fólks frá landsbyggðinni eigi sér stað til höfuðborgarsvæðisins á næstu 20 árum. Fólksfjölgunin yrði alls um 53 þús. manns á höfuðborgarsvæðinu en bein fækkun á landsbyggðinni tæplega 11 þúsund manns. Þetta er sú framtíðarsýn sem blasir við okkur.

En þá má kannski spyrja sem svo: Er þetta ekki bara allt í lagi? Er þetta ekki bara gangur lífsins? Er þetta ekki bara einhver hlutur, einhver náttúruleg, efnahagsleg, félagsleg og búsetuleg þróun sem ekkert er hægt að sporna við og engin ástæða er kannski til að sporna við? Birtist okkur ekki þarna búsetuósk landsbyggðarinnar, ósk fólksins um það hvar það vill búa?

Nú vill svo til að fram fór fyrir örfáum árum ákaflega vönduð könnun á vegum þeirrar stofnunar sem mestrar virðingar nýtur á þessu sviði í landinu, Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, þar sem fólk var innt eftir því, bæði þeir sem búa á landsbyggðinni og hinir sem á höfuðborgarsvæðinu búa, hverjar væru helstu ástæður þess að þeir hefðu flust frá landsbyggðinni eða hygðust flytja frá landsbyggðinni. Og enn fremur hverjar væru almennt búsetuóskirnar. Það er afar fróðlegt í þessu sambandi að rifja upp þessar tölur vegna þess að þær segja okkur það sem segja þarf um búsetuóskir fólks ef það má einhverju ráða. Og hér er spurning frá Félagsvísindastofnun til íbúa landsbyggðarinnar: „Hvar vildirðu helst búa ef þú mættir nú ráða? Í sama landshluta og þú býrð nú, á höfuðborgarsvæðinu eða einhvers staðar annars staðar á landinu?“ Og niðurstaðan af þessu öllu saman er mjög ótvíræð. Fjórir af hverjum fimm af þeim sem spurðir eru svara afdráttarlaust: Við viljum búa í sama landshluta og nú. Einungis 12% kjósa að flytja til höfuðborgarsvæðisins og tæplega 9% nefna að þeir vilji gjarnan búa einhvers staðar annars staðar í landinu.

En þá vaknar spurningin: Hver er þá ástæða þess að fólk hefur þrátt fyrir viljayfirlýsingu í þessa veru yfir höfuð flutt af landsbyggðinni?

Niðurstöðuna getur líka að líta í fyrrnefndri könnun Félagsvísindastofnunar þar sem fyrrverandi landsbyggðarbúar, sem búa nú á höfuðborgarsvæðinu, eru spurðir hverjar séu ástæðurnar fyrir því að þeir fluttu af landsbyggðinni. Niðurstaðan er ósköp einföld: Í fyrsta lagi, atvinnumál og kjör. Í öðru lagi, skortur á félagslegri þjónustu sem gerð er krafa um í nútíma þjóðfélagi.

Ég held að þarna séum við einmitt komin að lyklinum í svari okkar við spurningunni: Hver er ástæðan fyrir því að svona hefur hallað á landsbyggðina? Annars vegar að það er skortur á þeirri þjónustu sem fólk gerir kröfu um, og það er skortur á þeim nauðsynlega rekstrargrundvelli og þeirri nauðsynlegu fjölbreytni atvinnulífsins sem fólk þarf auðvitað að hafa tryggt í sínum heimahögum til þess að það vilji búa þar.

Höfuðatvinnugrein landsbyggðarinnar er sjávarútvegur. Hann er upphaf og endir alls sem við höfum við sjávarsíðuna. Það gefur því auga leið að án öflugs sjávarútvegs er tómt mál að tala um byggðastefnu í landinu. Þess vegna felst skelfileg þversögn í því að á sama tíma og landsfeðurnir hafa verið með byggðastefnuna á vörunum hefur sjávarútvegurinn, eins og aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar, verið grátt leikinn. Verðmætin hafa verið soguð út úr greininni með rangt skráðu gengi og gegndarlausri erlendri skuldasöfnun. Einn af þeim tölvísu mönnum sem starfa á Þjóðhagsstofnun hefur komist að því í þessu sambandi að gengi íslensku krónunnar hefði á árunum 1977–1987 þurft að vera að meðaltali 12% lægra en það var til að viðskiptajöfnuður hefði náðst. Þessi hágengisskattlagning sem útflutnings- og samkeppnisgreinar hafa verið beittar hefur í raun og veru flutt milljarða króna frá landsbyggðinni til annarra geira þjóðfélagsins. Með þessu hefur fótunum verið kippt undan atvinnulífinu í sjávarplássunum í kringum landið. Þess vegna m.a. hefur fólk verið hrakið frá heimilum sínum. Það var ekki spurt álits á þessum gjörningi, það var ekki spurt álits á þessari efnahagsstefnu á undanförnum árum. Það var nefnilega ekkert verið að spyrja hvort því líkaði betur eða verr þessi efnahagsstefna sem rýrði lífskjör þess og möguleika til að búa á heimaslóðum. Þess vegna fór sem fór þrátt fyrir ótvíræðan vilja fólks til að búa í sínum heimahögum. Það voru hinar efnahagslegu aðstæður sem neyddu fólk til þess að hrekjast burtu frá heimaslóðum sínum.

Ég hef heyrt þeirri skoðun fleygt að það sé út af fyrir sig ekkert slæmt þó að fólk flytjist burt frá landsbyggðinni. Í fyrsta lagi megni Reykjavíkurborg ákaflega vel að taka á móti þessu fólki, borgin hafi eiginlega gott af þessu, græði á því. Skattgreiðendum fjölgi og atvinnulífið eflist og allt sé þetta til góðs. Ég ætla í þessu sambandi að vitna í afar merkilega skýrslu sem unnin hefur verið af Ársæli Guðmundssyni í Byggðastofnun þar sem allt hið gagnstæða er raunverulega dregið fram. Þar er niðurstaðan sú að þessir þjóðflutningar 20. aldarinnar muni koma okkur í koll með rýrnandi lífskjörum og versnandi efnahagsafkomu þegar fram í sækir. Vakin hefur verið athygli á því að um 7.000 manns fluttu af landsbyggðinni á árunum 1981–1987. Þetta svarar til allra íbúa Garðabæjar. Til marks um það kostnaðarlega óhagræði sem af þessu hlýst fyrir þjóðarbúið má hafa það að þessir nettófólksflutningar hafa valdið því að finna hefur þurft skólahúsnæði fyrir ríflega 1.000 nemendur af þessum sökum. Það var nauðsynlegt að byggja 2.855 íbúðir til þess að hýsa þetta fólk. Það þurfti að leggja götur á höfuðborgarsvæðinu til þess að taka á móti ríflega 3.000 bílum til viðbótar við þá sem fyrir voru. Á næstu 10 árum er sagt að íbúum höfuðborgarsvæðisins muni fjölga um 28.000 ef fram heldur sem horfir og til að hýsa þessa íbúa þarf að byggja húsnæði sem svarar til heils nýs Breiðholtshverfis.

Þessar staðreyndir blasa við og allir hljóta að sjá hvílíkt efnahagslegt óhagræði mun verða af þessari þróun. Hún mun valda því að nauðsynlegt verður að ráðast í margs konar fjárfestingar, íbúðarbyggingar, opinbera þjónustu, gatnagerð o.s.frv. Á landsbyggðinni verða slíkar fjárfestingar sem þegar eru fyrir hendi algjörlega vannýttar.

Ég nefndi hér áðan gagnmerka skýrslu Ársæls Guðmundssonar um herkostnaðinn af slíkri þéttbýlismyndun hér á höfuðborgarsvæðinu. Og sá sem hér stendur átti þess kost sem fulltrúi í fjárln. að fara um höfuðborgarsvæðið fyrir nokkrum vikum og mánuðum síðan. Það var mjög eftirminnileg og eftirtektarverð ferð því hvarvetna blasti einmitt þessi mikli herkostnaður við. Hann blasti við í nýjum hverfum, hann blasti við þar sem sveitarfélögin voru að takast á við gríðarlega stór og mikil fjárfestingarverkefni í nýjum skólum, í nýjum dagheimilum, í nýjum heilsugæslustöðvum og sífellt var tónninn sá í þessum ágætu og metnaðarfullu sveitarstjórnarmönnum „við verðum að gera enn þá betur, við verðum að byggja enn þá hraðar upp því fólksflutningarnir eru svo stríðir að menn verða hreinlega að bregðast til varnar."

Bæjarstjórnarmennirnir í Garðabæ sögðu okkur t.d. frá því að þeir hefðu sett sér ákveðna áætlun. Áætlun um það að bregðast skjótt við og varna fólki þess að flytjast inn í sveitarfélagið því ella hlytist af slíkur ofurkostnaður að jafnvel þetta ríka sveitarfélag með þessar háu meðaltekjur, sem er laust við margs konar uppbyggingu sem sveitarfélög á landsbyggðinni þurfa að standa í eins og t.d. hafnarframkvæmdir, réði ekki við þessa öru fólksfjölgun sem væri að bresta á og hefði brostið á á undanförnum árum, þeir yrðu að snúa vörn í sókn — þeir yrðu að snúa sókn í vörn, mætti kannski orða það frekar — og verjast þessum ágangi fólksins sem er að flytja af landsbyggðinni og inn á þeirra svæði. Þetta allt undirstrikar og staðfestir þá niðurstöðu Ársæls Guðmundssonar sem ég vitnaði til og ég held að væri mjög þýðingarmikið að fólk hefði í huga þegar byggðamál eru rædd. Það er mjög athyglisvert í lokakafla skýrslunnar sem ég hef haft með mér hérna í ræðustólinn að taka eftir að nánast hvarvetna þar sem hann kemur að málinu er niðurstaðan sú að allt muni þetta horfa til aukins kostnaðar. Fyrir þjóðarbúið og fyrir viðkomandi sveitarfélög sem þó njóta fólksfjölgunarinnar. Rafmagnsveiturnar, hitaveitan, lóðamálin, sorpmálin, umferðarmálin, heilsugæslan, skólamálin, dagvistunin, húsnæðismálin, félagsmálin og þar fram eftir götunum. Allt muni þetta aukast að kostnaði fyrir þessi sveitarfélög nema menn reyni með skipulegum hætti að snúa þessari óheillaþróun við. Þess vegna er það til mikils unnið að reyna að sporna við íbúaþróuninni, einkum og sér í lagi vegna þess, eins og ég hef sýnt hér fram á, að hún er óeðlileg og ónáttúruleg og í andstöðu við vilja fólksins sjálfs í landinu.

En hvað er þá hægt að gera? Ég er sammála því sem hæstv. forsrh. sagði og ég held raunar að það sé höfuðmálið að það er mjög hættulegt að ræða byggðamál án samhengis við annað í þjóðfélaginu. Án samhengis við efnahagsstefnuna, án samhengis við peningamálastefnuna, án samhengis við aðra hluti í þjóðfélaginu. Þó við séum að efna hér til sérstakrar umræðu um byggðamálin þá þýðir auðvitað ekki að tala um byggðamálin sem einhvers konar kassa, einhvern flöt sem ekki snertir aðra þætti eða lýtur ekki lögmálum annarra hluta í okkar þjóðfélagi. Við verðum auðvitað að líta á byggðamálin í samhengi við annað sem við erum að gera. Og hver er þá grundvöllurinn undir allt þetta? Grundvöllurinn er heilbrigt efnahagslíf, stöðugleiki og jafnvægi. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd, jafnvægi almennt og stöðugleiki í efnahagslífinu. Það er sú meginkrafa sem landsbyggðin hlýtur að gera og það er sú meginkrafa sem undirstöðuatvinnugreinar landsbyggðarinnar hljóta einkum og sér í lagi að gera. Til þess hefur ríkisvaldið auðvitað margs konar tæki, svo sem fjárlögin, stefnumótun í opinberum lánsfjárveitingum og þar fram eftir götunum. Þess vegna verðum við auðvitað að líta á byggðamálin í þessu samhengi. Þegar ríkisstjórnin mótar sér þá meginstefnu í efnahagsmálum að reyna að tryggja hér efnahagslegt jafnvægi felur það auðvitað í sér mikilvægt skref í byggðamálum. Og þegar menn koma hér og reyna að tína til alls konar atriði úr fjárlögunum og segja, þetta er skorið niður, það er ekki nóg af þessu og okkur vantar meira af þessu, þá gleyma menn hinum hluta málsins sem er nefnilega það að núv. ríkisstjórn hefur sett sér það markmið, sem er aðalatriði málsins og getur skipt sköpum fyrir efnahagslífið í landinu og þar með byggðamálin í landinu, að ná utan um hina opinberu lánsfjárþörf. Hið opinbera hefur verið og er allt of fyrirferðarmikið á lánsfjármarkaðinum og veldur þeirri miklu vaxtahækkun sem mér heyrist flestir vera að andmæla hér úr ræðustóli, það veldur

þessari miklu vaxtahækkun sem allt er að drepa, bæði úti á landi, ekki síst í atvinnulífinu þar, og eins og annars staðar í landinu.

Við verðum þess vegna, virðulegi forseti, að vera trú þeim málflutningi sem við erum að flytja. Um leið og við segjum að við viljum hag landsbyggðarinnar sem bestan, við viljum lækka vextina, þá verða menn að segja það sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja, þá verður að segja að við erum þess vegna tilbúin að taka á í þeirri fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að skera niður útgjöld, draga úr hinni opinberu lánsfjárþörf til þess að skapa skilyrði fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni ekki síst.

Ein höfuðástæða þess hversu komið er úti um landið er einmitt hinn mikli vöxtur hjá hinu opinbera. Þessi vöxtur hefur sérstaklega átt sér stað hér á höfuðborgarsvæðinu eins og margfaldlega hefur komið fram.

Í athyglisverðri samantekt, sem Bjarni Einarsson, aðstoðarforstjóri Byggðastofnunar, kynnti í fyrra á fjórðungsþingi Vestfirðinga, kemur þetta einmitt mjög glögglega fram. Þar er dregið fram í súluriti hver opinber þjónusta ríkis og sveitarfélaga er, mælt í vinnustundum á íbúa á árinu 1988. Þar kemur fram þegar höfuðborgarsvæðið er skoðað að þessar vinnustundir nema 226 á íbúa. Ef ég tek mitt kjördæmi sérstaklega er samsvarandi tala 127. Þetta segir okkur allt sem segja þarf vegna þess að í öðru orðinu hafa menn verið að reyna að beita sér fyrir þörfum sértækum framkvæmdum og aðgerðum fyrir byggðirnar en í hinu orðinu hefur verið aukið á útþenslu hins opinbera sem fyrst og fremst hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi herkostnaði fyrir landsbyggðina og landið í heild eins og ég var að reyna að rekja hér áðan.

Núv. ríkisstjórn hefur sett sér það sem eitt meginmarkmið að treysta hin svokölluðu vaxtarsvæði í landinu. Ég varð var við það að nokkrir hv. stjórnarandstæðingar reyndu að gera sér mat úr þessu máli með dálítið sérkennilegum hætti og snúa út úr og láta eins og þeir vissu ekki hvað átt væri við með hugtakinu vaxtarsvæði. Nú vill þannig til að það er margfaldlega búið að útskýra þetta fyrir þeim og varla ástæða til þess í sjálfu sér að endurtaka það. Við sjálfstæðismenn höfum t.d. ályktað um þetta á ekki færri en tveimur landsfundum eins og ég hef áður rakið hér á hinu háa Alþingi og við höfum sérstaklega skilgreint hugtakið vaxtarsvæði og það hefur hæstv. forsrh. gert og þess vegna er auðvitað alveg ástæðulaust að reyna að snúa út úr því máli. En til þess að taka nú af öll tvímæli er rétt að hafa yfir örstutta skilgreiningu á þessu grundvallarhugtaki. Ég vitna til landsfundarályktunar Sjálfstfl. um byggðamál frá árinu 1989, með leyfi virðulegs forseta:

„Með hugtakinu vaxtarsvæði er átt við þéttbýlisstaði og sveitir sem tengjast með daglegum samgöngum og mynda þannig samstæð atvinnu- og þjónustuhéruð."

Hér fer auðvitað ekkert á milli mála. Þetta er það sem við er átt og þess vegna þarf ekki að undra að það sé áréttað sérstaklega í hvítu bókinni að ríkisstjórnin muni með almennum aðgerðum styðja viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar og greiða fyrir aðlögun á breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Og enn fremur að efling vaxtarsvæða með bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra sé í senn hornsteinn hagkvæmrar byggðastefnu og almennrar efnahags- og atvinnustefnu á næstu árum. Þá blasir líka við að þrátt fyrir þrengingar ríkissjóðs og þrátt fyrir þá fyrirætlan hins opinbera að draga úr opinberum útgjöldum og opinberri lánsfjárþörf er það ljóst að heildarútgjöld til vegamála mæld á föstu verðlagi munu aukast á milli ára. Þannig er auðvitað verið að fylgja eftir þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar sem fram kemur í hinni hvítu bók sem mjög hefur verið til umfjöllunar af eðlilegum ástæðum hér í þessum umræðum.

Úr því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kominn hér inn, en hann gerði mjög að umtalsefni málefni og stöðu hinna veikustu byggða í landinu og ég veit að hann hefur örugglega mælt af góðum hug, þá vil ég vekja athygli á því að auðvitað er það líka atlaga að hinum veikustu byggðum þegar ákveðið er að draga mjög úr búfjárframleiðslunni og sauðfjárframleiðslunni í landinu eins og gert var með nýjum búvörusamningi. Uppkaup á frjálsum fullvirðisrétti og uppkaup á fullvirðisrétti, hvernig sem að því máli er staðið, veikir auðvitað hinar veikustu byggðir. (Gripið fram í.) Það er að vísu rétt, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að ráð er fyrir því gert og þakka skyldi nú að ekki er greitt jafnþungt högg á þær byggðir sem nánast eingöngu búa að sauðfjárrækt í sínum landbúnaði. Ég verð að vísu að játa það að mér finnst þetta ekkert sérstaklega þakkarvert, þetta er náttúrlega sjálfsagður hlutur sem hver einasti maður getur tekið undir. En hinu verður auðvitað ekki neitað og ég á varla von á því að hv. þm. neiti því að sá búvörusamningur sem hann hafði forustu um og frumkvæði að, hann hlýtur auðvitað að veikja þær byggðir sérstaklega sem hann talaði svo fjálglega um hér áðan. Það er a.m.k. fróðlegt fyrir mig í mínu kjördæmi að sjá hvernig þessi uppkaup hafa skipst á einstök búmarkssvæði þar sem m.a. kemur í ljós að í veikum byggðum eins og Inndjúpinu hefur verið mikið um þau og raunar langt umfram þau markmið sem búvörusamningurinn setti sér. Það var meira um þessi frjálsu uppkaup heldur en búvörusamningurinn setti sér á fyrsta árinu. Auðvitað er þetta til að veikja byggðirnar. (**Gripið fram í:** Þið getið nú breytt þessu.) Það er að vísu þannig að það er álit lögmanna og ríkislögmanns að þessi samningur sé bindandi fyrir ríkisvaldið og ég veit að hv. 5. þm. Vestf., sem hér er að grípa fram í, sór þennan samning af sér í kosningabaráttunni og vill auðvitað ekkert við hann kannast og það er rétt að flytja þau tíðindi hér inn í þingsali. Engu að síður var það svo að flokkur hans stóð að þessu og það fer ekkert á milli mála að það gengur ekki fyrir menn að reyna að sverja það af sér að auðvitað mun þessi búvörusamningur hafa áhrif á þessar veikustu byggðir og það þýðir ekkert að reyna að klóra sig út úr því.

Það er ekki hægt að láta hjá líða í umræðu um byggðamálin að nefna líka húsnæðismálin sem ég hygg að þurfi að taka nokkuð öðrum tökum en gert hefur verið. Ég hef til að mynda verulegar efasemdir um þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað í félagslega íbúðakerfinu úti á landi. Ég held að þar hafi verið gengið fram með þeim hætti að það hafi orðið til þess að rýra hinn almenna íbúðamarkað og skapa óvissu hjá fólki sem þar býr og þar þurfi að snúa alveg við blaðinu. Enn fremur er ljóst að sú mikla þensla í útgáfu húsbréfa og sú mikla þensla sem orðið hefur í húsnæðismálunum almennt hefur fyrst og fremst átt sér stað hér á höfuðborgarsvæðinu og á augljóslega sinn þátt í því að halda uppi allt of háu vaxtastigi í landinu. Þegar við erum að tala um að við viljum skapa almenn rekstrarskilyrði fyrir grundvallaratvinnuvegina er það auðvitað deginum ljósara að ekki verður undan því vikist að taka á þessum þætti eins og öðrum. Það er rétt að vekja á því athygli að það er fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að draga úr opinberri lánsfjárþörf hvað þetta snertir líka á næsta ári og það er auðvitað mikilsvert skref í rétta átt.

Virðulegi forseti. Það steðjar mjög mikill vandi að íslensku atvinnulífi um þessar mundir, ekki síst íslenskum sjávarútvegi. Hér er auðvitað ekki um að ræða vanda sem hefur verið að skella yfir með mjög bráðum hætti. Mjög margir þóttust greina það löngu fyrr á þessu ári að ekki væri allt sem skyldi í íslenskum sjávarútvegi og margt miklu veikara þar en ráða mætti við fyrstu sýn af skoðun ársreikninga. Það hefur verið mjög vitnað til þess að árið 1990 hafi hreint ekki komið svo illa út fyrir íslenskan sjávarútveg og það er auðvitað þannig að hagnaðartölur þessa árs gefa til kynna við fyrstu sýn að e.t.v. hafi sjávarútvegurinn verið að rétta verulega úr kútnum. Ég skal ekki gera lítið úr því að afkoma þessa árs var mun betri en hún hefur oft verið en þó held ég að menn verði að gæta sín á því að láta ekki blekkjast af fyrstu skoðun á ársreikningum fyrirtækjanna.

Ég vil vekja athygli á því að í grein sem Jón Atli Kristjánsson rekstrarhagfræðingur og starfandi rekstrarráðgjafi skrifaði í Morgunblaðið 24. júlí segir hann svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Fyrirtækin gengu mörg hver allvel á sl. ári þó hagnaðartölur séu blekkjandi vegna útreiknings verðbreytingafærslu. Eins er á það að líta að mótlæti undangenginna ára hefur gert menn lítilþæga. Sagan hefur hins vegar kennt okkur að mögru árin koma og hver var það sem fann upp regluna um eitt gott ár og síðan þrjú mögur?"

Það blasir nefnilega við og má lesa út úr þessum orðum að þær hagnaðartölur sem menn sáu á sl. ári voru ekki allar sem sýndust og það var að ýmsu fleiru að hyggja. Ég held að þegar grannt er skoðað hafi síðasta ár líka undirstrikað það að staða sjávarútvegsins var hreint ekki jafnsterk og margir vildu vera láta og margir drógu ályktanir af með því að lesa með skjótum hætti almennar hagtölur úr þjóðhagsreikningum. Það þarf í raun og veru ekki að fara í neina pólitíska naflaskoðun í þessum málum eða skoða fortíðina mikið. Staðan er einfaldlega þessi: Sjávarútvegurinn stendur núna á mjög alvarlegum punkti og að honum steðja gífurlegir erfiðleikar. Og ef við erum að tala um trausta byggðastefnu verðum við um leið auðvitað að huga að því að treysta undirstöður sjávarútvegsins.

Ég er sammála því sem menn hafa sagt í þeim efnum, bæði talsmenn atvinnulífsins og fjölmargir aðrir, að gamlar lausnir duga því miður ekki núna með sama hætti og áður. Við höfum einfaldlega ekki sama svigrúm og við höfðum áður. En við verðum engu að síður að ráðast gegn þessum vanda og það myndarlega og það strax. Aðalatriðið er eins og t.d. formaður Vinnuveitendasambandsins hefur sagt að við verðum að ná niður þessum drápsklyfjum fjármagnskostnaðarins, lækka vextina, kýla þá niður með því að draga úr opinberri lánsfjárþörf þannig að eftirspurn eftir lánsfé minnki og skilyrði til vaxtalækkunar skapist og það strax. (**Gripið fram í:** Hvað segir fjmrh. við því?) Fjmrh. er sammála þessu eins og þingmaðurinn hlýtur að hafa hlýtt á í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. Þar kom þetta afar glögglega fram.

Í öðru lagi verður að skapa atvinnulífinu svigrúm til skamms tíma með almennum lánalengingum og í þriðja lagi, svo ég nefni nokkur atriði, að bregðast sérstaklega við aðsteðjandi vanda nú og auðvelda fyrirtækjunum skipulagsbreytingar. Ég held hins vegar að þegar við erum að tala um skipulagsbreytingar verðum við að hafa þrek til þess að ræða þær til hlítar. Skipulagsbreytingar af þessu taginu eru bæði margslungnar og erfiðar og þær kalla á það að hið opinbera komi til liðs með þeim hætti að greiða fyrir þessari aðlögun með ýmsu móti.

Stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir núna er einfaldlega sú hvort sjávarútvegurinn nái að nýta sér þessa möguleika eða hvort hann sé dæmdur til þess að fara niður með þeirri hagsveiflu sem við erum núna stödd í. Ég held t.d. að það eigi að skoða fjölmargar leiðir í þessum efnum og það þurfi að skoða þessi mál mjög nákvæmlega og nota alla möguleika sem við höfum til aðgerða. Ég held að það mætti t.d. skoða hvernig hægt sé að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna með beinum og óbeinum hætti, hvort ekki mætti reyna að koma á úreldingarsjóði fasteigna og véla í sjávarútvegi til þess að greiða fyrir þessari aðlögun og þannig mætti lengi telja. Við höfum núna úreldingarsjóð fiskiskipa og þarna er um að ræða hlut sem ég vildi a.m.k. leyfa mér að skoða í því skyni að greiða fyrir þessari aðlögun sem auðvitað verður að eiga sér stað, aðlögum að breyttum skilyrðum.

Ég sagði áðan í ræðu minni að hér væri um að ræða ákaflega alvarlegt mál og við þyrftum að eiga um það opinskáa og heiðarlega umræðu. Ég hef freistað þess að fjalla um þetta mál frá mínum bæjardyrum með þetta að leiðarljósi.

Hér hafa margir spurt sem svo: Hefur byggðastefnan brugðist? Og svarið hefur verið á ýmsa lund. Ég freistast til þess að spyrja á móti eins og ég reyndar gerði í blaðagrein fyrr í vor. Ef við spyrjum hvort byggðastefnan hafi brugðist, er ekki eins hægt að spyrja, hvort einhver hafi ekki brugðist byggðastefn-

unni. Í hvítu bókinni, sem mjög hefur verið rætt um, er þetta ekki orðað svo, eins og gefið hefur verið til kynna, að byggðastefnan hafi brugðist heldur að hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Ég hygg að flestir geti verið sammála um það að sú stefna, sem við höfum haft undanfarin ár, hvort sem við köllum hana byggðastefnu eða eitthvað annað, hafi ekki skilað tilætluðum árangri og þess vegna fer þessi mikla umræða hér fram í kvöld. Hún snýst um það að við erum sammála um að hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri, en ágreiningurinn er væntanlega um með hvaða hætti við getum snúið vörn í sókn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að leiðrétta það sem rangt er með farið. Hv. 3. þm. Vestf. gerði sig sekan um það og hélt því fram að ég vildi sverja af mér allan stuðning við búvörusamning. Það er rangt eins og þingmanninum er í raun og veru kunnugt um. Ég lýsti yfir stuðningi við búvörusamninginn í aðalatriðum sem meira að segja var veifað hér og lesinn upp af ekki ómerkari manni en hæstv. forsrh. á sl. vorþingi.

Ég vil benda hv. 3. þm. Vestf. á það að Sjálfstfl. var með mjög sérkennilegar áherslur í þessum málum í kosningabaráttunni og þar á meðal hæstv. núv. forsrh. sem fannst að búvörusamningurinn gengi of nærri bændum og vildi ganga skemur í átt til skerðingar og taka hana út á lengri tíma heldur en ráð er fyrir gert. Það eru allir möguleikar hjá hæstv. núv. ríkisstjórn og þeim þingmönnum sem að henni standa að beita sér fyrir endurskoðun á samningnum til þess að mæta þeim sjónarmiðum sem menn héldu fram í kosningabaráttunni. Það bólar hins vegar ekkert á þeirri endurskoðun og það segir mér að sjálfstæðismenn meintu ekkert með því sem þeir voru að halda að bændum í kosningabaráttunni sl. vor.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði náttúrlega sannarlega verið gott að geta haft hér tiltækar blaðaúrklippur með orðréttri tilvitnun í hv. 5. þm. Vestf. sem hann lét falla á opinberum útvarpsfundi á Ísafirði þar sem hann sagði sem svo að hann gæti ekki stutt þennan samning óbreyttan. Það býst ég við að hafi raunar verið rauði þráðurinn í máli frambjóðenda flestra stjórnmálaflokkanna á Vestfjörðum fyrir þær kosningar. Sá sem hér stendur mælti á þá lund og ég hygg flestir frambjóðendur annarra stjórnmálaflokka, þar með talinn 1. maður á lista Alþb. á Vestfjörðum, núv. hv. 5. þm. Vestf.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara til þess að hafa þetta aftur yfir hv. 3. þm. Vestf., það sem ég lýsti yfir var að ég styddi búvörusamninginn í aðalatriðum. Hins vegar gat ég þess að ég vildi sjá á honum ákveðnar breytingar umfram það sem er í samningnum varðandi hlut veikra byggða. Þar vísaði ég til bókunar sem fylgir samningnum sem er til þess gerð að grípa inn í ef illa horfir í þeim byggðum. Það sem ég hafði áhuga á að sjá breytt er að færa þá bókun inn í samninginn, inn í aðaltextann.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þennan búvörusamning þá annaðhvort styðja menn hann eða styðja hann ekki. Menn styðja hann ekkert í aðalatriðum eða aukaatriðum, menn styðja hann eða styðja hann ekki. Það liggur fyrir að hv. 5. þm. Vestf. sagði á þessum útvarpsfundi að hann hefði við hann athugasemdir. Það er kjarni málsins og um það snýst þessi orðræða.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Umræðan hefur nokkuð snúist um aðgerðir síðustu ríkisstjórnar í byggðamálum og Steingrímur J. Sigfússon, hv. 4. þm. Norðurl. e., beindi til mín spurningu í því máli.

Í þeim málum sem öðrum má auðvitað viðurkenna það sem vel er gert sem og það sem miður fer. Auðvitað var það svo að síðasta ríkisstjórn gerði ýmsa góða hluti í málefnum landsbyggðarinnar. Þar er hægt að nefna til t.d. í samgöngumálum, í uppbyggingunni á félagslegum íbúðum, en ⅓ af þeim íbúðum sem byggðar hafa verið frá upphafi voru byggðar í tíð síðustu ríkisstjórnar. Og hvað svo sem hv. síðasti ræðumaður hefur um það að segja að það hafi ekki verið landsbyggðinni til góðs að byggja upp þessar félagslegu íbúðir þá býst ég ekki við að honum séu margir sammála sem hafa notið góðs af þessum íbúðum og ég fullyrði að félagslegar íbúðir hafa verið mikil lyftistöng fyrir landsbyggðina.

Í atvinnumálum er líka ljóst að forðað var miklu atvinnuleysi með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin greip til 1988 og að rekstrargrundvelli margra fyrirtækja, einkum í undirstöðuatvinnugreinum, var komið á réttan kjöl. Hitt er engu að síður ljóst að fjármagn sem veitt var úr Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði gerði stundum það eitt að lengja í hengingaról fyrirtækjanna og ríkissjóður og skattgreiðendur sitja þar uppi með óleystan vanda. Því er ljóst að aðgerðir síðustu ríkisstjórnar að því er varðar mörg fyrirtæki a.m.k. skiluðu ekki tilætluðum árangri. En karp um ábyrgð hinna eða þessara flokka á að byggðastefnan hafi brugðist og hver beri þar ábyrgð á finnst mér ansi tilgangslaust. Staðreyndin er sú að þar eiga allir flokkar hlut að máli sem komið hafa nálægt landsstjórninni, ekki bara undanfarin ár heldur áratugi. Með ýmsum aðgerðum hefur verið hvatt til óhóflegrar fjárfestingar og nægir þar að nefna offjárfestingu í skipastólnum, fiskeldi, loðdýrarækt og ullariðnaði. Það er sá fortíðarvandi sem við er að glíma sem allir stjórnmálaflokkar sem stjórnað hafa bera meiri eða minni ábyrgð á.

Ég hefði kosið að sú umræða sem hér fer fram snerist meira um hvað er hægt að gera til að styrkja landsbyggðina og ég hygg að ef borinn er saman stjórnarsáttmáli og stefna þessarar ríkisstjórnar og þeirrar síðustu þá hafi þessi ríkisstjórn ýmis áform uppi í málefnum landsbyggðarinnar sem á margan hátt eru raunhæfari til að skila varanlegri árangri en ýmsar aðgerðir síðustu ríkisstjórnar. Ég nefni eflingu og stækkun

sveitarfélaganna og áherslu á sameiningu þeirra, aukinn fjárstuðning við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og aðgerðir á sviði samgöngu- og atvinnumála sem verði samræmdar og gerðar markvissari en áður. Ég tel reyndar að eitt stærsta byggðamálið sé veruleg stækkun sveitarfélaganna og að því er nú unnið. Náist samstaða um verulegan áfanga þar tel ég að þar hafi verið sköpuð skilyrði til að flytja verkefni í verulegum mæli frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar en í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að ríkisstjórnin muni á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er mín skoðun að áætlun um flutning verkefna og þjónustu frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar sem og frekari verkefnatilfærsla frá ríki til sveitarfélaga eigi að vera í tengslum við stækkun sveitarfélaganna. Náist samstaða um það sem ég hef hér nefnt er það mitt mat að raunhæf stefna sé tekin til að styrkja mjög stöðu landsbyggðarinnar og efla þar allt atvinnulíf.

Ég ætlaði ekki, virðulegi forseti, að ræða hér um húsnæðismálin en að gefnu tilefni, vegna orða síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vestf., verður ekki hjá því komist og mun ég reyna að gera það í stuttu máli. Hv. þm. hélt því fram í sinni ræðu áðan að útgáfa húsbréfa hefði haldið uppi háu vaxtastigi hér á landi. Þetta er svipuð fullyrðing og ýmsir hafa haldið hér fram í þessum sal og utan hans. Og það er orðið æði hvimleitt að heyra það sí og æ að húsbréfunum sé sífellt kennt um það sem aflaga fer á fjármagnsmarkaðnum. Ég held að það verði ekki hjá því komist t.d. að minna á þann vanda sem Byggingarsjóður ríkisins var í og hvað það var sem varð til þess að leysa þann vanda. Það var tilkoma húsbréfakerfisins. Það er ekki langt síðan, fyrir kannski einu og hálfu ári, að við fengum hér inn í sali þingsins skýrslu frá Ríkisendurskoðun þar sem lýst var tug milljarða kr. vanda hjá Byggingarsjóði ríkisins. Nú hefur svokölluð fortíðarvandanefnd skilað skýrslu um stöðu Byggingarsjóðs ríkisins m.a. og þar er ekki talað um neinn vanda, sá vandi hafi verið leystur. Og ég hygg líka að við hefðum ekki haft svigrúm fyrir félagslega íbúðakerfið og uppbyggingu þess ef húsbréfakerfið hefði ekki leyst Byggingarsjóð ríkisins og það lánakerfi af hólmi. Og ég vil vitna til þess þegar verið er að halda því fram að húsbréfakerfið haldi uppi háu vaxtastigi að það eru ekki nema örfáir dagar síðan að birtist grein í Morgunblaðinu þar sem haft var eftir Sigurði B. Stefánssyni hagfræðingi að það væri útilokað að húsbréfakerfið hefði getað valdið þeirri raunvaxtahækkun sem var á sl. ári. Í því sambandi benti hann m.a. á að veltan á fjármagnsmarkaðnum og verðbréfamarkaðnum væri um 160 milljarðar kr. og af því hefði útgáfa húsbréfa einungis verið um 5 milljarðar kr. þannig að útilokað hefði verið að húsbréfakerfið hefði valdið þeirri vaxtahækkun. Og þegar við lítum til þess að nú er áætluð 12 milljarða kr. útgáfa húsbréfa, sem er sama og var áætlað þegar húsbréfakerfið fór af stað, og það er áætlað að 48% af útgáfu þessara húsbréfa séu innri fjármögnun, með öðrum orðum að fólkið haldi þeim eftir sem sparnaði eða að þau gangi upp í næstu fasteignaviðskipti, þá er ekki hægt að halda því fram með neinni sanngirni að það sé húsbréfakerfið sem haldi hér uppi háu vaxtastigi. Það er sjaldnar sem það er tilgreint t.d. hvaða áhrif húsbréfakerfið hefur haft á fasteignamarkaðinn. Á fasteignamarkaðnum hefur ríkt jafnvægi síðan húsbréfakerfið kom til, en það var annað uppi á teningnum þegar við bjuggum ekki við húsbréfakerfið vegna þess að þá voru sífelldar sveiflur á fasteignamarkaðnum og menn minnast þess kannski 1986 þegar fasteignaverðið rauk upp um 10%.

Það er líka hægt að minna á það í þessu sambandi hvernig t.d. útborgunarhlutfall hjá þeim sem eru að kaupa sér íbúðir hefur lækkað með tilkomu húsbréfakerfisins, það hefur lækkað úr 75% niður í 45%. Og síðan skoða menn ekki málin í neinu samhengi vegna þess að það er alveg ljóst og liggja fyrir tölur um það að dregið hefur úr lánsfjárþörf annars staðar með tilkomu húsbréfakerfisins. Bæði eru svokölluð handahafabréf sem voru á ári hverju yfir 2 milljarðar kr., sennilega nálægt 3, nálægt því að hverfa. Það má segja með bankana einnig að þar hefur dregið úr útlánum vegna íbúðakaupa um 1½ milljarð og svipuð upphæð er uppi á teningnum hjá lífeyrissjóðunum, þar hefur einnig dregið úr þeim lánum sem fólk hefur þurft að taka til íbúðarkaupa. Og þar á ofan, sem hlýtur að verða að skoða í því samhengi, sú lánafyrirgreiðsla, þessi skammtímalán sem fólk hefur þurft að taka í miklum mæli og hefur sligað marga íbúðarkaupendur hefur stórlega minnnkað með tilkomu húsbréfanna.

Ef við byggjum áfram við lánakerfið frá 1986 og engin húsbréf hefðu komið til, sem hv. þm. var hér að skammast út í, hvað væri það mikið sem færi núna til húsnæðismálanna? Hvað væri það mikið? Það eru áætlaðir um 20 milljarðar á næsta ári. Ja, ég hygg að það hafi verið nálægt 26–27 milljörðum sem þá hefðu farið til húsnæðismála. Það hefðu farið 16–17 milljarðar með þeirri 55% bindingu sem lífeyrissjóðirnir höfðu við húsnæðiskerfið og það hefðu farið 2 milljarðar gegnum lífeyrissjóðina, 2–2½ gegnum bankana og annað eins í handhafabréfum. Og ég spyr: Hvaða áhrif hefði það haft á vaxtastigið í landinu að binda svona mikið af fjármagni lífeyrissjóðanna inni í húsnæðiskerfinu í stað þess að þeir gætu verið með það í samkeppni við annað fjármagn hér á markaðnum?

Ég bendi líka á eitt til samanburðar varðandi bankana að á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs voru lán til einstaklinga einungis fjórðungur miðað við það sem þau voru fyrstu fjóra mánuðina á árinu 1990.

Vissulega neita ég því ekki að það hafi verið tímabundnir erfiðleikar í húsbréfakerfinu sem eiga fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þess að við höfum verið að fjármagna tvö húsnæðislánakerfi samtímis. Það var uppsafnaður vandi sem við þurftum að leysa, það var fólk í biðröð sem var búið að bíða lengi eftir fyrirgreiðslu sem var að gera sín íbúðarviðskipti sem þurfti að fá lausn á þeim málum. Og það var líka vegna greiðsluerfiðleikalánanna, sem ég hef fæsta heyrt mótmæla hér í þingsölunum, sem er alveg ljóst að hef-

ur forðað fjölda heimila frá gjaldþroti.

Ég taldi nauðsynlegt, virðulegi forseti, þó að ég hafi ekki ætlað mér að ræða húsnæðismálin, að koma inn á þetta örfáum orðum. Og ég verð að segja það að mér finnst það orðið ansi hvimleitt hversu málflutningurinn er á eina leið í þessu máli þegar verið er að tala um fjármagnsmarkaðinn, þar er engu um kennt orðið nema húsbréfakerfinu. Ég tel að ég hafi sýnt fram á það með tölum sem ég hef dregið hér fram að það er rangur málflutningur sem haldið er fram hér í ræðustól um þetta efni.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir mikinn lestur af talnaflóði, þá kemst hæstv. félmrh. ekkert undan því að þessi mikla útgáfa á húsbréfum og þessi miklu framlög og þessi mikla fjárþörf húsnæðiskerfisins í heild hefur auðvitað haft áhrif á raunvaxtastigið í landinu. Það er engum blöðum um það að fletta. (Gripið fram í.) Ég nefndi það ekki einu orði í ræðu minni að ég væri í sjálfu sér neitt mótfallinn því kerfi húsnæðislána að byggja hér á húsbréfum, enda tel ég að það í sjálfu sér sé skynsamleg hugmynd. Það blasir hins vegar við og kemur fram í fylgiskjölum fjárlagafrv. í fyrsta lagi að hrein lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins á þessu ári verði 22,3 milljarðar kr. Hverjum dettur það í hug að þessi mikla útgáfa, sem vel að merkja mun auðvitað fyrst og fremst skila sér í uppbyggingu húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, hafi ekki nokkur áhrif á vaxtastigið í landinu? Ekki nokkrum heilvita manni.

Það kemur líka fram í fjárlagafrv. að lánsfjárþörf hins opinbera hafi aukist verulega á undanförnum árum og ég ætla að fá að leyfa mér að vitna í það:

„Árið 1986 nam hrein lánsfjárþörf um 4% af landsframleiðslu. 1988 var hlutfallið komið í tæplega 7%, 1990 í tæplega 8% og árið 1991 stefnir í 9,7%. Tvo þriðju hluta þessarar aukningar má rekja til húsnæðislánakerfisins en fjárþörf þess hefur farið úr tæplega 5 milljörðum kr. árið 1986 í rúmlega 22 milljarða kr. samkvæmt áætlun fyrir 1991, reiknað á föstu verðlagi. Aukningin til húsnæðislánakerfisins er veruleg, jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að framlag úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna hafi lækkað úr 3,6 milljörðum kr. 1986 í tæplega 1 milljarð kr. 1991 og minni lánveitingar banka og lífeyrissjóða." Hér kemur þetta auðvitað fram svart á hvítu sem ég lagði áherslu á í ræðu minni áðan.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með allri virðingu fyrir hv. síðasta ræðumanni þá treysti ég betur orðum Sigurðar B. Stefánssonar hagfræðings, sem hefur skoðað þetta mál, hefur það að atvinnu að skoða þessi mál, þar sem hann heldur því fram að raunvaxtahækkun á sl. ári sé ekki hægt að rekja til húsbréfakerfisins og það kom fram í mínum orðum hér áðan. Það hefur einnig komið fram að við erum að draga úr fjárþörf til húsnæðismála milli áranna 1991 og 1992 um 4–5 milljarða. Og það er mjög sérkennilegur málflutningur þegar verið er að lesa svona upp úr fjárlögunum eins og hv. þm. gerði, taka það úr samhengi við annað. Hv. þm. sagði hér í ræðustól áðan þegar hann var að ræða byggðamálin að það ætti að skoða þetta í samhengi við annað. Og af hverju skoðar hv. þm. þá þetta ekki í samhengi við það hvar annars staðar hefur dregið úr lánsfjárþörf í þjóðfélaginu? Ég nefndi þar banka og lífeyrissjóðina. Það er ósanngjarn málflutningur, hv. þm., að skoða þetta með þeim gleraugum sem þú gerir.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Ég skal vera afar stuttorður, virðulegur forseti. Ég vil ekki sitja undir því að vera sagður ósanngjarn í málflutningi. Hæstv. félmrh. segir að ég hafi ekki tekið tillit til þess að það hafi dregið úr lánveitingum banka og lífeyrissjóða. Ég las hér upp úr fjárlagafrv. það sem einmitt segir, svo ég ítreki það, með leyfi virðulegs forseta: „Aukningin til húsnæðislánakerfisins er veruleg, jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að framlag úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna hafi lækkað úr 3,6 milljörðum kr. 1986 í tæplega 1 milljarð kr. 1991 og minni lánveitingar banka og lífeyrissjóða." — Fleira þarf ekki að segja um þetta mál.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er nú orðið dálítið kvöldsett. Klukkan er komin fram yfir miðnætti. Þó auðvitað sé freistandi að halda áfram þegar stjórnarliðar eru komnir hér í hár saman og sannarlega voru þau hér áðan, hæstv. félmrh. og hv. þm. Einar Kristinn, eins og segir í vísunni góðu: „Nú er eins og hundur hund hitti á tófugreni."

En ég hef lítið gaman af átökum þeirra sem í kærleika vilja búa. Þess vegna er mér það mikið mál vegna morgundagsins að vita hvenær þessari umræðu lýkur.

Hér hefur farið fram mjög málefnaleg umræða um byggðamál, mikilvæg umræða. Hér hefur engin ræða verið léleg á þessum degi þótt deila megi um efni þeirra. Hér hafa vissulega komið fram meiningar manna sem þarf að ræða. Það munu einir tíu þingmenn hafa haldið ræður í dag, það munu sjö enn vera á mælendaskrá og margir munu enn kveðja sér hljóðs undir þessari umræðu. Því þykir mér það ófært að eiga að ræða þennan mikla málaflokk í skjóli nætur.

Það er líka annað sem ég verð að gera athugasemd við ef þessi umræða á að halda áfram. Það er orðið fáliðað hér í þinghúsinu, það mun þriðjungur þingmanna vera viðstaddur þessa umræðu og það er ljóst að þynnist mjög á ráðherrabekkjum. Að vísu hillir í hæstv. forsrh. þarna í horninu í hliðarherbergi, tveir aðrir ráðherrar munu vera í húsinu. Þeir menn sem ekki síst þarf að ræða við í þessari umræðu eru báðir farnir heim. Hæstv. samgrh. gekk á braut fyrir klukkustundu síðan og sjálfur formaður Byggðastofnunar er hér ekki viðstaddur umræðuna. Ég geri því skýlausa kröfu til þess að fundinum verði frestað. Hér er mikilvægari umræða en svo að hún fari fram undir þeim kringumstæðum að bjóða þingheimi upp á það að halda næturfund á fyrsta stigi sem þessi umræða fer fram. Ég bið hæstv. forseta og forsrh. að gera sér grein fyrir því

að vinnudagur margra manna sem hér eru í þessu húsi hefst eftir sjö klukkustundir á nýjum degi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að hér hafa verið mjög góðar umræður og málefnalegar á flesta lund og gagnlegar. Ég sé ekkert á móti því að þessari umræðu sé haldið áfram þó að vinnudagur sé fram undan. Það vinna fleiri en sá hv. þm. sem síðast talaði og ég held að við getum haldið umræðunni áfram töluvert lengi enn. Þetta eru þróttmiklir menn sem hér sitja í salnum og það er vel mætt miðað við suma aðra kvöldfundi sem ég hef setið hér og sjálfsagt að við höldum umræðunni áfram, a.m.k. eitthvað fram eftir nóttu.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er rétt að upplýsa það að á fundi sem forseti efndi til með formönnum þingflokka um hádegið í dag féllumst við á það að hafa kvöldfund í kvöld en tókum fram að við ætluðumst til að það yrði ekki næturfundur. Forseti lýsti að vísu vilja sínum að umræðu um skýrslu um Byggðastofnun yrði lokið en það var skýrt tekið fram og ég vil að það komi hér fram, að það var ekkert samkomulag um að halda áfram eftir miðnætti. Við lítum svo á að þegar um kvöldfund er talað, þá sé verið að ræða um kvöldið, þ.e. fram til miðnættis. Eftir miðnætti er þetta orðið að næturfundi og það er ekkert samkomulag um það að halda áfram fram eftir miðnætti. Ég held að það sé skynsamlegt að fresta umræðunni núna og halda henni áfram síðar. Enn eru mjög margir á mælendaskrá og þetta hefur verið góð og gagnleg umræða og ýmislegt sem skýrst hefur við hana, en margt er enn ósagt og ég legg til að forseti fresti umræðunni þar til síðar.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það að hér hefur farið fram góð og gagnleg umræða í dag og það á áreiðanlega eftir að koma margt fram hjá þeim sem eftir eiga að tala sem er gott og gagnlegt innlegg í umræðu um byggðamál. Ég er einn af þeim sem eru á mælendaskrá en hins vegar hafa þær yfirlýsingar gengið hér í dag, bæði innan þessa salar og utan, að það er nauðsynlegt fyrir mig að eiga orðastað við hæstv. samgrh. sem gaf yfirlýsingar utan þings sem sagt var frá í fréttum í kvöld sem varða byggðamál mjög sterklega. Ég mótmæli því að taka hér til máls án þess að hann sé viðstaddur. Það er einnig nauðsynlegt að eiga orðastað við formann stjórnar Byggðastofnunar og ég mótmæli því harðlega að þessari umræðu verði haldið áfram nema þeir aðilar sem byggðamál varða og við þingmenn þurfum að eiga orðastað við séu mættir. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að kalla þessa menn hingað því að þeir hafa vikið af fundi og vafalaust sofnaðir eins og hv. Skagfirðingur Stefán Guðmundsson segir. En ég geri kröfu til þess að umræðunni verði frestað nema þá að þeir aðilar verði kallaðir til sem við þurfum að eiga orðastað við.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það komi fram, vegna ávarps hv. 1. þm. Norðurl. v. hér áðan og upplýsinga sem hann veitti viðstöddum um fund formanna þingflokka í hádeginu, að af minni hálfu var ekkert samkomulag um að ljúka þessum fundi fyrir miðnætti nema umræðunni væri lokið. Ég vænti þess að hann staðfesti það. Ég staðfesti það sem hann segir að því leyti til að það var ósk af hans hálfu og formanns þingflokks Alþb. að vera hér ekki lengur en svona fram undir kl. 12, (Gripið fram í.) en af minni hálfu var ekki fallist á það nema umræðunni væri lokið. Þar af leiðandi var ekkert samkomulag um að ljúka þessu kl. 12.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir óskir manna um það að forseti skoði hug sinn hvort ekki sé skynsamlegt að gera senn hlé á þessum fundi. Það mun rétt vera að menn hafi fallist á að hér yrði kvöldfundur en menn ættu að vita að það er nokkur munur á annars vegar kvöldfundi og hins vegar því að fara að halda áfram umræðu þegar komið er fram yfir miðnætti þar sem sjö eða átta eru á mælendaskrá. Ég held að ég viti það rétt, hæstv. forseti, að ég sé sjöundi maður á mælendaskrá og einhverjir gætu þar að sjálfsögðu bæst við þannig að það er ekki hægt að gefa sér að þessari umræðu ljúki fyrr en komið er langt inn í nóttina og jafnvel fram yfir miðja nótt. Spurning er hvort nokkur þörf sé á því að keyra svoleiðis áfram fundahöldin hér, þó að við að sjálfsögðu höfum ekki vald til að stoppa það, ef ekki er samkomulag um hlutina, að forseti haldi fram fundi.

Ég vil líka spyrja hvað standi til með fundahald á næstu dögum. Ég þykist hafa heyrt að jafnvel hafi verið rætt um að halda annan kvöldfund strax á morgun. Það skiptir auðvitað máli hvort til stendur að hafa strax annað kvöld áfram fundahald. Ég held að það gefi auga leið að það gangi ekki að undirbúa það með löngum næturfundi að halda síðan aftur fund hér annað kvöld og þá kannski næstu nótt ef svo bæri undir. Ég óska því eftir að forseti svari þeim tilmælum sem hér hafa komið fram.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ég hef verið í burtu þessa vikuna. Ég get út af fyrir sig sætt mig við það að það verði kvöldfundur síðar meir til að hafa framhald á þessari umræðu fyrst svo margir óska eftir því sérstaklega. En það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að gríðarlegur tími þingsins hefur farið í utandagskrárumræður af hvers konar tagi og umræður um þingsköp og er rétt að fá samantekt um það. Við þurfum að halda þingstörfum gangandi, en það er sjálfsagt að taka annan kvöldfund í umræður um þetta mikilsverða mál. Umræðan hefur farið að mörgu leyti mjög vel fram og verið mjög gagnleg fyrir held ég alla aðila þannig að ég fyrir mitt leyti set mig ekki gegn því að henni verði frestað núna.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil geta þess að gefnu tilefni og vegna ítrekaðra óska að ég hef ákveðið að fresta þessari umræðu. Þegar þingskapaumræðunni er lokið mun ég fresta umræðu um skýrslu Byggðastofnunar.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil þakka viturlega ákvörðun sem hæstv. forseti hefur tekið. Ef hún hefði ekki verið tekin, þá hefði heldur ekki orðið samkomulag um að halda kvöldfund annað kvöld, en eins og fram hefur komið, þá er það í ráði að ræða á morgun námslán og jafnframt að reyna að ljúka umræðu um EES sem ekki var lokið.

Ég er hálfhissa á hv. þm. Geir H. Haarde ef hann hefur búist við að við færum að tala um veðrið eða hvað ætlaði hann eiginlega að láta okkur ræða um? Hvaða umræða bjóst hann við að færi fram að lokinni þessari umræðu ef henni hefði nú lokið fyrir miðnætti? Nei, auðvitað stóð aldrei til að taka annað mál til meðferðar á þessum fundi en umræðu um skýrslu Byggðastofnunar.

Hæstv. forsrh. minnti á það að gríðarlegur tími þingsins hefði farið í ýmsar umræður. Ég vil vekja athygli á því að hv. stjórnarliðar hafa ekki látið sitt eftir liggja, hvorki í dag né í öðrum umræðum hér og hvað eftir annað hafa meira að segja ráðherrar gengið fram í því að vekja upp umræður sem hafa verið að klárast þannig að það er ekki ástæða til þess að kenna okkur stjórnarandstæðingum um það þó að mikill tími hafi farið í umræður í þinginu. Ég tel einboðið að halda áfram þessari umræðu um skýrslu um Byggðastofnun. Ég sé ástæðu til þess að óska hæstv. forsrh. góðrar ferðar í merkilegu ferðalagi sínu, árna honum allra heilla þar og þegar hann kemur til baka, þá getum við haldið þessari umræðu áfram. Það er ekkert nauðsynlegt að gera það á kvöldfundi. Það er allt eins hægt að gera það á venjulegum fundartíma.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá ákvörðun að fresta þessari umræðu. Ég vil aðeins benda á það að það er að sjálfsögðu forsetanna að ákveða hvenær að deginum þessi umræða heldur fram og ég treysti þeim til að gera það og sjá til þess að umræðunni verði fram haldið að degi til en ekki að næturlagi og ég fer fram á það að henni verði fram haldið sem fyrst. Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þá ákvörðun að láta okkur ekki standa hér fram á nótt yfir hálftómum sölum við þessa umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé allmikil nauðsyn að það verði skoðað betur en gert hefur verið hvernig menn standa að vinnubrögðum á þessum vinnustað. Hér erum við komnir með fleiri, fleiri mál í umræðu, klárum fátt, höfum ekkert kerfi á því hvenær við ætlum að vinna að löggjafarstörfum, hvenær við ætlum að vinna að því að ræða um skýrslur eða álitsgerðir. Og umræðan er mest farin að snúast eftir því hvenær hæstv. ráðherrar eru á landinu. Við lukum umræðu vegna þess að hæstv. menntmrh. var á förum. Nú frestum við umræðu og þá er okkur tilkynnt að hæstv. forsrh. sé á förum. Satt best að segja minnir þetta mest á þá góðu bók Jónsmessunæturmartröð á fjallinu helga þegar verkföllin skullu á.

Ég verð að segja eins og er að sú umræða sem hér hefur farið fram endurspeglar það ástand sem er í þjóðfélaginu og þeirri umræðu er takmarkað hægt að fresta. Við siglum hér á 1. farrými með 20 milljarða viðskiptahalla inn í mesta atvinnuleysi sem þjóðin hefur upplifað í 20 ár. Ég hef haft af því fréttir að hattur hafi verið boðinn upp fyrir norðan og keyptur á þokkalegu verði. (**Forseti:** Má ég minna hv. þm. á það að ræða þingsköp.) Og eins vil ég benda hæstv. forseta þingsins á það að ráðherrar þessa lands eru vissulega búnir að vera á ferli og tala við fólkið og hafa tekið upp á ýmsum nýjungum. En þeirra vinnustaður er hér, herra forseti. Og hvar er sá agi sem hinn almenni þingmaður krefst að forsetar hafi til að halda mönnum við þá vinnu sem þeim var ætlað að sinna?

Sjútvrh. talaði um leikaraskap, pólitískan leikaraskap. Einu sinni var borið á þetta þing að það væri að verða að leikhúsi. Spurningin er: Eru menn að breyta ríkisstjórninni í ferðaskrifstofu? Hvert stefnir? Þessi hringavitleysa gengur ekki með stjórn þingsins. Það sjá allir. Hér verður að koma einhverju verklagi á hlutina.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að eitt af því sem þurfi að gera til þess að koma verklagi á þetta þing sé það að við alþingismenn og sér í lagi stjórnendur þingsins fái ferðaáætlanir ráðherra þessarar ríkisstjórnar. Það mundi auðvelda mjög þingstarfið hér að við hefðum það fyrir okkur hvenær ráðherrar væru hér heima og hvenær ekki. Það vekur einnig athygli mína og margra fleiri, og ég leyfi mér að draga það í efa að sumir hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafi setið hér meira en sem svarar einum vinnudegi okkar alþingismanna. Ég efast um að sumir hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafi gefið sér meiri tíma til að fylgjast með umræðum heldur en sem nemur, eins og ég segi, einum vinnudegi venjulegs þingsmanns.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel reyndar að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi setið bærilega hér í þingsalnum eftir atvikum, a.m.k. hef ég gert það. Ég vil hins vegar nefna að það verður örugglega langt í það að ég muni sem forsrh. vera 66 daga burtu af landinu eins og fyrirrennari minn var á síðasta heila ári sem hann var forsætisráðherra, 1990 var hann í 66 daga á ferðalögum erlendis og þar af 60 daga með makann með sér.

Umræðu frestað.

19. FUNDUR

þriðjudaginn 5. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.
Lánasjóður ísl. námsmanna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir að fá að ræða utan dagskrár þá uggvænlegu þróun sem nú virðist stefna í varðandi málefni íslenskra námsmanna ef marka má þær hugmyndir sem uppi eru eftir að núv. hæstv. ríkisstjórn tók við völdum. Nokkur bið hefur orðið á umræðunni vegna fjarveru hæstv. menntmrh. en ég vænti þess að fram geti farið málefnalegar umræður um þetta mikilvæga mál.

Lánasjóður ísl. námsmanna var stofnaður árið 1952. Með stofnun hans skyldi lagður grunnur að jafnrétti íslenskra ungmenna til náms og ég hika ekki við að halda því fram að stofnun sjóðsins sé mesta kjarabót sem íslenskar fjölskyldur hafa öðlast í sögu lýðveldisins. Því miður leið langur tími þar til samtök launamanna gerðu sér ljósa þýðingu þessara sjálfsögðu réttinda en nokkur merki eru nú um að sú tíð sé liðin. Þar til Lánasjóður ísl. námsmanna var stofnaður var nám forréttindi hinna ríku og fjöldi ungmenna lét sig ekki dreyma um framhaldsnám og urðu ekki síst konur þar illa úti. Við gætum safnað saman umtalsverðum hópi kvenna sem fengu það hlutskipti á árunum fyrir stofnun sjóðsins að strita fyrir andans mönnum þjóðarinnar og afkomendum þeirra og var þá ekki spurt hvort hjóna væri betur fallið til námsins. Enn lengri tími leið þar til það fór að renna upp fyrir mönnum að námslán eru ekki fyrirgreiðsla til þeirra einstaklinga sem námið stunda heldur fjárfesting í þágu samfélagsins alls. E.t.v. skortir enn nokkuð á þann skilning og skal vikið að því síðar.

Fram til ársins 1967 voru lán úr sjóðnum endurgreidd á 10–15 árum með 3,5% vöxtum. Á árunum 1967–1975 voru vextir 5% og því langt undir verðbólgu á þeim árum, auk þess sem endurgreiðslur hófust ekki fyrr en fimm árum eftir að námi lauk. Miklu minna eftirlit var á þessum árum með framvindu náms en nú er. Árið 1976 voru námslán verðtryggð, fyrst allra fjárskuldbindinga, en endurgreiðslutíminn var lengdur í 20 ár. Árið 1982 samþykkti hið háa Alþingi núgildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna en frv. til þeirra laga var afrakstur vinnu milliþinganefndar sem skipuð hafði verið til þessa verks. Ég átti sæti í þeirri nefnd og þar sat m.a. núv. hæstv. fjmrh. Ég hygg að við getum verið sammála um að mikil vinna var lögð í það verk og vel til þess vandað með ágætri aðstoð sérfróðra manna og bar þar hæst að öðrum ólöstuðum Þorstein Vilhjálmsson prófessor. Lánin voru áfram verðtryggð og skulu endurgreiðast á 40 árum. Endurgreiðslur hefjast þremur árum eftir námslok. Eftirlit með framvindu náms var mjög hert og eru lán því aðeins veitt að námsmaður skili tilskildum prófum. Tvær afborganir eru greiddar á ári, sú fyrri er föst upphæð, hin síðari háð tekjum. Almennt er greiðsla um 3,75% af tekjum fyrir skatta. Útreikningar sýna að langflestir námsmenn greiða lánin að fullu á 20 árum og samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í apríl 1991 skila tæplega 90% af útlánum sér aftur að fullu verðtryggð.

Um þessi lög frá 1982 hefur ríkt friður og námsmenn virðast hafa unað þeim sæmilega. Dæmi um það eru góð skil á endurgreiðslum og var hlutfall vanskila við sjóðinn í árslok 1990 einungis 0,94% af S-lánum, en það eru lán sem voru veitt eftir 1982, eftir námslok þegar endurgreiðslur eru hafnar, en 1,26% af V-lánum, en það eru lán sem voru veitt á árunum 1976–1982. Hygg ég að óvíða sé betri skil að finna á fjárskuldbindingum hérlendis.

Þá er rétt að taka það fram að námsmenn taka því aðeins námslán úr sjóðnum að þeir þurfi á þeim að halda. Allar sögusagnir um annað eru fullyrðingar sem þeir tala mest um sem minnst þekkja til. T.d. ef hv. alþm. skyldu ekki vita það taka nú aðeins 60% stúdenta við Háskóla Íslands námslán, en af sjálfu leiðir að þeir sem stunda nám erlendis eru háðari sjóðnum. Nú dreifast útlán sjóðsins þannig að um 60% lántakenda skulda innan við 1 millj. kr. og aðeins 1% skuldar 5 millj. eða meira. Það er því ekki margt sem bendir til að námsmenn sækist eftir námslánum nema um raunverulega þörf sé að ræða.

Í umræðum um lánasjóðinn heyrast oft þær raddir sem býsnast yfir því að námsmenn eigi bifreiðir, búi ekki verr en aðrir og það er eflaust rétt, enda væri annað óeðlilegt. Það vill nefnilega svo til að fjöldi námsmanna er fjölskyldufólk sem hefur allar sömu frumþarfir og aðrir og börnin þeirra þarfnast alls hins sama og önnur börn. Lífsbarátta námsmanna er í engu frábrugðin lífsbaráttu annarra vinnandi manna í þessu landi, eini munurinn er að þeir fá ekki laun fyrir vinnu sína heldur fjármagna framfærslu sína með námslánum sem þeir verða síðan að endurgreiða. Kjör þeirra eru því í flestu svipuð kjörum hinna lægst launuðu í landinu að þessu undanteknu og í sumum tilvikum e.t.v. lakari. En eftir stendur að í fjölmörgum tilvikum er lánasjóðurinn undirstaða þess að þeir geti stundað nám sitt.

En hver er þá staða sjóðsins sjálfs? Er hann enn eitt gjaldþrotafyrirtæki þjóðarinnar? Erum við að afskrifa skuldir hans og greiða þær úr eigin vasa, eins og til fiskeldisfyrirtækja, eins og til útgerðarfyrirtækja, eins og til allra þeirra fyrirtækja sem við erum alltaf að borga peninga fyrir? Nei, aldeilis ekki. Fá fyrirtæki í þessu landi eru betur stæð. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, en það er skýrsla frá því í apríl í vor:

„Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu. Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eig-

in fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar króna um síðustu áramót."

Hér er því enginn banki eða Byggðasjóður í hættu. Lánasjóður ísl. námsmanna er stöndugt fyrirtæki. En hver er þá vandinn? Hann er augljós. Þegar lögin voru samin var okkur öllum ljóst að umtalsverð ríkisframlög þyrfti að leggja sjóðnum í rúman áratug eða þar til endurgreiðslur færu að skila sér að einhverju marki. En síðan hlytu þau að fara lækkandi þar til sjóðurinn gæti staðið á eigin fótum. Enda hefur þetta gengið eftir. Hitt var ekki ljóst að æ fleiri námsmannahópar gerðu kröfur til sjóðsins án þess að við því yrði brugðist með auknum framlögum. Þess í stað var gripið til lántöku sem greiða þarf vexti af, en námslán eru einungis verðtryggð. Hér hefur því skapast vaxtamunur sem í dag er um 6% og segir sig sjálft að það kemur illa niður á sjóðnum. Slík lántaka getur ekki haldið áfram. Hún er vítahringur sem verður að rjúfa. Lántökur verður að stöðva vegna kostnaðar sem að lokum verður sjóðnum ofviða. Sjóðinn verður að fjármagna með ríkisframlögum sem fara síðan lækkandi í stað þess að auka í sífellu vaxtakostnað, sem áður en varir leiðir sjóðinn í gjaldþrot. Vandi sjóðsins er því miður fortíðarvandi ríkisstjórna sem alla tíð hafa verið honum andsnúnar. Miklar sveiflur í ríkisframlögum hafa reynst honum hættulegar og á sl. áratug hefur hlutfall þeirra í fjármögnun sjóðsins verið frá 50%–90%. Þessar sveiflur hafa bitnað illilega á námsmönnum sjálfum sem jafnan eiga það undir ríksstjórn hverju sinni hver kjör þeir búa við á hverjum tíma, auk þess sem skert framlög til sjóðsins hafa stefnt stöðu hans í það óefni sem nú blasir við.

Núv. hæstv. ríkisstjórn klifar gjarnan á því að fjárhagsvanda þjóðarinnar beri ekki að skilja óbornum kynslóðum eftir, en með því að efna til lántöku í stað þess að fjármagna sjóðinn með ríkisframlögum meðan hann þarf þess með, er hún einmitt að ýta vandanum til þeirra sem á eftir okkur koma. Svo einfalt er það. Það hefur jafnan verið hlutverk alþýðubandalagsmanna að verja þennan sjóð. Það skal þó ekki vera meginefni máls míns því að ég hygg að flestir námsmenn viti það. Ekki er langt síðan tveir hæstv. fyrrv. menntamálaráðherrar Sjálfstfl. skertu námslán um u.þ.b. 20% og breyttu tekjuviðmiðun í þá veru að hún kom hinum tekjuhæstu að mestu gagni. Næsti hæstv. menntmrh., Svavar Gestsson, skilaði þessum 20% aftur til námsmanna og færði tekjuviðmiðun til réttlátari vegar. En núv. hæstv. menntmrh. var ekki lengi að taka 17% til baka. Því til viðbótar skipaði hann nefnd til að endurskoða gildandi námslánakerfi og vekur það athygli að enginn fulltrúi námsmanna átti þar sæti, heldur var hún skipuð fimm miðaldra karlmönnum í góðum embættum, sem tæplega skulda lánasjóðnum umtalsverðar upphæðir. Konur áttu þangað að sjálfsögðu ekkert erindi. Kannski heldur hæstv. menntmrh. að stelpurnar séu enn í bomsum og peysusettum að vinna fyrir strákunum í skrifstofum landsins, en svo er nú ekki, þökk sé Lánasjóði ísl. námsmanna. Hugmyndir þessarar þreytulegu nefndar liggja nú fyrir og það er ekki að ófyrirsynju að ugg setji að námsmönnum sem að sjálfsögðu hafa mótmælt þeim svo til öllum. Það sem fyrst verður fyrir hverjum hugsandi manni sem les þann samsetning er þetta og það er meginefni málsins. Nefndarmenn virðast leggja að jöfnu almenn fjárfestingarlán einstaklinga t.d. til kaupa á íbúð eða heimilistækjum og framfærslulán námsmanna, þ.e. lán þeim til viðurværis meðan þeir eru að mennta sig í þágu samfélagsins. Því er fyrsta spurning mín til hæstv. ráðherra: Er það einnig skoðun hans að þekkingarleit og menntun sé einkamál einstaklinga sem sé samfélaginu í heild óviðkomandi en einungis fjárfesting hans sjálfs? Við þessu verðum við að fá svar. Þetta er slík grundvallarspurning að án svars við henni er ekki hægt að ræða málefni lánasjóðsins af neinu viti. Í áliti nefndarinnar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin leggur áherslu á að raska sem minnst reglum um útlán sjóðsins en leggur til veigamiklar breytingar á endurgreiðslureglum til þess að tryggja fjármögnun hans þótt áfram sé gert ráð fyrir" — og ég bið hv. alþm. að hlusta — „að námslán séu meðal hagstæðustu lána sem í boði eru í þjóðfélaginu." Hér leynir sér ekki að nefndin lítur á námslán sem hver önnur fjárfestingarlán til einstaklinga rétt eins og menn fá hagstæð lán til húsnæðiskaupa. Síðan ljúki menn námi og fari að skófla inn peningum og geti þannig endurgreitt þessi hagstæðu lán á skömmum tíma.

Ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh.: Telur hann að þetta sé svona í raun? Skilar menntun námsmanni sjálfkrafa háum launum þegar til starfa er komið? Er bein fylgni milli menntunar manna og launa? Nei, því fer fjarri. Í fyrsta lagi lýkur þekkingarleit aldrei og fjölmargir vísindamenn þjóðarinnar vinna störf sín á lágum launum einfaldlega af því að þeir meta þekkingu sína og þekkingarleit meira en ýmis þau lífsgæði sem aðrir setja öllu ofar. Og á meðan á námi stendur eru námslán ekki til annars en að framfleyta námsmönnum og fjölskyldum þeirra, börnin þeirra þarfnast heimilis og matar og gæslu, rétt eins og önnur börn. Og raunar mættu yfirvöld ýmislegt læra af framlagi námsmanna við Háskóla Íslands varðandi íbúðir handa ungu fólki, þar sem eru íbúðarbyggingar Garðanna sem námsmenn hafa sjálfir komið upp af miklum myndarskap og fyrirhyggju. Og ofbjóði mönnum að námsmenn eigi bifreiðir sem engir aðrir eru taldir geta verið án er skýringin eflaust sú að krökkunum þeirra er nákvæmlega jafnkalt á morgnana þegar þeir eru fluttir til dagheimila og dagmæðra út um allan bæ og krökkunum okkar hinna og daglegt líf jafnsnúið. Það er því óþolandi í allri umræðu um sjóðinn að enn þá skuli skjóta upp ímyndinni um efnilega námsmenn sem fóru með kæfubelg til Kaupmannahafnar og dóu þar úr berklum eða óreglu í köldum herbergiskytrum. Menntun þeirra er enn í vanskilum. Það eru lánin í Lánasjóði ísl. námsmanna ekki og heldur ekki sú þekking sem lánin gerðu þeim kleift að afla sér.

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að ég þarf að stytta mál mitt. En ég vil leyfa mér að renna að lokum lauslega yfir tillögur nefndarinnar sem helst stinga í augum og allar mótast af því viðhorfi sem ég hef hér lýst, sem sagt að námslán séu eins og hver önnur lán, en þau eru

það ekki. Það er lagt til að stytta endurgreiðslutímann þannig að hann verði þrefaldur námstími. Hvað þýðir þetta? Háskólakennari sem eftir fimm ára nám, og það er líklega lágmark, og hefur búið í leiguhúsnæði á námstímanum skuldar 2 millj. 160 þús. kr. Hann hefur e.t.v. 100 þús. kr. í mánaðarlaun eða 1200 þús. kr. á ári og er nú 15 ár að greiða lán sitt. Greiðslubyrði hans yrði um 17% af tekjum í stað 3,75% eins og nú er. Og það er raunar harla langt frá því markmiði nefndarinnar að menn greiði aldrei meira en 10% af tekjum sínum til sjóðsins eins og stendur annars staðar þannig að eitthvað hlýtur að stangast þarna á.

Hafi þessi maður hins vegar 2½ millj. í árstekjur lækkar greiðslubyrðin niður í 8,8% og niður í 6,73% ef hann hefur 3 millj. sem er nú harla ólíklegt um menn af þessu tagi, þar sem ekki gert ráð fyrir neinni tekjutengingu við þessar greiðslur. Hér er enn verið að hygla þeim sem best kunna að verða settir.

Nú liggur það fyrir námsmönnum eins og öðrum að reyna að koma yfir sig húsnæði að námi loknu. Hefur nefndin, hæstv. forseti, gert sér grein fyrir að svo há greiðslubyrði sem lögð er til mundi til að mynda útiloka þá lægstlaunuðu frá húsbréfakerfinu? Finnst hæstv. menntmrh. það eðlilegt að námsmönnum, nýkomnum heim frá námi, sé meinað að fá húsbréf eins og öðru vinnandi fólki í þessu landi?

Greiðslur skulu nú hefjast ári eftir námslok. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að gera mönnum kleift að fara í framhaldsnám eftir einhvern tíma þegar greiðslur eru þegar hafnar og maðurinn þar með bundinn við að afla tekna? Lengi hefur verið litið svo á að nöfn vina og vandamanna á skuldabréfum námsmanna væru fremur til þess að einhver tengiliður væri milli sjóðsins og námsmanna sem oft eru erlendis og t.d. ef námsmaður stæði ekki í skilum með endurgreiðslur, þá væri einhvern að finna. Um fjárskuldbindingar væri ekki að ræða, t.d. í þeim tilvikum að námsmaður félli frá. En nú er lagt til að eignir aðstandenda verði teknar upp í skuldir látinna námsmanna og er sú hugmynd slíkt siðleysi að undrum sætir. Er hæstv. menntmrh. sammála því að vinir og venslamenn sem skrifað hafa nafn sitt á skuldabréf og eiga nú ekki að vera einn heldur tveir greiði námslán ef námsmaður fellur frá? Með hverju eiga þeir að greiða, hvað eiga þeir að selja? Menntun mannsins eða heimili sín? Þessu hljótum við að verða að fá svör við.

Þá er lagt til að sjóðurinn hefji töku lántökugjalda eins og bankar og peningastofnanir. Telur hæstv. ráðherra eðlilegt að námsmenn reki þá opinberu stofnun sem annast námslán þeirra? Megum við kannski vænta þess að félagsmálastofnanir hefji slíka gjaldtöku við greiðslu framfærslulána? Ég hlýt að spyrja um það.

Þá hlýt ég einnig að spyrja: Er eðlilegt að lánasjóðurinn gerist banki og gróðafyrirtæki með því að unnt verði, eins og segir í tillögunum, að veita viðbótarlán á markaðsvöxtum samkvæmt ákveðnum skilyrðum sem stjórn LÍN setur. Þar með er hugmyndum þeirra sem núgildandi lög sömdu gersamlega kollvarpað og ég spyr: Er hæstv. ráðherra samþykkur þessu?

Óteljandi spurningar vakna einnig þegar rætt er um 20 ára aldursskilyrði til lánsréttar. Hefur ekki verið rætt um það í dýpstu alvöru að menn geti e.t.v. lokið stúdentsprófi fyrr en nú er algengt? Af hverju eiga þeir sem það gera að bíða til 20 ára aldurs eftir láni?

Virðulegur forseti. Það er óhjákvæmilegt að ræða þessi mál af alvöru áður en lengra er haldið. Það er ljóst að sjóðurinn þarfnast nú verulegra fjármuna næstu árin. Ef það er enn vilji yfirvalda að gera öllum kleift að stunda nám sem þess æskja og ef yfirvöld leggja enn á það áherslu að þekking og menntun sé undirstaða velferðar og framfara í hverju samfélagi. Námsmenn hafa hingað til greitt lán sín verðtryggð og þannig endurgreitt það sem þeir fengu en með tilliti til aukinna krafna til sjóðsins og vanhugsaðra framlaga til hans á ýmsum tímabilum er öllum ljóst að nú þarf meira til. Námsmenn eru áreiðanlega meira en til viðtals um að taka þátt í því að afla sjóðnum meiri tekna en upphaflega var gert ráð fyrir, en því miður hefur lítið samráð verið við þá haft. Nú verður eflaust skipuð nefnd til þess að semja nýtt frumvarp til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki tryggt að námsmenn fái sæti í þeim hópi eða verður gengið fram hjá þeirri mjög svo algengu reglu að við samningu frumvarpa sé leitað samráðs við þá sem málið er skyldast og þekkja það best?

Hæstv. forseti. Tími minn er á þrotum. Yfir lestrarsal Háskóla Íslands stendur skrifað: „Vísindin efla alla dáð." Í hátíðaræðum stjórnmálamanna er oft vitnað til þessara orða og margar ræður hafa verið haldnar í þessum sal um gildi rannsókna og þekkingarleitar á sérhverju sviði. Það kemur því kannski spánskt fyrir sjónir að í tillögum margumræddrar nefndar er talað um að minnka ásókn í Lánasjóð ísl. námsmanna. Sú spurning hlýtur að vakna hvort í því megi felast fækkun þeirra sem afla sér þekkingar í þessu landi. Í ræðu við brautskráningu stúdenta sagði Sveinbjörn Björnsson háskólarektor eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nám er vinna, jafngilt hverri annarri vinnu sem menn stunda. Þeir sem eyða 5–10 árum ævi sinnar í háskólanám koma til starfa með umtalsverðar námslánaskuldir en eru auk þess orðnir langt á eftir jafnöldrum sínum með stofnun heimilis og öflun eigin húsnæðis sem lengst af hefur verið lífakkeri okkar hér á landi. Þessi mismunur jafnast ekki með hærri launum. Á mörgum sviðum háskólagreina ná launin ekki meðaltali annarra stétta."

Orð rektors voru ósköp hversdagslegar staðreyndir og langt frá því orðskrúði sem hv. alþm. og hæstv. viðhafa gjarnan um gildi menntunar og kjör menntamanna í landi okkar. Sú er von mín að minna verði um orðskrúðið í framtíðinni en meira verði rætt af skynsamlegu viti um hagsmuni samfélagsins varðandi menntun og þekkingarleit og aðstæður þeirra sem tilbúnir eru að fórna kröftum sínum í þágu íslenskrar menningar og framfara. Skilji hæstv. ríkisstjórn ekki hvers virði námsfólk er hverju þjóðfélagi og vinni hún ekki að því af alefli að tryggja skilyrði til æ flóknari þekkingarleitar í síflóknari veröld þar sem þekkingarskortur og vanrækslu ógnar nú lífi jarðarbarna bið ég

hæstv. ráðherra að gæta sín næst þegar þeir ganga undir skriftina á veggnum: „Vísindin efla alla dáð." En það er eina vísuorðið sem eftir er þarna á veggnum af hinni frægu vísu Jónasar Hallgrímssonar til Páls Gaimard og hattar einungis fyrir hinum línunum.

Vísindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja lýð og láð.

Þannig fór nefnilega fyrir frægri söguhetju Þórarins Eldjárns, Óskari Björnssyni, doktorsefni í líffræði, á leið til salar til að verja ritgerð sína um óskabirni að hann fékk þungt koparslegið l-ið í höfuðið og biluðu þá sansarnir svo að ekkert varð úr doktorsvörn. Doktorsefnið hafði gleymt öllu um óskabirni, sagði þá skepnu aldrei hafa verið til og eyddi hann síðan ævinni í að rannsaka lífríkið í borðtuskum. Á veggnum stóð eftir: „Vísindin efa alla dáð."

Hæstv. forseti. Ég lýk nú máli mínu. En ég bið hv. alþm. að ræða málefnalega um stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna eins og hún er nú og hlífa mér og þeim sem til heyra við klögumálum á víxl um hverjum vandi sjóðsins sé að kenna. Víst getur lífríki borðtuskunnar verið forvitnilegt en heldur ógeðfellt ef hún er ekki skoluð og undin öðru hverju. Hér er til umræðu vandi sem varðar alla framtíð þjóðar okkar og það er skylda hæstv. ríkisstjórnar að skýra okkur frá hvert hún stefnir til lausnar honum. Við erum reiðubúin til að taka þátt í þeirri vinnu í góðu samráði við námsmenn.

Ég hef lokið máli mínu, frú forseti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og menn vita eru utandagskrárumræður leyfðar um mál sem ekki þola neina bið. Ég þakka hv. frummælanda fyrir þolinmæðina að bíða á fimmtu viku. Ég var fjarverandi fyrstu tvær vikurnar eftir að óskað var eftir þessari umræðu og síðan hafa liðið aðrar tvær vikur án þess að þetta mál hafi getað komið hér fyrir. Ég þakka þá þolinmæði sem hefur þarna verið sýnd.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hóf mál sitt á því að ræða um hina uggvænlegu þróun sem hún sér fyrir varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna ef marka megi fréttir, eins og hún komst að orði. Mér skilst að áhyggjur hv. þm. beinist fyrst og fremst að því hverjar verði úthlutunarreglur lánasjóðsins og hvernig lögum lánasjóðsins kunni að verða breytt. Það var minna talað um hver væri hinn raunverulegi fjárhagsvandi sjóðsins. Þó sagði hv. þm. og viðurkenndi að lántökur eins og hafa átt sér stað í sjóðnum gangi ekki áfram og talaði um það eins og fortíðarvanda fyrri ríkisstjórna.

Þetta er vissulega rétt. Þarna er um ákveðinn fortíðarvanda að ræða en ég hlýt að benda á það strax í upphafi að þeir sem stórtækastir voru í lántökum fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna voru þeir sem fóru með völdin í þessu landi sl. þrjú ár og komu Lánasjóði ísl. námsmanna í mikinn vanda. Þessum vanda er auðvitað ekki hægt að ýta á undan sér, það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Þingmaðurinn eyddi svo töluverðum tíma í að ræða þær hugmyndir sem nefnd sú er ég skipaði á sl. sumri hefur lagt fram. Ég hef sagt það áður, mér finnst eins og menn ræði þessar tillögur sem þær væru orðnar að lögum. Svo er alls ekki og ég segi það strax, og ég hef sagt það áður í þessum ræðustóli, að það hefur engum manni dottið í hug, ekki heldur þeim sem skipuðu þessa nefnd að allar tillögur nefndarinnar næðu fram að ganga. Þetta eru hugmyndir sem menn hafa fyrir framan sig til þess að ræða og velja og hafna. Fleiri hugmyndir eru að sjálfsögðu á borðinu og eiga eftir að koma fram. Þetta vil ég taka fram strax í upphafi.

Afskipti fyrrv. ríkisstjórnar af fjármálum Lánasjóðs ísl. námsmanna eru hins vegar um margt dæmigerð fyrir ábyrgðarleysi þeirrar ríkisstjórnar yfirleitt á sviði ríkisfjármála. Megineinkenni þessara afskipta voru að hækka námslán og rýmka reglur til allrar námsaðstoðar án þess að gera ráðstafanir til þess að greiða þann kostnað af skatttekjum sem óhjákvæmilega féll til vegna þessarar auknu aðstoðar. Ég er ekki að sjá ofsjónum yfir þessari auknu aðstoð, alls ekki, en menn verða þá að láta athafnir fylgja í samræmi við þessar ákvarðanir. Það var ekki gert og af því stafar meginvandi sjóðsins einmitt núna. Það voru sem sagt tekin stóraukin lán með háum raunvöxtum til þess að lána námsmönnum vaxtalaust til allt að 42 ára og það þarf ekki mikinn stærðfræðing til þess að sjá það að svona lagað getur alls ekki gengið til lengdar.

Núv. ríkisstjórn tekur við miklum vanda þar sem lánasjóðurinn er. Fyrrv. menntmrh. og fyrrv. ríkisstjórn stóðu í því að hækka námslánin og lækka framlögin til sjóðsins. Þetta eru einfaldar staðreyndir. Það var verið í raun og veru — ég vil ekki segja vísvitandi, ég vil ekki nota það orð — en það var verið að grafa undan sjóðnum og skuldsetja hann til frambúðar. Þetta eru einfaldar staðreyndir. Núv. ríkisstjórn þarf að bjarga Lánasjóði ísl. námsmanna og reyna að tryggja framtíð hans sem sjóðs, sjóðs sem hefur það hlutverk að tryggja jafnrétti til náms, að bágur fjárhagur hindri ekki fólk í að afla sér menntunar. Ef áfram hefði verið rekin stefna fyrrv. ríkisstjórnar varðandi sjóðinn þá er ljóst að í gjaldþrot stefndi.

Við skulum aðeins athuga hvernig fyrrv. ríkisstjórn hélt á málum. Árið 1988, þegar unnið var eftir fjárlögum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, námu framlög ríkisins yfir 80% af heildarnámsaðstoð. Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar voru þessi framlög ríkisins skorin niður á hverju ári á sama tíma og útlánareglur sjóðsins voru rýmkaðar. Á yfirstandandi fjárlagaári 1991 nema framlög ríkisins um 40% af heildarnámsaðstoð. Fyrrv. menntmrh. hafði það af að skera framlag ríkisins til LÍN um rúman helming og ef litið er á krónutölurnar kemur í ljós að hann skar niður framlagið úr tæplega 2,4 milljörðum árið 1988 í rúmlega 1,7 milljarða í ár, 1991. Á sama tíma hækkuðu útgjöld sjóðsins úr rúmlega 2,9 milljörðum í rúmlega 4,5. Þetta eru alveg blákaldar staðreyndir.

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum í vor lágu þær upplýsingar fyrir hjá stjórn LÍN að á þessu ári stefndi í að vantaði hátt í 700 millj. kr. til að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar að óbreyttum reglum.

Í stjórn LÍN sátu þá fulltrúar páv. menntmrh. og fjmrh. Upplýsinganna höfðu þeir aflað. Núv. ríkisstjórn brást þannig myndarlega við þessum vanda að það var ákveðið að leggja annars vegar til 400 millj. kr. aukafjárveitingu nú í haust og ná hins vegar fram sparnaði í útgjöldum sjóðsins sem næmi 250–300 millj. kr. Þetta taldi stjórn sjóðsins að ætti að duga til þess að endar næðu saman á þessu ári.

Nýjar greiðsluáætlanir Lánasjóðs ísl. námsmanna vegna ársins í ár sýna glöggt þetta algera ábyrgðarleysi fyrri ríkisstjórnar í fjármálum hans. Í þessum nýju áætlunum kemur fram að námsaðstoð er vanáætluð um meira en 1 milljarð kr., 1.050 millj. kr. í fjárlögum miðað við gildandi úthlutunarreglur þegar fjárlög voru afgreidd. Ég tek það skýrt fram, þegar fjárlög voru afgreidd. Og ég endurtek að í gildandi fjárlögum sem stuðningslið fyrrv. ríkisstjórnar samþykkti á Alþingi er gert ráð fyrir 1.730 millj. kr. fjárveitingu til sjóðsins. Að óbreyttum úthlutunarreglum fyrrv. menntmrh. hefði námsaðstoð á árinu kostað yfir 5.500 millj. kr. Af því að það var vitnað vitnað í skýrslu Ríkisendurskoðunar áðan þá hefði að mati hennar fjárveiting þurft að vera 66% af þeirri fjárhæð eða a.m.k. 3.600 millj. kr. til þess að sjóðurinn væri á sléttu og ekki á leið í þrot. Þetta má lesa alveg skýrum stöfum í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Með öðrum orðum, það hefði þurft meira en tvöfalda þá upphæð í fjárveitingu sem þingmeirihluti fyrrv. ríkisstjórnar samþykkti þegar fjárlög voru afgreidd í sl. desembermánuði. Það er athyglisvert í þessu sambandi að minna á að fjárveiting til sjóðsins var lækkuð um 100 millj. kr. við fjárlagaafgreiðsluna en ekkert var gert af hálfu fyrrv. ráðherra og stjórnar LÍN til þess að breyta úthlutunarreglum í samræmi við þær ákvarðanir né þann raunveruleika sem við blasti í fjármálum sjóðsins að öðru leyti. Það er deginum ljósara að öllu þessu ráðslagi má líkja við að koma fyrir tímasprengju í námslánakerfinu. Innan örskamms tíma hefðu þessi afskipti fyrrv. ríkisstjórnar af fjármálum LÍN leitt til þess að sjóðurinn hefði orðið gjaldþrota. Það er augljóst þegar litið er á síminnkandi fjárveitingar til LÍN á undanförnum árum að Alþingi hefur ætlast til þess af menntmrh. og fulltrúum ríkisvaldsins í stjórn LÍN að útlánareglum yrði breytt í samræmi við minnkandi fjárframlög. Þessi skilaboð hafði fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. stjórn LÍN að engu. Í stað þess að draga saman útlán LÍN hafa þau verið stóraukin. Slíkt er vítavert kæruleysi og stefnir framtíð sjóðsins í voða. Þetta er það ástand sem við tókum við í vor. Í þrjú ár hafði engu verið skeytt um framtíðina, afleiðingarnar sem við stöndum frammi fyrir eru þær að sjóðurinn er kominn í þrot. Á þessu ári vantar, eins og ég sagði áðan, á annan milljarð til þess að sjóðurinn geti staðið við þau loforð sem gefin höfðu verið.

Ríkisstjórnin hefur brugðist við vandanum, fortíðarvanda skulum við kalla hann, sem stofnaði framtíð lánasjóðsins í voða. Við brugðumst við þessu að nokkru leyti með breyttum úthlutunarreglum á sl. vori. En það þarf áreiðanlega meira til. Það er ljóst að það þarf að breyta lögum lánasjóðsins og ég vona að það geti orðið nú á haustþinginu.

Fyrsta skrefið til þess að rétta við hag sjóðsins til viðreisnar LÍN var sem í vor þegar úthlutunarreglunum var breytt. Þá var m.a. hætt að gefa út innstæðulausa tékka til námsmanna sem fyrrv. ráðherra menntamála gerði í raun með þeirri 20% hækkun námslána sem ákveðin var á árunum 1989–1990 án þess að sjá til þess að kostnaður vegna þessa væri greiddur af framlögum á fjárlögum. Þetta eru líka blákaldar staðreyndir. Annað skrefið verður vonandi stigið með breytingu á lögum lánasjóðsins hér á Alþingi nú fyrir jól. Þriðja skrefið er óhjákvæmilegt að stíga í verulegum breytingum á úthlutunarreglum í kjölfar lagabreytinga. Ástæðurnar eru þessar: Breytingar á úthlutunarreglum í vor þýða 250 millj. kr. sparnað á þessu ári og væntanlega 750 millj. kr. sparnað á árinu 1992. Samt stefnir í að óbreyttu að námsaðstoð muni kosta um 4.500 millj. kr. á árinu 1992. Það þýðir þörf fjáraveitingar á fjárlögum sem nemur tæpum 3 milljörðum kr. Frammi fyrir þessum staðreyndum standa hv. alþm. Mér sýnist þetta vera einfaldlega of há fjárhæð, hvernig sem á það er litið. En um það mun Alþingi að sjálfsögðu fjalla.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er ætlunin að verja um 2.000 millj. kr. til þess að reka Háskóla Íslands og um 600 millj. til hliðstæðra menntastofnana. Samtals eru þetta um 2,6 milljarðar eða mun lægri tala en námsaðstoð samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum LÍN mundi kosta, ef ekki væri gripið til frekari aðgerða. Nú má vel vera að það sé auðvelt fyrir þá sem segja að það eigi einfaldlega að hækka skatta um 8–9 milljarða, við höfum heyrt það, við heyrðum það í kosningabaráttunni, m.a. frá hæstv. fyrrv. menntmrh. Það er auðvelt fyrir þá sem eru tilbúnir að hækka skatta um 9 milljarða kr. að segja að þessi upphæð til háskólastigsins sé einfaldlega of lág, það eigi bara að hækka hana um leið og það eigi að hækka bein framlög ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þetta er út af fyrir sig skoðun sem Alþingi verður þá auðvitað að taka afstöðu til.

Það er alkunna, sem ég þarf í sjálfu sér ekkert að rekja hér, að ákveðinn vandi steðjar að þjóðarbúinu, það er vandi í ríkisfjármálum. Það er líka alkunnugt að núv. ríkisstjórn ætlar ekki að leggja á aukna skatta til þess að leysa þennan vanda. Fjárveiting til LÍN á núgildandi verðlagi nam að jafnaði u.þ.b. 2 milljörðum kr. ef litið er nokkur ár eftir í tímann. Miðað við aðrar fjárveitingar til menntamála og allar aðstæður sýnist mér að það sé sú fjárhæð sem menn verða að staðnæmast við og láta duga. Með því á að nást það markmið að allir eigi kost á framhaldsmenntun án tillits til efnahags. Með skynsamlegu nýju kerfi námsaðstoðar, skýru og einföldu, er áreiðanlega hægt að ná því markmiði með þá fjárhæð skattpeninga að leiðarljósi. Með slíkri stefnumótun er hægt að festa í sessi námslánakerfi sem stenst og námsmenn geta reitt sig á til frambúðar. Þess vegna er það ekki síst í þágu námsmanna að takist að reisa Lánasjóð ísl. námsmanna við og fjarlægja þá tímasprengju sem síðasta ríkisstjórn skildi eftir sig. Við þetta er öll stefnumótun og ráðstafanir núv. ríkisstjórnar miðaðar. Ríkisstjórnin er staðráðin í að

bjarga, að reisa við og efla Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er órjúfanlegur þáttur í menntastefnu hennar. En hvernig á svo að reisa við lánasjóðinn? Á þessari stundu hef ég ekki svör á reiðum höndum við þeirri stóru spurningu.

Ég skipaði nefnd þann 6. júní sl. undir forustu Guðmundar K. Magnússonar prófessors til þess að skila mér hugmyndum um breytingar á gildandi námslánakerfi. Nefndin skilaði hugmyndum sínum þann 3. okt. sl. Þessar hugmyndir nefndarinnar voru þegar sendar til umsagnar námsmannahreyfinganna, til BÍSN og Stúdentaráðs Háskólans, SÍNE og Iðnnemasambandsins. Þessir aðilar hafa nú skilað athugasemdum og hugmyndum og allt þetta verður yfirfarið. Ég hef heitið samtökum námsmanna, ég gerði það strax í sumar þegar ég skipaði þessa nefnd, að við þau yrði haft samráð þegar næstu skref yrðu tekin og við það fyrirheit mun ég standa. Ég hef hins vegar ekki gengið endanlega frá því með hvaða hætti þetta samráð við námsmenn verður en ég reikna með því að þeir fái beina aðild að þeirri nefnd sem ég mun skipa til þess að vinna úr hugmyndum, bæði sem nefnd Guðmundar K. Magnússonar skilaði og þeim hugmyndum sem námsmannahreyfingarnar hafa þegar skilað og þeim hugmyndum sem ég veit að eru uppi hjá ýmsum öðrum.

Ég gæti svo sem sagt í fáum orðum hver mér sýnast að ættu að vera meginatriðin í nýjum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég hygg að við ættum öll að geta orðið sammála um það að megintilgangur laganna ætti að vera sá að gera íslenskum námsmönnum kleift að afla sér framhaldsmenntunar og að stuðla að jafnrétti til framhaldsnáms án tillits til efnahags. Um þetta ættu allir að vera sammála. Opinber aðstoð til þess að ná slíku marki yrði að sjálfsögðu nánar skilgreind í lögunum og í reglugerðum sem lögunum fylgdu. En mér sýnist að þessi opinbera aðstoð gæti einkum verið fólgin í þrennu. Í fyrsta lagi rétti manna í tiltekinn afmarkaðan tíma til þess að njóta lánafyrirgreiðslu á sérkjörum frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég held við ættum heldur ekki að þurfa að deila svo mjög um þetta en það má vel vera að einhver skoðanaágreiningur kæmi upp um það hversu langur þessi tími ætti að vera.

Í öðru lagi sýnist mér koma til greina að taka upp beinar styrkveitingar hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, og í þriðja lagi þá sýnist mér koma til greina lánaflokkur sem bæri einhverja vexti. Ég segi einhverja vexti. Ég er ekki að tala þar sérstaklega um markaðsvexti, ég tek það skýrt fram. Slík námslán ættu þá að endurgreiðast með viðráðanlegum skilmálum sem menn verða auðvitað að setjast niður og ræða til þrautar.

Það þarf líka að taka afstöðu til þess hver hámarkstíminn er sem námsmenn geti notið lánafyrirgreiðslu á sérkjörum. Ég ætla ekki að nefna þar neinn sérstakan árafjölda, um það má ræða. Eins um upphæð sérkjaralánanna, við hvað á að miða slíka upphæð. Þarna þurfa einnig að vera ákvæði um styrkina til að greiða ýmsan kostnað sem kann að falla til eftir aðstæðum manna. Þar getum við nefnt vegna skólagjalda, vegna bókakaupa, efniskostnaðar, ferðakostnaðar og framfærslu fjölskyldu, svo ég nefni eitthvað af þeim atriðum sem þegar er tekið tillit til í gildandi reglum lánasjóðsins.

Þetta eru nokkur atriði sem ég get nefnt á þessu stigi málsins.

Ég ætla ekki hér, eins og ég sagði áðan, að ræða sérstaklega við þetta tækifæri hugmyndir nefndarinnar um breytingar á gildandi námslánakerfi. Ég sé ekki ástæðu til þess að ráðherra sé með yfirlýsingar um það hvað hann telur heppilegt að taka af hugmyndunum sem nefndin lagði fram, eða að ræða þær hugmyndir sem námsmenn hafa sett fram. Ég tel eðlilegt að nefndin sem ég mun skipa núna á allra næstu dögum hafi frjálsar hendur um það og taki ekki við neinum fyrirmælum frá ráðherra um það hvernig hann gæti hugsað sér að hafa þessi ákvæði í lögunum. Þess vegna vil ég ekki á þessu stigi ræða það frekar. Ég ítreka aðeins að ég geri mér alveg grein fyrir að sumar þeirra hugmynda sem komið hafa fram eru ekki framkvæmanlegar án þess að ég fari að rekja það eitthvað frekar.

Ég læt þetta nægja hæstv. forseti og læt máli mínu lokið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja var þessi ræða sem hæstv. menntmrh. flutti hér áðan pínulítill gegnumgangur um lífríki borðtuskunnar að mér fannst. Mér fannst hann í raun og veru ekki koma að kjarna málsins, þ.e. þeim við hvaða kjörum mega íslenskir námsmenn búast á komandi missirum og árum frá hendi þessarar ríkisstjórnar. Það liggja engin svör fyrir í þeim efnum. Hins vegar er athyglisvert að hæstv. ráðherra hafnar í raun tillögum þeirrar nefndar sem hann skipaði snemma í sumar. Það er greinilegt að ráðherrann er á flótta með þessar tillögur og nú er ekkert annað að gera en að reka flóttann þannig að hann átti sig á því að hann á að halda við þau gömlu og góðu lög sem gilt hafa lengi um Lánasjóð ísl. námsmanna og hafa enst vel.

Varðandi þá hluti sem hann vék að mér sérstaklega vil ég aðeins minna á að fyrir örfáum missirum sendu allmargir aðilar frá sér álit, m.a. einn af varaþingmönnum hæstv. menntmrh., um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hjá varaþingmanninum kemur það m.a. fram að núverandi kerfi sé gott. Hann segir hér, þessi varaþingmaður hæstv. ráðherra: „Það má því segja að ekki sé ástæða til að gera róttækar breytingar á námslánafyrirkomulaginu ef forsendur um fjölgun og samsetningu lánþega standast."

Þetta hefur verið hin almenna niðurstaða og þegar hæstv. núv. menntmrh. er að bera fyrir sig breytingar á undanförnum árum þá er hann að gera það til þess að skjóta sér á bak við eitthvað, hann er að leita sér að skálkaskjóli til að breyta námslánafyrirkomulaginu í anda þeirra breytinga sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir á sínum tíma þegar niðurstaðan varð sú að það var hirt fimmta hver króna af námsmönnum í þessu landi. (**Gripið fram í:** Hver var þingmaðurinn?) Viktor Guðlaugsson mun hann heita.

Varðandi framlög ríkisins og lánveitingar Lánasjóðs ísl. námsmanna á síðasta tímabili, virðulegi for-

seti, aðeins þetta: Árið 1987 námu þessar upphæðir 2,62% af ríkisútgjöldum. 1989 3,09%. 1990 3,44%. Það er því augljóst mál að fjölgun námsmanna á þessum tíma hafði það í för með sér að ríkið varð að taka á sig auknar byrðar eins og eðlilegt er. En á móti þeirri hækkun sem ákveðin var var jafnframt ákveðið að spara og það minntist hæstv. ráðherra því miður ekki á áðan. (Forseti hringir.) Nú heyrist mér forsetinn vera orðinn nokkuð óþolinmóður þannig að það endar með því að ég fer úr stólnum og geri það núna.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Forseti. Menn eiga að læra það strax í byrjun hvern tíma þeir hafa til þess að gefa andsvör eða svara þeim og eiga ekki að fara fram yfir þann tíma. Nú er ég að hjálpa hæstv. forseta við fundarstjórnina.

Já, hv. þm. sagði að ég hefði ekki veitt nein svör um kjörin. Það er rétt, ég gerði það ekki vegna þess að ég sagði og ég endurtek að sú nefnd sem fær þær tillögur sem liggja núna á borðinu til athugunar á að hafa um það frjálsar hendur frá ráðherra. Og svo eitt sem er meginatriði, það er þetta: Kjörin, útlánareglurnar, hljóta að fara nokkuð eftir því hvert ríkisframlagið verður. Þær hljóta að gera það. Það er alveg óhugsandi annað. Ef menn hins vegar trúa því sem mér finnst hv. þm. gera að það sé hægt að ganga hér í ríkissjóð og sækja næstum því ótakmörkuð framlög er hægt að ákveða kjörin fyrst, og hafa þau eins þægileg og mönnum lifandi getur dottið í hug.

Hvað ætlaði fyrrv. ráðherra menntamála að gera varðandi vanda sjóðsins? Sá hann ekkert af þessu fyrir? Lokaði hann alveg augunum þegar fjárlög voru afgreitt í desembermánuði sl. með 1.730 millj. kr. ríkisframlagi. Hvað ætlaði hann að gera? Ég veit að hann hafði fullan hug á því eftir kosningar að hækka skatta um 8 eða 9 milljarða, ég veit það. Átti að afgreiða þetta bara með einum milljarði í fjáraukalögum núna í haust? Og hvað átti þá að gera í fjárlögum 1992? Ég þykist vita að hv. þm. er á mælendaskrá þannig að hann getur ætlað sér meira en tvær mínútur í að svara þessum einföldu spurningum og hann hlýtur að gera það, því að það er alveg óhugsandi annað en að fyrrv. ríkisstjórn hafi haft uppi einhverjar ráðagerðir um það hvernig yrði brugðist við vanda Lánasjóðs ísl. námsmanna á hausti 1991 og við fjárlagagerð 1992.

Hv. þm. vísaði í einhvern varaþingmann Sjálfstfl. (Forseti hringir.), nú er ég að hætta, sem héti Viktor Guðlaugsson, ég kannast ekkert við hann, ég veit ekki til þess að hann sé varaþingmaður, og hann hefði sagt að þetta væru góð lög ef forsendur standast. En hafa þær staðist? Hafa þessar forsendur staðist? Það er einmitt það sem hefur ekki gerst.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist nú að það sé ástæða til þess að hafa hér almennt námskeið í meðferð klukkunnar, ekki bara fyrir undirritaðan heldur líka hæstv. menntmrh.

Það sem lá fyrir í þessum efnum var ósköp einfaldlega það, eins og komið hefur fram í tillögum námsmanna, að þeir eru með beinar tillögur um sparnað á útgjöldum lánasjóðsins upp á 400 millj. kr. á ári eins og liggur fyrir í gögnum sem hæstv. ráðherra hefur á sínu borði. Kjarni málsins er hins vegar sá að með því að skerða lánasjóðinn, með því að skera niður umsvif hans, er ríkisstjórnin að taka ákvörðun um að skera niður heildarframlög til menntamála á Íslandi og þar með að grafa undan þeirri meginundirstöðu lífskjara sem eru vísindi, rannsóknir og menntir hér í þessu landi. — Og ég hef ekki notað nærri allan minn tíma, virðulegi forseti.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir málshefjandi sagði það í sínum upphafsorðum að friður hefði ríkt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er nú því miður ekki svo og allan þann tíma sem Sjálfstfl. hefur verið í menntmrn. og farið með yfirstjórn lánasjóðsins þá hefur í raun og veru ríkt upplausnarástand í málefnum lánasjóðsins og friðurinn er nú ekki meiri en svo og það á hv. þm. Guðrún Helgadóttir að vita.

Málefni lánasjóðsins hafa mjög mikið verið til umræðu að undanförnu og það er hart fyrir námsmenn að búa við þá óvissu og þann kvíða sem slíkt skapar vegna þess að það er stór ákvörðun fyrir hvern og einn námsmann eða hvern sem er að hætta í vinnu og hefja langskólanám eða fara beint upp úr menntaskóla og setjast inn í háskólann. Það eru stórar ákvarðanir sem þá eru teknar og þeir sem þær ákvarðanir taka verða auðvitað að geta treyst því að við þá framfærslu sem þeir búast við að fá á námstímanum verði staðið. En því miður er það ekki svo að það hafi verið gert í gegnum tíðina.

Ég trúi því að hæstv. menntmrh., Ólafur G. Einarsson, fari mýkri höndum um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og sjóðinn en fyrri menntmrh. Sjálfstfl. hafa gert. Ræða hans áðan benti til þess að svo muni verða. Öll embættisfærsla hans hinar síðustu vikur og mánuði bendir til þess að námsmenn geti vænst þess að hann fari mýkri höndum um sjóðinn en fyrri menntmrh. Sjálfstfl. hafa gert. Það væru mér vonbrigði ef svo yrði ekki.

Af því að hæstv. fjmrh. gengur í salinn þá get ég ekki látið hjá líða að rifja upp blóðuga niðurskurðarsögu Sjálfstfl. í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég ætla ekki að fara lengra aftur en til ársins 1983 þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var við völd. Á þeim tíma fór Sjálfstfl. með menntamálin í landinu. Ítrekað reyndi menntmrh., báðir menntamrh. Sjálfstfl. á þeim tíma, að fá lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna breytt. Það gátu framsóknarmenn ekki fallist á og þeir stöðvuðu í raun allar tilraunir sjálfstæðismanna til breytinga á þessum lögum. En ráðherra menntamála hefur auðvitað reglugerðarvaldið og það er mikið hægt að gera innan reglugerðarrammans. Í raun var það það vald sem fyrrv. menntamálaráðherrar Sjálfstfl. beittu á þessum árum.

Ég ætla að minnast á nokkur atriði í þeirri sögu. Þegar lögin sem nú gilda um lánasjóðinn höfðu verið

samþykkt 1982 var sett reglugerð á grundvelli þeirra laga. Í þeirri reglugerð eru ákvörðunaratriði eins og um lánsupphæðir og hvernig þær skuli breytast með tilliti til þróunar verðlags, gengis og launa. Þar var gert ráð fyrir því að framfærslukostnaður námsmanna og námslag mundu breytast að öðru jöfnu í takt við breytingu á verðlagi og gengi.

Á tímabilinu 1983–1987 voru gerðar fimm breytingar á einni grein þessarar reglugerðar, 21. gr., sem fjallar um framfærslumatið og framfærslukostnað námsmanna. Það sem öllum þessum reglugerðarbreytingum var sammerkt var að þær allar framkvæmdu menntamrh. Sjálfstfl. Alveg ótrúlegur hringlandaháttur viðgekkst. Breytingar á reglugerðinni voru svo til vikulegar. Í upphafi árs 1986 þegar breytingarnar voru orðnar fimm var niðurstaðan sú sama, að reglugerðin var orðin eins og hún hljóðaði upphaflega. Þrátt fyrir það kostaði þessi hringlandaháttur námsmenn lækkun á framfærslulánum um 20%. Og það sjá allir sem vilja sjá að mjög erfitt er fyrir námsmenn að búa við slíkar kringumstæður. Breytingin sem gerð var sl. vor af hæstv. núv. menntmrh. var 16% skerðing og það er auðvitað erfitt fyrir námsmenn á þessum þrengingartímum að þurfa að taka á sig slíka skerðingu.

Þessi reynsla sagði mér og mörgum fleirum að það yrði með einhverjum hætti að koma við breytingu á lögunum um námslán og námsstyrki til að koma í veg fyrir að þeir menntamrh., hvort sem þeir væru í Sjálfstfl. eða annars staðar, sem svona vildu haga sér gætu gert endalausar slíkar breytingar. Því fengum við samþykkt í þinginu í maí 1989 lög sem gera það að verkum að réttur menntmrh. til sífelldra breytinga á reglugerðinni var takmarkaður. Hann þurfti eftir lagabreytinguna að leita samráðs námsmanna og ef ekki náðist samkomulag þá var um úrskurðarnefnd að ræða. En þrátt fyrir þetta tókst núv. menntmrh. að skera framfærsluna niður um rúm 16% á sl vori.

Lögin frá 1982 eru í raun og veru samningur milli ríkisvaldsins og námsmannahreyfinganna. Það á hæstv. fjmrh. best að þekkja vegna þess að hann sat í nefndinni sem útbjó þessi lög. Það var til fyrirmyndar hvernig þáv. menntmrh., Ingvar Gíslason, stóð að því að undirbúa þetta mál. Hann gerði það með þeim hætti að hann fékk alla þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi til að tilnefna einn fulltrúa í nefnd til að undirbúa nýja lagasetningu ásamt námsmönnum. Og um þetta náðist svo gott samkomulag að líta má á þessi lög sem samning milli námsmanna og ríkisvaldsins.

Megineinkenni laganna eru fjórir meginþættir. Í fyrsta lagi tryggja lögin jafnrétti til náms. Í öðru lagi taka þau tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur. Í þriðja lagi eru endurgreiðslur námslánanna tekjutengdar að námi loknu. Og í fjórða lagi var gert ráð fyrir því, sem er breyting frá því sem áður var, að endurgreiðsluhlutfall lánasjóðsins yrði sem allra hæst og stefnt var að því að það færi yfir 90%.

Allt þetta hefur gengið eftir nema það, því miður, að endurheimtuhlutfall sjóðsins er lægra en menn áætluðu að það yrði í upphafi. Þetta viðurkenna námsmenn. Þetta viðurkenna í raun og veru allir. Og námsmenn hafa sýnt vilja sinn í því að takast á við þetta vandamál. Hæstv. menntmrh. má því ekki nú slá á útrétta sáttarhönd því að það er mikilvægast í þessu máli að fá námsmenn með vegna þess að það eru þeir sem þurfa að búa við lögin. Við sem greiðum skattana og erum í dag að greiða af lánunum okkar þurfum auðvitað að geta tryggt það og viljum vera viss um að þetta endurheimtuhlutfall sé sem allra hæst.

Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson situr í salnum þá finnst mér rétt að rifja það upp að nú þegar námsmenn hafa sýnt þá samningslipurð sem þeir hafa gert og boðist til, eftir því sem ég hef heyrt, að skera niður og spara í lánasjóðnum eða hækka endurheimtuhlutfallið sem nemur 400 millj. kr. en það algjört nýmæli af hálfu námsmannahreyfinganna að bjóða slíkt fram. Ég hygg að hv. þm. Össur Skarphéðinsson muni það þegar hann stóð á svölum þingsins, stappaði í gólfið, hrópaði og gólaði og var með harða kröfugerð fyrir námsmenn. Á þeim tíma voru námsmenn algjörlega ósveigjanlegir til nokkurra samninga. Þetta sýnir þá hugarfarsbreytingu sem átt hefur sér stað hjá námsmönnum. Og ég legg á það áherslu við hæstv. menntmrh. að hann nýti þetta lag til samkomulags í málinu.

Lítum aðeins á hugmyndirnar. Það er rétt að undirstrika það vegna þess að hæstv. menntmrh. lagði áherslu á að þetta væru hafa aðeins hugmyndir sem settar hefðu verið á blað. Hann sagði það í raun og veru áðan að hann ætlaði ekki að framfylgja mörgu af því sem þarna er lagt til.

Málshefjandi gerði glögga grein fyrir öllum þeim þáttum sem í þessum hugmyndum felast en ég ætla að minnast hér á þrennt sem ég tel skipta langmestu máli í þeim hugmyndum. Í fyrsta lagi er það lánstíminn. Það er gert ráð fyrir því að lánstími almennra námslána verði styttur og verði sem næst þrefaldur námstíminn. Í dag er endurgreiðslutíminn 40 ár. Námsmenn hafa sýnt fram á það — og ég trúi því að menntmrh. hafi fengið þær upplýsingar í hendur — að næði þessi tillaga fram að ganga verður endurgreiðslan af lánunum fyrir hvern og einn, alveg sama hversu háar tekjur hann hefur, algjörlega óbærileg og útilokað við þetta að búa. Menn sjá því strax að hér er um algjörlega óraunhæfa hugmynd að ræða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að lánin séu áfram verðtryggð en beri hálfa vexti ríkisskuldabréfa, sem jafngildir um 4% vöxtum nú. Þetta ákvæði verði endurskoðað ef verðtryggingarákvæði ríkisbréfa breytist. Það eru til ýmsar tröllasögur um hvernig námsmenn nýta sín námslán. Allt eru þetta tröllasögur. Og þegar maður spyr: Við hvern á þetta? er því miður aldrei hægt að benda á nokkurn heldur sagt: Ég hef bara heyrt þetta. Þannig er nú oft á tíðum að menn éta hver upp eftir öðrum og lítið mark takandi á því sem þannig er sagt.

Þær hugmyndir hafa verið uppi þegar Sjálfstfl. hefur farið með stjórn lánasjóðsins að draga sífellt úr tekjutillitinu, þ.e. að þær tekjur sem námsmaður getur aflað sér á námstímanum hafi minni og minni áhrif á lánið. Ég held að hér sé um algjörlega ranga leið að

ræða af þeirri ástæðu að ef hætt verður að taka tillit til tekna þá fyrst mun ásóknin í lán frá sjóðnum aukast. Þá fyrst er hætta á misnotkun. Vegna hvers? Jú, vegna þess að þessi lán bera ekki vexti. En hvernig á þá að koma í veg fyrir það? Einfaldasta ráðið er auðvitað það að setja á markaðsvexti. En það hefur verið, a.m.k. meðal flestra stjórnmálaflokka, samstaða um að námslán eigi ekki að bera vexti af þeirri ástæðu að það verður að líta á það framlag ríkisins sem felst í vaxtaniðurgreiðslunni sem framlag til menntunar, sem framlag til þeirra námsmanna sem leggja á sig mikla vinnu og erfiði við að mennta sig og koma síðan inn á vinnumarkaðinn betur menntaðir en áður. Menntunin á auðvitað að skila, við skulum orða það svo, meiri framleiðni fyrir þjóðfélagið, þannig að sjálfstæðismenn skilji það nú miklu betur en aðrir. Og það er því alveg út í loftið að setja vexti á þessi lán og að þeir séu 1, 2, 3, 4%, hefur bara ekkert að segja.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að endurgreiðslur hefjist ári eftir námslok í stað þriggja. Þetta er ótrúlega áhrifarík breyting. Hún mun skila meiru inn fyrir sjóðinn strax í upphafi. En það fólk sem úr námi kemur — það þekkja þeir auðvitað sem hafa gengið þá leið — skuldar ekki bara lánasjóðslánin. Það skuldar líka peninga í bönkum. Þetta fólk er að koma sér upp húsnæði. Það er að koma sér upp fjölskyldu og þannig mætti lengi telja. Þetta eru því verulega kostnaðarsamir hlutir og sá tími sem þannig myndast frá því að námi lýkur og þar til námsmaður á að fara að endurgreiða lánið verður að vera til þess að menn hafi smá ráðrúm.

Þetta vil ég segja núna við hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Við sem erum í stjórnarandstöðunni treystum ekki Sjálfstfl. í þessum efnum. Við horfum kannski svolítið til þín en hvort reynslan verður sú sama og í skólagjaldamálinu mun auðvitað framtíðin leiða í ljós. En nú máttu í þingflokki Alþýðuflokksins stappa og góla eins og þú gerðir á pöllunum fyrrum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna hv. þm. á að það á ekki að tala til þingmanna í 2. persónu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt ég er einn af höfundum þeirra laga sem nú gilda um Lánasjóð ísl. námsmanna. Á árunum 1983-87 voru Sjálfstfl. og Framsfl. saman í ríkisstjórn. Rétt fyrir jól 1985 voru samþykkt fjárlög af hálfu beggja þessara flokka sem gerðu ráð fyrir því að breyta lögum um lánasjóðinn. Vorið 1986 valdist ég í nefnd ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni og tveimur öðrum til þess að vinna þetta verkefni. Sem formaður nefndarinnar óskaði ég eftir því við hv. þm. Finn Ingólfsson að hann sendi inn tillögur sínar, sem hann gerði. Ég gerði þær tillögur að mínum og nefndin í heilu lagi þannig að unnið var á grundvelli tillagna hv. þm. Finns Ingólfssonar, þær samþykktar og undir þær skrifað um haustið og sendar þáv. menntmrh.

Þáv. mentmrh. Sverrir Hermannsson bað okkur um að hafa samband við námsmenn sem við og gerðum, náðum samkomulagi að nokkru við þá en ekki öllu, skrifuðum aftur undir álit, byggt á hugmyndum hv. þm. Finns Ingólfssonar rétt fyrir jól. Milli jóla og nýárs mætti hv. þm. Finnur Ingólfsson á fundi hjá námsmönnum erlendis, sem hér voru staddir á fundi, og hljóp frá öllum sínum fyrri tillögum.

Þetta er saga hv. þm. Finns Ingólfssonar í þessu máli og ég kalla hann kjarkaðan mann að koma hér upp og kenna öðrum um. Ég segi: Hefði verið farið að tillögum hv. þm. Finns Ingólfssonar á þeim tíma væri vandi lánasjóðsins ekki eins mikill því að að hluta til gengu tillögur hv. þm. út á það að námslán yrðu vaxtalaus en að hluta til þegar komið væri í ákveðna fjárhæð bæru þau vexti.

Þertta er stutt saga þessa máls og stutt saga um afskipti hv. þm. Finns Ingólfssonar af málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. rifjaði upp samstarfsörðugleika okkar frá árunum 1983–1987 um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það hefur hann gert áður. Svo hefur það nú skolast til í kollinum á honum þennan tíma sem liðinn er frá þessu, og gerir eftir því sem árin líða, að fátt var satt af því sem hér var sagt.

Staðreyndirnar eru þessar: Ég kom með ákveðnar hugmyndir sem mætti nota um takmörkun á útstreymi fjármuna úr lánasjóðnum, svokallaðan kvóta á námsmenn. Þannig að menn gætu innan ákveðinna marka skipulagt sitt nám og fengið lán til þeirra hluta. Um þetta var ekki ágreiningur.

Ágreiningurinn milli mín og hæstv. fjmrh. snerist hins vegar um hversu hart við ættum að taka á því að ná endurheimtuhlutfalli sjóðsins upp. Ég lagði til á þeim tíma að prósentan í tekjutillitinu yrði hækkuð úr 3,5% í 4,5%. Á þetta gat hæstv. fjmrh., sem þá var þingmaður Sjálfstfl., ekki fallist. Um þetta urðu miklar deilur og þær enduðu með því að ekki náðist samkomulag í þeirri ríkisstjórn um að gera breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna vegna þess að framsóknarmenn stóðu gegn þeim breytingum. Þá notaði fyrrv. menntmrh. reglugerðarvald sitt til þess að skerða námslánin, sem hann hafði auðvitað fullan rétt til, en það var ekki með fulltingi okkar framsóknarmanna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Finni Ingólfssyni fyrir að viðurkenna að um hans tillögur var að ræða. Hann kallar að vísu tillögur sínar nú hugmyndir. Mér er alveg sama hvort nafnið er notað yfir þessar tillögur hv. þm. Sameiginlegt var nefndarálitið okkar beggja og tveggja annarra. Það hefur verið staðfest í þessum umræðum.

Hv. þm. gat um það í sinni ræðu áðan að hann teldi að sá samningur hefði orðið til á milli námsmanna á sínum tíma og yfirvalda að endurgreiðsluhlutfallið ætti að vera sem næst 90%. Það sem gerðist var það sem

ég lýsti hér áðan. Það er satt sem hv. þm. sagði að Framsfl. treysti sér ekki til þess á þeim tíma að fallast á þessar tillögur og ég endurtek: Það er m.a. af þeim ástæðum sem málefni lánasjóðsins eru í þeim erfiðleikum og ógöngum sem nú er verið að fjalla um. Og það er m.a. skýringin á því að nú er svo komið að það vantar um það bil 1 milljarð á yfirstandandi ári á að endar nái saman í áætlunum þáv. stjórnvalda — það var ekki Sjálfstfl., það var flokkur hv. þm. Finns Ingólfssonar sem sat þá í ríkisstjórn.

Fleira hef ég ekki að segja um þetta, forseti, en ég taldi rétt vegna þess hvernig hv. þm. talaði að sagan væri örlítið rifjuð upp og ég dustaði rykið af minni hv. þm., sérstaklega þegar hann minntist á vextina áðan.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hæstv. fjmrh. minnist á mínar tillögur, sem voru tillögur frá þeim tíma, ég er ekkert að draga úr því, þá vil ég ráðleggja menntmrh. heilt að sú nefnd sem hann hefur í hyggju að skipa verði skipuð fulltrúum allra stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi og námsmanna og að tillögur mínar sem liggja fyrir skjalfestar í menntmrn. verði teknar til mjög rækilegrar skoðunar við þessa endurskoðun því að þær takmarka á vissan hátt fjárútlát sjóðsins. En það er líka fleira og aðalvandamál sjóðsins hin síðari ár er það að endurheimtuhlutfallið er miklu lægra en menn áætluðu í upphafi að það yrði.

Ég hef velt því fyrir mér hvort ekki væri skynsamlegt í þeim efnum að hafa mjög svipað fyrirkomulag og nú er á endurgreiðslunum og hafa þær tekjutengdar í 25 ár. Að 25 árum liðnum yrðu eftirstöðvar lánsins gjaldfelldar og í framhaldi af því yrði nýtt skuldabréf fyrir jafngreiðsluláni samþykkt. Ég held að slíka hugmynd þurfi einnig að skoða en ég veit auðvitað að hún getur komið illa við þá sem hafa haft lágar tekjur og hafa tekið mikil lán, en auðvitað má þetta ekki vera afturvirkt. Þetta þarf fyrst og fremst að gilda fyrir þá sem eru að fara í nám og því ættu menn sem taka þá ákvörðun að hefja nám og ætla að treysta á framfærslu lánasjóðsins að velta því fyrir er hversu mikið þeir þurfa og að skipuleggja sitt nám út frá því hvaða fyrirgreiðslu þeir geta fengið frá sjóðnum.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir svo:

„Lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna verður breytt í því skyni að hann fái risið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum og geti áfram tryggt jafnrétti til náms. Að óbreyttu er framtíð þessa mikilvæga sjóðs teflt í tvísýnu."

Það er því ljóst að stjórnarflokkarnir eru sammála um að endurskoða lög og reglur Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er líka ljóst að markmiðið með endurskoðuninni er að tryggja framtíð lánasjóðsins, tryggja að hann stuðli að jafnrétti til náms án þess að til komi óhæfilegar skuldbindingar ríkissjóðs. Til þess að svo megi verða þarf að endurskoða gildandi reglur um lánveitingar, svo og um lánakjörin hjá sjóðnum.

Sérstakur starfshópur á vegum menntmrh. sem báðir stjórnarflokkarnir áttu aðild að hefur verið að skoða stöðu og afkomu sjóðsins og leiðir til úrbóta. Eins og komið hefur fram hefur starfshópurinn sett fram hugmyndir til breytinga og ekki ástæða til af minni hálfu að tilgreina þær hugmyndir því að þær hafa verið kynntar af þeim ræðumönnum sem tekið hafa til máls í þessari umræðu. Mun ég ekki fjalla um þær hér og tel það ekki tímabært. Þessar umræddu hugmyndir eru fyrst og fremst hugmyndir nefndarmanna sjálfra án skuldbindinga af hálfu stjórnarflokkanna og án þess að stjórnarflokkarnir hafi tekið afstöðu til þeirra á þessu stigi.

Þó t.d. frumvarpsvinna hafi ekki farið í gang og málið sé enn þá á umræðustigi milli flokkanna hafa samtök námsmanna samt sem áður fengið hugmyndirnar til kynningar og þeim hefur þar með verið gert kleift að koma með sínar athugasemdir og ábendingar. Þingflokkur Alþfl. hefur kynnt sér umræddar hugmyndir og þingflokkurinn hefur jafnframt átt fund með forsvarsmönnum námsmanna og hlýtt á þeirra sjónarmið. Þingflokkurinn hefur í framhaldi af viðræðum við forsvarsmenn námsmanna óskað eftir því að fá tillögur námsmannahreyfinganna um hugsanlega breytingu á Lánasjóði ísl. námsmanna til skoðunar. Þingflokkurinn bíður nú eftir svari námsmannanna, tillögum þeirra og greinargerð. Það kom hins vegar fram í máli menntmrh. áðan að honum hafa borist athugasemdir og tillögur þessara aðila.

Þegar tillögur námsmannahreyfinga berast þingflokki Alþfl. mun hann taka þær til umfjöllunar. Hann mun taka tillögur starfshóps menntmrh. til umfjöllunar og í framhaldi af því taka afstöðu til þeirra breytinga sem að mati þingflokksins er rétt að gera á lögum og reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Á þessari stundu liggur afstaða þingflokksins ekki fyrir. Hins vegar hefur sú afstaða Alþfl. komið skýrt fram að námslán eru mikilvæg til að jafna aðstöðu til menntunar. Þau eiga að taka mið af aðstæðum námsmanna og tekjum, sem og af almennum kjörum í samfélaginu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Forseti. Ég held að það komið nokkuð skýrt fram í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, og ég þakka fyrir og tel að hafi verið mjög mikilvæg og þörf, að fortíðarvandi Lánasjóðs ísl. námsmanna er um leið fortíðarvandi stjórnmálamanna því að hér hafa menn í rauninni kastað því á milli sín hvað sé hverjum að kenna, hver hafi sagt hvað hvenær, hver hafi lagt hvað til hvenær og verð ég að segja að ég er ekki viss um að menn séu miklu nær.

Ég held að þessi umræða sé mjög mikilvæg vegna þess að námsmenn og reyndar þjóðin öll þarf að heyra afstöðu þingmanna til lánasjóðsins, til þessa sjóðs sem um langt árabil hefur gegnt því mikilvæga hlutverki að tryggja jafnrétti til náms. Það hefur verið bent á að teikn séu á lofti um að nú standi til að breyta þessu og verið vísað til tillagna nefndar sem starfað hefur á veg-

um menntmrh. Ég fagna út af fyrir sig ummælum ráðherra hér áðan þar sem hann lýsti því yfir að ekki stæði til að allar þessar tillögur yrðu að lögum og hefði aldrei staðið til. Mér fannst hann í rauninni vilja lítið undir þessar tillögur taka. Eftir stendur samt að nefndin starfaði á ábyrgð ráðherra og hann hefur enn ekki sagt okkur hvað honum finnst nothæft og hvað ekki.

Ég ætla ekki að tala um einstakar tillögur sem nefndin hefur lagt fram. Mig langar meira til þess að tala um hugmyndalegan bakgrunn lánakerfisins vegna þess að ég held að það sé það sem máli skiptir á þessu stigi málsins. Mig langar þó fyrst til þess að vekja aðeins athygli á skipan nefndarinnar sem samdi þessar tillögur. Í nefndinni sátu fimm karlmenn sem allir eru með langskólanám á háskólastigi að baki. Starfsheiti þeirra gefa til kynna að þeir hafi allir verið í fremur „arðbæru námi", þ.e. námi sem tryggir þeim þokkalegar tekjur að námi loknu. Þeir eru ekki fóstrur, þeir eru ekki kennarar, þeir eru ekki félagsráðgjafar, þeir eru ekki hjúkrunarfræðingar o.s.frv. — ég gæti talið hér upp margar kvennastéttir. Það sker auðvitað í augu, eins og hér hefur verið bent á, að enginn námsmaður er í nefndinni, þ.e. það er enginn sem á búa við þau kjör sem nefndin leggur til að verði á námslánunum. Allir nefndarmenn eru með öðrum orðum sloppnir fyrir horn. Þeir hafa ýmist verið í námi þegar tíðkaðist að eiginkonur kostuðu eiginmenn sína til mennta, eins og Guðrún Helgadóttir benti á, eða þeir hafa verið í námi þegar námslán voru óverðtryggð og á lágum vöxtum og brunnu því upp í verðbólgunni þegar átti að fara að greiða þau eða þeir hafa notið góðs af því kerfi sem þeir leggja nú til að lagt verði af vegna uppsafnaðs fortíðarvanda sem við mörg hver hér inni höfum átt þátt í að skapa, ýmist sem fyrrverandi námsmenn eða sem ráðamenn til langs tíma.

Í nefndarálitinu setur nefndin sér það sem viðmiðun að Lánasjóður ísl. námsmanna, eða eins og segir, með leyfi forseta: „geti áfram auðveldað ungu fólki að afla sér menntunar með því að veita hagstæð lán jafnframt því sem lánareglur verði á þann veg að hvatt sé til ráðdeildar af hálfu námsmanna og framlög úr ríkissjóði minnki með því að endurgreiðslur lána standi í ríkara mæli undir útlánum." Þegar tillögur nefndarinnar eru svo skoðaðar í ljósi þessarar markmiðssetningar, þ.e. að veita hagstæð lán, þá fer ekkert á milli mála að lán eru talin hagstæð ef úthlutunarreglur eru hagstæðar alveg óháð endurgreiðslureglum. Jafnrétti til náms felst með öðrum orðum í því að tryggja jafnan rétt allra til lána alveg óháð því hvort þeir geta í rauninni nýtt sér þennan rétt. Jafnréttið er formlegt en ekki raunverulegt. Rétturinn byggir á teoríu en ekki praxís.

Það sem stingur mig mest í augu í þessum tillögum er viðhorf nefndarmanna til menntunar. Í fyrsta lagi kemur það mjög skýrt fram í þessum tillögum að þeir líta á menntun sem fjárfestingu einstaklingsins en ekki samfélagsins alls. Þeir líta á námslán eins og hver önnur fjárfestingarlán og námsmenn eigi þar af leiðandi að borga leigu fyrir afnotin af þeim fjármunum sem þeir fá. Í þriðja lagi kemur skýrt fram að því arðvænlegri sem fjárfesting einstaklingsins er þeim mun minni verður greiðslubyrðin þegar til endurgreiðslu kemur, þ.e. menn græða á því að fjárfesta með þessum námslánum í arðvænlegu námi.

Í þessu áliti, eins og öllu sem kemur frá ríkisstjórninni þessa dagana, stóru og smáu, hvort sem í hlut eiga fjárlög, hvítbók eða frumvörp, gengur kostnaðarvitundin ævinlega aftur. Og það kemur svo sem fyrir í þessu nefndaráliti líka þó hugtakið sé kannski ekki nefnt berum orðum.

En annað sem er líka vinsælt þessa dagana í allri umfjöllun um sjóði ríkisins og kemur þarna fram er að uppreikna það fjármagn sem bundið er í sjóðunum á hverjum tíma. Þannig er talað um að fjárbindingin í námslánakerfinu í dag séu rúmir 20 milljarðar og verði um 40 milljarðar innan 10 ára. Vissulega eru þetta miklir fjármunir, en ef við lítum á fjárfestingu í námsmönnum rétt eins og fjárfestingu í góðu vegakerfi þá mundum við telja þetta hluta af þjóðarauðnum en ekki byrði á þjóðarlíkamanum.

Við erum með gífurlegt fjármagn bundið í vegakerfinu og þó að okkur greini á um einstakar fjárfestingar í því kerfi erum við þó flest sammála um að góðar samgöngur séu hagkvæmar og arðbærar. Og þó að ég sem einstaklingur nýti ekki tiltekinn vegarspotta fyrir norðan eða vestan getur þessi spotti skipt sköpum fyrir byggðarlag þar sem gert er út, þar sem sköpuð eru útflutningsverðmæti sem halda uppi þeim lífskjörum sem ég bý við. Það sama gildir um menntun. Hún er arðbær fyrir samfélagið allt og ekki bara þá sem hennar njóta. Hún á sinn ríka þátt í því að halda hér uppi góðum lífskjörum.

Við getum líka tekið dæmi af fjárfestingu í börnum. Allt samfélagið leggur eitthvað til framfærslu barna en ekki bara þeir sem þau eiga. Ástæðan er ekki síst sú að börn eru vinnuafl framtíðarinnar og því arðbær fjárfesting, svo notuð sé heldur groddaleg samlíking úr fjármálaheiminum.

Það er alveg ljóst að þeim mun hærra menntunarstig sem þjóðir búa við, þeim mun betri nýting er á auðlindum og mannafla og þeim mun meiri er velferð samfélaganna. Þetta á ekki bara við um samfélagið í heild sinni heldur á þetta líka við um hag einstakra fyrirtækja og stofnana.

Nýlega birtist í blaði sem heitir Púlsinn og er gefið út af Iðntæknistofnun svolítið skemmtileg frétt. Þar segir frá hinum svokölluðu velgengnisfyrirtækjum. Það er verið að kanna hvaða fyrirtæki eru velgengnisfyrirtæki. Þar segir að þessi athugun hafi sýnt, með leyfi forseta:

„Í betri fyrirtækjunum voru samskiptaleiðir styttri og tiltölulega fleiri faglærðir starfsmenn á hverjum vinnustað. Einnig kom í ljós að starfsmenn bestu fyrirtækjanna eyddu sex sinnum lengri tíma í starfs- og endurmenntun og framleiðni hvers starfsmanns var mun meiri en hjá hinum fyrirtækjunum." Þ.e. þeim mun meira af faglærðu starfsfólki, þeim mun meira sem lagt er til menntunar, þeim mun betur ganga þessi fyrirtæki.

Og mig langar líka, fyrst ég er farin að vitna hér í blöð og bækur, til þess að benda þingmönnum á at-

hyglisverða grein í öðru hefti Fjármálatíðinda á þessu ári. Greinin er eftir Þorvald Gylfason og nefnist Fjármál og menning. Þar eru einmitt færð fyrir því sterk rök að samhagurinn af menntun, vísindum og listum sé mun meiri en sérhagurinn.

Í áliti nefndarinnar sem er til umfjöllunar kemur fram að ef miðað er við óbreytt útlán Lánasjóðs ísl. námsmanna og að viðhalda eigin fé sjóðsins, þá þurfi ríkisframlagið til hans að vera um 2,4 milljarðar á ári. Ríkisframlagið á fjárlögum næsta árs er áætlað 2,2 milljarðar. Síðan eru áætluð framlög ríkisins til háskóla og rannsóknastofnana á þeirra vegum um 2,6 milljarðar á næsta ári. Samanlagt nær þetta tæplega 5 milljörðum, þ.e. framlagið til lánasjóðsins og framlagið til háskóla og stofnana á þeirra vegum. Og svo við tökum vegagerðina aftur til samanburðar má geta þess að til Vegagerðar ríkisins eru áætlaðir 5,8 milljarðar á næsta ári á fjárlögum. (**Landbrh.:** Sæll vertu, fulltrúi Vegagerðarinnar.) Ég held að það hafi verið fulltrúi Vegagerðarinnar á Vestfjörðum sem gekk úr salnum rétt í þessu.

Háskólar eru auðvitað bara einn hlekkur í menntakerfi okkar og vegirnir eru líka bara einn hlekkur í samgöngumálum okkar og ég ætla ekki að draga úr því að Vegagerðin hafi þörf fyrir þetta fé, en ég nefni þetta dæmi vegna þess að í báðum tilvikum er um nauðsynlega samfélagsþjónustu að ræða sem alveg má leggja að jöfnu þó að óskyld sé.

Allar þjóðir í kringum okkur, a.m.k. á Norðurlöndum, styrkja námsmenn með einum eða öðrum hætti. Við Íslendingar höfum hingað til farið þá leið að lána þeim fé til framfærslu án vaxta en að fullu verðtryggt. 90% námsmanna borga þessi lán að fullu til baka, flestir á 18–22 árum. Á hinum Norðurlöndunum er farin sú leið að veita nánast öllum námsmönnum styrki að ákveðinni upphæð en því til viðbótar lán sem eru án raunvaxta á námstímanum en bera 5–6% raunvexti að námi loknu. Ef við hefðum svipað kerfi og Danir væru styrkveitingar íslenska ríkisins ekki undir 1 milljarði á ári hverju ef ég reikna bara þá 6.400 námsmenn sem taka lán, en eins og kom fram eru aðeins um 60% námsmanna við Háskólann sem sækja um námslán. Ef við værum með styrkjakerfi er nánast víst að allir mundu sækja þá styrki sem þeir geta fengið og það mætti segja mér að sambærilegt styrkjakerfi og Danir hafa mundi ekki kosta okkur undir 1,6–1,7 milljörðum á ári hverju. Því til viðbótar yrði svo árlega að veita umtalsverðu fé inn í lánakerfi námsmanna.

Tillögur nefndarinnar á vegum menntmrh. bjóða hins vegar heim kerfi sem er óhagstæðara en öll önnur kerfi sem við þekkjum í kringum okkur. Þessar tillögur verða ekki rökstuddar með því að við gerum svo vel við menntakerfið á öðrum sviðum vegna þess að við leggjum minna fé til menntakerfisins en flest ríki í OECD. Og það er auðvitað spurning hvaða áhrif þetta hefur haft á undanförnum árum á nýsköpun í atvinnulífi og hagvöxt.

Í fréttabréfi Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins er einmitt fjallað um þetta og sagt frá því að rétt eins og hér á landi ríki í nágrannalöndum okkar tímabundin stöðnun og samdráttur. Þeir segja, með leyfi forseta, í leiðara þessa blaðs:

„En hvernig bregðast menn við? Í Noregi á að leggja 4 milljarða í rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis. Í Svíþjóð leggur ný stjórn fram áætlun um stóreflingu rannsókna og voru Svíar þó stórtækir fyrir. Í Finnlandi eru rannsóknir og þróunarstarf eini þátturinn í ríkisfjármálum sem fær aukningu. Menn á þeim bæjum eru sannfærðir um að ekkert nema öflugt undirbúningsstarf, virkjun þekkingar og nýsköpun skili árangri. Þar er valið að fjárfesta í framtíðinni." Þetta ættum við líka að gera og lánasjóðurinn er vissulega hlekkur í því að fjárfesta í framtíðinni.

Svo ég taki aftur dæmi af frændum okkar Dönum, þá nema framlög þeirra til háskóla um 553 þús. kr. á nemanda en frv. til fjárlaga fyrir 1992 hér á landi gerir ráð fyrir að framlagið til Háskóla Íslands samsvari um 290 þús. kr. á nemanda. Fjárfesting okkar í þessum málum er því minni en í löndunum í kringum okkur.

Ég sagði í upphafi að ég hefði ekki hugsað mér að ræða hér einstakar tillögur nefndarinnar en ég kemst þó ekki hjá því að nefna tvennt. Í fyrsta lagi langar mig til þess að nefna hugmynd nefndarinnar um að leggja 4% vexti á námslán og stytta endurgreiðslutímann verulega. Í mínum huga er þessi hugmynd alveg ótrúlega óréttlát vegna þess að hún kemur verst niður á ungu fólki af landsbyggðinni sem á fárra annarra kosta völ en að taka námslán og hún kemur líka verst niður á þeim sem hafa lægstar tekjur að námi loknu. Þessi hugmynd er í andstöðu við þá jöfnunarhugmynd sem býr að baki núverandi kerfi þar sem endurgreiðslur eru tekjutengdar. Hún er líka í andstöðu við þær jöfnunarhugmyndir sem eru innbyggðar í núverandi húsnæðislánakerfi þar sem vextir eru niðurgreiddir í hlutfalli við tekjur og eignir lántakenda. Samkvæmt þessum hugmyndum á ekkert tillit að taka til slíkra þátta.

Í öðru lagi langar mig til þess að nefna að það er hugmynd nefndarinnar að skerða rétt þeirra námsmanna undir 20 ára aldri sem stunda starfsnám í fjölbrautaskólum. Það er gert í nafni réttlætis vegna þess að þeir kjósa að allir fjölbrautaskólanemendur sitji við sama borð að þessu leytinu til. Ég tel að námsmenn hafi á undanförnum vikum fært mjög sterk rök fyrir því að þessi lán eigi fullan rétt á sér. Þau geta m.a. verið til þess fallin að beina námsmönnum inn á starfsréttindabrautir, svo sem iðnnám, sem ekki virðist vanþörf á. Þeir nemendur, sem þessara lána njóta, eru yfirleitt í tiltölulega stuttu námi. Þeir byrja fljótlega að greiða sín lán til baka og þeir gera það á stuttum tíma.

Ég vil að lokum biðja menntmrh. og þingmenn stjórnarflokkanna í fullri vinsemd að athuga sinn gang vel og kasta ekki á glæ þeim gæðum sem þrátt fyrir allt liggja í núverandi lánakerfi. Þar vegur að mínu mati langþyngst að endurgreiðslur eru tekjutengdar sem óneitanlega kemur þeim tekjulægstu til góða. Námsmenn börðust fyrir þessari tekjutengingu á sínum tíma og það er orðið ansi langt síðan. Það var ekki árið 1985, það var árunum 1974 og 1975 sem fyrir þessu var barist og þeir náðu þessari tekjutengingu fram. Ég

vil sérstaklega beina orðum mínum til þeirra þingmanna sem þá voru að öllum líkindum í hópi námsmanna og lögðu þessari réttlætishugmynd lið. Finnur vék orðum sínum að ónefndum þingmanni áðan og minnti á það þegar hann stóð, eins og ég held að hann hafi orðað það, stappandi og gólandi á pöllunum. Ég ætla nú að taka upp hanskann fyrir þennan fyrrum kammerat minn vegna þess að ég held að hann hafi þá a.m.k. staðið sig mjög vel í réttindamálum námsmanna og hann átti sinn þátt í því eins og margir aðrir að standa vörð um ákveðnar réttlætishugmyndir og reyna að fá ríkisvaldið til þess að standa við gefin loforð og standa við ný lög og standa við nýjar úthlutunarreglur sem þá höfðu nýlega verið settar. Standi hann sig eins vel núna og hann gerði þá mun mitt liðsinni ekki skorta í því máli.

Námslánakerfið má vissulega endurskoða eins og öll mannanna verk en það verður að gerast í samráði og sæmilegri sátt við námsmenn. Eins og bent var á áðan hafa námsmenn rétt menntmrh. sáttarhönd og ég skora á hann að taka í þessa hönd en slá ekki. Ég verð hins vegar, forseti, þó ég viti að tími minn sé búinn, að lýsa yfir furðu minni á þeim ummælum hæstv. menntmrh. hér áðan að sú nefnd sem hann ætlar að skipa eigi að hafa algjörlega frjálsar hendur um hvað hún leggur til í þessum málum vegna þess að ég held að nefnd eins og þessi hljóti að eiga að ná fram einhverjum tilteknum markmiðum sem ríkisstjórnin setur henni. Ég kann því afskaplega illa þegar menn koma hér, sérstaklega ráðamenn, menntmrh., og reyna að fela sig á bak við eina nefnd og síðan aðra.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að flytja þakkir til þeirra sem tekið hafa þátt í þessari umræðu vegna þess að hún hefur í meginatriðum verið málefnaleg um þann vanda sem Lánasjóður ísl. námsmanna stendur frammi fyrir og hefur staðið frammi fyrir mjög lengi. Það er auðvitað ekkert nýtt að Lánasjóður ísl. námsmanna eigi við einhvern vanda að stríða. Það er hinn almenni vandi samneyslunnar, það er hinn almenni vandi stjórnvalda á hverjum tíma að tryggja það að félagsleg þjónusta eins og Lánasjóður námsmanna, eins og menntastofnanir, vísindi, rannsóknir, heilbrigðisþjónusta, fái fjármuni. Það er því engin nýlunda í þessu efni af neinu tagi. En umræðan hefur í meginatriðum verið málefnaleg þó að menn hafi átt það til að kasta þessum venjulega sandi hver framan í annan sem alltaf er nú gert af og til úr þessum ræðustól, það er þér að kenna en ekki mér o.s.frv., þá er þetta í meginatriðum sæmilegt miðað við það sem maður á að venjast úr þessum stól. Þó hafa menn að vísu aðeins dottið niður í lífríki borðtuskunnar, svo ég vitni í hv. frummælanda Guðrúnu Helgadóttur.

Það sem er kannski nauðsynlegast að velta fyrir sér í þessu máli, ef maður reynir að skoða það í grundvallaratriðum, er þetta: Hvað er Lánasjóður ísl. námsmanna? Er hann fjárfestingarsjóður handa þeim einstaklingum sem í hlut eiga eða er hann fjárfestingarsjóður þjóðarinnar í menntun og þar með hluti af hinu almenna menntakerfi í landinu? Ég lít svo á að Lánasjóður ísl. námsmanna sé það síðarnefnda. Hann sé hluti af hinu almenna mennta- og skólakerfi í landinu og í rauninni breytir það ekki öllu með hvaða hætti tekjur og gjöld þessa kerfis eru færð hjá ríkissjóði. Það breytir ekki öllu að mínu mati. Það er óskaplega þröngt að horfa á lánasjóðinn einungis sem fyrirtæki sem verði að bera sig og það er hættulegt orðalag á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þar sem stendur, markmið endurskoðunarinnar er að tryggja framtíð lánasjóðsins. Í raun og veru er Lánasjóður ísl. námsmanna aðeins hluti af hinu almenna velferðarkerfi ríkisins og það er algjörlega fráleitt að ætla sér að skilja þar á milli eins og hæstv. núv. ríkisstjórn gerir.

Það var vitnað til þess af hv. síðasta ræðumanni, 10. þm. Reykv., að í rauninni væri hér um að ræða fjárfestingu í sameiginlegum hag landsmanna allra og hún vitnaði til samgöngumála. Staðreyndin er auðvitað sú að Lánasjóður ísl. námsmanna er eins konar fjárfestingarsjóður í framtíðinni. Hann er samgöngur við framtíðina. Þjóð, sem ekki hefur vit á því að stuðla að menntun og menningu, vísindum og rannsóknum, er að brjóta niður vegi sem hugsanlega gætu leitt til framtíðar og batnandi lífskjara í framtíðinni í þessu landi. Þegar lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett á sínum tíma og undirrituð 1982 var um þau full samstaða hér í þinginu. Er það ekki rétt munað hjá mér að það hafi allir greitt atkvæði með lögunum á sínum tíma, þingmenn allra flokka? (**Gripið fram í:** Það er rétt hjá ráðherranum.) Já, fyrrverandi og tilvonandi væntanlega. Það var full samstaða um málið á þeim tíma. Hver er kjarni málsins í lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna? Hver er hann? Hann er sá sem fram kemur í einni af fyrstu greinum laganna: „Meginhlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.“ Síðan segir annars staðar í þessum lögum að þetta eigi að nægja hverjum námsmanni til framfærslu. Með öðrum orðum, lögin segja 100% umframfjárþörf. Það hefði þess vegna verið brot hjá menntmrh., hver sem það er, að reyna ekki að framkvæma þetta lagaákvæði. Ég er þeirrar skoðunar að skerðing sú sem Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson gripu til á sínum tíma hafi verið í blóra við anda laganna eins og þau voru sett samhljóða á sínum tíma. Auðvitað gátu þau á sínum tíma tekið ákvörðun um skerðingu en þá áttu þau um leið að taka ákvörðun um að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var ekki gert. Það hafa engar tillögur verið fluttar á Alþingi á undanförnum árum um breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ég held að menn verði auðvitað að gera sér grein fyrir því, svo merkilegt sem það kann nú að virðast, að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna hafa í meginatriðum staðist. Eins og fram kemur í því áliti sem ég vitnaði hér til fyrr í dag og nefndi þá einn af varaþingmönnum Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Viktor Guðlaugsson, en átti að sjálfsögðu við Viktor Kjartansson

trúi ég, en hæstv. menntmrh. kaus að gleyma nafni hans líka af einhverjum sérkennilegum ástæðum.

Meginbreytingin sem hefur orðið á þessum tíma frá 1982–1991, hver er hún? Hún er stórkostleg fjölgun námsmanna sem menn sáu ekki fyrir þegar lögin voru sett og sú fjölgun stafar ekki bara af því að það hefur fjölgað í þeim hópi sem lögin beindust að 1982 heldur stafar hún líka af því að það hafa verið teknir inn í framkvæmdina nýir hópar upp á mörg hundruð námsmenn. Þegar menn standa frammi fyrir veruleika af þessu tagi þá eru má segja fjórir möguleikar fyrir stjórnvöld. Einn er sá að hækka ríkisframlögin, annar er sá að yfirtaka þau lán sem sjóðurinn er með. Þriðji möguleikinn er sá að ríkið borgi vextina að hluta eða af öllu leyti og fjórði möguleikinn er sá að skerða lánin.

Staðreyndin er sú að á undanförnum árum hefur það aftur og aftur gerst að ríkið hefur gripið til þess ráðs að yfirtaka skuldir félagslegra sjóða og félagslegra fyrirtækja. Ég bendi á að í tíð síðustu ríkisstjórnar þótti það ekkert tiltökumál að yfirtaka skuldir Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins upp á fleiri milljarða króna. Það þótti ekkert tiltökumál sem þýðir í raun og veru að rafmagnstaxtar á Vestfjörðum og á svæðum Rarik eru 30–40% lægri en þeir ella væru út af þessari yfirtöku ríkisins. Og ég segi miðað við þann skyldleika sem er með Lánasjóði ísl. námsmanna og ríkissjóði Íslands þá er það fullkomlega eðlilegt að ríkissjóður létti skuldabyrði af lánasjóðnum og yfirtaki hluta af skuldum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vil skora á hæstv. menntmrh. um leið og farið verður yfir málið núna á næstunni að hann kanni það mjög vandlega með hvaða hætti má hugsa sér að ríkissjóður beinlínis yfirtaki skuldir lánasjóðsins að hluta til, létti þannig afborgunarbyrði hans og geri honum mögulegt að eflast og um leið að standa undir þeim skyldum sem óhjákvæmilegar eru.

Ef menn velja hins vegar ekki þessa leið, ef menn velja þá leið að skera niður heildarframlög og lántökur vegna námslána, þá eru menn að gera hvað? Menn eru að taka ákvörðun um það að skera niður heildarfjármagn til skóla og menntamála á Íslandi. Og það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur því staðreyndin er sú að klisjan um þenslu útgjalda til heilbrigðismála annars vegar og menntamála hins vegar er vitlaus. Staðreyndin er sú að heildarútgjöld til menntamála hafa í rauninni ekki aukist miðað við þjóðarframleiðslu og ríkisútgjöld á undanförnum árum. Það hafa heilbrigðismálin aftur á móti gert. Ég tel það þess vegna stórkostlega hættulegt ef ríkisstjórnin ætlar í raun og veru að skera niður Lánasjóð ísl. námsmanna með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. er að tala um, vegna þess að það þýðir ekkert annað en að verið er að setja lífskjarastig þjóðarinnar í framtíðinni niður frá því sem ella væri.

Ég held að það sé kannski nauðsynlegt í þessu sambandi að rifja aðeins upp hvernig þróun þessara mála er í grannlöndum okkar. Í Þýskalandi er það t.d. þannig að 90% af hverjum árgangi sem kemur út úr grunnskóla fer í framhaldsnám. Það er talið nauðsynlegt að sem allra flestir fari í gegnum framhaldsnám af einhverju tagi. Við ákváðum á síðasta þingi að hækka framlög til vísinda og rannsókna um 25% að raungildi. En núv. ríkisstjórn vinnur á móti þessu öllu. Hún er að þrengja að framhaldsskólakerfinu með skólagjöldum, hún er að þrengja að háskólakerfinu með skólagjöldum, hún er að skera niður framlög til vísinda og rannsókna og hún er að ráðast hér að Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég segi að vegna framtíðarþróunar lífskjara þjóðarinnar er það mikilvægara en nokkurt álver, jafnvel þó að þau séu mörg, að tryggja menntun og vísindi og eðlilega þróun rannsókna í landinu. Þess vegna finnst mér að stefna ríkisstjórnarinnar í menntamálum almennt og þar með í málefnum LÍN einkennist af afturhaldssjónarmiðum og þröngsýni og skilningsleysi á því að hér er um heildarhagsmuni að ræða en ekki bara hagsmuni hvers einstaklings sem um ræðir.

Ég vildi, virðulegi forseti, einnig minna á varðandi umræðurnar um þessi mál núna í síðustu ræðum, að það voru engar tillögur á undanförnum árum um að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Engar. Sjálfstfl. flutti engar tillögur á síðasta kjörtímabili um að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Engar tillögur. Alþýðuflokkurinn gerði það ekki heldur. Ég tel að báðir þessir flokkar séu að koma aftan að kjósendum sínum núna með því að efna til þeirra róttæku breytinga á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem þeir eru bersýnilega að boða. En það er líka nauðsynlegt að rifja það upp að á síðasta kjörtímabili komu engar tillögur um hækkun á framlögum í Lánasjóð ísl. námsmanna. Ekki frá Sjálfstfl., ekki frá Kvennalistanum, ekki frá Alþfl., ekki frá Framsfl. Þegar málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna voru rædd t.d. í tengslum við fjárlög eða lánsfjárlög á síðasta kjörtímabili var það í rauninni Alþb. eitt sem hafði með þessi tvö ráðuneyti að gera, mennta- og fjrmn., sem ræddi um þessi mál, aðrir flokkar fluttu engar tillögur af neinu tagi um breytingar á framlögum eða lagabreytingar vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þess vegna er það ódýrt hjá þessum aðilum að koma núna og segja: Við vissum, við sáum allt fyrir.

Staðan er auðvitað þannig og það kemur í ljós ef menn fletta sögunni að þessir aðilar voru ekki með neinar hugmyndir um lagfæringar af neinu tagi. Hinu ætla ég ekki að neita, virðulegi forseti, að það var ekki alltaf auðvelt í síðustu ríkisstjórn að halda uppi Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég veit að ég þarf ekki annað en að vitna til hæstv. utanrrh. og ræðna hans um Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að menn átti sig á því um hvað er verið að tala. Mér liggur við að segja að í síðustu ríkisstjórn hafi menntmrh. og fjrmh. haldið uppi Lánasjóði ísl. námsmanna með handafli, svo ég noti nú vinsælt pólitískt orðtæki um þessar mundir — með handafli. Það var afar þungt og afar erfitt oft á tíðum og mér var það algjörlega ljóst á síðasta kjörtímabili að það gæti orðið mjög erfitt að halda þessum sjóði áfram með þeim hætti sem hann hefur verið. En hvernig átti að gera það? Það var m.a. með samvinnu við námsmenn sem núna hafa sýnt það að þeir eru tilbúnir til

þess sjálfir að spara 400–500 millj. kr. með tilteknum breytingartillögum sem liggja fyrir af þeirra hálfu. Ég hlýt að segja það, bæði hér og annars staðar og hef sagt það við námsmenn oft að það er auðvitað mikið atriði að um lánasjóðinn sé þjóðarsamstaða. Það er mjög mikið atriði að reglur sjóðsins og vinnubrögð öll séu með þeim hætti að um hann sé sem allra víðtækust samstaða. Ég tel að núna sé hins vegar friðurinn um lánasjóðinn í verulegri hættu.

Það kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur áðan að það væri ekki farið að vinna að frv. um breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var sagt hér áðan. En hæstv. menntrmh. sagði að frv. mundi koma hér inn í þingið núna og yrði væntanlega afgreitt fyrir jólin. Ja, það gengur þá hraðar en ýmis önnur frv. sem blessuð ríkisstjórnin er að potast með. Hvar er þetta frv? Er ekki byrjað á frv. sem hæstv. ráðherra ætlar að afgreiða fyrir áramót? Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra að því hvar málið sé á vegi statt, hvort það sé virkilega þannig að ekki sé byrjað á því að vinna að málinu. Og auðvitað skora ég um leið á hæstv. ráðherra að standa þannig að þessu að fulltrúar allra flokka sem eiga sæti á Alþingi komi að vinnunni við þetta frv.

Á síðasta kjörtímabili skipaði ég nefnd til að fjalla um Lánasjóð ísl. námsmanna og ég gaf öllum flokkum kost á því að tilnefna menn í þá endurskoðunarnefnd, öllum flokkum. Það eru auðvitað þau einu eðlilegu vinnubrögð sem um er að ræða ef menn ætla sér að ná sátt um sjóðinn. Ef menn ætla hins vegar bara að takmarka þetta við stjórnarflokkana eru menn að efna til ófriðar um Lánasjóð ísl. námsmanna og þá er verr af stað farið en heima setið.

Virðulegi forseti. Ég tel að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna hafi reynst vel. Ég tel að sjóðurinn hafi staðið sig vel og ég tel að það sé engin afsökun fyrir ráðherrann að skerða kjör námsmanna þó að um vissa erfiðleika sé að ræða í sjóðnum, engin afsökun af neinu tagi heldur tilraun til að skapa sér skálkaskjól.

Ég skora á þingmenn að halda utan um þau lög sem nú eru í gildi um Lánasjóð ísl. námsmanna. Og ef hraðinn verður svipaður á frv. um breytingu á lögum um LÍN og annað sem kemur frá núv. hæstv. ríkisstjórn held ég að það sé góð von til þess að lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna verði ekki einu sinni breytt á þessu kjörtímabili, virðulegi forseti.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. hv. þm. Svavar Gestsson flutti hér áferðarfallega ræðu. Ég ætla ekki að dæma um hvort hún var málefnaleg en hún var snyrtileg. En oft hef ég séð hann snarpari, knapann knáa, en sennilega lætur honum betur að vera í sókn heldur en í vörn. En ekkert er óumbreytanlegt í henni veröld, það höfum við fengið að sjá bæði innan lands og utan undanfarin missiri og ár. Meira að segja hefur hið háa Alþingi orðið að beygja sig fyrir breytingunum. Þetta hélt ég að jafnvel þeim íhaldssömustu á meðal okkar væri kunnugt en ég átti ekki von á því að þeir, sem kennt hafa sig við róttækni alla sína starfsævi í pólitík, væru svona mikið á móti breytingum.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði um Alþb. sem verndara lánasjóðsins. En af þeim tölum sem hæstv. menntmrh. las upp fyrir okkur áðan held ég að öllum eigi að vera ljóst að sá stjórnmálamaður, sem ber mesta ábyrgð á á ógöngum Lánasjóðs ísl. námsmanna, er hæstv. fyrrv. menntmrh. Svavar Gestsson því að í hans tíð að lækkaði hlutfall ríkisframlags af ráðstöfunartekjum Lánasjóðs ísl. námsmanna sem nemur helmingi. Í fjárlagafrv., fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir því að hlutur lánasjóðsins af framlögum til menntamála sé um 13% en á fjárlögum fyrir árið 1991 er hlutur lánasjóðsins 11,13%. Ef núgildandi reglum verður haldið fram að mun Lánasjóður ísl. námsmanna þurfa á sjötta milljarð til ráðstöfunar á næsta ári á meðan Háskóli Íslands fær tvo milljarða og eru þá meðtaldar sértekjur Háskólans. Og þegar lánasjóðurinn er búinn að fá sitt er lítið eftir til þeirra vísindarannsókna sem efla alla dáð.

En vandi sjóðsins er mikill og það kemur skýrt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, stofnunar sem heyrir undir hið háa Alþingi. Og með leyfi forseta að þá vil ég lesa hér stuttan kafla úr þessari skýrslu:

„Miðað við áframhaldandi starfsemi þarf sjóðurinn fyrirsjáanlega á miklum ríkisframlögum að halda á næstu árum vegna vaxtamunar inn- og útlána. Kostnaður ríkissjóðs við námslánakerfið er um 66% af veittum lánum miðað við að eigið fé sjóðsins á hverjum tíma nægi til að standa við skuldbindingar vegna lána. Er þá gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%.

Námslán eru verðtryggð en bera hins vegar enga vexti. Ef námslán eru borin saman við skuldabréf á almennum markaði kemur í ljós að vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs af námslánum er veruleg. Og ef gerð er 6% ávöxtunarkrafa til fjármagns verða afföll af útistandandi námslánum í árslok 1990 rúmir 9,8 milljarðar. Miðað við óbreytt útlán mun fjármagn, sem bundið er í þessu kerfi, verða um 40 milljarðar innan tíu ára og 60 milljarðar innan tuttugu ára.“ (**Gripið fram í:** Og innan 80 ára?) Þú nærð nú ekki að lifa það, Ólafur.

Reglur LÍN um endurgreiðslur og kjör lána eru í aðalatriðum þessar: Lánin eru til allt að 40 ára, þau eru vaxtalaus og þau eru verðtryggð. Afborgun hefst þremur árum eftir námslok. Greitt er að hámarki 3,75% af útsvarsstofni, þó lægst 26.391 kr. á ári. Eftirstöðvar skulu falla niður þegar greitt hefur verið af láni í 40 ár.

Það verður ekki deilt um það að þessar lánareglur eru ekki lengur í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Þær hvetja heldur ekki til ráðdeildar, jafnframt því sem skammta verður lán verulega sökum mikillar ásóknar í þau. Ríkisstjórnin ætlar sér að taka á þessum vanda. Og hún ætlar að skapa lánasjóðnum varanlegan grundvöll. Ríkisstjórnin er að vanda til verksins. Það var skipuð nefnd til þess að skila menntamrh. tillögum eða réttara sagt hugmyndum að því hvernig breyta mætti og laga þetta kerfi. Þessar hugmyndir hafa síðan verið sendar út til umsagnar til hagsmunaaðila. Síðan verður á vegum hæstv. menntmrh. unnið og samið frv. sem lagt verður fram

á hinu háa Alþingi. Þetta held ég að séu vinnubrögð sem eru til fyrirmyndar. Heimavinnan er unnin fyrst og samráð er haft við hagsmunaaðila og síðan er frumvarpið unnið og ráðherrann hefur lýst því yfir að námsmenn muni fá að hafa áhrif á þann gang mála. Og þá fyrst kemur málið formlega inn til Alþingis og verður þar rætt og síðan afgreitt.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ræddi lítillega um hvernig sú nefnd, sem ráðherra skipaði, væri skipuð. Hún taldi þar upp að það væru engir kennarar í þessari nefnd. En nú vill svo til að tveir háskólakennarar eru í þessari nefnd, en hv. þm. Guðrún Helgadóttir notaði einmitt launakjör þessara manna til viðmiðunar í sinni ræðu hér áðan.

Það var lítillega minnst á hvernig stuðningi við námsmenn væri háttað í öðrum löndum og nefndi Ingibjörg Sólrún Danmörk þar til sögunnar. Þar er blandað kerfi þar sem eru styrkir og bein lán. Þar eru vextir á námslánunum á námstímanum 4%, (**ISG:** Það eru nafnvextir, ekki raunvextir.) og að loknu námi eru þeir 8,5%. Endurgreiðslur hefjast einu ári eftir að námi lýkur og endurgreiðslutíminn er 7–15 ár. Í Svíþjóð, meðan sósíaldemókratar réðu þar enn ríkjum, báru námslán þar 6,4% vexti og auk þess bera námslán þar lántökukostnað.

Eins og fram hefur komið er þetta mál í vinnslu hjá menntmrh. í menntmrn. og hann hefur fengið tillögur, bæði þeirrar nefndar sem hann skipaði og hagsmunaaðila úr hópum námsmanna. Hann hefur lýst því hvernig hann ætlar sér að láta vinna málið áfram og hann hefur lofað því að námsmenn fái að hafa áhrif á það. En við vinnslu þessa máls og við afgreiðslu þess síðar í vetur ber okkur að hafa efst í huga að LÍN geti áfram auðveldað ungu fólki að afla sér menntunar með því að veita því hagstæð lán, en lánareglur verða jafnframt að vera á þann veg að þær hvetji til ráðdeildar af hálfu námsmanna og að framlög úr ríkissjóði verði í samræmi við það sem þjóðarbúið þolir.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vegna þeirra orða hv. 3. þm. Reykn. um kjör námsmanna í nágrannalöndum okkar benda hv. þm. á að reglurnar í Danmörku og Svíþjóð bera það í sér að á meðan menn eru að greiða námslán sín greiða þeir ekki skatta. Það er mjög mikilvægt. Auk þess er þarna um að ræða nafnvexti en ekki raunvexti, eins og hv. 10. þm. Reykv. benti á.

Aðeins, herra forseti, og skal ég ekki tefja þetta mál. Hér hefur það þótt með ólíkindum að menn töluðu um að ríkið yfirtæki skuldir Lánasjóðs ísl. námsmanna að einhverju leyti eða legðu meira fram til sjóðsins. Víst eru þetta nokkrar tölur, en menn kippast ekkert við þó að í fjárlagafrv. hins íslenska ríkis 1992 eigi, fyrir frábæra framgöngu fyrrv. hv. 1. þm. Reykn., sem var athafnasamur maður þegar fjármál voru annars vegar, að fara í Flugstöð Leifs Eiríkssonar 518,5 milljónir á næsta ári. (**Gripið fram í:** Andsvar við hverju er þetta?) Þetta er andsvar við því sem hér hefur komið fram, herra þm.

Jafnframt vil ég upplýsa að önnur álíka fjárveiting, sem um er talað nú, runnin frá sömu rótum, er án þess að nokkur depli auga 300 milljónir í íþróttahöll í Kópavogi. Ég vil biðja menn að reyna að halda nokkurn veginn sömu hlutföllum þegar verið er að tala um mikla fjármuni og litla.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Ummæli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur bera þess náttúrlega fyrst og fremst vitni hvern hug flokkur hennar hefur alla tíð borið til byggingar flugstöðvarinnar. Ég ætla ekki að fara að svara fyrir fyrrv. þm. hér, það er nú reyndar til siðs að vera ekki að sneiða til þeirra manna sem ekki eru á staðnum og geta ekki svarað fyrir sig. Umræðan er þá væntanlega komin á það stig sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntist á hérna áðan og kallaði lífríki borðtuskunnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eitt af þeim nýyrðum íslenskrar tungu sem notað hefur verið mikið í þessum ræðustól er orðið fortíðarvandi. Hæstv. menntmrh. glímdi við þetta orð og þá túlkun sem þar lægi að baki. Það er ekki búið að skilgreina þetta í neinni orðabók og þess vegna dálítið erfitt að átta sig á því hvað liggur þarna á bak við. En e.t.v. er mesti fortíðarvandi þjóðarinnar tengdur fæðingu þeirra ráðherra sem nú eru í þessu landi.

Mér er ekki ljóst hvenær þeir menn, sem standa svo fastir í fortíðarvandanum, komast á sama tímaplan og hinir sem eru í þessari nútíð, sem er eina tímabil ævinnar sem menn lifa. Því að hvort sem við ætlum að lifa fortíðina eða framtíðina stöndum við nú föst í því að lifa aldrei nema nútíðina, — og er kannski fyrsta skilyrðið til þess að reyna að draga úr áhyggjum manna að gera sér grein fyrir því að áhyggjur nútíðarinnar eru það vandamál sem við er að glíma. Ég sé að hæstv. ráðherra er farinn að skrifa og þætti mér vænt um ef hann kæmi þessu á framfæri við aðra ráðherra svo dragi úr þeirra áhyggjum af fortíðinni og þeir færu að nálgast nútíðina.

Einnig er það mikið umhugsunarefni að svo hart berst hæstv. ráðherra í þessu máli að samstarfsflokkur í ríkisstjórn, Alþfl., fær þann stimpil að hann hafi verið algjörlega óábyrgur fyrir kosningar. Þar hafi engin ábyrgð verið til. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvað það er sem gerir það að verkum að Alþfl. lætur hafa sig í þennan kattarþvott hér dag eftir dag í þinginu, að þingmönnum hans er velt upp úr því alveg miskunnarlaust að allt sem þeir gerðu á seinastliðnum þremur árum hafi verið unnið eins og hálfvitar og ábyrgðarlausir menn hafi staðið þar að verki. Og geðlítið er það lið sem er í þeim flokki ef á að taka þessu þegjandi. Maður spyr: Hvað hefur gerst í flokki Jóns Baldvins? Þess Jóns Baldvins sem á sínum tíma fór einn í stjórnarsamstarf með Framsfl. og öll þjóðin vissi að hafði mikil áhrif á stefnu þeirrar ríkisstjórnar. (**Gripið fram í**: Það var Jón Baldvinsson.) Jón Baldvinsson. (Forseti hringir). Herra forseti, við leysum þetta, hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég.

Jón Baldvinsson, það er alveg rétt, og hann var Vestfirðingur, þannig að mér er maðurinn nokkuð

kunnur. En þetta er fortíðarvandi að hafa átt slíkan mann og þurfa í dag að bera saman við þá geðlausu þingmenn sem hér sitja undir þessari meðferð. Það hefði ekki hent þann sem bar það nafn Jón Baldvinsson á sínum tíma. Það er auðvitað hægt að koma með nýtt vörumerki og reyna að stæla en það verður hálfgert smjörlíki saman borið við smjör þegar útkoman er skoðuð.

Ég veit ekki hvort hægt er að brýna svo deigt járn að það bíti en ég hef verið að bíða eftir þeirri stóru upprisustund þegar alþýðuflokksmenn stæðu nú upp og lýsti því yfir að þeir hefðu unnið jafn vel og vit og samviska leyfði á seinasta kjörtímabili og það rísi upp einhverjir aðrir en hv. 1. varaþingmaður flokksins á Vestfjörðum til varnar fyrir flokkinn fyrir það tímabil.

Mér er ljóst að við lifum þá tíma nú í þessari nútíð að menn hafa lagt ofurást á þær kenningar sem ákveðinn lektor við Háskóla Íslands hefur haldið mjög á lofti og varð frægur fyrir þegar hann hélt þeim hugsanlega möguleika fram að það væri eitthvað markaðsverð á ömmum og hann hefði heimild til að selja. Ég veit að hans áhrif eru mikil og ég veit líka að það er hugsanlegt að tillögur um að nú eigi doktorar að fá sérstakan styrk tengist því að sumir menn hugsi enn á framtíðarnám.

En það sem ég skil ekki í þessu sambandi er hvað hefur komið fyrir Alþfl. (**Gripið fram í:** Hann fór í doktorsnám.) Hann fór í doktorsnám. Þá er látið í það skína að enn sé uppreisnar von. Sannleikurinn er nefnilega sá að hér fáum við yfir okkur ómengaða stefnu frjálshyggjunnar án þess að vart verði við það að örfáir dropar af rauðum lit frá þróttmiklum jafnaðarmönnum hafi blandast saman við vökvann. Mig undrar það satt best að segja að menn hafa í þessari umræðu líka reynt að finna einhverja réttlætingu fyrir því að það eigi að setja fjármuni í Lánasjóð ísl. námsmanna út frá því að við leggjum vegi, út frá því að við eyðum peningum í eitthvað annað. Mér finnst það gjörsamlega út í hött að leggja þetta svona upp.

Árið 1925, þegar hægri öfl réðu á Íslandi en frjálshyggjan var ekki þekkt sem fyrirbrigði, þá trúðu menn því að það ætti að styrkja íslenska námsmenn. Þá trúðu menn því, eins og segir í lögum sem þá voru sett, með leyfi forseta: „Lög um styrkveiting handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla.

Heimilt er ráðherra að veita, samkvæmt tillögum þar til kvaddrar nefndar, styrk til náms við erlenda háskóla íslenzkum stúdentum, allt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hér á landi með fyrstu eða annarri einkunn."

Jafnvel þá í eymd og fátækt íslenskrar þjóðar töldu menn að slík fjárfesting ætti rétt á sér.

Japanskur hagfræðingur hefur verið að viðra þær skoðanir, m.a. hafa þær borist mér í pósti í íslenskri þýðingu, að það geti verið hættulegt fyrir þjóðir að eiga of miklar auðlindir. Það geti orðið til þess að þær gleymi aðalauðlindinni sem sé sjálf þjóðin. Og þegar við leiðum hugann að því hvaða þjóðir hafa komist af efnahagslega og hugsum til Evrópu, þá virðist nokkuð vera til í þessari kenningu, því að Svisslendingar, sem ekki geta státað af miklum auðlindum, hafa komist efnahagslega betur af en margir aðrir. Ef til vill er það vegna þess að þeir áttuðu sig á því að aðalauðlindin var þjóðin.

Ég hef fengið í hendur greinargerð frá vestfirskum námsmönnum þar sem þeir fara yfir þær breytingar sem gerðar eru á þeirri úthlutun sem við blasir og, með leyfi forseta, vil ég vekja athygli á nokkrum atriðum sem þar koma fyrir. Þeir segja m.a.:

„Möguleikar námsmanna til að afla sér tekna yfir sumartímann voru litlir og með nýjum reglum voru þeir gerðir enn minni." — Þeir segja: „Hertar voru kröfur um að námsmenn sem þurfa að leigja á almennum leigumarkaði gefi upp leigugreiðslur til leigusala. Þetta varð til þess að námsmenn, eini hópurinn á leigumarkaðnum, verður að greiða hærri leigu til að mæta skattheimtu leigusala, auk þess sem námsmönnum er gert enn erfiðara að finna sér leiguhúsnæði því verst er fyrir leigusala að fá leigjanda sem er námsmaður."

Ég held að það hljóti að vera ærið umhugsunarefni að þegar búið er að skerða framfærslugrunninn um 17%, eins og gert hefur verið, hvort þær hugmyndir sem þeir vísu menn á góðum launum hafa samið og við höfum fengið í hendur, nefndin sem Guðmundur K. Magnússon prófessor var formaður fyrir, ég hugleiði það mjög þegar svona skýrsla er lögð fram og ráðherra fer fyrstur að sverja það af sér að ekki standi nú til að samþykkja það sem í henni standi, það er rætt um það á rósamáli, þá sækir á mig sú hugsun hvort e.t.v. sé það svo að það frv. sem á að samþykkjast fyrir jól sé alls ekki á vinnslustigi í dag vegna þess einfaldlega að hæstv. menntmrh. viti ekki hvað hann ætli að hafa í því.

Ég sat í menntmn. þegar núverandi lög um námslán voru tekin fyrir. Vissulega fórum við mjög yfir forsendurnar og við lengdum tímann sem ætlaður var til endurgreiðslu, við lengdum hann í allt að 40 ár, þ.e. við vildum ekki sleppa mönnum við að greiða til baka, jafnvel þó að þeir þyrftu að standa í því í 40 ár. Þessu hafa sumir snúið við og túlkað þetta nánast á þann veg að námslán séu til 40 ára og menn geti allir verið í 40 ár að greiða þessi lán. Þetta er alröng túlkun. Mjög margir munu greiða þessi lán á miklu skemmri tíma.

Að mínu viti er eitt grundvallaratriði í þessu sem menn verða að gera sér grein fyrir. Námsmenn á Íslandi, sem ein heild, sem starfa hjá íslenskri þjóð í framtíðinni, greiða að fullu til baka öll þau lán sem þeir fá. Þeir greiða þau til baka með tvennu móti. Annars vegar í gegnum afborganir af námslánunum og hins vegar með þeim sköttum sem þeir greiða til íslenska ríkisins. Það er því ekkert upp á þá að klaga í þessum efnum.

Sú eina hætta sem fylgir því kerfi sem við búum við og sú eina hætta sem e.t.v. getur verið raunveruleg er ef menntun námsmanna er svo víðs fjarri því að geta átt sér atvinnuvon hér á landi að það leiði til þess að stór hópur þeirra komi aldrei til með að vinna á Íslandi. Þá stöndum við uppi með þá staðreynd að þeir íslenskir námsmenn, sem koma til með að búa hér á

landi, borga ekki aðeins sín lán að fullu í gegnum endurgreiðslurnar og í gegnum skattana heldur borga þeir einnig lánin fyrir hina sem fara af landi brott. Það er spurning hvort það sé sanngjarnt gagnvart þeim íslensku þegnum sem borga sín lán að fullu til baka með þessum tveimur aðferðum að leggja það á þá að borga hitt einnig. Ég held þess vegna að ef menn vilja breyta þeim reglum sem eru á endurgreiðslunni þá hljóti það að vera á þann veg að þeir Íslendingar, sem njóta námslána en starfa ekki á Íslandi í framtíðinni, verði látnir greiða einhverja vexti af sínum lánum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er heldur vont til þess að vita að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson skuli ekki skilja merkingu orðsins fortíðarvandi og mér þykir skjóta svolítið skökku við vegna þess að hann hefur nú heldur orð á sér að vera orðhagur maður og þekkja ýmislegt í íslensku máli. En ég skil hins vegar vel að hann vilji sem minnst um fortíðarvanda tala, þess vanda sem við tökum við frá þeirri ríkisstjórn sem hann studdi síðast.

Aðeins til að leiðrétta misskiling. Ég var ekki í minni ræðu að ráðast á Alþfl., samstarfsflokkinn, það var ég ekki að gera. Málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna voru í höndum tveggja ráðherra Alþb. fyrst og fremst og hv. þm. Svavar Gestsson, fyrrv. menntmrh., lýsti því yfir hér áðan að sú stjórn hefði haldið uppi lánasjóðnum með handafli og verið þar, að mér skilst, í stöðugum slagsmálum við Alþfl. Það sýnir þó að einhver ábyrgðarkennd hefur fundist þar en ekki hjá Alþb. eða Framsfl. sem var í forsæti þessarar ríkisstjórnar sem skildi svona við lánasjóðinn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki glímt við það verkefni áður að útskýra fyrir menntamálaráðherrum íslenskt mál. Mér er ljóst að mistök fortíðar geta verið vandamál nútíðar. En fortíðarvandi er fortíðarvandi og nútíðarvandi er nútíðarvandi. Þetta er grundvallaratriði rökréttrar hugsunar. Hæstv. menntmrh. mætti gjarnan fletta upp í orðabók Blöndals og leita raka fyrir sínum fullyrðingum ef hann telur sig vera svo vel að sér í íslensku sem hann lét í skína hér áðan.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt fyrir Alþfl. að hann skuli hafa orðið til núna vorið 1991, hann hafi ekki verið til í fortíðinni og eigi sér þess vegna enga sögu aðra en þá sem hófst í faðmlögunum í Viðey. Kjarni málsins er hins vegar sá að við höfum heyrt það af hálfu hæstv. menntmrh. og núv. ríkisstjórnar að þeir ætli að vera góðir við sjóðinn, óskaplega góðir við Lánasjóð ísl. námsmanna. Námsmennirnir mega fara lönd og leið og að lokum getur það auðvitað farið þannig að við eigum óskaplega góðan og óskaplega feitan og óskaplega ríkan Lánasjóðs ísl. námsmanna en enga námsmenn.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 11. þm. Reykv. veitir andsvar við ræðu hv. 2. þm. Vestf. Ég minni þingmenn á að það er bannað að veita andsvar við andsvari. Menn geta aðeins veitt andsvar við ræðu þingmanns og í þessu tilviki er verið að ræða um ræðu hv. 2. þm. Vestf. þannig að hann verður að snúa máli sínu að þeirri ræðu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessari umræðu um fortíðarvandann. Ég held að það sé útilokað að vandamál lánasjóðsins verði leyst með því að menn horfi eingöngu á það sem átt hefur sér stað. Það á heldur ekki að leysa vandamál sjóðsins eins og þessar hugmyndir, sem fram koma í skýrslunni, ætla að gera, að leysa fortíðarvanda sjóðsins með því að vísa honum yfir á framtíðina. Það er hættan sem menn standa núna frammi fyrir, að ætla að flytja vandamál fortíðarinnar yfir á þá sem þurfa á aðstoð lánasjóðsins að halda í framtíðinni. Þannig eru menn að byggja upp framtíðarvanda. Og í hverju felst sá framtíðarvandi? Jú, hann felst í auknum kjarakröfum þeirra hópa sem í dag eða eftir slíkar breytingar njóta aðstoðar og þær birtast í því að menn munu leggja aukna áherslu á bætt kjör til þess að geta staðið undir þeim hertu endurgreiðslum sem hugmyndir í skýrslunni gera ráð fyrir, verði þær að veruleika. Ég vil vara við því í þessari umræðu um fortíðarvandann, að menn útbúi ekki með honum framtíðarvanda.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Mér kom það til hugar þegar hinn orðhagi þingmaður Vestfjarða Ólafur Þ. Þórðarson talaði hér áðan að stundum er það svo að það er ekki nóg að hafa bara umbúðir, það þarf líka að vera innihald. En þó að seinni hluti ræðu þingmannsins hafi á köflum verið skiljanlegur þá var fyrri hlutinn með þeim hætti að þar var nánast um fúkyrðaflaum að ræða og þá kom mér það til hugar, sem þingmaðurinn ætti e.t.v. að hafa hugfast, að það er oft betra að hugsa áður en menn tala, en kannski það sé líka orðið að sameiginlegum fortíðarvanda Framsfl.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson lauk hér nokkrum lofsorðum á staðfestu mína á fyrri tíð þegar ég var formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Fyrir það ber að þakka, mér þykir vænt um það. Hann var sjálfur á þeim árum gullinhærður stúdent á sínum sokkabönd-um en hann var námsfús með afbrigðum og ég sé það að sú staðfesta sem hann dró þá frá mér hefur fylgt honum eftir. Það getur nefnilega verið þannig, ágæti þingmaður, að herfræði bolabítsins, staðfestan, sé á stundum nokkuð góð.

Sú umræða sem hér hefur farið fram hefur verið málefnaleg og hún hefur verið þörf. Að mínum dómi hefur hún kannski ekki verið fyllilega tímabær vegna þess að staða málsins er slík að hér liggja fyrir vinnuhugmyndir, sem ég kalla svo, frá vinnunefnd sem menntmrh. skipaði um endurskoðun á gildandi námslánakerfi. Ég lít svo á, eins og reyndar kemur vel fram

á titilblaði skýrslunnar, að hér sé einungis um hugmyndir að ræða. Hér er ekki um tillögur að ræða. Það er reyndar athyglisvert að námsmenn gera sér grein fyrir þessu sjálfir, þeir kalla þessar hugmyndir vinnunefndarinnar fyrstu hugmyndir. Fyrir mér er hér fyrst og fremst um að ræða skref ráðuneytisins í aðdraganda breytinga á sjóðnum og að því loknu geri ég ráð fyrir því að námsmenn komi fram með sínar hugmyndir og á milli þessara hugmynda verður síðan reynt að ná þeirri málamiðlun sem þarf og með þeim hætti að sem víðtækust sátt náist um sjóðinn.

Ég er algjörlega sammála því sem hér hefur komið fram í máli flestra ræðumanna að það þarf að finna sátt um þennan sjóð. Hins vegar verð ég, með fullri virðingu fyrir hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að lýsa furðu minni á þeim ummælum að alltaf hafi ríkt friður um þennan sjóð. Ég er að vísu ekki tekinn mjög að reskjast en mér finnst að allt mitt líf hafi ég staðið í eilífum ófriði um þennan sjóð.

Að vissu leyti, sagði ég, er þessi umræða ekki fyllilega tímabær m.a. vegna þess að þingflokkunum hafa ekki verið kynntar hugmyndir námsmanna. A.m.k. hefur þingflokki Alþfl. ekki verið kynntar þær. Við höfum að sönnu kynnt okkur starfsskýrslu vinnunefndarinnar og við höfum fengið námsmenn á fundi hjá okkur til þess að fara orðum um afstöðu þeirra til hugmynda starfsnefndar Ólafs Garðars, hæstv. menntmrh., og enn fremur höfum við fengið nefndarmenn til að skýra út þessar hugmyndir.

Fulltrúar námsmanna gerðu mjög ítarlega og málefnalega grein fyrir sinni afstöðu til tillagnanna en höfðu á því stigi, þegar við ræddum við þá, ekki fullbúið sínar eigin hugmyndir. Á fundi okkar og námsmanna varð það að samkomulagi að þeir fengju okkur sínar tillögur til skoðunar um leið og þær væru fullbúnar. Það hefur ekki gerst enn þá. Eigi að síður fer þessi umræða hér fram og mér finnst því rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem ég tel skipta miklu máli og einu grundvallaratriði sem ég tel skipta öllu máli.

Okkur er það auðvitað öllum ljóst að traustur lánasjóður til að aðstoða fólk til náms er allra hagur, ekki aðeins námsmanna og ekki aðeins háskólaborgara framtíðarinnar, heldur þjóðfélagsins alls. Hann gerir okkur nánast kleift að beisla þá auðlind sem býr hverju sinni í atgervi sérhverrar kynslóðar. Þess vegna ítreka ég að það þarf að nást víðtæk sátt um sjóðinn.

Það blandast engum hugur um það, hvorki námsmönnum né stjórnmálamönnum, að í dag á lánasjóðurinn við mikinn vanda að etja og þennan vanda verður að leysa í sameiningu með samvinnu ríkisstjórnarinnar og með samvinnu námsmanna. Það er hins vegar lítil von til þess að það takist nema námsmenn og fulltrúar ríkisins eigi kost á sameiginlegum vettvangi til að ræða mismunandi viðhorf. Þess vegna er það mín afdráttarlausa skoðun að námsmenn eigi vitaskuld að fá aðild að þeim nefndum sem eiga um þetta mál að véla og ég túlka yfirlýsingu hæstv. menntmrh. hér áðan með þeim hætti að hann hyggist veita námsmönnum aðgang að slíkri nefnd. Ef það er rangur skilningur hjá mér, þá vildi ég gjarnan að hann leiðrétti það hér í umræðum á eftir.

Vandi lánasjóðsins er vissulega mikill. Hann er í raun af þrennum toga spunninn. Í fyrsta lagi hefur fjárþörf vegna útlána aukist mikið og hratt. Þessi aukning er mun meiri en menn áttu von á, til að mynda þegar við Finnur vorum á sokkaböndum okkar í Háskólanum fyrir 1980, og ástæður þess eru að sönnu ljósar. Það er í fyrsta lagi að námsmönnum sem sækja um aðstoð sjóðsins hefur fjölgað mjög, bæði vegna þess að fleiri hópar, eins og hv. þm. Svavar Gestsson benti á, sækja nú um aðstoð sjóðsins, en auk þess eins og námsmenn hafa bent á vegna þess að fæðingarárgangarnir sem eru að ganga í gegnum kerfið eru einfaldlega stærri. Auk þess hefur það sama gerst hér á landi og annars staðar að stærra hlutfall sérhvers árgangs fer í framhaldsskóla- og háskólanám. Síðast en ekki síst hefur kostnaður við framfærslu vitaskuld hækkað, kostnaður við skólagjöld hækkað, sér í lagi erlendis, enn sem komið er, virðulegi þingmaður. (Gripið fram í.) Í tilefni orða þinna hér áðan.

Í öðru lagi má rekja verulegan hluta vanda sjóðsins til þess hvernig hann hefur verið fjármagnaður. Hver ríkisstjórn á fætur annarri hefur brugðið á það ráð að fullnægja einungis hluta af fjárþörf sjóðsins með beinum framlögum. Afgangurinn af fjárþörfinni hefur síðan verið fjármagnaður með erlendum lánum. Það eru allar ríkisstjórnir sekar í þessu máli, allar, líka þær ríkisstjórnir sem Framsfl. hefur átt aðild að. Ég tek þetta sérstaklega fram sökum þeirrar lofrullu sem hv. þm. Finnur Ingólfsson hélt hér um áðan um hlut Framsfl. sem eins og allir vita er mikill að öllum málum.

Það var strax í kringum 1975 sem námsmenn höfðu uppi sterk varnaðarorð við þessari aðferð við að fjármagna sjóðinn. Þá var á það bent að með því að nota þessa aðferð til að láta enda hans ná saman væru stjórnvöld einungis að hnýta sjóðnum bagga sem hann hlyti í framtíðinni að kikna undir. Og reynslan hefur því miður sýnt og sannað með dapurlegum hætti að auðvitað höfðu menn rétt fyrir sér þá. Þetta er það sem hefur gerst. Nú sjáum við það að vextir af lánum sem tekin eru til að fjármagna sjóðinn hlaðast upp í heil fjöll. Sífellt stærri hluti af því fé sem sjóðurinn hefur umleikis fer í að borga vexti af skuldum fyrri ára. Þannig skapast illrjúfanlegur vítahringur þar sem lán eru tekin til að borga niður lán fyrri ára. Vaxtagjöldin hrannast upp. Á síðasta ári, muni ég rétt, fór fjórða hver króna sem sjóðurinn hafði umleikis í það að borga vexti og afborganir af lánum fyrri ára.

Í þriðja lagi hafa þær vonir, sem menn gerðu sér, a.m.k. fyrir 1980, um endurgreiðslur, ekki ræst. Þær eru miklu hægari en menn áttu von á. Þetta kemur fram í þeirri miklu fjárbindingu sem menn hafa verið að tala um hérna. 20 milljarðar í dag, 40 milljarðar að öllu óbreyttu eftir 10 ár og þreföldun, þ.e. 60 milljarðar, ef ekkert verður að gert, innan 20 ára að mati Ríkisendurskoðunar. Þess vegna alveg ljóst að það þarf með einhverjum hætti að hraða endurgreiðslum. Fyrir þessu gera sér allir grein. Ég hygg að hver einasti sem

hefur tekið til máls í dag, að undanskildum hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem talaði um allt annað en málefni lánasjóðsins, hafi gert sér grein fyrir því að það þarf að hraða endurgreiðslum. Námsmenn sérstaklega hafa gert sér grein fyrir því. Tillögur þeirra hafa hins vegar enn ekki verið kynntar. Ég tel að það sé fullsnemmt að ræða einstakar tillögur vinnunefndarinnar sem fram hafa komið, sér í lagi í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hafa komið fram hjá hæstv. menntmrh. En ég verð að segja það að ég get ekki tekið alvarlega hugmyndir um það að gera kröfur í dánarbú námsmanna, sér í lagi þegar þær eru tengdar allt að 9 ára endurgreiðslutíma. Það er ekki einu sinni brandari finnst mér.

Í dag byggjast endurgreiðslurnar á vissri lágmarksgreiðslu, röskum 26 þús. kr., og geta að hámarki farið upp í 3,75% af stofni fyrra árs. Þetta eru ekki hörð kjör. Það get ég sagt sjálfur sem einn þeirra sem borga hámarksgreiðslu til baka. Ég er þess vegna sammála námsmönnum þegar þeir segja að þeir séu til viðræðu og það sé í lagi að endurskoða þessar reglur. Þetta er það sem þeir hafa sagt sjálfir. Í þessa útréttu hönd á að taka. En þá er hins vegar komið að því grundvallaratriði sem ég vildi ræða hér lítillega, þ.e. tekjutengingu af afborgunum lána.

Ég tel að það sé algjört lykilatriði að endurgreiðslur sé tengdar tekjum. Ég tel að þannig verðum við að búa til skjöld sem varnar því að tekjulitlir háskólamenn framtíðarinnar verði stöðugt í úlfakreppu lánasjóðsins vegna afborgana sem þeir ráða ekki við. Menn verða einfaldlega að horfast í augu við það að staða háskólamanna í dag er allt, allt önnur en hún var fyrir hálfum öðrum áratug, jafnvel þó að menn hafi einfalt eða tvöfalt doktorspróf. Það er einfaldlega liðin tíð að með langri skólagöngu kaupi menn sér aðgang að veislunni, að því að fá há laun. Það gildir einungis um mjög lítinn hóp háskólamanna. Flestir snúa frá námi til að taka við störfum hjá ríkinu á byrjunarlaunum sem eru frá 70–80 þús. kr. og menn vita hversu vel gengur að afla sér aukatekna í starfi hjá ríkinu. Á þessum launum þurfa menn að framfleyta sér, fjölskyldu sinni og líka að koma sér með einhverju móti þaki yfir höfuðið.

Á þessum fyrstu árum þegar menn koma heim frá námi, þá er einfaldlega lítið eftir til að standa straum af háum, föstum afborgunum af námslánum. Sumir geta það, og það er svo sannarlega allt í lagi að láta þá borga, en hinum verðum við að hlífa. Þess vegna verður að halda inni tekjutengingunni. Mér finnst í lagi að hækka hlutfallið verulega. Ég hef haft í gegnum fjölmiðla óljósar spurnir af hugmyndum námsmanna í þá veru sem mér finnast allrar athygli verðar, að láta hátekjumenn í hópi menntamanna borga hærri prósentu til baka.

Hvað gerist hins vegar ef afborganir verða hertar verulega án þess að tekjutengingin verði í gildi? Í fyrsta lagi tel ég að afborganirnar yrðu óbærilegar fyrir suma hópa menntamanna. Þetta mundi leiða til þess innan tíðar að fólk færi einfaldlega ekki í nám í viðkomandi greinum. Það gæti aftur leitt til þess að það yrði veruleg ekla á faglærðu fólki í undirstöðustéttum á borð við hjúkrunarfræðinga eða kennara. Hvað með fiskifræðinga í dag? Er ekki verið að kvarta yfir því að það vanti fiskifræðinga? Í öðru lagi er ég sannfærður um það að ef eitthvert blóð er eftir í BHMR, þá verður sprenging í launakröfum BHMR því að hverfi vörn tekjutengingarinnar munu afar margir háskólamenn í starfi hjá ríkinu ekki komast af á þeim launum sem þeim bjóðast í dag. En í þriðja og versta lagi mundi þetta leiða til þess að það yrði verulegur atgervisflótti úr landinu.

Hertar endurgreiðslur án þeirrar hlífðar sem tekjutengingin veitir mun einfaldlega leiða til þess að menntamenn framtíðarinnar munu í vaxandi mæli leita til erlendra þjóða þar sem þeim bjóðast miklu hærri laun. Við skulum ekki gleyma því að nú eru að verða ákveðnar breytingar á íslensku þjóðfélagi. Við erum að ganga til samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Það mun hvata þessari þróun vegna þess að það auðveldar aðgang menntamanna að þeim löndum Evrópu sem tengjast svæðinu.

Það er oft svo að hæfustu námsmenn fara gjarnan í lengsta og sérhæfðasta námið og þeir verða þjóð sinni dýrmætastir þegar upp er staðið af því að það er búið að sérhæfa þá svo mikið. Eftirsókn erlendra þjóða yrði einmitt mest eftir þessu fólki. Af sjálfu leiðir hins vegar að þeir sem mennta sig mest og lengst bera þyngstu lánabaggana. Mjög hertar endurgreiðslur án tekjutengingar mundu því hvetja bestu einstaklinga hverrar kynslóðar til að snúa ekki heim nema sem gestir. Viljum við það? Ég vil það ekki. Í þessu liggur mikil hætta og þess vegna ítreka ég það, ítreka þá afstöðu mína að nýjar reglur um endurgreiðslur námslána verði að byggjast á mjög sterkri tekjutengingu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti því hér áðan að honum þætti þessi umræða ekki vera tímabær. Ég er honum algjörlega ósammála. Á undanförnum vikum og mánuðum hefur dunið yfir landslýð ýmiss konar boðskapur þeirrar ríkisstjórnar sem tók við sl. vor. Við tókum heilan dag fyrir um það bil viku síðan til þess að ræða hugmyndir ríkisstjórnarinnar í skólamálum og skildum þá lánasjóðinn eftir. Þessi umræða er ekki að ástæðulausu og það má m.a. vitna til þess að í margnefndri hvítbók ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, er þess getið að það standi til að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, með leyfi forseta, „í því skyni að hann fái risið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum og geti áfram tryggt jafnrétti til náms.“

Það er boðað í stefnuplaggi ríkisstjórnarinnar að gerðar verði breytingar á lögum um lánasjóðinn. Síðan gerist það að nefnd sem ráðherra skipaði skilaði áliti og það er auðvitað það álit sem er kveikjan að þessari umræðu því að þar skjóta upp kolli hugmyndir sem hljóta að valda áhyggjum. Ráðherra hefur aðeins reynt að róa okkur hér með því að lýsa því yfir að margar af þessum hugmyndum séu óframkvæmanlegar, en ég hlýt að spyrja hann: Hvaða hugmyndir eru þá framkvæm-

anlegar af þeim sem þarna koma fram? Hvaða hugmyndir eru það sem hann tekur undir af því sem fram kemur í áliti nefndarinnar?

Þetta álit vekur áhyggjur okkar vegna þess að þarna er horft á Lánasjóð ísl. námsmanna algjörlega án samhengis við annað í þjóðfélaginu. Það er litið á lánasjóðinn eins og hvert annað fyrirtæki sem á að reka með hagnaði. Formaður nefndarinnar lýsti því yfir í útvarpi aðspurður að það kæmi málinu ekkert við hvort hertar endurgreiðslur yrðu til þess að námsmenn ættu erfiðara með að koma sér upp húsnæði. Það kæmi málinu ekkert við. Hugmyndir og stjórnarhættir af þessu tagi eru algjörlega ólíðandi. Þetta er það sem Íslendingar eru búnir að brenna sig á hvað eftir annað, að taka ákvarðanir án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Og hverjar yrðu afleiðingarnar ef þessar hugmyndir nefndarinnar kæmust í framkvæmd? Síðasti ræðumaður kom nokkuð inn á þær og ég tek undir það sem hann sagði. Ég held að afleiðingarnar yrðu m.a. mikil og aukin harka í launabaráttu háskólamanna. Það veitir að vísu ekki af að bæta þeirra kjör, en hertar endurgreiðslur hljóta að kalla á mjög herta launabaráttu.

Það hlýtur að vera tilgangurinn með þessum tillögum að draga úr fjárstreyminu í gegnum sjóðinn og fækka síðan lánþegum og ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort það sé tilgangurinn. Er það skoðun ríkisstjórnarinnar að það fólk sem leitar til langskólanáms sé einfaldlega of margt? Ef þessar tillögur komast í framkvæmd hljóta þetta að verða afleiðingarnar.

Það sem vekur hvað mestar áhyggjur okkar kvennalistakvenna er auðvitað það hvað þetta þýðir fyrir konur. Konur hafa mjög sótt sig í námi á undanförnum áratugum. Konur eru orðnar meiri hluti námsmanna í Háskóla Íslands, þær eru í meiri hluta í framhaldsskólunum. Eins og launakjörum er háttað í landinu hlyti þetta að þýða það að þær yrðu að hugsa sig um tvisvar og þrisvar áður en þær legðu út í það að taka námslán. Lánasjóðurinn hefur í raun virkað sem jöfnunartæki. Þetta er eitt af okkar öflugustu jöfnunartækjum í þjóðfélaginu og það er mjög mikilvægt að varðveita.

Auðvitað verður að viðurkenna það að lánasjóðurinn stendur frammi fyrir vandamálum. En það eru vandamál af því tagi sem stjórnvöld hafa verið iðin við að koma sér upp. Þau hafa komið hverjum sjóðnum á fætur öðrum í þá aðstöðu að þeir standa hreinlega frammi fyrir gjaldþroti. Þeim er gert að taka lán jafnvel erlendis en að endurlána það síðan á lágum eða engum vöxtum. Það sjá auðvitað allir að þetta er stefna sem engan veginn gengur upp. En hvað er þá til ráða? Mín skoðun er einfaldlega sú að ríkið eigi að standa við sitt. Það á að standa undir þessum sjóði vegna þess að við erum að tala um grundvallarþátt í íslensku samfélagi. Við eigum að nota okkar sameiginlegu sjóði fyrst og fremst í menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Fjármögnun á öðrum þáttum má skoða að mínum dómi.

Það er boðað að endurskoða eigi lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna og ég vil ítreka þá skoðun okkar kvennalistakvenna að það á að gera og verður vonandi gert í samráði við námsmenn. Námsmenn hafa lýst miklum vilja til þess að skoða sjóðinn og þeir hafa lagt fram tillögur sem fela í sér sparnað. Á þær tillögur var ekki litið hér fyrr í sumar, en þær fela í sér verulegan sparnað. Þeir sem búa við þetta kerfi eru auðvitað þeir sem best þekkja það og vita hvar gloppurnar eru.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á það áðan að þær endurgreiðslur sem nú eru við lýði séu ekki háar, en það fer auðvitað eftir þeim launum sem fólk hefur. (**ÖS:** Tekjutengdar.) Já, tekjutengdar. Þær tekjutengdu afborgarnir sem nú eru og það hvað fólk finnur fyrir endurgreiðslunum fer auðvitað eftir því hvaða laun fólk hefur. Eins og hv. þm. kom inn á í ræðu sinni eru laun háskólamanna ekki til þess að hrópa húrra fyrir og það eru margir sem finna verulega fyrir þessum endurgreiðslum eins og þær eru núna. Hins vegar er ég honum mjög sammála um það að þær eiga að vera tekjutengdar og þeir eiga að borga meira og hraðar sem meiri hafa tekjurnar, en það er ekki gert ráð fyrir því í þeim drögum sem lögð hafa verið fram.

Ég vil gera það að mínum lokaorðum að mér finnast umræður eins og þær hafa verið í dag nokkuð nöturlegar. Íslendingar eru meðal ríkustu þjóða í heimi, lífskjör eru hér með því besta sem þekkist þó þeim lífskjörum sé allt of misjafnlega skipt og þess vegna stöndum við einfaldlega frammi fyrir því að við eigum ekki að horfa í það fé sem fer til menntunar. Hér er illa farið með fé og þar má margt bæta, en menntakerfið á ekki að gjalda þess.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mikilvægt mál fyrir sjálfstæða þjóð því það er mikilvægt að mennta íslenska þjóð og að það sé gert að svo miklu leyti sem unnt er í íslenskum skólum.

Í öðru lagi er um mikilvægt mál að ræða þar sem hér er fjallað um jafnrétti til náms. Þegar Lánasjóður ísl. námsmanna var stofnaður lá hugsjónin um jafnrétti til náms til grundvallar, kannski ekki síst vegna þess að Íslendingar voru þess minnugir hvernig fátækir, ungir menn á árum áður komust til mennta. Þessari grundvallarhugsjón er vert að halda á lofti.

Hér er um slíkt jafnréttismál að ræða að það er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort sjóðurinn ætti e.t.v. frekar að heyra undir félmrn. í stjórnsýslunni en ekki menntmrn. Ég verð jafnvel að segja það að miðað við síðustu hugmyndar nefndar sem skipuð var af menntmrh. um framtíðarhugmyndir á skipan mála, þá dettur mér í hug að þessi málaflokkur væri betur kominn í forsjá núv. hæstv. félmrh. sem hefur fengið orð á sig fyrir að vera fastur fyrir og gefast seint upp við að afla fjár til síns málaflokks.

Hæstv. menntmrh. hefur reyndar sagt í viðtali sem við hann var haft fljótlega eftir að hann tók þetta mikilvæga embætti að sér að það sé hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna að tryggja að allir sem hafa áhuga og hæfileika til að mennta sig geti það óháð efnahag. Hann sagði reyndar í sama viðtali að hann mundi óska

eftir sem allra nánustu samstarfi við námsmenn og fullyrti að hann mundi ekki þvinga fram lög í gegnum þingið án samráðs við námsmenn. Þetta eru mikilvægar yfirlýsingar nú þegar allt annað virðist vera uppi á teningnum hjá hæstv. ráðherra og vinnubrögðin í þveröfuga átt við þessar yfirlýsingar sem komu fram í Röskvublaði í ágúst sl.

Við samningu þeirra laga sem nú eru í gildi voru kallaðir til fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna auk fulltrúa frá öllum hugsanlegum félagasamtökum námsmanna. Þáv. menntmrh. lagði áherslu á að ná sem víðtækastri samstöðu um málið, jafnt á þingi sem utan þings. Þáv. menntmrh. lauk ræðu sinni á eftirfarandi hátt þegar hann mælti fyrir frv. á Alþingi í janúar 1982 og dró saman aðalatriðin í ræðunni. Með leyfi forseta langar mig til að fara yfir nokkra punkta:

„1. Lánasjóður ísl. námsmanna er eðlileg og sjálfsögð stofnun í nútímaþjóðfélagi. Þessi starfsemi er félagslegt réttlætismál í eðli sínu, leið til þess að eyða forréttindum og stéttamun.

2. Lánasjóðurinn hefur verið að eflast og þróast síðustu 30 ár.

3. Fjárhagsbyrði ríkissjóðs er allveruleg vegna sjóðsins en virðist þó hafa náð vissu jafnvægi síðustu tíu ár og þarf ekki að koma neinum á óvart.

4. Tryggja verður að starfsemi sjóðsins sé heilbrigð og nái tilgangi sínum. Því hljóti lög og reglur um sjóðinn að vera háð gagnrýnni og eðlilegri endurskoðun á hverjum tíma.

5. Telja verður að nú sé eðlilegur tími til þess að endurskoða lög um sjóðinn og því er þetta frv. flutt.

6. Benda verður á að þetta frv. er samið af fjölskipaðri nefnd sem í áttu sæti fulltrúar hinna ólíkustu stjórmálaflokka og hagsmunahópa. Þótt fyrirvari sé um einstök atriði í frv. hefur þessi nefnd hvatt til þess að frv. verði flutt og tekið til meðferðar í þinginu."

Hvernig er svo ástandið í dag þegar núv. hæstv. ríkisstjórn hyggst breyta lögum Lánasjóðsins í því skyni að hann fái risið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum og geti áfram tryggt jafnrétti til náms eins og segir í margnefndri hvítbók, stefnuskrá núv. ríkisstjórnar? Vandinn er þríþættur:

1. Kerfið hefur ekki náð sér enn þá frá þeim dögum að fjármagn var lánað út fyrir verðtryggingu og þeir fjármunir skila sér illa inn aftur.

2. Afföll eru af útlánuðu fé úr sjóðnum. Þau eru ekki mikil en þau eru þó um 10% og það er of mikið.

3. Útlán hafa verið fjármögnuð með lánum í ríkara mæli en ekki með framlögum úr ríkissjóði. Á þann hátt hefur skapast gífurlegur vaxtamunur. 25% af útgjöldum sjóðsins fór í að greiða afborganir og vexti á síðasta ári og stefnir í enn hærra hlutfall í ár. Þetta er að sjálfsögðu ekki flókið mál að skilja og á því þarf að fást lausn.

Hæstv. forseti. Það þarf að fást lausn sem byggir á því að áfram verði jafnrétti til náms. Það skiptir allan almenning í landinu máli. Það verður ekki fram hjá því komist að það mun kosta peninga.

Þau námslán sem námsmenn eiga nú kost á eru ekki há. Eftir skerðingu hæstv. ríkisstjórnar á sl. sumri eru þau raunar mjög lág. Mér er kunnugt um ótta námsmanna í dag, oft og tíðum fólk sem hefur brotið ýmsar brýr að baki sér til þess að komast í nám. Það segir í dag að það hefði ekki farið út í nám ef það hefði vitað að hverju stefndi í málefnum lánasjóðsins.

Lánasjóður ísl. námsmanna er ekki fjárfestingarsjóður eins og menn eru sífellt að hamra á. Hann er enginn fjárfestingarsjóður. Hann er ekki sjóður viðskiptalegs eðlis. Þegar talað er um að menntun sé fjárfesting er það í rauninni hugtakaruglingur. Hitt er annað mál að menntun er verðmæti og hefur eins mikil áhrif á framfarir í þjóðfélaginu og hagvöxturinn og fjármagnið sjálft.

Þjóðfélagið vanhagar alltaf um beinharða peninga. Það er þó þroski mannsins, þekking og menntun sem fær hjólin til að snúast.

Þær tillögur sem lagðar hafa verið fram af nefnd skipaðri af hæstv. menntmrh. og hér hafa verið til umræðu eru mjög róttækar. Það róttækasta eru vextir á lánin. Ég leyfi mér að fullyrða að það kerfi sem orðið hefur til í hugmyndaheimi þessarar stjórnskipuðu nefndar gengur ekki upp, enda hefur verið sýnt fram á það með fullum rökum. Reyndar hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir að hann muni ekki gera þessar tillögur að sínum og er það vel. En mig langar þó aðeins að nefna hér eitt sem kemur fram í tillögunum. Það er að 20 ára aldursmarki þurfi að hafa verið náð til þess að eiga möguleika á fyrirgreiðslu úr sjóðnum. Sá hópur fram að þessu sem notið hefur fyrirgreiðslu úr sjóðnum og ekki hefur náð 20 ára aldri er fyrst og fremst iðnnemar. Með þessum tillögum er því verið að beina nemendum inn á bóknámsbrautir. Ég lýsi fullri andstöðu við þessar tillögur. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið að verkmenntun sé í heiðri höfð og möguleikar nemenda innan verkmenntageirans séu ekki skertir. Miklu frekar þyrfti að auka þá. Þarna er því um nýja stefnu að ræða í menntunarmöguleikum þjóðarinnar sem ég skora á hæstv. menntmrh. að kasta sem fyrst fyrir róða.

Hæstv. forseti. Lánasjóði ísl. námsmanna hefur því miður verið þrykkt niður á stig lágkúru. Við skulum skella skollaeyrum við sögum sem eru á kreiki í þjóðfélaginu um að námsmenn séu eitthvað annað en heiðarlegt fólk sem fyrst og fremst þarf á lánasjóðnum að halda til að geta stundað sitt nám án tillits til efnahags og félagslegra aðstæðna. Ég skora á hæstv. menntmrh. að vinna nýjar hugmyndir að breytingum á reglum sjóðsins í samráði við námsmenn eins og hann tók svo skilmerkilega fram fyrr í viðtali að hann mundi gera og ég kom áður inn á.

Það unga fólk sem er í forsvari fyrir námsmönnum gerir sér ákaflega vel grein fyrir því að sjóðurinn er í vanda og það þarf að grípa til agðerða, en því er að sjálfsögðu ekki sama um hvernig það er gert. Það er auðvitað hægt að hugsa sér allt annað skipulag á námsaðstoð en nú er. Það er hægt að taka upp fyrirkomulag eins og var við gömlu skólana í Skálholti og Hólum, ölmusurnar. Ég leyfi mér að fullyrða að þjóðin vill eiga öflugan lánasjóð þannig að allir geti haft sömu möguleika til náms. Það er grundvallaratriðið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Forseti. Það er að vísu heldur hvimleitt að eiga orðastað við fjarstadda menn en maður þarf sjálfsagt að venjast því eins og ýmsu öðru á hinu háa Alþingi og mun ég því gera mitt besta til þess að eiga sannfærandi samræður við menn sem ekki eru í salnum. Þó sé ég að þeir eru að tínast hér inn. Það stendur greinilega allt til bóta.

Mig langar fyrst til þess að koma inn á orð hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, í pontunni áðan. Hann minntist á það, þó það væri ekki nema rétt í framhjáhlaupi, að Kvennalistinn hefði engar tillögur flutt til breytinga á framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna á fjárlögum undanfarin ár. Ég nenni í sjálfu sér ekki að fara að standa í einhverju karpi um slíkan tillöguflutning, en hitt veit hann auðvitað jafn vel og ég að með þessum orðum vegur hann mjög ómaklega að tiltekinni þingkonu Kvennalistans sem hér sat og flutti sex sinnum í röð slíkar tillögur við gerð fjárlaga á Alþingi. En við getum í sjálfu sér rætt það hér á eftir og ég ætla ekki að karpa um þessa hluti.

Það kom fram hjá fyrrv. menntmrh. að oft hefði verið erfitt að halda á málum lánasjóðsins í fyrrv. ríkisstjórn og hann og fyrrv. fjmrh. hefðu bókstaflega haldið sjóðnum uppi með handafli, eins og hann orðaði það, í ríkisstjórninni. Það get ég sagt honum og það veit ég að hann veit ef hann skoðar í hjarta sér að við hefðum fúslega ljáð honum lið við að halda undir sjóðinn ef eftir því hefði verið leitað, enda höfum við áður lagt til hjálpandi hönd ef á þarf að halda, samanber reynslu félmrh. sem ég held að við vitum hver er.

Hv. 11. þm. Reykn., Árni Mathiesen, sagði að það væri ljóst að lánareglur lánasjóðsins væru ekki í samræmi við það sem almennt gerðist í þjóðfélaginu og því yrði að breyta þeim. Ég spyr: Eiga þessar reglur að vera í samræmi við það sem almennt gerist á lánamarkaði í þjóðfélaginu? Mín skoðun er sú að þær eigi ekki að vera það. Þetta eru framfærslulán. Þetta eru peningar sem fara í hluti sem eru étnir og slitnir og eru hrein og klár framfærslulán. Við höfum slík lán inni í félagsmálastofnunum þó með svolítið öðrum formerkjum séu og ég veit ekki til að þau lán séu með háum vöxtum, lántökugjöldum eða öðrum erfiðum kjörum. Mér finnst að þessi lán eigi heldur ekki að vera það.

Það var drepið hér á vextina í Danmörku og Guðrún Helgadóttir kom því réttilega á framfæri að á námstímanum þar eru 4% nafnvextir sem eru engir raunvextir vegna þess að það er engin vísitölutrygging í Danmörku á lánum og því rétt til þess að halda í við verðbólguna. Það eru 9,5% vextir þar að námi loknu, sagði hv. þm. og var mikið niðri fyrir. En ég er ekki viss um að það séu miklu hærri vextir en nefndin sem hv. þm. hefur setið í er að leggja til. Ég held að það séu ekki miklu hærri raunvextir en nefndin er að leggja til núna.

Hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, sagði að það væri gersamlega út í hött að réttlæta fjármuni til lánasjóðsins með því að bera þá saman við fjármuni sem við verjum í vegakerfið. Mín orð hér áðan voru ekki hugsuð sem réttlæting heldur voru þau hugsuð sem samanburður til þess að liðsinna hugsunarferlinu, getum við sagt, hjá þeim sem finnast steinn og steypa öllum efnum æðri og skilja ekki að engin föst verðmæti verða sköpuð nema andinn sé að verki.

Mig langar að koma inn á styrkjakerfið og hefði kannski kosið að gera það í framsögu minni áðan. Ekki það styrkjakerfi sem til er í Danmörku og ekki neitt tiltekið styrkjakerfi né Lánasjóð ísl. námsmanna heldur það styrkjakerfi sem mér finnst skorta hér á landi hjá atvinnuvegunum. Við höfum heyrt það æ ofan í æ að fulltrúar atvinnulífsins kvarta undan því að menntun námsmanna sé ekki í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Og æ ofan í æ heyrum við að það séu einn eða tveir nemendur í fiskifræði meðan svo og svo margir eru að læra söng eða eitthvað annað. Auðvitað er eðlilegt að undan þessu sé kvartað, en atvinnulífið á svo marga möguleika til að breyta þessu. Hvers vegna í ósköpunum taka samtök atvinnulífsins sig ekki til og styrkja námsmenn, bjóða upp á styrki í tilteknum greinum sem þeim finnst skorta námsmenn í ef þeir vilja hvetja námsmenn til að fara í þessar tilteknu greinar? Af hverju búa þeir sér ekki til eitthvert styrkjakerfi? Það er kannski þannig með þá að þeir eru orðnir svo vanir þessu svokallaða velferðarkerfi fyrirtækjana að þeim dettur ekki í hug að þeir geti átt slíkt frumkvæði, þeir geti ýtt undir með þessum hætti. En ég kem þessari hugmynd hér með á framfæri.

Hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, talaði áðan um þessa umræðu á svolítið sérkennilegum nótum fannst mér. Honum fannst hún ekki tímabær og mér fannst hann fara í kringum tillögur nefndarinnar á tíðum eins og köttur í kringum heitan graut. Hann talaði eins og námsmönnum hefði verið falið að gera tilteknar tillögur en þær hefðu ekki enn litið dagsins ljós og þar af leiðandi væri afskaplega erfitt að fara í þessa umræðu. Námsmenn voru ekki beðnir um neinar tillögur. Menntmrh. átti frumkvæði að því að skipa nefnd sem kemur með þessar róttæku niðurskurðartillögur og námsmenn geta kannski lítið annað gert en að bregðast við því. Það er ekki hægt að gera neina kröfu til þess að þeir leggi inn til þingflokkanna einhverjar almennar tillögur um niðurskurð á sjálfum sér. Við þurfum ekkert að bíða eftir neinu slíku hér. Við höfum heyrt þeirra viðbrögð. Þau liggja ljós fyrir.

Ég ætla hins vegar að fagna yfirlýsingu hv. þm. um tekjutenginguna vegna þess að ég held einmitt, eins og kom fram í hans máli, að tekjutengingin sé eitthvert mikilvægasta réttlætisatriði í þeim lögum sem við höfum núna. Hún ein getur tryggt að þeir tekjulægstu beri ekki of þungar byrðar af námslánunum að námi loknu.

Ég ætlaði ekki að hafa um þetta fleiri orð en hv. þm. gat þess að það væri mun meiri ásókn í námslán en verið hefði þegar þessi lög voru sett og þegar hann og annar ótiltekinn þingmaður hér voru á sínum sokkabandsárum í háskólanum. En þegar þessir strákar voru á sínum sokkabandsárum voru þessir stærri fæðingarárgangar, sem nú er verið að tala um, fæddir. Það var vitað að fæðingarárgangarnir voru svona stórir.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur nú staðið í þrjá og hálfan tíma sýnist mér og ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í henni. Svo sannarlega var nauðsynlegt að efna til þessarar umræðu á hinu háa Alþingi.

Það þarf minna til en að skipuð sé nefnd af hálfu hæstv. menntmrh. til þess að gera tillögur að stórfelldum breytingum á Lánasjóði ísl. námsmanna til þess að hv. alþm. telji það áhugavert og vilji vita hver sé stefna stjórnvalda gagnvart þeim hugmyndum sem fram hafa verið settar og ekki síst þar sem námsmenn hafa sjálfir fengið þessar hugmyndir til umsagnar. Þar hlýtur auðvitað að liggja að baki einhver alvara og varla er ætlast til þess að við sem sitjum á hinu háa Alþingi tökum ekki slíka vinnu alvarlega. Ég held þess vegna að það hafi verið meira en tímabært, þó að einhver hv. þm. hafi ekki talið svo vera, að efna til þessarar umræðu í dag og inna hæstv. menntmrh. eftir því hver sé stefna hans í þessum málum.

Ég verð hins vegar að lýsa því yfir að ég tel mig lítil svör hafa fengið við því. Ég margítrekaði þá spurningu til hæstv. menntmrh. hvort það væri skoðun hans að námslán væru af sama tagi og önnur lán í landinu, eins og fjárfestingarlán af öllu tagi og þóttist færa nokkur rök fyrir því að svo væri ekki. Hæstv. ráðherra hefur sennilega ekki skrifað hjá sér þessa mjög svo mikilvægu spurningu því að við henni kom ekkert svar. Og raunar ekki heldur við spurningum mínum um afstöðu hans til einstakra hugmynda sem margumrædd nefnd hefur sett fram.

Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa bent á að hæstv. menntmrh., hver sem hann er á hverjum tíma, getur auðvitað ekki varpað frá sér ábyrgð á stefnu í menntamálum, vísað til nefndar sem hann kann að hafa sett saman og falið sig á bak við hana þegar til ákvarðana kemur.

Það var næstum broslegt, eða kannski svolítið sætt liggur mér við að segja, þegar hv. 11. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, sté í pontu til þess að verja hæstv. menntmrh. og fullvissa hv. þingheim um að Alþfl. væri sammála þeirri menntastefnu og þeirri afstöðu til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem fram kemur í margumræddri hvítbók. Þetta kemur okkur nokkuð á óvart vegna þess að ekki alls fyrir löngu mátti lesa í dagblöðum bæjarins að haldinn hefði verið flokksstjórnarfundur Alþfl. en þar hefðu menn ekki treyst sér til þess að afgreiða margumrædda hvítbók. Við höfum því hingað til haldið að um hana væri ekki samstaða en það er greinilegt að um þennan þátt málsins virðist vera samstaða þó að flokksbróðir hv. 11. þm. Reykn. Össur Skarphéðinsson bæri það eiginlega til baka og héldi því fram að um þetta hefði engin umræða farið fram í hans þingflokki. Það verður hver að lá mér sem vill þó að mér finnist þetta dálítið losaraleg tök á svo viðamiklu máli. Og enn skondnara hlýtur það að vera að heyra það hér að það sé engin vinna hafin að gerð frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem þó stendur til að afgreiða hér fyrir jól. (**ÖS:** Ekki er það Alþfl. að kenna.) Ég hef engan áhuga á því, hæstv. forseti, hvað er Alþfl. að kenna og hvað Sjálfstfl. í þessari óttalegu ríkisstjórn. Þar sýnist mér hver hjálpa öðrum við að klúðra því sem klúðrað verður, en það er auðvitað óásættanlegt að námsmenn búi við það að vita ekki frá degi til dags hvers þeir mega vænta varðandi afkomu sína og kjör. Ég vil minna á að hundruð námsmanna ef ekki þúsundir eru erlendis við erfitt nám og þurfa svo sannarlega að vita við hverju þeir mega búast. Og því nefni ég þá að fremur er hægt að leita heim í hornið til foreldranna ef menn eru hér á landi en erfiðara er um vik úti í hinum stóra heimi.

Ég ítreka það þess vegna, hæstv. forseti, að ég tel ekki að hæstv. menntmrh. hafi svarað einni einustu af spurningum mínum. Vegna þeirra hv. þm., sem ekki voru hér í salnum þegar ég flutti framsöguræðu mína, vil ég endurtaka það sem ég sagði þá um vanda Lánasjóð ísl. námsmanna. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa örfáar línur af því sem ég sagði: „En hver er staða sjóðsins sjálfs? Er hann enn eitt gjaldþrotafyrirtæki þjóðarinnar? Er verið að afskrifa skuldir hans og greiða þær úr eigin vasa? Nei, ekki aldeilis. Fá fyrirtæki í þessu landi eru betur stæð. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu. Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót.““

Þetta er ekki Hafskip sem við erum að tala um, þetta eru ekki útgerðarfyrirtæki út um allt land, þetta eru ekki laxeldisfyrirtæki. Það er enginn banki, það er engin Byggðastofnun í hættu. Vandi sjóðsins hefur þegar verið rakinn hér, hann vantar hærri framlög. Það má ekki halda lántökum áfram og ég hirði ekki um að jagast um hverjir hafa tekið meiri eða minni lán, það var alveg ljóst að hæstv. þáv. menntmrh. Svavar Gestsson varð að taka hærri lán, það er alveg rétt hann gerði það vegna þess að kjör námsmanna voru orðin óásættanleg vegna skerðingar fyrri ríkisstjórna. Um þetta mega menn mín vegna rífast þar til við öll erum farin héðan úr salnum.

En aðalatriðið er þetta. Um hvað erum við að tala? Menn segja og verða alveg bláir í framan, 4 milljarða, 5 milljarða.

Ég minntist áðan á að á næsta fjárhagsári stendur til, og við eigum sjálfsagt öll eftir að afgreiða það, að leggja 518,5 millj. í skuldafenið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Menn ætla ekki að depla auga hér og leggja 300 millj. í íþróttahöll sem menn langar til að byggja og ósköp væri gaman að geta það en maður gæti sett spuringarmerki við hvort það sé það brýnasta sem maður þarf á að halda. Þarna erum við komin næstum því upp í einn milljarð. Við erum bara að tala um 4–5 milljarða. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson minntist á erum við á hverju ári að taka yfir skuldir fyrir rafveitur, hitaveitur, vegagerð, fyrir milljarða. Auðvitað. Þetta eru þýðingarmiklir þættir í samfélaginu sem við erum

tilbúin að taka á okkur til þess að tryggja að hér þrífist það þjóðfélag sem við getum sætt okkur við.

Hæstv. forseti. Þessi umræða getur mín vegna endað, þó ég inni enn hæstv. ráðherra eftir svörum við þeim einföldu spurningum sem ég óskaði eftir að hann svaraði. En ég vil minna hv. þingheim á að við eigum ósköp lítið hráefni hér — nema tvennt. Við eigum fisk og við eigum hæfileika fólksins í landinu. Á því lifum við og munum lifa. Þess vegna verðum við að búa að þessu tvennu betur en öllu öðru. Þess vegna tel ég ekki eftir mér að láta mikla peninga í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi ef með þarf. Jafnmikilvægt tel ég að láta mikla peninga í menntun og þekkingarleit og rannsóknir í þessu landi ef við ætlum að lifa hér eins og manneskjur. Þess vegna er skelfilegt að hlusta á þingmenn sem eru kannski ekki miðaldra — ég skal nú leiðrétta mig, einn hv. nefndarmaður telst líklega til þeirra ungu enn þá, enda sýnir það sig í því að hann skuli halda því fram að framlög til framfærslu námsmanna á meðan þeir fórna lífi sínu og kröftum til þess að afla þekkingar sé sams konar lán og menn hafa til þess að kaupa sér bíla og húsgögn og íbúðir. Þetta er auðvitað slík firra að það er óhugsandi að ræða lánamál íslenskra námsmanna nema það sé alveg ljóst. Þess vegna hlýt ég að krefjast þess að hæstv. menntmrh., sem nú ber ábyrgð á þessum málaflokki í landinu, svari mér því afdráttarlaust hvort hann geri greinarmun á lánum til framfærslu námsmanna meðan á námi stendur og öðrum lánum. Það verð ég að fá að vita, annars get ég ekki talað um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er ekkert vit í því á þeim forsendum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Bjallan glumdi áður en ég var búinn að koma því til skila sem ég vildi sagt hafa, en ég geri þó hlé á þeirri ræðu til að víkja örfáum orðum að hv. 17. þm. Reykv. Mér var það mikið ánægjuefni að hann skyldi biðja um orðið og flytja hér efnislega og á pörtum nokkuð góða ræðu. Ég mun aldrei saka hann um innihaldsleysi, hvorki í ræðu né riti eða á öðrum sviðum, en það má alltaf deila um gæði. Það kom aftur á móti mjög skýrt fram í þeirri ræðu sem hann flutti hver er nútíðarvandi núv. ríkisstjórnar. Nútíðarvandinn er einfaldlega sá að formaður þingflokks Alþfl. hefur ekkert hugsað sér að samþykkja þær hugmyndir sem hæstv. menntmrh. ætlar að koma á framfæri. Það er ekkert samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna. Ekkert samkomulag. Það getur vel verið að þeir sjóði eitthvað saman þegar fer að nálgast jól, en í dag er ekkert samkomulag.

Ég vil vekja athygli á því sem ég gerði hér að umræðuefni og var kominn að í ræðu minni en það er sá þáttur er lýtur að þeim mönnum sem ekki munu starfa á íslenskri grund í framtíðinni, en hafa notiðhér mikils stuðnings samfélagsins.

Ef sá skilningur hv. 9. þm. Reykv. er lagður til grundvallar að þetta sé fjárfestingarsjóður þjóðarinnar hljótum við að spyrja, ef við berum saman það nám sem menn stunda og þá atvinnumöguleika sem þessi þjóð býður upp á í framtíðinni, hvort þar sé samræmi. Auðvitað viljum við að námsmenn hafi algjört frelsi með að velja sér það sem þeir vilja læra. En frelsinu fylgir einhver ábyrgð. Frelsi verður alltaf að fylgja einhver ábyrgð og sá sem tekur ákvörðun um það að fara í nám og þiggur há laun, eins og hv. 17. þm. Reykv. sagði að mundi verða í vaxandi mæli í framtíðinni, menn mundu fara í háskólanám, menn mundu ekki starfa hér á landi, menn mundu fara í nám erlendis. Hann sagði: Menntamenn þjóðarinnar munu í vaxandi mæli leita til erlendra þjóða þar sem þeir fá hærri laun.

Þess vegna segi ég: Höfum við störf fyrir 121 arkitekt sem hefur fengið úthlutað 1989–1990? Hér erum við með 216 lækna, 232 lögfræðinga, 789 verk- og tæknifræðinga og 490 í listgreinum. Verður þetta í samræmi við þá atvinnumöguleika sem íslenskt þjóðfélag getur boðið upp á? (**GHelg:** Já.) Já, segir hv. 14. þm. Reykv. og ég býst við að hún hafi hugsað um lögfræðingana, þeir virðast endalaust geta fundið sér vinnu en ég er ekki alveg jafnviss um alla hina. En ef þetta fólk fær mjög góð störf erlendis — við skulum óska því alls hins besta, það á rétt á því að velja sér nám og velja sér starfsvettvang, það er hluti af því lýðræði sem við styðjum. Það er ekkert að því ef það tekur ákvörðun um að setjast að erlendis og vera þar í góðum störfum — hvers vegna er þá ekki eðlilegt að það greiði til baka með vöxtum? Greiði einhverja vexti til baka af þeim fjármunum sem það fær. Hinir greiða nefnilega öll lánin til baka. Þeir greiða þau með tvennu móti. Annars vegar í gegnum afborganirnar, hins vegar í gegnum skattana. Það kom skýrt fram hjá hv. 14. þm. Reykv. að við greiðum skatta til margra hluta og þeir aðilar sem nú eru í framhaldsnámi á Íslandi og taka námslán og munu starfa hér á landi, munu greiða til baka að fullu sín námslán. Hverja einustu krónu í gegnum þetta tvennt. Spurningin er: Eiga þeir líka að greiða það sem hinir fengu sem setjast að erlendis? Það er hin siðferðilega spurning sem við verðum að gera upp við okkur. Höfum við efni á því að hafa þannig kerfi að t.d. Svíar telji það hagstæðara fyrir sig að borga læknum hærri laun en láta þá hafa minni námslán í von um að þeir fiski með því móti lækna erlendis frá og þurfi ekki að mennta jafnmargra lækna? Er það rökrétt að íslenska þjóðin greiði, hvort heldur við köllum það heimanmund eða útflutningsbætur, með gáfuðustu þegnum þjóðarinnar? Er það rökrétt? Ég tel að þar sé um svo vandaða útflutningsvöru að ræða að það sé mjög ólíklegt að það þurfi að greiða með henni. Þess vegna fer ég ekki ofan af því að þetta er sá þáttur í endurgreiðslukerfinu sem ber að skoða. Þetta á ekkert skylt við átthagafjötra eða nokkurn skapaðan hlut slíkan, þetta er bara spurningin um það að um leið og við viðurkennum að það eru sjálfsögðustu mannréttindi að þegnarnir fái að velja sér námsefni eins og þeir hafa áhuga á, um leið og við viðurkennum frelsið viðurkennum við ábyrgð frelsisins og við viðurkennum nauðsyn þess að íslenskt samfélag fái til baka eitthvað af því sem við höfum lagt til undir þessum kringumstæðum.

Ég vil þakka frummælanda fyrir það að hafa tekið

þetta mál hér á dagskrá. Ég er sannfærður um að svo er hv. 17. þm. Reykv. fyrir að þakka að kvíði námsmanna hefur minnkað verulega. Það reyndist nefnilega þegar til kom hægt að brýna deigt járn svo að bíti og það eru hinir jákvæðu hlutir sem við höfum upplifað hér í dag. Í staðinn fyrir að sitja eins og dauður hlutur í sæti sínu og láta málflutninginn ekkert á sig hafa þá rak hann af sér slyðruorðið og gerði grein fyrir því hvaða atriði það væri sem hann vildi skoða. Og það var athyglisvert sem hann sagði: Alla mína ævi hef ég átt í stríði út af Lánasjóðnum. Hann veit ekki til þess að það sé búið að semja frið. Hann veit ekki til þess. Honum eru það bara ný tíðindi ef það er búið að semja frið í málinu. Þannig liggur það alveg ljóst fyrir að hugmyndir sjálfstæðismanna um endurskoðun á þessum lánasjóði verða að taka verulegt mið af því hvað hv. 17. þm. Reykv. telur sig geta samþykkt.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins svara þeim áhyggjum hv. 2. þm. Vestf. hvort rými sé fyrir fagmenn eða háskólamenn af ýmsu tagi, svo og svo marga arkitekta, svo og svo marga lögfræðinga o.s.frv. Ég vil benda hv. þm. á að þau störf hafa mjög riðlast sem menn gegna. Svo dæmi sé tekið, þá hafa Japanir eins og allir vita komist mjög langt í allri tækniþekkingu og enginn endir er á þeim mannafla sem þeir hafa til þeirra hluta. Flest og raunar öll stór fyrirtæki keppast nú við að ráða, ekki lengur tölvufræðinga eða raunvísindamenn, heldur heimspekinga og siðfræðinga vegna þess að menn eru komnir að þeim mörkum þegar þeir fara að efast um hvort lengra eigi að halda. Við getum nú með þeirri tækniþekkingu sem við höfum næstum því búið til lítil börn í plastbökkum. Á einhverju augnabliki gæti farið svo að menn kölluðu til þá sem hafa lagt það fyrir sig að hugsa og spyrðu þá, hversu langt við eigum að ganga. Þannig held ég að sé um ótrúlega margar greinar að öll þekking nýtist. Ég held að ekkert, sem manneskjan lærir nýtist henni ekki á einhvern hátt. Ég hef því ekki minnstu áhyggjur af því hvað menn læra. Ég held að það sé aukaatriði.

Varðandi áhyggjur hv. þm. um að þeir menn, sem setjast að erlendis, greiði ekki til baka það sem þeir fengu vil ég minna á að þekking nýtist auðvitað alls staðar. Íslensk þekking líka. Ég veit ekki betur en nú séu tveir íslenskir læknar, annar í Chicago og hinn í Stokkhólmi, að vinna að merkum uppgötvunum í læknisfræði. Ég er einungis stolt af þessum mönnum, mér er alveg sama hvort þeir losna við að borga af námslánum sínum, ég efast nú reyndar um að þeir geri það, en ég er hreykin og stolt af því að þessi íslenska þekking skuli nýtast úti í hinum stóra heimi.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við ræðu hv. 2. þm. Vestf. Ég held að ekki sé ástæða til þess fyrir námsmenn að verða áhyggjulausir eða andvaralausir þrátt fyrir ræðu hv. 17. þm. Reykv. Össurar Skarphéðinssonar hér áðan. Það skiptir nefnilega ósköp litlu máli hvoru megin hryggjar hann liggur í þessu máli. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar er það traustur, ég vil nú ekki segja traustur ég vona a.m.k. að hann sé það ekki, en hausatalan dugir til þess að koma fram lagasetningu sem skerðir hlut námsmanna hvað svo sem hv. 17. þm. Reykv. segir. Ég set mitt traust miklu fremur á gætni og skynsemi hæstv. menntmrh. því ég þekki hann að öllu góðu frá gamalli tíð. Ég veit að hann er líklegur til þess að taka sönsum og láta ekki ólma flokksbræður sína eða ólma alþýðuflokksmenn æsa sig til óhæfuverka gagnvart íslenskum námsmönnum. Ég held að við hljótum að líta á það að fjárfesting í námi er mikilvæg. Við framsóknarmenn viljum, og ég vona meiri hluti þingheims, varðveita jafnrétti til náms og það verður ekki gert nema með því að breyta þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur tekið upp eða virðist fylgja og hæstv. menntmrh. ber að vísu nokkra ábyrgð á, þ.e. skólagjöldum og skerðingu námslána.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var sagt um ágætan Íslending: Reikning hjartað aldrei skildi. Og það verður að segjast eins og er með hv. 14. þm. Reykv. að þar gætir verulegs misskilnings. Ég hafði ekki áhyggjur af að þessir aðilar fengju ekki vinnu. Ég hef þvert á móti trú á að þeir muni fá vel launaða vinnu, og mér þykir sennilegra að stór hluti af þeim muni fá þá vinnu erlendis. Mér þykir það sennilegra. Ég tók líka skýrt fram að ég taldi að það væri allt í lagi. En hvers vegna mega þeir sem hafa fengið vel launaða vinnu erlendis ekki taka þátt í því að greiða þessi námslán í ríkara mæli en þeir gera fyrst þeir sem eru hér á landi greiða námslánin að fullu, annars vegar með sköttunum og hins vegar með endurgreiðslum?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Páli Péturssyni fyrir traustið sem hann hefur á mér. Hann má vita það og þingmenn almennt að ég mun fara gætilega í þessu máli, en ég tel það fyrst og fremst skyldu mína að gæta hagsmuna lánasjóðsins sem hefur ekki verið gert á undanförnum árum. Það er viðfangsefni ríkisstjórnarinnar að koma því máli svo fyrir að framtíð lánasjóðsins sé tryggð.

Ég er líka sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að öll þekking sem menn verða sér úti um nýtist þótt menn starfi kannski ekki beint í því fagi sem þeir hafa lært til. Ég er sammála þessu. (**GHelg:** Þingmenn eru nú gott dæmi um það.) Já, já, þeir eru gott dæmi um það, það er alveg rétt.

Mér þykir hins vegar leitt ef ég hef ekki svarað spurningum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur nægilega skýrt. Hún taldi sig hafa fengið lítil svör. Ég held að í ræðu minni megi lesa svör við öllum hennar meginspurningum. Ég get hins vegar tekið strax fram, vegna þess að hv. þm. óskaði sérstaklega eftir svari við þeirri spurningu hvort ég liti á námslán sem hver önnur önnur lán, að það geri ég ekki. Einnig kom það skýrt fram í mínu máli þegar ég ræddi um hugmyndir sem ég gæti hugsað mér að festa á blað þegar rætt væri um hvernig meginmarkmiðum lánasjóðslaganna skyldi náð. Ég

talaði þar sérstaklega um að það skyldi felast í fyrsta lagi í rétti manna í tiltekinn afmarkaðan tíma til þess að njóta lánafyrirgreiðslu á sérkjörum frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta þýðir auðvitað að lán eru ekki veitt þaðan með venjulegum hætti, með einhverjum venjulegum markaðsvöxtum. Ég nefndi líka styrkjakerfið. Í þriðja lagi nefndi ég möguleika á lánum þegar lengra væri komið í námi sem bæru einhverja vexti. Ég vona því að þetta sé alveg ljóst.

Ég vona að einnig sé ljóst að ég er ekki að varpa frá mér neinni ábyrgð þótt ég hafi sagt að ég muni ekki gefa væntanlegri nefnd nákvæm fyrirmæli um það hvernig lagafrv. hún skuli semja. Ég treysti mér alveg út af fyrir sig til þess að semja frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna, jafnvel við eldhúsborðið heima hjá mér eins og einn ágætur fyrrv. og genginn þm. gerði um frægan lagabálk. Ég treysti mér alveg til þess, en ég tel það bara ekki réttu leiðina. Þess vegna er það að ég mun skipa nefnd til að vinna úr þeim hugmyndum sem þegar eru komnar fram, annars vegar frá nefndinni sem Guðmundur Magnússon veitti forstöðu og hins vegar frá samtökum námsmanna. Ég geri ráð fyrir að úr fleiru megi vinna, þar á meðal þessum ágætu umræðum sem farið hafa fram hér í dag. Það tel ég vera viðfangsefni nefndarinnar, að fara rækilega í gegnum þessa umræðu. Það finnst mér eðlilegt.

Ég vona að menn viti það líka að auðvitað er hafin vinna við þetta mál allt saman. Það er ekki eins og við séum á einhverjum byrjunarreit. Það er alls ekki svo. Menn þekkja auðvitað þetta mál og menn vita hvar það er statt. Það hafa verið lagðar fram ýmsar hugmyndir, eins og ég sagði áðan, og úr þessum hugmyndum verður unnið. Ég sé satt að segja ekki ástæðu til að ætla að slík vinna þurfi að taka einhvern óratíma. Auðvitað er með hægt að tefja málið ýmsum ráðum og það er ekkert auðveldara en að tefja það jafnvel út allt þetta þing, eins og kom fram í máli eins ræðumannsins, og hann vonaðist jafnvel til þess. Ein ágæt leið til þess er einmitt að tilnefna í nefndina fulltrúa frá öllum stjórnmálaflokkunum og frá öllum hugsanlegum hagsmunasamtökum. Þar hittum við áreiðanlega á leiðina sem dugar til þess að fresta þessu máli alveg út þetta þing. Það er hins vegar ekki leiðin sem ég hugsa mér að fara, alls ekki.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vitnaði enn í skýrslu Ríkisendurskoðunar, en það er ekki lesið nægilega langt. Það kemur alveg ljóslega fram sem ég gat um í minni fyrri ræðu í dag að það var mat ríkisstjórnarinnar, miðað við að fjárveiting þyrfti að vera 66% af námsstuðningnum, að það þyrfti að verja 3.600 millj. kr. af ríkisfé til að sjóðurinn væri á sléttu. Svona er þetta. Ef mönnum þykir það í lagi, ef meiri hluti er fyrir því í þinginu, er það ákvörðun út af fyrir sig sem ég nefndi líka í fyrri ræðu minni, að þingið gæti tekið ákvörðun um þetta og þingið þarf auðvitað að taka ákvörðun. Það er ekki mín skoðun að meirihlutafylgi sé við slíkt fjárframlag hér á Alþingi en kannski veð ég þar í villu. Á það mun eflaust reyna.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson kom víða við í sinni ræðu og gerði nokkurt mál úr þeirri skerðingu sem ákveðin var í vor með reglugerðarbreytingunni. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta sem ég hef áður sagt um hvers vegna þessi ráðstöfun var gerð. Við vorum að draga úr þeirri umframfjárþörf sem við blasti þá og töldum okkur hafa gert það nægjanlega miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir og ákváðum um leið að leggja til við Alþingi að 400 millj. kr. yrði bætt við frá því sem ákveðið var í fjárlögum yfirstandandi árs og sú tillaga er þegar komið fram í fjáraukalagafrv. Ég gat þess líka í fyrri ræðu minni að því miður voru þessar upplýsingar ekki réttar, því miður. Það liggur fyrir að enn er viðbótarfjárþörf allt að 300 millj. kr. Við alþingismenn komum til með að standa frammi fyrir því hvernig við eigum að leysa þann vanda. Þar eru aðeins tvær leiðir til, að bæta við þessa tillögu til fjáraukalaga eða taka meiri lán, ýta vandanum sem sagt áfram á undan sér eins og hefur verið gert. Ég tel það ekki skynsamlega leið. Ég vil að það komi fram strax.

Vegna þess að talað hefur verið um af fleiri en einum þingmanni að samtök stúdenta hafi rétt fram sáttarhönd og ekki megi slá á hana ætla ég mér ekki að gera það. Ég vonast eindregið til þess að við getum náð samstöðu við stúdenta um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru og ég met það við stúdenta að þeir hafa gert sér grein fyrir því að lánasjóðurinn er í vanda. Þeir hafa sagt það beinum orðum og mér þykir það góðs viti að slíkar yfirlýsingar komi fram.

Það er alveg rétt líka sem hér hefur komið fram í umræðunni að stúdentar lögðu fram sparnaðartillögur þegar í sumar. Þeir gerðu það. Því miður treysti stjórn lánasjóðsins sér ekki til að fallast á þær tillögur, fyrst og fremst vegna þess að þær gengu eingöngu í þá átt að draga úr fjárþörfinni á yfirstandandi ári, sem sagt fram að áramótum, en vandinn að öðru leyti skilinn eftir. Stjórn lánasjóðsins taldi ekki rétt að fara þá leið, heldur að ganga lengra. Ég ítreka það hins vegar enn og aftur að ég met það við stúdenta að þeir skuli gera sér grein fyrir þessu og eru tilbúnir til þess að taka þátt í að athuga leiðir til að ráða fram úr þessum vanda.

Ýmislegt fleira kom fram í ræðu hv. þm. Finns Ingólfssonar sem ástæða er til að fara aðeins yfir. Hann nefndi nokkur þeirra atriða sem koma fram í hugmyndum nefndarinnar sem ég skipaði í sumar, bæði styttingu endurgreiðslutímans, hugmyndirnar um vextina og að endurgreiðsla hæfist strax einu ári eftir námslok í stað þriggja nú. Mér heyrðist á hans máli að hann hafnaði í raun og veru öllum þessum hugmyndum. Hann nefndi að vísu möguleika á að taka vexti af lánum síðar á greiðslutímanum, ef ég hef skilið hann rétt, og það er út af fyrir sig hugmynd sem ástæða er til að kanna nánar. Mér finnst einhvern veginn að í máli hv. þm., sem hér hafa talað og gert þessar hugmyndir nefndarinnar að umræðuefni, sé hugmyndum nefndarinnar yfirleitt hafnað.

Þá sé ég ekki annað eftir en kannski það sem kom nokkuð skýrt fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar. Hann nefndi þrjár leiðir sem menn stæðu frammi fyrir, ég held að ég hafi tekið rétt eftir, í fyrsta lagi að hækka framlag ríkissjóðs, í öðru lagi að ríkið yfirtæki lánin sem hvíldu á lánasjóðnum og í þriðja lagi að rík-

ið greiddi vextina af lánum sem sjóðurinn hefur tekið. Mér finnst þetta satt að segja allt saman vera orðaleikur. Allt þýðir þetta það sama. Það þýðir einfaldlega að það þurfi að hækka framlög ríkissjóðs. Svo nefndi hann að vísu fjórðu leiðina, að lækka útlán LÍN, sem ég býst ekki við að hann sé að leggja til. Allt ber því að sama brunni í máli hv. þm. sem hér hafa talað. Það er hærra ríkisframlag. Ekki trúi ég að menn séu í raun og veru að leggja til áframhaldandi lántökur á háum vöxtum og vaxtalaus útlán og ýta enn vandanum á undan sér. Það vita allir að það leiðir til ófarnaðar og ég trúi því ekki að það séu í raun og veru tillögur hv. þm. sem hafna þeim hugmyndum sem hér hafa verið til umræðu.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði í sinni ræðu að hann teldi það hafa verið lagabrot hjá fyrrv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur að skerða lánin svo sem þá var gert. Ég ætla ekki að leggja dóm á það. Ég held ekki. En ég spyr á móti: Er það virkilega svo, ætlar Alþingi að sætta sig við það að ráðherra menntamála í þessu tilfelli hafi alveg ótakmarkaðan rétt til að breyta reglugerðum, hækka námslán eftir einhverjum hugdettum sem koma í kollinn á hæstv. ráðherra þá og þá stundina, án þess að hafa nokkra heimild frá Alþingi og sjáandi það að verið sé að stofna lánasjóðnum í hættu? Er það virkilega svo að menn eigi að hafa þessa heimild? Ég held að það hafi verið í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar sem efi kom fram um að ráðherra ætti að hafa þessa heimild. Er það ekki rétt? Ég er alveg sammála hv. þm. Ég held að það eigi að takmarka þessar heimildir. Þær eru varhugaverðar, sérstaklega ef þær eru notaðar eins og hefur verið gert. Það er miklu betra, öruggara — (**FI:** Á hvorn veginn sem er?) Já, já, við skulum alveg segja það, á hvorn veginn sem er. Ég sagði í fyrri ræðu minni í dag að við þyrftum að koma þessari löggjöf um námsaðstoð þannig fyrir að námsmenn mættu vita að hverju þeir gengju en ekki væri alltaf verið að hræra í þessu og breyta. Ég er alveg sammála því. Það er meginmarkmið að koma löggjöfinni þannig fyrir að námsmenn og ég tala nú ekki um þingmenn viti hvernig þessi mál standa.

Já, það var býsna athyglisvert að heyra í hv. þm. Svavari Gestssyni og raunar líka í hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar þessir hv. þm. tala um vanda sjóðsins. Það er sem sagt ekkert tiltökumál í hugum þessara hv. þm. að ríkið yfirtaki skuldirnar. Það var dálítið skondin hugmynd sem kom fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að lánasjóðurinn ætti fremur heima hjá félmrh. Ég er alveg sammála því ef á að haga sér svona. Ef á að haga sér svona er þetta bara nokkuð góð hugmynd, að hafa þetta hjá félmrh. Það er sem sagt ekkert tiltökumál að ríkið yfirtaki skuldirnar og þannig höguðu hæstv. ráðherrar sér í síðustu ríkisstjórn. Þeir bjuggu til alls konar sjóði sem framtíðin á eftir að finna fyrir og við erum þegar farnir að finna fyrir. Það var ekkert tiltökumál fyrir ríkisstjórnina síðustu að yfirtaka skuldir Orkubús Vestfjarða. Nei, það var ekkert tiltökumál. Þetta er félagsleg aðgerð eins og það heitir og alveg sama er með lánasjóðinn. Þegar búið er að koma honum í þá stöðu sem hæstv. fyrrv. ráðherra gerði á að koma eftir eitthvert árabil og segja: Auðvitað á ríkið að yfirtaka skuldirnar, vitanlega. Og kannski er það eina leiðin þegar búið er að koma þessu svona fyrir.

Ég held að kannski sé ekki ástæða fyrir mig að vera að lengja þessa umræðu mikið. Eitt fannst mér dálítið athyglisvert. Ég vona að ég hafi misskilið hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson þegar hann var að tala um þá skyldu sem er lögð á námsmenn nú, að gefa upp húsaleigu, að þeir greiði húsaleiguna. Er það virkilega svo að eitthvað sé óeðlilegt við það? Ég veit að stúdentum þykir það ekki óeðlilegt, ég veit það. Auðvitað eiga allir að gefa upp húsaleigu, hver einasti maður sem hana greiðir og líka þeir sem taka við henni. Það vita allir að á þessu er misbrestur. En ef þingmenn ætla að fara að mæla því bót að lög séu þannig brotin, þá er illa komið fyrir okkur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð í þessu máli nú. Við eigum auðvitað eftir að ræða málefni lánasjóðsins frekar á þessu þingi og ég vona og ég treysti því að sú umræða fari fram nú á haustþingi. Mér er alveg ljóst að það er skammur tími til stefnu. Mér er það alveg ljóst. Ég vona hins vegar að það takist að undirbúa málið með fullnægjandi hætti til þess að gera skömmum tíma og það komi til umræðu sem allra fyrst að nýju. Þá munum við ræða það, þ.e. þegar frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna verður lagt fram.

Ég vil svo að lokum þakka fyrir ágæta umræðu. Auðvitað kemur fram nokkur áherslumunur í máli manna. Það er eðlilegt. Ég tel hins vegar að þessi umræða hafi verið gagnleg. Hún er gagnleg fyrir það starf sem fram undan er við undirbúning og framlagningu frv. um þetta mikilvæga efni.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hæstv. menntmrh. áðan, af því að hann misskildi mína ræðu, vil ég að skýrt sé hvað ég átti við í mínum tillögum og ætla þess vegna að fara aðeins betur yfir það.

Ég fjallaði sérstaklega um þrjú atriði í þessum hugmyndum nefndarinnar og það er rétt hjá hæstv. menntmrh. að ég hafnaði þeim öllum. Það þýðir ekki að ég hafi hafnað öðrum hlutum sem koma fram í nefndarálitinu og held ég að þeir séu 10 eða 12 til viðbótar. Finnst mér rétt að skoða margt af því sem þar er. Ég hafna því hins vegar algjörlega að vextir séu settir á námslán af því að ég fann það að menntmrh. misskildi það í mínum málflutningi.

Tillaga mín til menntmrh. er þessi: Í fyrsta lagi að hann skipi nefnd sem námsmenn, stjórnarandstaða og ríkisstjórn eiga aðild að til þess að koma á sátt um lánasjóðinn.

Í öðru lagi er endurheimtuhlutfall sjóðsins vandamálið og markmiðið með endurskoðun laganna þarf að vera það að hækka endurheimtuhlutfallið, ná inn sem næst 100% af því sem sjóðurinn hefur lánað út. Það tel ég að sé hægt að gera með því að tvískipta endurgreiðslunni, þ.e. að fyrstu 25 árin séu tekjutengd og þá gæti ég vel hugsað mér að hækka mætti tekjutengingarprósentuna úr 3,75% í 4,5% þannig að tekjutenging-

in yrði enn sterkari en hún er í dag. Að þessum 25 árum liðnum yrði allt lánið gjaldfellt og eftirstöðar yrðu vaxtalausar áfram sem jafngreiðslulán til 15 ára.

Í þriðja lagi tek ég undir þá tillögu hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar að lán til þeirra Íslendinga sem starfa erlendis verði gjaldfelld, endurgreiðslur þar verði hertar og vextir settar á lánin. Þetta tel ég vera skynsamlegt, ekki síst í ljósi þess hvernig menn líta á vextina sem hluta af framlagi ríkisins til menntamála.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. var ekki viss hvort hann hefði skilið mig rétt og honum til upplýsingar vil ég geta þess að ég las hér upp orðrétt athugasemdir sem fram höfðu komið frá nemendum við Háskóla Íslands. Þeir spurðu ekki hvað væri rangt eða rétt, þeir gátu aðeins um afleiðingarnar af tiltækinu. Sjálfum er mér fullkunnugt um það hvað er rætt, hæstv. menntmrh., þegar menn semja um leigu á húsnæði. Það er mér fullkunnugt um. Ég taldi ástæðulaust annað en að koma því á framfæri einfaldlega vegna þess að ég hygg að hæstv. menntmrh. megi eiga orðastað við sína kjósendur í nokkuð ríkum mæli ef hann ætlar að fara að tala um það sem einhvern stórglæp, sem víða er tíðkað á höfuðborgarsvæðinu, að leiga fyrir húsnæði er ekki rétt gefin upp. Þetta er opinberlega vitað og hæstv. menntmrh. veit þetta fullvel. Í það minnsta er þá mjög mikið oflof í því sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur borið á hann ef þetta er eitthvað sem hann hefur ekki áttað sig á.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er eins gott þegar þessir ráðherrar eru annars vegar að menn séu ekki búnir að tala sig dauða þegar umræðum lýkur, þegar ráðherrar ljúka umræðum með samfelldum árásum á ræðumenn sem áður hafa talað. Þess vegna er eins gott að ég á korter eftir til þess að svara ýmsum þeim atriðum sem fram komu í máli hæstv. menntmrh. og ódrengilegum málflutningi hans, alveg ótrúlega ódrengilegum.

Hæstv. ráðherra veltir því fyrir sér hver eigi að borga og menn segi af hálfu Alþb.: Við látum okkur þetta í léttu rúmi liggja þó að ríkissjóður þurfi að borga fyrir Orkubú Vestfjarða og RARIK og Lánasjóð ísl. námsmanna og guð veit hvað. Með þessu er hæstv. ráðherra auðvitað að gefa það í skyn að okkur sé nákvæmlega sama um það hvaðan hlutirnir koma, hvað þeir kosta og það megi eyða, sóa og spenna eins og hverjum og einum dettur í hug. Ég vísa þessum málflutningi að sjálfsögðu algjörlega á bug, og það er meira, ég segi: Hann er ódrengilegur vegna þess að hæstv. menntmrh. á auðvitað að þekkja það eins og aðrir hér hvernig alþýðubandalagsmenn hafa haldið á málum, bæði að því er varðar stjórn ríkisfjármálanna og að því er varðar stjórn einstakra sveitarfélaga sem ég gæti rakið fyrir hæstv. ráðherra við tækifæri.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, ég tel að Sjálfstfl. sé ekki aflögufær varðandi leiðbeiningar um yfirstjórn ríkisfjármála eða fjármála t.d. sveitarfélaganna, eins og þess sveitarfélags sem við erum stödd í, Reykjavík. Ég vísa því þessum vinnubrögðum og þessum yfirlýsingum hæstv. menntmrh. algjörlega á bug. En ég segi við hann, eins og ég er oft búinn að segja áður í þessari umræðu, Hvað á að gera? Og ég svara því svona: Þar koma margar leiðir til en setjum nú svo að fyrrv. menntmrh. hafi verið sá örlagavitleysingur sem hæstv. núv. menntmrh. ber á mig aftur og aftur. Er þá rétt að hefna þess eingöngu á námsmönnum? Er rétt að leggja þá pinkla sem fyrri stjórn skilur eftir sig eingöngu á námsmenn? Ég segi nei. Ég tel að sú nálgun málsins af hálfu núv. menntmrh. sé siðlaus með öllu vegna þess að auðvitað er hér um að ræða sameiginlegan vanda þjóðarinnar allrar hverjum svo sem um er að kenna. En núv. menntmrh. sér engin önnur hugsanleg fórnarlömb í þessu máli en námsmenn. Það eru þeir sem eiga að bera pinklana. Það er þessi nálgun sem ég tel að sé fyrir neðan allar hellur.

Ég tel, eins og ég benti á áðan, að margar leiðir séu til varðandi það að taka á fjárhagsmálum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég hef bent á þann möguleika að yfirtaka eitthvað af skuldum lánasjóðsins eins og oft hefur verið gert varðandi félagsleg fyrirtæki og sjóði af ýmsu tagi og þessum hæstv. ráðherra hefur ekki þótt tiltökumál á öðrum sviðum þó að hann sjái ofsjónum yfir því að því er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ég tel líka hugsanlegt að auka framlög til sjóðsins með beinum hætti. Ég tel líka hugsanlegt að lengja lán sjóðsins og skuldbreyta þeim og létta þannig greiðslubyrði hans. Á allt þetta benti ég, en ég sagði líka í fyrri ræðu minni í dag: Það er auðvitað hægt að gera ýmsar ráðstafanir til að takmarka útlán. Og hvernig á að takmarka útlán? T.d. með þeim hætti að tekjutengingin verði brattari, tekjutillitið verði brattara en það er núna. En hvað gerði þessi hæstv. ráðherra í málinu í sumar? Hann skar niður námslánin flatt en breytti tekjutillitinu þannig að það kom hátekjunámsmönnum sérstaklega til góða og undir þetta skrifaði Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Svo kemur þessi hæstv. ráðherra og belgir sig yfir okkur þingmönnum fyrir það að hann sé sá eini sem viti og kunni í þessum málum. Það sem hann veit og kann er greinilega eitt. Hann kann að skera niður flatt og hann kann að leggja vandann á lágtekjunámsfólk og sérstaklega konur sem eru í námi.

Ég tel að þessi vinnubrögð séu fyrir neðan allar hellur, en ég hafði ekki hugsað mér að fara að stökkva á hæstv. ráðherra í þeim umræðum sem hér fara fram heldur reyndi ég að leggja mitt mál upp með málefnalegum hætti í umræðunum fyrr í dag. Hæstv. ráðherra telur sig hins vegar þess umkominn, eftir allt það sem hann hefur afrekað í þessum málum með sérstökum árásum á lágtekjunámsmenn, að stökkva á einstaka þingmenn með þeim hætti sem hann gerði áðan í lok umræðunnar, með ódrengilegum hætti.

Hæstv. menntmrh. sér enga aðra leið en að leggja þetta allt á námsmenn. Það er niðurstaða umræðunnar í dag. Það er eini hópurinn sem hann telur að sé í raun og veru aflögufær. Það eru hin breiðu bök Sjálfstfl., námsmenn. Hæstv. ráðherra hefur t.d. ekki minnst á þann möguleika sem fram kom í kattarþvottarræðu hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að hugsanlega mætti

hafa brattari endurgreiðslur eftir tekjum. Ég er 100% sammála því. Ég er jafnaðarmaður í orði og í verki. Það er munur eða það sem sagt verður um suma sem eru stundum að glenna sig hér í þingsalnum en koma ótrúlega sjaldan í ræðustólinn miðað við hvað þeir voru gleiðir hér fyrr á öldinni.

En auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að hægt er að ná inn tekjum og styrkja Lánasjóð ísl. námsmanna með því að breyta endurgreiðslunum þannig að þeir sem hafa miklar tekjur borgi meira. Auðvitað. Þetta höfum við verið að tala um. En hæstv. menntmrh. sér þetta ekki. Hans eina lausn er sú að leggja þetta á námsmenn á grundvelli ójafnaðarstefnu þessarar ríkisstjórnar.

Svo kemur hæstv. menntmrh. og leyfir sér að halda því fram að menn hafi verið að breyta lánunum í blóra við vilja Alþingis. Það er auðvitað fullkomlega rangt. Ég tel að í þessum efnum hafi menn auðvitað haft fullan stuðning Alþingis að lokum þó að það þyrfti að snúa suma niður með handafli, eins og formann Alþfl., til að styðja þá stefnu sem fyrrv. ríkisstjórn fylgdi í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það var gert og það handafl var til. Auðvitað var mönnum þetta ljóst. Ég vil hins vegar taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni, 11. þm. Reykv. ef ég man rétt. Auðvitað er það út af fyrir sig umhugsunarefni hvað ráðherrann hefur rúmar heimildir samkvæmt lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég tel að þær heimildir séu of rúmar. Ég tel að þær séu hættulega rúmar á þeim tímum þegar íhaldsmenn sitja í menntmrn. Reynslan af þeim er slæm. Allt er þá þrennt er. Nú heita þeir Ragnhildur, Sverrir og Ólafur, hæstv. ráðherrar. Reynslan af þeim öllum er slæm. Sönnunin liggur fyrir. Ég tel þess vegna að það sé rétt og skynsamlegt að takmarka heimildir ráðherra í lögunum. Ég tel að það sé skynsamlegt.

Síðan segir hæstv. ráðherra að það sé alltaf verið að hræra í lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og það sé slæmt fyrir námsmenn. Þetta er rangt. Það liggur ekki þannig í málinu. Staðreyndin er sú að engir hafa í raun og veru hrært í þessum lögum nema þessir þremenningar sem hafa gegnt þessu starfi af hálfu Sjálfstfl. Að öðru leyti hafa menn verið að framkvæma þessi lög eins og þau voru sett á sínum tíma.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég tel að þessi umræða hafi fyrst og fremst sýnt það að núv. menntmrh. og ríkisstjórn sjá bara eina lausn á vanda Lánasjóðs ísl. námsmanna og hún er sú að skerða kjör námsmanna. Þessir menn sjá enga aðra lausn.

Ég vil taka þetta fram fyrir hönd míns flokks: Ég hef engan áhuga á að Alþb. taki þátt í nefnd sem vinnur eftir þeim forskriftum sem hæstv. núv. menntmrh. ætlar að gefa. Ég segi hins vegar: Ef menn eru tilbúnir til að reyna að stuðla að þjóðarsátt um Lánasjóð ísl. námsmanna, hvort sem það er allra flokka og námsmanna eða annarra, erum við tilbúin til að leggja okkar af mörkum í þeim efnum og ganga í það verk með skjótum og ábyrgum hætti eins og við höfum jafnan gert. Ég vil hins vegar inna hæstv. ráðherra eftir því sem hefur ekki komið fram skýrt svar við og spyr að lokum þessarar spurningar: Verða námsmenn með í þeirri nefnd sem á að endurskoða lögin sem á að afgreiða fyrir jól? Er ekki seinna vænna að fara að skipa nefndina svo að hún geti unnið í þessu og byrja helst strax í kvöld miðað við þann verkhraða sem er á núv. ríkisstjórn yfirleitt. Munu námsmenn fá tækifæri til að tilnefna mann í þessa nefnd eða ekki?

Ég kvaddi mér hljóðs, virðulegi forseti, vegna þess að andsvarstíminn dugði ekki, vegna þess að hér var auðvitað um þvílík svigurmæli að ræða í ræðu hæstv. menntmrh. að útilokað var annað en að svara þeim. Niðurstaða mín er sú að núv. ríkisstjórn sjái því miður enga lausn aðra en þá að skerða kjör námsmanna. Það er dapurleg niðurstaða á annars góðri og málefnalegri umræðu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kom staðfesting á því sem hefur svo sem áður komið fram í þessari umræðu, að ráð hv. þm. Svavars Gestssonar og ég geri ráð fyrir hans flokks við vanda lánasjóðsins sé einfaldlega að hækka ríkisframlagið. Það er alveg sama hvað það er kallað, hvort það er kallað að ríkið yfirtaki lánin eða greiði vexti, þetta er niðurstaðan. Hún er þessi og þetta er skoðun út af fyrir sig.

Hv. þm. sagði að auðvitað hefði lánum ekki verið breytt í blóra við vilja Alþingis. Hvernig rökstyður hv. þm. þessa fullyrðingu sína? Hvernig rökstyður hann hana? Hann hlýtur að geta gert það á tveimur mínútum. Ég get ómögulega séð annað en að þessar ákvarðanir, sem voru reyndar þrjár, í ráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar hafi allar verið gerðar í blóra við vilja Alþingis. Það var staðfest með fjárlögum, síðast með fjárlögum 1991, að ákvarðanir hans voru fullkomlega í blóra við vilja Alþingis og hann hlýddi ekki Alþingi með neinum hætti í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta eru alveg blákaldar staðreyndir. Ég hlakka til að heyra útskýringar á því hvernig þetta var gert í samræmi við vilja Alþingis.

Ég var spurður hvort námsmenn yrðu með í nefndinni. Ég sagði í ræðu minni í dag að ég reiknaði með því að ég mundi kalla samtök námsmanna til starfa í þessari nefnd og ég reikna enn með því. Ég er ósköp feginn að heyra að áhugi hv. þm. Svavars Gestssonar beinist frekar í þá áttina að námsmenn fái aðild að nefndinni en Alþb. Þar erum við sammála.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er það auðvitað svo að þegar teknar voru ákvarðanir um breytingar á útlánareglum lánasjóðsins á sínum tíma voru þær kynntar með opinberum hætti, lagðar fyrir fjvn. og fjh.- og viðskn. Alþingis. Það er því satt að segja afar gróft, að ég segi ekki meira, af einum ráðherra að bera nokkrum manni það á brýn að hann starfi í blóra við vilja Alþingis því að auk þessa var það þannig að frá þessum málum var gengið með skýrum hætti og fullu samkomulagi þáverandi flokka og lánin voru skorin niður á móti þeim breytingum sem þarna áttu sér stað.

Ég ætla ekki að fara að skattyrðast frekar við ráðherrann eins og í þeim efnum að það eina sem við höfum séð og ég hafi gert grein fyrir áðan sé það að ríkisframlög eigi að auka. Ég tel að ríkisframlög í sjóðinn eigi að auka, já. Ég tíundaði hins vegar nokkur önnur atriði upp á hálfan milljarð kr. eða svo til að styrkja stöðu sjóðsins á ári. Hæstv. ráðherra kaus hins vegar ekki að heyra það og ég geri ekki kröfu til þess að hann heyri það sem Alþb. segir miðað við það upplegg mála sem hann kýs að hafa.

Skýrsla utanrrh. um niðurstöður samninga um Evrópskt efnahagssvæði. — Frh. umr.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mál sem flestir eða allir eru sammála um að sé eitthvert örlagaríkasta mál sem fyrir Alþingi hefur legið um langt skeið. En umræðan fer þó fram með þeim hætti að við höfum ekki í höndunum nein þingskjöl og sumir segja, m.a. hv. form. utanrmn., að það sé takmarkað sem liggi fyrir skriflegt um þessi mál á þessari stundu, jafnvel hjá þeim sem verið hafa að fjalla um þau. Það hefur því kannski takmarkað gildi að hafa mörg orð um málið við þessar aðstæður og satt að segja finnst mér ásamt mörgum fleirum að þær umræður sem fram hafa farið um það hafi einkennst of mikið af fullyrðingum og kannski frómum óskum frekar en staðreyndum eins og við er að búast þegar þannig er í pottinn búið.

Það hefur ekki verið, að okkur er sagt, gengið frá samningnum enn þá þannig að hann er ekki tilbúinn til að setja stafi undir og um önnur atriði, sem snerta okkur Íslendinga sérstaklega, eins og samningurinn við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál, er sagt að um hann sé alls ekki farið að ræða. Því er ekki von um að mikið sé komið á blað. En eins og staðan er núna er það svo að eftir því sem fleiri spurningar eru bornar fram sem takmörkuð svör fást við þá vakna fleiri.

Það er að sjálfsögðu ofarlega í huga okkar hversu víðtæk áhrif þessa samnings kunna að verða og þegar lögfræðingar, sem manna mest hafa fjallað um þetta mál, eru spurðir er svarið það að þeir geti enga grein gert sér fyrir því á þessu stigi. En ljóst sé að við verðum að samþykkja margar reglur og lög sem í gildi eru hjá Evrópubandalaginu og það þó að þau séu ekkert betri en okkar og það kannski þvert á móti, en huggun okkar er sögð sú að þessum þjóðum hafi tekist að lifa með þeim og við ættum að geta gert það líka.

En þrátt fyrir þetta er ljóst að það eru allmörg atriði, við vitum ekki hversu mörg, þar sem slík huggun hrekkur skammt. Þau eru alvarlegri en svo að þannig sé hægt að afgreiða málið og þessi atriði verður auðvitað að reyna að kryfja til mergjar eins og samninginn í heild og fá sem allra skýrasta mynd af því um hvað þar er að ræða. Fyrr en slíkt liggur fyrir er auðvitað útilokað að við hv. alþm. getum með rökum tekið afstöðu til málsins og því er það auðvitað mikilvægt að vinna að því að leggja það fram.

Eitt þessara atriða er held ég sem betur fer flestum áhyggjuefni, en það er forræði okkar á landinu. Lendir landið í meira eða minna mæli með þess gögnum og gæðum í eigu útlendinga á komandi árum og áratugum eftir að við höfum gert þennan samning? Það er að vísu sagt að við höfum þar möguleika sjálf að búa til einhverjar girðingar og það hlýtur að vera lágmarkskrafa fyrir okkur a.m.k. að frv. að lögum, sem eiga að tryggja það, liggi fyrir sem allra fyrst hér á Alþingi. Síðan verður svo auðvitað spurningin sú hversu mikið hald verður í því í framtíðinni, hvort við sogumst nauðug eða viljug undir þennan Evrópurétt sem við eigum að undirgangast á ýmsum sviðum, hvort hann nær þar meiri tökum síðar þannig að úr gildi slíkra lagasetninga muni draga. Þeirri spurningu getur náttúrlega enginn svarað í dag. Það er sagt að við höfum aðlögunartíma til að vinna að þessu til ársins 1995. Þá er það spurningin: Snertir ákvæðið um að gildandi lög, sem tekið er fram í sambandi við annað í samningnum, ekki þetta atriði? Er staða okkar ekkert betri ef þessi lög eða það sem í lögum stendur þegar stafir eru settir undir samninginn heldur en þó að það dragist til ársins 1995? Um atriði í sambandi við fjárfestingar í sjávarútvegi finnst mér kannski þó enn þá meiri spurning því að þar er beinlínis vitnað í núgildandi lög.

Á það við á þeirri stundu þegar fundurinn var haldinn og ráðherrarnir komust að sinni niðurstöðu 22. okt.? Á tímasetningin við þegar samningamenn kunna að setja stafi sína undir samninginn þegar búið verður að ganga svo frá pappírum að það sé hægt? Á þetta við þegar búið verður að ganga svo frá samningi að ráðherrar geti skrifað undir hann? Á þetta við þegar Alþingi kann að hafa fullgilt hann? Hvenær er þessi tímasetning um núgildandi lög? Og ef þarna veltur á tímasetningu er það spurningin, hvort við séum kannski á þessari stundu að glata einhverjum tíma. Er kannski eitthvað sem við gætum látið fara betur í okkar löggjöf sem væri þörf fyrir okkur að reyna að lagfæra áður en þessi úrslitastund kemur þegar núgildandi lög taka gildi? Það voru sett ný lög um fjárfestingu útlendinga á síðasta vetri og ég hygg að í þeim, þegar á reynir, muni vera ýmislegt sem æskilegt væri að skýra nánar eða hafa gleggra. Eitt atriðið er t.d. það að sagt er að útlend fyrirtæki, sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum þegar lögin voru samþykkt, megi halda sínum eignarrétti. En hvernig er það með ný fyrirtæki sem þau gerast svo aðilar að?

Þar dettur mér í hug dæmi að nú standa yfir viðræður milli fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem eigandi eða hluthafi í öðru fyrirtækinu er hlutafélag sem er að nokkru leyti í eigu útlendinga. Eftir þessum lögum ætti það að halda sínum rétti og geta átt það áfram. En ef þessi fyrirtæki sameinast nú og mynda nýtt hlutafélag, hvernig fer þá? Verður nýja fyrirtækinu þá bönnuð starfsemi af því að þetta útlenda fyrirtæki er bakeignaraðili í gegnum kannski 2–3 liði? Svo er það spurning, hvernig fer ef erlendir bankar eignast hlut í fyrirtækjum? Eftir þessum gildandi lögum munu þeir hafa eins árs aðlögunartíma eða eins árs frest til þess að

losa sig við eignarhlut sinn. Hvernig verður fylgst með því og hvernig verður eftir því gengið að þessi lög verði haldin? Verða fiskveiðiréttindin tekin af þessum fyrirtækjum og þau stöðvuð þannig eða hvernig á að framfylgja því?

Þetta eru örfáar spurningar sem koma í hugann í sambandi við eitt atriði samningsins og sýnir það sem ég sagði áður að við það að velta fyrir sér einni spurningu vaknar önnur. Það sem ég vildi fyrst og fremst leggja áherslu á er að þarna fáum við sem allra nákvæmastar skýringar og að því verði unnið að kynna þetta mál af raunsæi, þannig að menn geti þar tekið raunhæfa afstöðu byggða á rökum en ekki einhverjum fullyrðingum og góðum óskum. Ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. getur svarað því enn þá hvenær við munum fá nauðsynleg gögn og upplýsingar í hendur en að sjálfsögðu er æskilegt að það verði sem fyrst því að áreiðanlega mun ekki af tímanum veita til þess að vinna að þessu máli og kryfja það til mergjar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal játa að þegar ég kem hingað í pontuna finnst mér það álitamál hvaða tilgangi það þjónar fyrir a.m.k. einstaka þingmenn að eiga orðastað við ráðherra um þetta mál. Ástæðan fyrir því að ég segi þetta er sú að þegar ráðherra svaraði spurningum þingmanna á föstudaginn fyrir rúmri viku, fór hann í ýmsar spurningar sem hann sagði að þessir þingmenn hefðu spurt og þar á meðal sú sem hér stendur en ég kannast eiginlega ekki við að hafa spurt neinna þeirra spurninga sem ráðherra svaraði. Ég spurði hins vegar margra annarra spurninga sem engin svör fengust við.

Ég ræddi um þá takmörkun á löggjafarrétti sem fælist í samningnum á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Ég ræddi um samrunaþróunina og sýn utanrrh. og það skal játað að þann punkt tók ráðherra upp og þeirri spurningu svaraði hann. Ég ræddi um hræðsluáróður frá einstökum talsmönnum atvinnurekenda svo og um hræðsluáróður sem varðar menntun og ég gagnrýndi þau orð utanrrh. sem hann viðhafði um þann þátt málsins, en hann sagði m.a. að samningurinn tryggði jafnan aðgang að menntastofnunum sem samningurinn gerir ekki. Það segir ekkert slíkt í þeim samningsdrögum sem við höfum. Ég spurði ráðherra út í þetta en fékk engin svör við því. Ég ræddi um öryggisákvæðin og orðalag yfirlýsingarinnar sem íslensku samningamennirnir gerðu og ég ræddi um beitingu þessa öryggisákvæðis og ráðherra vék ekkert að því. Ég ræddi um stjórnkerfið, það völundarhús sem stjórnkerfið er og um það að Ísland hefði ekki sjálfstæða rödd innan EES og ráðherra vék ekkert að því heldur.

Ráðherra sagði hins vegar að ég hefði rætt um hinn svokallaða þróunarsjóð og hann talaði langt mál í því framhaldi um þróunarsjóðinn, langt og ítarlegt mál. En staðreyndin er hins vegar sú að ég sagði ekki orð um þróunarsjóðinn, ekki orð, þannig að það sem ráðherra gerði var að hann svaraði ekki spurningum mínum heldur þeim spurningum sem hann vildi svo gjarnan að ég eða aðrir þingmenn hefðum spurt. Við þær aðstæður finnst mér svolítið erfitt að halda uppi samræðum við ráðherra. Ég ætla hins vegar í örstuttu máli að rekja helstu galla og helstu vafaatriði sem ég sé á þeim samningsdrögum sem fyrir liggja til þess að það megi ljóst vera í hverju mínir fyrirvarar felast. Það sem ég óttast kannski öðru fremur er aukin samkeppni erlendra fyrirtækja við íslensk fyrirtæki og aukin og ómæld fjárfesting erlendra aðila hér á landi. Við vitum auðvitað ekki hversu mikil hún verður, við vitum ekki hversu mikið menn munu leita eftir því að fjárfesta hér á landi. En staðreyndin er sú að við búum ekki í stóru iðnríki. Mér finnst stundum eins og það sé talað á þeim nótum að hér sé þróaður öflugur iðnaður og við séum iðnríki á borð við hin EFTA-ríkin sem eru að semja við EB og getum þar af leiðandi siglt nákvæmlega á sama bát. Þetta er ekki svo. Ef við lítum á íslensk fyrirtæki þá eru öll íslensk fyrirtæki smáfyrirtæki. Þau eru meira að segja pínulítil fyrirtæki og við vitum að í hinum svokallaða innri markaði, sem á að taka gildi innan Evrópubandalagsins, er einn þáttur og mjög ríkur sá að stórfyrirtæki fá að njóta sín, að hagkvæmni stórfyrirtækja fái að njóta sín. Þess vegna á sér stað talsverður samruni fyrirtækja og það er viðurkennt í hinni svokölluðu Checcini-skýrslu sem áður hefur verið minnst á hér að meðan þetta er að gerast muni ákveðin stórfyrirtæki rísa upp og smærri fyrirtæki fara á hausinn. Þetta er viðurkennt og er talað um það eins og verið sé að hreinsa til á markaðnum. Og stærðarhagkvæmni er eitt af lausnarorðunum í þessari skýrslu.

Við vitum að íslensk fyrirtæki eru mjög smá og það verður erfitt fyrir þau að keppa við mörg erlend fyrirtæki. Mér var nefnt eitt dæmi um daginn, ég veit ekki einu sinni hversu raunhæft það er en það er ekki verra en hvert annað og þyrfti að skoðast, og það varðar íslenska prentiðnaðinn. Ef menn láta prenta bækur erlendis þá borga þeir núna af því ákveðinn toll. Mér skilst að sá tollur muni falla niður. Þar af leiðandi verður ódýrara en nú er að láta prenta bækur erlendis. Ég get ekki séð að margar litlar prentsmiðjur hér á landi geti keppt við stórar prentsmiðjur úti í Evrópu um verkin. Þetta er ekki stórt mál en þetta er eitt af þeim mörgu málum sem eiga án efa eftir að koma upp, einn af þeim mörgu flötum á þessu máli sem eiga eftir að koma upp í umræðunni á næstu mánuðum. Við erum rétt að byrja þessa umræðu og við erum rétt að sjá toppinn á ísjakanum.

Við getum líka tekið erlend þjónustufyrirtæki sem munu koma hingað til lands. Auðvitað er ákveðin hætta á því að þessi þjónustufyrirtæki leggi starfsemi sína niður, þegar þau eru búin að ná hér ákveðinni fótfestu á markaðnum, þau líti svo á að þetta sé ekki hagkvæmur markaður, enda búa hér ekki nema 250.000 manns og þá geta þau auðvitað lagt niður starfsemi sína eins og hvert annað óhagkvæmt útibú. Við höfum enga tryggingu fyrir slíku. Ég óttast þessa hluti, ég viðurkenni það fúslega og ég tel að það sé full ástæða til þess.

Sjónarmið af því tagi, sem ég er hér að færa fram,

hafa stundum verið kölluð músarholusjónarmið, sem er ekki málefnalegt innlegg í umræðuna. En ég verð þó að segja það að mér finnst betra að vera ákærð um músarholusjónarmið og hafa jarðsamband heldur en að stunda einhverja háloftaleikfimi sem getur virst glæsileg úr fjarska en endar oft, sérstaklega fyrir þá sem ekki kunna vel til verka, með falli og tilheyrandi beinbrotum. Mér finnst það lítt fýsilegur kostur fyrir íslenska þjóð.

Mikið hefur verið lagt upp úr lægra vöruverði sem hér muni verða á ýmsum hlutum. Það hefur t.d. verið talað um það í sambandi við tryggingafélögin, að nú muni menn geta hringt til Þýskalands og pantað þar tryggingu á bílunum sínum. Málið er bara alls ekki svo einfalt. Þetta verður ekki hægt með þessum hætti, a.m.k. ekki eftir því sem upplýst var í utanrmn. í gær, heldur þurfa að vera sjóðir í viðkomandi landi og iðgjaldagreiðslur byggja þá væntanlega á umfangi tjóna á hverju svæði og þar með umfangi tjóna hér á landi. En einn af stærstu þáttunum í því af hverju bílatryggingar eru svona háar hér er auðvitað hversu tjónin eru mikil þó ég ætli reyndar ekki að bara blak af tryggingarfyrirtækjum, eflaust gætu þau haft sín iðgjöld eitthvað lægri en nú er.

Þetta var einn þátturinn og ekki sá minnsti. Annar varðar efasemdir um að fyrirvararnir haldi. Þessir fyrirvarar og girðingar sem menn hafa verið að tala um hér. Ég hef ástæðu til að hafa efasemdir um að þeir haldi. Ein af ástæðunum er sú að við höfum séð afskaplega lítið af öllum þessum dómum sem munu vera í tösku utanrrh. Það er afskaplega djúpt á öllum þessum dómum og þetta er greinilega einhver firnaskjóða sem ráðherra er með því við fáum ekki að sjá þessa svokölluðu grísku dóma og írsku dóma og dönsku dóma sem alltaf er verið að vitna í sem muni sýna okkur og færa okkur heim sanninn um það að þetta muni allt saman standast.

Ég hef líka efasemdir um það þegar menn segja á fundum úti í bæ — ég var á fundi nýlega með aðstoðarmanni hæstv. utanrrh. — að Íslendingar mundu beita öryggisákvæðinu af minnsta tilefni. Af minnsta tilefni, sagði hann. Ég get ekki skilið hvernig við getum gert samning sem er gagnkvæmur og bindandi ef menn ætla síðan að beita fyrir sig alls kyns öryggisákvæðum af minnsta tilefni. Þá er þetta ónýtur samningur, það gefur auga leið.

Þriðja atriðið sem ég hef áhyggjur af er „búrókratían" í kringum þennan samning og þetta flókna stjórnkerfi sem samningurinn hefur í för með sér. Mér finnst þetta kerfi afskaplega óyndislegt og andlýðræðislegt. Það neitunarvald sem tryggt er með samningnum og utanrrh. margvísar hér til, og löggjafarvald Alþingis er kannski tryggt með formlegum hætti í þessum samningi er ekki tryggt í raun. Praxísinn verður ekki slíkur. Þetta er öllum ljóst nema hæstv. utanrrh. kannski. Þetta er t.d. Svíum ljóst. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfsagt séð umfjöllun Dagens Nyheter daginn eftir samninginn. Þeir eru ekki í nokkrum vafa um það að þessi réttur er formlegur en ekki raunverulegur. Samt er það ekki svo að Svíar séu mjög á öndverðum meiði um það hvort gera eigi þennan samning eða ekki. En þeir horfast í augu við staðreyndir. Það segir í Dagens Nyheter að þessa stofnanasamvinnu innan EES sé í besta falli hægt að kalla „illúsjón" eða tálsýn. Þetta er tálsýn en ekki raunverulegur réttur. Það eru tvær greinar í Dagens Nyheter sem báðar fjalla um þetta sama. Þetta kom líka fram í The Economist nýlega, nákvæmlega þessi sami skilningur. Það segir hérna, með leyfi forseta, og ég ætla að reyna að þýða þetta eftir orðanna hljóðan: „Niðurstaða samninganna er sú að EFTA-ríkin standa uppi með efnahagslegar skuldbindingar Evrópska efnahagssvæðisins en án sambærilegra pólitískra réttinda." Þetta virðist öllum vera ljóst nema hæstv. utanrrh. Nú þetta er kannski misskilningur hjá Dagens Nyheter og þetta er kannski misskilningur hjá The Economist, en við fáum vonandi að heyra eitthvað betur um það hér á eftir.

Það sem ég í fjórða lagi hef fyrirvara um er að ég lít svo á að í raun og veru sé þetta fyrsta skrefið inn í Evrópubandalagið. Og ég vil ekki að þessi þjóð verði leidd í þær ógöngur að hún ráfi inn í Evrópubandalagið fyrir einhverja tilviljun. Það er auðvitað hægt að færa rök fyrir því og eflaust nokkuð þung rök fyrir því að við ættum að ganga inn í Evrópubandalagið, en þá á líka að gera það og við eigum þá að stíga örugg og meðvituð skref inn í Evrópubandalagið eða sleppa því.

Það hefur margkomið fram að öll iðnríki EFTA ætla að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og þau ætla inn í Evrópubandalagið með þeirri lest sem kemur á endastöð 1996. Ég held að það sé almennt viðurkennt að þetta geti átt sér stað 1996. Það tekur engin átta ár fyrir EFTA-ríki sem eru búin að gera samning um Evrópskt efnahagssvæði að semja sig inn í EB. Þau hafa þegar samið um ⅔ hluta þess sem semja þarf um. Og þessi samningur mun stytta verulega vegalengdina inn í Evrópubandalagið. Auðvitað hefur þetta svo sem komið fram hjá utanrrh. líka, honum er ljóst að þessi ríki ætla inn. En þá segja menn: Þetta er ekkert vandamál fyrir okkur, þetta breytist í tvíhliða samning. Og við verðum þá bara mótaðilinn í þessum samningi andspænis Evrópubandalaginu.

Ég fæ þetta ekki til þess að ganga upp. Menn geta auðvitað sagt þetta með orðum en ég fæ það ekki til þess að ganga upp að litla Ísland ætli að vera hin stoðin undir Evrópska efnahagssvæðinu, að litli stuttfótur ætli að standa þarna andspænis átjánfættum risa. Það væri svo sem ekki vandamál ef þetta væri einfaldur viðskiptasamningur, en það fylgir honum eftirlitsstofnun og á vegum þessarar eftirlitsstofnunar hljóta að starfa fjölmargir sérfræðingar. Okkur hefur verið talin trú um að þessi eftirlitsstofnun sé ekki bara vegna Evrópubandalagsins, hún sé til að gæta okkar hagsmuna líka. Hún sé til að passa upp á það að hin ríkin öll, sem við erum að gera samning við, haldi samninginn rétt eins og við. Það hlýtur að vera jafnnauðsynlegt þó við séum ein aðili að þessum samningi að það sé passað upp á þetta og ekki síður ástæða. Við þurfum þá líka að leggja okkar hlut fram í þessum dómstól. Þar eru fimm dómarar, eins og hæstv. utanrrh. sagði, þó þrír sitji bara í dómnum á hverjum tíma.

Og það er væntanlega ekki nóg að vera bara með dómara heldur þarf alls kyns starfslið í kringum þessa dómara.

Það sem mér finnst í raun ókræsilegast við þetta er að kokgleypa 30 ára uppsafnaða matseld í Evrópubandalaginu í einum bita. Ég vil að við ráðum sjálf ferðinni og hraðanum. Mér er ljóst, eins og sjálfsagt öllum hér inni, að við verðum að aðlaga okkur að Evrópubandalaginu, þetta er stór markaður sem við seljum á og við hljótum að taka mið af þeim lögum og reglum sem þar gilda, en við eigum að gera það á okkar eigin forsendum og ráða ferð og hraða.

Það er kannski ástæða til þess að leysa ráðherra og ríkisstjórn út með einum kínverskum frasa áður en ég fer héðan úr pontunni. Sá frasi er á þessa leið: Að stjórna ríki er eins og að sjóða litla fiska. Með öðrum orðum að ef of hraustlega er hrært í pottinum þá fer allt í graut.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Við höfum nú loksins fengið í hendur uppkast að útlínum um samning um Evrópskt efnahagssvæði. Á titilsíðu er þetta kallað „Draft Outline" þannig að mér finnst að hv. formaður utanrmn. hafi nokkuð til síns máls þar sem hann dregur í efa að þar sé um samning að ræða. En málið er sem sagt komið hér til umræðu og við erum búin að fá texta, þó að á erlendu máli sé, um einn þátt þessarar samningagerðar.

Þetta er, ef af samningi verður, vafalaust veigamesti og afdrifaríkasti samningur sem Íslendingar hafa gert og samningamennirnir líta stoltir yfir farinn veg.

Hæstv. utanrrh. þeysir um landið og satt að segja minnir hann mig meira á trúboða en einhvern upplýsingafulltrúa. Þetta ferðalag hans er eins og hjá Þangbrandi heitnum forðum nema ég veit ekki hvort Þangbrandur varð af hatti sínum á ferðalaginu. Hæstv. utanrrh. lýsir kostum þessa samningsuppkasts mjög fjálgum orðum en það fer minna fyrir að hann greini frá göllunum. Hæstv. utanrrh. er svo mikið í mun að þjóna köllun sinni að hann sinnir ekki þingskyldum sínum nema í lágmarki. Hann er að reyna að selja þjóðinni þennan samning og telur það mikilvægara verkefni en að sitja hér á þingfundum. Þessi mikli ákafi, sem ég ber að vissu leyti mikla virðingu fyrir, veldur því að maður spyr sjálfan sig: Er þessi samningur virkilega gallalaus? Eru hvergi neinar hættur í þessum samningi? Nú veit ég það að hæstv. utanrrh. er réttorður maður, en við höfum átt samstarf í allnokkur ár á Alþingi og ég hef orðið var við það, þó ég hafi ekki haft hátt um það, að honum getur skjátlast. Hann hefur ekki alltaf sagt nákvæmlega rétt frá og þá er það spurningin hvort hann geri það núna. Aðrar þjóðir sem ég hef haft samband við sjá ýmsa galla á þessum samningi og þá er það spurning hvort áhrif samningsins verði önnur og betri á Íslandi heldur en alls staðar annars staðar.

Utanrmn. hefur því miður að mínum dómi verið haldið frá upplýsingum um þennan samning nú í lokahrinunni og víst er um það, hvað svo sem formaður utanrmn. segir, að okkur var ekki sýndur sami trúnaður og hagsmunaaðilum í sjávarútvegi sem fengu þá ágætu menn Gunnar Snorra Gunnarsson varafastafulltrúa og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra til þess að kynna nýja stöðu málsins á meðan utanrmn. fékk ekkert að vita hvað var að gerast.

Ályktun mín er sú að væri samningurinn svo góður sem hæstv. utanrrh. vill vera láta þá stæði hann undir sér sjálfur og þjóðin mundi samþykkja hann sjálfkrafa og hæstv. utanrrh. þyrfti ekki að leggja vinnu í áróðursherferð til að mæla fyrir honum vegna þess að samningurinn mundi mæla með sér sjálfur. Hér er um svo afdrifaríkt mál að ræða að það er óforsvaranlegt að láta við það sitja, jafnvel þó maður sé hrifinn af þessu hugverki að gylla samningin eingöngu. Okkur þingmönnum ber skylda til að kanna þennan samning nákvæmlega og reyna að gera okkur grein fyrir kostum hans og göllum með raunsæjum og öfgalausum hætti og reyna að gera okkur grein fyrir báðum hliðum.

Við framsóknarmenn teljum að þennan samning þurfi að skilgreina betur, miklu betur, áður en endanlega afstöðu til hans er unnt að taka. Kostir þessa samnings eru vafalaust töluverðir. Niðurfelling tolla kemur sjávarútveginum vafalaust vel og ég vil ekki gera lítið úr því. Ég óttast þó að menn hafi gefið sér of mikla bjartsýni í því sambandi. Með niðurfellingu tolla ætti samkeppnisstaða okkar að batna að öðru óbreyttu. En það er ekki hægt að gleyma því að verð innan EB er ekki fast á sjávarafurðum. Niðurgreiðslum er enn þá haldið innan EB og þar af leiðir að EB gæti fundið upp á því að auka niðurgreiðslur til að bæta aðstöðu eigin fyrirtækja. Verð á íslenskum sjávarafurðum er yfirleitt hátt í Evrópubandalaginu og menn geta ekki gefið sér að tollahagræðingin leggist ofan á þetta háa verð og hún renni öll í vasa Íslendinga.

Sama máli gegnir um skipasmíðaiðnaðinn. Hann er mjög niðurgreiddur í Evrópu og aðstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar batnar því miður ekki við þessa aðild svo sem komið hefur fram hjá forsvarsmönnum hans.

Við Íslendingar getum ekki farið að niðurgreiða sjávarafurðir. Þær standa undir þessu þjóðfélagi okkar og því er hart við það að búa að hafa ekki fengið fríverslun með fisk og fiskafurðir á efnahagssvæðinu. Það fyrirkomulag eitt hefði veitt sjávarútvegi okkar varanlega bætta samkeppnisstöðu.

Forsvarsmenn iðnaðarins fagna ákaflega þessum samningi. Vonandi kemur hann íslenskum iðnaði að gagni ef gerður verður. Íslenskur iðnaður hefur notið tollfrelsis í Evrópubandalaginu síðan 1973 og þetta hefur verið gagnkvæmt tollfrelsi á iðnaðarvörum milli Evrópubandalagsins og Íslands. Í hverju liggja þá hagsmunir íslensks iðnaðar? Forsvarsmenn iðnaðarins tala um bætta samkeppnisstöðu. Ég fæ ekki séð nema eitt alveg augljóst hagræði fyrir iðnrekendur. Hingað kemur erlent vinnuafl sem væntanlega sættir sig við að vinna á strípuðum töxtum. Íslenskt iðnverkafólk nýtur í sumum tilfellum yfirvinnu, bílakostnaðar, fatapeninga og ýmiss hagræðis utan fastakaups. Það er líklega hægt að komast hjá því að greiða tímabundnu erlendu vinnuafli af atvinnuleysissvæðum Evrópu þessar sporsl-

ur og þar með er orðið hagkvæmara að hafa það í vinnu. Það eru auðvitað augljósir hagsmunir fyrir iðnrekendur ef svo yrði.

Það hefur verið of hljótt að mínu mati í þessari umræðu um vinnumarkaðsmálin því að þau eru sannarlega athyglisverð. Í Noregi t.d. hefur farið fram mikil umræða um vinnumarkaðsmál. Menn í Noregi greinir verulega á um þennan samning, en menn greinir ekki verulega á um hvaða áhrif hann muni hafa á norskan vinnumarkað, það ég best veit. Þær afleiðingar sem Norðmenn telja að verði af samningnum eru þessar helstar:

Atvinnuleysi kemur til með að aukast. Útlendingar leita til Noregs í auknum mæli eftir vinnu. Atvinnuleysi í mörgum Evrópubandalagslöndum er viðvarandi í kringum 10% og það er auðvelt að hugsa sér það að þetta atvinnuleysi jafnist með einhverjum hætti út um Evrópska efnahagssvæðið. Ég skal ekki segja hvort það gerir það að fullu, en vatnið leitar undan brekkunni og það er út af fyrir sig eðlilegt að gera ráð fyrir því að atvinnuleysið jafnist út.

Norðmenn telja fullvíst að launamunur muni aukast. Aðkomið vinnuafl býðst á vægari kjörum en heimaverkalýðurinn, m.a. vegna þeirra kringumstæðna sem ég nefndi áðan. Þar með verður örðugra fyrir láglaunastéttir heimalands að knýja fram kauphækkanir. Á hinn bóginn verður boðið í toppfólkið. Menntaðasta og hæfasta fólkið fær aukið starfssvið. Það getur gengið í sérhæfð störf hvarvetna á efnahagssvæðinu og fyrirtæki og stofnanir koma til með að bjóða hátt og vel í starfskrafta þess. Atvinnuleysisbætur verður að greiða erlendu vinnuafli í gistilandinu svo sem um heimamenn væri að ræða.

Þetta var niðurstaða Norðmanna og okkar aðstaða hlýtur að vera svipuð. Sömu tækifæri, sem óneitanlega eru þarna fyrir hendi, en jafnframt svipaðar hættur.

Áköfustu áróðursmenn fyrir þessum samningi hafa vitnað til þess að hér væri um svipaða fyrirvara að ræða og gilda um samnorrænan vinnumarkað. Ég vek athygli á því að það er ekki rétt. Samnorræni vinnumarkaðurinn er *negldur og geirnegldur* með mjög ströngum öryggisákvæðum. Í þessu samningsuppkasti er einungis allsherjarfyrirvarinn sem hljóðar upp á að við megum grípa til aðgerða ef um stórfellda röskun er að ræða. Það getur skeð að það sé hægt að sanna það fyrir félögum okkar að um stórfellda röskun hafi verið að ræða ef mikill fjöldi fólks þyrpist hingað, en það þarf að vera um stórfellda röskun að ræða og það er huglægt mat hvað er stórfellt.

Athugun félmrn. og ASÍ bendir til þess að um aldamót verði útlendingar í störfum á Íslandi helmingi fleiri en þeir eru í dag.

Mig langar að fara nokkrum orðum um gagnkvæmar veiðiheimildir sem kunna að vera hagstæðar Íslendingum. Að vísu er það ekki nema að gefnum forsendum. Í fyrsta lagi verður loðna að vera í sjónum. Í öðru lagi vitum við ekki mikið um þennan langhala. Í þriðja lagi — og það er grundvallaratriði — veiðieftirlit verður að vera í lagi. Reynsla Íra, Kanadamanna og fleiri þjóða af fiskveiðum Evrópubandalagsins er ekki góð. Það er þvert á móti. Evrópuflotinn fer sannanlega ekki að neinum lögum og brýtur samninga og það er virkilegt áhyggjuefni ef sá mórall sem er ríkjandi hjá sjómönnum sem fiska í kvóta Evrópubandalagsins ríkir hjá þeim hér við land. Nýlega hefur verið upplýst að EB hafi fiskað í óleyfi fjórfaldan umsaminn og leyfðan kvóta við Kanada. Meira að segja Belgíumenn, vinir okkar sem við höfum haft hér uppi í landsteinum í mörg ár, hafa nýlega orðið uppvísir að misferli með möskvastærð og voru með helmingi meiri afla en þeir höfðu tilkynnt.

Mig langar til að nefna í nokkrum orðum fjármagnsflutninga og eignarhald útlendinga. Erlendum bönkum verður heimiluð starfsemi á Íslandi og það gæti komið sér vel í sumum tilfellum. Aukin samkeppni erlendis frá gæti hugsanlega orðið til þess að breyta hinni brjálæðislegu vaxtastefnu íslenskra banka og það er ekki vanþörf á því. Það er rétt að gera sér samt grein fyrir því að bankaeftirlitið íslenska má ekki skipta sér af þessum stofnunum. Það er rétt að menn hafi það í huga líka. Bankaeftirlit Seðlabankans má ekki skipta sér af starfsemi erlendra banka á Íslandi.

Við höfum öll lagt kapp á það að varðveita eignarhald Íslendinga í útgerð og fiskvinnslu og þá er spurningin hvort það hefur tekist í þessari samningagerð. Því miður held ég að það leiki nokkur vafi á því. Útibú erlends fyrirtækis sem hefur starfað hér í sjö ár eða meira getur keypt fyrirtæki í útgerð eða fiskvinnslu. Að áliti sumra virtra lögmanna hér í borg er ekki stætt á því að neita fyrirtæki sem er allt að 49% í eigu erlendra aðila um að eiga hlut í íslensku útgerðarfyrirtæki. Þetta byggist á þeirri lagatúlkun að lög um *erlenda fjárfestingu sem sett voru í fyrra séu ekki* fortakslaus í þessu efni. Ef svo er, móti von minni, þá er því miður of seint að lagfæra þau vegna þess að þetta samningsuppkast heimilar okkur að halda gildandi lögum — og ég skil það svo að *gildandi* lög séu þau lög sem þýdd voru fyrir þá og sýnd þeim í Lúxemborg — en heimilar okkur ekki að breyta þeim.

Það er rétt að vekja athygli á að orkulindirnar og orkuverin eru berskjölduð fyrir útlendingum ef þessi samningur verður að veruleika. Ef við setjum svo að stofnað verði hlutafélag eða sameignarfélag um orkuvinnslu til stóriðju t.d., eins og sumum hefur dottið í hug að gera varðandi orkusölu til hugsanlegs álvers á Keilisnesi — það virkjaði og seldi rafmagn til stóriðjuvers, fyrirtækið yrði gjaldþrota og félli þá í fyrstu lotu í hendur erlendra banka. Þeir yrðu ekki með nokkrum hætti neyddir til þess að selja þetta fyrirtæki á innlendum markaði. Þeir yrðu að fá að ráðstafa því til hæstbjóðanda hvar sem hann væri að finna.

Ákvæði íslenskra laga um erlenda fjárfestingu um eignarrétt á orkulindum og orkuverum verða því miður væntanlega að víkja. Ég hef a.m.k. ekki heyrt eða séð þá fyrirvara að þau séu samþykkt í þessari samningagerð eins og lögin um eignarhaldið í sjávarútvegi. Þessi lög brjóta greinilega í bága við fjórfrelsið og því erum við sennilega neyddir til að breyta þeim.

Það er líka ástæða til þess að nefna þann auð sem við eigum í vatni og þar er ekki auðvelt að finna

grundvöll fyrir einkarétti Íslendinga.

Þá er eftir sá þátturinn sem veit að eignarrétti á landi og hann er þó hvað gildastur í mínum huga. Í undirbúningi mun vera, segir ríkisstjórnin, hjá henni löggjöf um að varðveita einkarétt Íslendinga. Ég sé það ekki persónulega fyrir mér hvernig sú löggjöf gæti orðið svo að hald yrði í henni til frambúðar.

Um þetta vandamál er fjallað víðar innan EFTA en hér. Finnar hafa t.d. látið gera ítarlega úttekt á eignarrétti á fasteignum í Finnlandi ef Evrópskt efnahagssvæði yrði að veruleika. Þetta gerðu þeir í sumar og þetta var afhent með ýmsum öðrum gögnum til utanríkismálanefndarmanna. Finnar búa nú við mjög ströng lög um einkarétt þjóðarinnar til að eiga fasteignir í Finnlandi. Bæði er það til komið vegna skóganna sem þeim eru mikilvægir og eins kannski ekki síður vegna skerjagarðsins, en þar er mjög eftirsótt að byggja sumarhús. Sú finnska nefnd sem rannsakaði þetta mál komst að þeirri raun að Finnar yrðu að afnema þessi lög sín og því til sönnunar langar mig til að stauta mig fram úr sænskum texta, með leyfi forseta. Ég hef hann ekki þýddan á fagra íslensku, en hann hljóðar svo, lítil tilvitnun í nefndarálitið:

„Som en följd af den europeiska integrationen blir det nödvändigt att häva de nuvarande begränsningarna. Avtalet om den Europeiska ekonomiska sväreń innebär, då den träder i kraft, att Finland forpliktas att slopa eksisterande begränsningar som gäller de övriga EES-medlemsstaternas medborgares rätt att äga fast egendom og aktier."

Í lauslegri þýðingu: „Sem afleiðingu af evrópsku sameiningunni er nauðsynlegt að afnema núverandi hömlur. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði leiðir það af sér þegar hann tekur gildi að Finnland er skyldugt að upphefja núverandi hömlur hvað varðar rétt annarra borgara á Evrópska efnahagssvæðinu til að eiga fasteignir og hlutabréf."

Þetta er niðurstaða Finna. Það kann að vera að við eigum snjallari lögfræðinga og útfarnari en þeirra.

Ef þessi drög að útlínum samnings verða að samningi, þá er spurningin hvort ríkisstjórn Íslands er treystandi til þess að gera þær ráðstafanir sem gera þarf eigi þetta að verða bærilegar kringumstæður fyrir Íslendinga. Ég verð að viðurkenna að ég vantreysti núv. ríkisstjórn.

Þá er rétt að spyrja: Verða þeir menn sem ákafast hafa barist fyrir aðild Íslands að Evrópubandalaginu til friðs með dvöl á Evrópska efnahagssvæðinu? Hætta þeir baráttu sinni og slá sig til rólegheita á Evrópska efnahagssvæðinu? Í mínum huga er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort hér geti orðið um að ræða varanlegt og viðunandi sambúðarform á samskiptum okkar við Evrópubandalagið eða hvort aðild að Evrópska efnahagssvæðinu leiði síðar til inngöngu okkar í Evrópubandalagið. Að mínu mati kemur alls ekki til greina að Íslendingar gangi í Evrópubandalagið. Ég tel að það þjóni með engu móti hagsmunum Íslands og það þýði endalok þess samfélags sem við höfum byggt hér upp og mér líkar að flestu leyti vel við.

Ég tel að við alþingismenn eigum að leggja okkur fram um að rannsaka þessi drög að samningi sem fyrir liggja og upplýsa þjóðina um efni og innihald þeirra og efna síðan til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Þetta mál er þess eðlis að það er eðlilegt að þjóðin fái að taka afstöðu til þess. Utanrrh. hefur fyrr í umræðunum verið með andmæli gegn þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér finnst þau mótrök hans vera ákaflega léttvæg og ef þessi samningur er svo góður sem utanrrh. telur þá samþykkir þjóðin hann auðvitað fagnandi. — [Fundarhlé.]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru nú liðið um það bil tvö og hálft ár síðan lagt var upp í þá vegferð sem leiddi til þess aðfaranótt 22. okt. að ríkisstjórnir EFTA-landa og ríkja Evrópubandalagsins gerðu með sér samning fyrir sitt leyti um Evrópskt efnahagssvæði. Það heyrist að vísu í umræðum að þetta sé ekki orðinn samningur af þeirra hálfu. Meira að segja kemur það fram hjá formanni utanrmn. Alþingis, að ég hef fyrir satt, að þessi samningur sé ófullgerður og liggi aðeins fyrir í drögum. Það er auðvitað nauðsynlegt að við á Alþingi fáum það alveg á hreint frá þeim aðila sem gengið hefur frá þessum samningi fyrir hönd íslenska ríkisins, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh., hvert hans mat er á stöðu þessa máls sem hann hefur flutt um skýrslu til Alþingis, hvort þetta mál er enn ófrágengið pólitískt séð af hálfu samningsaðila eða hvort þeir hafa sleppt af því hendinni og yfirferð á samningstexta sé aðeins til meðferðar í höndum embættismanna og kalli ekki á frekari fundi af hálfu ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar. Þetta vænti ég að komi fram af hálfu hæstv. utanrrh. síðar í þessari umræðu vegna þess að auðvitað eigum við á Alþingi sem og þjóðin öll heimtingu á að vita hver er staða þessa máls og það er sannarlega mjög alvarlegt ef ekki er sami skilningur ríkjandi á því af hálfu ríkisstjórnar og af hálfu utanrmn. þingsins eða forustu hennar.

Ég tel mig vita að þegar upp var staðið 22. okt. hafi verið eftir að fylla út í ýmsa þætti í texta samningsdraganna. Tilgreind hafa verið 30–40 atriði sem þar var ólokið. En ég hef það líka fyrir satt af hálfu talsmanna framkvæmdastjórnarinnar í Brussel, þar sem ég var í heimsókn 24. okt. að gerðum þessum samningi, frá formanni þeirrar deildar sem sér um EFTA-málefni, Robert Cohen, að þessi samningur væri pólitískt frágenginn og það yrði ekkert fundað frekar af hálfu pólitískra ráðamanna um hann. Þetta er skilningurinn sem ríkir í því húsi sem margir þekkja orðið af myndum og sumir hafa komið þangað í heimsókn.

Við höfum heyrt að það eigi eftir að „signera" þennan samning, veita honum eins konar skemmri skírn, og það sé ráðgert hinn 18. nóv. nk. og síðan komi til formlegrar undirskriftar ráðherra landanna öðru hvoru megin við áramótin þegar búið er að þýða samninginn á tungumál aðildarlandanna fyrirhuguðu að þessum samningi. Það leiðir hugann að þeirri sérkennilegu aðstöðu sem við erum í á Alþingi Íslendinga að ræða þetta mál að við höfum í rauninni texta aðeins fyrir okkur bæði í brotum og eins á framandi tungu, enskri

tungu. Það er heldur óskemmtilegt að þurfa að grípa til þess að vitna hér til ensku eða annarra útlendra mála, eins og menn hafa gert, ég lái mönnum það ekki, úr þessum ræðustól. Það minnir okkur kannski á hver verður staða þeirra stjórnmálamanna sem eiga framvegis að vinna samkvæmt þessum samningi ef staðfestur verður af Alþingi. Ég bið hæstv. utanrrh. um að leiðrétta það ef það er rangt að málið sem eigi að nota í störfum innan hinna sameiginlegu nefnda og ráða sem eiga að fara með málefni Evrópsks efnahagssvæðis verði af hálfu EFTA-ríkjanna, þeirra sem eftir lifa þegar þar að kemur, ensk tunga, hið opinbera mál EFTA. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef þetta er rangur skilningur. Ég vona satt að segja að hann sé það því að menn sjá til hvers það leiðir ef þannig er búið um hnúta að menn séu ekki gjaldgengir heldur fatlaðir og það jafnvel þeir sem færir eru í enskri tungu. Þeir geta a.m.k. aldrei orðið jafnvígir og þeir sem hafa hana að móðurmáli.

Það er síðan fram undan eftir boðaða undirritun samningsins þingleg meðferð málsins í 20 þingum, á þjóðþingum EFTA-ríkjanna, á þjóðþingum Evrópubandalagsríkjanna og í Evrópuþinginu í Strassborg sem 20. aðila. Það er nokkur breyting frá því sem sagt var frá á síðasta þingi í vor, aukaþinginu sem við stundum köllum svo, því að þá var okkur sagt að samningsaðilinn við EFTA-ríkin og sá sem mundi taka á málinu þeim megin væri Evrópubandalagið eitt saman. En nú hefur heldur betur fjölgað í þeim hópi sem á að fjalla um samninginn og þurfa að staðfesta hann þar sem 12 þing Evrópubandalagsríkjanna þurfa um hann að véla og staðfesta hann. Það má vera að hæstv. ráðherra hafi fjallað um það í inngangsræðu sinni, mér hefur ekki unnist tími til þess að fara yfir hana, um ástæður þessarar miklu formbreytingar á samningnum og væntanlega mun hann eða eftir atvikum formaður utanrmn. greina okkur frá ástæðum fyrir svo mikilvægri formbreytingu í umfjöllun. Þetta er kallað á tungumáli þeirra í Brussel að nú sé samningurin blandaður samningur, á ensku „mixed agreement", og það sé ástæðan fyrir því að hann þurfi að fara fyrir þjóðríki allra Evrópubandalagsríkjanna.

Ég hef hér fyrir framan mig ljósrit af grein úr blaðinu Europe sem margir munu þekkja sem flytur daglegar fregnir af viðburðum á vettvangi Evrópubandalagsins. Þar skýra þeir þetta á sinn hátt og segja frá því að ráð Evrópubandalagsins hafi tekið þessa ákvörðun vegna þess að samningurinn sé fyrir utan ákveðin efnahagsleg svið sem við fyrstu sýn séu ekki undir valdi Evrópubandalagsins heldur hafi inni að halda ákvæði um pólitískar viðræður eða „political dialogue" á ensku og vitna til samningstexta þar sem segir orðrétt á ensku, með leyfi virðulegs forseta:

„Under the provisions of the agreement the EEC and its member states and EFTA-member states express" og síðan er bein tilvitnun: „the desire to strengthen their political dialogue in order to develop closer ties and to bring into line their viewpoints on foreign policy issues in areas presenting and interest for the two parties"

Þetta er tilvitnun í Europe. Sem sagt, þegar um er að ræða af hálfu Evrópubandalagsins eða ríkja EFTA ósk um að styrkja pólitískar viðræður til þess að þróa nánari samskipti og koma sjónarmiðum sínum í einn farveg, „on foreign policy issues", í utanríkismálum á sviðum sem eru áhugaverð fyrir báða aðila. Ég bið hæstv. utanrrh. um að skýra okkur frá því hér hvað liggur að baki þessu og hver er ástæðan fyrir því að inn eru teknar, væntanlega á síðari stigum undirbúningssamningsins, slíkar yfirlýsingar í samningstexta sem leitt hafa til þess að samningurinn hefur breyst úr því að vera samningur á milli Evrópubandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar yfir í að vera blandaður samningur 19 ríkja og þar fyrir utan Evrópuþingsins og Evrópubandalagsins. Það getur ekki verið nein tilviljun að þannig fer. Það hljóta að vera mjög gildar ástæður fyrir því að breytingin er gerð og ég spyr formann utanrmn. þingsins hvaða skýringar hann gefi á breytingunni og hvaða athuganir fram hafi farið á vegum utanrmn. þingsins á þessu atriði sérstaklega.

Ég vil þá aðeins víkja að því, virðulegur forseti, sem tengist stöðu málsins nú og það er hvernig málið er statt varðandi upplýsingar, ekki aðeins til þingheims, heldur enn frekar til almennings í landinu. Ég tel að staða málsins sé til svo mikils vansa fyrir íslensk stjórnvöld að við hljótum að gagnrýna það hér mjög harðlega úr þessum ræðustóli hvernig á því máli hefur verið haldið og er haldið þessa dagana á vegum hæstv. utanrrh. Hann stundar það nú áður en samningurinn er kominn fyrir Alþingi, áður en hann er aðgengilegur í íslenskri þýðingu, að endasendast um landið á opinberan kostnað með fundahöld til þess að koma á framfæri við þjóðina sinni túlkun á þessum samningi, sínum áherslum, einhliða áherslum eins og við þekkjum þær. Þetta er ekki að sinna hlutlægri upplýsingaskyldu. Hvaða aðstæður eru það fyrir almenning á Íslandi sem kann að komast í kallfæri við hæstv. utanrrh að leggja fyrir hann spurningar um þetta flókna mál hafandi ekkert í höndunum á íslensku máli um þetta og hafa aðeins orð hæstv. ráðherra á að hlýða þegar hann er að boða þetta fagnaðarerindi? (**EKJ:** Hann er góður í ensku.) Já, það má vel vera að hæstv. utanrrh. sé góður í ensku en þó er ég ekki viss um að það hafi verið ofmælt hjá einhverjum hér fyrr í umræðunni að það geti komið fyrir að hæstv. utanrrh. skjátlist, einnig þegar um er að ræða samskipti á enskri tungu sem og íslenskri.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að á vegum Alþingis var uppi viðleitni um skeið til þess að fara ofan í málið, fara ofan í bakgrunn þess og reiða fram upplýsingar á þokkalega skilmerkilegan hátt fyrir þing og þjóð í rituðu máli. Þetta verk var unnið af svokallaðri Evrópustefnunefnd Alþingis sem sett var á fót vorið 1988, raunar áður en ákvörðun var tekin um þessa samninga, og hún var að störfum þar til síðla á síðasta vetri eða ætli hún hafi ekki komið saman einna síðast í febrúar eða marsmánuði án þess að ég vilji fullyrða um það nákvæmlega. Formennsku í þessari nefnd sinnti í upphafi Kjartan Jóhannsson, nú sendi-

herra, og síðan hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem nú er formaður utanrmn.

En síðan gerðist það fyrir kosningar og með enn sýnilegri hætti eftir kosningar að nefndin sem var þó sá vettvangur þar sem unnið var að upplýsingaöflun og viðleitni til að samræma sjónarmið flokka hér á Alþingi til þessa máls, var lögð til hliðar. Hún hætti störfum. Hún hefur ekki verið lögð formlega niður en hún hefur ekki komið saman eftir síðustu alþingiskosningar þrátt fyrir það að á þeim mánuðum sem síðan eru liðnir hafi heldur betur verið tekið til hendi í málinu og stórir atburðir gerst. Utanrmn. þingsins hefur mér vitanlega ekki komið í staðinn fyrir það starf sem unnið var á vegum þingnefndarinnar og ég hlýt að gagnrýna það hér um leið og ég spyr um ástæðurnar fyrir því að sá vettvangur hefur verið kveðinn niður af ríkisstjórnarliðinu og af formanni nefndarinnar sem ekki hefur haft fyrir því að kalla nefndina saman eftir kosningar þó að svo eigi að heita að hún sé ekki formlega aflögð.

Það hefur líka gerst eða öllu heldur ekki gerst síðan þessi nefnd var kistulögð af ríkisstjórninni, því að auðvitað er þetta hennar verk, að svo sem ekkert hefur komið fram í nafni þingsins í rituðu máli, í upplýsingaformi, um það sem hefur verið að gerast. Menn hafa síðan verið fóðraðir einhliða á fréttatilkynningum frá utanrrn., frá hæstv. utanrrh. Það er sú eina boðleið sem á að gilda í þessu máli. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers konar viðhorf til lýðræðislegra stjórnarhátta? Þessi vettvangur sem ég ræddi hér um var þó kosinn af Alþingi samkvæmt sérstakri þingsályktun til þess að fara yfir þessi efni og hafi verið ástæða til að hann starfaði á árunum 1989 og enn frekar 1990, þá var síst af öllu ástæða til að leggja hann af á þessu ári eftir að skriður fór að komast á þessa samninga og mikil átök voru í gangi um íslenska hagsmuni í þessu máli.

Það er ástæða til vegna þeirra formbreytinga sem hafa orðið varðandi staðfestingu þessa samnings að menn átti sig á því hvaða afleiðingar það muni hafa ef aðilar ekki staðfesta þennan samning. Ekki ætla ég að gráta það þó það gerðist. En það er rétt að menn átti sig á því að það er ekki alveg víst að t.d. ríki Evrópubandalagsins komi því í verk fyrir mitt ár 1993, sem eru síðustu forvöð samkvæmt samningnum, að ganga frá staðfestingu á honum. Formbreytingin sem var gerð hefur haft áhrif á samningstextann og hefur haft áhrif á framkvæmdastjórnina í Brussel. Um það er mér fyllilega kunnugt og gæti nefnt dæmi þar að lútandi.

Virðulegur forseti. Það var sannarlega afdrifaríkt skref sem tekið var um miðjan marsmánuð 1989 þegar lagt var út á þessa einkennilegu braut að spyrða EFTA-ríkin saman til þess að taka sem samningsaðili sameiginlega á þessu máli gagnvart Evrópubandalaginu. Og það hefur í rauninni ekki verið nógsamlega farið yfir það hvers vegna þessi leið var valin en um það er talsvert rætt, lítið hér á landi, meira erlendis. Hvers vegna? Þær skýringar sem ég tel líklegastar og eru oft hafðar uppi af mönnum sem fylgjast vel með þessu, m.a. á Norðurlöndum, eru þær að pólitískar aðstæður hjá ríkjandi flokkum, ráðandi öflum í Noregi og í Svíþjóð, hafi ráðið því að þessi kostur var valinn, en t.d. ekki sá kostur að Norðurlöndin fjögur reyndu að taka sameiginlega á málinu og þá kannski í tengslum við möguleikana á að halda einhverju af norrænu samstarfi við lýði þrátt fyrir samningaviðræðurnar. Það vill nefnilega svo til að bæði sósíaldemókratar í Noregi og sósíaldemókratar í Svíþjóð á þessum tíma áttu í mjög miklum erfiðleikum innanvert pólitískt varðandi þessi mál og töldu sig þurfa á því að halda að finna einhverja aðra leið en að leggja inn umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Ábyrgðaraðili nr. 1 í þessu máli var núv. forsrh. Noregs, Gro Harlem Brundtland, sem fór með forræði í EFTA þegar Óslóarfundurinn var haldinn í mars 1989, en sem á mánuðunum áður frá haustinu 1988 tók á þessum málum á fundum, ekki formlegum fundum, ég segi ekki leynifundum vegna þess að ég veit ekkert hvort sérstök leynd var yfir þeim, með forustu Evrópubandalagsins og þá sérstaklega flokksbróður þeirra Ingvars Carlssonar og Gro Harlem, Jacques Delors, forseta framkæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Það hentaði síðan að það væri forseti framkvæmdastjórnar EB, Jacques Delors, sem kynnti málið og hugmyndin til hans rakin oft og tíðum þótt hitt sé dagljóst að hugmyndin var ekki síður runnin undan rifjum krata á Norðurlöndum.

Þeir glaðbeittustu til að elta þetta ljós voru kratarnir á Íslandi, voru Jónarnir tveir, hæstv. núv. viðskrh. og hæstv. utanrrh. sem ákváðu það sem aðilar að ríkisstjórn að steypa sér til sunds, standa að þessum samningi, reka félaga sína í ríkisstjórn með sér í þetta verk og sjá svo til þess að ekki væru gerðir ýkjamargir fyrirvarar. Það var rétt að hæstv. þáv. forsrh. gæti haldið fróma ræðu og komið að frómum óskum í ræðu utan fundar eða í aðdraganda samningsyfirlýsingar þar sem síðan var ekkert að finna af þeim fyrirvörum sem forsrh. lét koma fram í sínu máli. Margir hafa staðið í þeirri meiningu að þetta hefði eitthvert gildi. Því miður var svo ekki. Það hafði ekkert gildi annað en það sem fram var tekið. Þeim fyrirvörum sem þó var til haga haldið fram eftir árinu 1989 og fram eftir árinu 1990, þar til í nóvember 1990, var ýtt út af borðinu. Þeir féllu fyrir róða og eftir stóð eingöngu sem varanlegur fyrirvari af Íslands hálfu andstaða við fjárfestingu í sjávarútvegi, þ.e. í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða, sem náðst hefur inn í þennan samning og ég vil gjarnan trúa að það sé rétt sem ég hef heyrt frá hæstv. utanrrh. að hann hafi talið það forsendu fyrir því að standa fyrir sitt leyti að þessum samningi. Síðan hljóta menn að meta hvers virði sá fyrirvari er sem slíkur, hversu haldbær hann muni vera. Í umræðunni hér hafa komið fram ýmsar efasemdir um það að í honum sé það hald sem reynt er að láta í veðri vaka.

Aðrir þættir eru annaðhvort tímabundnar undanþágur, aðlögunartími til ársins 1995 eða fram á árið 1996 í lengsta lagi og svo einhliða yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands varðandi tilfærslu á vinnuafli. Ekki fyrirvari byggður inn í samning sem slíkan heldur fróm ósk og yfirlýsing, bókun frá ríkisstjórn landsins um að grípa hugsanlega til öryggisákvæðisins svokallaða ef um al-

varlega röskun væri að ræða á íslenskum vinnumarkaði.

Með þessum samningi sem ríkisstjórnin fyrir sitt leyti hefur nú gert, ég segi það svo nema annað komi hér fram, er verið að tengja hagsmunamál Íslands við framandi hagsmuni á undirbúningsstigi þessa samnings alveg sérstaklega með því að setja í einn pott og gera kröfu um það að samningsaðilarnir sex eða sjö EFTA-megin töluðu einum rómi upp úr þessum potti, leggja saman hagsmuni fjölþjóðafyrirtækjanna sænsku, norska stóriðnaðarins, Austurríkismanna og Svisslendinga. Þetta var nú gæfulegt upplegg eða hitt þó heldur og svo sem ekki að vænta að niðurstaðan sé þannig að hagsmuna Íslendinga sé gætt í þessum samningi. Þarna voru í samfloti ríki sem þegar á undirbúningsstigi málsins voru komin á flugferð inn í sjálft Evrópubandalagið og höfðu áður en frá samningnum var gengið lagt fram formlegar umsóknir um aðild þar sem eru Austurríki og Svíþjóð. Hvers konar hugmyndir eru það um hagsmunagæslu að standa þannig að máli? Það er bara rétt eins og þykjustuleikur að vera að binda sig saman með aðilum sem í raun eru komnir hugmyndalega og hagsmunalega hinum megin við borðið.

Það er líka alveg ljóst, virðulegur forseti, að sá samningur sem hér er verið að mæla fyrir af hæstv. ráðherra er eðli sínu samkvæmt aðeins áfangi á leið inn í sjálft Evrópubandalagið. Og þó látið sé í veðri vaka núna af hæstv. utanrrh. og sófasetubróður hans úr Viðey, hæstv. forsrh., að það sé ekkert víst að það verði niðurstaðan þarf ekki langt að leita til þess að átta sig á að að baki þeirra orða er næsta lítið. Því það er ekki liðið nema árið og ekki raunar árið, það eru ekki liðnir nema nokkrir mánuðir síðan Alþfl., sem hæstv. utanrrh. er formaður fyrir, sá ástæðu til að taka það inn í stefnuskrá sína fyrir alþingiskosningar að hann héldi öllum dyrum opnum varðandi aðild að Evrópubandalaginu. Það voru líka alþýðuflokksmenn sem fyrstir manna mæltu úr þessum ræðustóli sérstaka hvatningu til þingsins og þjóðarinnar að nú ættu Íslendingar að fara að sækja um aðild. Ég hlýt að rifja það upp, hafi hæstv. utanrrh. gleymt því, að flokksbróðir hans og þingmaður af Suðurnesjum, Karl Steinar Guðnason, mælti svo í umræðum um utanríkismál 30. mars 1990, strax á árinu 1990, þar sem hann ræddi um skýrslu ráðherrans að því er snerti Evrópubandalagið, með leyfi forseta:

„Ég tel að Íslendingar verði af fullri alvöru að hugsa um mögulega inngöngu í Evrópubandalagið. Ef nágrannar okkar, t.d. Norðmenn, helstu keppinautar okkar á fiskmörkuðum, gerast aðilar er líklegt að rödd Íslands utan þess bandalags verði afar veik. Helsta leiðin til þess að hafa áhrif er að eiga kost á að láta rödd okkar heyrast. Í viðræðum við Evrópubandalagið eigum við auðvitað að halda fast á hagsmunamálum okkar og þá sérstaklega fiskveiðiréttindum. Hins vegar tel ég varasamt að við flækjumst of mikið í endalausri fyrirvarapólitík. Hafta- og afturhaldspostular mega ekki móta forsendur viðræðna okkar."

Þetta er einn af alþingismönnum Alþfl. sem fyrir hálfu öðru ári mælti þessi orð úr ræðustóli á Alþingi. Og auðvitað var maður ekkert hissa að sjá þessari stefnu fylgt eftir í kosningastefnuskrá Alþfl.

En hvernig hagar þá til á hinu heimilinu, hinu búinu ríkisstjórnarmegin? Ætli menn séu þar mjög tregir til þegar verið er að fjalla um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu, að stíga skrefið til fulls sem hér er stigið til hálfs og vel það? Við hljótum að minna á svokallaða aldamótaskýrslu sem kynnt var á landsfundi Sjálfstfl. fyrri hluta árs 1990, að mig minnir, sennilega í marsmánuði, þar sem niðurstaða aldamótanefndar flokksins, það er aldamótasýnin, hv. formaður utanrmn., það er væntanlega aldamótasýn Sjálfstfl., var að mæla með því að sótt yrði um aðild að Evrópubandalaginu og látið á hana reyna. Núv. hæstv. sjútvrh., þá formaður Sjálfstfl., sem ýmsir horfa til með nokkurri lotningu þegar þeir bera hann saman við þann sem nú hefur tekið við forustu í þeim flokki, vildi ekkert vera maður að minni en keppinautur hans um formennskuna. Hann hélt ræðu suður í Leirum — ætli það sé ekki Leirar þar sem hann Árni lést — á aðalfundi Sambands fiskvinnslustöðva í októbermánuði, að mig minnir 1990, það er ekki lengra síðan, það er rétt ár liðið, þar sem hann hafði sama boðskap að flytja, þá formaður í Sjálfstfl. Og Morgunblaðið sló þessu auðvitað upp. Eðlilegt að taka aðild að Evrópubandalaginu á dagskrá.

Svo ætla þessir herramenn að koma fram fyrir þing og þjóð með þennan samning í höndunum sem alls staðar annars staðar, alls staðar utan Íslands er talað um sem áfanga á leið inn í Evrópubandalagið og segja: Við ætlum nú ekkert fara lengra. Ætli við reynum ekki að búa við þetta. Halda menn að þetta sé trúverðugt? Á þjóðin að trúa þessu? Þegar þeir eru búnir að koma upp um sig hvert hugurinn stefnir fyrir löngu síðan. Og aðeins af pólitískum refskap ætla þeir að reyna að leyna þjóðina því hvert á að halda og hvert verið er að halda.

Ég bið þá hv. alþm. sem ekki ætla að fylgja á þennan leiðarenda og það eru býsna margir sem þyrftu að hlusta á það, held ég, að þeir vari sig á þessari uppsetningu mála, á þessari málsmeðferð sem hér er uppi höfð í afdrifaríkasta máli sem komið hefur fyrir þetta land og lýðveldi síðan það var stofnað 1944.

Þá hljóta menn auðvitað að spyrja: Er okkur nauðugur einn kostur að stíga þetta skref? Er málum þannig komið að gerðum þessum samningi af hálfu ríkisstjórnarinnar að Alþingi þurfi að hugsa sig tvisvar um áður en það hafnar þessari leiðsögn og velur annan kost? Það er ósköp eðlilegt að menn spyrji um það. Er búið að fara þannig með íslenskan málstað að við eigum í raun ekki leið til baka? Mér finnst þess gæta í málflutningi manna sem alls ekki vilja fara alla leið inn í Evrópubandalagið að þeir hafi tilhneigingu til að líta þannig á málið að það sé mjög erfitt að segja nei við þessum samningi vegna þess sem hefur verið að gerast síðustu tvö árin.

Við þá vil ég segja að ég tel þetta alrangt mat. Ég tel ekkert það hafi gerst með þessum samningi sem kalli á það að hann verði staðfestur af Alþingi vegna þess að við getum ekki gætt hgsmuna okkar í fram-

haldinu og náð rétti okkar og náð fram hagsmunum okkar í þýðingarmiklum málum þrátt fyrir það sem hefur verið að gerast í samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði.

Þetta tengist að sjálfsögðu þeirri hafvillu sem menn hafa verið í í þessu máli. Auðvitað hefur það verið og er ljóst að við Íslendingar getum lagað okkur að breytingunum í Evrópu eftir því sem hagsmunir okkar bjóða hverju sinni. Með breytingum á íslenskri löggjöf, með breytingum á aðstæðum lands og þjóðar út á við, með einhliða ákvörðunum á Alþingi Íslendinga og af hálfu íslensks framkvæmdarvalds. Það er ekki nokkur einasti aðili sem bannar okkur það. Og það má kannski segja að það litla gagn sem telja má að við höfum haft af þeim samningaviðræðum sem nú eru að baki sé að það hefur sannarlega verið farið yfir Evrópuréttinn, lög og reglur Evrópubandalagsins og menn hafa kynnt sér þau húsakynni og aflað sér þekkingar meiri en áður var á því stóra húsi og eru þannig í betri aðstöðu en áður til þess að taka ákvarðanir um einhliða breytingar og aðlögun Íslands að bestu manna yfirsýn miðað við okkar þjóðarhagsmuni.

Síðan er það að sjálfsögðu samningsbundin aðlögun. Við erum nú þrátt fyrir allt ríki í Evrópu sem hefur gert samninga við stóra aðila og smáa með árangri en oft með þrautseigju og með því að taka sér þann tíma sem þarf til að tryggja skilning á þörfum okkar og aðstæðum áður en slíkir samningar hafa náðst. En við getum með réttu hreykt okkur af því að hafa búið við betri fríverslunarsamning við Evrópubandalagið en ýmsir aðrir. Samninginn þar sem bókun 6 er hluti af máli, viðskipti með sjávarafurðir. Hann tókst fyrir þrautseigju. Hann tókst eftir að menn höfðu áttað sig á nauðungarsamningi sem gerður var 1961 varðandi aðstæður Íslendinga þar sem við vorum bundnir erlendum dómstól sem við höfðum síðan að engu eftir að pólitískur byr í landinu og aðstæður leyfðu að ganga gegn þeim gjörningi.

Að sjálfsögðu höfum við þann kost að vinna að endurbótum á fríverslunarsamningum, þar á meðal við Evrópubandalagið. Það er m.a. sá kostur sem andstæðingar EES-samnings í Noregi, nágrannalandi okkar, vísa á. Pólitískir málsvarar sem tekið er mark á þarlendis vísa á það. Og ég hlýt að nefna það hér vegna þess að það er athyglisvert að í febrúar sl. stóðu tólf af fimmtán hagfræðiprófessorum við norska háskóla að áskorun um að hætta þessum EES-samningaviðræðum vegna þess að norskum hagsmunum væri að þeirra mati betur borgið með því að fara aðra leið. Þar á meðal með því að leita að gagnkvæmum fríverslunarsamningi, endurbótum á gildandi samningi milli Noregs og Evrópubandalagsins.

Við höfum líka alveg fram á þennan dag verið að taka á ýmsum málum með tvíhliða samningum við Evrópubandalagið og náð árangri. Og það vill svo sérkennilega til að hluti af áróðursuppleggi hæstv. utanrrh. — sem ég vona að heyri mál mitt. Getur virðulegur forseti kannað það hvort hæstv. utanrrh. er í kallfæri? (**Forseti:** Forseti mun kanna það.) Hann hefur vonandi ekki lagt upp á Skaga.

Ég hlýt að minna á að við höfum gert samninga undanfarin eitt til tvö ár við Evrópubandalagið um þýðingarmikil mál sem menn nú eru að hampa sem hluta af þessum samningi algerlega með óréttu. Þetta á við um samning sem kallaður er COMETT 2, samstarfsáætlun háskóla og fyrirtækja um þjálfun nemenda í tæknigreinum. Það er verið að sækja um fé samkvæmt fjárlagafrv. til þess að vinna að þeim samningi. Það er Erasmus-áætlunin, samstarfsáætlun um nemenda- og kennarasamskipti. Það vill svo til að það er einmitt nýbúið að gera þann samning og staðfesta af aðilum. Ég veiti ekki hvort undirskrift ráðherra hefur farið fram. En hafa menn ekki verið að tala um einhverja afskaplega vá sem væri fyrir skólafólk á Íslandi að tryggja að það sé opin leið til samskipta og þeirra hagsmuna sé gætt gagnvart Evrópubandalaginu? Ætli hæstv. utanrrh. og fleiri sem eru að reka áróður fyrir þessu EES-máli hafi ekki verið að skreyta sig með þeim fjöðrum? Það var fyrrv. ríkisstjórn og páv. hæstv. menntmrh., nú hv. þm. Svavar Gestsson, sem vann að þessum málum fyrir hönd stjórnvalda sem nú eru í höfn.

Það má nefna önnur alveg nýlega frágengin mál eins og svokallaða STEPP-áætlun eða STEPP-prógramm um umhverfisrannsóknir og þróunarstarf. Enn eitt sem er svokallað EPOC um samstarf á sviði veðurfræði og náttúruhamfara og enn má nefna COST-rannsóknaáætlun sem á að undirrita af ráðherrum, væntanlega menntmrh. fyrir Íslands hönd, 21. nóv. nk. í Vín.

Ég hef nefnt hér fimm slíka samninga sem er búið að ganga frá en hugmyndin er að fella undir þennan EES-pakka og eru settir inn í samninginn í orðum þótt búið sé pólitískt að ganga frá málinu. Þetta er hluti af hinum svokölluðu jaðarmálefnum sem opnað var fyrir og hefur verið unnið að allt frá árinu 1984 eftir svokölluðu Lúxemborgarspori að koma á milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Og það er ámælisvert að forgöngumenn EES-samningsins skuli telja sér henta að skreyta sig með þeim þáttum sem hefur verið tekið á og hafa verið leyst með tvíhliða samningum við Evrópubandalagið og ýmis fleiri sem eru á góðum rekspöl, því þarna er um mörg svið að ræða.

Nei, hv. þm. Það er engin nauðung sem á að reka okkur til að standa að þessum samningi. Við getum skoðað þetta mál algerlega óbundnir í ljósi þess að þessi samningur bætir ekki hag Íslands á heildina litið nema síður sé eins og ég mun víkja að í framhaldinu. Því auðvitað verða menn að líta á þetta mál í heild sinni og taka afstöðu í ljósi þess.

Talsmenn þessa samnings hafa mikið rætt um að þarna hafi náðst mikill árangur á sjávarútvegssviði. Það hafi fengist slík lækkun á tollum á útflutningi okkar til Evrópubandalagsins sem sé slíkur hvalreki að einungis einhverjir sérvitringar og úrtölumenn, þröngsýnispostular, þjóðerniseinstrengingar og þjóðgarðssósíalistar — og hvaða nafngiftir eru nú til tíndar til að gefa efasemdarmönnum í þessu máli — geti verið á móti málum sem þessum í ljósi tollalækkananna.

Ég tel þau rök langt frá því að vera frambærileg hvað þá haldbær því það er ekki um þá hagsmuni að ræða, þó hagsmunir séu, nema menn vilji lögfesta hér á landi fjórfrelsið. Nema menn vilji kosta til mikilli skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti Íslendinga eins og gerist með þessum samningi ef staðfestur verður. Nema menn vilji stíga þetta skref til meira en hálfs inn í sjálft Evrópubandalagið, eins og hér er verið að gera. Þá hljóta menn að sjálfsögðu að líta á það að það sé ágætis ábót að fá þessar tollalækanir á sjávarafurðum, því annað er það ekki. Það er ábót á kjarna þessa samnings, vissulega.

Það má vera, hæstv. utanrrh., að þannig sé málum háttað hjá flokksbræðrum þínum, þingbræðrum í Alþfl. og alþýðuflokksfólki, þó ég efist um að það gangi sameinað til leiks, að það telji að þetta sé allt saman eitt allsherjar fagnaðarerindi. En svo mikið þekki ég til í því stóra húsi sem heitir Sjálfstæðisflokkur að það er býsna langt frá því að þeir sem hafa þar safnast undir merki í kosningum telji það einboðið að taka undir megininntak þessa samnings. Ég fagna því að menn úr þeim hópi þora að mæla efasemdaraddir, koma fram og gagnrýna þennan gjörning. Og ég er sannfærður um að þeim á eftir að fjölga eftir því sem þetta mál verður rætt og skoðað nánar og upplýsingar liggja fyrir um eðli þess. Því auðvitað þarf fjöldann til í landinu ekki bara hér á Alþingi, þótt þýðingarmikið sé, heldur fjöldann í landinu til þess að koma viti fyrir stjórnmálamenn í þessu afdrifaríka máli.

Vegna þess hvað sjávarútvegsþátturinn hefur verið fyrirferðarmikill af áróðursmönnum, talsmönnum þessa máls, þá hlýt ég aðeins að stikla á nokkrum þáttum þessa *hliðarmáls í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði* því það er mál sem er viðauki við þetta, auðvitað hagsmunamál okkar Íslendinga en snertir ekki kjarna þessa samnings sem við erum að ræða hér.

Þegar upp var lagt í mars 1989 var hinn pólitíski aðgöngumiði málsins fríverslun með fisk af hálfu íslenskra stjórnmálamanna. Hvað skyldi nú hafa orðið um þann aðgöngumiða? Evrópubandalagið reif hann í tvennt, oinberlega og ákveðið í nóvembermánuði 1991, fyrir réttu ári, og hafnaði kröfunni um að taka upp fríverslun með sjávarafurðir. Ýmsir spurðu: Ætla Íslendingar samt að halda áfram? Utanrrh. var ekki í neinum vafa: Auðvitað höldum við áfram.

Þá var það næsta vígi. Það var að ná fram algeru tollfrelsi með sjávarafurðir. Og það var svo seint sem í vor á þinginu eftir kosningar að sjútvrh. steig í þennan stól og hafði uppi svardaga: Enginn samningur um Evrópskt efnahagssvæði nema fullt tollfrelsi fyrir sjávarafurðir fáist og að sjálfsögðu á ekki að hleypa Evrópubandalaginu inn í fiskveiðilögsöguna. Menn náðu þessu. Tollfrelsi, að sagt er, upp í 96% miðað við núverandi stöðu til Evrópubandalagsins og menn eru að reikna upphæðir í því sambandi. Þær upphæðir eru auðvitað sýnd veiði en ekki gefin og í raun veruleg óvissa um þann hag sem við væntum vissulega að hafa af þessum tollalækkunum.

Ég get ekki annað en sperrt eyrun, jafnvel brosað, þegar ég heyri menn tala um að lækkun tollanna sé trygging fyrir því að hagsmuna landsbyggðarinnar á Íslandi sé gætt í samhengi þessa samnings. Ég held að þingflokksformaður Alþfl. hafi síðast verið að fá rúm í dagblaði í dag til að koma þeirri skoðun á framfæri. En gott svo langt sem það nær eitt út af fyrir sig. Og það eru að sjálfsögðu hagsmunir sem við hljótum að takast á um við Evrópubandalagið sem aðra í viðskiptum. En hvað gerðist síðan með veiðarnar, hæstv. utanrrh.? Var þeim haldið utan við? Ætlar hæstv. ráðherra að halda þeim utan við? Hann segir okkur að það eigi að gera *tvíhliða samning um sjávarútvegsmálefni* þar sem þessi veiðiþáttur verði tekinn með. Hvernig er hann lagður fyrir? Jú, það er sagt að það verði samið um að heimila Evrópubandalaginu að veiða sem svarar ígildum 3000 tonna af karfa á Íslandsmiðum gegn skiptum, og þetta eru kallaðar gagnkvæmar veiðiheimildir, á 30.000 lestum af loðnu úr hlut Grænlendinga sem Evrópubandalagið hefur keypt. Ætli þeir hafi ekki keypt eitthvað um 40.000 tonn af kvóta og tryggt sér hann til 1994 a.m.k.

Hvað hefur gerst síðan þessi viðskipti fóru fram í sambandi við loðnuna sem Evrópubandalagið keypti sér kvóta á hjá Grænlendingum? Ætli þeir hafi veitt hana? Ætli þeir hafi náð þessum kvóta? Mér er ekki kunnugt um það. Hæstv. utanrrh. greinir okkur kannski frá því hér hversu stóran hlut þeir hafa fengið frá því að skiptin fóru fram á loðnustofninum 1989 með samningi milli Íslands, Noregs og Grænlands. Þar var þannig búið um hnútana að vissulega höfðu Grænlendingar heimild til að framselja kvóta. Það tók enginn þann rétt af þeim. Þeir fengu 11% af þessum stofni og framseldu þennan veiðirétt til Evrópubandalagsins *og Færeyinga en það var þannig frá gengið í þessum* samningi, skv. 5. gr. hans, að ef aðilar næðu ekki þessum afla þá kæmi hann í hlut Íslands. Þannig hefur mér vitanlega þessi loðnuhlutur verið Íslandsmegin í loðnuveiðunum frá þessum tíma. Á hverju er verið að skipta?

Ég veit að hv. formaður utanrmn. hefur áhyggjur af þessu máli. Hann er ekki svo sjaldan búinn að stíga upp í þennan stól og segja mönnum að með hans stuðningi komi aldrei skip frá Evrópubandalaginu inn í íslenska lögsögu til viðbótar við það sem við heimiluðum árið 1976 og erum nú væntanlega að klippa á eftir því sem verið er að brjóta á okkur eins og gerðist með belgíska togarann á dögunum. Ég spyr hv. formann utanrmn.: Ætlar hann að standa að slíkum gjörningi? Ætlar hann að hleypa þessum flota hér inn? Stíga fyrsta skrefið sem ekki er víst að verði það síðasta því auðvitað koma kröfurnar upp.

Það eru svokölluð þróunarákvæði inni í þessum samningi, „Evolutionary Clause“, um það að á tveggja ára fresti geti aðilar tekið þetta mál upp til umræðu gagnkvæmt og leitað breytinga. Ætli þarna sé ekki einhver girðing varðandi það að við getum ekki átt von á því að bæta hag okkar mikið án þess að kröfurnar standi á okkur um frekari veiðar í íslenskri lögsögu?

Mér sýnist þetta liggja þannig að menn eru að veifa einhverju sem talað er um sem gagnkvæm skipti á veiðiheimildum en er í raun blekking nema annað komi

fram. Hæstv. ráðherra segir okkur væntanlega frá því. Hver er staðan varðandi þennan væntanlega tvíhliða samning varðandi sjávarútvegsmálefni og skipti á veiðiheimildum? Hvernig liggur málið?

Þetta var sjávarútvegsþátturinn. Kjarni málsins, fjórfrelsið, felur m.a. í sér að við hér á Alþingi Íslendinga þurfum á næsta ári að taka inn í íslenska lagasafnið um 1500 lagabálka Evrópubandalagsins sem það bandalag hefur sett frá upphafi vega og verið að bæta við eftir því sem tími hefur liðið. Hluti af þessum lagabálki er sjálfur Rómarsamningurinn, ákvæði hans, varðandi innri markaðinn, meiri hluti af þeim ákvæðum í raun sem standa undir Rómarsamningnum sem við Íslendingar erum hér að taka inn á okkur. Við erum að stíga meira en hálfa leið inn í sjálft Evrópubandalagið að efni til. Við erum að taka það inn á okkur að því er varðar efnahagsleg samskipti, það er alveg ljóst. Það mætti segja því margir tala um Efnahagsbandalagið þegar þeir ræða þetta Evrópubandalag og það er einmitt það, við erum að taka Efnahagsbandalagið inn á okkur, þann hluta Rómarsamningsins á einu bretti. Ég spyr hæstv. utanrrh. og bið hann að hlusta og bið hann um svör: Hvernig ætlar ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra að leggja þetta mál fyrir á Alþingi eftir áramótin eða á næsta ári? Í hvaða formi? Kannski hefur hæstv. ráðherra farið yfir þetta allt í umræðunni það sem af er. Ég vildi gjarnan heyra aðalatriðin um það mál úr hans munni. Hvernig verður þessi samningur lagður fyrir og hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja lögfestingu á Rómarrétti á komandi ári? Í hvaða formi? Hvað verður fellt undir þál. með fylgigögnum, hvað verður borið fram í formi lagafrumvarps til staðfestingar á öðrum lögum o.s.frv? Mér finnst ástæða til þess að spyrja um þetta og fá svör hér og nú. Séu þau ekki komin get ég vissulega flett upp í þingumræðum ef þetta hefur allt verið skilmerkilega skráð.

Við skulum minnast þess, hv. þm., að þessir 1500 lagabálkar verða æðri öllum íslenskum rétti ef hann stangast á við þá. Öll tvímæli voru tekin af um það í yfirlýsingunni í maí sl. Þar höfðu menn það svart á hvítu í sameiginlegri yfirlýsingu og svo sem engin tíðindi að íslenskur réttur viki fyrir Rómarrétti á öllum sviðum sem samningsbundin væru með fyrirhuguðum samningi þá.

Ekki aðeins þetta, heldur á þessi Rómarréttur, sem menn mæla í hillumetrum hvað snertir umfang, tugþúsundir blaðsíðna í handriti segja menn, verður grundvöllur fyrir yfirþjóðlega dómstóla, því menn eru að afsala Íslandi dómsvaldinu á öllu þessu samningssviði, afhenda það yfirþjóðlegum dómstól. Þá dettur kannski einhverjum í hug — menn heyra það jafnoft og hæstv. utanrrh. ræðir þetta mál að hér sé ekki um neitt valdaafsal að ræða. Skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar? Nei, nei, nei. Dómsvaldið á öllu samningssviðinu er komið til Lúxemborgar um leið og Alþingi hefði, sem vonandi aldrei verður, staðfest þennan gjörning hæstv. ráðherra. Dómurinn í Lúxemborg, hvort sem hann heitir EES-dómstóll eða dómstóll Evrópubandalagsins sem báðir koma þarna við sögu, hann ekki aðeins sker úr um deilumál, hann túlkar lög og er í rauninni hluti af löggjafarvaldi Evrópubandalagsins. Hvar eru þessi lög Evrópubandalagsins sett annars staðar en af dómstólum þegar þeir eru að túlka lög og það gera þeir mjög rúmt út frá markmiðum Rómarréttar? Evrópudómstóllinn er ekkert að binda sig við einhvern bókstaf, hann tekur fjórfrelsið bókstaflega og túlkar í sínum dómum markmið Rómarsamningsins eftir sínu höfði. Þá skiptir lítið kotríki og hagsmunir þess hér upp undir heimskautsbaug ekki miklu máli þegar verið er að líta yfir sviðið. Hvar ætli lög Evrópubandalagsins verði til og hverjir setja þau? Ætli það sé þetta Evrópuþing? Ónei. Þingræðið er ekkert í því stóra húsi Evrópubandalaginu, ekkert þingræði til, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, það er gleymt og grafið og tekið í staðinn upp menntað einveldi í eins konar formi embættismannaveldis sem setur Evrópubandalaginu lög, undirbýr lög og setur því lög. Framkvæmdastjórnin í Brussel. Það er ekki bara þetta sem byrjað er að reiða hér fram fyrir okkur í formi samnings, þau lög sem eru undirstaða hans, heldur eru það frambúðarlög á sviði efnahags-, atvinnu- og ýmissa félagsmála sem Íslendingum er ætlað að búa við í framtíðinni á meðan þeir hafa ekki stigið skrefið til fulls inn í framtíðarríki Evrópubandalagsins.

Þá kem ég að þeim þætti sem ástæða er til að minna á: Hver var staðan þegar lagt var upp í mars 1989? Hver var ásetningur EFTA-ríkjanna? Það var að verða hluti af löggjafarvaldi Evrópubandalagsins, að ná raunverulegum áhrifum. En hvað varð um það, hæstv. utanrrh.? Hvað varð um þann ásetning að komast að ákvarðanatökunni hjá Evrópubandalaginu þannig að í framtíðinni yrði raunverulega um sameiginlegar ákvarðanir að ræða? Því var kastað út í hafsauga í samningaviðræðunum. Hæstv. utanrrh. sér nú væntanlega ekki mikla ástæðu til þess að rifja það upp og þá stöðu alla á fundunum sem hann er að halda núna þar sem hann er með einhliða predikun, predikun yfir alþýðu manna. Ég hugsa hann hafi ekki mikið fyrir því að segja mönnum frá því að það gleymdist þetta erindi úr upphaflegu nesti, upphaflegum ásetningi, að EFTA-ríkin fengju hluta af ákvörðunarvaldi með Evrópubandalaginu upp á framtíðina.

Staðan er sú varðandi mótun frambúðarlöggjafar á samningssviðinu og hugsanlegum nýjum sviðum sem því tengjast að pólitíska valdið er einhliða suður í Brussel, einhliða Evrópubandalagsins. Það hefur ekki verið stigið spor í þá átt að EFTA-ríkin verði hlutur af þessu pólitíska ákvörðunarvaldi. Jú, það á að kalla í menn og menn eiga að fá upplýsingar um hvað Evrópubandalagið ætlar sér á hverjum tíma um þessi efni og það er sett upp sameiginleg nefnd sem á að reyna að ná samkomulagi varðandi þau atriði sem Evrópubandalagið er að lögleiða. En að EFTA-ríkin geti komið í veg fyrir lagasetningu þeirra er útilokað. Og þá standa menn frammi fyrir því hvort þeir ætla að halda áfram eða ætla að reyna að losa sig úr netinu. Ég er ansi hræddur um að það reynist nokkuð erfitt — jafnvel þótt góðir og öflugir menn yrðu kallaðir til, að losa Ísland úr því neti eftir að menn væru einu sinni orðnir flæktir í það. Ætli aðstaðan yrði ekki ósköp svipuð

og hjá frændum okkar Dönum sem nú engjast sundur og saman sem aðilar að Evrópubandalaginu og standa frammi fyrir því að þurfa að taka á sig pólitíska bandalagið og ganga inn í ríkisheildina sem verið er að móta og verið er að halda ráðstefnur um núna í næsta mánuði í Maastricht í Hollandi, um pólitískt bandalag og myntbandalag. Þeir engjast þar sundur og saman. M.a. er í þeim drögum sem fyrir liggja sumarbústaðaákvæðið sem hæstv. utanrrh. segir að sé búið að fella dóma um. Það er komið inn í drögin að myntbandalaginu og danska þingið er í uppnámi yfir þeirri stöðu. En hvað geta þeir? Treysta þeir sér til að losa sig úr netinu? Ég er ansi hræddur um að það geti orðið snúið þó að vissulega voni maður að danska þjóðin taki í taumana í þjóðaratkvæðagreiðslu þeirri sem fer fram í Danmörku um aðild Danmerkur að þeirri ríkisheild sem þarna er verið að byggja upp og þétta netin í öllum þáttum mála, einnig á sviði utanríkismála og hermála.

Hver er svo kjarni þessa fjórfrelsis og réttlæting? Það er hagvöxtur. Aukin samkeppni, óheftur markaðsbúskapur. Það er inntakið. Hvernig virka þau lögmál, hin kapítalísku lögmál, hreinræktuð og óheft? Ætli við þekkjum það ekki, samsöfnunina, samrunann, „integrasjónina", þar sem það er hin sterka miðja sem dregur allt til sín og menn eru að afvopna Íslendinga, Ísland sem þjóð á sviði efnahagsmála með þessum samningi þannig að við erum búin að kasta stjórntækjunum frá okkur og getum engum vörnum við komið ef þessi köldu lögmál fjármagnsins ganga gegn okkar hagsmunum sem í mínum huga er nokkuð ljóst að verður í framtíðinni. Eftir stendur fámennara og fátækara Ísland *vegna þess að það hefur selt sig undir* þessi lögmál og ákvarðanatöku í hinu upprennandi evrópska stórveldi. Af því að formaður þingflokks Alþfl. var að ræða um byggðamál í blöðunum í dag í samhenginu EES, þá held ég að hann ætti að velta því svolítið betur fyrir sér en þar kemur fram. Ísland er allt undir og fyrst af öllu er það landsbyggðin á Íslandi sem lendir í útsoginu, sem á eftir að mæta enn verri stöðu en við blasir í dag, margfalt verri stöðu. Það er frekar að hér á höfuðborgarsvæðinu haldi menn sínu, fólki og fjármunum, um skeið þó að allt Ísland undirlagt sé í þessu útsogi.

Virðulegur forseti. Ég sagði að einn þáttur þessa máls væri skerðing sjálfsákvörðunarréttar þjóðarinnar. Ég held ég þurfi ekki að rökstyðja það frekar í mörgum orðum, þá skerðingu á valdi Alþingis sem fylgir samþykkt þessa samnings, því eftir að menn hafa staðfest hann setja menn ekki hér lög á Alþingi Íslendinga sem ganga gegn Rómarrétti. Svo mikið er víst. Þá er Alþingi nauðugt viljugt skuldbundið til þess í öllum aðalatriðum að innbyrða framtíðarlöggjöf sem Evrópubandalagið setur án þess að geta komið vörnum við, nema svona rétt að nöldra, nema rétt að gera fyrirvara og reyna að stríða á móti. En ætli menn geri það mjög oft frekar en að nota öryggisventlana, öryggisákvæðin sem hæstv. utanrrh. lýsir fyrir mönnum að hægt sé að taka bara í, eins og í morgunleikfimi, upp og niður, ef eitthvað breytist Íslendingum í óhag. Þetta er slíkur barnaskapur, þetta er slík blekking að ég er mjög undrandi á hæstv. utanrrh. þó slyngur sé og sleipur að koma fram fyrir fólk í byggðum þessa lands og halda því fram að menn hafi allt sitt á þurru. Engin skerðing sjálfsákvörðunarréttar. Íslendingar hafa allt sitt hér á þurru eftir sem áður. Það er mikill kjarkur sem þarf til og kannski svolítið af óskammfeilni til að halda slíku fram. Framkvæmdarvaldið á samningnum fer náttúrlega í hendur yfirþjóðlegrar stofnunar á vegum EFTA, eftirlitsnefndar EFTA, sem á að sjá um þetta. Íslenska stjórnarráðið kemur þar hvergi nærri til að fylgjast með samningnum, hæstv. utanrrh. kemur þar hvergi nærri. Það er eftirlitsstofnun EFTA sem hefur það hlutverk og beitir sektum og sækir mál og setur þau fyrir dóma ef þörf krefur. En það er engin skerðing á sjálfsákvörðunarrétti og ekkert yfirþjóðlegt í þessu. Ónei. Og dómsvaldið fer eins og það leggur sig á samningssviðinu til Lúxemborgar. Jú, það á að treysta framkvæmdarvaldinu heima fyrir til þess að framfylgja og það má taka upp svona kvörtunarefni fyrir, sem snerta þetta mál, í dómstólum hérna uppi á Fróni, svona kvörtunarefni. Hæstiréttur landsins getur nú kannski farið að taka sér sumarfrí stöku sinnum því ekki koma þessi mál við hann. Ekki snerta þessi mál hann. Það er þessi EES-dómstóll og hvernig er hann skipaður? Ætli það sé jafnræði? Ætli það sé neitunarvald? EFTA-megin? Eða eitthvað svoleiðis? Ónei. Meiri hluti dómara er sóttur til Evrópubandalagsins og þessum dómstól er komið fyrir í smáálmu út frá aðalbyggingu Evrópudómstólsins í Lúxemborg og beinlínis tekið fram í samningnum að hann eigi að vera starfslega nátengdur honum, enda auðvitað eðli máls samkvæmt. *Menn eru hér að fara inn á eitt og einlitt spor* sem ekki á að víkja út frá og þessir dómstólar eiga að tryggja að svo verði.

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. talar um þetta sem ósköp venjulegan viðskiptasamning. Þegar fólkið í landinu lætur sér detta í hug að það vildi kannski hafa einhver áhrif á þetta mál og biður um að fá að segja sitt álit í almennri atkvæðagreiðslu, þá eru viðtökurnar þær: Ónei, ónei, þetta er mál þar sem ég skal hafa vit fyrir ykkur, þarf ekkert á ykkur að hlýða, þetta er ósköp venjulegur viðskiptasamningur. Þannig er það afgreitt. Það væri fróðlegt að heyra hvort það er sama hljóð hjá talsmönnum Sjálfstfl. að því er snertir spurninguna um það að þjóðin fái að segja sitt álit áður en Alþingi tekur þetta mál fyrir til afgreiðslu.

Utanrrh. segir okkur oft á dag að þetta sé mjög gott mál. Hann ber ekki mikið traust til þjóðarinnar ef hann ekki leggur í það að hleypa henni að málinu þó ekki væri annað en sem ráðgefandi fyrir Alþingi áður en það tekur afstöðu til málsins.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja á þá áherslu að þetta mál hljótum við að skoða í heild. Alla þætti þess, þegar við ræðum það, þegar við túlkum það fyrir þjóðinni, hvað þá þegar við tökum afstöðu til þess. Þess gætir því miður allt of mikið að málið sé sett fram sundurslitið af þeim sem túlka það, slitið úr samhengi og einstakir þættir, sem eru til þess fallnir að markaðsfæra þetta á nútímavísu eins og tollalækkan-

irnar, settir fram einhliða fyrir þjóðina. Ég hugsa að það sé þannig komið fyrir mörgum að þeir eru fyrst að átta sig á því núna síðustu vikurnar að málið snúist um eitthvað annað heldur en sjávarútvegsmálefni. Það er satt að segja bágt til þess að vita að sá misskilningur og sú túlkun hefur orðið til þess að ýmis hagsmunasamtök í landinu hafa hneigst til þess að skoða málið út frá þröngum hagsmunum. Þó ekki allir. Við heyrum ályktanir frá samtökum, t.d. í verkalýðshreyfingunni, þar sem menn vekja athygli á raunverulegu eðli samningsins. Ég er með eina slíka samþykkt hér sem ég leyfi mér að vitna til. Hún er komin úr mínu kjördæmi, frá sambandsstjórnarfundi Alþýðusambands Austurlands í septembermánuði sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Sambandsstjórnarfundur Alþýðusambands Austurlands lýsir þungum áhyggjum vegna stöðunnar í yfirstandandi samningaviðræðum um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Sambandsstjórnin leggur áherslu á að hér er verið að fjalla um fullveldi íslenska lýðveldisins og að eitt ógætilegt spor getur leitt af sér aldalangt ófrelsi. Sambandsstjórn Alþýðusambands Austurlands mótmælir öllum samningum sem í sér fela fullveldisafsal í einhverri mynd. Framsal á réttindum Íslendinga í hendur yfirþjóðlegs valds má ekki undir neinum kringumstæðum koma til. Sambandsstjórnin mun berjast gegn hvers konar hugmyndum um afsal veiðiréttinda í hendur erlendra aðila. Á sama hátt verður að gjalda varhug við óheftum innflutningi landbúnaðarvara inn á íslenskan markað. Sambandsstjórnin minnir á að íslenskur vinnumarkaður er lítill og viðkvæmur og telur af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að réttur íslenskra launþega til vinnu verði varinn, komi til samninga um Evrópskt efnahagssvæði."

Þetta er ein stutt ályktun að austan. Ég vildi heyra þær fleiri og sem flestar í þessum dúr frá þeim sem eru að líta á þetta mál og hver á sínum vettvangi. Það er gert ráð fyrir því og það er verið að reyna að hugga alþingismenn með því að tekinn verði inn svokallaður þingmannaþáttur í þetta efnahagssvæði. Það verði byggð upp samtök þingmanna með þátttöku frá báðum samningsaðilum, Evrópubandalaginu og EFTA, og undirbúningur er í gangi og búið að setja niður reglurnar sem þessi þingmannasamkunda á að starfa eftir. En sé Evrópuþingið lítils megnugt þá má segja að þessi þingmannasamkunda sem þarna er verið að stofna til sé einskis megnug. Henni veitist að vísu sú náð að fá að fjalla um ársskýrslu sameiginlegu nefndarinnar. Það er svona einna lengst sem hún kemst og getur held ég fengið á sinn fund í spjall formann hennar til viðræðu.

Síðan er þess að gæta, virðulegur forseti, að gagnaðilinn í málinu, samningsaðilinn hinum megin, Evrópubandalagið, er að taka mjög örum breytingum. Ég hef minnst á það hér að fram undan eru ráðstefnur sem ætlað er að taka mjög þýðingarmiklar ákvarðanir á vegferð Evrópubandalagsins til ríkisheildar og þó að það taki einhver ár að ná þeim markmiðum sem menn eru þar að ræða um þá leynir sér ekki hvert stefnir í þeim efnum. Við hljótum því hér á Alþingi að velta því fyrir okkur þegar við ræðum um samning þar sem við erum að fela örlög okkar í jafnríkum mæli og hér er verið að gera í hendur Evrópubandalagsins hvers konar fyrirbæri þetta er, hvers konar bandalag þetta verður innan fárra ára.

Það getur verið okkur sannarlega huggun þegar við ræðum þetta mál að það er ekki komið til endanlegrar ákvörðunar. Jafnframt að við höfum allar ástæður til þess að skoða samninginn sem ríkisstjórnin ætlar sér að leggja fyrir þingið óbundið og í fullvissu þess að við getum gætt hagsmuna íslensku þjóðarinnar með öðrum og betri hætti litið til framtíðar en hér er verið að gera tillögur um.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla fyrst að lýsa yfir ánægju minni með umræðuna, bæði fyrri hluta hennar og eins hina síðari, sem nú er væntanlega að nálgast lok sín. Þó veit ég ekki nema menn vilji halda eitthvað lengur áfram en það verður þó varla nema fram eftir þessu kvöldi. Ég held út af fyrir sig að komin sé nægilega ljós mynd af því sem um er að ræða til þess að við getum eitthvað dokað við og hugleitt það sem fram er komið og gert upp okkar hug. Það sem liggur fyrir og hefði náttúrlega átt að vera ljóst áður er að engir samningar af neinu tagi liggja fyrir. Það hefur ekki nokkur samningur verið gerður. Það er alrangt þegar því er haldið fram að búið sé að gera einhverja samninga og tönnlast stöðugt á því að þetta plagg, sem ég er með hér og menn þekkja úr utanrmn., sé samningur. Bara heitið sjálft segir kannski alla söguna: „Draft Outline EEA Agreement". Hvað þýðir þetta „Draft Outline"? Það þýðir ekki einu sinni að það séu samningsdrög, það eru einhver slitur af drögum samningi, ég veit ekki hvernig góðir enskumenn vilja þýða það, t.d. Össur eða einhver annar, af því að ég heyrði rödd hans þá nefni ég hann. Þetta er auðvitað skjal, „Agreement", það er nú ekki einu sinni „Convension" eða alþjóðasamningur eða eitthvað slíkt. Það er að því leyti rétt að þarna er kannski einhver tilraun til samningsgerðar. Annað er þetta nú ekki. Áður en hægt verður að tala um samning þarf mikið vatn að renna til sjávar.

Í fyrsta lagi þarf að klára plaggið. Það er allt saman í útstrikunum og leiðréttingum og óákveðið, enginn veit hvaða ályktun eða gagnályktun á að draga af óteljandi paragröfum í plagginu. Þetta er hájúrítískt og þjóðaréttur af hæstu gráðu þar sem eru notuð hugtök sem kannski hafa ekki áður verið til í þjóðarétti. Þetta er þess vegna stórmál að því leyti til.

Það þarf sem sagt fyrst að samræma plaggið á einhverju tungumáli og þá væntanlega á enskunni sem það er nú. Síðan þarf plaggið í okkar tilfelli, lögum samkvæmt, að ganga til utanrmn. sem gefur ráð sín og álit. Þegar því er lokið gengi það væntanlega til ríkisstjórnarinnar þar sem það yrði rætt. Síðan kannski aftur til utanrmn. en í öllu falli til Alþingis. Það eru ekki bara nokkrar vikur sem þetta tekur, þetta hlýtur að taka einhverja mánuði.

Þar að auki á plaggið að fara til allra aðildarríkjanna sem standa að þessu samkomulagi, þ.e. bandalaganna og undirbandalaga. Í 135. gr. segir að þetta

þurfi allt saman að þýða — á hvað mörg tungumál? 13. Síðan þarf að samræma og það segir að þetta eigi að vera: „This agreement is drawn up in a single orginal." Og síðan á 12 tungumálum sem öll eru jafngild. Hvaða tíma halda menn að það taki að samræma þetta allt saman þannig að allir séu ásáttir um það í öllum þessum löndum, að öll orð í öllum þessum 13 tungumálum séu þegar lagalega skýrð? Þýða nákvæmlega það sama. Það eru meira en málfræðingar sem þurfa að koma til. Ég held það þurfi nú æðimikla lögfræðingahirð, en málfræðinga ekki síður og tungumálafólk, áður en þetta er orðinn einhver heilsteyptur lagatexti. Svo blessunarlega vill til að þetta eru staðreyndirnar. Það er enginn samningur til. Þess vegna er alveg óleyfilegt í öllum umræðum af hálfu þingmanna eða annarra að vera stanslaust að tala um samninginn. Hvaða samning? Hann er ekki til og verður kannski aldrei.

Á þeim mánuðum sem líða meðan verið er að reyna að uppfylla eitthvað af þessu sem ég er að tíunda þá getur mikið vatn runnið til sjávar. Við höfum séð hlutina gerast æði hratt og þeir eru að gerast um alla okkar blessuðu álfu og Evrópumenn erum við og viljum vera og við viljum fá að vera það í friði. Við eigum t.d. öll fiskimiðin, það liggur fyrir, 200 mílur eigum við. Það getur enginn tekið þau af okkur aftur. Samt sem áður er enn verið að tala um það að skilyrði séu um einhver 3.000 tonn af karfa eða einhverjum öðrum fiski og þess vegna er hægt að fara að setja okkur skilyrði. Það yfirborð jarðar sem við eigum er miklu stærra og auðugra en þeirra.

Nei, við eigum ekki að tala eins og við séum eða þurfum að vera einhverjir bónbjargarmenn. Við eigum Ísland og þessi mið. Þeir gætu komið til okkar og spurt: Gætuð þið hugsað ykkur t.d. að við mundum veiða fyrir okkur? Ég held það væri skemmtilegra að við veiddum bara fyrir þá og gæfum þeim þessi 3.000 tonn. Við getum veitt þau á miklu ódýrari hátt, með meira öryggi og farið betur með náttúruauðlind okkar. Ég held að það væri ágætis hugmynd, hvort sem menn vilja taka þetta sem gaman eða ekki, þá held ég það væri mjög gott ef þeir endilega vilja fá einhver 3.000 tonn af einhverjum fiski, langhala eða hvað það nú heitir allt saman. Þá mundum við bara færa þeim þetta alla leið til Brussel eða hvert sem þeir vilja, ef einhverjir eru svangir þar. En maður á kannski ekki að vera með léttúð í þessu, ég er það svo sannarlega ekki, þó að mér blöskri svo að mér detti jafnvel í hug að snúa þessu við þannig að við segjum þeim að við ætlum að hafa hlutina svona. Hvort þeir vilji að við séum í samfélagi þeirra eða hvort við eigum bara að eiga þennan hluta af jarðarkringlunni sem við eigum. Við vitum um kortið okkar góða, hvað við eigum og hvað þeir eiga. Þeir geta þá reynt að fara í stríð við okkur eins og Bretar gerðu ef þeir telja þetta eitthvað órétt-læti. Það stríð gætu auðvitað engir unnið nema við. En ég er ekki að bjóða upp á það, ég er aðeins með þessu dæmi að vekja athygli á hve fjarstætt það er að þessir ágætu menn skuli ætla sér að ráðast inn á okkar eign.

Það sem ernú það besta við þetta allt saman og þar tala ég af nokkurri reynslu, af því að bæði fulltrúar úr Evrópustefnunefnd og utanrmn., við höfum farið í ferðir hérna áður. Við erum æði mörg sem getum borið vitni um það hvernig þær umræður gengu fyrir sig þegar við héldum fast á okkar rétti gagnvart t.d. Gallagher og þessum fræga Marin og þessara manna sem eru að segja að þeir eigi einhver réttindi. Ég veit ekki betur en að þeir hafi meira og minna samþykkt það sem við sögðum í þessu efni að við ætluðum okkur ekki að láta neitt af hendi sem við vorum búin að ávinna okkur. Við getum veitt fiskinn með meira öryggi, á ódýrari hátt o.s.frv., þegar allt er nú metið til peninga. Og af því að þeir eru alltaf að tala um að efnahagurinn eigi að ráða og peningarnir, því í ósköpunum ekki að láta okkur veiða? Við skyldum selja þeim, gera við þá samninga um að þeir fengju kannski 80–90% af þeim fiski sem við veiddum, hitt mundum við kannski selja til Japans eða einhvers staðar og gera einhverja slíka samninga. Þeir hljóta að vilja gera einmitt svona samninga, þeir eru alltaf að tala um að það þurfi að bæta hag fólksins og allur rekstur ætti að vera hinn hagkvæmasti. Ég held við höfum ekki boðist til að gefa þeim fiskinn en við getum örugglega auðgað þennan heimshluta meira en þeir með fiskveiðum. Við höfum þó verndað okkar fiskstofna sæmilega en þeirra stofnar eru á hröðu undanhaldi og það er nú komið á daginn að það er búið að drepa helminginn. Þessi frægi Marin sem var nefndur margsinnis úr þessum stóli, af hinum ágæta sjútvrh. sem hafði við hann samskipti sem við höfðum fleiri raunar, lýsti því yfir núna fyrir nokkrum dögum að það sé helmingurinn dauður og hitt á sömu leið. Hin sameiginlega fiskveiðistefna bandalagsins hafi svo gjörsamlega eyðilagt mið Atlantshafsins að engin dæmi séu um neitt slíkt og svo er verið að bjóða okkur þennan flota hingað til okkar. Nei, takk, ég held við ættum Íslendingar að sameinast um það að segja nei takk. Það er ekkert í neinum kortum.

En við höldum okkar striki. Við þurfum að ræða mikið saman í okkar hópi í utarmn. Það var nefnt hér af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að Evrópustefnunefnd hefði ekki gert neitt undanfarna mánuði. Það er rétt, hún hefur hins vegar ekki verið lögð niður. Ég tek alla sök á mig af því að hafa ekki reynt að keyra það saman að menn úr báðum nefndunum, sem eru að sumu leyti sömu mennirnir, hefðu hist oftar. En hins vegar hef ég ekki verið þeirrar skoðunar að það ætti að leggja nefndina niður fyrr en við sæjum hverju fram vindur. Við erum náttúrlega ekki fleiri hér en við getum starfað meira og minna saman, hvað sem nefndin heitir, ef við erum að hugsa um markmiðin sem ég ætla nú að við séum inn við beinið sammála þegar á myndina er litið með þessum augum eins og ég er að gera nú. Það er út af fyrir sig ekki neitt sem við þurfum að biðja þetta Evrópufólk um. Sem betur fer vill þetta fólk gjarnan að við séum Evrópufólk, það finnur maður alls staðar. Ég veit ekki hvers vegna, þeim finnst við eitthvað voðalega sérkennilegir af því við vorum víkingar í eina tíð og skrifuðum sögur og annað slíkt. En í öllu falli held ég að þetta fólk vilji ekki

hrekja okkur vestur á bóginn. En við höfum auðvitað markaði víðar en í Evrópulöndum þó það sé kannski okkar besti og eðlilegasti markaður.

Það sem ég held að sé aðalatriðið er það að við förum ekki á tauginni, eins og krakkarnir segja. Við þurfum ekkert að flýta okkur. Við höfum þetta í hendi okkar því við höfum réttinn með okkur. Við erum að reyna að varðveita þetta svæði af yfirborði jarðar. Við eigum það, ætlum að nytja það, rækta það, varðveita það og sjá til þess t.d. að því er varðar nú hafsbotninn, að þar verði ekkert það jarðrask gert sem gæti eyðilagt miðin okkar og umhverfið. Það er auðvitað til mikils að seilast einmitt með jarðraski því að það fer ekkert á milli mála lengur að á Hatton Rockall svæðinu sem Bretar vilja mjög gjarnan klára samninga við okkur. Ég segi ekki meira en ég veit nokkurn veginn að þeir sjá að það er best fyrir þá alveg eins og okkur að semja um svæðið og nýtingu þess. Þá þurfum við auðvitað að gæta þess að allt sé gert með þeim hætti að jarðraskið eyðileggi ekki verðmæti hafsins. Sama er á Jan Mayen hrygg. Þar eru vafalítið olíulindir, olía og gas, og þar hefur t.d. sérfræðingur okkar, Karl Gunnarsson, unnið á skipum sem Norðmenn hafa lagt til til rannsókna á þessu svæði. Það hefur ekki farið neitt hátt, það er ekki alltaf verið að berja bumbur. En það er verið að vinna jafnt og þétt að því að við gætum okkar eignarréttar, varðveislu og ræktunar.

Spurningum var beint til mín og þó kannski frekar til hæstv. utanrrh. Ég veit ekki hvort það er beint ástæða til að lengja tímann með því að fara að svara hverjum einstökum lið. Ég held þær skýri sig nokkuð sjálfar. Eftir þennan inngang ættu menn að vita nákvæmlega að ég tel að okkar stefna eigi að vera eins og hún hefur verið. Við höfum sótt á jafnt og þétt, við höfum kunnað að doka við ef á hefur þurft að halda í landhelgismálum okkar. Það er ekki langt síðan við vorum bara með 3 mílur, það eru víst 50 ár eða eitthvað svoleiðis, það er ekki langt í þjóðarsögunni. Við höfum sem sagt fikrað okkur áfram jafnt og þétt og eigum núna þetta hafsvæði og hafsbotnssvæði 600 mílur út og 350 mílur á Reykjaneshrygg.

Það er of langt mál svona að kvöldlagi að fara yfir það hvernig það allt saman varð til. Þetta gerðist t.d. með Reykjaneshrygginn í samningum við rússnesku sendinefndina á hafréttarsáttmálanum. Mjög skemmtileg saga sem væri hægt að rifja upp síðar og verður gert. En það er sem sagt ekkert sem kallar á það að við séum með óðagot á næstunni. Ég held að við eigum öll, enginn undantekinn, að hugleiða það hvernig við getum best gætt okkar hagsmuna, okkar lífshagsmuna. Ég held nú að kannski sé það með tvíhliða samningum við Evrópubandalagið eins og við höfum stundum verið að álykta um. Ég er ekki frá því að það verði liðlegast að gera það með þeim hætti og við tölum auðvitað við þetta ágæta fólk. Auðvitað er þetta allt saman ágætt fólk. Það er bara rétt eins og við að gæta síns réttar. Það bara vill svo til að þeirra réttur er minni en okkar. Þeir eru að tala um hafsvæðið okkar, ekki sitt. Þeir eru búnir að eyðileggja það og þeir komast ekkert upp með að eyðileggja okkar hafsvæði. Það erum við öll sammála um. Það er ekki bilbugur á nokkrum manni í því efni.

Ég veit ekki hvort ég á nokkuð að vera að lengja þetta. Ég veit að hæstv. ráðherra mun svara þeim beinu spurningum sem voru um hvenær þessar reglur komu inn um það hverjir væru aðilar að þessu uppkasti að samningi eða tilraun til að gera uppkast að samningi eða hvað við eigum að kalla það. Hverjir þeir séu. Það skiptir ekki meginmáli. Það skiptir máli hvert efnið er og hverjir séu þar sem réttinn hafa. Það má alveg geta þess að þetta lauslega orðalag í nafninu á plagginu er táknrænt. Við berum það t.d. saman við hafréttarsáttmálann, uppkast hans var nefnt „Draft Convension", milliríkjasamningur, það er nú ekki einu sinni svo virðulegt á þessu. Þetta er samningur og það var ekki breytt heitinu á því fyrr en allt var komið um kring. Þetta er viðurkenning þeirra sjálfra, bara titillinn á plagginu og það sem um er rætt. En þetta er allt í burðarliðnum og verður kannski aldrei neitt barn. En alla vega þá höldum við okkar rétti til streitu en níðumst ekki á nokkrum manni. Þeir eiga þarna ákveðin réttindi og heimtingu á því að við tökum tillit til þeirra hagsmuna.

Hins vegar er það alveg ljóst að við eigum stórfelldar fjárhagslegar kröfur á þetta fólk ef við beittum þeim og ef rétt væri dæmt því að við höfum staðið við allt það sem við sömdum um 1972. Þeir hafa fengið allan réttinn, öll tollfríðindin hér, við fengum þau að hluta til á iðnaðarvarningi að sjálfsögðu, á móts við þá, iðnaðarvarning sem við flytjum til þeirra. Þegar Spánn og Portúgal og raunar Grikkland líka gerðust aðilar að bandalaginu þá rugluðust þessi hlutföll um tollfríðindi á þeim vörum sem við flytjum inn á þeirra svæði og var miklu minna hlutfall heldur en það sem þeir fluttu til okkar og það hafa þeirra æðstu menn viðurkennt. Henning Christophersen, varaformaður í framkvæmdanefndinni sagði í eyru okkar margra hér, við vorum víst 5–6 úr utanrmn. eða Evrópustefnunefnd, ég man ekki hvort heldur var, í það skipti: Þið hafið staðið við allt ykkar, við ekki við okkar. Það þarf að breyta þessum hlutum. — Hann fór ekkert dult með þau sjónarmið og bað ekkert fyrir þau.

Mitterrand sagði það sama í ræðu og bauð aðstoð. Við höfum bara ekki gengið eftir því. Við höfum ekki sýnt neina hörku að ganga eftir okkar rétti. Það er þá tími til kominn að við gerum það. Ef þeir ætla að sækja eitthvað til okkar sem þeir aldrei hafa átt svörum við auðvitað með því eina svari sem við höfum. Við tilkynnum þeim það bara að við ætlum að taka okkar rétt. Þeir verða þá að beita okkur einhverju valdi sem ég vona að þeir munu ekki gera. En það er algjörlega óþarft fyrir mig og okkur öll að vera með hótanir og þess vegna eru þetta ekki neinar hótanir af minni hálfu. Við sigrum þetta stríð af því við höfum réttinn með okkur.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en sagt það eftir þá ræðu sem hér var flutt þá er ég meira en lítið undrandi. Hvað er hv. formaður utanrmn. að segja við

þingið? Hann er að segja okkur að það mál sem hæstv. utanrrh. hefur flutt um skýrslu til þingsins og er að tala um dag hvern og kvöld hvert við þjóðina, sé ekkert mál. Það sé ekki samningur, ekki drög að samningi, varla slitur af samningi og óvíst að það verði nokkurn tímann neitt úr því.

Það er talsmaður Sjálfstfl. í utanríkismálum, stærsta flokksins í þinginu sem fræðir okkur á þessari stöðu máls. Ég vildi sannarlega óska að það væri innstæða á bak við hans orð og það mat sem hann er hér fram að færa, en það er þá nauðsynlegt að fá úr því skorið. Ég treysti því að hæstv. utanrrh. komi þegar í ræðustól og segi sitt álit á þessum málflutningi talsmanns Sjálfstfl. og formanns utanrmn. Því að það er utanrmn. þingsins sem hefur trúnað okkar varðandi athugun á þessu máli og er eini vettvangurinn sem hefur það til formlegrar skoðunar, þ.e. þau drög að samningi og að fylgjast með framgangi viðræðna o.s.frv. Ef hún og formaður hennar er þeirrar skoðunar að þetta sé einhvers staðar úti í buskanum, þetta sé ekki samningur, þetta séu tæpast slitrur af samningi og óvíst að nokkurn tíma verði nokkuð úr því, þá eru það sannarlega tíðindi, ef þetta er viðhorf Sjálfstfl. til samningsins sem hæstv. utanrrh. telur sig hafa gert. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, að lokum aðeins þetta: Málið hefur verið þannig flutt af hæstv. utanrrh. að það sé búið að ganga frá því pólitískt í öllum aðalatriðum og ég heyri sömu túlkun frá hálfu Evrópubandalagsins. En formaður utanrmn. kemur hér með allt annað viðhorf, lýsir málinu á allt annan hátt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Forseti. Það var athyglisverð ræða hjá hv. 4. þm. Reykv. hér áðan og hann átti ekki nógu sterk orð til að lýsa því hvað þetta væri í raun og veru lítið og ómerkilegt sem lægi fyrir. Mér datt í hug að Stefán Jónsson alþm. fann upp hátt í vísnagerð sem hét slitruháttur. Það var þegar menn tættu hlutina niður í smátt og enn smærra, helst mélinu smærra. Síðan fann Óttar Einarsson kennari og mikill snillingur fyrir norðan upp nýjan hátt sem var eiginlega enn þá merkilegri, þá var rímið komið niður í einsatkvæðisorð sem heitir tætluháttur. Mér fannst sem hv. formaður utanrmn. ætti eiginlega ekki nægilega ómerkilegt orð til að lýsa því hvað þetta væri ræfilsdrusluleg sem lægi hérna fyrir.

En ég fór nú ekki upp í stólinn til að fjalla um þetta, heldur hitt, að ég skil hv. formann utarmn. þannig að núna verði plaggið þýtt á íslensku og þá hætti menn að lesa upp ensku hér í þessum stól sem er alveg skelfilegt að hlusta á, virðulegi forseti, algjört hneyksli. Þegar búið er að þýða það, svona einhvern tímann undir jólin, þá taki utanrmn. málið fyrir og geri breytingartillögur um hina ýmsu texta og síðan fari utanrrh. í sendiför á vegum utanrmn. niður um alla Evrópu til þess að flytja breytingartillögur frammi fyrir liðinu þar. Ég vil beina því til hv. 4. þm. Reykv. hvort þetta er ekki alveg rétt skilið hjá mér að við höfum nógan tíma og engin ástæða til að vera að æsa sig eins og hv. þm. orðaði það hér áðan.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannski mundi nú ekki segja að þetta væri ómerkilegt mál. Þetta eru mjög merkilegir hlutir sem eru að gerast eins og svo víða í heiminum í dag. Réttlætið er svo víða að sigra. Ég taldi bara ómerkilegt að vera að æsa sig upp út af því. Við erum að ná okkar rétti og auðvitað erum við glöð yfir því. Ég man nú ekki að það væri neitt sem hv. þm. sagði að öðru leyti sem ekki var réttur skilningur á því sem ég hafði látið í ljós. Það var víst ekki öðru sem ég þurfti að svara en því.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. og formanni utanrmn. fyrir að hafa staðfest þann skilning sem ég hafði á málinu. Mér sýnist að það sé mjög mikilvægt innlegg í málið á þessum kvöld- og næturfundi sem nú bersýnilega blasir við að sögðum þessum miklu tíðindum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að nefna það í tilefni orða síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að ég er hér með smá úrklippu úr Europe sem hann þekkir væntanlega þar sem talað er um að samningurinn að því er varðaði fiskveiðarnar verði væntanlega tilbúinn í dag, 5. nóv., og að stafirnir verði settir undir þennan EES-samning. Þar stendur að ákveðið sé að það verði gert mánudaginn 18. nóv. klukkan 17.00 í Brussel. (Gripið fram í.) Það má vel vera að þetta sé ekki rétt en ég vildi bara benda á að þarna kemur það fram frá Evrópu að svona eigi að meðhöndla samninginn þannig að það þarf kannski að hafa hraðar hendur við að þýða og að utanrmn. fjalli um þetta mál.

Mér finnst, virðulegi forseti, að það sé æ betur að koma í ljós að myndin sem utanrrh. hefur dregið upp varðandi þessi samningsdrög sé nú ekki eins glæst og hann vildi vera láta þegar hann taldi sig hafa fengið allt fyrir ekkert í Lúxemborg á dögunum. Ég ætla mér ekki að fara út í smáatriði hér en það hefur auðvitað komið í ljós að þessar svokölluðu gagnkvæmu veiðiheimildir eru auðvitað engar gagnkvæmar veiðiheimildir heldur veiðiheimildir gegn aðgangi að mörkuðum. Það hefur líka komið í ljós æ betur að þarna hafi verið að afsala sér verulegu valdi, bæði löggjafarvaldi, dómsvaldi og framkvæmdarvaldi. Það viðurkenna allir sem kynna þennan samning erlendis. En íslenski utanrrh. vill ekki viðurkenna þetta og þykir mér það mjög einkennilegt.

Síðan virðist það vera skoðun utanrrh. hæstv. að Íslendingar geti sett lög hér á landi um nánast hvað eina sem þeim þóknast að gerðum EES-samningi. Þetta efast ég um að geti staðist. Það sem hefur mest verið rætt um er hvort hægt sé að setja í lög hér á landi girðingar, eins og það hefur verið kallað, að því er varðar landakaup. Það virðist svo í umræðunni, bæði hér og annars staðar að allir séu sammála því að það beri að reyna að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast hér land.

Ég hef lýst, úr þessum ræðustól sem og annars stað-

ar, efasemdum um að það sé hægt svo viðunandi sé nema að setja ákvæði inn í sjálfan samninginn um að erlendum aðilum sé óheimilt að kaupa hér land.

Í umræðunni bæði á Alþingi og annars staðar hefur hæstv. utanrrh. sagt að það sé ekkert vandamál að setja inn í íslensk lög ákvæði sem komi í veg fyrir kaup erlendra aðila á landi. Í umræðuþætti sem var á miðvikudaginn var á Stöð 2 var m.a. rætt um þetta atriði og ég gat ekki betur heyrt en allir sem þar töluðu væru þeirrar skoðunar að það væri ekki æskilegt að erlendir aðilar gætu keypt upp land hér. Spurningin er hins vegar hvort hægt er að koma í veg fyrir það ef Íslendingar gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Þar lýsti ég því í þættinum, sem ég hef reyndar líka lýst úr þessum ræðustól, að Danir hafa inni í sínum lögum að enginn geti átt sumarbústaðaland í Danmörku nema hafa búið þar sl. fimm ár. Einmitt þetta ákvæði í dönsku löggjöfinni efast margir um að geti staðist fyrir dómi. Hef ég lýst því bæði hér og annars staðar að lögmenn, m.a. þeir sem starfa hjá Evrópubandalaginu, sem og margir aðrir, telja að ef höfðað yrði mál gegn Danmörku að því er þetta varðaði mundi það ekki standast fyrir dómi. Nú langar mig, virðulegi forseti, að fá að vitna orðrétt í það sem hæstv. ráðherrann sagði í þessum umræddu þætti á Stöð 2. Hann sagði:

„Ég verð nú að fá að leiðrétta þetta örstutt vegna þess að staðreyndirnar eru þessar: Í fyrsta lagi rýfur enginn, ekki nokkur einasti maður, rétt fullvalda ríkis til að setja slíkar reglur eins og við erum að lýsa, girðingareglur sem ekki mismuna þegnum."

Síðan segir hann: „En að því er varðar dóma þó að þessu verði hnekkt, það hefur reynt á það í þremur dómsniðurstöðum að því er þetta mál varðar af hálfu Evrópudómstólsins. Dæmin eru þrjú. Þau varða Grikki. Grikkir settu almenn lög þar sem þeir raunverulega útilokuðu kaup á grísku eyjunum með því að gera kröfur, girðingakröfur, um búsetu og nýtingu. Það stóðst. Grikkir voru kærðir fyrir dómstólnum og það stóðst. Þetta eru 55% af grísku landi."

Ég útvegaði mér þennan dóm til að sjá hvað þarna væri á ferðinni vegna þess að mér höfðu borist fregnir af því að Grikkir hefðu reynt að setja inn í sína löggjöf að Grikkir einir gætu átt land að landamærahéruðunum, sem er alveg rétt, en þau eru yfir 50% af grísku landi. Dómurinn, sem ég fékk frá utanrrn., lýsir því að framkvæmdastjórnin höfðar mál gegn Grikkjum og Grikkir tapa. Þeim er ekki heimilt að setja inn í sína löggjöf að Grikkir einir megi eiga land að landamærahéruðunum. Það stendur ekkert í þessum dómi hvað þeim er heimilt að gera. Þeim er bara bannað þetta. Dómurinn fjallar ekkert um það að Grikkjum sé heimilt að hafa inni í sinni löggjöf eitt eða annað um girðingareglur, eins og hæstv. ráðherra segir þó mjög skýrt. Það stóðst, segir hann hér. Dæmin eru þrjú. Ég veit ekki hvernig hægt er að túlka þetta. Það getur vel verið að það sé mat einhverra manna að með því að banna þeim að setja þetta inn í sína löggjöf sé þeim heimilt eitthvað annað. Dómstóllinn hefur hins vegar ekki dæmt um það en segir eingöngu: Þið megið ekki mismuna þegnum eftir þjóðerni, og ekkert annað. Þess vegna er það ekki rétt sem ráðherrann segir, að Grikkir hafi verið kærðir og það hafi staðist. Þeir voru dæmdir og þurftu að greiða málskostnað að því er mér skilst á þessum dómi.

Í þessum þætti talar hæstv. ráðherra líka um dóm frá Írlandi og í umræðum þann 16. október segir ráðherrann orðrétt að því er varðar Írland, með leyfi forseta: „Að því er varðar Írland hafa aðildarríki EB þann hátt á að þau hafa sérstaka „land-commission" sem verður að samþykkja öll fasteignakaup utan þéttbýlis. Þeir hafa síðan undantekningarreglur sem kveða á um skilyrði um sjö ára búsetuskilyrði í Írlandi. EB-dómstóllinn taldi í dómi sínum, nr. 182 frá 1983, að slíkar takmarkanir væru heimilar svo framarlega sem ákvæði Rómarsamningsins um aðildarríkin væru að öðru leyti virt." Ef maður les síðan þennan dóm, nr. 182 frá 1983, er ekki orð um það í þessum samningi að Írum sé heimilt að hafa sjö ára búsetuskilyrði inni í sínum lögum. Það er ekki orð um það. Það sem þessi dómur fjallar um er það að Írum er heimilt að hafa það inni að fólk búi á landinu eða í hæsta lagi þremur mílum frá því landi sem um er að ræða, þ.e. Írum og öðrum. Það er engum heimilt að kaupa land nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Það fjallar þessi dómur um. Hann fjallar ekkert um það að hægt sé að setja inn í landslög sjö ára búsetuskilyrði. Það getur vel verið að það sé mat hæstv. utanrrh. eða einhverra annarra að hugsanlegt sé að það megi gera, en þessi dómur fjallar ekki um það. Dómurinn er því ekki um það sem ráðherrann var að tala um.

Um þriðja dæmið segir hæstv. ráðherrann í þessum sama þætti á Stöð 2, með leyfi forseta: „Þriðja dæmið er um Danmörku, þetta sumarbústaðaland", og það er þá væntanlega að gefnu tilefni vegna þess að það var ég sérstaklega að ræða um. „Það stóðst", segir ráðherrann einnig. Ég leyfði mér í þessum þætti að mótmæla því, það stóðst ekki, vegna þess að ég taldi mig vita betur. Síðan segir ráðherrann: „Ég er með útskrift af þessum dómi. Ég skal sýna þér þetta." Ég var kannski ekki nógu fljót á mér í þessum þætti að segja já. Ég vildi gjarnan fá að sjá þennan dóm því að mér þótti þetta mjög merkilegt. Daginn eftir var það mitt fyrsta verk að hringja í utanrrh. og biðja um þennan dóm. Þá var mér tjáð að það væri víst enginn dómur, ráðherrann hlyti að hafa meint eitthvað annað, og ég endurtók auðvitað það sem allir sáu sem horfðu á þennan þátt: Ráðherrann sagði beint að þetta væri dómur og hann væri með hann.

Það hefur enginn dómur fallið í þessu máli. Hins vegar hef ég fengið sent frá utanrrn. svar framkvæmdastjórnarinnar frá febrúar 1988 við fyrirspurn þingmanns þar sem hann spyr um þetta atriði, hvert sé mat framkvæmdastjórnarinnar. Og mat framkvæmdastjórnarinnar er að þetta sé í lagi og þeir muni ekki höfða mál gegn Danmörku. Svar framkvæmdastjórnarinnar árið 1988 við fyrirspurn þingmanns getur ekki talist dómsniðurstaða.

Mér finnst það vera með miklum ólíkindum, að bera þetta á borð fyrir alþjóð og halda því fram að þar með

sé hægt að setja inn í löggjöf svokallaðar girðingar. Það er kannski hægt að setja einhverjar girðingar, en mér finnst ekki hægt að bera það á borð fyrir alþingismenn og alþjóð að til séu dómar, sem á að byggja okkar girðingar á, sem alls ekki eru fyrir hendi.

Ég vil einnig benda hæstv. ráðherra á það að í Danmörku eru mjög miklar umræður einmitt um þetta atriði varðandi sumarbústaðamálið vegna þess að það er mat svo margra að þetta muni ekki geta staðist og þess vegna hafa Danir mjög miklar áhyggjur af þessu. Mér finnst alveg með ólíkindum að ráðherrann skuli leyfa sér að bera þetta á borð fyrir okkur, og væri ekki einkennilegt þó að einhverjir færu þá að efast um þá upplýsingagjöf sem borin er á borð af ráðherranum og velti því fyrir sér hvort hún sé öll með þeim sama hætti og þarna kom fram. Til þess að skýra hvers vegna ég segi þetta langar mig til að vitna orðrétt í það sem ráðherrann sagði í þessum sama þætti í tilefni af þessari umræðu sem á milli okkar varð. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Svona er upplýsingagjöfin hjá þeim sem eru að kvarta um að málið sé ekki nægilega vel upplýst", og benti á mig um leið. Svona er upplýsingagjöfin. Þarna var ég, eins og kemur í ljós af þessu og ég reikna með að ráðherrann geti staðfest hér á eftir, að segja frá máli sem ég hafði þekkingu á og vissi hvernig var og hann bar það á mig að ég væri að fara með ósannindi og ásakaði mig um að fara með rangar upplýsingar. Ég bið menn um að reyna að vega það og meta hver það er sem fer með rangar upplýsingar í þessu máli. Mér finnst það vera algjört lágmark að ráðherrann upplýsi þjóðina um hvað í þessum samningi felst. Ég trúi því ekki að hann hafi ekki meiri trú á þessum samningi en svo að hann þurfi að vera að hylma yfir og breiða yfir staðreyndir málsins. Ég held að það sé kominn tími til að reyna að segja sannleikann í þessu máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Í tilefni af umræðum sem áttu sér stað áðan og kenna mátti við kenningar um slitruhátt og tætluhátt er kannski rétt að gefnu tilefni að fara með það sem Stephan G. segir:

List er það líka og vinna,
lítið að tæta upp í minna,
sífellt í þynnra þynna
þynnkuna allra hinna.

Þetta er nokkuð góð lýsing á slitruhætti og jafnvel tætluhætti líka. Og af því að þetta var af því tilefni að spurt var um stöðu þessa samnings og stöðu þessa máls, og það gerði hv. 4. þm. Austurl., er rétt af minni hálfu að segja það alveg skýrt að skilningur hv. 4. þm. Austurl. á þessu máli er alveg laukréttur, eins og hann lýsti í ræðu sinni áðan. (Gripið fram í.) Að því er varðaði stöðu þessa samnings.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. var svo elskulegur að lýsa þeirri skoðun sinni að sá sem hér stendur væri að sönnu réttorður maður, en þó vildi hann að hygginna manna hætti ekki algjörlega ábyrgjast það að honum gæti ekki skjöplast. Það er laukrétt hjá honum líka. Vissulega kann það að henda og það er sérstakt tilefni til að nefna að mér hefur skjöplast í einu atriði og vil ég biðja viðkomandi velvirðingar á því því að vissulega var það ekki að yfirlögðu ráði. Þetta varðar það að ég stóð í þeirri góðu trú að hv. utanríkismálanefndarmenn hefðu fengið í hendur íslenska þýðingu á þeim drögum að samningi sem fyrir lá á miðju sumri og enn fremur að þeir mundu einnig fá í hendur eftir nýliðna helgi íslenska þýðingu, betur unna, af samningsdrögunum eins og þau liggja fyrir þótt þau kynnu að vera ófullkomin. Þetta byggði einfaldlega á misskilningi mínum á samtali við vandfýsna embættismenn. Hið rétta er að utanríkismálanefndarmenn fengu þessi drög eins og þau lágu fyrir frá miðju sumri, ef ég man rétt, afhent í ágúst eða í byrjun september en á enskri tungu og í stað þess að dreift hefði verið drögunum, sem eru til í þýðingarmiðstöðinni, að samningnum eins og hann liggur fyrir nú varð niðurstaða þeirra að senda skrá yfir lög og reglur sem samninginn varða en ekki þessi drög að þýðingu á texta samningsins. Ég stóð í góðri trú að þetta hefði verið gert. Ég hélt einfaldlega af ummælum embættismanns að þau drög að þýðingu sem ég hafði í höndum hefðu einnig farið til hv. utanríkismálanefndarmanna og biðst velvirðingar á því að svo var ekki. Sjónarmið þeirra var að þar sem í sjónmáli væri endanleg þýðing til afhendingar vildu þeir ekki afhenda þýðinguna í drögum þar sem hún kynni að vera ófullkomin við nánari skoðun.

Virðulegi forseti. Það eru einkum tvö mál sem ég tel ástæðu til að staldra við til viðbótar því sem þegar hefur verið sagt af minni hálfu í þessari umræðu. Hið fyrra varðar þau drög að samkomulagi, sem er ólokið, sem varða gagnkvæm skipti á veiðiheimildum því að nokkrir hv. þm. hafa vikið að því máli og óskað eftir skýringum á því. Hið seinna varðar það sem hv. 15. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan um túlkun á dómsniðurstöðum og úrskurðum frá Evrópubandalaginu, dómstól og framkvæmdastjórn, að því er varðar rétt stjórnvalda til takmörkunar ákvæða í lögum, byggt á búsetuskyldu.

Fyrst um samninginn um skipti á veiðiheimildum. Það mun fyrst og fremst vera hv. 4. þm. Austurl. sem hefur haldið því fram fullum fetum, eins og hann orðaði það eða eins og það var orðað í fyrirsögn, að þarna sé heldur betur farið með blekkingar því að þarna hafi sigurlaunin verið greidd úr eigin vasa, eins og hann orðaði það. Hann heldur því fram að Íslendingar hafi samkvæmt samningi sínum um skiptingu loðnustofnsins milli Íslands, Grænlands og Noregs þegar notið þessara veiðiheimilda eða getað nýtt sér þær. Þetta er rangt hjá hv. þm. Staðreyndin er að sjálfsögðu sú að við höfum þennan samning og stofninum er skipt í tilteknum hlutföllum milli hinna þriggja þjóða. Í samningnum er tekið fram í 5. gr. að nái Noregur eða Grænland ekki að veiða sína hlutdeild á tiltekinni vertíð skuli Íslendingar leitast við að veiða það magn sem á vantar, en í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili fá bætur á næstu vertíð sem nema sama magni. Með öðrum orðum, ef Ísland notfærir sér þennan rétt kemur að skuldadögum á næstu vertíð. Það er fyrsta atriðið.

Undanfarnar vertíðar hefur loðnan haldið sér lengur innan íslenskrar lögsögu en oftast áður. Það hefur því verið torsóttara fyrir EB að veiða þá loðnu sem það hefur keypt af Grænlendingum, það er vitað og var vitað. Treysti þeir sér ekki til að veiða hana fyrir utan íslenska lögsögu er þeim, EB-mönnum, að sjálfsögðu í lófa lagið að framselja Norðmönnum veiðiheimildirnar sem geta veitt hana innan íslenskrar lögsögu fram til 15. febrúar. Þetta er nú aðalatriði málsins, hið fyrra. Það hefur ekki verið um það að ræða að Íslendingar hafi veitt úr kvóta Grænlendinga til þessa. Það hefur alls ekki verið um það að ræða. Öll veiði Íslendinga hefur verið innan íslenska kvótans. Fullyrðingar um að þessar veiðiheimildir, allt að 30 þús. tonn, hafi Íslendingar nýtt sér nú þegar eru því ekki réttar.

Loks ber þess að geta að sá samningsrammi sem lagður hefur verið fram um þetta mál byggir á fullri gagnkvæmni. Þetta er 10 ára rammasamningur og síðan endurskoðaður frá ári til árs. Fari svo af einhverjum ástæðum, hvaða ástæðum sem er, að ekki verði unnt að veiða þessi allt að 30 þús. tonn af loðnu, falla hinar gagnkvæmu heimildir um veiðar á allt að 3.000 tonn af karfaígildum einfaldlega niður. Nú er því við að bæta að þetta er ekki fullfrágenginn samningur. Frá því hefur verið skýrt oftar en einu sinni í hverju tilboð Íslendinga fólst. Það er ekki inni í EES-samningnum. Það er tvíhliða samningur við EB. Forsendur þess eru fríverslunarsamningurinn frá 1972, bókun 6, þar sem var að finna skuldbindingu um að halda áfram viðræðum með það að markmiði að gera slíkan samning. Ég hirði ekki um að rifja upp hversu oft tilraunir hafa verið gerðar til þess af hálfu íslenskra stjórnvalda en þær eru nokkrar.

Af hálfu Íslendinga var þetta tilboð um það að við værum reiðubúnir til að láta af hendi allt að 3.000 tonn karfaígilda gegn því að fá í staðinn allt að 30 þús. tonn af loðnu. Í raun og veru er hér ekki um jafngild skipti að ræða af þeirri einföldu ástæðu að samkvæmt íslenskum reiknireglum, sem Hafrannsóknastofnun notast við, eru 3.000 tonn í karfaígildum ígildi 15.600 tonna af loðnu. Ástæðan fyrir því að Evrópubandalagið bauð allt að 30 þús. tonn af loðnu var sú að þeir misskildu tilboðið og töldu að hér væri verið að ræða um þorskígildi. Þetta eru því ekki slétt skipti, sem einu sinni var frægur frasi, heldur er hér um að ræða veiðiheimildir til Íslendinga í staðinn sem eru 10–15 þús. tonn af loðnu umfram það sem Hafrannsóknastofnun metur „slétt skipti".

Af Íslendinga hálfu var tilboðið á þann veg að á grundvelli þessara viðmiðunarmarka um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum skyldi EB-ríkjum heimilt að veiða innan íslenskrar lögsögu allt að þessu marki. Það var tiltekið að útiloka þar tiltekin skip, bæði frystiskip og verksmiðjutogara. Það var bundið leyfum fyrir hvert einstakt skip og fjölda skipa. Það var bundið á hvaða tímabilum og í hvaða hólfum þessi veiði mætti fara fram og það var bundið því að íslenskir eftirlitsmenn væru um borð á kostnað Evrópubandalagsins.

Lokaatriðið var síðan það að fái Íslendingar ekki í sinn hlut það sem í boði var á móti er gagnkvæmni samningsins m.a. í því fólgin að þá falla niður þessar heimildir til veiða á allt að 3.000 tonnum af karfaígildum. Að halda því fram að hér sé ekki um gagnkvæm skipti að ræða er rangt. Það er fyrra atriðið.

Síðara atriðið varðaði þann skoðanaágreining sem uppi hefur verið varðandi heimildir stjórnvalda til þess að setja þrengjandi reglur sérstaklega að því er varðar réttinn innan fjármagnssviðsins til kaupa á hlunnindajörðum. Í því efni var deilan aldrei uppi um að það væri óheimilt að setja þrengjandi reglur sem byggðu á mismunun á rétti gagnvart ríkisborgararétti. Það hefur aldrei verið um það að ræða. Það liggur alveg ljóst fyrir að mismunun að því er varðar þessi mál er óheimil. Reglurnar verða að vera með þeim hætti að þær nái með sama hætti, almennum hætti, til allra. Það er margbúið að lýsa því hvernig þetta mál þróaðist, hvenær það var sem Evrópubandalagið í þessum samningum hafnaði óskum EFTA-ríkjanna um sértæka fyrirvara í þessu efni og hver voru viðbrögð EFTA-ríkjanna. Það gerðist tiltölulega snemma á samningsferlinum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Niðurstaðan varð sú að höfðu samráði innan EFTA-ríkjanna að reyna að leysa þetta með breytingum á lögum og reglum á vettvangi hvers EFTA-ríkis. Þeim tilmælum var beint til páv. landbrh. í fyrri ríkisstjórn um að hann beitti sér fyrir því að setja slík þrengjandi ákvæði í lög og það er líka kunnugt að hann hafnaði því og hann hefur sjálfur gert grein fyrir því hvers vegna það var.

Þá sögðu menn hins vegar: Það er ástæða til þess að ætla að Evrópubandalagsdómstóllinn geti hnekkt rétti aðildarríkja EES-samningsins til þess að setja slíkar þrengjandi reglur. Og það sem ég hef vitnað til er einfaldlega þetta: Við höfum skoðað hliðstæð mál og í því efni hef ég vitnað til tveggja dómsniðurstaðna, þ.e. að því er varðar Írland og Grikkland og síðan til úrskurðar framkvæmdastjórnar. Það má gagnrýna að það hafi ekki verið nægilega nákvæmt að tala um úrskurði og dóma í staðinn fyrir dómsniðurstöður en ég bendi á að um er að ræða að því er varðar Danmörku úrskurð sem birtist í bréfi framkvæmdastjórnar sem svar við fyrirspurn þingmanns. En hvað er þessi framkvæmdastjórn? Þessi framkvæmdastjórn er eftirlitsaðilinn með þessum reglum. Það er rétt að nefna í því samhengi að hv. 14. þm. Reykv. hefur vitnað til þess að hún hafi heyrt efasemdaraddir í Danmörku og menn hafi jafnvel sagt: Það er mikil umræða í dönskum blöðum um þetta. Já, já, það er mikil umræða um þetta, hefur verið mikil umræða og það hefur verið sagt frá því að einhverjir danskir starfsmenn við dómstólinn hafi látið í ljós efasemdir. Hér er hins vegar um að ræða að því er varðar Danmörku, svo að það sé alveg skýrt, úrskurð í því máli frá eftirlitsstofnun EB sem hefur eftirlit með þessum reglum og því næst er um að ræða dómsniðurstöður að því er varðar Grikkland og Írland. Dómsniðurstöður um það? Ekki um að það sé heimilt að setja reglur sem mismuna þegnum á grundvelli þjóðernis. Því hef ég aldrei haldið fram. Það hefur aldrei verið spurningin, heldur hitt, það sem var verið að vefengja var þetta: Getur ákvörðun stjórnvalda í einu landi um það að setja varnaglaákvæði eða þrengingar-

ákvæði, t.d. um búsetuskyldu eða nýtingarkvóð, verið hnekkt af dómstólnum? Það var um þetta sem var verið að deila vegna þess að þegar menn sögðu: Það er ekki víst að þessar girðingar haldi, það er ekki víst að þær séu fullnægjandi og þar að auki gæti það komið til að þeim yrði hnekkt með dómsniðurstöðu.

Nú er á það að líta að á því er reginmunur — eins og aðilar að fyrrv. ríkisstjórn hafa verið óþreytandi að lýsa sameiginlegri afstöðu sinni á, t.d. gerðu það sá sem hér stendur og hv. form. Alþb., mjög rækilega á fundi uppi í háskóla seinast í dag og við höfum gert það oft áður — það er reginmunur á því hvort um er að ræða ríki sem er aðildarríki EB eða samningsaðili að EES-samningnum. Án þess að fara nánar út í þá sálma af því að ég hef gert það svo oft áður, það er óþarfi, þá er á þessu reginmunur. Þá væri fyrsta athugasemd lögfræðings sú að Evrópubandalagsdómstóllinn, sem hefur miklu víðtækara verksvið og meira valdsvið heldur en EES-dómstóllinn, hefur almennt haft tilhneigingu til þess að túlka svona mál mjög rúmt með vísan til markmiðs Evrópubandalagsins sem er yfirlýst að stefna að þróun sambandsríkis. Slík túlkun á auðvitað alls ekkert við um EES-samninginn. Hann hefur engin slík markmið að geyma. Og það er ekkert sem segir að niðurstaða Evrópubandalagsdómstólsins byggð á slíkri túlkun með tilliti til markmiðssetningar EB hafi nokkurt gildi að því er varðar úrskurð EES-dómstóls. En að því slepptu er einfaldlega um þessa einföldu spurningu að ræða.

Þessir dómar snerust um að hnekkja þrengingarákvæðum laga. Var þeim hnekkt? Svarið við því er nei. Þeim var ekki hnekkt. Það stendur í öllum þessum tilvikum að stjórnvöld í þessum ríkjum hafa sett þrengingarákvæði, þar á meðal um búsetukvóð og í öðrum tilfellum um nýtingarkvóð sem reynslan síðan leiðir í ljós að þrengir rétt erlendra aðila án þess að brjóta mismununarregluna í þessum efnum og tryggir stöðu stjórnvalda til þess að hafa stjórn á þeim hlutum.

Nú geta menn samt sem áður sagt sem svo: Við höfum efasemdir um að þetta haldi. Menn geta auðvitað í slíkum hlutum haft uppi mismunandi túlkun. Menn geta lýst efasemdum. En við þetta er síðan einu öðru að bæta af því að menn hafa verið að lýsa því yfir lon og don að fyrirvarar sem settir voru í upphafi séu fallnir þrátt fyrir þá staðreynd að fyrirvarinn um að leyfa ekki veiðiheimildir í staðinn fyrir tollaívilnanir stendur, þrátt fyrir þá staðreynd að fyrirvarinn um að heimila ekki fjárfestingu erlendra aðila í útgerð og fiskvinnslu stendur, þrátt fyrir þá staðreynd að öryggisákvæði og yfirlýsing Íslands að því er varðar innflutning vinnuafls, þ.e. rétt stjórnvalda til íhlutunar þar að eigin mati, stendur. Og þrátt fyrir þá staðreynd að núverandi skipan orkubúskapar á Íslandi brýtur ekki í bága við EES-samninginn og það þarf ekki að breyta neinu þess vegna. En jafnframt hafa menn látið í ljósi efasemdir um það samt sem áður að breytingar síðar, annaðhvort hér innan lands eða innan EB, gætu leitt til þess að því er varðar t.d. orkulindirnar að eignarhald okkar væri ekki nægilega tryggt. Á það reyndi líka í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og það var rætt. Á það reyndi hér í þingstörfum í tengslum við frv. sem hv. 4. þm. Austurl. flutti hið þarfasta mál, og þá vísa ég til þess erindis sem hæstv. þáv. iðnrh. sendi iðnn. Alþingis til fyrirgreiðslu og miðaði að því að eyða óvissu í íslenskri löggjöf að því er varðar eignarhald á orkulindum.

Það er öllum vel kunnugt hvernig það fór. Það strandaði í þingnefnd og fyrst og fremst vegna andstöðu þingmanna Framsfl. Ef menn hafa einhverjar efasemdir og telja að þessi óvissa að því er varðar innlend lög sem snerta orkulindirnar sé varasöm upp á framtíðina er hægt að eyða þeirri óvissu og taka af öll tvímæli um það með því að setja löggjöf á Íslandi sem kveður á um það að eignarhald á almenningum utan bújarða sé þjóðareign og að orkulindirnar samkvæmt nánari skilgreiningu séu þjóðareign. Það brýtur ekkert í bága við EES-samninginn, tekur af öll tvímæli, eyðir allri óvissu að því er varðar nýtingu erlendra aðila á orkulindunum og þar með talið vatninu. Það stendur í stefnuyfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstjórnar að þetta skuli gert.

Virðulegi forseti. Fyrir utan framsöguræðu mína og tvær ræður sem hafa verið til þess að svara hv. þm., spurningum og ábendingum sem fram hafa komið, þá sé ég í raun og veru ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri. Hv. 2. þm. Suðurl. spurði enn um forræði íslenskra stjórnvalda að því er varðar land og hlunnindajarðir. Ég er margbúinn að svara því að því er varðar fyrirætlanir íslenskra stjórnvalda og stöðu þess máls. Sama er að segja að því er varðar fjárfestingarfyrirvarann í sjávarútvegi sem er orðaður á þá leið að fjárfestingar og réttur til stofnunar fyrirtækja í þessari grein, íslenskum sjávarútvegi, lýtur íslenskum lögum. Það þýðir: Er utan samningssviðsins, er utan við lög og reglur Evrópubandalagsins sem lúta að hinni sameiginlegu fiskveiðistjórnun, fer að íslenskum lögum, núverandi lögum svo lengi sem þau gilda. Það er á valdi íslenskra stjórnvalda að setja þau lög. Einfaldara getur það ekki verið.

Það er sífellt verið að tala um að þessi samningur hafi ekkert með að gera samstarf EFTA-ríkja og Evrópubandalagsríkja á Evrópska efnahagssvæðinu að því er varðar samstarf í menntamálum og skólamálum. Ég er margbúinn að svara því hvernig þetta mál er vaxið og hirði ekki um að endurtaka það, vísa bara til þess sem þegar hefur fram komið en vil benda á minnisblað frá menntmrn. sjálfu, minnisblað um stöðuna varðandi samstarf á sviði rannsókna, þróunar og menntamála og læt mér nægja það til áréttingar málinu að vitna hér í eina málsgrein, með leyfi forseta, þar sem segir af hálfu menntmrn.:

„Komi til þess að samningurinn um EES gangi í gildi án aðildar Íslands virðist blasa við að Íslendingar lokist fljótlega úti frá samstarfi innan EES, m.a. á sviði rannsókna og þróunar og menntamála."

Að öðru leyti held ég að við bætum okkur ekkert á því að endurtaka fyrri svör. Við erum búin að fara yfir allt þetta mál út frá matinu á lagalegum reglum og stofnunum. Spurningar um fullveldi þjóðarinnar, spurningar um afsal á fullveldi, afsal á sjálfsforræði, afsal á

löggjafarvaldi, afsal á framkvæmdarvaldi, afsal á dómsvaldi, öllum þessum spurningum og álitamálum hafa verið gerð skil af minni hálfu þannig að ég hef engu við það að bæta. Og ég hef ekkert heyrt í þeim ræðum sem hafa verið haldnar í kvöld sem gefa mér neina ástæðu til þess að endurtaka þau svör.

Að því er varðar mat á þeim hagsmunum og þeim hag, sem einstakar greinar telja sig hafa af þessum samningi, er úr því hér er komið sögu einfaldast að vísa því máli til forsvarsmanna helstu atvinnugreina. Nú síðast hafa samtök iðnaðarins birt þjóðinni niðurstöður sínar í því efni sem heita „Íslenskur iðnaður og Evrópskt efnahagssvæði" og kom út fyrir nokkrum dögum, rösklega gert. Að því er varðar sjávarútveginn t.d., þá hafa forustumenn sjávarútvegsins tíundað það rækilega þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka neitt þar.

Eitt atriði, sem fram kom í máli hv. 4. þm. Austurl., er ástæða til að minnast á. Hann vék að því orðalagi í texta samningsins þar sem lýst er áformum og góðum vilja um pólitískt samráð milli aðila og vitnaði til annarra um að þar með væri þetta orðið að blönduðum samningi og að mér skildist samningi annars eðlis en áður hefði verið. Ég vil bara láta þess getið að samsvarandi ákvæði var þegar í lýsingu á samningssviðinu eins og því var lýst í lok undirbúningstímans á ráðherrafundi í lok desember 1989 þannig að þetta ákvæði er ekki einu sinni nýtt.

Þá er þess einnig að geta að svokallaða þróunarklausu eða ákvæði er ekki unnt að túlka eins og hv. 4. þm. Austurl. vildi leyfa sér. Ef hann skoðar orðalagið þá er hún merkingar- og meiningarlaus, þ.e. hún er án allra skuldbindinga. Vissulega þýðir hún það að aðilar ræða saman en ræða saman samkvæmt því sem þar er nánar skilgreint t.d. að því er sjávarútvegsmálin varðar, á grundvelli fiskveiðistefnu hvers aðila um sig og gagnkvæmra hagsmuna. Það er einmitt alveg ljóst af því hvernig þessi grein var orðuð að þar var hafnað óskum Evrópubandalagsins um að binda þarna inn einhverja tilvísun, t.d. til vaxtar og viðgangs fiskstofna sem gæti gefið til kynna að það væru einhverjar umræður þarna um auknar veiðiheimildir. Því máli er lokið, þeirri umræðu er lokið af okkar hálfu.

Virðulegi forseti. Af minni hálfu hef ég ekki fleiri athugasemdir eða svör að gefa að því er varðar þessa umræðu, enda er hún orðin mjög ítarleg og hefur staðið lengi. Það sem fram undan er er síðan frekari vinnsla þessa máls sem mun fara fram með eðlilegum hætti á vettvangi Alþingis í utanrmn. Eins og ég sagði áður eru samningsdrögin sjálf til í einhvers konar ófullburða drögum í íslenskri þýðingu. Embættismenn treysta sér ekki á þessu stigi máls til þess að nefna ákveðna dagsetningu hvenær unnt verði að afhenda íslensku þýðinguna, en hin staðfesta enska gerð samningstextans getur væntanlega legið fyrir innan einhverra daga og að því er stefnt eins og fram hefur komið að aðalsamningamenn geti sett stafina sína á þann texta sem táknar þá að samanburði og yfirlegu yfir orðalagi sé lokið þannig að þar sé kórréttur texti sem hefur hins vegar ekki þjóðréttarlega skuldbindingu í för með sér, svo að ég taki það fram fyrir hv. formann utanrmn.

Að því er varðar næsta skref er það að sjálfsögðu að ljúka þýðingu texta samningsins á þjóðtungur allra aðildarríkja. Það mun taka einhvern tíma og engin ástæða er til þess að draga úr því að allur er þessi kynningar- og staðfestingarferill langur og ítarlegur. Að því hefur verið vikið hvort nú liggi fyrir verklýsing, skulum við segja, á því hvernig með þetta mál verði síðan farið að öðru leyti, þ.e. fyrir utan það að leggja fram sjálfan samninginn og fylgiskjöl hans til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi og í nefndum Alþingis. Hefur verið dreginn upp listi yfir þau fylgifrumvörp sem óhjákvæmilega þurfa að fylgja málinu? Svarið við því er nei, sá listi liggur ekki fyrir enn. Að því er unnið að reyna að draga upp slíkan lista. Hins vegar er við því að búast að einstök mál í formi lagafrumvarpa, sem þurfa að fylgja þessum samningi og þurfa umfjöllunar Alþingis við, verði flutt að frumkvæði þeirra ráðuneyta sem stýra viðkomandi málaflokkum. Með öðrum orðum hér þarf að fara fram mikið samræmingarstarf milli ráðuneyta í stjórnkerfi Íslands. Ef menn spyrja um tímann sem við höfum til stefnu, þá er hann vissulega langur, enda málið viðamikið. Að því hefur alltaf verið stefnt sem markmiði að hafa lokið formlegri staðfestingu þessa samnings þannig að hann geti orðið komið til framkvæmda í ársbyrjun 1993. Frá og með því að raunveruleg og nákvæm umfjöllun um samningstextann sjálfan getur hafist og fylgisfrv. hans, þá höfum við þennan tíma til stefnu. Það er jafnframt sá tími sem við höfum til stefnu frá því að hið pólitíska samkomulag tókst til þess að kynna málið rækilega. Það hlýtur að gerast á margvíslegum vettvangi. Það gerist ekki einfaldlega með almennri kynningu á fundum utanrrh. Það gerist t.d. með því að embættismenn, ekki einasta utanrrn. heldur annarra ráðuneyta, sem öll hafa með einum eða öðrum hætti komið að þessu máli og átt hlutdeild að einhverju nefndarstarfi á samningssviðinu, munu gefa kost á sér til þess að skýra einstök atriði samningsins, einstök svið hans fyrir þeim hópum sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta og þess óska. Reyndar eru slíkir fundir þegar hafnir að ósk ýmissa hagsmunaaðila.

Jafnframt fer fram mikið kynningarstarf óháð stjórnvöldum á vettvangi samtaka atvinnulífsins, á vettvangi samtaka launþega og það er í framhaldi af því starfi sem þau hafa þegar unnið. Mín lokaorð eru því þau, virðulegi forseti, að við höfum nægan tíma til stefnu þó hitt sé jafnljóst að við þurfum að nýta þann tíma vel og vandlega.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. reyndi að vinda sér fimlega undan ábendingum mínum um það að hann væri að borga sigurlaunin úr eigin vasa. Skýring hans sannfærði mig hins vegar ekki um það að hann hefði látið það vera að hafa þann háttinn á. Sá samningur er þó ekki gerður og liggur víst ekki einu sinni fyrir, ekki einu sinni í drögum, þannig að formaður utanrmn. gæti kannski með réttu haft þau orð um sjávarútvegssamn-

inginn sem slíkan. En það gengur ekki að segja mönnum það að loðna sem aldrei hefur verið veidd af Evrópubandalaginu geti orðið skiptimynt. Og það gengur ekki að segja okkur það að loðna sem samkvæmt rétti Íslendinga fellur í hlut Íslendinga ef hún er ekki veidd sé eitthvað sem Evrópubandalagið hafði á hendi til að skipta á. Þessi málflutningur rímar að sjálfsögðu ekki. Hæstv. ráðherra ætti að lesa betur 5. gr. samningsins og hann ætti að ræða við menn sem hafa fylgst með þessu. Hann gati farið upp í Hafrannsóknastofnun og rætt við forstjóra hennar. Ætli þeir hafi ekki fylgst með þessu máli? Ætli hann hafi ekki reynt að nota sinn samningsbundna rétt frá 1989 í þessum efnum? Hitt kann svo að vera að ef starfsmenn hæstv. ráðherra hafi getað snúið á Evrópubandalagið út af einhverjum reiknireglum mundi ég nú ekki hafa hátt um það á meðan samningurinn er ekki gerður og ekki einu sinni kominn í drög.

Hins vegar lét ráðherrann ýmsu ósvarað sem spurt var um en ég kem því ekki að hér í andsvari, virðulegi forseti, því að ég vil ekki ganga á þann rétt, en ég tek það fyrir hér á eftir í ræðu. Og ég vil þó nefna það sem dæmi um það sem ekki var svarað fyrir utan ágreiningsefni og það er um það hvaða tungumál eigi að gilda á þessu Evrópska efnahagssvæði í framtíðinni af hálfu EFTA. Hvaða tungum eiga Íslendingar að tala á þeim vettvangi? Ég spurði um þetta. Það væri nú gott að fá það upplýst.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðherrann hlustar greinilega ekki á það sem hér er sagt eða skilur það ekki, ég veit ekki hvort heldur er. Ég var áðan að tala um, og hann hefur ekkert mótmælt því, að sá dómur, sem hann hefur verið að tala um varðandi Grikkland, fjallar ekki um rétt Grikkja til að setja nein ákvæði í sín lög. Það var dómur sem Grikkir töpuðu fyrir framkvæmdastjórninni og þá er ef til vill hægt að meta það þannig að það sé hugsanlegt að þeir geti sett upp einhverjar girðingar í sín lög. En dómurinn fjallaði ekkert um það. Síðan fullyrðir hann að hann hafi verið að tala um tvo dóma, sem sagt þennan dóm varðandi Grikkina og Íra. Og nú allt í einu er svar framkvæmdastjórnarinnar til þingmanns orðið jafngilt dómi. Það kemur ekki fram hjá honum að hann geti hugsað sér að leiðrétta það sem hann hefur hingað til sagt ranglega heldur reynir hann að snúa út úr. Þetta þykir mér ekki stórmannlegt.

Hann vænir mig opinberlega um að vera með ranga upplýsingagjöf og snýr svo bara út úr og segir: Ég meinti bara eitthvað allt annað. Þetta get ég ómögulega talið að sé sannfærandi af hálfu ráðherrans. Þegar hann segir síðan að það séu einhver dagblöð í Danmörku sem ræði um þetta vil ég taka fram að það er verið er að ræða það á danska þinginu að það þurfi að setja það skýrt inn í samning, sem verður væntanlega gerður innan Evrópubandalagsins varðandi nánara samstarf milli landanna, að það sé ótvírætt að þeim sé heimilt að setja sín lög vegna þess að það er mat Dana að það sem þeir eru með núna muni ekki standast. Það er hreinn og klár útúrsnúningur af hálfu ráðherrans þegar hann vill ekki skilja það sem ég er að reyna að segja hér úr þessum ræðustól.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svör mín beinast að tveimur málum. Hið fyrra varðar gagnkvæmar veiðiheimildir okkar í samningsdrögunum að því er varðar viðmiðunarmörkin um karfaígildistonnin og loðnuna. Ég endurtek það, hv. 4. þm. Austurl., að það er rangt sem þú hefur sagt, að sigurlaunin hafi verið greidd úr eigin vasa. Íslendingar hafa aldrei veitt þessa loðnu sjálfir innan íslenskrar lögsögu. Það er ekkert úr eigin vasa. Ef þessi loðna væri fengin innan grænlenskrar lögsögu þá væri hún tekin af hlut Grænlendinga þar vegna þess að þann hlut hafa þeir selt Evrópubandalaginu og þann hlut hefur Evrópubandalagið skuldbundið sig til þess að *láta Íslendingum í té. Skuldbindingin er raunveruleg* vegna þess að ella hefðu þeir alveg eins getað framselt þessar veiðiheimildir öðrum, þ.e. Norðmönnum sem hefðu getað veitt þetta innan íslenskrar lögsögu. Það er einfaldlega rangt að þessi gagnkvæmni í veiðiheimildum sé ekki fullgild. Og það er jafnframt hitt atriðið sem er líka nauðsynlegt að menn átti sig á að ef Íslendingar, af einhverjum ástæðum, geta ekki fengið þessa loðnu, þá hefur Evrópubandalagið ekki þessi karfaviðmiðunartonn þannig að málflutningur hv. þm. stenst ekki.

Að því er varðar túlkun annars vegar á niðurstöðum dóma og úrskurðum framkvæmdastjórnar um rétt stjórnvalda í EFTA-löndunum til þess að setja þrengjandi reglur sé ég ekki ástæðu til, eins oft og við hv. þm. Kristín Einarsdóttir höfum um það fjallað, að þrasa lengur um það úr ræðustól. Ég held að rétta leiðin væri sú að taka þetta mál til gagngerðrar skoðunar í þingnefndinni sem um það fjallar og leita eftir lögfræðilegri álitsgerð því ég held að við bætum okkur ekki á frekari orðræðum úr ræðustól.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra er að segja það að Íslendingar hafi ekki gætt hagsmuna sinna samkvæmt þeim samningi sem var gerður 1989. Samkvæmt þeim samningi er þeim heimilt að veiða það magn loðnu sem réttur stendur til af hálfu Grænlendinga og Norðmanna og þeir ekki nýta sér á viðkomandi vertíð. Varnaglaákvæði sem þessu fylgir varðandi næstu vertíð er tilkomið vegna Norðmanna sem vildu koma því að til þess að koma í veg fyrir að Íslendingar gætu hækkað viðmiðunarmörkin síðla á vertíð og þannig komið í veg fyrir að Norðmenn gætu nýtt sér viðkomandi kvóta. Þetta er atriði sem hæstv. ráðherra ætti að kynna sér betur alveg eins og dómana sem hér er verið að ræða um og ég tek fyllilega undir að ástæða væri til þess að hæstv. ráðherra kynnti sér áður en hann fer með fleipur fyrir alþjóð eins og hann hefur verið staðinn að.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom fram í máli hæstv. ut-

anrrh. áðan að hann teldi að Ísland mundi útilokast frá Evrópu að því er varðaði samstarf á sviði menntunar, rannsókna og þróunar, ef ég man rétt, ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði yrði ekki að veruleika. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að flest EFTA-löndin eru á leið inn í EB. Er hann þar með að segja að Íslendingar muni útilokast frá Evrópu ef þeir fylgi ekki á eftir öðrum EFTA-ríkjum inn í EB? Ef þeir ætla að útiloka okkur frá öllu samstarfi ef við verðum ekki með núna ætla þeir þá ekki að útiloka okkur frá samstarfinu ef við göngum ekki alla leið með hinum inn í Evrópubandalagið? Mér finnst röksemdafærslan leiða til þess að við munum þurfa að elta alla hina inn í EB ef þeir taka skrefið þangað.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að biðja hv. 4. þm. Austurl. að kynna sér þetta mál betur áður en hann endurtekur rangar fullyrðingar. Ég ráðlegg honum að kynna sér það t.d. ekki bara hjá Hafrannsóknastofnun heldur með því að taka upp viðræður við þá fulltrúa helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem við höfum rætt við og farið yfir þetta mál nákvæmlega. Kjarni málsins er sá að því er varðar túlkun á hlutfallaskiptasamningnum milli hinna þriggja landa að ef við nýttum okkur heimildina til þess að veiða það sem á vantaði upp í fullan samning, þá væri komið að skuldadögum á næstu vertíð. Það breytir þess vegna engu, það er ekki hægt að fullyrða að þennan rétt hafi Íslendingar samkvæmt umræddum loðnuveiðiheimildum, enda er það staðreynd að þeir hafa ekki veitt þessa umfram loðnu. Og ég skil ekki þessa meinloku hv. þm. Þetta hefur verið rætt við þá sem helst hafa hagsmuna að gæta. Þeir skilja þetta auðveldlega og hafa fallist á að þetta væri rétt, enda þarf enginn að efast um það að þeir hefðu ekki fallist á slíkt eða látið það yfir sig ganga ef skilningur hv. þm. væri réttur.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef skilið þetta mál svo gagnvart þinginu burt séð frá efnisatriðum þess að það sé ætlun hæstv. utanrrh. að leggja fyrir Alþingi till. til þál. um staðfestingu á þessum tætlum þegar þær eru orðnar að samningi. Og það sé mappa allþykk upp á um það bil 1100 vélritaðar síður eða svo, þ.e. samningurinn með viðaukum. Og í öðru lagi sé það ætlun ráðherrans að áður en frá málinu er gengið í lok ársins 1992, þá hafi meginhluti laganna verið afgreiddur. Mér fannst það ekki nægilega skýrt hjá hæstv. ráðherra áðan hvernig hann og ríkisstjórnin hugsar sér að setja þetta mál upp gagnvart Alþingi. Hér er margt að starfa eins og hæstv. ráðherra veit. Ríkisstjórnin ætlar að leggja fyrir ein 170 frv. að auki í vetur þannig að það er fróðlegt að vita hvort ríkisstjórnin hefur myndað sér skoðun á því hvernig hún burt séð frá efni málsins hugsar sér að koma með þetta mál fyrir þingið til afgreiðslu ef það verður einhvern tíma endanlegt mál sem mér heyrist á utanrrh. þó að hv. formaður utanrmn. sé annarrar skoðunar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður get ég ekki svarað fyrirspurn hv. 9. þm. Reykv. með endanlegum hætti hér og nú. Áður en það verður gert svo óyggjandi sé þarf að eiga sér stað nánara samráð milli þeirra ráðuneyta sem málið varðar, þ.e. hver er fjöldi þeirra frumvarpa og hversu mörg frumvörp koma í hlut hvers ráðuneytis sem fylgifrumvörp með málinu. En að öðru leyti skildi hv. þm. rétt áform ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu málsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ákvað að taka aftur til máls eftir að hæstv. ráðherra hafði flutt ræðu áðan og leitaðist við að svara nokkru af því sem ég bar fram við hann en lét öðru ósvarað. Nú ætla ég ekki að elta ólar við það til hlítar og læt ráðherrann um hvar hann lætur þögnina tala fyrir sig í þessu máli, en það er út af fyrir sig athyglisvert líka sem hann ekki tekur hér upp að gefnu tilefni og kýs að láta liggja í þagnargildi.

Ég vil fyrst af öllu koma að því sem ég raunar byrjaði mína ræðu á áðan, en það er hvernig þetta mál kemur fyrir Alþingi. Og mér finnst það með nokkrum ólíkindum ef hæstv. ráðherra er ekki búinn að átta sig á því og kortleggja það eins og það er sagt á tæknimáli hvernig þetta mál verði fram borið við þingið því að þetta er ekkert nýtt að forminu til. Það er ekkert nýtt hvert er innihald þessa máls ef það kemst á leiðarenda, þ.e. af hálfu ríkisstjórnar inn í Alþingi með ósk um staðfestingu. Og það hefur nú hæstv. ráðherra sagt með mjög ótvíræðum hætti og e.t.v. hefur formaður utanrmn. hlýtt á hans orð þar að lútandi hvernig málið er túlkað af hálfu ráðherrans. Og ég vil inna hæstv. utanrrh. betur eftir því og hann vísar því þá út í óvissuna ef óvissan er þarna, með hvaða hætti lagabálkar Evrópubandalagsins verði lagðir fyrir. Við fengum hér doðrant mikinn sem við kölluðum Bláskinnu á næstsíðasta þingi í fyrravetur sem var lausleg yfirferð embættismanna á þessum lagabálkum með athugasemdum við einstaka þætti og ábendingum, vissulega ekki í formi frumvarpa en þetta lá þarna fyrir skráð og þarna er um að ræða þau lög sem verða æðri íslenskum lögum. Verður þetta lagt fyrir hér í einum pakka, hæstv. ráðherra, verður þetta lagt fyrir í einum pakka e.t.v. með lagafrumvarpi og þá sem fylgigögn við það, svipað og þegar menn hafa verið að staðfesta stóra hluti, t.d., svo að dæmi sé tekið, samninga um álbræðslur með mörgum fylgisamningum, þar sem menn eru að lögfesta þessa gjörninga alla saman? Þetta hlýtur að vera orðið ljóst og skiptir allnokkru. Eða er málið þannig að það eigi ekki að fara í þetta svona, heldur eigi að fara að taka upp hin einstöku lagasvið íslensk, búa til frumvörp sem taki tillit til Rómarréttar í hverju ráðuneyti og leggja þau fyrir Alþingi eins og hver önnur þingmál til meðferðar og síðan umfjöllunar í nefnd? Það er þetta sem forvitnilegt væri að vita því að það

skiptir allnokkru varðandi vinnuna sem er hér fram undan á árinu 1992 og þau mörgu frí sem forseti þingsins býður þingmönnum upp á á þessu ári eða þessum vetri sem gæti nú farið að styttast í eftir því hvernig á þessu máli er haldið gagnvart þinginu á árinu 1992. (Gripið fram í.) Ég vil halda mig að verki eftir því sem ástæður bjóða, hv. formaður þingflokks Alþfl. Og ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti veitt okkur einhverja betri úrlausn.

Síðan í öðru lagi ein ósköp lítil og saklaus spurning: Hvaða tungumál er það sem á að gilda í stofnunum Evrópsks efnahagssvæðis að því er varðar EFTA-ríkin? Því ætti nú að vera fljótsvarað af hæstv. ráðherra. Ég hef tvívegis spurt og vænti svars.

Hæstv. ráðherra hefur í sínu máli fjallað talsvert um stöðu öryggisákvæða, þróunarákvæða, í þessum samningi, að ekki sé nú talað um stöðu dómstóla og stöðu íslenskrar löggjafar og möguleika á að setja upp girðingar með tilliti til dómstóla. Nú er það svo að hæstv. ráðherra er ekki sérfræðingur á þessu sviði og hann er ekki í þeirri aðstöðu að kveða upp dóma. Ég veit ekki hvort ég á að fagna því að svo er ekki, en svo mikið er víst að mér finnst hann á tæpu vaði þegar hann er lætur liggja að því að allt önnur sjónarmið kunni að gilda og liggja til grundvallar í dómsmálum sem rekin eru fyrir EES-dómi en þeim sem rekin eru fyrir Evrópudómstólnum. Ég held að þetta sé tálsýn hjá ráðherranum. Ég vona að hæstv. ráðherra heyri mál mitt. Ef hann hefur gengið frá get ég hinkrað við. (**Forseti:** Athygli hv. 4. þm. Austurl. er vakin á því að í næsta sal eru einnig hátalarar og ráðherra stendur þarna og heyrir mál hans.) Það er gott ef svo er. Þá skal ég halda áfram máli mínu.

Ég bendi hæstv. ráðherra á að dómar, hvort sem þeir heita EES-dómstóll eða Evrópudómstóll, leggja sömu löggjöfina til grundvallar sem lögfesta á í þessum samningi sem fram er borinn. Og það eru nákvæmlega sömu skyldur sem menn taka á sig að því er varðar fjórfrelsið hvort sem þeir eru EFTA-megin í Evrópsku efnahagssvæði eða þeir eru Evrópubandalagsmegin. Á þessu er ekki munur og þess vegna hljóta menn að líta til dómstólanna sem áhrifaaðila í sambandi við þennan samning og þeirrar þróunar í réttarkerfi sem orðið hefur innan Evrópubandalagsins sjálfs.

Nú kann vel að vera að fyrirvarinn varðandi sjávarútveg og fjárfestingar í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða haldi gagnvart dómstólum verði hann nógu tryggilega tekinn inn í þennan samning sjálfan, en það er því aðeins að svo verði gert. En engu að síður var það álit þriggja norskra lagaprófessora að ef ekki kæmi til þess að slík ákvæði væru fyrir í samningnum sjálfum gætu menn brotist inn í fiskveiðilögsögu Noregs, ekki út á undanþáguákvæði eða vegna þess að sjávarútvegssviðið lægi til hliðar, heldur í krafti ákvæða fjórfrelsisins um fjármögnun, fjármagnshreyfingar og rétt til að stofna fyrirtæki og kaupa það sem framseljanlegt er þar í landi. Að þessu verða menn að gefa gaum þegar yfir þetta svið er farið.

Það er nýkomin út bók eftir Stefán Má Stefánsson lagaprófessor sem heitir Sjávarútvegsreglur Evrópubandalagsins, fróðleg lesning um svið sem við þurfum vissulega að vera á verði á þó að við séum ekki komin inn í Evrópubandalagið sjálft og sem betur fer ekki sett undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu þess. Út úr þessu riti fæ ég hins vegar þann skilning staðfestan sem ég er að túlka hér, að reglur fjórfrelsisins verði lagðar til grundvallar hvort sem er innan Evrópsks efnahagssvæðis eða innan Evrópubandalagsins og þeim dómstólum sem þar er um að ræða, EES-dómstóli og EB-dómstóli. Þetta varðar miklu.

Að því er snertir þróun og endurskoðun á samningum varðandi sjávarútvegsmál í EES-samningi vænti ég að það mat sé rétt að menn geti haldið þeirri stöðu, ef til kæmi, sem er samkvæmt þessum samningi, þ.e. það geti staðið járn í járn þótt kröfur séu upp teknar, en það er ekki hægt að segja að þróunarákvæðið, sem veitir rétt til upptöku mála og að bera sig saman um sjávarútvegssviðið á tveggja ára fresti, sé einskis virði, að það hafi ekki efnislegt inntak. Væri svo ekki væri þetta ákvæði að sjálfsögðu ekki inni í samningi. Þetta gæfi Íslendingum möguleika á því að segja: Við viljum fá endurskoðun á tollaákvæðum. En hvers megum við vænta sem andsvars á grundvelli þessa ákvæðis? Ég held að það sé alveg ljóst að því er Evrópubandalagið sjálft varðar.

Á landbúnaðarsviðinu eru líka ákvæði inni í þessum samningsdrögum um endurupptöku mála. Það er m.a. kveðið á um það í þessum samningsdrögum að landbúnaðarsviðið eigi að endurskoða að því er snertir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og síðan á tveggja ára fresti með það fyrir augum að rýmka til á þessu samningssviði. Ég vek athygli á þessu. Þetta er annars eðlis og því er með öðrum hætti fyrir komið í samningsdrögum en þróunarákvæðum varðandi sjávarútvegsmálefni og í rauninni er miklu ótvíræðara hvert stefna beri í sambandi við innflutning á landbúnaðarafurðum.

Þetta eru nokkur af þeim atriðum, virðulegur forseti, sem ég sá ástæðu til að gera athugasemdir um.

Að því er snertir sigurlaunin ráðherrans og skiptin á veiðiheimildum skulum við ekki orðlengja þau efni frekar að þessu sinni. Hins vegar verður fróðlegt að sjá þau samningsdrög sem hæstv. ráðherra ætlar að koma með eftir að hafa tekist á um þessi mál við Evrópubandalagið því að sannanlega virðist sem þeirri glímu sé ekki lokið. Auðvitað óska ég ráðherranum velfarnaðar í þeim átökum að því er snertir íslenska hagsmuni, en mér sýnist að staðan sé veik og ég held að ráðherrann þurfi að athuga þessi mál betur, veiti honum sömu ráðleggingar og hann gaf mér úr þessum ræðustól vegna þess að hans málflutningur er ekki á traustum grunni reistur að því er snertir þessi samskipti. Það er ekki hægt að skipta á því sem ekki hefur verið til skiptanna fram að þessu. Það er ekki frambærilegt.

Ég vænti þess að lokum, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra komi hér og veiti nokkra úrlausn varðandi þau efni sem hér var um spurt og hef ekki ástæðu til að lengja mál mitt að sinni. Ég vænti að hann varpi frekara ljósi á það hvernig mál verði hér fyrir lögð og

ekki síst svari ákveðinni lítilli spurningu um það að efni til og umfangi hvert verður samskiptamálið EFTA-megin í stofnunum Evrópsks efnahagssvæðis.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þrjú atriði, að gefnu tilefni:

1. Eins og hv. þm. veit fullvel er svokallað vinnumál EFTA-ríkja enska.

2. Ég var þegar búinn að svara hv. 7. þm. Reykv. um áform um þinglega meðferð en tók fram að ég gæti ekki gefið endanleg svör af þeirri einföldu ástæðu að svör liggja ekki fyrir í mínum höndum frá öðrum ráðuneytum. Þau þurfa að liggja fyrir áður en ég gef þau svör.

3. Um lögfræði: Ég hef áður sagt að hv. þm. er vel að sér, betur að sér en flestir aðrir, um þessi mál. Hv. þingbróðir hans og flokksbróðir kallaði hann lærðan fjölfætlufræðing. Það er ekki sama og að vera mjög glúrinn lögfræðingur og ég gef lítið fyrir lögfræðina hans.

Í fyrsta lagi er þess að geta að dómar EB eru túlkaðir mjög vítt með vísan til markmiða Evrópubandalagsins. Hv. þingmönnum er fullkunnugt um að reginmunur er á Evrópubandalaginu sjálfu, lögum þess, reglum og stofnunum og markmiðum, eða EES-samningunum.

Í annan stað er hlutverk EB-dómstólsins miklu víðtækara en EES-dómstólsins sem er gerðardómur aðeins á þessu samningssviði. Það birtist m.a. í hlutverki hans við forúrskurði.

Í þriðja lagi eru þarna heil samningssvið sem eru algjörlega utan við og koma þessu máli ekkert við, eins og sú staðreynd að í EES-samningnum er ekkert að því er varðar sameiginlega fiskveiðistefnu og fyrirvarar Íslendinga á því sviði þess vegna algjörlega pottþéttir. Hártoganir hv. þm. og túlkanir út og suður eru því afar ótrúverðugar.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið sagt að nokkuð greini á í málflutningi manna í ríkjum sem standa að þessum samningi, það séu sumir sem geri sig seka um það að vera að markaðsfæra þennan samning miðað við heimamarkaðinn en ekki með því að reyna að leggja hlutlægt mat á málið eða bera það fram í ljósi samningsins sem heildar. Mér finnst hæstv. utanrrh. gera sig ítrekað sekan um að stunda hér markaðsfærslu inn á við gagnvart heimamarkaði og stytta sér allverulega leiðina.

Að því er snertir réttarreglurnar og aðstöðu dómstóla til þess að dæma þykja mér það tíðindi ef ekki á að gera ráð fyrir að dómstólar miði við þann grundvöll sem þessi samningur á að lögfesta, þann sama grundvöll og innri markaður Evrópubandalagsins er reistur á, lagasviðið um fjórfrelsi og að haga störfum sínum og draga ályktanir út frá þeim markmiðum. Þau eru ítrekuð í aðfaraorðum þessa samnings og það væri mjög skrýtið ef um það ættu að gilda önnur viðhorf fyrir dómi sem er felldur af Evrópudómstólnum sjálfum en gerist innan þess dómstóls. Svo eru það engin tíðindi þó að sagt sé að auðvitað séum við ekki með allt svið Rómarsáttmálans undir í þessum samningi, heldur hluta þess, og að því leyti er það rétt sem ráðherrann sagði, að út fyrir ramma þessa samnings munu dómstólar ekki fara. En ramminn er víður og viðfangsefnin skýr og þau markmið sem verið er að skrifa upp á.

20. FUNDUR

miðvikudaginn 6. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa tvö bréf. Hið fyrra er svohljóðandi, dags. 5. nóv. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Magnús Jónsson veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.

Síðara bréfið er svohljóðandi, dags. 6. nóv. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík hefur verið kvaddur til þingsetu, taki 2. varamaður, Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.

Kjörbréf Magnúsar Jónssonar og Valgerðar Gunnarsdóttur, 1. og 2. varamanns Alþfl. í Reykjavík, hafa verið rannsökuð og samþykkt. Þau hafa hvorugt áður tekið sæti á Alþingi og því ber þeim skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Magnús Jónsson, 7. þm. Reykv., og Valgerður Gunnarsdóttir, 12. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Magnús Jónsson og Valgerður Gunnarsdóttir hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess varðandi þinghaldið í dag að samkomulag er um það milli forseta og formanna þingflokka að þingfundir standi fram til kl. hálfsex en þingflokksfundum seinki þá sem því nemur og ekki er gert ráð fyrir kvöldfundi.

Um þingsköp.

Samráðsfundir forseta og formanna þingflokka.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Í Morgunblaðinu í dag birtist á miðopnu blaðsins grein eftir hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason. Þar segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Um þingstörfin er ráðgast við stjórnarandstöðuna á samráðsfundum, sem forseti Alþingis efnir til með formönnum þingflokkanna fimm. Er reglulega efnt til slíkra funda í viku hverri og einnig þegar tilefni gefast endranær. Er mælt fyrir um þessa fundi í þingsköpum. Þarna er farið yfir stöðu þingmála og framgang þeirra. Þetta er vettvangurinn, sem stjórnarandstaðan hefur til áhrifa á störf þingsins. Hins vegar" — og bið ég nú hv þm. að taka eftir — „hefur verið upplýst í umræðum í þingsalnum að ekki hafi reynst unnt að treysta því, sem menn töldu niðurstöðu á slíkum samráðsfundi forseta með þingflokksformönnum. Þá alvarlegu brotalöm má rekja til stjórnarandstöðunnar."

Hér er um mjög alvarlegar ásakanir að ræða. Hér er ekki einhver geðvondur nöldrari eða þráhyggjumaður að létta á sér á síðum Morgunblaðsins. Hér skrifar alþingismaður sem Sjálfstfl. hefur tekið ábyrgð á að hefja upp í forsetastól á Alþingi og kjörið sem varaformann þingflokksins.

Ég mun ekki liggja undir þeim rógburði sem fram er settur í grein hv. 3. þm. Reykv. Ég mótmæli því harðlega að þeim samningum sem ég geri fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna sé ekki treystandi. Ég ligg ekki undir því að ég svíki samninga.

Í 72. gr. þingskapa er kveðið á um samráð forseta og formanna þingflokka og ég vil lesa þessa 72. gr., með leyfi forseta:

„Forseti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku.

Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokka um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar.

Forseti skal sjá um að þingflokkum og einstökum þingmönnum innan þeirra sé búin starfsaðstaða og hafa um það samráð við formenn þingflokkanna. Sama gildir um þingmenn utan flokka."

Ég hef undan engu að kvarta um samskipti við frú forseta. Hún hefur sýnt lipurð og sanngirni í samskiptum okkar, en vegna þess að einn af varaforsetum Alþingis hefur opinberlega ráðist að mér og öðrum þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar með svikabrigslum, þá krefst ég þess að þeir samráðsfundir sem ég kann að sitja það sem eftir lifir þessa þings verði bókaðir vandlega, tæknimönnum Alþingis verði falið að taka þá upp á segulband og þeir verði síðan bókaðir orðréttir, en niðurstöður og samþykktir sem gerðar kunna að vera á slíkum fundum verði bókaðar strax og undirritaðar af viðstöddum fundarmönnum. Samráðsfundirnir verði ekki haldnir á skrifstofu forseta svo sem verið hefur, heldur annars staðar í húsakynnum Alþingis, annaðhvort í nefndaherbergjum í Þórshamri eða í fundarsal í Vonarstræti 12.

Frú forseti. Þetta vildi ég láta koma hér fram.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til þess að taka undir þau orð sem hv. þingflokksformaður Framsfl., Páll Pétursson, hefur látið falla varðandi þá grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag.

Við störfum hér samkvæmt nýjum þingsköpum og auðvitað höfum við vissar væntingar varðandi störf þingsins í einni málstofu. Hins vegar var rennt blint í sjóinn og reynslan í vetur mun auðvitað gera okkur hæfari til að móta þingstörfin samkvæmt þessum nýju þingsköpum. Að ráðast á hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna með þeim hætti sem gert er í þessari blaðagrein er hv. þm. Birni Bjarnasyni ekki sæmandi og ber vott um reynsluleysi hans sem þingmanns og kunnáttuleysi varðandi þau vinnubrögð sem hér hafa tíðkast og þær væntingar sem við gerðum okkur til þeirra þingskapa sem samþykkt voru.

Ég kannast ekki við það af þeim fundum sem ég hef setið hjá hæstv. forseta þingsins að samningar hafi ekki haldið, enda hefur ekkert undan samstarfi við forseta þingsins verið að kvarta. Forseti þingsins hefur komið til móts við óskir stjórnarandstöðunnar, enda reyndur þingmaður og veit um hvað er verið að fjalla. Ég vil því fara fram á það við hv. þm. að hann upplýsi okkur hér og nú hvaða samningar það eru sem hafa verið brotnir svo gróflega eða hvort þetta er einungis í þeim anda sem fram kemur í greininni að hér eigi stjórnarandstaðan helst ekki að opna munninn. Það stendur í greininni, með leyfi hæstv. forseta: „Minni hlutinn getur ekki gert sér neinar rökstuddar vonir um að ráða gangi þingmála. Hann getur hins vegar drepið umræðu á dreif og valdið töfum." Þetta er sú virðing sem hv. þm. Björn Bjarnason sýnir þeim rökum sem stjórnarandstaðan hefur komið með í þeim málum sem hér hafa verið til umræðu.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa farið fram lýsa því yfir að það ætti ekki að koma neinum hér á óvart að ég hef þessa skoðun. Hún kom fram í ræðum á þinginu þegar um var að ræða þá ósk þingmanna Sjálfstfl. og þingflokks Sjálfstfl. að við fengjum að tilnefna menn í útvarpsráð á sínum tíma. Og það eru þær umræður sem ég vísa til og þær eru skráðar í þingtíðindum og þar geta menn séð forsendur þess sem ég segi í þessari grein. Það er alls ekki heldur í mínu máli verið að víkja að

því að stjórnarandstaðan haldi uppi þeim röksemdum og þeim málflutningi sem henni býður. Það eina sem ég er að gera með þessari grein er að vekja athygli á minni reynslu af þingstörfunum fyrstu vikurnar og þetta er sú niðurstaða sem ég komst að.

Ég tel að í þingtíðindum sé hægt að finna rök og forsendur fyrir öllu því sem í greininni stendur. Það var ekki ætlan mín að særa neinn með þessari grein eða skapa illt andrúmsloft í þinginu. Hins vegar þótti mér ástæða til að vekja máls á þessum þáttum sem ég nefni í grein minni og þar er ekkert sagt sem á að koma þeim þingmönnum á óvart sem hafa setið fundi Alþingis frá því að það hófst í haust. Ég hef setið svo til alla fundi í þinginu og fylgst nákvæmlega með umræðunum og ég tel að ég geti fært rök fyrir máli mínu með því að vísa í þingtíðindi þegar þau koma út, prentuð þingtíðindi, og þá munu menn sjá að ég hef full rök fyrir því sem í þessari grein stendur.

Ég er alveg sammála hv. þm. Páli Péturssyni að það sé nauðsynlegt að skrá niðurstöður á þessum samráðsfundum forseta með þingflokksformönnum. Um annað framkvæmdaratriði varðandi þá fundi skal ég ekki fjalla hér. Ég tel að þessir fundir séu ákaflega mikilvægir. Við hv. formaður þingflokks Framsfl. tókum þátt í sjónvarpsumræðum í haust þar sem við ræddum þessi mál og vorum sammála um það að þessir samráðsfundir væru ákaflega mikilvægir. Ég tel að það sé ákaflega brýnt að strax í upphafi skapist sá andi á þeim fundum að fullt traust og fullur trúnaður ríki og það verði aðeins til farsældar hér í þingstörfunum.

Ég ítreka það og endurtek að það var ekki ætlan mín með þessari grein að stofna til illinda hér í þingsalnum. Ég tel hins vegar að það sé minn réttur eins og allra annarra að láta í ljós skoðanir. Það getur verið að þessar skoðanir séu byggðar á reynsluleysi eins og hv. formaður þingflokks Alþb. sagði, en nýir menn sjá oft betur en þeir sem eru búnir að vera lengi við ákveðið ástand og menn eiga ekki að taka ummælum þeirra sem nýir eru með þeim hætti að það eigi endilega allt að vera í sama gamla farinu. Og ég vil ekki sitja undir því hér að ég tali þar af algjörri vanþekkingu. Hins vegar hef ég sett þetta fram af þeirri reynslu sem ég hef öðlast hér í þinginu á þeim fáu vikum sem það hefur setið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að mikilvægt er að hér ríki bæði traust og trúnaður milli þeirra sem eiga að hafa samráð um störf þingsins og mér þykir vænt um að heyra að hann kaus ekki að vera með nein illindi. Þess þá heldur finnst mér sú grein sem hér hefur verið vitnað til undarleg þar sem hún vekur bæði illindi og hlýtur að gera það, þar sem hér er um að ræða orð manns sem er í þeirri stöðu að gegna starfi eins forseta þingsins. Ég sé ekki að þau ummæli, sem hér hefur verið vitnað til og ég mun ekki endurtaka, muni vekja það traust og þann trúnað sem ég vissulega vildi sjá ríkjandi í þingstörfum.

Varðandi það atvik sem nú hefur fengist upplýst að er ástæða ummæla hv. þm., þá vil ég bara segja þetta: Ég held að við getum öll lesið það í þingtíðindunum að það er ærin ástæða til þess að virða óskir stjórnarandstöðu jafnt sem stjórnar þegar beðið er t.d. um nærveru ráðherra og talið að mál sem þarf að afgreiða sé honum skylt, hvort sem um kosningu í nefndir og ráð er að ræða eða eitthvað annað. Sem betur fer hefur á mínum stutta þingferli í tvö ár verið farið að slíkum óskum og slíkar óskir virtar. Þær hafa ekki mætt tregðu heldur hefur verið samstarfsvilji. Ég vil því spyrja hv. þm. Björn Bjarnason hvort hann telji það eðlilegt að breyta hér um samstarfsaðferðir þótt eitthvað sé af nýjum þingmönnum. Ég mun vera í hópi þeirra. Mér þótti, þegar ég kom á þing fyrir tveimur árum, að hér væri góður siður við lýði, að hér væri samstarf, að hér væri traust og hér væri trúnaður, frekar en illindi. Vera má að það sé einlæg skoðun hv. þm. að nú eigi að breyta til en það væri þá gott að vita það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég bjóst satt að segja við því að hæstv. forseti mundi taka afstöðu til ummæla hv. 3. þm. Reykv. hér úr forsetastóli að gefnu tilefni. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara fram á það að hæstv. forseti greini frá því hver er hennar skoðun á þeim ummælum sem fram koma í grein hv. 3. þm. Reykv. í Morgunblaðinu í dag.

Satt að segja var það þannig, virðulegi forseti, að þetta þinghald fór ekki allt of vel af stað. Fyrst og fremst var það vegna þess að stjórnarliðið kaus að neita samvinnu um kosningu í forsætisnefnd með því að gera kröfur um það að þingflokkur Kvennalistans ætti ekki fulltrúa í forsætisnefndinni. Við þær aðstæður var í raun og veru margt sem benti til þess að stjórnarliðið væri að segja sundur friðinn hér um þinghaldið yfirleitt.

Í framhaldi af því kemur það mál upp nokkrum þingdögum síðar að það á að kjósa í útvarpsráð af því að fulltrúar Sjálfstfl. í útvarpsráði höfðu lagt á flótta úr út þeirri stofnun þar sem þeir treystu ekki núv. menntmrh. Út af fyrir sig kom það okkur stjórnarandstæðingum ekki á óvart þó að menn treystu ekki menntmrh. (**Forseti:** Tala bara um þingsköp, takk.) Nákvæmlega. Ég er að því, að tala um þingsköp, forseti. Alveg held mig stíft við þingsköp. (**Gripið fram í:** Þú ert langt frá þeim.) Ég held mig stíft við þingsköp, hv. þm. Þegar þessi mál komu síðan til umræðu á Alþingi þá gerðist það að við óskuðum eftir því að fá að heyra skoðanir hæstv. menntmrh. Þá stendur upp hv. 3. þm. Reykv. og ber það á okkur sem þá vorum í forustu fyrir stjórnarandstöðuna á forsetafundi, að við værum að bregðast samkomulagi sem við hefðum gert. Þannig beinist áburður hv. 3. þm. Reykv. að mér persónulega og hv. 1. þm. Norðurl. v. og þeim fulltrúa Kvennalistans sem sat viðkomandi fund. Ég hlýt því að taka þessum ásökum mjög illa og ég geri ráð fyrir því að þeir sem þekkja til þeirra vinnubragða sem við höfum viðhaft hér á þinginu í ár og á undanförnum árum geti

ekki rifjað upp dæmi um það að við höfum brugðist samningum.

Hins vegar kemur það auðvitað oft fyrir og þekktustu dæmin um það eru úr þingflokki Sjálfstfl. að formönnum þingflokka gengur oft mjög illa að semja fyrir sína flokka. Frægustu dæmin um það munu væntanlega birtast í ævisögu núv. menntmrh. sem kemur út á næstu öld, vona ég, þar sem hann greinir frá því hvernig honum gekk að standa við samninga fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl., t.d. á árunum 1980–1983, og verður það einkar fróðlegur kafli. Vitaskuld kemur það iðulega fyrir að þingflokksformenn hafa ekki stöðu til þess að segja fyrir um viðbrögð þingmanna sinna í einstökum atriðum. En í öllum meginatriðum held ég að hægt sé að fullyrða að við sem höfum samið hér fyrir flokka á undanförnum árum höfum lagt metnað okkar og starfsheiður í það að standa við þá samninga sem við höfum gert. Þess vegna hljótum við að taka orðum og árásum hv. þm. Björns Bjarnasonar mjög illa.

Það er auðvitað nauðsynlegt ef það á að halda hér uppi einhverri reglu um þinghaldið að það náist gott samstarf milli forseta og formanna þingflokkanna. Nú er í rauninni búið að lýsa því yfir að sá samstarfsvettvangur sé ónýtur líka. Það er mjög alvarlegur hlutur og ég bið hæstv. forseta að íhuga það mjög alvarlega með okkur hinum hvaða afleiðingar það getur haft fyrir þinghaldið ef enginn vettvangur er lengur eftir til þess að eiga samvinnu á varðandi skipulag umræðna og dagskrár.

Ég held að það sé rétt sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. að það er úrslitaatriði að það skapi traust þarna á milli. Hins vegar hefur það borið við mjög víða að menn hafa verið að segja í sundur friðinn, ekki aðeins í forsætisnefndinni og samvinnu formanna þingflokka og forseta, heldur einnig víðar í ýmsum nefndum sem hafa verið kosnar á vegum þingsins núna að undanförnu. Þar hafa komið upp margvísleg umhugsunarefni þar sem menn hafa í rauninni reynt að beita valdi með fullkomlega óeðlilegum hætti og verður það ekki rakið nánar hér á þessu stigi. Ég tek það fram að það á ekki við þær þingnefndir sem ég sit í.

Ég held þess vegna að þær ábendingar sem fram komu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni, séu gildar og það sé nauðsynlegt að þetta mál verði rætt mjög alvarlega. Það er spurning hvort á ekki að taka í það tíma nú þegar að menn setjist niður, forustumenn þingsins, formenn þingflokka og formenn flokka sem hér eru, til þess að fara yfir málin.

Ástæðan til þess að þingstörf hafa tafist hér af og til í vetur hefur ekki verið sú að stjórnarandstaðan hafi verið að tefja. Ástæðan hefur fyrst og fremst verið sú að ráðherrar hafa ekki gegnt þingskyldum sínum. Það er t.d. bersýnilegt, virðulegi forseti, að fjarvera utanrrh. og félmrh. um tveggja vikna skeið getur skapað verulegan vanda hér í þinghaldi á næstunni þar sem þessir ráðherrar þurfa auðvitað að sitja fyrir svörum um sína málaflokka. (Forseti hringir.) Þess vegna er nú þinghaldið allt í uppnámi. Það ber að gagnrýna hv. 3. þm. Reykv. fyrir að hafa sett þinghaldið í uppnám með þessum hætti og það ber að spyrja hæstv. forseta hver er hennar skoðun á þessum vinnubrögðum sem hér hafa verið rædd og fram koma í grein hv. þm.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að upplýsa, þó að það sé kannski ótrúlegt, en henni hefur ekki enn þá unnist tími til að líta í morgunblöðin, blöðin sem komu út í dag, og hefur því lítið fram að leggja varðandi þá blaðagrein sem hér hefur verið vitnað til, enda kannski ekki hennar verkefni að gera það héðan úr forsetastóli. Hins vegar vill forseti ítreka það, eins og hún hefur oft gert, og gerði hér í upphafi, að óska eftir góðu samstarfi við alla þingmenn, hvort sem þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu. Þannig mun forseti vinna hér eftir sem hingað til.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson orðar það svo að hér sé allt í uppnámi varðandi þingstörf. Ég hef ekki þá reynslu til að bera að geta borið saman þinghald á þessu ári og fyrri ára, en mér virðist hins vegar sem mál gangi hér furðuseint fram. Mér virðist sem þingheimur sé nú tekinn af nokkrum glímuskjálfta og ég tel satt að segja að það sé kominn tími til að menn reyni með einhverjum hætti að vinna sig fram úr þessari stöðu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að ná sem bestu samstarfi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég hef sem formaður þingflokks reynt að sinna því, ég hef reynt að hafa sem best samstarf við aðra þingflokksformenn og ég hef, sem formaður nefndar, líka reynt að vinna að því að hafa sem best samstarf milli meiri hluta og minni hluta í þeim nefndum sem ég hef ítök í. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að við reynum með einhverjum hætti að ná þessum skjálfta úr taugakerfinu og reynum að setjast niður og fara að vinna hérna. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þingflokksformenn og forseti geti haft samstarfsvettvang þar sem menn geta rætt málin í trúnaði. Ég tel að sú skýring sem hv. 3. þm. Reykv. gaf hér á sínum skrifum sé fyllilega réttmæt og hann raunverulega hafi skýrt þau mál sem hv. 1. þm. Norðurl. v. tók hér upp. Þess vegna vil ég í fyllstu vinsemd fara fram á það við þingflokksformann Framsfl. að hann endurskoði sínar óskir því að ég tel að það sé mikilvægt að þingflokksformenn og forseti hafi vettvang þar sem þeir geti rætt við af nokkurri vinsemd, nokkurri einlægni og í trúnaði.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Aðeins til að leiðrétta þann misskilning ef menn hafa túlkað orð mín svo, eins og mér þótti koma fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar, að ég teldi að sá samráðsvettvangur sem mælt er fyrir um í 72. gr. þingskapalaganna sé úr sögunni. Þvert á móti tel ég að hann sé ákaflega mikilvægur. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að það takist gott samstarf milli forseta þingsins og þingflokksformanna með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 72. gr. þingskapalaganna.

Eins og ég sagði, við höfum verið sammála um það, að ég taldi, ég og hv. formaður þingflokks Framsfl., að

þetta samráð milli þingflokksformannanna væri ákaflega mikilvægt og að það sé sá vettvangur sem eigi að nota til þess að halda hér góðu samstarfi í þinginu. Ég vildi aðeins, ef menn hafa misskilið orð mín með þessum hætti eins og mér þótti gæta í máli hv. þm. Svavars Gestssonar, standa hér upp til að leiðrétta þann misskilning.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að hér sé mjög alvarlegur atburður á ferðinni og það dugi ekki svona einföld leið út úr vandanum eins og hv. þm. Björn Bjarnason er að reyna að fara. Þessi skrif í Morgunblaðinu í morgun eru í raun og veru algjörlega dæmalaus. Dæmalaust tiltæki hjá einum af forsetum þingsins. Ég vil minna á það að hér er einn af forsetum Alþingis að skrifa. Í þessari grein felast í fyrsta lagi, eins og þegar hefur verið vitnað til, svikabrigsl. Í fyrsta lagi svikabrigsl. Í öðru lagi ásökun um málþóf, samanber setningu, með leyfi forseta: „Stjórnarandstæðingar andmæla fullyrðingu um að þeir séu að tefja störf Alþingis með málþófi." — Með öðrum orðum, hv. greinarhöfundur og 3. þm. Reykv. telur sig vera að afsanna þetta í greininni. Og í þriðja lagi ber hv. þm. Alþingi, og þá væntanlega stjórnarandstöðunni samanber andann í greininni, það á brýn að störf séu ómálefnaleg, samanber setninguna, með leyfi forseta: „Er fráleitt að afsaka ómálefnaleg vinnubrögð á Alþingi með því að benda á forsætisnefndina og störf hennar."

Það eru sem sagt ásakanir um svik eða svikabrigsl, eins og það heitir á íslensku, það eru ásakanir um málþóf og það eru ásakanir um ómálefnaleg vinnubrögð.

Í þessu dæmalausa tilskrifi hrærir þessi hæstv. forseti þingsins saman flokkspólitísku skítkasti og níði um andstæðinga sína í stjórnmálum, þar sem eru árásir á bæði Alþb. og Framsfl. í greininni, og umfjöllun um störf þingsins, sem hann sem forseti leyfir sér að bera út í fjölmiðlana með þessum hætti.

Ég hefði talið illskárra ef hv. þm. og forseti hefði komið þessum sjónarmiðum sínum á framfæri hér í umræðum í þinginu á þeim vettvangi sem eðlilegt er að takast á um svona hluti. En að fara í fjölmiðlana með þessum hætti og hefja umræður um málefni Alþingis er alveg dæmalaust að gera og batnar það ekki þegar einn af forsetunum á í hlut.

Síðan er óhjákvæmilegt að fá umræður um það hvernig störf Alþingis hafa gengið hingað til, forseti, vegna þeirra orða sem hér hafa fallið í tilefni þessarar greinar og af fleiri ástæðum. Því er bersýnilega verið að halda fram að stjórnarandstaðan hafi nú þegar, eftir nokkrar vikur á þingi, stórspillt hér störfum með málþófi og ómálefnalegum málflutningi. (Gripið fram í.) Já, og hæstv. fjmrh. kallar fram í og tekur undir þetta.

En ég vil þá spyrja: Hvar voru þeir ræðumennirnir sem lengstan tímann tóku hér í umræðum t.d. um byggðamál í fyrradag? Voru það stjórnarandstæðingar? Já, reyndar. Það voru stjórnarandstæðingarnir hv. þm. Matthías Bjarnason, hv. þm. Egill Jónsson, hv. þm. Sturla Böðvarsson, hv. þm. Einar Guðfinnsson og svo mætti áfram telja. (**Gripið fram í:** Allir í stjórnarandstöðunni?) Já, væntanlega, því það voru þeir sem töluðu aðallega í þessari umræðu. Þetta var nú reyndar dagskrármál.

Nei, virðulegur forseti, það þarf auðvitað að taka um þetta mál sérstaka umræðu, ég geri mér grein fyrir því að það er ekki heppilegt að ræða það undir liðnum þingsköp og ætla ekki að gera það. En mér sýnist því miður það alvörumál blasa við að ekki sé einasta búið að eyðileggja forsætisnefndina sem samráðsvettvang um störf þingsins, heldur sé hv. þm. Björn Bjarnason á góðri leið með að eyðileggja líka þann vettvang sem eru fundir formanna þingflokka og forseta þingsins.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með mörgum hv. þm. að ég tel að þinghaldið hér sé komið í allalvarlega stöðu og það sé umhugsunarefni fyrir alla hv. þm. Hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, sagði áðan að það væri ekki hans ætlan að skapa vont andrúmsloft hér í þinghúsinu. Ég vænti þess að hann hafi ekki ætlað sér það. En ég held því miður að þetta andrúmsloft hafi þegar verið skapað og ég bið hv. stjórnarliða að íhuga það en vera ekki eingöngu hér í ræðustól og reyna að tína til hverju er hægt að kenna stjórnarandstöðu landsins um í þessu efni. Menn undrast það næstum því að stjórnarandstaðan hér á Alþingi skuli taka til máls. Það vill nú svo til að Alþingi er vettvangur stjórnarandstöðunnar ekki síst til að koma skoðunum sínum á framfæri til þjóðarinnar og þingsins. Ég vil benda á að núv. ríkisstjórn hefur verið óvenju illskeytt í málflutningi á þessu sumri. Það er sama hvenær núv. forsrh. kemur fram, hvort sem það er í fjölmiðlum eða hér í þinginu, hann getur aldrei látið hjá líða að henda skít í fyrri ríkisstjórn og hann talar um sukk og svínarí. Halda menn virkilega að stjórnarandstaðan geti setið hér á Alþingi og þagað? Halda menn að við þurfum ekki að tala t.d. við hæstv. samgrh. Halldór Blöndal þegar hann lýsir því yfir í fjölmiðlum að hann hafi hugsað sér að breyta allri forgangsröðinni í vegagerð og þingmenn hafi þar farið óskynsamlega að á undanförnum árum? Auðvitað verður stjórnarandstaðan að gera það. Það er furðulegt að margir hv. þm. á Alþingi skuli undrast það nánast að stjórnarandstaðan skuli taka hér til máls. (**ÖS:** Hver undrast það?) Hv. þingflokksformaður Alþfl. hefur oft látið í ljós undrun sína á því.

Ég vil líka benda hv. stuðningsmönnum núv. ríkisstjórnar á að þeir hafa knúið hér fram á Alþingi nánast alla hluti í krafti meiri hluta síns. Svo á við um forsætisnefndina, svo á við um öll alþjóðleg samskipti þingsins og ég gæti talið upp fleira. Það er þessi andi sem ríkir hér í þingsölum sem er orðinn vandamál. Hann er vissulega líka vandamál stjórnarandstöðunnar vegna þess að hann er vandamál þingsins. En mér hefur fundist að núverandi stjórnarliðar líti á alla hluti í ljósi meiri hluta og minni hluta. Það er e.t.v. helsta vandamálið hér í þinginu.

Ég tel mjög mikilvægt að þingflokksformenn og

forustumenn stjórnmálaflokkanna ræði það andrúmsloft sem hér hefur skapast. Það er ekki að okkar skapi í Framsfl., við viljum ekki að þetta andrúmsloft ríki hér í þingsölum, okkur finnst að stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar og ríkisstjórn Íslands, með stöðugum fúkyrðum sínum í fjölmiðlum, beri hér mikla ábyrgð og væri mönnum nær að líta einstaka sinnum í eigin barm í stað þess að vera með stöðugar ásakanir til stjórnarandstöðunnar. Og þá er nú mælirinn fullur þegar farið er að skrifa í blöð um það að menn hafi svikið samninga. Það væri út af fyrir sig ef þetta væri gert af óbreyttum þingmanni, eins og við segjum oft, en það er nokkuð mikið þegar í hlut á einn af varaforsetum þingsins sem þótti nauðsynlegt að koma sérstaklega inn í forsætisnefndina. Vantaði forsætisnefndina kannski blaðafulltrúa? Var það ástæðan fyrir öllum fyrirgangi num í sambandi við þetta mál? Það er alla vega ljóst að það var ekki sáttarhönd og sáttasemjari sem þar hefur komið inn í nefndina.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þessar þingskapaumræður hafa staðið í bráðum þrjá stundarfjórðunga. Þær hafa um margt verið athyglisverðar og sumt ágætar. Hér hafa fulltrúar allra þingflokka talað. Þeir hafa fyrir hönd flokka sinna allir lýst því yfir að þingflokkarnir vilji hafa gott samráð um verklag og verkstjórn í þinginu. Þeir hafa allir lýst því yfir að flokkar þeirra vilji ástunda gott samstarf. Þeir hafa allir lýst því yfir að flokkar þeirra vilji greiða fyrir framgangi mála og koma í veg fyrir óþarfa tafir í þingstörfum. Eigum við nú ekki, þegar öll þessi góðu orð hafa verið sögð, að sýna þennan góða samstarfsvilja í verki og hefja án frekari tafa umræðu um löggjafarmálefni?

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir öll þau orð sem hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson flutti hér í ræðustólnum. Ég er sammála hverju einasta orði sem hann sagði hér. Það er aðeins eitt sem þarf að gerast til viðbótar til þess að við getum haldið áfram að starfa hér í góðum anda og að löggjafarstörfum, það er það að annaðhvort biðjist hv. þm. Björn Bjarnason afsökunar á ásökun sinni í garð formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar, að orðum þeirra sé ekki treystandi, eða að forseti Alþingis lýsi því yfir úr forsetastóli að hún sé ósammála þessum orðum.

Við getum ekki setið undir því að vera bornir sökum af einum varaforseta þingsins, af varformanni þingflokks Sjálfstfl., að orð okkar standi ekki. Ég veit að jafnreyndur maður og hæstv. dómsmrh. skilur án útskýringa hvers vegna það er.

Í þessari grein segir, með leyfi forseta: „Hins vegar hefur verið upplýst í umræðum í þingsalnum, að ekki hefur reynst unnt að treysta því sem menn töldu niðurstöðu á slíkum samráðsfundi forseta með þingflokksformönnum. Þá alvarlegu brotalöm má rekja til stjórnarandstöðunnar."

Þetta er að mínum dómi svo þung ásökun að það er ekki hægt að halda áfram á þeim grundvelli sem hæstv. dómsmrh. mæltist hér til, og ég tek innilega undir, án þess að annaðhvort gerist að hv. þm. dragi þessi orð til baka og biðjist afsökunar á þeim, og ég vona að hann geri það og ég held að þingið muni virða hann fyrir og telja hann mann að meiri, eða þá að virðulegur forseti lýsi því yfir að hún sé ósammála þessari lýsingu, hún hafi ekki þessa reynslu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég hef engum gefið umboð fyrir mína hönd til að semja um málfrelsi hér í þinginu og mun ekki gera. Þannig liggur það væntanlega ljóst fyrir, að ef hv. 1. þm. Norðurl. v. semur um tímalengd á ákveðnum málum þá gerir hann það upp á þá ábyrgð að menn virði það vegna þess að tilefni gefist ekki til annars, en gefist tilefni til annars vegna þess hvernig staða máls er, að mínu mati, þá mun ég að sjálfsögðu nýta mér öll þau mannréttindi sem ég hef sem þingmaður. Ég vil undirstrika það að fyrrv. hæstv. samgrh. hafði á þessu skýrar meiningar á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Núv. samgrh.) Núv. hæstv. samgrh. og ég vona að einnig sé svo með fyrrv. hæstv. samgrh.

Varðandi forsætisnefndina þá tel ég það mikil mistök að þannig skyldi hafa verið gengið frá lögum á sínum tíma að það blasi við að samkvæmt hlutfallskosningu á minni hluti þingsins rétt á þremur og meiri hlutinn rétt á tveimur forsetum. Það er einfalt mál. Þetta var rofið vegna þess að menn vildu ekki sýna þá sanngirni að spila þær leikreglur eftir því hvort forseti þingsins væri sjálfstæðismaður eða ekki. Þegar Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu tel ég eðlilegt að hann nýti síns ýtrasta réttar í forsetakjöri þegar kosið er hlutfallskosningu, en ég tel ekki eðlilegt eftir að fyrst er kosið á milli tveggja, að þá sé kosið hlutfallskosningu um hina á eftir og þannig komið í veg fyrir að forsetafjöldinn í þinginu sé í samræmi við styrk þeirra sem mynda stjórn og stjórnarandstöðu.

Björn Bjarnason:

Virðulegur forseti. Hafi ég sagt hér í umræðunum að menn hafi gengið á bak samningum þá er mér ljúft að biðjast afsökunar vegna þess, en ég hef ekki sagt það, held ég, hér í umræðunum að menn hafi brotið samninga eða gengið á bak orða sinna.

Í þessari grein sem ég skrifaði og hefur orðið tilefni umræðna hér á Alþingi stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar hefur verið upplýst í umræðum í þingsalnum, að ekki hafi reynst unnt að treysta því, sem menn töldu niðurstöðu á slíkum samráðsfundi forseta með þingflokksformönnum."

Þetta upplýsti ég sjálfur í ræðu í þingsalnum, þannig að þetta er ekkert nýmæli fyrir þá sem tóku þátt í þeim umræðum sem hér eiga sér stað, þetta upplýsti ég sjálfur hér í þingsalnum og við ræddum það á sínum tíma og það mál var leyst með þeim hætti sem gert var þegar þær umræður fóru fram.

Ef menn hafa skilið orð mín á þann veg, sem stendur ekki hér í þessari grein, að ég beri menn þeim sökum að þeir hafi svikið samninga sem gerðir hafa ver-

ið, hins vegar taldi ég niðurstöðu vera aðra en á reyndi þegar kom í þær umræður. Hafi ég sagt í umræðunum áðan að menn hafi svikið samninga sem þeir hafi gert við mig, þá er mér ljúft að biðjast afsökunar á því. En ég sé ekki að hér í þessari grein fullyrði ég neitt um slík svik. Hins vegar tel ég að túlkun manna á þeirri niðurstöðu þá sem varð. Það var upplýst í þeim umræðum sem urðu af þessu tilefni að einn fundarmanna skýrði frá því hér í fundarsalnum úr þessum hv. ræðustóli, að hann hefði skipt um skoðun. Það er það sem ég er að vísa til en ég nefni hvergi í þessu máli mínu að menn hafi svikið samninga sem þeir höfðu gert við mig eða forseta Alþingis.

Hér er um mjög viðkvæmt og alvarlegt mál að ræða, ég tek undir allt sem þingmenn hafa sagt um það. Ég ítreka þá ósk mína að samstarfið í Alþingi verði gott. Ég tek undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér, ég hef þau lýðréttindi að ég hef málfrelsi og frelsi til að láta í ljós þá skoðun sem ég tel að sé rétt þar sem mér dettur í hug, hvort sem er á prenti eða hér í þingsalnum, en ég sit ekki undir því heldur að menn oftúlki orð mín með þeim hætti að ég hafi lýst því hér yfir að menn hafi svikið samninga við mig. Það hef ég ekki sagt. Hafi ég sagt það án þess að ætla það þá er mér ljúft að biðjast afsökunar á því.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla nú ekki að fara að elta mikið ólar við ummæli Björns Bjarnasonar, hv. 3. þm. Reykv. Ég viðurkenni það ekki að ég hafi brotið samninga. Ég tel það oftúlkun satt að segja þó að hv. 3. þm. Reykv. sé með einhverjar slettur hér í ræðustól á Alþingi að kalla það upplýsingar, eða það hafi verið upplýst að brotnir hafi verið samningar.

Hv. 3. þm. Reykv. lét þess getið í upphafsræðu sinni að hann vildi gjarnan að hér ríkti meðal manna fullt traust og fullur trúnaður. Ég tel mig ekki hafa brugðist trausti eða brotið trúnað, en framganga hv. 3. þm. Reykv. hér á Alþingi hefur sannarlega ekki greitt fyrir því að traust eða trúnaður ykist meðal manna. Hann á þátt í því, ásamt með nokkrum öðrum, að innleiða ný vinnubrögð á Alþingi og hann er nokkuð stoltur af því. Spurningin er bara hvort þessi vinnubrögð eru miklu betri en þau sem við höfum tíðkað áður. Ég held að flest í hinum nýju þingsköpum hafi verið til bóta, en samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu eru önnur en þau hafa verið á undanförnum þingum. Núv. stjórnarlið hefur tekið upp þá stefnu að neyta alltaf ýtrasta aflsmunar í hverju tilfelli, hverju smáatriði, ekki bara í forsætisnefnd, heldur í öllum alþjóðasamskiptum og hvarvetna þar sem hægt er að láta kné fylgja kviði er það gert. Aldrei sýndur vottur af sanngirni eða samkomulagsvilja. Þetta er nýlunda hér í þingsalnum og í samskiptum þingmanna.

Ég átti um langt árabil mjög gott samstarf við hæstv. menntmrh. sem þá var starfsbróðir minn og formaður þingflokks sjálfstæðismanna. Við kappkostuðum það báðir, hvort sem við vorum sömu megin við borðið eða ekki, að reyna að hafa sem allra best samstarf, svo mikið lifandis ósköp sakna ég hans.

Hluti þessa þingfundartíma hefur farið í umræður um þingsköp og ég hóf þær. Hefði hv. 3. þm. Reykv. ekki verið með þennan rógburð í grein sinni þá hefði ég komist hjá því að kveðja mér hljóðs um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég minnist þessi ekki, þau ár sem ég hef setið á Alþingi, að andrúmsloft eins og það sem hér hefur ríkt undanfarnar vikur — og hef ég þó ekki verið viðstaddur alltaf vegna fjarveru — hafi verið áður. Það er í rauninni einstakt að svo sé gengið fram af hálfu stjórnarmeirihluta eins og hér hefur verið gert og bætast nú við svikabrigsl ofan á annað.

Ég held að það sé mjög brýnt fyrir þingið að taka þessi mál til umræðu milli forustumanna flokka og þingflokka og átta sig á því hvaða ástæður liggja hér að baki og hvaða leiðir eru færar til að bæta þessa stöðu.

Ég held að það hafi verið gerð mistök í sambandi við samþykkt nýrra þingskapa sl. vor þegar Sjálfstfl. kaus að setja það skilyrði að geta beitt sínum þingstyrk í sambandi við kosningu í forsætisnefnd þingsins í stað þess að gera þann vettvang að samráðsvettvangi þar sem leitað væri samstöðu stjórnar og stjórnarandstöðu, ekki út frá þingstyrk flokka, en þó með eðlilegu vægi fyrir aðalforseta þingsins. Ég held að menn ættu að fara yfir það hvort ekki væri hægt að læra t.d. eitthvað af starfsháttum í öðrum þingum þar sem reynt er að deila valdi milli stjórnar og stjórnarandstöðu innan stjórnar þingsins, innan forsætisnefndar þingsins, með eðlilegum hætti.

Ég held að ráðandi meiri hluti á þingi hverju sinni þurfi að átta sig á því að það eru ákveðnir kostir því samfara að gera stjórnarandstöðuna að nokkru leyti ábyrga fyrir þingstörfunum. Sá kostur var uppi, sá möguleiki var uppi, ef menn hefðu viljað fara þá leið í sambandi við störf forsætisnefndar í stað þess að bola þar einum þingflokki út, þingflokki sem hafði nær 10% kjörfylgi í landinu í síðustu alþingiskosningum, til að tryggja stærsta flokknum aukinn hlut sem hann hafði möguleika á samkvæmt þingsköpum í forsætisnefndinni.

Ég held það væri ástæða til að íhuga það líka ef menn vilja breyta um og reyna að skapa hér vinnuandrúmsloft í þingsölum á nýjan leik, hvort ekki væri skynsamlegt að menn reyndu einnig að deila valdi og áhrifum í störfum þingnefnda og í störfum alþjóðanefnda á vegum þingsins með öðrum hætti en gert hefur verið. Það er tíðkað í okkar grannlöndum, a.m.k. sums staðar, t.d. í Danmörku, og ég held með nokkuð góðum árangri.

Þessum ábendingum vildi ég koma á framfæri ef svo skyldi fara að menn settust á rökstóla í framhaldi af þessum umræðum, virðulegur forseti.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki lesið þessa grein í Morgunblaðinu þegar ég kom hingað í þingsalinn og var að fá hana í hendur. En mér finnst ég verða að andmæla þeim ásökunum sem á mig

eru bornar í henni og sitja ekki alveg þegjandi undir þeim, því að í greininni segir að það sé óþægilegt fyrir framsóknarmenn að sætta sig við að hafa misst þau ítök sem þeir höfðu í stjórn þingsins.

Ég tel að þetta sé mjög ósanngjörn ásökun á mig. Ég tel að við sem vorum í forsætisnefndinni á sl. sumri höfum ekki unnið þannig að við værum að reyna að tefja fyrir ríkisstjórninni þegar við fjölluðum um undirbúning að þinghaldinu.

Ég vil t.d. benda á það að við stjórnarandstæðingar í forsætisnefndinni vöruðum mjög við því að fella niður fundi Alþingis snemma á þingtíma. Við töldum að það mundi ekki veita af fyrir stjórnarliðið að hafa fundi til þess að koma málum áfram. Þetta er aðeins eitt dæmi. Ég skal ekki tefja tímann lengur um það. Að sjálfsögðu er rétt að það er þægilegra fyrir okkur úr stjórnarandstöðunni sem vorum í forsætisnefndinni að vera þar ekki lengur við þessar aðstæður því að sjálfsögðu hefðum við talið það skyldu okkar að gera það sem í okkar valdi stæði til að greiða fyrir þingstörfum og leggja fram vinnu til þess ef við hefðum átt þar sæti áfram. En að það sé einhver hefndarhugur eða vonska sem bitnar á þingstörfum vegna þess að við erum þar ekki lengur, sérstaklega reyndar ég, þar sem talað er um framsóknarmenn, því vil ég algerlega mótmæla.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það skýrt fram að engum hefur dottið í hug að bera ósæmilegar ásakanir á hv. síðasta ræðumann, Jón Helgason. Þó svo að hv. þingflokksformaður Framsóknar sakni forvera míns, þá er mér ljúft að upplýsa að ég hef ekkert undan samstarfinu við hann að klaga.

Ég held að niðurstaðan úr þessum umræðum sé sú að forustumenn flokkanna eigi að setjast niður og ræða þau vandamál sem hér hefur verið drepið á. Ég er tilbúinn til þess fyrir mitt leyti. Ég held að það sé skynsamlegt að gera það. Ég held að það sé líka skynsamleg hugmynd sem hv. þm. Páll Pétursson kom með í upphafi umræðunnar að það verði tryggilega gengið frá því með bókunum hvað það er sem samið er um á fundum þingflokksformanna þannig að ekkert fari á milli mála vegna þess að mér sýnist að upphafið að þeim deilum sem hér er fjallað um, sem urðu í þinginu meðan ég var fjarverandi, hafi verið vegna þess að menn gengu af fundi þingflokksformanna án þess að sami skiningur væri ríkjandi hjá þeim öllum. Ég held þess vegna að það sé rétt sem fram kemur hjá hv. þm. Páli Pétursyni að það eigi að bóka niðurstöðu og ganga tryggilega frá því hver skilningur allra er. Þá held ég að við getum afstýrt vandkvæðum af þeim orsökum sem hér hefur verið rætt um.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þessarar þingskapaumræðu vill forseti segja að hann telur að margt gagnlegt hafi komið fram í umræðunni. Hann getur ekki skilið það öðruvísi en svo að það sé fullur vilji meðal allra þingmanna að ríkja megi gott samstarf um þingstörfin og vill hvetja formenn þingflokka í framhaldi af þessari umræðu, eins og hefur reyndar komið fram í máli margra, að setjast niður og ræða frekar saman um þessi mál. Forseti treystir því og að formenn þingflokka séu áfram tilbúnir til að eiga jafngott samstarf við forseta eins og verið hefur fram að þessu. Forseti vill taka fram að það hefur verið góður andi meðal formanna þingflokka og forseta þegar þeir hafa rætt saman. Það er engin ástæða til að kvarta yfir því. Þess vegna væntir forseti þess að hann njóti áfram þess trausts sem hann hefur haft og fer fram á að þingflokksformenn gangi inn fyrir dyr í forsetaherbergi og eigi við hann þar góðar samræður hér eftir sem hingað til.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ef menn treysta hver öðrum þurfa þeir ekki að skrifa. Þegar menn eru hættir að treysta hver öðrum er rétt að fara að bóka.

Varðandi samstarf þingflokksformanna við forseta þá vona ég að það geti orðið með skaplegum hætti. Ég lét það koma fram í upphafsorðum mínum að ég hefði ekkert upp á samskipti mín við frú forseta að klaga og ég vona að þau verði áfram góð. Á hinn bóginn setti ég fram kröfu, sem ég stend við, um að samráðsfundir, ef henni kann að sýnast að boða til þeirra samkvæmt þingsköpum, verði haldnir annars staðar en í forsetaherberginu. Það er ekki út af neinni óánægju við frú forseta, það er herbergi allra forsetanna sem hér er um að ræða. Ég vænti þess að hægt verði að verða við þeirri ósk minni að þessir fundir verði haldnir annars staðar í húsakynnum Alþingis.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég gegndi formennsku í þingflokki Alþb. á árunum 1980–1983. Það vita margir í þingsalnum að það var mjög erfiður tími á Alþingi vegna þess að Sjálfstfl. var klofinn. Hluti Sjálfstfl. var í ríkisstjórn og studdi hana. Hinn hluti Sjálfstfl. var í harðri stjórnarandstöðu. Við gegndum þá formennsku í þingflokkunum fjórum, núv. hæstv. menntmrh., núv. hæstv. heilbrrh., hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson og ég. Það var mjög gott samstarf. Grundvöllur þess samstarfs var sá gamli og góði sannleikur að orð skulu standa. Við þurftum aldrei að bóka á okkar fundum. Við þurftum aldrei að skrifa undir hver hefði verið niðurstaðan. Við treystum hver öðrum og orð stóðu. Og ef menn gátu ekki framkvæmt þá niðurstöðu sem varð, sem oft gerðist, þá höfðu menn ríkan skilning á hvers vegna það var.

Ég er þess vegna algerlega á móti því sem hv. þm. Geir Haarde sagði. Nei, það er rangt, hv. þm., að benda á hv. 1. þm. Norðurl. v. Vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að þar sem orð hefðu fallið frá varaformanni þingflokks Sjálfstfl. í blaðagrein og varaforseta þingsins gæti þetta traust ekki lengur verið fyrir hendi og þess vegna þyrfti að bóka, vegna þess að traustið væri ekki lengur fyrir hendi. En ef traustið er fyrir hendi og við störfum áfram í anda þeirrar gömlu reglu sem hefur gilt um áratugi að orð skulu standa, þá þarf ekki neitt að bóka. En að taka það upp sem kerfi í samskiptum þingflokka og þingmanna að það þurfi að

bóka niðurstöður eru yfirlýsingar um að sú gamla siðaregla að orð skulu standa skuli aflögð.

Ég vil þess vegna mótmæla því sem niðurstöðu þessara umræðna sem fram kom hjá hv. þm. Geir Haarde að nú skuli upp tekinn sá siður framvegis að bóka niðurstöður milli samráðs formanna þingflokka og forseta. Það væri illt skref. Það kann að vera nauðsynlegt ef traustið er ekki fyrir hendi, en að innsigla það að traustið sé ekki fyrir hendi með því að taka upp þann sið, því mótmæli ég algerlega hér.

Lánsfjárlög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30.

Halldór Ásgrímsson (frh.):

Virðulegur forseti. Það var fyrir alllöngu síðan, fyrir þinghlé, að þetta mál var til umræðu á föstudegi og var þá hugmyndin að reyna að koma því áfram til nefndar. Hér er eitt af þýðingarmestu málum þingsins til umræðu, þ.e. frv. til laga um lánsfjárlög. Það ásamt fjárlagafrv. skapar þann ramma sem er hvað mikilvægastur í efnahagslífi okkar og því eðlilegt að þetta frv. fái nokkra umræðu á hv. Alþingi.

Ég hafði í ræðu minni fjallað allnokkuð um peningamarkaðinn og þá stöðu sem þar er og haldið fram þeirri fullyrðingu að hæstv. ríkisstjórn hefði ekki tekist og væri ekki að takast að skapa þann stöðugleika á lánsfjármarkaði og peningamarkaði sem virtist ætla að duga til að koma vöxtum svo mikið niður að möguleikar gætu skapast til skynsamlegra kjarasamninga í landinu. Mér er fullkomlega ljóst, eins og flestum öðrum, að þetta er lykilatriði og því er nauðsynlegt að mikið aðhald sé í fjárlögunum og jafnframt í lánsfjárlögum og skil vel það sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að gera á þessu sviði en henni virðist ekki ætla að takast.

Ég sé að hæstv. viðskrh. er kominn til þings sem ég fagna vegna þess að það er að sjálfsögðu mikilvægt að hann taki þátt í umræðu um lánsfjármarkaðinn og vaxtamálin og upplýsi þingið um hvaða blikur eru þar á lofti.

Í viðræðum sem við höfðum átt í hv. efh.- og viðskn., m.a. við Seðlabankann, hefur komið fram að raunvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum eru nú á haustmánuðum 15,8%. Hógvær seðlabankastjóri orðaði það svo að þessir vextir væru æðiháir. Ég býst við því að ef hann sæti ekki í þeim stól, þá mundi hann hafa tilhneigingu til að orða það með öðrum hætti og væri fróðlegt að heyra það frá hæstv. viðskrh. hvaða lýsingu hann mundi gefa þessu vaxtastigi, þ.e. 15,8% á fjórða ársfjórðungi á óverðtryggðum skuldabréfalánum.

Það er að sjálfsögðu meginverkefni lánsfjárlaga að reyna að skapa það jafnvægi sem til þarf til að koma þessum vöxtum niður. Ég viðurkenni fúslega að eitt af því sem þar er mikilvægt er jafnvægi í ríkisfjármálum. Hins vegar verður því ekki á móti mælt að sú mikla útgáfa á húsbréfum sem verið hefur á árinu 1991 hefur valdið verulegu ójafnvægi. Þar er um að ræða útgáfu húsbréfa fyrir um 15 milljarða kr. og hefur hún valdið mikilli spennu á lánsfjármarkaðnum, ekki eingöngu að mínu mati heldur jafnframt að mati Seðlabankans. Og svo að notuð séu þeirra orð þá hafa spariskírteini ekki getað keppt við húsbréfin. Það virðist vera á þessu fremur lítill skilningur í núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég efast ekki um góðan ásetning hennar til að skaffa þeim aðilum, sem á því þurfa að halda að fá þessi bréf, möguleika til að afla sér eigin húsnæðis en það er nú svo að við munum ekki lifa á því um langan aldur á Íslandi að byggja yfir okkur húsnæði þótt það sé mikilvægt. Það er mikilvægara að undirstöðuatvinnvegirnir hafi rekstrarfé og fjárfestingarfé en mér finnst ekki vera skilningur á því hjá hæstv. ríkisstjórn. Mér finnst eins og hún telji mikilvægara að skaffa nægilegt fé til byggingarframkvæmda og það skuli ganga fyrir en atvinnulífið skuli mæta afgangi.

Það hefur komið fram hjá fyrrv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands, bankastjóra hjá Landsbanka Íslands, að hann sjái ekki annað ráð en að loka fyrirtækjum, ekki svo að hann telji það vera neitt sérstakt ráð en það sé einfaldlega komið í þau efni að það sé nokkuð ljóst að þessi fyrirtæki munu stöðvast. Það væri fróðlegt að vita hvort þessi bankastjóri Seðlabanka Íslands talar þar fyrir hönd forsrh. eða í samráði við hann. Þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið eru ekki í miklu ósamræmi við málflutning hæstv. forsrh. núv. ríkisstjórnar (**Viðskrh.:** Þú sagðir Seðlabanka í seinna sinnið.) Ég átti nú við landsbankastjóra og nánar til getið heitir hann Sverrir Hermannsson og ætti að vera viðskrh. að góðu kunnur þar sem þeir munu vera frá sama landshluta sem núv. forsrh. hefur að vísu boðist til að hjálpa með þeim hætti að flytja fólk þaðan í burt. (**Viðskrh.:** Sama bæ.) Og meira að segja sama bæ. En ég veit að hæstv. viðskrh. hefur ekki þennan brennandi áhuga forsrh. að koma sem flestum þaðan á braut. En ég heyri þó að hæstv. viðskrh. hefur skilið við hvað ég átti. (**Viðskrh.:** Þú nefndir bara annan banka. Ég hélt að ég væri kominn austur á land.) Austur á land? (**Viðskrh.:** Af því að þú nefndir Seðlabanka og fyrrv. ráðherra.) Já. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að ég hafi orðið og hæstv. viðskrh. njóti málfrelsis þegar hann heiðrar okkur með nærveru sinni. Ég get vel skilið að hann hefur mikið að starfa og ég hef fullan skilning á því en ég veit að hann mun hafa tækifæri til að tjá sig í umræðum á eftir.

Það er um mjög alvarlegt ástand að ræða á lánsfjármarkaði og ég hef ekki séð neitt sem bendir til þess að hæstv. ríkisstjórn sé að takast vel til í þessum efnum. Hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til margvíslegra aðgerða. M.a. hefur hún gripið til þeirra aðgerða að draga úr útgáfu á húsbréfum. Fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands höfðu metið það — nú veit ég að hæstv. viðskrh. hefur ekki mikla trú á því sem þaðan kemur sem ég ætla að koma aðeins að síðar — og þeirra mat var að það mundi draga úr útgáfu bréfanna um 5%. Ef það er rétt stangast það á við áform ríkisstjórnarinnar því að í lánsfjárlögum gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því

að samdráttur í útgáfu bréfanna verði mun meiri og því muni myndast meira jafnvægi á þessum markaði. Það er jafnframt ljóst, eins og ég gat um í ræðu minni, að viðskiptahalli er mikið vandamál í íslenskum þjóðarbúskap og það er ekki gerð grein fyrir því í þeim skjölum sem eru lögð fyrir okkur með hvaða hætti ríkisstjórnin sér að þessi viðskiptahalli verði fjármagnaður.

Ríkisstjórnin greip líka til þeirra aðgerða að fara þess á leit við Seðlabankann að húsbréf yrðu skilgreind sem peningar í lausafjárstöðu. Það finnst mér undarleg hagfræði. Mér er að vísu ljóst að spariskírteini ríkissjóðs hafa verið skilgreind með þessum hætti, en að taka upp á því að skilgreina húsbréfin jafnframt, að vísu ekki að fullu heldur að hálfu sem peningalegar eignir, er hlutur sem ég fæ ekki skilið, en ég vænti þess að annaðhvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. viðskrh. upplýsi okkur þingmenn um hvað liggi hér að baki.

Við spurðum bankastjóra Seðlabankans um það hvort hér væri um góðar skilgreiningar að ræða. Það mátti skilja á þeim að þeir hefðu gert þetta en gegn vilja sínum og þeir teldu þetta ekki góða siði. Verð ég þá að spyrja, ef ég hef skilið seðlabankastjórana rétt, þó ekki sé orðrétt eftir þeim haft, ég tek það fram, því að þeir eru orðvarir menn, þá var a.m.k. ljóst að þeir töldu ekki rétt að skilgreina húsbréfin með þessum hætti, þeir hefðu hins vegar á það fallist en væntu þess að þessu yrði breytt.

Það er eins og ég hafi heyrt það frá hæstv. ríkisstjórn að nú ætti að taka upp nýja hætti í öllum stjórnsýslustörfum, efla sjálfstæði Seðlabankans og sjálfstæði allra stofnana og meira að segja hv. 3. þm. Reykv., sem hér hefur verið nokkuð til umræðu, minnist þessara merku tímamóta í sögu landsins með því að segja að nú eigi sér stað einhvers konar uppgjör, með leyfi hæstv. forseta, uppgjör við framsóknarmennskuna í landsstjórninni. Nú sé hún ekki lengur ríkjandi, hún hafi verið ríkjandi hér í áratugi, framsóknarmennskan í landsstjórninni, með alls konar afskiptum, boðum og bönnum, og aðrir stjórnmálaflokkar — ef ég skil hv. þm. rétt — hafi nánast verið teymdir með í þessa framsóknarmennsku og þeir hafi ekki getað sig þar hreyft. Slíkur hafi áhrifamáttur Framsfl. verið.

Það er kannski þess vegna sem þeim virðist líða svona ljómandi vel og vera svona glaðir hér í þingsalnum, eins og allir hafa tekið eftir síðustu daga, að þeir séu nú lausir úr prísund framsóknarmennskunnar.

En ég spyr hæstv. viðskrh. og kannski sérstaklega hæstv. fjmrh., hvort það samrýmist þessum nýju háttum í landsstjórninni nánast að fyrirskipa Seðlabankanum að skilgreina húsbréf sem peninga. Það finnst mér ekki vera mikið frjálslyndi. Ég tek undir það og hef oft haldið um það stuttar ræður — því ég hef nú ekki talað lengi, a.m.k. ekki á Alþingi þau 15 eða 16 ár sem ég hef setið hér — að það ætti að efla sjálfstæði Seðlabankans án þess að ég ætli að fara að blanda því saman við einhverja sérstaka isma í pólitíkinni. Þessi ismi, framsóknarmennska, er dálítið sérkennilegt hugtak, vegna þess að stór hluti Sjálfstfl. er gjarnan kenndur við þessar kenningar og félagar gera það gjarnan í þeirra garð, svona heldur til að ávíta þá, eins og við upplifum það. En það er nú svo að stundum þarf að hafa afskipti af ýmsum málum í litlu samfélagi þar sem sveiflur eru miklar og efnahagsstjórnun erfið, þá þarf ríkisvaldið að hafa nauðsynleg stjórntæki til þess að grípa þar inn í. Þetta eru mikilvæg mál sem ég bið hæstv. ráðherra að upplýa betur í þessum umræðum sem nú fara hér fram.

En nú ætla ég með nokkrum orðum að víkja að sjálfu frv. en þar eru nokkur atriði sem ég vildi minnast á.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í 3. gr. að atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fái allt að 1.250 millj. kr. Á þessum sjóði og starfsemi hans hefur farið fram alveg sérstök úttekt af hálfu ríkisstjórnarinnar og ekki líður sá dagur að ríkisstjórnin tjái sig ekki sérstaklega um þessa starfsemi. Hefur hæstv. forsrh. gengið þar fremstur í þeirri víglínu og farið hinum háðulegustu orðum um allt það sem þar hefur gerst.

Ég ætla ekki að halda því fram að þar hafi ekki átt sér stað einhver mistök, eins og gengur og gerist í lánastarfsemi, það er langt í frá, en ég veit að hæstv. viðskrh. er mér sammála í því að sú starfsemi var sett í gang af mikilli nauðsyn og af því hugarfari að það yrði að koma atvinnulífinu til aðstoðar, undan því yrði ekki vikist. En ég hlýt því að spyrja hæstv. fjmrh., sérstaklega að þessu, vegna þess að hér eru aðrir sjóðir. Það hefur verið fjallað sérstaklega um Byggðastofnun og starfsemi hennar af hálfu ríkisstjórnarinnar á þann hátt að hv. 1. þm. Vestf., stjórnarformaður þeirrar stofnunar, hefur nánast ekki séð sér fært að sitja hér oft á tíðum inni í þingsalnum.

En hér eru líka aðrir sjóðir sem ríkissjóður á aðild að og ávallt hefur verið venja að kæmu fram í lánsfjárlögum. Hér er t.d. Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður. Iðnlánasjóður þarf allt að 1.600 millj. kr., Iðnþróunarsjóður allt að 600 millj. kr. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Mun núv. ríkisstjórn beita sér fyrir einhverri sérstakri úttekt á lánastarfsemi þessara sjóða með sama hætti og gerst hefur í öðrum tilvikum? Mun forsrh. eða fjmrh. fara þess á leit við Ríkisendurskoðun að þeir kafi sérstaklega ofan í reikninga þessara sjóða og athugi hvort ekki hafi þar átt sér stað einhver mistök sem gætu kannski fallið undir þau lýsingarorð sem hæstv. ráðherrar hafa notað hér í umræðum og ég ætla ekki sérstaklega að hafa eftir? Og hef ég þó enga ástæðu til að ætla að slíkt eigi sér stað í þessum sjóðum. Hins vegar veit ég að þar hafa átt sér stað mistök í útlánum og þessir aðilar eru að tapa fé vegna áhætturekstrs og slíkt hlýtur alltaf að verða hér í landinu.

Hér er Fiskveiðasjóður, sem þarf allt að 2.750 millj. kr. og á mikið fé útistandandi hjá fiskvinnslu og útgerð. Það er mikilvægt að það fé sé sem best tryggt, og er í nánu samhengi við starfsskilyrði sjávarútvegsins og þá skattheimtu sem ríkisstjórnin hyggst leggja á sjávarútveginn í ár og á næstu árum. Það er því náttúrlega alveg ljóst að ef ýmsar hugmyndir, sem fleygt er í stjórnun fiskveiða og margt annað, verður að veruleika, þá mun það skapa áhættu fyrir þessa sjóði. Það er hins vegar svo að það er afar erfitt að meta það í

hverju þessi áhætta felst. Það er t.d. alveg ljóst að ef við Íslendingar stæðum frammi fyrir því að geta veitt aðeins 150.000 tonn af þorski á ári, þá væru útlán flestra sjóða á Íslandi í gífurlegri hættu og bankarnir gætu riðað til falls. En það er jafnframt ljóst að ef afli yrði mun meiri þá hefði það mikil áhrif á þá áhættu sem þar er fyrir hendi. Þess vegna ættu menn að temja sér gætið orðalag um það hvað er tapað í slíkum útlánum þótt auðvitað verði að vera fyrir hendi einhver venja sem gerir ráð fyrir afföllum í þessu sambandi. Sú gætni hefur ekki átt upp á pallborðið í túlkun núv. ríkisstjórnar þótt ég sé þar fyrst og fremst að vitna til orða hæstv. forsrh. og reyndar hæstv. fjmrh. Hæstv. viðskrh. hefur ekki tjáð sig með sama hætti í því máli og lít ég þá svo á að hann sýni meiri skilning á þeim vandamálum sem þar eru uppi þó að ég telji að hann hafi fulla ástæðu til að setja ofan í við hæstv. forsrh. og fjmrh. fyrir ógætilegt tal í þessu sambandi.

Þetta eru að sjálfsögðu mikilvægustu atriðin sem tengjast lántökum einstakra sjóða. Hér eru vissulega aðrir sjóðir eins og Stofnlánadeildin með verulega lántöku, og Útflutningslánasjóður. En það sem skiptir afar miklu máli í II. kaflanum, um ríkisábyrgðir, er væntanleg lántaka Landsvirkjunar upp á allt að 6.650 millj. kr.

Í þjóðhagsáætlun gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að ráðist verði í byggingu álvers og byggingu virkjana á Austurlandi og framkvæmda á Þjórsársvæðinu, en síðan er tekið fram að verði ekkert úr þessum framkvæmdum þá þurfi að taka þjóðhagsáætlun til endurskoðunar.

Ég vænti þess að úr þessum framkvæmdum geti orðið. Þær eru mikilvægar íslensku efnahagslífi og ekki veitir af að fá nýtt líf í okkar efnahagslíf á ýmsum sviðum.

Vinnuveitendasamband Íslands kaus að líta á þetta mál með öðrum hætti og sagði sem svo að það væri réttara að gera ráð fyrir því að þetta yrði ekki, en ef það yrði þá yrði þjóðhagsáætlun tekin til endurskoðunar.

Það má segja að þetta séu tvær leiðir til að nálgast sama hlutinn. Hæstv. viðskrh. líkaði þessi nálgun þeirra afar illa og las yfir þeim miklar ávítur og skammir fyrir ógætilegan málflutning, að þeir skyldu leyfa sér að draga þetta í efa. En það er nú því miður svo með ýmsa hluti að hvorki hæstv. viðskrh. né aðrir ráðherrar né aðrir menn almennt fá öllu ráðið. Það geta komið upp þær aðstæður að ekki verði ráðið við það sem menn eru að reyna að koma í framkvæmd og þess vegna þurfa menn að gera áætlanir um það hvað gera skuli ef illa fer. Ég sé ekki ástæðu til að hafa uppi einhverjar heitstrengingar við Vinnuveitendasamband Íslands, þó að ég ætli ekki að fara að verja þau samtök sérstaklega, það eru aðrir hæfari til þess, þótt þeir vilji nálgast hlutina með öðrum hætti. En aðalatriðið er að sjálfsögðu það, ef í þessar framkvæmdir verður ráðist af fullum krafti, hvaða áform hæstv. ríkisstjórn hefur uppi um það að skapa nauðsynlegt jafnvægi á peningamarkaði til mótvægis við þá miklu spennu sem kann að hljótast af þessum umfangsmiklu og mikilvægu framkvæmdum. Þetta er ekki mjög skýrt í frv. en ég vænti þess að við fáum jafnframt tækifæri til þess í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar að fjalla nánar um þetta mál.

Hér eru vissulega ýmis önnur atriði sem ástæða væri til að gera að umræðuefni, en ég hef kosið að ræða það fyrst og fremst í samhengi við jafnvægi á lánsfjármarkaðnum sem ég tel að sé langt í frá að menn séu að ná og því sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því sem þar er að gerast.

Ég vil í nokkrum orðum, herra forseti, koma að öðru mikilvægu máli sem snertir þetta samhengi allt og það er hluti af fjárlagafrv., þ.e. tekjuhlið fjárlagafrv. Við sem störfum í efh.- og viðskn. fjöllum um það mál og það er okkur mikilvægt að geta átt orðastað við hæstv. fjmrh. um atriði því máli tengd og verður ekki hjá því komist að líta til þeirra í tengslum við lánsfjárlög. Enda má segja að þessi tvö frv., frv. til lánsfjárlaga og frv. til fjárlaga séu svo nátengd að það sé eðlilegt að um þau sé fjallað í einu.

Í fjárlagafrv. kemur fram að gert er ráð fyrir því að allnokkur hækkun verði á tekjuskatti. Það er hins vegar orðað svo að ekki sé um hækkun tekjuskatts að ræða. Það eru orð sem hæstv. fjmrh. má alls ekki heyra. Hann telur að hér sé ekki um hækkun á tekjuskatti að ræða. Hann hefur notað þau orð að það eigi að breikka skattstofnana. Þetta minnir mig á það að ef á að stækka hús þá sé það aðeins stækkun á húsinu ef byggt er ofan á það, en ef byggt er við hliðina á því þá sé það engin stækkun á húsinu.

Það má vel vera að hæstv. fjmrh. líti svo á að ekki sé um neina aukningu að ræða. En auðvitað er verið að tala hér um allverulega hækkun á tekjuskatti og menn eiga að hafa manndóm í sér til að ræða málið í því ljósi. En það heitir aukna tekju- og eignatengingu barnabóta, skerðingu á afsláttarliðum o.fl. Í þessu sambandi langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hvað sé átt við þegar rætt er um aukna tekju- og eignatengingu barnabóta. Eins og ég skil það mun vera ætlunin að hækka tekjuskatt hjá hjónum sem eiga mörg börn, þ.e. að hjá hjónum sem hafa allmiklar tekjur og hafa barnabætur til frádráttar frá tekjuskatti sé ástæða til að skerða barnabætur og þar með að hækka tekjuskatt þessara hjóna.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða hugmyndafræði er þarna að baki? Sjálfsagt mundi hv. þm. Björn Bjarnason fella þetta undir hugmyndafræði framsóknarmennskunnar en hann telur að þaðan sé allt illt sprottið. Ég kannast hins vegar ekki við það. Mér finnst það afar undarleg hugmyndafræði í tekjuskatti að hækka hann sérstaklega hjá hjónum með miklar tekjur sem eiga börn börn en alls ekki hjá hjónum sem eiga engin börn, en mér sýnist að þetta sé ætlun núv. ríkisstjórnar og núv. fjmrh. (**ÓÞÞ:** Hún er komin frá Kína, þessi kenning.) Já, það er væntanlega komið þaðan, en ekki ætla ég að fullyrða neitt um það, hv. þm.

Síðan hefur hefur komið fram að þá sé líka ætlunin að hækka tekjuskatt þeirra aðila sem njóta einhvers konar afsláttar, t.d. vaxtaafsláttar, þ.e. að hjá tekjuháum hjónum með vaxtaafslátt sé ástæða til að skerða

hann sérstaklega. Þannig verða þessi mál skilin. Nú er það svo að margir einstaklingar hér í samfélaginu eru að berjast við að vinna fyrir afborgunum af lánum og greiða niður skuldir sínar og auka tekjur sínar til þess. Mér finnst ekki vera sanngirni að draga úr frádrætti þessa fólks og hækka tekjuskattinn sérstaklega á þeim sem eru að berjast fyrir því að koma sér upp húsnæði. Þetta finnst mér afar skrýtin hugmyndafræði og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh. hvernig hugmyndin sé að koma þessari tekju- og eignarskattshækkun einstaklinga, sem mér sýnist að eigi að verða um 1 milljarður kr. eftir þeim tölum sem ég sé hér í fjárlagafrv., í framkvæmd, hversu miklu á að ná fram með skerðingu barnabóta, hversu miklu í vaxtabótum, hversu miklu í sjómannaafslætti, vegna þess að hann hefur verið nefndur sérstaklega, að hann eigi að skerða, og jafnframt hefur komið fram að til standi að draga úr afslætti vegna hlutafjárkaupa. Væri fróðlegt að fá nánari sundurliðun á þessu máli.

Þá er líka í fjárlagafrv. vikið nokkuð að skattastefnunni og þar er talað um að skattlagningu eigna og eignatekna þurfi að samræma. Þar kemur líka fram að ætlunin sé að setja skatt á fjármagnstekjur, en þessum skatti sé alls ekki ætlað að skila meiri tekjum í ríkissjóð. Ég spyr því hæstv. fjmrh. hvort honum finnist ekki meiri sanngirni í því að þessi skattur á fjármagnstekjur skili fremur einhverju í ríkissjóð en sérstakur skattur á barnafjölskyldur með háar tekjur, og kemur mér nokkuð á óvart að slík stefna skuli vera tekin upp, jafnvel þótt Sjálfstfl. eigi í hlut sem hefur nú losnað undan álögum framsóknarmennskunnar eftir áratuga innri baráttu. Þetta eru mikilvægar upplýsingar sem við höfum fengið þarna þó að maður botni að vísu ekkert í þeim.

Þá verður jafnframt að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvar sú vinna sem var hafin um niðurfellingu aðstöðugjaldsins sé á vegi stödd. Aðstöðugjaldið er versti skattur sem nú er í framkvæmd á Íslandi og það er nú svo merkilegt að um það eru allir flokkar nánast sammála, eftir því sem mér skilst. Það má vera að Sjálfstfl. sé bundinn í þetta gjald og geti ekki losnað undan því og þeirri gömlu hugmyndafræði sem þar liggur að baki. Þessi skattur stendur íslensku atvinnulífi fyrir þrifum. Þessi skattur rýrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs gagnvart atvinnulífi erlendis. Er það sanngjarnt að fólk sem verslar í verslun í Reykjavík þurfi í reynd að borga jafnvel 1,5% í aðstöðugjald, og það megi bæta við skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem í reynd lendir á þessu fólki, en verslunareigandinn í Glasgow þarf að sjálfsögðu ekki að greiða þessa skatta? Auðvitað koma þessi gjöld inn í vöruverð á Íslandi og rýra þar með samkeppnishæfni þessara aðila til að standa sig í samkeppni við verslanirnar í Glasgow og þótt víðar væri leitað. Ég er viss um að hæstv. fjmrh. hefur leitt hugann að þessu máli og ég spyr því: Með hvaða hætti verður unnið að breytingu á aðstöðugjaldinu?

Mér er fullkomlega ljóst að hér er ekki um einfalt mál að ræða og það er ekki hægt að gera ráð fyrir að betta gjald falli niður án þess að nokkuð komi þar í staðinn. Hins vegar er það svo að sveitarfélögin á Íslandi og þá sérstaklega stærstu sveitarfélögin á Íslandi, og þegar ég tala um stærstu sveitarfélögin tala ég nú um sveitarfélög upp á nokkur þúsund íbúa — (**Forsrh.:** Eins og Kópavog.) Ég lít t.d. ekki á Kópavog sem lítið sveitarfélag eins og hæstv. forsrh. gerir, en hann hugsar sjálfsagt stærra en við margir hinir hér á Alþingi. (**Fjmrh.:** Það er rétt til getið.) Það er rétt til getið, upplýsir hæstv. fjmrh. og efast ég ekki um mikla trú hans á verkstjóra sínum í ríkisstjórninni. En hvað um það. Þessi sveitarfélög hafa fengið mikla tekjuaukningu á undanförnum árum, notað þessa miklu tekjuaukningu til mikillar uppbyggingar sem hefur að sjálfsögðu komið þegnum þessara sveitarfélaga til góða og alls staðar eru verkefnin. Spurningin er hins vegar þessi: Á að taka atvinnulífið fram yfir ýmsar aðrar þarfir eða ekki? Eða á það bara að vera í hátíðarræðunum þegar hæstv. ráðherrar koma og ávarpa samtök atvinnuveganna? Er það aðeins þá sem atvinnulífið á að ganga fyrir í þessum efnum? Mér virðist að svo sé og ég hef ekki séð nokkra tilburði hjá núv. ríkisstjórn til að halda áfram þessu starfi og vinna að því í samvinnu við stjórnarandstöðu og Alþingi. Ef einhver vilji er til þess af þeirra hálfu að eiga við þá aðila samstarf sem við höfum í einlægni miklar efasemdir um væri gott að fá það upplýst. Það læðist að okkur sá grunur að hagsmunir þeirra sem hafa notið þessarar miklu skattheimtu, ósanngjörnu skattheimtu, sérstaklega stærstu sveitarfélaganna í landinu, skuli ganga fyrir hagsmunum atvinnulífsins.

Auðvitað eru mörg önnur atriði sem eru mikilvæg í skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég hef t.d. ekki minnst á þá miklu aukningu sem felst í innheimtu sértekna og þjónustugjalda og væri það allt of langur listi að fara ítarlega út í þau mál. Þar er margt afar óljóst og við höfum ekki fengið miklar upplýsingar þar um. Við heyrum það við umræður í nefndum að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eru sumir hverjir litlu nær en við hinir og við lifum þá í þeirri trú að við munum njóta þess að verða upplýstir af hæstv. ríkisstjórn samhliða því að þessir ágætu menn sem starfa í nefndum fá frekari upplýsingar um málið. Við vorum t.d. að ræða um það í morgun á nefndarfundi hvenær við mundum sjá frv. til laga sem á að tryggja Hafrannsóknastofun 525 millj. kr. og á jafnframt að útiloka að sá sjóður, sem komið var upp á sínum tíma, Hagræðingarsjóður, geti hjálpað til við að minnka fiskiskipaflotann sem er mikilvægt viðfangsefni og ekki minna mikilvægt en að ná hallalausum ríkisbúskap. Þó að það sé vissulega mikilvægt þá er ýmislegt annað sem skiptir máli í þessu samfélagi. Það er ekki rétt að láta svo mikilvæg verkefni hverfa bara vegna þess að menn vilja ná jöfnuði í ríkisfjármálum sem ég geri ekki lítið úr. En þar er jafnframt gert ráð fyrir því að lokað sé fyrir þá möguleika að koma litlum byggðarlögum til aðstoðar sem hafa misst sínar veiðiheimildir. Þetta er hluti af sértekjumáli fjárlagafrv. sem ég reikna með að við fáum betri upplýsingar um síðar og ég ætlast í sjálfu sér ekki til að hæstv. fjmrh. upplýsi það nú í neinum smáatriðum.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki fara út í tekjustefnu fjárlaganna í mjög löngu máli. Ég býst við að menn hefðu tilhneigingu til þess að fella það undir málþóf hér í þinginu eins og allar aðrar ræður. Menn opna vart orðið svo munninn hér á Alþingi að því sé ekki haldið fram af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar að stjórnarandstæðingar séu með málþóf. Það er ekki mín meining, langt í frá. Ég krefst þess hins vegar að við fáum upplýsingar um mikilvæg mál en þær upplýsingar eru af skornum skammti og stefna núv. ríkisstjórnar mjög óljós. Er nú kominn tími til að hún verði þannig upplýst hér á Alþingi að það verði einhver möguleiki á að koma öllum þeim málum fram sem hljóta að tengjast afgreiðslu fjárlaganna. Mörg þessara mála hafa ekki séð dagsins ljós hér á Alþingi. Ég nefni öll tekjufrumvörpin. Þau hafa ekkert sést hér. Hvernig stendur á því að hæstv. ríkisstjórn er ekki búin að koma þessum frumvörpum inn í þingið? Er það vegna þess að stjórnarandstaðan heldur uppi málþófi og ríkisstjórnin hefur ekki tíma til þess að vinna undirbúninginn? Eina frv. sem er komið fram er frv. um framlengingu skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og við gætum í sjálfu sér margt sagt um það frv., bæði flutt eigin ræður um þau mál hér á Alþingi og sérstaklega lesið upp fyrri ræður hæstv. núv. fjmrh. um það mál sem hann hefði átt að prenta með frv. til hægðarauka. Það hefði komið í veg fyrir frekari umræður um þessar ræður. Vil ég biðja hann að athuga hvort hann geti ekki bætt úr þessu með því að gefa út sérstakt fylgiskjal með frv. þannig að nýir þingmenn fái upplýsingar um það hvers konar ræður hæstv. núv. fjmrh. flutti um það mál hér á Alþingi þannig að við þurfum ekki að gera það að umræðuefni undir ásökunum um einhverja málþófsþörf. Það er nefnilega þannig með Sjálfstfl. að hvort sem hann hefur verið í álögum framsóknarmennskunnar eða ekki hefur hann þá tilhneigingu að tala sitt á hvað og út og suður. Það er eitt í dag og annað á morgun og út úr því hefur komið afar haldlítil stefna og heldur sundurleit. Og um þann flokk eiga kannski við þau orð sem mátti skilja svo í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins stuttu fyrir kosningar að það væri miklu skynsamlegra að segja sem minnst og vera ekki að setja fram allt of mikið af stefnum en gera þeim mun meira í málinu eftir kosningar og reyna að sannfæra fjöldann um þá stefnu sem mönnum líst best á. Það má vel vera að það sé hugmyndafræði Sjálfstfl. í núv. ríkisstjórn, a.m.k. ber fjárlagafrv. nokkurn vott um það. Framlenging skattsins á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, framlenging skerðingar á gjöldum til kirkjunnar og heldur aumlegir tilburðir til þess að breyta þessu og koma með alls kyns afsakanir í þeim efnum. Það gæti verið að skynsamlegra hefði verið fyrir Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu að halda heldur styttri ræður og innihaldsminni á Alþingi meðan hann var í stjórnarandstöðu. Það hefur komið honum í koll og nú er hann smátt og smátt að éta það allt saman ofan í sig. Við sem erum í núverandi stjórnarandstöðu getum vel skilið að það er sársaukafullt og tekur nokkuð á taugarnar og með því vil ég hafa fulla samúð og skilning.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir ánægju með að frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 skuli hafa verið lagt fram á sömu vikum og verið er að fjalla um fjárlagafrv. fyrir það sama ár. Lánsfjárlög hljóta að byggjast á fjárlögum og vera byggð á sömu forsendum og hafa legið til grundvallar við samningu fjárlagafrv. Þó eru þær forsendur vægast sagt mjög hæpnar og í þessu frv. er gert ráð fyrir að fjmrh. geti ákveðið hvort lántökur fari fram innan lands eða utan. Það frjálsræði getur bæði verið til hagræðis og líka haft slæm áhrif. Til hagræðis er að þá getur ráðherra veitt innlendum lánamarkaði aðhald en sú hætta er líka fyrir hendi að hægt sé að taka erlend lán og dæla þannig peningum inn í hið íslenska hagkerfi. Það hlýtur að skapa þenslu og sú þensla leiðir fyrr en varir til verðbólgu. Við höfum nú búið við stöðugleika í tæp tvö ár og það er ekki æskilegt að ríkissjóður verði til að rjúfa þann stöðugleika með erlendum lántökum.

Í 7. gr. lánsfjárlagafrv. er sagt með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður."

Því spyr ég vegna þess að mér finnst það ekki koma nógu skýrt fram í þessu frv.: Er þetta fyrsta skrefið til að afnema ríkisábyrgðir á lán?

Ef við víkjum svo aftur að forsendum fjárlaga og lánsfjárlaga þá byggjast þær forsendur á því að verðbólga verði 3% á næsta ári. Það er mikil bjartsýni að halda að það markmið náist. Það hefur víst gerst aðeins einu sinni á þessari öld. Á hverju byggist svo þessi spá um að stöðugleikinn haldist? Hún byggist á því að engar launahækkanir verði þó að samningar séu lausir og ekkert vitað á þessu stigi hvernig framvindan verður. Þær tillögur sem komið hafa fram frá ríkinu í samningamálum boða engar lausnir. Frumvarpið byggir á því að vextir fari lækkandi en þó er stefnt að sama halla á næstu fjárlögum og að var stefnt í fjárlögum yfirstandandi árs og sá halli verður helmingi meiri eða 8–9 milljarðar á yfirstandandi ári. Og vextir hafa hækkað á þessu ári. Munu þeir þá ekki halda áfram að hækka samkvæmt þeim markaðslögmálum sem gilda í stjórnarháttum núv. hæstv. ríkisstjórnar? Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir svo, með leyfi forseta:

„Aukin spenna á lánamarkaði leiddi loks til vaxtahækkunar sl. vor. Líklegt er að áhrif þessarar vaxtahækkunar séu ekki að fullu komin fram enn." Lánsfjárþörf opinberra aðila hefur aukist. Hún hefur aukist mikið á sl. fimm árum eða úr 4% af landsframleiðslu árið 1986 í 9,7% árið 1991. Lánsfjárþörfin hefur því meira en tvöfaldast á þessu árabili eða úr 15 milljörðum árið 1986 í 36 milljarða 1991. Af þessari aukningu má rekja ⅔ hluta til húsnæðiskerfisins. En árið 1992 er áætlað að heildarlántökur opinberra aðila og opinberra lánasjóða verði 47 milljarðar. Af því fer um helmingur í afborganir og aukið lánsfé verður því um 24 milljarðar. Af því verða erlendar lántökur um 9

milljarðar. Það mun svo aftur valda rýrari lausafjárstöðu bankanna vegna vaxandi viðskiptahalla.

Ég ætla að vitna hér enn einu sinni í frv. þar sem stendur: „Áætlað er að kerfisbundinn sparnaður verði um 19 milljarðar króna samanborið við röska 17 milljarða á þessu ári. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa tekna af vaxandi eignum lífeyrissjóðanna. Rétt er að undirstrika að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg. Því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara." Ég held að það sé full ástæða til að skoða niðurstöður þessa lánsfjárlagafrv. með miklum fyrirvara.

Virðulegi forseti. Það er vissulega lofsverð viðleitni ríkisstjórnar að reyna að draga úr lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs. En þar sem þær forsendur sem liggja að baki eru bæði veikar og byggðar á óraunhæfu mati á þróun verðlags í landinu tel ég að þetta frv. til lánsfjárlaga sé ekki sérlega traustvekjandi né muni koma til með að standast miðað við útlitið á fjármagnsmarkaðnum á næstu mánuðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl. vék í máli sínu nokkrum spurningum og athugasemdum að mér sem ég vil gjarnan svara ef hann kýs að hlýða á mál mitt. En hvað sem því líður vil ég taka það skýrt fram að ég tel að margt af því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. hafi verið vel og skynsamlega athugað. Ég er honum m.a. alveg sammála um það hvert sé verkefni lánsfjárlaga, en það er að stilla svo í hóf lánsfjárútvegun vegna hins opinbera og opinberra sjóða sem kostur er og haga henni þannig að vextir haldist líka við hóf.

Til þess að ná þessu markmiði er það alveg rétt athugað hjá hv. 1. þm. Austurl. að þar er jafnvægi í ríkisfjármálum mikilvægasta forsendan. Ég vildi lýsa yfir ánægju minni með þann skilning á þessu efni sem kom fram í máli þingmannsins. Ég vildi hins vegar benda á að dæmið sem hann tók af þróun verðlags og vaxta á síðasta fjórðungi þessa árs sýnir náttúrlega fyrst og fremst að verðbólgan hefur hjaðnað mjög ört að undanförnu. Það er spenna á milli vaxtanna og verðlagsins og það þarf að gefa þessu tíma til að jafna sig. Það er einmitt þannig — og ég veit að þingmaðurinn er mér sammála um það — að við náum vaxtastiginu fyrst og fremst niður með því að ná tökum á ríkisfjármálunum og með því að ná hér kyrrð í verðlaginu.

En það er líka annað mjög mikilvægt atriði í þessu máli sem athuga þarf, og kom kannski ekki alveg nógu skýrt fram hjá þingmanninum, og það er að til þess að útvega atvinnuvegunum lánsfé á samkeppnisfærum kjörum, fjármagn á heimsmarkaðsverði, þá þurfum við að opna okkar lánamarkað. Að því máli er nú unnið og síðasta dæmið um það er að sjálfsögðu það sem samþykkt var í mars á síðasta þingi að heimila erlendum lánastofnunum að opna hér útibú sem væntanlega verður fest skýrar í lög á næstu dögum. Þannig og aðeins þannig fáum við samkeppniskjör á fjármagni til okkar atvinnuvega. En það er líka rétt að þar er ákaflega mikilvægt að stilla svo í hóf opinberri eftirspurn eftir lánsfé og útgáfu skuldabréfa til að fjármagna hið opinbera húsnæðislánakerfi sem frekast er kostur.

Ég vildi þó benda á í sambandi við húsbréfaútgáfuna — og ég veit að hv. þm. þekkir það mál vel — að það er ekki alveg rétt að leggja að jöfnu útgáfu húsbréfa og útgáfu spariskírteina ríkissjóðs sem hugsuð væru til þess að standa undir nýjum framkvæmdum. Það er af því að húsbréfin koma að nokkru leyti í stað annarra skuldaviðurkenninga húsbyggjenda eða húskaupenda. Að hluta haldast húsbréfin hjá þeim sem húseignirnar selja og að hluta létta þær á bankakerfinu. Þar kem ég einmitt að því að með nokkrum rökum má halda því fram að útgáfa húsbréfanna hafi létt af viðskiptabönkunum ýmsum skuldbindingum sem þeir áður höfðu og gert þeim þannig hægara um vik að sinna þörfum atvinnuveganna sem eins og réttilega er athugað hjá þingmanninum er þeirra verkefni, mjög mikilvægt verkefni.

Vegna þess sem þingmaðurinn sagði um það að skilgreina húsbréfin að hálfu sem laust fé gagnvart skuldbindingum viðskiptabankanna um lausafjárkvaðir, er það rétt að þetta var ákveðið af Seðlabankanum í samráði við ríkisstjórnina til þess að vekja viðskipti *með húsbréf, koma húsbréfaviðskiptunum á öruggan* grundvöll. Mig langar til að minna þingmanninn á að hann tók þátt í því með öðrum að gefa bönkunum og Seðlabankanum þetta hlutverk. Þetta er hins vegar tímabundið ástand og það er alveg rétt athugað hjá hv. 1. þm. Austurl. að þetta er ekki að jöfnu leggjandi við laust fé þegar horft er til langs tíma og tilgangurinn fyrst og fremst sá að koma húsbréfaviðskiptunum á eðlilegan grundvöll. Þetta er reyndar í samræmi við *ákvarðanir fyrri ríkisstjórnar í málinu. Mig langar að*eins til þess að nefna þetta hér því að mér fannst hann tala furðu ókunnuglega um málið.

Hitt er svo líka að athuga að mér segir hugur um að sá virðulegi landsbankastjóri sem þingmaðurinn vitnaði til — og er meðal annarra góðra hluta fyrrv. þm. Austurlands — var ekki að tala um fjármálastefnuna eða peningastefnuna þegar hann talaði um vandræði Landsbankans og bankanna. Ef ég man rétt var hann að tala um fiskveiðistjórnina og eitthvað sem hann kallaði örbirgðarstefnu í fiskveiðimálum. Ég ætla alls ekki að gera þær skoðanir hans að mínum. En rétt skal vera rétt og ef gagnrýnisbroddur var í ræðu landsbankastjórans beindist hann að þeim sem standa fyrir fiskveiðistefnunni sem við nú framfylgjum og höfum gert um nokkurt skeið. Með þessu er ég alls ekki að taka undir þetta. Ég vildi bara að rétt væri rétt því að þegar hann var að tala um að loka þyrfti hér fyrirtækjum var það af því að menn fengju ekki að fiska nóg sem er náttúrlega mjög vel kunnugt sjónarmið en ekki endilega rétt.

Mig langaði svo að lokum, virðulegi forseti, að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá þingmanninum um þjóðhagsspár og forsendur fjárlaga og framkvæmdir við álver og virkjanir sem því tengjast. Ég tel það alveg óþarfa fyrir hv. 1. þm. Austurl. að taka hér til varna fyrir VSÍ. Reyndar tel ég að hann hafi í raun og veru sett málið fram með allt öðrum hætti en talsmenn vinnuveitenda höfðu gert. Það er auðvitað alveg rétt athugað hjá hv. þm. að þegar ekki

er full vissa um einhvern mikilvægan atburð á sviði efnahagsmálanna er annaðhvort hægt að setja upp þjóðhagsáætlun sem byggist á því að hann verði eða verði ekki. Verði hann ekki, verði áætlunin endurskoðuð. Eða hins vegar — og það taldi þingmaðurinn gætilegra sjónarmið — að gera ráð fyrir því að þessi atburður verði ekki, en verði hann, þá verði þjóðhagsáætlun tekin til endurskoðunar. Þetta var ákaflega hlutlaust sett fram hjá hv. 1. þm. Austurl. og í raun og veru ekkert við það að athuga annað en að líkurnar eru að áliti þeirra, sem við málið fást og næst því standa, meiri — og þær miklu meiri — á því að framkvæmdirnar hefjist og þess vegna eðlilegt að setja áætlunina upp með þeim hætti sem gert hefur verið. Þetta taldi ég fyrir fram frekar líklegt að hv. 1. þm. Austurl. mundi verða mér sammála um. En auðvitað er það alveg rétt hjá honum að það er alltaf hægt að gera því skóna að ástæður geti reynst þær að menn verði að haga sínum málum með öðrum hætti ef aðstæður breytast. En það er ekki alveg víst að þetta sem hann kallaði hið varkára sjónarmið sé skynsamlegt og ekki síst þegar að því kemur að velta því fyrir sér hvort menn ná hér yfirleitt saman um skynsamlega tekjustefnu og efnahagsstefnu á næsta ári. Þá er ég alveg sannfærður um að sjónarmiðin mundu verða líkari hjá mér og hv. 1. þm. Austurl. en milli mín og Vinnuveitendasambands Íslands eins og þeir stilltu málinu upp. Þeir gerðu það alls ekki með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði, enda varla á því von.

Að endingu, virðulegi forseti, um þau tvö stórmikilvægu mál á sviði tekjumálefna ríkissjóðs sem þingmaðurinn nefndi vildi ég taka fram að ég tel það mjög mikilvægt verkefni að aðstöðugjaldið verði lagt niður og önnur gjaldtaka í þess stað sem skynsamlegri reynist verði tekin upp. Það er meðal allra brýnustu viðfangsefna á sviði skattamála að koma þessu í framkvæmd. Eins er með hitt að samræma skattmeðferð eigna og eignatekna og láta það ekki dragast. Það tel ég líka vera mjög mikilvægt verkefni, eins og reyndar kemur fram í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar: Velferð á varanlegum grunni.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er enginn á mælendaskrá og mér þykir rétt að byrja á því að þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir málefnalegar ræður. Jafnframt vil ég gera tilraun til þess að svara þeim fyrirspurnum og ábendingum sem til mín og ríkisstjórnarinnar var beint. Sumu af því sem fjallað var um í ræðum hv. stjórnarandstæðinga sem hér tóku til máls hefur verið svarað af hæstv. viðskrh. Þar á meðal hefur verið gefin skýring á þeim vöxtum sem nú gilda í bankakerfinu, en það er rétt sem reyndar hefur komið fram í þessari umræðu og fyrr í öðrum umræðum á Alþingi að vextir af óverðtryggðum skuldbindingum í bankakerfinu gætu reynst mjög háir á síðasta ársfjórðungi þessa árs ef bankaráð bankanna og sparisjóðanna taka ekki ákvörðun um að lækka nafnvextina. Smáskref var stigið í þeim efnum um síðustu mánaðamót og ég á von á því að bankaráðin taki áframhaldandi skref í þá átt á næstu ákvörðunardögum um vaxtabreytingar.

Það sem er hins vegar mjög merkilegt við þessi tíðindi er að ástæðan fyrir þessum háu raunvöxtum af óverðtryggðum skuldbindingum er auðvitað sú að verðbólgan hefur verið á hraðri niðurleið og í þessari spá sem vitnað hefur verið til og hv. 1. þm. Austurl. gerði að umtalsefni er sagt að gera megi ráð fyrir að verðbólga mæld á framfærsluvísitölu verði 3,8% á síðasta ársfjórðungi. Það er auðvitað það sem málið snýst um og ber að fagna því sérstaklega að slíkur árangur muni nú nást.

Ég ætla ekki að víkja sérstaklega að vaxtamálum. Það hefur verið gert áður, var gert í umræðum sem hér fóru fram um fjárlagafrv. en það liggur þó í augum uppi að viðskiptabankarnir hafa á síðari hluta ársins verið að reyna að vinna upp það tap sem þeir urðu fyrir frá því á síðasta ári og á fyrstu mánuðum þessa árs með því að hafa vaxtamuninn heldur meiri en þá var. Þetta er mál sem rætt var fyrir tæpu ári síðan. Þá urðu hér harðar umræður í þingsölum um stefnu þáv. ríkisstjórnar og þá hættu sem af þeirri stefnu gæti hlotist en því miður virtist þáv. ríkisstjórn ekki hafa mikinn skilning á sambandi vaxta og sparnaðar og gerði sér ekki grein fyrir áhrifum vaxtstigsins á efnahagslífið í landinu. Þetta birtist m.a. í því sem fram hefur komið að úr ríkissjóði streymdu verulegar upphæðir á fyrstu fjórum mánuðum ársins og ríkissjóður varð fyrir því að þurfa að greiða út verulegar upphæðir þvert á það sem gerst hafði á árinu á undan á sömu mánuðum. Um þetta höfum við rætt og skýrslu hefur verið dreift, sem um þetta var gerð, þegar ný ríkisstjórn tók við völdum sl. vor. Ég þarf heldur ekki að rekja söguna frá þeim tíma. Vextir hækkuðu og vaxtahækkunin er nú að skila því að dregið hefur úr þeim mun á síðustu mánuðum og sá munur hefur minnkað á milli innflutnings og útflutnings en það er einmitt aðalmarkmiðið með vaxtahækkuninni að ná því fram. Auðvitað gilda sömu lögmál hér á landi og alls staðar annars staðar þar sem tiltölulega mikið frelsi ríkir á fjármagnsmarkaði. Vandamálin sem við stóðum frammi fyrir voru þau að í áætlunum fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir að heildarsparnaður landsmanna yrði 36 milljarðar kr. en í byrjun maí í vor bentu nýjar spár til þess að heildarsparnaðurinn yrði ekki nema 24 milljarðar. Frá þeim tíma hafa spár breyst, aðstæður hafa breyst, vextir hafa breyst og síðustu spár sem liggja fyrir benda til að heildarsparnaður innan lands verði 29 milljarðar kr. á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin hefur, eins og fram hefur komið í þessari umræðu og reyndar oft áður, sett fram þá stefnu að draga úr lántökuþörf opinberra aðila. Miðað við það sem er að gerast á yfirstandandi ári má gera ráð fyrir að á næsta ári verði lántökuþörfin þriðjungi minni. Ég skal viðurkenna að þótt þessi árangur sé mikilvægur, þá er mér ljóst að æskilegast væri að ná meiri árangri. Þess vegna hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún sé tilbúin til þess í samráði við aðra aðila hér á landi, t.d. aðila vinnumarkaðarins, að vinna að því að draga enn frekar en gert hefur verið úr lántöku-

þörf opinberra aðila. Þetta kom mjög skýrt fram í umræðum sem hér áttu sér stað við 1. umr. um fjárlagafrv.

Nokkuð hefur verið rætt um húsbréfakerfið. Hæstv. viðskrh. rifjaði upp nokkrar staðreyndir um húsbréfakerfið. Vegna fyrirspurnar um það mál þykir mér rétt að benda á að sú ákvörðun Seðlabankans að láta húsbréf jafngilda peningum eða spariskírteinum og mynda þannig lausafé og lausafjárhlutfall bankanna gildir til næstu áramóta. Það er rétt sem fram hefur komið að þessi ákvörðun hefur haft það í för með sér að augljóslega hefur verið nokkuð erfiðara um vik á markaðnum fyrir spariskírteini ríkissjóðs því að húsbréf eru með ríkisábyrgð og hafa samkvæmt gengi á fjármagnsmarkaði sýnt að þau bera verulega góða ávöxtun fyrir þá fjárfesta, t.d. lífeyrissjóði, sem vilja binda fé til langs tíma á mjög góðum kjörum.

Ég bendi á að í því frv. sem hér er til umræðu er um nýbreytni að ræða hvað varðar húsnæðissjóðina og reyndar húsbréfin því að í fyrsta skipti er tekið fram hve mikið megi taka að láni af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins. Með þeim hætti viljum við tryggja frekar en gert hefur verið undanförnu að þær áætlanir sem gerðar hafa verið um lántöku þessara aðila standist. Ég bendi á að í stað 15 milljarða kr. útgáfu húsbréfa á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að afgreiðsla á næsta ári verði 12 milljarðar.

Hv. 1. þm. Austurl., sem flutti málefnalega ræðu að vanda, minntist á Atvinnutryggingarsjóð, sem nú er atvinnutryggingardeild Byggðasjóðs, og tók upp hanskann fyrir þann sjóð sem eðlilegt er. Hann spurðist fyrir um það hvort ríkisstjórnin hygðist gera úttekt á fjárfestingarlánasjóðum með sama hætti og gert hefði verið um Atvinnutryggingarsjóð. Það stendur ekki til svo að ég viti. Hins vegar ákvað ég í september að biðja Ríkisendurskoðun að fara í gegnum Ríkisábyrgðasjóð og kanna mjög ítarlega hver staða hans er og hvernig á málefnum þess sjóðs hefur verið haldið að undanförnu. Ég geri mér vonir um að niðurstaða Ríkisendurskoðunar verði birt þegar hún hefur verið send fjmrh. síðar í þessum mánuði.

Ég vil enn fremur benda á, hafi það farið fram hjá hv. þm., að í fjáraukalagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir 350 millj. kr. framlagi ríkissjóðs til atvinnutryggingardeildar Byggðasjóðs þar sem nú er vitað að um verulegt tap er að ræða hjá sjóðnum og þess vegna hægt að afskrifa útlánin. Þetta er gert til þess að létta á atvinnutryggingardeild Byggðasjóðs, en ljóst er eins og fram kemur í frv. að erfiðleikarnir verða miklir á næstu árum og sést það einna best á 3. tölul. 3. gr. frv.

Hv. þm. ræddi nokkuð um tekjuhlið fjárlagafrv. Það er rétt að lánsfjárlagafrv. fylgir eðli máls samkvæmt fjárlagafrv. Hann minntist á tekjuhlið fjárlagafrv. og spurðist fyrir um nokkur atriði. Fyrst sagði hann að núv. ríkisstjórn væri að reyna að fela það að ekki væri um að ræða hækkun á tekjuskatti í fjárlagafrv. Af þessu tilefni vil ég taka það fram að samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að jöfnunargjald sem gefur á þessu ári um það bil einn milljarð falli brott. Í staðinn er gert ráð fyrir að meiri tekjur innheimtist af tekjuskattinum vegna þess að fallið verði frá ýmsum frádrætti og afslætti í tekjuskattskerfinu. Hv. þm. benti réttilega á að þarna væri væntanlega um að ræða barnabætur, vaxtaafslátt og fleiri slíka liði. Það er rétt til getið. Þessi mál eru nú til skoðunar af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna.

Það hefur enginn reynt að draga dul á að ríkissjóður ætlar sér að innheimta meiri tekjur af tekjuskattinum með þessum hætti eða jafna þann mun sem verður vegna þess að minni tekjur koma af öðrum sköttum. Ég get ekki á þessari stundu sagt nákvæmlega í hverju breytingarnar verða fólgnar en ég geri fastlega ráð fyrir því að um frekari tekjutengingar verði að ræða. Ég vil taka það fram af því að mér heyrðist hv. þm. vera að gera því skóna að slíkar tekjutengingar væru af hinu vonda að þær eru í núgildandi lögum. Og ég rifja það upp að hv. þm. sem var í síðustu ríkisstjórn stóð að því eins og aðrir hv. þm. sem sátu í þeirri ríkisstjórn að breyta lögum, þar á meðal lögum um vaxtaafslátt, einmitt með því að auka tekjutengingar.

Ég vil enn fremur geta þess af því að hv. þm. ræddi þetta efnislega og málefnalega að það er ekki nauðsynlegt að skattbyrðin aukist hjá þeim sem flest eiga börnin því það er hægt auðvitað að taka tillit til barnafjölda ef menn vilja gera breytingar. Þessi mál eru öll til skoðunar en það er rétt að ríkisstjórnin ætlar sér að ná meiri tekjum með þessum hætti. Ég minni á að frádráttar- og afsláttarliðir eru meira en 10 milljarðar í núverandi kerfi. Það er gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að tekjuskattur á næsta ári verði 13–14 milljarðar nettó.

Í þessu sambandi er kannski fróðlegt að nefna að ef staðgreiðsluskil væru þau sömu af öllum tekjum og um enga frádráttarliði væri að ræða mundi staðgreiðslan skila yfir 80 milljörðum kr. en um það bil helmingurinn fellur þegar brott vegna persónuafsláttarins.

Hv. 1. þm. Austurl. ræddi síðan um samræmingu tekjuskatta og eignarskatta. Af því tilefni vil ég einungis segja að það er ekki ætlunin, eins og hann gat réttilega um, að auka tekjur ríkissjóðs með þeirri skattkerfisbreytingu sem um er rætt á milli stjórnarflokkanna. Það er hins vegar ljóst að nokkrir skattar falla niður og breytast. Þar á meðal á ég von á því að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eins og reyndar kemur fram í grg. með því frv., falli brott. Ég á von á því að eignarskattar lækki verulega og svo kann að fara að einhverjar aðrar breytingar verði gerðar á skattkerfinu. Ljóst er að hér er fyrst og fremst verið að tala um einstaklingsskatta en mér þykir rétt að láta eignarskatt á atvinnuhúsnæði vera með í þessari umræðu því að þar er auðvitað um eignarskatt að ræða þótt fyrirtækið beri eignatekjuskatta í dag.

Varðandi aðstöðugjaldið sem hv. 1. þm. Austurl. minntist á og hæstv. viðskrh. ræddi einnig vil ég geta þess að það mál fjallar um tekjur sveitarfélaga. Á vegum félmrn. hefur verið starfandi nefnd sem fjmrn. hefur átt aðild að. Nefndin hefur skoðað þetta mál og ég

hygg að það verði ekki langt þangað til útreikningar sjást frá nefndinni. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu um hvernig fara eigi með málið. Ég hygg nefnilega að þeir sem mest hafa barist fyrir því að fella niður aðstöðugjaldið af því að þeir telja að með því sé verið að færa til fjármuni frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina verði fyrir miklum vonbrigðum þegar þeir sjá útreikningana því að ég hygg að tilfærslan verði fyrst og fremst á milli Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna. Hins vegar leiðir þetta hugann að því hvort ekki sé nauðsynlegt að haga skattkerfinu hér á landi með þeim hætti að sveitarfélögin fái til sín tekjur af atvinnurekstri til þess að þau hafi þann áhuga sem þarf til þess að laða til sín atvinnufyrirtæki. Ef og þegar aðstöðugjaldinu verður breytt finnst mér nauðsynlegt að það gerist með þeim hætti að fyrirtækin verði látin bera skatta til sveitarfélaganna í staðinn. Að öðrum kosti er sú hætta fyrir hendi að fyrirtækjarekstur verði kvöð á þeim sveitarfélögum sem eru í nábýli við svokallaða svefnbæi og er ég þá ekki að tala með niðrandi hætti um slíka bæi nema síður sé.

Þetta eru allt sjónarmið sem þarf að kanna. Þau eru til skoðunar. Engin ákvörðun liggur fyrir. Ríkisstjórninni er að sjálfsögðu kunnugt um sjónarmið atvinnulífsins. Við vitum um uppsöfnunaráhrifin sem eru í aðstöðugjaldskerfinu en málið er ekki komið á það stig að hægt sé að taka endanlega ákvörðun um það.

Hv. 6. þm. Vestf. spurðist fyrir um 7. gr. frv. en í henni segir, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkisjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður."

Hér er fyrst og fremst átt við 5. gr. í II. kaflanum þar sem segir að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku til Herjólfs og Vatnsleysustrandarhrepps. Það er hugsanlegt að gera það með öðrum hætti, eins og segir í 7. gr. Ég vil taka það fram að þetta er ekki nýmæli í lánsfjárlögum. Slík ákvæði hafa verið í lánsfjárlögum áður og eru t.d. í 15. gr. lánsfjárlaga yfirstandandi árs sem fyrrv. ríkisstjórn flutti á síðasta þingi og voru samþykkt þá. Hér er því ekki um nýmæli að ræða.

Ég held að ég hafi rætt nokkur atriði sem fram komu í máli hv. 6. þm. Vestf., einkum um vaxtamálin, og þetta hafi verið eina spurningin sem til mín var beint.

Ég þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls í þessari umræðu fyrir málefnalegar umræður og fagna því að þetta mál komist til nefndar. Það er auðvitað mjög brýnt að það og nokkur önnur mál sem hér eru á dagskrá komist áfram til nefndar því að það er nauðsynlegt að þau fái umfjöllun á sama tíma og fjárlagafrv. er til meðferðar í nefnd.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ekki vil ég verða valdur að því að tafir verði á því að koma þessu máli til nefndar en það sem gerir það að verkum að ég sé mig knúinn til að taka til máls í þessari umræðu er afar athyglisverð yfirlýsing hæstv. viðskrh. í ræðu hans áðan og er þess eðlis að ég held að við verðum að staldra við og skoða hvað hún þýðir. Það væri mjög æskilegt, virðulegi forseti, ef viðskrh. er hér í húsinu, að fá hann hingað. (**Forseti:** Það er verið að sækja hæstv. ráðherra.)

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi að fara örfáum orðum um þá umræðu sem fram hefur farið um aðstöðugjald. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings hjá hæstv. fjmrh. þegar hann taldi að aðalástæðan fyrir því að menn hefðu agnúast út í þennan skatt væri sú að hann hafi flutt fjármagn frá landsbyggðinni, eða eigum við að segja öðrum sveitarfélögum til Reykjavíkur. Það er ekki aðalástæðan. Það er hins vegar staðreynd að svona er þetta. Í nýlegum gögnum kemur fram að yfir 50% af innheimtum aðstöðugjöldum renna til Reykjavíkurborgar. En þetta er alls ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það að þetta er mjög ósanngjarn skattur gagnvart atvinnulífinu og hann vegur það þungt að hann getur í sumum tilfellum skilið á milli hvort fyrirtæki lifa eða deyja. Ég held líka að menn verði að skoða mjög rækilega þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra reifaði hér áðan að þeir skattar sem kæmu í staðinn yrðu að vera frá atvinnulífinu því að ef svo væri án nokkurra annarra reglna mundi þessi skattheimta halda áfram að færa peninga til höfuðborgarinnar þar sem er rekinn mikill fjöldi fyrirtækja sem þjónar öllu landinu þannig að eftir sem áður yrði sá annmarki á.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að víkja aftur að upphafi míns máls þar sem ég sagði að kveikjan að því að ég tek hér til máls er afar athyglisverð yfirlýsing viðskrh. áðan þegar hann sagði að við fengjum aldrei fjármagn á eðlilegum kjörum fyrr en við opnuðum fjármagnsmarkað okkar og fyrstu skrefin hafi verið stigin á síðasta ári með því að leyfa stofnun útibúa erlendra banka hér á landi og að því verði unnið áfram. Undir þetta get ég tekið. Hitt er alvarlegra mál að sé þessi yfirlýsing viðskrh. rétt hafa á síðustu sex árum verið færðir til meiri fjármunir í íslensku atvinnulífi heldur en nokkurn tíma fyrr á fölskum forsendum því að allt var þetta gert í nafni þess að það skyldi vera hinn frjálsi markaður sem réði vöxtunum. Og nú stendur hæstv. viðskrh. upp og segir okkur það að við höfum búið hér við fákeppnismarkað sem hafi ekki verið fær um að sjá til þess að fjármagn til atvinnulífsins fengist á eðlilegum kjörum, eins og hann orðaði það áðan. Miðað við þær upphæðir sem hafa færst frá atvinnulífinu til fjármagnseigenda á þessu tímabili eru þeir 9 milljarðar sem hefur verið skuldbreytt í Atvinnutryggingar- og Hlutafjársjóði smápeningar. Ef það vaxtastig sem nú er í landinu helst er um það að ræða að miðað við skuldsetningu atvinnulífsins séum við að færa frá því 12 milljarða á ársgrundvelli. Ég veit að þetta er ýkt framsetning, en kannski þarf stundum, hæstv. viðskrh., að setja hlutina þannig fram til að þeir skiljist.

Ég ætla hér, með leyfi forseta, að vitna í dæmi sem mér var sýnt fyrir örfáum dögum og er af fjármagnsmarkaði okkar hér á Íslandi í dag. Þar er um að ræða 18 mánaða skuldabréf upp á 1.400 þús. sem var tekið

síðast í ágúst með mánaðarlegum afborgunum, þeirri fyrstu núna fyrstu daga í nóvember. Fyrsta afborgunin var 120 þúsund. Þar af voru 77 þús. afborgunin. 1/18 af höfuðstólnum, 43 þús. voru vextir af 1.400 þús. í tvo mánuði. Þetta eru rúmlega 20% vextir og þar er ekkert um að ræða neina 15,8% raunvexti. Þar er um að ræða rúmlega 20% raunvexti því að þetta er í atvinnugrein sem hefur búið við nánast óbreytt afurðaverð sl. tvö ár þannig að þar hefur engu verið hægt að velta út í verðlagið.

Virðulegi forseti. Þetta eru þær staðreyndir sem við búum við í vaxtamálum í dag. Ég hef löngum haldið því fram að innlendi fjármagnsmarkaðurinn sé mjög vanburða og engan veginn fær um að sinna þörfum atvinnulífsins og lánsfjármarkaðarins óstuddur á þessum síðustu árum. Og mér þykir vænt um það að hæstv. viðskrh. hefur stigið í ræðustól hér á hinu háa Alþingi og staðfest þessa skoðun mína.

Ég vil benda á eitt í þessu sambandi og það styður væntanlega líka það sem hæstv. viðskrh. sagði. Ég ætla að vitna til vaxta eins og þeir eru erlendis meðan raunvextir hér eru að nálgast 20%. Raunvextir í Bandaríkjunum eru 3,5% og hafa þó Bandaríkjamenn búið viðvarandi fjárlagahalla. Ég kann ekki að greina hvort hann hefur frá tíma til tíma verið meiri eða minni en hér á landi. Sérstakur sérfræðingur í þeim málum hér í þingsal er hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson þannig að ég bið hann að leiðrétta mig í þessu ef ég fer með rangt mál hvað það snertir. En ég ætla líka að vitna til þess að samkvæmt skýrslu Seðlabankans eru millibankavextir í London núna 5%. Og það eru þeir erlendu vextir sem menn hafa mjög oft viljað vitna til.

Ég ætla líka að nefna annað *máli mínu til stuðnings* og varðandi það að við búum hér við mjög ófullkominn fjármagnsmarkað. Ég spurði fulltrúa Seðlabankans að því á fundi efh.- og viðskn. hver væri eðlilegur vaxtamunur á ríkisvíxlum og sambærilegum *pappírum á almennum markaði*. Svörin voru nokkuð misvísandi en þó skildi ég þann sérfræðing þannig að það væri eðlilegt að þar væri í það minnsta þriggja prósentustiga munur.

Hefur innlendi lánsfjármarkaðurinn sýnt þau merki að þessar viðurkenndu hagstærðir, þar sem um er að ræða eðlilegan og fullburða frjálsan peningamarkað, hafi endurspeglast hér? Nei, langt í frá. Ef svo hefði verið, þá hefði ekki þurft að grípa til þeirra handaflsaðgerða sem notaðar voru af hæstv. ríkisstjórn til þess að þrýsta upp vöxtum á fyrstu mánuðum síns starfsferils.

Virðulegi forseti. Ber þetta ekki allt að sama brunni? Ber þetta ekki að þeim brunni að þrátt fyrir það að ég býst við að hér sé mikill meiri hluti á Alþingi sammála því að vextirnir eigi að mótast á frjálsum markaði eins og önnur viðskipti í okkar landi, ber þetta ekki að þeim brunni að við hefðum þurft að fara miklu varlegar þegar verið var að losa þessi tök? Við hefðum þá kannski komist hjá einhverju af þeim óskapa hremmingum sem hafa fylgt þeim fjármagnsflutningum *frá atvinnulífi og ekki síður einstaklingum* til fjármagnseigenda á síðustu árum.

Ég ætla að vitna hér í ummæli tveggja bankastjóra, fyrst til bankastjóra Íslandsbanka sem voru viðhöfð í útvarpi fyrir tæplega hálfum mánuði síðan. Ég býst reyndar við að hæstv. viðskrh. hafi verið erlendis þá þannig að ég er kannski að segja honum tíðindi sem hann hefur ekki heyrt áður. Þar greinir þessi talsmaður *Íslandsbanka frá því að bankinn hafi tapað á fyrstu* átta mánuðum ársins 400 millj. Hann sagði líka: Við gerum okkur vonir um það og sjáum fram á það að við munum geta unnið þetta tap upp á síðustu fjórum mánuðum ársins. Ég er ansi hræddur um það að forsvarsmenn ýmissa þeirra fyrirtækja sem nú berjast í bökkum — og hæstv. viðskrh. sagði á fundi iðnþings fyrir tæpum hálfum mánuði, að aðstoð við þá væri að henda peningum í vandamál — hefði þótt ágætt að geta verið í þeirri stöðu að hækka bara sitt afurðaverð á síðustu mánuðum til þess að ná endum saman. En þannig ganga hlutirnir ekkert fyrir sig þar sem frjáls markaður ræður og, hæstv. viðskrh., er þetta ekki ein staðfestingin enn á því að á íslenskum fjármagnsmarkaði ríkir ekki frjáls samkeppni?

Ég vitna til ummæla bankastjóra Landsbankans Sverris Hermannssonar þar sem hann bendir á að nú sé svo komið í stærsta banka þjóðarinnar að hann treystir sér ekki lengur til þess að lána til fyrirtækja í frumatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum. Hann bendir líka á að þeir séu búnir að leggja í afskriftasjóð 3½ milljarð. Þessi niðurstaða hans hlýtur að þýða það að hann treysti því ekki að þessi 3½ milljarður nægi til þess að mæta afföllum vegna lána til frumatvinnuveganna. Hverjir borga svo þessi afföll? Þau borgum við sem höfum verið að borga þessa okurvexti síðustu árin og *leggjum þannig í þessa afskriftasjóði atvinnulífsins*.

Það læðist reyndar líka að mér sá grunur að í þessum aðvörunarorðum bankastjóra Landsbankans felist að hann óttist það mjög ef sú stefna núv. ríkisstjórnar að láta gjaldþrotin hreinsa til í atvinnulífinu verði látin ganga fram fylgi henni meiri umbrot en banki hans þolir.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem þeir hafa veitt við þeim spurningum sem ég hef lagt fram. Ég tel að það sé nokkuð annar tónn í þessari umræðu um lánsfjárlög en hefur verið hér í þinginu á undanförnum dögum og undanförnum missirum sem ég vænti að boði betri tíð og betra andrúmsloft hér í þingsölum. A.m.k. hefur mér þótt ríkja heldur betra loftslag hér í þingsalnum síðustu tvo klukkutímana en ég hef haft á tilfinningunni oft áður. En það má vel vera að aðrir hafi tilfinningu fyrir annars konar loftslagi hér, en ég tel nú að hæstv. ráðherrar beri nokkra ábyrgð á því að skapa hér eðlilegt andrúmsloft í starfi þingsins og ég tel að þessir tveir ráðherrar eigi hrós skilið fyrir það að taka á málum með þeim hætti sem þeim ber og störf þeirra hafa verið algerlega laus við skæting út og suður sem oft hefur ríkt áður í svörum hér á Alþingi.

Hæstv. viðskrh. sagði um vaxtamálin að það væri fyrst og fremst vegna þess að vextirnir væru þetta háir

á óverðtryggðum skuldabréfalánum, að verðbólgan hefði náðst svo mikið niður, það hefði náðst svo mikill árangur í baráttunni við verðbólguna. Það má í sjálfu sér orða það með þeim hætti að telja að verðbólgan sé nú orðin 3,8% og þess vegna sé misræmið svona mikið. En því verður ekki á móti mælt að eftir sem áður eru raunvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum 15,8% að mati Seðlabankans og Seðlabankinn telur þá vera æðiháa. Hæstv. viðskrh. hafði út af fyrir sig engin orð um það en ég skildi hann svo að hann væri sammála því mati.

En þetta er nú ekki svona einfalt því að ef verðbólgan er komin niður í 3,8% og einhver tiltrú er á fjármagnsmarkaðnum um að verðbólgan muni ekki stíga mikið á næstunni ættu vextirnir að sjálfsögðu að fara niður við allar eðlilegar aðstæður. Það hafa þeir ekki gert í neinum mæli og bankarnir hafa jafnvel leyft sér að halda því fram að þetta sé vegna þess að á öðrum ársfjórðungi hafi raunvextirnir verið aðeins 3% og þá hafi þeir tapað svo miklu að þeir verði að hala þetta inn núna. Þetta eru nú ekki nákvæmlega þeirra orð, en þetta er hugarfarið að baki. Og þá segir hæstv. viðskrh.: Það verður ekki hægt að koma hér á almennilegri skipan þessara mála nema við gerum breytingar á, þ.e. að við förum meira út á alþjóðamarkað með okkar lánastarfsemi, opnum meir fyrir erlenda banka og veitum þessum bönkum hér á landi meiri samkeppni.

Það má vel vera rétt að það sé nokkuð mikið til í því að íslenska bankakerfið sé svo handónýtt að það sé vart á setjandi og það sé þá helst að fá hér erlenda banka því til bjargar. Ég er ekki sammála því sem mér fannst koma fram í máli hæstv. viðskrh. að það væri hvað mikilvægast að auka hér starfsemi erlendra banka til þess að kenna íslenskum bönkum hvernig þeir eigi að haga sér, ef ég skildi hann rétt. Það má vel vera að ég hafi misskilið hann. Og ég er ekkert viss um að jafnvel þótt við opnum meir íslenskt fjármálakerfi, sem við munum gera, að erlendir bankar verði í biðröðum að koma hér til að þjónusta Íslendinga og streymi út um land t.d. til þess að taka við þjónustu Landsbankans í þessum efnum. En svo mátti skilja á talsmanni Landsbankans fyrir nokkru síðan að Landsbankinn hefði slíkar áhyggjur af rekstri útflutningsatvinnuveganna að þeir sæju ekki fram á annað en þessir atvinnuvegir mundu loka. Ég er ekki farinn að sjá að þetta mundi breyta miklu. Hér verður áreiðanlega um þróun að ræða. Það er rétt að við erum mjög háðir erlendu fjármagni og erlent fjármagn er í miklum mæli í okkar atvinnurekstri og það ber að sjálfsögðu að viðurkenna og það er engin leið að reikna með því að vextir á innlendum mörkuðum séu miklu lægri en gengur og gerist á erlendum mörkuðum. En um þessar mundir eru þeir miklu hærri en gengur og gerist á erlendum mörkuðum. Og þar af leiðandi ef íslenskt atvinnulíf gæti í meira mæli við núverandi skilyrði tekið meiri lán erlendis þyrfti það ekki á innlendum bönkum að halda í jafnmiklum mæli. En þá skiptir að sjálfsögðu afarmiklu máli hvernig innlent atvinnulíf er í stakk búið til að fá traust hjá öðrum lánastofnunum, taka þar lán á sómasamlegum kjörum og þá skiptir að sjálfsögðu það umhverfi sem ríkir í íslensku atvinnulífi meginmáli.

Ég hef enga ofurtrú á því að þetta sé lækning alls og ég vil leyfa mér að trúa því að innlendir bankar geti vel þjónað íslensku atvinnulífi og þeir vilji rækta það hlutverk sitt eftir því sem þeir geta. Íslensk bankastarfsemi er að sjálfsögðu mjög mikilvæg í íslenskum þjóðarbúskap. Íslensk bankastarfsemi er líka mikilvæg ef við viljum viðhalda efnalegu sjálfstæði landsins þannig að ég vil ekki hafa þessa ofurtrú á samkeppni við erlenda banka, að þangað munum við sækja björg okkar og það sé nánast ekki á vetur setjandi að vera að styrkja íslenska bankastarfsemi.

Ég er alveg viss um það að margt má betur fara í íslenskri bankastarfsemi og oft og tíðum virðist manni að þeir sem þar stjórna tali nokkuð ógætilega og séu e.t.v. að gerast sérfræðingar á sviðum sem þeir eru kannski kunnáttumenn um en er utan þeirra verkahrings. En þetta höfum við séð á undanförnum dögum að bankastjórar vilja kenna ríkisstjórn Íslands hvernig hún eigi að haga sínum málum og m.a. að stjórna fiskveiðum. Ég spyr því: Ætlar ríkisstjórn Íslands að láta sér það vel lynda að þetta sé að verða hlutverk íslenskra banka eða er hún orðin svo frjálslynd og afskiptalaus að hún telji þetta vera eðlilegan hlut og við því sé ekkert að segja? Þetta sé allt í nafni skoðanafrelsis og málfrelsis. Ég heyri það á hæstv. sjútvrh. að hann er nú ekki alveg á því en það væri fróðlegt að vita hvað hæstv. forsrh. segir þar um. Ég þykist vita að hæstv. fjmrh. leysi hann af og þar sem ég heyrði á honum áðan að hann hefur mikla trú á verkstjóra sínum, þá efast ég ekki um að hann getur mælt hér fyrir hans hönd og ekki ætla ég að fara þess á leit að hæstv. forsrh. verði sóttur. Ég virði það auðvitað að aðrir ráðherrar verði á stundum að geta tekið að sér verk hinna og svarað fyrir þá og ég veit að hæstv. fjmrh. er fullfær um það. En mér finnst það vera í verkahring forsrh. að gefa þarna einhver svör.

Hæstv. viðskrh. talaði nokkuð um húsbréf og viðurkenndi að þetta væri mjög mikilvægur þáttur á fjármagnsmarkaðnum. En ég tek eftir því vegna þess að ráðherrar í ríkisstjórninni vitna gjarnan í þessa hvítu bók sem gengur undir því nafni en er hún hins vegar prentuð með svörtu letri eins og gengur og gerist með aðrar bækur og menn hafa viljað taka mismunandi ábyrgð á af hálfu stjórnarliðsins og ætla ég ekki að blanda mér í þær deilur, en þar segir að húsbréfakerfið verði fest í sessi og leitað leiða til að koma betra jafnvægi á húsbréfamarkaðinn m.a. með því að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að koma á meira jafnvægi með því að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs. En er húsbréfamarkaðurinn, hæstv. fjmrh., aðalmálið í þessu öllu saman? Snýst fjármálastjórnin aðallega í kringum það að koma jafnvægi á eitthvað sem heitir húsbréfamarkaðurinn? Ég vil taka þessa bók alvarlega (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei, það gerir ekki nokkur maður.) og ég vil trúa því að a.m.k. bókin sé á varanlegum grunni. En ég hef aldrei séð það áður í pen-

ingamálapólitík að allt gangi út á að koma á jafnvægi á ákveðnum verðbréfamarkaði. Og hér stendur skýrum stöfum að ríkisfjármálapólitíkin gangi út á það að koma húsbréfamarkaðnum í lag. Ég veit að þessi markaður er mikilvægur og ekki síst fyrir Alþfl. sem telur hann ganga öllum öðrum mörkuðum framar og hefur þó markaðshyggjan verið heldur að vaxa í þeim flokki upp á síðkastið. Að vísu hefur hún alls staðar verið að vaxa svo það er í sjálfu sér ekki hægt að gagnrýna það þó að hún hafi e.t.v. verið að vaxa heldur hratt í Alþfl. miðað við sósíalisma þeirra í fyrri tíð. En ekki er ég nú sammála öllum þeim fræðum sem felast í sósíalismanum, langt í frá.

En ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. og reyndar viðskrh. um þetta mál og ég vil gagnrýna að þeir skuli hafa komið því til leiðar að þessi bréf séu skilgreind að hálfu sem peningar. Hæstv. fjmrh. orðaði það svo að Seðlabankinn hefði ákveðið þá skilgreiningu. Þegar seðlabankastjórarnir komu til okkar sögðu þeir: Það voru tilmæli ríkisstjórnar að húsbréf yrðu metin til hálfs í lausafjárstöðu banka eins og spariskírteini ríkissjóðs. Þetta skrifaði ég niður þannig að þetta er ekki ákvörðun Seðlabankans að fullu. Hún er tekin vegna þess að ríkisstjórn Íslands beindi þessum tilmælum til þeirra. Og að því loknu tók Seðlabankinn þessa ákvörðun og það mátti vel á þeim skilja að þeir gerðu það — ekki grátandi en heldur voru þeir nú hnípnir yfir því og fannst greinilega að hagfræðin hefði í nokkru verið brotin, enda viðurkenndi hæstv. fjmrh. það hér áðan og það var eðlilegt af hans hálfu að gera það. En ég skil þetta miklu betur út frá þessari setningu, þetta er sjálfsagt til þess að koma á jafnvægi á húsbréfamarkaðinn, enda sagði hæstv. viðskrh. það að þetta hefði verið til þess að vekja viðskipti með húsbréf og koma þar á eðlilegum viðskiptum og vildi telja að það mætti allt rekja til fyrri ríkisstjórnar eins og allt annað sem gert er. Allt er það rakið til fyrri ríkisstjórnar og ég skil það vel að hæstv. viðskrh. sé ekki almennilega kominn út úr henni, en ég skil það enn þá síður að ráðherrar Sjálfstfl. eru ekki komnir út úr henni því að þeir tala ekki um nokkurn skapaðan hlut annan en verk fyrri ríkisstjórnar, m.a. verk sem hæstv. viðskrh. tók þátt í og liggur hann oft og tíðum undir allþungum ámælum af þeirra hálfu. En ekki meira um jafnvægi á húsbréfamarkaðnum. Ég vil ekki það sé skilið svo að ég vilji fordæma þann markað. En ég er algerlega ósammála þeirri stefnu núv. ríkisstjórnar að þessi markaður skipti öllu máli í hagstjórn á Íslandi. Og ég lít svo á með þessari hvítu bók og orðum ráðherranna hér áðan sé þetta mikið forgangsmál. Það er verst að hæstv. núv. og fyrrv. félmrh. er ekki hér til að hlýða á þessa umræðu og taka þátt í henni.

Aðeins út af því sem hæstv. viðskrh. sagði um virkjanaframkvæmdir og þau orðaskipti sem áttu sér stað milli hans og Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands komu á fund efh.- og viðskn. og við spurðum þá út úr um þessi atriði. Þeir svöruðu því skilmerkilega og ég skrifaði það hjá mér og því kom mér nokkuð á óvart að hlusta nokkru síðar á orð hæstv. viðskrh. af þessu tilefni því mér fannst hann gera heldur mikið úr því sem þeir höfðu sagt og leggja nokkuð mikið upp úr því að finna einhvern höggstað á Vinnuveitendasambandinu vegna þessa máls.

Nú má vel vera að hæstv. viðskrh. hafi haft fulla ástæðu til þess en hér er að sjálfsögðu um álitamál að ræða sem má leggja fram með ýmsum hætti. Vinnuveitendasamband Íslands hefur haft þann hátt að setja fram spár sínar af meiri svartsýni en ýmsir aðrir. Stundum hefur það verið rétt hjá því. Hæstv. viðskrh. sagði að ég væri að taka upp sérstakar varnir fyrir Vinnuveitendasamband Íslands. Hann má vel skilja það svo því að hafi Vinnuveitendasamband Íslands ekki átt orð hans skilið og ákúrur er sjálfsagt að taka upp varnir fyrir þeirra hönd. Þetta eru mikilvæg samtök í okkar landi og ég hefði haldið að núv. ríkisstjórn vildi hafa góð samskipti við þessi samtök eins og önnur samtök vinnumarkaðarins. Og ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er mér sammála í þessu því að hann hefur mjög tengst samtökum atvinnuveganna.

Hæstv. viðskrh. taldi að það væri brýnt að leggja niður aðstöðugjöld og hæstv. fjmrh. sagði nánast að þetta væri aðallega mál sveitarfélaganna. Þessi skattur gangi til sveitarfélaganna og breytingar á þessum skatti sé — ég vil ekki segja að ég túlki orð hans svo algerlega, en að mjög miklu leyti málefni sveitarfélaganna.

Nú er þessi skattur er lagður á með lögum og lögin eru sett af Alþingi. Sveitarfélögin hafa ekki frelsi til þess að leggja á skatta eftir því sem þeim sýnist og ég held að reynslan hafi kennt okkur að það hafi verið fullt tilefni að hafa þar nokkra gát á. Þótt ég sé stuðningsmaður sjálfstæðis sveitarfélaga þá hafa sveitarfélögin viljað fara nokkru offari í skattlagningu og ekki verið tilbúin til að taka tillit til aðstæðna í þjóðfélaginu á hverjum tíma. En svo að ég ljúki nú máli mínu um aðstöðugjaldið þá sagði hæstv. fmrh. að það væri e.t.v. mikilvægt að þessir skattar væru í höndum sveitarfélaganna og að sveitarfélögin mundu með því hafa meiri áhuga á að laða til sín atvinnurekstur. Og þau mundu þá njóta þess. Þeim mun meiri atvinnurekstur sem þau fengju til sín þeim mun meiri tekjur af atvinnurekstrinum. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En það er nú svo í okkar stóra og strjálbýla landi að þjónustan vill safnast saman á tiltölulega fáa staði. Og það verður til þess að atvinnufyrirtæki sem eru staðsett í einu sveitarfélagi þjóna ýmsum í öðrum sveitarfélögum. En þetta er einmitt eitt af því sem stendur í þessari hvítu bók, þar er sagt með almennum orðum, með leyfi virðulegs forseta:

„Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum styðja viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar og greiða fyrir aðlögun að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum."

Þetta eru stór orð. En það vantar að skilgreina hvað menn eiga við með vaxtarsvæði. Er það upptalningin hjá Byggðastofnun um þau byggðarlög sem hafa vaxið á undanförnum tíu árum ef ég man rétt? Mig minnir að þar sé ekkert byggðarlag á Vesturlandi. (**EgJ:** Jú, Höfn í Hornafirði.) Höfn í Hornafirði er nú, ágæti þm.,

ekki á Vesturlandi eins og við báðir vitum, því ég var að tala um Vesturland, ég var ekki að tala um Austurland. Ég veit að hv. þm. hefur misheyrst því að auðvitað þekkir hann þar hverja þúfu. En mig minnir að það sé heldur ekkert byggðarlag á Vestfjörðum og hvernig á að skilja þetta? Væntanlega eru þá engin vaxtarsvæði á Vestfjörðum og ekkert vaxtarsvæði á Vesturlandi. (**Gripið fram í:** Það eru tvö á Vestfjörðum.) Tvö á Vestfjörðum? (**Gripið fram í:** Hólmavík og Tálknafjörður.) Nú, þá er það upplýst. En það vill svo til að í kjördæmi okkar hv. þm. Egils Jónssonar, Austurlandskjördæmi, eru tvö byggðarlög sem hafa vaxið. Það eru Egilsstaðir og Höfn í Hornafirði.

Nú skipta önnur byggðarlög að sjálfsögðu mjög miklu máli í þessu kjördæmi og ég veit að við hv. þm. Egill Jónsson lítum ekki þannig á að þetta séu einu byggðarlögin sem eigi að styðja í viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu. En hæstv. ríkisstjórn á ekki að vera að setja fram svona hugtök nema hún viti hvað standi þar að baki, sérstaklega ríkisstjórn sem er laus úr álögum framsóknarmennskunnar eins og hv. þm. Björn Bjarnason hefur haldið hér fram. Hún ætti að reyna að temja sér þá vinnuhætti að það skildist hvað hún á við. Ég verð að segja það alveg eins og er að eftir að hafa hlustað á hæstv. fjmrh. áðan um að sveitarfélög sem fengju til sín atvinnurekstur nytu þess í einu og öllu, styður þessa hugmyndafræði. Það er mikilvægt að fá hana fram á Alþingi og við sem í stjórnarandstöðu störfum munum að sjálfsögðu gera okkar ýtrasta til þess að reyna að fá fram hvað þessir ágætu menn eiga við og hjálpa íslenskri þjóð til að skilja það.

Hæstv. fjmrh. sagði að ekki stæði til að fara í neina sérstaka skoðun á öðrum sjóðum, þ.e. Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði, Fiskveiðasjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum fjármálastofnunum sem tengjast ríkissjóði. En hann nefndi að Ríkisendurskoðun hafi verið falið að gera sérstaka úttekt á Ríkisábyrgðarsjóði.

Ég spyr: Hvers vegna þessa mismunun? Fyrst menn byrja á því að gera úttekt á sjóðunum, því ekki að láta eitt yfir alla ganga og senda Ríkisendurskoðun inn fyrir dyrnar hjá þeim öllum? Ríkisendurskoðun telur sig vera færa um að leggja mat á stöðu þessara sjóða, sem er ekki einfalt mál og hefur verið rætt hér áður, og ég tel að það eigi ekki að fara eftir því hverjir stjórna þessum sjóðum eða hvaða ríkisstjórn hefur komið þeim á, því það vill svo til að allir flokkar nema Kvennalistinn, sem ekki hefur átt sæti í ríkisstjórn fram að þessu, bera ábyrgð á hinum ýmsu sjóðum ríkisins með einum eða öðrum hætti.

Fyrst byrjað er að gera úttekt á öllum þessum sjóðum og menn hafa svo mikinn áhuga á fortíðinni sem raun ber vitni og vilja grafa sem mest í henni og setja í það nefndir, þá finnst mér að það eigi að vera samræmi í þessum fortíðargreftri. Þótt ég hafi ekki mikla trú á því að hann muni skila þjóðinni miklum árangri. Ég hvet því hæstv. ríkisstjórn, fyrst hún er á annað borð byrjuð á þessu, að halda áfram og halda sínum mönnum við efnið þótt ég sé ekki jafnmikill áhugamaður og þeir um fortíðina. Ég hef meiri áhuga á framtíðinni. En ég tel að það eigi að vera samræmi í vinnubrögðum, vilji menn og hafi áhuga fyrir að fá sanna og glögga mynd af því sem gerst hefur.

Hæstv. fjmrh. kom í nokkrum orðum að tekjuhlið fjárlaganna. Ég þakka honum fyrir svör hans, þótt ég geri mér alveg grein fyrir því og átti ekki von á að hann gæti svarað því með ótvíræðum hætti hvernig þessir skattar ættu að hækka. En ég tek eftir því að hann forðast mjög að nota orðin: að hækka skatta. Hann segir að það eigi að ná meiri tekjum. Það er náttúrlega ekkert annað en skattahækkun á venjulegri íslensku. Ég tel miklu betra að ræða málið með þeim hætti og viðurkenna að tekjuvandi ríkissjóðs er mikill og það gæti verið að menn kæmust ekki hjá því að gera þar einhverjar breytingar. En það verður þá að gerast með sanngjörnum hætti. Menn mega ekki ganga svo langt í því að komast hjá því að nefna þessi orð, að hækka skatta, að farið verði út í það að breyta sköttum með ósanngjörnum hætti. Það er núv. ríkisstjórn í reynd að gera. Hún er búin að festa sig svo í þessu orðatiltæki að hún getur ekki tekið á málinu með eðlilegum hætti. Þess vegna finnst henni eðlilegra að hækka skatta á tekjuháum hjónum með mörg börn en á öllum tekjuháum hjónum almennt. Hvort er réttlátara? Er ekki réttlátara ef menn þurfa að hækka tekjuskatt á hjónum með háar tekjur að hann sé einfaldlega hækkaður án tillits til þess hvort þau eiga tvö, þrjú eða fjögur börn. Er t.d. sanngjarnt, ef við tökum dæmi af einum ágætum þingmanni, Inga Birni Albertssyni, sem á mörg myndarleg börn, að sérstaklega sé farið í það að hækka skattana hjá honum? Eða öðru því fólki í samfélaginu sem á myndarlega unglinga og er að reyna að koma þeim til manns. Er sérstök ástæða til þess? Ég bið hæstv. ríkisstjórn að ganga ekki svo langt í skilgreiningum sínum að hún geti ekki tekið á málinu með þeim hætti að skattar séu lagðir á með sanngjörnum hætti.

Það sama á við um t.d. innheimtu á gjöldum vegna lyfjanotkunar. Menn mega ekki festa sig svo í skilgreiningum. Ég heyrði hæstv. heilbrrh. minnast á það í útvarpinu að það gamla fólk sem væri að fá hækkanir á þessum gjöldum væri gamalt fólk sem væri háð þessum lyfjum. Þetta er ekkert gamanmál. Þetta eru alvarleg mál og menn verða að innheimta þessi gjöld þannig að það komi minnst við þá sem síst skyldi. Það er alveg furðulegt hvernig hæstv. heilbrrh. hefur leyft sér að skilgreina þessa hluti. En það er væntanlega það sama með hann og aðra hæstv. ráðherra að það má ekki heita að verið sé að hækka eitt né neitt. Það er verið að innheimta gjöld, koma á þjónustugjöldum og breikka skattstofna og ef menn geta skýlt sér á bak við þær skilgreiningar þá er það hið besta mál.

Að lokum, vegna orða hæstv. fjmrh. um að ekki sé ætlunin að auka tekjur ríkissjóðs vegna eignarskatts og þá væntanlega tekna sem gætu skapast af því að leggja skatt á vaxtatekjur, vil ég taka fram að það er ekki einfalt mál. Það er fullyrt að það eigi alls ekki að leiða til aukinna tekna ríkissjóðs, það sé heilagt mál. Þá verði að lækka skatta af öðrum eignatekjum á móti. Það

verði bara að stemma. Ekki kannski alveg upp á krónu en næstum því.

Ég vildi spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála þessu. Ég man ekki betur en það hafi verið nokkur áhugi á því hjá Alþfl. og talið eðlilegt í þeirra röðum að skattur væri lagður á fjármagnstekjur og hann mundi þá e.t.v. ganga til þess að lækka skatta fremur á þeim sem minnstar tekjur hafa í samfélaginu. Það er eins og mig minni að ég hafi heyrt einhverjar slíkar skilgreiningar. Er það ekki eðlilegt þegar raunvextir eru jafnvel komnir upp í 15,8%, hvort sem það er að þakka lágri verðbólgu eða einhverju öðru? Eru þá þessar skattfrjálsu tekjur ekki orðnar æði háar, svo notað sé orðalag Seðlabanka Íslands í því sambandi?

Ég fer þess á leit við hæstv. ríkisstjórn að þessi mál séu öll rædd með þeim hætti að reynt sé að gæta sem mestrar sanngirni og ég er viss um að við sem í stjórnarandstöðu störfum erum tilbúin að taka þátt í því vegna þess að við viðurkennum flest hver að hér er um vanda að ræða. En það er engin leið að gera það með þeim hætti að festa sig í því að láta hlutina heita öðrum nöfnum en þeir raunverulega heita.

Að lokum þakka ég hæstv. ráðherrum fyrir skilmerkileg svör og vænti þess að þeir sjái sér fært að bæta nokkru við í framhaldi af þeim spurningum sem ég hef lagt fram. Ég tel í reynd að þetta sé þýðingarmikil umræða sem þarf að fara fram á hv. Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og menn hafa e.t.v. tekið eftir hefur enginn talað af hálfu Alþb. í þessari umræðu. Ástæðan var einfaldlega sú að við töldum í sjálfu sér ekki þörf á því að koma inn í hana m.a. vegna þess að hv. þm. Halldór Ásgrímsson gerði ágæta grein í sinni ræðu fyrir flestum þeim sjónarmiðum sem við töldum eðlilegt að setja fram við umræðuna. Af því að það er nú sungið innan þings og utan, var m.a. gert fyrr í dag, að stjórnarandstaðan væri eitthvað sérstaklega að tefja fyrir málum, þá vona ég að menn taki eftir því að við höfum ekki fram að þessu verið að taka einhvern sérstakan tíma í þessari umræðu, heldur þvert á móti reynt að haga þannig framgöngu okkar í umræðunni að greitt væri fyrir málinu. Hins vegar gerðu svarræður hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., sérstaklega hæstv. fjmrh., það nauðsynlegt að segja nokkur orð vegna þess að hæstv. fjmrh. hélt áfram þeirri siðvenju, sem forsrh. er einkum frægur fyrir en ráðherrar Sjálfstfl. virðast hafa gert að venju, að nota öll tilefni til að ráðast á síðustu ríkisstjórn og setja fram fullyrðingar um verk hennar, efnahagsstefnu og annað sem ógerlegt er að sitja undir í þingsalnum án þess að víkja að nokkrum orðum.

Þar eð hæstv. viðskrh. tekur þátt í umræðunni, og ber að fagna því vegna þess að hann hefur verið mikið fjarverandi síðustu fjórar vikur og lítt sést í þingsalnum, er eiginlega óhjákvæmilegt að nota þetta fyrsta tækifæri sem okkur talsmönnum Alþb. gefst til þess að spyrja hæstv. viðskrh. í mikilli alvöru hvort hann sé sammála þeim dómum sem fram hafa komið hjá hæstv. forsrh. og reyndar einnig hjá hæstv. fjmrh. um þá sjóði í þágu atvinnulífsins sem við sameiginlega stóðum að að koma á fót haustið 1988. Síðan þing hófst höfum við setið undir sífelldum dómum hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. um þessi verk okkar. Ég tala ekki um það sem sagt hefur verið utan þings. Ég sagði það fyrr í vetur að ég hefði í sumar lítt svarað þessum ásökunum. En mig langar óneitanlega til þess að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála þessum dómum. Ég spyr vegna þess að þegar við komum að viðræðuborðinu um myndun nýrrar ríkisstjórnar í september 1988 var lagt í hendur okkar nánast fullbúið frv. um slíka skuldaskilasjóði. Það var alveg ljóst að meginhöfundur þess frv. var núv. hæstv. viðskrh. sem var reyndar sá af hálfu Alþfl. sem í stjórnarmyndunarviðræðunum annaðist mótun þessara tillagna. Auk þess að vera meginhöfundur þeirra gagna, tillagna og frumvarpsdraga sem við fengum í hendur stýrði hann verkum mjög myndarlega í þeirri undirnefnd sem væntanlegir stjórnarflokkar settu á laggirnar og við mátum þá vinnu mjög mikils og tókum heils hugar þátt í þeim verkum.

Ég er þeirrar skoðunar að þau hafi verið mjög gagnleg og skynsamleg. Ástæðan fyrir því að Alþb. tók þátt í þessum verkum var m.a. sú að þær hugmyndir og tillögur sem þar lágu fyrir í frumvarpsdrögum voru mjög í svipuðum dúr og við höfðum sett fram í ágústmánuði 1988. Ég er ekki að vekja máls á þessu og leggja þessa spurningu fyrir hæstv. viðskrh. til að koma einhverju sem einhverjir kynnu að kalla sök yfir á hann. Þvert á móti. Ég er mjög stoltur af þessum verkum. En mig langar til að vita hvort núv. hæstv. ráðherrar Alþfl., sérstaklega hæstv. viðskrh., ætli lengi að hafa geð í sér til að láta forsrh. kalla þessi verk okkar sukk og svínarí, svo maður nefni nú bara tvö orð sem hann hefur notað í þingsölum um þessi verk.

Um leið og ég óska eftir því að viðskrh., ekkert endilega í löngu máli, hann má gjarnan gera það í einni, tveimur setningum, lýsi afstöðu sinni til þessara sameiginlegu verka okkar vil ég spyrja að því í tilefni ummæla hæstv. sjútvrh. utan þings síðustu daga, hvort ætlunin sé að breyta núv. fjárlagafrv. fyrir árið 1992 og því lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1992 sem hér er til umræðu á þann veg að hægt sé að fresta afborgunum af lánum í Atvinnutryggingarsjóð um tvö ár. Hæstv. sjútvrh. var áðan í þingsölum og er e.t.v. enn í húsinu og væri mjög gagnlegt að eftir því væri leitað að hann kæmi í umræðuna, því þessi yfirlýsing hæstv. sjútvrh. er satt að segja eitt af því merkara sem sagt hefur verið síðustu daga af hálfu forustumanna ríkisstjórnarinnar ef ekki það eina sem fram hefur komið alveg nákvæmlega um einhvers konar tillögur í efnahagsmálum.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. hvort þeir eru sammála þeirri skoðun sjútvrh. að þetta verði gert og hvaða breytingar á núv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og núverandi lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1992 ríkistjórnin hyggst gera til þess að framkvæma þessa aðgerð.

Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því fyrr í umræðunni að greitt væri fyrir því að koma málinu til nefndar svo afgreiðsla þess gæti tengst vinnu við fjárlög fyrir næsta

ár. Ég hef allan skilning á þeirri nauðsyn, en þá er líka óhjákvæmilegt að þingið viti hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í málum sem verða mæld, ekki bara í tugum milljóna og ekki hundruðum milljóna, heldur kannski í 1.000–2.000 millj. í fjárlagagerðinni og lánsfjárlagagerðinni fyrir næsta ár.

Ég vil einnig víkja nokkrum orðum að þeim þungu orðum sem hæstv. fjmrh. lét falla í garð fráfarandi ríkisstjórnar varðandi vexti og ríkisfjármál. Hann sagði m.a. að síðasta ríkisstjórn hefði ekki haft skilning á samspili vaxta og sparifjár. Það voru hans óbreyttu orð. Að síðasta ríkisstjórn hafi ekki haft skilning á samspili vaxta og sparifjár. Hver var banka-, vaxta- og sparifjármálaráðherra í fyrri ríkisstjórn? Það vill svo til að það er sá sami maður og fer með þá málaflokka í núv. ríkisstjórn. Hafði hann ekki skilning á þessu samspili? Jú, auðvitað hafði hann skilning á því samspili. Hvað eiga svona sleggjudómar og orðaleppar að þýða? (**EgJ:** Hann fékk ekki að ráða.) Jú, hann fékk að ráða mjög miklu, hv. þm. Egill Jónsson. Hann fékk að ráða mjög miklu. Og við stóðum oft saman, ég og núv. hæstv. viðskrh., í sameiginlegum aðgerðum fjmrn. og viðskrn. á þessu sviði. Við gengum hins vegar út frá þeirri grunnkenningu sem hæstv. viðskrh. lýsti alveg réttilega hér fyrr í umræðunum að íslenski peningamarkaðurinn væri fákeppnismarkaður. Við það miðuðust allar okkar aðgerðir og þess vegna skiluðu þær árangri, af því að greiningin var rétt, frumforsendan var rétt, skilningurinn var réttur á eðli íslenska peningamarkaðarins. En Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu á þeim tíma hélt fram þeirri kenningu að íslenski peningamarkaðurinn væri frjáls, opinn og fullkominn samkeppnismarkaður og þess vegna væri hægt að beita og ætti að beita hér á landi aðferðum sem fyrst og fremst eru sniðnar að nánast fullkomnum samkeppnismarkaði í peningamálum.

Og það er sú kenning, sem er röng, sem leiddi til þess að núv. hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. beittu sér fyrir því strax í fyrstu starfsviku núv. ríkisstjórnar að raunvaxtastigið á ríkispappírunum var hækkað um þriðjung og þar með gefin réttlæting fyrir röskri þriðjungs raunvaxtahækkun í peningakerfinu öllu. En af því að greiningin var röng, kenningin var vitlaus hefur niðurstaðan líka orðið á allt annan veg en þessir ráðherrar ætluðu og það var þeim sagt, m.a. af mér í þessum ræðustól í maí. Í maí sögðu þeir sjálfum sér til réttlætingar að síðla sumars og í haust mundu raunvextirnir falla. Hefur það gerst? Nei, það hefur ekki gerst. Það kemur okkur ekki á óvart, hvorki mér né hæstv. viðskrh. Ég veit að það kemur honum ekki á óvart vegna þess að ég tók auðvitað eftir því að hann hafði engin slík orð hér í maí að slíkt mundi gerast. En ráðherrar Sjálfstfl., fjmrh. og forsrh., endurtóku þessa villukenningu hvað eftir annað.

Þessi villukenning hefur reynst atvinnulífinu dýr. Hún hefur reynst efnahagsástandinu á Íslandi dýr og það er auðvitað eitt af því sem liggur á bak við yfirlýsingar landsbankastjórans hér á síðustu dögum að hann er að bregðast við þeim veruleika sem m.a. hefur skapast af þessu.

Það er þess vegna nauðsynlegt að ítreka það hér og spyrja: Fær hæstv. viðskrh. að móta stefnu ríkisstjórnarinnar á þann veg að tekið sé mið af því að peningamarkaðurinn á Íslandi sé fákeppnismarkaður eða ríkir falskenning Sjálfstfl. áfram? Ríkir hún í fjmrn.? Ríkir hún í forsrn.? (**Gripið fram í:** Í Byggðastofnun.) Nei, hún ríkir nú ekki í Byggðastofnun, það er eitt sem víst er.

Ég vil einnig víkja að því sem hér hefur verið sagt um aðstöðugjaldið. Hvers vegna vil ég gera það? Jú, vegna þess að ég hef verið þeirrar skoðunar í rúmt ár að ein af forsendum þess að hægt væri að ná stöðugleika, lágri verðbólgu, friði á vinnumarkaði og efnahagslegu jafnvægi á árinu 1992 væri það að fyrir árslok 1991 yrði aðstöðugjaldið afnumið. Það væri einn af lykilþáttunum í því að ná hér áframhaldandi stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum að menn þyrðu að taka á þessu aðstöðugjaldsmáli, menn þyrðu með öðrum orðum að færa til nokkra milljarða sem með röngu hafa fallið stærstu sveitarfélögunum í skaut í krafti þessa rangláta tekjuöflunarkerfis sveitarfélaganna. Ég var líka þeirrar skoðunar vegna þess að til að hægt væri að draga atvinnulífið að kjarasamningaborði og ná þar jákvæðri niðurstöðu í sumar er leið væri nauðsynlegt að skapa atvinnufyrirtækjunum aukið svigrúm með því að létta þessu vitlausa gjaldi, aðstöðugjaldinu, af atvinnulífinu. Því væri afnám aðstöðugjaldsins ekki bara spurning um hvort menn vildu leggja af vitlausan skatt heldur væri það einn af lyklunum til þess að geta haldið áfram skynsamlegri efnahagsstefnu á árinu 1992.

Um þetta voru allir flokkar í síðustu ríkisstjórn sammála. Alþfl. var þessu sammála, Framsfl. var þessu sammála, Alþb. var þessu sammála. Það er því ljóst að það er þingmeirihluti hér á Alþingi fyrir því að afnema aðstöðugjaldið. (**Gripið fram í:** Það á að gera það.) Já, það er nefnilega alveg rétt. Það á að gera það, hv. þm. En hvers vegna er það ekki gert? Það er vegna þess að Sjálfstfl. hefur tekið sér neitunarvald í þessu máli. Mikið hefur verið rætt um það að menn eigi að fá að njóta þingstyrksins hér. Það er alveg ljóst að Sjálfstfl. sem minnihlutaflokkur á Alþingi er að nýta oddastöðu sína í ríkisstjórn til þess að koma í veg fyrir að þingmeirihluti um afnám aðstöðugjaldsins nái fram að ganga. Þar með er Sjálfstfl. að leggja stein í götu næstu kjarasamninga, leggja stein í götu áframhaldandi stöðugleika og lágrar verðbólgu vegna þess að þetta er einn af lyklunum. Og ef menn afneita þessum lykli, þá spyr ég: Hvaða aðra lykla hafa menn? Ég er tilbúinn að ræða það ef bent er á hvaða aðra lykla menn hafa. En það hefur ekki verið gert, enda stefnir núna allt í hörð átök og öngþveiti á vinnumarkaði í stað þess að ef rétt hefði verið haldið á málum, þá hefði verið hægt að ljúka kjarasamningum í sumar og koma til móts við atvinnulífið í þeim efnum með því að afnema aðstöðugjaldið.

Mér þykir það mjög leitt að greinilegt er að Sjálfstfl. hefur í fjmrn. og annars staðar í ríkisstjórninni, kannski í gegnum forsrn. og afstöðu fyrrv. borgarstjóra og núv. borgarfulltrúa í Reykjavík, Davíðs

Oddssonar, komið í veg fyrir það að sá mikli kraftur sem við vorum búin að setja í þessa vinnu þegar við vorum í ríkisstjórn hefur að mestu leyti verið látinn renna í hægagangi þannig að nú er talað um þetta með almennum orðum, alls konar athugunum og kemur ekki til umfjöllunar fyrr en kannski í fyrsta lagi á næsta ári. Ég vil segja við virðulegan fjmrh.: Þetta var rangt að stíga á bremsurnar varðandi afnám aðstöðugjalds.

Það er auðvitað athyglisvert að sú mikla vinna sem ég beitti mér fyrir í fjmrn. til að færa skattlagningu atvinnulífsins til nútímahorfs — og þar vorum við hæstv. viðskrh. sammála og hv. 1. þm. Austurl. og unnum saman að því máli — hefur líka verið sett í mikinn hægagang þannig að þau veigamiklu skref sem við ætluðum að stíga á þessu ári, á þessu haustþingi í þeim efnum verða ekki stigin.

Það þýðir óskaplega lítið að koma hér og tala um vegabréf inn í 21. öldina og nútímavinnubrögð í efnahagsmálum ef menn stíga á bremsurnar varðandi þær nauðsynlegu aðgerðir að færa skattlagningu atvinnulífsins á Íslandi til nútímahorfs. Atvinnulífið á Íslandi hefur ekki efni á því miðað við núverandi aðstæður að bíða í mörg ár eftir að því starfi sem við hófum í fjmrn. verði haldið áfram. Við lögðum mikla vinnu á síðasta vetrarþingi í að breyta lögum og taka upp tryggingagjaldið. Það var mikil vinna, menn kvörtuðu undan því að það væri gert með miklum hraði, en það var gert, því var komið í kring, því var komið í höfn og það er enginn sem kvartar sérstaklega undan því í dag. En nú allt í einu er stigið á bremsurnar.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh.: Hvaða skref verða stigin nú fyrir áramót til þess að færa skattlagningu atvinnulífsins til nútímahorfs? Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Er hann ekki reiðubúinn í samvinnu við okkur hér innan þings, sem myndum meiri hluta til afnáms aðstöðugjalds, að gera það að veruleika? Eða ætlar hann að líða Sjáflstfl. lengi að hafa stöðvunarvald í þeim efnum?

Ég vil einnig segja fáein orð um tvö, þrjú önnur atriði. Þær hugmyndir sem fjmrh. kynnti hér um að sú stefna yrði tekin upp í skattlagningu sveitarfélaga að skattar á atvinnulífið rynnu til sveitarfélaga held ég að séu mjög ranglega hugsaðar og ég bið hæstv. fjmrh. að ræða það rækilega við forustumenn sveitarfélaga allt í kringum landið og forustumenn atvinnulífsins áður en hann heldur lengra áfram á þeirri braut. Ég er alveg sannfærður um það eftir þær viðræður sem ég átti við forustumenn atvinnulífsins og forustumenn sveitarfélaganna að þeir eru ósammála slíkri stefnu með gildum rökum. Meginrökin eru þau að það muni óhjákvæmilega leiða til mismununar í skattlagningu atvinnufyrirtækja, m.a. vegna þeirrar nálægðar sem er milli sveitarstjórnarmanna og forsvarsmanna atvinnulífsins í hverju byggðarlagi, og hins vegar telji sveitarfélögin miklu eðlilegra og öruggara að sveitarfélögin njóti tekna af tekjum manna í fyrsta lagi, fasteignum í öðru lagi og í þriðja lagi hugsanlega bifreiðaumferð hjá skráðum bifreiðum í sveitarfélögunum frekar en að fara að tengja tekjur sveitarfélaganna alfarið við sveiflurnar í atvinnulífinu. Ég vona að þetta hafi bara verið hugdettur hjá virðulegum fjmrh. og vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort þetta sé stefna sem hafi verið afgreidd af hálfu Alþfl. þannig að hér sé um einhver sameiginleg viðhorf að ræða.

Ég vil einnig víkja örfáum orðum að því sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson vék einnig að, að skattur verður lagður á fjármagnstekjur, og ég fagna því — og það er gaman að lesa mörgu ræðurnar sem Sjálfstfl. flutti á móti þeirri hugmynd hér á síðasta kjörtímabili, en ég ætla nú ekkert að vera að stríða ráðherrum Sjálfstfl. á því. Það er eins og annað, þeir segja eitt í stjórnarandstöðu og annað í ríkisstjórn, reyna að stofna til fjöldafunda gegn fjármálaráðherra sem vill leggja skatta á fjármagnstekjur en koma svo hér og telja það eðlilegt. Látum það vera. Það ber að fagna því. Þeir hafa loksins séð að sér og átta sig á því að Ísland getur ekki verið eina landið á öllum Vesturlöndum þar sem slík skattlagning er ekki. — En hitt finnst mér fullkomlega fráleitt að fara að nota skatta á fjármagnstekjur til að lækka hér aðra eignarskatta og skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ef menn vilja lækka eignarskatta og skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þá gera menn það. En að fara að taka tekjuskattsbreytingar, sem skattlagningin á fjármagnstekjunum er, það er breyting á tekjuskattslögunum, og fara að rugla því saman við strúktúrinn og kerfið í eignarskattinum í landinu er fullkomlega út í hött og ræðst eingöngu af einhverju pólitísku öngstræti sem Sjáflstfl. er í eða einhverjum kreddum. Þar er sú stefna sem Alþfl. boðaði með okkur hinum á síðustu árum, að nota skattlagningu á fjármagnstekjur til þess að breyta tekjuskattinum að öðru leyti, t.d. að hækka skattleysismörkin eða taka upp jöfnunaraðgerðir af ýmsu tagi eins og húsaleigubætur og fleira sem núv. félmrh. hefur t.d. boðað, miklu skynsamlegri stefna.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskrh. eða formann þingflokks Alþfl., sem hér er mættur í salinn, hvort Alþfl. skrifar upp á þessa stefnu að á móti skattlagningu fjármagnstekna eigi að lækka eignarskattana og fella niður skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði í stað þess að gera þær jöfnunaraðgerðir í tekjuskattinum, sem ég hélt að Alþfl. væri sammála okkur hinum um að ætti að gera.

Hér hefur einnig nokkuð verið vikið að þeim forsendum sem eru gefnar í fjárlagafrv. og í fjárlögunum varðandi álverið. Ég ætla ekki að segja mörg orð um það. En ég var auðvitað í sömu sporum og núv. hæstv. fjmrh. fyrir rúmu ári síðan að á mér stóðu ýmsar óskir um að reikna með nýju álveri inni í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 og reikna einnig með fullum gangi þess máls inni í lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Ég tók þá afstöðu að segja þá: Þau mál eru í slíkri óvissu að við getum ekki leyft okkur að reikna með þeim. Ef það hins vegar gerist að samningar takast, þá er það jákvætt og menn geta þá bætt þeim jákvæða þætti við.

Nú er hins vegar farin önnur braut. Nú er lagt fram fjárlagafrv. þar sem reiknað er með þessu þótt óvissan nú sé síst minni en í fyrra. Ég vil segja við hæstv. fjmrh.: Þetta eru ekki vönduð vinnubrögð, að gefa sér þessa forsendu í fjárlagafrv. eingöngu til að ná inn

hærri upphæðum á tekjuhliðina. Ég veit að það er ástæðan. Hallinn er nægilega mikill á fjárlagafrv. Ef aftur á móti takast samningar um álver, þá minnkar það hallann í reynd og það er gott. En að gefa sér það fyrir fram og sitja svo kannski uppi með það segjum í janúar eða febrúar að forstjórar álfyrirtækjanna komi og segi t.d.: Nú ætlum við að fresta þessu um eitt ár. Það er svo mikil óvissa á erlendum peningamörkuðum, við fáum ekki bankana til að fjármagna þessa byggingu og við ætlum að fresta þessu um eitt ár — þá er þingið nýbúið að samþykkja fjárlagafrv. sem er byggt á þessari forsendu og fjmrh. verður að koma hér með frv. inn í þingið, í febrúar væntanlega, því ég reikna með að hann vilji vera ábyrgur fjmrh. og taka allt dæmið upp.

Ég held þess vegna að það sé miklu skynsamlegra í forsendum fjárlaganna að reikna með því að veruleikinn verði á næsta ári eins og í ár hvað þetta snertir. Það stóðu einhverjar vonir til þess að þetta yrði ákveðið í mars á þessu ári. Það gerðist ekki. Og mér finnst satt að segja vaxandi líkur á því að það gerist heldur ekki fyrir mars á næsta ári. En ef það gerist hins vegar, þá getur fjmrh. fagnað vissum ávinningi í sinn hlut og það eru skynsamlegri vinnubrögð.

Ég vil þess vegna mælast til þess bæði við þá nefnd sem þetta frv. fær til umfjöllunar og eins hv. fjárln. að menn hafi sama hátt á í þessum efnum varðandi fjárlagagerðina sjálfa og reyndist vel á yfirstandandi ári. Þar voru menn varkárir og sú varkárni var réttlætanleg. Hæstv. viðskrh. sagði hér í ræðu sinni: Ekki er víst að varkárnissjónarmiðin séu skynsamleg en þau reyndust skynsamleg í fyrra, virðulegi viðskrh. Það er nú reynslan að skynsemissjónarmiðin hjá fjmrh. í fyrra voru raunhæfari en bjartsýnissjónarmiðin hjá hæstv. viðskrh.

Virðulegi forseti. Þetta eru nokkur atriði sem ég vildi víkja að í tilefni af þeim ræðum sem hæstv. fjmrh. sérstaklega en einnig hæstv. viðskrh. fluttu hér. Ég vil svo að lokum segja að það er vissulega virðingarvert hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að lesa vandlega hina hvítu bók, sem ég kýs nú að kalla hina hvítu mús, til að reyna að finna einhverja skynsemi í öllu því orðaflóði, en ég get fullvissað hann um það að hann er líklegast eini þingmaðurinn hér á Alþingi sem leggur þetta á sig því ég hef ekki hitt neinn, hvorki í stjórnarliðinu né stjórnarandstöðunni, sem tekur þannig mark á þessari bók að hann leggi það á sig að reyna að finna eitthvert vit í þeim texta.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Forsvarsmenn Vinnuveitendasambands Íslands og forsvarsmenn samtaka launafólks hafa sagt hér á síðustu vikum að forsendan fyrir því að hægt sé að gera nýja kjarasamninga sem festa stöðugleikann í sessi sé allt önnur stefna en felst í fjárlagafrv. og þessu lánsfjárlagafrv. því að sérfræðingar þessara samtaka allir saman hafa kveðið upp þann dóm yfir fjárlagafrv. og yfir þessu frv. að það sé engin von til þess að þau markmið í vaxtamálum eða í peningamálum náist sem nauðsynleg eru vegna næstu kjarasamninga ef þessi frumvörp fara í gegnum þingið í grófum dráttum í þeirri mynd sem þau eru nú. Þess vegna er það auðvitað dálítið barnalegt hjá hæstv. fjmrh. að óska eftir því við þingið að það hraði afgreiðslu sinni á þessum frumvörpum vegna þess að ef þingið ætlar að koma til móts við þau sjónarmið sem ríkja hjá aðilum vinnumarkaðarins og stuðla fyrir sitt leyti að efnahagslegum stöðugleika, þá er alveg ljóst að verður á næstu vikum að taka fjárlagafrv. meira og minna upp og taka þetta lánsfjárlagafrv. meira og minna upp og það væri nauðsynlegt, virðulegi forseti, að við fengjum tíma, t.d. í næstu viku að viðstöddum hæstv. forsrh., til að ræða þau stóru mál við ríkisstjórnina.

Umræðu frestað.

21. FUNDUR

fimmtudaginn 7. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Iðnráðgjöf á landsbyggðinni, ein umr.

Fsp. HG og RA, 28. mál. — Þskj. 28.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 28 hef ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds leyft mér að bera fram fsp. til iðnrh. um iðnráðgjöf á landsbyggðinni. Fsp. er svohljóðandi:

„Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin tryggja fjármagn til áframhaldandi starfsemi iðnráðgjafa í kjördæmum landsins?"

Bakgrunnur þessa máls er sá að á sl. vori var lögum um Byggðastofnun breytt og sett lög um það að Byggðastofnun geti átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbygginni. Í 4. gr. þessara laga, frá 15. mars 1991, segir:

„Í hverju kjördæmi skal starfa a.m.k. einn atvinnuráðgjafi. Hlutverk hans er að stunda almenna atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu. Komið skal á nánu samstarfi við aðra aðila sem vinna að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi í kjördæminu. Byggðastofnun tekur þátt í kostnaði við starfsemi atvinnuráðgjafa."

Í grg. með lagafrv. var tekið fram svohljóðandi um 4. gr. í skýringum: „Byggðastofnun er og ætlað að taka við hlutverki iðnrn. vegna iðnráðgjafa og greiða hluta af kostnaði við starfsemi a.m.k. eins þeirra í hverju kjördæmi."

Í framhaldi af þessu var 24. okt. 1991 sent bréf frá Byggðastofnun til atvinnuráðgjafa sem fjallar um þetta mál, undirritað af Sigurði Guðmundssyni. Þar segir m.a. um þetta efni: „Í grófum dráttum hefur stofnunin hugsað sér að þetta verði gert með tvennum hætti [þ.e. framkvæmd laganna]. Annars vegar með því að styrkja með rekstrarframlögum starfsemi atvinnuráðgjafa og atvinnuþróunarfélaga. Hins vegar með því að

taka þátt í kostnaði við ýmiss konar verkefni á vegum þessara aðila eða annarra þeirra sem við atvinnuþróun á landsbyggðinni starfa. Þá mun stofnunin væntanlega sjálf standa fyrir einhverjum verkefnum á landsvísu eins og hún hefur gert í takmörkuðum mæli á undanförnum árum. Að sjálfsögðu mun það endanlega fara eftir vilja fjárveitingavaldsins hversu miklu fé stofnunin getur varið til atvinnuþróunarstarfs á landsbyggðinni."

Samkvæmt fjárlagafrv. er framlag til Byggðastofnunar lækkað um ekki minna en 50 millj. kr. og í þessu erindi eru auðvitað engin fyrirheit heldur fyrirvarar frá Byggðastofnun um það hversu miklu fjármagni hún geti veitt til þessa verkefnis. Lög um iðnráðgjafa voru felld úr gildi með samþykkt á breytingum á lögum um Byggðastofnun. Þannig eru þessi mál í óvissu að því er virðist.

Ég og hv. þm. Ragnar Arnalds spyrjum því hæstv. iðnrh. hvað ríkisstjórnin hyggist gera til þess að tryggja fjármagn til áframhaldandi starfsemi iðnráðgjafa í kjördæmum landsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, hv. 4. þm. Austurl., var sú breyting gerð með lagabreytingu á síðasta þingi að iðnráðgjöfin á landsbyggðinni var flutt frá iðnrn. til Byggðastofnunar. Þetta var einkum gert til þess að leggja áherslu á það að iðnráðgjöfin breytist að lögum í almenna atvinnuráðgjöf, eins og hún reyndar hefur verið, og til þess að treysta sambandið við Byggðastofnun og útibú hennar þar sem eru að sjálfsögðu margvíslegar upplýsingar sem koma atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni að gagni. Að mínu áliti er þetta líka til þess að marka þá stefnu að fjármagn Byggðastofnunar sé nýtt til jákvæðrar uppbyggingar í landshlutunum fremur en til þess að bjarga gjaldþrota fyrirtækjum.

Á þessu ári hefur verið samkomulag um það milli iðnrn. og Byggðastofnunar að þessi ráðgjöf væri sem næst í óbreyttu formi, enda hafði iðnrn. á þessu ári fjárveitingu á fjárlögum til að kosta hana. Í samræmi við lagabreytinguna frá því í vor fór iðnrn. auðvitað ekki fram á fjárveitingu til að kosta starf ráðgjafanna á fjárlögum árið 1992, en Byggðastofnun gerir ráð fyrir kostnaði við þetta starf í sínum fjárhagsáætlunum fyrir árið 1992.

Eins og sjá má í fjárlagafrv. nemur tillaga um fjárveitingu til stofnunarinnar 200 millj. kr. Kostnaður við atvinnuráðgjöfina á landsbyggðinni er innifalinn í þessari fjárhæð. Ég bendi á að í upphaflegum tillögum stofnunarinnar var gert ráð fyrir að atvinnuráðgjöfin væri með 20 millj. kr. fé í fjárhagsramma Byggðastofnunar og iðnþróunarfélögin með 15 millj. Ég bendi líka á að það má ætla að á þessu ári sé launakostnaðurinn við útibúið á Akureyri um 8 millj. kr., við útibúið á Ísafirði um 6,5 millj. kr. Þetta er ekki heildartala fyrir þennan kostnað. Ég lít á þetta allt sem atvinnuráðgjöf og tel að með þessum orðum hafi verið gerð fyrir því grein hvernig ríkisstjórnin ætlar að tryggja fé til þessarar nýtu starfsemi.

Málið er ekki í óvissu eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjendum en vil vekja á því athygli að þess misskilnings gætir í ræðu hæstv. iðnrh. að Byggðastofnun reki útibú. Það gerir hún ekki. Hún rekur ekkert útibú. Hluti af starfsemi hennar fer fram á Akureyri og hluti af starfsemi hennar fer fram á Ísafirði. Ætlunin var að hluti af starfsemi hennar færi fram í öllum kjördæmum landsins. Á rekstri útibúa og því að reka skrifstofur með þessu móti er sá reginmunur að umsvif skrifstofunnar t.d. á Akureyri hafa alls ekki verið hugsuð endilega bundin við Norðurland, heldur á landsvísu í ýmsum málum. Sama má segja um Vestfirði þegar þar fjölgar starfsmönnum.

Hins vegar vil ég taka undir að það er mikið áhyggjuefni þegar horft er á hve naumt fjármunum til Byggðastofnunar er skammtað og tel að sé hæstv. ráðherrum landsins alvara með því að þeir vilji efla þessa ráðgjöf, þá þurfi að taka það mál til endurskoðunar.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég taldi á sínum tíma alls ekki fráleitt í sjálfu sér að færa þessa atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni frá iðnrn. og til Byggðastofnunar, því margt er skylt með þeirri starfsemi sem fer fram í Byggðastofnun og þeirri starfsemi sem atvinnuráðgjafar hafa haft með höndum. En auðvitað var það sjálfsögð forsenda fyrir þessari breytingu að fé fengist til starfseminnar og þrátt fyrir svar hæstv. iðnrh. stendur það eftir að í raun og veru er ekkert fjármagn til til að standa undir þessum kostnaði. Framlög til Byggðastofnunar hafa verið skorin niður um 50 millj. Framlag til Byggðastofnunar þarf að standa undir margvíslegum kostnaði, eins og rekstri, og þegar það er skorið niður um 50 millj. þá sér hver heilvita maður að það getur ekki verið neitt afgangs til þess að bæta við starfsemi sem hingað til hefur verið á vegum annarrar stofnunar. Þarna þarf því að verða breyting á við fjárlagagerðina.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér kemur fram að nú er mikið um það að ný verkefni eru sett inn til Byggðastofnunar á sama tíma og núv. ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um að skera fjármagn til stofnunarinnar niður um 20%.

Mér heyrðist hæstv. iðnrh. segja áðan að Byggðastofnun ætti að hætta að aðstoða gjaldþrota fyrirtæki. Því spyr ég hæstv. iðnrh.: Var það röng aðgerð hjá Byggðastofnun að aðstoða við uppbyggingu á Foldu og Ístex? Var það rangt hjá Byggðastofnun að gera slíkt, hæstv. iðnrh.?

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þetta mál stefnir því miður í það horf sem ég óttaðist þegar lagabreytingin var gerð, þ.e. að fella úr gildi lög um iðnráðgjöf í kjördæmum landsins, því það voru öll kjördæmi sem áttu þar ákveðinn

rétt, og flytja þetta verkefni til Byggðastofnunar án þess að það væri lögboðið með skýrum hætti hvaða fjárframlög ættu að lágmarki að renna til atvinnuþróunarráðgjafar á landsbyggðinni.

Hæstv. iðnrh. er kunnugt um þetta viðhorf mitt og raunar þingflokks Alþb. sem skrifaði á sínum tíma bréf þar að lútandi til ráðherrans þegar mál þetta var í undirbúningi.

Nú segir hæstv. ráðherra að Byggðastofnun geri ráð fyrir þessu í sínum fjárhagsáætlunum. Á sama tíma sker ríkisstjórnin fjárframlög til Byggðastofnunar niður í krónutölu um 20% og auðvitað meira að raungildi og ráðherrann segir samt að þetta eigi að vera tryggt. Þetta mál eigi að vera í höfn. Menn þurfi engar áhyggjur að hafa. Þeir sem vinna nú að iðnráðgjöf úti um landið hafa engin skýr svör fengið. Þeir hafa bara fyrir framan sig þetta bréf, sem ég vitnaði til, frá embættismanni í Byggðastofnun sem hefur í sínu erindi fulla fyrirvara með tilliti til fjárveitinga en er að biðja um upplýsingar um umfang starfseminnar og óskir.

Þetta er ekki að tryggja mál. Það er mjög langt frá því. Ég fer fram á það að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvort hann ætlar að hlutast til um það innan ríkisstjórnar að þarna fáist leiðrétting á og með því að koma þessu máli í skilmerkilegt samhengi gagnvart þinginu og fjárln., sem auðvitað fjallar um þessi efni. Ella er hætta á því að um áramótin standi menn frammi fyrir því að ríkið hafi dregið að sér höndina, Byggðastofnun hafi ekki talið sig hafa svigrúm til þess að standa að stuðningi við þessa starfsemi sem nauðsynlegt er að auka verulega og ekki aðeins að standa við það sem verið hefur, sem hefur þó reynst býsna erfitt á undanförnum árum og alltaf kostað fyrirhöfn. En það hefur þó tekist vegna þess að ákveðin löggjöf var í gildi um þetta efni. Nú hefur orðið breyting á og þess vegna hef ég miklar áhyggjur af þessu máli og bið hæstv. ráðherra um að finna orðum sínum betri stað en gert hefur verið um að þetta mál sé í tryggri höfn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé mál sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af. Ég held við verðum að skoða það í ljósi yfirlýsinga núv. ríkisstjórnar gagnvart Byggðastofnun og byggðastefnu. Hæstv. forsrh. hefur haft um alla þá starfsemi eina setningu, þ.e. „sukk og svínarí". Það er ekkert rökstutt frekar.

Hæstv. iðnrh. sagði á iðnþingi fyrir nokkrum dögum að það yrði að hætta að henda peningum í vandamál, eins og hann orðaði það. Til þess að leggja áherslu á orð sín mælti hann þetta bæði á íslenskri og enskri tungu. Þegar það svo blasir við að þessi verkefni á að færa undir Byggðastofnun, sem ekki er hægt að skilja öðruvísi á ummælum hæstv. forsrh. en að gera eigi að lítilsmegnugri upplýsinga- og ráðgjafarskrifstofu, er fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það kemur fram í þessum umræðum þakkarverður áhugi á þeirri breytingu á starfsemi Byggðastofnunar sem ákveðin var með lögunum í vor og sem áhersla er lögð á í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. En þar segir að stofnuninni verði ætlað sérstaklega að gera tillögur um hvernig laða megi að landsbyggðinni innlenda jafnt sem erlenda fjárfestingaraðila sem þar gætu valið fyrirtækjum sínum stað. Þetta er sú stefnubreyting sem felst í því að gefa Byggðastofnun það jákvæða hlutverk að hafa atvinnuráðgjöf í landshlutum á sínum vegum.

Ég þakka ábendingu hv. 2. þm. Vestf. um að það sé réttara að tala um starfsemina á Ísafirði og Akureyri sem samþætta rekstri Byggðastofnunar í heild. Auðvitað er það réttara því að þessi starfsemi á að fara fram út um land, á landsvísu eins og hv. þm. orðaði það. Það voru vissulega orð í tíma töluð.

Ég vildi hins vegar vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 4. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Norðurl. v. og reyndar hv. 6. þm. Norðurl. e., þess efnis að ekki væri ætlað fé til þessarar starfsemi, leiðrétta þann misskilning sem ég tel að komi fram í þeirra orðum. Það á að beina fé og fjármagni Byggðastofnunar í meira mæli til ráðgjafarþjónustu af því tagi sem atvinnuráðgjöfin felur í sér og það verður gert innan þess fjárhagsramma sem þingið setur. En að sjálfsögðu er það ekki lengur iðnrn. að gera tillögur um fé til starfseminnar þegar iðnrh. hefur sjálfur gert um það tillögur að það sé eðlilegra og á það hefur verið fallist af öllum þingflokkum, reyndar að ég tel með vissum fyrirvörum frá hv. 4. þm. Austurl., að það sé rétt stefna. Þess vegna hlýtur sá forgangur að vera viðurkenndum í fjárveitingum en það er ekki þar með sagt að það feli í sér viðbót við það fé sem stofnunin hefur til ráðstöfunar.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., þá get ég gjarnan endurtekið það að ég tel að Byggðastofnun eigi í meira mæli að beina sínum kröftum að jákvæðu uppbyggingarstarfi en ekki í það að leysa gjaldþrotavanda. Dæmin sem hv. þm. tók voru einmitt dæmi um ný fyrirtæki, Foldu og Ístex, sem voru reist á rústum gjaldþrota fyrirtækis. Ég tel að það hafi verið rétt ráðstöfun af stjórn Byggðastofnunar að taka þátt í því endurreisnarstarfi.

Umferð á Reykjanesbraut, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 48. mál. — Þskj. 49.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 49 lagt fram svofellda fsp. til hæstv. samgrh. um umferð á Reykjanesbraut:

„Hvað líður undirbúningi aðgerða til að bæta öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut og til að auka flutningsgetu brautarinnar, allt frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal til Suðurnesja?"

Ég geri þá grein fyrir spurningu minni að á fjórum undangengnum þingum hafi verið flutt þingmál varðandi öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut og um flutn-

ingsgetu brautarinnar frá Hafnarfirði til Njarðvíkur. Frá Hafnarfjarðarvegi liggur Reykjanesbraut um Hafnarfjörð. Nokkrar götur bæjarins tengjast henni með einföldum gatnamótum og á sama við um mót hennar og annarra vega um Suðurnes. Eldri þjóðvegir til Garðs og Sangerðis hafa enn ekki verið tengdir Reykjanesbraut ofan Keflavíkur með bundnu slitlagi.

Reykjanesbraut allt frá Reykjavík til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Miðnesheiði er sérstæð meðal þjóðvega landsins. Hún tengir höfuðborgina við eina alþjóðaflugvöllinn sem á er stundað alþjóðaflug, áætlunarflug milli landa. Hún liggur gegnum þrjá af fjölmennustu kaupstöðum landsins. Hún er notuð af því sem næst öllum landsmönnum ef þeir vilja ferðast til annarra landa, af langflestum erlendum ferðamönnum sem til landsins koma og af nærfellt öllum þeim sem hingað koma í opinberum erindum.

Reykjanesbraut er eitt þeirra mannvirkja sem gefa erlendum gestum okkar fyrstu og síðustu kynni af landinu og er þess vegna meðal sterkra áhrifavalda í ferðalagi þeirra, áhrifavalda um endurkomu hingað eða ekki.

Umferð um Reykjanesbraut hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum. Þungi og magn vöruflutninga hefur aukist enn meir en fólksflutningar. Umferðaróhöppum og slysum hefur fjölgað að sama skapi og þarf ekki að rifja upp fregnir af slíkum. Áhyggjur af öryggi vegfarenda sem leið eiga um brautina hafa komið fram í vaxandi mæli í skrifum og lesendadálkum fjölmiðla, í ályktunum sveitarstjórna um brýna þörf til að bæta úr og í þessum þingmálum sem ég nefndi.

Með byggingu og starfrækslu stóriðjuvers á Suðurnesjum, sem ráðgert er á Keilisnesi, með byggingu og starfsemi flugskýlis á Keflavíkurflugvelli til eftirlits og viðhalds á flugflota Flugleiða hf. og til að annast slík verkefni fyrir aðra aðila í alþjóðlegum flugrekstri, með tilkomu fríiðnaðarsvæðis við Keflavíkurflugvöll, með auknum straumi ferðamanna til og frá landinu ásamt vaxandi starfsemi landsmanna í ferðaþjónustu hvers konar og með eðlilegum vexti byggðarlaga og atvinnulífs á Suðurnesjum, þá munu umferð og flutningar um Reykjanesbraut enn stóraukast í nálægri framtíð og búast má við tilsvarandi fjölgun óhappa og slysa ef ekkert verður að gert. Því spyr ég nú ráðherrann um undirbúning aðgerða til úrbóta.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hvað líður undirbúningi aðgerða til að bæta öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut og til að auka flutningsgetu brautarinnar, allt frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal til Suðurnesja?“

Spurningin er tvíþætt. Um fyrri hluta hennar er þetta að segja: Í maí á síðasta ári gerði Vegagerð ríkisins áætlun sem miðaði að því að endurnýja slitlag Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði til Njarðvíkur og leggja klæðningu á axlir. Áætlað var að ljúka verkinu á árinu 1993. Þessi áætlun var kynnt þingmönnum Reykjaneskjördæmis og fjölmiðlum.

Nú er lokið við að hjólfarafylla slitlag Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Straumsvík. Einnig hafa axlir verið klæddar í 0,5 m breidd til bráðabirgða til að hindra að brún myndist milli slitlags og axla. Frá Straumsvík að Kúagerði hafa axlir verið klæddar í 0,5 m breidd. Á þeim kafla er enn ekið á steypta slitlaginu en það var að hluta til fræst 1987.

Frá Kúagerði að Njarðvík er malbikun lokið og einnig búið að klæða axlir í fulla breidd. Á næsta ári er áætlað að malbika kaflann frá Straumsvík að Kúagerði og leggja klæðningu á axlir. Á árinu 1993 er svo áætlað að ljúka verkinu. Með þessum aðgerðum mun vegurinn batna verulega. Er vonast til að það skili sér í auknu umferðaröryggi.

Auk þess sem hér hefur verið talið upp hafa eftirfarandi aðgerðir verið gerðar til að auka umferðaröryggi vegarins: Lokið er við að lýsa gatnamótin við Grindavíkurveg og Vogaveg og allar leiðamerkingar hafa verið endurnýjaðar. Afleggjarinn að Straumsvík hefur verið stefnugreindur.

Um síðari hluta spurningarinnar er þetta að segja: Í dag er umferð um Reykjanesbrautina um 5000 bílar á dag í báðar áttir. Eins og nú er háttað er framúrakstur orðinn erfiður á vissum tímum dagsins en það er ekki þess eðlis að strax þurfi að byggja nýja akbraut þess vegna. Miðað við hefðbundnar forsendur um flutningsgetu vegar af gerð Reykjanesbrautar og vöxt umferðar ætti brautin að geta annað umferðinni í 10–15 ár í viðbót. Tilkoma álvers á Keilisnesi mundi stytta þennan tíma en þó vart um meira en 1–2 ár samkvæmt úttekt á umferð til og frá álverinu í Straumsvík.

Segja má að um tvær leiðir sé að ræða til að auka flutningsgetu brautarinnar. Önnur er sú að breikka hana um öll gatnamót og stefnugreina þau ásamt því að byggja sérstakar framúrakstursreinar. Þetta má kalla leið lagfæringa og mundi hún geta seinkað byggingu nýrrar brautar um nokkur ár. Kostnaður við slíkar lagfæringar má lauslega meta á um 300 millj. kr.

Hin leiðin er sú að byggja nýjan veg við hliðina á núverandi vegi og aðskilja aksturstefnur. Þessi lausn er að sjálfsögðu betri en einnig dýrari. Kostnaður er *lauslega metinn 1400–1600 millj. kr. Þó að góður tími* sé til stefnu er undirbúningur hafinn og verður í vetur lokið við kortagerð af brautinni og næsta umhverfi hennar. Verður þá unnt að frumhanna báða kosti og fá þannig betri grundvöll til ákvarðanatöku. Mun málið koma til kasta Alþingis og þingmanna Reykjaneskjördæmis með hefðbundnum hætti.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra hans svör. Þau gefa í skyn að nokkrar framkvæmdir eru nú hafnar til að bæta ástand brautarinnar og að undirbúningur er hafinn að fleiri úrbótum. Ég vænti þess að við megum sjá tillögur, til að mynda á vegáætlun næstu ára, eða a.m.k. á þessum áratug, sem gera grein fyrir því að þær framkvæmdir megi eiga sér stað.

Málefni flugfélaga á landsbyggðinni, ein umr.

Fsp. JVK, 54. mál. — Þskj. 55.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. til samgrh. á þskj. 55 um málefni flugfélaga á landsbyggðinni. Hún er svohljóðandi:

„1. Er gert ráð fyrir að sú reglugerð um flugmál, sem koma á til framkvæmda um næstu áramót og skyldar flugfélög til að hafa tvo flugmenn í öllum flugvélum, komi til framkvæmda?

2. Ef svo er, mun þá póstflug og sjúkraflug í landshlutunum leggjast af?

3. Hvernig verður þá íbúum þessara svæða tryggð sú þjónusta og það öryggi sem í því hefur verið fólgið að flugvélar hafa haft aðsetur úti á landsbyggðinni?"

Eftir 1. jan. 1992 er skylt að hafa tvo flugmenn í stjórnklefa allra flugvéla sem fljúga með farþega í atvinnuflugi. Ekki skiptir máli hve stórar eða smáar vélarnar eru og þetta gildir bæði um áætlunar- og leiguflug. Þessar reglur munu þýða að flugfélög sem hafa til þessa haldið uppi áætlunarflugi til fámennra byggðarlaga með lítilli vél og einum flugmanni þurfa að taka á sig aukinn kostnað sem hefur í för með sér fargjaldahækkun eða niðurskurð á ferðum.

Flugfélagið Ernir á Ísafirði og Flugfélag Norðurlands eru meðal þessara flugfélaga. Þessi flugfélög hafa notað litlar flugvélar með einum flugmanni til að þjónusta fámennari byggðarlög. Þau hafa haldið uppi póst- og áætlunarflugi til slíkra staða og verið ómissandi þáttur í samgönguneti hinna dreifðu byggða.

Þá ber þess að geta að sjúkraflug er stór þáttur í rekstri þessara flugfélaga og ekki síst flugfélagsins Ernis sem hefur á undanförnum áratugum haldið uppi sjúkraflugi á Vestfjörðum án þess að mæta miklum skilningi yfirvalda á mikilvægi þess. Flugfélagið hefur haft flugmann á bakvakt og flugvél til taks allan sólarhringinn og sjálft staðið straum af þeim bakvöktum oft án nokkurra styrkja. Þessi nýja reglugerð sem gerir ráð fyrir tveimur flugmönnum á allar vélar gerir það að verkum að þá yrðu að vera tveir flugmenn á bakvakt. Rekstrargrundvöllur þessara flugfélaga ber slíkt engan veginn og það hlýtur að koma niður á þjónustunni. Flugfélagið Ernir hyggst mæta þessu með því að segja upp starfsliði og endurskipuleggja reksturinn þannig að ekki sé nema ein áhöfn að störfum í einu og ein vél í gangi. Það býður þeirri hættu heim að þá sé sú flugvél að sinna póstflugi eða leiguflugi og því ekki tiltæk til sjúkraflugs fyrr en fyrra flugi lýkur. Slíkt getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar sem ég þarf ekki að lýsa.

Hins vegar veit ég að þessi umrædda reglugerð stuðlar að meira öryggi í flugstjórninni þar sem tveir menn eru að störfum í einu en það má deila um hvort það sé slík nauðsyn að það eigi að vera ófrávíkjanleg regla.

Staðan sem nú blasir við varðandi rekstur þessara flugfélaga er mjög alvarleg og það sem af því hlýtur að leiða. Það þýðir meira öryggisleysi í heilbrigðismálum þegar ekki er hægt að treysta á það að alltaf sé til taks flugvél og flugmaður ef sjúkraflug ber að sem oft gerist með litlum fyrirvara. Því spyr ég í framhaldi af greinargerð minni: Eru fyrirhugaðar einhverjar opinberar aðgerðir til að þeir aðilar sem hingað til hafa sinnt sjúkraflugi á landsbyggðinni gefist ekki upp vegna rekstrarerfiðleika í kjölfar umræddar reglugerðar?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Er gert ráð fyrir að sú reglugerð um flugmál, sem koma á til framkvæmda um næstu áramót og skyldar flugfélög til að hafa tvo flugmenn í öllum flugvélum, komi til framkvæmda?"

Um þetta er það að segja að í reglugerð um flugrekstur, nr. 381/1989, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni skulu samt í atvinnuflugi með farþega vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á hlutaðeigandi flugvélartegund. Þessi grein tekur gildi 1. jan. 1992."

Fram til næstu áramóta er hins vegar í gildi bráðabirgðaákvæði sem segir að tvo flugmenn þurfi í flutningaflugi með farþega í reglubundnu áætlunarflugi og leiguþjónustuflugi milli Íslands og annarra landa. Enn fremur að tvo flugmenn þurfi í reglubundnu áætlunarflugi og leigu- eða þjónustuflugi með þotum, skrúfuþotum með jafnþrýstibúnaði og í þriðja lagi í flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en níu farþegum.

Þetta bráðabirgðaákvæði er í höfuðatriðum í samræmi við þær reglur sem gilda í þessum efnum í nágrannalöndum okkar. Ákvæðið sem ég vitnaði til hér að framan gengur hins vegar lengra en tíðkast innan þeirra alþjóðlegu samtaka sem Ísland er aðili að á sviði flugmála. Því er ekki að leyna að það ákvæði hefur verið umdeilt, enda er það svo að nú þegar liggur fyrir tillaga frá Loftferðaeftirlitinu, dags. 30. ágúst, um að rýmka ákvæðið þannig að ekki verði afdráttarlaust krafist tveggja flugmanna í öllu flutningaflugi með farþega. Tillaga Loftferðaeftirlitsins hefur hlotið samhljóða samþykki flugráðs á fundi ráðsins 1. okt. sl. Samkvæmt tillögunni hljóðar áðurgreint reglugerðarákvæði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni skulu samt vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund í flutningaflugi með farþega. Í þjónustuflugi með eins hreyfils flugvélum, sem flogið er að degi til við sjónflugsskilyrði, er þó heimilt að í flugáhöfn sé einn flugmaður. Þessi grein tekur gildi 1. jan. 1992."

Svohljóðandi er þessi grein í tillögu um nýja reglugerð um flutningaflug sem ætlað er að komi í stað reglugerðar um flugrekstur, enda að stofni til hin sama og er endurskoðunin grundvölluð á viðbæti 6, hluta I, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tók gildi 15. nóv. 1990.

Með þessari breytingu yrðu íslenskar reglur um

samsetningu flugáhafna í meira samræmi við reglur sem tíðkast m.a. í Evrópubandalaginu og í EFTA-ríkjunum. Breytingin hefði í för með sér að þjónustuflug, þ.e. óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarksmassa minna en 5.700 kg og viðurkennd eru til flutnings á allt að níu farþegum, yrði áfram unnt að stunda á eins hreyfils vélum með eins manns áhöfn við ákveðin skilyrði. Í því felst að póstflug eftir atvikum með farþega fellur innan þeirra marka, sem og útsýnisflug, svo helstu þættir þessarar starfsemi séu nefndir.

Ljóst er að póstflug án farþega krefst ekki tveggja flugmanna. Samkvæmt hinu breytta reglugerðarákvæði nægir einnig einn flugmaður þótt farþegar séu fluttir með póstflugi sé um að ræða eins hreyfils flugvél og ef flogið er að degi til við sjónflugsskilyrði. Hið sama á að sjálfsögðu við um sjúkraflug. Sú hætta er vissulega fyrir hendi að þessi þjónusta leggist af ef afdráttarlaust verður krafist tveggja flugmanna þegar flogið er með farþega þar sem ekki yrði grundvöllur fyrir slíkum flugrekstri nema til kæmu styrkir til rekstrarins.

Þau rök, sem færð eru fyrir kröfunni um tvo flugmenn í öllu flutningaflugi með farþega, varða öryggi farþega og áhafnir flugfarsins. Það þarf ekki mikla skarpskyggni til að sjá að þegar flogið er í viðsjárverðu veðri og við erfið skilyrði á annan hátt felst mikið öryggi í því að tveir flugmenn fljúgi flugvélinni og geti skipt með sér verkum er gætu verið einum manni ofviða að inna af hendi af því öryggi sem krefjast verður. Slíkum rökum er harla erfitt að mótmæla, enda hafa verið nefnd dæmi um flugslys sem ætla má að hefðu síður orðið ef tveir flugmenn hefðu verið við stjórn. Á hinn bóginn koma þau rök að verði krafist tveggja flugmanna sé hætta á að flugrekstur í strjálbýli leggist af og því verði fólk að treysta í ríkari mæli en ella á aðrar samgönguleiðir.

Það þekkja allir Íslendingar að vetrarferðir um vegi, ekki síst á heiðum og fjöllum, geta verið viðsjárverðar, stundum beinlínis hættulegar og vart þarf að nefna þær hættur sem fylgja sjóferðum við strendur landsins og á hvort tveggja höfum við verið minnt óþyrmilega núna síðustu daga.

Mér hafa borist fjölmargar umsagnir og áskoranir vegna þessa máls. Sveitarstjórnir hafa lýst áhyggjum sínum af því að flugsamgöngur til byggðarlaga þeirra séu í hættu verði krafist tveggja flugmanna. Flugrekendur sem byggja afkomu sína á rekstri lítilla flugvéla hafa lýst áhyggjum sínum af því að þeir standist ekki þann kostnaðarauka sem fylgir tvöföldun áhafnar.

Ég næ ekki að lesa allt svarið en í stuttu máli eru lokin þessi: Á grundvelli þess sem ég hef sagt hef ég ákveðið að um fjölda flugmanna í áhöfn gildi sú regla sem Loftferðaeftirlitið hefur lagt til og flugráð samþykkt og ég las upp áður.

Spurt er hvort póstflug og sjúkraflug í landshlutum leggist af. Svarið við því er nei og raunar ekki spurning um einn eða tvo flugmenn hvort sjúkraflugi sé haldið uppi.

Í þriðja lagi er spurt hvernig íbúum verði tryggð sú þjónusta og það öryggi sem í því hefur verið fólgið að flugvélar hafa haft aðsetur úti á landsbyggðinni. Það stendur ekki til og engar tillögur eru um að hið opinbera styrki slíka starfsemi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hæstv. samgrh. hafi með svari sínu áðan sagt að ef flugfélög munu ekki fljúga með tvo flugmenn til afskekktustu byggða á Íslandi verði flug þangað lagt af. Þetta gildir t.d. með Árneshrepp á Ströndum. Það er nú nokkuð síðan að Lindberg flaug einn yfir Atlantshafið og nokkur tækniþróun hefur orðið síðan. Auðvitað eru menn mislífhræddir, ég geri mér grein fyrir því, og kannski ætti að innleiða það að allir næðu prestsfundi áður en þeir færu upp í flugvél. Þetta hefur þó ekki verið gert. Hins vegar finnst mér að það sé út í hött að ætla að setja svona reglur og fylgja þeim eftir við íslenskar aðstæður eins og menn eru hér að gera. Og mig undrar það ef menn eru svo forstokkaðir af tölvuútskriftum að þeir sleppi því að hugsa sjálfstætt þegar þeir taka svona ákvarðanir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki blanda mér í efnisumræðu þessa alvarlega máls, til þess er ekki tími. Ég ritaði hæstv. samgrh. bréf þessa efnis á sl. sumri utan þingtíma og hef vænst svars við því bréfi. Ég vildi spyrja hann hvort ég muni fá svar við því bréfi eða hvort ég eigi að líta svo á að svar við þessari fyrirspurn sem samgrh. hefur nú veitt sé svar við því bréfi.

Ég vildi taka fram að auðvitað ber að gæta fyllsta öryggis í flugi en það má ekki ganga svo langt í kröfum að öryggi skerðist á öðrum sviðum. Það vill oft verða svo í allri reglugerðarsmíð á Íslandi að menn setja margvíslegar kröfur og aftur kröfur en gleyma því að það geti orðið til þess að viðkomandi fólk njóti ekki lengur þjónustu hvort sem það er á sviði læknisþjónustu eða annarrar öryggisþjónustu. Þetta er slíkt mál, þar sem meta þarf báðar hliðar og ég verð að segja það eins og er að mér finnst samgrn. ekki hafa gætt þess í þessu máli að meta það nægilega vel en svo á vissulega við um mörg önnur ráðuneyti í íslenska stjórnkerfinu að það gleymist oft að gæta þess að með kröfunum kann öryggi á öðrum sviðum að falla niður.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin eyrum áðan þegar hæstv. samgrh. lýsti þeim tilslökunum sem búið væri að ákveða frá þeim reglum sem áður hefðu verið settar í reglugerð án þess að ég taki efnislega afstöðu til þess. Tilslökunin var í þá veru að leyfa flug með einum flugmanni í vöru- og farþegaflugi á eins hreyfils vélum þegar veðurskilyrði gæfu tilefni til. Það er eiginlega mjög ánægjulegt að við skulum hafa veðurfræðing hér í salnum núna því að mér finnst einhvern veginn að þeir sem þarna stóðu að máli hafi lítið tillit tekið til íslenskra aðstæðna. Að mínu mati, við fyrstu skoðun, er það vítavert að ætla að beina þessu flugi,

við okkar ótryggu veðurfarsaðstæður, yfir á eins hreyfils vélar. Þetta kannski mundi duga á staðviðrissvæðum sunnar í álfunni en að mínu mati er hér verið að fara úr öskunni í eldinn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Svæðisflugfélögin sem hér hafa verið til umræðu gegna vissulega mjög mikilvægu hlutverki og það er nauðsynlegt að skapa þeim lífvænleg rekstrarskilyrði. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Það er hægt að gera með því að lækka eða fella niður þjónustugjöld á flugvöllum þar sem litlar flugvélar athafna sig. Það er hægt að gera með sambærilegum aðgerðum gagnvart öðrum gjöldum og sköttum sem þessi flugrekstur ber. Það er jafnvel hægt að gera með beinum stuðningi ef annað dugar ekki til og það reynist óhjákvæmilegt til að halda uppi viðkomandi þjónustu. En það á ekki að lagfæra rekstrargrundvöll minni flugfélaga með því að slá á frest aðgerðum í öryggismálum sem mjög víðtæk samstaða var um að væru tímabærar. Með víðtækri samstöðu á ég við samstöðu Loftferðaeftirlits, Flugmálastjórnar, flugráðs og ráðuneytis um að þetta væru tímabærar aðgerðir í öryggismálum í okkar flugi. Menn verða að leysa vandamál sem kunna að koma upp vegna íþyngjandi áhrifa á rekstrarumhverfi flugfélaganna með öðrum hætti en þeim að slá slíkum flugöryggisráðstöfunum á frest.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem fram hafa komið við þessari fyrirspurn. Ég tek vissulega undir það sem hér hefur verið sagt af öðrum hv. þm., að vissulega þarf að gæta fyllstu öryggissjónarmiða, en eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson benti á hér áðan er það spurning hvort við tökum tillit til öryggis eins eða fleiri. Það má þá e.t.v. í framhaldi af því spyrja: Ef alls staðar ættu að vera tveir flugmenn í flugi samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum, er þá ekki komið að því að ræða það hvort líka þyrftu að vera tveir bílstjórar á fólksflutningabílum sem flytja e.t.v. allt að 40 farþega? Samkvæmt rannsóknum eru umferðarslys miklu tíðari en flugslys.

Ég vil þakka fyrir að hafa fengið þessi svör og að Loftferðaeftirlitið hefur fengið þessa tillögu samþykkta í flugráði. Þar eru þó lítils háttar frávik frá þessum stífu reglum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að ég var samþykkur þeim breytingum sem á sínum tíma voru ákveðnar þegar þetta mál var til umfjöllunar í flugráði. Ég er sömu skoðunar enn og þá sérstaklega út frá öryggissjónarmiðum á landsbyggðinni. Ég held að það þurfi ekki ítarlegan rökstuðning til þess að komast að þeirri niðurstöðu að það verður að gera þær kröfur sem boðlegar eru fólki á landsbyggðinni í öryggismálum á flugi á litlum vélum.

Ég hef heldur ekki orðið var við annað í mínu umdæmi en að sveitarstjórnarmenn tækju undir meginefnið að hafa tvo flugmenn í áætlunarflugi á litlum vélum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram fyrst að það er rétt sem hv. 1. þm. Austurl. segir að ég hef ekki svarað hans bréfi skriflega. Ástæðan er sú að alveg fram á síðustu stund hef ég verið að velta þessu máli fyrir mér og síðast í gær fékk ég á minn fund fulltrúa frá öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna sem var mjög afgerandi um nauðsyn þess að sú regla yrði tekin upp af öryggisástæðum að tveir flugmenn væru í áætlunarflugi. Ég hreyfði sömu andmælum og hv. þm. sem mótrök gegn því sem þeir sögðu en það var alveg afdráttarlaust þeirra mat á því að þetta væri óhjákvæmilegt og þeir nefndu nokkur dæmi um það að slys hefði orðið sökum þess að einungis var einn flugmaður við stjórn.

Ég vil líka taka það fram að ég hygg að allir flugmenn eða a.m.k. allur þorri flugmanna Flugfélags Norðurlands hefur sent mér áskorun þess efnis að þessari reglugerð verði ekki breytt og það er þess vegna alveg greinilegt að meðal atvinnuflugmanna er sá skilningur uppi að nauðsynlegt sé að taka af skarið. Ég varpaði fram þeim möguleika hvort hugsanlegt væri að hafa ákvæði reglugerðar rýmri en einstök flugfélög mundu móta sér starfsreglur sem í raun og veru fælu í sér það öryggi sem við kepptum eftir og ekki væri teflt í tvísýnu í áætlunarflugi. Það er skemmst frá því að segja að það töldu atvinnuflugmenn ekki viðunandi lausn.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Sú leið sem ég hef hér lýst er í samræmi við skoðun Loftferðaeftirlitsins og ekki hafa verið gerðar athugasemdir við hana, m.a. af öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna.

Ég tek undir þær áhyggjur sem menn hafa af því að þetta geti orðið minni flugfélögum fjárhagslega erfitt en á hinn bóginn blasti það við þegar reglugerðin var sett og hefur ekkert breyst í þeim efnum nú á þessum síðustu mánuðum. Ég vil líka taka fram að varðandi Grímsey hefur verið gerð undantekning á fjárlögum um nokkurn rekstrarstyrk til að halda uppi sómasamlegum samgöngum þangað og hið sama á að sjálfsögðu við um Árneshrepp sem að þessu leyti er svipað ástatt um.

Menntunar- og starfsréttindi lögreglumanna, ein umr.

Fsp. BBj, 73. mál. — Þskj. 74.

Fyrirspyrjandi (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmrh. er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd laga um að eftir 1. júlí 1990 sé óheimilt að ráða eða skipa lögreglumann án

þess að hann hafi lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins?"

Tilefni þess að fyrirspurnin er borin fram er að alþingismönnum hefur borist bréf frá Landssambandi lögreglumanna þar sem vakin er athygli á að enn séu óskólagengnir menn ráðnir til lögreglustarfa þrátt fyrir ákvæði laga um lögreglumenn. Þessu bréfi fylgir ályktun stjórnar Norræna lögreglusambandsins sem mótmælir harðlega að ríkisstjórn Íslands skuli sniðganga ákvæði laga um að allir lögreglumenn skuli hljóta nauðsynlega menntun áður en þeir hefji störf. Segir stjórnin réttilega að mínu mati að með þessu hætti ríkistjórn Íslands á að grafið verði undan virðingu fyrir landslögum.

Á 111. löggjafarþinginu 1988–1989 fluttu þingmenn úr öllum flokkum nema Framsfl. frv. til laga um breytingu á lögum um lögreglumenn. Frv. var samþykkt og lögin staðfest 29. maí 1989. Samkvæmt þeim má engan ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögegluskóla ríkisins. Í lögunum er gert ráð fyrir tímabundnum undanþágum til einstaklinga frá þessu og skulu þær ekki raktar hér.

Af gögnum sem ég hef undir höndum má ráða að andstaða hafi verið við það hjá framkvæmdarvaldshöfum að fyrrgreind breyting yrði gerð á lögunum um lögreglumenn. Þá hafa gengið erindi á milli Landssambands lögreglumanna og dómsmrn. þar sem skorað er á ráðuneytið að sjá til þess að lögin séu virt. Jafnframt hefur Landssamband lögreglumanna óskað eftir því við umboðsmann Alþingis að hann athugaði málið. Stendur sú athugun nú yfir.

Allir ættu að sjá hve fráleitt er að lögreglumenn sem eiga að gæta laga og réttar í landinu skuli þurfa að standa í slíkum lagaþrætum við dómsmálayfirvöld. Er ákaflega brýnt að bætt verði úr þessu ófremdarástandi. Fyrirspurn þessi er borin fram í því skyni að auðvelda alþingismönnum að átta sig á þeim vanda sem lýst er í fyrrgreindu bréfi Landssambands lögreglumanna.

Um þetta mál verður ekki heldur rætt án þess að vekja athygli á þeirri staðreynd að nú í vetur hefur fjölda nemenda í Lögregluskóla ríkisins verið settar of þröngar skorður vegna aðstöðu hans í nýju leiguhúsnæði í Nóatúni 21. Virðist ljóst að ákvörðun um að flytja skólann í þetta húsnæði hefur ekki byggst á mati á því að lögin frá 1989 kalla frekar á fjölgun í skólanum en fækkun. Hér skal ekki lagt mat á hvaða hagsmunir réðu þessu mati á húsnæði. Hitt er víst að það er ekki í samræmi við kröfur um aukna menntun lögreglumanna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í 5. gr. laga um lögreglumenn segir svo:

„Engan má ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Heimilt er að lausráða menn til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Reynsluráðning skal aldrei standa lengur en tvö ár."

Með vissum hætti má segja að með þessari lagabreytingu hafi starf lögreglumanna verið lögverndað nema að því er varðar þá undanþágu sem leiðir af störfum manna á sumarorlofstíma. Ég tel að framkvæmd laganna sé nú að komast í fastar skorður en það er rétt að einkanlega í fyrrahaust reyndist ýmsum lögregluumdæmum erfitt að fá til starfa skólagengna lögreglumenn eftir að sumarorlofstíma lauk.

Undanfarin ár hafa nokkrir tugir afleysingamanna verið starfandi árið um kring en nú er svo komið að aðeins eru starfandi tveir menn sem hvorki hafa lokið námi í Lögregluskóla eða eru í námi á fyrri önn. Er um að ræða einn lögreglumann í Höfn í Hornafirði og annan á Hólmavík sem tók til starfa í haust eftir að Lögregluskólinn var byrjaður og komst af þeim sökum ekki til skólans. Þá eru ótaldir þrír menn sem starfað hafa í meira en tíu ár og einn sem starfað hefur í sjö ár en hafa af einhverjum sökum aldrei lokið námi í Lögregluskóla. Þeir hafa á hinn bóginn sótt margvísleg námskeið í Lögregluskólanum.

Ráðuneytið lítur svo á að lögin séu ekki afturvirk og þess vegna séu ekki efni til þess að víkja mönnum úr störfum sem ráðnir voru fyrir gildistöku laganna. Þá hefur ráðuneytið túlkað lögin á þann veg að heimilt sé að ráða nýliða til starfa þegar staða losnar enda verði sá nýliði sendur í Lögregluskólann svo fljótt sem kostur er á. Þetta atriði kann að vera umdeilanlegt, en þessi túlkun skiptir þó mjög miklu máli til þess að koma í veg fyrir röskun á löggæslustörfum, einkanlega í minni lögregluumdæmum.

Á yfirliti sem ég hef undir höndum frá Lögregluskólanum kemur í ljós að sl. 10 ár hafa um 32 lögreglumenn að meðaltali lokið grunnnámi frá Lögregluskólanum en 28 lögreglumenn ef miðað er við sl. 25 ár. Menntun lögreglumanna kostar að sjálfsögðu peninga. Því er mjög mikilvægt að lögreglan njóti sem lengst starfa þeirra sem lokið hafa námi. Á sl. 10 árum hafa 329 menn lokið námi og af þeim eru 262 enn í starfi.

Lögreglunemar af landsbyggðinni fá, meðan þeir eru í skólanum, auk fastra launa og vaktaálags, greidda dagpeninga um 120 þús. kr. á mánuði. Lætur nærri að það muni kosta um 47 millj. á árinu 1992 að mennta lögreglumenn í grunnnámi.

Ég tel mjög mikilvægt að undirbúningur að starfi lögreglumanna sé sem vandaðastur og það er ærin ástæða til að verja fjármunum til að mennta og þjálfa lögreglumenn til þessara mikilvægu starfa og að sú breyting sem gerð var á með þessum lögum hafi verið merkt framfaraspor til að styrkja lögregluna.

Ég vænti þess að mál þessi séu nú að komast í eðlilega framkvæmd í samræmi við lögin. Hitt er svo álitaefni, sem Alþingi verður að taka afstöðu til, hvort það sér við þessar aðstæður efni til að verja meiri fjármunum til Lögregluskólans þannig að hann geti útskrifað fleiri nemendur á ári hverju.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Í svari sínu við fsp. sagði hæstv. ráðherra að hann teldi álitamál hvernig fara ætti með stöðu þeirra lögreglumanna sem voru ráðnir fyrir gild-

istöku þessa ákvæðis sem spurt er um framkvæmd á. Önnur atriði í svari hans eru að vísu þess efnis að ég efast svolítið um tryggar heimildir. Það er ljótt að segja það en ég tel mig hafa heimildir um fleiri en tvo lögreglumenn á landinu sem ekki hafa numið a.m.k. fyrri hluta Lögregluskólans. Hins vegar verð ég að segja að ég tel mig hafa fulla vissu fyrir því að ákvæðinu um starfsrétt lögreglumanna sem ekki höfðu lokið náminu fyrir gildistöku þessa ákvæðis sé ekki beitt nákvæmlega eins í öllum tilvikum.

Ég hef átt í viðræðum við yfirmenn í ráðuneytinu út af slíku máli og ég hygg að það sé ástæða til þess fyrir hæstv. ráðherra að taka það til meðferðar og getur verið að til komi fleiri slík tilvik.

Fyrirspyrjandi (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans. Þau eru fullnægjandi að mínu mati. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem fram komu í máli hans að framkvæmd laganna sé að komast í fastar skorður og vona að framkvæmdinni verði hagað þannig að Landssamband lögreglumanna og aðrir sem hlut eiga að máli séu að fullu sáttir við það.

Ég tók einnig eftir því að ráðherrann sagði að lögin væru ekki afturvirk gagnvart þeim sem voru við störf þegar þau tóku gildi. Ég tel að sú regla sé sanngjörn og það eigi að virða starfsreynslu manna sem voru við störf þegar lögin tóku gildi og þau geti ekki verið afturvirk að þessu leyti.

Varðandi Lögregluskólann þá er það rétt hjá ráðherranum að að sjálfsögðu þarf að huga að fjármunum til hans, en það sem ég vakti athygli á var að hann er nýlega fluttur í nýtt leiguhúsnæði að Nóatúni 21 og það kemur í ljós að þar er aðstaða ekki eins og skyldi til þess að taka við auknum fjölda manna í skólann. Ég veit ekki hvort það kostar mikla fjármuni fyrir ráðuneytið að huga að breytingum að þessu leyti, en vil aðeins vekja athygli á þessu.

Ég ítreka það sem ég sagði að ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör og tel þau fullnægjandi frá mínum bæjardyrum séð.

Fræðsla í skyndihjálp í grunnskólum, ein umr.

Fsp. IP, 57. mál. — Þskj. 58.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 58 um kennslu og þjálfun í skyndihjálp í grunnskólum landsins er svohljóðandi: „Hvernig er háttað kennslu og þjálfun í skyndihjálp í grunnskólum landsins?“

Í aðalnámsskrá grunnskóla er skýrt kveðið á um að allir nemendur grunnskóla eigi samkvæmt grunnskólalögum að njóta kennslu og þjálfunar í skyndihjálp og hefur Rauði kross Íslands forustu um kennsluna. Ég hef ástæðu til að ætla að þessi kennsla sé ekki alls staðar fyrir hendi og því er þeirri spurningu beint til hæstv. menntmrh. hvort ekki sé tímabært að skerpa enn frekar á þessu mikilvæga námi. Nám þetta þarf að vera markvisst frá upphafi og meginþungi kennslunnar þarf að fara fram í 9.–10. bekk, en þá hafa nemendur öðlast þann þroska að nýta sér kennsluna.

Skyndihjálparkennsla beinist að því hvernig koma megi í veg fyrir slys og efla heilbrigðisvitund. Þetta er því liður í mikilvægu forvarnarstarfi um leið og kennd eru viðbrögð við bráðum veikindum og slysum.

Á árunum 1982–1986 var gerð könnun sem leiddi í ljós mikilvægi þess að hinn almenni borgari kynni eitthvað fyrir sér í skyndihjálp. Athuguð voru t.d. afdrif allra þeirra sem fengu hjartastopp í Reykjavík á umræddu tímabili. Í ljós kom að 29% þeirra er fengu fyrstu hjálp frá vegfarendum og öðrum nærstöddum áður en sjúkrabíll kom útskrifuðust af sjúkrahúsi en sjaldgæfara var að fólk lifði af ef engin hjálp fékkst fyrr en sjúkrabíll mætti á staðinn. Það getur því skipt sköpum að almenningur kunni fyrstu viðbrögð þegar komið er á slysstað. Það er oft of seint að kíkja í vasabókina þegar t.d. viðstaddur sér mann meðvitundarlausan á botni sundlaugar. Ef engin kunnátta er fyrir hendi fer dýrmætur tími til spillis.

Virðulegi forseti. Með þessari fsp. er athygli hv. þm. beint frá slysum í stjórnmálum, sem gerast daglega, að slysum á mönnum sem möguleiki er á að draga úr með hertu forvarnarstarfi og með meiri þjálfun og kennslu í viðbrögðum á slysstað.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvernig háttað sé kennslu og þjálfun í skyndihjálp í grunnskólum landsins og svar mitt er svohljóðandi:

Í grunnskólalögum er ekki kveðið sérstaklega á um kennslu í skyndihjálp. Í 48. gr. laganna segir m.a. að í öllu starfi skólans skuli leggja áherslu á að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi. Nánari útfærslu á ákvæðum laga um nám og kennslu er að finna í aðalnámsskrá grunnskóla sem gefin var út endurskoðuð í apríl 1989. Þar er sérstakur kafli helgaður skyndihjálp og getið meginmarkmiða og helstu viðfangsefna. Samkvæmt aðalnámsskránni eru meginmarkmið náms og kennslu í skyndihjálp þessi:

Að nemendur fræðist um slys og hvernig koma megi í veg fyrir þau.

Að nemendur fái aukið sjálfstraust og áræði við að veita slösuðum fyrstu hjálp.

Að nemendur efli heilbrigðisvitund sína.

Að nemendur auki félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska sinn.

Mest áhersla er lögð á að koma í veg fyrir slys, hvernig tilkynna skal um slys og kalla á hjálp og hvernig veita skal fyrstu hjálp.

Skyndihjálp er ekki sérstök námsgrein í grunnskólum enda verður að fjalla um þetta efni eftir aldri og þroska nemenda. Kennsla í skyndihjálp er hluti af starfi íþróttakennara og þeir fá þjálfun í skyndihjálpar-

kennslu í námi sínu. Aðrir kennarar þurfa að afla sér sérstakra réttinda hjá Rauða krossinum til að kenna meðferð slasaðra.

Algengast er að almennir kennarar fjalli um hvernig koma skal í veg fyrir slys og hvernig kalla skuli á hjálp ef slys verður í tengslum við ýmsar námsgreinar. Meðferð slasaðra er gjarnan kennd á sérstökum námskeiðum í efstu bekkjum grunnskóla og mega eingöngu þeir sem hafa til þess leyfi Rauða krossins annast þá kennslu.

Ég vona að þetta svar sýni að sæmilega sé séð fyrir þessu mikilvæga leiðbeiningarstarfi, en spurningu hv. þm. um hvort ekki sé ástæða til að skerpa á þessari kennslu svara ég svo að það megi sjálfsagt alltaf betur gera en gert er, en mér er ekki kunnugt um annað en að sæmilega sé séð fyrir þessu leiðbeiningarstarfi.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svarið og ég skora á hann að fylgja fast eftir aðalnámsskrá grunnskóla og þál. Alþingis um íslenska heilbrigðisáætlun frá 19. mars 1991, en þar er gert ráð fyrir að virkja skólana enn frekar í fræðslustarfi hvað varðar bætt heilsufar og slysavarnir.

Loðnuveiðar, ein umr.

Fsp. RA, 68. mál. — Þskj. 69.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég spurði á sínum tíma hvort ekki væri hyggilegt að leyfa nú þegar loðnuveiðar upp að vissu marki til bráðabirgða. Ráðherrann hefur svarað þeirri spurningu í verki og þurfum við því ekki nánar að fjalla um hana.

Önnur spurning var hver væri þjóðhagslegur ávinningur af því ef loðnuveiðar færu alfarið fram á þeim tíma þegar fiskurinn er feitastur og verðmestur í stað þess að láta veiðarnar tefjast svo ár eftir ár að stór hluti loðnuaflans er tekinn úr sjó þegar loðnan gefur minnst af sér.

Bak við þessa spurningu má segja að sé tvenns konar hugsun. Annars vegar hvort ekki væri rétt að gefa út bráðabirgðakvóta í byrjun kvótaárs. Veiðarnar mundu þá byrja þegar loðnan fyndist. Ég held að þetta hlyti að auðvelda loðnurannsóknir en hugsanlega þyrfti eitthvað að auka fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar þess vegna. En síðan er spurningin um þjóðhagslegu hliðina. Við vitum það að loðnan er feitust í ágúst til nóvember en aftur á móti er fitan farin úr henni í febrúar/mars. Það er kannski ekki raunhæft að hún sé öll veidd á þessum besta tíma því oft er loðnan blönduð, eins árs loðnan vill vera saman við. Það er kannski ekki að öllu leyti hagstætt en samt er spurt hvernig það reikningsdæmi kæmi út. Ef þetta væri hægt og talið æskilegt hver væri þá þjóðhagslegur ávinningur af þessu? Í þessu felst að sjálfsögðu einnig sú spurning hvort þetta væri ekki æskileg stefna, að miða við það að reyna að veiða loðnuna þegar hún gefur mest af sér fyrir þjóðarbúið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur fyrri lið fsp. verið svarað í verki. Um annan liðinn er það að segja að þar kemur fram sú fullyrðing að veiðar séu látnar tefjast ár eftir ár. Þetta er staðleysa að mínu mati. Síðan sumarveiðar hófust á loðnu 1975 hefur ýmist verið heimilt að hefja loðnuveiðar 15. júlí eða 16. ágúst, nema 1982 og 1983 þegar stöðva varð loðnuveiðar vegna hruns stofnsins. Fram til sumarsins 1989 var loðnuveiði mikil yfir sumarmánuðina enda þótt þær drægjust heldur saman á árinu 1987 og 1988 vegna aukinnar rækjuveiði loðnubáta yfir sumar- og haustveiðar. Þó urðu þær yfir 300 þús. lestir bæði þessi ár.

Sumarið 1989 var heimilt að hefja loðnuveiðar í júli en fyrsta skip fór til loðnuveiða í byrjun ágúst. Loðnuveiði þetta sumar gekk mjög illa og veiddust aðeins 53 þús. lestir til áramóta. Ekki var það vegna aðgerða stjórnvalda heldur fannst lítil loðna og aðstæður voru mjög erfiðar og breyttar frá því sem áður þekktist.

Sumarið 1990 máttu veiðar hefjast þegar í júlí en íslensku skipin hófu veiðar í októbermánuði.

Bæði árin 1989 og 1990 kappkostuðu stjórnvöld að leita að loðnu og var leit og rannsókn á loðnustofninum stóraukin.

Í sumar var staðan aftur á móti sú að ekki var hægt að ákveða kvóta til bráðabirgða þar sem mælingar á loðnustofninum höfðu brugðist og var ákvörðun um veiðimagn frestað uns fyrir lægju nýjar mælingar. Þessar mælingar lágu fyrir í lok október og var þá bátum hleypt til veiða. Þrátt fyrir þetta hafa fáir bátar enn þá hafið veiðarnar en það er samkvæmt ákvörðun útgerðarmanna þeirra.

Sé litið til þess sem að framan er rakið er vafasamt að tala um þjóðhagslegan ávinning af því að leyfa loðnuveiðar fyrr, en þó má hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Samkvæmt meðaltali, unnu af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um fituinnihald í loðnu til nokkurra ára, verður fituinnihaldið 16% um miðjan september, hækkar síðan í rúm 17% um miðjan október, er rúmlega 16% í byrjun nóvember en fer síðan lækkandi og er orðið um 14% um áramót. Eftir áramótin fellur fituinnihaldið síðan mikið, eða um 2% á mánuði til vertíðarloka. Framleiðsla lýsis er undir fitumagni komið og því fæst mest lýsi þegar fituinnihaldið er mest.

2. Þurrefni sem eru undirstaða mjölframleiðslu eru aftur á móti að mestu óbreytt frá upphafi vertíðar til loka, eða rúmlega 17%.

3. Rétt er að hafa í huga að verð á mjöli og lýsi er mjög sveiflukennt, en þó ber að athuga að mjölverð hefur verið mun hærra en lýsisverð síðan 1986. Auk þess fæst mun meira magn af mjöli en lýsi úr heildarveiðinni.

4. Rétt er að hafa í huga að kostnaður við að veiða loðnu er mjög mismunandi og ljóst er að hann er að jafnaði minnstur í mánuðunum janúar–mars. Koma þar

til bæði veiðanleiki loðnunnar og fjarlægðir milli veiðisvæða og löndunarstaða. Veiðar undanfarin tvö sumur hafa verið mjög dýrar fyrir skipin og litlu skilað fyrir verksmiðjur. Það er ekki hagkvæmt að setja í gang loðnubræðslu og bíða síðan með fullmannaðar verksmiðjur eftir loðnu sem veiðist ekki.

Loks má ekki gleyma að sum árin getur frysting loðnu og loðnuhrogna skapað góðar tekjur í lok vertíðar.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans, þó hann væri að vísu ekki alfarið sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu í fsp. Hann staðfesti hins vegar að fituinnihaldið er mest á haustmánuðum en fellur síðan verulega eftir áramótin, um 2% í hverjum mánuði. Af þessu má vissulega draga þá ályktun að það hljóti að fást mest fyrir fiskinn á haustmánuðum.

Hins vegar brást hæstv. sjútvrh. vonum mínum með það að hann gerði enga tilraun til þess að reikna út hvernig þetta dæmi kæmi út og hver væri munurinn á þessu tvennu. Það hafa verið uppi fullyrðingar um það að á þessu tvennu sé verulegur munur, hvað miklu meira fæst fyrir fiskinn veiddan á haustmánuðum en að vetrarlagi, og ég hefði gjarnan viljað að menn hefðu glímt við að reikna þetta út. En því miður lá það ekki í svarinu.

Hitt veit ég að það eru auðvitað mörg sjónarmið sem verið er að taka til í þessu samhengi og ég er ekkert að andmæla því sem hæstv. ráðherra sagði að það þarf kannski að taka tillit til fleiri sjónarmiða en nákvæmlega þeirra sem varða fituinnihaldið. En ég held það væri rétt að menn reyndu að reikna þetta dæmi út til enda og átta sig á því hvernig það kemur út. Í öllu falli held ég að meginniðurstaðan hljóti að vera sú að það sé best að leyfa veiðarnar þegar að sumri og láta það síðan ráðast hvort veiðist eða veiðist ekki en láta það ekki dragast fram á haustið eins og nú hefur gerst að veiðarnar geti hafist. Ég held að það hljóti að vera æskilegri stefna að þannig sé á málum haldið og í því skyni var fyrirspurnin fram borin að tækifæri gæfist til að vekja athygli á þessu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Staðreynd málsins er sú að þegar ástand stofnsins hefur leyft hafa veiðar hafist á haustin. Það er síðan eðlilega mat útgerðarmanna og verksmiðjustjóra að finna út úr því hvenær hagkvæmast er að veiða loðnuna og vinna hana. Það er eðlilegast að atvinnugreinin sjálf finni út úr því hvenær mestur hagnaður er af veiðunum og ekki hlutverk stjórnvalda að fyrirskipa atvinnuveginum á hvern veg hann stendur að veiðunum og vinnslunni. Það er hlutverk fyrirtækjanna sjálfra að finna hagkvæmustu leiðirnar. (**RA:** Til þess þarf að leyfa þær.) Hv. þm. Veiðarnar eru leyfðar þegar ástand stofnsins leyfir. Ég hygg að við getum verið um það sammála að takmarka veiðarnar þegar mælingar benda til þess að þær gætu gengið of nærri stofninum og raskað framtíðarhagsmunum þjóðarinnar og ekki síst þeirra sem í atvinnugreininni starfa. Slík slys viljum við forðast með hagsmuni þess fólks sem veiðarnar stundar og hefur vinnslu af veiðunum í huga.

Innheimta opinberra gjalda, ein umr.

Fsp. RG, 78. mál. — Þskj. 79.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til fjmrh. á þskj. 79 er um hvort fjmrh. hyggist grípa til sérstakra aðgerða til að bæta skattskil og innheimtu opinberra gjalda, og ef svo er til hvaða aðgerða?

Eru uppi áform um að bæta framtalsskil einstaklinga og lögaðila í ljósi upplýsinga sem fram komu á þskj. 962 á 113. löggjafarþingi um að á tíunda þúsund einstaklinga og yfir 30% lögaðila skiluðu ekki framtali á tilskildum tíma á sl. ári?

Virðulegi forseti. Árið 1986 var lögð fram á Alþingi svokölluð skattsvikaskýrsla og vakti hún mikla athygli. Í skýrslunni var að finna tillögur til úrbóta í skattamálum og tillögur í nokkrum liðum um eflingu skatteftirlits. Í fyrrasumar birtist í Morgunblaðinu mikil grein um svokallað neðanjarðarhagkerfi og var umfjöllunin tengd skýrslu skattsvikanefndarinnar. Í umfjölluninni var staðhæft að velta neðanjarðarhagkerfisins á árinu 1990 væri um 20 milljarðar kr. eða um 6% vergrar landsframleiðslu og hefði vaxið úr tæpum 5 milljörðum frá 1986. Talið var að tekjutap ríkisins næmi um 4 milljörðum kr. í formi glataðra skatta á árinu 1990. Hvort sem þessar tölur eru réttar eður ei eru margir þeirrar skoðunar að of litlu fé og mannafla sé varið til skatteftirlits og skattrannsókna hér á landi.

Tillögunum sem skattsvikanefndin setti fram fyrir fimm árum hefur ekki verið hrint í framkvæmd þótt skilja megi að þær hafi þótt nauðsynlegar og um þær verið nokkur sátt. Komið hefur fram að innheimta neysluskatta hafi batnað til muna með tilkomu virðisaukaskatts og fækkun undanþágna. Eins gerði fyrrv. fjmrh. góða gangskör varðandi skattskil fyrirtækja. Hins vegar er talað um svimandi upphæðir í töpum sem fyrirtæki hérlendis eru sögð eiga sem þau geta notað þannig að skattgreiðslur verða litlar sem engar jafnvel á næstu árum.

Á sl. vetri bar ég fram fyrirspurn varðandi skattframtöl og í skriflegu svari undir lok þings komu fram athyglisverðar upplýsingar, m.a. að frá 25% og upp í 30% lögaðila fengu áætlaða skatta á sl. fjórum árum og þar af 2860 aðilar árið 1990. Þegar skoðað er í svarinu hve stór hópur einstaklinga fær áætlaðan skatt kemur í ljós að þeir eru á tíunda þúsund og að 5000 þeirra gera ekkert í málinu. Liðlega 800 manns hafa látið áætla á sig í fjögur ár samtals um 2000 manns í þrjú ár samtals og upp undir 5000 manns í tvö ár samtals. Því er haldið fram í ákveðnum hópum að það borgi sig að telja ekki fram til skatts þó að mati skattstjóra sé talið afar ósennilegt að gjaldendur hafi af því fjárhagsleg-

an ávinning. Ég spyr: Hyggst hæstv. fjmrh. grípa til aðgerða varðandi þessi mál?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svör við fyrirspurnum á þskj. 79 vil ég segja þetta:

Frá því fyrr á þessu ári hefur staðið yfir sérstakt átak til að bæta innheimtu opinberra gjalda. Hefur það enn sem komið er fyrst og fremst beinst að innheimtu virðisaukaskatts, staðgreiðslu tekjuskatts og launaskatts. Hefur ráðuneytið á þessu tímabili fylgst náið með innheimtu hjá hverju og einu innheimtuembætti, unnið upplýsingar úr ríkisbókhaldi og álagningarkerfum skattkerfisins. Innheimtumönnum eru reglulega sendar upplýsingar um þá aðila sem skulda verulegar fjárhæðir og óskað aðgerða þeirra og skýringa á skuldastöðu gjaldenda. Telja má víst að með þessu hafi náðst verulegur árangur þótt erfitt sé að mæla hann þar sem ekki er vitað hver framvinda hefði orðið án þessara aðgerða. Sem dæmi má nefna að af rúmlega 39 milljarða virðisaukaskatti sem lagður var á vegna viðskipta á árinu 1990 voru um 1,7 milljarðar útistandandi í byrjun maí sl. Í lok október hafði þessi tala þrátt fyrir viðbót vegna dráttarvaxta lækkað í tæplega 1,4 milljarða eða um 3,5% álagningarinnar.

Enn fremur má nefna að ógreidd en gjaldfallin staðgreiðsla vegna áranna 1988–1990, að frátöldum skattaðilum sem komnir voru í gjaldþrot, lækkaði úr rúmlega 1 milljarði í júní í um 550 millj. kr. í október sl. Er það um 0,8% af gjaldfallinni staðgreiðslu þessara ára hjá öðrum en þeim sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta. Óafskrifaðar skuldir á þessum árum hjá aðilum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta námu á sama tíma um 1,45 milljörðum eða um 1,8% gjaldfallinnar staðgreiðslu. Áformað er að halda áfram ströngu eftirliti með innheimtu. M.a. er ætlunin að koma upp kerfisbundnu mati á innheimtu allra stærri gjaldtegunda í hverju innheimtuumdæmi um sig og upplýsa innheimtumenn reglulega um stöðu umdæmisins og breytingar sem á henni verða.

Það má geta þess að lokum varðandi fyrri fyrirspurnina að fjmrn. gaf fyrir skömmu út handbók um innheimtu opinberra gjalda og væntir ráðuneytið þess að hún verði til að auka skilvirkni innheimtu og auka samræmi í þessum efnum milli innheimtuembætta.

Varðandi síðari fyrirspurnina vil ég segja þetta: Eins og fram kom á þskj. 962 á 113. löggjafarþingi Íslendinga sættu 9.400 einstaklingar og 2.900 lögaðilar áætlun gjaldstofna við álagningu opinberra gjalda árið 1990 vegna vöntunar skattframtala þeirra. Árlega eru það þess vegna, eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda, um 10.000 aðilar sem senda kæru til skattstjóra eftir að álagning liggur fyrir. Á árinu 1990 barst skattstjórum alls 10.200 kærur. Þar af voru ný framtöl í stað áætlunar nálægt 3.000. Á árinu 1991 var fjöldi kæra 9.114. Þar af voru ný framtöl í stað áætlunar 2.700. Eftir lok kærufrests senda allmargir aðilar, eða um það bil 1.000–1.500 árlega, ný framtöl til ríkisskattstjóra og óska eftir að þau verði lögð til grundvallar álagningu í stað eldri áætlana. Þannig leiðréttist allt að helmingur framtala þeirra aðila sem sæta áætlun í frumálagningu á næstu árum þar á eftir. Eftir stendur allnokkur hópur sem ekki skilar framtali hvað sem á gengur.

Hjá embætti ríkisskattstjóra hefur undanfarna mánuði verið unnið að undirbúningi að verulega breyttri framkvæmd álagningar á einstaklinga utan rekstrar. Þar er gert ráð fyrir að skattyfirvöld útbúi skattframtöl fyrir einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Það verður prentað á eyðublaðið. Tölvutæknin notuð og þannig sparaður mannafli. Með þeim hætti er tryggt að ýmsir aðilar, sem á undanförnum árum hafa ekki skilað skattframtali vegna sinnuleysis, munu ekki sæta áætlun í framtíðinni. Þó er ekki unnt að koma slíku fyrirkomulagi við hjá einstaklingum sem stunda atvinnurekstur þar sem bókhaldsskyldum aðilum ber að skila ársreikningi með skattframtali.

Varðandi lögaðila sem hafa sætt áætlun þarf að taka fram að útbúið er áætlunarframtal fyrir allmarga lögaðila sem ekki eru beinlínis í rekstri. Í sumum tilfellum er áætlunarstofn á þá aðila 0 kr. Það á þó ekki við þá aðila sem skatturinn telur að stundi atvinnurekstur samkvæmt svokölluðum ytri gögnum.

Virðulegur forseti. Almennt séð er það vissum erfiðleikum háð fyrir skattyfirvöld að knýja gjaldendur til að skila skattframtali. Mjög áberandi athygli er vakin á skilafresti skattyfirvalda einstaklinga utan rekstrar og jafnframt er öllum þeim sem hafa framtalsgerð að atvinnu veittur frestur með ýmsum skilyrðum. Öllum þeim aðilum er vitaskuld mætavel kunnugt um fresti sem skattyfirvöld hafa lögum samkvæmt eða eftir annarri ákvörðun til að taka á móti framtölum. Skattyfirvöld hafa í sjálfu sér engin önnur úrræði til að knýja fram skil á framtali en að uppfylla skilyrði laga um tekjuskatt og eignarskatt þar sem segir að skattstjóri skuli áætla tekjur og eign skattaðila svo ríflega að eigi sé hætta á að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær í raun og veru eru og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun að teknu tilliti til álags skv. 106. gr. sömu laga. Þeim úrræðum er að sjálfsögðu beitt.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör. Ég er sérstaklega ánægð að heyra um þær aðgerðir sem eru í gangi og tel að það verði til mikilla bóta að útbúin verði slík handbók sem hann nefndi hér. Það kemur mér ekki á óvart að heyra að það er enn þá svipuð staða uppi, það er um helmingur sem skilar ekki skattframtali eftir kærufrest. En ég bind nokkrar vonir við þessar upplýsingar um undirbúning að breyttu fyrirkomulagi varðandi skattskýrslur einstaklinga því þó skattskýrslan hafi einhvern tíma haft það hlutverk fyrst og fremst að mæla tekjur til skatts, þá gegnir hún miklu víðtækara hlutverki í dag þar sem samkvæmt skattskýrslu eru mældar tekjur fólks til þess að leggja mat á upphæð ýmissa endurgreiðslna. Skattskýrslan er orðin mikilvægur þáttur varðandi hvers konar tekjutengingu greiðslna hvað varðar Lánasjóð ísl. námsmanna, endurgreiðslur, vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa, lífeyrisgreiðslur vegna

tekjutryggingar og lengi mætti telja.

Það hefur líka komið í ljós, og ég þekki dæmi um það, að þar sem metin er greiðslugeta fólks vegna húsnæðiskaupa þá er það orðinn hvati til þess að hafa skattskýrsluna í lagi. En það er fyrst og fremst mikilvægt að sporna við skattsvikum og auka skattskil. Það er réttlætismál gagnvart öllum þeim sem allt sitt líf greiða sinn skerf til samneyslunnar og það er ákveðinn hópur launafólks sem greiðir alltaf skattana. Fólk sem skilar ekki sínu skattframtali — skattframtalið fer þá að verða siðferðis- eða reikningspróf þar sem allar upplýsingar um launamann eru til annars staðar í opinberum gögnum ef það eru þeir eingöngu sem skila skattframtali en ekki aðrir því að þegar birt eru í dagblöðum hæstu opinber gjöld eftir álagningu hverju sinni vekur það athygli að þeir eru gjarnan lægstir í hverjum hátekjuhópi sem fá áætlaða skatta.

Það er ekki gengið sérstaklega eftir því hjá gjaldendum eins og kom fram í máli ráðherra að framtali sé skilað, enda ekki gert ráð fyrir slíkum eftirrekstri í lögum og það er það sem ég tel mjög mikilvægt. Það ber vott um aðhaldsleysi að fylgja því ekki eftir að skattskýrslu sé skilað og það væri alger háðung gagnvart öllum þeim sem sitja sveittir yfir skattskýrslunni sinni í ársbyrjun ef þeir sem láta hana lönd og leið hafa af því fjárhagslegan ávinning.

Heimild handa erlendum skipum til að landa í íslenskum höfnum, ein umr.

Fsp. GuðjG, 82. mál. — Þskj. 84.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. sjútvrh. er svohljóðandi:

„Stendur til að gera breytingar á lögum nr. 33/1922 til að heimila erlendum skipum að sækja þjónustu og landa afla í íslenskum höfnum?"

Fyrir tæpum 70 árum voru sett lög hér á landi um rétt til fiskveiða í landhelgi. Samkvæmt þessum lögum hafa íslenskir ríkisborgarar einir heimild til að stunda fiskveiðar við landið og aðeins má nota íslensk skip til veiðanna. Erlendum skipum er samkvæmt lögunum á sama hátt bannað að verka veiði sína í íslenskri landhelgi svo og að flytja hana í land til verkunar. Enn fremur er þeim bannað að hafast hér við til að stunda veiðar utan íslenskrar landhelgi. Undanþáguákvæði eru í lögunum sem heimila sjútvrh. að gefa innlendum vinnslustöðvum leyfi til að kaupa afla af erlendum skipum í íslenskum höfnum. Stjórnvöld hafa túlkað þessi lög þannig að í þeim felist bann við því að erlend skip, sem eru að veiðum fyrir utan fiskveiðilögsöguna, komi hér að landi til viðgerða eða til að sækja aðra þjónustu. Það er augljóst að þessi túlkun hindrar erlend skip í að eiga viðskipti við Íslendinga.

Nú er það svo að ýmsar þjóðir stunda árstíðabundnar veiðar fyrir utan fiskveiðilögsöguna. Þjónusta við þau erlendu skip sem veiðarnar stunda fer að mestu fram í nágrannalöndum okkar og er þar um töluverð viðskipti að ræða. Telja má nokkuð víst að í mörgum tilfellum mundu þessi skip snúa sér hingað ef hindranir væru ekki í veginum. Danir, Norðmenn og Færeyingar hafa samið við Sovétmenn um viðgerðir og þjónustu sem m.a. er greitt fyrir með fiski. Þannig fá þeir afla í gegnum vinnslustöðvar sínar og fiskmarkaði. Það er stefna Dana að verða miðstöð sjávarútvegsviðskipta á Norður-Atlantshafssvæðinu um aldamótin, ekki aðeins með afla heldur unnar afurðir, tæki, búnað og ráðgjöf á sjávarútvegssviði.

Helsta ástæða þess að lögunum hefur ekki verið breytt er sú hin sama og upphaflega að þeim er ætlað að gera erlendum veiðiskipum erfitt fyrir með veiðar úr fiskstofnum okkar. Í þessu sambandi þarf að hafa það í huga að frá því að lögin voru sett hefur fiskveiðilögsaga Íslands stækkað úr 3 sjómílum í 200. Þar með hefur forræði okkar yfir fiskstofnunum aukist og mikilvægustu nytjastofnar okkar, sem útlendingar áttu auðveldan aðgang að á þeim tíma sem lögin voru sett, halda sig nú að mestu innan núverandi fiskveiðilögsögu.

Íslenskar skipasmíðastöðvar hafa átt við verulegan verkefnaskort að stríða á síðustu árum og starfsmönnum þeirra hefur fækkað jafnt og þétt og lætur nærri að þeim hafi fækkað um helming á síðasta áratug. Skipasmíðastöðvum hefur fækkað og þær sem enn eru í gangi berjast í bökkum. Allar nýsmíðar skipa fara fram erlendis þar sem þær eru stórlega niðurgreiddar. Meðan við teljum okkur ekki hafa efni á að niðurgreiða skip sem smíðuð eru á Íslandi er það minnsta sem við getum gert að verða við þeim óskum Landssambands iðnaðarmanna og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja að breyta lögunum frá 1922. Landssamband veiðarfæragerða hefur sett fram sams konar óskir. Það er augljóst að skip sem er að veiðum utan landhelgi fer varla í land til að leita eftir viðgerðum og þjónustu ef það fær ekki að selja afla sinn um leið. Það verður enda að teljast eðlilegt að heimila erlendum veiðiskipum að landa afla sínum hér á landi á sama tíma og fiskvinnslan á í vök að verjast vegna útflutnings á ferskum fiski.

Það er því eindregin skoðun mín að afnema beri hömlur á þjónustu við erlend fiskiskip í íslenskum höfnum. Löndun á afla erlendra veiðiskipa og annar innflutningur á fiski til vinnslu í íslenskum fiskiðjuverum verði jafnframt frjáls.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að rétt væri að breyta þessum lögum og heimila erlendum fiskiskipum að leita hér hafnar til þess að landa afla og fá þá þjónustu sem þau óska eftir. Mál af þessu tagi hafa nokkrum sinnum verið flutt á Alþingi. Meðan Alþingi var deildaskipt var það jafnan samþykkt í neðri deild þingsins en efri deild hindraði af einhverjum ástæðum jafnan framgang þess.

Ég hef undirbúið lagabreytingar af þessu tagi í ráðuneytinu. Þessi atriði hafa jafnframt verið til umræðu í

samningum við Evrópubandalagið um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis og aðild Íslands að því og rétt þótti að bíða niðurstöðu þeirra viðræðna. Ég lagði í þeim samningum mikla áherslu á rétt Íslands til þess að hindra löndun ef um væri að ræða veiði úr fiskstofnum sem væru sameiginlegir en ekki hefði verið samið um skiptingu á. Í þessum samningum fékkst viðurkenning á þessari eðlilegu kröfu okkar þannig að það er viðurkennt, ef um er að ræða sameiginlegan stofn og um er að ræða verulegan ágreinining af okkar hálfu um veiðar á slíkum stofni, að við höfum rétt til þess að banna löndun á slíkum fiski. Það tel ég vera nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að hafa fengið slíkt ákvæði fram.

Nú þegar þessi niðurstaða er fengin er unnt að ljúka við gerð þess frv. sem hefur verið í undirbúningi í ráðuneytinu. Ég hef gert ráð fyrir því að leggja frv. fyrir ríkisstjórn nk. þriðjudag og vænti þess að sameining Alþingis í eina málstofu tryggi nú öruggan framgang málsins og tek undir þau sjónarmið að fyrir löngu hefði átt að vera búið að gera hér á breytingar og afnema þær hindranir sem falist hafa í lögunum frá 1922.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vildi aðeins láta það koma fram að þingmenn Alþfl. hafa ítrekað látið það uppi í fjölmiðlum síðustu vikur að þeir eru með í undirbúningi frv. sem lýtur einmitt að þessu efni. Mér var ekki kunnugt um að sjútvrh. eða ríkisstjórnin væru með slíkt frv. í undirbúningi. Ég taldi raunar að þær óljósu fregnir sem væru af breytingum á þessum lögum tækju einungis til þess fyrirhugaða samnings sem er nú að verða um Evrópskt efnahagssvæði og mundi þar af leiðandi einungis vera breyting sem leiddi til þess að skipum sem koma frá löndum sem eiga aðild að því svæði yrði þetta heimilt. Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa þessa heimild mun víðtækari, þ.e. að veita einnig sovéskum og kanadískum skipum, sem hafa í gegnum árin sýnt áhuga á því að koma hingað til viðgerða og til að landa sínum fiski, slíka heimild. Og ég tel auðvitað eins og málum er nú komið að fyrir fiskmarkaði hér á Íslandi skipti þetta verulegu máli. Ég tel líka að þetta geti skipt miklu máli fyrir smiðjur víðs vegar um landið sem nú eiga í verulegum erfiðleikum.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. skýr svör og fagna því sem fram kom í máli hans að hann hyggist leggja frv. um þetta mál fyrir Alþingi á næstunni. Ég er sannfærður um að þetta er mikið hagsmunamál fyrir þær atvinnugreinar sem stunda viðskipti við sjávarútveginn, t.d. skipasmíðastöðvar, veiðarfæraverkstæði og framleiðendur tækja og búnaðar, olíufélög, verslun og fleiri. Ýmsir aðilar í þessum greinum hafa misst af verulegum viðskiptum, bæði vegna samdráttar hjá útgerðinni vegna minnkandi aflaheimilda og eins vegna þess að mörg stór verkefni hafa farið til þeirra þjóða sem stunda hvað villtastar niðurgreiðslur.

Það má geta þess að þegar viðskipti við grænlensk skip fóru fram á Ísafirði var talið að þau hefðu á árinu 1988 numið hátt í 200 millj. kr. á verðlagi þess árs og því má ætla að hér sé um að ræða upphæðir sem hlaupi á hundruðum milljóna á ári. Það má einnig vænta þess að þetta leiði til þess að erlend skip landi hér einhverjum afla og getur það bætt stöðu þeirra fiskvinnslufyrirtækja sem ekki hafa nægilegt hráefni vegna þess mikla útflutnings sem á sér stað á ferskum fiski.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til hæstv. sjútvrh. fyrir skýr svör og afdráttarlausa skoðun hans á þessu máli.

Framhaldsdeildir við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, ein umr.

Fsp. RA, 69. mál. — Þskj. 70.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Í 1. gr. samnings um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, sem gerður var milli heimaaðila og menntmrn., er heimild til þess að hluti skólastarfsins fari fram annars staðar innan Norðurlands vestra en á Sauðárkróki að uppfylltum þeim almennu skilyrðum sem ráðuneytið setur. Þar er, eins og kemur fram síðar í greininni, átt við framhaldsdeildir. Nú hefur þessi skóli óskað eftir að framhaldsdeildir verði settar á stofn á Blönduósi og í Siglufirði en því miður hefur enn ekki orðið af því. Þess vegna spyr ég: „Er þess ekki að vænta að menntaráðuneytið heimili rekstur framhaldsdeilda á Siglufirði og Blönduósi í tengslum við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra?"

Í viðræðum skólans við ráðuneytið hefur komið fram sú afstaða að ráðuneytið borgi ekki í tilviki sem þessu fyrir húsnæði, rekstur og búnað framhaldsdeildanna ef þær verða starfræktar annars staðar en í höfuðstöðvunum, heldur einungis fyrir kennslukostnaðinn og að sveitarfélögin eigi að borga þennan kostnað alfarið, þ.e. húsnæðið, reksturinn og búnaðinn. Þetta kemur sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi vestra mjög spánskt fyrir sjónir. Menn sjá ekki að þetta sé í neinu samræmi við lög um framhaldsskóla og ég vil því biðja hæstv. ráðherra að víkja að þessari hlið málsins ef hann sér sér fært í svari sínu.

Hér er um það að ræða að menn vilja koma upp almennri framhaldsdeild á Blönduósi sem er fyrsta ár bóknámsins og í Siglufirði er verið að tala um vélstjóranám og sjúkraliðanám. Það er skortur á sjúkraliðum á Norðurlandi, alveg sérstaklega í Siglufirði og reyndar víðar. Konur, sem hafa stundað nám í framhaldsdeild grunnskólans á Siglufirði, hafa mikinn hug á því að stunda þetta sjúkraliðanám þannig að það má segja að í báðum tilvikum sé alveg ljóst að það skorti ekki nemendur heldur er talsverð eftirspurn eftir því að komast í þetta framhaldsnám. Vandi sjúkrahúsa á svæðinu er talsverður og þarna er einmitt verið að reyna að ráða bót á viðvarandi vandamáli. Því virðist þetta vera mikið þjóðþrifafyrirtæki að ráðuneytið heim-

ili þessar framhaldsdeildir. Þess vegna er spurt um þær hér.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt er svohljóðandi, fyrst varðandi framhaldsdeild við Grunnskóla Siglufjarðar.

Framhaldsdeild hefur verið starfrækt við Grunnskóla Siglufjarðar undanfarin ár, að vísu með hléum þegar ekki hefur verið næg aðsókn að deildinni. Sl. sumar sóttu Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Grunnskóli Siglufjarðar um að fá að starfrækja bóklegt nám fyrir sjúkraliða við framhaldsdeildina frá og með hausti 1991. Þeirri beiðni var synjað vegna þess að ekki hafði verið gert ráð fyrir þeirri starfsemi á fjárlögum ársins.

Einnig sótti skólinn um leyfi til að starfrækja tímabundna kennslu á vélstjórnarbraut. Þeirri beiðni var hafnað á sömu forsendu og sjúkraliðanáminu. Ráðuneytið telur vafasamt að unnt verði að verða við beiðni um sjúkraliðanám og vélstjórnarnám á næsta fjárlagaári nema viðbótarfjármagn fáist á fjárlögum til reksturs framhaldsdeilda.

Varðandi framhaldsdeildina á Blönduósi vil ég segja þetta: Það hefur ekki komið fram formleg umsókn frá heimamönnum um stofnun framhaldsdeildar á Blönduósi samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá embættismönnum ráðuneytisins. Hins vegar komu forsvarsmenn sveitarfélagsins í ráðuneytið fyrir nokkru og spurðust fyrir um hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til að slíkri deild yrði komið upp.

Það má gera ráð fyrir að ráðuneytið fjalli jákvætt um umsókn um stofnun framhaldsdeildar á Blönduósi ef þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur um rekstur slíkra deilda er fullnægt, þ.e. að umsóknir berist frá a.m.k. 15 nemendum og að kennslukraftar og aðstaða séu fyrir hendi.

Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi um að ráðuneytið greiddi ekki kostnað vegna húsnæðisrekstrar og búnaðar, heldur eingöngu kennslukostnað, þá þekki ég ekki þá afstöðu ráðuneytisins en skal kynna mér hana. En ástæða synjunarinnar í þessu tilviki er sem sagt önnur; framlög voru ekki á fjárlögum og eru ekki í fjárlagafrv. en það getur auðvitað staðið til frekari athugunar. Það er sem sagt ástæða synjunarinnar.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Hann sagði hér áðan að ekki hefði borist formleg umsókn frá Blönduósi um framhaldsdeild þar. Ég vil upplýsa ráðherrann um það að í fjárlagatillögum Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki fyrir árið 1991, sem sendar voru frá Sauðárkróki 18. apríl 1990, kemur fram bein ósk um það að Fjölbrautaskólinn standi að framhaldsdeild í Húnaþingi. Þannig má segja að sú beiðni kemur fram frá skólanum þegar á árinu 1990. Það er augljóst mál að ekki er lengur raunhæft að tala um þetta nám á þessu hausti þar sem þessu var synjað og ekki er um neinar fjárveitingar í fjárlögum 1991 að ræða en við skulum vona að málið verði tekið til nánari skoðunar við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1992 og ég vænti þess fastlega að það megi skilja orð hæstv. ráðherra á þann veg að hann sé því vinveittur og vilji athuga það mál nánar.

Ég þakka svo ráðherranum fyrir svör hans og bið hann að athuga málið betur. Það hafa komið upp ágreiningsefni milli heimamanna og ráðuneytisins um kostnaðarhlutdeild sem, eins og ég sagði hér áðan, koma heimamönnum mjög spánskt fyrir sjónir. Menn telja að það sé ekki í neinu samræmi við lög um framhaldsskóla sem þar hefur verið sett fram og ég vil eindregið óska eftir því við ráðherrann að hann kanni það mál frekar og verði vinsamlegur og hjálpi til að tryggja að þetta nám verði sett á stofn á næsta ári í samræmi við afgreiðslu fjárlaga sem vonandi verður jákvæð.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir að ég mun athuga þetta mál af fullri vinsemd. Mér er ljóst að það er þó nokkur hópur sem sækir eftir námi, bæði vélstjórnarnáminu og sjúkraliðanáminu, en hann nær ekki þeirri tölu sem ráðuneytið hefur hingað til miðað við, en ég mun athuga þetta mál sérstaklega.

Um þingsköp.

Röðun mála á dagskrá fyrirspurnafunda.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er von að forseti hafi orðið undrandi. En það sem mér liggur á hjarta þegar þessum fyrirspurnatíma er nú lokið er þetta:

Eins og mönnum er kunnugt hafa þingmenn verið leystir undan þeirri kvöð að sitja fyrirspurnafundi ef þeir eiga ekki mál á dagskránni eða hafa ekki áhuga á að fylgjast með umræðum. Nú er það þannig með ráðherra, a.m.k. með mig, að ég tel mig hafa allt annað og þarfara með minn tíma að gera en að sitja hér undir fyrirspurnum og svörum við þeim sem koma ekki mínu ráðuneyti við eða vekja ekki áhuga minn. Þess vegna fer ég þess vinsamlegast á leit við forseta að forseti raði á dagskrána þannig að mál ráðherra komi í röð. Ég sé alveg hvernig forseti raðar á dagskrána og það er mjög eðlilegt í hlaupandi númeraröð mála. En forseti hefur vald til þess að breyta röðinni, hefur reyndar gert það í dag einu sinni í samráði við mig en tvisvar sinnum ekki og þetta varð til þess að ég hef þurft að sitja hér frá því kl. 10.30 og til kl. að verða 12.30. Ég er ósáttur við þetta og vænti þess að forseti taki þessa vinsamlegu beiðni mína til greina.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti skal taka þessa vinsamlegu beiðni til greina og skoða hvort ekki er hægt að taka meira tillit til þessa heldur en raun ber vitni, en eins og hæstv. ráðherra nefndi réttilega er þarna annars vegar um það að ræða að málin koma á dagskrá í þeirri röð sem þau berast og hins vegar að reyna að gera hæstv. ráðherrum þægilegra fyrir með því að þeir geti fengið að mæla fyrir sínum málum í röð þó að málsnúmer segi

ekki til um það, en þetta yrði þá að gerast í samráði við þingmenn sem eiga mál á dagskrá. En það urðu mistök á fundinum og það vill forseti viðurkenna og biðjast velvirðingar á að hafa ekki haft samráð við hæstv. menntmrh. en það var eingöngu af klaufaskap forseta og misgáningi sem það gerðist.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Mig langar að skjóta inn einu orði varðandi þessa umræðu. Ég tel eðlilegast að fyrirspurnum væri raðað þannig upp að þær fyrirspurnir sem væru til eins ráðherra lægju saman, væri þá öllum svarað hverri á eftir annarri og síðan yrði fylgt röðinni eins og hún birtist í dagskránni. Ég held að þessar tvær reglur mundu auðvelda okkur öllum störfin og vildi koma þessari ábendingu á framfæri til forseta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti þakkar góðar ábendingar.

22. FUNDUR

fimmtudaginn 7. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að þegar lokið er afgreiðslu þriggja fyrstu mála á dagskránni munu fara fram umræður utan dagskrár samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hver umræða má ekki standa lengur en í hálftíma. Það eru fjórir hv. þm. sem hafa óskað eftir umræðu utan dagskrár og hefur forseti orðið við þeim óskum. Þetta eru hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv., sem vill ræða um stefnu ríkisstjórnarinnar í kjaramálum, Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., sem vill ræða um samgöngumál á Austurlandi, Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv., sem vill ræða lyfjaverð til öryrkja og Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., sem vill ræða um málefni Ríkisútvarpsins. Forseti væntir þess að þessar umræður geti hafist sem fyrst eða eigi síðar en kl. 3, en það ræðst auðvitað af afgreiðslu dagskrármálanna eins og áður segir. Að loknum þessum umræðum utan dagskrár verður haldið áfram umræðum samkvæmt dagskránni til kl. 6.30.

Samráðsfundir forseta og formanna þingflokka.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill í tilefni þeirra umræðna sem fram fóru hér í gær um þingsköp og snerust um samráð forseta og þingflokksformanna skv. 1. mgr. 72. gr. þingskapa taka fram eftirfarandi: Forseti telur að þessir samráðsfundir, sem hafa verið heföbundnir hér í þinginu þótt þetta samráð hafi ekki verið lögfest fyrr en í nýjum þingsköpum, hafi verið mjög gagnlegir og ánægjulegt samstarf hafi tekist á þessu þingi milli forseta og þingflokksformanna um skipulagningu þingstarfa. Við höfum á þessum fundum farið yfir drög að dagskrám næstu fundardaga og reynt að ná samkomulagi um málsmeðferð. Það hefur yfirleitt tekist og þingstörfin gengið samkvæmt því. Hins vegar hefur stundum farið svo að mál hafa skipast með öðrum hætti en að var stefnt en við því er lítið að segja og forseti vill ekki sakast við neinn um það, allra síst formenn þingflokka. Forseti ber fullt traust til þeirra og hefur ekki reynt þá að öðru en drengskap.

Við erum nú að hefja störf á Alþingi samkvæmt nýjum þingsköpum sem á margan hátt eru frábrugðin þeim sem við höfðum áður. Það er varla von til þess að allt fari árekstralaust af stað. Við þingmenn þurfum auðvitað tíma til þess að átta okkur á nýjum vinnubrögðum og forseti vonar að sátt geti tekist um þingstörfin.

Þetta vildi forseti taka fram vegna þeirra umræðna sem fram fóru í gær og ítrekar þá ósk sína og von að geta áfram átt gott samstarf við þingflokksformenn og þingheim allan eftirleiðis sem hingað til.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil þakka þá yfirlýsingu sem frú forseti gaf hér á forsetastóli. Ég tel að frú forseti hafi tekið af öll tvímæli um það að ásakanir þær um svik á gerðum samningum frá hendi okkar formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar, sem fram voru settar í grein hv. 3. þm. Reykv., eins af varaforsetum þingsins, í Morgunblaðinu í gær, séu þar með úrskurðaðar ómerkar. Ég hef ekkert á móti því að mæta til samráðsfunda á skrifstofu frú forseta, enda er það upplýst að það er einkaskrifstofa frú forseta en ekki sameiginlegt afdrep forsetadæmisins. Þar af leiðir að ég tel að nægilegt sé að samráðsfundir séu bókaðir af starfsmönnum þingins og niðurstöður undirritaðar.

Jafnframt vil ég að fram komi að við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar viljum gera allt sem við getum til að hér ríki bætt andrúmsloft í þinginu, betra andrúmsloft en verið hefur um skeið. Hér eru komnir til starfa á Alþingi aðilar sem hafa haft önnur vinnubrögð í samskiptum við stjórnarandstöðu nú í haust heldur en tíðkast hafa hér á undanförnum árum. Ég vil vona að þeir sjái að sér og sannfærist um að farsælt stjórnmálastarf felst ekki í því að berja sífellt á andstæðingunum eða neyta alltaf ýtrasta aflsmunar. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja að taka í sáttahendur ef réttar verða fram og læt í ljósi þá von að svo verði gert.

Kærar þakkir fyrir yfirlýsinguna, frú forseti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v.

Lánsfjárlög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að vekja athygli á því að þrátt fyrir örstuttan stans hæstv. viðskrh. í þinghúsinu í gær, þá er hann ekki hér á ráðherrabekkjum nú og þetta mál er mjög erfitt að ræða í fjarveru hæstv. viðskrh. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er væntanlegur hér að því er forseti best veit eftir 5 mínútur. Hann þurfti að sinna öðrum störfum viðkomandi sínu embætti í hádeginu og forseti veit ekki annað en hann verði kominn hér korter yfir eitt og vil þá biðja hv. þm. um að hefja sína ræðu ef hann telur sér það fært og í þeirri trú að hæstv. viðskrh. verði kominn á meðan sú ræða stendur yfir.)

Ég þakka hæstv. forseta upplýsingar og vænti þess að það megi standa að viðskrh. verði hér innan stundar í húsinu.

Hér hafa farið fram málefnalegar umræður um frv. til lánsfjárlaga. Mig langar að koma að nokkrum atriðum sem minnst var á í ræðum manna í gær, ekki síst um vaxta- og peningamál. Menn höfðu á orði í gær að andrúmsloftið í húsinu hefði breyst eftir þau átök sem þá áttu sér stað, eftir að menn höfðu gagnrýnt hin röngu og ósanngjörnu skrif hv. 3. þm. Reykv. sem hann hefur nú beðist afsökunar á og forseti komið með yfirlýsingar um. Það kann að vera að fleira valdi þeirri sátt sem er að takast um störf þingsins í bili. Hæstv. forsrh. hefur ekki verið í húsinu í dag eða gær. Kann það að vera einhver skýring, ekki síst vegna ummæla hans og ég vil segja hatursfullra ádeilna á fyrrv. ríkisstjórn og marga stjórnmálamenn hér á Alþingi á síðustu vikum og mánuðum. Er það gerbreyttur tón svo að ekki er að undra þó að hér hafi verið og muni verða á næstu vikum mjög hörð átök því að ummæli forsrh. um fortíðina, sem hann sífellt tönnlast á, hafa gefið það til kynna. Þau hafa ekki bara snúið að okkur stjórnarandstæðingum. Þau hafa snúist af meiri heift en fyrr að mörgum félögum forsrh.

Ég ætla í upphaf máls míns að minna á þau ummæli forsrh. að margir stjórnmálamenn hafi haft tilhneigingu til þess þegar þeir hafa komið að því að úthluta fé almennings að gera það jafnvel með ólögmætum hætti. Þessi ummæli forsrh. eru náttúrlega fyrir neðan allar hellur og eru auðvitað að stórum hluta völd að þeim óróa sem hér hefur verið í þinginu, og sem þegar er að verða í þjóðfélaginu. Þessi ummæli beinast ekki eingöngu að stjórnarandstæðingum því að þau hafa fallið af meiri heift en þekkst hefur að samherjum forsrh. Ég hygg að hv. þm. Matthías Bjarnason eigi margar andvökunætur. Hans andvökur stafa ekki af fortíðinni. Hans andvökur stafa af ótta við framtíðina, ótta við þau nýju viðhorf sem hafa fylgt nýjum mönnum inn í forustu í flokki hans í ummælum sem hér hafa fallið á þingi. Ég er sannfærður um að þessir menn eiga fáa kosti aðra en að stefna forsrh. fyrir þessi ummæli. Og það er kannski athyglisvert að í ríkisstjórninni sjálfri sitja ýmsir þeir sem þarna liggja undir sök.

Hæstv. samgrh. Halldór Blöndal er einn af þeim sem þarna eiga þunga sök, ef rétt er, sem fyrrv. stjórnarmaður í Byggðastofnun. Ég hygg að hæstv. menntmrh. liggi einnig undir sök og þurfi að verja hendur sínar. Ég hygg að það þurfi fleiri að gera, hv. þm. Pálmi Jónsson, hv. þm. Egill Jónsson o.s.frv. þannig að það er ekkert að undra þó að hér ríki á hinu háa Alþingi alvarlegri deilur en fyrr á milli þingmanna innan flokka og ekki síður á milli stjórnar og stjórnarandstöðu þegar slík ummæli hafa fallið sem hér hefur verið lýst.

En hver var hún þessi fortíð sem forsrh. er alltaf að sakast við? Hann virðist ekki sjá til sólar og snýr jafnvel öfugt á þjóðarskútunni, maðurinn sem á að standa í stafni, takast á við storma og stýra fari heilu til hafnar. Hver er þessi fortíð sem hann svo hart deilir á?

Ég gerði það mér til gamans að fletta upp skjölum til fróðleiks. Ég gæti t.d. verið með dánarvottorð eða grafskrift um verk fyrri ríkisstjórnar sem mér finnst skylt að lesa upp. Hér kom til landsins á haustmánuðum 1990, eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði tekist á af krafti við landsmálin í tvö ár, sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til þess að taka út íslenska efnahagslífið. Hver var fortíðarvandinn sem þessi sendinefnd benti á? Var hér allt í kaldakoli eða höfðu menn tekist á við stjórnmál og efnahagsmál Íslendinga af meiri krafti en fyrr? Með leyfi forseta ætla ég að grípa örfáar setningar úr áliti þessarar alþjóðlegu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 21. nóv. 1990, en þar segir:

„Grundvallarþættir íslensks efnahagslífs hafa tekið stórstígum framförum á síðustu árum. Stjórnun ríkisfjármála og peningamála hefur batnað til muna, verðbólga hefur verið lækkuð í þriðjung þess sem hún var fyrir 1–2 árum og hagkerfi kemur út úr samdráttarskeiði betur í stakk búið til þess að mæta tímum hagvaxtar. Þessar breytingar hafa gerst samtímis efnahagslegum erfiðleikum en það er einmitt á slíkum tímum sem Íslendingar hafa reynst úrræðagóðir og vandanum vaxnir."

Síðan fjallar sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins enn frekar um málin og segir: „Ef litið er á ríkisfjármál og peningamál er augljóst að mestur árangur hefur náðst í lækkun verðbólgu og er þetta afleiðing ábyrgrar stefnu í launamálum, festu í gengismálum og frekari styrkingar opinberra fjármála.

Í öðru lagi hefur verið náð verulegum árangri í því að styrkja stöðu ríkisfjármála sem kemur fram í því að halli á ríkissjóði hefur minnkað á skeiði samdráttar í efnahagslífinu.

Í þriðja lagi hefur átt sér stað markverð breyting í fjármögnun á halla ríkissjóðs þar sem árinu 1990 er snúið frá fyrirgreiðslu í Seðlabanka og erlendri lántöku og í stað þess byggt á sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði. Og samkvæmt áætlunum verður þessu fram haldið á árinu 1991.

Í fjórða lagi, til viðbótar þessum síðasta lið, gefur ný löggjöf um Seðlabankann skýrari vísbendingar um skyldur hans og takmarkar aðgang ríkissjóðs að fyrirgreiðslu hans, en árum saman var þetta atriði einn

akkilesarhællinn í íslenskri efnahagsstjórn."

Þessi lýsing er nú ekki full af sorg og kvíða eða vanþakklæti í garð þeirra manna sem höfðu stýrt efnahagslífi Íslendinga á árunum frá 1988–1990. Það kann að vera að hæstv. fjmrh. hristi höfuðið en ég sé þó að minni heilbrrh. er með þeim hætti að það hýrnar yfir honum, hann minnist þeirra björtu daga þegar hann var gerður foringi í fjárveitinganefnd og stóð að mörgum góðum verkum með fyrri ríkistjórn. Hann man þessa tíma og það glaðnar yfir svip hans yfir því að hafa verið þátttakandi í góðum verkum og góðu samstarfi. Það er í rauninni undarlegt hvernig Alþfl. hefur látið beygja sig, kreista sig og svívirða hér í þinginu og þjóðfélaginu af hæstv. forsrh. Þeim ummælum sem hann hefur viðhaft og líka látið hafa sig út í þau hræðilegu verk sem felast í stefnu núv. ríkisstjórnar og ég mun koma hér frekar að. (**Heilbrrh.:** Var þá bjart yfir sveitum þessa lands?) Því miður, hæstv. heilbrrh., það er ekki verulega bjart þessa stundina yfir sveitum þessa lands. Ég hygg að þegar hin alþjóðlega sendinefnd gjaldeyrissjóðsins kemur hér í heimsókn verði skýrslan ekki jafnbjört og þeir munu hafa sitthvað að athuga við þá fortíð sem er stutt hjá þessari ríkisstjórn, aðeins nokkrir mánuðir. En það hefur verið gæfa Íslands um langa tíð að hún hefur átt íslenska stjórnmálamenn sem hafa þorað að horfa einbeittir til framtíðarinnar. Við höfum haft stafnbúa sem hafa ekki haft allt á hornum sér eða snúið höfði sínu öfugt heldur horft og tekist á við erfiðleika stundarinnar með framtíðina í huga, enda er það svo að fortíðin er liðin. Það er framtíðin sem við tökumst á við eða byggjum okkur undir að takast á við. Við lifum í nútíðinni og það er mikilvægt að hæstv. stjórnarsinnar geri hæstv. forsrh. þetta ljóst.

Ég ætla ekki að halda því fram að núv. hæstv. ráðherrar séu vondir menn eða kjarklitlir. Hitt er svo staðreynd að valdamaður sem er hugrakkur án réttlætis er ógnun við þjóðfélagið. Það er kannski staðreyndin, þó að stór orð séu, sem við búum við, að því miður hafa margir af núv. hæstv. ráðherrum sett sig í þá stöðu að vera ógnun við þjóðfélagið. Þeir ætla að umbylta, þeir ætla að breyta, þeir valda óvissu. Meira að segja hæstv. heilbrrh. er ógnun við gamla fólkið. Það er áhyggjufullt þessa stundina. Hæstv. fjmrh. er ógnun við þá fátæku. Með gjörðum sínum veldur hann því að þeir sjá ekki til framtíðarinnar. Þeir vita ekki hvernig þeir eiga að komast af í því þjóðfélagi sem nú er á Íslandi.

En þá skulum við spyrja okkur: Hver er framtíðin? Er framtíðin á Íslandi þessa stundina björt? Það er vert að ræða um framtíðina þegar við ræðum lánsfjárlög hér á hinu háa Alþingi. Ég er ekki viss um að það fréttabréf sem ég fékk í hendurnar sé skrifað af einhverjum alþýðubandalagsmönnum eða framsóknarmönnum í vondum hug, en það er fréttabréf sem snýr að framtíðinni. Það er frá Félagi ísl. iðnrekenda þar sem þeir fjalla um þjóðarbúskapinn á Íslandi árið 1991 og reyna að horfa til efnahagsmálanna á árinu 1992. Eru þær horfur bjartar? Hvað segja þessir menn um störf ríkisstjórnarinnar og þá stefnu sem hún rekur? Þeir hafa fyrirsögnina „Meiri umsvif og meira ójafnvægi". Það er það sem þjóðin má búa við. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Á þessu ári eru horfur á að viðskiptahalli verði um eða yfir 20 milljarðar króna. Þetta er 5–6 milljörðum meiri halli en gert hefur verið ráð fyrir til þessa og um 8 milljörðum meiri halli en fram kom í síðustu spá Félags ísl. iðnrekenda."

Ýmislegt virðist vera að síga á ógæfuhliðina því að spár iðnrekendanna, sem áreiðanlega hafa lesið hina hvítu mús rækilega, standast ekki. Það horfir margt á verri veg. Þeir segja enn fremur:

„Þróun utanríkisviðskipta á þessu ári bendir til mikils ójafnvægis. Innflutningur fyrstu átta mánuðina jókst um 14% að raungildi, miðað við sama tíma fyrir ári. Samdráttur í vöruútflutningi nam á sama tíma tæplega 9% þótt verðmæti útfluttra vara sé meira nú í krónum talið." — Þeir segja enn fremur:

„Vísbendingar af vinnumarkaði benda til meiri eftirspurnar eftir vinnuafli en í fyrra. Vísbendingar eru um að landsframleiðsla verði meiri á þessu ári en árið 1990 og að vöxtur framleiðslunnar verði meiri en hingað til hefur verið gert ráð fyrir. Mestur hefur vöxturinn verið í verslun og þjónustu, en aukin umsvif byggjast á erlendum lánum eins og vaxandi viðskiptahalli ber vott um. Hagvöxturinn er því tekinn að láni erlendis."

Þetta er staðan í ár sem þeir sjá fyrir sér, félagarnir í Félagi ísl. iðnrekenda. En hvernig sjá þeir framtíðina? Þeir segja að óvissa ríki um þróun efnahagsmála á næsta ári. Gert sé ráð fyrir samdrætti í útflutningstekjum. Einnig sé gert ráð fyrir að eftirspurn innan lands hjaðni. Búist er við vaxandi viðskiptahalla á næsta ári þar sem gert er ráð fyrir því að útflutningstekjur dragist hraðar saman en innflutningur. Þegar á heildina er litið eru óvissuþættir margir og ólíklegt að sérhver þeirra þróist til verri vegar. Næsta ár mun þó einkennast af samdrætti og erfiðleikum.

Þeir hika ekki við að senda ríkisstjórninni nokkrar ráðleggingar í þessu fréttabréfi sínu og spyrja undir stórri fyrirsögn: Hvað þarf að gera? Þeir segja: Það þarf að draga úr umsvifum og lánsfjárþörf hins opinbera, lækka vexti með auknum sparnaði og minni opinberum lántökum, bæta samkeppnisstöðu án gengislækkunar, jafna starfsskilyrði með afnámi aðstöðugjalds, sem hér var mjög til umræðu í gær, afnema ríkisverndaða einangrun frá alþjóðlegri samkeppni og afnema samkeppnishindranir innan lands. Síðan segja þeir: „Ríkisstjórnin verður að setja fram tímasetta áætlun fyrir næsta missiri um aðgerðir á öllum þremur sviðum."

Hvers vegna eru þeir að senda ríkisstjórninni þessa áætlun? Hafa þeir ekki lesið hina hvítu mús? Hafa þeir komist að því sama og við að bókin er fyrst og fremst falleg á litinn, eins og helg bók að sjá, en innihaldið gagnslítið? Þar er enga stefnu að finna. Það sem er þar að finna er þó fyrst og fremst hættulegt íslensku atvinnulífi og framtíð þessarar þjóðar.

Hvað segja þeir í lokin um þessa ríkisstjórn? Þeir segja, með leyfi forseta, um hina hvítu mús trúlega:

„Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir

m.a. að það verði að skapa einstaklingum og fyrirtækjum örvandi starfsskilyrði með sanngjörnum leikreglum og stöðugleika í efnahagslífinu. Einnig segir að brýnt sé að tryggja starfsskilyrði iðnaðar- og þjónustugreina sem ekki megi búa hér við lakari aðstæður en keppinautar á helstu samkeppnismörkuðum."

Í áætluninni eru síðan fyrirheit um ýmsar aðgerðir, og þá segja þeir þetta: „Allt of margt er óljóst og eingöngu stefnt að og látið kanna." Er það ekki tilfellið að Viðeyjarsáttmálinn er ekki lengra kominn en það að í aðalatriðum fjallar hann um að stefna að og láta kanna? Síðan flumbrast ráðherrarnir áfram með hinar og þessar ákvarðanir sem koma samherjum þeirra í ríkisstjórninni oft á óvart. Hér vantar því hina markvissu stefnu. Þeir segja að það sem vanti sé tímasett áætlun um alla þætti sem skipta máli fyrir starfsskilyrði atvinnulífsins, þannig að vissa ríki um starfskjörin á næstu árum. Það er nauðsynleg forsenda þess að atvinnulífið geti snúið vörn í sókn.

Þessir menn fjalla ekki ýkja mikið um fortíðina eins og hæstv. forsrh. í þessu fréttabréfi. Áhyggjur þeirra virðast snúast að framtíðinni eins og hjá hæstv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, snúast um aðgerðir og aðgerðarleysi þessarar ríkisstjórnar sem virðist ekki hafa haldfasta stefnu í hinum mikilvægustu málum.

Ég tek undir það sem hér kom fram í gær og er vert að minnast hér á, að fjárlagafrv. boðar ekki bjarta tíð á Íslandi. Það er ekki spennandi frv. ef það kemst til framkvæmda, eins og hæstv. ráðherrar ætla sér, eins og það hefur verið sett fram. Auðvitað er það von mín að forsendum þess verði breytt og að mennirnir sjái að sér í ýmsum atriðum hvað það varðar. Það er t.d. ljóst að *þrátt fyrir kosningaloforð verða skattar hækkaðir.* Það væri t.d. fróðlegt að lesa ræður hæstv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem ég heyrði oft í gegnum vegginn á síðasta þingi, um að það bæri að lækka skatta. Nú situr þessi hv. þm. í hópi þeirra manna sem ætla að auka skattinnheimtu á Íslandi um 5 milljarða. Hafi hv. þm. lesið rangt og haldið að verið væri að lækka þá um 5 milljarða er ljóst í forsendum fjárlagafrv. að hækka á skatta á Íslandi um 5 milljarða.

Ræðurnar sem hv. þm. og fleiri flokksbræður hans fluttu á síðasta þingi hafa ekki komist inn í hina hvítu mús eða stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem nú er á Íslandi. Ég hygg að margt í fjárlagafrv. sem verður að taka til umræðu einnig muni valda því að það þrengi enn að atvinnulífinu á Íslandi, og þá ekki síst er frv. fjandsamlegt byggðum þessa lands og mun koma hart niður á samkeppnisstöðu atvinnulífsins á landsbyggðinni gagnvart atvinnulífi á höfuðborgarsvæðinu.

Ég ætla ekki undir þessum lið að ræða alla þá sérskatta sem á að leggja á sjúka, fjölskyldurnar, börnin. Það er stórmál út af fyrir sig, af flokki sem stýrir ríkisstjórninni, hefur haft kristilegt siðgæði að leiðarljósi, málefni þjóðkirkjunnar iðulega til umfjöllunar og talið hornstein þjóðfélagsins vera fjölskylduna. Mér sýnist að ef svo fer fram sem horfir í upphafi þings verði staða fjölskyldunnar á Íslandi mjög raskað. Hann verður stór sá minnihlutahópur sem ekki kemst af ef menn sjá ekki að sér á hinu háa Alþingi og breyta um stefnu.

Hæstv. forseti. Ég sakna enn hæstv. viðskrh. og bið um að kannað verði hvort hann sé enn á landinu því að mér er mikilvægt að hann sé við þá umræðu sem ég þarf hér að eiga um vaxta- og peningamál. (**Forseti:** Forseta er ljúft að upplýsa ræðumann um það að hæstv. viðskrh. er á leiðinni í þingsalinn.)

Í gær töluðu tveir hæstv. ráðherrar, fjmrh. og viðskrh., og verð ég að gera athugasemdir við ýmislegt sem fram kom í máli þeirra og reyndar nokkurra annarra hv. alþm.

Hér var mjög rætt um peninga og vaxtamál sem eðlilegt er undir þessum lið. Sumt var þar með réttu sagt og annað ekki. Auðvitað er mikilvægasta verkefni dagsins að lækka vexti og halda verðbólgu niðri. Ef íslenskum stjórnmálamönnum tekst það ekki mun atvinnulífið stranda, öll nýsköpun deyja út og allt unga fólkið með húsbréfin missa eigur sínar áður en öldin er liðin. Ef íslenskum stjórnmálamönnum tekst ekki að skapa þjóðarsátt um þetta meginverkefni mun það blasa við að hér verður hrun í atvinnulífinu og að skuldsetta fólkið með verðtryggðu lánin mun missa eigur sínar. Því er þetta brýnasta verkefnið, að ná raunvöxtum niður, halda verðbólgunni niðri og reyna að skapa betri aðstæður *fyrir atvinnulífið.* — *Það bólar ekki enn á* hæstv. bankamálaráðherra. Hefur hann gengið í húsið? (**Forseti:** Samkvæmt þeirri skrá sem forseti hefur hefur ráðherrann ekki gengið í húsið. Hann var á fundi inni í Borgartúni 6 en lofaði starfsmönnum þingsins að flýta sér og að hann mundi koma eins fljótt og kostur væri. Það eru þær upplýsingar sem forseti hefur hér í þessum forsetastóli.) (**ÓÞÞ:** Hefur hann fjarvistarleyfi?) Það er fáheyrt að hæstv. ráðherra skuli rétt reka *löppina niður á þetta volaða land sem því miður á í* erfileikum og sjái sér ekki fært að vera við þá umræðu sem skiptir miklu máli og hann hefur tekið þátt í og sagt ýmsa hluti. Hver eru úrræði forseta í þessu máli? Verður að sækja manninn í böndum eða líður ráðherranum orðið það illa hér í þinginu að hann getur ekki þolað hér við? (**Forseti:** Ég upplýsi ræðumann um að verið er að athuga hvað ferðum ráðherra líður þannig að við vonum að hann komi hingað skjótt.) (**Gripið fram í:** Hann gæti verið í Ásbyrgi.) Ég hygg að hæstv. viðskrh. sé ekki staddur í Ásbyrgi. Hann hefur gjarnan sótt í aðrar áttir hér innan lands.

Ég ætla þá að minnast örfáum orðum á ræðu hæstv. fjmrh. sem var kannski ekki mjög ítarleg í gær og snerist varla um aðalatriði máls, enda er það varla von því að aldrei fyrr hefur ráðherra farið jafnhressilegt flikk-flakk úr þingmannsfötunum yfir í ráðherrafötin.

Nú er þessi hæstv. fjmrh. ókrýndur konungur vaxtastefnunnar. Hann hefur hækkað raunvexti meira með einu pennastriki en nokkur annar ráðherra hefur gert fyrr eða síðar. Brúðkaupsnótt Viðeyjarstjórnarinnar var íslenskri alþýðu og atvinnulífinu á Íslandi dýr nótt. Þar hafa raddir þeirra fengið náð fyrir augum ríkisstjórnarinnar sem henni voru kærastir því að á þessari brúðkaupsnóttu voru raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs hækkaðir með einu pennastriki úr 6,6% upp í 8,1%.

Ég minnist þess að allir þeir sem fjölluðu um peningamál á þessum tíma áttu ekki orð. Þeir skynjuðu

ekki eða skildu þessa aðgerð ríkisstjórnarinnar. Þeir töldu hana óþarfa, töldu að það hefði þurft að hækka nafnvexti á öðrum pappírum ríkissjóðs en að hækka raunvaxtagrunninn á spariskírteinum ríkissjóðs úr 6,6% í 8,1%. Menn sáu fyrir sér að þjóðarsáttin færi fyrir bí, að sá gróði sem var að myndast í fyrirtækjunum var með einu pennastriki sem hæstv. fjmrh. hefur á þessari brúðkaupsnóttu ríkisstjórnarinnar verið píndur til að gera, sjálfsagt bestu vinum og stuðningsmönnum flokks síns til ábata. Ég efast ekki um að þarna hefur hann verið píndur á þessari brúðkaupsnótt ríkisstjórnarinnar. En hvað þýddi þessi ákvörðun? Hún þýddi samkeppnin um sparifé á Íslandi jókst. Bankarnir og peningastofnanirnar urðu að hækka sína innlánsvexti til að halda sinni stöðu á markaðinum. Þetta þýddi meira. Þetta þýddi það að raunvextir útlánanna jukust einnig.

Hæstv. viðskrh., sem nú er genginn í salinn, minnist þess, ef ég veit rétt, að honum hafði tekist sem bankamálaráðherra fyrri ríkisstjórnar að lækka raunvexti útlána um 7,5% undir lok tímabils þeirrar ríkisstjórnar. Á einu bretti með þessari ákvörðun fjmrh. í vor hækkuðu raunvextir útlánanna og hafa síðan verið í 10–11%.

Svona geta nú nætur á Íslandi verið dýrar. Það er þess vegna enn einn áfellisdómurinn um þessa ríkisstjórn sem ég er hér með í höndunum frá mikilvægum fundi sem var haldinn á dögunum. Þar sjáum við tvo dökkleita menn. Annar ber ábyrgð á atvinnulífinu á Íslandi og heitir Einar Oddur Kristjánsson og er kenndur við Flateyri. Hann segir: „Vaxtapólitíkin er að koma okkur á knén.“ En við hliðina á honum er ráðherrann sem á þessari brúðkaupsnótt tók þessar ákvarðanir, hann er glaðbeittari á svipinn og hann segir við atvinnulífið á Íslandi að sér komi þetta í rauninni ekkert við, hann segir, með leyfi forseta: „Það er ekki í verkahring stjórnvalda að marka stefnuna eða eiga frumkvæði að lækkun vaxta í þjóðfélaginu. Slíkan kúrs yrðu bankarnir að marka og ríkið gæti þá komið á eftir.“

Maðurinn sem stóð hér glaðbeittur í þingsalnum á aukaþinginu í vor og sagði að hann mundi á haustdögum lækka vextina á nýjan leik. Hann segir nú þegar kemur fram á haustið og atvinnulífið er komið á hnén að sér komi málið ekkert við. Hann sé enginn leiðtogi í þeim leik sem sé fram undan. Þó liggur það fyrir að það er raunvaxtalækkunin sem verður að eiga sér stað ef atvinnulífið á að lifa og húsbyggjendurnir eiga að halda húsum sínum.

Síðan flettum við einu dagblaðinu. Þar kemur það í ljós að þar er þessi Einar Oddur Kristjánsson orðinn einn á mynd. Um hvern er hann að tala? Hann segir: „Stefnir beint norður og niður.“ — Var hann að tala um fortíðina? Nei, hann var að tala um framtíðina, hæstv. viðskrh. Hann var ekki að tala um fortíðina sem hæstv. forsrh. er í heilögu stríði við, hann var að tala um þann farveg sem íslensk stjórnvöld hafa nú markað atvinnulífinu. Hann segir að það séu ekki bara vextirnir sem valdi sér áhyggjum. Hann segir að það sé þenslan. Það sé gengisstefnan. Mig minnir að ég hafi heyrt talað fyrr í þessum dúr „norður og niður“. Það er gott ef þau hljómuðu ekki líkt 1988 þegar atvinnulífið var komið í verulega kreppu. Skyldi það vera að hæstv. núv. forsrh. verði helmingi snjallari og helmingi fyrr að koma atvinnulífinu á Íslandi á heljarþröm en fyrirrennari hans, forsrh. sem settur var af í Sjálfstfl. 1987–1988?

Það er alvarleg staða sem vissulega blasir við. En það er líka vert að minnast þess sem vel er gert og auðvitað á þessi ríkisstjórn margan mætan manninn í sínum hópi. En það gerðist á þeim sama fundi, sem þessi ummæli fjmrh. og Einars Odds féllu, að þar talaði þó einn hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar, sem ekki er hér í þingsalnum í dag, af fullu viti. Hann talaði af fullu viti um vaxta- og peningamál og er það sjaldgæft, því miður, í umræðu um stjórnmál þegar kemur að vaxta- og peningamálum. Sá ráðherra er ekki hér með okkur í dag. Hann virðist vera fjarverandi. Það var hæst. sjútvrh. En þar talaði hann af mikilli skynsemi og virtist alveg skíthræddur við að nú stæði hann sem fagráðherra í sjávarútveginum þegar ríkisstjórn hans tækist að drepa hann endanlega. Hann hafði verið forsrh. áður þegar litlu munaði að svo færi en er nú fagráðherra greinarinnar. Hvað sagði þessi ráðherra? Hann talaði í allt öðrum dúr en hæstv. fjmrh. Það var ábyrgðartilfinning í hans ummælum. Hann sagði þann sannleika, hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson, að ríkisstjórnin bæri ábyrgð á vaxtastefnunni og hann talaði af mikilli hreinskilni. Stærstu lántakendurnir, ríkið og sveitarfélögin, verða að draga sig út af lánamarkaðinum til að minnka eftirspurn. Öðruvísi verða raunvextir ekki lækkaðir, sagði þessi ráðherra.

Hann gerði sér grein fyrir því, sem er staðreynd málsins, að auðvitað er það ríkisstjórnin og ríkið í fjárþörf sinni sem ræður raunvaxtastiginu á Íslandi. Mig minnir að hæstv. sjútvrh. hafi haldið þarna mjög góða ræðu sem ég hef ekki haft rænu á enn þá að ná mér í. Mig minnir að hann hafi talað um að það hafi verið atvinnulífið á Íslandi sem byggði allt hitt upp. Ýmsir væru farnir að halda því fram að skrauthýsi og Perlur væri það sem þjóðin lifði á. Hann vildi undir þessari ágústsól eða septembersól minna íslenska þjóð á að það er atvinnulífið sem við lifum á. Það er sjávarútvegurinn, landbúnaðurinn og iðnaðurinn sem skapar það að við getum búið hér við velmegun og haldið uppi velferðarþjóðfélagi.

Það var ekkert að undra þótt hæstv. sjútvrh. væri óttasleginn í þessari stöðu því auðvitað er það ríkisstjórnin sem ræður vaxtastefnunni, að vaxtastefnan er að ganga frá atvinnulífinu. Ekki var óeðlilegt að hann minntist á sveitarfélögin, ef það er rétt að Reykjavíkurborg sjálf býr við þann fortíðarvanda, vegna framkvæmda í skrauthýsunum sem hann minntist á, að vera nú komin 1,5 milljarð út á „fittið“. Ég hef Morgunblaðið sjálft mér til vitnis um það. Það birti þessa stóru frétt á dögunum.

Ég ætla í örfáum orðum að ræða við hæstv. viðskrh. sem nú hefur séð sér fært í önnum dagsins að eiga hér litla stund með okkur í þinghúsinu og er ég þakklátur fyrir það.

Hann og fleiri ræddu um stöðu peningamála í gær

og um þann fákeppnismarkað sem við búum við sem auðvitað er hárrétt. Í þeim efnum fannst mér bæði hjá þessum bankamálaráðherra og ýmsum þingmönnum, sem hér töluðu, að sök hárra vaxta lægi hjá hinu vonda bankakerfi. Það hafði komið fram í umræðunni og hæstv. viðskrh. bar ekki á móti því heldur tók undir og lét í rauninni að því liggja að bankarnir bæru þar alla ábyrgð.

Mér hefur nú lengi fundist að þeir menn væru dálítið glámskyggnir sem halda að allar lausnir komi að utan því einn meginkafli í ræðu hæstv. viðskrh. undir þessum lið í gær snerist um lausnirnar sem koma að utan. Nú hefur þessi hæstv. ráðherra eignast eitt mýraljósið í viðbót. Enn sér hann á svörtum haustdögum eina týruna sem muni lækna hér allar meinsemdir. Hann hefur fyrr séð týrur sem hafa átt að lækna meinsemdir. Hann hefur kveikt á ljósum og því miður hafa margir trúað honum í mörgum efnum þegar hann tekur kollsteypurnar. Ljósin hafa reynst mýraljós í orðsins fyllstu merkingu. Því er það ekkert óeðlilegt að margir hv. þm. hafi það nú orðið fyrir nokkurs konar áttavita að vera gegn því sem hæstv. viðskrh. leggur til í hinum stóru málum. Álversljósið er t.d. alltaf við næsta horn. Álversljósið er eitt stærsta málið í fjárlagafrv. en ég er búinn að vera hér í þingi í fjögur ár og hæstv. viðskrh. hefur alltaf verið með lok þess máls í næstu viku eða næsta mánuði. En alltaf hefur þetta reynst mýraljós.

Það má minna á fleiri athafnir. Mig minnir að Alþfl. og þá ekki síst viðskrh. og þáv. fjmrh. hafi séð mikið ljós og lausn eitt sinn, að stórbreyta íslenska tollakerfinu til lækkunar á öllum lúxus til þess að stöðva utanlandsferðir til kaupa á fatnaði og vörum. Tekjur ríkissjóðs áttu að margfaldast þrátt fyrir tollalækkunina. Enn þá heyrast af því fréttir að flugvélarnar fljúgi út í dagsferðir til að kaupa fatnað og lúxus. Þannig að einnig þetta varð að mýraljósi, en í staðinn situr þjóðin uppi með matarskatt, sem var lausnarorðið.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að minnast á fleiri mýraljós. Það væri líka fróðlegt að minnast á Bifreiðaskoðun Íslands sem var eitt besta fyrirtæki ríkissjóðs og malaði tekjur fyrir hann. Eitt sinn stóð þessi hæstv. ráðherra upp og sagði að það yrði að selja þetta fyrirtæki. Þjóðin vildi selja. Það yrði hagnaður skattborgarans. Þingmenn urðu bláeygir á ný undir mælsku og góðum útskýringum þessa gáfaða ráðherra. Bifreiðaskoðun Íslands var seld og ríkið varð af miklum tekjum. En skattborgararnir hafa ekki haft frið því nú kostar mikið að fara með bifreið í skoðun og nú hafa frjálshyggjumennirnir tekið við þessu fyrirtæki og hafa einokunaraðstöðu til þess að níðast eða þjóna íslenskum bifreiðaeigendum. Það er eðlilegt í þessum umræðum að rifja ýmislegt upp til aðvörunar sem hér hefur verið að gerast í þingsögunni á síðustu árum.

En hæstv. viðskrh. sagði í ræðu sinni hér í gær, með leyfi forseta: „En það er líka annað mjög mikilvægt atriði í þessu máli sem athuga þarf, og kom kannski ekki alveg nógu skýrt fram hjá þingmanninum, og það er að til þess að útvega atvinnuvegunum lánsfé á samkeppnisfærum kjörum, fjármagn á heimsmarkaðsverði, þá þurfum við að opna okkar lánamarkað. Að því máli er nú unnið og síðasta dæmið um það er að sjálfsögðu það sem samþykkt var í mars á síðasta þingi að heimila erlendum lánastofnunum að opna hér útibú sem væntanlega verður fest skýrar í lög á næstu dögum. Þannig og aðeins þannig fáum við samkeppniskjör á fjármagni til okkar atvinnuvega. En það er líka rétt að þar er ákaflega mikilvægt að stilla svo í hóf opinberri eftirspurn eftir lánsfé og útgáfu skuldabréfa til að fjármagna hið opinbera húsnæðislánakerfi sem frekast er kostur.“ — Þetta voru ummæli hæstv. ráðherra. Tek ég heils hugar undir síðari hluta ummælanna en það vaknaði í hugskoti mínu hvort að nú væri eitt mýraljósið enn kviknað. Hvort hann yrði nú, þessi hæstv. ráðherra, til að tefja það verk sem hæstv. sjútvrh. sagði og ég vitnaði í að mikilvægt væri að hefja lækkun raunvaxta á Íslandi í þeirri trú að einhverjir erlendir bankar kæmu hingað með fjármagn og lækkuðu hér vexti.

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh. hvaða bankar það eru sem munu koma. Verða það norsku einkabankarnir eða þeir sænsku? Verða það finnsku sparisjóðirnir sem munu koma hingað? Allir þessir bankar, hvar eru þeir staddir í dag? Þeir eru komnir á framfærslu ríkja sinna. Hvers vegna? Vegna þess að þeir urðu gjaldþrota og það var ekki hægt að gera þá gjaldþrota því ríkið gat ekki liðið það, hvorki í Svíþjóð, Finnlandi eða Noregi, að almenningur missti sparifé sitt. Verða það þessir bankar sem koma til Íslands til að bæta stöðu sjávarútvegsins?

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðherra að því hvað verði með öll þessi fiskvinnslufyrirtæki sem eru skuldsett upp fyrir eyru og hafa engin veð. Munu þessir erlendu bankar, sem hann vitnar til, koma hingað og treysta sér til þess að lána sjávarútveginum eins og hann er staddur í dag? Því geri þeir það þá spyr ég hv. þingmenn hvers vegna. Til þess að komast inn í íslenskan sjávarútveg og íslenskt atvinnulíf. Það er eina skýringin sem hægt væri að finna á þeirri stöðu.

Það er reyndar fróðlegt að heyra fullyrðingar í gær, eins og t.d. hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. og fleirum í þessu þinghúsi, um raunvexti í öðrum löndum sem virðast vera alveg feikilega lágir þegar sagt er frá þeim hér í þessum þingsal. Erum við þó sammála um að þeir séu of háir hérlendis? Ég hafði með mér í ræðustólinn yfirlit frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka. Hvað segir um vextina í öllum þessum draumalöndum sem hér er alltaf verið að tala um? Hér eru t.d. tekin saman verðbólga og vextir í nokkrum löndum, nafnvextir ríkisskuldabréfa. Hverjir skyldu þeir vera hér á landi? Þeir eru um 8%. Hverjir eru þeir í Danmörku? 7,3%. (**Gripið fram í:** Án verðtryggingar.) Þetta eru raunvextir. Í Bandaríkjunum eru þeir 5%, í Bretlandi 6,8%, í Þýskalandi 4,7%. Þetta er ekkert verulega langt frá okkar stöðu. Ég hygg að þetta segi talsvert um þá stöðu sem víða er í þessum löndum eða muninn á milli Íslands og þeirra í þessum efnum. Að þau mýraljós sem einstakir þingmenn sjá í lausninni á því að erlendir bankar komi hér, þau mýraljós sem viðskrh. bindur nú vonir við og ríkisstjórnin aðhefst kannski

ekkert, verði ekki jafnfrelsandi og menn hafa ætlað.

Er þá kannski engin samkeppni í peningamálum á Íslandi? Ég heyrði það ekki á ræðu hæstv. viðskrh. að það væri ekki nein samkeppni á peningamarkaðnum á Íslandi. Hafði ég þó ekki í upptalningu minni áðan minnst á eitt ljósið sem orðið er mýraljós undir þessum umræðum. Það er Íslandsbankinn sjálfur, óskabarnið sem hlaut í vöggugjöf á morgni lífsins 3 milljarða frá ríkinu að gjöf og skattfrelsi út þessa öld. Hefur hann brugðist í samkeppninni? Þegar Íslandsbanki var stofnaður voru haldnar hér hugljúfar ræður um að nú yrði samkeppni á íslenskum peningamarkaði, nú væri kominn sterkur einkabanki sem mundi veita ríkisbönkunum aðhald. Er hann líka orðinn að mýraljósi? Hefur þessi banki einnig brugðist og enga samkeppni skapað á íslenskum peningamarkaði? Það væri kannski fróðlegt að fara yfir stöðu og þá samkeppni sem vissulega ríkir á íslenskum peningamarkaði og aldrei er minnst á.

Ég er með fréttabréf frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka í höndunum. Þar er fjallað um raunvexti árið 1992. Þar segir auðvitað frá því að ríkið er lántakandi sem ekki er mjög næmur fyrir því hvað vaxtastigið er hátt. Það tekur til sín lán hvernig sem árar á markaðnum en vaxtabyrðin veltist síðan yfir á næstu kynslóðir. Og hvað er sagt um peningamarkaðinn? Ríkið hefur aukið sókn sína á íslenska peningamarkaðinn, aukið samkeppni sína við bankana um sparifé sem bankarnir þurfa að nota til þess að bjarga skuldsettum og illa settum íslenskum atvinnuvegum. Á árinu 1992 eru *nýjar lántökur opinberra aðila áætlaðar 24 milljarðar* kr. og þar af um 15 milljarðar á innlendum markaði. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á því ári er um 26–28 milljarðar kr. og nema ný iðgjöld um 16–17 millj. kr. af þeirri fjárhæð en afgangurinn er endurgreiðslur og vextir af fyrri lánum. Seðlabankinn áætlar nú að heildarsparnaður landsmanna á árinu 1992 nemi um 30 milljörðum kr. en stærstu hlutar hans eru iðgjöld lífeyrissjóðanna, 16–17 milljarðar, og frjáls sparnaður 13–14 milljarðar. Þetta er það sem barist er um á þessum litla peningamarkaði okkar á Íslandi sem vissulega er fákeppnismarkaður en fyrst og fremst hörð barátta á milli ríkisvaldsins annars vegar til þess að koma á móts við sinn hallarekstur og vandræði og síðan keppni bankanna við að ná peningum til þess að hjálpa íslensku atvinnulífi.

En það er líka athyglisvert á þessu herrans ári sem hæstv. fjmrh. tók kollsteypu í vaxtamálum hvernig verið hefur á þessum peningamarkaði. Það kemur hér fram að innstreymi nýs fjár í bankana á verðbréfamarkaði á árinu 1991 er áætlað aðeins um 50–60% af því sem það var á árinu 1990. Sem sé, peningarnir, sem verið er að berjast um, hafa minnkað hér um bil um helming og þess vegna eru orð hæstv. sjútvrh. orð töluð í tíma, að það er ríkið og það eru stærstu sveitarfélögin sem verða þegar að draga að sér höndina til þess að það sé hægt að hefja hina raunverulegu vaxtalækkun sem er mjög mikilvæg.

Hér ræddu menn mikið um nafnvexti, aðallega nafnvexti á þriðja og fjórða ársfjórðungi þessa árs. Þar töluðu menn eins og aðeins væri einn banki á Íslandi og staðan væri eins í öllum lánastofnunum. Ég varð fyrir vonbrigðum með það að hæstv. viðskrh. skyldi einnig í rauninni falla í þá gryfju, hann andmælti ekki þeirri skoðun, hefur kannski ekki haft tíma til þess að lesa vaxtatöflurnar sem hafa verið í blöðum og séð þann mikla mun sem auðvitað er á milli bankanna. Enda kemur það glöggt fram í Morgunblaðinu í morgun að þarna er um mikinn mun að ræða sem bendir til þess að samkeppni á íslenskum peningamarkaði sé vissulega fyrir hendi og að peningastofnanirnar standi misjafnlega að verki og bjóði viðskiptavinum sínum mjög ólík kjör. Þetta kemur glöggt fram í þessu yfirliti Morgunblaðsins en þar segir:

„Raunvextir Íslandsbanka og Landsbanka Íslands eru talsvert hærri en vextir Búnaðarbanka Íslands og sparisjóðanna og svo hefur verið frá því í byrjun október", frá því að hinn síðasti ársfjórðungur byrjaði. En það er kannski fróðlegt í þessu að átta sig á hvernig staða ársins er og menn verða að ræða um þessi mál í heild sinni. Hin verðtryggðu og hin óverðtryggðu kjör mælanna tveggja sem bankarnir verða að hafa í húsi sínu til þess að verðleggja eftir. Annar er sjálfvirkur, hann heitir verðtryggður. Hinn er handstýrður. Það eru nafnvextir. Þarna eru auðvitað lagðar auknar byrðar á bankana með ákvörðun ríkisvaldisns. Hæstv. núv. viðskrh. náði því fram í fyrri ríkisstjórn að banna verðtryggingu útlána innan þriggja ára sem áður voru tvö ár. En það er leyfð binding og verðtrygging sparifjár sem bundið er til sex mánaða og lengri tíma. Þetta *veldur mikilli skekkju í bönkunum.* Hvernig var þessi staða sem af er árinu, ef við skoðun það?

Lítum á fyrsta ársfjórðung hjá peningastofnunum á Íslandi, þá eru raunvextir á verðtryggðum kjörum 8% á fyrsta ársfjórðungi en á óverðtryggðum kjörum 5,9%. Þetta var skuldabréfalán. Á öðrum ársfjórðungi eru verðtryggð kjör með 8,5% en óverðtryggð með 4,9%. Þarna hafði myndast mikil skekkja hjá peningamálastofnunum sem leiðir af sér halla, ekki til þess að mæta einhverju tapi heldur halla til þess að koma fram með lögboðinn hagnað sem bundinn er samkvæmt lögum. Hvernig var svo þriðji ársfjórðungur? Verðtryggðu kjörin voru með 9,9% vöxtum en óverðtryggðu kjörin með 11%. Samkvæmt spá síðasta ársfjórðungsins eru verðtryggð kjör á 10%, en óverðtryggð kjör um 17%. Þetta verða menn að skoða í heild sinni á löngum tíma því að ég hygg og ég vil spyrja eftir því: Telur hæstv. bankamálaráðherra að það þurfi að vera jafnvægi í heild sinni á árinu á milli þessara tveggja kjara? En það stefnir nú í að þessar spár rætist, að verðtryggðu kjörin verða með 9,1% en þau óverðtryggðu með 9,6%. Þetta dæmi verða menn að skoða og ræða í heild sinni til þess að fá raunhæfa niðurstöðu.

Auðvitað er það gremjulegt að setja allar peningastofnanir í einn og sama pott þegar það blasir við að það er mikill munur á vaxtakjörum. Haldið þið t.d. að það skipti ekki atvinnulífið máli hverjir afurðalánavextirnir eru? Eru allir bankarnir með sömu afurðalánavexti nú, hæstv. viðskrh.? Eða ríkir þar samkeppni? Ég er hér með upplýsingar um það frá 1. nóv-

ember. Afurðalánavextir í bönkunum virðast vera mjög mismunandi. Í Landsbankanum eru afurðalánavextir núna 19,25%. Í Íslandsbanka 17,25%, í Búnaðarbankanum 17,50%, hjá sparisjóðunum 16,50%. Þarna er meira að segja óskabarnið fyrir neðan ríkisbankana, hvað afurðalánavextina varðar á þessari stundu. Það hvetur til samkeppni sem er vissulega fyrir hendi.

Eins er það með skuldabréfavexti. Eru þeir eins í öllum bönkum? Þar er mikill munur á. Sama er um víxilvexti og það er kannski athyglisvert að þeir bankar sem jafnan eru með lægstu útlánsvexti eru ekki með síðri innlánsvexti heldur en hinir. Þarna held ég að menn verði að gera sér ljóst að það ríkir töluverð samkeppni á milli bankanna.

En auðvitað er það svo að það eru mörg mikilvæg verkefni fram undan. Og miðað við þá stöðu sem nú blasir við á peningamarkaðnum, bæði verðbólguspár og verðbólgu undangenginna mánaða verða nafnvextir að lækka. Því er mér það bæði ljúft og skylt við þessa umræðu að skýra frá því að Búnaðarbankinn hefur tekið þá ákvörðun, tók hana á þriðjudaginn var, að lækka nafnvexti verulega, fara nú niður um 2% hvað nafnvexti varðar sem er töluvert skref og það verður gert þann 11. þessa mánaðar. Og ég spyr: Gerist það að kannski helmingur bankanna fari þannig niður en hinir verði eftir? Er staðan með líkum hætti hjá þeim ef þetta gerist? Þá verða t.d. afurðalánavextir Búnaðarbankans komnir niður í 15,50% eftir að þessi lækkun hefur gengið í gegn núna þann 11. nóvember. En ég gat um það að þeir væru í 18 og 19% og vegið meðaltal 18,5%. Þá munu víxilvextir Búnaðarbankans fara niður í 15,5% en þeir eru upp undir 20% hjá sumum bönkunum þannig að þarna er verið að stíga mikilvægt skref miðað við þá verðbólgu sem nú ríkir og þær verðbólguspár sem eru sýnilegar.

Hitt er svo önnur saga, hvort nóg er að gert. Ég held að ekki sé nóg að gert. Nú er það raunvaxtalækkun sem verður að koma til. Nú verður hæstv. fjmrh., sem taldi ríkið litla ábyrgð bera og sagði á Akureyrarfundinum að það væru aðrir sem bæru ábyrgð á þessu, ríkið ætti að koma á eftir, að sýna af sér skörungsskap og standa við þau orð sem hann hét þingi og þjóð í vor að fara að stíga skref til raunvaxtalækkunar. Þá verður að byrja á innlánshlið og hitt svo í framhaldinu. Þetta eru í mínum huga brýnustu verkefnin. Það skiptir engan meira máli en ríkið sjálft að þetta megi takast því að ríkið lifir ekki af sjálfu sér. Ríkið stendur ekki sterkt ef atvinnulífið fer á hausinn, ef unga fólkið verður gjaldþrota og missir eigur sínar. Því er ég sannfærður, án þess að trúa á mýraljós viðskrh., að hægt sé að lækka raunvexti á Íslandi. Það verður að gerast með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt á þessu hausti. Stærsti lántakandinn verður að draga að sér höndina. Öðruvísi lækka menn ekki raunvexti. Öðruvísi bjarga menn ekki íslensku atvinnulífi. Ég tel að menn gætu hér með samstilltu átaki allra peningastofnana náð því að lækka raunvexti um 2–3% og þá erum við staddir á svipuðu stigi og mörg þau lönd sem við gjarnan vitnum til.

Ég vil frekar trúa því að menn fari í þetta verkefni, og að bankamálaráðherrann láti af sinni reikningslist, sinni trú á eitthvað sem komi að utan, en taki heldur til höndum og nái saman um þetta verkefni með bönkunum í landinu, með ríkissjóði, með lífeyrissjóðunum sem eiga kannski þyngsta sökina á því háa vaxtastigi sem ríkir á Íslandi því að það eru ekki síst þeir sem gera miklar kröfur um háa innlánsvexti. Það skal viðurkennt að þar eru þeir í mörgum tilfellum að glíma við mikinn fortíðarvanda sem þeir eru á mjög stuttum tíma að reyna að draga sig að landi með frá þeim tíma þegar sparifé brann hér upp.

Mín lokaorð eru því þau að ég vænti þess, þó að ég hafi ekki trú á þessari ríksistjórn, að mennirnir séu ekki svo sljóir, svo heyrnarlausir, að þeir heyri ekki andvörpin sem berast frá fólkinu sem líður illa undir öllu því fortíðartali sem hér hefur verið viðhaft af stafnbúanum í ríkisstjórninni, að ríkisstjórnin sé ekki svo gæfulaus að hún snúi sér ekki að verkefnum sem duglegum mönnum sæmir, að skapa nýja þjóðarsátt á sem flestum sviðum og hverfa frá mörgum sínum vitlausustu ákvörðunum sem þegar liggja í loftinu eða þeir hafa tekið, sem birtast í fjárlagafrv. víðar og víðar. Ég vil trúa því að í þessum stjórnarflokkum séu þrátt fyrir allt þeir kjarkmenn sem þora í veigamiklum atriðum að fylgja stjórnarandstöðunni til að stöðva mörg ætlunarverk hæstv. fjmrh., heilbrrh., menntmrh. o.s.frv. Það eru mín lokaorð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst segja frá því að ástæðan fyrir því að ég missti af fyrri hluta ræðu hv. 5. þm. Suðurl. var sú að ég var á fundi með veiðibændum af bökkum Mývatns og Laxár til að ræða þeirra hagsmunamál sem ég vona að hv. þm. og aðrir sem spurðu eftir nærveru minni hér í þingsalnum skilji.

Þessi umræða um lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1992 hefur orðið tilefni til almennra umræðna um efnahagsmál. Það er að vonum. Hins vegar er mjög mikilvægt, þegar um þau er rætt og stjórn þeirra, að menn hugi að því að þar má skipta viðfangsefninu í tvennt. Annars vegar að óbreyttu hagskipulagi og markaðsaðstæðum: Hvernig bregðast menn við frá ári til árs, frá degi til dags, frá mánuði til mánaðar með þeim hagstjórnartækjum sem þeir þannig ráða yfir og við þeim breytingum sem þeir sjá í hagstærðunum á líðandi stund? Mjög oft snýst umræðan einmitt um þetta. Hver er lánsfjárþörf ríkisins á næsta ári? Er hægt að draga úr henni? Hvernig virkar hún á jafnvægið á lánamarkaðnum? Hinn þáttur stjórnar efnahagsmála er ekki síður mikilvægur en hann er: Hvernig má breyta skipulaginu? Hvernig má breyta markaðsaðstæðum þannig að hagkerfið skili okkur meiri og betri árangri? Það er nefnilega þannig á þjóðarbúinu eins og á öðrum búum að margs þarf búið við. Mér fannst nú satt að segja hv. 6. þm. Norðurl. e. vera mun fjárgleggri bóndi en hv. 5. þm. Suðurl. eða 1. þm. Austurl. þegar þeir ræddu skipulag bankamála hér á landi. Í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. kom ákaflega vel fram skilningur hans á því að opna þyrfti lánamarkaðinn, enda í samræmi við merkt álit efnahagsnefndar þingflokks Framsfl. sem

fyrir ekki löngu skilaði sínu áliti sem mjög var í frjálsræðisátt. Það þóttu mér heldur góð tíðindi og þykja enn.

Það sem var mjög mikilvægt í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. var að hann spurði: Gekk ekki helst til hægt að opna lánamarkaðinn fyrir samkeppni eftir að vaxtafrelsið var veitt á árunum 1985–1987? Svarið er já. Þetta er rétt athugað hjá hv. þm. Vandinn var sá, hængurinn var sá, að erfiðlega gekk að mynda þingmeirihluta fyrir breytingum á lögum um fjárfestingu erlendra manna í atvinnurekstri á Íslandi. Það tókst vorið 1991. Það voru gerðar að þessu atrennur á árunum 1987–1988 en tókst ekki. Við þessu er svo sem ekkert að segja annað en að það tekur tíma að breyta skipulaginu, en það þýðir ekki að menn eigi að hverfa frá því og ekki líta til þess sem hinna varanlegu úrræða, eða a.m.k. endingarbetri úrræða en tómri skammtímastjórn.

Þess vegna fagna ég því sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. hvað þetta snertir, tel reyndar að það hafi líka komið fram að marki í máli hv. 1. þm. Austurl. þótt hann væri trúaðri á hægfara þróun. Það er ég reyndar líka, en málið er það að við megum ekki missa sjónar á því. Til þess að fákeppnin á íslenska lánamarkaðnum verði okkur ekki of dýr verðum við að hafa möguleikana á samkeppni.

Menn hafa hér spurt unnvörpum: Hvaða erlendu bankar eru það sem hingað koma? Það gerði hv. 5. þm. Suðurl. Eru það finnsku bankarnir? Eru það norsku bankarnir? Eru það sænsku bankarnir? Svarið er að það er hugmyndin sem máli skiptir, sú hugmynd að þegar menn keyra úr hófi með kjörin muni aðrir koma til þess að njóta þeirra líka, að bankarnir okkar séu ekki með þá tilfinningu að þeir séu einir í heiminum. Þess vegna tel ég það mjög merkt viðfangsefni þessa þings að koma því á að íslenskir atvinnuvegir hafi hér fjármagn á heimsmarkaðsverði eins og hv. 2. þm. Vestf. hefur einatt orðað þetta.

Það sem mér finnst líka mjög athyglisvert við þessa umræðu, þrátt fyrir nokkurn skoðanamun í röðum þingmanna Framsfl. um það hversu skammt eða langt, skjótt eða hægt menn skuli ganga fram í því að opna íslenska hagkerfið, er að á þingi er mjög mikil samstaða um það að til þess að ná tökum á okkar efnahagsmálum þurfti að halda eftirspurn ríkisins eftir lánsfé við hóf, með öðrum orðum að ná tökum á ríkisfjármálunum. Hér gengur hver maðurinn á fætur öðrum í stólinn og lýsir þessari skoðun. Þetta tel ég fagnaðarefni og tel það boða gott um afgreiðslu væntanlegs fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. sem við ræðum í dag.

Þetta snertir að sjálfsögðu líka aðra þætti í fjárlagagerðinni en þá sem við ræðum nú. Ég vil vegna spurninga, sem hér hefur verð varpað fram til mín sérstaklega, segja það alveg skýrt að ég tel það vera tvö mjög mikilvæg verkefni í skattamálum, að samræma skattlagningu eigna og eignatekna, eins og skýrt er fram tekið í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að hún ætli að vinna að, og að breyta skattlagningu íslensks atvinnurekstrar til samræmis við það sem gerist í nágranna- og samkeppnislöndum okkar. Þar verður að sjálfsögðu fyrst fyrir aðstöðugjaldið sem hér hefur nokkuð verið rætt. Það gildir um hvor tveggja málin að þau má ekki skoða í einangrun þótt á þeim þurfi að taka sérstaklega. Það á að líta á heildarbyrði skattanna annars vegar og við viljum ekki hækka hana. Það þýðir ekki að við eigum að læsa þetta saman mjög þröngt, heldur líta breitt yfir skattlagningu einstaklinga og að sjálfsögðu viljum við jafnan reyna að ná þar sanngjarnari niðurjöfnun skattanna en verið hefur, það er ævarandi viðfangsefni Alþingis, og hitt, að tryggja íslenskum atvinnuvegum sambærileg skattakjör og keppinautar þeirra njóta. Þetta er verkefnið sem fyrir okkur liggur og ég hygg gott til þess að eiga um það samstarf við menn hér á þinginu að ná fram slíkum starfskjörum fyrir íslenskt atvinnulíf og íslensk heimili.

Að lokum, virðulegi forseti, vildi ég svara beinni spurningu hv. 8. þm. Reykn. þegar hann spurði hver skoðun mín væri á þeim úrræðum í atvinnumálum sem gripið var til haustið 1988 og fólu m.a. í sér að stofnaðir voru sjóðir til þess að skuldbreyta skuldum útflutningsatvinnuveganna, og þá er ég hér einkum að tala um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Ég get sagt það skýrt að ég tel að þær ráðstafanir hafi verið nauðsynlegar. Það var, við þær aðstæður sem þá voru, þörf á sértækum ráðstöfunum af því tagi sem þá var gripið til. Því miður hefur framhaldið orðið slíkt að margt af því sem menn töldu að væri tímabundið og mundi snúast til betri vegar og réttlætti þessar aðgerðir hefur því miður ekki staðist. Við ætluðum okkur alla tíð, við sem að þessum aðgerðum stóðum, að leysa þær af hólmi með almennum aðgerðum. Það verkefni hvílir enn á okkur og í því máli getur ekki gilt nein þrætubókarlist. Það sem við þurfum að huga að er að finna lausnir sem tryggja jafnvægi í okkar efnahagsmálum, sanngjarna skiptingu kjara og rekstrargrundvöll fyrir okkar atvinnulíf. Þar held ég að við höfum enn ekki fundið eilífðarpatentið, en eitt er alveg víst, að það er margt sem betur má fara í starfsemi þeirra sjóða sem starfa fyrir atvinnulífið og þess vegna má vel vera að æskilegt sé að gera víðtækari könnun á því hvernig þeir standa en gerð hefur verið til þessa. Mig langar til að minna á að þar stendur mikið verk fyrir dyrum sem er að breyta lögum um fjárfestingarlánasjóði atvinnuvega, breyta þeim í hlutafélög, fækka þeim, færa þá saman þannig að þeir verði áreiðanlegri og betri starfstæki fyrir íslenskt atvinnulíf, geti fært okkur það sem við þurfum sem er starfsfé fyrir Ísland á sanngjörnum kjörum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég tók ræðu hæstv. viðskrh. áðan þannig að hann væri að reyna að smeygja sér út úr umræðunni og setja punktinn á eftir þessari vaxtaumræðu sem hér hefur verið, en stundum geta menn farið einum of lipurlega að hlutunum og ég held að hæstv. viðskrh. hafi reyndar orðið það á áðan. Ég held, virðulegi forseti, að þetta sé mjög mikilvæg umræða og ég mun halda áfram hér á hinu háa Alþingi þessari umræðu um vaxtamálin, vaxta- og peningapólitíkina eins

og hún stendur núna, þangað til ég sé að á því verði tekið.

Ég vil leyfa mér að segja það hér að ástandið er svo alvarlegt núna að við getum ekki beðið eftir bjargræðinu að utan, þ.e. samkeppni erlendis frá. Við getum ekki heldur beðið eftir að okkur takist að koma því skikki á ríkisfjármálin og húsbréfamarkaðinn eins og staðan er í dag. Ef menn treysta sér ekki til að beita handafli verða menn að fara í næsta stig við sem eftir viðræður okkar í efh.- og viðskn., bæði við Þjóðhagsstofnun og Seðlabankann, heitir það að beita fortölum. Mér skildist að á mælikvarða aðgerða í peningamálum væri handaflið efst og síðan kæmu fortölurnar og ég verð þá að fara þess á leit við hæstv. ríkisstjórn að nú beiti hún þeim aðgerðum í alvöru og bankastofnunum og fjármálayfirvöldum verði sýnt fram á, svo að eftir verði tekið, að þetta ástand sem nú er verði ekki liðið.

Ég ætla að koma í örfáum orðum að varnarræðu bankakerfisins sem var flutt áðan af hv. 5. þm. Suðurl., bankaráðsformanni Búnaðarbankans. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið, en hann fór yfir það hvernig vaxtakjörin hafa þróast á yfirstandandi ári. Ég ætla, með leyfi forseta, að fara yfir það á eilítið annan hátt. Ég ætla að taka nafnvextina eins og þeir hafa þróast á þessu ári. Þeir voru á fyrsta ársfjórðungi 15%, öðrum ársfjórðungi 16,6%, þriðja ársfjórðungi 20,7% og það stefnir í að þeir verði 19,2% á fjórða ársfjórðungi. Nú ætla ég að leggja þetta á eilítið aðra mælistiku en hv. 5. þm. Suðurl. gerði áðan. Ég ætla að leggja þetta á mælistiku fyrirtækja á innlendum markaði — ég ætla að taka landbúnaðinn sem hefur verið að lækka sitt afurðaverð í hlutfalli við annað verð á síðustu tveimur árum, hefur þar af leiðandi ekki komið neinu af auknum kostnaði út í verðlagið. Ég ætla að taka sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa á seinni hluta þessa árs búið við lækkandi afurðaverð erlendis og hvað þetta þýðir gagnvart þeim fjármunum sem þau hafa þurft að taka innan lands. Þetta þýðir einfaldlega það að þessir aðilar eru ekki að greiða neitt sem heitir 10,5%, 3%, 11,9% og hugsanlega 15,8% raunvexti á þessu ári, heldur eru þeir að greiða sem næst 15% raunvexti á fyrsta ársfjórðungi, á öðrum ársfjórðungi 16,6%, á þriðja ársfjórðungi 20,7% og á fjórða ársfjórðungi 19,2%. Ef við tökum ekki mið af hinni almennu vísitölu heldur tökum vísitölu afurðaverðs þessara fyrirtækja lítur málið svona út. Málið er í dag það alvarlegt að gangi þessi spá um raunvexti eftir síðustu mánuði þessa árs er það það sem getur skilið á milli lífs og dauða hjá fjöldanum öllum af fyrirtækjum og á þessu verður að taka.

Ég viðurkenni að það er vissulega samkeppni hér innan lands um þetta fjármagn. Það sem ég sagði í ræðu minni í gær var það að sá rammi og þau skilyrði sem við búum við eru þau þröng að þessi markaður hefur ekki náð að þróast. Hv. 5. þm. Suðurl. nefndi áðan að Búnaðarbankinn væri með eilítið lægri vexti í dag aðrir bankar, hann nefndi Íslandsbanka og Landsbankann. Ég ætla ekki að gera Íslandsbanka að umræðuefni, en ég held að við verðum í þessu sambandi að skoða líka aðeins samsetningu útlánanna, á hvaða markaði menn eru að vinna. Og ég verð að segja það að í þessu máli er samúð mín miklu meiri með Landsbankanum sem er með allan þungann af frumatvinnuvegunum á sínum herðum og hefur, eins og kom fram í máli bankastjóra Landsbankans nú nýverið, þurft að leggja milljarða í afskriftasjóði sem segir okkur aðra sögu um stjórn efnahagsmálanna sem ég ætla ekki að fara hér í.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar, en að lokum, í ljósi þeirra talna sem ég nefndi áðan um hinar mismunandi vísitölur og hvað það getur verið hættulegt að bera hlutina á mælistiku framfærsluvísitölunnar eða lánskjaravísitölunnar, eins og hér var gert, ítreka ég að ekkert eitt atriði er eins mikilvægt, bæði fyrir heimilin og reksturinn, varðandi þessi mál og það að okkur takist að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Ég sé því miður ýmis teikn á lofti um það að núv. hæstv. ríkisstjórn muni ekki bera gæfu til að feta í fótspor fyrri ríkisstjórnar varðandi þá vinnu sem var hafin við gerð þjóðarsáttarsamninganna. Ég ætla ekki að fara út í það frekar hér. En þetta er atriði í mínum huga frá 1–10 varðandi það að okkur takist að koma einhverju skikki á þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 29. mál (erlend lántaka). — Þskj. 29.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Í frv. er lagt til að fjmrh. verði fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að taka erlent lán á yfirstandandi ári að fjárhæð allt að 12,8 milljarðar kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stefnir heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári í að verða um 19,8 milljarðar kr. Við afgreiðslu fjárlaga árið 1991 í lok síðasta árs var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 13,6 milljarðar kr. Með samþykkt lánsfjárlaga á Alþingi í mars sl. hækkaði lánsfjárþörfin um 1,1 milljarð kr. vegna samþykktar hæstv. Alþingis um viðbótarútgjöld ríkissjóðs á árinu. Lánsfjárþörf ríkissjóðs er því nú áætluð um 5,1 milljarður kr. umfram áætlun lánsfjárlaga. Rekja má þessa hækkun til eftirtalinna liða fyrst og fremst:

Í fyrsta lagi er rekstrarhalli ríkissjóðs 1991 álitinn verða rúmlega 8,9 milljarðar kr. eins og sést í fjárlagafrv. í stað 5,2 milljarða kr. samkvæmt lánsfjárlögum og 4,1 milljarðs samkvæmt fjárlögum. Ítarlega skýringu á þessum liðum er að finna í frv. til fjáraukalaga sem nú liggur fyrir hv. Alþingi.

Í öðru lagi er útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs talið nema 1,4 milljörðum kr. á árinu 1991, eða 0,9 milljörðum kr. umfram áætlun en það skýrist af sérstöku skammtímaláni til Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt var fyrri hluta þessa árs og endurgreiðist að fullu á næsta ári.

Í þriðja lagi, veitt ný lán, aðallega til stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs, eru talin nema 4,7 milljöðrum kr. samanborið við 4,4 milljarða í áætlun fjárlaga.

Í fjórða lagi, innheimtar afborganir af veittum lánum hafa reynst vera um 0,2 milljörðum kr. lægri en áætlað hafði verið eða 3,2 milljarðar í stað 3,4 milljarða.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 var gert ráð fyrir að allar lántökur ríkissjóðs færu fram innan lands. Því markmiði verður engan veginn náð, einungis er talið að hægt verði að afla um 6,2 milljarða kr. innan lands á árinu 1991. Umskiptin frá fyrra ári eru með tvennum hætti. Annars vegar hefur peningalegur sparnaður innan lands dregist saman frá árinu 1990. Hann var áætlaður 36 milljarðar í ár eins og á árinu 1990 en hefur reynst, samkvæmt þeim horfum og spám sem síðast hafa verið gerðar, 29 milljarðar kr. Þannig hefur innlendi sparnaðurinn fallið úr því að vera 10,7 af vergri landsframleiðslu í 7,9 af vergri landsframleiðslu.

Hins vegar vil ég benda á að ný tegund ríkisverðbréfa, húsbréf, hafa komið á markaðinn í mjög auknum mæli.

Afgreidd húsbréf á árinu 1990 námu 5,5 milljörðum kr. á meðan afgreidd húsbréf á yfirstandandi ári eru áætluð samtals 15 milljarðar kr. Ávöxtun húsbréfa á markaði er eðli þeirra samkvæmt hærri en ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs. Bæði þessi atriði sem ég hef hér nefnt hafa haft þau áhrif að erfiðlega hefur gengið að selja spariskírteini ríkissjóðs þrátt fyrir hækkun vaxta.

Vegna umræðna, sem fóru fram hér fyrr í dag um lánsfjárlagafrv. fyrir næsta ár, vil ég taka fram að gefnu tilefni að eftir fyrstu fjóra mánuði yfirstandandi árs var staðan sú í sölu ríkisverðbréfa að útstreymi úr ríkissjóði vegna ríkisvíxla var 2,6 milljarðar og vegna spariskírteina 180 millj. kr. Þannig hafði staða ríkisvíxla miðað við sama tímabil árið áður versnað um 6,2 milljarða og varðandi spariskírteinin var ástandið miðað við fyrstu fjóra mánuðina á árinu á undan, 340 millj. verri. Samanlagt eru þetta 6,6 milljarðar kr. sem umskiptin urðu séu teknir til samanburðar annars vegar fyrstu fjórir mánuðir 1990 og hins vegar fyrstu mánuðirnir 1991. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum til að skýra út hvernig á því stóð að til þeirra ráðstafana var gripið í maímánuði á þessu ári, þessar tölur segja í raun alla söguna.

Á yfirstandandi ári hafa verið seld spariskírteini fyrir 32 milljarða kr. og þess er vænst að unnt verði að selja spariskírteini ríkissjóðs fyrir um 1,8 milljarða til viðbótar. Þannig er heildarsala spariskírteina áætluð 5 milljarðar kr. á árinu. Í lok september höfðu ríkisvíxlar verið seldir fyrir 4 milljarða kr. umfram innlausn á eldri víxlum. Í ljósi reynslu undangenginna ára er talið að stofn ríkisvíxla gangi til baka og ekki verður viðbótarfjáröflun í þeim á þessu ári.

Í þessu sambandi má benda á það sem nokkuð hefur verið í umræðu, bæði hér á hinu háa Alþingi og annars staðar, að staða bankakerfisins í þessum efnum hefur verið nokkuð veik.

Önnur lántaka á innlendum markaði nemur 1,2 milljörðum kr. og er um að ræða lán frá Framkvæmdasjóði Íslands, en sjóðstaða hans var mjög góð í byrjun árs og tók þáv. ríkisstjórn þá lán hjá sjóðnum.

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram að lánsfjárþörf ríkissjóðs verður 19,8 milljarðar kr. og að einungis verður hægt að afla um 6,2 milljarða kr. á innlendum lánamarkaði. Það sem á vantar, 13,6 milljarða kr., þarf að öllum líkindum að taka að láni á erlendum mörkuðum. Af þeirri fjárhæð eru 800 millj. kr. vegna endurlána sem ríkisjóður hefur þegar heimild fyrir samkvæmt ákvæðum lánsfjárlaga áranna 1990 og 1991. Þar vegur að sjálfsögðu þyngst lántaka vegna smíði ferju fyrir Herjólf hf. í Vestmannaeyjum.

Samtals er því í þessu frv. sótt um heimild til ríkissjóðs til erlendrar lántöku að fjárhæð 12,8 milljarðar kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að veita Byggðastofnun lán að upphæð 150 millj. kr. vegna fiskeldisfyrirtækja í samræmi við samþykkt núv. ríkisstjórnar frá sl. sumri um stuðning við fiskeldi. En eins og menn muna var sú ákvörðun tekin að efna til þessara ráðstafana til þess að freista þess að sú þekking, sem hér er til staðar í fiskeldi, megi nýtast áfram þrátt fyrir þá miklu hrakninga sem þessi atvinnugrein hefur lent í að undanförnu.

Virðulegi forseti. Ég mælist svo til þess að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til hv. fjárln. sem síðan, samkvæmt nýjum þingsköpum, vísar því væntanlega til efh.- og viðskn. til frekari umfjöllunar. Einnig þarf að vísa málinu til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessi skattur var fyrst lagður á á árinu 1979 og síðan hefur skatturinn verið lagður á, reyndar lækkaður samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa í eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu þessa skatts eftir lögum nr. 110/1990.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1991 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 460 millj. kr. Gert er ráð fyrir að verði þetta frv. samþykkt gefi skatturinn 500 millj. á næsta ári.

Frv. er efnislega samhljóða lögum sem nú gilda. Eins og fram kemur í grg. með frv. og reyndar í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir að þessi sérstaki eignarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði felldur niður þegar upp hefur verið tekin almenn skattlagning eignatekna. En að því er stefnt að flytja frv. um eignatekjuskatt, fjármagnstekjuskatt síðar á þessu þingi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. þetta sem hér er til umræðu. Vonandi

þarf ég ekki að koma fleiri ferðir í þennan ræðustól til þess að mæla fyrir slíku frv. Ég er einn þeirra sem um margra ára skeið hef staðið hér í pontu og mælt gegn skattlagningu á borð við þessa. Ég er enn þá sömu skoðunar. Ég tel að þessi skattlagning sé þess eðlis að frá henni beri að víkja. Ekki gafst ráðrúm til að gera það við fjárlagagerðina fyrir næsta ár en að því er stefnt eins og ég hef rækilega tíundað og tekið fram, að þessi skattur falli niður frá árinu 1993 enda verði þá búið að gera þær breytingar á lögum sem nauðsynlegt er að gera til þess að samræma eignarskatta og eignatekjuskatta.

Þeim, sem vilja kynnast skoðunum mínum, bendi ég á að fletta upp í þingtíðindum fyrri ára. Þar er ýmislegt að finna til rökstuðnings gegn þessu frv. og vonast ég til þess að menn láti það nægja að ég lýsi því hér en komi ekki í ræðustólinn og lesi það upp því mér er vel kunnugt um það hver afstaða er til málsins. Það er hins vegar einfalt og reyndar ódýrt fyrir stjórnmálamenn að koma í ræðustólinn og segjast fara gegn þessum skatti nú. En við þær aðstæður, sem nú ríkja, verðum við að gera þær kröfur til sjálfra okkar að þá verði bent á leiðir til að spara á móti. Ég skal viðurkenna að ég velti því mjög mikið fyrir mér þegar var verið að taka ákvörðun um það hvort flytja skyldi þetta frv. eða ekki. Ég taldi mér skylt að flytja frv. á meðan ég gæti ekki með beinum hætti bent á frekari niðurskurð eða nýja skattheimtu sem kæmi í staðinn og lét það þess vegna viðgangast að þetta frv. væri flutt enn á ný í trausti þess að okkur takist að útrýma þessum skatti að einu ári liðnu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu mæltu að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því, svona rétt til þess að halda því til haga, að núna hefur hæstv. fjmrh. mælt fyrir tveimur stjfrv. án þess að stjórnarandstaðan hafi verið að bregða fæti fyrir mál að neinu leyti, heldur þvert á móti, stjórnarandstaðan hefur greitt fyrir því að mál hafi gengið fram með eðlilegum hætti. Þetta er auðvitað sagt að gefnu tilefni en er staðfesting á því í verki að stjórnarandstaðan vill gjarnan greiða fyrir því að mál nái fram að ganga.

Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegi forseti, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, gefur alveg sérstakt tækifæri til þess að ræða við Sjálfstfl. og þá alveg sérstaklega núv. hæstv. fjmrh. um skattamál almennt og þá alveg sérstaklega þennan skatt. Það mun hafa verið bæði á síðasta og næstsíðasta þingi að talsmenn Sjálfstfl., bæði núv. hæstv. fjmrh. og sömuleiðis hv. 5. þm. Reykv., settu á mjög langar ræður um það hve fráleitur þessi skattur væri. Það fóru fram geysiítarlegar umræður um þetta og ég geri ráð fyrir að í rauninni sé erfitt að finna mál sem hafi fengið eins ítarlega umfjöllun af hálfu Sjálfstfl. og einmitt þetta mál. Þessum ræðum fylgdu svardagar af hálfu þingmanna Sjálfstfl. um það að þegar Sjálfstfl. kæmist til valda yrði þessi skattur afnuminn. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort þetta frv. var samþykkt samhljóða í þingflokki Sjálfstfl., hvort það er þannig að allir þingmenn Sjálfstfl. standi að þessu frv. Það er alveg óhjákvæmilegt að fá það upplýst. Ég get jafnframt látið það koma fram að sem ábyrgður þingmaður og stjórnarandstæðingur mun ég auðvitað greiða þessu frv. atkvæði, þannig að það er allt í lagi fyrir einn og einn mann frá íhaldinu að hlaupa út undan sér í málinu. En sú afstaða, sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. í þessu máli, sýnir auðvitað afar vel og í hnotskurn ábyrgðarleysi Sjálfstfl. þegar Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu. Fullkomið ábyrgðarleysi. Ég hef reyndar stundum haldið því fram að ábyrgðarlausasti stjórnarandstöðuflokkur sem hugsast getur í þessu landi sé Sjálfstfl., því hann svífst yfirleitt einskis. Hann styður aldrei mál af neinu tagi sem koma frá ríkisstjórn af hvaða viti sem þau kunna að vera, nema hv. þm. Egill Jónsson. Að öðru leyti, fyrir utan þessa ánægjulegu undantekningu, sem hv. þm. Egill Jónsson er, þekkist það ekki að Sjálfstfl. sýni ábyrgð í stjórnarandstöðu. Svo þegar Sjálfstfl. hefur skipt um hlutverk eins og núna kemur hann með öll skattafrumvörpin sem hann var að bölsótast út af á næsta kjörtímabili á undan, eins og þetta frv. hér. Ég veit ekki hvað hæstv. fjmrh. átti í rauninni við þegar hann sagði: Það er ódýrt fyrir þingmenn að segjast vera gegn þessum skatti. Var hann þar að iðka sjálfsgagnrýni, í raun og veru að ráðast að sjálfan sig eins og hann flutti mál hér á síðustu tveimur kjörtímabilum? Eða hvað? Því að sjálfsögðu stendur það ekki til af okkar alþýðubandalagsmanna hálfu, að leggjast gegn þessum skatti þó að núv. hæstv. fjmrh. mæli fyrir frv. Við teljum að þetta sé alveg brúklegur skattur eftir atvikum. Ég hef iðulega flutt um það tillögur að hækka þennan skatt dálítið og ég hef fundið að það hjálpar íhaldinu pínulítið að geta sagt að þeir hefðu verið enn þá verri ef þeir hefðu ráðið. Þeir nota þetta t.d. á hádegisfundum í Verslunarráðinu þegar mikið liggur við að þó að þeir séu nú slæmir þá eru alþýðubandalagsmennirnir enn þá verri.

En ég ætla að láta þetta eiga sig núna. Ég ætla ekki að flytja sérstaka tillögu um að hækka þennan skatt þó að ég teldi það að mörgu leyti mjög eðlilegt miðað við þann mikla vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir. Eins og að tvöfalda hann eða svo, ná þannig 400–500 millj. inn í ríkissjóð í viðbót. Það mundi verða til þess t.d. að hægt væri að fella niður áformin um skólagjöldin. Ég bendi hv. þm. Alþfl. á það og að sjálfsögðu styður Alþb. þá afstöðu eins og áður hefur komið fram.

Varðandi málið að öðru leyti vildi ég hins vegar víkja orðum mínum alveg sérstaklega að þm. Alþfl. sem hér eru í salnum. Þannig er að á síðasta kjörtímabili var um það rætt að skattlagninu á eigna- og fjármagnstekjur yrði breytt. Það var gert ráð fyrir því að tekjurnar af fjármagnssköttunum yrðu notaðar til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Tekjurnar yrðu notaðar til þess að styrkja tekjuskattskerfið í þágu láglaunafólks. Með öðrum orðum að peningana af fjármagnstekjuskattinum, vaxtatekjuskattinum, átti að nota í því skyni að jafna lífskjörin. Nú kemur það fram hjá hæstv. fjm-

rh. að það er horfið frá þessari stefnu sem Alþfl., Alþb. og Framsfl. voru sammála um á síðasta kjörtímabili. Það er horfið frá þessari stefnu og ég vil spyrja þm. Alþfl. sem hér eru í salnum hvort þeir eru sammála því að hverfa frá þessari stefnu og nota fjármagnstekjuskattinn til þess að fella niður skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég gæti í þessum efnum t.d. beint máli mínu til hv. 5. þm. Austurl. og spurt hann að því, sem fulltrúa Alþfl. í ríkisfjármálum í fjárln. Alþingis, hvort það er niðurstaða Alþfl. að fjármagnstekjuskattinn eigi að nota til að fella niður skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, en það var það sem hæstv. fjmrh. var að segja hérna áðan. Er Alþfl. búinn að samþykkja þessa stefnu? Eða heldur Alþfl. við þá stefnu sem við vorum sammála um á síðasta kjörtímabili, að nota fjármagnstekjuskattinn til þess að jafna lífskjörin, til þess að styrkja m.a. barnabætur, til þess að grípa til ýmissa félagslegra ráðstafana og til þess, eins og horfir núna, að koma í veg fyrir að skólagjöld verði lögð á. Því að auðvitað er það nauðsynlegt þegar menn segja „engin skólagjöld" að þeir bendi á hvað á að koma í staðinn. Ég bendi þar á skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og ég bendi þar m.a. á það, sem hefur komið fram áður, að lagður verði á fjármagnstekjuskattur. Og ég vil spyrja forustumenn Alþfl. sem hér eru í salnum: Hafa þeir skipt um stefnu að því er þetta varðar? Á sem sagt að nota fjármagnstekjuskattinn til að lækka eignarskattana í landinu en ekki til þess að koma til móts við þá láglaunamenn sem þurfa á skattalagfæringum að halda?

Þessar tvær spurningar, annars vegar til hæstv. fjmrh., varðandi Sjálfstfl. sérstaklega, og hins vegar til alþýðuflokksmanna varðandi afstöðuna til málsins yfirleitt, vildi ég bera fram.

Ég vil svo taka undir lokaorð hæstv. fjmrh. Hann ráðlagði þingmönnum að lesa þingtíðindi með ræðum hæstv. núv. fjmrh. um skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég vil eindregið ráðleggja mönnum að gera það. Nú fer í hönd skammdegi og það er oft á þeim tíma sem menn þurfa að gera sérstakar ráðstafanir til að létta sér upp. Þá er ágætt að grípa til þingtíðindanna og lesa þessar ræður hæstv. núv. fjmrh. Það er í raun og veru í fyrsta og eina skiptið sem honum tekst að vera afar skemmtilegur á mörgum blaðsíðum þó að það komi að vísu ekki í ljós hvað hann er skemmtilegur fyrr en nokkrum missirum eftir að flutti ræðurnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég er nú kominn hér upp í ræðustól með skammdegislesninguna. Ég mun samt reyna að taka tillit til orða hæstv. fjmrh. hér áðan og lesa þetta ekki allt saman en hérna eru ræður sjálfstæðismanna við afgreiðslu þessa máls haustið 1989 og uppistaðan í þessu eru ræður þriggja núv, ráðherra, hæstv. fjmrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. samgöngu- og landbrh. Í þeim voru æði mörg orð látin falla. En, virðulegi forseti, ég mun ekki að sinni hefja mikinn lestur upp úr þessu. Ég minnist að vísu skemmtilegra stunda í efri deild þar sem hæstv. núverandi forseti þings las lengi kvölds upp úr ágætri bók, Raddir vorsins þagna, ef ég man rétt, sem var okkur öllum til mikillar ánægju. En ég mun nú ekki feta í þau fótspor hér. (**SvG:** Var það um skrifstofu- og verslunarhús?) Nei, það var ekki um skrifstofu- og verslunarhús en ef ég man rétt þá var það í umræðu um umhverfisráðuneyti.

Ég ætla í fyrsta lagi að benda á það að hæstv. núv. fjmrh. leggur til að sérstakur skattur skuli nema 1,5% af skattstofni. Ég ætla eilítið að vitna hér í ummæli hæstv. núv. fjmrh. í þessum umræðum. Í lok mjög langrar ræðu segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Þess vegna höfum við (þ.e. sjálfstæðismenn) á sérstöku skjali, sem er þskj. 250, leyft okkur að flytja brtt. sem er þess efnis að í stað 1,5% komi 1,1%. Í nál. lýsum við jafnframt því yfir að verði þessi brtt. ekki samþykkt leggjum við til að skatturinn verði aflagður og munum greiða atkvæði gegn frv. eins og það kemur fram frá hæstv. ríkisstjórn."

Þar sem kemur fram að ef ætti að hafa skattinn 1,5%, eins og hæstv. fjmrh. leggur til í dag, sé það þvílík ósvinna að þeir muni leggja til að skatturinn verði afnuminn. Og þá var ekki rætt um neina ábyrgð í þá veru að það yrði að sjá fyrir hvað kæmi í staðinn. Þá var allt í lagi að afnema skattinn bara fyrirvaralaust. (**ÓÞÞ:** Ljótt er ef satt er.) Ja, þetta stendur í þingtíðindum, ég rengi það ekki.

Því miður er þetta bara eitt af mörgum dæmum um afstöðu Sjálfstfl., annars vegar í stjórnarandstöðu og hins vegar þegar þeir eru komnir í stjórn. Það var afar fróðleg lesning að lesa yfir þessa þykku bók í gær sem ég er með hér í höndunum. Og þar komu sjálfstæðismenn víða við. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í hv. 8. þm. Reykv. og þingflokksformann Sjálfstfl. því að í umræðum sínum um þennan sérstaka skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði kom hann að ekknaskattinum margrædda og segir orðrétt, með leyfi forseta: „Allir þingmenn Sjálfstfl. hér í neðri deild lögðu í gær fram frv. um að hrinda þeirri ósvinnu sem ríkisstjórnarmeirihlutinn undir forustu fjmrh. knúði fram í fyrra og varðar hækkun eignarskatta, ekknaskattinn svokallaða. Það hafa legið í loftinu einhver óljós fyrirheit frá ríkisstjórninni um að lækka eigi þennan skatt, hinn svokallaða ekknaskatt fjmrh., en það bólar ekkert á slíkum frv. hér. Þess vegna er ekki eftir neinu að bíða af hálfu stjórnarandstöðunnar um að flytja frv. til þess að afmá þann ljóta minnisvarða sem ríkisstjórnin og hennar meiri hluti hér á Alþingi reistu sér með þeim skatti."

Ég vil leyfa mér að vitna í ummæli hv. varaþm. Sjálfstfl. hér í Reykv. Þuríðar Pálsdóttur, í umræðunni um fjárlagafrumvarpið, þar sem hún minnti hæstv. fjmrh. á að það bólaði ekkert á afnámi þessa skatts. Það var ekkert um það á þessum tíma að það þyrfti að koma til sérstök aðlögun og leiðrétting á eignarsköttum í heild til þess að hægt væri að flytja frv. um afnám þessa skatts. Þetta er annað dæmi um vinnubrögð Sjálfstfl., annars vegar í stjórn og hins vegar í stjórnarandstöðu. Ég ætla hér meðan ég er að telja þau dæmi upp að nefna þriðja dæmið sem hægt er að vísa til í þingtíðindum, þar sem urðu hatrammar umræður hér í

þingi um lækkun á gjaldi því sem renna á til íslensku þjóðkirkjunnar. Þar féllu m.a. af hálfu hæstv. núv. sjútvrh. afar þung orð hér í þingsal um þetta mál, svo þung að við setningu kirkjuþings nú nýverið sá biskup Íslands sig knúinn til þess að minna þann þingmann, sem þessi orð lét falla og nú er ráðherra kirkjumála á Íslandi, á þau ummæli. Þetta er þriðja dæmið um það hvernig Sjálfsfl. hagar sínum málflutningi, annars vegar í stjórnarandstöðu og hins vegar í stjórn.

Ég held að það sé alveg rétt sem hér kom fram áðan hjá hv. 9. þm. Reykv. að það munu varla finnast dæmi um það í íslenskri stjórnmálasögu að einn stjórnmálaflokkur sé eins ábyrgðarlaus í sínum málflutningi þegar að því kemur að sitja í stjórnarandstöðu og Sjálfstfl. Ég ætla að nefna til viðbótar án þess að fara um það mörgum orðum þann mikla fortíðarvandaáróður sem uppi hefur verið hafður af núv. ríkisstjórn og sérstaklega hæstv. forsrh. Hann nefndi þar sérstaklega flugstöðina í Keflavík sem var byggð öðru fremur á ábyrgð Sjálfstfl. og sem sjálfstæðismenn á Reykjanesi notuðu sem sérstakt áróðursatriði fyrir kosningarnar, ég man ekki alveg fyrir hvaða kosningar það var en það skiptir ekki öllu máli. Nú er reynt að koma þessu yfir á stjórnarandstöðuna þegar rætt er um fortíðarvanda og hann ekkert skilgreindur nánar. Því miður eru þetta vinnubrögð Sjálfstfl. í hnotskurn og um það getum við lesið hér í þingtíðindum aftur og aftur.

Virðulegi forseti, ég ætla að koma síðan örfáum orðum að því þegar þetta frv. var til umræðu á síðasta þingi. Þá vil ég líka nefna það að haustið 1989, þegar þessi þykka bók hér var samin, settu sjálfstæðismenn á langar ræður um hvað þessi skattur væri íþyngjandi fyrir landsbyggðarverslunina og vitnuðu þar í álit stjórnskipaðrar nefndar. Efnislega get ég tekið undir það að þessi skattur er e.t.v. meira íþyngjandi fyrir landsbyggðarverslun og fyrir skrifstofuhúsnæði á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Af því ég er kominn að efnislegri umfjöllun get ég líka nefnt það að með tilliti til ásóknar í að byggja verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þá gefur það ekki tilefni til þess að þessi skattur sé aflagður. Ef menn hafa einhvern tíma ætlað sér að beita honum sem hagstjórnartæki í því sambandi væri kannski miklu eðlilegra að á því svæði þar sem þessi geysilega ásókn hefur verið í byggingu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði yrði hann frekar hækkaður en lækkaður. Ég nefni í því sambandi að nú eru enn uppi áform um að byggja skrifstofu- og verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á nýju byggingarsvæði í landi Kópavogskaupstaðar svo hekturum nemur. Og þar mundu fleiri en allir Vestfirðingar geta rúmast eins og rætt var um hér í ræðu áður.

En ég ætla að víkja aðeins að umræðum um þennan skatt frá haustþinginu 1990 og það er frá efri deild. Virðulegi forseti, ég vil leyfa mér að vitna hér í ræðu hæstv. núv. samg.- og landbrh. Ég kem hér niður í ræðu hans þar sem hann segir:

„Hér er sem sagt um enn einn skattinn að ræða, herra forseti, sem bitnar þyngra á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu vegna minni veltu þar, vegna þess að verslunar- og skrifstofuhúsnæði er víða um land byggt við vöxt og vegna þess að velta þar hefur dregist saman. Ég vek athygli á þessu um leið og ég minni á að verslun í dreifbýli á mjög undir högg að sækja. Gjaldþrot hafa verið tíð, ekki einungis hjá einkafyrirtækjum heldur einnig hjá kaupfélögum víðs vegar um landið þannig að sums staðar er svo komið að verslun hefur með öllu lagst niður á smærri stöðum og annars staðar er spurning hvort nokkur fáist til þess að taka við versluninni þar sem hún stendur mjög höllum fæti.

Ég vil að þetta komi fram. Ég geri ekki ráð fyrir að þessar upplýsingar skipti neinu máli. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja þennan skatt á og lætur þá skeika að sköpuðu hvar hann kemur þyngst niður."

En síðan kemur að atkvæðagreiðslu og þá, virðulegi forseti, vil ég leyfa mér að vitna hér aftur í þingtíðindi. Þá fannst hæstv. núv. landb.- og samgrh. ástæða til þess að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu. Og hér stendur um atkvæðagreiðslu Halldórs Blöndals, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Þetta er einn þeirra skatta sem þyngra leggjast á dreifbýli en þéttbýli. Ég segi nei."

Og því spyr ég hæstv. samg.- og landbrh. hvort við megum þá ekki treysta því að nú við afgreiðslu þessa máls sé hann sömu skoðunar og segi aftur nei við þessum skatti, eins og hann rökstuddi sjálfur að legðist þyngra á dreifbýli en þéttbýli.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vil að vísu að lokum beina þeirri spurningu til hv. 5. þm. Reykv., sem ég þóttist taka eftir áðan að væri búinn að kveðja sér hljóðs, ég sé að hann er ekki í salnum núna, en ég vil beina þeirri spurningu til hans hvort hans afstaða til skattsins sé ekki óbreytt. En við lestur þessarar bókar kemur fram að það er sjálfsagt enginn maður sem hefur af meiri ákafa mótmælt álagningu þessa skatts.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hljóp hér út úr salnum á miklum hraða og ég held að við verðum að bíða hans. Ég hyggst leggja spurningar fyrir hann og ég reikna með að hann hafi verið kallaður í símann og mun bíða þangað til hann sýnir sig. (**Forseti:** Það hefur áreiðanlega verið eitthvað mjög áríðandi því hann þurfti að fara fram.)

Hæstv. fjmrh. gengur nú í salinn og ég fagna honum. Ég þurfti nefnilega sjálf að bregða mér frá áðan og missti þar af leiðandi af upphafi ræðu hæstv. fjmrh. Því kann að vera að eitthvað af því sem ég hyggst spyrja hann um hafi komið fram í ræðu hans, en það verður þá að hafa það.

Eins og fram hefur komið í máli fyrri ræðumanna, er hér til umræðu gamall kunningi, eins og hæstv. fjmrh. kallaði það sjálfur í sínum ræðum árið 1989. Kvennalistinn hefur í gegnum árin stutt þetta mál. Við teljum þetta ekki verri skattstofn en hvern annan. Við áskiljum okkur hins vegar rétt til þess að skoða þetta mál, nú eins og endranær. Það sem vekur spurningar hjá mér sem þingmanni Reykjavíkur er ástandið á höf-

uðborgarsvæðinu. Við vitum að hér hefur verið fjárfest gífurlega í verslunarhúsnæði og hér mikið af húsnæði sem stendur autt. Mér er sérstaklega ofarlega í huga vandi þeirra sem eiga slíkt húsnæði í miðbæ Reykjavíkur og verða að greiða af því há fasteignagjöld en eiga í erfiðleikum með að leigja eða nýta það húsnæði sem þeir eiga. Það kemur fram að þessi skattur leggst auðvitað fyrst og fremst á húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu þó að þessi skattur kunni að valda fólki úti á landi meiri þyngslum. Mig langar í fyrsta lagi til að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig gengið hafi að innheimta þennan skatt. Hver er reynslan af þessum skatti? Hvernig hefur gengið að innheimta hann á undanförnum árum? Hver eru skilin? Og í öðru lagi: Hvað nær hann til margra greiðenda?

Ég hef eins og fleiri þingmenn farið í gegnum umræður um þetta mál. Þetta er mikil lesning og það er áreiðanlegt að tölur um greiðendur sveiflast bæði upp og niður, en ég vildi gjarnan fá að vita hversu margir það eru sem greiða þennan skatt.

Eins og hér hefur komið fram hefur Sjálfstfl. gagnrýnt þennan skatt mjög harðlega og vissulega má spyrja spurninga hvað hann varðar, hversu réttlátur hann er og hversu rétt það er að afmarka skatta á þennan hátt, en eins og ástand ríkissjóðs er nú sé ég ekki ástæðu til að fella þennan skatt niður.

Mig langar til þess að vitna aðeins í ræðu núv. hæstv. fjmrh. frá árinu 1989 þar sem hann rifjar upp sögu þessa skatts. Hann segir, með leyfi forseta:

„Saga þessa skatts á síðustu árum er sú að hann var 1,1%, hækkaði síðan í meðferð þessarar ríkisstjórnar", og þarna á hann við síðustu ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, „í 2,2%, ef ég man rétt, en var lækkaður síðan aftur á miðju ári áður en hann var greiddur niður í 1,5%. Og nú er gert ráð fyrir því að hann verði sá sami á næsta ári. Ég spyr hæstv. fjmrh., finnst ekki hæstv. fjmrh. það skjóta nokkuð skökku við þegar það er viðurkennt af æðsta manni þjóðarinnar, hæstv. forsrh., að erfiðleikarnir séu mestir í þeim greinum sem hér er verið að skattleggja sérstaklega? Er hæstv. fjmrh. sammála því sem hæstv. forsrh. sagði? Ef hann er sammála, finnst honum það rökrétt að halda áfram þessari skattlagningu?"

Ég vil með þessum orðum taka undir þann málflutning sem hér hefur komið fram, að menn eiga að vera ábyrgir orða sinna og gerða og það er heldur leiðinlegt til afspurnar að sjá hvernig Sjálfstfl. hagar sér í stjórnarandstöðu en heldur svo uppteknum hætti annarra stjórnvalda þegar hann er sestur í ráðherrastólana.

Hér var að berast til mín bréf frá samstarfsráði verslunarinnar þar sem þessum skatti er mótmælt. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að taka undir það en ítreka það sem ég sagði áðan, að við þingkonur Kvennalistans áskiljum okkur allan rétt til þess að skoða þetta mál þegar fram í sækir.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af frv. Það hefur komið fram í umræðunni að ég hef margoft tjáð mig um þessa skattlagningu og ég tel alveg óþarfa að fara yfir allan þann rökstuðning einu sinni enn. Ég gat hins vegar ekki annað en brosað innra með mér er ég hlustaði á hv. þm. Svavar Gestsson og reyndar aðra tala um ábyrgðarleysi Sjálfstfl. og hvernig hann skipti um skoðun eftir því hvort hann væri í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég ætla að leyfa mér að minna hv. þm. Svavar Gestsson á það að við börðumst hér hlið við hlið, hatrammlega, fyrir örfáum árum síðan, fyrir aflagningu mjög óréttlátrar skattlagningar sem þá var kölluð matarskattur. Ég man eftir formanni Alþb. þegar hann boðaði til fundar inni í versluninni Miklagarði, dró þar fram kassa og stóð uppi á og barðist þar gegn þessari skattlagningu og gekk enn lengra. Hann brennimerkti formann Alþfl. sem seinna meir varð samstarfsráðherra hans, brennimerkti hann fyrir lífstíð, þangað til hann mundi afnema þennan skatt.

Hvað skeði svo? Formaður Alþb. varð síðar meir fjmrh. og voru þeir alþýðubandalagsmenn sjálfum sér samkvæmir þá? Réðust þeir ekki beint á matarskattinn og lögðu hann af? Ég held að allir viti svarið við því. Það gerðist ekki og ferst þeim því að tala um aðra flokka í slíku samhengi. (**Gripið fram í:** Ert þú ekki í stjórn núna?) Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að hafa langar ræður hér og get sagt þeim sem til mín hafa beint spurningum að ég er ekkert að hlaupa út undan mér. Eina erindi mitt hér upp í ræðustól er að lýsa því yfir að ég hef ekki skipt um skoðun. Það þarf ekkert að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig sú umræða fór fram inni í þingflokknum. Ég lýsti þar yfir andstöðu við þennan skatt og ég mun greiða atkvæði gegn honum. (Gripið fram í.) Það er lýst eftir tillögum á móti. Hæstv. fjmrh. lýsir eftir þeim, vilji menn leggja þennan skatt af beri að koma með tekjur á móti. Það er auðvitað mjög auðvelt að gera slíkt í hinum ýmsu málaflokkum sem menn eru ósáttir við. Ég skal hins vegar slá fram einni hugmynd. Ég man ekki betur en fram hafi komið að ferða-, risnu- og dagpeningakostnaður íslenska ríkisins sé yfir 1 milljarður kr. Hér er verið að tala um 0,5 milljarða kr. Er ekki í lagi að ráðast aðeins á þann lið og skera hann niður til móts við þetta?

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að standa upp til þess að ræða sérstaklega fortíðarvanda Sjálfstfl. hér á Alþingi, en mér heyrist á öllu að ástæða væri til að skipa í það sérstaka nefnd því að það virðist standa Sjálfstfl. mjög fyrir þrifum í að koma fram málum sínum, hvernig þeir hafa talað fyrir stuttu hér á Alþingi. Þetta er að sjálfsögðu þeirra mál og ekkert við því að gera.

Hér er hins vegar til umræðu skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem er gallaður að mörgu leyti. Hitt er svo annað mál að það þarf að finna aðra skattstofna í staðinn eigi að leggja hann niður og það hefur vafist fyrir mörgum á undanförnum árum og þess vegna hefur þessi skattur orðið mjög lífseigur og þurft að framlengja hann á hverju ári.

Við sem í stjórnarandstöðu störfum heyrum að um þennan skatt er ekki samstaða hjá stjórnarliðum. Einstakir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar koma hér upp og lýsa því yfir að þeir séu andvígir þessum skatti.

Því hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh.: Er meiri hluti fyrir þessum skatti hjá stuðningsmönnum stjórnarflokkanna eða gerir hann ráð fyrir að fulltrúar stjórnarandstöðunnar muni koma til liðs við ríkisstjórnina í þessu máli? Treystir hann á það? Það er að heyra á stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar að þeir vilji vera sjálfum sér samkvæmir og nú fyrir skömmu kom hér upp þingmaður og lýsti því yfir að hann a.m.k. ætlaði að vera sjálfum sér samkvæmur og standa við öll orðin sem hann hafði látið frá sér fara í umræðum á Alþingi. Ég vænti þess að hann tali fyrir munn fleiri sem vilji gera það og þar af leiðandi má álíta að alls ekki sé víst að fyrir þessu máli sé meiri hluti hér á Alþingi nema þá stjórnarandstaðan styðji það. Ég er ekkert að útiloka það, hæstv. fjmrh., að til greina komi að styðja þetta mál, en það er nú betra, ef reiknað er með að leita þurfi stuðnings stjórnarandstöðunnar í þessu máli, að um það sé talað. og þá getur það verið til samninga í öðrum málum. Við viljum að sjálfsögðu, ef ríkisstjórnin er í þessari stöðu, hafa áhrif á skattastefnu hennar að öðru leyti. Við styðjum það t.d. ekki að lagður sé sérstakur skattur á hjón með miklar tekjur ef þau eiga mörg börn. Okkur finnst það ekki vera góður skattstofn að leggja sérstaklega skatta á fólk sem á mikið af börnum og ég get ekki stutt það. Við viljum því gjarnan fá upplýsingar um það hvort meiri hluti er fyrir þessu máli innan stjórnarliðsins.

Að öðru leyti vildi ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær fáum við að sjá önnur tekjuöflunarfrumvörp sem tengjast fjárlögunum? Hann gat þess hér í umræðum í gær að ekki væri mögulegt að upplýsa með hvaða hætti hann hygðist leggja til að tekjuskatturinn yrði hækkaður og var ekki tilbúinn að svara því hvort það yrði gert með því að hækka hann sérstaklega á sjómönnum, barnmörgum hátekjufjölskyldum eða fjölskyldum sem hefðu verið sérstaklega að berjast í því að koma sér upp eigin húsnæði, eins og hugmyndir ríkisstjórnarinnar benda til þegar við lesum fjárlagafrv. Hann var ekki tilbúinn að upplýsa það. Gott og vel. En getur hæstv. fjmrh. upplýst hvenær við fáum að sjá þessi frv.? Ég vænti þess að til þess sé ætlast af Alþingi að þau verði afgreidd samhliða fjárlögunum. Getur fjmrh. upplýst hvenær við fáum að sjá frumvörp hér á Alþingi sem gera ráð fyrir sérstakri skattlagningu á sjávarútveginn í miklum erfiðleikum hans núna? Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar telja það vera helsta bjargræðið fyrir sjávarútveginn að skattleggja hann sérstaklega og er með fádæmum að hlusta á þann málflutning. Hvenær fáum við að sjá frv. sem gerir ráð fyrir því?

Síðan er gert ráð fyrir margvíslegri annarri skattheimtu sem gerir það að verkum að það þarf lagabreytingar til. Ekkert af þessu hefur séð dagsins ljós hér á Alþingi. Svo eru menn að hafa miklar áhyggjur af því í stjórnarliðinu að hér gangi lítið. Það er alveg rétt. Hér gengur afar lítið. En það er þá a.m.k. nauðsynlegt, ef á að vera nokkur von til þess að mál klárist á næstunni, að menn fari að sjá þessi mál í frumvarpsformi, sérstaklega með tilliti til þess að ekki er hægt að fá upplýsingar um það hvernig þessi væntanlegu frumvörp muni líta út. Ég hvet því hæstv. fjmrh. til að upplýsa þingið um það hvenær hann muni ljúka við gerð þessara frumvarpa eða hvort búið er að ljúka þessu öllu saman og hvort standi á afgreiðslu stjórnarflokkanna í þessum málum. Hann gæti þá e.t.v. upplýst hvort það sé þá með sama hætti og skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, að það sé allsendis óvíst hvort nokkur meiri hluti er fyrir þessum málum hjá stjórnarliðinu. Nú hefur verið upplýst að ákveðnir aðilar styðji ekki þennan skatt. Getur e.t.v. verið að ekki sé meirihlutastuðningur innan stjórnarflokkanna fyrir nokkurri skattahækkun af neinu tagi? Það væri mjög fróðlegt að fá þetta upplýst þannig að við sem þurfum að taka afstöðu til mála á næstu vikum, sem við verðum að sjálfsögðu að gera og vanda okkur við það með sama hætti og ég veit að stjórnarliðar þurfa að vanda sig í afstöðu sinni, vitum hvers er að vænta frá hæstv. ríkisstjórn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. alþm. fyrir þátttöku þeirra í umræðunni um þennan gamla kunningja sem svo er nefndur. Ég fékk fyrirspurn frá hv. 9. þm. Reykv. um það hvort athugasemdir hefðu komið í þingflokki sjálfstæðismanna þegar málið var þar til umræðu. Því hefur þegar verið svarað af öðrum hv. þm., hv. 5. þm. Reykv. Inga Birni Albertssyni, sem gerði á þingflokksfundi sérstaka athugasemd við það að frv. yrði flutt og lýsti yfir andstöðu sinni við það. (**Gripið fram í:** Var hann sá eini?) Hann var sá eini, já, sem gerði það. Hins vegar þarf það ekki að koma neinum á óvart að menn hafa horn í síðu þessa skatts og kem ég síðar að því.

Ég kemst ekki hjá því, þó að það sé nokkuð erfitt fyrir mig í þessari stöðu, að þakka yfirlýsingar hv. þm. sem voru á þá leið að hann og hans flokkur mundu ugglaust styðja frv. eins og hans flokkur hefur reyndar gert allt frá því að þessi skattur var fundinn upp 1979 um haustið. (**Gripið fram í:** Við fundum hann upp.) Já, já, og eins og hér kemur fram í framsíkalli hjá hv. þm. á hann og fleiri sem sátu í þeirri ríkisstjórn höfundarréttinn að þessum skatti. Reyndar fylgdi þessum skatti, af því að hér hefur verið rætt nokkuð um söguna, annað gjald, nýbyggingargjald svokallað, og satt að segja voru ákveðin rök á þeim tíma fyrir því að leggja á þessa tvo skatta haustið 1979, það voru neikvæðir vextir. Breytingar höfðu þá ekki orðið á vöxtum þannig að því mátti halda fram að eigendur slíkra húsakynna hefðu hagnaðst á verðbólgunni með því að taka ódýr lán og byggja fyrir þau og á því að tilfærsla varð á eignum frá sparifjáreigendum til þeirra sem höfðu aðgang að lánsfjármagninu. Þetta var meginröksemdin, og það veit ég að hv. stjórnarandstæðingar muna, þegar þessi mál voru til umræðu á sínum tíma.

Ég rifja það enn fremur upp að þessi skattur var

ekki aflagður á árunum 1983–1988 þegar Sjálfstfl. átti ágætt samstarf við Framsfl. framan af og síðan við Framsfl. og Alþfl. síðasta árið. Þetta allt saman breytir hins vegar ekki því að þessi skattur er afar vondur. Allar röksemdir hafa komið fram í umræðum á undanförnum árum og ég hygg að þær séu bestar hjá þeim sem hér stendur. Ég hika ekkert við að segja það og veit að hér hafa menn skemmt sér við að lesa þær ræður. Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að benda þingheimi á þennan lestur og bæta því síðan við að það sé húmor í þeim ræðum. Það má segja að það sé út af fyrir sig fallega gert að benda mönnum í skammdeginu á lesningu sem er þeim holl.

En ég ætla að bæta því við að núv. ríkisstjórn ætlar að sitja út kjörtímabilið þannig að við höfum enn þá nokkurn tíma til ráðstöfunar til að gera breytingar á skattalögunum, skattkerfinu, og eins og fram hefur komið þá stendur til að fella þennan skatt brott. Það verður gert þegar sú veigamikla breyting á sér stað að samræma eignarskatta og eignatekjuskatta eins og það er orðað m.a. í hvítbókinni.

Ég vil enn fremur benda á að þegar rætt er um skatta er hugmyndin, og hún kemur fram í fjárlagafrumvarpinu, að fella brott svokallað jöfnunargjald sem er annar skattur sem ég hamaðist gegn á síðasta þingi og þinginu þar áður. Það er líka rétt sem fram hefur komið hjá hv. 1. þm. Austurl. að það stendur til að ná inn meiri tekjum, einum milljarði, úr tekjuskattskerfinu til þess að afla sömu tekna og áætlaðar voru á yfirstandandi ári þegar jöfnunargjaldið fellur niður. Því miður get ég ekki sagt nákvæmlega fyrir um það hvenær frumvörp eða frumvarp þess efnis verður tilbúið. Ég geri mér hins vegar vonir um það að hægt verði að leggja það fram í þessum mánuði. Ég minni á að oft hefur það komið fyrir að svipuð frv. hafa verið lögð fram síðar á haustþingi, jafnvel eftir að vika er liðin af desembermánuði. Og ég veit að hv. þm. man eftir slíkum tilvikum.

Hv. þm. spurðist enn fremur fyrir um breytingar á lögum vegna þess að það er áætlað samkvæmt fjárlögum að fjármagna Hafrannsóknastofnun með fjármunum sem hingað til hefðu samkvæmt lögum átt að renna í Hagræðingarsjóð. Það frv. er nú til athugunar hjá stjórnarflokkunum, hefur verið rætt í ríkisstjórninni, og ég vænti þess að það frv. komi fram á hinu háa Alþingi á næstu vikum.

Því miður get ég ekki svarað fsp. hv. 18. þm. Reykv. um það hvernig tekist hefur til um innheimtu þessa skatts. Ég hygg að sú innheimta sé ekkert öðruvísi en gera má ráð fyrir. Frá skattalegu sjónarmiði má segja að það sé tiltölulega auðvelt að heimta skattinn inn því að á bak við hann er fasteign og lögtaksréttur í fasteigninni þannig að það er tiltölulega auðvelt fyrir þá sem þurfa að ná þessum skatttekjum að ná til þeirra, auðveldara en t.d. um tekjuskatta og skatta sem ekki eru bundnir við tiltekin, föst verðmæti.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég hafi skýrt hér nokkur atriði til viðbótar og svarað þeim fyrirspurnum sem til mín var beint. Ég hef ekki rannsakað það alveg ofan í kjölinn hvort allir aðrir stjórnarþingmenn en sá sem hér talaði fyrr í dag muni styðja þetta frv. en hins vegar hef ég yfirlýsingar stjórnarandstæðinga um það að þeir muni styðja frv. þannig að ég tel ekki að það sé í stórkostlegri hættu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er komin upp nokkuð sérkennileg staða. Hún er þannig að ríkisstjórnin hefur lagt fram tvö skattamál í þinginu í haust. Annað er frv. til laga um framlengingu skattsins á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Til þess að koma því máli í gegn treystir ríkisstjórnin á stjórnarandstöðuna, m.a. á grundvelli þess að við alþýðubandalagsmenn höfum alltaf stutt þetta mál og ég man ekki betur en Kvennalistinn hafi ævinlega gert það og sömuleiðis Framsfl. þann tíma sem þessi skattur hefur verið lagður á. En ríkisstjórnin treystir á stjórnarandstöðuna í þessu máli af því hún hefur ekki meiri hluta fyrir málinu í sínum hópi. Væri náttúrlega eðlilegast fyrir ríkisstjórnina þá að segja af sér, það væri náttúrlega langhreinlegast vegna þess að stjórnin ræður ekkert við málið.

Hitt skattamálið sem ríkisstjórnin hefur flutt er um að leggja á skólagjöld. Það hefur komið fram að verulegur hluti þingflokks Alþfl. er á móti skólagjöldunum. Það væri náttúrulega langeðlilegast fyrir ríkisstjórnina þá að hætta við það mál og/eða segja af sér vegna þess að hún kemur engum málum frá sér af neinu tagi.

Það hefur einnig verið upplýst hérna að þó að ríkisstjórnin hafi tekið um það ákvörðun í ágúst að hækka skatta af ýmsu tagi, þá eru frumvörpin ekki enn þá komin saman. Örugglega vegna þess að það eru alls konar menn í þingflokkum stjórnarliðsins sem eru á móti þeim frumvörpum sem liggja fyrir. Með öðrum orðum ræður stjórnin ekki við það að koma hér fram í þinginu í tillöguformi — hvað þá heldur til afgreiðslu — undirstöðumálum ríkisfjármálanna fyrir árið 1992 og framvegis. Því að ein stærsta fréttin í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan var sú að þessi stjórn, sem ekki ræður við neitt núna, þykist ætla að sitja allt kjörtímabilið. Ég hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu því að það er auðvitað bersýnilegt að stjórn, sem getur ekki setið með almennilegum hætti í örfáa mánuði, situr auðvitað ekki allt kjörtímabilið. Það er náttúrlega alveg augljóst mál. Hún ætti þegar í stað að segja af sér úr því hún getur ekki einu sinni komið áleiðis tæknilegu frumvarpi eins og þessu öðruvísi en að treysta á stjórnarandstöðuna.

Ég vil segja um afstöðu mína til þessa frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði að auðvitað mun ég taka afstöðu til þess máls fyrir mitt leyti burt séð frá öðrum skattamálum. Ég fer ekki að versla við þessa stjórn um eitt eða neitt. Það skal vera alveg skýrt af minni hálfu. Ég geri það ekki. Ég treysti henni ekki fyrir því. En hitt stendur svo eftir, eftir þessa umræðu, að Alþfl. hefur ekki svarað. Ég lagði þá spurningu fyrir Alþfl. hvort hann væri þeirrar skoðunar að það ætti að nota fjármagnstekjuskattana til þess að lækka eignarskatta, en það var það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Það er auðvitað mjög merkilegt ef fjár-

magnstekju- og vaxtaskattarnir verða notaðir til að lækka skatta á stóreignamönnum í landinu eins og hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir. Það er jafnaðarstefna sem við alþýðubandalagsmenn teljum a.m.k. afar undarlega.

Ég endurtek það sem fram kom í ræðu minni áðan að í síðustu ríkisstjórn var full samstaða um það með öllum stjórnarflokkunum að nota fjármagnstekjuskatta, ef þeir yrðu lagðir á, til að jafna lífskjörin í landinu en ekki til að gera þau ójafnari, m.a. með því að létta sköttum af stóreignamönnum og hátekjumönnum í landinu eins og fjmrh. ætlar að gera, þannig auðvitað trúr stefnu Sjálfstfl. sem leggur alltaf fyrst áherslu á það að hygla þessu liði sem stendur undir hinum daglega rekstri Sjálfstfl. frá degi til dags.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég geri engar kröfur um það að fulltrúar Alþfl. taki þátt í þessum umræðum, þeir munu vætnanlega upplýsa sína afstöðu síðar. En það er aðeins eitt sem ég vildi segja við hæstv. fjmrh. út af því sem hann sagði að ekkert væri vitað um það hvenær þessi frv. kæmu fram. Hann nefndi annars vegar í byrjun desember og hins vegar sagði hann á næstu vikum. Ég hef e.t.v. misskilið hann, hann sagði að annað frv. væri komið til stjórnarflokkanna og mundi væntanlega koma fram á næstu vikum. Það þarf þá að vera þar afar lengi.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á það, þótt hann vitni til fyrri ára — og það er alveg rétt hjá honum að oft á tíðum hafa frumvörp verið lögð allt of seint fram á þinginu og má finna mörg vond fordæmi fyrir því, þannig að þar geta menn leitað lengi og vel í fortíðarvanda — að það vill svo til að við störfum nú eftir nýrri skipan, nýjum þingsköpum og nýrri skipan Alþingis. Hér áður fyrr var það þannig að mál voru flutt fyrst í neðri deild eða fyrst í efri deild og þá gátu menn oft látið sér það nægja að tala við og fá upplýsingar frá ráðherrunum í annarri deildinni. En nú er það ekki svo, allar umræður verða að fara fram í einni deild. Þar að auki var Alþingi ekki sett 10. okt. heldur 1. okt. Og það er gert ráð fyrir því að því ljúki mun fyrr en áður hefur verið.

Þessar upplýsingar benda því til þess að hér sé að skapast alvarlegt ástand sem ríkisstjórnin virðist bera alla sök á því hún er ekki einu sinni farin að koma saman frumvörpunum sínum. Og fram hefur komið að ekki sé víst að frumvörp, sem er þó búið að koma saman, sjái dagsins ljós hér á Alþingi fyrr en eftir nokkrar vikur. Ég hlýt að vara við þessari hugsun sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og minni hann á það að ekki dugar að segja við stjórnarandstöðuna að hún sé að tefja hér mál ef það á að standa þannig að málum að það verður engin áhersla lögð á það að Alþingi fái að sjá þessi frv. fyrr en nokkrum dögum áður en á að samþykkja þau.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stefna ríkisstjórnarinnar í kjaramálum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Sú utandagskrárumræða sem hér fer fram um stefnu ríkisstjórnarinnar í kjaramálum, eins og hún birtist í plaggi frá samninganefnd ríkisins, dags. 29. okt. sl., er að mínu mati í senn svo mikilvæg og svo aðkallandi að ég fór fram á það við hæstv. forseta að hún færi fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Vegna þess vanda sem við er að etja í störfum þingsins sem og vegna fjarveru hæstv. fjmrh. í næstu viku varð ég við eindregnum tilmælum forseta um að umræðan færi fram skv. 1. mgr. 50. gr. Ég tel að með þessu hafi ég sýnt og sannað að stjórnarandstaðan vill greiða fyrir þingstörfum. En æ sér gjöf til gjalda og ég vil gera þá kröfu til hæstv. fjmrh. að hann nýti sinn skamma tíma vel og svari því sem um er spurt en drepi málinu ekki á dreif.

Það vita allir, sem eitthvað vita á annað borð, að samningsréttur launafólks er hjá einstökum stéttarfélögum en ekki heildarsamtökum þeirra. Nú um nokkurra ára skeið hefur hins vegar svokallað heildarsamflot verið viðhaft í kjarasamningum og þar af leiðandi hafa einstök félög ekki fengið sín sérmál rædd og mörg mál bíða leiðréttingar. Hafa félög opinberra starfsmanna nú lagt fram sínar kröfur og fundað stíft um þær með samninganefnd ríkisins að undanförnu. Svör samningnefndar ríkisins við þessum kröfum hafa öll verið á einn veg og þau birtast í hnotskurn í fyrrnefndu plaggi frá 29. okt. Þar segir m.a. í 9. lið, með leyfi forseta:

„Samninganefnd ríkisins er ekki reiðubúin til samninga um nein atriði sem fela í sér hækkun heildarlauna til einstakra stéttarfélaga umfram önnur. Við núverandi aðstæður er samninganefnd ríkisins þó ekki reiðubúin til samninga við einstaka viðsemjendur um breytingar á fyrirkomulagi vinnu eða á öðrum atriðum sem leitt gætu til útgjaldaauka fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki."

Og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh., sem virtist hafa svo mikinn skilning á vandamálum einstakra félaga í umræðum hér á Alþingi þann 11. des. sl., hvort þessi yfirlýsing jafngildi því að verið sé að beina yfirstandandi samningaviðræðum inn á braut heildarsamflots. Hvort í raun sé verið að þumbast við og hunsa rétt einstakra félaga til að ganga frá eigin samningum.

Við höfum orðið þess áskynja að þessi ríkisstjórn er frek til fjörsins og vill fá allt fyrir ekki neitt, líka í kjaramálum. Samninganefnd hennar flytur nú opinberum starfsmönnum þann boðskap að geti þeir reytt einhver réttindi af sjálfum sér sé samninganefndin til viðtals um að láta einhverja mola hrjóta til þeirra á móti. Mest virðast fulltrúar ríkisstjórnarinnar girnast ýmis félagsleg réttindi, svo sem fæðingarorlofið. Þeir vilja jafna réttarstöðu allra launþega hvað það varðar og að gefnum þeim forsendum sem ríkisstjórnin vinnur eftir verður það tæplega skilið á annan hátt en þann að þeir vilji skerða þann rétt til fæðingarorlofs sem konur í hópi opinberra starfsmanna njóta nú. Þeir vilja

jafna niður á við. Sé þetta rangt skilið hjá mér bið ég hæstv. fjmrh. endilega að leiðrétta mig.

Í einlægni vil ég svo spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji þetta til þess fallið að bæta kjör og stöðu kvenna á vinnumarkaði. Er þetta efniviður í velferð fjölskyldnanna, velferð á varanlegum grunni?

Þann 11. des. sl. varð hæstv. ráðherra, sem og öðrum sjálfstæðismönnum sem nú verma ráðherrastóla, tíðrætt um siðleysi fyrrv. ríkisstjórnar gagnvart félagsmönnum BHMR. Því vil ég líka spyrja hvort ráðherrann hyggist ekki vinda bráðan bug að því að efna þau ákvæði kjarasamnings BHMR sem enn liggja óbætt hjá garði og voru þó ekki felld úr gildi með þeim ólögum sem hann og fleiri gagnrýndu harkalega. Eða á kannski að fella þau niður, eins og lagt er til í 23. efnisatriði í plaggi samninganefndar ríkisins?

Virðulegi forseti, ég hef beint máli mínu til hæstv. fjmrh. en ég hlýt líka að gera þá kröfu til ráðherra og þingmanna Jafnaðarmannaflokks Íslands að þeir útskýri stefnu síns flokks í kjaramálum enda mun formaður samninganefndar ríkisins vera þeirra maður.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Skjal það sem hér er til umræðu er unnið af samninganefnd ríkisins í framhaldi af stefnumörkun sem kemur fram í fjárlagafrv. Þessir 25 umræðupunktar hafa verið kynntir viðkomandi stéttarfélögum og ríkisstjórn og opinberaðir eins og allir vita. Grundvöllur viðræðuskjalsins er að fylgt verði efnahagsstefnu sem leiði til stöðugleika og lítillar verðbólgu, dragi úr lánsfjárþörf opinberra aðila til að lækka vexti og skapa svigrúm fyrir nýframkvæmdir í atvinnulífinu. Aðalatriðið er að freista þess í versnandi árferði að verja kjör þeirra verst settu og lægst launuðu. Æskilegt er að mati ríkisstjórnarinnar að gera kjarasamninga til langs tíma, tveggja til þriggja ára, og tryggja þannig atvinnuna og kaupmáttinn þegar til lengri tíma er litið.

Hv. fyrirspyrjandi, sem hóf hér umræðuna, spurði fyrst um 9. liðinn og hvort það væri ætlun ríkisstjórnarinnar að þvinga stéttarfélögin til samflots. Það er ekkert yfirlýst, hvorki í þessari yfirlýsingu né með öðrum hætti, að svo eigi að vera. Það er auðvitað algjörlega á valdi stéttarfélaganna sjálfra. Ég minni hins vegar á að stéttarfélög opinberra starfsmanna eru líklega u.þ.b. 80 og það eru yfir 100 kjarasamningar gerðir þannig að allir sjá að það hlýtur að taka verulega langan tíma að gera samninga við hvert og eitt stéttarfélag. Út frá þeim sjónarmiðum væri samflot heppilegt en ríkisstjórnin leggur ekki dóm á það hvort samtökin ætli sér það eða ekki.

Þá var spurt: Á að jafna félagslegu réttindin niður á við? Ekkert er um það sagt í þessu plaggi. Þvert á móti er bent á að eðlilegt sé að ræða um það hvernig hægt er að jafna félagsleg réttindi, umsamin réttindi eins og minnt hefur verið á. Við viljum að sjálfsögðu bæta stöðu konunnar en við viljum líka að allir launþegar og allir atvinnurekendur beri ábyrgð á réttindum eins og t.d. fæðingarorlofinu.

Varðandi BHMR, þá standa yfir viðræður við þá enda er í gildi kjarasamningur, þótt hann sé í brott fallinn frá 1. sept., þá segja lög að áfram skuli haldið að reyna að efna þann kjarasamning. Þær viðræður standa nú yfir eins og allir vita.

Ég held, virðulegi forseti, að þjóðin verði að varast þá freistingu að skipta meiru en því sem til skiptanna er í þeim kjarasamningum sem fram undan eru. Verðmætin verða ekki til í kjarasamningunum. En ég vonast til þess að menn sýni fullan skilning á því að það er hægt að bæta kjör ef okkur tekst að auka framleiðnina í atvinnugreinunum og það á jafnt við um opinbera stjórnsýslu og aðrar greinar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar þessi ríkisstjórn kom til starfa var augljóst mál að margt í stefnu hennar var með þeim hætti að það mundi skapa erfiðleika í samskiptum stjórnvalda og samtaka launafólks í landinu. Það birtist í upphafsskrefum ríkisstjórnarinnar, það birtist í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og staðfestingin liggur svo fyrir í því skjali sem dreift var á vegum samninganefndar ríkisins fyrir nokkru. Það er útilokað að mínu mati fyrir ríkisstjórnina að gera ráð fyrir því að þetta skjal greiði á nokkurn hátt fyrir gerð kjarasamninga. Það er auðvitað þvílík fjarstæða, bæði efnislega og eins er aðferðin við framlagningu þessa skjals með þeim hætti að allir sem hafa komið nálægt kjarasamningum hljóta að sjá að vinnubrögð af því tagi sem sem hér er um að ræða spilla fyrir. Innihaldið er sérstaklega athyglisvert. Það er sagt við fólk sem hefur beðið um nokkurt skeið vegna þess að menn hafa verið að reyna að ná niður verðbólgunni: Að loknum tilteknum tíma ætlum við að auka okkar kaupmátt. — Það er ekki sagt við þetta fólk: Þið haldið kaupmætti ykkar. Það er sagt við þetta fólk: Kaupmátturinn ykkar verður verri. Það er líka sagt við þetta fólk með fjárlagafrv. á sama tíma: Lífskjörin ykkar að öðru leyti verða verri. Það verða lögð skólagjöld á börnin ykkar, það verða lagðir á sjúklingaskattar og velferðarkerfið verður skemmt. Og það er jafnframt sagt við verkalýðshreyfinguna í landinu þessa dagana: Vextir eru hærri en áður, vextir hafa hækkað mjög verulega og staða atvinnulífsins, sérstaklega þó framleiðslugreina í sjávarútvegi, virðist vera mjög erfið um þessar mundir. Ríkisstjórnin hefur þannig á öllum sviðum skapað erfiðleika og óvissu í kringum þá kjarasamninga sem menn hafa nú viljað gera.

Hér stöndum við því frammi fyrir alveg sérstaklega erfiðum veruleika og ég vil segja efnislega um tilboð samninganefndar ríkisins: Í því er krafa um kauplækkun, í því er krafa um að skerða sjálfsögð mannréttindaákvæði sem opinberir starfsmenn hafa búið við. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að það komi hér skýrt fram að við mótmælum þessu tilboði og vinnubrögðunum mjög harðlega. (Forseti hringir.)

Ég vil aðeins bæta einu við, virðulegi forseti. Það var gert ráð fyrir því fyrir nokkru, þegar fjallað var um kjaramál opinberra starfsmanna, fyrir einu ári eða svo, að á þessu sumri yrði farið í sérmál einstakra félaga. Ég tel að núv. fjmrh. sé með þessari yfirlýsingu sinni

að svíkja það fyrirheit sem opinberir starfsmenn treystu á að yrði efnt, að farið yrði í sérmál einstakra félaga. Hitt er líka athyglisvert, virðulegi forseti, að Jafnaðarmannaflokkur Íslands, (**Forseti:** Ég verð að minna hv. þm. á að ræðutími hans er úti.) Nú er þingmaðurinn alveg að verða búinn. (Gripið fram í.) Er þetta aðstoðarforseti, þessi þarna? Er hann nokkuð í því?

Ég vil bara benda á, virðulegi forseti, að Jafnaðarmannaflokkur Íslands ber formlega pólitíska ábyrgð á því tilboði sem hér er verið að ræða um.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Að gefnu tilefni vil ég áminna hv. þm. um það að virða ræðutíma. Hann er tvær mínútur en þrjár mínútur fyrir málshefjanda.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér er hreyft einu mikilvægasta máli sem er til umræðu í þjóðfélaginu í dag. Menn standa frammi fyrir því að flutningar frá landinu eru að stöðvast, útflutningsgreinarnar munu þá fljótlega stöðvast og það liggur í loftinu mikið ósætti milli ríkisvalds annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar.

Það er ekki nóg að það sé vont andrúmsloft hér á Alþingi. Það er nefnilega þannig að andrúmsloftið hér er nokkurs konar endurspeglun af andrúmsloftinu í samfélaginu. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Með hvaða hætti ætlar núv. ríkisstjórn að koma að þeim kjarasamningum sem nú standa yfir, ekki bara við opinbera starfsmenn heldur í samfélaginu almennt? Ætlar ríkisstjórnin með ríkisfjármálum að setja fram einhver þau tilboð sem gætu stuðlað að kjarasamningum, t.d. í skattastefnu sinni sem er mjög óljós og fjmrh. hefur upplýst að það sé ekki hægt að segja mikið til um? Ætlar ríkisstjórnin að leggja meira á sig til þess að koma fram vaxtalækkun? Og ætlar ríkisstjórnin að hætta við að skattleggja framleiðsluatvinnuvegina sérstaklega þannig að þeir geti staðið undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar?

Þetta eru mikil lykilatriði sem ekki er hægt að gera skil á tveimur mínútum hér á Alþingi. Við hljótum að reikna með því að mjög fljótlega fari hér fram alvarleg umræða um það ástand sem þarna hefur skapast.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að koma með yfirlýsingar hér á Alþingi sem geta bent til þess að ríkisstjórnin vilji af alvöru greiða fyrir gerð kjarasamninga á næstunni því að samfélagið almennt gerir ekki ráð fyrir því.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur gengið á ýmsu í samskiptum ríkisvaldsins við opinbera starfsmenn og það verður ekki annað sagt en að þau mál öll séu í heldur slæmum farvegi. Við höfum m.a. horft upp á fyrrv. fjmrh. hleypa öllu í bál og brand með ógætilegum ummælum og draga þannig verkföll á langinn. Við höfum heyrt óhróður um heilu stéttirnar sem vinna hjá ríkinu, að ekki sé minnst á hin illræmdu bráðabirgðalög á BHMR. Þó held ég að það plagg, sem samninganefnd ríkisins hefur nú lagt fram sem umræðugrundvöll, slái öll met í yfirgengilegum hroka og skilningsleysi á kjörum fólks og þeim réttindum sem opinberir starfsmenn eins og annað launafólk hafa öðlast með áratuga baráttu.

Áður en samningaviðræður hefjast er lýst yfir styrjöld á hendur félögum í BSRB og BHMR því að það er ekki hægt að líta á þetta dæmalausa plagg öðruvísi en sem stríðsyfirlýsingu. Samninganefnd ríkisins lýsir því yfir að jöfnuður sé hornsteinn stefnu ríkisstjórnarinnar. En hvernig á að ná þeim jöfnuði? Með því að svipta opinbera starfsmenn réttindum. Með því að neita alfarið allri uppstokkun á því óréttláta launakerfi sem nú er við lýði hjá ríkinu og bitnar harðast á konum. Og með því að auka framleiðni í opinberum rekstri.

Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að skýra fyrir þingheimi hvernig hann hugsar sér að auka framleiðni hjá hinu opinbera? Er hægt að nota þennan mælikvarða, svona færibandahugsun á þá þjónustu sem ríkið veitir? Hvernig á t.d. að bæta framleiðni í skólakerfinu?

Laun á hvorki að hækka né leiðrétta samkvæmt þessu plaggi og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann trúi því að þessi stefna gangi upp. Trúir hann því að hægt sé að bjóða starfsmönnum ríkisins upp á kaupmáttarrýrnun, ráðningar án þeirra lífseyrisréttinda sem opinberir starfsmenn nú njóta o.s.frv.? Trúir hann því að yfirlýsingar af þessu tagi leiði til samninga og jöfnuðar?

Virðulegi forseti. Hér er illa af stað farið og því miður er að hefjast enn eitt stríð ríkisstjórnar við starfsmenn sína. Ég skora á hæstv. fjmrh. að draga þennan svokallaða umræðugrundvöll til baka og hefja viðræður við opinbera starfsmenn í vinsemd og með virðingu. Það eitt getur leitt til árangurs.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Við skulum ekki vanmeta þann árangur sem náðst hefur. Þjóðarsáttarsamningarnir hafa skilað meiri kaupmætti en samið var um í þeim samningum. Það er í fyrsta skipti svo að ég viti til að verkalýðshreyfingu og vinnuveitendum hafi tekist að gera kjarasamning sem hefur náð meiri árangri heldur en stefnt var að við gerð hans. Kaupmáttur dagvinnulauna ríkisstarfsmanna er nú að meðaltali — og auðvitað eru gallar á öllum meðaltalsútreikningum, það þekkjum við — 2% meiri en gert var ráð fyrir í þjóðarsáttarsamningunum að hann yrði við lok samningstímans. Og allan samningstímann hefur kaupmáttur dagvinnulauna ríkisstarfsmanna verið meiri en forsendur þjóðarsáttarsamninganna gerðu ráð fyrir.

Það er ekki rétt að halda því fram að þjóðarsáttarsamningarnir hafi þýtt fórnir fyrir launafólk. Þjóðarsáttarsamningarnir hafa þvert á móti skilað launafólki kaupmáttaraukningu umfram það sem gert var ráð fyrir á tímum samdráttar í þjóðarbúskapnum. Það er árangur sem er vert að minnast á að á sama tíma og þjóðartekjur lækka um 2–3% skuli kaupmáttur geta aukist umfram forsendur samninga um 2%. Það er árangur sem ekki er ástæða til að vanvirða. Og það er líka árangur að í heil tvö ár skuli matvara á Íslandi

ekki hafa hækkað nema um 5,4% og mjólkurvörur á tveimur árum lækkað um 0,9%. Það er þennan árangur sem verður að varðveita og við verðum auðvitað að gera okkur fulla grein fyrir því að á tímum þegar áframhaldandi samdráttur í þjóðartekjum er líklegur er ekki hægt að gera allt fyrir alla. Ef menn ætla að bæta kjör, eins og þarf að gera, þá gera menn það ekki örðuvísi en að hálaunahóparnir séu tilbúnir að gefa af sínu til þess að láglaunahóparnir geti notið þess. Og þá er spurningin þessi, ekki bara til ríkisstjórnar heldur til aðila vinnumarkaðarins og samtaka launafólks: Eru samtök launafólks reiðubúin til að móta þá stefnu að láglaunafólkið skuli hafa forgang í þessari kjarasamningagerð? (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Aðeins eina setningu að lokum. Hvað halda menn að ríkisstjórnin sé að gera þegar hún er að leitast við að lækka útgjöld ríkisins? Hún er að létta þrýstingi ríkissjóðs af lánamarkaðnum í þeim tilgangi að koma vöxtum niður. Með þeim aðgerðum er hún að reyna að styrkja grundvöll kjarasamninga í haust. Það er vísasti vegurinn til þess að greiða fyrir kjarasamningum að fá vextina niður. Þetta er ein aðferðin sem dugar til þess.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir vonbrigðum mínum með litla þátttöku í þessari utandagskrárumræðu og jafna því við þá umræðu sem átti sér stað um handboltahöll hér í þinginu um daginn þar sem menn ruddust hver um annan þveran í þessa pontu til að tjá sig um það mál. Hér kemur þetta brýna mál upp sem eru kjaramálin, sem algjör pattstaða er í núna og þokast ekkert, launafólki hefur í rauninni verið sagt að éta það sem úti frýs og þingmenn virðast hafa afskaplega takmarkaðan áhuga.

Hér er talað um þjóðarsátt en hver er sáttin sem ríkisstjórnin býður núna? Hún býður í rauninni upp á það að ríkisstjórnin fái ávinninginn af því sem gert verður, hún fái líka að verja þessum ávinningi en launafólk fái að vinna fyrir honum og greiða hann. Eins og ég sagði áðan vill hún allt fyrir ekkert.

Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. áðan að mikilvægt væri að ná stöðugleika, lítilli verðbólgu og að lækka vexti. Hann talaði líka um að verja kjör hinna lægst launuðu. Um þetta geta allir verið sammála. En hver á að greiða þetta? Það er launafólkið sem á að greiða þetta með kaupmáttarskerðingu því að það er ljóst að það verður kaupmáttarskerðing hjá öllum, ekki bara þeim sem hafa hæstu launin heldur líka og ekki síst þeim sem vinna samkvæmt töxtum, ef engar kauphækkanir koma til. Við þurfum ekki annað en horfa á þau þjónustugjöld sem þessi ríkisstjórn ætlar að leggja á og munu nema um 18 þús. kr. á hverja vísitölufjölskyldu í landinu. Það segir sig sjálft, bara það þýðir talsverða kaupmáttarskerðingu fyrir fólk.

Það er talað fjálglega um að verja kjör hinna lægst launuðu en þá lægst launuðu er m.a. að finna í hópi opinberra starfsmanna, í hópi kvenna hjá hinu opinbera. Það eru þær sem taka laun samkvæmt taxta, það eru þær sem fá mun minni fríðindi af öllu tagi en karlar, það eru þær sem fá minni yfirvinnu eða geta síður sinnt yfirvinnu og taka því laun samkvæmt töxtum og hafa einungis sín dagvinnulaun. Þetta kalla ég m.a. að jafna niður á við, þegar halda á þessu öllu í fjötrum. Síðan eiga atvinnurekendur og reyndar ríkisvald, því að það er boðað, að hafa svigrúm til að hækka þá sem þeim eru þóknanlegir og sem helst geta varið ótakmörkuðum tíma í þágu síns atvinnurekanda. Þetta kalla ég að jafna niður á við. Það kom reyndar fram hjá hæstv. fjmrh. að ekkert slíkt væri sagt um fæðingarorlofið, en ef við gefum okkur það að ríkisstjórnin boðar að hún ætli ekki að auka útgjöld, hún ætlar ekki að auka útgjöld á fjárlögum, þá þýðir það væntanlega að ekki er verið að toga fólk upp, það á ekkert að hækka það sem greitt er öðrum í fæðingarorlof heldur reyna að ná einhverju af hinum.

Hér hefur aðeins verið komið inn á aukna framleiðni og það er eitt sem er dálítið sérkennilegt í þessu plaggi stjórnarinnar því að ef fyrirtæki ná aukinni framleiðni, þá á eitthvað að hrjóta til starfsmannanna. (Forseti hringir.) Hvað með þau fyrirtæki — ef við gefum okkur það að einhver opinber fyrirtæki séu vel rekin, séu með hámarksframleiðni, tökum skólana þar sem er ákveðinn fjöldi nemenda pr. kennara. Hvað með þá hópa? Hvers eiga þeir að gjalda?

Ég lýsi því hér yfir eins og aðrir að þetta plagg er í rauninni makalaust og ríkisstjórnin ætti að sjá sóma sinn í því að draga það til baka. Svo hlýt ég að óska eftir því að við fáum betra tóm og betri tíma að ræða þessi mál síðar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég læt ekki brýna mig lengi að koma hér og taka þátt í þessari umræðu. Ég ætla að koma aðeins að ræðu hæstv. heilbrrh. þar sem hann lýsti skilmerkilega hvaða árangri var náð með þjóðarsáttarsamningunum, og sá árangur náðist með dyggum stuðningi páv. ríkisstjórnar. Það að viðhalda þeim árangri sem þá náðist er að mínu mati einhver mesti prófsteinn sem íslensk stjórnvöld hafa staðið frammi fyrir um árabil. En því miður sé ég ekkert það í gerðum núv. ríkisstjórnar sem bendir til þess að hún hafi getu til að viðhalda þeirri sátt í þjóðfélaginu sem þar náðist. Á meðan ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar láta fara þannig fram að það er helst hægt að líkja því við framferði fíls í kristalsverslun — og á hæstv. heilbrrh. kannski ekki minnst af þeirri samlíkingu, enda maðurinn fyrirferðarmikill — á meðan svo fer fram, er ég ekki bjartsýnn á að það takist að viðhalda þessari sátt sem er í raun grunnurinn að því að við getum á næstu árum stefnt inn í það þjóðfélag sem ég þykist vita að við viljum öll stefna að, þjóðfélag stöðugleika og jafnvægis, þjóðfélag sem geti lagt grunninn að bættum hag þegnanna.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessari umræðu um kjaramál vil ég taka fram að einstaka hreyfingar á sviði samningaviðræðna eru ekki tilefni til upphlaupa. Menn skyldu átta sig á því að við gerð kjarasamninga gerast

ýmsir hlutir og það er hefð sem ég hef oft upplifað að það er erfitt til að byrja með að ná kjarasamningum. Ég vona að það takist að ná saman endum og það mun vissulega gerast.

Rætt var um þjóðarsátt og árangur hennar sem hefur vissulega orðið gífurlega mikill. Ég vil benda á það að þjóðarsátt um kjaramál varð ekki til á ríkisstjórnarborði. Hún varð til vegna fólksins sjálfs, af fólkinu sjálfu, vegna krafna verkalýðsfélaganna og fólksins sem í þeim er um það að ná sátt um kjörin, um það að ná endum saman, um það að reyna að ná stöðugleika í efnahagslífinu. Einmitt sá hugur er enn uppi hjá fólki í landinu, að svo verði. Hvert einasta verkalýðsfélag sem hefur ályktað um þjóðarsátt og hugmyndir um hana, hefur ályktað um að haldið verði áfram á sömu braut, vissulega að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Og fólkið sem gengur atvinnulaust víða um land, sums staðar meira en annars staðar, gerir sér grein fyrir því að sá stöðugleiki sem ríkt hefur undanfarið hefur fært launafólki betri kjör en áður, sem vissulega eru samt of rýr. Það krefst þess að haldið verði áfram á sömu braut. Hér skulu menn ekki koma upp og hæla ríkisstjórnum út af þessum hlutum. Þær ríkisstjórnir sem standa í vegi fyrir slíkri þjóðarsátt verða hæddar og fyrirlitnar og þeirri ríkisstjórn sem síðast var hefði hlotið þau örlög einnig.

Ég vona að sátt náist og það mun nást sátt. Einstaka upphlaup munu ekki verða til að hjálpa til í þessum efnum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Karl Steinar Guðnason hafa komið hér upp og sagt að mikilvægt sé að viðhalda þjóðarsátt. Ég tek undir það að sú þjóðarsátt sem tókst, hverjum svo sem það var að þakka, hefur fært þjóðinni kjarabætur. Það má vel vera að hv. þm. Karl Steinar Guðnason gefi ekki mikið fyrir þátttöku ríkisstjórna í slíkri þjóðarsátt, en það þarf þó a.m.k. að vera með þeim hætti að starfandi ríkisstjórn komi ekki í veg fyrir að þjóðarsátt náist og framkvæmi ekki þær athafnir sem geti orðið til þess að það sé gjörsamlega útilokað að ná samkomulagi í landinu. Það er nefnilega ekki nóg með það, hv. þm. Karl Steinar Guðnason og hæstv. heilbrrh., að ríkisstjórnin hreyti út úr sér hér á Alþingi heldur gerir hún það líka yfir þjóðfélagið allt. Halda menn t.d. að sú umræða sem á sér stað um Byggðastofnun og þær væntingar sem menn hafa á þeim bæ — því að þessi stofnun hefur hjálpað til í mjög mörgum tilvikum — greiði fyrir þjóðarsátt? Heldur hæstv. heilbrrh. að það sé alveg sama hvernig ríkisútgjöldin eru skorin niður, við hvern það kemur? Ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur orðið var við annað. Það er þetta framferði ríkisstjórnarinnar sem er að spilla fyrir þjóðarsátt. Heldur hæstv. fjmrh. að það sé alveg sama hvernig skattahækkanir hans munu koma til með að líta út? Það veit að vísu enginn. Ég fullyrði að núverandi ríkisstjórn er — vætnanlega óafvitandi, ég trúi því — að spilla mjög fyrir því að þjóðarsátt geti náðst. Hvort sem hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni líkar það betur eða verr er það mikilvægast af öllu að hann haldi þessari ríkisstjórn við efnið og komi í veg fyrir að hún sé að hreyta út úr sér út og suður orðum og athöfnum sem spilla fyrir því að samkomulag geti náðst á vinnumarkaði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. heilbrrh. að verulegur árangur hefur orðið í kjaramálum að undanförnu eins og lýst er nánar í 5. lið þess skjals sem hér er til umræðu og ætla ég ekki að endurtaka það.

Hv. 1. þm. Austurl. beindi til mín þeirri spurningu hvað ríkisstjórnin hygðist gera varðandi samninga á hinum almenna vinnumarkaði. Ég endurtek einungis það sem ég hef sagt áður fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar að við erum tilbúnir til þess ásamt þeim að leita allra leiða til að draga úr lánsfjárþörf ríkisins til að freista þess að ná niður vöxtunum, en það er það sem skiptir afar miklu máli til að koma atvinnulífinu nægilega vel af stað aftur. Þar vona ég að ég og hv. 1. þm. Austurl. séum algjörlega sammála.

Hér hafa einnig orðið umræður um framleiðni. Ég vísa einungis til skjalsins, frá 10. gr. og áfram. Þar er því lýst nákvæmlega hvernig fara á að. Ég vil einungis segja það og endurtaka — og mæli í fullri alvöru — að það sem skiptir máli í þeim kjarasamningum sem í hönd fara er að þeir sem eru verst settir, þeir sem lökust hafa kjörin, haldi sínu. Besta tryggingin fyrir því er stöðugleikinn. Það er hann sem skiptir öllu máli fyrir þennan hóp því að hann á verst með að lifa það af ef verðbólgan kemur hérna við á bæ á ný.

Ég tek enn fremur fram að kröfunni um að draga þetta skjal til baka vísa ég algjörlega á bug. Það er fullur réttur allra stéttarfélaga að leggja fram kröfur í samningum og það er reyndar skylda mín sem fjmrh. og viðsemjanda þessara aðila að ég leggi fram mín sjónarmið til umræðu og viðræðna inn í þetta púkk. Það höfum við gert, staðið við, með því að leggja fram þetta skjal og ég staðhæfi það og skal standa við það að þrátt fyrir kröfugerðir af hálfu stéttarfélaga og þrátt fyrir þetta skjal sem hér liggur fyrir muni kjarasamningar fara fram með vinsemd og virðingu.

Umræður utan dagskrár.

Samgöngumál á Austurlandi.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Eitt mikilvægasta og viðkvæmasta mál hér á hv. Alþingi er að skipta vegafé milli kjördæma og innan kjördæma. Þannig háttar t.d. til á Austurlandi að ástand vega er þar afar slæmt og um sl. áramót voru 513 km af stofnbrautum landsfjórðungsins ekki með slitlagi, þar er einangrun byggðarlaga og í þriðja lagi hefur ekki verið lokið við tengingu landshlutans um Norðurland.

Hæstv. samgrh. kom í fjölmiðla fyrir nokkru síðan og tilkynnti að hans skoðun væri að frekari jarðganga-

gerð á Austurlandi eigi að fresta og forgangsverkefni verði að vera tenging Norðurlands og Austurlands. Það er vissulega mikilvægt verkefni. Hæstv. ráðherra sagði hins vegar jafnframt: Þingmenn hafa ráðið því, þ.e. skiptingu vegafjár, og þá hafa þeir yfirleitt hugsað um kjördæmi í þröngum skilningi, og það hefur líka verið athyglisvert að þingmenn hafa ekki haft neinn skilning á því hverjar séu þarfir ferðaþjónustu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Við hvaða þingmenn á hann? Á hann e.t.v. við sjálfan sig? Og öðlaðist hann alveg nýjan skilning við það að setjast í ráðherrastól?

Ég spyr í öðru lagi: Verður þessi nýi skilningur ráðherrans fyrst og fremst hafður að leiðarljósi í sambandi við skiptingu vegafjár? Skipta samgöngur milli byggðarlaga í kjördæmum ekki miklu máli að hans mati? Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að þingmenn kjördæmanna og Alþingi hafi minna að segja um skiptingu vegafjár vegna þessa skilningsleysis þeirra? Telur ráðherrann að vetrarsamgöngur byggða á Austurlandi séu betur staddar en í ýmsum öðrum landsfjórðungum og þá sérstaklega þeim landsfjórðungum þar sem ráðist hefur verið í jarðgöng? Og ég vil að lokum spyrja ráðherrann: Telur hann mikilvægara, vegna þess að hann orðaði það líka, að leggja veg yfir Sprengisand en að ráðast í jarðgöng á Austurlandi til þess að auðvelda vetrarsamgöngur?

Þetta eru afar viðkvæm og mikilvæg mál og ég undrast að hæstv. samgrh. skuli leyfa sér, með þeim hætti sem hann hefur gert, að gera lítið úr starfi þingmanna kjördæma í sambandi við skiptingu vegafjár og minna hann á það að hér er um viðkvæmt mál að ræða sem við leggjum okkur fram um að ná samstöðu um. Það höfum við þingmenn Austurl. gert fram að þessu og þurfum ekki leiðbeiningar hans í því sambandi.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ræða hv. 1. þm. Austurl. kemur mér mjög mikið á óvart. Í fyrsta lagi veit hann jafn vel og ég að það er með sumar stórframkvæmdir, hvort sem við tölum um jarðgöng eða að brúa stórfljót á Suðurlandi eða hvort við tölum um að koma vegi yfir Holtavörðuheiði, að fé til þeirra er tekið af almennu vegafé og með almennu samkomulagi í þinginu. Sá var líka skilningur þeirra þingmanna sem sátu í veganefndinni á síðasta vetri að nauðsynlegt væri að líta þeim augum á öræfin milli Norðurlands og Austurlands og segir í athugasemdum með till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð sem lögð var fram meðan hv. þm. var ráðherra, með leyfi forseta:

„Tenging Norðurlands og Austurlands um Möðrudalsöræfi hefur verið mikið rædd í starfshópnum. Á þessu stigi liggur ekki fyrir ákveðin tillaga um hvar framtíðarvegur muni liggja. Starfshópurinn leggur áherslu á að niðurstaða fáist fyrir næstu endurskoðun langtímaáætlunar, og þá verði tekin afstaða til þess hvernig með hana skuli farið."

Það sem ég talaði um fyrir norðan var ekki meira en það að hugur minn stæði til þess að hægt væri að ráðast í þetta verkefni eftir að lyki jarðgöngum fyrir vestan, og nú skal ég líka rifja upp hvernig ríkisstjórn hv. þm. stóð að jarðgöngunum fyrir austan sem hann er nú að æsa sig yfir.

Það er fyrst á árinu 1998 sem eitthvert fé að marki er lagt til jarðganga á Austurlandi. Það er talið að jarðgöng sem rjúfi einangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar kosti um það bil 6 milljarða kr., en ef við leggjum saman það fjármagn sem í langtímaáætlun er ætlað til þessara framkvæmda er það um 2,5 milljarðar kr.

Og þá erum við komin aftur að árinu 1991. Ég held að það sé mjög athyglisverð uppástunga hjá hv. 1. þm. Austurl. ef hann hugsar sér það að beðið verði með að tengja Norðurland og Austurland þangað til tekist hefur að ljúka þeim jarðgöngum sem verið er að tala um í sambandi við Norðfjörð og Seyðisfjörð.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem vegamál á Austurlandi koma til umræðu hér í þinginu og er ekki vanþörf á. Það er rétt sem hv. 1. þm. Austurlands sagði áðan að ástand vega á Austurlandi er víða slæmt og það þyrfti og ber brýna nauðsyn til að gera þar sérstakt átak. Varðandi það sem hér er til umræðu, valkostina tvo, annars vegar að tengja Austurland við Norðurland með heilsársvegi og hins vegar jarðgangagerð á Austurlandi, tel ég að við ættum ekki að ræða þessar framkvæmdir sem valkosti, hvorn gegn öðrum. Þvert á móti ættum við að líta á þessar framkvæmdir báðar sem nauðsynlegar framkvæmdir í kjördæminu sem á að stefna að að ráðist verði í eins fljótt og kostur er. Það er án efa eitt brýnasta landsbyggðarmálið núna, ekki einungis á Austurlandi, heldur á landsbyggðinni allri, að gert verði verulegt átak í vegamálum. Stigið hefur verið mikilvægt skref á Vestfjörðum og það verður að stíga svo stórt skref á Austurlandi líka. Hér verður að koma til aukið fjármagn og ég treysti hæstv. samgrh. til að hafa þar forustu, að ná samkomulagi innan ríkisstjórnarinnar svo að það megi takast. Ég mun styðja hann í því.

Hins vegar er brýnast að rjúfa vetrareinangrun þeirra byggða sem eru lokaðar af nánast allan veturinn. Ég nefni þar t.d. Vopnafjörð. Að vísu hafa samgöngur þar verið bættar með nýjum Hellisheiðarvegi sem reynslan hefur nú sýnt að hefur lengt þann tíma sem Vopnafjörður er í vegasambandi við Hérað og því ber að fagna.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Yfirlýsingar hæstv. samgrh. í útvarpi um vegamál á Austurlandi vekja svo sannarlega furðu. Einnig vekja furðu svör hans hér áðan og vitna ég til viðtals við hann í kvöldfréttum ríkisútvarpsins 4. nóv. Þar segir hann: „... og er raunar þeirrar skoðunar að næsta sameiginlega stórverkefnið sem við eigum að ráðast í á eftir göngunum fyrir vestan sé að ljúka þessari vegagerð, tengja saman þessa tvo fjórðunga en bíða á meðan með frekari jarðgangagerð."

Þarna er samgrh. að gefa yfirlýsingar um afar viðkvæmt mál. Gott samkomulag hefur verið í þjóðfélaginu um röð framkvæmda í jarðgangagerð. Á Austurlandi hafa engar deilur verið um það að Austurland

ætti að koma á eftir Vestfjörðum í jarðgangagerð og Austfirðingar hafa alltaf reiknað með að þessar framkvæmdir yrðu teknar í samfellu en ekki blandað saman við önnur verkefni í vegamálum eða farið að stilla öðrum stórverkefnum upp á móti þeim. Ég mótmæli harðlega þessum ummælum hæstv. samgrh. og tel það mikla furðu að menn skuli leyfa sér að blanda sér í mál með þessum hætti, jafnvel þó að hann gegni þessu virðulega embætti. Ég held að ummælin sýni að hæstv. samgrh. hefur ekki sett sig inn í hvernig þingmenn einstakra kjördæma, a.m.k. þingmenn á Austurlandi, hafa unnið að vegamálum. Við höfum unnið þar í góðu samkomulagi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er rætt varðar fleiri en okkur Austfirðinga þó að við stöndum eðlilega upp á þingi og mótmælum inngripum hæstv. samgrh. í ákvarðanir sem hafa verið mótaðar í góðu samkomulagi, að ég hélt, þangað til hann kemur fram með það sem hann vill kalla nýja stefnumótun í þessum málum, tekna fyrir hönd — ja, hverra? Fyrir hönd hverra? Er hæstv. ráðherra að mæla fyrir hönd Austfirðinga? Ég leyfi mér að draga það í efa og ég ráðlegg hæstv. ráðherra að heimsækja Austurland og ræða við menn í fjarðabyggðum eystra og á Vopnafirði um sínar hugmyndir. Það er auðvitað ágætt ef, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl., ríkisstjórnin bætir í og ætlar að standa í hvoru tveggja.

Það er hins vegar ekki það sem hæstv. ráðherra er að boða. Hann ætlar að breyta framkvæmdaröð og þetta er gert í nafni ferðaþjónustu sem hæstv. ráðherra hefur öðlast nýja sýn til og nýjan skilning á eftir að hann stöðvaði lagafrv., gekk í það öðrum fremur í Sjálfstfl., sem sjálfstæðismenn í neðri deild þingsins voru í fyrravetur búnir að samþykkja. Það hefði kannski orðið ferðaþjónustu á Íslandi til nokkurs framdráttar en var stöðvað í efri deild þingsins með atbeina núv. hæstv. samgrh. Mér finnst þetta furðulegar yfirlýsingar og er afar undrandi á jafnskynsömum manni og ég tel hæstv. samgrh. vera þegar hann leyfir sér þann munað að líta í eigin barm og hugsa rólega um málin. Ég vara þingmenn almennt við ef ráðherrar í ríkisstjórninni ætla sér með þessum hætti að fara inn á svið sem hefur verið verkefni þingmanna í kjördæmunum og ganga þvert á gerðar samþykktir.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Í sambandi við þessa umræðu fagna ég sérstaklega tvennu, annars vegar hvað þingbræður mínir á Austurlandi eru orðnir siðavandir og hins vegar því að hæstv. samgrh. hefur lýst áhuga á að flýta vel upp byggðum vegi á milli okkar kjördæma. En rétt til þess að segja svolítið meira frá þessum málum finnst nú líka mega koma fram að hæstv. samgrh. hefur býsna mikið umburðarlyndi því að enn er að störfum á Austurlandi til þess að raða þar niður verkefnum í vegamálum pólitísk nefnd hæstv. fyrrv. samgrh. Samgönguráðherrar hafa nefnilega leyft sér ýmislegt gagnvart Austurlandi. Hæstv. fyrrv. samgrh. skipaði pólitíska nefnd tveggja framsóknarmanna og eins alþýðubandalagsmanns, án þess að ráðgast um það við samtök á Austurlandi, til þess að taka ákvarðanir um það hvar jarðgöng skyldu liggja. Sú nefnd kemur sjálfsagt til með að skila áliti von bráðar.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan og er ekki undrunarefni þó að ég fagni orðum hæstv. samgrh. því að sameiginlega fluttum við fyrir mörgum árum þáltill. á Alþingi um að tengja kjördæmi okkar saman með vel uppbornum vegi frá Egilsstöðum norður í Mývatnssveit. Ég vek athygli á því að frá vegáætlun eða drögum að langtímaáætlun í vegagerð var gengið þannig að tvö heil ár skilja í framkvæmdum veggöng á Austurlandi og Vestfjörðum og það er vel hægt að byggja þennan veg norður til Mývatnssveitar á þeim tíma og þótt skemmri væri.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mig langar að koma því á framfæri að ég taldi það mjög virðingarvert á sínum tíma hvaða skilning Austfirðingar höfðu á jarðgangagerð á Austfjörðum og hve jákvæðir þeir voru í sinni afstöðu þegar þessum verkum var raðað niður. Hins vegar er það svo að ég hef kannski aðrar skoðanir á lífdögum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og hef hreinlega ekki þann framtíðarvanda fyrir augum að hún muni ríkja eftir 1995, en auðvitað er allur varinn góður. Hins vegar kom það fram hjá hv. 5. þm. Austurl. að hann ætlar að tryggja hæstv. samgrh. stuðning innan ríkisstjórnarinnar og einnig innan þingsins við aukið framlag til vegamála. Má segja að hv. 1. þm. Austurl. hafi þar unnið stóran sigur því að það er í fyrsta skipti sem ég hef heyrt alþýðuslokksmann flytja jafnákveðna stuðningsyfirlýsingu við það að vegir skuli almennt lagðir á Íslandi og þykja mér það stór tíðindi og ég efa ekki að þessu verður fylgt eftir.

Ég skil aftur á móti ekki hvernig núverandi ráðamenn ætla að standa að því að fá þjóðina til að samþykkja að hægt verði á í vegaframkvæmdum á Íslandi vegna þess að þeir telja að ekki sé fært að taka lán til vegagerðar.

Það er rétt hjá hæstv. samgrh. að ferðamannaþjónustan er sá atvinnuvegur sem er í mestum vexti og mestu mun skila, herra forseti. Þess vegna er það undirstöðuatriði að sú atvinnugrein verði ekki svelt, menn þori að koma vegum Íslands í eðlilegt ástand og það er ekki hægt nema menn þori að taka lán til þess. (**Gripið fram í:** Heyr.)

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að taka undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. og geta þess hér rækilega að Vestfirðingar nutu stuðnings Austfirðinga á sínum tíma þegar var verið að setja niður röð framkvæmda í jarðgöngum. (**EgJ:** Fengu þeir ekki stuðning allra alþingismanna?) Það getur verið, hv. þm., að svo hafi verið, en mér er kunnugt um það úr mínu starfi sem sveitarstjórnarmaður að menn lögðu nokkuð á sig fyrir nokkrum árum, Austfirðingar og Vestfirðingar, að ná sama um tillögu að röð og það greiddi

mjög fyrir þeirri framkvæmd sem er að hefjast á Vestfjörðum.

Ég vil líka láta það koma fram að um þessar framkvæmdir hefur verið rætt. Það sem ég hef heyrt um það er að menn hafa lagt þessar framkvæmdir þannig upp að unnið yrði í samfellu, að menn hæfu framkvæmdir við Austfjarðagöng þegar hinum framkvæmdunum lyki. Þannig hefur þetta verið þar sem ég hef komið að þessu máli og ég vildi láta koma fram að þannig tel ég að eigi að standa að málum og það eigi að hefja framkvæmdir á Austfjörðum þegar hinum lýkur.

Hins vegar er ýmislegt á borðum þessarar ríkisstjórnar sem gerir það að verkum að það er ekki líklegt að menn sjái fram á að hafnar verði framkvæmdir á borð við jarðgöng á Austfjörðum bara af því einu að menn eru að skera niður fé til vegamála samkvæmt nýsamþykktri vegáætlun í mars sl. Sá niðurskurður, einn og sér, gerir það að verkum að menn eru að ýta framkvæmd þessari út af borðinu. Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar, virðulegi forseti, að fjármagna Vestfjarðagöngin eingöngu með vegafé gerir það að verkum að menn verða að taka 500 millj. kr. eða svo af öðrum framkvæmdum og við þessar aðstæður eru menn að dæma jarðgöng á Austfjörðum úr leik. Það eiga þeir hv. þm. að vita sem eru utan af landi og styðja þessa ríkisstjórn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma að þessu máli eiginlega frá hinum enda hins umrædda vegar yfir fjöllin milli Norðurl. e. og Austurlands en að mínu mati er vegarlagning þar yfir einhver brýnasta aðgerð í byggðamálum sem hægt er að ráðast í á næstunni og kannski, ef grannt er skoðað, ekki svo óskaplega kostnaðarsöm miðað við þá breytingu sem sú vegargerð gæti valdið. Ég bendi á að milli höfuðstaða Norðurlands og Austurlands, milli Akureyrar og Egilsstaða, eru ekki nema 280 km sem er ekki vegalengd sem mönnum vex í augum í dag ef menn eiga þess kost að ferðast um uppbyggða vegi og með bundnu slitlagi. Þess vegna hlýt ég að harma það ef hæstv. samgrh. hefur með gáleysislegum ummælum spillt fyrir framgangi þessa máls. Ég verð því að varpa því hér fram að ég hlýt að vona að það hversu slysalega tókst til með þessa yfirlýsingu hæstv. samgrh. komi ekki til með að spilla góðri samvinnu þingmanna Norðurlands og Austurlands við að hrinda þessu mikla framfaramáli í framkvæmd og að við getum unnið að því á þann veg að hægt verði að halda áfram síðar með Austfjarðagöng í þeirri samfellu sem rætt hafði verið um í fyrri vegáætlun.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég bið hæstv. samgrh. að sýna stillingu og reyna að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann því að jafnvel þótt það sé alveg ljóst að ég hafi verið allreiður þegar ég las þessa yfirlýsingu hans og sé það enn gæti ég trúað að hæstv. samgrh. hefði verið heldur ljótur í framan ef fyrrv. samgrh., hver svo sem það hefði verið, hefði gefið þá yfirlýsingu að rétt væri að hætta við að leggja göngin til Ólafsfjarðar og fara þess í stað og leggja peningana í almennilegan veg á milli Austurlands og Norðurlands. Það gæti verið að hv. þm. Halldór Blöndal, núv. hæstv. samgrh., hefði sagt nokkur orð hér á Alþingi hefði slík yfirlýsing verið gefin. Það vill nefnilega þannig til að þetta verkefni sem hér er verið að tala um er að sjálfsögðu sameiginlegt verkefni og sameiginlegt áhugamál beggja þessara landshluta. Og það vill jafnframt þannig til að vegir til beggja átta, t.d. frá Egilsstöðum ef við lítum á Reykjavík, eru mjög slæmir og það vill þannig til að það eru fleiri sem velja leiðina norður um land til Reykjavíkur að sumarlagi en leiðina suður fyrir sem sýnir best að það þarf að huga að mörgu í þessu sambandi. Það gengur náttúrlega ekki að hæstv. samgrh. skuli leyfa sér að taka það fram sem eina aðalástæðu í þessu sambandi, eins og greinir frá í þessu viðtali, að tengja þurfi Austurland og Norðurland til þess að þeir sem koma á land á Austurlandi hræðist ekki malarveginn hingað norður. Þetta mál er að sjálfsögðu miklu stærra en svo og það gengur ekki, með mikilli virðingu fyrir ferðaþjónustu og ég tek undir það að hana beri að efla, að gera hana að algeru aðalatriði í sambandi við vegagerð á Íslandi. Við búum við slíka einangrun byggðarlaga að við getum því miður ekki leyft okkur að setja ferðaþjónustuna framar öllu öðru.

Ég bið hæstv. samgrh. að reyna að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann og e.t.v. láta í ljós að hann hafi sagt heldur mikið. Ég bið hann að ítreka það hér á Alþingi að nauðsynlegt sé að þingmenn komi sér saman um skiptingu vegafjár. Það væri honum til mikils sóma ef hann tæki þau orð sín til baka að þingmenn hafi ekki neinn skilning á ferðaþjónustu því að ég trúi ekki að hæstv. samgöngu- og ferðamálaráðherra hafi viljað segja það við allan þingheim að hann hafi ekkert vit á ferðaþjónustu og bið ég hann um að leiðrétta öll þessi mismæli sín.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Austf. er undrandi á að ég skuli tala um vegamál út frá ferðaþjónustu á fundi þar sem fjallað er um ferðaþjónustu. Ég hefði kannski átt að tala um sjávarútvegsmál þar í staðinn eða eitthvað þvílíkt. Umræðurnar hér snúast á þann veg að það er eins og þeir stjórnarandstæðingar, flestir hverjir, sem tekið hafa til máls þekki ekki vegáætlun. Í vegáætlun er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við Vestfjarðagöng á árinu 1995. Síðan er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við göng fyrir austan sumarið 1998. Það er með öðrum orðum þriggja ára hlé.

Ég leyfði mér að segja það á fundi fyrir norðan að ég vildi beita mér fyrir því að þetta hlé yrði notað til þess að ráðast í það stórverkefni að bæta samgöngur milli Norðurlands og Austurlands. Og svo rís hér upp hver þingmaður Austfirðinga á fætur öðrum, nema auðvitað minn góði vinur, hv. þm. Egill Jónsson, og ég tala nú ekki um hinn guðsvígða mann ...(Gripið fram

í.) Fulltrúar Framsfl. og Alþb., það eru þeir sem rísa hér upp og lýsa ánægju sinni yfir því að þessar vegaframkvæmdir eigi að bíða fram á næstu öld. Það er ekki gert ráð fyrir því samkvæmt langtímaáætlun að koma þar neitt við sögu, bæta þar neitt úr skák, fyrr en á næstu öld. Fram á næstu öld skal það bíða að þeirra dómi að sómasamlegar samgöngur komist á milli Norðurlands og Austurlands. Nei, mér dettur svo sannarlega ekki í hug, hæstv. forseti, að taka þau ummæli mín til baka. Slíkt er með öllu óþolandi og dæmi um það að smásjónarmið ráði ef menn vilja ekki, á þeim áratug sem nú fer í hönd, ljúka við hringveginn. Ég hefði viljað setja mér háleitari markmið í þeim efnum, en alveg er fráleitt að geyma hluta hans til næstu aldar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú eru 30 mínúturnar liðnar og þess vegna er þessum umræðum lokið. Það skal tekið fram að af sérstökum ástæðum verður að fresta ...(**HÁ:** Er ekki hægt að bera af sér sakir?) Telur þingmaðurinn sig þurfa að bera af sér sakir? (**HÁ:** Já.) Ekki getur forseti neitað honum um það og verður honum leyft að bera af sér sakir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka umburðarlyndið. Hæstv. samgrh fullyrti að við hefðum haldið því fram að þessar framkvæmdir mættu bíða fram á næstu öld. Það hefur enginn sagt það hér við þessar umræður og hæstv. samgrh. ætti fremur að draga eitthvað af ummælum sínum til baka og nota tíma sinn í það en að bera á okkur sakir algjörlega að tilefnislausu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti upplýsir að af sérstökum ástæðum verður utandagskrárumræðunni um lyfjaverð til öryrkja frestað til kl. 6, en í stað hennar hefst nú utandagskrárumræða um málefni Ríkisútvarpsins.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Ríkisútvarpsins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Málefni Ríkisútvarpsins voru þó nokkuð mikið á dagskrá í seinustu kosningabaráttu og um þá stofnun blésu vindar sem ekki hafa blásið áður. Íslendingar hafa litið svo á að Ríkisútvarpið sé fyrir Íslendinga alla, í eigu okkar allra, og það sé hinn eðlilegi háttur, þannig eigi þetta að vera.

Það hefur aftur á móti gerst eftir kosningar að þytur í tengslum við þessa stofnun hefur verið allmikill. Hinn almenni þingmaður hefur ekki vitað hvað væri að gerast eða hvað ylli hinum hörðu átökum innan Sjálfstfl. sem átt hafa sér stað. Eru það málefnaleg átök eða eru það persónuleg átök?

Einnig er vitað að með því að langbylgjan er ekki í sambandi þessa stundina getur Ríkisútvarpið ekki þjónað landinu öllu né miðunum í kringum landið. Allir viðurkenna þó að Ríkisútvarpið er öryggistæki hvað þetta snertir og ég hygg að enginn efist um að það getur kostað mannslíf ef þetta ástand heldur þannig áfram mjög lengi. Ég leyfi mér þess vegna, herra forseti, að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

1. Hvenær má ætla að útsendingar Ríkisútvarpsins á langbylgju geti hafist á ný?
2. Hvaða stefnu hefur ríkisstjórnin í málefnum Ríkisútvarpsins?
3. Má rekja úrsögn fulltrúa Sjálfstfl. úr útvarpsráði til stefnubreytinga í málefnum Ríkisútvarpsins?
4. Hefur menntmrh. tryggt trúnað milli sín og nýkjörinna fulltrúa í útvarpsráði?
5. Hvaða hugmyndir liggja á bak við þá ákvörðun að endurskoða lögin um útvarpsrekstur í landinu? Er e.t.v. ætlunin að leita eftir heimildum til að selja Rás 2 eða breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag?

Ég tel að Ríkisútvarpið hafi unnið að því fremur og betur en nokkur önnur stofnun í landinu að tryggja það að hér byggi ein þjóð. Við höfum borið gæfu til þess, þó að skiptar væru skoðanir í stjórnmálum, að standa saman um að verja þessa stofnun og ég vona að svo verði í framtíðinni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr um stefnu í málum Ríkisútvarpsins og hvaða hugmyndir liggi að baki yfirlýsingum mínum um endurskoðun laganna og jafnframt hvort selja eigi Rás 2.

Endurskoðunin er fyllilega tímabær. Það er komin ákveðin reynsla á þeim árum sem liðin eru frá því að útvarpslögin voru sett, bæði að því er varðar ákvæðin um Ríkisútvarpið og einkastöðvarnar, og þessa reynslu þarf að meta. Það eitt nægir út af fyrir sig til að réttlæta endurskoðun. Einnig kemur til alþjóðleg tækniþróun. Það er ekkert sérstaklega á dagskrá nú fremur en áður að selja Rás 2.

Við endurskoðun útvarpslaga er sjálfsagt að athuga möguleika á að breyta rekstrarformi ákveðinna deilda Ríkisútvarpsins. Menn þurfa ekki að fyllast neinni skelfingu þó að slík athugun fari fram og yfirleitt athugun á hlutdeild ríkisins í útvarpsrekstri. Endurskoðun útvarpslaga hlýtur einnig að fela í sér skilgreiningu á veigamiklum hugtökum í útvarpi, til að mynda útvarp um þráð, móttaka og endurvarp útvarpsefnis, dagskrárefni, ábyrgð á útvarpsefni, efnisleg skilyrði fyrir leyfisveitingu til útvarps, auglýsingar í ljósvakamiðlum, dreifing dagskrárefnis um þráð, efling innlendrar dagskrárgerðar, svo einhver atriði séu nefnd.

Hvort rekja megi úrsögn fulltrúa Sjálfstfl. úr útvarpsráði til stefnubreytingar held ég að ég verði að svara neitandi og byggi það svar á viðtölum sem hafa birst við tvo þeirra sem sögðu sig úr útvarpsráði.

Hv. þm. spyr hvort trúnaður hafi verið tryggður milli mín og nýkjörinna fulltrúa Sjálfstfl. í útvarpsráði. Spurningin er að vísu út í hött en ég svara henni þannig að ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en trúnaður ríki milli okkar. Ég merki það af því að þeir gáfu kost á sér og sitja nú í ráðinu ásamt þeim sem áður

höfðu þar verið kjörnir og sögðu ekki af sér. Ég tek hins vegar fram að þeir hafa ekki svarið mér neina trúnaðareiða enda er ekki farið fram á slíkt. Ég get því ekki fyrir þeirra hönd gefið yfirlýsingu um að þeir sitji út kjörtímabilið. Það er auðvitað hugsanlegt að þeir verði svo ósáttir við embættisfærslu mína að þeir telji sér ekki vært, en ég vona að til þess komi ekki. Meira hef ég ekki um þetta að segja. Ég er búinn með tímann og á eftir að svara um langbylgjumastrið en ég fæ kannski tækifæri til þess á eftir.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Útvarpsráð er eins og allir væntanlega vita hér skipað af hinu þjóðkjörna Alþingi og er kveðið á um hlutverk þess í útvarpslögum og sérstakri reglugerð. Í störfum sínum fer útvarpsráð að sjálfsögðu eftir þessu. Þess vegna gefa fulltrúarnir kost á sér til starfans að þeir vilja sinna þessu hlutverki, eins og hæstv. menntmrh. hefur þegar sagt.

Fram undan er, eins og þegar er fram komið, skipun nefndar af hálfu hæstv. menntmrh. til að endurskoða útvarpslög samkvæmt endurskoðunarákvæði í lögunum. Verði breyting á útvarpslögunum í kjölfar þess þá er það löggjafarsamkoman, þá er það Alþingi sem ákveður þá breytingu. Útvarpsráð mun þá að sjálfsögðu fara eftir þeim lögum.

Ríkisútvarpið skiptir vissulega alla þjóðina miklu máli og því er nauðsynlegt að um það geti verið góður friður og það eflist og geti æ betur þjónað sínu mikilvæga hlutverki fyrir landsmenn alla. Fulltrúar í ráðinu taka, eftir því sem ég best veit og þekki ekki annað þar, hlutverk sitt alvarlega og vilja sinna því eftir bestu getu. Og þar er sannarlega friður milli manna.

Ég harma afsögn fyrrv. formanns útvarpsráðs sem sinnti starfi af dugnaði og árvekni. Afsögnin er hins vegar orðinn hlutur og nú hefur hæstv. menntmrh. skipað mjög vel hæfa manneskju formann útvarpsráðs. Og vegna umræðu á hinu háa Alþingi í síðasta mánuði og reyndar aftur núna, þá vil ég geta þess að milli nýju fulltrúanna og menntmrh. er enginn trúnaðarbrestur, ég er miklu fremur trúnaðarprestur hæstv. menntmrh. í ráðinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ástæða til þess að ræða málefni Ríkisútvarpsins ítarlega og mikið ítarlegar en kostur er á í utandagskrárumræðu. Ég tel þó ástæðu til að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að taka málið hér fyrir og sömuleiðis til að óska hæstv. menntmrh. til hamingju með það hvernig hann stóð að skipun útvarpsstjóra. Ég tel að ráðherrann hafi þar valið skynsamlega og vel og ég tel ástæðu til að þakka honum fyrir það af þessu tilefni.

Mér þykir slæmt að hæstv. ráðherra gaf sér ekki tíma til að svara spurningum varðandi langbylgjustöðina sérstaklega, en ég vildi bæta við spurningu til hans: Hvernig hyggst hann skipa nefnd til þess að endurskoða útvarpslögin? Það liggja fyrir ekki færri en fjögur frumvarpsdrög í ráðuneytinu um breytingar á útvarpslögum, bæði varðandi hinn almenna ramma og eins hinar tæknilegu forsendur málsins. Ég tel að þar hafi verið mjög vel unnið, ekki síst í síðasta frv. sem samið var varðandi hinar tæknilegu forsendur, þar sem leiddir voru saman fulltrúar allra aðila, bæði Pósts og síma, Ríkisútvarpsins, Stöðvar 2 og annarra aðila sem þurfa auðvitað að ná saman um ný útvarpslög.

Ég tel að það sé löngu tímabært að Alþingi kanni hvaða forsendur geta verið til þess að endurskoða útvarpslögin og breyta þeim. Ég tel að margt sem hefur komið í ljós sé með þeim hætti að það þurfi að breyta útvarpslögunum. Það þarf að skýra þau í ýmsum greinum, m.a. hinar tæknilegu undirstöður þeirra, þannig að ég tel að það sé full þörf á því að taka á því máli.

Ég er þeirrar skoðunar að við endurskoðun útvarpslaga eigi menn að leggja áherslu á sjálfstæði Ríkisútvarpsins, að Ríkisútvarpið geti orðið t.d. sjálfseignarstofnun með svipuðum hætti og gerist í Noregi. Ég vil líka láta það koma fram hér, virðulegi forseti, að ég tel þá skipan sem nú er, að Alþingi kjósi eftirlitsmenn með útvarpinu, ekki skynsamlega. Ég tel langskynsamlegast að yfirmenn Ríkisútvarpsins séu ráðnir til takmarkaðs tíma í senn og lúti þannig almennum lýðræðislegum reglum, þeir séu skipaðir af ráðherra. Ég tel að það fyrirkomulag sem verið hefur varðandi útvarpsráð sé ekki skynsamlegt til mikið lengri tíma.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér vannst ekki tími til áðan að svara varðandi langbylgjusendingarnar. Ég vísa til þess að ég svaraði fyrirspurn frá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni hér á Alþingi 24. okt. sl. varðandi það mál m.a. og ég get endurtekið hér lítinn hluta úr því svari þegar ég var búinn að skýra frá því að mastrið hefði fallið, sem allir vissu, þann 4. febr.: „Sem bráðabirgðaúrbætur vegna þessa hafa nýlega verið reist langbylgjumöstur á Vatnsendahæð um það bil helmingi lægri en þau gömlu. Uppsetning loftnets á milli mastranna er nýlokið. Prófanir á aðlögun loftnetsins er hafin þannig að útsendingar geta að öllu forfallalausu hafist í nóvember." Ég læt þetta svar nægja líka núna.

Það er rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að ítarleg gögn eru til í ráðuneytinu varðandi endurskoðun útvarpslaganna og ég er sammála honum með það, að því leyti sem ég hef litið yfir þessi gögn, að síðasta endurskoðun var ítarleg. Það sem er verið að gera núna er að það er verið að líta yfir þessi mál í ráðuneytinu sjálfu. Ég hef ekki skipað nefndina enn þá til að endurskoða lögin. Ég mun fyrst láta fara rækilega yfir þetta af embættismönnum ráðuneytisins áður en næsta skref verður stigið og ég vonast til að þessu undirbúningsverki ljúki nú á allra næstu dögum.

Það er alveg ljóst, eins og hv. þm. sagði, og ég hef komist að þeirri niðurstöðu líka, að það er nauðsynlegt að ljúka þessari endurskoðun á útvarpslögunum sem allra fyrst.

Ég verð ekki var við á máli hv. þm. Svavars Gestssonar að það sé mikill munur á okkar skoðunum í áherslum á sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Ég er honum alveg sammála. Það þarf að tryggja það með einum eða öðrum hætti en til þess eru auðvitað ýmsar leiðir. Ein

er sú sem hann nefndi að það verði sjálfseignarstofnun og ég er honum líka sammála að ástæða sé til að breyta hlutverki útvarpsráðs án þess að ég fari frekar út í það núna.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Gott er til þess að vita að hæstv. menntmrh. hefur nú eignast trúnaðarprest í útvarpsráði. Veit ég það að sá prestur er þannig vaxinn að þegar upp verður staðið þá mun menntmrh. ekki geta tekið undir með því sem segir í ljóðinu:

Liðsemd prestarnir lögðu
litla sem von var að.

Það er auðvitað svo að hér hefur líka gerst dálítið merkilegur hlutur í þessari stuttu umræðu. Hv. þm. Svavar Gestsson og hæstv. menntmrh. Ólafur Garðar eru hér nákvæmlega sammála. Í fyrsta lagi óska þeir hvor öðrum til hamingju með skipan nýs útvarpsstjóra, og það er vel. En jafnframt eru þeir sammála að því er virðist um nauðsynlegar breytingar á Ríkisútvarpinu. Og til að fylla þessa þrenningu, þá tel ég að það sé mjög nauðsynlegt að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins og ég er líka alveg sammála því sem hér hefur komið fram, að mér fannst einnig hjá hæstv. menntmrh., að þessu pólitíska eftirlitsvaldi sem er með Ríkisútvarpinu þyrfti að linna. Ég tel að það sé brýnt og fyllilega tímabært.

Það er mjög nauðsynlegt að efla Ríkisútvarpið með því að efla innlenda dagskrárgerð, bæði í útvarpi og sjónvarpi og ég vek eftirtekt á því að í hinni merku hvítu bók, sem gjarnan er til umræðu í þessum sölum, er lögð á það sérstök áhersla að gera það með útboðum. Ég tel að þar sé nokkurt nýmæli vegna þess að þar er sérstaklega nefnt hljóðvarpið. En þar hefur, að því er ég best veit, afar lítið verið unnin dagskrárgerð með útboði í þeim hluta Ríkisútvarpsins.

Ég vil síðan þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að vekja hér athygli á því að það er mjög nauðsynlegt að efla það hlutverk Ríkisútvarpsins sem felst í því að veita öryggi og því nauðsynlegt að gera þessar breytingar á langbylgjusendingum útvarpsins sem hæstv. menntmrh. Ólafur Garðar hefur reyndar gert hér uppskátt að verið sé að ráða bót á.

Síðan einungis að lokum: Það er auðvitað stefna Alþfl., eins og margoft kom fram í kosningabaráttunni, að aldrei verði Rás 2 seld.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að lýsa yfir stuðningi við Ríkisútvarpið og miklum áhuga á starfsemi þess. Ég vil lýsa ánægju yfir tveimur yfirlýsingum sem fram komu hjá hæstv. ráðherra. Það var annars vegar að ekki stæði til að selja Rás 2 og hins vegar það að langbylgjusendingar skuli hefjast í þessum mánuði sem er mjög mikilvægt og ástæða til að lýsa ánægju með. Það er raunar ótrúlegt hversu alvarlegt ástand hefur ríkt í þessum málum síðan óhappið varð á Vatnsenda því að sveitabæir víða um land hafa ekki náð veðurfregnum. Mér finnst svo lítið hafa verið talað um þetta í þjóðfélaginu að það sætir undrun. Því fyrr má nú vera.

Ríkisútvarpið er mikil öryggisstofnun í landinu og því hefur verið slegið fram að það sé jafnvel meiri öryggisstofnun en Slysavarnafélag Íslands og NATO og er þá mikið tekið upp í sig. Ríkisútvarpið á allt gott skilið en ég get tekið undir það að tími sé kominn til að fara yfir lög þess og vonast til að á þessu kjörtímabili takist að ná samstöðu um skynsamlegar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og það einnig að hann svaraði spurningu sem hann taldi út í hött þegar spurt var um trúnaðartraust á milli manna. Hæstv. ráðherra bregður greinilega ekki þó mannfall verði nokkurt. En hvað um það.

Hér reis upp ágætur þingmaður og útvarpsráðsmaður, 2. þm. Norðurl. v., og gat um að það væri fullt trúnaðartraust til ráðherra af hendi útvarpsráðsmanna. En það þótti mér dálítið merkilegur hlutur, og nánast stórtíðindi, að fyrrv. og núv. menntmrh. sættust eiginlega hér í umræðum. En það gerðu þeir Heródes og Pílatus líka forðum, en tilefnið var ekki kannski mjög æskilegt þá.

Mér verður hugsað til St. Jósefsspítalans þegar talað er um sjálfseignarstofnun og fyrirmynd í rekstri. Ég held ekki að hægt sé að segja að það sé slíkt fyrirmyndarform að það sé óalandi og óferjandi sem við höfum. Satt best að segja skil ég ekki það samdómaálit sem hér kom eiginlega fram að það væru vandræðamenn sem þingið væri að kjósa í þetta útvarpsráð. Það er nú einu sinni svo að hér eru saman komnir fulltrúar þjóðarinnar. Vissulega kosnir pólitískt. Það hefur ekki tekist að breyta því. En þeir reyna að kjósa menn í útvarpsráð sem þeir telja að hafi áhuga á útvarpinu og málefnum þess. Mér er ekki ljóst hvaða vandræðum þessir aðilar valda.

Þess vegna bið ég menn að hugleiða það hvort ein af ástæðum fyrir því að það hefur verið þjóðarsátt um útvarpið sé ekki einmitt sú að útvarpsráð hefur unnið vel sitt verk á undanförnum árum, eins og aðrir sem að þessari stofnun hafa staðið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. menntmrh. vill veita andsvar, en ...(**Menntmrh.:** Má ég bera af mér sakir? Það voru mjög alvarlegar sakir bornar á mig.) (**Gripið fram í:** Var það að vera sammála Svavari?) Forseti tók nú ekki eftir þessum ásökunum, (**Menntmrh.:** Ég tók eftir þeim.) en ef hæstv. ráðherra hefur tekið eftir þeim þá fær hann að bera þær af sér.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér þykir það vera að bera á mig sakir þegar það er sagt að ég hafi talað um að við værum að kjósa einhverja vandræðamenn í útvarpsráð. Það sagði ég aldrei og mun ekki segja. En það á ekkert skylt við það þótt ég hafi tekið undir þau orð að sjálfseignarstofnunarformið væri eitt af því sem kæmi til

greina, en það koma fleiri form til greina. Af því að ég er að bera af mér sakir þá má ég auðvitað ekki nefna þau.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil halda áfram að taka þátt í þessari umræðu. Í lögum um Ríkisútvarpið segir í 16. gr., og það varðar umræðu um sölu á Rás 2, sem menn hafa svo nefnt: „Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring." — Það er gert svo fremi sem lögum sé ekki breytt og þá er það á færi hins háa Alþingis og einskis annars.

Ég vil minna á það líka, og er gott að fá til þess tækifæri hér, að tekjur Ríkisútvarpsins eru þrenns konar, þ.e. þeirra er aflað með þrennum hætti. Í fyrsta lagi gjöld fyrir útvarpsafnot, í öðru lagi auglýsingar og í þriðja lagi aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Þessi síðasttaldi liður hefur ekki fengist undanfarin ár, og það er slæmt mál, því að þar er ein helsta ástæðan fyrir því að Ríkisútvarpinu hefur ekki tekist að endurnýja og lagfæra dreifikerfið um landsins byggðir eins og það sannarlega vill gera. Alþingi hefur tekið þá ákvörðun og ábyrgðin er þess.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það sjónarmið sem fram kom hjá mér er ekkert nýtt fyrir þá sem hafa hlýtt á umræðu um menningarmál á undanförnum árum. Ég hef mjög lengi verið þeirrar skoðunar að menningarstofnanir ríkisins eigi að vera sjálfstæðar. Ég hef mjög lengi verið þeirrar skoðunar að þeir sem þar starfa eigi að ráða mjög miklu. Yfirmennirnir eigi hins vegar að vera skipaðir til takmarkaðs tíma eftir alveg ákveðnum reglum. Þeir eiga ekki að vera skipaðir ævilangt. Ég tel að þetta eigi við um Ríkisútvarpið, um Þjóðleikhúsið t.d. og fleiri slíkar stofnanir. Ég er þeirrar skoðunar, og hef mjög lengi verið, að sú aðferð, sem hefur verið höfð uppi að kjósa sérstaka pólitíska trúnaðarmenn í útvarpsráð eða þjóðleikhúsráð, sé á misskilningi byggð. Ég tel það algjörlega fráleitt. Auðvitað þarf að koma við einhverju notendaeftirliti eins og kostur er hjá Ríkisútvarpinu. En vitaskuld er staðan þannig að eftir að Ríkisútvarpið er látið standa frammi fyrir almennri samkeppni þá er hin almenna markaðslega samkeppnisstaða Ríkisútvarpsins það eftirlit sem Ríkisútvarpið hefur að sæta og í rauninni getur útvarpsráð ekki komið í staðinn að neinu leyti.

Ég ber fulla virðingu fyrir þeim mönnum sem hafa verið kosnir í útvarpsráð, bæði nú og fyrr, en ég er sannfærður um það að hlutverk þeirra getur ekki verið með sama hætti á komandi árum og það hefur verið. Og það er misskilningur af Alþingi, það liggur mér við að segja, með leyfi forseta, að vera með fingurna í verkum af þessu tagi í smáatriðum eins og dagskrá, hvernig hún var, hvernig menn töluðu, hvað menn sögðu o.s.frv., algjör fjarstæða og er búið að leggja það af í ritskoðunarþjóðfélögum sem voru mikið harðari af sér en við nokkurn tímann í þeim efnum.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Það hafa áður komið til umræðu hér í þinginu frumvörp um það að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag og hlotið mikla umfjöllun. Við sem höfum búið á Akranesi höfum tekið þátt í þeirri umræðu, ekki síst vegna þess að verksmiðjan er staðsett þar og er mikilvægt atvinnufyrirtæki á Akranesi. Og þetta mál hefur ítrekað komið til umsagnar bæjarstjórnar Akraness.

Nú er líklegt að þetta frv. geti farið í gegn hér í þinginu. Ég ætla að byrja á því að lýsa því yfir að ég er því andvígur og það er aðallega af einni ástæðu. Ég tel að það hafi verið að koma fram mjög skýrt að undanförnu að hugmyndin sé að selja hlutafé í þessari verksmiðju og það er það sem ég óttast að verði gert og er þess vegna andvígur því að frv. verði samþykkt hér í þinginu.

Sementsverksmiðjan er búin að vera lengi burðarás í atvinnulífi á Akranesi. Frá því að seinni hluta áttunda áratugarins var þetta fyrirtæki mjög illa komið fjárhagslega og nánast að verða rúst. Byggingar, vélar og tæki fyrirtækisins höfðu verið í niðurníðslu lengi. Þá var ákveðið að breyta framleiðslu í fyrirtækinu þannig að í staðinn fyrir olíu yrði farið að nota kol til þess að brenna sementið og í sambandi við þá breytingu tókst gjörsamlega að snúa við rekstrardæminu í fyrirtækinu. Stjórnvöld, sem áður höfðu komið í veg fyrir að þetta fyrirtæki gæti raunverulega staðið eðlilega að sínum rekstri, með röngum ákvörðunum um verð á sementi, breyttu um og leyfðu fyrirtækinu að njóta þess hags sem varð af því að farið var að nota kol til brennslunnar. Þetta sneri sem sagt gjörsamlega dæminu við og það starfsleyfi sem gefið var út til handa verksmiðjunni, þar sem verulega voru auknar kröfur til fyrirtækisins á allan hátt, varð til þess að það var unnið skipulega og markvisst að því að koma fyrirtækinu í sæmilegt horf.

Nú er þetta fyrirtæki orðið, að mínu mati, gott fyrirtæki og hefur verið það undanfarin ár og það er kannski ekki síst þess vegna hægt að segja að þá er minni ástæða fyrir eiganda fyrirtækisins, íslenska ríkið, að fara að farga því.

Ég ætla að benda á fáein atriði sem eru að mínu viti sönnun fyrir því að menn ætla sér í það að selja hlutafé í þessu fyrirtæki og ekki bara að breyta því vegna rekstursins sjálfs í hlutafélag. Menn voru langt komnir með það að telja mönnum trú um það að ekki ætti að selja fyrirtækið, það væri einungis gert í hagræðingarskyni að gera fyrirtækið að hlutafélagi.

Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í þá hvítu bók sem við fengum í hendur um daginn. Þar er sagt mjög skýrum og beinum orðum að það eigi að selja hlutafé í Sementsverksmiðjunni. Með leyfi forseta, þá stendur þar eftirfarandi:

„Meðal fyrirtækja sem áformað er að breyta í hlutafélög og undirbúa sölu hlutabréfa í má nefna Búnað-

arbanka Íslands, Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðjur ríkisins."

Ég held að ekki sé hægt að komast skýrar að orði. Þarna er Sementsverksmiðjan talin upp í annarri töluröð þeirra þriggja fyrirtækja sem sérstaklega eru talin upp sem eigi að breyta í hlutafélag og undirbúa sölu á. Enda held ég að það fari ekki á milli mála að menn skilja þetta svona, því m.a. í Morgunblaðinu í gær er í forustugrein eftirfarandi klausa, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin hefur flutt á Alþingi frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Ætlunin er að ríkið eigi öll hlutabréfin en það verður að ganga út frá því að ríkisstjórnin muni fyrr eða síðar selja bréfin á almennum markaði. Engin rök eru fyrir því að ríkið framleiði sement og því eðlilegt að sú starfsemi verði seld í hendur einkaaðila. Frumvarpið hefur nokkrum sinnum áður verið flutt á Alþingi en það hefur aldrei náð fram að ganga."

Það er alveg greinilegt að a.m.k. þeir á Morgunblaðinu skilja hvítu bókina þannig að það eigi að selja hlutafé í Sementsverksmiðjunni og því er ég algjörlega andvígur. Ástæðurnar fyrir því get ég rakið í fáum orðum, en þær eru: Tilgangurinn með rekstri Sementsverksmiðju ríkisins er að framleiða sement með sem hagstæðustum hætti fyrir notendur þess á Íslandi. Um leið og fyrsta hlutabréfið verður selt í Sementsverksmiðju ríkisins verður eðlisbreyting á rekstri verksmiðjunnar því að auðvitað getur ekkert alvöru ríkisvald, sem býður til sölu hlutafé í einhverju fyrirtæki sem það á í sjálft, annað en viðurkennt að sá sem kaupir það hlutafé á auðvitað heimtingu á arði. Sá sem kaupir hlutafé í Sementsverksmiðju ríkisins á heimtingu á arði og þess vegna er það að um leið og fyrsta hlutabréfið verður selt þá er komin þessi krafa um arðinn. Og fyrirtæki sem hefur einokunaraðstöðu á markaðnum vegna fjarlægðar eins og Sementsverksmiðjan hefur — því það er óumdeilanlegt að slík framleiðsla, þar sem flutningarnir eru svo geysilega stór hluti í verðinu, því lengra sem menn eru frá markaðinum, og slíkt fyrirtæki býr auðvitað við einokunaraðstöðu vegna þess. Við vitum það að Sementsverksmiðjan hefur ekki búið við það að hafa einokunaraðstöðu í raunveruleikanum, það má auðvitað flytja inn sement en það hefur ekki gerst vegna þess að fjarlægðin er of mikil og vegna þess að það þarf mikinn stofnkostnað til að geta boðið sement til sölu hér í landinu.

Það er þess vegna sem þetta fyrirtæki er í eðli sínu einokunarfyrirtæki og það er þess vegna sem ég tel að þetta fyrirtæki eigi að vera áfram í eigu ríkisins, algjörlega, og það eigi ekki að gera mönnum vonir um að fá arð út úr þessu fyrirtæki með því að fara að selja í því hlutafé. Þar sem svona hagar til, aðstæðurnar eru þannig að fyrirtækið hefur raunverulegan einkarétt og það þarf að ákveða verðið út frá öðrum forsendum en ef um er að ræða samkeppni, þá hlýtur — eftir að búið er að ákveða það einu sinni að selja í fyrirtækinu hlutafé — þá hlýtur ákvörðunin um verðið að byggjast annars vegar á þörf verksmiðjunnar fyrir tekjur og hins vegar á einhverju eðlilegu mati á því hver arður hlutahafanna eigi að vera og það er alveg nýtt í rekstri Sementsverksmiðjunnar. Þá yrði að fara að borga út úr rekstri hennar arð til hluthafa. Og auðvitað mundi það ekkert þýða annað en hærra sementsverð í landinu. Það hljóta allir menn að sjá.

Það sem var eitt af stóru atriðunum sem menn glímdu við í bæjarstjórn Akraness þegar þetta mál var þar til umfjöllunar, voru tekjur af verksmiðjunni til bæjarfélagsins. Eins og menn vita greiðir Sementsverksmiðjan núna landsútsvar í stað aðstöðugjalds og skatta. En af þessu landsútsvari hefur auðvitað bæjarsjóður Akraness fengið sinn skerf. Ef þessi breyting yrði gerð þá færi verksmiðjan að greiða aðstöðugjald og miðað við núverandi fyrirkomulag þá mundi væntanlega bæjarsjóður Akraness fá nokkuð hærra til sín með því laginu heldur en hann hefur fengið undanfarið. Nú höfum við margar yfirlýsingar heyrt um það að leggja eigi af þennan gjaldstofn, aðstöðugjaldið, þannig að auðvitað er allt í óvissu um hverjar tekjur Akraneskaupstaðar geti hugsanlega orðið af Sementsverksmiðju ríkisins eftir að búið væri að gera þessa breytingu. Aðalforsendan sem lá fyrir gagnvart Akraneskaupstað er því ekki lengur fyrir hendi, ekki þá fyrr en menn eru búnir að sjá hver niðurstaðan verður eftir að búið er að breyta aðstöðugjaldinu í einhvern annan skatt.

Það er annars fróðlegt að lesa þetta plagg og grg. sem fylgir frv. því að í henni er auðvitað verið að tína til rökstuðninginn fyrir því að breyta verksmiðjunni í hlutafélag. Ég get svo sem viðurkennt að þar bregður fyrir hlutum sem hægt er að samþykkja. En það er ekkert sem breytir neinu í aðalatriðum fyrir rekstur verksmiðjunnar. Ég hef átt sæti í stjórn verksmiðjunnar og ég hef fylgst með henni sem íbúi á Akranesi og sem bæjarstjórnarmaður þar um langan tíma og ég hef ekki getað séð að þessari verksmiðju væri gert illt fyrir með nokkrum hætti að stjórna sínum rekstri eftir að hún fékk að hafa gjaldskrána þannig að það væri hægt að reka fyrirtækið eins og gerðist eftir að því var breytt á sínum tíma, sem ég lýsti hér áðan.

Í grg. með frv. stendur:

„Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega." — Svo þegar maður fer að lesa áfram og fylgjast með því hvað það er sem er verið að lýsa sérstaklega þá er það, eins og ég sagði áðan, afar fábreytilegt. Ég vil þó nefna eitt atriði:

„Sérstök lög, nr. 62/1973, eru í gildi um verðjöfnun á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskrh. hefur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða."

Nú langar mig til að spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hann aðra skoðun á flutningsjöfnun sements á Íslandi heldur en hann hefur á flutningsjöfnun á olíu? Eða telur hann að það komi til greina að hafa sams konar flutningsjöfnun á olíu eftir að búið er að gefa olíuverð frjálst eins og þarna er talað um að hafa á sementi?

Þá stendur einnig í grg.:

„Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir."

Röksemdirnar sem verið er að tína fram eru sem sagt hengdar við það að hægt sé að selja hlutafé í þessu fyrirtæki. Og eins og ég var að segja hér áðan hefur það komið mjög skýrt og greinilega fram að það sem menn hafa verið að segja að undanförnu — og voru að segja þegar verið var að leggja þessi mál fyrir á undanförnum árum — að ríkið eigi að eiga þetta áfram, það er ekki lengur á stefnuskránni. Það eru um það alveg skýrar yfirlýsingar að það eigi að selja. Við því vil ég enn einu sinni vara vegna þess að það liggur í augum uppi að verð á sementi til þeirra sem það nota í landinu mun hækka við þessa breytingu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Við fyrri hluta þessarar 1. umr. um frv. til laga um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag, sem fram fór 14. okt., beindi hv. 15. þm. Reykv. nokkrum spurningum og athugasemdum til iðnrh. sem mér er ljúft að leitast við að svara. Ég ætla líka í máli mínu að koma nokkuð að því sem hv. 3. þm. Vesturl. tók upp í sinni ræðu, sumt af því fellur reyndar saman við það sem hv. 15. þm. Reykv. hreyfði hinn 14. okt. sl.

Í fyrsta lagi nefndi hv. 15. þm. Reykv. að það væri mikilvægt að hlutur og réttindi starfsfólks Sementsverksmiðjunnar yrði ekki afgangsstærð, eins og mig minnir að hún hafi orðað þetta, við þessa skipulagsbreytingu. Undir þetta sjónarmið er sjálfsagt að taka. Ég vil nefna í þessu sambandi að 15 eða jafnvel 20 starfsmenn Sementsverksmiðjunnar munu eiga rétt til lífeyris í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Ég hef leitað álits ríkislögmanns á því að þeir geti átt kost á því að vera áfram félagar í þessum sjóði, skv. 2. mgr. 17. gr. laga um sjóðinn. En að öðru leyti munu kjör starfsmanna hins nýja hlutafélags fara eftir almennum kjarasamningum við starfsmenn verksmiðjunnar, eins og reyndar er nú í aðalatriðum, en þeir starfsmenn sem ég nefndi hætta að sjálfsögðu þátttöku í stéttarfélagi ríkisstarfsmanna. Það geta auðvitað komið upp vandamál í sambandi við svokallaða 95 ára reglu í lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna. Það er mitt álit að þetta mál eigi að leysa á breiðari grundvelli. Ekki eingöngu hvað varðar starfsmenn Sementsverksmiðjunnar. Það er reyndar boðað í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar í þeim kafla sem fjallar um einkavæðingu opinberrar starfsemi að þessi starfsmannamál verði tekin sérstaklega til meðferðar og leitað sanngjarnra lausna á þeim.

Ég kem þá í öðru lagi að máli sem hv. 15. þm. Reykv. innti eftir, þ.e. hversu mikla skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs þessi breyting hefði í för með sér.

Ég vitna til athugasemda við frv. en á bls. 3 segir að miðað við árið 1990 hafi sá hluti af landsútsvari er rann í Jöfnunarsjóð vegna Sementsverksmiðjunnar og kom til almennrar úthlutunar til sveitarfélaga í landinu verið 7,5 millj. kr. Fyrirtækið greiddi þá reyndar landsútsvar, 10 millj. kr., vegna afkomu ársins 1989 og fékk Akraneskaupstaður þar af óskiptu 2,5 millj. En miðað við venjulegar aðstöðugjaldsreglur — en auðvitað er ekki hægt að fullyrða um það fyrir fram því þar hefur sveitarfélagið ákvörðunarrétt — hefði fyrirtækið greitt 7 millj. kr. til sveitarfélagsins. Með þessum tölum er í raun og veru spurningum þingmannsins svarað, bæði um það hverju Jöfnunarsjóður sleppir og hvað Akraneskaupstaður hreppir.

Ég kem þá að því sem bæði hv. 15. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vesturl. hafa gert hér að umtalsefni. Það eru áformin um sölu á hlutabréfum í verksmiðjunni. Það er nú fljótt frá því að segja að þetta frv. fjallar eingöngu um það að stofna hlutafélag um reksturinn. Ég lít á það sem meginatriði með rökum sem tínd eru til í athugasemdum við frv. og hv. 3. þm. Vesturl. gerði mér þann greiða að lesa upp að nýju. Að sjálfsögðu kemur til greina að selja hlutabréfin síðar en það er háð möguleikum á því að ná hagstæðu verði fyrir ríkissjóð. Samkvæmt frv., eins og skýrt kemur fram í því, er sala á hlutabréfunum háð samþykki Alþingis og mun vitaskuld gerð grein fyrir söluáformum þegar þau koma upp og heimildarinnar er leitað.

Ég verð að játa að mér kemur það nokkuð á óvart að á Alþingi Íslendinga skuli koma fram raddir sem halda fram kostum ríkisrekstrar í framleiðslustarfsemi eins og þeirri sem hér um ræðir. Það er ekki laust við að mönnum þyki þetta nokkurri furðu sæta þegar þess er gætt að hvarvetna um hinn vestræna heim hefur það ráð verið tekið að leysa framleiðslu- og markaðsviðskiptaverkefni með einkaformi, samtökum einstaklinga, fyrirtækja og félaga fremur en að ríki hafi forsjá slíkrar starfsemi. Ég tala nú ekki um þá sögulegu tilraun að hafa þetta með öðrum hætti, sem stóð í 70 ár í austurhluta Evrópu og miðri Evrópu, sem svo gersamlega hefur mistekist að menn þurfa ekki frekari vitna við, og reyndar merkilegt að það er yfirlýsing allra hinna nýju stjórna í hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu að framkvæma án tafar hliðstæðar breytingar og hér á Íslandi er verið að ræða á ákaflega gætilegan hátt, og reyndar margbúið að flytja um frv. Ég lít á þetta sem raddir aftan úr grárri forneskju.

Það eru rök sem mæla með því að breyta rekstrinum í þetta form. Það er hugsanlegt að fyrirtæki sé allvel rekið eins og það er nú, en vegna þess sem hér var sagt um einkasöluaðstöðu eða einokunaraðstöðu, þá vildi ég taka það skýrt fram að í þeirri stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar sem hv. 3. þm. Vesturl. vitnaði til segir alveg skýrum orðum í sambandi við það áform að

einkavæða hluta af opinberri starfsemi þar sem það er hyggilegt að þess verður gætt að einkafyrirtækjum verði ekki afhent einokunaraðstaða á markaði.

Eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. hefur Sementsverksmiðjan ekki einokunaraðstöðu. Hún nýtur staðaryfirburða og hún nýtur að sjálfsögðu fjarlægðarverndar en það er svo að ofbjóði hún viðskiptavinum sínum, þá geta aðrir flutt þetta efni inn eins og sjálfsagt er og það aðhald dugir. Ég vil líka benda á að hún er að sjálfsögðu í samkeppni við önnur byggingarefni. Menn mega ekki líta svo nærri sér að þeir sjái ekki skóginn fyrir trjám.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vildi ég gjarnan endurtaka þá tillögu sem staðgengill minn flutti hér við fyrri hluta 1. umr. þar sem hann lagði til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þetta mun vera í fjórða skipti sem frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins er lagt fram á Alþingi. Fyrst var það lagt fram árið 1987 af þáv. hæstv. iðnrh., Friðriki Sophussyni. Eftir ábendingar og tilmæli ýmissa aðila, m.a. stjórnenda verksmiðjunnar, starfsmanna og bæjarstjórnar Akraness var frv. breytt nokkuð og það lagt fram í nóvember 1989 nokkurn veginn í þeirri mynd sem það er nú. Það hlaut þá afgreiðslu frá Ed. en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess frá Nd. fyrir þinglok. Frv. kom svo aftur fyrir á síðasta þingi en hlaut þar sömu örlög og ýmis önnur ágæt mál að daga uppi vegna þess hve þinghald var stutt vegna alþingiskosninga sl. vor. Þetta frv. fékk því mjög ítarlega athugun á Alþingi á síðasta kjörtímabili. Það fékk þá einnig, í þeirri mynd sem það er nú, jákvæða umsögn ýmissa þeirra sem var hafa sent til umsagnar, m.a. bæjarstjórnar Akraness, stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins og starfsmanna fyrirtækisins.

Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að atvinnurekstur ríkisins sé í hlutafélagsformi. Með því verður reksturinn sveigjanlegri og ákvarðanataka stjórnenda fyrirtækisins léttari í vöfum. Þeir geta því tekið þær ákvarðanir sem þeir telja nauðsynlegar varðandi fjárfestingar og framkvæmdir með sama hætti og gert er í öðrum fyrirtækjum og þurfa ekki að leita til ríkisvaldsins með þær ákarðanir.

Það er jákvætt í þessu frv. að félaginu er heimilað að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum og er hlutverk félagsins að því leyti víðtækara en hlutverk Sementsverksmiðjunnar er nú. Til þessa hefur Sementsverksmiðjan þurft sérstakt leyfi iðnrh. til að taka þátt í slíkum félögum og er fyrirtækið nú hluthafi í Speli hf., sem er undirbúningsfélag um jarðgöng undir Hvalfjörð. Einnig á Sementsverksmiðjan í félagi við Íslenska járnblendifélagið Sérsteypuna sf., sem annast þróunarverkefni varðandi aukið notkunarsvið steinsteypu jafnframt framleiðslu á ýmsum efnum úr sementi sem hafa fengið góðar viðtökur á markaðnum og er starfsemi þessa fyrirtækis, Sérsteypunnar, mjög athyglisverð.

Í frv. er kveðið á um að fulltrúar hlutafélagsins skulu árlega halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Þetta ákvæði er mjög jákvætt, bæði vegna þess að Sementsverksmiðjan er einn stærsti atvinnurekandi í bænum og ekki síður vegna þess að fyrirtækið stendur í hjarta bæjarins og þarna er um viðkvæman rekstur að ræða á slíkum stað og því nauðsynlegt að gott samband sé milli stjórnenda fyrirtækisins og bæjaryfirvalda. Verksmiðjan hefur á síðari árum gert átak í umhverfis- og mengunarmálum.

Fyrir fimm árum voru teknir upp samráðsfundir milli bæjarráðs og stjórnar verksmiðjunnar og tókust þeir mjög vel og voru gagnlegir. Ákveðið var að halda þá árlega, en ekki hafa verið haldnir nema þrír fundir, fyrst árið 1986 og síðan 1988 og 1989. Það er því ágætt að ákveða það með jafnskýrum hætti og hérna er gert hvernig að þessu samráði skuli staðið.

Í frv. er gert ráð fyrir að Sementsverksmiðjan greiði opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi. Það þýðir að í stað landsútsvars sem verksmiðjan greiðir í dag muni hún greiða aðstöðugjald, eignarskatt og vonandi tekjuskatt. Hv. 15. þm. Reykv. lýsti andstöðu sinni við þessa breytingu á skattgreiðslum verksmiðjunnar fyrr í þessari umræðu. Ég fagna því hins vegar sérstaklega að fyrirtækinu skuli gert að greiða aðstöðugjald til Akraneskaupstaðar og minni á að aðstöðugjaldstekjur bæjarins hafa verið mjög lágar í samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög, ekki síst vegna þess að þetta annað stærsta fyrirtæki í bænum hefur greitt landsútsvar en ekki aðstöðugjald. Ég tel þetta ákvæði 9. gr. frv. því mjög jákvætt.

Það kom einnig fram í máli hv. 15. þm. Reykv. að hún taldi Sementsverksmiðjuna hafa einokunaraðstöðu. Vegna þeirra ummæla er rétt að minna á að innflutningur á sementi er frjáls. Sá innflutningur hefur hins vegar ekki átt sér stað þar sem hann hefur ekki getað keppt við verð á íslensku sementi. Ég tel því að ótti hv. 3. þm. Vesturl. við hækkun sementsverðs verði verksmiðjan gerð að hlutafélagi sé ástæðulaus.

Það er mjög mikilvægt í þessu frv. að réttindi starfsmanna eru vel tryggð. Í fyrsta lagi með því að fastráðnum starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar skal boðið sambærilegt starf hjá hlutafélaginu og þeir hafa gegnt til þessa. Í öðru lagi með því að tryggja lífeyrisréttindi þeirra starfsmanna sem eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og í þriðja lagi verður starfandi samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnar.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur starfað á Akranesi í 33 ár. Verksmiðjan hefur verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi bæjarins allt frá því að bygging hennar hófst. Hún hefur einnig gegnt miklu hlutverki í byggingarsögu landsmanna allt frá því að hún tók til starfa. Fyrirtækið hefur jafnan haft gott starfslið og verið vel rekið. Áhersla hefur verið lögð á að bæta gæði framleiðslunnar, m.a. með því að blanda í sementið ryki frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frv. verða rekstrarskilyrði Sementsverksmiðjunnar samræmd því

sem almennt gerist um stærri fyrirtæki hér á landi. Það er því von mín að frv. fái greiða afgreiðslu hér á Alþingi.

Ingibörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Frv. sama efnis hefur verið lagt fyrir hv. Alþingi nokkrum sinnum áður og tekið nokkrum breytingum til bóta að mínu mati frá upphaflegri mynd.

Sementsverksmiðja ríkisins er ekkert hallærisfyrirtæki eins og nú er lenska að tala um ríkisrekin fyrirtæki, heldur þvert á móti öflugt og myndarlegt fyrirtæki sem aldrei hefur þegið hvorki þunnt né þykkt frá ríkissjóði. Frá stofnun 1958 hefur fyrirtækið ávallt verið rekið sem ríkisfyrirtæki og að öllu jöfnu gengið vel rekstrarlega að undanskildum fáeinum árum. Sérstaklega hefur reksturinn gengið vel undanfarin ár. Árið í ár virðist ætla að koma vel út og stefnir allt í verulegan hagnað.

Sementsverksmiðjan hefur staðið af sér margs háttar sveiflur í atvinnulífinu og verið einn traustasti vinnuveitandi á Akranesi. Fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð hjá forustumönnum fyrirtækisins gæti varla verið ábyrgari og skilvirkari. Starfsemin er í stöðugri þróun og tilraunir og nýjungar sem sanna gildi sitt. Mikil samvinna er með Sementsverkmiðjunni og járnblendinu á Grundartanga eins og hér hefur komið fram.

Ég styð efni frv. sem hér er til umræðu. Sú stuðningsyfirlýsing er gefin í trausti þess að Sementsverksmiðjan skuli áfram vera rekin í eigu ríkissjóðs. Því er það álit mitt að það þurfi að koma til lagabreyting ef selja á hlutafé í fyrirtækinu þannig að 8. gr. frv. hljóði þannig að ríkissjóður geti ekki boðið út hlutafé í Sementsverksmiðjunni.

Sementsverksmiðjan er í eðli sínu einokunarfyrirtæki þar sem hún er eini aðilinn sem framleiðir sement þrátt fyrir að innflutningur á sementi hafi verið leyfður frá árinu 1975, en vegna legu landsins er slíkur innflutningur ekki samkeppnisfær. Eðlilegt er að selja fyrirtæki sem eiga sér samkeppnisgrundvöll en að mínu mati alls ekki einokunarfyrirtæki. Það sem er jákvætt við þetta frv. er að nú er lögfest heimild verksmiðjunnar til þátttöku í þróunarverkefnum, rannsóknum og öðrum hlutafélögum og verður hún þannig virkari þátttakandi í atvinnulífinu.

Eins og líka hefur komið fram er Sementsverksmiðjan staðsett í hjarta Akranesbæjar og allt sem lýtur að henni er mjög viðkvæmt frá umhverfissjónarmiði séð. Samvinna við bæjaryfirvöld undanfarin ár hefur verið til fyrirmyndar. Breytt eignaraðild gæti hugsanlega breytt þeirri mynd og ég vil leiðrétta það sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. áðan að bæjarsjóður Akraness muni sérstaklega hagnast á því að verksmiðjunni sé breytt í hlutafélag. Það er ekki rétt. Ég get fært rök fyrir því að vegna breytinga á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga muni trúlega muna 3–4 millj. þegar í heildina er tekið hvað bæjarsjóður fær minna inn skattalega séð en í óbreyttri mynd.

Virðulegi forseti. Í frv. er kveðið á um réttindi starfsfólks og legg ég sérstaka áherslu á að atvinnuöryggi þess og réttur sé tryggður.

Að lokum. Sementsverksmiðjan er eitt allra stærsta fyrirtæki ríkisins og dæmi um fyrirmyndarfyrirtæki. Þess vegna er það von mín að á því verði ekki gerðar ástæðulausar breytingar með breyttri eignaraðild. Þó að einkavæðing sé fínt hugtak og eigi oft rétt á sér er ástæðulaust að einkavæða ef kostir einkavæðingar eru augljóslega engir og um er að ræða einokunarfyrirtæki. Ég endurtek að ég styð frv. í trausti þess að hlutabréf verði áfram í eigu ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Ég ber fram þá ósk að hv. iðnn. Alþingis sendi frv. til umsagnar bæjarstjórnar Akraness.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á dagskrá athyglisvert mál, en mig langar til að beina einni tæknilegri spurningu til hæstv. iðnrrh. Í 5. gr. frv. segir:

„Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra.“

Nú er það svo, ef ég skil það rétt, að ríkið verður alla vega fyrst um sinn eini eigandi þessa hlutafélags og mig langar til að biðja hæstv. iðnrh. að skýra það hvernig hann hyggst standa að skipan í stjórn. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvernig þetta færi fram þegar eigandinn er aðeins einn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls aftur en hæstv. viðskrh. kaus að sækja sér vopnin austur fyrir járntjald sem löngu er fallið til þess að mæla gegn mínum orðum. Það kom mér að vísu mjög á óvart. Ég held að við þurfum ekki að sækja þangað neinar upplýsingar um hvernig hefur gengið að reka Sementsverksmiðjuna undanfarið. Það hefur gengið vel. Þetta er eitt af þeim ágætu fyrirtækjum í landinu sem hafa ekkert verið uppi á borðinu í sambandi við sjóði eða neitt því um líkt. Það hefur gengið prýðilega að reka verksmiðjuna og ég tel að það eigi að geta gengið prýðilega áfram. Ég fæ ekki séð hvernig menn ætla að rökstyðja það fyrir þeim sem væntanlega kaupa hlutafé í þessu fyrirtæki að þeir eigi ekki að hafa af sínu hlutafé arð og þess vegna getur auðvitað ekkert annað gerst en að verð á sementi verði ákveðið út frá þeirri forsendu hve mikinn arð hluthafar eigi að fá.

Ég er alls ekki með þessu að segja að ég telji að ríkið eigi að vera að vasast í alls konar rekstri. Það er langt frá því. En við erum bara í þeirri stöðu með framleiðslu á sementi á Íslandi að það er ekki samkeppnisgrundvöllur og ég undrast það ef sjálfur viðskrh. landsins telur það nægilega merkilegan samkeppnisgrundvöll að það megi flytja inn sement til landsins þegar hann veit það ósköp vel að ekki er hægt að flytja inn sement nema með mjög miklum tilkostnaði, bæði í stofnkostnaði og flutningum. Innflutt sement er því engan veginn samkeppnisfært við það sement sem framleitt er innan lands. Þess vegna verður

auðvitað að hafa hönd í bagga með verðlagningunni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka þann stuðning við frv. sem fram hefur komið í máli ýmissa þeirra sem talað hafa, m.a. hv. 2. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Vesturl.

Vegna þeirrar spurningar sem 18. þm. Reykv. beindi til mín vil ég segja það alveg skýrt, eins og reyndar kemur fram í frv., að verði frv. samþykkt þá fer iðnrh. með eignarhlut ríkisins í félaginu sem er hið venjulega fyrirkomulag. Hann mundi meðan ríkið eitt á hlutina velja stjórnina eins og tíðkast þar sem svo stendur á í hlutafélögum og hann fer með atkvæði fyrir ríkið. Valið á stjórnarmönnum mundi að sjálfsögðu fyrst og fremst miðast við að þeir gættu hagsmuna félagsins, að þeir hefðu forsendur til þess að halda vel utan um rekstur svona félags.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég staldra dálítið við það hver sé hinn eðlilegi eignargæslumaður ríkisins. Fljótt á litið virðist það liggja beint við að það hljóti að vera fjmrh. en e.t.v. má segja sem svo þegar mál heyra undir ákveðin fagráðuneyti að það eigi að vera viðkomandi fagráðherra.

Þetta leiðir til þess að undir sumum kringumstæðum hefur þessu valdi verið skipt, samanber Orkubú Vestfjarða, og ekki einum heldur tveimur ráðherrum falið að fara með þetta vald. Slippstöðin á Akureyri er annað ágætt dæmi. Um þetta atriði tel ég því dálítið ofsagt hjá hæstv. iðnrh. að sé sjálfgefið mál. Ég tel eðlilegt að þeir sem fá þetta mál til nefndar fari yfir það og skoði þann þátt sérstaklega hver sé eðlilegur eignargæslumaður ríkisins.

Hitt atriðið sem ég tel umhugsunarefni er það að þar sem við búum við svo sérstakt kerfi að fáránlegustu verðbreytingar í landinu verða til að auka skuldir manna, þá geta menn spurt sjálfa sig hvort þetta leiddi til þess að ef verð á sementi hækkaði þá mundu allir þeir sem skulda fé Íslandi verða að greiða meira til sparifjáreigenda og banka. Kannski er það umhugsunarefni að þegar við tókum upp Bifreiðaskoðun Íslands hf. var ekki nóg með það að þeir sem þurftu að láta skoða bílana þurftu að greiða meira, heldur gerðist það að allir sem skulduðu fé á Íslandi urðu að borga meira til sparifjáreigenda og til banka. En hvað gerist í þessu kerfi, sem er svo fullkomið gegnum vísitölukerfið, ef verðbólgan fer niður? Mundu þá skuldirnar eyðast af sjálfu sér? Nei, þá er kerfið þannig útbúið að það kúplar frá eins og sagt er. Það er enginn afturábakgír til í vísitölukerfinu.

Ég varpa þessu inn í umræðuna til að sýna fáránleikann. En það væri vel þess virði að hæstv. viðskrh. tæki það mál til umhugsunar hvort kerfi sem virkar bara á annan veginn geti verið réttlátt og hvort það sé hugsanlegt að ef hann tæki þá ákvörðun að leyfa frjálsa álagningu á sementi og hefði ekkert verðeftirlit með því, þá væri hann í reynd að hækka vaxtabyrði í landinu með því móti að vísitalan yrði til þess að auka klyfjar á mönnum og fyrirtækjum.

Ég kem þessu hér með á framfæri einfaldlega vegna þess að mér finnst salan á Sementsverksmiðju ríkisins undirstrika það rækilega að það gengur náttúrlega ekki að hafa þannig fjármálakerfi að ekki sé hægt að gera svona breytingar án þess að það komi inn í peningastjórn landsins. Þá er eitthvað stórt og mikið að. Þess vegna verður náttúrlega að skoða það mál alveg í botn. Er sú fullyrðing rétt eða röng? Hvaða áhrif hefur þetta á verðlagningu á sementi í landinu?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Lyfjaverð til öryrkja.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. 19. júlí sl. skrifaði ég hæstv. heilbr.- og trmrh. bréf og óskaði eftir upplýsingum um hvaða áhrif nýsett lyfjareglugerð mundi hafa á lyfjaverð til öryrkja og aldraðra. Í raun og veru hefur mér aldrei borist svar við þessu bréfi en nýlega birti Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra, niðurstöðu úr lyfjakönnun hjá tíu elli- og örorkulífeyrisþegum þar sem borið er saman hvað þeir greiddu fyrir 1. júlí 1991 og eftir 1. júlí 1991. Þeir miða við 100 daga skammt og einungis lyf sem notuð eru að staðaldri.

Niðurstaða könnunar þeirra er sú að í fyrsta dæminu hækkar lyfjagreiðslan í heild úr 2.000 kr. í 20.000 kr. eða um 873%, í öðru dæminu um 613%, í þriðja dæminu um 117%, í fjórða dæminu um 326%, í fimmta dæminu um 1462%, í sjötta dæminu um 249%, í sjöunda dæminu um 163%, í áttunda dæminu um 298%, í níunda dæminu um 93% og í tíunda dæminu um 76%.

Með öðrum orðum er hér um að ræða feiknarlegar hækkanir og hæstv. heilbrrh. hefur varið sig með því með því að hér sé fyrst og fremst um að ræða róandi lyf og svefnlyf. Það segir heldur ekki alla söguna því að þegar þessi lyfjaviðskipti eru skoðuð fyrir og eftir breytingu kemur í ljós að án róandi lyfja og svefnlyfja kostuðu þessir lyfjapakkar 15.243 kr. hjá öllum þessum einstaklingum fyrir hækkun en 76.838 kr. eftir hækkun. Hækkunin er 504%.

Um leið og Sjálfsbjörg, Landssamand fatlaðra, birti þessa niðurstöðu sína, þá birtist blaðagrein frá nokkrum starfsmönnum Laugavegsapóteks þar sem það fram kemur að lyfjakostnaður þeirra sem njóta heimsendingarþjónustu Laugavegsapóteks hefur hækkað gífurlega eða um 122%, úr 229 kr. á lyfjaávísun í 509 kr. á lyfjaávísun.

Með öðrum orðum: Það sem hæstv. heilbrrh. hefur haldið fram, að almennt sé ekki um að ræða sérstaka hækkun til öryrkja og aldraðra, stenst ekki. Það hefur verið sannað með skýrum hætti að veruleg hækkun hefur átt sér stað.

Þess vegna skora ég á heilbr.- og trmrh. að breyta reglugerðinni á ný og grípa til ráðstafana til að koma

í veg fyrir að þessar hækkanir lendi sérstaklega á öryrkjum eins og sannað hefur verið samkvæmt þessum upplýsingum sem ég hef flutt og gæti reyndar rakið nánar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég koma því á framfæri að þær upplýsingar sem komu fram í Morgunblaðinu fyrir tveimur dögum frá Laugavegsapóteki eru rangar. Viðkomandi lyfjafræðingar hafa sent leiðréttingu til Morgunblaðsins. Þar kemur fram, eins og við þóttumst vita, að greiðslubyrði sjúklinga, elli- og örorkulífeyrisþega, hefur ekki hækkað umfram það sem gerist og gengur hjá öðrum eins og haldið var fram í fyrri greininni.

Því er líka við að bæta að þarna vantar skoðun á því atriði sem var fyrst og fremst ætlað að koma til aðstoðar við þetta fólk, auk lyfjakortanna, en það voru sérstakar heimildaruppbætur frá almannatryggingum. Það hefur verið mikið um að þær hafi verið samþykktar, sérstaklega fyrir þetta fólk. Það kemur ekki fram í þessari skoðun. Í henni er því ekki sýndur nema hluti af heildarmyndinni.

Í annan stað vil ég upplýsa það að Öryrkjabandalag Íslands hefur falið tveimur læknum að kanna sérstaklega lyfjakostnaðarmál öryrkja. Þessir læknar eru Haukur Þórðarson á Reykjalundi og Arinbjörn Kolbeinsson. Þeir eru ekki sammála áliti Sjálfsbjargar. Ég hef rætt við bæði framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins og annan af þessum tveimur læknum og þeir telja að niðurstaðan sé ekki sú úr sinni könnun sem kemur fram hjá Sjálfsbjörg að um sé að ræða mikinn viðbótarkostnað aldaðra og öryrkja vegna þessara breytinga. Þvert á móti geta þeir nefnt mörg dæmi um að lyfjakostnaður öryrkja hafi lækkað við breytingarnar og fjölmargir öryrkjar sem áður þurftu að borga fyrir lyfin sín fá þau nú algerlega sér að kostnaðarlausu. Auðvitað eru til dæmi um hið gagnstæða, þ.e. að öryrkjar sem áður borguðu tiltölulega lágt gjald borgi hærra. En þegar á heildina er litið eru þeir ósammála Sjálfsbjörg um hennar niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að svara svo umfangsmiklu máli á svo stuttum tíma en ég vil aðeins láta það koma fram að lokum að við erum búin að skoða þessi tíu dæmi sem tilfærð eru í bréfi Sjálfsbjargar. Við erum búin að óska eftir því að forráðamenn Sjálfsbjargar komi til viðtals við heilbrrn. Ég vil láta það koma fram í fyrsta lagi að sumt af því sem kemur fram í þessum dæmum eru beinlínis rangar verðupplýsingar. Í öðru lagi á viðkomandi einstaklingur í mörgum tilvikum rétt á lyfjakorti sem mundi undanþiggja hann greiðsluskyldu og þá einkum og sér í lagi í þeim dæmum sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hér áðan þar sem um mesta kostnaðarbreytingu hefur verið að ræða. Við þurfum að fá skýringu á því hvernig standi á því að viðkomandi sjúklingur hefur ekki lyfjaskírteini, hvort hann hafi ekki sótt um það eða af hvaða ástæðu honum kynni að hafa verið hafnað. Í þriðja lagi er það sameiginlegt álit landlæknis, heilbrigðisyfirvalda og þeirra tveggja lækna sem skoðuðu málið sérstaklega fyrir Öryrkjabandalag Íslands að ekki eigi að greiða niður úr ríkissjóði róandi lyf og svefnlyf nema í undantekningartilvikum, þ.e. þegar slík lyf eru notuð fyrir fólk sem á við geðræna sjúkdóma að stríða. Þegar ekki er um slíka aðila að ræða sem nýta slík lyf er það álit allra þessara þriggja aðila, landlæknis, heilbrrn. og þeirra tveggja lækna sem skoðuðu málið fyrir Öryrkjabandalagið, að ekki eigi að greiða slík lyf niður úr ríkissjóði.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög merkilegt að heyra það frá ráðherra að hann telji Sjálfsbjörg fara með rangt mál og að þeirra fulltrúar séu — ég vil nota það orð — að ljúga því að alþjóð að öryrkjar þurfi að greiða miklu meira fyrir lyf sín núna en fyrir 1. júlí. Ég verð að viðurkenna að ég trúi ekki að það geti staðist að þær tölur sem hv. þm. Svavar Gestsson las upp áðan og koma frá Sjálfsbjörg séu allt saman tóm vitleysa. Það eru mér vonbrigði ef ráðherra trúir ekki því sem þar kemur fram og mjög slæmt ef fólk hefur ekki þær upplýsingar sem það á að hafa til þess að geta fengið leiðréttingu sinna mála.

Mér þótti ráðherrann svara þessu bréfi Sjálfsbjargar með mjög einkennilegum hætti. Það kom fram í kvöldfréttum í Ríkisútvarpinu þann 5. nóv. sl., sem ég hef útskrift af, og reyndar líka í máli ráðherrans að líklega væri aðallega um að ræða svefnlyf og róandi lyf. Það mátti skilja hann þannig að þetta fólk þyrfti ekkert á þessum lyfjum að halda. Ég held að það hljóti að vera að þessum lyfjum hafi verið ávísað á viðkomandi sjúklinga vegna þess að þeir hafi þurft á þeim að halda og því ber okkur að taka þátt í kostnaði við þau lyf alveg eins og önnur ef þau eru talin nauðsynleg. Varla getur það verið að hæstv. ráðherra líti svo á að þessir sjúklingar séu upp til hópa fíkniefnaneytendur.

Ég skora því á ráðherrann að taka á þessu máli með öðrum hætti en hann hefur gert hingað til, með örlítið mildari orðum og ekki eins miklum ofstopa og komið hefur fram, og endurskoði reglugerðina með tilliti til þess að við sem meira megum okkar hjálpum þeim sem minna mega sín í því að greiða niður lyfjakostnað sinn.

Guðmundur Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Svavari Geststsyni, fyrir að fitja upp á þessu máli vegna þess að það er komið fram í umræðunni og skjalfest af samtökum fatlaðra, Sjálfsbjörg, Landssambandi fatlaðra, að umtalsverðar hækkanir hafa orðið á lyfjakostnaði hjá þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Það höfum við nokkrir sagt á þingi og í umræðu í þjóðfélaginu aftur og aftur en verið andmælt jafnóðum af hæstv. heilbr.- og trmrh.

Ég verð að taka undir með síðasta ræðumanni og undrast þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra að telja að hér sé rangt með farið. Auðvitað skal ég ekki fullyrða um það heldur. Ég hef ekki farið svo nákvæmlega yfir þessa lista og við þekkjum auðvitað ekki þessa einstaklinga sem hér er vitnað til, en það er nokkuð mik-

ið sagt, og álíta svo að þetta séu ekki réttar upplýsingar.

Hæstv. ráðherra nefndi það að einstaklingarnir gætu leitað sér heimildarbóta og það þyrfti að skoða rétt þeirra til lyfjakorta. Nú er það svo að fjöldinn allur af þessu verst stadda fólki hefur þegar nýtt heimildarbætur sínar til fulls til annarra hluta, t.d. vegna húsnæðiskostnaðar og annarra þeirra þátta sem heimildarbæturnar eiga að bæta einstaklingunum upp, og getur þess vegna ekki notað þær til þess að létta á lyfjakosntaði. Og við vitum að þrátt fyrir útgáfu mikils fjölda lyfjakorta, 15 þúsund kort eða svo, hefur miklum fjölda einnig verið hafnað og vafalaust er hér um einhverja einstaklinga að ræða sem þannig er ástatt með.

Í listunum frá Sjálfsbjörg sem eru til umræðu eru reyndar í mörgum tilfellum tekin ódýrustu lyfin sem einstaklingar þurfa en vilja kannski nota sér annað en þar um ræðir. Ég nefni sýklalyf sem hér eru tilgreind og hafa hækkað úr 230 kr. í 1.745 en verð á einstökum lyfjum þar eru kannski allt að 10.000 kr. Ég nefni gigtarlyf. Í listanum er tilgreind hækkun úr 230 kr. í 500 kr., gigtarlyf geta kostað 15.000 kr. og blóðþrýstingslyf með álíka upphæðir, úr 500 í 12.000 kr, þannig að hér er ekki einu sinni verið að taka erfiðustu dæmin. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu.

Ég held þess vegna, og tek undir með öðrum sem hér hafa talað, að ráðherra verði að skoða einu sinni enn þessa margumræddu reglugerð, vegna þess að reglurnar verða að vera almennar og vel aðgengilegar þessu fólki. Það er afar erfitt að setja flóknar reglur vegna þess að margir einstaklingar, öryrkjar og fatlaðir, eiga erfitt með að sækja rétt sinn og fara eftir flóknum reglum. Þeir vita oft og tíðum ekki um hann. Það þekki ég frá umfjöllun um almannatryggingalöggjöfina og þess vegna skora ég á ráðherra að gera það sem hann getur til þess að um sé að ræða einfaldari og betri reglur.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég hélt satt að segja að mér væri að misheyrast þegar ég heyrði hæstv. heilbrrh. segja í fréttatíma Ríkisútvarpsins sl. þriðjudagskvöld að þeir, sem væru ekki sáttir við nýju reglugerðina varðandi hækkun lyfja, væru að mylja undir þá sem neyttu vanabindandi lyfja. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi. Margt ófaglegt og ófyrirgefanlegt hefur flætt út úr heilbrrn. undanfarið en þetta sló öll önnur met. (Gripið fram í.) Fær hæstv. heilbrrh. ekki orðið hér á eftir? (**Heilbrrh.:** Ég vil bara að leiðrétta strax að þú leggur ekki orð í minn munn.) Hæstv. heilbrrh. fær trúlega orðið hér á eftir, vona ég alla vega, en má ég halda áfram? Hæstv. heilbrrh. sagði blákalt að það væru fyrst og fremst þeir sem eru bundnir ávanalyfjum sem borga nú hærra verð. (**Heilbrrh.:** Nei, það sagði ég ekki heldur.) Hæstv. heilbrrh. leiðréttir mál mitt hér á eftir ef hann telur þess þörf.

Veit hæstv. heilbrrh. ekki betur um sína eigin reglugerðarsmíði eða kallar hann t.d. lyf sem lækna háan blóðþrýsting vanabindandi lyf? Kallar hann almenn þvagræsilyf vanabindandi lyf? Nú gerist hann mjög órólegur. Það er kannski í sambandi við blóðþrýstingslyfin. Veit hann t.d. að þessi tvö lyf hafa hækkað um meira en helming? Veit hann að hægðalyf sem kostaði áður 230 kr. fyrir skjúklinginn kostar nú um 7000 kr? Veit hann að gamalt og hreyfihamlað fólk hleypur ekki út að skokka sem forvarnaraðgerðir við meltingartruflunum? Gerir hæstv. heilbrrh. sér grein fyrir því hvað það kostar foreldra fatlaðra barna að nýta sér heilsugæsluþjónustu og göngudeildarþjónustu eftir þær hækkanir sem nú eru boðaðar? Ég held varla að hann geti gert sér grein fyrir því miðað við það sem hann hefur látið frá sér fara í þessum málum.

Ég var satt að segja byrjuð að fyrirgefa hæstv. ráðherra allt ruglið í sambandi við þessa lyfjareglugerð en eftir að ég heyrði orð hans í Ríkisútvarpinu sl. þriðjudagskvöld þá skilst mér að hann ætlar ekki að leiðrétta það sem þarf að leiðrétta í þessari reglugerð.

Hæstv. forseti. Ef sparnaður á að nást í heilbrigðismálum þarf að vinna faglega með fólkinu en ekki á móti fólkinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Í sambandi við þetta mál og ummæli ráðherra ætla ég að segja þetta. Hann reynir að verja sig með eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi með því að hér sé um að ræða róandi lyf, svefnlyf, sem ekki eigi að gefa fólki nema því fólki sem á við geðræn vandamál að stríða. (**Gripið fram í:** Sem er órólegt.) En þetta fólk fær þessar ávísanir frá læknum. Þannig að það er ekki við þetta fólk að sakast heldur lækna.

Í öðru lagi segir hæstv. ráðherra: Öryrkjabandalagið er ekki sammála Sjálfsbjörg. Þetta er rangt, beinlínis rangt. Öryrkjabandalagið og stjórn þess hefur enga samþykkt gert í þessu máli. Hæstv. ráðherra reyndi að bera þetta fyrir sig í útvarpsþætti áðan, að Öryrkjabandalagið hefði í raun og veru hvítþvegið hann í þessu máli. Það er beinlínis fölsun.

Í þriðja lagi reynir ráðherrann að slá um sig með því að starfsmenn Laugavegsapóteks hafi orðið að senda frá sér leiðréttingar um þetta mál. Það er rétt að þeir hafa gert það. Hvað kemur fram í þessari leiðréttingu? Sú staðreynd að hlutur sjúklings í lyfjum hefur þrefaldast frá því áður en reglugerðin var sett þar til nú. Úr 9–10% í 24–28%. Þetta kemur fram í leiðréttingunni en ráðherrann hirti ekki um að nefna það heldur sló um sig með þessu til þess að reyna að slá vopnin úr höndum okkar sem erum að gagnrýna hann í þessu máli.

Í fjórða lagi liggur það fyrir að samkvæmt niðurstöðum Sjálfsbjargar er hækkunin á lyfjum, öðrum en róandi lyfjum og svefnlyfjum, 504%.

Það er útilokað að ætla sér að afgreiða þetta mál með því að hér sé um að ræða ósannindamenn og fíkniefnaneytendur. Það er útilokað að vísa þessu fólki á það að drekka súrmjólk, eins og Alþýðublaðið gerði í sumar. Og það er ótrúleg kokhreysti sem hæstv. heilbrrh. sýnir í þessu máli og hann ætti, með leyfi forseta, að skammast til að biðjast afsökunar á embættis-

búin að ná álíka miklum árangri til sparnaðar í lyfjakostnaði og menn gerðu áætlun um að ná á heilu ári, á tólf mánaða tímabili.

Ég ítreka það að auðvitað geta menn fundið einstök dæmi um að lyfjakostnaður hafi hækkað frá því sem áður var en menn geta líka tínt til dæmi um hið gagnstæða. Og ég ítreka það sem ég hef áður sagt úr þessum ræðustól að það er ekkert sem bendir til þess þegar á heildina er litið að lyfjakostnaður aldraðra, lyfjakostnaður öryrkja, lyfjakostnaður barnafólks og lyfjakostnaður þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma að stríða, hafi hækkað.

Guðmundur Bjarnason:

Frú forseti. Það er aðeins út af því að hæstv. ráðherra segir að það hafi ekkert komið fram skjalfest um að lyfjakostnaður öryrkja hafi hækkað. Auðvitað hefur það komið skjalfest fram. Það hefur komið skjalfest frá Sjálfsbjörg, Landssambandi fatlaðra, skráð af formanni landssambandsins, Jóhanni Pétri Sveinssyni, og hæstv. ráðherra er þá að væna hann um að þetta sé allt rangt sem þar er sett fram. Auðvitað kann að vera að ekki séu allar tölur nákvæmlega réttar, ég ætla ekki að rengja ráðherra um það að einhverjar verðupphæðir hér séu ekki nákvæmar, ég skal ekki rengja hann um það heldur. En að það geti verið svo ónákvæmt að það fari úr 2.000 kr. í 20.000 kr. því trúi ég alls ekki. Og þó ráðherra kunni að finna einhverja einstaklinga sem lyfjakostnaður kann að hafa lækkað hjá, þá segir það heldur ekkert um að þetta sé réttlætanlegt því þetta kemur verulega og alvarlega illa við þá sem verða fyrir þessum miklu hækkunum.

Fullyrðing hæstv. ráðherra, sem hefur komið fram í þingsölum áður, að meðaltalshækkun hafi verið 190 kr. eða svo á lyfseðil — slík meðaltalstala segir auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir þá sem þurfa að greiða stórhækkað lyfjaverð og minnir mig á sögu sem ég heyrði einu sinni af manni sem var kalt á fótunum og sagði þá sögu að meðaltalsupplýsingum mætti líkja við það að ef maður væri með aðra löppina í ísköldu vatni og hina í sjóðandi vatni þá ætti manni að líða að meðaltali vel. Svona eru nú þessar meðaltalstölur.

glöpum sínum gagnvart öllu þessu fólki.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hann er dálítið sérstakur sá farvegur sem hæstv. heilbrrh. hefur valið til að halda þessari umræðu í um þessar drápsklyfjar sem hann lagði á gamalmenni, öryrkja og ellilífeyrisþega með reglugerðinni sem hann gaf út 1. júlí. sl. Nú fullyrðir hæstv. ráðherra það að lyfjakostnaður þessara hópa sé orðinn minni en hann var fyrir reglugerðarbreytinguna. Allar hafa þessar fullyrðingar verið hraktar. Og um leið og hann segir þetta og er bent á að það séu jú til hópar sem þetta hafi hækkað hjá, þá eru það bara allt saman einhverjir fíkniefnaneytendur sem þannig haga sér og það sé náttúrlega ekki rétt að vera að greiða lyf ofan í slíkt fólk. Það kann að vera alveg rétt, en ráðherrann þarf þá auðvitað að benda á það hvaða fólk það er sem þannig hagar sér.

Það er mjög algengt að spastískir öryrkjar þurfi á róandi og vöðvaslakandi lyfjum að halda. Í dæmum Sjálfsbjargar er verið að taka dæmi af slíku fólki. Og ætlar ráðherrann að halda því fram að þarna sé um að ræða einhverja fíkniefnaneytendur? Þetta eru lyf sem þessu fólki eru alveg nauðsynleg.

Læknastéttin hlýtur í ljósi þessara ummæla ráðherrans að krefjast þess að fram fari rannsókn á ummælum ráðherrans að það séu læknar í landinu sem í stórkostlega stórum stíl ávísi á lyf handa fíkniefnaneytendum. Ef ráðherrann hefur upplýsingar um slíkt hlýtur hann auðvitað að fara með þær til réttra yfirvalda. Það er ekkert hans prívatmál, ef hann veit um fíkniefnaneytendur í þessu landi, þá er það ekkert prívatmál hans. Hann á auðvitað að koma því til lögregluyfirvalda og láta fara fram rannsókn.

Virðulegur forseti. Það eru aðrir en öryrkjar sem ráðherra þarf að hafa áhyggjur af að kunni að nota vímuefni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar, að gefnu tilefni, að fá að vitna til orða hæstv. heilbrrh. frá því í kvöldfréttum. En þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er t.d. alveg ljóst að þeir sem eru háðir vanabindandi efnum og neyta mikils magns af þeim þurfa að borga verulegar fjárhæðir fyrir, enda er það líka umhugsunarvert bæði fyrir heilbrigðisyfirvöld og almenning hvort ríkisvaldið á að afhenda ókeypis ávanabindandi fíkniefni sem notuð eru í miklum mæli."

Þarna er verið að segja það beint að þeir sjúklingar, sem þarna er um að ræða, þessir tíu, sem verið er að ræða um í þessari frétt, séu að nota vanabindandi efni. Ég get ekki séð annað af því sem þarna kemur fram en að ráðherra telji að það sé alger óþarfi að þeir noti þessi lyf. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir af hendi ráðherra. Þetta fannst mér verða að koma fram við þessa umræðu, virðulegur forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Það er auðvitað oft erfitt að draga mörkin og með ávanabindandi lyf held ég að neyslan ráði því hvort menn nefna þau ávanabindandi lyf eða fíkniefni. Alkóhól er uppistaða í mörgum lyfjum. Hins vegar vita það allir að það er ávanabindandi efni og þegar fíkn manna í alkóhól gengur úr hófi fram held ég að flestir verði sammála um að kalla það fíkniefni. Sérstaklega er varað við að gefa sjúklingum ákveðin róandi lyf til langframa vegna þess að þau eru ávanabindandi. Þegar neysla einstaklings á slíkum lyfjum er farin að skipta þúsundum taflna á ári má spyrja sig að því hvort það sé eðlilegt og æskilegt að slíkt sé greitt niður af ríkisvaldinu. Ég er hér með bréf í höndunum frá landlækni út af nákvæmlega slíku tilviki þar sem hann leggur til að lyfjakort sé ekki gefið út. Og án þess að mér eða okkur í heilbrrn. hafi gefist tími til að skoða einstök dæmi sem hér eru tilfærð þá er það einfaldlega staðreynd að þarna er um að ræða verulega mikla neyslu á róandi lyfjum og svefnlyfjum. Við verðum hins vegar að fá upp gefið hjá Sjálfsbjörg hvaða einstaklingar þetta eru til að geta skoðað málið betur og það verður gert.

Það er líka staðreynd að þær upplýsingar sem hafa verið gefnar hér, m.a. upplýsingar um verð í þessum dæmum, eru ekki réttar. Það er ekki eftir mér að hafa í þeim efnum, það er eftir starfsmönnum heilbrrn., sem hafa farið yfir þetta og vita glöggt um þetta. Menn verða bara að taka því ef niðurstaðan er sú að rangar verðupplýsingar séu færðar inn í þessi dæmi þá er það svo og menn geta ekkert barið höfðinu við steininn með að neita því.

Þá er það líka rangt að það hafi hér verið skjalfest að mikil hækkun hafi orðið á lyfjakostnaði öryrkja, í þessu bréfi Sjálfsbjargar. Ég gæti tilfært miklu fleiri dæmi en þau tíu sem þarna er um að ræða þar sem lyfjakostnaður öryrkja hefur stórlega lækkað og niðurstaða úr athuguninni sem Öryrkjabandalagið lét framkvæma var nákvæmlega þessi. Ég var að ræða við þá núna rétt áðan. Þeir segjast efast um að ef breytt yrði til baka til fyrra horfs mundi útkoman úr því vera til góðs fyrir öryrkja. En auðvitað eru dæmi um að öryrkjar borgi meira, sérstaklega ef um er að ræða neyslu á róandi lyfjum, deyfilyfjum, svefnlyfjum og hægðalyfjum. En það eru líka mörg dæmi þess að öryrkjar greiði minna fyrir lyfin sín en þeir gerðu.

Niðurstaða þeirra tveggja lækna, sem skoðuðu málið fyrir Öryrkjabandalagið, var sú að þeir eru ekki sammála þeirri niðurstöðu Sjálfsbjargar að þessi breyting hafi hækkað lyfjakostnað öryrkja eins og kemur fram í ályktun frá landsþingi Sjálfsbjargar. Þeir eru ekki sammála. Auðvitað hefur Öryrkjabandalagið ekki gert neina ályktun í því efni, það er alveg rétt. En þeir sem framkvæmdu þessa athugun fyrir Öryrkjabandalagið komust að þessari niðurstöðu og ég reikna fastlega með því að Öryrkjabandalagið fari ekki að ályktа þvert gegn niðurstöðu þeirra sérfræðinga sem könnuðu málin fyrir það.

Auðvitað er sparnaður að nást, það er alveg rétt. Við erum búin að fá bráðabirgðatölur fyrir októbermánuð. Hann skilar meiru til kostnaðarlækkunar fyrir Tryggingastofnun ríkisins heldur en septembermánuður gerði. Þannig að við erum nú á fjórum mánuðum

23. FUNDUR

mánudaginn 11. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Framhald umræðna um skýrslu forsætisráðherra um Byggðastofnun.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrir þessum fundi liggur mikil dagskrá. Þar er þó hvergi að sjá að ætlunin sé að halda áfram umræðum um skýrslu forsrh. um Byggðastofnun. Nú hefur umræðan um Byggðastofnun ekki verið svo lítil í fjölmiðlum að undanförnu að eðlilegt má telja að því verði hraðað að taka þetta mál á dagskrá og þeirri umræðu fram haldið sem hér var stöðvuð á sínum tíma.

Ég óska eftir því að forseti þingsins geri grein fyrir því hvenær ætlunin er að þetta mál verði tekið á dagskrá og umræðunni fram haldið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem hv. 2. þm. Vestf. gat um að ólokið er umræðu um byggðamálin sem var frestað á sínum tíma eins og menn vita. Það verða að sjálfsögðu gerðar ráðstafanir til þess að það mál verði tekið á dagskrá svo fljótt sem verða má, en það er ekki á dagskrá í dag.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa þrjú bréf. Hið fyrsta er svohljóðandi, dags. 11. nóv. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþfl. í Vestf., Pétur Sigurðsson, formaður Alþýðusambands Vestfjarða, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf."

Annað bréfið hljóðar svo og er dags. 11. nóv. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Vesturl., Sigurður Þórólfsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl."

Þriðja bréfið er svohljóðandi, dags. 9. nóv. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindisgerðum óska ég eftir að Svanhildur Árnadóttir Öldugötu 1, Dalvík, taki sæti mitt á Alþingi.

Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e."

Kjörbréf Péturs Sigurðssonar, varamanns Alþfl. í Vestf., Sigurðar Þórólfssonar, varamanns Framsfl. í Vesturl., og Svanhildar Árnadóttur, 1. varamanns Sjálfstfl. í Norðurl. e., hafa verið rannsökuð og samþykkt.

Sigurður Þórólfsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til þingstarfa.

Pétur Sigurðsson og Svanhildur Árnadóttir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því nú skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Pétur Sigurðsson, 4. þm. Vestf., og Svanhildur Árnadóttir, 2. þm. Norðurl. v., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Pétur Sigurðsson og Svanhildur Árnadóttir hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Lánsfjárlög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjárln. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁ, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MJ, MF, MB, PP, PS, SalÞ, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

24 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RA, RG, SAÞ, SA, StH) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 29. mál (erlend lántaka). — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjárln. með 40 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MJ, MF, MB, PP, PS, SalÞ, SÞór, SP, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

23 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RA, RG, SAÞ, SA, StG, StH, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 38 shlj. atkv.

Sementsverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til iðnn. með 36 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 61. mál. — Þskj. 62.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Frv. er samið að tilhlutan dómsmrn. og er ásamt frv. til laga um nauðungarsölu og frv. til laga um einkamál í héraði, sem einnig hafa verið lögð fram á þessu þingi, lokaþátturinn í heildarendurskoðun á íslenskri réttarfarslöggjöf sem gerð hefur verið á undanförnum tveimur árum. Frv. tengist því þeirri nýskipan réttarfars og framkvæmdarvalds ríkisins í héraði sem grunnurinn var lagður að með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 90/1989. Þau lög öðlast gildi 1. júlí 1992, en sama dag taka einnig gildi eftirfarandi lög á sviði réttarfars, lög um breytingar á þinglýsingarlögum, lög um aðför, lög um kyrrsetningu og lögbann, lög um meðferð opinberra mála, lög um skipti á dánarbúum og lög um gjaldþrotaskipti.

Ákvæði þessara laga og frumvarpa taka til grundvallaratriða um skipan ríkisvaldsins í héraði, jafnt til stjórnsýslu ríkisins og dómstóla og leiða til umtalsverðrar breytingar á þeirri skipan sem nú er við lýði. Löggjöfin leysir af hólmi fjölda laga og lagaákvæða á sviði réttarfars sem sum hver eru meira en aldargömul.

Víða í lögum er enn að finna tilvísanir í hugtök sem leggjast af og tiltekin ákvæði réttarfarslaga sem falla úr gildi þann 1. júlí 1992. Óhjákvæmilegt er að samræma slík fyrirmæli laga við hina nýju skipan. Sú samræming er reyndar vel á veg komin því að með áðurnefndum lögum sem samþykkt hafa verið í kjölfar aðskilnaðarlaga hafa verið felld úr gildi og gerðar breytingar á ákvæðum tæplega 170 annarra laga. Því til viðbótar verða væntanlega lagðar til breytingar á ákvæðum tæplega 80 laga í áðurnefndum frumvörpum um nauðungarsölu og til laga um meðferð einkamála. Tekist hefur með þessum hætti að gera fjölmargar nauðsynlegar breytingar á ákvæðum annarra laga. Engu að síður stendur eftir talsverður fjöldi lagaákvæða sem þarfnast einnig breytinga en ekki hefur verið tilefni til að taka til endurskoðunar fram að þessu. Markmið þessa frv. er að reyna að ljúka því verki þótt ósennilegt sé að tekist hafi að ná fullkominni yfirsýn yfir öll þau lagaákvæði sem hefði þurft að fella úr gildi eða breyta í þessu skyni. Það stafar m.a. af því að veruleg laga-hreinsun hefur átt sér stað síðustu ár án þess að nýtt lagasafn hafi verið gefið út og var þannig bundið vandkvæðum að afla fanga um ákvæði allra gildandi laga við gerð frv.

Lagðar eru til breytingar á ákvæðum 107 laga í þessu frv. Í mörgum tilvikum er um fleiri en eina breytingu að ræða á viðkomandi lögum. Frv. er byggt upp með þeim hætti að lögum sem því er ætlað að breyta er raðað í aldursröð og er mælt fyrir um eina eða fleiri breytingar á hverjum lögum í einni grein. Skýringar eru við hverja grein þar sem lýst er í stuttu máli tilefni og inntaki breytinganna hverju sinni. Oft eru þó sömu ástæður fyrir breytingum í fleiri en einni grein. Til glöggvunar mun ég geta helstu atriða sem liggja til grundvallar breytingum margra lagaákvæða, en þau eru þessi:

Hugtökin bæjarþing, sakadómur, fógetaréttur, skiptaréttur og uppboðsréttur eru nefnd víða í lögum, enda eru þetta heiti héraðsdómstóla samkvæmt núgildandi lögum um skipan dómsvalds í héraði nr. 74/1972. Með I. kafla aðskilnaðarlaganna nr. 92/1989 eru þessi sérheiti héraðsdómstóla sem ráðast að viðfangsefnum þeirra afnumin, en þess í stað munu dómstólarnir heita héraðsdómar og verða kenndir við umdæmi sín. Dómstólarnir munu því alltaf bera sama heiti hvort sem þeir fást við einkamál eða refsimál svo að dæmi sé tekið. Mörg ákvæði frv. miða að því að fella niður þessi eldri heiti, en setja í stað þeirra hið nýja almenna heiti héraðsdómstóla.

Frv. miðar að því að embættisheitin bæjarfógeti og borgarfógeti falli alveg niður. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í II. kafla aðskilnaðarlaga, nr. 92/1989, um að allir þeir embættismenn sem fara með framkvæmdarvald ríkisins í héraði utan Reykjavíkur beri embættisheiti sýslumanna en teljast þó um leið lögreglustjórar og tollstjórar í sínum umdæmum. Hins vegar munu þessi störf í Reykjavík skiptast á milli sýslumanns, lögreglustjóra og tollstjóra en embættisheitin borgardómari og sakadómari falla einnig niður en í stað þeirra verður notað almennt samheiti um hér-

aðsdómara. Í allmörgum ákvæðum frv. er verið að leggja til breytingu á lögum þar sem þessi brottföllnu embættisheiti koma fram.

Víða í lögum er að finna ákvæði með hugtökum öðrum en þeim sem áður voru nefnd sem verða ekki lengur notuð eftir gildistöku nýrra réttarfarslaga. Sem dæmi má nefna fógetagerðir sem verða ekki nefndar því heiti eftir gildistöku aðfaralaga nr. 90/1989, heldur aðfarargerðir. Nokkur ákvæði í frv. lúta að því að breyta slíkum úreltum hugtökum í öðrum lögum og taka upp hugtök sem samrýmast nýrri réttarfarslöggjöf.

Til samræmis við stefnumörkun í athugasemdum sem fylgdu frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem varð að lögum 1989, er í nokkrum ákvæðum þessa frv. gerðar tillögur um tilfærslu verkefna frá dómsmrh. til sýslumanna. Sem dæmi um slíkt má nefna að sýslumenn munu annast ýmis viðfangsefni á sviði sifjamála og lögráðendamála sem heyra samkvæmt núgildandi lögum undir dómsmrn.

Í frv. eru allmörg ákvæði sem stefna að því að fella á brott tilvísanir til eldri réttarfarslega sem falla niður 1. júlí 1992 eða eru jafnvel löngu fallin niður. Slík tilvísan er í mörgum tilvikum algerlega óþörf og hefur enga lagalega þýðingu. Í nokkrum greinum frv. eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum þar sem dómara eru lögð í hendur tiltekin verkefni sem geta ekki fallið að viðfangsefnum dómstóla samkvæmt nýrri dómstólaskipan og réttarfarslöggjöf.

Frú forseti. Ég hef í þessum fáu orðum farið yfir helstu efnisatriði þeirra fjölmörgu lagabreytinga sem lagt er til að gerðar verði vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Nauðungarsala, 1. umr.

Stjfrv., 62. mál. — Þskj. 63.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um nauðungarsölu en það frv. er eins og hið fyrra samið að tilhlutan dómsmrn. Við samningu þess var unnið í samráði við réttarfarsnefnd en jafnframt voru drög að því kynnt stjórnum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands, Sýslumannafélags Íslands og var leitað tillagna þeirra og ábendinga. Frv. er aðallega ætlað að leysa af hólmi lög um nauðungaruppboð nr. 57/1949, lög um viðauka við þau lög nr. 20/1966, sem geyma ýmsar sérreglur um nauðungaruppboð á loftförum, og reglur um sölu lögveða án undangengins lögtaks nr. 49/1951.

Undanfarin tvö ár hefur heildarendurskoðun farið fram á löggjöf um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði. Frv. er samið sem þáttur í þeirri endurskoðun og sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Núgildandi lög um nauðungaruppboð taka mið af eldri réttarfarsskipan og byggja þannig á því að framkvæmd nauðungaruppboðs sé dómsathöfn. Sú tilhögun er ekki í samræmi við nýja skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds eftir ákvæðum aðskilnaðarlaganna sem taka gildi 1. júlí 1992 og verður af þeirri ástæðu ekki komist hjá því að endurskoða löggjöf á þessu sviði. Í samræmi við hina nýju skipan er í frv. ráðgerð sú grundvallarbreyting á framkvæmd nauðungarsölu að hún verði stjórnsýsluathöfn sem sýslumenn hafa með höndum í stað þess að héraðsdómarar annist hana sem dómsathöfn eins og leiðir af núgildandi lögum. Þetta er í samræmi við löggjöf um breytta verkaskiptingu milli sýslumanna og héraðsdómstóla sem þegar hefur verið fylgt eftir með setningu nýrra laga um aðför nr. 90/1989, laga um kyrrsetningu og lögbann, laga um skipti á dánarbúum og laga um gjaldþrotaskipti. Á þessum vettvangi stendur nú aðeins eftir að ný lög verði sett sem leiði til sams konar breytinga á framkvæmd nauðungarsölu. Að auki eru ýmis atriði í núgildandi lögum úrelt og önnur leiða til þarflausra þyngsla á framkvæmd. Heildarendurskoðun laganna hefði orðið óhjákvæmileg þótt ekki hefði komið til breyttrar skipunar dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði með setningu aðskilnaðarlaganna. Í frv. eru því gerðar tillögur um breytingar sem eiga ekki beinlínis rætur að rekja til breyttrar dómstólaskipunar en ýmsar ástæður eru þar að baki og þessar helstar:

Við gerð frv. hefur í fyrsta lagi verið hugað sérstaklega að því að leita leiða til að stuðla að því að sem hæst verð fáist fyrir eignir við nauðungarsölu. Þeirri skoðun hefur stundum verið haldið fram í almennri umræðu að lágt verð fáist fyrir eignir við nauðungarsölu þótt hún stangist reyndar á við skoðanir margra þeirra sem koma nærri framkvæmd á þessu sviði. Ætla má að nánast ógerlegt sé að staðreyna hvort eða að hvaða marki fullyrðingar um lágt söluverð eigna

geti átt við rök að styðjast, enda er söluverð eignar við nauðungarsölu ekki að öllu leyti hæft til samanburðar við gangverð eignar í frjálsum viðskiptum. Þótt varasamt sé að draga almennar ályktanir um söluverð eigna á nauðungaruppboðum sé stórum lægra en sannvirði eigna nemur verður því engan veginn neitað að þess finnast vissulega dæmi. Það er keppikefli að fyrirbyggja að slík tilvik komi upp en ekki skiptir síður máli að um leið verði reynt að stuðla að því almennt að söluverð geti orðið hærra en núverandi reglur gefa viðunandi kost á. Sambærileg markmið bjuggu að baki breytingum sem voru gerðar á ákvæðum danskra og sænskra laga um nauðungarsölu fyrir rúmum áratug og hefur verið höfð hliðsjón af þeim við gerð þessa frv. Í því eru ýmis ákvæði sem byggja á þessum markmiðum og þau helstu eru eftirfarandi:

Í 23. og 62. gr. er mælt fyrir um heimildir til þess að ákveða að nauðungarsala eignar fari fram á almennum markaði í stað þess að hún verði seld á uppboði. Til samræmis við þennan nýja valkost er heiti frv. til laga um nauðungarsölu en ekki til laga um nauðungaruppboð eins og heiti núgildandi laga er. Í reglum um framkvæmd nauðungarsölu á almennum markaði Í VI. kafla frv. er m.a. byggt á því að leitað verði tilboða í eignina með hliðstæðum hætti og við sölu í frjálsum viðskiptum, t.d. fyrir atbeina fasteignasala þegar um fasteign er að ræða. Heimildir til þessa úrræðis eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum en í framkvæmd hefur tíðkast nokkuð að samkomulag takist milli veðhafa og eigenda eignar um að fresta nauðungaruppboði til þess að reyna að koma henni í verð við frjálsa sölu. Með reglum frv. er stefnt að því að færa aðgerðir af þessum toga í fastari farveg, m.a. með því að sýslumaður stjórni þeim og taki eftir þörfum ákvarðanir um þær auk þess að úrræði eru veitt til að koma sölu á frjálsum markaði fram þótt andstaða sé gegn því af hendi einstakra veðhafa.

Í 28. gr. frv. er stefnt að því að færa skilmála við uppboðssölu um ýmis önnur atriði en greiðslu kaupverðs nær venjulegum skilmálum við kaup í frjálsum viðskiptum. Er þetta gert í því skyni að hvetja til þess að aðrir en veðhafar komi á uppboð og geri boð í eign sem getur leitt til hækkaðs söluverðs.

Í 28., 29. og 65. gr. er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika til að ákveða greiðslu skilmála við uppboðssölu en nú tíðkast. Þetta getur leitt til hækkaðs uppboðsverðs, ekki síst þegar aðrir en veðhafar sýna eign áhuga.

Í 37. gr. er síðan gert ráð fyrir undantekningarheimild handa sýslumanni til að ákveða eftir kröfu eða ótilkvaddur að endurtaka uppboð á eign ef hann telur boð sem komu fram á því fara fjarri líklegu markaðsverði eignar. Þetta ákvæði felur í sér vissa tryggingu fyrir því að ekki verði unað við að eign verði seld gegn óeðlilega lágu verði.

Í öðru lagi má rekja ýmsar breytingar sem lagðar eru til í frv. til þess að framkvæmd hefur færst í vissum atriðum frá því sem er boðið í núgildandi lögum eftir hljóðan þeirra og má jafnvel telja álitaefni hvort sumum ákvæðanna hefur nokkru sinni í reynd verið fullfylgt í framkvæmd. Þetta á t.d. við um sum ákvæði laganna um undirbúning uppboða á fasteignum, svo sem verklagsreglur um gerð uppboðsskilmála og um ákvæði 14. gr. laganna þar sem er afmarkað hver telst vera uppboðsbeiðandi á eign hverju sinni. Ákvæði frv., sem er ætlað að leysa reglur af þessum toga af hólmi, stefna almennt að því að lögfesta reglur til samræmis við ríkjandi framkvæmd.

Í þriðja lagi er stefnt að því með ýmsum ákvæðum frv. að setja nánari fyrirmæli um atriði sem hafa valdið óvissu eða misræmi í framkvæmd. Þessa gætir t.d. í ákvæðum V. og VIII. kafla frv. þar sem talsvert ítarlegri reglur koma fram en í núgildandi lögum um hvernig kaupandi standi skil á söluverði eignar við uppboð og hvaða rétthöfum yfir seldri eign beri hverjum um sig að fá í sinn hlut.

Í fjórða lagi er í frv. leitast við að draga úr þyngslum og óþörfum formsatriðum við framkvæmd nauðungarsölu sem gætir óneitanlega í reglum núgildandi laga.

Loks má í fimmta lagi geta þess að við gerð frv. var sérstaklega hugað að því hvort og þá hvernig væri hægt að draga úr fjölda beiðna um nauðungarsölu. Eins og áður kom fram eru beiðnir um fasteignauppboð á þriðja tug þúsunda árlega í Reykjavík einni. Slík tíðni uppboðsbeiðna á sér varla hliðstæðu meðal annarra þjóða sem búa þó við sambærilega löggjöf um nauðungarsölu. Af þeim fjölda uppboðsbeiðna sem afturkallaðar eru vegna greiðslu skömmu eftir að þær koma fram virðist mega ályktа að nokkuð skorti á að skuldheimtumenn reyni nægjanlega að innheimta kröfur sínar á annan hátt áður en þeir leggja beiðnir sínar fram. Ekki síður virðist sem skuldarar geri sér fyrst grein fyrir alvöru vanskila þegar þeim er tilkynnt um að beiðni um nauðungarsölu á eignum þeirra hafi komið fram og leitast þá jafnvel fyrst við að ná samningum um uppgjör eða greiði. Þetta á sérstaklega við í tilvikum þar sem krafist er nauðungarsölu vegna lágra skulda. Þótt ljóst sé að þessari aðstöðu verði varla breytt í einni svipan með lagasetningu er í frv. lagt til að meira aðhaldi verði í senn beitt að skuldheimtumönnum og skuldum. Lagt er til að það verði í flestum tilvikum skilyrði fyrir því að beiðni verði komið fram um nauðungarsölu að skuldheimtumaður hafi áður sent skuldara formlega greiðsluáskorun eftir reglum 9. gr. frv. Áþekk almenn regla er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum.

Frv. er síðan skipt niður í fimm þætti en hverjum þætti um sig er síðan deilt í tvo eða fleiri kafla sem halda þó samfelldri númeraröð til enda. Í fyrsta þætti frv., sem inniheldur fyrstu þrjá kafla þess, er að finna almennar reglur um nauðungarsölu sem taka jöfnum höndum til allra afbrigða hennar.

Í I. kafla eru almenn ákvæði um gildissvið frv. auk skilgreininga á hugtökum. II. kafli fjallar um heimildir til nauðungarsölu og í III. kafla eru fyrirmæli um form og efni nauðungarsölunnar, hvert henni skal beint og meðferð sýslumanns á henni á fyrstu stigum. Annar þáttur er lengsti þáttur frv. Í honum eru IV.–IX. kafli þess. Þar koma fram sérreglur um nauðungarsölu

á fasteignum og öðrum eignum eða réttindum sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign. Í IV. kafla er m.a. afmarkað hvers konar eignir falla undir þessar reglur og í hvaða umdæmi eigi að krefjast nauðungarsölu. Einnig er þar vikið að fyrstu aðgerðum sýslumanns við nauðungarsölu, m.a. auglýsingu um hana, meðferð ágreinings fyrir sýslumanni og heimildir til að krefjast nauðungarsölu á almennum markaði. Í V. kafla eru reglur um uppboð á fasteignum og öðrum eignum sem ákvæði annars þáttar taka til. VI. kafli frv. hefur að geyma reglur um nauðungarsölu á almennum markaði. Þar er því m.a. lýst hvernig tilboða verður leitað í eign á almennum markaði, hvernig afstaða verði tekin til tilboða sem koma fram og hvaða atriði geta leitt til þess að hætt verði við sölu með þessum hætti. VII. kafli fjallar síðan um hvernig standa skal að varðveislu og innheimtu söluverðs og viðbrögð við vanefndum kaupanda eða kröfum sem hann hefur uppi vegna vanefnda. VIII. kafli geymir reglur um úthlutun sýslumanns á söluverði til veðhafa og annarra rétthafa. Lokaákvæði 2. þáttar eru í IX. kafla frv. Þar er mælt fyrir um rétt kaupenda til að taka við umráðum eignar, afsal til kaupenda og hvernig fer um ófullnægðar eftirstöðvar, veðkröfu og kaupanda.

Þriðji þáttur frv. með X., XI. og XII. kafla fjallar um nauðungarsölu á öðrum eignum og réttindum en þeim sem ákvæði annars þáttar taka til. Ákvæði í þessum þætti varða því fyrst og fremst ráðstöfun lausafjármuna.

Í fjórða þætti frv. er að finna XIII. og XIV. kafla þess. Í þeim koma fram reglur um meðferð ágreiningsmála fyrir dómstólum. Fyrri kaflinn fjallar um meðferð ágreiningsmála sem rísa um afmörkuð atriði varðandi nauðungarsöluna að því leyti sem þau verða borin undir dóm. Í þeim síðari eru reglur um meðferð mála þar sem leyst verður úr um gildi nauðungarsölunnar eftir að söluaðgerðum er lokið. Í báðum köflunum eru reglur um málsmeðferð fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og eru þær sambærilegar við almennar reglur um meðferð einkamála að því leyti sem þar er ekki mælt á annan veg.

Fimmti og síðasti þáttur frv. skiptist í þrjá kafla. XV. kafli geymir reglur um skaðabótaskyldu vegna nauðungarsölu. Í XVI. kafla er að finna gildistökuákvæði og ákvæði um brottfall og breytingu á ýmsum lagaákvæðum og að endingu er ákvæði til bráðabirgða í XVII. kafla frv. sem varðar tengsl eldri laga og yngri.

Í frv. er lagt til að það taki gildi sem lög þann 1. júlí 1992 ef það verður samþykkt. Þar er miðað við sama gildistökutíma og í lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og réttarfarslöggjöf þeirri sem fylgt hefur verið í kjölfarið.

Ég tel að svo stöddu ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir einstökum efnisákvæðum frv., en vísa til athugasemda með því. Ég vil þó leggja áherslu á nokkur atriði sem reifuð voru stuttlega hér að framan og eru verulega til bóta ef frv. verður að lögum.

Þar vil ég í fyrsta lagi ítreka þá viðleitni sem kemur fram í ákvæðum frv. til að stuðla að því að hærra verð fáist almennt fyrir eignir á nauðungarsölu m.a. með því að veita þann valkost að hægt sé að selja eign á almennum markaði. Með þessu er hægt að komast hjá eiginlegri uppboðsmeðferð sem kann að virðast harkalegri í augum þess sem á annað borð þarf að þola nauðungarsölu á eignum sínum. Auk þess þarf vart að fjölyrða um að það er hagur allra aðila að hærra verð fáist fyrir eign ef sala á frjálsum markaði leiðir raunverulega til þess.

Loks vil ég árétta hagræðingu og vinnusparnað sem frv. hefur í för með sér fyrir þá sem munu starfa við framkvæmd nauðungarsölu og sem hlýtur jafnframt að draga úr útgjöldum ríkisins. Aflagðar eru þunglamalegar formreglur m.a. um fresti á uppboðum sem hafa í framkvæmd núgildandi laga tafið mál en jafnframt aukið mjög kostnað sem endanlega lendir á uppboðsþola.

Frú forseti. Ég legg svo til að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 70. mál (samningar við erlenda aðila). — Þskj. 71.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir breyting á lögum um eignarétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966, með síðari breytingum.

Þessi lagabreyting hefur enga efnislega breytingu á réttindum í för með sér. Samkvæmt lögum um eignarétt og afnotarétt fasteigna hafa þeir erlendu ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili á Íslandi samfleytt í a.m.k. fimm ár haft heimild til að eignast fasteignir eða afnotarétt yfir þeim hér á landi á sama hátt og íslenskir ríkisborgarar. Einnig eru þeim heimiluð sömu réttindi sem hér hafa rétt til að stunda atvinnurekstur og vilja öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Hins vegar er þessum aðilum samkvæmt þeirri grein sem hér

er lagt til að falli brott lögð sú skylda á herðar að leggja heimildarskjöl vegna slíkra samninga til dómsmrn. og öðlast þeir ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest þá með áritun sinni. Þessi regla eykur aðeins á skrifræði því að ekki verður séð að ráðuneytið geti synjað um áritun á þá samninga sem heimilir eru eftir lögunum. Auk þess má benda á að öll fasteignakaupaskjöl ber að senda til fasteignaskrár ríkisins og á því að vera hægt að fylgjast með því þar í hverjum mæli samningar eru gerðir eftir þessum lagaheimildum. Hér er um mjög einfalda lagabreytingu að ræða sem fyrst og fremst felur það í sér að minnka skrifræði en breytir á engan hátt efnisreglum um kaupsamning af þessu tagi og breytir á engan hátt möguleikum manna til að fylgjast með samningum sem gerðir eru þar að lútandi.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði þegar að lokinni umræðunni vísað til allshn. þar sem ég á sæti og mun ég fá tækifæri til að fjalla um það þar. En frv. er gjörólíkt hinum tveimur fyrri frv. sem hæstv. dómsmrh. mælti hér fyrir áðan. Þar var um að ræða mál sem ég hygg að sé algjör samstaða um á Alþingi að þurfi að ná fram að ganga. Annars vegar er þar um að ræða breytingar sem eru búnar að vera lengi í athugun, eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., lagfæringar og einföldun á framkvæmd málefna sem snerta mjög marga í þjóðfélaginu og hins vegar vegna þeirrar breyttu skipanar á dómstólum sem ákveðin hefur verið hér að undanförnu á síðustu þingum. En þetta frv. fjallar um breytingu á lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Mér finnst athyglisvert að sú fyrsta breyting sem núv. ríkisstjórn gerir á þeim lögum fjallar um að draga úr eftirliti með framkvæmd þeirra, þ.e. fella niður skyldu dómsmrn. að fylgjast þar með.

Það getur vel verið að á öðrum stöðum verði svo nákvæmt eftirlit með framkvæmd laganna að allshn. komist að niðurstöðu um að þetta megi burtu falla. Ég vil þó hafa fullan fyrirvara um það atriði á meðan ég hef ekki skoðað það betur.

En það sem ég vildi sérstaklega víkja að er að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ekki séu í undirbúningi breytingar á þessum lögum. Í umræðum um skýrslu hæstv. utanrrh. um Evrópska efnahagssvæðið beindi ég til hans spurningu um eitt atriði sem mér sýnist að muni fljótlega reyna á. Það er vegna hugsanlegs samruna fyrirtækja sem við hæstv. sjútvrh. könnumst við.

Annað fyrirtækið sem þar um ræðir var a.m.k. og ég hygg er enn að einhverjum hluta í eigu hlutafélags sem er að nokkru leyti í eigu útlends aðila. Samkvæmt þeim lögum sem samþykkt voru á sl. vetri má slíkur aðili eiga áfram eignarhluta sinn í slíkum fyrirtækjum. En hvað ef stofnað verður nýtt fyrirtæki þar sem hinn erlendi aðili er bakeigandi að einhverjum hluta? Má þá ekki gera út nýja fyrirtækið að óbreyttu eignarhaldi? Mér sýnist að hér þurfi að huga betur að. Jafnvel þó að ekki verði af samningum um Evrópska efnahagssvæðið held ég að þetta sé atriði sem hlýtur að reyna á í framkvæmdinni. Sem sagt ef fyrirtækið sem erlendur aðili á eignaraðild að stofnar nýtt fyrirtæki með öðrum, hvernig verður þá um heimildir þess nýja fyrirtækis til þess að stunda fiskvinnslu og útgerð? Ég vildi nefna þetta sem dæmi til að fylgja eftir þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort nýju lögin séu ekki í heildarendurskoðun með tilliti til þeirra samninga sem gerðir hafa verið og væntanlega verða lagðir fyrir Alþingi á næstu mánuðum þar sem tvímælalaust mun reyna miklu meira á þessi lög.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ítreka að sú litla breyting sem hér er verið að gera felur ekki í sér neinar efnisbreytingar heldur það eitt að draga úr tvöfaldri skriffinnsku sem ég tel að sé óþörf og hefur hvorki áhrif á efnislegar niðurstöður né möguleika til eftirlits. Að því er varðar þessi lög og samninga okkar við Evrópubandalagið um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu þá fela þeir samningar einmitt í sér viðurkenningu á því að því er varðar fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi að þau lög sem við höfum sett um þau efni gilda áfram. Þær girðingar sem reistar hafa verið í íslenskri löggjöf um fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi standast þá nýju samninga sem gerðir hafa verið. Og um þau efni eru lögin býsna skýr enda nýlega sett af Alþingi og í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa. Um framkvæmd þeirra lagaákvæða vísa ég hins vegar til þeirra stjórnvalda sem með þá framkvæmd fara lögum samkvæmt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, StH, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Meðferð einkamála, 1. umr.

Stjfrv., 71. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um meðferð

einkamála. Við gerð þess hefur m.a. verið leitað ábendinga og tillagna frá stjórnum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands, Sýslumannafélags Íslands svo og dómurum við borgardómaraembættið í Reykjavík.

Frv. þetta er, ásamt frv. til laga um nauðungarsölu og til laga um breytinga á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, lokaþáttur í heildarendurskoðun sem hefur farið fram á réttarfarslöggjöfinni.

Frv. er einkum ætlað að leysa af hólmi lög um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Talsverðar breytingar hafa orðið á þeim lögum á undanförnum áratugum og skortir mjög á að þau hafi heildstæðan svip eftir það. Heilir kaflar hafa t.d. verið felldir úr þeim án þess að upphaflegum númerum annarra greina hafi verið breytt. Að auki eru ýmis ákvæði laganna orðin úrelt. Sú leið var talin ákjósanlegri að gera frv. til nýrra heildarlaga um meðferð einkamála í stað þess að breyta enn einu sinni áðurnefndum lögum um meðferð einkamála í héraði sem mundi auka mjög á ósamræmt yfirbragð þeirra. Einnig er frv. ætlað að leysa af hólmi ákvæði í lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, þar sem það kveður á um málskot einkamála til Hæstaréttar og að nokkru um meðferð mála fyrir réttinum. Lög nr. 85/1936 bera eins og áður segir heitið lög um meðferð einkamála í héraði. Frv. þetta er hins vegar til laga um meðferð einkamála og er þannig gert ráð fyrir breyttu heiti laga ef frv. nær fram að ganga. Þetta er lagt til í ljósi þess að ákvæði frv. ná ekki aðeins til málsmeðferðar fyrir héraðsdómi heldur einnig til meðferðar kærumála í heild fyrir Hæstarétti. Að auki samræmist heiti frv. betur heitinu á lögunum frá 1991, sem er um meðferð opinberra mála.

Ég mun nú í stórum dráttum gera grein fyrir því í hverju helstu nýmæli felast miðað við núgildandi löggjöf en það er einkum í eftirfarandi atriðum:

Ein veigamesta breytingin sem lögð er til í frv. snýr að því hvernig verði farið með svokölluð útivistarmál þar sem stefndi mætir ekki fyrir dóm við þingfestingu eða þingsókn hans fellur niður síðar. Líðlega níu af hverjum tíu einkamálum í dag eru útivistarmál. Stefndi getur áfrýjað máli til Hæstaréttar en afstaða verður þá aðeins tekin til varna hans á einu dómstigi. Hæstiréttur endurskoðar þá ekki úrlausn héraðsdómara á sömu forsendum og hann hefði gert ef stefndi hefði tekið til varna í héraðsdómi. Lagt er til að í stað þess að útivistarmálum verði skotið til Hæstaréttar þá eigi stefndi kost á því að koma fram endurupptöku útivistarmáls fyrir héraðsdómi. Þessar reglur um endurupptöku útivistarmála fyrir héraðsdómi eiga sér hliðstæðu í lögum um meðferð opinberra mála og má ætla að þær leiði til greiðari málsmeðferðar í framkvæmd, auk þess sem þær draga án efa úr álagi á Hæstarétt.

Önnur veigamikil breyting sem varðar útivistarmál sem frv. ráðgerir er að í útivistarmálum verði almennt lokið með áritun dómara um aðfararhæfi. Samkvæmt núgildandi reglum verður aðeins svokölluðum áskorunarmálum lokið með áritun dómara á áskorunarstefnu. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að sérreglur um áskorunarmál verði afnumdar og hægt verði að ljúka öllum útivistarmálum með slíkri áritun. Þessi tilhögun hefur vafalaust verulegan verksparnað í för með sér fyrir dómara.

Flýtimeðferð einkamála er nýmæli sem kemur fram í XIX. kafla frv. Tilgangur reglna um flýtimeðferð er að opna leið til skjótari málsmeðferðar en ella á málum sem varða ákvörðun eða athöfn stjórnvalds eða atriði í tengslum við vinnudeilur ef dómari fellst á að brýn þörf sé á skjótri úrlausn og að mál hafi almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni. Þeir málaflokkar sem eru sérstaklega tilgreindir í 123. gr. frv. eru valdir með tilliti til þess að málsaðili getur almennt ekki leitað verndar á hagsmunum sínum í þessum tilvikum með lögbanni. Tafir á því að fá úrlausn um hagsmunina gætu hins vegar leitt til þess að þeir glötuðust.

Reglur um málflutningshæfi og fyrirsvar í einkamálum er að finna í 17. gr. frv. en sambærilegar reglur er ekki að finna í núgildandi lögum um meðferð einkamála í héraði. Jafnframt eru settar fram ítarlegri reglur í frv. um aðild að einkamálum en finnast í núgildandi lögum, þar á meðal um samaðild, varaaðild og stöðu réttargæsluaðila í einkamálum.

Í 3. mgr. 25. gr. frv. er kveðið á um heimild félaga og samtaka til að höfða mál í eigin nafni til að leita dóms um viðurkenningu á réttindum félagsmanna sinna. Eftir núgildandi lögum hefur sú leið verið útilokuð en viðbrögð við því hafa oft verið þau að stéttarfélög eða hagsmunasamtök hafa þá fengið einhvern félagsmanna sinna til þess að höfða mál um sína eigin hagsmuni. Félögin eða samtökin hafa þá staðið undir kostnaði af rekstri máls til þess að fá fordæmi í dómsúrlausn um réttindi annarra félagsmanna. Sú leið sem lögð er til hér þykir ólíkt einfaldari og eðlilegri. En í erlendum rétti má finna ýmis afbrigði af heimildum sem þessum.

Ýmsar breytingar eru ráðgerðar í V. kafla frv. um varnarþing. Þar má helst nefna að í 32. og 33. gr. er leitast við að setja fram mun skýrari reglur um heimilisvarnarþing en koma fram í núgildandi lögum. Ýmsar breytingar eru gerðar á reglum um fasteignavarnarþing í 34. gr. frv. og nýmæli er að finna í 37. gr. þess um svokallaða neytendavarnarþing.

Í XIII. kafla frv. er gert ráð fyrir talsverðum breytingum frá þeim reglum sem nú gilda um birtingar á stefnum. Miðað er við að lögbókandi geti eftir sem áður birt stefnu og að birta megi stefnu í Lögbirtingarblaði við sömu aðstæður og nú er heimilað í lögum. Um birtingu stefnuvotts er sú breyting hins vegar ráðgerð í 83. gr. að einn stefnuvottur leysi verkið af hendi í stað tveggja eins og nú þarf. Þá er í 83. gr. að finna fyrirmæli um fleiri kosti um birtingu stefnu en nú eru leyfðir. Þannig er annars vegar mælt fyrir um heimild til að birta stefnu með því að senda hana í ábyrgðarbréfi sem borinn er út til viðtakanda. Sérstakar reglur eru í XIII. kafla frv. um hvernig staðið verður nánar að slíkri birtingu og gerð vottorðs um hana. Hins vegar er þarna að finna þau nýmæli að stefnubirting megi fara fram á þann hátt að stefndi riti sjálfur undir yfirlýsingu á stefnuna um að hún hafi verið birt sér eða lög-

maður gerir það fyrir hans hönd. Loks má leiða af fyrirmælum 93. gr. að eftir sem áður er gert ráð fyrir þeim kosti að stefndi geti mætt fyrir dóm án undangenginnar stefnubirtingar til þingfestingar máls.

Reglur um sáttir í einkamálum er að finna í XV. kafla frv. en ráðgert er að þær geti komið til með tvennum hætti. Mælt er fyrir um sáttaumleitanir dómara og gerð dómsáttar með nánast óbreyttum hætti frá ákvæðum I. kafla laga nr. 85/1936, eins og þeim var breytt með lögum nr. 28/1981. Þau nýmæli er síðan að finna í 107. gr. frv. að aðilar geti óskað eftir því að mál þeirra verði lagt fyrir sýslumann til sáttaumleitana fyrir milligöngu dómara eða að þeir nýti eftir atvikum fresti í máli til þess að beina því sjálfir til sýslumanns í þessu skyni.

Tilgangur þessarar heimildar er fyrst og fremst sá að aðilar geti átt kost á því að beina máli sínu til óháðs embættismanns sem gæti tjáð sig opinskátt við þá um álit á ágreiningsefni þeirra. Slíkt getur dómari ekki gert við sáttaumleitan án þess að hæfi hans til að fara með mál í ágreiningsefninu verði teflt í tvísýnu.

Fyrirmæli um gjafsókn eru í XX. kafla frv. Þar er að ýmsu leyti byggt á tillögum um breytta skipan hennar sem komu fram í V. kafla frv. til laga um opinbera réttaraðstoð, en það var lagt fram á 113. löggjafarþingi án þess að það væri útrætt.

Frv. þetta geymir að nokkru leyti ákvæði um málskot til Hæstaréttar, en reglur í þeim efnum varðandi einkamál eru nú í lögum um Hæstarétt Íslands. Þessi skipan er lögð til hér til samræmis við efni laga um meðferð opinberra mála sem geyma reglur um málskot á þeim vettvangi. Einnig má benda á að málskotsreglur koma fram í lögum um skipti á dánarbúum og lögum um gjaldþrotaskipti, auk þess sem gert er ráð fyrir slíkum reglum í frv. til laga um nauðungarsölu. Með þessu er horfið að mestu frá þeirri stefnu laga nr. 75/1973 að reglur um málskotsheimildir komi þar fram ásamt heildarfyrirmælum um meðferð mála fyrir Hæstarétti.

Af einstökum atriðum í XXIV. og XXV. kafla frv. má í fyrsta lagi geta þess að nokkrar breytingar er að finna í 143. gr. á heimildum til að beita kæru til Hæstaréttar í einkamálum. Sérstakar takmarkanir á kæruheimildum eru ráðgerðar samkvæmt frv. eftir að aðalmeðferð máls er byrjuð fyrir héraðsdómi.

Í öðru lagi má benda á að í XXV. kafla er gert ráð fyrir strangari skilyrðum fyrir áfrýjun máls til Hæstaréttar en í núgildandi lögum, bæði varðandi þá lágmarkshagsmuni sem þurfa að vera í húfi í máli og fresti til áfrýjunar. Þá má nefna að í 154. gr. er mælt fyrir um að Hæstiréttur veitir áfrýjunarleyfi, hvort sem þess yrði þörf vegna þess að áfrýjunarfjárhæð væri ekki náð eða að almennir frestir til áfrýjunar væru liðnir, en eftir núgildandi lögum um þessi efni hefur dómsmrh. þessar leyfisveitingar með höndum.

Áðurnefndar breytingar á reglum um áfrýjun til Hæstaréttar eru sambærilegar við þær sem voru lagðar til í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1973 sem var lagt fram á 113. löggjafarþingi en var þá ekki útrætt.

Að endingu má nefna nýmæli í XXVI. kafla frv. sem inniheldur sérreglur um heimildir til að taka upp mál sem hafa verið dæmd fyrir héraðsdómi og ekki sætt áfrýjun til Hæstaréttar eftir að áfrýjunarfrestir eru liðnir. Sambærilegar reglur eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum.

Við gerð frv. hefur verið leitast nokkuð við að gæta samræmis við ákvæði laga um meðferð opinberra mála að því leyti sem það getur átt við. Þá er rétt að geta þess að frv. til nýrra heildarlaga um meðferð einkamála í héraði var flutt á 75. löggjafarþingi árið 1955 og endurflutt á 82. löggjafarþingi 1961, en varð ekki útrætt. Hefur sérstaklega verið litið til þessa frv. og sóttar þangað fyrirmyndir í ýmsum efnum. Einnig var sérstaklega hugað að danskri og norskri löggjöf til samanburðar þegar frv. var samið.

Frú forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir þeim breytingum sem þetta nýja frv. til laga um meðferð einkamála felur í sér og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞostP.

23 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, SvG, VG, ÖS) fjarstaddir.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Frv. StG o.fl., 10. mál (ávöxtun innstæðna). — Þskj. 10.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem er á þskj. 10. Flm. að frv. ásamt mér eru Steingrímur Hermannsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson, Ingibjörg Pálmadóttir og Finnur Ingólfsson.

Í frv. segir svo:

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fyrirtækjum, sem greiða Verðjöfnunarsjóði, er heimilt að inna þá greiðslu af hendi til síns viðskiptabanka eða innlánsstofnunar þar sem fjármagnið verði ávaxtað enda sé fullnægt almennum reglum sem sjóðstjórn setur, m.a. um ávöxtun fjárins, sbr. 11. gr.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. segir svo:

„Þann 5. maí 1990 samþykkti Alþingi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins sem tóku gildi 1. júní 1990.

Hlutverk sjóðsins er, eins og segir í lögunum, að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn.

Þrátt fyrir það sem segir í 7. gr. laganna, að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist eign hans, er ekkert sem mælir gegn því að það fjármagn, sem hin ýmsu fyrirtæki sjávarútvegsins greiða til sjóðsins, sé ávaxtað í viðskiptabönkum fyrirtækjanna, enda segir í 4. gr. laganna að greiðslur skuli renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda.

Staða á reikningum Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins er nú um 2,6 milljarðar kr. Af því má sjá að hér er um verulegt fé að ræða sem tekið er úr rekstri fyrirtækjanna til hugsanlegrar verðjöfnunar.

Markmið þessa frv. er að gefa þeim sem gert er að greiða hluta af afrakstri atvinnustarfsemi sinnar til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins rétt til að ávaxta það fjármagn þar sem framleiðslan og verðmætasköpunin hefur orðið."

Í lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir að greitt skuli í sjóðinn þegar markaðsverð afurða í hverri deild er að meðaltali 3–5% hærra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm árin og skal innborgunin vera 50% af því sem umfram er.

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að hefja almenna umræðu um Verðjöfnunarsjóðinn og verkefni hans. Ég stóð að samþykkt þeirra laga sem segja það hlutverk sjóðsins að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn. Í ræðu hæstv. sjútvrh. í umræðum um sjávarútvegsmál fyrir stuttu kom fram það sjónarmið að Verðjöfnunarsjóðurinn gegndi einnig mikilsverðu hlutverki vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir voru og kenndir eru við þjóðarsátt. Því bæri að fara varlega í allar breytingar á sjóðnum.

Meginmarkmiðið með flutningi þessa frv. er að kveða skýrt og ákveðið á um það atriði að það fjármagn, sem hin ýmsu sjávarútvegsfyrirtæki lögum samkvæmt greiða til Verðjöfnunarsjóðsins til hugsanlegrar sveiflujöfnunar, verði heimilt að ávaxta í viðskiptabönkum fyrirtækjanna og þá í þeim byggðarlögum þar sem framleiðslan er. Hér er hreyft miklu „prinsippmáli", ef ég má nota það orð.

Það hefur því miður viðgengist í allt of ríkum mæli að fjármagn sem tekið er af atvinnurekstrinum vegna ýmiss konar uppsöfnunar sé flutt frá þeim stöðum þar sem framleiðslan verður til til vörslu á einum ákveðnum stað. Í því tilviki sem hér um ræðir er óeðlilegt að svo sé, enda ekkert í lögum Verðjöfnunarsjóðs sem kveður á um að þessir milljarðar skuli fluttir frá hinum ýmsu framleiðslubyggðarlögum til uppsöfnunar á einum stað.

Í 6. gr. laga sjóðsins segir m.a.: „Lánastofnanir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins."

Og í 11. gr. segir: „Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir."

Það frv. sem hér er flutt miðar að því, eins og fyrr segir, að taka af öll tvímæli um að heimild sé til þess að ávaxta inngreiðslur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins í viðskiptabönkum viðkomandi fyrirtækja, enda fullnægi þeir almennum reglum sem sjóðurinn setur um ávöxtun fjárins.

Ég vék fyrr að ræðu hæstv. sjútvrh. í umræðunni um sjávarútvegsmálin þar sem fram kom að tap í vinnslu í sjávarútveginum væri nú um 7–8% og, sem verra er, að á næsta ári er spáð enn meira tapi, eða um 9–10% og um 5–6% tapi í sjávarútveginum í heild sinni. 18–20% skerðing á aflaheimildum vegur hér vissulega þungt.

Hér eru því válegar fréttir og ástæða fyrir þá sem í brúnni standa að huga vel að veðurkortum og kompásnum sérstaklega þannig að forðast megi þau dufl sem ævintýramenn hafa verið að leggja á hefðbundnum miðum þjóðarskútunnar.

Ég beini því orðum mínum og eindreginni áskorun til hæstv. sjútvrh. að hann hafi frumkvæði að því að ákvæðum 10. gr. laga um Verðjöfnunarsjóðinn verði þegar í stað beitt. En þar segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð verði verulegur aflabrestur."

Fulltrúar veiða og vinnslu í stjórn sjóðsins hafa flutt um það tillögur að inngreiðslum í sjóðinn verði hætt en það ekki náðst fram vegna andstöðu fulltrúa ríkisvaldsins. Öll rök hljóta að hníga að því að við núverandi aðstæður séu engar forsendur fyrir því að beita innborgunarskyldu fyrirtækjanna í Verðjöfnunarsjóð miðað við þá miklu aflaskerðingu sem ákveðin er og það gífurlega tekjutap sem sjávarútvegurinn má þola m.a. af þeim sökum.

Ef 20% aflaskerðing er ekki mælanleg sem verulegur aflabrestur fyrir ásjónum fulltrúa ríkisvaldsins í stjórn Verðjöfnunarsjóðs og þeir meta ekki 10. gr. laga sjóðsins á þann veg að heimildir séu fyrir hendi þegar svo stendur á sem nú að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn verður að flytja um það sérstakt þingmál sem tekur af allan vafa hvað þetta varðar og tryggir betur rétt þeirra sem til sjóðsins greiða.

Sú aflaskerðing sem hér er talað um nemur hvorki meira né minna en um 50 þús. tonnum fisks og er nálægt því að vera meðaltalsvinnsla um átta fiskvinnslufyrirtækja. Ekki er fjarri lagi að ímynda sér að aflaverðmæti þessa fisks sé um 3 milljarðar kr. upp úr sjó.

Ég efast um að menn hafi almennt gert sér grein fyrir því hversu gífurlega tekjuskerðingu hér er um að ræða. Það sem verra er er að ríkisstjórnin lætur ekki staðar numið hér. Hún hefur einnig ákveðið að breyta starfsemi Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins frá því tví-

þætta hlutverki sínu að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og aðstoða byggðarlög er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.

Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að taka 12.000 þorskígildistonn sem féllu frá útgerðinni til Hagræðingarsjóðs og fénýta þau til annarrar starfsemi. Á sama tíma og þessar aðgerðir voru í smíðum sátu menn í samgrn. við sömu iðju og upphugsuðu nýjar leiðir til skattlagningar á sjávarútveginn. Þetta er síðan staðfest í frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir. Þar segir m.a.: „Samgrh. hefur skipað nefnd sem hefur það verkefni að draga úr kostnaðarhlutdeild ríkisins til hafna jafnframt því að auka framkvæmdafé og treysta rekstrargrundvöll þeirra."

Í fjárlögunum er einnig látið að því liggja að breyta eigi til um þær greiðslur til sjómanna sem nefndar hafa verið sjómannaafsláttur. Fjmrh. hefur reyndar sagt að óeðlilegt sé að þessir hlutir falli á ríkissjóð. Hér sé um kjaramál að tefla og því sé eðlilegt að útgerðin greiði þetta eins og önnur laun.

Hér er um nýja skattlagningu á sjávarútveginn að ræða sem nemur hvorki meira né minna en 1,5 milljarði kr. Á venjulegu máli er hér verið að tala um stóraukna skattheimtu til þessa málaflokks og augljóst að sjávarútveginum er ætlað að bera stóran hluta þessarar nýju skattheimtu.

Hér er stórlega þrengt að heilbrigðum atvinnurekstri. Ég trúi því ekki að hér séu ekki nægilega margir þingmenn sem vilji stöðva þessa siglingu. Þetta er hættuleg sigling og brotsjóar munu ríða yfir ef ekki verður sveigt af leið. Það er grundvallarmál fyrir íslenskan sjávarútveg að ná fram verulegri aukningu og arðsemi í rekstri. Verk hverrar ríkisstjórnar eiga að hvetja til slíks. Þau skilyrði verður að skapa að innlendar vinnslustöðvar geti greitt hærra fiskverð og bætt launakjör þeirra er í fiskvinnslu starfa. Ef þetta næst ekki fram munum við óðfluga stefna að því að verða aðeins veiðiþjóð í landi okkar og láta öðrum þjóðum eftir að njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar. Ríkisstjórnin verður að hverfa frá þessari stefnu hóflausrar skattheimtu. Það var mikið ólánsverk hjá núv. ríkisstjórn að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að hækka vexti og íþyngja þessari atvinnugrein jafnmikið og þá var gert og enn eru uppi áform um stórauknar álögur á sjávarútveginn.

Menn heimfæra ekki erlendar hagfræðikenningar á íslenska atvinnustarfsemi sem byggir afkomu sína að svo stórum hluta á einni atvinnugrein. Það verður aldrei friður um þessi mál ef svo heldur fram.

Það er von mín að hæstv. sjútvrh. geti hér gefið fyrirheit um að hann beiti áhrifum sínum á þann veg að fallið verði frá inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóð meðan atvinnugreinin má búa við svo erfið rekstrarskilyrði, m.a. vegna stórkostlegrar aflaskerðingar.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að það frv. sem ég hef mælt fyrir og kveður á um heimild til þeirra fyrirtækja sem greiða til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins að ávaxta inngreiðslur sínar í viðskiptabanka fyrirtækisins fái góðan hljómgrunn og jákvæða afgreiðslu hv. þm.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mun að ráði hv. 1. flm. þessa frv. ekki fara út í mikla almenna umræðu um það, enda mun mér gefast kostur á að spyrja þeirra spurninga sem mér liggja á hjarta í sjútvn.

Mig langar hins vegar til að fram komi í þessari umræðu að nú þegar blasa við ýmsar spurningar varðandi Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Hugsunin að baki þessa sjóðs er að sjálfsögðu mjög góð — að eiga eitthvað í sjóði til mögru áranna — en því er ekki að neita að þær spurningar hafa komið upp hversu vel þetta fé nýtist þeim sem leggja fyrir. Einn anga þeirrar umræðu má sjá í því frv. sem hér liggur fyrir. Það skiptir máli hvar fjármunir eru ávaxtaðir.

Því er heldur ekki að neita að ýmsir telja að með því að greiða í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins hafi þeir e.t.v. glatað fé. Ekki síst á þetta við ef fyrirtæki lendir í greiðsluerfiðleikum eða stendur frammi fyrir gjaldþroti. Því væri forvitnilegt ef sjútvn. mundi líta örlítið ofan í þau mál. Ég veit ekki hvort hún mun telja þau á sínu verksviði, en mig langaði til að það kæmi fram í þessari umræðu að ég mun spyrja þessarar spurningar.

Mér þætti jafnframt, eins og hv. 1. flm. þessa máls, vænt um að heyra skoðun hæstv. sjútvrh., þar sem hann er staddur hér, á því máli sem hér liggur fyrir og ekki væri lakara ef hægt væri að fá upplýsingar um þær spurningar sem ég boðaði hér að ég mundi leggja fram í sjútvn. til umræðu. En þar sem ég mun virða það að fara ekki út í almenna umræðu um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta og þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu máli.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu. Ég fæ tækifæri til að fjalla um málið í sjútvn. Mig langar þó að segja að ég vil hafa um það fullan fyrirvara að styðja almennt við mál af þessu tagi einfaldlega vegna þess að ég tel ekki að skyldusparnaður, eins og um er að ræða með þessum sjóði, eigi að vera viðtekin regla í þjóðfélaginu. Mér finnst að ríkið eigi að tryggja stöðugleika með öðrum hætti en þeim að gera einhverjum fyrirtækjum að safna fyrningum og senda það síðan út þegar ríkinu lystir. Það er reyndar þegar komið í ljós að þetta fé hefur ekki legið á lausu handa þeim fyrirtækjum sem hafa þó riðað á barmi gjaldþrots og þess vegna held ég að það sé full ástæða til þess að setja spurningarmerki við þennan sjóð.

Núna þegar þessi aflaskerðing hefur riðið yfir og menn sjá fram á áframhaldandi taprekstur hjá mörgum sjávarútvegsfyrirtækjum hafa margir forráðamenn þeirra látið a.m.k. mig heyra að þeim finnist undarlegt að eiga inni í sjóðum á sama tíma og þeir geta ekki staðið í skilum annars staðar. Það er umhugsunarvert hvort ekki eigi að bregðast snarlega við og breyta þannig að menn geti nýtt sér þetta fé.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að lengja um-

ræðuna hér. Við fáum tækifæri til að fjalla um þetta áfram. Ég tel reyndar að góðra gjalda vert sé að reyna að hafa áhrif á að fé, sem tekið er hvar sem er á landinu, sé ávaxtað á þeim stað þar sem það verður til og það er út af fyrir sig góð hugsun í þessu frv. að mínu viti.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst geta þess í tilefni af því að þetta frv. hefur verið flutt og fyrir því mælt að fyrir skömmu var skipuð nefnd til að fara yfir lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins með tilliti til allra aðstæðna og þeirra tillagna sem fram hafa komið frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi um breytingar á sjóðnum. Það er ráðgert að þessi nefnd, sem starfar undir forustu Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra, skili niðurstöðum sínum um miðjan desembermánuð.

Það er fjölmargt sem rekur til þess að slík endurskoðun fari fram. Það er eðlilegt að það verði skoðað í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú eiga sér stað með auknu frelsi í flutningum fjármagns og með því frelsi sem er að komast á í verðmyndun sjávarfangs hvort verðjöfnun af þessu tagi getur staðist til lengri tíma. *Hér hefur einnig verið minnt á ýmis álitaefni sem* hljóta að þarfnast skoðunar, ætli menn sér að halda verðjöfnun af þessu tagi áfram um einhver ár. Þar á ég m.a. við það efnisatriði sem kemur fram í þessu frv. Þar á ég einnig við það álitaefni hvort þessi sparnaður getur verið eign þeirra fyrirtækja sem greiða í sjóðinn og komi til útborgunar til að mynda við gjaldþrotaskipti og fleiri álitaefni af því tagi.

Það er svo sérstakt álitaefni sem hv. flm. vék hér að hvort beita eigi heimild í núgildandi lögum til að stöðva inngreiðslur í sjóðinn vegna aflasamdráttar. Það er alveg tvímælalaus heimild samkvæmt núgildandi lögum að stöðva inngreiðslur ef um er að ræða verulegan aflasamdrátt. Ég hef talið það nauðsynlegt áður en ákvörðun yrði tekin hér að lútandi að meta málið í heild sinni. Við horfum til þess að ekki eru miklar líkur á því að heildarafli aukist á næstu árum miðað við þær upplýsingar sem við höfum í höndum og ákvörðun um þetta efni gæti því í raun og veru þýtt að það væri verið að taka sjóðinn úr sambandi eða að leggja hann niður til margra ára. Þess vegna hef ég talið mjög mikilvægt að þessi heildarúttekt færi fram áður en slík ákvörðun yrði tekin. En vitaskuld hlýtur hver einasti maður að sjá að þegar sjávarútvegurinn verður fyrir því áfalli sem hann hefur orðið fyrir með þessum mikla aflasamdrætti komast menn ekki hjá því að líta til þessa atriðis.

Á hinn bóginn verða menn að hafa í huga að þessi sjóður er verðjöfnunarsjóður. Honum er ætlað að jafna verðsveiflur á erlendum mörkuðum. Hann er ekki samkvæmt efni sínu og lagaákvæðunum afkomujöfnunarsjóður. Það er mjög skýrt en það kemur hins vegar á daginn, ekki í fyrsta skipti nú heldur hefur það oft gerst áður, að þegar á reynir og afkoman versnar af öðrum ástæðum en þeim að verðið sé að lækka á erlendum mörkuðum sýnist mönnum sem sjóðurinn eigi að virka sem afkomujöfnunarsjóður og vilja taka afstöðu til hans út frá þeim bæjardyrum. Þetta sýnir okkur að það er mjög erfitt í framkvæmd að viðhalda með árangri jöfnunarsjóði af þessu tagi. Þeim skoðunum hefur verið haldið fram að eðlilegast væri að verðjöfnun færi fram innan fyrirtækjanna sjálfra, á þeirra ábyrgð, og þá yrði greitt fyrir því með sérstökum skattareglum að fyrirtæki gætu safnað í sjóði til þess að mæta verðsveiflum. Þá væri ábyrgðin hjá stjórnendum hvers einstaks fyrirtækis hvort safnað væri til mögru áranna og yrðu þá hinir, sem ekki hefðu þá fyrirhyggju, að bíta í það súra epli þegar á móti blési.

Mörg rök mæla með því að opna leiðir eftir skattalögum til verðjöfnunar af þessu tagi. Þar koma hins vegar upp álitaefni um það hvort mismuna eigi milli atvinnugreina, hvort slíkar skattareglur geti gilt fyrir eina atvinnugrein en ekki aðra þannig að það mál er engan veginn auðleyst. Ég held án þess að ástæða sé til þess að lengja þessar umræður að ljóst sé að hér eru fjölmörg álitaefni og ýmis þeirra snúin og ekki auðveld viðureignar. En við fáum ugglaust tækifæri til þess síðar að ræða frekar um bæði þennan þátt í málefnum sjávarútvegs eins og aðra. En kjarni málsins, að því er þetta frv. varðar, er sá að endurskoðun stendur *nú yfir á lögunum í heild sinni og þeim álitaefnum sem* uppi eru og ætlunin er að ljúka þeirri endurskoðun fyrir miðjan næsta mánuð.

Ég vil svo aðeins vegna ummæla hv. flm. þess efnis að nú sé verið að leggja nýja skatta á sjávarútveginn leiðrétta nokkuð þann misskilning sem þar kemur fram. Aflaheimildir Hagræðingarsjóðs fela ekki í sér nýjar álögur á sjávarútveginn. Þær álögur höfðu verið ákveðnar áður þegar lögin um Hagræðingarsjóð voru sett. Þá var mælt fyrir um það að taka þessar aflaheimildir frá og nýta þær með ákveðnum hætti. Það er á hinn bóginn verið að breyta um verkefni, nota þær tekjur sem þessar aflaheimildir gefa í þágu hafrannsókna. Ég geri ráð fyrir að við getum rætt um þetta atriði þegar það mál kemur hér á dagskrá og ég ætla ekki að stofna til umræðna um það nú en aðeins leiðrétta að hér er ekki um að ræða nýjan skatt á sjávarútveginn, hann hafði verið lagður á áður.

Hins vegar kemur fram í fjárlagafrv. að það er ný skattheimta þegar kveðið er á um að sjávarútvegurinn skuli nú borga veiðieftirlitið að fullu sem hann greiddi af hálfu áður. Þar er um viðbótarálögur að ræða. En það er ekki um viðbótarálögur að ræða að því er varðar Hagræðingarsjóðinn og Hafrannsóknastofnun.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en sagt hér fáein orð vegna orða hæstv. sjútvrh. Þessi ákvörðun um að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs er mikil ákvörðun að mínu viti og er ákvörðun um að ríkið ætli í fyrsta skipti að selja veiðiheimildir á fullu verði. Það er ákvörðun sem er stefnumarkandi og ég tel að full ástæða sé til að kalla hana skattlagningu einfaldlega vegna þess að hún vísar veginn fram á við. Dettur mönnum í hug að eftir að ríkið er einu sinni farið að selja á fullu verði aðgang að fiskimiðunum verði ekki haldið áfram að gera það? Verða menn ekki komnir

með hærri tölu til að selja á næsta ári til þess að ná sér í tekjur til sjávarútvegsins? Ég tel að þetta sé stefnumarkandi ákvörðun um að taka upp veiðileyfagjald og ég mun mótmæla því á öllum stigum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessara ummæla hv. þm. vil ég aðeins minna á að ákvæðin um hvernig aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verður ráðstafað eru óbreytt. Sú skipan mála sem kveðið er á um í því frv. sem er flutt verður af hálfu núv. ríkisstjórnar, um sölu veiðiheimildanna, er orðrétt eins og í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð, þ.e. að aflaheimildirnar verði boðnar á gangverði með forkaupsrétti til þeirra sem hafa aflaheimildir fyrir og leitað verði tilboða í þær sem ekki seljast með þeim hætti. Fyrrv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti, þar á meðal allir þingmenn Alþb. á því kjörtímabili, samþykktu þessa skipan sem farveg til að koma þessum aflaheimildum í verð og það er byggt á óbreyttri skipan í því frv. Þess vegna stendur enn eftir að hér er einungis verið að breyta um verkefni og frá því að taka á ákveðnum byggðaverkefnum yfir í það að standa straum af hafrannsóknum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. er að reyna að bera af sér grundvallarbreytingar í fiskveiðistjórnun. Ef áform hans ná fram að ganga verður hann fyrsti ráðherrann sem leggur til að aflaheimildir verði seldar einungis í því skyni að fénýta þær sem skattstofn fyrir ríkisstofnun. Af því sem lagt hefur verið fram um þessar fyrirhuguðu breytingar má ráða að út úr núgildandi lögum, svo gölluð sem þau nú eru að mínu mati, enda stóð ég ekki að þeim hæstv. ráðherra, verður tekið það ákvæði að grípa inn í málin í einstökum byggðarlögum þegar þau verða fyrir skakkaföllum af því tagi að missa frá sér verulegar aflaheimildir. Þessi þáttur verður tekinn út úr núgildandi lögum og í staðinn verða heimildirnar seldar með einhverjum hætti. Hér er í fyrsta lagi um að ræða verulega breytingu frá núgildandi lögum og í öðru lagi er ráðherrann að hrinda í framkvæmd grundvallarbreytingu á sjávarútvegsstefnunni þrátt fyrir hans fyrri yfirlýsingar um að hann sé andvígur veiðileyfagjaldi. Með þessu móti væri verið að stíga það skref sem ég óttast að menn mundu ekki ná að stíga til baka heldur muni festast í veiðileyfasölukerfinu, svo gæfulegt sem það nú er fyrir landsbyggðina.

Ég vil líka minna hæstv. sjútvrh. á, vegna áforma um breytingar á núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð, að nú þegar eru vandamál í ýmsum byggðarlögum þar sem menn eru að glíma við hvernig þeir geta haldið fiskveiðiheimildunum sem þeir hafa nú. Það er ekkert lítið vandamál sem verið er að glíma við því að þar er m.a. um að ræða tölur af stærðargráðunni um það bil 1 milljarður kr. Og það er ekki lítill skattur, hæstv. ráðherra, á lítið byggðarlag ef menn neyðast til þess að kaupa lífsafkomu sína á fullu verði og það munu menn auðvitað gera fremur en að missa hana.

Það má líka minna á að þær aflaheimildir sem eru til reiðu í Hagræðingarsjóði eru heimildir sem voru teknar frá öðrum, heimildir sem hefðu annars runnið til útgerðarmanna samkvæmt þeim reglum sem um það gilda. Þetta er raunverulega af þeim tekið og þeim síðan boðið að kaupa það aftur. Auðvitað er þetta ekkert annað en skattlagning. Það er alveg furðulegt hlutverk Sjálfstfl. í stjórn landsins að leggjast á það af meiri þunga en nokkur annar flokkur að skattleggja landsbyggðina og að standa gegn því að breyta núgildandi lögum um fiskveiðistjórn Íslands þannig að mönnum sé gert kleift að bjarga sér sjálfir. Það ætti öllum að vera ljóst að miðað við núgildandi lög er það í raun ógerlegt að framfylgja þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að sjávarútvegsfyrirtæki eigi að fara á hausinn ef þau geta ekki bjargað sér sjálf því ef slík fyrirtæki fara á hausinn þýðir það uppnám í viðkomandi byggðarlagi vegna aflaheimildanna. Og hvort tveggja geta menn ekki gert í senn, að vera að selja mönnum þessar heimildir en halda óbreyttri skipan í fiskveiðistjórnun.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti Ég get að sjálfsögðu ekki gert þá kröfu að hv. þm. skilji það sem hér er sagt, en mér finnast réttmætt að gera þá kröfu að hann skilji hvaða efnisbreytingar hans eigin flokkur hefur gert á lögum um þessi málefni.

Ég skal taka það skýrt og skorinort fram að ég greiddi atkvæði á móti lögunum um Hagræðingarsjóð á sínum tíma. En í þeim lögum sem Alþb. stóð að og greiddi atkvæði á þingi er kveðið á um að taka þessar aflaheimildir frá og það er alveg rétt að í því felst gjaldtaka. Það hefur aldrei neitt annað verið sagt af minni hálfu. En Alþb. stóð að þeim ákvörðunum á þinginu ásamt tveimur öðrum flokkum. Og Alþb. stóð að því að koma þessum aflaheimildum í verð með því að kveða á um að þær skyldu boðnar með forkaupsrétti á gangverði og í það sem ekki seldist þannig skyldi leitað tilboða. Þetta voru miklar breytingar og fólu í sér gjaldtöku. Það er alveg rétt að þetta voru grundvallarbreytingar, en þær voru gerðar af fyrrv. ríkisstjórn og þar á meðal af Alþb. Það eina sem ég hef beitt mér fyrir er að nota peningana með öðrum hætti. Í stað þess að nota þá til ákveðinna byggðaverkefna, sem ég held að séu illframkvæmanleg eftir núgildandi lögum, þá verði peningarnir notaðir í þágu hafrannsókna. Þetta er þess vegna ekki ný gjaldtaka á sjávarútveginn. Hún var ákveðin á sínum tíma og er gjaldtaka en þetta er ekki ný gjaldtaka. Og ég vona að ég þurfi ekki í þriðja sinn að flytja þessar einföldu staðreyndir af því að mér finnst að þær eigi að vera öllum skiljanlegar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða um áformaða veiðileyfasölu hæstv. ríkisstjórnar er kannski ekki alveg á réttum stað. Hér er til umræðu sakleysislegt frv. frá nokkrum framsóknarmönnum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins en umræðan hefur nú aðallega borist

inn á nýmæli fjárlagafrv. Ég verð að segja að ekki finnst mér leggjast mikið fyrir kappann, hæstv. sjútvrh., að ætla að komast hjá því að tala hér eins og maður með sjálfstæða hugsun og afstöðu og skjóta sér algerlega á bak við að þetta eða hitt hafi verið ákveðið af fyrri ríkisstjórn og hann hafi jafnvel verið á móti því, en samt sé hann að ráðstafa þessu svona og hinseginn.

Úr því að hæstv. sjútvrh. hafði nokkuð meinleg ummæli um hv. 5. þm. Vestf. og taldi að hann skildi ekki mælt mál í þingsalnum, þá geri ég þá kröfu á móti á hæstv. sjútvrh. að hann fari rétt með. Það gerði hæstv. sjútvrh. ekki áðan. Hann verður að lesa upp á nýtt lagaákvæðin um Hagræðingarsjóð því ef ég man rétt var í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að stór hluti þeirra verðmæta sem kynnu að koma vegna ráðstöfunar á veiðiheimildum sjóðsins kæmi sjávarútveginum til góða vegna hagræðingaraðgerða í þeirri grein. Þar með eru þau verðmæti auðvitað ekki tekin út úr sjávarútveginum og þar með er það ekki sú skattlagning sem ríkisstjórnin ætlar núna að beita sér fyrir.

Í öðru lagi, ef ég man þessi ákvæði rétt og ég verð þá leiðréttur ef svo er ekki, var líka gert ráð fyrir því að í vissum tilvikum gætu slíkar veiðiheimildir runnið ókeypis til byggðarlaga sem lent höfðu í erfiðleikum.

Það sem hæstv. sjútvrh. er þess vegna að reyna að skjóta sér á bak við er ekki rétt með farið nema að mjög litlu leyti. Það er alveg sama hvernig hæstv. sjútvrh. rembist eins og rjúpan við staurinn, af því að rjúpnaveiðitíminn er nú í gangi þá leyfi ég mér að taka þessa líkingu, hæstv. forseti, hann kemst ekki fram hjá þeirri staðreynd að samkvæmt fjárlagafrv. á að taka 525 millj. kr. út úr rekstrarveltu sjávarútvegsins og nýta með öðrum hætti. Það er sú staðreynd sem hæstv. sjútvrh. mun ekki komast fram hjá þrátt fyrir þúsund ræður.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. var að segja felur nákvæmlega í sér að aflaheimildirnar átti að nýta með ákveðnum hætti. Hann ber ekki á móti því að það hafi verið í tíð fyrri ríkisstjórnar sem ákveðið var með hvaða hætti ætti að koma þeim í verð. Það var deiluefni okkar í millum. Hann ber engan veginn á móti því og ég lít svo á að hann hafi þar með staðfest mína túlkun í því efni. Það er alveg kórrétt hjá hv. þm. að það átti að nota þetta andvirði með ákveðnum hætti í þágu sjávarútvegsins. Það sem ég hef sagt og segi hér enn og aftur: Það er verið að breyta um verkefni. Í stað þess að nota það með þessum hætti, eins og ákveðið hefur verið í lögunum, í þágu sjávarútvegsins verður það notað í þágu sjávarútvegsins með því að standa undir kostnaði við Hafrannsóknastofnun og reyndar stórauka og efla þá starfsemi. Hún er líka í þágu sjávarútvegsins. Þá segja menn sem svo: Hefur það fjármagn ekki komið úr ríkissjóði? Það er alveg kórrétt. En fjármagn til þess að úrelda fiskiskip og standa straum af byggðamálum? Þar hafa komið til fjármunir úr ríkissjóði og ef ekki hefði verið sérstakur sjóður sem útgerðin hefði fjármagnað til úreldingarverkefna, þá þyrfti að standa straum af því úr ríkissjóði. Þau rök eiga því við hvor verkefnin sem menn eru að tala um. Allur málflutningur hv. þm. fellur því um sjálfan sig.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur að nokkru snúist um Hagræðingarsjóðinn. Það er rétt að hér eru vissulega stigin merkileg skref af núv. ríkisstjórn, að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs á þann hátt sem hún hefur nú ákveðið að gera. Ég er nokkurn veginn sannfærður um að sú hugsun að fara með Hagræðingarsjóðinn á þennan hátt kemur ekki frá hæstv. núv. sjútvrh. Þessi hugsun hefur örugglega orðið til í heiðursmannasamkomulaginu úti í Viðey vegna þess að hér eru draumar Alþfl. að rætast og frjálshyggjulið Sjálfstfl. hefur gert það mögulegt að brjóta hér í blað og taka upp veiðileyfasölu í fyrsta skipti á Íslandi. Það er það sem hér er að gerast. Við skulum bara tala á því máli sem fólk skilur. Það hefur verið tekin ákvörðun um að fara að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðsins. Þann sjóð átti fyrst og fremst að nota til þess að bregðast við vanda byggðarlaga sem yrðu illa úti m.a. vegna aflabrests. Þennan sjóð átti einnig að nota til þess að ná fram aukinni hagræðingu í greininni sjálfri. Það stígur aldrei nokkur maður svo upp í þetta ræðupúlt og talar um sjávarútvegsmál öðruvísi en að leggja áherslu á að það verði að ná fram hagræðingu. Ég sagði áðan að aflaskerðingin ein sem nú kemur fram jafngildi lokun átta frystihúsa á Íslandi. Halda menn virkilega að það þurfi ekki fjármagn til að geta hagrætt í þessum efnum ef ekki á að hljótast af verulegt og alvarlegt slys? Nei, auðvitað er þetta hreinn og klár auðlindaskattur sem hér er tekinn upp.

Ég segi ekkert annað en það að ég hélt satt að segja að það væru nógu margir þannig þenkjandi menn í þingflokki Sjálfstfl. að þeir létu þetta aldrei yfir sig ganga. Satt að segja hélt ég það og það kom mér þess vegna á óvart hvað hér hafði gerst. Við sem hlustuðum á umræður manna á nýafstöðnu þingi Landssambands útvegsmanna urðum varir við það hver hugur þeirra manna er til ríkisstjórnarinnar og þeirra gerða sem hér eru kynntar.

Annars vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann sagði um málið sem er til umræðu. Ég skil hæstv. sjútvrh. svo að 20% aflaskerðingin sem nú hefur verið tekin ákvörðun um gefi heimildir til þess að falla frá inngreiðslum til Verðjöfnunarsjóðsins. Þess vegna hvet ég hæstv. sjútvrh. enn og aftur til að beita áhrifum sínum í þá átt að fulltrúar ríkisvaldsins taki undir með fulltrúum hagsmunaaðila í stjórn Hagræðingarsjóðsins og hverfi frá innborgunarskyldu í Hagræðingarsjóð nú vegna þess hversu illa stendur á í þessari atvinnugrein.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var reyndar við ræðu hæstv. sjútvrh. áðan sem ég ætlaði að veita andsvar. (**Sjútvrh.**: Það er óheimilt að gefa andsvar við andsvari.) Ég ætla að endurtaka það að ég vara menn við því að fara

að taka veiðileyfagjald með þeim hætti sem menn hafa verið að láta í ljósi í fjárlagafrv. af hendi ríkisstjórnarinnar. Ég er ekki svo fastur í fortíðinni að ég þurfi að ræða neitt sérstaklega hvernig menn komu þessu fyrir í þeim lögum sem eru í gildi núna. Mér finnst aftur á móti að hæstv. forsrh. sé býsna fastur í fortíðinni að þurfa endilega að nota þau til að koma á veiðileyfagjaldi. Ég veit ekki betur en yfirlýsingar sem ég hef hlustað á allan tímann frá því að þessi lög tóku gildi hafi verið um það að menn ætluðu sér að nota þetta til hagræðingar í sjávarútveginum og til þess að koma til móts við byggðir sem lentu í erfiðleikum. Það held ég að hafi verið það hlutverk sem allir hafi hugsað sér að sjóðurinn rækti. Þess vegna vísa ég þessu öllu saman til föðurhúsanna og ég ætla satt að segja að vona að það myndist nægileg andstaða í stjórnarflokkunum til þess að menn byrji ekki þennan leik því að hann stefnir ekki að öðru en því að menn komi á veiðileyfasölunni.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Ég óskaði eftir því að gefa andsvar fyrr í umræðunni og taldi mig hafa fengið leyfi til þess. Eftir það talaði hv. málshefjandi og að loknu hans máli veitir forseti öðrum þingmanni rétt til þess að gefa andsvar við ræðu sem ég hafði flutt fyrr á fundinum. Ég held að það fari ekki á milli mála að hér er gengið þvert á reglur þingskapa um andsvör.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil að gefnu tilefni upplýsa hæstv. sjútvrh. um það að hann hefur tvisvar fengið tækifæri til þess að gefa andsvör í þessari umræðu. Ég gaf hv. 3. þm. Vesturl. tækifæri til að gefa andsvar á nákvæmlega sömu forsendum og ég hef gefið hæstv. sjútvrh. hingað til.

Flm. (Stefán Guðmundsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. sjútvrh. vil ég að það komi skýrt fram að ég var búinn að biðja um orðið löngu áður en menn fóru að þrasa um andsvör.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. kaus að fara með rangt mál áðan og lýsa fyrir þinginu lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins á þann veg að sú lýsing er ekki á neinn hátt í samræmi við veruleikann. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði athugasemd við þennan málflutning hæstv. ráðherra sem kom þá upp hér aftur og endurtók fyrri fullyrðingar. Nú sé ég að hæstv. ráðherra er búinn að fá í hendur lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og er óskandi að hann lesi þau vandlega.

Lögin eru alveg skýr. Við sem að þeim stóðum höfðum í huga tvíþætt markmið. Annars vegar að gera sjávarútveginn á Íslandi hagkvæmari með því að úrelda skip. Hins vegar að aðstoða byggðarlög sem höfðu misst aflaheimildir vegna tímabundinna erfiðleika. Þetta var hinn tvíþætti tilgangur laganna um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Hæstv. sjútvrh. hefur hins vegar ákveðið í fjárlagavanda ríkisstjórnarinnar að gera Hagræðingarsjóð og sölu aflaheimilda að almennri skattheimtu til þess að fjmrh. geti strikað rekstrarkostnaðinn við nokkrar stofnanir í sjávarútveginum út úr gjaldahlið fjárlagafrv. Þessum mönnum væri nær að játa það hreinlega heldur en vera með einhverjar hundakúnstir í trausti þess að hvorki við né þjóðin sjáum í gegnum þær. Auðvitað liggur það alveg ljóst fyrir að til þess að koma fjárlagafrv. saman ákvað núv. hæstv. ríkisstjórn að leggja sérstakan skatt á sjávarútveginn, venjulegan skatt til að standa undir venjulegum rekstrarkostnaði ríkisstofnana.

Í 1. gr. laganna um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins stendur, með leyfi hæstv. forseta, að sjóðurinn hafi tvíþætt hlutverk: „að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.“ Síðan segir:

„Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim og ráðstafa veiðiheimildum sem honum eru framseldar eða úthlutað er til hans. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.“

Þetta er alveg skýrt. Þetta er annars vegar sjóður sem á að auka hagkvæmni í sjávarútvegi með því að minnka stærð fiskiskipastólsins og hins vegar sjóður sem á að aðstoða byggðarlög sem hafa misst aflaheimildir. Þetta er ekki sjóður til þess að standa undir gjaldahlið fjárlagafrv. Það var aldrei hugsunin, datt ekki nokkrum manni í hug. Þess vegna bið ég hæstv. sjútvrh. að vera ekki að endurtaka þá vitleysu oftar hér í stólnum.

Í 9. gr. laganna segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldir gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á.“

Það er þess vegna alveg ljóst að sú hugsun er í þessu frv. að tryggja atvinnulíf byggðarlaganna og ef það gerist ekki nema með þeim hætti að veiðiheimildum sé úthlutað án endurgjalds, þá eru heimildir í lögunum til þess.

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að segja mikið meira um þetta atriði. Þetta er alveg skýrt og ljóst og ég óska eftir því við virðulegan sjútvrh. sem hefur almennt verið að geta sér gott orð upp á síðkastið að hann fari nú ekki að skemma þann góða orðstír með því að fara í stjórnarandstöðubuxurnar sem hann notaði á síðustu þremur árum.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þær umræður um málið sem er á dagskrá hafa þróast nokkuð á annan veg en til stóð og snúist að miklu leyti um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þetta er kannski dauft bergmál af því sem koma skal þegar stjórnarfrumvarp sem væntanlega fjallar hann um kemur á dagskrá og mun þá auðvitað verða farið rækilega yfir þessi mál. Málið er að vísu nokkuð einfalt, þ.e. meginlínur þess. Hagræðingarsjóður er það öryggisnet fyrir byggðarlögin í landinu og tæki til hagræðingar í sjávarútvegi sem aldrei er meiri þörf fyrir en nú af þeim ástæðum að veiðiheimildir hafa verið skornar niður um allt að 25%. Ég lái hæstv. sjútvrh. það ekki þó hann hafi gert það, er sammála því að það er skynsamlegt að fara varlega í þeim efnum og taka ekki of mikla áhættu. Þess vegna hefur aldrei verið meiri þörf fyrir þennan sjóð en nú.

Ég er sammála hv. 4. þm. Norðurl. v., ég held að þessi ákvörðun sé ekki runnin undan rifjum sjútvrh. Ég hygg að hann hafi verið að leysa þar innanhússmál í ríkisstjórninni og verið að fá frið um tíma í baráttunni um að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn. Hann hefur lýst sig andvígan því og ég er sammála honum um þau efni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni og en vil þó ljúka máli mínu með því að minna á að það er eitt verkefni í viðbót sem Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hefur komið inn í og það er að leysa vandamál loðnuskipa. Það er allt í óvissu um loðnuvertíð og við getum staðið frammi fyrir gífurlegum vandamálum á því sviði áður en vetri lýkur. Vonandi verður það ekki, en þó vildi ég minna á þennan vanda í lokin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MJ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, StH, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, RA, RG, SAÞ, SvG, VG, ÖS) fjarverandi.

Frv. vísað til sjútvn. með 40 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 63. mál (frjálst fiskverð). — Þskj. 64.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á Verðlagsráði sjávarútvegsins gerir ráð fyrir því að í áföngum verði frjálst fiskverð að meginreglu. Um langt árabil hefur sá háttur verið hafður á varðandi verðlagningu sjávarfangs að Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur tekið ákvarðanir þar um, ýmist ráðið sjálft eða yfirnefnd þess. Á undanförnum missirum hafa átt sér stað breytingar í þessu efni. Verðmyndunin hefur verið að færast í frjálsræðisátt, ýmist með því að hún hefur farið fram í samningum beint milli fiskseljenda og fiskkaupenda eða á uppboðsmörkuðum.

Það má fastlega gera ráð fyrir því að fiskmarkaðir muni gegna veigameira hlutverki í verðmyndun hér á landi á næstu árum. Það hafa verið mismunandi sjónarmið uppi innan atvinnugreinarinnar hvort eðlilegt væri að hverfa frá hinu fyrra fyrirkomulagi og að sumu leyti hversu hratt það skuli gerast. Það var eitt af fyrstu verkum mínum í ráðuneytinu að hefja viðræður við þá aðila sem skipa fulltrúa í verðlagsráð í þeim tilgangi að ná fram samræmdum sjónarmiðum um það hvernig hægt væri að gera breytingar á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins þannig að þær gætu fallið að þeirri skýru þróun sem átt hefur sér stað. Niðurstaðan varð sú að frjáls verðmyndun mundi að fullu taka gildi í ársbyrjun 1993 en fram að þeim tíma frá gildistöku þessara laga gæti verðlagsráð með meirihlutaákvörðun ákveðið frjálst fiskverð. En eins og hv. þm. er kunnugt hefur þurft samhljóða ákvörðun í verðlagsráði til þess að ákveða frjálst fiskverð. Á aðlögunartímanum verður meiri hlutanum heimilt að taka slíka ákvörðun. Að þeim tíma liðnum verður frjálst fiskverð meginregla og því aðeins gripið til verðlagningar að meiri hlutinn komi sér saman um slíkt. Um þessa skipan mála hefur tekist full samstaða með útvegsmönnum, sjómönnum og yfirmönnum á farskipum annars vegar, þ.e. seljendum, og hins vegar fiskkaupendum sem aðild eiga að verðlagsráði. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að samstaða skuli hafa tekist með þeim aðilum sem eiga að búa við þessa verðmyndun og að með þessari nýju skipan, sem hér er gert ráð fyrir, sé vörðuð með lagaumgjörð markviss þróun að frjálsri verðmyndun með sjávarfang sem ég tel vera í fullu samræmi við nútímaaðstæður.

Ég tel ekki, frú forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé samdóma álit margra sem fylgst hafa með þróun mála innan sjávarútvegsins á undanförnum árum og undanförnum missirum má segja að ýmiss konar misvægi, misgengi og tekjuskiptingarvandi sé uppi milli einstakra greina sjávarútvegsins, milli verkunaraðferða útgerðar og fiskvinnslu og jafnvel milli fyrirtækja. Þessi þróun hefur

m.a. gert það að verkum að fastbinding fiskverðs hefur að undaförnu þjónað æ minni tilgangi í raun þar sem veruleikinn hefur ósköp einfaldlega tekið fram í fyrir reglunum og fiskverðið smátt og smátt mótast í æ ríkari mæli af markaðsaðstæðum í viðskiptum viðkomandi aðila. Ég hygg þess vegna að flestir geti verið sammála hæstv. sjútvrh. um að ekki sé annað að gera en viðurkenna staðreyndirnar og ekki óskynsamlegt að taka áfanga í átt til frjálsara fyrirkomulags verðlagningar á þessu sviði eins og hér er gert. Út af fyrir sig vil ég hafa fyrirvara á um að skoða bæði þann tíma til aðlögunar sem lagður er til og eins þá aðferð að frá og með áramótum 1992–1993 verði eingöngu heimild til ákvörðunar lágmarksverðs en það sem gerst hefur að undanförnu er að fast fiskverð hefur í raun breyst í lágmarksverð. Mér er ekki kunnugt um að menn hafi nokkurs staðar á landinu greitt lægra verð en það sem ákvarðað hefur verið en að sjálfsögðu vita menn að hið gagnstæða hefur víða átt við, að í reynd er verðið hærra. Ég segi það því, hæstv. forseti, sem mín fyrstu viðbrögð við þessu frv. sem ég hef að líkindum aðstöðu til að skoða síðan nánar í sjútvn. að ég tel ekki óeðlilegt að skoðaðar séu breytingar í þessa veru. Ég saknaði þess hins vegar og hef reyndar gert oftar í umræðum um sambærileg málefni sjávarútvegsins að þar eru gerðar litlar tilraunir til að setja einstakar breytingar eða einstakar ákvarðanir af þessu tagi í samhengi við þróun mála innan greinarinnar í heild. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. sjútvrh. hefði við þessar umræður eða aðrar sambærilegar, því að hér er talsvert af dagskrármálum sem varða sjávarútveginn, talið sér kleift að reifa viðhorf sín hvað snertir þróun mála í sjávarútvegi, fiskveiðum og fiskvinnslu í almennara samhengi. Ég mundi t.d. gjarnan vilja heyra hvað hæstv. sjútvrh. hugsar sér í málefnum fiskmarkaðanna. Það er ljóst að sú breyting sem hér er lögð til getur haft áhrif í þá veru að gera þýðingu þeirra meiri þar sem fiskverð mundi þá í vaxandi mæli ráðast af markaðsaðstæðum hér innan lands. Spurningin er hvort ekki sé að vænta frá hæstv. sjútvrh. skýrari reglna um starfsemi fiskmarkaðanna en þau fátæklegu ákvæði sem í gildi eru og eru líklega frá árinu 1989 að stofni til.

Það er stundum rætt um nauðsyn þess, bæði á vettvangi hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og víðar, að marka hér heildstæða sjávarútvegsstefnu. Þetta er falleg fyrirsögn sem menn geta örugglega flestir tekið undir. Ég óttast pínulítið að þær breytingar sem verið er að leggja til einangrað eins og þessi hér og eins og sú sem varð tilefni umræðna áðan og varðar breytt hlutverk Hagræðingarsjóðs, Verðjöfnunarsjóðs eða annað slíkt, séu í raun og veru í engu samhengi við neina tilburði til heildstæðrar stefnumörkunar. Hér var t.d. ekkert komið inn á skipulagsmálefni sjávarútvegsins, markaðsaðstæður, samkeppnisstöðu gagnvart vinnslu erlendis eða aðra þvíumlíka hluti sem þó væri eðlilegt að ræða þegar til umfjöllunar er að taka skref í átt til frjálsrar verðlagningar og jafnvel að hún verði fullkomlega frjáls á hráefni til fiskvinnslu innan lands eða til útflutnings óunnið á markaði. Mér fannst vanta að hæstv. sjútvrh. reyndi að setja þessar tillögur í eitthvert slíkt samhengi og lýsi eftir því hér.

Ég vil minna á þáltill. í þessu sambandi sem er flutt af mér ásamt hv. 3. þm. Vesturl. Þar er lagt til að tekið sé á málefnum fiskmarkaðanna, settar reglur um meðferð aflans og reynt að tryggja stöðu innlendu fiskvinnslunnar með því að allur afli, sem ekki fer beint til vinnslu, komi til sölu eða sé gerður aðgengilegur innlendum vinnsluaðilum með einhverjum fullnægjandi hætti. Þar er jafnframt lagt til að tekið sé á gæðamálefnum þegar ferskur fiskur á í hlut, hvort heldur er hráefni til vinnslu innan lands eða útflutnings. Og kannski getur hæstv. sjútvrh. eitthvað úttalað sig um samhengi þessara hluta hér á eftir.

Þegar menn ræða um nauðsyn þess að marka heildstæða sjávarútvegsstefnu hef ég gjarnan lagt í það þann skilning að menn ætli sér að taka heildstætt á málunum með þjóðhagslega hagkvæmustu ráðstöfun sjávarfangsins að leiðarljósi. Það er að sjálfsögðu það keppikefli sem við hljótum í öllum umræðum um þessi mál að leita eftir, að við náum að skapa sem mest verðmæti úr því hráefni sem við höfum hér af Íslandsmiðum til ráðstöfunar og þá á ég ekki við í þágu einstakra aðila málsins heldur þjóðarbúsins í heild sinni. Kannski liggja hættulegustu skekkjurnar og hættulegasta misvægið í stöðu mála í dag einmitt í því að það sem er hagkvæmasta ráðstöfunin fyrir ýmsa einstaka málsaðila er það ekki endilega fyrir þjóðarbúið í heild þegar litið er til heildarverðmætasköpunar, atvinnuhagsmuna og fleiri slíkra hluta.

Hæstv. sjútvrh. fór í sinni ákaflega stuttu framsöguræðu lítið inn á þessa hluti. Hæstv. ráðherranum þykir þetta mál e.t.v. ekki svo stórt í sniðum að það sé ástæða til að taka upp umræður um sjávarútvegsmálin í víðara eða almennara samhengi af þessu tilefni. Ég er þar ekki alveg sama sinnis. Mér finnst að forminu til sé hér býsna stórt skref stigið, þ.e. að hverfa frá fastri verðlagningu hráefnisins þótt út af fyrir sig sé þarna á ferðinni minni breyting en formið gefur tilefni til að ætla, þar sem eins og ég hef áður sagt fiskverðið hefur meira og minna verið að mótast í viðskiptum einstakra aðila og ýmiss konar uppbætur og álagsgreiðslur m.a. tengdar samningum við sjómenn hafa tíðkast.

Það væri einnig fróðlegt að fá fljótlega tækifæri til, virðulegi forseti, umræðna um hinn nýja eða áformaða samning um Evrópskt efnahagssvæði og áhrif hans á þróun veiða og þá sérstaklega vinnslu hér innan lands. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að Alþingi við tækifæri taki sér sérstakan tíma í að ræða þau mál. Því ekki að gera það að einhverju leyti í tengslum við tillögu sem gerir ráð fyrir því að gefa fiskverð frjálst innan lands? Í hendur mínar og sjálfsagt fleiri hv. alþm. kom fyrir nokkrum dögum fréttabréf samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi. Þar er gerð fyrsta tilraun til þess einmitt að meta líkleg áhrif þessa samnings ef af verður á sjávarútveginn og vinnsluna innan lands. Það vakti nokkra athygli mína með hversu hógværum hætti höfundar fréttabréfsins taka til orða þegar þeir reifa líkleg áhrif og líklega hagsmuni fiskvinnslunar í þessu sambandi. Ég held að ég muni það nokkurn veginn orðrétt að á einum stað í fréttabréfinu segi þeir að það

sé ekki ólíklegt að innlend fiskvinnsla nái til sín eitthvað auknum hlut hvað úrvinnslu sjávaraflans snertir. Fastar er nú ekki kveðið að orði. Þetta er eitt af því sem kannski skiptir hvað mestu máli í hugum margra þegar gerðir eru upp ávinningar af þessum líklegu samningum. Hvað snertir þróun mála og áhrif á sjávarútveginn hér innan lands, fiskvinnsluna, atvinnu sem þar gæti skapast eða tapast eftir því hvernig tiltekst.

Það hefði einnig verið ástæða til þegar ræddur er hlutur vinnslunnar og þetta mikilvæga atriði sem er verðlagning í innbyrðis viðskiptum veiða og vinnslu, sem hér er til umræðu, að ræða það að skipulagsaðstæður og samkeppnisstaða einstakra vinnslu- eða veiðagreina hafa auðvitað mikil áhrif á alla þessa þróun. Því hefur heyrst fleygt að hæstv. sjútvrh. hyggist setja reglur sem muni hafa allnokkur áhrif á sjófrystingu eða rekstur þeirra skipa sem stunda frystingu á sjó og sömuleiðis munu atriði eins og kvótaskerðing á útfluttan óunnin fisk og önnur slík atriði skipta miklu máli um það hvernig frjálst fiskverð kemur til með að ganga í raun og veru og hvaða áhrif það mun hafa á innbyrðis viðskipti í sjávarútveginum. Ég hefði ekki talið óeðlilegt að hæstv. sjútvrh. hefði hér við 1. umr. þessa máls reifað viðhorf sín til þessara hluta m.a. þannig að það lægi eitthvað fyrir þó ekki væri nema eitthvað pínulítið fyrir um afstöðu hæstv. sjútvrh. sjálfs og ríkisstjórnarinnar í þessum efnum ef hún skyldi hafa tekið þetta fyrir.

Mér hefur fundist, hæstv. forseti, sem reyndar kann að hafa komið fram áður, fara óþarflega mikið fyrir því hjá þessari hæstv. ríkisstjórn að hún sé upptekin af því að ræða frammistöðu eða viðskilnað annarra en segi fátt lítið um stefnu sjálfrar sín. Ég held að a.m.k. þegar frá líður komi þingheimur og þjóðin fyrst og fremst til með að hafa áhuga á því sem þessi ríkisstjórn vill, því sem hún ætlar að gera, en sé sjálf fær um það að taka afstöðu til þess sem aðrir hafa gert og gerðu fyrr á öldinni. Þó það hafi kannski ekki verið af þessum sökum sem hæstv. sjútvrh. var fáorður þegar hann mælti fyrir þessu frv. heldur einhverjum öðrum lýsi ég eftir sem áður eftir afstöðu hans til þessara hluta. Og umræður um fortíðarvandann í þessu samhengi eða öðru skilar okkur lítið fram á við hvað framtíðina snertir.

Það mætti kannski leyfa sér að nefna það, sem reyndar var talsvert tekið til umræðu áðan um síðasta dagskrármálið, í þessu samhengi af því að það hefur vissulega áhrif og spilar hér inn í eins og fleira þar sem er Hagræðingarsjóðurinn og ráðstöfun veiðiheimildanna þar. (**Forseti:** Forseti vill aðeins spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt mál eftir af sinni ræðu. Það var fyrirhugað að láta fara fram atkvæðagreiðslur nú í lok fundarins og koma málum til nefnda. Ef hann á langt mál eftir væri kannski rétt að fresta ræðunni og þessari umræðu til næsta fundar.) Ég hygg nú, hæstv. forseti, að ég ætti að geta lokið máli mínu á svona 5–10 mínútur ef það slyppi, en ég er tilbúinn til að fresta máli mínu og ljúka því síðar ef forseti óskar þess.

Umræðu frestað.

24. FUNDUR

þriðjudaginn 12. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að í síðasta lagi kl. 3 mun hefjast utandagskrárumræða um álmálið að beiðni hv. 7. þm. Reykn. Steingríms Hermannssonar fyrir hönd stjórnarandstöðunnar.

Rétt er að geta þess að sú umræða fer fram skv. síðari málsgr. 50. gr. þingskapalaga.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 63. mál (frjálst fiskverð). — Þskj. 64.

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Hæstv. forseti. Eins og menn rekur minni til stóð þannig á að ég var í miðri ræðu þegar gera varð hlé á umræðum til að hefja atkvæðagreiðslur og vegna þingflokksfunda. Ég hafði aðallega ætlað mér að víkja að því í síðari hluta ræðu minnar að það rekstrarumhverfi og sú stjórnarstefna, sem að sjávarútveginum snýr á hverjum tíma, skiptir sköpum um þróunarforsendur greinarinnar og það mun ekki síður eiga við eftir að fiskverði verður sleppt frjálsu, endanlega og með öllu eins og er í raun og veru verið að leggja til. Ég ætlaði líka lítillega að víkja að og mun víkja að málefnum Hagræðingarsjóðs í því sambandi sem reyndar varð tilefni nokkurrar umræðu hér á fyrri hluta fundar í gær. Rétt til að rifja upp það sem ég var að ræða og beindi þá máli mínu til hæstv. sjútvrh. í von um að hann sæi sér fært að svara í nokkru því ég saknaði þess, í stuttri en annars ágætri framsöguræðu, hjá hæstv. sjútvrh. að það fór lítið fyrir tilburðum af hans hálfu til að tengja þessa grundvallarbreytingu, að hverfa frá fastri ákvörðun fiskverðs yfir í frjálst fiskverð, aðstæðum í greininni og líklegum þróunarforsendum á næstu árum.

Ég spurði til að mynda hvort til stæði af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra að setja reglur og koma á fastari skipan mála hvað fiskmarkaðina snerti. Augljóslega gæti þessi kerfisbreyting leitt til þess að þeir öðluðust aukið vægi, þó ekki endilega með því að meira magn færi um markaðina, heldur vegna þess að þeir yrðu í ríkari mæli viðmiðun við samninga og verðákvarðanir hist og her í sjávarútveginum þegar svo væri komið að menn væru endanlega fallnir frá fastákvörðunum fiskverðs.

Ég hefði einnig gjarnan kosið að hæstv. sjútvrh. hefði eitthvað reifað fyrir okkur hv. þm. viðhorf sín um samkeppnisskilyrði innbyrðis í sjávarútveginum, t.d. í tengslum við boðuð áform um að setja reglur um rekstur eða starfsemi þeirra skipa sem frysta afla á sjó.

Það lá í máli hæstv. sjútvrh., ef ég hef skilið hann rétt á dögunum, að slíkt mundi væntanlega leiða til og jafnvel stöðva eða a.m.k. takmarka þá hröðu þróun sem verið hefur í átt til aukinnar frystingar afla á sjó ef þær reglur yrðu settar sem hann hefur í huga og mundu væntanlega þýða að erfitt yrði fyrir minni fiskiskip að uppfylla kröfur um útbúnað sem verður forsenda þess að fá leyfi til slíks reksturs.

Önnur atriði, eins og t.d. kvótaskerðing á útflutningi á ísuðum fiski, og margt, margt fleira sem varðar umhverfi frjálsrar verðmyndunar í sjávarútvegi hlýtur að koma hér til skoðunar. Það er óeðlilegt að mínu mati að þessi kerfisbreyting fari gegnum umræður á hv. Alþingi, sem væntanlega lætur sig málefni sjávarútvegsins nokkru varða, án þess að eitthvað sé reynt að rýna inn í þessa hluti.

Rekstrarumhverfi sjávarútvegsins almennt skiptir að sjálfsögðu einnig máli og þar blæs ekki byrlegar en svo að hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur á undanförnum vikum talað um nauðsyn þess að gera neyðarráðstafanir í ákveðnum greinum til þess að bæta rekstrarstöðu í sjávarútvegi. Í frægum orðaskiptum hæstv. sjútvrh. og eins af bankastjórum Landsbankans, sem er ýmsum hv. þm., einkum þeim sem meiri hafa þingreynsluna, að góðu kunnur, féllu orð af þessu tagi þar sem hæstv. sjútvrh. ræddi m.a. um óbærilegan vaxtakostnað sjávarútvegsins.

Ég tel eðlilegt að hæstv. sjútvrh. léti þó ekki væri nema nokkur orð falla um líklegt samspil þeirra breytinga sem hann boðar í sjávarútvegi og Evrópusamninganna svonefndu sem einhverjir embættismenn hafa sett stafina sína undir einhvers staðar úti í löndum. Að vísu gefur hv. formaður utanrmn. ekki mikið fyrir það en ég hef þó heyrt það á skotspónum að utanrrh. hyggist fara utan eina ferðina enn á þessu ári og skrifa undir eitthvað síðar í þessum mánuði. (**ÓÞÞ:** Hver segir að hann fari bara eina ferð enn?) Nei, þær gætu orðið fleiri, hv. þm., það er rétt. Það er reynsla fyrir því. En einhver efnisdrög liggja þó fyrir og þannig a.m.k. telja þeir sem skrifa í fréttabréf samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi sig hafa nokkrar forsendur til þess að byrja að skoða hver verði, við skulum segja „hugsanleg áhrif" Evrópusamninganna á þróun málefna hér í sjávarútveginum. Ég held að það sé tímabært að menn átti sig á því að þar geta komið til fleiri breytingar en þær einar sem lúta að samskiptum íslensks sjávarútvegs við umhverfi í öðrum löndum, við samkeppni frá öðrum löndum og markaði sína erlendis. Þar geta líka komið til umtalsverðar breytingar innbyrðis í sjávarútveginum. Þannig segja til að mynda höfundar þessa fréttabréfs, með leyfi forseta, að frystiiðnaðurinn á Íslandi muni mæta harðnandi samkeppni hvað frystar sjávarafurðir varðar. Bæði frá Norðmönnum og öðrum vinnslugreinum á Íslandi. Þar er beinlínis verið að boða að enn gangi á hlut frystingarinnar í landi og þar er auðvitað á ferðinni sú úrvinnslugrein íslensks sjávarútvegs sem mestri atvinnu skilar í byggðarlögunum hringinn í kringum landið. Það er beinlínis verið að boða af hálfu þessara manna að slíkar breytingar geti orðið af þessum samningum.

Einnig segir að ekki sé ólíklegt, með leyfi forseta, ég endurtek: Að ekki er ólíklegt að innlend fiskvinnsla standi sterkar að vígi eftir EES-samninginn í samkeppni við ríkisstyrkta fiskvinnslu bandalagsins.

Þetta orðalag vakti sérstaka athygli mína m.a. í ljósi þeirra hástemmdu lýsingarorða um eigin afrek sem hæstv. utanrrh. og hans samstarfsmenn hafa haft um hinn algera sigur, allt-fyrir-ekkert-sigur, að þrátt fyrir allt er það svo að þegar samtök atvinnurekenda á þessu sviði skoða hlutina taka fulltrúar þeirra mjög varfærnislega til orða um það hvort það verði svo að íslenskur sjávarútvegur og úrvinnsla hér innan lands nái að nýta sér þetta í einhverjum mæli til aukinnar vinnslu og aukinnar verðmætasköpunar.

Mér hefði þótt fróðlegt, hæstv. forseti, ef hæstv. sjútvrh. hefði treyst sér til að reifa eitthvað samhengi hlutanna þegar hann er að mæla fyrir þessari breytingu hvað verðlagningarmálefni í sjávarútvegi snertir.

En að lokum ætlaði ég aðeins að taka upp aftur umræður um það sem hér var til umfjöllunar í gær og lýtur að boðaðri meðferð á Hagræðingarsjóði í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnarinnar. Sá stórbrotni málflutningur var uppi hafður af hæstv. sjútvrh. í gær að í raun og veru væri hann að leggja þarna til sáralitla tilfærslu á fjármunum sem í raun skiptu sjávarútveginn litlu og þetta væri óbreytt stefna fyrri ríkisstjórnar sem mér virtist hæstv. sjútvrh. ætla að skýla sér á bak við. Ég er honum fullkomlega ósammála og tel reyndar að þessi málflutningur sé annars málefnalegum stjórnmálamanni, hæstv. sjútvrh., ekki samboðinn því hæstv. sjútvrh. veit auðvitað vel að hér verður sú grundvallarbreyting á að þessir fjármunir fara út úr greininni í þeim skilningi að áður fékk sjávarútvegurinn til sín úr sameiginlegum sjóðum landsmanna alla þá fjármuni sem þurfti til að kosta hafrannsóknir í landinu. Hér er verið að tala um að færa á einu bretti 525 millj. kr., meira en hálfan milljarð yfir á herðar sjávarútvegsins frá því sem áður var, því þessi verðmæti verða með þessum ráðstöfunum, þessari fénýtingu, tekin til að kosta verkefni sem ríkissjóður bar áður. Það er auðvitað það fyrsta sem menn verða að hafa á hreinu áður en þeir taka afstöðu til þess hvort þeir fallast á þessa breytingu. Þá mætti spyrja: Telja menn sjávarútveginn vel í stakk búinn til þess að bæta þessum pinkli á sig, eins og nú háttar? Varla, ef marka má orð hæstv. sjútvrh. sem í fjölmiðlum talaði um nauðsyn þess að gera neyðarráðstafanir til bjargar sjávarútveginum.

En við skulum líka ræða þetta út frá því sjónarmiði hvort það sé æskileg kerfisbreyting að færa slíkar grundvallarrannsóknir með þessum hætti yfir á herðar sjávarútvegsins og hvert eigi þá að vera hlutverk ríkisins í þjónustu við þessa höfuðatvinnugrein landsmanna ef ekki að standa að rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Mér telst þannig til að það sé þá orðið vandfundið hvar ríkið komi þessum málum yfirleitt við.

Ég hef einmitt talið að þrátt fyrir allt væri þokkaleg samstaða milli flestra um hvað varðar stuðning við atvinnulífið í landinu, og þá á ég ekki bara við sjávarútveg heldur allar greinar, þá væri hlutverk ríkisins og yrði í framtíðinni ekki síst á sviði rannsóknastarf-

semi og þróunar hvers konar. En hér er verið að tala um að færa nánast á einu bretti yfir á sjávarútveginn sjálfan stærstan hluta af rekstrarkostnaði mikilvægustu rannsóknastofnunarinnar á þessu sviði. Ég set stór spurningarmerki við þá kerfisbreytingu sem slíka, burt séð frá hinni fjármálalegu hlið sem varðar það að færa þessa greiðslubyrði alla yfir á sjávarútveginn.

Ef hæstv. sjútvrh. skyldi falla í þá gryfju að koma hér upp aftur og reyna þá leikfimi í málflutningi, sem hann viðhafði í gær og kenna fyrri ríkisstjórn um þetta allt saman, þá ætla ég bara að rifja það aðeins upp hvað í afgreiðslu frumvarpa um fiskveiðistjórnun og Hagræðingarsjóð fólst á sínum tíma. Þar var að sjálfsögðu á ferðinni málamiðlun sem óeðlilegt er að slíta úr tengslum innbyrðis. Þar var á ferðinni niðurstaða sem fól í sér hvort tveggja í senn, tímabundnar ráðstafanir, ákveðinn öryggisventil þar sem Hagræðingarsjóður er, sem væru til staðar og unnt væri að grípa til ef á bjátaði vegna þeirra ágalla sem mönnum eru ljósir í núverandi fiskveiðistjórnun, þeirrar hættu sem hún getur haft í för með sér fyrir byggðarlögin. Inni í þessari málamiðlun var jafnframt sú heildarendurskoðun laga um fiskveiðistjórnun sem nú þegar er komin í gang. Þess vegna liggur það í hlutarins eðli að menn sjá þetta fyrir sér sem ákveðið tímabil meðan sú endurskoðun fer fram og á þeim tíma séu fyrir hendi þessir öryggisventlar gagnvart þeim hættum sem núv. kvótakerfi felur í sér. Þessu held ég að hæstv. sjútvrh., sem á að stýra þessu endurskoðunarverki, þurfi alveg nauðsynlega að átta sig á.

Ég minni líka á að það skiptir auðvitað miklu máli fyrir sjávarútveginn að ekki verði algjörlega horfið frá þeim hagræðingarverkefnum sem voru auðvitað annar megintilgangur stofnunar Hagræðingarsjóðs. Maður hlýtur þá að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvernig hann ætlar sér þá að sinna þeim verkefnum ef þetta tæki verður tekið úr sambandi með öllu eins og fényting veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs í þessu skyni mundi auðvitað gera með afgerandi hætti?

Sá möguleiki er þá ekki lengur fyrir hendi að mæta áföllum sem verða í einstökum byggðarlögum vegna brottflutnings veiðiheimilda með því að færa þangað veiðiheimildir endurgjaldslaust ef ekki vill betur til, eins og lögin um Hagræðingarsjóð gera ráð fyrir að hægt sé að gera. Það hefur þegar komið fram algjört áhugaleysi og skilningsleysi hæstv. ríkisstjórnar á vandamálum t.d. Suðureyrar við Súgandafjörð, en ég er sannfærður um að þeir sem stóðu að síðustu ríkisstjórn og þeirri málamiðlun, sem þá var gerð varðandi afgreiðslu laga um fiskveiðistjórnun og Hagræðingarsjóð, höfðu einmitt slíkar aðstæður í huga. Það voru reyndar nefnd dæmi býsna skyld því sem núna hefur gerst á Suðureyri að meiri háttar brestur yrði í atvinnulífi einstakra byggðarlag vegna tilfærslna á veiðiheimildum.

Hæstv. forseti. Það kann að vera að einhverjum finnist það óþarfi að vera að gera að umtalsefni ýmis almenn málefni sjávarútvegsins í umræðum um þetta litla frv. Mér finnst það ekki og mér finnst reyndar sjaldnast óþarfi að taka til umræðu málefni sjávarútvegsins á hinu háa Alþingi og allra síst við núverandi aðstæður. Þegar boðaður er mikill aflasamdráttur, þegar greinin býr við bullandi taprekstur og þegar mjög dökkar horfur eru fram undan í sjávarútveginum á margan hátt tel ég að Alþingi geti varið tíma sínum með ýmsum óskynsamlegri hætti en þeim að ræða málefni af því tagi sem ég hef leyft mér að reyfa í umræðunum um þetta 63. mál þingsins sem snýr að breytingum á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. og jafnvel fleiri hv. alþm. sjái sér fært að taka þátt í þessum umræðum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er ærin ástæða fyrir Alþingi að ræða ítarlega um málefni sjávarútvegsins. Hér er til umfjöllunar frv. sem gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á verðlagningu sjávarfangs með því að mælt er fyrir um að horfið verði frá áratuga gamalli skipan um miðstýrðar verðákvarðanir yfir í þá nýskipan að verð ráðist á frjálsum markaði.

Hv. þm. ræddi hins vegar minnst um efni þessa frv. og þeirrar nýsköpunar heldur ýmis önnur atriði sem tengjast málefnum sjávarútvegsins. Mörg þeirra og flest hver verða til umræðu í formlegum þingmálum. Sá þáttur sem hv. þm. varði mestum tíma til að ræða, fyrirhugaðar breytingar á Hagræðingarsjóði, kemur til umræðu í þingmáli sem ég vænti að verði lagt fram í dag eða allra næstu daga og hv. þm. geta rætt þegar það mál kemur á dagskrá. Fjölmörg önnur mál er snerta sjávarútveginn munu koma hér til umfjöllunar, m.a. það sem hv. þm. vék að og lýtur að betra jafnvægi á milli starfsskilyrða fiskvinnslu í landi og úti á sjó þar sem ætlunin er að gera sambærilegar kröfur um gæði og nýtingu varðandi vinnslu á sjó. Frv. þess efnis kemur einnig til umfjöllunar hér. Þegar það kemur á dagskrá er eðlilegt að ræða það ítarlega.

Við munum einnig ræða mjög ítarlega stöðu sjávarútvegsins í ljósi nýgerðra samninga um Evrópska efnahagssvæðið. Það mál verður líka á dagskrá þingsins og eðlilegt að ræða um þau efni og stöðu sjávarútvegsins á ítarlegan hátt þegar þar að kemur. Við munum einnig síðar á þessu þingi ræða um skipulagsbreytingar í stjórnsýslu sjávarútvegsins sem eru í undirbúningi og fela í sér verulegar breytingar á skipan þeirra mála. Vitaskuld er það kórrétt hjá hv. þm. að allir þessir þættir tengjast meira og minna og ekkert óeðlilegt við það að menn varpi fram spurningum um önnur atriði í sjávarútvegi þegar rætt er um nýja skipan á verðmyndun sjávarfangs.

Ég vil þó í þessu sambandi minna á að þau ákvæði sem hér er verið að fjalla um eru í samræmi við þróun sem er að eiga sér stað. Hér er ekki verið að þvinga fram nýja skipan með lögum heldur varða leiðina fram á við í ljósi þeirrar þróunar sem á sér stað og allt hefur það verið undirbúið í mjög góðu samráði og samstarfi þeirra samtaka sem aðild eiga að Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Ég ætla ekki, frú forseti, að fara mörgum orðum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins en vísa aftur til þess

að það mál kemur hér til umræðu. Við getum fjallað ítarlega um það þegar það kemur með formlegum hætti á dagskrá. Ég vil aðeins eyða þeim misskilningi sem fram hefur komið í því efni í þessari umræðu. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef ekki borið fram neinar ásakanir á hendur fyrrv. ríkisstjórn í þessu efni eða kennt henni um eitt eða neitt. Ég var að vísu andvígur þeim lögum sem sett voru um Hagræðingarsjóðinn af ýmsum ástæðum. En þau voru eigi að síður sett af fyrrv. ríkisstjórn og þingmönnum þeirra flokka sem að henni stóðu. Það atriði sem helst var gagnrýnt varðandi notkun á þeim aflaheimildum sem Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar í þágu Hafrannsóknastofnunar var sú skipan mála hvernig þeim yrði komið í verð. Í því efni vísaði ég einungis til þess sem núgildandi lög mæla fyrir um í því efni. Það verður með öðrum orðum í engu breytt frá því sem fyrri ríkisstjórn ákvað varðandi þetta atriði. Að því leyti er þess vegna ekki um nein nýmæli að ræða.

Í gildandi lögum um Hagræðingarsjóð segir svo í 8. gr.: „Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum, er tilteknar veiðar stunda, kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi heimildir til þeirra veiða, sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal sjóðstjórn framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Sama gildir um framsal aflaheimilda á því fiskveiðiári eða veiðitímabili sem fiskiskip er keypt." Hér er með öðrum orðum kveðið á um það hvernig koma á þessum aflaheimildum í verð.

Ég var þeirrar skoðunar þegar þessi lög voru sett að hér væri um að ræða gjaldtöku á sjávarútveginn. Það stendur eftir sem áður óbreytt. Aflaheimildirnar hafa verið teknar af sjávarútveginum og það er gjaldtaka. Á hinn bóginn er rangt að það sé ný gjaldtaka sem nú er verið að ákveða. Hún var ákveðin með þessum lögum og það var ákveðið að koma heimildunum í verð með þessum hætti og þar á eru ekki gerðar neinar breytingar. Gjaldtakan á sér stað en hún er ekki ný af nálinni. Hún var ákveðin af fyrri ríkisstjórnarflokkum.

Þá er spurningin um notkunina á þeim fjármunum. Í fyrsta lagi gera þau lög sem nú eru í gildi ráð fyrir því að Hagræðingarsjóður standi undir ákveðnum hluta af kostnaði við úreldingu fiskiskipa. Það hefur enn sem komið er ekki komið til framkvæmda. Lögin, eins og þau eru úr garði gerð í dag, hafa ekki þjónað þeim tilgangi. Þau hafa ekki stuðlað að því að menn hafi sóst eftir slíkum styrkjum. Það þarf því að gera á þeim breytingar til þess að sjóðurinn geti gegnt því hlutverki, en af hálfu fyrri ríkisstjórnar var ekki þannig staðið að lagasetningunni að hún næði tilgangi sínum að þessu leyti. Ætlunin er að gera þessa breytingu á fyrst og fremst með því að heimila hærra bótahlutfall en núgildandi lög gera ráð fyrir. Sjóðurinn mun áfram fá árlegar tekjur af sérstöku gjaldi sem lagt er á rúmlestatölu fiskiskipa. Það verður nýtt til að standa undir hagræðingarverkefnum með því eigin fé sem sjóðurinn á í dag. Það er því ekki ætlunin að hverfa frá þessu hlutverki. Þvert á móti á að opna möguleika á því að geta gert snöggt tímabundið átak til þess að hafa raunveruleg áhrif í þá veru að fækka fiskiskipum.

Hitt atriðið sem hér kemur til álita eru byggðaverkefni þau sem Hagræðingarsjóðnum var ætlað að hafa með höndum. Ég dreg ekki í efa góðan tilgang manna með þeim ákvæðum og dreg síst úr því að eins og sakir standa þarf að hlúa að atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni án þess að ég ætli að fara lengra út í þá sálma í þessari umræðu. En ég minni á það að eins og þessi lög voru úr garði, gerð þá er tæknilega mjög erfitt að koma því við að þau þjóni þessum tilgangi sínum. Við setningu laganna komu fram athugasemdir frá ýmsum aðilum í sjávarútvegi sem bentu á að hæpið væri að lögin gætu þjónað þessum tilgangi. Þau hafa ekki náð markmiði sínu enn sem komið er að því er varðar úreldingu fiskiskipa. Þau hafa ekki enn náð því markmiði að vera stuðningur við einstakar byggðir í landinu og ég held að það stafi einfaldlega af því að lögin eru þannig úr garði gerð að það er hæpið að þessi markmið náist. Ég bendi á að hér er um tímabundnar aflaheimildir að ræða og það getur ekki falist nein varanleg lausn í því fyrir neitt byggðarlag að opinber sjóður af þessu tagi ákveði aflaheimildir til nokkurra mánaða og flytji þær síðan eitthvert annað. Menn hljóta að hugsa þau mál miklu dýpra ef á annað borð er verið að taka af festu á vandamálum í einstökum byggðarlögum.

Það mál sem hv. þm. benti á, sem eru vandamál á Súgandafirði, og sagði að einmitt þar hefði Hagræðingarsjóðurinn getað komið til álita. Það var prýðisgott að hv. þm. skyldi nefna þetta dæmi því að það er einmitt skýrt dæmi um að þessi sjóður hefði ekki komið að neinu haldi við þann vanda sem nú er að etja á Súgandafirði. Vandi þeirra í dag er ekki skortur á aflaheimildum. Vandi þeirra í dag er sá að Landsbankinn vill ekki lána mönnum út á fisk sem landað er þar. Eftir því sem mér skilst er sjálfsagt að lána út á fiskinn ef honum er landað annars staðar. Þó segi ég þetta með þeim fyrirvara að ég hef ekki skilið nákvæmlega hvað býr að baki þeirri ákvörðun Landsbankans sem lýtur að þeirri sameiningu fyrirtækja og hagræðingu sem átt hefur sér stað á Súgandafirði og með þeim fyrirtækjum sem þar hafa haft ráðagerðir uppi um að halda áfram atvinnurekstri á staðnum í nýju formi. Hagræðingarsjóðurinn hefði ekki leyst þetta vandamál, ekki á nokkurn hátt. Þetta er einmitt dæmi um að það er mjög ofgert hvað þessi sjóður, eins og lögin eru upp byggð, hefði getað gert í þeim tilgangi að styðja við einstakar byggðir.

Ég ítreka að tilgangurinn er góður og gildur og ég er ekki að deila við þá menn sem höfðu það að markmiði að styðja við sjávarútveginn og einstakar byggðir í landinu. Horfandi á þessa galla laganna og með þá staðreynd í huga að auknar hafrannsóknir hljóta að

vera forgangsverkefni í íslenskum sjávarútvegi, þá var mjög eðlilegt í þeim þrengingum sem við búum við að víkja þessu verkefni til hliðar, enda er það meginverkefni Byggðasjóðs að sjá um verkefni af þessu tagi, en nýta þær aflaheimildir sem búið var að taka af sjávarútveginum þess í stað til að standa undir verulegum hluta af kostnaði við hafrannsóknir. Með þessum móti var líka unnt að skapa Hafrannsóknastofnun stóraukið svigrúm til þess að takast á við ný verkefni á sviði hafrannsókna, þ.e. fjölstofnarannsóknir.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi dregist úr hömlu að gefa Hafrannsóknastofnun kost á því að ráðast í þessar mikilvægu og nauðsynlegu rannsóknir. Við þurfum á þessari vitneskju að halda til þess að geta tekið ábyrgar ákvarðanir um nýtingu auðlindarinnar til lengri tíma. Það hafa verið efasemdir um gildi þeirra rannsókna sem við byggjum okkar ákvarðanir á. Við gerum það þó á grundvelli bestu vitneskju sem til er. Við vitum hins vegar að það er hægt að afla meiri vitneskju. Við vitum að það er hægt að óska eftir svörum við fleiri spurningum sem nauðsynlegar eru fyrir okkur til þess að byggja frekari ákvarðanir á. Það getur skipt sjávarútveginn og þróun atvinnumála í einstökum byggðum sköpum hvort í þessar rannsóknir verður ráðist eða ekki. Íslenskur sjávarútvegur á mjög mikið undir því, og þar á meðal öll sjávarplássin í landinu, að í þessar rannsóknir verði ráðist.

Þess vegna hef ég litið svo á að þetta væri forgangsverkefni og það hafi verið fullkomlega eðlilegt að leggja þessa áherslu og nota þessa fjármuni sem þannig var búið að taka frá í þessum tilgangi.

Frú forseti. Ég ætla ekki að ganga meira á svig við dagskrárefni fundarins en þær umræður sem hér hafa farið fram gerðu það að verkum að óhjákvæmilegt var að víkja að einstökum atriðum eins og þessum sem ekki eru beinlínis dagskrárefni fundarins. En ég ítreka þakklæti mitt varðandi þann stuðning sem frv. sjálft sem hér er til umræðu hefur fengið. Ég treysti því að hv. þm. skilji mikilvægi þess og í samræmi við þá samstöðu sem er á bak við frv. í atvinnugreininni sjálfri stuðli að því að það fái sem skjótasta og vandaðasta málsmeðferð í þinginu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör hans og orð og virði hann fyrir það að hafa uppi nokkra tilburði til að ræða málið í því almenna samhengi sem ég óskaði eftir. Og ég tek það skýrt fram að af minni hálfu tel ég ekki að með því sé á nokkurn hátt gengið með óeðlilegum hætti fram hjá því dagskrármáli sem liggur fyrir hverju sinni. Það er venja sem allir hv. þm. ættu að þekkja að þegar til umræðu eru frv. sem varða mikilvæg málefni einstakra greina þá ræða menn að sjálfsögðu vítt og breitt um málefni þeirra eftir því sem efni og ástæða er til. Ég man ekki eftir því nokkru sinni að menn hafi tekið því öðruvísi en vel þótt slík skoðanaskipti bærust nokkuð um víðan völl.

Það mun rétt vera sem hæstv. sjútvrh. segir að nokkur af þeim atriðum sem ég nefndi og hann ræddi um koma til umfjöllunar eftir atvikum síðar á þinginu í formi einstakra þingmála. Það var kannski einmitt þess vegna sem ég var að lýsa eftir því að reynt væri að setja málin í svolítið samhengi og ræða um þau heildstætt. Vegna þess að eðli málsins samkvæmt verður það dálítið brotakennd umræða um sjávarútvegsmál sem fer fram ofan í skúffum, eitt í dag og annað á morgun og menn gefa sér aldrei tóm til að líta yfir sviðið í heild sinni og reyna að sjá samhengi hlutanna.

Ég tel einmitt að sú kerfisbreyting sem hér er lögð til varðandi verðlagninguna komi mjög víða við í sjávarútveginum. Þetta varðar öll samskipti óskyldra aðila í greininni því viðskipti milli veiða og vinnslu og jafnvel samkeppnisskilyrði einstakra greina vinnslunnar geta ráðist talsvert af því hvernig þessum viðskiptum er háttað.

Ég var líka með það í huga að hæstv. ríkisstjórn hefur gefið fögur fyrirheit, svo ekki sé meira sagt, um að hún ætli sér hvorki meira né minna en að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Bara amen. Minnir mann bara á austur-evrópskan hátíðleika þegar snillingarnir setja þetta á blað, hvort sem það hefur gerst út í Viðey eða annars staðar. Í bláu örkinni frá því í vor segir að ríkisstjórnin hyggist ná markmiðum sínum með eftirfarandi aðgerðum, með leyfi forseta:

„Með mótun sjávarútvegsstefnu sem nær jafnt til veiða og vinnslu, hamlar gegn ofveiði, eflir fiskmarkaði, treystir byggð og stuðlar að hagræðingu“ o.s.frv.

Þarna er þetta allt tvinnað rækilega saman og m.a. talað um veiðar og vinnslu og hagræðingu. Ég tel þess vegna að ekki sé óeðlilegt að spurt sé aðeins um það hvernig ríkisstjórnin ætli að ná öllum þessum markmiðum. Hvar er hin heildstæða sjávarútvegsstefna á vegi stödd? Hvað af henni er tekið að myndast í höfði hæstv. sjútvrh. eða annars staðar í móverkinu og hvenær fáum við eitthvað að heyra um það?

Í hvítu handbók ráðherranna, sem við höfum neyðst til að kalla svo eftir að upplýst var að hún kemur óbreyttum stjórnarþingmönnum unnvörpum ekki við og er fyrst og fremst handbók ráðherranna, stendur á bls. 31, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjávarútvegur. Mörkun heildstæðrar sjávarútvegsstefnu. Ríkisstjórnin hyggst móta sjávarútvegsstefnu er nær jafnt til veiða, vinnslu og markaðsmála,“ o.s.frv. „Til að vinna að mótun heilstæðrar stefnu í þessum efnum hefur verið skipuð sérstök átta manna nefnd“, tvíhöfða nefnd átta manna, janusarnefnd. Að vísu stendur nú ekki í bæklingnum að hún sé tvíhöfða, það er rétt að taka það fram að ég leyfði mér að skjóta því inn í.

Ég var, hæstv. forseti, að óska eftir því að sjútvrh. gerði okkur grein fyrir samhengi hlutanna eftir því sem hann treysti sér til og hvernig hann sæi þessa kerfisbreytingu sem óneitanlega er veruleg a.m.k. að forminu til. Auðvitað eru tímamót í þróun þessara mála innan sjávarútvegsins að við hverfum frá fastri verðlagningu yfir í markaðsverðlagningu á afurðum eða hráefnum í innbyrðis viðskiptum greinarinnar þó að í reynd sé hún kannski minni vegna þess hvernig þróunin hefur orðið. Ég tók það fram í upphafi ræðu minnar í gær að þeirri þróun neitaði ekki nokkur mað-

ur og fljótt á litið sýndust mér a.m.k. þau skref sem þarna væru boðuð gagnvart Verðlagsráði sjávarútvegsins ekki óeðlileg í ljósi þess sem gerst hefur. Og ég þarf ekki að endurtaka það, enda hafði hæstv. sjútvrh. greinilega náð þeim skilaboðum sem lutu að stuðningi við frv. hans.

Auðvitað er það ljóst og það er skiljanlegt að hæstv. sjútvrh. er í mikilli vörn þessa dagana vegna almennra aðstæðna í sjávarútveginum. Í kastþröng sinni leitar hann sér uppi óvini og skýtur á þá föstum skotum, ýmist Morgunblaðið, bankastjóra Landsbankans eða einhverja aðra drauga sem hann sér og hleypir af stóru byssunum dögum oftar. Síðast núna áðan var hann að segja að aðalvandi Suðureyrar við Súgandafjörð væri sá að Landsbankinn væri farinn að þvinga menn til þess að landa fiski hér en ekki annars staðar með því að neita að taka þá í viðskipti ef þeir voguðu sér að landa tittunum á stöðum sem væru Landsbankannum ekki þóknanlegir og greinilega er þá Suðureyri við Súgandafjörð ekki í þeim flokki sem nýtur náðar þeirra háu herra sem eru teknir til við að stýra löndun á sjávarafla ef marka má þetta. En ég held að það sé hins vegar misskilningur hjá hæstv. sjútvrh. að Hagræðingarsjóður hefði ekki getað komið til sögunnar í vandamálum af því tagi sem kunna að verða fram undan á Suðureyri. Nú veit ég ekki hvernig þeir hlutir þróast. Ég þekki ekki út í hörgul skilmála þess kaupmála sem hefur verið gerður, en mér er ekki kunnugt um annað en að hann feli í sér að útgerð skipsins hverfi frá staðnum sem þar hefur aðalveiðiheimildirnar á hendi og e.t.v. verði síðan einhverjum afla landað þar eða miðlað þangað yfir en það kunni að verða mun minna en áður var. Þetta þekki ég ekki, en ef svo færi að einhver verulegur hluti veiðiheimilda byggðarlagsins hyrfi annað og ekki kæmi afli til vinnslu á móti, væri þar með orðið mögulegt samkvæmt ákvæðum um Hagræðingarsjóð að beita honum í slíkum tilvikum. Það er nákvæmlega við slíkar aðstæður sem hann getur komið til sögunnar. Ég veit vel og hv. alþingismenn, og þarf ekki fræðslu hæstv. sjútvrh. til, að Hagræðingarsjóði var ekki ætlað að annast bankastarfsemi, taka fyrirtæki í bankaviðskipti sem ekki njóta náðar Landsbankans, það þarf ekki að fjölyrða um það. En um hitt er að ræða að þær veiðiheimildir sem þar er samkvæmt lögunum heimilt að ráðstafa til byggðarlaganna og jafnvel endurgjaldslaust gætu komið til í því tilviki.

Varðandi það að meginverkefni Byggðastofnunar, sem stjórnarformaður hefur nú lagt til að verði flutt á Hveravelli og látin annast veðurathuganir ef hún verður leikin eins og hæstv. forsrh. hyggst fyrir, sé að leysa þessi mál og þess vegna sé í raun í lagi að taka Hagræðingarsjóð til hliðar, þá er það nú varla þess virði að hlæja að því jafngrátbroslega og þeir hlutir eru að þróast í höndunum á hæstv. ríkisstjórn. Sumir hverjir þar á bænum virðast hafa það alveg að sérstöku keppikefli að rægja og níða niður þá stofnun og gelda hana gersamlega. Það væri að vísu rétt að væri Byggðastofnun efld og hún hefði úr myndarlegum fjárveitingum að spila þá væri það auðvitað á hennar verksviði að líta til vandamála af þessu tagi. En það verður tæplega eins og nú horfir um hennar málefni að hún geri stóra hluti á því sviði.

Ég held að það sé kannski rétt að verða við þeirri bón hæstv. sjútvrh., sem ég skil vel, af því að í hans huga er frestur á illu bestur greinilega, þ.e. að við frestum nú aðalátökunum og aðalumræðunum Hagræðingarsjóðinn þangað til það mál kemur inn á dagskrá þingsins. Ég skal þess vegna ekki hafa mjög mörg orð um það í viðbót. En það er alveg vonlaust mál fyrir hæstv. sjútvrh. að reyna að komast hjá því að það er verið að fénýta veiðiheimildirnar með þeim hætti að verðmætið er tekið frá sjávarútveginum miðað við fyrri skipan mála og ef hæstv. sjútvrh. hefur ekki áttað sig á þessu, er einfaldast að fara í frv. sem sjálfur reginfjandi Kristjáns Ragnarssonar, hæstv. fjmrh., hefur leyft sér að flytja án þess að að spyrja Kristján leyfis og liggur fyrir á Alþingi með alveg skýrum skilaboðum um það hvað gerist þegar veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs verða fénýttar með þessum hætti. Það segir í greinargerð með frv. sem lýtur að málefnum sjávarútvegsins:

„Tvennt einkennir rekstur Hafrannsóknastofnunar á næsta ári frá því sem er í ár. Annars vegar er gert ráð fyrir auknum umsvifum vegna nýrra rannsóknarverkefna. Hins vegar er hagsmunaaðilum í sjávarútvegi ætlað aukin þátttaka í kostnaði við rekstur stofnunarinnar.“ Og svo kemur það fram hér síðar í greininni að gert sé ráð fyrir að innheimta 525 millj. kr. undir nýju viðfangsefni, Sérstakar tekjur. Og hvað leiðir af þessu? Það leiðir af þessu að hæstv. fjmrh. getur lækkað fjárframlög ríkissjóðs til Hafrannsóknastofnunar um 525 millj. kr. frá því sem áður var. Hvers vegna getur hæstv. fjmrh. þetta? Af því að hann tekur þessi verðmæti út úr sjávarútveginum og ráðstafar þeim í að greiða kostnað sem áður féll á ríkið, hæstv. sjútvrh. Þess vegna verður það að niðurstöðutölur rekstrar Hafrannsóknastofnunar upp á 636,9 millj. kr. deilast þannig að 545,5 millj. kr. koma til í formi sértekna og ekki nema 91 millj. kr. af þessum á sjöunda hundrað koma frá ríkinu. Með öðrum orðum er rekstur Hafrannsóknastofnunar nánast eins og hann leggur sig færður yfir á sjávarútveginn. Það er það sem gerist, hæstv. sjútvrh. Og það er alveg sama hversu marga hringi menn fara og hversu mörg þúsund ræður menn halda um afgreiðslu laga um fiskveiðistjórnun og Hagræðingarsjóð. Þessari breytingu verður ekkert mótmælt og ég held að það sé langhreinlegast að ræða hana eins og hún liggur fyrir. Ég vil leyfa mér að gera það og mun að sjálfsögðu gera það rækilega þegar málið kemur hér formlega á dagskrá.

Reyndar væri það nú ef maður vildi stríða hæstv. sjútvrh., þá mundi ég kannski leyfa mér að koma með eina svona „ganske pena“ ábendingu til hans, eins og danskurinn mundi segja, eða hefði verið sagt á prentsmiðjudönsku hérna í gamla daga, og það er ósköp einfaldlega að hæstv. sjútvrh. bíði með að leggja þetta frv. um Hagræðingarsjóðinn fram þangað til hann hefur kannað með ótvíræðum hætti hvort það sé þingmeirihluti fyrir því á Alþingi. Í fullri vinsemd sagt, þá held ég að það væri ekki óskynsamlegt því að ég er ekki

viss um að allir hv. stjórnarþingmenn hafi áttað sig á því hvað hér eigi að fara fram. En að lokum bið ég svo hæstv. sjútvrh. síðastra orða að fara ekki að gera mönnum þann óskunda að draga málefni hafrannsóknanna sjálfra hvað faglegu hliðina snertir inn í umræðuna. Við skulum halda því algerlega þar fyrir utan. Ég held að allir hv. alþm. fagni því að samkvæmt rekstraráætlun Hafrannsóknastofnunar á næsta ári á að auka hafrannsóknir og þar styðjum við hæstv. sjútvrh. Það er engin deila um það. Ég hef sjálfur óskað eftir því að það komi inn í nál. sjútvn. til fjárln. varðandi þennan kafla frv. að sjútvn. Alþingis styðji þá áherslu á auknar rannsóknir sem gert er ráð fyrir í frv. En við skulum ræða fjármögnun þess kostnaðar sem alveg sjálfstætt mál. Við þurfum ekki að blanda þessari fénýtingu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs inn í það. Ég held að allt Alþingi hljóti að koma til með að styðja löngu tímabæra ákvörðun um að taka upp fjölstofna rannsóknir og annað það sem til heilla horfir faglega séð í fjárlagafrv. hvað þetta snertir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna gáleysislegra ummæla um bankamál tel ég rétt að það komi fram að Fiskiðjan Freyja hf. hefur notið afurðalána frá Íslandsbanka hf. Íslandsbanki hf. ku vera hið fullkomna bankaform samkvæmt því sem núv. viðskrh. og fyrrv. hefur haldið á lofti. Ekki verði betra form og sanngjarnara fundið til þess að stýra bankastarfsemi í landinu. Ég tel því að miðað við aðstæður verði að líta svo á að þetta byggðarlag hafi fengið að njóta þeirrar fyrirgreiðslu að þar hefur hlutafjárbanki sinnt þörfum þess.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla aðeins að gera tvær athugasemdir vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Sú fyrri lýtur að því að það er ekki hægt að halda því fram að hafrannsóknir eigi ekkert skylt við sjávarútveg. Þegar verið er að verja fjármunum til hafrannsókna, þá er verið að verja fjármunum í þágu sjávarútvegsins á Íslandi. Í sjávarútveginum eru fólgnir miklir almannahagsmunir og það eru miklir almannahagsmunir fólgnir í rannsóknunum líka. En rannsóknirnar eru vitanlega hluti af sjávarútvegsstarfseminni í landinu og þar verður ekki greint á milli.

Hv. þm. orðaði það einhvern veginn á þá leið einnig að ekki væri tilefni til þess að tengja saman fjáröflun til hafrannsókna og þau auknu rannsóknaumsvif sem nú hafa verið ákveðin. Því miður er nú veruleiki lífsins sá að ef við ætlum að stunda rannsóknir þá kosta þær peninga og ef við ætlum að auka þær, þá kostar það meiri fjármuni og eina færa leiðin í þeirri stöðu sem við erum í nú til þess að auka rannsóknarumsvifin var að fara inn á þessa braut með kostum þessara verkefna. Önnur leið var ekki fær og ég er alveg sannfærður um og hef fundið það að það er mikill skilningur hér á þinginu fyrir nauðsyn þessara auknu rannsókna. Þá verða menn líka að horfast í augu við það að til þess þurfa menn að fara þær leiðir sem færar eru og önnur leið var ekki fær í þessu efni.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir nú mjög slá út í fyrir hæstv. sjútvrh. og tekur steininn úr. Hann gengur sig ekki bara upp að hnjám í leit að óvinum hingað og þangað út um borgina, heldur gerir hann í því að misskilja menn og rangtúlka mál þeirra. Ég heyrði engan mann og hef engan mann á Íslandi heyrt halda því fram að hafrannsóknir komi sjávarútvegi ekki við. Hverjum dettur annað eins í hug? Auðvitað eru hafrannsóknir í þágu sjávarútvegsins. En það var ekki hér til umræðu og hæstv. sjútvrh. þarf ekki að ómaka sig í ræðustól til að reyna að snúna svona út úr orðum manna.

Í öðru lagi er það auðvitað þannig að til þess að unnt sé að ráðast í aukin verkefni á sviði rannsókna í sjávarútvegi, iðnaði eða landbúnaði eða hvar sem er þarf að afla fjár. Það datt engum manni annað í hug. Og það þarf ekki heldur að reyna að snúa út úr orðum manna á svo einfaldan og barnalegan máta. Hins vegar var til umræðu hvernig við öflum fjárins og hver sé hin eðlilega skipan, hvað lýtur að greiðslu kostnaðar á þessu sviði. Það hefur verið þannig að þessi undirstöðuþjónusta við sjávarútveginn og þessar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins hafa verið greiddar úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna og þannig er það reyndar með rannsóknir í þágu atvinnulífs á Íslandi að langmestu leyti. Hér er ríkisstjórnin auðvitað að boða algera kerfisbreytingu sem hlýtur að hafa í för með sér í framhaldinu miklu víðtækari uppstokkun þessara mála. Og við skulum ræða það. Erum við sammála því eða ekkiveit? Auðvitað veit öll þjóðin hvernig þessi kastraun hæstv. sjútvrh. varð til. Það var útbýtt einhverjum niðurskurðarlistum sem hver og einn ráðherra átti að vinna. Því miður virðist hæstv. sjútvrh. annað tveggja ekki hafa fundið skárri leið en þetta, sem ég held að sé óheppileg, bæði til lengri tíma litið en einnig vegna þess biðástands sem er í málefnum sjávarútvegsins á meðan endurskoðun á fiskveiðilögsögunni stendur yfir eða hæstv. sjútvrh. reyndist ekki maður til að standa gegn þessari árás á málefni sjávarútvegsins sem við höfum auðvitað frekar kosið að hann hefði gert.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og við mátti búast hafa nú umræður farið nokkuð víða um málefni sjávarútvegsins og ekki mikið um það að segja annað en að það kemur ekki á óvart miðað við þær aðstæður sem eru í málefnum þeirrar atvinnugreinar og þau áhrif sem þær kunna að hafa á afkomu þúsunda um landið. Ég verð að segja að mér finnst hæstv. sjútvrh. tala í þessum málum af nokkru gáleysi svo að ég noti nú viðurkennt orðalag og einnig af töluverðu alvöruleysi sem í mínum augum kemur fram sem skortur á skilningi á stöðu landsbyggðarinnar.

Varðandi hafrannsóknir sem síðast var fjallað um þá eru þær auðvitað fyrst og fremst í þágu þjóðarinnar. Þær hafa hingað til verið greiddar af sameiginlegum

tekjum ríkissjóðs og sú breyting sem menn eru að gera nú er að láta sjávarútveginn borga nýjan skatt, auknar álögur frá því sem verið hefur. Auðvitað er þetta ekkert annað en skattheimta. Hún er ný af því að hún hefur ekki farið fram áður þó ráðherra hafi hins vegar nokkuð til síns máls þegar hann bendir á að lögin hafi verið til. En það hefur ekki reynt á þau þannig að hann er sá fyrsti sem fer inn á þá braut að hagnýta sér þetta lagaákvæði í þessu skyni. Hann boðar í leiðinni breytingu á hlutverki sjóðsins þar sem hann tekur út samkvæmt því sem fram hefur komið það hlutverk sjóðsins að koma byggðarlögum til aðstoðar.

Mér finnst það satt að segja og í fullri alvöru að hæstv. sjútvrh. sendi fólki úti á landi býsna kaldar kveðjur um þessar mundir. Þegar menn eru í hverju byggðarlaginu á fætur öðru ekki bara að glíma við vandamál fyrirtækis heldur vandamál alls byggðarlagsins, hvers einasta manns, þá fá menn þær fregnir og yfirlýsingar frá hæstv. sjútvrh. að það eigi að taka af það hlutverk Hagræðingarsjóðs að koma byggðarlögum til aðstoðar. Það bætist við fyrri yfirlýsingar ráðherrans um það að hann sé andvígur því að breyta núv. sjávarútvegsstefnu. Ég sé ekki annað en að ráðherrann sé búinn að loka sig í þvílíkum yfirlýsingum að það sé búið að setja snöru um hálsinn á þessum byggðarlögum og menn sjái ekki nokkra leið til bjargar. Þegar lögin um fiskveiðistjórnun setja þann kross á byggðarlögin að verða að kaupa fiskveiðiheimildir ef þeir vilja hafa nokkrar og afnema svo þau fátæklegu lagaákvæði sem geta orðið mönnum til bjargar í því viðfangsefni. Ég spyr: Hvað er hæstv. sjútvrh. að meina? Hvernig ætlar hann að ráðleggja mönnum að komast fram úr þessu verkefni? Ég hef ekki svör því að hann hefur verið fáorður um það. En ég get ekki dregið aðra ályktun en þá að hæstv. sjútvrh. sé sammála hæstv. forsrh. um að það sé mikið íhugunarefni hvort menn eigi bara ekki að koma sér í burt og fá jafnvel styrk til þess.

Ég ætla að spara mér frekari umræður um málefni landsbyggðarinnar í tengslum við sjávarútveg þar til kemur að framhaldi umræðu um byggðamál því að þá er hægt að taka á því frá víðara sjónarhorni og rekja fleiri atriði sem koma þar við sögu heldur en hægt er í umræðu um sjávarútveg. En ég hygg að öllum eigi að vera ljóst að þessi vandi er fyrst og fremst til kominn vegna vanda sjávarútvegsins. Byggðastofnun er ekki það batterí að hún geti verið leiðréttingaraðili á vitlausar ákvarðanir stjórnvalda á hverjum tíma. Þetta eru það stór mál að það er ekki nokkur stofnun sem ræður við að bæta þar úr. Í raun og veru er það bara útúrsnúningur að benda mönnum á Byggðastofnun til bjargar í þessum málum. Þetta er miklu alvarlegra og víðtækara mál en svo að menn geti leyft sér að svara þessu með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur gert.

Ég vildi nú leyfa mér að fara nákvæmlega yfir ákveðið sjónarhorn varðandi þetta frv. Það fjallar í eðli sínu um samskiptareglur milli kaupenda og seljenda um fisk. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að mínu mati og ekki neitt sem kemur á óvart að menn hugi að því að þær samskiptareglur eigi að vera þær sem lagðar eru til. En það er engu að síður svo að við verðum að huga að þessum málum með heldur víðtækari hætti en fram kom í framsöguræðu. Við þurfum að athuga hvernig staða aðila er í viðskiptunum. Hvernig er staða kaupenda og hvernig er staða seljenda? Til þess að frjálsir samningar um verð gangi upp með viðunandi hætti þá þurfa aðilar að vera nokkurn veginn jafnsettir í þeim viðskiptum en ekki þannig að annar aðilinn hafi spilin á sinni hendi en hinn eintóma hunda. Það er ákveðið atriði sem mig langar til að benda á og það er að við erum með kvótakerfi í gangi. Við erum með þau lög í gangi sem úthluta öðrum aðilanum veiðiheimildirnar til ráðstöfunar og sölu ef honum sýnist svo. Þ.e. seljandinn í þessu máli hefur einn réttinn til að fiska. Kaupandinn, sem væntanlega er þá fiskvinnslufyrirtæki eða einhver slíkur aðili, hefur það ekki. Þetta skapar ákveðinn aðstöðumun sem m.a. hefur komið mjög skýrt fram í samningum um verð fyrir úthafsrækju þar sem rækjustöðvarnar í landi hafa haft mjög slæma samningsaðstöðu gagnvart útgerðarmönnunum. Það hefur leitt til þess sem mér er kunnugt um og eflaust ykkur öllum að rækjuvinnslurnar í landi hafa ekki aðeins þurft að borga umsamið verðlagsráðsverð fyrir úthafsrækjuna heldur yfirleitt líka orðið að semja um að borga hæsta verð fyrir alla rækju án tillits til stærðarflokkunar. Þar að auki hafa rækjuvinnslufyrirtækin oft og tíðum greitt til viðbótar þessu verði ýmsan útgerðarkostnað útgerðaraðilanna eins og veiðarfærakostnað og olíu. Það eru mýmörg dæmi sem mér er kunnugt um þar sem útgerðaraðilinn hefur getað náð slíkum samningum við vinnsluna.

Þetta kemur til að mínu mati vegna þess að aðilarnir eru svona misjafnlega settir til þess að semja þar sem annar aðilinn verður að fá keypt hráefni og stundum hvað svo sem það kostar. Menn eru í raun og veru ekki jafnsettir í þessu tilliti. Ég er því þeirrar skoðunar að lögin um fiskveiðistjórnun skapi verulegan aðstöðumun sem verður að taka tillit til þegar menn eru að taka ákvörðun um að menn eigi að semja um verð með frjálsum hætti að öllu leyti.

Þetta kemur minna að sök í botnfiskvinnslunni eins og menn þekkja þar sem veiðar og vinnsla eru að mjög miklu leyti á sömu hendi. Þó er þróunin í hina áttina að útgerðin er að taka til sín stærri hluta á kostnað vinnslunnar eins og hefur m.a. komið fram í máli hæstv. sjútvrh. Þannig eru útgerðarmennirnir farnir að nýta sérstöðuna í æ ríkari mæli í þeirri atvinnugrein líka. Og svo er enn atriði sem ég vil benda á og það er að kaupandinn í landi verður fyrir samkeppni um hráefni frá kaupendum erlendis. Útgerðarmaðurinn hefur þá möguleika að selja fiskinn í landi og líka að selja hann til útlanda þar sem fiskurinn er nú að jafnaði keyptur af vinnslufyrirtæki sem vinnur vöruna áfram hvort sem það kaupir hana sem ísfisk eða fisk af frystitogara. Þar erum við nú komin með ákaflega óeðlileg samkeppnisskilyrði því að fiskvinnslan í landi býr ekki við þær aðstæður sem fiskvinnslan í Evrópu býr við, sem er að miklu leyti ríkisstyrkt atvinnugrein og getur þar af leiðandi boðið hærra verð en raunhæft er miðað við rekstrarskilyrði hennar erlendis. Þetta hef-

ur m.a. leitt til þess að á síðasta ári voru flutt út sem ísfiskur 150 þús. tonn af botnfiski. Og úti á sjó í frystitogurunum voru unnin 120 þús. tonn af botnfiski. Þannig að við erum með 270 þús. tonn af botnfiski sem fer til vinnslu annars staðar en í landi.

Ég hef ákveðnar efasemdir um að stíga þetta skref, sem hér er lagt til, í ljósi þessarar mismunandi samkeppnisaðstöðu, þó ég sé í sjálfu sér nokkuð sammála efni frv. Því að vilji menn hafa frelsi í viðskiptum þá verða aðilar sem eiga að vera í þeim viðskiptum að vera nokkurn veginn á sama róli.

Ég horfi á málið þannig að markmiðið hljóti að vera að vinna sem mest af fiskinum í landi. Ég tel í fyrsta lagi óhagkvæmt fyrir þjóðarbúið að vinna svona mikið af fiski um borð í frystitogurum. Ég hef áður rakið tölur sem ég lét taka saman fyrir mig af aðilum sem gjörþekkja þetta mál og þær tölur leiddu í ljós, ef við tökum bara Vestfirði 1990, að þá var framleiðsla landfrystingarinnar á Vestfjörðum á síðasta ári 4 milljarðar kr. að útflutningsverðmæti. Ef þetta hefði verið unnið eingöngu um borð í frystiskipum þá væri verðmætið ekki nema 3 milljarðar kr. Þannig að það er 1 milljarður sem tapast á þessu magni á síðasta ári ef við færum með það í gegnum sjófrystingu í stað landfrystingu. Ég tel því að við eigum að styrkja stöðu kaupenda í landi þannig að meira af fiskinum fari þar í gegn. Í öðru lagi verðum við að hafa einhverja löggjöf sem tekur á þessum mismun á milli frystihúsa í landi innan lands og fiskvinnslunnar erlendis. Ég held að sá mismunur sem er í dag sé of mikill til að vinnslan í landi geti borið það til langframa. Þá komum við aftur að því máli að þegar svona gerist þá kemur það fyrst og fremst niður á landsbyggðinni og eykur í raun og veru enn á vanda hennar.

Í sambandi við úthafsrækjuna spyr ég sjálfan mig: Er eitthvað sem kallar á að það sé kvótakerfi í úthafsrækju? Rökin fyrir því að setja á kvóta, eins og menn hafa lagt málið fram, eru þau að það þurfi að skipta takmörkuðu magni upp á milli flotans sem hefur miklu meiri veiðigetu en það magn leyfir. Ég er ekki viss um að staðan sé þessi í úthafsrækjunni. Ég er nú ekki alveg með þessar tölur í kollinum en mig minnir að á síðasta ári höfum við jafnvel ekki náð því að veiða úthlutaða kvóta samanlagða í úthafsrækju. Þannig að ég spyr: Er ekki nægjanlegt í úthafsrækjunni eins og staðan er í dag að hafa bara heildarkvóta? Ef það væri þá erum við búnir að jafna aðstöðu seljenda og kaupenda hvað það varðar. Ég held að menn eigi ekki að vera að setja kvóta á fisktegundir bara til að setja á kvóta. Það á að vera með einhverjum rökum vegna stofnsins sjálfs. Því að hitt hlýtur að vera óeðlilegt að kvótasetja afurð eins og rækju ef ekki er nauðsyn á því því að það leiðir einfaldlega til þess að menn fara að kaupa og selja.

Þá vil ég að lokum benda á aðra grein þar sem mér finnst miðað við núverandi aðstæður að menn standi ekki jafnfætis. Þar er í raun og veru aðstöðumunurinn á hinn veginn og það er innfjarðarækjan. Þar vil ég meina að aðstaða seljenda sé mun lakari heldur en aðstaða kaupenda. Kaupendur hafa nýtt sér það í gegn um árin og gengið á það lag. Þannig hefur það verið með innfjarðarækjuna að seljendur hafa verið skyldaðir til að selja hana innan tiltekins svæðis og í raun meira því að það hefur ekki bara verið svæðisbinding á ráðstöfun aflans heldur verið fyrirtækjabinding innan þess svæðis. Það þýðir einfaldlega, t.d. við Ísafjarðardjúp að rækjubátar þar hafa í raun og veru verið skyldugir til að selja ákveðnum tilteknum fyrirtækjum rækjuna, því að hvert vinnslufyrirtæki hefur þar haft sinn kvóta úr heildinni sem bátunum ber að skaffa því.

Þar hafa sjómenn í þeirri atvinnugrein lagt fram þá breytingu að ráðstöfun aflans eða sala væri einungis svæðisbundin. Menn mættu selja sinn afla hverjum sem er innan tiltekins svæðis. Eins og t.d. við Ísafjarðardjúp mættu menn selja sinn rækjukvóta hvaða verksmiðju sem er sem þeir kysu sjálfir og næðu samningum við. Til þess að það nái fram að ganga verður að afnema svokallaðan verksmiðjukvóta. Og ég bendi á það að á síðustu vertíð í Ísafjarðardjúpi þá leiddi þessi verksmiðjukvóti til þess að rækjuverksmiðjur í frystingu sem reknar voru með bullandi tapi vildu frekar taka sinn kvóta og vinna hann með tapi heldur en færa hann yfir í niðursuðu sem var mögulegt og sem var rekin þannig að hún stóð undir sér og gat borgað hærra verð. Það er að mínu viti þjóðhagslega óhagkvæmt að þvinga menn til að láta í frystingu sem flutt er úr landi með tapi. Menn hefðu ekki átt að gera það og beina stærri hlut heildarkvótans í gegnum niðursuðuna sem hafði samninga í Þýskalandi um sölu á miklu meira magni en hún mátti vinna heldur en nam verksmiðjukvóta hennar og hún gat auk þess borgað hærra verð þannig að sjómenn urðu þá ekki fyrir eins miklu tekjutapi vegna verðfalls.

Þetta er mál sem kannski er staðbundið en þetta á að ég hygg við alla innfjarðarækju um land allt þannig að það er nú kannski ekki svo afmarkað. En þetta eru mín sjónarmið varðandi það og ég óska eftir því við sjútvrh. að hann upplýsi sín sjónarmið varðandi innfjarðarækjuna, þau viðhorf sem ég var að rekja.

Almennt ætla ég ekki að segja fleira um frv. Ég held að ég sé búinn að fara yfir það svona efnislega eins og það heitir eins og það horfir við mér. Ég er í sjálfu sér nokkuð sammála því sem menn eru að gera. En ég bendi þarna á ákveðna annmarka og mismunandi aðstæður kaupenda og seljenda og ég tel að menn verði að gera einhverjar ráðstafanir þar sem þessi mismunur leiðir til þess að við erum að missa fiskinn úr þjóðhagslega hagkvæmustu vinnslunni yfir í eitthvað annað sem er síður hagkvæmt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil láta það koma skýrt fram strax að ég er sammála ýmsu af því sem hæstv. sjútvrh. hefur verið að segja um íslenskan sjávarútveg á undanförnum vikum. Ég vil samt gera athugasemd í þessum umræðum um eitt atriði. Til þessa hafa hafrannsóknir verið kostaðar af sameiginlegum sjóði landsmanna eins og eðlilegt er. Sjávarútvegur er einstaklega mikilvægur í þjóðfélagi okkar og stendur

reyndar undir þeirri þjóðfélagsbyggingu sem við eigum. Það að hætta að kosta hafrannsóknir af sameiginlegum sjóði landsmanna og færa kostnað af þeirri þjónustu yfir á sjávarútveginn er auðvitað bein skattheimta. Skattheimta á vissa tegund fyrirtækja og skattheimta af þessari einu atvinnugrein. Þetta er út af fyrir sig í stíl við annað í skattahækkunaræði núverandi ríkisstjórnar. Hér er um skatt að ræða sem er sérstaklega lagður á eina tegund fyrirtækja. Sjávarútvegurinn er nær eingöngu stundaður í framleiðslubyggðarlögum á landsbyggðinni og þess vegna er hér um nær hreinan landsbyggðarskatt að ræða. Alveg á sama hátt eins og mundi vera með veiðileyfagjaldið sem að ég er mjög andvígur og algerlega sammála hæstv. sjútvrh. að við verðum að berjast á móti. En hér er sem sagt um landsbyggðarskatt að ræða og verra en það. Síðan er sú trygging sem þessi sömu framleiðslubyggðarlög, sem er ætlað að borga þennan hafrannsóknaskatt, hafa haft í Hagræðingarsjóðnum er frá þeim tekin. Þetta er nefnilega ekki einungis skattheimta á byggðarlögin heldur er líka þrengd og veikt aðstaða þeirra.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 5. þm. Vestf. Ég vil þakka honum fyrir að hafa fært umræðuna um þetta mál inn á málefnalegri brautir en hún var komin á eftir ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Þau umræðuefni sem hann vék hér að eru vissulega þess virði að þau séu skoðuð. Vegna beinnar fyrirspurnar um verðlagningu á rækju skal tekið fram að í hópi þeirra sem aðild eiga að verðlagsráðinu voru mestar efasemdir uppi hjá Samtökum rækju- og hörpudisksframleiðenda einmitt vegna þessarar stöðu sem hv. þm. nefndi að vafi væri á að eðlilegt jafnvægi væri á milli kaupenda og seljenda. Einmitt þess vegna var meginástæðan fyrir því að sameiginleg niðurstaða varð sú að hafa verðlagsráðið til staðar áfram með því ákvæði að unnt væri í undantekningartilvikum með meirihlutaákvörðun að ákveða lágmarksverð í verðlagsráði. Sú skipan mála var einmitt gerð með hliðsjón af þessari stöðu að menn voru ekki fullvissir um að í takmörkuðum tilvikum eins og þessum væri nægjanlega mikil samkeppni til staðar og nægjanlegt jafnvægi milli kaupenda og seljenda. Þess vegna vildu menn hafa þetta öryggisákvæði áfram. Það er skýringin á því að þessi regla er í frv.

Að öðru leyti er það kórrétt að frjáls verðmyndun kallar á að jafnvægi ríki á milli kaupenda og seljenda. Það er miklu betra jafnvægi í viðskiptum með bolfisk eins og hv. þm. benti á. Það er þó íhugunarefni hvort það sé nægjanlegt. Ég gerði þetta að umtalsefni á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í morgun í tengslum við þær breytingar sem við erum að ganga í gegnum. Að menn yrðu að huga mjög að því að eðlilegt jafnvægi væri á milli kaupenda og seljenda þegar við gerðum slíkar breytingar. Vel má vera að við þurfum að setja almenna löggjöf um samkeppnisreglur á þessu sviði til að tryggja betra jafnvægi. En ég minni á að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa þegar tekið ákvörðun um að leggja hér fyrir Alþingi frv. sem á að jafna skilyrði á milli vinnslu á sjó og í landi bæði að því er varðar gæðakröfur og nýtingu afla sem er þáttur í því að skapa betra jafnvægi hér. Sú nefnd sem falið hefur verið að endurskoða sjávarútvegsstefnuna í heild sinni hefur einnig það hlutverk að huga að þessu verki og henni er ætlað að ljúka störfum á næsta ári þ.e. áður en aðlögunartímabil þessara laga rennur út.

Ég vil ekki lengja þessar umræður, frú forseti, en aðeins taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. að það er fullkomlega eðlilegt að leiða hugann að þessum viðfangsefnum og mjög mikilvægt að jafnvægi sé tryggt milli kaupenda og seljenda í nýju frjálsu verðmyndunarkerfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 91.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér er mælt fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Það gerir ráð fyrir því að 19 tilgreindir einstaklingar öðlist íslenskan ríkisborgararétt. Þetta frv. byggir á því að gera tillögu um þá umsækjendur sem fullnægt hafa þeim skilyrðum sem Alþingi hefur stuðst við varðandi afgreiðslur á ríkisborgararétti og þau skilyrði einnig sett sem mannanafnalög kveða á um.

Ég vænti þess að Alþingi sjái sér fært að afgreiða þetta mál nú á haustþinginu svo sem venja er til um. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Frestur á framkvæmdum við álver á Keilisnesi.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd stjórnarandstöðunnar hef ég beðið um þessa umræðu um svonefnt álmál eða byggingu álbræðslu á Keilisnesi af augljósum ástæðum. Þau tíðindi, sem staðfest voru í gær, að langur dráttur verði e.t.v. á byggingu þessa álvers, valda að sjálfsögðu miklum áhyggjum og hljóta að verða til þess að flestar áætlanir um þjóðartekjur, fjárlög o.s.frv. þarf að endurskoða. Ég vil taka það fram að tilgangur minn með því að biðja um þessa utandagskrárumræðu er fyrst og fremst til að ná fram ítarlegri umræðu um hvað ríkisstjórnin kann að hafa annað í pokahorninu. Það er alveg ljóst að við blasir meiri háttar kreppa og ég trúi ekki öðru en ríkisstjórnin hafi ýmislegt annað sem hún getur greint okkur frá nú. Einnig er ljóst að þetta mun hafa mikil áhrif á atvinnuástand hér á næstu

árum. Gert hefur verið ráð fyrir að nokkur hundruð manna, dálítið breytilegt eftir hvenær á byggingartímanum er, hljóti vinnu við byggingu virkjunar annars vegar og álvers hins vegar. Þetta mun hafa vaxandi atvinnuleysi í för með sér og alveg sérstaklega verður þetta erfitt fyrir Suðurnesin sem mjög hafa byggt á því að álver væri á næsta leiti eins og haft hefur verið eftir hæstv. iðnrh. á þeim slóðum.

Þar hefur verið ráðist í ýmsar framkvæmdir, ýmsan undirbúning undir byggingu þessa álvers. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt, eins og hæstv. landbrh. er þekktur fyrir að segja í þessum sölum, að draga fram ýmis atriði þessa máls. Af því að ég veit að hæstv. iðnrh. er viðkvæmur fyrir gagnrýni bið ég hann að taka því vel þótt hér verði rakið ýmislegt í forsögu málsins sem ég hygg að ekki verði falið.

Ég vil vekja athygli á að á þingi iðnrekenda fyrir tveimur vikum eða svo bar þetta mál á góma. Vinnuveitendasamband Íslands hafði lýst í spá sinni að bygging álvers væri varla á næsta leiti og því gefið út miklu lakari spá um þjóðartekjur en Þjóðhagsstofnun hafði gert sem byggði að sjálfsögðu á ákvörðun ríkisstjórnarinnar um byggingu álvers. Hæstv. iðnrh. tók þessu afar illa og lét falla orð á þeim fundi sem ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér. Þar segir hæstv. iðnrh. meðal annars um spá Vinnuveitendasambands Íslands: „Það er illt til þess að vita að forustumenn í íslensku atvinnulífi telja það sitt hlutverk að hafa uppi órökstuddar illspár um mikilvæg framfaramál. Þá heggur sá er hlífa skyldi. Vonandi er ekki svo illa komið á þeim bæ að „falin sé í illspá hverri ósk um hrakför sínu verri". Við verðum að vona að þeir VSÍ-menn losni úr þessu svartsýniskasti áður en álverið nýja verður byrjað að bræða."

Ég vil leyfa mér að segja að svona orð um virta stofnun eins og Vinnuveitendasamband Íslands sæma ekki ráðherra og raunar engum manni. Ég efa ekki að Vinnuveitendasamband Íslands hefur byggt sína spá á athugunum sem e.t.v. voru engu lakari en þær sem hæstv. iðnrh. hafði. Sérstaklega finnst mér þetta ómaklegt þar sem staðreyndin er sú að hæstv. iðnrh. hafði hvað eftir annað verið bent á að vel mætti vera að spár dr. King, sem er sá ráðgjafi sem Landsvirkjun hefur fengið að þessum málum, væru ekki á nægilega sterkum grunni reistar. Ég átti m.a. viðtal við mann, sem einnig vinnur að slíkum undirbúningi, bandaríska verkfræðing, sem á heima í Genf og er þar með verkfræðistofu og reyndar útibú líka í Moskvu, um þessi mál í september fyrir rúmu ári. Ég sýndi honum þessar spár og hann sagði mér að hann drægi þessa spá mjög í efa og sagði að það væri alls ekki rétt að draga mundi úr álsölu Rússa vestur á bóginn eins og þarna væri gert ráð fyrir heldur mætti jafnvel gera ráð fyrir að hún ykist. Þetta ræddi ég við hæstv. iðnrh. en hann tók þessu heldur fálega og taldi ekki á neinum rökum reist. Og því miður verð ég að segja að flestum slíkum ábendingum, sem hæstv. iðnrh. fékk um þessi mál, var svarað einmitt á sama máta og hann svaraði VSÍ. Hann virtist telja að „falin væri í illspá hverri ósk um hrakför sínu verri". En þannig virtist öllum slíkum ábendingum því miður vera tekið og ekki síst í kosningabaráttunni síðustu þar sem maður fékk þetta að vísu ekki beint framan í sig en heyrði það af fundum sem hæstv. iðnrh. átti með sínum stuðningsmönnum ekki síst á Suðurnesjum. Það er ekki óeðlilegt með þær fullyrðingar allar að menn hafi treyst því að álver væri á næsta leiti og lagt í mikinn undirbúning til að taka á móti þeirri framkvæmd.

Nú vil ég taka skýrt fram að hæstv. iðnrh. útbjó ekki þessar spár heldur Landsvirkjun og það er þá við Landsvirkjun að ræða um spárnar. Mér er kunnugt um það sömuleiðis að athugasemdir, sem gerðar voru við þessar spár, virtust koma landsvirkjunarmönnum mjög á óvart. Ég veit um nýlegan fund þar sem verkfræðingur einn lýsti svipuðum framtíðarspám og ég fékk og hef aðeins rakið hér og þar var staddur landsvirkjunarmaður sem lýsti mikilli undrun á því sem hann heyrði. Þó er það staðreynd að ýmsir fleiri höfðu uppi efasemdir. T.d. er mér kunnugt um að svissneska álfyrirtækið hafði þegar á sl. hausti og aftur á sl. sumri miklar efasemdir um framtíð áliðnaðarins af þeim sökum sem ég hef hér nefnt. Það kann e.t.v að hafa verið ein ástæðan fyrir því að það fyrirtæki dró sig út úr þessum sameiginlegu hugmyndum um byggingu álvers hér. Staðreyndin er að þetta mál var sótt af miklu meira kappi en forsjá. Það held ég að sé nú lykillinn í þessu máli.

Ég sagði áðan að ekki yrði hjá því komist að rekja aðeins það sem á undan er gengið í málinu og ýmsa erfiðleika sem menn hafa orðið að fást við í þessu máli. Eins og menn þekkja á þetta mál nokkuð langan aðdraganda. Það var fyrri iðnrh. sem hóf það, reyndar tveir sem höfðu þá unnið að þessu sjálfsagða máli, að nýta orkulindir okkar til aukinnar orkuframleiðslu og orkufreks iðnaðar, í hófi að sjálfsögðu. En ég er þeirrar skoðunar að það beri að gera með öðru. Eftir að hæstv. iðnrh. tók við starfi iðnrh. í fyrri ríkisstjórn gerðist það hins vegar að fyrirtækið Alusuisse dró sig út og annar aðili kom inn. En það gerðist líka fleira. Hæstv. iðnrh. setti í raun af þá stóriðjunefnd sem hafði verið starfandi, nefnd sem var skipuð fulltrúum allra stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka, allra stjórnmálaflokka á Alþingi hygg ég nema Kvennalistans. Iðnrh. valdi þrjá menn úr þeim hópi, eins konar trúnaðarmenn, sem eftir það fengust fyrst og fremst við þessi störf. Því er ekki að neita að þetta olli töluverðri tortryggni í síðustu ríkisstjórn og alls ekki að ástæðulausu. Í svona máli er afar mikilvægt að allir fái að koma að og ég hygg að það sé staðreynd að betur sjá augu en auga. En hæstv. iðnrh. er kunnugur fyrir sinn mikla dugnað og kaus að hafa þetta mál sem mest inni á sínu borði og hafa með sér sem fæsta og fyrst og fremst þá menn sem játuðust undir hans sjónarmið. Þetta varð til þess að ég sem forsrh. gekk í það í síðustu ríkisstjórn að skipuð var ráðherranefnd í málið. Það var ekki fyrr en eftir töluvert múður að það var samþykkt og ráðherranefnd kom að málinu. Ég skildi mæta vel að það olli tortryggni hjá samstarfsflokkunum að fá ekki að fylgjast með því sem þarna var að gerast og þurfa alloft að heyra fyrst um það í fréttum.

Ég vil hins vegar taka það fram að í viðræðum mínum við hæstv. iðnrh. leyndi hann mig að sjálfsögðu ekki því sem var að gerast og þarf ég ekki að kvarta undan því. En vitanlega þurftu allir flokkarnir að koma að málinu. Ég tel þó að í framhaldi málsins hafi alls ekki verið gætt þeirrar varfærni sem hafa þarf í svo stóru máli. T.d. á að mínu mati skilyrðislaust að halda svo á málinu að ráðherra geti verið síðasti dómarinn fyrir utan hv. Alþingi að sjálfsögðu, en ekki sem þátttakandi í málinu og meira og minna bundinn í ýmsum þáttum þess. Ég taldi t.d., og ræddi það við hæstv. iðnrh., afar óeðlilegt þegar hæstv. ráðherra fór inn á fund samningamanna Landsvirkjunar í Hollandi fyrir rúmu ári og handsalaði þar samkomulagi um orkuverð og grundvallaratriði orkusamnings. Mér þótti afar skiljanlegt þegar núv. hæstv. forsrh. gerði uppsteit í Landsvirkjunarstjórn gegn þessu þegar honum var sýndur þessi samningur og sagðist hafa hann að engu ef ég man rétt og heimtaði að sett yrði nefnd sem hann fór sjálfur í til að endurskoða þennan samning. Hins vegar lýsti hæstv. forsrh., þáv. borgarstjóri, því yfir á fundum t.d. á skrifstofu minni að þeir komust ekkert með orkuverðið og var beinlínis svarað að ráðherra hefði þegar gengið frá því með handsali. Það voru náttúrlega mistök. Ég skal ekkert um það segja hvort unnt hefði verið að ná betra orkuverði. En lög gera ráð fyrir því að stjórn Landsvirkjunar semji um orkusölu og síðan er það samkomulag háð samþykki ráðherra. Ráðherra á sem sagt að vera síðasti aðilinn fyrir utan Alþingi sem kemur að slíku máli.

Því er ekki að neita að í síðustu ríkisstjórn ollu svona framkvæmdir verulegum vandræðum og ég vil leyfa mér að segja sjálfur að ég hafi í mörgum tilfellum leitt þetta mál fram hjá æðislæmum boðum sem út af fyrir sig voru ekki óeðlilegir eins og á því var haldið. Ég tel, eins og ég taldi þá, að sú undirskrift undir minnisblað sem fram fór í byrjun október fyrir rúmu ári hafi verið algerlega óþörf og reyndar stóð til að skrifa undir langtum ítarlegra minnisblað sem við í ráðherranefndinni fengum að sjá og gerðum margar athugasemdir við og töldum alls ekki svo langt komið að undir það væri hægt að skrifa, hvorki lægi fyrir samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um öll atriðin hvað þá að málin hefðu verið rædd á þingflokksfundum. Ég átti skömmu síðar fund með aðalmanni hinna erlendu fyrirtækja í Bandaríkjunum sem virtist nákvæmlega sömu skoðunar. Úr þessu minnisblaði fékkst síðan að vísu mjög dregið, en það var samt sem áður undirskrifað með fánaborg að baki.

Í þetta minnisblað slæddust villur sem ég vil leyfa mér að spyrja hvort enn eru í aðalsamningi. Í minnisblaðinu stóð t.d. að við Íslendingar skyldum hafa leyfi til þess að auka kröfur um mengunarvarnir ef slíkt yrði ákveðið á alþjóðlegum vettvangi og sýnt væri fram á að álverið ylli tjóni á á landinu í kring. Þetta eina litla „og" varð afar afdrifaríkt og fyrrv. umhvrh. fór sérstaka ferð til Bandaríkjanna til að fá það burtu en það tókst ekki og í það var vísað að þetta væri undirskrifað af hæstv. iðnrh.

Nú veit ég að núv. hæstv. umhvrh. hefur lagt fram drög að umhverfissamningi við álverið í þeirri nefnd sem um það fjallar á Alþingi, en eftir því sem ég best veit fékkst ekki upplýst hvort þetta „og" væri enn þá í aðalsamningi og reyndar fékkst aðalsamningurinn ekki skoðaður. Ég hef að vísu verið í burtu í nokkra daga, en ef hann hefur komið fram þá vil ég gjarnan fá það upplýst og hins vegar hvort þetta er enn þá í aðalsamningi. Erum við bundnir af þessu litla „og"?

Ég þarf náttúrlega ekki að rekja þær deilur sem urðu um staðsetningu álversins og ég vil taka það skýrt fram að það var ekki með samþykki ríkisstjórnarinnar fyrrv. að haldinn var fundur austur á fjörðum og síðan í Eyjafirðinum og boðið upp á álver. Það var ekki fyrr en þessi boð höfðu verið gerð að ráðherranefndin sem um þetta fjallaði samþykkti að allir þessir staðir skyldu vera til umræðu. En ég skal ekki segja hvað olli því að farið var skyndilega í þessa fundarferð. Að vísu dró nær kosningum og sumir sögðu að hæstv. ráðherra þyrfti að finna sér kjördæmi. Ekki veit ég hvort það er rétt eða ósatt sagt. En þessi fundarferð var slæm og olli með þjóðinni miklum klofningi og stórkostlegum vandræðum í þessu máli sem reyndist erfitt að greiða úr.

Þannig gæti ég rakið ýmislegt fleira. Ég hef fylgst nokkuð með málinu eftir að ný ríkisstjórn tók við og hefði vissulega fagnað því mjög ef af þessu álveri yrði. Ég tel að við þurfum á því að halda. Ég tel sérstaklega mikilvægt í núverandi ástandi að nýjar atvinnugreinar standi hér til boða. Mér þótti hins vegar ýmislegt undarlegt í þeirri undirskrift sem fór fram sl. sumar og mér virtist vera bindandi fyrir okkur Íslendinga en algerlega opin án nokkurra trygginga fyrir hina erlendu aðila. Var t.d. tryggt, ef hinir erlendu aðilar kysu að nota sinn opna fyrirvara um fjármögnun, að þeir greiddu þann kostnað sem hlotist hefur af samningagerðinni? Um það var oft rætt í fyrri ríkisstjórn að það væri lágmark að krefjast þess að ef þeir hlypu frá greiddu þeir þann kostnað sem á væri fallinn. Nú var gerður við þá samningur og undirritaður með viðhöfn, en alveg opinn af þeirra hálfu því að vitanlega geta þeir hvenær sem er sagt að vaxtakjör séu ekki nægilega góð og þess vegna kjósi þeir að ganga ekki til þessa verks.

Fjölmargar fleiri slíkar spurningar hljóta að vakna. Nú t.d. er ljóst að mikill dráttur verður. Hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpinu í gær, ef ég tók rétt eftir, að hann teldi tvö ár og ég held að það sé raunsærra en haft hefur verið eftir hæstv. iðnrh. — það sé meiri óskhyggja í því hjá iðnrh. En þetta þýðir að Blönduvirkjun verður vannýtt í lengri tíma. Það var talað um þegar dráttur varð í fyrra að fást yrði stytting á afsláttartíma raforkuverðsins. Það tókst ekki í samningunum sem undirritaðir voru í sumar að því er mér skilst þó að það fengist lítilfjörleg hækkun síðar á tímabilinu. Ég spyr: Nú dregst enn að úr byggingu þessa álvers verður og fæst þessi afskriftartími þá styttur? Og ég verð að spyrja: Erum við bundnir af þessum samningi enn þá? Geta hinir erlendu aðilar haldið okkur í biðstöðu þar til þeim þóknast að segja: Nú höfum við fengið þau kjör sem gera okkur kleift að byggja hér álver.

Erum við bundnir? Eða getum við Íslendingar nú leitað annað? Getum við afskrifað þetta ef önnur tækifæri bjóðast? Það er ýmis orkufrekur iðnaður sem kemur til greina annar en álbræðsla. Um allt þetta þurfum við nú að fá upplýsingar eins og stendur. Erum við bundnir af þessum samningi? Hafa þeir okkur í snörunni? Geta þeir látið okkur bíða eins lengi og þeim sýnist? Er ekki a.m.k. ljóst að ákvæði eins og þetta sem ég hef nefnt um afsláttartíma raforkunnar hlýtur að endurskoðast? Hefur þeim verið gerð grein fyrir því að við getum að sjálfsögðu ekki lengur látið þá fá orku með slíkum afslætti? Forsendurnar eru ekki fyrir hendi. Ég vona að hæstv. iðnrh. upplýsi okkur á eftir um ýmis slík atriði.

Eins og ég sagði í upphafi vil ég ekki hvað síst að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstjórn hvað hún hyggst nú gera. Stendur það enn þá sem hæstv. forsrh. gerði að aðalinntaki í stefnuræðu sinni, að ríkisstjórnin ætlaði engin afskipti að hafa af atvinnulífinu? Hér blasir nú við með samdrætti í sjávarútvegi og svo þessu áfalli, sem þýðir um það bil 1% meiri samdrátt í þjóðartekjum, þriggja milljarða minni tekjur og líklega 400–500 færri sem fá atvinnu, samdráttur sem er að nálgast það sem var 1967. Og af því að núv. stjórnarflokkum er svo gjarnt að vísa til viðreisnarstjórnarinnar vil ég benda á að hún hafði þó dug til að grípa til vissra aðgerða til að draga úr þeirri vá og þeim vandræðum sem sá samdráttur olli um land allt. Stendur það enn þá að ríkisstjórnin ætlar að sitja aðgerðarlaus?

Ég vil spyrja um ýmsar aðrar hugmyndir og ekki síst af því að fram kom hjá hæstv. iðnrh. í fréttum í gær að við værum að fordæma atvinnustefnu fyrri ríkisstjórnar. Fyrri ríkisstjórn var þó með ýmislegt annað á prjónunum. Ég skildi t.d. eftir afar athyglisvert álit frá nefnd sem ég bað að kanna ýmsa framtíðarmöguleika hér og var stundum kölluð bjartsýnisnefndin af því að hún komst að þeirri niðurstöðu að þeir væru ótal margir, t.d. gífurlega miklir í ferðaiðnaðinum og að hér gæti alls konar sérhæfð ferðaþjónusta blómstrað. Hins vegar var gert ráð fyrir áframhaldandi þátttöku ríkisvaldsins í að kanna þessa möguleika og jafnvel styðja við bakið á þeim sem vildu nýta sér þá eftir ýmsum leiðum, beinum og óbeinum. Hvað er orðið um þetta verk?

Hvar liggur núna skýrsla sem einnig var samin að minni tilhlutan í forsrn. um að nýta Keflavíkurflugvöll sem býður upp á gífurlega mikil tækifæri? Hvað á að gera þar? Hvað á að gera til að mæta atvinnuleysi á Suðurnesjum þar sem 8% kvenna eru nú atvinnulausar og atvinnuleysi fer ört vaxandi? Ég spyr: Hefur ríkisstjórnin mótmælt við Bandaríkjaher sem segir upp Íslendingum á undan Bandaríkjamönnum í trássi við samkomulag sem gert var fyrir allmörgum árum um að Íslendingar skuli ganga þar fyrir vinnu? Hæstv. utanrrh. er því miður ekki hér en starfandi utanrrh., sem ég hygg að sé hæstv. iðnrh., getur e.t.v. svarað þeirri spurningu. Hvað hefur verið gert? Hefur verið gripið þar í taumana?

Ég neita því ekki að það vakti óneitanlega athygli þegar ákveðið var að reisa það mikla og ég vona mjög gagnlega flugskýli á Keflavíkurflugvelli að Flugleiðir leituðu ekki einu sinni tilboða innan lands heldur var samið án útboðs við erlent fyrirtæki um að reisa þetta flugskýli. Ég spyr, var það gert í samráði við hæstv. ríkisstjórn eða var hún ekki höfð þar með í ráðum?

Enginn vafi er á því að það er rétt sem hæstv. iðnrh. hefur að fyrirsögn í frægu erindi sínu hjá iðnrekendum. „Þetta land á ærinn auð", segir hæstv. iðnrh. og það er rétt. Þetta land á ærinn auð, en það þarf vitanlega dug og kjark til að halda vel á þeim auði og nýta þann auð. Og það má ekki draga svo kjarkinn úr mönnum með því tali að athafnamenn skuli fá að gjalda sinna mistaka, eins og hæstv. forsrh. hefur sagt, og veita ekki þá aðstoð sem nauðsynleg er þegar kreppa gengur yfir þjóðfélagið að þessi mikli auður nýtist ekki og þau fjölmörgu tækifæri sem þjóðin hefur til að skapa hér góð lífskjör. Er það virkilega svo að hæstv. ríkisstjórn sjái enga aðra lausn á vandamálum okkar Íslendinga en að leita forsjár Evrópubandalagsins, sem hæstv. utanrrh. hefur reyndar hvað eftir annað lýst sem mesta afturhaldi í heimi? Er það lausnin? *Ég vildi gjarnan fá svar við því.*

Nei, staðreyndin er sú að okkur Íslendingum hefur með nánu samstarfi ríkisvalds, atvinnurekenda, verkalýðshreyfingar, bænda o.s.frv. tekist að skapa hér lífskjör sem eru með því besta sem þekkist. Þannig hefur tekist að brúa þá erfiðleika sem hér hafa orðið og það er hægt enn því að það er rétt að þetta land á ærinn auð.

Ég vil ljúka þessu með því að lýsa þeirri einlægu von minni að ríkisstjórnin hverfi af núverandi braut afskiptaleysisins og taki upp nauðsynlegt samstarf við Íslendinga hvar sem þeir eru og hverjir sem þeir eru um að nýta þennan mikla auð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það hefur verið á stefnuskrá ríkisstjórna á Íslandi um langt árabil að efla stóriðju í landinu. Hins vegar hefur nú orðið næstum tveggja áratuga hlé á því að orkulindum landsins fengist breytt í auðlindir. Á síðustu árum hefur víða verið leitað fanga í þessum efnum en árangurinn hefur því miður látið á sér standa.

Það mál sem við ræðum nú á sér upphaf í samkomulagi sem gert var 13. mars árið 1990, samkomulagi þátttakenda í Atlantsálsverkefninu um að byggja hér álver. Síðan hafa farið fram umfangsmiklar viðræður þessara samningsaðila m.a. um skattamál, skipulag og almenna lagalega umgjörð fyrirtækjanna, um orkuverð, um staðarval, um starfsleyfi, um umhverfismál. Öll þessi vinna, eins og ég hef áður lýst á Alþingi, er nú komin á lokastig og er verið að ganga frá tæknilegum atriðum.

Mig langar til að rifja upp fyrir hv. þingheim að heildarfjárfestingin í álveri Atlantsáls sem hefði 210 þús. tonna framleiðslugetu á ári yrði tæplega 44 milljarðar kr. á meðalverðlagi ársins 1990. Fjárfesting í virkjunum og öðrum tengdum framkvæmdum hefur nýlega verið áætluð um 30 milljarðar kr. Samanlögð ársverk á framkvæmdatímanum eru talin munu verða um 4500 og skiptast nokkurn veginn til helminga milli

framkvæmda við álver og virkjanir. Samkvæmt fyrri áætlunum áttu flest ársverk að falla til á árunum 1994–1995. Þegar þetta mikla álver verður komið í fullan rekstur er áætlað að útflutningsverðmæti afurða þess verði um 23 milljarðar kr. miðað við meðalgengi Bandaríkjadollars á fyrri hluta þessa árs. Með Atlantsálverinu yrði hagvöxtur á Íslandi verulega meiri en án þess.

Af þessum örfáu atriðum má öllum vera ljóst hversu mikilvægt þetta verkefni er fyrir okkur sem þjóð, fyrir atvinnuástandið, fyrir kaupmátt fólksins. Frestun þessara framkvæmda er þess vegna mikið áfall. Ég leyfi mér að benda á vegna þess sem kom fram hjá hv. málshefjanda, 7. þm. Reykn., Steingrími Hermannssyni, að allan þann tíma sem viðræður hafa farið fram hefur Alþingi Íslendinga reglulega fengið upplýsingar um málið. Ég tala nú ekki um þann aðgang sem ráðherrar í ríkisstjórn á hverjum tíma hafa haft á hverju stigi málsins.

Mig langar að rifja upp nokkur atriði í þessu sambandi. Í maímánuði árið 1990 var Alþingi gert grein fyrir stöðu samninganna með sérstakri skýrslu. Í október 1990 var lögð fram önnur skýrsla um stöðu samninganna þar sem gerð var vandlega grein fyrir samningunum eins og þeir stóðu þá og minnisblöðum sem gengu á milli aðila og til var vitnað í ræðu málshefjanda. Þar voru birtar greinargerðir um áhrif á byggðarþróun, þjóðarhag, um umhverfisáhrif álvera, svo að ég nefni nokkur mikilvæg atriði.

Í mars 1991, þ.e. fyrr á þessu ári, var enn lögð fram á Alþingi skýrsla um álver á Keilisnesi. Þar varð gerð ítarleg grein fyrir skipulagi samningastarfsins, helstu ákvæðum aðalsamnings, meginatriðum varðandi orkusölu, hafnar- og lóðarmál, starfsleyfi og fleiri atriði. Iðnn. Alþingis eftir hinu nýja skipulagi þingsins hefur á liðnu sumri einnig fengið margvíslegar upplýsingar um málið. Það hefur líka umhvn. Alþingis fengið um starfsleyfið. Ótaldar eru svo utandagskrárumræður og fyrirspurnir sem umræðum hafa valdið í þinginu þá 18 mánuði sem samningaviðræðurnar hafa staðið.

Ég leyfi mér að fullyrða að ekkert mál af þessu tagi hafi hlotið aðra eins kynningu og umfjöllun á vettvangi Alþingis og ekkert mál af því tagi sem hér um ræðir hafi verið lagt jafngreinilega fyrir þingið á frumstigum máls. Þess vegna vekur það furðu að menn vilja nú halda því fram að aðgangur að upplýsingum um þetta mál hafi verið takmarkaður og að menn hafi verið duldir einhvers þess sem þar var verið að ræða. Ég tala þá alls ekki um það að sjálfsögðu hversu góður og greiður aðgangur var að þessu máli innan ríkisstjórnarinnar sem hv. 7. þm. Reykn. veitti forstöðu. Þess vegna hlýtur það að teljast nokkuð undarlegt að hann skuli nú halda því fram að eiginlega hafi hann alla tíð dregið í efa að þetta verk svaraði kostnaði. Það hafi verið fyrir ári að hann hafi fengið upplýsingar sem gáfu honum ástæðu til að ætla að frumforsendur málsins stæðust ekki.

Þetta tel ég mjög alvarlegar upplýsingar fyrir þingheim að fá á þessu stigi máls. Það er eitt að gagnrýna hvernig á máli er haldið. Það er annað að segja að menn hafi allan tímann haft vantrú á því en staðið þó fyrir samstarfi um það í ráðherranefnd, í ríkisstjórn og á Alþingi án þess að gera uppskátt um slíkan hug til málsins. Þetta vil ég segja í mikilli einlægni, eins og ég veit að hv. 7. þm. Reykv. er mjög vel lagið. Ég endurtek að þetta vekur furðu mína og krefst skýringar. Það er ekki undarlegt að mínu áliti að margir þingmenn Kvennalistans haldi því fram að þeir hafi aldrei haft trú á þessu verkefni. Þar er málið í sjálfu sér eins og það hefur verið lagt fyrir af þeim. Að vísu verð ég að játa það að ég skil ekki þá afstöðu, þegar fulltrúar þingflokks Kvennalistans fagna því að nú hafi orðið dráttur á þessari bráðnauðsynlegu og mikilvægu framkvæmd. En hvað um það, þar hlýtur hver að ráða sinni afstöðu.

Mig langar til að víkja að nokkrum af þeim atriðum sem hv. 7. þm. Reykn. kom að í sínu máli. Í fyrsta lagi það sem hann sagði um minnisblaðið sem gert hafi verið í október og hafi verið óþarft. Þar vil ég benda á að ég er enn þeirrar skoðunar að það hefði verið æskilegt að ganga þá lengra en gert var, vinna hraðar, hafa skjalið ítarlegra. Þá hefðu verið meiri líkur á því að málið væri nú komið á framkvæmdastig. Þetta er mín óbreytt skoðun. En ég skil vel að þar er verið að tala um hluti sem eru getgátur manna og menn geta haft ólíkar skoðanir á. En ég vil ekki fallast á að það hafi verið óþarft. Ég tel þvert á móti að staða okkar sé sterkari fyrir það en án þess. Ég ætla ekki að tíunda það frekar en segi að ég mótmæli því algerlega að einhverjar villur hafi slæðst í þetta minnisblað. Umhverfisákvæðin, sem nú liggja fyrir í starfsleyfisdrögum, eru fullkomlega í samræmi við okkar umhverfisverndarsjónarmið, okkar þarfir. Hugleiðingar um samtengingar í því máli fá ekki staðist því það er ekki bara spurning um hvaða samtenging er notuð heldur hvað það er sem saman er tengt. Og ég fullyrði það að umhvn. Alþingis hafi nú fengið fullnægjandi skýringar á þessu og vil vísa til þess efnis sem fyrir hana hefur verið lagt og henni verið kynnt. Ég vildi reyndar láta þess getið að umhvrh. mun leggja fyrir þingið skýrslu um starfsleyfisgerðina á næstu dögum. Ég ætla að hún gæti borist þinginu í þessari viku.

Ég kem þá að því sem sagt var, að ég sem iðnrh. hafi staðið fyrir ótímabærum fundum um staðarvalið í aðdraganda kosninga á Egilsstöðum og Akureyri til að kynna þetta mál. Aðdragandi kosninga er að vísu afstætt hugtak en þeir fundir sem hv. 7. þm. Reykn. er að vitna til voru haldnir haustið 1989, í september það ár. Á fyrri fundinum var reyndar með mér, og við boðuðum þann fund sameiginlega, varaformaður Framsfl., hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh. Við vorum þar fyrst og fremst að ræða og kynna þá möguleika sem fælust í nýju álveri á Íslandi til þess að láta þann draum rætast að reisa stóra virkjun á Austurlandi. Ég held enn að þeir fundir hafi verið mjög gagnlegir. Reyndar líka fundurinn á Akureyri þar sem frá því var skýrt að það væri stefna þáv. ríkisstjórnar að næsta verkefni á eftir stækkun álvers í Straumsvík eða nýju álveri á Suðvesturlandi væri stóriðjuver við Eyjafjörð. Ég hélt að

við hefðum verið alveg sammála um þetta. Ég er líka sannfærður um að þessir fundir sameinuðu menn en sundruðu þeim ekki og voru nauðsynlegur aðdragandi að því að fá ákvörðun í staðarvalsmálinu sem á endanum tókst og var farsæl vegna þess að hún náði mjög mörgum ólíkum sjónarmiðum saman. Við það stend ég enn og sérstaklega í ljósi þeirrar áhyggju sem hv. 7. þm. Reykn. réttilega lýsir af atvinnuástandinu á Suðurnesjum hef ég sannfærst um það betur og betur að staðarvalið var vissulega rétt ráðið.

Mig langar, virðulegur forseti, að koma að nokkrum *fleiri atriðum í máli málshefjanda, m.a. þar sem hann* víkur að því hvort sá dráttur sem nú sé fyrirsjáanlegur á framkvæmdunum muni ekki fela í sér að Blönduvirkjun nýtist með örum hætti en áður hafi verið ráðgert og að það gefi tilefni til þess að huga að þeim ákvæðum um raðafslátt á fyrri hluta samningstíma við Atlantsál sem hingað til hefur verið gert ráð fyrir. Það er rétt athugað að þær breytingar sem við nú ræðum og frestur á málinu felur að sjálfsögðu í sér að huga þarf að þessum ákvæðum. Ég kann hins vegar ákaflega illa við að heyra orðalag eins og það sem hv. þm. leyfði sér að nota áðan: „Erum við þá fastir í snörunni?" Hér er engin snara. Við erum ekki fastir í neinu. Við höfum ekki gert bindandi samning um þetta mál. En við höfum hins vegar lagt drög að samningi sem ég tel að væri okkur mjög hagfelldur ef hann yrði að veruleika. Það er okkar hagur að halda málinu áfram, ljúka samningi fullkomlega tæknilega að öllu leyti og hafa í honum fyrirvara um gildi hans verði ekki ráðist í framkvæmdir. Ég tel það vera sérstakt viðfangsefni að ræða vandlega við okkar viðsemjendur í Atlantsálshópnum og komast að niðurstöðu um það með því að vitja málsins reglulega á næstu vikum, mánuðum og missirum. Það er líka mitt áform. Og eins og lýst hefur verið mun ég eiga fundi með forráðamönnum þessara þriggja fyrirtækja á næstu vikum.

Ég vil víkja nokkuð að því sem hv. 7. þm. Reykn. sagði að ríkisstjórnin hafi setið aðgerðarlaus meðan þessar viðræður fóru fram. Eins og ég hef áður sagt hlýtur hann að einhverju leyti að vera að vísa til sinnar eigin stjórnar því það er ekki svo langt um liðið frá því að hún fór frá að hægt sé að kenna aðgerðir eða aðgerðarleysi á samningstíma Atlantsáls eingöngu við þá ágætu ríkisstjórn sem nú situr. Það er einfaldlega þannig að allan þennan tíma hafa farið fram skipulegar viðræður, leit að ýmsum öðrum verkefnum og ég vildi leyfa mér að halda því fram að markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar hafi unnið þar mjög gott starf. Hún hefur kannað marga kosti. Hún á nú í viðræðum við aðila sem m.a. hafa í huga bræðslu báxíts til þess að breyta því í slípiefni. Það er ekki stórt fyrirtæki en gæti verið mjög áhugavert sem viðbót við orkunotkun og atvinnu á næstu árum. Ég nefni einnig viðræður um þilplötuverksmiðju úr vikri. Ég gæti nefnt mörg fleiri dæmi af almennu tagi sem markaðsskrifstofan hefur unnið að en vísa til þess að um það efni er ráðgert að leggja skýrslu fyrir þingið.

Ég vildi líka láta það koma fram að allan þann tíma sem Atlantsálssamningarnir stóðu hafa verið haldin sambönd við ýmsa aðra álframleiðendur. En að sjálfsögðu er það fullkomlega óraunhæf hugmynd að á meðan við erum í alvörusamningaviðræðum við eina *samsteypu álframleiðenda getum við haldið uppi einhvers konar varaskeifusamningum við aðra.* Hins vegar er eðlilegt að hafa vakandi samband við önnur álfélög. Og ég vildi líka benda á að hópurinn sem fer með áliðnaðinn í heiminum er ekki mjög stór og tiltölulega auðvelt að fylgjast með öllu því sem þar er að gerast.

Hins vegar er rétt að þar hafa orðið mjög óvæntar breytingar allra síðustu mánuði. Þær eru fyrst og fremst þær breytingar sem orðið hafa á álframleiðslu og framboði frá Sovétríkjunum. Sovétmenn standa nú á tímamótum í sínum áliðnaði eins og í svo mörgum öðrum greinum. Mörg þeirra álver eru illa búin hvað varðar umhverfismál og úrvinnsluiðnaðurinn hjá þeim stendur víða á brauðfótum. Þrátt fyrir ráðagerðir um að bæta framleiðslugetu þeirra blasa við margs konar vandamál. Tæknilega standa þessi álver ákaflega illa. Þau nota úrelta tækni. Nú eru Sovétmenn í raun og veru að selja allt sem hönd á festir fyrir gjaldeyri án þess að skeyta um það hvað hlutirnir kosta. Þeir líta ekki á það hvað orkan kostar í raun og veru. Þeir líta ekki á það hvað flutningurinn yfir þvert Rússland kostar. Þeir líta ekki á það hver vinnuaflskostnaðurinn er. Allt þetta mun fyrr eða síðar ásamt fjármagnskostnaðinum renna upp fyrir þeim og þá verður ekki lengur um þetta aukna framboð að ræða frá Sovétríkjunum. Það mun áreiðanlega verða til þess að eftir tiltölulega fá ár næst jafnvægi. Þær spár sem hv. þm. vitnaði til að menn hefðu uppi um þessi málefni sl. haust kollvarpa á engan hátt því langtímamati, sem ég er enn sannfærður um að er rétt, að áliðnaðurinn á sér bjarta framtíð og Ísland er ákjósanlegt land fyrir álframleiðslu í því hófi sem við sjálfir ákveðum. Þar er enginn vafi á að einn besti staðurinn fyrir slíka framleiðslu er einmitt á Keilisnesi.

Ég vildi að lokum, virðulegi forseti, koma nokkuð að atvinnuástandi á Suðurnesjum sem hv. 7. þm. Reykn. vék að. Það er vissulega erfitt. Þar eru nú fleiri á atvinnuleysisskrá en verið hafa um langan aldur og hefur svo verið um nokkra hríð. Það hefur verið samdráttur í störfum hjá varnarliðinu enda er samdráttur í varnarstörfum vestrænna ríkja um allan heim. Ástæðurnar fyrir þessu eru að sjálfsögðu þau gleðilegu tíðindi að friðvænlegar horfir í heiminum en fyrr. Það hefur ekki verið ráðið í störf sem losna. En samkvæmt upplýsingum um þetta frá þeim sem með starfsmannamálin fara er ekki ástæða til að óttast uppsagnir hjá Aðalverktökum á næstunni. Hins vegar er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því að framkvæmdir á vegum varnarliðsins dragist nokkuð saman eins og þeirra mannahald. Atvinnuhorfur í sjávarútveginum á Suðurnesjum hafa líka verið erfiðar eins og víða. Fyrirtæki hafa lokað en önnur sem betur fer hafa opnað.

Ég ætla líka að nefna það að bygging flugskýlis á Keflavíkurflugvelli, sem hv. þm. nefndi, vegna viðhaldsstarfsemi Flugleiða mun verða mjög mikilvæg viðbót við atvinnugrundvöllinn á þessum slóðum. Ég

vil líka nefna það sem nokkuð hefur verið rætt á undanförnum árum en lítið komist í framkvæmd en það er nauðsyn þess að setja upp fríathafnasvæði tengt Keflavíkurflugvelli. Alþingi samþykkti um þetta efni þáltill. Karls Steinars Guðnasonar fyrir nokkru. Nú er miklu betri gangur á því máli en fyrr. Í það verk hefur verið settur starfshópur þriggja ráðuneyta, fjármála, utanríkis og iðnaðar. Við munum leggja fram tillögur um þessa tilhögun á næstunni. Þar yrði unnt að koma á fót t.d. samsetningariðnaði á tölvum og tæknibúnaði.

Við munum einnig setja upp frísvæði fyrir annars konar starfsemi og leita þar fyrirmynda m.a. til Írlands. Ég bendi enn á það að samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði munu gefa fiskiðnaði á Suðurnesjum nýja möguleika. Ég bendi á að við erum nú að sjá nýja möguleika í sambandi við nýtingu á jarðhita á Suðurnesjum eftir að samstarf hefur verið tekið upp við erlenda aðila sem að sínu leyti byggist líka á aðgangi okkar að evrópskum markaði.

Það er í þessum breytingum sem framtíðarmöguleikarnir liggja. Og það er í þessum möguleikum sem framtíðaratvinnuvonin býr. Hún býr ekki í því að ríkið ákveði hvar, hvernig og hvenær nákvæmlega eigi að byggja upp atvinnuna. Við verðum að byggja hér upp almenn skilyrði. Það að ríkið er svo umsvifamikið sem raun ber vitni í orkufrekum iðnaði hlýst eingöngu af smæð landsins og fyrirkomulagi orkubúskapar okkar. Við eigum líka að leita annarra leiða en iðnaðaruppbyggingar og að undanförnu hefur verið unnið mjög rækilega að athugunum á því hvort sala rafmagns um sæstreng til Evrópu geti svarað kostnaði. Þær viðræður eru bæði tæknilegar og viðskiptalegar. Á þessu stigi máls er ekki annað hægt um þær að segja en að líklegt virðist að undir aldamót muni verðið á þessum markaði standa undir kostnaði vegna útflutnings á raforku héðan. Hins vegar verðum við á það að líta að slíkur útflutningur skapar litla vinnu nema á meðan á framkvæmdum stendur. Það er því hagur þjóðarbúsins að hafa til skiptis beinan útflutning orku og uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi.

Við höfum líka unnið að athugunum á framleiðslu vetnis sem orkugjafa. Það er líka mál sem liggur lengra fram í tímanum en álbræðsla. Því miður er það einfaldlega þannig að upplagðasta aðferðin til að breyta íslenskri orku í tekjur og atvinnu fyrir almenning er álbræðsla. Það er að vísu rétt að sá búskapur er sveiflukenndur en enn hefur enginn á það bent að önnur leið skili betri árangri.

Með þessum orðum, virðulegur forseti, lýk ég mínu máli en vildi að endingu nefna það að ég geri ráð fyrir að leggja fyrir þingið skýrslu um álsamningana eftir jól.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega alvarleg tíðindi þegar þau erlendu fyrirtæki sem Íslendingar hafa átt í viðræðum við um árarаðir tilkynna okkur að þau ætli sér ekki að byggja álver á Íslandi í bráð. Við höfum ýmsir að vísu varað við því um langt skeið að þetta kynni að verða niðurstaðan en núv. hæstv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh. og núv. hæstv. fjmrh. hafa ekki viljað hlusta á þær viðvaranir.

Þeir lögðu fyrir þingið fyrir fjórum vikum síðan fjárlagafrv. sem er byggt á þeirri meginforsendu að álversframkvæmdir og virkjanaframkvæmdir hefjist á næsta ári. Þeir hafa lagt fyrir þingið, þjóðina og samtök vinnumarkaðarins þjóðhagsáætlun sem einnig byggir á þessari sömu forsendu. Nú verður þetta allt tekið til endurskoðunar. En það er ekki bara að þingið og þjóðin hafi fengið upplýsingar sem ekki entust einn mánuð heldur hefur mikill fjöldi einstaklinga, jafnvel svo þúsundum skiptir, mikill fjöldi atvinnufyrirtækja, mikill fjöldi áhugamanna um atvinnuþróun, sérstaklega á Suðurnesjum, miðað sín framtíðaráform um langt skeið við þau orð iðnrh. að álverið væri á næsta leiti, samningum væri að ljúka og engin ástæða væri til að draga það í efa. Það er mikið högg fyrir Suðurnes, sem eiga núna við mikla erfiðleika í atvinnumálum að etja, að fá nú frá fyrirtækjunum, sem iðnrh. hefur treyst og sagt við Suðurnesjamenn að hann treysti, þá tilkynningu að ekkert verði úr þessum framkvæmdum í bráð. Það knýr á um að stjórnvöld taki til hendinni í atvinnumálum Suðurnesja og landsins alls. Það knýr á um það að afskiptaleysisstefna ríkisstjórnarinnar verði nú lögð til hliðar og hún bæti fyrir það tjón sem hefur orðið.

Þetta er alveg ljóst: Ríkisstjórnin hefur sýnt dómgreindarleysi. Málefnaundirbúningur hennar á þingi hefur reynst óraunhæfur og í miðjum nóvembermánuði verður að taka upp lykilákvarðanir þingsins. Hæstv. iðnrh. tilkynnti þjóðinni í gær að það hefði verið erfitt að sjá þessi tíðindi fyrir vegna þess að Persaflóastríð og síðari byltingin í Sovétríkjunum væru orsökin. Hæstv. iðnrh. viðhafði að vísu ekki þessa skýringu í ræðustólnum áðan. Og væri óskandi að þögn hans um þessi skýringaratriði í ræðustólnum væri vísbending um að hann hefði séð að sér. Vegna þess að þessar fullyrðingar, sem hann flutti þjóðinni í gær, um Persaflóastríðið og síðari byltinguna í Sovétríkjunum eru einfaldlega rangar. Þær standast ekki og orsakirnar sem hér liggja að baki eru miklu víðtækari og eiga sér lengri sögu en þessir tveir atburðir. En það er svo sem í stíl við annað í óraunhæfum ummælum hæstv. iðnrh. í þessu máli í gegnum tíðina að hann skuli á svo alvarlegri stundu flytja þjóðinni rangar skýringar á því hvers vegna nú er svo komið.

Hv. þm. Páll Pétursson hefur greint frá því í viðtölum við fjölmiðla að þegar samninganefnd Landsvirkjunar, sem var skipuð hv. þm. Páli Péturssyni og núv. hæstv. forsrh., Davíð Oddssyni, fór til viðræðna í Lundúnaborg við fyrirtækin þrjú og forsvarsmenn þeirra voru þar líka staddir til að ræða við erlenda banka kom þegar í ljós að erlendu bankarnir voru ekki tilbúnir til að greiða fyrir lánveitingum þessara fyrirtækja á grundvelli þeirra samningsdraga, ég endurtek, á grundvelli þeirra samningsdraga sem gerð höfðu verið, þ.e. þess lykilatriðis að bankarnir en ekki fyrirtækin ættu að bera meginábættuna af þessari fjárfestingu.

Eins og ég mun koma að síðar liggur þar ein meginskýringin á því hvers vegna fyrirtækin hafa nú dreg-

ið sig til baka og tilkynnt þessi slæmu tíðindi að samningurinn sjálfur var þannig gerður að það voru afar litlar líkur á því að fyrirtækin gætu fengið bankana til að annast þessa fjármögnun. Það er þess vegna samningsgerðin sjálf sem er ein af skýringunum á því hvers vegna nú er svo komið.

Ég átti skömmu eftir áramót viðræður við forustumenn Goldman Sachs. Goldman Sachs er eitt af virtustu fjármögnunarfyrirtækjum í veröldinni, eitt stærsta sinnar tegundar, og hefur m.a. annast fjármögnun fyrir álversbyggingar í Frakklandi. Forráðamenn þessa fyrirtækis tjáðu mér það snemma á árinu að Persaflóastríðið hefði eingöngu haft truflandi áhrif á alþjóðlegan lánamarkað í eina viku. Hinn alþjóðlegi lánamarkaður hefði strax náð sínu fyrra ástandi í annarri viku eftir að Persaflóastríð braust út. Þeir tjáðu mér einnig og forráðamönnum fjmrn. sem þar mættu til viðræðna og Lánasýslu ríkisins að að þeirra dómi væru fyrirtækin þrjú sem Íslendingar væru að ræða við að tefja málið vegna þess að þau væru ekki reiðubúin og bankarnir væru ekki reiðubúnir að taka þá almennu áhættu sem í þessu fólst.

Ég greindi þáv. iðnrh. og ríkisstjórninni frá þessum ummælum forustumanna Goldman Sachs, kunnáttumanna í hinum alþjóðlega peningamarkaði. En eins og með margt annað vildi hæstv. iðnrh. ekki hlusta á það. Ég verð hins vegar að segja nú í nóvembermánuði að þessi spá forustumanna Goldman Sachs í upphafi ársins hefur reynst vera rétt.

Hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, greindi frá því í þeirri ráðherranefnd sem hann lýsti hér áðan að starfaði í tíð síðustu ríkisstjórnar að hann hefði þegar á síðasta ári fengið vitneskju um það að álframboð frá Sovétríkjunum kynni að verða með þeim hætti að það truflaði markaðsþróun á áli. Þá vildi hæstv. iðnrh. einnig lítið gera með það. Ég get svo sem rakið þau orðaskipti og ummæli ef þess er óskað því það vill svo til að við erum hér staddir í þingsalnum tveir, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem þekkjum vel af eigin reynslu hve léttvægt hæstv. núv. iðnrh. fannst vera margt af því sem honum var sagt frá kunnáttumönnum víða að í veröldinni um þetta mál.

Ég tel þess vegna nauðsynlegt, þegar við erum nú stödd í þeim sporum að málið er úr sögunni um langa framtíð, að rekja hér þrjár ástæður sem ég tel að liggi að verulegu leyti á bak við það að nú er svo komið.

Í fyrsta lagi. Dómgreindarleysi iðnrh. sjálfs. Ég geri mér grein fyrir því að það eru stór orð. Þau eru hins vegar ekki mælt af neinum illvilja, en það verður að líta yfir málið eins og það er vaxið og skoða söguna eins og hún er í eðli sínu, hversu óþægilegt sem það kann að vera. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að rekja í löngu máli, enda hef ég ekki til þess tíma, þann langa lista yfir yfirlýsingar hæstv. iðnrh. á síðustu þremur árum sem sýna dómgreindarleysi hans á hverri stundu vegna þess að ég vil ekki væna hann um það að hafa greint rangt frá. Það vil ég alls ekki gera. Ég vil aðeins nefna nokkur dæmi.

Á þingi iðnrekenda, ekki því sem nýlega er afstaðið og hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnaði til, heldur á þingi iðnrekenda í mars 1989, fyrir rúmum þremur árum síðan, sagði hæstv. iðnrh. orðrétt: „Miðað hefur verið við að fyrri áfangi álversins færi í gang árið 1992, en hinn síðari árið 1996."

Í Morgunblaðinu 14. sept. 1989 tilkynnir iðnrh. formlega að Eyjafjörður sé líklegasti aðsetursstaður hins nýja álvers.

Þann 9. des. 1989 segir hann í viðtali við Alþýðublaðið: „Til þess að þær tímaáætlanir sem unnið hefur verið eftir riðlist ekki, verðum við að komast til botns í málinu á fyrstu mánuðum nýja ársins." — Þ.e. ársins 1990.

Og 19. des. 1989 segir í viðtali við hæstv. iðnrh.: „Varðandi áætlanir hans um byggingu nýs álvers sagði iðnrh. að þær miðuðust við það að upphaf framleiðslunnar gæti orðið í árslok 1993 og full framleiðsla síðan 1994."

Í viðtali við Morgunblaðið 14. mars 1990 segir hæstv. iðnrh.: „Stefnt er að því að ljúka samningsgerð Alumax, Hoogovens og Gränges og íslenska ríkisins um byggingu nýs álvers á Íslandi fyrir 20. sept. í haust." — Þ.e. 20. sept. 1990.

„Nú er þetta að verða dauðans alvara", segir hæstv. iðnrh. 14. mars 1990.

Hinn 27. sept. 1990 segir hann í viðtali við Tímann: „Álsamningar verða undirritaðir 5. okt."

Þann 6. okt. segir hann í viðtali við Þjóðvijann: „Tímans vegna er nauðsynlegt að málið verði til lykta leitt fyrir jól."

Og 12. des. segir hann í viðtali við Alþýðublaðið: „Skrifað undir í marsmánuði 1991."

Þetta eru, virðulegi forseti, aðeins fáein dæmi af því yfirlýsingaflóði sem komið hefur frá núv. hæstv. iðnrh. á síðustu árum þar sem hann var sífellt að tilkynna nýjar dagsetningar, ný verklok, nýja áfanga, nýjar stundir, ný ár þar sem byrjað yrði á verkinu sjálfu.

Var þetta rangt mat ráðherrans á hverri stundu? Mat hann málið svona vitlaust í öllum þessum tilvikum sem ég hef hér nefnt? Eða er einhver önnur skýring á því hvers vegna öll þessi ummæli — og hef ég þó bara tekið lítið brot — eru í ljósi reynslunnar dauð og ómerk?

Við sem vorum hér á síðasta vetrarþingi munum einnig að hæstv. iðnrh. hélt þinginu í helgreipum sínum dögum saman vegna þess að hann vildi knýja á um það að samþykkt yrði þáltill. um álmálið því að ella væri málið úr sögunni. Og þess var krafist að í frv. til lánsfjárlaga yrðu teknar heimildir um verulegar framkvæmdir sem síðan var farið í. Því ef það yrði ekki gert væri málinu stefnt í hættu. Dögum saman beið þingið nánast verklaust vegna þess að iðnrh. gerði það að algeru skilyrði að þetta yrði gert. Og það var gert. En enn á ný er ljóst að þau ummæli og þær ályktanir sem hann dró hér á síðasta vetrarþingi reyndust ekki réttar.

Það væri þess vegna hægt, virðulegi forseti, í mjög löngu máli að rekja hér yfirlýsingar ráðherrans mánuð eftir mánuð, missiri eftir missiri, ár eftir ár allt fram að yfirlýsingunum fyrir tveimur vikum síðan, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnaði hér til, sem all-

ar hafa reynst rangar. Hæstv. iðnrh. skuldar þinginu og þjóðinni annaðhvort skýringu á því hvers vegna allt þetta var rangt, hver og ein einustu ummæli, eða þá að biðjast afsökunar á því að hafa leitt þingið, þjóðina og Suðurnesjamenn sérstaklega í þessi erfiðu spor.

Önnur skýringin að mínum dómi á því hvers vegna nú svo komið eru lykilþættir í þeim samningi sem hæstv. iðnrh. hefur þegar gengið frá við fyrirtækin þrjú. Þegar samið var við Alusuisse á sínum tíma, þá var það gert með þeim hætti að móðurfyrirtækið ber alla ábyrgð á verksmiðjunni sem hér starfar. Hún er hluti af aðalfyrirtækinu sjálfu. Álfyrirtækin þrjú neituðu að fallast á slíkt sjónarmið og hæstv. iðnrh. samþykkti og undirritaði samningsdrög sem fela það í sér að móðurfyrirtækin þrjú bera mjög takmarkaða ábyrgð á þeirri verksmiðju sem reisa á á Íslandi, heldur á að mynda sérstakt hlutafélag um verksmiðjuna. Hinum erlendu bönkum er ætlað að taka meginábyrgðina á því að fyrirtækið standi sig. Ef það stenst ekki, þá eru það bankarnir sem tapa stórkostlegum fjármunum, miklu meiri fjármunum heldur en móðurfyrirtækin þrjú. Við vöruðum hæstv. iðnrh. í síðustu ríkisstjórn hvað eftir annað í ráðherranefndinni og á öðrum fundum að þetta ákvæði væri svo hæpið og opnaði svo útgönguleiðir fyrirtækjanna að það mundi að öllum líkindum leiða til þess að þau gengju frá verkinu, enda hefur það komið á daginn.

Það er ekki skortur á fjármagni sem veldur því að fyrirtækin hafa nú dregið sig til baka. Það kemur fram í viðtalinu við Paul Drack í Morgunblaðinu í dag. Þau geta fengið peninga. Það er ekki skortur á lánum sem hindrar þau í að fara í framkvæmdina. Það sem hindrar þau hins vegar er það að bankarnir vilja ekki taka þá áhættu sem fyrirtækin þrjú krefjast að bankarnir geri. Hvers vegna vilja fyrirtækin þrjú ekki sjálf taka þessa áhættu? Það er spurning sem er nauðsynlegt að bera fram. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég þyrfti satt að segja miklu lengri tíma til að rekja þetta hér, en ég skal reyna að ljúka máli mínu á örfáum mínútum.

Þriðji þátturinn ... (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Ef ég má hafa eina mínútu í viðbót, virðulegi forseti. Ég tel það óhjákvæmilegt. — Þriðji þátturinn er sú aðferðafræði sem hæstv. iðnrh. kaus að beita í þessu máli og Steingrímur Hermannsson vék að áðan, þ.e. sá ruglandi sem var um það hver væri í raun og veru að semja. Fyrst er formleg samninganefnd sett af. Þá er búin til samráðsnefnd. Hún starfar satt að segja enn, en hún hefur ekki komið saman í mörg missiri, því síðan var myndaður innri kjarni í þeirri samráðsnefnd sem átti að fara með viðræðurnar við fyrirtækin. En síðan kemur ráðherrann sjálfur og fer inn í viðræðurnar fram hjá þeim hópi og til hliðar, síðan Jóhannes Nordal persónulega og loks stjórn Landsvirkjunar. Það eru um það bil sex aðilar sem hafa verið flæktir inn í þetta mál með mismunandi hætti og það hefur vissulega tafið gang málsins og gert hann flóknari og erfiðari af hálfu Íslands. (Forseti hringir.)

Ég mun í þeim síðari tíma sem ég hef í þessum umræðum rekja nokkra aðra þætti málsins, en ég tel óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að hæstv. iðnrh. taki hér á Alþingi þátt í umræðum um þær fullyrðingar sem hann setti fram við þjóðina á blaðamannafundi og í fjölmiðlum í gær.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Tjaldið er fallið og þáttaskil orðin í því absúrd-leikriti sem hér hefur verið leikið mánuðum saman undir heitinu „Beðið eftir álveri." Það er einkenni slíkra verka að áhorfendum er ljóst að ekki er allt með felldu og að ýmsu fáránlegu er haldið fram en leikararnir halda sínu striki af sannfæringu. Flestir leikendanna eru nú farnir af sviðinu og áhorfendur staðnir upp en eins og jafnan gerist í absúrd-verkum er óljóst hver staðan er.

Við kvennalistakonur trúum því að leikritinu sé lokið og komið að því að brjóta til mergjar innihald þess og semja framhald í öðrum anda. Aðalleikarinn, hæstv. iðnrh., er hins vegar trúr innihaldi verksins og endurtekur mottóið: Það kemur, það kemur, það er alveg að koma. Hann stendur enn á sviðinu, enda heldur hann að það sé a.m.k. einn þáttur eftir enn. Reyndar glittir í hinn aðalleikarann, seðlabankastjórann og formann stjórnar Landsvirkjunar í daufri skímu sviðsljósanna. Hann er á leið út af sviðinu eins og hinir, sennilega á einhvern stjórnarfundinn.

Við kvennalistakonur drögum ekki dul á þá skoðun okkar að bygging álvers á Íslandi hefði verið reginmistök og röng atvinnustefna. Og það verður ekki sagt að við séum harmi slegnar yfir því að hætt hefur verið við þau áform að sinni. Við höfum lengi verið þeirrar skoðunar að álversdraumurinn væri ekkert annað en draumsýn þar sem mörg teikn hafa verið á lofti sem bentu í þá átt að ekkert yrði úr.

Hins vegar er ekkert fagnaðarefni þegar þjóðarbúið verður fyrir áföllum, hvaða ástæður sem þar liggja að baki. Það er ekkert fagnaðarefni þegar fólk missir vinnu sína og enn síður er það fagnaðarefni að eytt hefur verið milljörðum kr. til samninga, undirbúnings og virkjanaframkvæmda, til að fullkomna stóriðjudrauminn sem að engu er orðinn því ólíklegt er að sá gluggi tækifæranna, eins og iðnrh. kallar það, opnist að nýju.

Ábyrgð þeirra manna er mikil sem haldið hafa um stjórnartaumana undanfarin ár og einblínt á álver og aftur álver sem nánast einu lausnina á atvinnuvanda Íslendinga. Stærsta ábyrgð ber þó hæstv. iðnrh. sem hefði af hálfu ríkisvaldsins átt að segja: Hingað og ekki lengra, fyrir mörgum mánuðum þegar álverð fór stöðugt lækkandi og ljóst varð að bygging álvers á Íslandi var ekki vænlegur kostur, hvorki fyrir álfurstana né lánardrottna þeirra sem að sjálfsögðu meta þá áhættu sem skuldunautar þeirra eru að leggja út í. Þess í stað kaus hæstv. iðnrh. að halda áfram vegna þess að hann trúir sennilega því sem hann sagði í fjölmiðlum í gærkvöldi að framtíð áliðnaðar væri björt. Mikil er sú trú. En hún er bara ekki í neinu samræmi við raunveruleikann.

Á undanförnum mánuðum hefur verð á áli verið afar lágt á heimsmarkaði, fyrst og fremst vegna mik-

ils framboðs. Sovétmenn hafa boðið mikið magn af áli á lágu verði, m.a. vegna gífurlegs gjaldeyrisskorts. Samkvæmt upplýsingum að austan, sem m.a. koma frá íslenskum verkfræðingi sem þar vinnur við ráðgjöf, eiga Sovétmenn miklar birgðir og geta framleitt enn meira þannig að þess er ekki að vænta að offramleiðsla minnki og að álverð hækki á næstunni. Þar við bætist að efnahagshorfur í hinum vestræna heimi, sem mest nýtir af áli, eru ekki eins glæstar og spáð hafði verið, mælt á mælikvarða hagvaxtarins sem ég set vissulega spurningarmerki við.

Miklar umræður hafa átt sér stað um hættu sem fólki stafar af álumbúðum og eiga þær eflaust sinn þátt í minni sölu en gert hafði verið ráð fyrir. Þá hafa afvopnunarsamningar stórveldanna þegar gert það að verkum að dregið hefur úr vopnaframleiðslu en þau áhrif eiga eftir að verða meiri þar sem enn er verið að framleiða upp í gerða samninga og samdráttar tekur ekki að gæta fyrr en síðar.

Hæstv. forsrh. er nýkominn af fundi NATO í Róm þar sem ákveðinn var töluverður niðurskurður á herafla í Evrópu. Sú ákvörðun, sem vissulega ber að *fagna, á eftir að segja til sín á álmarkaði eins og ann*að sem snertir vopnaiðnaðinn.

Að öllu þessu samanlögðu er harla ólíklegt að framtíð áliðnaðar sé björt eins og hæstv. iðnrh. heldur fram.

Hæstv. iðnrh. verður tíðrætt um „síðari byltinguna" í Sovétríkjunum og á þar líklega við þá atburði sem gerðust þar eystra undir lok ágústmánaðar, en þeir hafa að sögn ráðherrans sett álheiminn á annan endann og eiga hvað mestan þátt í þeirri ákvörðun sem nú hefur verið tekin, ef ég skil hann rétt. Þessi söguskýring kemur okkur sagnfræðingunum í Kvennalistanum spánskt fyrir sjónir. Það er erfitt að átta sig á hugtakinu „síðari byltingin" og hvernig hún tengist málinu. Hver var hin fyrri bylting að dómi ráðherrans? Á hann við byltinguna 1917 eða valdatöku Gorbatsjovs? Og hvernig skýrir þetta byltingarhjal stöðu mála hér? Ég fæ ekki séð að það skýri nokkurn skapaðan hlut því að álverð hefur verið í lágmarki mun lengur en frá því í ágúst og framboð mikið allt þetta ár, líka frá Sovét.

Það er því kattarþvottur einn að skýla sér á bak við þróun alþjóðamála síðustu vikna. Hér er um að ræða mun lengri aðdraganda og við hæstv. iðnrh. og ráðgjafa hans að sakast því að þeir hefðu átt að sjá að sér fyrir löngu. Það er þjóðinni síst til hagsbóta að þrjóskast svona við. Menn verða að horfast í augu við raunveruleikann og draga í land í tíma.

En nú er tækifærið til að söðla um og hefja mótun raunhæfrar atvinnustefnu sem tekur mið af náttúru landsins, gögnum þess og gæðum, atvinnustefnu sem gengur út á að nýta betur það sem við eigum, atvinnustefnu sem miðast við að tryggja byggð í landinu og síðast en ekki síst atvinnustefnu sem tekur mið af konum og þörfum þeirra, en atvinnuhorfur kvenna víða um land eru ekki glæstar.

Við eigum marga möguleika sem þarf að þróa, þar með talda þá ónýttu orku sem hægt er að nýta til framleiðslu sem ekki er mengandi, framleiðslu sem horfir til framtíðar. Á ég þar ekki síst við vetnisframleiðslu þótt hún krefjist nokkurs undirbúnings.

Virðulegi forseti. Það er bjargföst sannfæring mín að sú stóriðjustefna sem hér hefur verið rekin á kostnað annarrar atvinnuþróunar um árabil er tímaskekkja. Þrátt fyrir áratuga umræður verða þau vandamál sem mannkynið glímir við æ alvarlegri. Lungu jarðarinnar, skógarnir, eru tættir niður, eiturefni streyma út í andrúmsloftið og menga höf, land og loft, enda komin göt á ósonlagið. Neysluhyggja Vesturlanda hleður upp haugum af sorpi og hættulegum úrgangi sem enginn veit hvernig á að losna við. Gengið er æ lengra á auðlindir jarðarinnar jafnframt því sem bilið milli ríkra þjóða og fátækra fer vaxandi. Iðnaðarstefna Vesturlanda með sína hagvaxtardýrkun er þrátt fyrir allar framfarir aðalsökudólgurinn og ég er sannfærð um að sú stund nálgast er Vesturlandabúar verða að horfast í augu við þá staðreynd að þessir lifnaðarhættir okkar ganga ekki lengur ef við ætlum að lifa á þessari einu jörð sem við eigum. Þess vegna er mengandi stóriðnaður fortíðarhyggja, stefna sem innan tíðar verður að mestu aflögð. Við munum verða að leysa þarfir okkar á annan hátt með bættri nýtingu, endurvinnslu og *hreinlega með því að gefa upp á bátinn lúxus* eins og bensínknúna bíla. Nú þegar er stefnt að banni á bensínbílum í borgum eins og Los Angeles og þeir eru bannaðir tímabundið í nokkrum borgum Evrópu. Æ fleirum er ljóst að breytinga er þörf og því felast möguleikar okkar í því að slást í hóp þeirra sem verja vilja jörðina og náttúruna og laða til okkar þá sem njóta vilja óspilltrar náttúru í landi þar sem vegirnir eru ekki varðaðir spúandi verksmiðjum.

En hvað blasir nú við? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera? Á næstu dögum verða menn að setjast niður, endurskoða þjóðhagsáætlun og fjárlögin þar sem ríkisstjórnin var svo glámskyggn, þrátt fyrir hin mörgu teikn, að reikna álversframkvæmdirnar inn í dæmið. Tekjur ríkissjóðs munu minnka nokkuð og samdráttur verður í virkjunarframkvæmdum. Þar á móti kemur að erlendar lántökur verða minni, skuldsetning þjóðarinnar minnkar og það sem mestu skiptir, hætt verður við áform sem hefðu hæglega getað komið þjóðinni á kaldan klaka.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1992 segir fyrir neðan línuritið á bls. 36 þar sem gerð er grein fyrir skuldastöðu þjóðarinnar, með leyfi forseta:

„Á myndinni hér að ofan sést að ef þessir reikningar" og þarna er átt við reikninga með haglíkani Þjóðhagsstofnunar, „ganga eftir, þá ná erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu sögulegu hámarki árið 1995, verða þá rúmlega 58%. Á undangengnum árum hefur þetta hlutfall komist hæst í 53% árið 1985. Til samanburðar má geta þess að árið 1960–1965, fyrir upphaf virkjanaframkvæmda vegna álvers Alusuisse í Straumsvík, var hrein skuld við útlönd í kringum 20% af landsframleiðslu. Þjóðarbúið er því að þessu leyti til í mun verri stöðu nú til að taka áhættu en þá. Það verður raunar að taka það skýrt fram að í þessum reikningum er í raun innifalin forsenda um strangt aðhald í hagstjórn þannig að ekki komi til óhóflegrar þenslu með tilheyrandi verðbólgu, raungengishækkun

og útstreymi gjaldeyris. Svo að dæmi sé tekið þá lætur nærri að samanlagður fjárfestingarkostnaður í álveri og virkjunum að frádregnum eiginfjárframlögum sé um 80 milljarðar kr. á verðlagi 1991. Ef allir þessir peningar streyma út úr landinu aftur — hluti þeirra gerir það óumflýjanlega vegna innflutnings á fjárfestingarvörum vegna framkvæmdanna — mundi hlutfall erlendra skulda sem spáð er að verði um 175 milljarðar í árslok 1991 fara í um 70% af landsframleiðslu í árslok 1995 sem hefði óhjákvæmileg áhrif á lánstraust okkar erlendis."

Þetta er ljót spá og við skulum þakka fyrir að nú gefst tækifæri til að sveigja inn á aðrar brautir. Það er verk að vinna í atvinnumálum á Íslandi. Það er hlutverk stjórnvalda að skapa hagstæð skilyrði, stuðla að rannsóknum og tilraunum og beita sér fyrir aðgerðum sem styrkt geta skynsamlega byggðastefnu í landinu. Við þurfum öll að leggjast á eitt og ekki stendur á okkur Kvennalistakonum til góðra verka.

Virðulegi forseti. Tjaldið er fallið. Látum þessum sorglega absúrd-leik vera lokið, hæstv. iðnrh., og snúum okkur að alvöru lífsins.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er enginn vafi á því að sá dráttur, sem nú hefur verið tilkynntur á því að ráðist verði í virkjanaframkvæmdir og álversbyggingu á Íslandi eru mikil vonbrigði og áfall, bæði fyrir þing og þjóð. Það er enginn vafi á því að almenningur í landinu, allur þorri fólks, hafði bundið töluverðar vonir við það að nú eftir fimm ára tíma samdráttar mættu menn búast við því að sú inngjöf í okkar efnahagslíf sem fylgdi nýju álveri og virkjanaframkvæmdum yrðu að veruleika. Ég tel að þeir þingmenn, sem hér hafa þegar talað af hálfu stjórnarandstöðunnar, átti sig á þessum vonbrigðum og þeir hafi alls ekki verið að hlakka yfir því, nema síður væri, að svona hafi farið. Þeim er eins og öllum öðrum ljós nauðsyn þess að framkvæmd af þessu tagi eigi sér stað á Íslandi. Hér eru að vísu fulltrúar Kvennalistans ekki meðtaldir. Ég er ekki að segja að sá flokkur hlakki sérstaklega yfir þeirri niðurstöðu sem nú er a.m.k. um hríð, en það er í samræmi við stefnu þessa lista að vera andvígur því að til stóriðju sé ráðist á Íslandi.

Þegar þetta er haft í huga að menn eru flestir ef ekki allir sammála því að það er harmsefni að svona hafi farið, a.m.k. um hríð, er dálítið erfitt að átta sig á hvers vegna menn grípa til þess að vera með jafnmiklar árásir á iðnrh. eins og þeir hafa haft. Það gæti gengið upp í þessu samhengi ef sýna mætti fram á það að iðnrh. hafi sérstaklega sett fótinn fyrir þessar framkvæmdir eða hann hafi verið í forustu þeirra sem vildu koma í veg fyrir að af þessum framkvæmdum yrði og nú hefði honum loksins tekist að ná þeim árangri. Allir vita að hér er málum auðvitað þveröfugt farið, enginn maður hefur verið harðari baráttumaður fyrir því að þessar framkvæmdir mættu takast en iðnrh.

Ég tel ekki að þeir ágætu talsmenn stjórnarandstöðunnar, sem hafa talað, hafi getað sýnt fram á að neitt í orðum, verkum eða gjörðum iðnrh. hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem nú hefur orðið. Þess vegna hafi ekki verið ástæða til þeirra árása sem á hann voru gerðar. Ég tel að þær yfirlýsingar sem vitnað hefur verið til og upplýsingar á tilteknum tíma um stöðu mála hafi ekkert haft með það að gera hvort af samningum yrði eða ekki.

Hér hefur verið um það rætt, m.a. af hv. 7. þm. Reykn. hvort menn hafi um of trúað á þær spár sérfræðinga sem gefnar hafi verið. Ég get vitnað til um það úr þessum ræðustól að ég hef haft uppi efasemdir um slíkar spár og látið það koma fram bæði meðan ég sat í stjórn Landsvirkjunar og út á við og ég var aðallega að hugsa um í því sambandi að raforkusamningurinn byggði á tilteknu verði á áli og því var nauðsynlegra en ella að vita um eins og fært væri hvernig það væri líklegt til að þróast. Ég held hins vegar að gagnvart því að komast að niðurstöðu um það hvort líklegt væri að af samningum yrði eða ekki hafi þessar spár ekki verið mikið innlegg í málið. Ég held að þar hafi ráðið mestu að menn sáu hinn mikla áhuga sem hinir erlendu viðsemjendur sýndu á málinu. Sú mikla vinna sem þeir lögðu í málið og sá mikli kostnaður sem þeir lögðu í málið á hverjum tíma. Þessir aðilar höfðu trú á því, þeir sem áttu auðvitað líf sitt undir því líka reyndar eins og Landsvirkjun, að af samningum yrði með skikkanlegu móti, að mál mundu þróast þannig að þetta álver ætti rétt á sér núna. Ég hygg að þeir séu ekki í neinum vafa um að það eigi rétt á sér í framtíðinni, en þeir töldu að þetta álver ætti einmitt rétt á sér núna og þess vegna var unnið að málinu af einurð af þeirra hálfu að ég hygg.

Auðvitað má spyrja þegar frestun af þessu tagi liggur fyrir hvort við af Íslands hálfu hefðum getað unnið að málinu öðruvísi og sjálfsagt má benda á einhver dæmi þess. En ég vil leyfa mér að fullyrða að það hefði engu breytt um þessa niðurstöðu. Það eru aðrir þættir sem því ráða að þessi frestun hefur orðið.

Fjölmiðlamenn hafa sumir verið að nefna að óeðlileg afskipti og jafnvel upphlaup, eins og það hefur verið kallað, í stjórn Landsvirkjunar hafi tafið fyrir þessu máli. Það er auðvitað fásinna því að það var stjórn Landsvirkjunar sem fyrst og fremst átti að fjalla um og véla um orkusamning. Ég tel að bæði ég og hv. þm. Páll Pétursson höfum unnið af fullum heilindum innan samninganefndar í þágu fyrirtækisins og reyndar þágu landsins alls. Landsvirkjun var með þessum samningi, það var enginn vafi, ætíð að taka nokkra áhættu. En á hinn bóginn vildu menn innan stjórnar Landsvirkjunar jafnframt líta til þess að hagsmunir þjóðarbúsins sem heildar væru gríðarlegir að þessir samningar mættu takast og þess vegna væri verjandi að Landsvirkjun tæki töluverða áhættu í málinu. En auðvitað var nauðsynlegt að samningamenn Landsvirkjunar reyndu að setja undir sem allra flesta leka og tryggja sem öruggastan samning. Ég tel reyndar að meðan við hv. þm. Páll Pétursson vorum í þessari samninganefnd saman hafi gengið mjög langt til þess að gera þennan samning þannig úr garði að hann væri kominn í aðgengilegt horf.

Ég átti á þeim tíma þegar ég var í samninganefnd Landsvirkjunar mjög ánægjulegt samstarf við páv. og núv. iðnrh. og reyndar átti ég margt ágætt spjallið og umræður við páv. hæstv. forsrh. Ég tel sem sagt að það sé misskilningur hjá mönnum sem halda að eitthvað í vinnu okkar Íslendinga, iðnrn. undir forustu iðnrh. eða annarra aðila, hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem nú er orðin. Það er ekki. Ég tel að menn hafi unnið af miklum heilindum alls staðar að þessu máli. Menn segja nú og eru vitrir eftir á, sumir hverjir sem hingað koma í pontuna, að þeir hafi þegar séð þetta fyrir og það fyrir langalöngu að svona mundi fara. Ég minnist þess reyndar þegar stjórnarmyndun var að hefjast fyrir sex mánuðum, að Kvennalistinn lýsti því yfir í sjónvarpi að hann væri reiðubúinn til þess að kingja álveri því að þjóðin hefði valið álver og væri reiðubúinn að taka þátt í því að byggja það upp sem nú er kallað úr þessum ræðustól reginmistök og röng atvinnustefna sem komið hefði þjóðinni á kaldan klakann. Kvennalistinn lýsti því sem sagt yfir í vor að hann væri reiðubúinn til þess að taka þátt í því að koma þjóðinni á kaldan klakann ef það mætti verða til þess að þær fengju að sitja í ráðherrastólum um skamma hríð og taka þátt í því absúrdleikriti sem leikið væri. Og ég minnist þess að hæstv. fyrrv. forsrh. lýsti því þá yfir að þetta væri mjög mikilvæg yfirlýsing um álmálið sem var svo sannarlega ekki dautt í hans huga þá fyrir um sex mánuðum. Ég hygg nú að þessir menn, sem hér koma svo vitrir eftir á og þykjast hafa séð þetta allt saman fyrir séu nú örlítið vitrari um fortíðina núna heldur en þeir voru á því augnabliki.

Þessir sömu menn segja nú: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í atvinnumálum staða á Suðurnesjum þar sem atvinnuástandið er erfitt? Auðvitað eru þeir að spyrja sjálfa sig um leið: Hvað gerðum við fyrir einu og hálfu ári síðan þegar við vissum að það kæmi ekkert álver? Og þeir hafa svarað því sjálfir að þeir hafi ekkert gert annað en það að bíða eftir því álveri sem þeir vissu að aldrei kæmi.

Hæstv. iðnrh. hefur lýst því töluvert nákvæmlega hverju öðru menn hafa unnið að hvað þessi svæði snertir. En auðvitað skulu menn gera sér grein fyrir því að álver var ekki síst mikilvægt vegna þess að það var besti kosturinn til þess að ýta undir gott atvinnuástand á þessu svæði.

Hv. 8. þm. Reykn. sagði að nú væri meginforsenda fjárlaganna hrunin. Auðvitað er það rangt hjá honum að álverið sé meginforsenda fjárlaga og hann veit það auðvitað sjálfur. Ríkisstjórnin er sökuð um að hafa af glámskyggni, eins og það var orðað, ekki tekið tillit til þess að álver kynni að koma ekki. En hér segir, með leyfi forseta, á fyrstu síðu þeirrar þjóðhagsáætlunar sem gagnrýnd er:

„Þótt nú sé talið líklegt að áform Atlantsáls um byggingu álvers rætist er nauðsynlegt að minna á að engar endanlegar ákvarðanir hafa enn verið teknar í þeim efnum. Stefnt er hins vegar að því að ákvörðun um byggingu álvers liggi fyrir á fyrstu mánuðum næsta árs. Þjóðhagsáætlunin byggir á þeirri forsendu að þetta gangi eftir og hefur það áhrif á þjóðarbúskapinn þegar á næsta ári, einkum virkjunarframkvæmdir í tengslum við álverið. Í þessu felst að sjálfsögðu að verði fallið frá áformum um Atlantsál eða þeim frestað breytast efnahagshorfurnar til hins verra."

Þetta er allt tekið fram á fyrstu síðu þjóðhagsáætlunar og því fer fjarri að menn hafi verið glámskyggnir eða gefið sér einhvern veruleika í þessum efnum. Annan hvorn þáttinn varð að taka inn og ég segi fyrir mig, ég taldi miklu líklegra á þessu augnabliki að sá þáttur yrði ofan á að álver kæmi hér heldur en það kæmi ekki. Ég var ekki svona vitur eftir á eins og sumir aðrir sem hér hafa áður talað.

Menn hafa spurt um fjölmarga þætti og hæstv. iðnrh. hefur svarað þeim flestum. Ég tel að það sé verið að slá ryki í augun á fólki þegar því er haldið á lofti og látið að því liggja að það hafi verið fær leið af hálfu iðnrh. eða samningamanna að standa í tvöföldum viðræðum, vera með tvær álgrúppur í takinu ef önnur skyldi hrökkva upp af. Auðvitað vita allir menn að þetta gengur ekki upp. Álsamningar eru mjög flókið fyrirbæri og auðvitað verður aldrei trúnaður í samningum manna á milli nema að þeim sé unnið af heilindum af báðum aðilum. En á hinn bóginn er það enginn vafi í mínum huga að á þessu augnabliki eru Íslendingar ekki bundnir af neinum samningi við þennan erlenda viðsemjanda þó við teljum enn þá líklegt að að því komi í fyllingu tímans að álver af þeirra hálfu rísi. Þessir aðilar hafa lýst því margoft yfir að það sé ekki vænlegri kostur um byggingu álvers í heiminum en hér af mörgum ástæðum og langflestir aðilar telja að þó að mismunandi langar séu spár þeirra, að álverð muni hækka, forsendur hljóta að leiða til þess að álverð muni hækka.

Menn tala um það að friðarhorfur í heiminum geri það að verkum að menn muni þurfa minna ál í framleiðslu vegna þess að það sé svo mikilvægt í hernaðartólum og tækjum. Þeir sem þekkja til segja að þetta sé misskilningur. Ál er miklu frekar neysluvarningur en hernaðarvarningur og menn benda á að um leið og dregur úr fjárframlögum til hermála aukast þeir fjármunir sem almenningur í hverju ríki hefur yfir að ráða og neysla mun aukast. Þannig eru allar líkur til þess þvert á móti sem betur fer að friðvænlegt ástand í heiminum sé jákvætt líka að þessu leyti til eins og að öllu öðru leyti.

Hv. 7. þm. Reykn. vitnaði sérstaklega um þau miklu átök sem urðu af hans völdum í forsrn., vitnaði til bjartsýnisnefndarinnar sérstaklega og það er ágætt plagg sem þar er. En það er þó ekki annað en almenn hugleiðing á léttum og góðum nótum um það sem kynni að gerast í framtíðinni. Það er ekki handfastara en það og er sjálfsagt að senda það og birta öllum þingmönnum. Það eru góðar og gildar hugmyndir ágætra manna.

Nefnd um Keflavíkurflugvöll ætlaði seint að skila áliti. Það varð að toga það með töngum og það var gert. Það tók vikur og mánuði að ná því áliti eða þeirri greinargerð sem tiltekinn starfsmaður þeirrar nefndar samdi. Og ég verð að segja, því miður, að mér finnst útkoman úr því áliti ekki vera þess eðlis að þar séu út

af fyrir sig veruleg merki að sjá um uppbyggingu atvinnu á þessu svæði.

Á því er enginn vafi að enginn hér, við þau tíðindi sem orðið hafa, dregur upp atvinnutækifæri á borð við álver upp úr hatti sínum á þessu augnabliki. Það er heldur enginn vafi á því að það er nauðsynlegt fyrir okkur öll sem viljum hag landsins og þessa svæðis auðvitað líka sem bestan að taka mál til endurskoðunar og sjá hvað gera megi á því tímabili sem fram undan er án þess þó að í því felist að menn séu að gera áform um álver að einhverjum hlut sem ekki komi.

Ég vil ljúka máli mínu, virðulegi forseti, með því að segja að mér finnst árásir fyrrv. samstarfsmanna iðnrh. á hann hér vera mjög ómaklegar og ódrengilegar vegna þess að það er ekki hægt að finna stað fyrir því neins staðar að neitt í hans orðum, gerðum eða verkum hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem hér hefur orðið. Þingheimur og þjóðin þekkir að enginn hefur unnið að þessu máli af meiri sannfæringu, krafti og alúð heldur en einmitt hæstv. iðnrh. Og auðvitað er þessi töf áfall fyrir hann eins og okkur öll hin, en það áfall gefur ekki tilefni til þess að hann sitji undir árásum hér í þingsalnum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í raun alveg merkilegt hvað allir hlutir, öll umræða og rök manna eru fyrirsjáanleg hér á Alþingi. Það mátti auðvitað sjá það fyrir að hæstv. forsrh. kæmi hér og minnti á stjórnarmyndunarviðræðuna í vor. Ég sá það fyrir og var alveg sannfærð um að þetta kæmi upp úr hans vasa.

Hann sagði að Kvennalistinn hefði lýst því yfir að hann væri tilbúinn til að taka þátt í uppbyggingu álvers, að Kvennalistinn hefði með öðrum orðum lýst sig tilbúinn til að koma þjóðinni á kaldan klaka og taka þátt í absúrd-leikritinu. Þarna hallar ráðherrann auðvitað verulega réttu máli. Kvennalistinn lýsti því yfir í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor og lýsti því yfir í beinni útsendingu, og það gerði sú sem hér stendur, að Kvennalistinn mundi ekki láta brjóta á álverinu. Að Kvennalistinn mundi gefa launamálum forgang í ríkisstjórnarviðræðum og ekki gera álver að úrslitaatriði fyrir ríkisstjórnarmyndun, ef — nota bene — viðunandi raforkuverð fengist og séð væri fyrir fullnægjandi mengunarvörnum. Það var auðvitað alveg útlátalaust af okkar hálfu að segja þetta því að fyrir lá þá og það hefur komið á daginn að hvorki var séð fyrir viðunandi raforkuverði né fyrir nægilega góðum mengunarvörnum. Mengunarvarnir við þetta álver eru í lágmarki og fjarri því sem gert er ráð fyrir í nýjum álverum sem t.d. er verið að byggja í Noregi þannig að þetta var útlátalaust af okkar hálfu eins og komið er á daginn núna.

Þá lá líka ljóst fyrir að mjög erfitt yrði að fjármagna þetta álver. Það gátum við sagt okkur og köllum okkur þó stundum bara hagsýnar húsmæður og það hefðu þessir herramenn, sem hér sitja, líka átt að geta sagt sjálfum sér. Það var þegar orðið ljóst að álverð var mjög lágt vegna aukins framboðs á heimsmarkaði og vegna þess að menn vara í síauknum mæli við notkun áls í alls kyns umbúðir, sérstaklega utan um matvæli. Það hafa verið skrifaðar margar greinar í íslensk dagblöð um tengsl áls og Alzheimers.

Annað sem lá líka fyrir var að vextir færu að öllum líkindum hækkandi og því spáði t.d. The Economist um síðustu áramót, ekki síst vegna þess að það er mjög mikil þörf fyrir fjármagn í Austur-Evrópu. Sú þörf hefur lengi verið fyrir hendi og hefur ekkert með síðari byltingu hæstv. iðnrh. að gera.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þrennt í ræðu hæstv. forsrh. sem er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við. Í fyrsta lagi sagði hæstv. forsrh. að ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefðum ekkert aðhafst í atvinnumálum þegar ljóst var að ekkert yrði úr virkjanaframkvæmdum í sumar vegna frestunar á álveri. Þetta er rangt. Ég lagði fyrir síðasta þing tillögur um lánsfjárlög þar sem kom fram í fyrsta lagi að heimilað var að fella niður gjöld vegna flugskýlisbyggingar Flugleiða á Keflavíkurflugvelli þannig að sú stóra framkvæmd, sem veita mun 200 manns atvinnu á Suðurnesjum, gæti farið í gang. Í öðru lagi lagði ég fram tillögur um að framkvæmdir hæfust við breikkun Reykjanesbrautar sem að nokkru leyti hefur verið unnið við í sumar og í þriðja lagi var gerður samningur um að flýta viðbótarbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja svo að ég nefni bara þrennt sem ákveðið var upp úr áramótum að fara í í sumar til að greiða fyrir atvinnumálum á Suðurnesjum. Þar var tekið skýrt á verkunum eins og þessi þrjú dæmi sanna.

Í öðru lagi er auðvitað óhjákvæmilegt að forsrh. átti sig á því að nú vantar tekjumegin í fjárlagafrv. 1–1,5 milljarða en ekki 500 millj. eins og hann sagði í sjónvarpinu í gær, vegna þess að samkvæmt upplýsingum tekjudeildar fjmrn. mun sú staðreynd, að ekki verður farið í álver á næsta ári, þýða rúmlega 1–1,5 milljarða minni tekjur fyrir ríkissjóð.

Í þriðja lagi er það rangt hjá hæstv. forsrh. að við höfum verið fremstir hér, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, í því að ráðast á iðnrh. Í þeim efnum kemst enginn með tærnar þar sem núv. hæstv. forsrh. hefur hælana vegna þess að harðasti dómurinn um vinnubrögð núv. hæstv. iðnrh. féll í apríl sl. í viðtali við Morgunblaðið og dómarinn var formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh., sem sagði, með leyfi forseta: „Menn eru nú búnir að átta sig á því að allar þær tímasetningar, sem ráðherrann var búinn að boða undanfarið rúmt ár, stóðust ekki. Það var engu sérstöku um að kenna öðru en því að þær voru ekki raunhæfar. Ráðherrann tafði sjálfur málið í tvígang með undirskriftum sem erlendir viðsemjendur botnuðu ekkert í.“ Botnuðu ekkert í, sagði Davíð Oddsson. „Það sýnir nú hvaða mat þeir höfðu á þessum vinnubrögðum að þeir sendu hingað aðstoðarvaraforstjóra til að undirrita þau minnisblöð. En hvorki varaforstjórann né aðalforstjórann.“ Þetta var nú dómur núv. hæstv. forsrh. um vinnubrögð iðnrh. í málinu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býst við að ræðumaðurinn, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hafi misskilið mig. Ég var að fjalla um þá niðurstöðu, sem nú hefur orðið, að frestað var þeim framkvæmdum sem menn áttu von á. Og menn notuðu það tækifæri sérstaklega til að ráðast að iðnrh. rétt eins og eitthvað í hans orðum, gerðum eða verkum hefði leitt til þeirrar niðurstöðu að nú hefði málinu verið frestað. Það er alveg rétt, það þekkja allir menn að ég og iðnrh. deildum á síðasta ári um tímasetningar, hvort þær væru raunhæfar eða ekki. Það kannast ég við. Það er fjarri mér að halda að eitthvað af því sem ég sagði þá um þær tímasetningar eða eitthvað sem iðnrh. sagði á þeim tíma hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem nú hefur orðið. En menn nota þetta tækifæri nú þegar þjóðin hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að málið frestast að gera harða hríð og atlögu að iðnrh. Ég var að mótmæla því.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er ekki hægt að segja annað en að við höfum sannkristinn forsrh. Í ræðustólnum áðan rétti hæstv. forsrh. iðnrh. hinn vangann eftir löðrunginn sem við fengum í gær frá honum.

Það eru alvarleg tíðindi sem hér hafa orðið en þau eru ekki óvænt. Atlantal-hópurinn hefur formlega tilkynnt að hann hafi frestað ákvörðun um að reisa hér álver. Eftir sitjum við með sárt ennið. Ríkisfjármál eru í auknum vanda, atvinnuleysi á næsta leiti. Okkur hefði ekki veitt af auknum umsvifum í þjóðfélagi okkar á næstu árum. Við þurfum með einhverjum ráðum að auka framleiðsluna og þarna var eitt tækifæri til að gera það. Nú er það a.m.k. ekki lengur innan seilingar. Menn eru að tala um frestun í eitt eða tvö ár. Ég tel satt að segja ekki líklegt að Atlantal-hópurinn hafi tekið ákvörðun um að byggja þetta álver að ári liðnu. Það er hins vegar mjög skynsamlegt hjá þeim að slíta ekki þráðinn. Það er mjög skynsamlegt hjá þeim að halda okkur volgum í málinu og það er gott fyrir þá að eiga í bakhöndinni drög að samningi sem er þeim hagstæður að mörgu leyti því þeir hafa komist í þessari samningagerð á vissum sviðum talsvert langt. Ég nefni umhverfismál, þar sem fyrir óaðgæslu fremur heldur en ásetning, vil ég vona, var einu „og" ofaukið og jafnframt eru atriði í rafmagnssamningi sem ekki eru hagstæð okkur.

En á það ber að líta, þrátt fyrir galla þessa samnings eða samningsdraga, að þá hefðu þjóðhagsleg áhrif hans getað orðið jákvæð og á það ber okkur auðvitað að líta sem alþingismönnum. Landsvirkjun var hins vegar ætlað að bera fórnarkostnaðinn af samningnum. Þau rafmagnssamningsdrög sem okkur voru fyrst sýnd fyrir meira en ári síðan, fyrir líklega 14 mánuðum síðan voru allsendis ófullnægjandi. Stjórn Landsvirkjunar neyddist til að taka þann þátt samninganna í sínar hendur enda var það eðlileg aðferð og eðlileg niðurstaða. Og eins og hæstv. forsrh. var að enda við að segja hér áðan þá höfum við náð verulegum árangri. Við höfum náð árangri hvað varðar tryggingar, endurskoðunarákvæði, lagalega stöðu Landsvirkjunar, tæknilega stöðu Landsvirkjunar og fleira og fleira. En eitt atriði fékkst ekki leiðrétt nema að mjög litlu leyti. Það var meginatriðið, orkuverðið. Það var vegna þess, eins og hér hefur komið fram í umræðunum, að hæstv. iðnhr. hafði handsalað orkuverðsformúlu úti í Hollandi í fyrrasumar. Handsalað að mínum dómi ófullnægjandi orkuverði. Viðsemjendur okkar vitnuðu til þess sýknt og heilagt á fundum, sem við hæstv. forsrh., ásamt fleirum, áttum með þeim að orkuverðið væri þegar ákveðið. Orkuverðið væri fast. Þessir menn voru auðvitað dolfallnir að hitta sjálfan ráðherrann yfir Íslandi úti í Hollandi. Atburð sé ég anda mínum nær, hann hefur nú ekki verið þústarlegur hæstv. ráðherra, þar sem hann talaði niður til þeirra. Hann hefur ekki borið sig illa eða verið óöruggur þegar hann var að handsala. Og að ímynda sér svo að við hæstv. forsrh. fengjum einhverju áorkað í þessu máli, eftir að hann var búinn að læsa því, var kannski ofætlun okkar. Þó reyndum við eins og við gátum og fengum reyndar á síðasta snúningi ofurlitla umbun erfiðis okkar.

Orkuverð hefði orðið fyrstu tvö árin með gólfi og þaki og gólfið var 10,5 mill, en síðan eftir að gólfinu lauk þá hefðum við ekki svifið upp og ekki upp fyrir þakið heldur hefðum við dottið ofan í kjallarann. Og ef tvö ár hefðu verið liðin af samningstímanum og ef það álverð sem er í dag yrði þegar samningur hefði gilt í tvö ár þá byggjum við við 8–9 mill í rafmagnsverð, sem er auðvitað allt of lítið.

Það má líta á þennan samning sem heild, þ.e. samningstíminn 25 ár, plús fimm ár, plús fimm ár, með framlengingarformúlu að ákvörðun álfyrirtækjanna. Reiknimeistarar Landsvirkjunar töldu að þessi samningur, ef hann væri skoðaður allur, gæfi viðunandi verð, viðunandi arðgjöf. En þó var sá galli á gjöf Njarðar að Blönduvirkjun var aldrei inni í útreikningum þeirra og það var auðvitað fjarstæða vegna þess að sérfræðingar Landsvirkjunar slógu Blöndu út af borðinu með því að hún væri fortíðarvandi, það væri vitleysa sem væri búið að gera og við yrðum bara að lifa með það. En það er rangt mat að mínum dómi vegna þess að ef orkan frá Blöndu fer til álversins á auðvitað að láta álverið greiða þann kostnað sem hlaust af því að byggja þessa virkjun en ekki hinn almenna rafmagnsnotanda sem ekki þurfti á orkunni að halda. Blanda er komin í gang og kostnaður af henni er farinn að leggjast á almenna orkunotendur og við eigum eftir að borga hana niður. Orka frá Blöndu með afslætti var sú gulrót sem átti að herða á álfyrirtækjunum til að flýta byggingu álversins.

Í fyrrahaust ætlaði hæstv. iðnrh. að stofna Landsvirkjun í beinan voða með ótímabærri undirskrift. Stjórn Landsvirkjunar greip í taumana. Við stjórnarmenn berum ábyrgð á fyrirtækinu og verðum að reyna að standa okkur. Sérstök samninganefnd var kosin úr hópi stjórnarmanna Landsvirkjunar. Henni veitti forstöðu núv. hæstv. forsrh., Davíð Oddsson. Aðrir í nefndinni voru Birgir Ísl. Gunnarsson og ég ásamt Jóhannesi Nordal. Þegar Birgir Ísleifur fór í Seðlabankann þá tók við af honum í nefndinni Árni Grétar Finnsson lögmaður í Hafnarfirði.

Við höfum unnið að málinu eins og hæstv. forsrh. undirstrikaði rækilega í ræðu sinni hér áðan af fullum heilindum. Við höfum náð því að bæta þennan samning verulega. Við höfum minnkað áhættu Íslendinga og við höfum hraðað störfum svo mikið sem við máttum. Og það er hart að búa við dylgjur frá hæstv. iðnrh. í fjölmiðlum um það að við hæstv. forsrh. höfum tafið þetta mál. Ég ætla ekki að rétta hinn vangann.

Af þessu tilefni held ég að óhjákvæmilegt sé að upplýsa þetta mál. Það vorum ekki við sem settum þetta mál í frysti. Það voru viðsemjendur okkar sem ákváðu að taka frest. Við hæstv. forsrh. klúðruðum ekki þessu máli, það gerði nefnilega hæstv. iðnrh. sjálfur. Og ég held að það sé óhjákvæmilegt í þessari umræðu að fara nokkrum orðum um þátt hans í málinu.

Hann byrjaði þetta verk að vísu undir erfiðum kringumstæðum. Hann var í örvinglun, hann vantaði kjördæmi, hann sá fram á að hann mundi ekki ná kosningu í Reykjavíkurkjördæmi en fyrir það sat hann á þingi. Hann bauð álver austur. Eðlilega vildu kratarnir fyrir austan heldur Gunnlaug Stefánsson sem fulltrúa sinn. Hann bauð álver í Norðurl. e. Niðurstaða þeirra í Norðurl. e. var að velja fremur hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson. Svo bauð hann það á Reykjanesi og þá gekk rófan. Og hæstv. ráðherra náði endurkjöri á Alþingi. (SvG: Össur náði kjöri í Reykjavík.) Já, það er ekki víst að hæstv. iðnrh. hefði leikið það eftir honum. (**Gripið fram í:** Nei.) Ráðherra stórspillti samningsstöðu okkar með ótímabærum og heimildarlausum handsölum. Því það var stjórnar Landsvirkjunar að ganga frá því hvaða verð Landsvirkjun þyrfti að fá fyrir orkuna.

Hæstv. ráðherra gerði viðsemjendur okkar furðu losna með endalausum yfirlýsingum um stöðu málsins þar sem hann taldi það miklu lengra komið en þeir töldu og með gjörsamlega þýðingarlausum undirskriftum undir marklítil minnisblöð sýknt og heilagt og yfirlýsingum út og suður.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram í þessum umræðum að við fengum sterka óbeina aðvörun í London fyrir u.þ.b. ári síðan. Viðsemjendur okkar notuðu tækifærið úr því að þeir voru staddir í London þar sem þeir höfðu átt fund með okkur, og fóru í bankastofnanir þar í borginni. Þeir fengu ekki þær viðtökur sem þeir höfðu vænst vegna þess að uppbygging fyrirtækisins á Keilisnesi var þannig að móðurfyrirtækin lágmörkuðu áhættu sína með því að stofna eignarhaldsfyrirtæki og þeir vörðu móðurfyrirtækin svo sem verða mátti. Það er rangt að vitna til Persaflóastríðsins eða aðfararinnar að Gorbatsjov sem einhverjs þáttar í því að bygging álvers frestast. Það er því að kenna að hugmyndin um uppbyggingu álversins sló ekki í gegn í þeim bankastofnunum sem leitað var til.

Auðvitað er það rétt hjá Páli Drack að þeir geta fengið peninga en þeir eru bara of dýrir og þar með er þetta ekki góður bissness eins og stendur.

Stjórn Landsvirkjunar tók mark á þessum aðvörunum sem við reyndar fengum hvað eftir annað í fyrravetur. Í eitt skiptið sem við hittum þessa viðsemjendur okkar fengum við það rækilega á tilfinninguna, forsrh. og ég, að þessir menn vildu ekki semja, þessir menn teldu ekki ástæðu til að semja við okkur á því stigi. Stjórn Landsvirkjunar tók mark á þessum aðvörunum. Við höfðum fengið heimild í lánsfjárlögum til verulegrar fjárfestingar á árinu sem nú er að verða búið. Við notuðum ekki þær heimildir nema að litlum hluta. Það voru bara gerðar lágmarksframkvæmdir á þessu ári til að geta staðið við tímasetningar ef til kæmi að í álversbyggingu yrði ráðist.

Hæstv. iðnrh. vitnaði til að bestu upplýsingar um málið hefðu alltaf legið fyrir. Þær upplýsingar, sem frá ráðherra komu um þetta mál, voru eins og frá auglýsingastofu. Upplýsingar til að markaðssetja hugmyndina að byggingu álversins og þá jafnframt ráðherrann sjálfan. Stjórn Landsvirkjunar hefur meira að segja ekki enn þá fengið heildardrög að þessum samningi í hendur enda er hann ekki fullgerður.

Verðformúla raforkusamningsins getur ekki staðið óbreytt eftir frestun. Röksemdin um offjárfestingu í virkjunum, sem gerði það hugsanlegt að veita afslátt, rýrnar eftir því sem tíminn líður og málið frestast. Þar með verður að taka þessa verðformúlu upp jafnvel þó að hægt sé að byggja í framhaldinu ef svo ólíklega vildi til að framhald yrði á þessu máli, þá verður a.m.k. að taka verðformúluna til endurskoðunar hvað sem handsölin hafa gengið í Hollandi. Væri nú óskandi að ráðherra léti sér nægja að segja „goodbye" þegar hann er að taka í höndina á mönnum í útlöndum. (Forseti hringir.) Herra forseti, ég er að ljúka máli mínu.

Ráðherra ætlar að fara að hitta forráðamenn álfyrirtækjanna á næstu vikum. Ekki ætla ég að banna honum það. Það er hins vegar fásinna að ætla Alþingi að fara að samþykkja einhver heimildarlög um álver nú í þessari stöðu. Það er alvarlegt með þann dómgreindarskort sem ég tel að ráðherra hafi gert sig beran að eða þá tvískinnung nema hvort tveggja sé. Fyrir nokkrum dögum hellti hann svívirðingum yfir Vinnuveitendasambandið fyrir að horfast í augu við það sem nú er komið í ljós að eru staðreyndir. Aðspurður í sjónvarpi í gærkvöldi taldi ráðherra að það hefði ekki verið í þágu málsins að segja rétt frá staðreyndum. Það er ljótt að draga þjóðina á asnaeyrunum og það er rangt að vekja ótímabærar væntingar með fólki og það er rangt að skuldbinda ríkið á ótímabæran hátt.

Ég vil að lokum, herra forseti, biðja menn að láta ekki hugfallast. Ég hvet til bjartsýni og vitna til þess að jörðin snýst enn þá.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Þau tíðindi að viðsemjendur hafa tilkynnt um frestun álvers hafa valdið miklum vonbrigðum. Það eru vonbrigði fyrir þjóðina alla, það eru vonbrigði sérstaklega fyrir Suðurnesjamenn, það eru vonbrigði fyrir alla þá sem vilja hag íslensku þjóðarinnar bestan.

Suðurnesjamenn töldu að með byggingu álvers væri unnt að skapa meiri atvinnu, brúa það bil sem nú er orðið í atvinnustiginu, færa meiri atvinnu til fólksins sem nú stendur atvinnulaust hundruðum saman á þessu

svæði. Skip og bátar hafa siglt í burt, kvótinn farinn, lífsbjörgin farin, fiskvinnsla er á fallanda fæti. Þótt vissulega hafi markaðirnir bætt úr ýmsu, þá er samt mjög erfitt fyrir í dag. Sá litli fiskur sem berst er fluttur út óunninn án þess að vinnufúsar hendur fái nálægt honum komið. Og það sem verra er, þau fyrirtæki, sem eru að reyna að hefja starfsemi á þessum rústum standa þannig að vígi, að þeim er gert ómögulegt að hefja framleiðslu vegna þess að bankarnir neita að taka þau í afurðalánaviðskipti og er það kapítuli út af fyrir sig.

Bygging nýs álvers hefur ekki verið lengi á dagskrá. Samningaviðræður við Atlantsálshópinn hafa ekki tekið langan tíma öðruvísi eða á annan veg en sagt hefur verið hér. Ég minni á að sl. 20 ár hefur ekkert gerst í stóriðjumálum, sumpart vegna þess að stjórnvöld hafa verið því andvíg að hefja stóriðju, virkja fallvötnin, skapa ný atvinnutækifæri, sumpart vegna þess að stjórnvöld hafa ekki haft sinnu á því að finna samstarfsaðila. Enginn hefur verið harðarði baráttumaður fyrir því að virkja fallvötnin og koma upp nýrri stóriðju en núv. iðnrh., enginn hefur gert betur í þeim efnum og við sáum fram á að þetta væri að takast.

Fyrrum samstarfsmenn sem nauðugir viljugir kváðust samþykkir þessu verkefni segja allt annað í dag. Og það sem er átakanlegast er að það virðist hlakka í þeim yfir því að nú skuli frestur kominn á málið. Sumir þeirra geta ekki leynt gleði sinni. Eru það ill tíðindi fyrir verkafólkið í byggðunum á Suðurnesjum að verða vitni að slíku. Þeir segja nú að þeir hafi séð þetta allt fyrir. Ég vissi að þetta mundi fara svona, segja þeir hver á fætur öðrum. Þeir vissu hvaða afleiðingar Persaflóastríðið mundi hafa, hvaða afleiðingar seinni byltingin í Rússlandi mundi hafa og hvaða afleiðingar hin djúpa efnahagslægð í Evrópu hefði. Þetta var allt vitað að þeirra mati. Ég sé fyrir mér hvar þeir hafa setið við borð saman, Steingrímur Hermannsson og Ólafur Ragnar Grímsson, yfir andaglasi og séð þetta allt fyrir. Þessi málflutningur er alveg makalaus, að þessir aðilar skuli núna segja að þeir hafi séð þetta allt fyrir.

Það er ástæða til að minnast á þá fullyrðingu sem kom fram hér áður að það hefði verið rétt að hafa annan aðila í takinu í samningagerðinni um nýtt álver. Slíkt gera ekki siðaðir menn. Menn verða að vinna af heilindum að samningagerð og það hefur verið gert. Það hefur verið gert og það hefur verið staðið vel að málum. Vonandi taka Íslendingar aldrei upp það siðferði að vera að makka við aðra þegar viðsemjandinn heldur að verið sé að vinna af heilindum. Slíkt gerist aðeins hjá eiturlyfjahringunum í Suður-Ameríku. Vonandi eru það ekki vinnubrögð sem menn ætla að innleiða hér. Ráðherra er mjög gagnrýndur fyrir að hafa verið bjartsýnn á þetta verkefni. Hvers konar samningamaður væri það við erlenda aðila sem sæi ekkert nema svartnættið, fyndist allt ómögulegt, teldi allt vera hið versta mál? Hvaða trúverðugleiki fylgdi slíkum manni?

Ég tel að sú bjartsýni sem vissulega hefur verið fyrir hendi hafi verið raunhæf og fyllsta ástæða til að ætla að þetta mál gengi eftir. Því miður hefur það ekki gerst. Málinu hefur verið frestað og ég vona svo sannarlega vegna fólksins í landinu, fólksins sem væntanlega hefði fengið atvinnu við þetta verkefni, að frestunin verði sem allra stystur. Ég er hins vegar sannfærður um það að álver mun rísa. Ég er sannfærður um það að ýmis tækifæri bjóðast þrátt fyrir þessi vonbrigði og hinir nýju samningar við Evrópubandalagið muni skapa ný tækifæri ef við kunnum að nýta þau. Og ég er sannfærður um það að ef úrtölumenn drepa ekki þjóðina í dróma með svartnættisrausi tekst okkur að losna úr viðjum minni hagvaxtar. Bjartir tímar eru fram undan. Það ætla ég að vona.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Því miður fer þessi umræða fram eftir þeirri grein þingskapa sem takmarkar ræðutíma. Hér er auðvitað fjöldamargt sem þyrfti að segja um aðdraganda þessa máls og atvinnuhorfur á komandi árum. Ég veit að það er slæmt bæði fyrir okkur þingmenn og einnig fyrir hæstv. ráðherra iðnaðarmála, sem ég geri ráð fyrir að þurfi að segja býsna margt um málin. Í rauninni hefði verið mikið heppilegra að umræða um þessi mál hefði farið fram í því formi sem mótað er í þingsköpum og heitir umræður um skýrslu þar sem kostur er á því að ræða um málin og ráðherra hefur meiri möguleika á að svara fyrir sig en í þessu formi sem hér er.

Ég hef orðið var við nokkra undrun hjá ýmsum yfir því hvernig staða málsins er. Ýmsir láta þannig, eins og hv. síðasti ræðumaður, að þetta hafi komið sér á óvart. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er eitt sem kemur mér mjög á óvart í þessu máli er að hæstv. iðnrh. skuli ekki halda áfram að berja höfðinu við steininn. Ég sé engin efnisleg rök fyrir því að hann hætti að berja höfðinu við steininn, að hann hætti því og geri það ekki áfram, rétt eins og hann hefur gert að undanförnu vegna þess að það hefur legið fyrir mjög lengi að þetta mál er með þeim hætti að það var vonlítið eða vonlaust að niðurstaða fengist alveg á næstunni.

Í þeim efnum má auðvitað gagnrýna margt. Ég vil í því sambandi t.d. gagnrýna meðferð málsins fyrir hv. iðnn. þar sem iðnrh. hefur matreitt fyrir nefndina sérstök skjöl en aldrei trúað henni fyrir frumgögnum. Ég vil einnig í þessu sambandi gagnrýna það hvernig hann hefur leikið sérfræðinga sína sem í rauninni hafa ekki þorað að segja hug sinn allan vegna þess hvað hann fyrirskipaði að sagt skyldi í þessum málum. Ég þekki hins vegar hæstv. iðnrh. af samstarfi í ríkisstjórn, sat með honum á einum 200–250 fundum um skeið þar sem oft var rætt um álver og iðnaðarmál. Hann byrjaði strax að nudda haustið 1988 með því að það ætti að gera hagkvæmniathugun. Þessu var haldið áfram. Næsti þáttur var staðarvalsdansinn. Það voru ellefu staðir á landinu valdir til að byrja með, ellefu stöðum var gefin von um það að e.t.v. kæmi þetta álver. Síðan var þeim fækkað í þrjá og settar voru upp sýningar á öllum þessum stöðum, allt í kringum landið svo að segja, til að gefa mönnum von um það að hugsanlega kæmi álver. Ég segi: Þetta er ljótur leikur. Það er ljót-

ur leikur hvernig hæstv. iðnrh. á þeim tíma kom fram gagnvart íbúum staðanna, sérstaklega þar sem um er að ræða litla atvinnu eða atvinnuleysi.

Málið hélt áfram og vorið 1990 var það sérstaklega tekið fyrir í ríkisstjórn. Haustið 1990 er það svo tekið fyrir með þeim hætti að hæstv. iðnrh. ætlar að undirrita samninga. Hann segir fullum fetum í viðtali við fjölmiðla í september 1990 að það eigi að undirrita samninga. Samninga var það kallað. Hæstv. núv. forsrh. mótmælti þeim samningum og það gerðu í rauninni allir aðrir en flokkur hæstv. iðnrh.

Af hverju var það sem menn ákváðu að undirrita þessa samninga haustið 1990 sem voru þó í rauninni engir samningar? Ástæðan var fyrst og fremst innanflokkspólitísk, ástandið inni í Alþfl. Það þurfti í fyrsta lagi að halda flokksþing Alþfl. haustið 1990 og í öðru lagi þurfti að bjóða iðnaðarráðherrann fram einhvers staðar. Það var af þessum ómerkilegu, innflokkspólitísku ástæðum sem ákveðið var að knýja fram undirritun pappíra, sem voru ekki neitt, í októbermánuði 1990.

Enn er haldið áfram að nudda og þegar kemur að stjórnarmyndun vorið 1991, þegar það lá fyrir að páv. stjórnarflokkar höfðu meiri hluta á Alþingi, er ákveðið að rjúfa stjórnina, rjúfa þá ríkisstjórn sem þá sat og hafði meiri hluta til þess að mynda stjórn með Sjálfstfl. þannig að hægt væri að keyra áfram með þetta mál, gjörsamlega án tillits til allra aðstæðna.

Iðnrh. hefur með öðrum orðum alveg frá sumrinu 1987 sett sér það markmið að ná fram samningum um álver á Íslandi hvað svo sem það kostaði. Og það er þess vegna sem rafmagnsverðið, sem liggur fyrir í samningsdrögunum er of lágt, það er óheyrilega lágt, þrátt fyrir kraftaverk þeirra hv. þm. Páls Pétursson og hæstv. núv. forsrh. Það er óheyrilega lágt og umhverfiskröfurnar eru fyrir neðan allar hellur og það snýst ekki um einhverjar samtengingar í samningsdrögunum, heldur um miklu alvarlegri hluti. M.a. eru gerðar minni kröfur um mengunarvarnir í þessu hugsanlega álveri en t.d. er gert í nýjum álverum í Noregi.

Þessa sögu má rekja og það má gagnrýna ýmsa þætti hennar og líka aðferðina. Eitt er það sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn., fyrrv. forsrh., og það er leyndin sem hvíldi yfir þessu máli gagnvart öðrum stjórnarflokkum.

Einnig er ástæða til að gagnrýna hvernig á þessu máli var haldið þegar hæstv. iðnrh. tók samningana í sínar hendur eins og margir hv. ræðumenn hafa rætt hér.

Og einnig er ástæða til að gagnrýna það að Landsvirkjun fékk í raun og veru ekki að fylgjast með málinu eins og skilmerkilega var rakið t.d. í ræðu sem flutt var hér á Alþingi 15. okt. í fyrra af hv. fyrrv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni. Málið var tekið af Landsvirkjun. Landsvirkjun fékk ekki að vita um málið. Formaður stjórnar Landsvirkjunar var bundinn slíkum trúnaði að hann mátti ekki segja frá því í stjórn Landsvirkjunar að sögn fyrrv. hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar.

Þá er einnig ástæða til að gagnrýna það, virðulegi forseti, hvernig sérfræðingarnir hafa verið múlbundnir í þessu máli. Ég segi alveg eins og er að þetta mál og vinnubrögðin í því í sumar gagnvart iðnn. Alþingis gefa tilefni til að velta því fyrir sér hver sé hlutur sérfræðinga í íslenska stjórnkerfinu. Þegar t.d. var rætt við þessa sérfræðinga um vaxandi framleiðslu og sölu á áli frá Sovétríkjunum, þá var ekki nokkur leið að fá menn til að staldra við þann veruleika þó að það lægi t.d. fyrir í greinum í blöðum eins og The Economist að um stóraukna framleiðslu og sölu á áli væri að ræða frá Sovétríkjunum og fyrirsjáanlegt að verðið mundi lækka. Menn fengust ekki til að ræða þetta mál. Ég spyr mig að því sem þingmaður, hafandi verið ráðherra aftur og aftur: Hver er hlutur sérfræðinga hér í stjórnkerfinu við þessar aðstæður? Ég segi það, virðulegi forseti: Þetta sannfærir mig um nauðsyn þess að Alþingi eigi sína sérfræðinga sem geta rætt við þá sérfræðinga sem starfa undir verndarvæng ráðherranna á hverjum tíma.

Það er einnig ástæða til að gagnrýna efni málsins og nálgun þess alla, virðulegi forseti, eins og t.d. þá patentatrú sem birtist í þessu máli. Einkenni á öllum atvinnumálaumræðum á Íslandi er patentlausnin. Einu sinni voru það togarar, einu sinni voru það frystihús og síðan álver og aftur álver. En menn hafa ekki fengist til þess að staldra við hina almennu þróun, menn hafa trúað á einstök kraftaverk, stórar verksmiðjur, stór fyrirtæki, stór skip. Það er þessi patentatrú, gamaldags fortíðarpatentatrú sem hefur drifið hæstv. iðnrh. áfram í þessu máli og sú atvinnustefna sem þannig birtist hefur að undanförnu verið að hrynja víða í heiminum eins og menn þekkja.

Ég ætla, virðulegi forseti, hins vegar að segja að það sem skiptir langmestu máli núna er það hvernig við tökum á málum í framtíðinni. Það alvarlegasta við umræðuna núna, bæði í dag og í gærkvöld af hálfu hæstv. iðnrh., er að það á að halda áfram að nudda. Það á að halda áfram með sama nuddið. Það á að vitja álsins, það á að vitja álfurstanna sem sitja eins og meyjar við opna glugga einhvers staðar og bíða eftir að hæstv. iðnrh. syngi fyrir þá. Þetta er dæmigert fyrir þá þrákelkni sem hæstv. iðnrh. hefur sýnt í þessu máli og vekur ugg vegna þess að nú ríður á að menn skoði önnur atvinnutækifæri, aðra möguleika, nýja möguleika með öðrum áherslum. Í því sambandi hafa mörg dæmi verið nefnd. Ég bendi á eitt sem liggur á borðum þingmanna í dag sem er tillaga frá mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um útflutning á raforku um sæstreng. En ég nefni annan þátt sem gæti kannski skipt enn þá meira máli og það er að ríkisstjórnin reki af sér slyðruorðið að því er varðar framlög til rannsókna og þróunarverkefna.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að skera niður rannsóknaframlög um 25% að raungildi. Það er auðvitað algerlega fráleitt fyrir þjóð sem stendur frammi fyrir tilteknum atvinnulegum vanda að hafa slíkar áherslur uppi og því skora ég á ríkisstjórnina, einmitt í þessum umræðum nú, að endurskoða þessa áherslu og taka upp þessa þætti fjárlagafrv. og taka ákvörðun um að veita myndarlegu fjárframlagi til rannsókna og þróunarverkefna á komandi árum.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. iðnrh. í þessari umræðu sem hlýtur að verða knöpp: Hvaða skuldbindingar eru það sem falla nú á ríkissjóð vegna þeirra ákvarðana sem þegar hafa verið teknar? Hvaða skuldbindingar hafa þegar fallið á ríkissjóð? Það eru einhver hundruð millj. kr. Menn hafa nefnt 800 millj. Og ég vil spyrja: Hvaða frekari skuldbindingar falla á ríkissjóð m.a. vegna jarðakaupa? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að þessar tölur verði dregnar fram í dagsljósið núna til þess að menn geti áttað sig á því hvað þetta leikrit, sem hér var nefnt svo, hefur í raun inni kostað þjóðina. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. sjái sér fært að svara þessari fyrirspurn um leið og ég endurtek: Ég læt í ljós ugg yfir því að hann virðist ætla að halda áfram að nudda. Hann virðist því miður ekki hafa lært neitt enn þá.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Sú alvarlega staða sem komin er upp í atvinnumálum þjóðarinnar er að miklum hluta verk núverandi og fyrrverandi stjórnvalda. Tvennt veldur því einkum að nú horfir illa við atvinnugreinum: Svartar horfur í sjávarútvegi vegna minnkandi afla, ástand sem ég ætla ekki að skrifa á kostnað stjórnvalda, og svo, og ekki síður, sú óraunhæfa atvinnustefna sem rekin hefur verið, þar sem stóriðjudraumar hafa leitt menn á alvarlegar villigötur. Þar bera stjórnvöld fulla ábyrgð.

Það er lán í óláni að erlendir aðilar eru enn ekki reiðubúnir að kaupa Ísland undir stóriðju jafnvel þótt mengunarvarnir og orkuverð hafi verið sett á útsölu.

Við eigum tveggja kost völ nú þegar álveri hefur verið frestað — og vonandi fyrir fullt og allt — að snúa okkur að raunhæfri atvinnuuppbyggingu á Íslandi eða að halda áfram stöðnunarstefnu stóriðjunnar. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn séu reiðubúnir að fara hina síðari leið og geyma íslenska atvinnuþróun eins og G-mjólk uppi í hillu. Tíminn er löngu útrunninn, mjólkin farin að fúlna, síðasti söludagur liðinn hjá. Við höfum þegar tapað miklu á því að leiðast afvega. Við höfum tapað dýrmætum tíma og umtalsverðu fé. Stjórnvöld hafa verið andvaralaus og vísað öllu á álver eða tálver.

Á meðan atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum hefur sífellt orðið alvarlegra hefur ekkert verið að gert og nú er atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum orðið 8%. Yfir landið allt er um 7% atvinnuleysi í fiskiðnaði samkvæmt frétt frá Þjóðhagsstofnun. Ekki gagnar það konunum á Suðurnesjum að Jón Sigurðsson heldur að einhvern tíma verði hægt að fá álver í Flekkuvík.

Álver er ekki og hefur aldrei verið lausn á atvinnuvanda kvenna og það eru þær sem búa við alvarlegasta atvinnuleysið á Suðurnesjum. Þessi vandi er ekki nýr en hann er alvarlegri nú en um margra ára bil vegna vondrar atvinnustefnu.

Því miður hafa Suðurnesin ævinlega verið afgreidd snubbótt í atvinnumálum og ekki tekist á við þann vanda sem blasir við í raun. Ég held að ummæli Borgars Jónssonar, formanns Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, í Þjóðviljanum í morgun séu allgóð samantekt á hug manna þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Þessar fréttir setja auðvitað strik í reikninginn varðandi atvinnuuppbyggingu hér á Suðurnesjum. Menn hafa horft á þetta alllengi. Það dugar ekki fyrir ráðamenn þjóðarinnar að skella framan í okkur, þegar talið berst að atvinnumálum, að við höfum herinn eða fáum nýtt álver."

Það er greinilegt að á Suðurnesjum hafa menn gert sér grein fyrir að álver mundi ekki leysa allan þeirra atvinnuvanda því að allmargir viðmælendur blaðsins nefna aðra atvinnumöguleika sem vænlega og virðast reiðubúnari en stjórnvöld að laga sig að breyttum aðstæðum og betri. Þess vegna ríður nú á að fleiri horfist í augu við raunveruleikann og gleymi þeirri tálsýn sem álverið er.

Við eigum að nýta lagið nú og sækja í stað þess að staðna. Við eigum að vernda fiskvinnsluna í landinu með því að vigta allan afla á Íslandi og gefa þar með íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum betri möguleika á að bjóða í fiskinn. Við megum ekki missa sjónar á atvinnugreinum eins og ylrækt sem þó er í hættu vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Við verðum að vera opin fyrir nýsköpun, svo sem vetnisframleiðslu og við verðum að hlúa að mannfrekustu atvinnugreinunum, þjónustugreinum eins og t.d. ferðaþjónustu. Hvar er bjartsýnin á uppbyggingu heilsuhótels við Bláa lónið? Af hverju fær vaxandi ferðaþjónusta ekki sömu fyrirgreiðslu stjórnvalda og ótrygg stóriðja?

Það gladdi mig sannarlega að heyra hæstv. iðnrh., eitt andartak a.m.k., taka undir að fleira þyrfti að byggja upp en álver á Suðurnesjum. Kveður nú við nýjan tón og jákvæðari og vonandi að við heyrum fleiri orð í sama dúr.

Álversstefnan var aldrei góð atvinnustefna. Við hefðum spillt fyrir annarri og vænlegri atvinnuuppbyggingu með því að byggja álver. Við getum ekki bæði byggt stóriðjuver og markaðssett landið okkar sem land hinnar hreinu og óspilltu náttúru. Við eigum að leggja rækt við þá ímynd landsins að þetta sé landið sem sér íbúum mengaðra svæða fyrir hreinni og heilnæmri matvöru og tekur á móti ferðamönnum sem flýja iðjuver iðnríkjanna. Við verðum að velja og við ættum að skilja að straumurinn er í átt að umhverfisvernd. Þungaiðnaður og stóriðja eru atvinnustefna gærdagsins.

Við kvennalistakonur höfum löngum gagnrýnt það hvernig hagvöxtur er reiknaður út. Enn er það svo að það er talið auka hagvöxt að eyða náttúruauðlindum og menga umhverfið ef umsvifin eru nóg. Við okkur blasa í stóriðjustefnunni sömu áherslur og eiga að heita framfarir á Íslandi, að ganga á auðlindir og menga umhverfi í stað þess að leggja áherslu á menntun, tækniþekkingu og vel þróaðar þjónustugreinar. Vitanlega eru flestar aðrar þjóðir sem við miðum við löngu búnar að leggja nýjar áherslur þar sem atvinnustefna byggist á sérhæfðri þjónustu og fjölbreyttri framleiðslu þar sem mannvit er meira virði en dýrkeypt hráefni. En jafnvel þótt við sættum okkur við úreltar skilgreiningar á

hagvexti er ekki sýnt að álið mundi færa okkur björg í bú.

Ég minni á að jafnvel bjartsýnustu spár um orkuverð hafa verið á þá leið að við mundum verða að borga með orkunni okkar fyrstu árin og mjótt er á mununum hvort eftir fyrstu árin væri hægt að tala um tap eða gróða — og nú er ég að tala um óraunhæfar bjartsýnisspár, ekki raunsæjar spár. Ég vil til að stytta mál mitt vísa í þær upplýsingar sem fram komu í máli hv. þm. Páls Pétursonar þar sem mjög greinilega var lýst gangi mála í sambandi við orkusölu og hef ég engu við það að bæta.

Ég held að mönnum skiljist sífellt betur að þróun getur orðið á annan veg en að allt fari að óskum hæstv. iðnrh. og ætti lexía um þróun álvers á þessu ári að verða mönnum víti til varnaðar, því að hver sá hana fyrir? Jú, þeir sem vildu, ekki þeir sem voru blindir.

Síðan þeir útreikningar lágu fyrir sem flestar spár byggja á hefur verð lækkað jafnvel enn meir og það er ljóst að Sovétmenn, fyrir og eftir ýmsar byltingar, munu halda áfram að bjóða ál á heimsmarkaði. Hve lengi getur enginn með réttu fullyrt. En þörf þeirra fyrir gjaldeyri er mikil og framleiðslugeta meiri en þeir nú nýta. Ég minni einnig á að samdráttur í hergagnaframleiðslu minnkar eftirspurn eftir áli og sá orðrómur, þó ekki yrði meira, um að ál gæti átt þátt í að Alzheimers-sjúkdómurinn vakni eða magnist, jafnvel sá orðrómur getur hæglega orðið til þess að eftirspurn eftir drykkjarílátum úr áli minnki eða hverfi. Það er vel þekkt í viðskiptum að grunsemdir einar og sér valda miklu. Svo sem kunnugt er eru umbúðir verulegur hluti af áliðnaði heimsins.

Við erum að glíma við undarlegar forsendur, hagvöxt sem orkar tvímælis, orkuverð sem skilar okkur alls engum arði og markað sem er ótryggur. Þurfum við fleiri sveiflur í efnahagslífinu en þær sem við búum við nú þegar af því að við byggjum á einni auðlind í stað margra? Eru tvær sveiflukenndar auðlindir betri en ein? Hvað ef niðursveiflan er í báðum greinum samtímis? Ég hef raunar spurt hæstv. iðnrh. þessara spurninga áður og ekki fengið svör. En í viðbót við þetta má bæta meðlagi með álverinu, meðlagi sem hefði verið einum of dýru verði keypt ef farið hefði verið út í framkvæmdir. Við þurfum ekki að rifja upp þá sögu hvernig átti að færa Atlantsálsmönnum eitt stykki höfn upp á einhver hundruð milljóna á silfurfati. Enn alvarlegri er þó sá afsláttur á mengunarvörnum sem til stóð að veita.

Mér er í fersku minni fundur sem ég sótti í Vogunum þann 4. sept. sl., alls ekkert of velkomin að vísu, undarlegt nokk, þar sem ég hlustaði á kynningu á starfsleyfi vegna álvers. Þessi kynningarfundur var víst ekki ætlaður mér heldur aðeins íbúum svæðisins, en seta mín á fundinum var þó látin óátalin. Af þessum fundi mætti margt segja en ég ætla að takmarka mig við tvennt varðandi starfsleyfið sem stakk mig sérstaklega, og ég tek undir hve miklu lakari kröfur við gerum en Norðmenn.

Í fyrsta lagi kom fram á þessum fundi að það var sama hvernig spurt var, álver á Keilisnesi mun ekki verða búið besta mengunarvarnabúnaði og það varð að viðurkennast. Vothreinsibúnaður verður ekki notaður. Þess í stað á að nota hreinni skaut í þurrhreinsibúnaði, þ.e. með lágu brennisteinsinnihaldi, en — og ég bið menn að taka eftir — því aðeins að þau fáist á einhverju sem kallað er samkeppnisfært verð. Það er brotalöm sem margir sáu ástæðu til að vekja athygli á en fengu engin viðhlítandi svör við. Og er einn íbúa Vatnsleysustrandarhrepps spurði hvers vegna ekki væru notuð hreinustu skaut og vothreinsibúnaður sem er besti kostur, þá var svarið: Það er ekki hægt, það er of dýrt. Þetta er afsláttur á mengunarvörnum.

Öllu augljósari var þó vandinn vegna kerbrota sem á að koma fyrir í flæðigryfjum og vona að valdi ekki mengun. Lausn á þeim vanda var greinilega ekki til og eru reyndar dæmin að sanna það að þessi mál hafa einnig verið í mesta ólestri í Straumsvík. Lausn á þeim vanda var greinilega sú að sagt var: Þetta verður ekki vandamál fyrr en eftir svona 5–10 ár og í millitíðinni verður vonandi búið að finna lausn. Ég endurtek: Er þetta það sem við eigum að reiða okkur á í mengunarvörnum? Hvílíkar mengunarvarnir, og er þá aðeins getið um fátt eitt. Ég er hrædd um að þessi býti hefðu orðið okkur of dýr.

En vissulega er hægt að taka undir áhyggjur fólks vegna atvinnuástandsins sem skapast nú þegar draumsýnin um álver gefur mönnum ekki lengur von um vinnu einhvers staðar í framtíðinni handa öllum og einhverja einfalda allsherjarlausn, sem auðvitað var aldrei til, stóriðju.

Ég held að nú sé rétti tíminn að reyna að gera eitthvað vitrænt í atvinnumálum í stað þess að elta uppétna og skemmda gulrót. Það er alllangt síðan farið var af stað með ranga atvinnustefnu. Skaðinn sem orðinn er verður ekki bættur. Hins vegar er ég sannfærð um að dýrara hefði verið fyrir atvinnulífið og þjóðarbúið í heild að halda áfram með álvershugmyndir en að hætta við. Auðvitað er áfallið mikið þótt ýmsir segi að þetta hafi blasað við lengi. Of lengi hefur verið byggt á óraunsæjum vonum um álver sem öllu átti að bjarga. Því er mál til komið að byggja upp í stað þess að brjóta niður. Við skuldum okkur sjálfum að snúa okkur í alvöru að atvinnumálum þjóðarinnar með nýjar og ferskar lausnir og með því að hlúa að auðlindum okkar með því að færa okkur góða menntun þjóðarinnar í nyt og með því að fullnýta endurnýjanlegar auðlindir í stað þess að fara út í dýra frumvinnslu.

Konurnar á Suðurnesjum vilja úrlausn strax. Þær hafa beðið nóg lengi. Ég held að við verðum öll að veita þeim úrlausn og það fyrr en seinna.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð margra þingmanna að hér er staðfesting þess að ákvörðun um byggingu álvers á Keilisnesi hefur verið frestað um a.m.k. eitt ár. Ég verð þó að segja að umræðurnar hér í dag hafa að mínu viti snúist fullmikið um það hvort eða hvernig hlutur hæstv. iðnrh. geti hugsanlega hafa valdið þeirri frestun. Ég tel að svo hafi ekki verið.

Hins vegar verður að segjast vegna orða nokkurra hv. þm. að við höfum í raun og veru fárra kosta völ. Það tel ég rétt. En veitið því athygli, hv. þm., að það hefur komið fram og ekki verið mótmælt að við værum nú um það bil 15–25 árum á eftir tímanum hefðum við haldið áfram að eiga slík samskipti við grannþjóðir okkar um nýtingu auðlinda, um að beisla orku fallvatnanna áður en hún rennur alla leið til sjávar til þess að Íslendingar hefðu af arðbær störf. En staðreyndin er sú að af þeim sökum sem hér hefur verið lýst verður væntanlega öllum fyrirhuguðum framkvæmdum Landsvirkjunar og ýmissa annarra aðila, þar á meðal sveitarfélaga, sem ætlaðar voru til þess að undirbúa væntanlegt álver frestað um a.m.k. eitt ár og hefjast því ekki á næsta ári. Og til viðbótar kemur samdráttur í fiskveiðum, sem við höfum staðið frammi fyrir vitandi um nokkurra vikna skeið, og því er ljóst að á næsta ári verður ekki af umtalsverðum framkvæmdum, já umtalsverðum, svo miklum að efnahagsáhrif samdráttar í sjávarútvegi hefði verið mætt af um það bil ⅓ hlutum af efnahagsáhrifum þessara framkvæmda. Framkvæmdir og undirbúningsverk Landsvirkjunar hefðu dreifst nokkuð vegna virkjana á Norður- og Austurlandi og línubyggingar milli fjarlægra landshluta. Þó Suðurnes hafi verið nefnd í sambandi við vinnuafl verður að segjast að þau hefðu sennilega verið síðasti landshlutinn til að njóta framkvæmdanna. Við heyrðum nefnd ártöl hér áðan og af þeim er þetta ljóst.

En við þessar fréttir er eðlilegt að menn óski greinarbetri upplýsinga um nokkur atriði og ég vil nefna fáein. Til að mynda um þann skilning sem sumir lesendur geta dregið af orðum stjórnarformanns Alumax sem eftir honum eru höfð í opnugrein í Morgunblaðinu í dag. Í þeim er ekki að finna jafnmikla fullvissu og hjá hæstv. iðnrh. um að ásetningur sé óbreyttur, að af framkvæmdum muni örugglega verða, aðeins tíminn sé óráðinn.

Þegar nú er ljóst að ekki er kaupandi að orku Blönduvirkjunar, a.m.k. ekki á þeim tíma sem við ætluðum, vænti ég þess að áhrif breytingar á orkuverði til almennra neytenda verði skýrð og jafnframt önnur áhrif sem rekjanleg eru á þjóðarhag á næsta ári. Það má vera að menn segi sem svo að hér sé gífurlegur skellur. Það er rétt, við höfum orðið fyrir vonbrigðum. Ákveðnar framfarir í lífskjörum sem við gerðum okkur vonir um munu dragast. En það er ekki ljóst að hér sé svo stór hlutur í efnahagsstærðinni að hann skipti sköpum. Ég hygg að það sé rétt að fólk fái að vita hversu lítill hlutur þetta er.

Það er öllum ljóst að með miklum samdrætti í sjávarútvegi eru fjölmargir einstaklingar og fjölskyldur sem í raun eiga afkomumöguleika sína undir slíkum framkvæmdum að miklu eða öllu leyti. Sem dæmi skal ég nefna að í dag eru atvinnulausir á Suðurnesjum 325 manns, vinnufærar konur og karlar. Það hefur verið nefnt hér að þetta megi rekja til samdráttar í umsvifum varnarliðsins, til samdráttar í sjávarútvegi, og þar er aðalvaldurinn. Ég ætla ekki að rekja fyrir ykkur hver staða Suðurnesja var á þeim tíma sem fiskveiðistjórn var komið á í landinu en til þess tíma má rekja þetta. En það er þetta fólk sem spyr í dag: Hvað um mína möguleika? Hverjir verða þeir?

Í orðastað þessa fólks nota ég þetta tækifæri til að inna eftir ráðstöfunum sem gætu leitt fram önnur tækifæri í stað þessa. Því spyr ég: Má vænta þess að starf markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar verði eflt til muna? Má vænta þess að fríðnaðarsvæði, sem flutt hafa verið þingmál um, um áratugaskeið, fari að sjá dagsins ljós? Má vænta þess að aukin áhersla verði lögð á að kynna kosti Íslands fyrir smærri orkufrekum iðnfyrirtækjum heldur en við ræðum um í þessu máli þannig að næst þegar við semjum eigum við ekki eins mörg egg í sömu körfunni? Eða má kannski vænta þess að nú verði árar lagðar í bát og aftur komi 15–25 ára tímabil þar sem verður algjört hlé á nýtingu orkunnar til að skapa okkur og börnum okkar arðbær störf.

Þessum spurningum vill venjulegt fólk fá svör við. Ég er þess fullviss að það fólk sem gerir sér grein fyrir nauðsyn efnalegrar afkomu, efnahagslegra framfara, og sem nú horfist, eins og við, í augu við mjög mikinn samdrátt í atvinnulífi, hefur orðið fyrir áfalli við tíðindin. Það fólk mun láta sér í léttu rúmi liggja illa dulda ánægju þeirra sem finna í orðum og æði efni til gagnrýni á ráðherra og má kalla, sem stundum var gert, þórðargleði yfir óförum annarra, yfir óförum ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Í því samhengi er rétt að minnast að fyrir fáeinum mánuðum voru þeir sjálfir stjórnarsinnar og áttu í sömu samningaviðræðum við sömu aðila um sama álver á sama stað.

Á hinn bóginn var það sem högg í andlit þessa fólks að sjá og heyra einn af talsmönnum Kvennalistans nota þetta tækifæri til að árétta afstöðu sína og listans til álmálsins með því að lýsa fyrir fjölmiðlum gleði sinni vegna tíðindanna. Andstaða þeirra hefur verið málefnaleg að mestu, en að grípa þetta tækifæri til þessarar yfirlýsingar þótti lítt viðeigandi.

Kjarni þess viðfangsefnis sem við stöndum frammi fyrir er að okkar þjóðarbúi verður að búa skilyrði til að auka útflutnings- og gjaldeyristekjur og framleiðni. Áralöngum samdrætti í kjörum þjóðarbúsins verður að ljúka og besta leiðin til þess er að nýta auðlindir lands og sjávar. Við sáum fram á stórt skref í þá átt sem nú verður ekki tekið í bráð. Hvað kemur í þess stað? Iðnrh. hefur nefnt fáein atriði. Við spyrjum um fleiri. Ég get upplýst ráðherrann og ykkur, hv. þm., um að heimamenn á Suðurnesjum hafa haft uppi fáein ráð og þeir munu halda því áfram en ekkert þeirra mun skila þvílíku fyrirtæki sem fyrirhugað álver á Keilisnesi var og hjá engu þeirra fyrirtækja sem stofnuð kunna að verða með þeim hugmyndum sem nú eru ræddar á Suðurnesjum verður jafnmikil eftirspurn eftir vinnuafli og við byggingarframkvæmdir og starfsemi álvers.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Í þessari umræðu hefur það komið fram að hv. þm. Steingrími Hermannssyni er farið eins og Njáli hinum forna að hann er forvitri. Sá er hins vegar munurinn á Njáli og Steingrími að Njáll sagði öðrum drauma sína og það sem hann vissi gerast í fram-

tíðinni, (**SJS:** Hann var skegglaus líka.) en Steingrímur segir hins vegar engum frá því. Það hefur nefnilega komið fram í þessari umræðu að Steingrímur Hermannsson vissi af því ári fyrir fram að forsendur álversins voru ekki nægilega traustar. Hverjum sagði Steingrímur Hermannsson frá þessu? Var hann ekki forsrh. í ríkisstjórn sem hafði það að sínu meginverkefni að koma þessu álveri fram? Var hann ekki verkstjóri þeirrar ríkisstjórnar?

Ég verð að segja að mér finnst þetta furðulegt og má kannski rekja til þess þáttar í fari þingmannsins sem stundum hefur verið kallað heppileg gleymska. Hann talaði eins og hann hefði ævinlega verið mjög efins um forsendur álversins. Hann sagði: Margar spurningar hljóta að vakna um einstaka þætti álmálsins. Og ég spyr: Hafði ekki Steingrímur Hermannsson, verkstjóri síðustu ríkisstjórnar, nægileg föng og tækifæri til þess að koma fram með þessar spurningar í síðustu ríkisstjórn?

Mér finnst, frú forseti, eins og fyrrv. hæstv. forsrh. sé að reyna að slá frekar ódýrar pólitískar keilur. Þetta er þeim mun skrítilegra þegar haft er í huga að hann lýsti því yfir í upphafi máls síns í dag að hann hefði sjálfur yfir engu að kvarta varðandi samstarf sitt við iðnrh. Eigi að síður er það svo að hann finnur honum og framgöngu hans í þessu máli nú flest til foráttu.

Hér hafa komið fram mjög margar og merkilegar upplýsingar og merkilegar skoðanir. Menn hafa ekki vandað orðaval í þessari umræðu. Það hefur verið ýjað að blekkingum. Menn hafa talað um að draga þjóðina á asnaeyrum og ég spyr: Vantar ekki eitthvað í þessa rökkeðju stjórnarandstæðinganna? Í hvaða tilgangi gæti iðnrh. hafa verið að draga þjóðina á asnaeyrum? Til hvers og hvað fékk hann út úr því að reyna að blekkja eða draga einhvern á asnaeyrum? Ég skil þetta ekki alveg.

Hv. þm. Svavar Gestsson kvartaði áðan yfir patentatrú og taldi að hún hefði staðið í vegi fyrir almennri þróun í atvinnumálum hér á landi. Ég spyr: Er það einhver sérstök patentatrú að vilja beisla orku fallvatnanna? Því er nú einu sinni þannig farið að við Íslendingar höfum þrennt sem við getum skapað verðmæti úr og hægt er að kalla náttúrulegar auðlindir. Það er fegurð landsins, það er fiskurinn og það eru fallvötnin. Við höfum um afar langt skeið reynt að ná fram verðmætum úr þessu öllu. Það hefur tekist með fisk. Það hefur í vaxandi mæli tekist með ferðamál, sem byggjast vitaskuld á sérstæðri náttúru landsins, en okkur hefur ekki enn þá tekist að skapa nægileg verðmæti úr þeirri orku sem er að finna í fallvötnum landsins. Við höfum reynt það um 20 ára skeið en nú er merkileg þróun í gangi erlendis. Það voru merkar upplýsingar sem bárust til að mynda á öldum ljósvakans fyrir aðeins örfáum dögum. Þar var greint frá því að breskum vísindamönnum hefði tekist í fyrsta skipti að ná fram umtalsverðri orku með kjarnasamruna. Eðlisfræðilegt fyrirbæri sem hefur í för með sér miklu minni mengun en hefðbundnar orkulindir hafa. Þeir létu þess jafnframt getið að einungis væru 50 ár þangað til búast mætti við að hægt væri að byggja orkuver sem byggðust á kjarnasamruna. Þeim tókst sem sé í síðustu viku í fyrsta skipti að framleiða til tvö megavött, að vísu aðeins um örfárra mínútna skeið, en þetta eru samt sem áður nánast vatnaskil í sögu mannkynsins. Þetta eru stórkostleg tíðindi og gera það að verkum að einungis eftir — eigum við að segja 7–8 áratugi kann að verða mjög erfitt fyrir okkur að beisla þá orku og þau verðmæti sem liggja í fallvötnum okkar.

Auðvitað er það svo að sá dráttur sem nú er fyrirsjáanlegur á álverinu er mikill skellur fyrir þjóðarbúið. Það þýðir ekkert að neita því. Það ríkir stöðnun í íslensku atvinnulífi og við höfðum vonast til þess að með álverinu fengjum við verulegan blóðgjafa inn í íslenskt efnahagslíf. Nú er ljóst að það verður ekki um nokkurn tíma a.m.k. Þetta kemur þar á ofan á mjög erfiðum tíma í stöðu þjóðarbúsins. Við búum við það að umtalsverð skerðing hefur orðið á aflakvóta sem leiðir vitaskuld til verulegs tekjutaps sjávarútvegsfyrirtækja. Ef maður umreiknar það t.d. í vinnu landverkafólks nemur það u.þ.b. tveggja mánaða vinnu sérhvers starfsmanns í fiskiðnaði í landinu. Við þessar erfiðu aðstæður er auðvitað mjög slæmt að missa af þeim búdrýgindum sem hefðu ella komið inn í þjóðarbúið með byggingu álvers.

Það hefur þegar verið rakið í ræðu iðnrh. og annarra hvað þetta þýðir. Þetta er ígildi 200.000 þorsktonna. Þetta er ígildi þess að við þurfum e.t.v. að sæta bara á næsta ári atvinnuleysi upp á 0,3% í viðbót. Það dregur úr landsframleiðslu sem nemur 1,3%. Kaupmáttur minnkar um 1,3%. Aðeins á næsta ári og síðan munu auðvitað árin á eftir verða enn verri. Þetta kemur niður með enn verri hætti þá. Samt sem áður er það svo, eins og sem betur fer flestir ræðumenn hafa sagt í dag, að við höfum séð hann svartari. Ég vil vara menn við því að vera of svartsýnir því það er nefnilega stundum svo að það er hægt með sameinuðu átaki að tala kjark úr þjóðinni og tala kjark úr atvinnulífinu eins og mönnum er því miður að takast nú um stundir. (**ÓRG:** Það er nú aðallega forsrh.) Ég verð að segja það að ekki hef ég hér í dag, með ágætri undantekningu þar sem Kvennalistann varðar, hlustað á mjög margar uppbyggilegar tillögur frá hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

Það er auðvitað alltaf hægt að vera vitur eftir á. Það er auðvelt að segja, eins og hefur til að mynda komið fram hjá ýmsum þingmönnum stjórnarandstöðunnar, að við hefðum kannski átt að vera að semja við einhverja aðra. Í því liggur raunverulega að við ættum ekki að hafa eytt tíma í að tala við þá aðila sem við höfum nú verið um skeið í samningum við. Þetta kom t.d. fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni í gær, sem orðaði það svo í sjónvarpinu að við hefðum eytt þremur til fjórum árum af dýrmætum tíma í að tala við þessa aðila og átti þá væntanlega við að við hefðum ekki sinnt einhverjum öðrum líka. En hvaða öðrum? Gera menn sér ekki grein fyrir þeirri alvarlegu staðreynd að Íslendingar eru nú um hartnær 20 ára skeið búnir að reyna að ná samningum við erlenda aðila um stóriðju án árangurs fyrr en með þeim aðilum sem því miður treysta sér ekki núna í byggingu þessa álvers.

Staðreyndin er sú að menn leituðu hófanna mjög víða. Þannig voru til að mynda í upphafi þessarar atburðarásar mun fleiri aðilar inni í viðræðunum sem féllu burt og aðrir komu í þeirra stað. Ég minni t.d. á að þegar þessar viðræður hófust voru enn inni fyrirtæki eins og Austria Metal, Alusuisse auk Gränges og Hoogovens. Tvö þau fyrstnefndu, Austria Metal og Alusuisse, féllu út. Alumax kom síðan inn. Það er raunar vert að ítreka að það eru ekki mörg ár síðan, sem er dæmi um það hvað vindar breytast skjótt í þessum málum, að menn voru að íhuga stækkun álversins í Straumsvík auk byggingu nýrra álvera.

Staðreyndin er auðvitað sú að það var leitað allra leiða. Menn hafa verið að gera það, ríkisstjórn eftir ríkisstjórn, árum saman og það er einfaldlega fráleitt að halda því fram, eins og liggur í orðum sumra þingmanna stjórnarandstöðunnar, að það hafi ekki verið gert. Það hefur verið rætt við marga. Það hefur nánast verið róið fyrir hverja vík í þessu máli. Það er einfaldlega svo að menn draga ekki álver upp úr hatti sínum eins og töframenn kanínur þó ráða mætti af tali sumra að það væri hægt.

Veltum þá aðeins fyrir okkur, eins og menn hafa verið að gera hér í dag, í hverju vandinn liggur. Hann liggur í því að ekki hefur tekist að finna heppilega fjármögnun, fjármögnun með vaxtastigi sem tryggir sæmilega arðsemi álvers. Af hverju stafar það? Það stafar af því að álverðið hefur hríðlækkað. Það er afar lágt og menn hafa ekki ofan í spár sérfræðinga — ég ítreka það — ofan í spár sérfræðinga hafa þeir ekki trúað því að verðið muni hækka. Þetta stafar af ýmsum hlutum eins og menn hafa drepið á í dag en kannski hefur skort örlítið á að menn hafi tengt það nægilega.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að það hafa orðið geysilegar breytingar í Sovétríkjunum. Menn hafa drepið á það hér í dag að efnahagskerfi Sovétríkjanna er í mikilli kreppu og þar ríkir geysilegt hungur eftir erlendum gjaldeyri. Þar á bæ reyna menn að selja allt sem þeir geta, nánast á hvaða verði sem er. Meðal þess er ál. Þeir hafa tekið til við að selja mjög mikið af áli, alls konar áli, selja jafnvel mengað ál sem þeir höfðu grafið í jörðu. Þeir eru að selja það á mjög lágu verði til Vesturlanda. Sem dæmi um þessa miklu aukningu þá seldu þeir um 250 þús. tonn á hverju ári. Nú nemur sala þeirra um 750 þús. til 1 millj. tonna á ári. Menn deila síðan um það hvort þessari miklu álsölu muni linna. Menn hafa vonað að einungis væri um tímabundið ástand að ræða. Ég er ekki svo sannfærður um það.

Ég er tiltölulega nýkominn úr ferð um Sovétríkin þar sem ég skoðaði orkuver. Það kann vel að vera að þeirra orkuver séu komin að fótum fram og verksmiðjur þeirra sem framleiða ál séu gamaldags og mengandi en það er örugglega ljóst að þeir ætla sér eins og þeir geta að selja ál. Þeir hafa geysilega ódýra orku og þar ríkja ekki sömu markaðslögmál og annars staðar. Þeir geta ráðið verði orkunnar. Þeir geta ráðið verði vinnuaflsins líka. Í rauninni er það eina sem þeir þurfa að kaupa hráefnið í álið. Það geta þeir líka á meðan þeir geta aflað gjaldeyris fyrir sölu fullunnins áls. Ég hygg því og óttast að þeir muni enn um sinn geta fullnægt innanríkisþörf sinni fyrir ál og líka selt til Vesturlanda á verði sem kann að vera nokkuð fyrir neðan vesturlenskt verð.

Hins vegar, og ég ítreka það, hefur þetta gerst gagnstætt spám sérfræðinga. Menn vissu ekki um þetta. Menn sáu þetta ekki fyrir. Þetta er þróun sem hefur orðið á nánast nokkrum mánuðum, tveimur missirum. Í viðbót við þetta vil ég líka minna á að menn voru tiltölulega bjartsýnir, eins og ég var til að mynda. Ég var tiltölulega bjartsýnn á síðasta vori á að það tækist þrátt fyrir þá váboða sem menn sáu í þessari miklu álsölu Sovétmanna að ná fjármögnun fyrir álverið. Á hverju byggði ég það? Ég byggði það á því að þá voru uppi spár, og ég minni menn á það, um að það yrði efnahagsbati á Vesturlöndum í lok þessa árs. Það mundi byrja efnahagsbati á síðasta ársfjórðungi þessa árs. Menn voru að skrifa um þetta lærðar greinar fram eftir ári og það var ekki fyrr en um mitt sumar sem fram komu tölur sem bentu til þess að þetta var alls ekki á rökum reist. Þetta skiptir verulega miklu máli og ég hygg að þetta hafi raunar ráðið úrslitum um það að menn voru bjartsýnir fyrr á þessu ári og töluðu um það að þrátt fyrir mikla sölu frá Sovétríkjunum, sem menn reyndar voru ekki búnir að skilgreina til hlítar eins og þeir hafa gert núna, yrði hægt að fá þessa fjármögnun.

Það er hins vegar hárrétt hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni að spyrja: Hvað hefur ríkisstjórnin í pokahorninu? Hvað ætlar hún að gera? Ætlar hún að sitja aðgerðarlaus? Svipaðar spurningar komu fram í máli ýmissa annarra ræðumanna, t.d. hv. þm. Árna R. Árnasonar rétt áðan. Þá verð ég að segja það að ég er hissa á því þegar menn spyrja í fullri alvöru: Ætlar ríkisstjórnin ekkert að gera?

Það vill svo til að á þessu hausti eru að takast erlendir samningar sem ég hygg að opni meiri sóknarfæri fyrir þann undirstöðuiðnað sem þetta þjóðfélag hvílir á, þ.e. sjávarútveg, en hefur gerst áður. Ég hygg að það skipti meira máli fyrir atvinnulífið en allt það sem gerðist á síðustu fjórum árum. Ég er auðvitað að tala um samninga um EES. Ég hygg að sá aðgangur sem tollalækkanirnar og afnám tollanna á t.d. ferskum afurðum gefur í Evrópu muni skipta sköpum á næstu árum. Ég ætla bara að nefna dæmi af einni tegund afurða sem skiptir verulega miklu máli, fersku flökin. Á þeim voru áður 18% tollar. Þegar samningurinn verður staðfestur fellur hann niður í núll. Það eru geysilega og vaxandi eftirspurn eftir ferskum flökum einmitt í Evrópu. Og hvers vegna skiptir það máli fyrir okkur? Það skiptir máli vegna þess að frystu flökin sem við höfum verið að selja undanfarin ár skila miklu minna en fersku flökin. Þarna er um að ræða mun á kílói upp á 150–170 kr. Markaður. Hvað er hann mikill? Árið 1988 seldum við, þrátt fyrir tollana, þangað fyrir 114 millj. 1990 þrátt fyrir tollana seldum við eigi að síður þangað tólffalt meira. Aukningin var tólffföld á tveimur árum. Við vorum að selja fyrir 1400 millj. Þetta skiptir máli. Er meiri markaður fyrir hendi? Við getum til að mynda litið á útflutning okkar á ísfiski til

Bretlands á þessu ári. Hann hefur numið sem svarar á þorski og ýsu 800 tonnum á viku. 80% af þessu fara í fersk flök. Það eru 640 tonn.

Með öðrum orðum bíður þessi markaður eftir okkur þegar tollarnir hafa verið afnumdir. Ég segi að þarna er um að ræða sóknarfæri. Menn geta síðan reynt að reikna þetta. Einungis 10.000 tonn sem við getum selt með þessum hætti í formi ferskra flaka í stað frystra skilar í þjóðarbúið 1,7 milljörðum aukreitis.

Ég vil nú lýsa undrun minni á því að þingmenn koma í ræðustól og halda því fram að ríkisstjórnin hafi ekkert gert. Hún hefur náð samningum sem skapa betri sóknarfæri fyrir sjávarútveginn á erlendum mörkuðum en áður hefur gerst.

Ég tek síðan undir það sem menn hafa verið að ræða um að það er víðar annars staðar í sjávarútvegi sem menn geta leitað fanga. Þessi ríkisstjórn hefur einsett sér það að setja fram stefnu um fullnýtingu sjávarfangs. Í dag erum við að tapa geysilegum fjármunum í formi úrgangs, getum við kallað það, lifur, úrkast, hausar, sem gætu nýst okkur verulega vel. Við sem tilheyrum stjórnarflokkunum höfum líkað talað um það að við viljum efla fiskmarkaðina. Þetta skiptir miklu máli. Ekki síst vegna þess kjördæmis sem hér hefur komið þráfaldlega til umræðu, Suðurnesja. Það vill svo til að í skjóli fiskmarkaða hefur þróast geysilega merk atvinnustarfsemi sem skilar hærra afurðaverði en við fáum úr hefðbundnum sjávarútvegi. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar og reyndar líka stefna nokkurra stjórnarandstöðuflokka að efla fiskmarkaðina sem í dag eru því miður í vanda staddir.

Ég nefni síðan hlut eins og raforkusölu um streng sem ég hygg að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi séu sammála um að sé kostur sem þarf að athuga vel og iðnrn. hefur í mjög djúptækri athugun í dag. Ég vil síðan nefna ferðaiðnað vegna þess að hæstv. fyrrv. forsrh. hann orðaði það svo: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að efla ferðaiðnað? — Ég spyr: Í hvaða landi lifir hann? Ferðaiðnaðurinn blómstrar í dag en auðvitað má betur gera.

Ég vil að lokum hvetja þingheim allan og landsmenn alla og sér í lagi hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem ég hef ekki áður þekkt af svartsýni: Við skulum ekki drekkja okkur í svartagallinu. Við skulum frekar taka höndum saman og reyna sem þjóð að standa sameinuð og vinna okkur út úr þeim vanda sem við erum í í dag.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til viðbótar við þá lausn sem hv. 17. þm. Reykv. kom helsta með, þ.e. skipti á álveri og hausum og lifur, þá nefndi hann það sem þungamiðju í sinni röksemdafærslu að það hefðu gerst þeir hlutir í alþjóðlegu umhverfi efnahagslífs og fjármagnsmarkaða sem væru orsök þess að nú væri svo komið að menn frestuðu byggingu álvers. Ég vil minna hv. 17. þm. Reykv. á það að í allri umræðu um þetta mál hefur því ætíð verið haldið fram að menn horfðu til framtíðar og sveiflur í núinu, bæði á álverði og í efnahagslífinu, kæmu framgangi málsins ekkert við. Á þessu hefur verið hamrað við okkur allan tímann meðan málið hefur verið í gangi.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða sem féllu í ræðu hv. síðasta ræðumanns þar sem hann sagði að í 20 ár hefðu Íslendingar verið að reyna að ná samningum um stóriðju í landinu vil ég leiðrétta þau orð og minnast þess að fyrir tíu árum eða svo var það stefnumál iðnrh. í Alþb. að reyna að spilla fyrir því að Íslendingar gætu gert samninga um stóriðjumál og gera þá samvinnu sem tortryggilegasta. Ég efast ekki um að viðsemjendum okkar nú í samningum um álver er kunnugt um þau vinnubrögð öll og þau kunna að hafa haft áhrif á þessa samninga og þá stöðu sem við nú stöndum í.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er illa gert og rangt hjá hv. þm. að líkja mér við Njál, illa gert gagnvart Njáli heitnum. Ég er ekki svo framsýnn sem Njáll var, því fer víðs fjarri, enda sagði ég aldrei að ég hefði séð fyrir að álverð mundi þróast eins og það hefur gert. Ég sagði að ég hefði leitað álits sérfræðings. Sá sérfræðingur er amerískur og búsettur í Genf, hann er reyndar með skrifstofu einnig í Moskvu, og ég gerði grein fyrir því að ég tjáði hæstv. iðnrh. að samkvæmt upplýsingum þessa sérfræðings stæðist spá doktor King, sérfræðingsins sem iðnrh. hefur treyst á, ekki. Þetta staðfesti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það var því ekki ég sem sá fram á neitt heldur var ég aðeins að flytja boð frá öðrum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst nota þetta tækifæri til að leiðrétta misskilning sem hefur komið fram nokkrum sinnum í umræðunum. Það er leiðréttingin sem ég fékk frá núv. hæstv. forsrh. á sínum tíma að hinn margumræddi doktor King er ekki doktor gagnstætt því sem við höfum haldið margir árum saman heldur bara venjulegur mister King. Þetta upplýsti núv. hæstv. forsrh. mig um á sínum tíma. (**Forseti:** Halda sig við andsvarið.) Það var óhjákvæmilegt að ég gerði þetta vegna þess að enn á ný var farið að kalla þennan mann, sem hefur reynst hafa svona rangt fyrir sér, doktor og okkur doktorunum í salnum, a.m.k. þeim sem hér stendur og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, er annt um það hvernig þessi titill er notaður.

Ég vil hins vegar víkja að því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að í 20 ár hefði verið reynt að fá hingað verksmiðjur. Það er rétt hjá þingmanninum að því leyti til að margir iðnrh. hafa glímt við það að fá hingað erlenda fjárfestingu og einnig sá iðnrh. sem hv. þm. Björn Bjarnason var að hnýta hér í áðan. Hann glímdi mikið við það og lagði grundvöll m.a. að ákveðinni verksmiðju á Austurlandi.

Hv. fyrrv. þm. Sverrir Hermannsson átti í viðræðum við Kína. Albert Guðmundsson fyrrv. iðnrh. átti líka í viðræðum. Friðrik Sophusson fyrrv. iðnrh. átti líka í viðræðum. Það væri auðvitað fróðlegt að fá að vita hvaða ályktun hv. þm. Össur Skarphéðinsson dreg-

ur af því að engar þær tilraunir hafa tekist. Núv. iðnrh. hefur mistekist. Friðriki Sophussyni mistókst. Sverri Hermannssyni mistókst. Albert Guðmundssyni mistókst. Hjörleifi Guttormssyni mistókst. Er kannski skýringin sú að menn hafa verið að elta rangan hest? Gefa sér vitlausar forsendur í atvinnuuppbyggingunni? Ég held það hljóti að vera áleitin spurning þegar við stöndum núna frammi fyrir því að núv. hæstv. iðnrh. bætist í þennan hóp.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson orðaði það svo í sjónvarpinu í gær þegar hann var að greina frá þessum upplýsingum að þær hefðu gefið erlendur kunningi hans. Ég þakka honum að hafa upplýst að þessi erlendi kunningi hefur býsna gott vit á álmálum.

Varðandi dr. King kom hér fram, sem hefði átt að koma fram miklu fyrr, að maðurinn er ekki doktor. Það skýrir kannski þetta allt saman.

Varðandi það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði um atvinnuuppbyggingu og hvort hér hefði e.t.v. verið veðjað á rangan hest, þá verð ég að svara því þannig að ég lít ekki svo á að við séum að veðja á einhvern einn einstakan hest. Við erum kannski að veðja á heila hjörð. Við erum eins og ágætur leiðtogi, sem nú er að vísu fallinn af stalli sögunnar, orðaði það, að reyna að verða okkur úti um kött og það skiptir ekki máli hvernig hann er á litinn bara ef hann veiðir mýs. Ég vil marga ketti. Ég er alveg eindreginn talsmaður stóriðju á Íslandi að því gefnu að umhverfisforsendur og raforkuverð séu í lagi. En ég vil líka að við reynum eftir föngum að efla aðra uppbyggingu í atvinnu alveg eins og menn eru að gera í dag. Alveg eins og t.d. þingflokkur Alþb. er að leggja til tiltekið mál, þ.e. sölu á raforku um streng, til áherslu á áhuga sínum á því þó auðvitað viti þingflokkur Alþb. að þetta mál er í mikilli vinnslu í iðnrn. undir farsælli forustu núv. iðnrh.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

9. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 5. þm. Reykn. sé ég mig tilknúna að bera af mér sakir. Það er mikill misskilningur að ég hafi fagnað því að staða atvinnumála sé slæm nú. Hins vegar hlýt ég eins og aðrir að fagna því ef atvinnustefna ríkisstjórnarinnar leiðir okkur ekki á þá háskalegu braut sem bygging álvers hefði orðið. Þetta mundi hv. 5. þm. Reykn. vita ef hann hefði hlustað almennilega á mál mitt.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt og sjálfsagt að taka þetta mál til umræðu. Frestun ákvörðunar um álver á Keilisnesi er skellur, eins og hæstv. forsrh. hefur komist að orði. Ég hygg að í meginatriðum hafi rétt og eðlilega verið staðið að málum. Hæstv. iðnrh. hefur stýrt þessu vel eftir orðtakinu: Þú virkjar ekki eftir á. Fyrst raforka, síðan stóriðja. Virkjunarmálin eru undir sama hatti þótt auðvitað sé hann aldeilis ekki einn í ráðum. Núna þegar fresturinn er orðinn má auðvitað deila um það hvort virkjunarframkvæmdir hafi byrjað á réttum tíma. En undarlegt er ef menn ætla að deila hér löngum stundum um liðna tíð og orðna hluti sem enginn fær breytt.

Þegar virkjunarmálin voru á dagskrá voru tveir valkostir: Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Ákvörðun var tekin og sú ákvörðun reynist vera rétt. Hefði verið farið í Fljótsdalsvirkjun sætum við nú uppi með miklu meiri fjárskuldbindingar en annars er. Sjálfsagt er að stöðva þær framkvæmdir sem háar fjárhæðir hafa nú þegar gengið til. Þessi staða í stóriðjumálum hlýtur að kalla á nýjar áherslur. Setja þarf enn þá meiri kraft í aðra atvinnuuppbyggingu, sjá til með stóriðjuna en hefja sókn til byggingar og rekstrar smáfyrirtækja um landsins byggðir til styrktar atvinnulífinu og efnahagskerfinu. Aðferðirnar þarf að finna því auðvitað eru þær til. Hv. þm. væri sæmst að sameinast í því. Við hljótum að halda áfram að nudda, eins og hér hefur verið komist að orði.

Virðulegi forseti. Blönduvirkjun er ekkert risavaxið ævintýri. Hún er orkuforðabúr sem mun nýtast vel í framtíðinni, ekki að fullu á allra næstu árum en samkvæmt áætlunum og spám rafmagnsveitnanna svarar hún aukinni orkuþörf til innanlandsnota rétt fram yfir aldamótin, í mesta lagi fram til ársins 2005. Það er gott til þess að vita að í einhverju erum við ekki að sóa í neyslu líðandi stundar út á framtíðina, eftir að vera búin að koma fyrir sparifé eldri kynslóðar. Með Blönduvirkjun er því engu spillt og ég vara við svartsýnistali og ráðaþroti. Fólkið í landinu þarf fremur að heyra héðan úrræði og nýjar leiðir en deyfð og vonbrigði og sífellt tal um orðna hluti sem enginn breytir hvort eð er. Fólk þarf að sjá og finna að hér er kjarkur og fullur vilji til úrræða og stuðnings við drífandi fólk út um allt land en menn sitji ekki hér með hendur í kjöltu og gráti Björn bónda heldur safni liði til uppbyggingar og nýrrar sóknar í framkvæmdum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er óhætt að segja að nánast þjóðin öll hafi verið flemtri slegin í gær þegar tilkynning barst um að hætt væri við væntanlegar álversframkvæmdir. Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni þegar starfsfólk í heilum atvinnugreinum horfir fram á verkefnaskort á næstu missirum. Það er síðan allt önnur saga hvernig þær væntingar voru byggðar upp. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um samningsgerðina. Það hafa aðrir gert hér.

Ég ætla að víkja að einu atriði í ræðu hæstv. forsrh. Hann ræddi um að fjölmiðlar hefðu verið að halda því fram að Landsvirkjun hefði þvælst fyrir málinu. Það eru nokkuð ný sannindi í mínum huga ef það eru fjölmiðlarnir sem búa til fréttirnar. Ef ég hlustaði rétt á kvöldfréttir í gær var þarna um að ræða mjög ákveðin ummæli hæstv. iðnrh. í þá veru sem ýjað var að.

Ég ætla að koma að einum þætti þessa máls og það er staðarvalið. Ef einhvers staðar í ferli álmálsins hefur verið leikinn ljótur leikur, þá var það þar. Ef menn

beittu einhvers staðar í þessu ferli blekkingum, þá var það þar. Ég vil að vísu alltaf ætla fólki hið besta og reikna með að þessar blekkingar hafi verið óafvitandi. Það hafi verið trú manna að það væri einhver meining með þeirri vinnu sem sett var í gang vegna staðarvalsins.

Hæstv. iðnrh. segir að fundurinn á Akureyri 1989 hafi aukið á samheldni manna um staðarval. Ekki veit ég á hverju hann byggir það. Ég minnist þess líka að hæstv. iðnrh. sagði, þegar hann kom af fundi norðanmanna þar sem hann tilkynnti að búið væri að ákveða staðsetninguna á Keilisnesi, að fulltrúar Eyfirðinga hefðu tekið því með skilningi og karlmennsku. Það er alveg rétt hjá hæstv. iðnrh. En það var ekki vegna þess að þeir væru sáttir við hvernig að málinu var staðið heldur var það vegna þess að það var þeirra staðfastur ásetningur að láta ekki á sér finna neitt annað. Þeir ætluðu ekki að láta neinn hlakka yfir óförum sínum í þessu máli.

Hér er rætt um að menn hafi verið forvitrir og séð fram í tímann. Þá ætla ég að leyfa mér að vitna í eitt atriði í þessum ferli þar sem ákveðinn maður var forvitur. Það var hv. 6. þm. Reykn., þá varaformaður Verkamannasambands Íslands, sem lýsti því blákalt yfir í fjölmiðlum meðan enn þá var fjölmennu liði manna, bæði norður í landi og austur á landi, stefnt í vinnu til þess að undirbúa staðarval, að hann hafi það staðfest að erlendu aðilarnir séu búnir að ákveða staðsetningu á Keilisnesi. Ég kann ekki að telja hvað liðu margar vikur frá þessu sjónvarpsviðtali þar til hæstv. iðnrh. kallaði fulltrúa Norðlendinga og Austfirðinga á sinn fund til þess að tilkynna þeim niðurstöðuna. Það var mikið unnið á þeim tíma sem leið á milli.

Ég vil ekki ætla að þetta hafi bara verið getsakir hjá Karli Steinari. Ég tel víst að hann hafi haft eitthvað til síns máls. Hann var á þessum tíma, ef ég man rétt, kominn í framboð með hæstv. iðnrh. á Reykjanesi. Komu upplýsingarnar þaðan? Ég veit það ekki. Ef þær hafa hins vegar komið frá samstarfsaðilunum erlendu, vestan frá Bandaríkjunum, á ég bágt með að trúa því að hæstv. 6. þm. Reykn. hafi fengið þær upplýsingar á undan hæstv. iðnrh.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að ef einhvers staðar var leikinn ljótur leikur í þessu máli, þá var það varðandi þessi atriði.

Ég get tekið undir ummæli nokkurra hv. þm. um það að nú þurfum við á bjartsýni að halda. Hins vegar verð ég því miður að segja að ég finn ekki fyrir þeirri bjartsýni og ég finn ekki fyrir að það sé ýtt undir þá bjartsýni hjá núv. hæstv. ríkisstjórn með því sem hún leggur til málanna í atvinnumálum. En burt séð frá því þá held ég að það allra dýrasta sem getur upp komið í stöðunni sé það að við verðum hér með fjölda vinnufærra handa sem ekki hafa neitt að gera á næstu árum. Það hafa Íslendingar aldrei þolað og það mun verða okkur mjög þungbært. Gegn því verður þess vegna að vinna með öllum tiltækum ráðum.

Ég ætla að leyfa mér að nefna hér eitt atriði og varpa því fram í umræðuna. Af hverju notum við ekki það hlé sem nú gefst, það tækifæri sem nú gefst til athafna til að klára uppbyggingu hringvegarins, vegakerfisins frá Reykjavík til beggja átta og þar sem það mundi ná saman á Egilsstöðum fyrir austan. Ég hygg að fyrir því liggi nokkrir útreikningar að hægt sé að sýna fram á að þetta sé á engan hátt síður arðbær fjárfesting en ýmislegt annað sem menn hafa verið að leita fyrir sér með. Ég held að þetta mundi ekkert síður opna nýja möguleika en EES-samningurinn og ég mun reyndar færa eilítil rök að því að þetta sé kannski forsenda þess að menn geti nýtt þá möguleika sem þar opnast.

Menn hafa hér nokkuð rætt um það að samningurinn um EES muni gefa sjávarútveginum aukna möguleika og nefna þar sérstaklega fersku flökin. Það er rétt. Menn geta þess hins vegar ekki að eins og aðstæður eru í okkar þjóðfélagi í dag, þá eru allar líkur á því að þessi nýju færi skapist fyrst og fremst á suðvesturhorni landsins, svæðinu frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur. Að því leyti er það rangt þegar hæstv. utanrrh. heldur því fram að í þessu felist mikið byggðamál. Þetta byggist á því, og þar hef ég fyrir mér orð nokkurra af okkar hæfustu mönnum í útgerð og fiskvinnslu, að þessi færi eru best fyrir þá sem liggja best við samgöngum eins og þær eru í dag frá landinu. Daglegu flutningarnir út með gámum fara frá höfn í Reykjavík, allir útflutningar með flugvélum til þessa dags eru miðaðir við þarfir Flugleiða sem vilja hvergi annars staðar lenda en á Keflavíkurflugvelli. Þess vegna segi ég eins og ég sagði áðan að það að klára uppbyggingu samgöngukerfisins, þ.e. hringvegarins, er kannski forsendan fyrir því að þessi færi nýtist, sömuleiðis að lokið verði við áætlun um það að Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur geti verið millilandaflugvellir.

Að mínu mati opnar þetta líka stóra möguleika í ferðaþjónustu. Ég hef nú reyndar gengið lengra í málflutningi m.a. hér á hinu háa Alþingi og nefnt hugmyndir um hálendisvegi sem ég ætla að láta bíða að sinni í það minnsta. En ég vil bara með þessum orðum mínum benda á það að við þurfum að vinna okkur út úr þessum vanda núna með athöfnum, ekki með því að sitja með hendur í skauti.

Í tilefni af ummælum hv. 17. þm. Reykv. áðan um að við eigum að leita nýrra tækifæra þá ætla ég að gerast svo djarfur hér að benda á fiskeldið sem einhver mundi kannski segja að væri að nefna snöru í hengds manns húsi. En það skyldi ekki vera að þar ættum við sóknarfæri núna? Það skyldi ekki vera að sú alræmda stofnun, Byggðastofnun, hafi með frumkvæði sínu norður í Öxarfirði náð að sýna og sanna að þetta er atvinnuvegur sem á framtíð fyrir sér? Menn hafa að vísu gert þar ótal mistök en mistökin eru kannski öðru fremur til þess að læra af þeim en til þess að gefast upp fyrir þeim. Ég skal því manna fyrstur taka undir það með hv. þm. að við þurfum á bjartsýni að halda en við þurfum líka á nýrri ríkisstjórn að halda til þess að virkja bjartsýnina.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er óhætt að segja að núna ríki

kvíði hjá þjóðinni vegna atvinnumála. Það ríkir kvíði vegna niðurskurðar í sjávarútvegi. Það ríkir kvíði vegna mikilla breytinga og sviptinga í landbúnaðarmálum og vegna þess að ýmsar atvinnugreinar sem bundnar voru vonir við hafa ekki gengið enn sem komið er og má þar nefna t.d. fiskeldi eins og síðasti ræðumaður nefndi. Það er óhætt að segja að einmitt vegna þessa voru þær fréttir, að samningar um álver á Keilisnesi hefðu frestast, ótíðindi. Ég gleðst ekki yfir þeim tíðindum þó að ég hafi tekið þátt í deilum um staðsetningu þessa fyrirtækis á sínum tíma og talið að það ætti að staðsetja annars staðar. Það var komin í það mál niðurstaða sem ég sætti mig við þó að ég væri annarrar skoðunar og mér finnst þetta ótíðindi. Það eru ótíðindi vegna þess að við bundum vonir við þessar framkvæmdir um að geta nýtt orkulindir landsmanna.

Líklega stendur öll þjóðin núna í þeim sporum sem við Austfirðingar höfum staðið í, ég má segja í tvígang. Við erum vanir menn að þessu leyti. Við höfum horft upp á að það var búið að leggja vegarspotta að verksmiðju í Reyðarfirði þar sem átti að verða kísilmálmverksmiðja og meira að segja hafði hún starfsmenn hér í Reykjavík og borgaði hæstu meðallaun á landinu á sínum tíma, ef ég man rétt. En ekkert varð af þeim áformum. Og ég vil nú ráðleggja iðnrh. í fullri einlægni að þó að þessu máli hafi verið frestað að vekja ekki falskar vonir og tala ekki um framhald þessa máls af of mikilli bjartsýni. Þetta er af fullum heilindum mælt því að það er mjög slæmt ef heil byggðarlög fara að bíða eftir slíkum kostum og hafa vonir um að úr rætist sem ekki gengur eftir.

Svo að ég víki aftur að kísilmálmverksmiðjunni margfrægu, þá hefði nú reyndar mátt, að manni finnst, athuga í meiri alvöru á þeim tíma sem liðinn er síðan það mál datt upp fyrir hvort möguleiki væri að taka það upp aftur vegna þess að nú hafa verið byggðar einar tvær eða þrjár slíkar verksmiðjur í veröldinni síðan ekki náðist um það mál samkomulag hér. Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh.: Með hverjum hætti er fylgst með slíkum kostum í hans ráðuneyti? Það hefur aðeins verið tæpt á þeim málum hér, hann tæpti á þeim í ræðu sinni hér fyrr í dag, en ég vildi biðja hann að koma nánar að þeim hlutum, með hverjum hætti er fylgst með nýjum iðnaðarkostum og með hverjum hætti þeim kostum er fylgt eftir.

Ég átti satt að segja von á að þessar umræður, þó að auðvitað sé gott að rifja upp fortíðina og nauðsynlegt í þessum efnum, mundu frá hendi hæstv. ráðherra, sem hér hafa talað, snúast meira um hvað væri nú til ráðs, hver þeirra áform væru varðandi atvinnulífið í landinu þegar við stöndum nú frammi fyrir því að framkvæmdir við álver frestast sem var þó svo mikil alvara í að fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþingi og fjárln., er reiknað með miklum tekjum af þessum framkvæmdum á næsta ári. Ég fann ekki þá framtíðarsýn í ræðum hæstv. iðnrh. og enn þá síður í ræðu hæstv. forsrh. Ég varð lítið rólegri að hlusta á ræður þeirra. Ég held sannast sagna að hér sé nú hætta á stórfelldara atvinnuleysi en við höfum horft fram á um langa hríð. Og ég vildi svo sannarlega vita hvort einhverrar stefnubreytingar sé að vænta gagnvart atvinnulífinu í landinu. Ég vildi svo sannarlega vita hvort ekki er að vænta þeirrar tíðar að athafnamenn geti fengist við einhvern áhætturekstur, jafnvel þó að þeim mistakist, og hætt verði að elta þá uppi eins og hálfgerða óbótamenn. Yfirlýsingarnar sem hafa gengið frá sumum ráðamönnum hafa jafnvel verið á þá leið og síðan fylgja fjölmiðlar eftir í þessari umfjöllun. Ég vona svo sannarlega að nú verði stefnubreyting að þessu leyti.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist á fiskeldisfyrirtæki norður í Axarfirði. Það hefur ekki verið talað vel um það fyrirtæki í gegnum tíðina. Þó er það kannski eitt af því sem gæti komið til bjargar þegar tímar líða. Þótt ýmis mistök hafi áreiðanlega átt sér stað í þeirri uppbyggingu þá tel ég að t.d. fiskeldið eigi framtíð fyrir sér.

Ég er einn af þeim sem telja að sá samningur, sem hefur náðst um EES, ef hann verður að veruleika, geti opnað möguleika fyrir íslenskan sjávarútveg. En þeir möguleikar opnast ekki sjálfkrafa. Það er ekkert sjálfgefið í þeim efnum. Þeir opnast ekki nema með kjarki og dug og menn fái bakstuðning til þess að nýta þá. En mér finnst mjög mikið á það skorta hjá þessari ríkisstjórn. Mér finnst að tónninn í garð atvinnulífsins, ekki síst úti um landsbyggðina, sé með þeim hætti að hann veki ekki bjartsýni hjá fólki og hann vekji ekki bjartsýni hjá athafnamönnum til að ráðast í áhættusöm verkefni, því miður. Það er dálítið nöturlegt að þetta skuli vera ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. sem kennir sig við frjálst framtak og frelsi til athafna og hefur talið sig hafa flesta athafnamenn sem heiti hafa innan sinna vébanda. Ég vona að þetta breytist. Ég vona að ráðamenn breyti nú um tón. Það er mjög mikilvægt (**StG:** Það er vonlaust.) og vonlaust, segir hv. 4. þm. Norðurl. v. og á hann þar sjálfsagt við að vonlítið sé að breytt verði um tón í garð þeirrar stofnunar sem hann situr í stjórn í, enda heyrist mér á formanni stjórnar þeirrar stofnunar þegar viðtal er tekið við hann í útvarpinu að það sé lítil von til þess að þar verði breyting á, svo að ég lái ekki minni spámönnum í þeirri stjórn, ég vona að hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrirgefi mér orðbragðið, þó að þeir séu svartsýnir.

Það er ein spurning sem ég ætla að lokum að leggja fyrir hæstv. iðnrh. nú þegar þessi kostur frestast og við stöndum frammi fyrir að eiga orku úr heilli virkjun sem er ekki nýtt. Ég vil spyrja hann hvort ekki séu möguleikar á því að atvinnulíf landsmanna njóti nú um sinn ódýrari orku og lægri taxta fyrir raforku en nú er raun á. Það mundi létta undir með ýmsum atvinnugreinum að eiga kost á því. Ég er að vísu ekki hagfræðingur en ég held að af því hlytu að verða tekjur fyrir Landsvirkjun ef hægt væri að auka orkunotkun eitthvað með þeim hætti að bjóða atvinnulífinu upp á hagkvæma taxta og raforku. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort einhver áform séu uppi um að hefja viðræður um það við stjórn Landsvirkjunar að gera átak í þessum efnum.

En ég held nú þrátt fyrir allt að aðalatriðið sé stefnubreyting, breyttur andi í garð undirstöðuatvinnuveganna í landinu og breyttur andi í garð þeirra sem

vilja fást við áhættusaman rekstur. Það muni lyfta okkur frekar en nokkuð annað og muni leiða okkur frekar en nokkuð annað til framfara í þessu landi. — [Fundarhlé.]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frestun framkvæmda við álver á Keilisnesi, sem nú er staðreynd, er mikið áfall fyrir þjóðarbúið. Það er á vissan hátt áfall í samskiptum okkar og viðsemjenda um nýtingu fallvatna sem svo mjög hefur verið horfið til sem mikilvægrar undirstöðu fyrir atvinnuuppbyggingu og til að efla hag þjóðarinnar.

Nú þegar frestun er staðreynd þarf að nema staðar og huga rækilega að næstu sporum í þessu mikilvæga máli sem varðar alla þjóðina svo miklu. Við þurfum að stokka spilin að nýju. Viðbrögð stjórnarandstöðunnar hér á hinu háa Alþingi, sem og í fjölmiðlum, hafa vissulega vakið nokkra athygli. Kvennalistinn fagnar þessari niðurstöðu og telur stóriðju sem fyrr allt til foráttu. Sú afstaða til álvers hefur legið fyrir og er því ekki ný. Alþb. og Framsfl. hafa notað stöðuna til þess að ráðast á iðnrh. og vekur málflutningur hv. þm. Steingríms Hermannssonar einkum athygli vegna þess að þar talar fyrrum forsrh. sem bar ábyrgð á samningaviðræðum við álfyrirtækin í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það er ekki sannfærandi málflutningur hjá stjórnarandstöðunni þegar hv. þingmenn og fyrrum ráðherrar reyna að hlaupa frá ábyrgð og láta að því liggja að þeir hafi séð fyrir þá niðurstöðu sem nú hefur orðið.

Við þær aðstæður sem frestun á byggingu álvers hefur nú skapað verðum við að horfa fram á við en ekki lifa stöðugt í því sem liðið er. Leita verður leiða til þess að bæta þjóðarhag svo sem mest má verða og efla atvinnulífið og tryggja og treysta framfarir í landinu á öðrum grunni en þeim sem álverið átti að skapa. Engu að síður verðum við að halda áfram undirbúningi og freista þess að halda áfram viðræðum um byggingu og rekstur stóriðjufyrirtækja. Þegar fyrir liggur að framkvæmdum við álverið verður frestað verður þegar að bregðast við. Viðbrögðin verða annars vegar að byggjast á því að auka tekjur af öðrum atvinnukostum og með öðrum hætti og hins vegar að draga úr ríkisútgjöldum eða endurskipuleggja fjárfestingu í landinu til þess að mæta samdrætti og hættu á atvinnuleysi. Ekki koma þar margir kostir til greina sem grípa má til, en sjávarútvegurinn hlýtur að vera sú grein sem áfram verður að treysta mjög mikið og reyndar mest á.

Varðandi sjávarútveginn verður að skoða það rækilega og fara yfir allar hliðar þess að hefja hvalveiðar með fullum afköstum að nýju strax á næsta ári, svo og hrefnuveiðar. Nýta verður alla þá fiskstofna sem mögulegt er og auka til muna allar rannsóknir á fiskstofnum. Leggja þarf mat á það hvort takmarka eigi verulega útflutning á óunnum fiski til þess að freista þess að auka sem mest vinnslu í landi og auka vinnsluvirði þess afla sem hér er veiddur við strendur landsins.

Auðvitað þarf að leita allra leiða til að efla aðrar atvinnugreinar en auk þess þarf að fara inn á nýjar brautir, svo sem þá að kanna sölu á raforku til nágrannalanda um sæstreng, svo sem bent hefur verið á við þessa umræðu. Við megum hins vegar hvergi láta deigan síga í viðleitni okkar við að mæta því tekjutapi sem verður frá því sem ætlað var að fengist í auknum tekjum með byggingu og rekstri álversins.

Í þjóðhagsáætlun segir að landsframleiðsla árið 1992 verði um 1% minni en ella ef fallið er frá áformum um byggingu álversins. Það verður því að endurmeta fjárlagafrv. sem liggur fyrir þinginu, en það þarf einnig að skoða þá möguleika að hefja framkvæmdir sem geta leitt til sparnaðar eða hagræðingar í atvinnulífinu eða í opinberum rekstri og þar með í raun aukið þjóðartekjur þegar til lengri tíma er litið, auk þess sem líta verður til þeirra verkefna sem stuðla að atvinnuöryggi í landinu. Í því sambandi má vissulega nefna vegaframkvæmdir og hafnagerð sem án nokkurs vafa eru þær opinberar framkvæmdir sem eru verulega arðsamar og munu styrkja byggðina og styrkja atvinnuuppbyggingu í landinu til lengri tíma litið. Allt þetta þarf að skoða og meta í nýju ljósi þeirrar staðreyndar að álver verður ekki byggt í bráð.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ég hafði ekki sérstaklega ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu sem fer fram um þá tilkynningu iðnrh. að nú sé búið að blása af álver, a.m.k. í bili. Hins vegar hefur Kvennalistinn nokkuð blandast inn í þessa umræðu, eins og gefur að skilja, og þess vegna finnst mér bæði eðlilegt og sjálfsagt að leggja hér eitthvað til málanna.

Hv. 5. þm. Reykn., Árni R. Árnason, sagði að það hefði verið eins og högg í andlit fólks á Suðurnesjum þegar fulltrúi Kvennalistans lýsti yfir gleði sinni með niðurstöðu þessa máls. Það verður að segja við þennan hv. þm. og aðra þá sem hér eru að við kvennalistakonur getum auðvitað ekki tekið á okkur ábyrgð á gerðum ráðamanna í þessu máli, ekki tekið á okkur ábyrgð á gerðum og stefnumörkun sem við höfum alla tíð verið mótfallnar. Við höfum alla tíð lýst þessari afstöðu okkar yfir og þess vegna ættu ályktanir sem við drögum nú af málinu ekki að koma á óvart.

Við viljum láta langtímasjónarmið ráða í atvinnumálum og við erum sannfærðar um, nú eins og áður, að mengandi stóriðjustefna er ekki í þágu framtíðarinnar. Þessi stefna takmarkar þvert á móti möguleika okkar í framtíðinni. Við vitum það öll að ómenguð og falleg náttúra, eins og við Íslendingar eigum, er söluvara og þessi náttúra skapar gjaldeyristekjur og hún hefur á undanförnum árum ekki skapað minni gjaldeyristekjur en áliðnaðurinn.

Í öðru lagi vitum við að við getum selt raforkuna á mun hærra verði í ekki mjög fjarlægri framtíð. Við þurfum ekki að setja hana á útsölu núna. Það er auðvitað spurningin um að þreyja þorrann og góuna, en það eru margir valkostir í stöðunni innan ekki mjög margra ára.

Við kvennalistakonur hljótum því, vegna þess að við lítum til framtíðar, að gleðjast yfir því að mengandi stóriðjustefna verður ekki að veruleika. Við gleðj-

umst yfir því. Við gleðjumst yfir því að skammsýn sjónarmið hafa orðið undir í þessu máli. Og við gleðjumst yfir því að þróunarlandahagstjórn hefur beðið afhroð í þessu máli, hagstjórn sem byggist á því að leysa vanda lítilla hagkerfa með stórum fyrirtækjum sem fá að leika lausum hala og fara sínu fram í umhverfismálum eins og ætlunin var með þetta stórfyrirtæki sem setja átti niður á Keilisnesi. Þessi gleði okkar, sem ég hef nú lýst, er hins vegar auðvitað galli blandin. Hún er svo sannarlega galli blandin. Það er ekkert gleðilegt að íslensk stjórnvöld skuli nú hafa fjárfest a.m.k. 1 milljarð í þessum fyrirætlunum og þau standi núna í rauninni uppi eins og villuráfandi sauðir í atvinnumálum, sérstaklega á Suðurnesjum. Það eru mjög alvarlegar fregnir sem hafa verið að berast undanfarna daga af þeim atvinnumálum, sérstaklega atvinnumálum kvenna á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi er nú með því hæsta á landinu og komið upp í 5,8%.

Það voru líka alvarlegar fregnir sem við fengum í kvöldfréttunum í kvöld, um það að nú væri búið að taka Stálbræðsluna í Kapelluhrauni til gjaldþrotaskipta og 80 manns hefðu þar misst atvinnu sína. Auðvitað eru þetta alvarleg tíðindi, ekki síst vegna þess að það er ekkert sem tekur við. Það er heldur ekkert gleðilegt að stjórnvöld skuli hafa glætt falskar vonir í þessu máli og slökkt þær síðan aftur á einum degi. Menn hafa á undanförnum vikum rembst eins og rjúpan við staurinn við að segja fólki að það sé að koma, álverið sé að koma, þetta sé bara spurning um tíma. Nú gerist það á einum degi að vonir — auðvitað falskar vonir — eru slökktar.

Í sjónvarpsfréttunum í kvöld stakk það mig reyndar dálítið að í viðtölum við íbúa í Vogum á Vatnsleysuströnd kom fram, ekki síst í viðtölum við konur, að þetta kom þeim í rauninni ekki á óvart. Þær sögðu: Við máttum búast við þessu. Þetta kom þeim ekkert sérstaklega á óvart, en virtist hins vegar vera meira reiðarslag fyrir karlmenn þarna, enda hugsa ég að þeir hafi frekar litið til þess að þeir fengju atvinnu í þessu álveri en konur.

Hætt er við, hins vegar, að þessar fölsku vonir, sem búið var að kveikja og voru síðan slökktar á einum degi, veki upp vonleysi í atvinnumálum þjóðarinnar. Auðvitað er ekki gleðilegt ef fólk leggst í þunglyndi og vonleysi yfir því ástandi sem við blasir. Það er heldur ekki gleðilegt að þeir sem nú hafa slökkt þessar vonir skuli engu að síður reyna að viðhalda eigin sjálfsblekkingu því að það verð ég að segja að mér finnst hæstv. iðnrh. gera.

Ég held það hafi verið Ibsen sem sagði einhvers staðar að allir yrðu að eiga sína villiönd, sína lífslygi. Mér finnst ég geta heimfært þetta upp á hæstv. iðnrh. í þessu máli.

Ekkert af því sem ég hef talið upp er gleðilegt, en við kvennalistakonur ætlum ekki að hryggjast yfir því þó að dansinum kringum álkálfinn sé nú lokið, að sinni a.m.k. Ekki er hægt að gera þá kröfu til okkar með neinni sanngirni að við hryggjumst yfir því og lýsum þeirri hryggð okkar í þessum ræðustól.

Hæstv. 5. þm. Reykn. Árni R. Árnason verður að leita að blórabögglum í þessu máli annars staðar en í röðum kvennalistakvenna.

Hér talaði annar sjálfstæðismaður, 2. þm. Norðurl. v., Hjálmar Jónsson, og ég get að mörgu leyti tekið undir orð hans áðan, orð sem hann sótti til djarfmæltrar kynsystur minnar forðum sem sagði: „Eigi skal gráta Björn bónda heldur safna liði." Undir þetta get ég sannarlega tekið. Menn hafa verið með yfirlýsingar um að taka þurfi því sem við blasir nú með karlmennsku. Menn geta kallað þetta viðhorf, sem birtist í orðunum um að ekki skuli gráta Björn bónda heldur safna liði, karlmennsku ef þeim er það skapfelldast og það er mér í sjálfu sér að meinalausu. Við kvennalistakonur erum hins vegar að sönnu reiðubúnar til að ganga á hólm við slæmt atvinnuástand þjóðarinnar, en við viljum ekki ana beint af augum og enda í einhverjum vonlausum pytti.

Það er alveg ljóst, svo ég taki upp líkingu frá hv. þm. Svavari Gestssyni áðan, að við munum ekki verða í hópi þeirra meyja sem sitja við opinn glugga og bíða eftir álsöngnum. Sá meyjafans sem við þann glugga situr er ekki af kvenkyni heldur einhverju öðru og torkennilegra kyni.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mig langar að vekja máls á því í þessum umræðum að mér finnst að þar hafi verið farið nokkuð vítt og breitt og menn hafi frekar rætt um fortíðina. Hér hafa þeir komið sem hafa sakað okkur sjálfstæðismenn sérstaklega um það að einblína á fortíðina og talað í löngu máli um fortíðina og það sem þeir töldu sig sjá í framtíðinni fyrir nokkrum mánuðum og það hafi allt ræst hið vonda sem þeir töldu sig sjá í þessu máli. Þetta finnst mér í raun og veru ekki aðalatriði þessa máls. Þegar við stöndum frammi fyrir þeirri ákvörðun, sem tekin hefur verið af viðsemjendum okkar um að reisa hér nýja álverksmiðju, að þeir vilja fresta framkvæmdum við hana um a.m.k. eitt ár finnst mér ekki aðalatriði þess máls, sem við þurfum að fjalla um, hvort menn hafi séð það fyrir fyrir einu ári, þegar þeir sátu í ríkisstjórn sem hafði það sem sitt höfuðmarkmið að ná samningum við þessa aðila, að þessari framkvæmd yrði frestað. Höfuðatriðið er að velta því fyrir sér hvort þessi frestur sé byggður á aðstæðum sem eiga eftir að breytast okkur í vil eða ekki. Þar er ekki við hæstv. iðnrh. að sakast. Það er rétt sem hæstv. forsh. sagði, að ekkert í því máli sem er til umræðu er á þann veg að við iðnrh. sé að sakast um að hann hafi lagt stein í götu þess að þetta verkefni næði fram að ganga. Þvert á móti hefur hann lagt sig allan fram um það að samningar tækjust og að framvinda yrði samkvæmt þeim áætlunum sem ríkisstjórnin hafði gert sér rökstuddar vonir um að uppi gætu verið í þessu efni.

Það sem hér er um að ræða er, eins og allir þingmenn eiga að vita, að álverð hefur farið lækkandi á undanförnum vikum og mánuðum. Samtímis því eru efnahagsaðstæður í heiminum á þann veg að lánskjör hafa versnað og stórfyrirtæki hvar sem er í veröldinni vilja halda að sér höndum og sjá hvað gerist, bæði á

sínum mörkuðum og einnig á hinum alþjóðlegu fjármagnsmörkuðum. Sérstaklega hefur verið bent á að ástandið í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu hafi leitt til þess að álverð hafi lækkað og þess vegna er ástæða til þess, finnst mér, fyrir þingmenn að velta því fyrir sér hvert stefni í Sovétríkjunum og hvert stefni í Austur-Evrópu og hvort líkur séu á að þróunin verði þar á þann veg að þetta ástand verði viðvarandi og þar verði um að ræða þá samkeppni við okkur, annars vegar á orkumörkuðum og hins vegar við framleiðslu á áli, að þessar framkvæmdir hér á landi muni frestast enn frekar.

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um tímabundið ástand í Sovétríkjunum að ræða og í Austur-Evrópu, ástand sem skapast við að stjórnkerfið þar er að leysast upp og þeir menn sem ráða yfir birgðum af áli hafa notað tækifærið, eins og raunar hefur komið fram í umræðunum, og selt þessar birgðir, í raun og veru fyrir hvað sem er, í þeirri von að ná sér í gjaldeyri. Það hefur einnig komið fram að í einstökum héruðum Sovétríkjanna fyrrverandi ríkir hreint upplausnarástand við það að miðstjórnarvaldið hefur hrunið og að forstjórar í fyrirtækjum og landstjórar á einstökum svæðum hafa nú meira vald en þeir höfðu áður og þeir reyna að nota þau verðmæti sem fyrir eru á sínum svæðum til þess að afla erlends gjaldeyris.

Þetta ástand er auðvitað ekki viðvarandi. Hér er um hreint tímabundið ástand að ræða og það hlýtur að fara á þann veg að þessi markaður breytist á þann veg sem verður hagstætt þeim sem vilja hafa stöðugleika á markaðnum og vilja að hann þróist eftir ákveðnum lögmálum, en ekki ríki á honum það upplausnarástand sem nú er. Þess vegna held ég að það sé rökstutt sjónarmið sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherrum í þessum umræðum að hér sé um tímabundið ástand að ræða og við því sé að búast að álmarkaðurinn lagist að nýju og ef þróunin í þessum löndum í austurhluta Evrópu verður á þann veg sem við hljótum öll að vona, að kjör almennings batni. Þá muni eftirspurn eftir áli aukast þar og álmarkaðurinn styrkjast að nýju.

Einnig hefur komið fram að vegna fækkunar á hergögnum muni verða samdráttur í eftirspurn eftir áli. Ég held að þetta sé röng skoðun. Ég held að við því sé að búast að með samdrætti í herafla muni almenn neysla einnig aukast og neysla almennings á áli er meiri en hergagnaneyslan.

Mér finnst því að nauðsynlegt sé að hafa þessi meginatriði í huga og velta fyrir sér þeim ytri aðstæðum sem hafa ráðið þessum breytingum frekar en að deila um það hvort menn höfðu rétt fyrir sér fyrir nokkrum mánuðum þegar þeir þóttust sjá það fyrir að þannig færi í þessum nóvembermánuði að álfyrirtækin hættu við að hefja hér framkvæmdir á næsta ári.

Þá vil ég einnig láta koma fram að mér finnast þessar umræður um þessi mál einkennast af því að menn telji það sjálfsagt að erlendir aðilar séu fúsir til þess að fjárfesta hér á landi og það liggi einhvern veginn í hlutarins eðli að menn geti gengið að slíku sem vísu. Það hefur ekki verið og reynslan ætti að hafa kennt okkur að að slíku er ekki unnt að ganga sem vísu. Reynslan ætti einnig að minna okkur á að hér innan lands hafa verið harðar pólitískar deilur um langt árabil um hvort yfirleitt sé æskilegt að stofna til samstarfs við erlenda aðila með þeim hætti sem gert er með þeim samningum sem nú liggja fyrir í drögum um þetta álver. Hér hafa verið harðar pólitískar deilur og voru m.a. á Alþingi á sjöunda áratugnum þegar rætt var um samningana við Alusuisse. Þá snerust stjórnmálaflokkar gegn þeim samningum á þeim forsendum að það væri óbærilegt fyrir Íslendinga að semja með þessum hætti við erlenda aðila. Þessi sjónarmið hafa sem betur fer verið að víkja í stjórnmálaumræðum og það hlýtur að gleðja þá sem hafa talið þau röng frá upphafi að þeirra hefur ekki verið getið í umræðunum í dag um þetta mál. Það er í sjálfu sér gleðilegt að allir flokkar virðast nú orðið sætta sig við að erlendir aðilar fjárfesti hér í landinu og ekki sé lengur pólitískur ágreiningur um það. En hinu mega menn ekki gleyma þótt að sá ágreiningur sé úr sögunni hér innan lands, því ég skil kvennalistakonur ekki þannig að þær séu í sjálfu sér ekki á móti erlendri fjárfestingu heldur séu þær á móti þessari einstöku verksmiðju, þá er það alls ekki gefið að samningar takist við erlenda aðila um að fjárfesta hér í landinu.

Það atriði er einnig áhyggjuefni, þegar við ræðum þessa stöðu núna, hvort þær aðstæður séu að skapast almennt á fjármagnsmörkuðum í heiminum, að erfiðara sé fyrir aðila, sem hafa áhuga á að fjárfesta hér, að leggja fé til slíkra framkvæmda. Þróunin á alþjóðlegu peningamörkuðunum er sannarlega ekki glæsileg um þessar mundir. Við fréttum alls staðar að um efnahagslægð meðal hinna ríkari þjóða og enn hafa ekki fundist þau úrræði sem duga til að breyta því ástandi. Það hlýtur einnig að breytast. Yfirleitt er aðeins um tímabundið ástand að ræða og eðlilegt, ef menn miða við hinar miklu breytingar sem orðið hafa í Sovétríkjunum og í Austur-Evrópu, að það skapi sérstæðar aðstæður á fjármálamörkuðum.

Mér finnst með öllu ástæðulaust að væna hæstv. iðnrh. um ómálefnalegan málflutning í þessu viðkvæma og erfiða máli þegar hann bendir einmitt á þessar ytri alþjóðlegu aðstæður og færir þau rök fyrir sínu máli að þær hafi ráðið hér mestu um. Ég held tvímælalaust að ef menn vilja líta á þetta eins og það er í raun og veru séu það þessar aðstæður sem hafa hér valdið þáttaskilum og það sé mat á þeim aðstæðum sem ráði viðhorfi manna um hvenær unnt verður að taka upp þráðinn að nýju og fastsetja ákveðnar dagsetningar varðandi það að í þessa mikilvægu framkvæmd verði ráðist.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að mikilvægar er að líta til framtíðar, það er mikilvægast á þessu stigi og ætla ég að reyna að gera það. Hitt er svo annað mál að ég held að það sé afar nauðsynlegt að skoða hvernig farið hefur verið með þetta mál, ekki síst í ljósi þess að hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir að hann telji rétt að halda samningunum áfram og ljúka þeim. Ég skildi svör hans, sem að

vísu voru ekki mörg við mínum spurningum, þannig að við værum nú óbundnir af samningunum, en hann teldi rétt að halda þeim áfram.

Ég vil einmitt við skoðum vandlega í því sambandi hvert líklegt álverð er á næstunni því að þessir samningar eru afar mikið tengdir álverði. Það er fyrst og fremst með það í huga sem ég t.d., þegar ég fékk, eins og ég hef skýrt frá, þær upplýsingar frá mjög traustum aðila að spá sem lægi fyrir um álverðið fengi varla staðist, taldi mér að sjálfsögðu skylt að gera hæstv. iðnrh. grein fyrir því. Ég vona að það hafi komið hér skýrt fram þrátt fyrir misskilning hv. formanns þingflokks Alþfl. Hins vegar vísuðu hæstv. iðnrh. og Landsvirkjun því á bug, töldu ekki nauðsynlegt að skoða slíkar illspár eins og það hefur verið kallað hér. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að skoða ýmislegt í þessum samningum nú áður en þeim er fram haldið og þeim lokið.

Ég held að líka sé nauðsynlegt að varpa fram þeirri spurningu hvort þegar eigi að fara að leita annarra kosta. Ég vísa því algjörlega á bug sem mátti skilja held ég hjá hv. þm. Karli Steinari að ég hefði talið rétt að semja við aðra álframleiðendur á sama tíma. Að sjálfsögðu kom það aldrei til greina. Hins vegar eru margir aðrir kostir í orkufrekum iðnaði en álframleiðsla. Vitanlega kom til greina að skoða þá um leið. Hæstv. iðnrh. hefur reyndar sagt að það hafi verið gert og verið getur að skynsamlegra sé þá að snúa sér að þeim. Ég neita því ekki að mér þykja ýmsir aðrir kostir betri en álbræðsla. Álbræðsla er afar stór og það er afar mikið stökk í litlu þjóðfélagi að byggja stóra álbræðslu og allar virkjanir sem hún þarf. Ég held t.d. að kísilmálmur sé betri kostur en álbræðsla. Hér var upplýst áðan af hv. þm. Jóni Kristjánssyni að byggðar hafa verið kísilmálmverksmiðjur síðan horfið var frá þeirri sem rætt var um að byggja á Austfjörðum. Þetta voru athyglisverðar upplýsingar og ég vil gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. hvort þetta hafi verið vel skoðað.

Ég þarf að koma að örfáum atriðum sem komið hafa fram hjá hv. þm. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan að honum þætti undarleg gagnrýni mín þar sem ég hefði borið ábyrgð á þessum samningum í síðustu ríkisstjórn. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Forsrh. ber að sjálfsögðu ábyrgð á ríkisstjórninni í heild og er þar verkstjóri en einstakir ráðherrar bera fulla ábyrgð á sínum málaflokkum. Hins vegar er iðulega þá samstarf.

Ég var undrandi að heyra hv. þm. Karl Steinar nánast endurtaka það sem hæstv. iðnrh. sagði, að í illspá felist ósk um hrakför sínu verri, eða hvernig það var nú orðað. Þannig mátti skilja orð hans og jafnvel að við hefðum nauðugir viljugir fylgt þessum samninum. Þetta er að mínu mati mjög ómaklegt. En það má kannski segja að eftir höfðinu dansi limirnir. Ég hef lengi fylgt því að hér væri aukið við orkufrekan iðnað í skrefum og í hófi og hef stutt það í gegnum margar ríkisstjórnir að leitað verði slíkra kosta. Því miður hefur það ekki gengið fyrr en komst kannski næst því nú. Mér er hins vegar fyllilega ljóst, ekki síst eftir margra ára starf á fyrri árum í nefnd um orkufrekan iðnað, að þetta er afar vandmeðfarið mál og þeir menn sem verið er að semja við eru engin börn, því fer svo víðs fjarri.

Ég trúi ekki öðru en þessir álframleiðendur hafi haft allar þær upplýsingar sem mér tókst að fá og ég trúi ekki öðru en þessir álframleiðendur viti allt um álframleiðslu Sovétríkjanna. Ég trúi ekki að þeir séu að frétta það núna að Sovétríkin framleiða yfir 4 millj. lesta af áli og selja núna úr landi um 1 millj. lesta. Af því að hæstv. forsrh. sagði hér áðan að hann teldi ekki að minnkandi vopnaframleiðsla dragi úr álframleiðslu þá hef ég haft allt aðrar upplýsingar um það. Ég var í Sovétríkjunum á sama tíma og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hafði þá tækifæri til að ræða við aðstoðarefnahagsráðherra Rússlands, Believe. Ég spurði hann hreinlega að þessu og hann sagði að vegna minnkandi vopnaframleiðslu mundu þeir, ef nokkuð, auka útflutning á áli á næstu árum. Ég er að vísu ekki nokkur sérfræðingur í því hvað fer af áli og hvað af öðru í vopn, en þetta sagði aðstoðarefnahagsmálaráðherra rússneska lýðveldisins. Mér var einnig tjáð af þeim verkfræðingi, sem ég vísaði til áðan og veitti mér upplýsingarnar í byrjun september, sem ég hitti reyndar í Moskvu, að Rússar væru núna að leita eftir endurbyggingu á álverum sínum og hygðust greiða fyrir það í áli, sem allt færi náttúrlega úr landi.

Nú segi ég aftur að ég efa ekki að menn eins og Paul Drack hjá Alumax þekkja þetta miklu betur en ég að sjálfsögðu. Þá spyr maður sjálfan sig: Af hverju halda þeir þessum samningum þó áfram? Er það þess vegna að þeir telja sig hafa komist svo langt með okkur Íslendinga — við skulum bara orða það þannig — og hafa í raun og veru allt í sinni hendi, þurfa engu að hætta, engar ábyrgðir að veita eins og hér hefur verið rakið? Móðurfyrirtækin veita ekki ábyrgðir heldur eiga þær að koma eftir öðrum leiðum í gegnum dótturfyrirtæki hér. Sömuleiðis geta þeir tekið sér frest eftir frest. Eru þeir með öðrum orðum að draga okkur á asnaeyrunum? Ég ætla ekki að segja hæstv. iðnrh., það er ekki kurteislegt, bara okkur öll. Eru þeir að því? Er nokkuð undarlegt þótt slíkar spurningar vakni?

Ég vil sem sagt vísa því algjörlega á bug að það þýði andstöðu við byggingu álvers af hálfu okkar framsóknarmanna sem höfum lýst yfir stuðningi við byggingu álvers, að við viljum skoða allar hliðar þess, m.a. hvort rétt sé að halda þessum samningum núna áfram. A.m.k. vil ég segja strax að ég tel að það verði að vera svigrúm til þess nú þegar að skoða alla aðra kosti. Samningarnir við þessi þrjú erlendu fyrirtæki mega á engan máta draga úr vilja okkar eða heimild til að skoða alla aðra kosti til að nýta orkuna, e.t.v. að flytja hana úr landi eins og hæstv. iðnrh. hefur stundum nefnt. Það vill nú svo merkilega til að fyrsta verk sem ég fékk þegar ég kom til landsins sem rafmagnsverkfræðingur var að skoða þann kost, það var fyrir nokkuð löngu, og þá reyndist hann óhjákvæmur og nánast algjörlega útilokaður. Ég hef kynnt mér þessi mál dálítið síðan og þetta er afar kostnaðarsöm lausn og tekur mörg ár að framleiða kapalinn einan. Líklega borgar sig ekki að fara með hann á land í Færeyjum vegna þess að Færeyingar nota litla orku. Það væri líklega

betra að fara fram hjá. Það er ótal mörgum spurningum ósvarað í þessu sambandi. Ég hef því ekki trú á því að sú lausn sé í nánd. Auk þess, þegar atvinnuástand hér heima er orðið svo slakt eins og það er núna er þetta mjög slæm lausn. Það er svona svipað og að flytja þorskinn jafnvel óslægðan úr landi. En sannarlega ber að halda þessu áfram og ég met það við hæstv. iðnrh. að það er skoðað, en hann getur alls ekki bent á það sem nokkra lausn á erfiðleikum þessa þjóðfélags núna á næstu árum, jafnvel áratug.

Hæstv. forsrh. bar hönd fyrir höfuð síns iðnrh. og það var honum rétt að gera að sjálfsögðu, en hér hefur nú þegar verið rakið hvernig hann gagnrýndi harðlega meðferð hæstv. iðnrh. á þessu máli áður en hann kom í forsætisráðherrastólinn.

En ég vil aðeins út af því sem hann sagði um svokallaða bjartsýnisskýrslu, og fleira sem í því sambandi hefur verið unnið, leyfa mér að halda því fram að í þeirri skýrslu felist ótrúlega margir möguleikar og hún er ekki bara, eins og skilja mátti af hæstv. forsrh., eins konar lauslegt yfirlit. Hún er miklu meira. Hún vekur athygli á því að hér á landi er hægt að byggja upp mjög öflugan sérhæfðan ferðaiðnað. Ferðaiðnað sem sinnir ákveðnum þörfum erlendra manna og við getum haft það afar mikið í okkar hendi og reyndar er þegar búið að stofna fyrirtæki sem ætlar að snúa sér að slíkum hlutum eins og t.d. heilsurækt og fleira þess háttar, læknisaðstoð, læknisskoðunum. Í þeirri skýrslu kemur t.d. fram að við Íslendingar höfum líklega eitthvert best menntaða lið lækna í heiminum og það eru mjög góð tækifæri að nota þá miklu auðlind, ef ég má kalla það svo, til þess að veita sérhæfða þjónustu á ýmsum heilsuræktarsviðum. Hins vegar var það niðurstaðan að allt þetta þyrfti vissrar aðstoðar hins opinbera, a.m.k. sjóða og þegar við heyrum nú að hið opinbera afneitar allri aðkomu að atvinnulífinu og fordæmir þá sjóði sem hafa lagt til að koma af stað nýjum atvinnugreinum eða styðja við þær gömlu, þá er ekki óeðlilegt að sú spurning vakni hvort eigi einnig að varpa þessum kostum í ruslakörfuna. Þeir eru þarna. Ég veit ekki til þess að rætt hafi verið um framhaldið við þá menn sem þetta verk unnu. Það liggja fyrir tillögur frá þessum aðilum um framhald þessarar vinnu.

Mér þykir leitt ef svo lengi dróst að fá skýrslu um Keflavíkurflugvöll. Ég hef ekki séð þá skýrslu og get ekki metið hana. En það er sannfæring mín að Keflavíkurflugvöllur bjóði upp á mjög mikil atvinnutækifæri, gífurlega mikil atvinnutækifæri og vitanlega á Keflavíkurflugvöllur að keppa við alþjóðlega flugvelli í löndunum í kring, eins og t.d. í Danmörku og Hollandi um verkefnin; um lendingar, um gífurlega mikil viðskipti og ég tel að Keflavíkurflugvöllur hafi marga möguleika til þess. Mér þykir gott að heyra frá hæstv. iðnrh. að verið er að skoða fríverslunarsvæði — það hefur að vísu verið gert oft og því hefur verið haldið fram að slíkt fríverslunarsvæði hafi stórum minni möguleika eftir að tollar eru fallnir niður á milli landa. Athugun sem Byggðastofnun gerði á þessu fyrir örfáum árum leiddi einmitt í ljós að t.d. fríhöfnin hjá Shannon hefur stórlega misst sitt gildi eftir að tollar á milli landa voru lækkaðir og felldir niður. En sjálfsagt er að halda áfram að skoða slíkt. Ég held að vel komi til greina fyrir hæstv. ríkisstjórn að einkavæða Keflavíkurflugvöll. Gera hann að sjálfstæðu fyrirtæki, láta hann hafa þær tekjur sem þar koma inn til uppbyggingar, til að veita öðrum flugfélögum aðstöðu til að starfa þar, til að verða miðstöð flutninga með ferskan fisk og fjöldann allan annan varning til útlanda. Síðan getur þetta fyrirtæki, sem yrði að sjálfsögðu í eigu ríkisins, hygg ég að mestu, greitt arð af sínum tekjum til ríkisins. Vafasamt er, eins og gert er, að hirða allar tekjur af vellinum fyrst og segja síðan: Hann er rekinn með halla. Hann er nefnilega alls ekki rekinn með halla ef litið er á þær tekjur sem ríkissjóður fær t.d. af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Ég er sannfærður um að hægt er að auka umferð um völlinn mjög mikið ef rétt er haldið á þeim málum. Þetta er ein ábending í þeirri von að ríkisstjórnin taki slíkt mál upp hvort sem sú skýrsla sem var gerð bendir til þessa eða ekki. Ég er sannfærður um að þetta beri að athuga.

Ég sagði áðan að hæstv. iðnrh. svaraði að vísu afar litlu af þeim spurningum sem ég beindi til hans. Kannski telur hann sig ekki í stakk búinn til þess að svara þeim spurningum með svo litlum fyrirvara sem undirstrikar það, sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að náttúrlega er nauðsynlegt að ræða þetta mál miklu ítarlegar. Ekki vegna fortíðar, ég get tekið undir það þó nauðsynlegt sé að hafa hana í huga, heldur vegna framtíðar því hér í þessu landi mun skapast vaxandi kreppuástand ef ekki er á þessu málum öllum tekið. Mér þykir satt að segja allt of seint að fá ekki tækifæri til slíks fyrr en eftir jól eins og hæstv. iðnrh. upplýsti, að hann mundi leggja hér fyrir skýrslu. Hvað þýðir það? Það þýðir í lok janúar eða byrjun febrúar og það eru nokkrir mánuðir þangað til.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann geti ekki hraðað þessari skýrslu þannig að við getum fengið hana innan nokkurra daga. Hann hefur mikið starfslið sem hefur unnið í þessu jafnt og þétt og hlýtur að geta skrifað með litlum fyrirvara góða skýrslu um þetta mál. Enda þekki ég hæstv. iðnrh. sjálfan að því að ef hann gerði þetta sjálfur þá yrði hún tilbúin í fyrramálið. Ég var vanur því þegar hann var forstjóri Þjóðhagsstofnunar að maður bað hann um eitthvað að kvöldi og það var tilbúið að morgni. Að vísu þurfa menn að gæta sín á að lesa það vel. En ég er sannfærður um að það er hægt að gera þetta á miklu skemmri tíma og vil í fullri einlægni biðja hæstv. iðnrh. um að þessari skýrslu verði mjög hraðað.

Mér þótti dálítið leitt að heyra eins og dregið í efa eða ekki staðfest að ég hefði veitt hæstv. iðnrh. upplýsingar sem ég fékk og nefndi hér um framtíð áliðnaðarins. Það var hins vegar staðfest af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það var vitanlega gert. Og ég vona að það liggi á hreinu. Það er hins vegar mikill misskilningur sem kom fram í orðum iðnrh. að mér hefði alla tíð verið ljóst að grundvöllurinn væri veikur, það var mér ekki, alls ekki. Mér var í raun og veru ekki ljóst að hann gæti verið veikur fyrr en ég fékk þessar upplýsingar um framtíð álverðs og þá að sjálf-

sögðu þegar ljóst var orðið að álverðið yrði undirstaða allrar afkomu Landsvirkjunar frá þessu fyrirtæki. Og ég vil vekja athygli á því að ég gerði m.a. athugasemdir við það að hafa ekkert gólf. Því var þá svarað að ef ætti að vera gólf þá yrði að vera þak á orkuverðinu. En síðan var að vísu tekið inn gólf á fyrstu tveimur árunum ef ég man rétt.

Eins og ég sagði þá svaraði hæstv. iðnrh. ýmsu ekki og ég ætla aðeins að fara yfir fáein atriði. Í fyrsta lagi eru umhverfismálin. Ég spurði hvort búið væri að breyta því ákvæði í aðalkjarasamningi sem ég nefndi í minni ræðu og að mínu mati var afar slæmt. Í skýrslu sem hæstv. iðnrh. lagði fyrir Alþingi vorið 1991 segir svo um þetta mál, með leyfi forseta, og þar er talað um starfsleyfið:

„Leyfið verði einungis endurskoðuð eða því breytt ef:

1. Nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vökva eða fasts efnis hafa á grundvelli alþjóðlegra sáttmála almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD-ríkjunum, sem hönnuð eru um svipað leyti og Atlantsálverið og með áþekkri tækni og Atlantsálverið.

2. Nýrra aðferða, aðgerða eða tækja er krafist samkvæmt íslenskum lögum.

3. Nýrra mengunarvarna verði þörf vegna staðbundinna skilyrða á Keilisnesi."

Og aðeins til að hafa þetta skýrt. Það er þetta síðasta og sem ég er að vísa til, þ.e. ekki er heimilt að gera auknar kröfur um umhverfisvernd nema allir þessir þrír þættir séu uppfylltir. Og sá síðasti er að sýnt sé fram á að staðbundin skilyrði á Keilisnesi í raun krefjist þess.

Ég sagði strax þegar ég sá þetta að þetta ákvæði væri útilokað. Staðbundnar aðstæður á Keilisnesi mundu aldrei krefjast þess að þar yrðu mengunarvarnir auknar. Ég efast um að hægt verði að mæla áhrif álversins í næsta nágrenni þess, gróðurinn er þannig á því svæði. Hins vegar geta þau orðið mikil fjær eins og t.d. í að auka brennisteinstvíildi í loftinu o.s.frv., sem getur orðið til þess að alþjóðlegar kröfur verða hertar.

Þetta fékk sú nefnd í Alþingi sem hefur með umhverfismál að gera til athugunar. Hún fékk síðan nokkrar skýringar 6. sept. Þær eru stimplaðar sem trúnaðarmál og þó ég hafi þær tel ég mér ekki frjálst að lesa upp úr þeim. En ég veit að hæstv. iðnrh. getur það að sjálfsögðu og getur þá upplýst hvernig þessum þriðja lið hefur verið breytt. Eins og ég hef séð hann vil ég hins vegar taka fram strax að það er algjör kattarþvottur og lagar í raun sáralítið þennan þriðja lið frá því sem áður var. En ég vildi gjarnan að hann skýrði það nánar fyrir okkur. Ég vil vekja athygli á því að hv. umhvn. Alþingis skrifaði 12. sept. og bað um að fá aðalsamninginn til meðferðar eða þetta atriði hans en hefur ekki fengið það enn. Í starfsleyfinu er hins vegar vísað til aðalsamningsins og þetta því mjög tengt saman.

Ég sagði líka í ræðu minni og fékk ekki svör við því að nauðsynlegt væri að sjálfsögðu að stytta mjög þann tíma sem raforka er boðin með afslætti. Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hæstv. iðnrh. hvort hann telur í framhaldi samninganna það ekki í raun sjálfsagt mál. Við verðum núna að reka Blönduvirkjun með mjög litlu álagi og mjög kostnaðarsamri framleiðslu, þannig að sá tími styttist sem við getum boðið upp á afslátt. Er ekki alveg sjálfsagt að þessi tími verði þar með styttur? Ég spurði einnig að því hvort hinir erlendu aðilar mundu fáanlegir til þess að standa straum af þeim kostnaði sem við höfum lagt í og munum kannski leggja í einhvern tíma í framtíðinni. Reyndar væri fróðlegt að fá svar við þeirri spurningu sem kom fram hjá einum hv. ræðumanni: Hver er kostnaðurinn orðinn? Við vitum nokkurn veginn hver hann er orðinn hjá Landsvirkjun en við vitum einnig að iðnrn. hefur varið til þessa máls miklu fjármagni. Getur hæstv. iðnrh. sagt okkur hvað kostnaðurinn er orðinn mikill? Þannig mætti vitanlega halda áfram að spyrja margra fleiri spurninga.

En ég vil leyfa mér að segja að hæstv. iðnrh. hættir mjög til að sjá aldrei bjálkann í eigin auga, svo ég orði það svo. Það er slæmt. Eflaust hefur okkur öllum orðið á einhver mistök. En hann hefur farið með þetta mál og verið ábyrgur fyrir því. Ég er enn þeirrar skoðunar að afar skakkt hafi verið að sýna viðsemjendum það mikla kapp sem lagt var á að ná þessum samningum. Ég var t.d. staddur í Bandaríkjunum í lok september þegar fyrir lá minnisblað — og reyndar miklu meira þá en minnisblað — sem hæstv. iðnrh. vildi fá undirritað og ég sá mér ekki annað fært eftir þann fund með forstjóra Alumax en að hringja í hæstv. iðnrh., sem reyndar var þá á leiðinni frá Búdapest til Washington í Bandaríkjunum, og vara hann við, vara hann við að sýna svona gífurlega mikið kapp. Og þó að þessir menn hafi vitanlega upplýsingar um ástand og horfur hér þá held ég að skynsamlegra sé, eins og pókerspilararnir gera, að sýna ekki andlit sitt nema helst sem steingerving. Ég held að einmitt í þessu máli hafi þessa alls ekki verið gætt, því miður. Það var svo mikið kapp lagt á að undirskrifa minnisblað sem að mínu mati var einskis virði og reyndar með tilliti til umhverfismálanna miklu verra en það, og oftar var þetta sama kapp sýnt.

En nú er það spurningin: Hvernig getum við bætt það ástand sem hér er? Við heyrðum í fréttum áðan að öllum líkindum verður miklum fjölda manna í byggingariðnaðinum sagt upp og jafnvel heyrðum við tillögu frá framkvæmdastjóra Sambands verktakafyrirtækjanna að taka ætti erlend lán til að stofna hér til meiri framkvæmda. Ég veit að það er ekki góður kostur að taka erlend lán en ég skil þennan mann mætavel. Og ég vil gjarnan spyrja: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að draga úr því atvinnuleysi sem fram undan virðist svo sannarlega vera? Ég spurði m.a. að því áðan hvort ríkisstjórnin hygðist hverfa frá þeirri stefnu sinni að hafa ekki afskipti af atvinnulífinu. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera fyrir grundvallaratvinnuvegi landsins eins og sjávarútveginn, sem á nú í vaxandi erfiðleikum? Reyndar væri fróðlegt að fá að vita, ef tíminn leyfir, hvað ríkisstjórnin hyggst gera fyrir Vest-

firðina sem hafa orðið hvað verst úti í sambandi við þann samdrátt sem orðið hefur í botnfiskveiðum. Segja má að þær riði til falls. Tímans vegna er varla hægt að gera ráð fyrir öðru en að fá mjög stutt svar við því, en það er vitanlega hlutur sem hlýtur að verða ræddur hér á Alþingi alveg á næstunni.

Ég vildi líka gjarnan spyrja hæstv. iðnrh., þar sem hann ýjaði að því að verið væri að skoða þilplötuverksmiðju: Hvað líður því máli? Hvar stendur það? Hvar er líklegt að sú þilplötuverksmiðja rísi? Það var nokkuð um það deilt fyrir nokkrum mánuðum hvar hún ætti að rísa. Liggur það nánar fyrir?

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta enda er tími minn senn á þrotum. En ég vil endurtaka það hér í lokin að ég vona svo sannarlega að hæstv. ríkisstjórn breyti í grundvallaratriðum um stefnu í atvinnumálum. Og ég vil treysta því að við getum mjög fljótlega rætt langtum ítarlegar um framtíðina fyrst og fremst og hvaða kosti ríkisstjórnin býður upp á í því erfiða ástandi sem hér virðist vera undan.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, gerði þá athugasemd við ræðu mína að hann bæri ekki ábyrgð á samningum sem leitað var eftir á vegum iðnrh. í fyrri ríkisstjórn, þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. veitti forustu.

Auðvitað er mér það ljóst að iðnrh. hverju sinni ber stjórnskipulega ábyrgð á þeim samningum sem hann vinnur að. Hins vegar finnst mér það afar einkennilegt þegar forsrh. neitar að bera ábyrgð á verkum sem unnin eru á vegum þeirrar ríkisstjórnar sem hann veitir forustu. Þess vegna vakti það sérstaka athygli mína í ræðu hv. þm. hér í dag að hann skyldi veitast svo harkalega að iðnrh. sem hann gerði. Og ég undrast það. Það kann vel að vera að það sé bærilegur háttur í pólitík að afneita gjörðum sínum en það kemur mér mjög undarlega fyrir sjónir að forsrh., sem ekki hefur gert sérstaka athugasemd eða jafnvel hótað viðkomandi ráðherra að biðjast lausnar fyrir hans hönd, skuli eftir sem áður afneita gjörðum þessa sama ráðherra. Þess vegna vakti ég athygli á þessu í minni ræðu.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. taldi mig afneita ábyrgð á þeim samningum sem hefðu verið gerðir í minni ríkisstjórn, svo orðaði hann það í upphafi síns máls. Það voru engir samningar gerðir. Ef samningur hefði verið gerður og ríkisstjórnin lagt hann fram eða hæstv. iðnrh. fyrir hönd ríkisstjórnar, þá hefði ríkisstjórnin að sjálfsögðu í heild og ekki síst forsrh. borið á honum ábyrgð. Ég vil taka það fram að ég hefði glaðst manna mest ef þessir samningar hefðu náðst og verið viðunandi í sambandi við orkuverð og fjölmargt fleira. Því miður hafa þeir ekki náðst og eins og rakið hefur verið vandlega hér í umræðunum í dag hafa þeir lengi verið á næsta leiti eins og menn tala um í dag, í ein tvö ár, og hafa ekki náðst enn.

Stundum er sagt að sannleikanum sé hver sárreiðastur. Ég sé ekki að óeðlilegt sé að rekja gang málsins og mótmæli því að það sé að veitast harkalega að hæstv. iðnrh. að rekja gang málsins. Þá væri eitthvað mjög skítugt í pokahorninu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi vil ég koma þeirri ábendingu til forseta þingsins að ég held að þessi utandagskrárumræða sýni það ásamt nokkrum öðrum, sem hér hafa farið fram á þessu þingi, að það þarf nauðsynlega að endurskoða þingsköpin varðandi utandagskrárumræður. Ég gagnrýndi það ákveði að ráðherra hefði bara rétt til að taka tvisvar til máls í slíkri umræðu þegar þingskapalögin voru sett og ég geri það aftur nú vegna þess að það er mjög óþægileg aðstaða fyrir hæstv. iðnrh. að þurfa að vera í þeirri aðstöðu að geta talað bara einu sinni til viðbótar við sína upphaflegu ræðu og þurfa þá að svara öllum. Og það er líka mjög óþægilegt fyrir okkur hina að þurfa að tala hér aftur áður en hæstv. ráðherra hefur talað. Þetta er óþægilegt, sérstaklega út frá þeim mannlegu samskiptum og rökræðum sem þurfa að vera í þinginu. Ég held að þetta gangi aldrei upp til lengdar og vil beina því til forsetanna og formanna þingflokkanna að endurskoða þetta ákveði vegna þess að ég held að það þjóni ekki skynsamlegri umræðu hér í þinginu.

Hér fyrr í dag vék ég að því að sú margbreytilega aðferð sem höfð var við viðræðurnar við hin erlendu fyrirtæki hafi átt verulegan þátt í því að málið dróst á langinn og tökin á því af hálfu Íslendinga voru alls ekki nógu skýr. Ég vil nefna aftur, sem frekari rökstuðning fyrir því, að núv. iðnrh. setti af hina formlegu samninganefnd sem var við lýði þegar hann tók við og kom á fót í staðinn samráðsnefnd sem var skipuð fulltrúum allra flokka. Þó að flokkarnir veldu ekki einstaklingana þá voru þeir með tengsl inn í alla flokka nema Kvennalistann. Hins vegar var svo ákveðið eftir nokkurn tíma að setja þessa nefnd til hliðar, en hún hefur ekki enn verið sett af, ég vil geta þess hér, hún er enn þá formlega til þó ég viti að einstakir nefndarmenn í henni hafi verið að orða það að þeir vildu gjarnan að hún yrði lögð af. Í staðinn var svo valin innri nefnd sérstakra trúnaðarmanna og það voru þeir sem fylgdust með málinu og áttu í viðræðum, en t.d. hv. fyrrv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem var og er enn í þessari samráðsnefnd, og Baldur Óskarsson, sem var og er enn í þessari samráðsnefnd, hafa ekki fengið að koma að þessum viðræðum núna í rúmt ár.

Síðan var iðnrh. sjálfur hvað eftir annað að fara inn á vettvang viðræðnanna og fór þá eðlilega fram fyrir formann nefndarinnar Jóhannes Nordal, þannig að það var mjög óljóst á köflum hver var með forræði í málinu. Og t.d. sá frægi fundur í Hollandi, þegar iðnrh. handsalar raforkuverðið, er auðvitað dæmi um það þegar ráðherrann hleypur inn í viðræðurnar og lýkur ákveðnum þætti málsins þannig að þegar hinn formlegi aðili sem raforkuverðsviðræðurnar átti að annast, þ.e. stjórn Landsvirkjunar, kom að þeim þætti málsins þá sögðu forsvarsmenn fyrirtækjanna þriggja: Við erum búnir að handsala raforkuverðið við iðnrh. Það hand-

sal var aldrei borið upp í síðustu ríkisstjórn, hvorki fyrir né eftir að það var framkvæmt.

Eins kom í ljós að það var allt á reiki hvers konar umboð Jóhannes Nordal hafði í þessum viðræðum. Ég hef undir höndum drög, fleiri en ein, af þeim skjölum sem undirrituð voru í október 1990 með pompi og prakt og hátíðlegri viðhöfn. Allt fram á morgun undirritunardags stendur í þeim drögum að Jóhannes Nordal undirriti fyrir hönd stjórnar Landsvirkjunar. Ekki sem formaður viðræðunefndarinnar eða fulltrúi iðnrh. heldur fyrir hönd stjórnar Landsvirkjunar. Og ég þráspurði iðnrh. dagana á undan og reyndar vikurnar á undan, m.a. þegar við vorum saman úti í Washington í septembermánuði: Hefur Jóhannes Nordal umboð stjórnar Landsvirkjunar? Þá svaraði iðnrh. mér því að hann vænti þess að Jóhannes Nordal hefði umboð Landsvirkjunar. Ráðherrann vissi ekki sjálfur hvort Jóhannes Nordal hefði umboð Landsvirkjunar eður ei og þess vegna voru öll undirbúningsskjölin bæði á íslensku og ensku allt fram á morgun undirritunardagsins og skráð á þann veg að Jóhannes Nordal undirritaði fyrir hönd Landsvirkjunarstjórnar. Síðan varð að breyta öllu á elleftu stundu vegna þess að hann hafði ekki umboð og hafði ekki haft vikum og mánuðum saman. Þetta væri auðvitað hægt að rekja hér í miklu lengra máli og sýnir hve laus tökin voru, hve ruglandinn var mikill í því hver færi með samningsumboð fyrir hvern, hvenær og hvar. Enda kom það á daginn að Landsvirkjunarstjórnin kaus svo sérstaka nefnd til þess að annast viðræðurnar vegna þess að Jóhannes Nordal hafði ekki haft umboðið. Og það er auðvitað þetta sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson átti hér við og hv. þm. Sturla Böðvarsson virtist eiga erfitt með að skilja að innan síðustu ríkisstjórnar var málið aldrei formlega tekið fyrir eða formlega afgreitt. Okkur var t.d. sagt mánuðum saman í ríkisstjórninni, á ríkisstjórnarfundi eftir ríkisstjórnarfund og í ráðherranefndinni að Landsvirkjun annaðist viðræðurnar um orkuverðið. Ég játa það að við höfðum ekki hugmyndaflug til þess að spyrja iðnrh.: Er þetta satt? Við trúðum orðum hans. En síðan kom það bara á daginn að Landsvirkjun var ekkert í þeim viðræðum, hún hafði ekki valið neina til þess og Jóhannes Nordal hafði ekki umboð frá stjórn Landsvirkjunar. Davíð Oddsson, páv. borgarstjóri, og hv. þm. Páll Pétursson ásamt Birgi Ísl. Gunnarssyni fóru síðan í viðræðurnar en okkur var beinlínis greint rangt frá í ríkisstjórninni á sínum tíma þegar okkur var sagt að Landsvirkjun annaðist þessar viðræður. Ef hér væri langur tími væri hægt að rekja fjöldann allan af dæmum úr þeim þykka gagnabunka sem við höfum undir höndum sem sýna að aldrei var formlega gengið frá neinu með skýrum hætti í meðferð málsins, því miður. Það er auðvitað ein af ástæðum þess að svo hörð ummæli komu fram hjá páv. borgarstjóra í Reykjavík og stjórnarmanni í Landsvirkjun gagnvart þeim vinnubrögðum. Ég ætla ekkert að fara að halda þeim að ráðherranum hér og nú. Ég veit að hann verður að sýna tillitssemi og skilning við iðnrh. í núv. ríkisstjórn. En við sem fylgdust náið með málunum, og ég minni á að ég átti sæti í stjórn Landsvirkjunar áður en ég tók við embætti fjmrh., þekkjum þá sögu mjög vel þó við færum ekki að rekja hana hér í þingsal.

Það hefur nokkuð verið vikið að því hér, bæði af hæstv. ráðherra og eins þm. Alþfl. að ég hafi gert það að umtalsefni bæði nú og fyrir ári að það ætti að hefja viðræður við önnur fyrirtæki til þess að breikka grundvöllinn. Það hafa verið höfð stór orð um það að siðaðir menn gerðu það ekki og slíkt væri ekki hægt. Ég vil minna á í fáeinum orðum að þau fyrirtæki sem við höfum átt í viðræðum við voru einnig að ræða við aðrar ríkisstjórnir og önnur lönd á sama tíma og þau voru að ræða við Ísland og núv. iðnrh. og fulltrúa hans. Ef fyrirtækin gátu verið að ræða við aðra, af hverjum gátum við þá ekki gert það líka? Ég minni t.d. á það að eftir að Alusuisse var búið að halda okkur uppi á snakki í nærri því tvö ár og hljóp svo frá viðræðunum kom í ljós að Alusuisse hafði samtímis átt í viðræðum við fulltrúa í Noregi. Ég veit ekki betur, þó að ég fari með það eftir minni, en að Alumax hafi átt í viðræðum við stjórnvöld í Kanada og þannig megi rekja fleiri dæmi um það að fyrirtækjunum fannst sjálfsagt að vera í viðræðum við aðra aðila. Og hvers konar barnaskapur er það þá að við getum ekki gert slíkt og hið sama? Að sjálfsögðu. Haldið þið að eitthvert ríki veiti erlendum fyrirtækjum forgang að orkulindum sínum árum saman ef fyrirtækin vilja ekki gera upp sinn hug? Eru menn virkilega að leggja að jöfnu sjálfstætt þjóðríki og einhver fyrirtæki og segja að hið sjálfstæða þjóðríki geti ekki leyft sér að ræða við marga aðila þegar fyrirtækin gera slíkt og hið sama. Við skulum ekki gleyma því að við erum búnir að veita þessum erlendu fyrirtækjum forgang og einokunaraðstöðu á því að velta fyrir sér nýtingu íslenskra orkulinda um áraraðir. Það er ærið mikið fyrir lítil þjóðríki að gera að veita erlendum fyrirtækjum slíkan forgang og slíkan rétt og hafa svo ekkert upp úr því og sitja eftir með engan hagvöxt, minni þjóðartekjur, skerta byggðaþróun og fjölmargt annað. Þess vegna er það auðvitað hreinn barnaskapur, sem hér hefur komið fram hjá talsmönnum Alþfl., að það hafi ekki verið sjálfsagt og eðlilegt mál að leita eftir viðræðum við aðra aðila. Hitt er svo annað mál hvernig það hefði gengið en það mátti reyna. En við sem höfum fylgst með málinu árum saman finnum í því einn þráð umfram alla aðra, hina miklu ofurtrú iðnrh. á það að hann mundi ávallt og í öllum kringumstæðum hafa stjórn málsins í sínum höndum. Ég gæti rakið hér fjölmörg dæmi um það. Ég gæti rakið viðræður mínar við hæstv. ráðherra í septembermánuði 1990 þar sem hann lýsti í mörgum orðum hvernig hann treysti því að fyrirtækin mundu ganga frá almennum heildarsamningum í októbermánuði á sl. ári og hann muni knýja þau til þess en það varð auðvitað ekki.

Ég nefni þetta hér ekki vegna þess, virðulegi forseti, að ég hafi einhvern sérstakan áhuga á því að ráðast á hæstv. iðnrh. Ég tel satt að segja að málið sé þannig vaxið að það sé ekki þáttur málsins. Ég nefni þetta vegna þess að Íslendingar verða að læra af þessari reynslu, læra af þessum mistökum, læra af þessum óförum, draga ályktanir og spyrja sig heiðarlega:

Hvernig stendur á því, er ekki eitthvað rangt í því sem við höfum gert? En í staðinn er einhverjum spakmælum raðað saman hvað eftir annað og haldið að þar með sé hægt að skýra málið.

Hér hafa orðið alvarleg mistök, því miður, og það verður að ræða málið í heild og læra af þeim. Eitt af því sem ég bendi á, og ég gerði það líka þegar ég var í stjórn Landsvirkjunar, er þessi sífellda tilhneiging ráðherra, hverjir svo sem þeir eru, til þess að vera með málið í sínum höndum. Ég lagði það til í stjórn Landsvirkjunar á sínum tíma að viðræður af þessu tagi væri í höndum stofnunar sem starfaði á vegum Landsvirkjunar, væri óháð ráðherrum sem koma og fara og annaðist málið í samfellu án þess að fléttast inn í pólitískar framavonir eða pólitískt líf viðkomandi ráðherra. Það væri eina skynsemin að hefja slíkar viðræður út fyrir persónulegan metnaðarvettvang viðkomandi ráðherra, hver svo sem hann er. Ég er enn þeirrar skoðunar að það sé miklu vænlegri braut heldur en búa til hirð trúnaðarmanna í kringum ráðherrann og hafa þá sem leyndarráð í þessum efnum. Niðurstaða málsins nú sýnir að slíkar aðferðir duga ekki.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Það er mjög dökkt fram undan í íslensku efnahagslífi. Stjórnvöld, bæði ríkisstjórn og Alþingi þurfa að taka á erfiðari verkefnum en menn hafa glímt við í mjög langan tíma og orsakirnar eru margvíslegar. Nú reynir mjög á að ríkisstjórn og þjóðþingið hafi yfirsýn, manndóm og dug til þess að ná mönnum saman að því erfiða verki. Það verður mikill prófsteinn á ríkisstjórnina og þjóðþingið á næstu vikum. Ég vona satt að segja að menn beri gæfu til þess að fara að feta sig inn á þá braut að ná mönnum saman, gera samkomulag um það í hvaða verkefni verði farið. Menn leggi kreddurnar um afskiptaleysi stjórnvalda til hliðar og einhver gömul markaðsforrit sem ekki ganga upp í núverandi aðstæðum, hvorki kenningunni né í raunveruleikanum. Það var kannski hugsanlegt að þau gætu gengið upp ef menn væru að sigla með íslenskt þjóðfélag inn í tímabil mikils hagvaxtar en það er ekki gert. Við erum að horfa fram á enn eitt samdráttarárið, enn eitt erfiðleikaárið. Þá þarf þjóðin á ríkisstjórn að halda sem leiðir menn saman en sundrar þeim ekki. Ég vona satt að segja að núverandi ríkisstjórn beri gæfu til þess, að hún velji núna verkefni í samvinnu við þjóðþingið til þess að ýta af stað, stuðla að fjármögnun þeirra, ráði fólk til þess að framkvæma þau þannig að við getum fetað okkur áfram á þessari braut en bíðum ekki bara eitt, tvö eða þrjú ár í viðbót meðan hæstv. iðnrh. heldur áfram að vitja þessara þriggja erlendu fyrirtækja eins og hann hefur svo skemmtilega orðað það að hann muni gera á næstu mánuðum. Við skulum ekki fara í fleiri vitjanir, hæstv. iðnrh. Við skulum hefja verkin.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. sagði að mikilvægt væri að við núverandi aðstæður starfaði í landinu ríkisstjórn sem gæti leitt menn saman. Ég verð að segja eins og er að lýsing sú sem ræðumaðurinn gaf á atburðum í fyrrv. ríkisstjórn, a.m.k. um þetta mikilvæga mál, benti ekki til þess að þar hefðu menn gengið samstiga í þessu máli eða öðrum. Þvert á móti virtist enginn vita hvað annar var að gera og hæstv. fyrrv. forsrh. vill helst ekki neitt hafa vitað af þessu stóra máli sem þó heyrði á þessum tíma undir hann.

Mig langar að fara nokkrum orðum hér í upphafi um álmálið sjálft og stöðu þess og það sem um það hefur verið fjallað en síðan aðeins um atvinnumálin. Hv. 8. þm. Reykn. sagði, og það með töluverðum þyt og þjósti, að þetta lýðveldi hefði veitt erlendum fyrirtækjum einokun og forgang að orkulindum landsins. Þetta gæti hljómað mjög alvarlega ef mál hefðu verið þannig vaxin að hér hefðu menn og fyrirtæki í stóriðju og stóriðnaði staðið í biðröðum knýjandi dyra til að fá að koma hér og nýta okkar auðlindir en við hefðum af þrákelkni og þrjósku einbeitt okkur að því að láta þennan tiltekna hóp fyrirtækja eiga hér forgang og einokun. Hv. 8. þm. Reykn. veit að þetta var ekki svo. Það var ekki svo og hefur ekki verið svo eins og hér hefur verið rakið fyrr á fundinum. Fyrirtæki af þessu tagi standa ekki í biðröðum eftir því að komast hér að. Það var mat flestra þeirra sem best máttu vita hér á landi að þessi þrjú fyrirtæki, a.m.k. tvö þeirra, væru þau líklegustu um þessar mundir til að vilja fjárfesta hér í álveri. Ég hygg því að sú athugasemd og ásökun að þessum fyrirtækjum hafi verið veittur einokunarforgangur eigi ekki við þó að það sé rétt að forráðamenn Íslendinga í þessum viðræðum töldu auðvitað ekki viðeigandi að standa um leið í sérstökum viðræðum við önnur fyrirtæki eða leita sérstaklega eftir viðræðum við önnur fyrirtæki meðan svo vel virtist ganga eins og leit út hvað viðræðurnar snerti.

Hv. 7. þm. Reykn. talaði um að hvorki við né hinir erlendu bankar hefðum í þessari stöðu og í samningum okkar haft neinar raunverlegar tryggingar eða ábyrgðir og fyrirtækin gætu skilið bæði banka og okkur eftir með sárt ennið eftir að samningar hefðu náðst og framkvæmdir hefðu verið hafnar. Þetta er að hluta til rétt hvað bankana snertir. Fyrirtækið átti að eiga töluvert lítið eigið fé. Við höfðum af því vissar áhyggjur, það er ekki vafi, að eigið fé upp á 20% væri í það lægsta. Við óttuðumst að hinum erlendu bönkum mundi þykja það lágt, a.m.k. í erfiðri stöðu og það hefur heyrst í umræðum að undanförnu að bankar hafi óskað eftir því að þetta eigið fé yrði nokkru hærra heldur en þarna var gert ráð fyrir. En hvað okkur snertir þá var ekki hætta á því í sjálfu sér að við sætum uppi með sárt ennið vegna þess að engar ábyrgðir væru fyrir okkur. Það voru þungar ábyrgðir komnar inn í þá samninga sem unnið hafði verið að og það voru fullnustuábyrgðir sem þessi fyrirtæki skuldbundu sig til að inna af hendi, fullnustuframkvæmdir sem nema tugum milljarða kr. Og það var ekki síst sú ábyrgð sem Landsvirkjun gat byggt á og ef henni hefði ekki verið fullnægt, þá voru beinar greiðsluábyrgðir sem til urðu að koma til Landsvirkjunar. Það sem hins vegar hafði gerst á samningsferlinum að fyrstu hugmyndir um ábyrgðir, svokölluð „take or pay"-ábyrgð hafði breyst yfir í þessa fullnustuábyrgð sem menn töldu þó út af fyrir sig þó að hún væri ekki eins góð að mínu

mati og „take or pay"-ábyrgðin sem móðurfyrirtækin bæru endanlega ábyrgð á, hún hefði breyst yfir í þetta far, þá töldu menn það vera ásættanlegt. En þarna var vissulega ákveðin trygging sem sett hafði verið inn í samninginn af okkar hálfu.

Menn hafa reynt að finna blóraböggla af hálfu þeirra sem mest hafa farið með málið og auðvitað iðnrh. sérstaklega. Ég hef áður farið yfir það að það eigi ekki við og hér sé um að ræða óviðráðanleg utanaðkomandi áhrif. Það gerast nefnilega slíkir atburðir og hafa gerst alveg nýlega sem snerta okkur. Við vitum hvernig ástandið er í bankamálum í Noregi og jafnvel í Svíþjóð. Við höfum haft mjög góða stöðu þrátt fyrir töluverða skuldasöfnun gagnvart viðskiptabönkum okkar erlendis. Hins vegar er enginn vafi á því núna að staðan í bankaheiminum í Noregi og Svíþjóð hefur veikt okkar stöðu og okkar lánakjör og okkar möguleika. Með sama hætti má kannski áður segja að sterk staða banka í Skandinavíu hafi með óbeinum og beinum hætti styrkt okkar stöðu. En hún hefur veikst núna, ekki vegna þess að við höfum komið nálægt þeim ósköpum sem yfir hafa dunið í Noregi að mestu og í Svíþjóð. En engu að síður veikir það stöðu okkar án þess að við fáum nokkuð við það ráðið.

Ég hlýt að taka undir með hv. 5. þm. Reykn. sem var nokkuð brugðið við afstöðu fulltrúa Kvennalistans í sjónvarpinu í gær þar sem hann fagnaði alveg sérstaklega þessu áfalli sem þjóðin varð fyrir. Og þegar fréttamaðurinn sagði: Ja, en er ekki slæmt að vegna þessa mun hagvöxtur minnka verulega í landinu? Þá sagði fulltrúinn eitthvað á þá leið að Kvennalistinn væri á móti hagvexti, einkum mengandi hagvexti held ég að það hafi verið orðað. Ég held að fólkið í landinu eigi bágt með að skilja afstöðu af þessu tagi og ég tel líka að það sé ekki rétt hjá Kvennalistanum að gefa sér það að stóriðja og til að mynda ferðaiðnaður þurfi að vera andhverfur sem geti ekki átt saman. Stóriðja á þessu horni landsins verður að sæta miklum kröfum um umhverfisvernd og það er ekki rétt að þær séu takmarkandi eða litlar. Stóriðja þarf ekki að skaða okkur og möguleika okkar til að auka ferðaþjónustu. Ég held að fullyrðingar um slíkt sé þröngsýni sem fái ekki staðist.

Menn hafa töluvert rætt hér um atvinnumálin og afleiðingar þess að álversframkvæmdum verður bersýnilega frestað um töluverðan tíma. Við gerum okkur öll grein fyrir því að við erum sérstaklega að hugsa um þetta vegna þess að þessa töf framkvæmda ber upp á sama tíma og við verðum fyrir áfalli í nýtingu fiskstofna okkar. Ég er viss um það að menn mundu tiltölulega lítið fjalla um þennan þátt ef það bæri ekki þannig upp á sama tíma og við verðum að draga úr fiskveiðum okkar. Menn spyrja: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að bæta úr þessu? Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því að í þessu landi er ekki margt sem hið opinbera getur gert til þess að bæta stöðu atvinnulífsins ef grundvallareiningin, sjávarútvegur, skerðist stórkostlega. Það er ekki neitt sem menn grípa upp úr hatti sínum í þeim efnum. Menn hafa ekki önnur ráð í rauninni en að reyna að nýta betur þá kosti sem fyrir eru og þá ekki síst í fiskvinnslunni. Menn segja hér og hafa margsagt: Ætlar ekki ríkisstjórnin að breyta stefnu sinni að vilja ekki hafa afskipti af atvinnulífinu? Það hefur aldrei verið sagt af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún hafi ekki afskipti af atvinnulífinu. Ríkisstjórnin gerir það daglega í öllum verkum sínum meira og minna að hafa áhrif og afskipti af atvinnulífinu. Ríkisstjórnin hefur hins vegar sagt að sértækar aðgerðir sem beinist að einstökum fyrirtækjum með þeim hætti sem áður var gert eigi ekki upp á pallborð ríkisstjórnarinnar. Og við skulum horfa til Reykjaness hvernig þær aðgerðir hafa dugað. Ég tel víst að hæstv. fyrrv. forsrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi beitt þessum snilldaraðerðum sl. þrjú eða fjögur ár, ekki síst í sínu kjördæmi sem stendur nú svo hraklega og þær aðferðir hafa þá dugað. En það sýnist ekki svo að þær aðgerðir hafi dugað.

Hv. 7. þm. Reykn. sagði að menn væru að fordæma þá sjóði sem eitthvað hefðu verið notaðir. Við erum ekki að fordæma sjóðina heldur meðferð þeirra. Ég skal viðurkenna að það væri gott að hafa þá fjármuni nú sem hafa týnst og tapast einmitt úr þessum sjóðum. Það væri kostur ef nú væru 1,7 milljarðar eða svo hjá Framkvæmdasjóði en ekki mínus 1.200 milljónir, þ.e. viðsnúningur upp á 3 milljarða. Það væri kostur að hafa slíka peninga þegar svona árar. Það væri kostur að eiginfjárstaða Byggðastofnunar væri 4 milljarðar, eins og hún var fyrir örfáum árum, en ekki þriðjungur af því eins og hún er núna. Það væri kostur við þá stöðu sem blasir við í okkar efnahags- og atvinnumálum.

En hvað er það sem atvinnulífið sjálft er að tala um gagnvart ríkisstjórninni? Atvinnulífið sjálft segir: Gefið okkur svigrúm, það svigrúm sem ekki var áður gefið. Gefið okkur svigrúm með því að takmarka ríkisútgjöld og takmarka lánsfjáreftirspurn til þess að við höfum aðgang að þeim fjármunum sem við sárlega þurfum á að halda. Þetta var ekki gert áður af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar. Þetta eru menn að gera nú. Menn eru einmitt eftir megni að koma til móts við sjónarmið atvinnulífsins um það með hvaða hætti sé best og færast að styðja atvinnulífið.

Ég tel þrátt fyrir allt og þrátt fyrir að við séum varaðir við bjartsýni að ekki hafi komið fram nein rök í þessum umræðum sem segi okkur að stóriðjuáformin, sem hafa verið uppi, séu endanlega dauð. Auðvitað eigum við að fara varlega, það kennir reynslan okkur, í að tímasetja það hvenær þau gætu orðið að veruleika. Við höfum ekki tök á því í augnablikinu að tímasetja þau. Við getum þó sagt með nokkuð öruggri vissu að þetta er a.m.k. árs töf. Það vitum við og við eigum að segja það og það liggur fyrir. En við eigum að hugsa þetta sem töf vegna þess að það er ekkert sérstakt sem bendir til þess að þetta sé annað en töf. Þegar þekkt tímarit í þessum fræðum eru skoðuð og þegar borið er saman hvaða álverksmiðjur sem hafa verið í burðarliðnum eru líklegastar og af fræðimönnum metnar svo að þær muni fyrst koma til þegar róðurinn léttist og markaðurinn réttir sig við, þá er verksmiðjan á Keilisnesi í efsta sæti.

Ég hygg að það sé ekki vegna þess, eins og hv. 7. þm. Reykn. var að gefa í skyn að við hefðum samið af okkur, eða hinn erlendi viðsemjandi hefði fengið allt og hefði okkur í hendi sinni. Það er ekki vegna þess. Það er af mörgum öðrum ástæðum. Við höfum ekki samið verr af okkur en það þrátt fyrir allt að þessir aðilar taka þá áhættu að fresta nú sínum ákvörðunum. Við erum algjörlega óbundnir og getum þess vegna snúið okkur annað. Ef það spyrðist út að við hefðum samið með slíkum vildarkjörum til þessa hóps þá ættu hinir hóparnir sem við áttum að semja við að mati hv. 8. þm. Reykn. á meðan við vorum í þessum viðræðum að koma hlaupandi þegar menn vita hvers konar vildarkjör við erum tilbúnir að bjóða. En það er ekkert sem bendir til þess núna að þau vildarkjör séu slík að aðilar komi hlaupandi eftir þeim við núverandi aðstæður.

Ég held að við höfum í þessum samningaviðræðum þrátt fyrir allt reynt að ná sanngjarnri niðurstöðu. Ég hef sagt það áður og dreg enga dul á það að Landsvirkjun sem fyrirtæki í þessum samningum tekur töluvert mikla áhættu. Hún getur ef vel gengur og best gengur haft mjög gott upp úr honum, ef allt gengur sem best er spáð. Hún getur líka lent í töluvert miklum vandræðum ef allt færi á hinn versta veg. Miðað við venjulegt ástand á staða hennar að geta gengið. Það var mat samningamanna Landsvirkjunar að það væri fórnandi og hægt að taka áhættu vegna þess að aðrir hagsmunir eigenda Landsvirkjunar til að mynda, og þá ekki síst ríkisvaldsins og þjóðarinnar, væru slíkir af þessum samningum að Landsvirkjun gæti slíka áhættu tekið. Það var mitt mat og ég veit að það var mat annarra sem að þessum málum stóðu og unnu.

Ég hygg að ég hafi vikið að flestum þáttum sem var sérstaklega beint að mér. Ég get þó nefnt það vegna þess að hv. 7. þm. Reykn. talaði um afsláttartímabilið. Þetta er alveg rétt sem hann segir. Við höfum þegar við eina frestun gengið til móts við hinn erlenda viðsemjanda hvað það snertir. Ég tel því augljóst að það atriði hljóti að koma til alvarlegrar umhugsunar og íhugunar þegar samningar takast upp á nýjan leik.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hreint ótrúlegt að þurfa enn einu sinni að útskýra fyrir hæstv. þingheimi og nú raunar hæstv. forsrh. að okkur kvennalistakonum finnst engin ástæða til að gleðjast yfir ástandinu í atvinnumálum. Hins vegar finnst okkur ástæða til að gleðjast yfir því ef ekki verður gengið lengra út á þá óheillabraut sem stóriðjan hefur nú þegar leitt okkur og við teljum að muni verða óheillabraut.

Varðandi það að stóriðja muni ekki spilla ímynd okkar þá er ég ekki ein um þá skoðun að ímynd landsins sem land hreinleika sé í hættu. Ég hef í þingræðu áður vitnað til ummæla íslensks útflytjanda sem framleiðir gæðavöru, mat, og hefur miklar áhyggjur af þessari atvinnustefnu og þessum röngu áherslum. Ég hef sömu sögu að segja frá fólki úr ferðaþjónustu og það er full ástæða til að hlusta á það fólk sem þar starfar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru u.þ.b. fimm ár síðan stjórn Landsvirkjunar hóf athugun á því hvort arðbært væri að selja raforku gegnum sæstreng til annarra landa. Þegar nýjar upplýsingar komu fram fyrir tveimur til þremur árum sýndi það sig greinilega að þetta var orðið raunverulegt viðfangsefni. En þá var augljóst að frekari forgangsathugun, og ég legg áherslu á það, forgangsathugun á sölu rafmagns gegnum sæstreng var ýtt til hliðar vegna þess að þær álversframkvæmdir sem nú hefur verið frestað voru látnar hafa þennan forgang. Það vissu allir að íslenska hagkerfið mundi ekki ráða við það að reisa í senn stórvirkjanir fyrir nýtt álver og stórvirkjanir vegna sölu á rafmagni með sæstreng. Þá var það núv. hæstv. iðnrh. og aðrir sem höguðu málum þannig beint og óbeint að álversframkvæmdirnar fengju forgang og ekki var lagður forgangskraftur í það að hefja nú þegar undirbúning að sölu rafmagns um sæstreng.

Þetta er eitt dæmi, virðulegi forsrh., um það hverju var ýtt til hliðar í athugunum. Þótt málið með sæstrenginn væri vissulega skoðað áfram þá fékk það ekki þá áherslu sem því bar.

Ég vona síðan að hæstv. forsrh. hætti að kenna mér um stöðu Framkvæmdasjóðs, eins og hann gerði í ræðu sinni. Ég minni hann enn á ný á það að fjárhagserfiðleikar Framkvæmdasjóðs stafa aðallega af ákvörðunum sem voru teknar í ríkisstjórnartíð Sjálfstfl., bæði þegar Sjálfstfl. var með fjmrn. og þegar Sjálfstfl. var með forsrn. Fulltrúi minn í stjórn Framkvæmdasjóðs var núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl. Ef hæstv. forsrh. hefur þess vegna einhverjar grunsemdir um að hann hafi hagað sér óskynsamlega sem fulltrúi minn í stjórn Framkvæmdasjóðs þá óska ég eftir því að hann ræði það fyrst við formann þingflokks Alþfl. vegna þess að ég varð aldrei var við það að hann hegðaði sér óskynsamlega meðan hann var fulltrúi minn í stjórn Framkvæmdasjóðs.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ýmislegt í ræðu hæstv. forsrh. nú þarfnast í raun mjög ítarlegrar umræðu. Mér var vitanlega ljóst þegar ég bað hann áðan að segja nokkur orð um atvinnumálin og atvinnumálastefnuna að ekki gæfist tækifæri til að fara ítarlega í það nú. En það sem hann sagði undirstrikar svo sannarlega að við þurfum að ræða þessi mál mjög vandlega á næstunni.

Núna hef ég aðeins tækifæri til að leiðrétta eitt sem kom fram hjá hæstv. forsrh. Hann sagði, ef ég heyrði rétt, að ég léti eins og ég hefði ekki þekkt þetta mál í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það er alrangt. Ég sagði í fyrstu ræðu minni að ég þyrfti ekki að kvarta undan því að hæstv. iðnrh. hefði ekki látið mér í té upplýsingar um málið. Ég sagði hins vegar að það hefði skort mjög á að samstarf væri nægilegt á milli stjórnarflokkanna allra og rakti það hvernig sú nefnd sem upphaflega var skipuð fulltrúum flestra flokka var í raun sett af. Það var það sem ég gagnrýndi.

Í þessum sömu orðum sagði hæstv. forsrh. að ég

hefði ekki þekkt þetta mál sem þó heyrði undir mig, ef ég heyrði hann rétt. Það er náttúrlega misskilningur. Málið heyrði ekki undir mig en vegna kunnáttu minnar á því gat ég gert ýmsar alvarlegar athugasemdir við málið. Málið heyrði hins vegar undir iðnrh. og hann kaus að taka þær ekki til greina. Það var á hans valdi að ákveða það. Hins vegar hlaut ríkisstjórnin að koma málinu í heild sinni ef málið hefði verið lengra á veg komið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði velt því fyrir mér að biðja um orðið á eftir, þannig að ég ætla ekki að koma að þessu álmáli en spyrja um eitt atriði sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. og er mjög merkilegt og mjög alvarlegt. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að lánskjör Íslendinga erlendis væru að versna núna vegna ótíðinda úr bönkum í Noregi og Svíþjóð. Þetta hefur ekki komið fram á virðulegu Alþingi fyrr svo mér sé kunnugt um. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann og hans ríkisstjórn hyggist gera ráðstafanir til þess að gera þinginu og a.m.k. viðkomandi þingnefnd grein fyrir þessum vanda og hvernig hann birtist þannig að menn geti velt því fyrir sér af hverju þessi vandi stafar. Hvort hann stafar hugsanlega af því að hér sé um að ræða sérstök vandamál í bönkum í Noregi og Svíþjóð, eða hvort hann stafar að einhverju leyti af því að hugsanlegir erlendir lánveitendur okkar telji efnahagsstjórn á Íslandi lakari núna en áður.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var að vekja athygli á því hvernig utanaðkomandi hlutir geti haft áhrif á mikilvæga þætti hjá okkur. Það er mat fróðra manna í íslenskum bankaheimi að þeir atburðir sem hafa átt sér stað í norrænni bankastarfsemi hafi þegar haft neikvæð áhrif fyrir okkur varðandi lánamöguleika okkar og lánakjör. Þetta er mat manna. Það er líka mat sömu manna að við höfum áður notið góðs af sterkri stöðu norrænna banka og þess álits sem slíkir bankar njóta. Þetta er mat bankamanna.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst leitt að hæstv. forsrh. skyldi ekki líka víkja að því sem ég sagði í mínu andsvari fyrst hann kaus að biðja um orðið eftir að öll andsvörin höfðu komið fram og ítreka það sem ég sagði í mínu andsvari og bið hann að hugleiða það.

Hins vegar vil ég taka undir með hv. þm. Svavari Gestssyni að mér fannst þessar upplýsingar merkilegar vegna þess að ég lét sem fjmrh. tvö viðurkennd erlend fyrirtæki, sem hafa það sem verkefni að meta lánstraust þjóða, meta lánstraust íslenska ríkisins. Þau gerðu það og við fengum nokkuð góða útkomu. Þess vegna vekja ummæli hæstv. forsrh. spurningar um það hvort núv. hæstv. fjmrh. hefur látið þessi fyrirtæki, eins og t.d. Standard and Poor's meta lánstraust íslenska ríkisins á ný. Ef svo er og íslenska ríkið hefur fengið lakari útkomu er auðvitað nauðsynlegt að það komi fram. Það væru tíðindi fyndist mér ef svo væri á svo skömmum tíma. Ég vil því ítreka það að við fáum gleggri upplýsingar um þetta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Í raun hóf hæstv. forsrh. alveg nýja umræðu með sinni ræðu áðan sem gæti örugglega enst okkur lengi nætur. Ég vil byrja á ummælum hæstv. forsrh. um lánstraust okkar Íslendinga erlendis. Ég verð að segja það að forsrh. eins lands verður að byggja slíka yfirlýsingu sem hann gefur á þjóðþingi á afar traustum grunni til þess að nota þennan vettvang til að lýsa því yfir að lánstraust okkar hafi hrapað erlendis. Úr munni forsrh. er þetta mjög stór yfirlýsing. Ég ítreka það sem hér hefur komið fram að við hljótum að fara fram á að hæstv. forsrh. upplýsi okkur betur um hvað hann á við með þessum ummælum sínum.

Af því að ég er kominn að erlendum bönkum og lánstrausti okkar, þá ætla ég aðeins að víkja að röksemdafærslunni fyrir því að búið er að blása álversframkvæmdirnar af. Látið er í veðri vaka að það sé vegna þess að það eru slæmar aðstæður á erlendum fjármagnsmörkuðum. Eflaust eru þær að einhverju leyti slæmar, en alla vega samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru vextir erlendis mun lægri núna en þegar farið var af stað með þessar samningaviðræður. Ég held miklu frekar að ástæðan liggi í því að erlendir bankar taka ekki þá áhættu sem felst í því að í þessu fyrirtæki er einungis 20% eigið fé. Það atriði getum við rakið beint til samningagerðarinnar. Ef við rekjum okkur eftir þessari leið, hæstv. iðnrh., þá hittir það okkur fyrir aftur.

Það var ekki þetta sem ég ætlaði að ræða um. Ég ætlaði að ræða um ræðu hæstv. forsrh. — Virðulegi forseti. Ég verð eiginlega að fara fram á það að forsrh. verði við þá umræðu þar sem hann gaf svo ríkt tilefni til áðan. (**Forseti:** Hann hefur trúlega ekki farið langt.) Virðulegi forseti. Ég sé að forsrh. er kominn í salinn.

Það sem varð til þess að ég fór hér upp var það sem hann sagði um atvinnustefnu núv. ríkisstjórnar og mér fannst gefa ástæðu til þess að við hæfum þessa umræðu á nýjum grunni. Þar kom reyndar lítið fram annað en hefur gerst í hans ræðum um það mál fram að þessu, þ.e. það er horft til fortíðar. Það örlar ekki á því hjá hæstv. núv. forsrh. að litið sé til framtíðar. Honum er mjög tíðrætt um sjóðasukk og þá sjóði sem fyrrv. ríkisstjórn kom upp, m.a. Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð. Síðan segir hæstv. forsrh.: Við gerum ekkert annað en að sjá til þess að hinar almennu aðstæður séu góðar. Ég mun grípa til almennra aðgerða ekki sértækra. Ég mun koma að því seinna.

Lítum aðeins á sjóðina. Það getur vel verið að hæstv. forsrh. þyki það þjóna pólitískum tilgangi sínum að láta staðar numið þar sem nú er komið gagnvart Atvinnutryggingarsjóði og Hlutafjársjóði. Hins vegar þjónar það ekki tilgangi atvinnulífsins í landinu og það þjónar ekki tilgangi ríkisins hvað við kemur verndun þess fjármagn sem er komið með ríkisábyrgð.

Ekki alls fyrir löngu fór ég yfir stöðu þessara sjóða með háttsettum starfsmönnum Byggðastofnunar. Ég

skoðaði m.a. þá úttekt sem Byggðastofnun hefur látið gera á Hlutafjársjóði. Ef ég tek Atvinnutryggingarsjóðinn fyrst þá var sú mynd sem ég dró upp í mínum huga eftir að hafa skoðað málið sú að hægt væri að skipta honum í þrennt. Það er einhver hluti sem svo getur farið að menn verði að afskrifa. Það er ekki stór hluti. Það er annar hluti sem allt bendir til að hagsmunum sjóðsins, þar með ríkisins og þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga, sé best borgið með því að breyta verulegum hluta af því í hlutafé og freista þess að verja það til að það skili sér aftur með bættri afkomu. Þriðji hlutann, sem er reyndar nokkuð stór, er þannig ástatt með að allt bendir til þess að viðkomandi fyrirtæki geti staðið í fullum skilum án nokkurra breytinga. En þetta heita, hæstv. forsrh., sértækar aðgerðir og eru bannorð í dag.

Ég held að við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir að þær aðgerðir sem gripið var til í tíð fyrrv. ríkisstjórnar voru vissulega sértækar og byggðust á því, það viðurkenni ég og þar eiga flokkar okkar forsrh. mesta ábyrgð, að um allt of langan tíma höfðu hin almennu skilyrði ekki verið rétt. Við erum ekki búin að ljúka þeirri aðgerð. Að henni lokinni getum við horft til þess að það verði hinar almennu aðgerðir sem stýra ferðinni.

Varðandi Hlutafjársjóð lítur dæmið þannig út þegar búið er að setja það upp bókhaldslega, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, að með skuldbreytingum og hæfilegum hjálparaðgerðum er hægt að verja fjármuni Hlutafjársjóðs ef við tökum tillit til verðmæti eigna fyrirtækjanna í dag. En þetta mundu væntanlega heita sértækar aðgerðir. Síðan er það athugunarefni, hæstv. forsrh., hver voru fyrstu afskipti þessarar ríkisstjórnar af grunnatvinnuvegunum. Ef ég man rétt þá var það að beita þeim sértækustu aðgerðum sem ég veit til að hafi verið beitt gagnvart atvinnulífinu um langt árabil þar sem svo langt var gengið að fella niður staðgreiðslu skatta sem samkvæmt lögum er hreint lögbrot að standa ekki skil á.

Það er þetta sem ég óttast. Ég veit að ríkisstjórnin mun ekki hafa þrek til þess að standa við að ekki verði gripið til sértækra aðgerða og það verður þá ekki gert á þann almenna hátt sem ég nefndi áðan gagnvart Hlutafjársjóði og Atvinnutryggingarsjóði, heldur þegar mönnum þykir þóknanlegt verði gripið til sértækra aðgerða í átt við það sem ég nefndi áðan. Því miður blasir þetta við okkur núna.

Við skulum síðan aðeins koma að almennu aðgerðunum. Ég hef sagt það árum saman að byggðamál númer eitt til tíu eru að hinn almenni efnahagsgrunnur sé í lagi. Það hefur hann því miður ekki verið langtímum saman. En hvernig er hann núna eftir að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur setið í tæpt hálft ár? Við skulum skoða það. Hæstv. forsrh. sagði að ríkisstjórnin væri að grípa til aðgerða til þess að skapa atvinnulífinu svigrúm. Í hverju felast þær aðgerðir? Við skulum líta á nokkra höfuðþætti sem þarna þurfa að vera í lagi. Á lofti eru mjög alvarleg teikn um að gengismálin séu komin í það horf að þar sé orðin veruleg dulin skekkja sem sé farin að færa fjármagn frá frumatvinnuvegunum yfir til innflutningsins og þjónustunnar, eins og því miður hefur verið um allt of langan tíma.

Hvernig hefur ríkisstjórnin staðið í stykkinu varðandi annan höfuðþáttinn, þ.e. vaxtamálin? Raunvextir í landinu, eins og ég hef rætt í tvígang við hæstv. viðskrh., eru í dag hærri en nokkur dæmi eru um áður. Því miður er ekkert útlit fyrir breytingu þar á á næstunni.

Þá eru ríkisfjármálin eftir. Við höfum heyrt ríkisstjórnina tala um að draga eigi úr umsvifum til að skapa atvinnulífinu svigrúm. En hvað hefur verið gert? Það hafa verið höfð endaskipti á hlutunum á þann hátt að inn eru komin þjónustugjöld til þess að mæta útgjöldunum sem eru sama hlutfall af landsframleiðslu og var á síðasta ári. Þannig líta fjárlögin út.

Aðilar atvinnulífsins hafa lagt á það mikla áherslu að dregið verði úr ríkisumsvifum og reyndar opinberum umsvifum, ekki síður sveitarfélaganna. Hvernig standa málin þar? Stærsta sveitarfélagið sem ber höfuð og herðar yfir öll önnur og hefur þá sérstöðu í tekjuöflun að vera með hærri tekjur á íbúa en nokkurt annað sveitarfélag í landinu ætti þess vegna að hafa alla burði til þess að standa þannig að sínum málum að það þurfi ekki að íþyngja lánamarkaðinum. En hvernig er ástandið þar? Ástandið er þannig að nú er Reykjavíkurborg með á milli 1,5 og 2 milljarða í yfirdrátt í Landsbankanum.

Þetta er sú mynd sem við höfum af þeim almenna ramma sem ríkisstjórnin hefur verið að skapa. Er það nokkur furða þó að við stjórnarandstæðingar lýsum eftir atvinnustefnu núv. ríkisstjórnar og lýsum eftir því hvernig eigi að taka á vandanum eins og hann liggur fyrir núna? Það kom ekkert fram í ræðu hæstv. forsrh. áðan um að þar sé verið að gera eitthvað sem skiptir máli.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er undrandi á því að einn af þingmönnum Framsfl. skuli sérstaklega í annað eða þriðja skiptið gera að umtalsefni nauðasamninga sem tengdust Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Þeir nauðasamningar voru gerðir fyrir atbeina ríkisins vegna þess að fyrir lá fundargerð frá fundi sem þáv. forsrh. hafði haldið í húsakynnum Stjórnarráðsins þar sem tilteknir þættir voru teknir inn í nauðasamningaskiptin. Núv. ríkisstjórn ákvað að standa við þá ákvörðun fyrrv. forsrh.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta afar billegt svar hjá hæstv. forsrh. Hann hefur að vísu tíðkað það að draga fram ýmis plögg úr forsrn. frá fyrri tíð en ég hef ekki heyrt hann áður vitna úr ræðustól Alþingis í eitthvað tiltekið minnisblað í forsrn. Gjörðin er hæstv. núv. ríkisstjórnar. Alveg sama hvað öllum minnisblöðum líður þá er gjörðin að fella niður staðgreiðslu skatta núv. ríkisstjórnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Stjórnarliðum hefur í kvöld og raunar fyrr í dag orðið nokkuð tíðrætt um gagnrýni stjórnarandstæðinga á hæstv. iðnrh. og hafa margir hverjir furðað sig á þeirri gagnrýni. Ég vil vekja athygli þeirra á því, sem ég veit að þeir hafa auðvitað tekið eftir þó þeir hafi ekki nefnt það, að gagnrýnin á iðnrh. hefur verið af nokkuð misjöfnum toga. Það er ekki hægt — þó að stjórnarandstaðan standi saman í því að gagnrýna núv. ríkisstjórn og núv. iðnrh. — að setja alla undir sama hatt. Ég gagnrýni í sjálfu sér ekki iðnrh. fyrir það að hafa ekki farið á fjörurnar við einhver önnur álfyrirtæki til þess að fá þau inn í myndina þegar sýnt var að þau fyrirtæki sem samningaviðræður stóðu yfir við voru að detta úr skaftinu. Ég gagnrýni hann ekki fyrir það. Ég og við kvennalistakonur gagnrýnum hann öðru fremur fyrir þá áldrauma sem hann hefur alið á. Hann hefur auðvitað ekki verið einn um það að ala á þessum áldraumum, en sem iðnrh. hefur hann verið fremstur meðal jafningja. Þess vegna hljótum við öðrum fremur að gagnrýna hann. En ég ætlaði ekki að gera hæstv. iðnrh. að umtalsefni.

Það var tvennt sem mig langaði til að minnast á og það kom hvort tveggja fram í ræðu hæstv. forsrh. Hann gerði hagvöxt og stóriðju að umtalsefni þó kannski með óbeinum hætti væri. Hann sagði nefnilega að þegar kvennalistakonur hefðu fagnað því í sjónvarpinu að áldraumarnir væru farnir veg allrar veraldar hefði komið fram hjá þeim að Kvennalistinn væri á móti hagvexti, sérstaklega mengandi hagvexti. Hann sagðist ekki geta ímyndað sér að þjóðin skildi þetta tal, að almenningur skildi þetta tal. Hann sagði líka að það væri augljóst af tali kvennalistakvenna að þær teldu að stóriðja og ferðamannaþjónusta gæti ekki farið saman og þetta væri þröngsýni sem fengist ekki staðist. Vegna þessara orða hæstv. forsrh. langar mig að gera þetta tvennt að umtalsefni, þ.e. hagvöxtinn og stóriðjuna.

Við höfum vissulega gagnrýnt hagvaxtarhugtakið og við höfum kannski verið nokkuð einar um það þó að einstaka aðrir þingmenn hafi gagnrýnt þetta hugtak líka. Við höfum gagnrýnt þetta hugtak vegna þess hversu gagnrýnislausir menn eru í meðferð þess. Þegar menn eins og hæstv. forsrh. taka sér í munn orðið hagvöxtur þá er eins og hagvöxtur feli sjálfkrafa í sér gæði. Það sé gildishlaðið hugtak sem feli sjálfkrafa í sér gæði; lífshamingju, lífsgæði. Þannig er það ekki. Hagvöxtur er auðvitað bara hugtak sem er notað í útreikningum. Það er notað sem mælikvarði á veltu peninga. Hagvöxtur þarf í sjálfu sér ekki að skilja neitt eftir sig. Við getum tekið dæmi af framkvæmdum sem hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóri Reykjavíkur hefur staðið fyrir, byggingu Perlunnar og ráðhússins í Reykjavík. Báðar þessar byggingar, með þeim hraða sem þar hefur verið viðhafður og því fjármagni sem í þær hefur verið sett, hafa eflaust skilið eftir sig einhvern hagvöxt. Þær hafa mælst inn í hagvaxtarútreikninga meðan á framkvæmdum stóð. En hvað skilja þær eftir sig? Hvað gefa þær af sér? Þær gefa ekki af sér nokkurn arð. En þetta er hagvöxtur.

Við getum tekið annað dæmi: Ef við Íslendingar veiddum allan fisk í sjónum á nokkrum árum, stunduðum gegndarlaust arðrán á auðlindum okkar, þá mundi það auðvitað skila sér í mjög góðum hagvaxtartölum. Við fengjum alveg gífurlegan hagvöxt þau árin sem við værum að stunda þessa rányrkju. En hvernig yrði framtíðin? Hvernig blasti framtíðin þá við? Það er þetta sem við gagnrýnum. Við gagnrýnum hvernig menn nota þetta hugtak án þess að velta því fyrir sér hvað í því felst.

Þegar við ræðum um hagvöxt og allt sem honum fylgir verða menn að horfast í augu við staðreyndir. Menn verða að horfast í augu við það að við eigum bara þessa einu jörð og við verðum að fara vel með hana. Ef menn fara hins vegar út á þann hála ís að ræða á þessum nótum, þá standa þeir auðvitað andspænis mjög óþægilegum pólitískum samviskuspurningum sem þá langar hreinlega ekki til að svara held ég. Ég held þá langi ekki til að svara þessum spurningum, hvorki sjálfum sér né kjósendum sínum.

Ef við tökum svo aftur stóriðjuna. Við kvennalistakonur erum ekki andsnúnar stóriðju eins og hæstv. forsrh. sagði og við erum heldur ekki andsnúnar orkufrekum iðnaði svona „per se“ en við erum á móti mengandi stóriðju. Við höfum alla tíð verið á móti mengandi stóriðju. Forsrh. þyrfti ekki annað en líta á þá vetnistillögu sem við höfum flutt á Alþingi nú öðru sinni til þess að vita það að við erum ekki á móti stóriðju. Þá hefðum við aldrei flutt slíka tillögu. Vetnisframleiðsla er auðvitað stóriðja. Þetta er orkuferk framleiðsla og hún útheimtir dýrar fjárfestingar. Þess vegna er þetta stóriðja. Við erum ekkert á móti henni, en við erum á móti mengandi stóriðju. Það er alveg ljóst.

Þegar við ræðum um raforkuna í landinu verðum við að hafa í huga að þetta er mjög dýrmæt auðlind sem við eigum. Orkunotkun í heiminum hefur vaxið gífurlega á undanförnum árum og ef við förum dálítið langt aftur í tímann þá sjáum við hversu gífurleg aukning hefur verið á notkun orku. Fyrir 150 árum notaði mannkynið sem samsvarar 8 millj. tunna af olíu á dag en í dag notar mannkynið, auðvitað mun fjölmennara en þá var, orku sem samsvarar 161 millj. tunna af olíu á dag. Svo gífurleg hefur aukningin verið í orkunotkun. Orkunotkunin á enn eftir að vaxa. Mannkynið stendur hins vegar andspænis því að flestir orkugjafar eru mengandi. Kjarnorkan býður heim miklum hættum. Hún er kannski ekki eins mengandi og margt annað en hún er ekki fýsilegur kostur, bæði vegna þeirrar hættu sem fylgir henni fyrir umhverfi okkar og mannfólk og eins hversu dýrt er að fjárfesta í henni. Við skulum athuga að það þyrfti ekki nema eitt Tsjernóbil í viðbót — við skulum vona að það verði ekki, svo sannarlega — t.d. í Búlgaríu, sem byggir mjög á kjarnorku og þetta eru kjarnorkuver sem eru mjög illa útbúin hvað öryggi varðar, til þess að almenningsálitið í heiminum mundi hafna kjarnorkunni og menn mundu hreinlega krefjast þess að kjarnorkuverum jafnvel á Vesturlöndum yrði lokað.

Við eigum hins vegar verðmæta auðlind sem eru fallvötnin og sú raforka sem í þeim býr. Þessi auðlind okkar er þeim ótrúlegu hæfileikum gædd að hún er

ekki mengandi og það er fátt mikilvægara heiminum í dag. Það blasir við að orkunotkun í heiminum í dag leiðir af sér meiri umhverfisspjöll en nokkuð annað sem maðurinn tekur sér fyrir hendur. Þess vegna hljótum við að leggja ríka áherslu á það að við eigum orkugjafa sem eru ekki mengandi. Það er eins og hver önnur gullnáma, gullkista sem við sitjum á, og við verðum að nýta þessa gullkistu rétt, meta hana rétt og ekki setja hana á útsölu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Í upphafi langar mig til þess að taka undir þau tilmæli hv. 8. þm. Reykn. að virðulegur forseti og forsætisnefnd þingsins hugi að því hvernig þingsköpin um utandagskrárumræður hafi reynst. Ég held að það sé mjög margt sem við getum lært af þeirri reynslu sem fengist hefur á þessu þingi. Sú reynsla er kannski helst til ríkuleg miðað við þá starfsdaga sem þingið hefur til ráðstöfunar, en ég held engu að síður að það sé fullkomin ástæða til að huga að þessu. Sérstaklega á þetta við um tækifæri til skoðanaskipta sem ég tel að andsvörin leysi ekki svo vel fari þótt þau séu framför. Þetta segi ég í upphafi míns máls, virðulegur forseti, til að taka undir það sem mér hefur fundist skynsamlegt í máli hv. 8. þm. Reykn.

Ég vík þá að öðru. Það verður að segjast eins og er að vonbrigði hefur verið stef í ræðum margra manna hér. Það eru vissulega vonbrigði að frestur skuli nú óhjákvæmilegur á framkvæmdum um nýtt álver á Keilisnesi. En það eru líka vonbrigði að mínu áliti hvernig hv. stjórnarandstaða hefur haldið á sínu máli í dag og kvöld vegna þess að nú glímum við sameiginlega við mikinn atvinnuvanda. Satt að segja fundust mér þau orð sem hv. 8. þm. Reykn. hafði í síðustu ræðu sinni um nauðsyn þess að þing og stjórn standi saman um lausn vandans hljóma eins og argasta öfugmæli í framhaldi af því sem hann hafði áður sagt. Þar lýsti sér svo sannarlega ekki vilji til að ná sameiginlegum skilningi eða sanngjarnri sýn á viðfangsefni gærdagsins, því lítið var talað um morgundaginn í máli hans.

Ýmsir hafa gefið sig fram í þessari umræðu sem segja sig hafa vitað betur allan tímann. Hv. 8. þm. Reykn. vék í upphafi fyrri ræðu sinnar að því að Páll Pétursson, hv. 1. þm. Norðurl. v., ásamt fleirum, hefði á fundi í London fyrir u.þ.b. ári tekið á því að Atlantsálsmenn hefðu þá þegar lýst erfiðleikum á fjármögnun eftir samtöl við banka sem þeir Landsvirkjunarmenn hefðu notað tækifærið til að heimsækja úr því þeir voru á annað borð í borginni. Um þetta mál er það að segja að á þeim tíma sem umræddur fundur var haldinn um orkuverðsamninga í London voru Atlantsálsmenn ekki farnir að sinna fjármögnunarviðræðum að neinu marki. Þeir áttu ýmsa hluti ófrágengna, t.d. varðandi sín innri samskipti, og það hefur margsinnis komið fram að fjármögnunarleitinni hugðust þeir fyrst sinna af krafti nú á haustdögum.

Það sem máli skiptir er að eftir að fjármagnsleitin hófst fyrir alvöru skýrðu þeir frá því að þeim væri tekið nokkuð vel, ekki síst af bönkum í Evrópu. Og ég leyfi mér að minna á ummæli Atlantsálsmanna þessa efnis þegar þeir voru hér á ferð í ágúst sl. Það hefur reyndar margoft síðan komið fram á fundum sem íslenskir samningamenn hafa átt við þá um ýmis mál, m.a. í Amsterdam upp úr miðjum október, að þeir teldu að undirtektir fjármálastofnana væru þokkalega jákvæðar. Forsvarsmenn Alumax hafa t.d. lýst því í fjölmiðlum oftar en einu sinni að undanförnu að þeir teldu umræðurnar um fjármögnun ganga eftir atvikum.

Eins og ég hef lýst og ýmsir aðrir reyndar tekið undir þá eru það aðrir þættir almenns eðlis sem varða hið almenna efnahagslega umhverfi áliðjunnar og lánamarkaðanna sem hafa orðið til þess að kjörin voru að lokum óhagstæð að mati Atlantsálsfyrirtækjanna. Þótt illa gengi í vor í upphafi var hreint engin ástæða til þess að draga það því að málið væri á réttri leið.

Áður en ég vík að fleiri atriðum í ræðu hv. 8. þm. Reykn. ætla ég aðeins að koma að því sem málshefjandi, hv. 7. þm. Reykn., tók fyrir í sinni seinni ræðu. Þar beindi hann ýmist til mín nýjum spurningum eða endurtók fyrri spurningar. Áður en ég held áfram að rekja viðbrögð mín við spurningum og athugasemdum ýmissa annarra ræðumanna ætla ég að sinna þessum atriðum.

Í fyrsta lagi innti hv. 7. þm. Reykn. eftir því hvort Atlantsálsmenn væru að draga okkur á asnaeyrunum. Nei, þeir eru ekki að gera það. Það er enn ekki kominn á samningur og við munum halda áfram að fjalla um þetta mál við þá. Ég hef trú á þessum samstarfsaðilum og samningaviðræðurnar eru nú á frágangsstigi. Ég tel að það komi hugsanlega til greina að gera samning á þeim nótum sem nú liggja fyrir en með þeirri viðbót að samningurinn falli úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist að fullu fyrir eitthvert ákveðið tímamark. Hvert það tímamark ætti að vera ætla ég ekki að tjá mig um á þessu stigi. Ég vek athygli á því að Atlantsálsaðilarnir hafa lýst því mjög skilmerkilega að þeir hafi frestað áformum sínum um fjáröflun en séu ekki hættir við framkvæmdina. Ég vil líka endurtaka að við erum ekki skuldbundnir þeim formlega um nokkurt atriði málsins þótt að sjálfsögðu felist í því mikil siðferðileg skuldbinding sem við höfum sameiginlega með þeim starfað. Þetta vildi ég segja um það hvernig þessi samningsmál standa.

En mér fannst það mjög athyglisvert að í sömu andrá sagði hv. 7. þm. Reykn., að hann benti alls ekki á sæstrenginn sem lausn á vandamálum þjóðfélagsins um þessar mundir í staðinn fyrir álver. Mér finnst mjög fróðlegt að bera þessi orð saman við það sem kom fram í andsvari hv. 8. þm. Reykn. sem virtist einmitt líta á sæstrenginn sem raunverulegan valkost við hliðina á álveri. Ég hef nú tilhneigingu til að taka undir sjónarmið rafmagnsverkfræðingsins, hv. 7. þm. Reykn., í þessu máli.

Þá kem ég að annarri spurningu hv. 7. þm. Reykn. í seinni umferð. Það er spurningin um skýrslu um málið. Hvort þess sé ekki kostur að gefa skýrslu um málið strax, helst á morgun, eins og ég skildi þingmanninn. Ég tel það hvorki heppilegt né skynsamlegt og miðað við það sem fram hefur komið um málið tel ég

langæskilegast að slík skýrsla verði gefin þinginu að loknu jólahléi. Þetta segi ég af því að ég tel það heppilegri málsmeðferð málsins vegna og að þingið muni þá fá gleggri upplýsingar. En ég tek fram að þetta mun ekki tefja mig frá því að gefa iðnn. þingsins upplýsingar um málið.

Þá kem ég að þriðju spurningunni sem varðar umhverfismál. Henni tel ég reyndar að ég hafi þegar svarað. Það er komin alveg fullnægjandi lausn á þeim vanda sem fólginn var í efnisatriðum sem upp voru talin í minnisblaðinu frá 4. okt. 1990. Fyrir þeirri lausn hefur umhvn. þingsins verið gerð grein. Fyrir þeirri lausn verður þinginu í heild gerð grein með skriflegri skýrslu sem væntanleg er í þingið á næstu dögum. Þar leyfi ég mér að halda því fram, þótt ég kjósi að bíða þess að skýrslan birtist að segja frá því í einstökum atriðum, að tekist hafi að finna algerlega fullnægjandi lausn á þessu máli sem tryggi að endurskoðun á starfsleyfinu verði eingöngu af góðum og gildum ástæðum.

Síðan spurði hv. þm. um kostnað við þessa samningavinnu og undirbúning verka. Þar er til að svara kostnaður Landsvirkjunar nemur nú tæplega 900 millj. kr. á verðlagi ársins 1991 en það er kostnaður sem er í raun og veru fjárfesting sem mun nýtast í fyllingu tímans. Svipuðu máli gegnir að mínu áliti um þann kostnað sem markaðsskrifstofan hefur lagt í og samanlagt er um þessar mundir hægt að meta sem 39 millj. kr. á verðlagi ársins 1991. Kostnaður iðnrn. á öllum þessum tíma er nú tæplega 60 millj. kr. Ég tel þessu fé vel varið og bendi t.d. á að umhverfisathuganir vegna staðarvals og starfsleyfis eru rannsóknir sem nýtast vissulega til framtíðar.

Þetta tel ég að svari í meginatriðum beinum spurningum um staðreyndir máls og tölulegar upplýsingar og aðra slíka hluti sem hv. 7. þm. beindi til mín. Hann innti mig að lokum eftir því hvernig mál stæðu um áformaða byggingu þilplötuverksmiðju á Íslandi. Ég get svarað því til að vegna eigendaskipta sem orðið hafa á skoska fyrirtækinu sem í hlut átti urðu þar tafir í athugunum aðila. Nýtt fyrirtæki hefur eignast hið skoska fyrirtæki, bandarískt fyrirtæki, Butler, sem vinnur nú að athugunum á málinu. Ég átti viðræður við forustumenn hins nýja fyrirtækis fyrir hálfum mánuði ásamt mínum samstarfsmönnum. Ég tek það fram að þar var ekki um samningaviðræður að ræða, heldur eingöngu upplýsingafund um hverra kjara þeir gætu hér vænst að íslenskum lögum. Butler sýni málinu framhaldandi áhuga og munu gera aðilum máls, bæði sveitarfélögum og öðrum viðsemjendum sínum, íslenskum fyrirtækjum, grein fyrir sínum áformum í byrjun hins nýja árs. Breytingin sem varð við eigendaskiptin hefur orðið til þess að málið hefur nokkuð dregist og breyst í meðförum. Þetta, virðulegur forseti, eru svör við því sem fram kom í máli hv. 7. þm. Reykn. í seinni ræðu hans.

Ég vík þá aftur að máli hv. 8. þm. Reykn., bæði í hinni fyrri og síðari umferð vegna þess að það var að mörgu leyti endurtekning sama efnis. Í fyrri ræðu sinni vék hv. 8. þm. Reykn. að því að honum hefði verið kunnugt um það eftir viðræður við menn frá verðbréfafyrirtækinu Goldman Sachs í upphafi þessa árs að Atlantsálsfyrirtækin þrjú mundu ekki reisa neitt álver á Íslandi. Þetta sagði þingmaðurinn raunar frammi fyrir alþjóð í fréttatímanum bæði í sjónvarpi og útvarpi í gærkvöldi og endurtekur í Morgunblaðinu í morgun. Þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta: „Um seinustu áramót áttum við í fjmrn. viðræður við fulltrúa hins þekkta bandaríska fjármögnunarfyrirtækis Goldman Sachs sem er eitt af stærstu fjármögnunarfyrirtækjum í veröldinni. Þeir töldu afar ólíklegt að þessi þrjú fyrirtæki væru í þessu af alvöru. Ég greindi fráfarandi ríkisstjórn frá þessu."

Þetta er ósatt. Í frásögn Ólafs Ragnars Gímssonar, hv. 8. þm. Reykn., þáv. fjmrh., til ríkisstjórnarinnar í lok mars sl. um þetta mál, reyndar í því samhengi að hann vildi fela Goldman Sachs að gera nokkra athugun á lánamálum íslenska ríkisins, lýsti hann því helsta sem hann taldi að fram hefði komið í viðræðum við Goldman Sachs um Atlantsálsverkefnið og áhrif þess á lántökur og lántraust íslenska ríkisins. Hann minntist þá hvergi á að Goldman Sachs teldi afar ólíklegt að þessi þrjú fyrirtæki ætluðu sér að fjárfesta í álveri á Íslandi. Það eru seinni tíma fullyrðingar hans. Í þessari frásögn af Goldman Sachs-samtali hans voru hins vegar ýmsar gagnlegar vangaveltur um hugsanleg áhrif á lántökur íslenska ríkisins af völdum Atlantsálsverkefnisins, sem er gott og blessað og sjálfsagt framtak á vegum fjmrh. En það vakti athygli mína þá og gerir enn að þá var gengið út frá því sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut, sem ég tel að vísu rétt, að Atlantsálsverkefnið yrði fjármagnað.

Það kom fram í áliti þeirra Goldman Sachs-manna að mögulegt sé að ýmsir áhrifaþættir sem Ísland ráði ekki yfir gætu truflað framgang Atlantsálsverkefnisins, m.a. þættir sem varða hið almenna efnahagsástand. Þá kom reyndar líka fram að áliti þessa merka fyrirtækis að miklar líkur væru á því að Íslendingar gætu hagnast vel á Atlantsálsverkefninu þótt það væri vissulega áhættusamt. Þetta eru reyndar alkunn tíðindi. En það kom hins vegar ekki fram orð um það frá Goldman Sachs að þeir teldu ólíklegt að þessi þrjú fyrirtæki mundu reisa álverið.

Í annan stað sagði hv. 8. þm. Reykn. að Goldman Sachs hefði haldið því fram að Persaflóastríðið hefði ekki truflað fjármagnsmarkaðinn nema í eina viku í mesta lagi, eins og hann komst að orði áðan. Ég held að það sé víðs fjarri að þetta hafi verið álit fyrirtækisins eða komið fram í þeim viðræðum sem fram fóru. Ég hygg að hið rétta hafi verið að þeir kunni að hafa haldið því fram að áhrifin á fjármagnsmarkaðinn hafi verið sérlega sterk vikurnar eftir innrás Íraka í Kúvæt og vegna hinna miklu hækkunar sem varð á olíuverði. Síðan hafi þeir haldið því fram að frá áramótunum 1990–1991, þ.e. eftir að björgunaraðgerðir bandamanna höfðu heppnast, hafi markaðirnir farið að nálgast jafnvægi á ný.

Lítum á þetta. Það eru því æði margar vikur sem Goldman Sachs hefur haldið því fram að Persaflóastríðið hafi haft afdrifarík áhrif á fjármagnsmörkuðum. Mér reiknast til að það séu 5, 6 eða 7 mánuðir

a.m.k. Samningaviðræðurnar um Atlantsálsálverið hafa staðið í rúma 18 mánuði og óróa vegna Persaflóainnrásarinnar gæti því samkvæmt þessu áliti, sem hv. 8. þm. Reykn. leggur svo mikið upp úr, hafa varað a.m.k. þriðjung þess tíma. Skiptir þetta engu máli? Um hvað er hv. þm. að tala?

Þá hélt hann því fram, þessi sami hv. þm., að þær ástæður sem ég hefði tilgreint til frestunar málsins, hinar almennu aðstæður í efnahagsmálum veraldarinnar og sérstakir atburðir eins og Persaflóastyrjöldin og umrótið í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum, skiptu engu máli. Hann tilgreindi þrjár nýjar ástæður, eins og hann kallaði þær. Hina fyrstu kallaði hann dómgreindarskort iðnrh. Sá þáttur í máli þingmannsins var rökstuddur með upptalningu á dagsetningum og byrjaði á yfirlýsingum frá árinu 1989. Það var ótrúlega ómerkilegur blekkingarvefur. Þingmaðurinn veit mjög vel að á þeim tíma sem hann hóf sinn dagsetningalestur vorum við að reyna að ná samningum um stækkun álversins í Straumsvík, en ekki um Atlantsálsverkefnið. Sumir aðilar að því máli voru tregir til að ljúka þeim samtölum og vildu draga samningana á langinn. Það var einmitt til að knýja á um niðurstöðu í málinu eða slit samningana sem ég knúði mjög á um málalok í þeim samningum, m.a. með yfirlýsingum af því tagi sem þingmaðurinn vitnar nú til. Enda sleit ég þeim samtölum um áramótin 1989–1990 þegar mér þótti einsýnt að þau mundu ekki leiða til árangurs, einkum af því að einn aðilinn að þeim samningum, Alusuisse, var ekki af alvöru í verkinu. Það var því rík ástæða til að reka á eftir þeim samtölum en mér þykir það skjóta skökku við ef þingmaðurinn áfellist mig nú fyrir að viðhafa þessi vinnubrögð á sama tíma og hann krefst þess að samningunum við Atlantsálsfyrirtækin verði slitið, fyrirtæki sem þó hafa marglýst yfir einlægum vilja sínum og ásetningi til að ráðast í byggingu álvers hér þegar markaðsaðstæður leyfa.

Síðar í þessum hluta ræðu sinnar vísaði 8. þm. Reykn. í það sem hann kallar endurteknar yfirlýsingar mínar frá árinu 1990 um það — ég vísa orðrétt í ræðu hans — „að tímans vegna sé nauðsynlegt að álsamningar verði undirritaðir.“ Efast þingmaðurinn virkilega um að þær yfirlýsingar hafi haft gildar ástæður, verið rökstuddar yfirlýsingar um að nauðsynlegt væri að flýta þeim samtölum og undirritun samninganna? Efast þingmaðurinn nú um það þegar málið hefur því miður frestast sem raun ber vitni?

Mér er engin launung á því að allt frá því ég tók við embætti iðnrh. árið 1988 hef ég talið að tækifæri sem opnuðust til samninga um álver ætti að nýta sem skjótast. Þetta væru, eins og sagt er á enska tungu, gluggar tækifæra sem opnast og lokast á víxl. Ég hef ætíð talið nauðsynlegt að ná fram sem haldbestum niðurstöðum í öllum þeim samningsáföngum sem næðust, einkum vegna þess hversu fjölþættir og flóknir þessir samningar eru. Af því að þarna eigast við á aðra hlið þrjú fyrirtæki og stundum fleiri og á hina hliðina fleiri en eitt ráðuneyti og stundum sundurleitar samsteypustjórnir.

Ég hef trú á því að staðfesting slíkra skjala í áföngum verksins væru einmitt verkefninu til framdráttar. Ég trúi því illa nú þegar við stöndum frammi fyrir orðnum hlut um frestun vegna utanaðkomandi aðstæðna að þingheimur dragi í efa að þessi viðleitni hafi verið rétt. Við þurftum að reka niður hæla í þessu bjargi.

Aðra ástæðu telur 8. þm. Reykn., og auk hans nefndu hana 1. þm. Norðurl. v. og málshefjandinn, 7. þm. Reykn., hafa valdið erfiðleikum í málinu og kannski úrslitum í því að gerð samningsins sjálfs hafi verið gölluð vegna takmarkaðrar ábyrgðar fyrirtækjanna þriggja á byggingu bræðslunnar. Hæstv. forsrh. hefur nokkuð fjallað um þetta mál í sinni ræðu, einkum sinni seinni ræðu en mig langar þó að bæta við það nokkrum orðum. Ég vil segja þetta um gerð samninganna:

Í fyrsta lagi er það fyrirkomulag fjármögnunar sem hér er áformað það sem algengt er í verkefnum af þessu tagi um allan heim þar sem fengist er við verkefni af þessu tagi nú um stundir. Það er trú manna að áhætta sem bankarnir vilja taka með því að ganga að fjármögnun af þessu tagi sé einmitt trygging fyrir því að fjárfestingarnar standist strangt próf.

Í öðru lagi vil ég segja að fyrirtækin þrjú sem standa að Atlantsáli eru að hætta mjög miklu af eigin fé sínu. Þau munu í fyrsta lagi leggja fram a.m.k. fimmtung af kostnaði við byggingu bræðslunnar af sínu eigin fé. Það gæti verið a.m.k. 200 millj. Bandaríkjadollara og má sjá minna grand í mat sínum.

Ég vil líka benda á í fjórða lagi að í samningunum eru ákvæði sem fela í sér ábyrgðir á byggingartíma, svokallaða lúkningarábyrgð, þ.e. að fyrirtækin skuldbinda sig til þess að greiða viðsemjanda sínum, Landsvirkjun, fullvirði þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun hefur lagt í hverfi Atlantsálsaðilarnir frá framkvæmdinni að því marki sem framkvæmdum hefur undið fram við slit framkvæmdanna hjá Atlantsáli. Með líkum hætti hafa þeir og þyrftu að undirgangast ábyrgðir gagnvart sínum bönkum um það að endurgreiða þeim að bragði lánsfé sem þeir hefðu fengið útgreitt ef þeir hverfa frá framkvæmdinni.

Í fjórða lagi eru svo ábyrgðir til Íslendinga vegna hafnargerðar ef svo skyldi vilja til að bygging álversins stöðvaðist á byggingartíma. Í þessu felst mjög mikil fjárhagsleg ábyrgð, sú fjárhagslega ábyrgð sem öllu máli skiptir, og er á margan hátt drýgri en kaupskyldan sem áður var miðað við og upphaflega var krafa Íslendinga. Þetta er nú mergurinn málsins. Og eins og kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni, þeim fyrsta frá Norðurl. v., þá taldi hann og var í því máli studdur af hæstv. forsrh. að þarna hefði fundist viðunandi niðurstaða í mjög erfiðu samningamáli. Ef það væri rétt, eins og skilja mætti af máli hv. 8. þm. Reykn. og reyndar að sumu leyti í máli annarra sem hér hafa talað, að þessir samningar væru viðsemjendum okkar svo hagstæðir að annars eins væri ekki dæmi, þá væri lítil ástæða fyrir mennina að hika að ganga til þess að staðfesta samningana með sinni undirskrift.

Einnig taldi þm. hinn 8. Reykn. að það hefði stöðvað þetta mál sem hann kallaði að væri gölluð aðferðafræði í samningunum. Hún hefði verið röng og hann

talaði um ruglandi í því sambandi. Þetta mál hefur nú reyndar áður verið rætt hér á Alþingi og ég ætla ekki að bæta mjög miklu við það, en það er þó alveg ljóst og hefur verið allan tímann hverjir höfðu umboð til samninga og hverjir báru ábyrgð á tilteknum samningssviðum. Ruglandin í þessum samningum, ef hv. þm. kýs að nota það orð, ég vildi nú frekar nota erfiðleika, var einmitt vegna þess að sumir stjórnarliðar sem lýstu því yfir að þeir styddu samningana gerðu það í reynd ekki eða höfðu ekki til þess flokkslegt umboð. Þetta voru sem sagt samstarfsörðugleikar í ríkisstjórn í miklu ríkari mæli en skipulagsörðugleikar í samninganefndum. Sérstaklega í upphafi samningaferilsins voru miklar deilur innan stjórnarflokkanna, Framsfl. og Alþb. um það hvort yfirleitt ætti að byggja álver á Íslandi og þá alveg sérstaklega á Keilisnesi. Það þarf ég ekki að rifja upp fyrir þingheimi en þar held ég að hundurinn liggi nú grafinn miklu fremur en í ímyndaðri ruglandi hv. 8. þm. Reykn. Málflutningur hv. þm. hér í dag og kvöld er af því tagi sem verður ekki talinn gundvallaður á áhuga eða stuðningi við málið heldur af einhvers konar hentistefnu.

Mig langar að minnast hér líka á nokkur atriði úr ræðu hv. 9. þm. Reykv. Svavars Gestssonar. Þingmaðurinn spurðist fyrir um þann kostnað sem félli á íslenska ríkið ef ekki yrði úr samningum. Það má gera ráð fyrir að ef svo færi mundi ríkið þurfa að bera um 200 millj. kr. Það er þó fyrst og fremst um það að ræða að ríkið hefði þá eignast lóðir og undirbúningsvinnu sem örugglega mun nýtast þótt af þessum tilteknu framkvæmdum verði ekki. Hann vék líka í sínu máli með mjög ósæmilegum hætti að mönnum sem mig minnir að hann hafi kallað „múlbundna sérfræðinga", og þóttist taka til varna fyrir þá, sem hefðu verið til kvaddir til að hitta að máli þingnefndir, einkum iðnn. Alþingis. Hann virtist draga í efa trúverðugleika þessara manna svo að hann talar um að nauðsynlegt sé að þingið hafi sérstaka sérfræðinga á sínum snærum. Ég harma þessi ummæli þingmannsins og vil taka það alveg sérstaklega fram að þá sérfræðinga og embættismenn, sem unnið hafa að álmálinu í minni starfstíð sem iðnrh., hef ég aldrei reynt að öðru en strangasta heiðarleik og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv., viku bæði að mengunarvörnum í álveri á Keilisnesi. Hv. þm. Ingibjörg Sórún hélt því fram að mengunarvarnir í nýjum álverum sem verið væri að byggja í Noregi væru miklu strangari en gert væri ráð fyrir í starfsleyfisdrögum fyrir Keilisnes. Hv. 9. þm. Reykn. vék líka að þessu. Um þetta mál er það að segja að það er ekki verið að byggja ný álver í Noregi. Ég veit þess vegna ekki til hvers sem þingmennirnir vitna. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá hollustuvernd Norðmanna er verið að tala um að lækka útblástursmörk fyrir flúor frá álverum. Ef útblástursmörkin fyrir flúor í þeim drögum að starfsleyfi, sem fyrir liggja fyrir Keilisnes, eru borin saman við kröfurnar í þeim starfsleyfum norskum sem síðast voru veitt, þá eru íslensku mörkin neðan við þau nýjustu norsku að jafnaði.

Ég kem þá, virðulegi forseti, að máli hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Pétursonar. Hann flutti hér makalausa ræðu fyrr í dag. Hann sagði m.a. að Blönduvirkjun hefði ekki verið tekin með í reikninginn vegna Atlantsáls en svo svaraði hann þessu sjálfur þegar hann sagði seinna að orkan frá Blöndu með afslætti hefði verið gulrótin í samningunum. Ég vil ítreka það og undirstrika að það áttí og á að greiða fyrir alla þá orku sem til álversins fer. Málið snýst einmitt m.a. um það að koma orkunni frá Blöndu í verð. Það er m.a. þess vegna sem frestun á framkvæmdum nú er okkur fjárhagslegt áfall, að við nýtum ekki orkuna frá Blöndu. Og ef einhvers staðar er hægt að tala um ruglandi í málflutningi þá er það eins og kom fram í máli hv. þm. Páls Pétursonar. Hann byrjar á því að gagnrýna að Blanda sé ekki með í reikningnum en segir svo fáeinum andartökum síðar að það sé ljóst að ef frestun verði og úr því að frestun hafi orðið sé nauðsynlegt að endurskoða orkusamninginn með hliðsjón af ákvæðum sem rekja megi til Blöndu. Þetta eru nokkrar ábendingar vegna þess sem kom fram fyrr í máli hv. 1. þm. Norðurl. v.

Hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, talaði um það sem hún kallaði, ef ég man rétt, leikhús fáránleikans. Það er sígild og gömul samlíking að lífið sé leiksvið og að því hafa fleiri vikið í þessum umræðum. En ég verð nú reyndar að segja það að ég saknaði þess að hún nefndi til ýmsa af þeim leikurum sem mér finnst að leikið hafi fáránlegustu hlutverkin í þessu leikriti og reyndar hafa sumir þeirra talað hér í dag og kvöld.

Hv. 18. þm. Reykv. vék líka nokkuð að mengun vegna áliðju og mig langar til að leggja áherslu á það vegna þess sem kom fram hér síðast í máli hv. 10. þm. Reykv. að áliðja á Íslandi er, þegar að er gáð, framlag til umhverfisverndar í heiminum. Ál sparar orku. Það er þess vegna sífellt notað meira til þeirra hluta. Og í öðru lagi vil ég líka segja það að það er líka framlag til umhverfisverndar í heiminum að framleiða ál á Íslandi og nota til þess rafmagn sem framleitt er án þess að brenna kolum eða olíu.

Hv. 18. þm. Reykv., sem líka er sagnfræðingur, gerði að umtalsefni það sem ég leyfði mér að kalla síðari byltinguna í Sovét. Auðvitað var þetta ekki hugsað af sagnfræðilegri nákvæmni en mig furðar að þingmaðurinn skuli fara að hártoga þetta orð. Það er auðvitað rétt að bylting er hreyfing en ekki dagsetning, ekki einhver einn dagur í ágúst. Það fer hins vegar ekkert á milli mála að ringulreiðin í kjölfar atburðanna í Sovétríkjunum á undanförnum missirum hefur haft feiknamikil áhrif í Evrópu og á allt efnahagslíf álfunnar. Það er furðuleg skoðun, ekki síst hjá sagnfræðingi, að halda því fram að ástand heimsmála af því tagi hafi engin áhrif á efnahagslega umgjörð stóriðju eins og áls. Ástæður tafanna í þessari framkvæmd er einmitt breytt efnahagslegt umhverfi áliðnaðarins en ekki samningar aðilanna eða samstarf þeirra. Spár um efnahagsbata í heiminum á síðari hluta þessa árs hafa því miður ekki ræst. Horfur eru enn tvísýnar um framvindu efnahagsmála á næstunni í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan

þar sem eru mikilvægustu álmarkaðarnir og á álmarkaði ríkir núna mjög óvenjulegt ástand. Eftirspurn hefur ekki vaxið jafnört og vænst hafði verið. Á markaðinn kom skyndilega aukið framboð á áli frá Sovétríkjunum en það er óvíst um framboð þaðan á næsta ári. Það er því mikil óvissa um þróun álmarkaðarins.

Í ágúst sl. var almennt talið að álverð hefði náð lágmarki. Það lækkaði hins vegar eftir það. Nú er svo komið að margir af helstu álframleiðendum heims hafa tilkynnt um samdrátt í framleiðslu og það er búist við frekari lokun álvera á næstunni. Við þessar aðstæður er mjög erfitt að afla lánsfjár til framkvæmda af þessu tagi. Auk þess eiga margir alþjóðlegir bankar við erfiðleika að etja um þessar mundir.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að mér verði sýndur nokkurra mínútna skilningur til þess að ljúka svörum við ýmsu því sem hér hefur komið fram. Ég mun ekki tefja þingheim lengi.

Þetta ástand á álmörkuðum er án alls efa óvenjulegt og tímabundið. Hið óvenjumikla framboð á ódýru áli frá Sovétsvæðinu, aðallega frá Rússlandi, hefur hér komið nokkuð til umræðu, m.a. hjá málshefjanda. Þetta er að áliti allra helstu sérfræðinga aðeins tímabundið ástand sem endir verður bundinn á eftir því sem ríkin í Austur-Evrópu þróast í átt til markaðsbúskapar. Það er einfaldlega þannig að áætlunarbúskapur er enn við lýði í þungaiðnaði Rússa og verðlagning aðfanga þar er algerlega úr takt við heimsmarkaðsverð og endanlegt söluverð því fullkomlega óraunhæft eins og nú stendur. Þróunin er hröð í Austur-Evrópu og þjóðirnar verða senn að laga sína iðnaðarframleiðslu að markaðslögmálunum. En ef litið er á grundvöllinn sjálfan, þá eru það aðeins Rússneska lýðveldið Kazakhstan og Úkraína sem hafa yfir nægri orku að ráða til þess að geta orðið samkeppnisfær til frambúðar á sviði orkufreks iðnaðar. Aðrar þjóðir í Austur-Evrópu búa við orkuskort og verða væntanlega að loka sínum úreltu, orkufreku iðjuverum, e.t.v. með einhverri undantekningu í Júgóslavíu.

En ég ætla að víkja sérstaklega að þróun mála í Rússlandi og minni á ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan og reyndar vík ég hér einnig að þeim orðum málshefjanda, hv. 7. þm. Reykn., sem hann viðhafði í umræðunum að hann hefði í fyrra hitt sérfræðing sem hefði haft mikla vantrú á spám sérfræðinga Landsvirkjunar um álverð. Það er rétt hjá þingmanninum að hann skýrði mér frá þessum hugmyndum og auðvitað bar ég þær undir sérfræðinga iðnrn. og Landsvirkjunar í málinu. Það var hins vegar niðurstaða þeirra að þótt menn vissu um þetta óvænta framboð frá Sovétríkjunum væru spárnar alls ekki of bjartsýnar þegar til lengri tíma væri litið. Á þeim tíma sem liðinn er hafa fleiri sérfræðingar komist að þessari sömu niðurstöðu.

En mig langar til þess að vitna beint til manns á vettvangi, nefnilega til yfirgripsmikillar stefnuræðu sem Jeltsín, forseti rússneska ríkjasambandsins, flutti í rússneska þinginu nú 28. október. Þar víkur forsetinn að tveimur atriðum sem hafa þarf í huga þegar fjallað er um óvenjulega mikið framboð á áli frá Sovétríkjunum. Í fyrsta lagi heitir Jeltsín því að gefa verðlag frjálst þegar á þessu ári. Það nær einnig til verðlagningar á raforku. Miðað við stöðu orkumála í Rússlandi og öðrum lýðveldum fyrrum Sovétríkjanna má reikna með því að raforkuverð nálgist það sem tíðkast á meginlandi Evrópu. Áliðnaður Rússa nær alls ekki þeirri framlegð sem vel rekin fyrirtæki á Vesturlöndum ná og auknar kröfur til umhverfisverndar munu leiða til úreldingar eða verulegra endurbóta í flestum álverksmiðjum þeirra. Samkeppnisstaða Rússa á sviði áls verður því víða erfið þótt almennt sé með því reiknað að verulegur hluti áliðnaðar á Sovétsvæðinu geti verið samkeppnisfær þegar til lengri tíma er litið. Hið mikla framboð á ódýru áli frá Sovét mun því aðeins vara í fáeina mánuði eða ár til viðbótar að áliti hinna sérfróðu manna.

Í öðru lagi vék Jeltsín að óhagstæðum viðskiptum Rússa við önnur fyrirtæki og önnur Sovétlýðveldi. Rússar hafa yfir að ráða rúmlega 90% af vinnanlegri orku á því landssvæði sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Rússar hafa líka séð öðrum lýðveldum Sovétsambandsins fyrir hráefnum. Jeltsín benti á það í þessari ræðu sinni að sala hráefna á fyrir fram ákveðnu verði sem enn tíðkast leiðir til verulegs fjárhagslegs taps fyrir Rússa. Hann telur tap Rússa vegna þessa nema 33 milljörðum rúblna á þessu ári. Hann hét því í ræðunni að heimsmarkaðsverð verði tekið upp í öllum viðskiptum. Þetta þýðir að heimsmarkaðsverð verður greitt fyrir öll aðföng til álframleiðslu, þar eru líka talin raforka, súrál, rafskaut, flúor, kríólít og fleira. Ég bendi líka á að í Sovétríkjunum, sem voru, er þessi iðnaður mjög háður flutningum yfir langar leiðir. Af þessu má sjá að núverandi röskun á álmörkuðum vegna mikils framboðs frá Sovétsvæðinu fær ekki staðist til lengdar. Hins vegar er líklegra að um leið og dregur úr þessu óraunhæfa framboði geti myndast um sinn umframeftirspurn eftir áli sem þá leiðir til mjög örra verðhækkana. Ástandið getur því batnað fyrr en flesta grunar.

Í niðurlagi ræðu sinnar fjallaði Jeltsín um þau miklu mistök sem nú eigi sér stað í miðstýrðum útflutningi hráefna frá Sovétsvæðinu. Hann heitir því að leiðrétta hið mikla tap sem afleiðingar sölu hráefna undir raunverulegu kostnaðarverði leiðir af sér, m.a. með auknu frelsi í gjaldeyrismálum og raunhæfari verðlagningu rúblunnar, m.a. með frjálsum útboðum á gjaldeyri. Þetta eru hlutir sem við verðum að taka til athugunar þegar við metum hvort langtímamat og áætlanir sem liggja til grundvallar Atlantsálsverkefninu eru raunhæfar. Hversu fljótt þetta ástand verður komið í eðlilegt horf ræðst af því hvernig tekst til um endurreisnina í Austur-Evrópu.

Þá kem ég auðvitað að hv. 1. þm. Norðurl. v. sem ég heyrði tala áðan um kristilegt hugarfar og svo vék hann að Blönduvirkjun. En ef það mætti virkja fúkyrðaflauminn hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. væri það örugglega væn viðbót við orkubúskapinn. Ég vil taka það skýrt fram að margt af því sem hann sagði í sinni ræðu var efnislega vel og skynsamlega mælt. En það sem hann lætur fljóta með af skætingi í orðastraumi er ekki alltaf jafnheppilegt.

Næst talaði, ef ég man rétt, 9. þm. Reykn., Anna Ólafsdóttir Björnsson, konan sem fagnaði frestuninni. Undir hennar ræðu komu mér í hug orð Guðmundar J. Guðmundssonar sem sagði fyrir ekki löngu: „Þeir sem eru á móti álveri eru hlynntir atvinnuleysi." Hún ræddi líka um vothreinsibúnað og það að íbúar Vatnsleysustrandarhrepps hefðu fengið þau svör að slíkur búnaður yrði ekki settur upp af því að það kostaði svo mikið. Þarna hallar þingmaðurinn réttu máli. Svörin, sem hún fékk, voru önnur og byggð á faglegum rökum. Þetta hlýtur hún að muna ef hún hugsar sig um. Þingmaðurinn var að sjálfsögðu velkominn á kynningarfund umhvrh. í Vogum á Vatnsleysuströnd og var ekki spurður þar um skilríki frekar en aðrir fundarmenn.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði í sinni ræðu að ef einhvers staðar hefur verið leikinn ljótur leikur í þessu máli, þá hefði það verið í staðarvalsmálinu. Ég er honum algerlega ósammála. Þar var vel og rétt að verki staðið og á endanum náði ríkisstjórnin mjög vel saman um það mál. Þingmaðurinn nefndi líka réttilega að EES-samningarnir opnuðu nýjar leiðir í atvinnumálum og ég vil taka undir það með honum og segi um leið að sá samningur fjallar ekki bara um fisk. Hann er líka forsenda fyrir iðnþróun. Landsvæðin utan Reykjavíkur munu njóta hans til jafns við önnur svæði. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert ef maður reynir að taka saman í lokin ummæli þeirra 7. þm. Reykn., 8. þm. Reykn., 1. þm. Norðurl. v. og 9. þm. Reykv. að það gefur okkur vissa sýn bæði á stöðu og þróun álmálsins. Allir voru þessir menn miklir áhrifamenn í síðustu ríkisstjórn. Þeir hafa hins vegar hér í kvöld haft uppi mjög óvandaðan málflutning. Hverju á fólk að trúa þegar þeir koma hér hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að þeir hafi séð öll þessi vandræði fyrir? Þeir hafi verið vitni að því hvernig sá sem hér stendur hafi stöðugt misfarið með málið á þessum 18–20 mánuðum sem samningaviðræðurnar hafa staðið. (Forseti hringir.) Í fyrsta lagi vil ég benda á það sem einfaldast er, að af þessum tíma voru þeir sjálfir í ríkisstjórn eða stuðningsmenn hennar í 12–13 mánuði. Í öðru lagi spyr ég: Af hverju sögðust þessir fyrrv. ráðherrar og stuðningsmenn ríkisstjórnar styðja málið þótt með semingi væri í þeirri stjórn? Ég spyr þá líka: Af hverju reyndu þeir ekki í alvöru að knýja það fram að hætt yrði samningum við Atlantsálsfyrirtækin úr því að þeir töldu sig hafa vísbendingar um að þeim aðilum væri ekki alvara? Eina tillagan sem kom fram af því tagi var í upphafi þessa árs, hugmynd hv. 8. þm. Reykv., páv. fjmrh. þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að það ætti að taka upp samtöl við varaskeifur. Um varaskeifuhugmyndina er það að segja að leitinni að samstarfsaðilum um stóriðju hefur jafnan verið haldið áfram og eðlilega haldið á sambandi við önnur fyrirtæki. Það er einfaldlega ekki þannig að hér standi fyrirtæki í biðröð eftir því að komast að.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu ítreka það að markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar hefur unnið mjög gott starf að því að afla markaða fyrir raforku til stóriðju og útflutnings. (Forseti hringir.) Nú er svo komið að þar eru mörg verkefni í gangi, bæði stór og smá, en það er mjög mikilvægt að við brjótumst úr þeirri vök sem við höfum því miður þurft að verjast í um allmörg ár og náum því að koma fram verki sem sýni og sanni að hægt sé að gera hér gagnlega og varanlega samninga.

Atlantsálshópurinn hefur ítrekað það að Ísland bjóði upp á bestu aðstæður til fjárfestinga. Það er þetta sem við þurfum að byggja á. Það er þessi framtíð sem við eigum að stuðla að að geti orðið hér til þess að leggja nýjan grunn að tekjum og atvinnu fyrir almenning.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki fara fram yfir þann tíma sem mér er ætlaður þó satt að segja væri mjög rík ástæða til. Aðeins örfá atriði vil ég nefna.

Hæstv. iðnrh. taldi rétt að gera samninga með fyrirvara, en ég spurði að því hvort ekki þyrfti að gera ýmsar breytingar á samningunum, t.d. í sambandi við afsláttartíma. Því var hins vegar engu svarað. (**Viðskrh.**: Því var svarað.) Ja, hæstv. forsrh. kom inn á það. (Gripið fram í.) Nú, var komið inn á það? Þá hef ég ekki tekið eftir því. Ég vona þá að áhersla verði lögð á slíkt því að það er nauðsynlegt. En yrðum við bundnir þar til framkvæmdir hefjast? Ég tel vera mjög vafasamt að binda okkur við þessa aðila í raun nokkuð umfram það sem orðið er.

Hæstv. iðnrh. minntist á umhverfismálin og ég sagði í ræðu minni að ég hef ekki heimild til að upplýsa það sem ég veit, en ég vil spyrja hæstv. iðnrh. Hann taldi þau mál fullnægjandi eins og nú er orðið. Er það ekki rétt að enn þá sé inni þriðja skilyrðið fyrir því að herða megi kröfur í umhverfismálum og það tengt með þessu fræga „og" við önnur skilyrði? Mig grunar að þessu hafi eitthvað verið breytt, en er það ekki enn þá inni og er það þá þannig að það er ekki tengt aðstæðum hér heima? Ég tel afar nauðsynlegt að fá þetta upplýst.

Ég vil síðan andmæla því að Framsfl. hafi verið í andstöðu við byggingu álvers. Hann var því hlynntur, og allan tímann, en svo sannarlega ollu gylliboð hæstv. iðnrh. um álver hingað og þangað um landið okkur í flokknum mjög miklum vandræðum. Og ég vil mótmæla því að ég hafi farið með óvandaðan málflutning. Ef áfellast má mig fyrir eitthvað þá er það fyrir að hafa þagað um ýmis atriði þessa máls á meðan að því var unnið. Það gerði ég af því að ég vildi ekki spilla fyrir því að þrátt fyrir það mættu niðurstöður fást. Fyrir það má e.t.v. áfellast mig.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi erum við ekki bundnir. Það kom mjög skýrt fram í því sem ég sagði. Við erum ekki lögformlega bundnir, enda hefur samningunum ekki verið lokið. Það er algjörlega á hreinu. Hins vegar, eins og kom fram í máli mínu, erum við að sjálfsögðu siðferðilega skuldbundnir þessum mönnum sem við höfum starfað með og ætlum að ljúka tæknilega samningagerðinni.

Í öðru lagi spurningin um umhverfisendurskoðunarákvæðin. Þar vil ég svara því að það er ekki unnt að

svara spurningu hv. 7. þm. Reykn. í smáatriðum án þess að fara með alla endurskoðunargreinina sem ég hef ekki við höndina nú en sem grein verður gerð fyrir hér í þinginu í sérstakri skýrslu umhvrh. sem fram verður lögð í vikunni eins og kom fram í máli mínu áðan. Ég endurtek það sem ég sagði að þar er fullnægjandi lausn á málinu. Það er ekki svo að í stað þessara samtengdu hliðstæðuákvæða sem hv. 7. þm. Reykv. vitnar til hafi komið einhver lítil breyting, heldur hefur orðið þarna alger endurritun á endurskoðunarákvæðunum og ég vísa til þess sem fram mun koma í skýrslu umhvrh.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst hæstv. iðnrh. kaus að misnota sér þá tillitssemi sem þingsalurinn og forsetinn sýndu honum hér áðan með því að fara með samansafn af rangfærslum, útúrsnúningum og hótfyndni er óhjákvæmilegt að óska formlega eftir því að hann flytji þinginu skýrslu um þetta mál í næstu viku þannig að við höfum þann tíma sem við þurfum til þess að hrekja rangfærslur ráðherrans hér og fara með þau gögn sem við höfum á okkar skrifstofum frá honum sjálfum í þessu máli meðan við sátum í ríkisstjórn. Það verður ekki liðið að ráðherrann þori ekki að koma fyrr en eftir jól til að ræða þetta mál. En það var alveg greinilegt að hann þorir ekki að koma hér fyrr en eftir jól til að ræða málið með þeim hætti að við höfum nægilegan umræðutíma, aðrir þingmenn til þess að hrekja rangfærslur hans. Ég skora þess vegna á ráðherrann að segja það hér og nú að hann sé tilbúinn að koma strax í næstu viku með sína skýrslu en skjóti sér ekki á bak við það að geyma það þangað til eftir jól.

Rangfærslurnar voru margar. Ég ætla bara að nefna örfáar á skömmum tíma. Hann sagði að umhvn. hefði verið gerð fullnægjandi grein fyrir því hvað hefði gerst í umhverfismálum. Það er rangt. Umhvn. hefur skrifað formlegt bréf undirritað af formanni nefndarinnar, alþýðuflokksmanninum hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni, þar sem umhvn. óskaði eftir því fyrir mörgum vikum síðan að fá þessi gögn í hendur og hefur verið neitað um það hingað til. Það er því rangt, hæstv. iðnrh., að umhvn. hafi þau gögn undir höndum sem ráðherrann er í tvígang hér í þessum umræðum búinn að segja að nefndin hafi. Það hefur hún ekki. Henni hefur verið neitað um það fram til þessa. Og það hefur verið rætt á tveimur fundum í umhvn. hvernig hún eigi að bregðast við þeirri ósk allra nefndarmanna að fá þessi gögn í hendur sem neitað hefur verið um.

Hæstv. ráðherra kaus að skjóta sér á bak við minnisblað sem ég lagði fram í ríkisstjórn varðandi viðræður við Goldman Sachs þar sem tilgangur þess minnisblaðs var fyrst og fremst að gera grein fyrir ákveðinni tillögu en ekki rekja algjörlega allar þær viðræður sem fóru fram við fulltrúa Goldman Sachs. Það veit hæstv. ráðherra. Og hann veit líka að ég greindi honum persónulega, ég greindi frá því í ráðherranefndinni og ég greindi líka munnlega í ríkisstjórninni frá því sem fulltrúar Goldman Sachs sögðu og ef hann vill fá nánari upplýsingar, þá getur hann rætt við Sigurgeir Jónsson, forsvarsmann Lánasýslu ríkisins, og Pál Guðmundsson sem sátu þennan fund.

Það er líka rangt sem hæstv. ráðherra sagði hér að það hefði verið hann sem hafi slitið viðræðunum í fyrri hluta álmálsins þegar Alusuisse gekk út úr málinu. Það vitum við sem sátum í þeirri ríkisstjórn að bæði hæstv. iðnrh. og Jóhannes Nordal fullvissuðu okkur um það að Alusuisse mundi halda áfram og þeir voru báðir furðu lostnir, Jóhannes Nordal og hæstv. iðnrh., þegar Alusuisse dró sig út úr þessu máli. Lýsing hans á þeim atburðum var satt að segja fáránleg í eyrum okkar sem þekkjum þá sögu.

Að lokum, virðulegi forseti, sagði hæstv. ráðherra að ég hefði krafist þess að samningum við Atlantsál yrði slitið. Það hef ég aldrei gert, hæstv. ráðherra, hvorki hér í þessum sal né nokkurs staðar annars staðar. Ég hef hins vegar lagt það til að jafnhliða því sem rætt yrði við Atlantsál yrði rætt við aðra aðila. Ég geri það enn og nú til þess að við týnum ekki fleiri árum. En það má svo sem mín vegna hafa þessar viðræður við Atlantsál sem aukabúgrein en alls ekki sem aðalbúgrein á næstu missirum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hef ég þegar skýrt frá því hvenær ég telji heppilegast að gefa þinginu skýrslu um álsamningamálin. Ég tel að þær umræður sem hér hafa farið fram í dag og þær upplýsingar, sem fram hafa komið frá iðnrn. um málið til iðnn. og til almennings nú á þessum síðustu dægrum, séu fullnægjandi til þess að skýra stöðu málsins frá stjórnmálalegu sjónarmiði skoðað. Ég er tilbúinn til þess að upplýsa iðnn. eins og sjálfsagt er um gang málsins og það verður gert eftir því sem hún óskar, en ég tel að það sé heppilegast, ekki síst þinginu til hægari verka, að skýrsla verði gefin þegar línur hafa skýrst hvað varðar hugsanlegar tímasetningar á framkvæmdum og öðru sem að málinu lýtur eftir að fullkomlega hefur verið lokið öllum frágangi. Þetta hlýtur hver maður að sjá að er praktískt mál.

Um umhverfismálin vil ég benda á það sem reyndar kom fram í máli mínu áðan að umhvrh. mun gefa þinginu skýrslu um starfsleyfið á morgun eða hinn daginn. Sú skýrsla verður lögð hér fram. Ég er enn þeirrar skoðunar að í umhvn. og iðnn. hafi verið lögð fram gögn sem lýsa því máli þannig að fullnægjandi getur talist. Við það þarf ekki miklu að bæta.

Af viðbrögðum hv. 8. þm. Reykn. við því sem Goldman Sachs sögðu er það greinilegt að hann er sannleikanum sárreiðastur, nú kýs hann að búa til draugasögur um það hvernig þetta hafi allt saman legið ljóst fyrir þegar í byrjun ársins. Og þá vaknar náttúrlega spurningin: Hvers vegna breytti maðurinn ekki í samræmi við þessa vitneskju sína?

Hvað varðar það sem ég sagði um afstöðu til Atlantsálssamninganna og slit samninga við Alusuisse um áramótin 1989–1990, þá stend ég við það sem ég sagði hér áðan.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann því afskaplega illa þegar rangt er farið með mál mitt. Því miður kemur það stundum fyrir. Ég vona að hér sé um mistök að ræða en ekki ásetning.

Varðandi það sem ég hafði eftir fyrirspyrjendum á fundi í september í Vogum á Vatnsleysuströnd, þá vil ég ítreka það sem ég sagði og það er rétt. Einn íbúa Vatnsleysustrandarhrepps spurði á þessum fundi hvers vegna ekki væru samhliða notuð hreinustu skaut, þ.e. sá þurrhreinsibúnaður sem á að nota og jafnframt vothreinsibúnaður. Þetta hlyti að vera hinn besti kostur. Þessari spurningu svaraði hæstv. umhvrh. á þá leið að þetta væri spurning um kostnað, það væri hreinlega of dýrt að nota þetta tvennt saman. Þetta er eitt af því sem ég nefndi til sem afslátt á mengunarvörnum.

Ég held að ég verði að segja að það að telja áliðju á Íslandi eitthvert sérstakt framlag til mengunarvarna í heiminum, hljóti þau ummæli að dæma sig sjálf. Ef þau gera það ekki og ef fólk skilur ekki hvað ég á við þá vil ég benda á að sá afsláttur sem við veitum á mengunarvörnum er því miður of mikill til þess að hægt sé að líta á þetta sem eitthvert framlag, jafnvel þótt við framleiðum okkar orku á þann hátt að við völdum ekki mengun.

Varðandi mengunarvarnir í Noregi, þá heyrði ég ekki betur en hæstv. iðnrh. segði að að jafnaði væru nýjustu kröfur í mengunarvörnum í Noregi á borð við eða vægari heldur en íslensku kröfurnar. Það eru ekki ströngustu kröfur. Við erum að tala um ströngustu kröfur, ekki jafnaðarkröfur.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra hér áðan um það að fullnægjandi lausn hafi fengist í sambandi við endurskoðunarákvæðin, í aðalsamningi, 6. gr., þá hlýt ég að fagna því ef fullnægjandi lausn hefur fengist. En ég verð að segja að sú lausn hefur ekki verið kynnt í umhvn. þingsins eins og hæstv. ráðherra hélt fram og ég tek undir með hv. 8. þm. Reykn. hvað það snertir. Þar hefur ekki verið kynnt að fullnægjandi lausn hafi fengist varðandi endurskoðunarákvæðið. Eins hefur nefndin ekki fengið, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir, upplýsingar um kröfur sem gerðar eru í starfsleyfum til álvera á Norðurlöndunum og hafðar voru til hliðsjónar við gerð starfsleyfistillagnanna. Nefndin hefur hins vegar eftir öðrum leiðum aflað sér upplýsinga frá hinum Norðurlöndunum um kröfur. Samkvæmt þeim upplýsingum eru gerðar meiri kröfur í Noregi en við erum að gera hér. Þá hefur nefndin heldur ekki fengið gögn þar sem er að sjá samanburð á álverum í Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta vil ég að komi hér fram vegna orða hæstv. ráðherra um það að „fullnægjandi kröfur" hafi verið kynntar umhvn. Það er ekki rétt.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. talaði hér áðan í 44 mínútur. Hann fór 14 mínútur fram yfir þann tíma sem þingsköpin skammta honum. Ég hef aldrei áður kynnst því að núv. forseti hafi sýnt mönnum í ræðustól jafnmikla þolinmæði og jafnveikburða dangl í bjölluna og fram kom hér áðan. Ég hef a.m.k. kynnst því hjá hæstv. forseta að hafa orðið að hætta mínum ræðum vegna þess að forsetinn var svo aðgangsharður við bjölluna að maður heyrði ekki til sjálfs sín hér í ræðustólnum. Hér kveður sem sagt nýrra við og það var greinilegt, eins og fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn., að þingheimur skildi út af fyrir sig vel að hæstv. iðnrh. þyrfti að tala alllengi. En það hefði auðvitað verið eðlilegra að hann hefði fengið málið fyrr, að hann hefði t.d. í sinni upphafsræðu hér í dag hjólað í stjórnarandstöðuna með þeim hætti sem hann gerði í sinni síðari ræðu í kvöld.

Staðreyndin er auðvitað sú að það hefur komið í ljós að þessi ákvæði þingskapa eru óbrúkleg, algjörlega óbrúkleg og ég tók þetta upp í máli mínu fyrr í dag. Ég hef raunar alltaf verið þeirrar skoðunar að hér sé teflt á tæpasta vað og ég taldi sérstaklega rangt að bæta inn orðunum „sem við á", þ.e. á eftir orðinu „ráðherra" í þeirri þingskapagrein sem hér um ræðir vegna þess að þar með var í raun og veru verið að takmarka þessi mál enn þá meira en þurfti að gera.

Ég vil í tilefni af þessum yfirgangi sem hér hefur birst segja það, virðulegi forseti, að í fyrsta lagi áskil ég mér allan rétt til þess að tala almennt um þetta svokallaða álmál þegar umhvrh. gefur skýrslu sína. Mér er ekki kunnugt um það hvenær sú umræða á að fara fram. Ég gegni störfum varaformanns í þingflokki Alþb. en það er fróðlegt að vita hvort formenn þingflokkanna hafa samið um það að skýrsla umhvrh. komi hér til meðferðar á morgun eða hinn daginn. Það hefur aldrei verið rætt í þingflokkunum. Og þó að hæstv. iðnrh. kjósi að menn standi og sitji eins og honum þóknast, þá er það einu sinni þannig að hann ræður ekki enn þá dagskrá þingsins. Mér er því ekki kunnugt um að þetta eigi að gerast á morgun eða hinn daginn, en segjum að það verði þá. Þá þurfa menn líka að setjast niður og ræða um það. Og það er augljóst mál að eftir framkomu iðnrh. við einstaka menn hér í kvöld hljótum við að nota umræðuna um umhverfismálin til þess að ræða álmálið almennt.

Í öðru lagi vil ég segja, virðulegi forseti, að óhjákvæmilegt er að beina því til forsetans og forsætisnefndarinnar — ef hún skyldi koma saman og gæti kannski reynt að ná samkomulagi um hin mikilvægu mál eins og henni ber samkvæmt þingskapalögum — að það verði rætt um endurskoðun á þessum ákvæðum þingskapanna og fleiri ákvæðum þeirra. Greinilegt er að vissir gallar hafa komið í ljós. Þessi er augljós nú þegar og það er nauðsynlegt að þau mál verði rædd.

Ég vil almennt líka segja það, virðulegi forseti, að ég tel að það sé ósiður af ráðherrum að koma með mál inn í þingið eins og hæstv. iðnrh. kemur með þetta mál. Ég tel að hann hefði átt að óska eftir því að gefa þinginu munnlega skýrslu. Það er margra ára hefð fyrir slíku og engar athugasemdir hefðu verið gerðar við það af hálfu stjórnarandstöðunnar þó að ekki hefði verið lögð fram skrifleg skýrsla. Þetta hefði þýtt að við hefðum getað haft hér ítarlegri umræður um þetta mál en það form gefur kost á sem við höfum verið að ræða

þetta undir. Hér er því í rauninni um það að ræða að við þurfum að taka öll þessi samskiptamál til meðferðar og ég mótmæli þeim dónaskap sem fram kom í máli iðnrh. vegna þess að hann var ekki bara að svara. Hann flutti hér, ef ég má nota hans eigin orð, samfelldan fúkyrðaflaum um einstaka þingmenn stjórnarandstöðunnar og má ekki á milli sjá hvor flaumurinn væri öflugri til virkjunar, sá sem hann flutti eða sá sem hann nefndi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að taka undir þau orð sem hv. 9. þm. Reykv. hafði um þingsköpin. Ég held að það sé nauðsynlegt að huga að þessum ákvæðum um utandagskrárumræðurnar. Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram að hann hefur greinilega misskilið mig hafi hann litið svo á að ég hafi verið hér að tilkynna hvenær umræður um eitthvert ákveðið þingskjal færu fram. Það var ég ekki að gera. Ég sagði frá því að ég hefði sannspurt að skýrslan yrði lögð fram á þinginu á morgun eða hinn daginn. Það er að sjálfsögðu verk ráðherrans sem ég er þar að tala um. Mér er öldungis ókunnugt um hver áform eru um umræður um þá skýrslu.

Ég vil hins vegar mótmæla því að ég hafi á nokkurn hátt misnotað minn ræðutíma. Ég játa það að ég fór svolítið fram yfir en það var af mjög gildum ástæðum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Því miður hefur hæstv. forseti ekki svarað því atriði sem fram kom í umræðum hér um þingsköp áðan þar sem ég beindi því til hennar að á þessum málum yrði tekið formlega af forsætisnefndinni. Kannski treystir hæstv. forseti sér ekki til að tala fyrir hönd forsætisnefndarinnar nema halda fund í nefndinni af slæmri reynslu um mikinn ágreining og erfiðleika í þeirri nefnd, en ég hefði kosið ...(**Forseti:** Ef forseti má bara skjóta því inn að það var nú óviljandi að forseta láðist að svara þessu, en mun að sjálfsögðu taka þessum ábendingum með velvilja sem hv. þm. kom inn á í sinni þingskaparæðu.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa yfirlýsingu og það að hún skuli sýna þann kjark að ætla sér að reyna að ná samstöðu í forsætisnefndinni um þetta mikilvæga mál sem ég hér nefndi.

Ég vil víkja aðeins að einstökum atriðum sem fram hafa komið hér og satt að segja nenni ég ekki mikið að vera að spyrja hæstv. iðnrh. Ég hef satt að segja ekki margt um að spyrja þegar hann er annars vegar. Ég vil þó segja það að mér dugir ekki að vitna í Jeltsín til þess að afsanna það að álmarkaður sé valtur. Það eru ár og dagar síðan leiðtogum Rússlands hefur verið sýnd önnur eins virðing og fram kom hér í máli hæstv. iðnrh. þar sem hann las, í knöppum tíma utandagskrárumræðu, langlokutilvitnun í Boris Jeltsín. Ég tel að í rauninni sé nóg að vita að um er að ræða stórfelldar birgðir af áli í Sovétríkjunum samkvæmt upplýsingum sem birst hafa í alþjóðlegum tímaritum eins og t.d. tímaritinu Economist. Þar kemur fram í grein sem birtist 20. júní sl. að það er ætlun Rússa að setja á markað af gömlum birgðum 1 milljón tonna af áli á næsta ári. Framleiðsla Rússa á ári er núna um 2,5 millj. tonna og Rússar eru í dag næststærsti álframleiðandi í heimi. Og ég spyr: Er ekki full ástæða til að staldra við þennan veruleika? Er nokkur ástæða í ljósi reynslunnar til þess að reyna að vera að blekkja sig? Er ekki nauðsynlegt að menn skoði þessar staðreyndir eins og þær liggja fyrir? Og er ekki líka nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að álnotkun Rússa fer minnkandi, m.a. vegna samdráttar í hergagnaiðnaði? Ég held að það sé líka nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir ásetning Borisar Jeltsíns um það að aðlaga hagkerfið í Rússlandi að heimsmarkaði, þá eru hlutirnir engu að síður þannig að gjaldeyrishungrið er slíkt að menn þar eru tilbúnir svo að segja til að selja hvað sem er á hvaða verði sem er svo fremi sem þeir fái fyrir það gjaldeyri. Það er því augljóst að hér er um verulega óvissu að ræða, hvað sem hver segir. Og mér finnst það satt að segja ekki þjóna neinum tilgangi, eins og iðnrh. setur það upp, að vera að reyna að klóra yfir þennan veruleika. Ég held að reynslan hafi sýnt okkur að við eigum að horfast í augu við hann rétt eins og hann er, svo óþægilegur sem hann er.

Í annan stað er það auðvitað ljóst og liggur fyrir að bílaiðnaðurinn mun ekki taka við áli í stórum stíl. Fréttir birtast um það reglulega, m.a. í erlendum vísindatímaritum, að bílaiðnaðurinn notar í vaxandi mæli plast- og trefjaefni í stað áls. Af hverju má ekki segja það? Af hverju má ekki viðurkenna þennan veruleika? Hann er svona. Af hverju erum við að reyna að blekkja okkur? Eða erum við að reyna að blekkja einhverja fleiri? Erum við ekki í raun og veru búin að plata fólk nógu lengi, íbúana í Vogunum og á Vatnsleysuströnd, verktakaiðnaðinn í landinu, þjóðina, Akureyringa, Reyðfirðinga? Er ekki búið að blekkja fólk nógu lengi? Þarf að halda því áfram? Ég held að blekkingarleikurinn hafi verið svo ljótur leikur að menn eigi að hætta og ekki neita sér um það að horfast í augu við veruleikann.

Ég held líka að það sé mjög mikið umhugsunarefni, og ég vil sérstaklega beina því til hæstv. forsrh., hvort það er í rauninni rétt að halda málinu áfram eins og iðnrh. hefur farið með það. Ég held að það sé hæpið að láta iðnrh. um það að vitja þeirra Alumax-manna og Atlantsálsmanna. Ég nenni ekki að spyrja hann að því hvenær sé næsti boðunardagur Atlantsáls.

Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir hæstv. forsrh. að fara yfir þetta mál í því skyni að breyta um samningsform og breyta um aðferð. Ég heyrði það hjá hæstv. iðnrh. að hann er tilbúinn til þess að ræða það mál í iðnn. hvernig þessir hlutir hafa þróast og ég þakka honum fyrir það og ég mun leita eftir því. Spurning er: Er það hugsanlegt að iðnn. Alþingis taki að sér að stýra þessu máli þannig að um verði að ræða fjölflokkanálgun? Og þar er nú ekki á kot vísað þar sem er hv. 17. þm. Reykv., margrómaður fyrir störf í Framkvæmdasjóði fyrir hæstv. fyrrv. fjmrh. hér fyrr í kvöld. En í fullri alvöru held ég,

virðulegi forseti, að það sé full ástæða til þess fyrir forsrh. að íhuga hvort ekki þarf að breyta hér um aðferð. Ég held að það sé full ástæða til þess.

Í annan stað vil ég beina því til hæstv. forsrh. að hann og ríkisstjórnin velti mjög alvarlega fyrir sér þeim vanda sem byggðarlögin standa nú frammi fyrir, fólkið, verktakarnir og aðrir, eftir þessa niðurstöðu. Í þeim efnum er ekki nóg að skoða vanda ríkissjóðs. Það er afskaplega takmarkaður þáttur þessa vanda. Menn þurfa líka að skoða vanda verktakaiðnaðarins í heild. Eftir að virkjunarframkvæmdirnar voru boðnar út fyrir mörgum mánuðum, þá er það ljóst að mörg verktakafyrirtæki hafa haldið fólki í verkum og þar með hefur verið um að ræða ákveðið dulið atvinnuleysi sem menn hafa þolað í trausti þess að framkvæmdir færu af stað. Það er augljóst mál að verktakafyrirtæki, eins og t.d. Hagvirki og fleiri, hljóta að velta stöðunni núna fyrir sér á nýjan leik með hliðsjón af því að þeir verði núna að segja upp fólki sem hefur verið í vinnu hjá þessum fyrirtækjum að undanförnu. Ég held að það sé nauðsynlegt að yfir þetta sé farið.

Ég vil benda hæstv. forsrh. á það í þessu máli hvort ekki sé ástæða til að gerð verði úttekt á aðdraganda málsins, úttekt á vinnubrögðum iðnrh. og ríkisstjórnar og Alþingis í þessu máli. Út af fyrir sig er það rétt sem hér hefur komið fram aftur og aftur í dag og í kvöld að hér er ekki við iðnrh. einan að sakast. Auðvitað hafa margir komið að þessu máli en hann hefur haft afgerandi forustu og hann hefur beitt þessari forustu oft með mjög ósanngjörnum hætti eins og í tíð síðustu ríkisstjórnar þar sem hann óð fram iðulega af ýtrasta tillitsleysi, því miður, í garð samverkamanna sinna þar.

Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að menn skoði mjög vandlega almennar afleiðingar þess að iðnrh. hefur haldið svona á málinu, fjárhagslegar afleiðingar fyrir fólk. Er það rétt sem maður heyrir að íbúðir í Vogum og á Vatnsleysuströnd hafi verið að stórhækka í verði út af þessu tali? Er það rétt að fólk sitji núna uppi með sárt ennið vegna þess að hlutirnir eru allir í óvissu? Er það rétt að menn séu að leita eftir því að rifta samningum sem gerðir hafa verið á milli einstaklinga um kaup á íbúðum? Er það í rauninni þannig að um sé að ræða þúsundir manna sem hafa trúað því að þessir hlutir væru að ganga upp, fjárfest á þeim forsendum og séu núna með sinn fjárhag algjörlega í uppnámi? Ég tel að það sé rannsóknarefni að fara yfir þetta mál og ég tel að ríkisstjórnin geti ekki yppt öxlum í þessu efni því að málið er svo alvarlegt.

Ég tók eftir því í fjölmiðlum í gærkvöldi að einhverjir fréttamenn létu að því liggja í samtali við iðnrh. hvort hann ætti ekki jafnvel að segja af sér eftir allt þetta. Ég tel að það sé ekki óeðlileg spurning í sjálfu sér vegna þess að hin pólitíska hrygglengja í iðnrh. hefur verið úr áli. Þetta hafa verið hans pólitísku verðmæti. Á grundvelli þeirrar spegilmyndar sem birtist í álplötunum var hann tekinn í framboð á Reykjanesi. Þannig var það nú. Og þess vegna komst hv. þm. Össur Skarphéðinsson á þing. Ég er ekki að segja það að hæstv. iðnrh. eigi að segja af sér, ekki frekar en ríkisstjórnin yfirleitt. Ég tel satt að segja að hann sómi sér ágætlega að mörgu leyti í þessari stjórn og miklu betur en í þeirri síðustu, ég viðurkenni það. En ég held að iðnrh. verði að skipta um forrit í sér. Það er alveg greinilegt að það forrit sem iðnrh. hefur notað á undanförnum árum dugir ekki, það hefur engu skilað, hvorki honum, né þjóðinni í heild. Þess vegna held ég að hæstv. iðnrh. verði að ganga í endurnýjun lífdaga og endurhæfingu og skoða hlutina alveg upp á nýtt og skipta um forrit í höfðinu á sér því að það er greinilegt að sú stefna sem hann hefur rekið hefur ekki dugað. Þessi hrygglengja úr áli, sem dugði honum til framboðs á Reykjanesi snemma á þessu ári, dugir ekki lengur. Það þýðir ekki að koma aftur fram fyrir þjóðina og segja: Álver er á næsta leiti. Það var í rauninni alveg ótrúlegt að heyra það hjá hæstv. iðnrh. hér áðan þegar hann gaf í skyn að þetta gæti nú alveg komið, gæti nú alveg verið að koma. Ég segi við iðnrh.: Hann á að hætta þessu. Hann á að hætta að reyna að blekkja þjóðina. Ef svo fer að þetta kemur, þá kemur það. En menn eiga ekki að setja hlutina upp svona lengur. Það er komið alveg nóg af þessum hráskinnaleik sem hefur farið illa með fjárhag fjölskyldna í landinu þúsundum saman. Það er ljótur leikur, hæstv. iðnrh.

Í seinni ræðu iðnrh. kom það fram að í rauninni væri þetta allt alveg fullkomið og vísa Sölva Helgasonar kom í hugann aftur og aftur undir þessari ræðu hans rétt eins og undir EES-ræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar, hæstv. utanrrh., vísan sem er „Ég er gull og gersemi". Staðreyndin er auðvitað sú að það er alvarlegt umhugsunarefni út af fyrir sig að maður sem hefur gegnt starfi iðnrh. í fjórum ríkisstjórnum skuli ekki viðurkenna að í einu einasta tilviki hafi honum orðið á. Ekki í einu einasta tilviki. Ég veit t.d. að hv. 2. þm. Norðurl. v., sem er örugglega auðmjúkur maður, það segir sig sjálft, hlýtur að undrast það að finna slíka fullkomnun í einni persónu hér inni á Alþingi, enda er hún ekki til. Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að hér er um alvarlegan þverbrest í uppsetningu málsins að ræða af hálfu hæstv. iðnrh. Hann verður, ef hann vill vera trúverðugur, að viðurkenna að hann hafi borið af leið.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt í þessari umræðu, virðulegi forseti, að víkja svo að öðru máli sem er sérstaklega alvarlegt og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Forsrh. var spurður að því: Ætlar ríkisstjórnin að gera eitthvað? Þetta er náttúrlega spurning sem við þekkjum öll hér í þessum sal og höfum mörg hver oft staðið frammi fyrir. Við vitum það líka að oft geta ríkisstjórnirnar lítið gert. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. Hitt er aftur á móti annað að þegar þjóðin stendur frammi fyrir miklum vanda, þá hafa ríkisstjórnirnar alltaf reynt að taka á málum, alltaf reynt að stilla saman strengi. Ég hélt satt að segja að það ætti ekki eftir að koma fyrir mig sem nú gerist, en ég játa það að í samanburði við þá stjórn sem situr núna, þá sakna ég sumpart viðreisnarstjórnarinnar. Ég verð að viðurkenna það að þetta hefði þótt mikil forsending ef ég hefði játað þetta fyrir allmörgum árum. En nú er svo

komið. Og hvað veldur því? Viðreisnarstjórnin á erfiðustu árum valdaferils síns 1967, 1968 stóð frammi fyrir stórfelldum vanda í efnahags- og atvinnumálum. Hvað gerði hún? Hún leyfði sér að skipta sér með beinum hætti af atvinnulífinu. Það voru settar niður, ef ég man rétt, atvinnumálanefndir að ég held í öllum kjördæmum landsins og síðan ein heildarnefnd fyrir landið allt og ég man ekki betur en hún hafi verið undir forustu Jóhanns Hafsteins sem þá gegndi starfi iðnrh. ef minni mitt bregst ekki.

Ég segi við núv. hæstv. ríkisstjórn: Ég skora á hana að reyna að læra pínulítið af viðreisnarstjórninni vegna þess að það er greinilegt að hún gengur ekki upp, sú atvinnumálastefna sem núv. iðnrh. hefur rekið í þessari stjórn og næstu þremur ráðuneytum á undan — því að málið liggur þannig að hann er það frekur til fjörsins, þessi maður sem gegnir þessu starfi að aðrir komast ekki svo mikið að með sínar atvinnumálastefnur þegar hann er annars vegar og situr við ríkisstjórnarborð. Það þekki ég eftir að hafa verið með honum við ríkisstjórnarborð á 250 fundum í tvö og hálft ár. Þannig að jafnvel þó að virðulegur hæstv. fyrrv. forsrh. komi með fallega græna skýrslu, þá fær hún afar lítinn hljómgrunn hjá iðnrh. af því að hann er svo upptekinn af álinu og því einu.

Andspænis þessum vanda segi ég að lokum þetta, virðulegi forseti: Hættum að bíða aðgerðarlaus eftir að kraftaverkin gerist. Tökum saman höndum við þjóðina alla um að leysa vandann. Ef niðurstaða fæst einhvern tímann í þessu álmáli kemur hún í ljós en látum ekki alla þjóðina bíða með öndina í hálsinum eftir þessum boðunardegi Atlantsáls, þegar hæstv. iðnrh. ætlar að fara að vitja þeirra félaga.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér þykir hæstv. iðnrh. óhæfilega viðkvæmur fyrir sjálfum sér. Það er ekki nema lofsvert að hann sé vandur að virðingu sinni og líti stórt á sig en ég held að hann sé nokkuð hégómlegur ef hann telur að ég hafi haft í frammi við sig einhvern fúkyrðaflaum í ræðu minni fyrr í þessum umræðum. Ég hallaði bókstaflega ekki orði á ráðherrann. Ég held hins vegar og lét það koma fram í ræðu minni að ég tel að ráðherrann sé ekki alvitur. Það getur skeð að hann telji það fúkyrði. Ég tel að hann hafi því miður haldið slysalega á þessu máli, ekki af ásetningi heldur bara af klaufaskap, og komið í veg fyrir það með ótímabærum handahristingum suður í Hollandi að við næðum betri árangri en raun varð á hvað varðar orkuverðið.

Ég tel að ef hæstv. ríkisstjórn vill reyna að blása lífsanda í nasir þessa máls, svo ég noti svipað orðalag og hæstv. iðnrh., þá ætti hæstv. forsrh. að taka þetta mál á sitt borð og annast það sjálfur sem forustumaður í ríkisstjórninni, ef hugmyndin er að ná einhverjum árangri í málinu, og sleppa hæstv. iðnrh. við þessar vitjunarferðir sem hann er að gefa í skyn að hann ætli að fara í. Ég tel hins vegar þýðingarlaust að gera samninga héðan af með þeim fyrirvara sem hæstv. iðnrh. var að hugleiða. Ég tel það þýðingarlaust.

Hæstv. iðnrh. endurtók margar af skringilegum röksemdum sínum sem hann hafði í fyrri ræðu sinni. Jafnvel þó þessar fullyrðingar hæstv. iðnrh. hafi verið marghraktar í umræðunni þá er hann iðinn við sinn kola og staglar og staglar á sömu fullyrðingunum sem hann trúir sennilega sjálfur.

Varðandi það af hverju álfyrirtækin áttu ekki kost á ódýrara fjármagni en raun ber vitni þá er það deginum ljósara og það er ekkert leyndarmál hvað sem ráðherra segir, hvort sem hann vill reyna að klína því á Jeltsín eða Saddam Hussein eða ég veit ekki hvern, að það sem bankarnir settu fyrir sig voru léleg veð. Þ.e. móðurfyrirtækin voru varin fyrir áhættum. Móðurfyrirtækin ætluðu að leggja þessu fyrirhugaða álveri lúkningarábyrgð, þ.e. þau voru búin að lofa að byggja verksmiðjuna eða greiða að öðrum kosti Landsvirkjun skaðabætur fyrir að hætta við. Síðan átti fyrirtækið að standa að veði fyrir sig sjálft og eigið fjármagn fyrirtækisins átti að vera í kringum 20%. Síðan átti hitt að takast að láni og veðið væntanlega að vera verksmiðjuskrokkurinn. Við skulum segja, ef við málum fjandann á vegginn, að ef verksmiðjan hefði ekki verið rekstrarhæf, þá hefði það ekki verið sérstaklega aðgengilegt veð fyrir bankana ef álfyrirtækin hefðu ekki getað rekið hana. Lokað álver er ekkert sérstaklega freistandi eign fyrir fjármálastofnanir.

Það er ekki rétt sem hæstv. iðnrh. hélt fram áðan að þetta væri sú uppbygging sem tíðkaðist á álverum. Þetta er allt önnur uppbygging en er á álverum sem hafa nýlega verið reist víða um heim. Þetta er allt önnur uppbygging en t.d. á því álveri sem sem Alumax byggði í Kanada. Enda býr það við allt önnur vaxtakjör.

Hæstv. iðnrh. var með ótrúlega útúrsnúninga varðandi það sem hann sagði um Blönduvirkjun. Ég tel að hæstv. iðnrh. sé miklu skýrari maður en svo. Þó ég haldi að hann sé ekki alvitur þá er hann miklu skýrari maður en svo að hann hafi getað misskilið það sem ég sagði. Þess vegna hlýtur hann að vera að snúa út úr.

Útreikningar reiknimeistara Landsvirkjunar, og þá á ég við innanhússmenn þar, byggðu á því að taka kostnað af þeim virkjunum sem eftir er að byggja til þess að framleiða orku fyrir þetta álver og ætluðu andvirði orkunnar að borga nýju virkjanirnar. Blönduvirkjun var ekki með í þessum kostnaðarútreikningi. Þeir 13 milljarðar sem kostaði að byggja Blönduvirkjun voru ekki teknir með í þessa útreikninga. Það taldi ég allan tímann rangt. Úr því að nota átti orkuna frá Blöndu í álverið er eðlilegt að kostnaðurinn af Blöndu reiknist líka þeim megin.

Það kemur mér mjög á óvart ef hæstv. iðnrh. veit betur en við hæstv. forsrh. hvað fór á milli okkar Davíðs Oddssonar og Alumax-manna á fundi í London í fyrravetur. Við vorum þar en ekki hann. Það vorum við sem töluðum við viðsemjendur okkar en ekki hann á þeim fundi. Við vissum í hvaða banka við fórum. (Gripið fram í.) Það er bara ekki rétt hjá honum. Honum skjátlast í því efni. Við vitum meira að segja í hvaða banka þeir fóru og þeir leyndu ekkert vonbrigðum sínum út af þeim viðtökum sem þeir fengu þar.

Síðan komu margar viðvaranir. Iðnrh. hefur látið í þessu máli eins og blindur maður, því miður. Hann hefur látið sem hann tæki ekki eftir þeim aðvörunum sem augljósar hafa verið hvað eftir annað í sögu málsins og haldið því fram allt fram á síðasta dag, allt þangað til í fyrradag að allt væri að komast í höfn. Með þessu framferði hefur hann vakið og haldið vakandi óraunhæfum væntingum hjá blásaklausu fólki sem nú sýpur seyðið af því að hafa trúað orðum ráðherrans. Það er þetta sem er ámælisvert í þessu máli. Menn geta verið slysnir og menn geta verið klaufar og það á ekki að vera að skamma þá sérstaklega fyrir það. En menn eiga að reyna að koma heiðarlega fram og segja það sem þeir vita réttast.

Hér hefur verið rætt nokkuð, og væri freistandi að fara örlítið út í það, hvaða aðrir kostir en álframleiðsla kynnu að vera fyrir hendi. Því miður er þar ekki um auðugan garð að gresja. Ég vildi svo gjarnan að við hefðum eitthvað í höndum sem væri alveg gráupplagt til að taka við af álmálinu en því miður er það ekki. Menn hafa verið að tala um sæstreng. Þessi sæstrengur kemur einhvern tímann. En hann er ekki á næstu grösum. Þetta er framtíðarmúsík en þetta er ekkert sem er að gerast á allra næstu árum. Það getur vel verið að árið 2010 verði þessi sæstrengur kominn en hann verður ekki kominn fyrir aldamót og hann bætir ekki atvinnuástand eða kringumstæður okkar nú. Reyndar orkar tvímælis hve mikla áherslu við eigum að leggja á það að selja orku beint. Orkan verður að fjármunum þar sem hún er notuð, ekki þar sem hún er framleidd.

Það hefur verið talsvert unnið að þessu sæstrengsmáli og það er spennandi mál og það er eðlilegt og sjálfsagt að vinna að því. Bresk raforkufyrirtæki voru fyrst mjög jákvæð í málinu og höfðu ákveðinn áhuga en misstu hann síðan. Þjóðverjar hafa látið í ljós áhuga á þessu máli og vilja skoða það í alvöru. En fyrirtæki sem framleiða kapal hafa virkilega mikinn áhuga á þessu máli því þau bjóðast til að selja okkur kapal sem hægt er að leggja til meginlandsins eða til Bretlands. Þetta er sem sagt ekkert sem kemur í staðinn fyrir álver í stöðunni.

Vetnisframleiðsla, sem er líka athyglisverður orkunotkunarkostur, er líka framtíðarmúsík en ekki raunhæfur kostur á næstu árum. Hún verður það einhvern tímann þegar búið er að leysa vandamál sem henni eru samfara. T.d. er vetni stórhættulegt í meðförum og það á eftir að leysa mörg vandamál áður en aðgengilegt verður að nýta vetnið.

Það helsta af raunhæfum og skynsamlegum orkunotkunarkostum sem við vitum um núna er að fyrirtæki í Bandaríkjunum hefur vissan áhuga á að byggja verksmiðju sem býr til slípiefni úr báxíti. Þetta er frekar lítið fyrirtæki í samanburði við annað sem við höfum verið að tala um en þetta er mál sem ég tel eðlilegt að við gefum fullan gaum að.

Ég vil að endingu láta það í ljósi að ég tel að við höfum hitt á form þingskapa um utandagskrárumræður sem sé býsna gott. Mér finnst þessi umræða hafa gengið heldur lipurlega fyrir sig. Það er ágætt að takmarka ræðutíma og það er alveg kappnóg fyrir menn að hafa þennan ræðutíma sem ákveðinn er í þingsköpunum. Ef hæstv. iðnrh. hefði sleppt eins og þriðjungnum af óþörfum endurtekningum sínum og fullyrðingum, ég tala nú ekki um kaflanum eftir Boris Jeltsín sem var reyndar ekkert lakari en það sem ráðherrann mælti frá eigin brjósti, þá hefði hann komist af með 30 mín. í síðari umferð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að gera athugasemd við þá staðhæfingu hv. 1. þm. Norðurl. v. að fjármögnun nýlegs álvers Alumax í Kanada hafi verið með allt öðrum hætti en þeir ráðgerðu fyrir álverið sem ráðgert er á Keilisnesi. Staðreyndin er sú að þeir eru einmitt mjög fast bitnir í það form sem hér hefur verið rætt af því að það er það sem notað var til að fjármagna álverið við Deschambault í Kanada í Québec-fylki. Þeir segja: Nú erum við að bjóða sama eiginfjárhlutfall en það eru þrjú fyrirtæki í staðinn fyrir eitt. En að flestu öðru leyti er þetta eins. Það er þess vegna sem þeir vita að fjármagnsmarkaðurinn er erfiðari nú en hann var þegar þeir fengu það fé. Við þetta bætist að einmitt svona verkefnafjármögnun er algengust nú. M.a. hefur fyrirtækið Goldman Sachs verið til ráðgjafar um slíka verkefnafjármögnun á álveri og kopparmálmbræðslu og fleiri slíku.

Ég vildi svo að lokum þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir það sem hann sagði um aðra kosti í stað álbræðslu sem nýtingu á okkar orkulindum. Þar mælti hann vel og skynsamlega.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem mér láðist að svara einni athugasemd hæstv. iðnrh. er ég veitti andsvar áðan ætla ég að nýta seinni ræðutíma minn til að koma á framfæri því svari.

Ég held ég muni það rétt að það hafi verið haft eftir Guðmundi J. Guðmundssyni að sá sem væri á móti álveri væri með atvinnuleysi. Þessi ummæli bera því miður vott um að hann sé haldinn sömu blindu og hæstv. iðnrh. virtist haldinn lengst af þeim tíma sem álviðræður hafa staðið.

Það er í sjálfu sér engin furða eins og áróðurinn hefur verið að þessi blinda sæki á menn. Hins vegar er hægt að trúa á fleiri úrræði í atvinnumálum en álver. Sem betur fer kom það fram í fyrri ræðu hæstv. iðnrh. í dag að hann er farinn að líta til fleiri átta en einungis til álvers. Og vonandi hefur það gerst miklu fyrr þótt ég hafi ekki vitað af því. Ég vil jafnframt minna á að í minni ræðu benti ég á ýmis úrræði. Ég trúi ekki á eina stóra allsherjarlausn sem bjargar öllum atvinnumálum í landinu. En ég trúi því hins vegar að það megi margt gera með mikilli vinnu, góðum vilja, góðum hugmyndum og alúð við þær hugmyndir sem menn telja heillavænlegar og með því að leggja rækt við frumvinnslugreinarnar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það var aðallega eitt atriði sem fékk mig til að koma í ræðustól. Það er vegna þess að

mér finnst ekki hafa komið fram í umræðunni hvað þjóðin og ráðamenn hennar hafa verið að stórum hluta til sammála um að leggja mikið undir í sambandi við stóriðjuframkvæmdir. Mér finnst ástæða til að ræða það lítils háttar við þessa umræðu.

En fyrst langar mig til að ræða örlítið um staðsetningu álvers sem hefur verið rædd í kvöld og hæstv. iðnrh. sagði að hefði vissulega verið rétt og vel ráðin. Ég er mjög ósammála þessu. Ég tel ákaflega slæmt að menn skyldu enda á því að ákveða að þetta álver, sem búið var að telja fólki trú um að yrði byggt í landinu, yrði sett á suðvesturhornið. Ég ætla ekki að rekja þær röksemdir sem eru þar á bak við en ég er alveg sannfærður um að sú ákvörðun sannfærði marga landsbyggðarmenn um að þeir ættu að fara að huga að því að flytja sig til á landinu. Hæstv. iðnrh. sagði sjálfur að hundurinn væri grafinn í þessari staðsetningu og ég vil taka undir það en með þessum þætti.

Þarna fór fram leikþáttur handa landsbyggðinni sem iðnrh. stóð fyrir og ég veit vel að þetta var leikþáttur, vegna þess að ég kom aðeins að í einu tilviki. Ég var þá í bæjarstjórn á Akranesi og við óskuðum eftir fundi með iðnrh. um staðsetningu álvers. Bæjarstjórnin var að benda á jákvæða þætti í því að staðsetja álver inni í Hvalfirði. Á þeim fundi var okkur sagt að vissulega væri Hvalfjörður einn af þremur eða fjórum bestu kostum. Meira var það nú ekki. Ég varð ekki var við að Hvalfjörður væri nefndur meira í þessari umfjöllun. Þó hafði staðarvalsnefnd komist að þeirri niðurstöðu á sínum tíma að Hvalfjörður væri númer eitt, ef ég man rétt, af þeim kostum sem hún benti á fyrir nýja stóriðju.

Í sambandi við staðsetninguna og byggðamálin sem óhjákvæmilega hljóta að tengjast henni, þá saknaði ég þess í umræðunni að ekki skyldi koma fram, því það hefði virkilega verið ástæða til að það gerði það, hvað það er sem stendur á bak við þá setningu í hinni hvítu bók ríkisstjórnarinnar sem ég vitna í, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin vill í samvinnu við heimamenn beita sér fyrir uppsetningu orkufreks iðnaðar á landsbyggðinni."

Það er ekki lítið sagt. Þetta hefði ég viljað fá að heyra í umræðunni í kvöld. Ég tel að það hafi verið allt of mikill ákafi á ferðinni í sambandi við þessi áliðjumál. Ákafinn er svo mikill enn þá að menn eru tilbúnir til að gera samninga nánast á hnjánum þegar það er vitað að það er enginn sem vill skrifa undir samninga sem eiga að taka gildi heldur ætla einhverjir að skrifa undir samninga sem eiga ekki að taka gildi. Það getur ekki verið að þetta sé góð samningsstaða og þá er þessi samningur orðinn staðreynd. Hann er til á prenti einhvers staðar og þá erum við búnir að strika undir þær kröfur og þann vilja sem er okkar megin í þessum samningum. Ég tel að það hljóti að vera niðurstaðan að menn hætti þessu og byrji seinna aftur á samningum ef mönnum býður þannig við að horfa.

En aðalástæðan til þess að ég kom hér upp var það að ég tel að iðnrh. sé ekki einn um að bera ábyrgð á þessu máli. Ég tel hann reyndar vera mjög góðan fulltrúa fyrir þá sem hafa lagt ofurkapp á að byggja hér álver og hafa gengið svo langt í því að mann furðar nánast að ekki skuli hafa verið gagnrýnt meira hvernig að málum hefur verið staðið. Það er ekki bara búið að setja milljarð í þessar undirbúningsframkvæmdir. Það er búið að leggja í virkjun sem hefur kostað marga milljarða. Við getum verið að tala um herkostnað í þessu orkudæmi upp á, það vita aðrir hér inni betur hvað það er mikið, en 8–12 milljarða sem búið er að verja til að flýta framkvæmdum í orkumálum á Íslandi vegna þess að menn hafa gengið með glýju í augum allan þennan tíma. Og ég held að það sé alveg ástæða til að það sé nefnt í þessari umræðu.

Mér þótti afar slæmt að í þessari umræðu skyldu ekki neinar viðvörunarbjöllur ná eyrum hæstv. iðnrh. Hann heyrði a.m.k. ekki bjöllinni í hv. Alþingi og hann hefur ekki heyrt í neinum viðvörunarbjöllum allan þann tíma sem það hefur tekið að fást við þessa samninga.

Hæstv. ráðherra sakaði þá sem ekki eru allt of hrifnir af þessum álverssamningum um þórðargleði. Ég tel ástæðulaust að gera það. Mér hefur ekki fundist að menn væru að hælast neitt um yfir því að svona væri komið og það er síst ástæða til þess. Mér þykir það mjög slæmt að svo virðist sem menn hafi gert þetta mál, sem í raun og veru snýst um miklu stærri hluti en atvinnumál á Suðurnesjum, að einhvers konar kjördæmismáli að því leyti til að verið sé að tala um atvinnustig í einu kjördæmi landsins. Að vísu eru miklir valdamenn kjörnir þingmenn fyrir það kjördæmi og kannski þá meiri ástæða til að halda að menn hafi aukið kappið einfaldlega af þeirri ástæðu að það væri vandamál í kjördæmi þeirra. Það er afleitt mál. Ég held að þetta snúist nefnilega að minni hluta um atvinnumál. Þetta snýst um arðnýtingu fallvatnanna og ég er ekki á móti því að menn leiði hugann að því og reyni að finna bestu kosti sem hægt er til þess að nýta fallvötnin. En mér finnst að menn hafi ekki farið með gát og mér finnst að menn hafi raunverulega lagt of mikið undir og af því að menn hafa orðað það þannig þá held ég að það hljóti að vera dýrasta gulrót í heimi sem hefur verið byggð fyrir norðan.

Mig langar að lokum að segja ykkur smásögu sem mér hefur verið að detta í hug öðru hvoru undir þessum umræðum vegna þjóðarinnar sjálfrar og iðnrh., sem ég vil meina, eins og ég sagði áðan, að sé persónugervingur fyrir áhuga manna á að byggja álver. Þetta er saga vestan af Hellissandi. Hún er um gamlan mann sem sá illa og heyrði enn verr en hann átti hest — og það var einhver hér sem líkti því að eltast við hest að eltast við þetta álmál. — Einu sinni ætlaði hann að nota hestinn og sótti hann í hagann. Það var nokkuð langt að fara en hann reið aldrei þessum klár sínum heldur dró hann á eftir sér í taumi. Þegar hann var kominn nokkuð áleiðis heim sá einhver hrekkjalómur af svæðinu til hans, fór aftan að honum, skar á tauminn og gekk síðan og hélt í tauminn alla leið heim að hliði hjá þessum ágæta manni og kvaddi hann svo þar. Hann varð náttúrlega felmtri sleginn þegar hann sá að hestinn vantaði og hann var bara með tauminn. Auð-

vitað kenndi hann hrekkjalómnum um þetta og fann sinn sökudólg. Og það fannst mér svolítið skemmtilegt að iðnrh., sem ævinlega er samur við sig, skyldi finna sinn sökudólg fyrir austan tjald.

25. FUNDUR

miðvikudaginn 13. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 63. mál (frjálst fiskverð). — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til. 2. umr. með 41 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, MB, ÓÞÞ, PP, HjálmJ, RA, SA, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EKG, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, SvÁ, ISG, SÞór, JÁ, VG, JGS, MJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, SalÞ.

22 þm. (KE, LMR, ÓE, ÓRG, RG, PS, SAÞ, StG, VS, ÁJ, ÁMM, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HÁ, HG, IBA, KHG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að til þess að þingstörf megi ganga með eðlilegum hætti, mál komist til nefnda á milli umræðna, þá er óhjákvæmilegt að stjórnarandstaðan hjálpi stjórnarliðinu. Það er ekki betur mætt en svo í dag. Ég segi já í anda góðs samstarfs hér í þinginu.

Frv. vísað til sjútvn. með 36 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 41:1 atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 59.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Frv. það sem hér er til umræðu er endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga en sá kafli fjallar um kynferðisbrot. Frv. sama efnis var flutt á 111., 112. og 113. löggafarþingi en varð þá ekki útrætt en er nú flutt óbreytt. Á 110. löggjafarþingi flutti Sólveig Pétursdóttir, hv. 6. þm. Reykv., frv. til breytinga á hegningarlögum í sama tilgangi. Í grg. með því frv. segir hv. 6. þm. Reykv. svo, með leyfi forseta:

„Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um kynferðisbrot og þá ekki síst gagnvart börnum og ljóst er að allur almenningur lítur þau mál mjög alvarlegum augum. Túlka má þessa umræðu sem nokkurs konar ákall til íslenska réttarkerfisins um að bregðast ekki hlutverki sínu þegar slík afbrot eru annars vegar. Þess eru jafnvel dæmi að menn hafi haft tækifæri til að fremja fjölda kynferðisbrota á löngu tímabili og getur slíkt haft það í för með sér að almenn virðing fyrir lögum þverri."

Aðdragandi þessa frv. sem hér liggur fyrir er sá að þegar nauðgunarmálanefnd, sem svo hefur verið nefnd, skilaði skýrslu sinni í nóvember 1988 var meðal tillagna nefndarinnar frv. til laga um breytingu á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af þeim breytingum, sem fram komu í frv. nefndarinnar og því að á Alþingi vorið 1988 var frv. um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar, ákvað þáv. dómsmrh. að láta endurskoða aðrar greinar XXII. kafla hegningarlaganna áður en frv. nefndarinnar yrði lagt fyrir Alþingi. Fyrstu sjö greinar frv. um breytingu á heiti XXII. kafla laganna og um endurskoðun á 194.–199. gr. eru í frv. þessu óbreyttar frá því sem nauðgunarmálanefnd lagði samhljóða til.

Þær meginbreytingar sem frv. þetta felur í sér eru í fyrsta lagi að öll ákvæði kaflans eru nú gerð ókynbundin en í gildandi lögum eru margar greinar þannig að einungis konur njóta refsiverndar og karlar einir geta verið gerendur. Tilgangur þessara breytinga er sá að auka réttarvernd almennt gagnvart kynferðisbrotum og eru tillögurnar í samræmi við réttarþróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði í öðrum löndum. Þótt þessi brot bitni nær eingöngu á konum er ekki ástæða til að ætla að víðtækari refsivernd raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna. Ákvæði frv. eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna, eftir því sem við á.

Í öðru lagi felst í frv. aukin réttarvernd þar sem á því er byggt að samræði verði skýrt rýmra en samkvæmt gildandi lögum, svo sem rakið er í grg. með frv., og að í frv. er lagt til að lögfest verði að önnur kynferðismök verði lögð að jöfnu við samræði.

Þá eru í frv. ný ákvæði um kynferðislega áreitni. Í gildandi hegningarlögum eru ekki bein ákvæði um þetta en verknaðir sem falla undir framangreindar lýsingar hafa verið heimfærðir undir 209. gr. hegningarlaga sem fjallar um að særa blygðunarsemi.

Í þriðja lagi eru ákvæði um sifjaspell flutt úr XXI.

kafla laganna í þennan kafla, þar sem þau þykja betur eiga heima, enda oft nátengd öðrum kynferðisbrotum.

Í 1. gr. frv. er lagt til að heiti XXII. kafla laganna verði breytt þannig að tekið verði upp heitið kynferðisbrot í staðinn fyrir skírlífisbrot. Rétt þykir að miða heiti kaflans frekar við einkenni háttseminnar en hin siðrænu viðhorf til brots og brotaþola.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til verulegar breytingar á 194. gr. hegningarlaga, þ.e. þeirri grein sem fjallar um nauðgun. Er lýsing verknaðaraðferðar rýmkuð verulega. Auk þess tekur þetta nýja ákvæði frv. um nauðgun nú, auk beinnar valdbeitingar, til allra refsiverðra ofbeldishótana sem í gildandi lögum eru refsiverðar skv. 196. gr. laganna. Þá felst einnig rýmkun í því að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð.

Í öðru lagi er í þessari grein sú grundvallarbreyting að lagt er til að ákvæðið verði tvískipt, það er í 1. mgr. almennt ákvæði, í 2. mgr. refsihækkunarákvæði með sjálfstæðum refsimörkum. Núgildandi ákvæði er með refsilágmarki sem lagt er til að fellt verði brott. Með þessu er ekki verið að draga úr því að um alvarlegt brot sé að ræða, heldur er talið að refsiverndin verði virkari með þessum hætti. Þegar ákveðið refsilágmark er í lögum, svo sem í núgildandi 194. gr., er ákveðin hætta til staðar á því að brot verði ekki kært vegna refsilágmarks, hætta er á að ákært sé fyrir brot gegn öðrum greinum laganna sem hafa vægari refsimörk eða jafnvel að dómstólar heimfæri brot undir aðrar greinar þar sem refsimörk eru vægari. Í Danmörku var refsilágmark fellt brott fyrir 15–20 árum af framangreindum ástæðum. En áður var gerð viðamikil rannsókn á dómum um kynferðisbrot og voru niðurstöður hennar að framangreind atriði ættu við rök að styðjast. Þá hefur það verið almenn löggjafarstefna hér og í nágrannalöndunum að fella brott refsilágmark nema við alvarlegustu brotum. Má í því sambandi m.a. benda á 110. gr. og 142. gr. almennra hegningarlaga. Með því að fella niður refsilágmark felst ekki að lagt sé til að dómstólar taki upp vægari refsimat en nú er gert.

Í 8. gr. frv. er fjallað um sifjaspell. Meginefni núgildandi 190. gr. er flutt í þessa grein og auk þess er tekið upp í greinina nýtt ákvæði um kynferðislega áreitni. Þá er í greininni, eins og í 2. og 3. gr. frv., önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði. Í núgildandi lögum er sifjaspell refsivert bæði fyrir foreldri og barn sé barnið komið á sakhæfisaldur, en í þessu ákvæði frv. er refsiábyrgð barna og annarra niðja felld brott. Refsimörk eru nokkuð þyngd frá núgildandi lögum.

Í 3. mgr. eru ákvæði varðandi systkini. Er þeim breytt frá núgildandi ákvæði á þann veg að refsimörk eru hert en jafnframt heimilað að fella niður refsingu þess eða þeirra sem ekki hefur náð 18 ára aldri í stað 16 í núgildandi lögum.

9. gr. frv. svarar til 201. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu, eins og í ýmsum öðrum greinum frv., að bætt er við ákvæðum um önnur kynferðismök og kynferðislega áreitni. Þá er í upptalningu barna bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni.

Varðandi ákvæði 10.–17. gr. er vísað til þess sem segir í athugasemdum. Þó tel ég rétt að fara nokkrum orðum um 1. mgr. 13. gr. frv. þar sem segir að hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Hvorki samkvæmt gildandi hegningarlögum eða samkvæmt frv. þessu er vændi sem slíkt refsivert, refsiákvæðin taka til þess að stunda vændi sér til framfærslu. Ljóst er að mál þetta á sér margar hliðar og er viðkvæmt og kallar eðlilega á umræður og spurningar um ýmis álitaefni.

Í frv. eru refsimörk fyrir kynferðisbrot almennt þyngd frá því sem er í gildandi lögum, þó með einstökum frávikum sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við viðkomandi greinar. Verði frv. þetta að lögum verða refsimörk fyrir kynferðisbrot hér á landi með þeim þyngstu á Norðurlöndum. Hvatinn að frv. þessu voru tillögur frá nauðgunarmálanefnd um breytingu á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga.

Í skýrslu og tillögum nefndarinnar er mikil áhersla lögð á aukna réttarvernd og aðra aðstoð við fórnarlömb eða þolendur kynferðisbrota. Að bæta réttarstöðu þeirra verður ekki gert með því einu að breyta hegningarlögum. Öll hegningarlög fjalla fyrst og fremst um háttsemi gerenda og hvernig eigi að bregðast við gagnvart honum. Í þessum kafla hegningarlaganna skiptir viðhorf þolenda þó meira máli en víðast annars staðar í hegningarlögum.

Í frv. eru ákvæði þar sem almenn siðferðisviðhorf og þjóðfélagsviðhorf skipta máli, bæði varðandi mat á einstökum verknaði og alvarleika. Lögð hefur verið áhersla á að gera frv. þannig úr garði að viðunandi friður og jafnvægi megi haldast um viðkvæm siðferðisviðhorf, jafnframt því að bæta réttarvernd þeirra sem fyrir kynferðisbrotum verða.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga sem hefur, eins og fram kom, þrisvar áður verið lagt fram á Alþingi en ekki verið afgreitt. Þetta frv. er vafalaust til bóta en ég vil þó við 1. umr. vekja athygli á nokkrum atriðum í frv. sem orka tvímælis.

Í 1. mgr. 2. gr. frv. segir að hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manneskju til kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að 10 árum. Ekki er getið um lágmarksrefsingu, eins og gert er í 2. mgr. sömu greinar þar sem kveðið er á um refsingu ef hættuleg aðferð er notuð við verknaðinn. Í því tilviki er lágmarksrefsing eins árs fangelsi. Ef lágmarksrefsing er ekki tilgreind sérstaklega gilda ákvæði 34. gr. hegningarlaga sem þýðir að lágmarksrefsing er 30 daga fangelsi.

Það er því ljóst að hér er verið að milda sambærilegt refsiákvæði í gildandi lögum. Úr þessu mætti bæta með því að sama lágmarksrefsing, eða eitt ár, sé í refsiákvæðum beggja málsgreina. Hv. þm. mega líka gjarnan gera sér grein fyrir því að 30 daga fangelsisvist getur þýtt 20 tíma þjónustu við samfélagið í frí-

tíma viðkomandi brotamanns samkvæmt öðru frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Þá finnst mér ósamræmi í ákvæðum um refsingar í hinum ýmsu greinum frv. án þess að rök séu færð fyrir því í athugasemdum við frv. Dæmi um þetta er að finna í 4. og 5. gr. frv.

Í 4. gr. segir að hver sem notfæri sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til þess að hafa við hana kynferðismök skuli sæta fangelsi allt að sex árum.

Í 5. gr. segir hins vegar að ef umsjónarmaður eða starfsmaður á geðsjúkrahúsi hefur kynferðismök við vistmann eða vistkonu þá varði það fangelsi allt að fjórum árum.

Það er sem sagt gert ráð fyrir vægari dómi í síðara tilvikinu þrátt fyrir að ganga megi að því vísu að starfsmanni á geðsjúkrahúsi sé fullkunnugt um ástand vistmanns. Hann hlýtur að vita hvað hann er að gera og ekki síður en þeir sem skv. 4. gr. frv. notfæra sér geðveiki eða andlega annmarka manneskju. Það er furðulegt að refsiákvæði skuli ekki vera sambærileg í þessum tveimur greinum eða jafnvel þyngri í 5. gr. en þeirri 4.

Sama má reyndar segja um 8., 9. og 10. gr. frv. Þar eru refsiákvæðin misjöfn og mismunurinn ansi furðulegur, þó ekki sé annað sagt.

Í 8. gr. er fjallað um þann sem misnotar barn sitt eða annan niðja. Þar er ákvæði um refsingu allt að sex ára fangelsi og allt að tíu ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Í 10. gr. er fjallað almennt um þá sem tæla börn og misnota. Þar eru aldursmörkin lægri, eða 14 ár, og refsingin allt að tíu ára fangelsisvist. Sé barnið á aldrinum 14–16 ára skal refsingin vera fangelsi allt að fjórum árum, eða heldur mildari en ef um foreldri væri að ræða.

Í 9. gr. er síðan fjallað um þann sem misnotar kjörbarn, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Í því tilfelli er refsing að hámarki fjögurra ára fangelsi og allt að sex ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára. Með öðrum orðum er refsiákvæðið mun vægara þegar fósturforeldri á í hlut en þegar um aðra er að ræða. Hver rökin eru fyrir því koma ekki fram í athugasemdum með frv. og vandséð að þau séu yfir höfuð til.

Ég skil ekki hvaða rökum er beitt þegar aldursmörk barna eru sett í þessum greinum frv. Því síður skil ég það misræmi sem er í refsiákvæðunum. Ég legg ekki dóm á það hvort hér er verið að leggja til nógu harða refsingu fyrir jafnalvarlegt brot og þessi eru, en bið hv. þm. að hugleiða það.

Það mætti áreiðanlega, hæstv. ráðherra, skrifa 7. gr. frv. á annan hátt, þannig að hún verði betur skiljanleg og ég beini því til hv. allshn. að skoða þessa grein með það í huga. Og fyrst ég nefni þetta má einnig koma fram að í frv. og athugasemdum með því eru orð sem ég hef aldrei séð á prenti áður, eins og t.d. orðið „fullframning".

Að síðustu virðulegi forseti, vil ég nefna 13. gr. þessa frv. sem fjallar um vændi. Þar er ákvæði um að hver sá sem verður uppvís að því að stunda vændi skuli sæta fangelsisvist allt að fjórum árum. Sama refsing skal einnig eiga við þá sem hvetja ungmenni yngri en 18 ára til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti. Samkvæmt orðanna hljóðan er líklega átt við þá sem hvetja ungmenni til að stytta tímann með lauslæti.

Einnig er gert ráð fyrir sömu refsingu til handa þeim sem stuðla að útflutningi manns í sama tilgangi, en ekki orð um þá sem hugsanlega stunda innflutning.

Loks eru ákvæði um þessa sömu refsingu allt að fjögurra ára fangelsi fyrir þá sem hafa milligöngu eða gera sér lauslæti annarra að tekjulind. En sá sem kaupir þjónustuna, karl eða kona, á enga sök á verknaðinum samkvæmt þessu frv. og það er, virðulegur forseti, engu líkara en sá aðili sé þolandi en ekki gerandi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram í þrígang áður, skuli nú fram komið eina ferðina enn. Ég vona sannarlega að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þó að ég hafi vissulega ákveðnar athugasemdir fram að færa.

Það er alveg ljóst að við búum við mjög úrelta löggjöf um kynferðisafbrot. Hún er orðin hálfrar aldar gömul og byggir á siðferðisviðhorfum sem hafa tekið miklum breytingum á þessum tíma.

Í fyrsta lagi má nefna að núna er vitneskja alls almennings um það hversu alvarlegar afleiðingar kynferðisafbrot hafa fyrir þann sem verður fyrir þeim, þ.e. þolandann, mun meiri en áður. Ekki síst ef börn eiga hlut að máli.

Í öðru lagi má nefna að sem betur fer hefur orðið mikil viðhorfsbreyting í samfélaginu gagnvart samkynhneigðu fólki. Mun meira umburðarlyndi virðist vera í þessum málum nú en var fyrir nokkrum árum.

Í þessu frv. eru mikilvæg nýmæli sem taka á breyttum siðferðisviðhorfum. Í fyrsta lagi má nefna að lögin eru ekki kynbundin eins og þessi kafli hegningarlaganna var. Í öðru lagi eru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði, þ.e. talið er að um alvarlegt afbrot gegn kynfrelsi einstaklings sé að ræða þó að verknaðurinn hafi ekki verið fullframinn, þ.e. þeim sem brotið framdi hafi ekki tekist að koma fram vilja sínum að fullu. Í þriðja lagi er kveðið á um að kynferðisleg áreitni gagnvart börnum sé refsiverð. Í því sambandi finnst mér reyndar vert að hafa í huga hvort ekki ætti að vera í frv. sérákvæði um kynferðislega áreitni almennt. Ég held að umræða undanfarinna vikna, bæði erlendis og hérlendis, sýni að ekki er vanþörf á slíku.

Ég minntist áðan á þær breytingar sem þetta frv. hefði í för með sér fyrir samkynhneigða einstaklinga og ég held að þær breytingar séu mjög mikilvægar.

Í núgildandi hegningarlögum eru sérákvæði, má segja, gagnvart samkynhneigðum einstaklingum. Þau eru nú numin úr gildi með þessu frv. Samkynhneigðir og gagnkynhneigðir eru jafnir gagnvart lögunum ef þetta nær fram að ganga. Samkynhneigðir njóta sömu verndar laganna og þeir sem gagnkynhneigðir eru. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt réttlætis- og mann-

réttindamál og það sé brýnt að þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Það er ljóst að samkynhneigðir einstaklingar búa við margvíslega mismunun í íslensku samfélagi. Sú mismunun er m.a. lagaleg, eins og núgildandi hegningarlög bera með sér. Það gæti vel hugsast að slík mismunun fælist í fleiri lagabálkum en þessum og mig langar til þess að tilkynna það hér að ég hyggst leggja fram þáltill. þar sem ég legg til að könnuð verði menningarleg, félagsleg og lagaleg mismunun gagnvart samkynhneigðum með það fyrir augum að hægt sé að gera tillögu um úrbætur og gera nauðsynlegar lagabreytingar í kjölfar þess. Slíkar kannanir hafa verið gerðar á öðrum Norðurlöndum. Þar hefur verið safnað saman miklu efni um stöðu samkynhneigðra einstaklinga og þessar kannanir hafa leitt ýmislegt í ljós sem mönnum var ýmist hulið áður eða kusu að horfast ekki í augu við.

Ég held að úrbætur í þessum málum mundu stuðla að aukinni mannúð í samfélagi okkar og ég tel að þetta frv. sé skref í þá átt. Enginn ætti að gjalda kynhneigðar sinnar svo lengi sem hún brýtur ekki í bága við lög og almennar reglur um jafnræði í samfélagi okkar. Ég vil því fagna þeim breytingum sem frv. felur í sér og raunar þeim meginhugmyndum sem frv. að öðru leyti byggir á. Engu að síður hef ég ýmsar athugasemdir við einstakar greinar sem mér finnst mikilvægt að allshn. þingsins hafi til hliðsjónar þegar hún fer að skoða frv.

Mínar athugasemdir eru að mörgu leyti á svipuðum nótum og fram komu hjá fyrri ræðumanni. Þessar athugasemdir hafa verið settar fram af ýmsum kvennasamtökum og hópum þegar þeir fengu frv. til umsagnar á síðustu þingum. Þar á ég kannski ekki síst við Kvennaathvarfið í Reykjavík og Kvennaráðgjöfina.

En ef ég lít á einstakar greinar frv. verður fyrst fyrir mér 2. gr. frv. þar sem verið er að breyta gildandi lagagrein um þetta efni í þá veru að refsimörkin eru milduð. Það kemur ekki síst til vegna tvískiptingar greinarinnar í almennt ákvæði núna og síðan refsihækkunarákvæði. Áður var refsingin fyrir afbrot allt að 16 ár í öllum tilvikum, en nú er það allt að 10 ár í almenna ákvæðinu og 16 ár í refsihækkunarákvæðinu. Ég er ekki sannfærð um að þörf sé á þessu og spurning hvort þarna ætti ekki að vera eitt tiltekið refsiákvæði.

Við 4. gr. frv. vil ég gera þá athugasemd og reyndar við fleiri greinar um sama efni, en þar segir:

„Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismörk utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar ..."

Það er þessi tiltekna setning „utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar" sem ég er óskaplega ósátt við og finnst að ætti ekki að vera inni í lögunum. Ég fæ ekki séð að það sé réttlætanlegt að nota hjúskap eða sambúð til að hylma yfir eða réttlæta á einhvern máta slík verk. Hjónabandið á að vera til að bæta réttarstöðu fólks en ekki til þess að veikja hana. Þess vegna vildi ég beina því til allshn. að hún skoðaði það hvort ekki bæri að taka þetta út úr 4. gr., 6. gr. þar sem er sambærilegt orðalag og í 7. gr. sem ég mun reyndar koma aðeins betur að. Og mig langar í því sambandi að benda á að Kvennaráðgjöfin í Reykjavík hafði svipaðar athugasemdir fram að færa og segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að orðin „utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar" verði felld út úr frv. þar sem þau bera sterk einkenni eldri sjónarmiða að kynferðisleg misnotkun sé leyfileg eða afsakanleg í hjónabandi eða í óvígðri sambúð. Hjónaband eða sambúð ætti frekar að vera til þess að tryggja réttarvernd aðila en að draga úr henni."

Síðar segir, sem bæði varðar 4. og 5. gr. og kom reyndar fram í máli Margrétar Frímannsdóttur hér áðan, með leyfi forseta: „Að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka annarrar manneskju til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök getur aldrei afsakast af því að brotamaðurinn er í trúnaðar- eða framfærslusambandi við brotaþola. Í þeim tilvikum sem upp eru talin í frumvarpsgreininni ætti fremur að hvíla ríkari skylda á maka eða sambýlismanni að misnota sér ekki aðstöðu sína."

Ég geri sams konar athugasemdir við 6. gr. og þá 4., þ.e. að verði fellt út „utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar".

7. gr. var líka gerð að umtalsefni áðan og lagt til að allshn. skoðaði betur orðalag hennar. Ég vil fyllilega taka undir það og í rauninni tel ég mig hafa ákveðna tillögu að því hvernig þessi grein ætti að hljóða. Ég vildi að hún hljóðaði svo: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju vegna þess að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að sex árum", þ.e. taka út úr þessari grein þetta sérkennilega orðalag, „vegna þess að hún heldur ranglega, að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð, eða hún er í þeirri villu, að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan ..." Þetta er mjög sérkennilega orðuð grein svo vægt sé til orða tekið.

Þá er ég kominn að 8. gr. þessa frv. sem fjallar um sifjaspell. Þar er verið að fjalla um þau afbrot sem eru alvarlegust. Alvarlegustu kynferðisafbrotin eru, held ég að mati langflestra, sifjaspellin og þess vegna er mjög mikilvægt að þessar greinar, þ.e. bæði 8. gr. og 9. gr., svo að ég tali um þær saman, séu vel úr garði gerðar. Mín skoðun er sú að engin rök séu fyrir því að hafa vægari refsiákvæði fyrir þann aðila sem beitir barn kynferðislegu ofbeldi ef barnið er kjörbarn, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Ég vil leggja kynforeldri og fósturforeldri eða stjúpforeldri að jöfnu í þessu máli. Það sem málið snýst um er trúnaðarbresturinn við barnið og brotið gegn kynfrelsi þess. Það er aðalatriðið í þessu máli og við vitum að samkvæmt barnalögum eru lagðar sömu skyldur á herðar kjörforeldri, fósturforeldri og stjúpforeldri eins og kynforeldri. Það er aðili sem ber skylda til þess að ala önn fyrir barninu, fer með forræði þess og ber því að haga sér hvívetna eins og kynforeldri og bera sömu ábyrgð.

Ég vil líka benda á að gerð var athugasemd við þetta hjá Kvennaráðgjöfinni í Reykjavík og lagt var til að þetta væri tekið saman í eina grein sem hljóðaði svo:

„Hver sá sem fremur sifjaspell skal sæta fangelsi allt að 6 árum en allt að 16 árum sé barn yngra en 16 ára.

Með sifjaspellum er átt við samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt, annan niðja, stjúpbarn, kjörbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða niðja þeirra. Með sifjaspellum er auk þess átt við samræði eða önnur kynferðismök þess sem barn er háð eða bundið frændsemis-, trausts- eða tilfinningaböndum. Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem að ofan greinir þar sem aðstæður eru að öðru leyti þær sömu varðar fangelsi allt að 12 árum."

Þarna er sem sagt trúnaðarsambandið við barnið talið aðalatriði en ekki hvort um kyntengsl eða önnur tengsl er að ræða.

Í greinargerð með þessari tillögu frá Kvennaráðgjöfinni segir, með leyfi forseta:

„Sifjaspell er að okkar mati einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja. Með sifjaspellum má segja að möguleikar barns til eðlilegs lífs og náinna samskipta við annað fólk séu verulega skertir. Varanlegt tjón barns af sifjaspellum getur því orðið mun alvarlegra en af öðrum brotum.

Eins og fram kemur í tillögu okkar til breytinga gerum við ráð fyrir mun víðtækari skilgreiningu á hugtakinu sifjaspell en hingað til hefur verið í íslenskum lögum. Að okkar mati skipta blóðböndin ein ekki höfuðmáli heldur eru það traust og tilfinningabönd barnsins við gerandann sem eru grundvallandi. Það er fráleitt að ætla að kynferðisafbrot kjör- eða stjúpforeldris svo að dæmi séu nefnd hafi minni skaðlegar afleiðingar fyrir barnið í för með sér en þegar um kynforeldri er að ræða.

Það einkennir m.a. sifjaspell að brotamaðurinn er einhver sem barnið er háð tilfinningalega eða um framfærslu. Þetta ásamt valdaleysi barna gagnvart fullorðnum skýrir að hluta til hversu afdrifaríkar afleiðingar sifjaspjalla eru fyrir börn.

Aldrei er hægt að segja að sifjaspell fari fram með vilja barns þar sem alltaf er um að ræða yfirburðaaðstöðu hins fullorðna gagnvart barninu. Ógnunin sem stafar af valdamismuninum milli barnsins og hins fullorðna er ein sér nægileg til að koma fram vilja hins fullorðna gagnvart barninu þannig að ofbeldisþátturinn þarf ekki að vera til staðar í öllum tilvikum.

Við viljum undirstrika að við teljum að við sifjaspell sé barninu alltaf nauðgað þar sem það er aldrei bært til að gefa samþykki sitt til slíkra athafna. Notkun gamla tabú-orðsins sifjaspell í millifyrirsögn kaflans teljum við þjóna þeim tilgangi að undirstrika og leggja áherslu á almenna vanþóknun á verknaðinum þar sem trúnaður, trausts- og tilfinningabönd barns við brotamann er rofið. Grundvallandi í brotinu er auk ofbeldisverknaðarins gagnvart barninu að brotamaðurinn bregst trúnaði og trausti barnsins sem er háð honum."

Ég held að ég geti tekið fyllilega undir þau orð sem koma þarna frá Kvennaráðgjöfinni í Reykjavík.

Hvað varðar 3. mgr. 8. gr. þá vil ég í raun leggja til að sú málsgrein verði endurskoðuð og falli jafnvel brott úr frv., en þar segir:

„Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri, þegar verknaðurinn átti sér stað, má ákveða, að refsing falli niður að því er þau varðar."

Þetta ákvæði byggir á aldagömlum viðhorfum um blóðskömm og ég fæ ekki séð að þessi ákvæði standist í dag miðað við breytt siðferðisviðhorf og fæ ekki séð að þetta þurfi að vera refsivert athæfi ef jafnræði ríkir á milli systkina. Að sjálfsögðu ætti athæfið að vera refsivert eins og önnur kynferðisafbrot ef annar aðilinn misnotar yfirburði sína, t.d. í aldri eða þroska, en að öðru leyti tel ég ekki rétt að þarna sé um refsivert athæfi að ræða.

Í 11. gr. segir:

„Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar."

Ég tel orka mjög tvímælis að láta þetta gilda um 201. gr. laganna þar sem um er að ræða sifjaspell vegna þess að ég held að gerandinn í slíku afbroti hljóti ævinlega að vera viss um aldur þolandans í því tilviki. Ég vil því mælast til þess að allshn. skoði þetta sérstaklega.

Í 12. gr. segir:

„Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður, ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð .." Það má sem sagt fella niður refsingu ef karl og kona sem kynferðismökin hafa gerst í milli, þ.e. refsivert athæfi hefur átt sér stað, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð. Mér finnst þetta orðalag fela það í sér eins og í fyrri tilvikum sem ég hef nefnt að hjónabandið eða óvígð sambúð geti á einhvern máta réttlætt slík afbrot. Ég tel ekki rétt að hafa slíkt ákvæði inni í lögunum nema þá að það væri á þann veg að hægt væri að skoða það einstaklingsbundið í hverju tilviki.

Þá er ég kominn að 13. gr. frv. þar sem fjallað er um vændi. Þar segir:

„Hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum."

Þarna er á ferðinni refsihækkun. Áður var gert ráð fyrir tveggja ára fangelsi en það er fært nú upp í fjögurra ára fangelsi. Ég vil leggja það til við allshn. að þetta ákvæði, um að sá sem stundar vændi sér til framfærslu, sé refsivert, falli niður.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að hafa það refsivert að hafa viðurværi sitt af lauslæti annarra og ég tel eðlilegt líka að refsimörkin séu hækkuð í því tilviki, en ég get ekki séð neitt réttlæti í því að refsa þeim sem stundar vændi sér til framfærslu með allt að fjögurra ára fangelsi vegna þess að við vitum að flestir sem

stunda vændi sér til framfærslu gera það út úr mikilli neyð. Oft á tíðum fara saman eiturlyfjaneysla og vændi þannig að það gerir þetta enginn ef hann hefur önnur úrræði í lífinu.

Þar að auki held ég að ákvæði eins og þetta geri það að verkum að sá sem stundar vændi og verður fyrir kynferðislegu ofbeldi geti ekki leitað sér verndar eða kært slíkt athæfi vegna þess að hann hefur sjálfur verið þátttakandi í refsiverðu athæfi. Mér finnst það mjög mikilvægt að þessu ákvæði verði breytt.

Þá vil ég benda á það ósamræmi sem hlýtur að felast í því að aðeins sá aðilinn sem stundar vændið en ekki sá sem kaupir það sé talinn stunda refsivert athæfi og vil vísa til álitsgerðar sem kom frá Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðingi. Þar segir hún um 13. gr.:

„Á síðustu árum hafa verið gerðar rannsóknir á vændi, orsökum þess, eðli og afleiðingum sem hafa leitt í ljós að vændi er sjaldnast viðskipti jafngildra aðila. Í flestum tilfellum misnotar kaupandinn seljandann. Ekki ber að refsa veikari aðilanum en sleppa þeim sterkari. Því ber að afnema refsingar við vændi", segir Hildigunnur og ég vil taka undir þau orð.

Þá vil ég einnig gera athugasemd við 3. mgr. 13. gr. þar sem segir að það varði refsingu „að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hafa ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni."

Ég held að það sé ekki síður mikilvægt að geta innflutnings í þessu sambandi og vil ég vísa aftur til álitsgerðar Hildigunnar Ólafsdóttur um þetta efni, en hún segir:

„Innflutningur fólks er ekki síður mikilvægur en útflutningur í þessu sambandi. Á síðustu árum hafa konur frá Austurlöndum komið til Evrópulanda fyrir milligöngu eins konar hjónabandsmiðlara. Þarna er um hóp að ræða sem er algerlega háður þeim sem þær fara til. Athuga þarf hvort ekki er nauðsynlegt að vernda þessa einstaklinga með löggjöf." — Og hún leggur það reyndar til að auki.

Sams konar athugasemdir koma fram hjá Kvennaráðgjöfinni í Reyjavík, þær telja einnig að það eigi að gera á þessu breytingu.

Þetta eru þær efnislegu athugasemdir sem ég hef fram að færa við frv. en ég vil leggja áherslu á það að ég fagna því að frv. skuli fram komið og ég tel mikilvægt að það fari að fá afgreiðslu í þinginu og verði að lögum. Það hefur verið lagt fram þrisvar sinnum áður. Ég held að það væri mikil réttarbót að því ef það gæti náð út úr þinginu á þessu starfsári. Engu að síður vil ég fara fram á það við allshn að hún skoði vel þær athugasemdir og ábendingar sem ég hef sett fram og eins sem komið hafa fram í álitsgerðum sem nefndin hefur fengið.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. mælir nú fyrir þessu frv. Það hlýtur að vera okkur öllum umhugsunarefni að frv. þetta var lagt fram á 111., 112. og 113. löggjafarþingum en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Ef til vill hafa mál sem þessi ekki haft nægilegt vægi pólitískt séð eða hafa sætt efnislegum og faglegum ágreiningi. Hvort heldur sem er tel ég að hv. þm. beri að reyna að ná saman um úrbætur á þessu sviði, þ.e. þegar um er að ræða kynferðisbrot hvort sem er gagnvart fullorðnum eða börnum. En núgildandi hegningarlög eru frá árinu 1940 svo að tímabært er að taka ýmis ákvæði þar til endurskoðunar.

Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram hafa komið fram ýmsar athyglisverðar athugasemdir frá hv. þm. Ég vil taka undir nokkur atriði sem hér hafa verið gerð að umræðuefni og sérstaklega um það að þau nýmæli sem felast í því frv. sem hér er til umræðu felast ekki síst í því að þessi ákvæði hegningarlaganna verða ekki lengur kynbundin hvað kynferðisbrot snertir. Með öðrum orðum njóta nú bæði kyn sömu réttarverndar en 194. gr. núgildandi hegningarlaga um nauðgun er kynbundin, þ.e. hún er bundin því skilyrði að kvenmaður sé þolandi til þess að hægt sé að beita þeim refsimörkum sem þar er kveðið á um.

Annað merkilegt nýmæli er það atriði að önnur kynferðismök verði metin að jöfnu við hefðbundið samræði. Í athugasemdum við frv. þetta segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa 5 manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Þáv. dómsmrh., Jón Helgason, skipaði 12. júlí 1984 eftirtalda í nefndina:

Jónatan Þórmundsson, prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ásdísi J. Rafnar lögfræðing, Guðrúnu Agnarsdóttur, lækni og alþingismann, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing og Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa. Þorsteini A. Jónssyni, deildarstjóra í dómsmrn., var falið að vera ritari nefndarinnar."

Ég taldi ástæðu til að geta hér sérstaklega um þessi nöfn þar sem ég tel að þetta fólk hafi unnið starf sitt mjög vel í nefndinni.

Nefndin lauk störfum og skilaði skýrslu í nóvember 1988. Og með hliðsjón af því, eins og hæstv. dómsmrh. gat um hér áðan, flutti ég frv. sem vorið 1988 var vísað til hæstv. ríkisstjórnar, en það var frv. um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga. Þá ákvað dómsmrh. að leggja frv. nauðgunarmálanefndar ekki fram fyrr en endurskoðun á öðrum greinum XXII. kafla hegningarlaganna væri lokið.

Talsverðar umræður áttu sér einmitt stað á árunum 1987 og 1988 um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og þess má geta að virðulegur forseti, Salome Þorkelsdóttir, flutti á sama þingi frv. er varð að lögum þess efnis að kynferðisbrot gagnvart börnum skyldu sæta forgangi í réttarkerfinu. Þær umræður sem þá áttu sér stað voru að mínu mati mjög gagnlegar og opnuðu augu manna fyrir ýmsu í framferði gagnvart börnum.

En í því frv. sem vísað var til ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar vorið 1988 var tekið á ýmsum atriðum sem þessu frv. er nú ætlað að staðfesta. Langar mig til þess að gera nokkra grein fyrir þeim atriðum sem fram koma í grg. með því frv. sem var 68. mál á 110. löggjafarþingi. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„202. gr. hegningarlaganna hljóðar svo: „Hafi nokkur, þegar svo er ástatt, sem í 194.–201. gr. segir, gerst sekur um önnur kynferðismök en samræði, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu."

Þetta orðalag „vægari hegningu", er til refsilækkunar, hins vegar er það ekkert skilgreint, hvorki í lögunum sjálfum né í greinargerð og enginn refsirammi tilgreindur. Það er því algerlega á valdi dómstóla að ákveða viðurlög við þessum afbrotum.

Hins vegar má það teljast ljóst að kynferðismök önnur en samræði geta haft mjög alvarlegar afleiðingar, sbr. rit prófessors Jónatans Þórmundssonar: Um kynferðisbrot, en þar segir í inngangi á bls. 16: „Hugtakið holdlegt samræði er hvorki skilgreint í lögum né greinargerð. Samræði hefur í fræðiritum og framkvæmd verið takmarkað við hefðbundnar samfarir karls og konu. Með þessu eru útilokuð kynmök samkynja persóna og mök karls og konu með öðrum hætti en notkun kynfæranna einna. Það kann þó að vera jafnalvarlegt, ef brotaþola er misboðið kynferðislega með öðrum hætti, að slepptri þungunarhættunni. Má þar nefna kynferðisathafnir, er beinast gegn öðrum hlutum líkamans eða framkvæmdar eru með verkfærum."

Réttarþróun hefur víða hnigið í þá átt að endurmeta refsinæmi kynferðisbrota og þá ekki síður ýmsar kynferðisathafnir aðrar en samræði. Sem dæmi má nefna að hugtakið „sexual penetration" í hegningarlögum Illinois-ríkis í Bandaríkjunum tekur til hvors tveggja. Þá var það lögfest 1984 í Svíþjóð að jafna ýmsum kynferðisathöfnum við samræði, ef þær veita eða eru til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. norsku hegningarlaganna varðar afbrot fangelsi allt að 10 árum fyrir „utugtig omgang" við barn undir 14 ára aldri, en það varðar fangelsi ekki skemur en eitt ár ef afbrotið felur í sér samræði. Hugtakið „utugtig omgang" virðist hér nokkuð víðtækt og felur einnig í sér samræði. Í 2. mgr. þessarar sömu lagagreinar eru viðurlögin fangelsi allt að 21 ári, ef afbrotið hefur alvarlegar afleiðingar. Hér er tekið fram að kynsjúkdómar falli undir þetta ákvæði."

Í þessu frv. sem ég er að ræða hér um þá segir enn fremur í grg., með leyfi virðulegs forseta:

„2. gr. frv. fjallar um kynferðismök við persónu af sama kyni og hefur falið í sér miklu lakari vernd en ákvæði er snerta önnur kynferðisbrot, þegar litið er til refsimarkanna. Refsihámarkið hefur verið bundið við sex ára fangelsi sem er miklu minni refsing en er lögbundið, t.d. í 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna. Slíkt fær ekki samrýmst nútímaviðhorfum, hvorki efnislega né réttarfarslega. Hér er breytingar þörf og mótast sú þörf ekki síst af fjölda alvarlegra mála nú síðustu árin þar sem brotaþolar eru einatt ungir drengir og afbrotamaðurinn karlkyns."

Vegna þeirra atriða sem ég hef hér gert grein fyrir langar mig til að vitna í skýrslu sem Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur vann fyrir Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Skýrslan er gefin út á þessu ári, og fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og unglingum. Skýrslan er um mál sem bárust fjölskyldudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, þar sem barnaverndarmál eru m.a. til meðferðar, en þessi mál bárust á tímabilinu 1. jan. 1983 til 31. mars 1990. Þessi skýrsla er mjög fróðleg og felur í sér margvíslegar upplýsingar, en ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í efni hennar hér, mun aðeins geta sérstaklega tveggja atriða.

Í fyrsta lagi eru upplýsingar sem sýna þörf þess að drengir njóti sömu réttarverndar og stúlkur. Þannig segir á bls. 14 í skýrslunni, þar sem er kannað kyn og fjöldi meintra þolenda:

„Fjöldi drengja er 21,1% af heildarfjölda þolenda. Það er ekki fyrr en á árinu 1988 sem fer að bera á því að þeir eru einnig þolendur kynferðislegrar áreitni og þess verður sérstaklega vart árið 1989 þegar hlutfallið er einn á móti tveimur. Það virðist því rangt að ætla að drengir séu í minni hættu en stúlkur við umræddar kringumstæður."

Síðan vil ég benda á upplýsingar á bls. 22 í skýrslunni sem renna stoðum undir þær athugasemdir að ekki sé rétt að gera greinarmun á réttarstöðu barna eftir því hvort þau búa hjá kynforeldrum eða t.d. fósturforeldrum. — Þessi munur er einmitt gerður í 8. og 9. gr. frv., en hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerðu þessi atriði sérstaklega að umræðuefni áðan. 1. mgr. 8. gr. hljóðar þannig:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum, og allt að 10 ára fangelsi, sé barnið yngra en 16 ára."

En 1. mgr. 9. gr. hljóðar þannig:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, og allt að 6 ára fangelsi, sé barn yngra en 16 ára."

Þarna kemur fram greinilegur munur á refsimörkum og reyndar hafa verið gerðar athugasemdir við fleiri ákvæði í frumvarpinu þess efnis. En í skýrslunni sem ég vitnaði til hér áðan segir einmitt á bls. 22, þar sem er kannaður aldur þolenda og gerenda og hverjir þeir eru, að kynfeður eru flestir í þeim hópi en stjúpar koma þar á eftir og segir um þessa töflu neðst á bls. 22:

„Eins og kemur fram í töflu 11 er algengast að kynfeður séu gerendur. Stjúpar koma næstir og verður að hafa í huga að þeir eru hlutfallslega mun færri í þjóðfélaginu. Samkvæmt þessu má því ætla að algengara sé að stjúpar misnoti börn innan fjölskyldu en kynfeður."

Þetta atriði tel ég að þurfi að athuga nánar.

Ég tel mikilvægt að börn og unglingar njóti sömu réttarstöðu hvað kynferðisafbrot snertir, óháð því hvort

þau búa hjá kynforeldrum sínum eða hafa e.t.v. verið sett í fóstur af félagslegum ástæðum, t.d. af hálfu barnaverndarnefndar, eða ef þau búa hjá stjúpa svo dæmi séu tekin.

Ég tel rétt að þessi ákvæði séu athuguð nánar en að sjálfsögðu verður frv. allt tekið til athugunar í hv. allshn. þar sem ég á sæti og sérstaklega þarf að taka til athugunar þau atriði sem hér hafa verið gerð að umræðuefni og hv. þm. hafa bent á.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í grg. þessa frv. er það í meginatriðum byggt á áliti nefndar sem ég skipaði árið 1984. Sú nefnd var skipuð mjög hæfum aðilum og vann mjög gott verk sem að vísu tók alllangan tíma en ég hygg að eftir á séu allir sammála um að nefndin hafi unnið vel þó að nokkur dráttur yrði á að hún skilaði af sér.

Hins vegar hefur það farið svo að þetta mál er búið að vera hér til meðferðar á Alþingi á þremur þingum áður. Þegar málið var lagt fram á 111. löggjafarþinginu var því vísað til allshn. og fékk þar allítarlega meðferð. Kvaddir voru til fundar við nefndina margir aðilar sem leitað var ráða hjá og þá fór það svo að nokkuð skiptar skoðanir komu fram um einstök atriði frv. Það átti m.a. þátt í því, vegna þess hversu þá var komið nálægt þinglokum, að ekki reyndist tími til að samræma þau svo að allshn. Ed. treysti sér til að afgreiða málið.

Ég vildi því við þessa umræðu leggja áherslu á það að við nefndarstarf nú yrði reynt að leita leiða til að komast að ásættanlegri niðurstöðu og reyna að koma í veg fyrir að ágreiningur um einstök atriði sem skiptar skoðanir eru um leiði til þess að málið strandi, þannig að það meginefni, sem flestir eru sammála um að sé til bóta í þessu frv., nái fram að ganga. En þar sem ég á sæti í þeirri nefnd þá ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta núna, en vil aðeins leggja áherslu á að það mun þurfa að leggja sig nokkuð fram um að ná samstöðu um málið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst í lok þessarar umræðu þakka góðar undirtektir undir meginefni frv. og stuðning sem fram hefur komið þar við. Hér hafa komið fram málefnalegar athugasemdir, sumar þeirra hafa lotið að orðalagi og hugtökum, aðrar hafa lotið að mismunandi sjónarmiðum um refsimörk og jafnvel athugasemdir um óeðlilega mismunun að því er það varðar. Ég hygg að þær athugasemdir séu hvað sterkastar að því er varðar 8. og 9. gr. frv. Loks eru sjónarmið og athugasemdir sem lúta að sérstökum siðferðilegum viðhorfum sem eðlilega geta verið mismunandi. Allt eru þetta efni sem ég tel mjög eðlilegt og nauðsynlegt að nefndin ræði ítarlega og taki til athugunar. Ég tek undir það sjónarmið hv. 2. þm. Suðurl. að nefndin freisti þess að fara yfir þessar athugasemdir og leiða hugsanleg ágreiningsefni til lykta á þann veg að sem flestir geti stutt framgang frv. á þessu þingi þannig að það tefjist ekki frekar en orðið er. En ég ítreka svo, herra forseti, þakklæti fyrir góðan stuðning við megintilgang frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 59. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 60.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðauka við almenn hegningarlög, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

Í frv. þessu er lagt til að tilraun verði gerð með samfélagsþjónustu hér á landi. Frv. sama efnis var lagt fyrir 113. löggjafarþing en varð ekki útrætt á því þingi. Frv. er nú lagt fram að nýju efnislega óbreytt.

Á síðustu tveimur áratugum hefur verið mikil umræða á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu um stöðu refsivistar í viðurlagakerfinu. Sú stefna hefur verið ríkjandi að draga beri úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar eins og unnt er. Til að það sé hægt þarf að finna önnur úrræði í staðinn. Frjálsræðissvipting er alvarlegustu viðbrögð við afbrotum og hefur oft mikla röskun í för með sér fyrir brotamann og fjölskyldu hans. Frjálsræðissviptingu á ekki að beita meira en nauðsynlegt er til að stemma stigu við afbrotum og þá fyrst eftir að önnur og vægari úrræði hafa verið reynd eða þegar reynslan hefur sýnt að vægari úrræði koma ekki að gagni. Samfélagsþjónusta er eina nýja viðurlagategundin sem náð hefur almennri útbreiðslu og hefur nú verið tekin upp sem varanlegt úrræði eða til reynslu með einum eða öðrum hætti í öllum ríkjum Vestur-Evrópu nema þremur, auk Íslands.

Flestir fangar hér á landi sem og erlendis eru það sem kallað er venjulegir fangar, þ.e. menn sem fremja ítrekuð auðgunarbrot svo sem innbrot, þjófnaði, fjársvik og skjalafals. Oftast eiga þessir menn við persónuleg og félagsleg vandamál að etja. Samfélagsþjónusta hefur ekki síst átt fylgi að fagna vegna þess að þetta viðurlagaform hefur sannað gildi sitt gagnvart hluta af þessum svokölluðu venjulegu föngum. Samfélagsþjónusta með vinnuskyldu, ströngu eftirliti og félagslegri aðstoð skilorðseftirlits hefur vakið vonir um að í mörgum tilfellum megi beina brotamönnum inn á nýjar brautir og vekja áhuga á breyttu lífsmynstri.

Þótt ekki séu sett hærri markmið en þau að brotamaðurinn haldi sig frá afbrotum á meðan hann er að inna samfélagsþjónustu af hendi, en það er jafnlangur tími og refsivist dómsins, er verulegum árangri náð.

Almennt er samfélagsþjónustu ætlað að koma í stað styttri óskilorðsbundinna refsivistardóma. Helstu kostir samfélagsþjónustu eru að brotamaður getur haldið sambandi við fjölskyldu og vini á meðan á fullnustu dóms stendur og auk þess getur hann jafnframt stundað sína föstu vinnu eða nám. Hann er ekki slitinn úr tengslum við þjóðfélagið á meðan á fullnustu stendur.

Með samfélagsþjónustu tekur dómþoli út refsingu sína á jákvæðan hátt og má líta á hana sem bætur hans til samfélagsins fyrir afbrotið. Reynsla erlendis hefur sýnt að margir brotamenn halda tengslum við vinnustaði eftir að fullnustu dóms um samfélagsþjónustu er lokið. Þetta sýnir að samfélagsþjónusta hefur í mörgum tilfellum breytt lífsviðhorfum brotamannsins og vakið áhuga hans á nýjum málefnum.

Hér á landi hefur föngum fjölgað verulega síðustu tvo áratugi. Nú eru um 100 manns að jafnaði á dag í afplánun. Þetta þýðir að um 40 fangar eru á hverja 100.000 íbúa. Þótt föngum hafi fjölgað hér á landi síðustu ár eru Íslendingar með einhverja lægstu fangatölu sem þekkist í Vestur-Evrópu.

Samfélagsþjónusta er ekki úrræði sem leysir fangelsi af hólmi. Að ná því markmiði að hún geti komið í stað 5–7% refsivistardóma vegna hegningarlagabrota er góður árangur. Margir brotamenn vilja og geta hætt á afbrotabrautinni. Það eftirlit og aðhald og sú aðstoð sem veitt er á meðan samfélagsþjónustan er innt af hendi getur snúið mörgum til betri vegar.

Í frv. þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi. Hana má skilgreina með þeim hætti að hún sé ein tegund viðurlaga við afbrotum sem felst í því að á brotamann er lögð sú skylda að vinna ákveðinn tímafjölda launalaust og í frítíma sínum að verkefnum sem koma þjóðfélaginu almennt að gagni.

Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að á tilraunatímabilinu verði það fyrirkomulag á samfélagsþjónustu að heimilt verði að breyta allt að 10 mánaða óskilorðsbundnum refsivistardómi við fullnustu á þann veg að í hans stað komi ólaunuð samfélagsþjónusta í minnst 40 klst. og mest 200 klst.

Samkvæmt 5. gr. frv. er það þriggja manna nefnd sem dómsmrh. skipar sem tekur ákvörðun um hvort refsivist skuli breytt í samfélagsþjónustu. Þegar ákveðið er að breyta refsivist í samfélagsþjónustu er samkvæmt sömu grein gert ráð fyrir að nefndin taki einnig ákvörðun um inntak samfélagsþjónustu í hverju tilviki. Ástæður þess að þetta fyrirkomulag er valið eru þær helstar að með þessum hætti nást best þau markmið að samfélagsþjónusta komi í stað óskilorðsbundinnar refsivistar og kostnaður við framkvæmd verður í lágmarki. Auk þess er mikilvægt að á tilraunatímabilinu verði hægt að hafa fullkomna stjórn á tilrauninni þannig að hún verði á hverjum tíma aðlöguð að aðstæðum hér á landi.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um það hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar svo breyta megi refsivist í samfélagsþjónustu. Samkvæmt 2. mgr. skal áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin, fara fram athugun á persónulegum högum dómþola þar sem m.a. komi fram rökstutt álit á því hvort hann sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina í viðkomandi tilfelli. Samkvæmt 6. gr. er Fangelsismálastofnun falið að annast þessa athugun. Ekki er gert ráð fyrir að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu nema líklegt verði talið að dómþoli vilji og geti innt samfélagsþjónustu af hendi og að þetta úrræði teljist líklegt til að koma dómþola út úr hringiðu afbrota.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um inntak samfélagsþjónustunnar. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að 20 klukkustunda ólaunuð samfélagsþjónusta komi að jafnaði í stað eins mánaðar refsivistar þannig að ef t.d. fjögurra mánaða refsivist er breytt í samfélagsþjónustu komi 80 klukkustunda þjónusta í hennar stað. Miðað er við að sú vinna sé einnig innt af hendi á fjórum mánuðum. Samkvæmt 2. mgr. er miðað við að vinnan verði aldrei innt af hendi á skemmri tíma en þremur mánuðum. Ekki er talið að uppeldislegt markmið samfélagsþjónustu náist ef vinnuskyldan er innt af hendi á skemmri tíma.

Samkvæmt 4. gr. er samfélagsþjónusta háð þeim skilyrðum að dómþoli fremji ekki nýtt brot á refsitímanum og sæti eftirliti á þeim tíma sem það tekur að inna þjónustuna af hendi. Auk þess er samkvæmt greininni heimilt að setja frekari skilyrði fyrir samfélagsþjónustu. Er þar miðað við þau skilyrði sem heimilt er að setja í venjulegum skilorðsdómum.

Samkvæmt 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að Fangelsisstofnun ríkisins annist framkvæmd samfélagsþjónustu eftir að ákvörðun er tekin um að breyta refsivist á þann veg. Í þessu felst m.a. að stofnuninni er ætlað að finna heppilega vinnustaði og semja við þá um að taka dómþola í samfélagsþjónustu. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur fyrir fram oft verið óttast að ekki tækist að útvega nægilega mörg atvinnutilboð til að þetta viðurlagakerfi gæti gengið upp og orðið að raunveruleika. Almennt hefur sá ótti reynst ástæðulaus eða ástæðulítill.

Í 8. gr. frv. eru ákvæði um hvernig við eigi að bregðast ef dómþoli rýfur skilorð samfélagsþjónustu. Er þar í öllum meginatriðum miðað við sambærilegt fyrirkomulag og er í 42. gr. almennra hegningarlaga um skilorðsrof vegna reynslulausnar.

Ég tel mig nú hafa gert grein fyrir megintilgangi og efni þessa frv. og legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem felur í sér að samfélagsþjónusta verði notuð sem viðurlög við afbrotum hér á landi. Samfélagsþjónusta hefur verið notuð á þennan hátt í þó nokkuð mörgum löndum um árabil, en eins og fram kemur í grg. með frv. eru ástæður fyrir því nokkuð mismunandi í hinum ýmsu löndum. Það sama á við um lög og reglur um samfélagsþjónustu. Þar er byggt á ólíkum forsendum.

Samfélagsþjónusta er nútímalegt og heppilegt refsiúrræði ef vel tekst til um framkvæmd. Eðlilegt er að við setningu laga um samfélagsþjónustu sé kveðið á um ákveðið reynslutímabil eins og hér er gert, en það skiptir einnig afar miklu að varlega sé af stað farið. Æskilegt er að samfélagsþjónusta komi í stað refsivistar í færri tilvikum en fleirum á meðan á reynslutíma laganna stendur.

Samfélagsþjónusta er e.t.v. ekki alveg jafnný af nálinni hér á landi og virðist í fljótu bragði.

Í 57. gr. almennra hegningarlaga er ákvæði sem kveður á um það að binda megi fullnustu refsingar m.a. því skilyrði að aðili sem hlotið hefur dóm hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda eða að viðkomandi aðili gangist undir dvöl á hæli í tiltekinn tíma ef nauðsyn þykir bera til, allt að 18 mánuði þegar venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja.

Þessu ákvæði 57. gr. hegningarlaga, sem er í anda samfélagsþjónustu, hefur sjaldan verið beitt hér á landi, líklega vegna þess að ekki hefur verið aðstaða til þess. Þó er hugsunin sem þar kemur fram áreiðanlega sú sama og býr að baki þegar samfélagsþjónusta kemur í stað fangelsisvistar. Í þessu ákvæði er t.d. fjallað um vinnu og tómstundir þess sem dóm hlýtur.

Samfélagsþjónusta getur vel komið til greina sem liður í skilorðsbindingu dóms ekki síður en í stað óskilorðsbundins dóms eins og gert er ráð fyrir í frv. Það væri jafnvel vænlegra til árangurs vegna þess að þeir sem hljóta fangelsisdóm eru oftar en ekki búnir að fá á sig áður skilorðsbundinn dóm.

Með því að nýta ákvæði 57. gr. hegningarlaga sem ég nefndi áðan ásamt lögum um samfélagsþjónustu, sem hér er rætt um að setja, mætti e.t.v. koma í veg fyrir fangelsisdóm síðar meir því að bæði 57. gr. hegningarlaganna og samfélagsþjónusta eru án efa uppeldislega góð og vænleg til betrunar, vænlegri en þau úrræði sem nú er beitt.

Það þarf að grípa til uppeldis- og betrunarúrræða áður en til fangelsisdóms kemur. Langflestir ungir afbrotamenn neyta einhverra vímuefna og oft eru afbrotin framin til að útvega peninga fyrir fíkniefnum. Þegar fangelsisdómur kemur hjá þessum ungmennum eru þau oft mjög langt leidd og vart hæf til samfélagsþjónustu.

Ég er ekki með þessu að draga úr gildi þess að samfélagsþjónusta komi í sumum tilfellum í stað fangelsisvistar heldur aðeins að benda á að samfélagsþjónusta getur jafnvel gert meira gagn ef hún er tengd skilorðsbundnum dómi. Það má vel hugsa sér samfélagsþjónustuna sem skilorð, ekki síst vegna þess að skilorðsdómar falla jafnan á undan fangelsisdómum og með því fyrirkomulagi væri gripið fyrr til mannbætandi viðurlaga.

Þetta frv. var, eins og áður er komið fram, lagt fram á síðasta þingi og var þá vísað til nefndar. Í umsögn um frv. sem barst frá Fangelsismálastofnun ríkisins komu fram nokkrar athugasemdir við einstakar greinar þess. Þar var m.a. lagt til að í stað 10 mánaða óskilorðsbundinnar refsivistar, eins og kveður á um í 1. mgr. 1. gr., komi 6 mánaða óskilorðsbundin refsivist. Rökin fyrir þessari tillögu eru að varlega skal farið af stað og bent er á í umsögninni að árið 1989 barst stofnuninni 321 óskilorðsbundinn dómur til fullnustu þar sem refsivist var 6 mánaða fangelsi eða styttri. 32 dómar voru á bilinu 6–12 mánuðir og 25 dómar um lengri refsivist. Það þýðir að 8–9 af hverjum 10 dómum sem stofnuninni berast að jafnaði fela í sér fangelsisvist sem er 6 mánuðir eða styttri. Það eru því æðimargir brotamenn sem koma til greina til að gegna samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar þó miðað væri við 6 mánaða mörkin. Fulltrúar Fangelsismálastofnunar komu með ýmsar aðrar ábendingar en þessi var að mínu mati sú veigamesta.

Í 3. gr. frv. er fjallað um það hversu margar klukkustundir dómþoli skuli vinna í stað refsivistar. Þar er sagt að miða skuli að jafnaði við að 20 klukkustunda samfélagsþjónusta jafngildi eins mánaðar refsivist. Þessi vinna skal þó ekki innt af hendi á skemmri tíma en þremur mánuðum.

Ég verð að segja að frelsissvipting í 30 daga sem felur í sér fjarveru frá fjölskyldu og vinnu og hefur í för með sér tekjumissi fyrir nú utan þann stimpil sem oft vill fylgja þeim sem setið hefur í fangelsi, er ekki talin mjög alvarleg refsing hjá þeim sem sömdu þetta frv. Þeir leggja að jöfnu 30 daga frelsissviptingu og 20 tíma vinnu í þágu samfélagsins, þjónustu við samfélagið sem unnin er í frítíma viðkomandi einstaklings sem heldur vinnu sinni eða getur stundað nám sitt óhindrað og búið með fjölskyldu sinni og verið laus við þá niðurlægingu að tilkynna á vinnustað um brottför sína vegna fangelsisvistunar. Viðkomandi kemst hjá því að þola þá niðurlægingu eftir afplánun dóms að fara á milli staða í vinnuleit og horfa á viðbrögð fólks þegar síðasti dvalarstaður er kynntur. Hann kemst einnig hjá því að valda fjölskyldunni meiri sársauka en þann sem fyrir var vegna afbrota. Er hugsanlegt að 20 tíma samfélagsþjónusta komi í stað alls þessa sem eins mánaðar fangelsisvist getur haft í för með sér? Ég held ekki.

Auðvitað er eðli afbrota misjafnt og auðvitað eiga sumir afbrotamenn að hljóta þyngri dóma en aðrir en hér er ekki um þá viðmiðun að ræða, aðeins að 20 tíma samfélagsþjónusta jafngildi eins mánaðar innilokun.

Ég vil einnig benda á að í 1. tölulið 2. gr. frv., þar sem kveðið er á um þriggja mánaða frest til að sækja um breytingu á refsivist yfir í samfélagsþjónustu, er ákveðinn fulllangur frestur þó að ekki sé miðað við annað en það að ekki má líða of langur tími frá afbroti til afplánunar dóms.

Þá kem ég að því hverjir það eru sem ákveða hvort dómi um refsivist skuli breytt í samfélagsþjónustu. Í 5. gr. frv. segir að dómsmrh. skipi nefnd þriggja manna til að taka ákvörðun um þetta atriði. Jafnframt ákveði nefndin með hvaða hætti þjónustan við samfélagið verður innt af hendi og á hve löngum tíma. Þarna er farið inn á afar varhugaverðar brautir. Með þessu er verið að gera ákvörðunina um samfélagsþjónustu, sem er í raun dómur yfir viðkomandi einstaklingi, að stjórnsýsluákvörðun en ekki ákvörðun dómstóla sem hlýtur þó að vera réttara eðli málsins samkvæmt.

Fangelsisvist í 10 mánuði er alvarleg refsing og alvarleg brot sem að baki liggja. Í skýrslu Fangelsismálastofnunar sem ég vitnaði í áðan kemur fram að af 378 dómum sem komu til fullnustu 1989 fólu aðeins 57 í sér fangelsisvist lengur en 6 mánuði sem sýnir í raun hversu alvarleg 10 mánaða fangelsisvist er. Það er

því með öllu óeðlilegt að það verði stjórnsýsluákvörðun að breyta slíkum dómi. Eðlilegast væri að dómur sem felur í sér samfélagsþjónustu í stað refsivistar verði felldur af dómurum. Staða þeirra og ábyrgð ætti að tryggja öruggari niðurstöðu. Um dóma sem fallið hafa þegar og ef frv. þetta verður að lögum geta gilt önnur úrræði til handa þeim sem vilja fá eldri fangelsisdómum breytt í samfélagsþjónustu. Þó er eðlilegt að dómari komi þar að verki líka.

Virðulegi forseti. Það er lengi hægt að halda áfram því að margar spurningar vakna við lestur þessa frv. Hins vegar er vart annað hægt en að mæla með að samfélagsþjónustan verði reynd í stað refsivistar en hvetja um leið þá nefnd sem fær málið til umfjöllunar að vanda vel athugun sína á frv. Leita þarf svara við *öllum þeim spurningum sem upp kunna að koma.*

Við umfjöllun um frv. þarf einnig að athuga sérstaklega hver áhrifin af samfélagsþjónustunni verða. Henni er ætlað að hafa varnaðaráhrif á dómþola en það þarf einnig og ekkert síður að svara þeirri spurningu hvort hún muni hafa varnaðaráhrif á almenning þannig að öðrum sé haldið frá afbrotum.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég gegndi starfi dómsmrh. þegar fyrstu tilraunir til samfélagsþjónustu á Norðurlöndum stóðu yfir. Mér fannst þá um mjög athyglisverða tilraun að ræða og æskilegt ef hægt væri að gera hana sem fyrst hér á landi. Ég óskaði eftir því að starfsmenn ráðuneytisins sem með þessi mál fara skoðuðu þennan möguleika. Því miður fór það svo að þeir töldu að svo margar spurningar og annmarkar væru í sambandi við framkvæmd samfélagsþjónustunnar að meðan ekki fengist meiri reynsla af henni hjá nágrannaþjóðum okkar, þá væri ekki fært að leggja út í það hér. Þessi tilraun hefur nú staðið yfir í nokkur ár hjá nágrannaþjóðum okkar og fest sig í sessi vegna þeirrar jákvæðu reynslu sem af henni er fengin. Því hefur það orðið niðurstaða að slík tilraun verði gerð hér á landi og hér liggur fyrir frv. flutt í annað sinn af hæstv. dómsmrh. um það efni. Hlýt ég að fagna því að svo er komið.

Þrátt fyrir það er mörgum spurningum enn ósvarað í sambandi við framkvæmdina og ekki kemur skýrt fram í frv. hvernig hún verður leyst. Það sést t.d. ekki hvaða störf það eru sem þarna er hugsanlegt að láta viðkomandi aðila annast. Þetta eru störf sem ekki mega taka vinnu frá öðrum og þarf því að leita að einhverri þjónustu sem ekki er innt af hendi fyrir. Síðan er það spurning um framkvæmd að öðru leyti. Þarf ekki stöðuga umsjón með þeim sem afplánar refsingu á þennan hátt? Þarf ekki umsjón með hverjum einstaklingi? Í grg. kemur fram að eftirlit vinnustaða hafi ekki reynst fullnægjandi í nágrannalöndunum og þá kemur náttúrlega í hugann kostnaðurinn sem mönnum virtist við fyrstu athugun að mundi verða allmikill. Nú má kannski ekki horfa of mikið á þá hlið ef hér er leið sem skilar þeim árangri að menn verði betri eftir að hafa innt þessa þjónustu af hendi og ávinningurinn komi í veg fyrir ítrekuð brot og allar þær afleiðingar sem það hefur fyrir viðkomandi einstakling og þjóðfélagið í heild. Hins vegar hafa áreiðanlega allir, a.m.k. þeir sem nálægt fangelsismálum hafa komið, fundið að það hefur verið allt of mikil tregða hjá fjárveitingavaldi að veita nægilegu fjármagni í þá starfsemi til þess að hægt væri að haga henni á þann veg sem æskilegast væri. Það á við um fleira en samfélagsþjónustu þ.e. bæði skipulag fangelsa, allan aðbúnað þar og margt annað. En vonandi stendur ekki á þeirri hliðinni frá hendi fjárveitingavalds til að þessi tilraun verði gerð.

Síðan er annað atriði sem óneitanlega kemur í hugann líka og það er spurningin um viðhorf til þeirra sem gegna svona samfélagsþjónustu, viðhorf umhverfisins. Í okkar þjóðfélagi, sem er svo fámennt og margir þekkja *marga, held ég að búast megi við að það verði* viðkvæmara en þar sem fjölmenni er meira.

Hv. 4. þm. Suðurl. minntist á þá erfiðleika sem þeir sem hafa afplánað setu í fangelsi eiga í þegar þeir koma aftur út á vinnumarkaðinn. Það er litið misjöfnum augum til þeirra sem hlotið hafa dóm. Og hvernig verður þá viðhorf samfélagsins til þessara einstaklinga? Ég held að það sé mjög vandasamt að finna heppileg störf þar sem ekki er hætta á að þetta komi fram. Kannski er þessi spurning sérstaklega ofarlega í huga núna vegna þess sem nýlega hefur gerst í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem meiri hluti hennar hefur ákveðið að skipta þjóðinni í tvo hluta, annars vegar geðfatlað fólk og hins vegar hina sem ekki eru geðfatlaðir. Ef slíkur hugsunarháttur fer að verða ríkari í okkar þjóðfélagi en verið hefur gagnvart þeim sem af einhverjum ástæðum eiga í erfiðleikum, hvort sem það er af viðráðanlegum eða óviðráðanlegum ástæðum, þá held ég að hér sé enn þá meiri hætta á ferðum.

En hv. 4. þm. Suðurl. vék líka að öðru atriði. Það var um að reyna að draga úr áhættunni á því að fólk lendi í þeirri stöðu að fá dóm á sig hvort sem þar er um að ræða dóm sem yrði dæmt í til samfélagsþjónustu eða annars. Mig langar að spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort hann hafi í huga eða í undirbúningi einhverjar ráðstafanir til þess að vinna að slíku. *Ég held* að það hljóti að hafa farið svo fyrir fleirum en mér að sú spurning hefur verið mjög áleitin að undanförnu hvað við getum gert til þess að draga úr ógæfu fólks sem leiðir til þess að það lendir í slíkri stöðu vegna þeirra sífelldu frétta sem berast af versnandi ástandi, m.a. hér í höfuðborginni, sem leiðir til ofbeldis og margs konar ógæfuverka.

Ég minnist þess að þegar ég var í dómsmrn. þá stóð ég í nokkru þrefi við borgarstjórn Reykjavíkur um þau mál í formi þess að þá var sótt mjög á um fjölgun vínveitingastaða. Við höfum heyrt það frá lögreglunni hér í Reykjavík að það fer ekki milli mála að mikið af þeim vanda sem við er að eiga t.d. í miðborginni stafar af þeim mikla fjölda vínveitingastaða sem þar er orðinn nú. Ég taldi að það væri rétt að reyna að sporna þar við, en meiri hluti borgarstjórnar studdi mjög fjölgun slíkra staða. Reyndar hefur það svo komið í ljós að borgarstjórn taldi framtak einstaklinganna ekki nægilegt í þeirri atvinnugrein heldur hefur staðið í þeirri

dýrustu byggingu yfir slíka starfsemi sem ég held að reist hafi verið hér á landi í þessu skyni, þrátt fyrir að fjöldinn hafi þar um alllangt skeið verið slíkur og samkeppnin svo hörð að stöðugt eru einhverjir sem af bjartsýni hafa lagt út í þessa atvinnugrein að lenda í strandi. En það er nú önnur saga.

Þetta held ég að sé skýrt dæmi um það hvernig stjórnvald getur haft áhrif á mótun umhverfis. Það er auðvitað umhverfið sem stjórnvöld að miklu leyti bera ábyrgð á. Þau ráða í hvernig umhverfi æskan elst upp. Það er ekki við unglingana að sakast um það hvernig fyrir þeim fer, heldur að sjálfsögðu okkur hin eldri sem mótum umhverfið. Þarna held ég að ábyrgð stjórnvalda sé ákaflega mikil hvort sem það er ríkisvald eða viðkomandi sveitarstjórnir. Því að allir eru unglingarnir venjulegir menn. Hér var áðan talað um venjulega fanga. Ég held að við séum öll venjulegt fólk sem hins vegar aðstæðurnar í þjóðfélaginu sem menn búa við og umhverfið hafa misjöfn áhrif á.

Ég vildi víkja að þessu sérstaklega vegna þess að mér finnst nokkuð augljóst að brot flestra þeirra einstaklinga, sem eiga kost á að afplána sinn dóm með samfélagsþjónustu, stafa af áfengisneyslu. Áfengisneyslan er nær undantekningarlaust undanfari annarrar vímuefnaneyslu. Það munu vart vera til þeir sem byrja á öðrum vímuefnum á undan. Því er sérstakt tilefni til þess nú að spyrja hvort ekki eigi líka að vinna að því að draga úr fjölda þeirra sem lenda í þessari ógæfu.

Ég geri ráð fyrir því að þegar þetta mál kemur til meðferðar allshn., þar sem ég á sæti, muni bæði koma fram margar spurningar um efni þessa frv. og við fá þar skýringar og svör við því sem kemur í hugann. En ég vil sérstaklega beina þessum tveimur spurningum til hæstv. dómsrmh. hvort það liggi nokkuð fyrir í hvaða störfum sé hugsanlegt að þessi samfélagsþjónusta geti farið fram og enn fremur hvort ekki sé verið að vinna að því í dómsmrn. að gera einhverjar ráðstafanir til þess að fækka þeim sem í þessu böli lenda.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég stíg hér í stólinn til að lýsa yfir fylgi mínu við meginhugsun þess frv. sem hér er til umræðu. En á meðan ég hlustaði á hæstv. dómsmrh. vöknuðu hjá mér spurningar. Það væri vissulega ástæða til að ræða ítarlega ástand fangelsismála hér á landi, eðli, lengd og réttmæti þeirra refsinga sem hér eru við lýði. Reyndar var komið töluvert inn á það í því máli sem var til umræðu á undan þessu. Ég skil hugtakið samfélagsþjónustu þannig að þar sé um að ræða einhvers konar vinnu sem kemur samfélaginu til góða. Ég veit t.d. að í ríkjum eins og Bandaríkjunum hefur samfélagsþjónustu verið beitt eða menn hafa fengið leyfi til þess að sinna samfélagsþjónustu og losnað þar með undan herskyldu, þannig að þetta er með ýmsu móti í hinum ýmsu löndum. Af því tilefni langar mig til að spyrja hæstv. dómsmrh. hvað hann viti um reynslu annarra þjóða af þessu fyrirkomulagi. Hver er reynsla t.d. Norðurlandaþjóðanna? Og í öðru lagi er það eiginlega sama spurningin og hæstv. þm. Jón Helgason spurði hér áðan, þ.e.: Hvaða hugmyndir eru á ferðinni um samfélagsþjónustu? Er hugsunin að setja upp ákveðin verkefni eða eru menn fyrst og fremst að tala um að koma fólki í vinnu hjá t.d. ríkisstofnunum?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir við megintilgang þessa frv. Það er ekki óeðlilegt að upp komi ýmsar spurningar þegar rætt er um að innleiða tilraun af þessu tagi sem felur óneitanlega í sér nýjungar að því er varðar viðurlög við afbrotum. Það er til að mynda álitaefni hvaða mörk á að setja varðandi þau brot sem til greina kemur að breyta í samfélagsþjónustu. Hér hefur komið fram sú athugasemd hjá hv. 4. þm. Suðurl. að eðlilegra væri að miða við sex mánaða dóma eða skemmri í stað tíu mánaða dóma og skemmri. Vitaskuld eru spurningar af þessu tagi álitaefni sem ég tel eðlilegt að nefndin fjalli um.

Þá er spurt að því hvaða störf hér eru höfð í huga. Um það hafa ekki verið teknar ákvarðanir. Ætlunin er að Fangelsismálastofnun hafi umsjón með höndum, annist það verkefni að útvega störf sem hæfa í þessu skyni. En við það hefur verið miðað að hér væri um að ræða aðstoðarstörf af ýmsu tagi, einkanlega hjá opinberum aðilum í þeim tilvikum þar sem ekki er verið að ýta til hliðar fólki sem ráðið hefur verið til opinberra starfa eða koma í veg fyrir að fullgildir starfsmenn fái atvinnu. Það liggur í augum uppi að hér er um vandasamt verk að ræða en ég treysti hins vegar mætavel Fangelsismálastofnun og starfsmönnum hennar til að annast það verk og leiða það til lykta með farsælum hætti.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum af því að um það var spurt hver reynsla annarra þjóða hafi verið af þessu, þá benda þau gögn sem ráðuneytið hefur undir höndum til þess að almennt hafi þessi reynsla verið góð. Menn hafa litið svo á að í mörgum tilvikum hafi refsingar af þessu tagi fært brotamenn inn á nýjar brautir í sínu lífsmynstri. Það er meginniðurstaðan. Ugglaust eru undantekningar þar frá eins og gefur að skilja í málaflokki sem þessum, en meginniðurstaðan mun vera þessi.

Ég ítreka svo þakklæti mitt fyrir undirtektir þingmanna við frv. og vænti þess að hv. nefnd vinni hratt og örugglega að framgangi þess og taki til athugunar þær athugasemdir sem hér hafa komið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 60. mál (ökupróf o.fl.). — Þskj. 61.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér breytingar á umferðarlögum. En eins og hv. alþm.

er kunnugt hafa verið í deiglunni að undanförnu breytingar á ýmsum þáttum sem lúta að umsjón og framkvæmd ökuprófa og kennslu til aukinna ökuréttinda. Þetta frv. felur í sér breytingar á þessu sviði, tilflutning á umsjón þessara verkefna frá Birfreiðaprófum ríkisins til Umferðarráðs.

Aðdragandi þess máls er sá að í vor fól ég Hagsýslu ríkisins að kanna hvernig heppilegast væri að skipa þessum málaflokki til frambúðar, m.a. hvort rétt væri að tengja starfsemina eða fella undir aðra stofnun eins og til að mynda Umferðarráð. Hagsýslan vann hratt og örugglega að þessu verki og skilaði tillögum 2. júlí sl. í ítarlegri skýrslu. Þar koma fram ýmis grundvallaratriði varðandi skipan þessara mála. Þar segir m.a.:

Einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem uppfylla ákveðin skilyrði verði heimilt að starfrækja skóla til undirbúnings hvaða tegundar ökuréttinda sem er.

Þeim sem eldri eru, einkum foreldrum og öðrum forráðamönnum unglinga, verði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gefnir möguleikar á að þjálfa ökunema að lokinni undirbúningsþjálfun hjá ökukennara.

Nám ökukennaraefna verði tengt námi við Kennaraháskóla Íslands.

Landið allt verði eitt útgáfusvæði ökuréttinda og ökuskírteinaskrá verði færð í tölvuvædda landsskrá.

Kostnaður við ökunám og ökupróf verði áfram greiddur af viðkomandi einstaklingi en ekki af sameiginlegum sjóðum. Þessi regla tryggir jafna samkeppnisstöðu þeirra sem bjóða fram ökukennslu.

Enn fremur benti Hagsýslan á ýmis atriði sem athuga þarf varðandi tilhögun ökunáms og ökuprófa, endurskoðun ökuréttindaflokka og fleira af því tagi.

En sú lagabreyting sem hér er gert ráð fyrir miðar fyrst og fremst að því að gera þá stjórnskipulegu breytingu að færa þennan málaflokk til Umferðarráðs. En það hefur jafnframt í för með sér vissar breytingar á skipulagi Umferðarráðs og stjórn þess.

Þetta er einungis fyrsta skrefið í breytingum á fyrirkomulagi ökuprófa og ökukennslu í samræmi við þær tillögur sem fyrir liggja, nauðsynlegt skref til að sá aðili sem hafa á þetta með höndum geti unnið með Hagsýslu og dómsrn. að öðrum nauðsynlegum endurbótum að framkvæmd þessara mála í samræmi við þær meginniðurstöður sem fyrir liggja. Er stefnt að því að aðrar þær breytingar sem þarf að gera á umferðarlögum varðandi ökukennslu og ökupróf verði teknar með í þá heildarendurskoðun sem fram á að fara á umferðarlögunum samkvæmt sérstöku ákvæði í þeim lögum.

Auk þess sem hér er lagt til, að ökukennslan færist til Umferðarráðs, er í þessu frv. lagt til að Bifreiðaskoðun Íslands eigi aðild að ráðinu í stað Bifreiðaeftirlits og að Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga eignist þar fulltrúa.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi. Það liggur skýrt fyrir. Hér er um einfalda skipulagsbreytingu að ræða sem ég tel vera til hagræðis og geti stutt að meiri festu og betri framkvæmd á umferðarkennslu og lagt grundvöll að umbótum á því sviði eins og hugmyndir eru uppi um.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður um tvö eða fleiri dagskrármál í einu (3. mgr. 63. gr. þingskapa).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en tekið er fyrir næsta mál á dagskrá vill forseti vekja athygli á 3. mgr. 63. gr. þingskapa sem er nýmæli og hljóðar svo:

„Forseti getur heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum."

Svo er ástatt um 22. mál, Viðskiptabanka, og 23. mál, Sparisjóði, að efni þeirra er hliðstætt og hæstv. viðskrh. hefur óskað eftir því að mæla fyrir báðum málunum í einu. Það er mat forseta að það sé eðlileg ósk. Í þessu felst að umræðan um þessi tvö mál fer fram eftir hinni almennu reglu 55. gr. þingskpa um umræður um lagafrv., þ.e. að hver þingmaður hefur rétt til að tala tvisvar. Forseti mun hins vegar að umræðu lokinni láta greiða atkvæði sérstaklega um hvort málið fyrir sig. Umræðan verður því með þessu sniði ef enginn þingmaður andmælir því.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Stjfrv., 22. mál (erlendir bankar, eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 22,

og

Sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 23. mál (eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 23.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frv. um tengd efni eins og fram kom hjá virðulegum forseta. Hið fyrra er frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka, en þetta frv. er á þskj. 22. Hið síðara er frv. til laga um breytingu á lögum um sparisjóði. Það frv. er á þskj. 23.

Frv. um breytingu á viðskiptabankalögunum er flutt í tvennum tilgangi. Annars vegar til að fella ákvæði viðskiptabankalaganna að lögum nr. 34/1991, um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, með því að skilgreina í viðskiptabankalögunum útibú erlendra hlutafélagsbanka hér á landi. Hin ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er að fella eiginfjárreglur banka að alþjóðlegum reglum. Seinna frv., um sparisjóðina, er

flutt til að fella eiginfjárreglur um sparisjóði að þessum sömu alþjóðlegu reglum.

Ég vil líka vekja athygli þingmanna á því að lagt hefur verið fram í þinginu frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem einnig er fjallað um útibú erlendra hlutafélagsbanka.

Vík ég þá fyrst að ákvæðinu um útibú erlendra hlutafélagsbanka í frv. um breytingu á viðskiptabankalögum.

Á síðustu árum hafa tengsl íslensks efnahagslífs og fjármagnsmarkaðar við útlönd verið treyst með margvíslegum hætti. Þar nefni ég sérstaklega breytingar á gjaldeyrisreglunum á árinu 1990, sem eru einar þær róttækustu á því sviði síðan 1960, lögin nr. 34/1991, um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, sem Alþingi samþykkti í mars á þessu ári. Í þeim lögum er erlendum hlutafélagsbönkum sem skráðir eru erlendis og eiga þar varnarþing heimilað að hefja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskrh. frá 1. jan. 1992 að telja. Þá er í þeim lögum almenn heimild fyrir erlenda aðila til að eignast fjórðung hlutafjár í íslenskum hlutafélagsbönkum.

Með því að heimila erlendum bönkum að opna útibú hér á landi fetum við í fótspor nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum. Danir leyfðu útibú erlendra banka fyrir mörgum árum, Svíar árið 1990 og Finnar fyrr á þessu ári. Í öllum þessum ríkjum hafa erlendir bankar um árabil haft heimild til að reka starfsemi í formi dótturbanka og umboðsskrifstofa. Norðmenn hafa heimilað starfsemi erlendra dótturbanka frá árinu 1984 og rekstur umboðsskrifstofa hefur verið heimil þar enn lengur. Þeir hafa hins vegar enn ekki leyft útibú erlendra banka en með samningunum um Evrópskt efnahagssvæði munu þeir stíga sama skref og við stigum á liðnu vori. Það má líta á þetta skref sem aðlögun að reglum hins Evrópska efnahagssvæðis, en þær kveða á um að bönkum sé almennt heimilt að opna útibú í hvaða aðildarríki EES sem er. Reynsla okkar grannþjóða bendir alls ekki til þess að erlendir bankar muni gera hér strandhögg þótt þessari takmörkun á starfsemi þeirra hér á landi verði aflétt með EES-samningunum. Til þess að útibú erlendra banka geti starfað á Íslandi með eðlilegum hætti og búið við sambærilegar aðstæður og innlendir bankar er nauðsynlegt að ákvæðum viðskiptabankalaganna og reyndar einnig laga um Seðlabanka Íslands verði breytt þannig að þau taki einnig til útibúa erlendra banka.

Í 2. gr. frv. um breytingu á viðskiptabankalögum er því lagt til að lögin gildi um útibú erlendra hlutafélagsbanka eftir því sem við getur átt. Þetta er í samræmi við það meginsjónarmið að aðstaða hinna erlendu útibúa skuli í hvívetna vera hin sama og innlendra hlutafélagsbanka. Sérstaklega er tekið fram að ákvæði hlutafélagslaga gildi um útibúin rétt eins og þau gilda um hérlenda hlutafélagabanka. Í þessari grein frv. er viðskrh. jafnframt veitt heimild til að setja nánari reglur um starfsemi útibúa erlendra banka að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Í slíkum reglum verður m.a. fjallað um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfis ef rekstur brýtur í bága við settar reglur. Í viðskiptabankalögunum er kveðið á um að viðskiptabönkum sé skylt að nota í sínu firma orðið „banki" eitt sér eða samtengt öðrum orðum. Hins vegar þykir rétt að heimila að erlendur hlutafélagsbanki geti notað heitið sitt óbreytt á útibúi hérlendis þótt svo kunni að standa á að í nafni hans felist ekki orðið banki. Ákvæði þessa efnis er í 1. gr. frv. Þetta tel ég eðlilegt þar sem heiti erlends banka er víða hluti af ímynd hans, nánast eins og vörumerki.

Í 3. gr. frv. er lagt til að lögfest verði tilkynningarskylda til bankaeftirlitsins um stofnun útibúa viðskiptabanka. Þetta á við hvort sem innlendur eða erlendur banki hyggst stofna útibú hér á landi eða innlendur banki erlendis.

Virðulegi forseti. Ég vík þá máli mínu að reglum um eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða. Reglur um lágmark eigin fjár viðskiptabanka hér á landi voru í fyrsta sinn lögfestar með lögunum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sem tóku gildi í ársbyrjun 1986. Sambærileg ákvæði voru þá einnig lögfest fyrir sparisjóðina með lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem einnig tóku gildi 1. janúar 1986. Reyndar var að finna ákvæði um eigið fé sparisjóða í eldri sparisjóðalögum frá árinu 1941. Núgildandi lagaákvæði um eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða eru samhljóða. Þau eru afar einföld í framsetningu og það er auðvelt að reikna út eigið fé samkvæmt þeim. Hins vegar er þar ekki að öllu leyti tekið tillit til þess að mismunandi áhætta getur fylgt ólíkum þáttum í rekstri og efnahag þessara lánastofnana. Samkvæmt heimild í gildandi lögum voru árið 1986 settar reglur um gerð ársreikninga fyrir viðskiptabanka og sparisjóði. Samræmdar reikningsskilareglur fyrir þessar stofnanir eru afar mikilvægar vegna ákvæðis laganna um lágmark eigin fjár. Frá því að viðskiptabanka- og sparisjóðalögin tóku gildi hafa komið upp tilfelli þar sem reynt hefur á ákvæði laganna vegna þess að innlánsstofnun hefur ekki lengur getað uppfyllt eiginfjárkröfurnar eða hætta hefur verið á því talin að stofnunin gæti það ekki í náinni framtíð yrði ekki gripið til sérstakra aðgerða. Hefur verið tekið á þeim málum í samræmi við ákvæði laganna og ég vil halda því fram að þau hafi reynst vel hvað þetta varðar.

Eftir því sem starfsemi lánastofnana hefur orðið alþjóðlegri og milliríkjaviðskipti meiri hefur orðið ljósari nauðsyn þess að settar verði samræmdar reglur milli ríkja um eigið fé banka. Markmið slíkrar samræmingar er tvíþætt: Annars vegar að jafna samkeppnisstöðu banka frá hinum ýmsu ríkjum þar sem eiginfjárkröfurnar geta haft áhrif á útlánagetu og vaxtamun bankanna. Hins vegar að tryggja að viðskiptavinir geti jafnan treyst því að hið alþjóðlega bankakerfi standi á sæmilega traustum grunni. Á vegum nefndar opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum í nokkrum helstu Vesturlöndum var fyrir nokkrum árum unnið að því að samræma reglur um lágmark og útreikning eigin fjár fyrir innlánsstofnanir sem starfa á alþjóðamörkuðum. Þessi nefnd hittist reglulega í alþjóðlega greiðslubankanum í Basel í Sviss, en heiti þess banka á ensku er skammstafa BIS. Þessar reglur eru því ýmist kallaðar

BIS-reglurnar eða BASEL-reglurnar. Á alþjóðlegri ráðstefnu opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum sem haldin var í október 1988 hlutu tillögur þessar víðtækan stuðning. Þar var samþykkt að stefnt skyldi að lögfestingu þeirra eða viðurkenningu með öðrum hætti fyrir allar innlánsstofnanir fyrir árslok 1992. BIS-reglurnar hafa nú þegar verið lögfestar í allmörgum löndum og í öllum löndum sem stunda alþjóðleg bankaviðskipti svo einhverju nemur.

Evrópubandalagið hefur þegar samþykkt tilskipanir á sviði bankamála sem fela í sér sambærilegar reglur og með samningi um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið ákveðið að þær skulu einnig gilda í EFTA-ríkjunum eftir að samningurinn um EES hefur verið staðfestur. Lögfesting slíkra reglna hér á landi er því liður bæði í alþjóðlegri samræmingu og aðlögun að þeim reglum sem munu gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Reglur þessar hafa þegar verið lögfestar á öðrum Norðurlöndum, fyrst í Danmörku árið 1989 og í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð fyrr á þessu ári. Í öllum tilfellum hafa innlánsstofnanir fengið nokkurn umþóttunartíma til að uppfylla ákvæði reglnanna. Ég vík þá að meginatriðum þeirra.

Megininntak þessara tveggja frumvarpa er að breyta gildandi ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði um lágmark eigin fjár til samræmis við hin alþjóðlega viðurkenndu sjónarmið. Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða er skilgreint í þessum reglum og þeir efnahagsliðir sem mynda eigið fé eru nákvæmlega tilgreindir. Gerður er greinarmunur á því sem í þessum lagafrumvarpstillögum er kallað hreint eigið fé og blandað eigið fé og skal hið fyrrnefnda, þ.e. hreint eigið fé nema a.m.k. helmingi af samtölu beggja hluta. Ég bendi á að fram hafa komið athugasemdir við þessi heiti á hugtökunum á þessum sviðum og e.t.v. kann að vera rétt að leita annarra orða betri sem þó hafa enn ekki fundist. Til þess, sem hér er nefnt blandað eigið fé, er talið m.a. það sem kalla mætti víkjandi lán og er það nýmæli í löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði hér á landi. Með útgáfu sérstakra skuldaviðurkenninga sem uppfylla skilyrði víkjandi lána gæti viðskiptabanki eða sparisjóður aflað sér fjár til rekstrarins sem auk þess teldist til hans eigin fjár að vissu marki. Fyrir ríkisviðskiptabanka og sparisjóði sem nú eiga þess ekki kost samkvæmt gildandi lögum að afla sér aukins eigin fjár með útgáfu hlutabréfa kann sérstök fjáröflun í formi víkjandi lána að vera gagnlegur, jafnvel heppilegur valkostur til að auka eigið fé þeirra. Vegna ríkisábyrgðar á innlendum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna samkvæmt gildandi lögum er ekki um það að ræða að kröfuhafar víkjandi lána séu verr settir en aðrir kröfuhafar ríkisviðskiptabanka. Að sama skapi er ábyrgð ríkissjóðs hin sama þótt hluti eigin fjár viðskiptabanka verði víkjandi lán.

Samkvæmt reglunum, sem hér eru gerðar tillögur um, skal eigið fé, skilgreint eins og lögin kveða á um, aldrei vera lægra en sem svarar 8% af því sem skilgreint er sem áhættugrunnur. Áhættugrunnurinn er heildareignir banka eða sparisjóðs að viðbættum liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum þar að lútandi sem Seðlabankinn skal setja. Það er talið eðlilegt að hafa þann hátt á að fela Seðlabanka Íslands, sem hinum opinbera eftirlitsaðila með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, að setja ofangreindar reglur fremur en að lögfesta þær í einstökum atriðum. Starfsemi þessara stofnana, þ.e. lánastofnananna, er sífellt að breytast. Nýir efnahagsliðir kunna að verða til og það yrði þungt í vöfum að breyta lögum í hvert sinn sem slíkar breytingar verða. Þess skal getið að eigið fé banka eða sparisjóða samkvæmt núgildandi lagaákvæði skal eigi vera lægra en sem svarar til 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Ég tel rétt að leggja á það ríka áherslu að 8% hlutfallið í nýju reglunum er ekki sambærilegt í beinum tölum við núgildandi lagaákvæði. Í báðum frumvörpunum, þ.e. bæði viðskiptabankafrv. og sparisjóðafrv. er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að bankar og sparisjóðir fái aðlögunarfrest til loka ársins 1992 að uppfylla ákvæði laganna um eigið fé. Ég vil í þessu sambandi benda á að í Finnlandi fengu þeir bankar og sparisjóðir sem ekki reka starfsemi erlendis, sem ekki stunda milliríkjaviðskipti, aðlögunarfrest til ársins 1996. Aðrar lánastofnanir þurfa að uppfylla kröfurnar í árslok 1992 eins og í frumvörpum þessum er lagt til að allir bankar og sparisjóðir geri. Ég tel heppilegt að hv. efh.- og viðskn. kanni kosti þess að breyta aðlögunarfrestinum hér á landi, þó þannig að eiginfjárhlutfallið verði aldrei lægra á aðlögunartímabilinu en það var við gildistöku laganna samkvæmt skilgreiningum þeirra. Hefji banki hins vegar starfsemi erlendis á aðlögunartímabilinu yrði hann að sjálfsögu að uppfylla allar kröfurnar að fullu um leið.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að þeim áhrifum sem þessar nýju eiginfjárreglur kunna að hafa á niðurstöðutölur lánastofnana. Lausleg athugun sem gerð hefur verið á eiginfjárhlutfalli banka og sparisjóða um sl. áramót samkvæmt hinum nýju reglum sem kenndar eru við BIS sýnir að engin íslensku lánastofnananna fellur undir 8% lágmarkið. Jafnframt skal á það bent að bankar og sparisjóðir gætu samkvæmt tillögu frv. styrkt sína eiginfjárstöðu með víkjandi lánum sem þeim gefst ekki kostur samkvæmt gildandi lögum. En þetta mál þarf að athuga mjög vandlega og þess þarf að sjálfsögðu að gæta að allir bankar og útibú erlendra banka sitji við sama borð hvað starfsskilyrði varðar og þar eru þessar kröfur, eiginfjárkröfurnar, ekki síst um verðar.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessum tveimur tengdu frumvörpum verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þessi frumvörp eru flutt í framhaldi af breytingum á lögum sem síðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir á síðasta þingi og er ekkert nema gott um það að segja að hæstv. viðskrh. fylgi því máli eftir með þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu. Ég tel í sjálfu sér ekki þörf á að ræða þessi frumvörp ítarlega. Þau verða skoðuð í hv. efh.- og viðskn. En ég vildi spyrja hér um tvö atriði sem mér finnst nauðsyn-

legt að fá aðeins nánari mynd af við 1. umr.

Hið fyrra er það sem hæstv. ráðherra vék að í lokaorðum sínum, þ.e. að hve miklu leyti íslenskar lánastofnanir, viðskiptabankar eða kannski sérstaklega sparisjóðir þurfi að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum á næstu missirum til þess að geta starfað á jafnréttisgrundvelli samkvæmt þessum lögum. Það kemur fram í greinargerðinni varðandi frv. um sparisjóði að sérstök fjáröflun í formi víkjandi lána kunni að vera heppilegur valkostur til þess að auka eigið fé. Mér þætti fróðlegt að fá nánari lýsingu hæstv. ráðherra á því hvernig hann hugsar sér að það gerist.

Hitt atriðið sem mig langaði til þess að spyrja um snertir réttindi og stöðu bankaeftirlitsins á Íslandi gagnvart hinum erlendu útibúum. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra þá tengjast þessi frumvörp að nokkru leyti undirbúningi sem sumir vilja kenna við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Að vísu tel ég nú að það sé að nokkru leyti rangt vegna þess að breytingar af þessu tagi gætu átt fullan rétt á sér hvað sem hefði orðið um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Og mér finnst það nokkur misskilningur og villandi gagnvart almenningi og þinginu að túlka allar breytingar í þessa átt á þann veg að þær séu tengdar samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég tel t.d. að þessi frumvörp sem hér er verið að ræða eigi fyllilega rétt á sér jafnvel þótt ekkert hefði orðið af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Og ef þeim samningum hefði lyktað með slitum í Lúxemborg fyrir nokkrum vikum síðan hefði viðskrh. að mínum dómi engu að síður átt að flytja þessi frumvörp hér. Ég vildi árétta það sjónarmið að ég tel ekkert beint samhengi þar á milli.

En það atriði sem ég vildi spyrja um er að, ef ég fer með það rétt, að vísu er það samkvæmt minni, gert mun verða ráð fyrir því í þeim reglum um bankastarfsemi og fjármálastofnanir sem eiga að gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði að bankaeftirlit aðseturslands hafi ekki möguleika á því að hafa eftirlit með starfsemi hinna erlendu útibúa. Það sé eingöngu réttur bankaeftirlits í heimalandi aðalbankans, sem rekur útibúið, sem hafi rétt til eftirlitsstarfa. Mig langar til þess að spyrja um þetta atriði, hvort þetta sé með þessum hætti og leita eftir áliti ráðherrans á því. Mér finnst í sjálfu sér óeðlilegt að bankaeftirlitið hér á landi hafi ekki möguleika á því að hafa eftirlit með hinum erlendu útibúum á sama hátt og það hefur eftirlit með hinum íslensku samkeppnisbönkum þeirra útibúa. Það er nokkuð mikil breyting á skipan bankaeftirlits hér á landi ef þannig á að skerða möguleika íslenska bankaeftirlitsins til að hafa heildarsýn yfir íslenska bankakerfið, íslenska bankamarkaðinn. Ef ég fer rétt með þessi ákvæði, þá mundi skipan mála í kjölfar EES-samningsins vera á þá leið að enginn einn aðili hefði bankaeftirlit með hinum íslenska peningamarkaði. Skipanin yrði annars vegar á þann veg að íslenska bankaeftirlitið hefði eftirlit með íslensku viðskiptabönkunum og síðan hefðu hin og þessi bankaeftirlit heimalanda hinna erlendu útibúa eftirlit með þeim hvert fyrir sig.

Ég er ekki viss um að það sé æskileg skipan, sérstaklega með tilliti til þess hvað íslenskur peningamarkaður er almennt vanþróaður og verður það að öllum líkindum á næstu árum, hvað sem líður næstu öld, að enginn einn aðili hafi rétt til þess að framkvæma samræmt eftirlit með íslenska peningamarkaðnum á t.d. þessum áratug meðan hann er að þróast.

Ég vildi gjarnan, virðulegi forseti, fá að heyra álit ráðherrans á þessum atriðum sem ég hef hér nefnt.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í efh.- og viðskn. mun mér ásamt öðrum nefndarmönnum gefast kostur á að skoða þetta frv. mjög rækilega. Hæstv. viðskrh. nefndi að e.t.v. kynni að vera nauðsynlegt að kanna hvort breyta eigi aðlögunartímanum. Ef ég skil hann rétt á hann væntanlega við lengingu aðlögunartímans. Í ákvæði til bráðabirgða í frv. um viðskiptabankana segir: „Eigið fé viðskiptabanka skal í fyrsta sinn uppfylla ákvæði 4. gr. í árslok 1992.“ Þetta er harla stuttur aðlögunartími og mig langar til þess að spyrja hæstv. viðskrh., af því að hann nefndi þetta atriði sérstaklega, hvaða hugmyndir hann hafi í þessu sambandi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég tek undir það með hv. 8. þm. Reykn. að þessi frumvörp eiga rétt á sér alveg óháð samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði en þau tengjast engu að síður þeim veruleika sem íslenskt efnahagskerfi, íslenskt fjármálalíf, hrærist í.

Hv. 8. þm. Reykn. spurði um tvennt. Í fyrsta lagi hvort íslenskar lánastofnanir uppfylltu nú kröfurnar sem gerðar væru í þessum frumvörpum og hvort þær þyrftu grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessara lagaákvæða. Hann vék sérstaklega að því sem hér eru nefnt víkjandi lán sem hugsanleg eiginfjáröflunarleið fyrir sparisjóði og ríkisviðskiptabanka.

Í fyrsta lagi, eins og kom fram í máli mínu, uppfylltu um liðin áramót allar íslenskar innlánsstofnanir þær kröfur sem þessi lög gera líkt og þær gerðu einnig hvað varðar gildandi lög. Það er auðvitað misjafnlega rúmlega sem þær uppfylla þessar kröfur. Sú athugun sem bankaeftirlitið gerði á málinu var ekki alveg endanleg vegna þess að ýmsar skilgreiningar á ýmsum fjárskuldbindingum nýrrar gerðar sem talin voru með í þessum eiginfjárhlutföllum og áhættugrunni hafa enn ekki verið mótaðar til fulls og verða ekki fyrr en lögin hafa verið samþykkt. En ég leyfi mér að fullyrða að ekki þarf að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessarar lagasetningar eins og málin blasa nú við þótt aldrei sé hægt að útiloka að einhver einstök lánastofnun þurfi að útvega sér eigið fé, en ég vildi leyfa mér að fullyrða að það hefði hún þá hvort sem er þurft að gera.

Það sem er mikilvægt í frv. og í raun og veru hin efnislega breyting er það að bankar, sem ekki eru reknir í formi hlutafélags, eða sparisjóðir geta útvegað sér víkjandi lánsfé með útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar, sem uppfyllir þær kröfur sem skilyrði verða sett um í reglum Seðlabankans um þessi víkjandi lán, afl-

að sér fjár til rekstrarins sem auk þess teldist eigið fé að vissu marki. Þetta er ekki unnt samkvæmt gildandi lögum og eins og dæmin sanna hefur ríkið þurft að leggja ríkisviðskiptabönkum til aukið eigið fé af skattfé og ekki alltaf haft mikið erindi upp úr því erfiði. Fyrir sparisjóðina hefur eiginfjárstaðan einatt verið mikið vandamál, enda eru þeir lokuð félög samkvæmt gildandi lögum.

Ég bendi á þetta sem kost við þessa lagasetningu vegna þess að hún gefur færi á skynsamlegri þróun í okkar lánamálum. Ég vildi jafnframt vekja athygli þingheims á því að svo kynni að fara að einmitt þetta ákvæði sætti gagnrýni af hálfu hlutafélagsbankanna, að þeir teldu að samkeppnisstöðu þeirra væri „ógnað" eða öllu heldur að það sem þeir hafa nú umfram hina er að geta snúið sér til fjármagnsmarkaðarins og beðið um aukið eigið fé í formi viðbótarhlutafjár. Þetta atriði tel ég þess vegna að hv. efh.- og viðskn. þurfi að skoða sérstaklega. Það er mjög mikilvægt að allir sitji við sama borð í þessum efnum og að ekki séu opnaðar neinar leiðir til ógætilegra fjárráðstafana með þessum hætti. En ég tek það fram að það sem við höfum gert er að fylgja nákvæmlega þeirri forskrift sem hin alþjóðlega nefnd komst að niðurstöðu um og gerir tillögu um að verði gerð að sameiginlegri reglu allra þeirra sem eiga aðild að þessari samþykkt.

Ég vík þá að seinni spurningu hv. 8. þm. Reykn. um stöðu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands gagnvart útibúum erlendra banka. Samkvæmt tillögum þessa frv. sem hér liggur fyrir er það gert alveg skýrt að íslensk bankalög, íslensk hlutafélagalög og íslenskt bankaeftirlit gilda um starfsemi hinna erlendu útibúa. Það er efni frv. öðrum þræði. Hitt efnið er samræmd eiginfjárregla. Þetta getur ekki skýrara verið. Þess vegna mun hið íslenska bankaeftirlit hafa heimildir til og möguleika á að líta eftir þessum reglum.

Hitt er rétt að samkvæmt bankatilskipunum þeim sem gilda innan Evrópubandalagsins og gilda munu á hinu Evrópska efnahagssvæði gildir það sem kalla mætti heimalandsregla, þ.e. hver banki sem starfar í öðru landi en sínu heimalandi lýtur reglum og eftirliti heimalandsins en ekki athafnalands. Í þessu felst þó ekki, eins og ég skil það, að aðseturslandið hafi ekki rétt til eftirlits. Það sem er mikilvægt í reglunni og er reyndar hin stóra nýjung í Evrópska efnahagssvæðinu, er að það er ekki gerð tilraun til að samræma út í hvern starfkrók allar reglur allra landanna, heldur eiga reglur allra landanna að uppfylla ákveðinn lágmarksstaðal og svo viðurkennir hvert land gagnkvæmt reglur hinna. Í þessu felst, eins og ég lít á málið — og ég tek það fram að ég hef ekki við höndina neitt af þeim lögfræðilegu gögnum sem ég þyrfti að hafa til að fullyrða um málið, að það er heimalandsreglan sem ríkir en það er ekki heimalandseftirlitið eitt sem hefur eftirlitsrétt. Hins vegar mun samræmingin á eftirlitsreglunum smám saman gera það óþarft að gera mikinn mun á því hvort það eru hinar dönsku reglur sem gilda eða hinar hollensku ef um væri að ræða danskan banka sem starfaði í Hollandi eða hollenskan banka sem starfaði í Danmörku.

Ég vona að fram af því sem ég hef sagt gangi upplýsingar um málið sem hv. 8. þm. Reykn. spurði réttilega um. Ég lít svo á að eftir sem áður að EES-samningnum samþykktum geti íslenskt bankaeftirlit haft heildaryfirsýn yfir íslenska lánamarkaðinn eftir því sem það er kostur. Ég ætla ekki að segja um þetta fleira, enda er það mál ekki til umræðu.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði nánar um aðlögunartímann. Það er rétt að ég vék að því að það kynni að vera ástæða til þess að huga að því hvort þær lánastofnanir sem ekki starfa á alþjóðagrundvelli gætu fengið eitthvað lengri aðlögunarfrest. Ég er ekki að mæla með því fyrir fram en ég bendi á að það hefur verið gert í einu af okkar grannlöndum, Finnlandi, að gera mun á milli þeirra banka sem starfa alþjóðlega og hinna sem eru algerlega heimabankar. Vegna þess hversu fáir og smáir okkar bankar eru finnst mér ekki rík ástæða til þess að gera þarna mikinn mun, en vildi þó nefna þetta af því að ég tel að þetta atriði sé eitt af því sem nefndin ætti sérstaklega að huga að. Ég tek það fram að ég hef ekki aðra tillögu á þessu stigi máls en þá sem frv. geymir og tel nauðsynlegt að þær af okkar lánastofnunum sem starfa í milliríkjaviðskiptum fullnægi þegar í lok næsta árs þeim kröfum sem frv. gerir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem hér komu fram. Þær gefa tilefni til þess að málið verði skoðað í nefndinni. Ég held að það sé afar mikilvægt að nefndin velti því sérstaklega fyrir sér hvernig bankaeftirlitið kemur til með að breytast við gildistöku EES-samningsins. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að samkvæmt frv. er það alveg skýrt að íslenska bankaeftirlitið, bankaeftirlit Seðlabankans, hefur fullkominn rétt og möguleika til þess að hafa eftirlit með starfsemi hinna erlendu útibúa. En eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra þá var það rétt sem ég taldi mig muna að samkvæmt bankareglum sem eiga að gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði er það heimaland höfuðstöðvanna sem hefur eftirlit með útibúi hins erlenda banka á Íslandi en ekki íslenska bankaeftirlitið.

Hæstv. ráðherra taldi að íslenska bankaeftirlitið hefði líka möguleika til þess að hafa eftilit. Samkvæmt minni mínu er svo ekki en ég ætla ekki að fullyrða það hér heldur tel ég að í bankareglunum sé eingöngu um einfalt eftirlit að ræða, þ.e. eftirlit bankaeftirlitsins í heimalandi höfuðstöðvanna, en ekki um tvöfalt, bæði landsins þar sem útibúið er staðsett og heimalands aðalstöðvanna. Þetta verður hins vegar hægt að skoða í nefndinni og nauðsynlegt að gera það því ég leyni því ekki að það er í mér nokkur uggur ef þróun íslenska bankakerfisins á næstu 5–10 árum, á miklum umbrotatímum og í ljósi þess hvað það hefur lengi verið einangrað og er lítið, yrði á þann veg að enginn aðili hefði möguleika til þess að hafa heildareftirlit með þeirri starfsemi. Ég veit að þetta frv. fjallar ekki um hið Evrópska efnahagssvæði en ég held að það væri mjög gagnlegt ef efh.- og viðskn. gæti skoðað þennan þátt um leið og hún fjallar um frv. svo að

við gætum við 2. umr. málsins fjallað nokkuð um það hvaða hugmyndir við höfum um starfsemi bankaeftirlitsins á Íslandi gagnvart erlendum útibúum, t.d. hvort þörf er á því að við reynum að styrkja rétt íslenska bankaeftirlitsins gagnvart erlendum útibúum ef samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tekur gildi.

Mér þótti gott að heyra að ráðherrann er þeirrar skoðunar að það sé hægt fyrir íslenska bankaeftirlitið að hafa eftirlit með erlendu útibúunum eftir að Evrópska efnahagssvæðið verður komið á en hann var þó ekki viss um að það væri rétt. Við skulum vona að svo sé, en ef svo er ekki, eins og kom fram á nefndarfundi þar sem ráðuneytisstjóri viðskrn. mætti og gaf upplýsingar um þetta atriði, þá held ég að væri nauðsynlegt að við ræddum þann þátt séstaklega í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

26. FUNDUR

fimmtudaginn 14. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Lögverndun starfsréttinda, cin umr.

Fsp. ÓÞÞ, 74. mál. — Þskj. 75.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um lögverndun starfsréttinda. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvað líður störfum nefndar sem á að samræma löggjöf um löggildingu starfsstétta og lögverndun starfsheita þróun á vinnumarkaði á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, svo sem boðað er í svari forsrh. á þskj. 979 á 112. löggjafarþingi við fyrirspurn Friðriks Sophussonar."

Ég tel mjög brýnt að Íslendingar athugi á hvaða braut þeir eru í lögverndun starfsheita og starfsréttinda. Það þarf vissulega að vera um lögverndun að ræða undir sumum kringumstæðum. Hins vegar er spurning hvort við gætum staðið að þessu eins og við værum einir í heiminum og komið hér upp kerfi eins og verið hefur að gerast með stöðugt fleiri og fleiri stéttum sem eru komin með lögvernduð starfsréttindi. Ég tel þess vegna brýnt að sú vinna, sem hér er verið að tala um, sé framkvæmd og leita því eftir upplýsingum hjá hæstv. forsrh. um hvað líði þessu máli.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Svar við spurningu hv. 2. þm. Vestf. er svohljóðandi:

Hinn 11. júlí 1990 skipaði páv. forsrh. nefnd til þess að samræma löggjöf um löggildingu starfsstétta og lögverndun starfsheita, m.a. með tilliti til þróunar á vinnumarkaði á Norðurlöndunum og í Evrópu. Nefndin var skipuð embættismönnum úr sex ráðuneytum, Helgu Jónsdóttur úr forsrn., Berglindi Ásgeirsdóttur úr félmrn., Dögg Pálsdóttur úr heilbr.- og trn., Guðrúnu Skúladóttur úr iðnrn., Stefáni Stefánssyni úr menntmrn. og Jóhanni R. Benediktssyni úr utanrrn.

Með bréfi dags. 22. ágúst 1991 gerði nefndin forsrh. grein fyrir störfum sínum og sagði m.a.:

„Nefndin hefur aflað gagna um gildandi rétt hér á landi í öðrum aðildarríkjum EFTA og í Danmörku og jafnframt kannað hvaða meginreglum er fylgt við meðferð umsókna um löggildingu starfsréttinda og lögverndun starfsheita í stjórnsýslunni. Þá hefur nefndin upplýsingar frá öllum ráðuneytum um einstakar starfsstéttir sem undir þau heyra og yfirlit um forsendur löggildingar og lögverndar starfsréttinda stétta sem þeirra njóta. Löggilding eða lögverndun er ýmist veitt á grundvelli löggjafar um hlutaðeigandi stétt eða reglugerðar með heimild í lögum svo sem tíðkast um ýmsar heilbrigðisstéttir.

Almenna stefnan í Evrópu virðist nú vera sú að afnema lögvernd starfsheita eða veita hana ekki að svo miklu leyti sem mikilvægir almannahagsmunir, svo sem neytendavernd eða öryggissjónarmið, knýja ekki á um hana. Í þessu tilliti er nú unnið mikið samræmingarstarf til undirbúnings innri markaði Evrópubandalagsins og í viðræðum EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði. Nefndin telur að þær niðurstöður sem verða í viðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði hljóti að ráða miklu um hvernig tekist verður á við þetta viðfangsefni hér á landi. Með tilliti til þeirrar óvissu sem uppi er telur hún ekki rétt að leggja á þessu stigi mikla vinnu í undirbúning breyttrar löggjafar. Í ljósi framanritaðs leyfir nefndin sér að leggja til að hún verði leyst frá störfum en ný nefnd sett á fót þegar forsendur hins Evrópska efnahagssvæðis hafa skýrst." — Þetta var tilvitnun í bréf nefndarinnar. Á þessi sjónarmið var fallist og ofangreind nefnd er ekki lengur að störfum.

Í ljósi þess að nú liggja fyrir þær forsendur sem hið Evrópska efnahagssvæði mun byggjast á hefur ríkisstjórnin fullan hug á að á ný verði tekist á við það verkefni að samræma reglur hér því sem gerist í samstarfsríkjum okkar. Það hefur þó ekki enn verið ákveðið endanlega með hvaða hætti því viðfangsefni verður sinnt.

En vegna ummæla hv. 2. þm. Vestf. hér áðan, sem ég get út af fyrir sig tekið undir, vil ég nefna að ríkisstjórnin telur brýnt í þessu sambandi að huga ekki síst að hagsmunum neytenda. Í greinargerð sem tekin var saman á sínum tíma af dr. Þráni Eggertssyni fyrir Þjóðhagsstofnun, þar sem fjallað er um áhrif lögbundinna forréttinda, kemur m.a. fram að reglur sem veita forréttindi til atvinnurekstrar og vinnu séu í raun ígildi skatta á almenning og tilfærsla fjár frá neytendum til sérhagsmunahópa. Þetta kom fram, hygg ég, í ummælum fyrirspyrjanda og ég vil taka undir að þetta þarf mjög að hafa í huga fyrir utan þann fyrirvara sem getið var í bréfi nefndarinnar.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans og jafnframt fagna ég því að vinna fer af stað til að skoða þetta. Ég tel að æskilegt sé að það verði gert hvort heldur sem Íslendingar gerast aðilar að þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða ekki því að mér virðist, því miður, að við höfum gengið of langt í þessu efni og séum e.t.v. farnir að skapa forréttindahópa með þeim vinnubrögðum sem við höfum viðhaft.

Þjóðhagsstofnun, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 75. mál. — Þskj. 76.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um Þjóðhagsstofnun. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Er lokið endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar og mati á því hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar samkvæmt ályktun Alþingis frá 18. mars 1987?"

Ég er sannfærður um að miðað við þann mikla fjölda hagdeilda, sem starfandi eru hjá ýmsum aðilum á Íslandi í dag þó vafalaust sé hún öflugust hjá Seðlabanka Íslands, er það ekki neinum vafa undirorpið að hér á sér stað mikill tvíverknaður svo ekki sé meira sagt. Það er verið að verja fjármunum til að fara yfir hluti sem margbúið er að fara yfir annars staðar. Í dag hefur fjmrn. sérstaka deild hjá sér sem fæst við það verkefni að reikna út tekjur íslenska ríkisins og skattatekjurnar og jafnframt að meta sín útgjöld. Þetta hefur verið í ýmsu formi gegnum tíðina. Það má segja sem svo að ráðuneytið hefur viljað færa meira af upplýsingastarfi sínu inn í ráðuneytið. Við höfum hagdeildir hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og ASÍ. Byggðastofnun hefur verið með álitsgerðir á þessu sviði og eftir að hafa fylgst með vinnubrögðum Þjóðhagsstofnunar alllengi hefur mér ekki fundist að hennar spár væru marktækari en hinar nema síður sé. Kannski hefur hún legið undir meiri þrýstingi frá stjórnvöldum um að koma með eitthvað sem menn vildu heyra, ekki það sem menn þurftu að heyra.

Ég tel það mikið alvörumál ef í alvöru er verið að tala um sparnað í þessu þjóðfélagi að menn hafi þá þrek til þess að skera á þar sem um mikinn tvíverknað er að ræða. Þegar þessi þáltill. var flutt á sínum tíma af hv. 4. þm. Reykv. þótti hún um margt framúrstefnuleg. Sumir voru orðnir svo fastir í stofnanatrúnni að það var eins og þeir teldu að himinn og jörð mundi hrynja ef hróflað væri við einhverju, en ég vona að mönnum sé það ljóst í dag að slíkt gerist ekki þó Þjóðhagsstofnun sé lögð niður.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. hv. 2. þm. Vestf. er því til að svara að á vegum forsrn. er nú unnið að endurskoðun og úttekt á starfsemi og skipulagi Þjóðhagsstofnunar. Ályktun Alþingis frá 18. mars 1987, um endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar, var send til álits og umsagnar Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar og hafa forstöðumenn þessara stofnana kynnt ráðuneytinu sín viðhorf. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ákveðnir þættir, sem stofnunin sinnir nú, muni í framtíðinni heyra undir Hagstofu Íslands í þeim tilfellum sem um er að ræða hefðbundin hagstofuverkefni, svo sem hagsýslugerð. Önnur verkefni, svo sem spár og efnahagsráðgjöf verði hins vegar áfram unnin af Þjóðhagsstofnun. Hins vegar er gert ráð fyrir að hún starfi í nánari tengslum við forsrn. heldur en verið hefur. Í því skyni að þetta náist fram er gert ráð fyrir að starf sérstaks efnahagsráðunautar forsrh. verði lagt niður. Ég tel að forsenda þess að forsrn. geti með góðum hætti sinnt hlutverki sínu sem eiginlegt efnahagsráðuneyti sé afskaplega veik og ég tel að breyting af þessu tagi gæti styrkt ráðuneytið til þess að sinna því hlutverki, sem æ mikilvægara er að það geti, að starfa sem raunverulegt efnahagsráðuneyti.

Vegna fsp. vil ég, með leyfi forseta, kynna niðurlag úr umsögn hagstofustjóra þar sem segir:

„Að lokum skal því slegið föstu að það skipulag verði seint fundið sem sameini alla kosti og útiloki galla og geti að auki staðið óhaggað um langa hríð. Á hinn bóginn er það álit undirritaðs að fenginni nokkurri reynslu á þessu sviði að full ástæða hafi verið um nokkurt skeið að endurskipuleggja starfsemi og verkaskiptingu efnahags- og hagsýslustofnana. Þessi endurskipulagning ætti þá m.a. að felast í eftirfarandi verkefnum:

1. Hagsýslugerð verði safnað á færri hendur en nú er í því skyni að auka afköst og samræmingu og draga úr hættu á tvíverknaði og hagsmunaafskiptum.

2. Spár um framvinduhorfur. Gerður verði gleggri greinarmunur en nú er á skýrslugerð um liðna og líðandi stund annars vegar og mati á horfum og spám á framvindu hins vegar. Jafnframt verði komið á fót tiltölulega sjálfstæðri spástofnun sem verði sem mest óháð stjórnvöldum á hverjum tíma.

3. Efnahagsráðgjöf. Nauðsynlegt er að styrkja slíka starfsemi innan Stjórnarráðsins og í því sambandi að marka með ákveðnari hætti en nú er skiptingu ábyrgðar og verkefna á milli ráðuneyta.

Tæpitungulaust má orða þessa niðurstöðu svo að ég telji skynsamlegt að gerð þjóðhagsreikninga og atvinnuvegaskýrslna verði færð úr Þjóðhagsstofnun til Hagstofu Íslands. Um leið verði Þjóðhagsstofnun gerð að sjálfstæðri spástofnun og ráðgjafarhlutverk hennar fært inn í Stjórnarráðið."

Eins og menn heyra af þessu eru hugmyndir, sem eru í gangi í forsrn. núna, að verulegu leyti, þó ekki öllu, í samræmi við þetta álit hagstofustjóra.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Ég vil fagna orðum hæstv. forsrh. um að þessi mál séu nú í sérstakri athugun. Mikilvægast af öllu er að þeirri athugun megi ljúka sem fyrst vegna þess að hér er um mjög brýnt mál að ræða. Það er rétt,

sem hv. 2. þm. Vestf. sagði, að um mikinn tvíverknað er að ræða í þessu sambandi. Mér hefur verið sagt að það kunni að vera um 250 einstaklingar í því að reikna út hagvöxtinn í Reykjavík. Þetta er náttúrlega mikill fjöldi starfsmanna og ég vil einnig koma þeirri ábendingu á framfæri við hæstv. forsrh. hvort ekki mætti koma einhverjum af þessum stofnunum, sem hið opinbera rekur á sviði efnahagsmála, út á land. Ég held einmitt að tæknin og allar þær framfarir, sem orðið hafa á þeim sviðum á undanförnum árum, geri einmitt slíkum stofnunum kleift að vera annars staðar en í Reykjavík. Hér er um enn eitt dæmið að ræða þar sem ríkiskerfið, hið opinbera stofnanakerfi, hefur þanist út í Reykjavík án þess að neinn ákveðinn aukinn árangur sjáist í störfum þessara stofnana.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv forsrh. fyrir svar hans. Það er margt sem mælir með því að að styrkja beri forsrn. sem efnahagsráðuneyti og eðlilegt að sú vinna fari þá fram innan forsrn. en að upplýsingagjafarnir, sem hafa verið að spá til þessa og hafa spáð betur að mínu viti oft og tíðum heldur en Þjóðhagsstofnun, verði notaðir sem aðilarnir sem metnir verði ekki síður og tekið mark á heldur en það sem kemur frá Þjóðhagsstofnun í þessum efnum.

Einnig tek ég undir að mjög eðlilegt er að staðreyndasöfnun í þjóðfélaginu, sem er allt annars eðlis heldur en spástefna, verði sem mest hjá Hagstofu Íslands. En ég undirstrika að ef menn treysta sér ekki til þess að spara þar sem tvíverknaðurinn er mestur er náttúrlega tómt mál að tala um það að þjóðin geti litið á það sem raunhæfan hlut að spara þar sem allir sjá að eru þó ærin verkefni að vinna. Það getur verið að það séu ærin verkefni að vinna þó að við höfum ekki efni á því að sinna þeim öllum sem skyldi, það vitum við. En það er um hreina sóun að ræða að hafa þann tvíverknað sem verið hefur á þessu sviði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessara síðustu ummæla hv. þm. vil ég taka fram að ef þessar hugmyndir ganga eftir, sem ég var að lýsa, er gert ráð fyrir því að allnokkur stöðugildi muni sparast.

Bætt atvinnuástand á Suðurnesjum, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 86. mál. — Þskj. 89.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 89 fsp. til hæstv. forsrh. um aðgerðir sem bætt geta atvinnuástand á Suðurnesjum. Ég vil gera þá grein fyrir fsp. að á yfirstandandi ári hefur orðið umtalsverð breyting til hins verra í atvinnuástandi á Suðurnesjum. Á undanförnum árum hefur mátt greina aðdraganda þess sem orðið er því að hvergi annars staðar á landinu hefur orðið viðlíka samdráttur í sjávarútvegi sem á Suðurnesjum. Þaðan hafa fiskveiðiheimildir farið til annarra landshluta með skipasölum allt frá því að horfið var að því ráði að beita takmörkunum í sókn og síðar aflaheimildum til að stemma stigu við fiskveiðum okkar snemma á síðasta áratug.

Hin síðari ár hafa þau fiskvinnslufyrirtæki Suðurnesjamanna sem ekki eiga umtalsverðar aflaheimildir mjög aukið þann afla sem kemur til vinnslu á Suðurnesjum með stórfelldum kaupum á ferskum fiski á uppboðsmörkuðum. Það að fiskmarkaður Suðurnesja hefur náð þeirra lengst hefur án vafa átt mikinn þátt í því hve vel hefur tekist að kaupa hráefni í stað þeirra aflaheimilda sem fluttar hafa verið frá Suðurnesjum. Starfsemi hans og þessara fyrirtækja, fiskkaupenda á uppboðsmörkuðum, hefur verið ánægjuleg fyrir allt það fólk á Suðurnesjum sem á atvinnu sína og afkomu undir fiskvinnslunni. Einkum þegar útflutningur óunnins afla hefur verið hvað mestur og á stundum á undanförnum árum meiri en kemur til sölu innan lands.

Samdráttur í aflaheimildum á nýbyrjuðu fiskveiðiári bitnar á öllum þeim sem stunda veiðar og vinnslu. Harðast bitnar hann á þeim sem virðast á stundum vera afgangsstærð að lokinni úthlutun heimilda til veiða og síðan heimilda til útflutnings óunnins afla án þess að hann bjóðist til sölu hér heima. Sú afgangsstærð eru fyrirtæki og starfsmenn fiskkaupenda á okkar eigin uppboðsmörkuðum.

En fleiri alvarleg samdráttarmerki koma nú fram á vinnumarkaði Suðurnesja. Varnarliðið og framkvæmdaverktakar þess hafa nú svo áratugum nemur fengið allt það vinnuafl sem þeir þarfnast í krafti yfirburða yfir ótrygga afkomu við fiskveiðar og vinnslu eða þjónustu við þær greinar, sem er helsti keppinautur þeirra um vinnuafl á Suðurnesjum.

Allt frá 1974 og fram á síðustu ár hafa umsvif varnarliðsins í framkvæmdum, rekstri og þjónustu allri þarfnast u.þ.b. 2.000 íslenskra starfsmanna. Þar af u.þ.b. 1.100 hjá varnarliðinu sjálfu. Hinir hæst launuðu starfsmenn varnarliðsins og Íslenskra aðalverktaka búa að vísu utan Suðurnesja. Í rúm tvö ár samfellt hefur varnarliðið ekki ráðið í stað þeirra sem hætta nema finnist starfsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins. Nú síðast var brugðið á uppsagnir og fleiri uppsagnir eru í vændum. Þannig hefur varnarliðið nú fækkað Íslendingum um nær 140 en Bandaríkjamönnum um nær 40 í þjónustu sinni. Þegar innt hefur verið eftir upplýsingum um fyrirætlanir þessa geigvænlega risa á fábreyttum vinnumarkaði Suðurnesja hefur orðið fátt um svör en í þess stað flutt gamalkunnug orð um að varnarstöðin skuli eftir sem áður gegna jafnmikilvægu hlutverki ef ekki brýnna en fyrr. Risinn er augljóslega að draga saman en hversu hratt og hversu langt ætlar hann að ganga?

Heimamenn hafa sjálfir haft uppi nokkra tilburði en eftir að helsta verkefnið í þessum málum, væntanlegt álver á Keilisnesi, verður augljóslega ekki að sinni, spyrjum við: Hvers má vænta í afstöðu ríkisstjórnar og gjörðum? Megum við vænta þess að tillögur um hækkun gjalda af umferð um Leifsstöð nái fram að ganga og haldi þannig áfram að fæla viðskipti frá þessu at-

vinnusvæði? Megum við vænta þess að fríiðnaðarsvæðið verði loks að alvöru? Megum við vænta þess að Byggðastofnun eða aðrir aðilar á vegum ríkisstjórnar styðji atvinnuþróunarverkefni heimamanna?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Reykn., hefur atvinnuástand á Suðurnesjum verið erfitt undanfarin ár og farið nokkuð versnandi. Því miður eru ýmis teikn á lofti um að enn sé þar ekki endilega botni náð og atvinnuástand kunni að versna enn áður en það taki að lagast á nýjan leik. Ástæður þess eru auðvitað margvíslegar. Þau mistök, sem gerð hafa verið í hagstjórn á undanförnum árum og hafa komið fram á síðustu mánuðum og missirum í afkomu atvinnulífsins almennt, hafa auðvitað bitnað á Suðurnesjum eins og öðrum landshlutum. Svo og ytri aðstæður eins og minnkandi afli og minnkandi hlutdeild Suðurnesja í útgerð og fiskvinnslu.

En eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda hefur orðið samdráttur í störfum á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og því miður eru þær upplýsingar sem okkur berast þess eðlis að búast má við frekari samdrætti að þessu leyti á næstu árum. Ég tel áríðandi að forsvarsmenn varnarliðsins geri sér grein fyrir því að atvinnulíf á Suðurnesjum þarf ákveðinn aðlögunartíma og ábyrgð varnarliðsins sem vinnuveitenda er mikil í því sambandi. Svo eru síðustu fréttir um atburði norðar í kjördæminu, utan hinna eiginlegu Suðurnesja, um að þar séu fyrirtæki líka að fara um koll, eins og stálbræðsla. Allar slíkar fréttir eru neikvæðar fyrir svæðið í heild.

Menn bundu töluverðar vonir við það að framkvæmdir vegna fyrirhugaðs álvers, sem nú hefur verið seinkað, mundu bæta þarna töluvert úr, en í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að álversframkvæmdir hefðu litlu breytt fyrir Suðurnes fyrr en í fyrsta lagi árið 1993 þó framkvæmdir hefðu ekki dregist.

Það er rétt að gera sér grein fyrir því að mikilvægast er fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum eins og annars staðar að ríkisvaldið skapi almenn skilyrði þess að atvinnulífið fái að njóta sín á ný. Forráðamenn atvinnulífsins leggja megináherslu á að ríkissjóður dragi úr lánsfjáreftirspurn þannig að svigrúm atvinnulífsins aukist og vaxtalækkun megi verða. Raunvaxtastig, sem mikil lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs ekki síst innan lands heldur uppi, þrengir enn að atvinnulífinu. Ríkisstjórnin hefur með tillögum sínum í haust gengið til móts við þessi sjónarmið og hyggst draga úr þessari lánsfjáreftirspurn um þriðjung á næsta ári.

Hvað einstök og sértæk atriði varðar er ljóst að menn hafa beint sjónum sínum að undanförnu að möguleikum í tengslum við Keflavíkurflugvöll, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, og menn hafa litið til fríhafnarsvæða. Það var rætt á Alþingi fyrir tveimur eða þremur dögum af hæstv. iðnrh. hvað verið er að gera í því sambandi og ég tel ekki efni til að endurtaka það hér og nú og reyndar ekki enn þá fyrirséð hvort þær tilraunir sem þar eru nú gerðar muni bera árangur.

Eins hefur verið vitnað til stórbygginga á vegum Flugleiða sem eiga að skapa nokkra atvinnu í framtíðinni ef allt gengur eftir sem stofnað er til. Ég vek líka athygli á því að menn hafa rætt um það að þegar eðli og hlutverki varnarliðs á Keflavíkurflugvelli breytist sé eðlilegt að Íslendingar taki þar við störfum í vaxandi mæli umfram það sem verið hefur. Það ætti að geta verið jákvætt í þessu sambandi. Ég tel eðlilegt nú við þessar aðstæður, eftir að fyrir liggur að áform um byggingu álvers muni dragast jafnvel verulega, að ríkisvaldið og sveitarfélögin á svæðinu og forráðamenn á vinnumarkaði, jafnt launþega sem vinnuveitenda, komi saman til fundar og beri saman sínar bækur um hvað helst sé vænlegt að gera til að bæta stöðu svæðisins í atvinnumálum.

Ég hef átt óformlegar viðræður við ýmsa forustumenn á svæðinu og því fer fjarri að algert vonleysi hafi gripið um sig á Suðurnesjum. Mér er tjáð að um þessar mundir sé nýtt fiskréttafyrirtæki að taka til starfa, fyrirtæki í fiskvinnslu sem hafi flutt burtu sé nú að flytja til baka og menn séu að stofna til fyrirtækja. Þetta eru jákvæðar fréttir í þessu svartnætti og gott að finna það og skynja að íbúar á Suðurnesjum ætli ekki að láta deigan síga og séu ekki að fyllast neinum bölmóði. Það er mjög áríðandi að fólkið sjálft hafi sem mest frumkvæði að nýrri starfsemi þó auðvitað sé eðlilegt að ríkisvaldið eða hið opinbera, jafnt Byggðastofnun sem aðrir aðilar, standi við bakið á fólki og fyrirtækjum við þessar aðstæður.

Ég vil ítreka að það mun verða stofnað til fundahalda með forráðamönnum hagsmunaaðila á svæðinu á allra næstu dögum til að fara yfir þá stöðu sem nú er uppi eftir að ljóst er að álversframkvæmdum mun seinka.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég legg á það mikla áherslu að atvinnuástand Suðurnesjum er mjög alvarlegt. Hins vegar hefur enginn misst vinnuna vegna nýs álvers. Fjöldi manns hefur misst vinnuna vegna þess að skip og bátar hafa siglt í burtu og varnarliðið hefur ekki ráðið til sín nýtt fólk. Þar hafa starfað um 200 manns. Ég legg hins vegar á það áherslu að Suðurnesjamenn vilja engir gustukamenn vera. Það hlýtur að vera sameiginleg ákvörðun innan Atlantshafsbandalagsins hvort varnarliðið eigi að vera eða fara. Það er fullyrt að það eigi að vera hér og ef starfsemi á að vera óbreytt þá verður starfsfólk að vera í þeim mæli að hægt sé að reka þessa varnarstöð. Það er kjaramál að íslensku starfsfólki sé ekki ofboðið með miklu vinnuálagi. Ég tel hins vegar að það séu miklir möguleikar og björt framtíð fram undan á Suðurnesjum ef rétt og skynsamlega er á haldið.

Það er fullyrt í viðtali við Jóhann Antonsson í Degi um helgina að hinir nýju Evrópusamningar muni gera það að verkum að það verði alger umbylting í sjávarútvegi og að sú umbylting sé á við tvö álver og álver þarf að byggja líka, segir hann. Suðurnesjamenn munu taka sinn þátt í nýsköpun í fiskiðnaði og aðstæður eru þar hvað bestar með tilliti til samgangna.

Tíminn gerir það að verkum að lengra get ég ekki haldið en ég legg áherslu á að þrátt fyrir vonbrigðin í sambandi við álver er ástæða til að herða róðurinn, gefast ekki upp, taka á þessum málum af fullum þunga og byggja upp nýja bjartsýni, nýjan tíma með nýrri Evrópu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegur forseti. Í örstuttri athugasemd verða ekki rædd málefni atvinnulífs Suðurnesja. En ég vil enn einu sinni koma á framfæri einni athugasemd varðandi þá atvinnumöguleika sem fylgja Keflavíkurflugvelli, þ.e. flugi til og frá landinu. Það gengur ekki að leyfa Flugleiðum að hafa þennan völl sem leikfangaland með allt of háum töxtum í útflutningi á frakt frá landinu og koma í veg fyrir það með fáránlegri gjaldskrá að hægt sé að ná niður flutningavélum sem fljúga á milli Evrópu og Ameríku og eru reiðubúnar að millilenda hér og taka frakt niður í 10 tonn ef menn manna sig upp í að koma gjaldskrárkerfinu í eðlilegt stand. Það þarf kjark til að vera þingmaður Reyknesinga og láta ógert að taka á þessu máli. Þarna eru meiri möguleikar en margan grunar.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þau svör sem hann veitti mér við fsp. og athugasemdum þeirra sem til máls hafa tekið. Varðandi þá síðustu vil ég segja að ég get á engan hátt svarað fyrir þá sem hér hafa starfað í umboði Suðurnesjamanna eða Reykjaneskjördæmis til þessa. En ég vænti þess að við tökum á þessu hér eftir en fsp. mín kom m.a. inn á það.

Mér þykir gott að heyra að ríkisstjórnin hyggur á almennar aðgerðir og ætlar að draga úr ásókn ríkisvaldsins í það fjármagn sem atvinnulífið gæti annars hagnýtt sér til uppbyggingar, til tæknivæðingar og til að veita ný atvinnutækifæri með vaxandi umsvifum þess.

Mér þykir líka gott að heyra að ætlunin sé að eiga við heimamenn beinar viðræður um það sem unnt verði að taka til bragðs. En ég skal líka segja það hér að okkur þykir mjög vænlegt að sjá vaxandi umsvif Flugleiða og annarra aðila í ferðaþjónustu á Suðurnesjum hin síðustu ár, vitandi að þar eru uppi aðgerðir til aukningar. Þar eru veruleg tækifæri í framtíðinni sem og annars staðar á landinu.

Ég vænti þess að aðgerðir ríkisstjórnarinnar verði þess eðlis að við sjáum í framtíðinni þarna sem annars staðar rísa ný fyrirtæki, nýja aðstöðu til nýrrar starfsemi. Ég vænti þess líka að við sjáum í framtíðinni nýjar leikreglur á vinnumarkaði og í atvinnulífi yfirleitt með auknu frelsi. Fjölmargir hér á landi hafa bent okkur á að ef auknu frelsi hefði verið komið á fyrr værum við betur stæð í dag. Ég ætla ekki að rekja orð annarra þar um. Þau eru nægilega mörg til og mörg svo vel rökstudd að við hefðum greinilega átt að hegða okkur á annan hátt.

Varðandi varnarliðið verð ég þó að segja að ég vænti þess fastlega að við fáum upplýsingar um fyrirætlanir þess í stað óvissunnar. Ég vænti þess fastlega að okkur verði grein fyrir hvað verður og hver muni ætlun þess um verkaskipti íslenskra og bandarískra starfsmanna og að það viðhafi hægan samdrátt. Það er ástæða til að ætlast til alls þessa vegna þess hversu gífurlega stórt varnarliðið er á frekar litlum og fábreyttum vinnumarkaði okkar.

Ég nefni það í lokin hvort hugað verður að því í því fyrirtæki sem ríkið á meiri hlutann í, Íslenskum aðalverktökum, að það hasli sér frekar völl á alþjóðlegum verktakamarkaði í stað þess að flytja starfsemi sína á innlendan verktakamarkað sem nú er greinilega í nokkrum samdrætti og sér fram á verkefnaskort.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 87. mál. — Þskj. 90.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 90 svofellda fsp. til hæstv. sjútvrh. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins: „Hvað líður undirbúningi að því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verði lagður niður, innborgað fé greitt þeim fyrirtækjum sem það greiddu, en fiskvinnslufyrirtækjum heimilað að stofna eigin sjóði eða viðhafa aðrar aðgerðir til að mæta verðsveiflum?“

Ég vil gera þá grein fyrir fsp. minni að frá stofnun núverandi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, með lögum nr. 39/1990, hefur frjáls verðmyndun á ferskum fiski sem seldur er innan lands vaxið hröðum skrefum. Þetta hefur gerst með frjálsri sölu og kaupum á innlendum uppboðsmörkuðum sem hafa vaxið og dafnað á þessu tímabili, unnið sér traust seljenda og kaupenda og náð öruggri fótfestu. Samfelldur vöxtur markaðanna sem nú eru starfandi og fjölgun þeirra að undanförnu ber gott vitni um að svo er. Nú er svo komið að hæstv. sjútvrh. hefur á hinu háa Alþingi nýlega mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, þar sem lagt er til að verð skuli ráðast í frjálsum samningum kaupenda og seljenda ellegar með sölu á frjálsum uppboðsmarkaði.

Frjáls verðmyndun er þegar orðin á afurðum, til komin með samkeppni sölusamtaka og annarra frjálsra útflytjenda og raunar við útflytjendur annarra fiskvinnsluþjóða. Er því í raun komin fram frjáls verðmyndun bæði á hráefni og afurðum fiskvinnslunnar. Hún verður til þess að allar sveiflur á afurðaverði koma jafnharðan fram í því hráefnisverði sem framleiðendur eru tilbúnir til að greiða. Samkeppni um hráefnið verður aftur til þess að hver kaupandi greiðir á hverjum tíma allt það verð sem hann treystir sér til. Af þessari ástæðu virðist ekki lengur þörf á að knýja fram skyldusparnað og hafa þannig ríkisforsjá um Verðjöfnunarsjóð sem eingöngu tekur tillit til sérstaklega útreiknaðs meðalverðs á fyrir fram ákveðnum afurðamörkuðum en nær ekki til raunverðs fyrir hráefni eða

afurðir. Virðist slíkur Verðjöfnunarsjóður til trafala í viðskiptum við frjálsa verðmyndun bæði á hráefni og afurðum.

Í þeim tilvikum að fiskvinnslu- og útflutningsfyrirtæki komi til gjaldþrotaskipta eða hætti starfsemi af öðrum ástæðum falla innborganir þeirra til sjóðsins og að endingu til annarra fyrirtækja í greininni. Eigendur, starfsmenn þess fyrirtækis sem í þessu hefur lent, lánardrottnar þess og aðrir kröfuhafar, sem hafa veitt því lánsfé og greiðslufresti á viðskiptaskuldum vegna aðfanga og þjónustu, allir þeir sem gerðu mögulega framleiðslu þessa fyrirtækis sem greiddi í sjóðinn hafa þá tapað þessum fjármunum. Þá er rétt að benda á, sem er raunar ljósara en frá þurfi að segja, þá slæmu stöðu sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir og ríkisstjórn hefur nýlega fjallað um.

Nú hef ég gert grein fyrir nokkrum efnisatriðum sem mæla gegn skyldusparnaði af því tagi sem ég hef gert að umtalsefni og af þeim ástæðum spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvað líður undirbúningi þess að leggja af Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og þessi fsp. er borin fram mætti ætla að ákvörðun hefði verið tekin um að leggja Verðjöfnunarsjóðinn niður og greiða innstæðu hans út til þeirra sem í hann hafa greitt. Þetta er á misskilningi byggt. Engin slík ákvörðun hefur verið tekin. Verðjöfnunarsjóður hefur verið umdeildur um margt og vel má hugsa sér þegar til lengri tíma er litið að verðjöfnun í þessari atvinnugrein verði komið fyrir með öðrum hætti.

Hins vegar er óumdeilt að sjóðurinn hefur upp á síðkastið, og gerir enn, gegnt veigamiklu hlutverki við að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Honum er ætlað að jafna verðsveiflur og koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á gengi og stuðla þannig að betra jafnvægi í verðlagsmálum innan lands. Það er megintilgangur sjóðsins. Hann er hins vegar ekki afkomujöfnunarsjóður. Hætt er við, ef nú væri tekin ákvörðun um að greiða út úr sjóðnum án þess að tilefni væri til vegna breytinga á erlendum mörkuðum, að aðrar atvinnugreinar mundu líta á það sem eins konar fölsun á gengi krónunnar.

Við skulum einnig hafa í huga, ekki síst vegna þess sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að að væru helstu rök fyrir því að leggja sjóðinn niður, þ.e. að verðmyndun væri u.þ.b. að verða frjáls, að það er vissulega svo að sú mikla breyting sem nú á sér stað, bæði með þróun í þá veru að verðmyndun innan lands er að verða frjálsari og flutningur fjármagns á milli landa, hefur áhrif í þá veru að sjóður af þessu tagi kann þegar fram líða stundir að hafa minna vægi og minna gildi en hann hefur í dag og þannig kann að koma til breytinga þar á. Fyrir nokkrum dögum ræddum við það einmitt í þinginu að það yrði að hyggja vel að því að eðlilegt jafnvægi væri innan sjávarútvegsins á milli kaupenda og seljenda. Ég hef vissar efasemdir um að eðlilegt jafnvægi ríki þar á milli eins og sakir standa. Það hefur m.a. komið fram í því að fiskverð hefur hækkað mun meira á undanförnum mánuðum en almennt verðlag í landinu. Óumdeilt er að Verðjöfnunarsjóðurinn hefur þó komið í veg fyrir að jafnvægi raskaðist meira þarna á milli en hefði getað orðið. Þess vegna væri mjög varasamt að taka skyndiákvarðanir í þessu efni.

En ríkisstjórnin ákvað að taka þennan sjóð til endurskoðunar og í haust skipaði ég þess vegna sérstaka nefnd til þess að annast þá endurskoðun og í erindisbréfi nefndarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutverk nefndarinnar er að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Þá er nefndinni falið að taka afstöðu til hvort ná megi þeim markmiðum eftir öðrum leiðum. Nefndinni er í störfum sínum ætlað að leita samráðs við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og meta þær tillögur sem af þeirra hálfu hafa verið settar fram varðandi sjóðinn."

Formaður þessarar nefndar er Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, en aðrir nefndarmenn eru Björn Björnsson bankastjóri, Hallgrímur Þorsteinsson, löggiltur endurskoðandi, Ólafur Ísleifsson hagfræðingur og Þorvarður Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi.

Þess má svo geta sérstaklega að nú er verið að kanna hvort unnt er að stöðva inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn. Við búum nú við þær sérstöku aðstæður að verð er hátt á erlendum mörkuðum og þess vegna samkvæmt ákvæðum laganna tilefni til inngreiðslu. Á hinn bóginn höfum við orðið fyrir mjög verulegu áfalli með því að veiðar hafa verið takmarkaðar og afkoma sjávarútvegsins af þeim sökum versnað mjög. Fyrir þá sök er alveg nauðsynlegt að líta á það hvort unnt er að stöðva inngreiðslur í sjóðinn við núverandi aðstæður. Á það hef ég lagt mikla áherslu og nú er verið að kanna það og ég vænti að niðurstaða í því efni liggi fyrir áður en kemur til næstu ákvörðunar um inngreiðslu eða ekki.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það sem hann sagði í lok síns máls, um að verið væri að skoða það í fullri alvöru að hætta inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóðinn. Það var einmitt uppistaðan í máli mínu og ég lagði þunga áherslu á að svo yrði gert vegna þess hversu alvarlegt ástandið er í þessari atvinnugrein. Ég þakka það og treysti reyndar hæstv. sjútvrh. til þess að sjá svo um að fulltrúar ríkisins í stjórn Verðjöfnunarsjóðs verði við óskum hagsmunaðila þar um, vegna þess að þeir hafa margsinnis lagt það til að inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóð verði hætt.

Ástæða þess að ég fór hingað upp var sú að fá hæstv. sjútvrh. til að endurtaka hverjir það eru sem sitja í endurskoðunarnefndinni um Verðjöfnunarsjóðinn. Ég trúi því ekki að ég hafi heyrt rétt að enginn úr atvinnugreininni sjálfri sitji þar, hins vegar séu þetta allt menn, vissulega hálærðir, frá Háskóla Íslands.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör hans við fsp. Ég veitti því athygli að meðal þeirra manna sem hann nefndi, sem starfa að endurskoðun á starfsemi

þessa sjóðs, eru menn sem starfa bæði á vegum fyrirtækja og samtaka í greinum sjávarútvegsins. Ég hygg því að þekking þeirra manna sem þar starfa og reynsla þeirra af starfsemi sjóðsins komist á framfæri.

Hins vegar vil ég segja það að orð sjútvrh. um hlutverk þessa sjóðs fyrir þjóðarbúið skil ég með aðeins öðrum hætti og bendi á að slíkir verðjöfnunarsjóðir eru ekki starfandi í öðrum útflutningsgreinum. Það eru ein af rökum mínum fyrir því að spyrja hvaða ástæður séu fyrir því að hafa slíkan skyldusparnað á einni af greinum okkar, að vísu þá veigamestu í útflutningi, fremur en öðrum greinum. Að öðru leyti fagna ég því að heyra að núna eigi að endurskoða reglur um þennan sjóð og vissulega er núna tekið undir ályktanir hagsmunaaðila um að stöðva inngreiðslur að sinni.

Ég vil líka benda á að kjör sjávarútvegsins í dag, framleiðenda sérstaklega, eru þannig að hann stendur í blóðugri samkeppni við aðila sem njóta ríkisstyrkja eða niðurgreiðslna, þ.e. keppinautana í Evrópu. Hann starfar við skilyrði sem eru erfið vegna þess að allt frá haustinu 1988 hefur ekki verið gerð viðunandi lagfæring á rekstrarskilyrðum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 4. þm. Norðurl. v. vil ég taka það fram að nefnd sú, sem skipuð var til þess að fara yfir hlutverk Verðjöfnunarsjóðsins, gera þar um tillögur og meta tillögur hagsmunasamtakanna, var skipuð í fullu samráði við samtök bæði útvegsmanna og fiskvinnslu í landinu. Ég tel að þarna séu menn sem hafa mikla þekkingu á störfum sjávarútvegsins. Tveir þeirra vinna beinlínis fyrir fyrirtæki og samtök í sjávarútveginum, aðrir hafa mikla þekkingu af störfum sínum í þessum efnum um leið og þeir hafa yfirgripsmikla þekkingu á íslenskum þjóðarbúskap. Ég treysti því þessum mönnum og það gera einnig forustumenn í atvinnugreininni.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það aftur að vitaskuld eru ýmis álitaefni varðandi Verðjöfnunarsjóð og hvort starfrækja eigi verðjöfnunarsjóði af þessu tagi. Ýmsir hafa á það bent, og ég hef oft tekið undir hugmyndir af því tagi, að eðlilegra væri að fyrirtækjunum yrði með heimildum í skattalögum opnaður sá möguleiki að koma upp eigin verðjöfnunarsjóðum og þau störfuðu þá á eigin ábyrgð. Hvert fyrirtæki um sig tæki ábyrgð á því hvort það legði til fjármuni á góðum árum til þeirra tíma þegar á móti blæs.

Í þessu sambandi geta komið upp ýmsar erfiðar spurningar, m.a.: Er hægt að mismuna fyrirtækjum eftir atvinnugreinum? Yrðu ekki öll fyrirtæki í öllum atvinnugreinum að hafa opnar heimildir til slíkrar sjóðsmyndunar? Væri unnt að líta svo á að hér væri um að ræða almenna lækkun á sköttum atvinnufyrirtækja? Vegna þess sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, þá er aðstaða atvinnugreinanna að þessu leyti mjög mismunandi og ekki síst útflutningsgreinanna. Verðjöfnunarsjóður af þessu tagi gegnir því hlutverki að jafna verðsveiflur sem eru meiri í sjávarútvegi en í öðrum atvinnugreinum. Bæði sýnir reynslan okkur að verðsveiflur verða meiri innan lands og ekki síður á erlendum mörkuðum. Það er af þessum ástæðum sem slíkum sjóði hefur verið komið upp fyrir sjávarútveginn en ekki aðrar atvinnugreinar og að nokkru leyti gegnir hann þess vegna því hlutverki að jafna aðstöðumun á milli atvinnugreina. En af hálfu talsmanna annarra atvinnugreina hefur oft verið á það bent að það væri erfitt fyrir þær að starfa í skjóli sjávarútvegsins sem hefur miklu sterkari stöðu í okkar þjóðarbúskap.

Á það þarf því vitaskuld að líta þegar menn ræða um endurskoðun á svo veigamiklum sjóði eins og Verðjöfnunarsjóðnum að við röskum ekki stöðu á milli atvinnugreina. Þess vegna væri ráðræði að taka skyndiákvarðanir um að leggja þennan sjóð niður og greiða út úr honum í einni skyndingu. Að þessum málum er unnið með þeim hætti sem ég hef greint frá. Ég hygg að það sé farsælast fyrir atvinnugreinina og þjóðarbúskapinn með tilliti til þess sameiginlega markmiðs að stuðla að sem mestum stöðugleika í þjóðarbúskapnum.

Listskreyting Hallgrímskirkju, ein umr.

Fsp. GHelg., 101. mál. — Þskj. 104.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Á 107. löggjafarþingi flutti ég till. til þál. um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík. Meðflutningsmenn mínir voru hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson og Skúli Alexandersson.

Tillagan varð ekki útrædd en á næsta þingi var hún endurflutt og var samþykkt 22. apríl 1986, og hljóðaði þá svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á kirkjumrh. að skipa nú þegar sjö manna nefnd til þess að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumrh. skipi einn mann og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Menntmrh., biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag ísl. myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Jafnframt gerir nefndin tillögur um hvernig fjármögnun verksins verði best tryggð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi fyrir árslok 1987."

Því miður var nefndin ekki skipuð fyrr en 10. apríl 1987, en henni tókst þó á þeim stutta tíma sem hún hafði að skila áfangaskýrslu. Síðan hefur ekkert framhald verið á verkinu.

Hinn 28. apríl 1988 bar ég fram fsp. til þáv. hæstv. kirkjumrh. Jóns Sigurðssonar, um hvert yrði framhald

verksins. Svör hæstv. ráðherra voru afar jákvæð, enda sagði hann í svari sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ætla svo að lokum að geta þess að ég hef á þessum grundvelli og í samráði við forsvarsmenn kirkjunnar ákveðið að skipa nýja nefnd til að móta endanlega kostnaðar- og verkáætlun þeirra fjögurra þátta sem fyrri nefnd gafst ekki alveg tóm til að ljúka. Ég tel það hentugra af fyrirkomulagsástæðum. Ég bind vonir við að nýstofnaður Jöfnunarsjóður sókna, en Alþingi setti lög um þá stofnun í desember sl., geti lagt fé til Hallgrímskirkju, m.a. til listskreytingar, enda hefur þessi sjóður lögunum samkvæmt sérstakar skyldur við landskirkjur eins og Hallgrímskirkja svo sannarlega má teljast."

Nú er mér ekki kunnugt um, hæstv. forseti, að ný nefnd hafi verið skipuð og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. kirkjumrh. á þskj. 104:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. apríl 1986 um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík?

Er nefnd sú, er skipuð var, enn að störfum?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram mun hafa komið í svari við fsp. um þetta efni á Alþingi í aprílmánuði 1988 lauk nefndin störfum á tilsettum tíma í samræmi við þáltill. Í áliti sínu taldi nefndin eðlilegt að listskreytingu kirkjunnar yrði skipt í fimm verkþætti og lagði fram kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um fyrsta þáttinn. Heildarkostnaður var áætlaður á árinu 1987 um 11 millj. kr. á verðlagi þess árs.

Nefndin lagði til að skipaðar yrðu dómnefndir og efnt yrði til lokaðrar samkeppni um fyrsta þáttinn sem felur í sér skreytingu á framhlið kirkjunnar. Dómnefndir hafa ekki verið skipaðar þar sem fjárveitingar til verksins hafa verið óverulegar.

Mér er tjáð að með hliðsjón af því hversu óverulegar fjárveitingar hafa verið til þessa verkefnis hafi ráðuneytið ekki talið tímabært að skipa þá nefnd sem fyrrum kirkjumrh. ræddi um í svari sínu 1988 að setja ætti á fót til að móta endanlega kostnaðar- og verkáætlun þeirra fjögurra þátta sem fyrri nefndinni gafst ekki tóm til að ljúka.

Því er við að bæta að fjárveitinganefnd Alþingis hefur áætlað listskreytingasjóði Hallgrímskirkju fjárhæð á sérstökum fjárlagalið. Árið 1988 var um að ræða 1 millj. kr. og 1,5 millj. kr. á árinu 1989. Þessar upphæðir voru lagðar inn á sérstaka bankabók á nafni listskreytinganefndar sem varðveitt hefur verið í kirkjumrn. Á árinu 1990 var veitt 1,5 millj. kr. en sú upphæð var ekki nýtt og hefur því dottið upp fyrir. Á þessu ári var veitt sama upphæð en menntmrn. mun hafa, samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur undir höndum, veitt þeim fjármunum beint til listskreytingasjóðs Hallgrímskirkju að ósk sóknarnefndarinnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem kirkjumrn. hefur mun það vera ætlun hennar að nota þá fjármuni til að láta gera prédikunarstól.

Í þessu sambandi vil ég minna á að þessi fjárveitingaliður heyrir undir menntmrn. og er á óskiptum lið sem fjárln. hefur deilt niður. Sannast sagna sýnist mér að allt þetta mál sé með þeim hætti að full ástæða sé að koma því í fastan farveg og fastari skorður. Á hinn bóginn má ljóst vera að í þeim miklu þrengingum sem ríkissjóður er nú í er þess varla að vænta að Alþingi getið látið stórar upphæðir af hendi rakna til verkefnisins, en hitt er ljóst að koma þarf á markvissari og skipulegri framkvæmd á þessum málum í samræmi við þær ákvarðanir sem Alþingi hefur tekið.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. kirkjumálaráðherra fyrir greinargóð svör. Það er ánægjuefni að hann talaði með vinsemd um málið og er áreiðanlega fús til þess að veita því brautargengi. Vegna þess sem fram kom í máli hans um að framlög fjárveitinganefndar hefðu ekki verið nýtt verð ég að upplýsa að þar er um einhvern misskilning að ræða. Ráðuneytið mun ekki hafa kynnt sóknarnefndinni að fjárveitingin hefði verið veitt og samkvæmt upplýsingum forráðamanna þar mun að sjálfsögðu verða gengið eftir þeim fjármunum. Ég vænti þess að hæstv. kirkjumrh. styðji sóknarnefndina í því að innheimta þetta fé.

Eins og mönnum er kunnugt stendur sóknarnefndin fyrir smíði mikils orgels sem er vitaskuld mikill þáttur í innréttingu kirkjunnar og hefur þar söfnuðurinn eins og ævinlega áður unnið þrotlaust starf til að afla fjár í þetta mikla verkefni en hljóðfærið kostar tugi milljóna.

Það hefur komið mér nokkuð á óvart varðandi Jöfnunarsjóðinn, sem hæstv. ráðherra minntist á, að þar er beinlínis gert ráð fyrir að fjórar höfuðkirkjur njóti sérstakra forréttinda, en það eru Skálholtskirkja, Hóladómkirkja, Dómkirkjan í Reykjavík og Hallgrímskirkja. En það verður að segjast eins og er að það er erfitt að sjá að þessar kirkjur hafi notið þessara forréttinda. Að vísu er búið að gera töluvert að Hólum en Hallgrímskirkja hefur satt að segja ekki notið mikils góðs af Jöfnunarsjóði enn þá og ég vona að það standi til bóta.

Ég hef orðið vör við það gegnum árin að áhugi minn á þessari kirkju hefur valdið nokkurri undrun og það verður að hafa það. En þessi mikla kirkja í minningu hins mikla sálmaskálds, sem mér er mjög kært og væntanlega öllum Íslendingum, er risin fyrir þrotlaust starf safnaðarins og það er auðvitað útilokað að það sé á valdi hans að gera kirkjuna þannig úr garði að hún megi um aldur og ævi vera til sóma. Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að koma til hjálpar til þess að hinu mikla skáldi, séra Hallgrími Péturssyni, og frumherja íslenskrar húsagerðarlistar, Guðjóni Samúelssyni, sé sá sómi sýndur sem þeir eiga skilið.

Ég vænti því þess, hæstv. forseti, að hæstv. kirkjumrh. komi myndarlega til móts við Hallgrímssöfnuð, og raunar Íslendinga alla, og beiti sér fyrir að þarna verði sett á fót ný nefnd til að ljúka því verki sem fyrri nefnd gafst enginn kostur á að ljúka. Hér er ekki verið að biðja um þau fjárframlög að úrslitum geti valdið um fjárhag þjóðarinnar. Hér er ekki verið að tala um

að ljúka listskreytingu Hallgrímskirkju á örfáum árum. Eins og með aðrar slíkar kirkjur tæki það verk mörg ár og kannski ekki svo mikla peninga á hverju ári. Aðalatriðið er að unnið sé að málinu að bestu manna ráðum og þeirra sem gerst þekkja. Við eigum listamenn sem eru fullfærir um að skreyta þessa miklu kirkju og þá væntanlega með hin miklu ljóð og sálma séra Hallgríms að leiðarljósi og ég held að það sé ekki til of mikils mælst að Íslendingar séu menn til þess jafnvel þó að eitthvað blási í móti um sinn í fjármálum.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög brýnu og merkilegu máli í sambandi við listskreytingar í kirkjum. Hér hefur komið fram að varið hefur verið framlögum til þess að listskreyta sérstaklega Hallgrímskirkju og það má varpa fram þeirri hugmynd hvort þau framlög kynnu að verða vísir að almennum listskreytingasjóði sem þá mundi einnig verða gert kleift að styðja við framtak á sviði listskreytinga í kirkjum landsins. Víða er unnið að listskreytingum á kirkjum vítt og breitt um landið. Ég veit að Hallgrímskirkja er stór og gegnir mikilvægu hlutverki, en ég vil minna á í þessu sambandi að víða annars staðar er unnið á sama grundvelli.

Í sambandi við Jöfnunarsjóð sókna og Hallgrímskirkju hefur Hallgrímskirkja notið þar velvilja hvort tveggja samkvæmt lögum og ekki síður vegna sérstakra framlaga.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar um það hvert yrði framhald málsins er þess að geta að formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju hefur óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um þessi mál og önnur er að kirkjunni lúta. Að loknu því samráði verður tekin ákvörðun um hvernig á málinu verður haldið í framhaldinu.

27. FUNDUR

fimmtudaginn 14. nóv.,
að loknum 26. fundi.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þess skal getið áður en gengið er til dagskrár að fyrirhugað er að fimm fyrstu dagskrárliðirnir, þ.e. atkvæðagreiðslur, verði teknir fyrir kl. 1 í dag, en fram að því verður tíminn notaður til þess að taka fyrir dagskrármálin eftir því sem tími vinnst til 6., 7. og 8. mál. En framhald umræðu um skýrslu forsrh. um Byggðastofnun hefst að loknum atkvæðagreiðslum.

Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga, fyrri umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 67. mál. — Þskj. 68.

Flm. (Hjálmar Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég vek hér máls á viðkvæmu og vandasömu efni, sjálfsvígum. Það er viðkvæmt vegna þess að fjöldi fólks á um sárt að binda vegna sjálfsvígs í fjölskyldu, ástvina- og vinahópi. Það er vandasamt vegna þess að umfjöllun verður í öllum greinum að vera ábyrg og hlutlæg. Fátt er átakanlegra en sjálfsvíg. Vandamál og vanlíðan einstaklinga eru og verða óleyst vegna þess að viðkomandi hefur ekki leyst þau í lífi sínu en horfið frá þeim. Eftir standa ástvinir með sárin og harminn, allar efaspurningarnar og eftirsjána, öllum þeim votta ég dýpstu samúð.

Jafnframt eru sjálfsvíg og tíðni þeirra áhyggjuefni þjóðfélagsins í heild. Víða er verið að hugsa um þessi mál, bæði hérlendis og erlendis. Ég kem að því síðar og vil einnig hyggja að hugsanlegum úrbótum.

Flestar rannsóknir á tengslum þjóðfélagslegra þátta við sjálfsvíg taka mið af tímamótarannsóknum félagsfræðingsins og heimspekingsins Émile Durkheim á sjálfsvígum. Bók hans „Sjálfsvíg" — „Le Suicide" kom út árið 1897 og enda þótt eitt og annað hafi verið fundið að aðferðum hans til rannsókna má segja að meginhugmyndir hans hafi staðist síðari tíma athuganir. Í stuttu máli má segja að niðurstöður rannsókna hans og síðari tíma sýni eftirfarandi:

Til aukinnar tíðni sjálfsvíga leiða:

1. Örar þjóðfélagslegar breytingar.
2. Miklar sveiflur í efnahagslífi.
3. Gagngerar breytingar á atvinnuháttum.
4. Aukið atvinnuleysi.
5. Veik staða meginstofnana þjóðfélagsins eins og fjölskyldu og kirkju.
6. Hnignun hefða og rótgróinna siða.
7. Hnignun menningarlegra gilda með þar af leiðandi óljósu gildismati.

Margt bendir til þess að við þessar aðstæður skapist upplausnarástand sem leiðir til ýmissa félagslegra vandamála. Þegar litið er yfir kenningar Durkheims og það sem síðari tíma rannsóknir hafa bætt við þær sést því miður glöggt að forsendur hækkandi tíðni sjálfsvíga eru fyrir hendi, einkum í tæknivæddum, vestrænum heimi. Óvíða eru sveiflur í þjóðfélagi eins miklar og einmitt hér á landi. Fljótt á litið virðast flestar þær ástæður sem að framan eru taldar eiga við íslenskt nútímaþjóðfélag og fremur það en mörg önnur þjóðfélög. Einhliða áhersla á sumar hliðar velferðar kann einnig að vera orsakavaldur.

Víða erlendis hafa farið fram umfangsmiklar rannsóknir á sjálfsvígum og hugsanlegum orsökum þeirra. Að þeim er staðið af færustu sérfræðingum og oft að tilhlutan stjórnvalda. Þannig leggur Bandaríkjaforseti, George Bush, mikla áherslu á að efldar séu rannsóknir á menntamálum og aðstæðum unglinga þar í landi.

Full þörf er á að taka þessi mál hérlendis öruggum og föstum tökum. Þörfin fyrir rannsóknir er ótvíræð

þar sem einhlítar skýringar á stóraukinni tíðni sjálfsvíga eru vandfundnar, einkum meðal ungmenna. Það dylst ekki að mitt í velferðinni eru brotalamir og alvarlegir brestir. Velferðin stendur ekki á varanlegum grunni nema mannlegi þátturinn sé metinn mestur, að maðurinn, lífið og gildi þess sé efst á listanum hvað velferð viðkemur. Full þörf er reyndar á því að skilgreina velferðarhugtakið og hyggja að því hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að mannleg velferð fái risið undir nafni.

Þegar litið er á tölur um fjölda sjálfsvíga á Íslandi sést ógnvekjandi þróun. Tíðni þeirra fer hratt vaxandi. Aukin tíðni hefur átt sér stað á síðustu 10 árum meðal kvenna á aldrinum 45–55 ára. En langsamlega mest er tíðni sjálfsvíga meðal ungra karlmanna, 15–24 ára. Hún hefur margfaldast á síðustu áratugum og er vafalítið hærri en tölur sýna vegna þess að óvíst er hvort sjálfsvíg séu alltaf skráð sem slík. Það er ekki alltaf ljóst hvort um ásetning eða slys er að ræða. Þetta gildir reyndar um sjálfsvíg í öllum aldurshópum.

Orsakir sjálfsvíga eru flóknar og taka til margra ólíkra þátta. Það er t.d. misskilningur að efnahagur og ytri aðstæður hafi úrslitaáhrif. Það er líka útbreiddur misskilningur að sá sem tali um að fremja sjálfsvíg láti ekki af því verða.

Sú rannsókn sem ég tel nauðsynlegt að fari fram af hálfu stjórnskipaðrar nefndar þarf að vera víðtæk og taka til margra þátta, bæði í umhverfi og innan að, frá sálarlífi og hugarheimi. Vitað er að bein tengsl eru í mörgum tilfellum milli þunglyndis og sjálfsvíga. Geðlæknar telja að í meira en helmingi tilfella sé sjálfsvíg framið í sjúklegu þunglyndi. Rannsóknir sýna að þunglyndi, sem einnig er nefnt geðlægð, er algengt — algengara en flesta grunar. Um 25% kvenna og 10% karla þjást af þunglyndi á einhverju aldursskeiði. Einkennin eru kvíðatilfinning, leiði, einbeitingarleysi, sektarkennd, lækkað sjálfsmat, tilgangs- og áhugaleysi, ranghugmyndir, sjálfsvígshugleiðingar og stundum sjálfsvíg. Svonefnt sjálfsvígsferli hefur að sjálfsögðu verið reynt að kanna og skilgreina eftir föngum. Geðlæknar telja að til geðlægðar og geðkvilla ýmiss konar megi rekja eins og áður sagði mikinn hluta sjálfsvíga. Og hlutur ungs fólks er mjög vaxandi eins og áður er sagt, einmitt þeirra sem við teljum vera í blóma lífsins og ættu að eiga þrótt til lífs og starfa. Rannsóknir, einkum erlendis, benda þó ekki til þess að geðlægð sé algengari nú en áður heldur valdi ytri aðstæður því að þeim sé nú hættara sem eru veikir fyrir.

Álit geðlækna fellur í líkan farveg og þeirra sem hafa lagt sig eftir að kanna hina félagslegu þætti. Sé litið á íslenskar og erlendar athuganir á stöðu ungs fólks kemur í ljós að tengsl eru milli þunglyndis og kvíða, félagslegrar einangrunar og sjálfsvígshugleiðinga. Geðlæknar benda reyndar á að sá einangrist sem finnur til vanlíðunar og kvíða, leiða og áhugaleysis. Hann sliti oft ósjálfrátt tengslin við vinahópinn og fjölskyldan geti ekki nálgast hann. Sama gildir um aðra hjálparaðila. Hætta er einnig á að einkennunum sé stundum ruglað saman við svonefnda unglingaveiki sem eldast muni af.

Hin aukna tíðni sjálfsvíga meðal ungs fólks á Íslandi leiðir hugann að aðstæðum þeirra, högum og kjörum. Nokkur viðleitni hefur verið til að kanna þær aðstæður og undir stjórn Þórólfs Þórlindssonar prófessors er nú í undirbúningi rannsókn á högum íslenskra unglinga og er sú rannsókn fyrirhuguð í vetur. Vitað er frá fyrri könnunum að um 13% 16–20 ára skólafólks segjast haldin kvíða, þunglyndi og streitu og þurfi hjálp. Sum þeirra segjast einmitt hafa hugleitt sjálfsvíg. Álíka stór hópur segist ekki eiga við vandamál að stríða í lífi sínu en sýnir samt sem áður veruleg einkenni kvíða og þunglyndis í svörum sínum. Þessum hópi tilheyrir fólk sem framkvæmir eins konar sviðsett sjálfsvíg sem er tífalt algengara en sjálfsvíg. Þá er ekki ætlunin beinlínis að stytta sér aldur heldur er beitt vægum tilraunum og látið sérstaklega af þeim vita. Oftast er þar um að ræða kreppu í kringumstæðum og er þessari aðferð þá beitt til að brjótast út úr kreppunni og knýja fram breytta stöðu. Slík tilvik eru raunar alls ekki bundin einum aldurshópi öðrum fremur en konur eru í þessum hópi þrefalt fleiri.

Virðulegi forseti. Af framansögðu ætti að vera ljóst að fyrir löngu er tímabært að taka þessi mál til gagngerrar athugunar og kanna aðstæður, umhverfi, viðfangsefni og lífsvanda fólks, einkum ungs fólks. Það er ekkert lögmál að svo og svo margir fyrirfari sér á ári. Það er líka vitað og sannað að forvarnaraðgerðir bera árangur. Í Bandaríkjunum hefur miklu verið kostað til rannsókna og þar í landi er farinn að heyrast vonartónn. Fyrirbyggjandi aðgerðir og meiri umhyggja fyrir ungu fólki skilar árangri. Rannsóknir og nokkuð markvissar aðgerðir í nágrannalöndum okkar benda til hins sama. Vafalaust getur rannsóknarnefnd hérlendis hagnýtt sér þá vinnu í einhverjum mæli og einnig þær athuganir, sem gerðar hafa verið erlendis af einstaklingum og stofnunum. Erlendar kannanir verða þó ekki heimfærðar nema að nokkru leyti á íslenskan veruleika.

Virðulegi forseti. Allur almenningur hlýtur að hafa áhyggjur af aukinni tíðni sjálfsvíga í landinu. Ég hef aflað mér upplýsinga um sjálfsvíg ungs fólks og fólks yfirleitt á þessu ári, 1991. Þær tölur og staðreyndir eru trúnaðarmál og því greini ég að sjálfsögðu ekki frá þeim. En þær greina því miður frá þeirri sorglegu staðreynd að sjálfsvígstíðni er ekki að lækka. Fjarri því. Hér þarf að bregðast við með festu, ábyrgð og allri þeirri þekkingu sem völ er á.

Virðulegi forseti. Almenn viðhorf og efnistök í þjóðfélagsumræðu skiptir einnig töluverðu máli. Efnahagsmál og efnahagsástand eru tíðrædd og að sjálfsögðu einkum hér á hinu háa Alþingi. Dökk mynd er oft upp dregin af afkomu þjóðarbúsins og einstaklinganna. Síst sæti á okkur að neita því hér. En tal um versnandi hag, t.d. hér og í fjölmiðlum, tal um nær gjaldþrota þjóð er engum samboðið. Slíkt eykur ekki lífsvilja þeirra sem eru veikir fyrir. Í víðum skilningi þarf að ræða varanlega velferð, þá velferð sem við stefnum að í landinu svo að þjóðin geti sagt með sanni að hún sé hamingjusöm, jafnvel hamingjusömust allra þjóða. Að þessu stefnum við og skulum sameinast um.

Allt böl má bæta. Aldrei þarf að vera svo dimmt að ekki finnist leiðir úr vandanum. Þær eru til ef leitað er hjálpar og þekkingar á þeim leiðum. Markmiðið hlýtur að vera að efla lífsviljann og raunveruleg lífsgæði svo að lífið sé eftirsóknarverðara og öllum landsmönnum meira virði en dauðinn.

Virðulegi forseti. Ég legg til að tillögunni verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þjóðfélagið hefur verið að breytast. Á stuttum tíma hefur þjóðfélagið tekið stórstígum breytingum, sannarlega stakkaskiptum. Það sjáum við í ytri lífskjörum, efnahag og öllum aðstæðum fólks í landinu. En það er ástæða til að spyrja í þessu sambandi: Hefur maðurinn gleymst, hafa hinar raunverulegu mannlegu þarfir gleymst í öllum framförunum? Það er einnig ástæða til að spyrja að því hvort maðurinn standi undir þeim kröfum lengur sem skefjalausir og kaldir hagsmunir gera til hans í auknum mæli á grundvelli lífsgæðakapphlaupsins. Þessar spurningar leita á hugann þegar till. til þál. um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga er til umræðu. Hér er hreyft stóru máli og í því sambandi vil ég leggja áherslu á að hér verði rætt af nærgætni og tillitssemi.

Þegar þetta mál er til umræðu vil ég leggja áherslu á það að við gleymum ekki þeim sem eiga um sárt að binda. Það eru aðstandendur sem í hlut eiga. Ég vildi leggja til að þegar þessi þáltill. verður tekin til umræðu í nefnd verði kannað og það skoðað á hvern hátt megi bæta og efla alla þjónustu við þetta fólk. Það er mikilvægt að kanna tíðni og orsakir sjálfsvíga en það er ekki síður mikilvægt að starfa markvisst að því að samhæfa og efla þjónustu við aðstandendur. Ég veit að þeir sem standa að þeirri þjónustu, sóknarprestar, starfsfólk heilbrigðisstétta, jafnvel lögreglan, félagsráðgjafar og margir fleiri, þeir standa oft í erfiðum sporum og þessi umræða er ekki komin lengra en að oft skortir ekki einungis orð heldur skortir oft ráð til að gera það sem hugsanlega má gera til að létta byrðar í sárri neyð.

Það er rétt, sem komið hefur fram, að víða ríkir upplausn, fjárhagsáhyggjur, vímuefnaneysla fer vaxandi og það er alvarlegt þegar spurt er: Hvað veldur því að ungt fólk ákveður að svipta sig lífi? Ég hef stundum sagt að um þetta tekur í raun og veru enginn ákvörðun vegna þess að sá sem stendur andspænis slíkri ákvörðun ræður ekki við slíkt val. Slíkt val hlýtur að verða á grundvelli skelfilegrar örvæntingar.

Það er eðli og grundvöllur mannsins að vilja lifa sínu lífi og þar berum við mikla ábyrgð sem með stjórnmál förum í landinu að vera vakandi með fyrirbyggjandi aðgerðum að upplausn og ringulreið gangi ekki svo langt sem því miður raun ber vitni víða. Hér er erfitt að greina um ábyrgð og í þessu sambandi hafa fæst orð minnsta ábyrgð.

Virðulegi forseti. Hér er hreyft brýnu máli, sem ekki hefur verið til umræðu hér í þeim mæli sem kannski væri ástæða til. E.t.v. vegna þess að okkur skortir orð, okkur skortir ráð. Því er mikilvægt að leitast verði við eins og kostur er að leita samráðs og samvinnu við alla þá aðila sem að þessum málum koma. Í þáltill. er nefnt að nefndin verði skipuð aðilum úr þeim stéttum er sérfróðar geta talist í þessum og skyldum efnum. Það verður að treysta því að slík samvinna megi eflast og styrkjast og koma að því gagni sem við öll vonum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessarar þáltill. fyrir að færa þetta viðkvæma mál inn á vettvang Alþingis. Hér er hreyft þörfu máli, að gera slíka könnun sem hér um ræðir. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till. og ég sé að meðflutningsmenn hv. 1. flm. eru úr öllum stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi.

Ég hef átt þess kost ásamt öðrum þingmönnum Austurl. að ræða þessi mál sérstaklega við þá aðila sem mest fjalla um þau á því svæði. Þeir hafa myndað starfshóp til að ræða þessi mál, ræða saman, miðla sinni reynslu og styrkja hver annan í þessu erfiða starfi að hafa samband við þá aðstandendur sem eiga um sárt að binda.

Einnig var nýlega haldin mjög fjölmenn ráðstefna á Austurlandi sem hjúkrunarfólk þar gekkst fyrir um geðheilbrigðismál. Tilgangur hennar var sá að leiða saman þá aðila sem um þessi mál fjalla, miðla þekkingu og reynslu og starfa þannig að það skili nokkuð á veg. Þessi könnun sem hér um ræðir er einmitt einn þátturinn í því að skila mönnum nokkuð á leið.

Það kom fram í máli hv. flm., 2. þm. Norðurl. v., og sömuleiðis í máli hv. 5. þm. Austurl., að orsakirnar eru flóknar og málið viðkvæmt og ég tek undir það. Það kom einnig fram í máli þeirra að breytingar hafa verið miklar í þjóðfélaginu. Efnahagslegar framfarir hafa orðið og miklar breytingar á lífsháttum þjóðarinnar en það er ekki endilega víst að þessir peningar og breyttu lífshættir og kapphlaup um góð lífskjör færi þjóðinni aukna hamingju.

Hamingjan er áreiðanlega ekki síst fólgin í mannlegum samskiptum og traustum fjölskylduböndum. Það vill verða svo að þeir sem eiga að hafa forustu á ýmsum sviðum, og þar á meðal við stjórnmálamenn, eru kannski of uppteknir daglega í umræðum um efnahagsmál og gefa hinum mannlegu samskiptum ekki nægilegan gaum og hvernig einstaklingunum líður í þjóðfélaginu.

Breytingin frá gamla bændaþjóðfélaginu yfir í alþjóðlegt samfélag sem íslenska þjóðfélagið er að verða og verður áreiðanlega í ríkari mæli á næstunni er breyting sem er mörgum þungbær á fáeinum áratugum og jafnvel fáeinum árum. Þessi kynslóð hefur áreiðanlega upplifað meiri breytingar í þjóðfélaginu en kynslóðirnar á undan okkur upplifðu á 1000 árum. Þetta hefur áhrif.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég tek undir það sem hv. ræðumenn, sem hafa talað hér á undan, hafa sagt. Ég vona að þessi þáltill. fái vandaða meðferð hér í Alþingi. Þetta er viðkvæmt mál og mjög

vandasamt og það skiptir miklu hvernig þetta verk er unnið bæði í meðförum Alþingis og eins hvernig framhaldið verður ef svo fer, sem ég vona, að till. verði samþykkt. Miklu máli skiptir í þessu að leiða saman þá hópa sérfróðra manna og annarra sem hafa reynslu og þekkingu á þessum málum. Ég vil nefna hjúkrunarfólk, presta, lækna og lögreglu, sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem allir hafa því miður frá reynslu að segja og einhverju að miðla í þessum málum. En mestu skiptir að um þetta mál sé fjallað af nærfærni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér hefur verið lögð fram er svo sannarlega tímabær. Það eru óhugnanlegar tölur sem birtast í grg. með þessari þáltill. Frá árinu 1970 aukast sjálfsvíg ungra karla í aldurshópnum 25–34 ára úr 34 í 48. Og í aldurshópnum 15–24 úr 18 í 64. Þessi mikla aukning sjálfsvíga ungra karlmanna á aldrinum 15–24 ára kallar á þá athugun sem lögð er til í þessari þáltill.

Ef skoðuð eru þau línurit sem fylgja með þáltill. virðist tíðni sjálfsvíga í Noregi vera hlutfallslega mest í yngsta aldurshópnum, þ.e. 15–24 ára. En í Svíþjóð og Finnlandi er það aldurshópurinn 35–44 ára sem hefur hæsta tíðni. Það vekur upp spurningar um hvort eitthvað sé í eðli og umhverfi Norðmanna með svipuðum hætti og hjá okkur.

Sú staðreynd að tíðni sjálfsvíga er miklu hærri hjá körlum en konum vekur líka upp spurningar hvers vegna karlmönnum er hættara við að leita slíkra leiða en konum. Allt þetta mál vekur svo brennandi spurningar að þeim verður að svara áður en hægt er að benda á leiðir til að snúa þessari þróun við.

Við höfum verið að byggja upp velferðarkerfi á Íslandi sem við höfum haldið að væri það eina rétta og uggvænlegt er að á sama tíma og velferð virðist aukast almennt verður aukning á sjálfsvígum ungmenna. Er það umræðan í þjóðfélaginu sem veldur? Er það fréttaflutningurinn? Eru það við stjórnmálamennirnir með svartsýnisrausið eða hvað er það? Eða sjá ungmennin engan tilgang með lífi sínu? Getur ekki verið að lífsgæðakapphlaupið sem einkennir okkur sé ein orsökin? Menn eru ekki gjaldgengir nema taka þátt í því. Við verðum a.m.k. að leita að rót vandans og reyna að bregðast við. Til þess er þessi tillaga fyrsta skrefið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. þessarar till. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli og það gleður mig mjög að allnokkrir hafa talið ástæðu til að leggja orð í belg. Það sýnir vel þótt ekki séu margir í salnum að það eru þó margir sem láta sig þetta mál varða.

Ég tel fulla þörf á að gerð verði könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga. Ekki síst með það fyrir augum að reyna að grípa til þeirra fyrirbyggjandi aðgerða sem unnt er. Sjálfsagt verður aldrei hægt að koma með öllu í veg fyrir að einstaklingar taki eigið líf, en áreiðanlega er hægt að minnka líkurnar á því, t.d. með því að missa aldrei sjónar á að í siðmenntuðu þjóðfélagi verða allir að fá tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi, efnahagslega og félagslega. Einnig með því að vinna að öflugum vímuvörnum og því sem ég ætla að leyfa mér að gera að umtalsefni hér, með því að unnið verði markvisst starf í skólum og annars staðar gegn ofbeldi og ekki síst einelti sem því miður er stundum undanfari sjálfsvíga.

Við kvennalistakonur fluttum á tveimur þingum tillögu um átak gegn einelti og Alþingi sýndi ábyrgð sína gagnvart því máli með því að samþykkja þál. um átak gegn einelti þann 17. des. sl. Ég vænti þess að ef tillaga sú sem hér er til umræðu verður samþykkt, sem vonandi verður, geti liður í þeirri könnun verið að afla gagna um störf þeirra sálfræðinga og skólafólks sem vinna nú á ýmsan hátt gegn einelti í skólum landsins og vonandi verður það starf meira þegar frá líður.

Í umræðum um átak gegn einelti tók ég m.a. fram að í Noregi og Japan hafi verið gert átak gegn einelti í kjölfar alvarlegrar öldu sjálfsvíga meðal skólafólks í þessum löndum. Kveikjan að átaki Norðmanna og Japana var raunar umfjöllun fjölmiðla um vaxandi einelti í þessum löndum og alvarlegar afleiðingar þess. Ofbeldi í hópi barna og unglinga, ekki síst einelti, var talið ein helsta orsök þess að sjálfsvígum skólabarna hafði fjölgað mjög. Þegar loks var gripið til aðgerða og gert átak gegn einelti varð árangurinn betri en menn höfðu þorað að vona. 85% skóla í Noregi tóku þátt í átakinu og þótt ekki liggi endanlegar niðurstöður fyrir held ég að ég megi fullyrða, og hef raunar heyrt frá sálfræðingum hérlendis sem hafa fylgst með málinu, að þarna hafi orðið verulegur árangur. Sjálfsagt er slíkt ekki alltaf mælanlegt en mér finnst ástæða til að þetta komi fram í þessari umræðu.

Jafnframt benti ég á í umræðum um þetta mál að samkvæmt nýjustu fréttum í fyrra mátti sjá að sjálfsvígstíðni íslenskra drengja væri orðin sú þriðja hæsta í Evrópu. Um það voru fréttir á þeim tíma. Síðan hafa raunar komið fram upplýsingar sem benda til þess að ástandið hafi ekki batnað, e.t.v. orðið alvarlegra og tölur þær, sem hv. 1. flm. þessarar tillögu gat um í framsögu sinni, staðfesta það. Ekki síst er ástæða til þess að skoða hve alvarlegt ástandið er orðið meðal karlmanna í aldurshópnum 15–24 ára hér á landi.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að sjálfsvíg ungs fólks má að einhverju leyti rekja til þess að ofbeldi og einelti viðgengst í skólum. Það er nöturlegt að heyra íslensk börn segja frá veruleika sínum — í skóla og utan — eins og fram kemur t.d. í skýrslu sálfræðinganna Ingþórs Bjarnasonar og Trausta Valssonar frá árinu 1985. Sú skýrsla heitir Börn og unglingar, rannsókn á líðan og félagslegri aðstöðu þeirra í Reykjavík og á Siglufirði.

En meðal athugasemda sem þar komu fram um stríðni og hrekki sem börn og unglingar hafa orðið fyrir, íslensk börn og unglingar, eru þessar: Drengur í 1. bekk sagði: Stundum þori ég ekki að fara út ef einhver ætlar að meiða mig. Drengur í 2. bekk sagði: Ég er hræddur við stóran strák sem er alltaf að lemja mig. Annar sagði: Ég þori stundum ekki að fara út því það

eru 14–15 ára strákar sem eru alltaf að lemja okkur og banna okkur að hjóla á götunni. — Þetta var einnig drengur í 2. bekk. Stúlka í 2. bekk sagði: Þegar bekkjarbræður mínir safnast saman hér fyrir utan og kasta grjóti í gluggana — hún var að segja frá því þegar hún var hrædd. Og önnur telpa í 2. bekk sagði: Bekkjarbróðir minn er með vasahníf, hann skar dekkið á hjólinu mínu.

Þetta er sú skelfing sem þessi börn búa við. Og drengur í 5. bekk, eldri aldurshópi, sem er farinn að nálgast þann hóp sem virðist vera í mestri áhættu hér vegna sjálfsvíga, sagði: Ég þori ekki út þegar stríð er milli hverfanna. Einu sinni var vinur bróður míns nefnilega lokaður inni í skúr í sex tíma þar sem rottur skriðu um allt.

Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir nokkru áfalli þegar ég las þessar athugasemdir barnanna í nefndri skýrslu. Ég hafði að vísu fengist við kennslu í unglingaskóla, en að heyra ummæli barnanna sjálfra á þessa lund, vakti mig alla vega til umhugsunar. En það þýðir ekki að mála skrattann á vegginn og halda að allt sé svart. Það er mikilvægt að sinna öllum þeim forvörnum sem unnt er af fullri alvöru. Til þess þarf að vita hvað getur orsakað að einstaklingar grípi til óyndisúrræða, jafnvel þess að taka sitt eigið líf. Ef hægt er að gera eitthvað til að bæta aðstæðurnar, t.d. í skóla, er full ástæða til að gera það.

Mig langar að lokum að benda á nytsamar ábendingar sem fram komu í fyrirlestri Einars Gylfa Jónssonar sálfræðings sem hann flutti á ráðstefnu Samtaka heilbrigðisstétta, Æska án ofbeldis, þann 5. okt. 1990. En hann sagði þar m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Að mínu mati eru eftirtaldir aðilar í lykilhlutverki hvað forvarnarstarf varðar: Stjórnvöld, þ.e. ríkisvald og sveitarfélög, foreldrar, skóli, meðferðaraðilar, fjölmiðlar, félagasamtök.

Í fyrsta lagi eiga stjórnvöld nú þegar að hefja vinnu við að marka heildarstefnu í forvarnarstarfi. Í öðru lagi skal hér fjallað um þátt skólans. Um það hefur verið deilt hvert sé eðlilegt hlutverk skólans í forvarnarstarfi almennt. Hvort kennarar hafi faglegar forsendur til að fjalla um hin ýmsu vandamál sem upp koma í þjóðfélaginu og sem talið er að fjalla þurfi sérstaklega um við börn og unglinga. Þetta á ekki síður við um vímuefnavandann en það sem hér er til umfjöllunar, ofbeldi.

Spurt er um hvort umfjöllun um ofbeldi, vímuefnaneyslu og fleira eigi að tilheyra ákveðnum fögum sérstaklega“ (Forseti hringir.) — virðulegi forseti, það er aðeins örstutt eftir af þessu og ég tel mikilvægt að það komi fram, en skal þó reyna að stytta mál mitt aðeins. — „eða hvort flétta eigi umfjöllunina inn í sem flest fög. Þessar deilur eru ófrjóar af þeirri einföldu ástæðu að allir hafa rétt fyrir sér. Vissulega á skólinn að fjalla um þessi mál eins og mörg önnur mikilvæg mál í þjóðfélaginu.“

Jafnframt talar hann um að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki, einkum í því augnamiði að ná til almennings og hafa áhrif á hin almennu viðhorf. Félagasamtök hafa þegar sannað gildi sitt í forvarnarstarfi, segir Einar Gylfi, og bendir á Vímulausa æsku, Lionshreyfinguna og fleira, íþróttafélög og félagasamtök. En ekki síst bendir hann á foreldra og fjölskylduna sem lykilaðila í forvörnum.

Mig langar að taka undir orð Einars Gylfa og bæta við að ég efast ekki um að prestar gegna hér einnig mikilvægu hlutverki. Ef eitthvað er unnt að gera ber að reyna það, en til þess þarf að þekkja vandann og er þessi tillaga vel fallin til að bæta úr. Ég fagna því að hún er komin fram og vona að hún fái brautargengi.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með öðrum þingmönnum sem hér hafa talað og þakka hv. 1. flm. þessarar þáltill., Hjálmari Jónssyni, fyrir hans frumkvæði svo og öðrum flm. að tillögunni. Ég tel að hér sé hreyft máli sem nauðsynlegt er að Alþingi velti fyrir sér og reyni að taka á, leita skýringa og síðan auðvitað leita leiða til að stemma stigu eftir því sem mögulegt er við þessum válegu atburðum.

Í grg. með tillögunni er reynt að velta fyrir sér hverjar kunni að vera orsakir sjálfsvíga og þá ekki síst sjálfsvíga ungs fólks sem er kannski í þessu tilviki hjá okkur sérstakt áhyggjuefni en auðvitað hljóta sjálfsvíg alltaf að vera það. Í grg. segir m.a. að ýmislegt sé vitað um þann feril sem leiðir til sjálfsvíga, svo sem sjúklegt þunglyndi og fleiri ástæður eins og notkun áfengis- og vímuefna, arfgengi, félagslegar kringumstæður, vonbrigði o.fl.

Við vitum að stundum eru það jafnvel sjúkdómar, fólk sem haldið er alvarlegum sjúkdómum grípur til óyndisúrræða af þessu tagi. En það er sjálfsagt líka eitthvað í okkar þjóðfélagslegu umgjörð sem hefur valdið því að sjálfsvíg virðast vera algengari hér en í nágrannalöndunum og Ísland talið skera sig úr. Það kann að vera fjárhagsleg upplausn á heimilum eða fjárhagsstaðan almennt, atvinnu- og efnahagsástandið í þjóðfélaginu. Þó hælum við okkur af því að búa við eitthvert besta velferðarþjóðfélag í heimi með mjög fullkomið og gott velferðarkerfi, gott skólakerfi og góða heilbrigðisþjónustu. Þannig að sumt virðist stangast hrikalega á í þessu efni. Vímuefnin hafa vafalaust líka sín áhrif.

En hvernig er ástandið í fjölskyldumálum hjá okkur? Hvernig er ástandið hjá þessu unga fólki sem grípur til slíkra óyndisúrræða? Hverjir geta haft áhrif? Hvert kann að vera hlutverk kvikmynda, myndbanda, fjölmiðla almennt í þessu efni? Ég velti þessu upp en þetta eru auðvitað bara vangaveltur og hugrenningar mínar. Maður skilur stundum ekki það myndefni sem kvikmynda- og myndbandaframleiðendur velja sér, skilur hvorki hugarfarið á bak við framleiðsluna né hugarfarið hjá því fólki sem sækir eftir að horfa á myndir af því tagi sem við vitum að eru á markaði.

Ég hef líka oft velt því fyrir mér hvernig er með fréttamat fjölmiðla, þó svo að mér detti ekki í hug að gera fjölmiðla að neinum sérstökum blóraböggli í þessu sambandi, heldur velti þessu aðeins upp sem einum orsakaþætti. Eru fréttir nægjanlega jákvæðar? Erum við ekki oftar að velta okkur upp úr vandamálum og

neikvæðum fréttum? Fréttamatið hlýtur að vera erfitt verkefni. Ég minnist þess að hafa eitt sinn erlendis hitt kunningja mína sem sögðu mér frá því að þau horfðu ekki lengur á sjónvarpsfréttir í því landi vegna þess að þar var ekki sagt frá neinu öðru en morðum, ofbeldi og slysum og þeim fyndist sá fréttaflutningur ekki eiga neitt erindi inn á sitt heimili. Við megum auðvitað gæta okkar á því líka. Kemur okkur meira við flugslys í Kína, járnbrautarslys á Indlandi eða eitthvað af því tagi, eða einhverjar jákvæðar fréttir úr okkar íslenska þjóðfélagi? Ég hygg að við mættum huga að því, auðvitað með fullri vinsemd við fréttamenn og fullri virðingu fyrir þeirra hlutverki, því vandasama hlutverki að velja úr fréttir og segja þjóðinni hvað þeir telja að sé fréttnæmt.

Af störfum mínum sem heilbrrh. þekki ég að heilbrigðisstéttir hafa velt þessu vandamáli mikið fyrir sér. Landlæknir hefur skoðað þessi mál sérstaklega og hef ég rætt við hann oftar en einu sinni og oftar en tvisvar um þetta. Ég veit að geðlæknar og annað heilbrigðisstarfsfólk, sem starfar á þessu sviði, hefur einnig gert það mjög mikið og m.a. haldið fundi með fólki, með aðstandendum sem oft eiga um sárt að binda og með ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sem þurfa að koma að þessu, eins og kennarar, prestar, lögreglumenn eða löggæslufólk og fleiri og fleiri.

Ég tel að eitt það mikilvægasta sem við þurfum að gera sé að leggja áherslu á heilbrigt mannlíf, hvers konar. Ég beitti mér fyrir því í heilbrrn. að efna til samstarfs við ungmenna-, íþrótta- og æskulýðshreyfinguna í landinu um verkefni sem við kölluðum „Heilbrigða lífshætti æskufólks". Það er auðvitað erfitt að mæla hvort svoleiðis viðfangsefni hafa áhrif eða hvaða áhrif þau hafa, en ég vænti þess þó að þar hafi verið farið inn á nokkuð nýjar brautir þar sem heilbrrn. beitir sér fyrir samstarfi við slík samtök sem þó fyrst og fremst hafa unnið á sviði menntmrn.

Ég vil að lokum undirstrika mikilvægi þess að stjórnvöld og allir aðilar sem að málinu kunna að koma, svo sem fulltrúar ráðuneyta, taki höndum saman með öðrum þeim aðilum í þjóðfélaginu sem geta og vilja leggja sitt af mörkum til þess að sporna hér við fæti og gera allt sem hægt er til að draga úr þeim válegu atburðum sem hér er fjallað um. Ég vil lýsa stuðningi mínum við efni þessarar þáltill. og vona að hún fái hér brautargengi og afgreiðslu.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. Hjálmari Jónssyni fyrir þessa þáltill. og lýsa yfir stuðningi mínum við hana. Hér er hreyft afar viðkvæmu máli sem brýn nauðsyn er þó á umræðu um. Það er átakanlegt að sjá tölur um þennan fjölda sjálfsvíga, ekki síst þar sem um ungmenni er að ræða. Við þurfum að reyna að finna orsakir þess hvers vegna þessi þróun hefur orðið. Það eru að sjálfsögðu ótalmargir þættir sem hér koma til athugunar og álita og bent hefur verið á nokkra þeirra í þessari umræðu.

Við vorum í gær að ræða um frv. til breytinga á núgildandi hegningarlögum þar sem um er að ræða kynferðisbrot m.a. gegn börnum og unglingum. Í því sambandi vitnaði ég í skýrslu Aðalsteins Sigfússonar sálfræðings sem hann gerði fyrir Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og fjallaði um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og unglingum. Mig langar í þessu sambandi til að vitna aðeins í lokaorð hans, þar sem hann segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Fagfólk verður að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd og þora að horfast í augu við hana að mörg barnanna sem leita til þeirra af ólíkum ástæðum búa við aðstæður sem eru hættulegar andlegri heilsu þeirra. Of oft er leitað ódýrra lausna sem þjóna fremur fagaðilunum sjálfum og viðtekinni hefð en hagsmunum barnanna. Erlendar og innlendar rannsóknir hafa margoft sýnt fram á samhengi uppeldisaðstæðna og hegðunar, hvort sem um er að ræða skemmri eða lengri tíma.

Fagfólki hefur lengi verið ljóst að ýmsa geðræna erfiðleika, andfélagslega hegðun, námsörðugleika og önnur bágindi, sem draga úr getu einstaklinga til að takast á við kringumstæður sínar, bæði tilfinningalegar og félagslegar, má rekja til óviðunandi uppeldisaðstæðna, nema til komi sérstök vandamál sem eru þó oftast af líffræðilegum toga. Þetta er leikmönnum ekki alltaf ljóst.

Óeðlileg hegðun barna og unglinga, sem leiðir af slæmum uppeldisaðstæðum, kemur oft ekki fram fyrr en að svo löngum tíma liðnum að erfitt er að sjá samhengið. Auk þess er börnum og unglingum eðlilegt að fara leynt með þær aðstæður sem þau búa við. Umhverfinu er gjarnt að persónugera hegðunina án tillits til þeirra forsendna sem einstaklingarnir höfðu til að ná eðlilegum þroska. Óvægnir dómar og neikvæð viðhorf til þeirra eru því fremur regla en undantekning og má því segja að hinum óheppilegu aðstæðum sé við haldið utan heimilis og eftir að viðkomandi fer að heiman."

Ég tel að í þessum orðum felist nytsamleg ábending og er ljóst að við verðum öll að reyna að setja okkur betur inn í aðstæður barna og unglinga.

Ég ítreka þakkir mínar til 1. flm. og annarra flm. fyrir þessa till. Ég vona að hún fái vandaða meðferð í þeirri nefnd er fær hana til meðferðar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér örfá orð. Ég vil þakka fyrir að þessi till. skuli vera hér lögð fram. Það er löngu tímabært að taka á þessu máli. Þessi sjálfsvíg, sem hafa aukist svo óhugnanlega á undanförnum árum, eru afleiðing einhverra meina í þjóðfélaginu og það er eðlilegt og sjálfsagt að menn reyni að átta sig á því hverjar eru aðalástæðurnar fyrir aukningunni og reynt verði í framhaldi af því að gera einhverjar úrbætur. Svo virðist sem fjölmargt ungt fólki finni ekki sjálfsímynd sinni farveg, það sjái ekki hlutverk sitt í lífinu og það getur endað með þessum hörmulegu afleiðingum. Ég held að stór hluti af þessu, náttúrlega ekki nema samt hluti, sé vímuefna- og áfengisnotkun

í landinu sem veldur oft heimilisaðstæðum sem eru óbærilegar og uppeldisaðstæðum sem gera einstaklinginn ekki færan um að meta lífið sem skyldi. Ég tel að það þurfi að gera verulega mikið átak til að reyna að koma því út til fólks að það eigi að leita sér hjálpar ef það lendir í þeim sálrænu hörmungum sem leiða til sjálfsvíga og ég held að það ætti að vera hluti af þessu máli að reynt verði að gera slíkt átak.

En ég endurtek þakkir mínar fyrir þessa till. og ég mun styðja hana.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þær viðtökur sem þáltill. þessi hefur fengið. Líka fyrir það hvernig umræðan hefur verið, hver tónninn hefur verið í henni. Það má finna það glöggt hjá öllum að þessi mál taka til hjartans, svo viðkvæm sem þau eru. Veit ég að flestir þekkja af eigin reynslu einhver slík mál. Að mínu mati hefur umræðan hér verið í réttu horfi. Umhyggja og persónuleg, alúðleg samskipti eru alltaf afar mikilvæg. Við þurfum að gefa gaum að náunganum, líðan hans, velferð þeirra sem við umgöngumst, gera samskiptin svo persónuleg sem hægt er, líka samskiptin við kerfið en á það finnst sumum stundum skorta. Það er nauðsynlegt að allir gæti að því sem stendur þeim næst. Þeir sem vegna starfa sinna koma að þessum efnum vinna virðingarvert og gott starf. Þar má t.d. nefna presta og lækna, sálfræðinga og félagsfræðinga. Engar tölur eru til um það hver mörgum fyrirhuguðum sjálfsvígum er afstýrt. Ástæða er til að ætla að stöðug vaktskylda þessara aðila skipti miklu máli.

En það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom hér að síðast vil ég einmitt árétta. Það er þetta að allir þeir aðilar sem í þessu vinna haldi áfram að vinna að málunum og að umræðan verði ekki aðeins núna heldur áfram, að við tökum hana alvarlega og þessa þróun.

Ég vil líka þakka fyrir það sem fram kom hér að fólk leiti sér hjálpar ef það finnur fyrir slíkum vandamálum hjá sér, þunglyndi og öðru í þeim dúr. Líkur benda sterkt til að ákveðinn fjöldi fólks á hverjum stað þjáist af þunglyndi. Sú vanlíðan leiðir stundum til dauðahugsana, dauðaóska, sjálfsvígshugsana og síðan áætlana og tilrauna. Það verður nefndarinnar að rannsaka, ef skipuð verður.

Ég vil ekki lengja umræðuna mikið en mig langar að benda á, einmitt út frá þjóðfélagslegum aðstæðum hjá okkur og af því að við höfum hér á hinu háa Alþingi á undanförnum dögum rætt um efnahagslægð, að þegar kreppunni miklu lauk forðum þá var farið að kanna ástæðurnar fyrir henni og þær kannanir leiddu í ljós að ástæðurnar voru líka og jafnvel ekki síður huglægar. Fólk missti kjarkinn, fylltist vonleysi og framtaksleysi eins og enginn hefði úrræði eða vilja til þess að fást við vandamálin. Því magnaðist ýmiss konar þjóðfélagsvandi.

Ég vænti þess að niðurstöður nefndarinnar verði mikilvægar og grundvallandi í forvarnaraðgerðum og á þeim verði byggt. Þá tekst okkur miklu fremur að snúa við þessari óheillaþróun ef sérfræðingar úr öllum áttum og þeir sem þekkja þessi mál best leggjast á eitt, koma saman í nefnd til þess að leita bestu leiðanna. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Við nánari athugun leggur flm. til að till. verði vísað til hv. allshn. Áður hafði 1. flm. lagt til að till. færi til menntmn., en hann hefur endurskoðað það og telur eðlilegra að henni verði vísað til allshn.

Till. vísað til allshn. með 35:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: SÞór*.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að taka fram að hann studdi á rangan happ í atkvgr.]

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 59. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH,

GuðjG, GÁ, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 60. mál (ökupróf o.fl.). — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 22. mál (erlendir bankar, eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 33 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 23. mál (eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 33 shlj. atkv.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun. — Frh. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það má segja að um stjórnvöl á þjóðarskútunni haldi nú ungir menn sem sumir hverjir hafa vafalaust komið með nýjar hugmyndir inn og aðrir dustað rykið af gömlum hugmyndum og boðað að þær séu nýjar. Ég vil nálgast þetta verkefni með því að byrja á því að fara yfir auðlindir Íslands vegna þess að það hlýtur að vera grundvallaratriði ef við viljum ræða þróun byggðar í landinu hvernig við nýtum auðlindir Íslands.

Auðlindir Íslands flokka ég í þrennt. Í fyrsta lagi er það þjóðin sjálf, hæfileikar hennar og menntun. Vel menntuð þjóð eins og Íslendingar eru hlýtur að eiga mikla möguleika án allra auðlinda. Gleggsta dæmið um þetta eru Svisslendingar sem komust að því að það þurfti ekki mikið hráefni til að framleiða úr en það þurfti aftur á móti að framleiða betri úr en hinir svo hægt væri að selja þau. Á fleiri sviðum ruddust þeir inn í atvinnumál heimsins með það eitt að leiðarljósi að gera hlutina betur en aðrir.

Sú þjóð sem fer mesta sigurför í dag í heiminum á ekki auðlindir, svo hreint er það, þær eru sáralitlar, sé það skoðað miðað við mannfjölda og miðað við auðlindir annarra þjóða. Það er Japan. Og það er umhugsunarefni, það hefur aðeins ein frétt, sem ég hef heyrt, komið frá fjármálaráðherra Japans á þessu hausti. Ef einhver hyggur að það hafi verið frétt um ríkisskuldabréf, það hafi verið frétt um einhverja stofnun sem fór fram úr fjárlögum, þá er það misskilningur. Sú frétt fjallaði um eina aðalatriðið í efnahagsmálum hverrar þjóðar. Það voru fréttir um það að viðskiptajöfnuður Japana var helmingi hagstæðari í október en hann hafði

verið árið á undan í sama mánuði.

Þá ætla ég að snúa mér að næstu auðlegð Íslands, sem er landið, landið sjálft. Og hvað er það? Það er í fyrsta lagi græna beltið upp frá ströndinni. Það er útbreiddur misskilningur að aðalvandamál þeirra sem vilja rækta á þessari jörð sé glíman við kulda. Aðalvandamál þeirra sem vilja rækta á þessari jörð er glíman við þurrkana. Og glíman við þurkana harðnar með hverju árinu sem líður. Ég efa að nokkur Íslendingur hafi dregið upp skýrari mynd af því en hæstv. núv. utanrrh. á þingi Sameinuðu þjóðanna þegar hann gerði grein fyrir því hvílíkt óhemjulandsvæði sem áður voru akrar en eru nú eyðimerkur einar, og hversu stór svæði það eru sem áður voru akrar er ekki hægt að plægja í dag vegna þess að þá mundi það svæði verða að eyðimörk. Því að eyðimerkurnar eru að færast úr stað á jarðarkringlunni og hið ræktanlega land er á undanhaldi. Það er líka umhugsunarefni að FAO hefur gefið það út að helmingi meiri þörf verði fyrir aukningu matvæla á þeim áratug sem við lifum nú á heldur en það uppskerumagn sem muni bætast við.

Næsta auðlind Íslands sem ég vil nefna er hin ósnortna náttúra. Hin ósnortna náttúra hefur slíkt aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn að þó við höfum að mínu viti staðið illa að þeim málum þá varð 60% aukning á sl. þremur árum á erlendum ferðamönnum. Og það er umhugsunarefni að það er ekkert sem bendir til annars en að við getum stóraukið þennan þátt til eflingar þjóðartekna, þ.e. ef við höfum vit á því að standa þannig að málum að við dreifum ferðamannastraumnum um allt land en vísum þeim ekki bara á örfáa staði sem við höfum auglýst upp og stuðlum að því að allt fari í örtröð á þeim stöðum.

Það næsta sem ég vil nefna er orka fallvatnanna og jarðhitinn. Orkan í jarðhitanum, háhitasvæðunum er helmingi meiri en í fallvötnunum og þess vegna ærið umhugsunarefni. Það er vissulega rétt að við höfum í dag þá stöðu að það er ólíklegt að málmar muni hækka í verði á næstu árum. Ástæðan er sú að það er mun friðvænlegra í heiminum en verið hefur. Og verður nú varla við nokkurn að sakast í þeim efnum. En það er ýmislegt annað sem hægt er að nota orku í og það er umhugsunarefni að skógarþjóðirnar, Svíþjóð og Finnland flytja inn mikið af trjám frá öðrum heimsálfum, m.a. Suður-Ameríku, til að vinna í sínum pappírsverksmiðjum. Jafnframt hafa Svíar gert plöntunarsamninga á landsvæðum í Suður-Ameríku.

Við eigum ódýrari orku en aðrir í þessu sambandi sem er jarðhitinn og það er ekkert sem mælir gegn því að þetta mál verði tekið upp og skoðað t.d. varðandi Suðurnesin.

Ég ætla að minnast hér á önnur verðmæti í iðrum jarðar. Það eru ýmsar námur til á Íslandi, en við höfum sáralítið nennt að athuga þetta. Hvernig hefur hæstv. iðnrh. gengið í olíuleitinni í Axarfirði? Vitið þið það? Það er nú ekki hægt að segja að hann hafi hlaupið af sér hornin, blessaður, við þá framkvæmd. Samt er það staðreynd að þar kemur jarðgas upp úr jörðu, sams konar jarðgas og er fyrirboði þess að olía sé undir. Það var miklu hraðari afgreiðsla Alþingis Íslendinga á ábyrgðunum til gullleitar á Skeiðarársandi.

Ég ætla að nefna eitt enn og það er íslenska vatnið. Íslenska vatnið er auðlind. Við erum rétt að byrja útflutning á því. Það er umhugsunarefni að þegar áhugamenn tóku sig til á Snæfellsnesi og fóru að selja ölkelduvatn og auglýstu þetta upp eins og auglýsendur gera, sem góða vöru, sérstaklega góða vöru, hvað gerðist þá? Heilbrigðiseftirlitið tók vatnið í rannsókn. Það sagði að þetta væri ekkert merkilegt vatn, það væri alveg fráleitt að auglýsa þetta upp sem eitthvert sérstakt vatn. Hvað haldið þið að yrði um vissar vatnslindir Frakka, sem eru ekkert annað en ölkelduvatn, sem eru auglýstar upp með aðstoð dýrlinga hvað þá heldur annars? Það hefur ekkert heilbrigðiseftirlit í Frakklandi verið sent til höfuðs þessu til rannsóknar til að drepa það niður að hægt væri að selja ölkelduvatn frá Frakklandi. Nei, íslensk vinnubrögð eru dálítið sérstæð á sumum sviðum.

Ég ætla næst að víkja að þeim fjórum atriðum sem ég tel að séu undirstöðuatriði þess hvernig byggðarþróun á Íslandi er á hverjum tíma. Það skal fyrst tekið fram að þar ræður gengisskráning íslensku krónunnar mestu, hvert raungengi krónunnar er á hverjum tíma. Ástæðan fyrir því að þetta ræður svo miklu um byggðarþróun er sú staðreynd að framleiðsluatvinnugreinarnar, sem standa fyrir framleiðslunni á mestöllum þeim erlenda gjaldeyri sem þjóðin notar, eru staðsettar úti á landi. Og um leið og framleiðsluatvinnugreinum Íslands er skipað að afhenda þennan gjaldeyri á lægra verði en það kostar að framleiða hann, hæstv. viðskrh., þá er verið að brjóta niður landsbyggðina og það er verið að gera það í dag með þessum vinnubrögðum. Treystir hæstv. viðskrh. sér til að reka sjoppu við Laugaveginn ef kúnnarnir sem koma inn af götunni ráða verðinu á vörunni sem seld er í sjoppunni? Valdið til að segja nei er tekið af seljandanum og honum skipað að selja vöruna út úr sjoppunni á því verði sem kúnnarnir vilja. Þetta er það sem Seðlabanki Íslands gerir hér við Arnarhól. Framleiðendur vörunnar, frystihúsin á Íslandi, saltfiskverkendur og allir aðrir sem standa að því að skapa erlendan gjaldeyri, afhenda þennan gjaldeyri í Seðlabankanum, til þess steinrunna apparats sem þar er og segir: Við kaupum hann af ykkur á þessu verði, því miður er það lægra verð en kostar að framleiða hann en okkar er valdið.

Og hvað er boðið upp á í dag undir rós og beint þegar rætt er um þessi mál? Jú, það er boðið upp á það að menn séu svo sem reiðubúnir að samþykkja það að raungengi íslenskrar krónu verði lækkað ef sjávarútvegurinn samþykkir auðlindaskatt yfir sig í staðinn. Þetta hefur hæstv. viðskrh. látið skína í hér í ræðustólnum með því að segja að auðlindaskatturinn muni ekki skerða möguleika sjávarútvegsins þá verði önnur viðmiðun sett á gengi krónunnar. Þetta sagði hæstv. fjmrh. einnig í útvarpinu þegar hann gat þess að ef þetta yrði tekið upp yrði sett önnur viðmiðun á gengi krónunnar. Spurningin er: Er ætlunin í dag, með hinu háa raungengi, að þvinga sjávarútveginn svo á hnén að menn biðji nánast um hvað sem er?

Ég vil vekja athygli á því að það er líka til seðla-

banki í Japan og í Þýskalandi. Og þá sjaldan sem við fréttum af störfum þessara stofnana þá er það yfirleitt á sama veginn: Þessir seðlabankar eru að reyna að koma í veg fyrir það að japanska jenið og þýska markið hækki í verði. Þeir eru að reyna að koma í veg fyrir það að raungengi japanska jensins fari svo hátt upp að iðnaðarvara Japans seljist ekki erlendis. Og hvað eru þeir að gera í Þýskalandi? Þeir eru að berjast fyrir því að raungengi þýska marksins fari ekki upp svo að hægt sé að selja þýskan varning erlendis. Og hvað hefur seðlabanki Japans og seðlabanki Þýskalands gert til að ná þessu marki sínu? Þeir hafa af og til eytt óhemjuupphæðum til þess að kaupa bandaríska dollara þegar dollarinn hefur ætlað að fara niður til að koma í veg fyrir það að hann færi jafnlangt niður og þörf útflytjenda í Bandaríkjunum hefur verið. Með því að koma í veg fyrir að hann færi niður hafa þeir í reynd haldið sínum gjaldmiðli lægri en hann ella væri. Ef þeir hefðu ekki gert þetta þá hefði japanska jenið farið upp og þýska markið farið upp vegna þess að í afstæðnaheimi er það hlutfallið á milli sem skiptir öllu máli. Hlutfallið á milli í gengisskráningunni.

Ég ætla þá að snúa mér að öðru atriðinu sem skiptir höfuðmáli í byggðarþróun og það eru samgöngur. Það eru samgöngur og aftur samgöngur. Samgöngur eru slagæðakerfi þjóðfélagsins og ef ákveðin svæði eru einangruð eins og um smáeyjar væri að ræða með því að ræna þær möguleikum til daglegra samgangna um landið þá er í reynd verið að setja þau svæði í annan flokk hvað það snertir að hafa möguleika til þess að þjóna sínum atvinnuvegum jafn vel og hin þar sem um daglegar samgöngur er að ræða. Þess vegna er það undirstöðuatriði að gera sér grein fyrir því að uppbygging vegakerfisins er eitt brýnasta verkefnið sem þjóðin hefur við að glíma ef hún vill auka sinn hagvöxt, m.a. ferðamannaþjónustuna, og ef hún vill skapa jafnræði á milli svæða í stuðningi við sína atvinnuuppbyggingu.

Þriðja atriðið sem einnig skiptir höfuðmáli er þetta: Hvar staðsetja menn starfsmenn hinnar opinberu þjónustu? Ef við söfnum allri opinberri þjónustu á einn blett, eins og því miður hefur verið gert í allt of ríkum mæli, þá erum við um leið að færa til þann hluta íslenskrar þjóðar sem fer í nám og staðsetja hann á þeim stöðum þar sem þessi opinbera þjónusta er.

Það er vitað að á næstu árum, næsta áratug og þar næsta, mun hvergi verða meiri fjölgun í störfum en í þjónustugeiranum. Þetta er ekkert sérískenskt lögmál. Þetta er alls staðar í heiminum. Þetta gerir það að verkum, ef þetta er skoðað, að t.d. í Svíþjóð hefur ekki aðeins 90% nýrra starfa orðið til í þjónustu, heldur yfir 100%, þ.e. það hefur fækkað í iðnaðinum, það hefur fækkað í námugreftrinum, það hefur fækkað í landbúnaðinum. Ef við berjum hausnum við steininn og segjum: Það skiptir ekki máli hvar við staðsetjum ný störf í þjónustu og færum þau öll á ákveðinn stað á landinu, þá erum við að sjálfsögðu að stuðla að því með opinberum aðgerðum í gegnum íslensku fjárlögin að byggðin færist úr stað.

Þá kem ég að fjórða atriðinu og það er framfærslukostnaður hinna ýmsu svæða. Það eru nokkur atriði sem við verðjöfnum í þessu landi. Við verðjöfnum olíuna, við verðjöfnum landbúnaðarvörurnar. Með því að verðjafna þessa tvo þætti má segja sem svo að við hækkum verð á olíu á vissum svæðum á Íslandi. Trúlega má gera ráð fyrir því að bestu útgerðarstaðirnir væru með eitthvað lægra olíuverð, þó ekki muni miklu, heldur en það er í dag, ef þetta væri frjálst. En við jöfnum þetta og stuðlum þannig að því að allir séu með sama olíuverðið. Það sama má segja um landbúnaðarvöruna. Auðvitað væri landbúnaðarvaran ódýrari á Selfossi, Hvolsvelli og Hellu ef hún væri ekki jöfnuð. Hún væri ódýrari í Dalasýslu og Borgarfirði ef hún væri ekki jöfnuð. Hún væri hærri hér í Reykjavík. En við höfum náð sáttum um þessa stefnu og stöndum þannig að þessum málum.

Viss atriði höfum við líka náð verulegum sáttum um. Við höfum náð sáttum um það að koma á miklu meiri jöfnuði í símakostnaði en var áður. Þar má segja að tæknin hafi hjálpað okkur og við erum ekki með þann mismuninn sem var.

En á einu sviði brjótum við öll markaðslögmál, rústum þau, látum handaflið ráða, og það er varðandi upphitunarkostnaðinn. Það þýðir ekkert að halda því fram að það sé einhver heiðarleiki í því þegar offramleiðsla er á rafmagni í landinu, gífurleg offramleiðsla er á rafmagni, að standa þannig að málum að segja að það sé einhver styrkur við landsbyggðina þó hún fái raforkuna þá á lægra verði til upphitunar. Það er bara kalt markaðslögmál, hún ætti að falla í verði. Henni er haldið fastri með einokun. Með einokunaraðgerðum er henni haldið fastri. Hækkanirnar á raforkunni í landinu eru svo grófar að það er búið að ljúga því að íslenskri þjóð að við skuldum Blönduvirkjun. En Landsvirkjun skuldar minna í dag en áður en Blanda var byggð. Þannig standa málin. Landsvirkjun skuldar minna í dag en áður en Blanda var byggð, það er búið að borga Blönduvirkjun kontant út úr kassanum.

Ég hygg að jafnvel hér í þéttbýlinu sjáist þess merki hverjar eru afleiðingar af kolvitlausri verðlagningu á raforku. Er það skynsamlegt að flytja inn gas til þess að elda mat á veitingahúsunum í Reykjavík? Væri ekki skynsamlegra að nota raforkuna og selja hana þá við því verði sem hægt er að selja hana?

Framfærslukostnaður hinna ýmsu svæða getur verið nokkuð mismunandi eins og ég hef leitt hér rök að og það er dálítið merkilegt að það er aftur á móti unnið að því með ýmsum aðferðum að koma í veg fyrir það að eðlileg hagræði landshluta, eins og t.d. Austfjarða, fái notið sín ef það er skoðað.

Ef tollalöggjöfin íslenska væri þannig að aðflutningsgjöldin væru ekki reiknuð út af tollinum út frá einhverju meðaltali í flutningskostnaði, þ.e. að ofan á réttan flutningskostnað eins og reikningurinn hljóðaði upp á yrði skatturinn reiknaður, þá mundi bílainnflutningur Íslendinga fara í gegnum Austfirði en ekki Reykjavík. Svo einfalt er það mál. Vegna þess að það er mun ódýrara að flytja alla bílana til Austfjarða. En tollakerfið sér um það að halda þessum flutningum beint til Reykjavíkur.

Það var verulegt umhugsunarefni fyrir mig sem landsbyggðarþingmann að horfa á það að þegar tollgæslan í Hafnarfirði sótti stöðugt á vegna sinnar þjónustu og meiri og meiri flutningur fór í gegnum Hafnarfjörð, þá var handaflinu beitt til að koma í veg fyrir það. Það var of langt frá Sundahöfn til þess að það gæti verið sanngjarnt að flytja vörur inn til landsins til Hafnarfjarðar. Svona vopnaburður á bak við er kannski eitt af því sem menn þyrftu gjarnan að skoða og hugleiða hvort það getur flokkast undir heiðarlegar leikreglur í þessu landi.

Þá ætla ég að snúa mér að því sem hlýtur að vera þó nokkuð umhugsunarefni í þeirri stöðu sem við erum og það er sú kenning að byggðastefnan hafi brugðist. Ég er hér með grein eftir hv. 3. þm. Reykv. sem er að því leyti til fyrirmyndar fram yfir marga aðra í landinu að hann kemur mikilli hugsun fyrir í stuttu máli og verður það að segja honum til hróss. Hann segir í þessari grein að það sé skýr starfsáætlun stjórnarflokkanna — og það efa ég ekki. Það blasir við að mikil umskipti hafa orðið í íslenskum þjóðmálum eftir að núv. ríkisstjórn komst til valda. Skýrust voru þó umskiptin hjá hæstv. forsrh. Það má segja að það sé svipað ástand með hugmyndir hjá iðnrh. og utanrrh. og var, þar eru menn í sömu stólum og þeir voru. En hjá núv. forsrh. hefur verið boðuð ný stefna í atvinnumálum og byggðamálum. Og hver var fyrstur allra Íslendinga að átta sig á þessari stefnu? Vitið þið það sem hér eruð í salnum? — Það var ríkisendurskoðandi. Enginn maður var jafnfljótur að átta sig á þessum vatnaskilum og ríkisendurskoðandi. Hann hefur það hlutverk að skrifa undir ársreikninga Framkvæmdasjóðs, Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs og hann hafði skrifað undir alla þessa ársreikninga miðað við það að landinu væri stjórnað með hagsmuni atvinnuveganna fyrir augum, ásamt hagsmunum fólksins. Hann var svo snöggur að átta sig á breytingunni að þó að blekið væri varla þornað á hans fyrri undirskrift undir alla þessa reikninga, þá skrifaði hann undir nýja útgáfu af öllum reikningunum. Mér er til efs að nokkur endurskoðandi á Íslandi hafi verið jafnsnöggur að rifa seglin og breyta seglabúnaði. Milljarða töp. Og hvar er það sem hann staðfestir það hvers vegna hann gerði þetta? Það er í Morgunblaðinu, því víðlesna blaði þjóðarinnar. Hann vissi sem var að svona stórtíðindi væri ekki hægt að koma á framfæri af viti annars staðar í lesendahópnum en í Morgunblaðinu. Stjórnarstefnan, segir hann, stjórnarstefnan kostar þetta fyrir sjóðakerfið. Svo einfalt er það. Ég hélt satt best að segja fyrst að það hefði slegið eitthvað fyrir í kollinum á þeim ágæta manni. En auðvitað var það algjör misskilningur og mín fáfræði að láta mér detta það í hug. Hann var bara með skarpari kveikju en hinir. Hann áttaði sig á því að nýja stefnan, sem var á þann veg að nú skyldi raungengið hífa upp, þýddi það að hrun atvinnuvega, hrun fyrirtækja blasti við og gjaldþrot sjóðanna mundi verða niðurstaðan.

Þetta voru merkileg tíðindi fyrir íslenska þjóð, hæstv. forsrh., að það skyldi geta gerst að sami aðilinn sem skrifað hafði undir reikninga með þessari niðurstöðu skyldi í einum grænum hvelli láta breyta öllum niðurstöðunum og skrifa undir upp á nýtt.

Fyrir rétti gerist það stundum að vitni breytir sínum framburði. Hvað er sagt? Það er dæmt úr leik sem vanhæft til að bera vitni, af því að það er búið að breyta framburðinum. Þess vegna hlaut ríkisendurskoðandi að gera sér grein fyrir að hann yrði talinn óhæft vitni í efnahagsmálum Íslands nema hann hefði skýringar. Og hann hafði skýringarnar. Það er búið að breyta stjórnarstefnunni. Þessi breytta stefna þýðir þetta. Þetta er alveg eins og ef skipstjóri á strandferðaskipi breytir stefnunni á leið út fjörðinn og ákveður að sigla á aðra hvora fjallshlíðina. Það er auðvitað strand.

Ég verð að segja eins og er að það hefur auðvitað komið fyrir að menn hafa hlaupið eftir alls konar villuljósum í þessum efnum. Svona til að létta andrúmsloftið langar mig til að segja hæstv. forsrh. frá því að það mun einu sinni hafa gerst þegar strandferðaskip sigldi inn fjörð á Vestfjörðum, og var farið að skyggja, að það ruglaðist á þessu rétta innsiglingarljósi og þeirri hagsýnu lausn sem ákveðinn bóndi hafði haft á því hvernig hann fór að því að handsama tvær kýr sem hann átti á kvöldin til að mjólka þær. Bóndinn vann í frystihúsinu og hafði ekki tíma til að mjólka kýrnar fyrr en komið var svartamyrkur og það var vandi að finna kýrnar svo hann hengdi bara baujulugt á aðra beljuna. Og svo þegar blessað strandferðaskipið kom siglandi inn þá stefndi það á kúna en ekki rétta ljósið og afleiðingin var strandsigling. Þetta er náttúrlega hlutur sem virðist hafa gerst á fleiri sviðum og það ber bara ekki eins mikið á þessari strandsiglingu hjá ráðherrunum því þeir eru ekkert að auglýsa það að þeir hafi horft á vitlaus ljós þegar þeir tóku stefnuna.

Ég ætla að víkja betur að grein hv. 3. þm. Reykv., og þeirri yfirlýsingu hans, sem er nú mikið hrós um Framsfl., að hann kemst að því að meðan menn urðu að vinna með Framsfl. þá sátu þeir fastir í því að þurfa að taka tillit til atvinnuveganna. Og þessu 20 ára tímabili, þegar framsóknarmenn nánast beygðu menn til þess að starfa á þennan veg — ég hef nú aldrei litið svo á að það hafi þurft að beygja þá menn sem þá voru í ríkisstjórn fyrir Sjálfstfl. til þess að starfa líka í þágu atvinnuveganna. Ég hef alltaf litið svo á að það væri bara sjálfgerður hlutur, að þeir töldu það eðlilegt. Þeir komu margir þaðan, fulltrúar þeirra — að þessu tímabili, að ríkisvaldið skipti sér á einhvern hátt af atvinnuvegunum, sé bara lokið.

Mér er ekki alveg ljóst hvort það ber að túlka þetta á þann veg að Alþfl. vilji ekki skipta sér af atvinnuvegunum eða hvort það eigi að túlka þetta á þann veg að það þurfi ekkert tillit að taka til hans. Það er nefnilega umhugsunarefnið, hv. 3. þm. Reykv. Er staðan sú að það sé betra að vera í samstarfi með leiðitömum aðilum en hinum sem rífa kjaft og heimta eitthvað fyrir sinn snúð? Þetta er stóra spurningin — og nú kinkar hv. 3. þm. Reykv. kolli. Ég er náttúrlega ekki alveg viss um hvað það merkir. Stundum var nú talið að það þýddi já. En þegar hæstv. fyrrv. forsrh. framsóknarmanna horfði á það að núv. 3. þm. Vestf. kinkaði kolli forðum, þá sagðist hann ekkert heyra og ekkert vita

hvað það þýddi en kvartaði undan því að það gæti verið að það væru bara kvarnir, en hann heyrði það ekki.

Það er nefnilega verulegt hrós fyrir Framsfl. að fá þá umsögn sem hv. 3. þm. Reykv. gefur í þessari grein um samstarf við hann. Þetta þýðir að það verður að taka tillit til Framsfl. ef menn eru í stjórn með honum. Þetta er hárrétt athugað og þetta er skarplega athugað og þetta er niðurstaðan af 20 ára samstarfi þessa flokks við aðra.

En vel að merkja: Hver eru hin nýju stikkorð sem okkur eru sögð í byggðamálum? Þau eru tvö. Bara tvö. Annað stikkorðið er vaxtarsvæði. Hitt flutningastyrkir til þeirra sem vilja flytja. Og þá frá hvaða svæðum? Svæðum sem ekki eru vaxtarsvæði og e.t.v. eiga þá ekki að vera vaxtarsvæði. Þarna erum við nefnilega komin að kjarna málsins.

Ég hef flett upp í íslenskum orðabókum og orðið vaxtarsvæði er ekki til. Það er ekki til í orðabókum. Það er talað um vaxtarstað, t.d. á trjám, það vita flestir hvar sá vaxtarstaður er. Ég veit ekki hvernig þetta yrði fært ef þetta yrði fært yfir á mennina, hvar vaxtarstaðurinn væri. Ég er ekki nógu fróður um það. En vaxtarsvæði? Hvar skyldi það orð vera til? Í hvaða bókum? Sú bók þar sem ég hef fundið þetta orð heitir „Tillögur að fimm ára framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði" og er frá 1965. Hún er þýdd úr norsku. Og vel að merkja: Í þessari bók eru líka hugmyndirnar um flutningastyrkina frá svæðunum sem ekki eiga að vera vaxtarsvæði til svæðanna sem eiga að vera vaxtarsvæði. Og þá vaknar þessi stórkostlega spurning: Eru þetta þá nýjar tillögur í byggðamálum eða eru þetta gamlar tillögur sem búið er að dusta rykið af? Það olli mér verulegri umhugsun. Ég, sem hélt að komnar væru nýjar tillögur, hallast nú mun meira að því að þetta séu gamlar tillögur sem menn hafa dustað rykið af.

Af því að ég er nú úr Vestfirðingafjórðungi, þar sem menn skrifuðu bækur og þar sem menn reyndu að varðveita bækur, og fæddur á þeim stað þar sem Skálda fannst, þá þykir mér það merkilegur hlutur að þessi bók, „Tillögur að fimm ára framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði", var látin hverfa á sínum tíma. Hún var fjölrituð í verulegu upplagi en þegar greindir menn úr Sjálfstfl. og Alþfl. fóru að lesa bókina þá komust þeir að því að alveg eins og sagt var um Njál að hann væri misvitur, þá töldu þeir að norsku sérfræðingarnir væru misvitrir og ekki væri skynsamlegt að láta þessa bók fara fyrir almenningssjónir. Hún var ekki til í bókasafni Alþingis.

Ég átti þessa bók fyrir mörgum árum vegna þess að ég handsamaði hana nánast með ofbeldi af ágætum starfsmanni Framkvæmdastofnunar, Sigfúsi Jónssyni, sem kom vestur á firði og flutti þar erindi. Ég sagði honum að bókin væri miklu betur geymd hjá mér og ég ætlaði ekki að skila henni. En það voru svo margir sem vildu fá að lesa hana að ég tapaði henni og var þá ekki búinn að fjölrita hana.

Hvort bókin var brennd, sett á sorphauga eða geymd í kjöllurum einhvers staðar úti í bæ skal náttúrlega ósagt látið. Allir möguleikarnir eru til staðar. En stórt upplag hvarf. Það er söguleg staðreynd. Og hvaða bókafjöldi haldið þið að sé til í Byggðastofnun? Það er til eitt eintak á norsku og eitt eintak á íslensku, merkt fyrrv. forstöðumanni áætlunardeildar í Framkvæmdastofnun ríkisins, miklum hirðumanni, sem kannski vegna þess að hann er af þessari sérstæðu þjóð kominn sem varðveitir bækur vildi ekki brenna hvert einasta eintak eða láta það hverfa.

En það sækir á mig sú hugsun hvort e.t.v. sé til í Valhöll annað eintak af Vestfjarðaáætlun, kannski á norsku og kannski á íslensku. Af því að núv. forsrh. er fagurkeri — því það er hann og verður ekki af honum skafið, það hafa menn séð ef menn átta sig á því á hvaða framkvæmdum hann hefur haft áhuga — þá er ekki ólíklegt að hann hafi farið að skoða í bókasafni Valhallar hvort þar mætti finna fróðleik um byggðamál og rekist á hina týndu Skáldu.

Nú er rétt að fara örlítið yfir bókina og átta sig á því hvað í henni stendur:

Norðmennirnir sem skoðuðu Ísland voru hinir hæfustu menn. Einn þeirra átti eftir að verða forstjóri norsku byggðastofnunarinnar og það er stutt síðan hann lét af störfum. En þeim fannst margt merkilegt þegar þeir skoðuðu landið vegna þess að þeir höfðu ákveðnar kenningar um það hvers vegna byggð legðist af. Allt var þetta miðað við Evrópu. Með leyfi forseta ætla ég að vitna í örfá atriði. Á bls. 2 stendur:

„Helstu einkenni landsvæða, sem dregist hafa aftur úr í efnahagsþróun eru lágar tekjur, tiltölulega mikið atvinnuleysi, of dauft atvinnulíf og útflutningur vinnuafls til landsvæða sem meira eru þróuð."

Aðeins eitt af þessum þremur atriðum átti við Vestfirði, þ.e. útflutningur vinnuafls til landsvæða sem meira eru þróuð. Atvinnuleysi var ekki til. Það var bara ekki til siðs á Vestfjörðum. Menn fluttu. Menn voru ekki atvinnulausir þar. Ef þeir höfðu ekki atvinnu færðu þeir sig annað. Og meðaltekjurnar? Þær voru með því hæsta á Íslandi. Það var því ekki skrýtið þó að Norðmönnum væri brugðið. Hver skrattinn var á seyði?

Kenningin um atvinnuleysið annars vegar og lágar meðaltekjur hins vegar passaði ekki upp á Íslendinga. Þeir höfðu lengi vitað að það voru skrýtnir menn sem bjuggu hér norður í höfum en á þessu áttu þeir ekki von. Engu að síður er hæpið fyrir sérfræðinga að yfirgefa fræðibækurnar og kenningarnar því að það getur verið að þeir séu að eiga við einhver undantekningartilfelli og kenningin kannski að mestu leyti rétt ef um venjulegt fólk er að ræða.

Á bls. 5 segja þeir og ítreka enn skýringarnar:

„Sá mælikvarði sem mest er notaður til þess að mæla efnahagslegt misræmi á milli landshluta eru tekjur á íbúa. Rannsókn sem gerð var á vegum Sameinuðu þjóðanna árið 1955 sýnir meðaltekjur á íbúa á hverju svæði sem hlutfall af meðaltekjum á íbúa í viðkomandi landi og verður það mælikvarðinn á landshlutamisræmi.

Annar mælikvarði til að sýna svæðavandamálin er atvinnuleysisstigið. Ef stöðugt er í ákveðnum landshluta stærri hluti af vinnufæru fólki án atvinnu en gildir fyrir landið í heild verður að álíta að landshlutinn sé vanþróaður. Litlir atvinnumöguleikar hlutfallslega eða

lág framleiðni vinnuafls er einnig notað sem mælikvarði á svæðismisræmi."

Framlag á vinnandi menn í sjávarútveginum var með því hæsta á Íslandi. Atvinnutekjurnar náðu þessari hæð og atvinnuleysið var ekki til staðar. Nei, kenningarnar gengu ekki upp.

Með leyfi forseta ætla ég að fletta á bls. 16. Þar er fyrst hreyft við kenningunni um vaxtarsvæðin. Þar segir svo:

„Út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi og þeim athugunum sem hafa verið gerðar virðist eðlilegt að líta á Vestfirði sem heild og óskipt svæði að því er samgöngur og íbúa snertir. Án tillits til þeirra lagalegu marka sem fyrir eru sýnist eðlilegt við gerð framkvæmdaáætlunar að hugsa sér að svæðinu sé skipt í fjögur héruð. Gróf hugmynd um slíka svæðisskiptingu er sýnd á meðfylgjandi uppdrætti."

Af því að ég veit að hér eru menn sem eru vel að sér í landafræði á Íslandi ætla ég í fáum orðum að lýsa þessum fjórum svæðum. Svæði 1 var Árneshreppur og hluti af Kaldrananeshrepp. Svæði 2 var Austur-Barðastrandarsýsla og Strandasýsla fyrir utan það sem ég nefndi áðan. Svæði 3 og 4 voru svo Barðastrandarsýsla að Austur-Barðastrandarsýslu undanskilinni og Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla.

„Svæði 1. Héraðið einkennist af miklum burtflutningi, lélegum samgöngum á landi og skorti á nokkru þéttbýli að ráði. Ekki er útilokað að í framtíðinni búi fólk á nokkrum stöðum á svæðinu. Miðað við t.d. norskra reynslu er þó ósennilegt að bættar samgöngur og/eða aðrar aðgerðir í sambandi við framkvæmdaáætlun mundi geta komið í veg fyrir áframhaldandi fólksfækkun. Opinberar aðgerðir á svæðinu verða því fyrst og fremst að vera af félagslegum ástæðum. Hugsanlegar aðgerðir á vegum framkvæmdaáætlunar gæti þá verið í formi flutningastyrkja frá erfiðum stöðum með það í huga að koma af stað fólksflutningi til þéttbýlli staða á Vestfjörðum í stað þess að flutt væri út af svæðinu. Þetta gæti átt við um fleiri svæði.

Svæði 2 er í stórum dráttum að því er atvinnulíf og samgöngur snertir líkara þeim héruðum sem sunnar eru en öðrum hluta Vestfjarða. Með tiltölulega litlum kostnaði fær héraðið fullnægjandi vegasamband við þéttbýlli svæði landsins. Þar eru einnig nokkrir möguleikar á áframhaldandi þróun landbúnaðar. Þar er þó ekki neitt þéttbýli að ráði og heldur ekki fólksfjöldi til neinnar kjarnamyndunar sem gagn er að. Það virðist vafasamt hvort sérstök áætlun fyrir Vestfirði getur breytt samsetningu búsetu eða atvinnuháttum á þessu svæði svo teljandi sé."

Í framhjáhlaupi vil ég geta þess að þetta er svæði sem ekki átti að vera vaxtarsvæði og enginn nothæfur byggðakjarni í. Þó er staðreynd að annar af tveimur stöðum á Vestfjörðum sem mest hefur vaxið er Hólmavík og má það furðulegt heita miðað við þá umsögn að þarna sé nánast vonlaust að mannlíf fái þrifist.

„Svæði 3 og 4. Í þessum héruðum er við aðalvandamálið að etja og þarf bæði að vera unnt að efla íbúafjölda þeirra og atvinnulíf samkvæmt sérstakri áætlun. Í þessum héruðum er hér um bil allt þéttbýli, iðnaður, þjónustustarfsemi og félagslegar og menningarlegar stofnanir svæðisins í heild. Ef allt þéttbýli í þessum tveimur héruðum hefði verið af svipaðri stærð og haft svipaða hafnaraðstöðu og stækkunarmöguleika á landi hefði verið nærtækast að líta á þessi tvö héruð sem eina heild. Ef svo hefði verið hefði legið beint við að benda á Þingeyri sem aðalkjarna svæðisins."

Innskot frá mér: Mér er sagt að dr. Benjamín Eiríksson hafi talið það eðlilegt en Jónas Haralz og Bjarni Einarsson voru vantrúaðir á að menn kæmust til höfuðstaðarins að vetrarlagi ef aðeins yrði hafður einn flugvöllur fyrir Vestfirði.

Þá held ég áfram lestrinum:

„Tilraun til þess að gera nýjan aðalkjarna á kostnað þeirra sem fyrir eru eða í samkeppni við þá mundi þurfa mjög mikillar opinberrar aðstoðar við, hvernig sem á málið er litið. Sé tekið tillit til íbúafjöldans er raunar ekki unnt að útiloka að slík tilraun misheppnaðist án tillits til þess hvaða tæki væru notuð. Fjarlægðir eru svo litlar að hægt ætti að vera að byggja upp Patreksfjörð sem fullnægjandi aðalkjarna fyrir stað eins og Sveinseyri og Bíldudal. [Sveinseyri er Tálknafjörður.] Miðað er þá við að til þessara staða séu góðir vegir og færir allt árið. Á sama hátt ætti Ísafjörður að geta verið fullnægjandi aðalmiðstöð fyrir Bolungavík, Hnífsdal, Súðavík, Suðureyri, Flateyri og sennilega einnig Þingeyri."

Hér er gripið á því sem Norðmennirnir, eftir að hafa skoðað stöðuna í atvinnumálunum varðandi þjóðartekjurnar og stöðuna varðandi atvinnuleysið, töldu aðalatriði málsins og það er að koma samgöngunum í það form að það yrðu daglegar samgöngur. Sem betur fer stöndum við í dag þannig að hafin er jarðgangagerð sem þeir töldu forsenduna fyrir því að hægt væri að efla Ísafjörð. Því skyldu menn ekki gleyma — að hægt væri að efla Ísafjörð. Vegna þess að þeir gerðu sér grein fyrir því að ef Ísafjörður mundi ekki eflast og ef hin svæðin færu af þá yrði þar hnignun.

Í dag stöndum við líka í þeim sporum að loksins er komin á vegáætlun ákvörðun um að leggja nothæfan veg yfir Hálfdán.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að fá að lesa áfram á bls. 18 forsendurnar fyrir tillögunum sem koma seinna:

„Tillögurnar byggjast á þeim aðalforsendum, sem nefndar hafa verið hér að framan, nefnilega að meiri samdráttur byggðar á svæðinu sé nauðsynlegur, að opinbert framlag til svæðis 1 sé takmarkað við þær aðgerðir sem taldar eru þjóðfélagslega nauðsynlegar og að það fólk, þær fjölskyldur sem óska að flytja frá bústöðum sínum fái styrk í einu eða öðru formi ef flutt er búferlaflutningum til þéttbýlis innan svæðisins, að reynt verði að beina verulegum hluta aðgerðanna samkvæmt áætluninni til svæðis 3 og 4. Og að í þessu sambandi sé stefnt ákveðið að því að efla Patreksfjörð og Ísafjörð sem svæðakjarna.

Miðað við ríkjandi þjóðfélagskerfi á Íslandi í dag verður verulegur hluti áætlunarinnar að felast í því að hvetja með réttum aðgerðum til framkvæmda á svæðinu á vegum einkaaðila og á annan hátt. Að undantekinni einstakri frumfjárfestingu mælir þetta með því að

ekki séu sett föst tímatakmörk fyrir framkvæmd áætlunarinnar."

Og nú komum við að hinni sögulegu staðreynd. Það var gefin út bók um það hvernig staðið hafði verið að Vestfjarðaáætlun eftir að búið var að fara í þessar framkvæmdir. Í þeirri bók kemur fram að allt fjármagnið var notað á 3. og 4. svæðið. Sú skýring er gefin að menn líti svo á að seinna meir sé eðlilegt ef gerð verði Norðurlandsáætlun að Strandasýsla sé höfð þar með. Og að Austur-Barðastrandarsýsla verði höfð með ef gerð verði áætlun um Dali. Hliðstæð framkvæmdaáætlun og gerð var fyrir þessi tvö svæði, 3 og 4, hefur aldrei verið gerð.

En svo komum við að hinu atriðinu. Það eru styrkirnir sem átti að veita frá svæði 1 og 2 ef menn vildu flytjast á svæði 3 og 4, og vel að merkja.

Ég efa það ekki eitt augnablik að þáv. forsrh. landsins hafi lesið þennan texta nokkuð oft og setið hljóður og hugsað. Þessi kenning var til staðar í heiminum þá. Hún var prófuð eftir 1950 á Nýfundnalandi og hún var prófuð í Norður-Svíþjóð. Á öðrum staðnum hagaði svo til að það voru 50 manna þorp vítt og breitt með ströndinni, á Nýfundnalandi, og það átti að greiða íbúunum styrk ef þeir vildu flytja til ákveðinna staða. Tiltækið gjörsamlega mistókst eins og hver önnur hringavitleysa. Í Norður-Svíþjóð var niðurstaðan nákvæmlega sú sama.

Þetta var kolvitlaus stefna og sem betur fer átti Sjálfstfl. þá í sinni forustusveit þá mannvitsmenn að þeir gerðu sér grein fyrir því að svona lagað gekk ekki upp. Þetta var aldrei prófað af þessum forustumönnum Sjálfstfl. eða Alþfl. sem þá tóku ákvörðun um Vestfjarðaáætlun. Þetta er kerfi sem ekki gengur upp.

Hvernig haldið þið að hefði farið ef ekki hefði verið breytt um stefnu og stuðlað að því að Strandasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla ættu svipaða lífsmöguleika og önnur svæði á Íslandi? Ef menn hefðu haldið fast við það að aðeins félagsleg aðstoð ætti rétt á sér á svæði 1 og 2? Þá væri Patreksfjarðarsvæðið, Vestur-Barðastrandarsýsla og Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur eins og eyja. Eins og eyja með eyðibyggðir á leiðinni suður.

Ég hygg að hverjum sem hefur hlýtt á þetta megi ljóst vera að kenningin um búferlastyrkina til flutninga og kenningin um vaxtarsvæðin eru teknar beint úr þessari bók, „Tillögur að fimm ára framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði." Það eina sem gert hefur verið er að dusta af þeim rykið. Menn gáfu sér ekki tíma til að kanna það hvort þessar kenningar hefðu einhvers staðar í heiminum skilað verulegum árangri.

En hvað var það sem forustumenn íslenskrar þjóðar á sínum tíma lögðu áherslu á og tóku með réttu úr þessari bók og töldu rétt? Það var kenningin um að ná byggðunum saman með bættum vegum. Það er sú kenning sem hefur verið þjóðarsátt um sl. 25 ár að berja áfram í landinu og ábyrgir menn í byggðamálum Íslands hafa varið og munu verja.

Ég ætla líka að vekja athygli á því að í þessari bók er fjallað um strandflutninga þó að ég fari ekki út í það nákvæmlega. Þar er talið að tvær ferðir í viku til Ísafjarðar og ein ferð í viku á hina staðina séu algjört lágmark sem þjónusta í þeim efnum.

Það er umhugsunarefni að þegar búið er að forrita mannsheilann á þann hátt að ákveðnir hlutir eru komnir fastir inn er eins og það sé erfitt, oft tvöfalt erfiði, að fá menn til að snúa frá villu síns vegar. Það er nefnilega oft svo að það að ætla að leiðrétta skekkju sem verður til og kemst þannig inn getur tekið langan tíma. Eitt dæmið sem ég man eftir um einhverja alvarlegustu skekkju sem fór inn í sænska menntakerfið og tók engan smáræðis tíma að leiðrétta var þegar sænskur prófessor í stærðfræði setti mengjakerfið inn í grunnskólana í Svíþjóð. Hann taldi sig vita betur en aðrir um það að með þessari aðferð mundi æska Svíþjóðar skilja stærðfræðina í grunn. Og völd hans voru slík að mengjakerfið var sett inn í allar kennslubækur í grunnskólunum í Svíþjóð. Svo liðu árin frá 1. bekk og þar til prófessorinn fékk þessa nemendur í tíma hjá sér í háskólanum. Þá áttaði hann sig á því að þeir kunnu minna í stærðfræði en nokkrir aðrir sem höfðu komið upp úr grunnskólum Svíþjóðar. En það skal sagt honum til hróss að hann var maður til að leiðrétta vitleysuna eftir að þessi niðurstaða lá fyrir. Þegar þessi niðurstaða lá fyrir var hann maður til að játa það að sér hefði skjátlast og það yrði að rétta kompásinn af. En það var ekkert smáræðis tímabil sem um var að ræða frá því að vitleysan fór af stað, hafði sigur, og þar til tókst að leiðrétta hana.

Ég segi fyrir mig: Búum við í dag við það að farið verði af stað með álíka vitleysu í stefnumörkun byggðamála, að samgönguþátturinn verði settur til hliðar að einhverju leyti og menn taki upp á öðru sem var afskrifað sem raunhæf stefna í byggðamálum í Evrópu fyrir mörgum árum?

Með leyfi forseta ætla ég að lesa enn á bls. 45 sem líka er stuðningur við drauminn um búferlaflutninginn á fólkinu:

„Fyrst og fremst ætti framleiðslan" — þetta er landbúnaðurinn — „að vera í þeim héruðum og svæðum sem best skilyrði hafa til landbúnaðar. Framleiðslan á helst að vera þannig staðsett að unnt sé með sem minnstum flutningum að sjá þéttbýlinu og svæðinu fyrir venjulegum landbúnaðarvörum og e.t.v. einnig mynda grundvöll fyrir ákveðna frekari framleiðslu á einum eða fleiri af þessum stöðum. Á landbúnaðarsvæðunum verður að vera hægt að fá nægileg ræktunar- og beitilönd fyrir þá bændur sem óska að flytja frá núverandi jörðum sínum."

Hvar skyldi nú þetta ónumda land Vestfjarða hafa átt að vera ef við Einar Kristinn, hv. 3. þm. Vestf., færum nú að skoða í kringum Ísafjörð? Er það í Arnardal sem við mundum setja þessa miklu landbúnaðarbyltingu af stað fyrir vestan? Er það láglendið í Önundarfirði sem er nú að mestu leyti byggt? Er það Djúpið, Skötufjörðurinn? Ætli það yrði ekki dálítið þröngt um beit ef við flyttum alla bændur úr Austur-Barðastrandarsýslu á þetta svæði? Ætli það mundi ganga upp, gróðurverndarsjónarmiðin og allt það? Nei.

Með leyfi forseta vil ég víkja að enn einu atriði á bls. 54. Þar eru tillögurnar blákaldar eins og þær komu

fram. Að opinber framlög á 1. og 2. svæði séu takmörkuð við þær ráðstafanir sem taldar eru félagslega nauðsynlegar. Að þeir einstaklingar, þær fjölskyldur sem óska að flytja búferlum fái bætur í einni eða annarri mynd ef búferlaflutningar eru til þéttbýlisstaða innan svæðisins. Að reynt verði að beina aðalhluta framlagsins samkvæmt áætluninni að 3. og 4. svæði og að í þessu sambandi verði markvisst stefnt að því að efla Patreksfjörð og Ísafjörð sem svæðakjarna.

Herra forseti. Hverjar eru þessar félagslegu nauðsynjar á svæði 1 og 2? Það er vafalaust gert ráð fyrir að þar verði áfram eðlilegt stand í trúmálum þjóðarinnar. Skólamál, mjög trúlegt, og einhver læknisþjónusta. Þá erum við eiginlega búnir að fara yfir þetta.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess að það er eitt að standa þannig að málum að menn trúi því að þeir séu að koma að ónumdu landi og vilji skipa byggð á Íslandi út frá því sjónarmiði. Annað er að vilja hafa áhrif á það sem fyrir er, þann arf sem menn taka við, hvort sem menn kalla hann fortíðarvanda eða eitthvað annað. Eða vilja menn koma þannig að að þetta sé allt saman ónumið og eigi að fara að skipuleggja þetta upp á nýtt?

Mér verður oft hugsað til þess að flestir höfum við Íslendingar sennilega innprentað að Akureyri eigi að vaxa hraðar en aðrir staðir á Norðurlandi. Hafið þið ekki, sem hér eruð inni, einhvern tíma heyrt að þetta sé staðurinn sem eigi að vaxa? Svo tekur Sauðárkrókur upp á því að vaxa hraðar og spyr bara ekkert að því. Hann hefur hvergi verið stimplaður sem vaxtarsvæði. Þetta eru bara eitthvað afbrigðilegir menn á Sauðárkróki sem lúta ekki venjulegum lögmálum, þar sem lærðir menn hafa komist að ákveðinni niðurstöðu, sem halda áfram að búa í þessum firði, gera sér glaðan dag og eiga sína sæluviku. Og Sauðárkrókur vex.

Lítill staður fyrir vestan, sem ekki er einu sinni hafður með því nafni sem hann hefur núna, í dag er talað um Tálknafjörð, þá hann hét Sveinseyri, tók upp á því að vaxa þó að búið væri að stimpla það að Patreksfjörður væri vaxtarsvæðið og ekkert annað en Patreksfjörður. Svona getum við haldið áfram.

Ég verð að segja eins og er að það er ekkert skrýtið þó að ungir menn sem komast til valda á Íslandi fari að skoða hlutina og sjái að við höfum ekki alltaf siglt óskabyr, búið við barning og erfiðleika við að ná hlutunum áfram. Það er hægt að sýna fram á það að mannfjöldinn er ekki jafnmikill og hann var fyrir nokkrum árum. Við höfum þó horft á það að það eru blómlegar byggðir á þessum stöðum, vel byggð íbúðarhús sem mundu sóma sér í hvaða stórborg sem er erlendis. Við viljum ekki skrifa undir það að byggðastefnan, sem notuð hefur verið í 25 ár, og miðað hefur að því að reyna að ná byggðunum saman með bættu akvegakerfi, bættum samgöngum, hafi brugðist. Við erum einfaldlega ekki búnir að framkvæma hana nema á vissum svæðum landsins. Við höfum ekki náð hinu fram enn. Með kolvitlausri gengisstefnu, með því að neyða menn til að afhenda íslenskan gjaldeyri á lægra verði en það kostar að afla hans, er hægt að rústa allt í breiðum byggðum Íslands.

Það er nefnilega umhugsunarefni að í Japan er það ekki gert í lok laxveiðitímabilsins að fara að kíkja á það hvort jenið sé rétt skráð, eða fyrir jól og á haustdögum. Það er fyrsta verk á hverjum einasta degi og það er setið yfir því eins og við mundum vakta ísbjörn ef við teldum að hann væri að gera áhlaup á okkur. Það er setið yfir því allan daginn að fylgjast með því hvort jenið sé rétt skrásett. Hér koma menn saman, eins og ég segi, í lok laxveiðitímabilsins og á nokkrum öðrum tímum til þess að gera úttekt á þessu. Þegar semja þarf fjárlög eru settir saman nokkrir spámenn og látnir segja fyrir um þetta. Það er orðið samningsatriði í kjarasamningum hver sé gengisskráning íslensku krónunnar. Það er ekki dónalegt að eiga svona gjaldmiðil sem þarf ekki að lúta neinum lögmálum. Og menn hafa bara í hótunum ef ekki er hægt að semja um það að gengi íslensku krónunnar skuli halda sínu gagnvart japanska jeninu.

Ég held að það sé líka þó nokkurt umhugsunarefni að á vissu tímabili á þessu 25 ára tímabili, sem ég hef gert hér að umræðuefni, var gengið látið fljóta. Það var látið lúta þeim lögmálum alveg kalt að ekki ætti að hækka raungengi íslensku krónunnar. Vissulega var verðbólga á því tímabili af ýmsum ástæðum vegna þess að menn voru ekki sáttir við þetta heldur. Það hefur líka verið verðbólga bæði fyrir þennan tíma og eftir. Þetta var frá 1974–1978 í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Þá var gengið látið fljóta og viðurkennt að það væri ekkert nema íslensk framleiðsla sem réði því hvert verðmæti íslensku krónunnar væri. Hins vegar bjuggu menn þá við það að þeir voru herskáir sem verkalýðsforingjar í landinu og á tímabili var það viðurkennd stefna í átökum við stjórnvöld að það væri svo sem allt í lagi að framleiða á Íslandi, það væri bara bannað að flytja út. Það var sagt að það væri alveg skaðlaust fyrir þjóðina þó að þessi stefnubreyting yrði framkvæmd að hér væri bara framleitt en ekkert flutt út. Auðvitað var hægt að sprengja með svona vinnubrögðum.

Ég vil beina þeim orðum til hæstv. forsrh. að þegar þessi bók verður aftur tekin til yfirlestrar í Valhöll, þá verði hún lesin með sömu gætni og foringjar Sjálfstfl. og Alþfl. gerðu á sínum tíma. Þeir tóku út úr þessu það sem þeir töldu að væri rétt. Þeir höfnuðu kenningunum sem voru orðnar úreltar og höfðu verið reyndar eftir 1950. Þeir gerðu sér grein fyrir því alveg eins og ég sagði áðan að misvitur var Njáll og norsku sérfræðingarnir voru með hugmyndir sem ekki gengu upp. Þær ganga ekkert frekar upp í dag.

Hver einasti forsætisráðherra þessa lands verður að gera sér grein fyrir því að vandamál byggðar á Íslandi og í Noregi eru ekki þau sömu. Vandamál byggðar á Íslandi hafa ekki verið þau að sjávarútvegsgssvæði séu með lægri meðaltekjur en víða annars staðar. Vandamálið hefur verið einhæft atvinnulíf vegna þess að þjónustan hefur verið staðsett á einum stað og skortur á samgöngum. Framleiðni þeirra þegna sem þarna hafa unnið hefur verið með því mesta í landinu.

Ég hreinlega trúi því ekki að ef menn setjast niður á nýjan leik og skoða þessi mál, afla sér upplýsinga um það hvað hefur tekist í byggðamálum og hvað hef-

ur ekki tekist, kynna sér söguna í Norður-Svíþjóð, kynna sér söguna frá Nýfundnalandi, þá verði menn verði svo fastir í kennisetningunum að þeir átti sig ekki á því að sumt gengur ekki upp þegar menn ætla að ráða örlögum fólks. Skagfirðingar spyrja aldrei Eyfirðinga að því hvar eigi að vera vaxtarsvæði á Norðurlandi.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það fer ekki hjá því að við höfum áttað okkur á þeirri staðreynd að hv. 2. þm. Vestf. er mjög gamansamur maður og hefur tileinkað sér skáldlegan málflutning, ekki síst þegar hann fjallar um byggðamál. Það er vissulega athyglisverð aðferð sem hann hefur viðhaft í þessum ræðustóli í dag. Þegar hann hefur gert tilraun til þess að draga athygli frá stefnu Framsfl. í byggðamálum undangengin ár, þá skuli hann draga upp 25 ára gamlar hugleiðingar útlendinga um það hvernig ætti að skipa byggðamálum á Íslandi. En á þetta verður auðvitað að líta í ljósi þess sem hefur verið að gerast í byggðamálum á undanförnum árum.

Skýrsla forsrh. um Byggðastofnun sem hér er til umræðu mótast að sjálfsögðu af því ástandi sem er hjá atvinnuvegunum og menn ræða svo mjög um þessar mundir.

Samkvæmt lögum er hlutverk Byggðastofnunar að fylgjast með þróun byggðar í landinu og gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Byggðastofnun er gert í lögum að ná þessum tilgangi sínum með því að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning til þess að koma í veg fyrir óæskilega byggðaröskun.

Það fer ekki á milli mála að Byggðastofnun er meðal allra mikilvægustu stofnana í stjórnkerfi okkar og tel ég ástæðu til að nefna það vegna þess að hinir frægu sjóðir, sem síðasta ríkisstjórn setti á fót og Byggðastofnun voru fengnir til umsjónar, hafa orðið til þess að skaða mjög þá ímynd sem stofnunin hafði.

Í atvinnulífinu sem og í opinberri stjórnsýslu er það viðurkennt að markviss áætlanagerð og skýr markmiðssetning við stjórnun verður að vera fyrir hendi ef árangur á að nást. Þetta gildir einnig í byggðamálum þar sem setja verður upp áætlanir og markmið til langs tíma.

Það hefur verið viðurkennt takmark allra stjórnmálaflokka að halda landinu öllu í byggð og nýta þannig eftir föngum auðlindir lands og sjávar eftir því sem efni hafa verið til hverju sinni. Eftir því sem kröfur um þjónustu hafa farið vaxandi og eftir því sem hærra hlutfall íbúa landsins hefur flust á höfuðborgarsvæðið til þess að sinna opinberri þjónustu hefur orðið þyngra fyrir fæti að standa fyrir þeirri öflugu byggðastefnu sem hið stóra land okkar krefst ef markmið um byggð um allt land á að nást. Mistök í atvinnuuppbyggingu og slaki í því að móta og marka skynsamlega byggðastefnu á vegum ríkisvaldsins hefur orðið til þess að menn skella skuldinni á hina svokölluðu byggðastefnu landsbyggðarinnar og menn komast að þeirri niðurstöðu að byggðastefna síðustu ára hafi brugðist. Vissulega er hægt að taka undir það og vissulega er margt til í því. Staða og þróun byggðar í landinu bendir til þess að ekki hafi orðið árangur í aðgerðum stjórnvalda.

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar er leitast við að fara nýjar leiðir, marka á þá stefnu að byggja upp vaxtarsvæði og skapa heilbrigð rekstrarskilyrði fyrir atvinnulífið og styrkja þannig byggðina, ekki síst með bættum samgöngum.

En hverjir móta byggðastefnuna? Er hún mótuð eða á hún einungis að vera mótuð í Stjórnarráðinu, eða við Rauðarárstíginn, í höfuðstöðvum Byggðastofnunar?

Það fer auðvitað mest fyrir umræðum um aðgerðir eða aðgerðaleysi ríkisvaldsins í byggðamálum. Mönnum hættir mjög til þess að ræða byggðamál eins og þau séu sérstakt óskilgreint viðfangsefni sem eigi sjálfstæða tilveru og allt standi og falli með ráðstöfunum ríkisvaldsins í byggðamálum. Auðvitað á ríkisstjórn á hverjum tíma að móta þá stefnu sem hún vill fylgja í atvinnumálum og byggðamálum. En þar eiga fleiri að komast að og þar hafa vissulega fleiri komist að. Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa mikið að gera með byggðamál með ákvörðunum sínum. Uppbygging þjónustu og afstaða sveitarfélaga til atvinnulífsins getur haft afgerandi áhrif á byggðarþróun.

Vandamál sveitarfélaga er hins vegar það að þau eru lítil og dreifð og oft hefur þeim verið ætlað meira en þau hafa haft bolmagn til að sinna. En alvarlegasti og um leið neikvæðasti þáttur byggðamálanna sem snýr að sveitarfélögum hefur verið viðskipti þeirra við ríkisvaldið. Þegar sveitarfélögunum hafa verið færð stóraukin verkefni án þess að þeim hafi verið tryggðar tekjur hefur það leitt til þess að þau hafa orðið vanmegnug til þess að stuðla að atvinnuþróun og taka með óbeinum hætti þátt í atvinnuuppbyggingunni. Í allt of ríkum mæli hefur verið kallað til sveitarfélaganna þegar allt hefur verið komið í strand hjá atvinnufyrirtækjunum í staðinn fyrir að skapa þeim möguleika á að vinna með skipulögðum hætti að framtíðarviðfangsefnum.

Þær byggðir sem eiga allt undir sjávarútvegi og landbúnaði hafa orðið að bera skaðann af miklum sveiflum meðan stóru sveitarfélögin á suðurhluta landsins hafa haft tryggar tekjur af þjónustustarfsemi í landinu og starfsemi ríkisstofnana. Þessar staðreyndir þarf að hafa í huga þegar þáttur sveitarfélaganna í byggðamálum er metinn og lagðar línur um nýja sókn í byggðamálum.

Ef marka á nýja byggðastefnu verður hins vegar að gera það á grundvelli þess að sveitarfélögin verði stækkuð. Ekki einungis út frá fjölda íbúa, heldur á grundvelli þess að sveitarfélögin sem stjórnsýslueiningar og félagslegar heildir verði sem hagkvæmastar í rekstri og í atvinnulegu tilliti.

Þáttur atvinnulífs og lánastofnana, svo sem banka, er ekki svo lítill í þróun byggðar. Stjórnendur atvinnufyrirtækja og lánastofnana geta með sínum ákvörðunum haft meiri áhrif á þróun byggðar oft á tíðum en margar opinberar nefndir og stjórnir. Þess vegna er það

afar mikilvægt að ríkisstjórn á hverjum tíma skapi almenn skilyrði fyrir atvinnulífið þannig að ákvarðanir sem lúta að einstökum byggðum verði ekki handahófskenndar og réttur fólksins sem á allt sitt undir vexti og viðgangi atvinnulífsins á viðkomandi stað verði tryggður.

En hverjar eru horfur í byggðum landsins núna og við hverju má búast? Vissulega eru víða mjög miklar blikur á lofti en aldrei fremur en nú tel ég vera nauðsynlegt að vinna skipulega að því að efla byggðina. Þegar við lítum til þess að tekjur af stóriðju munu láta standa á sér enn um sinn er ljóst að sjávarútvegurinn er það sem við verðum að treysta á. Til þess að svo geti orðið þarf að styrkja atvinnulífið í sjávarbyggðum og efla sveitarfélögin. Samningar um hið Evrópska efnahagssvæði gera ráð fyrir því að nær allur ávinningur þjóðarinnar felist í auknu vinnsluvirði sjávarafla. Sjávarbyggðirnar eiga sem sagt og verða áfram að standa undir lífskjarabata og framförum þjóðarinnar. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að gera okkur ljósar og menn ættu að hafa í huga þegar byggðamál eru rædd.

En hvaða markmið eigum við að setja okkur þegar vandi einstakra fyrirtækja hefur verið leystur til þess að tryggja að sjávarbyggðirnar geti staðið undir þeim kröfum sem þjóðarbúið leggur þeim á herðar?

Í fyrsta lagi verðum við auðvitað að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og auka vinnslu sjávarafurða í sjávarbyggðunum og stórauka og efla rannsóknir á fiskistofnum og auka tekjur sjávarbyggðanna af útveginum.

Í öðru lagi verðum við að lækka vexti.

Í þriðja lagi verðum við að sameina rekstur hafna og bæta hafnaraðstöðu til hagsbóta fyrir útgerðina og fiskvinnslu, svo og sveitarfélögin.

Í fjórða lagi verður að endurskoða vegáætlun með tilliti til þess að hraða framkvæmdum sem skila mestum arði í tengslum við skipulögð vaxtarsvæði.

Í fimmta lagi þarf að jafna orkuverð í landinu og hefur það verið margnefnt í tengslum við byggðamál.

Öll þessi atriði þurfum við að taka til meðferðar og öll þessi atriði þurfum við að ræða rækilega þegar við fjöllum um stefnu í byggðamálum.

Reglugerð um Byggðastofnun hefur verið til umfjöllunar að undanförnu. Þá reglugerð þarf að vanda mjög, ekki síst vegna þess að ágreiningur hefur verið um það hvernig stofnunin á að starfa. En umfram allt verður að forðast það að auka miðstýringu með slíkri reglugerð. Það væri óviðunandi að sæta því að fyrirgreiðsla stöðvist við tiltekin verkefni eða einstök fyrirtæki vegna þess að ekki liggi fyrir byggðaáætlun eða að stjórn stofnunarinnar geti skotið sér á bak við slíkt og stöðvað þannig stuðning við heil byggðarlög sem heimamenn eða héraðsstjórnir telja að þurfi að veita. Ný reglugerð um Byggðastofnun þarf umfram allt að dreifa valdi og kalla fleiri til ábyrgðar við að byggja upp atvinnulíf, um allt land, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu sem og annars staðar í landinu.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessar umræður en legg áherslu á það mikilsverða hlutverk ríkisvaldsins að hafa forustu um trúverðuga byggðastefnu. Hún þarf að birtast í fjárlögum, hún þarf að birtast í því að byggður verði upp orkufrekur iðnaður í landinu, hún verður að byggjast á vegáætlun, hafnaáætlun og nýrri reglugerð um Byggðastofnun.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Byggðarröskun er ekki séríslenskt fyrirbrigði. Allar þróaðar þjóðir eiga við þetta vandamál að stríða. Þær eiga við að stríða flótta úr sveitum til þéttbýlis, flótta frá þéttbýli til stórborga. Það er nú svo að allar þjóðir sem telja sig þróaðar vilja leggja nokkuð af mörkum til þess að berjast við þennan vanda. Og hverjar eru þær íslensku aðstæður að þessu leyti? Það hefur oft verið rifjað upp og ég fer þar fljótt yfir sögu.

Við höfum höfuðborg sem er mjög stór á þann mælikvarða sem við berum okkur saman við. Hún, með nágrannabyggðum sem eru sambærilegar við útborgir stórborga, telur yfir 50% þjóðarinnar. Hér hefur verið viðvarandi fjölgun umfram landsmeðaltal, hér hefur ríkisvaldið aðsetur, hér er þjónustumiðstöð, hér eru æðstu menntastofnanir þjóðarinnar. Þetta eru staðreyndir sem við höfum margoft endurtekið, m.a. úr þessum ræðustól á Alþingi, en það er eigi að síður þörf á því að leggja þær til grundvallar þegar byggðamálin eru rædd. Þetta eru aðstæður sem varla eiga sér hliðstæður í nágrannalöndunum.

Við ræðum nú ársskýrslu Byggðastofnunar sem var stofnuð sem tæki til þess að berjast gegn óeðlilegum fólksflutningum innan lands og óeðlilegri röskun byggðar. Tilgangurinn er skilgreindur í 2. gr. laga um stofnunina sem er sá „að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu". Það er nú svo að þetta lagaákvæði er ekki mjög gamalt og þjóðfélagslega hagkvæm þróun byggðar er tiltölulega nýtt hugtak í lögum um Byggðastofnun. Menn geta spurt sem svo: Hvað er þjóðfélagslega hagkvæm þróun byggðar? Við höfum heyrt þær kenningar að þjóðfélagslega hagkvæm þróun byggðar sé sú að sem flestir flytjist á mölina, sem kallað var í gamla daga, og að þjóðin búi í sem mestu þéttbýli á sem minnstu svæði. Það muni verða hagfelldast að þjóna henni og ódýrast að byggja upp þjónustustofnanir með svokallaðri hagkvæmni stærðarinnar fyrir augum. Ég er ósammála þeim kenningum og ég vona að sem flestir hv. þm. séu mér sammála um það. Ég segi að slíkri samþjöppun byggðar fylgi kostnaður fyrir þjóðfélagið, meiri kostnaður en sá þó að menn láti eitthvað af hendi rakna fyrir samfélagið til þess að veita viðnám. Því fylgir kostnaður í umferðarmannvirkjum, þjónustustofnunum, skipulagningu nýrra byggingarsvæða og því fylgir að þjónustan, sem þegar hefur verið byggð upp og lagðir miklir peningar í á undanförnum árum, er til einskis gagns og þau mannvirki, sem reist hafa verið, standa ónotuð.

Ég varð fyrir þeirri reynslu í haust sem fjárlaganefndarmaður að ferðast um nágrannabyggðir Reykjavíkur, sem eru myndarleg sveitarfélög með mikinn metnað stjórnenda. Þær búa sig undir mannflutninga hingað, sem spáð er á næstu áratugum, með ærnum tilkostnaði og nægir að geta nýlegra frétta um skulda-

stöðu stærsta sveitarfélagsins í nágrenninu, Kópavogs, en þar eru menn að búa sig undir byggingu risavaxinna þjónustustofnana og verslana og skipuleggja stór landsvæði fyrir tugþúsundir fólks með gífurlegum tilkostnaði.

Ég tel að byggð sem liggur vel við nýtingu auðlinda, að byggð sem varðveitir landgæðin og þar sem íbúarnir gæta landsins, rækta það og yrkja og sjá um hið góða land okkar, sé þjóðfélagslega hagkvæm byggð.

Það er mikið talað um það nú að byggðastefnan hafi brugðist og mér finnst einhvern veginn eins og hver hafi það eftir öðrum eins og oft vill verða. Mér finnst eins og oft vill verða í þjóðfélagslegri umræðu að þetta sé orðin klisja. Það hallar vissulega á landsbyggðina hvað fólksfjölda snertir. En það má eins spyrja: Hvað hefði orðið ef ekkert hefði verið að gert? Ég held að þrátt fyrir allt sé víða gott mannlíf úti á landi og margt hefur verið gert.

Hv. 3. þm. Austurl. kom að því í sinni ræðu í fyrri hluta umræðnanna að margt hefði verið gert og mörgu góðu til leiðar komið úti á landi. Ég er honum fullkomlega sammála um það. Það er ekki ástæða til þess að mála ástandið svo dökkum litum að það sé dauði og djöfull alls staðar úti á landi — ég vona að forseti fyrirgefi mér orðbragðið. Það er nefnilega þannig að margt hefur verið gert og ef m.a. Byggðastofnunar hefði ekki notið við hefði ástandið verið miklu verra. Hins vegar mega menn vara sig á því að horfa til Byggðastofnunar eins og hún ráði yfir öllum björgunartækjum í þeim efnum. Hún er gott og nauðsynlegt hjálpartæki en það þarf fleira til en eflingu hennar. Hins vegar þarf að efla hana og það er ekki lækning við þeim vanda sem um er að ræða í byggðamálum að draga úr krafti hennar og gera hana gelda, ef svo má að orði komast. Þar er saman komin mikil þekking í byggðamálum eftir það starf sem þar hefur verið unnið. Þar er afbragðs fólk sem vill vinna að þeim málum og býr yfir mikilli þekking þar um. Þá þekkingu verður að nýta og það má ekki setja framtíð stofnunarinnar í slíka óvissu að þetta fólk hverfi til annarra starfa.

Nú er til umræðu ný reglugerð um Byggðastofnun. Hún hefur að vísu ekki séð dagsins ljós en eigi að síður hefur hún verið mikið til umræðu í fjölmiðlum og vakið harkaleg viðbrögð þó að mér vitanlega hafi hún ekki verið birt. Það mætti halda að það hafi verið stjórnarandstaðan sem veitti þessi harkalegu viðbrögð við drögum að reglugerð um stofnunina, en svo er ekki eingöngu. Stjórnarliðar hafa hrokkið við og m.a. síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Vesturl., varaði við að skerða ekki sjálfstæði stofnunarinnar um of. Ég tók ekki betur eftir en svo. Ég tók eftir því að hann lýsti sig andvígan áformum í því efni.

Stjórnarformaður stofnunarinnar hefur brugðist harðar við en aðrir enda þekktur að því að veita viðnám þar sem hann telur að sér vegið. Við hann var viðtal í morgunútvarpi Ríkisútvarpsins þann 8. nóv. sl. þar sem hann var spurður að því af fréttamanni hvort hann ætli niður í Byggðastofnun að loknu viðtali að vinna og hann segir að hann hafi sjaldan haft meira að gera heldur en þessa viku, sem var kynnt í fjölmiðlum sem frívika okkar þingmanna. Þá spyr fréttamaður: „Var það ekki út af reglugerðinni?“ — Reglugerðin eru þau drög sem ég hef gert að umræðu. — Þá segir formaður Byggðastofnunar, með leyfi forseta: „Reglugerðinni, ég kom ekkert nálægt þeirri reglugerð. Mér var ekki sýndur sá trúnaður að vera spurður einu orði um þessa reglugerð. Það voru einhverjir menn sem aldrei hafa komið nálægt byggðamálum sem sömdu hana. Svona gerir mönnum ljóst hvernig stendur á óánægju. Ef menn vilja skapa óánægju þá geta þeir fengið hana.“

Það er ekki stjórnarandstaðan sem viðhefur þessi orð, þetta eru orð hv. 1. þm. Vestf., formanns stjórnar Byggðastofnunar. Hann hefur til þessa verið í miklu áliti í Sjálfstfl. og þar framámaður.

Ég ætla ekki að gera reglugerðina öllu lengur að umræðuefni vegna þess að hún er í drögum og er ekki komin út, ég hef ekki séð hana. En ég vil vara alveg sérstaklega við því að semja þessa reglugerð án þess að hafa samband við nokkurn aðila sem hefur komið nálægt byggðamálum í landinu.

Ég vona að hæstv. forsrh., sem er yfirmaður þessarar stofnunar, sjái að sér og hagi störfum á þann veg á næstunni að Byggðastofnun verði efld en það verði ekki dregnar úr henni tennurnar til að fást við byggðamál. Þetta er ábending sem ég set fram í fullri alvöru og fullri einlægni.

Það hefur verið rætt nokkuð hvað ráði búsetu fólks og hvaða atriði það eru sem ráði því hvar fólk vill búa. Þar ræður auðvitað miklu uppruni og tengsl við það byggðarlag þar sem menn eru fæddir og uppaldir. En það er þó svo í nútímaþjóðfélagi að enginn lætur setja sig niður þar sem hann hefur ekki atvinnu og þar sem hann hefur ekki atvinnu sem hæfir menntun hans. Fólk lítur á þjónustuna, fólk lítur á skólamálin, félagslíf og annan félagsskap og möguleika til tómstunda. Þessi atriði eru þung á metum. Reynslan sýnir að margir taka þessi atriði fram yfir uppgripavinnu og há laun. Sá staður sem ég á heima á, Egilsstaðir, er ekki hálaunasvæði á Austurlandi. Á þeim stað hefur fjölgað meira en umfram landsmeðaltal. Meðallaun eru þar lægri en í mörgum byggðarlögum annars staðar. Það eru aðrir hlutir þar sem laða menn að. En auðvitað sest enginn að á stað þar sem atvinnu er ekki að hafa. Auðvitað er hún þrátt fyrir þetta undirstaðan.

Ég held að í byggðamálum sé það mikill áhrifavaldur að skólastarf hefur verið með þeim hætti að það beinir mönnum í miklum mæli inn í ýmsar sérfræðigreinar. Það er auðvitað gott og blessað. Ég hef síður en svo á móti því. Við þurfum á þekkingu að halda. En eftir því sem við fáum meira af menntuðu og sérhæfðu fólki minnka möguleikarnir fyrir það sama fólk á því að setjast að á ýmsum stöðum úti um landsbyggðina sem bjóða ekki störf við þess hæfi. Þess vegna verður að setja sér það mark að atvinnulífið úti á landi verði fjölbreyttara og vöxtur ríkisvaldsins og þjónustu hér í höfuðborginni verði ekki eins hraður á kostnað landsbyggðarinnar og hann hefur verið. Það

hafa verið stigin ýmis skref sem eru til góðs, t.d. með því að stofna háskóla á Akureyri. Það var umdeilt og við vissum að það var engin eining um það t.d. meðal háskólamanna. En það varð niðurstaðan og það var eitthvert mesta byggðamál sem á eftir að hafa meiri áhrif en ýmsar aðgerðir aðrar. Og væri nú ekki raunhæft markmið að efla þennan háskóla og að vöxtur í háskólanámi yrði þar? Með því er ég ekki að neinu leyti að draga úr mikilvægi Háskóla Íslands í Reykjavík. En ég tel að það væri stórkostlega mikilvægt byggðamál að efla háskólann fyrir norðan.

Við höfum nýverið flutt opinbera stofnun út á land, sem er Skógrækt ríkisins. Hún var flutt austur á Fljótsdalshérað. Það er mikilvægt og stofnunin veitir þar nokkrum sérfræðingum atvinnu. Það þarf að halda áfram á þessari braut. Er t.d. nokkurt vit í því að stofnanir landbúnaðarins séu í mjög miklum mæli með aðalstöðvar og tugi og hundruð starfsmanna hér í Reykjavík? Er það eitthvert náttúrulögmál að þær stofnanir þurfi að vera hér? Verða ekki forsvarsmenn þeirrar stofnunar að temja sér nýja hugsun í þessum efnum? Ég er ekkert með þessu að tala um að rífa fólk upp með rótum. Ég er að tala um að menn setji sér markmið í þessum efnum, að breyta til og temja sér nýja hugsun.

Að undanförnu hefur stjórnsýslan hér í landinu og stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga og áhrif hennar á byggðamál verið mikð til umræðu. Það hefur verið töluvert starf í gangi til athugunar á sveitarstjórnarstiginu í landinu, hvernig megi efla það, hvort sveitarfélögin eigi að stækka. Ég er á því að þau eigi að stækka og það verði til þess að styrkja sveitarstjórnarstigið í landinu og þá verði sveitarstjórnirnar betur í stakk búnar til að taka við verkefnum frá ríkinu. Ég er á því að það eigi að koma upp héraðsstjórnum til að taka við enn þá stærri verkefnum frá ríkinu en sveitarstjórnirnar geta tekið við. En ég vil eigi að síður vekja athygli á því að þetta leysir ekki allan vanda í byggðamálum. Það er ekki hægt að kasta öllum áhyggjum sínum yfir á það að breyta um í þeim efnum að stækkun sveitarfélaga og héraðsstjórnir, ef slík skipan kæmist á, leysti allan vanda. Það mundi auðvitað vera skref á leiðinni en mér finnst stundum að menn tali eins og þetta sé einhvert lausnarorð. Þetta er ákveðið skref en ekki fullnaðarlausn, á það vil ég leggja áherslu.

En af því að ég er farinn að tala um sveitarstjórnarstigið í landinu og eflingu sveitarfélaga þá er það náttúrlega alveg óviðunandi að slíkt ójafnræði ríki öllu lengur meðal sveitarfélaganna í landinu varðandi tekjustofna. Mig undrar það ef ætlunin er að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og hafa aðstöðugjaldið við lýði. Það voru stigin ákveðin skref í tíð síðustu ríkisstjórnar með því að breyta tekjustofnalögum sveitarfélaga. Það þarf að ganga lengra og afnema þetta aðstöðugjald og finna þar annan og réttlátari tekjustofn í staðinn. Það þarf að finna tekjustofn sem ekki er veltuskattur sem tekur ekkert tillit til afkomu þeirra fyrirtækja sem hann þurfa að greiða. Þar að auki eykur veltuskattur á misrétti meðal sveitarfélaga og verður það til þess að sveitarfélög, sem hafa þjónustugreinarnar innan sinna vébanda bæði Reykjavíkurborg, þó það sé stærsta dæmið, og önnur sveitarfélög, og það fólk, sem við þær þjónustugreinar vinnur, raki til sín tekjum af þessu aðstöðugjaldi. Þessu verður auðvitað að breyta og ganga lengra í átt til breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga heldur en þegar hefur verið gert.

Ég held að nú séu viss þáttaskil varðandi yfirlýsingar stjórnvalda um byggðamál og þau þáttaskil hafa verið rædd þannig að ég þarf í rauninni ekki miklu við það að bæta. Hugleiðingar um að styrkja menn til að flytja burtu frá sínum heimabyggðum eru nýjar í íslenskri pólitík. Þær hugleiðingar hafa verið á kreiki í umræðum ýmissa manna og hópa en aldrei fyrr hafa þær verið settar fram af valdamestu mönnum þjóðfélagsins. Vonandi sjá menn að sér og draga þær yfirlýsingar til baka því það er nú svo að ef gerð væri alvara úr slíku þá hefði það náttúrlega ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Með því dettur mér ekki í hug að halda því fram að byggðin eins og hún er nú verði framvegis eins og hún er núna og þar verði engin breyting á. Byggð hefur breyst í gegnum tíðina og hún mun auðvitað halda áfram að breytast. En aðgerðir til þess að flýta fyrir fóttanum frá dreifbýli til þéttbýlis munu hafa þær afleiðingar að hér verður komið eitt borgríki áður en menn depla auga.

Varðandi þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem hafa séð dagsins ljós síðan ríkisstjórnin tók við, má segja að ekki auka þær mönnum bjartsýni í byggðamálum. Það hafa gengið um það yfirlýsingar að leysa ekki úr staðbundnum vanda. Ég er búinn að rekja reglugerðina um Byggðastofnun. Boðuð löggjöf um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins eykur mönnum ekki bjartsýni um öflugar aðgerðir í byggðamálum. Niðurskurður á Framleiðnisjóði landbúnaðarins mun ekki gefa okkur tækifæri til að hefja nýja sókn í byggðamálum. Því hefur nokkuð verið flaggað í fjárlagafrv. að þar sé raunaukning til vegagerðar og það hefur verið rætt allmikið um samgöngumál í þessu sambandi, að þau séu eitt af tækjunum til að halda byggð í landinu. Ekki vil ég draga úr því, ég er því sammála. Enda þótt sögð sé aukning í fjárlagafrv. er þar ekki um neina aukningu á framkvæmdum að ræða frá því sem áður var áformað ef nánar er skoðað. Það er aðeins svo að þar eru teknir inn hlutir sem voru ekki inni í vegáætlun áður. Auðvitað má segja að það sé aukning á vegamálum ef það er allt reiknað á fjárframlögum til vegamála. En þar er ekki reiknað með neinni aukningu á framkvæmdum.

Sem betur fer er ekki eining um þær hugmyndir sem eru á kreiki í ríkisstjórninni að skattleggja sjávarútveginn enn frekar. Það er nú sem betur fer svo að m.a. ýmsir ráðherrar eða öllu heldur hæstv. sjútvrh. hefur brugðist harkalega við þeim hugmyndum og fengið bágt fyrir víða. Og ég held að það séu þrjár eða fjórar greinar í Morgunblaðinu í dag þar sem hann er tekinn í karphúsið fyrir þá skoðun sína. En auðvitað eykur þetta mönnum ekki bjartsýni í byggðamálum.

Það eru líka ýmis atriði sem eru ekki svona stórvægileg, smærri atriði sem koma fram t.d. í frv. til fjárlaga. Þar kemur fram að ríkisstjórnin ætlar sér að

hækka þungaskatt sem er erfiður kostur og hefur gífurlega mikil áhrif fyrir landsbyggðina og eykur þann aðstöðumun sem þar er. Ef þau áform sem í fjárlagafrv. eru ganga eftir, sé ég ekki annað en að Skipaútgerð ríkisins verði lögð af. Það þarf nú ekki að koma víða út á land til þess að finna kvíða manna á ýmsum stöðum um þau efni. En ef það er eins og formaður stjórnar Byggðastofnunar, hv. 1. þm. Vestf. segir, að allar aðgerðir séu skipulagðar af mönnum sem aldrei hafa komið nálægt byggðamálum og aldrei hafa um þau hugsað er náttúrlega ekki von á góðu. En ég hef þá trú, og það eru kannski falsvonir, að menn sjái nú að sér og fari kannski að byggja á grunni síðustu ríkisstjórnar. Ég heyrði að það væri ætlunin að lengja lán Atvinnutryggingarsjóðs og það er þá gott að sá sjóður er til og fyrrv. ríkisstjórn er búin að leggja slíkan grunn að efnahagsaðgerðum. Ég heyri að hæstv. forsrh. er farinn að tala þannig að ástandið sé alvarlegt og þurfi aðgerða við og það eru aðgerðir boðaðar á næstu vikum, en það eina sem hefur heyrst um þær aðgerðir er að það á að byggja á þessum volaða sjóði og það á að byggja áfram á því sem hæstv. forsrh. kallar sjóðasukk og lengja lán í þeim bannsetta Atvinnutryggingarsjóði sem fyrrv. ríkisstjórn kom á fót.

Að lokum vildi ég koma að einu atriði sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. þegar hann fylgdi skýrslunni úr hlaði og það var að hætt hefði verið við það í sparnaðarskyni að koma upp útibúi Byggðastofnunar á Austurlandi sem stjórn stofnunarinnar hafði samþykkt og var komið á framkvæmdastig eða nálægt því. Ég lýsi mikilli furðu á þessari aðgerð. Ég hefði talið að það hefði verið ástæða til að setja niður hluta af starfsemi stofnunarinnar, færa hana nær fólkinu og halda áfram þeirri stefnumörkun sem stjórnin hafði sett því að ég hef þær fregnir að þau útibú sem þegar eru komin í gang hafi reynst vel og hafi sannað gildi sitt. Það sem er enn þá furðulegra í sambandi við þetta mál er það að þessi ákvörðun virðist ekki hafa verið borin undir stjórn stofnunarinnar. Það kom m.a. fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf. sem er stjórnarformaður stofnunarinnar og ég hef átt viðtöl við fleiri stjórnarmenn sem kannast ekki við að sú ákvörðun hafi verið borin þar upp. Mér þykir þetta sæta mikilli furðu og mótmæli þessari málsmeðferð harðlega og ég vil krefjast þess að ákvörðunin verði endurskoðuð. Það er sagt að það eigi að leysa þetta mál með því að ráða starfsmann í hálft starf til bráðabirgða. Það eru ekki rishár hugmyndir sem menn hafa um það hvernig eigi að hefja sókn í byggðamálum á Austurlandi. Þar á að ráða einn starfsmann sérstaklega í það verkefni til bráðabirgða. Sá starfsmaður er ágætur. Ég hef ekkert annað en gott um hann að segja. En hins vegar hefði það verið myndarlegra og meira í samræmi við þann metnað sem stjórn stofnunarinnar hefur lagt í það verkefni að hefja sókn í byggðamálum að standa við þær ákvarðanir sem hún hafði tekið og sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur unnið eftir. Ég veit það að framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur unnið í þeim anda og ég hef enga ástæðu til að halda það að hann hafi tekið upp hjá sér að breyta þessari ákvörðun. Ég vil því spyrja: Hver tók ákvörðun um frestun? Hvernig er hún til komin? Ég vil spyrja hæstv. forsrh. sem að vísu gekk fram. En ég vona að sú fyrirspurn komist til hans hvernig þessi ákvörðun sé til komin.

Ég held að við núverandi aðstæður hafi oft verið þörf en nú sé nauðsyn að hefja sókn í byggðamálum. Þó að vissulega hafi margt verið gert og það sé eins og ég sagði fyrr í minni ræðu alls ekki svo að byggðastefnan hafi brugðist heldur sé gott mannlíf víða út um landsbyggðina, þá eru nú þó þær blikur á lofti í málefnum undirstöðuatvinnuveganna sem landsbyggðin lifir á og öll þjóðin að nú þurfi að hefja sókn.

Ég vil hafa það mín síðustu orð að ég vona að ríkisstjórnin sjái að sér og hætti við ýmis hættuleg áform sem hún hefur á prjónunum, sbr. auðlindaskatt o.fl., og leiti nú til manna þegar hún fjallar um byggðamál sem hafa einhvern tíma komið nálægt þeim málum.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Umræðurnar hér um byggðamál hafa snúist um tvö meginatriði að mínu mati, annars vegar um starfsemi Byggðastofnunar og hins vegar um stefnuna í byggðamálum almennt. Ég ætla í minni ræðu að fjalla einkum um Byggðastofnun og þær forsendur sem liggja fyrir starfsemi hennar og starfsgrundvöll hennar sem ég tel að sé að mörgu leyti rangur eins og ég mun rekja í minni ræðu.

Hv. 2. þm. Vestf. vitnaði mjög í ræðu sinni til stefnumótunar sem var uppi fyrir 25 árum, um miðjan 7. áratuginn, og taldi að þar hefðu menn séð að sér og breytt um stefnu þegar þeir sáu að í óefni kynni að stefna. Það sem við stöndum núna frammi fyrir í byggðamálum er að mínu mati það að í 20 ár hefur hér verið fylgt rangri stefnu, stefnu sem var mótuð árið 1971 þegar viðreisnarstjórnin fór frá og Framsfl. komst til valda. Eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði réttilega í sinni ræðu hef ég bent á það í blaðagrein að ég tel að þeir flokkar sem hafa starfað með Framsfl. undanfarin 20 ár hafi beygt sig undir þessa stefnu, m.a. í byggðamálunum, og mun ég gera grein fyrir því máli í minni ræðu.

Umræðurnar um Byggðastofnun og byggðastefnu einkennast mjög af því að sumir þingmenn virðast telja að tilfærsla á fjármunum úr vasa skattgreiðenda til landsbyggðarinnar fyrir milligöngu stjórnmálamanna og opinberra sjóða eigi ekki aðeins rétt á sér heldur sé beinlínis forsenda þess að byggð þróist með eðlilegum hætti hér í landinu. Aðrir telja að sú tilfærsla á fjármunum skili ekki þeim árangri sem að er stefnt og þess vegna eigi að finna nýjar leiðir. Ég skipa mér í síðari flokkinn. Mér finnst að ekki hafi tekist sem skyldi t.d. við ráðstöfun á þeim 12 milljörðum kr. sem fluttar hafa verið frá skattgreiðendum til landsbyggðarinnar í gegnum Byggðasjóð og Byggðastofnun síðan árið 1972. Ártalið 1972 er nefnt vegna þess að Byggðastofnun er arftaki Framkvæmdastofnunar ríkisins sem komið var á fót árið 1971 og vegna þessarar fortíðar tel ég að starfsgrundvöllur Byggðastofnunar sé rangur. Rökin fyrir því eru m.a. þau að ríkis-

stjórn vinstri flokkanna, sem tók við af viðreisnarstjórninni sumarið 1971, einsetti sér að hverfa frá frjálsræðisstefnunni sem einkenndi viðreisnina. Á þessum árum var vinstri sinnum tamt að kenna stefnu sína við félagslegan áætlunarbúskap. Var með þessum orðum leitast við að sameina sósíalisma Alþb. og samvinnustefnu Framsfl. Með Framkvæmdastofnun ríkisins var ætlunin að hrinda áætlunarstefnu flokkanna í framkvæmd. Stofnunin var beinlínis sett til höfuðs viðreisnarstefnunni í byggða- og atvinnumálum.

Viðbrögð viðreisnarstefnunnar við hinum mikla vanda vegna aflabrests og verðhruns 1967 skiluðu þó undraverðum árangri eins og síðast var rifjað upp af hv. þm. Svavari Gestssyni í umræðunum hér á Alþingi þegar rætt var um frestun álversframkvæmdanna. Til að minna á málflutning vinstri sinna á fyrstu mánuðunum eftir að viðreisnarstjórnin fór frá er nærtækt að vitna til umræðna sem fram fóru hér á hinu háa Alþingi í nóvember 1971, þ.e. fyrir réttum 20 árum, þegar frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins var til umræðu. Þá sagði hv. þm. Ragnar Arnalds að stofnunin væri lík skipulagsnefnd atvinnumála eða Rauðku sem starfaði hér á ofstjórnarárum fjórða áratugarins og vann að því að hneppa atvinnulífið í ríkisfjötra. Taldi hv. þm. Ragnar Arnalds miður að starf Rauðku hefði lagst niður og sagði að með Framkvæmdastofnun væri ætlunin að — og með vísan til hans ræðu, með leyfi forseta, — „hverfa frá handahófsvinnubrögðum og happa- og glappastefnu viðreisnarstjórnarinnar og taka upp hagstjórnaraðferðir sem að vísu óneitanlega bera nokkurn keim af sósíalískum úrræðum eins og hvers konar áætlunargerð hlýtur að gera."

Og í umræðunum um þetta sama frv. sagði hv. þm. Steingrímur Hermannsson m.a. að andstaðan við frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins væri byggð á — og hér vitna ég orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „þeim rótgróna misskilningi sem víða ríkir hjá auðvaldsfyrirkomulagi og þeim flokkum sem því fylgja að enn skuli fylgt hinni gömlu reglu um að framboð og eftirspurn skuli ráða efnahagsþróun. Staðreyndin er vitanlega sú að þessi gamla grundvallarkenning er fyrir löngu úrelt orðin, jafnvel í þeim ríkjum sem auðugust eru og lengst af hafa haldið í einstaklingsframtakið og framtak fyrirtækja og stórathafnaraðila."

Þessi orð um gildi sósíalískra hagstjórnaraðferða og undanhald auðvaldsskipulagsins hljóta að horfa öðruvísi við fyrrgreindum ræðumönnum nú en fyrir 20 árum. Örbirgð hundruð milljóna manna á fátæktarrústum áætlunarbúskapar sósíalisma og kommúnisma segir allt sem segja þarf um styrk hinna ólíku hagkerfa. Á heimsmælikvarða hefur viðreisnarstefna borið sigurorð af félagslegum áætlunarbúskap ef þannig má að orði komast.

Starfsgrundvöllur Byggðastofnunar var lagður með lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeirri stofnun var skipt í þrennt með lögum frá 1985, þ.e. í Framkvæmdasjóð Íslands, Byggðastofnun og Þróunarfélag. Þegar litið er á ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990 eru tengslin við Framkvæmdastofnunina m.a. undirstrikuð með súluritum er sýna framlög ríkissjóðs til Byggðasjóðs Framkvæmdastofnunar og síðan til Byggðastofnunar. Eins og áður er getið hafa þessar tilfærslur frá skattgreiðendum numið rúmum 12 milljörðum kr. síðan 1972 þegar fjárveitingarnar hafa verið færðar til verðlags ársins 1991. Inni í þessari tölu eru þær 1200 milljónir sem Byggðastofnun voru færðar sérstaklega nú í ár til að létta skuldum af stofnuninni og ef haft er í huga að stofnunin hefur starfað í 6 ár jafngildir þetta því að hún hafi fengið aukafjárveitingu sem svarar 200 millj. kr. á ári hverju.

Á fundi með allshn. Alþingis fyrir skömmu upplýsti forstjóri Byggðastofnunar að innan veggja hennar hefðu verið uppi hugmyndir um að hún þyrfti ekki 1.200 millj. kr. ríkisframlag til að létta af sér byrðum heldur 3.000 millj. Að svo há tala hafi verið nefnd af þeim sem gerst þekkja til starfsemi stofnunarinnar sýnir best að fjárhagslegi grundvöllurinn er ekki sterkur hjá stofnuninni. Af öllu er augljóst að í lánveitingum sínum hefur Byggðastofnun oft teflt á hið tæpasta vað, svo ekki sé meira sagt. Síðan lögin um stofnunina hafa komið til framkvæmda hefur hún að meðaltali lánað um 2 milljarða kr. á ári hverju og á nú útistandandi um 18 milljarða kr.

Meginástæðan fyrir fjárhagsvandanum sem Byggðastofnun á við að glíma felst í því að ekki hafa fengist fjárveitingar til að standa undir tapi hennar vegna áhættulána. Þess vegna var þörf á fyrrgreindri aukafjárveitingu og er talið að stofnunin þurfi að leggja 100–200 millj. kr. til hliðar á ári hverju til að tryggja sig gegn töpum vegna áhættulána. Ég rek þetta svo nákvæmlega hér þar sem mér virðist sem umræðurnar um skýrslu Byggðastofnunar snúist einkum um fjárveitingar úr ríkissjóði út á landsbyggðina og um hvaða hendur þær eiga að fara. Þeir sem hafa enn trú á því að Byggðastofnun hafi úrslitahlutverki að gegna í þessu efni líta þannig á að þessi fjárhagsvandi leysist með því að auka fjárveitingar í gegnum Byggðastofnun.

Ég leyfi mér að fylla þann flokk sem efast um að Byggðastofnun sé upphaf og endir skynsamlegra lausna á vanda landsbyggðarinnar. Það er alrangt að halda því fram að unnt sé að einangra vantrú á störfum og stefnu Byggðastofnunar við þá sem í þéttbýli búa. Mér finnst að enginn hafi kveðið fastar að orði um þetta efni upp á síðkastið en einmitt maður sem hefur langa reynslu af byggðamálum og ber hagsmuni landsbyggðarinnar mjög fyrir brjósti. Hér vísa ég til þess sem haft var eftir Áskeli Einarssyni í Morgunblaðinu. Hinn 31. ágúst sl. birtist t.d. frásögn af fjórðungsþingi Norðlendinga undir fyrirsögninni „Höfum tapað stríðinu, segir Áskell Einarsson um örlög byggðastefnunnar". Og í þessari frétt Morgunblaðsins segir svo, með leyfi forseta:

„Það er ekki að undra að forsætisráðherra, sem nýlega er kominn frá auðugasta sveitarfélagi landsins, sem notið hefur arðs af allri veltu landsmanna, hugi að því að setja þessa fyrirgreiðslustefnu, þ.e. byggðastefnuna, í glatkistuna. Það er meirihlutafylgi fyrir því að skera sjóðakerfið niður við trog og leggja niður Byggðastofnun í núverandi mynd. Þeirri skoðun vex fylgi að landsbyggðin sé best fær um að leysa sinn

vanda. Eftir 33 ára starf að sveitarstjórnarmálum á Norðurlandi og þar af 20 ára starf sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga er mér ljóst að bæði ég og samferðamenn mínir hafa tapað stríðinu. Leiðarljósið um framtíð byggðastefnu hefur reynst tálsýn og mýraljós þegar eftir var leitað. Eitt höfum við lært, að byggðastefna á Íslandi verður ekki rekin af þeim fyrir sunnan heldur okkur sjálfum heima fyrir."

Fyrir utan þessi ummæli hefur Áskell Einarsson einnig sagt í Morgunblaðsgrein, með leyfi forseta:

„Kjarni málsins er sá að hin svonefnda byggðastefna hefur mistekist. Eftir 20 ára störf Byggðastofnunar og núverandi miðstýringu og forsjárhyggju í byggðamálum er byggðavandinn aldrei meiri."

Leyfi ég mér að benda á þessi orð sérstaklega til upplýsingar fyrir þá hv. þm. sem hafa látið þung orð falla í þessum umræðum um skilningsleysi manna á gildi byggðastefnunnar og Byggðastofnunar og kennt það einkum við þéttbýlisbúa og fulltrúa þeirra.

Í tilefni af umræðum um fjárlagafrv. næsta árs ritaði allshn. bréf til Byggðastofnunar og spurði m.a. um álit hennar á fjárveitngu til byggðamála í frv. Í svari stofnunarinnar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Öll framlög á fjárlögum hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á byggð í landinu. Gildir þar einu hvort þau eru talin framlög til þess málaflokks eða ekki. Starfsemi ríkisins, sem m.a. er stærsti atvinnurekandi í landinu, hlýtur að hafa veruleg áhrif á þróun búsetu í landinu. Víða um lönd hafa farið fram yfirgripsmiklar rannsóknir á þætti hins opinbera í búsetuþróun þar sem bæði eru könnuð áhrif beinna aðgerða ríkisvaldsins til að hafa áhrif þar á og hinna óbeinu, þ.e. áhrif af starfsemi ríkisins sem ekki er sérstaklega ætlað að hafa áhrif á byggðarþróun. Almennt hefur niðurstaða þessara kannana verið sú að áhrifin eru talin meiri af þeim aðgerðum og starfsemi ríkisins sem ekki er ætlað að hafa áhrif á byggðina en hinum sem ætlað er að hafa það hlutverk. Þetta stafar ekki síst af því að upphæðirnir eru miklu hærri í verkefnum ríkisins sem hafa hin óbeinu áhrif á búsetuna."

Full ástæða er til að þetta sjónarmið komi inn í þessar umræður þeim til umhugsunar sem líta þannig á að með því einu að auka bein fjárframlög úr ríkissjóði til byggðamála eða Byggðastofnunar sé unnt leysa vanda landsbyggðarinnar. Þar er um mikinn misskilning að ræða. Um leið og ég ítreka það sem ég hef áður sagt um óheppilegan starfsgrundvöll Byggðastofnunar vegna tengsla hennar við hina aflögðu Framkvæmdastofnun ríkisins og endurtek vantrú mína á því að fjárveitingar um stofnunina skili nægilegum árangri, vil ég láta í ljós þá skoðun að á vegum stofnunarinnar er einnig unnið ágætt starf í þágu landsbyggðarinnar.

Allshn. Alþingis fór nú í september í heimsókn til Byggðastofnunar og kynnti sér starfsemi hennar og prýðilega starfsaðstöðu. Er ekki að efa að stofnunin hefur hæfu starfsfólki á að skipa. Nefndarmönnum var t.d. greint frá góðum árangri af svonefndum átaksverkefnum sem felast í því að aðstoða heimamenn í einstökum byggðum við að koma á fót nýrri atvinnustarfsemi eða efla þá sem fyrir er. Viðleitni til þess að ýta þannig undir framkvæmdavilja er lofsverð. Hún fellur einnig í góðan jarðveg hjá þeim sem átta sig á því að kröfugerð á hendur öðrum skilar síður árangri en tilraunir til að leysa vandann sjálfur.

Undir lok hins almenna inngangs í prentaðri skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990, sem dreift hefur verið til þingmanna, kemur fram að það hafi orðið hugarfarsbreyting sem veki vonir um að nú séu að verða þáttaskil í atvinnu- og byggðarþróun. Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, skýrði þessa hugarfarsbreytingu á þann veg í nýlegu blaðaviðtali að menn séu hættir að tala um aðflutt vandamál og átti sig á því að þeir einir sem munu leysa málin séu heimamenn sjálfir. Sé þessi þróun að verða ber að fagna henni því að hún gengur þvert á hinn félagslega áætlunarbúskap sem fólst í því að menn ættu að treysta meira á forsjá áætlunarsmiðanna og ríkisvaldsins en sjálfa sig. Segi ég þetta um leið og ég vara við því að leggja þyngri byrðar áætlanagerðar á Byggðastofnun en nú þegar hefur verið gert.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu reynt að halda mig við dagskrárefnið, þ.e. starfsemi Byggðastofnunar í þröngum skilningi en ekki byggðamálin almennt. Niðurstaða mín er sú að ég efast um að Byggðastofnun í óbreyttri mynd geti orðið sá drifkraftur fyrir landsbyggðina sem nú er þörf fyrir eftir að stríðið er tapað, svo að vitnað sé í orð Áskels Einarssonar.

Ég er þeirrar skoðunar að forsaga Byggðastofnunar og hinar röngu forsendur sem liggja að baki stofnuninni valdi því að hún á í miklum erfiðleikum með að sinna hlutverki sínu við nútímalegar aðstæður þar sem það eru ekki sósíalismi og ríkisforsjá sem hafa sigrað heldur frjálsræði og framtak einstaklingsins. Skora ég á þá sem með stjórn Byggðastofnunar fara og hafa forustu um byggðamál í ríkisstjórn að taka höndum saman um að skapa stofnuninni nýjan starfsgrundvöll og gera henni með þeim hætti kleift að verða nýtt afl við eflingu byggðar um land allt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örlítið. Mig langar til að geta þess að mér þótti eilítil þversögn í því sem hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á í sínum málflutningi þar sem ég heyrði ekki betur en hann stillti því upp sem andstæðum, annars vegar að veita fjármagni til byggðamála af hálfu ríkisins og Byggðastofnunar og þess að landsbyggðin taki byggðamálin í sínar hendur á hverju svæði fyrir sig sé meiri stýring á því hvað gert er þar. Ég get ekki séð að þetta séu andstæður. Við búum við stjórnsýslu sem er á tveim stigum, ríki og sveitarfélög og samstarf sveitarfélaga eða landsfjórðungasamtök, eins og Áskell Einarsson þekkir mætavel, hafa ekki neina burði. Við höfum ekki þriðja stjórnsýslustigið. Meðan svo er sé ég í rauninni ekki annað en ríkisvaldið verði að koma þegar á bjátar inn í dæmið og vera sveitarfélögum þar sem þau eru samstarfssamtökum til hjálpar með einhverjum hætti. En ég tek undir orð hv. 3. þm. Reykv. að ég tel að það sé

langbest að ákvarðanir séu teknar á þeim landsvæðum þar sem vandamálin eru.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. 3. þm. Reykv. kom fram sú staðhæfing að frá skattgreiðendum, eins og hann orðaði það, til landsbyggðarinnar hefðu verið greiddir ef ég man rétt 12,1 milljarður frá árinu 1971. Þessi samanburður er náttúrlega algerlega óboðlegur hér á hv. Alþingi vegna þess að það er ekki gerð nein tilraun til að meta það hverju þessi upphæð hefur skilað skattgreiðendum til baka.

Ég er ekki góður í bókhaldi. En hins vegar lærði ég nógu mikið á sínum tíma til þess vita að það verður að færa upp bæði debet og kredit og ef það er álit hv. 3. þm. Reykv. að þessir fjármunir hafi ekki skilað skattgreiðendum krónu er það bókhald náttúrlega rétt. En ég mótmæli þessari staðhæfingu. Það er látið að því liggja að skattgreiðendur hafi eingöngu á þessu tímabili tapað á landsbyggðinni á töpuðum útlánum Byggðastofnunar. Mér er spurn: Hverju hafa skattgreiðendur tapað á töpuðum útlánum bankanna á þessu tímabili? Hvað hafa skattgreiðendur orðið að greiða mikinn fórnarkostnað í vöxtum, í töpuðum útlánum bankanna til fyrirtækja bæði úti á landsbyggðinni og ekki síst hér í Reykjavík?

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessum orðum síðasta ræðumanns benda á að í minni ræðu nefndi ég þá staðreynd að á fjárlögum hafa frá árinu 1972 farið um 12 milljarðar kr. úr ríkissjóði til Byggðastofnunar og þetta kemur fram í þeirri skýrslu sem liggur hér frammi í Alþingi og allir þingmenn hafa aðgang að. Það er rétt hjá hv. þm. að ég tók þannig til orða að ég taldi að þarna hefði verið um tilfærslu á fjármunum skattgreiðenda að ræða, en auðvitað eru skattgreiðendur um land allt, það segir sig sjálft. Hér er ekki endilega um tilfærslu frá þéttbýli til landsbyggðar að ræða heldur er þetta fé sem tekið er af öllum skattgreiðendum hvar sem þeir eru í landinu og ríkið ráðstafar með þessum hætti. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að fara að blanda mér í hvernig þessu fé er ráðstafað. Það sem ég er að tala um er það að þessum peningum hefur verið veitt með þessum hætti um ríkissjóð og um það liggja fyrir hér skýrslur í þinginu og þarf ekki um að deila og peningarnir koma frá skattgreiðendum hvar sem er á landinu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að umræðan um skýrslu Byggðastofnunar skuli halda áfram og auðvitað fagnaðarefni að hæstv. forsrh. skuli vera kominn heim frá Róm. Honum til upplýsingar má auðvitað segja það að hann hafði ekki dvalið lengi í þeirri frægu borg þegar starfsandinn hér í þinginu tók að breytast og batna þannig að vonandi hefur hann haft erindi sem erfiði. En það er ekki óeðlilegt að sú umræða sem hér hefur farið fram hafi snúist um dálítið stærra svið en skýrslu Byggðastofnunar. Þeir nýju vindar og þau stóru orð sem fallið hafa í umræðunni um byggðamál að undanförnu gera það að verkum að umræðan um skýrslu Byggðastofnunar, þ.e. þessi stóru orð sem fallið hafa frá æðstu mönnum þjóðfélagsins, mönnum sem sitja í æðstu trúnaðarstöðum þjóðfélagsins, ráðherrum, ekki síst forsrh., stóryrði um fortíðina, um atvinnulífið og um byggðamálin. Því miður henti það hæstv. forsrh. að særa ekki bara pólitíska andstæðinga sína heldur í miklu stærri stíl félaga sína með hinum stóru ummælum. Með sínum stóru ummælum hefur hann líka valdið því að núna eru víða miklar áhyggjur á Íslandi. Þær áhyggjur eru víðar en á landsbyggðinni því að fólkið óttast ríkisstjórn sem gengur þannig fram gagnvart atvinnulífinu eins og yfirlýsingarnar bera með sér.

Hér heyrðum við rétt áðan hv. 3. þm. Reykv. boða kannski þá harðlínustefnu sem hv. 1. þm. Vestf. hefur nefnt svo, bæði um Byggðastofnun og mál landsbyggðarinnar í heild. Þessi hv. þm., Björn Bjarnason, fullyrti að um 20 ára skeið hefði verið fylgt rangri stefnu í byggðamálum. Vissulega eru þetta stór orð sögð með þessum hætti án þess að hann eða nokkur annar hafi tækifæri til þess að kafa ofan í þau mál til að fá fram skýra niðurstöðu.

Það er líka mikil ásökun fólgin í þeim orðum á hendur flokki þingmannsins sem svo talaði því að vissulega hefur Sjálfstfl. á þessu tímabili borið mikla ábyrgð í landinu. Hann hefur verið ráðandi flokkur, forustuflokkur í ríkisstjórn, á þessu tímabili og samstarfsflokkur á öðrum tíma þannig að fullyrðingin snýr ekkert síður að því að forustumenn Sjálfstfl. hafi á þessu tímabili brugðist og kem ég nánar að því. Ég hygg að helming þessa tímabils hafi Sjálfstfl. haft forustu í ríkisstjórn.

En það eru ummæli forsrh. sem maður hlýtur að verða að staldra við sem hann lét hér falla í byggðaumræðu. Þau eru alvarlegri en svo að menn geti setið rólegir. Þau eru heiftarlegri en svo að menn hugsi ekki sinn gang sem sitja undir þeim stóru orðum.

Hæstv. forsrh. hefur látið þau orð falla að margir stjórnmálamenn hafi haft tilhneigingu til þess að úthluta fé jafnvel með ólögmætum hætti þegar þeir hafi kosið. Ég vil að hæstv. forsrh. skýri hér í þessum stól við hvað hann hefur átt, um hvaða stjórnmálamenn eða aðra einstaklinga hann mælir svo því að það eru ekki bara andstæðingar hans í stjórnmálum sem falla þarna undir grun, það eru samherjar hans. Hann hefur gefið það til kynna að hann sitji með sakamönnum inni í Stjórnarráði Íslands. Þessi stóru ummæli verða að fá nánari skýringu hér á hinu háa Alþingi. Halldór Blöndal, hæstv. ráðherra, hefur setið í Byggðastofnun. Ólafur G. Einarsson, hæstv. ráðherra, hlýtur að falla þarna undir grun. Svo er og með hv. þm. Pálma Jónsson, Egil Jónsson svo að ég tali nú ekki um hv. þm. Matthías Bjarnason. Þessi ummæli voru sögð með þeim hætti að það er ófært annað en að forsrh. útfæri það nánar hér við hvað hann hefur átt.

Það er auðvitað ýmislegt hægt að fyrirgefa. Forsrh. er maður ungur að aldri og með þeim yngri sem hafa sest í þann stól þannig að það skal viðurkennt að

hann kemur á nýjan vettvang og á margt ólært í þeim efnum. Auðvitað er hann nánast að læra til forsætisráðherra og hefur verið að því síðustu mánuði því að svo óvænt og skyndilega barst hann inn á þann vettvang. Þó að ég vænti þess að hann verði það námfús að þessi forusta hans hér í ríkisstjórn verði ekki svo dýrkeypt að bæði landsbyggðin og atvinnulífið á Íslandi fari á hvolf á stuttum tíma, sem því miður margt bendir til nú.

Ég skil það vel að hæstv. forsrh., sem hefur setið í stól borgarstjóra um langt skeið með nóg af peningum í körfu sinni, nóg af ráðgjöfum og nóg af dýrum verkefnum í þjónustugeiranum, hafi ekki mikið leitt hugann að atvinnulífi á þessu tímabili þannig að það er kannski skiljanlegt að hann hafi á sínum stutta ferli enn ekki haft þann skilning gagnvart íslensku atvinnulífi og *íslenskum byggðarlögum sem er nauðsyn fyrir þann* mann sem stýrir ríkisstjórn á Íslandi, í hlutverki nokkurs konar húsbónda á þessu þjóðarheimili. Þess vegna er það ófært að yfirlýsingar sem hafa komið frá hæstv. forsrh. í nafni ríkisstjórnarinnar, í nafni þeirra flokka sem nú fara með meiri hluta á Alþingi, að þá varði nánast ekkert um íslenskt atvinnulíf. Ummælin eru túlkuð með þeim hætti, þau hafa verið sögð með þeim hætti og það er uggur víða í fólki vegna þessara ummæla forsrh. sem ráðherrar hans hafa því miður ekki andmælt að undanskildum hæstv. sjútvrh. sem hefur á síðustu vikum og mánuðum að sem betur fer vakið á því athygli að þjóðin lifir ekki á því að byggja skrauthýsi, perlur og kringlur. Hún lifir á íslenskum atvinnuvegum, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Það er eina andsvarið sem hefur komið innan ríkisstjórnarinnar.

Ég er sannfærður um að forsrh. á margt ólært og mér fannst koma fram í fréttum í dag að hann væri aðeins að byrja að átta sig á því vandasama hlutverki sem hann fer með fyrir þjóð sína, hvort sem það hefur verið páfinn í Róm sem innprentaði honum nýtt hugarfar eða að ljós álversins slokknaði og bjargaði ekki lengur öllu, því að hæstv. forsrh. hafði á því orð í hádegisfréttum að það yrði að móta víðtækar efnahagsaðgerðir í landinu og fagna ég þeim ummælum.

Hæstv. forsrh. sem alinn er upp á Selfossi, sýndi það þá þegar sem drengur að hann gat stundum tekið rökum. Hæstv. forsrh. hefur sjálfur frá því sagt þegar hann var lítill drengur og fékk nýju stígvélin og var að prófa þau. Hann var kominn út í miðja Ölfusá, var kominn að álnum djúpa, þegar ættingjar og vinir hrópuðu til hans að snúa við. Hann tók rökum í það sinn og því er hann hér með okkur í dag, sem betur fer. Ég hygg að hann geti auðvitað tekið svipuðum rökum á fleiri sviðum eins og hann gerði þarna sem barn að aldri.

Mikið hefur verið rætt um sjóðasukk, bruðl o.s.frv. Nú hafa einhverjir reikningsfróðir menn gert það að gamni sínu að reikna út hversu mörg vörubílshlöss hefði þurft undir peningana sem fóru í að byggja sukkið í sjálfri höfuðborginni meðan forsrh. var hér við völd, byggja kringlurnar, perlurnar, ráðhúsin. Mér skilst að hefði peningunum, sem fóru í perluna eina, verið breytt í klink hefði þurft 1500 bílhlöss til þess að aka þeim til og frá. Þannig að víða hefur verið sukkað á Íslandi á síðustu árum.

Ég gerði það á dögunum meðan forsrh. var fjarverandi að ræða dálítið um aðra hlið mikilvægra mála, sem voru vaxta- og peningamál. Ég gat að vísu ekki stillt mig um í þeirri ræðu að koma að þessum átökum um fortíðina því að forsrh. hefur því miður fram að þessu lítið rætt um annað en fortíðina. Ég man eftir því t.d. að úr þessum ræðustól var hann með það á hreinu þegar hann fór til Rómar hvað fyrirrennari hans hefði dvalið margar nætur og marga klukkutíma erlendis síðasta árið sem hann sat þannig að hugurinn var allur bundinn og hefur verið bundinn í fortíðinni. Ég gerði það að gamni mínu á fundi þar sem ég ræddi um þau mál sem ég nefndi að leiða hugann að því hvort það væri fortíðin sem allir væru með áhyggjur eða hugann *bundinn við*. Ég taldi t.d. víst að hv. þm. Matthías Bjarnason ætti andvökur vegna framtíðarinnar og hefði miklu meiri áhyggjur af framtíðinni og þeim hótunum sem mikilvægar stofnanir og atvinnulíf á Íslandi byggju nú við. En forsrh. til fróðleiks greip ég niður í Fréttabréf frá Félagi ísl. iðnrekenda. Þetta fréttabréf sneri ekkert að fortíðinni. Það eru nefnilega ekki allir á Íslandi að hugsa um fortíðina. Hún er að baki, við snúum fram og það er nútíðin og framtíðin sem við þurfum að takast á við á öllum sviðum. En það voru félagsmenn í Félagi ísl. iðnrekenda sem voru að íhuga hver staða þeirra fyrirtækja, sem þeir bæru ábyrgð á, væri í nútíðinni. Um þjóðarbúskapinn 1991 og horfurnar í efnahagsmálum 1992, sem þeir höfðu undir heitinu Meiri umsvif, meira ójafnvægi, sögðu þeir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Á þessu ári eru horfur á að viðskiptahalli verði um eða yfir 20 milljarða kr. Þetta er 5–6 milljörðum meiri halli en gert hefur verið ráð fyrir til þessa og um 8 milljörðum meiri halli en fram kom í síðustu spá félagsins. Þróun utanríkisviðskipta á þessu ári bendir til mikils ójafnvægis. Innflutningur fyrstu átta mánuðina jókst um 14% að raungildi miðað við sama tíma fyrir ári. Samdráttur í vöruútflutningi nam á sama tíma tæplega 9% þótt verðmæti útfluttra vara sé meira nú í krónum talið."

Síðan fóru þeir að horfa enn meira inn í framtíðina heldur en horfa bara á þetta eina ár. Og þeir segja um árið 1992:

„Nú ríkir nokkur óvissa um þróun efnahagsmála á næsta ári. Það er gert ráð fyrir að eftirspurn innan lands hjaðni, búist er við vaxandi viðskiptahalla á næsta ári þar sem gert er ráð fyrir því að útflutningstekjur dragist hraðar saman en innflutningur. Þegar á heildina er litið eru óvissuþættir margir og ólíklegt að sérhver þeirra þróist til verri vegar. Næsta ár mun þó einkennast af samdrætti og erfiðleikum."

Síðan veltu þessir heiðursmenn fyrir sér þeirri ríkisstjórn sem nú situr við völd á Íslandi. Þeir hafa sjálfsagt skoðað hina hvítu bók hæstv. forsrh. sem hann gumar svo mjög af. En þeir hafa kannski ekki, fremur en við margir hverjir, séð þar neitt haldfast fyrir íslenska atvinnuvegi til að styðjast við því að þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir m.a. að það verði að skapa einstaklingum og fyrirtækjum örvandi starfsskilyrði með sanngjörnum leikreglum og stöðugleika í efnahagslífinu. Einnig segir að brýnt sé að tryggja starfsskilyrði iðnaðar- og þjónustugreina sem ekki mega búa hér við lakari aðstöðu en keppinautar á helstu samkeppnismörkuðum. Í áætluninni eru síðan fyrirheit um ýmsar aðgerðir en allt of margt er óljóst og einungis stefnt að og látið kanna. Það sem vantar er tímasett áætlun um alla þætti sem skipta máli fyrir starfsskilyrði atvinnulífsins þannig að vissa ríki um starfskjörin á næstu árum. Það er nauðsynleg forsenda þess að atvinnulífið geti snúið vörn í sókn", segir í þessu ágæta bréfi.

Auðvitað er það ljóst og ég tek undir það bæði með hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. að byggðastefnan hefur ekkert gengið upp. Það er hárrétt hjá þeim ágætu mönnum að við stöndum frammi fyrir miklum vanda í byggðamálum og atvinnulífi á Íslandi og ekki síður úti á landsbyggðinni. En þar með er ekki sagt að byggðastefnan í sjálfu sér hafi brugðist eða Byggðastofnun hafi brugðist í verkefnum sínum nema síður sé. Það væri alveg eins hægt að halda því fram að læknarnir hafi brugðist af því að fólkið heldur áfram að veikjast og deyja. Auðvitað hefur byggðastefnan í sjálfu sér ekki brugðist en það er rétt hjá þeim að við höfum ekki náð þeim árangri sem við vildum hafa náð, að stöðva fólksflutningana utan af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Það er kannski mikilvægasta verkefnið sem við eigum fyrir höndum, að finna til þess ráð.

En því miður uggir mig að rétt sé hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að hæstv. forsrh. sé með slíka harðlínumenn sem hann hleypir að sér og hlustar á í þessum efnum að nú sé byggðastefnunni veruleg hætta búin. Nú verði farið þeim höndum um þessa mikilvægu stofnun sem Byggðastofnun er og hún gerð máttvana þannig að hún taki ekki þátt í neinni varnarbaráttu á næstu árum ef svo fer sem horfir og yrði það mikill skaði. Reglugerð sem hæstv. forsrh. er einhvers staðar með í fórum sínum miðar að því að taka fjárráðin af Byggðastofnun og gera hana einungis að skipulagsstofnun. Ég held að ef hann framkvæmdir það verk hafi hann unnið illt verk og óþrifalegt sem muni koma fram gagnvart byggðinni á næstu árum.

Ég ætla að nefna dæmi úr nærhéruðum höfuðborgarinnar sem ekki er langt fyrir hæstv. forsrh. að skreppa til til að sjá hverju Byggðastofnun hefur þar áorkað. Í mínu kjördæmi hefur Byggðastofnun mjög komið að atvinnuátaki í uppsveitum Árnessýslu, að Flúðum í Hrunamannahreppi, í Biskupstungum og víðar með því að hjálpa einstaklingum og sveitarfélögum til að koma á fót öflugum atvinnufyrirtækjum, standa með þeim í ráðgjöf og lána til fyrirtækjanna fé, koma inn með tímabundið hlutafé og draga sig síðan aftur út þegar staðan batnar. Þetta hefur gefið mjög góða raun á þessu svæði og ég hygg að svo sé víðar um land. Þess vegna væri það mjög alvarlegur hlutur ef Byggðastofnun yrði flutt norður á Akureyri og af henni tekin öll verkefni önnur en að sitja og dútla við að teikna og hanna einhverjar byggðir. Ég er sannfærður um að hún er miklu heilbrigðari stofnun eins og hún er rekin í dag þegar hún ber ábyrgð á atvinnulífi og kynnist því af raun og sér árangur af þeim störfum sem hún hefur unnið að.

Svo skipta framlögin til byggðamála auðvitað miklu máli en því miður hefur verið mikill samdráttur á því sviði. Ég hygg að það hafi verið rétt hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni sem hann nefndi í ræðu sinni að þá gekk okkur best að skapa ný tækifæri úti á landsbyggðinni, öflugt atvinnulíf, þegar ríkisvaldið kom myndarlega inn í það verkefni. Við skulum gá að því að áður en varir munu þeir fólksflutningar af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið kosta þjóðfélagið mikið, öll sú uppbygging sem hér verður að fara fram. Hv. þm. Matthías Bjarnason vakti athygli á því að á árunum, sem Geir Hallgrímsson heitinn var forsætisráðherra á árunum frá 1974–1978, hefði oft verið veitt til byggðamála á annan milljarð kr., þetta frá 1.000 og upp í 1.100–1.200 millj. og það er nákvæmlega á því tímabili sem við sjáum að þróuninni var snúið við. (**ÓÞP:** Og mestur hagvöxturinn í landinu.) Og eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson segir, þá var einnig mestur hagvöxtur á Íslandi.

Það er fleira sem ég hygg að hafi líka verið í réttum skorðum á þessu tímabili þegar Framsfl. og Sjálfstfl. fóru með stjórn landsmála. Þá hygg ég að það stóra atriði sem gengisskráningin er gagnvart útflutningsatvinnuvegunum hafi verið með réttum hætti. En nú er það svo að Byggðastofnun eru ekki ætlaðar nema 100–200 millj. í sín verkefni. Sannleikurinn er sá, hæstv. forsrh., að ýmsir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar ætla að hafa slíkar upphæðir í sínum vasa til þess að dútla með hér á þessu svæði. Þetta hefur komið fram hér í þinginu, að einstakir ráðherrar eru að fara fram á það við fjárln. að þeir hafi frjálsar heimildir til þess að leika sér með, þetta 70–100 millj. kr. í einhver verkefni sem þeir ætla áð sinna og útdeila fé í. Ef það er hin nýja stefna að hver ráðherra verði einhvers konar Byggðastofnun, en við skerum Byggðastofnun, niður í framhaldi af því, þá vara ég við slíkri stefnu.

Auðvitað gerðist margt um 1980 sem vert er að leiða hugann að gagnvart byggðamálum. Eitt atriði vegur sennilega mjög þungt í þeim efnum. Árið 1979 er tekin upp verðtrygging peninga á Íslandi og eftir þann tíma hefur fólkið verðtryggð lán sem fylgir því ævina út. Þetta gerir það að verkum að margur veltir því miklu meira fyrir sér hvar hann eigi að byggja hús sitt. Foreldrar jafnvel ráðskast með það við börn sín að þau byggi á svæðum þar sem húsið verði söluhæft og verðmætt. Ég hygg að verðtrygging hafi þarna haft veruleg áhrif á þróun byggðar og því er mjög mikilvægt gagnvart Húsnæðisstofnun að hún sinni því hlutverki vel að lána til almennra kaupleiguíbúða á landsbyggðinni þar sem fólk hefur umhugsunartíma og getur þá komist frá sínum málum aftur.

Síðan er það kannski hitt atriðið sem ég held að hafi því miður átt sér stað meira á síðasta áratug. Það er þessi núllstefna gagnvart atvinnulífinu, ekki síst sjávarútveginum, að gjaldeyririnn sé seldur með þeim hætti

að sjávarútvegurinn svona rétt damli áfram og illa það, eins og því miður hefur verið á mörgum þeim árum, ekki síst 1987 og 1988. En við Íslendingar verðum að átta okkur á því að þau orð Sigurðar Nordals standa enn óhögguð, að það sem gerir það að Íslendingar eru ekki í reyndinni kotþjóð, sem þeir eru að höfðatölu, er landið sjálft, strjálbyggðin og víðáttan. Það væri óhugsandi að svo fámennur flokkur gæti myndað sérstaka og sjálfstæða þjóð ef hann væri hnepptur saman af svolítilli frjósamri, þaulræktaðri pönnuköku. Það er stærð landsins sem hefur gert þjóðina stórhuga. Erfiðleikar þess sem hafa stappað í hana stálinu, fjölbreytni þess sem hefur glætt hana hæfileikum. Orð Sigurðar Nordals, sem féllu fyrir áratugum, eru enn í fullu gildi.

Að mörgu þurfum við að huga sem snýr að byggðamálum. Það er jafnvægi á svo mörgum sviðum, það er vöruverðið, það er orkuverðið, og fyrst hér situr hæstv. iðnrh. er það áhyggjuefni gagnvart raforkuverðinu hvernig þessi ríkisstjórn hefur því miður liðið að það hallar nú mjög á landsbyggð gagnvart höfuðborgarsvæði. Á þessu ári hafa þeir hlutir gerst að raforkuverð á landsbyggðinni hefur hækkað meira en allt annað.

Ég fékk á dögunum upplýsingar um það hvernig raforkuverðið hefur hækkað og þar kemur fram að um sl. áramót hækkar Landsvirkjun taxta sína um 5%, 1. júlí aftur um 5% og 1. október enn og aftur um 5%. Nú erum við með tvö smásölufyrirtæki sem selja raforku og það kemur fram að fólkið sem verslar við Landsvirkjun býr við önnur kjör en hitt sem sætir því að verða að kaupa af Rarik og hér segir t.d.: „Heildsöluverð Rafmagnsveitna ríkisins hefur hækkað um 163,46 kr. kwst. umfram hækkun Landsvirkjunar, hækkunin nemur 24%." Á þessu ári hefur slíkt gerst og þetta atriði, raforkuverðið, hefur mikið að segja gagnvart einstaklingunum en ekki síður gagnvart fyrirtækjunum. Auðvitað er það um þetta svið, sem er eitt stærsta byggðamálið, sem menn þyrftu að ná saman á Alþingi.

Það heyrist kvartað yfir því af spekingunum uppi í Háskóla og víðar — já, og í ríkisstjórninni sjálfri — að þeir vilji ná sjávarútvegi landsbyggðarinnar til skattlagningar því að þjóðin eigi auðlindina. Hvers vegna standa ekki landsbyggðarmenn einu sinni almennilega að verki og líða það ekki að hér séu tvær þjóðir gagnvart rafmagni? Önnur þjóðin býr hér á þessu svæði, og lítill hluti hennar norður á Akureyri, og fær að kaupa sitt rafmagn beint af Landsvirkjun. Þessir einstaklingar eiga ekkert meira í Landsvirkjun en ég og hv. þm. Egill Jónsson, og lögðu ekkert fram sem réttlætir það að raforkuverð sé með þessum hætti á Íslandi. Þetta er hið brýnasta verkefni og þessu gætu landsbyggðarmenn og réttlætismenn þingsins tekið á með því að einn aðili bæði kaupi og selji rafmagn. Því miður hefur þarna hins vegar orðið mjög mikil skekkja hjá þessari ríkisstjórn sem ég bið hæstv. iðnrh. að hugleiða og hvort ekki sé hægt að leiðrétta hana.

Þessi ríkisstjórn ætlar að vega á mörgum sviðum í sama knérunn og gerst hefur með raforkuverðið því að hún hótar landsbyggðinni hækkun á bensíni og olíu. Ég sé að hv. — (**GunnS:** Fimmti.) 5. þm. Austurl. lyftir brúnum og verður hissa en heyrst hefur það úr herbúðum ríkisstjórnarinnar að jöfnun á bensíni og olíu eigi að leggja af. (**Gripið fram í:** Hækkun þungaskatts.) Og þungaskatt, sem skiptir mjög miklu máli í vöruflutningum fyrir landsbyggðina, á að stórhækka samkvæmt fjárlagafrv. Þetta mun koma mjög niður á vöruverði og aðdrætti hvað landsbyggðina varðar. Það eru því mörg mikilvæg réttlætismál sem þarf að taka á í þinginu og ríkisvaldið, ef það væri vinveitt landsbyggðinni, ætti að sýna manndóm sinn í að gera það.

Hitt er svo annað mál að í ræðu hæstv. forsrh. við þessa umræðu segir hann, með leyfi forseta:

„Flestum má ljóst vera að byggðastefna í þeirri mynd sem hefur verið rekin á undanförnum árum hefur brugðist. Augljóst er að það markmið hennar að stöðva fólksflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hefur ekki náðst, öðru nær."

Undir þetta tek ég. Þetta er auðvitað hárrétt mat hæstv. forsrh. og í ræðu hv. 3. þm. Reykv. kom fram að landsbyggðarfólkið hefði, og hann vitnaði til ummæla mætra manna, svipað viðhorf. Þetta held ég að allir viðurkenni í sjálfu sér. Það er líka rétt að á landsbyggðinni vilji menn leysa sín mál sjálfir og séu færari um það. Ég hygg að við hv. þm. séum flestir sammála um það að fólkið á landsbyggðinni er miklu færara um að leysa sín mál en til þess þurfum við að eiga góða Byggðastofnun sem hefur fjármagn og lánastarfsemi. Hún verður að vera fyrir hendi og við þurfum að fara í breytingar gagnvart stjórnsýslunni. Það þarf að færa verkefnin út á land. Valdið þarf að fara heim í héruðin. Það er kannski það sem á hefur skort á síðustu árum, að menn hefðu bæði vilja og þrek til þess að nálgast það verkefni að færa valdið heim, sameinast um það með hvaða hætti það ætti að gera.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það þurfi að færa valdið heim í kjördæmin og ákveðin verkefni sem núna eru hjá ríkinu því að það er ljóst að þjónustustörfin hafa of mikið verið staðsett hér í ráðuneytum, stofnunum o.s.frv. Ég held þess vegna að það sé mikilvægt verkefni að við formum það með einhverjum hætti hvernig við færum valdið heim í héruðin. Er það hið svokallaða þriðja stjórnsýslustig sem við þurfum að stofna þar sem sveitarstjórnirnar eða rétt kjörnir fulltrúar taka að sér að bera ábyrgð á ákveðnum verkefnum gagnvart sínum kjördæmum? Eða trúa menn endilega á þá lausn að aðalúrræðið sé að stækka sveitarfélögin eins og nú eru áform uppi um? Ég heyrði í einum færasta byggðasérfræðingi á dögunum um það atriði. Hann hefur að vísu þá trú að sveitarfélögin þurfi mjög að stækka, en telur að það að fara í illindi til að sameina tvö eða þrjú lítil sveitarfélög skili engum árangri. Þess vegna er það auðvitað þetta sem menn verða að gera sér grein fyrir: Að fara í illindi til að sameina tvö eða þrjú sveitarfélög skilar ekki árangri, heldur verða menn að fara í hitt verkefnið að stofna til heimavalds, að heima í kjördæmunum verði lögbundið að svæðið fari með málefni á svo og svo mörgum sviðum.

Þetta má segja að sé vel formað í tillögu sem marg-

ir þingmenn Framsfl. hafa lagt fram. Hv. þm. Stefán Guðmundsson er fyrsti flutningsmaður. Þar er hugsunin sú að menn fari með sín samgöngumál, heilbrigðismál og skipulags- og umhverfismál, sína atvinnuþróun og nýsköpun atvinnulífs, löggæslu svæðisins, húsnæðismál, málefni skólanna o.s.frv. Það er engin ástæða til þess að hafa þetta allt saman í ráðuneytum hér í höfuðborginni. Samskiptin eru orðin með þeim hætti. Það skapar mikinn sparnað að þetta sé nær fólkinu. Á þessu hafa flestar þjóðir áttað sig, að valdið þarf að vera nærri til að bæði skapist sparnaður og ábyrgð. Menn geta litið til byggðamála á Norðurlöndum hvað það varðar. Þar eru menn með fylki og ömt og lögskipuð svæði sem bera ábyrgð á sínum málefnum.

Þess vegna er það mín skoðun að það væri verðugt verkefni Alþingis og ríkisstjórnar, sem segist trúa á mátt einstaklingsins o.s.frv., að menn setjist verulega yfir það verkefni að stofna til þriðja stjórnsýslustigsins þar sem hin mörgu verkefni sem hér eru til staðar í höfuðborginni verði færð heim í héruðin.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Þó að allmargir þeirra sem hér hafa tekið til máls um málefni Byggðastofnunar hafi einskorðað sig við það umræðuefni hafa umræðurnar einnig farið nokkuð um víðan völl og snert byggðamál almennt. Ég hygg að óhjákvæmilegt sé að tengja þessi mál þannig saman og ég mun í mínu máli fjalla almennt um byggðamál, meira en um málefni Byggðastofnunar sérstaklega.

Mikið hefur verið rætt um það í þessari umræðu hvernig staða byggðamála hafi verið við síðustu stjórnarskipti. Að sjálfsögðu er þarna ekki um það að ræða að menn vilji líta eingöngu til fortíðarinnar, eins og kom fram í máli síðasta ræðumans, heldur eru það eðlileg viðbrögð stjórnmálamanna, sem og annarra manna, að leita svara í fortíðinni við þeim vandamálum sem blasa við. Það er óhjákvæmilegt, hér og nú, að tala um það hvernig staðan var í byggðamálunum þegar stjórnarskiptin urðu.

Í þessari byggðamálaumræðu hefur umræðan allt of mikið farið út í það að tengjast ákveðnum ummælum hæstv. forsrh. sem hafa verið rangtúlkuð, teygð og toguð og gerð að aðalatriði en hinu sleppt að hæstv. forsrh. hefur á ýmsum vettvangi rætt um byggðamál árum saman og sett þar fram hugmyndir sem eru þess virði að menn taki þær til umfjöllunar og taki afstöðu til þeirra. Svo mikla áherslu hefur stjórnarandstaðan lagt á það að beina umræðunni að því með hvaða hætti sé hægt að rangtúlka þessi ummæli forsrh. að það vekur sérstaka athygli og til þess hljóta að liggja sérstakar ástæður. Þó voru þessi ummæli ekki hneykslanlegri en svo að þau færðu byggðaumræðuna inn á svið sem þegar hefur verið rætt um í sambandi við þá samninga sem gerðir hafa verið við bændur, en í þeim samningum er beinlínis gert ráð fyrir að bændum sé opnuð greiðfær leið til að bregða búi án þess að verða fyrir áföllum. Þessi hugmynd því sem slík er komin inn í umræðuna hér og um það mál sérstaklega hefur skapast allmikil samstaða.

Ég tel að það skipti meginmáli að við áttum okkur vel á því hér hver hafi verið staðan í byggðamálum þegar stjórnarskiptin urðu. Þá lá ýmislegt í loftinu. Á annan bóginn voru miklar væntingar en á hinn mikill uggur. Hér sunnan lands voru miklar væntingar og þar létu menn sér ekki nægja að hafa væntingar, heldur voru einnig miklar framkvæmdir í samræmi við væntingarnar. Að sama skapi var víða úti á landi ríkjandi mikill uggur og áhyggjur út af þróun mála. Og hvað var það þá sem lá í loftinu? Jú, það lá í loftinu að byggt yrði álver á Suðvesturlandi, fjárfesting, ef við einskorðum okkur við álverið sjálft, sem átti að vera upp á rúmlega 40 milljarða.

Það lá alveg ljóst fyrir og var öllum aðilum ljóst að þessi eina ákvörðun, við þær aðstæður sem þá ríktu, hefði leitt til mikils fólksflutnings hingað til þessa svæðis. Ef framkvæmdir við álverið hefðu farið af stað hefði það eitt leitt til mun meiri fólksflutninga en hér hafa verið dæmi um sl. 10 ár og hafa þó staðið yfir stöðugir fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins þau ár. Þeir hafa verið á bilinu 1500–1800, ef ég man rétt. Slíkar tölur hefðu verið smámunir einir hjá því sem gerst hefði ef af byggingu álversins hefði orðið. Með öðrum orðum, þetta var staðan við stjórnarskiptin.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að minna rækilega á hvernig þessi staða var í lok, eigum við að segja 20 ára byggðastefnu sem Framsfl. hefur sjálfur lýst yfir að hann hafi haft forustu um. Að sjálfsögðu hafa fleiri komið að því máli og Sjálfstfl. ekki síst og ég hygg að ef við getum orðið sammála um að skilgreina vandamál landsbyggðarinnar hafi allir flokkar átt þar hlut að máli. Hinu er þó ekki að neita að einn flokkur umfram aðra hefur skýrt sjálfan sig sem sérstakan byggðaflokk, sérstakan landsbyggðarflokk, og ekki er hægt að horfa fram hjá því hver staðan var í þjóðmálum við stjórnarskiptin þegar Framsfl. fór út úr stjórn, en þá hafði hann verið við völd nánast óslitið frá því 1971.

Áður en ég ræði um helstu atriðin sem einkenna þennan byggðavanda okkar sem hér hefur verið til umræðu, og margir menn hafa lagt gott til þeirrar umræðu, langar mig til að nefna að byggðastefna og byggðavandi er nánast alþjóðlegt vandamál. Það er leitast við að leysa byggðavanda víða í Evrópu. Sá byggðavandi er nánast alls staðar af efnahagslegum toga og menningarlegum, en varðar einnig öryggishagsmuni. Svo að ég taki tvö Evrópulönd, annars vegar úr Norður-Evrópu og hins vegar úr Suður-Evrópu, þar sem byggðamál eru verulegt vandamál, þá vil ég nefna Noreg, en í byggðamálum Noregs blandast saman öryggishagsmunir, efnahagsleg mál og menningarmál. Ég vil einnig benda á Grikkland en þar eru nákvæmlega sömu málin uppi á teningnum. Þessar þjóðir verja á sinn hátt talsverðum fjármunum, Noregur mjög verulegum, til byggðamála en því fer víðs fjarri að byggðavandinn sé bundinn við þessi jaðarlönd. Byggðavandi er líka verulegt vandamál og hefur verið lengi í einu af Mið-Evrópulöndunum, ef það mætti segja svo, þ.e. í Frakklandi. Þar hefur mikil miðstýring tröllriðið samfélaginu ekki bara áratugum saman

heldur öldum saman. Og við þessum vanda hefur verið reynt að bregðast. Ekki ómerkari maður en sjálfur Charles de Gaulle fór frá völdum vegna ágreinings út af byggðastefnu. Tíu árum seinna voru mikilvægir þættir í þeirri byggðastefnu, sem hann setti fram, orðnir að veruleika undir stjórn annars flokks en þeim hópi stjórnmálaafla sem hann stýrði.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir það sem gerst hefur í öðrum löndum í þessum byggðamálum þó að það væri út af fyrir sig forvitnilegt. Ég ætla þó að geta þess vegna þess að það hefur tengsl við það sem á eftir kemur í ræðu minni. Ég ætla að geta þess sem best hefur gerst í þessum efnum og hverju það er tengt.

Það sem hefur best gerst í byggðamálunum, m.a. í Frakklandi, tengist því að komið hefur verið á tengslum annars vegar milli ríkisins sem stundar ýmiss konar opinbera þekkingarviðleitni, vísindastarfsemi og þróunarstarf og hins vegar við atvinnulífið. Þessi tengsl gerast mjög gjarnan á héraðsgrundvelli og þar sem þetta hefur gengið best, og það á einnig í raun og veru við um Japan, hafa þróunarstofnanir, rannsóknastofnanir og vísindastofnanir ríkisins unnið í samvinnu við ákveðin fyrirtæki, myndað ákveðið efnahagsumhverfi og þróunarumhverfi á héraðsgrundvelli.

Annað atriði, sem ég ætlaði að leggja sérstaka áherslu á í sambandi við byggðamálin og hefur vísað veginn víða annars staðar í heiminum, þar á meðal í Evrópu, er að efla sjálfstæði héraða innan landanna. Þetta á m.a. við í Frakklandi þar sem héruðin hafa rétt til að ákveða skattstofna og geta sjálf notað skattstofnana eftir því sem þeim finnst rétt að gera.

Ef við lítum nú á íslenska byggðastefnu og veltum því fyrir okkur hvort tekist hafi að halda hér uppi eðlilegri og virkri byggðastefnu og á hvaða nótum hún hafi verið rekin, þá getum við velt því fyrir okkur hvað vísbendingarnar segja okkur. Stöðugur flutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins sl. tíu ár og sú staða sem fyrirsjáanleg var við stjórnarskiptin að þessir fólksflutningar mundu margfaldast. Þá geta menn spurt sig að því hvort ekki sé líklegt að það hafi verið alvarlegir meinbugir á byggðastefnunni sem hér var rekin, þótt hún hafi verið rekin af góðum vilja að sjálfsögðu, af góðum vilja og eindregnum ásetningi að koma góðu til leiðar. Mér finnst rétt að það komi fram að ég mundi aldrei nokkurn tíma væna neinn af þeim mönnum sem hafa verið í þessari samkundu um að hafa ekki unnið af miklum heilindum við að finna lausn á byggðamálunum. En hinu breytir það ekki að mjög sterkar vísbendingar eru um að þessi viðleitni hafi verið á rangri braut. Ég tel mig geta fært rök að því á tiltölulega einfaldan máta.

Sannleikurinn er sá að í gangi hafa verið í þessu þjóðfélagi tvær byggðastefnur. Önnur hefur lukkast og hin hefur mistekist. Sú fyrri, sú sem hefur lukkast, hefur verið rekin hér á höfuðborgarsvæðinu í svipuðum mæli og með sömu forskriftum og sú byggðastefna í Evrópu sem hefur heppnast hefur verið rekin. Þessi byggðastefna gengur ekki undir nafninu byggðastefna hér á Íslandi. Hún gengur undir ýmsum nöfnum. Stundum heitir hún „að efla íslenskt mennta- og menningarlíf". Á öðrum tímum heitir hún „að efla íslenskt rannsókna- og vísindastarf almennt". Stundum heitir hún „að efla stjórnsýslu á Íslandi". Hún hefur lengi heitið „að efla rannsóknir og vísindi í þágu atvinnuveganna". Hún heitir jafnvel stundum „að efla landsbyggðina sérstaklega" og þá ekki síst með sérstökum stofnunum. Nú síðast í þessum þingsal, virðulegi forseti, hét þessi stefna „að efla íþrótta- og æskulýðsstarf" með því að byggja fyrir opinbert fé íþróttahöll yfir heilbrigða og nauðsynlega æskulýðs- og íþróttastarfsemi.

Í þeirri umræðu kom það fram af hálfu hv. 8. þm. Reykn. að ef við féllum frá þeim hugmyndum að byggja þessa íþróttahöll værum við að svíkja heiður þjóðarinnar og gera okkur að athlægi á alþjóðlegum vettvangi. Ég vil taka það sérstaklega fram að mér er annt um heiður íslensku þjóðarinnar en heiður er ekki hugtak sem er bara til brúks á alþjóðlegum vettvangi. Heiður íslensku þjóðarinnar er til brúks á heimavettvangi líka. Á undanförnum árum hafa verið gefin í þessum þingsal mörg fyrirheit og þau m.a. gagnvart landsbyggðinni sem ekki hefur reynst unnt að standa við og því verð ég að segja hér og nú að ég tek þau heit, sem við höfum sett okkur gagnvart þessari þjóð, alvarlegar en þau heit sem við höfum unnið á alþjóðlegum vettvangi og geri því mjög lítið með þessa athugasemd hv. 8. þm. Reykn.

Það hefur með öðrum orðum verið rekin hér byggðastefna og í henni má sjá ákveðinn metnað þessarar þjóðar. Það hefur verið metnaður íslenskra stjórnvalda, íslenskra embættismanna og íslensku þjóðarinnar að byggja upp á höfuðborgarsvæðinu myndarlega höfuðborg. Þannig er Reykjavík miðstöð allra meginþátta í þjóðlífinu, opinberu þjóðlífi sem atvinnulífi. Hún hefur orðið miðstöð stjórnsýslu með sívaxandi miðstýringu. Hún er einnig — og ég tek sérstaklega til þess — miðstöð samtaka atvinnulífsins og hún er miðstöð rannsókna í þágu atvinnulífsins. Hún er miðstöð menningarstarfsemi þar sem listir og afþreying er greidd á rausnarlegan hátt úr opinberum sjóðum. Ég vil vekja athygli á því að Reykjavík hefur orðið með þessum hætti miðstöð rannsókna í þágu atvinnulífsins.

Ég gat þess áðan í máli mínu að einmitt með þeim hætti, með því að efla á héraðagrundvelli samstarf rannsóknargeirans, þekkingaröflunarinnar og þróunarstarfseminnar við atvinnulífið hefur öðrum þjóðum tekist að ná verulegum árangri í byggðamálum.

Að sjálfsögðu hefur nákvæmlega það sama gerst hér. Með því að efla í höfuðborginni miðstöð rannsókna í þágu atvinnulífsins hefur skapast hér segull fyrir atvinnulífið sem er mjög eðlilegur. Atvinnulífið þróast í tengslum og í skjóli við slíkar stofnanir þó að starfsmenn þessara stofnana séu allir af vilja gerðir, og það eru þeir svo sannarlega, til að flytja starfsemi sína og þekkingu eins mikið út um landið og þeir frekast geta. Ég vil sérstaklega taka hér til þess að í tengslum við starfsemi Iðntæknistofunar hefur að sjálfsögðu verið búinn til alveg sérstakur þróunarvettvangur fyrir iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Við erum með ýmsum hætti nánast á hverju einasta ári að bæta við þetta

þróunarsvæði sem við höfum komið okkur upp hér og sem er á margan hátt nauðsynlegt fyrir okkur. Ég vil sérstaklega nefna það, af því að það er tiltölulega stutt þangað til við munum fjalla hér um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands, að mér kæmi ekki á óvart þó að þar væru ákvæði um að varnarþing félagsins skuli vera í Reykjavík án þess að það sé rökstutt sérstaklega.

Ég vek athygli þingmanna á því að að þessu leyti hefur það gerst á höfuðborgarsvæðinu sem er eðlilegt að gerist í skjóli þeirrar uppbyggingar sem hér hefur átt sér stað. Það er fullkomlega eðlilegt að þetta hafi gerst með þessum hætti og þetta eru mjög áhrifamiklir þættir í þeirri byggðastefnu sem hér hefur verið rekin en sem gengur aldrei undir nafninu byggðastefna.

Það er hægt að rekja það sérstaklega hvernig atvinnuuppbyggingin hefur verið á síðast liðnum tíu árum. Hún hefur aðallega orðið á sviði þjónustustarfsemi og aðrir þingmenn hafa orðið til þess hér að benda á þetta og ég ætla ekki að endurtaka þau orð. Einnig hafa komið fram mjög athyglisverðar upplýsingar um framlög til menningarmála sem unnar hafa verið á vegum Akureyrarbæjar og ég hef séð til þess að þau gögn hafa verið borin til menntmn. Alþingis og ég geri ráð fyrir því að hún muni taka þau sérstaklega til athugunar.

Hvernig hefur þessi þróun, sem þannig hefur gengið fyrir sig, verið greidd? Í hverju er fólgin töfraformúlan sem hefur leitt til þessa? Það eru að vísu fleiri en ein leið til þess. Í fyrsta lagi er það grundvallaratriði að atvinnulífið sjálft hefur verið látið greiða fyrir þetta. Það er beina leiðin annars vegar sem atvinnulífið hefur verið látið fara til þess að greiða þessa miklu uppbyggingu sem hér hefur átt sér stað. Það hefur að sjálfsögðu verið þrengt að atvinnulífinu með sköttum á fyrirtæki og launafólk til að koma upp þessari miklu þjónustu sem samfélaginu er vissulega nauðsynleg. Það hefur einnig verið þrengt að atvinnulífinu með ýmiss konar laga- og reglugerðarákvæðum. En óbeina leiðin er sennilega sú leið sem hefur ráðið mestu um hvernig fjármögnunin á þessari uppbyggingu hefur verið. Fjármunir hafa verið fluttir í stórum stíl frá framleiðsluatvinnuvegunum og þá ekki síst útflutningsatvinnuvegunum til opinbera geirans og til þjónustunnar, einkum og sér í lagi á sviði innflutningsins. Þar ráða mestu tveir þættir, þ.e. langvarandi óstjórn í efnahagsmálum þjóðarinnar sem er í raun og veru hafin yfir alla flokkspólitík ef menn vilja líta á þessi mál úr nokkurri fjarlægð. Ég geri að vísu mikinn greinarmun á ríkisstjórnum og það er ekkert spursmál á þessu 20 ára tímabili, sem ég hef tekið hér til umfjöllunar, þá var gengið lengst í átt til raunveruleikans 1974–1978. Það er öllum ljóst. Mér hefur verið bent á það úr þessum ræðustól og ég held að það sé alveg hárrétt. En þessi langvarandi óstjórn í efnahagsmálum er tvímælalaust það sem hefur orðið til þess að mestir fjármunir hafa verið fluttir frá framleiðslunni yfir til þjónustunnar. Viðskiptahallinn á Íslandi er líka viðvarandi vandi.

Virtur hagfræðingur lét þau orð falla í sjónvarpsviðtali hér fyrir skömmu að gengisskráningin hefði alltaf verið miðuð við þarfir sjávarútvegsins. Menn þurfa að vera mjög vel að sér í hagfræði til að komast að þessari niðurstöðu. Að sjálfsögðu er þessu öfugt farið og ég tek undir þá lýsingu sem hér hefur komið fram á þróun gengismála. Gengið hefur ekki verið skráð með hagsmuni sjávarútvegsins fyrir augum heldur þvert á móti hefur gengið verið skráð þannig að sjávarútvegurinn gæti skrimt á horriminni en afgangur yrði sem allra minnstur. Sjávarútvegurinn hefur þess vegna yfirleitt leikið í kringum núllið og það eru hagsmunir eyðslunnar sem hafa verið hafðir í fyrirrúmi. En þetta er að sjálfsögðu ekki nóg, þessi fjármunatilfærsla sem þannig hefur átt sér stað, því að atvinnulífinu hafa verið bundnir þungir skuldabaggar langt fram í tímann. Um þetta vottar viðvarandi halli á ríkissjóði, halli á ríkissjóði sem er líka hafinn yfir flokkspólitík.

Yfirþyrmandi fyrirferð ríkisins á lánamarkaði innan lands er hluti af þessu vandamáli og tilheyrandi háir vextir. Þegar menn velta fyrir sér hvernig staða atvinnufyrirtækja er nú þegar upplýsingar liggja fyrir um átta fyrstu mánuðina er alveg ljóst að þróunin á lánsfjármarkaðnum hefur verið óhagstæð framan af þessu ári áður en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við. Það er líka alveg deginum ljósara að það var búin hér til þensla á fyrstu mánuðum ársins sem hefur haft áhrif í efnahagslífinu og er hluti af þeim viðskiptahalla, þeim geigvænlega viðskiptahalla sem við stöndum nú frammi fyrir.

Langvarandi erlend skuldasöfnun þjóðarbúsins og innstreymi erlends lánsfjár hefur í raun og veru grafið undan útflutningsstarfseminni, ekki síst með því að fölskum kaupmætti hefur verið haldið hér uppi með þessum erlendu lántökum. Löng erlend lán sem námu um 30% af vergri landsframleiðslu um 1980 námu 1989 47,4%. Þetta segir mjög einfalda sögu og afdrifaríka.

Með þeim hætti, sem ég hef rakið hér, hefur staða fyrirtækjanna, svigrúm þeirra verið þrengt mjög verulega og þeim ýtt út í skuldasöfnun. Skuldir atvinnuveganna hafa líka aukist mjög verulega á þessu sama tímabili sem ég nefndi hér áðan. Skuldir atvinnuveganna námu um 38% af vergri landsframleiðslu 1980 en voru komnar upp í 63,5% árið 1989. Eftir því sem við sökkvum okkur dýpra í skuldafenið er það augljósara að engum er ætlað að greiða þetta í raun öðrum en atvinnulífinu með einum eða öðrum hætti, í nútíð en þó kannski einkum og sér í lagi framtíð.

Það sem ég hef rætt hér og kemur mjög inn á það sem margir ágætir þingmenn hafa fjallað um í þessari umræðu áður, þ.e. háskráning krónunnar, halli ríkissjóðs, viðskiptahallinn og skuldir þjóðarbúsins, þetta eru í raun og veru bara ýmsar hliðar á sömu óheillabyggingunni en það er háhýsi íslenskrar neyslustefnu sem jafnvel mætti kalla neysluæði. Það hefur verið ýtt undir opinbera neyslu og einnig neyslu einkaaðila en þrengt að atvinnulífinu. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé meginástæðan fyrir því hve illa er komið fyrir byggðum landsins. Við þessi skilyrði er eðlilegt að ný-

sköpun og frumkvæði eigi sér ekki uppruna í atvinnulífinu. Það er nánast kraftaverk hve mikil nýsköpun og frumkvæði á sér stað í atvinnulífinu miðað við þessar langvarandi aðstæður því að svigrúmið hefur ekki leyft þessa þróun.

Það sem ég kemst ekki hjá að nefna í þessari umræðu er að þegar staðið er frammi fyrir þessari staðreynd, að í gegnum gengisskráninguna kannski öðru fremur hafa verið fluttir svo miklir fjármunir frá atvinnulífinu yfir til þjónustunnar, þá stöndum við enn frammi fyrir því að verið er að setja fram nýjar hugmyndir um það hvernig sé hægt að flytja fjármagn frá atvinnulífinu, frá framleiðslunni, yfir til ríkisins. Ég er að sjálfsögðu að tala um þær hugmyndir um auðlindaskatt sem hafa komið fram og þá ekki síst úr þeirri stofnun sem titlar sig „æðsta menntastofnun landsins" þar sem með ýmsum hætti er rökstutt að sú hagræðing sem á sér stað innan sjávarútvegsins renni ekki til sjávarútvegsins sjálfs heldur renni hún í ríkissjóð. Með öðrum orðum, menn eru orðnir svo fastir í þessari umræðu, að sjávarútvegurinn eigi ekki að búa að sinni eigin arðsemi, það eigi að kippa henni burt, að menn eru hættir að reikna með því að úr sterku og máttugu atvinnulífi spretti nýsköpun og frumkvæði. Þrátt fyrr þá þröngu stöðu sem sjávarútvegurinn hefur lengstum verið í hefur hann samt sem áður lagt fé í nýsköpun og þróun. Og það verð ég að segja að miðað við allar aðstæður, eins og ég sagði ykkur áðan, tel ég það ganga kraftaverki næst.

Sjávarútvegurinn er þegar byrjaður að fjárfesta í ýmsum öðrum greinum atvinnulífsins. Auðvitað er það eðlilegri leið að fjármunirnir sem til verða í sjávarútveginum, m.a. í gegnum hagræðinguna, finni þann farveg inn í atvinnulífið en að hann leiti fyrst í ríkissjóð og síðan þaðan, væntanlega fyrir tilstilli stjórnmálamanna, inn í atvinnulífið.

Ég hef með þessum orðum mínum leitt rök að því, eins og raunar margir aðrir þingmenn, að blóðtaka á íslensku atvinnulífi sé meginorsökin fyrir því hve aðrir landshlutar en höfuðborgarsvæðið hafi búið lengi við þröngan kost. Ég hef nefnt tvær höfuðorsakir, annars vegar þessar aðferðir sem notaðar hafa verið til að þrengja að atvinnulífinu og minnka svigrúm þess, en svo hins vegar þessa byggðastefnu sem ég kallaði svo, sem hefur verið rekin fyrir höfuðborgarsvæðið og hefur haft í för með sér að hún hefur verkað sem segull á atvinnulífið.

Þessir tveir samverkandi þættir og þó einkum og sér í lagi blóðtakan á atvinnulífinu og óstjórnin í efnahagsmálum hafa dregið úr siðferðisþreki landsbyggðarinnar og lamað frumkvæði og sjálfstraust innan atvinnulífsins. Það sem alvarlegast er við þetta er það að atvinnulífið, framleiðslan, hefur smám saman komist í hlutverk þiggjanda í þessu samfélagi. Þá kemur til hin byggðastefnan, þ.e. sú stefna sem venjulega gengur undir nafninu byggðastefna, björgunarstefnan, sú viðleitni að stumra yfir atvinnulífinu þegar að því er þrengt, að stumra yfir atvinnulífinu sem þjáist í raun og veru, einkum og sér í lagi af blóðtöku. Það er þessi byggðastefna sem ég held að hafi verið rekin á röngum forsendum vegna þess að það eru öfugmæli og óviðunandi til lengdar að atvinnulífið og framleiðslan séu í hlutverki þiggjandans í samfélaginu. Það gengur ekki. Það er einmitt þetta sem hefur einkennt þessa byggðastefnu, að atvinnulífið hefur verið í hlutverki þiggjandans en hinn opinberi aðili í hlutverki veitandans.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það sem einkenndi bjargráð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, en ég verð þó að segja eins og er að erlend lán til að fresta vanda og opinber fyrirgreiðsla til ákveðinna fyrirtækja, sem hafa svo áhrif á rekstur annarra fyrirtækja sem eru í sambærilegum rekstri, eru óviðunandi aðgerðir sem hafa í raun hindrað endurskipulagningu í stað þess að auðvelda hana. Þannig hefur verið þrengt að þeim fyrirtækjum í samkeppninni um hráefnið, mannaflann, sem hafa ekki notið fyrirgreiðslu frá ríkinu.

Því stendur fyrir dyrum það hlutverk að reyna að leysa atvinnulífið úr viðjum of þungra ríkisumsvifa, að leysa það úr höftum sem á það eru lögð vegna ofneyslu ríkis og einstaklinga. Það þarf að leysa atvinnulífið úr viðjum hárra vaxta sem tengjast að sjálfsögðu ofneyslu ríkisins og of þungra ríkisumsvifa og það þarf að leysa atvinnulífið úr fjötrum erlendra lánastofnana. Með öðrum orðum er ekki hægt að snúa við þessari þróun og móta nýja byggðastefnu án þess að atvinnulífið og framleiðslan njóti forgangs og innan atvinnulífsins komi fram kraftur nýrra framfara. Og það mun verða svo fremi sem atvinnulífið fær að njóta eigin verðmætasköpunar, eigin hagræðingar og endurskipulagningar, ef atvinnulífið fær frið til að veita eigin hagnaði í atvinnuuppbyggingu.

Ég tek það fram, um leið og dregur að lokum míns máls, að byggðastefnan og byggðavandamálin eru aðeins öðrum þræði efnahagslegt vandamál. Þau eru ekki síður menningarlegt vandamál. Mikið hefur verið fjallað um ummæli hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar um byggðastefnu og ég ætla að gera að umtalsefni nokkrar hugmyndir sem hann hefur komið á framfæri á ýmsum vettvangi um byggðamál.

Meðal þess sem hæstv. forsrh. hefur látið frá sér fara er lýsing hans á því hversu nauðsynlegt það hefur verið þessu samfélagi að byggja upp sterkan borgarkjarna. Það hafi í raun og veru eflt stöðu okkar í samkeppni þjóðanna um íslenskan mannafla og íslenska þekkingu og menntun. Það hafi í sjálfu sér gert okkur kleift að standast samkeppni við önnur lönd. Ég hygg að það sé mikið til í þessum rökum, að þetta mikla átak sem við höfum gert í því að byggja upp menningarsamfélag sem er þéttbýlissamfélag að hluta til, öll sú mikla rannsóknarstarfsemi og menningarstarfsemi sem hér hefur safnast saman, hafi á vissan hátt auðveldað okkur að standast samkeppnina sem er háð á milli þjóða um menntafólkið, þekkinguna og þessa auðlind sem mannaflinn er. Á sama hátt og hæstv. forsrh. hefur lýst þessum sjónarmiðum hefur hins vegar einnig komið skýrt fram í máli hans, ég held að ég muni það rétt að það hafi komið fram á landsfundi Sjálfstfl., að nú sé svo komið að höfuð-

borgarsvæðið sé orðið sjálfbært ef svo mætti segja, þurfi ekki lengur á þessu átaki þjóðarinnar allrar að halda og nú sé tími til að endurskoða þetta og snúa sér að uppbyggingu á fleiri stöðum.

Ég held að ég geti að mörgu leyti tekið undir þetta. Ég held að við getum ekki horft fram hjá því að við þurfum að skapa atvinnulífinu umhverfi víða á landinu sem er sambærilegt við það sem hefur gerst á höfuðborgarsvæðinu. Og ég held að við eigum að líta sérstaklega til rannsóknastofnana sem tengdar eru atvinnulífinu og athuga það í fullri alvöru hvort ekki er hægt að efla, með samstarfi rannsóknastofnana og atvinnulífsins, einmitt á héraðsgrundvelli eins og hefur verið gert hjá öðrum þjóðum, sérstakt framtak hér á Íslandi.

Mikilvæg skref hafa verið stigin í sambandi við þetta, t.d. með stofnun Háskólans á Akureyri, með sérhæfingu þeirrar stofnunar á sviði sjávarútvegs, en enn sem komið er er þó skilningurinn á þessari stofnun takmarkaður. Ég tel hann t.d. vera takmarkaðan innan Háskóla Íslands og það vantar mikið upp á það enn að við getum sagt að Háskólinn á Akureyri sé kominn af byrjunarstiginu. Mjög mikið vantar upp á það enn þá. Til þess að svo megi verða er að mínu mati nauðsynlegt að taka til endurskoðunar þá stefnu sem hefur ríkt hér í sambandi við rannsókna- og þróunarmál sjávarútvegsins og að því máli mun ég koma síðar á þessum vettvangi. Einnig var mikilvægt þegar Skógrækt ríkisins var flutt austur á land. Ég er þeirrar skoðunar að hvort sem við tölum almennt um landbúnaðinn og rannsóknastofnanir hans ellegar sérstaklega um Skógræktina og rannsóknastofnanir hennar þá eigi að skoða það í fúlustu alvöru hvort ekki eigi að flytja þessar rannsóknastofnanir líka út á land.

Um leið og ég hef gert lítillega að umræðuefni þær hugmyndir sem hæstv. forsrh. hefur sett fram um byggðarþróun, sem ég tel að mörgu leyti vera skynsamlegar, verð ég að vekja athygli á því að það er nokkuð breyttur tónn sem heyrist nú frá höfuðborgarsvæðinu. Ég er með í höndunum blað sem mér var sent af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í leiðara þess segir, og ég ætla að fá að vitna í þennan texta, með leyfi virðulegs forseta:

„Í hinu pólitíska landslagi og umræðu í þjóðfélaginu þarf höfuðborgarsvæðið að snúa vörn í sókn. Flutningur fólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið þarf ekki endilega að vera vandamál. Öflugt borgarsamfélag er hverju ríki nauðsyn og forsenda framfara hvers þjóðfélags. Efling höfuðborgarsvæðisins kann að merkja annað og meira en niðurníðslu og stöðnun á landsbyggðinni. Landsbyggðin stendur ekki jafnfætis höfuðborgarsvæðinu varðandi menntað og þjálfað vinnuafl. Þannig getur það ekki orðið og annað í raun óeðlilegt. Sterkur borgarkjarni hlýtur að taka til sín hæfasta og menntaðasta vinnuaflið því að þar er aflvaki framfara á sviði nýsköpunar, hvort sem um er að ræða í atvinnu- eða menningarlífi."

Hér kveður við nýjan tón. Hér er blásið til sóknar á sömu braut og hingað til hefur verið stigin. Hér er með öðrum orðum ekki sagt, eins og hæstv. forsrh. hefur lagt áherslu á í sínu máli, að borgin njóti nú eins konar sjálfbærrar þróunar, geti bjargað sér sjálf, vegna þess að þjóðin hafi í langan tíma einbeitt sér að því að byggja hér upp atvinnu- og menningarlíf, heldur er sagt að þetta sé lögmál. Það er sagt að þetta sé lögmál. Ég endurtek hér, með leyfi virðulegs forseta: „Sterkur borgarkjarni hlýtur að taka til sín hæfasta og menntaðasta vinnuaflið því að þar er aflvaki framfara á sviði nýsköpunar, hvort sem um er að ræða í atvinnu- eða menningarlífi." (**Gripið fram í:** Hvaðan er tilvitnunin tekin?) Tilvitnunin er tekin úr leiðara blaðs sem gengur undir nafninu SSH og er gefið út á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (Gripið fram í.) Ég hygg að rétt sé að taka fram að þessi tónn ber vott um allmikla sjálfumgleði og þó nokkra vanþekkingu á eðli og sögu íslenskrar menningar.

Sannleikurinn er sá að þótt leiða megi mjög sterk rök að því að það hafi orðið okkur til góðs að hér risi mjög sterkur borgarkjarni þá hefur íslenskt samfélag aldrei verið sterkt vegna þess að það væri þéttbýlissamfélag. Styrkleiki þessa samfélags hefur miklu frekar komið úr annarri átt. Ég minnist þess ekki að sérstöðu Íslendinga á sviði sagnaritunar megi rekja til þess að hún eigi eitthvað skylt við þéttbýlissamfélag og raunar er hægt að segja um öll meiri háttar afrek okkar á undanförnum öldum að þau verða ekki rakin á nokkurn hátt til þess að við lifum í þéttbýlissamfélagi. Ég held þess vegna að mikilvægt sé að menn skilji að um þessi nýju viðhorf innan höfuðborgarinnar getur ekki orðið sátt, um þau verður aldrei sátt og í þeim viðhorfum er engin framtíð fólgin fyrir þetta samfélag.

Ég lýk máli mínu með að segja að við þau tímamót sem verða þegar ný ríkisstjórn tekur við er eðlilegt að staldra við, reyna að meta stöðuna og velta því fyrir sér í fyllstu hreinskilni hvað hafi brugðist og hvað þurfi að gera til að málin þróist með eðlilegri hætti. Það bíður okkar að veita atvinnulífinu aukið svigrúm. Alls staðar í heiminum er verið að búa í haginn fyrir aukna samkeppni. Íslendingar, sem stunda mjög alþjóðleg viðskipti og eru fyrirferðarmiklir á sinn hátt í alþjóðlegum viðskiptum, lifa af alþjóðlegum viðskiptum, verða að taka þátt í þessari auknu samkeppni. Í þessari sérhæfingu nútímans verðum við að nýta okkur sérstöðu Íslands, þ.e. nýta okkur náttúruauðlindirnar en nýta okkur einnig mannaflann, og við verðum að stuðla að því að þessi mannafli sem hér starfar öðlist sveigjanleika og aðlögunarhæfni sem er nauðsynleg í þessari auknu alþjóðlegu samkeppni sem við munum taka þátt í hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Einnig er mikilsvert að þegar við tökumst á við þennan vanda stöndum við föstum fótum á vettvangi þjóðlegra verðmæta.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er orðin allnokkur umræða um byggðamál í tilefni af ársskýrslu Byggðastofnunar sem hæstv. forsrh. mælti fyrir fyrir nokkru. Ég kvaddi mér hljóðs undir ræðu hv. þm., 3. þm. Vestf., Einars K.

Guðfinnssonar sem talaði nokkurt mál á kvöldfundi og vék m.a. að búvörusamningi sem gerður var á útmánuðum síðasta vetrar, milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna. Beindi hv. ræðumaður nokkuð máli sínu til mín og ég skildi hann svo að honum þætti ekki viðeigandi að ég væri sérstaklega að gera vandamál hinna veiku byggða að umtalsefni þar sem ég ætti ekki góðan hlut í þeim málum og vitnaði sérstaklega til búvörusamnings. Það gefur mér, herra forseti, tilefni til að segja nokkur orð um það mál og ég er feginn því að hv. þm. er hér til að hlýða á mál mitt. Sömuleiðis sakar ekki að hafa hv. þm. Austf., þann þriðja í röðinni, í þingsalnum við þetta tækifæri. Eins hefði það verið ánægjulegt ef hv. 2. þm. Norðurl. v., sem ég hygg að sé Pálmi Jónsson, hefði sömuleiðis getað hlýtt hér á umræður því að hann lét ýmis orð falla um þennan búvörusamning á sl. vori í aðdraganda kosninga og gerðu reyndar fleiri. Þá hneig umræða einstaka manns á það borðið að þennan gjörning þyrfti að lagfæra til hagsbóta bændum og gera betur við þá en boðað væri þarna. Mér er ekki grunlaust um jafnvel að einstöku menn hafi talað sig upp í hita og haft stór orð þar um.

Síðan hefur nokkurt vatn runnið til sjávar og m.a. orðið stjórnarskipti í landinu og þannig vill til að flokkur þeirra hv. manna, sem ég hef fyrir satt að í umræðum í aðdraganda kosninga hafi helst talað í þessa veru, er nú kominn í ríkisstjórn og á hvorki meira né minna en sjálfan hæstv. landbrh. og fjmrh. En eins og menn þekkja eru það þeir tveir hæstv. ráðherrar sem þessu máli tengjast mest vegna framkvæmdarinnar.

Nú skal það tekið fram strax til að firra öllum misskilningi að hæstv. núv. landbrh. hefur verið sjálfum sér algerlega samkvæmur í þessu máli. Hann sagði í kosningabaráttunni að hann vildi virða þennan samning og hann hefur það ég best veit barist einarðlega fyrir því eftir kosningar að gera það og er hann maður að meiri. Hins vegar er það auðvitað þannig að þeir hv. flokksbræður hans, sem höfðu hug á því að gera jafnvel betur við bændur, hafa nú fengið til þess hina ákjósanlegustu aðstöðu og ættu í gegnum stuðning sinn við ríkisstjórn að geta komið því fram sem hugur þeirra stendur til í þessum efnum, þar á meðal hv. 3. þm. Vestf. Einar K. Guðfinnsson. Því er ég að rifja þetta upp og setja málið í þetta samhengi að sé það svo að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sé óánægður með einhver tiltekin atriði búvörusamningsins, telji hann ekki eftir, eftir því sem aðstæður leyfa, að reyna að taka skynsamlega á þeim málum og hlífa þeim byggðarlögum sem mest þurfa á hlífðinni að halda ætti hann fremur en beina skeytum sínum að mér að snúa sér að því að fá þau atriði lagfærð.

Nú vitum við hins vegar og það hefur komið fram, held ég, svo að ekki þarf um að deila, að hæstv. ríkisstjórn hefur verið að kanna lagalegt gildi þessa samnings, ekki til þess að fá það út hvort hún geti gert betur við bændur því þess þarf hún ekki. Það mun væntanlega ekki standa á fulltrúum bænda, viðsemjendum ríkisins í þessu tilviki, að taka við breytingum á samningum ef þær lúta að því að gera hlut bænda enn betri, eða hvað? Reikna menn með að flóknar lögfræðilegar álitsgerðir þurfi af þeim sökum um stöðu búvörusamningsins? Nei, auðvitað ekki. Staðreynd málsins er náttúrlega sú að eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að láta kanna lögfræðilega stöðu samningsins með það í huga hvort hún gæti leyst sig undan ívilnandi greiðslum til bænda sem samningurinn gerir ráð fyrir. Það fór ekkert dult í umræðunni. Og annar stjórnarflokkurinn gekk berserksgang á sl. vori og hefur reyndar lengi gert í offorsi sínu til þess að reyna að rífa þennan samning upp og draga úr þeim greiðslum sem ríkinu er ætlað að inna af hendi til stuðnings þessum aðlögunarbreytingum í íslenskum landbúnaði.

Ég ætla ekki að hella mér í mikla vörn fyrir þennan gerning þó að nokkur léttvæg orð falli af því tagi sem hv. 3. þm. Vestf. lét í öngum sínum falla þegar hann var að ræða hér byggðamál. Ég skil hann vel að honum sé órótt þessa dagana af þessum ástæðum. Skal taka það á mig án þess að hafa þar uppi mikil andsvör þó að hann reyni að fá tiltekna útrás á skrokki mínum. Það er nú ekki mikill hausverkur í þessu sambandi öllu saman. Ég ætla hins vegar að segja almennt að ég tel að sú mikla vinna sem lá að baki gerðar búvörusamningsins, sú tiltölulega víðtæka samstaða sem um hann tókst, svo til einróma afgreiðsla bændasamtakanna á því máli, sé árangur og niðurstaða í flóknu og erfiðu máli sem menn hafa glímt við lengi og menn ættu ekki að kasta fyrir borð án þess að hugsa sig mjög vandlega um. Ef við leyfum okkur að bera saman málefni þessara tveggja höfuðatvinnugreina í framleiðsluatvinnuvegum landsmanna, landbúnaðar og sjávarútvegs, innan hvorrar greinarinnar halda menn að sé þó skárri friður í dag? Hvort eru menn nær því að hafa náð sæmilega saman um skynsamlega niðurstöðu sem varðar leiðina nokkur ár fram í tímann og er ekki nokkru til þess kostandi að þetta takist? Ég minni líka á þá samstöðu sem tókst ekki bara milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins heldur líka við aðila vinnumarkaðarins í þessari vinnu. Auðvitað er sá samdráttur í framleiðslu og veltu sem þarna er að eiga sér stað erfitt mál fyrir hin strjálbýlu svæði landsins. En ég hlýt að spyrja hv. 3. þm. Vestf. í tilefni orða hans: Var hann að leggja til að haldið yrði áfram framleiðslu jafnvel þúsunda tonna af kindakjöti í landinu sem ekki hefur reynst unnt að selja á viðunandi verði? Var hann að gagnrýna búvörusamninginn fyrir að það á að aðlaga framleiðsluna í hefðbundnum greinum íslensks landbúnaðar að raunveruleikanum í markaðsmálum? Vill hann það ekki? Ef hann vill það, hvernig ætlar hann þá að fara að því? Telur hann þá leið, sem þarna er vörðuð með því að ákveðnar bætur komi til þeirra sem taka á sig samdráttinn og með því að ríkisvaldið leggi þessum breytingum lið með víðtækum og margvíslegum stuðningi, ekki rétta? Ef hann er ekki sáttur t.d. við þá hlíf sem sérhæfðustu sauðfjárræktarhéruðin fá í samningnum, hvað vill hann þá gera? Mér þætti fróðlegt að heyra það.

Reyndar held ég að hv. 3. þm. Vestf. og aðrir hv. stjórnarliðar — nema þá einn enn hafi bæst í hópinn sem ætli að sverja af sér hvítu bókina, hvítþvo sig af

henni og standa upp úr skólpugu baðkarinu eins og skopteiknari nokkur sér þetta fyrir sér þegar hv. 1. þm. Vestf. þvær af sér hvítu bókina og er ekki fallegt baðvatnið þegar hann stendur upp að loknum þeim þvotti. Það er kannski eins hjá hv. 3. þm. Vestf. að honum komi hvíta bókin ekki við og þá skil ég betur orð hans í umræðunum fyrr vegna þess að í hvítu bókinni, þeim kafla hennar sem lýtur að landbúnaði, hvað er sagt þar? Það er skrifað upp á þennan búvörusamning á heilli blaðsíðu og ég sé ekki annað en landbúnaðarstefna þessarar ríkisstjórnar sé búvörusamningurinn eins og hann leggur sig samkvæmt bls. 29 í hvítbókinni. Ég get ekki annað séð. Þar er ósköp einfaldlega vikið að ákvæðum búvörusamningsins og það sem er sagt í kaflanum sem á að fjalla um stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum eru helstu atriði búvörusamningsins. Þau eru rakin þar, engir fyrirvarar eða spurningarmerki sett við þau, ekki nokkur. Ég held að málið sé þar með alveg skýrt og þess vegna skuldar hv. 3. þm. Vestf. okkur skýringar á ummælum sínum hér, gagnrýni sinni á búvörusamninginn. Hvað vakir fyrir honum? Er hann að þvo af sér hvítu bókina sem skrifar upp á þennan samning? Og ef hann vill breyta samningnum í átt til hagsbótar fyrir bændur, í hverju felast þá þeir viðaukar við búvörusamninginn sem ég er alveg sannfærður um að ríkisstjórnin getur gert einhliða og bændasamtökin munu taka við með þökkum ef það er tilfinning hv. þm. að það sé lag til þess, forsenda til að bæta þennan samning frá þeirri hlið.

Að lokum minni ég hv. 3. þm. Vestf. og aðra ágæta tilheyrendur á fjárlagafrv. Það er kannski sá angi máls sem ástæða er til að nefna í þessu sambandi. Því miður er það svo að ekki byrjar það mjög glæsilega hjá hæstv. ríkisstjórn, efndirnar á þeim ívilnandi ákvæðum til handa bændum og sveitum landsins sem lagðar eru upp í búvörusamningi. Niðurskurðurinn á Framleiðnisjóði landbúnaðarins er t.d. ekki góð byrjun á þeim samskiptum ríkisvalds og bænda sem búvörusamningurinn gengur út frá. Það er einu sinni þannig að þegar menn gera samning er ekki auðvelt að efna bara þá hluta hans sem koma manni sjálfum vel en svíkja hina. Það er ekki merkileg frammistaða þegar samningar hafa verið gerðir. Það þarf annaðhvort að standa við samninginn allan, plúsa hans og mínusa eins og þeir snúa að samningsaðilum hverjum fyrir sig, eða ekki. Ég sé ekki að fjárlagafrv. varði þá leið til þess að hæstv. ríkisstjórn sem nú situr ætli sér að gera betur við bændur en þar var boðað sem gefi hv. 3. þm. Vestf. tilefni til að hafa uppi digurbarkaleg ummæli. Reyndar er það svo, a.m.k. með ræðumann og ég held marga fleiri eftir því sem ég hef fregnað, að almennt sé það viðurkennt sjónarmið í sveitum landsins að það hafi verið mikið happ að þessi sáttagjörð tókst og var innsigluð með þeim hætti að núverandi ríkisstjórn gat ekki rifið hana upp eftir að stjórnarskipti urðu. Þeir eru ófáir bændur og talsmenn landsbyggðar a.m.k. sem hafa komið þeim skilaboðum áleiðis til mín að þeir séu því fegnir að þar var búið að binda þannig um hnútana að jafnvel þeir merku lögspekingar, sem til voru kallaðir á fyrstu dögum og vikum stjórnarsamstarfsins að leggjast í að kanna hvort ekki væri unnt að rífa þetta upp, hafi ekki fundið veilur á.

Ég læt þetta nægja sem umfjöllun af minni hálfu í tilefni af þessum ummælum hv. 3. þm. Vestf. Sá ágæti þingmaður, eins og reyndar margir fleiri, fjallaði síðan nokkuð um sjávarútvegsmál eða nefndi stöðu sjávarútvegsins í sinni ræðu. Þar tek ég undir með honum og fleirum að það er auðvitað alveg morgunljóst að nauðsynlegt er þar að grípa heldur betur í taumana. Þau gleðilegu tíðindi hafa nú borist að meira að segja sjálfur hæstv. forsrh. sé að byrja að átta sig á þessu. Vonandi tók ég rétt eftir í fréttaumfjöllun bæði undir miðnættið í gærkvöldi og eins í morgun að hann boði það nú að til standi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að kanna aðgerðir til aðstoðar sjávarútveginum í þeim erfiðleikum sem þar er nú við að glíma. Þess vegna hvet ég hv. 3. þm. Vestf. og aðra góða menn, sem vilja leggja þar lóð sitt á réttar vogarskálar, til þess að beita frekar kröftum sínum í þá átt heldur en að jagast um fortíðina. Ég er þó ekki að biðjast undan umræðum um liðna tíð, það má enginn skilja orð mín svo. Ég er meira en tilbúinn að taka allan þann tíma sem hv. þm. þóknast í það. En ég hygg að við ættum að nota sem mest af kröftunum í að ræða og bregðast við núverandi aðstæðum í íslenskum stjórnmálum. Og af því að hæstv. forsrh. hefur innleitt mikið nýyrði hér í málinu þar sem er orðið „fortíðarvandi", alla vega hafið það til mikið meiri vegs, ég segi nú ekki virðingar, það væri ekki rétt, en til mikið meiri vegs í dægurmálaumfjölluninni en áður hefur þekkst í landinu. Og þetta lýsandi orð „fortíðarvandinn" er honum mjög kært. Ég vil þess vegna leggja til að þarna verði bætt við tveimur samkynja orðum sem eru nútíðarvandi og framtíðarvandi. Og það verði af ekki minni orku rætt um nútíðarvandann og framtíðarvandann því það er auðvitað alveg ljóst, að það er geysilegur nútíðarvandi uppi. Það er mín pólitíska sannfæring að hluti nútíðarvandans felist í rangri stjórnarstefnu og máttlausri ríkisstjórn, sem hefur annars vegar með máttleysi sínu og hins vegar með rangri stefnu eða stefnuleysi og þeirri stefnu að vera stefnulaus í málefnum atvinnulífsins, háskalega hluti í för með sér fyrir land og þjóð. Ég held að nútíðarvandinn felist m.a. í skilningsleysi hæstv. ríkisstjórnarinnar á málefnum atvinnuveganna og landsbyggðarinnar. Það er mikill nútíðarvandi í mínum huga að hafa svona skilningslausa ríkisstjórn sem skortir velvilja og skilning til þess að taka á þeim vandamálum sem uppi eru alveg áþreifanlega og sárgrætilega. Ég held að ýmis ummæli margra hæstv. ráðherra, sem ekki heiðra okkur nú margir með nærveru sinni hér satt að segja, enda munu þeir vera sjö af tíu erlendis — samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér fór dagblaðið Tíminn rangt með þegar það upplýsti okkur að sex ráðherrar væru erlendis. Þeir munu hafa verið sjö á þeirri stundu því að hæstv. menntmrh., sem var í útlöndum, gleymdist þannig að náttúrlega er ekki von á því að þeir séu margir í þingsalnum, enda finnst þeim sjálfsagt önnur hlutverk merkilegri og brýnni en sitja hér undir umræðum um byggðamál. En þessi nútíðarvandi hefur lýst sér í t.d. ýmsum ummælum hæstv.

ráðherra á sl. sumri og þessu hausti og alveg fram á þennan dag. Þau verða upp til hópa ekki skilin öðruvísi en annað tveggja skilningsleysi eða skortur á vellvilja gagnvart þeim vandamálum sem atvinnulífið og landsbyggðin á við að stríða. Og reyndar kemur það manni ekkert óskaplega óvart þegar maður t.d. fer yfir samsetningu þessarar ríkisstjórnar og hvernig skútan er mönnuð í þeim flokkum sem að henni standa. Hafa menn t.d. hugleitt að allir forustumenn flokkanna tveggja, sem mynda þessa ríkisstjórn, koma úr Reykjavíkurkjördæmi einu saman, bæði formaður og varaformaður Sjálfstfl. og formaður þingflokks Sjálfstfl. og formaður og varaformaður Alþfl. og formaður þingflokks Alþfl.? Allir þessir sex forustumenn stjórnarflokkanna eru úr Reykjavíkurkjördæmi. Síðan er ríkisstjórnin sjálf mönnuð eins og menn þekkja að uppistöðu til með mönnum héðan af suðvesturhorni landsins.

Nú geta menn að sjálfsögðu verið vel þenkjandi og haft hinar skynsamlegustu skoðanir á byggðamálum þó að þeir búi hér og sem betur fer gera það mjög margir. En þegar maður fer að leita skýringa á hlutum eins og birst hafa í afstöðu ráðherra og yfirlýsingum á undanförnum mánuðum gagnvart byggðamálum og vanda atvinnulífsins úti um landið segi ég það í fullri hreinskilni, og vona að það verði ekki misskilið sem einhverjir fordómar, að mér kemur í hug að það vanti kannski bara inn í brúna menn sem finna með réttum hætti fyrir þessum vandamálum þannig að þau brenni á þeim og þeir hafi þau í huga og hafi á þeim skilning þegar á þarf að halda.

Herra forseti. Það væri gaman ef hæstv. forsrh., sem örugglega talar einhvern tíma síðar í umræðunni, treystir sér til þess að breyta nú um stíl, rífa sig upp úr fortíðarvandaþruglinu og ræða svolítið um nútíðarvandann og framtíðarvandann. Ég held að það sé miklu áhugaverðara fyrir okkur. Þjóðin bíður örugglega fyrst og fremst eftir því að fá að heyra eitthvað frá hæstv. ríkisstjórn um það sem stendur yfir og er fram undan í þessum málum.

Hæstv. félmrh. kom hér í ræðustól á kvöldfundi þegar þetta var til umræðu áður og reyndar — og fyrir það skal þakka — tók upp nokkrar varnir fyrir fyrri ríkisstjórn og svaraði þar með árásum hæstv. forsrh. Hæstv. félmrh. er reyndar seinþreytt til vandræða eða illinda en engu að síður sá hún sig knúna til að koma hér og bera blak af fyrri ríkisstjórn sem hún átti sæti í, svo gengu árásir hæstv. forsrh. fram af henni. Hæstv. félmrh. minnti réttilega á það ástand sem var í þjóðfélaginu þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum haustið 1988 og þá miklu vá sem þá var fyrir dyrum og afstýrt var með aðgerðum þeirrar ríkisstjórnar.

Það hefði svo sem verið full ástæða til að hæstv. félmrh. hefði treyst sér til að vera hér áfram við umræður og ræða m.a. stöðu sveitarfélaganna í samhengi byggðamálanna. Ég vil koma því hér að, vegna þess að hæstv. félmrh. hefur í fjölmiðlum boðað hugmyndir nefndar sinnar um sameiningu sveitarfélaga sem sérstakt lausnarorð jafnvel í byggðamálum og atvinnumálum, að við því set ég þann skýra fyrirvara að sú sameining þarf að hafa einhvern tilgang, vera í einhverjum tilgangi gerð, ekki bara í lausu lofti, til þess að skila einhverjum árangri. Það er mikill misskilningur t.d. að tvö strjálbýl og lasburða sveitarfélög verði eitthvað betur stödd þó þau séu sameinuð. Þetta er alveg eins og í atvinnulífinu að tvö ónýt fyrirtæki verða ekki að einu góðu með því bara að sameina þau. Það þarf fleira að gerast. Ég held þess vegna að menn eigi að varast einfaldanir af því tagi sem ég tel að gætt hafi í umfjöllun um sameiningu sveitarfélaga sem einhvers lausnarorðs í vandamálum byggðanna og sveitarfélaganna. Ef hins vegar er staðið þannig að þeirri sameiningu að fjárhagsgrundvöllur þeirra svæða sem í hlut eiga styrkist og einingin sem til komi verði betur í stakk búin til að sinna þjónustu og sjá um sín verkefni, þá er að sjálfsögðu margt sem mælir með því þar sem aðstæður leyfa það að efla sveitarfélögin einnig með því að sameina þau og stækka einingarnar. En vegalengdir t.d. hverfa ekki úr sögunni þó að sveitarfélög séu sameinuð. Sveitahreppar sem eru sumir kannski upp í 50–100 km á lengd verða áfram 50–100 km á lengd þó að þeir sameinist öðrum sveitarfélögum. (**Gripið fram í:** Þetta er allt rétt hjá þér.) Er það ekki? Þannig mun t.d. akstur skólabarna og rekstur sameiginlegrar þjónustu búa við nákvæmlega sömu landfræðilegu aðstæður eftir sem áður. (**EgJ:** Nema það verði dregið úr þjónustunni við fólkið.) Það er svo spurningin, hv. 3. þm. Austurl., hvort fiskur liggur undir steini. Og það sé kannski einmitt hugmyndin með þessu yfirborðskennda tali um sameiningu sveitarfélaga sem einhvers lausnarorðs að þegar búið er að þvinga saman sveitarfélögin, jafnvel með lagaboði, þá verði hent í þau verkefnum eða sagt við þau þegar þau bera upp sín mál: Nú getið þið. Það er búið að stækka ykkur og sameina. Það er einmitt þetta sem er að renna upp fyrir sveitarstjórnarmönnum að þeir þurfa að vita hvað að baki liggur og ætla sér ekki að gleypa þennan bita hráan.

Auðvitað þarf að taka til skoðunar tekjustofna sveitarfélaganna og verkefni þeirra og skilgreina þá upp á nýtt, sambúð ríkisvalds og sveitarfélaga, og tryggja að eftir því sem verkefni færast til komi líka tekjur á móti.

Ég læt þetta duga, líka með tilliti til þess að hæstv. félmrh. er ekki hér til staðar og væntanlega gefast tækifæri til að ræða þetta mál við hæstv. ráðherra síðar.

Ég held að ég hafi í fyrri ræðu minni sagt það sem ég á þessu stigi sé ástæðu til að segja um vaxtarsvæðastefnu og grisjunarstefnu þá sem skotið hefur upp kollinum og ógætileg ummæli hafa fallið um og læt nægja núna að vísa til þess. Við gætum sjálfsagt haldið þessari umræðu áfram í allan vetur og eytt þinginu fram að áramótum eða fram á vor í umræður um byggðamál ef svo heldur sem horfir með fréttaflutning af því sviði því okkur leggjast því miður til ný og ný viðfangsefni í umræðuna daglega. Fréttatímar undanfarinna sólarhringa hafa t.d. verið svo stokkafullir af aðsteðjandi vandamálum fyrirtækja og byggðarlaga til

að mynda frá Vestfjörðum að hið hálfa væri nóg til að fylla hér umræður dögum oftar. Á forsíðu DV í dag, sem ég geri nú eins lítið og ég mögulega get af að vitna í, er því nánast slegið upp eins og er von og vísa á þeim bæ að Vestfirðir riði til falls, meira og minna eins og þeir leggja sig. Vissulega hefur maður með ugg í brjósti fylgst með því dag eftir dag hvernig fréttir berast af stórversnandi afkomu og miklum vandamálum þar í hverju byggðarlaginu og hverju fyrirtækinu á fætur öðru. Vill ekki hæstv. forsrh. hverfa nú frá fortíðarvandanum og ræða svolítið um þessa hluti, um nútímann, um það sem blasir við okkur og við höfum hendurnar fullar af? Það held ég að væri mikil þörf að gera.

Það er eitt atriði enn sem ég vil nefna í þessari umræðu, og hæstv. forsrh. víkur e.t.v. að þegar hann svarar hér síðar, og það er sú reglugerð eða þær breytingar á hlutverki Byggðastofnunar sem maður hefur heyrt af á skotspónum. Ég tek það fram að ég hef ekki séð neina pappíra um það, enda veit ég ekki til þess að þeir hafi með neinum formlegum hætti verið sendir hv. alþm. En ég hef heyrt það á skotspónum að búið sé að smíða drög að reglugerð um starfsemi Byggðastofnunar þar sem m.a. eigi að banna þeirri stofnun með öllu að leggja fé í formi hlutafjár eða eignaraðildar í fyrirtækin. Þetta þykja mér mjög mikil ótíðindi og satt best að segja ótrúlegt ef satt er að menn skuli vera að leggja slíkt til um þessar mundir. Ég ætla að taka aðeins eitt dæmi. Hefðu þessar reglur verið við lýði fyrir mánuði síðan þá hefði sennilega tilraun norðanmanna til að endurreisa ullariðnaðinn í landinu og bjarga því sem bjargað verður á því sviði strandað vegna þess, ef ég hef skilið hlutina rétt, að þá hefði Byggðastofnun með reglugerð hæstv. forsrh. verið bannað að koma með þá tiltölulega takmörkuðu þátttöku inn í það verkefni sem hún gerði og reið jafnvel baggamuninn um að hið nýja fyrirtæki komst af stað.

Er það skynsamlegt, hæstv. forsrh., þegar t.d. þannig háttar til að sveitarfélög, fyrirtæki, starfsfólk og fjölmargir fleiri aðilar eru tilbúnir að kosta miklu til, að færa miklar fórnir til að afstýra hurni í atvinnulífi byggðarlags eða jafnvel forða aldurtila heillar atvinnugreinar, að þá megi hin opinbera stofnun ekki leggja slíkri viðleitni lið jafnvel þótt í litlu sé? Er það skynsamlegt? Hefði það verið gáfulegt að banna Byggðastofnun að leggja lítinn hluta af hlutafélaginu inn í Foldu hf. til þess að forða atvinnuleysi nokkur hundruð manns, til þess að tryggja það að áfram sé hægt að vinna úr ull á Íslandi, til þess að gera það mögulegt að bændur á Íslandi komi ullinni sinni í verð o.s.frv.? Væri það gáfuleg breyting og í miklum takti við ríkjandi aðstæður í byggðamálum að fara út á slíka braut? Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að það er svo vitlaust að engu tali tekur að ætla sér við núverandi aðstæður að leggja slíkt til. Ég bið hæstv. forsrh. að svara þessu. Er hann með reglugerðardrögum sem eru til skoðunar að leggja til að Byggðastofnun verði bannað að leggja hlutafé inn í jafnvel hin þörfustu fyrirtæki eins og ég tel mig hafa verið hér að nefna sem dæmi? Hefði hann talið skynsamlegt í tilviki Foldu, fyrirtækisins sem stofnað var um rekstur ullariðnaðarins á Akureyrarsvæðinu, að leggja það til að Byggðastofnun kæmi ekki inn í þá endurreisn sem þar átti sér stað?

Ég hef enn fremur heyrt að í þessum drögum felist að stórlega verði þyngd í vöfum lánafyrirgreiðsla Byggðastofnunar og að hún muni til að mynda taka miklu meiri tíma ef þær breytingar ná fram að ganga sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Fróðlegt væri þá að heyra um þetta einnig. Ég hef heyrt haft eftir ónefndum manni að það taki þá sjálfsagt eitt til tvö ár í mörgum tilvikum að afgreiða jafnvel hin smæstu mál því fyrst þurfi að gera viðamiklar byggðaáætlanir á sovéska vísu og allt þurfi það að liggja fyrir í fimm ára áætlunum áður en hægt sé að afgreiða þar nokkrar krónur út úr dyrum. Fræg eru ummæli formanns stjórnar Byggðastofnunar um að ef af þessum breytingum verði geti stofnunin eins verið staðsett á Hveravöllum og annast þar veðurathuganir eins og að vera að reyna að sinna byggðamálum.

Nei, herra forseti, ég ligg ekki á því að ég held að það sé þörf alveg gjörbreyttrar stefnu í byggðamálum ef ekki á mjög illa að fara á næstu árum í þeim efnum. Það er nú þannig að viðhorfin skipta býsna miklu máli, því það er alveg eins með byggðamál og í þrengri skilningi t.d. efnahagsmál, að þau eru býsna mikið spurning um sálarástand, viðhorf og ríkjandi tilfinningu. Það er engin vafi á því að þessi ríkisstjórn hefur með málflutningi sínum frá sl. vori stórlega dregið kjarkinn úr mönnum og gert menn svartsýnni á það að unnt verði að vinna sig út úr erfiðleikum og leysa vandamál þegar þau skjóta upp kollinum. Þetta hefur áhrif á þá aðila sem í hverju tilviki standa í slíkum sporum, en þetta hefur líka áhrif á aðra. Og halda menn ekki að fordæmi ríkisvaldsins í þessum efnum hafi t.d. áhrif á vilja lánastofnana og þeirra sem viðkomandi aðilar kunna að skulda fé til að taka þátt í úrlausn vandamála sem skjóta upp kollinum? Mér finnst hafa verið höfð slík hlutverkaskipti og í raun og veru slík hausaskipti á málum að með ólíkindum er. Ég man ekki betur en að það hafi verið stanslaust viðfangsefni ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, öll þau ár sem hún vann að þessum málum, að reyna að hafa forustu um að laða aðra aðila saman til þess að ráðast á vandamálin og leysa þau. Fá lánastofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki til þess að taka þátt í aðgerðum, en ekki öfugt eins og mér virðist þetta snúa hjá núv. hæstv. ríkisstjórn. Og auðvitað fer það þannig, eins og við fáum kannski forsmekkinn af í gegnum breytt viðhorf banka, að menn telja sér þá standa næst að hver bjargi sínu skinni þegar ríkisstjórnin fer á undan með fordæmi eins og nú sýnir sig.

Þess vegna er það, herra forseti, að ég tel að það þurfi alveg gjörbreytta stefnu í þessum efnum. Og guð láti gott á vita að fyrsta glufan hafi opnast hjá hæstv. forsrh. með ummælum hans í gærkvöldi og í morgun, að það örli nú loksins á viðhorfsbreytingu á þeim bæ og að einhver spurningarmerki séu komin upp í huga hæstv. forsrh. gagnvart „kemur-mér-ekki-við"-stefnunni í atvinnu- og byggðamálum.

Að vísu var táknræn uppstilling sjónvarpsins í fréttatíma í gær þegar Bolvíkingar gengu af fundi forsrh. því á myndinni stóð: Bónleiðir til búðar. Þetta fór út bæði kl. 8 og kl. 11.

Ég held að það brýnasta og mikilvægasta sem gera þurfi sé að lagfæra starfsskilyrði og rekstrarskilyrði atvinnugreina landsbyggðarinnar og reyndar landsmanna allra þar með. Sem fyrr er það sem auðvitað skiptir mestu um stöðu mála í byggðalegu tilliti, undirstöðugreinar atvinnulífsins, sem menn starfa við sem ráða afkomu fyrirtækja og síðan í framhaldinu umsvifum í þjónustu og viðskiptum á viðkomandi svæðum, að þær gangi en séu ekki hangandi á horriminni eða stöðvist.

Í öðru lagi nefni ég, eins og reyndar fleiri ræðumenn hafa gert, samgöngur og uppbyggingu samgangna í landinu sem næstbrýnasta viðfangsefni í byggðamálum. Og það er spurning þegar svo háttar til að vegna breyttra aðstæðna í fjárfestingarmálum í landinu á næsta ári, sem koma nú fáum á óvart nema hæstv. iðnrh., þá liggur núna fyrir að innstreymi erlends fjármagns í landið mun lækka um 6–7 milljarða kr. hið minnsta á næsta ári vegna þess að ekki verður ráðist í framkvæmdir í tengslum við byggingu nýs álvers. Forráðamenn Landsvirkjunar hafa komið til efh.- og viðskn. Alþingis og beðið um að lánsfjárheimildir hennar á næsta ári verði lækkaðar um tæpa 6 milljarða kr. Væntanlega mun Vatnsleysustrandarhreppur ekki taka 500 millj. kr. á næsta ári eins og til stóð í hafnargerð. — Það verður þá a.m.k. myndarleg smábátahöfnin í Vogunum ef af því verður. — Fleiri aðilar munu væntanlega einnig halda að sér höndum við fjárfestingar frá því sem áður var. Ég spyr þess vegna hæstv. forsrh.: Kæmi það ekki til greina að skoða upp á nýtt fjárfestingaráform í þjóðfélaginu á næsta ári í ljósi þessara breyttu aðstæðna og í ljósi þess að nettóinnstreymi erlends fjármagns mun af þessum sökum fara niður undir ekki neitt á næsta ári, úr þeim 8,8 milljörðum sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir? Og er það skynsamlegt að ganga svo langt við þær efnahagslegu aðstæður sem við okkur blasa? Þá hefði ég talið að einhverja aukningu framkvæmda ætti ekki síst að skoða í samgöngumannvirkjum. (**EgJ:** Heyr fyrir því.) Það stefnir í að við verðum hættulega sammála hér í kvöld, ég og hv. 3. þm. Austurl., og hefur komið fyrir áður og reynst vel.

Í þriðja lagi nefni ég sem eitt af því brýnasta sem þarf að gerast gjörbreytt hugarfar ríkisvaldsins til málefna byggðarlaganna og landsbyggðarinnar. Það eru jákvæð viðhorf í stað neikvæðra sem þurfa að koma til. Það gengur auðvitað ekki að ríkisstjórn fari á undan með vondu fordæmi og fjandskapist við allt sem heitir starfsemi að byggðamálum við þá einu opinberu stofnun sem hefur það sem lögbundið hlutverk að fást við þessi mál. Öllu djöfullegri, fyrirgefðu, með leyfi forseta, geta aðstæður varla orðið en þær að sá ráðherra sem fer með byggðamál, sjálfur hæstv. forsrh., standi í stríði við Byggðastofnun og hafi allt á hornum sér. Skammi hana dögum oftar í fjölmiðlum og gott ef ekki — það jaðrar við að maður verði að segja svívirði. Nei, þar þarf auðvitað að verða gjörbreyting á. Það mun enginn árangur nást í þessum efnum ef menn standa í slíkum hernaði, öllum til skaða og skapraunar.

Ég nefni í fjórða lagi að það þarf að snúa við blaðinu og halda áfram á margvíslegri braut jöfnunaraðgerða þar sem ráðist er á ójöfnuð þar sem hann er fyrir hendi í aðstöðu manna í þessum greinum. Þar nefni ég númer eitt orkuverðið. Það er auðvitað alveg ljóst samkvæmt fjárlagafrv. að öll loforð, öll áform ríkisstjórnarinnar á því sviði eru runnin út í sandinn. Þvert á móti hefur orkuverð til manna á landsbyggðinni verið að hækka þar sem það var hæst fyrir og stendur þó í þessum tveimur bókum ríkisstjórnarinnar að einmitt þar eigi alveg sérstaklega að taka á málum. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni hvernig þessi áform eru leikin í fjárlagafrv. þar sem þær skitnu 40 millj., sem gert er ráð fyrir að verja í niðurgreiðslu á raforkuverði, eru teknar til baka strax með hinni hendinni í gegnum minni fjárveitingar til Rafmagnsveitna ríkisins til að styrkja dreifikerfið og er þá ekkert talað um þau áföll sem það fyrirtæki er að verða fyrir m.a. þessa dagana vegna veðurs.

Ég nefni áframhaldandi jöfnunaraðgerðir, t.d. gagnvart námskostnaði sem er ein sú breyta í þessu samhengi sem kannski hvað verst leikur ýmis héruð landsbyggðarinnar, þau sem ekki hafa neina framhaldsskóla, og foreldrar þurfa að senda börn sín um langan veg með miklum tilkostnaði í önnur byggðarlög til að *þau njóti jafnréttis til náms á við aðra landsmenn.* Ég tel að það eigi að halda áfram á þeirri braut sem myndarlega var tekið á á síðasta kjörtímabili af hálfu þáv. ríkisstjórnar að jafna t.d. símkostnað landsmanna og fjarskiptakostnað landsmanna. Hann skiptir æ meira máli í nútímatækniþjóðfélagi, ekki bara varðandi símasamband heldur hvers kyns gagnaflutning um landið og samskipti stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í gegnum slíkt.

Fjórða atriðið vil ég nefna þar sem manni virðist því miður boðað að halda eigi jafnvel í þveröfuga átt og það eru áform hæstv. viðskrh. um að gefa bensínverð og olíuverð frjálst. Ég spyr hæstv. ríkisstjórn að því: Hvernig á að sjá til þess að í kjölfar þeirrar kerfisbreytingar komi ekki mismunandi verð á þessum mikilvægu orkugjöfum eftir landshlutum? Er hæstv. forsrh. tilbúinn til að lýsa því yfir að það verði séð til þess ef ráðist verður í þessa kerfisbreytingu að þeirri jöfnun orkuverðs í landinu, sem þó hefur verið fyrir hendi í gegnum sömu verðlagningu hins brennanlega eldsneytis, verði ekki varpað fyrir róða? Og ef svo, hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn sjá til þess að afskekktustu héruð landsins muni ekki búa við hærra bensín- og olíuverð en önnur?

Í fimmta lagi og síðast en ekki síst vil ég leyfa mér að nefna í þessari upptalningu að ég tel brýnna en nokkru sinni fyrr að gjörbreytt verði um viðhorf og áherslur hvað varðar það að horfa til möguleika landsbyggðarinnar og einstakra byggðarlaga um nýsköpun í atvinnumálum. Ein meginmeinsemdin að mínu mati í þessum efnum — og skal ég þá ekkert undan draga með það að þar á sú ríkisstjórn eða stjórnir sem ég sat

í ekkert síður sök en aðrar — var sú að menn voru að einblína þar á fáa og stóra hluti í atvinnuuppbyggingu. Eitt stykki álver. En það verður auðvitað aldrei svo að eitt stykki álver leysi hin dreifðu vandamál byggðarlaganna hringinn í kringum landið því að eitt stykki álver kemur í besta falli, ef það kemur, á einum stað á landinu. Það er nú svo einfalt sem það er. Menn verða litlu nær og kannski verr staddir í raun annars staðar en þar sem það verður niður sett. Það er alveg ljóst að það er tómt mál að tala um að eitthvert jafnvægi geti skapast eða haldist í byggðaþróun í landinu öðruvísi en að atvinnustefnan og uppbyggingin í þessum efnum sé miðuð við það að þjóna því byggðamunstri sem er eða við ætlum að varðveita í landinu. Í raun og veru er það slík mótsögn að ekki er orðum á eyðandi, að tala í öðru orðinu um að menn vilji tryggja jafnvægi í þróun byggðar í landinu og að öll byggðarlög hafi þar svipaða möguleika og hins vegar leggja alla sína áherslu á einstakar stórframkvæmdir á einum stað eða einu landshorni. Þetta gagnrýndi ég reyndar oft í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem ég sat í að mér þætti sem mikil áhersla á stóriðju og eitt fyrirtæki, einn stað, hefði þennan megingalla í för með sér. Auðvitað á ekki að útiloka þar með að hægt sé að ráðast í slík fyrirtæki ef rétt er að því staðið, en það þarf þá að gera samtímis öðrum aðgerðum og með þeim hætti og með því hugarfari að það sé hægt án þess að kollsteypa hljótist af. Vel að merkja, það vantaði ekki fögur fyrirheit og miklar heitstrengingar um það að yrði af byggingu álvers hér á suðvesturhorni landsins mundu að sjálfsögðu fylgja í kjölfarið eða samtímis koma til geysimiklar ráðstafanir í byggðamálum og guð má vita hvað. Enn sem komið er hafa það ekki verið annað en orðin tóm. Við höfum því miður slæma reynslu af því að efndirnar hafa stundum látið á sér standa í öðrum tilvikum þegar menn hafa ætlað sér slíkt.

Ég held að þrátt fyrir allt megi ýmislegt læra af reynslunni í þessum efnum. Í fyrri ræðu minni minnti ég á áttunda áratuginn og þá staðreynd sem er alveg ástæðulaust að gleyma í umræðum um byggðamál að þá tókst þrátt fyrir allt um skeið að skapa jafnvægi í búsetuþróun og byggðarþróun í landinu. Og það kom nokkurra ára tímabil þar sem viðvarandi byggðarröskun sem hafði verið var snúið við og landsbyggðin gerði heldur betur en að taka til sín sitt hlutfall af vaxandi fólksfjölda í landinu. (Gripið fram í.) Kannski hefur það ekki gerst nema í eitt ár að það snerist þannig við að bókstaflega yrði um jákvæðan jöfnuð fyrir landsbyggðina að ræða, en það var nokkurra ára tímabil þar sem þetta var í þokkalega góðu jafnvægi. Er þá ekki margt vitlausara en skoða það hvað gerðist nákvæmlega á þessum tíma eða kannski á árunum á undan sem leiddi til þess að þetta jafnvægi skapaðist og hélst í nokkur ár. Hvað var það? Og hvað breyttist svo aftur? Og er það ekki bara það sem við viljum láta ganga til baka, snúa því til baka sem úrskeiðis fór upp úr 1980 þegar þetta því miður skammvinna tímabil jafnvægis í byggðaþróun fór að láta undan síga?

Ég veit að með því að vera menn til þess að læra af reynslunni og skoða fortíðina, ekki til að finna þar endalaust einhverja sökudólga og vonda menn sem hægt er að skamma og kenna um allt illt og tala um fortíðarvanda, heldur til þess að læra af henni og skoða líka það sem jákvætt er frá fyrri tíð, þá megi ýmislegt færa til betri vegar. Og þar held ég, og skal láta það verða mín síðustu orð, að hugarfarið og viðhorfin skipti ekki hvað minnstu, að menn finni að það er vilji til þess að taka á með þeim en ekki skilningsleysi og skeytingarleysi, svo ekki sé nú meira sagt, sem ræður ríkjum á stjórnarheimilinu.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að tala um byggðamálin eftir svo margar og góðar ræður sem hér hafa verið fluttar. Ég vildi þó koma á framfæri nokkrum atriðum en mun reyna að forðast það sem ég hef heyrt aðra ræða.

Í fyrsta lagi vil ég koma aðeins að ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hv. 3. þm. Reykv. batt sig við það sem hann taldi vera efni þessa fundar, þessarar umræðu, þ.e. skýrslu Byggðastofnunar eina og vitanlega má segja að svo sé. Hæstv. forsrh. hins vegar fór vítt yfir sviðið og ræddi um byggðamálin almennt og ég er hæstv. forsrh. sammála. Ég held að það sé útilokað að ræða um Byggðastofnun og verk hennar án þess að ræða byggðamálin almennt. Því að vitanlega er það staðreynd að Byggðastofnun, þótt afar mikilvæg sé, er ekki nema einn þáttur í byggðastefnunni og byggðamálunum þegar á heildina er litið. Það er t.d. alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að samgöngumálin eru einn stærsti þátturinn þar. Ég vek athygli á því að það er ekki fyrst nú sem lögð er áhersla á samræmdar aðgerðir í byggðamálum. Það hefur verið gert í gegnum árin. T.d. var lögð mikil áhersla á það af þeim nefndum sem ég skipaði á síðasta ári og skiluðu ítarlegri skýrslu um þessi mál.

En vegna þess sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um Byggðastofnun vil ég fyrst segja það að ólíkt er okkar mat á fjármagni til byggðamála. Ég tel 12 milljarða á 20 árum ekki mikla upphæð og er sannfærður um að þeirri upphæð hefur verið mjög vel varið. Ég er ekki að segja að allar lánveitingar Byggðastofnunar hafi verið réttar. Það væri líka afar óvenjulegt ef svo væri. En af því að hv. síðasti ræðumaður spurði hvað hafi valdið því að nokkurt byggðajafnvægi var í lok áttunda áratugarins eða svo, þá er t.d. athyglisvert að fjárveitingar hins opinbera til byggðamála voru hvað hæstar árin á undan. Ég held að þær hafi verið hvað hæstar á árunum 1976, 1977, 1978 og þar um bil. Það er staðreynd að töluverðu fjármagni þarf að verja til þessara mála ef marktækur árangur á að nást. Ég tek sannarlega á mig sök af því eins og aðrir sem hafa setið í ríkisstjórn að úr þessu framlagi hefur of mikið verið dregið síðustu árin. En við vildum þó brjóta í blað á síðasta ári og þá var ákveðið að yfirtaka, ef ég man rétt, 1200 millj. af skuldum Byggðastofnunar sem núv. ríkisstjórn hefur því miður lækkað niður í 800 millj., hygg ég. (**Gripið fram í:** Nei.) Er það ekki? (Gripið fram í.) Verður það óbreytt? (Gripið fram í.) Það er

gott. En einhvern tíma sást að lækka ætti þessa upphæð en ég fagna því mjög ef hún er áfram í 1200 millj. og satt að segja held ég að veiti ekki af. Ég segi því fyrir mitt leyti að stórum meira sé ég eftir 60–70 millj. á ári í byggðaþróun Suður-Evrópu heldur en 12 milljörðum á 20 árum til byggðamála hér á landi. Það er að vísu ekki víst að úr því verði en gæti orðið ef við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Það er líka fleira sem vert er að draga fram í sögu Byggðastofnunar. Þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á fót 1971 var það gert í tengslum við byggingu álbræðslu í Straumsvík. Þá voru allir mjög sammála um að bygging þeirrar álbræðslu mundi raska byggðajafnvægi hér á landi og allir, hygg ég, sammála um að væri rétt að verja nokkrum hluta af tekjum frá álbræðslunni í Straumsvík til byggðamála og það var gert í fyrstu. Síðan var horfið frá því og það rann beint í ríkissjóð, en ákveðið síðan að 2% af útgjöldum ríkissjóðs skyldu renna til Byggðastofnunar. Því miður hélst það ekki, held ég, nema 1–2 ár eða svo. Það hefur stöðugt úr því dregið og það ákvæði hefur ekki haldið.

Ég bendi líka á það, af því að mikið hefur verið talað hér um að byggðastefnan hafi brugðist, að að sjálfsögðu verður að endurskoða byggðastefnuna jafnt og þétt því að aðstæður í þjóðfélaginu breytast mikið. Og eins og byggðastarfsemin tókst, með því að ná jafnvægi á árunum í kringum 1980, þá hefur hallað undan fæti nú upp á síðkastið. Það var af þeirri ástæðu sem ég skipaði nefndir í upphafi síðasta árs og fól þeim að endurskoða starfsemi Byggðastofnunar og byggðastefnuna almennt. Það var af þeirri grundvallarástæðu að aðstæður í þjóðfélaginu breytast. Það er alls ekki þar með sagt að ýmislegt sem gert hefur verið á undanförnum árum hafi ekki tekist vel, þvert á móti hygg ég að það hafi tekist með ágætum. Og það er raunar vert að ræða aðeins um það hvernig áherslur að þessu leyti hafa breyst.

Í kringum 1980 töldu menn að mikilvægast væri að leggja áherslu á samgöngur og fjarskipti í byggðamálum. Þá kom það reyndar í minn hlut að flytja hér á Alþingi þáltill. um langtímaáætlun í vegamálum. Hún var lögð fram tvisvar og þó hún væri ekki formlega samþykkt, *þá hefur síðar verið farið eftir henni.* Einnig kom það í minn hlut að leggja fyrir Alþingi frv., sem var samþykkt, um að ljúka því að koma sjálfvirkum síma á alla bæi á landinu á fimm árum og ég hygg að hafi verið gert á fjórum. Þá var einnig lögð mikil áhersla á að ljúka því að koma t.d. sjónvarpi um land allt. Þetta voru áhersluatriðin sem allir voru sammála um í kringum 1980 og ég hygg að hafi verið rétt. Hins vegar hygg ég að á árunum sem fylgdu hafi ekki tekist að taka nægilegt tillit til þeirra aðstöðubreytinga sem þetta olli víða um land. Samgöngur tóku minni tíma og það var unnt t.d. að versla miklu fjær sinni heimabyggð. Ég er þeirrar skoðunar að verslunin hafi brugðist of seint við þessum breytingum og reynt of lengi að halda allri verslun heima og hafi það valdið erfiðleikum hjá verslunarfyrirtækjum á fjölmörgum stöðum um landið. Ég nefni þetta sem dæmi.

Nú hefur því miður undanfarin ár aftur hallað undan fæti. Ég veit að hér hefur verið gerð grein fyrir tillögum þeirrar nefndar sem ég skipaði og skal ég ekki fara ítarlega út í það en aðeins nefna örfá atriði. Í fyrsta lagi það að ég flutti á síðasta þingi frv. til laga um breytingu á lögum Byggðastofnunar sem var samþykkt. Þar var lögfest m.a. að Byggðastofnun bæri að gera áætlun til fjögurra ára um þróun byggðar á landinu öllu. Þarna er að sjálfsögðu verið að leitast við að sjá enn betur framtíðarvandann, eins og hér var réttilega nefnt áðan, og bregðast við honum fyrr. Þetta er nú komið í lög Byggðastofnunar og mér þykir ánægjulegt að sjá af skýrslunni að Byggðastofnun hyggst framkvæma þetta. En ég geri mér grein fyrir því að það mun taka töluverðan tíma að vinna slíka byggðaáætlun fyrir landið allt svo að marktæk sé.

Einnig vek ég athygli á því að gert er ráð fyrir því að Byggðastofnun starfi meira um landið allt. Byggðastofnun hefur þegar komið á fót útibúum á nokkrum stöðum um landið og hyggst fjölga þeim og hefur hún *þegar hafið miklu nánara samstarf og reyndar hafa iðnþróunarráðgjafar verið færðir til Byggðastofnunar.* Með þessu móti, eins og lagt var til í tillögunum, er að sjálfsögðu verið að framkvæma það sem hæstv. forsrh. talar nú um sem nýja stefnu í byggðamálum. Þegar er búið að samþykkja að Byggðastofnun starfi víðar um landið, að heimaaðilar komi miklu meira inn í alla áætlanagerð en gert hefur verið, nefndir eða stofnanir verði settar á fót heima fyrir og stór hluti af Byggðastofnun starfaði víða um land. Ég er því algjörlega sammála því sem hæstv. forsrh. boðar þar, en geri bara þá athugasemd að í raun er þar verið að framkvæma stefnu sem hv. Alþingi hefur þegar ákveðið og sett í lög.

Ég vek líka athygli á því að í þeim liðum sem taldir eru í skýrslu annarrar nefndarinnar er æðimargt sem ég vona svo sannarlega að verði til leiðbeiningar fyrir starfsemi Byggðastofnunar og fyrir byggðastefnuna almennt í landinu. Sumt af þessu hef ég þegar nefnt og er komið í lög. Ég ætla ekki að fara að lesa þetta því að ég veit að það er búið að gera það, en ég vek athygli á slíkum atriðum eins og að meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði á landsbyggðinni. Ég *held að afar mikilvægt sé að færa þjónustuna til landsbyggðarinnar.* Og þó að mér sé ljóst að það kunni að vera erfitt að framkvæma þetta nákvæmlega í hverju tilfelli, þá hygg ég þó að þetta sé vel framkvæmanlegt þegar yfir árið, svo ég tala ekki um 2–3 ár, er litið, þannig að menn mega ekki ofmikla þetta fyrir sér.

Ég vil einnig leggja áherslu á jöfnun raforkuverðs og sameiningu orkufyrirtækja. Það er enginn vafi á því að þarna þarf að ganga miklu lengra en tekist hefur til þessa og enginn vafi á því að jöfnun raforkuverðs er eitt mikilvægasta byggðamálið í dag. Og loks það að sjálfsögðu, eins og fram hefur komið hér í ræðum, að gæta byggðasjónarmiða í almennri efnahagsstjórn.

Mig langar síðan til að snúa mér að nokkrum atriðum í ræðu hæstv. forsrh. Ég var því miður ekki viðstaddur þegar hann flutti hana en ég hef fengið hana og farið vandlega yfir.

Hæstv. forsrh. deilir eins og fyrri daginn mjög á verk fyrri ríkisstjórnar og hefur mál sitt á þeirri margspiluðu plötu að fjármagni hafi verið sóað í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð og Framkvæmdasjóð reyndar og að því er mér skilst flesta opinbera sjóði. Þessu hefur reyndar, heyrði ég, þegar verið svarað að nokkru og m.a. vakin athygli á því að ríkisendurskoðandi skýrði svo breytta afstöðu sína að þessi ríkisstjórn hefði lýst því yfir að hún ætlaði ekki að hafa afskipti af atvinnuvegunum. Og það hefur verið margyfirlýst stefna núv. ríkisstjórnar. Ég undrast satt að segja ekki þótt enn meiri afföll yrðu af ýmsum lánum Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs og fleiri sjóða í landinu ef þessari stefnu verður framfylgt. Hins vegar verð ég var við það nú að hæstv. forsrh. er kominn þarna á nokkurn flótta og samkvæmt fréttum í morgun eru nú boðaðar aðgerðir sem að vísu hefur ekki verið lýst nákvæmlega, en ég fagna öllu slíku.

Þarna er fráhvarf frá því að ekki eigi að vera samstarf ríkisvalds og atvinnulífsins á slíkum erfiðleikatímum sem nú ganga yfir. Þetta er satt að segja grundvallaratriði. Við höfum að vísu ekki séð hversu ítarlegt og gott þetta samstarf verður og hvernig það verður skipulagt en hvað sem er gert að þessu leyti er af hinu góða að mínu mati. Ég tel hins vegar að þetta samstarf þurfi að vera mjög náið. Og ég vil enn einu sinni vekja athygli á þeim aðgerðum sem viðreisnarstjórnin greip til við svipaðar aðstæður 1967. Kannski fer svo að tölur ríkisendurskoðanda um lán sem þarf að afskrifa hjá Atvinnutryggingarsjóði og Framkvæmdasjóði verði töluvert lægri en ríkisendurskoðandi telur að teknu tilliti til nýrrar afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að sú aðgerð sem nú er boðuð, að framlengja afborgunarlausan tíma af lánum Atvinnutryggingarsjóðs, er vitanlega sértæk aðgerð. Hún er ekki almenn. Hún tekur eingöngu til þeirra fyrirtækja sem notið höfðu þessarar fyrirgreiðslu Atvinnutryggingarsjóðs. En það voru mörg fyrirtæki sem töldu sér ekki nauðsynlegt að sækja um þá skuldbreytingu á síðustu tveimur árum. Vel má vera að þau fyrirtæki séu nú í erfiðleikum. Og ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hvernig eigi að mæta erfiðleikum þeirra fyrirtækja. Væri ekki rétt að við þessar aðstæður fengi Atvinnutryggingarsjóður eða Byggðastofnun fjármagn til þess að skuldbreyta hjá ýmsum fyrirtækjum sem urðu út undan, skulum við segja, af ýmsum ástæðum og fyrst og fremst af því að þau sóttu ekki um í tíð fyrri ríkisstjórnar eða á meðan Atvinnutryggingarsjóður starfaði?

Ég vil einnig vekja athygli á því að frændur okkar Norðmenn hafa nú gripið til mjög víðtækra aðgerða til að bjarga sínu fiskeldi frá gjaldþroti og ætla að verja til þess úr ríkissjóði og bönkum 6–7 milljörðum kr. Ég veit ekki hvort hv. 3. þm. Reykv. kallar það kommúnisma eða hvað það á að vera, sósíalisma líklega í Noregi, en þar er þeirri stefnu fylgt að leggja áherslu á samstarf ríkisvalds og atvinnulífsins. Norska ríkisstjórnin tekur þessa ákvörðun að því er hún segir af því að hún hefur sterka trú á framhaldi fiskeldis. Hún trúir því sem sagt að fiskeldið komist yfir þessa kreppu og mikilvægt sé að halda fiskeldi í landinu.

Íslenska ríkisstjórnin ákvað að veita 300 millj. í þessu skyni. Það er dropi í hafið, leyfi ég mér að fullyrða. Og ég vildi gjarnan fá að vita hvort nú, í þessum sinnaskiptum ríkisstjórnarinnar, verði þetta atriði ekki einnig tekið til endurskoðunar og meira fjármagni veitt til þess að aðstoða þau fiskeldisfyrirtæki sem líklegust eru til að geta spjarað sig, til að komast yfir þá erfiðleika sem nú eru. Ég leyfi mér að fullyrða að 300 millj. er allt of lítið. Hæstv. forsrh. hefur oft — ja, hvað eigum við að segja — kvartað undan því að fyrri ríkisstjórn hafi ekki afgreitt þetta mál. Það er rétt hjá honum að við náðum ekki að afgreiða það. En í meðferð okkar á málinu töldum við í kringum 1 milljarð vera lágmark til að þessi aðgerð yrði í raun marktæk.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það atvinnuástand sem líklegt er að hér verði á næstu missirum, það var mikið rætt í sambandi við byggingu álbræðslu. Það fer náttúrlega ekkert á milli mála að þar fer skriða af stað sem getur orðið afar varasöm, og ekki bara á Suðurnesjum þó að þar sé ástandið e.t.v. hvað verst heldur víða um landið. Einnig er ljóst að svo mun verða af öðrum ástæðum eins og t.d. af erfiðleikum í þeim greinum sem ég hef nefnt hér. Ég hef ekki séð nýlegar spár um atvinnuleysi á næstu missirum og kannski árum, en væri mjög fróðlegt að fá að vita, því ég efa ekki að ríkisstjórnin hefur eitthvað slíkt undir höndum, hverjar þær spár eru.

Þegar ný ríkisstjórn tók við haustið 1988 var því spáð að atvinnuleysingjum mundi fjölga mjög mikið. Og það var ein af meginástæðunum fyrir því að sú ríkisstjórn ákvað að grípa til fjölþættra aðgerða í íslensku efnahagslífi. Og með þeim aðgerðum tókst að draga mjög mikið úr atvinnuleysinu og reyndar svo mikið að það varð ekki mjög tilfinnanlegt þó það ykist nokkuð síðar. En ég vil vekja athygli á því að ætíð hefur það verið talin skylda ríkisstjórna að sinna þeim málum. Við höfum að minnsta kosti ekki enn þá fallist á þá kenningu að mátulegt atvinnuleysi sé hagstjórnartæki sem okkur hentar. Mér er ljóst að það er skoðun margra sem aðhyllast nýkapítalismann eða frjálshyggjuna og fróðlegt væri að vita frá hæstv. forsrh. hvort það er stefna þessarar ríkisstjórnar.

Ég sagði fyrr að byggðastefnan væri samofin öðrum málefnum og það er einnig nefnt í ræðu hæstv. forsrh. En einmitt þess vegna vil ég líka leggja áherslu á að opinberar aðgerðir hafa gífurlega mikil áhrif, ekki aðeins á byggðarþróun heldur einnig á alla atvinnuþróun í landinu. Til dæmis nefnir hæstv. forsrh. gengismálin og peningamálin. Og það er alveg hárrétt. Gengismálin hafa gífurleg áhrif á byggðarþróun í landinu. Enginn vafi er á því að rangt gengi er mjög erfitt landsbyggðinni því að landsbyggðin byggir fyrst og fremst á útflutningi. Landsbyggðin framleiðir útflutningsvöru og flytur úr landi miklu meira en þéttbýlissvæðin. Og þegar gengið er ekki rétt skráð þá hefur það áhrif. Þannig var það t.d. haustið 1988 að sú ríkisstjórn sem þá tók við sá sér ekki annað fært en að leiðrétta það, að vísu í áföngum til að forðast þau áföll sem gengisfellingu fylgja, að forðast þá verðbólgu sem

því fylgir að fella gengið í áföngum og með fjölmörgum hliðarráðstöfunum.

Ég er ekki að boða hér gengisfellingu því að mér er ljóst að hún er afar erfið í meðförum og getur komið mjög illilega í bakið á okkur þó tækist sæmilega vel á árunum 1989 og fram á árið 1990. Hins vegar koma mér í hug margar, langar og miklar og harðar ræður sjálfstæðismanna hér í sölum Alþingis haustið 1988, þar sem þessir menn helltu sér yfir ríkisstjórnina og kröfðust 15% gengisfellingar, m.a. man ég að hvað háværastur í þeim kór var hæstv. núv. landbrh. Hann er að vísu ekki staddur hér en gaman væri að vita hvað hann segir um þetta ástand nú í ríkisstjórninni. Krefst hann t.d. eða aðrir gengisfellingar? Ég vil hins vegar segja að ef út í það er farið þá verða að fylgja því mjög viðamiklar hliðarráðstafanir til þess, eins og ég sagði áðan, að þær komi ekki í bakið á okkur.

Vitanlega eru peningamálin afar stórt atriði í þessum málum. Núv. hæstv. ríkisstjórn gerði sér lítið fyrir þegar hún tók við völdum og hækkaði vextina um u.þ.b. 50%. Sumir halda að vaxtahækkunin úr 7,8% raunvextir upp í 10–11% sé ekkert voðalega mikil, en þegar menn líta á það að þetta er u.þ.b. 50% hækkun raunvaxta, þegar tekið er tillit til hækkunar á vöxtum óverðtryggðra lána sem voru tiltölulega lágir og fóru upp í miklu hærri raunvexti en verðtryggðu lánin. Og þegar þess er gætt að fyrirtæki sem skuldar, ja, við skulum segja 100 millj. kr., sem er ekki mikið og algengt og líklega mjög lág upphæð, það greiddi áður af þessari upphæð í kringum 7–8 millj. kr., en greiðir núna a.m.k. 12–13 millj. kr., ef ekki meira, sérstaklega ef afurðalánin eru mikil hjá slíku fyrirtæki. Þá sést strax hvað munar mikið um þessa hækkun. Þetta hefur ekki bara áhrif á byggðamálin heldur atvinnumálin öll í landinu.

Ég leyfi mér að fullyrða að þessir háu vextir nú séu áreiðanlega þeir hæstu sem þekkjast í nokkru viðskiptalandi okkar Íslendinga. Það er mjög gott yfirlit yfir þetta í Morgunblaðinu í dag á viðskiptasíðum þess, í lituðum súlum. Þar kemur fram að vextir eru af þeirri stærðargráðu sem ég hef nefnt en reyndar einnig að kostnaður af vöruvíxlum er talinn vera allt upp í 35% raunvextir. Dettur einhverjum manni í hug að einhver geti nýtt sér þá fyrirgreiðslu sem bankar hafa mjög í hendi sér að beina að mönnum án þess að það komi einhvers staðar við? Vitanlega kemur það einhvers staðar við. Staðreyndin er vitanlega sú að þeir erfiðleikar sem atvinnufyrirtækin eiga nú í, m.a. útflutningsfyrirtækin, stafa ekki eingöngu af samdrætti í afla, ég er ekki að gera lítið úr því, en þeir stafa ekkert síður af þeirri gífurlegu sprengingu sem hefur orðið hér á vaxtakostnaði.

Á sama tíma og þetta gerist var mjög áberandi í Bandaríkjunum að Bandaríkjamenn leggja á það áherslu að lækka vexti. Og meira að segja Bush, forseti Bandaríkjanna, gengur enn þá fram fyrir skjöldu og þvingar fram vaxtalækkun með handafli — sem að vísu var sagt í þessum sölum fyrir einu ári að gæti ekki átt sér stað. En hann kemur fram í sjónvarpi, ég horfði á það þegar ég var þar fyrir nokkrum dögum, og stærir sig af því að vera að lækka vexti. En hér, í þessu fyrirmyndarfrjálshyggjuþjóðfélagi er okkur sagt að slíkt sé bara alls ekki hægt. (**Gripið fram í:** Er Bush kommúnisti?) Ja, ætli það ekki. Þetta er bara einhvers konar náttúrulögmál, sagt hér, að vextir hljóti að verða svona háir. Það er staðreynd að hallinn á fjárlögum Bandaríkjanna er ekkert lítill. Ætli hann sé ekki jafnvel meiri en hér. Því er kennt um að vextir eru svona háir hérna að hallinn sé mikill. Hallinn á fjárlögum Bandaríkjanna er gífurlegur og hallinn á viðskiptum Bandaríkjanna er svo mikill að allur heimur hefur miklar áhyggjur af. Samt sem áður finna þeir sig knúna til að lækka vexti af því að það er stöðnun í þeirra þjóðarframleiðslu. Hér er samdráttur.

Ég tel að það langsamlega besta sem þessi ríkisstjórn gæti gert væri að sýna handaflið og lækka vexti, bæði það besta fyrir byggðarþróunina í landinu og fyrir atvinnuvegina alla; miklu mikilvægara en jafnvel þær takmörkuðu aðgerðir sem ríkisstjórnin er að grípa til nú.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á afskiptaleysi af atvinnulífinu þó að nú hafi sem betur fer komið flótti í liðið í því sambandi. Mér dettur í hug þegar hv. 3. þm. Reykv. las úr gamalli ræðu minni að hv. þm. virðist aldrei sjá neitt á milli kapítalismans eða hinnar óheftu efnishyggju og sósíalismanns. Ég vil vekja athygli á því að hið blandaða hagkerfi er í raun og veru alls staðar við lýði. Jafnvel þar sem menn hafa einhvern tímann leitast við að fylgja óheftum kapítalisma er hið blandaða hagkerfi meira og minna við lýði. Svo er t.d. í Bandaríkjunum.

Í Bandaríkjunum eru nú háværar umræður um að horfið verði frá einkavæðingunni í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Umræðan í Bandaríkjunum fyrir kosningarnar nú fyrir nokkrum dögum var ekki síst um það að þriðjungur Bandaríkjamanna hafi ekki lengur neina heilsugæslu, hafi ekki aðgang að neinu heilbrigðiskerfi, hafi ekki fjármagn til að kaupa sig inn á hina dýru einkaspítala og njóti ekki þeirra trygginga sem þeir sem lægstu tekjurnar hafa. Er það þetta sem hæstv. ríkisstjórn er að tala um með einkavæðingunni? Og í Bandaríkjunum er talað um það að 30% nemenda sé hvorki læsir né skrifandi. (**Gripið fram í:** Það er einkavæðing skólakerfisins.) Það er einkavæðing skólakerfisins og lélegir opinberir skólar í kjölfar þessarar einkavæðingar. Hver sem þar hefur nokkurt fjármagn, og jafnvel þó hann hafi það ekki, reynir að koma börnum sínum í einkaskóla og borgar mikið fyrir. En það geta bara ekki allir. Er það þetta sem einkavæðingin á að leiða yfir okkur Íslendinga? Þá erum við að sjálfsögðu að tala um miklu stærri hluti en skýrslu Byggðastofnunar, mér er það ljóst, en allt kemur þetta því í raun og veru við og er ástæða til að minnast á.

Hæstv. forsrh. boðar að flytja Byggðastofnun til Akureyrar. Ég lét á mínum tíma einmitt athuga það og þótti sú hugmynd vel athugunarverð. Gerð var athugun hjá Byggðastofnun á því hve margir starfsmenn væru tilbúnir að flytja með og ef ég man rétt þá svöruðu því allir neitandi nema einn. Menn verða náttúrlega að gera sér grein fyrir því að það er dálítið erfitt

að flytja starfslið sem hefur komið sér vel fyrir, á sínar íbúðir o.s.frv. En kannski má gera þetta ef hæstv. forsrh. vill veita þeim ríflegan styrk eins og landsbyggðarmönnum að flytja hingað? Ef hann vill gera það og snúa þessu við og veita þessum starfsmönnum ríflegan styrk til að flytja til Akureyrar. Ég er a.m.k. sannfærður um að eitthvað slíkt verður að fylgja ef vit á að vera í þessum flutningi. Og þá gæti maður hrópað húrra fyrir forsrh. ef hann veitir þessu fólki ríflegan styrk til að flytja norður. Staðreyndin er sú að það er óvíða betra að búa en þar ef fólk hefur tök á því að flytja.

Ég vil vekja athygli á því að eftir að þessu var hafnað hjá Byggðastofnun þá tók Byggðastofnun upp þá stefnu að setja upp skrifstofur eða útibú um landið allt og í tengslum við þær skrifstofur hafa ýmsar aðrar opinberar stofnanir og ráðuneyti sett upp aðstöðu fyrir sína afgreiðslu. Þetta tel ég vera afar merka nýjung. Við þyrftum þá a.m.k. að tryggja það að slík skrifstofa gæti verið hér í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Ég tel að þetta þurfi að hugsa miklu betur en mér sýnist hafa verið gert ef meta má af ræðu hæstv. forsrh.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég nenni ekki að eltast lengur við þetta með sóun fjármuna. Það er ekki verðugt af hæstv. forsrh. að tala svo. Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram hér að ef þessum milljörðum hefði ekki verið varið til að koma í veg fyrir það hrun sem við blasti á landsbyggðinni hefðu bein útgjöld ríkissjóðs orðin langtum, langtum meiri. Ég vek athygli á því að ríkissjóður er ábyrgur fyrir launagreiðslum og þær hefðu numið gífurlegum fjárhæðum. Ég vek einnig athygli á því að ríkissjóður hefði orðið að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði miklu meira fjármagn en hann hafði. Ég skal ekki segja hvað það hefði orðið mikið, en það hefði áreiðanlega skipt milljörðum. Jafnvel þótt litið sé á þessar aðgerðir, á fjármagnshliðina eina eða útgjaldahlið ríkissjóðs, er þess vegna enginn vafi á að þetta var skynsamleg aðgerð.

Ég ætla svo að lokum að leyfa mér að koma að örfáum atriðum sem mér komu afar mikið á óvart í því sem ég hef heyrt úr reglugerð þeirri sem hæstv. forsrh. hyggst gefa út. Hún hefur verið það mikið til umræðu að okkur hlýtur að vera frjálst að ræða hana hér og reyndar kom síðasti hv. ræðumaður nokkuð að því. Ég vil geta þess að ég lét á sínum tíma hina færustu lögfræðinga skoða mjög vandlega hvað mér sem forsrh. væri kleift að ákveða í reglugerð. Í þeirri reglugerð sem ég hef séð er gengið miklu, miklu lengra. Ég trúi því satt að segja ekki að hæstv. forsrh. sé heimilt að takmarka svo svigrúm stjórnar Byggðastofnunar, sem er þingkjörin stjórn til útlána, að útlánin megi eingöngu byggjast á byggðaáætlunum. Ef ég veit rétt eiga þær helst að vera samþykktar fyrir fram, en ef ekki samþykktar þá a.m.k. að liggja fyrir og afgreiddar af stjórn stofnunarinnar. Hæstv. forsrh. hlýtur sem lögfræðingur að hafa litið á þetta, en ég leitaði til lögfræðinga sem ég tel engu síðri og ég trúi því ekki — mér datt þetta að vísu aldrei nokkurn tíma í hug. Miðað við önnur atriði sem við ræddum þykir mér einkennilegt ef þetta er heimilt.

Ég leyfi mér úr þessum stól að vara við þessu. Það er í raun og veru verið að gelda Byggðastofnun eða færa hana upp á Hveravelli og láta hana taka við veðurathugunum eins og hv. 1. þm. Vestf. hefur lýst. Til hvers í ósköpunum? Byggðaáætlanir eru nauðsynlegar og ég hef lagt áherslu á það, en ég tek undir það með síðasta hv. ræðumanni að við viljum ekki sovéskt fyrirkomulag í þessu. Við viljum ekki einhverja fimm ára áætlun og að ekki megi síðan breyta út af henni. Rússar eru hættir þessu og af hverju á að fara að taka þetta upp hérna á tímum frjálshyggjunnar? Ég trúi ekki, satt að segja, að ætlunin sé að knýja slíkt fram. Að sjálfsögðu er það eitt mikilvægasta verkefni Byggðastofnunar að geta brugðið við og það er engin fimm ára áætlun sem getur sagt að það verði atvinnuskortur. Það er engin. Það er engin áætlun sem getur sagt að loðnan bregðist. Það er engin áætlun sem getur sagt að sveitarfélögin t.d. á norðurhluta Austfjarða sem eiga nú í miklum vandræðum þurfi á aðstoð að halda. Á þá svarið að vera það að því miður hafi þetta ekki verið í byggðaáætlun sem var gerð fyrir einhverjum árum og því sé ekki unnt að veita aðstoð?

Ég skil einnig það sem ég hef séð af þessari reglugerð þannig að hæstv. forsrh. ætli að fá öll málin inn á sitt borð og afgreiða þau þar, það þurfi hans samþykki nánast fyrir hverju sem á að gera þar. Ég vara við því. Ég get hins vegar tekið undir gagnrýni sem við höfum stundum heyrt um það að miðstýringin hafi verið of mikil hjá stjórnvöldum og það beri að draga úr henni, en ekki er þetta til að draga úr henni, að ein mikilvægasta opinbera stofnunin verði sett undir þumalfingurinn hjá hæstv. forsrh. og ekkert megi gera nema með samþykki hans. Ég tel þetta satt að segja svo stórhættulegt mál að það hljóti að verða tekið upp hér á Alþingi ef hæstv. forsrh. ætlar sér að knýja þetta fram, ef ekki fyrir dómstólum.

Ég vil láta þetta vera mín síðustu varnaðarorð. Ég vona svo, satt að segja, að fremur verði hert á sókninni í byggðamálum en úr henni dregið. Það er hvorki gott fyrir dreifbýlið né þéttbýlið, fyrir Reyjavík t.d., að flutningar til Reykjavíkur haldi áfram eins og þeir hafa verið núna upp á síðkastið. Það er áreiðanlega þjóðhagslega mjög nauðsynlegt að halda sæmilegu jafnvægi í byggð landsins. Þegar menn tala um það, eins og hv. 3. þm. Reykv., að varið hafi verið 12 milljörðum til byggðamála í gegnum Byggðastofnun má spyrja: Hvað ætli þær krónur séu margar sem þéttbýlið og við öll höfum notið af þeirri gífurlegu framleiðslu sem verið hefur um land allt? Ég tók mig einu sinni til og reiknaði út hvað rekja mætti til þeirrar frægu byggðar Suðureyrar. Ég man ekki töluna lengur en ég komst ekki upp í nema brot af því þegar ég fór að reikna fyrir okkur Reykvíkinga, ekki nema lítið brot af þeim gífurlegu þjóðartekjum sem mátti rekja þangað. Og hvernig halda menn að væri að búa hér í Reykjavík ef við förum að ráðum hæstv forsrh. og flytjum fólkið í burtu frá slíkum stöðum? Ég er ansi hræddur um að við sæjum eftir þeirri gerð og það gæti orðið erfitt að snúa þá blaðinu við.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu síðasta ræðumanns vil ég taka fram að ég ætla ekki að fara út í hugmyndafræðilegar umræður á þessu stigi málsins. Hins vegar langar mig að nefna það að í minni ræðu kom hvergi fram nokkurt mat á því að þessi fjárhæð, 12 milljarðar, til Byggðastofnunar væri of há. Það sem ég benti á var að ég teldi að fjárhæðinni hefði verið illa varið og menn geta síðan deilt um það, en ég benti á í minni ræðu og vísaði m.a. til ummæla Áskels Einarssonar um það hvernig byggðastefnan hefði farið. Ég tel að ef menn leggja þann mælikvarða á stöðu fyrirtækja úti á landsbyggðinni eða á flutning fólks frá landsbyggðinni til þéttbýlis á þeim árum sem þessum 12 milljörðum hefur verið varið á fjárlögum til Byggðastofnunar geti þeir líka komist að þeirri niðurstöðu að þessari fjárhæð hafi ekki endilega verið vel varið.

Ég vil líka vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður sagði um áætlanagerðina taka fram að í minni ræðu varaði ég við því að auknar byrðar yrðu lagðar á Byggðastofnun vegna áætlanagerðar.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hv. þm. þykir þetta ekkert of há upphæð eða þannig leyfi ég mér að skilja hans orð. Ég vakti athygli á því áðan að varið var hvað mestu fjármagni til Byggðastofnunar á árunum fyrir 1980. Hér er ég með súlnarit yfir framlög ríkissjóðs til Byggðasjóðs á verðlagi í janúar árið 1991. Það mun hafa verið á því verðlagi sem hv. þm. reiknaði. Þar er framlagið langsamlega mest á árunum 1975, 1976, 1977, 1978 og reyndar töluvert 1979 og árangurinn varð eftir því góður. Eigum við þá ekki að sameinast um það að auka fjármagn til Byggðastofnunar og byggðamála og benda stofnuninni á að læra af þeirri góðu reynslu sem fékkst þá og kannski getum við þannig náð jafnvægi í byggð landsins?

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel, eins og kom fram í ræðu minni, að starfsgrundvöllur sá sem liggur að baki Byggðastofnun og lagður var með Framkvæmdastofnun ríkisins sé rangur og það þurfi, til þess að þeir fjármunir nýtist sem best sem varið er á fjárlögum og frá skattgreiðendum til byggðamála, að gjörbreyta starfsháttum og starfsgrundvelli Byggðastofnunar, og það sé meginmál sem hér hljóti að vera til umræðu þegar skýrsla um þessa stofnun er rædd á hinu háa Alþingi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að umræður um byggðamál verði nokkuð fyrirferðarmiklar á þessu þingi. Þær eru í eðli sínu þannig að þær hljóta ávallt að vera það, en aðstæður hafa verið þannig í þjóðfélaginu síðan núv. ríkisstjórn tók við og yfirlýsingar einstakra ráðherra með þeim hætti að það kallar á mun viðameiri umræðu um þessi mál en venja er til.

Það sem einkennir kannski einna helst þá umræðu sem verið hefur á vegum núv. ríkisstjórnar og er frábrugðin því sem menn hafa átt að venjast virðist vera gjörólík nálgun viðfangsefnisins og að mörgu leyti allt annað hugarfar á bak við verkefnið. Ég held að rétt væri að rifja aðeins upp nokkur ummæli til þess að glöggva sig á hvernig þessi nýjung er, í hverju þessi breyting er fólgin. Þar verður af eðlilegum ástæðum nokkuð að vitna til hæstv. forsrh.

Ég byrja þó á að vitna í hæstv. ráðherra áður en hann varð ráðherra, vitna í hann frá þeim tíma þegar hann var nýkjörinn formaður Sjálfstfl. og flutti sjónarmið sín yfir landsfundarfulltrúum að afloknu kjöri. Ég tek stuttan kafla úr þeirri ræðu sem birtist í málgagni sjálfstæðismanna á Vestfjörðum svo að ætla má að rétt sé þar með farið. Með leyfi hæstv. forseta er tilvitnunin þannig:

„Við sjálfstæðismenn viljum engar kollsteypur. Við viljum ekki sjá landið okkar sporðreisast. Við viljum að byggðirnir allar hafi sem besta möguleika og jafnasta. Það hlýtur að vera forgangsverkefni á Íslandi að skapa þau skilyrði sem skynsemin segir okkur að ekki megi bresta, skilyrði þess að menn njóti verka sinna, afls og áræðis hvar sem þeir búa. Þegar til lengri tíma er horft, þá getur það ekki orðið nema til skaða ef öfluga og lífvænlega byggð er ekki að finna hvarvetna um landið."

Þessi ræðustúfur kemur í sjálfu sér engum á óvart. Hann er í góðu samhengi við annað sem menn hafa sagt, bæði úr hans flokki og annarra, um áherslur í byggðamálum. Það sem má kannski segja um þessa tilvitnun er að þar er fastar kveðið að orði en menn hafa oft gert, samanber það sem hér stendur, hvarvetna um landið. Lífvænleg byggð verður að vera til hvarvetna um landið.

Hæstv. forsrh. segir einnig í þessari ræðu: „Ég tel að allar byggðir landsins eigi Sjálfstæðisflokkinn skilið." Þetta sagði hæstv. núv. forsrh. fyrir kosningar. Hvernig skyldi viðhorf manna vera til þessa nú? Skyldu menn taka undir það úti á landsbyggðinni að þeir telji sig eiga Sjálfstfl. skilið?

Við skulum líta á nokkur ummæli sem eru af allt öðrum toga en þau sem ég vitnaði til sem sýna að hæstv. ráðherra hefur í raun og veru allt aðra hugsun en hann opnaði fyrir kosningar. Ég tek dæmi úr Tímanum laugardaginn 19. okt. Þar er vitnað í ráðherrann á flokksráðsfundi Sjálfstfl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við getum ekki mælt með þeirri byggðastefnu sem felst í því að sérhverju fyrirtæki skuli hjálpað, hvernig svo sem því fyrirtæki er stjórnað og hvernig svo sem tilverumöguleikar þess án eiginlegra styrkja og stuðnings geti verið."

Þetta er nokkuð nýtt. Og enn vil ég vitna í hæstv. ráðherra, á Rás 1, í hádegisfréttum, 18. okt. Þar segir ráðherra, með leyfi forseta:

„Óhjákvæmilegt er að fara nákvæmlega ofan í þessa þætti og skoða hvað er að gerast, skoða hvort það geti verið að víða um landið sé launum manna og þjónustu á vissum stöðum haldi niðri vegna þess að fyrirtækin

eru óhagkvæm og byggðin of smá, vegna þess að sameining og hagræðing hefur ekki átt sér stað og vegna þess að tilteknar byggðir geti tæpast lengur átt rétt á sér."

Hér er ég líka með tilvitnun í Rás 2, 17. okt., Þjóðarsálina. Þar er hæstv. ráðherra að ræða við Eirík Stefánsson sem býr á Fáskrúðsfirði, en þaðan munu afi og amma ráðherrans hafa verið. Þar segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Við erum ekki að lofa því, ég verð að taka það fram, við erum ekki að lofa því að setja peninga í hvert einasta byggðarlag í landinu og halda þeirri skipan sem nú er."

Hér kveður vissulega við gjörbreyttan tón hjá formanni Sjálfstfl. eftir kosningar frá því sem var fyrir kosningar. Nú er það ekki lengur hvarvetna um landið sem lífvænlega byggð verður að finna, heldur er opnaður sá möguleiki að breyta skipaninni eins og hún er, leggja af einstök byggðarlög. Meira að segja er opnuð ný hugsun, að það geti verið að það fólk sem býr í einhverjum ótilgreindum byggðarlögum, sem ekki hefur fengist upplýst hver eru, eru þjóðfélaginu svo dýr að verið gæti að það fólk væri þess valdandi að halda niðri launum fólks annars staðar.

Ég spyr: Hvar er það á Vestfjörðum sem fólk býr í sjávarplássum sem eru þjóðfélaginu svo dýr að það veldur því að kjörum fólks í Reykjavík er haldið niðri? Og ég spyr enn vegna þeirrar tilvitnunar sem ég var með í hádegisfréttir á Rás 1 18. okt.: Hvaða byggðir eru það sem geta tæpast lengur átt rétt á sér, hæstv. forsrh.? Út frá hvaða mælikvörðum er það fundið að einhver byggð sé þannig að hún eigi ekki rétt á sér? Hvaða mælistiku bregða menn á loft til að reikna það út?

Til þess að varpa skýrara ljósi á baksvið þessa nýja hugsunarháttar vitna ég í annan borgarfulltrúa í Reykjavík sem hefur þá stöðu og þann trúnað og traust innan Sjálfstfl. í Reykjavík að honum hefur verið lyft til þeirra metorða að verða formaður SSH eins og það heitir, Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sá ágæti borgarfulltrúi heitir Sveinn Andri Sveinsson. Hann hefur ekki þá skoðun að það halli á landsbyggðina í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Hann hefur hina þveröfugu skoðun og telur að of mikið sé gert fyrir landsbyggðina og fyrirtæki þar borið saman við fyrirtæki hér á höfuðborgarsvæðinu þannig að rekstrarumhverfi sé óheilbrigt á þann veg að það sé of gott á landsbyggðinni en ekki nógu gott á höfuðborgarsvæðinu. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 20. okt. segir svo, með leyfi forseta :

„Í erindi Sveins Andra kom fram skoðun hans að flutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins þyrfti ekki að vera vandamál. Landsbyggðin stæði ekki jafnfætis höfuðborgarsvæðinu varðandi menntað og þjálfað vinnuafl. Sterkur borgarkjarni hlyti að taka til sín hæfasta og menntaðasta vinnuaflið því að þar væri aflvaki framfara á sviði nýsköpunar hvort sem um væri að ræða atvinnu eða í menningarlífi."

Þar er Paradís á jörð, virðulegur forseti. Þetta er sjónarmið Reykjavíkuríhaldsins sem leggur þessari ríkisstjórn til oddvitann til að framfylgja stefnu Reykjavíkuríhaldsins. Þetta er það baksvið sem ríkisstjórnin byggir sínar áherslur á í byggðamálum. Og hæstv. forsrh. leggur til meira til þess að menn geti glöggvað sig vel á því hvernig hann skilgreini vandamálin. Með leyfi forseta vitna ég til stefnuræðu hæstv. forsrh. sem flutt var 10. okt. sl.:

„Þá hafa svonefndar björgunaraðgerðir, þar sem stofnað var með erlendum lántökum til nýrra millifærslusjóða, ekki leyst nokkurn vanda. Í stað þess að taka á rekstrarvanda, sóun og óráðsíu voru fjármunir þessara sjóða notaðir eins og deyfilyf sem dælt var í helsjúkt atvinnulífið. Á meðan lyfin verkuðu var látið sem allt væri komið í samt lag. Því miður var þá horft fram hjá því að erfið staða fyrirtækjanna gæti stafað af mistökum eða óvarkárni stjórnenda þeirra. Þetta var þáttur í stefnu fyrrv. ríkisstjórnar sem ekki vildi beita almennt viðurkenndum hagstjórnaraðferðum en trúði á lækningamátt opinberrar íhlutunar. Í stað þess að hamla gegn útgjaldaþenslu ríkissjóðs og búa útflutningsgreinum viðunandi starfsskilyrði voru skattar hækkaðir, raunvextir hækkuðu sífellt og erlendu lánsfé var beint í gegnum millifærslusjóðina til að lina þjáningar þeirra fyrirtækja sem verst stóðu að mati trúnaðarmanna ríkisstjórnarflokkanna í sjóðunum.

Þessir stjórnarhættir sem hér er lýst höfðu ekki aðeins í för með sér mismunun fyrirtækja heldur komu þeir í veg fyrir eðlilega þróun atvinnulífsins þar sem þeim var haldið á floti sem nutu velvildar stjórnarherranna."

Hverjir gengu á fund hæstv. forsrh. í gær? Hverjir skyldu það hafa verið? Voru það menn sem komu á vegum fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum vegna mistaka eða óvarkárni stjórnenda þeirra fyrirtækja? Voru það menn sem komu á vegum fyrirtækja sem nutu velvildar trúnaðarmanna fyrrv. ríkisstjórnarflokka? Voru það menn sem komu frá fyrirtækjum sem var haldið á floti vegna þeirrar velvildar?

Hæstv. forsrh. hefur sagt mikið og ég er út af fyrir sig nokkuð undrandi á því að þingmenn Sjálfstfl. skuli láta bjóða sér slíkan málflutning í ljósi þeirrar samþættingar á Sjálfstfl. og atvinnulífi sem er víða um landið og kannski ekki hvað síst á Vestfjörðum.

Þetta er málflutningurinn sem menn hafa mátt búa við eftir kosningar, svo burðugur sem hann nú er og svo heilsteyptur sem hann er. Þetta er ein mesta kúvending sem ég hef orðið vitni að hjá einum stjórnmálamanni eftir því hvort hann talar eftir kosningar eða fyrir. Það væri helst hæstv. heilbrrh. sem kæmist með tærnar þar sem hæstv. forsrh. hefur hælana í þeim efnum.

Hvenær vill forseti gera hlé á fundinum? (**Forseti:** Ef hv. þm. á mikið eftir af sinni ræðu yrði forseti að biðja hann að gera hlé á henni, en hins vegar er allt í lagi að halda áfram enn um sinn.) Virðulegur forseti. Ég er rétt að ljúka inngangi að ræðu minni þannig að nokkuð er eftir. (**Forseti:** Sé svo og ef það er heppilegt fyrir hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni núna væri það kannski ekki verra. Hann héldi þá áfram í kvöld þegar fundur hefst að nýju kl. 9.) Til að hafa skýr kaflaskil gæti ég haldið áfram svona í 5–7 mínútur.

(**Forseti:** Já, það er í lagi. Forseti er sammála því.)

Ég lýk inngangi að ræðu minni með því að vitna til ummæla nokkurra manna einmitt um þennan nýja hugsunarhátt sem hin nýja viðreisnarstjórn hefur teflt fram. Ég ætla ekki að þreyta menn á því að vitna í menn eins og hv. 1. þm. Vestf. Mönnum er það öllum í fersku minni hver afstaða hans er. Ég dreg fram aðrar tilvitnanir sem hafa kannski ekki verið settar fram áður til að gefa þessu meiri breidd. Mig langar t.d. að vitna í grein í Þjóðviljanum 25. okt. þar sem rætt er við sveitarstjóra á Vestfjörðum. Ég vitna í tvo þeirra. Annar heitir Einar Mathiesen og er sveitarstjóri á Bíldudal. Hinn heitir Snorri Sturluson og er sveitarstjóri á Súgandafirði.

Ég vitna fyrst, virðulegur forseti, í Einar Mathiesen, sveitarstjóra á Bíldudal, sem mér skilst að sé héðan af höfuðborgarsvæðinu og (**ÓÞP:** Og af góðum ættum.) af góðum ættum, rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Forsenda þess að byggðarlögin á Vestfjörðum geti lifað er að fyrirtæki sem þar eru starfrækt geti skilað hagnaði. Atvinnulíf á Vestfjörðum er mjög einhæft, byggðin stendur og fellur með fyrirtækjum í sjávarútvegi. Núverandi fiskveiðistjórnun hefur haft mikil áhrif á byggðina hér og leitt til þess að minni afli er dreginn á land en áður. Við Vestfirði eru fengsælustu fiskimið þjóðarinnar og því ætti að vera þjóðhagslega hagkvæmt að sækja á miðin frá plássum héðan ef allt væri með felldu. Ég tel að úthluta verði mun meiri kvóta til Vestfjarða en nú er gert, en það getur ekki orðið nema fiskveiðistefnan verði endurskoðuð. Svo og þarf að renna styrkari stoðum undir sjávarútvegsfyrirtækin hér, en eins og allir vita er eigið fé þeirra nánast upp urið."

Ég hef nú ekki séð að núv. ríkisstjórn væri að vinna samkvæmt þessum ráðleggingum. Sveitarstjórinn á Suðureyri segir hér, með leyfi forseta:

„Ég er innilega sammála forsrh. um að það verði að færa fólk saman þannig að til verði þéttari atvinnu- og félagslegar heildir. En það eru tvær leiðir til þess að ná þessu markmiði. Önnur er hreppaflutningaleiðin sem hann vill fara og hins vegar er sú leið sem síðasta ríkisstjórn vildi fara og þar var Steingrímur J. Sigfússon í fararbroddi. Hún felst í því að stytta vegalengdirnar á milli fólksins í stað þess að flytja það yfir fjöllin."

Ég vitna líka í þriðja sveitarstjórann og hann er fyrir Ólafsvík. Viðtal við hann birtist í Vesturlandsblaðinu sem ég var að fá í hendur í dag. Hann segir, með leyfi forseta:

„„Þegar ég kom hingað skuldaði bærinn 230 millj. kr. og þar af voru 100 millj. í vanskilum. Við vorum búnir að koma þessum skuldum niður í 165 millj. og vorum hættir að borga dráttarvexti. Með þessari þátttöku okkar í atvinnulífinu erum við nú komnir í sömu skuldastöðu og við vorum í áður", segir Stefán. „Munurinn er hins vegar sá að við höfum verið að fjárfesta tímabundið í undirstöðu lífsins hér í byggðarlaginu. Það er munur á fjárfestingu okkar í atvinnulífinu og byggingu félagsheimilisins. Menn skulu ekki gleyma því. Það var nánast um tvennt fyrir okkur að ræða, að ráðast í þessar aðgerðir eða taka saman pjönkur okkar og fara héðan", sagði Stefán. Hann segir að stjórnvöld virðist stefna að því að koma byggðum eins og Ólafsvík í eyði." Það er mat sveitarstjórans í Ólafsvík á stefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Mig langar að lokum til að vitna í einn góðan mann vestur á Ísafirði sem heitir Halldór Hermannsson og var eitt sinn í framboði vestur á fjörðum fyrir sjálfstæðismenn, ekki Sjálfstfl., því að hann kaus að fylgja Sigurlaugu Bjarnadóttur frá Vigur sem gengur illa að skilja byggðastefnu ríkisstjórnarinnar um þessar mundir eins og fleirum. Halldór Hermannsson hefur sína skoðun á því hvað beri að gera og hvað ríkisstjórnin hafi verið að gera. Hann segir, með leyfi forseta:

„Allt frá stofnun þessarar ríkisstjórnar sem nú situr hefur hún verið að reka slagbranda fyrir tómar hlöður. Það verður með engu móti séð að þær aðgerðir einar verði okkur til bjargræðis. Framleiðslufyrirtækin rúlla nú yfir um hvert á fætur öðru og fjöldinn allur bíður þess eins að steypast í hyldýpið.

Það er nú svo komið að stærstu frystihúsin eru mörg hver á horriminni og hanga nú aftan í taglinu á útgerðinni sem er það eina sem einhverjum hagnaði skilar, m.a. vegna hagstæðs verðs á erlendum ferskfiskmörkuðum. Stór hluti rækjuiðnaðarins er á fjórum fótum undan brekkunni. Þorskveiðarnar, sem eru í helsi trúarbragða, hafa verið skornar niður um ⅙ hluta. Áratugurinn 1980–1990 hefur verið samfelld martröð fyrir þá sem hafa verið að framleiða matvæli til útflutnings. Þar voru stærstu skaðvaldarnir röng gengisstefna og okurvextir. Landsbyggðirnar lifa á því að framleiða mat. Það er því nú svo komið að það stendur varla steinn yfir steini hvað varðar fjárhagsstöðu fyrirtækja með örfáum undantekningum."

Síðan kemur nokkuð skemmtileg samlíking Halldórs Hermannssonar sem lýsir að hans mati vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar. Ég tek fram að þessi grein birtist í Fiskifréttum 8. nóv. sl. Hann segir, með leyfi forseta:

„Atvik kemur í hugann úr bernsku. Við börnin á Barði gengum fram á belju sem hafði dottið ofan í djúpan skurð í Ögurtúninu. Höfuðið stóð upp úr og aðeins örlaði á hrygg og afturenda skepnunnar upp úr vatnsleðjunni. Við kölluðum á hjálp. Ragnhildur óðalsbóndi og einn vinnumanna hennar, nefndur Guji angi, maður ljúfur en upplýstur í minna lagi, komu á vettvang. Ragnhildur bar í hendi sér keyri og þar sem hún kemur að skurðinum byrjar hún að dangla með keyrinu í afturenda skepnunnar. Guji angi sá strax að þetta var hið mesta ráðleysi og segir stundarhátt: „Það dugir ekki að berja beljuna, Ragnhildur mín." Það voru orð að sönnu. Til mátti kalla flokk fílefldra manna til að grafa skepnuna upp úr skurðinum og tók það alllangan tíma.

Atvinnufyrirtækin eru sokkin ofan í djúpan skurð. Það er svo að sjá sem ríkisstjórnin sé að reyna að beita keyrinu til þess að reka þau upp úr. Það mun ekki duga frekar en með beljuna í Ögri forðum daga."

Tilvitnun lýkur, virðulegi forseti, og hér er gott fyrir mig að gera hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Þá mun ég halda áfram þar sem

frá var horfið. Í ræðu minni var ég búinn að rekja pólitískt baksvið núv. ríkisstjórnar og búinn að draga fram áherslur hennar í byggðamálum og hugmyndafræði. Jafnframt var ég búinn að rekja álit nokkurra sveitarstjóra á þeim hugmyndum og ég greindi frá áliti valinkunns sjálfstæðismanns frá Ísafirði, Halldórs Hermannssonar, á þessari stefnu. Ég sagði að lokum rétt fyrir hlé frá dæmisögu sem Halldór rakti hér í grein sem hann skrifaði í Fiskifréttir 8. nóv. með inntakinu: Það dugir ekki að berja beljuna, Ragnhildur mín.

Það er nefnilega nokkuð rétt hjá Halldóri og að mínu viti komist að kjarna málsins þar sem hann segir og dregur upp þá samlíkingu að atvinnufyrirtæki séu sokkin ofan í djúpan skurð sem þau komist ekki upp úr að eigin rammleik en ríkisstjórnin hugsi sér að ná þeim upp úr skurðinum með því að beita keyrinu á þau óspart í þeirri von að þau, eins og beljan hjá Ragnhildi forðum, mundi rífa sig upp úr feninu. Það má líka kannski segja að ég hafi rakið þessa dæmisögu frá Ögri við Ísafjarðardjúp í þeirri von að tveir hæstv. ráðherrar skildu hana betur en aðrar líkingar. Þeir hæstv. utanrrh. og iðnrh., Jónar tveir, sem báðir eiga það sameiginlegt að hafa verið kúarektorar á þessu forna höfuðbóli Ögri í Ögursveit.

Það virðist hins vegar ekki bóla mikið á því og reyndar eru þeir tveir ráðherrar lítið gefnir fyrir að sýna sig hér í þingsölum og læt ég því þetta duga að sinni til að hafa áhrif á þá.

Það sem mestu máli skiptir er sjávarútvegurinn. Þar eru þau fyrirtæki sem að mínu mati eru föst ofan í þessum skurði og komast ekki upp af eigin rammleik. Við hljótum því í allri umræðu um byggðamál að velta fyrir okkur og hafa skoðanir á því hvað ber að gera í sjávarútvegsmálum. Ég vil draga það fram sem kom fram í viðtali í gær í Dagblaðinu við bæjarstjórann í Bolungarvík, sem hér var á ferð og hitti m.a. hæstv. forsrh. í gær. Hann segir: „Það skiptir sköpum hvað stjórnvöld gera í því máli.“ Það er einmitt annar kjarni í málinu að það skiptir sköpum hvað stjórnvöld gera í málefnum sjávarútvegsins. Málum er þannig fyrirkomið í dag að stjórnvöld verða að grípa til aðgerða til þess að bæta úr. Það er dálítið merkilegt að einmitt þessi maður, bæjarstjórinn í Bolungarvík, skuli vera að benda þjóðinni á að það séu stjórnvöld sem verði að grípa til aðgerða því hann er ekki aðeins valinkunnur sjálfstæðismaður heldur einn af stuðningsmönnum hæstv. forsrh. í formannskjöri fyrr í vor. Forsrh. sem hefur haft þá skoðun fram til þessa að ríkisvaldið eigi sem minnst og helst ekkert að gera, málin verði bara að fara eins og fara vill. Ég tel þarna um að ræða mjög alvarlega áminningu til hæstv. forsrh. frá þungavigtarmanni í hans flokki.

Ég vil fyrst, áður en ég fer yfir mín sjónarmið varðandi sjávarútveginn og hvað beri að gera, draga fram aftur og með skýrari hætti en áðan þau sjónarmið sem hæstv. forsrh. setti hér fram í stefnuræðu 10. okt. því mér þykja þau vera með slíkum fádæmum að ekki verði hjá því komist að benda nokkuð skarplega á þau og knýja fram viðbrögð frá hæstv. forsrh. í tilefni þeirra.

Hæstv. forsrh. gat um í ræðu sinni, eins og ég rakti áðan, að þessir nýju fjárfestingalánasjóðir, sem hann kallar svo, Atvinnutryggingarsjóður og Hlutafjársjóður, hafi verið notaðir eins og deyfilyf í helsjúkt atvinnulífið og að stjórnvöld sem voru að útdeila fé til þeirra sem á því þurftu að halda væru að horfa fram hjá því að erfið staða fyrirtækjanna gæti stafað af mistökum eða óvarkárni eigenda þeirra. Og enn fremur að þessi fyrirtæki nytu sérstakrar velvildar trúnaðarmanna ríkisstjórnarflokkanna þáv. og hefði verið haldið á floti með pólitískum aðgerðum sérstaklega. Þetta eru svo makalausar skoðanir að það verður ekki hjá því komist að lesa upp úr skýrslu Byggðastofnunar, sem hér er einmitt til umræðu, nokkur nöfn af lista þeirra fyrirtækja sem fengu fyrirgreiðslu úr þessum sjóði og spyrja að því hvort þessi fyrirtæki falli undir ummæli hæstv. forsrh. að þeim hafi verið illa stjórnað eða einhverjir pólitískir trúnaðarvinir þáv. ríkisstjórnarflokka hefðu haldið þeim á floti.

Ég vil nefna fyrirtæki eins og Granda hf. með 87 millj. kr. lán úr Atvinnutryggingarsjóði miðað við síðustu áramót, Hraðfrystistöðina í Reykjavík með 92 millj. kr. og ég get nefnt frá Vestmannaeyjum, Fiskiðjuna hf. 195 millj. kr., Fiskimjölsverksmiðjuna hf. 94 millj. kr., Hraðfrystistöð Vestmannaeyja 264 millj. kr., Ísfélag Vestmannaeyja 156 millj. kr., Vinnslustöðina hf. 132 millj. kr. Enn má nefna til fleiri fyrirtæki, Hraðfrystihús Eskifjarðar 132 millj. kr., Hraðfrystihús Ólafsfjarðar 96 millj. kr., Hjálm hf. 71 millj. kr., Einar Guðfinnsson hf. og dótturfyrirtæki í Bolungarvík með samtals um 350 millj. kr. Þannig get ég haldið áfram að telja upp af þessum lista fyrirtæki sem að mínu mati eiga ekki þessi ummæli skilið þó svo ég viðurkenni að ég þekki ekki til rekstrar þeirra allra og get því ekki um það dæmt. En ég býst við að hæstv. forsrh. þekki það vel til í þessum fyrirtækjum hjá vinum sínum og flokksbræðrum að hann geti leyft sér að fella slíka dóma en það er hans mál sem hann verður þá að gera upp við sig.

Ég held nefnilega að það torveldi dálítið alla umræðu og skoðanaskipti um vanda sjávarútvegsins ef menn eru búnir að grópa sig fasta í einhverjum fortíðarskýringum sem byggjast á sukki og svínaríi, pólitískum fyrirgreiðslum og þess háttar ummælum. Ég held að á meðan menn eru fastir í hugsunarhætti af þessu tagi miði okkur ekkert áfram í umræðum af þessu tagi. Því ég lít á umræðu þessa og fleiri sem vettvang til að skiptast á skoðunum, færa fram rök og gagnrök og geng út frá því sem vísu að menn taki rökum, hlýði á mál hvers annars án tillits til þess hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég vil núna fjalla um sjávarútveginn eins og hann horfir við mér og ég reyna að setja fram mínar skoðanir á því hvernig þessi atvinnugrein stendur, hvers vegna og hvað er vænlegast til ráða. Eitt vil ég segja í upphafi, sem fyrsta punkt í þessari umfjöllun um sjávarútveg, að mikið hefur dunir á okkur bæði þingmönnum og þjóðinni. Hin mikla krafa um hagræðingu í sjávarútveginum. Það hefur verið í raun og veru sleitulaus áróður m.a. frá hæstv. sjútvrh. í þessa veru

og ekki hægt að skilja hann eða aðra sem svona tala öðruvísi en að það sé gífurleg offjárfesting í sjávarútvegi og að menn verði að draga úr sukkinu með skynsamlegum hætti.

Ég er með bók sem okkur var send ekki svo alls fyrir löngu sem heitir Fjárfesting 1945–1989 og áður hefur verið vitnað til í ræðu hv. þm. Egils Jónssonar. Ég bendi á að í þeirri bók á bls. 116 er yfirlit yfir það m.a. hvernig fjárfestingin hefur skipst hér á landi á milli atvinnugreina allt frá árinu 1945 til ársins 1989. Á þessari blaðsíðu er skiptingin frá 1985–1989 sem er fjögurra eða fimm ára tímabil. Þannig er fjárfesting í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða árið 1989 8,3% af fjárfestingu þess árs. Það er með því minnsta sem gerist í þessari atvinnuvegaflokkun sem taflan byggir á. Það má t.d. nefna að annar iðnaður en ál og járnblendi er með 9,4% af fjárfestingunni eða meira heldur en sjávarútvegurinn og að verslunar-, skrifstofu-, gistihús og fleira er um 8,5% af fjárfestingunni eða meira en sjávarútvegurinn. Á öllum þessum árum er fjárfesting í veiðum og vinnslu tiltölulega lítill hluti af heildarfjárfestingu landsmanna. Allt frá því að vera 8,3% og upp í að vera 15% sem er það hæsta. Þetta segir okkur að það sé skakkt að leggja slíka ofuráherslu á að hagræða og draga úr bundinni fjárfestingu í þessari atvinnugrein því að í henni er ekki bundið það mikið fjármagn af heildarfjárfestingum okkar á undanförnum áratugum. Þetta sjáum við enn frekar á bls. 129 í þessari bók þar sem skiptingin kemur fram á þjóðarauðnum 1980–1989. Og ef við tökum síðasta árið er það sem bundið er í veiðum og vinnslu ekki nema 73 milljarðar kr. af 850 milljörðum, sem er vel innan við 10%. Mér sýnist svona fljótt á litið þetta liggja á milli 8 og 9% af heildarfjárfestingunni sem er í fiskveiðum og fiskvinnslu. Það er ekki stærri hlutur en það. Þrátt fyrir að þessi atvinnugrein skili gríðarlegum verðmætum í okkar þjóðarbú og haldi því uppi í raun og veru og geri okkur kleift að lifa nútímalegu lífi og skapa þjóðfélag sem líkist erlendum þjóðfélögum í Evrópu.

Ef menn vilja nýta fjárfestingu betur eiga þeir að líta á aðra liði en þessa tvo. Þetta eru ekki þær fjárfestingar sem hafa verið okkur dýrastar í gegnum tíðina og ekki þar sem vænlegast er að skera niður. Ég nefni sem dæmi að á síðustu þremur árum er fjárfesting í veiðum og vinnslu innan við 4 milljarða kr. fyrir árið 1990, 1991 og áætlað fyrir árið 1992. Til dæmis í áætlun fyrir árið 1992 er fjárfesting áætluð 76 milljarðar. En í veiðar og vinnslu er áætlað að fari 3,7 milljarðar. Þannig að þarna liggur ekki eyðslan í fjárfestingu hjá landsmönnum. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að menn hafi í huga og geri sér grein fyrir að þessi atvinnugrein er ekki yfirhlaðin fjárfestingu. Því fer víðs fjarri. Miðað við ástandið og þá fjárfestingu sem liggur í henni í dag skilar hún gríðarlegum arði inn í þjóðarbúið á hverju einasta ári. Sá arður lendir að minnstu leyti hjá fyrirtækjunum sem eru í þessari atvinnugrein. Að jafnaði er hann að mestu leyti þjóðnýttur í gegnum gengisskráningu. Það sem menn hafa gert á undanförnum nokkrum árum er að haga gengisskráningunni þannig að menn hafa tekið meira út úr þessari atvinngrein en hún gat borið sem þýðir einfaldlega að skuldir hafa safnast upp í þessari atvinnugrein umfram það sem eðlilegt er. Þetta er í raun og veru kjarninn á því og skýringin á því hvers vegna svo er komið hjá sjávarútveginum.

Ég hef áður nefnt það sem dæmi að fastgengisstefnan á árinu 1988 hafi framkallað um 10% tap í sjávarútvegi sem þýðir á verðlagi í dag, með þeim vöxtum sem það tap hefur hlaðið á sig á þremur árum, um 10 milljarða kr. svo að ég nefni bara einn þátt í skuldsetningu atvinnugreinarinnar. Það er ekki hægt að velta því yfir á eigendur fyrirtækisins að þeir beri ábyrgð á þessu atriði því að hér var um hreinræktaða miðstýrða pólitíska aðgerð að ræða. Hvað svo sem okkur finnst um eigendur einstakra fyrirtækja getum við ekki lagt það á þá að bera ábyrgð á þessu máli sem ég var að tiltaka.

Ég er sammála Halldóri Hermannssyni í því sem ég vitnaði til áðan að meginskýringin er gengisskráningin og háir vextir. Því hlýtur að vera grundvallaratriði í allri efnahagsstjórnun stjórnvalda á hverjum tíma að gengisskráningin sé rétt þannig að unnt sé að reka fyrirtæki í sjávarútvegi með hagnaði og að vaxtastigið sé ekki með þeim hætti sem verið hefur nær samfellt allar götur síðan 1985 því að það vaxtastig getur engin atvinnuvegur þolað til langframa, það er útilokað, hvorki hérlendis né erlendis.

Ég get nefnt til samanburðar að það fjármagn sem er í Atvinnutryggingarsjóði, um 9 milljarðar kr., svarar nokkurn veginn til þess taps sem ég hef áætlað að hafi orðið af þessari einu stjórnvaldsaðgerð árið 1988, fastgengisstefnunni, sem er eins og Einar Oddur orðaði það í sjónvarpinu í kvöld: „Stjórnvöld bjuggu til tap í atvinnugreininni. Síðan komu menn með peninga til að lána okkur fyrir tapinu svo að við gætum haldið áfram að tapa.“ — Þetta er vandamálið og stærsta skýringin á vandamálinu. Ég hafna því og þeim málflutningi að það sé grundvallaratriði í þróun atvinnugreinarinnar í framtíðinni að það þurfi að hagræða einhver gífurleg ósköp. Ég hafna þeirri skýringu. Hins vegar er ég sammála því og vil láta það koma fram að ég tel að atvinnugreinin geti skilað enn meiri arði en hún gerir nú þegar. Það er vissulega hægt að reka hana með hagkvæmari hætti og þá kemur það okkur öllum til góða og ég er líka viss um að þeir sem eru í þessari atvinnugrein munu fara inn á þær brautir með tíð og tíma og eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum tíma og hverjum stað. Því mun það verða þannig í framtíðinni að atvinnugreinin mun skila meiri arði en hún gerir í dag. Eitt af því sem ég sé fyrir mér að gerist í náinni framtíð er að menn munu sameinast í ríkari mæli um reksturinn, bæði á sviði veiða og vinnslu. Það mun skila þeim fyrirtækjum hagræðingu og peningum til að byggja sig upp.

Við getum litið þannig á vanda sjávarútvegsins að þar er í fyrsta lagi sú mikla skuldsetning sem hann er í núna og menn verða að taka á. Í öðru lagi þarf að skapa atvinnugreininni það rekstrarumhverfi að hægt sé að reka fyrirtækin með þokkalegum hagnaði. Enn sem komið er hefur ekkert bólað á því af hálfu stjórnvalda

að þau hyggist grípa til aðgerða á þessum sviðum. Í mínum huga er það sem þarf að gera til að tryggja rekstrarumhverfi í framtíðinni svo hægt sé að reka þessi fyrirtæki, í fyrsta lagi að tryggja það að gengið sé skráð með viðunandi hætti út frá stöðu sjávarútvegsins. Ég er þeirrar skoðunar að í dag er t.d. um að ræða hágengi, gengið er of hátt skráð miðað við það sem þessi atvinnugrein þolir. Í öðru lagi þarf að lækka vexti verulega. Þegar menn hafa í huga að heildarskuldir þessarar atvinnugreinar eru um 85.000 millj. kr. segir sig sjálft að það skiptir gríðarlega miklu máli hvort menn eru að borga 10% raunvexti eða t.d. helminginn af því. Þetta þarf að gera til að menn geti komist áfram í sínum rekstri, almennt séð.

Þá spyrja menn: Hvað á að gera til að bregðast við aflasamdrætti sem er augljós á næsta ári? Þar hef ég bent á og bendi enn á að við vorum á síðasta ári með um 270.000 tonn af botnfiski sem var unninn annars staðar en í landi, um 150.000 tonn af fiski sem var fluttur óunninn úr landi og 120.000 tonn af fiski sem var unninn úti á sjó í frystitogurunum. Það er verkefni stjórnvalda að beina hluta af þessum afla inn í vinnsluna í landi og gera þar með tvennt í einu, að halda uppi fullri atvinnu á þessum stöðum og auka verðmæti þess afla sem við drögum úr sjó því það hef ég líka nefnt áður að útflutningsverðmæti úr landfrystihúsi er meira en úr sjófrystingu eða ísfiski og gámafiski sem fluttur er til útlanda. Með þessu ynnist því það að við fengjum meiri fisk í frystihúsin, sem við þurfum, og við fengjum meiri verðmæti út úr aflanum en nú er. Þetta er tiltölulega auðvelt að gera og bæta þannig landfrystihúsunum að verulegu leyti upp þann aflasamdrátt sem er fyrirsjáanlegur.

Hvernig á að bregðast við þeim vanda? Hvernig á að taka á þeim skuldum sem í dag hvíla á sjávarútvegsfyrirtækjum? Það er sjálfstætt viðfangsefni sem menn verða að finna lausn á. Ég er þeirrar skoðunar að skuldirnar séu í raun verulega umfram það sem þessi atvinnugrein getur borið og er þar með líka að segja að ég tel að skuldir hjá mjög mörgum útgerðar- og vinnslufyrirtækjum séu meiri en nokkur von er til að þau muni geta risið undir. Því hljóta allar aðgerðir við þessum vanda að miða að því að lækka skuldir og það eru í sjálfu sér ekki mjög margar aðferðir til þess.

Hæstv. forsrh. hefur haldið mikið upp á eina aðferðina sem er að senda fyrirtækin í gjaldþrot. Vissulega er það ein leiðin til að afskrifa skuldir. Sú leið hefur að vísu þann annmarka miðað við núverandi kvótakerfi að við setjum hagsmuni íbúanna í viðkomandi byggðarlagi í uppnám. Kvótakerfið, með þeim annmarka að rétturinn til veiða gengur kaupum og sölum, hefur það í för með sér að sú aðferð sem hæstv. forsrh. mælir með er ákaflega torfarin svo að ekki sé meira sagt. Vilji stjórnvöld halda sig við þessa leið ráðherrans verða menn að grípa til þess að breyta lögunum um stjórnun fiskveiða til þess að íbúar í viðkomandi byggðarlögum eigi þá möguleika á að geta reist ný fyrirtæki á rústum þess sem áður var.

Önnur leið til að lækka skuldir viðkomandi fyrirtækja er einfaldlega sú að fá nýja aðila með peninga inn í fyrirtækin. Það er leið sem annar sjálfstæðismaður, Sverrir Hermannsson, bankastjóri Sjálfstfl. í Landsbankanum, hefur haldið fram. Hann leggur að sveitarstjórnum að ganga inn í útgerðar- og vinnslufyrirtækin með fé og taka þannig á sig nokkrar klyfjar. Staðan er þannig í þessum byggðarlögum að menn vilja flest það gera sem kemur í veg fyrir að þeir missi sitt lífsviðurværi og tilverugrundvöll og því er það í æ ríkari mæli sem sveitarstjórnir eru að ganga inn í atvinnufyrirtækin og mynda jafnvel bæjarútgerðir. Þetta er þrautalending sem mér líst illa á. Ég tel sveitarstjórnirnar ekki vera í stakk búnar til að valda þessu verkefni og að það muni hamla mjög allri framþróun á landsbyggðinni ef sveitarstjórnirnar verða næstu 10 árin bundnar við að borga niður skuldir sem þær taka á sig vegna þessara fyrirtækja.

Hvernig svo sem menn vilja útfæra leiðina til að ná tökum á þeim skuldavanda sem menn búa við í dag er ég samt alveg sannfærður um að allar leiðir byggjast á því að afskrifa skuldir með einum eða öðrum hætti, breyta þeim í hlutafé, fella þær niður eða að sveitarfélögin komi inn og taki þær á sig — eða gjaldþroti sem er ein leiðin. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld marki sér stefnu í þessu máli þannig að íbúarnir í byggðum landsins fái sem fyrst vitneskju um það hvaða leið stjórnvöld hyggjast fara þannig að menn geti þá vitað hvar þeir standa og gripið til sinna aðgerða vitandi alla vega af stuðningi stjórnvalda í ákveðnum aðgerðum.

Eitt langar mig að nefna sem ég tel að heimamenn geti vel og eigi að líta á við þær aðstæður sem eru nú og það er að athuga hvort menn geti sameinast um útgerð fyrir fleiri en eitt byggðarlag. Það er fyrirsjáanlegt, miðað við þann kvóta sem áformaður er á næsta ári, og kannski verður hann svipaður á næstu árum þar á eftir þannig að einhver bið verði á að hann aukist, að við erum með of marga togara til að veiða það magn sem má veiða. Ég tel að það væri hagsmunum heimamanna fyrir bestu að þeir fyndu þá þörf hjá sér að sameinast um það, t.d. tvö til þrjú byggðarlög, sem gætu tekið einn togara úr rekstri eða svo. Til þess þurfa hins vegar öll sveitarfélögin eða aðilar úr þeim að vera eigendur og ráðendur í slíku fyrirtæki. Það er helsti annmarkinn sem ég tel vera á þeirri leið sem valin var á Suðureyri og ég hef gagnrýnt vegna þess að þar er gert ráð fyrir að svipta heimamenn með öllu forræði yfir togaraútgerð og þeir verða þá að fullu og öllu að treysta á aðra aðila um hráefni. Það er slæmur kostur og ég hefði talið það nauðsynlegt að vildu menn slá sér saman, ættu allir aðilar að vera með í því fyrirtæki.

Eitt atriði nefni ég enn varðandi Vestfirði sérstaklega, og það hefur líka verið nefnt í fjölmiðlum að undanförnu og á það bent, að sú skerðing sem er boðuð á næsta ári og hefur verið á undanförnum árum hefur að mestu leyti verið á þorski og því komið harðast niður á þeim svæðum þar sem aflasamsetningin er þannig að menn eru að veiða að langmestu leyti þorsk. Ég tel það réttlætismál að menn leiðrétti skerðinguna með tilliti til þess þannig að ekki sé verið að leggja

misjafnlega þungar byrðar á menn eftir því hvar þeir búa og hvernig þeirra afli er samsettur.

Ég hef drepið á nokkur atriði sem ég tel að menn verði að líta á ætli þeir sér á annað borð að taka á því vandamáli sem er númer eitt, skuldavandamáli í sjávarútvegi eins og það er nú. Ég hef líka farið yfir mínar skoðanir varðandi hvað menn eigi að gera til að skapa rekstrarumhverfi fyrir framtíðina.

Sjálfsagt mætti fara ítarlegar yfir þessi mál en ég var að hugsa um að láta þetta duga varðandi sjávarútveginn að mestu. Ég nefni þó að forsíða DV í dag segir okkur hvað staðan er alvarleg á Vestfjörðum og ætti að vera mönnum næg áminning til að þeir fari að vinna að því að grípa til einhverra raunverulegra aðgerða sem ég vil kalla lausnir en ekki bráðabirgðaráðstafanir. Ég lít á það sem fram hefur komið um að lengja lán í Atvinnutryggingasjóði í tvö ár sem bráðabirgðaaðgerð sem skilar engu og þá þurfi menn að gera margt annað og þetta gæti út af fyrir sig verið einn þátturinn í því, en það væri alls ekki veigamesti þátturinn í aðgerðum.

Það er hlálegt fyrir hæstv. forsrh. að þetta sem menn nefna, að lengja greiðslutíma á lánum í Atvinnutryggingarsjóði, er ekkert annað en sértæk aðgerð. Atvinnutryggingarsjóður var í eðli sínu sértæk aðgerð og að lengja greiðslutíma þeirra lána er ekkert annað en framlenging á sértækum aðgerðum. Það er dálítið merkileg stefnubreyting hjá hæstv. forsrh. að það eina sem enn hefur komið fram og fyrsta viðurkenningin á því að stjórnvöld þurfi að hafa afskipti af þessari atvinnugrein skuli vera sértæk aðgerð.

Eitt vil ég nefna að lokum varðandi sjávarútveg. Ef við horfum fram á veginn og ímyndum okkur að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verði gerður og samþykktur er rétt að spyrja sig: Hvernig verður framtíðin á landsbyggðinni við þann samning? Það hefur verið gerð um það skýrsla þar sem menn hafa reynt að gera sér grein fyrir þeirri þróun og það er skýrsla sem unnin var af Byggðastofnun að beiðni páv. forsrh. og var gefin út í desember 1990. Það er ekki hægt að segja að þar sé dregin upp björt mynd af landsbyggðinni undir EES. Það segir hér í niðurstöðum skýrslunnar að líklegasta framvindan sé sú að stöðugt aukinn hluti hráefnis af Íslandsmiðum verði fluttur óunninn úr landi til frekari vinnslu innan Evrópubandalagsins. Þetta er niðurstaða sérfræðinga Byggðastofnunar um líklegustu framvinduna fyrir sjávarútveg og þar með landsbyggðina, að samningurinn verði hráefnissamningur. Þetta finnst mér mjög alvarleg viðvörun og á að vera mönnum hvatning til að staldra við áður en lengra er haldið og íhuga þessi mál vandlega og ræða þau. Ég vil vitna aftur í niðurstöðukaflann, með leyfi forseta. Þar segir: „Fari svo sem hér er greint fer ekki hjá því að það muni hafa verulegar afleiðingar fyrir búsetuþróun hér innan lands. Áframhaldandi vandkvæði munu verða á rekstri fiskvinnslufyrirtækja vegna mikillar skuldsetningar og minnkandi aflamagns. Það mun óhjákvæmilega leiða til gjaldþrota sem aftur leiðir til þess að fiskvinnsla mun leggjast niður á mörgum stöðum þar sem hún er stunduð nú. Um leið bregðast forsendur fyrir búsetu á flestum þeim stöðum þar sem slíkt gerist."

Þetta er mjög alvarleg niðurstaða, virðulegur forseti, um áhrif EES á landsbyggðina. Og ég tel nauðsynlegt að inna hæstv. forsrh. eftir því hvað hann hyggist gera í framhaldi af þessari niðurstöðu Byggðastofnunar. Hvaða leiðir hann hyggist fara og hvaða úrræði nota til að þessi niðurstaða Byggðastofnunar rætist ekki. Það kemur fram líka í skýrslu Byggðastofnunar að stjórnvöld geti haft áhrif á þróunina en það er dálítið merkilegt að sjá það að sú aðgerð, sem bent er á að stjórnvöld geti helst gert til að hafa áhrif á þessa þróun, eru gagnaðgerðir sambærilegar við þær sem stjórnvöld í Evrópu hafa uppi í sinni fiskvinnslu. Eins og við vitum er þessi atvinnugrein mikið ríkisstyrkt í Evrópu og það er bent á að menn verði að eyða þessum aðstöðumun. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er núv. ríkisstjórn tilbúin, fyrst hún hefur áhuga á því að gera samninga við EES og mælir með að þeir verði samþykktir, að veita sjávarútveginum sambærilega styrki og stjórnvöld í Evrópu veita í sínum löndum til sömu atvinnugreinar til að eyða þessum mismun? (**Gripið fram í:** Það verður ekki heimilt, það er þannig.) Þetta er í raun og veru það ráð sem Byggðastofnun bendir á.

Ég tel, virðulegi forseti, að ræða verði skýrslu Byggðastofnunar sérstaklega í þessari umræðu um byggðamál og fá fram viðhorf hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil að lokum fara yfir málin á heldur víðtækari hátt en fram til þessa þar sem ég hef nær eingöngu haldið mig við sjávarútveg. Ég vil setja fram þá skoðun að ég tel að byggðamál séu í raun og veru ekki til sem sjálfstætt mál eins og sjávarútvegsmál o.s.frv., eða byggðastefna sé í raun og veru ekki til sem sjálfstæð aðgreind stefna frá stefnu í hinum ýmsu málum, eins og atvinnumálum, menntun o.s.frv. Ég tel að í raun og veru felist byggðastefnan í viðhorfum manna og verkum í einstökum málaflokkum. Ég hef farið yfir sjávarútveginn og ég nefni líka menntamálin.

Byggðastefna í menntamálum felur í sér að menn eru tilbúnir til að setja á fót og efla framhaldsskóla og framhaldsmenntun í öllum fjórðungum landsins og hún felur í sér að menn eru tilbúnir að skapa fólki þau skilyrði í menntun barna sinna að sú aðstaða sem foreldrarnir búa við varðandi skólagöngu ungra barna sé ekki með öllu óviðunandi. Það sem ég hef séð til ríkisstjórnarinnar í þessum málum get ég ekki flokkað undir byggðastefnu í menntamálum. Það er ekki byggðastefna að loka Reykjanesskóla og það er ekki byggðastefna í menntamálum að draga lappirnar í uppbyggingu framhaldsmenntunar á Vestfjörðum. Og það er ekki byggðastefna að loka fyrir að fullorðið fólk á Hólmavík geti aflað sér viðbótarmenntunar í gegnum framhaldsfræðslu eða öldungadeild.

Við getum séð byggðastefnu í iðnaðarmálum, hvernig menn framkvæma iðnaðarstefnu. Mér finnst að menn geti tekið þar nokkrar ákvarðanir til að bæta úr á landsbyggðinni. Ég nefni sem dæmi skipasmíðaiðnaðinn sem stendur nú ekki allt of vel undir þeirri stefnu sem menn hafa trúað á um fríverslun á undanförnum áratug. Það mundi mikið efla byggð á Vestfjörðum ef

stjórnvöld væru tilbúin að standa að því með heimamönnum að koma upp dráttarbraut t.d. á Ísafirði þannig að þar væri hægt að taka upp togara Vestfirðinga. Við sjáum byggðastefnu hverrar ríkisstjórnar líka í samgöngumálum og þeim áherslum sem hún gefur þar upp. Og við sjáum byggðastefnu ríkisstjórnarinnar líka í húsnæðismálum, hvernig hún hagar þeim málaflokki og hvað hún er reiðubúinn að leggja af mörkum til að uppbygging geti farið fram um allt land. Það eru veruleg vandamál uppi í húsnæðismálum landsmanna eða landsbyggðarmanna öllu heldur. Við þekkjum það ástand sem verið hefur í nokkur ár að á mörgum stöðum er verð íbúðarhúsnæðis mjög lágt og það selst seint og illa. Þetta er óviðunandi ástand. Þetta er vegna þess að fólkið lítur svo á að það sé áhættufjármagn að festa sér íbúðarhúsnæði úti á landi, að menn kunni að sitja uppi með tapað fé. Menn verða að finna leiðir til að bæta úr á þessum vettvangi.

Ég hef velt nokkuð fyrir mér hvaða leiðir væru hentugastar til að bæta þarna úr og mín niðurstaða er sú að menn eigi ekki að leggja alla áherslu á að íbúðaruppbygging fari fram í gegnum félagslega kerfið, sem ég tel út af fyrir sig ágætt og nauðsynlegt að vissu marki, en það getur aldrei komið í staðinn fyrir almenna húsnæðismarkaðinn í hverju byggðarlagi. Menn verða að fá trú á því að eiga og byggja húsnæði sem byggt er á almennum lánakjörum. Til þess þarf að breyta almennum lánakjörum og til þess þurfa stjórnvöld að vera tilbúin að gefa mönnum tryggingar að einhverju marki þannig að áhættan verði minnkuð verulega frá því sem nú er. Ég tel að ef slíkt fengist fram mundi það eitt verða til þess að kaup og sala íbúðarhúsnæðis færi fram með mun eðlilegri hætti en verið hefur og yrði í raun ekki neinn baggi á ríkissjóði.

Við sjáum líka byggðastefnuna birtast í áherslum í verðlagsmálum og orkumálum. Það skiptir miklu máli að ekki sé mikill mismunur á aðstöðu manna eftir því hvar þeir búa hvað varðar t.d. orkukostnað. Þær aðgerðir, sem núv. ríkisstjórn hefur gripið til í þeim efnum, hafa reynst haldlitlar því miður og munurinn er allt of mikill á milli þeirra svæða þar sem ódýrt er að kynda og þeirra svæða þar sem það er ekki ódýrt. Menn þurfa að vera tilbúnir að færa fé frá þeim svæðum þar sem hitunarkostnaður er lágur til þeirra svæða þar hitunarkostnaður er hár og jafna með beinum pólitískum aðgerðum.

Þannig má fara í gegnum alla málaflokka og vilji menn átta sig á því hvort ríkisstjórn á hverjum tíma er hliðholl landsbyggðinni og hefur metnað að breyta þeirri þróun, sem verið hefur, eiga menn að horfa á stefnu hennar í hverjum málaflokki fyrir sig. Ég verð því miður að segja að hvíta bókin gefur mér ekki þá mynd að hér sé um að ræða ríkisstjórn sem hafi áhuga á að gera breytingar sem duga. Þvert á móti eru menn komnir með nýjar áherslur sem ekki hafa sést áður og nefni ég þá sem mesta athygli mína hefur vakið á bls. 41 í hvítu bókinni þar sem rætt er um vegamál. Þar segir, með leyfi forseta: „Unnið verður áfram að stórverkefnum, þ.e. jarðgöngum, endurbyggingu stórbrúa og framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem bættar verða og breikkaðar aðfærsluæðar inn á höfuðborgarsvæðið.“ (**ÓÞÞ:** Það er nauðsyn ef stefnan verður þessi.) Það er rétt ábenging hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að fyrst stefnan er sú að menn eigi að halda áfram að flykkjast til höfuðborgarsvæðisins þá er nauðsynlegt að hafa góðar og breiðar aðfærsluæðar inn á höfuðborgarsvæðið. Þetta stendur nú í sáttmála hæstv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Jafnaðarmannaflokks Íslands sem hefur talið sig sérstakan málsvara alþýðunnar í landinu en það er greinilegt að alþýðan í landinu á ekki lengur heima úti á landi eða það eru kannski ráð alþýðuflokksmanna að alþýðan eigi að vera fyrir sunnan, virðulegi forseti. Hver veit. Það verður fátt um svör af hálfu þeirra alþýðuflokksmanna því enginn ráðherra af hálfu Alþfl. í ríkisstjórninni er hér viðstaddur í kvöld. (**Gripið fram í:** Þeir eru úti á landi.) Þeir eru kannski ekki á landinu.

Það mætti enn halda nokkuð langa tölu og er nokkur freisting fyrir mig að fara nánar ofan í vandamál einstakra fyrirtækja á Vestfjörðum, sérstaklega í ljósi þeirra viðbragða sem fram hafa komið hjá stjórnvöldum annars vegar og hins vegar vegna þeirrar leiðar sem menn hafa valið á Suðureyri. Ég hefði talið nauðsynlegt að menn gerðu nákvæmari grein fyrir því sem þeir eru að aðhafast í þeim málum. En ég tel á þessu stigi sé rétt að bíða með það um sinn og sjá hverju fram vindur næstu daga áður en ég geri harða atlögu að hæstv. forsrh. í þeim málum. Þó verð ég að segja að þar er ekki allt með þeim hætti að ég sé ánægður og ég tel að núv. ríkisstjórn verði að viðurkenna að þetta er vandamál sem verður að taka á. Það er svo mál sem menn geta deilt um þegar tími gefst hver beri ábyrgð á því hvernig komið er og að hve miklu leyti. Það er alveg ljóst að í slíkri umræðu getur Sjálfstfl. ekki skotið sér undan ábyrgð. Þvert á móti hlýtur að dæmast á hann mjög mikil ábyrgð þar sem sá flokkur ber höfuðábyrgð á þeim tveimur þáttum sem hafa orðið afdrifaríkastir, þ.e. vaxtahækkuninni og fastgengisstefnunni. Ég tel þó að við eigum að leggja til hliðar deilur um hið liðna og við eigum að reyna að komast að einhverri niðurstöðu um hvað menn ætla að gera til að bjarga þessum plássum um allt land sem búa við mjög mikið óöryggi þessa dagana. Það hefur mest komið fram á Vestfjörðum en ég veit að það er víðar á landinu á mjög mörgum stöðum sem sama ástand mun sigla í kjölfarið innan skamms og menn kalla hver á fætur öðrum: Hvað ætla stjórnvöld að gera? Og ég spyr þess sama, hvað ætla stjórnvöld að gera í þessum málum? En ég vil ljúka þessari ræðu með að segja að í öllum aðgerðum sem stjórnvöld ætla að grípa til, ef þau á annað borð hugsa sér að gera slíkt, verður að breyta fiskveiðistefnunni. Það er lykilatriði í öllum aðgerðum. Ég bendi hæstv. forsrh. á það aftur að sú leið sem hann bendir mönnum á, að láta viðkomandi fyrirtæki fara á höfuðið, gengur ekki nema fiskveiðistjórnunni verði breytt.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Miklar umræður og um margt at-

hyglisverðar hafa orðið hér á Alþingi um byggðamál í tilefni af skýrslu forsrh. um Byggðastofnun. Það er auðvitað eðlilegt að hér fari fram ítarleg umræða um málefni landsbyggðarinnar, ekki síst með tilliti til þess ástands sem verið hefur víða um land á síðustu missirum. Það hefur mátt skilja á nokkrum þeirra hv. þm. sem hafa talað í dag að vandamál landsbyggðarinnar mætti kenna núv. ríkisstjórn. Þannig hafa a.m.k. sumir þingmenn Framsfl. hagað málflutningi sínum. En nú er ríkisstjórnin er ekki nema hálfs árs gömul og var þá kannski allt í stakasta lagi á landsbyggðinni fram að því að hún tók við?

Við skulum líta aðeins á staðreyndir um þróun mála á síðasta áratug. Þá var Framsfl. óslitið í ríkisstjórn. Á síðasta áratug, 1981–1990, fjölgaði fólki í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi úr 137.206 í 161.182 eða um tæp 24.000. Á sama tíma fækkaði fólki í landsbyggðarkjördæmunum úr 94.752 í 94.526. Með öðrum orðum, þegar landsmönnum í heild fjölgaði um 23.750 fækkaði um 226 manns á landsbyggðinni. Á þessum áratug varð bein fólksfækkun í þremur kjördæmum, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurl. v., en örlítil fjölgun varð á Norðurl. e., Austurlandi og Suðurlandi en þó langt undir landsmeðaltali. Tap landsbyggðarinnar af árlegri mannfjölgun hér á landi varð sem hér segir ef miðað er við að fjölgun landsmanna hefði skipst milli höfuðborgar og landbyggðar í hlutfalli við íbúafjölda: 1981 567 manns, 1982 857, 1983 792, 1984 1042, 1985 820, 1986 1143, 1987 1372, 1988 1641, 1989 976 og 1990 901. Samtals tapaði því landsbyggðin 10.111 manns af þeirri mannfjölgun sem varð á Íslandi á síðasta áratug.

Hver er skýringin á þessum miklu tilflutningum fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar? Samkvæmt málflutningi nokkurra hv. þm. í þessum umræðum ætti þetta að skrifast á Framsfl. sem var í ríkisstjórn allan þennan áratug en ekki ætla ég að halda slíku fram. Það sem hefur gerst á landsbyggðinni og mér finnst að mestu hafa gleymst í þessum umræðum er það að þær atvinnugreinar sem hafa borið uppi atvinnulífið þar hafa hver á fætur annarri orðið fyrir áföllum og samdrætti á undanförnum árum. Landbúnaðurinn hefur orðið að draga stórlega úr framleiðslu sinni til að laga hana að að markaðnum og enn er verið að draga úr henni. Sjávarútvegurinn hefur mátt taka á sig mikinn samdrátt vegna síminnkandi veiðiheimilda. Aflasamdrátturinn hefur að sjálfsögðu bitnað á fiskvinnslunni sem einnig hefur orðið að mæta síauknum útflutningi á ferskum fiski með flugvélum og skipum á erlendan markað. Þróun þess útflutnings varð þannig á síðasta áratug að árið 1981 var flutt út fyrir 12 millj. kr. en 1990 fyrir 8.908 millj., hvort tveggja miðað við verðlag 1. jan. 1991. Þá hefur fullvinnsla afla um borð í fiskiskipum aukist stórlega á síðustu árum og er nú stunduð á 29 íslenskum fiskiskipum. Þetta tvennt, útflutningur í gámum og vinnsla afla um borð í skipum, dregur að sjálfsögðu í stórum stíl úr vinnu í landi.

Ullariðnaður hefur dregist stórlega saman og mikill fjöldi prjónaverksmiðja vítt og breitt um landið hefur orðið að hætta starfsemi sinni. Þessar verksmiðjur voru margar hverjar með 30–50 starfsmenn og því mjög þýðingarmiklar í atvinnulífi síns byggðarlags.

Ein landsbyggðaratvinnugreinin enn sem orðið hefur fyrir áföllum er skipasmíðaiðnaðurinn. Í þeirri grein hefur orðið algjört hrun á undanförnum árum og kemur þar reyndar margt til. Í fyrsta lagi sá samdráttur sem orðið hefur hjá útgerðinni vegna minnkandi afla og í öðru lagi það að svo til öll nýsmíði skipa fer fram erlendis þar sem viðkomandi ríki niðurgreiða þær stórlega. Sömu leið fara einnig ýmis breytinga- og viðgerðaverkefni, enda er ekki nokkur leið að keppa við þessar brjáluðu niðurgreiðslur.

Ég get nefnt nýlegt dæmi þar sem boðið var út stórt verk við breytingar á fiskiskipi. Í verkið komu allmörg íslensk tilboð og einnig tilboð frá Færeyjum. Þessi tilboð voru upp á 20–24 millj. kr. Svo kom eitt tilboð frá Póllandi sem var 9–10 millj. Við slíkt er auðvitað vonlaust að keppa.

Varðandi skipasmíðaiðnaðinn verður það að segjast að stjórnvöld hafa haft afskaplega takmarkaðan áhuga á honum og lítið gert til að liðka fyrir þessari grein. Skipasmiðjurnar hafa t.d. um langt skeið mátt búa við það að útgerðarmenn hafi fengið fullkomna ábyrgð í banka fyrir greiðslum af verkum unnum af erlendum skipasmíðastöðvum en ekki hefur mátt minnast á slíkt ef verkið var unnið hér heima. Þetta finnst mér metnaðarleysi og reyndar hreinn aumingjadómur af þessari miklu útgerðarþjóð ef hún lætur skipasmiðjurnar á Íslandi deyja drottni sínum og ætlar að verða upp á aðrar þjóðir komin með þessa þjónustu. Það er spá mín að ef fari svo sannist það að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Ég hef nefnt þann mikla samdrátt sem orðið hefur í nokkrum atvinnugreinum sem að langstærstum hluta eru reknar á landsbyggðinni. Til að rökstyðja þessar fullyrðingar mínar vitna ég í atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar, en þar er birt sundurliðun á ársverkum í hinum ýmsu atvinnugreinum árin 1981–1989. Þar kemur fram að 1981 voru 8.205 ársverk í landbúnaði en 6.399 árið 1989 eða samdráttur um 1.806 ársverk. Í fiskveiðum og fiskiðnaði voru 15.719 ársverk árið 1981 en 14.893 árið 1989, samdráttur um 826 ársverk. Í vefjariðnaði, skó- og fatagerð og sútun og verkun skinna voru 2.547 ársverk árið 1981 en 1.711 árið 1989, samdráttur um 836 ársverk, og í skipasmíði og skipaviðgerðum voru 992 ársverk árið 1981 en 728 árið 1989, samdráttur um 264 ársverk. Alls er því þarna um að ræða samdrátt upp á 3.732 ársverk í þessum fjórum atvinnugreinum á níu árum. Því miður nær þessi skýrsla Þjóðhagsstofnunar ekki út áratuginn en ég fullyrði að það hefur fækkað verulega í þessum greinum síðan. T.d. er talið að í skipasmíði og skipaviðgerðum sé starfsmannafjöldi kominn niður í 500.

Í leiðinni er fróðlegt að athuga í hvaða greinum atvinnulífsins hefur fjölgað mest á þessum sama tíma. Mest hefur aukningin orðið í því sem í skýrslunni er kallað „þjónusta við atvinnurekstur“, en undir það heiti flokkast t.d. fasteignasala, myndbandaleigur, lögfræðiþjónusta, bókhaldsþjónusta, innheimtustarfsemi, hug-

búnaðarþjónusta, endurskoðun, tækniþjónusta, fjölritun, auglýsingastofur, fréttaþjónusta og fleira slíkt. Þarna hefur ársverkum fjölgað úr 2.429 árið 1981 í 5.042 árið 1989. Ársverkum við peningastofnanir hefur á sama tíma fjölgað úr 3.361 í 4.470, við veitinga- og hótelrekstur úr 2.064 í 3.236, við heildverslun úr 5.320 í 7.054, við smásöluverslun úr 7.183 í 8.429 og tryggingastarfsmönnum úr 731 í 859. Þá hefur ársverkum í byggingarstarfsemi fjölgað á þessum árum úr 10.857 í 12.354 og við heilbrigðisþjónustu á vegum einkaaðila úr 791 í 1.299.

Ef við lítum svo á hið opinbera hefur starfsmönnum þar fjölgað úr 18.995 árið 1981 í 22.221 árið 1989, starfsmönnum elliheimila úr 652 í 1.164 og við ýmsar velferðarstofnanir úr 1.874 í 3.672. Loks hefur starfsmönnum Pósts og síma fjölgað úr 1.571 í 1.795. Í þessum greinum, sem ég hef nefnt, hefur því ársverkum fjölgað á þessum níu árum úr 55.828 í 71.595 eða um 15.767 ársverk.

Þetta er orðin nokkuð löng og leiðinleg upptalning, en af henni má ráða að þær atvinnugreinar, sem mest hefur fjölgað í á síðasta áratug, eru að langstærstum hluta stundaðar á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgun ársverka í þessum greinum sem ég nefndi er hvorki meiri né minni en 15.767 á sama tíma og fækkað hefur um 3.732 ársverk í þeim fjórum greinum sem ég nefndi áðan og aðallega eru stundaðar á landsbyggðinni. Við þetta bætist svo landsbyggðinni í óhag að þær greinar, sem vonast var til að gætu komið í stað þess mikla samdráttar í landbúnaði og sjávarútvegi sem orðið hefur, hafa viljað bregðast og má nefna í því sambandi loðdýrarækt og fiskeldi. Þessum vandræðum í atvinnulífinu á landsbyggðinni hefur svo fylgt það að húsbyggingar einkaaðila hafa því sem næst lagst af og fjárfestingar eru yfirleitt mjög litlar.

Í skýrslu Byggðastofnunar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Landsmönnum fjölgaði um tæplega 1% á árinu 1990. Það var annað árið í röð sem fleiri fluttu af landinu en til þess. Búferlaflutningar milli landa hafa alltaf verið mjög sveiflukenndir, en þeir hafa endurspeglað að nokkru efnahagsástand í landinu og viðhorf til framtíðarmöguleika." Þetta held ég að þeir ættu að lesa vel sem í þessum umræðum vilja kenna núverandi stjórnvöldum um vandamál landsbyggðarinnar.

Ég er sammála því sem segir í skýrslu Byggðastofnunar, að þróun síðustu ára er óhagkvæm fyrir þjóðarbúið allt, bæði fyrir landsbyggð og höfuðborgarsvæði, og haldi sú þróun áfram sem verið hefur undanfarið ár kemur slagsíða á þjóðfélagið sem erfitt verður að rétta af. Eins og ég hef rakið hefur þessi slagsíða verið að myndast allan síðasta áratug. Byggðastefnan og þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gert í byggðamálum hafa ekki dugað. Ég er ekki að sakfella neinn í þeim efnum, ég held að þeir sem með þessi mál hafa haft að gera hafi sjálfsagt viljað vel, en árangurinn er samt ekki betri en þetta og byggðastefnan hefur því að verulegu leyti brugðist. Þess vegna held ég að hv. þm. þeirra flokka sem farið hafa með landsstjórnina á undanförnum árum ættu að líta yfir farinn veg og spara stóru orðin í garð þeirrar ríkisstjórnar sem tók við völdum í vor. (**ÓÞÞ:** Og hæla henni?) Já, það fyndist mér að þeir ættu að gera.

Nokkrir ræðumenn í þessum umræðum hafa gagnrýnt hvítbókina svonefndu, þ.e. stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar er kafli um sambúð lands og þjóðar, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sú byggðastefna sem rekin hefur verið hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Íbúar heilla byggðarlaga hafa þurft að sætta sig við að afkoma þeirra og búsetuöryggi sé komið undir pólitískum duttlungum miðstýringarvaldsins. Við svo búið verður ekki lengur unað. Undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar verða að búa við sanngjörn kjör, stöðugleika og heilbrigð rekstrarskilyrði. Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum *styðja viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu á* vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar og greiða fyrir aðlögun að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Ríkisstjórnin vill í samvinnu við heimamenn beita sér fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar á landsbyggðinni og hlúa að vexti og viðgangi smáfyrirtækja. Efling vaxtarsvæðanna, með bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra, er í senn hornsteinn hagkvæmrar byggðastefnu og almennrar atvinnu- og efnahagsstefnu á næstu árum. Ríkisstjórnin *mun fylgja eftir áætlunum sínum um jöfnun* húshitunarkostnaðar í landinu. Ríkisstjórnin mun starfa í anda sátta milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir."

Ég vona að allir hv. þm. geti tekið undir þennan kafla í hvítbókinni og er nú reyndar þeirrar skoðunar *að ýmsir hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem mest hafa* skammast út í byggðastefnu stjórnarinnar hafi ekki lesið bókina nógu vel. Mér sýnist þróun byggðamála undanfarinn áratug segja okkur það að einfaldar lausnir eru ekki til í þessum málaflokki. Upphrópanir, slagorð og ásakanir í garð pólitískra andstæðinga leysa ekki vanda byggðanna. Það þarf annað að koma til.

Ég er sannfærður um að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu verður lyftistöng fyrir sjávarútvegsinn víða um land. Með því opnast nýir möguleikar sem *ég er ekki í vafa um að sjávarútvegurinn og fiskvinnslan muni njóta góðs af.*

Ég tek undir það sem segir í skýrslu Byggðastofnunar, með leyfi forseta: „Það er mikilvægt að atvinnulíf á þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar verði fjölbreyttara en það er nú. Reynslan sýnir að þeir þrífast ekki af sjávarútveginum einum saman. Það þarf því að mynda vaxtarsvæði þar sem hægt verður að byggja upp alhliða atvinnurekstur, bæði þjónustu og framleiðslu, þar sem lífskjör verða með sambærilegum hætti við það sem höfuðborgarsvæðið býður upp á og þar sem vel menntað fólk af báðum kynjum hefur möguleika á að finna störf við sitt hæfi."

Ég held að grundvöllurinn að myndun slíkra vaxtarsvæða sé bættar samgöngur og því er mikilvægt að

á næstu árum verði tekið myndarlega á samgöngumálunum. Það er eitt allra mesta hagsmunamál landsbyggðarinnar að þar takist vel til, bæði hvað varðar þjónustu á vaxtarsvæði og samgöngur milli landshluta.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið nokkuð þróun mála á landsbyggðinni á síðasta áratug og bent á að á þeim tíma hefur sigið jafnt og þétt á ógæfuhliðina í atvinnumálum utan höfuðborgarsvæðisins. Þessi upprifjun segir mér að þær aðgerðir sem beitt hefur verið í byggðamálum á þessum tíma hafa ekki reynst nægilega vel. Þó er engin ástæða til að láta hugfallast. Það sem landsbyggðin þarfnast mest er aukin fjölbreytni í atvinnulífið og að grundvöllur þess sé tryggður. Það ásamt bættum forsendum tel ég að sé forsendan fyrir því að landsbyggðin eflist á ný.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu ársskýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1990. Umræður eru orðnar alllangar og hafa farið út um víðan völl eins og menn hafa heyrt. Ég tel að í þessari ársskýrslu komi fram starfsemi þessarar stofnunar, en hins vegar hafa margir rætt um byggðamálin almennt, rætt um það sem hefur verið lýst yfir í sambandi við byggðamál og Byggðastofnun. Þetta er allt saman eðlilegt.

Ég held að enginn þurfi að hæla sér af því að of mikið fjármagn hafi verið látið renna til byggðamála á undanförnum árum. Í fyrri ræðu minni um þessa ársskýrslu lagði ég á það áherslu að langstærstu og veigamestu framlögin til byggðamála voru á árunum frá 1974–1978. Þá voru framlögin á verðlagi dagsins í dag yfir 1.000 millj. á ári, en nú ná þau ekki ½ af því.

Ástandið í atvinnumálum landsbyggðarinnar er hörmulegt og ekki í samræmi við það sem sumir vildu lýsa fyrir kosningarnar á sl. vori. Var það ekki síður hluti af núv. ríkisstjórn sem lofaði það, a.m.k. veit ég það úr mínu kjördæmi að það stóð ekki á að dásama að allt væri í því besta lagi sem hægt væri að hafa það og þar á ég við einn af ráðherrum Alþfl. sem var ekki eftirbátur hinna stjórnarflokkanna sem þá voru. Annað er komið á daginn og annað heyrum við yfirleitt af öllum. Við þurfum ekki að tala um það hér á Alþingi. Við vitum að vítt og breitt um landið eru atvinnufyrirtækin að fara á hausinn, hvert á fætur öðru, en það er ekki viðreisn í því að öll atvinnufyrirtæki fari á hausinn því að um leið er kippt grundvellinum undan lífi og starfi og eignamati fólks í hinum ýmsu byggðum landsins.

Mikið hefur verið talað um það og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir áhuga ríkisstjórnarinnar á því að flytja Byggðastofnun til Akureyrar. Það væri fróðlegt að fá að vita hvað mundi kosta að byggja yfir hana á Akureyri, hvaða áætlanir hafi verið gerðar, hvað eigi að gera svo aftur við byggingar og annað sem er hér í Reykjavík. Hefur það áhrif á uppbyggingu Byggðastofnunar úti um land? Byggðastofnun hefur tekið ákvörðun um það að opna skrifstofu og hefja starfsemi á Egilsstöðum á þessu ári og hún hefur einnig tekið ákvörðun um það að flytja hluta af aðstöðu sinni og starfi til Sauðárkróks fyrir Norðurl. v. Á að breyta þessu? Á að fara fram hjá þessum ákvörðunum og færa stofnunina og starfsemi hennar til fólksins í sem flestum byggðarlögum?

Akureyri er alls góðs makleg. Hún er búin að fá ýmislegt og á eftir að fá miklu meira. Það var eftir mikla baráttu, sem við landsbyggðarþingmenn og margir þéttbýlisþingmenn studdum, að háskóli reis á Akureyri sem við fögnuðum. Eftir að hafa hlustað á vonbrigði manna út af álmálinu spyr ég: Er atvinnuástandið á Suðurnesjum ekki með þeim hætti? Mætti þá ekki reyna að flytja eitthvað af þessum ríkisstarfsmönnum þangað? Útiloka ég þá ekki flutning á Byggðastofnun til Suðurnesja. Það er verst að hæstv. iðnrh. er ekki viðstaddur. (**ÓÞÞ:** Þetta er nú í fyrsta skipti sem hann er fjarverandi.) Já, eða annað. Jæja, ég hefði gjarnan viljað fá að vita hjá honum hvort hann væri mikið á móti því ef á að fara í þessa flutninga á annað borð.

Mig langar að benda hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. á ýmislegt annað í sambandi við flutninga út á land. Hvað höfum við að gera með þetta stóra hreiður í kringum menntmrn. hér í Reykjavík? Hvers vegna má ekki flytja stjórn menntamála út í kjördæmin? Einu sinni var til fræðslustjóraembætti, sem því miður var lagt niður. Ég er einn af þeim sem átti sök á því. Ég greiddi atkvæði með því og verð að viðurkenna það en ég hef alltaf dauðséð eftir því. Þá vorum við í leiðinni að stórauka ráðuneytið þannig að þetta er stærsta og viðamesta ráðuneyti sem um getur.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði talið að nær væri að flytja allt þetta starf út í kjördæmin. Þar eru fræðslufulltrúar. Það má gera þeirra störf miklu veigameiri en þau eru núna og fækka í menntmrn. Af hverju þarf þessa miðstýringu þar? Því má ekki fækka þar? Hvað munar um þó að verið sé að flytja tæpa tvo tugi starfsmanna þessarar stofnunar, sem hér er verið að tala um, til Akureyrar en svo á ekki að hrófla við neinu öðru? Ætli Akureyri mundi ekki muna meira um að flytja alla starfsemi menntamála í Norðurland eystra? Þar á yfirstjórnin að vera og hluti sem nú er í ráðuneytinu. Það mundi muna um það að flytja hana til Austfjarða, Vestfjarða, Suðurlands og Norðurlands vestra og Vesturlands. Því ekki að taka á þessum málum? Halda menn að þeir sleppi með það að tala um stofnun sem er með 20 starfsmenn eða svo? Akureyri er þegar með starfsemi og Ísafjörður er þegar með starfsemi hvað þetta snertir.

Ég vil benda á fleira. Af hverju þarf Landhelgisgæslan að vera hérna í Reykjavík? Til hennar þurfa menn ekki að sækja sem eru að fara í bankana og fjárfestingarlánasjóðina. Hún gæti verið á Austfjörðum, Vestfjörðum. Og því er Hafrannsóknastofnun endilega hérna? Af hverju má ekki flytja hana? Má hún ekki fara til Vestmannaeyja? Ekki veitir af, nóg er um byggingarnar þar, frystihúsin, stórar og miklar hallir og lítill fiskur og fer alltaf minnkandi. Af hverju þarf Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að vera í Reykjavík? Af hverju má ekki flytja hana eitthvert út á land? Af hverju þarf Fasteignamat ríkisins að vera í Reykjavík? Af hverju má ekki vinna fasteignamat úti í kjördæm-

unum? (**Gripið fram í:** Leggja það niður.) Ja, það þarf að vera fasteignamat, við skulum nú ekki vera með svona vitleysu.

Ég held að þeir þurfi ekki allir að vera í Seðlabankanum í Reykjavík. Þeir mættu nú missa sín einhverjir út á land. (**Gripið fram í:** Það má nú leggja hann niður.) Ég vil benda hæstv. forsrh. á þetta. Ég fór nokkrum orðum um menntamálin á meðan forsrh. var frammi, að það væri töluverður hópur sem mætti koma í vinnu úti á landi og minnka miðstýringuna. Því að við erum alveg sammála, ég og hæstv. forsrh., um það að við viljum í hjarta okkar ekki hafa alla þessa miðstýringu. Við gleðjumst yfir því að Sovétríkin og Austur-Evrópuþjóðirnar sneru frá henni, sneru frá villu síns vegar. En við megum ekki detta í þá gryfju sjálfir að auka hana alltaf. Það eru viss merki á lofti hjá sumum sem börðust mjög fyrir „bákninu burt" að vilja miðstýringu. Ég get komið að því seinna, t.d. í sambandi við frv. til lánsfjárlaga. — Til þess að fyrirbyggja allan misskilning þá á ég hér við hæstv. fjmrh.

Nei, það er mikið talað um styrki, byggðastyrki, styrki og framlög. Einn hv. þm. Reykv., sem talaði hér í dag, 3. þm. Reykv., talaði um að það væri búið að *færa — hvað sagði hann —* 12 milljarða (**Gripið fram í:** 12,1.) 12,1 milljarð á sl. 20 árum frá (**Gripið fram í:** Skattgreiðendum út á land.) — skattgreiðendum og út á land. Þetta finnst mér ömurleg sagnfræði. Ég vil hressa upp á minni hv. 3. þm. Reykv. og segja honum að ég *vilji bara alls ekki sætta mig* við að Framsfl. eigi allan heiðurinn af byggðastefnu. Það vantar mikið á. Það er svo fjarri sanni að framsókn geti eignað sér það.

Mjög myndarleg framlög til byggðamála áttu sér stað á dögum viðreisnarstjórnarinnar sem við sjálfstæðismenn vitnum oft til og gerum með töluverðu stolti. Kratarnir mega gera það líka. Þá var tekin upp virkilega mikilhæf byggðastefna. Fyrst var byrjað með fremur smáum framlögum til ýmissa atvinnubóta og nefnd kjörin til þess að úthluta þeim samkvæmt umsóknum. Síðan var stofnaður Atvinnujöfnunarsjóður. Og þó hann sé nú gamall og ég ungur þá átti ég sæti í stjórn hans á tímabili. Atvinnujöfnunarsjóður fékk mikið fjármagn á sínum tíma og var mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið víða úti um land.

Það var viðreisnarstjórn þegar ákvörðun var tekin um álverið og byggingu þess. Það var viðreisnarstjórnin sem ákvað að stór hluti skattgjalds álversins í mörg ár ætti að renna til byggðamála. Að vísu kom lítið af þessu gjaldi í tíð viðreisnarstjórnarinnar því að álverið, ef ég man rétt, tók til starfa á árinu 1969 en þessi stefna var mörkuð þá. Og hún var mörkuð á þann hátt að þáv. forsrh. sagði og viðurkenndi: Við Íslendingar getum ekki byggt svona stórt og mikið mannvirki, farið í virkjunarframkvæmdir, fært atvinnu og uppbyggingu á þennan blett hér rétt sunnan við Hafnarfjörð án þess að sýna landsbyggðinni eitthvað á móti. Þá var gerð fullkomin sátt milli þéttbýlis og strjálbýlis í þessum efnum og þess vegna urðu þessi framlög til. Á svo nú í dag, eftir 20 ár, að segja: Óskaplegt er að færa allt þetta frá skattgreiðendum út á land?

Nú vil ég minna þennan hv. þm. og elskulegan flokksbróður á það að við sem erum úti á landi, við erum líka skattgreiðendur og það ekkert mjög litlir. Þetta 20 ára framlag er sama upphæð og hefur runnið í húsbréfakerfið núna á 10 mánuðum, frá janúar til októberloka. Eigum við þá að segja: Húsbréfakerfið, félagslega kerfið, Byggingarsjóður ríkisins, það hefur allt runnið frá skattgreiðendum til höfuðborgarsvæðisins af því að jafnaði fara um 75%, eða hefur gert á undanförnum árum, í byggingar í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi?

Ég segi fyrir mitt leyti að það hafa allir landsmenn jafnan rétt til íbúðarlána. Hins vegar hefur víða orðið samdráttur. En eigum við þá að tala með þessum hætti? Ég vil benda þessum hv. þm. á það í fullri vinsemd að svona málflutningur er slæmur að mínum dómi og það á engan veginn við að koma fram með slíkan málflutning.

Ég vil alls ekki, og ég endurtek það, sætta mig við það að menn leyfi sér að segja að minn flokkur hafi ekki komið nálægt því að marka byggðastefnu. Hann var að mínum dómi brautryðjandi. Og ég vil alls ekki taka undir þau ummæli þingmanns hér í dag að Framsfl. hafi kúgað okkur, t.d. ríkisstjórnina 1974–1978, til að hækka framlög til byggðamála með þeim hætti sem ég lýsti í fyrri ræðu minni. Við vorum ekkert síður áhugamenn í þessum efnum en framsóknarmenn. Ég kann bara ekki við þetta. Ég átti sæti í þeirri ríkisstjórn og ég var einmitt að fara lofsorðum í fyrri ræðu minni um þáv. forsrh. fyrir hans jákvæða hugarfar í þessum málum. Þetta finnst mér afleitur málflutningur.

Nú er svo komið víða að mikil gróska hefur verið í uppboðum og gjaldþrotum í landinu. Núv. ríkisstjórn *verður ekki kennt það, því þarf enginn stjórnarandstæðingur* að halda fram. Þetta er bara eitt af því sem fyrri stjórn skildi eftir sig og það er slóð gjaldþrota um allt. En það er eitt sem víst er að núv. ríkisstjórn tók að sér að stjórna landinu með þeim kostum og annmörkum sem það hefur að taka við slíkum stjórnarathöfnum sem hér hafa verið. Nú er það hennar að mæta aðgerðum vegna stórvaxandi erfiðleika, ekki eingöngu á landsbyggðinni. Það er margt sem hjálpast nú að að gera okkur lífið erfitt, sem ekki verður ríkisstjórn kennt um. Það eru óviðráðanlegir hlutir sem eiga sér stað sem við erum búin að margtala um, svo vandinn er mikill. Og við eigum því að horfa fyrst og fremst fram á veginn, líta á hvað þarf að gera.

Það sem þarf að gera að mínum dómi er að við þurfum að treysta grundvöll atvinnulífsins, ekki vegna einhverra ákveðinna fyrirtækja eða eftir því hvar þau eru staðsett á landinu, heldur fyrst og fremst vegna þess fólks sem býr í þessum héruðum sem eiga við erfiðleika að etja. Því að þegar fyrirtæki, sem svo að segja heldur uppi allri atvinnu, hrynur, fer á hausinn, þá fer í raun og veru allur almenningur á viðkomandi stað á hausinn líka. Verðmæti eigna fólksins á þessum stöðum það hrynur. Það er þetta sem ég tel að við verðum að hafa í huga. Það er erfitt að finna lausn á öllum þessum vandamálum. Lausnin finnst ekki í því

sem Seðlabankinn er að snupra Landsbankann fyrir þessa dagana, að hann sé með allt of mikið af fyrirtækjum í útflutningi. Það er allt í lagi að snupra Landsbankann svolítið og meira að segja fyrir þetta en þá verða þeir vísu menn, sem eru í Seðlabankanum, að benda þessum aðilum á hvaða lánastofnanir það eru sem hafa skyldur að lána atvinnulífinu, að halda atvinnulífinu gangandi og útflutningsatvinnuvegunum. Ég sé enga ástæðu til að vera með hátt á annað hundrað manns þarna ef þessar skyldur eru engar nema að láta bankaeftirlitið snupra Landsbankann. Og það er alveg merkilegt að jafnkjarkmiklir menn og eru þar á bæ að eru bara hálfbeygðir yfir þessu.

Hvað er að gerast í öðrum löndum? Segja menn þar: Við verðum að láta alla standa frammi fyrir sínum vanda? Mér finnst rétt að minna á landbúnaðarstefnu Evrópubandalagsins. Sú stefna einkennist af algjörri fríverslun með landbúnaðarvörur innan EB, vernd markaðarins gegn lágu verði á innfluttum landbúnaðarafurðum og gegn verðsveiflum, svo að segja sameiginlegri ábyrgð EB á landbúnaði í öllum aðildarlöndunum og þar með talið að standa undir kostnaði af landbúnaðarstarfseminni. Stjórnun og ákvarðanataka í landbúnaðarmálum þessara landa allra er þannig ekki í höndum aðildarlandanna heldur hjá yfirstjórn EB, þar á meðal varðandi styrki og verðákvarðanir. Útfærslan á yfirþjóðlegu valdi EB er á engu öðru sviði jafnfullkomin og að því er varðar landbúnaðarmál.

Í fyrri ræðu minni gat ég þess að styrkir EB nema nú á fimmta þúsund milljarða ísl. kr. og þar af eru til landbúnaðarmála rúmlega 2.300 milljarðar ísl. kr. Við skulum bera þetta saman við tal sumra manna hér á Íslandi á mörgum undanförnum árum, að það eigi að leggja íslenskan landbúnað niður. Af hverju gera þessar vitru þjóðir Evrópubandalagsins það ekki, að leggja niður landbúnaðinn heldur en að fara í þessa ofboðslegu styrki? Meira að segja gengur stefnan í landbúnaðarmálum svo langt að tóbaksræktendur í löndum Evrópubandalagsins, sem framleiða eitt eitraðasta tóbak í veröldinni — sem mikil tjara er í og er aðallega selt til þriðja heimsins, sennilega til þess að bæta heilbrigðisástand þar — eru styrktir með hvorki meira né minna en 90 milljörðum ísl. kr. Svona um 20 milljörðum minna en fjárlög okkar Íslendinga eru. Mér finnst rétt að nefna þetta því að bandalagið styður framleiðslu bænda innan bandalagsþjóðanna og það tryggir fyrir fram ákveðið afurðaverð. Þeir fá tryggingu þessa mikla bandalags. Jafnframt því að tryggja verðið skuldbindur bandalagið sig til að kaupa þær afurðir sem ekki seljast á mörkuðunum. Svo víðtækt er þetta nú.

Nú, þetta er ekkert smábandalag, Evrópubandalagið, sem heldur uppi meiri styrkjastefnu en nokkur önnur stofnun í víðri veröld. Evrópubandalagið greiðir ekki alla þessa styrki nema fá aftur hlutdeild í tekjum og það fær hlutdeild í virðisaukaskatti hvers aðildarríkis og það nýtur tekna af hinum sameiginlegu ytri tollum bandalagsins. Meiri hluti útgjalda þess, eða um ⅔, eru sem sagt til landbúnaðar en þar hefur bandalagið tekið við því hlutverki af hinum einstöku ríkjum að halda uppi afurðaverði, eins og ég sagði áðan, til bænda með því að kaupa upp birgðir, greiða niður útflutning og allmiklu fé er svo einnig varið til eflingar atvinnulífs í fátækum landshlutum aðildarríkjanna sem við köllum hér byggðastyrki eða framlög til byggðamála. Þetta er gert til þess að forða atvinnuleysi og svo er einnig um aðstoð við þróunarlönd að ræða sem við nefnum oft að við gerum of lítið af.

Nú kem ég að því sem skiptir okkur mestu máli. Á sama tíma og við lítum á þetta sterka bandalag og styrkjastarf þess til atvinnulífs verður íslenskt atvinnulíf að byggja sig upp sjálft með lánum og það dýrum lánum, bæði innlendum og erlendum. Það verður að byggja hér upp fiskvinnslu til að vinna úr afurðum okkar og við erum svo óheppin og skilningssljó að við erum sífellt að flytja meira og meira út óunnið af okkar afurðum. Við erum að fjölga vinnslustöðvunum á sama tíma og samdráttur verður í afla samkvæmt ákvörðun stjórnvalda ár eftir ár. Þá erum við að fjölga fiskvinnslustöðvunum með því að flytja sífellt meira til vinnslu út á sjó. Og enn þann dag í dag er verið að fjölga vinnslustöðvunum. Fiskveiðasjóður var núna nýlega að ákveða að lána til skipasmíða og það eru svo að segja allt nema eitt, ef það er þá eitt, fiskiskip sem hafa frystimöguleika úti á sjó. Við erum að koma upp fiskmörkuðum í landi og fiskverð hefur hækkað meira en afurðaverð á unnum fiskafurðum hefur hækkað. Þetta er ein skýringin á því að hallarekstur er í þessari atvinnugrein allt of víða. Á sama tíma taka erlendar fiskvinnslustöðvar við því hráefni sem keypt er hærra verði af því að þeir geta reist sínar stöðvar fyrir styrki frá Evrópubandalaginu og frá heimalöndum sínum eins og t.d. var gert í Bretlandi á Humbersvæðinu svo að dæmi séu nefnd.

Ýmsir hafa nefnt erfiðleika Vestfjarða núna og þeir eru miklir og það getur hver láð mér sem vill að ég tek það mjög nærri mér en reyni þó að berjast eins og hægt er fyrir auknum skilningi á því að leysa þau vandamál og vandræðamál. Ég bendi á að höfuðástæðan fyrir því hvernig komið er þar er fiskveiðistjórnunin vegna þess að þar hefur fyrst og fremst verið dregið úr þorskveiðinni. Þorskveiðin er í hærra hlutfalli hjá vestfirskri útgerð en víðast hvar annars staðar. Fyrstu takmörkununum í því náðu Vestfirðingar vel upp með stóraukinni grálúðuveiði. Það kom einnig kvóti á hana. Þar við bætist að í þessum landshluta eru í raun og veru ekki aðrar atvinnugreinar en sjávarútvegur og því er hlutfall allra Vestfirðinga í þeirri atvinnugrein hærra þegar á heildina er litið þó að til séu svæði í sumum kjördæmum sem eru fyllilega sambærileg. En alls staðar eru aðrar atvinnugreinar hlutfallslega sterkari. Þetta er höfuðatriðið í sambandi við þessa miklu erfiðleika sem þar eru og að fá slíkan niðurskurð ár eftir ár hefur þær afleiðingar að þarna er dregið úr. Hvar er ódýrara og hagkvæmara að fiska þorsk en rétt hjá þeim miðum? Hvergi annars staðar. En það er ekki í neitt að fara.

Nú vil ég venda mínu kvæði í kross og biðja hæstv. forsrh., sem er viðurkenndur dugnaðarforkur, að taka sig til og fara í alvöru að flytja starfsemi út um land-

ið til styrktar þessum byggðarlögum eins og ég var að nefna. Það væri myndarlegt átak að taka þessa starfsemi sem ég nefndi. Ég er ekki svo eigingjarn eða frekur, þó ef til vill kannski eitthvað, að ég krefjist þess að það eigi að færa allt til Vestfjarða. Ég held að við verðum að láta þetta fara víðar því að erfiðleikarnir eru víða, sérstaklega í sjávarplássunum. Þá mundum við fljótlega ná saman um byggðastefnu ef þannig væri unnið að málum. En ég tek það einu sinni enn fram að fyrrv. stjórnarflokkar hafa því miður ekki af neinu að státa í framlögum til byggðamála á síðustu árum. Því miður. Veit ég þó að ýmsir þingmenn úr þeim flokkum hafa verið mér sammála í þeim efnum.

En það er engin lausn á vandanum í dag að tala sífellt um það sem var heldur eigum við að gera okkur grein fyrir því sem er og jafnframt að reyna að finna lausn á því hvernig það á að verða.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér mun umræða að sjálfsögðu fara fram áfram en mér þykir það sanngjarnt að vara þá hv. þm. Sjálfstfl. við sem hafa talað í þessari umræðu og eru fjarverandi. Mér er illa við að skamma fjarverandi menn. Mér er illa við það og teldi að sanngjarnt væri að forseti léti þá vita að það er óhjákvæmilegt miðað við þá umræðu sem farið hefur fram í dag að nokkrum orðum verði vikið að þeirra málflutningi. Ég veit ekki betur en þeir hafi þingskyldu sem aðrir að vera hér á kvöldfundi og vænti þess að forseti sjái til þess að þeim verði gert viðvart þannig að það liggi þá ljóst fyrir að þeir séu ekki skammaðir hér í fjarveru án þess að þeir hafi fengið að vita það að þeir yrðu teknir með í umræðuna.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti mun gera það sem hægt er í því að uppfylla óskir þingmannsins.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að bæta nokkrum orðum við þessa umræðu þótt hér hafi fallið mörg ágæt orð og margt verið sagt og kannski erfitt að bæta við þá visku sem komin er fram.

Þegar ég hugsa um byggðamál og út frá þeim umræðum, sem hér hafa orðið um skýrslu Byggðastofnunar, velti ég því fyrir mér hvernig þessi byggðamálaumræða og atvinnulíf á landsbyggðinni tengist atvinnumálum okkar almennt. Ég held að vandi atvinnulífsins á landsbyggðinni sé ekki að öllu leyti einangraður frá því atvinnuumhverfi sem atvinnulíf á Íslandi hefur almennt búið í á undanförnum árum. Ef við lítum til þess hvernig okkur hefur gengið í atvinnulífinu á síðustu 10–12 árum og berum okkur saman við hvernig aðrar þjóðir hafa tekið á sínum málum verður því miður að segjast eins og er að okkur hefur ekki gengið nógu vel. Við sjáum tölur frá okkur um aukningu landsframleiðslu á mann og við sjáum líka tölur um sömu hluti hjá viðmiðunarþjóðum okkar. Við sjáum að landsframleiðsla okkar hefur kannski aukist um 10—13% á um 10–12 ára tímabili meðan sambærileg tala er tvöfalt hærri til að mynda í löndum OECD, þar sem helstu viðmiðunarþjóðir eru. En þegar við skoðum hvernig þessi aukning hefur orðið þá er hún fyrst og fremst til komin með aukinni vinnu og þá fyrst og fremst með aukinni atvinnuþátttöku kvenna en ekki með því að framleiðni sé að aukast á hverja vinnustund eða hverja vinnandi hönd. Þetta er, held ég, hin dapurlega staðreynd í íslenskum atvinnumálum sem ég held að sé yfir það hafin að reynt sé að flokka niður hverjum sé að kenna með tilliti til stjórnmálaflokka. Ég held að þetta hljóti að vera almennt hugarfar og almenn stefna sem flestir sem nálægt landsstjórninni hafa komið hafa skrifað undir. En það er einmitt þessi staðreynd sem við þurfum þá líka að hafa í huga þegar við ætlum að rífa okkur upp úr þessari stöðnun sem hér hefur gengið yfir og hefur orðið til þess að kaupmáttur á Íslandi í dag er nánast sá sami og fyrir 10 árum, ef ekki minni. Þetta er ekkert vandamál sem hægt er að segja að sé á ábyrgð vinnuveitenda, á ábyrgð launþega eða á ábyrgð framsóknarmanna eða sjálfstæðismanna eða alþýðubandalagsmanna. Ég held að það hljóti að vera sameiginlegt viðfangsefni okkar allra og okkur öllum í rauninni að kenna hvernig komið er og verkefni okkar allra að ná okkur út úr þessu.

Þegar maður lítur á þróun atvinnulífsins eða umhverfis þess hér á Íslandi og í okkar helstu samkeppnis- og viðmiðunarlöndum koma kannski fram þrír meginþættir sem eru öðruvísi hjá okkur en hjá okkar viðmiðunarþjóðum. Í fyrsta lagi hefur verðlagið hækkað hér snöggt um meira en hjá viðmiðunarþjóðum okkar og við þekkjum það. Í öðru lagi hefur hið opinbera þanist hér meira út, bæði útgjöld og skattheimta, en hjá öðrum þjóðum. En það sem ég tel í rauninni að skipti ekki síst máli, er að við höfum ekki náð að auka utanríkisviðskipti okkar með sama hætti og öðrum þjóðum hefur tekist. Okkur hefur ekki tekist að auka útflutning okkar með sama hætti og öðrum. Ég er að komast meira og meira á þá skoðun að við Íslendingar höfum talið okkur trú um það í allt of miklum mæli að við séum svo rosalega rík, að við ættum hér einhvern haug af auðlindum sem við gætum gengið í og þyrftum ekki annað en veifa hendi til að taka meira og meira af þessum auðlindum okkur til handa. Það hefur átt við um sjávarútveginn, það hefur átt við um orkuna. Og ég held að kannski ekki síst út af orkunni höfum við ekki bara orðið fyrir efnahagslegu áfalli við það að missa álverið, heldur líka að sumu leyti sálrænu áfalli vegna þess að við höfum allt of oft talið að nýting þessara orkulinda og bygging stóriðjufyrirtækja væri bara spurning um hvað við vildum sjálf, það væri innra vandamál okkar að ákveða hvort við vildum fá álver eða ekki álver. En síðan fáum við það upp að það eru engar biðraðir erlendra auðhringja sem vilja endilega komast hingað til lands til að nýta þessar orkulindir. Menn eru ekki tilbúnir til að koma hingað og við fáum í andlitið að þessir erlendu aðilar, sem við erum að semja við, vilja bara ekkert koma.

Ef við lítum á annað og förum kannski að koma nær byggðamálunum og atvinnuuppbyggingu úti um landið, þá höfum við í gegnum þessi ár rekið okkar

þjóðfélag með því að eyða um efni fram. Við höfum safnað skuldum þannig að þær eru orðnar núna um 730 þús. kr. á hvern einstakling og hafa tvöfaldast að raungildi á 10 árum. Við höfum öll árin á níunda áratugnum nema eitt verið með halla á viðskiptajöfnuði og við höfum í rauninni verðlagt okkar útflutning allt of lágt. Við höfum skráð gengi krónunnar rangt og það kemur mjög skýrt fram í þessari ágætu bók sem Seðlabankinn hefur tekið saman um tengingu krónunnar við ECU að gengisskráningin hefur fyrst og fremst tekið mið af afkomu sjávarútvegsins en ekki tekið mið af stöðu þjóðarbúsins út á við, ekki tekið mið af því að hlutverk gengisskráningarinnar var að jafna framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, heldur fyrst og fremst tekið mið af afkomu sjávarútvegsins.

Og hver er þessi afkoma sjávarútvegsins sem við miðum við? Hún er hin fræga núllstefna sem hefur gengið út á það að sjávarútvegurinn ætti að meðaltali að vera fyrir neðan núllið eða um núllið og ef frést hefur af því að einhver væri einhvers staðar að græða í sjávarútvegi hefur hafist mikil umræða um að það þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma slíkum fyrirtækjum fyrir kattarnef. Það hefur sem sé verið það undarlega ástand hér ríkjandi að það hefur helst ekki mátt hagnast á sjávarútvegi. En skuldirnar hafa hrannast upp. Sjávarútvegurinn og aðrar útflutningsgreinar hafa ekki fengið að afla þess gjaldeyris sem þjóðin hefur viljað eyða og niðurstaðan er sú að Ísland nýtur þriðja lakasta lánstrausts meðal ríkja Vestur-Evrópu. Það eru einungis Grikkland og Tyrkland sem eru fyrir neðan okkur í lánstrausti í Vestur-Evrópu. Erlendir fjárfestingaraðilar, sem lána til mismunandi þjóða, vilja frekar lána þjóðum sem við höfum talið vera fátækar eins og Malasíu, Tælandi, Hong Kong, Suður-Kóreu, Tævan. Þessar þjóðir eru hærra skrifaðar en við í lánstrausti. (**Gripið fram í:** Ekki eru Grikkland og Tyrkland í Vestur-Evrópu.) Í Vestur-Evrópu? Nei, kannski ekki landfræðilega sem við köllum í Vestur-Evrópu heldur í þessari hugmyndafræðilegu.

Þetta er dapurleg staðreynd og hún hefur líka orðið til þess að við höfum látið sjávarútveginn, sem er höfuðatvinnugrein landsbyggðarinnar, safna skuldum. Þetta hefur verið hin almenna stefna og ekki tengst endilega einum flokki frekar en öðrum. Þessi stefna er hins vegar ekki lengur fær. Hún er ekki lengur fær vegna þess að það er ekki hægt að lána hinum skuldugu fyrirtækjum meira. Til dæmis er á síðasta áratug búið að fara í gegnum þrjá meiri háttar skuldbreytingarúnta, fyrst 1983, svo 1985 eða 1986 og svo með Atvinnutryggingarsjóðnum 1989 og flest fyrirtæki í sjávarútvegi eru búin að veðsetja sig upp í topp. Og jafnvel þótt menn vildu lána mörgum fyrirtækjum meira, þá gætu þeir aldrei borgað lánin til baka. Jafnvel þótt fyrirtækjunum væri samt lánað meira þá væru stjórnendur þessara fyrirtækja settir í þá stöðu að vera eilíft að vinna fyrir lánardrottnana en aldrei nokkurn tíma að byggja upp eigið fé í fyrirtækjum sínum.

Mínar þumalputtareglur eru afar einfaldar varðandi skuldsetningu í sjávarútvegi. Ég hygg að skuldi fyrirtæki í sjávarútvegi meira en sem svarar 150–160 kr. fyrir hvert kg í þorskígildi sem það er með sé það yfir hættumörkum í skuldum og slíkt fyrirtæki muni eiga mjög erfitt með að standast samkeppnina og greiða niður sínar skuldir. Ég held að ef menn athuga fyrirtækin og sjá hvaða fyrirtæki eru fyrir neðan og fyrir ofan þá muni menn nokkurn veginn geta fundið út hver standa sig og hver standa sig ekki og hver komi til með að lifa þessar hörmungar af og hver ekki.

En við stöndum sem sagt frammi fyrir þessu. Sú leið er ekki lengur fær að lána fyrirtækjum í sjávarútvegi meira ef þau skulda meira en þetta vegna þess að þau geta einfaldlega ekki lengur staðið undir þessum skuldum, jafnvel þótt þau fái lán á tiltölulega hagstæðum kjörum. Það einfaldlega gengur ekki upp. Og þá er það spurningin hvaða leið hægt er að fara til þess að koma þeim skuldugu fyrirtækjum á rekspöl þannig að reksturinn geti gengið almennilega. Ég held að það séu engar einfaldar lausnir í því. Ég held að þau mál verði ekki leyst nema með því að fara í gegnum hvert einstakt fyrirtæki eins og lánardrottnar og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta fari yfir þau mál. Fyrst og fremst verður að meta þau mál út frá viðskiptalegum forsendum. Og það mun örugglega koma upp í mjög mörgum tilfellum að það sé betra fyrir alla að fyrirtæki séu gerð gjaldþrota og síðan byrjað upp á nýtt. Við skulum athuga það að þegar fyrirtæki verða gjaldþrota er ekki endilega víst að rekstur stöðvist um aldur og ævi, heldur getur gjaldþrot oft verið leið til þess að koma rekstri aftur af stað. Það á að líta á gjaldþrot sem tæki til þess að koma rekstri aftur af stað. Við skulum þess vegna bara líta á dæmi þar sem fyrirtæki hafa farið í gjaldþrot og rekstur hefur farið aftur af stað. Ég nefni t.d. Sigló á Siglufirði, þar sem skuldirnar voru það miklar að það var aldrei nokkurn tíma hægt að borga þær. Það fyrirtæki varð gjaldþrota og síðan var rekstrinn keyptur af nýjum aðilum og er núna rekinn áfram í blóma.

Ég vil líka benda á það að þegar markaðskerfi er farið að breiðast út í viðskiptum með ferskan fisk getur það fiskvinnslufyrirtæki, sem er orðið skuldlaust vegna þess að það er farið í gegnum gjaldþrot, kannski verið samkeppnishæfara og getur borgað hærra verð fyrir hráefnið og er í betri stöðu til þess að fá til sín fisk til vinnslu heldur en það fyrirtæki sem er hlaðið skuldum. Þegar litið er á málin út frá þessum sjónarhóli geta menn ekki fyrir fram sagt sem svo að fyrir einhverja tiltekna starfsemi sé verra að verða gjaldþrota heldur en ekki. Yfirleitt er best að horfast í augu við þær staðreyndir sem eru til staðar í hverju tilviki og það versta sem fólki er gert og þeim sem reka fyrirtæki er að halda þeim í þeirri stöðu að þurfa að basla áfram í rekstrinum án þess að eiga nokkurn tíma möguleika á því að greiða niður sínar skuldir. Ég held að það sé það versta sem hægt er að gera nokkrum einasta manni því að það er slík niðurlæging fyrir þá sem standa í slíku að eygja aldrei nokkurn tíma von til þess að geta verið borgunarmaður sinna skulda. Það er ekki á nokkurn mann leggjandi og ófáir aðilar víðs vegar um landið hafa farið mjög illa á slíkum rekstri.

Ég held hins vegar að sjávarútvegurinn og lands-

byggðin séu alls ekki á neinum endapunkti, ég held að séu þar mjög margir möguleikar. Ég sé t.d. mjög marga möguleika tengjast hinum nýja samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Ég vil taka sem einfalt dæmi um það útgerð, sem ég þekki mjög vel til, sem lét sigla með karfa til Þýskalands og hafa verið farnir þrír túrar á þessu ári. Ein sigling gaf milli 16–17 millj. fyrir farminn. Önnur sigling, sem var ekkert sérstaklega góð, gaf milli 12–13 millj. fyrir farminn. Ef þessir tveir farmar hvor um sig hefðu verið teknir heim í land og unnir í frystihúsi og karfinn fluttur út frystur hefði hvor farmurinn um sig skilað minna en 10 millj. í útflutningstekjur. Þannig hefði það beinlínis verið rýrnun á útflutningstekjunum að flytja fiskinn út frystan í flökum heldur en heilan í ís. En með því að við höfum náð samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði þá opnast möguleikar til þess að flytja út karfann í ferskum flökum. Þetta hefur borið 18% toll nú og þá væri von til þess að útflutningsverðmæti farms eins og þessa væri meira þannig að útflutningsverðmætið ykist við það að vinna aflann heima. En eins og staðan er í dag, án þessara samninga, gerist það ekki og þess vegna hefur fiskvinnsla okkar verið svona ósamkeppnisfær við fiskvinnslu Evrópubandalagsins eins og raun ber vitni. Þetta er ekki bara spurning um styrki.

Annað dæmi er t.d. um saltflök sem hafa borið 20% toll. Ég held að það verði rífandi bisniss í því að vinna slík flök þegar samningarnir hafa komið og ég held að fiskvinnsla okkar verði þess vegna samkeppnisfærari. Síðan er margt sem við þurfum að gera á þeim stöðum sem eru í sjávarútvegi sem skiptir máli til þess að auka samkeppnishæfni vinnslunnar. Ég er t.d. alveg sannfærður um að það þarf að auka og stækka atvinnusvæði og viðskiptasvæði úti um land. Maður getur talið upp pláss eftir pláss þar sem í hugum fólks sem þar er virðist styttra til Reykjavíkur heldur en í næsta pláss. (**Gripið fram í:** Hvar eru þessi pláss?) (Gripið fram í.) Þetta er rétt. Og enn þá lengra frá Akureyri til Sauðárkróks heldur en frá Akureyri til Reykjavíkur, hvað snertir viðskipti alla vega. En þetta er hlutur sem þarf að laga og menn úti um land þurfa að horfa í eigin barm. Ef menn ætla sér að ná árangri úti um land þá held ég að menn verði að vilja skipta hverjir við aðra milli staða. Menn verða að leita eftir samvinnu og viðskiptum og þá, eins og ég veit að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þekkir, þarf líka góðar samgöngur til þess að hægt sé að stunda slík viðskipti. Og meira en það. Það þarf líka að stokka upp vinnulöggjöf til þess að þetta sé hægt. Það eru til mörg dæmi t.d. um það að vörubílstjórar á Siglufirði mega ekki vinna inni í Fljótum. Atvinnusvæðin eru svo þröngt afmörkuð að fólk getur verið atvinnulaust í einu byggðarlagi meðan nóg atvinna er í næsta byggðarlagi. Það getur verið jafnlengi að fara þar á milli eins og ofan úr Breiðholti og niður í miðbæ en samt má fólk ekki fara þar á milli. Það er svo margt og margt af þessum toga sem þarf að laga.

Af því að hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur svo lítið heyrt um þessa hluti þá skal ég upplýsa hann um að ég heyrði góða úttekt á samvinnu sparisjóða á Vestfjörðum í dag, en það sem hafa verið miklar hugmyndir um það að stofna einn sparisjóð Vestfjarða úr þeim mörgu litlu sparisjóðum sem þar starfa. En slíkar hugmyndir hafa strandað oft á viljaskorti forráðamanna þessara sjóða til að vinna saman þrátt fyrir að það væri þeim tvímælalaust í hag. Þannig má fara yfir hlutina á mjög mörgum sviðum.

En eitt af því sem ég held að við þurfum líka að hugsa um og það sem skiptir miklu máli og menn hafa talað hér um er það að atvinnulíf úti um land þarf líka að breytast úr þessu einhæfa framleiðsluatvinnulífi og verða með meiri þjónustu heldur en er í dag. Þjónustugreinar eru vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu. Það er sama hvort litið er til Íslands eða annarra landa, þar sem einhver þróun er í atvinnulífi þar er þjónusta að vaxa. Þetta skiptir líka afar miklu máli vegna þess að þegar verið er að ráða fólk nú til dags í vinnu, t.d. á einhvern stað úti á landi þarf nefnilega svo oft að ráða tvo. Það þarf að skaffa vinnu fyrir tvo vegna þess að fyrirvinnur á heimilum á Íslandi í dag eru yfirleitt tvær. Ef ekki er til vinna fyrir makann er oft ekki hægt að ráða í viðkomandi starf og þessu veit ég að menn hafa kynnst. Fjölbreytnin í atvinnulífinu, og þá fyrst og fremst á þjónustusviðinu, er algerlega lykilatriði til þess að árangur náist.

Ég vil taka undir það sem menn hafa sagt um hver sé nauðsyn þess að flytja opinbera starfsemi út um land og ég vil í því sambandi minna á hugmyndir um það að byggja upp á Akureyri sjávarútvegsmiðstöð sem yrði miðstöð fyrir þekkingaröflun og rannsóknir í sjávarútvegi. Helst þyrfti að flytja þangað allt háskólanám tengt sjávarútvegi og starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar a.m.k. að einhverju leyti þannig að þarna byggðist upp kjarni eða umhverfi þar sem saman færi háskólanám og rannsóknir sem væru þá tengd við atvinnulífið á staðnum. Því að þar er mjög fjölbreytt atvinnulíf bæði sjávarútvegur og eins alls kyns iðnaður sem tengist sjávarútvegsfyrirtækjum og ég held að það ætti tvímælalaust að vinna að þessu máli.

En það er ekki nóg að byggja upp sjávarútveginn og þjónustuna. Það þarf líka að huga að versluninni. Við höfum tekið eftir því á undanförnum árum að verslun á landsbyggðinni hefur átt mjög í vök að verjast. Þannig hefur það verið að bættar samgöngur hafa orðið til þess að fólk verslar minna í sinni heimabyggð heldur en það gerði. Og við skulum líka athuga það að verslunin er skattlagðasta atvinnugreinin. Þar eru hæstu aðstöðugjöldin, þar er þrefaldur eignarskattur. Það er eignarskatturinn sjálfur sem rennur til ríkisins, það eru *fasteignagjöld og það er skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.* Hvort sem menn eru úti á landsbyggðinni eða hér á höfuðborgarsvæðinu þarf verslunin að búa við sambærileg kjör og aðrar atvinugreinar hvað skattlagningu snertir til þess að geta blómstrað.

Við erum líka farin að taka eftir því að verslun úti á landi er kannski rétt núna að byrja að bregðast við þessum breyttu aðstæðum. Við erum farin að taka eftir því núna að verslunarfyrirtæki úti um land eru farin að flytja meira og meira beint inn. En til skamms

tíma tíðkaðist ekki að það væri gert, heldur fóru slík viðskipti yfirleitt fram í gegnum Reykjavík. En með bættum samgöngum og með auðveldari viðskiptum við útlönd hefur þessi þróun byrjað og ég er viss um það að hún mun halda áfram.

En það sem ég held að muni þó skipta sköpum um það hvort tekst að ná atvinnulífi á landsbyggðinni á skrið í framtíðinni er það hvernig menn sjálfir í hinum dreifðu byggðum landsins eru tilbúinir til að standa að verki. Ég er alveg sannfærður um það að samkeppni á eftir að aukast á öllum sviðum. Þeir sem ráða yfir byggðunum og atvinnulífi úti um land munu þurfa að taka þátt í þessari samkeppni.

Hlutverk þeirra sem eru í landsstjórninni er að sjálfsögðu að skapa þau skilyrði að atvinnulífið úti á landi geti staðið sig í samkeppninni ef þeir sem þar ráða yfir eru hæfir til þess að reka sín fyrirtæki og eru forsjálir og hyggnir. Þar vil ég sérstaklega taka undir margt af því sem hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur sagt um gengismál.

Ég tel að það sé algert lykilatriði að gengisskráningin sé rétt og það sé markaðsskráning á gengi íslensku krónunnar. Ég held að það hljóti að verða framtíðin. Þeir sem hafa kynnt sér þetta ágæta rit Seðlabankans hafa komist að því að sú ágæta stofnun er nú allt í einu komin inn á þá skoðun að það eigi að verða markaðsskráning á gengi krónunnar.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Hér hefur hv. þm. verið það ofarlega í huga að atvinnulífið á landsbyggðinni sé í hættu statt. Það eru ekki ný tíðindi fyrir okkur landsbyggðarfólk að sveiflur einkenni atvinnulífið á einstaka stöðum. En í ljósi tíðinda og yfirlýsinga hæstv. sjútvrh., þar sem hann boðar aflasamdrátt í kjölfarið á niðurstöðu á rannsóknum fiskifræðinga, er sannarlega vá fyrir dyrum. Málum er nefnilega þannig komið á landsbyggðinni að atvinna fólksins þar er bundin við frumatvinnuvegina, landbúnað og sjávarútveg. Minnkandi afli kemur því strax fram í minni tekjum fyrir fólkið sem starfar við fiskvinnslu og sjómennsku og sama gildir um landbúnaðinn þegar nýr búvörusamningur hefur tekið gildi sem kveður á um mikinn niðurskurð.

En það er ekki víst að niðurskurður í landbúnaði og niðurskurður í sjávarútvegi komi svo fljótt fram í kjörum þeirra sem starfa í þágu ríkisins á höfuðborgarsvæðinu, í kjörum þeirra sem starfa í þágu ríkistryggðrar þjónustu. Ef þetta verður langvarandi ástand þá má búast við því að þetta komi einnig fram þar.

Ég nefndi það í fyrri ræðu minni í þessum umræðum að einn meginvandinn í byggðarþróun undanfarinna ára og áratuga væri röng fjárfestingar- og stofnanastefna ríkisvaldsins. Ég á við þá fjárfestingarstefnu sem hefur miðað að því að ríkisvaldið hefur fyrst og síðast þanist út í Reykjavík. Með þeirri stefnu hefur ríkisvaldið í raun og veru staðið að því að skapa aðstöðumun á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins. Það má spyrja hvort þessi stefna sé yfir höfuð tilviljun. Það má líka fullyrða að allir fjórir stjórnmálaflokkarnir, Alþfl., Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb., hafi tekið þátt í að móta þá stefnu með einum eða öðrum hætti. Hingað koma hv. þm. Framsfl., í þennan ræðustól og nánast þvo hendur sínar af því að hafa komið nálægt byggðamálum eða byggðarþróun sl. 20 ár og telja að allt hafi farið á verri veg strax eftir að núv. ríkisstjórn tók við völdum. Ef við ætlum að ræða byggðamálin í ljósi slíkra öfga þá er ekki von að við komumst langt á leið fram á við.

Eitt er víst að það er ekki hægt að láta atvinnulífið á landsbyggðinni afskiptalaust. Það verður aldrei hægt að láta atvinnustarfsemina afskiptalausa. Það er verkefni stjórnmálanna á hverjum tíma að hafa afskipti af atvinnulífinu. Það verður að minna á það í þessum umræðum vegna þess að mér finnst það gleymast aftur og aftur að við búum einu sinni í þessu landi, fámenn þjóð sem byggir á einhliða atvinnustarfsemi og það í sjálfu sér duttlungafullri auðlind sem eru fiskveiðar og landbúnaður. Þetta eru undirstöðurnar. Við erum máttugt fólk, Íslendingar, en við getum ekki öllu ráðið og alls ekki haft stjórn á rás náttúrunnar, þótt við gjarnan vildum. Auðvitað verður að haga landsstjórninni í samræmi við þær aðstæður sem upp koma hverju sinni og þá sérstaklega aðstæður sem við ráðum ekki við. Þess vegna hlýtur það að vera verkefni landsstjórnarinnar að hafa afskipti af atvinnulífinu.

Ég skil það vel — og þó er ég ekki búinn að staldra lengi við í Reykjavík — að ef maður er búinn að dvelja þar langan tíma, ég segi ekki uppalinn þar á malbikinu og tæpast komist austur fyrir Hellisheiði — að þá er auðvelt að sjá stjórnmálin í því ljósi að það megi stjórna íslenskri þjóð með patentlausnum úr bókmenntum. En aðstæður fólksins á Íslandi eru allt öðruvísi en að því verði stjórnað með þeim hætti.

Eftir stutta veru í fjárln., þar sem við höfum undanfarna daga verið að taka á móti fólki með sín erindi, verð ég að segja að það sem slær mig fyrst er það hvað ríkiskerfið er búið að koma sér vel fyrir stofnanalega hér í Reykjavík, sérstaklega hvað varðar allan húsakost. Það er búið að byggja vel yfir flestar rótgrónar ríkisstofnanir, ekki smáhýsi heldur stórhýsi á flestum stöðum, og þær beiðnir sem berast inn á borð til okkar fjalla fyrst og fremst um að bæta reksturinn í þessum húsum. Hér er ég t.d. með í hendinni bók sem lætur lítið yfir sér. Á henni stendur Náttúruhús í Reykjavík. Þessi bók boðar milljarð í húsi í Vatnsmýrinni. Samkvæmt bókinni á það hús að verða tilbúið 1994, og er bókin gefin út í mars 1990. (**Gripið fram í:** Hvaða hús er þetta?) Þetta heitir Náttúruhús í Reykjavík. Hér er það NN-nefnd, menntamálaráðuneytinu mars 1990. Kannski fyrrv. menntmrh. komi hér og skýri fyrir okkur hvernig fyrrv. ríkisstjórn ætlaði að fjármagna þessa byggingu? Á þremur árum. Hvar átti að taka peningana til að gera það? Þessi bók boðar ein jarðgöng á Austurlandi. Og þau átti að gera á þremur árum. Og er von að maður spyrji hér úr þessum ræðustól: Hvaða gildismat ræður? Hvaða lífsviðhorf er lagt til grundvallar?

Við þurfum að hlusta á hæstv. samgrh. lýsa því fyrir okkur að þetta sé svo dýr aðgerð og mikil og stór, liggur við að himinn og jörð séu að farast, að það sé

ekki hægt að hugsa um jarðgöng á Austurlandi fyrr en í fyrsta lagi 1997 eða 1998. Og fylgist þið með: Hvað verður búið að byggja mörg jarðgöng í Reykjavík á þeim tíma? Horfið sjö ár aftur í tímann og spyrjið ykkur að því: Hvað er búið að byggja mörg jarðgöng í Reykjavík á sl. 10 árum? Hér er spurt um gildismat og mælikvarða. Vegna þess að við landsbyggðarfólk stöndum ekki lengur í þeim sporum að afsaka sífellt tilveru okkar. Ég verð að segja það við hæstv. forsrh. að ef einhver björgunarstefna hefur verið í gangi á vegum ríkisins þá hefur hún verið fólgin í því að bjarga Reykjavík til þess að Reykjavík gæti borið alla þá atvinnustarfsemi uppi sem nauðsynlegt er. M.a.s. hefur ríkisvaldið orðið að hjálpa Reykjavíkurborg að reka barnaheimilin í borginni. Ef við horfum á þá starfsemi sem fer fram á Landspítalanum þá er ekki hægt að manna spítalann vegna þess að framboðið á barnaheimilisplássum í Reykjavík er svo lítið að skattpeningarnir af Austurlandi og Vestfjörðum fara í það að greiða niður barnaheimiliskostnaðinn fyrir íbúa Reykjavíkur og nágrennis.

Ekki hef ég verið spurður um það hvort þetta sé góð byggðastefna og hvort þetta sé sú byggðastefna sem við viljum fylgja fram. Ég tek heils hugar undir með hv. 1. þm. Vestf. þegar hann og telur upp hér hverja ríkisstofnunina á fætur annarri sem hægt væri að flytja út á land eða inn á land, hvernig sem við viljum orða það. Það er bara spurt um viljann til verksins enda boðar þessi ríkisstjórn það að hún ætlar að gera það. *Ég trúi því að að baki þeirri yfirlýsingu* sem fram kemur í hvítu bókinni sé hugur að baki og vilji til verksins. (**ÓÞÞ:** Það er mikil trú.) Við trúum þar til trúin svíkur, hv. 2. þm. Vestf. Þannig skulum við ganga til verks að við vonum þar til vonin svíkur. Það má í því sambandi benda á að bölsýnishljóðið er oft á tíðum of mikið. Og kannski breytist það óvenjufljótt frá því að vera í stjórn og skreppa yfir í stjórnarandstöðu, eins og hv. 2. þm. Vestf. veit.

Ef við horfum til framtíðar þá hef ég trú á því að sá hluti EES-samningsdraganna er snýr að sjávarútvegi gæti orðið mikil lyftistöng, sérstaklega á landsbyggðinni, gæti fyrst og fremst verið tækifæri til nýsköpunar, tækifæri til þess að efla með fólki þrótt til að takast á við ný og breytt verkefni í sjávarútvegi. En til þess að slíkt megi verða að veruleika þarf að koma til öflugt átak í samgöngumálum til þess að þétta byggðina. Ekki færa fólkið í millum heldur gera fólki auðveldara að ferðast á milli staða og með því að gera atvinnulífinu auðveldara um allt samstarf og alla samvinnu. Þetta er hluti af þeirri hagræðingu sem er nauðsynleg í sjávarútvegi vegna þess að hagræðing í sjávarútvegi er víðtækari en svo að hún nái einungis inn í fiskvinnsluhúsin sjálf, heldur er hún langtum stærra mál. Það er ljóst að ef okkur auðnast að standa þannig að málum þá má eiga von á nýsköpun og viðreisn í orðsins fyllstu merkingu í atvinnulífinu á landsbyggðinni.

Annað mikilvægt mál er þetta sem við alþýðuflokksmenn höfum lagt áherslu á í ríkisstjórninni, að það er að afnema lögin frá árinu 1922 sem banna erlendum skipum að koma til hafnar, landa þar afla og þiggja þjónustu. Við hljótum að sjá að það gæti orðið mikil lyftistöng, t.d. fyrir skipasmíðaiðnaðinn og alla viðgerðarþjónustuna við hafnir landsins að mega eiga viðskipti við þessi skip, sem veiða utan landhelginnar eða af öðrum ástæðum eru hér á ferð. Þegar við stöndum frammi fyrir miklum aflasamdrætti hlýtur það líka að vera fundinn afli ef þessi skip mundu landa afla sínum hér í höfnum. Þetta er stórt mál. Allar aðstæður frá þeim tíma, á árinu 1922 þegar þessi lög voru sett, hafa gjörbreyst. Forsendur allar hafa gjörbreyst þannig að það eru engin rök sjáanleg sem mæla fyrir um að þessi lög séu nauðsynleg. Langtum fremur eru það mjög gild rök sem mæla fyrir því að hér gæti verið um atvinnuuppbyggingu að ræða. Og líka viðbót við verslunarþjónustuna í landinu.

Ég kem nú að öðru máli sem hefur verið til umræðu hér í þinginu tvisvar. Hæstv. sjútvrh. hefur rætt um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins nokkrum sinnum hér í þinginu, fyrst í sambandi við umræður um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, síðar um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Og hér hafa þessar hugmyndir, eða þetta frv. til laga sem hér var dreift í dag, verið ræddar og reifaðar. Auðvitað skil ég áhyggjur manna þegar ætlunin er sú að fara að leigja 12 þús. tonn á frjálsum markaði. Þetta er samt ekki nýtt. Í raun og veru er verið að fara leið sem fyrri ríkisstjórn markaði um skipan Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins og ljóst er að þetta getur orðið til uppbyggingar ef rétt er að staðið. Alþfl. hefur alltaf lagt á það áherslu að þegar ríkisvaldið fer að hefja þá starfsemi að leigja kvótann þá verði hvort tveggja að gerast um leið að rekstarskilyrði sjávarútvegsins eða rekstrarskilyrði útgerðarinnar verði bætt og að þetta verði gert í áföngum. Hér er verið að ræða um 12 þús. tonn sem á að byrja að leigja í lok næsta árs eða frá 1. sept. Hér verður að fara hægt af stað. Og það verður líka að huga vel að því hvernig forkaupsrétturinn verður boðinn út, hvernig að því verður staðið að bjóða útgerðum forkaup eða forleigu að þessum kvóta.

Ég hef efasemdir um að sú stefna sem er mörkuð hér í 4. gr. þessa frv. sé rétt. Og ég hafði fyrirvara um þá afstöðu mína í þingflokki Alþfl. þegar frv. var þar afgreitt. Ég hef líka fyrirvara um gangverðið á þessum kvóta. Auðvitað vitum við — og það er ekkert nýtt — að það er bullandi leiga í gangi á kvóta. Það er bullandi kvótasala í gangi líka. Það er ein versta afleiðingin af gildandi kvótakerfi að kvótaskiptin geta numið þremur til fjórum milljörðum á ári eins og þau hafa gert. Það þarf ekki annað en að lesa auglýsingarnar í dagblöðunum til að sjá það, þar sem bæði er verið að auglýsa eftir kvóta á leigu og líka verið að bjóða kvóta til leigu og sölu. Við vitum það líka að kvótinn er orðinn verðmætari en skipin sjálf. Eins og ég hef áður sagt þarf lítið byggðarlag að borga 100 milljónir króna fyrir 600 tonna kvóta. Það er mikill skattur sem þetta kerfi leggur á fólkið á landsbyggðinni og það þýðir ekkert að koma hér fram og tala um auðlindaskatt þann sem Alþfl. hafi boðið eins og eitthvert nýtt kerfi. Alls ekki. (**HG:** Bættu honum við.)

Ekki einu sinni að bæta honum við, nei, nei, nei. Það er ekki verið að tala um að bæta honum við, hv. 4. þm. Austurl. Það er verið að tala um að bæta honum til hliðar við þetta kerfi sem þú þekkir vel. (**HG:** Bæta honum við til hliðar.) Til hliðar já, ekki við. Og ég sagði að ég hefði efasemdir uppi um að þessi stefna, sem boðuð er í 4. gr. frv., væri sú skynsamlegasta. Er það skynsamlegt t.d. að sá afli, sem landað er í erlendum höfnum, gefi forkaup að þessum 12 þús. tonnum? Er það skynsamlegt að frystitogararnir hafi forkaup að þessum 12 þús. tonnum? Ef við ætlum að efla atvinnulífið í landinu, mundum við hugleiða þetta, t.d. að þau skip, sem landa og hafa landað heima, ættu fyrsta forkaupsrétt, forleigurétt í þennan kvóta. Ef eitthvað verður afgangs gætu aðrir komið og tekið þátt í samkeppni um að bjóða hæsta verð í hann. Ég efast líka um að það eigi að selja eða leigja þennan kvóta á gangverði fyrsta, annað og þriðja sinn.

Við höfum talað um að það eigi að fara í þetta í áföngum. Það má segja að fyrsti áfangi sé nú þegar hafinn. Þetta frv. boðar það að þessum 12 þús. tonnum verði skipt án þess að nokkur greiðsla komi fyrir í samræmi við þann kvóta sem skipin hafa nú þegar. Ég er ekki viss um að við eigum að fara af fullum krafti í að taka fullt verð, heldur að gefa þessu góðan tíma í áföngum. (**Gripið fram í:** Nú er það sjútvrh. sem ræður verði.) Ja, ég veit vel að hæstv. sjútvrh. hefur haft mikil áhrif á verðið á kvótanum á undanförnum árum og það hafði fyrrv. sjútvrh. líka. Hann hafði mikil áhrif á það hvert verðið var á kvótanum. Það voru margir sem höfðu áhrif á það. Það er ekki einungis núv. hæstv. sjútvrh. sem hefur áhrif á verðið á kvótanum. Það hafa margir fleiri aðilar áhrif á verðið á kvótanum, t.d. Byggðastofnun, fjárfestingarlánasjóðir, bankar og fleiri. Líklega hefur aflasamdrátturinn sem hefur orðið á Íslandsmiðum á undanförnum árum haft mestu og stærstu áhrifin. Það er sá vandi sem við blasir og það er sá vandi sem setur okkur skorður. (**Gripið fram í:** Þú komst að kjarnanum.) Já, það tekur stundum tíma fyrir hv. þm. að greina kjarnann frá hisminu. En þetta er kjarni málsins, það er hárrétt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni. En það er nauðsynlegt að taka byggðamálin föstum tökum núna. Ég fagna þeirri stefnubreytingu sem hæstv. forsrh. hefur lýst yfir í sambandi við afstöðu sína til Byggðastofnunar að nokkru leyti og þá sérstaklega til Atvinnutryggingarsjóðs og vonandi til byggðarinnar í landinu. Fólkið í landinu fagnar hverri slíkri stefnubreytingu. Ég veit að þegar landsstjórnin og ráðherrarnir eru komnir að fullu til verka, og þá sérstaklega hæstv. ráðherrar Sjálfstfl., sem hafa kannski ekki haft sömu reynslu af stjórnarstörfum sl. tvö til þrjú ár, komist þeir að raun um að hv. 1. þm. Vestf. hefur rétt fyrir sér í mörgum efnum, og flestum þegar byggðamálin eru annars vegar. Það er gott fyrir hæstv. ráðherra Sjálfstfl. að taka mark á ræðum hans vegna þess að þar er talað í krafti reynslu og þekkingar, hvort tveggja reynslu og þekkingar á lífskjörum fólks og stjórnunarstörfum, á störfum af því að stjórna þessu landi. Við sem yngri erum eigum að meta að verðleikum þessa reynslu og taka mark á henni í störfum okkar.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur staðið síðan kl. 1 í dag og reyndar var um samið að reyna að ljúka umræðunni á þessum degi. Þó er mér kunnugt um að enn eru nokkrir á mælendaskrá og tíminn frá því um kvöldmat hefur að mestu leyti utan ein ræða eða svo farið í miklar ræður stjórnarliða og ádeilur á stefnu eigin ríkisstjórnar og hér hafa verið send skot til ýmissa ráðherra sem ekki eru viðstaddir. Hér er aðeins hæstv. forsrh. viðstaddur. En þeir hafa farið víðar og fleiri hafa fengið dýfur frá sínum stuðningsmönnum.

Nú vildi ég inna hæstv. forseta eftir því hvort hann hugsi sér að halda áfram þessari umræðu undir þessum kringumstæðum. Sannast sagna hefur umræðan þróast nokkuð á sérkennilegan veg sem var varla hægt að sjá fyrir, að stjórnarliðið mundi upphefja slíkar deilur sem hafa verið hér síðan um kvöldmatarhlé. Ég vil því inna hæstv. forseta eftir þessu, hvað hann hugsi sér með framhaldið á þessari umræðu því að ég sé ekki að það sé forsvaranlegt að halda henni áfram eins og hún hefur þróast án þess að fleiri ráðherrar en forsrh. séu viðstaddir.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti þakkar þingmanni ábendingu hans. Það var tekin ákvörðun um það, eins og þingmaðurinn nefndi, að ljúka þessari umræðu í dag og það er vilji forseta að umræðunni verði haldið áfram með það í huga að reynt verði að ljúka umræðunni og gef ég hv. 3. þm. Austurl. orðið.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða, sem hér hefur farið fram, er fyrir margar sakir afar athyglisverð og það er vissulega ástæða til að rifja enn einu sinni upp að umræða um byggðamál hefur ekki farið fram í sama mæli og nú er, a.m.k. ekki síðan ég kom á þing.

Það er líka athyglisvert, og reyndar niðurstaða af þessari umræðu, að finna hvað áhuginn er almennt mikill fyrir byggðamálum í þinginu og reyndar áhyggjurnar líka. Það er afar þýðingarmikið sem komið hefur skýrt fram í umræðunni og ég hafði m.a. orð á í fyrri ræðu minni að stjórnmálaflokkunum, þá öðrum en Kvennalistanum, færi tæpast að vera að togast á um hvernig komið væri í byggðamálum þar sem þessi mál hafa þróast eftir þeim pólitíska valdaferli sem allir gömlu stjórnmálaflokkarnir eiga fulla ábyrgð á.

Hér var haft orð á því að þingmenn Sjálfstfl. væru ekki sammála í þessari umræðu. Ég hlýt að vekja athygli á að margir af nýjum þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa talað hér eru menn sem hafa tekið að sér pólitískt forræði víða úti um land og ég sé ekki að það sé neinn holhljómur í þeirra málflutningi. Sumar af bestu ræðunum sem hafa verið fluttar í þessari umræðu hafa verið fluttar af þessum nýju þingmönnum Sjálfstfl. Það

sýnir að í síðustu kosningum hafa menn valið sér fulltrúa inn á þingið úr hópi sjálfstæðismanna sem hafa bæði mikinn áhuga og miklar skyldur gagnvart landsbyggðinni.

Nú er það reyndar svo að á mínum þingferli hef ég ekki orðið var við erfiðleika í sambúð okkar sjálfstæðismanna um byggðamál og margar af mínum ánægjulegustu minningum sem ég á um samstarf við alþingismenn eru m.a. bundnar við afstöðu alþingismanna Reykvíkinga um málefni sem snerta byggðir landsins. Ég minnist þess m.a. að ég hygg að langflestir þeirra alþingismanna sem hafa setið með mér í mínum þingflokki hafi farið í fundaferðir með mér um mitt kjördæmi. Það hafa ekki orðið árekstrar í sambandi við byggðamál í þeirri umræðu.

Sannleikurinn er sá að samstaðan meðal fólksins í landinu um þessi mál er miklu meiri heldur en menn stundum kunna að ætla þegar reynt er að skjóta rakettum á loft í sambandi við byggðamálin.

Það vekur hins vegar nokkra eftirtekt í sambandi við þessa umræðu hvað samstarfsflokkur Sjálfstfl. í ríkisstjórn er fáorður um þessi málefni. Það hefur bara einn þingmaður flokksins tekið þátt í þessari umræðu. Ég tel ekki með þá ræðu sem varaformaður flokksins flutti hér við fyrri hluta umræðunnar. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur tekið tvívegis til máls og til þess að gæta allrar sanngirni, þá sagði varaformaður flokksins hér fáein orð við fyrri hluta umræðunnar, en að öðru leyti hafa alþýðuflokksmenn haldið sig nokkuð til hlés í þessari umræðu. Þetta vekur eftirtekt.

Það sem menn tala gjarnan um er að efla byggðina með því að flytja stofnanir út á land og stækka sveitarfélögin. Þessi atriði fara náttúrlega bæði vel í munni. En það er ekki hægt að komast hjá því að minna á að það er ekkert auðhlaupið að því að flytja stofnanir út á land. Við höfum auðvitað skyldur gagnvart fólkinu í landinu hvar sem það er, hvar sem það á rætur og hvar sem það á fjölskyldur. Og það er ekki gert í einu vetfangi að taka upp einhverja tiltekna stofnun og skáka henni til í landinu. Þessi mál verða að þróast. Þróast á lengri tíma. Þannig hefur það orðið með Háskólann á Akureyri. Það var sérstakt tækifæri í sambandi við Skógrækt ríkisins. Sú tilfærsla tókst vel. En ég óttast að það muni valda erfiðleikum að framkvæma slíka tilflutninga á skömmum tíma.

Ég held að það sé hárrétt aðferð sem Byggðastofnun var búin að samþykkja og ákveða áður en ég kom í stjórn þeirrar stofnunar, að þróa verkefni Byggðastofnunar út á landsbyggðina, byrja á Akureyri eins og gert var, síðan var haldið í afskekktasta kjördæmið, til Vestfjarða, og það hefur verið tekin ákvörðun um að byggja stofnunina upp austur á landi, meira að segja á þessu ári, og í framhaldi af því verði komið fyrir skrifstofu norður á Sauðárkróki. Og þá er auðveldara með starfsemi Byggðastofnunar að greina hana upp í smærri einingar, austur á Selfossi, Hellu eða Hvolsvelli eða uppi í Borgarnesi eftir því sem ástæður leyfa. Við eigum að þróa þessi verkefni. Þannig getum við skapað marktæka umræðu um þessa tilflutninga.

Það er eins um stækkun sveitarfélaganna og get ég reyndar mjög tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um þau efni. Það er mikið lausnarorð um þessar mundir að stækka sveitarfélögin. Einhver komst þannig að orði hér í umræðunni að hagur sveitarfélaganna hvers og eins færi nokkuð eftir því hver væri vilji og metnaður þeirra sem þar stjórna, þeirra sem þar búa. Ég held að með því að þjappa valdinu saman gæti það afl sem felst í þessari lýsingu, í þessum orðum eitthvað minnkað. Það er hárrétt sem hefur komið hér fram að við bætum ekkert úr þó að við sameinum tvö veik sveitarfélög. Þau verða á stærri fleti, en þau verða veik áfram.

Fólkið í landinu hefur völd til þess að breyta mörkum sveitarfélaganna. Til þess hefur það vald og það er áreiðanlegt að ef sameining á að skila árangri, þá verður að gera það með þeim hætti að það sé bærileg sátt um þau mál. Undir öðrum kringumstæðum gengur það verklag ekki upp.

Af því að ég veit að af andstæðingum Sjálfstfl. verður snúið út úr þeim ummælum hv. 5. þm. Norðurl. v. að gjaldþrot geti stundum verið skásti kosturinn til að koma atvinnulífinu aftur í gang má ég til með að undirstrika það sérstaklega, sem ég geri ráð fyrir að við hv. þm. Vilhjálmur Egilsson séum sammála um en kom hins vegar ekki fram í hans ræðu, að gjaldþrot er feiknalega mikið mál. Í fámennum byggðarlögum snerta gjaldþrot svo að segja hvert einasta mannsbarn. Gjaldþrotin eru þá auðvitað ekkert annað, ef þau eru eitthvert tæki, en það að aðrir verða fyrir áföllunum. Það minnkar fjármagnskostnaðurinn hjá gjaldþrotafyrirtækinu með því að það losar sig við að greiða áfallna reikninga, áfallnar skuldbindingar. Mér finnst það hroðaleg hugsun að horfa til þess að slíkir hlutir geti talist bjargráð.

Hv. 3. þm. Reykv. flutti áðan ræðu — eina af þessum kenningaræðum — og komst að þeirri niðurstöðu að Byggðastofnun ætti uppruna sinn í pólitískum tímamótum hér á Íslandi, þegar vinstri stjórn hefði tekið við og blásið af áhrif og stefnu viðreisnarstjórnarinnar. Menn verða helst að fara rétt með þegar þeir eru að flytja sagnfræði hingað inn í þingið. Það var reyndar rétt sem hann sagði, að Byggðastofnun hefði tekið við af Framkvæmdastofnun, en Framkvæmdastofnun kom ekkert í heilu líki, hún fæddist ekkert í heilu líki á því herrans ári 1971, að mig minnir. Að henni lágu einmitt ræturnar sem voru teknar á viðreisnartímanum, Atvinnujöfnunarsjóðurinn, Atvinnutryggingarsjóðurinn og atvinnumálanefndirnar og sú ákvörðun, sem var tekin við stofnun álversins í Straumsvík, að af álgjaldinu færu ⅓ til Atvinnujöfnunarsjóðs, að því er ég hygg, en ⅓ til Hafnarfjarðarbæjar. Þetta er rótin. Hún er úr viðreisnartímanum. Eitt af mörgu góðu og kannski því allra besta sem þá var einmitt tekist á við.

Það er líka eftirtektarvert, eins og 1. þm. Vestf. hefur reyndar hrakið, að það hafi verið sérstaklega Framsfl. sem hafi unnið að því og náð því fram við aðra flokka að treysta stöðu Byggðastofnunar. Það er þeim mun eftirtektarverðara að þetta skuli vera sagt af, að því er ég hygg, aðstoðarmanni fyrrv. forsrh. Sjálfstfl., en það var einmitt í stjórnartíð Geirs Hall-

grímssonar árið 1976 sem ákveðið var að framlög til Byggðastofnunar á fjárlögum skyldu nema 2% af heildarfjárlögum. (**Gripið fram í:** Þannig að hv. 3. þm. Reykv. veit þá hvaðan sú tillaga hefur komið.) Það mundi þýða það að á þeim fjárlögum sem er verið að vinna að núna væru 2 milljarðar til Byggðastofnunar, 2 milljarðar í styrk til byggðamála á Íslandi. Og þetta var ákveðið í ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. var í forustu. (**Gripið fram í:** 200 núna.) Núna aftur á móti er þessi upphæð 200 milljónir, já. Það eru 10% af því sem Geir Hallgrímsson tók ákvörðun um þegar hann stjórnaði þessu landi. Það er svo annað mál að þessi viðmiðun hélst ekki lengi. Hún hélst út þetta stjórnartímabil að langmestu leyti, en eftir það var breytt um þannig að Byggðastofnun fékk lántökuheimildir, lántökurnar jukust en aftur á móti minnkuðu framlögin. Það breytir hins vegar ekki því að sagan segir frá þessum staðreyndum.

Ég er hins vegar þakklátur hv. þm. fyrir þær tölur sem hann gaf hér upp. 12 milljarðar á 20 ára ferli, það er það sem hefur gengið til þessara byggðamála, 0,5% af fjárlögum. Það eru nú öll ósköpin. Og það var líka slæmt í máli ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv., að hann skyldi ekki fara rétt með upphæð útlána hjá Byggðastofnun sem hann tilgreindi að væru 18 milljarðar kr. Hið rétta er að hér er um 9 milljarða að ræða. Hitt er Atvinnutryggingarsjóðurinn og það, eins og menn vita, var skuldbreyting og náttúrlega algjörlega óháð þessari stofnun ef menn vilja hafa það sem er réttast.

En þess vegna segi ég nú frá þessum tölum, þessari þróun mála, að ræðumaður kemst í lok síns máls að þessari niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar að forsaga Byggðastofnunar og hinar röngu forsendur sem liggja að baki stofnuninni valdi því að hún á í miklum erfiðleikum með að sinna hlutverki sínu við nútímalegar aðstæður.“ (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Ég var að vitna í orð hv. 3. þm. Reykv. Hann byggir það á þessum tölum sem ég hef hér tilgreint. Ég geri ráð fyrir því að ég hafi kannski hlotið þá nafngift, eins og hv. 1. þm. Vestf., að vera kallaður sjóðaþingmaður af því að ég hef verið fáeina mánuði í stjórn Byggðastofnunar. Þannig hafa menn með ýmsum hætti verið bæði að leitast við að ófrægja þá þingmenn sem hafa unnið að byggðamálum og talið að þar stæðu kannski skyldurnar einna næstar þeim og eins stofnanirnar sem að þessum málum vinna.

Ég skal ekkert segja um það hvaða árangri Byggðastofnun hefur skilað á þessum ferli, en þegar menn tala um þessa peninga, 0,5% af fjárlögum, og ef verið er að tala um þátt skattborgaranna í þeim efnum, verða menn náttúrlega líka að fara yfir það svið hvort til einhvers árangurs hefur leitt. Það er auðvitað alveg grundvallaratriði. Ef menn ætla að tala um útgjöld verða menn líka að leita eftir því að fá það út hvaða árangri slíkt hefur skilað. Því get ég ekki svarað í sambandi við Byggðastofnun.

Landbn. Alþingis hefur fjallað um annan sjóð, ekkert mjög óskyldan Byggðasjóði, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem var stofnsettur með lögum árið 1985 eða a.m.k. stórefldur á því ári. Við spurðum mjög grannt um það hvaða árangri þessi sjóður hefði skilað í sveitum landsins eða hverju hann hefði átt þátt í að koma til betri vegar. Þeir sem stjórna sjóðnum fengu góðan tíma til að svara þessari fyrirspurn. Eftir því sem næst verður komist eru atvinnutækifæri, eða atvinnufæri, sem sá sjóður hefur átt þátt í að skapa í landinu, í sveitum landsins, um 10% af þeirri atvinnu sem fer fram í sveitum landsins nú, á ekki lengri tíma en þetta.

Það er út af fyrir sig góð aðferð til að skýra þetta mál aðeins betur að benda á að á þessum árum hafa bændur landsins byggt upp þrjár Sögur, gistirými sem er þrefalt á við það sem er hér vestur á Melum, í bændagistingu. Það hefur ekki farið svo mikið fyrir þessu. Það hefur ekki verið sú umræða uppi sem var þegar hótelið var stofnsett hér í Reykjavík og mikil umræða og miklar deilur hlutust af, jafnvel málaferli. Þetta hafa bændur gert og sveitafólk á fáum árum, að koma upp gistirými sem er þrefalt á við Hótel Sögu. Það eru þessir voðalegu sjóðir sem hafa gert þessu fólki þetta kleift, Byggðasjóður og Framleiðnisjóður. Hvað skyldi þetta vera mikið fjármagn? Og hvað skyldu mikil verðmæti hafa skapast með þessu framtaki? Hvað skyldi þjóðarbúið njóta þessa í ríkum mæli? Það þarf nefnilega að leggja saman og draga frá og þar verður náttúrlega að beita réttum tölum. Það er miklu víðar sem þetta gerist úti um byggðir landsins. Auðvitað þurfum við að efla byggðirnar með því að gera fólki kleift að þróa ný verkefni.

Það hlýtur að vekja athygli, ekki einungis við þessa umræðu á Alþingi, heldur þegar litið er til þjóðfélagsumræðunnar, hvað hún hefur breyst gagnvart bændum landsins og íslenskum landbúnaði. Kannski finnst mönnum að þar hafi verið nóg að gert svo að ekki sé eins fýsilegt til vinsælda á pólitískum vettvangi núorðið og áður var að níðast á bændum landsins og sveitafólki. Hér hefur landbúnaðinn borið á góma og ég er ánægður með það sem um hann hefur verið sagt. Þar eru þó einkum tveir menn sem hafa farið fyrir þeirri umræðu, það er hv. 1. þm. Vestf. og það er fyrrv. landbrh.

Búvörusamningurinn og það sem var sagt um hann fyrir síðustu kosningar er mér í fersku minni. Ég er einn af þeim, kannski hér um bil eini maðurinn í mínum þingflokki, sem ekki voru ánægðir með þann samning. Það var ekki vegna þess að ekki færu í hann peningar, heldur vegna hins hvernig andinn er í þeim samningi. Og ég vildi, vegna þess að þau ákvæði eru skilyrt við afstöðu Alþingis — það mætti vel segja mér að ég og hæstv. fyrrv. landbrh. værum sammála að þessu leyti þegar til þeirrar umræðu kemur — sannarlega eiga hlut að því að laga þann tón. Hins vegar er það annað mál að ég var ekki einn í hópi þeirra þingmanna Sjálfstfl. sem gáfu um það sverar yfirlýsingar að ekki mætti koma til flats niðurskurðar, fækkunin mætti ekki verða flöt. (Gripið fram í.) Meðal þeirra sem gáfu þessar yfirlýsingar voru þrír núv. ráðherrar Sjálfstfl. Ég gaf ekki þessa yfirlýsingu. Ég held að hægt sé að fara yfir það sem ég sagði og það sem ég skrifaði án þess að það verði fundið. Hins vegar er það

náttúrlega grundvallaratriði með tilliti til reynslunnar — og nú má hæstv. fyrrv. landbrh. fylgjast með því sem ég segi. (**SJS:** Ég hlusta á hvert orð.) — Á grundvelli þeirrar reynslu sem hefur fengist með þessu fyrra aðlögunarskeiði hljóta menn auðvitað að meta hvaða áhrif t.d. 15% flatur niðurskurður kunni að hafa á sauðfjárræktina í landinu. Það er svo annað mál að ég á afskaplega auðvelt með að láta hv. 4. þm. Norðurl. e. njóta fullkomins sannmælis um að það var afreksverk hjá honum að ná fram þessum samningi. Það er fjarri því að ég kæri mig um að draga einhverja dul á þá niðurstöðu. Kannski er hann þess vegna líka guðfaðir núv. ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Nei.) Það mega náttúrlega allir menn sjá að með búvörusamningnum var búið að ákveða landbúnaðarstefnuna fyrir þetta kjörtímabil. Það þurfti ekki að deila um þau mál. (**Gripið fram í:** Og kratarnir fastir í netinu.) Auðvitað voru kratarnir fastir í netinu, jafnaugljóst og það nú er.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að mér þykir vænt um það sem kom fram í þessari umræðu í sambandi við landbúnaðinn og einmitt það sem haft var orð á um vilja og metnað. Það er náttúrlega grundvallaratriði að menn hagi þannig störfum á vettvangi stjórnmálanna að það fólk, eins og annað, geti notið sannmælis um þau efni. Það er margt sem gerist einmitt núna í starfi bænda landsins sem er afskaplega áhugavert og skemmtilegt og þá á ég sérstaklega við þau miklu áform sem uppi eru um gróðurvernd og græðslu landsins og bændurnir sjálfir eru auðvitað burðarásar í, enda hafa þeir forræði yfir landinu og undir öðrum kringumstæðum er ekki hægt að vinna það verk.

Ég vék að því í upphafi að það væru allir gömlu flokkarnir sem bæru ábyrgð á því hvernig komið væri í málefnum byggðarlaganna og það er að sjálfsögðu fjarstæða að kenna það núv. ríkisstjórn hvernig ástandið er um þessar mundir. Það ættu allir að vita. Menn mega hins vegar ekki gleyma því, og auðvitað kemur að því að það verði eftir því litið, að það er Sjálfstfl. sem nú er valdaaðilinn í byggðamálum. Sjálfstfl. fer með forustu í byggðamálum. Hann er byggðamálaflokkurinn, og ekki nóg með það heldur ræður Sjálfstfl. yfir sjávarútvegsmálunum sem auðvitað hafa meiri áhrif úti á landsbyggðinni en nokkur annar málaflokkur. Sjálfstfl hefur forræði fyrir landbúnaðarmálunum og Sjálfstfl. hefur líka forræði fyrir samgöngumálunum. Ég er ekki viss um (Gripið fram í.) að í annan tíma hafi einn stjórnmálaflokkur haft jafnmikil völd og ... (**ÓÞÞ:** Ekki trufla ræðumann.) (**Forseti:** Það er enginn að trufla hann.) Þetta gátu þeir gert mér, blessaðir, þegar þeir hafa raðað sér á mælendaskrá og ég er búinn að halda báðar mínar ræður. Það breytir út af fyrir sig engu. (Gripið fram í.) Ég var að rekja það hér hvar forræðið væri fyrir málefnum byggðarlaganna úti um landið. Það þarf að hyggja að ýmsu þar. Ég held að hins vegar sé staðreynd að þegar menn eru að tala um valdaráðuneyti í sambandi við byggðamál eru það þau sem ég hef nefnt, og það er alveg ljóst að það duga engar erjur við fortíðina í þessum efnum. Við verðum að búa við þann búskap sem við tökum við, en þetta kjörtímabil verður örlagakjörtímabil í sambandi við málefni hinna dreifðu byggða. Ég er sannfærður um að Sjálfstfl. mun ekki hlaupast undan merkjum, frá þeim skyldum sem hann hefur í þessum efnum, og það er alveg með ráðnum hug sem ég hef vakið sérstaka athygli á að Sjálfstfl. ber nú meiri ábyrgð á þessum málum en sennilega nokkur annar flokkur hefur gert í annan tíma. (**ÓÞÞ:** Það er rétt.) Frá þeim skyldum mun Sjálfstfl. að sjálfsögðu alls ekki hverfa.

Umræðu frestað.

Leiðrétting:
Í fjórum atkvæðagreiðslum í 5. hefti láðist að geta þess hve margir þingmenn greiddu ekki atkvæði og eru atkvæðagreiðslurnar því birtar aftur í heild.

1. Í dálki 1186, í stað atkvgr. um Lánsfjárlög 1992, komi:

Lánsfjárlög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv., og til fjárln. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁ, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MJ, MF, MB, PP, PS, SalÞ, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
24 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RA, RG, SAÞ, SA, StH) fjarstaddir.

2. Í dálki 1187, í stað atkvgr. um Skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, komi:

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MJ, MF, MB, PP, PS, SalÞ, SÞór, SP, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, DO, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RA, RG, SAÞ, SA, StG, StH, StB) fjarstaddir.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 38 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

3. Í dálkum 1405–1406, í stað atkvgr. um Viðskiptabanka, komi:

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 22. mál (erlendir bankar, eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 33 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

4. Í dálki 1406, í stað atkvgr. um Sparisjóði, komi:

Sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 23. mál (eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HjálmJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, MJ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SA, SÞór, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VG, VE, ÞorstP.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KE, LMR, MF, ÓE, PS, RG, SAÞ, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 33 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

28. FUNDUR

mánudaginn 18. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Fjáraukalög 1991, 2. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 122, brtt. 123.

Frsm. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Nefndin hóf athugun á fjáraukalagafrv. strax og það hafði verið lagt fram á Alþingi, þ.e. 2. okt. sl. Í stuttu máli má lýsa vinnubrögðunum þannig:

Nefndin kannaði hvern lið frv. til hlítar og fékk skýringar fjmrn. og fagráðuneyta á óskum um greiðsluheimildir. Í nokkrum tilvikum er tilgreind lækkun heimilda eða niðurskurður en í flestum tilvikum er um talsverðar hækkanir að ræða. Nefndin gekk úr skugga um hvort greiðslur hefðu átt sér stað áður en fjárheimilda var leitað og kom fram að fjárgreiðslur úr ríkissjóði 1991 umfram lögbundnar fjárheimildir voru sem hér segir:

Lánasjóður ísl. námsmanna 200 millj. kr. Var það gert að höfðu samráði við fjárln. Aðstoð við kúrdíska flóttamenn 70 millj., samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar. Kynningarátak um Leif Eiríksson 25 millj. kr., samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar. Ríkisábyrgð á launum 130 millj. kr. Samtals eru þetta 425 millj. kr.

Að lokinni athugun á frv. kallaði nefndin fyrir sig forsvarsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana. Var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina upplýsingum um greiðslustöðu ýmissa verkefna og óskum ef einhverjar væru. Nefndin kallaði eftir tillögum fagráðuneytanna sem ábyrg eru á viðfangsefnum og áliti fjmrn. Í flestum tilfellum féllst fjárln. á tillögur ráðuneytanna og mat fjmrn. á greiðsluþörf. Þá fylgir nál. fylgiskjal sem sýnir sundurliðun á niðurskurði þeim sem tilgreindur er í frv.

Þá kem ég að skýringum við einstakar brtt. fjárln. Nefndin samþykkti samtals 18,6 millj. kr. hækkun á aukafjárveitingu til Alþingis sem verður þá samtals 37,7 millj. kr. Vissulega er þetta há upphæð en hér er um að ræða útgjöld sem breytingar á skipulagsháttum Alþingis og nýafstaðnar þingkosningar höfðu í för með sér. Fyrirsjáanlegt var að skipulagsbreytingar Alþingis kölluðu á verulegan aukakostnað í ár. Einnig var ljóst að í kjölfar kosninga þurfti viðbótarfjárveitingu, bæði hvað varðaði biðlaun, tölvukostnað o.fl. Þess skal getið að allar þessar fjárbeiðnir voru samþykktar af fyrri forsetum Alþingis og flest af því hafði þegar verið ákveðið af þeim er stjórnuðu þinginu sl. vetur.

Eftirfarandi viðfangsefni voru samþykkt nú: Aðalskrifstofa 5,1 millj. kr. vegna launakostnaðar. Viðfangsefnið Fasteignir 1500 þús. vegna endurnýjunar á hljóðveri. Viðfangsefnið Tæki og búnaður 12 millj. kr. vegna kaupa á tölvubúnaði.

Þá kem ég að menntmrn., almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Tekinn er inn nýr liður, Framhaldsskólinn á Húsavík 5 millj. kr. til byggingar framhaldsskólans, svo hægt sé að taka í notkun hluta byggingarinnar um næstu áramót. Listir, framlög. Tekinn er inn nýr liður, Íslenska óperan 10 millj. kr. Í lið 6.32 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 er heimild til að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Íslensku óperunnar. Nú liggur fyrir samkomulag þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði Óperunni árlega 30 millj. kr. fast framlag. Þessu til viðbótar veitir ríkissjóður mótframlag jafnhátt söfnuðum styrkjum að hámarki 5 millj kr. á ári. Þá er í samningnum ákvæði er banna Íslensku óperunni að afla fjár með lántökum og ákvæði er efla stöðu fjármálastjóra. Samhliða þessu liggur fyrir yfirlýsing frá Reykjavíkurborg um að hún muni auka stuðning sinn við Leikfélag Reykjavíkur þannig að fyrirhugað framlag til Leikfélags í frv. til fjárlaga 1992 geti flust til Íslensku óperunnar án þess að heildarstuðningur við Leikfélag Reykjavíkur skerðist.

Hvað varðar landbrn. þá samþykkti nefndin eftirfarandi: Viðfangsefnið Jarðræktar- og búfjárræktarframlög hækkar um 35 millj. kr. og verður 42,5 millj. kr. sem er vegna uppgjörs á eldri skuldum. Búnaðarfélag Íslands, er farið hefur með framkvæmd jarðræktarlaganna, hefur ekki talið ótvírætt að heimildir til greiðslu styrkja takmarkist við framlög á fjárlögum hverju sinni. Til að taka af allan vafa við framkvæmd laganna hefur landbrh. ákveðið að beita sér fyrir breytingum á 12. gr. jarðræktarlaga sem taki af öll tvímæli þar um.

Hvað varðar sjútvrn. þá hækkar viðfangsefnið Stjórn fiskveiða um 2,5 millj kr. Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar á framkvæmd endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af aðföngum til fiskvinnslu á árinu 1989 kemur fram að margar skekkjur hafa verið á framkvæmd endurgreiðslnanna. Þurfi því þessar 2,5 millj. til að leiðrétta greindar skekkjur.

Hvað varðar dóms- og kirkjumrn. þá samþykkti nefndin viðfangsefnið Lögreglustöð í Grindavík sem hækkar um 2 millj. og verður samtals 3 millj. kr. Var það samþykkt til að unnt verði að ljúka innréttingu nýrrar lögreglustöðvar í Grindavík. Fyrir þrem árum var keypt húsnæði fyrir þessa starfsemi og er nú fyrst verið að ljúka innréttingum. Gamla lögreglustöðin er nú til húsa í gersamlega ónothæfu húsnæði og var fangaklefum hennar lokað að kröfu Hollustuverndar fyrir nokkrum árum. Þessar 2 millj. eiga að tryggja að unnt verði að ljúka innréttingum og flytja starfsemina alveg á næstunni. Þá verður unnt að selja þá fasteign sem áður var notuð sem lögreglustöð.

Tekinn er inn nýr liður er varðar biskupsembættið, samtals 2,8 millj. kr. Af því er 400 þús. ætlað til nauðsynlegs viðhalds biskupsbústaðar, 1400 þús. til yfirstjórnar vegna vanáætlunar á launakostnaði og tekinn inn nýr liður, Alþjóðasamvinna 1 millj., vegna heims-

þings alkirkjuráðsins sem haldið er á sjö ára fresti. Þá hefur biskup Íslands verið kjörinn í stjórnarnefnd lútherska heimssambandsins sem kemur saman einu sinni á ári.

Í tillögu nefndarinnar vegna heilbrrn. er tilgreindur nýr liður, Sjúkrahúsið í Keflavík 3 millj. kr. Er það til komið vegna mjög einstæðs sjúkdómstilfellis á árinu 1990. Þegar það kom til var leitað til fyrrv. heilbrrh. um greiðslu kostnaðar og var það fyrirheit gefið að ráðuneytið mundi sjá til þess að greiðsla kostnaðar stæði ekki í veginum, enda um mjög sérstætt mál að ræða. Þá hækkar viðfangsefnið Ríkisspítalar um 21 millj. kr. Það er einnig vegna mjög sérstæðra sjúkdómstilfella. Í öðru tilfellinu þurfti í skyndi að fá lánuð sérstök tæki frá útlöndum til að meðferð gæti tekist. Kostnaður við þetta tilfelli var samtals 18 millj. kr. Í umsögn ríkisspítalanna segir að það hafi vakið athygli út fyrir landssteinana hve þessi sjúklingur náði góðum bata þrátt fyrir nær vonlaust útlit frá upphafi. Það getur vissulega verið dýrt að bjarga mannslífum en sjálfsagt geta allir hv. þm. verið sammála um að einskis megi láta ófreistað í þeim efnum.

Í fjáraukalagafrv. er gerð tillaga um að veita framlag að fjárhæð 281 millj. kr. til ríkisspítala. Af þessari fjárhæð eru 27 millj kr. vegna tjónabóta vegna óveðursins á sl. vetri. Framlag þetta er tekið af óráðstöfuðu liðum vegna tjónabóta hjá fjmrn. Það sem eftir stendur, 254 millj. kr., er vegna loforða síðustu ríkisstjórnar vegna tölvukaupa og kaupa á segulómtæki, samtals að fjárhæð 125 millj. kr., sem leitað var eftir heimildum í lánsfjárlögum 1991 og 6. gr. fjárlaga. Afgangurinn, 129 millj. kr., er vegna rekstrarhalla frá árinu 1990 sem ekki fékkst afgreiddur við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990 í desembermánuði þessa árs þó að fyrir lægju upplýsingar um hann og búið væri að stofna til þeirra útgjalda.

Mér þykir rétt að fram komi að forráðamenn ríkisspítalanna rituðu heilbr.- og trmrh. bréf þann 10. okt. 1990 um fjárvöntun ríkisspítala á því ári sem að mati spítalans var talin 207 millj kr. Erindi þetta kom til umfjöllunar í fjárveitinganefnd í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaga sem afgreidd voru í desember 1990. Fjárveitinganefnd óskaði eftir umsögn heilbr.- og trmrh. um erindi ríkisspítala, sbr. bréf ráðuneytisins 2. nóv. 1990 til fjárveitinganefndar, og mælti ráðuneytið með fjárveitingu á fjáraukalögum að fjárhæð tæplega 150 millj kr. Í afgreiðslu nefndarinnar á þessari beiðni eru samþykktar í fjáraukalögum 75 millj. kr. en öðru frestað.

Eins og fyrr er getið er í þeim fjáraukalögum sem nú eru til afgreiðslu gert ráð fyrir m.a. 129 millj. kr. til ríkisspítalanna sem uppgjöri á rekstrarhalla frá árinu 1990 sem sagt er að stofnuninni hafi verið lofað á sl. vori af fyrrv. heilbrrh. Þannig hafa ríkisspítalar fengið svo til alla þá fjárhæð sem þeir óskuðu eftir með bréfi sínu frá 10. okt. 1990 vegna rekstrarhalla þess árs. Annars vegar með fjárveitingu í fjáraukalögum frá því í desember 1990 og hins vegar með þeirri beiðni sem liggur fyrir í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, en frestað var við afgreiðslu fjáraukalaga í desember 1990. Það sama virðist nú vera að endurtaka sig hjá ríkisspítölunum því að með bréfi, dags. 23. okt. sl., til heilbrrh., sem jafnframt var sent til fjárln., fara ríkisspítalar fram á 220 millj. kr. viðbótarframlag. Af þessari beiðni hefur fjárln. samþykkt 21 millj. kr. eins og ég greind frá hér að framan. Hvað varðar önnur atriði í tilskrifum ríkisspítalanna er greint frá því m.a. að ástæðurnar séu vanáætlanir í fjárlögum 1990, kostnaðarauki vegna kjarasamninga aðstoðarlækna sem gerður var á þessu ári og áætlun um auknar sértekjur vegna krabbameinslækna, en spítalinn hefur ekki fengið heimild til þess að innheimta þær af hálfu heilbrrn.

Meiri hluti fjárln. telur að legið hafi fyrir í upphafi þessa árs að páv. stjórnvöld væru ekki reiðubúin til þess að auka framlag til ríkisspítalanna og að þann kostnaðarauka sem var samfara kjarasamningum sem páv. fjmrh. gerði við aðstoðarlækna var áætlað að spítalinn ætti sjálfur að bera. Þá getur nefndin ekki fallist á að stjórnendur spítalans taki sér ákvörðunarvald um aukin útgjöld vegna aukinnar þjónustu án fyrir fram heimilda. Í heilbrrn. er verið að skoða þessa beiðni sérstaklega og þess vegna er ekki tekin afstaða til málsins að þessu sinni.

Fjárln. mun ekki una við síendurteknar aukafjárveitingar. Hver einasta stofnun verður að sníða sér stakk eftir vexti. Komi í ljós að ekki er vel farið með fé, áætlunargerð í molum og aðhald í minnsta lagi verður að snúa við á þeirri braut.

Viðfangsefnið 6.01 hækkar um 700 millj. kr. og verður því 805 millj. kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 1989 og frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 var sótt um viðbótarheimild að fjárhæð 328 millj. kr. vegna fjárlagaliðar hjá fjmrn., Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, í tengslum við kaup ríkissjóðs á fasteignum. Í athugasemdum við bæði frv. er þess getið að sótt sé um þessar viðbótarheimildir vegna þess hluta af eignakaupum sem ríkissjóður fjármagnar með lántökum. Þar er þess enn fremur getið að ríkisbókhaldið sýni í uppgjöri sínu innan ársins fasteignakaup að fullu.

Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 er ekki sótt um heimildir vegna þess hluta af kaupverði fasteigna sem ríkissjóður hefur tekið lán fyrir hjá seljanda sem nemur um 220 millj. kr. Í þeirri fjárhæð eru ekki meðtalin kaup ríkissjóðs á SS-húsinu. Á þessu ári fóru fram kaup og sala eigna vegna svonefnds SS-húss við Laugarnesveg í Reykjavík. Eign SS við Laugarnesveg var metin á 430 millj. kr. Þar af greiddi ríkissjóður í peningum 50 millj. kr., 80 millj. kr. með skuldabréfi útgefnu af ríkissjóði og afhentar voru fasteignir í eigu ríkissjóðs sem metnar voru á 300 millj. kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 1991 var tekjufært andvirði þeirra eigna sem ríkissjóður lét í makaskiptum fyrir SS-húsið þó engar peningagreiðslur hafi átt sér stað en kaupverð eignarinnar er ekki gjaldfært á móti. Þannig er misræmi milli færslna á tekna- og gjaldalið sem sýndi betri afkomu ríkissjóðs en raun er á.

Í bókhaldi ríkissjóðs til loka septembermánaðar hefur verið fært eftirfarandi vegna fasteignakaupa:

Kaupverð fasteigna o.fl. til gjalda 1 milljarður 195 millj. Greitt með peningum 520 millj. Greitt með lán-

um 375 millj. Makaskipti til tekna 300 millj. Niðurstaðan er því núll.

Í fjáraukalögum og fjáraukalagafrv. fyrir árið 1991 er gerð grein fyrir tveimur atriðum í þessu sambandi. Heimildum fyrir peningagreiðslum að fjárhæð 580 millj. kr. og tekjum vegna virði eigna sem ríkissjóður lét af hendi í makaskiptum. Hins vegar er ekki færður til gjalda sá hluti kaupverðs sem greiddur er með lánum eða sá hluti sem greiddur var með öðrum eignum. Hér um að ræða rúmlega 700 millj. kr. gjaldfærslu.

Í fjárln., sem unnið hefur að fjáraukalagafrv. í góðu samkomulagi, er ágreiningur um þessa færslu. Meiri hluti nefndarmanna telur brýnt að sýna á hverjum tíma allar lántökur sem ríkissjóður hefur undirgengist með formlegum hætti til greiðslu á vöru og/eða þjónustu sem fært er í ríkisbókhaldi innan ársins. Þannig er gerð grein fyrir öllum nýjum fjárhagslegum ákvörðunum sem teknar eru á viðkomandi tímabili. Ástæðulaust er að sýna útkomu ársins betri í fjárlögum og fjáraukalögum en hún er í raun.

Ágreiningur minni hlutans kemur fram í nefndarálitinu. Í raun er ekki um djúpan efniságreining að ræða. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni telja ekki tímabært að taka einn þátt skuldbindinga ríkissjóðs fyrir sérstaklega og uppfæra með þessum hætti, enda sé um flókið mál að ræða sem undirbúa þurfi vel. Mikilvægt sé að móta skýrar reglur um það með hvaða hætti kröfur teljast skuldbindandi og þar með bókunarhæfar fyrir ríkissjóð og að ákveðið sé að fjárlagafrv. fyrir árið 1993 verði undirbúið og sett fram í fullu samræmi við þessar breytingar. Það sem nefndarmenn greinir á fyrst og fremst um er að minni hluti nefndarinnar telur að færa eigi allar kröfur á ríkissjóð óháð því hvort gengið hafi verið frá skuldbindingum með formlegum hætti eða ekki á viðkomandi tímabili. Er þá verið að tala um hreint rekstraruppgjör eins og fram kemur í ríkisreikningi. Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar áherslu á að færsla umræddra 700 millj. er á nákvæmlega sama hátt og gert var árin 1989 og 1990 en þá var af hálfu fjmrn. sótt um heimildir fyrir þeim hluta kaupverðs sem greitt var með beinum lántökum.

Vissulega hefði verið mjög mikilvægt og eðlilegt að í fjáraukalögum kæmu fram öll ný fjárútlát sem fyrri ríkisstjórn hafði stofnað til og auka skuldir ríkissjóðs. Í sambandi við þær hugmyndir sem fjmrh. hefur sett fram í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 um breytta framsetningu fjárlaga mun fjárln. taka þær hugmyndir til umfjöllunar í upphafi næsta árs. En mikilvægt er að ekki sé ágreiningur um framsetningu upplýsinga um fjármál ríkisins og að aðilar séu vissir um hvað viðkomandi upplýsingar eigi að segja.

Til upprifjunar nefni ég atriði sem æskilegt hefði verið að taka inn í fjáraukalagafrv. nú. Fyrst er að nefna, og ekki er tekið tillit til, áætlaðan kostnað vegna kaupa ríkissjóðs á fullvirðisrétti á árinu 1991, en samkvæmt áætlun landbrh. er talið að kostnaður vegna þessa nemi um 1 milljarði 230 millj. kr. Áformað er samkvæmt búvörusamningi að kaupa fullvirðisrétt sem svarar til 3.700 tonna af kindakjöti. Uppkaup í ár svara til 1.860 tonna þannig að eftir standa 1.850 tonn sem þarf að kaupa upp á árinu 1992. Áætla má að kaup þessi nemi um 800 millj. kr. þannig að heildarkostnaður við uppkaup fullvirðisréttar sem svarar til 3.700 tonna framleiðsluréttar verði alls um 2 milljarðar kr.

Ekki er gerð grein fyrir yfirtöku ríkissjóðs á lánum Byggðastofnunar samkvæmt heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Samkvæmt samkomulagi sem undirritað var af fjmrh. 21. maí 1991 yfirtók ríkissjóður lán Byggðastofnunar hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð 1,2 milljarðar kr. Þá hefur ekki verið gerð grein fyrir yfirtöku lána hjá Hitaveitu og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð tæpar 100 millj. kr. skv. 6. gr. fjárlaga. Báðar þessar yfirtökur hafa verið bókaðar á viðskiptareikninga í ríkisbókhaldi.

Þá kem ég að samgrn., Flóabátar og veruflutningar. Tekinn er inn nýr liður, Stofn- og rekstrarstyrkir. Til rekstrar Eyjafjarðarferja eru veittar 7 millj. kr. viðbótarframlag. Greiðsla framlagsins er háð samþykki fjárln. að undangenginni athugun á rekstri nýju ferjunnar, en ljóst er að rekstrargrundvöllur hennar er afar hæpinn.

Ástæða er til að vekja athygli á vanda við rekstur annarra ferja. Þannig barst fjárln. beiðni um viðbótarframlag til Breiðafjarðarferjunnar Baldurs og vitað er að samdráttur er í flutningum Akraborgar. Þá var á árinu keypt ný ferja í Ísafjarðardjúp og nýr Herjólfur er væntanlegur á næsta ári. Brýnt er að fram fari heildarúttekt á rekstri allra ferja og leitað verði leiða til að minnka heildarkostnað við rekstur þeirra og lækka framlög ríkissjóðs.

Þá er tekinn inn nýr liður, 6.20, Ferjubryggjur, 18 millj. kr. vegna ferjuaðstöðu í Þorlákshöfn. Búist er við að hinn nýi Herjólfur fari í rekstur um miðjan júní á næsta ári. Framkvæmdir við ferjuaðstöðu hafa verið boðnar út og er talið nauðsynlegt að þær geti hafist í desember. Við undirskrift verksamnings þarf að inna fyrstu greiðslu af hendi. Þess vegna er tillaga um þessar 18 millj. kr.

Í frv. er gert ráð fyrir 10 millj. kr. niðurskurði í hafnamálum en með fyrrgreindri samþykkt verður hins vegar um 8 millj. kr. aukin útgjöld að ræða. Til rannsóknarnefndar flugslysa er ætlað 1,5 millj. kr. vegna kostnaðar af rekstri nefndarinnar.

Tekinn er inn nýr liður, Hótel, framlög, 16 millj. kr. Þessi samþykkt er til komin vegna fyrri skuldbindinga fjárveitinganefndar. Eftir standa skuldbindingar að fjárhæð 16 millj. kr. að teknu tilliti til áætlaðra verðbóta frá áramótum. Þær skuldbindingar sem eftir standa eru vegna hótelanna Valaskjálf á Egilsstöðum og Árey á Hvolsvelli, en þær höfðu átt að greiðast á árunum 1992 og 1993. Samkvæmt samþykkt nefndarinnar er greiðslum þessum flýtt.

Í ljós kom eftir að fjárln. hafði lokið umfjöllun frv. til 2. umr. að fjárveitinganefnd hafði og skuldbundið sig gagnvart hótelinu á Blönduósi. Verður það skoðað fyrir 3. umr. frv. Þegar tekið hefur verið tillit til þess er greiðslum þessum lokið.

Hvað varðar iðnrh. þá hækka Ýmis framlög undir

liðnum Ýmis orkumál um 3 millj. er verður því 5,5 millj. kr. Aðflutningsgjöld hafa að hluta verið felld niður af efni til stofnæða hitaveitna en litlar hitaveitur með fáar notendur hafa samt sem áður átt í erfiðleikum með að greiða gjöld sem þeim hefur verið gert að greiða. Eftir athugun fjmrn. og iðnrn. telur fjárln. nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna hjá Hitaveitu Seyluhrepps og Hitaveitu Hvalfjarðar að veita styrk til þess að greiða hluta þeirra gjalda sem þeim hefur verið gert að greiða í ríkissjóð vegna stofnæðar. Með því á rekstur hitaveitnanna að vera tryggður.

Þá kem ég að umhvrn. Tekinn er inn nýr liður, Veiðistjóri, 9,5 millj kr. Var þetta samþykkt vegna flutnings og halla á rekstri stofnunarinnar. Í júní sl. flutti stofnunin úr Bændahöllinni og tók upp sambýli við Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnun. Er það hagræði fyrir báða aðila. Þá hefur myndast verulegur halli hjá stofnuninni vegna vangreiddra framlaga til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða allt frá árinu 1989. Einkum eru það lítil og fátæk sveitarfélög sem eiga þessar greiðslur inni. Þrátt fyrir þessar 9,5 millj. er ljóst að uppsafnaður vandi áranna 1989 og 1990 er það mikill að út af standa 18 millj. kr.

Þá er gert ráð fyrir að kostnaður ríkisins vegna veiða ársins 1991, sem á að greiðast árið 1992, verði um 37 millj. kr. Fjárln. telur nauðsynlegt að gera hlutaeigandi ljóst að treysti fjárveitingavaldið sér ekki til að leggja fram fé til eyðingar refa og minka þá verður að finna aðrar leiðir til að greiða fyrir þetta verkefni. Fram hefur komið að fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi breytingar á lögum um eyðingu refa og minka þar sem tekið verður á þessu vandamáli. Fjárln. mun ræða þessi mál frekar milli 2. og 3. umr.

Ekki er ástæða til að mínu mati að fresta því endalaust að greiða skuldbindingar sem óhjákvæmilegt er að greiða, einkum ef haft er í huga að úrbætur eru fyrirhugaðar sem væntanlega minnka kostnað ríkissjóðs.

Þá er lagt til að liðurinn Landmælingar Íslands, Sérstök verkefni í kortagerð, hækki um 2 millj. og verði því samtals 5 millj. kr. Þessi stofnun hefur á undanförnum árum haldið sig vel innan marka fjárveitinga sem vissulega er lofsvert þegar aðrir eru teknir til samanburðar. Nú er vandi stofnunarinnar mikill vegna sérstakra verkefna í kortagerð sem ekki mega bíða og því er þessi breyting gerð.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara meira ofan í þessa þætti nema tilefni gefist til. Eftir að fjárln. hafði lokið tillögum sínum og athugun á frv. fyrir 2. umr. urðu nokkrar umræður á Alþingi um Lánasjóð námsmanna. Þá komu forsvarsmenn sjóðsins til viðræðu við fjárln. í síðustu viku. Fram kom að nú skortir sjóðinn samtals 300 millj. kr. til að geta staðið við skuldbindingar sínar til áramóta. Hér er vissulega um stóra upphæð að ræða en væntanlega óhjákvæmilega. Mun nefndin ræða þessi mál fyrir 3. umr. og skila tillögum.

Í viðræðum nefndarinnar við forráðamenn stofnana og embætta þegar athugun á frv. átti sér stað kom fram að í flestum tilvikum komu fram eðlilegar skýringar á því að kostnaður hafði farið verulega fram úr áætlun fjárlaga eða að áætlanir um útgjöld sem stuðst var við þegar frá síðustu fjárlögum var gengið voru alls ekki raunhæfar. Í öðrum tilvikum kom fram að ekki var nógu traustlega staðið að fjármálastjórn og var lögð áhersla á það af hálfu fjárln. að þar yrði bætt úr.

Fram kom hjá öllum nefndarmönnum eindreginn vilji til þess að setja skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga sem fjárlaganefndarmenn eru sammála um að hafi gengið úr hófi fram á liðnum árum.

Nál. fjárln. er undirritað af öllum nefndarmönnum, þeim Karli Steinari Guðnasyni, Pálma Jónssyni, Árna Johnsen, Gunnlaugi Stefánssyni, Sturlu Böðvarssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Jóni Kristjánssyni, Margréti Frímannsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur. Öll nefndin leggur til að brtt. verði samþykktar. Minni hlutinn gerir fyrirvara um ýmis atriði sem hann mun væntanlega gera grein fyrir hér á eftir.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Fjárln. hefur nú fjallað um það frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 sem flutt er á þskj. 9 svo sem fram hefur komið í framsöguræðu hv. formanns fjárln. Eins og fram kom í máli hans varð samkomulag um nefndarálit allrar nefndarinnar, en þó af hálfu stjórnarandstöðunnar fyrirvarar um einstaka þætti. Veit ég að einstakir nefndarmenn munu gera grein fyrir einstökum atriðum í því sambandi af sinni hálfu. Þó eru sameiginlegir tveir meginfyrirvarar við einstaka þætti sem gerðar eru tillögur um af hálfu nefndarinnar og mun ég gera grein fyrir þeim aðeins síðar.

Fjárln. hefur rætt við ýmsar stofnanir og fulltrúa flestra ráðuneyta um þetta frv. til fjáraukalaga. Eftir þær umræður og athuganir má segja að samstaða hafi náðst um flestallar brtt. Ég gat þess við 1. umr. um frv. að nauðsynlegt væri að halda þeim sið að leggja fram frv. til fjáraukalaga á ári hverju til þess að leiðrétta það sem kynni að einhverju leyti að hafa farið úrskeiðis og nauðsynlegt væri að taka á innan fjárlagaársins til þess að fjárgreiðslur úr ríkissjóði væru ávallt í samræmi við lög.

Vissulega er það svo að í þessu fjárlagafrv. eru nokkur atriði, kannski má segja fjölmörg, sem rekja má til fyrirrætlana fyrri ríkisstjórnar sem ekki náðu fram að ganga af ýmsum ástæðum sem hafa verið raktar í umræðum áður, bæði umræðum um fjáraukalögin, við 1. umr. fjárlaga fyrir næsta ár og í öðrum umræðum á þingi. Ætla ég ekki að eyða tíma í það frekar nú nema tilefni gefist til síðar í þessari umræðu. Vegna þessa þótti okkur full ástæða til að leita leiða og reyna að ná samtöðu um nefndarálitið sem tókst. Það felur þó ekki í sér neinar vísbendingar um að staðið verði að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 með sama hætti. Ég reikna með að hæstv. ráðherrar skilji afstöðu okkar stjórnarandstæðinga í því efni því að í frv. til fjárlaga eru settar fram margar nýjar hugmyndir sem lýsa stefnumiðum núv. ríkisstjórnar sem stjórnarandstæðingar hvorki vilja né geta tekið undir. Mun ég auðvitað koma að því að ræða það síðar.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara yfir allar brtt., enda hefur hv. formaður nefndarinnar gert það ítarlega í sínu máli, en vil þó nefna sérstaklega nokkur atriði. Í nefndarálitinu er rætt um greiðslur án fjárheimilda og tilgreindir sérstaklega nokkrir liðir samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. Út af fyrir sig höfum við stjórnarandstæðingar ekki ástæðu til þess að efast um að þar sé rétt og skilmerkilega frá greint. Þó eru ekki taldir upp nema fjórir liðir, allir nokkuð stórir, samtals upp á 425 millj. kr., og reyndar tekið sérstaklega fram um tvo þeirra að þeir séu samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar, þ.e aðstoð við kúrdíska flóttamenn og kynningarátak um Leif Eiríksson. Við þetta vil ég aðeins bæta að þessar fjárgreiðslur úr ríkissjóði munu hafa verið gerðar á þann hátt að vísað var á óskiptan lið sem ríkisstjórnin hafði til ráðstöfunar, en með þeim fyrirvörum að þegar kæmi að gerð fjáraukalaga fyrir þetta ár yrðu liðirnir teknir til skoðunar og fluttar um það tillögur að gert yrði ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til viðkomandi verkefna eins og hér er lagt til.

Þá langar mig að nefna einstaka þætti undir hinum ýmsu ráðuneytum og fyrst varðandi menntmrn. Ég bið formann fjárln. afsökunar ef hann hefur nefnt það, en ég minnist þess ekki, ég hef þá ekki tekið eftir því, að fulltrúar Lánasjóðs ísl. námsmanna gengu á fund nefndarinnar og báru fram með ósk um verulega viðbótarfjárveitingu vegna fjárlaga þessa árs upp á samtals 300 millj. kr. (Gripið fram í.) Þá hef ég bara ekki tekið eftir því hjá hv. formanni og bið hann afsökunar á því. Um það var rætt að það yrði tekið til umfjöllunar á milli umræðna. Enda álít ég það nauðsynlegt því að annars mun koma til þess að útlán stöðvist ef ekki verður reynt að líta á þessa beiðni stjórnar lánasjóðsins og komast að einhverri niðurstöðu um það hvaða fjárveitingu þarf að samþykkja til viðbótar þeim 400 millj. sem gert er ráð fyrir í fjáraukalagafrv. sjálfu.

Þá langar mig að þakka fyrir að í brtt. nefndarinnar er að hluta til tekið tillit til fyrirheita sem fyrrv. ríkisstjórn hafði gefið vegna bygginga einstakra framhaldsskóla. Þó er það ekki að fullu gert og langar mig að nefna sérstaklega bréf frá 18. mars sl. þar sem fyrrv. hæstv. menntmrh. gerir grein fyrir samkomulagi sem náðist við Ísafjarðarkaupstað vegna byggingar íþróttahúss á Ísafirði. Þar var gefið fyrirheit um viðbótarfjárveitingu til þessa mannvirkis við gerð fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Þetta höfum við ekki rætt sérstaklega í nefndinni, en málið kom upp á mitt borð seinustu daga og vildi ég nefna það hér og jafnframt hafa fyrirvara um að það kunni að verða tekið til skoðunar fyrir 3. umr. hvort hægt er að verða við fyrirheitum sem gefin voru af fyrrv. ríkisstjórn.

Varðandi heilbr.- og trmrn. vil ég nefna það, ekki síst út af því sem fram kom í ræðu hv. formanns nefndarinnar, að málefni ríkisspítala hafa verið til umræðu hjá nefndinni. Vissulega er gert ráð fyrir verulegri aukafjárveitingu í frv. sjálfu upp á 129 millj. kr. sem er vegna uppgjörs frá fyrra ári. Við fjárlagaafgreiðsluna kom það fram, m.a. í ræðu hv. fyrrv. formanns nefndarinnar, núv. hæstv. heilbrrh., að það þyrfti að skoða málefni ríkisspítala sérstaklega á þessu ári í tengslum við gerð fjáraukalega. Í þeirri ræðu kom m.a. fram að ekki væri fyllilega orðið við óskum, og þörfum, spítalanna um fjárveitingar á þessu ári. Óskir spítalanna nú þurfa því ekki að koma neinum á óvart. Einnig var gert ráð fyrir því að ríkisspítalar fengju nokkra upphæð af sameiginlegum lið til sjúkrahúsanna í Reykjavík sem á að úthluta úr samkvæmt tillögum frá svokölluðu samstarfsráði sjúkrahúsanna í Reykjavík sem hefur stoð í lögum. Eftir því sem fjárln. hefur fengið uppgefið er gert ráð fyrir að ríkisspítalarnir fái 65–70 millj. kr. út úr þeim lið auk þeirrar 21 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að bæta við fjárveitingar sem áður voru ráðgerðar í fjáraukalagafrv. sjálfu. Segja má því að hér sé mætt u.þ.b. helmingi þeirrar fjárþarfar sem ríkisspítalarnir telja sig nú standa frammi fyrir að upphæð 177 millj. kr.

Ég tel nauðsynlegt að þetta verði skoðað frekar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár því annars mun óhjákvæmilega koma til þess að ríkisspítalarnir þurfa að draga úr þjónustu. Eins og fram kom á fundi nefndarinnar af hálfu forsvarsmanna sjúkrahússins er það kannski auðveldast og fljótlegast með því að fækka annaðhvort hjartaaðgerðum eða bæklunaraðgerðum, nema hvort tveggja væri, því í þeim tilvikum er um að ræða kostnaðarsamar aðgerðir þar sem hægt er að spara hratt háar upphæðir ef dregið er úr þeim. En þá stöndum við líka strax frammi fyrir því að biðlistar muni lengjast og eru þeir líklega taldir ærnir einmitt hvað varðar hjartaskurðlækningar og bæklunaraðgerðirnar. Því tel ég ljóst, virðulegi forseti, að nauðsynlegt sé að skoða þetta mál nánar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Tryggingastofnun ríkisins fær einnig nokkra leiðréttingu í fjáraukalögunum, enda ljóst að áætlaður sparnaður næst ekki þar m.a. af ástæðum, sem áður hafa komið fram, að samstaða náðist ekki í fyrrverandi ríkisstjórn um hvernig staðið skyldi að þeim hugmyndum sem settar voru fram við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra. En þótt stjórnarandstaðan samþykki þessar tillögur eins og þær liggja fyrir felst ekki í því neinn stuðningur við framkvæmd þeirra sparnaðaraðgerða sem hæstv. heilbrrh. hefur beitt sér fyrir og gripið til.

Ég hef áður lýst því að við teljum nauðsynlegt að grípa til annars konar sparnaðaraðgerða, róttækari skipulagsbreytinga varðandi innflutning, sölu og verðlagningu lyfja, heldur en fara þá leið sem við vitum að farin hefur verið, þ.e. að leggja fyrst og fremst áherslu á að notendur lyfjanna, sjúklingarnir, taki þátt í kostnaðinum.

Varðandi brtt. sem eru gerðar tillögur um á málaflokkum samgrn., eins og t.d. hækkun á framlögum vegna reksturs Hríseyjarferju eða svokallaðra Eyjafjarðarferja, vil ég geta þess að í bréfi, sem liggur fyrir nefndinni frá samgrn. dags. 15. okt. sl., er sótt um 18,7 millj. kr. Niðurstaða nefndarinnar er samt sem áður að gera aðeins tillögur um 7 millj. kr. hækkun sem er samkvæmt tillögum fjmrn. um að þannig verði staðið að málinu á þessu stigi, en jafnframt gefin fyrirheit um að málefni þessara ferja, svo og reyndar ann-

arra sem höfðu sent inn erindi eða nefndin hafði hug á að skoða, verði tekin til frekari athugunar og skoðunar fyrir gerð fjárlaga á næsta ári, enda nauðsynlegt að koma því á hreint til frambúðar hvernig að málum skuli staðið. Ég óttast þó að þessar 7 millj. séu of lág upphæð miðað við þann kostnað sem lítill hreppur, Hríseyjarhreppur, hefur nú þegar lagt til reksturs þessara ferja og e.t.v. er nauðsynlegt að líta á málið nánar milli 2. og 3. umr. um fjáraukalögin.

Þá barst nefndinni bréf frá umhvrn. um málefni Náttúruverndarráðs þar sem ráðuneytið framsendir tillögur Náttúruverndarráðs. Reyndar er ekki að finna í þessu bréfi, sem er stutt, neina afstöðu til málsins. Þar segir aðeins, með leyfi forseta: „Hér með er nefndinni [þ.e. fjárln.] send til meðferðar umsókn Náttúruverndarráðs dags. 21. okt. 1991 um aukafjárveitingu á þessu ári að upphæð 5.485.641 kr."

Engin afstaða er tekin til málsins og niðurstaða fjmrn. við athugun var sú að gera ekki ráð fyrir aukafjárveitingu nú til Náttúruverndarráðs en málið yrði rætt nánar og skoðað fyrir gerð fjárlaga fyrir næsta ár, enda verðum við að gæta þess að einstakir þættir Náttúruverndarráðs lamist ekki eða leggist jafnvel af eins og hætta kann að vera á ef ekki er tekið að einhverju leyti tillit til þeirra upplýsinga og óska sem hér koma fram.

Þá langar mig að koma að þessum sérstöku fyrirvörum sem stjórnarandstæðingar í fjárln. hafa sett fram við afgreiðslu þessa frv. og getið er um í nál. Fyrst eru það fyrirvarar við niðurskurð á fjárveitingum til opinberra framkvæmda sem eru samkvæmt frv. til framhaldsskóla 40 millj., til bygginga sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 21 millj., til vegagerðar 350 millj. og til hafnamannvirkja 10 millj.

Reyndar fylgja með sem fskj. listar um þennan niðurskurð þar sem greint er frá hvaða verkefni það eru sem hafa verið lækkuð. Þessir listar hafa verið lagðir fram í nefndinni og kynntir en ekki ræddir þannig að nefndin í heild tæki afstöðu til einstakra efnisþátta. Því verður að lýsa því skýrt yfir að hér er um að ræða ákvarðanir ríkisstjórnar studdar af ríkisstjórnarmeirihlutanum, enda þessar ákvarðanir teknar í sumar meðan framkvæmdir stóðu yfir og vart um það að ræða að gera á því miklar breytingar í dag þegar langt er liðið á árið og framkvæmdatíma að mestu lokið. Því eru þessir niðurskurðarlistar og tillögur algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans. Við fulltrúar stjórnarandstöðu í fjárln. lýsum því yfir fyrir okkar leyti að við tökum ekki ábyrgð á þessum tillögum.

Hinn meginfyrirvarinn lýtur síðan að brtt. nr. 10 á þskj. 123 þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum séu hækkuð um 700 millj. kr., úr 105 millj. eins og gert er ráð fyrir í frv. til fjáraukalaga í 805 millj.

Svo sem fram kemur í nál. er um að ræða færslu á skuldbindingum ríkissjóðs vegna eignakaupa, einkum kaupa á fasteignum, en án greiðslna, þ.e. verið er að færa þann hluta viðkomandi eigna sem tekinn hefur verið að láni eins og hv. formaður fjárln. gerði grein fyrir í sinni framsöguræðu.

Ég vil taka það skýrt fram að af hálfu stjórnarandstöðunnar erum við ekki á móti því að tekið sé upp það form að færa skuldbindingar almennt og tek undir það sem formaður gerði grein fyrir áðan í sinni ræðu, að hér er ekki um að ræða djúpstæðan skoðanaágreining, heldur miklu fremur um að ræða ágreining um málsmeðferð, hvernig staðið sé að þessu við gerð fjáraukalaganna. Þetta mál hefur verið lengi í undirbúningi og viðræður farið fram milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. og sérstök nefnd verið að störfum til að komast að niðurstöðu um hvernig skuli uppfæra þessar skuldbindingar. Frá þessu er skýrt í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1992 í 8. kafla á bls. 382 og langar mig, með leyfi forseta, að vitna aðeins til þess sem þar er sagt. Þar segir m.a.:

„Ríkisreikningsnefnd hefur nýlega lagt fram tillögur um breytingu á framsetningu fjárlaga til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á ríkisreikningi. Í fyrsta lagi er talið nauðsynlegt að sem mest samræmi sé milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárlagaársins. Nauðsynlegt er að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla á ár hvert sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni séu sýndar í fjárlögum. Yfirsýn yfir raunveruleg ríkisumsvif og breytingar þeirra frá einu ári til annars næst ekki annars. Eftir sem áður verða fjárlög að sýna innheimtar tekjur og greiðslur úr ríkissjóði, bæði vegna þess að ákvarðanir Alþingis um greiðslur ráða mestu um umsvif ríkisaðila á fjárhagsárinu og hins að raunhæfri stjórn og eftirliti með útgjöldum verður ekki við komið nema fjárlög beri beinlínis með sér ákvarðanir um greiðsluheimildir." — Síðar í þessari grg. segir: „Ákveðið hefur verið að fjárlög verði framvegis sett fram samkvæmt þessum tillögum. Í fjárlagafrv. þessu er þannig í fyrsta sinn gerð grein fyrir þeim kröfum ríkissjóðs og skuldbindingum sem taldar eru myndast á árinu 1992. Í tillögum ríkisreikningsnefndar er gert ráð fyrir að skuldbindingar og greiðsluheimildir komi fram í öllum greinum frv., þar með talinni 4. gr. Er lagt til að sundurliðun í þeirri grein verði á rekstrargrunni, þ.e. sýni skuldbindingar á fjárhagsárinu, en jafnframt verði fyrir hvern fjárlagalið sýnd ákvörðun Alþingis um greiðslur á árinu. Þessa breytingu hefur hvorki gefist tími né ráðrúm til að útfæra í frv. Því er gert ráð fyrir að fjárlög ársins 1992 verði afgreidd lögformlega með sama hætti og áður. Í þessum kafla kemur hins vegar fram yfirlit sem sýnir áætlaðan rekstrarreikning ársins og þær breytingar sem talið er að verði á áföllnum kröfum og skuldbindingum. Þá hefur jafnframt verið ákveðið að eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1992 verði þau sett fram sérstaklega samkvæmt tillögum ríkisreikningsnefndar. Fjárlagafrv. ársins 1993 verður svo undirbúið og sett fram í fullu samræmi við þessar breytingar."

Hér er gerð ítarleg grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að þessum málum og höfum við út af fyrir sig engar athugasemdir við það. Okkar fyrirvari er hins vegar fyrst og fremst sá að málið þurfi betri undirbún-

ing eins og hér er lýst og kemur skýrt fram og ástæðulaust sé því og jafnvel óeðlilegt að taka á þennan hátt, sem hér er gerð tillaga um, aðeins einn þátt út úr og þjóni það í raun ekki neinum tilgangi.

Í grg. með frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir 1989 er þetta einnig rakið ítarlega og rætt um nauðsyn þess að settar séu skýrar reglur og þar einnig greint frá eða rætt um nokkur atriði sem þarfnist sérstakrar athugunar og eru dregin þar fram. Mig langar einnig, með leyfi forseta, að vitna aðeins í þessa grg., en þar segir m.a.:

„Ríkisreikningsnefnd leggur til að stefna beri að því að sýna allar skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla eins og þær eru best þekktar á hverjum tíma. Það er því mikilvægt þegar í upphafi að marka skýrar reglur um það með hvaða hætti kröfur teljast skuldbindandi og þar með bókunarhæfar fyrir ríkissjóð."

Þetta er greinilega sett fram því að menn telja að það þurfi að skoða vandlega, marka skýrar reglur og reyndar er ekki ævinlega ljóst hvenær kröfur teljast skuldbindandi. Hér eru t.d. nefndir nokkrir þættir sem þarf að skoða ítarlega, það eru lífeyrisskuldbindingarnar, það eru skuldbindingar við sveitarfélög vegna framkvæmda og rekstrar, það eru vextir og það eru ríkisábyrgðir. Í kaflanum um vexti segir m.a.: „Álitamál er hvaða vexti skal gjaldfæra. Þar kemur tvennt til. Annars vegar að miða við beinan útreikning á áföllnum vöxtum samkvæmt ákvæðum lánssamnings, hins vegar að finna út raunvexti og gjaldfæra þá. Í því samhengi var einnig óútkljáð hvaða verðmæli á að beita við umreikning til raunvaxta."

Þetta sýnir m.a. að ekki eru enn þá skýrar reglur um hvernig að þessu skuli staðið. Varðandi ríkisábyrgðirnar segir: „Til álita kemur að ganga lengra og færa til gjalda í A-hluta samsvarandi fjárhæð og Ríkisábyrgðasjóður afskrifar í sínum reikningi vegna affalla. Ákveðið var að bíða með frekari breytingar þar til fyrir liggur skilgreining vinnuhóps um flokkun ríkisaðila og skilgreiningu í málaflokka."

Allt þetta finnst okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar sýna að málið sé á undirbúnings- og vinnslustigi og ekki tímabært að taka það inn í fjáraukalög. Mætti reyndar nefna enn frekari dæmi. Ég get t.d. nefnt að í tillögum fjárln. er gert ráð fyrir viðbótargreiðslu til framhaldsskóla á Húsavík upp á 5 millj. kr. sem er ekki nema hluti af skuldbindingunni við þennan skóla. Þar liggur fyrir samningur upp á 70 millj. Hefði þá ekki verið rétt í samræmi við hitt að taka þessar 70 millj. inn og gera síðan sérstaklega grein fyrir að af þessum 70 millj. ætti nú ekki að greiða nema 5 millj.? Um það snýst málið að alveg sé skýrt hvenær um er að ræða skuldbindingu, hvenær hún er orðin bókunarfær og síðan að alveg skýrt og greinilega komi fram hvað af þeirri skuldbindinu á að greiða út.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég hef reynt að gera stuttlega grein fyrir þeim athugasemdum og fyrirvörum sem við stjórnarandstæðingar gerum sameiginlega við þetta nál., svo og nokkrum öðrum einstökum þáttum sem ég tel að þurfi að skoða nánar, annaðhvort milli 2. og 3. umr. eða við fjárlagagerðina fyrir næsta ár, en veit að einstakir nefndarmenn munu síðan gera frekari grein fyrir því sem þeir vilja hér láta koma sérstaklega fram.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lagt fram nál. fjárln. vegna fjáraukalaga fyrir árið 1991. Þar sem ég hef skrifað undir það með fyrirvara vil ég gera nokkra grein fyrir þeim fyrirvara.

Ég vil byrja með að árétta það álit minni hluta fjárln., sem fram kemur í umræddu nál., þar sem talað er um fyrirvara vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum, en þar eru settar inn til viðbótar 700 millj. kr. frá því sem var í fjáraukalagafrv.

Mín skoðun og annarra í minni hluta fjárln. er sú að þarna sé verið að fara inn á vafasama braut þar sem verið er að taka inn í fjáraukalög 700 millj. sem eru vegna skuldbindinga í fasteignakaupum á árinu sem gerð er með tilvísun í 6. gr. fjárlaga. Ríkisendurskoðun hefur í mörg ár gert athugasemd við að ekki skuli vera gerð grein fyrir slíkum skuldbindingum jafnhliða því sem greiðslur innan ársins eru sýndar. En svo sem þingmönnum er kunnugt eru fjárlög unnin á greiðslugrunni sem til framkvæmda á að koma innan hvers árs, en þar hefur ekki verið venja að fram kæmu skuldbindingar sem þó eru oftast gerðar um leið, enda sjaldnast um að ræða að t.d. fasteignakaup séu greidd að fullu á því ári sem stofnað er til þeirra.

Ég get út af fyrir sig verið því sammála að það eigi að vera upplýst í hverju fjárlagafrv. til hvaða skuldbindinga er verið að stofna. Það getur þó verið erfitt að framfylgja því, þar sem oft er erfitt að átta sig á um hvaða upphæðir getur verið að ræða. Nægir í því sambandi að nefna búvörusamninginn og lífeyrisgreiðslur til opinberra starfsmanna. En eigi að taka upp þannig vinnubrögð við útfærslu fjárlagafrv. er ekki nóg að taka einn afmarkaðan þátt út og allra síst að troða þeim þætti inn í fjáraukalög sérstaklega þar sem raunverulega er verið að gera grein fyrir ófyrirséðum útgjöldum sem koma til greiðslu á árinu. Hvernig að því verður staðið að setja inn í fjárlög raunverulegar kostnaðartölur, sem gerðar eru í tengslum við hinar ýmsu skuldbindingar eða ákvarðanir Alþingis, þarf að gerast í samhengi. Því teljum við ekki tímabært að setja þetta inn í fjáraukalög eitt og sér án þess að gerð sé grein fyrir öðrum skuldbindingum jafnframt.

6. gr. fjárlaga er annars kapítuli sem þarfnast alveg sérstakrar skoðunar og umhugsunarvert hvort sú grein eigi að standa. Þar er um svo víðtækar heimildir til handa framkvæmdarvaldinu að ræða að Alþingi fær ekki rönd við reist gagnvart þeim skuldbindingum sem hægt er að gera innan þessarar greinar. Menn eru misjafnir, ráðherrar eins og aðrir, og mér sýnist þeir geti þarna valsað með fjármuni samkvæmt geðþóttaákvörðunum. Á þessu ári, þegar tvær ríkisstjórnir hafa staðið að framkvæmd fjárlaga, fer þessi liður a.m.k. 105 millj. fram úr heimildum á greiðslugrunni en skuldbindingarnar eru svo enn hærri.

Þá eru fyrirvarar okkar í minni hluta fjárln. einnig

vegna þess niðurskurðar sem fram kemur í fjáraukalagafrv. T.d. er framlag til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla lækkað um 40 millj. þó að aftur komi viðbót upp á 12 millj. vegna Menntaskólans á Egilsstöðum, Flensborgarskóla og Menntaskólans á Laugarvatni, auk brtt. sem hefur verið lögð fram um 5 millj. vegna Húsavíkurskóla.

Lengi vel fékkst ekki sundurliðað um hvaða stofnanir eða skóla væri að ræða þrátt fyrir ítrekaðar óskir en nú kemur í ljós að þarna er um 10 millj. til Vestmannaeyja að ræða og 15 millj. eru enn ósundurliðaðar. Þá er framlag til rekstrar framhaldsskóla lækkað um 200 millj. og virðist það engan veginn raunhæft á sama tíma og umtalsverð fjölgun nemenda í framhaldsskólum á sér stað. Jafnvel þarf að vísa nemendum frá vegna þess að ekki er fjárveiting til að sinna þeirri fjölgun. Sama gildir um grunnskóla almennt, en þar er farið fram á 20 millj. kr. niðurskurð óskilgreint og því háð duttlungum ráðuneytis um hvaða skóla er verið að ræða þó það hafi nú komið fram að einhverju leyti.

Svo sem ég nefndi í ræðu sem ég flutti við 1. umr. frv. er athyglisverð sú aukning sem alltaf verður í rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna. Í frv. hefur kostnaður vegna skrifstofuhalds ýmiss konar, nefndastarfs og bifreiðakaupa, farið 86,2 millj. fram úr fjárlögum ársins 1991. Sama virðist einnig eiga að halda áfram samkvæmt fjárlagafrv. fyrir 1992, því þar aukast enn framlög til skrifstofurekstrar ráðuneyta í Reykjavík. Hvenær ætla menn sem ákafast predika niðurskurð að byrja á sjálfum sér? Ég hygg að þarna sé skýringa að leita á því að hinar ýmsu stofnanir ríkisins fara sífellt fram úr fjárlögum. Þær sjá dæmið fyrir sér í skrifstofuhaldi ráðuneyta. Ekki verður vart við annað en það sé tekið gott og gilt og þeir sem sífellt fara fram úr fjárlögum verðlaunaðir á kostnað þeirra sem líta á fjárlagarammann sem lög sem fara beri eftir.

Þá vil ég benda á nokkur atriði þar sem áætlanir um byggingu hafa ekki staðist. Þjóðleikhúsið er hrikalegt dæmi um slíkt því þar þarf 250 millj. kr. meira til endurbóta en áætlað var til fyrsta áfanga. Sjálfsagt á það sér skýringar en samt sem áður finnst mér það vítavert.

Einnig vil ég geta um meðferðarheimilið Tinda þar sem farið er fram á 20 millj. vegna viðgerðarkostnaðar við húsið sem keypt var til þessara nota og 6 millj. vegna búnaðar. Þegar sú ákvörðun var tekin að kaupa þessa fasteign var gerð áætlun um kostnað og fullyrt að ekki kæmi til frekari kostnaður. Áætlunin var samþykkt þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir fulltrúa Kvennalistans í fjárveitinganefnd sem benti á að bæði húsið og staðsetningin væri ekki heppilegur kostur til þessarar starfsemi. Hún benti einnig á að húsið væri mjög illa farið og hlyti að kosta meira að gera við það og breyta því en áætlunin sagði til um. Röksemdir hennar hafa fyllilega staðist þó að ekki væri tekið mark á þeim þá. Það sannast í þessu frv. þar sem heimilið fer í allt 30 millj. kr. fram úr fjárlögum.

Ég vil þó taka það skýrt fram að þær athugasemdir áttu ekkert skylt við þá starfsemi sem þarna átti að reka. Fyrir löngu var orðið tímabært að huga að þeim vanda sem mörg ungmenni rata í og þjóðfélagið hafði ekki brugðist við. Það er miður að sífellt meiri þörf virðist vera fyrir slíka starfsemi því að þeim ungmennum fer stöðugt fjölgandi sem þurfa á aðstoð að halda vegna fíkniefnaneyslu. Vissulega verður samfélagið að hlaupa þar undir bagga en æskilegra væri að auka fyrirbyggjandi aðgerðir. Það væri heilbrigðara, og einnig ódýrari lausn til lengri tíma litið, ef hægt væri að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í. Okkar stuðningur var við málefnið en við gerðum ítrekaðar athugasemdir við fasteignakaupin.

Utanrrn. þarf talsverða umframfjárveitingu vegna samninga um EES. Þar er um að ræða 26,6 millj. kr. til viðbótar við það sem áður var ákveðið. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hér. Það hefur verið gert að undanförnu í þeim umræðum sem farið hafa fram um Evrópskt efnahagssvæði og þann samning sem hæstv. utanrrh. segist vera búinn að gera en hv. formaður utanrmn. segir að sé enginn samningur. Það mun ekki verða í síðasta skiptið sem þessi samningur verður okkur fjárhagslegur baggi. Ég efast mjög um að fjárhagslegur ávinningur af honum muni vega upp þann kostnað sem af honum mun hljótast á næstu árum verði hann samþykktur.

Í þessu fjáraukalagafrv. eru ýmsir aðrir liðir þar sem um niðurskurð er að ræða. Má þar nefna lækkun til sjúkrahúsa og læknisbústaða, 21 millj. kr. Þar mun vera um nýframkvæmdir að ræða sem búið var að ákveða að ráðast í. Á tímum sparnaðar er ekkert við því að segja að frestað sé nýframkvæmdum sem mega bíða ef ekki væru á sama tíma nýttar heimildir í 6. gr. fjárlaga til fasteignakaupa sem deila má um hversu nauðsynlegar eru. Með öðrum orðum, framkvæmdarvaldið er að breyta ákvörðun löggjafarvaldsins en tekur sér jafnframt vald til geðþóttaákvarðana í að fjárfesta fyrir stærri upphæðir en þær sem verið er að skera niður í samþykktu fjárlagafrv.

Einnig er lækkun um 15 millj. kr. til heilsugæslustöðva almennt og mun þar vera um að ræða að ekki hefur verið hægt að ráða í stöður í heilsugæslunni, sérstaklega í dreifbýli. Það er mjög alvarlegt mál að slíkar stöður séu ekki mannaðar, enda skapar það öryggisleysi meðal íbúanna og getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Ég nefni sem dæmi að ekki hefur verið ráðið í stöðu hjúkrunarkonu á Suðureyri og stöður hafa verið ómannaðar á Hvolsvelli. Á þessu þarf að ráða bót og er ekki fullnægjandi afgreiðsla að skera bara niður fjárveitingar til þessa þar sem ekki hefur verið ráðið í stöðurnar. Leita þarf leiða til úrbóta á þeim stöðum og fleiri þar sem sama ástand ríkir.

Þarna er lækkun um 15 millj. eins og áður sagði en hins vegar er lögð til hækkun um 20 millj. vegna meðferðarstöðvar á Fitjum sem mér er sagt að sé rekin fyrir útlendinga. Ég verð að segja að þarna finnst mér um furðulega ráðstöfun á fjármagni íslenska ríkisins að ræða. Heilbrigðis- og tryggingamál eru fjárfrekasti liður hinna íslensku fjárlaga og vissulega full þörf á að leita leiða til hagræðingar þar. Sú hagræðing verður þó að gerast í fullu samráði við þá aðila sem að þessum málum vinna. Það hefur enda sýnt sig að ef þannig er

tekið á málum næst árangur, en yfirlýsingagleði ráðherranna og ýmislegt sem kastað er fram í frv. til fjárlaga er ekki vænlegt til að byggja hugmyndir um samstarf á.

Eins og ég sagði er þetta stór liður og má benda á að Tryggingastofnun ríkisins þarf hækkun í þessu fjáraukalagafrv. um 905 millj. kr., mest vegna lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga. Þar munu umferðarslysin vera stór liður, en einnig er yfirstjórn stofnunarinnar ætluð hækkun sem nemur um 45 millj. kr. sem sýnir að full þörf mun vera á að taka þann rekstur til endurskipulagningar. Tryggingastofnun ríkisins er orðin slíkt ríki í ríkinu að almenningur á þar ekki greiðan aðgang að afgreiðslu sinna mála.

Þá er lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli með aukafjárveitingu upp á 7,1 millj. kr. Þetta mun vera eitt dýrasta löggæsluembætti landsins og í fjárln. hafa komið fram athugasemdir um það og spurningar um hvers vegna svo sé. Ekki hafa komið fram nægilega góð svör um það, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er tekið á því máli og fjárveiting til þessa embættis skorin niður allverulega. Hvernig til tekst mun svo koma í ljós við afgreiðslu þess frv.

Þá finnst mér að kynningarátakið um Leif Eiríksson hafi farið ótrúlega fram úr fjárlögum, en þar þarf að bæta við 25 millj. kr. Ég sé ekki að nauðsyn hafi verið á að leggja 30 millj. í þessa Leifskynningu og sýnist mér að þar hafi ekki verið farið vel með fjármuni ríkisins.

Sjútvrn. og viðskrn. eru þau tvö ráðuneyti þar sem niðurskurður er upp á 1,5 millj. kr. hjá hvoru á heildina litið. Skýringin er sú að dregið er úr framlagi til ýmissar rannsóknastarfsemi en kostnaður við aðalskrifstofu fer þó fram úr fjárlögunum um 1,5 millj. kr. Lækkað er framlag til gæðaátaks, starfsmenntunar, markaðsöflunar og tilrauna í sjávarútvegi um 2 millj. kr., en sú upphæð er svo aftur greidd fyrir nefndastörf, sama upphæð. Með öðrum orðum, lækkun til rannsóknastarfa og hækkun vegna skrifstofustarfa. Hvort skyldi nú vera nauðsynlegra?

Samgöngumálin eru sérstakt mál. Þar var lækkað um 350 millj. frá fjárlagafrv. fyrir 1991. Um þau urðu allmiklar umræður á þinginu í vor og skýringin er sögð sú að vetrarviðhald hafi lækkað nánast sjálfkrafa um 100 millj. Vestfjarðagöng eru lækkuð um 100 millj. og þar af er okkur sagt að 50 millj. séu færsla frá ári til árs, þannig að raunverulega sé ekki um neina lækkun að ræða og þar muni verða haldið áfram framkvæmdum eins og áformað var. Ég hef enga ástæðu til annars en að treysta því að svo sé þrátt fyrir að þessar lækkanir séu settar hér inn.

Til nýbygginga vega og brúa er 150 millj. kr. niðurskurður og það er sundurliðað í skýringum með þessu fjáraukalagafrv. Þar mun aðallega vera um að ræða að sparnaður hafi náðst í útboðum og ekki að minna sé um þær framkvæmdir sem áformað var að gera. Hins vegar hefur verið viðtekin regla í þeim framkvæmdum að sparist í útboðum njóta viðkomandi vegarkaflar þess í framkvæmdum. Þannig að þarna er auðvitað verið að skera niður framlag til vegamála.

Þá eru í þessu fjáraukalagafrv. ætlaðar 35 millj. til niðurgreiðslu á rafmagni samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar um jöfnun húshitunarkostnaðar. En ég vil benda mönnum á að þetta segir lítið í því að vega upp á móti þeim hækkunum sem á þessu ári hafa komið frá Landsvirkjun. Þar er um að ræða 5% hækkun 1. jan. sl., 5% aftur 1. júlí sl. og 5% 1. okt. sl. Þessar hækkanir á síðari hluta ársins eru fyrst og fremst vegna þess að rekstur Blönduvirkjunar kemur nú af fullum þunga inn í reksturinn. Jafnframt er því lýst yfir af Landsvirkjun að þessar hækkanir séu ekki nægjanlegar fyrir rekstur næsta árs. Við megum því eiga von á enn frekari hækkunum orkuverðs því að vitaskuld geta þær orkuveitur sem þurfa að kaupa rafmagn af Landsvirkjun ekki tekið á sig þessar hækkanir án þess að það komi fram í orkuverði til neytendanna. Hvar er nú þjóðarsáttin? Þær hækkanir sem ég nefndi hafa gert það að verkum að orkuverð hefur þurft að hækka hjá Orkubúi Vestfjarða um 12,5% á árinu frá 1. jan. og hafa þeir þó reynt að stemma stigu við hækkunum og ekki látið gjaldskrárhækkanir Landsvirkjunar koma að fullu fram í orkuverði til neytenda. Þar að auki vil ég benda á að þær fullyrðingar, að ríkið hafi yfirtekið skuldir Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins þegar verðjöfnunargjald á raforku var fellt niður, eru hæpnar því hér er ekki verið að tala um að fella þessar skuldir niður eins og ég hugsa að flestir hafi skilið það. Þessi orkufyrirtæki misstu spón úr aski sínum þegar verðjöfnunargjald á raforku var fellt niður og í kjölfar þess kom síðan yfirtaka skulda. Hins vegar er þeim gert að greiða af þessum skuldum til ríkisins 70% af greiðsluafgangi fyrirtækjanna þegar tekin hefur verið frá föst tala til framkvæmda — 70% af greiðsluafgangi, þ.e. þeim hagnaði sem verður áður en afskriftir og verðbreytingarfærsla er tekin inn. Þannig þarf Orkubú Vestfjarða að greiða vegna ársins 1989 32 millj. kr. vegna yfirtöku þessara skulda og vegna ársins 1990 58 millj. vegna þeirra ákvæða sem eru í skuldabréfinu. En á þessu ári, eins og ég sagði áðan, eru ætlaðar í fjáraukalögum 35 millj. til að niðurgreiða rafmagn, hitakostnað, á öllu landinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkubúi Vestfjarða hafði ekki verið reiknað með því að orkubúið þyrfti að greiða af skuldabréfinu á sama tíma og tap er á rekstri fyrirtækisins. En þessi afborgunarskylda er sem sagt miðuð við lausafjárstöðu. Á sama tíma og því er haldið fram af ríkisstjórninni að verið sé að greiða fyrir jöfnun orkuverðs með 35 millj. í aukafjárlögum á þessu ári hefur hæstv. fjmrh. fundið þarna smugu til að blóðmjólka þessi sömu fyrirtæki og gera rekstur þeirra erfiðari en ella hefði verið. Þarna er um að ræða margfalt hærri upphæð en þessi orkufyrirtæki fá til niðurgreiðslu á orku til húshitunar samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Ég tel að þarna sé vísvitandi verið að slá ryki í augu fólks. Það telur að verið sé að bæta rekstrarskilyrði orkuveitna með yfirtöku þessara skulda og koma til móts við óskir almennings um jöfnun orkuverðs. En þetta sem ég var að lýsa eru hins vegar staðreyndir málsins.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um þær brtt.

sem hér hafa verið lagðar fram. Þær hafa verið ræddar í fjárln. og samþykktar af meiri hluta nefndarinnar. Við erum vitaskuld ekki á móti þeim fjárveitingum. Þó að í sumum tilfellum gangi þær allt of skammt þá getum við að sjálfsögðu ekki verið á móti því að einhverjar úrlausnir séu gerðar.

Nefndin á síðan eftir að taka á nokkrum málum milli 2. og 3. umr., erindum sem ekki bárust nægilega tímanlega en nauðsynlegt er að fjalla um. T.d. er fjárvöntun Lánasjóðs ísl. námsmanna enn óafgreitt mál því þar vantar enn þá 300 millj. kr. eins og kom fram í máli formanns fjárln. hér áðan. Það hlýtur því að koma á borð fjárln. áður en til 3. umr. kemur. Við þessu verður að bregðast því afkoma margra fjölskyldna er undir því komin að Lánasjóður ísl. námsmanna geti staðið við greiðslur til þeirra sem reynst hafa lánshæfir á þessu skólaári. Það er þegar búið að skerða námslánin á þessu ári og það er ekki leið sem við mælum með. Vandi sjóðsins er fyrst og fremst vegna þess að honum hefur verið gert skylt að taka lán til starfseminnar, lán á dýrum vöxtum en ríkissjóður hefur ekki getað staðið við að greiða framlag til hans eins og lög gerðu ráð fyrir í upphafi. Það er vandinn í hnotskurn. En það leysir ekki mál dagsins í dag að ræða það fram og aftur og vandinn í dag er líka sá að mikil fjölgun námsmanna hefur orðið. En eins og ég sagði á enn eftir að afgreiða það mál innan nefndarinnar.

Ég mun láta þetta nægja sem greinargerð og sjónarmið Kvennalistans með þeim fyrirvörum sem ég hef um þetta fjáraukalagafrv.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykn., formaður fjárln., hefur gert glögga grein fyrir afgreiðslu fjárln. á fjáraukalagafrv. fyrir árið 1991, hér við 2. umr. Með sama hætti hafa hv. 1. þm. Norðurl. e. og 6. þm. Vestf. flutt hófsamar ræður og skýrt sína afstöðu í glöggu máli. Í sjálfu sér er ekki ástæða til fyrir mig að bæta miklu við. Ég vildi þó aðeins koma að örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi vil ég gjarnan gera grein fyrir því að verði þær tillögur sem liggja fyrir frá fjárln. samþykktar blasir við sú staða í fjármálum ríkisins á þessu ári að gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs hækki einungis um 200 millj. en útgjöldin hækki hins vegar frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir um 5,9 milljarða. Það sést því að það hallast verulega á í afkomu ríkissjóðs miðað við það sem var þegar fjárlög voru afgreidd fyrir tæpu ári síðan.

Við þetta vex halli ríkissjóðs frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir, sem var um 4,1 milljarður, í 9,8 milljarða. Nú er það svo að í sjálfu sér á þetta ekki að koma sérstaklega á óvart og þessi staða kemur mér ekki á óvart. Ég skal ekki fara að rifja upp það sem ég sagði hér í þessum ræðustól fyrir tæplega ári síðan — og kannski hefur nú ræðustólnum verið breytt við nýskipan mála hér á Alþingi. En á þessum stað sagði ég fyrir ári síðan að ég liti svo á að þó að fjárlög væru afgreidd með 4,1 milljarða halla á pappírnum væri halli fjárlagadæmisins eins og það leit út þá eigi minni en 6–7 milljarðar. Sú tala var mjög varlega metin að minni hálfu því að tölulegar áætlanir mínar greindu 8 milljarða á þeirri stundu og ég sundurgreindi þær áætlanir mínar í einstökum atriðum en vegna ýmissa óvissuatriða sem geta haft áhrif á útkomuna var mín niðurstaða varlega metin á 6–7 milljarða. Nú er þetta þegar hærra og kannski óvíst hvort öll kurl séu til grafar komin eins og fram hefur komið í máli bæði formanns nefndarinnar og annarra nefndarmanna sem talað hafa á undan mér.

Ég held að það blandist engum hugur um að þessi staða er alvarleg og eykur þann vanda sem við er að fást fyrir núv. ríkisstjórn í fjármálum ríkisins við afgreiðslu fjárlaga, bæði fyrir næsta ár og næstu ár, þ.e. á því kjörtímabili sem er nýlega hafið. Þennan lestur er ég nú búinn að flytja svo oft að ég ætla ekki að þreyta hv. alþm. sem hér eru viðstaddir á því að fara langt út í þá sálma að þessu sinni, en aðeins vekja athygli á þessum örfáu dráttum úr þeirri ásýnd sem nú blasir við í þessu dæmi. Ég skal heldur ekki fara langt út í það að greina það í sundur hvað af þeim hækkunum eða þeim breytingum sem verða á fjárlagadæminu við afgreiðslu frv. eigi rætur hjá fyrrv. eða núv. ríkisstjórn. Ég tel sjálfsagt að segja það sem rétt er að nokkuð af þeim hækkunum, sem hér er verið að fara fram á með frv. og með þeim brtt. sem fyrir liggja, eiga rætur sínar hjá núv. ríkisstjórn. Þar er einn liður langstærstur, þ.e. útflutningsbætur á kindakjöti til Mexíkó sem er flýting á útflutningsbótagreiðslum sem er ætlast til að sparist á næsta fjárlagaári sem þessu nemur. En það er um 390 millj. kr. Ég tel að þetta hafi verið rétt ákvörðun og betri leið en aðrar sem voru í augsýn varðandi ráðstöfun á kjötinu. Annar stærsti útgjaldapóstur í frv. sem er á ábyrgð núv. ríkisstjórnar er 35 millj. kr. vegna hækkunar á niðurgreiðslum á raforku til húshitunar. Ég geri ráð fyrir því að ekki séu gagnrýnisraddir varðandi þann lið. Aðrir liðir eru miklu smærri sem samtals nema nokkrum tugum millj. kr. En meginþunginn er því vegna ákvarðana eða fyrirheita sem tekin hafa verið af fyrri stjórnvöldum. Í sjálfu sér kemur ekki á óvart að svo skuli vera þótt ég og ýmsir aðrir hafi gagnrýnt að það hafi í ýmsum tilvikum verið helst til gáleysislega með farið.

Það er svo aftur önnur saga, sem líka er gagnrýnt, að í frv. eru gerðar tillögur um niðurskurð á ýmsum liðum af hálfu núv. ríkisstjórnar og þær niðurskurðartillögur eru hærri en þær tillögur til aukinna útgjalda sem kenna má við þá hæstv. ríkisstjórn sem nú situr. Ég kýs að láta þessi orð duga varðandi þetta yfirlit sem ég hef drepið á í örfáum punktum.

Nokkuð hefur verið rætt um uppsetningu á fjárlagafrv. og í tilefni af því að meiri hluti fjárln., — ég var nú ekki sjálfur viðstaddur — hefur tekið ákvörðun um að taka inn til gjalda skuldbindingar og útgjöld vegna fasteignakaupa á þessu ári um 700 millj. kr. Ég skal heldur ekki fara djúpt í þá umræðu sem aðeins hefur verið hafin um þetta efni. Ég vil þó segja það að ég hygg að það hljóti að vera markmið okkar allra alþingismanna það ætti að vera markmið hæstv. ríkisstjórnar á hverjum tíma og það ætti að vera markmið

þeirra sem starfa í stjórnkerfinu, að uppsetning fjárlaga sé sem allra skýrust og sé þannig að ólíklegt sé að valdi misskilningi. Ég tel að það væri mjög mikill kostur að uppsetning fjárlaga væri í samræmi við uppsetningu ríkisreiknings eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði til þar sem hann las úr athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu. Ég held að þessi mál séu yfirleitt það flókin að þó að við, sem erum búin að starfa að þessum málum í fjölda ára, skiljum hvað um er að vera þá væri það mjög til að auðvelda skilning hins almenna alþingismanns og hins almenna borgara í landinu ef ekki væri mismunur þarna á milli. Núna er verulegur mismunur á þessu. Þetta hef ég gagnrýnt á undanförnum árum.

Ég tek eftir því að á borð þingmanna er komið frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1989. Ég hygg að niðurstöður í því frv. séu með býsna mikið öðrum hætti en var á fjáraukalögum fyrir árið 1989. Samkvæmt frv. greinist halli á ríkissjóði hvorki meira né minna en 64,4 milljarðar á árinu 1989. Það er hrikaleg tala og margfalt hærri en er á fjáraukalögum.

Ég held að það væri keppikefli að samræmi væri í þessum efnum. Ég get nefnt eitt dæmi úr fjáraukalagafrv. sem liggur hér fyrir. Það er gert ráð fyrir að taka inn til gjalda 180 millj. kr. vegna útflutningsbóta sem fram fóru á árinu 1988. Og alla stund síðan hefur þessi tala verið einhvers staðar í leyni í skúffum ríkiskerfisins, fjmrn., og ekki komið fram í yfirliti um fjárhag ríkisins. Ég tel að þetta sé fullkomlega óeðlilegt og hefði betur verið sýnt í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir árið 1988 eða a.m.k. fyrir árið 1989. Ég álít að engum sé til góðs að haga reikningsskilum á þann máta að það komi ekki sem skýrast fram á hverjum tíma hvernig staðan er. Gildir alveg einu hvaða ríkisstjórn situr í landinu.

Ég vil aðeins ljúka þessum almennu hugleiðingum um þetta atriði með því að segja það sem mína skoðun að mér lýst ekkert sérstaklega vel á þá aðferð sem boðuð er í athugasemdum með fjárlagafrv. fyrir næsta ár að setja upp fjárlagafrv. og fjárlög með tvenns konar hætti í sama plaggi. Það verður væntanlega ekki til að greiða fyrir því að skilningur manna á þessu sé öruggur. Að fá í hendur fjárlagafrv. og síðan væntanlega fjárlög sem eru með tvenns konar niðurstöðum. Í fyrsta lagi samkvæmt svokölluðum greiðslugrunni og í öðru lagi samkvæmt svokölluðum rekstrargrunni. Þetta er að mér sýnist ekki álitleg leið. Þar ofan í kaupið tel ég að við ættum að kappkosta að skipa þessum málum á þann veg að þeir sem með stjórnvölinn fara hverju sinni þurfi ekki vegna uppgjörsákvarðana að liggja undir gagnrýni frá Ríkisendurskoðun sem er óháð stofnun og á að hafa það verk með höndum að endurskoða og gagnrýna bæði formlega og efnislega meðferð þessara mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útfærsla togveiðilandhelginnar, fyrri umr.

Þáltill. MJ, 117. mál. — Þskj. 120.

Flm. (Magnús Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um útfærslu togveiðilandhelginnar á þskj. 120 sem hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að skipa nefnd til að gera tillögur um útfærslu togveiðilandhelginnar umhverfis Ísland.“ Í grg. með tillögunni segir m.a. svo:

Engum blandast hugur um að nú horfir ískyggilega í sjávarútvegi á Íslandi. Niðurskurður á aflaheimildum og minnkandi stofn, svo og misheppnað klak þorskstofnsins ár eftir ár án þess að á því séu viðhlítandi skýringar, kallar á skoðun annarra þátta en hingað til. Þorskveiði á grunnslóð er víðast sáralítil, jafnvel á miðum sem hingað til hafa verið talin meðal þeirra gjöfulustu, svo sem í kringum Vestmannaeyjar. — Er þar skemmst að minnast að þann dag sem þáltill. var lögð fram á þinginu bárust fregnir af því að bæjarstjórn Vestmannaeyja hefði gert tillögu um útfærslu á landhelginni í kringum Vestmannaeyjar í þrjár sjómílur.

Í mínum huga er ljóst að aðalmarkmið kvótakerfisins, sem komið var á 1983, hefur ekki náðst þ.e. að byggja upp fiskstofna og draga úr sókn á miðin. Allan þann tíma, sem kvótakerfið hefur verið í gildi, hefur stefnt í öfuga átt hvað varðar uppbyggingu fiskstofnanna. Álagið á miðin hefur heldur ekki minnkað. Að mínu mati hefur það alls ekki vaxið þó að smábátarnir hafi tekið meiri fisk úr sjónum, því að enn þá er veiði smábáta ekki nema í kringum 14% af heildarþorskaflanum, eða var það á síðasta ári, en hins vegar hefur afkastageta stóru skipanna vaxið stórkostlega. Eftir breytingar, sem gerðar voru á kvótalögunum á síðasta þingi, stefnir nú hraðbyri í að allar veiðar í atvinnuskyni við Ísland verði stundaðar af stærri skipum, aðallega togskipum, og aðrar veiðar leggist af. Mjög sterk rök má færa fyrir því að tilverugrundvöllur margra sjávarplássa á landinu sé þannig brostinn með tilheyrandi eignaupptöku eða stórfelldari bjargráðum af hálfu hins opinbera en nokkru sinni hafa sést hérlendis.

Þegar Íslendingar stóðu í baráttu fyrir útfærslu landhelginnar í 12 sjómílur og síðar í 50 og 200 mílur var sú barátta ekki aðeins til að minnka sókn útlendinga á Íslandsmið heldur einnig og ekki síður að flytja togveiðar þeirra lengra frá landi eða eins og þá var sagt að „losna við ryksuguskipin út úr kálgörðunum“. Nú eigum við skip sem eru mörgum sinnum afkastameiri en fyrrnefndir ryksugutogarar og ég verð að segja það að ég hefði ekki trúað því fyrir 30 árum að hið háa Alþingi Íslendinga væri búið að samþykkja lög sem væru á góðri leið með að leggja af allar veiðar nema á stærri skipum og þá einna helst togskipum.

Það er alveg ljóst að miðað við þá þróun sem núna er, þar sem þegar á þessu ári er búið að selja 300 smábáta, sem allir hafa verið keyptir eða aflaheimildir þeirra hafa verið keyptar af frystiskipunum og stóru togurunum, þurfa ekki að líða ýkjamörg missiri þar til

að smábátaútgerð á Íslandi hefur lagst af. Ég held að við stöndum þá frammi fyrir, eins og ég sagði áðan, mun stærri vandamálum en við höfum nokkru sinni staðið frammi fyrir í byggðamálum og þykir þó mörgum nóg um.

Allt frá því að land byggðist hafa verið stundaðar krókaveiðar hér við land án annarra takmarkana en náttúran ein setur. Frelsi til slíkra veiða er því að mínu mati einn af hornsteinum þjóðmenningar okkar og ber að varðveita hana svo lengi sem þess er nokkur kostur. Veiðar með línu og færi byggjast á allt öðrum forsendum en aðrar veiðiaðferðir. Þær geta hvorki ofveitt né spillt náttúru eins og við sjáum því miður dæmi um að önnur veiðarfæri geta gert.

Hér hafa verið rakin nokkur rök fyrir því að ég flyt þessa till. en ýmislegt er þó hægt að skoða fleira í þessu sambandi. Mjög skiptar skoðanir eru meðal fiskifræðinga á áhrifum veiða úr einstökum stofnum og viðgang þeirra. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma enda hef ég ekki þekkingarforsendur til þess. En hjá því verður ekki komist að setja fram nokkrar spurningar í því sambandi. Hvernig stendur á því að nýliðun í þorski er þeim mun minni sem hrygningarstofninn er stærri? Hvernig stendur á því að minna veiðist af stórþorski eftir að farið var að friða smáfisk? Hvort sem sú friðun er meira í orði en á borði því að ýmsir telja að enn þá sé mikið veitt af smáfiski en ég ætla ekki að vera með neinar getgátur í því sambandi. Þar sem hrognafjöldi í 50–100 þorskum mundi duga til að byggja upp eins og 300.000 tonna afla af þriggja kílóa fiskum finnst mér afar ólíklegt að takmarkalausar krókaveiðar við Ísland geti haft nokkur áhrif á það fiskmagn sem í sjónum er. Nema þá helst til bóta því að fiskur tekur beitu þegar of lítið er af æti og einnig ef fiskarnir eru of margir miðað við ætisframboðið. Ættum við ekki, á meðan jafnskiptar skoðanir eru um þetta mál að gera tilraun með því að leyfa alfrjálsar krókaveiðar í einhver ár, tvö eða þrjú ár?

Einn algengasti „frasi" eða orðaleppur, sem ég vil leyfa mér að þýða svo á íslensku, sem notaður er í umræðum um fiskveiðar nú á dögum er að nauðsynlegt sé að laga stærð fiskveiðiflotans að „afrakstursgetu" miðanna. Hér er talað eins og afrakstursgeta miðanna sé einhver vel þekkt stærð, svona eins og lengd sólarhringsins eða stærð landsins. En ég held að flestum beri saman um að slíkt er gríðarlega ónákvæm stærð. Menn greinir að vísu á um það hversu miklu munar en hundruð prósenta til eða frá hafa verið nefnd í mín eyru. Ég skal ekkert segja um það hversu mikil skekkja er í því en það er alla vega miklu meira en sem svarar afla smærri báta á Íslandsmiðum á þessum árum.

En í sambandi við fiskveiðistjórnunina eru líka ýmis önnur atriði sem hið háa Alþingi verður að taka afstöðu til. Hvert stefnum við ef aðeins er horft á þrönga hagræðingu í sjávarútvegi? Er það endilega þjóðhagslega hagkvæmt að 50 frystitogarar og annað eins af nótabátum sjái um allar fiskveiðar við Ísland í framtíðinni? Það er ljóst að miðað við afkastagetu nýjustu fiskiskipanna mundum við ekki þurfa meira ef við gefum okkur það að þessi afrakstursgeta miðanna sé einhver ákveðin stærð svipuð því sem nú er talið. Er það ekki einnig afar hagkvæmt, svo við tökum annað öfgafullt dæmi, að svo sem eins og hundrað 2.500 manna blokkaríbúðir mundu duga fyrir okkur Íslendinga til að búa í hér á suðvesturhorninu? Eða er það endilega hagkvæmt þegar 1.000 millj. kr. frystitogari leggur úr höfn í fyrsta sinn að þá er búið að úrelda vel nothæft afkastaminna skip, búið er að kaupa 25 smábáta og þar með gera kannski 50–100 manns atvinnulausa? Það er búið að úrelda frystihúsið á staðnum, gera fólkið sem þar vinnur líka atvinnulaust og það er búið að úrelda íbúðir alls þess fólks sem þar býr vegna þess að það hefur auðvitað ekkert við að vera þegar staðið frammi fyrir því að ekki er möguleiki á að fara á sjó þegar þessi þróun er hefur runnið sitt skeið á enda.

Til þess að bæta svo gráu ofan á svart er Fiskveiðasjóður á þessu ári að lána 2000 millj. sem er í kringum 80% af því sem hann ætlar sér að lána til að kaupa fjóra frystitogara, þrjá stóra frystitogara og eitt heldur minna skip sem reiknað er með að verði breytt í frystitogara. Af því að ég veit að í salnum eru ýmsir sem hafa áhuga á laxveiðum get ég ekki stillt mig um að spyrja hvort ekki sé hagkvæmara að veiða allan lax sem gengur í íslenskar ár með nót en vera að þessu sargi með flugu eða maðki og einum öngli. Ég hef sjálfur tekið þátt í, ég get sagt það núna af því að það er fyrnd sök, að kasta smásíldarnót fyrir framan árós norður í Skagafirði fyrir um það bil 25 árum. Í þessu eina kasti fékk ég örugglega meira en það sem menn eru að sarga í ánum í heilan mánuð við að ná í. Með sömu röksemdafærslu og Kristján Ragnarsson notar núna gegn krókaveiðibátunum tel ég alveg einsýnt að takmarka ætti eða banna helst stangaveiði vegna þess að hún er svo óhagkvæm og snúa sér alfarið að nótaveiðinni.

Ég er eins og komið hefur fram eindreginn stuðningsmaður þess að við leyfum frjálsar krókaveiðar af ýmsum átæðum. Ég tel raunar fyrir utan að þær eru undirstaða byggðar í landinu, þ.e. undirstaða byggðar er að ekki leggist af veiðar á stórum svæðum, séu krókaveiðarnar þannig að þær geti hreinlega stuðlað að jafnvægi í náttúrunni og að banna eða takmarka slíkar veiðar vegna þeirrar gríðarlegu tækni sem við ráðum orðið yfir til þess að slátra fiski tel ég álíka gáfulegt og aðaláhersla risaveldanna, sem núna keppast við að semja um niðurskurð á kjarnorkutólum sínum, beindist að því að reyna að fækka rifflum.

Ég hef margsagt að þetta er í mínum huga langstærsta byggðamálið sem við þurfum að takast á við núna. Þar finnst mér samgöngur og önnur óumdeilanlega mikilvæg byggðamál koma á eftir. Við á Íslandi erum ekkert einir um þessa skoðun. Í Kanada þar sem hinar dreifðu byggðir byggja afkomu sína á fiskveiðum eru menn að vísa stórskipum út í hafsauga og telja það vera grundvöll þess að halda þessum svæðum í byggð. Þar eru menn að átta sig á að ekki er eingöngu hægt að líta á skammtímaarðsemi ryksuguskipanna, svo að ég noti það orð enn einu sinni, og það er tímabært fyrir okkur að gera það líka.

Þar sem ég held að ég sé eini maðurinn hér inni,

sem hef atvinnu af spámennsku, finnst mér ég eiginlega hafa sérstakan rétt á að spá svolítið í framtíðina í fiskveiðunum. Ég þykist sjá að stöðugt bættar samgöngur innan lands og milli Íslands og annarra landa svo og Evrópusamningarnir, sem við erum núna að ganga inn í ef að líkum lætur, bjóði upp á allt aðra möguleika en hingað til hafa verið til staðar. Nú erum við að bjóða svokallaðan ferskfisk til sölu á erlendum mörkuðum úr gámum eða skipum sem sjaldan er minna en viku gamall. Það er komið í ljós að algengast er að hann sé á bilinu 10–18 daga gamall. Ég spyr ykkur hv. alþm: Er það í ykkar munni matur að borða 10–18 daga gamlan ferskfisk? Ég mundi ekki bjóða kettinum mínum slíkan mat nema mér væri sérstaklega illa við hann. Það getur vel verið að meðal ýmissa þjóða sé þetta ferskfiskur og auðvitað verður að anna því ef nauðsynlegt er að komin sé „góð" lykt af fiski áður en hann er boðinn upp. Ég held að í framtíðinni verði fiskur annars vegar hálfunninn og frystur úti á sjó eins og nú er gert, enda er það afbragðs matur, en hins vegar verði meira farið út í að koma ekki að landi með öllu eldri en 3–4 daga gamlan fisk. Það verða smærri bátarnir sem leika þar að mínu mati aðalhlutverkið. Ef það gerðist að fiskur, kannski ekki mikið eldri en 3–4 daga gamall kæmi að landi er þá ekki nútíma ísfisktogaraútgerð að verða úrelt að nokkru leyti? Verður hún það kannski í framtíðinni?

Ég held að enginn vafi sé á því að stjórnun fiskveiða hér á landi er komin í öngstræti. Fram undan eru harðnandi þjóðfélagsleg átök og vaxandi misrétti þegna í milli og hætta er á að verið sé að eyðileggja fiskimiðin, stærstu auðlind þjóðarinnar. Þá er það einnig skoðun ýmissa löglærðra manna að með núverandi kvótakerfi sé verið að brjóta stjórnarskrá lýðveldisins. Slíkt er aðeins hægt að kalla einu nafni þjóðarslys.

Ég hef ekki minnst á mikið hitamál í umræðunni um kvótann, þ.e. veiðileyfasölu eða aflagjald. Í samanburði við aðra þætti í fiskveiðistefnunni tel ég það vera smámál og engan veginn markmið í sjálfu sér að taka veiðigjald. Slíkt fyrirkomulag er þó fullkomið réttlætismál í því kerfi, sem nú er, til að einhver meining sé með því að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar og einnig til að koma í veg fyrir að hér myndist hópur forríkra aðila sem hafa fengið fjöregg þjóðarinnar að gjöf.

Ég vona svo að þessi þáltill. mín fái jákvæðar undirtektir og í síðasta lagi verði búið að taka afstöðu til þessa máls um mitt næsta ár þannig að nefndin, sem núna er að fjalla um sjávarútvegsstefnuna, geti haft niðurstöðuna að einhverju marki að leiðarljósi.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að tillaga af þessu tagi skuli vera flutt. Ég tel að taka eigi þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar. Þarna er auðvitað verið að leggja til að teknar verði upp meiri sóknartakmarkanir en hafa verið í gildi og ég held að það sé affarasælast fyrir okkur að fara inn á þá braut að stjórna fiskveiðunum sem allra mest með sóknartakmörkunum.

Flm. tillögunnar benti á ýmsa þætti í stjórn fiskveiðanna og sókn í fiskstofnana sem styðja að menn beiti sóknartakmörkunum frekar en þeim aflatakmörkunum sem aðallega eru í gildi núna. Eitt er það sem mér finnst aldrei of oft sagt í sambandi við þessi mál og það er að ef menn einblína á þann eina þátt í sambandi við stjórn fiskveiðanna sem menn hafa talið stærstan og vera helstu röksemdina fyrir því kvótakerfi sem er í gildi núna, þ.e. þessi svokallaða hagræðing, þá hefur hún bara farið fram með einum hætti, að menn skoða hvernig rekstur viðkomandi fyrirtækja gangi og það eigi að ráða því hvar vöxturinn verði í sjávarútveginum. Þá stöndum við frammi fyrir því að núna græðir nánast enginn á útgerð nema hann geri út frystitogara. Skyldi þá vera hagkvæmt fyrir þjóðina að veiða allan fisk á frystitogara? Það væri gaman að sjá það dæmi reiknað út. Einnig væri gaman að sjá það dæmi reiknað út hvort það borgaði sig að veiða allan fisk við Ísland á togurum eingöngu og bera það saman við þegar notaðar eru blandaðar aðferðir við nýtingu fiskstofnanna eins og hefur verið gert undanfarin ár, en því miður höfum við verið að færa sóknina frá bátaflotanum yfir til togveiðanna meira og meira. Og það eru ekki bara stóru togararnir sem við höfum verið að færa veiðarnar til, heldur líka til minni togskipa. Við höfum verið að færa okkur nær landinu. Allt í kringum landið höfum við verið að færa okkur nær. Við högum okkur örugglega ekki betur á miðunum en var gert þegar við töluðum um ryksugutogara annarra þjóða og við eigum öflugustu skip sem hafa veitt við Íslandsstrendur fram á þennan dag.

Það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem menn hafa hreyft málum hér á Alþingi í sambandi við að auka sóknartakmarkanir og að setja sérstaka togveiðilandhelgi í kringum landið. Menn hafa óskað eftir að það væri gert á ýmsum stöðum í kringum landið í mörg ár. En ekkert hefur orðið úr þessum hugmyndum og oft og tíðum hafa fiskifræðingar t.d. ekki tekið undir þær hugmyndir sem menn hafa verið með um friðun svæða, sbr. t.d. friðun fyrir dragnót víða í kringum landið. Ég nefni t.d. hér í Faxaflóanum og fyrir Hvalfirði og víðar. Það hefur verið talið þyngra á metunum sem fiskifræðingar hafa sagt en það sem reynslan hefur sagt í gegnum tíðina, að eftir að dragnótinni var hleypt inn hefur afli minnkað nokkuð fljótlega. Þetta hafa menn rakið langt aftur í tímann og séð að það hefur endurtekið sig í hvert skipti. Samt sem áður hefur Alþingi samþykkt tillögur um að menn fái að nýta sér þessi veiðisvæði með dragnót.

Nú hafa Vestmannaeyingar risið upp eina ferðina og heimtað landhelgi í kringum eyjarnar. Ég tel að gefa eigi gaum að því sem menn eru að segja um þessi mál og ég tel að það eigi að skoða með hvaða hætti borgar sig að veiða fisk við Ísland. Það eigi að bera saman kostina. Svo að ég nefni bara eitt einfalt dæmi, sem ég tek fram að er mjög ónákvæmt, mundi líklega þurfa 3000 tonn til þess að hafa handa virkilega sæmilegum togara til að veiða. Í kringum útgerðina á honum væru 25–30 menn, í hæsta lagi 35 ef við teljum alla sem eru með í landi líka. Hann þyrfti sem sagt 3000 tonna kvóta. Ef við veiddum þennan afla, til að hafa dæmið

einfalt, á 30 10 tonna bátum og á þá þyrftum við 60 menn. Og við þyrftum menn í landi. Ætli við þyrftum ekki um 90 manns í kringum þessa báta sem mundu veiða sama og togarinn. Allir hefðu þessir menn þokkaleg laun miðað við fiskverð í dag, bara góð laun. Þetta þurfa menn auðvitað að skoða og gefa gaum að þegar verið er að hugsa um hvernig eigi að nýta landhelgina. Það sem mér finnst vera aðalatriði málsins, og úr því þurfum við að bæta og sem allra fyrst, er að menn viti hvað þeir eru að tala um, að það verði reiknað út og það sé til einhvers staðar aðgengilegt á blöðum þannig að menn hafi aðgang að upplýsingum um hvernig borgar sig að nýta fiskimiðin.

Ég held því ekki fram að við eigum engin stórskip að eiga. Það er svo langt frá því, en við höfum í mörg ár verið að færa veiðarnar frá bátaflotanum og yfir í togaraflotann og það virðist vera alger einstefnuventill á þessu og við þetta verður ekki stoppað nema menn geri ráðstafanir til þess. Fleira er að gerast. Þetta kerfi sem er í gangi núna veldur því að ýmsar smærri byggðir í kringum landið lenda í ógöngum. Það er t.d. að gerast núna. Vegna fiskveiðilaganna sem eru í gildi, eru menn, sem hafa haft krókaveiðileyfi á smærri stöðum — og reyndar líka á stærri stöðum hafa smábátar verið undirstaða atvinnunnar — hamast núna við að reyna að ná sér í veiðiheimildir sem hugsanlega verður úthlutað á þessa báta árið 1993. Þó nokkir bátar hafa verið smíðaðir eða skipt út fyrir aðra fyrir menn sem eru núna að skapa sér aflaheimildir. Ef það verður gert, sem stendur í fiskveiðilögunum, þ.e. að aflamarki verði úthlutað á þessa litlu báta árið 1993, er búið að grafa undan því fólki sem hefur gert út litlu bátana vegna þess að þeir, sem hafa komið sér upp afkastamestu bátunum undir 6 tonnum, munu hirða langstærsta hlutann af þeim aflaheimildum sem hefur verið úthlutað. Hinir sem hafa verið að gera út minni báta í gegnum tíðina, kannski frá vori til hausts, og fiska við skulum bara segja 20–30 tonn munu lenda í því að þeirra afli verður stórlega skertur vegna þess að gert er ráð fyrir því í lögunum að ekki verði úthlutað til þessa hóps nema ákveðnu magni. Þetta mun hafa mjög slæmar afleiðingar og ég vonast til þess að menn reyni að finna samstöðu um að eyða óvissu á landsbyggðinni gagnvart þessum hlutum.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Það er ekki höfuðatriðið að skipa eina nefndina enn heldur fyrst og fremst að taka þetta inn í þá endurskoðun sem núna á sér stað. Ég tek alveg undir röksemdafærslu hv. flm. í framsögu hans og í greinargerð. Ég vil gjarnan minna á að á meðan erlend togveiðiskip fiskuðu allt inn á firði og flóa var barátta að koma þeim út úr fjörðum og flóum. Það var mikil barátta að loka flóum og að koma síðan á 12 mílna landhelgi. Ekki voru síður átök við 50 mílna fiskveiðilögsöguna og síðast en ekki síst við 200 mílna fiskveiðilögsöguna.

Sú var tíðin að bátarnir áttu alltaf í vök að verjast fyrir ágangi stærri skipa. Það er alveg eins með það og sá sem er lítill og hefur ekki mikinn kraft verður oft undir í samkeppni við þann stærri og sterkari og þess vegna var það hörð barátta að auka rétt bátanna á hinum hefðbundnu fiskimiðum. Ég er upprunninn í því héraði sem varð harðast úti vegna ágengni erlendra togveiðiskipa áratugum saman. Það var eiginlega daglegur viðburður að togarar fóru yfir veiðarfæri litlu bátanna og stundum urðu meira að segja slys af, bátar sukku og mannslífum var fórnað í þeirri baráttu. Þess vegna var það ein höfuðröksemd okkar fyrir því að færa landhelgina út og allt út í 200 mílur að losna við þessi stóru afkastamiklu skip af veiðislóðum og færa stærri skipin utar og það er meginefnið í rökstuðningi flm. þessarar tillögu. Undir það tek ég af heilum hug. Okkur öllum er ljóst að bæði lítil fiskiskip og stór verða að vera til. Stóru fiskiskipin, togarnir, hafa sitt mikilvæga hlutverk og hafa orðið mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf vítt og breitt um landið en við megum ekki gleyma því að minni skipin eiga líka sinn tilverurétt og þau eru líka uppistaðan einkum á minnstu stöðunum og auka einnig fjölbreytni veiðanna.

Sjávarútvegurinn á mjög í vök að verjast. Stór hluti þjóðarinnar sem virðist ekki skilja eða muna að sjávarútvegurinn er undirstaða atvinnulífsins og hornsteinninn að efnahagslegri stöðu Íslands og hefur verið í fjöldamörg ár og mun svo lengi verða enn.

Hins vegar er mjög mikil sundurþykkja í sjávarútveginum. Þar skiptast á hagsmunir svo margra aðila og hefur verið gengið allt of langt í þeirri hagsmunatogstreitu. Við eigum auðvitað öll að geta hagnýtt fiskimiðin í sátt og samlyndi en þó með því eina móti að taka meira tillit til hvers annars innan þessarar atvinnugreinar. Þeir sem á stóru skipunum eru verða að taka tillit til þeirra smáu. Sama er að segja í sambandi við fiskvinnsluna. Það er ekki allt fengið með því að fiska og fiska en sjá ekki um það að halda uppi fiskvinnslu og fiskvinnslustefnu vítt og breitt um landið og þar skerast aftur hagsmunir manna. Sumir vilja fara með aflann oft óunninn úr landi og mæta þar óskum og kröfum erlendra þjóða sem vilja gjarnan fá þennan afla til vinnslu en við þurfum sannarlega á honum að halda. Þegar syrtir í álinn eins og nú og framtíðarvonir hafa brugðist er enn meiri ástæða til þess að huga að þessum málum í líkum anda og flm. tillögunnar tillögu gerir grein fyrir og skýrir í greinargerð.

Ég endurtek það að ég fagna því að þessu máli er hreyft með þessum hætti og þakka flm. fyrir að hafa flutt tillöguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjatæknaskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 56. mál. — Þskj. 57.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta fjallar um tilflutning og afnám skóla heilbrigðisstéttanna og var upphaflega flutt á 113. löggjafarþingi 1990 í samræmi við samkomu-

lag heilbr.- og trmrn. og menntmrn. um tilflutning á þeim skólum sem störfuðu á vegum fyrrnefnda ráðuneytisins yfir til þess síðarnefnda.

Í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir tilflutningi Þroskaþjálfaskóla Íslands yfir til menntmrn. auk þeirra skóla sem hér eru nefndir og féllst Alþingi á þann tilflutning, sbr. lög nr. 30/1991, um breytingu á lögum um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985. Eftir stendur því að taka afstöðu til flutnings Lyfjatæknaskóla Íslands og að leggja niður Ljósmæðraskóla Íslands auk annarra nauðsynlegra lagabreytinga í tengslum við þessi atriði en ekki vannst tími til að taka á þeim þáttum á síðasta þingi.

Á vegum heilbrrn. hafa verið starfræktir nokkrir skólar heilbrigðisstétta sem eiga það sammerkt að veita hlutaðeigandi stéttum starfsmenntun sem gefur rétt til ákveðinna starfa. Áður og fyrrum voru þessir skólar sex talsins, þ.e. Hjúkrunarskóli Íslands, Röntgentæknaskóli Íslands, Lyfjatæknaskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, Ljósmæðraskóli Íslands og Sjúkraliðaskóli Íslands.

Með breytingu á hjúkrunarmenntun var Hjúkrunarskóli Íslands lagður niður og náminu fenginn staður í Háskóla Íslands.

Röntgentæknanám var fært undir Tækniskóla Íslands fyrir nokkrum árum og Þroskaþjálfaskólinn færður í fyrra undir menntmrn. sem sérskóli eins og áður segir.

Sjúkraliðaskólinn var lagður niður samkvæmt samkomulagi ráðuneytanna frá og með 1. nóv. 1990 en sú ráðstöfun ein og sér kallaði ekki á lagabreytingar þar sem lagaákvæði um skólann, sem er að finna í lögum um sjúkraliða, eru almenns eðlis. Sjúkraliðanámi hefur verið komið fyrir innan fjölbrautakerfisins og er nú stundað í ýmsum fjölbrautaskólum víðs vegar um landið og veita þeir sjúkraliðum jafnframt möguleika á framhaldsmenntun með stúdentsprófi og aðgengi að hjúkrunarfræðibraut Háskóla Íslands.

Samkvæmt áðurgreindu samkomulagi ráðuneytanna og þeirri stefnu að rekstur skóla, hvaða nafni sem nefnast, skuli vera á verksviði menntmrn. á eftir að taka afstöðu til tveggja skóla sem enn heyra undir heilbr.- og trmrn., annars vegar Lyfjatæknaskóla Íslands og hins vegar Ljósmæðraskóla Íslands.

Með frv. þessu vill ráðuneytið freista þess að koma málum fyrir í samræmi við fyrirliggjandi samkomulag og jafnframt að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar til þess að tryggja framgang málsins og eðlilegar leiðréttingar á lögum sem um þessa skóla fjalla.

Gert er ráð fyrir því samkvæmt frv. að Lyfjatæknaskóli Íslands flytjist yfir til menntmrn. og verði sérstök námsbraut innan framhaldsskólakerfisins. Þetta kallar á breytingu á 15. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, en þar er að finna lagastoð fyrir Lyfjatæknaskóla Íslands.

Lagt er til að 1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, verði breytt þannig að ekki verði lengur vísað til Sjúkraliðaskóla Íslands, en hann er eins og áður hefur komið fram ekki lengur til sem sérstök stofnun.

Enn fremur er lagt til að 4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða verði felld niður en þar er vísað til náms í Sjúkraliðaskóla Íslands sem er óraunhæft eins og áður segir.

Í samræmi við áðurnefnt samkomulag ráðuneytanna hvað snertir Ljósmæðraskóla Íslands sérstaklega er ekki lagt til að hann flytjist yfir til menntmrn. heldur að hann verði lagður niður við önnur áramót þannig að þeir nemendur sem hófu nám í fyrrahaust verði þeir síðustu sem ljúka námi frá skólanum, en ekki var tekið inn í skólann í haust.

Rétt er að vekja athygli á því að ekki er með þessu verið að leggja niður ljósmæðranám heldur er út frá því gengið að menntmrn. annist framtíðarskipan námsins, hugsanlega í tengslum við námsbraut í hjúkrunarfræðum í Háskóla Íslands. Til þess að þetta nái fram að ganga er nauðsynlegt að breyta tvennum lögum. Annars vegar lögum nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, þar sem gert er ráð fyrir því að lögin falli úr gildi við önnur áramót og hins vegar 1. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, þar sem fjallað er um veitingu starfsleyfa.

Að gefnu tilefni vek ég athygli á því að samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 22. maí sl., og raunar samkvæmt ákvæðum landslaga þar um, skal umsögn fjmrn. vera fylgiskjal með öllum stjfrv. Svo er ekki hér fyrir misskilning. Ráðuneytinu hefur hins vegar borist umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv. og verður umsögninni dreift til þingmanna. Staðfestir umsögnin það sem áður er sagt um kostnaðarlækkun, en umsögnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, sjúkraliða, Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum.

Helstu breytingar sem frv. felur í sér eru eftirfarandi:

1. Lyfjatæknanám flyst frá heilbr.- og trmrn. til menntmrn. og er stefnt að því að námið verði framvegis starfrækt við framhaldsskóla í samvinnu við samtök lyfsala.

2. Ljósmæðraskóli Íslands verður lagður niður og um leið breytast ljósmæðralög vegna veitingar starfsleyfa ljósmæðra.

3. Starfsleyfi sjúkraliða breytast til samræmis við það að Sjúkraliðaskóli Íslands hefur þegar verið lagður niður.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að lyfjatæknanám flytjist yfir til menntmrn. og að námið verði gert að sérstakri námsbraut innan framhaldsskóla. Skólanum er ætluð 10 millj. kr. fjárveiting undir heilbr.- og trmrn. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992. Við skólann eru 3,35 stöðugildi. Af heildarkostnaði við skólann eru um 3 millj. kr. sem telja má fastan kostnað, þ.e. húsnæði, skrifstofuhald og stjórnun, og má gera ráð fyrir lækkun hans verði skólinn lagður niður.

Til Ljósmæðraskóla Íslands eru ætlaðar 2,6 millj. kr. í fjárlagafrv. fyrir árið 1992, einnig undir heilbr.- og trmrn. Skólinn hefur 1,5 stöðugildi. Skólinn starfar nú innan vébanda ríkisspítala og er honum ekki ætlaður sérstakur fastakostnaður. Nær allur kostnaður við

skólann eru kennslulaun. Gert er ráð fyrir að ljósmæðranám flytjist til Háskóla Íslands og verði hluti af eða viðbót við hjúkrunarnám þar.

Um aðrar breytingar þessa frv. þykir ekki ástæða til að fjölyrða."

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til heilbr.- og trn. og legg áherslu á að reynt verði að koma því svo fyrir að málið geti hlotið afgreiðslu fyrir áramótin.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja tímann mikið, heldur aðeins að lýsa stuðningi við þetta frv. sem hér hefur verið mælt fyrir af hæstv. heilbr.- og trmrh.

Þessi mál hafa áður verið í vinnslu í ráðuneytum heilbrigðismála og menntamála eins og fram kemur í greinargerð og ræðu hæstv. ráðherra. Þegar hliðstætt frv. var lagt fyrir síðasta þing náðist ekki samkomulag um að afgreiða málið allt, þ.e. að leggja þessa skóla niður og flytja verkefni þeirra til annarra skóla eins og hér er mælt fyrir. Aðeins Þroskaþjálfaskólinn fékk afgreiðslu. Það mun hafa verið fyrir það að heilbr.- og trn. þingsins taldi sig þurfa meiri tíma til þess að fara yfir einstaka þætti málsins og jafnvel að ráðuneytin hefðu ekki staðið nægilega vel að undirbúningi málsins gagnvart forsvarsmönnum skólanna sjálfra. Ég vænti þess að nú sé búið að vinna heimavinnuna betur og menn séu sammála um að afgreiða þetta mál eins og hér er lagt til.

Ég vildi undirstrika það líka að ég tel að heilbrrn., þó svo að það sé, eins og hér kemur fram, viðhorf þess að rekstur skóla, hvaða nafni sem nefnast, skuli vera á verksviði menntmrn., þurfi eftir sem áður að fylgjast með því nokkuð vel að námi af þessu tagi sé sinnt og þessi breyting verði ekki til þess að erfiðara reynist að fá fólk til starfa með viðeigandi menntun. Sumir hafa haldið því fram að svona breytingar geti leitt til þess að færri einstaklingar leiti í námið og þá verði erfiðara að fá hæft og sérmenntað starfsfólk, hvort heldur er á sviði þroskaþjálfa-, sjúkraliða- eða ljósmæðranámsins. Ég treysti því að svo verði ekki og tel eðlilegt að þetta falli undir menntakerfið í heild sinni en undirstrika samt að það hlýtur að vera verkefni heilbrrn. að fylgjast vel með því hvernig málunum reiðir af og að námsframboð á hverjum tíma í skólakerfinu tryggi að unnt sé að veita það nám sem hér er fjallað um.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu styð ég þetta frv. og tek undir það að eðlilegt er að skólar heyri undir menntmrn. Það er dálítið gaman að því að fá þetta frv. til meðferðar, eins og á síðasta þingi, fyrst og fremst vegna þess að það hefur orðið stefnubreyting í þessum málum á undanförnum árum í menntmrn. Þegar ég gegndi starfi heilbrrh. á árunum 1980–1983 skrifaði ég allmörg bréf til menntmrn. og bað ráðuneytið um að taka við nokkrum skólum sem þá voru undir heilbrrn. Menntmrn. vildi ekki þessa skóla. Það hafði til þess ýmsar ástæður sem ég hirði ekki um að rekja hér en þetta voru mjög fróðleg skoðanaskipti og gott innlegg í skólamálasögu Íslands þegar hún verður skrifuð einhvern tímann. Síðan þetta gerðist hafa ýmsir skólar flust yfir til menntmrn., t.d. Röntgentæknaskólinn og Þroskaþjálfaskólinn og fleiri, eins og hæstv. heilbrrh. gat um áðan. Nú er verið að stíga frekari skref í þeim efnum og tel ég það fagnaðarefni.

Ég tel einnig að þessi stefna, sem heilbrrn. tók upp fyrir rúmum áratug, og fylgdi fast eftir þrátt fyrir tregðu í menntmrn. um skeið, þyrfti einnig að líta við hjá öðrum ráðuneytum. Þá er ég að tala um fjölmörg önnur ráðuneyti sem eru með skóla á sínum vegum sem þyrftu að tengjast hinu almenna menntakerfi í landinu.

Ég gæti í þessu sambandi nefnt félmrn. sérstaklega sem á síðasta þingi lagði fram frv. til laga um fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu. Var gert ráð fyrir því að hún yrði á vegum félmrn. en væri auðvitað eðlilegra og betra fyrir alla hlutaðeigandi aðila að tengja menntakerfinu líka þannig að fullorðinsfræðsla, hvort sem hún er utan eða innan skóla, verði á vegum menntmrn.

Ég vona að þessi stefna sem hæstv. heilbrrh. lýsti áðan og flutt er í frv. þessu takmarkist ekki við veggi heilbrrn. heldur smiti áhrif hennar eitthvað út, jafnvel til félmrn. líka.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi þakka ég þeim hv. þm. sem hafa talað fyrir stuðning þeirra við málið. Í annan stað vildi ég láta það koma fram að að sjálfsögðu mun heilbrrn., eins og önnur fagráðuneyti, vænti ég, sem fjallað hafa um menntunarmál löggiltra starfsstétta, fylgjast mjög náið með því áfram hvernig þeim málum miðar og styðja við þá menntun þó svo að hún verði í síauknum mæli færð yfir til menntmrn. Ætlun heilbrrn. er að styðja við framhaldsmenntun heilbrigðisstétta og fylgjast ekkert síður með þeim málum en gert hefur verið til þessa.

Vegna þess að aðeins kom til umræðu frv. um starfsmenntun í atvinnulífi, sem sennilega liggur hér fyrir, ef það er ekki komið er það væntanlegt, þá vil ég láta það koma fram að við gerum ráð fyrir því að framhaldsmenntun þeirra stétta sem hafa löggildingu, hvort sem er í heilbrigðiskerfi, iðnaði eða annars staðar, verði áfram fyrst og fremst á vegum menntmrn. með stuðningi viðkomandi fagráðuneytis. Það er alveg ljóst að framhaldsmenntun löggiltra starfsstétta verður á þann veg skipuð en það breytir því ekki að annað ráðuneyti, í þessu tilviki félmrn., getur haft umsjón með menntun í atvinnulífinu sem ekki lýtur beinlínis að framhaldsmenntun löggiltra starfsstétta.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki ástæða til að vera að tala almennt um þessi mál undir þessum dagskrárlið. Ég vil þó segja það í tilefni af orðum hæstv. heilbrrh. að ég tel að það viðhorf sem hann lýsti í lok sinnar ræðu áðan í grundvallaratriðum rangt. Fyrst og fremst vegna þess að með því er verið að byggja múra milli starfsmenntunar annars vegar og skólaþjálfunar

hins vegar. Það er slæmt. Vandi skólakerfisins á Íslandi felst ekki síst í því að það hefur verið lokað af. Ýmist hefur skólakerfið gert það sjálft eða að atvinnulífið hefur lokað á skólakerfið. Það þarf að brjóta þá múra niður. Það viðhorf sem fram kom hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar hann bar blak af frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu stuðlar að því að þessi gjá verði áfram til. Það er slæmt.

Ég tel að heilbrrn. hafi stigið mjög mikilvægt skref með því frv. sem hér er á dagskrá vegna þess að þar er ekki eingöngu um það að ræða að menn séu að fjalla um þrönga fagmenntun. Menn eru að tala um t.d. lyfjatæknanám sem getur auðvitað tengst öðru námi líka. Það er þess vegna augljóst mál að hér er verið að gera menntun heilbrigðisstétta að almennum þætti í menntakerfinu í landinu og það er fagnaðarefni. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að láta svo lítið þegar hann kemur hingað í stólinn, annaðhvort næst eða þar næst, að láta vita af því að hann hafi skilið þetta grundvallaratriði í menntamálum í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

29. FUNDUR

þriðjudaginn 19. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á með hvaða hætti við höfum þennan fyrirspurnatíma og lesa smápistil áður en menn fá orðið.

Gert er ráð fyrir að þessi fyrirspurnatími taki um hálftíma. Fyrirspyrjandi hefur tvisvar sinnum þrjár mínútur og ráðherra tvisvar sinnum fimm mínútur. Forseti væntir þess eindregið að þingmenn fullnýti ekki þann rétt til ræðutíma sem þeim er áskilinn í þingsköpum því að þá komast aðeins tveir þingmenn að á þeim hálftíma sem okkur er skammtaður. — Nú þegar sýndist forseta að það mundu vera fleiri en tveir sem vildu gjarnan bera fram fyrirspurnir.

Fyrirkomulag umræðunnar verður þannig að þingmenn kveðja sér hljóðs með venjubundnum hætti, eins hefur nú þegar gerst, með því að banka í borðið. Auk þess vill forseti biðja hv. þm. að rísa úr sæti til þess að auðvelda forseta yfirsýn yfir þá sem biðja um orðið.

Forseti verður að velja fyrirspyrjendur en þeir ráða því aftur á móti til hvaða viðstaddra ráðherra þeir beina máli sínu. Verði þátttaka mikil er víst að einhverjir þingmenn komast ekki að og við það verður að una.

Forseti vill ítreka þá ósk sína að fyrirspurnir verði stuttar, um eitt eða tvö efnisatriði, og ekki síður að svör ráðherra verði stutt og hnitmiðuð. Nú hefst fyrirspurnatíminn.

Forsendur þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrumvarps.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur komið fram í fjölmiðlum að ríkisstjórnin hafi í undirbúningi að endurskoða og endurmeta allar forsendur þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Ég vil leyfa mér í tilefni af því að spyrja hæstv. forsrh. í fyrsta lagi: Hvenær er þess að vænta að þeirri endurskoðun ljúki? Í öðru lagi: Hvenær er gert ráð fyrir því að niðurstöður endurskoðunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi? Og í þriðja lagi: Er ætlunin að ræða þessar niðurstöður sérstaklega við aðila vinnumarkaðarins?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessi endurskoðun er þegar hafin af hálfu fjmrn. og hæstv. fjmrh. Í annan stað hefur verið skipaður starfshópur embættismanna og sérfræðinga til þess að fara ofan í málið. Þeir eru þegar í vinnu. Ég á von á því að tillögur verði lagðar fyrir ríkisstjórn í næstu viku. Ég býst við því að meginhluti þeirra aðgerða sem vera má að gripið verði til verði þess eðlis að þær séu á valdi ríkisstjórnarinnar. Ef atbeini Alþingis þarf til að koma verður frv. þess eðlis og efnis lagt fyrir hið fyrsta og ég vænti þess að umræða um það á Alþingi eigi sér stað þá um sömu mundir. Það kann að vera að ég hafi gleymt einni spurningunni.

Ég hef tekið eftir því í fréttum að forusta Alþýðusambands Íslands hefur ákveðið að óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina. Það kemur sér vel. Við höfum að vísu átt óformlegar viðræður við forustumenn aðila vinnumarkaðarins á undanförnum vikum, aðallega kynningarfundi, en það er ljóst að óhjákvæmilegt er að þessir aðilar komi að þessari endurskoðun og tillagnagerð.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í anda þeirra ábendinga sem fram komu hjá hæstv. forseta ætla ég ekki að nota allan minn tíma heldur skapa möguleika til þess að þeim mun fleiri komist að. En ég vil segja þetta. Í fyrsta lagi að sjálfsögðu þakka ég fyrir svarið. Í öðru lagi legg ég á það áherslu að ég tel óhjákvæmilegt að þessar efnahagsráðstafanir, ef einhverjar verða, verði lagðar fyrir Alþingi til umræðu í skýrsluformi þannig að Alþingi geti strax í næstu viku rætt um málið í heild, ekki einasta það sem lýtur að ríkisbúskapnum heldur einnig að atvinnulífinu í heild, svo og kjörum launafólks, vaxtastigi og öðrum þáttum sem óhjákvæmilegt er að ræða.

Ég tók eftir því í svari hæstv. forsrh. að hann tók þannig til orða að það kæmi sér vel að verkalýðshreyfingin skyldi vilja ræða við ríkisstjórnina. Það var býsna athyglisverð uppsetning mála. Það er einnig at-

hyglisvert að hugsa til þess að ríkisstjórnin skuli ekki þrátt fyrir þá erfiðleika sem hún telur að séu í efnahagslífinu hafa sjálf haft frumkvæði að því að kalla aðila vinnumarkaðarins til formlegra viðræðna. Ég tel að þetta sýni mjög vel hvernig þessi ríkisstjórn hefur unnið og ég tel að það sanni mjög vel og skýri af hverju þessari stjórn eru mislagðar hendur, af því að hún hefur ekki vit á því að kalla þá aðila til samráðs, samvinnu og viðræðna sem úrslitum ráða þegar allt kemur til alls í stjórn efnahags- og atvinnumála í landinu, þ.e. aðila vinnumarkaðarins.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vona að þingmenn leggi ekki of mikla merkingu í það hvernig ég hagaði orðum mínum um að „það kæmi sér vel". Ég átti eingöngu við það, hv. þm., að það kæmi sér ágætlega í tímanum að þessi ósk væri sett fram núna í tengslum við þær aðgerðir sem menn eru að fjalla um.

Mannaskipti í stjórn Vestnorræna sjóðsins.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Fyrirspurn minni beini ég til hæstv. forsrh. Í hádegisútvarpi í dag var sagt frá þeim atburði að tveir menn voru reknir úr stjórn Vestnorræna sjóðsins, þeir Bjarni Einarsson og Jónas Hallgrímsson. Í fréttinni segir orðrétt, og er vitnað til svars forsrn. þegar fréttamaður spurði af hverju þetta hefði verið gert:

„Í ráðuneytinu var talið óheppilegt að Bjarni sæti fundinn og ótvírætt gefið í skyn að Bjarni njóti ekki trausts forsrh. í ljósi þess að hann hefur margsinnis komið fram opinberlega og talað gegn stefnu stjórnvalda í EES-málinu."

Þess vegna spyr ég: Er það krafa forsrh. að opinberir starfsmenn verði að hafa sömu skoðun og stjórnvöld í öllum málum og sé bannað að tjá sig um þjóðfélagsmál jafnvel þótt þau séu alls óskyld þeim störfum sem þeir gegna í þágu hins opinbera? Mega opinberir starfsmenn eiga von á refsingum ef þeir tala gegn áformum ríkisstjórnarinnar?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Svarið við þessum tveimur spurningum er nei. Að sjálfsögðu er ekki gerð nein slík krafa til embættismanna í stjórnkerfinu og þeir eiga ekki von á neinum brottrekstri. Hér var ekki um neinn brottrekstur að ræða. Hér er eingöngu verið að skipta um menn í stjórnum og ráðum. Það er ekkert við því að segja. Það er á valdi forsrn. Ég taldi eðlilegt að skipta um í þessum tveimur störfum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get ekki skilið það öðruvísi en svo að mennirnir hafi verið reknir frá störfum því að þeir voru fyrirvaralaust leystir frá störfum sem þeir höfðu gegnt að mínu mati óaðfinnanlega. Ég sé ekki að hér sé um neitt annað að ræða en beina skoðanakúgun og misbeitingu valds af grófasta tagi. Ég lýsi furðu minni á þessum viðbrögðum forsrh. og tel þau algerlega fordæmanleg.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. virðist vita meira en ég hvernig þessir menn harfa starfað. Ég held að það liggi ósköp lítið fyrir um þeirra störf á þessum vettvangi. En það breytir ekki hinu að hér er eingöngu um það að ræða að verið er að skipta um fulltrúa í nefndum sem forsrn. hefur með að gera. Og það er ákvörðun forsrh. sem auðvitað stendur.

Yfirtaka á skuldum orkufyrirtækja.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Árið 1989 voru yfirteknar skuldir hjá tveimur orkufyrirtækjum á landinu. Það var gert vegna þess að því hafði verið lofað þegar verðjöfnunargjald á raforku var fellt niður. Því spyr ég hæstv. iðnrh.: Hvernig skilgreinir hann yfirtöku skulda? Er verið að losa fyrirtækin við þessar skuldir, eins og þau og allur almenningur skildi þetta orðalag, eða er aðeins verið að breyta um skuldheimtumenn? Á ríkið eftir sem áður að innheimta, í þessu tilfelli þessar skuldir, þrátt fyrir yfirtöku þeirra?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Orðið „yfirtaka skulda" hefur alveg ótvíræða merkingu. Ríkið hefur létt þessum skuldum af Orkubúi Vestfjarða. Það þýðir að skuldabyrði orkubúsins hefur lést sem því svarar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi svör. En honum til upplýsingar get ég sagt honum að fyrir árið 1989 var innheimt upp í þessa skuld hjá Orkubúi Vestfjarða 32 millj. kr. og fyrir árið 1990 eru til innheimtu 58 millj. kr. hjá sama fyrirtæki. Enn fremur að í ríkisreikningi 1989 er yfirtaka þessara skuldabréfa færð á rekstrarreikning til gjalda í einu lagi. Það er því undarlegt að nú skuli vera byrjað að innheimta upp í þessa yfirteknu skuld sem búið er að gjaldfæra í rekstri ríkisins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Samningurinn sem gerður var við Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins sumarið 1989 um yfirtöku skulda af þessum fyrirtækjum á ríkissjóð fól m.a. í sér ákveðna viðmiðun við afkomu þessara fyrirtækja og endurskilgreiningu á fjárhagsgrundvelli þeirra. Ef svo færi að þau næðu betri afkomu en við var búist var á þau lagt að gjalda ríkissjóði nokkurn hluta af þeim tekjum. Svo fór fyrri hluta þess tímabils sem liðinn er frá því að þessi samningur var gerður. Þennan samning gerðu fyrirtækin með

opin augu en það stendur jafnskýrt eftir sem áður að skuldunum var af þeim létt og þau bera ekki þessar skuldir, enda er samningurinn skýr um það. Hins vegar eru þessi afkomuskilyrði færð inn í samninginn.

Aðgerðir utanríkisráðuneytisins í máli tveggja íslenskra stúlkna í Tyrklandi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Fyrir hönd allmargra Reykvíkinga sem nú hafa fylkt liði til varnar tveimur litlum íslenskum telpum sem haldið er í eins konar gíslingu í Tyrklandi þrátt fyrir að móðir þeirra hefur forræði þeirra. Vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað hefur utanrrn. beitt sér í þessu máli?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hér er sem kunnugt er um afar viðkvæmt einkamál að ræða sem er vandasamt að fjalla um í opinberri umræðu. Hitt er ekkert launungarmál þegar spurt er um hvað ráðuneytið hefur aðhafst í málinu. Frá því að fyrst var til utanrrn. leitað með þetta mál hefur það verið eftirfarandi eftir mínu minni:

Fyrst var málið tekið upp við tyrknesk stjórnvöld, þ.e. tyrkneksa dómsmálaráðuneytið í gegnum sendiráð Tyrkja á Íslandi sem er í Ósló, og leitað eftir því að fá svör frá því við tilteknum lögfræðilegum álitamálum. Síðan var málið skoðað með aðstoð lögfræðinga, þar á meðal í samráði við dómsmrn. Niðurstaða okkar að höfðu samráði við dómsmálayfirvöld í Tyrklandi, samráð við lögfræðilega aðila við dómsmrn., var þessi: Okkur þótti einsýnt að málið yrði að reka fyrir tyrkneskum dómstólum. Við leituðum til ræðismanns Íslendinga í Istanbúl um að fá ábendingu um traustan lögmann og fengum það. Við leituðum eftir kostnaðaráætlun um hvað það mundi kosta að reka slíkt mál fyrir tyrkneskum dómstólum og fengum mat á því. Við ráðlögðum viðkomandi aðilum að leita eftir því að fá stjórnvaldsúrskurð um bráðabirgðaforræði yfir börnunum staðfestan fyrir íslenskum dómstóli samkvæmt ábendingu þessa lögmanns. Reyndar kom fyrst spurningin um gjafsókn vegna kostnaðar við þessi réttarhöld. Því var vísað til dómsmrn. Því mun hafa verið synjað með vísun til einhvers fordæmis. Ég hef hins vegar lýst því yfir að utanrrn. væri reiðubúið til þess af fjárveitingu til eigin ráðstöfunar ráðherra að kosta þann hlut af lögfræðikostnaðinum sem þessi matsgerð hins tyrkneska lögfræðings hljóðar upp á. Þessu til viðbótar hef ég, sem utanrrh., skrifað beint starfsbróður mínum, þáverandi utanríkisráðherra Tyrklands, og óskað eftir því á persónulegum nótum að hann hlutaðist til um að greiða fyrir lausn á málinu. Það gerði hann með þeim hætti að taka það upp við dómsmálaráðuneytið þar í landi en svör þess voru að ekki yrði hjá því komist í þessu máli frekar en fjöldamörgum öðrum sambærilegum málum að reka það fyrir tyrkneskum dómstólum. Svör við því bárust reyndar frá þessum aðila, Mesut Yilmas, fyrir rúmum tíu dögum.

Sitthvað fleira hefur ráðuneytið gert sem er þess eðlis að ekki verður frá því skýrt við opinbera umræðu. En ég vil að lokum taka fram eftirfarandi: Alveg frá því að málið kom fyrst til umfjöllunar okkar og fyrstu svör höfðu borist var það okkar niðurstaða að ráðleggja viðkomandi aðilum að reka málið fyrir tyrkneskum dómstólum. Óhjákvæmilegt yrði jafnframt að fela málið umsjá íslensks lögfræðings en aðilar hafa lýst því yfir að þeir hafi þráfaldlega leitað til íslenskra lögfræðinga og þeir hafi hafnað því að taka málið að sér. Nú mun að vera leyst. Það er kominn íslenskur lögfræðingur þeim til halds og trausts. Það er búið að ráða tyrkneskan lögfræðing til að flytja málið. Það er búið að afla upplýsinga um niðurstöður sambærilegra mála. Það hefur verið haft samband við norskan lögfræðing sem flutt hefur slík mál fyrir tyrkneskum dómstólum í sambærilegum málum. Það er fyrirliggjandi greinargerð um mat á því hvað það ætti að taka langan tíma og líkurnar á því að þetta ætti að geta leitt til jákvæðrar niðurstöðu eru að mati lögfróðra manna meiri en minni.

Þetta eru nokkur helstu atriðin til svars við fsp. til ráðherra.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og það er ánægjulegt að vissulega hefur ýmislegt verið reynt að gera. Mér er fullljóst að hér er um viðkvæmt einkamál að ræða en tel mig geta rætt um það hér vegna þess að móðir barnanna hefur opinberlega lýst því yfir að nokkurt atriði í málinu sé það að dómsmrn. hafi ekki treyst sér til að flýta fyrir lögskilnaði hjónanna sem mundi styrkja stöðu móðurinnar í væntanlegu máli. Ég vil því leyfa mér, ef ég má, að biðja hæstv. dómsmrh. að svara í fyrsta lagi hvers vegna gjafsókn var neitað sem kemur mér mjög á óvart. — Það er hæstv. landbrh. sem er sitjandi dómsmrh., er það ekki? — Og jafnframt hvers vegna dómsmrn. hefur ekki treyst sér til að flýta fyrir endanlegum lögskilnaði.

Mér er ljóst, hæstv. forseti, að það kann að vera erfitt fyrir hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh. að svara þessum spurningum svo ég skal sætta mig við að það svar berist ekki þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki hér nema í líki hæstv. landbrh. En ég vil ljúka máli mínu með því, um leið og ég þakka hæstv. utanrrh., að óska eftir því við ríkisstjórn Íslands að hún geri það sem hún lifandi getur í þessu máli.

Það getur hver sett sig inn í það hlutskipti að vita af börnunum þarna þvert gegn vilja þess foreldris sem forræðið hefur. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn geri allt sem í hennar valdi stendur til að leysa þetta skelfilega mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur í dag og aðeins er gert ráð fyrir að þeir ráðherrar sem viðstaddir eru svari.

Fulltrúi forsætisráðherra í nefnd um endurskoðun norræns samstarfs og skipun nýrra stjórnarmanna Vestnorræna sjóðsins.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég beini fsp. minni til forsrh. Ég vildi fyrst spyrja forsrh. hvernig verði af hans hálfu staðið að endurskoðun á norrænu samstarfi? Nýlega samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna að skipa einn mann hver til að undirbúa þá endurskoðun. Ég vildi spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig verður að því staðið af hans hálfu og hvaða hæfileikum þarf sá einstaklingur sem í það fer að vera búinn? Ég vildi jafnframt spyrja hann hvernig hann hyggist standa að því að styrkja samstarfið sem hefur verið að eflast, hið svokallaða vestnorræna samstarf.

Hann sagði áðan að eftir þá einstaklinga sem hefðu verið trúnaðarmenn ríkisstjórna þar á undanförnum árum lægi lítið. Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. hvað hann hafi fyrir sér í þeim efnum. Ég vildi jafnframt spyrja hann hvernig hann hyggist endurskipa í þá nefnd og hvað þurfi að liggja eftir þá menn til að þeir teljist hæfir til að sinna þeim verkum. Hér er um aðila að ræða sem tilnefndir voru annars vegar af Byggðastofnun og hins vegar af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Hyggst forsrh. biðja um tilnefningar í því sambandi eða fer hann eingöngu eftir skoðunum manna á þjóðmálum í þessu sambandi? Og ég spyr: Mega aðrir embættismenn og trúnaðarmenn núv. ríkisstjórnar eiga von á því að verða sérstaklega kallaðir fyrir af ráðherrum í ríkisstjórninni og látnir vitna um skoðanir á hinum ýmsu málum til að þeir teljist hæfir til að sinna störfum sem þeir hafa sinnt á undanförnum árum?

Það er náttúrlega með eindæmum að forsrh. Íslands skuli leyfa sér það að koma hér upp og fullyrða um tiltekna einstaklinga í þjóðfélaginu: Það liggur lítið eftir þá. Ég held að forsrh. verði að segja hvað hann á við en fara ekki með slíkt fleipur.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði að mestu leyti svarað því sem 1. þm. Austurl. kom með núna. Reyndar hafði hann misskilið orð mín. Ég fékk ekki betur heyrt. (**HÁ:** Ég misskildi ekkert.) Jú, þú misskildir allt, misskildir allt saman. Það liggur fyrir. (Gripið fram í.) Þú misskildir þetta allt saman. Það sem ég sagði var að ég hefði ekki þær upplýsingar um þessi miklu störf sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði. Það var mitt svar og það er mín skoðun. (**Gripið fram í:** Nei.) Þú hefur misskilið þetta. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Jú, víst er það svo. Það er nú þannig. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Jú, jú, það er nú þannig. Hvernig sem menn gjálma þá er það svarið.

Varðandi fyrstu spurninguna um fulltrúa minn til að undirbúa endurskoðun á norrænu samstarfi í samræmi við ákvörðun forsætisráðherra Norðurlandanna þar um, þá hef ég þegar valið mann til þess starfs og það er Matthías Á. Mathiesen. Ég ætla ekkert að lýsa hvaða hæfileikum menn þurfa að búa yfir. Ég tel að Matthías Á. Mathiesen hafi þá hæfileika og þá stöðu sem hentar mjög vel til þessa starfs. Þannig að ég hef þegar ákveðið, og það svarar fyrstu spurningunni, að hann skuli gegna þeirri stöðu.

Varðandi hið vestnorræna samstarf og spurninguna um hvort ég muni leita eftir tilnefningum til skipunar þeirra tveggja manna, þá mun ég ekki gera það.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka svörin. Ég get vel skilið hæstv. forsrh. í því að fá Matthías Á. Mathiesen, fyrrv. þingmann, til að fara í þetta starf. Ég tel það vel valið. Hitt er svo annað mál að hæstv. forsrh. verður að kannast við orð sín. Og það vill svo til að þau eru tekin upp. Og hann sagði þessi orð sem er þungur áfellisdómur t.d. yfir manni sem hefur sinnt þessu samstarfi mjög vel, bæði í orði og verki, jafnframt því að byggja upp atvinnufyrirtæki sem byggir á samstarfi þessara þjóða. Ég held að hæstv. forsrh. ætti þá að koma hér upp og taka þessi orð til baka.

Hér er náttúrlega um hreina pólitíska ákvörðun að ræða og alveg greinilegt að hæstv. forsrh. þolir enga í kringum sig sem ekki tilheyra hans flokki. Þetta hafði áður heyrst og það er í reynd það sem — jú, hæstv. utanrrh. sem er nú trúlega genginn í flokkinn því hann er sammála öllu sem forsrh. segir. Ég tek því að þessu leyti orð mín til baka, hæstv. utanrrh.

Það er náttúrlega einsdæmi að menn skuli ganga til verks með þessum hætti og því mikilvægt að vita hvort þar verði framhald á. Ég minni líka á þær skoðanir ríkisstjórnarflokkanna að ekki sé heppilegt að fulltrúar stjórnarandstöðu fari með forustu í samskiptum við erlendar þjóðir. Það er alveg nýtt í íslenskri pólitík og það er alveg nýtt í reynd á Vesturlöndum. Þetta eru þess vegna hættir sem hæstv. forsrh. er að innleiða í íslenska pólitík. Það er það sem við vörum við því þessi andi hefur ekki áður verið í íslenskum stjórnmálum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eina nýmælið í þessum efnum er það að þegar skipt er um fulltrúa tiltekins aðila, forsrh. í þessu tilviki, þá skulu viðkomandi aðilar taka það sem persónulegar árásir á sig rétt eins og þeir telji að þeir eigi þessi embætti. Það eiga þeir ekki. Þeir eru þarna sem fulltrúar forsrh. og þegar hann skiptir um starfandi menn í nefndum þá gerir hann það í fullum rétti.

Nýjar hugmyndir um orkufrekan iðnað.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Mín spurning beinist til hæstv. iðnrh. Í fréttum í ljósvakafjölmiðli fyrripart dags í gær var sagt frá því að hér væru staddir erlendir menn frá þeim fyrirtækjum sem eiga aðild að samningum um álver. Í fréttinni var sagt frá því að til umræðu væru nýir iðnaðarkostir, nýjar hugmyndir um orkufrekan iðnað á Íslandi og athyglisverð tilboð stjórnvalda í

þessu efni. Nú langar mig að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvaða tilboð eru þetta? Hvaða iðnaðarkosti er um að ræða? Hafa þessir iðnaðarkostir verið ræddir í ríkisstjórninni og hafa þeir verið ræddir í stjórnarflokkunum? Ég hef áhuga á á að fá skýr svör við þessu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. spyr um frétt í ljósvakafjölmiðlunum í gær. Ég get því miður alls ekki svarað fyrir þessi orð því þau voru ekki eftir mér höfð. Hins vegar get ég vikið nokkrum orðum að því efni sem þarna er hreyft.

Í þeim samtölum sem ég átti við forustumenn ameríska félagsins Amax og Alumax í gær var rætt um það hvort þessi félög hefðu hug á að fjárfesta í einhverjum öðrum iðnaði á Íslandi en álbræðslu. Þetta eru fyrirtæki sem fást við marga hluti og að sjálfsögðu eðlilegt að hreyfa slíkum málum við forustumenn þeirra. Um einstök atriði í þessu máli að öðru leyti er ekki tímabært að fjalla. Hins vegar vil ég gera það alveg skýrt að það sem sagt var í fréttinni eftir endursögn 3. þm. Vesturl. um tilboð af hálfu hinnar íslensku ríkisstjórnar, ég kannast ekki við hvað þar er verið að ræða. Að sjálfsögðu hefur verið haldið uppi umfangsmikilli verkefnaleit og verður gert áfram á vegum ríkisstjórnarinnar, á vegum markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og með þeim hætti öðrum sem vænlegastur er til árangurs.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér skildist á þessu viðtali að það hefði verið haft eftir þessum samningamönnum að um væri að ræða tilboð og hugmyndir. En það hefur líklegast verið misskilningur.

Mig langar þá að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann telji að þær hugmyndir sem hafa verið til umræðu þessa daga séu raunhæfar og hvort við megum eiga von á að á næsta leiti séu framkvæmdir sem færi nýtt blóð í atvinnulífið í landinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég vona sannarlega að við munum finna á næstunni verkefni sem færi nýtt lífsblóð í íslenska atvinnuvegi. En um þau verkefni sem hér er vikið að með óbeinum hætti vil ég segja þetta: Það stendur einfaldlega þannig á að í orkufrekum iðnaði er ekki hagstætt árferði hvert sem verkefnið er. Hvort sem það er járnblendi eða ál eða annað það sem upplagðast er að vinna með raforku á Íslandi. Hins vegar eru nú til umræðu ýmis smærri viðfangsefni sem byggja á orkufrekum vinnsluaðferðum, m.a. rafbogabræðslu, sem er hugsanlegt að geti orðið að veruleika. Ég vil ekki segja mikið meira um þetta en að sjálfsögðu mun þetta verða kynnt rækilega og mér er sönn ánægja að því að ræða þetta við hv. 3. þm. Vesturl. hvenær sem er.

Um þingsköp.

Ákvæði þingskapa um óundirbúnar fyrirspurnir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég bað um orðið eftir að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði hafið máls og beint fsp. til hæstv. forsrh. Mér var meinað um orðið í þeim umræðum og forseti sagði mér að það væri óheimilt að fleiri töluðu en fyrirspyrjandi og ráðherra. Þetta kom mér á óvart vegna umræðu sem átti sér stað um þingsköp í forsætisnefnd sl. sumar þar sem um þetta mál var sérstaklega rætt og litið svo til á þeim tíma að um þetta giltu samkvæmt þingsköpunum sömu reglur og um fyrirspurnir almennt þannig að einstökum þingmönnum gæfist kostur á að gera stutta athugasemd.

Nú vil ég út af fyrir sig ekki taka afstöðu til þess hvort þetta er heppilegt form sem forseti er að reyna að innleiða hér. En ég hef innt nokkra formenn þingflokka að því hvort um þetta hafi verið ráðgast, þ.e. túlkun þingskapanna að þessu leyti, og þeir könnuðust ekki við það. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort um þetta efni hafi verið rætt og ákvarðað í forsætisnefnd þingsins nýlega.

Mér hefur verið bent á það að 22. okt. túlkaði forseti þingsköpin með þeim hætti að aðrir en fyrirspyrjandi og ráðherra ættu ekki rétt á að taka þátt í umræðu af þeim toga sem hér hefur átt sér stað. Á þeim tíma sat varamaður inni á þinginu fyrir mig þannig að mér var ekki kunnugt um þessa túlkun hæstv. forseta. Nú spyr ég hæstv. forseta: Hefur þetta mál verið rætt og ákvarðað af forsætisnefnd þingsins? Hefur það verið rætt við þingflokksformenn? Hafi það ekki verið gert finnst mér að óeðlilega hafi verið að máli staðið. En það kemur í ljós þegar hæstv. forseti upplýsir um það hvernig hann hafi komist að þessari niðurstöðu varðandi 49. gr. þingskapanna, líklega er það sjötti efnisliður í þeirri grein þingskapanna sem um er að ræða, og ég tel að megi túlka þannig að um gildi hliðstæðar reglur og um venjulegar fyrirspurnir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti gerði grein fyrir sinni túlkun og sínum skilningi á hvernig þessi umræða ætti að fara fram þegar þessi fyrirspurnatími hófst í fyrsta sinn, eins og hv. 4. þm. Austurl. gat reyndar um í ræðu sinni að hann hefði verið upplýstur um. Þá sagði forseti m.a.:

„Um ræðutíma gilda samkvæmt þingsköpum sömu reglur og á venjulegum fyrirspurnafundum, þ.e. fyrirspyrjandi hefur tvisvar sinnum þrjár mínútur og ráðherra tvisvar sinnum fimm mínútur. Ákvæði um athugasemdir annarra þingmanna en fyrirspyrjenda og ráðherra eiga ekki við hér enda hafa allir þingmenn sama rétt á fundinum til að koma upp í ræðustólinn og beina fyrirspurn til ráðherra."

Ef allir þingmenn hefðu þennan rétt til að gera athugasemdir sjáum við fyrir okkur að enn mundi fækka þeim sem hefðu tækifæri til að koma með fyrirspurn.

Forseti vill geta þess að engar athugasemdir við þetta komu fram þegar forseti gerði grein fyrir þessum skilningi sínum í fyrsta sinnið.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég var að vísu ekki viðstaddur fyrsta fyrirspurnafundinn í þinginu með þessu formi. En ég vil leyfa mér að vitna til þingskapa. Í niðurlagi 49. gr. segir svo:

„Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum fundi getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra. Um ræðutíma gilda ákvæði 5. mgr."

Nú vil ég, með leyfi forseta, lesa 5. mgr.: „Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er á hlut að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en þrjár mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd, eina mínútu hverjum."

Það stendur nákvæmlega í þingsköpum hvernig fara beri að þessu og ég er mjög óánægður ef forseti ákveður að bregða út af þingsköpum af hagkvæmnissjónarmiði eða af öðrum sjónarmiðum og hefta með því málfrelsi þingmanna.

Ég vil líka gera athugasemd við fundarstjórn hér áðan þar sem hæstv. forsrh. notaði orðalagið „að gjamma" um frammíköll frá einstökum þingmönnum. Ég tel það óviðurkvæmilegt orðalag hjá forsrh. að segja að þingmenn gjammi þó að þeir grípi fram í.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þær athugasemdir sem fram hafa komið varðandi framkvæmdina á þessu ákvæði þingskapa. Forseti svaraði því ekki hvort um þetta mál hefði verið haft samráð við formenn þingflokkanna og ég hygg að það hafi ekki átt sér stað, a.m.k. kannast ég ekki við að að þetta hafi verið afgreitt sérstaklega. Kannski hefur forsætisnefndin verið kölluð saman og kannski hefur hún náð víðtæku samkomulagi allra þeirra sem þar sitja um þetta mál. Það fer mjög fáum sögum af fundum forsætisnefndarinnar og væri út af fyrir sig ástæða til þess að inna eftir því áður en langur tími líður hversu oft hún hittist og hvort mikið er um ágreining í þeirri nefnd um framkvæmd þingskapa, en látum það vera. Alla vega held ég að ekki hafi verið haft samráð um þetta mál við formenn þingflokkanna.

Það hefur ekki komið fram að forsætisnefndin sem slík hafi tekið um þetta ákvörðun og ég held að það sé óhjákvæmilegt að ræða málið vegna þess að ákvæði 5. mgr. 49. gr. þingskapalaganna eru algerlega ótvíræð í þessu efni. Þau eru mjög skýr og afdráttarlaus og úrskurður forseta getur ekki komið í staðinn fyrir þetta ákvæði. Auðvitað er hugsanlegt að þingheimur nái samkomulagi um aðra framkvæmd málsins en það er allt annar hlutur sem verður auðvitað að ræða og lenda þá með víðtækum hætti.

Síðan er það sérstaklega alvarlegt hvernig þessi umræða er framkvæmd, virðulegi forseti, af hæstv. ráðherrum og þá alveg sérstaklega af hæstv. núv. forsrh. Hann leggur í vana sinn, og það gerðist bæði núna og á síðasta fundi, að hann er síðasti ræðumaður og lýkur jafnan ræðum sínum með því að skjóta á menn sem eru búnir að tala sig dauða. Það eru algerlega ósæmileg vinnubrögð af ráðherra að haga hlutum með þessum hætti eins og hann gerði aftur og aftur og eins fyrr þegar þessar umræður fóru fram. Ég vil mótmæla því sérstaklega og segja að ef halda á áfram að tala við þennan forsrh. svo lengi sem hann gegnir því starfi, sem verður vonandi sem styst, er greinilega nauðsynlegt að breyta þingsköpunum vegna þess að það er ósæmilegt og útilokað að sitja undir því að hann hafi jafnan síðasta orðið með þeim hætti sem hann iðkar það, þ.e. að varpa á þingmenn strákslegum skætingi sem er alveg ástæðulaust fyrir okkur að sitja undir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Af því sem hér hefur komið fram og ekki komið fram er ljóst að hæstv. forseti er að túlka þingsköp að eigin geðþótta. Það hefur komið fram hjá þingflokksformanni Framsfl. í þessari umræðu að hann telur þingsköpin ótvíræð að þessu leyti. Ég tel líka að þingsköpin séu ótvíræð og minni á að vegna þessa fór fram í forsætisnefnd þingsins á sl. sumri umræða um það hvort ætti að leita samkomulags um þetta efni eður ei og ég man ekki betur en það hafi verið ákvörðun að reyna það. Hér hefur verið upplýst að það hafi ekki verið gert. Hér er því verið að taka upp vinnubrögð sem eru ekki við hæfi, að forseti ætli að ganga gegn þingsköpunum eða túlka þau án þess að um það hafi verið leitað samkomulags að breyta út frá ákvæðum þingskapa og stjórna fundum með þeim hætti. Ég fer því fram á það við hæstv. forseta að þetta mál verði tekið upp við þingflokka ef forsætisnefnd þingsins — auðvitað er það hún sem á að fjalla um þessi mál og koma fram með sín sjónarmið gagnvart þinginu, að um þetta mál verði fjallað og leitað samkomulags — er á því að það beri að gera.

Eins og ég gat um, virðulegur forseti, finnst mér ekkert einhlítt í þessum efnum hvernig æskilegt væri að þingsköp væru og reyndar túlkaði viðhorf um það á sl. sumri sem hæstv. forseti e.t.v. minnist, en ef menn ætla að taka upp nýja hætti, breyta frá þingsköpum, getur það ekki orðið nema með víðtæku samkomulagi. Og í raun getur slíkt samkomulag ekki bundið einstaka þingmenn ef þeir vilja nota rétt sinn að þingsköpum og því eðlilegast að leitað verði eftir breytingum og kannaður vilji þingsins á því að breyta þingsköpunum í viðkomandi atriði.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Ég held að rétt sé að það komi fram að í haust lagði forseti fyrir formenn þingflokka ákveðnar hugmyndir um hvernig ætti að standa að þessum óundirbúnu fyrirspurnum og leitaðist við að ná samkomulagi um þær. Það samkomulag tókst hins vegar ekki vegna þess að formaður þingflokks Framsfl. taldi ekki eðlilegt að gera slíkt samkomulag eins og á stóð og ég hygg að hann kannist fyllilega við það sjálfur. Það sem síðan gerðist var að forseti vildi reyna að koma betri reglu á þessar umræður, ef svo mætti segja, vegna þess að einungis er um hálftíma að ræða og það

sem fyrir forseta vakti var að sjálfsögðu að gefa sem flestum kost á að hagnýta sér þann möguleika að bera fram óundirbúnar fyrirspurnir. Ef þingsköpum, eins og þau eru, er framfylgt til hins ýtrasta, komast hugsanlega ekki nema tveir að og fyrir forseta vakti að greiða fyrir því að sem flestir kæmust að.

Ég verð að viðurkenna að ég man ekki sérstaklega hvort þetta litla atriði var rætt, hvort aðrir en fyrirspyrjandi mættu taka til máls um viðkomandi fyrirspurn. Ég minnist þess satt að segja ekki en það sem fyrir liggur er að forseti las þegar þetta byrjaði í fyrsta sinn sínar viðmiðanir í þessu og lagði fyrir þingheim hvernig hún hygðist standa að þessum fyrirspurnum. Því var alls ekki mótmælt þannig að forseti hefur að sjálfsögðu verið í góðri trú með að standa að málum eins og hér hefur verið gert.

Hitt er hins vegar alveg rétt, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl., að ef einstakir þingmenn vilja í krafti þingskapanna neyta síns ýtrasta réttar er auðvitað ekki hægt að taka þann rétt frá mönnum. Þess vegna tel ég að skynsamlegt sé, sem fram er komið, að menn setjist niður og reyni að ná saman um hvort hér getur verið samkomulag allra þingflokka um þessa framkvæmd því að ef ekki gætum við setið uppi með að einungis væru tvær fyrirspurnir teknar fyrir í hvert sinn. Kannski er það það sem menn vilja. Ég skal ekkert segja til um það en ég held að rétt sé að menn ræði þetta á nýjan leik á grundvelli þeirra upplýsinga sem hafa komið fram.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um dálítið merkilegt mál að ræða. Ég hef ekki verið viðstaddur þessa fyrirspurnatíma fyrr og í upphafi var lesin fyrirsögn um hvernig þingmenn ættu að haga sér en því var sleppt að segja að heimilt væri samkvæmt þingsköpum að gera athugasemdir. Ef ég hefði vitað að það væri heimilt hefði ég gert athugasemd við þær umræður sem voru áðan.

En ég vil undirstrika að það er að sjálfsögðu óheimilt að mínum dómi að forsætisnefndin eða formenn þingflokka séu að hræra hér í þingsköpum eftir geðþótta. Það á að bera breytingar á þingsköpum undir þingið og samþykkja þær breytingar ef meiningin er að gera breytingar á. Það er algert grundvallaratriði og við hljótum að krefjast þess að svo verði gert. Ég tala nú ekki um ef forsætisnefndin svona í góðu tómi ætlar að fara að breyta þingsköpunum. Ég álít að formenn þingflokka, þó að þeir séu frá öllum flokkum sem hér eiga sæti á þingi, hafi enga heimild til að gera þetta, heldur á að bera þessar breytingar undir þingið. Það eru algerlega nýir siðir ef á að fara að rokka með þingsköpin fram og aftur eftir því hvort mönnum þykir það þægilegt um framkvæmd þingmála að hafa þau þannig eða hinsegin.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þingsköpum má náttúrlega ekki breyta að geðþótta forseta eða forsætisnefndar eða að geðþótta formanna þingflokka. Það er rétt sem hefur komið fram að forseti leitaði samkomulags í haust um að takmarka ræðutíma í þessum fyrirspurnatímum og það var rétt greint hjá hv. þm. Geir H. Haarde. Það var ekki tiltækilegt að fallast á slíkt samkomulag, m.a. með þeim rökstuðningi sem kom hér fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Það er ekki hlutverk okkar að hræra í þingsköpum. Við verðum að geta treyst á að þau verði haldin og farið eftir þeim. Þau eru mannanna verk og mega sjálfsagt breytast. Ég held þó að góð reynsla sé af þessum óundirbúna fyrirspurnatíma og hann hafi verið spor í rétta átt, en ef mönnum líka ekki þingsköpin þegar reynsla kemur á þau þurfa þeir að breyta þeim með formlegum hætti. Það er hægt að gera samkomulag og eðlilegt að beina því eins og forseti gerði til hv. þm. að þeir verði stuttorðir og noti ekki sinn ýtrasta ræðutíma og við því urðu þingmenn í þessum fyrirspurnatíma.

Ég geri enga athugasemd við það þó hæstv. forsrh. hafi síðasta orðið í umræðum. En þingmenn verða að sjálfsögðu að fá að bera af sér sakir ef þeir telja sig þurfa eins og í öðrum umræðum í þinginu og þá geta þeir sent til baka strákslegar hnútur forsrh. Hæstv. forsrh. er vanur þessum vinnubrögðum úr sínu fyrra starfi. Hann kemur úr vernduðu umhverfi í borgarstjórn þar sem hann hafði sterkan og hlýðinn meiri hluta að styðjast við og hafði tækifæri til að hafa alltaf síðasta orðið og tala svo oft sem hann vildi meðan aðrir borgarfulltrúar máttu einungis tala tvisvar svo að það er skiljanlegt og afsakanlegt að hæstv. forsrh. freistist til að nota sömu vinnubrögð hér á Alþingi. En frú forseti, okkur ber að fara eftir þingsköpum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur undir síðustu orð hv. 1. þm. Norðurl. v. Okkur ber að fara að þingsköpum. Í þessu tilviki má segja að álitamál sé hvort leyfa megi athugasemdir í slíkum stuttum fyrirspurnatíma. Þarna var um það að ræða fyrir forseta — því að samkvæmt þingsköpum ber honum að úrskurða ef eitthvert álitamál kemur upp varðandi framkvæmd þingskapa — að túlka þessa grein; hve langt hún ætti að ganga, hvort leyfa ætti athugasemdir annarra en fyrirspyrjanda og ráðherra eins og þegar um venjulegan fyrirspurnatíma er að ræða. Þarna taldi forseti að væri í hag allra hv. þm. að þetta ákvæði 5. mgr. 49. gr., sem vísað er til, gilti aðeins um lengd ræðutímans en ekki um tilhögun umræðunnar. Þess vegna ákvað forseti að túlka þessa grein á þennan hátt varðandi óundirbúnar fyrirspurnir.

Forseti vill gjarnan geta þess sem ánægjulegt er og fram hefur farið á þessum fundi, að í þessum hálftíma fyrirspurnatíma voru haldnar 24 ræður en ef við ættum jafnframt að leyfa athugasemdir er hætt við því að færri fyrirspurnir kæmust að. Þetta tók forseti fram, eins og kom fram fyrr í mínu máli, strax þegar þessar fyrirspurnir hófust. Því miður var hv. 4. þm. Austurl. ekki á þeim fundi. Hann hefði þá væntanlega gert athugasemdir við þetta strax, en það komu engar athugasemdir fram við þessa tilhögun. Forseti las ekki upp allan inngangstextann núna eins og hann hugsaði sér tilhögunina vegna þess að það kom svo greinilega

í ljós í upphafi fundarins að menn voru meðvitaðir um hvernig við ætluðum að hafa tilhögunina og menn risu úr sætum áður en til þess kom að forseti væri tilbúinn að gefa mönnum orðið. Þess vegna þykir forseta það miður að menn eru ekki samþykkir þessu fyrirkomulagi og er sjálfsagt og eðlilegt að taka þetta upp á fundi með formönnum þingflokka og í forsætisnefndinni. En af því að um það var spurt fyrr á þessum fundi vill forseti geta þess að fundir í forsætisnefndinni eru að jafnaði einu sinni í viku, oftar ef þurfa þykir og sjaldnar ef ástæða er til.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Mig langar til að koma aðeins inn í þessa umræðu um það hvernig beri að túlka 5. mgr. 49. gr. þingskapalaga. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir okkur að hafa hraða umræðu um óundirbúnar fyrirspurnir þannig að hún fari fram á annan hátt en venjulegar fyrirspurnir, að annar blær sé yfir umræðunni og gangurinn sé hraðari í henni. En ég held að það sé undir okkur þingmönnum og ráðherrum komið að láta hlutina gerast þannig, við hljótum að gera þegjandi samkomulag okkar á milli um að hafa þennan hátt á, en það sé ekki hægt að túlka 5. mgr. 49. gr. með þeim hætti sem forseti gerði hér áðan. Ég held að ljóst sé að þarna er ekki um túlkunaratriði að ræða því að í málsgreininni segir: „Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd, eina mínútu hverjum." Ég held að alveg sé kýrskýrt hvað þarna er átt við.

Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir okkur þingmenn að hanga á þessu ákvæði og reyna að halda okkar rétti í þessum málum og ég held að umræðan áðan hafi sýnt það mjög glöggt hversu mikilvægt það er fyrir okkur að halda í þetta. Áðan hafði ráðherra alltaf síðasta orðið og þar sem margar fyrirspurnir voru til forsrh., þá var það forsrh. sem átti nær alltaf síðasta orðið og mín skoðun er sú að ráðherra hafi mjög misnotað þá aðstöðu sína að eiga hér síðasta orðið eins og menn hafa bent á hér á undan mér. Þegar ráðherra gerir þetta og þingmenn hér í salnum vita ekki um rétt sinn til að gera athugasemdir þá tel ég að við verðum að fara að 5. mgr. 49. gr. í þessum efnum og það þýði enginn undansláttur við ráðherra sem hagar sér með þessum hætti.

Ég get tekið undir það sem kom fram hjá öðrum í þessari pontu að auðvitað er þetta erfðagóss ráðherrans úr borgarstjórn Reykjavíkur þar sem hann var vanur að tala oft þó að heilu borgarstjórnarflokkarnir væru löngu búnir að tala sig dauða.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Það er ekki óeðlilegt að umræða um þingsköp taki töluverðan tíma hér á þingi þessar vikurnar þar sem við erum að starfa samkvæmt nýjum þingsköpum sem hafa breytt mörgu í starfsháttum Alþingis. Og það er ofur eðlilegt að við viljum ræða það hvernig mál skipast á grundvelli nýrra þingskapa. Í sambandi við það sem er til umræðu núna vil ég undirstrika það að hæstv. forseti reyndi í sumar að ná góðu samkomulagi og góðri samstöðu um það hvernig við mundum túlka þetta ákvæði sem nú standa deilur um, þ.e. um munnlegar, óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra. Þetta var rætt á allnokkrum fundum í forsætisnefndinni í sumar og þetta var einnig rætt á fundi með formönnum þingflokka. Mér virtist að um það gæti náðst gott samkomulag að reyna að miða þessar umræður við það að sem flest mál kæmust á dagskrá, að sem flestar fyrirspurnir mættu leggjast hér fram en umræðan mundi ekki einskorðast einungis við tvö mál. Nú sýnist manni þetta vera orðið að deiluefni og því vil ég hvetja til þess að við reynum að ná breiðri samstöðu um það hvernig við ætlum að standa að framkvæmd þessa nýmælis til þess að það megi þjóna þeim tilgangi sem við í upphafi bundum vonir við. Það held ég að sé mikilvægast af öllu vegna þess að þetta er nýmæli sem við viljum gjarnan hafa í nýjum þingsköpum og að það þjóni tilætluðum árangri.

Ég vil staðfesta það aftur að það var ásetningur forseta og við sem sátum í forsætisnefndinni í sumar vitum gjörla um þennan góða vilja hennar til þess að ná um þetta góðu samkomulagi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka það að þetta mál verður tekið upp og rætt við formenn þingflokka eins og hún var búin að lýsa hér fyrir stuttu síðan. (Gripið fram í.) Já, forseti veit það. Forseti hélt kannski að þessari þingskapaumræðu gæti lokið með þessum orðum, að þetta yrði rætt á fundi með formönnum þingflokka. En ef menn vilja halda áfram að ræða þetta mál þá er næstur á mælendaskrá til að tala um þingsköp hv. 2. þm. Austurl.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að þessari þingskapaumræðu lýkur ekki fyrr en við erum búin að segja það sem okkur býr í brjósti varðandi þetta mál. Ég vil segja það að hér er ekki um neitt túlkunaratriði að ræða. Þingsköpin eru alveg skýr og ljós hvað þetta snertir. Breytingar á þessu atriði þurfa að fara fyrir Alþingi í tillöguformi. Þetta er mergurinn málsins og ég endurtek að það er algjör óhæfa að forsætisnefndin sé að rokka með þingsköpin sín á milli og formenn þingflokka hafa heldur enga heimild til að fara að túlka atriði sem eru algjörlega skýr og ljós í þeim þingsköpum sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Ég vil fá það alveg hreint fram að tillögur til breytinga, ef þær eru gerðar, verði bornar undir þingið refjalaust.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil koma því á framfæri, vegna þess að ég hef sennilega ekki sagt það hér áður, að ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um túlkunaratriði að ræða á þingsköpunum. Ég tek undir það sem fram hefur komið hjá hv. 2. þm. Austurl. um það efni. Þetta getur ekki verið túlkunaratriði á þingsköpum. Í ljósi þess var málið rætt í forsætisnefnd þingsins í sumar að það væri ekki túlkunaratriði. Hins vegar voru menn sammála um að það mætti reyna samkomulag

um málið. Ég undrast það að hæstv. forseti þingsins skuli ekki hafa fyrir því að koma því á framfæri sem gert hefur verið í málinu — það þurfi aðrir þingmenn að ganga í það að upplýsa hvað gert hefur verið — og að ekki skuli koma héðan úr forsetastóli yfirlýsing um að ekki verði reynt að ganga fram hjá þingsköpunum og sniðganga þau eins og greinilega var reynt á fundi 22. okt. með því að kveða hér upp úrskurð sem síðan átti að gilda. Og þegar ég bað hér um orðið í umræðunni í dag, þá rek ég mig á að það er búið að taka þann rétt sem ég hef samkvæmt þingsköpum til þess að fá orðið undir viðkomandi dagskrárlið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það eru ummæli hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar sem einnig á aðild að forsætisnefnd sem reka mig í ræðustól nú. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umræðum um þingsköp og vonaðist til að umræðan yrði að þessu loknu tekin upp, sem ég heyri nú að verður, í samráði forsætisnefndar og þingflokksformanna, sem auðvitað geta ekki tekið þann rétt af fólki sem þingsköp heimila, heldur einungis leitað samkomulags. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði að ný þingsköp hefðu kallað á breytingar og það væri eðlilegt að þau þyrfti að ræða. Ég held að mestu breytingarnar séu ekki ný þingsköp heldur ný vinnubrögð þeirra sem fara með meiri hluta hér á Alþingi og þess vegna séu þessar erfiðu umræður æ ofan í æ í gangi og verði að eiga sér stað. Ég held nefnilega að í góðu samkomulagi og góðu samráði sé tiltölulega auðvelt að ná samkomulagi um mál sem flestir eru sammála um. Ég hygg að það sé í flestra þágu að stytta umræður um hverja og eina óundirbúna fyrirspurn og um það ætti að geta náðst samstaða. En það verður að gera með samráði og ekki með því að taka af mönnum nokkurn rétt. Hér er ekki um túlkunaratriði að ræða heldur ótvíræð ákvæði þingskapalaga og það er aðeins hægt að leita samkomulags við fólk, ekki að segja til um hvernig þingsköpum eigi að haga.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrir góðri stundu síðan. Ég ætla ekki að lengja þessa þingskapaumræðu. Málið liggur ljóst fyrir, þingsköpin eru alveg ótvíræð í þessu efni, forseta ber að fara eftir þingsköpum. Ég er tilbúinn að tala um allra handanna samkomulag við forseta og aðra formenn þingflokka, en það er þýðingarlaust að boða mig til fundar og reyna að gera við mig samkomulag um það að brjóta þingsköpin.

Um þingsköp.

Framkvæmd atkvæðagreiðslna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Áður en gengið verður til atkvæðagreiðslu um fjáraukalög ársins 1991 hlýt ég að vekja athygli hv. þm. á því að nú fer í fyrsta skipti fram atkvæðagreiðsla sem ekki sést. Það sést ekki hvernig menn greiða atkvæði. Nú mundi ég ekki hafa gert það að máli nema af sérstakri ástæðu og hún er þessi: Það er alveg ljóst að hér í þinginu er ekkert samkomulag meðal stjórnarliðsins um tekjuöflun og dæmi um það liggja hér fyrir á þskj. varðandi 44. mál sem eru nál. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Einn hv. þm. stjórnarliðsins kemur með tillögu um að hann lækki úr 1,5% í 0,5%. Allir aðrir stjórnarliðar skrifa undir nál. með fyrirvara nema einn. Hér er um að ræða, að mig minnir, upphæð um hálfan milljarð á síðustu fjárlögum og ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh.: Má vænta álíka samkomulags um aðra tekjuöflunarliði?

Önnur ástæða, frú forseti, til þess að ég hef máls á þessu er sú að á undanförnum vikum hefur fjárln. setið í allgóðri samvinnu við að reyna að ganga frá fjáraukalögum og stjórnarandstaðan lagði á sig allnokkra vinnu til að ná samkomulagi um sameiginlegt nál. Það tókst með góðum vilja til samvinnu. Hvað gerist svo næst? Í fréttum í gærkvöldi birtist einn af hv. þm. stjórnarliðsins, hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, með meiri háttar viðtöl um eitt stykki milljarð í Þjóðleikhúsið. Að sjálfsögðu er hæstv. menntmrh. spurður — hvað segir hann um það? Og vesalings hæstv. menntmrh. kvaðst ekki vera bjartsýnn á það og lái honum hver sem vill.

Ég hlýt því að spyrja, hæstv. forseti: Er hægt að ætlast til þess eftir þessa atburði að við stjórnarandstöðuþingmenn sitjum hér og greiðum atkvæði í gegnum tölvu sem segir okkur ekki hvort stjórnarliðið hangir saman um það sem við erum að greiða atkvæði um? Ég vil því leyfa mér að viðra þá hugmynd við hæstv. forseta — og mundi sætta mig við það að smáhlé yrði gert til að athuga það — hvort við greiðum nú ekki bara atkvæði um fjáraukalög 1991 með handauppréttingu eins og við höfum gert svo lengi sem elstu menn muna og menn hafa ekki talið eftir sér að telja. Því að ég tel alveg óþolandi að sitja hér og greiða fyrir máli sem þessu án þess að hafa hugmynd um hvað stjórnarliðið hefur um málið að segja.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill í fyrsta lagi benda á að 3. dagskrármálið verður tekið fyrir áður en 2. dagskrármálið kemur til umræðu eða atkvæðagreiðslu. Varðandi þessar athugasemdir sem hv. ...(**GHelg:** Ég bið forseta afsökunar, er ekki 2. dagskrármál til umræðu?) Jú, en það verða teknar fyrir atkvæðagreiðslur á undan sem má ætla að taki styttri tíma eins og 3. og 4. dagskrármál og síðan komum við að 2. dagskrármálinu.

En varðandi þessar athugasemdir hv. 14. þm. Reykv. vill forseti benda á að það hefur kannski aldrei verið jafnauðvelt og einmitt nú að gera sér grein fyrir því og fá það skráð á spjöld sögunnar hvernig þingmenn, hvort sem þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu, greiða atkvæði með því að það kemur fram prentað í þingtíðindum ef þingmenn óska eftir því, annars er það til hér í tölvu og tiltækt hvenær sem er.

Lyfjatæknaskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 56. mál. — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KE, LMR, MJ, MF, MB, PP, PJ, RG, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, DO, EgJ, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JónS, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvÁ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MF, MB, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SÞór, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, DO, EgJ, GHelg, HÁ, IBA, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Útfærsla togveiðilandhelginnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. MJ, 117. mál. — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og til sjútvn. með 50 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1991, frh. 2. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 9, n. 122, brtt. 123.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en atkvæðagreiðsla um frv. hefst vill forseti vekja athygli á því að frv. er fjórar greinar og við 3. gr. þess eru sautján brtt. Forseta hafa borist óskir um að bera upp nokkra liði í 3. gr. frv. sérstaklega og mun það verða gert, eins og fram kemur á blaði sem dreift hefur verið til þingmanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, JÁ, JónS, KSG, LMR, MJ, MB, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvÁ, TIO, VG, VS, VE, ÖS.

18 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, PP, RA, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, DO, EgJ, GÁ, HÁ, IBA, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, JónS, KSG, LMR, MJ, MB, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SvÁ, TIO, VG, VS, VE, ÖS.

18 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, PP, RA, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, GB, HÁ, HG, IBA, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, SAÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 123,1–2 samþ. með 47:1 atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Liður 02-318.690 samþ. með 29:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, MB, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, SvÁ, VG, MJ, JónS, KSG, SalÞ.

nei: KE, MF, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG.

12 þm. (ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, StG, ÞorstP, ÁJ, DO, EgJ, HÁ, IBA, KÁ) voru fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í umræðum um frv. í gær kom fram að stjórnarandstæðingar í fjárln. hafa fyrirvara hvað varðar nokkra niðurskurðarlista á stofnkostnaðarliðum. Það á við um framhaldsskólana sem hér eru til atkvæðagreiðslu, það á við um sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, það á við um vegagerð og það á við um hafnaframkvæmdir. Okkar fyrirvari byggist á því að þessir listar og þessar hugmyndir hafa ekki verið til umfjöllunar í fjárln. Þær hafa ekki verið bornar þar neitt undir nefndarmenn sérstaklega. Þetta er ákvörðun sem tekin er af ríkisstjórn fyrr á þessu ári og er nú þegar að mestu eða öllu leyti komin til framkvæmda, enda langt liðið á ár og framkvæmdatími nánast liðinn. Við erum á móti hugmyndunum sem hér eru settar fram og ég segi því nei.

Liður 02-720 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GH, GÁ, GHelg, JÁ, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MJ, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SÞór, SP, StH, StB, SvÁ, TIO, VG, VS, VE, ÖS.

nei: KHG.

5 þm. (HG, JGS, JHelg, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, GunnS, HÁ, IBA, ISG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um niðurskurð á almennum rekstri til grunnskóla og þessi fjárlagaliður sem hér um ræðir er óskiptur liður sem ráðuneytið hefur til úthlutunar af, m.a. vegna óvissu um nemendafjölda og annarra liða sem upp kunna að koma óvænt í rekstri grunnskólanna.

Það hefur verið til umræðu hér í þingsölum síðustu klukkustundirnar að hér kunni að vera um að ræða mál sem sérstaklega varðar sparnaðaraðgerðir vegna Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp. Ég gekk eftir því hjá hæstv. fjmrh. hvort hann gæti svarað þessari spurningu í fjarveru hæstv. menntmrh., en því miður lá það ekki alveg ljóst fyrir í hans huga hvað hér væri átt við. Í grg. með frv. segir aðeins um þennan lið: „Farið er fram á 20 millj. kr. lækkun á fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar, sbr. ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda."

Ofan úr menntmrn. hef ég nú fengið þær upplýsingar frá skrifstofustjóra fjármála þar að hér sé ekki um að ræða ákvörðun er varðar Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp heldur sé þetta eins og ég gat um áðan almennur rekstrarliður þar sem ráðuneytið telur sig hafa svigrúm til sparnaðar. Og af því að hæstv. fjmrh. spurði eftir því áðan hvort ég væri almennt á móti sparnaðaraðgerðum þá ætla ég að gleðja hann með því að segja að ég er það ekki. Ég styð því þennan lið og legg til að hann verði samþykktur.

Brtt. 123,3 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MJ, MF, MB, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÖS.

1 þm. (GuðjG) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, FI, HÁ, IBA, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, SÞór, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að auka framlag til Íslensku óperunnar á þessu ári um 10 millj. kr. og er það í samræmi við þá samninga sem gerðir voru við Íslensku óperuna fyrr á þessu ári. Ég samþykki það að sjálfsögðu. Jafnframt þeirri ákvörðun hefur stjórnarmeirihlutinn tilkynnt að fjárvetingar úr ríkissjóði til Leikfélags Reykjavíkur verði á næsta ári felldar niður vegna framlaga til Íslensku óperunnar. Ég tel ástæðu til að mótmæla þessari tengingu sérstaklega. Ég mótmæli þessari atlögu að Leikfélagi Reykjavíkur sem þarna kemur fram. Ég tel að þarna sé verið að etja saman listamannahópum með ósæmilegum hætti og ég bendi á að fari svo að Leikfélag Reykjavíkur fái ekki ríkisstuðning á næsta ári er það eina leikfélagið á Íslandi sem fær ekki krónu úr ríkissjóði. Ég tel að þau áform séu svo alvarleg að þau sé nauðsynlegt að ræða og boða umræðu um það af minni hálfu við 3. umr. fjáraukalaga og 2. umr. fjárlaga.

Brtt. 123,4 samþ. með 48 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 123,5 samþ. með 42:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VS, VE, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, SvÁ, ISG, SÞór, VG, JGS, MJ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MB, PP, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: KHG.

7 þm. (SvG, GHelg, HG, JÁ, MF, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÞorstP, ÁJ, DO, EgJ, FI, IBA, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, StG, StH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu felst að veita fé til þeirrar nefndar sem er að störfum við það að skapa nýja fiskveiðistefnu í landinu. (**KSG:** Það er rangt.) Er það rangt? Sé það rangt sem mér hefur verið sagt í sambandi við þetta mál, þá ætla ég ekki að halda áfram að gera grein fyrir atkvæði mínu. (**Forseti:** Hvað segir þingmaðurinn?) Ég mun sitja hjá.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Í þeirri lagagrein sem hér er til atkvæðagreiðslu og gerð er brtt. við og til hækkunar, stendur samkvæmt skýringum með fjárlagafrv. að undir liðnum 299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi sé farið fram á 2 millj. kr. til starfa nefndar um stjórn fiskveiða. Hér mun vera á ferðinni sú nefnd sem stjórnarflokkarnir með miklum harmkvælum komu að lokum saman undir forustu tvíhöfða þurs sem nefndarstarfinu stýrir. Eins og kunnugt er er brotin sú hefð sem ríkt hefur um vinnu að stefnumótun í sjávarútvegsmálum og á sviði fiskveiða að gefa þar fleiri sjónarmiðum en stjórnarflokkanna einna aðild að með þessari nefndarskipan, þar sem hún er eingöngu skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna. Í mótmælaskyni við þessa valdníðslu stjórnarflokkanna sem við upplifum á hverju sviðinu á fætur öðru mun ég ekki greiða þessari grein atkvæði.

Brtt. 123,6 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 123,7 samþ. með 43 shlj. atkv., 4 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 123,8–9 samþ. með 45 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Liður 08-381 samþ. með 29:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, SvÁ, VG, MJ, JónS, KSG, LMR, MB, PJ, SalÞ.

nei: RA, StH, SJS, SvG, VS, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, SÞór, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, PP.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KE) greiddu ekki atkv.

12 þm. (PS, StG, ÞorstP, ÁJ, DO, EgJ, FI, IBA, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 123,10 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, JónS, LMR, MJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvÁ, TIO, VG, VE.

14 þm. (AÓB, GÁ, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KE, MF, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, GB, GHelg, HG, IBA, JÁ, KSG, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, SÞór, StG, StH, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða brtt. sem er hækkun upp á 700 millj. kr., viðbót við þær 105 millj. sem gerð er grein fyrir í fjáraukalagafrv. sjálfu og eru skuldbindingar vegna húsakaupa sem fram hafa farið á þessu ári eða átt sér stað. Stjórnarandstaðan er ekki efnislega ósammála því að skuldbindingar séu færðar inn í fjárlög eða fjáraukalög, en hefur lýst fyrirvara sínum við þá aðferð sem hér er viðhöfð hvað þetta varðar. Hér er tekinn einn þáttur skuldbindinga út úr og færður sérstaklega í fjáraukalögum. Þetta er mál sem þarfnast miklu betri undirbúnings og þarf að skoða með miklu nákvæmari hætti heldur en hér er gert. Auk þess er gert ráð fyrir því bæði við fjárlagagerðina fyrir næsta ár og þó einkum vegna fyrirhugaðrar fjárlagagerðar fyrir árið 1993 að taka þessi mál upp og þá með skipulögðum hætti. Því höfum við haft fyrirvara við þessa brtt. sem hér liggur fyrir og fulltrúar stjórnarandstöðunnar munu því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Óskað er eftir að greiða sérstaklega atkvæði um fjárlagalið 10-211 sem er Vegagerð ríkisins og verður orðið við því.

Guðmundur Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Áður en þessi atkvæðagreiðsla fer fram langar mig að benda á að það er ekki samræmi í tillögunum í fjáraukalagafrv. sjálfu þar sem greint er frá því að varðandi stofnkostnað séu nýframkvæmdir auknar um 170 millj. kr. en jarðgöng á Vestfjörðum skorin niður um 250 millj. kr., annars vegar það sem hér greinir frá, og svo hins vegar í fylgiskjali sem fylgir nál. fjárln. þar sem gerð er grein fyrir þessum niðurskurði sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á framkvæmdum Vegagerðarinnar á þessu ári. Þar segir að vetrarviðhald sé skorið niður um 100 millj. kr., Vestfjarðagöng séu skorin niður um 100 millj. kr. og nýbygging vega og brúa um 150 millj. kr. Hér er ósamræmi sem hlýtur að þurfa að skoða á milli 2. og 3. umr. hvað þetta varðar, hvað er hérna rétt. Ég reyndar hygg að niðurskurðarlisti sá sem fylgir með nál. sem fylgiskjal sé réttur, og byggi það á samtölum mínum við starfsmenn Vegagerðar ríkisins, en það sem fram kemur í fjáraukalagafrv. sjálfu sé rangt. Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegur forseti, áður en atkvæðagreiðslan á sér stað.

Karl Steinar Guðnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Athygli mín var vakin á þessu núna rétt áðan, að það hafi orðið misræmi í uppsetningu frv. og fskj. í nál. Fjárln. mun taka þetta upp á milli 2. og 3. umr. og vænti ég þess að mál geti því gengið eðlilega fyrir sig í þetta sinn. En þetta verður leiðrétt.

Brtt. 123,11 samþ. með 47 shlj. atkv., en 1 þm. greiddi ekki atkv.

Guðmundur Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ég gera þá athugasemd við brtt. 123,12 að annars vegar eru hér greidd atkvæði um tillögur sem fram koma í fjáraukalagafrv. um lækkun á framkvæmdum við hafnamannvirki um 10 millj. kr. og svo hins vegar í sömu tillögunni breyting við þennan lið þar sem gert er ráð fyrir hækkun á framkvæmdum til hafnamannvirkja um 18 millj., þannig að í staðinn fyrir 10 millj. kr. lækkun í fjáraukalagafrv. eru hér greidd atkvæði um 8 millj. kr. hækkun.

Stjórnarandstaðan hafði fyrirvara um þennan niðurskurðarlista upp á 10 millj. kr. og þó sérstaklega við einstaka liði sem þar er greint frá og koma fram með fylgiskjali í nál., t.d. sjóvarnargarð við Stokkseyri sem áætlað er að skera niður um 4½ millj. kr. þó að þar séu stór verkefni sem þarf að vinna og kostnaðarsöm. Hins vegar munu einhverjir stjórnarandstæðingar hafa áhuga á því að fylgja tillögu um 18 millj. kr. hækkun sem hér er gert ráð fyrir til framkvæmda við ferjumannvirki í Þorlákshöfn, þannig að við viljum láta þetta koma fram, forseti, fyrir atkvæðagreiðsluna, hvernig hún er upp sett, það er ekki einfalt og reyndar ekki mögulegt að greiða atkvæði með öðrum liðnum en gegn hinum eins og þetta er hér lagt fyrir.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gagnrýna þessa uppsetningu á þingskjalinu. Það er útilokað að greiða atkvæði um tillöguna. Í henni eru efnisatriði sem ýmsir vilja vera með en líka efnisatriði sem sömu menn vildu e.t.v. vera á móti þannig að ég skora á formann fjárln. að taka þessa tillögu til baka til 3. umr. og setja málið upp þannig að það sé hægt fyrir þingmenn að taka afstöðu, að greiða atkvæði um þau aðskildu efnisatriði sem í brtt. felast. Tillagan er ekki þingtæk eins og hún er hér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur ekki borist ósk um að kalla þessa brtt. aftur og því mun verða gengið til atkvæða um tillöguna.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Þetta gengur náttúrlega ekki, virðulegi forseti, að stilla þingmönnum upp frammi fyrir atkvæðagreiðslu af þessu tagi. Tillagan er bæði ótæk með öllu og það er útilokað að taka afstöðu til málsins með þeim hætti

sem hér er lagt til og mér finnst það satt að segja óþarfa þvergirðingsháttur af formanni fjárln. við þingið að taka ekki tillöguna aftur til 3. umr. Ef hann ekki gerir það, nú þá það, en ég gagnrýni vinnubrögð af þessu tagi og ég bið forseta um að veita formanni fjárln. áminningu áður en hann leggur fleiri tillögur fyrir þingið af þessu tagi sem eru óbrúklegar með öllu, bæði að efni og formi.

Karl Steinar Guðnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að það var samkomulag í nefndinni að hafa þetta svona. Ef mönnum sýnist svo að það sé óþægilegt að greiða atkvæði um tillöguna eins og hún liggur fyrir er sjálfsagt að kalla þessa tillögu aftur til 3. umr. þar sem uppsetningu verður breytt og óska ég hér með eftir því.

Brtt. 123,12 kölluð aftur.

Brtt. 123,13–17 samþ. með 43 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv., 19 þm. greiddu ekki atkv.

4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HG, JGS, JHelg, JónS, KSG, LMR, MJ, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvÁ, TIO, VG, VS, VE, ÖS.

12 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, ISG, JónK, JVK, KHG, KE, SÞór, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, HÁ, IBA, JÁ, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PS, RA, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv., en 1 þm. greiddi ekki atkv.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands. Frv. er á þskj. 31.

Þetta frv. er flutt í tvennum tilgangi. Annars vegar til þess að laga seðlabankalögin að ákvæði í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila, þar sem erlendum hlutafélagsbönkum, sem skráðir eru erlendis og eiga þar varnarþing, er heimilað að starfrækja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskrh. frá 1. jan. 1992 að telja. Hins vegar er það flutt til þess að unnt sé að breyta núverandi fyrirkomulagi á gengisskráningu krónunnar þannig að gengi hennar ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði.

Ég leyfi mér að vekja athygli þingheims á því að í síðustu viku mælti ég fyrir frv. til laga um breytingu á viðskiptabankalögunum á þskj. 22, þar sem einnig er fjallað um útibú erlendra hlutafélagsbanka.

Að lokinni þessari umræðu hyggst ég svo mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála þar sem gerðar eru tillögur um breytingar á ákvæðum laganna um sölu og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri. Þetta er hvort tveggja liður í því að skapa forsendur fyrir því að hér á landi geti þróast frjáls markaður fyrir erlendan gjaldeyri.

Ég sný mér þá fyrst að þeim ákvæðum frv. um breytingar á seðlabankalögum er lúta að útibúum erlendra hlutafélagsbanka. Í 1. gr. frv. er kveðið á um að útibú erlendra hlutafélagsbanka skuli bætast við þær stofnanir og félög sem upp eru talin í 6. gr. seðlabankalaganna og teljast til innlánsstofnana. Til að taka af öll tvímæli um það að seðlabankalögin í heild sinni taki til útibúa erlendra hlutafélagsbanka þykir mér rétt að taka það skýrt fram í þessari grein þar sem innlánsstofnanirnar eru skilgreindar. Þetta er í samræmi við það meginsjónarmið að aðstaða hinna erlendu útibúa skuli í hvívetna vera hin sama og innlendra hlutafélagsbanka. Þetta þýðir að ákvæði seðlabankalaganna um stjórntæki peningamála og fyrirgreiðslu við innlánsstofnanir taki einnig til erlendra hlutafélagsbanka. Þetta þýðir einnig að ákvæði seðlabankalaganna um bankaeftirlit eigi við um útibú erlendra banka eftir því sem við getur átt. Sama á við um önnur ákvæði seðlabankalaganna þar sem fjallað er um innlánsstofnanir.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þennan þátt frv. enda var rætt ítarlega um útibú erlendra banka og starfsemi þeirra hér á landi þegar frv. um breytingu á viðskiptabankalögunum var til umræðu hér í síðustu viku.

Ég sný mér þá síðara efnisatriðinu í frv.

Hinn 3. okt. sl. var stefna ríkisstjórnarinnar í gengismálum kynnt opinberlega á fréttamannafundi. Meginatriði þessarar stefnu er áframhaldandi stöðugleiki. Stefna stöðugs gengis mótar þann efnahagslega ramma sem aðilar vinnumarkaðarins og aðrir aðilar í þjóðfélaginu verða að miða sínar tekju- og verðlagsákvarðanir við. Hún er einnig forsenda þess að unnt sé að gera skynsamlega kjarasamninga til að stuðla að áframhaldandi stöðugleika í verðlagi hér á landi.

Að beiðni minni könnuðu Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun á liðnu sumri gaumgæfilega hvernig unnt væri að tengja krónuna við evrópska myntkerfið. Ýmis rök mæla með því fyrir fram að gengi krónunnar verði tengt evrópsku mynteinunginni ECU.

Í fyrsta lagi er með slíkri tengingu gefin sterkari yfirlýsing um stöðugt gengi en hingað til hefur verið gefin og í henni felst aðhald að öllum ákvörðunum í efnahagsmálum.

Í öðru lagi dregur tenging við ECU úr gengisáhættu í viðskiptum á ECU-svæðinu sem er nú mikilvægasta viðskiptasvæði þjóðarinnar. Á það má benda að um 66% af okkar vöruinnflutningi á árinu 1990 og 76% af vöruútflutningi tengdust ECU-svæðinu.

Í þriðja lagi felst í ECU-tengingu yfirlýsing um vilja Íslendinga til nánara samstarfs við Evrópuþjóðir á sviði viðskipta og efnahagsmála.

Í fjórða lagi mun tenging krónunnar við ECU gera hana gjaldgengari í erlendum viðskiptum en nú er.

Samhliða því sem ríkisstjórnin staðfesti áframhaldandi stefnu stöðugleika í gengi ákvað hún að tenging krónunnar við ECU væri ekki tímabær að sinni. Til þess skorti ýmsar nauðsynlegar forsendur. Til þess að undirbúa jarðveginn var ákveðið að hrinda skyldi í framkvæmd ýmsum breytingum í gengis-, gjaldeyris- og peningamálum til þess að unnt verði með trúverðugum hætti að tengja gengi krónunnar við ECU á árinu 1993. Það er fyrst og fremst um það að ræða að grípa til aðgerða til þess að auka markaðsáhrif á daglegt gengi krónunnar og efla möguleika Seðlabankans til þess að hafa áhrif á gengið með almennum aðgerðum á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði.

Samhliða þessum breytingum þarf að ná betri tökum á ríkisfjármálum og hefja undirbúning að því að unnt verði að mæta sveiflum í ytri aðstæðum þjóðarbúsins með sveiflujöfnunarsjóðum og aðgerðum í ríkisfjármálum. Að öðrum kosti fær stefna stöðugs gengis vart staðist til frambúðar.

Svo ég víki aðeins, virðulegi forseti, að því gengisfyrirkomulagi sem nú er við lýði hér á landi, þá er rétt að benda á að það er með öðrum hætti en gengur og gerist á öðrum Norðurlöndum og reyndar í öðrum nágrannaríkjum okkar í röðum iðnríkjanna. Seðlabanki Íslands reiknar út og auglýsir gengi krónunnar á hverjum morgni og það stendur óbreytt til næsta dags. Bankinn er skuldbundinn til þess að kaupa og selja erlendan gjaldeyri á hinu auglýsta gengi í þeim mæli sem óskir berast um. Markaðsöflin hafa því ekki bein áhrif á daglegt gengi krónunnar eins og tíðkast annars staðar í iðnríkjum. Stöðugt gengi sem ákveðið er einhliða af stjórnvöldum með þessum hætti með auglýsingu er vitaskuld ekki jafntrúverðugt og það sem hefur verið sannreynt á virkum gjaldeyrismarkaði með viðskiptum. Til þess að búa hér þannig um hnútana að trúverðugleiki og stöðugleiki í gengi geti haldist til frambúðar er að mínu áliti alveg nauðsynlegt að markaðsöflin geti haft meiri áhrif á gengi krónunnar en nú er raunin.

Í okkar nágrannalöndum ræðst daglegt gengi gjaldmiðlanna, að vísu innan tilgreindra marka af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði en ekki með einhliða ákvörðun Seðlabanka eins og hér tíðkast. Þannig hefur þetta verið í öllum okkar nágrannaríkjum og okkar helstu viðskiptalöndum um alllangt skeið. Gengisstöðugleiki í þessum ríkjum felst fyrst og fremst í því að seðlabankarnir í þessum löndum leitast við að halda gengi gjaldmiðlanna innan þeirra viðmiðunarmarka sem ákveðin hafa verið með kaupum og sölu á gjaldeyrismarkaði og öðrum aðgerðum í peningamálum eins og vaxtabreytingum og sölu skuldabréfa.

Þrátt fyrir nýlega fasttengingu gjaldmiðlanna í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi við ECU er gert ráð fyrir að gengi þeirra geti sveiflast nokkuð eftir aðstæðum. Í Noregi eru sveiflumörkin 2¼% til hvorrar handar frá gengi krónunnar gagnvart ECU eins og það var þegar tengingin við þá mynteiningu var ákveðin. Í Svíþjóð eru þessi sömu sveiflumörk 1½% til hvorrar handar og 3% í Finnlandi, en eins og kunnugt er hafa Finnar nýlega neyðst til að fella gengi krónunnar þrátt fyrir þessa tengingu við ECU. Efnahagsstefna stjórnvalda og aðgerðir Seðlabankans í peninga- og gjaldeyrismálum eru miðaðar við það í þessum löndum að halda genginu innan þessara marka.

Í Evrópska myntkerfinu ræðst gengi gjaldmiðla af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði en stjórnvöld og seðlabankar eru gagnkvæmt skuldbundin til þess að halda gengi gjaldmiðlanna innan ákveðinna marka hver hjá sér á sínum markaði. Meginreglan í þessu samstarfi er að gengi gjaldmiðlanna megi sveiflast um 2¼% til hvorrar handar hver gagnvart öðrum, en einnig er í undantekningartilfellum miðað við um 6% í báðar áttir frá viðmiðunargenginu og gildir þessi rýmri regla, þessi víðari mörk, fyrir breskt pund og spánskan peseta í evrópska samstarfinu.

Eins og kunnugt er hafa hagrannsóknir sýnt að sveiflur í íslenskum þjóðarbúskap hafa á umliðnum áratugum verið meiri en í flestum öðrum ríkjum á hliðstæðu tekjustigi, flestum öðrum iðnríkjum, þótt finna megi hliðstæður fyrir snöggar breytingar í efnahag hinna smærri iðnríkja. Hins vegar má sýna fram á að úr þessum sveiflum hefur heldur dregið á síðari árum. Sveiflurnar eiga eins og vel er þekkt er að verulegu leyti rætur að rekja til sjávarútvegs vegna breytinga á afla og viðskiptakjörum. Viðskiptakjör Íslendinga byggjast m.a. á þróun sjávarafurðaverðs sem auðvitað þarf ekki að þróast með sama hætti og útflutningsverð iðnaðarvara. Íslenska þjóðarbúið verður því fyrir áföllum og búhnykkjum sem þurfa ekki að falla saman við hagþróun í iðnríkjunum. Sveiflurnar í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega sú staðreynd að fylgni þeirra við sveiflur í öðrum iðnríkjum er ekki eins mikil og gerist í hinum minni Evrópuríkjum, gera gengisstöðugleika á Íslandi vandasamari en annars staðar. Að nokkru leyti má sníða af þessa vankanta með því að efla hér sveiflujöfnunarkerfi í sjávarútvegi, með virkari sveiflujöfnun í skattlagningu fyrirtækja, með virkari stjórn ríkisfjármála og peningamála, en síðast en ekki síst með þróun nýrra útflutningsgreina. En til þess að stefna stöðugs gengis geti talist raunhæf er óhjákvæmilegt að skapa þau skilyrði að sjávarútvegsfyrirtækin verði almennt rekin með verulegum hagnaði í góðæri og geti þolað tap í hallæri. Að þessu má m.a. stuðla með sveiflujöfnunarsjóðum og aðgerðum í skattamálum. Það er ljóst að sjávarútvegurinn þarf að vera undir það búinn að taka á sig verulegar sveiflur í afkomuskilyrðum verði gengi krónunnar haldið stöðugu til langframa.

Verði að því horfið að halda genginu stöðugu innan hinna tiltölulega víðari fráviksmarka til hækkunar eða lækkunar, t.d. til 6% eins og í Bretlandi og Spáni, mætti þó hugsa sér að jafna slíkar sveiflur að nokkru með því að leyfa genginu að hækka innan markanna á uppgangstímum og lækka þegar á móti blæs. Slíkur sveigjanleiki ætti einnig að gera það trúverðugra að gengið haldist stöðugt til lengri tíma litið og að verðbólga hér á landi verði á svipuðu stigi og í nágrannaríkjunum. Til þess að tryggja að stefna stöðugs geng-

is fáist staðist til langframa þarf að breyta ýmsu í stjórn efnahagsmála á Íslandi. Stefnan í ríkisfjármálum og peningamálum verður að styðja gengisstefnuna með því að tryggja að heildareftirspurn í efnahagslífinu samrýmist hverju sinni stöðugleika í verðlagsmálum.

Þetta yrði mikil breyting frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanfarna áratugi. Iðulega hefur stefnan í ríkisfjármálum og peningamálum því miður aukið á þenslu í efnahagslífinu sem aftur hefur leitt til verðlags- og kostnaðarhækkunar og þannig stefnt afkomu atvinnuvega í óefni. Þá er ljóst að ákvarðanir í almennum launa- og kjaramálum verða jafnan að byggjast á raunsæju mati á efnahagslegum forsendum kjaranna. Í þessu felst í stórum dráttum að almennar launabreytingar geti naumast verið umfram það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar nema framleiðniaukning sé meiri hér á landi. Þegar skilyrði þjóðarbúsins eru óhagstæð, eins og nú háttar t.d., er hins vegar óhjákvæmilegt, ef halda á stöðugu gengi, að almennar launahækkanir séu heldur minni en í nágrannaríkjunum. Sé þróun efnahagsmála á hinn bóginn hagstæðari en annars staðar getur myndast svigrúm til frekari launahækkunar.

Trúverðug stefna stöðugs gengis mundi gerbreyta starfsskilyrðum sjávarútvegs. Gengisstefnan hefur um árabil einkum tekið mið af afkomu hans. Hafi aflinn dregist saman eða verð á sjávarafurðum fallið hefur gengið iðulega verið fellt til að treysta stöðu greinarinnar. Það sama hefur gerst þegar innlendar verðlags- og kostnaðarhækkanir hafa gert afkomuna óbærilega. Hafi aflinn aukist eða verð á sjávarafurðum hækkað hefur genginu á hinn bóginn oftast nær verið haldið stöðugu en innlent verðlag og kostnaður smám saman hækkað þar til afkoman hefur rýrst að nýju. Afturkippur í afla eða viðskiptakjörum hefur síðan leitt til gengisfellingar. Þannig hefur genginu einungis verið beitt til að gera afturkippinn bærilegan en ekki til að takmarka þensluna með gengishækkun. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort stöðugleiki í gengi sé ekki betri kostur.

Til að unnt sé að byrja að þróa hér á landi gjaldeyrismarkað og auka sveigjanleika í gengisfyrirkomulaginu, þannig að gengið ráðist í auknum mæli af markaðsaðstæðum, er annars vegar nauðsynlegt að rýmka ákvæðið um skilaskyldu erlends gjaldeyris í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, eins og frv. verður flutt um hér á þinginu síðar og e.t.v. fyrir því mælt þegar í dag, og hins vegar breyta ákvæðinu um gengisskráningu íslensku krónunnar í lögunum um Seðlabanka Íslands.

Því er í 2. gr. frv. gerð tillaga um grundvallarbreytingu á ákvæði í seðlabankalögunum um gengisskráningu krónunnar. Þar er nú lagt til að í stað núgildandi orðalags, þess efnis að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvert verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli vera, hljóði lagaákvæðið á þá leið að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Með öðrum orðum er lagt til að Seðlabankinn ákveði ekki endilega verðið einhliða heldur einungis gengisfyrirkomulagið. Þá er lagt til að heimilt verði að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn ákveðinn erlendan gjaldmiðil, t.d. Bandaríkjadollar, sænska krónu, enskt pund eða einhvern annan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil eins og ECU eða SDR eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka. Þá er Seðlabankanum heimilað með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri eða með öðrum þeim aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar að hlutast til um að gengi krónunnar haldist innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.

Þetta þýðir í raun og veru að innan þess lagaákvæðis sem hér er gerð tillaga um getur rúmast núverandi gengisfyrirkomulag, þ.e. að Seðlabankinn ákveði sjálfur verð krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum heims, einhliða með auglýsingu, og jafnframt á þetta ákvæði að rúma það gengisfyrirkomulag og þau markaðsviðskipti sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Ég vil geta þess að á öðrum Norðurlöndum hefur löggjafinn framselt til framkvæmdarvaldsins, ríkisstjórnar og/eða seðlabanka valdið til að ákveða hvernig verðgildi gjaldmiðlanna skuli ákveðið. Í Danmörku leiðir þetta beint af þátttöku landsins í myntkerfi Evrópubandalagsins. Í lögunum um norska seðlabankann segir að hann skuli skrá gengið eftir nánari reglum sem ríkisstjórnin setur. Í lögunum um sænska seðlabankann er honum einum falið að ákveða hvernig verðgildi krónunnar skuli ákveðið. Í Finnlandi er fjallað um gengisfyrirkomulagið í sérstökum lögum en ekki í lögunum um finnska seðlabankann. Í þessum lögum um gengi finnska marksins er nú sagt að það skuli miðast við gengisvog sem samanstandi af gjaldmiðlunum sem mynda ECU en ríkisstjórnin, að fenginni tillögu frá seðlabankanum, hefur valdið til að ákveða fráviksmörkin. Nýleg reynsla Finna með 14% falli finnska marksins, svo skjótt eftir að þeir ákváðu að tengjast ECU-mynteiningunni, sýnir glöggt hversu mikilvægt það er að tenging gjaldmiðils við myntkerfi eins og ECU sé vandlega undirbúin og hagstjórnin sé miðuð við það að hún fái staðist. Það er tilgangur þessa frv., virðulegi forseti.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands sem felur fyrst og fremst í sér veigamikla breytingu að því er varðar meðferð og ákvarðanir í sambandi við gengi hinnar íslensku krónu. Hér er um mjög þýðingarmikið frv. að ræða sem skiptir afar miklu um framvindu efnahagsmála á næstu árum og að mínu mati er ekki hægt að ljúka umræðu um það nema fleiri hæstv. ráðherrar sjái sér fært að vera viðstaddir hana. Að minnsta kosti er algjörlega útilokað að ljúka þessari umræðu nema við fáum tækifæri til að hlusta á skoðanir hæstv.

sjútvrh. í málinu, en svo virðist sem skoðanir í hæstv. ríkisstjórn fari ekki alveg saman í svo mikilvægu máli sem gengismálið er.

Samkvæmt frv., sem hæstv. viðskrh. hefur mælt fyrir, er lagt til að heimilt verði að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR, eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka. Síðan hefur hæstv. viðskrh. lýst því yfir á blaðamannafundi að það sem búi að baki sé að breyta körfunni, breyta framkvæmd gengisskráningarinnar, vinna að veigamiklum breytingum á efnahagsstefnunni og taka síðan upp tengingu við ECU í ársbyrjun 1993. Alþingi Íslendinga á því að lýsa því trausti yfir á núv. hæstv. ríkisstjórn að hún geti komið fram þeim breytingum sem þarna er verið að tala um á þessu tímabili og gefa henni umboð til að gera þessar breytingar eftir því sem henni þykir henta.

Ég tel að slíkt umboð af hálfu Alþingis sé óvenjulegt og komi ekki til greina í svo stóru máli. Ég minni á það að í þessum skýrslum og greinargerðum frá Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun, sem við höfum nú fengið, eru mjög veigamiklir fyrirvarar í þessu máli. Í tillögum og yfirliti og niðurstöðum Seðlabankans segir m.a., með leyfi hæstv. forseta, að litið verði á ECU-tengingu krónunnar sem afdrifaríka yfirlýsingu um gengisstefnu Íslendinga sem vekja muni athygli bæði innan lands og utan. Það er því mikilvægt að slíkt skref sé ekki stigið fyrr en menn telja sig fullvissa um að við þessa stefnumótun verði hægt að standa. Það verður því að treysta undirstöðurnar sem best áður en þetta mikilvæga skref er tekið.

Nú kemur hæstv. viðskrh. til Alþingis og vill fá umboð þingsins til að gera þetta og við sem hér sitjum eigum að treysta því að núv. ríkisstjórn muni treysta undirstöðurnar sem best áður en þetta mikilvæga skref er tekið. Ég get upplýst hæstv. viðskrh. um það að a.m.k. eru þeir aðilar til hér á Alþingi sem hafa ekki slíkt traust á núv. ríkisstjórn og ég tel hana ekki hafa styrk til að koma fram og fullyrða að nú skuli tekin upp tenging við ECU í ársbyrjun 1993 hvernig svo sem allt veltur. Það er óhjákvæmilegt að vita betur hvernig framvindan verður og svo að ég haldi enn áfram að vitna í skýrslu Seðlabankans er sagt þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er t.d. að enn vantar verulega á að sami stöðugleiki hafi náðst í efnahagsmálum hér á landi og í öðrum ríkjum sem tengd eru ECU-kerfinu.“ Og síðan segir: „Tíminn þangað til [þ.e. enn er verið að tala um 1993] verði notaður til að tryggja enn frekari stöðugleika í þróun efnahagsmála og til skipulagsbreytinga á sviði gjaldeyrismála, peningamála og ríkisfjármála sem hin breytta gengisstefna krefst.“

Það er mjög óvenjulegt að taka ákvarðanir um gengsimál svo langt fram í tímann eins og hér er verið að leggja til og ég held að það sé mjög óvenjulegt að ríkisstjórn fari fram á umboð til slíkra breytinga í gengismálum svo langt fram í tímann. Ég veit satt best að segja ekki hvað núv. ríkisstjórn gengur til. Telur hún virkilega að hún sjái svo vel fram í tímann og viti svo vel hverju hún muni koma í verk á næstu árum að hún sé þess umkomin að fara fram á slíkt umboð? Það er óvenjulegt sjálfstraust, svo ekki sé nú meira sagt, og ég tel að ríkisstjórnin fari nokkru offari í þessu sjálfstrausti.

Í þeim greinargerðum sem liggja til grundvallar í þessu máli, m.a. frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabankanum, liggur fyrir margvíslegur fróðleikur og sannindi sem ég hefði haldið að yrði til þess að hæstv. viðskrh. vildi ekki fullyrða um það hvort ECU yrði tekið upp í ársbyrun 1993. Í þeim kafla sem fjallar um upphafsstöðu við fastgengisstefnu í skýrslu Seðlabankans koma fram mörg atriði sem þarfnast íhugunar og það er engin leið að samþykkja eitt eða neitt í þessu efni nema fá þá betri upplýsingar um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér. Það gengur jafnvel svo langt í umræðum um þetta mál að menn segja — og ég vitna þá m.a. til ágætrar greinar sem Sigurður B. Stefánsson, virtur hagfræðingur, skrifaði sl. fimmtudag undir yfirskriftinni „Gleymum því að gengisfelling sé til“ sem er vissulega góð fyrirsögn og góð fyrirætlan af allra hálfu, að gleyma slíku, en hann segir m.a., þegar hann er að tala um að gengisfelling sé jafnaðhaldslaus við ECU-tengingu og endranær, með leyfi hæstv. forseta:

„Nákvæmlega sama máli gegnir um þá gengisfellingu sem rætt er um vegna tengingar krónunnar við ECU. Hún er hugsuð sem síðasti möguleiki til að laga rekstrarskilyrði á Íslandi að aðstæðum í Evrópu. Eftir ECU-tengingu krónunnar er íslenska þjóðarbúið í reynd orðið hluti af stærra gjaldeyrissvæði.“

Því er nauðsynlegt að virða fyrir sér hverjar aðstæðurnar eru, nú á þessum tímamótum, til að taka þessar veigamiklu ákvarðanir. Hvernig er t.d. rekstrarafkoma og rekstraröryggi í okkar helstu undirstöðugreinum? Enn segir svo í skýrslu Seðlabankans:

„Með svo óöruggar heimildir um samkeppnisstöðu að sinni er æskilegt að taka nánara mið af rekstrarafkomu atvinnugreina.“

Með þessu er Seðlabankinn að segja að ekki sé hægt að fullyrða um það hvort rekstrarafkoma atvinnuveganna sé með þeim hætti um þessar mundir að hægt sé að binda sig fastan við mastrið. Við vitum að við núverandi aðstæður eru undirstöðuatvinnuvegirnir í miklum erfiðleikum. Þeir eru að sligast undan feiknarlega háum vöxtum sem eru hærri en nokkru sinni fyrr og núv. ríkisstjórn hefur ekki sýnt fram á það með hvaða hætti hún hyggst eða muni geta komið á jafnvægi á peningamarkaðnum, enda virðist hún leggja meiri áherslu á að koma á jafnvægi á svokölluðum húsbréfamarkaði, svo að vitnað sé til hinnar hvítu bókar þar sem eitt aðalatriðið virðist vera að ná jafnvægi á húsbréfamarkaðnum. Slíkt ofurkapp hefur núv. ríkisstjórn lagt á þann þátt peningamálanna sem verður að sjálfsögðu ekki slitinn úr samhengi við aðra þætti peningamála í landinu.

Það er einnig eftirtektarvert að um þessar mundir er verið að taka ýmsar ákvarðanir um fleira sem skiptir máli í afkomu atvinnuveganna. Það eru kjarasamningar fram undan sem enginn veit hvernig munu enda og það er mikil spurning hvort það sé rétt útspil af hálfu

núv. ríkisstjórnar að binda sig fasta við mastrið nú á þessum haustdögum. Annars mun henni sjálfsagt takast að binda sig við mastrið með einhverjum öðrum hætti sem ég skal ekki leggja mat á.

Mig langar einnig að koma inn á ýmsar aðrar kostnaðarbreytingar sem virðast vera í farvatninu og vil ég þar taka sem dæmi að nú er boðuð veruleg hækkun á rafmagni til atvinnufyrirtækja. Rafmagnsveitur ríkisins hafa tilkynnt það að nú skuli ekki lengur miða við fjóra hæstu afltoppa á ári hverju heldur skuli það nú tekið upp að miða uppgjör í lok árs við hæsta afltopp ársins. Þetta er feiknarleg breyting á rafmagnstöxtum í okkar sveiflukennda þjóðfélagi þar sem sumar atvinnugreinar búa við það að þurfa að vinna úr hráefni á tiltölulega stuttum tíma. Ég get nefnt dæmi um loðnuverksmiðjur. Ég get nefnt dæmi um sláturhús og margt annað sem einkennir íslenskan þjóðarbúskap. Þá leyfa menn sér að tilkynna það ósköp einfaldlega að ávallt skuli miða við hæsta afltoppinn. Ég ætla ekki að fara með neinar tölur í því sambandi, hvað þetta muni þýða mikla hækkun á rafmagni, en trúlega getur það þýtt helmingshækkun í mörgum tilvikum. Menn virðast ekkert hika við það, á sama tíma og boðuð er gengisfesta og tenging við ECU í ársbyrjun 1993, að hækka þjónustu ríkisfyrirtækja til undirstöðuatvinnuveganna. Svo vill til að þau fyrirtæki sem hér eiga í hlut eru a.m.k. undir hæstv. iðnrh. og viðskrh. og er það nokkuð undarlegt ef hann telur að þau þoli léttilega að fá slíkan glaðning rétt eftir að hann hefur tilkynnt að nú eigi allt að vera fast og síðan eigi að binda sig fastan við ECU í ársbyrjun 1993. Þetta eru ekki sannfærandi vinnubrögð og það þýðir ekki fyrir núv. ríkisstjórn að ætla að koma fram fyrir þjóðina og halda því fram að hér eigi að ríkja traust gengisstefna þar sem byggt sé áfram á fastgenginu með slíkum vinnubrögðum. Þá hefði núv. ríkisstjórn verið miklu nær að bíða með stóru orðin og sjá til þar til menn hafi séð hvernig til tókst í sambandi við þær breytingar sem eru taldar nauðsynlegar áður en þessi veigamikla ákvörðun verður tekin.

Í sambandi við viðskiptakjörin segir Seðlabankinn jafnframt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er miklum vandkvæðum bundið að meta hvort afurðaverð og viðskiptakjör þjóðarbúsins eru nálægt jafnvægi."

Þetta kemur fram hjá Seðlabankanum og þeir segja í lokin: „Niðurstaðan er þannig sú að viðskiptakjörin eru ótrygg þar sem þau rísa hæst."

Síðan er í greinargerðinni jafnframt fjallað um nokkuð sem heitir kerfislæg gengisaðlögun og það er náttúrlega nauðsynlegt að fá upplýsingar hjá hæstv. ríkisstjórn með hvaða hætti hún hyggst standa að kerfislægri gengisaðlögun eða hvort ekkert stendur til í þeim efnum. Ég trúi því vart að hæstv. ríkisstjórn reikni með því að Alþingi geti veitt henni umboð til þessara breytinga á íslenska genginu án þess að hún tjái sig betur um það hvort hún hyggst fara eftir því sem þarna segir því að þar er um mjög mikilvægar breytingar að ræða, eða hugmyndir um breytingar, og væri fróðlegt og nauðsynlegt að fá skoðanir hæstv. sjútvrh. í þeim efnum áður en málið fer til nefndar.

Ég vil vitna aftur til þess sem segir í grein Sigurðar Stefánssonar og fjallar að nokkru leyti um það sem segir um svokallaða kerfislæga gengisbreytingu sem hæstv. viðskrh. hefur að nokkru leyti gerst talsmaður fyrir í greinum og málflutningi, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að baki hugmyndinni um veiðigjald er að færa tekjur frá launþegum með gengisfellingu. Þær tekjur yrðu síðan fluttar aftur frá sjávarútvegi með álagningu veiðigjalds sem rynni til sameiginlegra sjóða og kæmi þannig launþegum til góða."

Það er sem sagt hugmyndin með þessari kerfislægu gengisbreytingu að leggja á veiðigjald, rýra þannig kjör launþega í landinu en skila þeim því aftur í einu eða öðru formi. Þetta er hugmyndafræðin sem liggur að baki. Og í skrifum Seðlabankans segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks er nauðsynlegt að meta upphaf stöðu fastgengistengingar með hliðsjón af því hvort tilefni sé til kerfislægra gengisbreytinga."

Síðan fer Seðlabankinn að vitna til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og reyna að lesa út úr því sem eðlilegt er hvað hæstv. ríkisstjórn á við, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar gefur fyrirheit um mótun sjávarútvegsstefnu er nái jafnt til veiða og vinnslu og tryggir stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða, þ.e. sameignar nytjastofnanna auk annarra áhersluatriða. Í þessu virðist felast viss viðurkenning á veiðum í ríkjandi fiskveiðistjórnarkerfi, einkum að því er varðar jafnvægi milli megingreinanna, veiða og vinnslu."

Ekki gengur Seðlabankinn lengra en að tjá sig um að það virðist felast í þessu viðurkenning þannig að eitthvað virðist nú skorta upp á samband á milli bankans og ríkisstjórnarinnar.

Síðan segir í þessum skrifum: „Þegar þannig er komið að mörkum afrakstursgetu veiðistofnanna og veita þarf frekari hvatningar til þróunar atvinnuvega á sú hvatningarþörf ekki við um sjávarútveginn sem þá mundi eyða meiri verðmætum til að sækja óbreyttan afla eða gengi á sjálfa stofnana. Leiðin til lausnar þessum vanda er að jafna metin með sérstöku gjaldi á veiðarnar, svo sem fiskihagfræðin leggur áherslu á" — ekki veit ég nú til þess að öll fiskihagfræði leggi áherslu á það — „eða takmarka veiðarnar með aflakvótum eða sóknarmarki. Fyrri leiðin samrýmist frjálsræði í athöfnum og jafnræði til tekjujöfnunar, en hin síðari byggist á úthlutun verðmætra réttinda til sumra aðila umfram aðra."

Þetta er skoðun Seðlabankans eða ég vænti þess að þetta sé sagt að einhverju leyti a.m.k. fyrir hönd hans en það er ekki aldeilis skoðun hins virta hagfræðings Sigurðar Stefánssonar því að hann segir, með leyfi forseta:

„Veiðigjald eða gengisfelling eru bein ríkisafskipti sem munu draga úr hagkvæmni fyrirtækjanna og minnka afrakstursgetu greinarinnar í heild."

Og Seðlabankinn segir í lok þessara áhugaverðu

hugleiðinga: „Tækifærið til kerfislægrar gengisbreytingar væri miklu lakara eftir að slíkri tengingu hefði verið lýst yfir, enda mundi það grafa undan trúverðugleika tengingarinnar."

Ég hlýt því að spyrja hæstv. viðskrh.: Má treysta því að núv. ríkisstjórn hafi þetta ekki á orði frekar eða mun núv. ríkisstjórn ætla sér að gera þennan hlut og ætlar hún sér að framkvæma kerfislæga gengisaðlögun eins og það er kallað á íslensku? Er það hugmynd hennar?

Að lokum segir Seðlabankinn um upphafsstöðu hugsanlegrar fasttengingar krónunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Samkeppnisstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina er mjög tæp og verður tæpast viðunandi með aflatakmörkunum og væntanlega lakari viðskiptakjörum á næsta ári.

2. Staðan er borin uppi af takmörkuðum greinum innan sjávarútvegsins, einkum botnfiskgreinum, en einmitt þær greinar mun setja sem mest ofan fram á næsta ár.

3. Viðskiptakjör eru almennt hagstæðari en auðið mun að treysta á að standi til lengdar.

4. Viðskiptahallinn ágerist verulega, óháð því hvað verður um byggingu álvers, og virðist orðinn meiri en við verði ráðið með stjórntækjum eftirspurnar einum saman.

5. Tilefni gætu orðið til kerfislægrar gengisbreytingar í sambandi við stefnumótun í sjávarútvegsmálum."

Þetta er nú ein helsta niðurstaða Seðlabankans um upphafsstöðuna í þessu mikilvæga máli. Þá telur hæstv. viðskrh. efni til þess að ganga fram á völlinn, halda blaðamannafund og ákveða um það hvernig þessu skuli háttað næstu árin og væri fróðlegt að vita hvort hæstv. sjútvrh. er þessu sammála. Það hefur komið í ljós og verið haft eftir honum að hann sé það ekki. Hvernig í ósköpunum dettur núv. ríkisstjórn í hug að ganga fram á völlinn með þessum hætti í gengismálum og halda því svo fram á Alþingi að hún vilji skapa festu, traust og trúverðugleik í gengismálum?

Ég vil jafnframt að lokum, hæstv. forseti, vitna til þess sem segir í viðauka þrjú í greinargerð Þjóðhagsstofnunar um tilhögun gengismála á Íslandi, sem ber heitið Kostir við stefnumörkun, eftir Paul Krugman, en svo virðist vera sem eðlilegt sé í svo stóru máli að leitað sé til hinna færustu manna til að geta byggt ákvörðunina á traustum grunni. En hann segir, með leyfi hæstv. forseta, um kosti Íslendinga:

„Íslendingar eiga í grundvallaratriðum um tvo kosti að velja varðandi gengistilhögun. Þeir geta áfram fylgt sjálfstæðri gengisstefnu en jafnframt leitast við að ná betri árangri í baráttunni við verðbólgu án teljandi kerfisbreytinga eða þeir geta stefnt að þátttöku í evrópska myntkerfinu og tekið upp sameiginlegan evrópskan gjaldmiðil verði hann að veruleika.

Kostir þess að reka áfram sjálfstæða gengisstefnu eru miklir. Ísland er of fámennt til að útflutningur þaðan geti nokkru sinni orðið mjög fjölbreyttur. Landið er of langt frá Evrópu til að hreyfanleiki vinnuafls geti komið í staðinn fyrir breytingar á hlutfallslegum launum. Loks er vægi utanríkisverslunar ekki eins mikið og ætla hefði mátt. Breytanlegt gengi getur því gegnt mikilvægu hlutverki í hagstjórn og þarf ekki að hafa ótæpilegt óhagræði og kostnað í för með sér. Sveigjanlegt gengi þýðir ekki endilega frjálst gengi. Vel kemur til greina að hafa nánar gætur á evrópska myntkerfinu og jafnvel setja genginu ákveðin vikmörk. Aðalatriðið í þessu sambandi er þó að finna má gengistilhögun, þar sem hægt er að breyta genginu til að bregðast við ytri áföllum, margar málsbætur. En hafa verður í huga að rökin fyrir sveigjanlegu gengi eru dauð og ómerk ef sífellt er látið undan pólitískum þrýstingi og gengið fellt að óþörfu og kynnt undir verðbólguna. Og auðvitað geta verið fyrir því pólitískar og táknrænar ástæður að Íslendingar vilji ekki sýnast minni Evrópumenn en aðrar Norðurlandaþjóðir.

Frumniðurstaðan er því á þann veg að fyrir því eru ekki sannfærandi efnahagsleg rök að Íslendingar stefni að myntbandalagi með öðrum Evrópuþjóðum. Séu sannfærandi rök til eru þau fyrst og fremst af pólitískum toga."

Ég ætla ekki, herra forseti, að gera þessi orð að mínum. En ég tel samt að í þeim felist viss sannleiksneisti. Ég er t.d. ekki þeirrar skoðunar að Ísland sé of fámennt til að útflutningur frá landinu geti nokkru sinni orðið fjölbreyttur. Ég tel að það felist mikil tækifæri fyrir okkur Íslendinga að auka fjölbreytni í útflutningi. Hitt er svo annað mál að sá dagur er ekki kominn og það ríkir mikil óvissa í framvindu efnahagsmála. Því get ég ekki stutt það að núv. ríkisstjórn fái svo víðtækar heimildir sem hún fer fram á. Og ég vænti þess að hv. Alþingi og þeir sem styðja ríkisstjórnina geri sér grein fyrir því hvaða umboð þeir eru að fela ríkisstjórninni, eða viðskrh. hennar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, með því að samþykkja frv.

Ég vil að lokum endurtaka það að ég tel ómögulegt í svo stóru máli sem þessu, sem varðar svo mjög atvinnuvegi þjóðarinnar og efnahagsmálin til frambúðar, að umræðum hér sé lokið án þess að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur. Ég vil því fara fram á það að annaðhvort verði umræðunni frestað þar til hann getur verið viðstaddur eða þá ráðstafanir gerðar til að hann komi hér, en ég hygg þó að ég hafi upplýsingar um að slíkt sé ómögulegt og að sjálfsögðu virði ég það. En ég tel að það liggi ekki svo á í þessu máli að það geti ekki beðið komu hæstv. sjútvrh. Það eru ekki uppi neinar þær aðstæður í þjóðfélaginu að það bráðliggi á að afgreiða þetta frv. á næstu vikum. Það er alveg nóg að afgreiða það eftir áramót — og í sjálfu sér er engin ástæða til að afgreiða það.

Það er líka ljóst að þeir sem starfa í efh.- og viðskn. þurfa að ræða við helstu forsvarsmenn íslensks atvinnulífs og í bankastarfsemi og Seðlabankann áður en þetta mál er afgreitt. Ég vil líka upplýsa hæstv. viðskrh. um það að á fundi sem við áttum með fulltrúum Seðlabankans kom þeim á óvart að þetta frv. hefði verið lagt fram. Þeim var beinlínis ókunnugt um efnisinnihald þess. Það vakti undrun mína að fulltrúar Seðlabanka Íslands skyldu ekki vera algerlega meðvit-

aðir um það hvað þarna var á ferðinni. Ég átti satt best að segja von á því að svo mikilvægt mál væri ekki lagt fram nema í fullu samráði við Seðlabanka Íslands. Er þetta nú ekki vottur þess að meiningin sé að efla svo mjög sjálfstæði Seðlabankans eins og núv. ríkisstjórn segir svo oft á Alþingi. Vil ég minna á eitt dæmi þar sem núv. ríkisstjórn skipaði svo fyrir að Seðlabankinn skyldi skilgreina húsbréf að hálfu sem peninga. Þetta er alveg ný hagfræði og greinilega hafði Seðlabankinn gefið þetta út af hreinni góðsemi við ríkisstjórnina og bendir nú ekki til þess að ætlunin sé að reikna með því að Seðlabankinn stórauki sjálfstæði sitt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tjá mig frekar um þetta mál að sinni en ég mun gera það frekar síðar þegar hæstv. sjútvrh. getur verið viðstaddur.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég lýsa andstöðu minni við það frv. sem liggur frammi. Ég læt nægja í flestu að vísa til þess sem hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan.

Hæstv. viðskrh. hefur lengi verið mikill trúmaður þegar kemur að erlendum kennisetningum í hagfræði og mér finnst þetta bera þess merki. Það er eins og nú eigi að þvinga hið fábrotna, íslenska efnahagslíf til að haga sér eins og þau sem fjölbreyttari eru í kringum okkur, hvað sem hver segir. Ég get í raun tekið undir það sem hinn erlendi fræðimaður segir í skýrslu þeirri sem Þjóðhagsstofnun hefur gert. Ég tel að lokaorð hans séu rétt og sannist þar að stundum er glöggt gests augað.

Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér. Það er ekki nema 2½ síða og er það þó e.t.v. eitthvert stærsta málið sem lengi hefur fyrir Alþingi komið. Mér sýnist þetta frv. boða uppgjöf hæstv. ríkisstjórnar við efnahagsstjórnun, a.m.k. virðist hún ætla að gefast upp á því að ráða við einn mikilvægasta þáttinn í efnahagsmálum þjóðarinnar, þ.e. gengisskráningu. Ég er ekki að boða gengisbreytingu og reyndar er ég fylgjandi festu í gengisskráningu. En mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann telji að okkur hefði tekist eins vel, eins og við a.m.k. tveir fullyrðum, að rétta þjóðarskútuna við eftir ástandið sem var haustið 1988 ef við hefðum ekki tekið þá ákvörun að leiðrétta skráningu hinnar íslensku krónu. Það var erfið ákvörðun og okkur var ljóst að þeirri ákvörðun fylgdu ýmsir erfiðleikar og þeir mjög stórir en við sáum ekki aðra leið. Það var gripið til fjölmargra hliðarráðstafana til að þetta mætti gera hægfara og koma þannig í veg fyrir þær kollsteypur sem venjulega fylgja gengisbreytingum, en þetta var niðurstaðan að mjög vel yfirveguðu máli. Ég fyrir mitt leyti hefði ekki viljað hafa íslensku krónuna bundna ECU haustið 1988. Hér hefði þá svo sannarlega gerst eitthvað svipað og í Finnlandi, en að öllum líkindum langtum verra. Staðreyndin er bara sú að þótt hæstv. viðskrh. vilji, eins og ég sagði áðan, þröngva íslensku efnahagslífi til að hlýða erlendum kennisetningum, þá eru bara grundvallaratriði efnahagslífsins hér á landi allt önnur. Þorskurinn hlýðir ekkert hæstv. viðskrh., — sem betur fer kannski. Náttúrulögmál eru miklu ráðandi í okkar efnahagslífi, sem reyndar sumir hafa kosið að kalla fábreytni í íslensku efnahagslífi o.s.frv. sem er út af fyrir sig alveg rétt, og hafa gífurleg áhrif eins og t.d. núna.

Það er athyglisvert að þegar hæstv. viðskrh. boðar þessa tengingu segir hann: Sannarlega er það rétt að áður en úr henni geti orðið þurfi að ráðast í miklar kerfisbreytingar og m.a. að mynda mikla sveiflujöfnunarsjóði. Þetta er hárrétt. Þeir þurfa áreiðanlega ekki bara að vera miklir heldur líklega gífurlegir. Það væri gaman að vita hvernig hæstv. viðskrh. hugsar sér að þessir sjóðir verði myndaðir á næstu tveimur árum því að þetta mun eiga að koma til framkvæmda í upphafi ársins 1993 á sama tíma og verulegir erfiðleikar steðja að íslenskum sjávarútvegi. Mér skilst að ein af þeim ráðstöfunum sem íslensk ríkisstjórn er með í huga til að létta undir með íslenskum sjávarútvegi sé að fella niður greiðslur í þann eina verðjöfnunarsjóð sem er til. Hann er vitanlega smámunir til að standast þær sveiflur sem gætu orðið með föstu gengi. Hvernig eiga skuldug íslensk sjávarútvegsfyrirtæki, sem nú greiða okurvexti með stórhækkandi fjármagnskostnað, með minnkandi þorskafla, að mynda þessa sveiflujöfnunarsjóði sem ég er sammála hæstv. ráðherra að eru afar nauðsynlegir?

Ég tek einnig undir það sem kom fram hjá 1. þm. Austurl. að hæstv. ráðherra hefur mjög látið að því liggja að samfara slíkri tengingu þurfi grundvallarbreytingar í íslenskri efnahagsstjórnun. Væri ekki skemmtilegra að fá að sjá þær breytingar allar svo að við vitum nákvæmlega að hverju við göngum? Vill ekki hæstv. viðskrh. tíunda þær fyrir okkur, leggja þær á borðið, telja þær upp svo við vitum nákvæmlega hvað hann hugsar sér að gera?

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Austurl. að vitanlega er óhjákvæmilegt annað en að hæstv. sjútvrh. sé hér viðstaddur. Þetta mál varðar sjávarútveginn meira en aðrar íslenskar atvinnugreinar sem allir þekkja og vita og slíkar kerfisbreytingar hljóta þá ekki síst að vera tengdar sjávarútveginum og við, allir hv. þm. á Alþingi, viljum sem von er fá að heyra skoðanir hæstv. sjútvrh. á slíkum kerfisbreytingum.

Mér hefur satt að segja heldur ekki þótt í of mikið lagt þó að álitsgerðir Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar fylgdu þessu frv. Meira hefur nú verið gert. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að hann komi þessum skýrslum til allra þingmanna og það áður en þessari 1. umr. um frv. er lokið.

Um þetta mál má vitanlega fjölmargt fleira segja en ég stóð hér fyrst og fremst upp til að undirstrika þá ósk 1. þm. Austurl. að þessari umræðu um frv. verði ekki lokið fyrr en hæstv. sjútvrh. mætir til þings og sömuleiðis að við fáum þær skýrslur sem hér um ræðir áður en umræðunni er lokið. Ég tel um svo stórt mál að ræða að ekki veiti af að hafa mjög ítarlega umræðu um það, umræðu sem hlýtur að tengjast efnahagsástandinu og þeim kerfisbreytingum sem hæstv. ráðherra talar um í vefréttarstíl en við getum að vísu getið okkur til um hverjar eru en vitum ekki hvort stuðningur er við í hæstv. ríkisstjórn. Að sjálfsögðu þurfum

við um leið að ræða um ástand atvinnulífsins. Við þurfum að ræða um það t.d. sem ég nefndi áðan hvort sjávarútveginum yrði kleift að mynda þá verðjöfnunarsjóði sem ætlast er til að hann geri áður en til þessa kemur.

Einnig er nauðsynlegt að ræða hvort hér er, eins og í annarri hvorri skýrslunni er nefnt, verið að taka afgerandi skref um nálgun við Evrópu, jafnvel umfram það sem kann að felast í Evrópsku efnahagssvæði. Með því að tengjast hinum evrópska gjaldmiðli er vitanlega gengið lengra en nauðsyn krefur þótt við gerumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Og hver er tilgangur hæstv. ráðherra? Er tilgangur hæstv. ráðherra að stíga mikilvægt skref til að tengjast Evrópu enn betur? Að því hefur stundum verið látið liggja að svo ætti að gera, m.a. í stefnu Alþfl. fyrir kosningar. Er hér um lið í slíku að ræða?

Þetta frv., sem lætur svo lítið yfir sér eins og ég sagði, er ekki nema fjórar greinar þegar allt er talið, tvær og hálf síða, er gífurlega stórt og hlýtur að krefjast mjög mikillar umræðu. Og ég lýk þessum fáu orðum með því að ítreka að 1. umr. verði ekki lokið fyrr en sjútvrh. verður við og við fáum öll þau gögn í hendur sem að baki liggja.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir um hvort ástæða sé til að klára umræðuna fyrr en hæstv. sjútvrh. getur fylgst með höfum við ekki fengið nein svör frá virðulegum forseta þar að lútandi. Ég hafði sem fulltrúi í efh.- og viðskn. búið mig undir að ræða þetta mál með sérstöku tilliti til þess að hæstv. sjútvrh. tæki þátt í umræðunni líka. Málið er þess eðlis, það tengist sjávarútveginum meira en nokkurri annarri atvinnustarfsemi hér á landi að ég sé ekki að það þjóni miklum tilgangi að við höldum umræðunni mikið lengur áfram án þátttöku hæstv. sjútvrh.

Þá vil ég einnig benda á, virðulegur forseti, sem mér var reyndar ekki ljóst fyrr en af viðtölum við stjórnarþingmenn hér niðri á gangi áðan, að efnislegum grundvallaratriðum um málið hefur ekki verið dreift til þingmanna. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en þá að skýrsla sú sem við höfum haft til umfjöllunar í efh.- og viðskn. frá Seðlabankanum er ekki í höndum annarra þingmanna hér og stjórnarþingmenn segja mér að þeim sé sagt að hún sé ekki til dreifingar þannig að ég vil, virðulegur forseti, fara fram á að úr þessu verði bætt líka þannig að allir þingmenn, ekki einungis þeir sem eru í efh.- og viðskn., hafi frumgögn málsins undir höndum og geti tekið þátt í umræðunni út frá þeim.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti þakkar hv. 6. þm. Norðurl. e. ábendingar hans en gefur nú hv. 5. þm. Norðurl. v. orðið.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að með þessu frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands sé verið að gera mjög mikilvæga breytingu á löggjöfinni um bankann og er sammála bæði viðskrh. og þeim hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað um það efni.

Það sem ég tel að skipti hér mestu máli er að Seðlabankanum er heimilt að gangast fyrir því að tekin sé upp markaðsskráning á gengi krónunnar þannig að það miðist í auknum mæli við framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Þannig að í stað þess að Seðlabankinn í umboði ríkisstjórnarinnar eða ríkisstjórnin sjálf ákveði beint nákvæmlega hvað erlendur gjaldeyrir á að kosta taki þetta mið af framboði og eftirspurn. Það þýðir hins vegar ekki að verð á gjaldeyri sveiflist fram og aftur innan dagsins vegna þess að Seðlabankinn á að hafa heimildir til þess að stunda viðskipti með gjaldeyri í því skyni að jafna verð hans milli einstakra tímabila.

Ég vil áður en lengra er haldið vekja athygli á að í því fyrirkomulagi sem við höfum í dag er ákveðinn munur á kaup- og sölugengi og þessi mismunur er stofn til skattlagningar og skilar nokkrum hundruðum millj. kr. í ríkiskassann ár hvert. Þegar tekin hefur verið upp markaðsskráning á genginu hygg ég að ekki sé lengur hægt að hafa fyrir fram ákveðinn mun á kaup- og sölugengi þannig að taka þarf tillit til þess í sambandi við þennan skattstofn og breyta þar um og helst að sjálfsögðu að leggja þennan skatt á viðskipti með erlendan gjaldeyri niður.

Menn hafa mikið rætt um hvernig verð á erlendum gjaldeyri þróast. Mín skoðun er sú að afar varhugavert sé að treysta yfirlýsingum stjórnvalda um það hvert verð á erlendum gjaldeyri eigi að vera alveg óháð hvaða ríkisstjórn situr og alveg óháð því í rauninni hvar sú ríkisstjórn starfar. Við höfum t.d. eitt nýlegt dæmi fyrir okkur frá Finnlandi þar sem tekin var upp sú stefna að tengja gengi finnska marksins við ECU. Það átti að vera mikill hornsteinn í efnahagsstefnu finnsku ríkisstjórnarinnar en síðan þegar ekki reyndust vera efnahagslegar forsendur fyrir því að halda gengi finnska marksins stöðugu neyddist ríkisstjórnin til að láta markaðsöflin fara í gang og gengi finnska marksins féll milli 12–13% þrátt fyrir allar yfirlýsingar um fast gengi marksins. Þetta er eitt nýjasta dæmið um hvernig farið hefur fyrir slíkum yfirlýsingum um fast gengi.

Við höfum að sjálfsögðu ýmis dæmi um yfirlýsingar um fast gengi úr okkar eigin sögu og nægir að benda á síðasta áratug í því sambandi og má kannski segja sem svo að eftir því sem yfirlýsingunum um fast gengi fjölgar séu meiri líkur til að gengi viðkomandi gjaldmiðils sé komið í hættu. Ég tel hins vegar að um mikið framfaramál sé að ræða vegna þess að með því að komið er markaðsverð á gjaldeyrinn er ríkisstjórn eða stjórnvöld ekki lengur dómari í eigin máli heldur er það markaðurinn. Við höfum haft það fyrirkomulag allt of lengi að ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa rekið tiltekna efnahagsstefnu sem yfirleitt hefur gengið út á að vera með halla á viðskiptum við útlönd og safna skuldum og síðan hefur samhliða því verið rekin fastgengisstefna eða stöðugleikastefna í gengismálum sem ekki hefur staðist.

Það eru margir sem telja að gengi krónunnar eða

verð á erlendum gjaldmiðlum lúti einhverjum öðrum lögmálum en verð í þjóðfélaginu eða efnahagslífinu almennt. Ég held hins vegar að það sé staðreynd að verð á erlendum gjaldmiðlum lýtur nákvæmlega sömu lögmálum og önnur verð. Og hlutverk verðs á erlendum gjaldmiðlum hlýtur að vera að jafna framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldmiðlum.

Það sem gerist, og það skiptir kannski mestu máli um það hvort verð á erlendum gjaldmiðlum er stöðugt eða ekki stöðugt, er að ef verðbólga er og ef þensla er í efnahagslífinu eða eftirspurn eftir gjaldeyri er mun meiri heldur en framboðið á honum hlýtur þetta verð að breytast. Ef menn horfast ekki í augu við það og vilja ekki breyta verði á erlendum gjaldmiðlum þrátt fyrir að efnahagslegar forsendur krefjist slíks þá fer illa og þá kemur upp mikið misvægi, sérstaklega á milli útflutningsgreina og annarra greina sem þurfa að búa við þetta gengi.

Það sem skiptir þess vegna mestu máli til að halda verði á erlendum gjaldmiðlum stöðugu þrátt fyrir markaðsskráningu og þrátt fyrir að það fljóti upp og niður er einfaldlega að hafa góða stjórn á eftirspurninni eftir gjaldeyri. Þunginn á hagstjórninni hlýtur að þurfa að flytjast yfir á að halda eftirspurninni eftir gjaldeyri í einhverjum tengslum við framboðið á honum. Þetta þýðir t.d. að það verður erfiðara að halda uppi sjálfstæðri vaxtastefnu og vaxtamunurinn á milli innlenda fjármagnsmarkaðarins og hins erlenda getur aðeins orðið mjög takmarkaður, en á móti kemur að ríkisstjórnin á hverjum tíma þarf að einbeita sér að því að halda lánsfjáreftirspurn sinni í skefjum. Þetta þýðir að halli á ríkissjóði á hverjum tíma má ekki vera nema afar takmarkaður og samræmast algjörlega þeirri eftirspurn sem er eftir gjaldeyri og lánsfé að öðru leyti. Þetta þýðir líka að ríkið verður að hafa stjórn á öllum sínum lánasjóðum í húsnæðiskerfi eða námsmannalánum eða hverju sem er þannig eftirspurn eftir lánsfé sé takmörkuð.

Ég held að núverandi ríkisstjórn sé mjög meðvituð um þessa þætti og það hefur komið fram í þeim plöggum sem hér hafa verið lögð fram, bæði fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga, að það er einmitt markmiðið að draga úr lánsfjáreftirspurn ríkisins. Það hlýtur að vera eitt stærsta atriðið í því skyni að ná tökum á lánsfjáreftirspurn opinberra aðila. Þetta er atriði sem því miður hefur brugðist allt of oft en þetta er sannarlega aðalatriðið í því hvort tekst að halda þeirri stefnu að gengið verði stöðugt þrátt fyrir markaðsskráningi á genginu.

Ég vil að lokum ítreka stuðning minn við þetta frv. Ég tel að mönnum ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að samþykkja það. Þetta hefur mikið verið rætt og ég held að menn viti svona nokkurn veginn um hvað málið snýst og sé ekki að langar tafir í þessari umræðu séu neinum til bóta af því að ég held að flestir sem um þetta mál hugsa séu í rauninni sammála um að það sé rétt að taka upp þessa markaðsskráningu á genginu.

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 1990, 1. umr.

Stjfrv., 79. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 81.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga 1990. Með frv. þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1990 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1990, lögum nr. 72/1990 og nr. 105/1990, fjáraukalögum fyrir árið 1990.

Frv. þetta var áður lagt fram á Alþingi í mars sl. en var þá ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt í lítið breyttri mynd enda er um að ræða endanlegt greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð á árinu 1990. Einu breytingarnar sem gerðar hafa verið eru leiðréttingar á yfirliti yfir geymdar fjárveitingar.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sem lagt var fyrir Alþingi 1. nóv. það ár, fylgdi ítarleg grg. um framvindu ríkisfjármála á sl. ári og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga og fjáraukalaga sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990. Þá var hinn 7. mars sl. lögð fyrir Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál sl. árs þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform fjárlaga og útkomu ársins 1989.

Heildarheimildir til útgjalda námu þannig 797 millj. kr. umfram endanlegar útgreiðslur. Heimilda til lántöku, umfram það sem áætlað var í seinni fjáraukalögum, var aflað með lögum nr. 125/1990, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til að mæta lánsfjárþörf ársins.

Í fjárlögum 1990, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1989, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 3,7 milljarðar kr. Kjarasamningar sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í febrúar á sl. ári breyttu launa- og verðlagsforsendum fjárlaga um 2% til lækkunar. Breyttar forsendur kölluðu óhjákvæmilega á endurskoðun á tekju- og útgjaldaliðum fjárlaga. Sú endurskoðun var staðfest með samþykkt fjáraukalaga í maímánuði. Við það lækkuðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs um 2,6 milljarða kr. og gjöldin um 1,8 milljarða. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs hækkaði þar með um 800 millj. kr. eða í 4,5 milljarða. Sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum urðu til þess að gjöldin lækkuðu minna en tekjur.

Samhliða frv. til fjárlaga 1991 var lagt fram öðru sinni frv. til fjáraukalaga. Þau lög voru samþykkt í byrjun desember sl. og hækkuðu útgjaldaheimildir um 4,2 milljarða kr. eða í 97,7 milljarða. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 92,6 milljarðar kr. þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 5,1 milljarð.

Samkvæmt endanlegu greiðsluuppgjöri vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1990 urðu innheimtar tekjur ríkissjóðs 92,5 milljarðar kr. og útgjöld 96,9 milljarðar kr. sem er um 800 millj. kr. lægri útgjöld en samþykktar fjárheimildir. Afkoma ríkissjóðs var þannig nokkuð betri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjár-

aukalaga í desember sl. eða sem nemur 700 millj. kr. og nam rekstrarhallinn rúmlega 4,4 milljörðum kr.

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós að innheimtar tekjur urðu um 3,5 milljörðum kr. hærri en fjárlög frá í maí 1990 gerðu ráð fyrir. Það ber að geta þess að að hluta til var um færslu að ræða frá fyrirhuguðum tekjum yfirstandandi árs til ársins 1990 m.a. vegna sölu fyrirtækisins Aðalverktaka.

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga jukust innheimtar tekjur ríkissjóðs um tæp 4% frá fjárlögum ársins. Þannig urðu tekjur af tekjuskatti, bæði einstaklinga og fyrirtækja, mun meiri en reiknað var með og svipuðu máli gegnir um innheimtu innflutningsgjalda og launaskatta. Á móti komu minni tekjur af virðisaukaskatti.

Nánari umfjöllun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 er að finna í skýrslu um ríkisfjármál 1990 sem lögð var fyrir Alþingi á sl. vetri. Þess má geta, sem ég áður hef nefnt, að í innheimtum tekjum eru arðgreiðslur frá Aðalverktökum, það eru 400 millj. kr.

Nokkrar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum sem afgreidd voru í desember 1989. Fjáraukalög, sem samþykkt voru á Alþingi þann 5. maí 1990 í kjölfar kjarasamninganna í febrúar það ár, höfðu áhrif á útgjöld með tvennum hætti. Annars vegar lækkuðu útgjöld um rúma tvo milljarða kr. vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna. Hins vegar var ákveðið að hækka útgjöld um nálægt 1.200 millj. kr. til að greiða fyrir kjarasamningum. Þar vó þyngst 800 millj. kr. hækkun á framlagi til niðurgreiðslna sem átti að mæta hækkun á smásöluverði heföbundinna búvara fram til 1. des. 1990. Jafnframt var fallið frá fyrirhugaðri þrengingu bótaréttar vegna gjaldþrota sem hækkaði áætluð útgjöld um 100 millj. kr. og framlag til lífeyristrygginga var hækkað um 110 millj. Í meðförum fjárveitinganefndar Alþingis hækkuðu framlög til ríkisspítala um 147 millj. kr. Til að hamla gegn óæskilegum áhrifum aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið var samtímis ákveðið að lækka útgjöld, einkum til fjárfestingar, um 915 millj. kr.

Seinni fjáraukalögin hækkuðu útgjaldaheimildir fjárlaga um 4,2 milljarða kr. eða samtals í 97,7 milljarða kr. Helstu tilefni til hækkunar skýrast af nokkrum stórum liðum. Fyrst skal nefna tryggingabætur, sem hækkuðu um 1.260 millj. kr. Endurmat á áhrifum verkaskiptalaga ríkis og sveitarfélaga leiddi til 280 millj. kr. aukningar útgjalda. Endurbótasjóður menningarstofnana fékk 300 millj. kr. framlag í stað lánveitingar sem áður var áformuð. Ýmsar ályktanir Alþingis leiddu til 320 millj. kr. viðbótarútgjalda. Og framlag til að ljúka uppgjöri endurgreiðslu söluskatts nam 200 millj. kr.

Eins og áður er getið urðu endanlegar greiðslur ríkissjóðs 797 millj. kr. lægri en heimildir. Helstu frávik skýrast af lægri vaxtagjöldum og lægri greiðslum og rekstrartilfærslum.

Í 3. gr. frv. kemur fram að umframgreiðslur vegna einstakra stofnana námu alls 609 millj. kr. en á móti vega óhafnar fjárveitingar vegna annarra fjárlagaliða, samtals 1.406 millj. kr. Af þessari fjárhæð hefur verið fallist á geymslu á tæplega 317 millj. kr., einkum vegna óhafinna fjárveitinga til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti vísa ég til athugasemda við lagafrv. Frv. hefur verið lagt fram áður á hv. Alþingi. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. en æski þess að það verði sent til hv. fjárln. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1989, 1. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 82.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1989. Þetta verður því eins konar kennslustund í sögu ríkisfjármála.

Í athugasemdum við lagafrv. er það skýrt nokkuð nákvæmlega. Það er ljóst að talsverð breyting er á uppsetningu þessa ríkisreiknings miðað við ríkisreikninga árin á undan og þess vegna ekki við því að búast að hægt sé að bera saman ríkisreikning fyrir árið 1989 og þá ríkisreikninga sem áður hafa verið samþykktir á hinu háa Alþingi.

Frv. er að sjálfsögðu samið eftir ríkisreikningi en hann var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til virðulegs forseta Alþingis í september á þessu ári.

Í athugasemdum með frv. er gerð ítarleg og góð grein fyrir því í hverju breytingarnar sem ég minntist fyrr á í ræðu minni eru fólgnar. Fyrst og fremst er gerð tilraun til að færa upp ýmsar skuldbindingar sem ríkisvaldið hefur samþykkt en ekki hefur verið hægt að sjá í ríkisreikningi á undanförnum árum. Þetta er liður í vinnu svokallaðrar reikningsskilanefndar sem starfar annars vegar á vegum fjmrn. og hins vegar Ríkisendurskoðunar, en helsta verkefni þeirrar nefndar er að gera nauðsynlegar breytingar á ríkisreikningi, á uppsetningu fjárlaga og koma þessum atriðum í framtíðarbúning, framtíðarhorf.

Mestu skiptir að hægt sé að lesa úr ríkisreikningi og reyndar fjárlögum á hverjum tíma, bæði tekjur og útgjöld, en þó ekki síður þær skuldbindingar sem ríkisvaldið hefur gengist undir þannig að hægt sé að meta að nokkru leyti efnahag ríkisins á hverjum tíma. Það hlýtur að vekja athygli í þessu frv. hve skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna eru miklar og jafnframt eru það markverðar upplýsingar sem koma fram um skuldbindingar að öðru leyti.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þessi atriði. Þeim er lýst í athugasemdum við frv. og vísa ég til þeirra. Að svo mæltu óska ég eftir því að frv. verði sent eins og lög gera ráð fyrir til hv. fjárln. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðlaráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 112. mál. — Þskj. 115.

og

Breytingar á lagaákvæðum er varða stöðlun o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 113. mál. — Þskj. 116.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frv. um tengd málefni. Hið fyrra er frv. til laga um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands. Þetta frv. er á þskj. 115. Hið síðara er frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum sem varða stöðlun og fleira og er safn nauðsynlegra lagabreytinga sem leiða af samþykkt fyrra frv. Þetta fylgifrv. er á þskj. 116.

Frú forseti. Til að rifja nokkuð upp forsögu þessa máls vil ég nefna að frv. til laga um stöðlun var fyrst lagt fram á 112. löggjafarþingi. Þar var það ekki tekið til umræðu heldur eingöngu sýnt til kynningar. Að fengnum umsögnum helstu hagsmunaaðila var þetta frv. endurskoðað og svo lagt fram að nýju á 113. löggjafarþingi. Þar var það ekki útrætt. Frv. er nú lagt fram á nýjan leik en í nokkuð breyttri mynd. Annars vegar er lagt til annað rekstrarform á Staðlaráði Íslands en gert var ráð fyrir í fyrri útgáfum frv. Hins vegar hafa ákvæði, sem vörðuðu breytingar á ákvæðum ýmissa laga þar sem vikið er að stöðlum, nú verið skilin frá meginfrumvarpinu og sett í sérstakt fylgifrv. eins og ég lýsti áðan.

Ég ætla fyrst að víkja að efni frv. um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands. Tilgangurinn með frumvarpsflutningnum er tvíþættur. Annars vegar að styrkja lagagrundvöll reglna um staðla hér á landi. Hins vegar að breyta rekstrarformi núverandi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands í hlutafélag. Stjórn Iðntæknistofnunar fól nokkrum hagsmunaaðilum í október 1987 að annast skyldur stofnunarinnar gagnvart stöðlum. Þessir aðilar komu saman á vettvangi sem þeir nefndu Staðlaráð Íslands og tengist staðladeild stofnunarinnar órjúfanlegum böndum. Stjórn Iðntæknistofnunar samþykkti starfsreglur fyrir ráðið og þessa deild í október 1987 með heimild í 3. mgr. 2. gr. laga 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands. Lagalegur grundvöllur starfseminnar er hins vegar ekki fullnægjandi miðað við þá auknu áherslu sem nú er lögð á stöðlun og tengda starfsemi í Evrópu, þar á meðal á Íslandi.

Á alþjóðavettvangi hefur einkum verið fjallað um staðla í viðræðum um afnám viðskiptahindrana milli landa. Gerður hefur verið samningur á vettvangi GATT um afnám viðskiptahindrana á tæknisviði. Í samningnum eru hugtökin staðall og stöðlun skilgreind. Auk þess er kveðið á um að vísað skuli til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreina í einstökum atriðum hverjar tæknilegar kröfur skuli gera til vöru eða þjónustu í reglugerðarákvæðum einstakra stjórnvalda.

Það er eitt megineinkenni staðlaaðferðarinnar að þeir eru samdir í samvinnu og samráði við helstu hagsmunaaðila. Í þeim endurspeglast, eða ætti að endurspeglast, góður framkvæmdamáti að bestu manna yfirsýn. Það leiðir af þessu að enginn einstaklingur eða stofnun getur samið staðal án samráðs við þá sem við hann eiga að búa. Þetta nána samráð greinir staðlana frá öðrum vörureglum og forskriftum.

Annað atriði sem greinir staðla frá öðrum stjórnvaldsfyrirmælum er að þeir eru frávíkjanlegir. Vegna þessra eiginleika ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að staðlarnir skyldu gegna veigamiklu hlutverki í áformum þess að mynda einn markað á efnahagssviði aðildarríkja bandalagsins fyrir árslok 1992. Lögbundin samhæfing í tilskipunum Evrópubandalagsríkja á tæknisviðinu er takmörkuð við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfis. Síðan var þeim stofnunum sem lengi hafa unnið að stöðlun í iðnaði fengið það hlutverk að semja tæknilegar forskriftir í einstökum atriðum, þ.e. staðlana. Framleiðendum er í sjálfsvald sett hvort þeir nota staðlana. Hins vegar er einfaldara fyrir þá sem nota staðlana að sýna fram á að framleiðsluvaran uppfylli grunnkröfurnar.

Evrópubandalagið gerði rammasamning við evrópsku staðlasamböndin CEN og CENELEC um að stýra gerð þeirra staðla sem gert væri ráð fyrir í tilskipunum bandalagsins. Í samningunum er það gert að skilyrði að samþykktir staðlar, svonefndir Evrópustaðlar, verði gerðir að landsstöðlum í aðildarríkjum þessara staðlasambanda. Innan missiris frá samþykkt þeirra voru þeir landsstaðlar numdir úr gildi sem brjóta í bága við Evrópustaðlana. EFTA-ríkin fylgdu á eftir og gerðu sams konar samninga við þessi evrópsku staðlasambönd. Þannig eru smátt og smátt að verða til samræmdir staðlar á æ fleiri sviðum framleiðslu og starfsemi um alla Vestur-Evrópu. Í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði er vísað til þessara staðla í stjórnvaldsfyrirmælum á tæknisviðinu og við opinber innkaup.

Staðlaráð Íslands gerðist aðili að evrópsku staðlasamböndunum CEN og CENELEC um mitt árið 1988.

Með þeirri nýju stefnu sem ég hef lýst breytist hlutverk þeirra sem semja staðla í smærri Evrópuríkjum í mjög verulegum greinum. Áður voru nánast einvörðungu samdir staðlar sem iðnaðurinn taldi sig þurfa á að halda á þeim hraða sem aðstæður leyfðu hverju sinni. Engar kvaðir lágu á stjórnvöldum að vísa til staðlanna. Á 30 ára tímabili höfðu þannig verið staðfestir um 50 staðlar á Íslandi en síðan Staðlaráðið gerðist aðili að evrópsku staðlasamböndunum hafa um 900 staðlar verið staðfestir. Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem stöðlum er ætlað í framtíðinni að gegna innan hins sameiginlega evrópska markaðssvæðis er öllum Evrópuríkjum nauðsynlegt að fylgjast vel með samningu þeirra og taka þátt í þeirri vinnu á þeim sviðum sem varðar beina hagsmuni þeirra, t.d í útflutningsgreinum okkar og í helstu innlendum samkeppnisgreinum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja í þessari framsöguræðu nákvæmlega ákvæði allra 13

greina frv. en mig langar að fara nokkrum orðum um sex meginþætti þessa máls.

1. Hér er lagt til að stofnað verði sjálfstætt hlutafélag, Staðlaráð Íslands hf., sem tekur við allri starfsemi núverandi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands og hlutverki Staðlaráðs Íslands. Kostir þessa fyrirkomulags eru ótvíræðir. Sveigjanleiki í rekstri eykst, ábyrgð ríkissjóðs á félaginu takmarkast við hlutafjáreign og fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda kemur líka til með að aukast. Ætlunin er að reka félagið án hagnaðarmarkmiðs og er félagið ólíkt öðrum hlutafélögum að því leyti. Að öðru leyti hefur félagið enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu og ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið í hlutafélagsformi munu koma því að góðu haldi. Fram að stofnfundi félagsins skal kveðja innlenda áhuga- og hagsmunaaðila til samvinnu við stofnun og starfrækslu þess. Við stofnun skal þó a.m.k. helmingur hlutafjárins vera í eigu ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi félaginu til starfsemi eignir staðladeildar Iðntæknistofnunar og að fram fari mat á eignum hennar til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár í hinu nýja félagi. Þá getur ríkissjóður ekki boðið meiri hluta hlutabréfa í félaginu til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis.

2. Í frv. er kveðið á um að hið nýja félag verði vettvangur stöðlunar fyrir íslenskt atvinnulíf og neytendur. Nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi félagsins verða í samþykktum þess. Félaginu er falið að koma fram fyrir hönd landsins í alþjóðlegu samstarfi staðlaráða. Með aðildinni að evrópsku staðlasamböndunum hafa Íslendingar játast undir þá skyldu að gera evrópsku staðlana að sínum. Aðildin er þannig liður í aðlögun að samræmdum Evrópumarkaði og það verður því að teljast eðlilegt að ríkisvaldið sem væntanlega tekur þær ákvarðanir tryggi grunnfjármögnun vinnunnar vegna þessarar skyldu. Ekki er verið að gera tillögur um nýja útgjaldaliði fyrir ríkissjóð því á undanförnum árum hefur Staðlaráð auk hluta þess í fjárveitingu Iðntæknistofnunar fengið sérstaka fjárveitingu til þess að sinna einmitt þessum verkefnum, Evrópustöðlunum. Aukin verkefni Staðlaráðs og staðlaráðanna í Evrópu yfirleitt valda því að framlög ríkisins til þessa málaflokks hafa aukist að mun í flestum ríkjum Evrópu. Ráðgert er, en þess er þó ekki getið í frv., að gerður verði þjónustusamningur milli iðnrn. og Staðlaráðs Íslands hf. þar sem skilgreind verði lágmarksmeðferð staðla og að kostnaður ríkissjóðs sem af henni hlýst verði greiddur af framlögum í fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að öll vinna Staðlaráðs umfram skilgreinda lágmarksmeðhöndlun staðlanna samkvæmt samningnum við iðnrn. verði greiddur af þeim sem óskar eftir henni hverju sinni. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði vegna þess að fyrst og fremst er um það að ræða að atvinnulífið beri sjálft þennan kostnað. Auk stöðlunar er lagt til að Staðlaráði verði heimilt að starfa að skyldum verkefnum og er því m.a. átt við upplýsingaþjónustu og vottunarþjónustu. Jafnframt er Staðlaráði heimilað að taka þátt í félögum með takmarkaðri ábyrgð sem veita slíka eða skylda þjónustu.

3. Reglur um birtingu staðla og rétt til athugasemda verða gerðar skýrari en nú er og tryggt að víðtækt samráð verði um efni staðlanna. Með þessu er lagður grunnur að því að við samningu reglugerða verði í framtíðinni í ríkara mæli vísað til staðla í fyrirmælum stjórnvalda.

4. Ákveðið er hvernig fara beri með skilgreiningu mikilvægra hugtaka á sviði stöðlunar og hvað geti talist íslenskur staðall.

5. Kveðið er á um það að iðnrh. fari með eignarhluta ríkissjóðs í félaginu. Jafnframt er ákveðið að honum sé heimilt en ekki skylt að skipa allt að sjö manna umsagnarráð helstu hagsmunaaðila stjórn félagsins til ráðuneytis og aðstoða um gerð staðla og stöðlun. Þetta er þeim mun mikilvægara ef eignaraðild að félaginu verður ekki mjög dreifð í upphafi.

6. Loks vil ég í síðasta lagi geta þess að verði þetta frv. að lögum hverfur staðladeild Iðntæknistofnunar og þar með þær sex stöður sem henni tilheyra. Hér er því í reynd um að ræða einkavæðingu á ríkisstarfsemi og fækkun ríkisstarfsmanna. Í frv. er gert ráð fyrir að fastráðnum starfsmönnum deildarinnar verði boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um fylgifrv. á þskj. 116. Þær lagabreytingar sem þar eru gerðar tillögur um miða allar að því að samtímis gildistöku laga um Staðlaráð Íslands hf. breytist orðalag um staðla og stöðlun í nokkrum lögum og lagagreinum. Þessar breytingar eru nauðsynlegar þar sem orðin staðall og stöðlun eru notuð í merkingu sem ekki eru í samræmi við alþjóðaskilgreiningar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvörpunum verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef tækifæri síðar til að fjalla efnislega um þetta mál í iðnn. en ég tel mjög mikilvægt að það skref, ef stigið verður, sem felst í frv. hafi ekki hliðstæðar afleiðingar og þegar Bifreiðaeftirlitið var einkavætt og sett upp stofnun sem veitir miklu dýrari þjónustu heldur en til stóð og heldur en þingheimur var upplýstur um að hún mundi gera þegar það mál var til meðferðar á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 95.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur sem er að finna á þskj. 95.

Vorið 1989 voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum

einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Þetta eru lög nr. 52 frá 29. maí 1989. Framkvæmd þessara laga heyrði á sínum tíma undir iðnrh. en í framhaldi af stofnun umhvrn. í febrúar 1990 var framkvæmd laganna lögð undir umhvrh. með lögum nr. 47/1990. Í 1. gr. þessara laga, nr. 52/1989, segir, með leyfi forseta:

„Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Má gjaldið nema allt að 10 kr. á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna við gildistöku laga þessara. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en ráðherra er heimilt að hækka hana í allt að 5% af skilagjaldi.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjöld, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein."

Í 2. gr. er síðan mælt fyrir um stofnun hlutafélags sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða sem lögin taka til.

Í byrjun júní 1989 var félagið stofnað, Endurvinnslan hf., en að því fyrirtæki standa 15 hluthafar. Þeir eru ríkissjóður með 12 millj. kr. framlagi, samkvæmt heimild í 2. gr. laganna, svo og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Kaupmannasamtök Íslands, Íslenska álfélagið hf., Íslenska járnblendifélagið hf., Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., Vífilfell hf., Sanitas hf., Sól hf., Hringrás hf., Sindrastál hf., Íslenska stálfélagið, Bandalag ísl. skáta, Gúmmívinnslan hf. og Samband ísl. sveitarfélaga.

Í lögunum er svo fyrir mælt að félagið hafi einkarétt hér á landi til þeirrar starfsemi sem lögin taka til.

Hinn 1. júní 1989 tók gildi reglugerð um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og samkvæmt reglugerðinni var lagt skilagjald, 5 kr. á innflutt öl og gosdrykki og aðra slíka drykki í einnota umbúðum úr málmi, gleri, plasti eða sambærilegum efnum, svo og öl og gosdrykki eða slíka drykki sem framleiddir eru eða átappaðir hér á landi og seldir í sams konar umbúðum. Með reglugerð nr. 254/1991 var skilagjaldið hækkað í 6 kr.

Svo víðtæk lögbundin söfnun einnota umbúða hafði hvergi verið framkvæmd í heiminum áður að mér er tjáð, en skilagjald á eina tegund einnota umbúða þekktist í nokkrum löndum. Þá er annaðhvort lagt skilagjald á áldósir eða plastflöskur en söfnun á einnota gleri fer fram án skilagjalds. Hægt var að nota erlend kerfi til hliðsjónar en það er gerólíkt að hafa skilagjald á einni tegund umbúða, jafnvel í einni stærð og að hafa þrjár tegundir umbúða, hverja í mörgum stærðarflokkum. Það þarf móttökuvélar til að taka við þessum umbúðum. Þær eru ekki til fyrir allar þesar tegundir og auk þess dýrar. Endurvinnslan þurfti því að búa til sérstakt söfnunarkerfi sem hæfði íslenskum aðstæðum.

Skilagjaldið var lagt á frá og með 1. júní 1989 og endurgreiðsla á vegum Endurvinnslunnar hf. hófst 8. ágúst sama ár eða tveimur mánuðum eftir stofnun fyrirtækisins. Þá var búið að koma á fót til bráðabirgða móttökustöðvum í Reykjavík og nær öllum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni.

Á þeim tíma sem liðinn er hefur verið unnið að uppbyggingu móttöku- og endurgreiðslukerfis til frambúðar og hefur mikið áunnist í þeim efnum. Nú þegar eru á höfuðborgarsvæðinu átta stórmarkaðir sem hafa vélvæðst til að taka við þessum umbúðum auk nokkurra verslana og söluturna. Endurvinnslan hf. er með móttöku í bækistöðvum fyrirtækisins við Knarrarvog í Reykjavík. Þar er vélamóttaka og þar er hægt að skila beygluðum umbúðum og einnig koma með mikið magn flokkaðra og talinna umbúða í einu. Á landsbyggðinni er þessi vélvæðing ekki langt komin en unnið hefur verið að samningum við einn aðila á hverjum þéttbýlisstað um móttöku og endurgreiðslu skilagjalds. Nú hafa um 65% íbúa á landsbyggðinni aðgang að slíkri móttöku í sinni heimabyggð eða nágrenni og fer það hlutfall hækkandi.

Hér á landi hafa menn tekið mjög vel við sér varðandi söfnun og skil þessara umbúða. Á fyrstu mánuðum síðasta árs skiluðu sér um 68% þeirra umbúða sem seldar voru á því tímabili sem hér er um að ræða eða viðmiðunartímabilinu. Á þessu ári er skilaprósentan komin í 73%. Til hliðsjónar má benda á að Svíar eru með skilagjald á dósum og á fyrstu tveimur árunum náðu þeir 60% skilum.

Mikið hefur einnig áunnist til umhverfisbóta með álagningu skilagjaldsins. Umbúðir af þessu tagi sjást nú varla lengur úti í náttúrunni og almenn vitund Íslendinga um umhverfisvernd hefur aukist þannig að aðrar umbúðir og rusl lendir nú miklu frekar í ruslakörfunni en að því sé eins og oft var því miður áður, hent hugsunarlaust þar sem menn voru staddir.

Mótteknum umbúðum bæði töldum og ótöldum var stefnt til höfuðstöðva Endurvinnslunnar, en mest af því gleri sem malað er á landsbyggðinni er þó urðað á talningarstað. Í höfuðstöðvum Endurvinnslunnar er til staðar búnaður til að bagga plastflöskur og áldósir ásamt glermulningsvél. Mest endurvinnsluverðmæti er í áldósum en einnig er flutningur á hverri dós verulega hagkvæmari en flutningur á plast- og glerflöskum.

Álbaggarnir eru settir í 40 feta gám og komast um 22 tonn í gáminn. Þetta er síðan selt erlendis þar sem álið er brætt upp og notað að nýju sem hráefni í áliðnaði. Á þessu ári munu fara um 400 tonn af áldósum til útlanda á vegum Endurvinnslunnar og skila um 30 millj. ísl. kr. í verðmæti. Plastbaggarnir fara einnig í gáma, um 18 tonn í hvern 40 feta gám. Þetta plast er selt til endurvinnslustöðvar í Hollandi sem hreinsar plastið og tætir það. Frá Hollandi fer plastið til Írlands þar sem það er þurrkað, hitað og pressað í fíngerða þræði og eftir meðhöndlun eru þessir plastþræðir notaðir sem hráefni í margs konar vinnslu, t.d. í teppi,

einangrun í kuldaklæðnað og svefnpoka. Það er reiknað með að bagga um 600 tonn af plastflöskum á þessu ári að verðmæti um 14 millj. ísl. kr.

Glermulningurinn er minnsta verðmætið af þeim efnum sem Endurvinnslan hf. meðhöndlar. Leitað hefur verið eftir leiðum til að nýta þennan glersalla með hagkvæmum hætti en það hefur ekki tekist. Magnið er ekki nægilega mikið til þess að glerbræðsla hérlendis sé hagkvæm þannig að nú eru helstu notin af þessu efni til uppfyllingar við vegagerð eða sem síunarlag í jarðvegsfyllingar, einkum er þetta hagkvæmt t.d. þar sem sorp er urðað vegna þess að nagdýr fara ekki í gegnum glersallalag af þessu tagi. Ýmsir aðilar eru þó að kanna aðra notkunarmöguleika.

Áður en Endurvinnslan hóf söfnun þessara umbúða, voru þær urðaðar með öðru sorpi. Urðun er dýr og rúmfrek og land stundum vandfundið. Á þessu ári mun Endurvinnslan hf. pressa og senda utan um 36 þús. m^3 af ópressuðum áldósum og plastflöskum og sparast sveitarfélögunum í landinu þar með mikill urðunarkostnaður.

Viðhorf Íslendinga til þessara mála hafa breyst mikið á síðustu tveimur árum og Endurvinnslan hf. og fyrirtæki í þeirri grein eiga tvímælalaust framtíð fyrir sér. Skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir hefur stuðlað að umhverfisvernd, en mikið er enn af margs konar umbúðum og efnum í notkun í þjóðfélaginu sem möguleiki er á að safna saman og endurvinna og þar sem auðlindir jarðar eru ekki ótæmandi er mikils virði að nýta þær sem best. Raunar ætti að hugsa til þess í því sambandi að taka hér upp í auknum mæli fjölnota umbúðir, gler eins og sums staðar er verið að gera erlendis og eru áform uppi um t.d. í ákveðnum borgum í Þýskalandi og horfa til þess að draga heldur úr notkun umbúða af því tagi sem hér um ræðir, þessara einnota umbúða.

Á vegum Endurvinnslunnar er verið að kanna möguleika á því að endurvinna sérstaklega rúllubaggaplast sem svo er kallað og allir þekkja sem farið hafa um landið undanfarin ár þar sem vélvæðingin og tæknivæðingin í landbúnaði hefur verið undra ör þótt feikna dýr sé. Árið 1990 voru flutt inn 460 tonn af slíku plasti. Á þessu ári er talið að innflutningurinn sé a.m.k. 600 tonn og það er ekki líklegt að úr honum dragi. Þetta plast er e.t.v. þegar farið að valda umhverfisspjöllum og því er mjög nauðsynlegt að því verði safnað saman og komið til endurvinnslu. Það eru vissir tæknilegir örðugleikar á því m.a. vegna líms sem notað er á þetta plast og spillir fyrir í endurvinnslu en vonir standa þó til að úr þessu rætist áður en langt um líður.

Þá er stefnt að endurvinnlu áburðarpoka og annars plasts sem notað er í landbúnaði. Sitthvað fleira mætti nefna sem er skemmra á veg komið.

Þetta frv. felur í sér eftirfarandi breytingar frá þeim lögum sem nú gilda:

Í fyrsta lagi er heimild til innheimtu skilagjalds hækkuð úr 10 í 12 kr. á hverja einingu.

Í öðru lagi heimild til innheimtu umsýslugjalds sem rennur til Endurvinnslunnar hf. er hækkuð í allt að 20% af skilagjaldi í stað 5% af hámarki í gildandi lögum.

Í þriðja lagi verður innheimta skilagjalds að stærri hluta gerð í tolli en áður. Miðað er við að skilagjald verði innheimt við innflutning umbúða, ekki átöppun drykkjarvöru eins og nú er.

Í fjórða lagi er veittur gjaldfrestur á umbúðagjaldinu með svipuðum hætti og nú er gert við innheimtu gjalda í tolli vegna hráefna í samkeppnisiðnaði.

Í fimmta lagi er sett inn nýtt ákvæði sem felur í sér heimild til að endurgreiða skilagjald af innfluttum umbúðum fyrir drykkjarvörur sem eru framleiddar hér á landi og eru til útflutnings.

Í sjötta lagi er tollstjórum gert að senda mánaðarlega yfirlit til Endurvinnslunnar hf. yfir heiti og fjölda umbúða sem innheimt hefur verið skilagjald af.

Til að standa undir kostnaði af rekstri Endurvinnslunnar hf. er í núgildandi lögum kveðið á um innheimtu sérstakrar umsýsluþóknunar samhliða skilagjaldi. Endurvinnslan hf. fær þessa þóknun í sinn hlut og einnig skilagjald af dósum sem ekki er skilað. Tilgangur umsýsluþóknunar var sá að tryggja að unnt væri að reka þetta kerfi þó svo endurheimtur umbúða yrðu það góðar að afgangur eftir endurgreiðslur til neytenda dygði ekki fyrir þessum rekstarkostnaði. Við mat á þessum atriðum var áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður hlutafélagsins, áætluð var sala á einnota umbúðum og það hlutfall sem skilað yrði inn og að síðustu voru svo auðvitað áætlaðar tekjur vegna sölu þessara endurvinnanlegu umbúða.

Í ljós hefur komið að þessar forsendur stóðust ekki af ýmsum ástæðum, sem ég mun síðar rekja nánar, og á árinu 1990 var tap Endurvinnslunnar hf. töluvert. Því var ekki unnt að greiða t.d. til Náttúruverndarráðs á þessu ári en samkvæmt lögum á félagið að greiða 5% af tekjuafgangi sínum á ári til Náttúruverndarráðs. Með þessu frv. er hins vegar leitast við að leiðrétta ýmis atriði til að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins og skapa þessari atvinnugrein betri skilyrði og ná settum markmiðum um raunhæfar ráðstafanir gegn umhverfismengun.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi innheimtunnar. Í gildandi lögum er gjald af innfluttum drykkjarvörum í ákveðnum umbúðum innheimt við tollafgreiðslu en gjald af drykkjarvörum framleiddum eða átöppuðum innan lands í sams konar umbúðum er greitt samhliða vörugjaldi. Gert er ráð fyrir að breyta þessu á þann veg að skilagjaldið verði eins og kostur er lagt á umbúðirnar sem slíkar og innheimt í tolli, þó þannig að aðilar sem flytja inn tómar eða hálfunnar skilagjaldsskyldar umbúðir til framleiðslu eða átöppunar hér megi fá sama gjaldfrest á þessum greiðslum að viðbættum virðisaukaskatti og gildir um greiðslu virðisaukaskatts af hráefnum til samkeppnisiðnaðar yfirleitt.

Í frv. er í öðru lagi gert ráð fyrir möguleika á hækkun umsýsluþóknunar og í undirbúningi að setningu gildandi laga var gert ráð fyrir að heildarsala einnota umbúða næði 65 milljón einingum og að eingöngu væri um að ræða áldósir. Salan árið 1990 var 57,3

millj. eininga af áldósum, stáldósum, plastflöskum og glerflöskum, alls sjö tegundum. Hér er því um að ræða 12% minni sölu.

Vinna við flokkun og talningu hefur reynst mikil, auk þess sem þessi samsetning umbúðategundanna hefur haft í för með sér meiri kostnað á einingu en ætlað var. Áldósir eru þannig um helmingur af heildarmagninu, plastflöskur og plastdósir um 30%, glerflöskur um 20%. Þetta eykur flutningskostnað þar sem poki af skrapáli rúmar 200 dósir en aðeins 50–60 plastflöskur. Einnig er flutningur á gleri nokkuð erfiður. Flutningskostnaður á hverja umbúðaeiningu getur orðið allt að 3 kr. eða 50% af skilagjaldi.

Þá er þess að geta að tekjur af sölu skrapáls hafa ekki verið nema brot af þeim tekjum sem áætlað var þar sem skrapvirði áldósa hefur lækkað um 50% frá fyrri hluta árs 1989. Síðast en ekki síst var gengið út frá því að umbúaðskil yrðu um 60% á fyrsta ári og að hlutafélagið færi að tapa ef skilin færu yfir 75%. Á fyrsta heila starfsárinu urðu skilin 74,2% og tap á rekstri félagsins um 11 millj. kr. Þetta fyrirkomulag má segja að sé að því leytinu sérkennilegt að afkoma félagsins reynist því betri sem skilin eru lakari. Kannski er þetta að vissu leyti óeðlilegt en sannleikurinn er sá að ekki hefur enn tekist að búa til virkara kerfi til að koma í veg fyrir umhverfismengun af völdum einnota umbúða. Þetta er a.m.k. reynsla þeirra þjóða sem taldar eru hafa náð bestum árangri í þessum efnum en það eru Hollendingar og Svíar.

Með stofnun Endurvinnslunnar var stigið merkilegt skref. Það er áreiðanlegt að endurvinnsluiðnaður á eftir að gegna mjög vaxandi hlutverki hér á landi. Endurvinnsla verður mikilvægari í neyslusamfélögum heimsins eftir því sem gengur á auðlindirnar og þar er gengdarlaus sóun eins og við þekkjum af heimsfréttum og héðan úr heimahögum. Menn líta auðvitað til ýmissa átta um hvað megi endurvinna hér á landi. Það er ekki vafi á því að Endurvinnslan hf. og raunar fleiri fyrirtæki geta með vaxandi styrk átt mikinn þátt í því að styrkja þennan þátt iðnþróunar þar sem vaxtarmöguleikar eru án alls efa mjög miklir. Það er þó umhverfisþátturinn sem hlýtur að vera okkur ofarlega í huga þegar fjallað er um þessi mál sem menn auðvitað hafa leitt hugann að þegar að því stefndi að farið yrði að selja hér í vaxandi mæli öl og gosdrykki í áldósum. Raunar er auðvelt að vera vitur eftir á og hugsa til þess að kannski hefði það verið skynsamleg leið að fara sem farin hefur verið t.d. í Færeyjum að leyfa aldrei notkun umbúða af þessu tagi. En þetta gerðist ekki mjög snögglega, þetta kom svona hægt og hægt inn á markaðinn hér og auðvitað of seint að bregðast við því núna með algjöru banni. En með þessu fyrirkomulagi, sem nú hefur verið í gildi um nokkurn tíma og í ljós hafa komið ýmsir annmarkar á, hefur tekist að koma í veg fyrir umhverfismengun. Þeir sem fara ekki aðeins um götur í þéttbýli heldur einnig í guðsgrænni náttúrunni sjá það og skynja hver breyting hér hefur orðið á. Endurvinnslan hf. hefur ekki aðeins tekið við umbúðum úr áli heldur einnig plasti og gleri. Ástandið í þessum efnum hefur sem sé batnað mjög verulega og er reynslan af tilkomu þessara laga í heild góð enda þótt nauðsynlegt sé að bæta úr þeim annmörkum sem í ljós hafa komið, m.a. vegna þess að þegar verið var að gera rekstraráætlanir og búa til forsendur fyrir þessum rekstri þá renndu menn blint í sjóinn. Aðstæður í raunveruleikanum hafa að mörgu leyti reynst aðrar en menn ætluðu og því er nauðsynlegt að aðlaga þetta þeim veruleika sem við búum við.

Ég legg til að lokum, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur hér mælt fyrir felur í sér breytingar á gildandi lögum eins og fram hefur komið. En frv. þetta var á sínum tíma til umfjöllunar í iðnn. þingsins, þar sem ég átti sæti á árinu 1989, og varð þá frv. um þetta efni í fyrsta sinn lögfest. Hér er um að ræða löggjöf sem er tvímælalaust verulega til bóta, þá á ég við við gildandi lög sem sett voru á sínum tíma, og eðlilegt að reynt sé að þróa þessa löggjöf miðað við reynslu. Ég hef því ekkert við það að athuga að hér séu lagðar til breytingar á gildandi lögum um þetta efni.

Umbúðir og mengun af völdum umbúða er mikið vandamál hjá okkur eins og víða annars staðar og með gildandi löggjöf hefur verið reynt að bregðast við þessu. Viðbrögðin bera vott um að notendur eru reiðubúnir að taka þátt í að safna og skila til endurvinnslu þessum umbúðum sem um er að ræða. Skilin hafa farið fram úr vonum manna þegar lögin voru sett um þetta efni. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að vel hefði komið til greina og sjálfsagt verið farsælt fyrir okkur að bregðast við þessum vanda með öðrum og róttækari hætti en felst í skilum á þessum umbúðum, þ.e. beinlínis að koma í veg fyrir þær að hluta til að minnsta kosti eins og gert hefur verið í grannlöndum okkar. Og það er sjálfsagt að athuga að herða á ákvæðum um þessi efni og breyta til þannig að einnota umbúðir verði ekki jafnmikill þáttur í úrgangi og nú er.

En vissulega er sú starfsemi sem fram hefur farið á vegum Endurvinnslunnar hf. til mikillar þurftar. Það er illt til þess að vita að reksturinn skuli hafa þurft að vera með halla. Ég segi þurft að vera með halla, kannski er ekki alveg rétt að orða það þannig, skuli hafa reynst hallarekstur. En mér sýnist af grg. með frv. og enn frekar af athugasemdum frá fjmrn. að í raun-inni heimili gildandi löggjöf mun meiri gjaldtöku en lögð hefur verið á. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra í sambandi við þetta frv. um ástæður fyrir því að heimildir til gjaldtöku hafa ekki verið notaðar eins og lögin leyfa. Því það virðist sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir þennan taprekstur ef brugðist hefði verið við í tæka tíð til að koma í veg fyrir þennan hallabúskap.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það hvers vegna sú leið er valin, án þess að ég sé að gagnrýna það sérstaklega, að leggja fram nýtt frv. í stað breytinga á gildandi lögum. Það geta vissulega verið rök fyrir því, þetta er ekki langur lagabálkur og hugsanlega er skýringin sú að menn vilji leggja þetta hér

heildstætt fyrir á nýjan leik. En ég inni hæstv. ráðherra eftir ástæðum fyrir því.

Síðan vildi ég gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra, kannski hef ég misst af þeim þætti í hans framsögu ef hann hefur vikið að þeirri gagnrýni eða þeim ábendingum sem fram koma frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. varðandi breytingar á lögunum þar sem þeir telja sig sýna fram á að hægt væri með núverandi heimildum að tryggja arðbæran rekstur af endurvinnslu þessara umbúða væru heimildir í gildandi lögum notaðar. Þetta finnst mér ekki hafa verið rökstutt eins og þyrfti að vera af hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir málinu.

Ég geri ráð fyrir að málið komi til umhvn. sem ég á sæti í þannig að þar gefst færi á að fara yfir málið og ýmislegt sem því tengist. Ég ætla mér ekki að hafa hér, hæstv. forseti, lengra mál um þetta frv. sem ég tel góðra gjalda vert að fram kemur og sjálfsagt að líta á þá þætti sem horft geta til bóta. En ég vænti þess að hæstv. ráðherra víki hér í umræðunni að þeim atriðum sem ég hef spurst fyrir um þannig að það liggi skýrar fyrir áður en málið fer til nefndar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. góðar undirtektir við þetta mál. Hann víkur að því í sínum spurningum hvers vegna flutt var nýtt frv. Það er auðvitað alveg rétt að það var álitamál og í rauninni kannski tvær leiðir nokkurn veginn jafnfærar og jafngóðar, þessi og að flytja breytingar við gildandi lög en það varð ofan á að gera þetta svona. Það var talið skýrara að láta málið koma allt fyrir að nýju vegna þess að hér er líka verið að breyta ýmsu öðru en þessum heimildum til hækkunar eins og ég raunar rakti áðan. En þetta mál hafði þegar tekið þessa stefnu þegar ég tók við starfi umhvrh.

Ég skal ekki neita því að kannski hefði verið fært að bæta eitthvað stöðu fyrirtækisins innan gildandi laga og reglna. En eftir ítarlega umfjöllun í stjórn Endurvinnslunnar, þar sem ríkið á sína fulltrúa, varð niðurstaða þeirra að óska eftir að þetta væri gert með þeim hætti sem nú er gert. Ég taldi ekki ástæðu til annars á því stigi en að verða við því og að málið héldist áfram í þeim farvegi sem það var raunar þegar komið í þegar mig bar að því, ef þannig má til orða taka. En ég efast ekki um að hv. umhvn. muni fá allar og ítarlegri upplýsingar um þetta þegar málið kemur þar til umræðu og umfjöllunar og hún mun að sjálfsögðu þá breyta því í þá veru sem nefndarmenn telja eðlilegt og æskilegt.

En ég vek athygli á því að varðandi þær hækkanir sem hér er um að ræða þá er aðeins um heimildir að ræða og einnig er skylt að geta þess að það eru vandamál í sambandi við innheimtu og framkvæmd þessa máls sem ekki er tekið á með þessum breytingum. Þau eru að inn í landið kemur allverulegt magn, ég skal ekki segja um hversu mikið, af umbúðum af þessu tagi, öl og gosdósum sem aldrei hefur verið greitt skilagjald af við kaup en skilað er til Endurvinnslunnar og greitt skilagjald af. Það er unnið að því að finna heppilega lausn á þessu máli. Þar er við marga aðila að semja því þetta kemur eftir ýmsum leiðum og vonandi finnst lausn á því en það hefur leitt til nokkurra fjárútláta hjá fyrirtækinu sem eru auðvitað hrein útgjöld og þeir sem skila þessu hafa sem sagt ekki greitt skilagjaldið. Þarna er því með nokkrum hætti farið á svig við kerfið og undir þennan leka hefur ekki tekist enn að setja. En unnið er að tillögugerð um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 26. mál. — Þskj. 26.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um jarðhitaréttindi en það er 26. mál þessa þings og flm. að því ásamt mér eru þingmenn Alþb. allir með tölu, reyndar einn varaþingmaður sem sat á þingi þegar frv. var lagt fram í októberbyrjun. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. komi í þingsal þegar ég mæli fyrir þessu máli vegna þess að þetta er á hans starfssviði. Iðnrn. og hæstv. ráðherra hefur látið sig þessi mál varða. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að láta hæstv. iðnrh. vita að hans sé óskað hér.) Já, ég treysti því að hæstv. ráðherra komi senn í þingsal.

Ég vil víkja hér í stuttu máli að efni þessa frv. sem hefur verið flutt margoft í þinginu á undanförnum áratug. Það var fyrst á þinginu 1982–1983 sem ég mælti fyrir þessu máli. Þá var það flutt sem stjfrv. í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens og lá fyrir sem slíkt, en síðan hefur það verið flutt af þingmönnum Alþb. á nokkrum þingum sem þmfrv.

Frv. er að efni til almennt frv. um jarðhitaréttindi og er lagt fram til að fá skorið úr um eignarrétt á þessari auðlind, eignarrétt sem veruleg óvissa ríkir um til mikils baga fyrir rannsóknir á jarðhita og til baga í sambandi við nýtingu jarðhitans sem auðlindar. Meginstefna frv. kemur fram í 1. og 6. gr. þess en í 1. gr. segir:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Í 6. gr. frv. segir:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr."

Í öðrum greinum frv. er nánar fjallað um eignar- og umráðarétt og hagnýtingarrétt og m.a. kemur fram í 11. gr. frv. að sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr.

á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr. Þannig er tekið ríkulegt tillit til hagsmuna sveitarfélaga í sambandi við flutning málsins og einnig til nýtingar einkaaðila á jarðhita niður að 100 metra dýpi eins og fram hefur komið.

Vissulega er það svo, virðulegur forseti, að það er matsatriði hvar þessi mörk skuli draga út frá forsendum sem gefnar eru í frv. Það hefur komið fram við umræðu um þetta mál í þingnefnd á fyrri þingum að sumum finnst sem 100 metra dýptarlína nái helst til skammt miðað við núverandi tækni þar sem tiltölulega auðvelt og ekki mjög kostnaðarsamt sé fyrir einkaaðila að hagnýta sér jarðhita undir þessu dýpi. Þetta er vissulega matsatriði og ég vil að það komi fram af minni hálfu og okkar flm. að slík mörk geta vissulega verið til endurskoðunar og athugunar við frekari meðferð málsins því að þau eru ein sér ekki heilög fyrir okkur. Meginatriðið er að kveðið verði með skýrum hætti á um mörk einkaeignarréttar og almannaréttar, þ.e. ríkisins hins vegar á þessari miklu auðlind okkar, jarðhitanum. — Ég vil biðja virðulegan forseta að ítreka beiðni mína til hæstv. iðnrh. um að hann verði viðstaddur umræðuna því að ég ætlaði ekki að tala lengi fyrir þessu máli.

Í síðari hluta frv., III. kafla, er m.a. fjallað um nauðsynlega verndun jarðhitasvæða, ákvæði um að þeim megi ekki spilla og hvernig með skuli farið og eru það að sjálfsögðu atriði sem þarf að kveða skýrt á um í lögum og eðlilegt að taka inn í þetta almenna frv. um jarðhitaréttindi þó svo að nánari reglur tengist náttúruverndarlöggjöf og þeim aðilum, sem gert er lögum samkvæmt að fylgjast með umhverfisvernd.

Þess má geta að nú er unnið að því á vegum Náttúruverndarráðs og Orkustofnunar í framhaldi af ályktun Alþingis að flokka jarðhitasvæði og væntanlega fáum við hér inn í þingið áður en langt um líður tillögur frá þessum aðilum í framhaldi af þessari þál. um verndargildi jarðhitasvæða og ábendingar um hvaða jarðhitasvæði þurfi að vernda og hlífa sérstaklega vegna umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. — Getur hæstv. forseti nokkuð upplýst það hvort von er á hæstv. iðnrh. í þingsal? (**Forseti:** Forseti heldur að það hljóti að vera von á hæstv. iðnrh. Hann mun vera á fundi úti í Þórshamri. Það er búið að koma til hans skilaboðum og væntanlega einnig búið að ítreka þau. Meira veit forseti ekki í augnablikinu, en mun láta kanna hvort ekki sé örugglega von á honum.)

Í grg. með frv. er rakin saga tilrauna til lagasetningar varðandi jarðhita í landinu en hún nær langt til baka og er álitamál hvar á að byrja, öðru hvoru megin við miðja öldina því að frumvörp voru flutt sem þessu tengdust af þekktum þingskörungum og forustumönnum flokka á Alþingi. Þar hef ég í huga sérstaklega dr. Bjarna Benediktsson, ráðherra og formann Sjálfstfl., og dr. Ólaf Jóhannesson, formann Framsfl., sem tók þetta mál upp sem þingmaður, og flutti frv. um það á 6. áratugnum, áður en hann tók við forustu í Framsfl. Þessir þingmenn voru þeirrar skoðunar, eins og fram kemur í þeim málum sem þeir fluttu hér, að það bæri að setja víðtæka löggjöf um almannarétt og þjóðareign á jarðhitaauðlindinni og það er undrunarefni að ekki skuli hafa tekist allt til þessa dags að ganga frá almennri löggjöf um þessi efni. Síðar komu til atrennur gerðar af Magnúsi Kjartanssyni, þingmanni og ráðherra, til að fá setta löggjöf varðandi jarðhita. Hann beindi sjónum sínum sérstaklega að háhitasvæðum landsins, flutti frv. um það efni, bæði sem ráðherra í ríkisstjórn 1971–1974 og síðar sem þingmaður. Síðan tóku þingmenn frá Alþfl. sama mál upp varðandi lögfestingu á umráðarétti yfir háhitasvæðum sérstaklega og byggðu þá á frv. Magnúsar Kjartanssonar. En með tilkomu ríkisstjórnar 1978 var það tekið inn í stjórnarsáttmála að löggjöf um djúphita í jörð, eins og það var orðað, skyldi sett og á grundvelli þess ákvæðis var hafinn undirbúningur að því frv. sem nú er enn flutt í þinginu.

Menn geta spurt: Hvers vegna er þetta frv. lagt hér fyrir enn og aftur þrátt fyrir að það hafi ekki hlotið byr á fyrri þingum? Því er til að svara að um er að ræða mál sem Alþingi að mínu mati getur ekki verið þekkt fyrir annað en að takast á við með einhverjum hætti og gera upp afstöðuna til því að um er að ræða eina af okkar mikilvægustu auðlindum. Það gengur ekki lengur að aka sér undan því að taka afstöðu til þeirra álitamála sem varða eignar- og umráðarétt með þessari auðlind.

Ég hef líka ástæðu til að ætla að eitthvað geti birt til í þessum efnum og þingið kannski verið reiðubúið nú að fjalla um málið og taka afstöðu til þess. Ástæðurnar sem liggja til þeirrar bjartsýni af minni hálfu eru þær að á síðasta þingi komu fram jákvæð viðbrögð frá þáv. hæstv. iðnrh. varðandi þetta mál. Út af fyrir sig hef ég orðið þess var einnig frá fyrri tíð af hálfu þingmanna Alþfl. að þeir hafa tekið jákvætt undir meginsjónarmið þessa frv. en hæstv. iðnrh. lýsti áhuga sínum á síðasta þingi og sá áhugi birtist m.a. í með því að hann lagði fram hugmyndir til iðnn. þingsins á 113. þingi og ég hef leyft mér að taka erindi hans frá 26. nóv. upp sem fskj. með þessu frv. til þess að það liggi sem skýrast fyrir hvaða hugmyndir þar komu fram þannig að hv. iðnn. geti gert sér sem gleggsta grein fyrir því á hvaða stigi málið var þegar það lá fyrir iðnn. á 113. löggjafarþingi. Tillögur hæstv. iðnrh. voru í formi athugasemda við þetta frv., sem hér er efnislega flutt óbreytt, og dregnar saman í tillögu að frv. og breytingar, sem hann taldi rétt að gerðar yrðu, teknar upp.

Í iðnn. á síðasta þingi var áhugi á því að afgreiða þetta mál, fjalla um það og afgreiða það, og nefndin hafði málið til meðferðar á mörgum fundum. Það var hins vegar ljóst að málið er umfangsmikið og í ljósi þess fékk iðnn. heimild til að leita til sérfræðinga eftir ráðgjöf um þessi efni og kvaddir voru til eftir óskum nefndarinnar þeir lögfræðingar sem hafa gefið sig að skyldum málefnum, þ.e. Magnús K. Hannesson lektor og Tryggvi Gunnarsson lögmaður. Þessir tveir ágætu lögmenn komu oftar en einu sinni á fund nefndarinnar og ræddu við hana um mál og tóku saman yfirlit fyrir nefndina sem þeir skiluðu inn 19. febr. 1991 undir fyrirsögninni „Jarðhitaréttindi“ og gáfu þar

frumálit varðandi ýmis lögfræðileg efni sem snerta eignarráð á landi og landsréttindum því að þau atriði voru einnig komin inn í skoðun málsins á vegum nefndarinnar, m.a. vegna tillagna frá hæstv. þáv. — sem raunar er núv. — iðnrh. Einnig var dregin fram í þessu málsgagni sem lá fyrir iðnn. réttarstaðan í Noregi og Danmörku alveg sérstaklega sem þeir höfðu kannað. Hins vegar töldu lögmennirnir sig þurfa að afla frekari gagna og voru reiðubúnir til að vinna frekar að málinu. En svo fór að þrátt fyrir góðan vilja í iðnn. til þess að vinna að málinu tókst það ekki fyrir þinglok sem voru fyrr en venjubundið er vegna alþingiskosninga sem fóru í hönd.

Vissulega var það svo, og ekki vil ég draga neina fjöður yfir það, að verulega skiptar skoðanir voru í nefndinni um grundvallaratriði sem snerta málið. Sá ágreiningur hafði ekki verið leiddur til lykta í þingnefndinni en það hafði heldur ekki reynt á hvort og með hvaða hætti unnt væri að brúa bil milli sjónarmiða. Til að auðvelda það voru einmitt þessir sérfræðingar kvaddir til að vinna að málinu og þar sem þeim vannst ekki tími til þess að skila því áliti til nefndarinnar sem þeir annars voru reiðubúnir til að gera, þá lauk nefndin ekki umfjöllun um málið. Ég hef hins vegar síðan í samvinnu við þingmáladeild Alþingis ýtt á eftir því að þeir ynnu verk sitt eins og vilji þeirra stóð til og skiluðu áliti og nú er málum þannig komið að þess er að vænta að frá þeim komi álitsgerð, mér er tjáð fyrir lok þessarar viku, sem ég vænti að gangi þá ásamt frv. til iðnn. til frekari athugunar á málinu.

Ég vil, virðulegur forseti, minna á að þörfin á því að setja löggjöf varðandi jarðhitann er sífellt að verða brýnni og það ekki síst í ljósi þeirra hugmynda og framkominna tillagna um Evrópskt efnahagssvæði sem boðað hefur verið að muni koma fyrir yfirstandandi þing vegna þess samnings sem unnið er að og búið var að ganga frá, að menn töldu, pólitískt í aðalatriðum 22. okt. sl. Það er ekki síst sá þáttur sem hefur ýtt við stjórnvöldum og hæstv. núv. iðnrh. að taka á þessu máli, þó að ekki hafi þurft að hvetja hann sérstaklega til þess, vegna þess að ég held að ekki sé í raun ágreiningur á milli okkar um meginviðhorf til þessa máls, að reyna að fá almannaréttinn sem ótvíræðastan í þessum efnum og skorið úr um mörk milli einkaeignarréttar og almannaréttar á jarðhita. Þessi mál munu hafa verið til einhverrar meðferðar á nýafstöðnu orkuþingi og það efni sem þar kann að hafa komið fram — en mér tókst því miður ekki að sitja það þing sökum annarra starfa — ætti að geta gengið til þingnefndar til frekari athugunar í sambandi við málið.

Vegna þess að hæstv. iðnrh. er viðstaddur umræðuna þætti mér vænt um ef hann gæti greint okkur frá því hvar mál séu á vegi stödd á vegum ríkisstjórnar að þessu leyti, hvort hann geti hugsað sér að málið verði tekið upp af iðnn. í framhaldi af þeirri atrennu sem gerð var á síðasta þingi, og hvort vænta megi nýrra tillagna af hans hálfu annarra en þeirra sem bárust þingnefndinni á seinasta þingi.

Ég tel sjálfsagt að þetta mál sé athugað opnum huga og leitað leiða til þess að jafna þann ágreining sem lengi hefur verið og hefur tafið lagasetningu í þessu mikilsverða máli allt of lengi. Jafnframt verði reynt að tryggja með lögum að auðlindin jarðhiti verði örugglega um alla framtíð í öruggum höndum Íslendinga þannig að við missum ekki tökin á auðlindinni, nýtingu hennar og nýtingarrétti, jafnhliða því sem við þurfum að sjálfsögðu að umgangast þessa auðlind af varúð eins og aðrar auðlindir. Því eins og menn þekkja núorðið er hér ekki um ótæmandi forða að ræða heldur takmarkaða auðlind. Hvert jarðhitasvæði hefur í raun sín takmörk sem menn þurfa að virða fyrir utan það að geyma þær gersemar sem hverir okkar og margt sem skreytir jarðhitasvæðin eru í íslenskri náttúru.

Ég legg til, virðulegur forseti, að málinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. iðnn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi í upphafi skýra það að ég gat ekki verið viðstaddur upphaf þessarar umræðu, en það var vegna þess að ég var á fundi með þingmönnum Norðurl. e. um Mývatnssvæðið og fleira sem því tengist en kom svo skjótt sem mér var kostur til þess að taka þátt í umræðunni.

Vegna þeirrar spurningar, sem hv. 4. þm. Austurl. og 1. flm. frv. beindi til mín þá vildi ég taka það fram eins og fram hefur komið, bæði í frumvarpaskrá þeirri sem fylgdi stefnuræðu forsrh. og í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð á varanlegum grunni, að ríkisstjórnin hefur í hyggju að flytja frv. um eignarhald á orkulindum og almenningum og verðmætum jarðefnum í iðrum jarðar. Og einnig annað frv. um mörk milli einkaeignarlanda og almenninga. Hvortveggja löggjöfin tel ég að sé mjög mikilvæg. Ég hygg að það sé rétt sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. að margt í því frv. sem hann mælir hér fyrir og þeim hugmyndum sem nú er unnið að á vegum ríkisstjórnarinnar geti fallið saman. Ég vil þess vegna láta í ljós þá von að takast megi gott samstarf við iðnn. þingsins í þessu máli.

Um frv. sem hér er til umræðu um jarðhitaréttindi vildi ég fyrst og fremst segja það að ég tel heppilegra að stefnt verði að almennari löggjöf um málið fremur en um jarðhitaréttindin ein af ástæðum sem tilgreindar voru í bréfi sem iðnn. Alþingis var skrifað í fyrra og hv. þm. hefur ásamt meðflm. sínum gert okkur í iðnrn. þann greiða að prenta sem fylgiskjal með þessu frv. Þar kemur fram sú skoðun að það sé heppilegt að lögin taki til fleiri verðmæta en jarðhitans eins. Eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. er þetta mál sem lengi hefur dregist að leyst verði.

Það er enn rétt sem vitnað er til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í grg. með frv. sem hann flutti 1945 að löggjöf af þessu tagi sé þegar um djúpjarðhita er að ræða eðlileg almenn takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Það er einmitt þessi kjarnasetning sem þarf að gera skýra og skilmerkilega í íslenskri löggjöf, ekki eingöngu vegna eignarréttarsjónarmiða sem menn kynnu að hafa heldur líka til þess að leggja traustan grunn að rannsóknum og hagnýtingu auðlinda lands og landgrunns. Einmitt vegna þess að meðan menn eru

ekki vissir um hverjir eiga auðlindina er líka óvissa um það hvort arður fæst af því fé sem fest er í könnun áður en að nýtingu kemur.

Enn er svo að nefna til sögunnar það sem hv. 4. þm. Austurl. líka nefndi að þetta kynni að snerta skipti okkar við aðrar þjóðir og alþjóðasamninga, m.a. hið Evrópska efnahagssvæði, þar sem heppilegast er að sem allra skýrust ákvæði séu í íslenskum lögum um það hverjir fari með forræði fyrir landi og auðlindum.

Hjörleifur Guttormsson:

Ég þakka hæstv. iðnrh. undirtektir hans og upplýsingar sem fram komu í máli hans. Ég tók eftir því að ráðherrann tók svo til orða að ríkisstjórnin hefði í hyggju að flytja tvö frv. sem tengjast almannarétti og eignarrétti á orkulindum og landi. Ég hafði vænst þess að heyra ráðherrann taka fastar til orða um þetta efni, að þetta mál væri lengra komið af hans hálfu nema samstaða sé um að byggja í meginatriðum á þeim tillögum sem hæstv. ráðherra lagði til iðnn. á síðasta þingi. Ég kem að þessu nú vegna þess að ég held að við þurfum að reyna að hraða þessari vinnu eftir því sem frekast er kostur. Við sáum hvað gerðist á síðasta þingi, sem var að vísu óvenjustutt, að þrátt fyrir góðan vilja í þingnefnd til að vinna að málinu tókst ekki að leiða það til lykta. Ég tel afar þýðingarmikið að þau sjónarmið sem ríkisstjórnin kann að hafa um þetta efni í formi frv. eða samvinnu við iðnn. um að breyta þessu frv. til þess horfs sem samkomulag gæti tekist um dragist ekki úr hömlu. Ég tel t.d. að vegna væntanlegara umræðna um hinn viðamikla samning um Evrópskt efnahagssvæði, sem ráð er fyrir gert að komi fyrir þingið eftir áramót, hversu lengi sem það kann að tefjast samkvæmt nýjustu fréttum, um það skal ég ekki fullyrða, vilji þeir sem láta sig þau mál skipta, og það eru væntanlega allir hv. alþm., sjá hvernig ráðgert er að ganga frá málum sem tengjast yfirráðarétti yfir auðlindum landsins. Og þar er þetta mál einn af stóru þáttunum.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann geri ráð fyrir því að flutt verði sjálfstætt og sérstakt stjfrv. um málið eða hvort hann muni vilja taka á málinu með iðnn. þingsins í framhaldi af því að þetta frv. kemur til nefndarinnar, og ef um sjálfstæð frv. er að ræða, eins og ráðherrann nefndi og mátti á honum skilja að væri verið að vinna að, hvenær hann geri ráð fyrir að þau berist þinginu.

Ég vil líka leyfa mér, virðulegur forseti, að nefna mál sem hæstv. iðnrh. hefur komið að í frásögnum. Ég hef lesið blaðaviðtöl við hann um orkusáttmála Evrópu. Hæstv. iðnrh. hefur lýst áhuga sínum á að Íslendingar gerist aðilar að orkusáttmála Evrópu. Ég þekki svolítið til þess máls og kannski meira eftir að hafa setið ráðstefnu í Ósló nýlega sem efnt var til á vegum Norðurlandaráðs um orkumál. Þar var þessi orkusáttmáli Evrópu, sem Evrópubandalagið hefur beitt sér fyrir, á dagskrá. Í þeim drögum sem ég þekki frá júlímánuði í sumar er að finna ákvæði sem tengjast m.a. aðgangi að orkulindum. Mér sýnist að þau efni þurfi mjög vandlega lögfræðilega athugun einmitt út frá umráða- og yfirráðarétti auðlindarinnar áður en menn skrifa undir þau. Samkvæmt ákvæðum þessa sáttmála, sem vissulega er ekki mjög bindandi lögformlega séð eins og almenni sáttmálinn lítur út, en boðaðir eru fylgisáttmálar í kjölfar þessa almenna sáttmála sem gætu orðið miklu meira ákvarðandi og bindandi fyrir þátttökuaðila. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra í tengslum við þetta mál, sem við ræðum nú, hvar umfjöllun á hans vegum, ráðuneytis hans og ríkisstjórnar, er komin varðandi vinnu og hugsanlega aðild Íslands að orkusáttmála sem kenndur hefur verið við Evrópu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. beinir til mín tveimur spurningum. Hinni fyrri hvað líði undirbúningi frv., annars vegar um eignarhald á orkulindum og almenningum og hins vegar um mörkin á milli eignarlanda og almenninga. Þá er frá því að segja að eins og fram kemur í frumvarpaskrá sem fylgdi stefnuræðu forsrh. og reyndar í hvítbók ríkisstjórnarinnar, þá er að því stefnt að þessi frv. komi fram á þinginu í vetur. Frv. munu ekki endilega bæði koma frá iðnrn. Hið fyrra, um eignarhald á orkulindum og almenningum og verðmætum jarðefnum í iðrum jarðar, fellur eðlilega undir iðnrn. en hitt kynni fremur að eiga heima hjá dómsmrh. Um leið og við höfum lokið þessu verki sameiginlega á vettvangi ríkisstjórnarinnar teldi ég það mjög heppilega vinnuaðferð að kynna það í iðnn. þingsins og hugsanlega allshn., ef svo bæri undir, einmitt til að tryggja sem víðtækasta samstöðu um þetta mál sem er mikið framtíðarmál. Þess vegna set ég ekki fyrir mig smávegis frest í því og tel þetta ekki vera dægurmál. Ég tel þetta mál sem þurfi mjög vandaðan undirbúning. Og eins og dæmin sanna þá malar kvörn sögunnar mjög hægt í þessu máli því frv. sem flutt var 1945 af dr. Bjarna Benediktssyni náði ekki fram að ganga og þær skoðanir sem á er byggt í því hafa enn ekki fengið nægilegan hljómgrunn til að fá þingstyrk. Ég held að þetta sé að breytast m.a. vegna þeirrar nauðsynjar sem á því er að gera þetta skýrt vegna okkar samninga við aðrar þjóðir.

Í þessu tel ég verkefnið felast sem fram undan er og býst við því að frv. sem verið er að semja á vegum iðnrn. um eignarhald á orkulindum, og byggir að sjálfsögðu á því efni sem iðnn. þingsins var sent í fyrra og hv. þm. vitnaði til, verði lagt fram mjög fljótlega eftir jólahlé þingsins. Um hitt málið treysti ég mér ekki til að fullyrða. Þó veit ég að nefnd, sem setið hefur mjög lengi að störfum á vegum forsrn. og fjalla skyldi um mörkin milli eignarlanda og almenninga, hefur senn lokið starfi eða e.t.v. lokið því. Hvort tveggja eru þetta mjög mikilvæg mál og ég tek undir það með hv. 4. þm. Austurl. að það er ákaflega mikilvægt að um þau náist góð samstaða hér í þinginu.

Um seinni spurninguna, um orkusáttmála Evrópu, er það að segja að það starf hófst í fyrravor með tillögugerð af hálfu Lubbers, forsætisráðherra Hollands. Evrópubandalagið tók síðan undir tillögur Hollendinga. Bein vinna að gerð sáttmálans hófst þó ekki fyrir alvöru fyrr en í júlí á þessu ári. Íslendingar hafa fylgst

með því starfi. Ég hef gert ríkisstjórninni grein fyrir því sem fram hefur undið á þeim vettvangi bæði í ágúst sl., nú síðast í þessum mánuði. Ég hef líka sent iðnn. og utanrmn. Alþingis minnisgrein um stöðu málsins og síðustu textadrög sem til eru bæði að pólitískri yfirlýsingu þeirra ráðherra sem ætlunin er að standi að þessum sáttmála og grundvallarsamningsdrögin sem líka eru nokkuð á veg komin. Þetta hef ég kynnt nefndum þingsins skriflega. Þær hafa enn ekki óskað eftir samtölum um þetta mál. Ég hef líka gert ráð fyrir því að íslenskir embættismenn taki þátt í þeim viðræðum sem nú fara fram, m.a. er orkumálastjóri staddur á einum slíkum fundi í Brussel þessa daga með starfsmönnum utanríkisþjónustunnar.

Ég vil líka taka það fram vegna þess sérstaka efnisatriðis sem þingmaðurinn nefndi að ég hef beitt mér fyrir því á vettvangi orkuráðherra Norðurlanda og sérstaklega með samstarfi við orkuráðherra Noregs, Finn Kristensen, að Norðurlöndin stæðu saman um að gera mjög ákveðna kröfu um það að í þessari sáttmálayfirlýsingu, sem menn eru að stefna að að ljúka fyrir áramót, komi fram mjög skýr ákvæði um fullveldi aðildarþjóða yfir orkulindum sínum. Þessi fullveldisfyrirvari, sem ég kalla svo, hefur fengið góðan stuðning í röðum Norðurlandamanna. Áform er að standa sameiginlega að því á þessum vettvangi. Hina hliðina á málinu, aðgang okkar að mörkuðum Evrópu fyrir orku og orkufrekar afurðir og þátttöku í orkurannsóknum á Evrópugrundvelli, tel ég ákaflega mikilvæga fyrir framtíðarþróun orkubúskapar á Íslandi. Reyndar getur þetta líka skipt miklu máli fyrir möguleika Íslendinga til að selja ráðgjöf og þekkingu í orkumálum til ríkjanna nýfrjálsu í Austur-Evrópu. En mikilvægasta atriðið í þessum væntanlega orkusáttmála Evrópu er þó e.t.v. hvernig orkubúskapur Austur-Evrópuríkja tengist orkubúskap Vestur-Evrópuríkja. Þess vegna tel ég það mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu starfi. Það verður gert með þeim hætti sem ég hef lýst. Ég gerði, eins og ég nefndi áðan, þingnefndunum tveimur sem ég tel að komi helst við sögu, grein fyrir málinu sl. mánudag.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingar bæði varðandi frumvarpsgerð og orkusáttmála Evrópu. Ég vil geta þess að ég átti fund ásamt öðrum þingmanni úr efnahagsnefnd Norðurlandaráðs í Evrópuþinginu í Strassborg 24. okt. sl. um þennan orkusáttmála og viðhorf manna þar til þessa máls og hef í fórum mínum nokkur gögn sem tengjast þessu og gætu orðið til stuðnings fyrir þingnefnd við athugun málsins.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði og ég fagna því að hann nefnir sérstaklega fullveldisfyrirvara varðandi þetta efni. Því það er einmitt það atriði þessa máls sem ég hef helst athugasemdir við að gera og nokkrar áhyggjur af, eins og textar hafa legið til þessa, og vakti athygli á því á orkuráðstefnu á Holmenkollen í Ósló 13. og 14. okt. sl.

Hæstv. ráðherra gat þess réttilega að þessi sáttmáli er ekki síst til kominn vegna viðleitni af hálfu Vestur-Evrópuríkja til samvinnu við Austur-Evrópu um orkumálefni. Sumir túlka það svo, ég vil ekki kveða upp neinn dóm um það vegna þess að ég hef ekki athugað það mál nægjanlega, að ekki sé allt sem sýnist í þeirri viðleitni, þó hún sé af góðum huga sprottin, að einhverju leyti sé þar ýmislegt að varast, einnig fyrir hinar nýfrjálsu þjóðir eins og ráðherrann orðaði það. Við skulum vona að þær kunni fótum sínum forráð í samskiptum við stórveldin í Mið-Evrópu einmitt um þessi efni og gæti sinna hagsmuna, en auðvitað er full ástæða til þess fyrir þeirra hönd að hafa nokkrar áhyggjur eins og stjórnarfari er komið þar nú um stundir. Þó það kunni að stefna allt í stöðugri átt og vonandi án mikilla ófara þurfa þau áreiðanlega að hafa augun opin í þessum samskiptum ekkert síður en við þegar við erum að skipta við stóra aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðhagsstofnun, 1. umr.

Frv. HG og SJS, 25. mál (*upplýsingasöfnun eftir kjördæmum*). — Þskj. 25.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun. Flm. að því máli með mér er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Frv., sem er aðeins í tveimur greinum, gerir ráð fyrir því að aukið verði inn í 2. gr. laga um Þjóðhagsstofnun sérstökum lið sem þannig orðist:

„Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana."

Þetta er efni frv. Þar er verið að auka við lögbundin verkefni Þjóðhagsstofnunar þar sem er heimildasöfnun um þau atriði sem fram koma í 1. gr. varðandi kjördæmi landsins.

Frv. þetta hefur tvívegis áður verið flutt. Það var fyrst lagt fram á 110. löggjafarþingi ég mælti fyrir því 10. nóvember 1987. Þá var frv. lagt fram á 112. löggjafarþingi og er það lagt fram á nýjan leik nú með lítils háttar breytingu sem kemur til móts við fram komnar ábendingar í umsögnum við frv. eins og það kom fram upphaflega. Í 1. gr. er bætt við orðunum „í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir". Þar eru hafðar í huga stofnanir eins og Seðlabanki Íslands og Byggðastofnun, svo dæmi séu tekin. Frá Seðlabanka Íslands komu ábendingar um að hluti af þeim verkefnum sem tillögur voru um að fela Þjóðhagsstofnun að draga fram í dagsljósið og birta í skýrslum sé unninn á vegum Seðlabanka Íslands.

Ég vil taka það skýrt fram að af hálfu okkar flm. er það ekkert ágreiningsefni út af fyrir sig hver það er

sem stendur að þessari gagnaöflun sem hér er um beðið en við höfum talið rétt að það sé Þjóðhagsstofnun sem haldi utan um þetta. Hluti af þessum málum er beinlínis á hennar verksviði. Um annað þarf hún að hafa samvinnu við aðrar stofnanir og ekki óeðlilegt að fela henni að halda utan um verkefnið í heild sinni.

Ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi er sú að upplýsingar um þjóðhagsstærðir að því er snertir einstaka hluta landsins eru mjög ófullkomnar og liggja alls ekki á lausu. Ég held að það sé álit flestra þeirra sem athuga þessi mál og þekkja til þeirra að það sé mjög æskilegt svo ekki sé sagt brýnt að þarna verði úr bætt fyrr en seinna.

Það getur vart verið ágreiningsefni að æskilegt er að hafa sem fyllstar upplýsingar til þess að meta þróun og stöðu mála á hverjum tíma og draga það fram m.a. hver sé hlutur einstakra hluta landsins í verðmætasköpun í landinu, hvað viðkomandi svæði fær til baka í formi framlaga úr ríkissjóði, hversu mikið leggur fólk á þessu svæði til þjóðarbúsins, bæði í formi skatta til sameiginlegs sjóðs landsmanna, í gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu.

Sá þáttur sem kann að vera einna erfiðastur að ná utan um í þessum efnum eru innlán og útlán innlánsstofnana en um þau efni er sjálfsagt að þreifa sig áfram eftir því sem tök eru á og ástæða er talin til við frekari skoðun mála.

Með frv. eru birt fylgiskjöl til þess að varpa ljósi á hvað fyrir tillögumönnum vakir. Það eru fyrirspurnir sem á sínum tíma voru lagðar fyrir ráðherra. Við tveimur þeirra komu allítarleg svör en fyrirspurn sem beint var til fjmrh. á 109. löggjafarþingi var ekki svarað, e.t.v. vegna þess hversu skammt var til þingloka þegar hún var lögð fram. Í öllu falli komu ekki fram svör við henni.

Til glöggvunar fyrir hv. þm. og efh.- og viðskn., sem ég legg til að fái málið til meðferðar, eru birtar umsagnir sem bárust nefndinni þegar hún leitaði þeirra á sínum tíma. Ég vil nefna við umræðuna að þegar mál þetta var rætt í nóvember 1987 þá komu fram jákvæðar undirtektir frá ýmsum aðilum, m.a. frá páv. forsrh., Þorsteini Pálssyni, sem tók þátt í þeirri umræðu.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. er viðstaddur umræðuna. Þjóðhagsstofnun er á verksviði forsrn. sem og Byggðastofnun og hér er í rauninni um að ræða gagnaöflun sem snertir landið allt og mjög eðlilegt að forsrn. sem æðsta ráðuneyti og vökumaður heildarinnar líti til þessara mála. Ég vænti þess að það takist samvinna í þingnefnd og þinginu og einnig við hæstv. ráðherra um það að lögfesta ákvæði sem samstaða gæti orðið um og sem þjónar þeim markmiðum sem við tillögumenn erum að bera fram með flutningi þessa máls, sem ég legg til að verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Frv. er stutt og einfalt en engu að síður verð ég að lýsa því yfir að ég hef ekki mótað mér nægjanlega efnislega skoðun á málinu enn. Auðvitað fer fjarri að ég þekki svo vel til málsins eins og flm. sem hafa komið að því tvívegis áður. Ég hef þó kynnt mér þær umsagnir sem liggja fyrir og til hægðarauka fylgja frv. Ég sé að Þjóðhagsstofnun hefur á sínum tíma haft ákveðnar efasemdir um forgang í þessum efnum. Vera má að þau sjónarmið hafi breyst og ég tel eðlilegt að menn skoði það með jákvæðum huga en festist ekki í neinu sérstöku fari í þeim efnum.

Ég vil líka vekja athygli á með hvaða hætti ég svaraði fyrirspurn hér 14. nóv. sl. varðandi Þjóðhagsstofnun og fyrirhugaðar breytingar á þeirri stofnun sem gæti tengst þessu máli. Ég er ekki að segja að það hafi neina efnislega þýðingu, en þó kom þar fram að áhugi er fyrir því í forsrn. að greina betur sundur starfsemi Þjóðhagsstofnunar þannig að færa megi verkefni sem teljast mættu hefðbundin hagstofuverkefni og hagsýslugerð undir Hagstofu Íslands en beina fremur athygli og elju manna í Þjóðhagsstofnun að spám og efnahagsráðgjöf í ríkara mæli en verið hefur.

Eins og ég segi þyrfti slík breyting þó, ef að veruleika yrði, ekki að hafa neina efnislega þýðingu fyrir frv. sem slíkt, enda tók flm. fram að flm. gerðu ekki mikið úr því hvaða aðili það væri sem hefði forgöngu um að safna þeim upplýsingum saman sem frv. tekur til. Aðalatriðið væri að það næðist fram.

Ég vil ekki á þessu stigi hafa fleiri orð um málið en tel sjálfsagt og eðlilegt, sem hlýtur að gerast, að málið fái jákvæða skoðun í þinginu.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir viðbrögð hans við þessu máli. Ég met viðbrögð ráðherrans sem jákvæð efnislega varðandi málið og að í ljósi þessa getum við vænst þess að þingið taki afstöðu til málsins og það komist í höfn þannig að þeim markmiðum verði náð sem við erum að keppa að með flutningi málsins. Ég tek undir það og ítreka að það er ekki neitt kappsmál fyrir okkur flm. hvar þessum upplýsingum er haldið saman og hvaðan þeirra er aflað. Meginefnið er að þær liggi fyrir aðgengilegar til þess að verða að gagni við þróun ákvarðana og atvinnulífs á hinum einstöku svæðum í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

30. FUNDUR

miðvikudaginn 20. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Fjáraukalög 1990, frh. 1. umr.

Stjfrv., 79. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, ISG, JóhS, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SÞór, StB, SvÁ, SvG, TIO, ÖS.

26 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PS, SP, StG, StH, SJS, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 38 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1989, frh. 1. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til fjárln. með 37 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 92. mál. — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og til umhvn. með 38 shlj. atkv.

Staðlaráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 112. mál. — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til iðnn. með 35 shlj. atkv.

Breytingar á lagaákvæðum er varða stöðlun o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 113. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til iðnn. með 37 shlj. atkv.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 26. mál. — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til iðnn. með 39 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun, frh. 1. umr.

Frv. HG og SJS, 25. mál (upplýsingasöfnun eftir kjördæmum). — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og til efh.- og viðskn. með 39 shlj. atkv.

Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 133.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er lagt fram var samið að frumkvæði stjórnar Viðlagatryggingar Íslands af sérstakri nefnd, en í nefndinni sátu þeir Arnljótur Björnsson prófessor, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur og Freyr Jóhannesson tæknifræðingur. Fyrrverandi stjórn Viðlagatryggingar Íslands hafði frumkvæði að samningu þess og sendi það síðan til mín með beiðni um að heilbrrh. flytti það. Eftir að stjórnarskipti urðu í Viðlagatryggingu Íslands endursendi ég málið til nýrrar stjórnar Viðlagatryggingar Íslands og spurði hvort nýkjörin stjórn hefði nokkuð við frv. að athuga. Svo var ekki heldur lagði nýkjörin stjórn til að frv. yrði flutt eins og frá því var gengið af fyrri stjórn og þeim Arnljóti Björnssyni, Bjarna Þórðarsyni og Frey Jóhannessyni og er það hér gert.

Skyldutryggingu gegn eldgosum, jarðskjálftum, skriðuföllum, snjóflóðum og vatnsflóðum, þ.e. viðlagatryggingu, var komið á hér á landi með lögum nr. 52/1975. Þá tók stofnunin Viðlagatrygging Íslands við eignum og skuldum Viðlagasjóðs, en hann var stofnaður vegna eldgossins í Vestmannaeyjum þann 23. jan. árið 1973. Gildissvið laga nr. 52/1975 var takmarkaðra en nú er. Vátryggingarskylda náði þá aðeins til húseigna og lausafjár sem brunatryggt var hjá vátryggingafélagi hér á landi með almennri brunatryggingu eða samsettri vátryggingu.

Með lögum nr. 55/1982 voru gerðar verulegar breytingar á lögunum nr. 52/1975. Breytingalögin voru felld inn í eldri lögin og þau gefin út svo breytt sem lög nr. 88/1982 og eru þau enn í gildi.

Aðalnýmælið, sem fólst í lagabreytingum þessum, var það að vátryggingarskylda tók nú til miklu fleiri eigna en áður. Í fyrsta lagi var mælt fyrir um skyldutryggingu á eftirfarandi mannvirkjum, þótt ekki væru þau brunatryggð: hita-, vatns- og skolpveitum, hafnarmannvirkjum, brúm, raforkuvirkjum, síma og öðrum fjarskiptakerfum. Í öðru lagi var kveðið á um skyldutryggingu á ræktuðu landi og lóðum. Einnig má geta þess nýmælis að stjórn stofnunarinnar var heimilað, að fengnu samþykki ráðherra, að ákveða að stofnunin tæki að sér viðlagatryggingar á munum sem ekki var skylt að viðlagatryggja. Þessi heimild hefur þó aldrei verið notuð.

Helstu nýmæli sem felast í frv. eru þessi:

1. Hita-, vatns- og skolpveitur og hafnarmannvirki í einkaeign verður ekki lengur skylt að vátryggja, en eigendur þeirra eiga kost á að vátryggja veitu- og hafnarmannvirki hjá Viðlagatryggingu Íslands ef þeir svo kjósa. Það er sem sé lagt í vald þeirra sjálfra hvort þeir taka slíka tryggingu.

2. Ekki verður skylt að vátryggja brýr sem eru styttri en 50 metrar. Hins vegar eiga eigendur brúa sem eru 10–50 metra langar kost á að kaupa viðlagatryggingu á þær ef þeir sjálfir kjósa.

3. Skyldutrygging á raforkuvirkjum, síma og öðrum fjarskiptamannvirkjum verður afnumin. Hér skiptir ekki máli hvort slíkir munir eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera. Eigendur, hvort sem um er að ræða opinberar stofnanir eða einstaklinga, geta hins vegar keypt viðlagatryggingu á þessa muni ef þeir sjálfir óska þess.

4. Ræktað land og lóðir verður frjálst að vátryggja og er því vátryggingarskylda vegna þeirra afnumin.

5. Heimilt verður að vátryggja ýmsa muni sem hingað til hafa ekki verið viðlagatryggðir.

6. Settar eru nýjar reglur sem leiða til breytingar iðgjalda af skyldutryggingum.

7. Heildargreiðsluskylda viðlagatryggingar er aukin verulega, sbr. 1. mgr. 18. gr. frv.

8. Fellt er niður ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á þeim hluta tjóns sem er umfram 2‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs, sbr. 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga.

9. Tekin eru upp nýmæli í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun á viðlagatryggingu, sbr. 7. og 8. gr. frv.

10. Sett er almenn regla um vátryggingarstað og um ábyrgð viðlagatryggingar vegna skemmda á munum sem eru til bráðabirgða utan vátryggingarstaðar, sbr. 14. gr. frv.

11. Felld eru niður sérákvæði um hamfaranefnd og uppgjörsnefnd, en þær hafa í reynd lítið nýst. Þess í stað er gert ráð fyrir að farið verði eftir almennum réttarfarsreglum, svo sem gert er í öðrum greinum vátrygginga.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt hafa ýmis ákvæði verið endursamin að formi eða efni með tilliti til fenginnar reynslu. Þá hefur verið lögð áhersla á að samræma notkun hugtaka og laga hana að annarri löggjöf, einkum þó lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954. Ýmsar breytingar, sem felast í frv., draga úr sérstöðu viðlagatryggingar og færa reglur um hana til samræmis við almennar réttarreglur, ekki síst reglur hins almenna vátryggingaréttar.

Við samningu frv. hefur verið lagt til grundvallar að ný reglugerð verði sett ef frv. verður að lögum. Ákvæði um sum atriði, sem nú eru í reglugerð en eiga betur heima í lögunum sjálfum, eru tekin upp í frv. Einnig er í frv. gert ráð fyrir að í reglugerð verði settar reglur til skýringar og fyllingar á ýmsum ákvæðum sem óhentugt eða erfitt er að setja nægilega ítarlega fram í lagatexta. Enn fremur verður að setja ný ákvæði í reglugerð vegna fyrirhugaðra breytinga annars vegar á reglum laganna um hvaða muni skylt er að vátryggja og hins vegar reglum um hvaða muni heimilt er að vátryggja.

Viðlagatrygging Íslands hefur nú starfað í rúman hálfan annan áratug. Að fenginni reynslu þykir sýnt að nauðsynlegt er að breyta á ýmsan hátt reglum um þessa sérstöku grein vátrygginga.

Í frv. er þó ekki lagt til að gerðar verði róttækar breytingar á viðlagatryggingunni. Haldið er þeirri stefnu að eigendum nánar tiltekinna flokka eigna skuli vera lögskylt að hafa þær viðlagatryggðar. Hins vegar eru tilteknir flokkar muna felldir undan skyldutryggingu. Er það í samræmi við þá meginstefnu að hver og einn skuli ráða því hvort hann kaupir vátryggingu á eignum sínum og ekki beri að lögbjóða vátryggingu nema þegar sérstök veigamikil þjóðfélagsleg rök eru til þess.

Ekki þykir nú frekar en áður rétt að fjölga áhættum þeim sem viðlagatrygging tekur til. Öðru hverju hefur borið á góma að rétt væri að lögbjóða fok- eða óveðurstryggingu á húsum og jafnvel einnig á lausafé. Um þetta efni var fjallað bæði áður en fyrstu lögin um viðlagatryggingu voru sett og eins þegar þeim var breytt nokkrum árum síðar. Nefnd sú, sem samdi upphaflegu lögin, segir svo í athugasemdum með lagafrv. frá 1975, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur ekki talið rétt, að tryggingin taki til tjóna af völdum ofviðra. Væru slík tjón bótaskyld, mundi það fjölga mjög bótaskyldum atburðum og auka umsvif stofnunarinnar, auk þess sem erfitt er að skilgreina hugtakið ofviðri. Auk þess má benda á að foktryggingar eru orðnar allalgengar."

Í frv. til laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands frá 1982 er aftur fjallað um þetta mál og segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Komið hefir í ljós í þau skipti, sem meiriháttar ofviðri hafa gengið yfir einstaka landshluta, að þeir eru ávallt margir, sem ekki hafa hagnýtt sér þá tryggingavernd, sem fáanleg er hjá tryggingarfélögum gegn slíku tjóni. Menn hafa í mörg ár, a.m.k. frá 1960, átt þess kost að kaupa sérstaka foktryggingu, auk þess heimilistryggingu og húseigendatryggingu, en allar þessar tryggingar bæta tjón af völdum óveðurs. Nefndarmenn telja æskilegast, að hinn almenni vátryggingarmarkaður annist þessar tryggingar. Einkum þegar þess er gætt, að þótt um geti verið að ræða mörg minniháttar tjón í sama veðrinu, er það undantekning að um sé að ræða s.n. „katastrofutjón", þ.e. tjón af þeirri stærðargráðu, sem Viðlagatryggingin er fyrst og fremst stofnuð til að mæta."

Telja má að þessi rök séu enn góð og gild. Því má bæta við að síðan hin tilvitnuðu orð voru rituð hafa tækifæri til að kaupa vátryggingu gegn óveðri aukist að mun. Má t.d. nefna að slík vátrygging er nú innifalin í fiskeldistryggingu og húftryggingu (kaskótryggingu) bifreiða og annarra ökutækja.

Virðulegi forseti, ég hef nú rakið helstu nýmæli frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og umfjöllunar heilbr.- og trn. Alþingis.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti, þar sem ég hef tækifæri til að fjalla um þetta mál í þeirri nefnd, sem gerð er tillaga um að ræði það, mun ég ekki fara ítarlega yfir málið en láta það koma í ljós strax í upphafi eftir lauslegan yfirlestur þessa frv. að mér sýnist að ekki sé á ferðinni lítil heldur mjög mikil breyting á starfsemi viðlagatryggingar og þeim grundvallaratriðum sem hún byggði starf sitt á frá því að lögin voru sett 1982.

Lögin frá 1982 voru sett fyrst og fremst í því skyni að stuðla að því að einhver sjóðmyndun ætti sér stað í landinu til að mæta meiri háttar tjónum af náttúruhamförum. Á þeim tíma voru menn þeirrar skoðunar að við ákvarðanir um að taka á vandamálum væri þjóðin allt of lítið fyrir að safna í sjóði og menn gerðu allt of mikið af því að treysta á að guð og lukkan bjargaði hlutunum þegar tjónin yrðu. Þess vegna var ákveðið að stofna Viðlagatryggingu Íslands sem næði til allra meiri háttar náttúruhamfara hér á landi og niðurstaðan er sú að veruleg eignamyndun hefur átt sér stað hjá viðlagatryggingunni og ég sakna þess að hæstv. ráðherra og ráðuneyti skuli ekki í grg. eða ráðherra í ræðu sinni gera grein fyrir því hver sú eignamyndun er orðin sem átt hefur sér stað hjá Viðlagatryggingu Íslands, hversu mikil velta hennar er, hverjar tekjur hennar eru og hverjar skuldbindingar hennar eru. Ég vil þess vegna segja það sem mína skoðun við fyrstu yfirferð málsins að ég tel að í frv. felist í raun stórfelldar breytingar frá því sem er í lögum um Viðlagatryggingu Íslands.

Það er t.d. gert ráð fyrir því í frv. að skylduviðlagatrygging nái ekki til hita-, vatns- og skolpveitna og hafnarmannvirkja í einkaeign en eigendur þeirra eiga kost á að vátryggja veitu- og hafnarmannvirki hjá Viðlagatryggingu Íslands. Í öðru lagi verður ekki skylt að vátryggja brýr sem eru styttri en 50 metrar. Í þriðja lagi verður afnumin skyldutrygging á raforkuvirkjum, síma og öðrum fjarskiptamannvirkjum. Í fjórða lagi verður frjálst að vátryggja ræktað land og lóðir og vátryggingarskylda vegna þessa er afnumin. Í fimmta lagi verður heimilt að vátryggja muni sem hingað til hafa ekki verið viðlagatryggðir. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því að settar verði nýjar reglur sem leiða til breytinga iðgjalda af skyldutryggingum og fleiri dæmi mætti nefna jafnframt því sem heildargreiðsluskylda viðlagatryggingar er aukin mjög verulega frá því sem er í gildandi lögum, sbr. 1. mgr. 18. gr. frv. En þar stendur, með leyfi forseta, í fyrri mgr.:

„Heildargreiðsluskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við 7,5‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf vátryggingaratburðarins. Frá 1. janúar 1994 takmarkast greiðsluskylda við 10‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum."

Hér er um gríðarlega mikla hækkun að ræða á heildargreiðsluskyldu. Út af fyrir sig geta verið full rök fyrir því en þau rök koma ekki fram í frv. né heldur í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh.

Í ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra, og hafði það auðvitað upp úr grg. og nál., að í rauninni væri hér horfið frá skyldutryggingum nema um sérstök veigamikil rök væri að ræða. Ég tel að það séu sérstök og veigamikil rök fyrir því að þeir þættir verði inni sem nú er lagt til að verði felldir út samkvæmt frv. eða eins og nýmæli þess eru rakin á bls. 8 í grg. frv. og hæstv. heilbrrh. las upp áðan.

Ég vil einnig nefna, virðulegi forseti, að í frv. eða grg. þess og ræðu hæstv. ráðherra er ekki tekið á mjög alvarlegum vandamálum og hnökrum sem hafa komið upp á framkvæmd mála varðandi Viðlagatryggingu Íslands. Ég skal nefna eitt dæmi. Í febrúar 1990, trúi ég að hafi verið, gekk hér yfir mikið ofviðri. Þá gerist það að þeir íbúar og byggðarlög á suðurströnd landsins, sem höfðu orðið fyrir tjóni, leita eftir stuðningi Viðlagatryggingar Íslands. Niðurstaðan verður sú að öll þessi byggðarlög nema eitt fá nokkra úrlausn sinna mála. Það byggðarlag var Vík í Mýrdal vegna þess að þar var ekki um að ræða tjón vegna sjávargangs með sama hætti og annars staðar, heldur var þar um að ræða tjón vegna sandfoks og þar af leiðandi fór það þannig að Vík í Mýrdal varð að taka á sig tjón upp á milli 10–20 millj. kr. meðan önnur byggðarlög fengu verulegar bætur frá Viðlagatryggingu Íslands til að taka á tjónum og endurbótum vegna þeirra sem óhjákvæmilegt var.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að full ástæða sé til að frv. verði athugað mjög rækilega í þeirri nefnd sem um málið mun fjalla og vil segja að ég efast um að það sé skynsamlegt annars vegar að draga úr eða fækka þeim aðilum sem er gert skylt að tryggja hjá Viðlagatryggingu Íslands og hins vegar dreg ég mjög í efa að það sé skynsamlegt eða nauðsynlegt að hækka iðgjöld mjög verulega eins og gert er ráð fyrir í frv. A.m.k. dreg ég það í efa þangað til ég sé gild rök fyrir því en þau eru engin í frv.

Þetta er auðvitað geysileg breyting á greiðsluskyldu að því er varðar heildarvátryggingarfjárhæðina þannig að það þýðir að byrðar eru jafnframt auknar á stofnuninni og þess vegna er óhjákvæmilegt að laga endurtryggingarvernd að þessari miklu hækkun greiðsluskyldunnar en um þessi mál vantar efnislegar og tæknilegar upplýsingar í frv. og grg. þess.

Ég sagði, virðulegi forseti, að ég hygðist ekki lengja þessa umræðu vegna þess að ég hef aðstöðu til að fjalla um málið í hv. heilbr.- og trn. Alþingis. Ég tel að hér sé mikilsverðu máli hreyft, en ég set spurningarmerki við talsverðan hluta af þeim breytingartillögum sem hæstv. ríkisstjórn flytur hér að því er mér virðist svo að segja óbreyttar frá starfi þeirrar nefndar sem fjallaði um málið. Þó að nefndir geti verið góðar, þá er það ekki hlutverk ríkisstjórna að mínu mati að flytja gagnrýnislaust eða gagnrýnislítið nefndarálit í frumvarpsformi inn í þessa virðulegu stofnun.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er flutt og mælt fyrir máli sem ég tel að sé afar viðamikið mál og nauðsynlegt að hv. Alþingi taki til gaumgæfilegrar athugunar.

Eins og fram kemur í grg. með frumvarpinu og í framsöguræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur frum-

varp þetta verið samið að frumkvæði stjórnar Viðlagatryggingar Íslands og var sú vinna farin í gang í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ég hafði aðeins fylgst með málinu, ekki síst í kjölfar náttúruhamfara sem gengið hafa yfir undanfarna vetur, og komu þá málefni Viðlagatryggingar Íslands mjög til umræðu í þjóðfélaginu almennt, hlutverk tryggingarinna og hvernig þær tækju á þessum tjónum og bættu þau. Einnig var málið ítrekað rætt í fyrri ríkisstjórn svo og einstakir atburðir sem þessum tjónum tengdust og hvernig viðlagatrygging kæmi þar að.

Ég átti fundi með stjórn viðlagatryggingar út af bótamálum, sem tengdust þessum tjónum, oftar en einu sinni og þar kom það fram að þessi endurskoðun væri í gangi og yrði að skoða í tengslum við endurskoðunina hvernig rétt væri að breyta lögum til samræmis við það sem reynslan hefur sýnt.

Nú hef ég því miður ekki haft tíma til að kynna mér þetta frv. ítarlega og veit að hv. heilbr.- og trn. mun gera það, fara yfir málið og skoða það. Ég vil þó aðeins segja á þessu stigi vegna framsöguræðunnar að ég tel að skoða þurfi mjög ítarlega og nákvæmlega þá þætti og þau mannvirki sem ekki eru og hafa ekki verið brunatryggð en hafa ítrekað orðið fyrir tjónum af náttúruhamförum og hvernig hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er gagnvart bótum á slíkum tjónum. Í öðru lagi finnst mér rétt að nefndin athugi gaumgæfilega það sem kemur fram í 4. kafla grg. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er þó ekki lagt til að gerðar verði róttækar breytingar á viðlagatryggingu. Haldið er þeirri stefnu að eigendum nánar tiltekinna flokka eigna skuli vera lögskylt að hafa þær viðlagatryggðar. Hins vegar eru tilteknir flokkar muna felldir undan skyldutryggingu. Er það í samræmi við þá meginstefnu að hver og einn skuli ráða því hvort hann kaupir vátryggingu á eignum sínum og ekki beri að lögbjóða vátryggingu nema þegar sérstök veigamikil þjóðfélagsleg rök eru til þess."

Þetta tel ég, virðulegi forseti, að nefndin þurfi að skoða sérstaklega, hvort það er hlutverk viðlagatryggingar að fella niður ákveðna bótaflokka sem hafa fallið undir tryggingunga og vísa því á hin almennu vátryggingarfélög. Auðvitað getur það átt við í ákveðnum tilfellum en mér finnst að um sé að ræða mál sem þurfi að skoða mjög vandlega og það þurfi að vera nokkuð skýrt hvað er verið að fjalla um.

Hér eru tekin fram og skýrð nokkur nýmæli og ég verð að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, hv. 9. þm. Reykv., að mér sýnist vera á ýmsum sviðum um veigamiklar breytingar að ræða. Ég er alls ekki á þessu stigi að boða að þær kunni ekki að vera eðlilegar og að um þær geti ekki náðst samkomulag. Mér sýnist hins vegar að þetta sé þess eðlis að það þurfi að skoða mjög ítarlega og hef því ákveðna fyrirvara. En tel nauðsynlegt og taldi nauðsynlegt að endurskoða lög um viðlagatrygginguna og fagna því að þeirri endurskoðun skuli vera lokið og frv. komið hér til umræðu í Alþingi.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort í tengslum við þetta frv. hafi verið athugaðar skýrslur sem nefnd sú sem skipuð var vegna fárviðrisins sl. vetur skilaði sl. sumar. Hún gerði mjög ítarlega úttekt á því tjóni sem hafði orðið og gerði ákveðnar tillögur um breytingar á tryggingaskyldum sem ég efa ekki að hæstv. ríkisstjórn hefur skoðað í tengslum við þetta mál.

Eins og allir vita varð tjónið mjög mikið og margir voru með ótryggt og urðu fyrir fjárhagstjóni sem ýmsir hafa vart risið undir svo að ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort þetta hafi ekki verið vandlega skoðað og tekið til greina þegar ákveðið var að flytja þetta frv.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er býsna viðamikið mál sem hér er á ferðinni og ég tel ástæðu til að viðkomandi nefnd fari nokkuð vandlega yfir þetta frv. Sér í lagi þá meginbreytingu að breyta skyldutryggingum yfir í heimildatryggingar. Mér finnst margt í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum og áratugum vera þannig að ekki hefur alltaf verið nægileg fyrirhyggja í málum. Ég hygg að reynslan sé sú að skynsamlegra sé að byggja upp nokkuð sterkan sjóð til þess að eiga og ganga í þegar tjón verða af völdum náttúruhamfara. Við sáum í fyrra að það var nauðsynlegt og við sáum það líka í tjóni sem ríkisstofnun, Rafmagnsveita ríkisins, varð fyrir að ekki er á vísan að róa fyrir þær stofnanir að sækja bætur beint í ríkissjóð. Það þekki ég líka úr annarri ríkisstofnun sem er gert skylt að tryggja ekki ákveðnar eignir sínar. Þegar tjón hefur orðið á þeim eignum hefur gengið nokkuð seint að fá það tjón bætt þó svo það hafi að jafnaði gengið að lokum, en er að mínu viti heldur óviðunandi gangur máls.

Ég vil líka benda á annað atriði sem ég held að menn mættu gjarnan hafa meira í huga þegar verið er að fjalla um ríkisstofnanir. Ég sé enga nauðsyn á því að þessi stofnun sé vistuð í Reykjavík. Ég sé satt að segja ekkert í hennar starfsemi og eðli sem er þannig að nauðsyn beri til að stofnunin verði í Reykjavík. Að vísu eru ekki með frv. gögn um þessa stofnun þannig að maður hefði þurft að kynna sér það sjálfstætt, en það hefði að mörgu leyti verið mjög til bóta að með frv. hefði maður getað séð út hvert væri umfang stofnunarinnar, tekjur, gjöld og starfsmannahald, þó að ég skilji vel að það sé ekki venja í frv. af þessu tagi. Ég hefði talið það til bóta ef menn tækju það upp að gera einhverja grein fyrir stofnuninni. Ég hef það á tilfinningunni að í mannahaldi sé hún ekki mjög stór og alla vega ekki háð þeim annmörkum sem eru á Byggðastofnun, að starfsmenn séu það margir að þeir hafi áhrif á vilja stjórnmálamanna. Ég vil því eindregið mælast til þess að hv. iðnn. og hæstv. ráðherra íhugi hvort þeir geti ekki fallist á að stofnunin verði færð út á land.

Ég spyr líka hvort það sé nauðsynlegt að geyma fé stofnunarinnar í Seðlabankanum. Má ekki alveg eins geyma það í bönkum úti á landi? Mér finnst, eins og

mörgum öðrum, of mikið um að menn séu að safna peningum sem til eru í bankastofnanir á höfuðborgarsvæðinu og hefði gjarnan viljað sjá breytingar á þeirri þróun. Þá er sjálfsagt að reyna að knýja þær breytingar fram hvar svo sem menn hafa tækifæri til þess og það er m.a. hér.

Fleira tel ég ekki ástæðu til að segja um þetta frv. að sinni en vænti þess að hv. heilbr.- og trn. taki þessar ábendingar mínar til athugunar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns er sjálfsagt að upplýsa það að stofnun þessi sem rætt er um er varla til nema á pappírnum. Það er ekki um neitt starfslið að ræða. Allar fjárreiður stofnunarinnar eru vistaðar, eins og kemur fram í frv. sjálfu, hjá Seðlabankanum og hann sér um allar fjárreiður. (**ÓÞÞ:** Nokkuð mun vera af starfsliði þar.) Eitthvað er af starfsliði þar, réttilega, en það er ekkert starfslið á vegum stofnunarinnar. Framkvæmd er hins vegar á vegum Tryggingar hf. og ætli það sé ekki samtals af starfsliði þessarar „stofnunar" einn maður í hlutastarfi. Menn flytja því ekki marga starfsmenn slíkrar stofnunar með sér þó hún flytjist á einhvern annan stað. Raunar má segja að stofnunin sé lítið annað en þeir fimm stjórnarmenn sem valdir eru af hinu háa Alþingi og það vill nú svo til að flestir þeirra eru utan höfuðborgarsvæðisins. Það má þess vegna segja að sé stofnunin miðuð við fjölda þeirra sem starfa á hennar vegum þá séu flestir utan þessa svæðis. (**Gripið fram í:** Það er auðvelt að flytja hana.) Já, en hins vegar gæti ég trúað því að það mundi kosta eitthvað meira en það getur vel verið að þeim fjármunum yrði vel varið, að setja hana niður sem sjálfstæða stofnun á einhverjum öðrum stað með sjálfstæðu starfsliði og væntanlega sérstökum framkvæmdastjóra eða forstjóra ásamt öðru því sem til mundi heyra. Annars veit ég ekki um það. En svona er þessu varið að það er misskilningur að hér sé um stofnun að ræða með starfsliði fjölmennu eða fámennu eftir atvikum.

Í öðru lagi vil ég einnig leiðrétta þann misskilning að með því að fella niður skyldutryggingu eigna og muna sem hafa verið skyldutryggðir í viðlagatryggingu og heimila í staðinn viðlagatryggingu þeirra eigna eða muna ef eigendur svo kjósa, þá sé verið að flytja það frá viðlagatryggingu út á hinn frjálsa markað. Ég bendi mönnum á að lesa 6. gr. frv. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin vátryggi neðangreint lausafé og fasteignir." Svo er talið upp allt það lausafé og allar þær fasteignir sem verið er að afnema skyldutrygginguna á. Það er því gert ráð fyrir því eftir sem áður að viðlagatrygging geti verið á þessum munum, lausafé og fasteignum, og að viðlagatryggingin veiti þá tryggingu samkvæmt samþykki ráðherra. Eina breytingin er sú að í staðinn fyrir að gera mönnum skylt að kaupa slíka tryggingu þá er þeim það heimilað. En að menn séu með þessum móti að flytja verkefni frá viðlagatryggingunni út á hinn frjálsa markað er hreinn og beinn misskilningur. Menn hafa bara ekki lesið þá grein frv. sem fjallar um þetta.

Menn geta auðvitað deilt um hvort hér er um að ræða litla eða mikla breytingu. Að áliti þeirra tryggingafræðinga sem um þetta mál hafa fjallað er ekki um veigamiklar breytingar að ræða. Veigamestu breytingarnar felast einfaldlega í því að lausafé og munir, sem áður voru með tryggingarskyldu en eru ekki taldir þess eðlis að frá þjóðhagslegu sjónarmiði sé nauðsynlegt að skyldubjóða tryggingu á, eru nú undanþegnir tryggingarskyldunni en sama trygging er í boði eftir sem áður fyrir þá muni hjá sama tryggingaraðila. Eigendurnir fá aðeins að ráða því sjálfir hvort þeir vilja taka þá tryggingu eða ekki. Er það í samræmi við allmennan tryggingarrétt, t.d. á fasteignum, að húseigandi ræður því sjálfur hvort hann tekur þá tryggingu á fasteign sína sem ver hann gegn því tjóni sem fasteign hans gæti orðið fyrir ef svo illa skyldi vilja til að ofsaveður skylli á.

Við Íslendingar höfum ekki lagt út á þá braut að skylda menn til að taka slíkar tryggingar og það er verið að samræma það ákvæði viðlagatryggingarlaga hinu almenna ákvæði tryggingarlaga að við sambærileg eða svipuð tjón sé mönnum það í sjálfsvald sett hvort þeir tryggja eða ekki. Menn verða að treysta réttsýni manna og því að þeir dæmi sjálfir í þeim efnum en Viðlagatrygging Íslands býður eftir sem áður sömu tryggingu og skylt hefur verið að taka fram til þessa. Nú geta menn einfaldlega valið sjálfir hvort þeir taka hana eða ekki.

Og meira en það. Í 6. gr. er gert ráð fyrir því að heimilt sé að vátryggja með viðlagatryggingum fleiri muni, lausafé og fasteignir, en áður hefur verið gert ráð fyrir. Ef eitthvað er þá eykur þetta frv. rétt manna til að taka viðlagatryggingu. Það er verið að auka rétt manna til að taka viðlagatryggingu en þeim er það í sjálfsvald sett hvort þeir gera það eða ekki, nema í þeim tilvikum þegar um það er að ræða, að mati þeirra aðila sem frv. hafa samið, að verulegar þjóðhagsstærðir geti verið í hættu.

Auðvitað geta menn haft á þessu mismunandi skoðanir. Sumir stjónmálamenn telja að það beri að lögskipa mönnum að taka tryggingar yfirleitt, ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að fólk fái að velja sjálft hvort það taki tryggingar eða ekki og því beri að lögskylda menn að kaupa tryggingar gegn flest öllu því tjóni sem menn gætu orðið fyrir. Aðrir telja hins vegar eðlilegt að menn velji í öllum tilvikum sjálfir hvort þeir tryggja sig.

Sú leið sem hér er farin og hefur verið farin á umliðnum árum er sú að fara bil beggja og setja skyldutryggingu í þessu tilviki hvað varðar frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands á það lausafé og muni sem ég hef áður lýst og vel kemur fram í frv. hverjir eru. Auðvitað er skyldutrygging sett á ýmsa aðra muni og lausafé, svo sem bifreiðar. Þá er fyrst og fremst verið að tala um skyldutryggingu tjóns sem slíkir munir geta valdið öðrum. Það er ekki verið að skyldutryggja fyrir tjóni á viðkomandi hlutum heldur vegna tjóns sem slíkir munir geta valdið þriðja aðila. Er ég þá að tala

um skyldutryggingar bifreiðatrygginga. Þá hefur einnig verið leidd í lög skyldubrunatrygging húseigna en þar eru menn meira frjálsir að því, a.m.k. mjög víða, við hvaða tryggingaraðila þeir skipta.

Af hverju kom ekki fram í grg. frv. staða Viðlagatryggingar Íslands? Skýringin er einfaldlega sú, að áliti þeirra sem frv. sömdu eða ráðuneytisins, að það var ekki talið þurfa við vegna þess að ársreikningar Viðlagatrygginga Íslands eru opinber plögg. Gerð grein er fyrir þeim árlega og sú greinargerð er send til Alþingis. Alþingi hefur því undir höndum allar upplýsingar um stöðu Viðlagatryggingar Íslands í ársreikningum eins og þeir eru hverju sinni. Þetta eru opinber gögn sem alþingismönnum eru send og er innan handar fyrir menn að afla sér í þinginu. Verði hins vegar beðið um það sérstaklega að heilbrrn. hafi milligöngu um að útvega þau gögn er mér að sjálfsögðu ljúft að gera það. En það er skýringin á því að menn hafa þessar upplýsingar ekki með í frv. að þær liggja þegar fyrir á hinu háa Alþingi.

Um ákvæði 18. gr. er það að segja að þar er horft á þá reynslu sem menn hafa haft og þær umkvartanir aðila sem orðið hafa fyrir tjóni að greiðsluskylda stofnunarinnar hafi ekki náð nógu langt. Það er verið að reyna að taka á því máli með því að auka greiðsluskylduna, m.a. með hliðsjón af sterkri eiginfjárstöðu Viðlagatryggingar.

Ég bendi mönnum líka á 11. gr. vegna þess að þar er sagt í *athugasemdunum um 2. mgr.* orðrétt, með leyfi forseta:

„Hins vegar felur 2. mgr. í sér talsverðar breytingar á reglum 2. mgr. 8. gr. gildandi laga. Þar er gert ráð fyrir að iðgjöld skuli lækka eða hækka ef eign stofnunarinnar fer yfir eða undir ákveðin hlutfallsmörk af vátryggingarfjárhæðum. Hér er lagt til að hækka það mark sem ræður lækkun iðgjalds um helming, eða úr 2‰ í 3‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs. Fari eign stofnunarinnar síðar niður fyrir 2‰ skal aftur hefja innheimtu á fullu iðgjaldi. Fari eignin niður fyrir 1‰ er stjórninni heimilt að innheimta iðgjöld með 50% álagi þar til 2‰ markinu er náð."

Eins og þarna kemur glögglega fram er verið að tengja saman eiginfjárstöðu viðlagatryggingarinnar annars vegar og iðgjaldaþörfina hins vegar. Þetta er því sá öryggisventill sem þarf að vera í slíku lagaákvæði til þess m.a. að tryggja það, sem hv. þm. Svavar Gestsson var að ræða um áðan, að það væri gert alveg ljóst að skuldbindingar viðlagatryggingar, eiginfjármyndun annars vegar og útgreiðslur hins vegar, héldust í hendur við iðgjaldaþörfina.

Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. þm. að ekki er gert ráð fyrir því að tjón vegna sandfoks sé tekið inn í tryggingarskyldu viðlagatryggingar eða í þau boð sem viðlagatrygging býður þeim sem ekki lúta skyldutryggingarákvæðum um viðlagatryggingar. Það er sjálfsagt að nefndin skoði hvort rétt sé að taka inn fleiri atriði sem tjónvalda en þau atriði sem nefnd eru í frv.

Um vinnuna með frv. skal það tekið fram, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að hún var hafin í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ýmis atriði í frv. voru rædd í páv. ríkisstjórn. Páv. hæstv. heilbrrh. fylgdist með gangi vinnunnar. Henni var að mestu leyti lokið þegar stjórnarskipti urðu. Þá átti aðeins eftir að leggja síðustu hönd á þetta frv. og það var gert skömmu eftir að stjórnarskipti urðu. Fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. hæstv. heilbrrh. hafa þess vegna öðrum fremur mótað vinnuna við þessa endurskoðun.

Þess er einnig að geta að stjórn Viðlagatryggingar Íslands er kosin af Alþingi. Þar sitja fulltrúar ýmissa stjórnmálaflokka. Fyrrv. stjórn Viðlagatryggingar Íslands, sú sem var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, mælti einróma með frv. eins og það er úr garði gert nú. Frv. er því stutt af fulltrúum allra þeirra flokka í stjórn Viðlagatryggingar Íslands sem áttu þar fulltrúa á síðasta kjörtímabili. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni bað ég um það þegar nýkjörin stjórn viðlagatryggingar tók við að hún yfirfæri frv. og léti mig af því vita ef nýkjörin stjórn vildi gera einhverjar breytingar. Þess var ekki óskað, þannig að bæði nýkjörin stjórn og fráfarandi stjórn Viðlagatryggingar Íslands standa að þessu máli.

Það þýðir auðvitað ekki að allir þeir flokkar sem staðið hafa að kosningu þessara manna í stjórn viðlagatryggingar standi þar með að frv., heldur er þetta aðeins til upplýsingar um það að frv. hefur hlotið góða og vandaða yfirferð og er samið af fagmönnum.

Frv. hefur einnig verið lesið yfir af lögfræðingum heilbrrn. Þar hefur m.a. komið til álita það óveðurstjón sem hv. 7. þm. Reykn. minntist á áðan. Lögfræðingum heilbr.- og trmrn. þótti ekki heldur ástæða til að breyta frv. Þar er ég langt í frá að segja að ekki sé ástæða fyrir hv. heilbr.- og trn. Alþingis að taka sér góðan tíma til að skoða málið og að sjálfsögðu gerir hún tillögur um breytingar eins og henni þykir hlýða.

En ég ítreka það sem ég hef áður sagt að þetta frv. hefur verið unnið að mestu leyti af tryggingafræðingi, lagaprófessor og stjórn Viðlagatryggingar Íslands. Þessari vinnu var komið af stað af fyrrv. ríkisstjórn. Henni var að mestu leyti lokið í valdatíð hennar og fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. ráðherra höfðu miklu meiri áhrif á gerð þessa máls en sá ráðherra sem nú flytur frv. Hann hefur að sjálfsögðu lítil afskipti haft af þessu máli önnur en að taka við verklokum og gæta þess að allir þeir aðilar sem um málið eiga að fjalla utan Alþingis hafi haft sitt um það að segja. Það hefur þessi ráðherra gert og leggur nú málið fyrir hið háa Alþingi til ákvörðunar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Viðlagatrygging á að taka til náttúruhamfara. Það er kannski grunnurinn í því sem sett er fram sem skýringin á því að menn hafa viðlagatryggingu. En engu að síður er það svo að ein tegund náttúruhamfara flokkast ekki undir viðlagatryggingu og afleiðingin er ákaflega einföld. Mjög stór landsvæði geta fyrst og fremst verið greiðendur til þessarar tryggingar en munu aldrei fá krónu út úr henni vegna þess að þær einu náttúruhamfarir, sem þar geta orðið, eru einfaldlega ekki hafðar með.

Ég hlustaði á hygginn bónda gera grein fyrir því að um aldir hefðu menn haft vit á að byggja hús sín svo fjarri að sjórinn tæki þau ekki. Menn hefðu reynt að hafa þau svo hátt að áin flæddi ekki inn í þau og menn hefðu reynt að staðsetja þau þannig að það væri ekki skriðuhætta eða snjóflóðahætta á byggingarnar. Við eldgos og jarðskjálfta er verra að ráða. En gegn fárviðrum, sem vissulega koma, hafa menn engin sérstök úrræði. Það er út af fyrir sig hægt að segja við menn: Þú tryggir gegn fárviðri en svo borgar þú viðlagatrygginguna fyrir hina. Þetta er út af fyrir sig alveg ný tegund af tryggingakerfi, að ganga þannig frá þessu, af því að þetta blessaða einkaframtak vors lands vill endilega fá að foktryggja er vindurinn ekki tekinn með þegar talað er um náttúruhamfarir. Ég fyrir mína parta get ekki fallist á að þetta kerfi, eins og það er sett upp, sé ásættanleg niðurstaða. Ef menn vilja á annað borð hafa tryggt fyrir náttúruhamförum verða allar tegundir náttúruhamfara að verða þar inni. Annars er þetta bara blekking ein og verið að tryggja að ákveðnir aðilar munu um aldur og ævi greiða tryggingariðgjöld í þennan sjóð án þess að þeir þurfi nokkurn tíma að eiga von á að fá þar eitt eða neitt greitt komi til tjóns.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst skrýtið að náttúruhamfarir í sumum löndum, sem eru kannski fyrst og fremst einmitt tengdar veðurhæð og eru viðurkenndar þar, skuli ekki hafðar með í þessu tilfelli og ég hef aldrei skilið rökin fyrir þessu. Mér finnst að eins og búið er að ganga frá þessum málum — að hafa frjálsa foktryggingu, hafa skyldubrunatryggingu og hafa svo viðlagatryggingu sem ekki tekur til foksins — sé raunverulega búið að koma í veg fyrir að hús séu veðhæf. Þau geta fokið í einu stórviðrinu án þess að bankinn eigi þá nokkuð eftir nema spýtnabrak út um mýrar og móa. Það er dálítið merkileg niðurstaða ef við teljum að skynsamlegt sé að standa þannig að málum.

Mér er ljóst að það var, eins og hæstv. heilbrrh. hefur réttilega gert grein fyrir, samkomulag í nefnd um þetta mál eins og það liggur fyrir. Það breytir þó engu um það að mín skoðun gagnvart því að taka ekki veðurhæð með gerir það að verkum að ég treysti mér ekki til að standa að stuðningi við þetta frv. Ef menn vilja ekki taka þær náttúruhamfarir með er einfaldast að brjóta þetta upp og láta hvern um sig tryggja á sínu svæði fyrir þeim hættum sem þar eru. Það nær ekki nokkurri átt að ganga þannig til þessa leiks að fyrir fram sé það útséð mál að þær náttúruhamfarir, sem vissulega eru algengar á sumum stöðum heimsins þó að þær séu sem betur fer ekki mjög algengar hér, þ.e. veðurhæðin, séu ekki inni. Og ég skora á hæstv. heilbrrh. að láta skoða það á landsvísu hvað menn í reynd eru að samþykkja með því fyrirkomulagi sem hér er.

Ég held líka að mikil nauðsyn sé á því að það verði endurmetið í hve lítilli hæð yfir sjávarmál eigi að heimila að byggja hús í þessu landi. Ég held að okkur Íslendingum væri hollt að láta það ekki alveg eins og vind um eyru þjóta að uppi eru spár um að fyrr en menn ætli geti gróðurhúsaáhrifin orðið það mikil að sjávarborð muni hækka við strendur landsins. Það er engin nauð sem rekur okkur Íslendinga til þess að byggja hús jafnlágt yfir sjávarborði og við höfum verið að gera í sumum tilfellum.

Ég geri mér grein fyrir að Vestmannaeyjagosið setti á sínum tíma það mikið rót á að menn töldu að það yrði að hafa eitthvert almennt tryggingakerfi til að taka á slíkum málum. Ég er samt þeirrar skoðunar að ef við fáum slíka vá yfir okkur, hvort sem það verður með eldgosi eða öflugum jarðskjálftum, munu fljótt tæmast þeir sjóðir sem menn hafa komið hér upp. En ég get ekki fallist á það tryggingakerfi sem neyðir menn í stórum stíl til að borga iðgjöld en gengur svo þannig frá því að þær einu náttúruhamfarir, sem þeir geta átt í vændum, séu ekki hafðar með inni í tryggingunum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. heilbrrh. hefur þetta mál hlotið allvandaðan undirbúning sem hann hefur lýst og hjá þeim, sem standa að undirbúningi þessa máls, er samstaða um það eins og það er úr garði gert. Ég bað hins vegar um orðið til þess að benda á atriði sem hv. 2. þm. Vestf. hefur gert að umtalsefni. Ég hygg að sú endurskoðun, sem sett var af stað snemma á þessu ári og við sjáum hér væntanlega árangurinn af, hafi m.a. og kannski ekki síst sprottið af því að mikil umræða varð um það hér á Alþingi að fjömargir aðilar höfðu orðið fyrir gífurlegu tjóni vegna ofviðris í byrjun febrúar á þessu ári. Þó að unnt sé að tryggja gegn foki á hinum frjálsa tryggingamarkaði, þá var það svo að mjög margir einstaklingar og fyrirtæki höfðu ekki haft sínar eignir tryggðar gegn því mikla tjóni sem þá varð. Mér eru það nokkur vonbrigði að sjá að við undirbúning þessa frv. hefur ekki verið fallist á að taka þennan þátt náttúruhamfara með inn á þau svið sem viðlagatryggingu ber að tryggja.

Ég held að það séu engin tvímæli að ofviðri hlýtur að teljast meðal náttúruhamfara þegar veðurhæð er með því mesta sem gerist hér á landi og það er hárrétt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan að ef sá þáttur náttúruhamfara er ekki tekinn með inn á tryggingasvið þessa sjóðs eru það allmargir, raunar fjölmargir aðilar í landinu sem eru skyldaðir til þess að leggja fram fé til sjóðsins, greiða iðgjöld, en munu seint eða aldrei fá neins notið frá þeim tryggingasjóði. Víða hagar svo til að menn verða ekki fyrir tjóni af völdum skriðufalla, snjóflóða eða vatnsflóða og á ýmsum svæðum hafa ekki komið eldgos í margar þúsundir ára. Og á þeim svæðum sumum hefur það yfirleitt ekki gerst að tjón, a.m.k. ekki að marki, hafi orðið af jarðskjálftum þannig að þetta styður allt það sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns að allmargir aðilar og jafnvel heil landsvæði eru að meginhluta þannig sett að þau verða skyldug til að greiða viðlagatryggingu iðgjald munu aldrei fá greiddar bætur. Ég vil því fara fram á að þetta sé athugað í þingnefnd. Málið fer nú til heilbr.- og trn. Alþingis og ég vænti þess að þar verði þetta atriði tekið til athugunar og rætt um það við hæstv. ráðherra hvort ekki sýnist réttmætt a.m.k. að taka það til nýrrar og alvarlegrar athugunar hvort þetta svið tryggingamála verði ekki tekið hér inn. Við höfum orðið vitni að

svo stórfelldu tjóni af völdum ofviðris að það þekkja víst flestir Íslendingar.

Það var þessi athugasemd eða þessi ábending sem ég vildi koma hér á framfæri, virðulegi forseti. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál að sinni.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af þeim ummælum sem hafa fallið um aðdraganda og undirbúning þessa frv. að ég vil láta það koma skýrt fram aftur, gat þess reyndar áðan, að ég átti fundi með fulltrúum úr stjórn viðlagatryggingar þegar unnið var að gerð þessa frv. en frv. hins vegar að öllu leyti unnið af þeim og fyrir tilstuðlan stjórnar Viðlagatryggingar Íslands en ekki af hálfu starfsmanna ráðuneytisins eða tilnefndum fulltrúum af hálfu heilbr.- og trmrh.

Ég hafði þess vegna ekki séð eða yfirfarið frv. í lokabúningi þess eins og það liggur fyrir og málið hefði því alls ekki lagt fyrir fyrrv. ríkisstjórn. Ég vil aðeins að það komi skýrt fram, virðulegi forseti, út af ummælum hæstv. ráðherra, en ég er að öðru leyti ekkert að skorast undan neinni ábyrgð af því að hafa tekið þátt í þessari endurskoðun og eiga hlut að því að málið er nú komið til umræðu í hv. þingi. Ég reyndar fagna því, eins og ég sagði áðan. Ég tel nauðsynlegt að þingið gefi þessu máli góðan tíma og nefndin fari rækilega yfir efnisatriði málsins.

Fyrst ég er kominn aftur upp í ræðustólinn langar mig að nefna aðeins eitt atriði sem ég gleymdi að taka fram áðan. Það varðar ákvæði 16. gr. frv. þar sem fjallað er um að heimilt sé að lækka bætur eða synja alveg bótakröfu. Þar er tilgreint í 1. tölul.:

„Þegar hús og annað mannvirki sem skemmist er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftar en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir."

Út af þessu vil ég taka fram sérstaklega að við getum ekki ævinlega ráðið því hvar eignir og hvar mannvirki eru reist eða staðsett og alla vega er það ljóst með t.d. hafnarmannvirki og sjóvarnargarða sem verða e.t.v. ítrekað fyrir tjóni að slík mannvirki verða auðvitað ekkert flutt. Þau eru reist á þeim stað sem hagkvæmast hefur verið talið að hafa þau á og þau eru nú einu sinni þannig sett gagnvart sjógangi og náttúruhamförum að þau eru auðvitað ávallt í mikilli hættu ef óveður ganga yfir. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að hér komi fram ákveðinn fyrirvari við þau ákvæði sem hér er greint frá í 16. gr., að hægt sé að synja bótakröfu.

Í athugasemdum við þessa grein er hins vegar nefnt t.d. ef skíðalyfta er reist á þekktu snjóflóðasvæði, þá hlýtur það að verða að teljast áhætta sem ekki hefur verið skynsamlegt að taka og fyrirvarinn kann að eiga við það sérstaklega en getur alls ekki verið almennur. Mér fannst nauðsynlegt að koma þessari athugasemd á framfæri.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að samgleðjast hæstv. heilbr.- og trmrh. með að það skuli fara fram umræða um þetta mál. Það ber nýrra við, satt að segja, vegna þess að mál af þessu tagi hafa oft og tíðum fengið mjög litla umræðu á hv. Alþingi. Ég man mjög vel eftir því þegar ég flutti frv. að þeim lögum, sem nú eru í gildi, 1981 eða 1982, að þá urðu hverfandi umræður um málið hér á Alþingi. Það er iðulega svo að þegar málaflokkar af þessu tagi koma hér inn treysta menn sér ekki í miklar umræður og það er slæmt, bæði fyrir málið og þá sérstaklega fyrir ráðherrann sem á að halda á málinu.

Ég vildi aðeins koma að þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd og fram komu í máli hæstv. ráðherra. Það var eins og það væri eitthvert innlegg í málið að það hefði verið undirbúið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og fulltrúar allra flokka eða flestra ættu mann í stjórn Viðlagatryggingar Íslands — og þess vegna ættu menn kannski ekki að vera með neitt röfl var undirskilið. Auðvitað er það þannig að við sem þingmenn hljótum að áskilja okkur allan rétt til að fjalla um málin eftir því sem þörf krefur og staðreyndin er sú, eins og allir vita, að þótt flokkarnir setji menn í stjórnir, ráð eða nefndir af þessu tagi, þá eru fulltrúar flokkanna ekki að bera endilega alla hluti undir þingflokkana, t.d. þegar lent er tillögum um breytingar á lögum af þessum toga, enda yrði lítið gert á þingflokksfundum satt að segja annað en fjalla um svoleiðis mál. Auðvitað er málið með þeim hætti jafnvel þó að það hafi verið undirbúið í tíð síðustu ríkisstjórnar að segja má að allir sem hér eru í salnum, aðrir en hæstv. heilbrrh., komi í raun nýir að málinu eins og það lítur út og þess vegna hljótum við að fjalla um málið nákvæmlega eins og það liggur fyrir.

Sömuleiðis tel ég að það sé algerlega óeðlilegt að leggja mál af þessu tagi fyrir öðruvísi en því fylgi talnalegar upplýsingar. Mér er alveg sama þó að einhverjum ársskýrslum Viðlagatryggingar Íslands sé dreift hér af og til og menn geti svo sem fengið þær úti á bókasafni. Þetta þarf að vera í þingskjalinu þannig að menn geti áttað sig á því um hvað verið er að fjalla nákvæmlega á þeim stað og þeirri stundu þegar verið er að ræða um málið. Ég tel þetta mistök í ráðuneytinu og ráðherrann á bara að viðurkenna það að þetta séu mistök og hann átti að láta okkur hafa tölur og upplýsingar um þetta mál. Þetta er orðin nokkuð rík stofnun og ég held að sumir þingmenn hefðu gaman af að sjá hvað hún er orðin rík, að þessi þjóð getur þrátt fyrir allt stundum safnað í sjóði, hefur stundum lagni, þroska og vitsmuni til að leggja fyrir í sjóði til mögru áranna. (**Gripið fram í:** Þegar þeir eru skyldaðir til þess.) Þegar þeir eru skyldaðir til þess, já.

Hv. 5. þm. Vestf. nefndi þann möguleika að þessi starfsemi yrði að einhverju leyti flutt út á land. Ég vil þakka honum fyrir þá ábendingu og segja að þetta er auðvitað sjónarmið sem við eigum alltaf að ræða. Í hvert einasta skipti sem fjallað er um opinbera stofnun hér af hvaða tagi sem hún er þá á að spyrja: Gæti þessi starfsemi flust út á land? Það á að nálgast hlut-

ina þannig. Þó það sé skoðun hinnar nýju kynslóðar í Sjálfstfl. að það sé best fyrir alla, bæði þroska og vitsmuni einstaklinganna og þjóðarinnar, að allt sé í Reykjavík, eins og fram hefur komið hjá hinum mikla leiðtoga Sveini Andra Sveinssyni, þá er ekki þar með sagt að við hin sem sitjum t.d. á Alþingi séum þeirrar skoðunar. Ég tel það ekki sáluhjálparatriði fyrir þjóðina að allt sé í Reykjavík þó ég sé þingmaður Reykvíkinga og hafi verið það í 12, 13 ár. Þess vegna tel ég að þessi ábending hv. 5. þm. Vestf. eigi fyllilega rétt á sér þegar verið er að ræða þessa opinberu stofnun.

Það er líka alveg rétt hjá honum að við sem höfum starfað hér um skeið erum að mörgu leyti föst í vanahugsun. Menn hafa vanist á þá formúlu sem stendur fremst í öllum lögum um opinberar stofnanir: Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Þetta þarf ekkert að vera svona. Þetta er ávani. Og á síðari árum þegar fjarskipti verða auðveldari og auðveldari og samgöngur auðveldari og auðveldari þá er þetta auðvitað vitlausara og vitlausara. Menn eiga að spyrja sig þessarar spurningar, sérstaklega þegar verið er að endurskoða lög í heild eða setja á stofn nýjar stofnanir: Getum við komið henni annað? Það á að byrja á því en ekki byrja á að slá því föstu að hún verði sett niður í Reykjavík því að það er talsvert til af opinberum stofnum hér.

Varðandi önnur atriði sem hafa komið fram þá vil ég aðeins víkja að því sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. v. um óveðurstjónin. Ég tek undir það með þeim að mér finnst sjálfsagt að það mál verði þrautskoðað. Það hefur oft verið skoðað en menn þurfa iðulega að fara í gegnum sömu hlutina aftur og aftur og allir að sannreyna veruleikann á sjálfum sér og það er a.m.k. alþingismönnum skylt að reyna. Þetta var mjög rækilega skoðað árið 1974–1975 af mjög vönduðum vinnuhópi og á Alþingi líka. Þetta var mjög rækilega skoðað á árunum 1980–1982 og ég er sannfærður um að þetta hefur verið mjög rækilega skoðað núna líka. En ekkert af þessu eru rök fyrir því að mínu mati að þingnefndin eigi ekki að fjalla um þetta. Hún á auðvitað að skoða þetta vandlega líka.

En hver eru rökin sem menn hafa haft? Af hverju eru óveðurstjónin ekki inni í þessu? Þau eru fyrst og fremst þau að það er svo erfitt að draga mörkin, erfitt að finna markalínuna. Það er sagt sem svo, bæði í nál. frá 1974–1975 og 1980–1982, að ef óveðurstjón væru tekin inn í þetta, t.d. eins og þau óveðurstjón sem við munum kannski eftir frá allra síðustu árum, þá yrðu umsvif þessarar stofnunar svo mikil að mönnum mundi mjög fljótlega blöskra. Ég man a.m.k. eftir ræðum frá hv. 2. þm. Norðurl. v. um að þessi stofnun væri þegar orðin nokkuð umsvifamikil. Það voru voru einfaldlega rökin að það væri svo erfitt að draga markalínurnar í þessu efni.

Hins vegar tel ég að það eigi að skoða málið eins og þingmennirnir sögðu en verð að segja alveg eins og er að ég vísa algerlega á bug þeirri röksemdafærslu þeirra beggja að það eigi að skoða þetta af því að á sumum svæðum verði aldrei eldgos og jarðskjálftar og þau fái þar af leiðandi aldrei peninga úr sjóði sem þeir borga í. Þetta eru rök sem ég vísa á bug. Vegna þess að stofnun eins og þessi er samhjálparstofnun. Og hún byggist á því að allir greiði í hana hvort sem þeir verða beint fyrir tjóninu sjálfir eða ekki.

Það er líka þannig, virðulegi forseti, að ef tjón verður af völdum náttúruhamfara, t.d. á virkjunum eða raflínum, þá mun það koma niður á allri þjóðinni með beinum eða óbeinum hætti. Þessi samhjálparhugsun er grundvallaratriði í öllum tryggingafélögum og allri tryggingastarfsemi og hefur verið það á Íslandi frá því í Grágás þegar menn skrifuðu tiltekin tryggingarákvæði inn í lögbækur Íslendinga. Jafnvel í mjög frumstæðum nútímatryggingarfélögum eins og Kýr, Tryggingafélagi Ljósavatnshrepps, sem er eitt fyrsta tryggingafélag sem stofnað var á Íslandi, kemur þessi samhjálparhugsun fram. Þar borguðu allir til félagsins jafnvel án þess að geta nokkurn tímann gert sér vonir um að þeirra kýr yrðu fyrir tjóni af því að þeir áttu engar. (**Gripið fram í:** Þeir höfðu vonir um að eignast þær.) Það var svo aftur annað mál. Það var löngu áður en núv. ríkisstjórn tók við.

Varðandi málið að öðru leyti, virðulegi forseti, fannst mér mjög mikilvægt að það kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að hann telur rétt að nefndin skoði sérstaklega sandfokið í þessu sambandi. Sömuleiðis skildi ég hann þannig að hann teldi rétt að nefndin athugaði tjónaskýrslurnar frá í vetur og skoðaði að hve miklu leyti það gæti rímað við hlutverk þessarar stofnunar. Ég tel mikilvægt að fá það hér til umræðu.

Ég ætla ekki að fara að karpa við hæstv. ráðherra um einstök efnisatriði þessa frv. að öðru leyti. Ég held að það breyti í raun og veru mjög litlu. Það er best að skoða málið vandlega efnislega.

Að lokum vil ég segja það að mjög mikið hefur borið á því á síðustu árum í sambandi við Viðlagatryggingu Íslands að þegar tjón hafa orðið hafa menn litið á hana sem sjóð. Menn hafa litið á viðlagatrygginguna sem sjóð rétt eins og Bjargráðasjóð eða aðra slíka sjóði. Viðlagatrygging er ekki sjóður með sama hætti og t.d. Bjargráðasjóður var. Viðlagatryggingin er trygging sem byggist á iðgjöldum og hefur tilteknar skyldur þar sem menn kaupa sér réttindi með því að kaupa iðgjöld. Ég held að menn þurfi að átta sig mjög vel á því að ef þeir vilja ganga lengra með viðlagatrygginguna og segja sem svo að hún eigi að borga þessi og hin tjónin, jafnvel burt séð frá því hvernig háttar til með stöðuna að öðru leyti með iðgjöld, þá held ég að menn séu komnir inn í annað hlutverk með þessa stofnun en nú er.

Hins vegar dreg ég ekki úr því að það getur verið þörf fyrir stofnun með annað hlutverk og víðtækara en viðlagatryggingin er. Ég held t.d. að sú hugsun sem var á bak við Bjargráðasjóðinn á sínum tíma eigi rétt á sér. En þetta er tvenns konar starfsemi og að mörgu leyti mjög ólík. Spurningin er auðvitað um það hvort óveðursbætur ættu ekki öllu heldur að vera hluti af starfsemi Bjargráðasjóðs vegna þess að tryggingafræðilega virðist vera svo erfitt að draga mörkin. Að vísu er Bjargráðasjóður sagður dauður eins og er. Hann hef-

ur lengi verið dauður en það er hægt að endurvekja þá hugsun sem á bak við hann var. Og ég skil vel þá þörf sem birtist í þessu máli, m.a. í ræðum þeirra hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og Pálma Jónssonar. Ég endurtek það að ég tel að hér sé mikilsvert mál á ferðinni sem nauðsynlegt er að skoða mjög vandlega og ég held að hæstv. heilbrh. geti verið ánægður með að hafa fengið umræður um málið.

Að allra síðustu þetta, virðulegi forseti. Ég man eftir því sem meginrökum í sambandi við óveðurstrygginguna að menn töldu mjög erfitt að finna endurtryggingarvernd fyrir hana. Fyrir utan það að draga mörkin voru þetta þau faglegu og efnislegu rök sem menn lögðu fyrir. Menn sögðu sem svo: Það er ekki hægt að fá neina endurtryggingarvernd fyrir það veður sem hugsanlega verður á Íslandi. Ég man eftir að þetta réði úrslitum fyrir allmörgum árum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er mjög þakklátur þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls um þetta frv. og látið í ljós skoðanir sínar á því. Það eru aðeins tvær ábendingar sem ég vil koma með að svo komnu máli. Að sjálfsögðu styð ég það eindregið að bæði tilvikin sem nefnd voru áðan, þ.e. óveðurstjón og tjón vegna sandfoks, verði athuguð í nefndinni. Þó er þar að mínu viti nokkur munur á. Munurinn er sá að það er möguleiki á því að tryggja sig gegn óveðurstjóni með frjálsri tryggingu. Og eins og fram kemur í grg. frv. hafa þeir möguleikar stöðugt verið að aukast. Bæði eru slík tjón innifalin núna í fiskeldistryggingu og kaskótryggingu bifreiða. Þau eru innifalin í heimilistryggingu og húseigendatryggingu, sem allmargir eru farnir að taka og taka í vaxandi mæli. Þannig er í boði á markaðnum trygging gegn óveðurstjóni og menn geta valið þar um ýmis tryggingarform og stöðugt fleiri aðilar hafa valið að tryggja sig.

Hins vegar efast ég um, ég þori þó ekki að fullyrða um það, að slíkir möguleikar séu í boði fyrir tjón af völdum sandfoks. Ég veit t.d. að ekki er hægt að tryggja bifreiðar gegn tjóni af völdum sandfoks. Og kaskótrygging bifreiða bætir ekki tjón sem verður á bifreiðum vegna sandfoks. (**ÓÞÞ:** Af hverju hreyfist sandurinn?) Þetta var náttúrlega mjög þessleg spurning að koma úr Reykholti. Af hverju hreyfist sandurinn og er sjálfsagt að heilbr.- og trn. leiti skýringa á því og geri hv. Alþingi mjög vandlega grein fyrir því í nál. af hvaða völdum sandurinn hreyfist. Eitthvað held ég að lögmál Newtons gamla komi við sögu í því sambandi án þess að vera þó öllu valdandi um það, þ.e. þyngdarlögmálið. En látum svo vera. Það verður sjálfsagt athugað í góðu tómi.

En ég held að munurinn á þessum tveimur flokkum sé fyrst og fremst sá að það eru í boði tryggingar gegn öðrum þættinum, þ.e. óveðurstjóninu, en ekki í boði tryggingar, a.m.k. ekki í sumum tryggingarþáttum, gagnvart tjóni af sandfoki.

Það sem ég held að menn ættu að velta fyrir sér í þessari skoðun og er kjarni málsins er þetta: Er rétt að lögbjóða skyldutryggingar gegn óveðurstjónum? Um það snýst málið. Eins og fram kemur í frv., sem er rætt um, er í mörgum tilvikum verið að opna tryggingaleiðir til trygginga um viðlagatjón, tryggingaleiðir sem eru ekki til í dag en fólki selt í sjálfsvald hvort það tekur slíka tryggingu eða ekki. Það er verið að undanþiggja fleiri aðila skyldunni til slíkra trygginga en verið hafa. Spurningin gagnvart óveðurstjónstryggingunni, þar sem tryggingin er í boði og fólk ræður því sjálft hvort það tekur hana, er fyrst og fremst spurningin um hvort lögbjóða á skyldutryggingu og hversu langt slíkt lögboð á að ná, til hvaða fasteigna og hvaða muna og hver á að vera viðmiðunin. Það er þetta sem hefur valdið erfiðleikum með þá ákvörðun að lögbjóða slíkar tryggingar.

Ég bendi á, eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði reyndar áðan, að þau tvö skipti sem þessir þættir hafa komið til umræðu á Alþingi í sambandi við viðlagatrygginguna frá 1974 og endurskoðunina frá 1982 hefur Alþingi komist að þeirri niðurtöðu að ekki bæri að setja slík ákvæði um skyldutryggingu vegna óveðurstjóna inn í lög. En að sjálfsögðu er rétt að Alþingi skoði málið að nýju þegar það kemur fyrir í þriðja sinn. En ég ítreka það að hér er fyrst og fremst spurt um hvort rétt sé að setja í lög ákvæði um skyldutryggingu. Tryggingin gegn óveðurstjóni er til og stöðugt fleiri einstaklingar kaupa sér þá tryggingu að eigin frumkvæði.

Aðeins að lokum stutt athugasemd um það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. um efni 16. gr., hvenær heimilt sé að lækka bætur eða synja alveg um bótakröfur. Ég vil aðeins benda á að í athugasemd við greinina kemur fram að hér er um að ræða sama efni og er í 13. gr. gildandi laga. Þarna er því ekki verið að innleiða neitt nýmæli. Heimild til að synja eða lækka bótafjárhæðir er í gildandi lögum um viðlagatryggingu og hefur verið alveg frá upphafi vega. Eins og fram kemur í athugasemd um greinina eru þess vart dæmi að ákvæði þessu hafi nokkurn tímann verið beitt. Hins vegar telja menn, bæði stjórnarmenn hjá viðlagatryggingu og þeir sem frv. sömdu, að það sé nauðsynlegt að hafa þetta efnisatriði óbreytt í lögum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í 1. gr. frv. er það tekið fram að hlutverk stofnunar Viðlagatryggingar Íslands sé að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Svo eru hér fluttar um það langar tölur að ekki sé hægt að baktryggja sig gegn ákveðnum tegundum af náttúruhamförum. Þegar þeirri ræðu er nokkuð vel fram haldið gagnvart því að það sé ekki hægt að baktryggja sig gagnvart fárviðri þá er kúvent og sagt að það sé vel hugsanlegt að taka sandfok inn. (**Heilbrrh.:** Það er hægt að tryggja sig gegn fárviðri, það er gert í dag. Þetta er allt misskilningur hjá hv. þm.) Það var verið að tala um það hér áðan. (**Heilbrrh.:** Ég held að sandurinn hafi fokið eitthvert, annars staðar en á sandsteppum Íslands.) (**Forseti:** Ég verð að biðja hæstv. heilbrrh. að sýna góða reglu hér á fundi.) (**Heilbrrh.:** Sjálfsagt.) Nú er viðureign hæstv. forseta og heilbrrh.

lokið með sáttum þannig að nú verður fram haldið málinu.

Það kom fram að menn hefðu ekki getað fengið baktryggingar fyrir því ef þeir t.d. létu Viðlagatryggingu Íslands taka það upp að tryggja fyrir foki. Vænti ég að hæstv. heilbrrh. taki nú rétt eftir. Aftur á móti kom fram hjá heilbrrh. mjög ákveðið að mönnum væri ekkert of gott að kaupa sér tryggingar fyrir foki því það væru frjálsar tryggingar. Þeir ættu sem sagt að borga tryggingariðgjaldið til viðlagatryggingar þó þeir fengju aldrei krónu þaðan til baka og svo ættu þeir líka að kaupa sér frjálsa tryggingu fyrir foki, þeirri einu hættu sem þeir hugsanlega gætu setið uppi með.

Nú er rétt að víkja að Kleifum í Gilsfirði því þar mun hæstv. heilbrrh. þekkja til. Það vill svo til að bæjarstæðið er valið nokkuð skynsamlega. Það er valið upp á háum hól. Það stendur það langt frá hlíðum fjallanna að ekki er hætta á snjóflóði eða skriðum, ekki er talin nokkur hætta á að eldgos eða jarðskjálftar muni granda og sjór mun varla ganga svo á land að það fari upp á bæjarstæðið. En svo eru gróin fjöll vestra að sandfok mun ekki heldur skaða bæinn. Aftur á móti er staðreynd að vegna þess að fjörðurinn er eins og trekt í laginu þá geta orðið nokkuð mikil veður á þessum stað og það er stutt yfir í Húnaflóann, þannig að hnjúkaþeyr getur orðið mikill. Ég nefni þetta sem dæmi vegna þess að það má ganga út frá því sem vísu að sá sem á slíkum stað býr er fyrst og fremst að borga iðgjald. Hann er fyrst og fremst að borga iðgjald. Hann mun aldrei fá bætur. Við erum aftur á móti stödd í húsi sem eldgos gæti grandað, jarðskjálfti gæti sett um koll og sjór gæti gengið á land og fyllt í það minnsta kjallarann. Þess vegna liggur ljóst fyrir að viðlagatrygging sér vel um þetta hús, það stendur lágt, nokkuð varið af stórum byggingum þannig að það er ekki sennilegt að fárviðri verði til þess að feykja því um koll — og nú hefur hæstv. heilbrrh. tekið gleði sína og sér að hér er allt í öruggum höndum. En engu að síður er nauðsyn að greina á milli, það sem ég vil kalla tryggingariðgjöld þar sem menn gera ráð fyrir því að fá tjónabætur fyrir, greiðslu á tryggingariðgjöldum, eins og er grunnurinn að viðlagatryggingu og því „kýr"-tryggingarfélagi sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafði hér orð á áðan og sagði að menn hefðu greitt til hvort sem þeir áttu kýr eða ekki. Það er samhjálparfélag. Vissulega voru tryggingarnar í Grágás og þau ákvæði sem hreppar nir stóðu að varðandi tryggingar mjög merkt fyrirbrigði. Þar átti aldrei, ef ég man rétt það sem mér var kennt á Hvanneyri forðum, að bæta mönnum búskap þrisvar. Ef menn stóðu þannig að að skepnur féllu hjá þeim þrisvar, þá fengu þeir ekki bætur í þriðja skipti. Þeir fengu þær tvívegis.

Margt var í þeim tryggingarlögum á þann veg að þeir ætluðu mönnum einhverja sjálfsáhættu líka til þess að tryggja að menn reyndu að gæta eigna sinna og létu ekki allt fara lönd og leið.

Mér finnst aftur á móti að þessi hugsun, sem hér er sett fram, sé slíkt vandamál við að eiga, ef viðlagatrygging eigi að standa að bótum vegna náttúruhamfara þegar um fok er að ræða sé það ekki hægt en það sé einfalt mál ef venjuleg tryggingafélög eiga hlut að máli. Mér sýnist að um sömu vandkvæðin hljóti að vera í báðum tilfellum. Það hlýtur að vera jafnerfitt fyrir sjálfstætt tryggingafélag að meta hvenær á að bæta tjón og fyrir viðlagatryggingu að gera það. Vafalaust mundu menn setja ákvæði um einhverja lágmarksveðurhæð, þannig að ef menn væru að stilla upp fyrir húsi og það mundi vera svo illa að verki staðið að það færi allt um koll við tiltölulega litla veðurhæð yrðu ekki greiddar bætur. En ef veðurhæð er yfir einhverjum ákveðnum mörkum yrðu greiddar bætur.

Ég get ekki fellt mig við þá hugsun sem kemur fram að líta á það sem sjálfgefinn hlut að ákveðin svæði landsins eigi bara að vera greiðendur í þetta kerfi en eigi aldrei að fá krónu til baka. Mér finnst þá eðlilegt að brjóta trygginguna upp, miða hana við hina fornu fjórðunga og láta greiða í viðlagatryggingu á þeim svæðum og hvert svæði hafi sínar reglur um eftir hverju farið er, hvað þeir greiða til baka.

Mér er aftur á móti ærið umhugsunarefni að í undirbúningi að þessu frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er greinilegt, þrátt fyrir að þar hafi verið fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum, að þannig hefur verið að verki staðið og þannig hefur nefndin verið skipuð að hún hefur ekki haft til að bera víðsýni til að taka afstöðu með því að þegar fárviðri geysar eins og gerðist sl. vetur sé eðlilegt að líta á það sem náttúruhamfarir, þegar hús, sem hafa staðið um langan tíma, skekkjast á grunni vegna þess að sterkviðrið er slíkt. Mér finnst óneitanlega skjóta dálítið skökku við ef mönnum finnst að þeir, sem eiga hús ofan í lautum og kvosum, eigi að hafa það öryggi fram yfir hina alla sem hafa byggt þau uppi á hæðum, að það eigi að hafa skatt sem er þannig útbúinn að það verði millifærsla þarna á milli.

Ég get vel trúað því að þeir, sem sitja í náðugum sætum í Seðlabanka Íslands og vilja helst lítið þurfa að vinna fyrir þennan sjóð annað en að ná inn peningunum, ganga frá ársreikningi og hafa svo góðan gleðskap þegar það fer fram, vilji helst ekki þurfa að standa frammi fyrir þeim vandamálum að hafa einhver óljós matsatriði. Það getur vel verið að við stöndum frammi fyrir því að við fáum ekki nothæft tryggingakerfi með því að þetta frv. verði að lögum, að við fáum tryggingakerfi sem er ætlað fyrir suma en ekki fyrir alla þegar um náttúruhamfarir er að ræða.

Ég fyrir mína parta hef lýst því yfir að undir þeim kringumstæðum get ég ekki staðið að því að styðja þetta lagafrv. og breytir engu hversu víðtækur sá bakgrunnur er sem notaður hefur verið til að semja það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi hjóna, 1. umr.

Frv. GHall og SalÞ, 51. mál. — Þskj. 52.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. um lífeyrisréttindi

hjóna. Meðflm. minn er frú forseti Salome Þorkelsdóttir. 1. gr. hljóðar þannig:

„Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra."

Í 2. gr. segir að lög þessi öðlist þegar gildi og grg. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Frumvarp sama efnis var lagt fram í efri deild á 112. og 113. þingi en náði ekki fram að ganga. Það er því endurflutt á grundvelli sömu forsendna.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir."

Eins og fram kom var frv. sama efnis lagt fram í Ed. á 112. og 113. þingi en náði ekki fram að ganga. Nokkrar umræður hafa orðið um þetta mál og sýnist sitt hverjum. Það má þó undarlegt teljast að eignamyndun einstaklinga í hinum fjölmörgu lífeyrissjóðum hérlendis skuli myndast með þeim hætti sem raun ber vitni, þ.e. að enda þótt til hjúskapar hafi verið stofnað áður, við upphaf eða eftir að iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs hófust skuli eignamyndunin vera enn sem raun ber vitni.

Það blandast engum hugur um að hornsteinn þess þjóðfélags sem við byggjum er fjölskyldan. Þótt nokkur breyting hafi orðið á hvað áhrærir útivinnandi húsmæður er eigi að síður stór hópur kvenna sem vegna stöðu sinnar og aðstæðna kemst lítið eða ekkert út á vinnumarkaðinn.

Varðandi gildismat þessa frv. er rétt að taka skýrt fram til framgangs lagafrv. þessu, að hér er eingöngu átt við áunninn rétt til ellilífeyrisréttinda og þá eingöngu miðað við þann rétt til töku lífeyris sem almennt er kveðið á um hjá Sambandi almenna lífeyrissjóðakerfisins.

Varðandi Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins gildir hin almenna regla um rétt til töku lífeyris sem miðast við aldur. Frá því í maí 1987 hefur legið fyrir hinu háa Alþingi frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða og er þetta frv. sem hér er flutt í anda 6. mgr. 13. gr. þess frv. sem endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins lagði fram en þar er að finna mikinn lagabálk, alls 56 greinar auk nokkurra ákvæða til bráðabirgða.

Ég tel mál þetta svo sérstætt með tilliti til þess óréttlætis sem heimavinnandi aðilar í hjúskap verða að una við að með ólíkindum verður að teljast á því herrans ári 1991. Hjónavígslan er jú til að tryggja sem best réttindi þeirra sem í hjónaband ganga ef svo ógæfulega tekst til að upp úr hjónabandinu slitnar. Þess vegna er eðlilegt að ekki aðeins fastir fjármunir skiptist jafnt milli hjóna, heldur og þau réttindi sem áunnist hafa á hjúskapartímabilinu.

Það má líka merkilegt teljast að þær umsagnir, sem borist hafa hinu háa Alþingi frá því að þetta frv. var fyrst lagt fram, eru með nokkuð sérstökum hætti og eins og beinlínis sé gert í því að tefja málið eða framgang þess. Einkum er athyglisvert að lesa umsögn frá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Þeir telja allt, sem hér hefur verið talið af hinu góða, til hins versta máls og verður að segjast eins og er að það læðist að manni sá grunur við að lesa um þá geysilegu eignamyndun sem verður í almenna lífeyrissjóðakerfinu, en þar segir að eignir lífeyrissjóða hafi margfaldast á undanförnum árum og í fyrra jukust þær um 20% að raungildi. Eignirnar voru um 130 milljarðar um áramótin, nokkru meiri en öll innlán banka og sparisjóða.

Það segir sig sjálft að við þessa geysilegu eignamyndun, sem verður í lífeyrissjóðakerfinu, er annað óeðlilegt en að slíkt frv. til laga, sem hér hefur verið lagt fram, nái fram að ganga vegna þess, eins og ég gat um í upphafi, að þegar til hjúskapur hefur verið stofnað er það ekki einn aðili sem hefur unnið fyrir þessum réttindum heldur eru þar fleiri sem koma til.

Virðulegi forseti. Lögfróðir menn telja ófært að setja lög með afturvirkni ef íþyngjandi eru. Hér er ekki um slíkt að ræða og því er lagt til, verði frv. að lögum, að eignarréttur samkvæmt lögunum hafi afturvirkni frá þeim tíma þá til hjúskapar var stofnað ef iðgjöld voru greidd þá eða síðar til lífeyrissjóðs.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Ég held að með þessu frv. sé hreyft mikilvægu réttindamáli. Það er kunnara en frá þurfi að segja að lífeyrisréttindi og margvíslegur bótaréttur annar er tengdur tekjum og þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. því meiri sem atvinnuþátttakan hefur verið og því lengri sem hún hefur verið, því meiri tekjur sem menn hafa haft því meiri rétt hafa þeir t.d. þegar til þess kemur að menn fara á eftirlaun.

Inn í þetta kerfi er innbyggt misrétti kynjanna og ég held að mjög mikilvægt sé að tekið sé á slíkum hlutum. Karlar hafa almennt verið meira á vinnumarkaði en konur. Konur eru þar stopulli, þær vinna skemmri vinnutíma, þær hafa að jafnaði lægri laun og þar af leiðandi hafa þær minni rétt í lífeyriskerfinu.

Ég held að þetta sé lýsandi dæmi um það viðhorf sem er í samfélagi okkar til vinnu, þ.e. vinna sem telst launavinna er mikilvæg og skapar réttindi, vinna sem

ekki er launað fyrir, eins og heimilisstörf, skapar afskaplega lítinn rétt og raunar takmarkar rétt fólks.

Við þekkjum sjálfsagt öll dæmi um konur sem komnar eru yfir miðjan aldur og hafa verið takmarkað á vinnumarkaði en með mikilli vinnu á heimili hafa þær gert eiginmönnum sínum eða sambýlismönnum kleift að leggja vinnumarkaðinum til alla sína krafta, gert þeim kleift að afla þar tekna og skapa sér réttindi. Þeir hafa með öðrum orðum skapað sér réttindin, þær eru réttlausar. Það eru mörg dæmi sem a.m.k. ég hef fengið til mín um miðaldra konur sem standa nánast á berum bökkum þegar kemur til hjónaskilnaðar. Þær fá ekki vinnu vegna þess að þær eru komnar á þann aldur að þær teljast ekki fýsilegur vinnukraftur og eins vegna þess að þær hafa ekki verið mikið á vinnumarkaði og hafa ekki þá starfsreynslu sem krafist er. Þær hafa því lítið sér til framfærslu oft á tíðum, þó svo að þær séu ekki alveg eignalausar því auðvitað fara þær með sinn helming af búinu. Við 67 ára aldur, sem oft er skammt undan, fá þær aðeins ellilífeyri og tekjutryggingu en engin eftirlaun. Karlarnir, hins vegar í þessum tilvikum, fara með sinn hlut af eignunum rétt eins og konurnar, þeir halda sinni launavinnu og hafa sínar tekjur og þeir halda sínum lífeyrisrétti. Eins og ég sagði þá finnst mér að margar konur, þegar þannig er ástatt, standi nánast á berum bökkum.

Ég verð hins vegar að segja að ég er almennt ekki fylgjandi því að réttur annars hjóna sé leiddur af rétti hins. Mér finnst að það ætti að vera sjálfstæður réttur karls og konu sem eru í hjónabandi, en ég tel þó að í þessu tilviki, sem hér er um að ræða, geti það vel komið til álita að réttur annars hjóna sé leiddur af rétti hins, eins og mundi gerast í þessu tilviki ef lífeyrisréttinum væri skipt. Ég held að þetta gæti komið til álita meðan ekki er tryggt að allir landsmenn séu í lífeyrissjóði. Það væri þá farið með lífeyrisréttinn rétt eins og aðrar hjúskapareignir sem koma til skipta við skilnað.

Hins vegar vil ég koma þeirri skoðun minni á framfæri að ég held það sé löngu tímabært að skoða og stokka upp lífeyriskerfið í landinu og ég held að það sé ekki með nokkrum rétti hægt að verja þá mismunun sem í því felst.

En áður en ég fer héðan úr pontu langar mig til að spyrja flm., því nú eru margir lífeyrissjóðirnir sameignarsjóðir, hvort það sé engum vandkvæðum bundið að fara með framlag í slíkan sjóð eins og um séreign einstaklings sé að ræða.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu máli hér í þinginu. Efnislega get ég tekið undir þetta frv. Það lætur í sjálfu sér lítið yfir sér, það er ekki nema tvær frumvarpsgreinar og maður spyr sig því kannski hvort ekki væri möguleiki á að koma efni frv. inn í önnur lög. Ég hef velt því fyrir mér hvort ekki væri skynsamlegra að koma efni þessa frv. inn í lögin um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972 og gæti hugsað mér að sjá þetta efnisatriði þar inni, í 56. gr. þeirra laga. Það eru mjög mismunandi reglur sem gilda hjá lífeyrissjóðunum almennt um makalífeyri og um lífeyrisgreiðslur og ég tek undir það sem kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv. að það er orðið mjög nauðsynlegt að endurskoðun fari fram á lífeyrissjóðakerfinu. T.d. er gríðarlega misjafnt eftir því hvaða sjóð er um að ræða hvernig ellilífeyrir og makalífeyrir eru greiddir. Í mörgum lögum um lífeyrissjóði, og um þá gilda mismunandi lög, eru skýrar reglur um hvernig makalífeyrir skuli greiddur. Óvígða sambúð vantar algerlega inn í þetta frv. Sú regla gildir hjá mörgum lífeyrissjóðum að þeir greiða út makalífeyri þó að um óvígða sambúð sé að ræða.

Ég tek undir með flm. að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og ég mun skoða það með opnum huga þar sem ég fæ tækifæri til í heilbr.- og trn.

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 10. og 11. þm. Reykv. fyrir þessar undirtektir. Það er svo með lífeyrissjóðina að þeir eru allmargir og eins og ég gat um áðan er eignamyndun þeirra geysileg og engar smáupphæðir sem verið er að tala um. Hins vegar standa lífeyrissjóðirnir frammi fyrir nokkru vandamáli sem er að aukast og það er hin svokallaða örorka sem sífellt sækir nú meira á sjóðina en áður hefur gert og það kom upp í huga mér þegar hv. 10. þm. Reykv. var að tala um breytingu á lífeyrissjóðakerfinu og hv. 11. þm. Reykv. gat einnig um það.

Tryggingaþáttur lífeyrissjóðanna er orðinn svo stór að mér er næst að halda að það hafi ekki verið hugsað svo langt fram þegar lífeyrissjóðir voru stofnaðir að þessi þáttur hefði jafnmikið vægi varðandi útgreiðslur og nú er. Ég tók sérstaklega fram að hér ætti eingöngu við um lífeyrisrétt vegna þess að allt annað í lífeyrissjóðakerfinu væri varðandi inneign eða bóta á örorku eða hvernig skuli fara starfsaldur. Ef við tökum t.d. opinbera starfsmenn þá er til í dæminu að aldur plús starfsaldur veiti viðkomandi aðila rétt til töku lífeyris fyrr en öðrum. Ég veit að það er slíkur frumskógur að fara ofan í þessi mál að ég tel mjög nauðsynlegt að einangra þetta nú fyrst um sinn eingöngu við lífeyrisréttinn sjálfan og þá þannig að lífeyrisrétturinn myndist þá eins og eðlilegt er hjá hverjum sjóði.

Nú hafa margir lífeyrissjóðir lög eða reglugerðir sem þeir starfa eftir og ég veit ekki betur en flestallir ef ekki allir lífeyrissjóðir hafi þau ákvæði að jafnt gildi um óvígða sambúð sem um vígða sambúð væri að ræða. Þó er sambúð nokkuð takmarkaðri hvað áhrærir útborgun t.d. ekknabóta og verður sambúð þá að hafa varað í ákveðinn tiltekinn árafjölda.

Hv. 10. þm. Reykv. minntist á varðandi séreign einstaklinga, þ.e. að hver og einn ætti nánast eyrnamerkta greiðslu inni á lífeyrissjóðakerfinu. Það er gert með þeim hætti að eftir hvert ár er ýmist reiknað yfir í stig eða prósentuhlutfall eignamyndunar inni í sjóðnum miðað við þau grundvallarlaun sem eru notuð til viðmiðunar og greiddur er út úr sjóðnum lífeyrir eða örorka. Ég sé ekki að það væri neinum vandkvæðum bundið hjá lífeyrissjóðunum að vinna það verk að skrá

hjá sér þann aðila sem er heimavinnandi eða hinn aðilann eignamyndunar í lífeyrissjóðnum.

Ég vil svo þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið og vona að við getum skoðað það nánar í heilbr.- og trn. Það er rétt sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. að það eru sjálfsagt fjölmörg lög þröskuldur á vegi þess að þetta megi ná fram að ganga svo fljótt sem við vildum, en auðvitað þarf að skoða það. En eins og ég gat um áðan, þá held ég að það sé ekkert í vegi þess hvað áhrærir lög eða reglugerðir lífeyrissjóðanna að þetta geti orðið að lögum án þess að einhverju þurfi þar til að breyta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

31. FUNDUR

fimmtudaginn 21. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, ein umr.

Fsp. JHelg, 81. mál. — Þskj. 83.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Árið 1977 samþykkti Alþingi þál. sem ég flutti um að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar á virkjun á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts. Þá höfðu farið fram nokkrar athuganir á þessu vatnasvæði, fyrst vegna hugmyndar um að veita þessum ám vestur í Tungnaá til nýtingar og virkjunar þar og í Þjórsá. Fljótlega kom í ljós að þær hugmyndir voru ekki raunhæfar en í framhaldi af þeim athugunum sem þá voru gerðar töldu starfsmenn Orkustofnunar og fleiri að þarna væri möguleiki að reisa 300–400 megavatta virkjun með lágum virkjunarkostnaði miðað við afl.

Í þeim umræðum sem fram hafa farið að undanförnu um virkjanir hefur virkjun á þessu svæði ekki verið tekin með í reikninginn hvort sem það stafar af því að rannsóknir á svæðinu eru allt of skammt á veg komnar eða af öðrum ástæðum. Hins vegar er ljóst að fullnaðarrannsóknir og áætlanagerð þar mun taka alllangan tíma. Hagkvæmt virðist því vera að halda þeim rannsóknum áfram nú þegar ætla má að lítið sé um að vera í öðrum verkefnum af ástæðum sem við öll þekkjum. Æskilegt væri að leggja sérstaka áherslu á að ljúka kortagerð af svæðinu sem fyrst. Þó að nú hafi komið alvarlegur afturkippur í bili á orkusölu hljótum við öll að vænta þess að þeir möguleikar opnist að nýju.

Sú hækkun orkuverðs í nágrannalöndum okkar sem er spáð að muni gera orku héðan samkeppnisfæra þrátt fyrir þann gífurlega kostnað sem er við flutning hennar gegnum sæstreng hlýtur að gera samkeppnisstöðu iðnaðar sem nýtir þessa orku hérlendis miklu betri og þá ekki síður iðnaðar sem er smærri í sniðum heldur en þau áform sem efst eru á baugi. Því er mikilvægt að vita hvar okkar hagkvæmustu virkjunarkostir eru til þess að geta gripið tækifærin þegar þau bjóðast en þurfa ekki að bíða í áratugi eftir að rannsóknum sé lokið. Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. á þskj. 83 til hæstv. iðnrh.:

„Hvað hefur verið unnið að rannsóknum og kortagerð á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts síðan 1977 þegar Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sem fyrst yrðu rannsakaðir möguleikar til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Svæðið milli Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls er þriðja mesta vatnsorkusvæði landsins næst á eftir Þjórsá/Hvítá og Jökulsánum á Austurlandi. Virkjanleg orka á þessu svæði er metin sem 8500 gígavattstundir á ári og af því er sennilega raunhæft að tala um að 50–60% séu hagkvæmir virkjunarkostir. Þetta er þó ekki þekkt til hlítar því að rannsóknir á svæðinu eru enn skammt á veg komnar, en þó hefur verið unnið nokkuð að þeim á undanförnum árum allt frá árinu 1977 eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Í stuttu máli má segja að landmælingum vegna yfirlitskorta í mælikvarðanum 1:20.000 eða 1:25.000 sé nú lokið og kortagerðin sjálf um það bil hálfnuð. Rennslismælingar hafa nokkuð verið stundaðar og bættar á síðustu árum. T.d. voru á árinu 1989 settir nýir rennslismælisklafar í Hverfisfljót og Djúpá. Kerfi vatnshæðar og rennslismælinga hefur því verið verulega styrkt. Rannsóknir á sviði jarðfræði og jarðvatnsfræði eru hins vegar skammt á veg komnar. Það sama er að segja um verkfræðilega úrvinnslu þessara gagna og það er ekki farið að reikna út kosti mismunandi virkjunarkosta. Til þess að framkvæma slíka útreikninga þurfa yfirlitskortagerðin og jarðvatns- og jarðvegsrannsóknir að vera komnar lengra á veg.

Fyrir árið 1977 hafði verið unnið nokkuð að áætlanagerð og jarðfræðirannsóknum vegna hugmynda um að veita Skaftá og fleiri ám til Tungnaár en núverandi rannsóknir eru hins vegar alveg óbundnar af slíkum hugmyndum og hvernig staðið verði að nýtingu vatnsorkunnar. Orkustofnun hefur gert áætlun um átak til vatnsorkurannsókna. Þar er áætlað að ljúka kortagerð á þessu svæði og gera fyrstu forathuganir á virkjunarstöðum sem byggðar væru á rennslismælingunum nýju og yfirlitskortum á næstu fjórum árum. Að sjálfsögðu er framkvæmd rannsóknaráætlunarinnar háð fjárveitingum og eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda er náttúrlega nauðsynlegt að undirbúa virkjunarkostina fyrir fram með svo góðum aðdraganda sem frekast er kostur. Til þess þarf fé og sannleikurinn er auðvitað sá að það er auðveldara að afla fjár til virkjunarrannsókna þar sem menn sjá fram á raunverulegar framkvæmdir. Ég tel að einmitt á þessu sviði þurfi nú að huga að því vandlega að láta orkufyrirtækin taka meiri beinan þátt í rannsóknarkostnaðinum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er langt síðan farið var að horfa til þess svæðis sem hér er spurt um í sambandi við virkjanir. Ég minnist þess að fyrir 1980 kom í ljós að það var mikil skekkja í kortum á milli annars vegar Tungnaársvæðisins og hins vegar Skaftársvæðisins sem gerði það heldur illkleift að veita þarna á milli eða breytti a.m.k. þeirri mynd. En nú er væntanlega búið að kippa kortagrunninum í lag ef marka má orð hæstv. ráðherra. Það sem ég vildi hins vegar koma hér á framfæri, ekki síst vegna þess að hér eru bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. viðstaddir, er nauðsynin á því að taka umhverfisþátt virkjunarmálanna almennt inn í fyrsta stig athugana. Fyrir liggur samþykkt Alþingis um að fara yfir þau efni og raða upp í forgangsröð nýtingu og verndun bæði vatnsaflsins og hins vegar jarðhitasvæðanna. Ég held að þetta verði að fá ákveðinn forgang og ekki síst ef menn eru með heildarathuganir í gangi að þessi þáttur verði í rauninni fremstur í röðinni því að það er óráð að vera að leggja í verulegan verkfræðikostnað á svæðum sem menn verða svo kannski sammála um að beri að vernda en ekki að nýta með því að virkja eins og talað er um.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Ég held að í þeim komi skýrt fram að þetta er stórt og mikilvægt mál þar sem um er að ræða þriðja stærsta vatnasvæði eða vatnsorkusvæði landsins. Og ég vil þakka fyrir að áform eru uppi um að halda þessu starfi áfram og sérstaklega vil ég leggja áherslu á að lokið verði þeirri kortagerð sem nauðsynlegar rannsóknir hafa þó verið gerðar til þess að hægt sé að inna af hendi.

En vegna þess sem hv. 4. þm. Austurl. sagði vil ég geta þess að á þessu vatnasvæði er núna ein alvarlegasta uppblásturs- eða gróðureyðingarhættan á landinu, a.m.k. í byggð, vegna hlaupa í Skaftá. Því er vissulega ástæða til þess að huga að þeim þætti og örugglega mundi það geta haft jákvæð áhrif á afleiðingar þeirra hlaupa ef hægt væri að beisla vatnsflauminn en ég skal ekki segja um hvaða annmarka það hefur aftur að öðru leyti.

En ég þakka fyrir svörin og vænti þess að sem fyrst rætist þau áform sem hæstv. iðnrh. skýrði hér frá.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. og hv. fyrirspyrjanda, 2. þm. Suðurl. um hugsanleg umhverfisáhrif nýtingar vatnsorkunnar á þessu svæði vil ég vekja athygli á því sem ég sagði áðan að þær rannsóknir og áætlanagerð sem nú er uppi er óbundin af fyrri hugmyndum um að veita Skaftá og fleiri ám til Tungnaár sem ég þykist vita að hv. 4. þm. Austurl. hafi m.a. haft í huga. Að sjálfsögðu eru menn nú miklu betur meðvitaðir um það en þeir voru fyrir árið 1977 að þegar virkjanir eru undirbúnar þarf að leita þeirra lausna sem í senn koma út með lægstan kostnað og best hlífa náttúru landsins. En það er að sjálfsögðu líka hugsanlegt eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Suðurl. að virkjun á svæðinu gæti stuðlað að því að landinu væri hlíft á vissum svæðum. Þarna verður ekki hrapað að neinu og það er vissulega rétt athugað hjá hv. 4. þm. Austurl. að umhverfisáhrif virkjanaframkvæmda og virkjanastarfsemi þarf að hafa með alveg frá fyrstu gerð.

Orkuverð frá Landsvirkjun, ein umr.

Fsp. EKG, 99. mál. — Þskj. 102.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að einn af stærstu útgjaldaliðum í heimilisrekstri víða á landsbyggðinni er orkuverðið. Jöfnun orkuverðs og lækkun orkuverðs á þeim svæðum hefur þess vegna verið eitt af þeim stóru málum sem um hefur verið tekist í þjóðmálaumræðunni á undanförnum árum.

Í þeirri skýrslu, sem kynnt var á sl. vori um orkuverðsjöfnun og mjög var umrædd í kosningabaráttunni, er beinlínis gert ráð fyrir því að Landsvirkjun taki mjög veigamikinn þátt í því að lækka orkuverðið í landinu, einkanlega hjá þeim sem búa við hæstu taxtana til húshitunar.

Það er ásetningur ríkisstjórnarinnar og kemur fram í málefnasamningi og stefnuyfirlýsingu hennar að lækka raforkuverð til húshitunar á landsbyggðinni. Það er þess vegna ekki óeðlilegt að leitað sé svara við því hver þróun málsins hafi verið allt frá ársbyrjun 1990. Ástæða þess að það ár er tekið til viðmiðunar er einfaldlega sú að 1. febrúar 1990 voru undirritaðir merkir tímamótasamningar, svokallaðir þjóðarsáttarsamningar, sem fólu í sér ásetning um það að bæta lífskjörin með þeim hætti að ná niður verðbólgunni og tryggja þannig lífsgrundvöll heimilanna.

Ég sagði áðan, og það er auðvitað kjarni málsins, að veigamikill þáttur í rekstri hvers heimilis á landsbyggðinni er orkuverðið. Verð frá Landsvirkjun ræður náttúrlega mjög miklu um það hvernig þau mál skipast því að vitaskuld er það ekki þannig að orkufyrirtækin, dreifingarfyrirtækin ein og sér geti ráðið því alfarið. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fyrir hæstv. iðnrh. eftirfarandi fjórar spurningar:

„1. Hve mikið hefur orkuverð frá Landsvirkjun hækkað frá upphafi árs 1990 og til þessa dags?

2. Hve mikið hefur innlent verðlag hækkað á sama tíma?

3. Hver hefur breyting meðalgengis orðið á þessum tíma?

4. Hefur verið reynt að meta hvaða áhrif þróun orkuverðsins hefur haft á lífskjör og hvort hún verði til þess að treysta forsendur nýrra kjarasamninga?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur lagt fyrir mig fjórar spurningar. Þeim svara ég á þessa leið:

Í fyrsta lagi var spurt hversu mikið orkuverð frá Landsvirkjun hafi hækkað frá upphafi árs 1990 til

þessa dags. Svarið er að heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði ekkert árið 1990 en það sem af er ári 1991 hefur gjaldskrárverðið þrívegis verið hækkað um 5% í hvert sinn eða alls um 15,8%.

Önnur spurning hv. 3. þm. Vestf. var þessi: Hversu mikið hefur innlent verðlag hækkað á sama tíma? Svarið er að vísitala byggingarkostnaðar hefur á þessum tíma hækkað um 18,4%, framfærsluvísitalan um 14,9% og lánskjaravísitalan um 17,3%. Af þessu má sjá að heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar hefur ekki haldið fullkomlega í við verðlag.

Í þriðja lagi var spurt: Hver hefur meðalbreyting gengis orðið á sama tíma? Og svarið er að meðalgengið vegið með inn- og útflutningsvog er óbreytt frá því í ársbyrjun 1990.

Fjórða spurning hv. fyrirspyrjanda var sú hvort reynt hefði verið að meta hvaða áhrif þróun orkuverðsins hefði haft á lífskjör og hvort hún verði til þess að treysta forsendur nýrra kjarasamninga. Því er til að svara að á undanförnum árum hefur raunverð orkunnar lækkað verulega. Þannig er áætlað að meðalverð á raforku frá Landsvirkjun verði um 44% lægra að raungildi á árinu 1991 en það var árið 1984. Þetta er mikil breyting. Á sama tíma hefur að sjálfsögðu hlutur rafmagnsins í framfærslukostnaði lækkað, en hv. fyrirspyrjandi nefndi einmitt þetta hlutfall. Ég get nefnt að á þessum árum hefur hlutur raforkunnar í framfærsluvísitölunni lækkað úr 2,6% árið 1984 í 1,2% nú. Það liggur í augum uppi að þessi þróun hefur haft jákvæð áhrif á lífskjörin í landinu og ætti a.m.k. ekki að torvelda gerð nýrra kjarasamninga.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er fróðlegt að fá fram tölur en þær segja ekki alla sögu og það fer eftir því við hvað er miðað hverju sinni. Það kemur auðvitað út nokkuð annað þegar litið er yfir árið 1990 til dagsins í dag eða hvort litið er til tímans innan ársins 1991. *Meginspurningin er auðvitað hvert stefnir.* Hvað gerir Landsvirkjun t.d. á næsta ári? Ef hækkunarferli verður eitthvað viðlíka og árið 1991 þá horfir ekki vel. Ráðherra kemur hér með tölur varðandi lengri tíma og miðað við 1984 eftir alveg gífurlega hækkunarskriðu hjá Landsvirkjun sem varð eftir að ný ríkisstjórnar var mynduð 1983. Þá hækkaði raforkuverðið frá Landsvirkjun stórkostlega. Menn geta því fengið út ýmsa hluti með slíkri viðmiðun.

Meginatriðið í þessu máli er hins vegar það hvernig raforkukostnaði heimila er háttað eftir landssvæðum og hvernig mönnum miðar í því að jafna raforkukostnaðinn. Það er það sem skiptir meginmáli upp á möguleika, t.d. til sátta í þjóðfélaginu um kjarasamning og annað af þeim toga sem tekið er inn í þessa umræðu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt tölum sem mér hafa borist frá Rarik og Orkubúi Vestfjarða er dæmið ósköp einfaldlega þannig að sú niðurgreiðsluaukning á raforku til húshitunar sem ákveðin var fyrr á þessu ári er öll uppurin. Mér finnst það athyglisvert að stjórnarþingmenn skuli getað borið fram fyrirspurnir og farið eins og kettir í kringum heitan graut, eins og hv. 3. þm. Vestf. gerir, vegna þess að þarna liggur kjarni málsins. Sú orkuverðjöfnun sem lofað var fyrr á þessu ári er núna gjörsamlega horfin út í veður og vind. Í fjárlagafrv. eru engar tillögur af neinu tagi um það að halda við þá stefnu sem ríkisstjórnin lofaði í vor, bæði með ákvörðun sinni sem kynnt var á blaðamannafundi í maí, að ég tali nú ekki um þá þáltill. sem iðnrh. í síðustu ríkisstjórn lagði fram í þinginu. Það eru engir tilburðir uppi í þá átt að standa við þau fyrirheit sem þar eru gefin.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að það sem skiptir máli er sú hækkun sem Landsvirkjun hefur fengið fram á yfirstandandi ári og stefnir í að verði enn meiri á næsta ári samkvæmt yfirlýsingum þeirra. Þetta geta orkufyrirtækin á landsbyggðinni ekki borið þó þau hafi reynt að halda í við þessar hækkanir og látið sumar fara fram hjá sér án þess að taka þær inn í gjaldskrá. Það sem skiptir máli í dag er að orkuverð, t.d. hjá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins, er tveimur og hálfum sinnum hærra en á öðrum svæðum þar sem það er lægra. Kostnaður heimilanna er tveimur og hálfum sinni hærri en þar sem orkuverðið er lægst. Það skiptir máli. Rafmagnsverðið er allt að helmingi hærra. Þetta get ég fullyrt sjálf því ég rek heimili bæði á Reykjavíkursvæðinu og á Vestfjörðum.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. hans svör sem út af fyrir sig eru upplýsandi í þessari umræðu um orkuverðið sem er, ekki síst á landsbyggðinni, vitaskuld er allt of hátt. Þess vegna er það ásetningurinn að reyna að lækka það til þess að jafna lífskjörin í landinu með þeim hætti. Það er auðvitað útúrsnúningur hjá hv. 9. þm. Reykv. að halda því fram að verið sé að reyna að dylja eitthvað í þessari umræðu. Kjarni málsins er sá að alltaf var gert ráð fyrir því þegar farið yrði út í þessa orkuverðsjöfnun og lækkun orkukostnaðar að Landsvirkjun tæki mjög veigamikinn þátt í þeirri aðgerð. Fyrirspurn mín laut einmitt að því að leiða það fram hvort hlutur Landsvirkjunar hefði legið eftir.

Eins og ég rakti áðan er auðvitað alltaf afar erfitt í svona samanburði að velja upphafsmiðviðunartímann. Ég kaus að velja ársbyrjun 1990 vegna aðstæðna í kjarasamningum, sem ég rakti hér áðan. Ég hefði út af fyrir sig getað farið aðeins aftar, t.d. til loka septembermánaðar árið 1989 og þá hefði þessi samanburður verið miklu óhagstæðari fyrir Landsvirkjun vegna þess að 1. okt. 1989 hækkaði Landsvirkjun orkuverð sitt að mig minnir um 10%.

Hins vegar er deginum ljósara að þrátt fyrir það að Landsvirkjun hafi tekist á árinu 1990 að koma í veg fyrir hækkun orkuverðs, þá stefnir í mjög mikið óefni nú, bæði á þessu ári og eins og horfurnar eru á því næsta. Það verður þess vegna að gera skilyrðislausa

kröfu til ríkisfulltrúanna í stjórn Landsvirkjunar að hlutur fyrirtækisins í þeim ásetningi núv. stjórnarflokka að lækka orkuverðið á landsbyggðinni liggi ekki eftir.

Fyrirspurn mín laut einmitt að því að draga fram þessar upplýsingar til að við gætum unnið áfram að þessu mikilsverða máli sem ég vænti að eigi þverpólitíska stuðning á Alþingi. Þetta er eitt af þýðingarmestu málum fyrir lífskjörin í landinu, fyrir almenning, og því verður auðvitað mjög hart fylgt eftir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög bagalegt að mínu viti þegar hæstv. iðnrh. tekur sig til og svarar ekki spurningum sem til hans er beint varðandi hækkunina frá 1990, heldur fer aftur til 1984 og gefur þar með tilefni til almennrar umræðu um málið, opnar það á allt annan hátt en hér hefur verið talað um og nánast vonlaust að sitja undir því að með slíkri opnun sé hægt að segja svo að málið sé útrætt. Hæstv. iðnrh. má ljóst vera að þegar gengi ísl. krónunnar hefur ekki hreyfst þá hefur aðalútgjaldaliður Landsvirkjunar heldur ekki hreyfst. Þess vegna er séð að Landsvirkjun ætlar engan þátt að taka í þjóðarsáttarsamningunum. Hún ætlar að spila sín spil eins og henni sýnist í þessum efnum.

Það alvarlega við þetta að mínu viti er að þetta er hluti af þeim innanflokksátökum í Sjálfstfl. sem mikil spurning er hvort landsbyggðarþingmenn muni ekki líka tapa vegna þess að þeir sem ráða í Landsvirkjun eru sjálfstæðismenn skipaðir af Reykjavíkurborg.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Fyrst er að minna á það að ef Landsvirkjun hefði ekki fengið síðustu 5% hækkun, þá gæti verið búin að borga allar sínar skuldir, þar með talda Blönduvirkjun, árið 2005 samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Það voru því ekki fyrir hendi merkileg tilefni til hækkana. Svo hitt, sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á vegna orða fyrirspyrjanda, um trúverðugleika þess að ríkisstjórnarflokkarnir vilji lækka orkuverð. Þeir taka nánast alla niðurgreiðsluna til baka sem þeir bættu við í sumar með því að fella niður framlög til styrktar dreifiveitum í sveitum og sveitarafveitum. Ef á að nást sú þverpólitíska samstaða, sem nefnd var áðan, þá þarf hún að verða með öðrum hætti en þessum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það virðist vaka í þessu máli nokkur misskilningur. Sérstaklega þótti mér hans gæta hjá hv. 2. þm. Vestf. þegar hann segir að ég hafi valið að svara ekki spurningunni sem upp var borin. Það er að sjálfsögðu ekki rétt hjá þingmanninum því fyrir mig voru bornar þrjár ákaflega nákvæmt skilgreindar spurningar með upphafspunkti fyrir verðsamanburðinn og þeim var svarað skilmerkilega. Ég vek athygli á því að það var hv. fyrirspyrjandi, 3. þm. Vestf., sem valdi tímann.

Fjórða spurningin varðaði það hver væri hlutur raforkunnar í framfærslukostnaði heimilanna. Til þess að gefa mynd af því er miklu skynsamlegra að líta yfir lengri tíma en skemmri. Þess vegna svaraði ég á þann veg sem gert var. E.t.v. hefur hv. 2. þm. Vestf. ekki verið kominn í salinn þegar spurningunum var svarað því þeim var svarað undanbragðalaust og hafi tölurnar ekki svarað þeim væntingum sem þingmaðurinn gerði sér þá verður bara að hafa það. Þetta á reyndar líka við um það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. sem lét í raun og veru að því liggja að ég hefði á einhvern hátt valið samanburðartíma og tölur sem hentuðu mínum málflutningi. Það var ekki. Það var hv. fyrirspyrjandi sem valdi tímann.

Þá kem ég að því sem ég tel vera seinni misskilninginn. Hann er sýnu alvarlegri því hann fjallar ekki eingöngu um það hvernig menn tala um tölur. Þar var í raun og veru hallað réttu máli um hugtökin sjálf. Þar á ég við það sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vesturl. sem halda því blákalt fram að nú sé hin aukna niðurgreiðsla á raforku sem ákveðin var í vor uppurin. Þvílík fjarstæða. Að mennirnir skuli leyfa sér að halda þessu fram. Hafa þeir séð rafmagnsreikningana hjá því fólki sem borgar þetta? Þar kemur mjög skilmerkilega fram að þessi raforkuniðurgreiðsla hefur verið aukin, stendur að sjálfsögðu óhögguð, enda fé til hennar veitt á næstu fjárlögum.

Hitt er svo rétt að lokum, virðulegi forseti, að það er ráð fyrir því gert í þeirri þáltill. sem var til meðferðar í fyrra, en hlaut því miður ekki fullnaðarafgreiðslu, og í þeirri stefnumörkun sem ríkisstjórnin samþykkti í framhaldi af henni, að orkufyrirtækin, þar á meðal Landsvirkjun, komi síðar inn í þessa áætlun um að jafna orkukostnaðinn á landinu. Þeir sem halda því fram að það hafi á nokkurn hátt verið farið á bak við þau fyrirheit fara með rangt mál. Niðurgreiðslan er ekki uppurin, hún stendur sannarlega föst.

Hinu verður ekki breytt að það hafa orðið raunverðsbreytingar á síðustu mánuðum sem þó gera ekki betur en að halda í við verðlagsþróun á kjarasáttartímanum sem hv. fyrirspyrjandi hreyfði sjálfur í upphafi máls. Fram undan er þetta verkefni. Reyndar stendur svo á að þau málefni sem hefur verið hreyft í umræðunni verða víst rædd aftur síðar á þessum fundi því fyrirspurnir liggja frammi á þessum fundi um raforkumál, bæði dreifikerfi í sveitum og lækkun húshitunarkostnaðar.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er rétt að það komi hér fram að Landsvirkjun selur sams konar orku á sama verði hvar sem er á landinu á útsölustöðum sínum eða tengipunktum. Hv. fyrirspyrjandi gerði skilyrðislausa kröfu til ríkisfulltrúanna í stjórn Landsvirkjunar að þeir stuðluðu að jöfnun orkuverðs. Ég tel mig hafa stuðlað að jöfnun orkuverðs, en ég held hann ætti að tala við flokksbræður sína sem sitja í stjórn þessa fyrirtækis og gera þeim grein fyrir þessari kröfu og gera jafnframt skilyrðislausa kröfu til ríkisstjórnarinnar og sjálfs sín að vinna að jöfnun orkuverðs. Ég hef hvað eftir annað lagst gegn hækkunarbeiðnum í stjórn Landsvirkj-

unar og hef stundum fengið þær lækkaðar og lagfærðar.

Málið er það að sérstök hækkun á þessu ári kemur til vegna þess að Blönduvirkjun er tekin í notkun án þess að þörf sé fyrir hana. Það kostar 800 millj. á ári að reka hana og það er engin önnur leið fyrir stjórn fyrirtækisins en að meginþunginn af því komi inn í orkuverðið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vestf. óskar eftir að bera af sér sakir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. telur að ég hafi borið hann röngum sökum með því að hann hafi ekki svarað beint þeim fyrirspurnum sem til hans var beint. Í fjórðu fyrirspurninni segir, með leyfi forseta:

„Hefur verið reynt að meta hvaða áhrif þróun orkuverðsins hefur haft á lífskjör og hvort hún verði til þess að treysta forsendur nýrra kjarasamninga?"

Hæstv. iðnrh. svaraði því ekki að mínu viti hvort þetta yrði til að treysta forsendur nýrra kjarasamninga. Allar spurningar fyrirspyrjanda miðast við árið 1990, þ.e. hvort á þjóðarsáttartímanum hafi Landsvirkjun spilað sín spil á þann hátt að hún hafi stuðlað að því að virða þjóðarsáttina og hún stuðli að því að treysta forsendur nýrra kjarasamninga.

Varðandi Blönduvirkjun er það rétt að auðvitað kostar hún peninga, en við skulum ekki gleyma því að Landsvirkjun skuldar minna í dag eftir að búið er að virkja Blöndu en hún skuldaði áður en byrjað var að virkja Blöndu. Blanda er því greidd að fullu.

Styrking rafdreifikerfis til sveita, ein umr.

Fsp. StB, 100. mál. — Þskj. 103.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 103 hef ég borið fram fsp. til hæstv. iðnrh. um styrkingu rafdreifikerfis til sveita.

Í nóv. 1990 var lögð fram mjög ítarleg skýrsla um styrkingu rafdreifikerfis til sveita á Íslandi. Þessi skýrsla var unnin á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og orkuráðs. Í skýrslunni er gerð úttekt á dreifikerfi á öllu landinu og lagt mat á nauðsynlega styrkingu þess ásamt kostnaðaráætlun um þær framkvæmdir. Þegar skýrslan lá fyrir var sent erindi til iðnrh. og þess óskað af orkuráði að á árunum 1991–1997 yrði lokið við það sem eftir væri af styrkingu rafdreifikerfanna í sveitum svo þau gætu borið það álag sem á þeim verður á næstu árum með þeim hætti að unnt verði að veita raforkunotendum í strjálbýli eins góða þjónustu og nú er veitt í þéttbýli.

Í skýrslunni kemur fram að verkefninu er skipt í þrjá meginflokka. Í fyrsta flokki eru bráðaðkallandi verkefni. Í öðrum flokki eru verkefni sem ljúka þarf fljótlega og í þriðja flokki er verkefni sem koma til eftir því sem álagið eykst frá því sem það var þegar skýrslan var gerð. Kostnaður við þetta verk er áætlaður 1 milljarður og 60 millj. kr. Á Vesturlandi einu er um að ræða 267 millj. kr.

Með þeim miklu breytingum sem eru að verða á atvinnuháttum í sveitum verður stöðugt mikilvægara að tryggja orkudreifingu svo nýta megi raforku til nýrra atvinnugreina í hinum dreifðu byggðum. Ljóst er að hér er um verulega mikinn kostnað að ræða og því nauðsynlegt að vinna verkið eftir áætlun og tryggja að orkufyrirtækjum verði gert mögulegt að vinna verkið með atbeina ríkisins eða með því að tryggja dreifiveitum stuðning Landsvirkjunar.

Til þess að fá fram stöðu málsins núna er borin fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hefur iðnrh. undirbúið eða látið gera áætlun um styrkingu rafdreifikerfis í sveitum landsins?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hefur á vegum orkuráðs verið gerð sérstök áætlun um framkvæmdir við að styrkja rafdreifikerfi í sveitum þannig að það geti annað því álagi sem þar má búast við. Reyndar var slík áætlun samin á árinu 1979 eins og mörgum þingmönnum er kunnugt. Eftir þeirri áætlun hefur verið unnið eftir því sem fjármagn hefur verið veitt til slíkra framkvæmda. Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að seint á árinu 1988 ákvað orkuráð að endurskoða áætlunina frá árinu 1979. Sérstakur samstarfshópur vann þetta verk ásamt verkfræðistofunni Afli og skoðaði rafdreifikerfið til sveita, en ekki í þéttbýli, og studdist við þá skilgreiningu sem Hagstofan notar, þ.e. að staðir með fleiri en 200 íbúa teljast til þéttbýlis. Síðan var metið út frá ákveðnum forsendum, sem samstarfshópurinn varð sammála um, hvaða framkvæmdir teldust nauðsynlegar næstu 25 árin til þess að raforkukerfið í sveitum gæti annað raforkunotkun. Niðurstaðan var svo birt í þeirri skýrslu sem kom út í nóvember í fyrra og hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Mig langar til að vekja athygli á þeim fjárhæðum sem þar koma fram því að auðvitað er það kjarni málsins. Þar er frá því skýrt að áætlað sé að heildarkostnaður við að framkvæma þessa áætlun sé 1.058 millj. kr. og þeim kostnaði skipt eftir landssvæðum og verkefnum. Um helmingur þessa kostnaðar er vegna þrífösunar á línum. Langstærsti hluti þessarar útgjaldaáætlunar fellur á Vesturland, Norðurland eystra og Suðurland.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda kemur orkuráð fram með þá hugmynd að skipta þessum framkvæmdum upp í forgangsröð. Í forgangsflokk, sem þeir kalla, kæmu framkvæmdir upp á 470 millj. kr. Í næsta flokk kæmu framkvæmdir fyrir um það bil sömu fjárhæð og var lagt til að framkvæmdir við þessa tvo flokka dreifðust á sjö ár. Í síðasta flokki yrðu svo framkvæmdir fyrir 118 millj. kr. og yrðu þær gerðar síðar. Þ.e. í þessu fólst, í lauslegum tölum talað, framkvæmdaáætlun upp á 900 millj. kr. á sjö árum.

Þessi áætlun verður væntanlega lögð til grundvallar framkvæmdaáætlun næstu ára, en það er auðvitað ljóst, eins og hv. fyrirspyrjanda, fjárlaganefndarmanni,

er vafalaust ljóst, að framkvæmdahraðinn mun fara eftir þeim fjárveitingum sem til verksins renna. Eins og vel er kunnugt er erfitt í ári hvað slíkar fjárveitingar varðar. Stjórnir Rarik og Orkubús Vestfjarða hafa vakið athygli á því að ef leggja á þennan kostnað alfarið á fyrirtækin og notendur þeirra, þá munu það leiða til hærra orkuverðs á orkuveitusvæðum fyrirtækjanna en í boði eru hjá þéttbýlissveitunum.

Þetta er sjónarmið sem er mjög vel skiljanlegt og ég mun fyrir mitt leyti reyna að finna leið til þess að þoka framkvæmdunum áfram án þess að aukið misræmi skapist í raforkuverði. En ég vek athygli á því vegna þeirra fjárhæða sem ég nefndi áðan að við erum að tala um tölur eins og rúmar 900 millj. á sjö árum, þ.e. nokkuð á annað hundrað milljónir á ári, en á fjárlögum 1991 er 41 millj. kr. til þessa verkefnis og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru 19 millj. kr. á blaði til styrkingar dreifikerfa í sveitum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í lok svars síns kom iðnrh. að kjarna þessa máls, að stefna ríkisstjórnarinnar í dreifingarmálum í sveitum birtist í því að ætlunin er að skera niður fjárveitingar til þessara mála um hvorki meira né minna en 54% samkvæmt fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir. Það er staðreynd sem ráðherrann tók reyndar fram í lok máls síns og er kjarni málsins og þarf ég ekki að bæta þar miklu við.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra gat þess að hann mundi leita leiða til þess að koma í veg fyrir það sem niðurskurður og dráttur á að standa við áætlanir í þessum efnum hlýtur að leiða til, þ.e. hækkunar raforkuverðsins til viðskiptavina þeirra sem eiga mest undir. Hann gat hins vegar ekkert um hverjar þessar leiðir væru, hvernig hann ætlaði að brúa þetta bil. Það væri fróðlegt að fá það fram við umræðuna hvað hæstv. ráðherra hefur í huga svo að við búum ekki við óljós orð. En hér eru þau verk stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar, sem tölur vitna til og hafa verið rakin. Það er ekki aðeins yfir 50% niðurskurður á upphæðum til styrkingar dreifikerfa í sveitum heldur er sveitarafvæðingin jafnhliða þurrkuð út, 10 millj. sem voru á síðasta ári standa á núlli í dag. Þetta eru verk ríkisstjórnarinnar. Þetta er ekki bara það að seinka brýnum framkvæmdum, heldur óöryggið fyrir viðskiptavinina sem fylgir ástandi dreifikerfanna í strjálbýli.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég ætlaði að koma að var einmitt þetta sem þeir tveir hv. þm. sem voru að gera athugasemdir nefndu. Til viðbótar má benda á að ef rafveiturnar verða að taka á sig þá hækkun sem leiðir af styrkingu dreifiveitnanna þurfa þær að hækka sína gjaldskrá um 6%. Þá geta menn spurt sig að því líka: Er það eðlilegt að þeir sem kaupa rafmagn á dreifisvæði Rafmagnsveitna ríkisins taki allan kostnað af styrkingu dreifiveitnanna á sig en ekki, eins og hefur verið gert á undanförnum árum, að hann sé tekinn úr sameiginlegum sjóðum? Menn geta spurt sig að því hvort það verði þá ekki niðurstaðan að þetta verði fært á sjálfar sveitarafveiturnar. Ef það verður gert mun það þýða um 17% hækkun á raforkunni hjá þeim. Það er því útilokað að vinna þetta mál öðruvísi en með sameiginlegu átaki. Þess vegna er mjög áhugavert að fá að vita hvaða hugmyndir eru á ferðinni hjá hæstv. iðnrh. um þessi mál.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svar hans. Að vísu kemur fram í svari hæstv. ráðherra að ráðuneytið hefur ekki undirbúið eða látið vinna áætlun um styrkingu þessa dreifikerfis. Ég hlýt að hvetja eindregið til þess að ráðuneytið taki til hendi við það verk. Það var einmitt tilgangur fyrirspurnar minnar að vekja athygli á þessu máli sem er mjög brýnt. Það hefur komið fram við þessa umræðu að þingmenn eru sammála um það ásamt hæstv. ráðherra að þetta er mjög brýnt verkefni.

Hins vegar er alveg ljóst og það kemur ekki á óvart að þetta er mjög kostnaðarsamt viðfangsefni en verður engu að síður að taka til hendi við að finna lausn á því. Fyrsta skrefið er auðvitað að gera áætlun og við afgreiðslu fjárlaga þarf að sjálfsögðu að taka tillit til þessa verkefnis.

Ég nefndi það í fyrirspurn minni að ég tel að dreifiveiturnar þurfi að taka á þessu máli með ríkissjóði og Landsvirkjun. Ég tel eðlilegt að Landsvirkjun komi inn í styrkingu rafdreifikerfisins til sveita og vitna til þess að það mun vera svo meðal annarra þjóða. Þar sem mikill kostnaður er við dreifingu á orkunni eru það orkuvinnslufyrirtækin sem taka þátt í þeim kostnaði. Og ég vil leggja áherslu á að það verði skoðað sérstaklega.

Ég vil vekja athygli á því að styrking dreifikerfisins er einungis hluti af því viðfangsefni sem blasir við. Endurbygging kerfisins er einnig brýnt viðfangsefni því að viðhald og endurbygging þessa kerfis hefur mjög víða setið á hakanum, svo ekki sé litið á styrkinguna eina út af fyrir sig.

Ég vil bara endurtaka það að þetta er mjög mikilsvert verkefni sem við þurfum að taka á og ég hvet ráðherra eindregið til þess að láta skoða það mjög rækilega hvernig best verður að þessu staðið.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði að vitaskuld verður að gera áætlun um hvernig eigi að styrkja þetta dreifikerfi. Á undanförnum vikum hefur mikið verið rætt um skýrslu Byggðastofnunar og byggðamál í framhaldi af því. Það er eitt stærsta byggðamál fyrir dreifðustu byggðir landsins að þær hafi a.m.k. öruggt rafmagn og eigi það ekki á hættu að það fari út þegar hvessir næst af vestri eða norðri.

Það hefur komið fram að þetta kostar mikið og er ekki stór upphæð til þessa á fjárlögum næsta árs, en það liggur trúlega líka í því að engin greiðsluáætlun

hefur verið gerð. Það er því mjög nauðsynlegt að vinna það verk.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég ætlaði segja í þessu máli er að hér hefur ríkisstjórnin ekki staðið í stykki sínu. Það fer ekkert á milli mála. Það þarf ekki að fara út í neinar rannsóknir eða áætlanagerð. Þetta liggur allt saman ljóst fyrir. Og það þarf ekki neinar kostnaðarsamar áætlanir hér um. Það sem liggur fyrst og fremst fyrir er að það þarf aðgerðir. Það þýðir ekkert fyrir sjálfstæðismenn að koma hér upp trekk í trekk, bæði í þessu máli og öðrum, og reyna að þvo hendur sínar af fjárlögunum sem þeir hafa sjálfir samþykkt að leggja fram þar sem er beinlínis um stórfelldan niðurskurð framkvæmda að ræða. Sjálfstæðismenn bera fyllilega ábyrgð á þessu fjárlagafrv. og þýðir ekkert að þvo hendur sínar af því. Þetta er ekkert einstakt, þetta fjárlagafrv. er um allt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vegna þess sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. þar sem hann lét að því liggja að það væri á einhvern hátt óeðlilegt að fjárveiting til sveitarafvæðingar væri ekki í fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Sannleikurinn er sá að áætluninni um sveitarafvæðinguna er lokið. Þess vegna er ekki fé veitt til hennar á næsta ári. Um það mál þarf ekki fleira að segja.

Hitt er rétt að styrking dreifikerfa í sveitum er verkefni sem enn er fengist við. Það er líka rétt, sem kom fram hér hjá hv. 1. þm. Vesturl., að nauðsynlegt er að huga að endurnýjun dreifikerfanna um hinar dreifðu byggðir. Það er mikið verkefni. En ég held að það væri rangt að reikna með því að við leysum þessi mál með áætlunum úr ráðuneytum. Við höfum orkufyrirtækin til þess að fást við þau verkefni.

Það er heldur ekki rétt að ekki hafi verið gerð áætlun um þessar endurbætur. Hún hefur verið gerð og hún liggur fyrir frá orkuráði. Vandinn í málinu er að taka ákvarðanir um fjárveitingar til framkvæmdanna og um það hvernig haga skuli fjárhag orkufyrirtækjanna sem auðvitað eiga að bera ábyrgð á því að ráðist verði í þær framkvæmdir við þessa styrkingu á dreifikerfunum sem eru þannig vaxnar að ávinningurinn verði meiri en kostnaðurinn, hvort sem sá kostnaður fellur á einkaaðila eða opinbera aðila. Við verðum að gera þá kröfu til þessara framkvæmda að sjálfsögðu að þær svari kostnaði. Síðan er spurningin hver undir honum rís, hvort það eru einkaaðilarnir eingöngu eða með þátttöku opinberra aðila en heildarmatið verður að vera skipulegt.

Mér þykir reyndar að nokkur misskilningur hafi komið fram í máli hv. 3. þm. Vesturl. og e.t.v. einnig í máli hv. 1. þm. Vesturl. því að ég sagði alveg skýrt að ég skildi það sjónarmið stjórna Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða að það væri ekki einhlítt mál að leggja þennan kostnað alfarið á þau fyrirtæki sem þjóna hinum dreifðu byggðum og notendurna þar.

Hins vegar tel ég að við höfum enn ekki fundið endanlega lausn á því, enda varla við því að búast, hvernig við ætlum að jafna þessu niður. Ég tel að sú leið sem hingað til hefur verið farið, að ætla til þess arna sérstakt fé á fjárlögum, hafi ekki tekist vel. Um það eru vitnin algerlega ljós. Hvernig hefur tekist að framkvæma áætlunina frá 1979? Svarið er að það hefur ekki tekist, bæði af því að hún var óraunhæf, af því að þar var verið að stilla upp framkvæmdum sem ekki svöruðu kostnaði, og líka af því að fjárveitingaleiðin er e.t.v. ekki rétta leiðin.

Ég veit að ég mun eiga samstarf við stjórnir þessara fyrirtækja og við þingmenn um að finna lausn í þessu máli, en að sjálfsögðu verður hún að taka tillit til fjárhagslegra aðstæðna í landinu á hverjum tíma. Fram hjá því verður ekki komist. En það er alveg nauðsynlegt að líta á fleiri leiðir en þær sem við höfum hingað til farið. Ég held að þar megi m.a. benda á verulega skuldayfirtöku ríkisins árið 1989. Ekki síst af því hv. 3. þm. Vesturl. nefndi það að ef þetta væri lagt á fyrirtækin þá yrði að hækka gjaldskrárnar um, mig minnir að hann segði, 17% er athyglisvert að sú yfirtaka sem var ákveðin 1989 kom í veg fyrir 15–17% hækkun á gjaldskránum. Þetta er því ekki jafneinfalt og það sýnist vera.

Hitt er líka rétt., eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að í ýmsum öðrum löndum hefur sú leið verið farin að leggja þennan styrkingarkostnað fyrir dreifiveitur í strjálbýli á orkuvinnslufyrirtækin. Það er ein þeirra leiða sem við þurfum að kanna en ég held að það sé mjög óheppileg leið, sú sem helst hefur hingað til verið farin, að ætlast til þess að þarna komi rekstrarstyrkir árlega. Enda er nú svo komið að í reikningum orkufyrirtækjanna er farið að reikna með afskriftum af þessum kerfum og auðvitað þarf einhvern veginn að finna þessu fjárhagsgrundvöll hjá orkufyrirtækjunum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 4. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir. Forseti tók því miður ekki eftir því en verður að treysta að þingmaðurinn geti réttlætt það að fá að taka til máls og bera af sér sakir þar sem hann hefur nú þegar gert athugasemd í umræðunni um þessa fyrirspurn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ef fullyrt er af ráðherra að farið sé með algerlega rangt mál af þingmönnum, þá er verið að bera á þá sakir, ef það er óréttmætt. Hæstv. ráðherra sagði að verkefnið sveitarafvæðing væri úr sögunni vegna þess að því væri lokið. Ég sagði ekkert um það atriði hér hver væri staða þess verkefnis. Ég benti á að 10 millj. kr. hefði verið varið til þess á yfirstandandi ári en ekki væri ekki reiknað með neinni upphæð í þetta. Væri verkefninu lokið mætti kannski verja fjármagni í styrkingu dreifikerfa sem þessu næmi. En það er ekki þannig, hæstv. ráðherra, að verkefninu sveitarafvæðing sé lokið. Þú þarft að lesa þér betur til. Undir liðnum sveitarafvæðing hefur m.a. verið stuðningur við að tengja nýjar bújarðir í sveitum, ný hús. Er því lokið? Það kann að vera að dreifiveiturnar ætli að

taka það að sér, en verkefnið, eins og að því hefur verið unnið og eins og fjármagnið hefur verið notað, stendur enn.

Þetta var að bera af sér sakir, virðulegur forseti.

Fljótsdalsvirkjun, ein umr.

Fsp. HjálmJ, 118. mál. — Þskj. 121.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. á þskj. 121 til iðnrh. um Fljótsdalsvirkjun, sem flutt er af varaþingmanni mínum, Hjálmari Jónssyni, sem nú á ekki lengur sæti á Alþingi. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hversu miklu fé hefur verið varið til undirbúnings framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun? Hvernig skiptist það milli ára? Hver er staða framkvæmdanna núna?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. spyr um kostnað við hönnun og undirbúning vegna Fljótsdalsvirkjunar. Ég vil gjarnan svara spurningunni með því að skýra frá því að á árunum 1989–1991 hefur verið farið varið eftirgreindum fjárhæðum vegna undirbúnings framkvæmda, hönnunar og rannsókna, vegna Fljótsdalsvirkjunar og þá miða ég fjárhæðirnar við verðlagið í desember 1990: Á árinu 1989 35 millj. kr., á árinu 1990 277 millj. kr. og á árinu 1991 266 millj. kr. Samanlagt eru þetta 578 millj. kr. Samsvarandi tölur vegna Fljótsdalslínu hinnar fyrri eru: Árið 1989 og fyrr 12 millj. kr., 1990 21 millj. kr. og 1991 32 millj. kr. Samtals eru þetta 65 millj. kr. Landsvirkjun hefur afskrifað í reikningum sínum stofnkostnað Fljótsdalsvirkjunar við yfirtökuna frá ríkinu á árinu 1982 og áfallinn rannsóknarkostnað áranna 1983–1989, samtals að fjárhæð 1.253 millj. kr. á verðlagi í desember 1990. Þessi kostnaður vegna fyrri hugmynda um Fljótsdalsvirkjun hefur verið afskrifaður.

Vinna við hönnun og rannsóknir og undirbúning fyrir Fljótsdalsvirkjun í tengslum við byggingu nýs álvers á Keilisnesi hófst eins og kunnugt er á síðari hluta árs 1989. Á því ári var unnið fyrst og fremst við kortlagningu berggrunns og virkjunartilhögun var þá endurskoðuð í heild. Á árinu 1990 var unnið við rannsóknir á virkjunarsvæðinu fyrir væntanleg útboð sem beindust helst að könnun berglaga á leið aðrennslisganga, stíflugrunni Eyjabakkastíflu, rannsóknum á efnisnámum og kortagerð. Á miðju ári 1990 hófst svo vinna af fullum krafti við hönnun mannvirkja og útboðsgagnagerð. Jafnframt voru sumarið 1990 boðnir út vinnuvegir á Fljótsdalsheiði og unnið við þá fram á haust. Haldið var áfram gerð vinnuvega sumarið 1991 fram í nóvemberbyrjun sl. Það má heita að lokið hafi verið við þá vegagerð sem nauðsynleg var til að geta hafið framkvæmdir af fullum krafti vorið 1992 en útboðsgögn og tilboð verktaka miðuðust við gangsetningu virkjunar í nóvember 1995. Nú hefur eins og kunnugt er orðið nokkur frestur á að upphaf þessara framkvæmda verði með þeim hætti sem þarna var undirbúið.

Ég ætla hér ekki, virðulegur forseti, að hafa um þetta fleiri orð en tel að með þessu hafi ég svarað fsp. sem fram var borin.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans sem voru skýr og eftir því sem ég get metið algerlega fullnægjandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú vill forseti, ef ekki koma fram athugasemdir, leyfa sér að taka fyrir 11. dagskrármálið sem er fsp. til hæstv. dómsmrh. Er það gert vegna þess að viðkomandi er tímabundinn kl. 12 og væntir þess að hæstv. iðnrh. geri ekki athugasemdir við það þar sem þær fsp., sem nú þegar hafa verið fluttar, hafa tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, ein umr.

Fsp. GHelg, 104. mál. — Þskj. 107.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Árið 1985 flutti ég þáltill. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar og voru meðflytjendur mínir hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðrún Agnarsdóttir og Stefán Benediktsson. Tímans vegna ætla ég ekki að lesa tillöguna en þegar hún var flutt höfðu tæknifrjóvganir verið gerðar á Kvennadeild Landspítalans frá árinu 1979. Voru þá þegar 50 íslensk börn getin með þessum hætti. Till. var til komin vegna þess að flm. höfðu áhyggjur af að þessi börn og aðstandendur þeirra hefðu ekki stuðning í lögum ef upp kæmi ágreiningur af einhverju tagi, t.d. við erfðamál, skilnað eða önnur slík tilvik. Till. þessi var samþykkt á vorþingi 1986 og nefnd skipuð, eins og tillagan gerði ráð fyrir, 28. júlí 1986. Í nefndina voru skipuð Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar, hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Axelsson og Þórður S. Gunnarsson, Jón Hilmar Alfreðsson læknir og Ásta K. Ragnarsdóttir námsráðgjafi. Ritari nefndarinnar var Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri í dómsmrn. Með nefndinni starfaði einnig Anna G. Björnsdóttir deildarstjóri.

Á Alþingi 14. des. 1989 var svo samþykkt þáltill. hv. þm. Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur um tæknifrjóvganir. Meðflytjendur voru Lára V. Júlíusdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Guðrún Helgadóttir. Þannig hafa allmargir hv. þm. komið nálægt þessum málum. Sú þáltill. var einnig samþykkt og þeirri till. vísað til hinnar sömu nefndar og hafði

verið falið að gera drög að lagafrv. um þessi mál.

Það virðist ekki mikið hafa komið frá þessari nefnd enn þá og 17. des. 1990 innti ég þáv. hæstv. dómsmrh. um hvenær ætlast væri til að nefndin lyki störfum. En í till. minni, sem samþykkt var, var nefndinni gert að ljúka störfum áður en næsta hv. löggjafarþing kæmi saman. Svör hæstv. ráðherra voru að nefndin hefði því miður ekki skilað því verki sem henni var falið en nú yrði gerð bragarbót á og hann mundi hvetja til að nefndin lyki störfum.

Nefndin hefur því miður ekki lokið störfum enn og ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í frv. til barnalaga, sem nú liggur fyrir, er að vísu gerð lítil tilraun til að koma í veg fyrir t.d. vefengingu í þeim tilvikum að eitthvað breytist hjá fólki sem farið hefur í aðgerð af þessu tagi. En ég mun koma að því nánar í umræðu um barnalög að þar held ég að hvergi sé nærri að gert.

Í stuttu máli. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum og ég tel að með tilliti til að nú eru rúmlega 100 íslensk börn getin ýmist með tæknifrjóvgun eins og það var nefnt, þ.e. með sæðisgjöf milli hjóna. Síðan hafa hafist hér glasafrjóvganir, stundum með óþekktum sæðisgjafa þannig að málið hefur enn flækst, ef svo mætti segja þó að ánægjulegt sé að slík tækni skulu vera fyrir hendi. Ég tel að hér sé alvarlegur skortur á rétti fólks fyrir hendi og hef því leyft mér — og skal ég ljúka máli mínu, hæstv. forseti — að spyrja á þskj. 107: „Hvað líður starfi nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 til að gera tillögur um réttarstöðu barna, sem getin eru við tæknifrjóvgun, og aðstandenda þeirra?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er skemmst frá því að segja að sú nefnd, sem hér er spurt um, hefur ekki lokið störfum og ekki hefur orðið framhald á störfum hennar eins og fyrrv. dómsmrh. lofaði að yrði í svari við fsp. sem borin var fram á síðasta þingi.

Ég hef í tilefni af því að þessi fsp. er komin fram óskað eftir því við formann nefndarinnar að störfum hennar verði hraðað þannig að á vorþingi megi liggja fyrir tillögur af hálfu nefndarinnar. Og ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á málinu og hafa með því áhrif á að störfum nefndarinnar verður nú flýtt.

Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda eru takmörkuð ákvæði er lúta að þessu viðfangsefni í frv. til barnalaga, sem liggur fyrir þinginu, og er á dagskrá Alþingis í dag en þar er um að ræða feðrunarreglur vegna tæknifrjóvgunar og ákvæði um vefengingarmál af sömu sökum. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að hér er einungis um mjög takmarkaðar reglur að ræða og því fer fjarri að líta megi svo á að löggjöf um þetta efni sé fullgerð með þessu móti og því mjög mikilvægt að nefndin ljúki störfum. Ég hef í tilefni af þessari fsp. lagt fyrir nefndina að skila áliti þannig að það megi kynna á vorþingi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu. Hún hefur verið iðin við það á undanförnum þingum og greinilega veitir ekki af þar sem nefndin hefur ekki enn lokið störfum. Hún vakti athygli á því að þann 14. des. 1989 var enn á ný samþykkt till. um þetta atriði þar sem enn hafði bæst við þær aðgerðir sem hægt var að framkvæma hér á landi varðandi tæknifrjóvganir. Í þeirri till. var lagt til að frv. um efnið yrði lagt fram áður en glasafrjóvganir hæfust á Landsspítalanum. Ég hefði auðvitað talið það nauðsynlegt og fagna ég því sérstaklega að hæstv. dómsmrh. ætlar að vinda bráðan bug að því að tekið verði myndarlega á málinu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það er vissulega ekki að undra þó að hér verði fjörugar umræður um það vandamál að þjóðin haldi á sér hita. En það ætti ekki að vera minna áhugaefni að réttarstaða lifandi fólks og litlu barnanna okkar, sem eru að fæðast, sé tryggð. En menn virðast nú hafa af því minni áhyggjur eftir þeim umræðum sem hér hafa farið fram. Ég vil í stuttu máli þakka mjög hæstv. dómsmrh. sem augljóslega skilur það sem hér er um að ræða.

Í íslenskum lögum er það svo að vegna þeirra rúmlega 100 barna, sem getin eru ýmist með tæknifrjóvgun eða síðar svo glasafrjóvgun, að eiginmaður móður, barnið, móðir þess, lögráðamaður barnsins og erfingjar eiginmanns geta höfðað svokallað vefengingarmál og eins og sakir standa trúlega unnið það. Þar með er faðerni barnsins og réttarstaða þess öll gjörsamlega í lausu lofti og móðurinnar raunar einnig. Hið sama mundi að sjálfsögðu gilda ef móðirin færi í vefengingarmál sem ekki er annað að sjá en að hún hlyti að geta auðveldlega unnið. Það má velta því fyrir sér með þau börn sem nú eru við fermingaraldur sem fyrst urðu til á þennan hátt hver staða þeirra væri ef upp kæmi vafamál um faðerni þeirra, erfðarétt og annað slíkt, sem við kemur réttarstöðu þeirra. Ég tel það skyldu hins háa Alþingis að vinda nú að því bráðan bug að semja lög sem taka til þessara mála.

Í till. minni á sínum tíma fékkst ég einungis við réttaráhrifin. Hv. þm. Sigríður Lillý Baldursdóttir vék einnig að hinum siðferðislega þætti málsins og félagslega. Ég treysti mér ekki til þess að fara út í þá sálma. En það er mjög flókið mál sem þarf vitaskuld að sinna. Það er svo í okkar flókna heimi að að því kemur að tæknin getur tekið af okkur öll völd og þá kemur að þeim, sem kunna að hugsa betur en við hin, að taka ákvarðanir um hversu langt við eigum að ganga. En þetta er önnur saga. Hér er auðvitað um félagsleg, trúarleg, siðferðileg og fagurfræðileg efni að ræða sem eru mjög flókin. Það þarf því að vanda mjög til þessarar lagagerðar. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á að í barnalögunum, sem nú liggja fyrir hinu háa Alþingi, er talað um tæknifrjóvgun. Mér er t.d. ekki ljóst hvort það tekur til allra þeirra aðferða sem við slík mál má notast. Þegar ég flutti mína till. ræddi ég við Jón Hilmar Alfreðsson sem er okkar helsti sérfræðingur í þessum málum. Þá gerðum við ráð fyrir að um væri að ræða að

eiginmaður móður væri sæðisgjafi. Síðan hafa komið til glasafrjóvganir og þetta þarf auðvitað að skilgreina.

Um þetta mætti auðvitað ræða lengi. Ég skal ekki tefja hæstv. forseta og þakka fyrir að hafa fengið að koma hér fyrr en gert var ráð fyrir samkvæmt dagskrá vegna þess að á eftir er fundur hjá okkur í EFTA-nefnd. En ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. dómsmrh. og trúi því að nú verði unnið að þessu máli í einhverri alvöru.

Alþjóðleg björgunarsveit, ein umr.

Fsp. JK, 129. mál. — Þskj. 135.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 135 hef ég borið fram fsp. til dómsmrh. um alþjóðlega björgunarsveit, sem er svohljóðandi: „Hvað líður starfi undirbúningsnefndar sem fjallar um framkvæmd þál. um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar sem samþykkt var 26. apríl 1990?“

Eins og kemur fram í fsp. var samþykkt hér á Alþingi þann 26. apríl 1990 þáltill. sem ég var 1. flm. að ásamt hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni og Guðna Ágústssyni, þar segir svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar með aðsetur á Íslandi sem sinni björgunarmálum á Norður-Atlantshafi. Leitað verði samstarfs við þær þjóðir sem mestra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.“ Þál. var síðan send forsrn. með bréfi þann 15. maí 1990 og samkvæmt skýrslu forsrh. um meðferð ályktana 112. löggjafarþings er hún send með bréfi til utanrrn. og dómsmrn. 5. og 7. sept. 1990. Segir svo að komið hafi verið á fót undirbúningsnefnd með fulltrúum ráðuneytanna og Landhelgisgæslunnar til að fjalla um efni þáltill.

Nú vil ég spyrja: Hvað líður starfi þessarar nefndar? Hefur henni orðið eitthvað ágengt í starfi sínu og við hvaða aðila hefur hún haft samband?

Fsp. er einföld og ég ætla ekki að hafa að sinni fleiri orð um hana.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Formleg nefnd mun ekki hafa verið skipuð til að vinna að þessu verki. En viðræður munu hafa farið fram milli utanrrh. og fyrrv. dómsmrh. um það hvernig koma mætti því til framkvæmda og munu embættismenn þessara ráðuneyta og forstjóri Landhelgisgæslunnar hafa verið kallaðir til í því skyni. Sá undirbúningur hefur ekki leitt til að til viðræðna við erlenda aðila yrði stofnað.

Þannig stóð málið þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum. En það var eitt af fyrstu verkum hennar að skipa sérstaka nefnd til að gera heildaráttekt á flugrekstri Landhelgisgæslunnar að því er varðar björgunar- og eftirlitsflug og kanna mögulegt samstarf við aðra björgunaraðila, þar á meðal varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Þáltill. sú, sem hér er spurt um, var lögð fyrir þá nefnd. En eins og kunnugt er skilaði hún skýrslu og bendir m.a. á tvo kosti sem kanna þurfi að því er varðar hugsanlegt samstarf við varnarliðið. Annars vegar að Íslendingar annist þá björgunarþjónustu eða stofnað verði til samstarfs um rekstur björgunarþyrlna. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefja viðræður við stjórn Bandaríkjanna um þetta viðfangsefni og hefur ráðuneytisstjórum utanrrn. og dómsmrn. verið falið að annast þær viðræður. Að hluta til er um að ræða skylt verkefni, þ.e. alþjóðlegt samstarf um björgunarmál á Norður-Atlantshafi og er þess að vænta að niðurstöður af viðræðum við bandarísk stjórnvöld um þetta efni geti legið fyrir tiltölulega fljótlega.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Við höfum átt nokkurt samstarf í hv. allshn. um málefni björgunarþyrlu og ég vil aðeins koma hér upp til þess að vekja athygli hæstv. dómsmrh. á því að ég tel að hér sé mjög svo kjörið verkefni fyrir Norðurlandaráð. Það er nú einu sinni svo að við sem búum á norðurhjara, svo sem í Norður-Noregi, Grænlandi, Færeyjum, eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta og ég vil hvetja hv. þm. sem sæti eiga í Norðurlandaráði að taka þessa þál. upp á vettvangi Norðurlandaráðs. Ég held að enn séu mörg viðfangsefni sem þar má vinna og vil aðeins leggja þetta inn í umræðuna.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og hv. 14. þm. Reykv. fyrir að leggja þessari umræðu lið. Mér sýnist einhvern veginn á svörunum að þessari tillögu hafi ekki verið fylgt eftir af mikilli alvöru og er ég ekki að undanskilja þá ríkisstjórn sem ég studdi á sínum tíma. En eigi að síður hafa þessi mál verið til umfjöllunar í þeirri nefnd sem fjallaði um flugrekstur Landhelgisgæslunnar og er það í sjálfu sér vel. Að sjálfsögðu hafði ég það í huga þegar ég flutti tillöguna að rætt yrði við þá björgunaraðila sem hér hafa starfað eins og varnarliðið í þessum efnum, en ég hafði miklu víðtækara samstarf í huga. Ég tel að það sé dálítið erfitt að skipa málum þannig til frambúðar að semja við varnarliðið eitt í þessum efnum vegna þess að þar er um hernaðarstarfsemi að ræða sem að sjálfsögðu gengur fyrir hjá þeim. Ég hefði haldið að sú skipan mála að leita eftir alþjóðasamstarfi um björgunarmál væri leið til að komast út úr þeirri sjálfheldu sem þau eru í á Norður-Atlantshafi og það væri leið til að færa þessi mál á borgaralegan grunn.

Ég hef alltaf litið svo á að um langtímamál væri að ræða og það ætti ekki að blanda þessu inn í skammtímavandamál hér í sambandi við kaup á björgunarþyrlu eða öðru slíku sem við fáumst við í augnablikinu. Ég hef ætíð litið svo á að það væri verið að skipa málum til lengri framtíðar og það ber að skoða málið í ljósi þess. Ég harma að það virðist ekki hafa verið tekið á málinu af mikilli alvöru þó að ég sé í sjálfu sér ekkert að ásaka núv. hæstv. dómsmrh. sérstaklega fyrir það. Ég hygg að hér hafi einhver sjónarmið ráðið um

að þetta væri fyrir fram vonlaust verkefni en ég er sannfærður um að svo er ekki.

Jöfnun atkvæðisréttar, ein umr.

Fsp. SAÞ, 55. mál. — Þskj. 56.

Fyrirspyrjandi (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Lögum um kosningar til Alþingis var breytt 1984 og þau endurskoðuð 1987 áður en kosið var eftir þeim í fyrsta skipti 25. apríl sama ár. Markmið breytinganna var að tryggja jöfnuð milli flokka og draga úr misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu. Það misvægi hafði vaxið eftir að núv. kjördæmaskipan var lögfest árið 1959. Þingmönnum var fjölgað úr 60 í 63 og jafnframt séð til þess að nýju þingsætin og flest fyrri uppbótarsæta kæmu í hlut fjölmennustu kjördæmanna. Þrátt fyrir þessar breytingar var munurinn nálega þrír á móti einum þar sem hann var mestur 1987.

Í vor var kosið eftir nýju lögunum öðru sinni. Þá voru 4.072 kjósendur að baki hverjum þingmanni Reykjavíkur og 4.033 kjósendur að baki þingmanna Reykjaness. Að þessu sinni féll flakkarinn Vestfirðingum í skaut og þá eru 1.094 kjósendur að baki hverjum þingmanni þar eða nærri fjórfalt vægi miðað við Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Í Reykjavík og á Reykjanesi voru á kjörskrá 117.659 manns eða rúmlega 64%. Þessi 64% atkvæðisbærra Íslendinga kusu 29 af 63 þingmönnum þjóðarinnar. Hin 36% kusu 34 þingmenn.

Samkvæmt gildandi kosningalögum skal átta þingsætum skipt fyrir hverjar kosningar milli kjördæmanna til að jafna vægi atkvæða. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu kosningum á undan. Að óbreyttum lögum er ljóst að eitt þingsæti færist frá Norðurl. e. til Reykjaness í næstu kosningum. Dóms- og kirkjumrn. hefur þegar birt auglýsingu þessa efnis.

Kosningalögin frá 1987 hafa verið gagnrýnd fyrir að þau væru of flókin. Ég tek undir þá gagnrýni. Kosningalög ættu að vera svo einföld að hver maður gæti skilið þau reiknilögmál sem liggja til grundvallar. Nú er það aðeins á færi sérfræðinga að reikna út úrslit kosninga.

Alvarlegasti galli laganna er þó sá ójöfnuður sem enn er viðhaldið og fer jafnvel vaxandi á ný eins og síðustu kosningar sýna og enn viðgengst að á þingi sitji menn með innan við 500 atkvæði að baki sér meðan utan þings eru frambjóðendur með það fylgi margfalt. Við fyrirhugaða endurskoðun kosningalaga er brýnt að sett verði skýr markmið og væri fróðlegt að heyra hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í þeim efnum. Því spyr ég forsrh.:

„Hvenær hefst endurskoðun núgildandi kosningalaga „í þeim tilgangi að tryggja jafnræði með kjósendum", sbr. stefnuuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og hvernig verður staðið að þeirri endurskoðun?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. vil ég taka fram að það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir því að lögum verði breytt í því skyni að jafna megi atkvæðisrétt kjósendanna í landinu. Viðhorfið er það að meginreglan hljóti að vera sú að atkvæði borgaranna vegi jafnt og þar með séu sem jafnastir möguleikar þeirra til að hafa áhrif á hvernig löggjafarþingið er skipað á hverjum tíma. Það geta sjálfsagt verið á því tæknilegir örðugleikar að ná endanlegum jöfnuði en það breytir engu í sjálfu sér um markmiðið.

Ríkisstjórnin mun fyrst ræða innbyrðis með hvaða hætti hún hyggst standa að málinu en jafnframt er áríðandi að ná sem víðtækastri samstöðu um þær breytingar sem gera þarf.

Við þessar breytingar er jafnframt nauðsynlegt að gera kosningalögin þannig úr garði að þau séu sæmilega skiljanleg venjulegu fólki, venjulegum kjósanda en því fer fjarri að svo sé í dag. Það er óþolandi með öllu að kosningalög séu þannig úr garði gerð að jafnvel stór hluti þingmanna getur ekki skýrt þau fyrir kjósendum sínum.

Menn hafa lagt á það áherslu að tekist hafi að ná jöfnuði á milli flokka í þinginu. Þar hefur orðið töluverð breyting frá því sem áður var og þetta er alveg rétt. En það breytir ekki hinu að meginviðhorfið hlýtur að vera að allir Íslendingar hafi sem jafnasta möguleika á því að ráða því með hvaða hætti löggjafarþing þeirra er skipað.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ósköp eðlilegt að einhver af þingmönnum Sjálfstfl. skuli koma fram með þessa fsp. þar sem hægt er að vitna til hvítbókar um stefnumörkun. Það er sumum mikill þyrnir í augum það sem þeir telja mismunun í vægi atkvæðisréttar. Þegar talað er um jöfnun atkvæðisréttar gleymist þó oft að núgildandi kosningakerfi er sett upp til að virka sem jafnast á milli flokka. Aftur á móti er horft til þess að fyrir fámenn kjördæmi sitji svo og svo margir þingmenn. En ég vil benda þeim sem þannig hugsa á þá staðreynd sem ég nefndi áðan að kerfið var og er hugsað með það fyrir augum að jafna fylgi flokkana þannig að sem jöfnust atkvæðatala sé að baki hvers þingmanns þegar á heildina er litið og þannig eigi Alþingi að spegla vilja þjóðarinnar þegar litið er á atkvæðavægi flokka. Það eru sem sagt hagsmunir heildarinnar sem þarna er verið að ræða um en ekki einstakra kjördæma.

Í máli flm. kom fram sú mismunun atkvæða sem í dag er að baki hvers þingmanns. Ef litið er á atkvæðatölu að baki þingmanna Kvennalistans kemur í ljós að þar eru 2.600 atkvæði rúmlega en að baki hvers þingmanns Sjálfstfl. eru rúmlega 2.500 atkvæði.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Sú fsp. sem hér er til umræðu fjallar um sístætt verkefni stjórnmálanna að skipa málum í sambandi við atkvæðisréttinn þannig að sem best jafnvægi sé. Niðurstaðan hefur verið sú að jafnvægi hefur ver-

ið allgott í síðustu tvennum kosningum í sambandi við jöfnun á milli flokkanna sem er náttúrlega aðalatriðið. En ég vil vara við því að við séum að hringla mikið með kosningalög. Þau kosningalög sem við bjuggum við fyrir 1987 voru frá 1959 og á þau var komin reynsla og ég held að það sama gildi um þau kosningalög sem í gildi eru núna.

Fyrst verið er að tala um áhrif og vægi atkvæða í landinu er rétt að skoða líka í þessu sambandi hvaða áhrif það hefur fyrir borgarana að hafa æðstu embættismenn þjóðarinnar meira og minna staðsetta í Reykjavík og stærstu og valdamestu stofnanirnar staðsettar í Reykjavík. Við skulum horfa á þetta mál sérstaklega í sambandi við áhrifin og völdin í víðtæku samhengi í sambandi við kosningalög og kjördæmaskipan.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur iðulega komið fram í umræðu um kosningalög að það er ekki hægt að skoða vægi atkvæða ein og sér í einstökum kjördæmum. Menn hljóta að taka tillit til lífsaðstöðu borgaranna í landinu í heild, undirstöðu fyrir daglegu lífi. Þar gætir ekki þess jafnræðis sem við hljótum að gera kröfu um.

Það er rétt sem fram hefur komið, kosningalöggjöfin hefur miðað við að halda sem bestu jafnvægi milli flokka hvað snertir þingstyrk og atkvæðavægi. Ef menn ætla að taka málin út frá því sjónarhorni sem hér hefur verið rætt af hv. fyrirspyrjanda og mér heyrist að hæstv. forsrh. taki undir þarf margt að breytast í landinu að því er snertir aðstöðu borganna áður en hægt er að taka undir slík sjónarmið.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að segja örfá orð í tilefni þessarar fsp. og af því að hæstv. samgrh. er hér í salnum væri ánægjulegt að hann dokaði aðeins við og enn betra að heyra viðhorf hans á jöfnun atkvæðisréttar. Því hefur reyndar verið fleygt í kjördæmi hans, Norðurl. e., að hann muni beita sér fyrir því að sú breyting að einn þingmaður flytjist við næstu kosningar frá Norðurl. e. til Reykjaness, taki ekki gildi.

Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni að það verður að líta á lífsaðstöðu fólksins í landinu þegar þessi mál eru skoðuð. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda í þeim efnum að kosningalögin eru allt of flókin. En ég vara eindregið við því að farið verði út í það á þessu strjálbýla landi að það sé sama vægi á bak við þingmenn allra kjördæma. Það gengur ekki meðan lífsaðstaðan er eins og raun ber vitni.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Mig undrar ekki að þessi fsp. skuli koma fram. Hér er um að ræða gamalt mál sem stöðugt hefur skotið upp kollinum og hefur verið býsna fyrirferðarmikið í umræðum á Alþingi. Að mínu mati var það ásættanleg niðurstaða sem náðist við síðustu endurskoðun kosningalaganna hvað áhrærði vægið milli einstakra kjördæma. Þar var hins vegar verið að reyna að glíma við tvennt í einu, að skapa tiltekinn jöfnuð milli landshluta og um leið jöfnun milli stjórnmálaflokka. Niðurstaðan varð sú að setja upp afar flókið kosningakerfi sem mörgum hefur fundist erfitt að skilja.

Kjarni málsins er hins vegar þessi: Það hefur tekist um málið bærileg sátt með þessari skipan kosningalaganna og það hefur í raun verið viðurkennt af forustumönnum stjórnmálaflokkanna í gegnum árin að það sé ekki óeðlilegt að nokkurt ójafnvægi ríki milli landshlutanna af ástæðum sem margoft hafa verið tíundaðar. Þessi skilningur hefur komið fram í máli fjölmargra forustumanna stjórnmálaflokkanna og ég nefni ekki síst í því sambandi Geir Hallgrímsson.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins að segja nokkur orð við þessa umræðu. Ég tel ekkert sjálfgefið að það eigi að stefna að því að hver einasti kjósandi í landinu hafi sama rétt. Ég tel að þarna eigi að vera nokkurt misvægi þarna á milli og vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að þeir sem eru á höfuðborgarsvæðinu hafa mestan aðgang að þingmönnum og geta haft langmest áhrif á löggjafarsamkunduna.

Ég vil einnig benda á það í því sambandi að við höfum lagt mjög mikla áherslu á það t.d. innan EFTA að við höfum þar neitunarvald. Þar erum við ekki inni á því að það fari eftir mannfjölda hver hafi vægi þar. Við teljum okkur eiga að hafa nákvæmlega jafnmikið vægi þar og aðrir. Hjá Sameinuðu þjóðunum hefur hvert þjóðríki líka nákvæmlega jafnmikinn rétt og þar er ekki heldur farið eftir mannfjölda. Ég tel mikilvægt að við lítum ekki á þetta þannig að það þurfi endilega að vera jafnþungt vægi á bak við hvern einasta kjósanda. Þó að sjálfsagt megi líta á og endurskoða þá tel ég að það þurfi að koma margt þarna inn í ef sú endurskoðun á að fara fram.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er ekki launungarmál að ég er þeirrar skoðunar að flakkarinn eigi að flytjast til Norðurl. e. Það er eðlilegt vegna þess mikla mannfjölda sem þar býr. Ég vil bara til skýringar minna á að á síðasta kjörtímabili voru fleiri atkvæði á bak við mig sem þingmann Norðurl. e. en hvern einstakan þingmann Reykv. Ég vil líka minna á að ef Norðurl. e. fengi hlutfallslega jafnmarga þingmenn miðað við höfðatölu og Vestfirðingar, þar sem eru sex þingmenn, þá ættu að vera u.þ.b. 15 þm. í Norðurl. e. Þetta skýrir nokkuð stærðirnar því auðvitað verður að gæta einhvers jafnvægis á landsbyggðinni. Norðlendingar hafa sætt sig við að hafa sem næst þingmannafjölda í samræmi við íbúafjölda í landinu. Ég hef talið það sanngjarna viðmiðun vegna þéttbýlisins við Eyjafjörð og vil þess vegna reyna að halda því hlutfalli.

Ég trúi ekki öðru en þingmenn almennt telji það sanngjarnt.

Fyrirspyrjandi (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka forsrh. svör hans og tek

undir þau meginviðhorf sem komu fram í máli hans. Hins vegar legg ég áherslu á að þeirri endurskoðun verði hraðað sem menn hafa boðað að muni eiga sér stað.

Það er greinilegt að hér er hreyft viðkvæmu máli og mér finnst skjóta svolítið skökku við að á sama tíma og menn hafa í dag verið að ræða um jöfnuð á ýmsum öðrum sviðum megi ekki ræða um jöfnuð á þessu sviði líka. Ég er ekki að tala um, og það sæti raunar síst á mér sem hef alið nánast allan minn aldur úti á landi, að með þessu væri verið að skerða eða rýra möguleika landsbyggðarinnar til þess að hafa áhrif. En hins vegar tel ég að það hljóti að vera eðlilegt í lýðræðisþjóðfélagi að á þinginu sitji þingmenn í samræmi við það hvar menn búa á landinu, þannig að fólk hafi svipaðan rétt til þess að velja sér fulltrúa á löggjafarþingið.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um að það væri eðlilegt að það ríkti ójafnvægi og hann talaði um það að (**HG:** Ég verð nú að fara að bera af mér sakir.) Fyrirgefðu, er ég kannski að tala um Einar Guðfinnsson? Líklega hefur það verið hann. Ég skrifaði ekki við hjá mér nafnið.

En í framhaldi af þessu, virðulegur forseti, vil ég vekja athygli á því að við búum í lýðræðisþjóðfélagi með langa þinghefð að baki. Lýðræðið er fólgið í því að meiri hluti skuli ráða. Það hlýtur m.a. að felast í því að allir menn séu jafngildir, annars ríkja ekki leikreglur lýðræðisins. Kosningarrétturinn er einn helgasti réttur hvers manns og þess vegna er nauðsynlegt að á þeim vettvangi séu menn jafnir. Íslendingar eru fámenn þjóð, aðeins um 250 þús. manns. Það er fráleitt að vægi sumra okkar sé fjórfalt á við aðra þegar að kjörborðinu kemur. Eitt sterkasta einkenni okkar Íslendinga er vissan um gildi hvers einstaklings. Það er samofið íslenskri þjóðarsál að jöfnuður skuli ríkja meðal manna enda er íslenskt þjóðfélag eitt jafnasta og stéttlausasta þjóðfélag sem fyrirfinnst á Vesturlöndum. Það skýtur því skökku við þegar gengið er til kosninga að þá skuli þegnum þessa lands mismunað stórlega eftir því hvar á landinu þeir búa.

Jöfnun atkvæðisréttar er að standa vörð um helgan rétt einstaklinganna, í því efni vil ég engin hornkerling vera.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu, en það var eitt atriði í máli fyrirspyrjanda sem mér fannst ekki að öllu leyti sanngjarnt. Það var þegar hv. 10. þm. Reykn. sagði í lokaorðum sínum að tala megi um jöfnun á öllum öðrum sviðum en þessu. Það hefur nefnilega verið þannig í gegnum árin að hv. þm. hafa, þegar kosningalög hafa verið til umræðu og breytingar á þeim, alltaf talað um jöfnun á þessu sviði og reynt að ganga í átt til jöfnunar. Því finnst mér þessi ummæli ekki sanngjörn í garð okkar sem viljum ekki ganga svo langt. Ég leyni því ekki að ég vil ekki ganga svo langt að vægið sé algjörlega jafnt, en við höfum ætíð verið að reyna að ná, ef svo má segja, þjóðarsátt á þessu sviði.

Ég vil geta þess, í sambandi við lýðræðið og bollaleggingar um það, að í því mikla lýðræðisríki Bandaríkjunum, en um það erum við fyrirspyrjandi áreiðanlega sammála að sé mikið lýðræðisríki, hefur höfuðborgin nú engan þingmann.

Greiðsla kostnaðar við pólitíska fundi, ein umr.

Fsp. KE, 106. mál. — Þskj. 109.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 109 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar við almenna stjórnmálafundi ráðherra og kynningarfundi á vegum einstakra ráðherra í nafni ráðuneyta, þar með talinn auglýsingakostnaður?"

Það hefur fæst í vöxt að ráðherrar ferðist um landið í nafni einstakra ráðuneyta. Það er auðvitað af hinu góða að þingmenn, þar með taldir ráðherrar, kynni sér ástand mála úti um landið með því að ferðast um og ræða við fólk. Einnig er sjálfsagt að ráðuneyti hafi eðlilega upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Ég tel hins vegar óeðlilegt að á vegum ráðuneyta séu haldnir fundir um stórpólitísk ágreiningsmál þar sem sjónarmið ráðherra eru þau einu sem kynnt eru á fundinum.

Á 112. löggjafarþingi spurði ég þáv. forsrh. nákvæmlega sömu spurningar. Í umræðum um þá fsp. á sínum tíma upplýsti hæstv. þáv. forsrh. að engar reglur giltu um fundarferðir ráðherra.

Hv. þm. Geir H. Haarde upplýsti þá við umræðuna að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hefðu komið fram ábendingum í skýrslu sinni til Alþingis um að eðlilegt væri að setja reglur um ferðalög ráðherra á kostnað ráðuneyta. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Oft kann að vera vandasamt að kveða upp úr um hvenær ráðherra er á ferð á vegum embættis síns og hvenær ekki. En eðlilegt er að ferðalög á vegum stjórnmálaflokka, ýmissa samtaka innan lands eða utan eða einkaaðila greiðist ekki af almannafé. Ástæðulaust er annað en að um þessi efni gildi ákveðnar viðmiðunarreglur svo sem tíðkast í nálægum löndum."

Þetta var upp úr skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Þess vegna hef ég, virðulegur forseti, leyft mér að endurtaka þessa spurningu og vænti þess að forsrh. hæstv. geti gefið okkur upplýsingar um hvaða reglur gilda um þessi efni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. verð ég að svara með sama hætti og fyrirrennari minn svaraði að um þessa þætti gilda engar formlegar reglur. Það er heldur ekki hægt að segja að ótvíræð venja eða ótvíræð hefð hafi skapast um þessa þætti því ráðherrar hafa

mjög misjafnlega hagað málum í þessum efnum.

Eins og dæmið stendur í dag verður hvert ráðuneyti og hver ráðherra að ákveða hverju sinni hvort til að mynda fundur sé eðlileg kynning á störfum og verkefnum ráðuneytis hans á hverjum tíma eða hvort fundur sé óviðkomandi því ráðuneyti og því ætti annar að bera þann kostnað sem af slíku fundahaldi hlýst. Viðkomandi ráðherra verður þá að búa við og svara gagnrýni sem fram kemur á mati hans á hverju tilviki fyrir sig.

Það er líka rétt að benda á að iðulega hefur verið kvartað yfir því að ráðherrar sinni ekki nógu vel upplýsingaskyldum sínum og reyndar hafa þáltill. komið fram og verið samþykktar um það að ráðherrar sinntu upplýsingaskyldum sínum betur en þeir hafa að jafnaði gert.

Það má enn benda á að álitaefni, sem þessu tengist, eru ágreinings- og álitaefni um útgáfur hvers konar á efni sem frá ráðherrum og ráðuneytum hafa komið, hvort þar sé um að ræða almennt upplýsingaefni eða hreinan og jafnvel vilhallan pólitískan áróður sem sendur er út á kostnað viðkomandi ráðuneytis, jafnvel skömmu fyrir kosningar eins og dæmin sanna. Um þetta gilda heldur engar reglur.

Í sjálfu sér ætti ekki að þurfa að setja reglur um hvað eina í þjóðfélaginu. Menn ættu að geta metið með nokkuð eðlilegum hætti, hver ráðherra fyrir sig og síðan sætt þá almennri gagnrýni og setið með almennum hætti undir ábyrgð af meðferð þeirra á fjármunum ráðuneytis, í þessu tilviki vegna fundahalda sjálfra sín eða ráðuneytis.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem vitnað var til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga að æskilegt væri að hafa einhverjar viðmiðunarreglur en ég vara við þeirri trú að menn geti fundið algildar reglur sem tækju til hvers tilviks fyrir sig.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp öðru sinni í þinginu, nú í tíð nýrrar ríkisstjórnar og ég vil hvetja hæstv. forsrh. til þess að setja reglur um þessi efni. Það verður að vera hans mat hversu rúmar þær eru, hvaða svigrúm þær gefa. En núverandi ástand er auðvitað gjörsamlega óþolandi og er búið að vera það lengi, m.a. vegna þess að það hefur aukist ár frá ári nú um lengri tíma að ráðherrar hafa lagt út í áróðursherferðir á vegum sinna ráðuneyta og kostað þær af almannafé. Hér er mikið misvægi á milli aðstöðu ráðherra og almennra þingmanna og hér er spurning um að almennir þingmenn njóti einhvers sannmælis í sambandi við þingstörf og möguleika til að koma skoðunum á framfæri. (Forseti hringir.) Forseti, það er skemmst að minnast áróðursferðar núv. hæstv. utanrrh. til að boða sigurinn mikla sem hann telur sig hafa unnið. Þar hafa menn lýsandi dæmi. Og þetta gengur svo langt að ráðherrar eru farnir að auglýsa viðtalstíma í eigin kjördæmum í nafni ráðuneyta sinna.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi ekki heyrt rétt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geri athugasemd við það að ráðherrar ferðist um landið, auglýsi þar viðtalstíma og færi þannig störf sín nær fólkinu í landinu sem þeir starfa fyrir. Ég vona svo sannarlega að ég hafi heyrt rangt.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin þó að ég verði fyrir ákveðnum vonbrigðum með að ekki hafi verið gert neitt í málinu, svo langt er síðan ég bar fyrst fram þessa fsp. Hæstv. forsrh. er ekki búinn að vera lengi í ráðuneytinu en ég tel nauðsynlegt að setja einhverjar viðmiðunarreglur. Auðvitað er ekki hægt að setja reglur sem taka til alls, það er aldrei hægt. En það er greinilegt að það þarf að setja ákveðnar viðmiðunarreglur. Hæstv. ráðherra minntist á útgáfumál sem hafa keyrt úr hófi fram eða gerðu það á síðasta vori hjá mörgum ráðherrum. Ég man nú ekki að telja það allt upp hér en það er sjálfsagt öllum kunnugt. Einnig hafa verið farnar ýmsar ferðir á vegum ráðherra. Það var mjög áberandi í tíð síðustu ríkisstjórnar á vegum margra ráðuneyta, þar á meðal man ég eftir að bæði utanrrh. fór margar ferðir og iðnrh. fór líka þó nokkuð margar ferðir og, ef ég man rétt, sjútvrh. á sínum tíma. Þetta er nú bara eftir minni og ætla ég ekkert að tíunda það sérstaklega enda fór ég ekkert sérstaklega ofan í það. Það kom fram að hæstv. utanrrh. hefur farið um landið nýlega á vegum utanrrn. og kallað það kynningarfundi þar sem aðeins komu sjónarmið ráðherrans fram, ekki sjónarmið neinna annarra. Það er því alls ekki hægt að kalla það hlutlausa kynningu sem ég tel hins vegar mjög nauðsynlega.

Mér finnst mjög nauðsynlegt að kynning á vegum ráðuneyta fari fram á ýmsum málum og finn alls ekki að því og finnst, eins og hæstv. forsrh. kom hér að, allt of lítið af því gert, en það er allt annað mál. En það hefur æ betur komið í ljós núna síðustu daga að það sem hæstv. utanrrh. hefur verið að kynna á þessum fundum er ekki kynning vegna þess að þær upplýsingar sem þar komu fram eru ekki einu sinni réttar. Ég vil minna á það sem kom fram í Ríkissjónvarpinu í gær þar sem talað var um réttindi námsmanna varðandi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þar kom fram að réttindi námsmanna eru langt frá því að vera í samræmi við það sem hæstv. utanrrh. hefur kynnt á þessum fundum. Það er því alveg greinilegt að ekki er um hlutlausa kynningu að ræða og þar af leiðandi finnst mér ekki eðlilegt að utanrrn. greiði slíka fundi. Þeir eiga auðvitað að fara fram á vegum flokks hæstv. utanrrh.

Ég tel nauðsynlegt að settar verði einhverjar viðmiðunarreglur og skora á hæstv. forsrh. að vinna að því að slíkar reglur verði settar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er af hinu góða og hinu góða einu að þingmenn og ráðherrar hafi góð tengsl við fólkið í landinu og þetta má gera með tvennum hætti.

Annars vegar með því að boða stefnu sína og síns flokks og það á að sjálfsögðu að gera á vegum þess flokks og þjóðin á ekki að þurfa að borga kostnaðinn af því. Hins vegar er að sjálfsögðu oft á tíðum ástæða til að ráðuneyti kynni einstök mál og þá ber þeim að gera það og þjóðin á kröfu á að það sé gert á óhlutdrægan hátt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessara tilmæla tveggja hv. þm. mun ég taka upp umræðu um það innan ríkisstjórnar hvort rétt sé að setja einhverjar viðmiðunarreglur um þá þætti sem rætt hefur verið um hér.

En aðeins vegna tveggja gagnrýnisatriða, annars vegar varðandi það að einstakir ráðherrar hafi auglýst viðtalstíma, reyndar tók hv. 4. þm. Austurl. það fram og fannst það einkum ámælisvert í sínu eigin kjördæmi, ef ég skildi það rétt. Ég hef ekki síst tekið eftir því að ráðherrar hafa verið að auglýsa viðtalstíma í hinum ýmsu kjördæmum, ekki sínum eigin kjördæmum endilega. Ég tel, og tek undir með hæstv. umhvrh., það vera mjög góða þjónustu að gefa mönnum tækifæri á að ná tali af ráðherrum um hin ýmsu efni út um landið og ætti að vera í þágu íbúa landsbyggðarinnar, mundi ég halda. (Gripið fram í.) Ég tók eftir því til að mynda að iðnrh. hefur haldið slík viðtöl í öðrum kjördæmum og hafa mælst vel fyrir, mér er kunnugt um það. Þetta vildi ég taka fram alveg sérstaklega.

Varðandi utanrrh. og fundi hans, þá hygg ég að það hafi verið alveg gríðarleg þörf á því í framhaldi af niðurstöðum um Evrópskt efnahagssvæði að utanrrh. kynnti þau mál ítarlega og það gerði hann á fjölmörgum fundum. Sjálfsagt geta menn deilt um það eins og gengur hvort sjónarmiðum andstæðinga samningsins hafi verið til skila haldið á slíkum fundum og kannski ekki hægt að gera ráð fyrir að það sé gert. En ég sé það ekki fyrir mér að það sé í þágu kynningar að efna af hálfu ráðuneytanna til pólitískra kappræðufunda um mál. Ég hef nú stundum tekið þátt í kappræðufundum af því tagi og oftast nær er upplýsingagildi slíkra funda heldur lítið.

Aðstöðugjald, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 121. mál. — Þskj. 126.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 126 fsp. til hæstv. félmrh. um aðstöðugjald og spyr: „Er þess að vænta að félmrh. leggi fram stjórnarfrv. um niðurfellingu aðstöðugjalds?"

Ég hygg að spurningin sé þannig fram sett að hún þarfnist ekki langrar útskýringar en ég get þó gert þá grein fyrir henni að mér virðist að við verðum að hefja það starf að jafna starfsgrundvöll atvinnugreina. Aðstöðugjaldið er ekki lagt jafnt á innlendar greinar og það er eitt þeirra gjalda sem gerir okkar íslensku fyrirtækjum erfitt um vik í samkeppni við erlenda keppinauta. Samtök nokkurra atvinnugreina hafa vissulega og skilmerkilega bent á þennan aðstöðumun sem er þeim í óhag.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á árinu 1990 starfaði á vegum fjmrn. nefnd sem fjallaði um endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Markmið þeirrar endurskoðunar var einkum að jafna samkeppnisstöðu innlendra útflutnings- og samkeppnisgreina gagnvart erlendum keppinautum.

Í fyrstu tillögu nefndarinnar sem kom út í nóv. 1990 kom fram að rétt væri að fella niður aðstöðugjaldið í núverandi mynd og var það einn liður í heildarendurskoðun á skattlagningu atvinnurekstursins. Segja má að þetta hafi verið aðdragandinn að því að í byrjun þessa árs skipaði ég nefnd til að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga einkum með tilliti til nýrra hugmynda og tillagna um skattlagningu atvinnulífsins. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um hvort fella ætti niður aðstöðugjaldið og hvaða breytingar þurfi þá að gera á öðrum tekjustofnum sveitarfélaga. Nefndinni var einnig ætlað að bera saman tekjustofna sveitarfélaga hérlendis og í nágrannalöndunum. Fyrstu mánuði ársins var einkum unnið að gagnaöflun á vegum nefndarinnar. En skömmu eftir að núv. ríkisstjórn kom til starfa ákvað ég í samráði við fjmrh. að nefndin skyldi vinna áfram á grundvelli upphaflegs skipunarbréfs síns enda skýrt tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að samræma skattlagningu fyrirtækja því sem gerist í nágrannalöndunum. Við samanburð á tekjustofnum sveitarfélaga hér og í nágrannalöndunum kemur í ljós að aðstöðugjöld í þeirri mynd sem hér hafa tíðkast eru þar ekki til en tekjur sveitarfélaganna koma að langmestu leyti af tekjuskatti einstaklinga og framlögum frá ríkinu. Skattlagning atvinnulífsins er þar fyrst og fremst á vegum ríkisins.

Ég ætla ekki að rekja að neinu ráði umræðuna um galla aðstöðugjaldsins í skattalegu tilliti. Það hefur lengi sætt mikilli gagnrýni. Skattstofninn er óheppilegur þar sem gjaldið er lagt á heildarrekstrarkostnað fyrirtækja og tekur því raun ekkert mið af afkomu þeirra. Aðstöðugjaldið skekkir samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart erlendum keppinautum þar sem slíkt gjald er óþekkt erlendis. Einnig er ekki hægt annað en að benda á í þessu sambandi hve tekjur sveitarfélaga af aðstöðugjaldi eru geysilega misjafnar miðað við íbúa. Þannig er aðstöðugjaldið u.þ.b. fjórðungur af skatttekjum Reykjavíkurborgar árið 1990 en innan við 15% hjá öðrum sveitarfélögum. Árið 1991 voru tekjur Reykjavíkur af aðstöðugjaldi tæplega 28 þús. kr. á hvern íbúa samanborið við um 15 þús. kr. að jafnaði í öðrum sveitarfélögum. Ég tel engan vafa á því að aðstöðugjaldið verður fellt niður. Það er að mínu mati bara spurning um tíma. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að sveitarfélögin fái jafngildan tekjustofn í staðinn og auðvitað er eðlilegt að spurt sé hvaða tekju-

stofn það eigi að vera. Í fljóti bragði virðist mér helst koma til álita að sveitarfélögin fái aukinn hlut í tekjuskatti einstaklinga, þ.e. í staðgreiðslunni, en jafnframt lækki hlutur ríkisins. Í staðinn taki ríkið að sér skattlagningu atvinnulífsins. Einnig kemur til álita að auka nokkuð framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Breytingar á því kerfi sem við höfum búið við í þessu efni eru að sjálfsögðu vandasamar og þar þarf að líta á skattlagningu atvinnulífsins í heild.

Virðulegi forseti. Með vísun til þess sem ég hef rakið svara ég fsp. játandi. En hún snerist um að hvort þess væri að vænta að lagt yrði fram stjfrv. um niðurfellingu aðstöðugjalds. Ég vonast til þess að geta að vönduðum undirbúningi loknum lagt fram frv. sem felur í sér niðurfellingu aðstöðugjaldsins og gerir ráð fyrir öðrum tekjustofni til handa sveitarfélögunum í staðinn. Þessu þurfa auðvitað einnig að fylgja breytingar á skattlagningu ríkisins á atvinnureksturinn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var gaman að hlusta á þessa ræðu. Þetta var ræða félmrh. síðustu ríkisstjórnar. Ekki félmrh. í núv. ríkisstjórn. Einfaldlega vegna þess að Sjálfstfl. hefur beitt neitunarvaldi sínu gagnvart þeim till., sem hafa legið á borðinu, í heilt ár að afnema aðstöðugjaldið. Það var ljóst fyrir rúmu ári síðan að það var eindregin krafa frá forustumönnum atvinnulífsins og forustumönnum samtaka launafólks að í tengslum við nýja kjarasamninga yrði fyrir áramót lögfest afnám aðstöðugjaldsins. Það væri liður í að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og gera atvinnufyrirtækjunum kleift að ganga til nýrra kjarasamninga. Sjálfstfl. beitti í ríkisstjórn undir forustu Davíðs Oddssonar neitunarvaldi og það er ein af ástæðunum fyrir því að kjarasamningar hafa ekki verið gerðir. Núv. félmrh. er ekki öfundsverð af því hlutverki að reyna að knýja fram innan núv. ríkisstjórnar stefnu sem alger samstaða var um innan fráfarandi ríkisstjórnar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er henni fullkomlega sammála. Það misrétti, sem aðstöðugjöldin fela í sér, verður að afnema og jafna aðstöðu íslenskra fyrirtækja við erlend fyrirtæki. Þetta gjald þekkist hvergi nokkurs staðar eins og ráðherrann sagði réttilega og ég hvet hana til baráttu í þessu efni og hef enga ástæðu til að efast um vilja ráðherrans til að koma þessu máli í höfn.

Hins vegar veit ég að þar er áreiðanlega við ramman reip að draga eins og hv. síðasti ræðumaður kom að. Sannleikurinn er sá að það misrétti sem hefur viðgengist í þessum efnum hefur farið vaxandi í gegnum árin nema að því leyti til að þegar nýju tekjustofnalögin voru samþykkt þá var aðeins dregið úr þessu.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans við fsp. og þarf ekki að ítreka hver þau voru, efnislega jákvæð. Ég skil fullkomlega að vandaðan undirbúning þarf í þessu máli og að taka þarf tillit til fjárhagslegrar stöðu sveitarfélaganna í landinu. En hvað varðar þær athugasemdir sem hér voru gerðar vænti ég þess að þær megi skilja sem svo að þeir þm. hv. báðir séu fylgjendur þessa máls þegar þar að kemur. En um athugasemd hv. 8. þm. Reykn. verð ég þó að segja eins og er að mér virðist hún algerlega tilefnislaus.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér fannst þær athugasemdir sem fram komu hjá hv. 8. þm. Reykn. harla sérkennilegar. Hv. þm. sagði að hér væri um að ræða ræðu fyrrv. félmrh. í fyrri ríkisstjórn. Ég vil að það komi skýrt fram svo hv. þm. velkist ekki í vafa um að ég skipti ekkert um skoðun í þessu efni þó ég gegni embætti félmrh. í annarri ríkisstjórn. Þannig að mín afstaða til þessa máls er algerlega óbreytt. Varðandi (Gripið fram í.) það atriði, virðulegi þingmaður, að Sjálfstfl. hafi beitt neitunarvaldi í þessu máli þá er það alrangt. Sú nefnd, sem var skipuð á sínum tíma, er enn að störfum. Hún er skipuð fulltrúa fjmrn. og fulltrúum félmrn. og Sambandi sveitarfélaga, þannig að Sjálfstfl. á ekki fulltrúa í þeirri nefnd. Nefndin hefur fyrst og fremst unnið að gagnaöflun í þessu máli, þ.e. skoðað hvernig skattlagningu atvinnulífsins er háttað hérlendis og annars staðar. Skoðað tekjustofna sveitarfélaga almennt og á að leggja fram hugmyndir og valkosti hvað það væri sem gæti tekið við ef aðstöðugjaldið verður lagt niður.

Ég vænti þess að þessi nefnd skili af sér innan tíðar og þá verður málið tekið upp í ríkisstjórninni. Í framhaldi af því mun ég óska eftir því að fulltrúar stjórnarflokkanna komi að þessu máli og þá reynir auðvitað fyrst á það sem hv. þm. nefndi hér áðan. En ég tel enga ástæðu til að ætla að Sjálfstfl. og Alþfl. séu ekki samstiga í þessu efni vegna þess að hér er um að ræða yfirlýsta stefnu beggja flokkanna um að fella beri niður aðstöðugjaldið.

Orkuverð, ein umr.

Fsp. JHelg, 122. mál. — Þskj. 127.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Fram hefur komið í fréttum að verðlagningu á orku frá Landsvirkjun er hagað þannig að dreifiveitur sem kaupa orku séu knúnar til að framleiða raforku með olíu ef notkun þeirra er meiri en það hámark sem samningur þeirra við Landsvirkjun kveður á um. Mér er ekki kunnugt um hve mikla orku er um að ræða en ég hef nokkrar upplýsingar frá Vestmannaeyjum þar sem búa u.þ.b. 2% þjóðarinnar. Þeir þurfa að greiða 86 kr. og 82 aura fyrir hverja kwst. sem keypt er af Landsvirkjun umfram umsamið magn á sama tíma og olía á hverja kwst., sem framleidd er í þeirra dísilrafstöð, kostar 5 kr. og 28 aura. Verðið frá Landsvirkjun er meira en sextánfalt verðið þegar framleitt er með hinni erlendu orku. Það er því augljóst að

rafveita sem stendur frammi fyrir slíku getur ekkert annað gert en að nota hina erlendu orku. En heildarframleiðslukostnaður með erlendri orku mun vera u.þ.b. helmingi hærri en verðið á hinni umsömdu orku frá Landsvirkjun.

Með þessari verðlagningu Landsvirkjunar er augljóst að hún ætlast alls ekki til að þessi orka sé keypt af henni þrátt fyrir hve nú er mikið af ónotaðri orku í kerfi hennar allt árið um kring. Þær upphæðir, sem hér er um að ræða, hljóta samtals að vera allháar því að áætlað er t.d. að framleiðslukostnaður raforku frá dísilstöð verði aðeins í Vestmannaeyjum í þessum mánuði á annað hundrað þúsund krónur. Það hefði Landsvirkjun fengið ef hún hefði hagað verðlagningu sinni þannig að verð hennar væri samkeppnisfært. Það má því segja að þau verðmæti sem þarna er um að ræða, framleiðslukostnaður með olíu, séu verðmæti sem fara algerlega í súginn. Því að öðrum kosti hefði Landsvirkjun getað fengið nokkuð upp í þær 800 millj. kr. sem rætt var um áðan að nú hvíldi á henni vegna Blönduvirkjunar. Ég hef því borið fram á þskj. 127 fsp. til hæstv. iðnrh. um hvort ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að Landsvirkjun breyti gjaldskrá sinni á meðan mikil ónotuð raforka er fyrir hendi þannig að ekki verði ódýrara að nota innflutta orkugjafa en innlenda orku.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Suðurl., spyr hvort ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að Landsvirkjun breyti gjaldskrá sinni meðan mikil ónotuð orka er til staðar þannig að ekki verði ódýrara að nota innflutta orkugjafa en innlenda orku. Þessu vil ég svara þannig að ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu vinna að því áfram í samvinnu við Landsvirkjun og stjórn hennar að finna nýja notendur á sviði orkufreks iðnaðar jafnt innan lands sem utan. En auk þess mun hún stuðla að því eftir því sem er á hennar færi að notendur sem í dag nýta innflutta orkugjafa í verulegum mæli breyti sínum búnaði í það horf að þeir geti notað raforku í staðinn eftir því sem hagkvæmt kann að reynast. Hér eiga að sjálfsögðu viðskiptaleg sjónarmið að ráða. Hv. fyrirspyrjandi vék að því sem eitthvað mun hafa komið fram í fréttum að undanförnu að einstakar rafveitur kunni að nota dísilvélar í vetur til að framleiða raforku á mestu álagstímum. Um það mál vil ég segja að þau áform stafa væntanlega af því að þessar veitur hafa valið sér lágan álagstopp í samningum við Landsvirkjun um síðustu áramót og þar með tekið áhættuna af því að komast í hærri gjaldflokk fyrir umframaflið. Því fer víðs fjarri að dreifiveitur hafi verið knúðar til þess að framleiða orku með þessum hætti. Þær hafa gert um þetta samninga. Síðan kann það að hafa komið í ljós að ódýrara kunni að vera að framleiða umframorkuna með dísilstöðvum en að kaupa hana af Landsvirkjun. Ég tel þarna vera um að ræða mál þar sem aðilarnir verða að gera út um sínar sakir á sama hátt og almennt gerist í viðskiptum.

Landsvirkjun hefur að undanförnu selt svokallaða ótrygga orku við vægu verði en í því felst að notendur verða að sæta því að fyrirvaralaust rof geti orðið á orkunni þegar forgangsnotendurnir fullnýta orkukerfið. Við þær aðstæður sem nú eru uppi hefur af auðskiljanlegum ástæðum, af því að Blönduvirkjun er mjög vannýtt, aukist þrýstingur frá þeim sem kaupa raforkuna á forgangsverði að færa notkunina yfir á ótrygga orku, væntanlega í trausti þess að ekki komi til þess að hún verði rofin. En auðvitað hljóta allir að skilja tregðu Landsvirkjunar til að samþykkja slíka samninga enda hefði það einungis í för með sér lækkaðar tekjur fyrir fyrirtækið við óbreytta heildarnotkun. Markmið Landsvirkjunar með sölu á ótryggu orkunni er að sjálfsögðu að selja þessum aðilum umframframleiðslu til nota þar sem raforka mundi ella ekki koma til greina sem orkugjafi. Þannig og aðeins þannig getur fyrirtækið fengið aukna sölu og hærri tekjur upp í þann kostnað sem m.a. hlýst af fjármögnun Blönduvirkjunar. Ég er nokkurn veginn viss um að við munum finna ný og aukin not fyrir þessa ótryggu orku á næstu missirum og treysti því að viðskiptasamningar manna á milli á grundvelli markaðslögmálanna muni leysa þann vanda sem fyrirspyrjandi hefur áhyggjur af. Jafnframt munum við halda áfram að reyna að finna nýja kaupendur að forgangsorku við því verði sem gefur okkur ábata sem nægir til að kosta næstu stórframkvæmdir í okkar orkubúskap.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar spurt er um það hvort ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að Landsvirkjun breyti gjaldskrá sinni meðan mikil ónotuð raforka er fyrir hendi þá er það umhugsunarvert sem kom fram í fréttum 20. nóv. sl. að orkufyrirtæki, sem kaupa rafmagn af Landsvirkjun, noti dísilrafstöðvar til að lækka álagstoppana vegna þess að ef farið er yfir ákveðið mark hækkar orkuverðið frá Landsvirkjun. Þetta gerist á sama tíma og við erum í vandræðum með umframorkuna.

Mér finnst alveg fráleitt að Landsvirkjun hafi komist upp með, mér liggur við að segja kúgunaraðgerðir á hendur þeim orkufyrirtækjum í landinu sem neyðast til að kaupa raforku af henni vegna þess að Landsvirkjun hefur einkarétt á orkuöflun í landinu.

Þetta tengist þeirri ákvörðun Landsvirkjunar að hún hefur ákveðið að greiða skuldir vegna orkuframkvæmda niður á tiltölulega stuttum tíma og afskrifa þær á miklum mun skemmri tíma heldur en eðlilegt getur talist.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni þessara umræðna er nauðsynlegt að rifja upp að nýlega gerðist sá fáheyrði atburður að Landsvirkjun ákvað að breyta þannig verðlagningu orkusölunnar að í stað þess að nota meðaltal fjögurra hæstu afltoppa við ákvörðun á afltoppum til tiltekinna kaupenda á orkunni er núna notaður hæsti afltoppur. Þetta neyðir væntanlega orkusölufyrirtæki, eins og Rarik og Orkubú Vestfjarða, til að breyta sínum töxtum með svipuðum hætti. Ef þetta gengur eftir mun þetta þýða verulegan kostnaðarauka fyrir stóra

kaupendur eins og fiskimjölsiðnaðinn í landinu sem núna býr við afar erfiðar aðstæður.

Ég vil vekja athygli á í þessu sambandi að samkvæmt útreikningum Félags fiskimjölsframleiðenda þýðir þetta að kostnaður við afltoppinn hækkar um 10–11% og getur þýtt fyrir einstakar verksmiðjur kostnaðarauka oft upp á 600–700 þús. á ári. Á sama tíma liggur fyrir að unnt er að kaupa fullbúnar dísilrafstöðvar hingað til lands, sem nægja til þess að keyra niður þennan topp, sem kosta ekki nema um milljón. Það er því ekki hægt að sjá annað en að þrátt fyrir að um sé að ræða umframraforkuframleiðslu í landinu sé Landsvirkjun að neyða þennan iðnað til óþarfa fjárfestinga og óþarfa gjaldeyrisnotkunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil minna hv. þm. á að athugasemdir má aðeins gera í eina mínútu og það er auðvelt að fylgjast með í borðinu. Þegar gult ljós kemur er hálf mínúta eftir.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það voru háar upphæðir sem hv. síðasti ræðumaður nefndi sem loðnuverksmiðjurnar þurfa að greiða aukalega vegna reglna sem Landsvirkjun hefur sett varðandi afltoppinn. Mér þykir mjög merkilegt ef Landsvirkjun treystir sér til að selja eða gefa, vil ég kannski heldur segja, orkuna til erlendra álfursta en getur ekki lækkað orkuna örlítið til innlendrar notkunar. Þetta þykir mér mjög merkilegt og ég skora á hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því eins og hann getur innan stjórnar Landsvirkjunar að þeir endurskoði afstöðu sína. Þar sem nú er til veruleg umframorka í landinu er það mjög eðlilegt að meðan svo er verði hún seld við vægu verði til innlendra aðila.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Vestf. að þessi ákvörðun Landsvirkjunar hlýtur að kalla á svar við því hvort Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins sé þá frjálst að keyra dísilstöðvar til þess að lækka þennan toll. Á sínum tíma kom til deilu milli þáv. hæstv. iðnrh. og Landsvirkjunar vegna þess að Rafmagnsveitur ríkisins keyrðu dísilvélar til að lækka þennan topp og náðu þannig mun hagstæðari orkukaupum. Þáv. iðnrh. taldi þetta ekki þjóðhagslega skynsamlega niðurstöðu og setti á vissar hömlur að rafmagnsveiturnar fengju að gera þetta. Ég vil fá svör við því frá núv. hæstv. iðnrh. hvort hann telur þá ekki eðlilegt að það frelsi sé til staðar að hinir megi þá keyra dísilvélar til að ná toppnum niður.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans þó ég verði að segja að ég er ekki að öllu leyti sammála því sem fram kom í þeim. Að sjálfsögðu er ástæðan fyrir því að ég beini þessari fsp. til ríkisstjórnarinnar sú að Landsvirkjun er að hálfu leyti í eigu ríkisins og ríkið á þarna mikilla hagsmuna að gæta fyrir utan það að þjóna sínum skyldum við landsmenn.

Þegar rafveitur velja sér það magn, sem er áætlað að semja um að kaupa, hljóta þær að miða við að það sé sem hagkvæmast og það hlýtur auðvitað að vera hagkvæmt að hafa hámarkið eitthvað lægra en hæsta topp, sérstaklega þegar búið er að breyta því þannig að aðeins er miðað við einn hæsta topp en ekki fjóra. Við það mark hlýtur þá að vera miðað við það orkuverð sem þarf að greiða fyrir umframorkuna. Eins og ég sagði áðan er kostnaður á rafmagni frá dísilstöð um það bil tvöfalt hærri en það sem þarf að greiða fyrir hið umsamda verð frá Landsvirkjun. En hins vegar er yfirverðið frá Landsvirkjun meira en sextánfalt. Með slíkri verðlagningu getur ekki verið að Landsvirkjun ætlist til að nokkrum detti í hug að kaupa þessa yfirverðsorku og út frá þjóðhagslegu sjónarmiði finnst mér þetta vera alger fjarstæða. Ég vil því hvetja hæstv. iðnrh. til þess að skoða þetta mál betur því að ég tel að þetta sé ekkert einkamál tveggja fyrirtækja. Þetta er mál þjóðarinnar allrar. Hún verður að greiða þessa ónýttu orku í Blöndu. Sá kostnaður leggst á hvort sem hún er notuð eða ekki og því tel ég mikilvægt að við þessar aðstæður verði gerðar einhverjar breytingar á skipulagi sem kannski væri réttlætanlegt ef öðruvísi stæði á.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þær umræður sem hér hafa spunnist um fsp. hv. 2. þm. Suðurl. sýna að fullkomin ástæða er til að líta á fyrirkomulag verðákvörðunar orkunnar í viðskiptum milli Landsvirkjunar og dreifiveitna. Ég tel það fyrirkomulag sem nú er á margan hátt gallað, að þetta skuli gert með einhliða gjaldskrárákvörðun en ekki í nægilega ríkum mæli með samningum. Reyndar leit ég svo á að sú stefna að færa þetta meira yfir í afltaxta og samninga um afltoppa færðu þetta nær viðskiptalegum grundvelli.

Ég vildi líka benda þingheimi á að það er mjög óhægt um vik að ræða afltaxta og samanburð þeirra þegar breytingar verða, eins og hér voru nefndar af hálfu hv. 3. þm. Vestf. og undir var tekið af hv. 2. þm. sama kjördæmis og reyndar 6. þm. Vestf. einnig, án þess að hafa allar tölur og staðreyndir viðskiptanna fyrir framan sig. Ég bið hv. þm. að spara sér stóru orðin um kúgun og nauðung í þeim samningum sem þarna er verið að ræða og mun að sjálfsögðu huga að því sérstaklega, sem síðast var á minnst, að fiskmjölsverksmiðjurnar fengju þarna krappari kjör en þær hefðu við búist. Það er sjálfsagt mál að líta á það en ég held að leiðin sé ekki að berjast á hinum pólitíska vettvangi með upphrópunum af því tagi sem hér hafa því miður hrotið af vörum manna.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. um heimildir veitnanna til að nýta aðra orkugjafa en kaup af Landsvirkjun þegar svo stendur á að þær fara fram úr toppi tel ég að það eigi að vera þeirra ákvörðunarmál. (**ÓÞÞ:** Nei.) Það á að vera það. Þarna komum við náttúrlega að því að virkjanir á Íslandi eiga að virkja orku í vatnsföllum og iðrum jarðar en ekki gjaldskrár

viðskiptaaðila sinna, fyrst og fremst. Og þess vegna þarf að huga mjög vandlega að þessu.

En svona undir lok þessarar umræðu vil ég líka benda á að það er sannarlega rétt sem er undirrót fsp. hv. 2. þm. Suðurl., eins og ég skil hana, þ.e. að við þessar aðstæður, þar sem við höfum nokkra umframorku um sinn, er ástæða til að leita leiða til að koma henni í verð og það kann að vera að það kalli á aðrar ákvarðanir en áður voru í gildi. En það getur eingöngu gilt ef um viðbótarnotkun er að ræða. Það getur ekki verið skynsamlegt við þessar aðstæður, og sennilega er það aldrei óskynsamlegra en einmitt við þær, að færa þá orku sem áður var seld við því verði, sem þörf var fyrir, yfir í eitthvert miklu lægra verð. Það sér náttúrlega hver maður að hafi Landsvirkjun einhvern tíma haft efni á því hefur hún það alls ekki við þær aðstæður sem nú ríkja. Þetta getur hver maður skilið og í því felst hugsanavilla að halda að kringumstæður Landsvirkjunar séu nú betri til þess að slá af allri orkunni þegar ekki hefur tekist að gera þann stóra orkusölusamning sem menn bundu miklar vonir við og binda enn.

Lækkun húshitunarkostnaðar, ein umr.

Fsp. SÞór, 131. mál. — Þskj. 137.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Þórólfsson):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. iðnrh. á þskj. 137 um lækkun húshitunarkostnaðar er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd á áformum stjórnvalda um lækkun húshitunarkostnaðar, sbr. till. til þál. frá ráðherra um það efni á sl. vori og skýrslu orkuverðsjöfnunarnefndar frá því í mars 1991?"

Tilefni þessarar fyrirspurnar er það að í fyrra skipaði iðnrh. nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og á grundvelli þeirra tillagna sem frá nefndinni komu var lögð fram till. til þál. þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður við húshitun með rafmagni lækki verulega. Þessu markmiði átti að ná í þremur áföngum á næstu tveimur árum og var fyrsta skrefið stigið á vordögum 1991. Þá var niðurgreiðsla aukin úr 79 aurum í 126 aura á kwst. Raforka til húshitunar hefur að vísu verið greidd niður frá því í október 1982 og var miðuð við 40 þús. kwst. ársnotkun, þegar umrædd nefnd var að störfum, en nú brá svo við að um leið og niðurgreiðslan var aukin var orkumagnið sem greitt var niður lækkað niður í 30 kwst. á ári eða niður fyrir það mark sem var miðað við í frv. En þrátt fyrir það lækkaði orkuverð til húshitunar verulega þegar þessi 1. áfangi kom til framkvæmda, en sá ábati þurrkaðist út með verðhækkunum, sem urðu á árinu, á rafmagni, 1. júlí og aftur 1. okt. um 5% í hvort skipti. En niðurgreiðslurnar héldust þó óbreyttar að krónutölu. Mér sýnist því að staðan sé sú að sé miðað við 35 þús. kw-ársnotkun, þá séu kostnaðartölurnar þær að í ársbyrjun hafi ársnotkunin verið 77.350 en í október, eftir að verðhækkanirnar eru komnar til framkvæmda, sé hún 78.050 eða ívið hærri en var áður en þessar aðgerðir komu til framkvæmda.

Það er því ljóst að við stöndum nánast í sömu sporum nú hvað varðar orkuverð til húshitunar eins og þegar tillögur nefndarinnar voru settar fram þannig að þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur af raforku til húshitunar erum við ekki nær því en áður að jafna aðstöðu landsmanna að þessu leyti. Því spyr ég hæstv. iðnrh. hvort hann muni ekki beita sér fyrir jöfnuði á orkuverði til húshitunar hjá öllum þeim sem nota raforku til að hita híbýli sín í samræmi við þáltill. sem flutt var hér, enda vænti ég þess að hann sé enn sömu skoðunar í þessu máli og fyrir kosningar þegar umrædd þáltill. var lögð fram og kynnt. Þetta er réttlætismál sem ég tel að verði að ná fram að ganga.

Mig langar aðeins í framhaldi af þessu að taka undir orð hv. 2. þm. Vestf. um orkuverð og hækkanir hjá Rafmagnsveitum ríkisins að undanförnu. Þessar hækkanir bitna fyrst og fremst á þeim atvinnufyrirtækjum sem hafa sveiflukenndan og árstíðabundinn rekstur í starfsemi sinni og þetta stórhækkar orkukostnaðinn hjá þessum fyrirtækjum. Ég veit t.d. að hjá litlu fyrirtæki í minni sveit hækkar orkukostnaðurinn um 300 þús. aðeins við þessa aðgerð.

Þegar svo er komið málum að fyrirtæki sjá sér hag í því að kaupa dísilvélar og keyra á olíu á sama tíma og mikil ónýtt orka er til í landinu segi ég fyrir mig að ég skil ekki þá hagstjórn sem í þessu felst. Ég held satt að segja að réttara væri að selja þá orku, sem annars rynni ónotuð til sjávar, til að byggja upp framleiðsluatvinnulíf í landinu því að hvað sem líður eflingu þjónustugreina og sölu verðbréfa, þá lifum við ekki á því til lengdar að láta peninga og verðbréf skipta um eigendur. Við verðum að hlúa að þeim greinum sem eru uppspretta verðmætanna því að ef við kippum vatnsleiðslunni úr sambandi við brunninn fáum við ekki lengi vatn úr rörunum. Það er staðreynd.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. hefur borið upp fsp. á þskj. 137 á þá leið: „Hvað líður framkvæmd á áformum stjórnvalda um lækkun húshitunarkostnaðar, sbr. till. til þál. um það efni á sl. vori og skýrslu orkuverðsjöfnunarnefndar frá því í mars 1991?"

Þetta var fyrirspurnin og ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa að verulegu leyti svarað henni í sinni ræðu áðan. En málið er, eins og fram kom, þannig vaxið að í október í fyrra skipaði ég nefnd, orkuverðsjöfnunarnefnd, undir forustu hæstv. núv. umhvrh. til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku. Starfssvið nefndarinnar var síðan víkkað nokkuð þannig að hún skyldi einnig fjalla um heildsöluverð á raforku og vanda þeirra hitaveitna sem hafa hæstar gjaldskrár. Í þessari nefnd voru fulltrúar allra þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi og lauk nefndin sínum störfum í marsbyrjun sl.

Meiri hluti nefndarinnar taldi eðlilegt að Alþingi lýsti sínum vilja til jöfnunar orkuverðs og lagði til að

þáv. ríkisstjórn legði hugmyndir nefndarinnar fyrir þingið í formi þáltill. Ríkisstjórnin samþykkti þetta og var skýrsla nefndarinnar gerð að fskj. með þáltill. sem ég lagði fyrir þingið í mars sl. Því miður náðist ekki að afgreiða þessa tillögu í tímaþrönginni við þinglausnir sl. vor. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem nú situr, kemur skýrt fram að hún gerir ráð fyrir því og stefnir að því að lífskjör verði jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur. Á fjórða fundi ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. var samþykkt að auka niðurgreiðslu á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis og breyta framkvæmd þeirra til samræmis við tillögur orkuverðsjöfnunarnefndar, enda var talið unnt að gera það án þess að formleg afgreiðsla Alþingis lægi fyrir, og fjárins þá aflað annaðhvort með tilfærslu frá öðrum fjárlagaliðum eða með aukafjárveitingu.

Frá og með 1. júlí sl. voru niðurgreiðslurnar auknar þannig að hitunarkostnaður vísitölufjölskyldu á köldu svæðunum, eins og kallað er, lækkaði um um það bil 10 þús. kr. á ári. Miðað við algengasta hitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins lækkaði kostnaðurinn úr um það bil 90 þús. kr. á ári miðað við hitunarmagnið í framfærsluvísitölunni í um það bil 80 þús. kr. á ári. En um leið og þessar niðurgreiðslur voru auknar var viðmiðun þeirra breytt, eins og kom reyndar fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að í stað þess að greiða niður allt að 40 þús. kwst. á ári á hverja íbúð er nú miðað við 30 þús. kwst. Þetta var gert í tvöföldum tilgangi. Annars vegar til að tryggja að nauðsynleg hvatning væri í niðurgreiðslukerfinu til hagkvæmrar orkunotkunar og betri einangrunar húsa og hins vegar til þess að unnt væri að beina meira fé til þeirra sem hafa minna úr að spila og væntanlega búa í minna húsnæði. Landsvirkjun breytti líka sínum reglum um afslátt sem fyrirtækið veitir þeim sem njóta niðurgreiðslna úr ríkissjóði til rafhitunar í samræmi við þetta en hækkaði jafnframt afsláttinn úr 15 og hálfum eyri á hverja kwst. í 20 aura á hverja kwst.

Markmiðið með tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar var að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis í vísitölufjölskyldu lækki í þremur áföngum á næstu tveimur til þremur árum, úr u.þ.b. 7.500 kr. á mánuði í 5.000 á mánuði, eða um þriðjung. Með aukinni niðurgreiðslu frá 1. júní sl. má því segja að fyrsta áfanganum hafi verið náð. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir því að við höldum þessu niðurgreiðslustigi allt það ár.

Í tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar var ráð fyrir því gert að á næstu árum komi orkufyrirtækin meira inn í þessa jöfnunarviðleitni.

Ég vil líka að endingu, virðulegi forseti, leyfa mér að benda á að það er alrangt að halda því fram að ábatinn af þessum niðurgreiðslum hafi þurrkast út. Þær eru þarna enn og nyti þeirra ekki væri orkuverðið einfaldlega þessum mun hærra. Þetta er staðreynd málsins og það getur hver maður séð sem þekkir orkureikningana á þessum köldu svæðum. Ég get vel tekið undir það, sem mér fannst vaka í máli þingmannsins, að æskilegt væri að taka þarna stærri skref og fyrr, en þar verða fjárhagskringumstæður að ráða. En markmiðið er alveg skýrt, þennan mun ætlum við að jafna.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Þórólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. hans svör. Ég vil aðeins staðfesta að í þessum umræðum held ég að það hafi komið ótvírætt fram að orkuverð til húshitunar hefur ekki lækkað eins og að var stefnt með þessum tillögum. Það er kannski fyrst og fremst vegna þess að á þessu ári hefur raforka hækkað þrívegis, eins og hæstv. ráðherra gat um í umræðum áður, og annað hitt að niðurgreiðslan er óbreytt. 1. júní hækkar hún í 126 aura, þ.e. 106 aura frá ríkissjóði og 20 aura frá Landsvirkjun. Sú niðurgreiðsla hefur haldist óbreytt í krónutölu og það gerir það að verkum að raforkuverð er orðið svipað núna og það var áður en til þessarar lækkunar kom. Ég hef fengið mína raforkureikninga líka, eins og aðrir, og ég þekki það mætavel af því hvernig raforkuverð er á landsbyggðinni. Ég held það sé nefnilega alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði fyrr í umræðunum að niðurgreiðslan er vissulega ekki uppurin, hún stendur föst. Hún stendur nefnilega föst og þess vegna er það að raforkuverð til húshitunar er á svipuðu stigi og það var áður en þessar aðgerðir komu til framkvæmda í vor. Það er kannski fyrst og fremst það sem vakti fyrir mér með minni fyrirspurn að láta það koma fram að þrátt fyrir góðan vilja og góðar tillögur sem fram hafa komið í þessum málum hefur ekki náðst sá árangur sem að var stefnt. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan í svari sínu að stefnt væri að sama niðurgreiðslustigi, ef ég tók rétt eftir, á næsta ári. Á ég þá að taka það þannig að miðað sé við að það sé sama krónutala á kwst. og er núna?

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd í tilefni af þessu. Það er alveg rétt sem hefur komið fram að vissulega bundum við vonir við þá ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að jafna húshitunarkostnað. Hins vegar stendur upphæðin í stað hvað varðar krónutölu. En ég vona að hæstv. ríkisstjórn haldi áfram á sömu braut og ég vil benda henni á að í könnun, sem gerð var í haust þar sem fólk lýsti skoðunum sínum, kom fram að stærsta málið sem Íslendingar lögðu áherslu á var jöfnun lífskjara.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vildi ég svara þeirri spurningu, sem til mín var beint af hv. 2. þm. Vesturl., hvað við væri átt með orðunum að niðurgreiðslustig yrði óbreytt á næsta ári. Þá vil ég láta það koma fram að ég hef í hyggju, þegar fjárlög fyrir árið 1992 hafa verið afgreidd, að leita allra leiða til að nýta sem best það fé sem veitt verður til niðurgreiðslu raforku þannig að fólkið á þessum svæðum njóti þess sem allra best. Ég ætla ekki að fullyrða á þessari stundu hvort það þýðir óbreytta krónutölu eða hækkaða krónutölu, ég ætla að bíða og sjá hvernig fjárlagaafgreiðslan verður. Ég hef lagt það fyrir mína starfsmenn að leita leiða innan þeirra fjárhagstakmarkana sem frv. setur til þess að nýta þetta enn þá betur. Ég vona að það takist og

veit að það er mikill áhugi á því í þinginu að nota þetta fé til góðra hluta. Að endingu, virðulegi forseti, þá er það alveg rétt hjá hv. 6. þm. Vestf. að það er mjög mikilvægt að jafna lífskjörin hvað þetta varðar. Það er reyndar, og ég endurtek það, á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar.

Hópferðir erlendra aðila, ein umr.

Fsp. KE, 107. mál. — Þskj. 110.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Á Alþingi þann 23. apríl 1990 var samþykkt þáltill. um leiðsögumenn og endurskoðun reglugerðar nr. 175/1983. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Í nefndinni eigi sæti fimm fulltrúar skipaðir af eftirfarandi aðilum: samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Félagi leiðsögumanna, Félagi ísl. ferðaskrifstofa og ferðafélögum áhugamanna. Ný reglugerð öðlist gildi eigi síðar en 1. jan. 1991."

Ég hef ekki orðið vör við að ný reglugerð samkvæmt þessari ályktun hafi verið gefin út. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. samgrh., á þskj. 110, hvað líði framkvæmd þessarar ályktunar.

Í nál. atvmn. sameinaðs þings, sem hafði þetta mál til meðferðar á sínum tíma, kemur fram að endurskoðun reglugerðarinnar eigi að fela í sér, og langar mig til að lesa það, með leyfi forseta:

„a. skilgreiningu á því hvað telst vera skipulögð hópferð,

b. að skylt verði að hafa leiðsögumann með starfsréttindi Ferðamálaráðs í hópferðum erlendra ferðamanna um landið sem skipulagðar eru í atvinnuskyni af íslenskum eða erlendum aðilum,

c. í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum unnt væri að veita undanþágur til að ráða aðra í störf leiðsögumanna."

Mér er kunnugt um að þáv. samgrh. skipaði nefnd haustið 1990 og sú nefnd starfaði eitthvað fram að jólum og gerði drög að nýrri reglugerð sem var send út til umsagnar en síðan hefur ákaflega lítið eða ekkert heyrst frá þessari nefnd. Alla vega ekki svo ég viti. Þess vegna ítreka ég fsp. til hæstv. samgrh.: Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 23. apríl 1990 um leiðsögumenn og endurskoðun á reglugerð?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í samræmi við þá þál. sem hv. fyrirspyrjandi lýsti áðan skipaði samgrn. hinn 23. ágúst 1990 fimm manna nefnd til að endurskoða reglugerðina og skyldi nefndin stefna að því að endurskoðuð reglugerð öðlaðist gildi 1. jan. 1991. Nefndin samdi drög að reglugerð um skipulagðar hópferðir um Ísland í atvinnuskyni og sendi með bréfi, dags. 18. des. 1990, reglugerðardrögin til umsagnar ýmissa aðila í ferðaþjónustu og gaf þeim frest til 8. jan. 1991 til að svara. Skemmst er frá því er að segja að einstök ákvæði draganna fengu misjafnar undirtektir og niðurstaðan varð raunar sú að ýmis ákvæði í þeim ættu sér ekki stoð í lögum. Við svo búið var nefndarstörfunum hætt og nefndin formlega lögð niður 30. maí sl.

Hér er einkum vitnað til 35. gr. laga, nr. 79/1985, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð."

Eins og ég vænti að hv. alþm. sé kunnugt eru lög um skipulag ferðamála nú í gagngerðri endurskoðun og ég vonast til að henni geti lokið nægilega snemma til þess að hægt sé að leggja málið fyrir Alþingi nú í vetur. Fsp. hv. þm. lýtur að einum þætti þessarar endurskoðunar og gleggri svör liggja ekki fyrir á þessari stundu.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans, en verð að lýsa vonbrigðum mínum með að framkvæmdarvaldið fari ekki að ályktunum Alþingis. Það kemur greinilega fram í þessari ályktun að endurskoða skuli þessa reglugerð. Hún verður auðvitað að eiga sér stoð í lögum. Ég veit ekki hvernig þessi reglugerðardrög litu út þegar þau voru send til umsagnar en það hlýtur að hafa verið hægt að breyta þeim á þann veg að þau brytu ekki í bága við lög. Mér þykir því slæmt að heyra að ekki skuli farið eftir því sem Alþingi ákveður, og raunar ámælisvert.

Varðandi málið sjálft þá kemur það greinilega fram í nál. atvmn. á sínum tíma að þeir sem þar skrifuðu undir telja að eðlilegt sé að í öllum hópferðum á Íslandi skuli vera leiðsögumaður með próf eða viðurkenningu frá Ferðamálaráði Íslands. Mér þykir þetta mjög eðlilegt ákvæði og vil benda á að víða erlendis, t.d. í Grikklandi, Portúgal og á Spáni og e.t.v. víðar, eru gerðar þær kröfur að í hópferðum þar í landi þurfi að vera leiðsögumenn sem hafa próf frá þarlendum leiðsöguskóla eða samsvarandi skóla eða hafa farið á einhvers konar námskeið. Yfirvöld í þessum löndum standa með leiðsögumönnum, þ.e. þau gera þessar kröfur og eru mjög hörð á því að þeim sé framfylgt. Það hefur verið mjög mikill misbrestur á því hér á landi að kröfur séu gerðar um þetta og er meira segja svo komið að ein íslensk ferðaskrifstofa upplýsti á nýafstaðinni ferðamálaráðstefnu að hún hefði sótt um að fá samþykki fyrir 60 erlendum leiðsögumönnum í þeirra ferðir næsta ár vegna þess að ef þeir fá erlenda leiðsögumenn geta þeir boðið þeim lakari kjör heldur en innlendum. Mér þykir mjög slæmt ef við erum

komin út í það að flytja hluta af þessari mikilvægu atvinnugrein út úr landinu með þessum hætti.

Ég vil minna á hversu mikilvægt er að hafa innlenda leiðsögumenn, þ.e. leiðsögumenn sem þekkja landið, hafa þekkingu á náttúruverndarlögum, þekkja slysagildrur, hafa góða þekkingu á sögu landsins, jarðfræði og fleira, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, en að við setjum ákveðnar kröfur í þessu sambandi.

Ég vil minna á hvað gerðist sl. sumar þegar hópur fólks réðist á Tjörneslögin og má kenna því um að þar hafi verið um vanþekkingu að ræða. Þess vegna skora ég á hæstv. samgrh. að vinna að þessu máli þannig að það verði í þeim anda sem Alþingi hefur ákveðið.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er að vísu ekki við mig að sakast um það að ekki var gengið frá reglugerðinni fyrir 1. jan. á þessu ári og get ég vel skilið óþolinmæði hv. þm. en ég hygg að höfuðmáli skipti að reglugerð sem sett verður sé skynsamleg og svari bæði til þeirra krafna og þarfa sem óhjákvæmilegt er að gera til slíkrar smíði. Verði sem sagt ferðaþjónustunni til framdráttar.

Ég vil í annan stað segja að bæði hljóta starfsréttindi og menntunarmál leiðsögumanna að koma til athugunar. Ég álít að þeim málum sé skipað á þann veg nú að það hljóti að koma til álita að nokkur breyting verði á. Þau mál eru einnig til athugunar í samræmi við aðra þætti ferðamála og skal ég ekki gera það nánar að umtalsefni hér.

Vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, ein umr.

Fsp. SÞór, 128. mál. — Þskj. 134.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Þórólfsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 134 og hún er svohljóðandi:

„Er lokið hönnun á mannvirkjum vegna vegar- og brúargerðar yfir Gilsfjörð?"

Vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefur verið mikið áhugamál hjá okkur Breiðfirðingum allt síðan árið 1984. Það er búið að vinna mikið að þessu máli, bæði af heimamönnum og eins sameiginlega af þingmönnum Vesturl. og Vestf.

Á síðustu árum hefur verið unnið á vegum héraðsnefnda, bæði Austur-Barðastrandasýslu og Dalasýslu, að mótun atvinnuuppbyggingar og nýrrar stefnu í atvinnumálum á þessu svæði og forsenda þess að það sé hægt er að þarna komi tenging á milli Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu með vegar- eða brúargerð yfir Gilsfjörð.

Vegurinn fyrir Gilsfjörð hefur verið mjög hættulegur. Þar hafa orðið grjóthrun og snjóflóðahætta er þarna og vegurinn er ófær langtímum á vetrum, þarna hefur orðið banaslys a.m.k. einu sinni og stórslys hafa orðið þarna oftar á síðustu árum.

Eins og ég sagði áðan er mikilvægt fyrir byggðirnar við innanverðan Breiðafjörð að tengja þessi svæði og það er eiginlega forsenda fyrir því að uppbygging geti hafist þarna á nýjum grunni. Til þess að hægt sé að standa við þá áætlun sem gerð hefur verið og samþykkt af þingmönnum á Vesturlandi og Vestfjörðum, að framkvæmdir geti hafist þarna árið 1993, langar mig til að vita hvernig staðan væri í þessum málum með hönnun og undirbúning á mannvirkjum að öðru leyti.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Undirbúningur að vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð hefur staðið í nokkur ár sem kunnugt er. Á sl. vetri lagði Vegagerðin fram tillögu um lausn málsins. Samkvæmt henni verður farin ysta leiðin af þeim sem til skoðunar voru, þ.e. af Kaldrana sunnan og yfir í Króksfjarðarnes. Náttúruverndarráð hefur í megindráttum samþykkt þessa tillögu Vegagerðarinnar. Tillögugerðin er að venju byggð á svonefndri forhönnun en þá eru helstu þættir mannvirkja hannaðir að því marki að meta megi kostnað með nægilegri nákvæmni til að unnt sé að bera saman leiðir og lausnir.

Skýrslur um þessar athuganir liggja fyrir í sérstöku riti sem Vegagerð ríkisins gaf út nú í marsmánuði og er hv. þm. handhæg.

Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi sl. vetur og umræður um langtímaáætlun í vegagerð á sama tíma var tekið mið af þessari tillögu. Fjárveitingar í vegáætlun eru árið 1993 28 millj. kr., en árið 1994 66 millj. kr. Í drögum að langtímaáætlun er síðan fjárveiting á öðru tímabili, þ.e. á árunum 1995–1998, 660 millj. kr. Eins og sést af þessum tölum er ekki gert ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist við Gilsfjörð samkvæmt vegáætlun á árinu 1993 eins og fram kom hjá hv. þm. Vegagerðin heldur áfram tæknilegum undirbúningi verksins þannig að það verði tilbúið til útboðs þegar fjármagn liggur fyrir skv. vegáætlun. Meðal þátta sem vinna þarf má nefna verkhönnun, skipulagslega meðferð, samninga við landeigendur og gerð útboðsgagna. Á þessu stigi er ekkert sem bendir til annars en að þessum undirbúningi ljúki í tæka tíð.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Þórólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. samgrh. hans svör og ég legg áherslu á að við þessa áætlun verði staðið þannig að þessar framkvæmdir geti hafist á þeim tíma sem ætlað var, þ.e. 1993, í framhaldi af því að Dýrafjarðarbrú er lokið. Það hefur verið reiknað með því að það yrði farið í brúargerð yfir Gilsfjörð þegar framkvæmdum við Dýrafjarðarbrúna lyki og ég tel það mjög hagkvæmt, ekki síst nú, á þeim tímum þegar samdráttur virðist vera í verkefnum fyrir verktaka þannig að reikna má með því að hægt væri að ná kostnaði allverulega niður frá því sem ætlað er.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hélt ég hefði tekið það fram en mér hefur sennilega láðst að vekja máls á því en sam-

kvæmt þeirri vegáætlun, sem nú liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir árið 1993. Það er gert ráð fyrir því að framkvæmdaþunginn lendi á öðru vegáætlunartímabili. Við erum hér að tala um framkvæmdir sem, ef leið 1 verður valin, nema 870 millj. kr. en á árinu 1993 er einungis gert ráð fyrir 28 millj. kr., en þar er augljóslega ekki um framkvæmdirnar sjálfar að ræða heldur undirbúning, og á árinu 1994 er talað um 66 millj. kr. En verkið í heild sinni mun kosta um 870 millj. kr. og ekki liggur fyrir samþykkt vegáætlun eða langtímaáætlun frá Alþingi um það hvernig fjárveitingum verði veitt til brúar yfir Gilsfjörð á öðru vegáætlunartímabili þannig að það liggur á þessari stundu ekkert fyrir um það af hálfu Alþingis hvort verkið hefjist á árinu 1993. Ég held að þetta sé alveg augljóst og vona að hv. þm. taki þessari ábendingu.

Losun salernistanka húsbíla, ein umr.

Fsp. VS, 130. mál. — Þskj. 136.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 136 til hæstv. umhvrh. um losun salernistanka húsbíla. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst umhvrh. grípa til einhverra aðgerða í framhaldi af fregnum af ófremdarástandi sem ríkir víða á hálendi og við ferðamannastaði vegna losunar salernistanka húsbíla?"

Ástæða þess að ég legg fram þessa fsp. er fréttaflutningur frá sl. sumri um ástand víða á landinu í þessum efnum. Einnig er mér kunnugt um að landverðir eru ekki ánægðir með hvernig þessum málum er háttað og segja að nokkuð sé um að þessi úrgangur sé ekki losaður í viðkomandi losunarbúnað, þrátt fyrir það að slík aðstaða sé fyrir hendi á tjaldstæðum, heldur úti á víðavangi.

Húsbílum fjölgar stöðugt hér á landi, bæði íslenskum og erlendum, auk þess sem mikið af erlendum hópum sem ferðast um landið fara alls ekki inn á tjaldstæði og það er augljóst að einhvers staðar gerir þetta fólk stykkin sín. Það eru engin viðurlög við því að losa salernisúrgang á víðavangi. Ég geri ráð fyrir að þetta mál falli undir heilbrigðisnefndir á hverju svæði og heilbrigðiseftirlit en þar sem hér er um umhverfisvandamál að ræða, þá langar mig til þess að forvitnast eftir viðhorfum hæstv. umhvrh. til þessara mála og heyra hvort hann hyggst grípa til aðgerða.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það vandamál sem hv. 3. þm. Norðurl. e. gerir að umtalsefni í fsp. sinni er tiltölulega nýtt hérlendis. Fjölgun húsbíla á seinni árum og sú staðreynd að þessir bílar eru í auknum mæli búnir salernum kallar vissulega á bætta aðstöðu víða um land. Það liggur raunar ekkert fyrir um það hversu mikill þessi vandi er þar sem ekki er nákvæmlega vitað um fjölda húsbíla hér á landi. Hins vegar er þetta ekki stórt vandamál. Það er þó kannski mjög sýnilegt vandamál hins vegar.

Það er alveg vitað mál að á miðhálendinu og raunar víðar hafa ekki verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að mæta þessum þörfum. Í heilbrigðisreglugerð frá því í fyrra eru ákvæði um að á hjólhýsasvæðum skuli vera aðstaða til þess að unnt sé með hreinlegum hætti að tæma eða hreinsa þurr salerni. Eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis er í höndum heilbriðisnefnda en það er alveg augljóst að það tekur ekki yfir nema hluta vandans og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga þurfa að gefa þessu aukinn gaum einnig að því er varðar fjölsótta ferðamannastaði í byggð.

Að því er miðhálendið varðar sérstaklega snýr þetta mál nokkuð öðruvísi. Ekki aðeins vegna tæmingar slíkra skólp- og salernistanka heldur ekki síður vegna almennrar umhverfisverndar því að miklu víðar eru salerni á hálendinu heldur en í þeim tiltölulega fáu húsbílum sem fara þar um. Þar er við ýmis vandamál að etja og ég hefði satt að segja orðið minna hissa ef um það hefði verið spurt vegna þess að það er miklu stærra mál en þessir tiltölulega fáu bílar þó að einstakir eigendur slíkra bíla hafi gert sig seka um ófyrirgefanlegan sóðaskap sem mjög var slegið upp í fjölmiðlum og var það auðvitað ágætt til að vekja athygli á þessu. En þetta eru tiltölulega fá og afmörkuð tilvik sem betur fer.

Við þurfum að setja reglur um hálendið, afmarka það og setja það undir sérstaka stjórnsýslu. Fyrr verður ekki hægt að taka á þessum málum eða vinna gegn umhverfisspjöllum og er rétt að það komi fram hér að verið er að ljúka við gerð frv. í umhvrn. um byggingar- og skipulagsmál á hálendinu. Ég vil þó leggja áherslu á að þetta er bara hluti af þeim vandamálum sem skoða verður með tilliti til vaxandi umferðar á miðhálendinu og e.t.v. ekki þau allra brýnustu. Vaxandi umferð á hálendinu sem nú er innan seilingar allan ársins hring kallar á viðbrögð til að tryggja að við getum látið fara saman ferðamennsku og umhverfisvernd.

Til að fjalla um þessi mál í heild hefur umhvrn. í samvinnu við samgrn. og dómsmrn. boðað til ráðstefnu hér í næsta húsi, nánast við þetta virðulega hús, á Hótel Borg til að fjalla um ferðamennsku og umhverfisvernd. Þar verða fulltrúar þeirra stofnana og samtaka sem tengjast ferðamennsku og umhverfisvernd á hálendinu. Það er von mín að sú ráðstefna verði til að skilgreina þann vanda sem við er að fást þannig að vandamálin verði skýrari í hugum manna og þá jafnframt hvernig eigi að bregðast við til að leysa þau, hvar þarf að herða reglur, hvar þarf að herða viðurlög og hvar þarf að setja nýjar reglur. Og mér er sérstök ánægja að bjóða hv. fyrirspyrjanda og raunar þeim þingmönnum öðrum sem áhuga hafa á að sitja þessa ráðstefnu sem hefst kl. 11 í fyrramálið og stendur fram eftir degi.

Þá vil ég einnig geta þess að á vegum ráðuneytisins er unnið að því að útbúa leiðbeiningar til ferðamanna um þær umgengnisreglur við náttúruna sem í gildi eru með það fyrir augum að þær verði kynntar

ferðamönnum almennt fyrir næsta sumar með aðstoð aðila í ferðaþjónustunni.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru greinargóð og ég hef reyndar ekki miklu við þetta að bæta. Ég fagna því að boðað hafi verið til ráðstefnu um mál sem þetta og eins fagna ég því að við munum eiga von á frv. um skipulagsmál hálendisins sem er mjög brýnt mál.

Ég velti því fyrir mér hvort ferðamenn sem koma með ferjunni til landsins hafi fram til þessa fengið nægilega greinargóðar upplýsingar um landið og þá mætti nefna fleiri atriði en einmitt þetta sem hér hefur verið til umræðu. Fá þeir upplýsingar um þau atriði sem lúta að umhverfismálum, náttúruverndarmálum og öðru slíku? En ég fagna undirtektum hæstv. ráðherra og vona að hann muni vinna áfram jákvætt að þessum málum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að á það skortir að ferðamenn, sem koma með bíla sína til landsins með ferjum, fái nægilegar upplýsingar. Vonandi verður hægt að bæta úr því næsta sumar þannig að enginn sem staðinn er að umhverfisbrotum á hálendinu geti borið því við að hann hafi ekki haft vitneskju um reglurnar. Það er auðvitað nauðsynlegt að kynna mönnum reglurnar vel þannig að ekki sé hægt að bera við þekkingarleysi eða skorti á vitneskju.

Eitt atriði aðeins vildi ég nefna í framhaldi af því sem sagt var hér um húsbíla áðan. Íslenskir húsbílaeigendur hafa með sér samtök og mér er kunnugt um að þeir berjast fyrir því að vel sé gengið um landið. Flestir bíla þeirra eru með slíkum tönkum sem hér um ræðir. Þeir nota kemisk leysiefni í þessa geyma sem eru merkt umhverfisvæn þannig að ég held að hafi verið við einhverja að sakast í þessum efnum vegna óþrifa, þá hafi þar sennilega ekki verið um félagsmenn þeirra ágætu samtaka að ræða.

32. FUNDUR

fimmtudaginn 21. nóv.,
að loknum 31. fundi.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 37 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi hjóna, frh. 1. umr.

Frv. GHall og SalÞ, 51. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 37 shlj. atkv.

Barnalög, 1. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 73.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Frv. þetta til nýrra barnalaga sem hér er mælt fyrir er samið af sifjalaganefnd. Í henni eiga sæti Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar, Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjórni, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Guðrún Erlendsdóttir, forseti Hæstaréttar. Ritari nefndarinnar hefur verið Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri.

Eftir að sifjalaganefnd hafði lokið við frumgerð að frv. ásamt yfirlitsgreinargerð voru gögn þessi send 14 aðilum til umsagnar. Velflestir þeirra hafa sent nefndinni umsagnir, og það eru: Barnaverndarráð Íslands, Bernskan — Íslandsdeild OMEP-samtakanna, Dómarafélag Íslands, félagsmálaráðuneytið, Jafnréttisráð, lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélag Íslands, réttarfarsnefnd, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og Sýslumannafélag Íslands.

Umsagnirnar eru í heild jákvæðar um efnisreglur frv. en allmargar athugasemdir komu fram um réttarfarsatriði frá Dómarafélagi Íslands og réttarfarsnefnd, þar á meðal vegna fyrirhugaðs frv. til laga um meðferð einkamála. Margar ábendingar um réttarfarsákvæði hafa verið teknar til greina og ýmsar aðrar, ýmist með breytingum á frumvarpstextanum eða með ummælum í athugasemdum.

Í athugasemdum með frv. er þeim breytingum sem í því felast frá núgildandi barnalögum lýst ítarlega. Ein meginbreyting frv. er fólgin í heimild fyrir foreldra til að semja um sameiginlega forsjá barna sinna við skilnað eða slit óvígðar sambúðar og á sama við um foreldra óskilgetinna barna sem ekki hafa verið í samvistum.

Önnur meginbreyting frá núgildandi barnalögum felst í flutningi ýmissa mála er varða börn og foreldra þeirra úr dómsmrn. til sýslumanna eins og stefnt er að með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Má nefna umgengnismál og meðlagsmál ýmiss konar. Í frv. er gert ráð fyrir að ágreiningsmál milli foreldra er varða börn þeirra fari til úrlausnar sýslumanna á frumstigi en með málskotsrétti til ráðuneytisins. Þessi breyting felur í sér að frumúrlausn þessara mála færist heim í hérað. Ætti þetta að leiða til hagræðis fyrir þá sem óska úrlausnar um þessi mál þar sem þeir geta leitað til sýslumanns í sínu umdæmi ef barn býr þar einnig. Sáttaumleitan í slíkum málum

verður vafalítið auðveldari og árangursríkari, a.m.k. í þeim málum þar sem aðilar eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Fram til þessa hafa mál þeirra iðulega verið rekin skriflega. Sýslumenn eru oft kunnugir högum aðila eða hafa eftir atvikum tök á að kynna sér hagi þeirra af eigin raun. Heimild til málskots til ráðuneytisins tryggir samræmdar niðurstöður í þessum málum og horfir til réttaröryggis. Frá framangreindri meginreglu, um að ágreiningsmál foreldra færist til sýslumanna, er þó eitt frávik þar sem ráð er fyrir gert að forsjármál fari ekki til sýslumanna heldur verði í ríkari mæli en nú er beint til dómstóla til ákvörðunar. Samkvæmt frv. má þó bera forsjármál undir ráðuneytið ef báðir foreldrar æskja þess. Í flestum þeim ríkjum sem búa við svipað réttarkerfi og hér á landi eru forsjármál alfarið falin dómstólum til meðferðar en ég tel rétt að foreldrum sé gefinn kostur á að leita úrlausnar ráðuneytisins ef báðir fara þess á leit enda liggur þar mikil þekking á þessum vandasömu málum og reynslan hefur sýnt að foreldrar kjósa oft fremur að leita til ráðuneytisins en að fara dómstólaleiðina, sem bæði er formfastari, dýrari og seinfarnari.

Varðandi umgengnismálin vil ég sérstaklega benda á það nýmæli frv. að meðan forsjármál er til meðferðar getur sýslumaður ákveðið til bráðabirgða skipan umgengnisréttar til handa því foreldri sem barn býr ekki hjá uns forsjármáli er ráðið til lykta. Er hér bætt úr brýnni þörf til að leysa úr málum þegar svo stendur á. Eins og í núgildandi barnalögum er lagt til að einu þvingunarúrræðin til framkvæmdar umgengnisúrskurði verði álagning dagsekta. Eru ákvæði frv. um dagsektir mun ítarlegri en þau sem nú eru í barnalögum auk þess sem upphæð dagsektanna er hækkuð og bundin lánskjaravísitölu.

Í frv. er að finna réttarfarsákvæði um dómsmál vegna faðernis barna sem eru mun einfaldari en réttarfarsákvæði núgildandi barnalaga, svo og réttarfarsreglur um meðferð forsjármála fyrir dómstólum en meðferð beggja málaflokkanna hlýtur að sæta afbrigðilegri meðferð einkamála um margt.

Þá eru í frv. ítarlegar reglur um meðferð og úrlausn stjórnvalda í málum samkvæmt því og er þeim ætlað að tryggja vandaða málsmeðferð hjá stjórnvöldum, en þær fjalla m.a. um lögsögu í þessum málum, leiðbeiningarskyldu og sáttaumleitan stjórnvalda, rétt aðila til að kynna sér gögn máls og að tjá sig um málið, form og efni úrskurða, stjórnsýslukæru og fleira af því tagi.

Helstu nýmæli frv. fyrir utan það sem ég hef rakið eru þau að lagt er til að hugtakið skilgetin börn og óskilgetin verði afnumin í barnalögum og að kveðið verði á um réttarstöðu barna samfellt og án þessara grunnhugtaka. Í frv. er einnig lagt til að lögfest verði sú mikilvæga regla að barn sem getið er við tæknifrjóvgun skuli teljast barn eiginmanns eða sambúðarmanns móðurinnar. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum greinum barnalaganna um meðlagsgreiðslur og er þeim ætlað að einfalda og skýra núgildandi ákvæði laganna fremur en breyta þeim að efni til. Þó er þar að finna heimild til að úrskurða um meðlagsgreiðslur með börnum til bráðabirgða gegn Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. þar til endanlegum úrskurði á hendur meðlagsskyldu foreldri verður við komið. Þetta á þó einungis við þegar fyrirsjáanlegt er að mál muni dragast á langinn þar sem foreldri sem krafa beinist gegn er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess.

Þá eru í frv. ítarlegri ákvæði um forsjá barna við andlát foreldra og um samninga foreldra um forsjá en í núgildandi barnalögum. Loks hefur frv. að geyma nýmæli um rétt barna til að tjá sig í forsjár- og umgengnismálum. Á þetta skilyrðislaust við börn 12 ára og eldri nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barn eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Jafnframt er tekið fram að heimilt sé að ræða við yngri börn ef slíkt þykir réttmætt miðað við aldur þeirra og þroska og á hér ekki síður við sá fyrirvari að þetta skuli ekki gert ef það telst skaðvænlegt fyrir barnið sjálft. Gert er ráð fyrir að viðtöl við börn fari almennt fram á vegum barnaverndarnefnda eða að sérstaklega tilkvaddir kunnáttumenn annist þau eftir nánari ákvörðun stjórnvalds eða dómstóls, en dómari eða handhafi stjórnvalds geta vissulega einnig rætt við barnið. Með þessu er lagt til að lögskrá reglur sem er yfirleitt beitt í lagaframkvæmd og eru mikilvæg grundvallaratriði um rétt og stöðu barna.

Þá er einnig í frv. það nýmæli að skipa má barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því og er þóknun hans greidd úr ríkissjóði. Með talsmanni er t.d. átt við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar sem hefði það hlutverk að veita barni sem verður bitbein foreldra í sérstaklega erfiðum forsjárdeilum liðsinni sitt þegar úrlausnaraðili telur barninu brýna þörf á stuðningi vegna málarekstursins. Er ráð fyrir gert að heimild þessi verði tiltölulega sjaldan nýtt en einnig kæmi til greina að leita eftir liðsinni barnaverndarnefndar til stuðnings barni, einkum ef umsagnar nefndarinnar í forsjármálinu hefur ekki verið beiðst.

Eitt mikilsverðasta nýmæli frv. varðar heimild foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eins og ég hef áður vikið að. Samkvæmt núgildandi rétti skal forsjá barna skilyrðislaust vera óskipt í höndum annars foreldris eftir skilnað eða samvistarslit en hér er gert ráð fyrir að foreldrar, sem hafa til þess vilja og getu, megi semja um sameiginlega forsjá barna sinna. Tel ég það skynsamlega niðurstöðu að foreldrar geti farið sameiginlega með forsjá barna sinna og jafnframt og ekki síður að barnið sjálft eigi rétt á að njóta forsjár beggja foreldra.

Við Íslendingar erum síðastir þjóða á Norðurlöndum til að heimila sameiginlega forsjá. En hún þykir hafa gefið góða raun annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Ég legg sérstaka áherslu á að grundvöllurinn að sameiginlegri forsjá í þessum tillögum er samkomulag foreldra. Samkvæmt því verður sameiginleg forsjá einungis heimiluð að ósk beggja foreldra standi til þess. Í því felst það skilyrði að foreldrarnir séu sammála um flest atriði er varða barnið og uppeldi þess. Á það verður lögð áhersla að foreldrum verði leiðbeint um þetta efni áður en samningur um sameiginlega forsjá er

staðfestur. Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. er lagt til að við gerð samnings um sameiginlega forsjá skuli foreldrum skylt að taka ákvörðun um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði að hafa búsetu. Það foreldra sem barn á lögheimili hjá á réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara ef svo horfir. Það foreldra sem barn á lögheimili hjá á einnig réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum og nýtur enn fremur þeirra hlunninda sem ríki og sveitarfélög bjóða einstæðum foreldrum auk þess sem ég hef áður nefnt.

Sýslumenn skulu leiðbeina foreldrum rækilega um skilyrði sameiginlegrar forsjár og réttaráhrif er henni fylgja áður en þeir staðfesta samning foreldra þar að lútandi. Enn fremur mun dómsmrn. gefa út leiðbeiningar um sameiginlega forsjá ef heimild þessi verður lögfest. Ef forsendur fyrir sameiginlegri forsjá bresta getur annað foreldra krafist þess að hún verði felld niður og fer þá um framhald málsins eftir almennum ákvæðum frv.

Ég vek sérstaka athygli á að í hugtakinu sameiginleg forsjá í þessu lagafrv. felst hvorki skylda eða ábending um það að börn skuli búa til skiptis á heimili beggja foreldra heldur er þvert á móti gengið út frá því að börn hafi að jafnaði fasta búsetu hjá því foreldranna sem þau eiga lögheimili hjá. Við treystum því að sameiginleg forsjá geti orðið til að höfða til ábyrgðarkenndar beggja foreldra og gera þá báða virka við úrlausn á málefnum er varða velferð barnanna. Þetta ætti og að stuðla að auknum og bættum samskiptum barna og foreldra.

Þær raddir hafa heyrst að sameiginleg forsjá kunni að reynast skammgóður vermir og í reynd aðeins frestur á lausn vanda sem verði til lengdar óheppilegur börnum og foreldrum. Víst er að slík mál gætu komið upp en reynslan annars staðar á Norðurlöndum hefur sýnt að sameiginleg forsjá hefur dugað vel og að fátítt er að ágreiningur rísi síðar með foreldrum sem fara með sameiginlega forsjá.

Ég vek athygli á að í umsögnum þeim er borist hafa við frv. er hvergi mælt gegn því að sameiginleg forsjá verði lögmælt með þeim hætti er segir í frv. Þvert á móti lýsa flestir umsagnaraðilar sig beinlínis fylgjandi slíkum hugmyndum eða fagna þeim.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir þeim nýmælum sem í frv. felast og meginuppistöðu þess og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um þetta frv. að þessu sinni þar sem mér mun gefast tækifæri til þess innan allshn. að koma nánar að því og fá svör við ýmsum þeim spurningum sem hljóta að vakna þegar stigin eru jafnstór skref í breytingum á forsjármálum barna og lagt er til að gert verði með samþykkt þessa frv. Svo sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. eru helstu breytingar sem finna má í frv. þær að nú er opnað á það að mögulegt sé að semja um sameiginlega forsjá eftir skilnað foreldra. Þá er fyrsta og stærsta atriðið sem taka verður tillit til hverjir hagsmunir barnsins eru. Það eru hagsmunir barnsins að njóta samvista við báða foreldra sína. Ég held að enginn velkist í vafa um það. En jafnframt verður að viðurkenna að aðdragandi skilnaðar og eftirmáli skilnaðar er oft býsna erfiður og ég vil leggja það til að verði þetta skref stigið í áttina að sameiginlegri forsjá þá verði það stigið með mikilli varúð og fagna ég því að í þessu frv. er t.d. gert ráð fyrir því að barn eigi ákveðið lögheimili og búsetu og hafi aðsetur aðallega hjá öðru foreldri þegar svo háttar til. Því miður þykir mér þetta ekki koma nægilega skýrt fram í lagatextanum sjálfum þótt vissulega komi það mjög vel fram í grg. og ekki síður í ræðu hæstv. dómsmrh. hér áðan.

Ég tel nefnilega að einn helsti gallinn á sameiginlegri forsjá varði börnin og þarna er ég að vísa til reynslu sumra þeirra sem hafa haft sameiginlega forsjá erlendis þar sem slíkt er leyft í lögum því þar hafa samningar jafnvel gengið út á það að barn sé hálfa viku hjá öðru foreldri sínu og hinn helminginn hjá hinu foreldrinu. Síðan gerist það oftar en ekki að báðir foreldrar stofna fjölskyldur. Þetta leiðir til mikilla vandkvæða í sambandi við alla samninga jafnvel þótt allir séu af vilja gerðir til að láta allt ganga greiðlega fyrir sig og því miður hef ég heyrt um fremur erfið dæmi þess að sameiginleg forsjá hafi gengið illa af þessum völdum og verið sérstaklega slítandi fyrir barnið sjálft þar sem það er eilíflega verkefni foreldra tveggja fjölskyldna og úrlausnarefni þar.

Ég heyri það á máli hæstv. dómsrmh. að það er nokkur annar andi í þessu frv. en mér þykir þetta ekki koma nógu skýrt fram í 32. gr., en 3. mgr. greinarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eftir skilnað eða sambúðarslit, eða í höndum annars hvors."

Ákvæði 4. mgr. 33. gr. á við um samninga samkvæmt þeirri málsgrein. Og 4. mgr. 33. gr. hljóðar svo:

„Samningur um forsjá barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur synjað um staðfestingu samnings, ef hann er andstæður hag og þörfum barnsins."

Hér er varpað mjög þungri skyldu á herðar sýslumanns og raunar held ég að verði þessi ákvæði frv. að lögum þurfi að leiðbeina afskaplega vel og sýslumaður þurfi jafnvel að hafa aðgang að sérfræðingum í þessum málum og geti gengið í einhvern reynslubrunn um hvernig slík mál hafa gengið fyrir sig annars staðar.

Ég held þess vegna að óhjákvæmilegt sé að innan allshn. verði tekið sérstaklega fyrir hvort rétt sé að gera þessa breytingu og þá innan hve þröngs ramma. Ég held nefnilega að svo gott sem þetta kann að vera þegar vel gengur sé um mjög vandasamt mál að ræða.

Ég vil einnig minna á það að nú þegar, innan nú-

gildandi laga, sem gera ekki ráð fyrir sameiginlegri forsjá foreldra, hefur það engu að síður gerst í góðu samkomulagi foreldra að í reynd hafi verið sameiginleg forsjá. Ég vil vísa til greinar sem birtist í afmælisblaði Félags einstæðra foreldra fyrir örfáum árum þar sem einstæður faðir, sem í reynd var með sameiginlega forsjá yfir börnum sínum ásamt fyrrverandi eiginkonu sinni, sagði frá reynslu sinni og mælti mjög með því að þessi háttur væri hafður á þegar um mjög gott samkomulag væri að ræða og svo virtist sem jafnvel innan þess lagaramma sem var væri hægt að framkvæma þetta á þennan hátt.

Ég vil ekki taka af skarið nú, áður en ég hef fengið öll þau gögn í hendur sem ég tel nauðsynleg, og segja að sameiginleg forsjá sé annaðhvort mjög æskileg eða alls ekki æskileg. Ég tel að þetta sé mikið álitamál og það ítrekar það að hagsmunir barnanna verði ævinlega að vera í fyrirrúmi.

Það er sjálfsagt ýmislegt fleira sem ástæða væri til að líta á í umræðu um frv. til barnalaga en ég ætla aðeins að drepa á eitt atriði í viðbót og vík hér að 38. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir dagsektum ef foreldri sem hefur forsjá barns hindrar hitt foreldrið í að njóta umgengnisréttar við barnið. Ég veit það að í hópi þeirra sem hafa haft með slík mál að gera eru skiptar skoðanir á því hvort það sé rétt leið að beita dagsektum og ég vil gera athugasemd við það. Ég held að það þurfi að fara mjög varlega með þennan rétt og fagna því að ekki skuli þó vera gengið lengra en þetta.

En þetta eru þau tvö atriði sem ég býst við að taka upp í hv. allshn. og vonast þá til þess að í góðu samkomulagi verði hægt að komast að niðurstöðu sem byggir á bestu fáanlegu upplýsingum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja fram þetta frv. til barnalaga sem er að vísu ekki alveg nýtt en tvímælalaust vel unnið og hefur verið endurskoðað, enda hið ágætasta fólk til þess valið í sifjalaganefnd.

Samning á slíku frv. er vitaskuld mikið vandaverk og þar er komið inn á allmarga þætti í samfélaginu þannig að óhjákvæmilegt er að mínu viti að huga að ýmsum öðrum lagabálkum sem óneitanlega munu tengjast frv. ef að lögum verður. Þá vil ég fyrst af öllu nefna lög um vernd barna og unglinga sem auðvitað er mikilvægt að verði endurskoðuð og lögfest. Við vitum öll að hlutverk barnaverndarnefnda hefur verið allmikið á reiki og sums staðar hafa þær nefndir átt í erfiðleikum með að vinna starf sitt svo að fullnægjandi væri. Enda tekur sú nefnd sem þetta frv. hefur samið það fram á bls. 17 í þskj. 73. Minnist nefndin sérstaklega á nauðsyn þess að lög um vernd barna og unglinga verði endurskoðuð. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við samningu frv. þessa hefur verið höfð hliðsjón af frv. til laga um vernd barna og ungmenna, sem flutt var á Alþingi 1990.“ En það frv. hefur ekki orðið að lögum enn þá. Þá er talað um málefni sem bar á góma í fsp. minni í morgun því hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstök ástæða er til að benda á að umboð nefndarinnar hefur ekki tekið til að semja frv. til laga um tæknifrjóvgun og þau vandamál sifjaréttareðlis sem því tengjast. Athuganir á því máli eru nú hafnar.“

Og einnig segir í athugasemdum við frv. að sifjalaganefnd hafi heldur ekki að svo stöddu endurskoðað ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

Þá minnist nefndin einnig eins atriðis sem hlýtur að gleðja mitt hjarta. Hér segir að nefndin telji þörf á því að skipa sérstakan umboðsmann barna en eins og kunnugt er hef ég og fleiri ágætir hv. þm., fyrrv. og núv., þrisvar flutt frv. til laga um umboðsmann barna og hef nú gert það að þessu gefna tilefni í fjórða sinn og vænti þess að hv. þm. gefi meiri gaum að því en áður þó að frv. hafi óneitanlega fengið heldur góðar viðtökur öll árin og ágætar umsagnir. En einhvern veginn hefur það verið svo að frv. hefur ekki náð fram að ganga og eftir því sem mér hefur skilist óttuðust menn helst að það frv. mundi skarast við lög um vernd barna og ungmenna. Ég þóttist nú hafa fært að því allgóð rök að svo væri ekki á nokkurn hátt. En það frv. er reyndar á dagskrá hér í dag. Ég á ekki von á að tími gefist til að tala fyrir því í dag en það kemur að því eftir helgina, með leyfi hæstv. forseta.

En það er margt athyglisvert í frv. þó að það sé alveg hárrétt hjá báðum ræðumönnum sem um það hafa talað að auðvitað er um flókið frv. að ræða sem þarfnast mjög nákvæmrar athugunar í þeirri nefnd sem fær það til umsagnar þó að töluvert af umsögnum liggi nú þegar fyrir. Þá vil ég enn og aftur vekja athygli á 3. gr. frv. sem bæði ég og einnig hæstv. dómsmrh. bentum á í morgun að við teldum ekki fullnægjandi en hún fjallar einmitt um þau börn sem getin eru við tæknifrjóvgun og hæstv. ráðherra viðurkenndi að það atriði væri ekki nógu skýrt og þarfnaðist kannski sérstakra laga vegna þess m.a. að orðið tæknifrjóvgun er ekki skilgreint og þannig er ekki ljóst hvort það tekur til allra þeirra aðferða sem nútímatækni hefur gefið okkur til þess að kona megi fæða barn. Og að því þarf auðvitað að huga. En hæstv. ráðherra lofaði jafnframt í morgun að hleypa nýju lífi í þá nefnd sem um þau mál er að fjalla sem eru auðvitað allflókin líka.

Það sem á e.t.v. eftir að valda mestum umræðum í frv. er sameiginlegt forræði barna. Ég hef alltaf verið því hlynnt að báðir foreldrar eigi og skuli bera ábyrgð á barni sínu hvort sem þeir kjósa að búa saman eða ekki og ég minni hv. þingheim á að ég lagði á það mikla áherslu í mörgum umræðum um breytingu á erfðalögum þar sem oft var rætt um réttindi stjúpbarna annars vegar og sameiginlegra barna hins vegar. Það er kannski mín eðlislæga bjartsýni og trú á mannkindina að ég vil trúa því að hver sá sem verður þess valdandi að nýr einstaklingur fæðist í þennan heim hljóti, nema hann sé til þess ófær af einhverjum ástæðum, að vilja ala önn fyrir barni sínu hvað sem sambúðarformi foreldranna líður. Mér er auðvitað jafnljóst að oft er um tilfinningamál að ræða, og ekki síst við skilnað þegar annar aðilinn er mótfallinn skilnaðinum geta vitanlega komið upp einhverjar erfiðar tilfinningar en löggjafinn hlýtur að gera ráð fyrir, eins og allt þetta frv. ger-

ir, að vernda rétt barnsins. Og barn á rétt á samskiptum við báða foreldra sína. Á því er ekki nokkur vafi. Og löggjafinn á vitanlega að vera þess hvetjandi að ungir menn meti það og skilji og vilji frá fyrstu byrjun bera þá ábyrgð, að komi til barnsfæðingar sé það skylda þeirra að taka á sig þá ábyrgð en karlmenn hafa oftast sloppið betur en móðirin, af eðlilegum ástæðum, þegar barn hefur verið getið án þess að til hjúskapar kæmi. Og þar held ég að hið háa Alþingi sé hreinlega að móta ákveðið siðgæði sem ég held að hljóti að vera æskilegt og þess vegna er ég hlynnt því að taka upp sameiginlegt forræði og mér finnst það í raun og veru sjálfsagt.

Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. um, og ég held að það sé mjög mikilvægt atriði, að barn á líka rétt á að eiga sér samastað í tilverunni. Barn á ekki að búa á mörgum stöðum. Það á að eiga eitt lögheimili, það á að hafa sína hluti í kringum sig á einum stað, það ætti ekki að hindra að barnið gæti verið gestur á heimili hins foreldrisins, en það á ekki að fara á milli mála hvar barnið á heima. Þetta held ég að sé afar mikilvægt því að mér er kunnugt um að þetta vafðist dálítið fyrir þeim nágrönnum okkar áður en þeir settu endanlega sín lög og eftir því sem ég hef reynt að afla mér upplýsinga um var oft ágreiningur um þetta atriði. Fólk lét börnin búa viku hjá hvoru foreldri eða hálfan mánuð hjá hvoru foreldri og það var auðvitað ótækt. Þar með var barninu ætlað að eiga tvo hópa af vinum, í raun og veru tvö heimili og það gengur auðvitað ekki. Og því held ég að nefndin hafi líka haft pata af og stuðst við og sem betur fer tekið mið af því.

Hæstv. forseti. Það er mikið búið að tala hér í dag og ég skal ekki lengja fundinn mikið. Það mætti auðvitað hafa um þetta langt mál. Eitt atriði sem þarf líka að líta til er atvik sem bent er á á bls. 39 þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hugsanlegt er að eftir að samningur er gerður um sameiginlega forsjá milli foreldra vegna lögskilnaðar gangi t.d. konan í hjúskap. Stjúpforeldri er ásamt kynforeldri forsjármaður barns skv. 30. gr. frv. Hér er því forsjá í höndum þriggja, kynföður og kynmóður samkvæmt staðfestum samningi um sameiginlega forsjá og svo stjúpforeldris."

Þetta er auðvitað mál sem þarf að athuga ákaflega vel. En ég trúi því samt enn þá að milli stjúpforeldra og kynforeldra geti verið samband sem sé við hæfi sæmilega siðmenntuðu fólki og þess vegna trúi ég að slíkt geti gengið þó að auðvitað séu alltaf undantekningar og fólk láti óheppilegar tilfinningar trufla það, en þá ítreka ég aftur að það ber að gera fólki skiljanlegt að réttur barnsins á að vera ofar öllu samkvæmt þessum lögum.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa orð mín miklu fleiri. En ég ítreka það að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að nú þegar verði hugað að nýju frv. til laga um vernd barna og unglinga. Það er sá geiri löggjafar okkar sem er í vandræðum með sjálfan sig og þarfnast svo sannarlega endurskipulagningar með tilliti til nýrra þjóðfélagshátta og alls þess annars sem við verðum að bregðast við.

Eitt er það sem ég hlýt að minnast á því að allir þegnar þjóðfélagsins eiga rétt á að hið háa Alþingi gleymi þeim ekki. Nú veit ég ekki hvort það þarfnast einhverrar sérstakrar meðferðar, en hér er hvergi minnst á börn sem njóta forræðis samkynhneigðra sem tekið hafa upp á búskap við sér líka. Nú veit ég satt að segja ekki hvort það þarfnaðist einhverra sérstakra ákvæða, en ég vil samt benda á að líka sé hugað að þessum hópi. Við vitum öll að til er að tveir samkynhneigðir einstaklingar ali upp barn saman og ég veit ekki til þess að á móti því sé haft og væri kannski nauðsynlegt eins og um aðra minnihlutahópa að það sé tryggt í lögum að forræði þeirra sé ekki skert vegna fordóma á þessu sviði. Ég vil aðeins kasta þessu fram þótt ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvort hætta væri á slíku, en ekki fyndist mér það þó með öllu ótrúlegt.

Eins og ég hyggst koma að síðar og ég ætlaði að minnast á í morgun þegar málefni um tæknifrjóvgun voru rædd er það enn svo að einstæð, einhleyp kona fær ekki tæknifrjóvgun. Nú er það svo að fjölmargar konur í þjóðfélagi okkar eru vel menntaðar og á háum launum og eiga góð híbýli og eru fullfærar um að ala upp börn einar og gera það raunar í hundraða tali, en með þeim rökum að barnið eigi rétt á föður hefur því tæknifrjóvgun verið synjað hingað til. Ég bið hv. formann allshn. sem hér situr, hv. 6. þm. Reykv., að taka svona mál til athugunar líka. Þegar verið er að semja vönduð lög og mikinn bálk er auðvitað sjálfsagt að girða fyrir að nokkurt misrétti eigi sér stað.

Ég man nú ekki í svipinn eftir fleiri atriðum sem ég ætlaði að tala um en ég vil lýsa ánægju minni með að hér hafa í dag verið á dagskrá ein þrjú mál sem varða réttindi barnanna í þjóðfélaginu og er mál til komið í öllum efnahagsumræðum þessa hausts, því að þegar öllu er á botninn hvolft, hæstv. forseti, hygg ég að eini fjársjóðurinn sem við eigum sem mark er á takandi séu börnin í þessu landi því að þau eru þeir þjóðfélagsþegnar sem taka við því þjóðfélagi sem við höfum búið þeim.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er flutt frv. til barnalaga og þar eru stigin viss skref í þá átt að dómstólum er ætlað meira hlutverk en áður og úrskurðarréttur ekki jafnsterkur og verið hefur í íslenskri lagagerð. Ég fagna því að við höldum áfram að vinna að þrískiptingu valdsins, jafnt í þessum lögum sem öðrum, að réttur manna til að það séu dómarar sem kveði upp úr fari vaxandi en ekki að það séu handhafar framkvæmdarvaldsins sem ráði með úrskurðum lífi manna.

Ég staldra líka við þann milliveg sem hér er farinn og tel að það sé rétt hjá hv. 9. þm. Reykn. að varðandi það að ætla að fela tveimur aðilum forsjá yfir barni sé rétt að fara hægt. Hér er það tekið fram að það þurfi að vera um samkomulag að ræða. Í reynd er verið að fela þremur aðilum forsjá yfir barninu og e.t.v. fjórum með þessu fyrirkomulagi, ef líta ber svo á að hjón hafi forsjá yfir barni sem einu sinni var undir forsjá annars þess aðila sem til hjónabandsins stofnaði og það gerist þá jafnt hvort það er kona eða karl sem giftast á nýjan leik, þá séu orðnir fjórir aðilar sem eigi um

það að véla hver verði framgangsmáti mála hjá viðkomandi barni.

Auðvitað er gott að segja að það eigi að vera sátt og samlyndi og menn eigi að láta sér semja. Hitt er þó staðreynd að því aðeins kemur til skilnaðar að ekki hefur verið um sátt og samlyndi að ræða. Biblían boðar að enginn geti þjónað tveimur herrum, hvað þá að barn geti þjónað óskum fjögurra aðila og virðist mér að barnið sé sett í mestan vanda ef menn vilja mjög halda þessu til streitu.

Ég tek hins vegar undir það, eins og hér er lagt til, að ef þetta er sameiginleg ósk að þannig skuli að málum staðið en á engan hátt til þess þvingað þá get ég fallist á að það verði reynt en vil jafnframt taka undir það sem kom fram hjá 9. þm. Reykn. að í reynd hygg ég að víða sé um þetta verulegur friður milli foreldra þó að skilnaður hafi átt sér stað vegna þess að þetta atriði hefur kannski verið aldrei ástæðuvaldur að skilnaði.

Ég held aftur á móti að það sé nokkurt umhugsunarefni hvort við eigum að vera með tvenns konar lög, annars vegar frv. til barnalaga og hins vegar lög um vernd barna og unglinga, vegna þess að í þessu frv. að barnalögum er rætt um skyldur foreldranna til þess að sinna sínum börnum. Svo búa foreldrar við það öryggisleysi að nefnd úti í bæ getur einfaldlega ákveðið að hag barnanna sé betur komið fyrir með því að svipta foreldrana réttinum til þess að uppfylla sínar skyldur.

Mér finnst að við Íslendingar höfum eiginlega varla gáð að okkur í þessum efnum. Það má lengi um það deila hvað kærleikurinn vegur mikið í uppeldi og hvað umhirðan vegur stórt. Það er hægt að fullnægja öllum líkamlegum þörfum barns á stofnunum eða af óskyldum aðila þannig að á yfirborðinu verður ekkert séð eða gert sem ekki fullnægir hinum líkamlegu þörfum. En engu að síður getur barn verið betur komið hjá foreldrum sem vissulega mættu gera mun betur í þeim efnum en eiga aftur á móti til þrátt fyrir allt þá hjartahlýju sem gerir það að verkum að barninu líður betur á sálinni þar heldur en á hinum nýja stað. Þær fráfærur, sem verið er að framkvæma í þessu samfélagi, oft á börnum foreldra sem eru að dómi uppalenda og sérfræðinga undirmálsmanneskjur í samfélaginu, tel ég mjög varhugaverðar og nánast óréttlætanlegar. Ég tel að það eigi miklu fremur að beita þeim aðferðum að veita slíkum foreldrum stuðning inn á sitt heimili. Við skulum hugleiða hvort hið kalda sérfræðingavald leysir alltaf úr mannlegum viðfangsefnum á þann hátt sem best getur orðið.

Ég held þess vegna að þessi lög, annars vegar frv. til barnalaga og hins vegar frv. til laga um vernd barna og unglinga, skarist í reynd mjög mikið og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. að þetta kallar á endurskoðun laga um vernd barna og unglinga.

Ég hef aftur á móti lýst því að ég tel að þetta frv. sé til bóta miðað við núverandi ástand, en ég ítreka það engu að síður, sem ég sagði hér áðan, að miðað við þá stefnubreytingu, sem orðið hefur hér á landi um aðgreiningu dómsvalds og framkvæmdarvalds frekar en áður var, held ég að við þurfum að stíga þessi skref alls staðar í okkar réttarkerfi og ekkert síður á þessu sviði en öðrum. Menn hafa vissulega haldið því fram að það þurfi að gæta trúnaðar og það er rétt en trúnaður má aldrei birtast á þann veg í samfélaginu að vegna þess að það eigi að gjalda trúnaðar sé ekki hægt að koma við eðlilegri málsvörn aðila til að verja sinn rétt í því tilfelli að mega hafa sitt barn.

Ég hef þann tíma sem ég hef verið á Alþingi fengið þó nokkuð mikið af upphringingum manna í þessu samfélagi, manna sem hafa orðið fyrir því að þeir hafa lotið í lægra haldi og ekki fengið yfirráð yfir barni sem þeir vildu hafa yfirráð yfir. Ég hygg að stundum megi segja sem svo að þeim finnist að sami aðilinn hafi í reynd úrskurðað og einnig útbúið þau sönnunargögn fyrir sjálfan sig sem urðu til þess að úrskurður féll á ákveðinn veg.

Mér finnst að líka sé mjög til bóta, sem hér er sett fram, að það er hætt að greina á milli þess hvort börn séu óskilgetin eða ekki og það hugtak sé sett til hliðar. Ég vil líka taka undir það, sem kom fram í máli 14. þm. Reykv., að ég tel það alveg fráleitan hlut að sú mismunun sé til staðar að konur sem eru ógiftar eigi ekki rétt á því að eignast barn með gervifrjóvgun. Ég tel að um mikla skekkju í rökrænni hugsun sé að ræða að halda því fram að kona, sem leitar eftir því undir slíkum kringumstæðum, sé á einhvern hátt ófærari um að gegna foreldrahlutverki. Þó að vissulega megi halda því fram að barn eigi rétt á föður þá er heldur ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að slíkt barn gæti ekki átt rétt á föður seinna meir. Það getur gerst að aðstæður konunnar breytist og alveg eins má slá því föstu að gift kona sem eignast barn eigi eftir að skilja. Þannig að þarna eru menn í blindgötum að mínu viti og í miklum misskilningi.

Ég stóð upp fyrst og fremst til að fagna því að þetta frv. er komið fram sem við erum hér með. Ég tel að það sé til bóta og vænti þess að samstaða verði um að það verði að lögum á þessu þingi.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að mæla fyrir nýju frv. til barnalaga nú því að í því felast margvíslegar réttarbætur, bæði fyrir foreldra og börn. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. núna, en þar sem orðum var beint til mín áðan sem formanns allshn. þá hlýt ég að taka það fram að þetta frv. verður að sjálfsögðu skoðað vel í nefndinni.

Hv. alþm. sem hafa talað virðast mjög jákvæðir gagnvart þessu máli og sjá ekki á því mikla galla þótt sumum finnist e.t.v. rétt að fara sér hægt varðandi sameiginlega forsjá.

Mér virðist að þetta frv. sé afar vel unnið. Það hefur verið sent víða til umsagnar og eru menn almennt mjög jákvæðir gagnvart þessu úrræði um sameiginlega forsjá. Það er mín persónulega skoðun að þetta úrræði eigi að vera fyrir hendi því það gæti orðið til þess að fækka forsjármálum og gera foreldra og börn betur sátt við að þurfa að ganga í gegnum skilnað sem yfirleitt er

öllum aðilum mjög sársaukafullt og þá ekki síst börnunum sem því miður verða oft bitbein í deilum foreldra.

Það er rakið mjög vel í athugasemdum með frv. hvað felist í þessu úrræði um sameiginlega forsjá foreldra. Mér þykir reyndar rétt að geta þess að þetta úrræði hefur áður komið fram í frv. hér á hinu háa Alþingi og var þar um að ræða breytingu á barnalögum. Þá var það frv. sent til umsagnar til margra aðila og þar komu fram nokkuð skiptar skoðanir á þessu úrræði. Meðal annars kom fram sú gagnrýni að mönnum fannst ekki nógu vel um hnútana búið varðandi þetta úrræði, t.d. á þann hátt að barnið ætti lögheimili aðeins hjá öðru foreldri og það foreldri, sem væri með barnið búandi hjá sér, hefði sömu stöðu og einstætt foreldri, fengi fullar meðlagsgreiðslur og nyti á allan hátt þeirra bóta hjá hinu opinbera sem einstætt foreldri nýtur.

Í þessu frv. hefur einmitt verið komið til móts við þessar ábendingar og þess vegna held ég að það sé ekki tilviljun að margir af þessum sömu aðilum sem skoðuðu málið áður eru núna mun jákvæðari í garð þessa úrræðis heldur en þeir voru.

Þær athugasemdir sem koma fram t.d. varðandi þetta úrræði í frv. eru á bls. 19 og þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Við gerð samnings um sameiginlega forsjá skv. 33. gr. frumvarpsins er foreldrum skylt að taka ákvörðun um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr hendi hins foreldrisins eða Tryggingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara ef svo býður við að horfa, enda er samkomulag foreldra um öll atriði er varða forsjána forsenda sameiginlegrar forsjár. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur einnig réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum. Enn fremur nýtur það foreldri þeirra hlunninda sem ríki og sveitarfélag bjóða einstæðum foreldrum auk þess er að framan greinir. Dvelji barn um tíma hjá því foreldri sem það á ekki lögheimili hjá getur það þó notið þessara hlunninda um stundarsakir, t.d. réttinda til dagvistar barns. Sýslumenn skulu leiðbeina foreldrum rækilega um skilyrði sameiginlegrar forsjár og réttaráhrif er henni fylgja áður en þeir staðfesta samning foreldra þar að lútandi og enn fremur mun dómsmálaráðuneytið gefa út leiðbeiningar um sameiginlega forsjá."

Það eru ekki síst þessar síðustu athugasemdir sem eru mjög mikilvægar að mínu mati því það segir sig sjálft að ef hið háa Alþingi ákveður að afgreiða frv. þetta sem lög er mjög mikilvægt að kynna það fyrir almenningi hvað það felur í sér og um hvaða breytingar er að ræða. Það er ekki síst mikilvægt vegna þess að þeir foreldrar, sem búa við núgildandi kerfi, þ.e. það er bara annað foreldrið sem getur haft forsjána, geta nú samkvæmt þessu frv. gert samning upp á nýtt við hitt kynforeldrið og þau geta þá tekið upp þessa skipan. Þannig að þetta er mjög mikilvægt atriði. Að sjálfsögðu er það sem býr að baki þessu úrræði það að tryggja barni að það fái umönnun beggja foreldra. Þetta er afar mikilvægt og gæti orðið til þess að foreldri sem e.t.v. hefur vanrækt sínar umgengnisskyldur muni frekar sinna þeim og láta sig meira varða að öllu leyti hag barnsins.

Það eru margar réttarbætur og mörg nýmæli í þessu frv. sem eru skýrð rækilega í athugasemdum og grg. með frv. Mig langar þó til þess, virðulegi forseti, að nefna hér nokkur atriði. Í sambandi við 3. gr. frv. hafa komið fram athugasemdir, en greinin hljóðar svo:

„Eiginmaður eða sambúðarmaður, sem samþykkt hefur skriflega og við votta, að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu hans, með sæði úr öðrum manni, telst faðir barns, sem þannig er getið."

Enda þótt það hafi komið fram gagnrýni á þetta ákvæði er rétt að taka það fram að þetta ákvæði er tvímælalaust til bóta. En að sjálfsögðu geta vaknað spurningar um réttarstöðu barna í þessum tilvikum og finnst mér rétt að nefndin skoði það sérstaklega.

Varðandi 7. gr. þá er það ákvæði, sem er í lögum, ítrekað að læknir eða ljósmóðir, sem tekur á móti barni, skal þegar skrá á fæðingarskýrslu öll þau atriði er af má ráða um þroska barnsins svo og að spyrja móður um faðerni þess og rita á skýrsluna frásögn hennar þar um. Mér finnst spurning hvort slíkt ákvæði eigi að vera eitthvað ítarlegra þar sem mér finnst það ekki koma nógu skýrt fram að það eru börnin sem eiga líka rétt á því að vera feðruð. Og það hefur stundum gleymst í umræðunni í þessu þjóðfélagi, því miður.

Í 10. gr. er ákvæði 3. mgr. athyglisvert. Það hljóðar svo:

„Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess, og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti."

Þetta er ákvæði sem, eins og ég sagði áðan, er fyrir hendi í núgildandi lögum en það er spurning hvort hugsunarháttur sem þessi sé e.t.v. orðinn úreltur, þ.e. að sá maður, sem valdur er að því sem nefnt er skírlífisbrot og er þá átt við nauðgun gagnvart konu, skuli kosta framfærslu barns að öllu leyti. Það má velta fyrir sér hvort slíkt geti haft erfið eða sálræn áhrif á konu og barn í slíku tilviki.

Í 29. gr. frv. er mjög mikilvægt ákvæði að mínu mati. Í 2. mgr. 29. gr. segir m.a.: „Foreldri sem fer eitt með forsjá barn síns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt, nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati lögmælts stjórnvalds."

Ég tel mjög jákvætt að láta þessa getið skýrt í frv. því að því miður hefur það stundum verið svo að það foreldri, sem fer eitt með forsjá, hefur ekki sinnt umgengnisrétti hins foreldrisins og er það mjög miður vegna þess að það kemur náttúrlega fyrst og fremst niður á barninu sjálfu.

Í 31. gr. kemur fram þetta úrræði, sameiginleg for-

sjá barns og hljóðar 1. mgr. þannig:

„Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast og fer þá eftirlifandi foreldri eitt með forsjána, ásamt maka sínum eða sambúðaraðila, ef því er að skipta.“ — Og síðan kemur nokkuð athyglisvert ákvæði: — „Fela má maka eða sambúðaraðila hins látna foreldris, sem einnig hefur farið með forsjá barnsins, forsjá þess að kröfu hans, ef það er talið barninu fyrir bestu.“

Það er reyndar athyglisvert og mjög jákvætt að víða í frv. er talað um það hvað sé barni fyrir bestu og greinilegt að það á að vera að leiðarljósi í frv. að gæta hagsmuna barna.

2. mgr. 31. gr. hljóðar svo:

„Nú hefur annað foreldri farið með forsjá barns og fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris. Fela má hinu foreldrinu forsjá barnsins að kröfu þess foreldris, ef það er talið barninu fyrir bestu.“

Í 1. mgr. 33. gr. segir:

„Foreldrar, sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns síns, geta samið um að forsjáin verði sameiginleg.“ — Svo virðist sem foreldrar geti þannig tekið upp þetta nýja samkomulag ef þetta frv. verður að lögum og er það mjög gott mál.

Í 4. mgr. 34. gr. er mjög mikilvægt ákvæði. Þar segir:

„Veita skal barni, sem náð hefur 12 ára aldri, kost á að tjá sig um forsjármál, nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Rétt er einnig að ræða við yngra barn, eftir því sem á stendur, miðað við aldur þess og þroska. Dómstóll eða dómsmrn. getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það.“

Ég tel þetta ákvæði mjög jákvætt en dreg ekki dul á að þetta er líka vandasamt verk og því er mikilvægt að fá sérfróða aðila til þessa. Eins í 5. mgr. sömu greinar. Þar segir:

„Skipa má barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls, ef sérstök þörf er á því, og er þóknun hans greidd úr ríkissjóði.“

Varðandi 35. gr. er e.t.v. spurning um breytt orðalag á 1. mgr. vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að dómstólar fjalli um ágreining um forsjá. Þetta er róttæk breyting frá því sem er og e.t.v. rétt að breyta aðeins orðalagi á þann hátt að sýna þá frekar að þetta sé meginregla frekar en undantekning.

Í 3. mgr. 37. gr. kemur það skýrt fram að það er sýslumaður sem úrskurðar að kröfu foreldra um inntak umgengnisréttar og hann getur bæði ákvarðað inntak hans, einnig breytt eða fellt úr gildi úrskurðaðan samning foreldra um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Sérstök atvik geta einnig orðið til þess að mati sýslumanns að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum og þá getur sýslumaður kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

í 38. gr. er kveðið á um dagsektir en hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson gerði athugasemdir um það sem þar kemur fram að dagsektir eigi að fara upp í fjárhæð allt að 5 þús. kr. Ég held að rétt sé að hafa einhver réttarfarsúrræði við slík tilvik þó að sjálfsögðu sé mjög erfitt að koma þeim til framkvæmda og það getur líka komið niður á börnum. En mér finnst líka að það megi velta upp þeirri spurningu, hvort á einhvern hátt sé hægt að skylda það foreldri sem sinnir ekki umgengnisrétti, en ég býst við að það verði erfitt í framkvæmd.

Þá er einnig athyglisvert ákvæði í 39. gr. þar sem fjallað er um fyrirhugaðan flutning barns úr landi. Þetta hefur stundum verið vandræðamál. En 39. gr. hljóðar svo:

„Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómstóll eða dómsmrn., eftir því hvar forsjármál er til úrlausnar, lagt svo fyrir að ósk annars foreldris, að eigi megi að svo vöxnu fara með barnið úr landi. Dómstóll eða dómsmrn. leysa úr málinu með úrskurði.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldri, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þar á meðal bera mál undir sýslumann.“

Í athugasemdum með 2. mgr. 39. gr. segir að átt sé við fyrirhugaða dvöl erlendis að sjálfsögðu en ekki skammvinna, svo sem vera mundi t.d. ef farið væri með barn í stutta heimsókn eða sumarleyfisferð. Engu að síður er þetta mjög mikilvægt ákvæði.

Virðulegi forseti. Ég veit að það hefur farið talsverður tími í umræður um þetta mál og það verður tími til þess að skoða það betur í nefndinni, þannig að ég skal fara hratt yfir sögu en mig langar þó til þess að benda á 60. gr. frv. þar sem segir í 2. mgr. að dómari geti lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem kannana sérfróðra manna um hagi foreldra og barns og virðist gert ráð fyrir því að við framkvæmd þessara mála séu viðhafðar svipaðar aðferðir og er þegar um þessi mál er fjallað fyrir barnaverndarnefndum.

Í 61. gr. segir:

„Dómari getur ákveðið að öðrum málsaðila eða báðum sé óheimilt að vera viðstaddur er viðhorf barns er kannað skv. 34. gr. 4. mgr. Kynna skal aðilum hvað fram hafi komið um afstöðu barns áður en mál er flutt, nema slíkt þyki varhugavert vegna hagsmuna barnsins.“

Það er ákaflega mikilvægt að mínu mati að tryggt verði að börnum gefist kostur á að tjá sig við hlutlausan aðila undir fögur augu og að unnt verði að heita barni trúnaði við slíkar aðstæður.

Og í 68. gr. er fjallað um sáttaumleitan þar sem segir að sýslumaður skuli leita sátta með báðum aðilum áður en hann tekur ákvörðun í ágreiningsmáli. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að sáttaumleitan fari fram því að það verður e.t.v. hægt að fækka erfiðum málum á þann hátt en í 2. mgr. segir:

„Hafi sáttaumleitan í forsjár- eða umgengnismáli farið fram í stofnun um fjölskylduráðgjöf er eigi þörf sáttaumleitana sýslumanns.“ — Væntanlega er átt við fyrirbæri eins og fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem gæti hér komið til eða annað sambærilegt úrræði.

Þá er 75. gr. Þar er talað um aðför eða töku barns á heimili. Þar segir í 1. mgr. að þegar ákvörðun er fengin um forsjá barns og sá, sem barn dvelst hjá, neitar að afhenda það réttum forsjáraðila geti forsjáraðili beint til héraðsdómara beiðni um að forsjá hans verði komið á með aðfarargerð. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega viðkvæmt og vandmeðfarið úrræði. En þess vegna er tekið fram í 3. mgr. að sýslumaður skuli boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan, svo og talsmann barnsins, ef skipaður hefur verið, og að sýslumaður geti einnig skipað barninu talsmann ef slíkt hefur ekki verið gert áður. Og í lok þessa ákvæðis segir svo orðrétt: „Að svo miklu leyti sem lögreglumenn liðsinna við aðför skulu þeir að jafnaði vera óeinkennisklæddir. Reynt skal að haga framkvæmd aðfarar svo að sem minnst álag verði fyrir barnið."

Virðulegur forseti. Sú nefnd sem ég á sæti í, allshn., mun skoða þetta mál mjög vandlega og yfirfara þær athugasemdir í umsögnum sem þegar liggja fyrir með þessu frv. og einnig þær athugasemdir sem hv. þm. hafa bent á. Skoðun nefndarinnar mun ekki síst beinast að því að hagsmunir barna verði hafðir í fyrirrúmi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 116. mál (málskot úrlausna). — Þskj. 119.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 frá 10. maí 1978. Þegar frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði var lagt fram á 111. löggjafarþingi 1988, fylgdi því frv. til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og varð það að lögum nr. 85/1989 sem öðlast munu gildi 1. júlí á næsta ári. Í tengslum við aðskilnaðinn verður sú meginbreyting gerð á þessu sviði að eftir 1. júlí 1992 er þinglýsing stjórnsýsluathöfn en ekki dómsathöfn og í lögum nr. 85/1989 er kveðið á um það að sýslumenn verði þinglýsingarstjórar hver í sínu umdæmi og fellur þá niður heitið þinglýsingardómari. Jafnframt kveða þau lög á um breyttar reglur hvað varðar málskot úrlausna í þinglýsingarmálum, sbr. 4. gr. laganna. Er þar horfið frá því fyrirkomulagi gildandi laga að úrlausn í þinglýsingarmáli verði skotið til Hæstaréttar með kæru. Er við það miðað í lögum þessum að þinglýsingarbeiðandi eigi tveggja kosta völ ef hann ekki vill sætta sig við úrlausn þinglýsingarstjóra. Annar kosturinn er sá að kæra úrlausnina til dómsmrn. Hinn kosturinn er að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni og er þá hægt að höfða mál strax eða að fengnum úrskurði dómsmrn.

Í greinargerð þessa frv., sem nú er mælt fyrir, er nokkuð vikið að samanburði á þeim reglum sem gilda um málskot úrlausna í þinglýsingarmálum í þeim löndum sem búa við líkastar þinglýsingarreglur og þær íslensku. Eru þessar reglur æði misjafnar. Þær reglur sem hér munu gilda eftir 1. júlí 1992, ef lög nr. 85/1989 öðlast gildi óbreytt, þykja hins vegar ekki alls kostar heppilegar. Í fyrsta lagi er fyrirkomulagið óþarflega margbrotið, þ.e. að bæði sé hægt að skjóta málinu til úrskurðar dómsmrn. og höfða mál til ógildingar úrlausninni. Og í öðru lagi er sýnt að það getur reynst mjög tímafrekt að fá endanlega úrlausn um þinglýsingarágreining ef allra þeirra leiða er leitað sem lög nr. 85/1989 koma til með að heimila. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að það mun leiða af lögum nr. 85/1989 að dómur héraðsdóms í máli til ógildingar úrlausn þinglýsingarstjóra verður borin undir Hæstarétt með áfrýjun en ekki kæru.

Með þessu frv. er stefnt að því að einfalda þær reglur um málskot úrlausna í þinglýsingarmálum sem munu gilda eftir 1. júlí á næsta ári en að öðru leyti er ekki hróflað við ákvæðum gildandi laga eða þeirra laga sem þá taka gildi. Felst meginefni frv. í því að úrlausn þinglýsingarstjóra í þinglýsingarmáli samkvæmt lögunum verður borin undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra, en verður ekki skotið til dómsmrn. með stjórnsýslukæru. Svipar þessu fyrirkomulagi um margt til reglna XIV. kafla aðfararlaga, nr. 90/1989, varðandi úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarar. Úrskurði héraðsdómara verður síðan skotið til Hæstaréttar með kæru samkvæmt almennum reglum um kæru úrlausna í einkamálum. Frv. byggir á þeirri forsendu að eftir þessari leið verði ekki skorið úr um efnisatvik að baki skjali svo sem um eignarréttindi og eignarhöft heldur verði skorið úr ágreiningi um efnisleg réttindi í almennu einkamáli svo sem verið hefur. Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1992, sama dag og lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og lög nr. 85/1989, um breytingu á þinglýsingalögum.

Ég vil leggja áherslu á það sem að framan sagði að þetta frv. hróflar ekki við öðrum ákvæðum laga nr. 85/1989 en þeim sem varða dómsmeðferð ágreinings um úrlausn þinglýsingarstjóra. Það er heppilegt að fela dómstólum úrlausnarvald um þinglýsingarágreining fremur en stjórnvöldum og þýðingarmikið að úrlausnir fáist skjótt í málum sem þinglýsingarágreining varða. Það fyrirkomulag sem hér er mælt fyrir um er einfaldara í sniðum og skjótvirkara en það sem mundi gilda að óbreyttu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

33. FUNDUR

mánudaginn 25. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að eftir að afgreiddir hafa verið tveir fyrstu dagskrárliðirnir fer fram utandagskrárumræða um kaup á björgunarþyrlu. Er hún að beiðni hv. 14. þm. Reykv. og fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapa.

Barnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JK, JónS, JVK, KÁ, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SighB, SP, StH, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, FrS, GHall, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, RA, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO) fjarstaddur.

Þinglýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 116. mál (málskot úrlausna). — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HB, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SighB, SP, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EH, FrS, GHall, KSG, LMR, MF, ÓE, PP, RA, SigG, SAÞ, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SighB, SP, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EH, FrS, GHall, KSG, LMR, MF, ÓE, PP, RA, SigG, SAÞ, StG, SVG, TIO) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Kaup á björgunarþyrlu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hinn 12. mars 1991 samþykkti hið háa Alþingi þáltill. hv. 5. þm. Reykv. Inga Björns Albertssonar og varð ályktunin svohljóðandi eftir afgreiðslu hv. allshn.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Í lánsfjárlögum 1991 var heimild til handa fjmrh. til að ráðstafa 100 millj. í þessu skyni. Sérstakri nefnd embættismanna og forsvarsmanna Landhelgisgæslunnar var falið að skila skýrslu um málið enda fóru þeir utan í því skyni að skoða hentugan þyrlukost.

Ég hygg að það hafi verið svo með marga hv. þm. að við töldum að þetta mál væri þar með komið vel á rekspöl. En síðan gerðist það að ný hæstv. ríkisstjórn tók við völdum og eftir það tók málið óneitanlega stefnubreytingu. Ný nefnd var skipuð og við framlagningu fjárlagafrv. var ekki að sjá að neitt væri ætlað til kaupa á þyrlu. Ég lagði því fram fsp. á hinu háa Alþingi 17. okt. sl. sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður undirbúningi á kaupum á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna sem samþykkt voru með ályktun Alþingis 12. mars 1991?"

Í svari hæstv. dómsmrh. kom fram að áhersla væri fyrst og fremst lögð á að hefja viðræður við varnarliðið en kaupum á þyrlu frestað.

Hæstv. forseti. Á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan fsp. minni var svarað hefur orðið hörmulegur mannskaði í sjóslysi hér í nágrenninu. Öll íslenska þjóðin syrgir með þeim sem um sárast eiga nú að binda. Atburður sem þessi hlýtur að krefjast þess að hið háa Alþingi svari því hvort við það verði búið að ekki séu tiltæk nauðsynleg björgunartæki sem e.t.v., og um það getur auðvitað enginn sagt, en e.t.v. hefðu getað komið að gagni í tilviki sem þessu. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurningar:

Hefur ríkisstjórnin endurskoðað afstöðu sína til kaupa á björgunarþyrlu sem búin væri þeim tæknibúnaði sem best hentar aðstæðum hér á landi og á höfunum í kringum okkur?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sú umræða sem hér fer fram á sér stað í framhaldi af hörmulegu sjóslysi við Grindavík. Ég vil

byrja á því að votta þeim sem þar misstu ástvini sína samúð. Ég geri mér grein fyrir því að enginn getur sett sig í spor þeirra sem misst hafa ástvini sína í svo hörmulegu slysi en þykist vita hitt að öll íslenska þjóðin vill deila harmi með þeim sem í hlut eiga. Það er ekki óeðlilegt að spurt sé um framkvæmd þeirra ákvarðana í björgunarmálum sem Alþingi hefur tekið í tilefni af svo hörmulegum atburði.

Eins og hér hefur komið fram í máli hv. málshefjanda tók Alþingi um það ákvörðun á sl. vori að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að kaupum á fullkomnari björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Á þann veg hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls að í fyrsta lagi var í tíð fyrri ríkisstjórnar ákveðin í lánsfjárlögum heimild til þess að semja um slík kaup og taka 100 millj. kr. að láni í því skyni. Síðan voru sendir sérfræðingar á erlendan vettvang til þess að kanna hvaða kostir varðandi þyrlukaup væru fyrir hendi. Að lokinni þeirri skyndikönnun var ljóst, að áliti þeirra sem í ferðina fóru, að frekari athugana þyrfti við áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Því var það eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstjórnar að skipa nefnd til þess, eins og segir í erindisbréfi, að undirbúa þá ákvörðun sem Alþingi hafði falið ríkisstjórninni að taka. Formaður þeirrar nefndar var Björn Bjarnason. Í nefndinni áttu einnig sæti þeir sem fyrri ríkisstjórn valdi til að gera þá skyndikönnun sem fram fór á erlendum vettvangi.

Nefndin hefur skilað áliti. Niðurstaða nefndarinnar er sú að leggja enn til að unnið verði hratt að því að útvega Landhelgisgæslunni öflugri þyrlukost með nýrri þyrlu en hún hefur í dag og í annan stað að kanna möguleika á samstarfi við bandaríska aðila og hefja formlegar viðræður í því efni vegna þess að slíkt hugsanlegt samstarf geti haft áhrif á það hvers konar þyrla verður fyrir valinu þegar þar að kemur. Þær viðræður hefjast nú á miðvikudaginn. Ég hef hafið þær viðræður við bandaríska sendiherrann og ég vænti þess að niðurstöður í þessu máli geti legið fyrir á fyrri hluta næsta árs þannig að áfram verði unnið að þessu máli í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er leitt að þurfa að ræða þetta mál í skugga þess hörmulega slyss sem varð og tek ég undir góðar óskir til þeirra sem fyrir þessu urðu og votta þeim mína samúð. Í raun og veru þurfum við ekki að hafa langt mál um þessi þyrlukaup. Þau voru rædd ítarlega á síðsta þingi, þau voru rædd í þeirri ríkisstjórn sem þá sat. Ég leit reyndar svo á að þeirri umræðu væri þar með lokið og teningunum kastað og ákveðið að kaupa viðbótarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Til þess var veitt heimild og sömuleiðis heimild til lántöku 100 millj. kr.

Ég ætla ekki að gera lítið úr samstarfi við varnarliðið. Það hefur oft reynst gott og bjargað mörgum mannslífum. En þessi mál verða aldrei í góðu lagi nema við höfum í eigin hendi nauðsynleg björgunartæki. Óháð því hvort þetta samstarf verður þá verðum við að tryggja í eigin hendi fullkomin björgunartæki. Ég vil því eindregið leggja til, og lýsi stuðningi okkar framsóknarmanna við það, að heimildin sem er í 6. gr. fjárlaga verði án tafar notuð og sömuleiðis heimild til lántöku. Ég vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn að lýsa því hér yfir að svo verði gert.

Það kom mér nokkuð á óvart sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að um eins konar skyndiathugun hefði verið að ræða á þyrlukosti. Ég hafði skilið það svo að sú nefnd sem var skipuð í marsmánuði hefði komist að niðurstöðu um þá þyrlu sem hentaði okkur best. Sömuleiðis kom það mér á óvart að fulltrúar í þeirri nefnd hefðu verið í þeirri síðari. Ég hef a.m.k. skilið það svo að sérfróðir menn frá Landhelgisgæslunni hefðu verið þar sem sérfræðingar en ekki þátttakendur í nefndinni. Ég vil gjarnan fá þetta upplýst nánar og beini spurningu minni til hæstv. fjmrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Við ræðum nú þyrlukaupin í skugga hörmulegs mannskaða. Á þessari stundu leitar hugurinn auðvitað fyrst til þeirra sem svo mikið hafa misst. Þeir eiga samúð allrar þjóðarinnar. En það er mjög mikilvægt að við reynum að draga lærdóm af þessum atburði. Ég held að engum þurfi að blandast hugur um það að við þurfum að reka hér björgunarsveit sem er búin þyrlum sem uppfylla ströngustu kröfur. Ég vil vekja athygli á því að í áliti þeirrar nefndar, sem var eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstjórnar að skipa, er einmitt ítrekað að brýnt sé að Landhelgisgæslan fái öfluga þyrlu til afnota fyrir sína björgunarstarfsemi, öflugri en þá sem hún hefur nú. En það er líka jafnljóst, m.a. því miður af þeim atburðum sem hér hafa orðið, að við þurfum að huga mjög vandlega að skipulagi okkar björgunarstarfs, leita leiða til þess að boðleiðir séu þar skýrar, stuttar, hreinar og beinar, ákvarðanir verði teknar fljótt og boðum til skila komið. Þetta er kannski jafnmikilvægt og tækjakosturinn eins og dæmin sanna.

Þetta vildi ég, frú forseti, nefna við þessa umræðu vegna þess að hún kallar á mikla alvöru í meðferð málsins. Ég vona að við finnum sameiginlega í þinginu bestu lausnina. Það er ekki nokkur vafi á því að samstarf við björgunarsveit varnarliðsins er mjög mikilvægur hlekkur því þar getum við átt eða eigum aðgang að fjórum vel búnum björgunarþyrlum. Valið á þyrlu fyrir íslensku Landhelgisgæsluna á að taka mið af þeim aðstæðum þannig að við getum jafnan haft viðbúnað bæði hérna megin við og handan við veðramótin sem svo oft fara yfir landið þegar slysin verða. Þetta, frú forseti, er það sem við þurfum að hafa í huga og við eigum núna að leita bestu lausna í málinu.

Ég vil vekja athygli á því að við höfum þær heimildir sem þarf, bæði í lánsfjárlögunum og í fjárlögunum. Við eigum að nýta þær sem allra best. Það verður sem betur fer alls ekki ekki til þess að tefja framgang málsins, en það er líka mikilvægt að þessar ákvarðanir séu vel grundaðar og þar tel ég að skýrsla þyrlunefndarinnar, sem undir forustu Björns Bjarna-

sonar var skilað í október, sé mjög góð undirstaða.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Enn á ný ræðum við um björgunarþyrlu hér á Alþingi, að þessu sinni beinlínis vegna sorglegra atburða. Við samhryggjumst öll aðstandendum sjómannanna sem fórust við Grindavík.

Á fundi, sem haldinn var í Grindavík í gærkvöldi, var farið yfir öll þau efnisatriði sem nauðsynlegt er og ég held að flestir hafi viðurkennt að þar hafi komið fram upplýsingar sem benda til að nú megi ekki lengur bíða með að fylgja eftir ákvörðun Alþingis frá í vor og að það verði að leggja allar ónothæfar útfærslur til hliðar. Það er skýrt í mínum huga að samstarfið við varnarliðið býður ekki upp á fullnægjandi lausn nema sem viðbót við nauðsynlega öryggisgæslu og þær tvær íslensku þyrlur sem við þurfum að hafa til taks. Alþingi hefur lýst yfir vilja sínum og hann ber að virða. Samstarf við varnarliðið væri því aðeins nothæfur kostur að það byði upp á jafngott eða betra öryggiskerfi en ný og öflug þyrla sem samþykkt hefur verið að kaupa. Sú er hins vegar ekki raunin. Þyrlur varnarliðsins miðast við hernaðarþarfir, ekki björgunarstörf í sjávarháska. Þess vegna þarf ekki að ræða þá leið neitt frekar í bili og ekki að láta þær umræður tefja nauðsynlegt mál. Það væri gott ef mögulegt væri að fjármagna þyrlukaup í viðráðanlegum áföngum en þegar verið er að ræða um verðmæti, sem ekki má meta til fjár, líf og limi fólks, verður að hugsa stærra.

Það frv. sem boðað hefur verið að lagt verði fram er ítrekun á vilja Alþingis og staðfesting. Vonandi duga allar þessar áskoranir til að gengið verði til verka. Ég vonast til að hæstv. dómsmrh. sé mér sammála í þeirri skoðun að þetta mál þoli ekki bið.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er leitt að þurfa að ræða þetta mál í skugga þeirra hörmulegu atburða sem urðu við Grindavík fyrir helgina. Þeir hafa orðið til þess að enn á ný er knúið á um að ákvörðun verði tekin um kaup á björgunarþyrlu fyrir Íslendinga.

Í gildandi lögum eru allar heimildir sem ríkisstjórnin þarf til að taka þá ákvörðun. Alþingi hefur þegar samþykkt að ríkisstjórn Íslands eigi að kaupa björgunarþyrlu fyrir Íslendinga á yfirstandandi ári, 1991. Því miður verð ég að segja það að sú lýsing sem hæstv. dómsmrh. gaf á vinnunni að þessu máli er röng. Hún er því miður röng. Orð hans um skyndikönnun og það hafi þurft að athuga málið nánar þegar núv. ríkisstjórn settist á valdastóla er röng. Ég tel því óhjákvæmilegt að greina frá því að 13. mars, þegar Alþingi var lokið, hélt ég sem fjmrh. fund í dómsmrn. með dómsmrh., embættismönnum dómsmrn., fjmrn. og Landhelgisgæslunnar. Þar var sú ákvörðun tilkynnt að nefnd yrði sett upp með embættismönnum þessara tveggja ráðuneyta og Landhelgisgæslunnar til að gera tillögur um hvaða þyrlutegund yrði keypt. Í framhaldi af því, 2. apríl til 11. apríl, fór sérfræðinga- og embættismannanefnd til Bandaríkjanna, til Frakklands og til Noregs til að vinna að málinu. Hún fór rækilega yfir eftirfarandi tegundir af þyrlum, Jayhawk-þyrlur, Super Puma þyrlur, Super Transport þyrlur og þyrlur framleiddar af Westland í Bandaríkjunum.

Hinn 15. apríl var skilað formlegri niðurstöðu til Landhelgisgæslunnar og síðan til ráðuneytanna og niðurstaða þessarar skýrslu er alveg ótvíræð. Þar er formlega — og ég legg áherslu á það — þar er formlega lagt til að keypt verði franska þyrlan AS 332 L1, sem kölluð er Super Puma og það er rækilega rökstutt í þessari greinargerð hvers vegna þessi tegund ein hentar íslenskum aðstæðum. Það hefur jafnframt komið fram að sérfræðingar Landhelgisgæslunnar telja að þyrlutegundir bandaríska hersins henti á engan hátt íslenskum aðstæðum í þessum efnum. Vegna þess að hæstv. dómsmrh. hefur því miður notað orðið skyndikönnun um þessa vinnu mun ég síðar í dag birta almenningi í landinu þessa skýrslu þannig að alveg liggi ljóst fyrir hver niðurstaðan var því að þegar núv. ríkisstjórn kom í ráðuneytin var búið að vinna þá vinnu sem þurfti að vinna. Ríkisstjórnin kaus því miður að drepa málinu á dreif, setja það í nýjan farveg, tefja það og fara að tengja það viðræðum við bandaríska herinn sem Landhelgisgæslan hafði hafnað.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Eftir þær umræður, sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu undanfarna daga, á Alþingi í dag og á Alþingi sl. vetur, leyfi ég mér að ganga út frá því að ný björgunarþyrla verði keypt án tafa. En við þurfum að gera meira. Við þurfum að treysta skipulag og boðleiðir í björgunarsveitakerfi okkar. Við verðum að tryggja að þau tæki sem við eigum í dag og þau tæki sem við munum eignast og þau tæki sem við höfum aðgang að nýtist á sem bestan hátt og tryggi öryggi sjómanna okkar.

Hið hörmulega slys sem varð við Hópsnes nú fyrir helgi hefur dregið verulega úr öryggistilfinningu sjómanna okkar. Og ekki verður við það unað að þeir gangi kvíðnir til verks og ástvinir þeirra bíði kvíðnir í landi. Því treysti ég því að dómsmrh. og ríkisstjórnin geri viðeigandi ráðstafanir til að auka það öryggi og þá öryggistilfinningu sem sjómenn hafa og að ástvinir þeirra í landi geti sofið eins rólegir og mögulegt er við aðstæður sem þessar.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir, sem hafa talað votta aðstandendum samúð mína og reyndar Grindvíkingum öllum og þjóðinni allri.

Ég verð að segja í upphafi máls míns að ég varð afar óánægður með svör ráðherranna beggja. Það má vel vera að ég sé barnalegur en ég trúði því og ég ætla að halda áfram að trúa því þangað til annað kemur í ljós að þessir menn kæmu upp núna og segðu: Nú verður stóra skrefið stigið. Við tökum ákvörðun, við förum í viðræður við framleiðendur og við gerum kaupsamning um nýja björgunarþyrlu.

Nei, ekki aldeilis. Hvað kom? Við ætlum að halda áfram á sömu braut. Og ég spyr bara: Hvað þarf eiginlega til? Hvað þarf til? Það eru allar heimildir til

staðar. Það er ekkert annað en ganga fram og klára málið. Nei. Það á að halda áfram á sömu braut. Ég fordæmi þetta. Ekki bara í ljósi síðustu atburða, heldur þess sem getur gerst í framtíðinni. Og ég segi: Við eigum að ganga fram og stíga skrefið og í millitíðinni eigum við að leigja þyrlu sem brúar bilið. Það tekur tvö ár að koma nýrri þyrlu í þjónustu og meðan þau tvö ár eru að líða eigum við að leigja þyrlu til að brúa bilið. Það er engin spurning.

Menn hafa talað um kostnað og það hefur gjarnan verið lagt út sem svo að það eigi að borga eitt stykki þyrlu á borðið, einn milljarð er oft talað um. Ný þyrla kostar væntanlega um 700–800 millj. og mun greiðast á níu til þrettán árum. Menn geta bara deilt í þá tölu og fengið gróflega út greiðslubyrði þjóðfélagsins. Það er ekki verið að tala um íþyngingu, alls ekki. Og fyrstu greiðslur mundu þar að auki væntanlega ekki fara fram fyrr en eftir þrjú ár þannig að það er ekkert sem stoppar okkur í þessu máli. Eina sem þarf er raunverulegur vilji.

Ég hef, hæstv. forseti, eins og þingheimur veit, undirbúið frv., sem væntanlega verður dreift nú eftir nokkrar mínútur, um að binda í lög — það er hart að þurfa að gera það, en vegna þess að vilji Alþingis hefur ekki verið virtur vil ég binda í lög að þyrlan verði keypt á næsta ári. Það er óumflýjanlegt og ég bið hæstv. forseta að sjá til þess að þetta frv. megi komast á dagskrá strax í þessari viku og hljóta skjótan gang í gegnum þingið. (Lófatak á áheyrendapöllum.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Því miður verður forseti að láta þess getið að ekki er ætlast til að viðbrögð komi frá áheyrendapöllum. Forseti skilur vel þessi viðbrögð en biður áheyrendur vera hljóða ef þeir ætla að hlusta á umræðurnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Það má í raun furðu sæta að þessi umræða skuli þurfa að fara hérna fram, að við Íslendingar skulum ekki eiga slíkt björgunar- og hjálpartæki eins og hér er til umfjöllunar. Ekki er þetta síst furðulegt í ljósi þess að á árunum 1980–1989 misstum við Íslendingar 128 manns í sjóinn. Nú nýverið tók sjórinn alls sjö mannslíf því við skulum ekki gleyma því að stutt er síðan mannskaði varð fyrir utan Höfn í Hornafirði. Yfirleitt eru ekki færri en 200 skip á sjó og geta verið allt að 800 þannig að augljóst er hvílíkt lífshagsmunamál þetta er fyrir íslensku þjóðina. Auðvitað ætti þetta að vera eitt af forgangsverkefnum okkar.

Það er gjarnan borið við skorti á fjármagni og auðvitað skortir fjármagn til margra mikilvægra hluta. En í því samhengi langar mig til að gera að umtalsefni Landhelgissjóð Íslands. Í lögum um Landhelgisgæslu er kveðið á um þennan sjóð í 17., 18. og 19. gr. og um verkefni hans er fallað í 18. gr. Þar er m.a. talað um að hann eigi að fjármagna ýmis tækjakaup fyrir Landhelgisgæsluna og þar undir getur auðvitað þyrla vel fallið.

Á undanförnum tveimur árum hefur verið varið a.m.k. 60 millj. kr., sumir segja 100 millj., úr þessum sjóði til nýsmíði á sjómælingaskipinu Baldri og skulum við bera það saman við þá upphæð sem talað er um að hefði verið á lánsfjárlögum fyrir árið 1991 til þyrlukaupa sem voru 100 millj. Nú langar mig að spyrja hæstv. dómsmrh. hver hafi tekið ákvörðun um að ráðist skyldi í það verkefni, og að Landhelgissjóður Íslands skyldi fjármagna þetta tiltekna verkefni.

Í öðru lagi langar mig að spyrja dómsmrh. hvort hann telji, en það er dómsmrh. sem hefur á hendi stjórn sjóðsins, að þarna hafi verið um rétta forgangsröðun að ræða hjá Landhelgissjóðnum. Hefði ekki verið nær að verja þessum fjármunum til þyrlukaupa?

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Guð gefi þeim styrk sem sárt eiga að binda vegna hörmulegs sjóslyss í Grindavík sl. föstudagskvöld. Í stuttu máli má segja um þyrlumálið að það er þjóðarsátt um að kaupa þyrlu og það hefur legið fyrir lengi. Þjóðin deilir um margt en hún er sammála um að það eigi að kaupa þyrlu og það er unnið á þeim nótum að mínu mati. Það er ljóst að það þarf að kaupa fullkomnari þyrlu en er nú fyrir hendi og það er vilji til þess. Með þeirri þyrlu sem var keypt á miðjum síðasta áratug urðu tímamót í þyrlurekstri hvað varðar viðhald og allan aðbúnað og hefur sú þyrla sannað gildi sitt og bjargað tugum mannslífa. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa innt af hendi stórkostlegt starf sem jafnframt hefur undirstrikað mikilvægi þessa máls. En menn vilja betri tæki og þau eru til og þá eigum við að stuðla að því að fá þau sem fyrst.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að þeir, sem eiga að stýra þessum tækjum, vita best við hvað er að etja og þeim skal treyst til að velja kostinn. Það hafa flugmenn Landhelgisgæslunnar gert með því að mæla með Super Puma. Ég ætla ekki að fara út í tæknileg atriði en á margan hátt hefur sú þyrla besta möguleika til að sinna þeim verkum sem þarf á Íslandi, þ.e. að geta farið í allflestum veðrum hvert á land sem er og hvenær sem er.

Það er eðlilegt í sambandi við þyrlukaup að ræða styrkingu Landhelgisgæslunnar í heild, uppbyggingu hennar og verkefni. Það hefur legið í láginni. Það er ljóst að verksvið Landhelgisgæslunnar hefur á margan hátt verið í lausu lofti síðan landhelgisstríðinu lauk. Eitt af þeim atriðum er það hlutverk sem stór og öflug þyrla á að sinna. Í því sambandi er eðlilegt að ræða við varnarliðið, eins og gert hefur verið, um samstarf Landhelgisgæslu og varnarliðs um nýtingu á þeim flota sem er til staðar í landinu og væntanlegur er í náinni framtíð af hálfu Íslendinga. Það er líka eðlilegt að ræða þann möguleika, eins og ætlað er, að íslenskir aðilar yfirtaki að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem er á Keflavíkurflugvelli á vegum varnarliðsins.

Virðulegi forseti. Það eru líkur fyrir yfirlýsingu frá hæstv. dómsmrh. og sjútvrh. um að gengið verði frá þyrlukaupum á næstu mánuðum og ég fagna henni. Ég veit ekki betur en nú í vikulokin hafi verið von á tilboðum frá Frakklandi til að mynda í þá þyrlu sem ég nefndi þó svo annað komi til greina. Þannig er gang-

ur málsins í markvissum farvegi og það þarf að vinna eins hratt eins og kostur er. Á þeim tíma, sem leyfir þangað til gengið verður formlega til undirskriftar um kaup á þyrlu, þarf jafnframt að vinna ákveðna forvinnu. Það má huga að því þegar það liggur ljóst fyrir hver þyrlutegundin verður að senda flugmenn til þjálfunar. Einnig þarf að undirbúa marga þætti og jafnframt er möguleiki á því að leigja þyrlu ef stefnt er að því að fá fyrst og fremst keypta nýja þyrlu, en það tekur eitt og hálft til tvö ár að fá slíkt tæki afgreitt. Ég hef rætt við marga um þessi mál. Sá síðasti, sem ég talaði við, virðulegi forseti, áður en ég kom inn í þingsalinn, var Reynir Traustason, formaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Vestfjörðum. Hann eins og allir aðrir undirstrikar mikilvægi þess að unnið sé hratt og ákveðið og málið afgreitt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega ekki hægt annað en harma það í tvennum skilningi að af þessari umræðu skuli þurfa að verða, annars vegar vegna þeirra dapurlegu atburða sem hún tengist en hins vegar vegna þess að að mínu mati væri tíma manna betur varið til þess að halda fund forustumanna allra flokka og ná þar saman um ákvörðun í þessu máli. Ég leyfi mér að skora á forustumenn stjórnmálaflokkanna og þá ekki síst þá sem í ríkisstjórninni eru að hlutast til um slíkan fund. Ég held að síðan færi betur á því að sem fæst orð væru sögð en unnt væri að tilkynna þjóðinni og þá ekki síst sjómannastéttinni um ákvörðun í þessu máli sem algjör samstaða væri um á Alþingi.

Mig langar til að láta sjónarmið mitt koma fram, sem ég teldi æskilegt að haft væri í huga, og það er mat mjög margra, að til þess að vel væri að þessum málum búið þyrftu í raun að vera hér í rekstri ekki ein heldur tvær öflugar björgunarþyrlur. Vegna landfræðilegra aðstæðna háttar oft þannig til að eitt tæki á einu landshorni skapar ekki það öryggi sem æskilegast væri fyrir allt landið og miðin umhverfis. Þess vegna á að mínu mati að hafa þann möguleika í huga að e.t.v. fáist meira öryggi fyrir lítið hærri upphæð með því að kaupa t.d. tvær nýlegar og nægilega öflugar björgunarþyrlur. Það skapar möguleika á því að a.m.k. yfir hluta ársins, yfir vetrartímann, gætu þær verið staðsettar á tveimur landshornum.

Ég ítreka þá ósk mína til forustumanna stjórnmálaflokkanna allra að þeir tali sig saman og láti á það reyna á næstu dögum hvort ekki sé unnt að ná um þetta mál algjörri pólitískri samstöðu þannig að ekki þurfi að koma til frekari orðaskipta eða orðahnippinga hér á Alþingi né annars staðar fyrr en ákvörðun liggur fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er þessi hálftími liðinn sem umræðan má standa en henni lýkur með því að hv. 14. þm. Reykv. tekur til máls og síðan hæstv. dómsmrh.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að ég fékk leyfi til að hefja þessa umræðu og ég skal ekki níðast á fundartíma. Aðeins vil ég leyfa mér að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Hér virðist vera mikil eining í hópi þingmanna en e.t.v. dálítið óljósara hvernig komið er fyrir ríkisstjórninni í þessu máli.

Það er alveg ljóst að sá vélakostur sem varnarliðið hefur nú nýlega fengið og er að festa kaup á hentar engan veginn íslenskum aðstæðum, allra síst til björgunar á sjó eins og komið hefur fram og forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar hafa bent á. Það er sjálfsagt að eiga gott samstarf við varnarliðið og auðvitað er gott að geta til þess leitað þegar á þarf að halda. Það breytir ekki því að við verðum að eignast fullbúna vél sem hentar okkur á landi og á höfunum í kring því að við skulum ekki gleyma því að við erum ekki einungis að tala um sjómannastéttina. Auðvitað er slík björgunarþyrla í þágu allra landsmanna, einnig þeirra sem á landi vinna og búa. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að þetta mál þolir auðvitað enga bið. Á meðan verið er að ganga frá kaupum verður að leigja vél og það er áreiðanlega ekki erfitt að fá fyrirtækin sem framleiða vélarnar til þess að leigja vél meðan hin er í smíðum. Ég vil aðeins að lokum, hæstv. forseti, minna menn á að á nýafstöðnu fiskiþingi og einnig á fundi LÍÚ var samþykkt tillaga um að menn kæmu með allan veiddan undirmálsfisk að landi og það sem fengist fyrir það sem umfram er 10 leyfilegu prósentin yrði látið renna í sjóð til þyrlukaupa.

Ég vil einnig benda á að í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins eru nú þegar 1,2 milljarðar kr. Mér er auðvitað ljóst að þar eru eigendur að en ekki þætti mér ólíklegt að þeir gætu fallist á að eitthvað af þessari upphæð, sem ég held að hvort sem er verði erfitt að skipta upp, færi til að kaupa þetta lífsnauðsynlega björgunartæki.

Ég held að hér sé tómt mál að tala um kostnað. Hafa menn sest niður og reiknað út það tjón, í beinhörðum peningum, sem varð hér við Hópsnesið fyrir nokkrum dögum, þó ekki væri annað?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessar umræður og þátttöku í þeim.

Fyrst langar mig til þess að taka fram vegna athugasemda frá hv. 7. þm. Reykn. og hv. 8. þm. Reykn. um orðin „skyndiskoðun“, sem ég notaði í minni ræðu, að í því fólst ekki gagnrýni á vinnubrögð fyrri ríkisstjórnar.

Í annan stað notaði ég þetta orð vegna þess að það kemur fyrir í greinargerð Þorsteins Þorsteinssonar flugvélaverkfræðings, sem þegar hefur verið birt opinberlega sem hluti af áliti þyrlunefndar. Þegar hann hefur gert grein fyrir þeim þyrlum sem sendinefndin skoðaði þá segir hann svo í greinargerð sinni, með leyfi forseta:

„Ekki er heldur unnt að fjalla nákvæmlega um verð á þessum þyrlum þar sem skilgreining á búnaði þeirra var ekki fullunnin í þeirri skyndiskoðun sem gerð var á þeim sl. vor.“

Þaðan er þetta orð komið og því var það notað af

minni hálfu en í því fólst ekki á nokkurn hátt gagnrýni á vinnubrögð fyrri ríkisstjórnar í þessu efni. Ég tel þvert á móti að hún hafi unnið af fullum heilindum í þessu máli. Og ég andmæli því að annað hafi átt sér stað við vinnu núv. ríkisstjórnar. Í framhaldi af þessari undirbúningsvinnu fyrri ríkisstjórnar var skipuð sérstök nefnd með sömu aðilum og áður. Þeirri nefnd var falið að halda áfram undirbúningi að ákvörðunum Alþingis og ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram að um þetta mál varð breið samstaða í þinginu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta þeirri ákvörðun og ég vænti þess að áfram verði um málið góð samstaða. Um það á ekki að þurfa að vera pólitískur ágreiningur. Og það hefur verið og verður áfram unnið að framgangi málsins í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Ég er sammála því að þær heimildir eru fyrir hendi í lánsfjárlögum sem á þarf að halda og ég er alveg sannfærður um að víðtæk samstaða verður um að í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1992 verður sú heimild endurnýjuð þannig að unnt verður að taka ákvörðun þegar niðurstaða er fengin. Ég tel mjög eðlilegt í framhaldi af áliti þyrlunefndar, sem segir mjög ákveðið að vinna verði hratt að því að bæta þyrlukost Landhelgisgæslunnar, að lokið verði þeim viðræðum við bandarísk stjórnvöld sem nefndin leggur til. Þær viðræður geta leitt til þess að björgunarstarfið í landinu verði styrkara en ella og slíkt samstarf getur á hinn bóginn haft áhrif á það hvers konar þyrla verður keypt. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að á því kunna að vera tæknilegir örðugleikar að samhæfa þyrlukost sem við gerum kröfur til og þyrlukost Landhelgisgæslunnar. Á það mun reyna og það mun koma í ljós í viðræðunum sem nú fara fram. En það er alveg rétt að þarna kunna að vera tæknilegir örðugleikar á ferðinni.

Mér virðist einsýnt að um þetta eigi að geta orðið góð samstaða hér eftir sem hingað til í þinginu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að hverfa frá fyrri samþykktum Alþingis og ég er vissulega fús til þess að hafa samráð við fulltrúa þingflokkanna til að tryggja áframhaldandi einingu um framgang þessa máls og vandaðan undirbúning. Ég lít svo á að það sé ekki einasta samstaða hér í þinginu um þetta mál, frú forseti, heldur meðal sjómanna og Íslendinga allra sem vænta þess að ákvörðun verði tekin á grundvelli vandaðs og ítarlegs undirbúnings. — [Fundarhlé.]

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, nál. 132 og 139, brtt. 140 og 156.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 156. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur verið lagt fram allt frá árinu 1979 og hefur þessi skattur verið endurnýjaður á hverju ári með samþykkt Alþingis. Lítið hefur farið fyrir hrifningu margra þingmanna á liðnum árum á þessum skatti, en hins vegar hafa aðrir verið mjög ánægðir með skattinn og hefur jafnvel fundist hann í lægra lagi. Hér liggur fyrir nefndarálit frá sjö nefndarmönnum í efh.- og viðskn. Alþingis þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt. Þegar kemur að undirskrift nefndarmanna eru þær mjög skrautlegar því að allir nefndarmenn nema einn skrifa undir með fyrirvara. Einn nefndarmanna, sem er varaþingmaður, skrifar undir nál. fyrirvaralaust.

Auðvitað fer ekki á milli mála að fulltrúar þeirra flokka sem hafa með mikilli ánægju stutt þennan skatt á liðnum árum skrifa undir með fyrirvara og þeir koma vafalaust til með að gera grein fyrir honum en ég ætla að tala nokkuð um minn fyrirvara og á hverju hann byggist. Ég vil taka fram að einn nefndarmanna, Halldór Ásgrímsson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins og einn nefndarmaður, Ingi Björn Albertsson, skilar sérstöku nál. á þskj. 139 og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni afstöðu.

Afskaplega erfitt er fyrir menn sem hafa verið mótfallnir skattinum og talið hann ranglátan að snúa svo við blaðinu núna. En menn eru misjafnlega heilsuhraustir eins og gerist og gengur. Ungur og vaskur maður sem búinn er að berjast gegn þessum skatti árum saman, eins og hæstv. fjmrh., hefur haft þrek til þess að leggja þetta frv. fram. Og af því að ég hef fremur góðar taugar til hans og hann hefur ekki verið mjög lengi í embætti fjmrh., eða frá vordögum til þess að þetta frv. var lagt fram fyrr á þessu hausti, þá hefur hann ekki haft tíma til að snúa hlutunum að öllu leyti við. Því mun ég greiða atkvæði með frv. að þessu sinni og ég treysti því að þessi skapnaður sjáist aldrei oftar frá hendi núv. fjmrh. Og svo verð ég víst að segja að lokum að meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. efh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 139 um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Nefndarálitið er svohljóðandi:

„Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var fyrst lagður á 1979 sem tímabundin tekjuöflun. Hann hefur síðan verið framlengdur árlega. Álagningarhlutfallið var í upphafi 1,4% af fasteignaverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Árið 1984 var skatturinn 1,1% af fasteignaverðinu og hélst svo til ársins 1989 en þá var hann hækkaður í 2,2%. Árið 1990 var hlutfallið lækkað í 1,5% og enn er ráðgert að viðhalda þessum tímabundna skatti með óbreyttu skatthlutfalli.

Ljóst er að fyrirtæki í verslun og þjónustu eiga nú við mikla örðugleika að etja, ekki síst á landsbyggðinni. Þessi skattur, sem mismunar fyrirtækjum og atvinnugreinum og er þess vegna afar óréttlátur, lendir fyrst og fremst á þeim fyrirtækjum sem verst standa um þessar mundir.

Minni hlutinn mun flytja brtt. á sérstöku þskj. þess efnis að álagningarhlutfallið verði 0,5% sem annað af tveimur skrefum til þess að leggja þennan „vonda skatt" niður. Verði sú brtt. felld leggur minni hlutinn til að frv. verði fellt." Þannig hljóðar, hæstv. forseti, álit minni hlutans.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég hef tekið þátt í umræðum um það síðan ég kom á þing og hef alla tíð verið á móti þessari skattlagningu. Ég hef flutt brtt. og ávallt lagt til að skatturinn verði í fyrsta lagi lækkaður sem fyrstu skref í áttina að því að fella niður og ef þau skref næðu ekki fram að ganga yrði frv. fellt og skatturinn félli niður.

Ég get engan veginn kyngt þessari skoðun minni og stefnu. Þó ég sé núna kominn hinum megin við borðið frá því sem ég var á síðasta þingi er þetta enn mín skoðun og ég mun ekki kyngja henni. Þetta er mín skoðun og verður það áfram.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þennan skatt, menn vita að hann mismunar atvinnugreinum, hann er *ranglátur, eins og kom fram hér áðan, og sem betur fer* er ég enn þá heilsuhraustur, þó að síðasti ræðumaður telji sig kannski ekki vera það, en ég hygg hann sé það nú samt, alla vega í svona bardaga. Ég er alla vega nógu heilsuhraustur til að standa fastur á móti þessum skatti.

Það vita allir sem vilja vita að t.d. í Reykjavík stendur ónotað skrifstofu- og verslunarhúsnæði upp á þúsundir fermetra. Það sama er uppi á teningnum úti um landsbyggðina. Engu að síður þarf að greiða af þessu húsnæði, sem engan arð ber, fullan skatt. Þó ekki væri nema þetta atriði lagað væri það skref í rétta átt.

Ég spyr þá landsbyggðarþingmenn sem hér hafa eytt löngum tímum og löngum ræðum í byggðamál og atvinnumál, hvað þeir ætli að gera til að styrkja landsbyggðarverslunina. Hvað ætla þeir að gera? Það verður gaman að fylgjast með því hér á eftir þegar atkvæðagreiðslan fer fram hvort þeir, sem þykjast vera landsbyggðarþingmenn, meini eitthvað í raun og veru. Það kemur í ljós á eftir.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hef ég lagt fram brtt. sem gerir ráð fyrir því að skatthlutfallið fari úr 1,5% niður í 0,5% sem fyrra skref af tveimur í áttina til þess að leggja þennan skatt niður. Verði sú brtt. ekki samþykkt leggur minni hluti til að frv. verði fellt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. — Er hæstv. fjmrh. hlaupin á dyr? Hann hefur ekki þolað stærri skammt, virðulegur forseti, eða hvað? Er okkur ætlað að ræða þetta hér án hans? (**MB:** Geturðu ekki rætt við framsögumann meiri hlutans?) Það er að vísu ljóst að framsögumaður meiri hlutans gengur í ýmis verk fyrir hæstv. fjmrh., mér er það ljóst eins og fram kom áðan. Hann lætur sig hafa margt sökum fornrar vináttu ef marka mátti orð hans.

Ég ætla það, hæstv. forseti, að fjmrh. skili sér, en ég hef eiginlega ekki síður áhuga á að fá að vita um ferðir hæstv. forsrh., hvort hann gegnir þingskyldum sínum í dag og gæti komið hér í hús. (**Forseti:** Forseti sá ekki betur en hann sæti þingfund áður en honum var frestað og skal senda skilaboð til hans.) Ég er forseta þakklátur fyrir það því ég sé ástæðu til að ræða almennt við hæstv. forsrh., ekki síður en hæstv. fjmrh., vegna þeirrar skringilegu stöðu sem uppi er í þessu máli, að stjórnarliðar allir nema einn skrifa undir nál. við þetta fyrsta tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstjórnar með fyrirvara. Sá eini hv. þm., varaþingmaðurinn Magnús Jónsson veðurfræðingur, er nú farinn af þingi og má þess vegna ætla að ekki sé eftir einn einasti stjórnarsinni sem styðji þetta frv. án fyrirvara ef marka má þau viðhorf sem birtast í undirskriftum nefndarmanna. Ég segi það strax, þó ég sé í sjálfu sér hlynntur þessari tekjuöflun fyrir ríkissjóð og hafi jafnan stutt hana og telji hana skárri en margt sem gert er í þeim efnum, þá hef ég ekki áhuga á að fara að hjálpa ríkisstjórninni með tekjuöflunarfrv. ef það á eftir að reynast svo í hverju málinu á fætur öðru að hún þurfi að reiða sig á stuðning stjórnarandstöðunnar í þeim efnum. Ég sé ástæðu til að staldra við og spyrja hæstv. ríkisstjórn almennt hvernig hún hyggist standa að málum í vetur og hvernig hún ætli að koma sínum tekjuöflunarmálum fram.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. forsrh., sem eðlilegast væri að svaraði, hvað ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir hafi rætt um þetta efni og önnur slík sem *væntanleg eru á næstunni. Ég gat ekki skilið* hv. 5. þm. Reykv. öðruvísi en svo að hann styddi ekki frv. í óbreyttri mynd og mundi greiða atkvæði gegn því ef sú brtt., sem hann leggur fram, nær ekki fram að ganga. Þá er a.m.k. einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar sem hefur helst úr lestinni. Ég held það sé alveg óhjákvæmilegt að við stjórnarandstæðingar fáum að vita það hvort von er á fleirum slíkum og hvort það sé jafnvel þannig að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki tryggt meiri hluta fyrir frv. í röðum sinna eigin stuðningsmanna. Við vitum jú að þingmenn Sjálfstfl. hafa á undanförnum árum flutt ástríðuþrungnar ræður gegn þessu frv. hver á fætur öðrum vaðið hér í ræðustólinn og talað hjartað á sér fram á borðið af andúð á þessari óréttlátu og vitlausu skattlagningu, eins og þeir hafa sagt, og þess vegna er fullkomin ástæða til þess að spyrja: Er búið að kanna í stjórnarliðinu hvort meiri hluti sé fyrir framgangi frv. í óbreyttri mynd, þessa stjfrv. sem allir nefndarmenn efh.- og viðskn., utan einn hv. varaþingmaður krata sem þar sat inni fyrir tilviljun, skrifa undir með fyrirvara og einn stjórnarliði, hv. 5. þm. Reykv., hefur þegar boðað andstöðu við frv. óbreytt.

Ég fer fram á það að áður en við stjórnarandstæðingar förum að greiða þessu fyrsta tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar atkvæði, þau okkar sem það hyggjast styðja, verði hæstv. forsrh. búinn að fullvissa okkur um að öruggur meiri hluti stjórnarþingmanna hafi verið tryggður fyrir frv.

Ég hef m.a. fyrirvara við þetta efni og vil tengja hann almennum fyrirvara um tekjuöflunaráform hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel að margt, sem hæstv. ríkisstjórn ætlast fyrir í þeim efnum, ef marka má fjárlagafrv. og það sem fram hefur komið um hennar áform, sé óskynsamlegt.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að hæstv. ríkisstjórn hyggst þyngja verulega skattbyrðina á landsmönnum á næsta ári. Það er óumdeilanlegt, það er óhrekjanlegt, að í vændum er mikil íþyngingu skattbyrði á næsta ári. Það kemur í fyrsta lagi í gegnum hina beinu skattlagningu því hvað sem hæstv. fjmrh. segir þá er það svo að jafnvel þar verður raunhækkun á skattbyrði. Í öðru lagi kemur það svo auðvitað sérstaklega í gegnum ýmsa nýja skatta, námsmannaskatta, sjúklingaskatta, skatta á barnafjölskyldur og svo má lengi áfram telja. Auðvitað er það alveg augljóst mál þegar tekjuöflunaráform ríkisstjórnarinnar, þau sem liggja að baki niðurstöðutölu fjárlagafrv., eru skoðuð að í vændum er mikil skattþynging.

Ég tel ekki vafa á því og væntanlega þarf ekki um það að deila, nema þá við einhverja einstöku ofstækismenn á frjálshyggjukantinum, að það þarf að afla ríkissjóði tekna til að standa undir útgjöldunum. En okkur er ekki sama um hvernig það er gert. Ætli hæstv. ríkisstjórn að koma málum sínum fram með stuðningi stjórnarandstöðunnar, þá er sá stuðningur ekki falur, a.m.k. ekki af minni hálfu, til að tryggja óbreytta tekjuöflunarstefnu ríkisstjórnarinnar framgang á Alþingi. Þess vegna óska ég eftir því áður en lengra verður haldið í þessum efnum og áður en þetta fyrsta frv. kemur til atkvæða, að þessi mál skýrist af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Í öðru lagi lýtur fyrirvari minn á nál. efh.- og viðskn. að því sem er á þskj. 132. Ég get vel séð fyrir mér öðruvísi innheimtu þessa skattstofns en þar er lögð til. Þá er ég fyrst og fremst með í huga að aðstaða verslunarinnar og þjónustunnar, sem nýtir þess konar húsnæði sem hér er til umfjöllunar, er auðvitað mjög mismunandi til að greiða þetta gjald. Það er auðvitað ekki sanngjarnt að leggja þennan skatt með sama þunga á strjálbýlisverslun þar sem velta er mjög hæg, þar sem nýting á húsnæði er léleg og afkoma öll mun óhagstæðari en þar sem best gerist. Að leggja á svona flatan skatt í sömu prósentu á brúttóstærð húsnæðis, er auðvitað ekki sanngjarnt. Eitt allra mikilvægasta leiðarljósið sem ber að viðhafa í allri skattlagningu er að hún sé sangjörn.

Ég tel að þetta sé mjög sanngjörn skattlagning á mestu gróðafyrirtækin í verslun og þjónustu t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna mætti prósentan vera allmiklu hærri. Ég tel að atvinnugrein, sem getur leyft sér þvílíkt bruðl eins og verslunin á þessu svæði, eigi að borga háa skatta og það eigi að reyna að draga úr þeirri sóun sem á sér stað í allt of mikilli uppbyggingu húsnæðis og þjónustu hér með því að láta menn borga þó nokkra skatta þannig að ekki rísi ein eða tvær Kringlur á ári í fyrrum borg Davíðs — afsakið, mér verður stundum á að kenna hluti við fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík, núv. hæstv. forsrh., og veit að hann tekur það ekki illa upp. Þó fer það eftir því um hvað er rætt. T.d. er fyrrv. borgarstjóri ekki eins brosmildur þegar rætt er um ráðhúsið og Kringluna. Eru menn ekki komnir út í ógöngur og vitleysu og offjárfestingu ef litið er á Kringlurnar og það skrifstofuhúsnæði sem þotið hefur hér upp í stórum stíl á undanförnum árum og hv. 5. þm. Reykv. m.a. gerði að umtalsefni og er nú sumt hvert tómt? Eru menn ekki sýknt og heilagt að tala um að reyna að spyrna við slíku? Ég held að þessi skattur sé skynsamlegur í þeim efnum. Og því er ég nú m.a. að ræða um þetta að ég held að breytingar í átt til þess sem hv. 5. þm. Vestf. leggur til á þskj. 156 eigi að koma mjög til athugunar og skoðunar, að svipaðra tekna, jafnvel meiri tekna, sé aflað í ríkissjóð með skattlagningu af þessu tagi en innheimta hennar sé mismunandi eftir aðstæðum, eftir veltu eða stærð þeirra sveitarfélaga t.d. sem viðkomandi starfsemi fer fram í.

Ég vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir að ég er mjög fús til þess að skoða breytingar í þessa veru á frv. og hef reyndar áður í umræðum um þetta mál á þingi á undanförnum árum reifað svipuð viðhorf. Ég treysti því að hv. efh.- og viðskn. muni koma saman til að skoða þetta milli umræðna og ég tek þá þátt í því.

Svo ég komi aftur að því sem ég vék að í byrjun, og fagna því að hæstv. forsrh. er til staðar í umræðunni, þá ítreka ég spurningar mínar til hæstv. forsrh. sem ég vona að hann hafi heyrt. Þær lúta að stuðningi við þetta frv. og þeim fyrirvara sem allir stjórnarliðar utan einn hafa á stuðningi sínum við það og þegar fyrirliggjandi andstöðu, a.m.k. eins þeirra. Það er eins og mig minni t.d. að hv. 4. þm. Reykv. hafi stundum ekki verið par hrifinn af þessari skattlagningu. Sá hv. þm. situr nú þögull hér aftar í þingsalnum. Þannig gæti maður velt því fyrir sér út frá því sem maður man svona í fljótheitum og ræðum á undanförnum árum hverjir væru nú líklegastir til þess að eiga a.m.k. dálítið þungt með að bera höndina fram á rafmagnshnappinn þegar að því kemur að styðja þetta frv.

Aðrir hafa gert sér leik að því að fjalla nokkuð um sálarlíf hæstv. fjmrh. í tengslum við þetta mál og rifja upp ræður hans á undanförnum þingum sem mér skilst að fylli hálf og heil hefti í þingtíðindunum þar sem hann hamast gegn þessu frv. Ég sé ekki ástæðu til að gera þennan dag erfiðari en þegar er orðinn fyrir hæstv. fjmrh. Það er auðvitað ljóst að það er heldur snautleg uppákoma hjá hæstv. fjmrh. og 2. þm. Reykv. að þurfa að bera þetta frv. fram með þessum hætti. Ég verð þó að segja að í mínum huga er hann maður að meiri að leggja frekar til þessa skattlagningu áfram heldur en t.d. að hækka sjúklingaskatta enn eða álögur á námsmenn eða barnafjölskyldur eins og ríkisstjórnin er þegar búin að gera nóg af.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér það kannski, ef vel liggur á mér, að blanda mér í umræðurnar um þetta síðar þegar hæstv. fosrh. og fjmrh. verða búnir að svara en ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri til þess að gefa þeim færi að komast að og svara því sem ég hef til þeirra beint. (Gripið fram í.) Mér heyrist hv. þm. vera að gera athugasemdir við það að ég ætla að fara úr ræðustólnum en það er misskilningur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þá fáum við aftur í þingsalinn þetta mjög svo einstæða mál, sem er sérstakur skattur

á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þar á ég mér eina biblíu sem ég hef sem minn vegvísi í þessu máli og ég held á í höndunum og kom reyndar með upp í 1. umr. Það eru ræður hæstv. núv. fjmrh. og þeirra annarra núv. ráðherra Sjálfstfl. sem mest hafa hamast á móti þessum skatti á undanförnum árum. Ég gerði þetta nokkuð að umtalsefni við 1. umr. og mun ekki endurtaka það frekar núna.

Hitt get ég tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, að ástæða er til að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því í þessari umræðu hvernig stuðningi stjórnarliðsins við þetta frv. er háttað. Eins og hefur komið fram er afgreiðsla úr nefnd á þann veg að þar áskilja allir stjórnarliðarnir nema einn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ég sé því á engan hátt að það sé frágengið hvernig fara eigi með þetta mál.

Mín afstaða er hins vegar sú að þar sem hér er um að ræða skatt sem búinn er að vera lengi við lýði, hefur hvað eftir annað verið fluttur af ríkisstjórnum sem ég hef stutt, þá verður engin grundvallarbreyting á afstöðu minni að þessu sinni, þó svo að ég mundi gjarnan skoða brtt. sem til bóta horfa.

Það væri líka ástæða til að við þessa umræðu mundi hæstv. fjmrh. gera grein fyrir hugmyndum sínum gagnvart því hvað eigi að koma í staðinn fyrir þennan skatt því þrátt fyrir öll stóru orðin um niðurskurð ríkisfjármála, þegar núv. hæstv. ríkisstjórn tók við, var talað þar um, ef ég man rétt, allt upp í 20 milljarða. Ég hef reyndar trú á að þar hafi verið rætt um óskalista allra ráðuneytanna á þeim tíma. En hvað um það, hæstv. ríkisstjórn skapaði miklar væntingar og kom af stað mikilli umræðu um stór áform um niðurskurð ríkisútgjalda og að það yrði að ná fjárlagahallanum niður sem allra fyrst. Nú heyrir maður hins vegar tölur um að áætlaður halli samkvæmt núgildandi fjárlagafrv., sem átti að vera ef ég man rétt um 4 milljarðar, verði allt að 10 milljarðar. (**Gripið fram í:** Tíu og hálfur.) Nei, á næsta ári. Við hljótum þess vegna að gera þær kröfur að samfara fyrirheitum um að skattar verði lagðir niður verði einhver grein fyrir því gerð hvaða tekjuöflun ríkisstjórnin hefur áform um í staðinn. Samkvæmt fjárlagafrv. og þeim horfum sem eru fram undan þá sjáum við ekki að því verði náð með sparnaði.

Ég ætla síðan að fara örfáum orðum um þær brtt. sem hér liggja fyrir. Annars vegar er brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. um að skatturinn verði lækkaður niður í 0,5%, að öðrum kosti geti hann ekki stutt frumvarpið. Það vill nú svo skemmtilega til, hæstv. forseti, að þessi tillaga er nánast samhljóða tillögu sem hæstv. núv. fjmrh. flutti við afgreiðslu málsins fyrir tveim árum síðan. Þá var hann þeirrar skoðunar að væri þessi skattur hærri en 0,5% gæti hann ekki stutt málið. Ég hlýt því að spyrja: Hvaða sinnaskipti hafa orðið í huga ráðherrans? Á þeim tíma var ekki talað um neina aðra fjáröflun í staðinn. Þá var í lagi að lækka skattinn um 1% án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Þetta er nú því miður nokkuð í stíl við fjármálastjórn Sjálfstfl. þegar hann fer með ríkisfjármálin. Þar hafa verið hafðir uppi tilburðir til að lækka skattana en útgjöldin hafa frekar aukist ef eitthvað er. Vilji menn rekja sig aftur á bak og finna þann tímapunkt hvenær snaraðist virkilega um með ríkisfjármálin, hvenær hallaði þannig á að fjárlagahallinn fór að verða verulega íþyngjandi þá hygg ég að menn muni komast að því að það hafi verið í tíð ríkisstjórnar þar sem Sjálfstfl. fór með fjmrn.

Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um brtt. hv. 5. þm. Reykv. um þetta frv. Ég dreg ekki í efa að þarna fylgi hann sinni skoðun eins og hann hefur gert undanfarið. Ég ætla ekki heldur að gera því skóna að hv. þm. sé að notfæra sér aðstæður til sýndarmennsku. Ég hef ekki trú á að hann stundi slíkt. En ég ætla að gera að umtalsefni brtt. á þskj. 156, frá hv. 5. þm. Vestf. Ég sé ástæðu til að vanda mig sérstaklega þegar ég ávarpa þennan þingmann — mörgum hefur orðið hált á því. Hann talar um að fyrri málsliður fyrri mgr. 6 gr. orðist þannig: „Sérstakur eignarskattur skal nema 2,25% af skattstofni samkvæmt 3. gr. í sveitarfélögum með 10.000 íbúa og fleiri en 0,75% annars staðar." Ég þykist skilja þetta á þann veg að hv. þm. vilji að þessi skattur leggist misjafnt á þannig að hann komi þyngst niður hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem veltan í versluninni er mest. Menn geta því áætlað að þar sé greiðslugetan meiri. Þetta má sjálfsagt skoða. En það er annað sem ég rak strax augun í. Einhverra hluta vegna sér hv. þm. ástæðu til að undanskilja einn þéttbýlisstað í dreifbýlinu frá þessum afslætti á skattinum, þ.e. Akureyri. Það væri gaman að vita hvað sessunautur hans í þingsölum, sem hefur um langt árabil rekið verslun á Akureyri af miklum myndarskap, hefur um þessa tillögu að segja. Ég held að hv. þm. verði að endurskoða þessa tillögu eilítið ætli hann sér að vinna henni framgang því að þarna er um þann stað að ræða á landsbyggðinni sem hefur getað veitt höfuðborgarversluninni einhverja samkeppni og verið reyndar langtímum saman í miklu harðari samkeppni við verslunina á höfuðborgarsvæðinu heldur en aðrir staðir á landsbyggðinni.

Það leiðir hugann að því sem er ástæða til að ræða hér að allir verslunarhættir Íslendinga eru að breytast og breytast hraðar en nokkurn hefði órað fyrir. Engum hefði til að mynda dottið í hug fyrir nokkrum mánuðum að verulegur hluti af jólaverslun Íslendinga í ár færi fram erlendis. Vissulega hlýtur það að koma niður á þessari atvinnugrein. Það þýðir að mínu mati að íslenska verslunin verður að bregðast við þessu og hún mun gera það, ekki eftir ár heldur á allra næstu mánuðum. Við Íslendingar erum fljótir að laga okkur að breyttum aðstæðum og ég efa ekki að íslensk verslun mun standa þessa samkeppni af sér.

Ég ætla líka að nefna hér eitt atriði sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Það er hvaða hlutverk þessi skattur kann að hafa í okkar þjóðfélagi annað en að vera tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með honum að oft hefur manni fundist að ekki væri vanþörf á að hafa einhverja bremsu á uppbyggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef hins vegar ekki séð að þessi skattur hafi verið sú bremsa. Út frá þeim forsendum væri hægt að hugsa sér að hann þyrfti að vera verulega hærri. Það nær ekki nokkurri átt að við skulum

fara þannig með þjóðartekjur okkar, eins og hv. 5. þm. Reykv. benti hér réttilega á áðan, að menn leiki sér að því að byggja verslunar- og skrifstofuhúsnæði svo hekturum skiptir sem við höfum ekkert með að gera. Ég get tekið undir að það er eðlilegt að sérhver atvinnugrein byggi sig upp á hverjum tíma til að þjóna hlutverki sínu og svara kalli tímans. En hér hafa menn, því miður, farið langt út fyrir öll mörk sem hægt er að hugsa sér í því sambandi. Ég nefndi það við 1. umr. að nú eru uppi áform um að byggja nýtt verslunar- og skrifstofuhúsnæði svo hekturum skiptir í landi Kópavogs. Þeir sem að því standa segja að þeir séu búnir að selja mikinn hluta af lóðum undir húsnæði sem þar á að byggja. Það er vissulega á svæði sem hentar mjög vel til slíkrar uppbyggingar og það liggur við nýjar samgönguæðar. En menn verða að sjá fram úr því hvernig þeir afskrifa húsnæði sem er fyrir hendi og sumt er nýbyggt.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta að þessu sinni. Mér sýnist að tilefni sé til þess að efh.- og viðskn. fjalli um málið á nýjan leik út frá þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Og ég ítreka þá fyrirvara sem ég hef sett við málið. Einnig vil ég ítreka það, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. upplýsi við þessa umræðu hvaða stuðning þetta frv. hefur meðal stjórnarliðanna og hvort hann telji að það hafi þann stuðning að það fari óbreytt í gegn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er fullt tilefni til að ræða þetta frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði bara út frá nál. einu saman og framsöguræðu formanns nefndarinnar og framsöguræðu hæstv. fjmrh. Ég minnist þess satt að segja ekki að hafa heyrt í mínu stjórnmálastarfi menn mæla fyrir málum með þeim hætti sem hér hefur verið gert; með því að byrja á að segja að þeir séu á móti málinu og leggi síðan til að það verði samþykkt. Þetta er dálítið kúnstugt og hlýtur að vekja upp þær spurningar hjá þeim sem fylgjast með málflutningi af þessu tagi hvað mikið er að marka slíka stjórnmálamenn. Hvort gagnrýni þeirra og andstaða við málið á fyrri tíma hafi verið byggð á því sjónarmiði að vera á móti þáv. ríkisstjórn frekar en pólitískri sannfæringu. Það er útilokað fyrir menn sem vilja láta taka sig alvarlega að skipta um skoðun með jafnfátæklegum rökum og fram hafa verið borin af hálfu flutningsmanns og formanns nefndarinnar.

Ég dreg þá ályktun af því sem þeir hafa sagt um málið að þeir hafi í raun og veru ekki haft rökin fyrir því að vera á móti málinu áður fyrr þegar þeir voru í stjórnarandstöðu og það beri að líta á málflutning þeirra í því ljósi.

Ég vil draga fram sjónarmið varðandi þetta frv. sem ég gerði ekki grein fyrir við 1. umr. málsins og þau sjónarmið koma fram í brtt. sem ég hef flutt við þetta frv. Það sem er athyglivert við skattstofninn er að hann er fasteignamatið, hann er eignarskattur, en hins vegar er hann afmarkaður við tiltekna starfsemi þannig að ekki er beint samhengi á milli skattstofnsins og starfseminnar sem í raun er verið að leggja skattinn á. Þar sem við vitum að skattstofninn, fasteignamatið, er að verulegu leyti samræmdur um allt land þá bera menn jafnþungar byrðar vitandi það að getan til að standa undir þeim er mjög breytileg eftir því hvar verslunin er staðsett, á hvaða markaðssvæði hún er og hversu mikil velta fer í gegnum viðkomandi verslun.

Ég bendi líka á annað atriði sem er umhugsunarefni og hv. þm. Egill Jónsson benti á í umræðu um byggðamál, en það er offjárfestingin í þessari atvinnugrein. Fram kemur í ræðu hv. þm. að í Reykjavík einni séu til sölu um 200.000 m^2 af viðskipta- og iðnaðarhúsnæði, eða um 20 hektarar. Þetta er býsna mikið sem menn hafa fjárfest í húsnæði sem þeir hafa ekki not fyrir. Það hlýtur að vera verkefni stjórnvalda á hverjum tíma að reyna að beina fjárfestingunni þangað sem hennar er mest þörf og reyna að koma í veg fyrir mikla fjárfestingu þar sem hennar er ekki þörf. Hér er margra milljarða fjárfesting í húsnæði sem greinilega er ekki þörf fyrir. Ég er hér með bók sem við fengum senda á sínum tíma, Fjárfesting 1945–1989. Þar kemur t.d. fram að í árslok 1989 var fullgert húsnæði, verslunar-, skrifstofu- og gistihús 4,8 milljónir m^3, sem er 20% meira en samanlagt húsnæði fisk- og frystihúsa og síldar- og fiskimjölsverksmiðja. Það mætti bæta við vinnslu búsafurða eða landbúnaðinn og þá erum við komin með nokkurn veginn jafnar stærðir samanlagt í landbúnaði og sjávarútvegi annars vegar og verslunar-, skrifstofu- og gistihúsnæði hins vegar. Ég tel, eins og ég hef áður gert grein fyrir, að offjárfestingin sé ekki fyrst og fremst í sjávarútvegi, eins og hefur verið rekinn mikill og harður áróður fyrir, heldur í atvinnugreinum eins og verslun og í skrifstofuhúsnæði. Við sjáum ef við skoðum beinar tölur í sömu bók á bls. 129 að fjárfesting í verslunar-, skrifstofu- og gistihúsnæði er tæpir 66 milljarðar kr. en í fiskveiðum 49 milljarðar kr. Við erum því með um 17 milljörðum meiri fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði og gistihúsnæði heldur en í fiskveiðum.

Þetta dreg ég fram til að sýna mönnum tölurnar, þær upphæðir sem búið er að binda í þessari atvinnugrein. Auðvitað eiga menn að velta því fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að breyta þessu og reyna að stýra fjárfestingunni. Ég tel að ein leiðin sem við getum notað sem hagstjórnartæki sé skattlagning, eins og þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæðinu. Það má færa fyrir því rök að til þess að þessi skattur virki sem raunverlegt hagstjórnartæki þyrfti hann að vera hærri en hann hefur verið á undanförnum árum og jafnvel verulega hærri. Ég legg áherslu á að menn reyni að líta á þennan skatt líka í því ljósi.

Ég legg fram tvö meginsjónarmið fyrir þessari brtt. Annars vegar er það hagstjórnartæki; að hækka skattinn á stóru þéttbýlissvæðunum, þar sem verslunin er mest og fjárfestingin mest, í því skyni að að draga þar úr og líka til að ná fram tekjum til að lækka þennan skatt á dreifbýlisverslunina sem stendur ekki vel, a.m.k. ekki að sögn forsvarsmanna hennar. Vissulega eru dæmi fyrir því erlendis að menn gangi svo langt að styrkja dreifbýlisverslun til að halda uppi viðunandi

þjónustu í dreifðum byggðum. Þessi sjónarmið tel ég eigi fullan rétt á sér og tel nauðsynlegt að hv. nefnd taki þau til skoðunar að lokinni 2. umr. og fjalli um þau. Ég vil, til þess að gefa nefndinni færi á að fjalla um þessi sjónarmið, draga til baka til 3. umr. þessa brtt. *mína*.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Eins og sjá má á áliti meiri hluta efh.- og viðskn. þá er ég meðal þeirra sem skrifa undir með fyrirvara. Sá fyrirvari byggist á því að ég tel þennan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði óeðlilegan og óréttlátan skatt sem beri að afnema.

Í 1. umr. um málið gat ég þess að þessi skattur kemur harðar niður á landsbyggðinni heldur en þéttbýlinu á suðvesturhorninu. Auk þess er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af hag eigenda verslunar- og skrifstofuhúsnæðis í miðborg Reykjavíkur en miðborgin er því miður í mikilli niðurníðslu og stendur húsnæði víða autt. Hins vegar er ástand ríkissjóðs með þeim hætti að hann má vart við tekjutapi og því munum við kvennalistakonur styðja þennan skatt enn einu sinni en áskiljum okkur að sjálfsögðu allan rétt til að styðja brtt. *sem horfa til bóta*. Komi hins vegar í ljós að ríkisstjórnin njóti ekki stuðnings sinna manna, þá hlýtur málið að horfa öðruvísi við og við kvennalistakonur hljótum að skoða hug okkar að nýju í málinu.

Þetta mál var að taka óvænta stefnu því að hér rétt áðan var dreift tillögu frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni þar sem hann fer þess á leit að málinu verði vísað frá í trausti þess, eins og segir í tillögunni: „Þar sem greinilegt er að fyrirvaralaus stuðningur er ekki lengur við þetta frv. hjá þeim sem skrifuðu undir nál. samþykkir Alþingi að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.“ Þetta kallar að sjálfsögðu á nýja skoðun á málinu af okkar hendi.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja svo mjög þá umræðu sem hér hefur farið fram. Menn hafa bent á það hversu þessi skattur er á margan hátt gallaður og óréttlátur en það hefur *jafnframt* verið undirstrikað að við núverandi aðstæður hafa menn ekki treyst sér til að falla frá þessari skattheimtu að sinni.

Ég held að þessar umræður, og umræður sem fram hafa farið almennt um eignarskattlagninguna í landinu, hafi undirstrikað í hvílíkt öngstræti við höfum ratað í þeim efnum. Þess vegna er það þýðingarmikið atriði sem fram hefur komið bæði í athugasemdum við þetta lagafrv., í grg. fjárlagafrv., í hvítbók ríkisstjórnarinnar og stjórnarsáttmála að það er ætlunin að taka upp samræmingu á skattlagningu eigna og eignatekna og hverfa þannig í veigamiklum atriðum frá þeirri skattlagningu sem núna ríkir.

Um þetta mál hygg ég að sé sumpart veruleg samstaða vegna þess að flestir hafa skynjað ranglæti þeirrar eignarskattlagningar sem núna viðgengst í landinu. Hins vegar er hér um að ræða afar flókið mál, tæknilega flókið og ýmis álitamál sem upp hafa komið. Þess vegna þarf að íhuga það mjög vel.

Forsendan fyrir því að ég og mjög margir aðrir hafa lýst yfir stuðningi sínum við þessa skattlagningu núna er einfaldlega það fyrirheit ríkisstjórnarinnar að þetta mál verði tekið upp í heild sinni og endurskoðað með þeim hætti sem boðað hefur verið í þeim plöggum sem ég vitnaði til áðan.

Ég held að það sé ekkert ofmælt sem hefur verið sagt um þá offjárfestingu sem hefur átt sér stað í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, en það sem auðvitað vekur athygli og er innlegg í þetta mál er sú staðreynd að þrátt fyrir að sérstök skattlagning hafi verið á verslunar- og skrifstofuhúsnæði síðustu 12 ár, þá hefur það ekkert haft að segja til þess að virka sem hemill á þessa fjárfestingu.

Í ljósi þess sem að framan er sagt þá er ég stuðningsmaður þess að í eitt ár í viðbót verði lagður á sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Með öðrum orðum í ljósi þess sem fram hefur komið um fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að breyta í grundvallaratriðum skattlagningu eigna lýsi ég stuðningi mínum við frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir allmerkilegt plagg. Hv. efh.- og viðskn. rís nú varla undir nafni að skrifa undir nál. þar sem aðeins einn, veðurfræðingur, tekur fyrirvaralausa afstöðu. Sá hv. þm., Magnús Jónsson, er maður að meiri, en hann er horfinn af þingi. Og frsm. snýr sér frá þingsalnum og horfir á hæstv. fjmrh. eins og hann sé að horfa á strákling og segir að af því að honum sé vel við hann þá leggi hann til að þetta sé samþykkt. En sennilega er ekki hægt að taka æruna af hæstv. fjmrh. með öðru fremur en að samþykkja þetta frv. miðað við þær ræður sem hann hefur flutt á undanförnum þingum. Og miðað við þær ræður verður ekki séð að nein merki þess séu á lofti, fyrst hæstv. fjmrh. leggur þetta til í dag, að þar verði á breyting. Og það er engin trygging fyrir því að ríkisstjórnin falli á þessu ári þannig að vonir manna um að þetta verði í síðasta skipti eru ekki á traustum grunni byggðar. Hv. 1. þm. Vestf. hefur þess vegna vitandi eða óafvitandi *orðið til þess að reyna að draga þingheim inn á það að* gera það nú af góðmennsku við hæstv. fjmrh. að styðja þetta mál.

Ég tel það einsýnt að núv. ríkisstjórn verði að bera ábyrgð á sínum fjáröflunarfrv. Þessi skattur er eins og margur skattur sem við leggjum á þess eðlis að hann hefur bæði kosti og galla. Hann hefur vissulega galla og það er ærið umhugsunarefni að í dag keppir íslensk verslun, jólaverslun m.a., verulega við það að menn gera jólainnkaupin erlendis, hver og einn. Ég verð þess vegna að segja eins og er að ég tel alveg vonlaust annað en að áður en gengið verði til efnislegrar atkvæðagreiðslu um þetta mál, þá verði úr því skorið hvort stjórnarsinnar styðja þennan skatt eða ekki. Það er ekki hægt að gera það nema með einu móti og það er að láta á það reyna hvort þeir styðja það að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar eða hvort þeir fella það að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég hygg að það heyri líka til undantekninga þegar

hv. 3. þm. Vestf. kemur hér í ræðustól og nánast biður þjóðina, flokkinn og alla afsökunar á því að hann ætli að styðja þetta mál einu sinni, ekki aftur. Hann er eini maðurinn sem hefur talað með málinu hér. Þannig er nú staðan. Hæstv. forsrh. hefur verið beðinn að lýsa því yfir hvaða stuðning málið hafi. Það er þögnin ein sem kemur frá hæstv. forsrh. og er hann þó með mælskari mönnum þegar hann telur sig þurfa að flytja ræður. En þá er líka rétt að fá úr því skorið. Hvaða stuðning hefur málið meðal stjórnarsinna? Það fæst því aðeins með því að taka afstöðu til frávísunartillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Það gengur nefnilega ekki að þingmenn Sjálfstfl. leiki sér að því í stjórnarandstöðu að lýsa því yfir að þeir séu á móti þessum eða hinum skattinum, básúna það út um allt, en standi svo upp hér í þingsölum þegar kemur að atkvæðagreiðslu og styðji umrædda skatta. Þeir styðja ekknaskattinn að því er best er vitað. Styðja þeir þennan skatt? Það kemur í ljós. En það finnst mér merkileg staða að annað eins súperlið og hér er í efh.- og viðskn., hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, hv. 5. þm. Norðurl. v. Vilhjálmur Egilsson, hv. 6. þm. Reykv. og formaður allshn., Sólveig Pétursdóttir, allt liðið skrifar undir með fyrirvara. (**Gripið fram í:** Ekki Magnús.) Og þá er það þessi stórkostlega athugasemd sem kemur hérna á vinstri hönd: Ekki Magnús. Hann er náttúrlega ekki genginn í Sjálfstfl. Það vitum við. Hitt er svo spurning hvort við eigum að fara eftir veðurfræðingi þegar við leysum efnahagsmálin. Það er umhugsunarefnið í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Er það verra en hvað annað?) Ég ætla ekki að segja að það sé verra en hvað annað, ég ætla ekki að fullyrða neitt um það. (Gripið fram í.) Hins vegar er það staðreynd að hæstv. viðskrh. fékk það verkefni í fyrrv. ríkisstjórn að gera tillögur til úrbóta með dreifbýlisverslunina. Þær tillögur komu aldrei og ég á ekki von á því að þar verði nein breyting á. Af þeirri ástæðu hef ég svona óbeint með stuðningi forseta, hann hefur ekki hastað á það, gert grein fyrir brtt. sem ég hef flutt um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. (**EgJ:** Þetta er málþóf.) Þingheimi til upplýsingar þá er það ekki mín hugmynd að fara hér í málþóf, enda ættu þeir sem viðhafa slík orð að kynna sér fyrri umræður um þetta mál þar sem talað var í marga klukkutíma. En það er orðið svo hér á hv. Alþingi að þingmenn verða að hafa heimild til að stíga í ræðustól án þess að stuðningsmenn ríkisstjórnar séu ávallt að láta í það skína að með því sé verið að ástunda málþóf. (Gripið fram í.) Það gleður mig að heyra að hv. þingflokksformaður Alþfl. skuli upplýsa það, en hann virðist hafa fremur slæmt samband við núv. ríkisstjórn því að það flytur enginn jafnmargar fyrirspurnir og hann hér á Alþingi. Hingað til hefur það verið svo mér vitanlega að þingflokksformenn fá viðtöl við ráðherra ef þeir vilja fá upplýsingar frá þeim. En svo virðist vera að þingflokksformaður Alþfl. fái ekki lengur viðtöl við núv. ríkisstjórn heldur flytur hann fyrirspurnir hér á Alþingi og flytur síðan sérstakar tillögur í efnahagsmálum í blöðum. Ekki er þetta nú mjög traustvekjandi fyrir núverandi stjórnarsamstarf, en það er að sjálfsögðu þingflokksformanns Alþfl. að skipuleggja það fyrir sitt leyti og ekki ætla ég að ráðleggja honum neitt í því. En þetta vekur óneitanlega athygli.

Ég kom hingað upp fyrst og fremst til að lýsa þeirri afstöðu minni í þessu máli að ég get efnislega stutt það að þessi skattur verði framlengdur um eitt ár. Ég ítreka það sem ég sagði við hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls að það er engin leið að taka endanlega afstöðu til málsins nema fá a.m.k. einhverjar upplýsingar um heildarskattastefnu ríkisstjórnarinnar. Það er nefnilega þannig að það að samþykkja einn skatt verður oft til þess að menn komast hjá því að samþykkja annan. Skattamálin eru samtengd með einum eða öðrum hætti. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að í þessum málum eru ekki aðeins góðir kostir og menn þurfa stundum að sætta sig við það, eins og núv. hæstv. fjmrh., að samþykkja skatt sem hann hefur alla tíð barist á móti, væntanlega vegna þess að hann er svo mikið á móti því að taka upp einhvern annan. Ég veit ekki hvaða skattur það er sem hæstv. fjmrh. getur ekki hugsað sér að taka upp í staðinn fyrir þennan skatt, hann getur e.t.v. upplýst það. En við báðum um það við 1. umr. málsins að fá frekari upplýsingar um það hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í skattamálum.

Í fjárlagafrv. kemur t.d. fram að það stendur til að hækka tekjuskattinn. Þar er upplýst að sérstaklega eigi að hækka tekjuskatt á tekjuhærri fjölskyldum sem eigi mörg börn. Það hefur ekkert frekar verið upplýst um þetta tekjuskattsfrv. Þar kemur líka fram að það geti staðið til að draga úr frádrætti vegna húsnæðisbóta sem ég held að heiti svo nú, hét áður vaxtabætur, og það komi líka til álita að draga úr frádrætti í sambandi við sjómannaafslátt. Ekkert frv. um þessi efni hefur séð dagsins ljós hér á hv. Alþingi.

Við höfum jafnframt spurst fyrir um það hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í sambandi við aðstöðugjöld. Við höfum heyrt hæstv. félmrh. lýsa því yfir að aðstöðugjaldið verði fellt niður og báðir stjórnarflokkarnir styðji það. Ég heyrði ekki betur en hæstv. félmrh. upplýsti þessa afstöðu Sjálfstfl. og Alþfl. á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Síðan kom hæstv. fjmrh. og sagði að það væri engin niðurstaða í þessu máli. Hæstv. forsrh. hélt einnig ræðu um þetta mál og af henni mátti ráða að það væri langt í frá að hann gæti stutt að aðstöðugjaldið yrði fellt niður og lagði hann áherslu á tengingu atvinnulífsins við sveitarfélögin. Undir það get ég í sjálfu sér tekið en það kemur þessu máli ekki sérstaklega við.

Það er alveg ljóst í mínum huga að það er mikilvægara en allt annað í sambandi við skattamál fyrirtækja að aðstöðugjaldið verði fellt niður. Það er mál nr. 1, 2 og 3. Þessi skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þó hann sé mjög gallaður og ég tek undir mjög margt af því sem hæstv. núv. fjmrh. hefur sagt í því máli, er þó sýnu skárri en aðstöðugjaldið. Þess vegna er mjög líklegt að ef við fengjum nú upplýsingar um það með hvaða hætti núv. ríkisstjórn hyggst

koma skattamálum í höfn fyrir jólin, þá gætum við mörg hver sem hér sitjum og erum í stjórnarandstöðu stutt þetta mál. En það er engin leið að gera það á þessari stundu án þess að hafa frekari upplýsingar um málið. Þess vegna hlýt ég að greiða atkvæði á móti miðað við það að ég hef engar upplýsingar fengið af hálfu hæstv. fjmrh. um skattastefnu ríkisstjórnarinnar að öðru leyti. Var það þó skýrt tekið fram við 1. umr. að ég gæti ekki stutt þetta mál nema fá frekari upplýsingar í því.

Ég veit ekki hvað hæstv. ríkisstjórn vill gera í þessu máli en best væri í sjálfu sér að fresta þessari umræðu og láta hana halda áfram þegar skattafrv. liggja öll fyrir. Það mundi greiða fyrir málum að hafa það sem mest í samfloti því að samspil skattanna er svo mikið. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að ríkisútgjöldin og staða ríkissjóðs verður ekki tryggð nema með skattheimtu í einu eða öðru formi. Ég vil stuðla að því að það geti náð fram að ganga með skikkanlegum hætti en ég er ekki tilbúinn að styðja hér einstakt mál sem þar að auki eru deilur um án þess að frekar liggi fyrir um skattastefnu núv. ríkisstjórnar. Því lýsi ég því yfir að ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi óska eftir því að hæstv. félmrh. verði hér í salnum við þessa umræðu.

Hér fyrr í umræðunni var sett fram sú ósk að hæstv. forsrh. greindi þinginu frá því hvaða stuðning ríkisstjórnin hefði við þetta frv. Það er athyglisvert að hæstv. forsrh. hefur ekki treyst sér til þess í umræðunni að gera það. Mælendaskrá hafði verið tæmd þegar hv. 1. þm. Austurl. bað um orðið án þess að hæstv. forsrh. ætlaði sér hingað upp í stólinn til þess að svara því hvaða stuðning ríkisstjórnin hefði við þetta fyrsta fylgifrv. fjárlaganna.

Ég held að það séu engin fordæmi fyrir því í þingsögunni að ný ríkisstjórn leggi af stað við afgreiðslu á fyrsta fylgifrv. fjárlaganna og allir flokksmenn forsrh. og fjmrh. í efnahagsnefnd þingsins neita að styðja frv. með venjulegum hætti. Það er það sem hér hefur gerst. Flokksbræður fjmrh. neita að styðja hans eigið frv. Svo sögðu menn að hér hefði verið mynduð ríkisstjórn vegna þess að það þyrfti traustan meiri hluta. Þessi vinnubrögð gefa nú ekki til kynna að ríkisstjórnin hafi traustan meiri hluta.

Hv. þm. Egill Jónsson kallaði hér fram í þegar ég bað um orðið: „Á að fara að stunda hér málþóf?" Það kemur úr hörðustu átt, hv. þm. Sjálfstfl. talaði heilt hefti í þingtíðindunum á móti þessum skatti á síðasta kjörtímabili. Heilt hefti í þingtíðindunum á móti skattinum. Svo koma þessir menn og kalla málþóf þó það séu umræður í rúman klukkutíma við 2. umr. um þetta frv. Sjálfstfl. býr auðvitað í slíku glerhúsi, ekki bara nú heldur áður varðandi þennan skatt að þingmenn hans ættu ekki að vera að kalla fram í þótt aðrir vilji fá að ræða málið í fáeinar mínútur til að knýja á um það að forsrh. svari þinginu hvernig er komið fyrir hans ríkisstjórn. Eða er hann kannski líka orðinn aukaleikari í ríkisstjórninni? Svo að notuð séu þau orð sem hann hafði um sjálfan sig í áheyrn þjóðarinnar fyrir helgina þegar hann var spurður um stærsta verkefni ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum fyrir næsta ár, gerð nýrra kjarasamninga, þá lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hann væri bara aukaleikari í því máli. Kannski er ríkisstjórn aukaleikaranna komin á það stig að það nál. sem hér liggur fyrir, nál. hinna eilífu fyrirvara, lýsi best hvernig er fyrir henni komið.

Ég vil líka óska eftir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson komi upp í ræðustólinn, mér er ekki kunnugt um að hann hafi gert það, og lýsi því yfir hvort hann styðji þetta frv. (**Gripið fram í:** Af fúsum og frjálsum vilja.) Ja, mér er satt að segja alveg sama um það hvernig hann orðar það. Ég vil bara fá að vita það hvort hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, styður þetta frv. því að þingmaðurinn er enn framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Þegar ég var fjmrh. háði þessi núverandi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson harða baráttu innan þings og utan gegn þessum skatti og talaði þar í nafni Verslunarráðsins og kom fram fyrir hönd þess. Nú hefur hann verið kosinn af Norðurl. v. inn á þing. Hefur hann þá skipt um skoðun? Hefur hann skipt um skoðun, hv. þm.? Það þætti mér gott að fá að vita vegna þess að ég varð að hlýða á fordæmingar þessa sama manns gegn þessum skatti þegar ég flutti þau frv. hér á Alþingi. Og þau samtök sem hann er framkvæmdastjóri fyrir lögðu mikið á sig í samskiptum við nefndir þingsins og í umræðum í þjóðfélaginu, með blaðaskrifum og öðru til þess að berjast gegn þessum skatti. Eða er þannig komið fyrir þingmanninum og framkvæmdastjóra Verslunarráðsins að hann sé með einhverja aðra skoðun nú en þá? Skoðunin birtist í atkvæðagreiðslunni, hv. þm. Hún birtist ekki í einhverjum langlokum hér í ræðustólnum eða þögn í salnum. Hún birtist í atkvæðagreiðslunni.

Og hvað segir Verslunarráðið um þá afstöðu framkvæmdastjórans að styðja skattinn hér í þingsalnum? Hefur Verslunarráðið gert sérstaka samþykkt í þessu máli nú eða var það bara þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu sem Verslunarráðið þjónustaði Sjálfstfl.? Er Verslunarráðið einhvers konar aukadeild í Sjálfstfl.? Það væri gagn fyrir okkur að fá að vita það sem héldum í einlægni þegar við vorum í ríkisstjórn að það væri hægt að hafa faglega samvinnu við Verslunarráðið og töldum okkur ná nokkrum árangri í ýmsum málum sem ráðherrar Sjálfstfl. höfðu staðið gegn á sínum tíma og hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni er fullkunnugt um. (**Fjmrh.:** Nú geturðu hætt. Það tókst.) — Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur beðið um orðið þannig að ég ætla ekki að segja meira fyrr en hann hefur talað. En hæstv. fjmrh. líður greinilega eitthvað illa og kallar hér fram í: Það tókst. Hvað tókst, hæstv. ráðherra? Að fá að heyra í þeim mönnum sem börðust á móti skattinum, en eiga nú að styðja hann? Er það eitthvert gamanmál, hæstv. ráðherra? Var þessi málflutningur Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili bara grín? Átti þjóðin bara að hlæja að hv. þáv. þm. Friðriki Sophussyni sem hér talaði linnulaust á móti þessum skatti? (**Fjmrh.:** Ef hún skemmtir sér, þá má hún hlæja.) Ef þjóðin skemmtir sér má hún hlæja, segir hæstv. fjmrh., vara-

formaður Sjálfstfl. Þar með er hann að viðurkenna það að þjóðin eigi bara að hlæja að Sjálfstfl. ef hún skemmtir sér, það er eina skilyrðið. En hún á ekki að taka mark á honum vegna þess að gagnrýni hans hér í þingsölum á síðasta kjörtímabili og atkvæðagreiðslurnar voru marklausar. Það voru menn sem töluðu gegn betri vitund og voru ekki að fylgja sannfæringu sinni. Og þeir gera það að sínu fyrsta verki hér í þingsalnum að biðja um samþykki við þennan skatt. Það er þeirra fyrsta verk hér í þingsalnum. Þeir töluðu heilt hefti af þingtíðindum á móti skattinum á síðasta kjörtímabili. Og hæstv. fjmrh. segir að þjóðin megi svo sem hlæja ef hún skemmtir sér.

En þjóðinni er ekki hlátur í hug, hæstv. fjmrh., vegna þess að hún er búin að fá nóg af því að menn komi í kosningum og segist ætla að gera eitt og geri eftir kosningar allt annað. Það er hægt að stunda kosningasvindl með öðrum hætti en menn gerðu t.d. í Pakistan, með því að skipta um atkvæðaseðla í kjörkassanum. (**Fjmrh.:** Er ræðumaður að tala um matarskattinn eða eitthvað annað?) Ég er alveg reiðubúinn að tala við hæstv. ráðherra um það, alveg reiðubúinn að fara í langa umræðu um matarskattinn ef hæstv. ráðherra vill það. Kannski ættum við að gera það. Því það er nefnilega alveg rétt sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði: Það er ekki hægt að ræða þetta frv. til loka 2. umr. í ljósi þess nál. sem fyrir liggur þar sem allir flokksmenn forsrh. og fjmrh. eru með fyrirvara. Það er ekki hægt að ræða það til loka fyrr en ríkisstjórnin er búin að gera grein fyrir skattastefnu sinni í heild. Og þar kem ég að hæstv. félmrh.

Þjóðin horfði á það í haust að dag eftir dag var greint frá því að í þingflokki Alþfl. væri ekki stuðningur við fjárlagafrv. og það kom fram í fjölmiðlum að hæstv. félmrh. treysti sér ekki til þess að styðja fjárlagafrv. Þá gerðist það að boðað var til fundar í Stjórnarráðshúsinu. Þjóðin sá í sjónvarpinu myndir af hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh. þegar þeir komu af fundi með forsrh. þar sem, samkvæmt yfirlýsingu hæstv. félmrh., forsrh. veitti hæstv. félmrh. tryggingu fyrir því að fyrir jól, fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. yrðu samþykkt hér á Alþingi frumvörp um jöfnunaraðgerðir í skattamálum í þágu þess fólks sem er með lægst launin og bágust kjörin. Nú er komið að lokum nóvembermánaðar og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hvenær koma þessar jöfnunaraðgerðir í skattamálum í þágu lágtekjufólks og launafólks sem hæstv. félmrh. sagði þjóðinni að hún hefði fengið tryggingu fyrir að yrðu afgreidd á þingi áður en fjárlagafrv. yrði samþykkt? Nú eru samkvæmt starfsáætlun þingsins ekki nema rúmar tvær vikur þar til lokaafgreiðsla fjárlagafrv. á að fara fram. Ekkert hefur heyrst um þessar jöfnunaraðgerðir, hæstv. félmrh., frá því að félmrh. gaf út yfirlýsinguna í áheyrn alþjóðar í haust. Því vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Hvenær koma þessar jöfnunaraðgerðir? Eða ætlar hæstv. forsrh. líklegast að svíkja hæstv. félmrh.? Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Ef þessar jöfnunaraðgerðir í skattamálum koma ekki, stendur þá sú yfirlýsing hæstv. félmrh. að hún styðji ekki fjárlagafrv.? Eða er hæstv. félmrh. búinn að skipta um skoðun frá því í haust? (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af sinni ræðu því að þessum þingfundartíma er nú senn að ljúka. Klukkan er reyndar orðin fjögur.) Virðulegi forseti. Ég á í sjálfu sér ekki mjög langt eftir af minni ræðu, það eru ekki nema einhverjar mínútur. En fyrst hæstv. forsrh. hefur beðið um orðið — (**Forsrh.:** Það er misskilningur að ég hafi beðið um orðið.) Mér heyrðist hæstv. forsrh. biðja um orðið. Ef það er misskilningur og hæstv. forsrh. þorir ekki enn að tala í þessari umræðu, þá ætla ég að tala hér nokkurt mál enn, hæstv. forseti.

Hæstv. forsrh. hefur nú upplýst að hann hafi ekki enn þá lagt í það að biðja um orðið í þessari umræðu og ég mun þá fresta máli mínu. (**Forseti:** Forseti verður að biðja hv. þm. að fresta þá ræðu sinni.) Já, ég mun gera það, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

34. FUNDUR

þriðjudaginn 26. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, nál. 132 og 139, brtt. 140 og 156, frávtill. 162.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Í ræðu minni í gær, stuttri ræðu sem ég flutti rétt fyrir kl. 4, taldi ég að hæstv. forsrh. hefði beðið um orðið en hann greip fram í og gat þess að hann hefði ekki beðið um orðið. Það verður þess vegna í upphafi umræðunnar hér í dag að óska eftir því að hæstv. forsrh. verði við þeirri ósk, sem komið hefur fram hjá tveimur stjórnarandstöðuflokkum í þessari umræðu, að hann geri grein fyrir því hvaða stuðning ríkisstjórn hans hefur við það frv. sem hér er til umræðu. Það er merkilegt að hæstv. forsrh. virðist ekki enn þá hafa haft kjark til þess eða getu til að koma hingað upp í ræðustólinn og gera þinginu grein fyrir því hvert sé bakland ríkisstjórnarinnar í þessu frv. Ég vil því ítreka þá ósk, sem bæði hefur verið sett fram af hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og mér að forsrh. — til að greiða fyrir umræðum um þetta mál því að við höfum í sjálfu sér engan áhuga á því að tefja þær — geri þingheimi strax þegar ég hef lokið máli mínu eða fljótlega í umræðunni í dag grein fyrir því hver er stuðningur stjórnarþingmanna við þetta frv. Nú heyri ég greinilega að hæstv. forsrh. hefur barið í borðið og beðið um orðið og er það vel.

Ég sagði að við ætluðum ekki að tefja umræðu um

þetta mál. Það er rétt. Við ætlum ekki að fylgja fordæmi Sjálfstfl. frá þremur fyrri þingum í umræðum um þetta mál. Ég sá það að ýmsir hv. þm. brostu í kampinn þegar ég kom með þennan bunka upp í ræðustólinn og héldu kannski að ég ætlaði að fara að lesa þetta allt saman hér, en það er ekki rétt. Ég ætla að hlífa hæstv. fjmrh. við því. Ég ætla að hlífa formanni þingflokks Sjálfstfl. við því. Ég ætla að hlífa frsm. nefndarinnar, hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, við því. Vegna þess að þetta sem ég er hér með eru ræður þingmanna Sjálfstfl. á móti þessum skatti meðan ég var fjmrh., þær einar og sér og ekkert annað. Það nálgast að vera tvö hefti í þingtíðindum sem Sjálfstfl. talaði á síðasta kjörtímabili gegn þessum skatti. Þetta eru mjög glæsilegar ræður og þar er nú ekki verið að skafa utan af hlutunum í þeim mikla bunka sem hér er. Og það er merkilegt að enn sem komið er skuli það bara vera einn þingmaður Sjálfstfl., hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sem hér fékk lófatak á svölum þingsins í gær, sem enn þá hefur sömu sannfæringu og á síðasta kjörtímabili. Kannski ætti ég að gefa hæstv. fjmrh. þennan bunka.

Ég ætla ekki að lesa þessar ræður, ég hafði þær bara með mér til þess að sýna magnið, af hve miklu er að taka, alveg endalaust ef menn vilja, eins og Sjálfstfl. gerði fyrir tveimur árum, ræddi þennan skatt dögum saman, hæstv. forsrh., hér í þinginu, dögum saman. Það var nú framlag Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu til að greiða fyrir þingstörfum að berjast svo hart gegn þessum skatti að hann lagði marga daga í þinginu undir umræður um málið. En þessi bunki hér er til afnota fyrir þá þingmenn Sjálfstfl. sem óska eftir honum alveg sérstaklega.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, góður drengur, var á síðasta kjörtímabili í fararbroddi baráttunnar utan þings gegn þessum skatti. Hann var þá og er enn framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, samstarfsráðs verslunarinnar í landinu. Og þau voru mörg erindin sem Alþingi fékk og ég fékk sem fjmrh. þar sem Verslunarráðið fordæmi þennan skatt með margvíslegum rökum. Ég spurði að því í ræðustól í gær — vegna þess að ég kynntist þeirri hlið á hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og áttum við ágætt samstarf þegar ég var fjmrh. að hann vildi vera sjálfum sér samkvæmur og málefnalegur — hvernig stæði á því að hann væri nú orðinn stuðningsmaður þessa skatts eða hvort hann væri orðinn það. Þingmaðurinn bað um orðið og er líklegast næstur á mælendaskrá og ætla ég ekki að verða til þess að tefja mikið að hann geti komið hér í stólinn. En hann birtist þjóðinni í gærkvöldi á sjónvarpsskerminum, í ellefufréttum sjónvarpsins. Fréttamaðurinn spurði hann um afstöðuna til þessa skatts. Hún kom nú ekki alveg strax heldur kom í upphafi smápistill um mig, sem var ágætur og allt gott um hann að segja, þar sem hann m.a. sagði eftirfarandi: „Ég er alveg viss um það að ef Ólafur Ragnar mundi nú hjálpa okkur við það að koma með tillögur, raunhæfar tillögur til þess að skera niður, þá mundi ekki standa á okkur að vera á móti þessum skatti.“ Það er nú það. Þeir eru byrjaðir að auglýsa eftir hjálp. Og sá sem þeir helst sjá til þess að hjálpa sér, það er ég. En mínútuna á undan er ég ávarpaður af þingmanninum Vilhjálmi Egilssyni sem „Ólafur Ragnar, vinur minn“. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er kannski líka kominn í þennan hóp þingmanna Sjálfstfl. sem segir það að ef ég sé reiðubúinn að koma og hjálpa þeim, þá væri kannski hægt að fella þennan skatt niður. Ég mun taka þetta til athugunar. Það er greinilegt að ríkisstjórnin þarf á hjálp að halda, hæstv. forsrh. Kannski þarf einhverja aðalleikara í ríkisstjórnarsamstarfið fyrst forsrh. er að eigin áliti bara í aukaleikarahlutverkinu.

En fréttamaðurinn spurði hins vegar hv. þm. Vilhjálm Egilsson: „En munt þú sem þingmaður Sjálfstfl. styðja þennan skatt núna á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eins og þetta liggur fyrir?“ Og þá sagði þingmaðurinn þessi gullvægu orð: „Ja, ég er nú að leita mér að þreki til þess.“ Hann er ekki búinn að finna það enn. Hann er að leita sér að þrekinu til að ganga gegn samviskunni, fylgja því sem hann hefur verið á móti, og bætir svo við að til þess að hann geti náð þessu þreki, og nú kemur tilvitnun orðrétt: „þá þurfa ýmis hagsmunamál verslunarinnar að ná fram að ganga.“ Stuðningurinn og þrekið er sem sagt skilyrt. Fyrst þurfa að koma ýmis hagsmunamál verslunarinnar og þau þurfa að ná fram að ganga eða með öðrum orðum hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði þjóðinni það í ellefufréttunum í gærkvöldi að hann treysti sér ekki til að greiða atkvæði um þennan skatt fyrr en botn væri kominn í það hvort ýmis hagsmunamál verslunarinnar næðu fram að ganga og nefnir svo sérstaklega í beinu framhaldi: að breyta virðisaukaskattslögunum þannig að hægt sé að stunda pappírslaus viðskipti, koma á fríverslunarsvæði, breyta lögunum um bókhald og svona ýmislegt fleira. En þetta þrennt er nefnt alveg skýrt í viðtalinu í fréttunum í gærkvöldi af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, að áður en hann fær þrek til að greiða atkvæði með þessum skatti, þá þarf í fyrsta lagi að koma hér upp fríverslunarsvæði, þá þarf í öðru lagi að breyta virðisaukaskattslögunum og þá þarf í þriðja lagi að breyta lögunum um bókhald. (**Gripið fram í:** En vöxtunum?) Hann nefnir það ekki, hv. þm., nefnir ekki vextina. Hann nefnir hitt þrennt.

Þar með er annar í viðbót af fulltrúum Sjálfstfl. í efh.- og viðskn. þessa þings fallinn. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson neitar að vera í þessu liði og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tilkynnti þjóðinni það í gær að hann væri ekki enn kominn í það og þyrfti a.m.k. þrjá aðgöngumiða til þess að treysta sér í það lið. Þess vegna er það eðlilegt að menn spyrji hæstv. forsrh. hér í þingsalnum um þann stuðning sem sé fyrir þessu máli í þingflokki Sjálfstfl. Hvað eru það margir þingmenn Sjálfstfl. sem hafa heitið skilyrðislausum stuðningi við þetta frv., hæstv. forsrh.? Hvað eru þeir margir?

Það ber svo að geta þess að samstarfsráð verslunarinnar, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er framkvæmdastjóri fyrir, hefur með bréfi 7. nóv. 1991 til hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og formanns efh.- og viðskn. þingsins, orðrétt, „skorað á þingmenn og ráðherra að fella skattinn niður við meðferð fjárlagafrv.“ Nú kemur spurningin hvort hv. þm. Vilhjálmur Egilsson

ætlar að verða við áskorun þeirra samtaka sem hann er framkvæmdastjóri fyrir og hann sagði þjóðinni í gær að hann væri ekki enn þá búinn að öðlast þrek til þess. Ég hef fulla samúð með því vegna þess að ég kynntist hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni þannig að hann væri drengur góður og vildi heldur fylgja því sem hann hefði fylgt áður.

Virðulegi forseti. Ég verð að óska eftir því að hæstv. félmrh. verði viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. kemur kl. 2.) Já, það er gott. Að vísu finnst mér vont að hæstv. félmrh. skuli ekki vera í salnum og ekki er það ætlun mín að tala endilega til kl. 2 til þess að geta átt orðastað við hæstv. félmrh. Ég vil hins vegar endurtaka það sem ég sagði í gær að hæstv. félmrh. setti líka fram skilyrði í haust, alveg eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Hæstv. félmrh. setti líka fram sín skilyrði í áheyrn alþjóðar í sjónvarpi eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Skilyrði hæstv. félmrh. voru á þann veg að hún mundi ekki styðja fjárlagafrv. nema fram gengju þær jöfnunaraðgerðir í skattamálum í þágu láglaunafólks sem forsrh. hefði lofað henni að hún fengi á sérstökum sáttafundi sem haldinn var á skrifstofu forsrh. með þeim utanrrh., félmrh. og forsrh. Og vegna þess að þetta er fyrsta tekjuöflunarmálið, það skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem hér er til umræðu, og senn líður að 2. umr. um fjárlagafrv., hún á samkvæmt starfsskrá þingsins að fara fram eftir mjög skamman tíma, rúma viku eða svo eða tæpar tvær vikur, ef ég man starfsskrá þingsins rétt, og það er mjög stuttur tími, þá er óhjákvæmilegt að áður en við göngum til atkvæða um þetta fyrsta skattafrv., fylgifrv. fjárlagafrv., þá lýsi hæstv. félmrh. því hér yfir hvað líði þessum jöfnunaraðgerðum í skattamálum í þágu láglaunafólks sem hún sagði að sér hefði verið lofað og þess vegna samþykkt að fjárlagafrv. yrði flutt. Ég vona að virðulegi forseti komi þessari ósk minni á framfæri við hæstv. félmrh. þegar hún kemur hér til fundar svo að ég þurfi ekki að endurtaka þær óskir mínar á nýjan leik.

Virðulegi forseti. Ég ætla á þessu stigi ekki að segja mikið meira um þetta frv. En ég bendi hins vegar hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. á að ekki er nú stórbrotin siglingin þegar greinilegt er að þeir ætla að treysta á atkvæði stjórnarandstöðunnar til að koma fylgifrv. fjárlagafrv. í gegn vegna þess að uppreisnin í þeirra eigin liði er svo mikil að þeir þurfa á stjórnarandstöðunni að halda til að koma málum í gegn. Var þetta sterka stjórnin sem mynduð var í Viðey? Er þetta sterki formaðurinn í Sjálfstfl. sem felldi Þorstein Pálsson með þeim orðum að nú þyrfti sterkan formann og öfluga stjórn, mann sem kynni og gæti og agaði flokkinn á ný, endurreisti Sjálfstfl.? Ja, hvílík endurreisn, það hefur aldrei verið eins mikil uppreisn í þingliði Sjálfstfl. við afgreiðslu stjfrv. og nú, hæstv. forsrh., ef frá er talinn tími Gunnars Thoroddsens. Það er afrek, hæstv. forsrh., að vera búinn að kljúfa Sjálfstfl. svo rækilega á innan við hálfu ári að klofningurinn birtist hér í þingsalnum á hverjum degi.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lýsti yfir þeirri ósk að ríkisstjórnin gæti leitað til mín með ráð og hjálp. Ég er alveg reiðubúinn að ræða það við hv. þm. Vilhjálm Egilsson en ég vona að hæstv. forsrh. fari ekki að gera eitt og hið sama.

Virðulegi forseti. Við munum hlýða á orð forsrh. á eftir og þær tryggingar sem hann hefur. Við munum hlýða á Vilhjálm Egilsson og hæstv. félmrh. og í lok þeirra yfirlýsinga meta hvað næst skal gera í þessari einstöku stöðu sem er komin upp í þinginu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi óska síðasta ræðumanni til hamingju með endurnýjun á kjöri hans sem formaður Alþb. (**ÓRG:** Þakka þér fyrir.) Ég tók reyndar eftir því í framhaldi af því kjöri að hann veitti sjálfum sér stjórnarmyndunarumboð og tilkynnti það í sjónvarpinu. Það væri fróðlegt að heyra hvernig þær stjórnarmyndunarviðræður ganga hjá formanni Alþb. Ég hef ekki kynnst því að það hafi áður verið veitt með þessum hætti. En eins og formaður Alþb. jafnan segir, stórkostleg ný söguleg tíðindi gerast þegar hann á í hlut og þetta stjórnarmyndunarumboð, sem hann veitti sér í sjónvarpinu, er vissulega söguleg og merkileg tíðindi. Ég vildi gjarnan fá að heyra við hvern hann er að ræða um stjórnarmyndun þessa dagana fyrir utan vin sinn, hv. þm. Vilhjálm Egilsson, ef ég skildi þingmanninn rétt. Ég vil líka þakka formanni Alþb. fyrir umhyggju hans fyrir Sjálfstfl. og áhyggjur hans, sem af góðum hug eru sprottnar, út af hinum illræmda og erfiða klofningi í flokknum. Það er gott að vita um vin í raun þegar svona atburðir hafa gerst og enginn er líklegri til að sýna meiri hluttekningu en einmitt hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem alltaf hefur tekið nærri sér klofning í flokki og aldrei komið nálægt slíku eins og kunnugt er.

En ég vil líka um leið og ég þakka áhyggjur þingmannsins vegna óviss stuðnings um mál, sem hér er rætt, fullvissa hann um að enginn vafi leikur á um að fyrir því er góður stuðningur. Þá á ég ekki við þá hjálp sem ég mun náttúrlega fá frá honum vegna þess að hann hefur verið fastur og ákafur fylgismaður þessa máls frá öndverðu. En jafnvel án þess góða og trausta stuðnings er auðvitað traustur þingmeirihluti fyrir meðferð þessa máls.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé nú að ég geri grein fyrir nokkrum atriðum sem upp hafa komið í þessari umræðu og þá sérstaklega að gera tilraun til að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint.

Spurt var að því í umræðunni: Hvað á að koma í stað skattsins þegar hann verður lagður niður? Ég vísa til þess sem segir í grg. með frv., að þegar skatturinn verður lagður af verður það gert í tengslum við breytingar á skattkerfinu, þegar samræmdir verða eignarskattar og eignatekjuskattar. Hugmyndin er að sjálfsögðu sú að ríkissjóður tapi ekki á þeirri skattkerfisbreytingu. Því hefur þegar verið svarað hver sé afstaða stjórnarþingmanna til þessa frv. Það lá fyrir áður en frv. var lagt fram hver væri afstaða hv. þm. Inga

Björns Albertssonar. Hins vegar er það rétt að mér var ekki kunnugt um að hann myndi flytja brtt. sem raunin varð á.

Varðandi þær brtt. aðrar, sem fram hafa komið, vil ég segja, án þess að fara út í langt mál, að það er spurning hvort brtt. hv. þm. Kristins Gunnarssonar stenst stjórnarskrárákvæði. Í því sambandi vil ég vitna til texta Ólafs Jóhannessonar, fyrrv. forsrh. og þingmanns, sem hefur skrifað um slík mál en í stjórnarskránni er það áskilið að skattar séu lagðir á samkvæmt jafnræðisreglunni. Um það vil ég ekkert segja að svo stöddu en bendi á að menn þurfa að velta fyrir sér þeirri spurningu þegar tillöguflutningur af þessu tagi á sér stað.

Í raun og veru þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Henni hefur að sjálfsögðu verið svarað hér í umræðunni. Stuðningurinn kemur fram í atkvæðagreiðslu sem verður í lok þessarar umræðu. En vegna þess að nokkuð hefur borið á að menn hafa viljað rifja upp sögu þessa máls tel ég nauðsynlegt að það komi fram hér og nú og hefur reyndar áður komið fram að þessi skattur var fyrst lagður á samkvæmt lögum frá 1979 í desember eða nóvemberlok, ef ég man rétt. Þá sat ég hér á þingi og man vel eftir umræðum sem urðu um þennan skatt og svokallaðan (Gripið fram í.) já, það var 1978 um haustið, það er alveg hárrétt — og reyndar annað gjald, nýbyggingagjald held ég að það hafi heitið, sem kom á sama tíma. Ég sé það á hv. þm. Ragnari Arnalds að hann segir það rétt vera með höfuðhneigingu. Það voru þessir tveir skattar sem komu samtímis. (**Gripið fram í:** Skatt á gjaldeyri.) Við skulum ekki fara að telja þetta allt saman upp vegna þess að það yrði efni í langa ræðu og jafnvel nýja fundi. Það þarf hins vegar að koma fram vegna afstöðu Sjálfstfl. að sumir þingmenn Sjálfstfl. studdu þennan skatt á árunum 1980–1983. Skatturinn tók breytingum, hann lækkaði. En þingmenn Sjálfstfl. studdu skattheimtuna eigi að síður á árunum 1983–1988. Þá sat Sjálfstfl. í ríkisstjórn. Það gerðist hins vegar þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson varð fjmrh. að gerð var tilraun til að hækka skattinn og það kostaði veruleg viðbrögð af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það var þess vegna fyrst og fremst sem menn ræddu ítarlega og lengi um það hvort full ástæða væri til þess að hækka þennan skatt. Þetta rifja ég upp mönnum (**Gripið fram í:** Tvöfalda hann.) — reyndar að tvöfalda hann eins og hér er kallað fram í — og það var auðvitað það sem olli umræðum fyrst og fremst á sínum tíma þótt að það hafi verið vinsælt umræðuefni í þingsalnum að ræða þennan skatt eins og lengi og ítarlega var gert við 1. umr. þessa máls.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson spurðist fyrir um aðra þætti skattamálanna, hvort von væri á þeim. Ég vil upplýsa að þessa dagana er verið að leggja síðustu hönd á þær till. til breytinga á tekju- og eignarskattslögum sem þurfa að fylgja fjárlagafrv. eins og hann réttilega benti á. Ég geri mér vonir um að í næstu viku verði hægt að ræða það mál. Ég tek undir að það hefði verið betra að fá það frv. fyrr fram. En því miður hefur það oft gerst að í desembermánuði hafa komið fram slík frv. til breytinga á tekju- og eignarskattslögunum í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna.

Ég kem þá að þætti hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrv. fjmrh. Hann stóð í ræðustól eins og stundum áður, þandi sig út og sagði við okkur, bæði ráðherra og hv. þm. úr röðum Sjálfstfl., sem nú ætlum að styðja þetta frv., að við værum að svíkja okkar málstað, það væri ekki orð að marka það sem við segðum, við breyttum bara um skoðun eftir því hvort við værum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Nú er það svo að þegar hv. þm. skildi við sem ráðherra, hvarf úr sínum ráðherrastól og menn fóru að skoða arfleifðina kom í ljós að hún var með þeim hætti að ríkið þurfti á öllu sínu að halda og reyndar meiru til að jafna metin á milli gjalda og tekna. Og reyndar hefði þurft heilmiklu meira til en a.m.k. hv. þm. hafði sagt. Gott dæmi um þetta er það sem nú er að koma í ljós að við stjórnarskiptin var sagt að Lánasjóður ísl. námsmanna þyrfti 300–400 millj. Þegar upp er staðið og málið kannað kemur í ljós að í fjárlagafrv. hv. þm. fyrir yfirstandandi ár vantar u.þ.b. einn milljarð á að nægilegt fé sé lagt fram til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Því miður er þetta ekki einsdæmi. Svo er mjög víða. Það var þess vegna ljóst við fjárlagagerð næsta árs að ekki var hægt að gera víðtækar skattkerfisbreytingar til lækkunar. Þetta lá fyrir. Þótt ríkisstjórnin ætli sér ekki að hækka skatta þá verður töf á því að skattar verði lækkaðir. Hins vegar treystum við okkur til að lýsa því yfir að þetta verður vonandi í síðasta skipti sem við leggjum fram frv. um þennan tiltekna skatt enda kemur það fram í grg. með skattinum.

En hver er þessi saklausi hv. þm. sem stóð hér og var að kenna okkur um siði og siðleysi í íslenskum stjórnmálum? Hver var hann, maðurinn með geislabauginn sem stóð hér kokhraustur í ræðustól og sagði: Þið gerðuð allt annað þegar þið voruð í stjórnarandstöðu heldur en þið gerið nú þegar þið sitjið við stjórnvölinn? Er þetta ekki alsaklaus þingmaður? Nýsprottinn inn í stjórnmálin? Maður sem hefur aldrei gert neitt af sér, alltaf staðið við það sem hann hefur áður sagt? Maður sem gerði nákvæmlega það í stjórnarstörfum sínum sem hann ætlaði að gera í stjórnarandstöðu? Er þetta ekki flekklausasti stjórnmálamaður Íslands, þessi maður sem kemur hingað upp og gefur okkur hinum einkunnir? Ég spyr ykkur, ágætu þingmenn: Munið þið nokkuð eftir því að það væri rætt um matarskattinn í þessum þingsal á sínum tíma? Man nokkur eftir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, það var 15. okt. 1987 og kemur líka fram í þingtíðindum, hafi tekið svona til orða — hann var þá að ræða við fyrrv. fjmrh., hæstv. utanrrh., og hann orðaði hugsanir sínar á þessa leið:

„Það stendur þess vegna, hæstv. fjmrh., enn þá á þér krafan um að draga matarskattinn til baka. Þegar þú ert búinn að því getur þú komið og rætt við samtök launafólks. Fyrr en þú gerir það ertu brennimerktur maður sem ekki er hægt að teysta."

Ég les hér orðrétt úr ræðu hæstv. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þegar hann var í stjórnarandstöðu 15. okt. 1987. Hann var þá að ræða við þáv. fjmrh.,

hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson.

Svo gerðist það tæpu ári síðar að þessi flekklausi, saklausi þingmaður með geislabauginn, sem Alþb. var að endurkjósa sem formann sinn, komst í ríkisstjórn og gerðist ráðherra. Enda hefur hann stefnt að því lengi að komast í ríkisstjórn og við heyrðum það í ræðu hans áðan að hann vill ólmur komast aftur í ríkisstjórn og ekki sem neinn aukaleikari, heldur sem aðalleikari. Nú, hann komst í ríkisstjórnina og hvert var hans fyrsta verk? Ég veit að þið gætuð giskað á að fyrsta verk hv. þm. hafi verið að fella niður matarskattinn. Eða var það ekki þannig? Nei, það var ekki þannig. Hv. þm. gerðist fjrmh. og þrátt fyrir fyrri orð um að engum fjármálaráðherra væri hægt að treysta, a.m.k. gerði verkalýðshreyfingin það ekki nema hann legði niður matarskattinn, þá sat hv. þm. þetta af sér, sem hæstv. ráðherra þá, hreyfði ekki við matarskattinum, stóð hér keikur og varði hann manna harðast eins og reyndar sæmir fjmrh. ef þeir hafa heilsu til og þrek.

Nú kemur þessi maður örskömmu síðar og ætlar að fara að kenna öðrum siði og siðleysi í stjórnmálum. Ég spyr ykkur og ég spyr þjóðina: Hver trúir slíkum manni? Auðvitað gerir það ekki nokkur einasti maður sem hefur lengra minni en til tveggja mánaða. Það er nefnilega þannig og undan því verður ekkert vikist að rifja það upp í þessari umræðu eins og hv. þm. hefur hagað orðum sínum að það var akkúrat ekkert að marka hv. þm. frá því að hann var í stjórnarandstöðu. Hans orð þá höfðu enga merkingu þegar hann kom í ríkisstjórn. Það kann vel að vera að það sé vegna þess að hv. þm. heldur að það að vera í ríkisstjórn sé eins konar leikur. Hann heldur líka að það skipti öllu máli að vera aðalleikarinn í því leikriti. Nei, ég veit að hv. þm. er gamall kennari úr Háskóla Íslands, kennari sem á að upplýsa íslenskan ungdóm um það sem við köllum stjórnmál, hann er stjórnmálafræðingur. Hann segir ungum nemendum sínum frá því hvernig stjórnmál eiga að vera frá degi til dags, hverjar séu línurnar og væntanlega hverjir séu siðirnir og hvert sé siðferðið. Við höfum heyrt ögn af þessu hér í dag. Hv. þm. hefur sagt okkur hinum til syndanna, bent okkur á að það komi fyrir að við gerum stundum annað í stjórn heldur en stjórnarandstöðu. Ég skil vel af hverju hv. þm. gengur úr salnum — og kemur inn aftur þegar kallað er á hann. Hann er farinn að gegna, blessaður. Það er ágætt. (**ÓRG:** Ég var bara að afhenda ræðurnar þínar gömlu.) Það er ágætt. Ég benti mönnum á það við 1. umr. hvar þær væri að finna og ég er þakklátur fyrir að hv. þm. skuli hafa tínt þær saman með þeim hætti sem hann hefur gert. Ég vona að hann hafi þá tök á að gefa þær út. Þetta gæti verið það besta sem hann gæfi út um ævina. Það eru orð mín, sem ég hef sagt hér í þingsölunum. Hann mætti þá gjarnan bæta þessari við sem ég er að flytja hér núna til upprifjunar fyrir þjóðina.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að það er afar auðvelt að koma hér upp og halda að þjóðin og þingið hafi steingleymt því sem menn gerðu hér áður. Og ég bið hv. þm. áður en hann fer að kenna okkur hinum næst, áður hann fer að segja hvað sé siðlaust og hvað sé siðlegt í íslenskum stjórnmálum, að muna eftir því að hann átti sjálfur á sínum tíma kost á að efna orð sín frá því þegar hann var í stjórnarandstöðu. Það hefur enginn þingmaður tekið jafnstórt upp í sig eins og hann, en hann kaus að gera það ekki. Og þess vegna segi ég: Öll hans ræða hér í þessari umræðu hún hlýtur að dæmast marklaus þegar af þessari ástæðu einni.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stað þess að gera grein fyrir með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst hækka tekjuskatt og hvernig ríkisstjórnin hyggst fara með aðstöðugjaldsmálið, sem bæði hæstv. forsrh. var spurður um og einnig hæstv. fjmrh., þá kemur hæstv. fjmrh. í ræðustól til að afsaka fyrri afstöðu sína í þessu máli með því að veitast að fyrrum fjmh. og segja nánast að vegna þess að hann gerði alveg eins þá er allt í lagi að ég hafi gert þetta. Ég bið þessa hæstv. ráðherra, ef þeir vilja greiða fyrir þingstörfum, að svara því sem þeir eru um spurðir og veita þingmönnum upplýsingar um það í stað þess að nota tíma sinn með þessum hætti. Því hlýt ég að endurtaka þessar spurningar: Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin hækka tekjuskattinn? Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin fara með aðstöðugjaldsmálið? Er það hæstv. félmrh. sem hefur rétt fyrir sér í þeim efnum? Er það hæstv. forsrh.? Eða er það e.t.v. hæstv. fjmrh.?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara hv. þm. eins og það er best hægt. Fyrst varðandi aðstöðugjaldið, þá er það mál sem heyrir að sjálfsögðu undir félmrh. og félmrn. Það liggur engin ákvörðun fyrir um það í ríkisstjórninni að þessum skatti eigi að breyta. Um það hafa að sjálfsögðu verið umræður en niðurstaða úr þeim umræðum er ekki enn fyrir hendi.

Varðandi tekjuskattinn þá liggur það skýrt fyrir og er sagt frá því í fjárlagafrv. að ætlun stjórnarflokkanna er að fækka frádráttarliðum eða lækka þá og afsláttarliðum og endurgreiðsluliðum í tekjuskattinum. Þeir liðir nema nú á yfirstandandi ári 9–10 milljörðum og hugmyndin er að ná þeim niður um 1 milljarð. Ég get því miður ekki upplýst það núna nákvæmlega í hverju þetta liggur en það verður gert á næstu dögum eins og fyrr hefur komið fram í mínu máli.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur þá verið staðfest hér að hæstv. félmrh. hefur rangt fyrir sér þegar hann upplýsir það að stjórnarflokkarnir séu alveg sammála um það að leggja aðstöðugjaldið niður. Þetta sagði hæstv. félmrh. á þingi fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í landinu. Það er alveg nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort hæstv. félmrh. hefur umboð til að segja frá því með þessum hætti.

Að því er varðar tekjuskattinn þá hefur hæstv. fjmrh. upplýst að hann muni fljótlega leggja fram frv. um hækkun tekjuskatts um 1 milljarð. Hann hefur hins

vegar ekki upplýst með hvaða hætti það verður, en mun leggja frv. fram í næstu viku. Það hlýtur að liggja nokkurn veginn ljóst fyrir í stjórnarflokkunum hvernig að þessari hækkun verður staðið fyrst flytja á frv. í næstu viku. Því trúi ég því að hæstv. fjmrh. geti upplýst þingið betur um það mál þannig að við getum gert okkur betri grein fyrir heildarskattastefnu ríkisstjórnarinnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé ekki hægt fyrir mig að upplýsa þingheim á þessari stundu betur um efnisatriði í fyrirhuguðu frv. ríkisstjórnarinnar vegna þess að það mál á eftir að ræða ítarlega í stjórnarflokkunum.

Varðandi aðstöðugjaldið get ég það eitt sagt að það er rétt hjá hæstv. félmrh. að báðir stjórnarflokkarnir munu, eins og ugglaust fleiri flokkar, hafa lýst því yfir á þingum sínum og fundum að þeir séu andsnúnir aðstöðugjaldinu í núverandi mynd. Hins vegar hefur ríkisstjórnin sem slík ekki tekið afstöðu til málsins.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Fyrir u.þ.b. 40 mínútum síðan óskaði ég eftir því að hæstv. félmrh. kæmi hér í salinn. Þá lýsti hæstv. forseti því yfir að félmrh. mundi koma hingað kl. 2. Ég beindi spurningum mínum til hæstv. félmrh. þrátt fyrir að hún væri ekki komin í trausti þess að hún kæmi hingað kl. 2. Nú hefur orðið hér sá atburður að hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir allt öðru en hæstv. félmrh. sagði í þinginu í síðustu viku, ekki bara á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, heldur einnig hér í þingsalnum. Ég ítreka þess vegna við virðulegan forseta að það er óhjákvæmilegt ef þessi umræða á að halda áfram að hæstv. félmrh. komi nú þegar og staðið verði við það loforð sem gefið var á forsetastóli að hæstv. félmrh. yrði kominn kl. 2. Það er fullkomlega óeðlilegt að við séum settir í þá stöðu að þurfa að eyða þeim möguleikum sem við höfum til þátttöku í þessari umræðu án þess að hæstv. félmrh. komi í salinn. Ef ríkisstjórnin vill greiða fyrir meðferð mála í þinginu, sem ég reyndar stórlega efast um eftir ræðu hæstv. fjmrh., þá ítreka ég þá ósk að hæstv. félmrh. komi hér og spyr virðulegan forseta hvers vegna ekki hafi verið staðið við það fyrirheit að hæstv. félmrh. kæmi hingað kl. 2.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að vísa þeirri spurningu til hæstv. félmrh. því forseti fékk þau skilaboð frá henni að hún gæti því miður ekki komið fyrr en kl. 2 á fundinn og það voru þær upplýsingar sem forseti gaf hér þegar spurt var.

Nú hefur forseti gert ráðstafanir til að láta kanna hvort hæstv. félmrh. sé ekki á leiðinni eða rétt ókomin í húsið og mun upplýsa það þegar það liggur fyrir.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, vinar míns og fyrrv. fjmrh., hlý orð í minn garð og okkar samstarfs meðan hann var fjmrh. En það er vissulega rétt og alveg skylt að geta þess að hann átti þá marga góða spretti í ýmsum málum þótt hins vegar félagar hans í ríkisstjórninni færðu honum sópinn til þess að sópa vandamálunum undir teppið, kannski einum of oft í stað þess að beita hæfileikum hans til þess að skera niður ríkisútgjöldin. Því miður sitjum við nú uppi með þá staðreynd í dag. Mér þykir líka vænt um það hvað hann hefur tekið mikið mark á mér sem framkvæmdastjóra Verslunarráðsins í gegnum tíðina og sérstaklega hvað hann hefur tekið eftir skoðunum mínum á þessum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í gegnum okkar samstarf.

Ég held að við getum verið alveg sammála um það, við hv. þm. Ólafur Ragnar, að þessi skattur er afspyrnuslæmur, hann hækkar vöruverð í landinu. Þótt verslunin greiði skattinn þá neyðist hún til að velta honum út í vöruverðið og þetta rýrir samkeppnishæfni verslunarinnar gagnvart erlendri verslun og er þess vegna hinn mesti óþurftarskattur. Hins vegar sitjum við uppi með það að búið var að sópa svo mörgum vandamálum undir teppið í tíð hv. þm. sem fjmrh. að Sjálfstfl. treysti sér ekki til þess að lofa því að lækka skatta eftir kosningar. Er þetta líklega í fyrsta sinn sem ég man eftir í þeim flokki að menn fari í kosningabaráttu án þess að þora að lofa því að lækka skatta, en venjulega hefur það nú verið á stefnuskránni og menn reynt að framkvæma það í hvert skipti sem þeir hafa haft aðstöðu til. Þess vegna er nú úr vöndu að ráða þegar um svo erfiðan skatt er að ræða og eins líka þegar staðan er svona erfið í ríkisfjármálunum. Undir þetta þarf maður að beygja sig því engum væri gerður greiði með því að auka stórlega halla á ríkissjóði. Þess vegna er sá þingmaður sem hér talar nú í þeirri aðstöðu að þurfa að safna þreki til að greiða atkvæði með þessum skatti.

Mér þótti líka afar vænt um það að hv. þm. hálft í hvoru bauð fram aðstoð til þess að benda á leiðir til að lækka ríkisútgjöldin og hjálpa okkur í því. Ég er viss um það að ef hv. þm. lætur verða af því að hjálpa okkur við það og bendir á leiðir til þess að lækka útgjöldin með raunhæfum hætti og finnur upp einhverjar leiðir sem hann kom ekki auga á þegar hann var sjálfur fjmrh., þá reikna ég með því að ekki standi á því að hlusta á þær tillögur og ræða um þennan skatt í því samhengi.

En til þess að safna þreki til að standa með skattinum, sem ég hef sagt að ég ætli að gera, þá hjálpar að sjálfsögðu til ef ýmis framfaramál sem snerta viðskipti og atvinnulíf í landinu nást fram. Mörg af þeim málum sem þar er um að ræða voru mál sem störf voru jafnvel hafin að í tíð hv. þm. sem fjmrh. Þar vil ég nefna að hæstv. núv. fjmrh. setti nýlega reglugerð um frísvæði, en það er eitt af þeim málum sem ég held að skipti afar miklu máli fyrir verslun í landinu og gefur henni möguleika á því að verða útflutningsgrein eins

og nauðsynlegt er fyrir okkur. Í annan stað hefur hæstv. núv. fjmrh. lýst því yfir að hann hyggist taka upp tollkrít í tengslum við pappírslausar tollskýrslur. Ég er viss um að það er mál sem hv. þm. hafði í huga þegar hann var fjmrh. og rætt var við hann. Enn fremur þarf að taka til hendinni við virðisaukaskattslögin og bókhaldslögin til þess að gera ráð fyrir pappírslausum viðskiptum með skjalaskiptum milli tölva. Hæstv. núv. fjmrh. hefur sýnt mikinn áhuga á því máli, ekki síðri áhuga en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sýndi þegar hann var fjmrh.

Ég á nú eftir að ræða betur við hæstv. núv. fjmrh. um tvö mál sem ég tel að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi látið plata inn á sig af embættismönnum þegar hann var fjmrh. Annað málið er það að gerð var sú krafa í tengslum við virðisaukaskattinn að búðarkassastrimlar yrðu geymdir í sjö ár. Ef þessum haugum væri safnað saman á einn stað þyrfti eins og eina íþróttahöll til að geyma þessi ósköp. Það er reyndar mikil spurning af hverju þetta var gert og ég hef aldrei fengið almennilega skýringu á því.

Hitt málið, sem ég þyrfti líka að taka upp í góðu tómi, er að í reglugerð sem hv. þm. setti sem fjmrh. krafðist hann þess að sölunótur vegna virðisaukaskatts væru í þríriti. Þessi krafa hefur í sjálfu sér engin tengsl við þarfir fyrirtækjanna eða skattsins vegna þess að það er hægt að fletta upp bókhaldi og fara yfir alla hluti alveg óháð því hvort sölunótur eru í þríriti. Það eina sem hugsanlegt er að þetta skili er það að þegar þeir sem hafa eftirlit með skattinum mæta á staðinn þá geta þeir flett upp sölunótum uppröðuðum alveg sérstaklega fyrir þá. Öll fyrirtæki í landinu hafa því af þessu stórkostlegan kostnað sem ekki bara fylgir því að hafa nóturnar í þríriti heldur er allt geymsluplássið sem fylgir þessu sjálfsagt upp á eina til tvær Þjóðarbókhlöður á ári sem atvinnulífið í landinu þarf að reisa bara til þess að geta hýst öll þessi afrit. Þannig er margur kostnaðurinn sem þarna kemur inn í.

En þessi mál eru flest á góðri leið hjá hæstv. núv. fjmrh. og eitt þeirra meira að segja komið í höfn, þannig að ég held að hæstv. núv. fjmrh. verði ekki skotaskuld úr því að uppfylla þessi skilyrði sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að tala um að ég hefði sett, enda er hæstv. ráðherra búinn að því að hluta.

Ég vil síðan endurtaka það að þessi skattur er hinn versti skattur. Líklega ekki margir skattar sem eru jafnvondir vegna þess að hann mismunar atvinnugreinum gróflega. Hann kemur afar ójafnt og tilviljanakennt niður en fyrst og fremst hækkar hann vöruverðið og gerir verslunina óhæfari til þess að keppa við verslun annars staðar. Ég fagna því alveg sérstaklega að fá í hóp bandamanna gegn þessum skatti hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson og hlakka til þess í framtíðinni að geta unnið með honum að því að afnema skattinn á raunhæfan hátt þó að því miður geti víst ekki orðið af því við þessi áramót.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar stefnu sem þessi umræða hefur tekið sýnist mér nauðsynlegt að bæta nokkru við það sem ég sagði í gær. Í þeim umræðum um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem fram fór hér á hinu háa Alþingi í gær, rakti ég fyrirvara okkar þingkvenna Kvennalistans við þetta mál og nefndi að stuðningur við þennan skatt byggðist á því að ríkisstjórnin hefði meiri hluta fyrir þessu máli og að ríkissjóður mætti ekki við tekjutapi við núverandi aðstæður. Til að þessar röksemdir okkar standist verður auðvitað að liggja fyrir hvort stjórnarflokkarnir hafa styrk til að koma málinu í gegn sem koma mun í ljós í atkvæðagreiðslunni sem verður í lok þessarar umræðu og þó enn frekar hvernig annarri tekjuöflun ríkissjóðs verður háttað.

Eftir umræðurnar sem hér áttu sér stað í gær kannaði ég nánar hvernig að þessum málum hefur verið staðið á undanförnum árum og komst að því að þegar skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur verið til umræðu á þingi ár eftir ár, hafa önnur tekjuöflunarfrv. ríkisstjórna verið komin fram.

Kvennalistinn hefur stutt þennan skatt gegnum árin, eins og áður hefur komið fram, en sá stuðningur hefur byggst á því að jafnan hefur legið fyrir hvernig annarri tekjuöflun ríkisins yrði háttað. Þá hafa þingkonur Kvennalistans litið svo á að þessi skattur væri skárri en ýmsar álögur á heimilin í landinu.

Nú bregður hins vegar svo við, þegar verið er að afgreiða þetta mál til 3. umr., að ekkert liggur fyrir um frekari tekjuöflun ríkisins annað en það sem fram kemur í fjárlagafrv. Við hljótum því að bíða þess að önnur frv. komi fram. Það er nefnilega laukrétt sem fram kom í mál hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar í gær, að það er hvorki sanngjarnt né rétt að ætlast til þess að þingmenn taki endanlega afstöðu til þessa máls, þótt um gamlan kunningja sé að ræða, meðan fátt eitt er vitað um tekjuöflunar- og skattastefnu ríkisstjórnarinnar í heild. Afstaða okkar til þessa skatts hlýtur að ráðast af því hvernig dæmið lítur út heild.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að von væri á öðrum tekjuöflunarfrv. í næstu viku og ég segi enn og aftur: Eftir þeim verður að bíða. Ég fer þess því eindregið á leit, hæstv. forseti, að þessu máli verði frestað þar til þau tekjuöflunarfrv. sem væntanleg koma fram og þingmenn sjá hvernig allt tekjudæmið lítur út. Verði ekki orðið við þessari beiðni get ég engu lofað um stuðning þingkvenna Kvennalistans við þennan skatt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætlaði að leyfa mér að tala hér fyrir frávtill. um þetta mál. Það var undirstrikað af hæstv. fjmrh. að það væri meginregla að starfandi ríkisstjórn á hverjum tíma bæri ábyrgð á tekjuöflun sem fjárlagafrv. væri byggt á til útgjalda. Ég tel því nauðsyn að fá úr því skorið hver stuðningur stjórnarsinna er við það frv. sem þeir hafa svarið svo grimmt af sér að aðeins einn stjórnarsinni skrifað undir nál. fyrirvaralaust. Sá stjórnarsinni var varamaður og er nú horfinn úr þingsölum. Hinir aðilarnir sem skrifuðu undir þetta frv. með fyrirvara voru hv. 1. þm. Vestf., hv. 6. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Norðurl. v. Það hefur að vísu

gerst í millitíðinni að hv. 5. þm. Norðurl. v. er að safna kjarki og auðvitað vitum við ekki nema söfnunin verði komin á það stig að hann hafi þann kjark til að styðja þetta þegar til orustunnar kemur, en hvort hv. 6. þm. Reykv. hefur skrifað undir með þeim fyrirvara að þar hafi verið hugmyndin að styðja brtt. til hækkunar eða lækkunar hefur ekki komið fram og ekki heldur hvort það væri til þess að styðja brtt. sem hljóðaði upp á það að fella frv. Af hv. 1. þm. Vestf. er aftur á móti það að segja að af vináttu við hæstv. fjmrh. lýsti hann því yfir að hann ætlaði að styðja frv. En þar var líka fyrirvari. Sá fyrirvari var á þann veg að þetta yrði í síðasta skipti sem hæstv. fjmrh. legði þetta til. Því er mjög valt að treysta. Í fyrsta lagi er ekki vitað til að stjórnin falli á þeim tíma þannig að hugsanlegt er að hann muni leggja þetta til aftur næsta haust. Menn geta horfið af vettvangi af öðrum ástæðum en hæstv. fjmrh. segir aftur á móti að væntanlega verði ekki nauðsyn að bera þetta fram aftur. Hann ætlar sem sagt ekki að loka þeirri leið að það geti hugsanlega gerst að það þurfi að bera þetta fram aftur. Og þá er brostin forsendan fyrir því að 1. þm. Vestf., flm. nál., styðji frv.

Í slíku andrúmslofti tel ég eðlilegt að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Þar er verið að ræða skattamál eins og fram hefur komið og eðlilegt að þetta sé rætt í samhengi. Frávísunartillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem greinilegt er að fyrirvaralaus stuðningur er ekki lengur við þetta frv. hjá þeim sem skrifuðu undir nál. samþykkir Alþingi að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar."

Hér voru fluttar mjög skemmtilegar ræður, bæði af hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., en það er nokkurt ósamræmi í kynningu á afstöðu manna ef hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. 8. þm. Reykn., er eini aðilinn sem er talinn hafa haft svo virðulega umsögn um skattamál að vert sé að vitna í þingtíðindi, sem því miður eru allt of lítið lesin miðað við hvað þar er margt vel sagt í þeim fræðum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt til að jafna virðingu manna í þinginu og menn úti í bæ fái ekki það á tilfinninguna að þetta sé eini aðilinn sem segir þar hluti sem vert sé að endurtaka, þá sé örlítið reynt að fara yfir það hvað gáfumenn úr Sjálfstfl. hafa sagt um þessa hluti, um skattana eins og þeir koma þeim fyrir augu. Ég held að þá sé eðlilegt að ég byrji á því, með leyfi forseta, að vitna í hvað frsm. minni hluta fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Reykv., hafði um þetta mál að segja þegar rætt var um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þetta er við 2. umr. 1990. Þá segir svo, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi okkar alþingismanna eða gamall draugur kannski. En það er ekki ástæða til að fjölyrða mjög um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess sem menn ættu nú að vera farnir að skilja að allir skattar eru í eðli sínu eignaupptaka, þ.e. tilfærsla á fjármunum frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum til ríkisvaldsins. Við erum vön því, hv. alþm., núna upp á síðkastið, á síðustu missirum að yfir okkur sé dengt stanslaust nýjum sköttum í einu formi og öðru. Menn segja að þessi skatturinn sé eitthvað skárri heldur en hinn en eins og ég sagði áðan, þá eru allir skattar því marki brenndir að einhver verður að borga þá og auðvitað borga þeir menn, sem hafa viðskipti við fyrirtæki sem eiga skrifstofu- eða verslunarhúsnæði, þennan skatt þegar þeir skipta við viðkomandi fyrirtæki. Það er nú lögmál lífsins að skattarnir lenda á þjóðinni auðvitað og neytendum ekki síst.

Mér er ljóst að við hv. þm. Halldór Blöndal erum hér í minni hluta og að meiri hlutinn mun auðvitað samþykkja að framlengja þessum skatti. Hann er jafnslæmur og aðrir skattar og við greiðum atkvæði gegn samþykkt frv."

Hérna blasir það við að sá sem vitrastur er og reyndastur í þingliði Sjálfstfl. staðfesti það að ríkisstjórnin er að leggja til eignaupptöku, ekkert annað, hvorki meira né minna. Hreina eignaupptöku eins og kommúnistar væru komnir til valda í landinu. Auðvitað tekur hann það skýrt fram að það er af því að þeir eru í minni hluta, hv. þm. og núv. hæstv. ráðherra Halldór Blöndal og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að þeir eru ofurliði bornir, lenda undir og beygja sig fyrir lýðræðinu að láta eignaupptökuna yfir sig ganga. En það hefði aldrei hvarflað að þessum mönnum að það gæti gerst að núv. hæstv. fjmrh. færi að leggja þær byrðar á þá og láta þá bera þann kross að þeir þyrftu að standa eins og kommúnistar að eignaupptöku í landinu. Hann tekur það skýrt fram að þeir eru ekki að ráðast á eigendur skrifstofu- og verslunarhúsnæðis. Hann tekur það skýrt fram. Þeir eru að ráðast á almenning í landinu, þá sem skipta við þessa aðila. Þeir eru að hafa af þeim peninga.

Og svo er eins og það hafi enginn sagt nokkurt orð af viti um skattamál í þessu landi nema hæstv. fyrrv. fjmrh. Þegar hæstv. fjmrh. kemur í pontuna og telur sig þurfa að vitna í þingtíðindin og fortíðina, þá vitnar hann ekki í neinn annan en hæstv. fyrrv. fjmrh. Mér finnst að þetta nái ekki nokkurri átt. Ég bara skil ekki svona vopnaburð þegar önnur eins ummæli liggja nú fyrir af manni sem hefur starfað lengi í fjh.- og viðskn. og verið leiðbeinandi og telur að hann sé nánast búinn að leiðbeina sínum flokksmönnum svo lengi í þessu máli að þeir hljóti að vera farnir að skilja. Auðvitað telur hann umþóttunartíma eðlilegan til þess að menn hafi ráðrúm til að skilja rök mála. Menn þurfa að fá að hugsa sig um. En hann telur að fræðslan í þessum efnum sé komin á það stig að nú hljóti menn að fara að skilja. Samt gerist það. Kannski er það út á þetta tveggja mánaða minni sem hæstv. fjmrh. talaði um að þessi upprifjun hefur ekki átt sér stað á miðju sumri og þess vegna hafi menn álpast til þess að taka þetta inn aftur. Það er mjög óvíst að hv. 4. þm. Reykv. hafi gefið sér tíma til þess núna síðsumars að fara með þennan fyrirlestur yfir sjálfstæðismönnum. Þess vegna er þetta með minnið mjög sterkur punktur í þessu máli. Þetta tveggja mánaða meðalminni getur verið ástæðan fyrir því að þessar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar þegar menn þurftu að hafa þær við höndina þegar ríkisstjórnin var að fara yfir hvaða skatta skyldi hafa í landinu.

Ég vil eindregið hvetja hæstv. fjmrh. til að lesa þær

ræður sem fulltrúar Sjálfstfl. fluttu um þetta mál, kynna sér efni þeirra, láta ekki eins og það sé ekkert í þessum þingtíðindum nothæft til upplestrar, til fróðleiks fyrir þjóðina annað en það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur sagt hér á undanförnum árum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hefur sýnt það með margvíslegum hætti að undanförnu að hún er reiðubúin að greiða fyrir málum hér í þinginu. En það er frumskilyrði þess að það sé hægt að hæstv. ráðherrar taki til máls og svari einföldum spurningum. — Nú heyri ég að hæstv. félmrh. hefur beðið um orðið og ætlar að verða við þeirri ósk sem fram var borin fyrr í umræðunni og fagna ég því, því að það var ástæðulaust að við hin færum að nýta allan okkar rétt áður en hæstv. félmrh. bæði um orðið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði alls ekki að skorast undan því að svara fyrirspurn hv. þm. sem hann beindi til mín en mér var ekki ljóst að umræðunni væri að ljúka. Sú spurning sem hv. þm. hefur beint til mín snýst ekki um það frv. sem hér er á dagskrá heldur spurði hv. þm. um tekjujöfnunaraðgerðir, hvort ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir ákveðnum tekjujöfnunaraðgerðum. Vitnaði hv. þm. þá til athugasemda sem fram komu hjá mér áður en frv. til fjárlaga var lagt fram á Alþingi.

Það er rétt hjá hv. þm. að ég gerði athugasemd bæði við útgjalda- og tekjuhlið fjárlaga áður en frv. var lagt fram. Það fyrra snerist um það hvernig mætt yrði fjárvöntun á tekjuhlið. Ég tel að umræða um það sé nú á lokastigi og horfur á því að þau sjónarmið sem ég setti þar fram nái fram að ganga.

Hitt atriðið sneri að tekjujöfnunaraðgerðum þar sem ég taldi brýnt að ákveðin stefna yrði mörkuð í tengslum við fjárlagagerðina. Í því sambandi er auðvitað ljóst og fram hefur komið að þær breytingar sem orðið hafa í efnahagsmálum frá því að fjárlagafrv. var lagt fram setja ríkisstjórninni ákveðnar skorður. Má í því sambandi nefna að eitt og sér er ætlað að frestun álversframkvæmda hafi þau áhrif að lækka tekjur ríkissjóðs um rúman 1 milljarð kr. Það er auðvitað ljóst að slíkt setur ríkisstjórninni ákveðnar skorður varðandi tekjujöfnunarðaðgerðir. Engu að síður er ljóst að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er mörkuð ákveðin stefna sem ég taldi nauðsynlegt.

Að hluta til kemur sú stefnumörkun fram með tvennum hætti í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar frá því í október. Þar kemur fram að ríkisstjórnin vill tryggja stöðugleika í efnahagsmálum og stuðla þannig að því að sættir takist um sanngjörn kjör og hún muni í því skyni beita sér fyrir aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu til góða. Í annan stað er í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar kveðið á um að þegar á næsta ári verði gripið til sérstakra aðgerða til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Þannig er í tvennum skilningi sett fram ákveðin stefnumörkun í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að því er varðar tekjujöfnunaraðgerðir.

Það er hins vegar skoðun ýmissa að eðlilegt sé að aðilar vinnumarkaðarins, ekki síst verkalýðshreyfingin, hafi áhrif á til hvaða aðgerða verði gripið í skatta- og félagsmálum, enda á það lögð áhersla í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að í því skyni að sættir takist um sanngjörn kjör muni ríkisstjórnin beita sér fyrir aðgerðum í skatta- og félagsmálum. Niðurstaðan um til hvaða aðgerða verði gripið og hvenær sú ákvörðun verður tekin tengist því líklega kjarasamningum.

Annars vil ég segja það, virðulegi forseti, að mér finnst nokkur tvískinnungur í því þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gengur hér fram og kallar eftir tekjujöfnunaraðgerðum fyrir hina verst stöddu í þjóðfélaginu. Mig minnir að það hafi komið fram í blöðum um helgina að það hafi verið hv. þm. Matthías Bjarnason sem hafði þau orð um hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að hann væri góður leikari og ég get svo sannarlega tekið undir að það er margt satt í þeim ummælum.

Ég hef verið félmrh. um fjögurra ára skeið þar sem þrír hv. þm. hafa setið í stóli fjmrh. og ég held — og segi það af fyllstu hreinskilni — að ég hafi aldrei átt eins erfitt með að glíma við nokkurn ráðherra að því er varðar ýmsa málaflokka sem snerta láglaunafólk eins og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson þegar hann var fjmrh. Þeir málaflokkar sem snerta mikið kjör láglaunafólks eru málefni fatlaðra svo að dæmi sé nefnt og uppbygging á félagslegum íbúðum. Ef maður lítur yfir þessi fjögur ár sem ég hef verið í stóli félmrh., þá hef ég mikið barist fyrir því að t.d. Framkvæmdasjóður fatlaðra fengi sitt framlag en þegar maður lítur yfir fjárlögin frá 1988 og til dagsins í dag, þá er það alveg ljóst að í tíð Ólafs Ragnars sem fjmrh. í þrjú ár hefur minnst komið í þennan sjóð. Ef við miðum við verðlag í dag voru á fjárlögum í Framkvæmdasjóði fatlaðra tæpar 300 millj. þegar Jón Baldvin Hannibalsson var fjmrh., en síðan lækka þau í tíð Ólafs Ragnars Grímssonar niður í 270 millj. 1989, niður í 227 millj. árið 1990, og síðan 1991 var svipuð tala á fjárlögum en hækkaði svo rétt fyrir kosningar, þá fer hún upp í 270 millj. Og svo þegar sjálfstæðismaður sest í stól fjmrh. þá eru framlögin í Framkvæmdasjóð fatlaðra 320 millj. kr. Ég held að þessar tölur sýni ljóslega að ég hef átt í mestum erfiðleikum við að halda framlögum í Framkvæmdasjóði fatlaðra þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh.

Sama má segja um félagslegar íbúðir. Við stóðum frammi fyrir því á þessum tíma í fyrra að ekki var ætlað fjármagn til einnar einustu nýrrar félagslegrar íbúðar á þessu ári og þá var Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. Og það tók verulegan slag hér í þinginu að fá hæstv. fjmrh. inn á það að breyta nú um varðandi þá tölu sem var á fjárlögum þannig að hægt væri að halda áfram uppbyggingu á félagslegum íbúðum eins og verið hafði. Ef það hefði ekki tekist, þá værum við ekki núna að byggja 500–600 félagslegar íbúðir. En núna þegar sestur er í stól fjmrh. sjálfstæðismaður virðist vera auðveldara viðfangs að ná fjármunum inn í þennan mikilvæga málaflokk fyrir láglaunafólk, þ.e. uppbyggingu á félagslegum íbúðum. Í fjárlagafrv. á síð-

asta ári var gert ráð fyrir 700 millj. en tæplega 1.100 millj. er gert ráð fyrir á næsta ári þannig að hægt verður að halda áfram uppbyggingu félagslegra íbúða.

Ég dreg þetta fram, virðulegi forseti, af því að mér heyrist í þessari umræðu að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson beri verulega fyrir brjósti hag láglaunafólks og kalli hér eftir tekjujöfnunaraðgerðum, en ég hef sýnt fram á það, virðulegur þingmaður, að í tveim mikilvægum málaflokkum sem snerta kjör láglaunafólks var aldrei eins erfitt að eiga við nokkurn fjmrh. eins og við hv. þm. til þess að ná eðlilegu fjármagni í þennan málaflokk. Þetta sýnir, virðulegi forseti, að fáir skipta eins um ham og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þ.e. eftir því hvort hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Forseti þingsins er ekki öfundsverður af þeim ráðherrum sem hún hefur í þessari ríkisstjórn og viðleitni sinni til að greiða fyrir málum hér í þinginu. Hér voru bornar fram mjög einfaldar spurningar til hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. Þetta voru málefnalegar spurningar og hefði verið auðvelt að svara þeim á mjög skömmum tíma. Hæstv. ráðherrar hefðu getað sagt, eins og þeir reyndar sögðu, að þeir hefðu ekkert í höndunum enn sem komið er til að svara þessum spurningum og látið þar við sitja. Menn hefðu virt það. En þeir hættu ekki þar. Nei. Þeir vörðu meginhluta ræðu sinnar, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., til þess að ráðast á mig hvað eftir annað út af málum sem alls ekki eru á dagskrá í þessari umræðu, og enginn annar hafði vikið að í umræðunni, ekki nokkur maður, eins og skattlagningu á matvælum, framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra, framlög til félagslegra húsnæðismála á liðnum árum svo að ég nefni nú bara þrjá stóra málaflokka sem þessir tveir hæstv. ráðherrar kusu að taka hér á dagskrá. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál nú í þessum umræðum og fyrri ræður mínar voru stuttar, en ég get ekki setið hér í þingsalnum þegar þessir tveir hæstv. ráðherrar nota tíma sinn, þegar þeir eru beðnir um að svara í stuttu máli einföldum spurningum, til að hefja allsherjarárás á mig. Það er því óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að ég verji nokkuð löngu máli til þess að svara hæstv. ráðherrum, en ég bið virðulegan forseta að skilja að það var ekki minn vilji eða ætlan að tala langt mál hér í þessum umræðum frekar. Þegar ríkisstjórnin kvartar yfir því við virðulegan forseta að mál gangi seint áfram, þá minni ég forseta á það að benda ráðherrunum á þeirra eigin ræður.

Hæstv. félmrh. sagði margt í sinni ræðu og áður en ég kem að árásum hennar á mig vil ég fyrst draga það fram sem hún sagði. Í fyrsta lagi sagði hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir að hún hefði enn ekki fengið samþykktar neinar jöfnunaraðgerðir fyrir láglaunafólk innan þessarar ríkisstjórnar, en hún vonaðist til þess að það gæti kannski gerst á næstunni. (**Gripið fram í:** Með því að hæla fjmrh.) Ég mun nú koma sérstaklega að því hve elsk hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir er orðin að fjmrh. Friðriki Sophussyni. Ég er ekki viss um að það sé vitnisburður um að hann sé góður fjmrh., en það er nú önnur saga. Alla vega hefur mér heyrst að forsvarsmenn vinnumarkaðarins hafi sagt ýmislegt um húsbréfamarkaðinn og íbúðalánakerfið og áhrif þess tvenns á ófremdarástandið í efnahagsmálum og vaxtamálum og gagnrýnt hæstv. fjmrh. fyrir það hve eftirlátssamur hann hefur verið við hæstv. félmrh., en það er líka önnur saga.

Hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti því hér yfir að í lok nóvembermánaðar, þremur mánuðum eftir að hún sagði þjóðinni að skilyrðið fyrir því að hún styddi fjárlagafrv. væri það að hún fengi aðgerðir í þágu láglaunafólks samþykktar í ríkisstjórninni, að hún hefði engar slíkar aðgerðir fengið samþykktar í ríkisstjórninni. Það er mjög mikilvæg yfirlýsing. Öll þessi barátta í þrjá mánuði hefur sem sagt reynst árangurslaus enn sem komið er. Það eru fróðlegar upplýsingar fyrir þá sem trúðu orðum félmrh. í septemberbyrjun. Síðan fer hæstv. félmrh. í ræðu sinni að undirbúa láglaunafólkið í landinu undir það að þetta kunni nú ekki að takast og er byrjuð að finna afsakanir, skýringar á því hvers vegna láglaunafólkið muni ekki fá jöfnunaraðgerðir í skattamálum og öðrum brýnum lífskjaramálum á næsta ári. Hver var skýringin? Vonir um álversframkvæmdir hafa brugðist og þess vegna eru skorður við því hvaða tekjujöfnunaraðgerðir fyrir lágalaunafólk er hægt að leiða hér í lög. Með öðrum orðum: Vegna þess að iðnrh. hefur ekki tekist að tryggja álversframkvæmdir þá treystir félmrh. sér ekki til að skila jöfnunaraðgerðum fyrir láglaunafólk. Eða svo það sé orðað á annan veg, það á að koma niður á láglaunafólkinu í landinu að álversframkvæmdirnar hafa brugðist. Þetta var skýring hæstv. félmrh. hér áðan, að búa láglaunafólkið undir það að ekki yrði hægt að standa við þessi fyrirheit af því að erlendu álfyrirtækin þrjú hefðu dregið sig til baka. Ja, hvílík reisn yfir varaformanni Alþfl. Að það sé láglaunafólkið sem eigi að bera byrðarnar. Hún talaði ekki um það að nú þyrfti að koma hátekjuþrep í tekjuskattinum til þess að jafna lífskjörin vegna þess að álversframkvæmdirnar hefðu brugðist. Hún talaði ekki um það að nú yrði að skattleggja fjármagnstekjur á næsta ári vegna þess að álversframkvæmdirnar hefðu brugðist svo að hægt væri að taka upp tekjujöfnunaraðgerðir. Nei. Hún sagði ekkert af því tagi. Láglaunafólkið í landinu, segir varaformaður Alþfl., á bara að horfa á hraunið og melana á Vatnsleysuströnd þar sem ekkert gerist á næstu tveimur árum og leita þar skýringa á því hvers vegna Alþfl. ætlar ekki að koma með neinar jöfnunaraðgerðir. Er það nú barátta. Er það nú afsökun fyrir því að ætla sér hér í desember að styðja fjárlagafrv. án þess að fá nokkuð fram nema kannski 100–200 millj.

Það var þess vegna merkileg yfirlýsing hjá hæstv. félmrh. að henni hefði mistekist og hún er byrjuð að undirbúa skýringarnar með því að benda á álverið og þar með Jón Sigurðsson, flokksbróður sinn, hæstv. iðnrh., sem aðalsökudólginn. Það er hins vegar mikilvægt að fá það fram að innan þessarar ríkisstjórnar hefur enn ekki tekist neitt samkomulag um aðgerðir í þágu láglaunafólks.

Síðan sagði hæstv. félmrh. sem enn frekari skýringu á því hvers vegna henni hefði eiginlega ekki tekist neitt á þessum þremur mánuðum, þessari miklu baráttukonu, hæstv. félmrh., sem er svo ánægð með Sjálfstfl., eins og fram kom í hennar ræðu — það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi að Jóhanna Sigurðardóttir ætti eftir flytja hér sérstakar ástarjátningar til fjmrh. Sjálfstfl. — en hin skýringin var sú að verkalýðshreyfingin ætti að fá að hafa áhrif á skattamálin í tengslum við kjarasamninga. Hvers konar málflutningur er þetta? Hefur það farið fram hjá virðulegum félmrh. að forsrh., sem hún þjónar, hefur sagt hvað eftir annað að ríkisstjórnin ætti ekki að koma neitt nálægt kjarasamningunum, sagði það síðast við þjóðina eftir viðræðufund með fulltrúum Alþýðusambandisins og annarra samtaka launafólks í landinu að ríkisstjórnin yrði aukaleikari í samningagerðinni vegna þess að það væru launafólkið og samtök þeirra og atvinnurekendur sem ættu einir að semja um launin. Nú kemur félmrh. hér og segir: Það er verkalýðshreyfingin sem á að koma með þessar aðgerðir í skattamálum, ekki ég, félmrh. sem lofaði þjóðinni því í beinni sjónvarpsútsendingu í septemberbyrjun. En forsrh. segir: Verkalýðshreyfingin fær engan aðgang að þeirri umræðu.

Tillögur verkalýðshreyfingarinnar eru skýrar, hæstv. félmrh. Hverjar eru tillögur verkalýðshreyfingarinnar í skattamálum? Ég skal fara með þær hér. Þær eru í fyrsta lagi hátekjuþrep í tekjuskatti. Það er líka tillaga Alþb. Í öðru lagi skattur á fjármagnstekjur. Það er líka tillaga Alþb. Í þriðja lagi að fella niður eða minnka skattaafslátt vegna hlutafjárkaupa. Það er líka tillaga Alþb. Og í fjórða lagi að hækka skattleysismörkin. Það er líka tillaga Alþb. í þágu láglaunafólksins.

En öllum þessum tillögum, virðulegi félmrh., hefur ríkisstjórn þín nú þegar hafnað. Þetta eru tillögur sem Verkamannasambandið hefur sett fram, sem BSRB hefur sett fram, sem Alþýðusambandið hefur sett fram, sem Kennarasamband Íslands hefur sett fram, sem samtök iðnverkafólks hafa sett fram. Það þarf þess vegna ekkert að velta því fyrir sér hverjar séu óskir verkalýðshreyfingarinnar í skattamálum. Þær liggja alveg fyrir og þær eru hinar sömu og Alþb. hefur flutt tillögu um, en ríkisstjórnin hefur hafnað. En vegna þess að hæstv. félmrh. lýsti því yfir hér áðan að það ætti að fara að tillögu verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum, þá er óhjákvæmilegt að spyrja hana: Hverja af þessum tillögum sem ég hef nú lýst ætlar hún og ríkisstjórnin að samþykkja? Er það hátekjuþrep í tekjuskatti? Er það skattur á fjármagnstekjur? Er það minnkun á afslættinum vegna hlutafjárkaupa, sem fjmrh. hefur nú þegar neitað að verði minnkaður? Er það hækkun skattleysismarka, eða hvað er það?

Þegar hæstv. félmrh. hafði komið þessu til skila hefði kannski verið auðveldast til að greiða fyrir umræðunni að láta þar staðar numið. En það var ekki gert. Í staðinn fór hæstv. félmrh. að lýsa því hvernig ég sem fjmrh. hefði komið illa fram við hana og láglaunafólkið í landinu og væri nú einhver munur á því hvað hæstv. núv. fjmrh., Friðrik Sophusson, væri mikill vinur láglaunafólksins í landinu. Hann hefði reynst miklu meiri vinur láglaunafólksins í landinu, hæstv. núv. fjmrh. heldur en ég. Og það merkilega var að hæstv. félmrh. virtist vera alvara.

Hæstv. félmrh. nefndi umræður í tíð síðustu ríkisstjórnar um framlög til félagslegs húsnæðis. Það væri vel þess virði að fara í gegnum þá umræðu nú því að hver var krafa hæstv. núv. félmrh. í síðustu ríkisstjórn í þeirri umræðu? Jú, ég skal greina frá því hver hún var. Hún var sú — og hlusti nú námsmenn á Íslandi — að Lánasjóður ísl. námsmanna yrði skorinn niður. Hæstv. félmrh. neitaði að ræða fjármögnun til félagslega íbúðakerfisins nema gengið yrði að því skilyrði að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna yrðu skorin niður. Þessi krafa hennar stóð viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, og það endaði með því, til þess að koma til móts við félmrh., að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna voru skorin niður. Og ég bið hæstv. fjmrh. að hlusta á það hér vegna þess að hæstv. fjmrh. gerði það að einu af ásökunarefnum hans í minn garð í ræðu sinni hér áðan að fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna hefði ekki verið tryggt nægilega í fjárlögum yfirstandandi árs. Ein af skýringunum, hæstv. fjmrh., er að félmrh. gerði kröfu um það í síðustu ríkisstjórn að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna yrðu skorin niður. Það var krafa félmrh. um að skera niður framlögin til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem er ein af skýringunum á því hvers vegna framlagið var minnkað í fjárlögum núverandi árs.

Ég hef heyrt hæstv. félmrh. hæla sér af því utan þings að árið í ár skeri sig úr hvað það snertir hve margar félagslegar íbúðir hafa verið byggðar. Og væri nú vel þess virði fyrir virðulegan félmrh. að fara í gegnum það hér í ræðustólnum hversu margar félagslegar íbúðir voru byggðar á þeim árum þegar ég gekk frá fjárlagafrv., þar með talið árið í ár, og þegar formaður Alþfl. var fjmrh. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. lýsi þeim samanburði hér í ræðustólnum.

Hins vegar verð ég að segja það að ég kunni með vissum hætti að meta það að virðulegur félmrh. lýsti því að ég hefði reynst nokkur harður fjmrh. og erfiður viðureignar, núv. fjmrh. væri miklu linari og auðveldari viðureignar í núv. ríkisstjórn. Ég er ekki viss um að það séu meðmæli fyrir fjmrh. því að auðvitað er það verkefni fjmrh. að vera harður í horn að taka og láta ekki fjárfreka ráðherra sækja allt of mikið í hinn sameiginlega sjóð. (Gripið fram í.) Ja, félmrh., hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að lýsa því áðan að núv. hæstv. fjmrh. hefði verið miklu samvinnufúsari að ákveða útgjöldin heldur en ég. Þó hefur manni skilist að það hafi verið ein helstu meðmælin sem Sjálfstfl. ætlaði sér í núv. ríkisstjórn að honum væri best treystandi til þess að skera niður útgjöldin.

Síðan fór virðulegur félmrh. að ræða framlögin í Framkvæmdasjóð fatlaðra og það var nú ekki stórmannlegt, virðulegi félmrh. Líður hæstv. félmrh. virkilega svona illa í núv. stjórnarsamstarfi að hún þurfi að grípa til þess til að verja sig og réttlæta það fyrir sjálfri sér og þjóðinni að hún sitji frekar með þessum mönnum en okkur að gera því skóna hér í ræðustólnum að ég hafi verið sérstaklega vondur við fatlað fólk, með

sérstakan illvilja í garð fatlaðra í tíð síðustu ríkisstjórnar? Ef það mætti nú ekki misskilja það, þá hefði ég sagt að þetta hefði verið tilraun hæstv. félmrh. til að gefa mér högg undir belti. En af því að það má misskilja þá samlíkingu þá ætla ég ekki að nota hana formlega hér.

Hitt er alveg ljóst að þær upphæðir sem hæstv. ráðherra fór hér með endurspegla ekkert í þessum efnum. Því eins og allir vita varð á þeim árum sem hún fór hér yfir mikið tekjufall í heildartekjum ríkissjóðs og það var eðlilegt að allar upphæðir yrðu að taka mið af því tekjufalli. Mér finnst það hins vegar vera fyrir neðan virðingu virðulegs félmrh. að koma með röksemdir af þessu tagi, vegna þess að hún veit mætavel að sú vinnuregla gilti að mestu leyti við fjárlagagerð í tíð þeirrar ríkisstjórnar eins og við fjárlagagerð í tíð núv. ríkisstjórnar að einstakir fagráðherrar hefðu afgerandi ákvörðunarvald um það hvernig þeim upphæðum sem komu í hlut þeirra ráðuneyta væri skipt. Það var þess vegna hæstv. félmrh. sjálf sem tók þær ákvarðanir í tíð síðustu ríkisstjórnar að lækka framlögin í Framkvæmdasjóð fatlaðra og hækka frekar eitthvað annað, vegna þess að fjmrn. í sjálfu sér gerði ekki mikinn greinarmun á því ef heildarupphæðin sem í félmrn. fór stóðst áætlanirnar sem settar voru fram. Það var almenn vinnuregla þá eins og nú að verkefni fjmrh. væri fyrst og fremst að tryggja heildarmat ríkisútgjaldanna og skiptingu þeirra milli einstakra ráðuneyta en það félli síðan í hlut einstakra ráðherra að ákveða skiptinguna innan ráðuneytanna. Það er þess vegna fullkomlega út í hött og sýnir best hve illa málið er komið ef hæstv. félmrh. er nú að fría sig algerlega ábyrgðinni á því hvernig hún kaus að skipta því heildarfjármagni sem hún fékk í sinn hlut á síðustu árum. Um það væri hægt að hafa mörg fleiri orð en ég ætla ekki að gera það nú.

Hæstv. fjmrh. — *og ég óska eftir að hann sé sóttur*, virðulegi forseti. (**Forseti:** Hann hefur trúlega ekki farið langt.) Nei, nei ég treysti því. — Hæstv. fjmrh. flutti hér ræðu sem var að því leyti keimlík ræðu hæstv. félmrh. að í stað þess að halda sig við tiltölulega skýr og stutt svör við þeim spurningum sem fram voru bornar kaus ráðherrann að hefja árás á mig. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur nú þegar afgreitt það með mjög snyrtilegum hætti og bent hæstv. fjmrh. á að það er lítil vörn fyrir hann í því að þykjast vera að gera nákvæmlega það sama og ég, en fordæma um leið það sem ég átti að hafa gert samkvæmt hans eigin lýsingu. Mér finnst merkilegt að verða vitni að því hér að hæstv. fjmrh. flytur þá tilvitnun í ræðu mína frá þinginu 1987–1988, ef ég man rétt, sem hann fór oftast með á síðasta kjörtímabili mér til háðungar og skammar og notar þá tilvitnun nú til þess að réttlæta sjálfan sig. Það má segja að enginn veit sína ævina fyrr en öll er, hæstv. fjmrh. Að svo illa skuli vera komið að hann þurfi að grípa til þeirrar tilvitnunar sem hann notaði oftast á síðasta kjörtímabili, til árása á síðustu ríkisstjórn, og segja nánast, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson benti á: Ja, ég er nú ekkert verri en fyrrv. fjmrh. sem hagaði sér svona, og lýsti því svo.

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að ég gagnrýndi matarskattinn, Alþb. gagnrýndi matarskattinn mjög rækilega. Það vita hins vegar allir að Alþfl., sérstaklega formaður Alþfl., hafnaði því að matarskatturinn yrði lagður niður. Við sögðum það alveg skýrt, forustumenn Alþb., þegar við gengum inn í síðustu ríkisstjórn að við gerðum okkur grein fyrir því að þeirri kröfu okkar hefði verið hafnað. Við höfðum ekkert að fela í þeim efnum. Það var algjörlega uppi á borðinu. Það kom ekki fram einhvern tímann í þinginu eins og er að gerast hér og nú með skattinn af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, það var sagt strax við stjórnarmyndun. En við bættum við: Við munum hins vegar reyna að leita samkomulags í tíð þeirrar ríksstjórnar til að lækka skattlagningu á matvæli. Og það tókst, hæstv. fjmrh. Okkur alþýðubandalagsmönnum tókst að ná fram þeirri málamiðlun innan síðustu ríkisstjórnar að skattlagning á matvæli var minnkuð um það sem er að núgildi 2–3 milljarðar. Ég er ekki með töluna nákvæmlega hér í höndum en hún er af þeirri stærðargráðu. Og hvernig var sú málamiðlun? Jú, hún var á þann veg að þegar virðisaukaskattur var tekinn upp var ákveðið að fella inn í virðisaukaskattskerfið sérstakar endurgreiðslur á algengustu matvælum, innlendum matvælum, til að tryggja að á þeim væri ígildi u.þ.b. helmings þeirrar skattlagningar sem áður var. (**Fjmrh.:** Það er ekki rétt, því það hafði verið gert árið áður.) Það hafði ekki verið gert árið áður, hæstv. fjmrh., og út í það er hægt að fara með hæstv. fjmrh. hér utan ræðutímans vegna þess að ég ætla ekki að tefja þingið á að fara með ráðherranum í gegnum tæknilegar útskýringar af því tagi. Sönnunin fyrir því að það hafði ekki verið gert áður, hæstv. fjmrh., var að 1. jan. 1990, þegar virðisaukaskatturinn tók gildi, lækkuðu matvælin í verði. Það var nú sönnun þess að það hafði ekki verið gert áður. Því ef það hefði verið gert áður þá hefðu *matvælin* ekki lækkað 1. jan. 1990, en þau gerðu það. Sjálfstfl. stóð hér í ræðustólnum í nóvember og desember 1989 og spáði því að þau mundu síðan hækka strax aftur sem þessu næmi, en það gerðist ekki. Matvælaverðið reyndist *nánast óbreytt í eitt og hálft ár* eða þar til ríkisstjórnin fór frá. Það er því alveg ljóst að við stigum umtalsvert skref sem nemur 2–3 milljörðum til lækkunar á skattlagningu matvæla eftir að Alþb. tók við fjmrn. Og ég var þakklátur samstarfsmönnum mínum í síðustu ríkisstjórn, m.a. formanni Alþfl. og núv. hæstv. utanrrh., sem ég vissi að átti erfitt í þessu máli, vegna þeirrar gerningahríðar sem á honum stóð vegna matarskattsins, að þeir skyldu taka þátt í þessari málamiðlun. Hún náðist m.a. á ágætum næturfundi sem við sátum á, ef ég man rétt, m.a. ég og hv. þm. Halldór Ásgrímsson sem hér er í þingsalnum.

Hæstv. fjmrh. ætti þess vegna ekki að halda hér margar ræður um matarskattinn sem einhverja réttlætingu fyrir því að hann er að svíkja öll kosningaloforð Sjálfstfl. Ef hann ætlaði að fylgja okkar fordæmi þá ætti hann nú þegar að hefjast handa um lækkun skatta af þeirri stærðargráðu sem við knúðum fram á skattlagningu matvæla.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. veitti engin svör við

þeirri spurningu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar hvernig ríkisstjórnin ætlaði að hækka tekjuskattinn.

Nú er um helgina 1. des. um allt land. (**ÖS:** Og víðar.) Og víðar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (Gripið fram í.) Já, já, og líka í fjmrn. (**Gripið fram í:** Líka í Alþfl.) Nei, það er ekki víst að það sé 1. des. í Alþfl., það er lítið um hátíðisdaga þar þessa dagana. Samkvæmt starfsáætlun þingsins, þeirri sem á að fara eftir og okkur er gert skylt að fara eftir, og stjórnarmeirihlutinn hér á þingi var svo bjartsýnn að hann gaf þinginu frí í viku frá þingstörfum fyrr í haust. (**ÖS:** Það byrjaði viku fyrr.). Hvað er þetta með hv. þm. Össur Skarphéðinsson? Hann kemur alltaf hér í þingsalinn með svona almennar „bemærkningar". En ég tek þeim vel og þakka fyrir þær. Ég er hins vegar ekki enn byrjaður að ræða þessar tillögur í efnahagsmálum sem þingmaðurinn lét birta eftir sig í DV á laugardaginn þar sem hann var myndaður annars vegar með steyttan hnefa og hins vegar tillögur í efnahagsmálum, (Gripið fram í.) í því sem á myndamáli er kallað „close up". Vill ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson gera þinginu grein fyrir þessum tillögum sínum í efnahagsmálum fyrst hann er mættur hér í salinn og getur varla haldið aftur af sér af löngun til að blanda sér í umræðurnar? Það væri a.m.k. fróðlegt fyrir okkur hina að vita hvernig gengur að fá þær fram, fyrst í Alþfl. og svo í ríkisstjórninni. — En þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson greip hér fram í fyrir mér var ég að benda á þá staðreynd að samkvæmt starfsáætlun þingsins á að ljúka þingstörfum, ef ég man rétt, 14. des. (**Gripið fram í:** Eða 16. des.) Nei, ég held að það sé 14. des., það er kannski rétt að gá að því. — Jú, það er 14. des., sýnist mér, laugardagur. Látum vera þó að það teygist fram á mánudaginn 16. des. En samkvæmt starfsáætluninni er það 14. des., er það ekki forseti? (**Forseti:** Jú.) Jú, forseti viðurkennir það. Hæstv. fjmrh. segir að það verði ekki fyrr en í næstu viku, í næstsíðustu viku fyrir jólahlé, sem ríkisstjórnin „væntanlega", sagði ráðherrann, kemur hér með tillögur sínar í skattamálum. Og hæstv. fjmrh. ætlast til þess að þingið afgreiði þá á rúmri viku hækkun á tekjuskatti og ýmislegt annað. — (Gripið fram í.) Þið eruð kannski að semja um skilyrðin sem hv. þm. lýsti hérna áðan. Þau voru nokkuð mörg, hæstv. fjmrh. Hvernig ganga samningarnir? (**Fjmrh.:** Vel.) Þeir ganga vel, jæja. (**VE:** Það er búið að semja.) Eruð þið búnir að semja? Og er þá fjmrh. búinn að samþykkja öll skilyrðin, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. (**Forseti:** Ekki samtal.) Ég er að reyna að tala við fjmrh. héðan úr ræðustól en ég hef fullan skilning á að þessir samningar þurfi að fara fram þannig að ég er alveg reiðubúinn að bíða eftir því að þeir haldi áfram. — Hæstv. fjmrh. Ég vil aðeins benda á það að á síðasta þingi og ég held einnig næstsíðasta þingi, alla vega var það þingið 1989–1990 sem páv. þm. Friðrik Sophusson gagnrýndi það af mikilli hörku að skattafrv. páv. ríkisstjórnar væru ekki komin fram fyrir desemberbyrjun. Og ef ég man rétt ætlaði hann að neita að afgreiða þau hér á þinginu fyrst svo væri. Ég vil aðeins minna hæstv. fjmrh. á að það er kannski líka á þessu sviði sem hann verður að fara að draga sín fyrri orð til baka. En um það ætla ég ekki að segja fleira hér og nú, en vil aðeins vekja athygli á því að það verður ekki nema rúm vika eftir af starfsáætlun þingsins þegar ríkisstjórnin loksins kemur með aðalfylgifrv. fjárlaganna hér inn í þingið. — Mætti ég, virðulegi forseti, fá lánaða starfsáætlun þingsins hjá forsetanum?

Í starfsáætlun þingsins kemur fram að ætlunin er að 2. umr. um fjárlagafrumvarpsins fari fram á þriðjudaginn kemur, 3. des. Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að aðalfylgifrumvarp fjárlagafrumvarpsins verði ekki komin fram þá eða verði kannski komin þann dag. Ég vil þess vegna nú þegar, virðulegi forseti, beina þeim tilmælum eindregið til forseta og ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir því að það er ekki hægt að láta 2. umr. fjárlaga fara fram án þess að meginfylgifrumvörp fjárlagafrv. hafi a.m.k. komið til 1. umr. Ég ætla ekki að segja meira um það á þessu stigi en vil aðeins vekja athygli á því að ríkisstjórnin er að stefna meðferð mála hér í þinginu í fullkomna óvissu með þessum vinnubrögðum, þessum drætti, þessu aðgerðarleysi og þessum deilum. Það er því nauðsynlegt að hefja þegar endurskoðun á þessum tveimur síðustu þingvikum í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. gaf hér áðan.

Hæstv. fjmrh. sagði að engin ákvörðun hefði verið tekin í ríkisstjórninni um að breyta aðstöðugjaldinu, sagði síðan í seinna svari sínu að núv. stjórnarflokkar væru að vísu sammála því að breyta aðstöðugjaldinu í núverandi mynd. „Í núverandi mynd", sagði hæstv. fjmrh. Málið hefur, hæstv. fjmrh., ekki snúist um það. Málið hefur snúist um það að leggja aðstöðugjaldið niður, ekki breyta því í núverandi mynd heldur bara taka það burt algjörlega. Ég verð að segja eins og er að þau svör sem hæstv. félmrh. gaf hér í síðustu viku þegar borin var fram fsp. sem mig minnir að hafi komið fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, ef ég man rétt, og það kann þó að vera misminni, (**Gripið fram í:** Hann tók þátt í umræðunni.) en hann tók þátt í umræðunni. Þá var ekki hægt að skilja hæstv. félmrh. undir lok þeirra umræðna á annan veg en þann að það væri stefna ríkisstjórnarinnar að leggja aðstöðugjaldið niður. — Og nú kinkar hæstv. félmrh. kolli brosandi á svip og segir þar með með táknmáli sínu að það sé rétt lýsing. — En það var bara ekki það sem hæstv. fjmrh. sagði hérna áðan. Hæstv. fjmrh. sagði að það eina sem yrði gert væri að breyta aðstöðugjaldinu í núverandi mynd. Það getur þýtt ýmislegt. Það getur þýtt að lækka það, það getur þýtt að leggja það á einhvern annan stofn. Það getur þýtt að breyta hlutfalli þess milli atvinnugreina, (**HÁ:** Hækka það.) og að sjálfsögðu að hækka það líka, en það er af kurteisi við fjmrh. sem ég nefni ekki þann möguleika. En það er að vísu alveg rétt hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, sem er greinilega aðeins illgjarnari í garð hæstv. fjmrh. en ég, að hann reiknar með því að yfirlýsing fjmrh. geti líka þýtt það að ríkisstjórnin ætli sér að hækka aðstöðugjaldið. Hæstv. félmrh. verður því bara að horfast í augu við þá staðreynd að orðum hennar og hæstv. fjmrh. ber engan veginn saman. Og væri nú nauðsyn-

legt að fá svör við því hvor hefur rétt fyrir sér, fjmrh. eða félmrh.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. kaus einnig að setja hér á nokkurt mál þess efnis að það væri svo voðalega vondur viðskilnaður hjá okkur sem vorum í síðustu ríkisstjórn. — Stór hluti af þeirri ríkisstjórn er nú með hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni. (Gripið fram í.) Skásti hlutinn, segir hæstv. fjmrh., og er ánægður með húsbréfakerfið og áhrif þess á vaxtapólitíkina og efnahagslífið. Ég óska honum til hamingju með það. Þeir eru ekki eins ánægðir í atvinnulífinu, hæstv. fjmrh. — Og þess vegna væri ekki hægt að lækka skattana og standa við kosningaloforð Sjálfstfl.

Ég vil minna hæstv. fjmrh. á það að þegar ég tók við fjmrn. í septemberlok 1988, þá stefndi í það sem varð að fjárlagahallinn, sem skilinn var eftir af þeim fjárlögum sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, ríkisstjórn sem hæstv. núv. fjmrh. var í, skildi eftir sig, *næmi 13–14 milljörðum að núgildi. Þess vegna er það* auðvitað á engan hátt frambærilegt að færa það fram sem afsökun fyrir því að Sjálfstfl. svíki sín kosningaloforð að þeir hafi ekki vitað hvernig ástandið var á *undanförnum árum í ríkisfjármálum. Og vegna þess* sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði, að Sjálfstfl. hefði í kosningabaráttunni ekki lofað að lækka skatta — og bið ég nú hv. þm. að hlusta á það — þá vil ég benda hv. þm. að heimsækja höfuðstöðvar Sjálfstfl., Valhöll. Þar getur hann fengið rit sem gefið var út nokkrum mánuðum fyrir kosningar þar sem frambjóðendur Sjálfstfl. til alþingiskosninga í Reyjavík svöruðu spurningunni hvort þeir lofuðu að afnema alla þá skatta sem þáv. ríkisstjórn setti á. (**VE:** Þetta hefur ekki náð norður yfir heiðar.) Nei, það er alveg rétt, hv. þm. Þetta náði ekki norður yfir heiðar. Það er alveg rétt. Það var annar Sjálfstfl. norðan heiðar en sunnan heiðar. Það er alveg rétt. (**Gripið fram í:** Er nokkurt Verslunarráð þar?) Það er ekkert verslunarráð norðan heiðar en það er hér í Reykjavík. (**VE:** Við bætum úr því.) Hv. þm. ætlar að bæta úr því. Ég er nú ekki viss um að Norðlendingar verði mjög hrifnir af því. En það sem ég ætlaði að benda þingmanninum á er að allir þingmenn Sjálfstfl. sem hér sitja í þingsalnum, nema hv. þm. Geir Haarde og ég virði hann alltaf fyrir það, allir þingmenn Sjálfstfl. úr Reykjavík sem sitja hér í þingsalnum með forsrh. og fjmrh. í fararbroddi lofuðu kjósendum Sjálfstfl. í Reykjavík skriflega að afnema alla þessa skatta. Svar forsrh. var einfaldlega já við spurningunni. Og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson bætti um betur og sagði: Já, ég ætla að afnema alla þessa skatta og ég ætla líka að afnema alla skattana sem lagðir voru á í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. (**Gripið fram í:** Strax?) Já, þetta átti nefnilega að verða verkefni ríkisstjórnarinnar, þeirrar nýju sem átti að mynda. Hv. núv. þm. Geir Haarde var hins vegar sá eini sem gekkst ekki undir þetta heit, enda dúnkaði hann niður á listanum og var refsað sérstaklega fyrir það af kjósendum Sjálfstfl. í Reykjavík að lofa því ekki að afnema alla skattana. Það er því alveg ljóst, og ég bið þingmanninn að ná sér í þetta rit, ég get að vísu lánað honum eintak ef hann óskar eftir, að það liggja fyrir skrifleg loforð allra þingmanna Sjálfstfl. í Reykjavík, nema Geirs Haarde, að lækka skattana.

Ég vil hins vegar að lokum, virðulegi forseti, þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrir góð orð í minn garð. Það er alveg rétt hjá honum, við áttum gott samstarf þegar ég var fjmrh. til þess að hrinda í framkvæmd margvíslegum hagsmunamálum og ég tek eftir því að það eina sem hann getur talið núv. hæstv. fjmrh. til tekna það sem af er eru verk sem voru komin vel á veg þegar ég var í fjmrn. og hæstv. núv. fjmrh. hefur ekki stoppað heldur tryggt að næðu fram. Fyrir þessi góðu orð vil ég þakka.

Hins vegar sagði hv. þm. að hann væri enn að safna þreki til þess að styðja þennan skatt og það mundi hjálpa til, það voru hans óbreyttu orð, ef framfaramál næðust fram sem hafin voru störf við þegar 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, var fjmrh. Það getur sem sagt hjálpað þingmanninum til að ganga gegn *sannfæringu sinni í þessu máli ef núv. hæstv. fjmrh.* ætlar að hrinda í framkvæmd þeim verkum sem hafin voru í tíð minni. Undir lok ræðu sinnar nefndi hv. þm. þessi atriði enn á ný sem skilyrði, það voru hans *óbreyttu orð, skilyrði fyrir því að hann samþykkti* þennan skatt.

Ég vil svo að lokum taka undir með þingmanninum um að það var eins með mig og hann að ég átti voðalega erfitt með að skilja hvers vegna þyrfti að geyma þessa kassastrimla í sjö ár og ræddi það oft við embættismenn ráðuneytisins, en það var sæst á þá málamiðlun innan ráðuneytisins að þetta yrði skoðað þegar virðisaukaskatturinn væri búinn að vera í gildi í svona eitt til tvö ár og væri eitt af þeim atriðum sem ætti að taka upp. Og sama gildir um fjölda þeirra sölunóta sem hv. þm. nefndi.

Virðulegi forseti. Það lýsir kannski best ræðu forsrh. að ég hef ekki enn þurft að víkja að henni nokkru orði í þessari ræðu. Enda er forsrh. ekki í salnum og erfitt að gera sér grein fyrir því hvar hann er. En hann var greinilega eitthvað að kvarta undan því hér í ræðu sinni að ég hefði verið að lýsa Alþb. reiðubúið til stjórnarmyndunarviðræðna og mátti kenna nokkurn ótta í máli hæstv. forsrh. Ég óskaði eftir því, hann notaði þau orð sem ég ætla hér að fara með, að hann vildi „fá að heyra við hverja ég væri að tala um stjórnarmyndun." (**Gripið fram í:** Það er ekki óeðlilegt.) Mér finnst nú einum of mikils til ætlast af hæstv. forsrh. að ég fari að rekja það hér í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Hann er formaður stærsta þingflokksins.) Ég vil hins vegar þakka honum fyrir hamingjuóskir í minn garð sem hann flutti í sinni ræðu og óskaði mér til hamingju með endurkjör sem formaður Alþb. á nýafstöðnum landsfundi. Ég þakka fyrir það. Það verður svo að koma í ljós eftir 1½ ár hvort ég þarf að óska honum til hamingju með endurkjör á landsfundi Sjálfstfl. eða hvort það verður einhver annar sem þá verður kjörinn þannig að við munum bíða með að svara þeim hamingjuóskum í sömu mynt þar til ljóst verður hver kosinn verður.

Hitt er hins vegar aðalatriðið, virðulegi forseti, að forsrh. svaraði engu um það hverjir það væru í þing-

liði Sjálfstfl. sem ætluðu sér að styðja þetta frv. Hæstv. forsrh. svaraði því ekki. Hann gat það ekki. Hann sagði það hér að það væri traustur meiri hluti fyrir meðferð málsins — og átti þá við að þeir stjórnarandstöðuflokkar sem áður hafa stutt þennan skatt mundu væntanlega gera það enn. Ég verð þess vegna enn, virðulegi forseti, að lýsa eftir svörum frá hæstv. forsrh., hverjir það eru í þingliði Sjálfstfl., og kannski Alþfl. en mín spurning var fyrst og fremst um þinglið Sjálfstfl., sem hafa lofað skilyrðislausum stuðningi við þetta frv. Það svar kom ekki og það er enn á ný lýst eftir því.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er merkilegt að þetta er eina tekjuöflunarfrv. sem fram er komið og svo langt er liðið á þingtímann fyrir jól að það eru tæpar þrjár vikur eftir og hver vikan líður hratt. Það er því eðlilegt að við í stjórnarandstöðunni spyrjum hver sé skattastefna ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið inntak þessarar umræðu. Menn hafa krafist þess að fá að vita hver sú heildstæða stefna sé. Það er skemmst frá því að segja að fátt hefur verið um svör. Hér hafa þrír hæstv. ráðherrar tekið til máls í dag og það er náttúrlega ekki hægt að bjóða þingheimi upp á það að ræða hæstv. forsrh., þegar hann er krafinn um skattastefnu ríkisstjórnarinnar, fjalli um landsfund Alþb. Það er náttúrlega ekki hægt að sitja undir þessu. Frá landsfundi Alþb. á að segja í fréttum. Það er hlutverk fréttastofu útvarps og sjónvarps að segja frá honum, með allri virðingu fyrir þeim flokki. En svör hæstv. forsrh. hér á Alþingi þegar hann er krafinn sagna um stefnu ríkisstjórnarinnar eru ekki vettvangur til að ræða um landsfund Alþb.

En það er fleira merkilegt í þessari umræðu. Hér er fjallað um álagningu skatts á eina atvinnugrein í landinu. Ég hef fylgt þessari álagningu hingað til, samþykkt hana í gegnum tíðina og vegna þess að ég hef talið að hún gæti kannski dregið úr því fjárfestingarkapphlaupi sem er í þessari atvinnugrein. Hún hefur að vísu ekki dregið úr því, en hér ber nú vel í veiði að hafa framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands til að ræða um þessi mál og það er því eðlilegt að til hans sé beint spurningum varðandi þennan skatt, enda hefur hann, hv. 5. þm. Norðurl. v., tekið þátt í þessari umræðu. Hann hefur að vísu tilkynnt það að hann eigi erfitt með að samþykkja þennan skatt og sagt að það verði að vera háð nokkrum skilyrðum. Og hver skyldu þau skilyrði vera? Hver skyldu vera aðalvandamálin í þessari atvinnugrein? Jú, það eru nótur í þríriti og geymsla fyrir rúllur úr búðarkössum. Þetta eru aðalvandamálin í versluninni. Ég er kunnugur landsbyggðarverslun en við eigum þar við stærri vandamál að etja en þau hvort nótur eru í tvíriti eða þríriti. Mér finnst þetta dálítið einkennilegt. Ég átti von á því að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins mundi krefjast þess að aðstöðugjald væri fellt niður af versluninni í landinu. Hann mundi bætast í hóp þeirra sem ætla að styðja hæstv. félmrh. í því að fella niður aðstöðugjaldið. (**VE:** Það stendur ekkert á því.) Það stendur ekkert á því. Það var verðmæt yfirlýsing. Takið eftir. Þar er framkvæmdastjóri Verslunarráðsins búinn að lýsa því yfir að hann muni bætast í hóp þeirra sem berjast fyrir því að fella niður aðstöðugjaldið.

En það er ekki allt sem sýnist í þessu og hv. stjórnarliðar hafa verið efins enda kom það fram hjá hæstv. fjmrh. áðan að ríkisstjórnin hefur ekkert ákveðið og fer undan í flæmingi í þessum efnum. Það hefur m.a. verið rakið af síðasta ræðumanni. Síðasta fimmtudag voru þessi mál til umræðu hér á Alþingi, niðurfelling aðstöðugjalds, og einn af stjórnarliðum sem var í vafa, vafalaust um vilja sinnar eigin ríkisstjórnar í þessum efnum, spurði hæstv. félmrh.: „Er þess að vænta að félmrh. leggi fram stjfrv. um niðurfellingu aðstöðugjalds?“ Hæstv. félmrh. svaraði þessu en af því að ég ætla ekki að tefja þingstörf þá mun ég ekki lesa svar hæstv. félmrh. að öðru leyti en því að hún sagði, með leyfi forseta: „Virðulegi forseti. Með vísun til þess sem ég hef rakið svara ég fyrirspurninni játandi.“ — Fyrirspurnin snerist um hvort þess yrði að vænta að lagt yrði fram stjfrv. um niðurfellingu aðstöðugjalds.

Hv. 8. þm. Reykn. skaut sér inn í þessa umræðu og taldi hæstv. félmrh. ekki öfundsverðan af því hlutverki að reyna að knýja fram innan núv. ríkisstjórnar ákvörðun um þetta. En fyrirspyrjandi, hv. 5. þm. Reykn., Árni R. Árnason, var harla feginn og sagði: „Ég þakka hæstv. félmrh. svör við fyrirspurninni og þarf ekki að ítreka hver þau voru, efnislega jákvæð.“ Þessi hv. þm. virðist draga andann léttar.

En eins og kom fram hér áðan þá verst hæstv. ríkisstjórn allra frétta í þessum efnum. Það virðist eiga að draga ákvörðun í þessu máli á langinn. Hve lengi? Það hefur ekkert komið fram um það. Hér hefur þó komið fram í framhaldi frá hv. 5. þm. Norðurl. v., sem er framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, að hann vill berjast fyrir þessu og ég vona að hv. þm. staðfesti þetta úr ræðustól í þessari umræðu.

Ég veit að hæstv. félmrh. hefur fyrir löngu séð hvers lags óréttlæti er falið í aðstöðugjaldinu fyrir sveitarfélögin í landinu. Þess vegna er hæstv. félmrh. að berjast fyrir þessu máli. Spurningin er: Ætlar ríkisstjórnin að fara inn í Evrópskt efnahagssvæði með þetta aðstöðugjald? Eiga hagsmunir Reykjavíkurborgar að ganga fyrir þjóðarhagsmunum að þessu leyti? Er það tilfellið? Ég vona að svör fáist. Ég vil tala skýrt í þessu efni af því að þessi tekjustofn er ótéttlátur, hann þekkist hvergi í nágrannalöndunum og hann mismunar byggðarlögum. Það óréttlæti eykst hröðum skrefum eftir því sem samgöngur batna í landinu og þjónusta færist saman. Af því leiðir að staðir sem mesta þjónustu hafa innan sinna marka eru ofan á og raka til sín í skjóli vaxandi viðskipta. Óhjákvæmilegt er að ræða þetta mál þegar rætt er um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Auðvitað verða menn að ræða þessi mál í samhengi. Og það er ekki boðlegt að hæstv. ráðherrar komi hér í ræðusól og tali eins og véfrétt um þessi efni. Ég undanskil þó hæstv. félmrh. Hann hefur talað skýrt, hann vill fella þetta gjald niður en hæstv. fjmrh. hefur varist allra frétta en verið þó málefnaleg-

ur í sinni umræðu. En hæstv. forsrh. talar um landsfund Alþb. þegar þessi mál ber á góma.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé, í tilefni af ýmsu því sem fram kom í ræðu hv. 8. þm. Reykn., að segja hér nokkur orð þó ekki sé nema til að bera af sér sakir vegna þess að ýmislegt sem fram kom í máli hv. þm. var beinlínis rangt.

Hv. þm. byrjaði á að segja að ég og hæstv. fjmrh. hefðum hafið umræðu um mál sem ekki væri á dagskrá og ekki ætti að vera til umræðu. Ég vil minna hv. þm. á að það var hv. þm. sjálfur sem hóf að ræða mál sem snerti ekki það sem hér var til umræðu, þ.e. skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en beindi til mín ákveðnum spurningum varðandi tekjujöfnunaraðgerðir.

Ég vil í fyrsta lagi segja að fyrrv. fjmrh. ætti ekki að koma á óvart þó ég segi hér að það hljóti að setja ríkissjóði ákveðnar skorður þegar fyrirsjáanlegt er að hann verður fyrir tekjutapi svo nemur a.m.k. einum milljarði á næsta ári og það setji honum ákveðnar skorður t.d. varðandi aðgerðir sem ríkisstjórnin vildi grípa til í sambandi við tekjujöfnun til láglaunahópanna. Ég vil líka mótmæla því sem fram kom hjá hv. þm. þegar hann lét beinlínis að því liggja að ég hefði sett fram í ríkisstjórninni tillögur um lækkun á framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra eða til þess málaflokks. Ég hef aldrei nokkurn tímann, hv. þm., lagt fram tillögur um lækkun í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ekki eina einustu tillögu í ríkisstjórn. Þær tillögur sem settar voru fram af félmrn. allar götur frá því ég settist í stól félmrh. voru í þá veru að Framkvæmdasjóður fatlaðra héldi þeim tekjustofnum sem hann á að hafa samkvæmt lögum. Allar tillögur um niðurskurð komu því frá fjmrn. og fjmrh. Ég skora á hv. þm. að færa sönnur á mál sitt, vegna þess að hann fer með rangt mál, og tilgreina það hvenær ég hef í ríkisstjórn lagt fram tillögur um niðurskurð á framlögum í þennan málaflokk fatlaðra.

Hv. þm. nefndi það hér að öllum ætti að vera ljóst hverjar áherslur verkalýðshreyfingarinnar væru varðandi kjaramál og tekjujöfnunaraðgerðir. Hann nefndi hækkun á skattfrelsismörkum, húsaleigubætur, fjármagnstekjur o.s.frv. Ég er ekki viss um að algjör eining sé um það innan verkalýðshreyfingarinnar til hvaða aðgerða á að grípa í sambandi við tekjujöfnunarþáttinn. Ég hygg að alls ekki sé eining um hvað eigi að hafa forgang; húsaleigubætur, sakttfrelsismörk, millifærsla á persónuafslætti svo eitthvað sé nefnt sem hefur verið til umræðu. Og ég hygg að alls ekki sé eining um hvort hækkun á skattleysismörkum eða húsaleigubætur skili sér best til láglaunafólks. Ef tekjujöfnunaraðgerðir koma til þá er nauðsynlegt að samráð sé haft við verkalýðshreyfinguna og að hún hafi skoðun á því og leggi mat á það hvaða aðgerðir skila sér best til láglaunafólks. Varðandi skatt á fjármagnstekjur sem hv. þm. nefndi þá er alveg ljóst að ríkisstjórnin stefnir að því að taka upp skatt á fjármagnstekjur og ég á von á því að frv. um það efni verði lagt fram á þessu þingi.

Varðandi aðgerðir sem hv. þm. nefndi, t.d. til að draga úr skattaívilnunum hjá fyrirtækjum, þá er ég honum sammála um að það verður að skoða það mál alveg sérstaklega. Ég hygg að ríkisstjórnin hafi fullan hug á að skoða ýmsar aðgerðir sem snúa að þeim þætti. Ég tel t.d. mjög brýnt að það sé skoðað að fyrirtæki geta nýtt sér í miklum mæli rekstrartap frá fyrri árum til skattafrádráttar. Uppsafnað rekstrartap frá fyrri árum er kannski 60–70 milljarðar. Það geta fyrirtæki nýtt sér t.d. til þess að minnka tekjuskatt hjá sér. Ég tel að það mál eigi að skoða sérstaklega. Ég hygg að ríkisstjórnin hafi hug á því að skoða ýmsa þætti sem snúa að skattaívilnunum fyrirtækja og taka á þeim málum. Ég tel ekki óeðlilegt að samráð sé haft við verkalýðshreyfinguna um þessa þætti sem ég nefndi og snúa að tekjujöfnunaraðgerðum. Ég vona að hv. þm. sé mér sammála um það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekkert um það hér áðan að hæstv. félmrh. hefði flutt tillögu í ríkisstjórn um að lækka framlagið í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er því óþarfi fyrir hæstv. félmrh. að koma alvöruþrungin á svip í stólinn og krefjast þess að það verði tilgreint og segja að ég fari með rangt mál. Ég sagði þetta aldrei, hæstv. félmrh. Það sem ég sagði hins vegar var að líkt og í málefnum annarra ráðuneyta hefði félmrn. í tíð fráfarandi ríkisstjórnar, eins og mér skilst að sé einnig í tíð núv. ríkisstjórnar, fengið ráðstöfunarrétt á því að raða fjármagni sem til félmrn. færi í ákveðna forgangsröð. Það er hin almenna vinnuregla. Það hefði þess vegna verið ákvörðun félmrh. sjálfs að vega og meta hvað mikið færi í Framkvæmdasjóð fatlaðra og hvað mikið færi í önnur verkefni innan ráðuneytisins t.d. nýbyggingar í þágu fatlaðra, viðgerðir, starfsmannahald og annað slíkt. Þetta er staðreynd málsins og ég var að mótmæla því áðan að hæstv. félmrh. væri að gera því skóna í lýsingu sinni að það hefði verið fjmrh. einn sem ákvað hvaða upphæðir fóru í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Ég vil einnig taka fram að mér finnst merkilegt að hæstv. félmrh. lýsir því yfir, ráðherra samtaka launafólks, að ekki sé eining innan samtaka launafólks um þær tillögur sem ég lýsti hér áðan. Ég var að lýsa ályktunum Verkamannasambands Íslands, ályktunum BSRB, ályktunum Kennarasambands Íslands, ályktunum Samtaka iðnverkafólks og ályktunum Alþýðusambandsins. Því væri fróðlegt ef hæstv. félmrh. upplýsti það hér í salnum hverjir það eru innan verkalýðshreyfingarinnar sem eru á móti þessum ályktunum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. ætti að vera kunnugt um það — af því hann talar um forgang innan ráðuneytisins — að málefni fatlaðra hafa ávallt haft forgang í ráðuneytinu ásamt fjármagni til félagslegra íbúða. Ef hv. þm. spyr hvar hefði átt að taka það fjár-

magn, þá var a.m.k. ekki hægt að taka það úr Byggingarsjóði verkamanna, sem verulega var skorinn við nögl í tíð hæstv. fjmrh. Hv. þm. nefndi það áðan að ég hefði lagt til að skorið yrði niður fjármagn í Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er rangt. Ég gerði oft á tíðum samanburð á því, af því að þetta eru hvort tveggja félagslegir sjóðir, hvað miklu minna ríkisframlag væri ætlað í Byggingarsjóð verkamanna heldur en Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta eru sjóðir sem hafa svipuð útlán og hafa niðurgreitt fjármagn. Ég taldi óeðlilegt hve mikill munur væri gerður á ríkisframlögum í þessa sjóði sem mundi leiða til þess að Byggingarsjóður verkamanna yrði að draga saman sín útlán eða hann stefndi í gjaldþrot eða vaxtahækkanir þyrftu að koma til. Þetta var ég að reyna að leiða hæstv. fyrrv. fjmrh. fyrir sjónir þegar ég gerði samanburð á framlögum til þessara sjóða. En ég var ekki að gera tillögu um að skorið yrði niður heildarfjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er hreinlega rangt.

Hvað varðar aðgerðir sem verkalýðshreyfingin vildi að kæmu fram þá hygg ég að skoðanir séu skiptar um það hvaða aðgerðir mundu skila sér best til launafólks. Eru það húsaleigubætur? Er það hækkun á skattfrelsismörkum eða hvað er það? Ég hygg að hv. þm. geti verið mér sammála um að það er alls ekki eining um það innan verkalýðshreyfingarinnar hvaða aðgerðir skili sér best til láglaunafólks.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að staðfesta það að hæstv. félmrh. starfaði ávallt í þeim anda að málefni fatlaðra fengju forgang. Ég hef aldrei sakað hana um annað. Ég var eingöngu að lýsa því að sá forgangur mældist í þeim upphæðum sem hún sjálf las upp hér áðan en lýsti um leið þannig að það væri ég sem hefði ákveðið þær. Forgangsröð málsins birtist í þeim fjármunum sem félmrh. ákvað að setja í Framkvæmdasjóð fatlaðra í samvinnu við aðra ráðherra þegar hún gegndi þessu embætti í tíð síðustu ríkisstjórnar. En mér er ljúft að votta það að hæstv. félmrh. hefur ávallt eins og við fleiri verið skelegg í baráttunni fyrir málefni fatlaðra.

Hins vegar varðandi kröfuna um niðurskurð á framlögum í Lánasjóð ísl. námsmanna þá var lýsing hæstv. félmrh. á þeirri atburðarás dálítið brosleg fyrir okkur sem sátum í síðustu ríkisstjórn. Sérstaklega fyrir mig og hæstv. fyrrv. forsrh., sem situr hér í salnum, því það var ekki svo sjaldan sem við hlustuðum á þá kröfu hæstv. félmrh. að ef hún ætti að vera til viðtals um einhverjar breytingar á framlagi í Byggingarsjóðinn þá yrði að skera niður Lánasjóð ísl. námsmanna.

Umræðu frestað.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun — Frh. umræðu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða um ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990 er nú orðin æði löng og á sjálfsagt eftir að lengjast töluvert enn. Hún hefur á marga lund verið fróðleg og athyglisverð vegna þess að margir hafa komið að umræðunni sem vel mega til þekkja og hafa löngum áður fjallað um efni af þessu tagi. Reyndar er það athyglisvert að í minn hlut kom að fjalla um ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir liðið ár. Auðvitað gefur það auga leið að ég hef hvergi komið að málum þar. Þetta er hins vegar formregla að forsrh. flytur skýrslu um mál þó að hann hafi hvergi nærri komið. Þetta er sem sagt ársskýrsla fyrir ár þar sem hin stjórnskipulega forusta í ríkisstjórn um byggðamál var í höndum fyrirrennara míns og mér er reyndar sagt — ég hef ekki kannað það sérstaklega — að þegar skýrslan var flutt árið áður þá hafi af einhverjum ástæðum ekki orðið nein umræða um byggðamál eða svo gott sem engin. Og enginn áhugi á málinu. Nú hefur umræða um málið staðið í nokkra sólarhringa. Það er út af fyrir sig ágætt að áhugi á byggðamálum hafi vaknað hjá þessu ágæta þingi.

Margir hv. þm. sem tóku þátt í umræðu um þessi mál vörðu töluverðu af sínum tíma til að fjalla um fáein ummæli mín um byggðamál, bæði hér innan þingsins og eins utan þess. Ég varð var við að margir þessara ágætu ræðumanna voru ekki sammála því sem þar hafði verið sagt af minni hálfu nema síður væri. Jafnvel tóku sumir svo til orða, og af allt of mikilli vinsemd auðvitað, að margt af því sem ég hefði sagt um byggðamálin benti til þess að þekking mín í þeim efnum væri afar takmörkuð og skilningur minn, ef ég réði rétt í það, álíka og þekkingin. Þar sem ég vissi að þetta var allt af góðvild mælt þá var ég með fyrir framan mig töluvert af óskrifuðum pappír, tilbúinn að skrifa hjá mér þegar menn létu af því að fjalla um þessi ummæli mín, skilningsleysi mitt og þekkingarskort. Þá mundu þeir lýsa í þessum löngu umræðum grundvallarhugsun um það með hvaða hætti ætti að móta byggðastefnu á Íslandi og hvernig ætti að fylgja slíkri stefnu eftir. Satt best að segja eru öll blöðin óskrifuð enn þá þó að ég fylgdist glöggt með. Menn voru fjarskalega reiðir yfir hinum og þessum ummælum en höfðu að öðru leyti lítið til málanna að leggja. Þrátt fyrir að um vitra menn og góðgjarna væri að ræða eins og ég hef tekið fram og menn sem örugglega hafa komið mjög lengi að þessum málum öllum.

Það var látið að því liggja að þeir sem hlýddu á orð mín um byggðamál gætu lesið út úr hugmyndum mínum að stefnan væri sú af minni hálfu og ríkisstjórnar að þrengja mjög kost þeirra sem að slíkum málum ynnu og þá ekki síst stofnana sem að slíkum hlutum vinna. Ef menn í einlægni hafa áhyggjur af slíku, þá kemur mér á óvart að engin umræða eða sáralítil hafi orðið um skýrslu um Byggðastofnun fyrir ári síðan og árið þar á undan og árin þar á undan. Þegar menn horfa nú á þessa skýrslu, sem þeir hafa eða höfðu hér í höndunum, kannski hefur hún gleymst núna það er langur tími liðinn, og sjá þessi rauðu strik, þessi hallandi rauðu strik niður á við, hart og fast niður á við, sjá þeir vel hvernig þeir, sem voru velviljaðri í byggðamálum en ég og höfðu miklu meiri þekkingu á

málum en ég og voru ekki með glannalegar yfirlýsingar eins og ég, fóru með Byggðastofnun í sinni tíð. Þetta sýnir nefnilega eigið fé Byggðasjóðs og Byggðastofnunar í upphafi síðasta áratugs og undir lok hans. Við upphaf voru það 4 milljarðar á sama verðlagi og í lokin 1½. Mér finnst furðulegt að þetta skuli ekki hafa verið rætt þegar skýrslan var til umræðu fyrir ári síðan því að öllum má vera ljóst að þrátt fyrir þekkingarleysi mitt og reynsluleysi ber ég ekki ábyrgð á þessu hruni Byggðasjóðs og fjármagns Byggðastofnunar, ekki stjórnskipulega séð a.m.k., það er þá minn ágæti fyrirrennari, sem nú gengur hér í salinn.

Það var líka fundið að því sérstaklega og mjög margir ræðumenn höfðu orð á því að ég hefði sagt hvorki meira né minna en að byggðastefnan hefði brugðist og menn mótmæltu þessu hástöfum. Ég var þarna að sækja í fróðleikssjóð þess, sem vel mátti þekkja til, hæstv. fyrrv. forsrh., fyrirrennara míns, Steingríms Hermannssonar sem sagði þetta ekki einu sinni heldur oft. Hann sagði þetta m.a. á blaðamannafundi, ég hygg að það hafi verið 20. febr. sl. að þar hefði byggðastefnan brugðist. Og hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Því miður hefur byggðastefna sú sem stjórnvöld hafa rekið á liðnum áratug ekki skilað þeim árangri sem vonir voru bundnar við og það þrátt fyrir að miklir fjármunir hafi verið settir í hana.“ Þetta var skýring eftir að fram hafði komið að byggðastefnan hefði brugðist. Og það var sú stefna sem stjórnvöld höfðu rekið á þessum áratug, áratugnum 1980–1990. Hver skyldi nú hafa verið stjórnskipulegur yfirmaður og talsmaður stjórnvalda á þessum sama tíma? Það var örugglega ekki ég þrátt fyrir að umræðan mikla í þrjá sólarhringa hefði kannski getað bent til þess. (**Gripið fram í:** Í þrjá sólarhringa? Tók ég rétt eftir því?) Á þriðja sólarhring kannski, það er nú kannski ofmælt þó að hv. þm. sem fram í kallaði talaði held ég í tæpa tvo tíma eða hvað það var þegar hann flutti hina mögnuðu sakamálasögu um hina vestfirsku byggðaáætlun frá árinu 1965. En það er nú það sem gerðist. Það var hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, sem var væntanlega 6–7 ár af þessum áratug eða eitthvað því um líkt, einmitt yfirmaður Byggðastofnunar á þeim tíma, sem sú byggðastefna sem stjórnvöld hafa rekið, fór svona illa. Og það var ekki gripið í taumana fyrr en mönnum datt það í hug á blaðamannafundi í febrúar sl. Þannig að þeir hv. þm., sumir eru hér í salnum, sem fundu mest að því við mig að hafa notað orðalagið „að byggðastefnan hefði brugðist“ hefðu kannski átt að tala við einhvern annan þegar tími var til og jafnvel nú í þessum umræðum en mig um þau efni.

Ég held reyndar að þrátt fyrir að menn hafi haft orð á því að ósæmilegt og ósanngjarnt væri að segja að byggðastefnan hefði brugðist og teldu sig vera að skamma mig — en nú hefur komið á daginn að þeir voru að skamma allt annan aðila, fyrirrennara minn — þá hafi komið fram í ræðum þeirra flestra að mjög margt hafi mistekist í framkvæmd byggðastefnunnar á undanförnum árum. En því fer fjarri að það þýði að allt hafi mistekist í þeim efnum. Og það þýðir ekki heldur, og fjarri því, að menn hafi ekki viljað gera vel og hafi ekki verið að vinna að þessum málum flestir hverjir af miklum heilindum og þeirri trú að verk þeirra mundu meiri árangri skila heldur en nú er viðurkennt að stefnan hafi skilað. Þetta var eitt af því sem sérstaklega var fundið að mínum ummælum fyrir utan það, sem áður hefur verið rætt og ég ætla ekki að gera að umtalsefni, ummæli sem ég viðhafði á flokksráðsfundi Sjálfstfl. og hafa öll auðvitað verið úr lagi færð. En nú hafa þau reyndar verið leiðrétt þannig að ég býst ekki við að þau verði afbökuð um langa hríð enn.

Það var eitt atriði sérstaklega sem menn fjölluðu um. Það voru hugmyndir mínar, sem hafa verið í vinnslu og drög að reglugerð fyrir Byggðastofnun. Þessi drög hafa verið í athugun, bæði í ráðuneytinu og hafa verið send til umsagnar í Byggðastofnun. Reyndar er rétt að taka það fram að það hafði verið gert áður en umræðan um Byggðastofnun hófst. Og auðvitað munu menn kynna sér vel og ítarlega þær hugmyndir sem frá Byggðastofnun og forustumönnum hennar koma áður en reglugerð verður sett, það gefur auga leið. En margir þeir, sem fjölluðu um hugmyndir sem þeir höfðu heyrt um að væri að finna í þessari reglugerð, höfðu miklar áhyggjur af því að með henni ætluðu menn sér nánast að drepa Byggðastofnun í dróma og gera henni ófært að sinna þeim málefnum og verkefnum sem henni bæri. Sumir gengu mjög langt í því að segja að mikið væri um það í þessari reglugerð með hvaða hætti ætti að standa að byggðaáætlun. Menn veltu sér upp úr þessu og töldu að nú væri ég og aðrir sem hefðu slíkar hugmyndir að falla í sömu gryfju og fyrrverandi ráðamenn í löndum austan tjalds sem höfðu oftrú á byggðaáætlunum hvers konar.

En hvað skyldi vera um þetta að segja í sjálfu sér? Í rauninni ekki annað en það, sem flestir menn virðast hafa gleymt, að lögum um Byggðastofnun var breytt á sl. vori og þær breytingar flestar hverjar snerust um að auka vægi byggðaáætlana. Það voru meginbreytingar frv. Það hlýtur a.m.k. hv. 1. þm. Austurl. að muna því að hann mælti fyrir þessum breytingum í þinginu. Það kemur glöggt fram í ágætri framsöguræðu hans að þetta er einn meginþátturinn í þeim breytingum sem þá er verið að gera á lögum um Byggðastofnun. Forsrn. er síðan ekki að gera annað í þeim drögum að reglugerð, sem unnin hafa verið og ekki auðvitað sett enn þá, en að fylla út í þann ramma og gegna þeirri lagaskyldu sinni að setja slíka reglugerð. Reglugerðarsmíðin tók auðvitað ekki síst mið af þeim vilja Alþingis sem kom fram í lagabreytingatillögum sem var mælt fyrir fyrir ekki löngum tíma síðan. En það var eins og margir þeirra þingmanna, sem hér töluðu, hefðu ekki gert sér grein fyrir því að lögunum var breytt í þessa veru og ekki gert sér grein fyrir hvað fólst í þeim lagabreytingum því að ef reglugerðardrögin þrengdu svo mjög hag Byggðastofnunar gerðu lögin það líka.

Menn hafa reynt að halda því fram að það væri vilji núv. ríkisstjórnar og þá kannski sérstaklega minn að draga úr þeim fjármunum sem til byggðamála gengju. Það hafa hvergi komið fram nein ummæli af minni hálfu í þá veru. Hins vegar hef ég sagt að áríðandi

væri, og ég tel reyndar að lagabreytingarnar frá því í vor um Byggðastofnun miði í þá átt, að samræma betur en gert hefur verið þau framlög sem til byggðamálanna gengju, ekki bara frá Byggðastofnun heldur frá mörgum öðrum þáttum, sem meira og minna snerta byggðamál og hafa áhrif á byggðarþróun og hversu gott er að stuðla að því að byggðirnar standist og fari ekki jafnilla út úr því og þær fóru á þessum áratug sem sérstaklega var vitnað til á blaðamannafundinum forðum daga.

Það voru fleiri sem vitnuðu til þess hvernig þetta hefði allt saman farið, til að mynda hv. 1. þm. Austurl. þegar hann mælti fyrir máli í þinginu, þá rakti hann það svo, með leyfi forseta: „Árið 1990 var mismunur brottfluttra og aðfluttra af landsbyggðinni 1070. Það er ástæða til að vekja athygli á því að á árunum 1984–1986 og árið 1989 fækkaði íbúum landsbyggðarinnar en slíkt hefur ekki gerst síðan á árunum 1945–1946.“ Þarna var þáv. hæstv. sjútvrh. að vekja athygli á því með hvaða hætti þessi mál hefðu þróast. Þetta var í mars, tíu dögum eða svo eftir blaðamannafundinn góða þar sem því var lýst yfir að byggðastefnan hefði brugðist og því þyrfti að gera þar á breytingar.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan vegna þess að margoft var fjallað um drög að reglugerð, þá reglugerð sem verið hefur í smíðum að auðvitað verður haft, og aldrei annað staðið til, náið samráð við forráðamenn Byggðastofnunar um þau atriði sem menn vilja marka ramma þar. Það hefur aldrei annað staðið til. Það hefur ekkert verið rekið á eftir forráðamönnum Byggðastofnunar um að skila athugasemdum og hugmyndum sínum. Þegar reglugerðardrögin eru send þangað, þá er það auðvitað gert af fullri einurð og alvöru um það að hlusta á þá sem þar hafa farið með mál og hafa margþætta og ágæta reynslu í þeim efnum.

Ég ætla ekki að fjalla um mörg einstök atriði sem mér fannst miður í máli sumra ræðumanna. Mér fannst allmargir þeirra tala með allt að því fullum fjandskap í garð höfuðborgarinnar. Kannski hafa þeir fallið í þá freistingu vegna þess starfs sem ég áður gegndi og talið heppilegt að reyna að koma höggi á mig sérstaklega í því sambandi. Mér finnst það hins vegar ekki viðeigandi að menn tali þannig í garð þess fólks sem hér býr sem er ekki síður góðir og gegnir Íslendingar en þeir sem búa annars staðar á landinu. Ég held að það sé ekki í þágu umræðu um byggðamál að reyna að kasta rýrð á þá sem hér búa eða ala á sundurþykkju eða óánægju milli manna eftir því hvar þeir búa á landinu. Ég hef sannfæringu fyrir því að langflestir hv. þm. eru þess fýsandi með sama hætti og ég að lífvænlega byggð sé hvarvetna að finna á landinu. Í því felst ekki í mínum huga, og ég trúi vart í huga nokkurs þingmanns, að það eigi að þýða að það byggðamunstur sem nú er ríkjandi, eigi með valdboði, miðstýringu eða öðrum aðgerðum að tryggja að breytist ekki. Ég held að sú hugmynd sé afskaplega röng og í raun ekki í þágu byggðanna ef menn hugsa með þeim hætti. Á hinn bóginn getur það þýtt að vilji menn koma í veg fyrir að stundaráföll, tímabundin áföll í hinum ýmsum byggðum, geti það leitt til að þar verði varanleg áföll. Ég er sannfærður um að hugur flestra þingmanna, ekki síður þéttbýlisþingmanna en annarra stendur til að skapa þau skilyrði að hvarvetna megi finna á landinu lífvænlega byggð sem býr við þau kjör sem best bjóðast á landinu hverju sinni eins og frekast er kostur. Menn eigi ekki að reyna með handafli eða öðrum aðferðum að sjá til að tiltekið byggðamunstur breytist ekki um aldur og ævi. Ég held að það sé ekki á færi okkar, hversu miklum fjármunum sem við vildum verja til þess og ég er ekki heldur viss um að það verði í þágu eins eða neins.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þessar umræður eru búnar að standa býsna lengi. Það eru komin út tvö hefti þingtíðinda með ræðum úr þessum umræðum og ég ætla því ekki að lengja þessa umræðu mikið. Mig langar samt að koma að fáeinum atriðum sem hafa verið hér í umræðunni og kannski fyrst að því sem hæstv. forsrh. var að segja áðan.

Ég var satt að segja búinn að bíða nokkuð spenntur eftir að heyra forsrh. segja okkur hvaða boðskap hann mundi hafa eða hvaða lærdóm hann hefði dregið af þeim ræðum sem hann hefði hlýtt á hér og var búinn að lýsa áður sem mjög áhugaverðum og góðum umræðum. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, beið ég spenntur eftir því að heyra hvað forsrh. segði um þetta og hvað hann hefði lært af öllum þessum umræðum. Það fannst mér vera furðulítið. Hann endurtók aftur á móti þær setningar sem við höfum heyrt svo oft í þessari umræðu að byggðastefnan hefði brugðist o.s.frv. sem við kunnum nú orðið alveg. En ég beið og ég hugsaði alltaf með mér: Nú hlýtur það að fara að koma, en þá hélt hann áfram að lýsa því hvað aðrir hefðu sagt í umræðunni og enn kom ekki neitt um hvað hann teldi að ætti að gera í byggðamálum. Og sannast sagna er það ákaflega lítið sem hefur komið fram frá þeim mönnum sem hafa komið hér með þessar klisjur um það að byggðastefnan hafi brugðist æ ofan í æ, talandi um óráðsíu, sukk og annað því um líkt. Það sem hefur komið fram, sem kalla mætti tillögur, er annars vegar að það eru einhverjar óljósar hugmyndir um vaxtarsvæði, það eigi að gefa fólki tækifæri að flytjast á einhver vaxtarsvæði og svo aftur að það eigi að flytja Byggðastofnun til Akureyrar. Ég ætla að koma að því fyrst.

Út af fyrir sig get ég vel fallist á þá hugmynd að höfuðstöðvar Byggðastofnunar verði á Akureyri. Hins vegar tel ég að það að flytja Byggðastofnun út á land ætti að gerast með þeim hætti að við setjum ekki upp neitt vandamál þess vegna. Byggðastofnun hefur verið að færa starfsemi sína út á land og ég tel að það sé rétt stefna. Ég álít að í kjölfar þróunar sem e.t.v. verður hjá Byggðastofnun sé hægt að flytja höfuðstöðvarnar. Ég held að það sé ekki góð hugmynd að flytja Byggðastofnun til Akureyrar í einu lagi núna, a.m.k. ekki fyrr en menn eru búnir að komast að þeirri niðurstöðu að Byggðastofnun eigi akkúrat að vera eins og

hún er og eigi ekki að vaxa meira á öðrum stöðum á landinu. Ég hef ekkert á móti Akureyri og get vel, eins og ég sagði áðan, hugsað mér að höfuðstöðvar Byggðastofnunar verði á Akureyri, en ég tel að það eigi að vinna skipulega að því að flytja út á land og þess vegna megi endapunkturinn á þeirri áætlun vera að höfuðstöðvarnar fari til Akureyrar.

Þeir, sem hafa verið að hrópa á torgum og gatnamótum um óráðsíu og sóun, handahófskenndar fyrirgreiðslur og annað slíkt í sambandi við byggðastefnu á undanförnum árum, hafa komið í ræðustól og talað eins og þeir vildu gera miklu betur. Þess vegna hlustaði ég svona grannt eftir því hvað hæstv. forsrh. mundi segja í umræðunni því að af þeim orðum, sem menn hafa viðhaft, má ráða að menn vilji gera betur. En það hefur ekki komið fram með hvaða hætti eigi að gera svona miklu betur. Ég held því miður að þeir sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, a.m.k. sumir hverjir, hafi opinberað í umræðunni allt aðrar hugrenningar heldur en það að þeir vilji gera betur.

Ég ætla að vitna í ræðu hv. 3. þm. Reykv. í þessari umræðu. Mér þykir slæmt að hann skuli ekki vera hér mættur en ég ætla nú samt að vitna í hans orð vegna þess að ég tel að hann tali fyrir munn þeirra sem hafa verið með þessar áherslur. Hann segir, með leyfi forseta:

„Umræðurnar um Byggðastofnun og byggðastefnu einkennast mjög af því að sumir þingmenn virðast telja að tilfærsla á fjármunum úr vasa skattgreiðenda til landsbyggðarinnar" — úr vasa skattgreiðenda til landsbyggðarinnar, mér finnst ekki verið tekið til orða með þeim hætti að maður geti skilið að þetta sé í vinsemd sagt — „fyrir milligöngu stjórnmálamanna og opinberra sjóða eigi ekki aðeins rétt á sér heldur sé beinlínis forsenda þess að byggð þróist með eðlilegum hætti hér í landinu. Aðrir telja að sú tilfærsla á fjármunum skili ekki þeim árangri sem að er stefnt og þess vegna eigi að finna nýjar leiðir. Ég skipa mér í síðari flokkinn. Mér finnst að ekki hafi tekist sem skyldi t.d. við ráðstöfun á þeim 12 milljörðum kr. sem fluttar hafa verið frá skattgreiðendum til landsbyggðarinnar í gegnum Byggðasjóð og Byggðastofnun síðan árið 1972."

Á öðrum stað í ræðu sinni segir hv. 3. þm. Reykv., og hann er að tala um Byggðastofnun:

„Er ekki að efa að stofnunin hefur hæfu starfsfólki á að skipa. Nefndarmönnum var t.d. greint frá góðum árangri af svonefndum átaksverkefnum sem felast í því að aðstoða heimamenn í einstökum byggðum við að koma á fót nýrri atvinnustarfsemi eða efla þá sem fyrir er. Viðleitni til þess að ýta þannig undir framkvæmdavilja er lofsverð. Hún fellur einnig í góðan jarðveg hjá þeim sem átta sig á því að kröfugerð á hendur öðrum skilar síður árangri en tilraunir til að leysa vandann sjálfur." — Kröfugerð á hendur öðrum. Hverjir eru þessir aðrir?

Mér finnst að þegar menn tala með þessum hætti séu þeir að tala eins og tvær þjóðir búi í landinu. Þó það vilji svo til að landinu sé skipt upp í kjördæmi þá þýðir það ekki að hér búi tvær þjóðir. Við eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta, bæði hér á Reykjavíkursvæðinu og úti um allt land. Mér finnst það ömurlegt að hafa tekið þátt í umræðum jafnvel við hv. þm. hér á þinginu þar sem þeir tala um fjárveitingar til hafna og annað slíkt, til vegamála og annað slíkt, eins og það sé einhvers konar gustukaverk við landsbyggðina á viðkomandi svæðum. Þetta hefur maður nú upplifað og ég er á því mjög undrandi. Ég hélt satt að segja að þessi skilningur væri kannski bundinn við einhverja ákveðna hópa, af því að maður hefur orðið var við hann, en ekki að hann næði alla leið hingað inn á þingið.

Hæstv. ríkisstjórn sem nú situr vakti náttúrlega ákaflega mikla athygli fólks á sínum tíma þegar hún fæddist í Viðey. Í framhaldi af þeirri fæðingu fóru menn að velta mikið fyrir sér hvers konar afstöðu þessi ríkisstjórn mundi nú hafa til byggðamálanna í landinu. Sumir höfðu af þessu miklar áhyggjur og þar á meðal ég. Það er vegna samsetningar ríkisstjórnarinnar, sem ég ætla nú ekkert að fara út í að lýsa hér, enda þekkja hv. þm. það vel allt saman, en mér létti dálítið þegar fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar, sem hefði mátt segja að væri jákvætt til handa landsbyggðinni, kom fram. Það voru niðurgreiðslur á raforku til húsahitunar. Þá held ég að margir hafi kannski látið sér detta í hug að í kjölfarið mætti búast við fleiri aðgerðum af þessum toga.

Síðan hafa farið fram miklar umræður um orð hæstv. forsrh. og hér hafa menn komið í ræðustól og talað um það að orð hans hafi verið slitin úr samhengi og rangtúlkuð og allt að því lögð við hégóma. En ég held að forsrh. hafi talað vel fyrir sig sjálfur í þessum umræðum og skýrt alveg út fyrir mönnum hvað hann á við með sínum orðum. Hann getur haft sínar skoðanir og ég virði þær. En eitt langar mig til þess að segja við hæstv. forsrh.: Mér finnst það lýsa furðulegu skilningsleysi á hlutverki forsrh. þessa lands, sem nýstiginn er út úr herbergi borgarstjórans í Reykjavík, að sitja áfram sem fyrsti borgarfulltrúi höfuðborgarinnar á þeim tímum sem átökin um byggðina í landinu eru eins og þau eru. Það hljóta að verða margvíslegir hagsmunaárekstrar í brjósti manns sem stendur með annan fótinn í borgarstjórn Reykjavíkur og hinn sem forsrh. landsins, yfirmaður allra byggðamála. Það er ekki vegna þess að ég telji að það sé heppilegt að slík átök séu heldur langar mig til að spyrja: Hvernig getur hæstv. forsrh. fjallað með alveg skýrri hugsun, og með lágmarkshlutleysi um mál eins og það að leggja af aðstöðugjaldið? Þegar sveitarfélögin allt í kringum landið hafa sett sig í stellingar í sambandi við það mál, að fá nú loksins leiðréttingu á þeim mismun sem er á tekjum sveitarfélaganna, þá stendur forsrh. landsins í þeim sporum að vera bæði í borgarstjórninni í Reykjavík og forsrh. landsins, yfirmaður allra byggðamála og eins og hv. þm. Egill Jónsson lýsti svo vel: Valdamesti maður byggðamála á Íslandi fyrr og síðar. Þetta tel ég að lýsi skilningsleysi á þeirri stöðu sem hæstv. forsrh. er í.

Ég hef líka verið að bíða eftir því að heyra frá ríkisstjórninni um það til hvaða aðgerða hún ætlar að

grípa í sambandi við byggðamálin á þessum vetri. Mér finnst satt að segja ótrúlegt að ekki skuli vera komnar fram fleiri fyrirætlanir um það að reyna að laga eitthvað til í byggðamálunum á sama tíma sem yfirlýsingar liggja fyrir um að það verði ekkert hægt að gera til að rétta hlut fyrirtækjanna í landinu nema einhvers konar almennar aðgerðir, þegar við vitum að undirstöðuatvinnuvegirnir standa frammi fyrir gjaldþroti víða um landið. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að tími sértæku aðgerðanna sé liðinn og það má í táknrænum skilningi segja að uppboðshaldarinn sé fulltrúi stjórnvalda á Íslandi á þeim stöðum þar sem atvinnulífið er að hrynja.

Við hefðum viljað fá að heyra eitthvað um þessa hluti. Mér finnst miklu frekar hægt að segja að ríkisstjórnin hafi hreinlega sofið á verðinum. Hún hafi sem sagt sofið á verðinum gagnvart þeim hlutum sem hún hefði þó getað gert og menn hafa verið að bíða eftir. Hún hefur t.d. látið það gerast sem ég efast ekki um að hún hefði getað haft áhrif á, að rafmagnsverð í landinu hækki stórlega á árinu. Þeir aðilar sem þar um fjalla eiga mjög sterk ítök í stjórn Landsvirkjunar og hefðu getað haft áhrif á raforkuverðið. Ég ætla ekkert að fara að þylja það mál, allir þingmenn hér inni þekkja hvernig það hefur gengið fyrir sig.

Ég hefði viljað sjá hér í þinginu koma fram tillögur í sjávarútvegsmálum og byggðamálum núna á þessu hausti frá hendi ríkisstjórnarinnar þar sem væri tekið á vandamálum atvinnulífsins úti um landið.

Ég tel að það ætti t.d. að draga markvisst úr því eða ef þurfa þykir, að banna flutning veiðiheimilda á milli byggðarlaga á meðan verið er að endurskoða fiskveiðistefnuna til að koma í veg fyrir að byggðarlög leggist hreinlega af. Mér finnst að það þurfi að lýsa því yfir að það eigi ekki að breyta út frá fiskveiðistefnunni eins og hún er núna, alla vega þangað til menn eru búnir að endurskoða hana. Þess vegna tel ég að það þurfi að lýsa því yfir að tvöföldun línuaflans verði áfram í gildi á meðan. Og það þurfi líka að lýsa því yfir að það verði ekki farið að krukka í sóknarmarkskerfi litlu bátanna undir sex tonnum, vegna þess að það eru mörg byggðarlög allt í kringum landið sem munu verða fyrir miklu áfalli ef það verður gert sem nú stendur til samkvæmt lögunum að úthluta kvóta á litlu bátana árið 1993. Þá verður grundvellinum undan útgerð fjölmargra lítilla báta kippt í burtu og þar með eru sum byggðarlög búin að vera í þeim skilningi að gera út litla báta.

Ég tel líka að það eigi að skoða alvarlega, ekki bara að setja reglur um það, hvernig frystiskip eigi að vera í laginu og hvað eigi að vera um borð í þeim, heldur eigi hreinlega að koma í veg fyrir að frysting aflans flytjist út á sjó á meðan verið er að endurskoða þessa fiskveiðistefnu og menn megi draga andann og komast að einhverri niðurstöðu um hvort þetta sé svona afskaplega hagstætt fyrir þjóðarbúið. Þó það sé hagstætt fyrir viðkomandi útgerðir að gera út með þessum hætti þá þarf það ekki að vera hagstætt fyrir þjóðarbúið og við vitum að það tapast fjölmörg atvinnutækifæri vegna þessa.

Ég hef líka áhuga á að fá að vita hvort það eigi ekki sem allra fyrst að setja reglur um gæðakröfur í sjávarútvegi. Við höfum lagt fram þáltill. um það. Og eins hvort það eigi ekki að setja reglur um fiskmarkaðina.

Mér finnst það hafa komið mjög vel fram í þessum umræðum að við þurfum á því að halda að þingmenn og landsmenn allir taki þátt í mikilli umræðu um byggðamálin og sú umræða þarf að leiða okkur að þeim niðurstöðum að við getum orðið sammála um það að við séum ein þjóð sem býr í einu landi og að landsbyggðarfólk sé ekki neinir þurfalingar á þeim sem búa á þéttbýlissvæðunum, því þannig er það ekki. Ég get líka viðurkennt að stundum kemur fram óeðlileg afstaða til Reykjavíkursvæðisins utan af landsbyggðinni. Við þurfum líka að vinna gegn svoleiðis hlutum.

Hæstv. forsrh. var að kvarta undan því að hann hefði orðið fyrir alls kyns árásum. Ég tel nú að hann hafi orðið fyrir hvössustu árásunum frá sínum eigin stuðningsmönnum eða öllu heldur sínum eigin flokksmönnum. Ég hef hér fyrir framan mig síðu úr Morgunblaðinu sem ég vil vitna í, með leyfi hæstv. forseta. Þar er fyrirsögn á viðtali við hv. þm. Egil Jónsson: „Ég gef ekki mikið fyrir þessa hvítu bók, segir Egill Jónsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins." — Og hann segir að það verði ekki látið líðast „að ríkisstjórnin standi að einhverri grisjunarstefnu í landinu". Hann kallar þetta grisjunarstefnu. Stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum kallar hann grisjunarstefnu. Það þýðir lítið að skamma stjórnarandstöðuna fyrir að taka mikið upp í sig þegar þeir taka mest upp í sig sem ættu að standa næst hæstv. forsrh.

Nei, ég tel að sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hafi því miður komið á slíku óvissuástandi gagnvart byggðinni í landinu að hún verði að sýna það með því að leggja fram tillögur og hugmyndir sem hægt er að skoða ef hún ætlar sér að breyta andrúmsloftinu í landinu gagnvart ríkisstjórninni og að fólk fari aftur að trúa því að hægt sé að búa úti um landið, þá þarf hún að leggja fram hugmyndir og breyta afstöðu fólks til sín með þeim hætti. En ég á eftir að sjá þær hugmyndir og þá getum við tekið þátt í umræðum um þær á eftir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það hefur nokkuð tognað úr þessari umræðu um byggðamál þó svo að það hljóti að vera að kenna kunnáttuleysi hæstv. forsrh. á störfum Alþingis þar til hann tók þar setu, þar sem það mátti skilja hans orð þannig að þetta væri í fyrsta skipti sem hér færi fram almenn umræða um byggðamál í Alþingi í tengslum við störf Byggðastofnunar. Það er mikill misskilningur.

Annað var það sem kom fram í máli hæstv. forsrh. og það var með blokkina góðu sem hann ætlaði að skrifa tillögurnar niður í. Ég hef ekki tekið öðruvísi eftir en svo að í þessum umræðum hafi komið margt fram athyglivert sem hefði verið full ástæða til að setja niður á viðkomandi blokk. Það fór hins vegar svo að þó að ég hlustaði af mikilli athygli á ræðu hæstv. forsrh. áðan, og var reyndar með blað fyrir framan mig til

að punkta niður hvað þar kæmi fram um stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum og afstöðu til þeirra atriða sem fram hafa komið í þessari umræðu, að ef ég hefði ekkert ætlað að setja niður á þetta blað annað en þessi atriði þá hefði það verið jafnautt eftir sem áður. Því miður. (**Gripið fram í:** Það er hægt að nota það aftur.) Já, ég get notað það aftur, ég að vísu punktaði nokkra hluti niður hjá mér. Það var vægast sagt mjög sérstakt að hlusta á hæstv. forsrh. tala í hálfgerðum klögutón um ljótu strákana sem væru að snúa út úr fyrir sér og benda á það að hann hefði ekkert verið að gera annað heldur en að fylla út í rammann sem fráfarandi ríkisstjórn skildi eftir. Þetta var inntakið í ræðu forsrh. hér áðan.

Annað sem kom fram í máli forsrh. var að það hefði verið hermt upp á hann að hann hafi sagt að byggðastefnan hafi brugðist. Ég held að það sé mjög hættulega til orða tekið. Við skulum aðeins skoða það. Hefur byggðastefna síðustu 20 ára brugðist? Ég segi hiklaust nei, þó svo að ég muni koma að því síðar að þar er ýmislegt sem hefði mátt mun betur fara.

Ég vil minna á það að á þessum tveim áratugum hafa menn lyft grettistaki í samgöngumálum og það grettistak hefur skilað sér á margvíslegan hátt í byggðarþróuninni. Menn geta deilt um suma hluti hvort þeir hafi verið jákvæðir eða neikvæðir en að mínu mati hafa þetta allt saman verið eðlilegir fylgifiskar í breyttu þjóðfélagi.

Á sama tíma hefur verið byggt upp heilsugæslukerfi um allt land sem er þess eðlis að það er til þess litið af öðrum þjóðum hvað við stöndum þar framarlega.

Ég ætla að nefna til viðbótar menntakerfið. Fyrst með uppbyggingu grunnskólanna í kjölfar grunnskólalaganna og síðan framhaldsskólanna, fjölbrautaskólanna og menntaskólanna út um allt land. Á þennan hátt hefur verið lagður grunnur í byggðamálum sem stendur fyllilega fyrir sínu og er ómetanlegur til þess að byggja á áfram.

Ég vil nefna til viðbótar að á þessum tíma hefur landhelgin verið færð út í það horf að við getum nú einir nýtt og nytjað okkar stærstu auðlind, sem eru fiskimiðin.

En þrátt fyrir þetta þá eigum við að staldra við núna og líta yfir farinn veg, ekki bara yfir það sem hefur vel tekist til, heldur ekki síður hvað það var sem mönnum yfirsást eða brást. Þar ætla ég að nefna tvö atriði. Annars vegar hefur það því miður gerst að í allt of langan tíma og samfellt að hin almenna efnahagsstjórn fylgdi ekki eftir. Í gegnum ranga skráningu gengisins voru fluttir fjármunir. 12 milljarðarnir, sem hv. 3. þm. Reykv. segir að hafi verið fluttir úr vasa skattborgara og út á landsbyggðina í gegnum ríkissjóð, eru smápeningar hjá þeim fjármunum sem hafa flust í gegnum ranga gengisskráningu frá undirstöðuatvinnuvegunum sem eru eins og við vitum flest öll úti um land að mestu leyti og til þjónustu- og innflutningsgreina.

Þarna hefur oft á tíðum ekki tekist nógu vel til og þar ber Sjálfstfl. ekki síður ábyrgð en aðrir. Á þessu bera í raun ábyrgð allir flokkar sem hafa setið við stjórntauminn þessa áratugi. En ég held að mér sé óhætt að segja að ef við skoðum málið þá hafi hvað þetta snertir hallast mest á á þeim árum þegar Sjálfstfl. hefur verið við völd.

Þess vegna langar mig til að varpa einni spurningu til hæstv. forsrh. Það stendur hér í blárri bók, sem gefin er út af Seðlabanka Íslands, Greinargerð um ECU-tengingu íslensku krónunnar, að gengisstefnan hafi yfirleitt miðast við þarfir sjávarútvegsins. Það væri þess vegna ástæða til að staldra við og ná þessum gróða sem hefur verið fluttur til sjávarútvegsins til baka með álagningu auðlindaskatts. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Er það hans skoðun að málum sé þannig háttað að í tengslum við það að gengisskráningin undanfarna áratugi hafi miðast við fiskveiðar og vinnslu hafi skapast sá auður í þeim greinum að það sé ástæða til að ná honum til baka með sérstakri skattlagningu, auðlindaskattinum? Og ég vil spyrja hann að því hvort ráðgjafar hans í Seðlabankanum hafi litið yfir liðna áratugi og hvort þetta sé reynslan. Ég held nefnilega að þessu sé þveröfugt farið og ég get endurtekið það sem ég sagði hér áðan að það er kannski það öðru fremur sem hefur brugðist á umliðnum árum, að haga hinni almennu peningastjórn og sérstaklega gengisskráningunni þannig að tekjuskiptingin væri eðlileg og grunnatvinnuvegirnir úti um land héldu því eftir sem nægði til þess að þeir gætu byggt sig upp af eigin aflafé.

Ég ætla í framhaldi af þessu að vitna í grein eftir hv. 3. þm. Reykv. sem birtist í Morgunblaðinu í dag. Þar er ýmislegt ágætlega sagt eins og hans er von og vísa, og þar er eitt sérstakt gullkorn, ef ég má vitna í það, með leyfi forseta. Hann er að ræða þar um ágæti viðreisnarstjórnarinnar á sínum tíma og síðan segir í lokin: „Á heimsmælikvarða hefur viðreisnarstefna borið sigurorð af félagslegum áætlunarbúskap, ef þannig má að orði komast.“ — Þar er vitnað til þeirra atburða sem hafa verið að gerast í heimsmálununum núna á síðustu árum. Og þá vitum við það. Svo er guði fyrir að þakka að Jeltsín og þeir félagar fyrir austan hafa bæði lesið Morgunblaðið og fylgst með því sem var að gerast á Íslandi á viðreisnarárunum. Þannig hefur boðskapurinn borist þangað. Það var nú reyndar ekki þetta sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni heldur þar sem kemur að tilfærslu fjármagns og þá ætla ég að vitna í hv. 3. þm. Reykv., með leyfi forseta:

„Hvarvetna í iðnvæddum og auðugum ríkjum tíðkast að styrkja byggðir sem eiga undir högg að sækja vegna fámennis eða fjarlægða frá þéttbýli. Þessi stefna styðst við góð og gild rök. Henni er hrundið í framkvæmd með misjöfnum hætti. Mestu skiptir að sjálfsögðu að þannig sé staðið að tilfærslu þessa fjár skattgreiðenda að það nýtist sem allra best.“

Hér er komið að atriði sem ég tel ástæðu til að staldra við. Því miður sýnist mér að hér sé svo komið að menn séu búnir að missa sjónir á grundvallaratriðum í okkar efnahagslífi. Hv. þm. vitnar til iðnvæddra ríkja. Hvað er þar að gerast? Þar er það að gerast að menn sjá ástæðu til þess að færa fjármagn frá atvinnugreinunum sem skapa þjóðartekjurnar þar frá iðn-

aðinum, frá viðskiptunum, sem eru þungamiðjan í atvinnulífi þessara þjóða, til landsvæða sem menn einhverra hluta vegna, oft og tíðum byggðarlegra eða menningarlegra aðstæðna, vilja styrkja þrátt fyrir að þar eigi atvinnulíf undir högg að sækja.

Er hægt að bera þetta saman við okkar aðstæður? Hvar er undirstaðan í okkar þjóðarauð og okkar þjóðartekjum? Hún verður til í frumvinnslugreinum, fyrst og fremst í fiskveiðum og fiskvinnslu. Og hvar er þessi starfsemi? Þessi starfsemi er út um allt land. Þess vegna er það öfugmæli að tala um að það þurfi að flytja fjármagn til þessara greina. Landsbyggðin biður ekki um neitt annað en að fá þann eðlilega ramma til þess að verðmætasköpunin í þessum greinum fái að verða eftir í fyrirtækjunum og nýtast þar til uppbyggingar. Því miður fannst mér að hæstv. forsrh. hefði svipaðan skilning á þessum atriðum og það kæmi berlega fram í ræðu hans hér áður.

Það er kannski eðlilegt að fara í framhaldi af þessu örfáum orðum um þær aðgerðir sem gripið var til árið 1988 og sem forsrh. hefur kallað sértækar. Á hverju byggðust þær? Þær byggðust á því að bæta undirstöðuatvinnuvegunum upp að einhverju leyti það tap sem þeir höfðu orðið fyrir á tímum langtímafastgengisstefnu. Ég hef sagt það áður úr þessum stól að það hefði kannski verið miklu nær að menn hefðu getað tekið þetta fjármagn og fært það í raun til baka. En um það var ekki að ræða. Þarna var um að ræða skuldbreytingu til þess að gera fyrirtækjunum léttvægara að bera þessar byrðar.

Ég ætla að fara örfáum orðum til viðbótar um tilfærslur á fjármunum af því að mönnum er svo gjarnt að ræða um þær. Ég get vitnað í orð hæstv. iðnrh. á iðnþingi þar sem hann kallaði stuðning Byggðastofnunar við fyrirtæki úti á landi að henda peningum í vandamál. Þetta eru nokkuð kaldar kveðjur til þeirra sem eru að berjast fyrir lífi sinna fyrirtækja og sinna byggðarlaga og vita það í raun að þeir þurfa ekkert annað en eðlileg starfsskilyrði til þess að geta ávaxtað sitt fé á eðlilegan hátt.

En ég ætla að nefna hér til aðra tilfærslu. Það hefur komið fram á fundum hjá efh.- og viðskn. að ef tekin eru saman sl. 20 ár og athugað hvað verður um það fjármagn sem rennur í gegnum húsnæðiskerfið, þá er skiptingin sú að 75% fara til bygginga á höfuðborgarsvæðinu, 25% á landsbyggðinni. Hvaðan kemur þetta fjármagn? Það kemur fyrst og fremst og öðru fremur með kaupum á skuldabréfum frá lífeyrissjóðunum sem eru úti um allt land. Þarna er annað dæmi um það hvernig peningar hafa færst til.

Það er líka umhugsunarefni hvernig húsnæðiskerfið hefur í raun unnið á þennan hátt að því að flýta fyrir byggðarröskun. Það vita allir sem það vilja vita í dag að síðustu tvö árin hafa menn verið að byggja íbúðarhúsnæði á lager hér á höfuðborgarsvæðinu, kannski í von um það að stóri vinningurinn, álverið, kæmi og menn væru að búa sig undir að taka við auknum umsvifum í kringum það, en þetta er engu að síður staðreynd. Það hlýtur að vera athugunarefni hvað það er sem keyrir húsnæðiskerfið áfram á þann hátt sem gert hefur verið. Og það getur ekki verið til hagsbóta að við verjum til þess milljörðum, sem við raunar eigum ekki og eru ekki til, til þess að byggja húsnæði á lager.

Ég ætla síðan að koma að ummælum Davíðs Oddssonar um flutningastyrkina. Nú veit ég ekki hvort hæstv. forsrh. hlýðir á mál mitt, ég sé hann reyndar ekki hér í þingsölum eins og er. (**Gripið fram í:** Þeir hlusta hinir ráðherrarnir). Þeir hlusta hinir. Já, hinir ráðherrarnir hlusta þannig að þetta er þá í lagi. Þessi athugasemd utan úr sal vekur mann til umhugsunar um það hvað ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa séð ástæðu til að hlýða á þessa byggðamálaumræðu. Lengst af hefur forsrh. setið hér einn og ég sakna þess sérstaklega að hvorki sjútvrh. né landbrh. hafa séð ástæðu til að fylgjast með þessari umræðu. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að þessa stundina mun hæstv. forsrh. vera í sjónvarpsviðtali en kemur óðar þegar því er lokið. Það verður væntanlega ekki langt. Það fer fram hefðbundið viðtal niðri í Kringlu.) Já, ég þakka virðulegum forseta fyrir þessar upplýsingar. Ég vona bara að hæstv. forsrh. flytji þar þá ræðu sem hann flutti hér í þingsölum áðan þannig að menn sjái hver úrræðin eru á þeim bæ.

Á meðan beðið er eftir forsrh. ætla ég að koma að öðru máli sem ekki hefur mikið borið á góma hér og það er landbúnaðurinn. Ég vil vekja athygli á því að á síðustu sjö árum hafa íslenskir bændur og íslensk bændaforusta sýnt meiri sveigjanleika og samstarfsvilja um lausn sinna mála en ég hygg að dæmi muni finnast til í nálægum löndum gagnvart mótun landbúnaðarstefnu. Þetta gerir það að verkum að nú er svo komið að ef við horfum til íslensks landbúnaðar og þess umhverfis sem hann býr við, berum það saman við landbúnaðarstefnuna á meginlandi Evrópu, þá er þar orðið mikið gap á milli í þá veru að íslenskur landbúnaður hefur aðlagað sig mun hraðar breyttum viðskiptaháttum með þessar vörur á heimsmarkaði, sem að er stefnt með Uruguay-viðræðunum um GATT sem nú fara fram, heldur en landbúnaður nágrannaríkjanna. Það er að mínu mati jákvætt því ef við horfum yfir liðin ár og áratugi, þá kemur í ljós að gegndarlaus styrkja- og uppbótastefna eins og hefur verið að þróast á meginlandi Evrópu síðustu áratugina innan Efnahagsbandalagsins leiðir ekki til farsældar ef litið er á landbúnaðinn í heiminum í samhengi.

Ég vil hins vegar vara hæstv. núv. ríkisstjórn við því að taka nokkrar skyndiákvarðanir gagnvart innflutningsvernd íslensks landbúnaðar og vísa þar til þess sem ég sagði hér áður að ef hann ætti að fara að keppa óheft við innflutning í dag, innflutning þar sem verðlagið byggist á flóknu styrkja- og niðurgreiðslukerfi, þá væri hægt að leggja hann í rúst á örfáum árum. Það eru hins vegar, ekki bara gagnvart viðskiptum með landbúnaðarvörur, að skapast ný viðhorf á alþjóðavettvangi. Það er ekki síður gagnvart umhverfisþættinum. Og það bendir margt til þess að sú alþjóðlega ráðstefna alþjóðabændasamtakanna sem haldin var hér í Reykjavík um miðjan október muni verða kveikjan að því að færa umhverfismálaumræðu í heiminum yfir á nýjar brautir. Af því hef ég haft heimildir bæði frá

GATT-viðræðunum og frá FAO-ráðstefnunni sem nú er nýlokið að svo muni vera.

Þessi nýju viðhorf beinast í þá veru að gerð verður sú krafa til landbúnaðar hvar sem er í heiminum að hann sé sjálfbær og umhverfisvænn, þ.e. að hann skili landinu til komandi kynslóða ekki síðra en hann tók við því. Það vill svo skemmtilega til að einmitt í tengslum við þessa ráðstefnu fóru forustumenn bændasamtaka víða um land í skoðunarferð um Suðurlandsundirlendið, heimsóttu þar bændur. Eftir þá ferð sögðu þeir að þeim sýndist að það vantaði sáralítið á að íslenskur landbúnaður, sá landbúnaður sem þeir sáu, gæti fallið undir þær kröfur sem menn eru að setja sér í dag um *sjálfbæran og umhverfisvænan landbúnað*. Í þessu liggja miklir möguleikar fyrir okkur í framtíðinni ef okkur tekst að halda þannig á spilunum næstu missirin að ekki fari verr.

Virðulegi forseti. Ég tek þann kost að doka augnablik við ef svo kynni að fara að hæstv. forsrh. sé á leiðinni. (**Forseti:** Forsrh. er kominn hér í hliðarsal.) Já. Virðulegi forseti. Ég held þá áfram máli mínu.

Ég var þar í ræðu minni áðan að koma að ummælum Davíðs Oddssonar um flutningastyrki. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram að það hafi verið gert af nokkrum illvilja, hvorki til landsbyggðarinnar né nokkurs annars. Í mínum huga bera þessi ummæli öðru fremur vott af reynsluleysi, ég vil ekki segja þekkingarskorti. Örugglega er þetta hugsun sem hefur flogið um hugi flestra einhvern tíma þegar þeir hafa hugsað um byggðamál og byggt upp sínar skoðanir í þeim málaflokki. Þetta eru ummæli sem ættu mjög vel heima á skólafundi í málfundafélagi en eru að mínu mati mjög óviðeigandi úr munni forsrh., einfaldlega vegna þess að það er ekki hægt að setja málin upp á svona einfaldan hátt. Það er nefnilega svo flókið samspil fjölmargra þátta sem ræður því hvar fólk kýs að búa.

Það er enginn máttur stjórnvalda svo sterkur að hann geti hvort heldur sem er tryggt búsetu á einhverjum stað eða lagt hana niður. Stjórnvöld geta skapað rammann, þau geta skapað hinn efnahagslega ramma, hinn byggðalega ramma bæði með almennri efnahagsstjórn og félagslegum aðgerðum. Það sem endanlega ræður er síðan ákvörðun einstaklinganna sjálfra á hverjum stað. Kannski var grundvallarmisskilningurinn í ummælum hæstv. forsrh. sá að það er ekkert sem bendir til þess að ef fólk flyst búferlum á annað borð þá kjósi það að flytja á annan stað í sínum landshluta eins og forsrh. kynnti sín ummæli. Því miður hefur það verið þannig að ef menn hafa farið af stað á annað borð á síðustu áratugum þá hafa menn tekið skrefið til fulls og farið alla leið til höfuðborgarsvæðisins.

Ég ætla að rekja fyrir hæstv. forsrh. litla sögu úr mínu kjördæmi. Þar lentu ákveðin byggðarlög í vandræðum. Ég skal nafngreina þau í heild, það er Norður-Þingeyjarsýsla. Það var rætt um það m.a. að þorpin þar mundu ekki eiga framtíð fyrir sér. Það getur vel verið að á þeim tímapunkti hefði verið hægt að lokka fólkið í burtu með einhverjum styrkjum. En hver var síðan reyndin, hvað gerðist? Menn rifu sig upp menn tóku höndum saman, m.a. með aðstoð Byggðastofnunar og nú er svo komið að á stöðum eins og Kópaskeri er uppgangurinn slíkur að þar vantar vinnandi hendur til starfa. Ef svo hefði farið að menn hefðu verið styrktir til brottflutnings þegar staðan var þar sem verst þá hefði enginn verið á svæðinu til að nýta þær auðlindir sem þar eru til fiskeldis sem hafa væntanlega staðfest það að fiskeldi á framtíð fyrir sér á Íslandi með uppbyggingu fiskeldisfyrirtækisins Silfurstjörnunnar í Öxarfirði. Þó að stundum sé gott að stytta sér leið í hugsuninni, í skoðanamynduninni með því að einfalda hlutina svona fyrir sér þá á það ekki við þegar æðstu menn þjóðarinnar eru að opinbera skoðanir sínar í byggðamálum.

Ég ætla að *víkja nokkrum orðum* að ræðu hæstv. forsrh. fyrr í dag í þessari umræðu. Ég skrifaði reyndar niður, ég var með mína blokk og skrifaði orðrétt eftir forsrh., með leyfi forseta. Hann sagði í umræðunni að „ýmsir þingmenn hafi talað með fullum fjandskap til höfuðborgarinnar og þeirra sem hér búa". Þetta held ég að sé atriði sem full ástæða væri til að fara yfir í þingtíðindum. Ég átti að vísu ekki tök á að sitja fyrstu lotu þessarar umræðu en ég hef ekki heyrt slík ummæli hér í þessum umræðum. Að menn hafi talað með fullum fjandskap til höfuðborgarinnar og þeirra sem þar búa. Það hefur heldur enginn ýjað að því að þeir sem hér hafa talað, á stundum að því er mér finnst af litlum skilningi um byggðamál, hafi talað með nokkrum fjandskap til landsbyggðarinnar. Ekki dettur mér í hug að ætla það. Ég vil að landshlutarnir geti unnið saman í sátt og samlyndi. Það held ég að sé vilji allrar þjóðarinnar hvort sem menn búa hér á höfuðborgarsvæðinu eða úti um land. Hins vegar getur það vel verið, og að því ýjaði hæstv. forsrh. líka, að menn hafi séð ástæðu til að minnast á það sem hefur verið að gerast í höfuðborginni á síðustu árum. Þar held ég að hæstv. forsrh. eigi upptökin öðrum fremur. Það var farið af stað með núv. ríkisstjórn með stóryrðum um sukk í landsstjórninni, sjóðasukk. Ég held að það þurfi ekki að *leita víða í ræðum hæstv. forsrh. til að finna sukk*ummælin. Og hæstv. forsrh. getur ekki búist við öðru en að menn hafi í þessari umræðu gripið til þess á stundum að líta til fortíðarvanda í Reykjavíkurborg, af því að menn kusu að færa umræðuna inn á fortíðarvandastigið. Það er mjög eðlilegt að inn í þá umræðu komi umræða um fjárhagsstöðu sveitarfélaga því á það hafa aðilar vinnumarkaðarins lagt áherslu að sveitarfélögin ekki síður en ríkisvaldið verði að skapa það svigrúm sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur talað um að þurfi að skapa fyrir atvinnulífið. Þá er það mjög eðlilegt að menn horfi á það hvernig standi á því að Reykjavíkurborg, með yfirburðastöðu varðandi tekjuöflun meðal sveitarfélaganna í landinu, skuli ekki einu sinni getað staðið þannig að sínum málum að þar séu menn að greiða niður skuldir sínar þessi missiri til að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið, að það skuli þvert á móti gerast að þar hlaðist upp aukinn yfirdráttur við banka til viðbótar mikilli skuldabréfasölu. Þessi umræða á ekki á nokkurn hátt skylt við það að menn séu með fjandskap út í íbúa höfuðborgarinnar.

Ég ætla að lokum að draga saman það sem ég tel

brýnast í byggðamálum. Ég hef sagt það árum saman að byggðamál frá 1–10 séu að hin almenna stjórn efnahagsmála sé í góðu lagi. Ég hef líka rakið það fyrir hæstv. forsrh. hér úr þessum ræðustól hvernig til hefur tekist á fyrstu mánuðum þessarar ríkisstjórnar. Hvað hefur gerst í vaxtamálum, í gengismálum, í fjármálum ríkisins? Því miður hefur það gerst að raunvextir í dag eru hærri en nokkru sinni fyrr. Og því miður virðist síðasti ársfjórðungur þessa árs ætla að líða þannig að spá Seðlabankans um 16% raunvexti á óverðtryggðu innlendu fjármagni ætli því sem næst að rætast. Það er alveg rétt hjá formanni Vinnuveitendasambandsins, Einari Oddi, að nafnvextirnir fara niður með hraða snigilsins þegar verðbólgan lækkar. En það stendur ekkert á því að hækka þá upp fyrir toppana strax ef verðlagið ætlar að fara að hækka aftur. Við höfum ekkert fengið frá núv. ríkisstjórn annað en óljós fyrirheit um hvað eigi að gera í þessu máli.

Þetta þýðir að staða atvinnuveganna hefur versnað svo mikið að það er orðinn gífurlegur þrýstingur á gengismálin. Við búum við gengi í dag sem tekur mið af þörfum innflutningsins og þjónustunnar miklu fremur en frumatvinnugreinanna. Í ríkisfjármálunum, fjármálum ríkis- og sveitarfélaga hefur ekkert það komið fram enn þá sem bendir til þess að þar verði skapað svigrúm. Þvert á móti bendir allt til þess að þrátt fyrir eilitla fyrirhugaða lækkun á fjármagni til húsnæðiskerfisins á næsta ári ætli menn að halda áfram að byggja íbúðarhúsnæði á lager fyrir peninga sem ekki eru til.

Í öðru lagi varðandi byggðamálin verða menn að taka mið af breyttu þjóðfélagi. Menn verða að taka mið af því að við lifum orðið í þjóðfélagi sem byggist meira og meira upp á þjónustu, bæði opinberri og almennri. Ef haldast á eitthvert jafnvægi í byggð landsins verðum við að dreifa þessari þjónustu og þar verður að stíga miklu stærri skref en þau að flytja Byggðastofnun norður til Akureyrar. Ekki skal standa á mér að samþykkja það. En það vigtar bara svo ósköp lítið að færa stofnun með 22 starfsmenn út á land. Ef menn eru í alvöru tilbúnir til að skoða þessa leið þá eiga menn að skoða miklu stærri og öflugri þætti líka. Ég bendi á það líka að til þess að við getum búist við því að hér ríki áfram öflug byggð um allt land þá þurfum við áfram að huga að samgöngumálunum. Það er mikið lykilatriði. Því miður sýnist mér að þar séu áform ríkisstjórnarinnar um að draga frekar saman.

Ég held að við getum fundið þess dæmi mjög víða að öflugt samgöngukerfi sem tryggir greiðar samgöngur milli landshluta sé forsenda þess að við getum byggt upp nútímaatvinnulíf og viðskipti um allt land. Ef síðan á í dag að draga úr framkvæmdum til vegamála á þeim tíma sem kannski hefði aldrei verið eins hagkvæmt að fara út í slíkar framkvæmdir og einmitt núna vegna verkefnaskorts á sviði verktaka, þá er ég ekki bjartsýnn um þróun byggðanna á næstunni.

Ég ætla að lokum að vitna aftur í grein Björns Bjarnasonar, hv. 3. þm. Reykv. Hann segir, og vitnar þar í Sigurð Guðmundsson, forstöðumann þróunardeildar Byggðastofnunar. Hann segir að Sigurður „skýrði þessa hugarfarsbreytingu sem nú eigi sér stað á þann veg í nýlegu viðtali við Þjóðviljann, að menn séu hættir að tala um aðflutt vandamál og átti sig á því, að þeir einu sem muni leysa málin séu heimamenn sjálfir. Sé þessi þróun að verða beri að fagna henni, því að hún gengur þvert á hinn „félagslega áætlunarbúskap"", eins og þingmaðurinn segir hér í sinni grein.

Undir þetta get ég tekið. Það hjálpar mönnum enginn ef menn gera það ekki sjálfir. En þá er frumskilyrðið að í þeim tveim þáttum sem ég nefndi hér áðan, annars vegar hinni almennu efnahagsstjórn og hins vegar í félagslega þjónustuþættinum sem ríkið rekur, þá sjái menn til þess að sá skerfur dreifist jafnt til allra landshluta. Það er á þessu sviði sem mínar áhyggjur eru því að ég sé ekki að núv. ríkisstjórn hafi skilning á þessu, hvað þá getu til framkvæmda.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði þegar hann ræddi um skýrslu Byggðastofnunar að Framsfl. væri að draga athyglina frá stefnu flokksins í byggðamálum. Mátti skilja hann svo að það væri af því að við værum að ræða þessi mál hér og létum þau okkur einhverju skipta. Það er hins vegar mikill misskilningur hjá þingmanninum að Framsfl. hafi verið að því. Framsfl. þarf ekki að biðjast afsökunar. Þarf engan að biðja afsökunar á þætti sínum að byggðamálum hin síðari ár. Ef einhver þarf að biðjast afsökunar eru það þingmenn Sjálfstfl. sem lofuðu kjósendum sínum því fyrir réttum sjö mánuðum að gera sérstakt átak í byggðamálum. Það eru þessir menn sem skulda skýringar. Þeir þurfa nú að fara heim í héruð og segja því fólki sem greiddi þeim atkvæði í þeirri góðu trú að þeir ætluðu að verða hér málsvarar byggðastefnu að því miður hafi þeim snúist hugur. Því ég held að fáir menn hafi gengið jafnvasklega fram á jafnstuttum tíma í að skera niður framkvæmdir og hugmyndir sem uppi hafa verið og menn hafa verið að leggja drög að til að efla byggð í þessu landi heldur en þingmenn og stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar. Því miður, segi ég.

Þeir byrjuðu á því að skera niður framlagið til Byggðastofnunar um hvorki meira né minna en 20%. Næst gengu þeir að Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sem átti að vera sá annar sjóður til að koma til og efla atvinnulíf og byggja upp í hinum dreifðu byggðum vegna samdráttar í hefðbundnum búskap. Framleiðnisjóðurinn er skorinn niður um hvorki meira né minna en 340 millj. kr. Vegagerðin er skorin niður um 20% og það hlýtur óhjákvæmilega að koma m.a. við vegagerð á Vesturlandi og sérstaklega á Snæfellsnesi, og var nú ekki vanþörf á að halda hlutnum þar. Vegaframkvæmdir eru skornar niður um 20%. Heildarframkvæmdafé til hafna á næsta ári eru 220 millj. kr. Nú það er lagður á þungaskattur, sem þýðir hvað? Getur ekki þýtt annað en en hærra vöruverð hjá okkur sem úti á landi búum. Og það nýjasta er að hugmyndir eru komnar upp um að fella niður verðjöfnunargjald á bensíni. Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins á að fénýta og taka hann til þarfa fyrir ríkissjóð sjálfan. Það á að fella niður það meginviðfangsefni Hagræðingarsjóðs,

sem menn töldu sem voru hér að tala um byggðamál þegar þessi sjóður var til umræðu, að geta gripið inn í ef hin veikustu byggðarlög lentu í vandræðum vegna þess að þau t.d. misstu skip úr sínu byggðarlagi eða eitthvað álíka. Nú er allur sá möguleiki tekinn burtu einnig. (**Gripið fram í:** Byggðastofnun á að sjá um það.) Já, sjálfsagt er ætlast til að Byggðastofnun sjái um það. Þessu til viðbótar er rétt að segja frá því að ríkið sjálft hefur aldrei ætlað sér jafnstóran hlut af þjóðarkökunni og einmitt nú.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði einnig að hinir frægu sjóðir, eins og hann orðaði það, sem fyrrv. ríkisstjórn hefði sett upp, hefðu skaðað umræðuna. Ef einhver hefur skaðað umræðuna og valdið tjóni, alvarlegu tjóni á mörgum byggðarlögum í dag á landsbyggðinni þá er það sú neikvæða umræða sem nú hefur verið uppi. Því miður er það svo. Ég efast um að þeir menn sem hafa stofnað til þessarar umræðu geri sér grein fyrir því hvaða áhrif slík umræða hefur þó ekki væri nema fasteignaverð á slíkum stöðum. Ég efast um að menn geri sér grein fyrir því.

Hvaða sjóður er þetta nú sem hv. þm. sagði að hefði skaðað svo umræðuna um byggðamál? Mig minnir að hv. þm. Halldór Blöndal, núv. hæstv. samgrh., hafi fundið upp að kalla þetta aumingjasjóð eða sjóð Stefáns Valgeirssonar, venjulega var hann kallaður það sá sjóður sem hv. 1. þm. Vesturl. er hér að vitna til. Ég er með blað fyrir framan mig sem er gefið út 15. sept. 1988 og ef ég glugga aðeins í það þá stendur þar, með leyfi, virðulegi forseti: Eiginfjárstaða fyrirtækja. Og svo kemur: Stofnaður verður sjóður sem hafi það að markmiði að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Sjóðurinn skal vera sérstök deild við Byggðastofnun sem annast rekstur hans. — Þetta er frá Þjóðhagsstofnun og hér er nafnið Þorsteinn Pálsson, forsætisráðherra.

Það er nefnilega það. Þessi sjóður sem sjálfstæðismenn hafa verið að djöflast á undanfarið varð til í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Þar varð þessi sjóður til. Þótt ekki hafi allt tekist sem þessi sjóður hefur komið að, því miður, þá megum við ekki vera svo ósanngjarnir að segja að þar hafi allt mistekist. Ég ætla ekki að lesa upp fyrirtæki en ég gæti gert það og sýnt fram á með tölum hvað aðstoð þessa sjóðs hefur þýtt fyrir fjölmörg fyrirtæki og gjörbreytt rekstrarstöðu þeirra svo að mörgum mundi bregða í brún ef þeir sæju hvað tókst raunverulega að gera.

Hv. 3. þm. Reykv. fór býsna mikinn í þessari umræðu og skrifaði svo í blöðin nokkurn veginn það sama og hann sagði hér. Hann sagði að í 20 ár hefði verið fylgt rangri stefnu í byggðamálum — það er það 20 ára tímabil sem menn kenna við Framsfl. — og á þessum árum hafi 12,1 milljarður verið fluttur frá skattborgurum til landsbyggðarinnar. Þetta eru rétt um 600 millj. kr. á hverju ári eða sem svarar til 0,5% af útgjaldalið fjárlaga sem hér er verið að tala um.

Auðvitað veit þessi hv. þm. sem hér talaði, því miður er hann ekki hér í dag, að langstærsti hluti þessa fjármagns fór til þess að byggja upp togaraflota landsmanna og hraðfrystiiðnaðinn í landinu. Það er kjarni málsins. Fróðlegt væri að taka saman hvað það var raunverulega stór hluti af þessu fjármagni sem fór til þess að endurbyggja togaraflotann frá grunni og hraðfrystiiðnaðinn í landinu. Var nauðsynlegt að byggja upp og fjárfesta í þessum togaraflota og frystiiðnaðinum? Svo sannarlega var það nauðsynlegt. Þegar samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. lét af völdum, ég held það hafi verið 14. júlí 1971, eftir að hafa setið samfleytt í 12 ár, hafði nánast ekkert verið gert til að byggja upp togaraflotann og hraðfrystiiðnaðinn í landinu. Og það sem verra var, þessi ríkisstjórn hafði engin áform uppi um það að færa út fiskveiðilögsögu okkar Íslendinga. Hún var ekki einu sinni með áform um það. Hvernig ætluðu þessir menn, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur hér verið að lofsyngja, að lifa í þessu landi? Fróðlegt hefði verið að eiga orðastað við hv. 3. þm., Björn Bjarnason, um það mál. (**ÓÞÞ:** Hefur hann frí í dag?) Hann er sjálfsagt á erlendri grund, a.m.k. sést hann ekki hér í þingsalnum fremur en aðrir þingmenn Sjálfstfl.

Þegar samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hrökkluðust loksins frá völdum varð nánast fjöldaatvinnuleysi á Íslandi og atvinnuvegir þjóðarinnar höfðu verið látnir drabbast niður. Við þær aðstæður tók Framsfl. við forustu þjóðmála og almennri uppbyggingu í landinu.

Hæstv. forsrh. talar, þó ekki of langt mál. Það verður nú að segja honum til hróss að hann situr hér í þinginu og gefur sér tíma til þess að vera hér og hlýða á mál manna. Það er meira en hægt er að segja um aðra hæstv. ráðherra. Hæstv. forsrh. hefur kallað þessi ár, þetta 20 ára tímabil, „fátæktarstefnu Framsóknarflokksins" oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Það væri ömurlegt ef satt væri. En hvað sagði hæstv. forsrh., þessi sami hæstv. forsrh., þegar hann flutti okkur stefnuræðu sína 10. okt.? Rétt áður hafði hann talað um það og er enn að tala um að áður en hann komst til valda, hafi ríkt fátæktarstefna. Upphafsorð stefnuræðu forsrh. eru þannig, með leyfi, virðulegi forseti:

„Við Íslendingar búum við betri kjör en flestar aðrar þjóðir." (**Gripið fram í:** Eftir 20 ára valdaferil.) Fátæktarstefnuna. Og hann segir meira: „Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa." — Er þetta eftir fátæktarstefnu Framsfl.? Ég held að slegið hafi út í fyrir forsrh.

Í þingliði Sjálfstfl. finnast hins vegar nokkrir aðilar sem ofbýður þetta tal ákveðinna þingmanna Sjálfstfl. og átta sig á því að þeir vildu gjarnan sjálfir Lilju kveðið hafa. Þeir eru ekki á því að gefa forsrh. það eftir að Framsfl. eigi þetta tímabil allt. Þeir eru aldeilis ekki á því og telja að Sjálfstfl. hafi vissulega komið þar að málum og auðvitað er það rétt. Framsfl. var ekki einn við völd þetta tímabil. Hann starfaði með fleiri en einum og fleiri en tveimur flokkum og margir komu að. Framsfl. var óslitið við völd þetta tímabil, það er rétt. Og Framsfl. þarf ekki að biðjast afsökunar á því.

Hæstv. forsrh. sagði einnig að hann saknaði þess að hann sæi ekki neinar ritaðar tillögur frá þessum flokkum um byggðamál. Vissulega er það svo með mig líka, ég sakna þess að nokkru leyti, en ég undanskil þó einn

flokk, þ.e. Framsfl. Hæstv. forsrh. hlýtur að hafa lesið þær tillögur sem þingflokkur Framsfl. hefur þegar lagt fram, bæði sem frv. og þáltill. um byggðamál. Framsfl. er eini flokkurinn sem hefur lagt fram á þessu þingi skýrar, ákveðnar og fastmótaðar tillögur í byggðamálum. Við höfum fylgt eftir þeim tillögum í byggðamálum sem voru unnar í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og sett þær í búning og komið þeim hér inn í Alþingi. Það er meira en hægt er að segja um ríkisstjórnarflokkana. Við vitum ekki, venjulegir þingmenn, og það sama segja mér menn úr þingliði stjórnarflokkanna, hvert þessi ríkisstjórn stefnir í byggðamálum. Ég er alveg viss um að það er rétt. Það stendur á hæstv. forsrh. og núv. ríkisstjórn að koma með tillögur í byggðamálum. Framfl. hefur lagt fram sínar tillögur í byggðamálum og mun gera það áfram, fylgja eftir þeim tillögum sem fyrrv. ríkisstjórn lét vinna.

Menn hafa talað um að byggðastefnan hafi brugðist. Vissulega er rétt að það hefur ekki allt tekist sem menn vildu. En margt hefur líka tekist. Sá sem talaði á undan mér, hv. þm. Jóhannes Geir, minntist á eitt byggðarlag. Ég gæti nefnt fleiri byggðarlög sem vegna aðgerða Byggðastofnunar hafa gjörbreytt um svip. Þar var atvinnuleysi og eymd. Núna er þar blómlegt atvinnulíf sem betur fer. Okkur hefur vissulega ekki tekist að gera þetta alls staðar en það hefur tekist á nokkrum stöðum.

Vafalaust verður breyting á byggð á Íslandi, ég get tekið undir það með hæstv. forsrh., ég er ekki sleginn þeirri blindu að ég sjái það ekki. Aldrei hefur annað hvarflað að mér og ég hef margsinnis tekið það fram. Það er óhjákvæmilegt að mikil breyting mun verða á byggð á Íslandi. Við eigum auðvitað að viðurkenna það og við eigum að vinna eftir því og þá mun okkur best takast. Þá munum við geta beitt réttum mótefnum.

Oft vilja menn vera vitrir eftir á, það er óskaplega einfalt. Ef ég má fara aftur í tímann og vitna í Dagblaðið, gott ef það á ekki afmæli í dag. Oft hefur Byggðastofnun fengið kveðjur frá því blaði, en í leiðara árið 1983 var yfirskriftin eitt sinn: „Vormenn að verki." „Ein efnilegasta atvinnugrein á Íslandi er fiskeldi," — voru upphafsorð leiðarans. Og lokaorð þessarar forustugreinar, virðulegi forseti, voru þannig:

Fjöldi Íslendinga sem hefur dugnað, hugvit og þekkingu, hefur gengið fram fyrir skjöldu í fiskeldi. Það starf er nú smám saman að bera árangur í vel þegnum gjaldeyristekjum á erfiðum tíma. Þar eru vormenn okkar að verki. — Þetta var 1983. (**Gripið fram í:** Í hvaða blaði var þetta?) Þetta var í Dagblaðinu.

Í júnímánuði 1991 er enn skrifuð forustugrein í þetta blað og er fyrirsögn hennar: „Rústir fiskeldis." Fyrsta línan er svona: „Gjaldþrot fiskeldisstöðvanna kemur ekki á óvart." — Lokasetningin í forustugreininni er þannig: „En það er kominn tími til að horfið sé frá þeirri stefnu að skattfé almennings sé notað í ábyrgðarlaus spilavíti."

Það eru margir, því miður, margir fleiri en ritstjórar Dagblaðsins sem hafa fallið í þessa gryfju. Við gætum skoðað fleiri tilvitnanir úr þessu sama blaði, Dagblaðinu, af því að menn eru að tala um hvernig allt hafi farið úrskeiðis. Hér er forustugrein sem ber yfirskriftina „Stöðvum steinullina". Þar segir m.a., virðulegi forseti: „Hin makalausa verksmiðja núverandi ríkisstjórnar á að framleiða úrelta vöru sem hvarvetna er á hröðu undanhaldi í byggingariðnaði." — Og lokaorðin í þessum leiðara eru þannig: „6.000 tonna verksmiðja fyrir 610 tonna markað er vitlausasta iðnaðarævintýri Íslandssögunnar, vonlausari en Kröfluvirkjun. Þetta gæludýr verður að stöðva." En hvernig var svo skrifað á síðasta ári? 48 millj. kr. hagnaður var á þessu fyrirtæki á fimmta fyrsta heila starfsári fyrirtækisins. Framleiðslan á árinu var 6.163 tonn. Það þyrfti að tala betur við þessa falsspámenn og því miður hafa þeir villt mörgum sýn.

Við gætum rætt ítarlegar um þessi fyrirtæki og miklu fleiri þó ég nefni bara þessi því að ég hef haldið þessum greinum til haga. Við gætum skoðað fiskeldið betur. Við gætum líka skoðað loðdýraræktina þar sem þeir sem hafa farið út í þá atvinnugrein hafa nánast verið gerðir ærulausir. Hvaða fréttir berast okkur í dag af þeirri atvinnugrein? Verð skinnanna var komið niður í 1.100 kr., en í dag er það komið upp í 3.000 kr. og stefnir upp í 5.000 kr. Íslenskir bændur eiga heiður skilið hvernig þeir brugðust við þessari grein. Þeir voru undurfljótir að ná tækni í nýju greininni. Þeir fengu litla tilsögn, eignuðust góðan stofn, ósýktan og frjósaman stofn. Þeir framleiddu góð skinn. En því miður hallaði undan þegar verðið féll og margt annað fór úrskeiðis í greininni. Ógæfa þeirra sem fóru í þesssa atvinnugrein var auðvitað sú að menn lentu í að byggja upp þegar verðið var hátt, þeir lentu í djúpri niðursveiflu og hægri uppsveiflu. Það var aðalvandamálið. En ég held að allir sem skoða þetta af einhverri sanngirni viðurkenni að loðdýrarækt á Íslandi á framtíð fyrir sér. En menn hafa velt sér upp úr því að þetta hafi verið hin vitlausustu ævintýr.

Ég gæti nefnt fleiri greinar. Ég held nefnilega að menn þurfi að átta sig á því að það er mjög ósanngjarnt ef menn halda að einhver nýr atvinnurekstur fari að skila hagnaði á fyrstu starfsárum sínum. Það er alveg fáránlegt að nokkur maður skuli láta sér detta það í hug. Ég gæti ímyndað mér að eðlilegt væri að nefna svona fjögur til fimm ár þar til nýr atvinnurekstur skili hagnaði.

Hæstv. forsrh. vék einnig í máli sínu að byggðaáætlun og þeim reglugerðardrögum sem eru til meðferðar inni í Byggðastofnun og ég ætla ekki að ræða. Ég ætla ekki að ræða um þá reglugerð. Hún er í skoðun og ég sagði þegar ég talaði hér um daginn að ég vonast til þess að menn nái að semja góða reglugerð því að svo sannarlega þarf stofnunin á því að halda. En það er nokkur munur á því að hæstv. forsrh. vék að því að hér á síðasta þingi hefðu verið samþykkt lög um byggðaáætlanir. Það er hárrétt. Það voru samþykkt lög um byggðaáætlanir, mjög merkileg lög að mínu mati og ég fagna því sérstaklega að nú skuli eiga að fara að vinna að byggðaáætlunum. Og ég legg ríka áherslu á það hversu nauðsynlegt það er að við getum virkjað heimamenn einnig í því starfi. Mér fannst forsrh. vilja

gera lítið úr því að í þeim reglugerðardrögum, sem nú liggja fyrir, átti að vera óheimilt að lána út fé fyrr en byggðaáætlanirnar lægju fyrir. Það er munurinn. Það finnst mér tæknilega nánast ómögulegt vegna þess að það tekur mjög langan tíma að vinna upp og gera byggðaáætlanir. Þær verða sem sagt að vera mjög vel unnar og það tekur óhjákvæmilega mikinn tíma.

En eins og ég segi ætla ég ekki að fara í eitthvert orðaskak um þessi drög að reglugerð. Ég vona að mönnum takist þar að koma með heillega smíð út úr því máli.

Ég vil einnig víkja að því sem hæstv. forsrh. sagði að menn hefðu verið að hnjóða í höfuðborgina og menn hefðu talað illa og af fjandskap til höfuðborgarinnar. Ég vil segja það að hann getur ekki verið að tala þar til mín. Ég tala ekki illa til höfuðborgarinnar og hef ekki ástæðu til þess. Og svona eiga menn ekki að tala og allra síst má forsrh. tala í þessum dúr. Auðvitað getur okkur eitthvað greint á. Það er mannlegt og eðlilegt. En mér finnst ég vera búinn að sitja nokkuð stíft yfir umræðunum um byggðamál og ég kannast ekki við það að menn hafi verið með einhvern fjandskap út í höfuðborg okkar. Hún er ekki bara höfuðborg forsrh. Hún er höfuðborg okkar. Okkur er heldur ekkert sama um Reykjavík þannig að það er engum greiði gerður með því að vera alltaf að etja saman landsbyggð og höfuðborgarsvæðinu. Það er engum greiði gerður með slíkum málflutningi.

Úr því að ég er farinn að snúa mér að ræðu hæstv. forsrh. þá saknaði ég þess að hann svaraði ekki þeim spurningum sem ég beindi til hans þegar ég ræddi um þessi mál síðast. Og það er alvarlegt og ég segi það og ég meina það, hæstv. forsrh., að ég uni því ekki að liggja undir slíkum áburði eins og þú viðhafðir á flokksráðsfundi Sjálfstfl. Þess vegna bað ég þig um að skýra orð þín hér úr þessum stól þar sem þú segir (**Forseti:** Ávarpa forsrh. með réttum hætti.) Hæstv. forsrh., það er best að ég lesi þessi orð:

„Margir stjórnmálamenn hafa haft tilhneigingu til þess þegar þeir hafa kosið að úthluta fé, jafnvel með ólögmætum hætti" og ég endurtek, „jafnvel með ólögmætum hætti að vitna til byggðastefnu í því sambandi. Ekki síst er þetta árátta framsóknarmanna."

Hvað er forsrh. hér að segja? Er hann með aðdróttanir í garð þeirra sem sitja í Byggðastofnun? Er hann eingöngu að tala um framsóknarmenn sem sitja í Byggðastofnun? Er hann að tala til fyrrv. stjórnarmanna í Byggðastofnun sem núna sitja við hlið hans sem ráðherrar? Hverjir eru það sem hafa verið að lána fé eða úthluta fé með ólögmætum hætti?

Ég spurði einnig hæstv. forsrh. hvort hann gæti ekki verið mér sammála um það að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. skulduðu Alþingi skýrslu um afskipti sín af Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Hæstv. forsrh. svaraði því ekki heldur. Ég bíð eftir þessum svörum. Hér er vegið að mönnum og við eigum rétt á því og kröfu að forsrh. skýri mál sitt.

Þessi umræða hefur nokkuð dregist á langinn og það er ekki að furða. Ég hef trú á því að hún eigi eftir að dragast verulega lengi ef svo heldur fram sem horfir, ef ríkisstjórnin tekur sig ekki á. Ég hefði gjarnan viljað segja nokkur orð við hv. 5. þm. Norðurl. v. en hann er því miður ekki í salnum fremur en aðrir sjálfstæðismenn. Ég ætlaði meira að segja að sleppa að ræða þann þátt úr ræðu hans sem var gjaldþrotakafli vegna þess að mér er vel við hv. þm. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað spjalla við hann um fiskvinnsluna, sem hann vék að, og hvaða aðgerðir menn væru með til þess að bjarga henni frá 9–10% tapi. Og ég ætlaði einnig að spyrja hv. 5. þm. Norðurl. v. og framkvæmdastjóra Verslunarráðs hvaða áhrif hann teldi það hugsanlega hafa á þann straum fólks sem nú leitar á erlenda grund til þess að eiga viðskipti meðan verslunin þarf að búa við 30–35% vexti á vöruvíxlum. Það væri fróðlegt að fá hv. þm. til að leiða okkur í sannleikann um það og hvert mat hans er á þeim þætti.

Egill Jónsson vék að því að nýir þingmenn Sjálfstfl. hefðu sannað það í umræðunni að þeir væru góðir fulltrúar byggðastefnu Sjálfstfl. Það er rétt að sumir þeirra, ekki voru þeir nú of margir, töluðu þokkalega í málinu. Einn bar þó af. En ég þarf ekki frekari rökstuðning við í því máli hver hugurinn er. Það skiptir nefnilega ekki svo miklu máli hvernig þeir tala í þessum ræðustól. Verk þessara manna skipta miklu meira máli og það lýsir sér best í frv. til fjárlaga sem liggur fyrir framan okkur.

Ég vil segja það í sambandi við byggðamálin að það hefur alla tíð verið vilji landsbyggðarinnar að byggja upp myndarlega og fallega höfuðborg. Og ég mótmæli því að það sé einhver öfund eða tortryggni þar úti í. Ég held að allir Íslendingar hafi viljað standa að því að byggja upp myndarlega höfuðborg. En nú er höfuðborgin komin vel á legg og þess vegna er ekki óeðlilegt að við leitum eftir skilningi höfuðborgarinnar og höfuðborgarbúa á að nú sé nauðsyn á því að efla aðra staði utan höfuðborgarsvæðisins. Á því þurfa íbúar höfuðborgarsvæðisins að hafa skilning.

Það er engin spurning, virðulegi forseti, að það hafa orðið vatnaskil í íslenskri pólitík og það hafa orðið vatnaskil á sama tíma í byggðamálum. Og sönnunargagnið er hér, virðulegi forseti, skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands, en svo segir í smágrein sem ég er með úr Morgunblaðinu sjálfu og er þá verið að vitna í Halldór V. Sigurðsson. Hann leggur áherslu á að á þessum tíma hafi orðið stjórnarskipti. Það er kjarni málsins. Það urðu stjórnarskipti í landinu og mikil breyting og því urðu svo snögg vatnaskil.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru tvær spurningar sérstaklega sem hv. þm. nefndi að ég hefði ekki svarað. Annarri spurningunni reyndar hafði ég svarað við aðra umræðu í þinginu, það var spurning um Hraðfrystihúsið á Stokkseyri og þá niðurstöðu sem varð við nauðasamninga vegna þess fyrirtækis. Og ég svaraði því þá til að í forsrn. hefði legið fyrir fundargerð frá fundi sem þáv. forsrh. hafði haldið í ráðuneytinu þar sem tekin var ákvörðun um það að tilteknir skattar skyldu koma til nauðasamninga. Fundargerð þessi var

skrifuð af Helga Bergs bankastjóra. Ég lýsti því hér í þingsalnum að við hefðum ákveðið að virða þessa ákvörðun sem fyrrv. forsrh. hefði tekið, ganga ekki gegn henni. Ég hef skýrt þetta áður. Þingmaðurinn hefur sennilega ekki verið í salnum þá þegar þetta svar var gefið.

Varðandi hitt atriðið, þá gæti ég út af fyrir sig rætt um fjölmarga þætti sem ég hef efasemdir um að Byggðastofnun hafi farið eftir þeim lögum sem um hana gilda. Ég er ekki þar með að segja að þar sé um refsiverða hluti að ræða en það hefur verið farið út fyrir þann lagaramma sem Byggðastofnun var settur. Ég get til að mynda nefnt að ég tel afskaplega vafasamt, svo ekki sé meira sagt, að sá fjáraustur sem verið hefur til fyrirtækisins Miklalax fái staðist að lögum. Það er í meira lagi vafasamt svo að ekki sé meira sagt. (**StG:** Ólöglegt?) Það er í meira lagi vafasamt, hv. þm., að það fái staðist að lögum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér hafa þau orð fallið að óhjákvæmilegt er að það fáist staðfest úr forsetastóli að umræðunni verði ekki slitið heldur fram haldið og hún kláruð. Það situr enginn undir yfirlýsingum eins og hér hafa fallið, þær látnar veltast í fjölmiðlum dag eftir dag eins og ekkert hafi verið sagt og svo verði málum fram haldið. Þessi stjórn á þinginu gengur ekki upp. Það verður að klára einhver mál og það er eðlilegt að það sé spurt hér og nú: Má treysta því að þessari umræðu verði fram haldið í kvöld þannig að menn geti gert grein fyrir stöðu mála með eðlilegum hætti?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vestf. spyr forseta hvort megi treysta því að þessari umræðu verði haldið áfram í kvöld. Forseti vildi gjarnan geta svarað því játandi. En því miður getur hann það ekki vegna þess að formenn þingflokka, sem hafa fundað um dagskrána í dag, hafa orðið sammála um að þessari umræðu ætti að ljúka kl. 7 og síðan verði tekin önnur dagskrármál á kvöldfundi. En forseti getur vel upplýst að hann óskaði eftir því að fá að ljúka umræðunni en vill bæta því við að hann gengur að sjálfsögðu ekki á bak orða sinna varðandi það samkomulag sem gert hefur verið um framhald þessarar dagskrár á kvöldfundi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forseti hafi á því fullan skilning að það er óhjákvæmilegt að taka upp í upphafi þess fundar umræður um þingsköp. Það gengur einfandlega ekki að þegar samið er um frestun mála og sérstaklega leitað til þess sem hér stendur um vissa tilhliðrun í þeim efnum að þá sé það gersamlega rústað með einhverjum fundum. Að mínu viti var visst samkomulag gert í þeim efnum og ég taldi mig geta treyst því að hér yrði eðlilega staðið að framhaldi umræðna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að hv. 2. þm. Vestf. hafi ekki staðið forseta að því að fara með rangt mál og þess vegna er hennar svar einungis það að endurtaka það sem hún sagði fyrr. Forseti hafði óskað eftir því að þessari umræðu yrði lokið í dag en gert var samkomulag um að umræðan mætti standa frá kl. 4 til kl. 7 og hugsanlega fram undir klukkan hálfátta, eftir því hvernig stæði á ræðum manna.

Nú er klukkan 6.15 svo að sá tími styttist sem þessi umræða getur haldið áfram í dag miðað við þetta samkomulag. Að sjálfsögðu höldum við áfram núna og þá fá hv. þm. sem eiga eftir að taka til máls og eru á mælendaskrá tækifæri til að tjá sig þangað til við verðum að hætta vegna þess samkomulags sem gert hefur verið.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér að leggja nokkur orð í þessa umræðu áður en henni lyki en mér þykir greinilegt að ummæli hafi fallið á þann veg að henni lýkur ekki í bráð. Ummæli forsrh., þar sem hann ber stjórnarmönnum Byggðastofnunar á brýn að þeir hafi ekki farið að lögum um stofnunina og nefnir þar útlán til ákveðinna fyrirtækja, eru mjög alvarleg svo að ekki sé meira sagt. Svona ummæli þótt væru milli hv. þm., hvað þá frá hæstv. forsrh., gefa tilefni til að fara rækilega yfir málið.

Hins vegar ætlaði ég að hnykkja á nokkrum atriðum í sambandi við þessa umræðu vegna þess að þegar henni var frestað síðast hafði hæstv. forsrh., sem ber ábyrgð á byggðamálum, ekki tekið til máls.

Í svokallaðri hvítri bók, sem ríkisstjórnin gaf út eftir mikið japl, jaml og fuður er ekki minnst á byggðamál heldur er talað um byggðastefnu í kafla sem heitir „Sambúð lands og þjóðar" og eru þar nokkur atriði sem varða byggðamálin. Þar er þessi fræga setning um vaxtarsvæði. Þar stendur að ríkisstjórnin vilji í samvinnu við heimamenn beita sér fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar og hlúa að vexti og viðgangi smáfyrirtækja. Ríkisstjórnin muni fylgja eftir áætlunum sínum við jöfnun húshitunarkostnaðar og ríkisstjórnin muni beita sér fyrir flutningi þjónustu.

Svo mörg voru þau orð. En það er eitt að setja orð á blað í hvítri bók, annað er hverjar hinar raunverulegu aðgerðir og hver hinn raunverulegi vilji er og hvert fyrstu spor ríkisstjórnarinnar vísa í þessum málum. Við hv. þm. höfum ekki neitt í höndunum um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar nema fjárlögin og menn skyldu þó ætla að í þeim væri myndarlega tekið á þessum málum af hálfu ríkisvaldsins. Við skyldum halda að myndarlega væri tekið á samgöngumálum í fjárlögunum vegna þess að talað er um að tengja vaxtarsvæði saman með góðum samgöngum. Í vegáætlun og framlögum til vegamála er raunverulega dregið úr framkvæmdum þó að leiða megi rök að því að það fjármagn sem er inni á vegáætlun hafi vaxið frá fjárlögum fyrra árs. En þegar nánar er skoðað er um raunverulega minnkun á framkvæmdum að ræða vegna þess að framkvæmdir og greiðslur sem áður hafa verið utan vegáætlunar eru teknar þar inn. Og eftir því sem frétt-ist úr stjórnarherbúðunum er nú rætt um viðbótarnið-

urskurð í vegamálum og hafa heyrst þar tölur allt upp í 20%, en þær tillögur hafa ekki séð dagsins ljós enn þá.

Ef litið er á flugmálaþáttinn og þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til þess að efla flugsamgöngur, er einnig lækkun í fjárlögunum. Ef litið er áfram á samgöngumálin, þá er ætlunin samkvæmt fjárlagafrv. að hækka þungaskatt og það eru fleiri atriði varðandi byggðamál í þessum fjárlögum sem athygli vekja. Ég er ekki að segja að við framsóknarmenn séum ekki til viðtals eða viljum ekki skoða sparnað á ýmsum sviðum. Það er víða niðurskurður í þessum fjárlögum sem snertir landið allt. Þau eru til meðferðar og við tökum að sjálfsögðu fullan þátt í því í fjárln. að ræða þau og þá liði. Hins vegar er ýmis glaðningur sem ætlaður er landsbyggðinni sérstaklega og það eru óvenjulega margir liðir í þessum fjárlögum, sem varða landsbyggðina, sem eru beinlínis skornir niður. Þar eru stærstu liðirnir þeir sjóðir sem eiga að veita einhverja vörn í byggðamálum. Það er Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins sem er tekinn í annað og Framleiðnisjóður landbúnaðarins er skorinn verulega niður. Það er sagt í athugasemdum við frv. sem liggur hér fyrir hv. Alþingi um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, að það sé eðlilegt hlutverk Byggðastofnunar að koma inn og verjast því að kvóti fari úr byggðarlögum og Byggðastofnun eigi að taka að sér það hlutverk sem Hagræðingarsjóði var ætlað, það sé eðlilegt hlutverk hennar. En hvernig skyldi Byggðastofnun vera í stakk búin til að mæta þessu hlutverki samkvæmt frv.? Það er ætlunin að skera niður framlög til Byggðastofnunar um 20% samkvæmt fjárlagafrv. og um leið á stofnunin að taka þetta hlutverk að sér samkvæmt frv. hæstv. sjútvrh. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Það mætti lengi telja ef farið væri í gegnum þessa ágætu bók sem heitir Frumvarp til fjárlaga árið 1992. Það er eiginlega það eina sem við hv. þm. höfum handfast um stefnu ríkisstjórnarinnar og fyrirætlanir varðandi byggðamál. Þar eru t.d. áform um að fella algerlega niður framlög til þess umtalaða fyrirtækis Skipaútgerðar ríkisins, svo að við tölum áfram um samgöngumál og hvernig á að tengja saman þessi vaxtarsvæði. Það er alveg ljóst að það fyrirtæki getur ekki veitt þá þjónustu sem ætlast er til af því ef þessi framlög verða felld niður, ef það á annað borð fær að starfa áfram.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem borist hafa félmn. Alþingis, fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sem ætlað er mikið hlutverk í því m.a. að stuðla að stækkun sveitarfélaganna í landinu sem mér er kunnugt um að hæstv. ríkisstj. þykir bjargráð í byggðamálum, ekki þau framlög sem eru lögbundin samkvæmt mati Sambands ísl. sveitarfélaga og er þó á því full þörf. Hér hafa verið raktar ýmsar fyrirætlanir um byggðamál sem eru væntanlegar í frumvarpsformi og snerta byggðamál. Það hefur verið rakið að ætlunin er að afnema verðjöfnun á bensíni og olíum, að verð á bensíni og olíum verði misjafnt eftir því hvar er á landinu.

Þetta er sú mynd sem blasir við og það er alveg sama þó hæstv. forsrh. segi það í tiltölulega hógværri ræðu — þó að andsvar hans væri ekkert tiltölulega hógvært, þá var ræða hans í upphafi þessarar umræðu í dag tiltölulega hógvær — að hvergi hafi komið fram í ummælum að draga eigi úr framlögum til byggðamála. Hann sagði eitthvað á þá leið ef ég hef náð hans ummælum rétt niður en þetta var efnisinntak þeirra. Ég held að annað blasi við ef grannt er skoðað.

Í öðru lagi segir hæstv. forsrh að við þingmenn, sem höfum talað í þessari umræðu, höfum verið með fjandskap í garð höfuðborgarinnar. Þetta er fjarstæða. Ég hef fyrir mitt leyti varað við afleiðingum þess fyrir höfuðborgina að taka við þeim óþægindum sem verða af þeirri byggðarröskun sem óhjákvæmileg er ef svo heldur fram sem horfir. Ég hef varað við þessu, ekki af fjandskap við höfuðborgina heldur vegna þess að ég ann höfuðborgarbúum þess að hér sé gott mannlíf. Ég er einn af þeim sem þarf atvinnu minnar vegna að vera hér meiri hlutann úr árinu þannig að það kemur alveg eins við mig og aðra hvernig er að lifa í höfuðborg okkar. Það er alger fjarstæða að halda því fram að umræðan hafi einkennst af hatri til höfuðborgarinnar. Ég frábið mér slíks. Það hefur ekki komið fram í mínu máli.

Hæstv. forsrh. sagði að það væru skilyrði fyrir lífvænlegri byggð hvarvetna á landinu. Þar er ég honum alveg sammála. Ég held að þessi skilyrði séu fyrir hendi. Það séu skilyrði til góðs mannlífs um allt land. Hins vegar hafa þau ummæli verið fyrirferðarmikil í umræðunni að það eigi að hjálpa fólki til að flytja burt af svæðum sem standa höllum fæti. Það er ekki að undra þó að þau séu fyrirferðarmikil því að þessi skoðun heyrist víða og ummæli hæstv. forsrh. eru engin tilviljun. Það eru ýmsir á þeirri skoðun að það geri ekkert til þó að ýmsir þéttbýlisstaðir úti á landi fari í eyði.

Hæstv. forsrh. er ágætur rithöfundur og liðtækur á því sviði. En ég heyrði í öðrum rithöfundi í útvarpsþætti sl. laugardag. Hann var með pistil og kom þar inn á byggðamál í tilefni af umræðum sem hafa verið á hv. Alþingi og í tilefni af ummælum hæstv. forsrh. Í þessum pistli sagði rithöfundurinn eitthvað á þessa leið: Ég harma það ekkert, það skeður ekkert þó að ýmsir þéttbýlisstaðir, sem eiga undir högg að sækja, fari í eyði. Síðan kom skáldlegt framhald. Hornstrandir fóru í eyði fyrir nokkuð mörgum árum. Hvað hefur skeð? Hornstrandir eru sælureitur þar sem grasið og gróðurinn vex upp í mitti og menn geta slappað af, haft það huggulegt og horft upp í loftið og horft á hvönnina sem vex þar yfir mannvirki og hylur þær mannvistarleifar sem þar voru. Er það sú framtíðarsýn sem menn hafa? Er þetta sú framtíðarsýn að grasið vaxi yfir þau mannvirki sem eru úti á landsbyggðinni og hylji þau að lokum? Ég spyr hæstv. forsrh. að þessu af því að hann er skáld eins og sá sem þennan pistil flutti.

Ég er ósammála þessu. Það má vera að Hornstrandir séu sælureitur, ég hef því miður ekki komið þar enn þá, ég geymi mér það og hlakka til þess þegar ég fæ tækifæri til þess. En ég hef ekki þá skoðun að það sé hin eilífa sæla þar sem grasið vex yfir leifarnar um

mannvist. Mér finnst vera sælureitur þar sem er líf og starf og þar sem möguleikar landsins eru nýttir. Mér finnst það sælureitur þar sem menn lifa í sátt við landið og finna fyrir nálægð þess og nýta auðlindir þess á skynsamlegan hátt. Það gerum við með því að halda byggð í landinu sem víðast. Það er langt í frá að nokkur hafi haldið því fram að byggðin breytist ekki í landinu í tímans rás. En mér finnst sú stefna röng og ég get ekki sætt mig við hana að grípa eigi inn í þá þróun með þeim aðgerðum að flytja fólk burt þegar erfiðleikar steðja að.

Fyrir nokkrum dögum var verið að impra á því að ríkisstjórnin sæti á fundum að ræða um aðgerðir til að bregðast við aðsteðjandi vanda í atvinnulífi landsmanna. Það er nú svo að ekkert hefur heyrst um þær aðgerðir nema að það sé möguleiki að lengja lán Atvinnutryggingarsjóðs. (**ÖS:** Það kemur.) Það kemur, segir formaður þingflokks Alþfl. sem hefur tekið sig til og teiknað tillögur sínar upp á blað og veifað þeim blöðum framan í ljósmyndara. (**ÖS:** Ertu ekki ánægður með það?) Ég var ánægður með það, jú, ég trúi formanni þingflokks Alþfl. til allra góðra verka enda er hann hreystimenni mikið og hann er sjóaður í pólitík eftir vist sína hjá hv. formanni Alþb., hv. 8. þm. Reykn. En það er eitt að veifa blöðum, jafnvel þótt menn séu formenn þingflokka og annað að aðgerðir ríkisstjórnar sjái dagsins ljós. Að lengja lán Atvinnutryggingarsjóðs eru sértækar aðgerðir sem hæstv. forsrh. hefur a.m.k. verið að sverja af sér að ríkisstjórnin muni leggja til. Ef það á að lengja lán sjávarútvegsfyrirtækja þá koma fleiri aðgerðir til greina. Það eru t.d. flest sjávarútvegsfyrirtæki með lán í Fiskveiðasjóði. Hefur ríkisstjórnin rætt það að lengja lán í Fiskveiðasjóði? Það eru aðgerðir sem koma nær öllum útgerðarfyrirtækjum til góða. En ekkert hefur sést um þetta. Og aðgerðir til hjálpar atvinnulífinu úti á landsbyggðinni, sem þarf að þola heiftarlegar þrengingar vegna niðurskurðar á fiskveiðiheimildum og framleiðslutakmarkana í landbúnaði, hafa ekki séð dagsins ljós.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira. Ég þykist vita að hv. þm. eigi ýmislegt ósagt enn þá. Ég ætla nú að hverfa á fund hjá fjárln. og reyna að aðstoða við það að koma fjárlagafrv. áfram, enda veitir nú ekki af ef það á að afgreiða þennan bálk fyrir jól þar sem það er staðreynd að afar fá fylgifrv. eru komin fram en aftast eða aftarlega í fjárlagafrv. er skrá upp á þrjár og hálfa blaðsíðu yfir þær lagabreytingar sem þurfa að fylgja til að þetta frv. gangi í gegn. En nú er, eins og hefur komið fram í umræðunni, 1. des. á sunnudaginn, ef ég man rétt, og hér á að slíta þingi 14. des. samkvæmt starfsáætlun.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram umræða um byggðamál af og til um nokkurt skeið eftir að hæstv. forsrh. lagði fram skýrslu um Byggðastofnun.

Samkvæmt lögum um Byggðastofnun er henni ætlað að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri þróun í byggðamálum almennt. Þannig á hún að gegna lykilhlutverki og hefur gert það. Byggðamál eru ekkert einkamál landsbyggðarinnar heldur mál þjóðarinnar allrar því að meginhluti gjaldeyristekna verður til úti á landi. Því er mikilvægt að menn líti á málin í heild sinni en tali ekki um Stór-Reykjavíkursvæðið og landsbyggðina sem óskyld mál.

Það hefur aldrei verið erfiðara að átta sig á stöðunni en einmitt nú. Hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki enn þá markað stefnu í grundvallarmálum um það hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Þar vantar mikið á. Hver er stefnan almennt í skattamálum? Verður aðstöðugjaldið fellt niður og annar tekjustofn tekinn í staðinn? Hæstv. félmrh. segir já. Hæstv. fjmrh. segir nei. Aðstöðugjöld eru yfirleitt mun lægri úti á landsbyggðinni en hér á Reykjavíkursvæðinu, eins og sést í nýútkominni árbók sveitarfélaganna. Það er gamall og nýr sannleikur. Þar sést að aðstöðugjöld eru hér 23.110 kr. á íbúa á sama tíma og þau eru 7.000 kr. á íbúa á Akranesi svo dæmi sé tekið. Þetta er ekki beinlínis jafnvægi í byggð landsins.

Ég ætla ekki að fara nánar út í hið raunverulega óréttlæti sem fylgir aðstöðugjöldum almennt. Það skiptir miklu máli hver verður framtíð þessa skatts þegar talað er um byggðamál. Þessi mál eru alls ekki á hreinu. Það er ekki síður mikilvægt að hafa á hreinu hver stefnan er í landbúnaðarmálum. Það er erfitt að átta sig á því þó maður lesi fram og til baka hina hvítu bók enda tala fulltrúar ríkisstjórnarinnar út og suður almennt um landbúnaðarmál.

Hver er stefnan í sjávarútvegsmálum? Fær Alþfl. og hluti sjálfstæðismanna að ráða ferðinni þar? Verða tekin upp veiðileyfagjöld? Verður gamla skrapdagakerfið tekið upp aftur, eða sóknarstýring eins og það heitir núna á betra máli, eins og hluti sjálfstæðismanna hefur talað um? Eða fær stefna hæstv. sjútvrh. að ráða ferðinni? Þetta er alls ekki ljóst. En þetta er eitt af þeim mörgu atriðum sem skiptir höfuðmáli að hafa á hreinu þegar byggðamál eru rædd almennt. Þetta stefnuleysi hefur valdið slíkum ugg og óróa hjá landsbyggðarmönnum að fólk hrópar á festu og skýr og afdráttarlaus svör. Við þurfum að skipuleggja framtíðina. Ég sagði framtíðina. Þjóðin hefur fyrir löngu fengið nægju sína af fortíðarvandaröfli hæstv. ríkisstjórnar og einhverju rausi um rusl undir teppi. Við krefjumst framtíðar fyrir blómlegar byggðir landsins.

Það var afar athyglisvert að hlusta á hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. tala til sveitarstjórnarmanna á nýliðnu þingi um fjármál sveitarfélaga. Þar voru menn að krefja um skýr svör í atvinnumálum almennt og það kom fram enn einu sinni að ríkisstjórnin ætlar ekkert að gera. Þeir segja svona og svona út og suður að guð hjálpi þeim sem hjálpa sér sjálfir og það er ágætt svo langt sem það nær, en þegar búið er að kippa grundvellinum undan atvinnuvegunum verður eitthvað að koma til. Grundvöllurinn er ekki til staðar. Háir vextir annars vegar og aðgerðarleysi hins vegar lama undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og það þýðir ekki að stimpla atvinnurekendur almennt sem einhverja aula sem bíða aðeins eftir opinberri náðargjöf eins og skilja

mátti auðveldlega af ræðu hæstv. fjmrh. á annars ágætri ráðstefnu sem ég vitnaði til í upphafi. Hér hefur aldeilis verið duglega talað um sjóðasukkið svokallaða og ekkert vantað á þá umræðu og er þá verið að tala um Atvinnutryggingarsjóð. Skyldu vera meiri vanskil í þeim sjóði en hjá öðrum lánastofnunum sem lána almennt til undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar? Hefur það verið skoðað? Ef það hefur ekki verið skoðað þá held ég að það sé verðugt verkefni að skoða það. Ég held að það sé nauðsynlegt að gerð verði úttekt á því. Menn tala um það út og suður að einmitt Atvinnutryggingarsjóður hafi m.a. komið óorði á Byggðastofnun. Ég hef ekki heyrt að aðrir lánasjóðir hafi komið óorði á landsbyggðina þótt þeir hafi lánað til undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. Við vitum það öll að Atvinnutryggingarsjóður bjargaði því sem bjargað varð á erfiðleikaárunum eftir 1988 og gjörbreytti stöðu margra fyrirtækja. Hann leysti ekki vandann alfarið og menn geta ekki ætlast til þess. En menn geta reiknað út hvað það hefði kostað þjóðfélagið ef ekkert hefði komið til. Halda svo menn í þessu vaxtaokri sem við búum við í dag að það sé ekkert mál fyrir atvinnureksturinn að standa í skilum? Halda menn að loðnubrestur og erfið sala á síld hafi ekkert þar að segja? Hæstv. sjútvrh. hefur bent réttilega á að það þurfi að framlengja lán í Atvinnutryggingarsjóði og varla er það heimsendir þó það sé gert. Ég býst við að flestar aðrar lánastofnanir geri slíkt á erfiðleikatímum og það sé daglegur viðburður hjá lánastofnunum almennt að gera það.

En fyrst og síðast skortir stefnu. Það skortir rétta stefnu í vaxtamálum og það verður að lækka verðbólgu. Það erum við þó sammála um. Hún verður að fara niður á við. Ef það verður rekstrargrundvöllur fyrir undirstöðuatvinnuvegina þarf forsrh. ekkert að hafa áhyggjur af því að stofna þennan hreppaflutningasjóð sem hann ræddi um um daginn og taldi vera nýjung og væri allt í lagi að ræða það. Ég hélt satt að segja að hann hefði kannski haft ljóð eftir Einar Benediktsson í huga þegar honum datt það í hug, sem er eitthvað á þá leið: „Að fortíð skal hyggja þá frumlegt skal byggja." En það var ekki það sem hann hafði í huga. Hann hélt hann væri að byggja eitthvað nýtt. Ég endurtek það að ef sá margumtalaði rekstrargrundvöllur er til staðar er hvergi betra að búa en úti á landsbyggðinni. Og hvergi er auðveldara að búa en þar. En okkur vantar þennan rekstrargrundvöll fyrir fyrirtækin til að það sé rekstrargrundvöllur fyrir heimilin á þessum stöðum. Það er svo gott að búa einmitt úti á landsbyggðinni því að þar þurfum við ekki að vera í bílaröðum og eyða dýrmætum tíma í að leita að bílastæðum heldur getum við verið frjáls með börnin okkar og þau eru í beinum tengslum við atvinnulífið. Þegar ég tala um börnin þá eru þau sá merkilegasti hagvöxtur sem við búum við, það er vöxtur og framtíð unga fólksins í landinu. Þar er hinn raunverulegi fjársjóður falinn og mest um vert að ekki fari ögn til spillis af þeim sjóði. Það er sá hagvöxtur sem erfitt er að ná upp ef eitthvað fer úrskeiðis.

Skólamál almennt eru mikið landsbyggðarmál. Það er því mikið áhyggjuefni að margar merkar skólastofnanir vítt og breitt um landið eiga að lognast út af. Reykholt í Borgarfirði er ein þeirra stofnana sem ekki er ætluð króna í fjárlögum 1992. Stofnunin virðist gleymd og grafin. Reykholt er meira en venjulegur skóli og á sér merka sögu eins og menn þekkja og hefur alla burði til að hýsa hvers konar skólahald. Veitt hefur verið á undanförnum árum milljónatugum til að byggja upp staðinn. Nú vantar þennan stað verkefni, eins og svo marga aðra skóla úti á landi þar sem húsnæði er ónýtt. Margir skólanna eru byggðir á jarðvarmasvæði sem gefur ýmsa möguleika. Frumkvæðið verður auðvitað að koma frá heimamönnum sjálfum. En þá verða að koma til jákvæð viðhorf ráðamanna.

Flutningur stofnana hins opinbera er ofarlega í hugum margra og fýsilegur valkostur. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hverju við eigum von á í þeim efnum. Eru einhverjir flutningar á opinberum nýjum störfum í deiglunni og þá hvaða störf og hvert? Í því tilefni langar mig að segja frá því að ekki er langt síðan Byggðastofnun auglýsti eftir aðilum sem hefðu áhuga á því að nýta sér fjarvinnslu. Í bréfi Byggðastofnunar, sem var auglýst, kom fram skýr vilji stjórnvalda og að þeir litu jákvætt á tilfærslu verkefna út á land til fjarvinnslu. Það er skemmst frá því að segja að þessum auglýsingum var afar vel tekið og hér er heil bók sem ég er með með nöfnum yfir þá aðila sem hafa áhuga á að nýta sér fjarvinnslu sem atvinnutækifæri og eru með tæki til þess og menntun.

Í því bæjarfélagi sem ég þekki best til ætluðum við að nýta okkur þessa möguleika og sendum bréf til nokkurra aðila sem ég mun telja upp. Þeir sem fengu bréf eða boð um það að fara þess á leit við stofnanir að nýta sér fjarvinnsluna voru eftirtaldir: Það var fjmrn., félmrn., dóms- og kirkjumrn., forsrn., Hagstofa Íslands, iðnrn., heilbr.- og trmrn., menntmrn., landbrn., samgrn., sjútvrn., umhvrn., viðskrn., utanrrn., skrifstofa Alþingis, ríkisskattstjóri, skattstjórinn í Reykjavík, Fasteignamat ríkisins, borgarfógetinn í Reykjavík. Þessir aðilar voru beðnir að gefa svör fyrir 20. nóv. Nú hafa þegar borist átta svör og þau eru öll neikvæð. Engin þessara stofnana hefur áhuga á að nýta sér fjarvinnslu.

Þetta segir kannski sína sögu um að það er hægara um að tala en í að komast og það er greinilega ekki hlaupið að því að færa verkefni. Auðvitað eru mörg störf sem hægt er að flytja yfir á landsbyggðina ef vilji er fyrir hendi. En það þarf viljann og það þarf jákvætt hugarfar. Ef ég nefni bara eitt dæmi, af hverju er Rannsóknastofnun landbúnaðarins ekki á Hvanneyri? Það er stofnun sem manni sýnist vera borðliggjandi að gæti verið þar. Og það er margt fleira sem virðist eiga svo miklu betur heima úti á landsbyggðinni en þar sem það er staðsett. En það vantar sem sé þennan jákvæða tón, bæði frá landsbyggðamönnum og landsfeðrunum. Og það hefur komið mikill órói í byggðamálaumræðuna með óábyrgu tali og oft þekkingarleysi í umræðu.

Menn hafa horft mjög björtum augum til Evrópska efnahagssvæðisins, sérstaklega hvað sjávarútveginn varðar og telja að það muni bjarga mjög miklu á landsbyggðinni. Ég held að það séu nú ýmsir hortittir sem

eftir er að ganga yfir og yfirstíga áður en við getum sagt að það muni bjarga miklu á landbyggðinni. Auðvitað viðurkennum við það og virðum að þarna eru viss tollfríðindi sem við munum fá og ég hugsa að síldin vigti þar kannski þyngst. En það kemur líka annað í staðinn og málefni sem eftir eiga að ganga í gegn. Menn verða að viðurkenna það og muna að í sjávarútvegi eiga olíufélög og tryggingafélög stóran hluta og það eru þeir aðilar sem hafa verið að kaupa hlutafé á hinum opinbera markaði og hafa hlutabréfakaup þeirra einmitt bjargað mörgum fyrirtækjum. Ef við göngum í Evrópska efnahagssvæðið mega þessir aðilar ekki eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og mega ekki kaupa hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Og hvað gerist þá? Það er spurning sem er algerlega ósvarað. Ég er hrædd um að það væri stór biti að kyngja ef hlutabréfamarkaðurinn lokaðist algerlega fyrir landsbyggðinni en með þessu sýnist mér að hann geri það. Lögfræðingar hafa skoðað þetta fyrir olíufélög almennt og auðvitað geta þau áfram keypt í fyrirtækjunum en ef þau gera það missir fyrirtækið heimild til fiskveiðiréttinda þannig að þar með er það búið. Þetta er auðvitað stórmál fyrir landsbyggðina og nauðsynlegt að verði brotið til mergjar eins fljótt og auðið er.

Ég hef ekki hugsað mér að lengja þetta meira. Klukkan er orðin sjö en ég vona að umræðunni verði haldið áfram og knúið verði á um það að skýr stefna í atvinnumálum verði birt innan tíðar. Það þolir enga bið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur oft hitnað í kolunum á Alþingi og ýmis orð verið látin falla sem eru þyngri en æskilegt er. En það sækir margt á hugann þegar maður sér að formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins kynnti það á sínum tíma undir rós. Með leyfi forseta vil ég geta þess hvað það er sem núv. forsrh. kynnti undir rós á landsfundi. Davíð Oddsson sagði að fyrrv. ríkisstjórn hefði komið óorði á byggðapólitík þannig að orðið byggðastefna væri nánast orðið að skammaryrði og síðan segir hann:

„Margir stjórnmálamenn hafa haft tilhneigingu til þess þegar þeir hafa kosið að úthluta fé, jafnvel með ólögmætum hætti, að vitna til byggðastefnu í því sambandi. Ekki síst er þetta árátta framsóknarmanna."

Við búum í réttarríki og þar er það reglan að þeir sem brjóta af sér, vinna verk með ólögmætum hætti, eiga það yfir höfði sér að þeim sé stefnt, þeir sóttir til saka, gefinn kostur á að verja sitt mál og dómstólar kveði úr um það hverjir gangi lausir og hverjir verði að þola þau þungu örlög að verða settir inn í íslensk fangelsi. Þar hafa margir verið settir inn vegna fjármála.

Nú fer ekki á milli mála að þessi ummæli hlutu að hafa áhrif og þau höfðu mikil áhrif í íslensku þjóðfélagi. Það var ekki litið á þau sem neitt grín. Þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. spyr við hvað sé átt með þessum ummælum er hann að leita eftir svari við því á hverja það er borið að þeir hafi úthlutað fé, jafnvel með ólögmætum hætti. Hann fær svarið héðan úr ræðustólnum. Það er átt við lánveitingarnar sem Miklilax hefur fengið og e.t.v. þær eftirgjafir sem þar er um að ræða.

Mér brá við að heyra þessi ummæli. Mér brá við að heyra þau því að það liggur ljóst fyrir að þegar slíkt kemur upp á og menn eru bornir jafnalvarlegum sökum hlýtur hæstv. forsrh. að hafa legið yfir því eða látið löglærða menn liggja yfir því hvort þessi áburður stæðist. Ég hef ekki nákvæma útskrift undir höndum af andsvari hans. Ég heyrði frammíkall hv. þm. Stefáns Guðmundssonar greinilega þegar hann spurði: „Voru þau útlán með ólögmætum hætti?" Og svar forsrh. var eitthvað á þann veg að hann dró úr því að svo hefði verið, heldur að það væri á mörkunum, heyrðist mér. Ég sé að hann hristir höfuðið þannig að ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Það er rétt að það sem er nákvæmlega rétt í þeim efnum komi fram. En nú sitjum við Stefán ekki einir í Byggðastofnun. Þetta er sjö manna stjórn. Á því tímabili sem um ræðir sátu tveir af núv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar í þessum sjóði, annar er hæstv. landbrh. og hinn er hæstv. menntmrh. Ég vil að það komi skýrt fram að mér dettur ekki í hug að bera það á þessa menn að þeir hafi brotið lög.

Forstjóri Byggðastofnunar er lögfræðingur að mennt og við höfum að sjálfsögðu skýr lagafyrirmæli um það hvernig Byggðastofnun eigi að starfa og hverjar séu heimildir hennar. Meginreglan er sú að í 2. gr. laga komi fram markmið stofnana. Með leyfi forseta vil ég lesa upp hvað stendur í 2. gr. laganna um Byggðastofnun:

„Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu."

Það hlýtur, þegar svo er orðað, að vera matsatriði þeirra sem í stjórninni sitja hvernig þeir skilgreina „hagkvæma þróun byggðar" og þeir hafa verið kosnir til þessara starfa af Alþingi Íslendinga í trausti þess að þeir muni að sjálfsögðu vinna eins og samviska þeirra býður.

Í 12. gr., með leyfi forseta, er fjallað um heimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar fjár. „Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara. Veiting lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga skal byggjast á umsóknum, nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánakjör stofnunarinnar. Skal í því efni bæði höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma og tilganginum með lánveitingum hennar."

Það fer ekki á milli mála að eitt af því sem Byggðastofnun hefur talið að væri í verkahring hennar er að stuðla að nýsköpun í atvinnuþróun á Íslandi, veita nýjum atvinnugreinum möguleika og vissulega eru menn oft og tíðum að taka áhættu. Þeir eru að leggja mat á möguleika ákveðinnar atvinnustarfsemi í framtíðinni.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. las upp ritstjóragrein þar sem fram kemur í hvaða sýn menn sáu möguleika fiskeldis á Íslandi. Vissulega hafa verðsveiflur í greininni eins og í svo mörgu öðru í þessum heimi skapað þar öldudali og hryggi.

Ef hæstv. forsrh. hefur verið það ljóst þegar hann lét þessi orð falla á landsfundi Sjálfstfl. hvað raunverulega var sagt, sem ég efa ekki að honum hefur verið, hlýtur honum miklu fremur að hafa verið ljóst hvílíkri sprengju hann varpar inn í salinn með yfirlýsingu sinni að nafngreina Miklalax í þessu sambandi. Þar með er hann að stimpla sjö stjórnendur þessa fyrirtækis alveg sérstaklega og fleiri en sjö einstaklinga því að það hefur verið skipt um suma stjórnarmenn. Jafnframt er hann að vega að samráðherrum sínum með svo sérstæðum hætti að undarlegt má heita. Ég efa það að í nokkru þjóðþingi á Vesturlöndum mundi forsrh. koma með slíkan áburð nema hann væri staðráðinn í að víkja viðkomandi mönnum úr störfum. Svo stór orð eru hér látin falla. Nú trúi ég því ekki að hæstv. forsrh. hafi hugsað þetta á þann veg. Ég held að hér hafi það gerst að reynsluleysi hafi orðið til þess að kappið bar skynsemina ofurliði.

Hæstv. forseti, ég held að það hafi verið verulegur greiði við Alþingi Íslendinga að gefinn var kostur á því að halda þessari umræðu áfram þannig að menn eigi möguleika á vitsmunalegri lendingu umræðunnar. Ef umræða er rofin undir svona kringumstæðum og fjölmiðlar eru látnir matbúa framhaldið án þess að skýringar komi hlýtur það að kalla á stórátök. Ég tel að sú umræða, sem vissulega hefur staðið lengi um byggðamál, hafi verið málefnaleg. Þar undanskil ég ekki ræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti um þessi mál. Ég kalla það ekki þó að hann geri þá athugasemd, sem ég tel í glettni setta fram, að það hafi verið einhver sakamálaumræða í gangi út frá mínum orðum um Vestfjarðaáætlun þegar ég vakti athygli á ýmsum hugmyndum sem þar komu fram, sumum sem höfðu verið framkvæmdar og öðrum sem hafði verið ýtt til hliðar. En umræðan hefur verið málefnaleg og hæstv. forsrh. lýsti undrun sinni á því hvers vegna hún stæði svo lengi nú en hefði verið svo stutt í fyrra. Það er út af fyrir sig nokkurt umhugsunarefni hvers vegna þingmenn og þá trúlega stjórnarandstæðingar stóðu ekki upp í stórum stíl þá og gagnrýndu að eigið fé Byggðastofnunar hefði rýrnað. Hvers vegna skyldi það ekki hafa verið gert? Hver skyldi skýringin vera? Er hugsanlegt að ein af ástæðunum fyrir þessu hafi verið sú að þeir gerðu sér grein fyrir að hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, var stjórnarformaður stofnunarinnar og þeir báru traust til hans starfa? Þeir litu ekki svo á að rýrnun á eigin fé Byggðastofnunar væri að kenna mannlegum mistökum þar heldur einfaldlega því að öldurót efnahagsmála gerði það að verkum að stofnun sem öllum lánastofnunum fremur er ætlað að taka áhættur og jafnframt að starfa fyrir opnum tjöldum og því ekki óeðlilegt þó að þar gefi stundum á bátinn. Hvað með stóru töpin sem orðið hafa í bankakerfinu? Þar ríkir bankaleynd. Þar koma hlutirnir ekki upp á yfirborðið fyrr en eftir á og sumir kannski aldrei.

Ástæðan fyrir því að umræðan nú um þessa skýrslu er svo löng liggur í tvennu: Í fyrsta lagi að hæstv. forsrh. opnaði þá umræðu með því að ræða á breiðari grundvelli en um skýrsluna og ég ætla ekki að álasa hæstv. forsrh. þó að hann hafi gert það. Við vitum að í dag standa málin þannig að aðalatvinnuvegur landsbyggðarinnar í hinum ýmsu sjávarþorpum er rekinn með halla. Fiskvinnslan er rekin með halla. Ég spyr sjálfan mig að því: Hve lengi þolir atvinnugrein, sem veltir jafnstórum fjárhæðum og íslenskur fiskiðnaður, að vera rekinn með halla? Það hefur komið fram að þetta hafi komið fyrir áður og vissulega er það rétt. Menn hafa deilt um gengisskráningu íslensku krónunnar í þessu sambandi, sérstaklega um það að þegar viðskiptahalli við útlönd verður jafngeigvænlegur og hann stefnir í á þessu ári, upp í 20 milljarða, og aðalútflutningsiðnaður landsmanna er rekinn með halla, fái gengisskráningin ekki staðist. Þá sé raungengi íslenskrar krónu fallið í reynd. En því er haldið uppi og raungengi krónunnar hefur hækkað. Skyldi nokkurn undra þó að byggðunum blæði við þær kringumstæður? Þetta er fljótvirkasta aðferðin til að rústa landsbyggðina.

Hæstv. forsrh. hefur gefið þær yfirlýsingar að ekki standi til að fara þá braut. Við vitum ekki hvaða braut hæstv. forsrh. ætlar sér að fara. Við vitum heldur ekki hvort hún er fær. Hitt blasir við að fiskvinnslufyrirtækin hringinn í kringum landið eru rekin með halla.

Eins og ég vakti athygli á í minni fyrri ræðu hefur hv. 3. þm. Reykv. þann hæfileika að í stuttu máli kemur hann oft að mikilli hugsun og hann talar um skýra starfsáætlun stjórnarflokkanna. Það er fyrirsögn á grein, sem hann skrifar, þar sem hann talar um 20 ára valdaferil Framsfl. Það er ekki valdaferill meiri hluta Framsfl. heldur stjórnaraðild Framsfl. að ríkisstjórn. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Á þessum tíma hafa allir samstarfsflokkar framsóknarmanna orðið að laga sig að þeirri staðreynd að stefna og starfshættir Framsfl. byggjast á því að stjórnmálamenn hafi sem mest afskipti af atvinnulífinu og stjórni með handafli."

Ég spyr: Hvers handafl er það í dag sem heldur uppi raungengi krónunnar og ætlast til að atvinnufyrirtækin skili erlendum gjaldeyri, afhendi hann á lægra verði en það kostar að framleiða hann? Hvers handafl er það og á hvers kostnað?

Við könnumst við Áskel Einarsson og hans skrif. Hann hefur skrifað mikið um byggðamál um dagana. Í einu af hans skrifum telur hann að þyngsta höggið, sem dreifbýli á Íslandi hafi verið greitt, hafi verið þegar ömtin voru lögð niður og framkvæmdarvaldið var allt fært á einn stað. Þar talar hann um norður- og austuramtið sem hafði hvort um sig framkvæmdarvald á sínu svæði. Mér er ljóst að þriðja stjórnsýslustigið hefur ekki verið sett á. Ég er og verð samt þeirrar skoðunar að sá árangur náist ekki í byggðamálum sem ég óska eftir nema þriðja stjórnsýslustiginu verði komið á. Ég ætla ekki að hefja langa umræðu um það. Það er eiginlega miklu skynsamlegra að vísa til skýrslu sem þingmenn eiga að eiga aðgang að, þ.e. nefndarálit byggðanefndar þingflokkanna en Lárus Jónsson stýrði þeirri nefnd. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að án þess að þriðja stjórnsýslustigið kæmi til skjalanna mundum við ekki ná því fram að koma nægilegri þjónustu út á land og rétta stöðu byggðanna. En það er eitt

að segja að byggðastefnan hafi mistekist, eins og Áskell telur þegar hann sem aldraður maður horfir á taflið og er ekki ánægður með þá þróun sem orðið hefur, eða halda því fram að hún hafi brugðist. Það er ærið umhugsunarefni að átta sig á því hvaða fólksflutningar áttu sér stað á 20 ára tímabilinu á undan, þessu 20 ára tímabili sem nú er verið að tala um og hvaða fólksflutningar áttu sér stað á þessu 20 ára tímabili sem menn halda fram að byggðastefnan hafi brugðist.

Í desember 1990 eru búandi á Vestfjörðum 9.798 manns. Í desember, þegar þetta 20 ára tímabil hófst 1970, bjuggu á Vestfjörðum 10.050 en 1971 þegar stjórnin komst til valda bjuggu þar 9.925. Á þessu tímabili varð sem sagt örlítil fækkun en engu að síður var hún innan við 200 manns. En hvers vegna skyldu menn hafa leitað eftir að samin yrði byggðaáætlun fyrir Vestfirði? Hvers vegna skyldu þingmenn Vestfjarða, sjálfstæðismenn, hafa talið að þróunin væri gersamlega óásættanleg í byggðarþróun Vestfjarða? Ef við förum aftur til 1950, sem væri þá 20 ára tímabilið frá 1970–1950, kemur í ljós að 1950 bjuggu á Vestfjörðum 11.166 en 1970 var sú tala komin niður í 10.050. Það hafði fækkað um meira en þúsund manns. En sé farið lengra aftur kemur í ljós að fækkunin þar á undan var enn hraðari. Viðspyrnan sem varð m.a. vegna Vestfjarðaáætlunar, sem kom til framkvæmda í lok viðreisnar og náttúrlega ekki aðalatriðið vegna þess að það voru settir fjármunir í atvinnustarfsemi og uppbyggingu fyrir vestan, varð til þess að þróunin stöðvaðist að verulegu leyti á þessum 20 árum. Nú blasir aftur á móti við sem staðreynd og hún er komin á fljúgandi ferð aftur. Menn segja gjarnan í dag: Ekki ber ég ábyrgð á því sem er að gerast eða var að gerast í sumar. Hvað tekur það langan tíma að stranda skipi? var eitt sinn spurt. Ágætur maður sagði að það tæki 15 mínútur og úr sjóslysasögu Íslands er trúlega hægt að fá það staðfest. Sú aðferð að hafa gengisskráninguna ranga eins og hún er í dag og láta stórfyrirtækjum landsbyggðarinnar blæða er svo hraðvirk aðferð til að koma af stað flutningum frá dreifbýli til þéttbýlis að það er alveg með ólíkindum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í grein hv. 3. þm. Reykv. Björns Bjarnasonar „Byggðastofnun á röngum forsendum" þar sem hann segir: „Hvarvetna í iðnvæddum og auðugum ríkjum tíðkast að styrkja byggðir sem eiga undir högg að sækja vegna fámennis eða fjarlægða frá þéttbýli. Þessi stefna styðst við góð og gild rök", góð og gild rök stendur hér. „Henni er hrundið í framkvæmd með misjöfnum hætti. Mestu skiptir að sjálfsögðu að þannig sé staðið að tilfærslu þessa fjár skattgreiðenda að það nýtist sem allra best."

Á öðrum stað í þessari grein víkur greinarhöfundur að þeirri tilfærslu sem hann segir að hafi orðið frá skattgreiðendum til byggða í landinu. Þar segir svo:

„Ástæða er til að vekja athygli á þessu mati stofnunarinnar um leið og þess er getið, að síðan 1972 hafa 12 milljarðar króna verið fluttir með fjárlögum um Byggðasjóð og Byggðastofnun frá skattgreiðendum til þeirra verkefna sem sjóðurinn og stofnunin hafa sinnt. Hafa upphæðir þá verið færðar til verðlags í nóvember 1991."

Gott og vel. Við Íslendingar höfum ekki alltaf unnið eftir áætlun. Það verður að mínu viti gersamlega vonlaust að gera þá kröfu til þessarar þjóðar, þar sem svo lítill hluti trúir á kenningar sósíalisma, að áætlanir séu það eina rétta. Við höfum aftur á móti viljað hafa þær með, hafa þær til hliðsjónar og í Framkvæmdastofnuninni gömlu var áætlunardeild. Byggðasjóður hafði áætlunardeild. Harkan var orðin svo mikil gegn áætlunardeildum og áætlunargerð að þegar Byggðastofnun er stofnsett með lögum er áætlunardeildin tekin út og engin áætlunardeild höfð. Burt með hana, sögðu menn, hún á ekkert erindi í þessa stofnun. Þar var haft þróunarsvið sem kemst kannski næst því að vinna eins og áætlunardeildir störfuðu en þó alls ekki á þann veg heldur miklu meira sem gagnabanki eða upplýsingaaðili.

Hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason er sannfærður um að áætlunarkerfi, eins og við könnumst við frá Sovétríkjunum, fimm ára áætlanir voru þar vinsælar, eigi ekki rétt á sér. Þess vegna má segja sem svo að þær hugmyndir, sem fram komu í uppkasti að reglugerð fyrir stofnunina þar sem hugmyndin var að ekkert fjármagn færi út nema samkvæmt áætlunum, komi eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir menn. Við hefðum búist við þessu ef Sósíalistaflokkurinn gamli hefði fengið meiri hluta á Alþingi Íslendinga og væri tekinn við. Þá væri samþykkt að ekkert færi út nema fimm ára áætlun lægi fyrir. En að núv. hæstv. forsrh. léti sér detta í hug að þannig ætti að standa að verki höfum við einfaldlega ekki skilið. Ég verð að segja eins og er að ég tel að það sé til merkis um að þar er ekki um að kenna forheimsku okkar því hv. 3. þm. Reykv. virðist hafa þann skilning á málum að það sé hægt að gera góða hluti án þess að allt sé gert eftir áætlun.

Nú fer ekki á milli mála ef störf Byggðastofnunar eru skoðuð og sú staðreynd að í stjórn hennar hefur verið kosið hlutfallskosningu á Alþingi að þá hlýtur stærsti stjórnmálaflokkurinn ávallt að hafa haft mikið um það að segja hvernig fjármunum hennar var ráðstafað. E.t.v. er hægt að leiða að því gild rök að hann hafi haft mest um það að segja. En það vekur óneitanlega umhugsun þegar maður sér í sömu greininni viðurkenningu á því að stefna iðnríkjanna, sem hafa lagt stórar fjárhæðir til byggðamál, sé góð og gild en það sem Íslendingar hafa verið að gera sé allt hrein vitleysa. Ég hlýt undir þessum kringumstæðum að spyrja sjálfan mig, hafa þessir menn skoðað þessi mál af þeirri rólegu yfirvegun og með því hlutlausa mati að þeir séu að fara yfir þetta mál sérstaklega en ekki að etja saman byggðum? Ég tek undir með hæstv. forsrh. að það eigi ekki að etja saman byggðum á Íslandi. Við erum ein þjóð og höfum ekki efni á þeim leikaraskap að etja saman byggðum. En er ekki hugsanlegt að eitt af því, sem hafi gert það að verkum að fjármunir Byggðastofnunar fóru á þennan veg, sé sú staðreynd að við höfum oft og tíðum verið að flytja gífurlega fjármuni frá framleiðslusvæðunum með því að skrá gengið með handafli eins og það er gert í dag.

Ég held að það sé verðugt verkefni að gera sér grein fyrir hvernig stórveldi, tökum Rómarveldi hið forna sem dæmi, stóð að því að viðhalda og efla sínar byggðir. Það fyrsta sem þeir gerðu var að leggja vegi. Þegar Rómverjar lögðu undir sig land þá lögðu þeir vegi. Mörg mannvirki, brýr og fleira, og margir vegspottar sjást enn í Evrópu eftir Rómverjana frá þessum tíma. Hvernig er staðan á Íslandi? Vissulega höfum við verið að leggja vegi. Þannig höfum við viljað færa byggðirnar saman, þ.e. ekki í kílómetrafjölda heldur í tíma. Það er tíminn sem skiptir máli, hvað maður er lengi að fara á milli byggðanna. Í Vestfjarðaáætlun er gengið út frá að hraði á bíl á milli byggða eftir vegakerfinu séu 40–50 km á klst. Auðvitað hefur bætt vegakerfi með bundnu slitlagi tvöföldað meðalhraðanum miðað við 40 km. Þannig höfum við fært byggðirnar saman. Við erum bara ekki búnir að því. Við eigum veruleg verk eftir en við höfum viljað trúa því að Ísland væri ekki það stórt að þegar vegakerfið væri komið í mjög gott ástand, þ.e. vegir með bundnu slitlagi byggðir upp úr snjó hringinn í kringum landið, þá væri komið á það stig að við værum búnir að færa byggðirnar svo mikið saman að búferlaflutningar, sem þyddu að allir íbúarnir þyrftu að flytja sig frá einum stað yfir á annan, mundu ekki eiga sér stað. Það mundi kannski fjölga mjög mishratt á hinum ýmsum stöðum. Við höfum alltaf gert ráð fyrir því. En svo langt gengi ekki að ákveðnar byggðir mundu í stórum stíl leggjast af.

Annað atriði, sem er ærið umhugsunarefni, er hvernig bæði Rómverjar og allir aðrir skiptu ríkjunum niður í reiti og á hverju svæði átti að vera viss sjálfsstjórn. Hvað gerir land þar sem vagga byltingarkenndra hugmynda um framþróun til lýðræðis stóð, Bandaríkin? Hvað gera þeir til að tryggja að þetta stóra land haldi dreifðum byggðum? Þeir skipta því niður í fylki með mikilli sjálfsstjórn. Hvað gerir Þýskaland? Þar er það þannig að það er ekki toppurinn sem ræður fjárveitingum efsta stigsins í stjórnsýslunni. Skammtað er af stiginu þar fyrir neðan hversu miklir fjármunir eru til ráðstöfunar fyrir þá sem eru í toppnum.

Þetta segi ég vegna þess að við höfum bæði mátt heyra það í fjölmiðlum og eins af vörum hæstv. forsrh. að hann sé með óskrifað blað sem hann hafi ætlað að skrifa á stefnumörkun í byggðamálum ef einhver stefnumörkun kæmi fram í umræðunum. Að mínu viti eru samgöngurnar grundvallaratriði og að skipta landinu í það stórar stjórnsýslueiningar að þær hafi burði til sjálfsstjórnar og á þeirri forsendu hef ég verið stuðningsmaður þriðja stjórnsýslustigsins. En það verður líka að vera á því skilningur að heiðarlegar leikreglur um skráningu krónunnar verða að vera til staðar. Viðreisnarstjórnin sýndi að því leyti kjark í lok síns ferils þegar hrundar byggðir Íslands blöstu við, ef ekki væri farið í aðgerðir, skráðu þeir gengi krónunnar rétt. Það var engin smáræðis skekkja sem hafði verið komin á skráninguna. Þeir höfðu nefndir sem unnu að því að skipta fjármunum til að koma atvinnulífinu aftur af stað. Einn af þeim þingmönnum, sem hér situr í salnum, á sæti á Alþingi Íslendinga enn, hv. 4. þm. Reykv., hefur sagt mér frá því hvernig þeir unnu að því að koma atvinnulífinu aftur af stað með þessari skiptingu fjármunanna. Þetta fé sem var lánað út var svo seinna vistað í Framkvæmdastofnun Íslands. Hugmyndin að Framkvæmdastofnuninni kemur fram í fimm ára áætluninni fyrir Vestfirði. Í hinum erlendu leiðbeiningum sem Íslendingar höfðu fengið samkvæmt sérstökum samningi — það má deila um það hvort þessir leiðbeinendur hafi haft einhverjar stjórnmálaskoðanir á þann veg að þarna sé um einhverjar kenningar frá sósíalistum að ræða. Það má vel vera að svo sé. Þetta voru norskir menn. En ég hef þó ekki hugmynd um hvaða skoðanir þeir höfðu á stjórnmálum. En ég hef litið svo á að þeir hafi á þeim tíma verið með hugmyndir sem þeirra samtíð taldi að væru réttar. Ég tel að umræðurnar, sem hafa orðið hér á Alþingi og mjög margir hafa tekið þátt í, undirstriki það að þegar jafnmargir stjórnarþingmenn hafa staðið upp og talað um byggðamál eins og hér hefur gerst, að vísu verður að segja það Sjálfstfl. til hróss að hann á hlutfallslega fleiri sem vilja ræða byggðamál en Alþfl. Það kemur okkur framsóknarmönnum ekkert á óvart. Við höfum ávallt gengið út frá því sem vísu að innan Sjálfstfl. væri þó nokkuð stór hópur sem hefði ákveðnar skoðanir á byggðamálum. Ég held að það hljóti að vera umhugsunarefni þegar bæði hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Austurl. tala jafnákveðið um þessi mál án tillits til þess að þeir eru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og hv. 3. þm. Austurl. hefur sérstaklega lagt mikið upp úr því að vekja athygli íslenskrar þjóðar á því að Sjálfstfl. réði öllum mikilvægustu ráðherraembættunum og bæri því höfuðábyrgð á byggðamálum á Íslandi í dag. Hann hefur undirstrikað þetta. Hann hefur fagnað þessu vegna þess að hann trúir því að þetta verði til framþróunar fyrir byggðirnar. En um leið og hann hefur sagt þetta spyrjum við hinir: Hvernig fara þá átökin um hin stóru mál sem hljóta að eiga sér stað innan þingliðs Sjálfstfl. þegar farið er yfir fjárlög og aðra þætti?

Mér er ljóst, alveg eins og kemur í greinargerð Byggðastofnunar sem hún sendir allshn., að það eru einmitt hinar almennu aðgerðir í fjármálum sem hljóta að skipta höfuðmáli um þróun byggðar. Við verjum fjármagni til að byggja félagslegar íbúðir og ég er hlynntur því að það sé gert að vissu marki. Þær eru vissulega stuðningur við það fólk sem á eftir að búa í þeim en þær er líka stuðningur við þau byggðarlög sem fá þessar íbúðir. Ég held að umhugsunarefni væri að skoða hvert þetta fjármagn hefur runnið. Hvaða byggðir Íslands höfum við verið að styrkja með þessum peningum? Hvað eru þær upphæðir stórar á núvirði? Væri það ekki verðugt verkefni fyrir hv. 3. þm. Reykv. sem er áhugamaður um að kafa djúpt í hlutina að skoða hvert þessir fjármunir hafa farið og hvaða styrkir það eru sem þessar byggðir hafa fengið.

Ég segi þetta vegna þess að fyrstu aðgerðir, sem ég man eftir að hafa lesið um á prenti um byggðamál hjá þessari þjóð voru þær ákvarðanir, sem teknar voru í tengslum við það að Innréttingarnar hjá Skúla fógeta voru staðsettar í Reykjavík, að styrkja þá Íslendinga til

íbúðarhúsabygginga sem vildu setjast að í Reykjavík. Þannig taldi sú samtíð að auðveldast væri að stuðla að byggðarþróun á ákveðnum stað. Ég tel að þetta hafi verið skynsamleg aðgerð. Hún stuðlaði að því að Íslendingar byrjuðu að búa í þéttbýli, ekki aðeins dreift um sveitir landsins. En þessi aðgerð hófst með því að veittur var styrkur til að byggja hús í Reykjavík. Þeir sem hér vildu byggja fengu styrk til þess.

Ég held að það hljóti að ræðast af fullri alvöru að ýmis ummæli ráðherra Sjálfstfl. um byggðamál hafa komið við okkur sem erum fulltrúar fyrir jafndreifða byggð og Vestfirði. Hæstv. sjútvrh. hefur boðað það að flytja eigi aflaheimildir frá smærri byggðarlögum til stærri byggðarlaga. Þetta kom fram í ræðu í Vestmannaeyjum og þessi boðskapur hefur verið endurtekinn. Verði þetta gert er í reynd verið að leggja því máli lið að fækka skuli sjávarþorpum á Íslandi. Vel má vera, kæmum við að óbyggðu landi og vildum raða niður byggð, að við mundum standa öðruvísi að en þróunin hefur orðið í dag. En það þarf þó nokkra hörku til þess að boða þetta sem blákalda stefnu. Umhugsun vekur vissulega hvernig hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. tóku á málum Stokkseyrar. Það sækir á mann hvort búið sé að velja þorpin sem menn telja að eigi að afleggja? Er búið að velja þau? Er einhvers staðar til áætlun, vel geymd, þar sem einhverjir sérfræðingar hafa lagt fram hugmyndir um að stefnt skuli að því að fækka þorpum á Íslandi og sett á blað hvaða þorp það eru sem þeir telja að ekki eigi að hafa heils árs byggð í framtíðinni?

Verulega athygli vekur líka að hæstv. fjmrh., sem þekkir of vel til atvinnulífs á Íslandi til þess að hann gangi þess dulinn að sjávarútvegurinn á við mikla erfiðleika að etja miðað við þá gengisskráningu sem er, býður að rétta af kompásinn í rekstri fyrirtækjanna, rétta af grundvöllinn eins og hann segir, ef menn samþykkja auðlindaskatt. Það nákvæmlega sama segir hæstv. viðskrh. Ef menn samþykkja auðlindaskatt er hann reiðubúinn að leggja til breytingar á gengi krónunnar. En hæstv. iðnrh. talar um að það þurfi að koma upp sveiflujöfnunarsjóðum. Það vekur þá spurningu hvort hugmyndir séu uppi um það í þeirri lægð sem íslenskt efnahagslíf er í í dag að safna eigi í stóra sveiflujöfnunarsjóði? Við höfum Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Þrátt fyrir allar yfirlýsingar um það að fyrrv. ríkisstjórn hafi skilið alla sjóði eftir tóma, þá hefur það verið upplýst að í þeim sjóði eru um 2,6 milljarðar og það er út af fyrir sig sveiflujöfnunarsjóður. En sá sjóður hefur engan styrkleika til þess að hægt sé að setja hér á fast gengi með tengingu við mynt Evrópubandalagsins.

Ég held að einnig sé hollt að hugleiða það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. sem hefur þann eiginleika að hann getur verið svo barnslega einlægur að manni finnst að hann hafi aldrei kynnst neinu öðru en að búa við skjólbelti sem ég vil nú ekki trúa að sé rétt. Ég hygg að hann hljóti að hafa orðið að takast á við lífið eins og aðrir. Hann talar um það sem speki að gjaldþrot sé tæki til að koma rekstri aftur af stað. Það er eins og það sem mest hafi skort hér að undanförnu séu gjaldþrot. Gjaldþrotum hefur nánast rignt yfir íslenska þjóð, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Gjaldþrot er ekkert annað en það að ákveðnir aðilar fá ekki greiddar réttmætar kröfur. Sá sem skuldar greiðir þeim ekki réttmætar kröfur. Vissulega koma bankar og aðrir aðilar oft fyrirtæki af stað aftur á rústum þess sem varð gjaldþrota. En þeir sem ekki fengu greiddar réttmætar kröfur þola ekki nema takmarkaðan skammt og Verslunarráðið hefur gefið það út hvað kaupmannastéttin hefur tapað miklu vegna þess að hún hefur ekki fengið greiddar réttmætar kröfur. Það er umhugsunarefni þegar menn setja það fram nú að í kreppunni í Þýskalandi voru gjaldþrotin svo hröð og keðjuverkanirnar það miklar að þeir sem ekki fengu greiddar réttmætar kröfur hrundu þar til hlutafélagsbankar Þýskalands hrundu. Hvað þolir Íslandsbanki? Hvað þolir Landsbankinn eða aðrir bankar og sparisjóðir þessa lands stór áföll án þess að að því komi að þeir fari sömu leið?

Íslandsbanki er ekki nafn á banka sem er að taka til starfa í fyrsta skipti. Fróðlegt er að lesa skýrsluna um afmælisritið sem Útvegsbankinn gaf út þar sem gerð er grein fyrir sögu Íslandsbanka, gerð er grein fyrir Milljónafélaginu sem fór af stað í Viðey og athafnamenn á Vestfjörðum veðsettu eignir á Bíldudal og Patreksfirði af því að hér átti að fjárfesta til þess að græða og svo hrundi allt. Það var ekki bara Milljónafélagið sem hrundi heldur fleiri fyrirtæki. Svo stórt var gjaldþrotið að forráðamenn íslenskrar þjóðar treystu sér ekki til þess að verja bankann. Gjaldþrot hans var staðreynd. Þetta var hlutafélagsbanki og þeir sem áttu innstæður í þessum banka, m.a. í mínu kjördæmi, Ísfirðingar, töpuðu sínu sparifé. Hins vegar þegar kom að erlendum kröfum ákvað íslenska ríkið að semja, greiða skuldir sem það bar ekki ábyrgð á vegna þess að þeir töldu að álitshnekkir Íslendinga út á við yrði svo mikill að þeir yrðu að gera þessa hluti. Ætli það færi ekki eins í dag ef hlutafélagsbanki eins og Íslandsbanki færi á höfuðið? Ætli það yrðu ekki hinir mörgu og smáu sem mundu tapa? Aftur á móti ef skuldbindingar næðu út fyrir landsteinana yrðu þeir greiddir til þess að verða ekki fyrir álitshnekki. Ég verð að segja eins og er að ég hef ekki áhuga á að snúa út úr ummælum hv. 5. þm. Norðurl. v. þegar hann talaði um gjaldþrotin. En greinilegt var að hv. 3. þm. Austurl. sá stóra hættu í þeim ummælum sem hér höfðu fallið.

Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., bar saman framlög til byggðarlaga á seinasta áratugi og áratuginum þar á undan, m.a. vegna þess að framlög voru mjög myndarleg þegar Framsfl. og Sjálfstfl. voru saman í ríkisstjórn undir forustu Geirs Hallgrímssonar. Framlög til byggðamála voru mjög myndarleg þar á undan undir forustu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Hins vegar, þegar hv. 1. þm. Vestf. bar þetta saman, gleymdi hann því að á þessum áratug höfum við verið að veita mjög há framlög til byggðamála í gegnum Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Ef þetta er skoðað í samhengi kemur í ljós að við höfum ekki veitt minni framlög á þessum áratugi en á hinum til byggðamála. Við höfum aftur á móti staðið frammi fyrir meiri erf-

iðleikum vegna þess að sóknin til sjávarins gat verið svo hörð 1970–1980.

Ég held líka að það hljóti að vera umhugsunarefni og vil þar taka undir með hv. 1. þm. Vestf. hvort hægt sé að fara jafnblint eftir hugmyndum fiskifræðinga og við gerum. Það er merkileg grein í sjómannablaðinu Víkingi sem segir frá því þegar farið var yfir ákveðna kenningu sem bandarískur vísindamaður setti fram. Skólastúlka gagnrýndi hana fyrst og var náttúrlega kveðin í kútinn. En löngu seinna þegar farið var að skoða málið í botn kom í ljós að hún hafði rétt fyrir sér en vísindamaðurinn ekki.

Við vitum ekki jafnmikið og við þyrftum að vita um hafið og kannski er það hættulegra en allt annað ef vísindamenn telja sig vita meira en þeir raunverulega vita. Eitt er víst, þeir skulda íslenskri þjóð skýringu á því hvers vegna við getum ekki veitt meiri þorsk en þeir segja að óhætt sé að veiða í dag. Er skýringin úr Vestmannaeyjum rétt að 100 þúsund tonnum af fiski sé fleygt í hafið? Er sú skýring rétt? Eru það drauganetin við Reykjanes og víða annars staðar, sem halda áfram að veiða ár eftir ár, sem valda því að við getum ekki landað meiri fiski? Eða er það vegna þess að við erum farnir að nýta svo mikið aðra fiskstofna sem eru æti þorsksins eða er það vegna þess að einhver skilyrði í hafinu hafi versnað? Þeir hafa ekki sagt okkur hvað þeir telja í þessum efnum. En íslenska þjóðin hlýtur að fara að krefja vísindamenn sína um skýringar.

Ég held að það sé umhugsunarefni þó að menn segi að sú kvótaskerðing sem er ákveðin komi ekki til með að hafa áhrif í dag. Fiskveiðiárið byrjar 1. sept. og um leið og tilkynningin kom um það að veiðiheimildirnar væru skertar svona mikið fóru allar lánastofnanir að endurmeta hver væri staða þeirra, hvort þetta eða hitt fyrirtækið, miðað við þann aflakvóta sem það hefði, gæti staðið við skuldbindingarnar og hvert einasta fyrirtæki fór að skipuleggja sínar veiðar miðað við það að dreifa þeim þannig að áhrifin komu strax fram. Það er mikill misskilningur að áhrifin af þessari tilkynningu um veiðiheimildirnar hafi ekki haft áhrif.

Ég varð hissa þegar hv. 5. þm. Austurl. kom með þá samlíkingu að framsóknarmenn væru að þvo hendur sínar af því að hafa komið nálægt byggðamálum síðustu 20 árin. Þessi samlíking er tekin úr Biblíunni og allir vita hver það var sem þvoði hendur sínar eftir að hafa staðið að ákveðnum dómi. Ég held nú satt best að segja, þó að ég efi ekki að þessi ungi þingmaður Austfirðinga hafi jákvæðar hugsanir til byggðamála og jákvæðari en almennt gengur og gerist í hans flokki að hann hafi ekki efni á svona yfirlýsingum. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði. Við framsóknarmenn höfum ekkert að fela í þessum efnum. Við getum með sanni sagt að við höfum barist fyrir byggðamálum síðustu 20 árin og lengur. Og hvað sem hver segir, þá er enginn stjórnmálaflokkur sem hefur stöðugt legið undir harðari gagnrýni þeirra manna sem hafa viljað etja saman þéttbýli og dreifbýli í þessu landi. Enginn stjórnmálaflokkur hefur verið rægður eins í þéttbýli á Íslandi, hér í höfuðborginni, vegna þess að allir vissu það að þessi flokkur vildi byggja landið allt. Það var gamla stefnuskráratriði Framsfl. að vinna að framför landsins alls. Þeir sem vildu vinna að framför landsins alls vildu ekkert síður vinna að framför Reykjavíkur en annarra svæða. En þeir vildu vinna að framför landsins alls. Aftur á móti kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. að ríkisstjórnin verður að hafa afskipti af atvinnulífinu. Ég hef aldrei borið það á forustumenn Sjálfstfl. að þeir væru kommúnistar. En hvernig má það vera að þeir ráku bæjarútgerð ár eftir ár — og hvað skyldu þeir vera með mörg fyrirtæki núna? Þeir hafa byggt mjög myndarlega yfir veitingahúsarekstur hér í bænum og afhent hann síðan til rekstrar. Hvað borgar leigjandinn mikið? Borgar hann eitthvað upp í fjármagnskostnað vegna þess húsnæðis? Borgar hann reksturinn, þ.e. kostnaðinn sem menn hafa af ræstingu, upphitun og öllu slíku? Nei. Hér gerist það að peningar greiðenda, sem reka hér veitingastofur í bænum, fara í að greiða þetta. Hvað væri þetta kallað annars staðar? Væri þetta ekki kallað sósíalismi?

Reykjavíkurborg stendur að Landsvirkjun, stóru orkufyrirtæki sem á eignir í öllum kjördæmum landsins. Þetta eru ekki bara hagsmunir Reykjavíkur sem verið er að tala um. Þarna er verið að tala um atvinnurekstur, orkubúskap. Hvað er það kallað erlendis þegar menn standa að slíku? Hafa einhverjar hugmyndir komið fram hjá sjálfstæðismönnum um að selja eigi hlut Reykjavíkur í Landsvirkjun á þeirri forsendu að borgin eigi ekki að standa í svona löguðu? Aðeins einn sjálfstæðismaður hefur talað á þann veg þann tíma sem ég hef verið á Alþingi. Það var hv. þm. Albert Guðmundsson. Hinir hafa talað um það að ríkið eigi að selja sinn hluta, ekki að Reykjavíkurborg eigi að selja. Hvernig kemur þetta heim og saman við kenningarnar um það að allir aðrir séu að vinna að sósíalisma í landinu? Mér sýnist það vera út og suður.

Ég held að rétt sé hjá hv. 5. þm. Austurl. að núv. ríkisstjórn kemst ekkert undan því að skipta sér af atvinnumálum frekar en aðrar ríkisstjórnir, hvort sem þær hafa verið leiddar af sjálfstæðismönnum, framsóknarmönnum eða alþýðuflokksmönnum, hafa komist undan því í gegnum árin.

Hv. 3. þm. Austurl. bar félögum sínum í Sjálfstfl. sérstaklega gott orð. (**Forseti:** Forseti vill aðeins fá að trufla hv. þm. í ræðu sinni og spyrja hvort hann þurfi langan tíma til að ljúka henni. Það var meiningin að gera kvöldverðarhlé á þessum fundi eins og áður hefur komið fram, en ef hv. þm. á ekki mikið eftir vill hann kannski ljúka henni en annars gera hlé.) Þannig stendur af sér að ég á þó nokkuð langan tíma eftir þannig að ef það er ákvörðun forseta að hafa hlé mun ég ekki setja mig upp á móti því, sérstaklega með tilliti til þess hve forseti var liðlegur að verða við því að láta þessa umræðu halda áfram. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um umræður á Alþingi um þyrlukaup.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil inna forseta eftir því hvort hæstv. forsrh. hafi fjarvistarleyfi þessa stundina eða hvort honum beri ekki að sinna þinglegum skyldum eins og öðrum þingmönnum. Ég þarf að eiga orðastað við hæstv. forsrh. vegna þeirra viðtala sem hann lét hafa við sig í ýmsum fjölmiðlum í dag, útvarpsstöðvum og sjónvarpsstöðvum. Óska ég því eftir upplýsingum um það hvort hæstv. forsrh. sé ekki væntanlegur í salinn. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. hefur verið hér á fundinum í allan dag, en þannig stendur á að hann er upptekinn í kvöld og á erfitt með að vera hér.) Hefur hæstv. forsrh. fjarvistarleyfi? (**Forseti:** Já. Hæstv. forsrh. hefur upplýst forseta um það að hann geti því miður ekki verið hér nema eitthvað brýnt komi upp á.) Hæstv. forseti. Ég tel það afar brýnt að hæstv. forsrh. verði kallaður hingað til að sinna þinglegum skyldum vegna þeirra afar ódrengilegu ummæla er hann lét hafa eftir sér í viðtölum við sjónvarpsstöðvar og útvarpsstöð í eftirmiðdag. Ég tel alveg óhjákvæmilegt að hann komi hér og svari fyrir þau stóru orð sem hann lét falla þar. Það verður ekki við það unað að hann sé einhvers staðar úti í bæ í leyfi. (**Forseti:** Forseti veit ekki betur en að hæstv. forsrh. sé einmitt að sinna þinglegum skyldum þó að hann sé ekki staddur hér í húsinu, en forseti mun að sjálfsögðu reyna að koma þessum skilaboðum til hans og athuga hvort hann getur komið hérna eins og óskað er eftir.)

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, nál. 132 og 139, brtt. 140 og 156, frávtill. 162.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er þá aftur kominn til umræðu hinn gamli kunningi, frv. til laga um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Um þetta hefur spunnist nokkur umræða sem vonlegt er og var tilefnið m.a. að nefndarálit, ekki ýkja mikið að vöxtum en þeim mun athyglisverðara, neðri hlutinn á því, þ.e. undirskriftirnar, birtist hér í þinginu fyrir nokkrum dögum síðan á þskj. 132. Þar skrifa nefndarmenn í efh.- og viðskn. undir og allir með tölu með fyrirvara utan einn, varaþingmaður Alþfl., en þennan ágæta varaþingmann Alþfl. sáum við í sjónvarpsfréttunum í kvöld þar sem hann lýsti veðri og vindum fyrir landsmönnum, en hann er sá eini sem ekki hefur fyrirvara á afstöðu sinni til frv. Af eðlilegum ástæðum fýsti okkur stjórnarandstæðinga að fá upplýsingar um það hvað fyrirvarar hv. stjórnarliða merktu. Ekki verður sagt að það hafi skýrst að neinu ráði. Þó höfum við fengið þær skýringar að sökum hetjuskapar treysti þeir sér til þess allmargir að breyta frá fyrri afstöðu sem hefur yfirleitt lýst sér í hatrammri andstöðu við þetta mál hér á þingi undanfarna vetur — en sem sagt, sökum hetjuskapar, þar sem hæstv. fjmrh. sýni fegurst fordæmi allra, ætli þeir sumir hverjir að skipta um skoðun og styðja málið.

Andstaða eins hv. þm. stjórnarliðsins liggur fyrir, Inga Björns Albertssonar, í nál. minni hluta á þskj. 139. Sá hv. þm., 5. þm. Reykv., heiðrar okkur ekki með nærveru sinni hér í kvöld, a.m.k. ekki enn sem komið er. (**Forseti:** Jú, jú, hann er hér.) (Gripið fram í.) Það er upplýst að hann sé hér á vakki einhvers staðar og það gleður okkur stórlega. Hann flytur m.a. brtt. við skattinn á þskj. 140 og það er að sjálfsögðu enn eitt óvissuatriðið í þessu máli hver verða örlög þeirrar brtt. sem þar er flutt af einum stjórnarliða og hvort megi ætla að málið breyti um eðli við 2. umr. sökum þess samstöðuleysis eða sundrungar öllu heldur sem einkennir afstöðu stjórnarliða í málinu.

Af öllum þessum ástæðum og fleirum sem óþarft er að endurtaka höfum við stjórnarandstæðingar óskað eftir því að staða málsins skýrist við þessa umræðu. Í raun og veru er ekki við það unandi að þetta fyrsta skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar gangi til atkvæða og nái fram að ganga í einhverri fullkominni óvissu um það hvernig það tengist tekjuöflunarstefnu ríkisstjórnarinnar, hver meiri hluti liggur að baki því meðal stjórnarliða. Þarf auðvitað ekki að útlista fyrir þingvönu fólki að tæplega er við því að búast að stjórnarandstaðan hefji atkvæðagreiðslur um tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar eigandi það jafnvel á hættu að þurfa að bera á ábyrgð þeirri stefnu vegna þess að ekki sé fyrir hendi þingmeirihluti meðal stjórnarliða. Við slíkar aðstæður mundu menn að sjálfsögðu krefjast þess að málin skýrist því væntanlega er það svo að stjórnarandstaðan ætlar ekki, og allra síst við þessar aðstæður, að fara að taka ábyrgð á stjórnarathöfnunum hverri á fætur annarri án þess að hafa þá möguleika á að semja um framgang mála og hafa áhrif á þá stefnu sem þar er verið að keyra fram. Slíkt getur auðvita ekki gerst að stjórnarandstaðan fari að hjálpa ríkisstjórninni í gegnum þingið með einstök mál sem hana kann að bresta meiri hluta fyrir án þess að þá komi til samræðna með ríkisstjórn og stjórnarandstöðu og málið fari í raun og veru í allt annan farveg.

Þetta var það sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni og spurði hæstv. forsrh. nokkurs af þessu tilefni. Svörin voru eins og við var að búast og maður er farinn að venjast hjá hæstv. forsrh., satt best að segja engin, meira og minna út og suður, og því miður hafa málin þar af leiðandi ekkert skýrst í raun fyrir utan einhverjar almennar kokhraustar yfirlýsingar um það að þetta mál muni vera í öruggum farvegi o.s.frv.

Enn síður kom náttúrlega nokkuð bitastætt fram um áform hæstv. ríkisstjórnar að öðru leyti í tekjuöflunarmálum ríkisins, og hefði þó verið tilefni til, m.a. vegna skrautlegs framlags einstakra hv. stjórnarliða í umræðunni, að fá frekari upplýsingar um það, t.d. þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson upplýsir okkur um það að hann ætli í raun og veru að selja stuðning sinn við frv. með því að fá annað í staðinn til handa versluninni í

landinu. Það er ekki að sjá annað en að einstakir þingmenn stjórnarliðsins séu fyrir opnum tjöldum komnir í hrossakaup um stuðning sinn við frumvörp ríkisstjórnarinnar. Það sé í lagi að leggja skatt á verslunina sem menn hafi að vísu alltaf verið á móti, ef menn fái þá eitthvað annað í staðinn henni til hagsbóta, þá væri atkvæði hv. þm. hugsanlega falt. Þetta var sem sagt það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hafði til málanna að leggja svo að hann sé endursagður, með frjálslegum hætti.

Þá er líka ástæða til að spyrja: Hvað er það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. á að fá í staðinn? Hvaða ráðstafanir eru það til handa versluninni? Ég hef t.d. áhuga á að vita hvort hagsmunir strjálbýlisverslunarinnar séu þar innan borðs. Ég barðist við það í síðustu ríkisstjórn, þeirri sem ég sat í, að kveikja skilning hæstv. páv. viðskrh. á því að það væri orðið brýnt byggðamál að taka á málefnum strjálbýlisverslunarinnar og það mál komst svo langt hjá þeim vaska manni að hann setti það í nefnd. Síðan hef ég ekki af því heyrt. Er eitthvað á ferðinni þar? Er framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, sem heiðrar okkur með nærveru sinni af og til í líki hv. 5. þm. Norðurl. v., með eitthvað í pokahorninu þegar hann talar um málefni verslunarinnar eins og hann hefur gert í þessu sambandi? Það held ég að væri ástæða til að fá skýrt hér. Auk þess er það, hæstv. forseti, galli að hafa ekki hæstv. viðskrh. með okkur úr því að málefni verslunarinnar hafa dregist inn í þetta með þessum faglega hætti sem málflutningur hv. 5. þm. Norðurl. v. gefur tilefni til. Hér er að sjálfsögðu um að ræða sérstaka skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þannig að hæstv. viðskrh. ætti auðvitað að sjá sóma sinn í því að sitja undir umræðunni með hæstv. fjmrh. Og enn frekar ætti hann að gera það nú eftir að mál verslunarinnar hafa borist inn í þetta með nefndum hætti.

Sömuleiðis er af þessum sökum ástæða til að ræða aftur og rifja upp þá brtt. sem er að finna á þskj. 156 frá hv. 5. þm. Vestf. og ég lýsti reyndar nokkuð afstöðu minni til í fyrri ræðu, en þar er í raun og veru á ferðinni sú hugsun sem er vel þekkt t.d. í nágrannalöndunum, að það sé óhjákvæmilegt að taka að einhverju leyti tillit til starfsskilyrða verslunarinnar og þjónustunnar þegar á hana eru lagðir skattar og með öðrum hætti tekið á starfsskilyrðum hennar. Það liggur í hlutarins eðli og er reyndar alþekkt gegnum ársreikninga fyrirtækja og afkomutölur að afkoma í verslun og ýmissi þjónustu í strjálbýlinu er mjög slök og hlýtur svo að vera í raun og veru þegar horft er til þess hvernig aðstæður allar eru þar. Á sama tíma eru í hópi þeirra sem greiða þennan skatt í stærstu þéttbýliskjörnum landsins mörg af mestu gróðafyrirtækjum landsins. Það er því auðvitað harla sérkennilegt þegar menn koma svo hér og væla og gráta undan því að þetta sé alveg einstaklega ósmekklegur og ógeðfelldur skattur, sömu snillingar og eru að leggja hér sérstaka skatta á námsmenn og sjúklinga og barnafjölskyldur. Þeir harma það að Eimskip skuli þurfa að borga skatta af skrifstofuhúsnæðinu sínu eða Hagkaup af Kringlunni sinni, telja þetta alveg einstaklega óréttlátt og mikið svínarí, að þessi gróðafyrirtæki, sem upp til hópa eru á þeim svæðum landsins þar sem hagur verslunar og þjónustu er hvað bestur, skuli vera skattlögð.

Ég er hins vegar alveg tilbúinn til að skoða það að breyta formi þessa skatts og þá jafnvel í meira mæli en er að finna í brtt. hv. 5. þm. Vestf. Auðvitað eru ýmsar fleiri aðferðir hugsanlegar til þess að ná svipuðum tekjum af þessari starfsemi. Ég bendi á að þetta yrði í raun og veru í formi einhvers konar veltuskatts eða jafnvel tekjutengt með einhverjum hætti gagnvart versluninni þannig að reynt yrði með þeim hætti að ná til þeirra verslunar- og þjónustufyrirtækja sem betur mega sín og þannig hlífa strjálbýlisversluninni.

Hæstv. fjmrh. hafði uppi efasemdir um það, enda lögfræðingur að mennt, að brtt. hv. þm. Kristins Gunnarssonar stæðist ákvæði stjórnarskrár um jafnræðisreglu gagnvart sköttum. Ég held að það sé ástæðulaus ótti hjá hæstv. fjmrh. En ef svo er að hún í þessu formi valdi þeim vandkvæðum eða áhyggjum í því sambandi er hægur leikur að breyta tillögunni þannig að um endurgreiðslu á skattinum að hluta til yrði að ræða til valinna aðila. Slíkar reglur eru vel þekktar í skattakerfinu og valda engum manni áhyggjum gagnvart ákvæðum stjórnarskrár þannig að þá væri það fyrst og fremst tæknileg vinna sem að þyrfti að framkvæma til að tryggja það með öllu að ákvæðin brytu ekki í bága við stjórnarskrá á nokkurn hátt. Ég saknaði þess í að hæstv. fjmrh. gæfi upp einhverja efnislega afstöðu til tillögunnar burt séð frá þessum lagatæknilegum eða stjórnarskrárbundnu atriðum sem hann lýsti áhyggjum af. (**Fjmrh.:** Ég er á móti tillögunni.) Ertu ekki á móti skattinum líka, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Ég er á móti tillögunni.) Nú, tillögunni já, mig minnti nefnilega að fjmrh. hefði líka verið á móti skattinum, en er það sennilega ekki núna.

Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. og helst hv. 5. þm. Norðurl. v. upplýsi okkur eitthvað um það hvað er á ferðinni — hvað líður kaupskap þeirra hæstv. fjmrh. og 5. þm. Norðurl. v. um stuðning hans við frv. Nú höfum við nýlega fengið bréf frá mjög virðulegum klúbbi hér í bænum með einhverjum alvirðulegasta bréfhaus sem maður hefur séð, bláhvítur víða og undir hann rita mikil stórmenni. Hvorki meira né minna en Bjarni Finnsson Kaupmannasamtökum Íslands, Jóhann J. Ólafsson Verslunarráði Íslands og Kristján Einarsson Félagi íslenskra stórkaupmanna. Þetta eru nú engir smákarlar og maður hefði einhvern tímann haldið að fyrrum framkvæmdastjóri Stjórnunarfélagsins og virðingarmaður í heldri manna röðum á þessu sviði í höfuðborginni, hæstv. fjmrh., 2. þm. Reykv., hefði tekið mark á svona mönnum. En það er ekki því að þessir menn leggjast eindregið gegn þessari skattlagningu á verslunina og tína þar ýmislegt til. Að hagur verslunarinnar sé ekki nógu góður, þetta rýri samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar gegn þeirri erlendu og þingmönnum og ráðherrum væri nær, eins og segir í bréfinu, með leyfi forseta, „að fella skattinn niður og einbeita sér frekar að því að draga saman umsvif hins opinbera".

Það má út af fyrir sig að líta á samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar gagnvart erlendri. Mér er þó mikið nær skapi að skoða þetta hvað snertir innbyrðis samkeppnisstöðu verslunarfyrirtækjanna í landinu og eins og ég hef þegar lýst tel ég sjálfsagt mál, ef hæstv. ríkisstjórn hefur á því einhvern áhuga, að láta efh.- og viðskn. stjórna því milli umræðna í þinginu að útfærðar yrðu breyttar tillögur um innheimtuform þessa skatts sem kæmi réttlátar og sanngjarnar niður gagnvart verslun og þjónustu í landinu eftir því hvernig afkoma er. Það væri mjög að skapi okkar alþýðubandalagsmanna sem jafnaðarmanna, eins og nú er sagt, að reynt yrði að (**Gripið fram í:** Þér verður hált á þessu.) forseti, það er ókyrrð í salnum. — (**Gripið fram í:** Jæja, áfram gakk.) Þetta er nú allt í góðu lagi, ég er bara að bíða eftir því að salurinn róist. En við erum sem sagt meira en til í að skoða það að haga innheimtu skattsins þannig að hann væri tekinn meira í takt við afkomu og hagi þeirra sem hann eiga að greiða.

Hæstv. forseti. Ég hlýt að spyrja áður en ég lýk máli mínu í von um að fá svör, hvort hæstv. ríkisstjórn sé ákveðin í því að láta þetta mál ganga til atkvæða að lokinni þessari umræðu, þ.e. á þessum fundi eða hinum næsta, eða hvort menn eru tilbúnir til að staldra við í þessu máli, m.a. í ljósi þeirra sjónarmiða sem hafa komið fram í umræðunni, bæði frá ýmsum stjórnarandstæðingum og eins frá hv. stjórnarsinnum, eins og hv. 5. þm. Reykv., sem flytja brtt. við málið. Þessar brtt. voru ekki kunnar þegar efh.- og viðskn. fjallaði um málið á fundum sínum. Þær hafa komið fram síðar eða undir umræðunni, þó að vísu skylt sé að taka fram að hv. 5. þm. Reykv. fór ekki á nokkurn hátt dult með afstöðu sína í efh.- og viðskn. og má enginn misskilja mig svo. En mér finnst að mörgu leyti vera breytt staða í málinu og með tilliti til að nú eru frv. rædd í einni málstofu þingsins og þar af leiðandi einungis um þrjár umræður að ræða tel ég eðlilegt að þegar slíkir hlutir gerast að gert yrði hlé á 2. umr. um málið og efh.- og viðskn. fengi það til sín og gæti skoðað það í ljósi þeirra brtt. sem fram eru komnar. Út af fyrir sig eru kannski ekki mörg fordæmi fyrir því hvernig eðlilegast er að vinna við slíkar aðstæður því þetta mun vera eitt af fyrstu málum sem kemur frá nefnd við hið nýja skipulag þingsins. En ég leyfi mér að beina þeim tilmælum til virðulegs forseta að það verði íhugað þegar svona ber til, að mál er við 2. umr. og er þá einungis ein eftir ef henni lýkur, að eðlilegra væri að brtt. og ný sjónarmið, sem upp hafa komið í máli, gengju til nefndar á því stigi og síðan kæmi málið aftur fyrir og 2. umr. yrði lokið. Og ef ekki næðist samkomulag yrði tekist á um þau mismunandi sjónarmið sem uppi væru í málinu í formi brtt. Ef hæstv. forseti hefur á þessu aðra skoðun og telur eðlilegra að ljúka umræðunni og ganga svo til atkvæða um þessar brtt. án þess að þingnefnd hafi átt kost á því að ræða þær þá hefði ég líka gjarnan viljað heyra rökstuðning fyrir því hvort það hefur verið rætt í tengslum við setningu þingskapalaganna eða í forsrn. að þetta skuli vera vinnutilhögunin við slíkar aðstæður. Það gegnir augljóslega allt öðru máli um slíka hluti nú þegar þingið starfar í einni málstofu og ein og sama þingnefndin lýkur vinnu um frv. Síðari deild og síðari þingnefnd er ekki til staðar til að yfirfara brtt. og umræður í hinni fyrri og af þessu leiðir að menn þurfa væntanlega að skapa sér nýjar vinnureglur um slíka hluti.

Ég vil sem sagt undirstrika það að lokum varðandi efni frv. að ég tel mjög æskilegt að menn séu tilbúnir til að setjast niður og skoða það á nýjan leik. Ég er alls ekki frá því að við hv. þm. næðum allir saman um að breyta þessu máli þannig að sæmileg samstaða gæti skapast um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu og kannski ekki síður milli strjálbýlis og þéttbýlis, því í raun er það svo að við þingmenn, sem þekkjum til mála í strjálbýlinu, getum ekki annað en viðurkennt að það er býsna erfitt að forsvara það að leggja þennan skatt á þau verslunar- og þjónustufyrirtæki úti á landsbyggðinni sem lepja dauðann úr skel og hafa jafnvel orðið gjaldþrota unnvörpum á undanförnum árum eins og mörg kaupfélög og verslunar- og þjónustufyrirtæki á landsbyggðinni.

En væntanlega fæ ég svör við þessu, bæði því sem ég hef beint til hæstv. forseta, hæstv. fjmrh. og e.t.v. kemur svo 5. þm. Norðurl. v. og getur upplýst okkur um kaupskap sinn við hæstv. fjmrh., fyrir hvað hann var falur í þessu máli.

En ég hafði vænst þess að hæstv. félmrh. yrði að sjálfsögðu viðstödd umræðuna þegar hún héldi áfram vegna þeirra ummæla sem hún lét falla í þessu efni í dag og hlýt þess vegna að spyrja hæstv. forseta hvað sé til tíðinda af nærveru hæstv. félmrh. — Er hæstv. félmrh. ekki í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. félmrh. mun ekki vera kominn í húsið miðað við töfluskjá forseta, en forseti er að láta athuga hvort hennar sé ekki að vænta hér.) (**Gripið fram í:** Það er von á henni hálf tíu.) Klukkan er hálf tíu þannig að ég fer þá að beina máli mínu til hæstv. félmrh. úr því að hún er væntanleg.

Ég sé mig knúinn til að segja nokkur orð af því tilefni sem gafst vegna íblöndunar hennar hér í umræður í dag sem var satt best að segja allsérkennileg að mínu mati. Þó er nú óþægilegra að hæstv. félmrh. sé ekki mættur til leiksins. (**Gripið fram í:** Er hún líka í jafnaðarmannaflokknum?) Nú er ekki ljóst hvort hæstv. félmrh. fellst á slíkar skilgreiningar en í öllu falli er hún í Alþfl. og hvorki meira né minna en varaformaður hans. Annars verð ég að segja það, hæstv. forseti, meðan við hinkrum við og sjáum til með hæstv. félmrh. að mér kom nokkuð á óvart málflutningur hæstv. ráðherra hér í dag svona almennt talað og ætla ekki að undanskilja hæstv. fjmrh. því satt best að segja fór mest lítið fyrir því að reynt væri að veita svör og upplýsingar í málflutningi ráðherra. Það virðist ekki tíðkast nú orðið samanber t.d. frammistöðu hæstv. forsrh. í byggðaumræðum í dag. Sá stíll er uppi að menn nýta sér rétt sinn sem ráðherrar til að hlaupa inn í umræður aftur og aftur og fyrst og fremst til að skattyrðast, bera þingmenn ásökunum vegna þeirra fyrri starfa e.t.v. sem ráðherra eða starfa að byggðarmálum eða einhverju öðru slíku. Ég hef ekki kynnst því áður á þingferli, sem nú er kominn á níunda ár, að ráðherrar

beittu stöðu sinni í þinginu með þessum hætti. Það er auðvitað nokkuð vandmeðfarið að hafa nánast aðstöðu til að skjóta sér inn í umræður eins og mönnum hentar og þess þá heldur ber mönnum frekar en hitt að nýta þann rétt sinn skynsamlega og þá fyrst og fremst auðvitað til þess sem hann er ætlaður, að veita svör og upplýsingar um það sem um er beðið. Ég hef aldrei skilið þann rétt sem ráðherrar hafa í þessu sambandi sem svo að hann væri til að veita þeim yfirburði í pólitískum áflogum eða skylmingum hér í þinginu. Þvert á móti væri ætlast til hins gagnstæða, að hæstv. ráðherrarnir nýttu rétt sinn fyrst og fremst til þess, sem hann er að mínu mati ætlaður, að gefa upplýsingar og veita svör í umræðum jafnóðum og leitað er eftir slíku til að þær geti haldið áfram með eðlilegum hætti. En í dag fengum við sýnishorn um hið gagnstæða og hæstv. fjrmh., sem er þó gjarnan með dagfarsprúðari hæstv. ráðherrum í þessum efnum, missti sig svolítið út í þetta þó hann að sjálfsögðu kæmist ekki í hálfkvisti við hæstv. forsrh.

En, virðulegur forseti, vegna þess að mér er mikið í mun að greiða fyrir framgangi mála og hraða þingstörfum með öllum tiltækum ráðum ætla ég að flytja ræðu mína yfir hæstv. félmrh. þó að hæstv. ráðherra sé ekki mættur. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. mun vera kominn í húsið og er þess að vænta að hann birtist í salnum.) Þá vænkast mjög vor hagur og get ég þá senn lokið máli mínu ef hæstv. félmrh. heiðrar okkur með nærveru sinni, því ég ætla satt best að segja fyrst og fremst að eiga við hæstv. félmrh. nokkur mjög vinsamleg orð og það stafar auðvitað af því að mér er mjög hlýtt til hæstv. félmrh. þó að kærleikar með okkur séu kannski ekki jafnmiklir og virðast vera orðnir með hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. því það kom berlega í ljós í umræðunni í dag að þeim hefur orðið vel til vina í ríkisstjórninni. En sem sagt, hæstv. félmrh. hóf hér það sem mér fannst allsérkennileg umræða af litlu tilefni og fór út í það sem hlýtur að kallast „pólitísk samanburðarfræði" og lagði þar mælistiku yfir fjmrh., fyrrv. og núv., ekki til að mæla lengd þeirra heldur getu þeirra til þess að skaffa henni, hæstv. ráðherranum, fé í ýmsa sjóði og taldi að sá hefði verstur verið viðskiptis sem við vorum bæði samtíða í ríkisstjórn, þáv. hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson.

Nú ætla ég ekki að fara efnislega út í þessa samanburðarfræði og dettur það ekki í hug, svo vitlaust sem það er. En hitt undrar mig ef hæstv. félmrh. telur það skynsamlegan málflutning að draga inn í umræðu af þessu tagi mat á velvilja eða málefnabundinni afstöðu manna sem stýrt hafa fjrmn. fyrr eða síðar. Jafnljóst og hæstv. félmrh. hlýtur að vera hversu breytilegar aðstæður eru uppi á hverjum tíma, sömuleiðis ætti hæstv. félmrh. að vera það jafnljóst að það getur verið breytilegt milli ára hvernig fagráðherrar, og þá í samráði við fjmrh. hvers tíma, kjósa að leggja áherslur í fjárveitingum. Síðan tók hæstv. félmrh. það ráð þegar hv. 8. þm. Reykn. benti henni á þessa augljósu staðreynd að misskilja 8. þm. Reykn. og bera honum þungar sakir á brýn.

Mig furðar þetta þeim mun meir ef hæstv. félmrh. er að reyna að segja okkur að hún telji þá ríkisstjórn sem nú situr betri í félags- og velferðarmálum en þá sem fyrir var. Ég átti satt best að segja ekki von á að heyra hæstv. félmrh. reyna að halda slíkri fásinnu fram af því að ég þykist vita að félmrh. á ekki allt of sæla daga í þessari ríkisstjórn og ég trúi því ekki nema hæstv. félmrh. valdi mér þeim stórkostlegu vonbrigðum að koma hér upp og lýsa því yfir að hæstv. félmrh. sé ánægður með það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera á fjölmörgum sviðum og lýtur að félags- og velferðarmálum.

Ég trúi því t.d. ekki að hæstv. félmrh. sé ánægður með ýmislegt sem gert hefur verið og til stendur að gera í heilbrigðiskerfinu. Ég trúi því ekki. Þá hef ég illa þekkt þá manneskju ef svo er. Ég trúi því ekki að hæstv. félmrh. sé ánægður með margt það sem fjárlagafrv. boðar gagnvart skólamálum, gagnvart málefnum barna og barnafjölskyldna og svo gæti ég áfram talið. Ég hafði ekki hugsað mér og hef ekki hugsað mér að fara að særa hæstv. félmrh. upp í umræðum hér á Alþingi á þessum vetri út af þessum hlutum sem fæstir eru á hennar verkefnasviði í ríkisstjórninni. Ég tel nær að beina geira mínum að hæstv. fjmrh. og þá þeim fagráðherrum öðrum eins og hæstv. heilbrrh. sem væntanlega eru þarna fyrst og fremst ábyrgir. Hitt verð ég að segja að ef hæstv. félmrh. býður til slíkra hluta með ásökunum af því tagi sem hún hafði hér uppi í garð fyrri ríkisstjórnar og hv. 8. þm. Reykn., þá áskil ég mér auðvitað allan rétt í þessum efnum. En þau heilræði ætla ég að leyfa mér að gefa og vona að þau teljist ekki stærilæti af minni hálfu að vara hæstv. félmrh. við áður en hún heldur lengra inn á þessa braut. Ég held að það verði ekki neinum til framdráttar og ekki hæstv. félmrh. frekar en öðrum að fjalla um samstarfið í fyrri ríkisstjórn með þeim hætti sem hæstv. félmrh. gaf aðeins tóninn til fyrr í dag. Það er umræða sem ég tel að sé að skemmta skrattanum og vil síst sjá hæstv. félmrh. lenda úti í því feni.

Auðvitað á hæstv. félmrh. ekki sæla daga í þessari íhalds- og afturhaldsstjórn sem hefur sýnt klærnar í meira mæli en nokkur stjórn um langt árabil t.d. gagnvart því sæmilega jafnréttissinnaða velferðarkerfi sem hér hefur verið byggt upp í landinu og margt má auðvitað um segja. Eitt gott má þó um það segja en það er að í 40–50 ár hefur ríkt um það þokkaleg pólitísk samstaða að mönnum skuli ekki mismunað með tilliti til efnahags gagnvart undirstöðuþáttum þjónustu í velferðarkerfinu. Því miður er það svo og kannski veldur það því að hæstv. félmrh. er jafnórótt og raun ber vitni og grípur þess vegna til þess að slá frá sér í blindni, eins og stundum gerist, að þessar staðreyndir þjaka hæstv. ráðherra.

Hæstv. félmrh. taldi enn fremur að ýmsir þingmenn, þar á meðal held ég hv. 8. þm. Reykn. og fleiri, hefðu ekki mikil efni á því að tala um heilindi og ættu helst ekki að taka sér það orð í munn. Ég ætla ekki að bera hæstv. félmrh. það á brýn að hún sé ekki hreinskiptin í framkomu og sæmilega heil í sínum hlutum. Það eru frekar aðrir hlutir sem mér gæti orðið á óvart að saka hana um eins og að vera stundum dálítið

ósveigjanleg í samvinnu en meira mun ég nú ekki hafa það. En hæstv. félmrh. er, held ég, sæmilega hreinskiptin og þess vegna veit ég að ríkisstjórnarmyndunin sl. vor hlýtur að hafa verið henni á móti skapi. Ef þingmenn Alþfl. vilja umræður um hreinskiptni held ég að væri rétt að kalla til sögunnar hv. þm. Alþfl. á Norðurl. e. og Austfjörðum og spyrja þá út í málflutning þeirra á sl. vori sem kjósendur þar máttu hlusta á. Kjósendur heyrðu og trúðu að þeir væru einlægir stuðningsmenn þess að haldið yrði áfram vinstra samstarfi í landinu eftir kosningar. Er það sú hreinskiptni sem Alþfl. telur ástæðu til að hrósa sér af? Ég efa ekki að þessir hv. þingmenn mæltu þarna af heilum hug um að þeir vildu halda áfram slíku samstarfi. Telja þeir það sem síðan gerðist og þá framkomu sem kjósendur þeirra urðu vitni að eitthvað til þess að hrósa sér af? Kjósendur voru algerlega sviknir og látnir halda að þeir væru með atkvæði sínu að leggja lóðir á vogarskálar vinstra samstarfs og vinstri ríkisstjórnar í landinu.

Nei, virðulegi forseti. Ég mun ekki undir þessu dagskrármáli fara lengra út í þessa sálma. En úr því að talsmenn Alþfl. í umræðunni tóku upp með þessum heilagleika spurninguna um hreinskiptni og heiðarleika í stjórnmálum, þá held ég að ég hafi ekki farið lengra út af línunni heldur en þeir.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. svari spurningum mínum fjótlega um það hvort hann sé tilbúinn til að hugleiða að þessari umræðu verði ekki lokið í ljósi þeirra breytingartillagna og sjónarmiða sem hér hafa komið fram. Að umræðan fái að halda áfram fram eftir kvöldinu og mælendaskrá verði nokkurn veginn tæmd en síðan fái fjh.- og viðskn. tíma til að koma saman og líta yfir málið og skoða þær tillögur sem hafa verið fluttar og skili síðan áliti sínu á nýjan leik til þingsins sem þá geti lokið afgreiðslu málsins, 2. og 3. umr. Enn fremur óska ég eftir því að hæstv. forseti sem verkstjórinn hér á þingi lýsi afstöðu sinni til þeirra sjónarmiða varðandi málsmeðferð sem ég hef hér reifað.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um umræður á Alþingi um þyrlukaup.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Mig er farið að lengja eftir hæstv. forsrh. og leyfi mér því að spyrja hvort ekki sé von á honum í hús fljótlega.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var búinn að upplýsa hv. þm. um að hæstv. forsrh. hefði tjáð forseta að hann gæti ekki verið á þessum fundi í kvöld vegna anna á öðrum vettvangi og það er ástæða þess að hann hefur ekki komið enn í húsið. Forseti vill benda hv. þm. á að hann er næstur á mælendaskrá í því máli sem er á dagskrá.

Ingi Björn Albertsson:

Það mál, hæstv. forseti, er algerlega óskylt því máli sem ég vildi ræða við hæstv. forsrh. sem ég kom hér aðeins inn á fyrr í kvöld undir þingskapaumræðu. Tilefni þess að ég vil ræða við hæstv. forsrh. eru ummæli þau sem hann viðhafði í sjónvarpinu á báðum stöðvum og á a.m.k. einni útvarpsstöð seinni partinn í dag varðandi umræður sem hér fóru fram í gær um þyrlumál. Vægast sagt voru þau ummæli ódrengileg svo ekki sé meira sagt eða ósmekkleg svo að orð hæstv. forsrh. séu notuð.

Ég skildi hæstv. forseta svo fyrr í kvöld að það yrði gerð tilraun til þess að fá hæstv. forsrh. til þess að sinna sínum þinglegu skyldum. Nú ég skil orð hæstv. forseta á þá leið að sú tilraun hafi brugðist og ekki sé hægt að fá hæstv. ráðherra hingað í kvöld. Ég vil af því tilefni geta þess að ég mun fara fram á utandagskrárumræðu á morgun vegna þeirra ummæla er hæstv. forsrh. viðhafði í þeim tilgangi að bera af mér sakir og einnig til þess að fá fram í dagsljósið misræmi í málflutningi annars vegar hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. dómsmrh. um fyrirhuguð þyrlukaup.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, nál. 132 og 139, brtt. 140 og 156, frávtill. 162.

Frsm. minni hl. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég hef sagt það sem ég þarf að segja í þessu máli en alltaf má bæta einhverju við. Í fyrri ræðu minni lýsti ég skoðunum mínum í gegnum tíðina á þessum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og lét þar koma skýrt fram að ég hef alla tíð verið á móti skattinum. Ég hef flutt brtt. við hann og ávallt greitt atkvæði á móti honum. Sú afstaða mín er óbreytt.

Hins vegar virðist vera svo hjá mörgum og flestum flokkum, ég ætla ekki að segja öllum, að það sé merki um kjark og dug að standa á þingi, hér í þessu ræðupúlti í stjórnarandstöðu, mæla kröftuglega á móti málum, koma síðan árið eftir, vera þá hinum megin við borðið og mæla þá með því máli sem áður var mælt á móti. Mér er tjáð að það sé merki um kjark og dug að svíkja stefnur. Sé svo, þá er ég kjarklaus og duglaus og ég skammast mín ekki fyrir það í þessu máli.

Ég hef rakið það hvernig þessi skattur mismunar bæði atvinnugreinum og byggðum og hversu ranglátur hann er og hefði vissulega verið freistandi að hafa hér við höndina bæði fyrri ræður mínar og eins annarra sem mæltu á móti þessum skatti á síðustu árum.

Einnig kom fram í fyrri ræðu minni að á Reykjavíkursvæðinu sérstaklega eru þúsundir fermetra af ónotuðu skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þetta húsnæði ber fullan skatt þrátt fyrir það að enginn arður

komi af því. Þetta er að sjálfsögðu mjög ranglátt og ber að leiðrétta.

Ég fór einnig yfir þátt landsbyggðarverslunarinnar og lýsti eftir skoðunum landsbyggðarþingmanna á þessum skatti. Þeir hafa verið í röðum að ræða byggðamál, atvinnumál og kjaramál landsbyggðarinnar með geislabaug yfir höfði en ætla alveg hiklaust að greiða atkvæði með þessum skatti, með þeim skatti sem mun íþyngja landsbyggðarverslun og hefur gert alla tíð.

Hvert fer skatturinn? Hann fer að sjálfsögðu beint út í verðlagið. Hvað þýðir það þegar skatturinn fer beint út í verðlagið? Það þýðir að vöruverð hækkar og tæplega er það landsbyggðarverslun til framdráttar. Ég held að landsbyggðarþingmenn, og ég var það sjálfur á síðasta kjörtímabili, viti vel að landsbyggðarverslunin berst í bökkum og ef þeir vita það ekki ættu þeir að skreppa út í kjördæmin og kíkja inn í verslanirnar. Þessir menn ætla hins vegar að greiða þessum skatti atkvæði sitt.

Einn hv. þm., hv. 5. þm. Vestf., hefur flutt brtt. á þskj. 156 þar sem gert er ráð fyrir að sérstakur eignarskattur skuli nema 2,25% af skattstofni skv. 3. gr. í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa og fleiri en 0,75% annars staðar. Hann er haldinn nákvæmlega sama veikleika og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Þeir eru báðir með kringlótt augu. Þeir sjá ekkert nema Kringluna þegar þeir tala um skrifstofu- og verslunarhúsnæði. *Kringlan er þeirra sjóndeildarhringur.* Og öll verslun og allt skrifstofuhúsnæði í landinu skal dæmt eftir Kringlunni. Þetta eru kringlóttu augun þessara tveggja hv. þm. Ég held að þeir mættu gjarnan labba hér um bæinn og kíkja í litlu hverfaverslanirnar, kíkja á einyrkjana, kíkja á skrifstofukompurnar sem eru víðast hvar og ræða við það fólk um réttlæti þessa skatts og fara þangað með Kringluaugun sín. Svo virðist vera að til þess að réttlæta skattinn þá verði að miða við glæsibyggingu. Ef við tækjum Kringluna í burtu og byggðum hreysi væri sennilega kominn grundvöllur fyrir því að taka hann af.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um bruðl í verslun. Vel má vera að eitthvað sé til í því og gjarnan er vitnað til Kringlunnar. En ég get sagt hv. þm. að ekki eru allar verslanir í Kringlunni reknar með hagnaði. Þar verða eigendaskipti mjög ört. Hins vegar ef bruðl er í verslun fá eigendur sem fyrir því að standa að bera ábyrgð á því sjálfir. Þeir leita ekki í opinbera sjóði eins og ýmsar aðrar atvinnugreinar gera. Þar mega menn fara á hausinn og verða gjaldþrota. Þá er þessum heilögu mönnum með geislabauginn yfir höfðinu nákvæmlega sama. Eingöngu vegna þess að það er þetta ljóta orð, verslun.

Síðan kemur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og leggur fram brtt. Hvað vill hann gera? Hann vill hækka skattinn á Reykjavíkursvæðinu upp í 2,25%. Hann vill íþyngja enn meir, hann vill hækka vöruverðið enn meir og ætli hann sé að hugsa um hag neytenda þá? Ætli hann sé að hugsa um kjaramálin, að lægra matvöruverð til að mynda sé besta kjarabót sem völ er á? Ætli hann sé að hugsa um hálfa þjóðina sem býr á þessu svæði? Nei, aldeilis ekki. Hann er með kringlóttu augun, hann er að horfa á Kringluna og ekkert annað og það er kominn tími til að menn víkki aðeins sjóndeildarhringinn. (**Gripið fram í:** Hvernig eiga augu að vera í laginu?) Eins og hv. þm. Alþb. eru núna, með hendur hvora við sitt auga og draga augun út, þá eru þeir helst eins og Kínverjar.

En hvað vill hv. þm. meira? Hann vill hjálpa landsbyggðarversluninni. Hann vill lækka skattstofninn niður í 0,75% í byggðarlögum sem hafa færri en 10 þús. íbúa. Af hverju stígur hann þá ekki skrefið með mér niður í 0,5%? (Gripið fram í.) Þá reis upp þingmaður, Jóhannes Geir háttvirtur, og var bara býsna ánægður með þessa tillögu nema (Gripið fram í.) næsta byggðarlag var Akureyri og þar voru íbúar fleiri en 10 þús. Það var ekki alveg nógu gott. Þá var höggvið einum of nærri. (**SJS:** KEA er þar.) KEA er þar. Þessir menn vilja ekkert hjálpa landsbyggðarversluninni og því fólki sem hefur atvinnu af henni eins og mun koma hér mjög glöggt í ljós þegar atkvæðagreiðslan fer fram. Síðan eru menn að tala um það að jólaverslun flytjist úr landi og eru að básúna það. Af hverju vilja menn þá ekki leggja því lið að skatturinn verði lagður niður og stuðla að lækkuðu vöruverði? Því ekki? Ég skora á þessa menn að svara.

Hv. þm. Jóhannes Geir sagði það sem hann sagðist ekki ætla að segja. Það sem er mjög sniðugt til þess að planta einhverri hugmynd að segja eitthvað en ætla ekki að segja það. Hann sagðist ekki trúa því að brtt. mín og afstaða mín í þessu máli væri sýndarmennska. Þetta var í sjálfu sér alveg nóg. Það var búið að planta. Ef það er sýndarmennska að fylgja stefnu síns flokks, ef það er sýndarmennska að fylgja sannfæringu sinni, þá er allur málflutningur hv. þm. sýndarmennska vegna þess að ég trúi því að hann mæli fyrir munn síns flokks og eftir hans stefnu og eftir eigin sannfæringu. Ég veit að málflutningur hans er ekki sýndarmennska og ég ber virðingu fyrir þeim þingmanni sem ég er nú að tala við.

Hér hefur mikið verið kallað eftir því hver stuðningur Sjálfstfl. sé í þessu máli. Það kom fram strax við 1. umr. Aðeins einn þingmaður leggst gegn frv., sá sem hér stendur og allt fjaðrafok í kringum það er bara til þess að slá ryki í augu á fólki.

Hæstv. forseti. Ég hef hér umsögn starfsráðs verslunarinnar þar sem enn eitt árið er lagst mjög harkalega gegn þessum skatti. Ég veit ekki hvort vitnað hefur verið í þessa umsögn eða ekki en ég ætla að fá að gera það og gera þau orð að mínum. Þar stendur m.a., með leyfi forseta, ég ætla ekki að lesa alla umsögnina: „Þegar skatturinn var lagður á í upphafi árið 1979 var hann einungis hugsaður til eins árs. Raunin hefur hins vegar orðið sú að hann hefur verið framlengdur á hverju ári til eins árs í senn. Skattur þessi sem einungis er lagður á þröngan hóp aðila er hæpinn út frá skattalegum sjónarmiðum og rýrir samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar. Hann á sinn þátt í því að draga verslunina úr landi og kemur óhjákvæmilega fram í verðlagningu.

Samstarfsráð verslunarinnar mótmælir því einnig að niðurfelling þessa skatts sé nú skilyrt við upptöku nýs

skatts á fjármagnstekjur, skatts sem samstarfsráð telur að ekki sé tímabært að taka upp vegna lítils sparnaðar og lélegrar eiginfjárstöðu fyrirtækja.

Samstarfsráð verslunarinnar skorar á þingmenn og ráðherra að fella skattinn niður við meðferð fjárlagafrv. og einbeita sér frekar að því að draga saman umsvif hins opinbera. Með því móti væri verið að stíga skref í þá átt að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar öllum til heilla."

Undir þetta rita fulltrúar Kaupmannasamtaka Íslands, Verslunarráðs Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á það í seinni ræðu sinni að ég hefði ekki kynnt brtt. í efh.- og viðskn. sem er alveg rétt. Og hitt er líka rétt hjá honum að mín andstaða gegn frv. kom mjög skýrt fram.

Ég vil minna hv. þm. á brtt. sem ég flutti á síðasta þingi við þingskapalögin nýju, þar sem gert var ráð fyrir því að á vissum stigum máls færu brtt. til nefndar og fengju þar umfjöllun. Það held ég enn þann dag í dag að sé rétt að gera og menn eigi að íhuga það með opnum hug hvort það kalli ekki á vandaðri vinnubrögð en ella.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það að í mínum huga eiga menn og flokkar hvar sem þeir eru að vera ábyrgir orða sinna hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þeir eiga að fylgja þeirri stefnu og þeirri skoðun sem þeir boða hverju sinni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í seinni ræðu sinni um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði kom 5. þm. Reykv. víða við og talaði sérstaklega til okkar landsbyggðarþingmanna sem hér höfum tekið til máls undir umræðunni um þetta frv. Ég vil taka það skýrt fram að mín afstaða til frv. byggist á nákvæmlega sama grunni og hv. 5. þm. Reykv., þ.e. á því að taka ekki aðra efnislega afstöðu til málsins í stjórnarandstöðu en í stjórn. Það er svo annað mál að við stjórnarandstæðingar sem skrifuðum undir nál. í efh.- og viðskn. gerðum það með fyrirvara, m.a. þeim fyrirvara að við viljum fá að sjá áform ríkisstjórnarinnar að öðru leyti um skattamál áður en við greiðum þessu atkvæði.

Ég get farið í gegnum hinn efnislega grunn á bak við þessa skatttöku með hv. 5. þm. Reykv. Hann reyndi að gera það tortryggilegt að ég benti á þá veilu í tillögu hv. 5. þm. Vestf., ef hann ætlaðist til þess að sú tillaga ætti að vera til að létta undir verslun á landsbyggðinni. Ég benti á veilu í tillögunni ef það væri tilgangurinn, annað gerði ég ekki í umræðu um það, þannig að ég vísa því á bug að þar hafi ég verið að því vegna þess að það tengdist minni nágrannabyggð.

Annað hef ég ekki að segja um þetta mál nema að ég skil ekki viðkvæmni þingmannsins gagnvart því að ég sagði að ég tryði því ekki að hann væri með sýndarmennsku, enda hefði ég ekki reynt hann að því. Það voru mín orð í umræðunni í gær.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram mjög fróðlegar umræður um þennan skatt, eðli hans og tilgang og afstöðu manna til hans í gegnum tíðina sem hefur verið breytileg hjá býsna mörgum núverandi stjórnarliðum.

Ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv. að mér þykir það skrýtin skilgreining á kjarki og dug að svíkja sína stefnu og stóru orðin sem menn viðhöfðu meðan þeir voru í stjórnarandstöðu og mér þykir þeir menn að meiri sem standa við sína sannfæringu án tillits til stjórnaraðildar eða ekki.

Hvað varðar þá brtt. sem ég hef flutt þá lýtur hún að þeirri viðleitni að dreifa þessum skatti á verslunargeirann nokkurn veginn eftir efnum. Auðvitað er hugsanlega hægt að gera það með öðrum hætti og jafnvel betri nálgun en þetta er svona viðleitni til þess að menn séu nokkuð jafnbærir á að greiða þennan skatt því afkoma fyrirtækisins, veltan eða tekjurnar, er nokkur mælikvarði á það hvernig menn eru til þess búnir að borga skatt af þessu tagi. Það er óumdeilanlegt að tekjur per rúmmetra eða fermetra eru ákaflega mismunandi eftir því hvar verslunin er staðsett.

Að því leyti er ég að reyna að koma í veg fyrir það með þessari brtt. að landsbyggðarversluninni verði íþyngt umfram þéttbýlisverslunina sem óhjákvæmilega verður ef sama prósenta er látin ganga yfir allt landið, þar sem við höfum það fyrir okkur að skattstofninn, fasteignamatið, er orðið samræmt um allt land.

Ég hafði líka hugsað mér annan tilgang sem þessi skattur gæti þjónað og það er að vera hagstjórnartækni, vera bremsa á frekari fjárfestingar á þeim stöðum þar sem næg er fjárfestingin fyrir í þessari atvinnugrein. Það er út af fyrir sig rétt að svo virðist sem skatturinn hafi ekki verið það hér á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum, eins og hann hefur verið lagður á, þannig að það má draga þá ályktun að hann hafi verið of lágur og vilji menn nota skattheimtu sem tæki til þess að koma í veg fyrir frekari fjárfestingu en nauðsynlegt er þá er trúlegt að hann yrði að vera eitthvað hærri.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði hvers vegna ég og aðrir þingmenn vildum ekki leggja skattinn niður og stuðla þannig að því að flytja verslunina inn í landið. Ég er ekki viss um að það hafi nokkur áhrif á það hvort verslunin flytjist inn í landið eða ekki, þótt þessi skattur verði felldur niður. Raunar getur maður bent á þá þróun innan lands að verslunin hefur verið að flytjast frá dreifbýlisversluninni yfir á höfuðborgarsvæðið þrátt fyrir að þessi sami skattstofn sé í Reykjavík. Það hefur ekki komið í veg fyrir að verslunin hér á höfuðborgarsvæðinu gæti boðið betur í samkeppninni.

Ég held líka að skatturinn sé þrátt fyrir allt það lágur að upphæð í samanburði við þann verðmismun sem virðist vera á vöru erlendis og innan lands að þótt hann yrði felldur niður hefði það ekki nein merkjanleg áhrif á samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart hinni erlendu.

Ég held að það væri meira þarfaþing fyrir verslunina á Íslandi að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig á því stendur að svona mikill verðmismunur er á vöru hér innan lands borið saman við t.d. Írland eða

England. Ég held að það besta sem við gerðum fyrir verslunina væri að reyna að draga fram skýringar á þessum mun, í hverju hann er fólginn því þá eru menn frekar til þess bærir að grípa til aðgerða sem skila árangri.

Ég vil nefna eitt atriði sem ég tel að skipti verulegu máli, og reyndar var það að nokkru leyti verið dregið fram fyrir nokkrum árum, og það er flutningskostnaður á vöru til landsins sem er nokkuð mikill og að mínu mati óeðlilega hár og er m.a. um að kenna miklum skorti á raunhæfri samkeppni í siglingum til og frá landinu með vörur. Það er einmitt ágætt tækifæri fyrir þann flokk, Sjálfstfl., sem helst hefur lagt fyrir sig, a.m.k. í orði, að vera flokkur sem berst fyrir samkeppni, að beita sér fyrir því af einhverjum krafti að brjóta upp þá einokun sem Eimskipafélag Íslands hefur í millilandasiglingum hér á landi. Ég held að það væri það þarfasta verk sem menn geta unnið fyrir íslenska verslun.

Ég hef þá farið nokkuð yfir þau rök mín fyrir tillögunni og svarað þeim sjónarmiðum sem fram komu í máli hv. 5. þm. Reykv. og tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð um þetta mál annað en að ítreka að ég geng út frá því að ef það er niðurstaða manna að leggja á skatt af þessu tagi, þá er eðlilegt að það sé framkvæmt þannig að hann leggist ekki misþungt á fyrirtæki eftir staðsetningu þeirra á landinu eins og hann óhjákvæmilega gerir ef um er að ræða eina óbreytanlega prósentutölu fyrir alla.

Hitt er svo mál sem menn geta svo sem rökrætt lengi hvort skatturinn eigi að vera, hvort hann sé réttlátur eða ranglátur, en ég vil þó segja um þennan skatt að það er býsna margt hér í þjóðfélaginu sem mér finnst ranglátara heldur en þessi skattur. Og ég er ekki tilbúinn til að byrja herferð hinna réttlátu á því að fella niður þennan skatt. Við ættum þá að bera niður annars staðar áður.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar ágætu umræður sem farið hafa fram um þetta mál og svara þeirri fyrirspurn sem til mín var beint frá hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Henni vil ég svara á þá leið að mér finnst eðlilegt að þessari umræðu ljúki með atkvæðagreiðslu. Ef hv. nefnd óskar hins vegar eftir því að taka málið til skoðunar á milli umræðna þá getur hún að sjálfsögðu ákveðið það sjálf. Ég held að það sé ekki góð regla að ráðherrar séu að setja nefndum fyrir, en af góðum kynnum mínum við formann nefndarinnar er ég viss um að hann er ugglaust tilbúinn til þess á milli umræðna að láta umræður í nefndinni fara fram.

Ég vona þá að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu. Ég ítreka þakkir fyrir ágætar og fróðlegar og skemmtilegar umræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill taka það fram að hann mun að sjálfsögðu gera viðvart þeim hæstv. ráðherrum sem óskað er eftir að séu við þessa umræðu, en það mun vera hæstv. sjútvrh. og svo að sjálfsögðu sá ráðherra sem málið varðar, hæstv. viðskrh. Þeir eru báðir í húsinu. Hæstv. sjútvrh. er hér í hliðarsal og fylgist með umræðunni og hæstv. viðskrh. verður látinn vita að umræðan sé að hefjast.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Maður verður eiginlega snortinn þegar maður heyrir að það séu hvorki meira né minna en tveir ráðherrar í húsinu. Það er bara stóratburður eins og þetta þróast hér undanfarna dagana. Það er alveg fullnægjandi fyrir mig að þeir séu hér hæstv. viðskrh. og sjútvrh. Ég geri ekki kröfu til þess að hæstv. forsrh. sé hér þar sem ég hef ítrekað reynt að spyrja hann hvort það sé svo í þessari ríkisstjórn að hann sé fyrir efnahagsmálum í þessu ráðuneyti en við því hafa engin svör komið. Að sjálfsögðu væri það ekki óeðlilegt að yfirráðherra efnahagsmála væri viðstaddur umræður um kerfisbreytingar í peningamálum af því tagi sem hér eru á ferðinni. En með vísan til þessa rökstuðnings, að hæstv. forsrh. hefur ekki gefið neitt út á það að hann færi með efnahagsmál í þessari ríkisstjórn, þá sé ég ekki ástæðu til að eiga við hann frekari orðaskipti um þau mál.

Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands. Eru breytingarnar tvenns konar eins og mönnum er væntanlega kunnugt. Í fyrra laginu sakleysisleg orðalagslagsbreyting sem stafar af aðlögun bankalaga að nýsettum lögum um fjárfestingu erlendra aðila, lögum nr. 34 frá þessu ári. Hin breytingin lýtur að því, og það mun ég aðallega gera hér að umtalsefni, að unnt sé að breyta núgildandi fyrirkomulagi á gengisskráningu krónunnar þannig, eins og segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta: „að gengi krónunnar geti ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á markaði.“ Satt best að segja er sú breyting, þegar það er lesið og samkvæmt orðanna hljóðan, nokkuð sérkennileg því að í 2. gr. frv. segir að 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands skuli orðast svo, og ég les upphafið, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR, eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka.“

Þessi stórkostlega setning, þetta mikla bókmenntaafrek sem er 2. málsl. 2. gr. frv. segir á mannamáli í raun og veru að Seðlabankinn eigi að ákveða gengi íslensku krónunnar einhvern veginn og hann hafi fullt frelsi til að gera það eins og honum sýnist. Hann geti

tengt það við þessa eða hina myntina, eina sér eða samsetta, með eða án fráviksmarka og ótilgreindar stærðir. Á venjulegri íslensku mundi þetta nú bara hljóða svona: „Seðlabankinn skal ákveða gengi íslensku krónunnar einhvern veginn."

Í sjálfu sér segir því þetta frv. ekki neitt og minna en ekki neitt um það hvað í vændum kann að vera í þessum efnum. Það er alveg ljóst að verið er að útbúa til handa Seðlabanka og ríkisstjórn galopna heimild til þess að fara með gengismálin hvað þetta snertir, hvað viðmiðanir snertir, eins og mönnum sýnist á þessum bæjum. Nú er ég ekki að segja endilega að það sé óeðlilegt í sjálfu sér að þetta sé svona, að Seðlabankinn, og þá í samráði við ríkisstjórn, sé ekki bundinn af lögum til þess að hafa þetta fyrirkomulag með einum hætti eða öðrum fremur. Það er ekki aðalmálið í mínum huga heldur hitt að það verður að vera ljóst hvað menn ætlast fyrir í þessum efnum og það er mál sem ég held að Alþingi hljóti að vilja láta sig varða, hvernig menn hyggjast gera þá miklu grundvallarbreytingu í peningamálum, peningamálastjórn og í raun og veru í öllu okkar efnahags- og atvinnulífi sem markaðsskráning á gengi krónunnar óumdeilanlega væri ef það er það sem í vændum er.

Tenging krónunnar, fastbinding krónunnar, þ.e. á því formi að um fast og óumbreytanlegt gengishlutfall milli íslensku krónunnar annars vegar og t.d. veginnar körfu Evrópumynta hins vegar yrði að ræða, er hlutur sem ég tel ekki raunhæfan og ekki líklegan til að vera á dagskrá á næstu árum, jafnvel þó svo að menn séu að gera því skóna að það sé unnt innan fárra ára að hafa íslenska efnahagskerfið tilbúið undir slíka breytingu. En auðvitað er það alveg ljóst að yrði farið út í slíkt, þá væri þar um mjög mikla breytingu að ræða.

Síðan segir, svo að ég haldi mig við 2. gr. frv., að Seðlabankanum skuli vera heimilt með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri eða öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar að hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða. Og hann skuli síðan einu sinni á dag skrá gengi, sem hann er tilbúinn til að eiga viðskipti á, og það skuli teljast hið opinbera gengi o.s.frv. Þarna er þá komið að því sem hlýtur að vera meginkjarni umræðna um þessa breytingu ef menn á annað borð taka það alvarlega að hér eigi að stíga skref í þessa átt, það er það hlutverk sem Seðlabankanum hlýtur að vera ætlað í hinum nýja heimi, í hinni nýju framtíð, að kaupa eða selja erlendan gjaldeyri eða grípa til annarra aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða. Hvað er hér verið að segja? Væntanlega er verið að segja það að Seðlabankinn verði þá að taka upp það verkefni sem seðlabankar annarra landa í stærri hagkerfum hafa með höndum að vera sá stóri jafnvægisstillir á markaði með gengi sem gerir það kleift að halda sæmilega stöðugu gengi og hafi í höndum nægjanlega öflugt tæki, sé sjálfur nægjanlega öflug stofnun til þess að leika þetta hlutverk. Og það er eiginlega það fyrsta sem ég held að sé ástæða til að staldra rækilega við og spyrja sig að áður en ég ræði um það hvort hugmynd eins og fastbinding krónunnar við ECU, sem er þó nefnd í frv., sé raunhæf og þá hvernig yrði að henni staðið og hvaða afleiðingar hún hefði. En það er spurningin um þessa stofnun, Seðlabanka Íslands, sem hæstv. utanrrh. hefur upplýst þjóðina um að menn fáist aðallega við að naga blýanta. Er þessi stofnun, svo gamni sé nú sleppt, í stakk búin til þess eða er eitthvað í vændum sem gerir hana í stakk búna til þess að leika þetta hlutverk, að jafnvægisstilla þannig markað með gjaldeyri á Íslandi að gengi krónunnar geti orðið sæmilega stöðugt? Ég verð að játa að um það hef ég miklar efasemdir. Augljóslega vantar fyrir það fyrsta fyrirkomulagið sjálft þar sem það er ekkert til á Íslandi sem heitir markaður með gengi, kaup og sala í venjulegum skilningi þess orðs, þar sem margir aðilar geta haft áhrif með hreyfingum óháðir hver öðrum innbyrðis á einum og sama deginum. Hér festir Seðlabankinn gengið og skuldbindingur sig til þess að kaupa á sama verði sólarhringinn út. Mér er tjáð að til þess að afstýra óhöppum í því fyrirkomulagi, þá sé í gildi óformlegt samkomulag milli bankanna, viðskiptabankanna og Seðlabankans, sem í reynd þýði það að gjaldeyrisviðskipti fari yfirleitt ekki fram fyrir hádegi hvern dag, til þess að afstýra því að menn geti nýtt sér breytingar sem væru líklegar eða menn mætu líklegt að þýddu óvænta hreyfingu í gengi og þannig gætu einstakir aðilar spilað á þetta kerfi sem við lýði er hér uppi á Íslandi enn þann dag í dag. Væntanlega yrði það þá eitt af fyrstu skrefum að koma upp einhvers konar gengismarkaði hvort sem það yrði í formi millibankamarkaðar til að byrja með eða með einhverjum öðrum hætti. En augljóslega vantar í raun og veru þessi stjórntæki. Það vantar leikvanginn sjálfan ef svo má að orði komast og síðan vantar leikreglurnar. Og það vantar dómara í líki þess seðlabanka sem verður auðvitað að vera til ef svona fyrirkomulag á að geta gengið og nægilega öflugur og stór til þess að hafa þá yfirburðastöðu á þeim markaði sem í hlut á að geta með afli sínu stillt þar jafnvægið þannig að það sé innan skikkanlegra marka.

Þá hljótum við að spyrja okkur að því hvernig gengismarkaður á Íslandi yrði að líkindum, a.m.k. svona á fyrstu árum slíks markaðar. Er ekki hætta á því að í fyrsta lagi yrðu of fáir og of tengdir aðilar þar með viðskipti til þess að einhver eðlilegur markaður gæti verið á ferðinni? Forsenda þess að markaðurinn sé í raun og veru brúklegur sem tæki er ekki síst að þar séu þá á ferðinni nægjanlega margir, nægjanlega dreifðir og óskyldir aðilar til þess að eðlileg sjónarmið ríki á markaðnum. Ef slíkt er fyrir hendi, þá getur einn yfirburðasterkur aðili, einn mjög öflugur aðili vissulega haft umtalsverða stjórn á hlutunum með því að beita afli sínu og það gera hinir sterku seðlabankar nágrannaríkjanna. En er Seðlabanki Íslands eitthvað í líkingu við þau tæki eða stendur eitthvað til að breyta honum þá og efla hann í þá veru? Og með hvaða hætti á það þá að gera, hæstv. viðskrh.? Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ekki þurfi einasta að stokka nánast upp þessa stofnun, Seðlabanka Íslands, og gera það með góðum fyrirvara áður en menn svo mikið sem

huga að, láta sér detta í hug breytingar af þessu tagi, ég tel að það þurfi líka að endurskipuleggja stjórnkerfi Seðlabankans og það liggur við að ég leyfi mér að segja hér úr þessum ræðustóli að manna hann upp á nýtt.

Ég held sem sagt að það sé langt í land að við séum hér á Íslandi með á hendi annars vegar þær forsendur fyrir einhverjum markaði og hins vegar þann stóra bróður eða dómara til að skakka leikinn sem er auðvitað óhjákvæmilegt ef eitthvert vit og einhver alvara á að vera í *áformum um markað, raunverulegan markað* sem ræður gengisskráningu og ég tala nú ekki um, ef einhver aðili á að tryggja það með afli sínu að halda jafnvægi á genginu. Þetta segi ég vegna þess að mér *finnst sá misskilningur vaða uppi í þessum efnum* að með því einfalda patenti að tengja krónuna við ECU, leysist bara öll vandamál og á Íslandi komist á um aldur og ævi stöðugt gengi, engin verðbólga og alheimssæla.

En er það nú svo? Er það líklegt? Nei. Staðreyndin er sú að í sjálfu sér breytir tenging við ECU engu um stöðugleika gengisins ef forsendurnar eru ekki fyrir hendi. *Það eru hinar efnahagslegar forsendur sem* verða að gera stöðugt gengi mögulegt og þá geta menn hnýtt spottann við ECU eða dollar eða eitthvað annað sem þeim býður að binda trúss sitt við. Þess vegna held *ég að það sé óhjákvæmilegt áður en menn fara að* ræða það að skoða þær forsendur sem fyrst verður að skapa hér uppi á Íslandi til þess að unnt sé að gera þetta.

Ég held að það væri fróðlegt, af því að ég veit að hæstv. viðskrh. hugsar margt um þessi mál, að hann reifaði kannski aðeins ítarlegar fyrir okkur hvernig menn sjá þetta þá hugsanlega fyrir sér af því að frv. sem hér er á ferðinni, er ákaflega fáort um slíka hluti. Hvernig sér hæstv. viðskrh. fyrir sér markaðinn þróast? Hvernig sér hann fyrir sér breytingar á Seðlabankanum eða þá öðrum stjórntækjum sem í þessu sambandi yrðu nýtt? Og á hve löngum tíma telur hæstv. viðskrh. raunhæft að slík þróun geti orðið ef menn ætla sér ekki út í glannaskap og vitleysu í þessum efnum?

Ég vil taka til hliðsjónar þau miklu mistök sem að mínu mati voru gerð þegar vöxtum var skyndilega og nánast fyrirvaralaust og án nokkurs umtalsverðs undirbúnings sleppt lausum á Íslandi. Það var að mínu mati ákaflega barnaleg aðgerð og óraunsæ, enda fór illa. Við höfum í raun og veru meira og minna misst tökin á vaxtaþróun í landinu eftir að þær breytingar voru gerðar á árunum 1985–1986 sem íslenska bankakerfið og íslenski peningamarkaðurinn var á engan hátt í stakk búinn til að takast á hendur. Ekki eins og að þeim var staðið, að láta sér detta það bara í hug einn góðan veðurdag að nú væri skynsamlegt að hafa frjálsa vexti, bara svona, og þá væri allt í lagi. Menn töluðu sig upp í hita, hinir rólegustu menn eins og núv. hæstv. sjútvrh., um þá miklu kerfisbreytingu sem þarna væri að eiga sér stað í vaxtamálum á þessum tíma. En hún var ekki mjög skynsamleg, satt best að segja. Það væri nær lagi, gæti maður hugsað sér, að núna eða á næstu árum værum við að stíga síðustu skrefin í þróun sem hefði verið tekin í áföngum á þeirri braut að losa um miðstýrðar ákvarðanir í vaxtamálum og láta einhvern markað í vaxandi mæli yfirtaka það hlutverk að ráða hér vaxtastiginu. Þá hefðum við e.t.v. sloppið að einhverju leyti við þær kollsteypur í vaxtamálum sem við erum búin að ganga í gegnum síðan þessi mislukkaða og illa undirbúna ákvörðun var tekin 1985–1986. Og því er ég að segja þetta að ég er ekki frá því að það megi finna vissar hliðstæður í þeirri kerfisbreytingu *sem hér er til skoðunar, að hverfa frá fastákvörðuðu* gengi með þeim hætti sem við höfum búið við, og yfir í eitthvert annað fyrirkomulag. Ég tel óðs manns æði að láta sér detta í hug að það geti gerst með farsælum *hætti öðruvísi en þá á löngum tíma og með margvís*legum undirbúningsaðgerðum sem komi á undan en ekki á eftir og þá í skynsamlegum áföngum.

En svo er ástæða til að gleyma ekki því stóra við*fangsefni í þessu sambandi, hvort svona fast gengi*, föst binding krónunnar sé efnahagslega skynsamleg ráðstöfun yfirleitt, „überhaupt", eins og mundi slett vera á þýsku ef maður gripi til þess einu sinni hér í þessum *ræðustóli. Það er a.m.k. skárra en mörg önnur tungu*mál sem stundum fljóta hér með íslenskunni. (**Viðskrh.:** Über alles bara.) Viðskrh. er vel að sér á þýðversku þannig að það er óhætt að eiga við hann orðastað að *einhverju leyti á því tungumáli, greinilega*.

Ég held að það sé nauðsynlegt að taka til umræðu og vil gera það af minni hálfu, ekki síst af því að hæstv. sjútvrh. er viðstaddur umræðuna, hvort það eru yfirleitt, a.m.k. nú og í sjáanlegri framtíð á Íslandi, þær efnahagslegu og atvinnulegu aðstæður fyrir hendi að svona breyting, yfir í það t.d. að fastbinda gengi krónunnar við ECU. Eru þær fyrir hendi? Ég hef þess vegna tekið hér með mér upp í ræðustólinn þær skýrslur sem vísar stofnanir hafa verið að birta um þetta efni og mér til mikillar ánægju er hér skýrsla frá Þjóðhagsstofnun, dagsett í september 1991, skýrsla í fallegri rauðri kápu frá Þjóðhagsstofnun til viðskrh. — og gleður það mig að í ríkisstjórninni skuli ekki vera hættar að koma skýrslur með svona rauðri kapu þó að sá sem hér talar sé ekki þar um þessar mundir, en eins og ég veit að hæstv. viðskrh. man, komu skýrslur í rauðri kápu frá samgrn. á ákveðnu árabili. — En í þessari skýrslu er margt býsna vel sagt að mínu mati. T.d. segir í helstu niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta, sem ég góðfúslega fæ: „Rétt er þó að vekja athygli á því að ef gengisstefnan er trúverðug skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli hvort gengi krónunnar er tengt ECU eða einhverri annarri samsetningu viðskiptamynta. Hins vegar eru pólitísku rökin sem felast í því að æskilegt sé að Ísland tengist Evrópu nánari böndum í framtíðinni."

Þetta fannst mér mjög athyglisverð setning, í og með vegna þess að hún kemur frá Þjóðhagsstofnun og það er auðvitað nokkuð kúnstugt að Þjóðhagsstofnun skuli vera að færa hér fram hin pólitísku rök í máli af þessu tagi. Að vísu upplýsir Þjóðhagsstofnun réttilega að í sjálfu sér sé þetta rugl um tengingu við ECU eða SDR ekki málið heldur það að gengisstefnan sjálf sé

trúverðug og forsendurnar séu fyrir hendi. Þá er það bara tækniatriði hvort menn kjósa að binda tauminn við það mikla skip, ECU, eða SDR-prammann eða eitthvað annað. En það er þetta með pólitísku rökin. Skyldi það valda áhuga miklum sem upp hefur skotið kollinum víða á síðustu mánuðum að rjúka til og tengja aumingja litlu íslensku krónuna við þessa stóru myntheild Evrópu, að menn sjái í því eitthvert pólitískt grand? Þá held ég nú að vissara sé að fara að biðja guð að hjálpa sér, ef menn eru virkilega á þeim brautum að vera að hugsa um slíka hluti, pólitíska hluti, en ekki efnahagslega eða viðskiptalega.

Ég hlýt því að spyrja — og er nú ekki skaði að hafa hér fyrrum yfirmann þessarar stofnunar sem er þar vel húsum kunnugur í gervi hæstv. viðskrh.: Hvað er hér verið að fara? Hvað er Þjóðhagsstofnun að gefa í skyn með þessari setningu um hin pólitísku rök?

En þeir hjá Þjóðhagsstofnun segja að aðalatriðið sé að gengisstefnan sé trúverðug og þeir segja að fastgengisstefna — sem það er auðvitað að binda krónuna við einingu eins og til að mynda ECU sem væntanlega verður ekki leyft að hreyfast mikið í framtíðinni, það er þar með um leið fastgengisstefna, ekki bara binding við eitthvað heldur felst líka í aðgerðinni nánast að festa gengi íslensku krónunnar — þeir segja: Fastgengisstefnan verður hins vegar ekki trúverðug nema efnahagsleg skilyrði séu fyrir hendi sem gera kleift að framfylgja henni. Skilyrðin eru einkum þessi — og síðan er það talið upp í löngu máli að stjórn efnahagsmála þurfi að gjörbreyta. Þar er í raun og veru sagt að það kerfi sem við búum við í ríkisfjármálum og peningamálum og við alla stjórnun efnahagsmála sé á engan hátt undir það búið að taka á sig slíka breytingu. Ég þarf ekki að lesa í gegnum þá röksemdafærslu Þjóðhagsstofnunar, svo sjálfsagt mál er það sem þar stendur að þeirra mati að þeir fullyrða ósköp einfaldlega: Stjórn efnahagsmála þarf að gerbreyta.

Þeir segja í öðru lagi: Í því skyni að skapa tiltrú á gengisstefnunni er brýnt að breyta fyrirkomulagi gengisskráningarinnar. Hverfa þarf frá því fyrirkomulagi að Seðlabankinn tilkynni einhliða verð hverrar myntar eins og nú er gert og komi á fót markaði með erlendan gjaldeyri, það ræddi ég hér áðan. Og þeir telja að það yrði að vera hlutverk Seðlabankans að sjá til þess með óbeinum aðgerðum, m.a. kaupum og sölu á gjaldeyri og vaxtastefnunni, að gengi krónunnar héldist innan þeirra marka sem stjórnvöld ákveða.

Þetta má allt telja eðlilegt og í samræmi við þær hugmyndir sem ég var að lýsa hér áðan að hlytu að verða að liggja til grundvallar ef svona kerfisbreyting ætti að verða. En þeir segja fleira hjá Þjóðhagsstofnun. Þeir eru með þriðja punkt í þessum helstu meginforsendum og skilyrðum sem fyrir hendi þurfa að vera og ég ætla að leyfa mér að vekja athygli hv. alþm. dálítið á þeim punkti. Þeir segja: „Að baki ákvörðuninni um almenn laun og kjör verður að liggja raunsætt mat á efnahagslegum forsendum. Í þessu felst í stórum dráttum að almennar launabreytingar (í krónum talið)" — nú orðið er vissara sem sagt að taka það fram við hvaða gjaldmiðil er átt, þó um laun uppi á Íslandi sé verið að fjalla — „verða að vera í hátt við þróun þeirra í helstu viðskiptalöndunum ef hagvöxtur er svipaður. Þegar skilyrði þjóðarbúsins eru óhagstæð er hins vegar óhjákvæmilegt að almenn laun hækki minna en í viðskiptalöndum og jafnvel lækki í krónum talið ef þjóðarbúið hreppir mikinn andbyr."

Ég hlýt að vekja athygli hv. þm. á því sem hér er verið að segja. Það er í raun og veru verið að segja að þetta yrði mjög öflugt tæki, mjög öflug svipa á launamenn í landinu til þess að gæta hófs, svo ekki sé nú meira sagt, í kaupkröfum. Fast gengi og tenging krónunnar við ECU mundi setja nýjan og þrengri ramma utan um kjarasamninga í landinu og ákvarðanir um kaup og kjör heldur en fyrir hendi er í dag.

Ég veit í sjálfu sér ekki hvað maður á að fara langt út í þessa umræðu, hversu alvarlega maður á að taka þessi skilaboð en þau eru þarna greinilega fyrir hendi og þau hljóta að hafa vakið athygli einhverra fleiri en mín. Það væri til að mynda ástæða til að spyrja að því hvað verkalýðshreyfingin hefur um þennan boðskap að segja og hver hennar afstaða verður til þessara hugmynda m.a., ef þessi skilningur er lagður í þetta, með í bland við hin hreinu peningalegu rök. Og þá er hér komið tvennt inn í myndina til viðbótar gengis- og peningamálunum sjálfum sem ástæða er til að íhuga. Hið fyrra eru hin pólitísku rök um tenginguna við Evrópu og hið síðara eru þeir klafar, sá rammi sem hér yrði að mati höfunda skýrslunnar í raun verið að setja utan um verkalýðshreyfinguna og launafólk í landinu. Með öðrum orðum: Það yrðu launin í landinu sem yrðu þá að taka að sér það hlutverk að jafna þær sveiflur sem peningakerfið og gengisákvarðanakerfið réði ekki við í hinu nýja fyrirkomulagi. Til þess að hægt yrði að festa gengið og halda því innan settra marka, þegar sveiflur væru í afkomu þjóðarbúsins, yrðu launamenn að gjöra svo vel að taka það á sig að lækka þá alveg sérstaklega hjá sér kaupið umfram verkafólk í nálægum löndum til þess að markmiðin um gengisfestuna næðu fram að ganga.

Nú kemur viðskrh. sjálfsagt og segir að ég sé ekki mikill spámaður að skilja það ekki að þegar minna er til skiptanna þá verði bara að skipta minna o.s.frv., en það er ekki bara það sem málið snýst hér um, þetta er líka spurningin um það með hvaða hætti sveiflur, áföll eða ávinningar eru tekin á efnahagskerfið í heild sinni og ég get ekki annað séð en hér sé í raun verið að boða að það hljóti að verða launamenn, einir og sjálfir, sem á sínu baki beri þær byrðar.

Það eru að vísu skemmtilegir kaflar, satt best að segja, hér á bls. 3 þegar kemur svo að trúverðugri gengisstefnu og starfsskilyrðum sjávarútvegsins af því að höfundar skýrslunnar gera sér grein fyrir því að það er ekki trúverðugt að fjalla um þessa hluti mikið hér uppi á Íslandi nema taka eitthvað á því hvernig þetta komi við sjávarútveginn. Reyndar er rétt að vekja athygli á lymskulegri setningu efst á bls. 3 í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem slær eiginlega botninn í það sem ég var að ræða áðan um viðhorf til samninga og kjaramála í tengslum við fastgengi, en þar segir berum orðum, með leyfi forseta, og vísar til alls þess

sem á undan er gengið um vinnumarkaðinn og gengi krónunnar:

„Af þessu má sjá að mun meira raunsæis yrði að gæta á vinnumarkaði en við óbreytta stefnu."

Það er nefnilega það. Það eru alveg skýr skilaboðin og boðskapurinn sem í þessu felst. Kaupið hefur verið allt of hátt á köflum, það er vandamálið og menn hafa verið óraunsæir og því verða menn að semja um lægra kaup, þá væntanlega í sjávarútveginum og er kannski verið að segja það að starfsfólk í fiskvinnslu hafi haft of hátt kaup á köflum undanfarin ár og þess vegna hafi í raun og veru ekki verið hinar réttu fræðilegu forsendur fyrir föstu gengi.

Ég hverf þá að sjávarútveginum og fastgenginu og segi, eins og í skýrslunni, að augljóst er að þetta mundi þýða miklar breytingar á starfsskilyrðum sjávarútvegsins. Í raun og veru segja höfundar skýrslu Þjóðhagsstofnunar að trúverðug gengisstefna gjörbreyti starfsskilyrðum sjávarútvegsins þannig að ekki yrði unnt að taka tillit til afkomu í sjávarútvegi, hvort hún væri góð eða miður góð, hvort afli væri að vaxa eða minnka, hvernig okkur vegnaði á mörkuðum. Allt yrði það að berast uppi með öðrum hætti en þeim að breyta gengi krónunnar.

Síðan er farið mörgum orðum um það hversu ógæfulega til hafi tekist á undanförnum árum, að menn hafi jafnan gripið til þess ráðs að fella gengið þegar illa hafi gengið. Síðan ef afurðaverð og afli hafi aukist og tekjur hafi aukist, þá hafi kostnaðarhækkanir innan lands yfirleitt elt uppi þann bata í sjávarútveginum. Og þegar svo aftur hafi syrt í álinn hafi menn ekki mátt við neinu, gengið hafi orðið að fella á ný o.s.frv. Þetta finnst mér að vísu vera dálítið einföldud söguskoðun. Ég tel út af fyrir sig að það megi vel skoða ákveðin tímabil í sögu liðinna ára og þá ekki síst undangenginna ára þar sem mönnum hefur einmitt tekist að komast þó nokkuð upp úr þessu fari og ég nefni að sjálfsögðu síðari hluta árs 1989 og allt árið 1990. Þá voru að vísu hagstæð ytri skilyrði. Þá var búið að laga raungengið til. En það sem mönnum tókst þá fyrst og fremst var að þetta síðasta gerðist ekki sem Þjóðhagsstofnun talar um. Innlendu kostnaðarhækkanirnar eltu ekki uppi batann um alllangt skeið og raungengi krónunnar hélst af þeim ástæðum svipað í alllangan tíma, a.m.k. á árinu 1990.

En svo kemur nú aðalspekin í skýrslunni hvað sjávarútveginn snertir og þá er alveg sérstaklega æskilegt að hæstv. sjútvrh. leggi eyrun við því að þeir höfundarnir eru með það á hreinu hvað þurfi að gerast í íslenskum sjávarútvegi áður en þessi mikla kerfisbreyting geti gengið í gegn. Sem sagt: „Ljóst er að sjávarútvegur þarf að vera undir það búinn að taka á sig miklar sveiflur í afkomuskilyrðum verði gengi krónunnar fest. Þetta kemur skýrt fram í athugunum Þjóðhagsstofnunar sem gerð er grein fyrir í viðauka hér á eftir. Því er líklegt að beita verði sveiflujöfnunarsjóðum og skattalögum til að gera greininni kleift að taka á sig þessar sveiflur. Jafnframt verður hagstjórn að sjálfsögðu að miða að sama marki."

Þeir segja síðan í áframhaldi, þessir snillingar, að til þess að þetta allt saman megi verða, þá sé alveg nauðsynlegt að reka sjávarútveginn og aðrar útflutningsgreinar með góðum hagnaði í sæmilegu árferði þannig að greinarnar geti myndað þær innstæður, þá sjóði, það eigið fé sem til þurfi til að bera uppi sveiflurnar og komast yfir lægðirnar þegar þær ganga í garð. Öll getum við sjálfsagt verið sammála um að þetta sé hið æskilega, að sjávarútvegurinn og útflutningsgreinarnar fái tímabil þar sem þær eru reknar með góðum hagnaði um alllangt skeið og verði þannig í stakk búnar til þess að þola þessar sveiflur. Og þá er alveg sjálfsagt mál að skoða það og spyrja: Hvernig stendur sjávarútvegur á Íslandi í dag í þessu sambandi? Er hann í góðum færum til þess að mynda sjóði, hagnað og taka á sig það sem til þarf til næstu missira litið? Svarið er nei. Það er hann ekki. Sjálfsagt er enginn sá aðili sem mest þyrfti á því að halda í raun fær um það, þ.e. þær atvinnugreinar sem yrðu verulega háðar, að breyttu breytanda, sveiflum af því tagi sem sjávarútvegurinn býr við eða þá aðrar greinar sem mæta kostnaðarsveiflum af öðrum tilefnum, t.d. ferðaþjónusta sem að sjálfsögðu er líka háð því hvernig gengi krónunnar er skráð.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. ekki síður en hæstv. viðskrh. gefi eitthvað upp um áform ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi áður en frv. með galopnum heimildum til handa Seðlabanka og ríkisstjórn til að gera það sem þessum aðilum sýnist, þess vegna þegar á næsta ári eða hinu þar næsta, fer hér í gegnum þingið. Ég segi a.m.k. fyrir mitt leyti að ég vil gjarnan vita hvort mönnum dettur það í hug, eins og í raun og veru er boðað hér í skýrslunni að kæmi til greina, að gera þessa breytingu strax að einu til tveimur árum liðnum. Að vísu er það niðurstaða skýrslunnar hvað hina nánustu framtíð snertir, eins og sagt er á bls. 4, að flest rök hníga því að því — eins og þetta er fallega orðað á íslensku — „flest rök hníga því að því að ekki sé tímabært að tengja íslensku krónuna við ECU." Svo segir: „Þótt þannig megi draga í efa að ECU tenging krónunnar sé tímabær virðist margt mæla með því að gengisstefnan verði við það miðuð að slík tenging verði möguleg innan eins til tveggja ára, sé það talið æskilegt af „pólitískum" [innan gæsalappa sem ég setti í mitt eintak] og efnahagslegum ástæðum."

Aftur skýtur pólitíkin upp kollinum í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun. Og ég spyr nú bara: Er Þjóðhagsstofnun orðin einhver „politburó" hjá ríkisstjórninni? Hvað er hún að skipta sér af pólitík? Hvað eru pólitísk ákvörðunaratriði og álitamál að þvælast inn í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun? Var hún beðin að leggja pólitískt mat á það hvort það væri fyrir sjávarútvegsinn annars vegar og hins vegar gengismálin og varðandi Evrópusambúðina, skynsamlegt að festa gengi krónunnar og þá tengja það jafnvel við ECU? Ég vil fá að vita hvað hér er á ferðinni. Hvaða pólitík er þetta sem þarna er verið að tala um? Hvaða pólitísku rök eru það sem eru talin á undan hinum efnahagslegu sem gera það að verkum að höfundar skýrslu Þjóðhagsstofnunar eru að velta því fyrir sér að til greina geti

komið að fastbinda og tengja gengi íslensku krónunnar við ECU? Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Er þetta hans pólitík, hæstv. sjútvrh.? Er það kannski eitthvað sem við megum vænta að komi upp úr endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, að þessar breytingar verði gerðar á starfsskilyrðum íslensks sjávarútvegs? Vildi hæstv. sjútvrh. vera svo vinsamlegur að svara því hér í umræðunum hvenær hann telur líklegt að íslenskur sjávarútvegur verði þannig á sig kominn að hann fullnægi þeim skilyrðum sem höfundar skýrslu Þjóðhagsstofnunar telja að hann þurfi að gera áður en hægt sé að tala um að festa gengi krónunnar?

Ég er svo, hæstv. forseti, nokkurn veginn búinn að rökstyðja það nægjanlega, held ég, í mínu máli og með mínum spurningum að það er mín afstaða og mitt sjónarmið að það sé með öllu ótímabært og vægast sagt óskynsamlegt að slá nokkru föstu um það að kerfisbreyting af þessu tagi geti komið til sögunnar á næstu árum. Það vantar því miður — því miður segi ég — nánast allar forsendurnar til þess sem taldar eru upp. Samt gera menn gælur við að þetta geti gerst á einu til tveimur árum. Ætla menn að koma hérna upp virkum samkeppnismarkaði þar sem gengi er selt og keypt? Ætla menn að gerbreyta Seðlabankanum, endurskipuleggja hann og endurmanna? Ætla menn að láta sjávarútveginn hagnast þannig að hann eigi digra sjóði, sé orðinn stöndugur, eigi mikið eigið fé og þoli, ef því er að skipta, djúpar sveiflur í afkomu á einu til tveimur árum? Ja, guð láti gott á vita, en sýnið þið mér fram á það hvernig það á að gerast á svona skömmum tíma. Ef það er ekki raunsætt og líklegt að slíkt gæti orðið, þá eiga menn ekki að vera að gera gælur við þessa hluti með þeim hætti sem a.m.k. hér er verið að gera. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld tali mjög skýrt í þessum efnum því að hér eru mjög mikil og viðkvæm hagsmunamál á ferðinni sem geta haft afgerandi áhrif á ákvarðanir stjórnenda fyrirtækja og áætlanagerð og ákvarðanatöku í heilum atvinnugreinum og það er ekki hægt að vera með jafnafdrifaríka hluti og fyrirkomulag á gengisskráningu krónunnar í einhverri loftkastalagerð og gera gælur við það að gjörbreyta þar tilhögun mála, jafnvel bara í næstu framtíð.

Af því að ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur ágætar tilhneigingar til raunsæis þá vænti ég ekki síður góðs af svörum hans í þessum efnum og ég held að það væri öllum fyrir bestu áður en þessi mál komast lengra að ríkisstjórnin gerði okkur skýra grein fyrir viðhorfum sínum og áformum í þessum efnum af því að þetta frv. er eins úr garði gert og raun ber vitni að í því er verið að veita galopnar heimildir til þess að fara með þessi gengisskráningarmál nánast eins og fara gerist.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, tímans vegna, af því að ég vil ekki lengja umræður meira en óhjákvæmilegt er, að fara ítarlega yfir í skýrslu Seðlabankans sem er allmikil að vöxtum um þetta sama efni frá sama tíma nánast, septembermánuði. En þar er að mörgu leyti að finna svipuð viðhorf í þessum efnum og sett eru fram í hinni rauðu skýrslu Þjóðhagstofnunar og hún varð mér meira að yrkisefni af því að hún er öllu skýrar fram sett og á samþjappaðra máli og niðurstöðurnar dregnar saman í styttri og skýrari texta heldur en er kannski í þessu mikla lesmáli Seðlabankans. Meginniðurstaðan er þó sú sama, ef ég hef lesið mig rétt í gegnum þessa pappíra, að tenging af því tagi sem menn hafa verið með milli tannanna undanfarnar vikur og mánuði sé tæpast raunhæf að óbreyttu, núna eða á næstunni. Út af fyrir sig er ekki nokkur deila um það af minni hálfu við þessa spekinga enda væri það nú skárri hofmóðurinn ef ég leyfði mér að standa í ágreiningi við þá um það að til þess eru ekki forsendur að taka slíka ákvörðun nú. Þess vegna vil ég fyrst og fremst spyrja um hvað menn ætlast fyrir í þessum efnum og hvaða tíma menn sjá fyrir sér.

Nú er enn ein óvissan hangandi yfir oss eða var a.m.k. þangað til kl. 7 í kvöld nema ef vera skyldi að loftið hafi hreinsast vegna kvöldfréttanna um uppákomurnar í Evrópska efnahagssvæðinu. Það er auðvitað sú staðreynd sem við yrðum að taka mið af ef það er ætlunin að keyra okkur inn í það með góðu eða illu. Þá mun auðvitað margt breytast í þessum efnum og við neyðast til þess, nauðugir viljugir, að gera hér ýmsar ráðstafanir vegna þess frelsis í fjármagnsviðskiptum og hreyfingum og fjárfestingum sem þar með kæmi yfir oss og mundi að sjálfsögðu líka óhjákvæmilega hafa margvísleg áhrif á skipan gengismála.

En ég tel að við eigum að reyna eftir því sem kostur er að skoða þessa hluti og ræða sjálfstætt á okkar forsendum og það hef ég verið að reyna að gera. Bara eins og við sem sjálfstæð þjóð séum á okkar eigin sjálfstæðu forsendum að taka ákvarðanir um það hvernig við ætlum að haga þessum málum á næstu árum. Ég tek það fram að lokum til að fyrirbyggja allan misskilning ef einhverjum dettur það í hug að ég sé talsmaður algerlega óbreytts ástands í þessum efnum um aldur og ævi. Ég er ekki að flytja þann málstað hér. Ég tel að sjálfsögðu að við þurfum að huga að því með hvaða hætti við aðlögum okkar viðskiptakerfi á þessu sviði jafnframt öðrum að nýjum tímum og breyttum háttum. Við eigum að reyna að fylgja eftir í frjálsræðisátt og í átt til þeirra breytinga sem eru að verða í viðskiptakerfum umhverfis okkur en við Íslendingar verðum samt sem áður að muna eftir og vera raunsæ gagnvart því hver við erum, hvar við erum og hvers konar sérhæft lítið hagkerfi og atvinnulíf við þurfum hér að halda utan um. Þess vegna held ég að það sé í raun og veru geysilega stór og afdrifarík ákvörðun, sérstaklega hvað útflutningsatvinnuvegina snertir sem hér er til umræðu, og alveg nauðsynlegt að hún einkennist af raunsæi og ábyrgð en menn geri ekki gælur við einhverjar fínar formúleringar utan úr heimi um frjálst gengi og markað og ECU-tengingar eða hvað það nú er sem menn fá inn í höfuðið. Heldur horfi menn á þetta raunsætt og fyrst og fremst út frá okkar eigin hagsmunum.

Ég vil sem sagt hafa allan fyrirvara á um áform ríkisstjórnarinnar gagnvart bæði aðferðum og tímasetningum í þessu efni, einkum og sér í lagi ártalinu 1993. Bæði vegna þeirrar stöðu sem uppi er í Evrópusamningamálunum og hefði verið ástæða til ef hæstv. utanrrh. er hér einhvers staðar í nágrenni við landsteinana

að hann kæmi sem fyrst til þings þannig að við gætum fengið upplýsingar frá honum sjálfum og fréttir um þá atburði sem þar virðast hafa átt sér stað í samningunum og gætu svo sannarlega haft hér áhrif eftir því á hvern veginn fer með samningana um hið Evrópska efnahagssvæði og aðild okkar Íslendinga að þeim.

Herra forseti. Ég held að ég sé þá nokkurn veginn búinn að tæma það sem ég vildi ræða. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra og minni á þá sem lýtur að hinu skringilega orðalagi 2. málsl. 2. gr. og spyr hæstv. viðskrh. hvort orðhagir menn á hans heimili, vinnumenn hans í viðskrn., geti ekki reynt að koma sér saman um skiljanlegra orðalag heldur en í þessari setningu: „Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR, eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka." Forseti, ég hef lokið máli mínu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu stórt mál, miklu stærra heldur en umfang þess frv.í máli sem hér er fram borið. Ég fór fram á það þegar þessi umræða var í gangi fyrir helgina að henni yrði frestað þar til hæstv. sjútvrh. gæti tekið þátt í henni. Ég tel að þetta mál tengist sjávarútveginum meira en nokkrum öðrum atvinnuvegi okkar.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. varð tíðvitnað til hinnar rauðu bókar sem kemur frá Þjóðhagsstofnun. Ekki veit ég hvort það á eitthvað skylt við litinn á bókinni en ég hef tilhneigingu til að grípa hér ofan í bláa ritið, ekki síst vegna þess að þar fer mjög vel saman hið pólitíska litróf ríkisstjórnarinnar og málflutningur í þeirri skýrslu. Það á kannski ekki síst við þar sem mjög lítið fer fyrir hinum rauða lit Alþfl. í þeirri stjórn sem nú situr. Mér finnst einkenna þessa umræðu, og einkennir of mikið stjórnmálaumræðu hjá okkur í dag og e.t.v. ekki síst hjá hæstv. núv. ríkisstjórn og hæstv. núv. viðskrh., að það er gripið til hinna einföldu aðgerða. Menn sjá lausnirnar í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, menn sáu lausnirnar í samningnum um álver og nú sjá menn enn eitt lausnarorðið í tengingu krónunnar við ECU. Þess vegna er það athyglisvert sem kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, og þeir segja beinum orðum, að tengingin við ECU sé í raun og veru einungis táknræn aðgerð til staðfestingar á markmiðum sem hægt er að ná eftir öðrum leiðum og þurfi ekki að viðhafa neina ákveðna tengingu við ákveðinn gjaldmiðil eða körfugjaldmiðla. Mér finnst áhyggjuefni að svo er komið. Framsóknarmenn, nokkrir góðir framsóknarmenn, unnu heilt sumar fyrir tveimur árum í efnahagsnefnd og komust að þeirri niðurstöðu að eitt af því sem við þyrftum að breyta væri að gera gengisstefnuna frjálsari þar sem verð gjaldmiðilsins réðist af framboði og eftirspurn og í gegnum það væri hægt að skapa frumframleiðslugreinunum eðlilegan skerf eða þann skerf sem þeim ber af þjóðartekjunum.

Mér sýnist að það sem hér er lagt til sé að þessum frjálsa gjaldeyrismarkaði eigi að setja mjög þröngar skorður. Og þar með er tekið frá okkur hagstjórnartæki sem hlýtur að vera nauðsynlegt hjá þjóð sem býr við eins sveiflukennda atvinnuvegi og við. Ég vil bara minna á að þetta er ekkert einsdæmi hjá okkar þjóð. Ég minni á það sem hefur verið að gerast í Finnlandi síðustu mánuðina þar sem þeir hafa vegna ytri aðstæðna gengið í gegnum mikla efnahagskreppu og hafa þurft, eftir mjög skamman tíma, að víkja frá ákvörðun sinni um tengingu finnska marksins við ECU.

Ég ætla í upphafi að vitna aðeins í bláu bókina. Ég ætla fyrst að bera niður á bls. 48. Þar kemur kafli sem heitir „Upphafsstaða við fastgengistengingu", með leyfi forseta. Þar stendur þetta: „Til þess að unnt sé að taka ákvörðun um fasta tengingu krónunnar við ECU, eða aðra gjaldmiðlasamsetningu þarf ekki aðeins að sannreyna, að þjóðarbúið geti tekið á sig þær sveiflur, sem vænta má, að gangi yfir það, heldur verður upphafsstaðan að vera traust og samsvara þeim meðalskilyrðum þjóðarbúsins, sem sveiflurnar hverfast um. Ekki má treysta á grundvallarskilyrði fiskistofna, viðskiptakjara og framleiðni, er séu betri en að jafnaði til langs tíma litið." Nú hefur, virðulegi forseti, verið svo komið að alveg hefur gengið fram af þeim sem þetta semur, þannig að hann botnar málsgreinina: „Þetta mætti einnig orða svo, að meta þurfi, hvort gengi krónunnar verði að breyta, svo að það fái staðist slíka tengingu til lengdar." Þetta vekur upp ýmsar spurningar og m.a. um málfar á slíkum opinberum plöggum sem okkur eru fengin í hendur. Ég vorkenni ekki okkur þingmönnum að sitja yfir því að þýða slíkar skýrslur en mér finnst það hins vegar meira áhyggjuefni, hæstv. viðskrh., þar sem þetta kemur frá ráðuneyti sem fellur undir þann ráðherra, ef svo er komið að málfar á opinberum skýrslum hjá þjóð okkar sé orðið þannig að ekki sé hægt að ætlast til þess að hinn almenni bogari skilji hvað verið er að ræða um.

Virðulegi forseti. Ég vil fara fram á að sjútvrh. komi í salinn þar sem kemur nú að þætti sjútvegsins í þessu máli.

Hér segir einnig í skýrslu Seðlabankanns, með leyfi forseta, á bls. 60. „Loks er nauðsynlegt að meta upphafsstöðu fastgengistengingar með hliðsjón af því, hvort tilefni sé til kerfislægrar gengisbreytingar, sem þyrfti að ljúka af, áður en tengingin sé afráðin. Með kerfislægri gengisbreytingu er átt við þá, sem framkvæmd sé í eitt skipti fyrir öll til þess að veita svigrúm fyrir skynsamlegrar innbyrðis afstöður í framleiðslukerfinu, en án tilefnis ytri áfalla eða innri þenslu. Kerfislæg gengisaðlögun getur þó fallið saman við þá, sem gerð er í framvindusamhengi, og getur þá orðið örðugt um trúverðuga aðgreiningu þar á milli." Ekki er nema von að hæstv. sjútvrh. hristi höfuðið. En ég skil þessa langloku þannig að Seðlabankinn sé að segja að gengið sé rangt skráð, þannig að eigi að festa það til lengri tíma þurfi fyrst að eiga sér stað gengisfelling. Nú vil ég biðja hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. að greina mér frá því í svörum sínum á eftir hvernig þeir túlka þessa málsgrein.

Síðan er haldið áfram: „Gengisskráning krónunnar hefur að miklu leyti tekið mið af rekstrarafkomu sjáv-

arútvegsins, ýmist beint eða í krafti hins mikla vægis hans í útflutningstekjum. Hann hefur þá sérstöðu að nýta afgjaldsfrjálsa sameiginlega og takmarkaða auðlind. Af því leiðir, að hagur einkaaðila af að nýta þessa auðlind gengur mun lengra og nær fiskstofnum heldur en svarar til þjóðhagslegrar hagkvæmni. Þegar þannig er komið að mörkun afrakstursgetu veiðistofnanna og veita þarf frekari hvatningar til þróunar atvinnuvega, á sú hvatningarþörf ekki við um sjávarútveginn, sem þá mundi eyða meiri verðmætum til að sækja óbreyttan afla eða gengi á sjálfa stofnana. Leiðin til lausnar þessum vanda er að jafna metin með sérstöku gjaldi á veiðarnar, svo sem fiskihagfræðin leggur áherslu á, eða takmarka veiðarnar með aflakvótum eða sóknarmarki. Fyrri leiðin samrýmist frjálsræði í athöfnum og jafnræði til tekjuöflunar, en hin síðari byggist á úthlutun verðmætra réttinda til sumra umfram aðra."

Það kemur mjög greinilega fram í skýrslu Seðlabankans að þeir setja tengingu krónunnar við ECU í samhengi við upptöku auðlindaskatts á sjávarútveginn. Ég mun í framhaldi af þessu varpa fram þeirri spurningu til hæstv. ráðherranna beggja hvort þeir séu sammála þeirri skoðun sem hér er sett fram að gengið hafi um árabil miðast við þarfir sjávarútvegsins. Ég sé að hæstv. sjútvrh. hristir höfuðið og ég er honum alveg sammála. Ég held ef við skoðum framvindu sögunnar að gengið hafi því miður miklu oftar miðast við neysluna og þarfir innflutnings og þjónustu. Síðan er önnur spurning sem ég ætla að varpa fram til hæstv. viðskrh.: Hvaða trygging er fyrir því að áhrif kerfislægrar gengisaðlögunar, eins og Seðlabankinn nefnir hér, eyðist ekki í tímans rás eins og áhrif annarra gengisfellinga sem hér hafa verið gerðar?

Ég mun næst vitna í ræðu hæstv. viðskrh. á iðnþingi nú fyrir nokkru. Þar kemur einmitt fram þessi skoðun hans að hægt sé að aðlaga rekstrarskilyrði sjávarútvegsins í eitt skipti fyrir öll.

Ég grip, með leyfi forseta, niður í ræðu hæstv. viðskrh. þar sem hann hefur rætt um breytingar í efnahagslífi okkar og segir síðan: „Núv. ríkisstjórn hefur haldið og mun halda þessu starfi áfram. Tekin hefur verið ákvörðun um að stefna þegar á þessum vetri að myndun virks gjaldeyrismarkaðar hér á landi. Gerðar verða ráðstafanir til að hægt verði að tengja íslensku krónuna við ECU til að staðfesta stefnu stöðugleika í gengi. Á það mun reyna á næstu missirum hvort þetta tekst. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að dregið verði úr vægi verðtrygginga fjárskuldbindinga jafnfram opnun fjármagnsmarkaðarins" o.s.frv. Síðan kemur fram í næsta kafla ræðunnar að hæstv. viðskrh., eins og Seðlabankinn, setur þetta í samhengi við upptöku veiðileyfagjalds. Ég ætla ekkert að þreyta hæstv. viðskrh. með því að lesa hér millikafla sem er um uppbyggingu álvera. Síðan kemur aftur, með leyfi forseta:

„Í því sambandi er að mínu áliti einna mikilvægast að jafna til frambúðar það misvægi milli atvinnuvega sem felst í starfsumhverfi þeirra hér á landi. Meðan sjávarútvegurinn fær endurgjaldslausan aðgang að þeim ríkulegu sjávarauðlindum mun þetta misvægi haldast.

Ég vona að núverandi ríkisstjórn og Alþingi beri gæfu til að jafna stöðu atvinnuveganna með veiðileyfagjaldi eða leigu í einhverri mynd. Slíkt leigugjald er unnt að taka upp í áföngum án þess að íþyngja í raun sjávarútveginum. Sé tekið tillit til hennar í gengisskráningu og öðrum ákvörðunum stjórnvalda, sem áhrif hafa á sjávarútveginn, getur gjaldtakan í raun verið hlutlaus gagnvart fjárhagsstöðu sjávarútvegsins. Veiðileyfagjald mun færa ríkissjóði tekjur sem m.a. mætti nota til að lækka virðisaukaskattinn sem aftur mundi auka viðskipti og veltu innan lands."

Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh., er hann sammála þeirri skoðun hæstv. viðskrh., að hægt sé að leggja á veiðileyfagjald sem í raun sé hlutlaust og muni ekki íþyngja sjávarútveginum? Þetta virðist byggja á þeirri skoðun, sem fram kemur í skýrslu Seðlabankans, að með kerfislægri gengisaðlögun, ef ég man rétt, sé hægt að aðlaga þannig starfsskilyrði sjávarútvegsins í eitt skipti fyrir öll, að þaðan í frá muni veiðileyfagjald ekki vera íþyngjandi fyrir hann. En það kemur þrátt fyrir þetta fram í sömu málsgrein hjá hæstv. viðskrh. í þessari ræðu að veiðileyfagjaldið á að færa ríkissjóði tekjur til að hægt sé m.a. að lækka virðisaukaskatt. Hér er komið að einhverri hagfræði sem mér er ómögulegt að skilja. Það er hægt að leggja skatt á heila atvinnugrein til að standa undir sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar án þess að það sé íþyngjandi fyrir hana. Ég ítreka þessa spurningu til hæstv. sjútvrh.: Telur hann að þetta standist í raun?

Ég vil í framhaldi af þessu fara fram á við hæstv. viðskrh. að hann útfæri fyrir okkur í þessari umræðu eða sýni okkur útfærðar hugmyndir sínar um upptöku veiðileyfagjalds. Flóran er nefnilega nokkuð fjölskrúðug þegar að því kemur að menn fari að rökstyðja sitt mál. Ég vil varpa hér fram örfáum spurningum.

Í fyrsta lagi. Á að leggja veiðileyfagjaldið á við núverandi aðstæður, þ.e. með gjaldtöku á þær aflaheimildir sem nú eru við lýði eða er meiningin að aflaheimildirnar séu settar á uppboð og það sé hæstbjóðandi sem hljóti hnossið og á þann hátt eigi að pína fram hagræðingu í sjávarútvegi? Það er algerlega nauðsynlegt að það komi fram hvora leiðina hæstv. viðskrh. vill fara.

Í öðru lagi. Hvað með skiptahlut sjómanna? Eiga sjómennirnir að taka þátt í veiðileyfagjaldinu út frá þeirri röksemdafærslu að þetta gjald sé ekki íþyngjandi fyrir sjávarútveginn? Þá væri rökrétt að þeir ættu að borga sinn skref af sínum aflakvóta. Ef ekki og til ætti að koma, áður en til þessara aðgerða er gripið, kerfislæg gengisaðlögun sem ég þýði sem gengisfellingu og síðan ætti aflagjaldið ekki að vera tekið af aflahlut sjómanna eins og útgerðarinnar, þá þyddi það að þarna væri verið að raska verulega tekjuskiptingunni á milli sjómanna og hins vegar landverkafólks sem yrði að bera kostnaðinn eins og aðrir af gengisfellingunni.

Ég spyr líka hæstv. viðskrh.: Hvaða gróði það er sem sægreifarnir eru að sækja. Sægreifarnir eru væntanlega þeir sem eru að selja aflaheimildir. Hvað eru þessir aðilar í raun að framselja? Eru þeir ekki að

framselja skuldbindingar sem þeir hafa óhjákvæmilega þurft að taka á sig til að geta nytjað þessa auðlind?

Ég sé að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hristir höfuðið. (**Gripið fram í:** Ég heyrði það.) Ekki sagði ég að ég hefði heyrt að hann hristi höfuðið, en við gætum farið yfir þessi dæmi. Vissulega er hægt að finna dæmi þess að einhver hafi komist yfir einhverjar eignir í tengslum við hagræðingu í sjávarútvegi vegna sölu veiðiheimilda. En ég held hins vegar að hitt sé miklu algengara að salan hafi verið jöfnuð út með þeim skuldbindingum sem menn væru búnir að taka á sig áður.

Ég vil einnig spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað með þá aðra aðila sem nýta íslenskar auðlindir? Hvað með Kísiliðjuna í Mývatnssveit? Á hún ekki að borga fyrir sitt hráefni? Hvað með þá sem byggja á ferðaþjónustu? Eiga þeir ekki að borga fyrir afnot af auðlindum landsins? Hvað með íslenska bændur? Eiga þeir ekki að borga auðlindaskatt fyrir afnot af landinu? Þannig mætti lengi spyrja.

Ég ætla í þessu sambandi að koma að eilítið annarri hlið þegar rætt er um gjaldtöku á sjávarútveginn. Það er þáttur Efnahagsstofnunar Háskóla Íslands en það er að mínu mati áhyggjuefni hvern málflutning forstöðumenn svo virðulegrar stofnunar leyfa sér að hafa frammi þegar kemur að umræðum um atvinnulíf þjóðar okkar. Sá málflutningur, sem fulltrúar hennar hafa haft uppi í þessu máli, er ekki sæmandi svo virðulegri stofnun. Þetta hefur líka verið áberandi í málflutningi þessarar stofnunar, Efnahagsstofnunar Háskóla Íslands, gagnvart íslenskum landbúnaði. Ég hef séð fulltrúa Háskóla Íslands, virðulegur mann, prófessor við Háskóla Íslands, halda því fram í greinaskrifum um íslenskan landbúnað að reiknuð markaðsvernd, það er tala sem er mismunurinn á innlendu framleiðsluverði búvara og því sem væri hægt að fá slíkar vörur á lægstu spottmörkuðum á heimsmarkaði, sé peningar sem komi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, úr ríkissjóði. Því miður er það svo að málflutningurinn gagnvart auðlindaskattinum frá þessum aðilum er ósköp svipaður. Ég man eftir nokkrum þessara manna úr skóla norður frá Akureyri fyrir 20 árum síðan. Þeir gengu þá með svartar „spanjólur" og trúðu á Marx og Lenin. Það segir kannski sína sögu. Þeir menn hafa yfirleitt ekki færst til þroska með árunum heldur hefur það oftast gerst að þeir hafa á einhverjum tímapunkti umpólast.

Ég ætla í þessari umræðu um auðlindaskattinn og hvernig menn tengja hann upptöku ECU að fara örfáum orðum um ræðu hæstv. sjútvrh. sem hann flutti á aðalfundi LÍÚ, með leyfi forseta:

„Síðustu mánuði hefur umræðan um skattheimtu í sjávarútvegi verið fyrirferðarmikil í þjóðfélaginu. Að baki búa að mestu leyti ólík tilfinningasjónarmið og þekkingarskortur. Hugmyndir þessar eru bæði sundurlausar og óljósar. Það eina sem virðist sameina fylkingar hinna nýju skattheimtumanna Íslands eru slagorðin eins og sægreifar og samlíking um það hverjir ferðist á fyrsta farrými og hverjir í gripalest. Fjölmiðlar hafa meiri áhuga á gaspri af því tagi en raunverulegum efnahagslegum staðreyndum og rökum í málinu. Það lýsir best veikum málflutningi nýskattheimtumanna þegar kennarar við Háskóla Íslands treysta sér ekki til að fá athygli fjölmiðlanna nema byggja málflutning sinn á slíkum slagorðum."

Hæstv. sjútvrh. segir: „Fjölmiðlar hafa meiri áhuga á gaspri af því tagi en raunverulegum efnahagslegum staðreyndum." Þess vegna spyr ég hæstv. sjútvrh.: Flokkar hann málflutning hæstv. viðskrh. í ræðu sem hann flutti á iðnþingi sem gaspur af þessu tagi eða gerir hann einhvern greinarmun á málflutningi hæstv. viðskrh. um upptöku veiðileyfagjalds og annarra í okkar þjóðfélagi?

Seinna í ræðu sinni segir hæstv. sjútvrh., með leyfi forseta:

„Þannig kemur í ljós þegar farið er yfir málflutning nýskattheimtumannanna að hann er ýmist órökstuddur með öllu eða illa grundaður. Augljóst er að röksemdir ganga út og suður og þvert á aðrar. Hér er því hvergi heila brú að finna."

Þetta er þungur dómur yfir skoðunum samráðherra um málaflokk þess hæstv. ráðherra sem þessi orð lét falla.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég að vitna í ræðu hæstv. sjútvrh. þegar hann dregur saman mál sitt í lokin. Þá segir hann:

„Í fyrsta lagi væru þeir" það eru þeir sem vilja taka upp auðlindaskattinn, „að veikja undirstöðu verðmætasköpunar og velferðar í landinu. Í öðru lagi að stuðla að ójöfnuði á milli fólks í framleiðslu annars vegar og neyslu og þjónustu hins vegar og í þriðja lagi að breikka gjána milli þéttbýlis og dreifbýlis."

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála þessum samandrætti samráðherra síns, hæstv. sjútvrh. um afleiðingar upptöku veiðileyfagjalds í sjávarútvegi? Ég held að við þingmenn eigum fulla heimtingu á því að þessir hæstv. ráðherrar geri þingheimi grein fyrir skoðunum sínum á Alþingi en láti ekki við sitja að lýsa þessum skoðunum á ársfundum hagsmunasamtaka úti í bæ.

Það er ýmislegt sem mætti tína til til viðbótar varðandi tenginguna við ECU. Ég ætla að lokum að koma að einu atriði og þar minni ég fyrst á þá skoðun Þjóðhagsstofnunar að hér sé einungis um að ræða táknrænt atriði. Það sem ég ætla að koma að er að samkvæmt báðum skýrslunum er verið að breyta áhættuþættinum í utanríkisverslun okkar á þann hátt að áhættan í verslun við Evrópuríkin minnkar eðlilega þar sem gjaldmiðill yrði tengdur við Evrópugjaldmiðla en áhættan við utanríkisviðskipti og útflutningsverslun við aðra heimshluta mundi aukast eins og þar væru menn að taka áhættu vegna sveiflna sem á gjaldmiðli þeirra mundi ganga í aðra átt en í Evrópu. Ég hef alla tíð verið Evrópusinni. Ég held að menningarlega eigum við þar samleið miklu frekar en annars staðar í heiminum. Hins vegar er ég líka þeirrar skoðunar að við eigum að búa þannig um hnútana að við eigum sem auðveldast með að stunda útflutning okkar, sem er okkur svo mikilvægur, hvert sem er í heiminum. Þess vegna sé ég ekki í fljótu bragði rökin fyrir því að fasttengja krónuna við ECU ef það er bara táknræn aðgerð, ef það

getur haft skaðvænleg áhrif gagnvart viðskiptum okkar við aðra heimshluta. Og ég veit og hef fyrir því heimildir að þeir, sem eru að vinna fyrir okkur í útflutningsverslun vestur í Bandaríkjunum, hafa af þessu miklar áhyggjur.

Þetta er líka áhyggjuefni að mínu mati ef svo fer að ekki næst sá árangur í alþjóðaviðræðum um tollamál sem vænst er núna og sú staða kemur upp að heimsbyggðin skiptist í þrjár viðskiptablokkir. Í þeirri stöðu verðum við að hafa aðstöðu til að geta stundað okkar viðskipti í hvaða átt sem er.

Virðulegi forseti. Ég fer að ljúka máli mínu en ég ætla að lokum að minnast örfáum orðum á þau óbeinu orðaskipti hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. í útvarpsfréttum í kvöld þar sem kom fram verulegur skoðanaágreiningur um stöðu sjávarútvegsins og þörfina á því að grípa til aðgerða. Þetta vekur margar spurningar og áleitnar hugsanir og það er eftirtektarvert að hæstv. forsrh. situr hér þolinmóður undir ræðum okkar stjórnarandstæðinga en virðist síðan nota hvert tækifæri sem býðst til að berja á stjórnarliðum og jafnvel sínum samráðherrum. Virðulegi forseti. Ég verð eiginlega að segja að mér finnst þetta ekki vænlegt til árangurs og við þurfum ekki að búast við miklum árangri af ríkisstjórn sem lýtur slíkri forustu. Því miður datt allt of mörgum það í hug á sl. vori en það er nú væntanlega ekki lengur.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu, í það minnsta fyrri ræðu við þessa umræðu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara aðeins aftur í aldir til að byrja með eins og ég geri oft að vana mínum. Íslendingar hafa löngum verið forlagatrúar en í því felst að allt sé fyrir fram ákveðið og að ekki verði vikist undan örlögunum. Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar, sagði Vésteinn í Gísla sögu Súrssonar er honum var ljóst að skapanornir höfðu ofið honum örlög. Dýrafjörður hæstv. ríkisstjórnar er Evrópa, gott ef ekki Evrópubandalagið. Þangað falla nú öll vötn og engu líkara en hæstv. ríkisstjórn trúi því statt og stöðugt að undan aðlögun að öllu því sem evrópskt er verði ekki vikist. Að sjálfsögðu þarf að þróa atvinnulíf, bankastarfsemi, viðskipti og laga þessa þætti þjóðlífsins að nútímaviðskiptaháttum eftir því sem okkur hentar best. En mér virðist sem Evrópu-hugsjónin sé þar alls ráðandi og fullmikil einstefna ráði för. Það er margt gott til Evrópu að sækja og þær þjóðir sem þar búa eru okkur skyldastar í menningu og lifnaðarháttum. En heimurinn er stærri og hefur upp á fleiri kosti að bjóða.

Hvert frv. á fætur öðru berst inn í þingsali undir þeim formerkjum að nú eigi að laga lög, reglur og stofnanir að evrópskum veruleika löngu áður en hið háa Alþingi hefur tekið afstöðu til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Að vísu geta stjórnvöld ákveðið að tengjast Evrópu þótt enginn samningur komi til, einfaldlega vegna þess hve vægi Evrópu er mikið í viðskiptum Íslendinga nú um stundir. En það er alveg ljóst hvað er á ferð.

Í grg. þess frv. sem hér er til umræðu segir, með leyfi forseta: „Til að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir því á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði að unnt sé að tengja gengi krónunnar við ECU með trúverðugum hætti þurfa að koma til veigamiklar skipulagsbreytingar. Þar er um að ræða nauðsyn þess að rýmka reglur um skilaskyldu á erlendum gjaldeyri til að unnt sé að byrja að þróa gjaldeyrismarkað, styrkja stjórntæki Seðlabankans í peningamálum og afla lagaheimilda til að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á markaði."

Af þessu orðum má ljóst vera að stefnan hefur verið tekin á tengingu við hina evrópsku gjaldmiðla ECU. Er þar fetað í fótspor annarra þjóða á Norðurlöndum. Ég tel vel koma til greina að skoða ECU-tengingu rétt eins og aðra möguleika sem snúa að því að koma skikki á gengisskráningu íslensku krónunnar. Með slíkri tengingu er hugsanlegt að skapa aukinn stöðugleika og aga með því atvinnulífið. En áður en það verður gert þurfa að koma til ákveðin skilyrði. Í mínum huga snýst sú umræða sem þarf að fara fram um þetta mál ekki um réttmæti ECU-tengingar eða annarrar tengingar íslensku krónunnar við erlenda gjaldmiðla heldur um það hvort sú lagaheimild sem farið er fram á í þessu frv. sé tímabær og hvort það sé rétt af Alþingi að veita ríkisstjórninni og Seðlabankanum það vald að ákveða gengi íslensku krónunnar með þessum hætti við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu og fram undan eru. Treystum við hæstv. ríkisstjórn til að fara með þetta vald?

Í sumar er leið bað hæstv. viðskrh. Seðlabankann og Þjóðhagsstofnun um álit á hugsanlegri ECU-tengingu. Niðurstaða beggja þessara stofnana var sú að ECU-tenging væri ekki tímabær að sinni. Í skýrslu Seðlabankans var nefnt árið 1993 en tekið fram að áður yrðu að eiga sér stað veigamiklar breytingar á gjaldeyrismálum og í hagstjórn. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar segir, með leyfi forseta: „Stjórn efnahagsmála þarf að gerbreyta. Stefnan í ríkisfjármálum og peningamálum verður að styðja fastgengisstefnuna með því að tryggja að heildareftirspurn í efnahagslífinu samrýmist hverju sinni stöðugleika í verðlagsmálum. Þetta yrði mikil breyting frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanfarna áratugi." Það er sem sagt kallað á gagngera stefnubreytingu í efnahagsstjórn landsins eigi ECU-tenging að koma til greina.

Þá er á það bent í skýrslu Þjóðhagsstofnunar að koma verði á fót markaði með erlendan gjaldeyri eins og stefnt er að í því frv. sem hér er til umræðu. En jafnframt segir þar, með leyfi forseta: „Rétt er að vekja athygli á því að Norðmenn, Svíar og Finnar höfðu mikla reynslu af þessu fyrirkomulagi áður en þeir tóku ákvörðun um að tengja gjaldmiðla sína ECU." Enn fremur er á það bent í skýrslu Þjóðhagsstofnunar að áður en kemur að ECU-tengingu þurfi að eiga sér stað breyting í launamálum. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Að baki ákvörðuninni um almenn laun og kjör verður að liggja raunsætt mat á efnahagslegum forsendum. Í þessu felst í stórum dráttum að almennar launabreytingar (í krónum talið) verða að vera í hátt

við þróun þeirra í helstu viðskiptalöndum ef hagvöxtur er svipaður. Þegar skilyrði þjóðarbúsins eru óhagstæð er hins vegar óhjákvæmilegt að almenn laun hækki minna en í viðskiptalöndum og jafnvel lækki í krónum talið ef þjóðarbúið hreppir mikinn andbyr." Enn segir í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta: „Trúverðug fastgengisstefna gerbreytti starfsskilyrðum sjávarútvegsins." Nokkru síðar segir: „Til þess að fastgengisstefna geti talist raunhæf er hins vegar óhjákvæmilegt að skapa þau skilyrði að sjávarútvegsfyrirtækin verði almennt rekin með verulegum hagnaði í góðæri og geti þolað tap í hallæri." Þetta þýðir að áður en ECU-tenging kemur til greina þarf að gjörbreyta hagstjórn, koma á jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífinu, koma á fót gjaldeyrismarkaði, laga launamarkaðinn að því sem gerist í helstu viðskiptalöndum og sjá til að sjávarútvegsfyrirtækin verði almennt rekin með verulegum hagnaði. Þetta er ekkert smáverkefni í litlu landi. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála þessari greiningu Þjóðhagsstofnunar á þeim skilyrðum sem þurfi að vera til staðar.

Það tekur tíma að breyta rótgrónum hagstjórnaraðferðum hvort sem þær hafa reynst vel eða illa. Skýrsluhöfundar mæla með því að góður tími verði tekinn í að þróa gjaldeyrismarkað. Við hljótum að spyrja hvort hið íslenska hagkerfi með öll sín smáu fyrirtæki og 255.000 manns sé nógu burðugt til að halda uppi þeim frjálsa gjaldeyrismarkaði sem krafist er. Hvað þarf til að slíkur markaður gangi upp?

Ég get ekki gert mér grein fyrir því hver stærðargráðan þarf að vera, þ.e. gjaldeyrisveltan, en reynslan kennir okkur að markað sem stjórnast af framboði og eftirspurn þarf að undirbúa afar vel og kynna rækilega. Reynslan af húsbréfakerfinu ætti að vera okkur víti til varnaðar. Þar hefur hin ósýnilega hönd markaðskerfisins verið upptekin við eitthvað allt annað en að stýra markaðnum og hluti viðskiptavinanna bara kaupir og kaupir og tapar og tapar þegar þeir ættu að halda að sér höndum. Þetta segir mér að Íslendingar kunna ekkert á svona kerfi. Verulegt uppeldisstarf þarf að eiga sér stað bæði meðal atvinnurekenda og launafólks áður en eðlilegt ástand skapast. Við gætum nefnilega staðið frammi fyrir því að gjaldeyrinn færi eitthvert allt annað en inn á hinn frjálsa galdeyrismarkað. En slíkt er vel þekkt frá ríkjum þar sem stöðugleiki efnahagslífsins er ekki allt of mikill.

Varðandi vinnumarkaðinn er hollt að minnast þess að á undanförnum áratugum hefur hann einkennst af miklum óróa. Kjararýrnun hefur verið veruleg ef horft er nokkur ár aftur í tímann og allsendis óljóst á þessu augnabliki hvert stefnir í þróun kjarasamninga. Þá er Bleik brugðið ef samtök launafólks á Íslandi sætta sig við launalækkanir og betur heima setið en af stað farið ef ECU-tenging kemur í veg fyrir þá nauðsynlegu uppstokkun á íslensku launakerfi sem þarf að eiga sér stað, einkum í þágu kvenna. Það er því miður harla fátt sem bendir til verulegs eða nokkurs hagnaðar í íslenskum sjávarútvegi á næstunni, með undantekningum þó. Af þessu öllu mál ljóst vera að það þurfa að líða meira en eitt ár eða tvö áður en ECU-tenging reynist raunhæf.

Skýrslur Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar voru gefnar út í september áður en ljóst var að um verulegan aflasamdrátt yrði að ræða á næsta ári og áður en því var lýst yfir að ekkert yrði úr byggingu álvers að sinni. Það má því ljóst vera að þegar Seðlabankinn lét í ljós þá skoðun að hugsanlega yrði tímabært að tengja íslensku krónuna við ECU árið 1993 byggðist sú skoðun á öðrum efnahagsforsendum en nú blasa við. Við erum því miður enn á leið niður í öldudal og því fátt sem bendir til þess að hér takist að skapa nauðsynlegar forsendur á næstu árum sem leyfa jafngagngerar breytingar og lagðar eru til í þessu frv.

Frá stríðslokum hefur íslenskt efnahagslíf einkennst af miklum sveiflum. Þær eiga rætur að rekja til ýmist mikils afla eða aflabrests, til þess að verð á fiskafurðum hefur verið í hámarki eða tekið miklar dýfur eftir ástandi heimsmála, framboði keppinauta og eftirspurn á heimsmarkaði. Þá hefur brokkgeng stjórn efnahagsmála heima fyrir iðulega haft miður góð áhrif á ástandið. Því miður bendir fátt til þess að sá tími sé runninn upp er þjóðlífið líði áfram í hægum jöfnum straumi þess stöðugleika sem ríkisstjórnin segir hornstein stefnu sinnar. Þvert á móti horfum við fram á samdrátt, versnandi kjör, gjaldþrot og nauðsynlega sameiningu fyrirtækja sem sennilega mun leiða af sér tilfinnanlegt atvinnuleysi. Sjávarútvegurinn stendur víða höllum fæti og það er afar ólíklegt að á næstu árum takist að mynda þá sveiflujöfnunarsjóði sem nauðsynlegir eru eigi ECU-tenging að koma til greina. Á slíkum tímum, sem ég hef hér verið að lýsa, verður tenging við ECU því harla fjarlæg. Það væri mjög óráðlegt af stjórnvöldum að lýsa opinberlega yfir því markmiði sínu að tengjast ECU fyrr en ljóst verður að íslenskt efnahagslíf er á leið upp úr öldudalnum og slík tenging nálgast það að verða raunhæf. Það yrði mikið áfall fyrir íslenskt efnahagslíf ef krónan okkar stæðist ekki þau mörk sem sett yrðu og við megum ekki við fleiri áföllum. Þegar við okkur blasir betri tíð með blóm í haga þarf svo að skoða málið upp á nýtt. Það getur heldur ekki verið rétt af stjórnvöldum að afsala sér því hagstjórnartæki sem gengisstýring er meðan svo dökkt er fram undan. Með þessum orðum er ég ekki að mæla með gengisfellingu og vona svo sannarlega að til hennar komi ekki. Við skulum hins vegar minnast þess að fyrir aðeins fáeinum dögum urðu Finnar að láta undan síga. Gengi finnska marksins féll verulega vegna þeirra þrenginga sem yfir Finna hafði gengið í kjölfar breytinganna miklu í Sovét, hvort sem orsakir þeirra má rekja til síðari byltingarinnar svokölluðu eður ei. Gengisfelling finnska marksins er verulegt áfall fyrir finnskt efnahagslíf og sýnir að í raun stóðst tengingin við ECU ekki þegar á reyndi. Mín niðurstaða er því sú, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að tenging við ECU þarfnist verulegs undirbúnings sé þetta frv. ekki tímabært. Ég tel affarasælast að bíða átekta, sjá hverju fram vindur í efnahagsmálum og gæta þess að gefa ekki út neinar ótímbærar yfirlýsingar um okkar viðkvæmu krónu.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort hann telji að nauðsynlegar aðstæður muni verða til staðar eftir u.þ.b. tvö ár og hvort hann telji raunhæft að fylgja málinu fast eftir við núverandi aðstæður. Ég vil einnig beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann telji að staða sjávarútvegsins leyfi þá breytingu sem hér er lögð til. Við skulum ekki gleyma því að í frv. einu og sér felst ákveðin yfirlýsing af hálfu stjórnvalda. Ég tel ekki rétt að Alþingi veiti ríkisstjórninni og Seðlabankanum það mikla vald sem farið er fram á í frv. því sem hér er til umræðu við þær aðstæður sem nú ríkja. Þótt hæstv. viðskrh. sé maður rólegur og kurteis og ólíkur sumum samráðherrum sínum að því leyti sýnist mér á framsögu hans í málinu að hann sé býsna ákveðinn í að koma því í gegn. Róa niður ána og út á Dýrafjörð hvað sem tautar og raular. Ég held að við hin, sem hér sitjum ættum að taka af honum bátinn áður en lagt verður upp í ótímabæran róður á meðan veður eru válynd. Öll él birtir upp um síðir og þegar það gerist skulum við sjá hvort við getum ekki sameinast um gengisstefnu sem horfir til framfara og styrkir jafnt stöðu atvinnurekstrar sem launafólks hvort sem þá verður horft til Evrópu eða út í hinn stóra heim.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni allstórt mál sem teygir anga sína víða í íslenskum efnahags- og atvinnumálum eins og fram hefur komið. Það kemur vel fram í greinargerðum Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar þar sem er allt undir í senn, launamál, atvinnustig, verðbólga, viðskipti við útlönd, ríkissjóður, skattastefna, félagsleg þjónusta og svo að sjálfsögðu stefna í utanríkisviðskiptum yfirleitt, eins og hv. 18. þm. Reykv. benti á áðan.

Auðvitað má segja að hér sé sérstaklega til meðferðar lagaákvæði um Seðlabankann sjálfan í heild. Hér er verið að opna seðlabankalögin. Í fyrsta sinn er flutt róttæk breyting við seðlabankalögin síðan lögin voru sett í því formi sem þau eru núna. Þegar lögin voru sett á sínum tíma fluttu ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, einar 25 eða 26 brtt. við þau sem allar voru felldar af þáv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Hérna skapast tækifæri til býsna mikillar alhliða umræðu um Seðlabankann, seðlabankalögin og áhrif þeirra. Ég vil víkja að því, virðulegi forseti, að ég tel að þetta frv. eins og það lítur út sé í rauninni ákaflega sérkennilegt frá þinglegu sjónarmiði séð. Ég vil leyfa mér að gagnrýna frv. eins og það er hér flutt. Það stendur hér, með leyfi forseta: „Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR, eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka." Hér er afar sérkennilega að orði komist og ég efa það að texti af þessu tagi sé þinglegur vegna þess að það er með öllu óljóst hvað í honum felst. Það mætti út af fyrir sig segja hér: Seðlabankanum er heimilt að ákveða gengi krónunnar miðað við hvað sem er, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á. Því í rauninni er engin viðmiðun í þessum texta og engar forsendur. Þær eru að vísu til annars staðar í seðlabankalögunum, ef ég kann þau rétt, að því er varðar viðskiptajöfnuð og fleiri slíka þætti. En ég tel að orðalagið á greininni sé óeðlilegt vegna þess hvað það er opið og ég tel að það sé fyrst og fremst gagnrýnivert fyrir það líka að þetta er pólitískt orðalag, það er ófaglegt.

Ríkisstjórnin og hæstv. viðskrh. ákváðu í vor að skoða þetta mál sérstaklega með stórum hátimbruðum yfirlýsingum um að það ætti að tengja íslensku krónuna við ECU. Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun börðu í raun og veru á puttana á hæstv. viðskrh. og töldu að þetta væri vitleysa, væri óframkvæmanlegt eins og staðan er og sendu frá sér þessar myndarlegu greinargerðir sem hv. þm. hafa hér á borðum sínum. Þess vegna er staðreyndin auðvitað sú að hún er algerlega út í hött þessi innskotssetning — eins og ECU eða SDR — hún er fullkomlega ófagleg. Burt séð frá efni málsins í sjálfu sér að öðru leyti er þetta hortittur og með öllu óeðlilegt að setja þetta upp með þeim hætti sem hér er gert. Um efni málsins að öðru leyti má svo sem margt segja, virðulegi forseti. En ég vil sérstaklega leggja á það áherslu á þessu stigi málsins að ég tel að hér sé algerlega og óeðlilega að hlutunum staðið eins og þetta er hér sett fram. Þetta er eins og stjórnmálaályktun frá landsfundi Alþfl. og það hafi verið ákveðið rétt sí svona að gera þetta frekar en ekki neitt. Því það hefur eins og kunnugt er gengið heldur brösuglega hjá hæstv. viðskrh. að koma málum hér fram hvort sem hann hefur verið í því hlutverki eða því hlutverki að vera iðnrh.

Umræðan um tenginguna við ECU fer fram við mjög sérkennilegar aðstæður. Vandi sjávarútvegsins er gífurlega mikill eins og ég mun koma að síðar í ræðu minni. Og hæstv. sjútvrh. mun hafa flutt í ríkisstjórninni í morgun tillögu um aðgerðir í sjávarútveginum sem væri nauðsynlegt að grípa til tafarlaust að því er fréttamenn töldu. Aftur á móti sagði hæstv. forsrh. að það væri tóm vitleysa hjá hæstv. sjútvrh. og það væri alveg ástæðulaust að gera neitt í málefnum sjávarútvegsins strax. Eins og við er að búast hafði sjútvrh. ekki aðstöðu til þess að kveðja sér hljóðs utan dagskrár til að biðja um utandagskrárumræðu á morgun eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson til að svara forsrh. sínum. En auðvitað gæti það gerst eins og fleira sérkennilegt í ríkisstjórninni að næsta nýjung í samskiptum stuðningsmanna stjórnarinnar væri sú að hæstv. sjútvrh. bæði um umræður utan dagskrár til að ræða við hæstv. forsrh. um stöðuna í sjávarútveginum og setja hann inn í þau mál.

En staðreyndin er sú að sú yfirlýsing sem hæstv. forsrh. flutti í kvöld í fjölmiðlum um það að ekkert þyrfti að gera í sjávarútveginum er með ólíkindum, þó að maður sé nú að verða ýmsu vanur frá þessum manni sem hefur hagað yfirlýsingum sínum þannig allt frá því að hann varð forsrh. að þingdagarnir hafa ekki dugað til til að ræða það sem hann lætur út úr sér. Og ég verð að segja að það er mjög skrýtið, virðulegi forseti, að hafa umræður um veigamikil efnahagsmál heilu kvöldin án þess að hæstv. forsrh. sé á staðnum og það er rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að það gengur náttúrlega ekki.

Ég bendi t.d. á að þegar hv. 1. þm. Austurl. var sjútvrh. var undirritaður oft býsna drjúgur við að kalla hann hingað við ólíklegustu tækifæri. Ég man eftir því að hv. 1. þm. Austurl. var ekki alltaf ýkja hamingjusamur með það. Hann kom nú samt. Ég vildi inna forseta eftir því hvaða opinberu erindi það eru sem hæstv. forsrh. er að sinna í kvöld sem hamla því að hann geti sinnt þingskyldum sínum. Hvað er það sem er svo mikilvægt að hæstv. forsrh. getur ekki tekið þátt í veigamiklum umræðum um efnahagsmál eins og þessi á sama degi og hann gefur út yfirlýsingar um það að ekkert þurfi að gera í sjávarútveginum, ekki neitt, og alls ekki að vera að tímasetja það neitt. Ég held að það væri æskilegt að hv. alþm. fengju að ræða eitthvað við ráðherrann um þá hluti sem hann hefur sett fram í fjölmiðlum í dag fyrir náttúrlega utan þessi ósköp með árásirnar á hv. þm. Inga Björn Albertsson. Það var auðvitað alveg með ólíkindum hér í fjölmiðlum í kvöld. En því miður heldur hann sig í burtu og heldur sig auðvitað alltaf í burtu þegar hann getur mögulega losað sig við umræður hér í þessari virðulegu stofnun. Það er auðvitað nauðsynlegt að ræða um heildarefnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar vegna þess hver húsbóndi ríkisstjórnarinnar er í efnahagsmálum. Það er hæstv. forsrh. Og hvað er það sem hann hefur lagt til í efnahagsmálum í seinni tíð? Hann hefur í fyrsta lagi lagt til að ekkert verði gert í sjávarútvegsmálum. Hann hefur í öðru lagi lagt til að fólk verði flutt utan af landi hingað til Reykjavíkur, væntanlega í tómu Ármannsfellsblokkirnar sem íhaldið hefur látið hafa lóðir hér ómældar á undanförnum árum. Það gæti orðið huggulegt fyrir þá á Suðureyri að búa saman í tveimur Ármannsfellsblokkum. Þetta var reynt á Grænlandi þar sem heilu byggðarlögin voru flutt í blokkir niður í Nuuk og menn gátu talað mállýskuna sína á einum stigagangi af því að það var passað að þeir sem höfðu búið saman í einu plássi fengju að vera þar o.s.frv. Þetta er það eina sem hæstv. forsrh. Íslands hefur lagt til. Það er að flytja fólk nauðungarflutninga í Ármannsfellsblokkirnar í Reykjavík. Svo hefur hann lýst því yfir í kvöld að það eigi ekkert að gera í sjávarútvegsmálum. Ég vil gjarnan inna hæstv. forseta eftir því hvaða opinberum erindum hæstv. forsrh. er að sinna í kvöld sem koma í veg fyrir að hann geti gegnt embættisskyldum sínum á Alþingi. Ég tel að það sé auðvitað yfirgengileg óvirðing við þessa virðulegu stofnun að hæstv. forsrh. skuli ekki koma hingað í kvöld þegar verið er að ræða þetta mál eftir yfirlýsingu hans í kvöldfréttunum um það að ekkert eigi að gera í sjávarútvegsmálum. Ég vænti þess að hæstv. forseti geti gefið mér hér á forsetastóli skýringu á málinu. Ég er reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni meðan sú yfirlýsing er gefin. Ég vona að hún sé ekki það flókin að það taki langan tíma. (**Forseti:** Forseti getur ekki upplýst hv. þm. um það hvaða skyldum hæstv. forsrh. er að gegna í kvöld. Forseti hefur upplýst það fyrr í kvöld að forsrh. gat því miður ekki verið hér vegna starfa á öðrum vettvangi og hann lét forseta vita af því og forseti skýrði frá því strax í upphafi þegar hún var innt eftir því hvort forsrh. yrði viðstaddur. Hins vegar hafa verið mál á dagskrá sem heyra undir aðra ráðherra og þeir hafa verið til staðar til þess að hlýða á umræður og taka þátt í þeim þannig að það hefur væntanlega ekki komið að sök. Forseti vill minna á það að forsrh. hafði setið í 4½ klukkutíma stanslaust meðan byggðaumræðan fór fram. Hann fór héðan úr húsinu þegar klukkan var nærri hálfníu í kvöld. Þetta eru þær upplýsingar sem forseti getur gefið á þessari stundu.)

Ég vil flytja hæstv. forseta kærar þakkir fyrir þá ítarlegu ræðu sem hún flutti af forsetastóli um það vandamál sem forsrh. Íslands er um þessar mundir. (**Forseti:** Forseti var ekki að flytja ræðu heldur aðeins að svara og reyna að svara sem best þeirri spurningu sem var lögð fyrir forseta.) Ég þakka forseta fyrir það glögga og ítarlega svar sem hún hefur gefið við spurningunni sem ég bar fram um fjarvistir forsrh. og er satt að segja engu nær. Hæstv. forsrh. sat nú ekki bara hér í 4½ tíma í dag. Hann talaði reyndar rétt áður en hann fór, flutti hér ræðu sem er upp á 20–30 línur í þingtíðindum þar sem hann leyfði sér að ljúka umræðunni með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Varðandi hitt atriðið, þá gæti ég út af fyrir sig get ég rætt um fjölmarga þætti sem ég hef efasemdir um að Byggðastofnun hafi farið eftir þeim lögum sem um hana gilda. Ég er ekki þar með að segja að þar sé um refsiverða hluti að ræða“ — ekki refsiverða endilega — „en það hefur verið farið út fyrir þann lagaramma sem Byggðastofnun var settur.“ Sem sagt, lögin hafa verið brotin þó að það sé ekki refsivert. „Ég get til að mynda nefnt að ég tel afskaplega vafasamt, svo ekki sé nú meira sagt, að sá fjáraustur sem verið hefur til fyrirtækisins Miklalax fái staðist að lögum.“ Það er í meira lagi vafasamt svo að ekki sé meira sagt. Í meira lagi vafasamt að það fái staðist lög.

Með öðrum orðum, þetta voru síðustu orð hæstv. forsrh. þegar hann gekk úr salnum í kvöld eftir að hafa setið hér í hvorki meira né minna en 4½ klukkutíma. Þetta er nú glæsilegt, verð ég að segja, mikið afrek og ber að þakka það alveg sérstaklega, að hneigja sig í duftið.

Síðustu orðin eru þau að hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hafi farið út fyrir lagaramma Byggðastofnunar þó það sé kannski ekki beint refsivert. Hæstv. forsrh. segir að hann sé kannski ekki beint tugthúsmatur fyrir það sem hann hefur gert og ég tala nú ekki um ósköpin þar sem eru hæstv. landbrh. og samgrh., sem er nú orðinn svo hljóður í seinni tíð að maður gleymir honum jafnvel. Þetta eru síðustu orðin sem forsrh. Íslands segir úr þessum stóli í kvöld. Og svo þegar þingmenn opna fyrir viðtækin sín heyra þeir í forsrh. sem segir: „Það þarf ekki að gera neitt í sjávarútvegsmálum.“ Og svo þarf að taka hann í gegn, þennan Inga Björn Albertsson. Og rétt áður er hann búinn að segja: „Hv. 1. þm. Vestf. og hæstv. samgrh. og landbrh. eru lögbrjótar.“ Og svo koma menn ekki til að svara fyrir sig. (**Gripið fram í:** Hæstv menntmrh. er hérna.) Var hann að gera eitthvað af sér líka? Hann var í stjórninni líka. Þetta er nú bara ofboðslegt, svo að ég vitni nú í hv. 2. þm. Vestf., þetta er bara of-

boðslegt. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að maður fái að spjalla aðeins við þennan hæstv. forsrh. sem kastar svona einni jarðsprengju á klukkutíma inn í opinbera þjóðmálaumræðu í landinu.

Og hvað er þetta litla vandamál sem hæstv. forsrh. telur að þurfi ekkert að gera í? Hvernig ætli þau horfi nú, þessi smáatriði í sjávarútveginum? Hvernig lítur það út? Hvernig er það? Hallinn á frystingunni er -4,3 í september. Hallinn á söltuninni er -14,6. Hallinn á botnfiskvinnslunni í heild er -7,5. Hann hefur kannski ekki lesið þessar töflur. Þær eru samt frá Þjóðhagsstofnun sem heyrir undir hann. Síðan er þetta borið saman við afkomu vinnslunnar hér á sl. ári. Svo er farið yfir afkomu veiðanna þar sem það kemur fram að þar hafi einnig átt sér stað mjög verulegar sviptingar. Ég verð að segja það alveg eins og er að þó að menn kunni kannski að láta útfæra byggingar sem eru fagrar og flóknar og setja þær á dýrustu lóðir í heimi, aðra upp á hitaveitutanka og hina út í Tjörnina, og þó að menn fái mikið af atkvæðum fyrir það í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík, þá er alveg bersýnilegt að þessir menn botna ekkert í því af hverju þessi þjóð lifir. Hún lifir á fiski. Þannig liggur það. Og það er greinilegt að við erum með forsrh. í landinu sem botnar ekkert í því undirstöðuatriði og segir að þetta megi bara allt saman rúlla og fara á hausinn og grisjast. (**ÓÞÞ:** Það eru bara hornsíli í Tjörninni.) Ja, það fer nú sennilega að verða lítið um hornsíli þar eftir að ráðhúsinu var troðið þar ofan í. Ætli þessi eini fiskstofn Tjarnarinnar fari ekki að verða heldur tæpur líka? Þetta eru trakteringarnar sem þingmenn fá frá hæstv. forsrh. Og gamanlaust, virðulegi forseti, er ekki ástæða til þess að forseti kalli forsrh. fyrir sig og ræði aðeins við hann um samskiptin við þingið vegna þess að þingmenn hafa auðvitað kvatt sér hljóðs hér utan og innan dagskrár af minna tilefni en þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. hefur dúndrað yfir þjóðina í dag. Hér er auðvitað um slík tíðindi að ræða að það er útilokað annað en um það sé fjallað og þau mál rækilega rædd hér og engin ástæða til að draga það neitt við sig.

Það frv. sem hér liggur fyrir byggist fyrst og fremst á þeirri forsendu að sú stefna sem fylgt hefur verið í efnahags- og atvinnumálum á Íslandi undanfarin 20 ár hamli gegn hagvexti. Og hv. þm. Björn Bjarnason, sem er nú illa fjarri góðu gamni, hélt því fram fyrir nokkru að hér hefði verið fylgt efnahagsstefnu sem hefði haft í för með sér stöðuga afturför um 20 ára skeið. Hvernig horfir það við, virðulegi forseti?

Ef við skoðum hagvöxt í aðildarríkjum OECD 1970–1988 kemur í ljós að hagvöxtur er óvíða meiri en á Íslandi. Hann er t.d. á árinu 1971 13,1%, 1972 sá næsthæsti í OECD-ríkjunum og þegar þetta 20 ára tímabil er skoðað, kemur það í ljós að hagvöxtur á Íslandi er meiri en í OECD-ríkjunum og meiri en í Evrópubandalagsríkjunum á þessum tíma þannig að það er alveg ljóst að í rauninni hafa orðið til hér mjög veruleg verðmæti í hagkerfinu. Menn skulu ekki neita sér um að horfast í augu við þá staðreynd að þrátt fyrir allt hefur verið hérna feykilega mikil verðmætasköpun á síðustu 20 árum og á hún auðvitað fyrst og fremst rætur sínar að rekja í tvennu: Annars vegar stóraukinni vinnu kvenna og hins vegar verulega aukinni sókn í þá fiskstofna sem við höfum innan okkar landhelgi.

Þetta er ég nú að minna á, virðulegi forseti, fyrst og fremst vegna barlóms um síðustu 20 ár og að hér hafi verið allt í steik. Þetta er vitleysa. Það stenst ekki. Staðreyndin er hin og ef við berum saman árin 1970–1990, viðreisnarárin margrómuðu, þá kemur í ljós að útkoman er prýðileg á síðari hluta tímabilsins þ.e. á árunum 1970–1990. En þrátt fyrir þetta tyggja menn það upp í greinargerð Þjóðhagsstofnunar og gagnrýnin á efnahagskerfið byggist m.a. á því að hún hamli hagvexti og örvi því ekki í reynd atvinnu þegar til lengri tíma er litið. Ég held að það séu í raun og veru engin rök fyrir þessum fullyrðingum. Það eru aðrir þættir sem hamla hagvexti hér heldur en hinir almennu þættir sem hafa ráðið úrslitum um þróun efnahagslífs á Íslandi á undanförnum 20 árum. Það sem ég tel að hafi fyrst og fremst hamlað hagvexti síðustu árin er vaxtaokrið. Vextirnir og vaxtakostnaðurinn hafa tekið til sín svo ofboðslega fjármuni frá fyrirtækjum og einstaklingum að það hefur dregið úr hagvaxtargetu og þenslumöguleikum og almennum vaxtarmöguleikum þjóðabúsins. En þetta má auðvitað aldrei segja vegna þess að það væri brot á „etikettinu", brot á því að allt sé af hinu góða sem heitir frelsi og aftur frelsi jafnvel þó að það sé frelsi fjármunanna til að brjóta niður fjárhag heimila og einstaklinga og fyrirtækja í landinu með hrikalegum afleiðingum, hryllilegum félagslegum afleiðingum sem þúsundir manna hafa orðið að horfast í augu við.

Hverjar eru forsendur þess að hér væri tekið upp eitthvað sem heitir stöðug efnahagsstjórn? Auðvitað er það skynsamlegt að reyna að stuðla að slíku eins og síðasta ríkisstjórn gerði. Forsendurnar eru samstarf í þjóðfélaginu, launafólks og atvinnurekenda og ríkisstjórnar, en ekki stríð. Samvinna þéttbýlis og dreifbýlis, en ekki stríð. Núv. ríkisstjórn hefur stuðlað að alhliða átökum í þjóðfélaginu sem hljóta að enda með því að það hafi neikvæð efnahagsleg áhrif og hættuleg efnahagsleg áhrif. Það er alveg útilokað að ná árangri í efnahagsmálum öðruvísi en um sé að ræða samvinnu allra þessara aðila, bæði launamanna, framleiðenda, atvinnurekenda og ríkisstjórnar í landinu. Hins vegar erum við núna með slíka stöðu að það er fylgt stefnu sem heitir „kemur-mér-ekki-við" af hálfu ríkisstjórnarinnar og forsrh., sem hefur kosið sér stór hlutverk um dagana, er allt í einu orðinn aukaleikari, stærsti atvinnurekandi landsins. Ríkisstjórn sem ræður ekki við að skilja þetta grundvallaratriði í efnahagsstjórn, sem er samvinna allra þessara aðila, mun ekki leysa þann vanda sem felst í kröfunni um stöðugt efnahagskerfi í landinu. Það er útilokað. Auk þess verður auðvitað að breyta stjórntækjum efnahagsmála í sumum meginatriðum og þá auðvitað alveg sérstaklega Seðlabankanum. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað er að frétta af frv. eða tillögum um breytingar á lögum um Seðlabanka? Hvernig hugsar viðskrh. sér að taka á því máli? Á að halda áfram pólitískum ráðningum bankastjóra í Seðlabanka eins og núv. hæstv. viðskrh.

beitti sér fyrir í síðustu ríkisstjórn undir mótmælum okkar alþýðubandalagsmanna? Hvernig hugsar hæstv. viðskrh. sér að taka á málefnum Seðlabankans? Seðlabankinn er í raun og veru óbrúklegur sem stjórntæki eins og er. Hann er að mörgu leyti eins og slytti. Hann er faglega vanhæfur á mörgum sviðum þó að þar séu tugir úrvals starfsmanna sem gera margt annað þarflegt en að naga blýanta.

Hvernig hugsar hæstv. viðskrh. sér að taka á þessu máli sem lýtur að Seðlabankanum, miðbankanum sem á auðvitað að vera úrslitaþáttur í yfirstjórn peningamála í landinu? Ef menn ætla að bíða eftir því að sett verði ný seðlabankalög með þessari ECU-tengingu, sem er nú kannski skynsamlegt að gera, þá eru menn ekki að tala um að það gerist neitt á næstunni þannig að það er alveg ástæðulaust, virðulegi forseti, að vera að halda kvöldfund út af þessu frv. Það er náttúrlega bara hver önnur fjarstæða. Þetta gerist ekkert í bráð, kannski fyrir aldamót, ég veit það þó ekki. Það liggur ekkert á þessu. En það er auðvitað þessi sami strekkingur og venjulega hjá hæstv. viðskrh. Hann er búinn að bíta sig fastan í þetta og hangir á þessu eins og steinbítur á borðstokk og það má ekki horfast í augu við staðreyndirnar sem eru þær að þetta er tóm vitleysa. Það liggur ekkert á þessu vegna þess að það eru engar forsendur til þess að gera þetta.

Eitt af því sem talin er nauðsynleg forsenda í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er það að breyta þarf ákvörðunum um laun í landinu. Það er athyglisvert. Að baki ákvörðuninni um almenn laun og kjör verður að liggja raunsætt mat á efnahagslegum forsendum, að sjálfsögðu. En hvað er verið að segja með þessu, virðulegi forseti? Það er verið að segja að það á að koma einu haftinu enn, einni snörunni enn á launafólkið í landinu. Svigrúm verkalýðshreyfingarinnar til þess að rétta sinn hlut á hverjum tíma verður þrengra en verið hefur. Það er verið að búa til enn eitt stjórntækið til að hafa hemil á launafólki. Það er nokkuð athyglisvert að á meðan var verið að ræða þetta fyrr í kvöld sat í forsetastólnum einn af leiðtogum verkalýðshreyfingarinnar, hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Fróðlegt væri að vita hvernig þeir menn sem þar eru í forustu sjá það fyrir sér. Ég er ekki viss um að menn kannski átti sig á því í einstökum atriðum hvaða afleiðingar þetta getur haft. En það getur haft þær afleiðingar að það sé verið að þrengja enn frekar að fólki, eða a.m.k. segir Þjóðhagsstofnun það. Síðan er gert ráð fyrir því sem meginrökum að trúverðug fastgengisstefna gerbreyti starfsskilyrðum sjávarútvegs. En til þess að það sé hægt að koma því á að fastgengisstefna teljist raunhæf er hins vegar óhjákvæmilegt að skapa þau skilyrði að sjávarútvegsfyrirtækin verði almennt rekin með verulegum hagnaði í góðæri og geti þolað tap í hallæri. Hvernig ætli þessir hlutir standi með okkar sjávarútveg? Er hann tilbúinn til að taka á sig fastgengi á þeim rökum? Auðvitað ekki. Það liggur fyrir enda þótt hæstv. forsrh. virðist ekki botna í því. Það sem er að gerast í þessu efni, virðulegi forseti, er það að með frv. er verið að stíga skref í þá átt að flytja þau stjórntæki sem áður voru í höndum Alþingis og ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins út og út á markaðinn einan.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að áður en seðlabankalögin voru sett fyrst 1961, ef ég man rétt, var það Alþingi sem réði gengisskráningunni. Alþingi réði gengisskráningunni. Talið var að með því að flytja gengisskráninguna yfir til Seðlabankans væri Alþingi að afsala sér mjög miklu valdi. Nú er ekki verið að flytja gengisskráninguna og festa hana hjá ríkisstjórninni heldur er verið að segja: Gengisskráning frá ríkisstjórninni og ekki yfir til Seðlabankans heldur til markaðarins eins. Út af fyrir sig er ég ekki að tala fyrir því, virðulegi forseti, að gengisskráning og efnahagsstjórn á Íslandi verði eyland í öllum atriðum, það er útilokað mál. Það er algerlega útilokað mál og algjör fjarstæða að leggja þá meiningu í mín orð. En hins vegar er ljóst að þetta er skref í þá átt að þrengja að helstu stjórntækjum þeim sem við höfum haft í efnahagsmálum á Íslandi og spurningin er þá hvort menn eru tilbúnir til að sætta sig við það og taka afleiðingunum af því sem m.a. þýða atvinnuleysi. Atvinnuleysi, því að það hefur auðvitað verið þannig að menn hafa fært til gengið hér frekar en að láta skella yfir stórfellt atvinnuleysi á framleiðslusvæðum landsins. Menn hafa talið að versti kosturinn sem yfir þjóðina gæti komið væri stórfellt atvinnuleysi. En með því að binda sig fasta í einhverja alþjóðlega reglustiku í þessum efnum er meiri hætta á atvinnuleysi en ella og það er sá þáttur sem eru veigamestu rökin fyrir ECU-tengingunni í öllum þessum pappírum. Að þá geti menn orðið neyddir til að sætta sig við lakara atvinnustig en við höfum haft til þessa. Ég er ekki alveg viss um að menn hafi gert sér grein fyrir því hvernig þessir hlutir t.d. snúa við landsbyggð. En ég er nokkuð sannfærður um það að þetta, eins og aðrir þættir almennra markaðstenginga, er landsbyggðinni skeinuhættara og erfiðara en t.d. þéttbýlinu. Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því í fyrsta lagi að það frv. sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti óþinglegt. Í öðru lagi liggur ekkert á að taka þetta mál fyrir af því að það eru engar efnahagslegar forsendur á Íslandi í dag til að ákveða að hér verði tekin upp svokölluð ECU-tenging á okkar gjaldmiðli. Þess vegna er langeðlilegast, virðulegur forseti, að vísa þessu frv. eins og það er núna frá því að það er ekki nokkur ástæða til að eyða tíma í þetta.

Ég er ekki að segja að það þurfi að ráða neinum úrslitum til eða frá þótt þetta mál fari til nefndar og fái þar eðlilega meðferð. En það er auðvitað algjörlega út í hött að fara að afgreiða þetta og enn þá vitlausara er það nú, virðulegi forseti, þegar mörg mikilvæg mál liggja fyrir þinginu, að láta ræða þetta núna þegar komið er fram á nótt. Ef hérna væri um að ræða einhverjar ráðstafanir t.d. til að bjarga sjávarútveginum, taka á hans vandamálum. Ef hér væri um að ræða einhverjar ráðstafanir sem snertu fólkið í byggðarlögunum allt í kringum landið, Bolungavík og víðar, þar sem menn standa frammi fyrir gífurlegum vanda. Ef hér væri verið að setja lög sem mundu ráða úrslitum um

það hvernig afkoma fólksins yrði í þessum plássum eftir nokkra daga. Það er nú eitthvað annað, það er ekkert svoleiðis hér uppi, virðulegi forseti. Hér er um að ræða almennt metnaðarmál hæstv. viðskrh., sem á þessu stigi málsins hefur ekki neitt með veruleikann að gera. Og þess vegna langeðlilegast að gleyma þessu bara í bili. Auðvitað má segja að það sé kannski skiljanlegt að hæstv. viðskrh. langi til að fá málið af því að allt gengur heldur brösuglega hjá honum að öðru leyti. Þannig sé kannski betra að fá þetta ECU en ekki neitt, á bak við þetta liggja kannski einhverjar sálrænar ástæður. En það á ekki að duga fyrir Alþingi Íslendinga. Þess vegna er það þannig, virðulegi forseti, að auðvitað eiga menn að taka um það ákvörðun að fresta þessu máli nú eða þá að taka sér drjúgan tíma í að ræða það. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. í sambandi við efnahagsmálin almennt í tengslum við þetta frv. ef það er svona mikilvægt allt í einu. Hvernig snertir þetta frv. afkomu framleiðslunnar í landinu? Hvaða vonir eru það sem t.d Bolvíkingar geta bundið alveg sérstaklega við þetta frv.? Eða aðrir framleiðslustaðir á Íslandi? Hvaða lausn felst í þessum pappír?

Ég minni á það hér, virðulegi forseti, að í síðustu viku spurði ég hæstv. forsrh.: Hvenær er að vænta efnahagsráðstafana frá ríkisstjórninni vegna aflasamdráttar og af öðrum ástæðum? Hverju svaraði hæstv. forsrh. þá? Hann svaraði að það kæmi núna í þessari viku. Það er nokkuð skrýtið þegar maður er búinn að heyra það í fjölmiðlunum að það gerist ekki neitt fyrr en eftir margar vikur. Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. viðskrh. í hvaða samhengi menn sjá þetta. Og af hverjum í ósköpunum er verið að hafa kvöldfund um þetta? Ég tel að það sé sjálfsagt mál að hafa kvöldfund um mál sem eru brýn og þarf endilega að afgreiða. (**ÖS:** Næturfund.) Já, þegar mikilvæg mál eru á ferðinni, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. T.d. ef formaður Alþfl. flytti hérna efnahagstillögu sína í frumvarpsformi. (**Gripið fram í:** Hvað segðu jafnaðarmenn þá?) Þá segðu jafnaðarmenn allra landa ýmislegt. Ég held að það væri fróðlegt ef hv. þm., formaður þingflokks Alþfl., þyrði nú hérna einu sinni upp í stólinn og léti sér ekki nægja að gjamma út um allan sal og kæmi með efnahagstillögurnar sínar. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. formann þingflokks Alþfl.: Hvenær verða efnahagstillögurnar fluttar í þinginu? Og mundi hann ekki viljað gera grein fyrir þeim í almennri umræðu um efnahagsmál? Það er ekki nóg að flytja efnahagstillögur í DV. DV hefur ekki opinbera stöðu. (**Viðskrh.:** DV á 10 ára afmæli í dag.) DV á 10 ára afmæli í dag eins og hæstv. viðskrh. bendir á. En DV hefur ekki þannig opinbera stöðu að það jafngildi frumvarpsflutningi. Það er misskilningur hjá hinum unga þingmanni og nýja að halda að það jafngildi frumvarpsflutningi að leggja fram tillögur í DV. Það er ekki þannig. Það þarf að koma með þær hér. Það heitir frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum eða eitthvað þvíumlíkt sem ég er fús til að leiðbeina hv. þm. með við tækifæri.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er hins vegar sá snillingur að hann finnur það að allt er í steik að verða hjá ríkisstjórninni í atvinnumálum og þess vegna hefur hann ákveðið að leggja mikla vinnu í það að koma saman tillögum í efnahagsmálum þar sem á að fara mjög vítt og breitt yfir málin, t.d. að taka á vanda skipasmíðaiðnaðarins, sem heyrir undir hæstv. iðnrh., og alls konar fleiri mál sem ráðherrar Alþfl. hafa ekki mikið verið að sinna.

Ég verð að segja alveg eins og er að það má svo sem öfunda þá ráðherra Alþfl. að hafa annan eins snilling í formennsku í þingflokknum sem hefur ráð undir rifi hverju, að ekki sé nú fastar að orði kveðið, og það þjóðráð. Auðvitað er nauðsynlegt að fara yfir þessi mál í heild, virðulegi forseti, á þessari stundu. Úr því að menn kjósa að taka næturfund í að fjalla um málið. Og það er rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir á að auðvitað er það eðlilegt að við jafnaðarmenn tökum alveg sérstaklega á þeim málum vegna þess að við viljum auðvitað jafna því sem er til. En hérna er ekki verið að flytja tillögur um að jafna neinu út í þjóðfélaginu, það er svo langt frá því. (**ÖS:** Sumir vilja jafna fortíðina við jörðu.) Ja, mér hefur heyrst það á hæstv. ríksstjórn að hún vilji jafna fortíðina við jörðu. Það er sennilega aðalverkefnið að jafna allt við jörðu sem fyrrv. ríkisstjórn lét eftir sig. Það er út af fyrir sig rétt ábending hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem ég heyri að er nú óðum farinn að gagnrýna núv. ríkisstjórn um leið og hann flytur tillögur fyrir ráðherrana sína. Ætlar hann kannski að taka við af einhverjum þeirra? (**ÖS:** Er boðið upp á það?) Ég ræð þessu ekki, hv. þm., og forseti er svo auk þess alltaf að gagnrýna okkur fyrir það að vera að tala saman þannig að ég þori ekki að ræða þetta mikið lengur. En spurningin er auðvitað sú hvort hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill taka þátt í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem nauðsynlegt er að fari fram hér á Íslandi þannig að við getum komið frá þessari ríkisstjórn sem er einhver sú óvinsælasta og versta sem þjóðin hefur nokkurn tímann haft.

Nei, virðulegi forseti, ég óska eftir upplýsingum um það áður en lengra er haldið í minni ræðu hvort það er ætlunin að vera hérna miklu lengur. Hvaða rök eru fyrir því að keyra þetta mál áfram? Það er auðvitað nauðsynlegt að vita það. (**Forseti:** Forseti hafði nú hugsað sér að leyfa hv. þm. að ljúka ræðu sinni og síðan telur forseti að það sé heppilegur tími til að fara að ljúka fundinum.)

Virðulegi forseti. Jafnan hefur það verið svo að mér hefur fallið vel stjórn hæstv. forseta á þessari virðulegu samkomu og ég get ekki neitað því að svo er einnig nú. Ég tel að þetta sé skynsamleg niðurstaða hjá hæstv. forseta, þannig að menn fari að taka sér tíma í aðra og brýnni hluti því að það liggur ekkert á frv. sem nú er til umræðu. Það liggur ekkert á því og á ekki að nota kvöldfundi í að ræða um slík mál. Ég lýk máli mínu að sinni, hæstv. forseti, og skora á hæstv. viðskrh. að draga þetta frv. til baka. Það er alger óþarfi að flytja þetta mál hérna. Það á ekkert erindi við þjóðina eins og er hún bíður eftir öllu öðru en þessu.

Umræðu frestað.

35. FUNDUR

miðvikudaginn 27. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti láta þess getið að farið hefur verið fram á utandagskrárumræður, annars vegar um breytt viðhorf í samningum um Evrópskt efnahagssvæði, frá hv. 4. þm. Norðurl. e., og hins vegar um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, frá hv. 1. þm. Austurl. Utandagskrárumræðurnar verða báðar samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræður. Sú er ég nefndi fyrr hefst kl. 3 og sú er ég nefndi síðar kl. 3.30.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég óskaði eftir umræðu utan dagskrár um breytt viðhorf í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði gerði ég það á grundvelli þeirra frétta sem fyrir lágu í gærkvöldi um breyttar forsendur í málinu. Síðan hefur enn dregið til tíðinda og nú síðast í hádegisfréttum var upplýst að mikilvægustu hagsmunasamtök sjávarútvegsins í þessu sambandi hefðu formlega afturkallað stuðning sinn eða meðmæli með samningnum. Í ljósi þessa og enn fremur hins að samkvæmt blaðafréttum í morgun er fullyrt að hæstv. utanrrh. hafi þegar veitt samningamanni Íslands heimild til að undirrita samningana hlýt ég, í ljósi þessara breyttu aðstæðna, að fara fram á það við forseta og hæstv. utanrrh. að það verði athugað á þeim tíma sem til stefnu er hvort ekki er óhjákvæmilegt að umræðan verði ótímabundin þar sem nægur tími gefist til þess að ræða þá mjög svo alvarlegu stöðu sem er í málinu eins og ég hef gert grein fyrir. Ég fer sem sagt fram á það að hæstv. forseti athugi hvort ekki er óhjákvæmilegt að verða við óski minni um að þetta breytist í ótímabundna umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi réttilega hafði verið gengið frá því að umræðan færi fram samkvæmt hálftíma reglunni en forseti mun að sjálfsögðu athuga þessa beiðni hv. þm. fram að þeim tíma sem umræðan er fyrirhuguð þannig að það liggi fyrir kl. 3.

Um þingsköp.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um umræður á Alþingi um þyrlukaup.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Sá leiði atburður átti sér stað í gær að hæstv. forsrh. ræddi við útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar um umræðurnar sem fram fóru á mánudaginn varðandi þyrlukaup. Í þeim útvarps- og sjónvarpsviðtölum viðhafði hæstv. forsrh. afar óviðurkvæmileg orð og ódrengileg og ósmekkleg að mínu viti. Hann vó þar að æru nokkurra þingmanna sem töluðu í því máli og þó alveg sérstaklega að æru þess sem hér stendur.

Það kom fleira fram í viðtölunum. Það kom berlega fram að það er stefnubreyting í þyrlukaupamálum hjá ríkisstjórninni þar sem hæstv. forsrh. viðraði ákveðnar hugmyndir sem ekki komu fram daginn áður þegar fagráðherra fjallaði um málið.

Í morgun fór ég þess á leit við hæstv. forseta að ég fengi að eiga orðastað við hæstv. forsrh. og krefja hann svara á þessum tveimur þáttum, annars vegar á þeim ærumeiðandi ummælum er hann viðhafði og hins vegar um þá nýju stefnu sem hann er að boða í þyrlukaupamálum. Það er skemmst frá því að segja að hæstv. forseti samþykkti þessa utandagskrárumræðu en hæstv. forsrh. hafnaði henni. Nú tel ég að samkvæmt þingskapalögum sé það ótvíræður réttur þingmanna að geta átt orðastað við ráðherra ef hann á annað borð getur verið viðstaddur, en eins og þingheimur sér er hæstv. forsrh. í salnum í dag. Því miður hlýtur sú spurning því að vakna hver stýrir. Í mínum huga er það forseti þingsins sem stýrir því hvort utandagskrárumræður eru leyfðar eða ekki en ekki einstaka ráðherrar og það fordæmi sem er verið að setja er ekki gott. Ég vil í því tilefni, hæstv. forseti, fá að rifja upp 50. gr. þingskapalaga en hún hljóðar svo að hluta til:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst."

Þessum skilyrðum var fullnægt.

Ég skil því miður ekki hvers vegna hæstv. forsrh. treystir sér ekki í umræðuna. Ég mundi skilja það ef hæstv. forsrh. bæði afsökunar á ummæluunm í þeim fjölmiðlum þar sem hann lét þau falla og þá væri málið búið hvað mig varðar. Ég vil trúa því að þetta hafi verið mistök og ég vona að það komi fram því að þjóðin á ekki skilið slíkan málflutning eins og þarna fór fram.

Hæstv. forseti. Ég vil fá úr því skorið hvort ég hef þann almenna rétt þingmanna að fá að ræða þetta mál við hæstv. forsrh. eður ei. Hafi ég hann ekki og fái ég það ekki mun ég nýta mér þingskaparétt minn til að ræða það frekar hér á eftir.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get vel skilið hv. þm. sem talaði áðan en það er hins vegar stór spurning hvort umræða um þetta mál eigi ekki fremur heima inni í Sjálfstfl. þar sem þeir geta leyst mál sín. Hins vegar er það áhyggjuefni hvernig hæstv. forsrh. talar til þjóðarinnar í fjölmiðlum og inni á þingi og ég á þar ekki síst við þau ummæli sem hann lét falla í gær varðandi stjórn Byggðastofnunar og þá þingmenn sem þar eiga

sæti. Ég ætla að leyfa mér að vitna orðrétt í það sem hæstv. forsrh. sagði. Hann hafði haldið því fram að stjórn Byggðastofnunar hefði farið út fyrir lög og hann segir:

„Ég er ekki þar með að segja að það sé um refsiverða hluti að ræða en það hefur verið farið út fyrir þann lagaramma sem Byggðastofnun var settur."

Þetta mál var rætt hér í gær og ég kveð mér hljóðs til þess að koma þeirri tillögu á framfæri við hv. allshn. að hún nýti sér nú 26. gr. þingskapalaga, en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu sbr. 31. gr." Nú skora ég á hv. allshn. að rannsaka ummæli hæstv. forsrh. og gefa þinginu síðan skýrslu um niðurstöður sínar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þeirra athugasemda sem komu fram hjá hv. 5. þm. Reykv. um þingsköp vill forseti taka það fram að það var niðurstaða af samtölum í morgun milli forseta og hv. 5. þm. Reykv. og við forsrh. að umræðan færi ekki fram. Þetta er það svar sem forseti getur gefið. Það er ekki venja að forseti leyfi utandagskrárumræðu öðruvísi en að höfðu samráði við viðkomandi hæstv. ráðherra.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég blanda mér í umræðuna eingöngu vegna þingskapa. Ég held að það sé mikill misskilningur á ferðinni hjá hæstv. forseta að ráðherra þurfi að fallast á þátttöku í umræðu utan dagskrár. Ég les ekkert út úr þeirri grein þingskapalaga sem fjallar um þetta og varðar styttri form utandagskrárumræðu sem gerir það skilyrt að ráðherra fallist á þátttöku í viðkomandi umræðu. Það er þingmaðurinn sem hefur réttinn til þess að taka upp hvaða mál sem er til umræðu utan dagskrár. Síðan verður það að ráðast hvort viðkomandi ráðherra eða aðrir ráðherrar blanda sér í þá umræðu. Þetta held ég að sé alveg skýlaust samkvæmt þingskapalögum.

Ég taldi óhjákvæmilegt að nefna þetta vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið og vegna orða hæstv. forseta nú rétt áðan.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að ræða undir liðnum um þingsköp en hér er komið afar óvenjulegt mál. Ég hlýt að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að ég man ekki eftir því í minni löngu setu í ríkisstjórnum að ráðherra hafi nokkurn tíma getað neitað því að verða við ósk þingmanna um umræðu eins og hér er farið fram á nema þá að fyrirspyrjandi hafi dregið beiðni sína til baka sem mér heyrist að sé alls ekki.

Og ég vil, fyrst ég er staðinn upp, taka undir það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson sagði áðan. Ég skil vel sárindi hans. Ummæli hæstv. forsrh. í fréttum í gær voru satt að segja afar óvenjuleg. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt annað eins. Ég held að allir viti að hv. þm. hefur lengi barist fyrir þyrlukaupum, a.m.k. ein tvö ár sem ég kannast vel við og alveg sérstaklega á síðasta vetri. Þetta er ekki nýtt hjá honum. Hann hefur barist ötullega fyrir því að þessi öryggistæki væru til í landinu og mér finnst þau tilmæli hv. þm. til forsrh. að hann biðjist fyrirgefningar afar eðlileg og þannig mætti þá leysa málið.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Til að hafa hlutina rétta tek ég fram að ég féllst ekki á að falla frá utandagskrárumræðunni eða beiðni minni um hana. Ég fékk leyfi fyrir umræðunni hjá hæstv. forseta í morgun. Hæstv. forseti tók hins vegar að sér að tala við forsrh. Mér var tjáð að það væri vani að þingmenn þyrftu að gera það en hæstv. forseti Alþingis tók það að sér og hringdi síðan í mig þar sem ég sat á fundi í efh.- og viðskn. og tjáði mér það að forsrh. vildi ekki fara í umræðuna þar sem hann taldi ekki vera tilefni til. Ég mótmælti þessu strax og sagði hæstv. forseta að þetta mundi kalla á þingskapaumræðu og þetta mundi velta upp þeirri spurningu hver stjórnar þinginu. Það er hart að þurfa að leggja fram slíka spurningu en hún hlýtur að vakna vegna þess að það er verið að brjóta rétt þingmanna núna.

Varðandi það viðtal sem haft var við hæstv. forsrh. á hinum ýmsu útvarps- og sjónvarpsstöðum í gær, þá viðhafði hann þar mjög ódrengileg ummæli. Ég vil áður en ég held áfram þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir hans innlegg í þetta mál. Hann er einn af þeim sem er vegið að í þessum ummælum hæstv. forsrh. Ég byrjaði að tala fyrir þessu máli 12. nóv. 1987, það eru rúm fjögur ár síðan. Þá lagði ég hér fram þáltill. þess efnis að keypt yrði björgunarþyrla. (**Forseti:** Þingmaðurinn tali um þingsköp.) Þingmaðurinn er að tala um þingsköp. Alla tíð síðan og á hverju þingi hef ég tekið þetta mál upp. Ef hæstv. forsrh. hefur ætlað sér það og ætlað mér það að sitja undir umræðunni sl. mánudag og taka ekki þátt í henni, umræðu sem snerist fyrst og fremst um þyrlukaup, er mér illa brugðið. Þá tel ég að ég hefði verið að svíkja málstaðinn sem ég hef verið að berjast fyrir. Síðan fer hæstv. ráðherra í fjölmiðla og ber það upp á mig alveg sérstaklega að ég sé að notfæra mér það slys sem varð við Grindavík, að ég sé að notfæra mér hörmungarnar sem þar voru, sorgina sem þar ríkir núna hjá aðstandendum, börnum og öðrum, að ég skuli vera að notfæra mér það er hlutur sem ég get engan veginn setið undir. Engan veginn. Það er svo alvarlega að æru minni vegið með þessu að ég get engan veginn undir því setið. Og að segja að ég noti aðstöðu fólks í kringum þetta slys til að slá mig til riddara eru hreint ótrúleg ummæli. Mér finnst það ekki hörð krafa af minni hendi að hæstv. forsrh., þó hann treysti sér ekki í þessa umræðu, allt í lagi, ég skal falla frá henni, en að hann komi fram og biðji alla aðila sem þetta mál snertir afsökunar. Þeir aðilar eru ekki aðeins þeir sem tóku þátt í umræðum, það er öll þjóðin. Hún á ekki skilið að umræðan um þyrlu sé dregin niður á þetta plan. Ég ætla ekki að

dvelja á því plani. En ég ætla heldur ekki að sitja undir þessum ummælum.

Úr því að umræðan fer ekki fram ætla ég ekkert að bera fram beinar spurningar til hæstv. forsrh. út af þessum ummælum, en viðtölin við hann voru tvíþætt. Það var annars vegar verið að vega að æru manna og hins vegar að boða gjörsamlega nýja stefnu í þyrlukaupamálum. Hún kom fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi að sá háttur mála sem sneri að Landhelgisgæslunni og varnarliðinu, eins og hann væri í dag, væri nægjanlegur. Í öðru lagi kom fram sú hugmynd hjá hæstv. forsrh. að til þess að herþyrlurnar á Keflavíkurflugvelli fullnægðu kröfum okkar mætti bara breyta þeim, það mætti fara út í að breyta herþyrlunum. Í þriðja lagi, sem var alvarlegast, að það komi til greina að fresta þyrlukaupum. Þetta er algerlega á skjön við það sem fagráðherra sagði daginn áður. (**Forseti:** Forseti verður að biðja hv. þm. að halda sig við að gera athugasemdir við þingsköp.)

Hæstv. forseti. Ég skal láta þessu lokið en ég vona það fyrir okkur öll, þingheim og alla þjóðina að hæstv. forsrh. leiðrétti þetta. Hann biðji okkur öll afsökunar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í 50. gr. þingskapa er fjallað um það efni sem hér er ágreiningur um. Þar stendur svo, með leyfi forseta.

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn."

Það vekur athygli í þessum texta að þar er skýrt fram tekið, „geta þingmenn fengið tekið fyrir mál". Svo kemur hér á eftir, þar sem vikið er að hinni lengri umræðu. Þar hljóðar textinn svo:

„Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar formlegra þingmála." Á þessu tvennu er mikill munur ef grannt er lesið. Í öðru tilfellinu á þingmaðurinn það undir náð forsetans, skýlausri náð hans hvort hann felst á að málið sé þess eðlis að það sé réttlætanlegt og í annan stað hvort forseti metur það svo að, vegna annarra mikilvægra starfa sem þingfundir þurfa að annast, sé ekki hægt að verða við tilmælunum. Annars vegar er um rétt þingmannsins að ræða hins vegar um náð forsetans. Þetta á ekkert skylt við það og ekkert atriði í þingsköpunum segir að þingmaður eigi það undir forsrh. eða öðrum ráðherrum hvort þingsköp séu virt. Ég hef hvergi séð eina einustu grein í þingsköpunum sem fjallar um slíka hluti. Þess vegna hlýtur það að vera ærið umhugsunarefni hvort svo sé komið fyrir Alþingi Íslendinga að tvímælalaus réttur þingmanna samkvæmt þingsköpum, sé nú háður náð frá forsrh. Seinna atriðið er undir afstöðu hæstv. forseta Alþingis komið og undir þann vilja verða allir þingmenn að beygja sig skilyrðislaust. Meti forseti það svo að ekki sé hægt að verða við því verða menn að virða það. En fyrra atriðið, að eiga það undir náð ráðherra, í þessu tilfelli forsrh., hvort réttturinn samkvæmt 50. gr. sé til staðar eða ekki stenst einfaldlega ekki þingsköpin. Svo einfalt er það mál.

Ég vil nú skora á hæstv. ráðherra að hugsa sinn gang áður en þeim dettur í hug að ætla að fara að taka af þann rétt sem 50. gr. þingskapa veitir mönnum. Það væru mikil mistök og síst til þess að flýta afgreiðslu mála.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Að mörgu leyti er þetta heldur dapurleg umræða sem fram fer. Að því er varðar þyrlukaupamálin sérstaklega held ég að eðlilegast væri auðvitað að forustumenn flokkanna á Alþingi tækju sig saman um að taka á því máli og leysa það núna. Um það á ekki að þurfa að ræða frekar. Ég skora á leiðtoga stjórnmálaflokkanna, sem hér eiga fulltrúa, að taka sig saman um það mál nú þegar. Ég vil einnig segja að ég skil vel sárindi hv. 5. þm. Reykv. sem hefur barist fyrir þessu máli um langt skeið. Ekki meira um það.

Hitt, virðulegi forseti, sem ég vil nefna, er að hér er að eiga sér stað atburður að því er varðar túlkun á þingsköpum sem er mjög alvarlegur og mjög óvenjulegur, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi sá að samkvæmt þingsköpum á þingmaður rétt á því að taka fyrir mál utan dagskrár í hálftíma ef hann svo kýs og tilkynnir með réttum fyrirvara. Það getur enginn tekið þann rétt af þingmanni. Og ég segi: Það er beinlínis hættulegt fyrir þingsköpin, framkvæmd þeirra og þingræðið, að þingmanni sé neitað að taka upp mál utan dagskrár með þessum hætti ef hann óskar eftir því og gerir það með réttum formlegum hætti. Ég tel mjög alvarlegt að neita slíku. Hitt, sem ég tel alvarlegt og hættulegt fordæmi, er að forsetinn taki að sér að hafa milligöngu um samtal við viðkomandi ráðherra. Það kannast ég ekki við að hafi gerst þann tíma sem ég gegndi ráðherraembætti og ég geri ekki ráð fyrir að það hafi gerst. Yfirleitt ganga hlutirnir fyrir sig með þeim hætti að viðkomandi þingmaður talar við viðkomandi ráðherra. Það er hin eðlilega boðleið.

Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta, hvort ekki er hugsanlegt að gert verði hlé á þingstörfum í nokkrar mínútur til að skapa möguleika á því að ná samstöðu um fundahöldin í dag og gefa forseta þannig kost á að endurskoða afstöðu sína. Ég leyfi mér að gera það, ég fer fram á það persónulega í mínu nafni, sem þingmaður hér, við forseta að forsetinn setjist niður ásamt forustumönnum þingflokkanna og þessi mál verði skoðuð aðeins. Þessar tvær túlkanir ganga ekki, þær eru brot á venjum og þær eru hættulegt fordæmi, því miður, virðulegi forseti, ef þær fá að standa. Ég heiti því á okkar góða forseta að taka þessa bón til athugunar nú þegar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram ósk hjá hv. 9. þm. Reykv. um að gera hlé á þessum fundi. Að sjálfsögðu verður forseti við því. En forseti telur nauðsynlegt að upplýsa að það er venja og hefð ef þingmaður óskar eftir utandagskrárumræðu að haft er samband við viðkomandi ráðherra um hana. Sú staða er auðvitað óvenjuleg að ekki tekst samkomulag í þeim efnum af einhverjum ástæðum. Það er það sem málið snýst um. Forseti getur ekki leyft utandagskrárumræðu ef þingmaðurinn getur ekki talað við þann ráðherra sem hann óskar eftir. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess vegna þeirrar umræðu sem varð fyrr á fundinum, sem hv. 5. þm. Reykv. hóf með athugasemd um þingsköp, að forseti býður hv. 5. þm. Reykv. að hann fái að taka fyrir mál utan dagskrár kl. 4.15 í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til forsrh. Umræðan fer fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa.

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þiggja þetta góða boð að fá að ræða þetta mál kl. 4.15 og vil einungis geta þess að ég ber fyllsta traust til forseta og verkstjórnar forsetans.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í ljósi þeirrar umræðu, sem fór fram um þingsköp fyrr í dag og þeirra funda sem við höfum átt með forseta þingsins, vil ég að það komi fram að ég tel vinnubrögð forseta þingsins í öllu þessu máli vera fullkomlega eðlileg og góð.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, nál. 132 og 139, brtt. 140 og 156, frávtill. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávtill. 162 felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA.

nei: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

7 þm. (BBj, EH, EKG, GHall, GÁ, HBl, HG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA.

24 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BBj, EH, EKG, GB, GHall, GÁ, StH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Framsfl. ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar óskuðum eftir upplýsingum um skattastefnu ríkisstjórnarinnar að öðru leyti, sérstaklega að því er varðaði aðstöðugjald og hækkun tekjuskatts. Þessi skattur tengist að sjálfsögðu annarri skattlagningu að því er varðar tekjuöflun fjárlaganna. Þar sem þessar upplýsingar hafa ekki borist munum við ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu og munum sitja hjá við hana, m.a. í þeirri von að við fáum frekari upplýsingar frá hæstv. ríkisstjórn milli 2. og 3. umr.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Við umræðu um þetta mál lýstum við því yfir að við óskuðum eftir ákveðnum upplýsingum um skattastefnu ríkisstjórnarinnar og þau tekjuöflunarfrumvörp sem enn eru ókomin. Þar sem ekkert hefur skýrst um stöðu þessara mála þá munum við sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vísa til þess rökstuðnings sem fram hefur komið í máli tveggja síðustu hv. ræðumanna og enn fremur til óska minna um það að efh.- og viðskn. þingsins taki til skoðunar þær brtt. og þau sjónarmið sem sett voru fram við 2. umr. málsins. Af hvorugu hefur orðið enn sem komið er, að ríkisstjórnin hafi gefið þær upplýsingar sem um var beðið né hefur efh.- og viðskn. enn átt þess kost að koma saman til að ræða þær brtt. og þau sjónarmið sem hafa verið flutt. Í ljósi alls þessa tökum við ekki þátt í atkvæðagreiðslunni að þessu sinni. Ég greiði ekki atkvæði.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stutt skatta sem bæði eru ranglátir og mismuna og segi því nei.

2.–5. gr. samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA.

23 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BBj, EH, EKG, GB, GHall, GÁ, IP, StH) fjarstaddir.

Brtt. 140 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 156 kölluð aftur til 3. umr.

6. gr. samþ. með 31:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA, KHG.

24 þm. (AÓB, FI, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBj, EH, EKG, GB, GHall, GÁ) fjarstaddir.

7.–10. gr. samþ. með 30:2 atkv., 21 greiddi ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, GB, HG, JHelg, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BBj, EH, EKG, GHall, GÁ, GHelg, JBH, KSG) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Breytt viðhorf í samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í gærkvöldi bárust þau alvarlegu tíðindi að hlutir, sem menn hafa gengið út frá í umræðum um drög að samningi varðandi hið Evrópska efnahagssvæði, væru með öðrum hætti en látið hefur verið í veðri vaka undanfarnar vikur og enn fremur skýrast þessi mál af fréttum fjölmiðla og samtaka í sjávarútvegi í dag. Tímans vegna er ekki unnt að gera ítarlega grein fyrir því sem er á ferðinni og ég mun því að mestu leyti nota tíma minn til að beina spurningum til hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. Í grófum dráttum er það að gerast að forsendur þeirra samninga hvað sjávarútveginn snertir, eins og þær hafa verið kynntar af hæstv. utanrrh., virðast ekki standast þar sem Evrópubandalagið hafi í veigamiklum atriðum hafnað því sem hæstv. utanrrh. hefur lagt á borðið sem nánast ígildi samninga hér heima. Þannig segir í fréttatilkynningu frá samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi sem barst nú um hádegisbilið, með leyfi forseta:

„Nú hefur hins vegar komið í ljós að veigamiklar upplýsingar í tengslum við sjávarútvegsmál sem gefnar voru sem forsendur samkomulagsins“ — ég endurtek: sem gefnar voru sem forsendur samkomulagsins — „eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum.“

Hér eru mjög alvarlegar fullyrðingar á ferð sem settar eru fram af samstarfsnefnd samtaka sjávarútvegsins eftir að hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. hafa átt með þeim fundi til að upplýsa þá um málið. Niðurstaða þessara samtaka er í stuttu máli sú, eins og segir í samþykktinni frá í dag: „Þess vegna verður samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi að falla frá stuðningi við samkomulagið, þ.e. drög að samkomulagi um EES, þangað til allar upplýsingar liggja fyrir í rituðu máli um einstök samningsatriði.“

Hér eru því mjög alvarleg tíðindi á ferðinni í þessu stóra og afdrifaríka máli og það er óhjákvæmilegt að leggja þegar í stað spurningar fyrir hæstv. ráðherra í því sambandi. Einnig er að mínu mati óhjákvæmilegt að betri tími gefist til að ræða málið mjög fljótlega.

Ég spyr því í fyrsta lagi hæstv. utanrrh.: Hvernig gat þetta gerst miðað við þá kynningu á málinu sem hann hafði hér á Alþingi bæði 16. okt. og eins 23. okt. þegar hann staðfesti þær upplýsingar sem fyrir höfðu legið frá því í sumar um skipti á veiðiheimildum þar sem ⅔ hlutar 3.000 tonna karfaígildiskvóta skyldu vera langhali?

Í öðru lagi: Er þess að vænta að fleira af þessu tagi geti komið fram á næstunni? Eru líkur á að þvílíkur Viðeyjarfrágangur sé á fleiri hlutum í þessari samningagerð?

Í þriðja lagi hlýt ég að spyrja bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh.: Breytir þetta áður boðaðri afstöðu ríkisstjórnarinnar? Samkvæmt fréttum Morgunblaðsins í dag er ágreiningur innan hæstv. ríkisstjórnar um þetta mál þannig að hæstv. sjútvrh. er hikandi gagnvart samkomulaginu í ljósi þessara breytinga en hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. vilja lúffa. (Forseti hringir).

Ég spyr í fjórða lagi og lýk senn máli mínu, virðulegur forseti: Stendur til enn eins og fullyrt er í fjölmiðlum í morgun að undirrita þetta samkomulag af Íslands hálfu á morgun? Hefur samninganefndarmaður Íslands fengið ótakmarkað umboð frá hæstv. utanrrh. til að undirrita samningana þrátt fyrir þessi alvarlegu tíðindi og þrátt fyrir það að samtök í sjávarútvegi hafi dregið með formlegum hætti til baka stuðning sinn við samninginn?

Í fimmta lagi spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvers vegna hefur utanrmn. og Alþingi ekki verið greint frá þessari stöðu í málinu þó samkvæmt fjölmiðlum um nokkurra vikna skeið hafi staðið reiptog um þetta atriði? Þó var þetta dagskrárefni á fundi hv. utanrmn. sl. mánudag. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Tímans vegna get ég ekki rökstutt mál mitt betur en hygg að þessi tilraun mín segi allt sem segja þarf um það hversu óraunhæft það er í raun og veru að ætlast til þess að svona stórt og afdrifaríkt mál sé rætt við þessar aðstæður hér á þinginu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég taka það skýrt fram að því er varðar kynningu á samningsniðurstöðum í Lúxemborg að það var ljóst að frágangur að því er varðaði þennan tvíhliða samning lá ekki fyrir. Það sem

þá lá fyrir var tilboð af Íslendinga hálfu sem hafði staðið lengi. Það er því ekki til að dreifa að upplýsingum hafi verið haldið leyndum. Við vissum það þá að þessi tvíhliða samningur var ófrágenginn. Við vissum hins vegar hvert var tilboð Íslendinga, það hafði löngu verið kynnt og rætt, og við vissum jafnframt á þeim tíma að áður en samkomulagsumræðum lauk var auðheyrt á aðalsamningamönnum EB að þeir höfðu uppi efasemdir að því er varðaði þann þáttinn sem snerti langhala. Þetta kom fram á minnisblaði, sem hæstv. utanrrh. kynnti, þar á meðal hagsmunaaðilum og dags. er 22. okt. Fram undan var þess vegna frá 22. okt. að ganga frá þessum samningi og að sjálfsögðu var ekki hægt að slá neinu föstu um niðurstöður hans fyrir fram.

Hvað hefur þá breyst? Það hefur ekkert breyst að því er varðar öll meginatriði þess máls, þ.e. það tilboð Íslendinga um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum allt að 3.000 tonn karfaígildi og í staðinn fái Íslendingar allt að 30.000 tonn af loðnu. Ég vil taka það skýrt fram líka, að allt sem varðar útfærsluna á þessu tilboði okkar, svo sem um heimildir til sérstakra skipa, útilokun skipategunda, að veiðarfæri séu samkvæmt íslenskum reglum, eftirlitsmenn um borð á þeirra kostnað o.s.frv., allt er það óbreytt.

Það eina sem hefur gerst er þetta: Samningamenn EB, og þá sjávarútvegsdeildin sem og auðvitað „sjávarútvegslobbí" einstakra landa, hafa við nánari skoðun sagt: Þið hafið ekki getað fært á það sönnur sem niðurstöður af hafrannsóknum að þessi fiskstofn sé til í veiðanlegu ástandi. Það sem togstreitan stendur því um að því er þetta atriði varðar er að það er krafa frá Evrópubandalaginu um að frá árinu 1993 verði um að ræða karfa en síðan kemur orðalag sem kveður á um að það skuli síðan endurskoðað, því að hér er um að ræða rammasamning sem endurskoðaður er árlega, það skuli síðan endurskoðað í ljósi niðurstaðna slíkra rannsókna. Ég vísa því á bug fyrstu spurningu hv. þm. um það að eitthvað hafi skotist að því er varðar kynningu málsins.

Að því er varðar spurninguna um hvort vænta megi fleiri breytinga, þá verður þeirri spurningu ekki svarað með afdráttarlausum hætti. Það er verið að vinna að útfærslu á texta samningsins, aðalsamningsins, fylgiskjala og þessa tvíhliða samnings.

Breytir þetta afstöðu ríkisstjórnarinnar? Svarið við því er nei. Stendur til að undirrita á morgun? Svarið við því er nei. Hefur aðalsamningamaður fengið umboð til undirritunar? Svarið við því er nei. Hann hefur ekki fengið það og staða málsins er núna sú að af hálfu Evrópubandalagsins sjálfs hefur með vísan til þess kafla samningsins sem fjallar um Evrópubandalagsdómstólinn verið efnt til eins konar samráðsfunda milli framkvæmdastjórnar og dómara EB í dómstólnum. Þeim viðræðum lauk á þriðjudag, þeim viðræðum lauk án niðurstöðu þannig að nú eru þær upplýsingar fyrir hendi að það mál verði í umfjöllun innan EB allt fram að 13. des. Með öðrum orðum gefst rýmri tími til að skoða endanlegan texta í þessum málum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það alvarlega í þessu máli er að það var kynnt sem niðurstaða að 70% af þessum aflaheimildum yrðu langhali og það var þannig sem samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi skildi þetta mál. Þess vegna er það mjög undarlegt að það skuli nú koma fram í fjölmiðlum að þessi niðurstaða hafi alls ekki verið fengin. Ég minni m.a. á umræður hér á Alþingi þar sem m.a. þingflokksformaður Alþfl. sagði að við hefðum fengið allt fyrir ekkert. (**ÖS:** Það er rangt.) Ætli það geti ekki verið að sú umræða sem þá fór fram hafi haft neikvæð áhrif á stöðu okkar Íslendinga. Ég er ansi hræddur um það. Og það ætti að kenna hæstv. utanrrh. að tala af meiri varúð um þessi mál.

Ég vil spyrja hann: Er það hugsanlegt að næstu fréttir verði þær að það hafi ekki verið niðurstaða að því er varðar saltsíldarflök? Það hefur verið kynnt sem niðurstaða og við höfum gengið út frá því að tollfrelsi kæmi á saltsíldarflök. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hefur verið gengið frá því eða getum við átt von á því að slíkar upplýsingar komi?

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvaða rannsóknir hafa farið fram á langhalastofninum eftir að þessi möguleiki kom inn í umræðuna? Og hvaða rannsóknir eiga eftir að fara fram nú á næstunni til að styrkja stöðu okkar Íslendinga í þessu sambandi?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sá tvíhliða samningur sem hér hefur verið til umfjöllunar á sér nokkurra ára aðdraganda. Eftir fyrri Lúxemborgarfundinn í júnímánuði á þessu ári var kynnt samningstilboð Íslendinga í því efni sem Evrópubandalagið mótmælti ekki á þeirri stundu og það er vissulega rétt að ég hygg að bæði þingmenn og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi svo og í ríkisstjórn hafi mótað afstöðu sína með tilliti til þeirrar stöðu.

Þegar komið var á seinni Lúxemborgarfundinn í októbermánuði var þessi tvíhliða samningur ekki sérstaklega til umræðu. Þá lá enn fyrir samningstilboð Íslendinga en þá var upplýst um óskir Evrópubandalagsins þess efnis að þessar gagnkvæmu veiðiheimildir yrðu karfi en ekki 70% langhali og 30% karfi. Þar með voru komnar fram óskir frá báðum aðilum sem gengu nokkuð í gagnstæðar áttir. En það var ekki gert út um þetta atriði á þeim fundi. Þegar heim kom voru allir aðilar upplýstir um þessa niðurstöðu.

Eðlilegt er að gera út um atriði eins og þetta í samningum og eins og hér hefur komið af hálfu hæstv. utanrrh. gefst nú nokkuð tóm til að takast á við það verkefni. Ég vænti þess að það tóm verði nýtt í þeim tilgangi að fá samningslega niðurstöðu í þessum gagnstæðu kröfum sem hér er verið að fjalla um. Það er á hinn bóginn óumdeilt og við höfum inn á það gengist að hér skuli vera um að ræða 3.000 tonn karfaígildi.

Að því er varðar, frú forseti, fyrirspurn um rannsóknir á langhala, þá hafa þær á undanförnum árum verið ófullnægjandi, m.a. vegna lítils áhuga útgerðaraðila. Það þarf að auka þessar rannsóknir og skapa fjárhagslegt svigrúm til þess að þær geti farið fram. Ég

vænti þess að um það geti tekist samstaða hér í þinginu að svo geti orðið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Það er ljóst eftir umfjöllun fjölmiðla í gær og í dag og yfirlýsingar frá samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi að það er kominn upp alveg nýr flötur á þessu máli. Þessi nýi flötur er kannski til marks um það hversu margt er óljóst í þessum viðamikla samningi. Meira að segja grundvallaratriði eins og skipti á fiskveiðiheimildum liggur ekki ljóst fyrir og svo er um margt fleira sem í samningnum er að finna.

Við sem höfum verið að fjalla um þetta mál, sérstaklega á vettvangi utanrmn., höfum ekki bara þurft að styðjast við texta. Við höfum fengið afskaplega lítið af honum upp í hendurnar. Við höfum ekki síður þurft að styðjast við töluð orð, ummæli hæstv. utanrrh. Og það er rétt sem kom fram hér hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að í textanum sem við höfum fengið er ekkert að finna um saltsíldarflökin. Textinn hljóðaði líka upp á 3.000 tonn af karfa, ekki karfaígildi, ekki langhala. Út í þessi atriði höfum við spurt og verið fullvissuð um að EB hefði ekki mótmælt þeirri túlkun að saltsíldarflökin væru inni, EB hefði ekki mótmælt því tilboði Íslendinga að 70% af karfaígildisaflanum væri langhali. Og við höfum auðvitað tekið þetta trúanlegt, enda kannski ekki ástæða til annars. En nú er sem sagt annað komið á daginn.

Það skal tekið fram að utanrrh. sagði það í utanrmn. að EB mundi að öllum líkindum sækja það fast að fá stærri hlut af karfa inn í þessari aflaheimild en það var aldrei að skilja á hæstv. utanrrh. að það mundi gerast áður en samningurinn tæki gildi. Það kynni að gerast einhvern tíma á því 10 ára tímabili sem þessi tvíhliða samningur átti að gilda, en ekki fyrir gildistöku sjálfs samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa meira mál um þetta, en mig langar til þess að benda mönnum á að þetta mál er kannski vísbending um það sem koma skal. Það er vísbendingin um það að EB mun sækja sinn rétt og við höfum afskaplega fá vopn í höndunum þegar þannig stendur.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu verður þetta stóra mál ekki rætt á svona fundi og í tveggja mínútna ræðum. Ég bað fyrst og fremst um orðið til að mótmæla því sem kom fram í fréttum að utanrmn. hefði verið greint frá slíkum fyrirvara. Ég hef borið mig saman við utanríkismálanefndarmenn, m.a. formann nefndarinnar og fleiri og þar kannast enginn við það. Ég hef ekki séð þetta minnisblað sem mér skilst að hafi verið afhent hagsmunaaðilum. Og ég hlýt að átelja slík vinnubrögð. Við höfum unnið að þessu af miklum heilindum í utanrmn., farið í gegnum síðu eftir síðu af gögnum, meira að segja stuðst við viðauka sem okkur er reyndar sagt að sé lítið að marka og við skulum passa okkur á því þeir hafi breyst. Við höfum ekki fengið þá í endanlegu formi. Og við höfum, eins og kom hér fram áðan, mjög þurft að styðjast við hið talaða orð í þessu sambandi. Ég er reyndar afar þakklátur þeim samningamönnum sem hafa komið á fundi nefndarinnar og tjáð okkur munnlega frá sínum skilningi á ýmsum atriðum sem þarna eru til umræðu, en við höfum líka af þeim fundum reyndar farið með fleiri spurningar heldur en svör. Svona uppákoma, eins og stundum er sagt, vekur mann vitanlega til umhugsunar eins og kom fram hér áðan um fjölmörg önnur atriði sem er ekki hægt að ræða hér.

Ég leyfi mér að fullyrða að sá var skilningur okkar, sá var a.m.k. skilningur minn, að þar sem þessu hefði ekki verið mótmælt með langhalann, þá væri litið á það sem viðurkennt og samþykkt. Og nú legg ég á það áherslu og treysti því að hæstv. ríkisstjórn láti ekki kúska sig eins og hér er gert og var gert eftir fyrri Lúxemborgarfundinn og neiti sjálf að skrifa undir þennan samning eða setja stafi samningamanns undir ef ekki verður staðið við það sem við höfum í góðri trú samþykkt í sambandi við gagnkvæmar heimildir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er nú eflaust ekki síðasta umræðan sem verður af tilefni svipuðu og hér er komið upp. Rangar upplýsingar og blekkingar sem eru viðhafðar til þess að reyna að koma því á framfæri við þjóðina að hér hafi fengist allt fyrir ekkert í þessum samningi.

Menn gagnrýna eðlilega það sem hér kemur fram varðandi úrslitakosti Evrópubandalagsins, eins og fréttamiðlar segja, fyrir því að staðfesta þennan samning. En það er fleira en spurningin um samsetningu þessara 3.000 tonna af karfaígildum sem snertir fiskimálasamninginn, tvíhliða samninginn, og það er spurningin um loðnuna. Þetta eru kallaðar gagnkvæmar veiðiheimildir, skipti á veiðiheimildum þar sem Íslendingar ætla að framselja 3.000 tonn af karfaígildum fyrir 30.000 tonn af loðnu. En það vill bara svo til að þessa loðnu hefur Evrópubandalagið aldrei veitt síðan samningur var gerður 1989 um skipti á loðnustofninum og þessi loðna hefur fallið í hlut Íslendinga án þess að þurft hafi að borga þar fyrir. Þetta hef ég áður dregið hér fram í þinginu og ég vil nefna tölur.

Á síðustu þremur vertíðum hefur meðalhlutur Íslendinga í veiðum af úthlutuðum loðnustofni verið 88%. Á vertíðinni 1988–1989 var hlutfallið 88,8%. 1989–1990 82,4% og 1990–1991 91,2% — á meðan Ísland átti að fá í sinn hlut 78% af stofninum. Við keyptum svolítið af loðnukvóta af Grænlendingum á þessu tímabili en á tveimur vertíðum var ekkert veitt og á þeirri seinni eitthvað um 6.000 tonn eða rösklega það sem fyrirtæki Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík keypti.

Hvers konar skipti eru það sem hér er um að ræða, hæstv. utanrrh.? Matreiðslan á þessu máli er með slíkum fádæmum að það væri ástæða til þess, virðulegur forseti, að ræða það við aðrar aðstæður en hér bjóðast og þeir möguleikar verða vafalaust og tilefnin fyrr en seinna.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós hve dæmalaus samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er í raun og veru. Samningurinn er ótækur vegna annarra atriða en sjávarútvegshagsmuna en ekki batnar hann eftir því sem meira er farið ofan í saumana á þeim þætti málsins. Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi hafa líka lýst því yfir að þeir hafi dregið stuðning sinn við aðild Íslands að EES til baka. Menn hafa áttað sig á að það sem hæstv. utanrrh. bar á borð fyrir þjóðina eftir „sigurinn mikla" 22. okt. var ekki alveg eins hrukkulaust og hann vildi vera láta. Það er raunar ámælisvert að hæstv. utanrrh. komi þannig fram við þjóðina. Hafi menn gengið að því gruflandi að EB hafi tögl og hagldir í þessu máli eru menn vonandi búnir að átta sig á að EB ætlar að sækja sinn rétt og slá ekkert af.

Það er að koma í ljós hve rangt það var af íslenskum stjórnvöldum að samþykkja að hleypa EB-flotanum inn í landhelgina gegn aðgangi að mörkuðum EB. Það hefði aldrei átt að ljá máls á slíku. Auðvitað verður að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún láti ekki beygja sig í þessu máli. Það er hægt að láta reyna á það hvort Davíð og Jón hafi nokkuð að segja í Golíat.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Því miður hefur það komið í ljós að hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn hafa veitt utanrmn. rangar upplýsingar eða túlkað með röngum hætti veigamikil atriði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Ég get staðfest það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði hér áðan að sú lýsing sem gefin var í utanrmn., m.a. af hæstv. utanrrh. þegar hann kom heim, var allt önnur en sú sem nú er komin á daginn.

Ég vil einnig láta það koma hér fram að síðustu vikur hefur hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn leynt utanrmn. því að alvarlegur hnútur væri kominn í þetta mál. Á fundi utanrmn. sl. mánudag, fyrir tveimur dögum síðan, var sérstakur dagskrárliður á fundinum um frágang EES-samninganna, hvað fráganginum liði. Utanrrh. sá enga ástæðu til þess undir þeim dagskrárlið að greina utanrmn. frá því að vikum saman hefði verið svo alvarlegur hnútur í þessu máli að nú hafa öll samtök í sjávarútvegi á Íslandi sem eiga aðild að samstarfsnefnd sjávarútvegsins dregið til baka stuðning sinn við EES-samninginn. Það eru satt að segja svo stór tíðindi að ég held að engan hafi grunað, sem hefur setið í utanrmn. né hér í þinginu og sem ekki hefur fengið að vita þessar leynilegu upplýsingar sem okkur var bannað að fá og komið í veg fyrir að við fengum, að slíkt gæti gerst.

Ég vil líka vekja athygli á því að í yfirlýsingu samtaka í sjávarútvegi kemur fram að það séu ýmis fleiri atriði en karfakrafan sem ekki hafa verið staðfest og ég held að það sé rétt sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði hér áðan að það er líka komið í ljós að ekki liggur fyrir neitt fyrirheit frá Evrópubandalaginu um að fella niður tollana af saltsíldarflökunum. Þar er ekki til neitt skrifað gagnstætt því sem sagt var í upphafi. Þar er bara byggt á einhverju sem utanrrh. sagði að væri skilningur Evrópubandalagsins. En nú er komið í ljós að það er engu að treysta hvað snertir yfirlýsingar ráðherrans um skilning Evrópubandalagsins.

Ég vil lýsa því yfir hér að það er mjög alvarlegt mál þegar utanrmn., sem er trúnaðarvettvangur þingsins, kemst að raun um það að annars vegar hefur henni verið greint rangt frá og hins vegar hefur veigamiklum upplýsingum verið haldið leyndum fyrir henni. Ég vil óska eftir því að haldinn verði fundur í utanrmn. strax í fyrramálið (Forseti hringir.) og þar fáum við tækifæri til að fara yfir þetta mál. Ég vil einnig óska eftir því að hæstv. utanrrh. lýsi því yfir hér að hann muni ekki beygja sig fyrir kröfum Evrópubandalagsins. Það væri mjög alvarlegt mál ef þessari umræðu lyki án þess að utanrrh. segði okkur það að hann muni ekki beygja sig fyrir kröfum Evrópubandalagsins.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja orðinn dálítið þreyttur á því að hv. 1. þm. Austurl. komi hér upp og geri mér upp orð og skoðanir. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann gerir það og eins og ég sagði þá er ég orðinn þreyttur á því. Hann lét svo um mælt að ég hefði í umræðum um gagnkvæmar veiðiheimildir farið svo orðum um þau skipti sem ég taldi þau vera á 2.600 tonnum af karfaígildi af langhala annars vegar og hins vegar 30.000 tonnum af loðnu og að ég hefði þar sagt að þar fengjum við allt fyrir ekkert. Þetta er á misskilningi byggt eins og svo margt annað í málflutningi þingmannsins. Staðreyndin er sú, eins og er skráð í þingtíðindi, að ég lét svo um mælt að við værum þarna að fá eitthvað fyrir ekkert. Á þessu er nokkur munur.

Staðreyndin er líka sú að við erum þarna í samningum komin í nokkrar ógöngur vegna þess að upp er komin sú staða að viðsemjendur okkar hafa komist að því að langhalinn er algjörlega órannsökuð tegund hérna. Þessu vakti ég líka athygli á í umræðunum sem fram fóru í fyrri mánuði. Ég verð satt að segja að koma þeirri skoðun á framfæri að það er hálfhlálegt að heyra fyrrv. sjútvrh., sem var í því embætti fyrir örfáum mánuðum, koma og spyrja núv. sjútvrh. um stöðu rannsókna á langhala. Mér finnst þetta mjög skrýtið. Staðreyndin er auðvitað sú að þær rannsóknir sem hefði fyrir löngu átt að vera búið að gera á þessum stofni og mörgum öðrum ónýttum fiskstofnum hefðu auðvitað átt að fara af stað undir forustu fyrrv. sjútvrh. Mér finnst þetta skrýtið, ég verð að segja það.

Ég vil að öðru leyti eingöngu koma þeirri skoðun á framfæri að menn skuli fara varlega áður en þeir gefa of stórar yfirlýsingar í þessu máli. Hér er um mikið hagsmunamál fyrir Ísland að ræða. Auðvitað eiga menn að feta slóðina varlega.

Vegna orða sem hafa fallið í þessum umræðum, þar sem menn hafa verið að draga úr gildi þessara samninga fyrir íslenskan sjávarútveg, langar mig til að láta þá skoðun koma fram að ég tel að í þeim felist, einkum á sviði ferskra afurða, einhver mestu sóknarfæri

sem þessi atvinnugrein hefur fengið um áratuga skeið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar fyrst til að fagna því að þessar bráðnauðsynlegu umræður fara fram einmitt nú og raunar þakka fyrir þær upplýsingar sem fram hafa komið, m.a. hjá hæstv. utanrrh. sem hefur gert grein fyrir málum og svarað fyrirspurnum.

Það er alveg ljóst að nú verður, ef ég hef ekki misskilið ráðherrann að neinu leyti, alla vega tveggja vikna hlé sem við getum notað til að undirbúa okkur. Það muni ekkert gerast, engar undirskriftir eða neitt slíkt, fyrr en búið er að sjá hvert náð verður í öðrum samningum, tvíhliða samningum o.s.frv. Sérstaklega er það ánægjulegt að heildarsamtök sjávarútvegsins skuli hafa lýst yfir nákvæmlega því sama og ég og margir aðrir hafa haldið fram lengi vel, að enn þá sé málið þannig eins og því er lýst í ágætu plaggi m.a. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Í ljós hefur komið að eitt mikilvægasta atriði sem lagt var til grundvallar, þ.e. skipti á veiðiheimildum, er nú túlkað með ýtrustu hagsmuni Evrópubandalagsins í huga." Mér kom það svo sem ekki á óvart, en nú er það staðfest af sjávarútveginum öllum.

Áfram segir: „Enn fremur er óljóst um nánari útfærslu á tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins um sjávarútvegsmál." — Loks segir: „Þess vegna verður samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi að falla frá stuðningi við samkomulagið þangað til allar upplýsingar liggja fyrir í rituðu máli um einstök samningsatriði þannig að hægt sé að leggja raunhæft mat á efnisatriði samningsins."

Ég hef ekki þorað að taka svona mikið upp í mig, en sýnilega er þeim mönnum sem gerst þekkja alveg ljóst að mjög langt er í land að við fáum nægilegar upplýsingar til að taka eina ákvörðun eða neina. (**SJS:** Er þingmaðurinn ekki sammála þessu?) Ég var að taka undir þetta eða þeir að taka undir það sem ég var að reyna að segja með enn þá sterkari og betri orðum.

Ég skal ekki tefja tímann, hæstv. forseti. Ég held að allt hafi komið fram sem nauðsynlegt er að komi fram og ég þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir að hann hyggst skoða málin betur og alla vega að bíða fram yfir 13. des.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að hæstv. utanrrh. er á ömurlegum flótta í þessu máli. Nú er það upplýst að í þessu viðamikla hagsmunaatriði sem og mörgum fleirum geti örlög Íslendinga ráðist eingöngu af því hvort hið mikla Evrópubandalag kýs að mótmæla eða ekki. Frágangurinn er ekki traustari en það að detti þeim í hug þarna úti í Brussel að mótmæla fjúka hagsmunir Íslands fyrir borð og 2.400 tonn af langhala breytast í karfa á einni nóttu. Það er auðvitað annað mál sem er mjög alvarlegt í þessu sambandi öllu saman og það er sá vítaverði málflutningur sem hæstv. utanrrh. og formaður þingflokks Alþfl., sem skreiddist hér út úr salnum áðan, hafa haldið uppi í þessu máli. Hér reynir þessi stjórnmálamaður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, með svipuðum hætti og á frægum fundi í Háskólabíói og sjónvarpinu síðar, að afneita eigin orðum. Hann hefur lítið lært á því sem lengst hefur aðferð hans í stjórnmálum síðan þá því hv. þm. sagði 16. okt. úr þessum ræðustóli, fyrir tugi vitna og þingtíðindin, með leyfi forseta:

„Það var verið að ræða um að við munum skipta á annars vegar 30.000 tonnum af loðnu og hins vegar langhala að ígildi 2.600 þorsktonnum. Þið hafið vafalaust aldrei séð langhala. Ég hef einu sinni borðað hann og hann er góður. En ég tel hins vegar að þó lítið sé vitað um þessa fisktegund sé auðvitað alveg ljóst að þetta er tegund sem við erum ekki að nýta þannig að við erum þarna að fá eitthvað fyrir ekkert."

Það skilja allir íslensku sem hér eru inni og þarf ekki að hafa frekari orð um þennan ömurlega undanslátt hv. þm.

Hæstv. forseti. Það er einnig óhjákvæmilegt að fordæma sjálfshólsleiðangur hæstv. utanrrh. um landið undanfarnar vikur í ljósi þess sem hér er að koma fram. Þar hefur málið verið fegrað með vítaverðum hætti þannig að þjóðin hefur ekki haft hlutlægar forsendur til að mynda sér skoðun í málinu. Hagsmunaaðilar sjávarútvegsins hafa fengið meiri upplýsingar en almenningur og reyndar meiri upplýsingar en sjálf hæstv. utanrmn. Það segir sitt að þessir menn, sem nú eru best upplýstir í landinu um stöðu málsins, draga til baka stuðning sinn við samninginn. Það er óhjákvæmilegt að Alþingi taki slík tíðindi alvarlega. Þess vegna verður utanrmn. að koma strax saman og ræða þessa nýju stöðu og það er óhjákvæmilegt að Alþingi geri það einnig. Það er ekki hægt fyrir hæstv. utanrrh. að skjóta sér á bak við það að Evrópudómstóllinn tefji undirritun samningsins. Ég spurði um afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh., ekki Evrópudómstólsins. Ef Evrópudómstóllinn gefur samningnum grænt ljós á morgun, verður þá undirritað hinn daginn? Það er mín spurning og ég vil fá svör.

Því miður verð ég að segja að það var dapurlegt að heyra hæstv. sjútvrh. koma hér upp, beygðan mann, og þetta er því miður rangt hjá Morgunblaðinu, þeir eru ofan á, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og hafa greinilega beygt hæstv. sjútvrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Nokkrir þeirra hv. þm. sem hér hafa talað hafa látið gamminn geisa og það væri synd að segja að þeir væru gæddir því æðruleysi hugans sem þarf til þess að fjalla um alvörumál.

Hér hafa verið hafðar uppi fullyrðingar. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) — Virðulegi forseti. Þessi tími framíkallanna dregst auðvitað ekki af mínum tíma. — Fullyrðingarnar hafa verið þessar: að veittar hafa verið rangar upplýsingar, að hafðar hafi verið í frammi blekkingar, að hv. utanrmn. hafi verið veittar rangar upplýsingar og að málið hafi verið kynnt sem endanleg niðurstaða fyrir hagsmunaaðilum. Allar eru þessar fullyrðingar rangar. Allar. Staðreyndirnar eru þessar, eins og reyndar hv. 10. þm. Reykv. sagði og er sannleikanum samkvæmt: Þegar þetta mál var kynnt í

utanrmn., í ríkisstjórn og á Alþingi var sagt að því er varðaði tvíhliða samninginn að hann væri ófrágenginn. Það voru engar niðurstöður kynntar að því er hann varðaði. Þær lágu ekki fyrir. En það er rétt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún sagði. Í utanrmn. var af minni hálfu sagt: Það liggur nú þegar fyrir af hálfu Evrópubandalagsins að þeir munu sækja það fast að fá langhalann út, einfaldlega vegna þess að það stendur upp á okkur að færa sönnur á það að hann sé ekki sýnd veiði. Ef menn vilja rengja það er hér skjal frá hæstv. sjútvrh., dags. 22. okt. og dreift til hagsmunaaðila í sjávarútvegi, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Af hálfu Íslands hefur verið lagt til að 70% af veiðiheimildum bandalagsríkjanna verði langhali en 30% karfi. Eftir er að ganga endanlega frá samningnum að þessu leyti en bandalagið hefur látið í ljós ósk um að veiða einungis karfa." Þannig var málið kynnt. Það voru engar blekkingar, þvert á móti voru menn varaðir við því að við gætum átt í erfiðleikum með það mál. Það stæði upp á okkur að færa sönnur á niðurstöður rannsókna. Ég vísa þess vegna á bug öllum þessum gífuryrðum um rangar upplýsingar, villandi upplýsingar eða að þetta hafi verið kynnt sem niðurstöður. Það er einfaldlega ekki byggt á staðreyndum.

Spurt var var: Hvenær verður gengið frá þessu máli? Ég segi: Af Evrópubandalagsins hálfu hefur orðið bið á því að ganga frá endanlegum textum í þessu viðamikla máli. Það varðar aðallega Evrópudómstólinn þannig að meiri tími gefst til þess að fjalla um þetta. Ég ætla hins vegar ekki að draga neina dul á það að eftir að við höfum þæft þetta mál í fjórar vikur verður það mjög erfitt fyrir okkur Íslendinga að halda Evrópubandalaginu að þessu tilboði okkar, einfaldlega vegna þess að á árinu 1993 getum við hugsanlega ekki verið búnir að færa sönnur á það að upphaflegt tilboð sé í veiðanlegu ástandi. Ögrunarorð eða frýjuorð um að láta nú ekki kúga sig læt ég sem vind um eyru þjóta vegna þess að staðreyndirnar eru þessar: Við erum að reyna að ná endanlegri niðurstöðu í þessum samningi. Það hefur ekkert breyst í grundvallarstærðum samningsins eða þeim reglum að öðru leyti hafa verið kynntar. Það hefur ekki verið farið með neinar blekkingar í þessu máli. Spurningin er einfaldlega um þessa samningsstöðu og það gefst tími til að fjalla betur um það.

Virðulegi forseti. Það er rétt að fram komi að slíkt tilboð hefur áður verið gefið í viðræðum við Evrópubandalagið, í viðræðum við fulltrúa sjávarútvegsdeilda bandalagsins, þ.e. hins svokallaða DG 14. Áður hefur verið gefið tilboð af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar um nákvæmlega allt að 3.000 tonna karfaígildi í skiptum fyrir tollaívilnanir og það bætti náttúrlega ekki samningsstöðuna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem kom fram fyrr í dag að við þingmenn hljótum að gera kröfur til þess að tekin verði upp lengri umræða um þetta mál. Ég var einn af þeim sem fóru og hlustuðu á kynningarfund utanrrh. á EES-samningnum á Akureyri og þá fór lítið fyrir æðruleysinu. Þá var spurningum svarað með útúrsnúningum, tilvitnunum til reglugerða um garðsláttuvélar og annað slíkt. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við athugasemdir um þingsköp.) Ég er að gera athugasemdir við þingsköp. (**Forseti:** Þetta eru ekki athugasemdir við þingsköp.) Þetta gerir það að verkum að við hljótum að gera kröfu til þess að fá að ræða þetta mál frekar hér. Það er ekki hægt að ráðherra sem fer með þetta mál geti komist frá því á eins billegan hátt og nú.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög leitt og dapurlegt að þurfa að segja það hér að vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur farið með rangt mál svo oft í seinni ræðu sinni og gefið svo villandi mynd af því sem sagt hefur verið og gert í þessu máli, bæði á vettvangi utanrmn. og í samskiptum við þingið og þjóðina, að ég verð því miður, virðulegi forseti, að óska eftir því formlega að á morgun, í síðasta lagi á föstudag, fari fram utandagskrárumræða með ótakmörkuðum ræðutíma svo að hægt sé að ræða sannleikann í þessu máli. Það getur ekki gengið að utanrrh. láti gamminn geisa í síðustu ræðu í þessari umræðu með rangfærslum af því tagi sem hér kom fram. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. um að halda sig við að gera athugasemdir við þingsköp. Ef hann óskar eftir utandagskrárumræðu að gera það þá utan ræðustólsins.) Já, ég er að gera það, virðulegi forseti, vegna þess að það kom fram formleg ósk hjá málshefjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þar sem beðið var um að umræðan yrði lengri en hálftími og ræðutími manna lengri en tvær mínútur. Alþb. óskaði eftir því. Forseti varð ekki við þeirri ósk, en nú, þegar í ljós er komið með hvaða hætti utanrrh. heldur á málunum og flytur hér hverja rangfærsluna á fætur annarri og svarar síðan ekki lykilspurningum eins og þeirri hvaða önnur atriði það eru sem vikið er að í yfirlýsingu samtaka í sjávarútvegi, ítreka ég, virðulegi forseti, þá ósk sem kom fram hjá hv. málshefjanda að lengri umræða yrði og fer formlega fram á að forseti skoði tímatöflu þingsins á morgun eða föstudag til að fá lengri umræðu um þetta mál svo að hægt sé að ræða sannleikann í málinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. utanrrh. óskar eftir að bera af sér sakir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það áður að ég hef lítt á liðinni tíð tekið þátt í þessum þingskapaleik hv. þm., sumra hverra, og mér þykir það afar leitt þegar menn misnota þingskapaákvæði hvað eftir annað til þess að veitast að öðrum þingmönnum með getsökum og dylgjum sem þeir ekki rökstyðja.

Hv. þm. sem hér talaði áðan fullyrti enn og aftur að utanrrh. hefði veitt rangar upplýsingar. Ég svaraði þeim ásökunum sem fram komu um slíkt í mínum ræðum og vísaði til bæði utanrmn., staðfestingar hv. þm. sem þar á sæti og greinargerðar sjútvrh. og ég vísa slíkum get-

sökum og dylgjum á bug. Ég mælist til þess við hv. þm., ef þeir telja sig þurfa að eiga orðastað við mig um slíka hluti, að þeir geri það að siðaðra manna hætti, misnoti ekki þingsköp daginn út og daginn inn, heldur ræði málefnin eins og menn og þá á réttum vettvangi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Þegar ég barði í borðið áðan var það í raun til að gera athugasemd við málflutning hæstv. utanrrh. hér í pontunni, en þar sem búið var að loka utandagskrárumræðunni átti ég ekki annars kost en að taka þátt í þingskapaumræðu. Ég hlýt að mótmæla því, hér undir þessari þingskaparumræðu, að utanrrh. skuli afflytja mín orð eins og raun bar vitni áðan. Ég sagði það aldrei að utanrrh. hefði borið það inn í utanrmn. að EB sækti það fast að fá langhalann út. Ég sagði að hann hefði upplýst að EB sækti það fast að karfi yrði stærri hlutur einhvern tímann á því tíu ára tímabili sem tvíhliða samningurinn tæki til. Þetta voru mín orð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti leggur þunga áherslu á að menn haldi sig við að gera athugasemdir við þingsköp en noti ekki þingskapaumræðu til að halda áfram utandagskrárumræðum sem er lokið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það að umræðan í þingsalnum á að vera að siðaðra manna hætti. Það á að vera grundvallaratriði. Þá verða líka allir að virða þá reglu. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að nægilegur tími gefist til að ræða þetta mál. Það hefur þessi umræða sýnt og sérstaklega athugasemd hæstv. utanrrh. hér áðan. Ég tek undir það. Við skulum ræða þetta að siðaðra manna hætti og gefa okkur tíma til þess annaðhvort á morgun eða föstudag. En ég ítreka ósk mína um að utanrmn. komi saman til formlegs fundar í fyrramálið.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa þessa umræðu og þolinmæði sem hún hefur sýnt hér við stjórnina. En ég hlýt að leyfa mér að vekja athygli á því, þar sem ræðutími minn og hæstv. utanrrh. er úti í þessari umræðu, að hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri grundvallarspurningu sem ég lagði fyrir hann í seinni ræðu minni. Hæstv. utanrrh. skaut sér á nýjan leik á bak við tafir Evrópudómstólsins og svaraði því ekki hvort af Íslands hálfu yrði skrifað undir samninginn ef á hann kæmi grænt ljós Evrópubandalagsmegin. Það er mjög vont að fara frá þessari umræðu hafandi ekki fengið skýr svör við því frá hæstv. utanrrh. hvort þingið megi jafnvel búast við því ef svo ber undir að samningurinn verði undirritaður af Íslands hálfu á næstu dögum.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og gert hafði verið ráð fyrir í upphafi átti að ljúka utandagskrárumræðu að beiðni hv. 1. þm. Austurl. um aðgerðir í efnahagsmálum. Jafnframt eiga þingflokksfundir að hefjast kl. 4. Það hafði orðið samkomulag um að við mættum fara fram yfir tímann til að koma að framsöguræðu hæstv. utanrrh. í 9. dagskrármálinu, samning um hefðbundinn herafla í Evrópu, án frekari umræðna um það. Jafnframt var samkomulag um að utandagskrárumræða hv. 5. þm. Reykv., um yfirlýsingu hans, færi fram kl. 4.15.

Nú stendur forseti frammi fyrir þeim vanda hvort hann á að halda áfram og hefja þessa utandagskrárumræðu og hefur tilhneigingu til að gera það ef ekki koma athugasemdir frá formönnum þingflokka þar um.

Svo er ekki. Þá mun nú hefjast utandagskrárumræða ásamt því að hæstv. utanrrh. mælir fyrir þingsályktunartillögunni. Þar á eftir verður utandagskrárumræða sem hv. 5. þm. Reykv. hefur. Allt þetta verður að fara saman og ef ekki koma athugasemdir um það mun það verða í þessari röð.

Umræður utan dagskrár.

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það er öllum kunnugt að alvarlegar aðstæður ríkja í efnahagsmálum okkar. Þá ekki síst í sjávarútveginum sem skapar okkur hvað mestar tekjur. Ríkisstjórnin hefur því miður verið með misvísandi ummæli í þessum málaflokki og það hefur skapað verulega óvissu. Það er í fyrsta lagi óvissa um framtíð fiskveiðistjórnunarinnar. Það mál hefur verið sett í nefnd og komið fram að um það er ágreiningur innan stjórnarflokkanna. Það hefur legið fyrir frá því í september sl. að botnfiskvinnslan og veiðarnar eru reknar með 5–6% tapi. Um miðjan nóvember sl. skipaði hæstv. forsrh. stóra nefnd til að fjalla um þetta alvarlega mál. En auðvitað liggur það alveg ljóst fyrir að sjútvrh. hlýtur að hafa unnið að málinu í sínu ráðuneyti á undanförnum missirum. Enda hefur það nú komið fram að hann hefur lagt fram tillögur í hæstv. ríkisstjórn til að bregðast við þessum mikla vanda. Það kom því nokkuð á óvart og skapaði enn meiri óvissu í sjávarútveginum þegar fram kom í kvöldfréttum í gærkvöldi að haft var eftir hæstv. sjútvrh. að brýnt væri að taka á rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja þegar í stað. En haft er eftir hæstv. forsrh., sem fer með efnahagsmál, að ekkert sérstakt knýi á um skjóta lausn þessa vanda. Þetta eru tilvitnanir úr fréttum útvarps í gærkvöldi.

Fréttamaðurinn spyr jafnframt forsrh. hæstv.: „Þannig að þegar sjútvrh. segir að það þurfi að gerast á næstu dögum og þú að við höfum vikur er að það sé ekki ágreiningur heldur.“ Hún hafði áður spurt um ágreining. Hæstv. forsrh. svarar: „Ekki sem neinu nem-

ur. Eins og ég segi: Það skiptir öllu máli að menn séu búnir að koma sér niður á þá hluti sem þeir ætla að framkvæma en ekki að hlaupa til þess vegna einhverrar tímasetningar. Það hefur verið árátta í íslensku þjóðfélagi að setja sér einhver tímamörk sem eiga sér kannski enga stoð. Ég tek ekki þátt í því."

Ég hlýt af þessu tilefni að spyrja hæstv. forsrh.: Er uppi ágreiningur um aðgerðir í þessu alvarlega máli? Telur hæstv. forsrh. að sjávarútvegurinn geti búið við þá óvissu að það liggi í loftinu næstu vikur og fram á næsta ár að það eigi að gera einhverjar aðgerðir? Margt má gera og ég efast ekki um að hæstv. sjútvrh. hefur lagt þar margt gott til en útilokað er að búa við þá óvissu sem forsrh. hefur skapað með ummælum sínum. Því hvet ég hann til að draga þessi orð sín til baka og upplýsa að mjög skammt sé í það að þessar ráðstafanir líti dagsins ljós. Ef svo er ekki þá hvet ég hæstv. sjútvrh. til að upplýsa þingið um það hvað hann hefur lagt til og hvað hann þurfi að gera núna alveg á næstu dögum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar hv. 1. þm. Austurl. vil ég taka fram að hægt er að svara því: Fljótlega. Það er ekki hægt að draga það í margar vikur og fram á næsta ár eins og hann orðaði það að kynna niðurstöðu okkar í þessum efnum. Á hinn bóginn er það líka rétt að við höfum iðulega á liðnum árum lent í því að tilteknar dagsetningar hafa verið næstum því óyfirstíganlegar vegna þess að við þær dagsetningar skyldi eitthvað sérstakt gerast í efnahagslífinu. Stórfelldar hækkanir skyldu koma á laun og annað þess háttar. Við þekkjum þær dagsetningar afskaplega vel, 1. maí, 1. sept. og aðrar slíkar dagsetningar sem hafa sett allt í mikinn hnút. Þær dagsetningar eru ekki á ferðinni núna þó að ég sé ekki að draga neitt úr því að sá vandi sem við er að etja er töluverður. Málshefjandi fer sjálfsagt nærri um það með hvaða hætti fyrirtækin voru skilin eftir þegar hann og hans félagar í fyrrv. ríkisstjórn fóru frá. Þess er ekki langt að bíða að þær tillögur sem ríkisstjórnin kemur sér saman um verði kynntar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í síðustu viku svaraði hæstv. forsrh. fsp. minni hér á hv. Alþingi á þann veg að gripið yrði til efnahagsráðstafana og þær yrðu tilkynntar í þessari viku. Skýrði frá því að þær yrðu teknar til umræðu hér á hv. Alþingi í þessari viku. Þær yrðu ræddar við fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks í þessari viku. Þetta var niðurstaða hans eftir að hann hafði að vísu mjög lengi móast við og sagt að ekkert ætti að gera. Þá hafði orðið niðurstaða í þingflokki Sjálfstfl. á löngum og ströngum fundi að það yrði þó að grípa til einhverra ráðstafana og hann tilkynnti þetta í síðustu viku. Hvað gerist svo? Hæstv. sjútvrh. tilkynnir að hann hafi lagt fram tillögur um aðgerðir í sjávarútvegi í ríkisstjórninni. Hann segir í Morgunblaðinu í dag að ekki megi dragast að ríkisstjórnin grípi til aðgerða í efnahagsmálum og enn fremur segist hann leggja áherslu á frestun afborgana af lánum Atvinnutryggingarsjóðs en niðurstaðan af ríkisstjórnarfundi í gær hefði orðið önnur en að var stefnt, segir hann. Hann ætlaði sér sem sagt að ná fram lendingu í gær. Forsrh. landsins neitaði í raun og veru að afgreiða málið. Og segir svo við fjölmiðla í gærkvöldi: Það stendur ekki til að gera neitt hér á næstunni. Það er ástæðulaust að vera að festa sig í dagsetningum.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hver stjórnar efnahagsmálum í þessu landi? Hæstv. forsrh. sendi frá sér a.m.k. þrjár ef ekki fjórar sprengjur með yfirlýsingum í gærkvöldi af ýmsu tagi. Sumar þeirra hafa verið ræddar hér þegar. Ein þeirra er órædd t.d. sú að stjórn Byggðastofnunar hafi beitt sér fyrir refsiverðum lögbrotum á síðasta tímabili eins og kom fram í ræðu hans í gær. (**Forsrh.:** það er ekki satt.) Hann tók að vísu fram að það væri sennilega ekki refsivert, hann hefði ekki kannað refsiþátt málsins. (Gripið fram í.) En staðreyndin er auðvitað sú að þjóðin bíður eftir því að hún eignist alvöruríkisstjórn sem tekur á þeim vanda sem liggur fyrir í atvinnuvegum landsins, m.a. vegna kjarasamninga og af öðrum ástæðum. Í staðinn er staðan þannig að þingmenn mega bersýnilega næst búast við því að hæstv. sjútvrh. óski eftir utandagskrárumræðum á Alþingi til að ræða við forsrh. um yfirlýsingar forsrh. í atvinnumálum. Þannig er ástandið orðið að það stendur ekki steinn yfir steini og ég fordæmi þessi vinnubrögð forsrh. mjög harðlega.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú, áður en lengra er haldið, minna hv. þm. á að reyna að halda sig við tímamörkin sem sett eru af því að annars gengur þetta allt yfir á tíma þingflokksfunda sem ættu að vera byrjaðir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki að ástæðulausu að við höfum áhyggjur af aðgerðum eða réttara sagt aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Því miður hefur sá andi verið ríkjandi að leyfa ætti atvinnulífinu úti á landi, og einkum sjávarútvegi, að sigla sinn sjó og gera helst ekki neitt á meðan. Með stjórnvaldsaðgerðum er jafnframt verið að gera erfitt fyrir t.d. með stefnu í vaxtamálum og með því að vera með rangar áherslur í atvinnumálum eins og við kvennalistakonur höfum mjög oft bent á. Þetta er spurning um atvinnu og afkomu heilla byggðarlaga og það er ekki hægt að sitja hjá og það af síður að þykjast sitja hjá, bíða eftir að atvinnulífið taki kipp á meðan þrengingar eru í sambandi við kvóta, minnkandi fiskafla og störf í fiskvinnslu dragast saman, um heil 20% á seinustu fjórum árum sýnist mér á síðustu tölum þar sem er greint frá ársverkum í frystingu, söltun og herslu. Þetta eru störf sem eru mjög mikilvæg á Íslandi. Það er von er að flestir taki viðbragð þegar forsrh. lætur í það skína að ekkert liggi á. Við erum einfaldlega hrædd um að þetta verði að kæk og vana og það liggi ekkert á vikum eða jafnvel mánuðum saman. En það liggur á. Hér er um

atvinnu að ræða í byggðum landsins og hér er um afkomu fólks í byggðum landsins að ræða.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Bátur ríkisstjórnarinnar er á reki. Enginn getur búið við þá raunvexti sem ríkja í landinu. Höfuðmálið nú gagnvart atvinnulífinu, ekki síst sjávarútveginum og fólkinu í landinu, er að raunvextir lækki. Til þess að það gerist verður málið að bera rétt að. Nú er mesti nafnvaxtamunur útlána á milli peningastofnana sem verið hefur um árabil. Það sést glöggt á þessari töflu, hann er frá 2 og upp í 4%. Það er rétt að Íslandsbanki og Landsbanki hafa farið niður með sína vexti í anda snigilsins. Hins vegar heldur ríkið uppi raunvöxtum í landinu með háu ávöxtunartilboði á spariskírteinum upp á 8,1%. Einnig býður ríkið óverðtryggða pappíra með nafnvöxtum í dag á 19,1% sem eru raunvextir á sparifé upp á 16–17% miðað við verðbólgu í dag. Ríkið hagar sér gagnvart atvinnulífinu og einstaklingunum eins og það sé eitt í heiminum. Ríkið stendur fyrir mikilli sölu húsbréfa að auki. Ríkið hefur sótt á íslenska peningamarkaðinn 20 milljarða það sem af er þessu ári. Það er reyndar furðulegt að þeir sem hæst hafa um raunvaxtalækkun eru vinnuveitendur og verkalýðsforustan sem eru sömu aðilar og sitja í stjórn lífeyrissjóðanna. Það eru lífeyrissjóðirnir sem krefjast þessarar háu ávöxtunar á tryggum ríkispappírum svo sem húsbréfum og spariskírteinum ríkissjóðs. Þessir piltar hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri. Ef lífeyrissjóðirnir og ríkið lækka sína ávöxtunarkröfu skapast fyrst grundvöllur raunvaxtalækkunar í landinu sem er mjög mikilvægur. Þetta heitir að byrja skákina á byrjunarreit. Á því verður ríkisstjórnin að átta sig og hætta að tala í báðar áttir því það hefur hún gert.

Annars er það rannsóknarefni hvernig launafólk og lífeyrissjóðir þess komast upp með að veifa einni milljón af hverjum fimm út um gluggann í sambandi við húsbréfin. Það er rannsóknarefni og það er óskiljanlegt að íslenska þjóðin skuli sætta sig við það. Að auki, hæstv. forseti. Lífeyrissjóðirnir gera kröfu um afföll upp á 22–24% og er hleypt með þessi sömu bréf á erlendan markað þar sem þeir gera viðbótarkröfur um afföll upp á 5–6% um leið og þeir skuldsetja íslenska þjóð. (**Forseti:** Enn vill forseti minna hv. þm. á að fara ekki svona fram yfir tímann.)

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu, þ.e. efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar og í hvern hnút þær ráðstafanir eru komnar, er að mínu mati einungis angi af miklu stærra vandamáli. Vandamálið er og það hefur berlega komið í ljós síðustu daga að í hinum stærstu málum er engin forusta í ríkisstjórninni til þess að takast á við þau. Það kom berlega í ljós hér áðan í umræðu um EES-samningana að þar hefur utanrrh. farið offari. Það hefur komið í ljós þegar kemur að umræðu um efnahagsmál að þar er engin forusta af hálfu forsrh. Hann var fyrir rúmri viku píndur til að segja að gefnar yrðu yfirlýsingar eftir fund í Ráðherrabústaðnum. Hann snýr aftur við blaðinu í útvarpsviðtali í gær um leið og hann hirtir hæstv. sjútvrh., samflokksmann sinn og samráðherra. Því miður er svo komið að þjóðin hefur algerlega misst trúna á að þessi ríkisstjórn sé fær um að leysa úr aðsteðjandi vanda. Þetta endurspeglast líka í þingsölum og utan þings í samskiptum stjórnarliðanna þar sem hæstv. forsrh. notar hvert tækifæri sem gefst til að hirta þá og auðmýkja á opinberum vettvangi eins og svo berlega kom hér í ljós í gær á þrennan hátt. Gagnvart ummælum 5. þm. Reykv., gagnvart Byggðastofnun og þar af leiðandi tveim ráðherrum í sinni ríkisstjórn og svo síðast í kvöldfréttum varðandi ummæli um þörf á aðgerðum í efnahagsmálum sem sjútvrh. hafði lagt fram í ríkisstjórninni.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin virðist gjörsamlega ráðalaus eða a.m.k. verður ekkert samkomulag um þau ráð sem menn hafa. Þess vegna gerist ekki neitt. Einu úrræðin sem við höfum séð koma inn í þingið frá þessari ríkisstjórn í sjávarútvegsmálum eru að selja eigi aðgang að þeim afla sem er á vegum Hagræðingarsjóðs. Við bíðum hér, þjóðin bíður öll og sérstaklega landsbyggðin og útgerðin í landinu eftir aðgerðum í efnahagsmálum, þessum aðgerðum sem hafa verið boðaðar að eigi að vera almenns eðlis en þær koma ekki. Menn tala um að ná niður vöxtum en það gerist ekki neitt. Þeir halda áfram að vera svo háir að þeir hafa líklegast ekki verið jafnháir hér í aðra tíð. Fjölmargt annað þarf að gerast gagnvart sjávarútveginum til þess að lagfæra stöðu hans á meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir. Ég bendi á að draga þarf markvisst úr og, ef þurfa þykir, banna flutning veiðiheimilda á milli byggðarlaga og skipa á meðan það ástand varir sem nú er. Ég bendi á að það er rifist um allt land um tvöföldun línuaflans og að það eigi að afnema krókaleyfin á litlu bátunum. Það er líka mikið byggðamál út um allt land. Það þarf að taka afstöðu til slíkra mála, það þarf að taka afstöðu til þess hvernig eigi að taka á því að afla er hent í sjóinn og það þarf að stöðva að mínu viti þá þróun sem er í gangi núna að verið er að flytja fiskvinnsluna út á sjó. Við verðum að doka við og bíða með það að hleypa fjölmörgum skipum af stað sem þýðir að atvinnan dregst saman í landi. Það þarf að setja reglugerð um fiskmarkaði og gera fjölmargt annað, en það fyrsta sem verður auðvitað að gerast er að ríkisstjórnin hysji upp um sig buxurnar og komi með aðgerðir í efnahagsmálum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég nefndi fyrr í dag yfirlýsingar hæstv. forsrh. sem ég tel ekki vera sæmandi þeim sem leiðir ríkisstjórn íslenska lýðveldisins. Í gær er haft eftir hæstv. sjútvrh. í fréttum að brýnt sé að taka á rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja. Í sama fréttatíma segir hæstv. forsrh. að ekkert sérstakt knýi á um skjóta lausn vandans. Ég hygg að í þeim ummælum sé að leita skýringa á því ástandi sem við búum við í þinginu þar sem hvorki gengur né rekur. Það takast á tveir

armar í Sjálfstfl. sem koma sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut. En ég hlýt að taka undir með hæstv. sjútvrh. að mjög brýnt er að taka á þeim vanda sem blasir við í þjóðfélaginu og snertir atvinnulífið, ekki eingöngu sjávarútvegsfyrirtækin heldur vinnu fólks í landinu. Ég óttast að með aðgerðum og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar sé verið að setja af stað keðjuverkun samdráttar sem á eftir að koma illa niður á vinnandi fólki í landinu. Ég vil ítreka og koma til skila til hæstv. ríkisstjórnar þeirri tillögu sem við kvennalistakonur lögðum til á nýliðnum landsfundi okkar um það að ríkisstjórnin notfæri sér þá lántökuheimild sem Landsvirkjun þarf ekki að nota og beiti sér fyrir arðvænlegum opinberum framkvæmdum á vegum ríkis eða sveitarfélaga eða jafnvel annarra aðila til að skapa vinnu í landinu og halda uppi eftirspurn. Það verður að grípa til ráða ella kann illa að fara.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft þarfri umræðu. Getuleysi núv. ríkisstjórnar veldur okkur áhyggjum því það þarf að taka á vandamálum atvinnulífsins og þá einkanlega sjávarútvegsins sem stefnir örugglega í a.m.k. 9–10% halla ef svo heldur fram. Veikleiki ríkisstjórnarinnar er áhyggjuefni, ekki aðeins okkar sem hér sitjum, heldur þjóðarinnar allrar því hér er stefnt í fjöldaatvinnuleysi.

Á sama tíma sem við fréttum að ríkisstjórnin sé að fást við vanda sjávarútvegsins lesum við út úr þeim skjölum sem við sjáum og fáum að líta í frá ríkisstjórninni að stefnt er að því m.a. að fella niður verðjöfnunargjald á olíu. Taka á upp nýjan skatt, svokallaðan hafnarskatt. Er meiningin að skattleggja umferð um hafnirnar? Er meiningin að taka upp svokallaðan aflaskatt og íþyngja enn sjávarútveginum? Það lesum við ef við förum yfir fjárlögin, þar stendur það nokkurn veginn berum orðum. Er meiningin einnig að fella niður sjómannaafsláttinn eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt og bæta þar með 1,5 milljörðum kr. á sjávarútveginn til viðbótar? Er ekki meiningin að standa við það og aðstoða hæstv. sjútvrh. til þess að staðið verði við 10. gr. Verðjöfnunarsjóðsins sem kveður á um að heimilt sé að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn meðan svo stendur á? Á virkilega ekki að lækka vexti í þessari atvinnugrein og annarri í landinu?

Og svo að lokum hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka upp þá stefnu að innleiða auðlindaskatt og selja veiðileyfin. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins skal tekinn til að fjármagna ríkissjóð.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er varla fyrir nokkurn mann legan mátt að eltast við allar yfirlýsingar hæstv. forsrh. Það gat að vísu gengið í borgarstjórn, en varla þegar þjóðin öll hlustar á og tekur eftir. Það virðist vera alveg sama þó leiðinlegt sé, það er bara endurtekið. Ég ætla að taka upp aðeins eina, reyndar gatslitna, plötu hjá hæstv. forsrh. Hann segir enn einu sinni: Sjáið bara hvernig fyrri ríkisstjórn skildi við atvinnuvegina.

Veit hæstv. forsrh. hvað sú vaxtahækkun sem hefur orðið, svo ég taki nú það eitt, þýðir fyrir atvinnuvegina? Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands og vaxtasíðu Morgunblaðsins hafa meðalvextir af verðtryggðum skammtímalánum hækkað úr 8% í 10%. Þegar kemur að óverðtryggðum lánum er gert enn betur því að vextir af óverðtryggðum lánum hafa hækkað úr 9,1% í 16,1%. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar þýðir hækkun innlendra vaxta, ef maður tekur þá eina, u.þ.b. 1,5 milljarða í auknum útgjöldum fyrir atvinnulífið í landinu. Hvað ætli séu margir milljarðar sem er um að ræða?

Ég vil nota tækifærið og taka undir það með hæstv. sjútvrh., þarna þarf sannarlega að hafa handleiðslu, ég held hann hafi kallað það það. Handafl hef ég stundum kallað það, en það þarf sannarlega að hjálpa til til að lækka vextina og það er það langbesta sem hægt er að gera fyrir atvinnulífið.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði satt best að segja vonað að þessari umræðu gæti lokið með þeim hætti að eitthvað meira væri vitað um það sem er fram undan og forsrh. mundi nota tíma sinn til að eyða óvissu. Hann sagði í gærkvöldi: Það er ekkert sérstakt sem knýr á um skjóta lausn vandans — ef fréttamaðurinn hefur þá haft rétt eftir honum.

Hann sagði hér áðan: Vandinn er töluverður. — Síðan fór hann út í gömlu plötuna sem gengur út á það að tala um hvað hinir skildu illa við. Hvað ætlar hæstv. forsrh. að nota þessar setningar lengi? Hyggst hann vera allt kjörtímabilið í forsrn. og svara ávallt svo til þegar hann er spurður um alvarleg mál?

Hér er um mjög alvarleg mál að ræða. Fjöldi sjávarútvegsfyrirtækja um allt land standa frammi fyrir stöðvun. Það er enginn að halda því fram að það sé hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstjórn að kenna. Það er aflaleysið, það eru kostnaðarhækkanir og nú hefur verið upplýst að það sé samdráttur í þjóðartekjum um jafnvel allt að 6% milli ára. Þetta eru mikil áföll og þá þarf að bregða við. Það þýðir ekkert að vera alltaf að tala um liðna tíð og fortíðarvanda. Það er þá miklu betra að hafa það endanlega í nefnd heldur en að vera alltaf að skipa nýjar og nýjar nefndir í þann vanda sem er bráðastur. Það er allt í lagi mín vegna að hafa þennan fortíðarvanda sem lengst í nefnd og hún getur haldið blaðamannafundi annað slagið ef það getur létt á hæstv. forsrh. og hann getur farið að snúa sér að því sem skiptir máli. Það þarf að sjálfsögðu að lengja lánin í sjávarútveginum og það þarf að aðstoða sjávarútveginn við það að lækka kostnað sinn. Það er nýbúið að hækka rafmagnið. Vextirnir eru allt of háir. Hæstv. ríkisstjórn ætti að sjá sóma sinn í því að draga það frumvarp sem liggur fyrir um Hagræðingarsjóð til baka við núverandi aðstæður og auðvitað ætti hæstv. forsrh. að lýsa því yfir að hann hyggist beita sér fyrir því nú alveg á næstunni að lækka aðstöðugjaldið. Það væri mikilvæg yfirlýsing fyrir atvinnuvegi landsins. Það er eitt af því sem þarf að gera. En auðvitað er það vitað mál að atvinnuvegirnir sjálfir þurfa að takast á við

þennan vanda. Það verður ekki allt gert af hálfu hins opinbera. Þar er margt hægt að gera en hæstv. forsrh. verður að koma upp og tala með öðrum hætti til atvinnulífsins í landinu en hann hefur gert hér í dag og í fréttatíma í gærkvöldi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég skil vel að hv. 1. þm. Austurl. sé ekki hlynntur því að ég tali lengi um fortíðarvandann, en það er hins vegar algjörlega nauðsynlegt (**HÁ:** Það er allt í lagi, allt í lagi.) og ég mun ekki hika við það að halda því vel til skila hvernig komið var vegna þess að því var haldið að landsmönnum (**HÁ:** Ætlar þú að eyða öllum þínum tíma í það?) að staðan væri miklu betri en í raun reyndist vera. Mér fannst líka gaman að því, virðulegi forseti, að minn ágæti fyrirrennari, einmitt þessi virðulegi og ágæti þingmaður, fyrrv. forsrh., skyldi tala um það að yfirlýsingar mínar væru sérstakt vandamál. Ég býst við að það sé fróðlegt fyrir þjóðina að heyra það úr munni hans. Reyndar var það fyrir fjórum árum sem yfirlýsingar þessa ágæta þingmanns og þá ráðherra voru taldar sérstakt efnahagsvandamál.

En ég vil nefna eitt atriði sem hann nefndi vegna þess að hann taldi að eitt hafi gerst af okkar völdum — því að hann var ósammála 1. þm. Austurl. að þetta væri ekki af okkar völdum — sem hefði nú farið halloka, það væru vextirnir. Hann nefndi vextina sérstaklega. En hv. þm. hefði átt að hlusta betur á ræðu hv. 5. þm. Suðurl. sem skýrði mjög vel hvers vegna vextirnir eru eins og þeir eru og af hverju þeir fóru svona hátt. Hann talaði um það með hvaða hætti ríkisvaldið hefði sölsað undir sig og sótt í allt sparifé í landinu. Hann nefndi með hvaða hætti það væri í ár og þó er það minna en til stóð af hálfu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það eru nefnilega verkin sem tala en ekki yfirlýsingarnar. Og það eru verk hans að sækja svo í sparifé landsmanna sem urðu til þess að vextir eru jafnháir og þeir eru. Það er ekki fyrr en menn ná tökum á því sem vextir lækka á nýjan leik.

Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu, fyrri umr.

Stjtill., 147. mál. — Þskj. 158.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég legg fram till. til þál. um fullgildingu samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Ef spurt er hvort nokkur einn þáttur hafi öðrum fremur sett svip á samskipti austurs og vesturs frá lokum síðari heimsstyrjaldar getur svarið vart dulist neinum. Tímabil kalda stríðsins verður tvímælalaust skráð á spjöld mannkynssögunnar sem tímabil stórfelldasta vígbúnaðarkapphlaups sem sögur fara af. Hin ógnvænlega hernaðaruppbygging sem einkenndi þá fjóra áratugi sem okkur er tamt að nefna tímabil kalda stríðsins, gætti ekki síst á miðju meginlandi Evrópu þar sem hersveitir Varsjárbandalagsins og varnarbandalags vestrænna ríkja, Atlantshafsbandalagsins, stóðu lengst af gráar fyrir járnum augliti til auglitis.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það var í skjóli hervalds sem Sovétríkjunum var gert kleift að halda ríkjum Mið- og Austur-Evrópu í helgreipum kommúnískrar harðstjórnar og koma þannig í veg fyrir að lýðræðis- og frelsishugsjónir almennings í ríkjum þessum næðu fram að ganga.

Sá samningur sem ég legg nú fyrir Alþingi í formi þáltill. um fullgildingu markar þáttaskil í sögu eftirstríðsáranna. Ég nota orðið þáttaskil vegna þess að samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu sem þáv. forsrh. og núv. utanrrh. undirrituðu fyrir Íslands hönd með fyrirvara um fullgildingu Alþingis hinn 19. nóv. 1990 í París er fyrsta áþreifanlega vísbendingin um að brotist hafi verið út úr þeim vítahring samkeppni á hernaðarsviðinu sem einkenndi tímabil kalda stríðsins. Um leið er með þessum samningi lagður grunnur að nýju öryggiskerfi byggðu á samvinnu Evrópuríkja. Með þessum orðum vil ég ekki halda því fram að endir hafi verið bundinn á framleiðslu vopna eða fróðafriður í Evrópu sé tryggður um fyrirsjáanlega framtíð, samningurinn einskorðast við hefðbundin vopn á landi og nær því hvorki til kjarnavopna sjóherja né efnavopna. Þar sem honum er ætlað að eyða misvægi á hernaðarsviðinu sem einkum hefur ógnað stöðugleika í Evrópu á undanförnum áratugum hlýtur hann engu að síður að teljast mikilsvert framlag til friðar og öryggis í álfunni. Það er ekki síst til þess að leggja þeim málstað lið sem ég fer þess nú á leit við hv. Alþingi að það fullgildi þennan samning.

Þáltill. sjálfri sem dreift hefur verið í þinginu fylgir grg. um samninginn þar sem gerð er m.a. grein fyrir aðdraganda hans, innihaldi og áhrifum hér á landi. Ég mun ekki endurtaka hér það sem fram kemur í grg. en vil eigi að síður staldra við nokkur meginatriði varðandi mikilvægi samningsins, þýðingu hans fyrir Íslendinga og þær kvaðir sem hann leggur okkur á herðar, auk þess sem nauðsynlegt er að fara nokkrum orðum um áhrif þeirra atburða sem nú eiga sér stað í Sovétríkjunum og varða gildistöku samningsins.

Hernaðarlegt mikilvægi samningsins er e.t.v. best lýst með því að rifja upp þau meginmarkmið sem stefnt var að með samningsgerðinni. Í fyrsta lagi miðar samningurinn að því að útrýma tugum þúsunda vopna sem nota má til skyndilegra sóknaraðgerða á landi, auk þess sem hann setur skorður fjölda slíkra vopna innan samningssvæðisins frá Atlantshafi til Úralfjalla. Kveðið er á um fimm flokka vígbúnaðar í samningnum, skriðdreka, bryndreka, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur.

Í öðru lagi er samningnum ætlað að koma í veg fyrir að nokkurt eitt aðildarríki geti átt meira en u.þ.b. þriðjung framangreindra vopna og að ekki skapist misvægi milli afmarkaðra svæða, t.d. milli miðsvæðis og norðurvængs.

Í þriðja lagi setur samningurinn skorður við fjölda vopna í framangreindum flokkum sem ríki geta haft í þjónustu sinni eða virkum liðsveitum og mælir fyrir

um vistun vopna umfram þær skorður í tilgreindum og afmörkuðum birgðageymslum.

Í fjórða og síðasta lagi kveður samningurinn á um mjög strangt eftirlit og sannprófun, bæði til að tryggja framkvæmd samningsins og koma í veg fyrir undanbrögð frá honum.

Ég vil bæta því við að flest þessara vopna, u.þ.b. 100 þús. vopna, sem gert er ráð fyrir að verði eyðilögð á rúmum þremur árum eftir að samningurinn tekur gildi er í eigu þeirra ríkja sem áður voru í Varsjárbandalaginu, en samningurinn byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem yfirburða nýtur skuli skera niður hlutfallslega fleiri vopn en hinn aðilinn.

Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé um að ræða samning um takmörkun vígbúnaðar er ekki síður mikilvægt að menn hafi í huga pólitíska þýðingu samningsins fyrir einstök ríki og fyrir samstarf Evrópuríkja í heild. Eins og ég vék að hér að framan hefur samningurinn mikla þýðingu fyrir hin nýfrjálsu ríki í Mið- og Austur-Evrópu en nærvera sovéskra herja stóð lýðræðisþróun í ríkjum þessum lengst af fyrir þrifum og gerði að verkum að í raun bjuggu þau við takmarkað fullveldi. Samningurinn er auk þess mikilvægur fyrir Eystrasaltsríkin og önnur lýðveldi sem annaðhvort hafa þegar sagt sig úr sovéska ríkjasambandinu eða hafa í hyggju að gera það á næstunni, þar sem hann gerir þeim kleift að gera sjálfstæðar varnaráætlanir við betri og stöðugri ytri aðstæður í öryggismálum en áður.

Hinn pólitíski ávinningur af samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu er þó síður en svo bundinn við austanverða Evrópu einvörðungu. Framkvæmd samningsins mun að öðru óbreyttu leiða til þess að grunnur verði lagður að nýju fyrirkomulagi í öryggismálum í Evrópu. Þar á ég einkum við að í kjölfar samningsins munu þau ríki sem aðild eiga að honum að viðbættum ríkjum sem staðið hafa utan bandalaga öðlast aukna hlutdeild í sameiginlegum aðgerðum til eflingar friði og stöðugleika í álfunni. Eftir því sem dregur úr vægi vopnavalds gefast ríkjum Evrópu og Norður-Ameríku ný og áður óþekkt tækifæri til að hlúa að öryggi sínu með pólitískum frekar en hernaðarlegum aðgerðum. Í þessu sambandi vil ég geta þess að á Helsinki-fundi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu sem hefst í mars á næsta ári er gert ráð fyrir að öryggisviðræður þátttökuríkjanna 38, sem nú eru orðin, leysi af hólmi samningaviðræður ríkjanna 22, þ.e. aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og fyrrv. Varsjárbandalags, sem aðild eiga að samningnum um hefðbundinn herafla.

Um efnahagslega þýðingu samningsins þarf ekki að fjölyrða. Aukin stöðugleiki á hernaðarsviðinu mun vafalítið leiða til þess að dregið verður úr útgjöldum til varnarmála. Við það sparast umtalsvert fé til að glæða vöxt í þeirri efnahagslegu eyðimörk sem er arfleifð kommúnismans í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Loks vil ég einnig vekja athygli á mikilvægi þess að samningurinn, sem er ótímabundinn, verður lagalega bindandi eftir að aðildarríki hafa fullgilt hann. Þjóðréttarlegt gildi samningsins hefur það í för með sér að með honum eru ófrávíkjanlegar skorður reistar við hugsanlegu afturhvarfi til hernaðaruppbyggingar liðins tíma.

Vonir eru við það bundnar að brottnám stórs hluta sóknarvopna á meginlandi Evrópu muni, eins og ég hef þegar tekið fram, stuðla að betra jafnvægi og auknum stöðugleika á hernaðarsviðinu í Evrópu. Að svo miklu leyti sem aukinn stöðugleiki dregur úr líkum á að styrjöld brjótist út á meginlandinu má færa rök fyrir því að Íslendingar sem aðrir njóti góðs af samningnum. Burt séð frá hinum almennu áhrifum samningsins á íslenska öryggishagsmuni eru bein áhrif samningsins á Íslandi takmörkuð að því leyti að niðurskurðarákvæði hans ná ekki til þess viðbúnaðar sem fyrir er á vegum varnarliðsins. Samningurinn hefur þó í för með sér ákveðnar skuldbindingar fyrir íslensk stjórnvöld í samvinnu við bandarísk stjórnvöld og varnarliðið, einkum hvað varðar tilkynningarskyldu og móttöku erlendra eftirlitsmanna, sem ég geri nánari grein fyrir hér á eftir.

Samningurinn er, eins og ég gat um áðan, fyrst og fremst samningur um niðurskurð landherja á meginlandi Evrópu. Niðurskurður landherja mun gera það að verkum að það mun verða mikilvægara en ella að geta flutt varalið yfir Atlantshafið frá Norður-Ameríku á hættu- og ófriðartímum. Á það ekki síst við ef samkomulag næst um fækkun í mannafla í framhaldi af þeim samningi sem hér er til umræðu. En viðræður um það efni fara um þessar mundir fram í Vínarborg. Við Íslendingum blasir því sá mótsagnarkenndi veruleiki að jafnframt því sem dregið hefur úr varnarþörfinni, þegar á heildinni er litið, kann mikilvægi þeirrar aðstöðu, sem Ísland lætur Atlantshafsbandalaginu í té til að fylgjast með og vernda siglingarleiðir yfir Atlantshafið, að hafa aukist í samanburði við það sem áður var.

Ég vil nú snúa mér að þeim þætti sem lýtur að eftirliti með samningnum hér á landi sérstaklega. Á Íslandi er einungis ein tegund vígbúnaðar sem samningurinn nær til, þ.e. F-15 orrustuvélar í eigu Bandaríkjanna, sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir að samningurinn hafi ekki í för með sér fækkun þessara véla á Íslandi falla þær undir upplýsinga- og eftirlitsákvæði samningsins. Óski eitthvert fyrrum Varsjárbandalagsríkja að sannreyna upplýsingar sem veittar hafa verið samkvæmt ákvæðum samningsins um samningsbundinn vígbúnað hér á landi eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til að veita eftirlitsmönnum þeirra viðtöku. Þar sem einungis er um að ræða eitt eftirlitssvæði á Íslandi og eina tegund tilkynningarskylds vopnabúnaðar má búast við að eftirlitsferðir hingað til lands verði mun færri en annars staðar á samningssvæðinu. Samningurinn heimilar annars vegar eina eftirlistferð á tilkynntu eftirlitssvæði á fimm ára fresti og hins vegar skyndieftirlitsferð einu sinni á ári.

Tekið skal fram að samningurinn heimilar beiðni um skyndieftirlit utan Keflavíkurflugvallar, t.d. á ratsjársvæðum, en slíkri beiðni ættu íslensk stjórnvöld rétt á að hafna á þeirri forsendu að engum samningsbundnum vopnabúnaði sé til að dreifa utan vallar. Ógerningur er hins vegar að spá fyrir um það með vissu á þessu stigi hvort eða að hvaða marki fyrrum aðildarríki Varsjárbandalagsins muni nýta sér þessar heimildir til eftirlits hér á landi.

Í sérstakri bókun samningsins um eftirlit er kveðið á um skyldur aðildarríkja í tengslum við eftirlit. Samkvæmt bókun þessari bera íslensk stjórnvöld ábyrgð á upplýsingamiðlun og móttöku eftirlitsmanna og áhafna *flugvéla svo og uppihaldi og flutningi til eftirlitssvæðis*. Innan eftirlitssvæðisins taka fulltrúar bandarískra stjórnvalda og varnarliðsins á hinn bóginn við og fer eftirlit fram í fylgd fulltrúa utanrrn.

Að loknu eftirliti ber íslenskum stjórnvöldum að taka aftur við eftirlitsmönnum og fylgja þeim til brottfararstaðar. Tekin verður saman eftirlitsskýrsla áður en eftirlitsmenn hverfa af landi brott.

Á vegum utanrrn. hefur verið tekin saman móttökuáætlun vegna komu erlendra eftirlitsmanna og má geta þess að efnt var til sérstakrar eftirlitsæfingar á Íslandi dagana 30. sept. til 4. okt. í samvinnu við varnarliðið, bandarísk stjórnvöld og kanadíska eftirlitsmenn. Þótti sú æfing takast vel. Þess skal að lokum einnig getið að samkvæmt samningnum eiga Íslendingar einnig kost á að framkvæma eða taka þátt í eftirlitsferðum til fyrrverandi aðildarríkja Varsjárbandalagsins. *Enn hefur* ekki verið kveðið á um hvort eða með hvaða hætti Íslendingar muni nýta sér þessar heimildir en unnið hefur verið að því að samræma notkun eftirlitskvóta einstakra ríkja á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

Virðulegi forseti. Meira en ár er nú liðið síðan þessi umfangsmesti samningur um takmörkun vígbúnaðar sem gerður hefur verið var undirritaður í París. Margt hefur breyst á þeim tíma og velta menn því eðlilega fyrir sér hvort ekki sé hætt við að samningurinn sjálfur úreldist nú óðum. Víst er að sú heimsmynd sem samningagerðin tók í upphafi mið af hefur breyst í veigamiklum atriðum eins og vikið er að í greinargerðinni með samningnum. Nægir í því sambandi að nefna að annað bandalagið sem aðild á að samningnum, Varsjárbandalagið, er úr sögunni og að Eistland, Lettland og Litáen, sem áður voru uppistaðan í svokölluðu Eystrasalts-herstjórnarsvæði Sovétríkjanna hafa endurheimt fullt og óskorað sjálfstæði.

Óhætt er að fullyrða að þrátt fyrir slíka ófyrirsjáanlega atburði haldi samningurinn gildi sínu fullkomlega óskertur. Brotthvarf Varsjárbandalagsins breytir í grundvallaratriðum engu um þá staðreynd að framkvæmd niðurskurðar á grundvelli þeirra markmiða sem samkomulag varð um á milli bandalaganna tveggja er eftir sem áður á ábyrgð einstakra aðildarríkja samningsins. Sá vandi sem hlaust af sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna í tengslum við gildissvæði samningsins var enn fremur leystur með sérstakri lagalega bindandi yfirlýsingu sem tekur gildi um leið og samningurinn. Þessi niðurstaða ásamt lausn ágreinings sem upp kom um talningareglur samningsins fyrr á árinu er raunar órækur vitnisburður þess að sérstök ákvæði samningsins gera aðilum hans kleift að aðlaga samninginn breytilegum aðstæðum. Engu að síður verður því ekki í móti mælt að gætt hefur nokkurrar óvissu síðustu vikur um þau áhrif sem nýlegir og fyrirsjáanlegir atburðir í Sovétríkjunum kynnu að hafa á fullgildingu samningsins. Hér á ég ekki síst við þá upplausn miðstjórnarvalds sem vekur efasemdir um hvort sovéska þingið hafi í reynd umboð til að fullgilda samninginn fyrir hönd lýðvelda sem þegar eru á leið út úr ríkjasambandinu.

Eins og kunnugt er stendur fyrir dyrum þjóðaratkvæðagreiðsla í Úkraínu um sjálfstæði lýðveldisins þann 1. des. nk. Lýsi stjórn Úkraínu lýðveldið sjálfstætt ríki í kjölfar atkvæðagreiðslunnar, eins og yfirgnæfandi líkur eru taldar á, er nánast óhugsandi að stjórnvöld í Kænugarði telji sig bundin af fullgildingarákvörðun sovéska þingsins. En stór hluti hefðbundins vígbúnaðar Sovétmanna sem fellur undir samninginn er staðsettur á landssvæði Úkraínu. Of snemmt er á þessu stigi að segja til um með vissu hvernig brugðist verður við þessum vanda en hugsanlegar lausnir eru m.a. til umræðu í sameiginlegri samráðsnefnd í Vínarborg sem sett var á stofn með samningnum.

Ekki er til að mynda ólíklegt að Úkraína verði krafin lagalega bindandi yfirlýsinga þess efnis að hún verði að virða í einu og öllu fyrri skuldbindingar Sovétríkjanna samkvæmt samningnum á úkraínsku landsvæði. *Bendir raunar ekkert til þess að stjórnvöld í Úkraínu* muni hreyfa andmælum við slíkri kröfu. Með hliðsjón af því ástandi sem við blasir í Sovétríkjunum er hins vegar ljóst að því lengur sem það dregst að aðilar samningsins fullgildi hann þeim mun erfiðara gæti það reynst að tryggja að samningurinn nái fram að ganga. Óhætt er að fullyrða að það sé áhætta sem enginn aðila samningsins vill taka. Ég vil því beina þeim tilmælum *til hins háa Alþingis* að það *fullgildi þennan* samning og sýni þannig í verki að Ísland vilji ekki láta sitt eftir liggja til að friður megi haldast í okkar heimshluta um fyrirsjáanlega framtíð.

Áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, vil ég taka fram til skýringar að ég hef lagt fyrir Alþingi í íslenskri þýðingu, auk samningsins sjálfs, bókun samningsins um bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða og *XIII. kafla bókunar um eftirlit sem hefur sérstaka* þýðingu fyrir Ísland. Einnig hafa verið lagðar fram í þýðingu átta yfirlýsingar sem tengjast samningnum en eru ekki hluti hans. Ákveðið var að leggja ekki fram í íslenskri þýðingu aðrar bókanir samningsins þar sem þær eru miklar að vöxtum og algjörlega tæknilegs eðlis. Utanrrn. mun hins vegar koma öllum bókunum samningsins á framfæri í enskri útgáfu sé þess óskað.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu um þennan samning verði honum vísað til umfjöllunar í utanrmn og til síðri umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um umræður á Alþingi um þyrlukaup.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil á ný þakka forseta fyrir að heimila mér að taka til máls undir liðnum fyrirspurnir en ekki yfirlýsing varðandi þær umræður sem fóru

fram á mánudaginn var um þyrlukaup og eftirmála þeirra umræðna. Áður en ég kem að því vil ég að það komi skýrt fram að frá 1987 hef ég barist fyrir þessu máli. 12. nóv. 1987 flutti ég fyrst þáltill. sem gerði ráð fyrir því að keypt yrði björgunarþyrla og hélt síðan málinu gangandi allar götur síðan á hverju ári.

Fyrir tveim vikum, sennilega nær þrem, kynnti ég í þingflokki sjálfstæðismanna að ég mundi leggja fram frv. til laga um að keypt yrði björgunarþyrla. Þetta er alveg nauðsynlegt að komi fram í ljósi þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. viðhafði í fjölmiðlum í gær. Sú umræða sem fór fram á mánudaginn snerist um þyrlukaup og það er engin leið að álasa mér sem hef barist fyrir þessu máli alla tíð fyrir að taka þátt í þeirri umræðu. Ég kom ekki inn í þá umræðu fyrr en sem sjötti, sjöundi eða jafnvel áttundi ræðumaður. En, hæstv. forseti, af því að ég hef skamman tíma ætla ég ekki að spyrja hæstv. forsrh. um hinn ærumeiðandi þátt í viðtali hans. Ég ætla hins vegar að lesa kafla úr viðtalinu og biðja hæstv. forsrh., ef hann svo kýs, að skýra fyrir þingheimi og alþjóð ummæli sín og færa einnig rök fyrir þeim. Síðan ætla ég að fá að víkja aðeins að þeirri nýju stefnu sem boðuð var í þyrlukaupamálum.

Mér skilst að það hafi verið viðtal við hæstv. forsrh. í fréttum á Bylgjunni í gær sem ég heyrði því miður ekki. Það kallaði á mjög snörp viðbrögð fólks í landinu sem hringdi margt í Þjóðarsálina og gerði athugasemdir við yfirlýsingar ráðherrans sem varð til þess að Rás 2 hringdi og hafði við hann viðtal. Var hann m.a. spurður um kaupin og um björgunarþyrlu almennt. Ég ætla að fá að grípa hér inn í svar ráðherra þar sem það er hvort eð er kaflaskipt. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ég hins vegar sagði við fréttamann Bylgjunnar að mér fyndist slæmt þegar mál af þessu tagi væru rædd í skugga slíkra atburða sem orðið hefðu. Slíkra hörmungaratburða sem orðið hefðu. Mér fyndist slæmt þegar menn féllu í þá freistni að slá sig til riddara í skugga slíkra atburða." — Hæstv. forseti. Ég harma það að tíminn sé búinn. Ég er alls ekki búinn og bið um að fá örlítið lengri tíma.

Seinna í viðtalinu segir hæstv. forsrh.: „Menn eiga ekki að gefa til kynna þegar slík sorg hefur dunið yfir að eitthvað annað hefði getað gerst ef þyrla hefði þegar verið komin og menn eiga að forðast að falla í þá freistni að hefja sjálfa sig upp eða að reyna að nota tímann til að slá sjálfa sig til riddara þegar slíkir atburðir gerast." Þá spyr fréttamaður: „Þá ertu t.d. að tala um flokksbróður þinn, Inga Björn Albertsson?" Hæstv. forsrh. svarar: „Já, mér fannst margt af því sem hann sagði vera afspyrnusmekklaust og ekki viðeigandi þegar margir eiga um svo sárt að binda að vera að hefja sig til riddara á slíku augnabliki."

Hæstv. forseti. Ég skal geyma þyrlukaflann í þessu máli þar sem tíminn er á þrotum og ég get ekki fjallað meira um þetta. Það kom fram fyrr í dag í þingskapaumræðum hvað ég er að tala um og ég er búinn að segja að ég óska eftir að þessi ummæli séu skýrð og fyrir þeim færð rök. Það er ekki ég einn sem sit hér undir. Fjölmargir aðrir þingmenn töluðu í umræðunni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessara ummæla og vegna ummæla sem féllu í dag, reyndar undir svokallaðri þingskapaumræðu, sem var misnotuð eins og stundum áður, vil ég taka fram að mér þótti og þykir enn að framkoma þingmannsins við umræður um þyrlumálið á mánudaginn var hafi verið þingmanninum til vansa. Og ég hafi síst tekið of sterkt til orða í þeim efnum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekkert að segja hér nú. Þau orð sem féllu úr munni hæstv. forsrh. dæma sig algjölega sjálf. Meira um það þarf ég ekki að segja. Ekki orð. Þar með get ég vikið að þyrlukaflanum.

Hér var umræða sl. mánudag um þyrlumálin sem forsrh. sat ekki nema undir lokin, ef ég man rétt. Þar túlkaði fagráðherra stefnu ríkisstjórnarinnar í því máli. Hún var sú að fylgja eftir starfi þyrlunefndar. Á Stöð 2 í gær kemur forsrh. með allt annan tón. Í fyrsta lagi segir hann að þyrlukostur Landhelgisgæslunnar og varnarliðsins sé nægjanlegur. Í öðru lagi segir hann að til þess að herþyrlurnar uppfylli þau skilyrði sem við setjum þá megi hugsanlega breyta þeim. Það megi fara út í að breyta hertækjum til að þær uppfylli skilyrði Landhelgisgæslunnar. Í þriðja lagi sagði hæstv. forsrh. að vel kæmi til greina og ætti að skoða hvort ekki mætti fresta þyrlukaupum. Fresta þeim. Ég sé að það sígur í brúnina. Kannski man hæstv. ráðherra þetta ekki. En þetta voru hans orð. Þetta algjörlega á skjön við það sem hæstv. dómsmrh. sagði. Ég vil segja það hér og nú, talandi um þessa tvo ráðherra, að ég ber fyllsta traust og virðingu fyrir hæstv. dómsmrh. þó að okkur greini á í þessu tiltekna máli. Hvort hæstv. forsrh. er tilbúinn að koma hér upp og skýra þá stefnubreytingu sem hann er nú að tala fyrir efast ég um í ljósi þeirra svara sem hafa fengist frá honum hér í dag og ekki bara í þessu máli.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég kann ekki við að sitja lengur þegjandi undir þeim árásum sem hv. 5. þm. Reykv. hefur orðið fyrir vegna þess að hann átti ekki upptökin að þeirri umræðu sem fór fram á mánudaginn. Það var ég sem bað um að þetta mál yrði tekið upp og ég gerði það í hjartans alvöru. Vegna þess að við höfðum nokkrir hv. þm. verið mjög samstiga um að reyna að koma þessu máli í gegn. Nægir að minna á hv. allshn. sameinaðs þings sem sat á síðasta þingi. Ég vil því gjarnan vera manneskja til að heyra það einnig frá hæstv. forsrh. hvort ég hafi þar með verið þinginu til vansa með því að biðja um þessa umræðu. Ég tel að ég verði að bera þá sök líka svo og aðrir þeir hv. þm. sem barist hafa fyrir þessu mikilvæga máli. Ég óska eftir að hæstv. forsrh. segi mér það hvort ég hafi þar með orðið Alþingi til vansa eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég get vissulega tekið undir það með hæstv. forsrh. að afar illt er að þurfa að ræða

þessi mál í skugga þessa hörmulega slyss. En ég get hins vegar ekki tekið undir neitt annað sem hann hefur um það sagt. Ég vil vekja athygli á því að það er Sjómannafélag Grindavíkur sem kveður til fundar á sunnudagskvöldið, að mjög vel athuguðu máli, og hefur þá umræðuna um þyrlukaupin. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið hv. þm. Ingi Björn Albertsson sem bað um þann fund. Eins og komið hefur fram var það annar þingmaður sem bað um umræðurnar. Ég heyrði ekkert í þessum umræðum sem var ósæmilegt, langt frá því. Vitanlega var þjóðin öll slegin af þessu hörmulega slysi og sannarlega var skiljanlegt að menn vildu taka þetta mál upp, jafnvel við þessar erfiðu aðstæður og fá úr því skorið hvort þyrla verði keypt. Og mér finnst afar ómaklegt, og ég endurtek það, að veitast að hv. þm. Inga Birni Albertssyni sem ekki í tvö ár, eins og ég sagði fyrr í dag, heldur í fjögur ár hefur barist fyrir slíkum þyrlukaupum og hann er hvattur til þess, eins og ég hef sagt, af mörgum, af öllum í landinu nánast, til að taka málið upp og knýja fram svar. Mér þykir afar leitt að heyra svona ummæli eins og hv. forsrh. viðhafði áðan en að sjálfsögðu er það ekki mitt að kenna nýjum herrum mannssiði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það fer ekki vel að síðasti ræðumaður kenni öðrum mönnum mannasiði. En vegna þess sem hv. 5. þm. Reykv. sagði og hafði eftir, ef ég hef skilið hann rétt, einum fréttamiðli landsins, vil ég taka fram að þau ummæli og sú stefna sem dómsmrh. lýsti og reyndar iðnrh. líka er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Þingmaðurinn sagði að hann bæri fullt traust til dómsmrh. Það geri ég líka. En þingmaðurinn tók hins vegar fram á mánudaginn að hann fordæmdi málflutning dómsmrh. Og hann sagði það ekki einu sinni heldur oftar að hann fordæmdi málflutning þess manns sem hann segist núna treysta fullkomlega.

36. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Þingleg meðferð EES-samnings, ein umr.

Fsp. HG, 141. mál. — Þskj. 151.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 151 ber ég fram fsp. til hæstv. utanrrh. um þinglega meðferð EES-samnings og fylgifrumvarpa. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Í hvaða formi og innan hvaða tímamarka hyggst ríkisstjórnin leita staðfestingar Alþingis á EES-samningnum og leggja fram og fá samþykkt frumvörp til breytinga á íslenskri löggjöf vegna reglugerða, tilskipana og annarra reglna sem leiðir af samningnum?“

Þetta er fyrirspurnin. Tilefni hennar þarf vart að rökstyðja í löngu máli, svo mikið hefur verið rætt um þessa samningsgerð, síðast í utandagskrárumræðu í þinginu í gær og í lengra formi þann 5. nóv. sl. Við þá umræðu innti ég hæstv. utanrrh. eftir þessu máli sem nú liggur fyrir í fyrirspurnarformi, þ.e. hvernig málið yrði lagt fyrir Alþingi ef þetta verður þá einhvern tíma samningur. Og þá, þann 5. nóv., hafði hæstv. utanrrh. ekki svör á reiðum höndum, en greindi hins vegar frá því svona í almennum orðum hvernig hann hygðist taka á málinu gagnvart þinginu.

Ég held að það sé mjög brýnt fyrir Alþingi að fá vitneskju um það hvernig hæstv. ráðherra ætlar að haga þessu máli gagnvart þinginu og ég geri ráð fyrir því að það sé einnig eftirspurn eftir svörum frá hæstv. ráðherra í Stjórnarráði Íslands, þ.e. hjá þeim ráðuneytum sem ætlað er að beiti sér fyrir breytingum á íslenskri löggjöf sem afleiðingum af þessum ráðgerða samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég vísa til þess að starfstími Alþingis samkvæmt starfsáætlun er fram undir miðjan maí að vori. Ég veit að á hinum Norðurlöndunum, t.d. í Noregi og Svíþjóð, eru áform stjórnvalda að fá staðfestingu þjóðþinganna á EES-samningi fyrir sumarhlé þinganna og einnig að fá breytingar á löggjöf í öllum aðalatriðum fyrir sumarhlé á þjóðþingunum á hinum Norðurlöndunum. Fari svo, virðulegur forseti, að þessi samningur verði undirritaður af ráðherrum sem þurfa að setja nafnið sitt þar undir þegar kemur fram yfir áramótin, þá bíður þjóðþings Íslendinga sem og annarra þjóðþinga og Evrópuþingsins mikið verk að fjalla um samninginn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í hvaða formi og innan hvaða tímamarka ríkisstjórnin hyggist leita staðfestingar Alþingis á EES-samningnum og leggja fram og fá samþykkt frumvörp til breytinga á íslenskri löggjöf vegna reglugerða, tilskipana og annarra reglna sem leiðir af samningnum.

Eins og fram hefur komið í fréttum var ákveðið að fresta fyrirhugaðri áritun aðalsamningamanna á fyrirliggjandi samningsdrög hinn 18. nóv. sl. vegna innri vandamála í EB gagnvart athugasemdum Evrópubandalagsdómstólsins. Ný dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Ekki er útilokað að áritun dragist fram yfir áramót ef ákveðið yrði að bíða eftir endanlegri meðferð dómstólsins. Undirritun samningsins gæti átt sér stað stuttu síðar, þannig hefur verið rætt um febrúar, þegar búið er að ganga frá textum samningsins á öllum tungumálum aðildarríkjanna.

Ég geri ráð fyrir því að frv. verði lagt fram um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði fljótlega eftir að þing kemur saman eftir jól, enda verði búið að undirrita samninginn og nauðsynlegri þýðingarvinnu lokið. Frv. verður með hefðbundnu sniði. Í því verður heimild til þess að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd og ákvæði um lögfestingu meginmáls samningsins sem er 135 greinar. Tæknilegum frágangi frv. er ekki lokið. Frv. verður samið með það fyrir augum að

hin ráðuneytin hvert á sínu sviði leggi fram frv. til laga um staðfestingu á öðrum þáttum samningsins, þar á meðal reglugerðum og tilskipunum, sem þar er vitnað til eftir því sem þörf er á. Utanrrn. mun fyrir sitt leyti leggja til að þessi frv. verði lögð fram um svipað leyti og frv. utanrrn., staðfestingarfrv. Þess ber þó að geta að á mörgum sviðum samningsins höfum við fengið aðlögunarfrest til margra ára, t.d. varðandi hlutafélög svo að dæmi sé nefnt. Ekki er víst að öll lagaframvörp verði tilbúin á þessum sviðum í vor heldur gæti framlagning sumra þeirra dregist fram á haust. Ef þessi staða kemur upp yrði gerð grein fyrir væntanlegu innihaldi þessara frv. við afgreiðslu aðalfrv.

Hvert er umfang þeirra lagabreytinga sem leiða af EES-samningnum? Ég hef þegar gert Alþingi grein fyrir þessum breytingum í riti sem var lagt fram haustið 1990 og nefnist Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins sem lagðar eru til grundvallar í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, öðru nafni Bláskinnu. Þar má sjá hvaða lögum og reglugerðum þarf að breyta til þess að uppfylla ákvæði samningsins. Lög sem þarf að breyta eru ekki ýkja mörg. Eitt af því sem verður að gera er að breyta ákvæðum sem binda atvinnurekstur skilyrðum um ríkisfang, búsetu eða heimili eins og t.d. var gert á síðasta þingi við samþykkt nýrra laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga nr. 34/1991. Því frv. fylgdi svokallaður bandormur sem breytti 27 lögum á þessu sviði.

Nú er í athugun hvaða leið verður farin í tengslum við EES-samninginn. Einn möguleiki er að gera svipaðan bandorm en aðrar leiðir eru einnig til skoðunar.

Unnið er að því í utanrrn. í samvinnu við önnur ráðuneyti að gera nýtt yfirlit um laga- og reglugerðarbreytingar sem leiðir af EES-samningnum. Ráðuneytin hafa öll verið beðin um að skila inn upplýsingum um það fyrir 9. des. nk. Þessu yfirliti verður dreift á Alþingi, væntanlega um svipað leyti og EES-frv. og verður nokkurs konar framhaldsútgáfa á Bláskinnu sem ég nefndi áðan.

Varðandi tímasetningu, hvenær þingið mundi fjalla um þau frv. sem leiðir af EES-samningnum, þá veltur það á því hvenær frv. verða fullbúin. Ég leyfi mér að vona að flest þeirra verði komin fram snemma á vorþingi. Ekki er óeðlilegt að umfjöllun um þau fari fram, en endanleg afgreiðsla bíði í ýmsum tilvikum þar til seint á næsta ári, rétt fyrir gildistöku samningsins sjálfs. Í þessu sambandi mun þingið verða að ákveða hvort EES-samningurinn verði til umfjöllunar hjá öllum þingnefndum á þeim sviðum sem hann nær til eða hvort sett verður á stofn sérstök þingnefnd sem fjalli um hið Evrópska efnahagssvæði.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra upplýsingar hans. Ég tel að það sé ekki seinna vænna fyrir Stjórnarráðið og raunar Alþingi að taka þessi mál til sérstakrar athugunar með tilliti til formsins og þess tíma sem til ráðstöfunar getur verið. Ég heyri að það er ásetningur hæstv. ráðherra að flytja staðfestingarfrv. varðandi samninginn sjálfan en síðan komi fylgifrv. og það sé ekki enn fullmótuð stefna hvort þau verði lögð fram eins og hann segir í bandormsformi, þ.e. í einum pakka, eða hvort þau verði lögð fram sem sjálfstæð frv. til breytinga á íslenskri löggjöf. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að menn meti og ég tel æskilegt að það verði samráð innan þingsins og við Alþingi um það í hvaða formi þetta gerist því að ég tel einsýnt að þingnefndir, fagnefndir þingsins, þurfi að líta á þessi mál og fjalla um lagabreytingar enda þótt stofnuð yrði sérstök nefnd, eða Evrópustefnunefnd þingsins vakin til lífsins, til þess að fjalla um málið heildstætt. Það þarf athugunar við.

Hæstv. ráðherra nefndi að það mætti fresta afgreiðslu einstakra frv. fram á haustþing 1992. Þá skil ég hann svo að hann hyggist fá afstöðu þingsins til samningsins á vorþingi og bið hann um að greina frá því hér hvort það er hans stefna. Ég vil að það komi fram að ég tel óeðlilegt að það séu óafgreidd frv., a.m.k. mál sem einhverju skipta, þegar Alþingi er ætlað að taka afstöðu til samningsins í heild, grundvallarafstöðu. Þetta tel ég brýnt að haft sé í huga. Eins þetta sem hæstv. ráðherra nefndi að það gæti verið möguleiki að fresta lagasetningu á sviðum þar sem við höfum aðlögunartíma. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að Alþingi horfi framan í þetta mál í heild sinni, einnig hvað fylgir í formi lagabreytinga þó svo að um tímafrest sé að ræða varðandi gildistöku slíkra breytinga. Menn hljóta að móta afstöðu sína til þessa stóra máls heildstætt og Alþingi ber að hafa markað stefnu varðandi lagabreytingar áður en afstaða er tekin til samningsins í heild.

Ég þakka annars fyrir það sem fram er komið. Ég er sannfærður um að það er þörf á því að leggja vinnu í þetta mál nú á næstunni til þess að fá skýrar fram en hér kom í máli hæstv. ráðherra hversu umfangsmikið þetta verk er og hvar mörkin liggja á milli reglugerða, tilskipana og annarra reglna Evrópubandalagsins sem þingið þarf að fjalla um af tilefni þessa ráðgerða samnings.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að áður en ætlast verður til þess að Alþingi taki afstöðu til samnings, sem hugsanlega verður lagður hér fyrir Alþingi, þá verði öll lagafrv. að liggja fyrir þannig að fólk geti gert sér grein fyrir pakkanum í heild. Ég heyrði ekki á svörum hæstv. ráðherra hvort hann liti svo á að inni í þessum pakka væru einnig þessar svokölluðu girðingar sem talað hefur verið um, þessi frv. sem á að setja í íslensk lög sem ráðherrann hefur nefnt girðingar. En það hlýtur að skipta mjög miklu máli hvernig þær eiga að líta út til þess að menn geti þá metið hvort þeir telji þær girðingar nægjanlegar og hvort þeir sætti sig við þau frv. sem eru á því sviði. Það er ekki nóg að leggja fram þau lagafrv. sem eru nauðsynleg vegna samningsins heldur einnig það sem talað hefur verið um að öðru leyti.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið reynslan varðandi þennan samning að engar tímasetningar sem settar hafa verið hafa staðist og við erum enn að upplifa það þessa dagana. Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að hæstv. ríkisstjóri geri sér grein fyrir því að það eru tvenns konar frv. og samningar sem verða að liggja fyrir fullbúin áður en hægt er að koma með frv. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði hér inn í þingið. Í fyrsta lagi eru frv. sem snúa að breytingum á íslenskri löggjöf til að tryggja að landsmenn hafi áfram forræði yfir t.d. landinu sjálfu og ýmsu öðru því sem síðasti hv. ræðumaður kallaði girðingar og tók þar að láni orðalag utanrrh. Þessi frv. öll verða að fylgja frv. um samninginn inn á þingið því að það hefur þegar komið fram hjá fjölmörgum þingmönnum að þeir telja þau svo mikilvæg að þeir vilja fá að sjá þau. (Forseti hringir.) Í öðru lagi, virðulegi forseti, er nauðsynlegt að sjávarútvegssamningnum við Evrópubandalagið sé lokið áður en frv. um Evrópska efnahagssvæðið kemur hér inn í þingið. Og ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé reiðubúinn að staðfesta það að ekki verði komið með frv. um Evrópskt efnahagssvæði hér inn í þingið fyrr en sjávarútvegssamningnum verði lokið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir þessa gagnlegu og málefnalegu umræðu. Ég sé ástæðu til þess að geta eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Þau frv., sem kölluð hafa verið girðingafrv., tel ég að eigi að leggja fram hið fyrsta. Ég er sammála því sjónarmiði. Þá á ég við annars vegar breytingar á innlendri löggjöf á forræði landbrn. og eins boðaða löggjöf í hvítbók ríkisstjórnar um að kveða skýrt á um eignarrétt á orkulindum og almenningum utan bújarða.

Í annan stað er þess að geta að staðfestingarfrv. verður að sjálfsögðu ekki lagt fram nema fyrir liggi „sérprótókoll" eða fylgisamningur um sjávarútvegsmálið sem ég geri ráð fyrir að verði lokið á næstunni. Hann er einfaldlega ein af forsendunum þannig að hann mun liggja fyrir áður sem og tvíhliða samningurinn. Það liggur í hlutarins eðli.

Í þriðja lagi er spurt um frumvörp á þeim sviðum þar sem við höfum lengri aðlögunartíma, þ.e. þriggja ára aðlögunartíma til 1996. Að fráskildu því sem ég hef þegar nefnt um girðingafrv., þá kann það að vera álitamál í hverju tilviki hver nauðsyn er á því að þau verði lögð fram áður en samningurinn kæmi til framkvæmda og í hvaða tilvikum það væri viðunandi þótt þau yrðu afgreidd síðar.

Afnot Ríkisútvarpsins af ljósleiðara, ein umr.

Fsp. RA, 84. mál. — Þskj. 87.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fjórar spurningar til hæstv. samgrh. um afnot Ríkisútvarpsins af ljósleiðara. Tilefni þessara spurninga er einfaldlega það að útsending útvarps og sjónvarps er algerlega óviðunandi víða um land eins og allir hv. þm. þekkja. Það er ekki aðeins að víða á þjóðvegum séu stórir blettir þar sem alls ekki er hægt að heyra útvarp. Það getur jafnvel gerst í þéttbýli að útsendingar útvarpsins séu mjög gallaðar að ekki sé nú talað um sjónvarpið.

Einn af þessum stöðum sem svona stendur á er Hvammstangi. Sveitarstjóri Hvammstangahrepps, Bjarni Þór Einarsson, leitaði til Ríkisútvarpsins og benti á að hugsanlega mundi það leysa nokkuð vanda þeirra ef beitt væri ljósleiðarakerfi Pósts og síma og góðu merki væri komið eftir þeirri leið í útsendingarstöð á Hvítabjarnarhól í Vestur-Húnavatnssýslu. Svör Ríkisútvarpsins voru þau að taxtar Pósts og síma væru svo háir vegna afnota af ljósleiðarakerfi að útilokað væri að fara þá leið. Hér er um að ræða tvær stofnanir ríkisins sem þurfa að eiga viðskipti sín í milli og þarna er kannski um að ræða tæknilega lausn á miklu vandamáli og alls óviðunandi að ekki sé hægt að leysa það vegna þess að peningar þurfi að renna úr vinstri vasa ríkisvaldsins og yfir í þann hægri og sú leið sé algerlega ófær vegna hárrar verðlagningar. Ljósleiðari Pósts og síma kostar þá stofnun sennilega nokkurn veginn jafnmikið hvort sem hann er notaður eða ekki. Þess vegna eru þessar spurningar settar hér á blað:

„Hvað mundi það kosta Póst og síma ef Ríkisútvarpið fengi afnot af ljósleiðarakerfinu eins og það er á hverjum tíma en greiddi sjálft fjárfestingar sem nauðsynlegar eru í því skyni?"

Og til að fá eitt dæmi alveg á hreint, þá er spurt hér að því: „Hvað kostar það Póst og síma að senda eftir ljósleiðara sjónvarpsútsendingar fyrir Ríkisútvarpið frá Blönduósi til Hvítabjarnarhóls í Austur-Húnavatnssýslu, svo að dæmi sé tekið?

Hvaða gjald mundi Póstur og sími taka fyrir afnot af ljósleiðaranum á fyrrnefndri leið samkvæmt núgildandi gjaldskrá?

Hver eru áform ríkissjónvarpsins um notkun ljósleiðara í þágu sjónvarps og útvarps?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ljósleiðarar eru hluti af fjarskiptakerfi Pósts og síma sem Póstur og sími leigir viðskiptavinum sínum, þar á meðal Ríkisútvarpinu, og er þá miðað við að leigan sé hluti af meðalkostnaði við rekstur þessa kerfis. Það er búist við því að á næsta ári verði lokið við að leggja ljósleiðarakerfi um landið og má gera ráð fyrir að gjaldskráin lækki þegar búið er að byggja kerfið upp með því að viðskiptavinum fjölgar.

Að öðru leyti vil ég segja um þessa fsp. að ljósleiðarastrengir eru lagðir með fjölda glerþráða sem Póst- og símamálastofnun telur nauðsynlegan hverju sinni til að mæta fyrirsjáanlegri þörf fyrir fjarskipti á viðkomandi leið. Hver þráður getur flutt mikið magn af upplýsingum, tali, myndum og gögnum en til að flutningurinn geti átt sér stað þarf að tengja við ljósleiðarann endabúnað sem í fyrsta lagi sendir ljós inn í ljósþráðinn og í öðru lagi umbreytir fjarskiptamerkj-

um í það form sem hentar að senda eftir ljósleiðaranum. Ljósbúnaðurinn er sameiginlegur fyrir öll þau fjarskipti sem send eru um viðkomandi ljósþráð en hinn búnaðurinn fer eftir því hver er þjónustan. Fjárfestingar í ljósbúnaði verða vart sundurgreindar í hlut Ríkisútvarpsins og annarra nema ákveðið sé að engin önnur fjarskipti en sjónvarpsflutningur fyrir Ríkisútvarpið fari fram á viðkomandi þræði. Póst- og símamálastofnun hefur tvenns konar gjald fyrir sjónvarpsflutning eftir því hversu mikil bandbreidd er notuð fyrir myndina. Með þeirri bandbreidd sem sjónvarpsstöðvarnar hafa valið að nota gjald er stofnunarinnar fyrir ljósleiðarann frá Blönduósi og Laugarbakka 270.830 kr. á ársfjórðungi og er virðisaukaskattur ekki innifalinn inni í þeirri tölu. Sé aðeins um flutning sjónvarps á þessari afmörkuðu leið að ræða þarf síðan búnað í báðum endum til að breyta mynd í stafrænt form. Gjald fyrir hvorn enda fyrir þennan búnað er 47.970 kr. á ársfjórðungi.

Gjaldið fyrir ljósleiðarann er reiknað af gjaldskrárnefnd stofnunarinnar með hliðsjón af kostnaðartölum. Kostnaður við lagningu ljósleiðarastrengs fer að sjálfsögðu mjög eftir landslagi og jarðvegi. Bæði Ríkisútvarpið og Stöð 2 nota ljósleiðara til þess að flytja sjónvarpsdagskrá sína milli staða. Dagskrá Stöðvar 2 er t.d. flutt frá Reykjavík til Akureyrar um ljósleiðara. Ríkisútvarpið notast hins vegar að verulegu leyti við flutning á örbylgjuleiðum sem hafa verið í gangi síðan 1975. Póst- og símamálastofnun hefur átt í viðræðum við sjónvarpsstöðvarnar um frekari afnot þeirra að ljósleiðarakerfinu en getur ekki fallist á að þessir aðilar frekar en aðrir viðskiptavinir stofnunarinnar eigi hlut að tækjabúnaði í hinu almenna fjarskiptakerfi né gert sé upp á milli þessara aðila hvað þetta atriði varðar.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið þó að ég væri nú ekki að öllu leyti ánægður með það. Ég geri ráð fyrir því að svarið sé undirbúið hjá Pósti og síma og mér fannst að þeir sem svarið undirbjuggu gerðu litla tilraun til þess að svara þeim spurningum sem settar eru fram, þ.e. hver er raunverulegur kostnaður Pósts og síma í þessu tilviki.

Ég tel að í þessu tilviki sé ekki hægt að líta á Ríkisútvarpið sem einhvern venjulegan viðskiptavin Pósts og síma. Ég held að það verði að skoða þetta mál út frá svolítið vinsamlegra sjónarmiði en lýsti sér í svarinu við þessari fsp. og að sú skylda hvíli á Pósti og síma að reyna að koma til móts við Ríkisútvarpið í þessu máli, hugsanlega að bjóða verulegan afslátt. Það er lágmarkskrafa að um verulegan afslátt geti verið ræða þannig að viðskipti milli þessara tveggja stofnana ríkisins á þessu sviði gætu orðið öllum landsmönnum til góða. Mér finnst það fyrir neðan virðingu þessara tveggja stofnana að standa í illdeilum með ósveigjanlegri afstöðu sem leiðir til þess að landsmenn njóta ekki þessarar miklu tækninýjunar sem gæti leyst svo mörg vandamál fyrir okkur víðs vegar um land. Ég vil í framhaldi af þessari umræðu skora á hæstv. menntmrh. að taka þetta mál upp og reyna að greiða fyrir því að samvinna milli Ríkisútvarpsins og Pósts og síma geti átt sér stað þannig að hægt verði að bæta útsendingu Ríkisútvarpsins um land allt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það er nauðsynlegt að góð samvinna sé milli ríkisstofnana. Á hinn bóginn er enginn sparnaður fólginn í því fyrir ríkið að fela kostnaðartölur í annarri hvorri stofnuninni. Hér er um það að ræða að verið er að byggja upp ljósleiðarakerfið. Stöð 2, eins og kom fram, er þegar farin að nota það á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ég tek auðvitað undir það að mjög æskilegt er að hægt sé að greiða fyrir því að hægt sé að nota sjónvarp sem víðast, m.a. til kennslu og upplýsinga og ég vænti þess að ljósleiðarakerfið geti þar skipt verulegu máli og flýtt fyrir slíkri þróun. En það er að sjálfsögðu ekki hægt að taka út úr einhvern lítinn skika af ljósleiðarakerfinu og segja að kostnaðurinn við að reka þann þátt kerfisins sé óháður uppbyggingunni í heild, rekstrarkostnaði kerfisins í heild og þeim kostnaði sem því fylgir að setja það upp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu merka máli. Ég er í engum vafa um að það hægt er að stórbæta skilyrði víða í landinu með því að nýta þá tækni sem ljósleiðarinn býður upp á og ég hvet eindregið til að möguleikar sem í því felast verði skoðaðir rækilega á næstunni.

Ég vil enn fremur benda á þá þróun sem er að verða í útlöndum í þessum efnum og þá ekki síst í Bandaríkjum Norður-Ameríku þar sem nýlega er fallinn dómur sem heimilar rekendum fjarskiptakerfisins að dreifa myndefni. Það er mat manna að það þýði á næstu árum að mjög mikill hluti af dreifingu myndefnis á meginlandi Norður-Ameríku færist inn í þræði eða ljósleiðarakerfin og enginn vafi er á því að það mun hafa mikil áhrif bæði á tækni og þróun á þessu sviði og ætti einnig að geta komið okkur til góða.

Vegrið, ein umr.

Fsp. IBA, 103. mál. — Þskj. 106.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á sl. þing var samþykkt þáltill. um að gerð yrði áætlun um uppsetningu vegriða í vegakerfi landsmanna. Ástæðan fyrir því að sú þáltill. var lögð fram er ofurskýr og einföld. Hún er til að minnka þá slysahættu sem við búum við á fjallvegum og vegum meðfram ströndinni og víðar. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 106 fsp. til hæstv. samgrh. um uppsetningu vegriða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars 1991 um uppsetningu vegriða í vegakerfi landsins?

Hvers vegna reyndist ekki unnt að leggja áætlun um uppsetningu vegriða fyrir Alþingi fyrir 1. nóvemer 1991 eins og ályktunin kveður á um?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Vegagerðin hóf notkun vegriða úr stáli fyrir um 20 árum. Var sett upp töluvert af vegriðum meðfram vegunum út frá Reykjavík og austur fyrir fjall þegar þeir vegir voru endurbyggðir upp úr 1970. Síðan hægði verulega á notkun en hefur aukist aftur á síðustu árum. Nú munu vera um 20 km af vegriðum meðfram vegum landsins og eru þá brýr ekki meðtaldar.

Vegrið eru sett upp til að hindra að ökutæki lendi út af akbraut, ýmist vegna þeirrar hættu sem það hefur í för með sér fyrir þá sem í ökutækinu eru eða fyrir þá sem utan akbrautar eru, t.d. gangandi vegfarendur. Við ákvörðun á því hvort vegrið er sett upp þarf annars vegar að meta kostina sem yfirleitt eru aukið umferðaröryggi og hins vegar ókostina sem m.a. eru snjósöfnun, vandkvæði og kostnaður við snjómokstur, en ætla má að hver metri af uppsettu og frágengnu vegriði kosti um 3.000 kr. Þá verður einnig að hafa í huga að vegriðið sjálft skapar nokkra hættu í umferðinni, einkum á því að rekast á enda þess. Reglur og staðlar um gerð og staðsetningu vegriða taka mið af framangreindum atriðum. Slíkar reglur er að finna í vegstöðlum flestra nágrannaþjóða okkar. Vegagerðin hefur komið sér upp slíkum reglum og taka þær mest mið af norskum stöðlum um sama efni. Í reglum þeim sem notaðar eru hjá Vegagerðinni er bæði að finna ákvæði um staðsetningu og tæknilega útfærslu. Framangreindar reglur um vegrið eru hliðstæðar öðrum reglum um gerð og útbúnað vega. Má þar nefna beygjur, bratta, vegsýn, vegbreidd, lýsingu o.s.frv.

Við áætlanagerð um vegaframkvæmdir er jafnan reynt að taka mið af öllum þessum þáttum. Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð er þannig reynt að meta þörf á einstökum úrbótum sem nauðsynlegt er talið að gera á öllu vegakerfinu og kostnaður við úrbætur þessar metinn. Er í því sambandi höfð hliðsjón af áðurnefndum reglum og stöðlum. Kostnaður við uppsetningu vegriða samkvæmt stöðlum þessum er innifalinn í kostnaðartölum þeim sem notaðar hafa verið við gerð langtímaáætlunar á sama hátt og kostnaður við t.d. breikkun vega, lýsingu o.s.frv. Má á þann hátt segja að áætlun um uppsetningu vegriða sé innifalin í langtímaáætlun og þar með vegáætlun þar eð hún er felld að og tekur mið af langtímaáætlun. Uppsetning vegriða og mat á þörf á þeim er þannig meðhöndluð á sama hátt og aðrar þarfir vegakerfisins og til þessara hluta er veitt fé af vegáætlun ýmist sem hluti stærra verkefnis eða sem sérstakar aðgerðir.

Auk framangreinds má nefna að á undanförnum árum hefur verið unnið að endurbótum á vegriðum á og við brýr eftir sérstakri áætlun. Samkvæmt áætluninni lýkur uppsetningu vegriða við mjóar brýr á fjölförnum vegum að mestu á næstu fimm árum. Hefur verið veitt fé til þeirra framkvæmda af liðnum Vegmerkingar og öryggisaðgerðir sem er hluti af viðhaldi vega. Af þessum lið er einnig varið fé til úrbóta á öðrum hættulegum stöðum á vegakerfinu þar sem endurbygging vegarins er ekki fyrirsjáanleg. Við ráðstöfun fjárins eru teknir fyrir hættulegustu staðirnir, metnar þær lausnir sem koma til álita í hverju tilviki og sú lausn valin sem best hentar. Nokkuð af vegriðum er sett upp með þessum hætti.

Þrátt fyrir miklar endurbætur sem gerðar hafa verið á vegakerfi landsins á undanförnum árum skortir enn mjög mikið á að það sé eins og æskilegt væri og uppfylli kröfur staðla þeirra sem notaðir eru til að meta endurbótaþörf. Má í því sambandi nefna vondan vegferil, krappar beygjur og brekkur, mjóa vegi og brýr, vöntun á slitlagi, lélegt burðarþol og vöntun á ýmsum öryggisbúnaði, þar með töldum vegriðum. Tel ég eðlilegt að öllum þessum atriðum verði sinnt innan vegáætlunar og langtímaáætlunar framvegis eins og verið hefur. Vegrið er dýrt, kostar um 3 millj. kr. á hvern km miðað við vegrið á öðrum kanti vegarins. Upphæðin er einungis lítið eitt lægri en kostnaður við bundið slitlag. Þessi mikli kostnaður ásamt þeirri staðreynd að vegakerfi landsins er enn þá mjög ábótavant í mörgu og stenst ekki samanburð við vegakerfi annarra landa veldur því að vegrið eru hér mun sjaldgæfari en víða annars staðar. Hin síðustu ár hefur sérstakur liður innan viðhalds, eins og fram kom í máli mínu áðan, verið ætlaður til öryggisaðgerða og hefur hann m.a. verið notaður til að setja upp vegrið á hættustöðum.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið nefnt er það skoðun mín að fella beri áætlanir um vegrið inn í vegáætlun og langtímaáætlun eins og aðra þætti tengda vegagerð. Þess utan séu gerðar áætlanir um úrbætur á hættustöðum eins og þegar er byrjað á. Segja má að þál. undirstriki aukna áherslu á slíkar úrbótaáætlanir. Mun Vegagerðin m.a. af þessu tilefni auka þennan þátt. Ljóst má þó vera að slíkar úrbótaáætlanir geta ekki verið tæmandi. Fremur verða þær að skoðast sem áætlun en nokkurra ára átak hverju sinni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar langar mig að benda á að það kostar ekki nema 3 þús. kr. metrinn í vegriðum samkvæmt upplýsingum sem hæstv. samgrh. gaf áðan. Þetta hlýtur að vera spurning um forgangsröð í vegaframkvæmdum. Það verður auðvitað að metast. En mér finnst samt furðulegt að ekki sé metið meira að reyna að afstýra því á hættulegustu vegaköflum landsins að þar geti orðið slys, jafnvel dauðaslys, en að leggja bundið slitlag. Því miður hefur sú þróun orðið að vegrið eru oft ekki sett á ákveðnum vegaköflum fyrr en eftir að slys hafa orðið. Ég nefni sem dæmi einn vegarkafla milli þéttbýlisstaða á Vestfjörðum þar sem ekki þurfti vegrið nema á litlum kafla. Það var ekki sett fyrr en heil fjölskylda hafði farið þar út af og farist. Þannig eru dæmin til og þess vegna er þetta spurning um forgangsröð.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski einhver fjölbreytni

að menn komi úr mismunandi landshlutum inn í þessa umræðu. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Hér hafa komið fram gagnlegar upplýsingar og ég er sannfærður um að gera þarf meira í þessum málum en fyrir liggur og áætlanir standa til um. Þáttur í þessu máli er hins vegar að hve miklu leyti vegrið skapi hugsanlega falskt öryggi, það þekki ég ekki nógsamlega. Þetta þarf að athuga í sambandi við uppbyggingu veganna. Á Austurlandi höfum við t.d. fjallvegi, Fjarðarheiði og um Oddsskarð, þar sem vegrið mundi a.m.k. skapa öryggistilfinningu fyrir þá sem um veginn fara en hvort hún mundi að öllu leyti fyrirbyggja slys með þeim hætti sem menn halda þekki ég ekki til að dæma um það. En hér þarf áreiðanlega að taka betur á og skipulegar en gert hefur verið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Inga Birni Albertssyni fyrir þessa fsp. sem er flutt vegna þáltill. sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Mér er ljóst að vegrið hafa skilað miklum árangri þar sem þau eru, og veit dæmi þess að lestaðir vörubílar hafa stöðvast, og þau hafa komið í veg fyrir mikinn skaða eða alvarlegri slys.

Ég get líka tekið undir það sem hæstv. samgrh. sagði hér um stefnumörkun í þessum efnum. Ég tel að þetta verði að koma inn í vegáætlun og verði tekið með í kostnaðaráætlun um vegi því að vissulega er það staðreynd að víða hefði mátt koma í veg fyrir slys sem orðið hafa ef vegrið hefðu verið. (Forseti hringir.) — Tími minn er útrunninn. Ég byrjaði reyndar á rauðu ljósi og er á því enn þá, en ég virði tímamörk forseta. (**Forseti:** Forseti setti grænt ljós eftir að þingmaðurinn hóf ræðu sína.)

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra og einnig innlegg annarra hv. alþm. Ég tek alveg undir það að þessi þáttur mála eigi að falla inn undir vegáætlun í heild sinni en þáltill. sem slík fjallaði um það að gerð yrði sérstök áætlun um þennan þátt mála sem síðar má fella inn í vegáætlun. Mér finnst það grundvallaratriði að sú ályktun, sem samþykkt var sl. vor, verði virt og síðan fari hún inn í vegáætlun.

Það er alveg rétt sem kom fram hér hjá einum hv. þm. að því miður hafa verið brögð að því að vegrið hafi ekki verið sett upp fyrr en slys hafa orðið og eru fleiri dæmi til um það en það sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni en ég ætla ekki að nefna. Hins vegar erum við aðallega með í huga vegi þar sem eru brattar hlíðar hvort sem það er niður í sjó eða niður með fjöllum, að þar megi setja upp vegrið og koma í veg fyrir slys. Á þessum vegum er yfirleitt ekki um langa kafla að ræða. Þetta eru kannski einhverjir tugir metra þannig að kostnaðurinn er í sjálfu sér ekki ýkja mikill. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að leggja nú fram þessa áætlun en jafnframt að hún verði síðan felld inn í vegáætlun í heild.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Við höfum auðvitað öll áhuga á því að reyna að fyrirbyggja slys á vegum landsins. Það er nú svo að sums staðar hafa vegrið reynst vel, á öðrum stöðum eru dæmi um það að vegrið hafi verið fjarlægt vegna þess að það eitt út af fyrir sig skapaði slysahættu, er mér sagt af einum alþingismanni.

Ég vil vekja athygli á að hér er um verulegan kostnað að ræða, 3 millj. á km er auðvitað verulegur kostnaður þegar við höfum það í huga að víða um land eru vegir óviðunandi og valda í sjálfu sér slysahættu. Ég vil minna á kaflann milli Arnarbælis og Dýrastaða sem nú er til allrar hamingju búið að byggja upp. Það var mikill slysakafli. Hið sama er í raun og veru að segja um kaflann fyrir neðan Fornahvamm, Hellistungur má ég segja að hann heiti sá kafli. Og víðar á landinu eru slysagildrur, þar sem ræsi eru of mjó, brýr mjóar, þar sem lýsing er nauðsynleg á vegum vegna fjölda skólabarna meðfram einhverri tiltekinni leið þar sem þung umferð liggur, t.d. í Kræklingahlíð fyrir norðan svo að ég taki dæmi af því.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð en veit að Vegagerð ríkisins vinnur að því að reyna að láta þá kafla sitja fyrir sem hættulegastir eru. Ég veit að hv. þm. gefa Vegagerðinni leiðbeiningar ef þeir telja að einhverjir sérstakir kaflar á vegakerfinu séu hættulegri en aðrir og þar sé brýnna en annars staðar að setja upp vegrið.

Móttökuskilyrði hljóðvarps og sjónvarps á Vopnafirði, ein umr.

Fsp. HG, 85. mál. — Þskj. 88.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. menntmrh. um móttökuskilyrði hljóðvarps og sjónvarps á Vopnafirði. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvað veldur slæmum móttökuskilyrðum hljóðvarps og sjónvarps á Vopnafirði og hvaða áform eru um úrbætur?"

Tilefni þessarar fsp. er erindi sem mér barst frá sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, dags 28. okt. sl. og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi hreppsnefndar þann 24. okt. sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Eins og forráðamönnum Ríkisútvarpsins er örugglega kunnugt hafa móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Vopnafirði ekki verið sem skyldi og virðast skilyrðin fara versnandi ef eitthvað er. Eðlilega ríkir því mikil óánægja meðal íbúa byggðarlagsins. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps skorar því á stjórnendur Ríkisútvarpsins að bæta úr þessu ástandi nú þegar þannig að íbúar hér sitji við sama borð og flestir landsmenn."

Mér er ljóst að það er víða úti um land sem móttökuskilyrði Ríkisútvarpsins og yfirleitt hljóðvarps og sjónvarps eru ófullnægjandi og víða sem að úrbótum þarf að hyggja. Hér tala kjörnir fulltrúar í byggðarlagi

sem hefur hátt í 1.000 íbúa og þar fara skilyrðin versnandi samkvæmt þeirra ályktun. Því hef ég leyft mér að bera þessa fsp. fram til hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við þessari fsp. er svohljóðandi:

Í Vopnafirði eru endurvarpsstöðvar fyrir útvarp og sjónvarp. Endurvarpsstöðvarnar taka við útsendu merki frá aðalsendum á Gagnheiði. Fjallgarðurinn frá Héraði yfir í Vopnafjörð er mjög slæm radíóleið vegna þess að ekki er bein sjónlína þangað. Bylgjan brotnar á fjallgarðinum og verður fyrir bragðið ekki stöðug. Einnig er um að ræða erlendar truflanir á þeirri tíðni sem notuð er, aðallega vor og haust vegna ástands í háloftunum.

Tilraunir hafa verið gerðar til að finna viðunandi viðtökustaði til endurvarps Vopnafjarðarmegin en án árangurs. Ríkisútvarpið á í viðræðum við Póst og síma um leigu á flutningsleið í ljósleiðara sem liggur frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar. Þessi leið hefur verið farin áður til úrbóta á móttökuskilyrðum á Norðfirði. Þá var farið um Reyðarfjörð, Eskifjörð og út á Norðfjörð.

Í viðræðum við Póst og síma hefur það komið í ljós að kostnaður við ljósleiðara vegna sjónvarps er 1,6 millj. kr. Kostnaður verður minni vegna útvarpsins. Vonast er til að niðurstaða þessara viðræðna liggi fyrir innan skamms. Af Ríkisútvarpsins hálfu er lögð mikil áhersla á að flýta afgreiðslu þessa máls og koma útsendingum til Vopnafjarðar í lag sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans. Það vekur von um að ráðin verði bót á þessu ástandi sem verður að teljast algerlega óviðunandi í þessu byggðarlagi í sambandi við móttökuskilyrðin. Hér voru nefndar tölur um kostnað og það er auðvitað sá kostnaður sem kann að vera þrándur í götu og þess vegna reynir á ráðuneyti þessara mála og Alþingi að tryggja að Ríkisútvarpið geti leyst mál af þessum toga eftir þeim leiðum sem eru opnar í raun og veru.

Hér ræddum við fyrr á þessum fundi fsp. um afnot Ríkisútvarpsins af ljósleiðara og einmitt það mál tengist þessari fsp. samkvæmt svari hæstv. ráðherra. Hér féllu orð í umræðunni fyrr í dag um það að stjórnvöld verði að stilla saman kraftana í þessu efni og það verði að tryggja að eðlilegt samráð og samvinna takist á milli stofnana sem þurfa að vinna saman til þess að grundvallarþættir í okkar daglega lífi séu í sæmilegu lagi.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir alþingismenn almennt að það ástand ríkir á okkar tækniöld að sjálft Ríkisútvarpið kemur ekki sínum sendingum með viðunandi hætti til fjölmennra byggðarlaga í landinu svo að ekki sé talað um einstaka afskekkta staði sem eru nær algerlega afskiptir í sambandi við móttökuskilyrði.

Ég treysti því að hæstv. menntmrh. leggi Ríkisútvarpinu lið og taki upp viðræður ef þarf við samgrn. og Póst og tíma um eðlileg samnot og samvinnu þessara aðila til að leysa mál af þessum toga og það þarf að gilda bæði um sjónvarpssendingar sem og útvarpssendingar. Hér er í rauninni mikið framtíðarmál til umræðu eins og bent var á, möguleikar ljósleiðarans eru miklir til miðlunar og menn hljóta að gera kröfur til að fjárfestingar sem lagt er í verði nýttar, og þar sem möguleikarnir eru tæknilega fyrir hendi að aðrar girðingar og hindranir verði ekki til að koma í veg fyrir eðlileg not.

Réttindamál krabbameinssjúkra barna, ein umr.

Fsp. MF, 110. mál. — Þskj. 113.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 113 hef ég borið fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvort fyrirhugaðar eru af hálfu ráðuneytis úrbætur í réttindamálum krabbameinssjúkra barna.

Hinn 25. júní í sumar gengu fulltrúar frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna á fund heilbr.- og trmrh. og kynntu honum tillögur um úrbætur er varða rétt þessara sjúklinga til trygginga. Þann 1. nóv. fór bréf frá þessum sömu samtökum til hæstv. ráðherra þar sem minnt var á tillögur þeirra. Jafnframt er þar ítrekuð ósk þeirra um úrbætur þar sem ekkert bólaði enn á þeim breytingum sem fulltrúar félagsins töldu sig þó hafa góðar vonir um eftir fund sinn með honum.

Afrit af þessu bréfi var sent til þingflokka ásamt samantekt á þeim atriðum sem félagið og aðstandendur þessara barna leggja áherslu á að fái umfjöllun og afgreiðslu inn í tryggingakerfið, en þessi atriði eru — og ég vitna hér beint í þau gögn sem þingflokkarnir fengu send:

Í fyrsta lagi er beðið um umönnunarlaun. Meðferðin sem þessi börn ganga í gegnum er bæði löng og erfið. Foreldrar þurfa að sinna börnum sínum mjög mikið á meðan á sjúkrahúsdvöl þeirra stendur og oft í langan tíma. Síðan tekur við sjúkralega heima á heimilum og oft eru það 24 tíma vaktir sem foreldrar þurfa að standa. Því verður að telja það eðlilegt að þeim verði greidd umönnunarlaun, einnig vegna þess að veikindi barnanna koma í mörgum tilvikum í veg fyrir að foreldrar geti stundað vinnu utan heimilis.

Í febrúar 1990 tók gildi reglugerð þar sem aðstandendur krabbameinssjúkra barna fá sömu fjárhagsaðstoð og aðstandendur fatlaðra barna fá. Þessi styrkur fellur niður þegar barnið nær 16 ára aldri. Þörf barnsins fyrir aðstoð og umönnun breytist hins vegar ekki við 16 ára aldur. Því er farið fram á hækkun á þessum aldursmörkum.

Þá er í þeim tilvikum sem fjölskyldan þarf vegna veikinda að reka tímabundið tvö heimili farið fram á að hægt verði að sækja um styrk vegna þess. Einnig kemur fram í tillögum félagssamtakanna til ráðherra að umönnunarlaun foreldra ættu ekki að skerða örorku-

bætur sem barnið sjálft fær og að meiri þátttaka í ferðakostnaði er nauðsynleg vegna tíðra ferða á sjúkrahús eða heilsugæslu þann tíma sem barnið fær að dvelja heima. Auk þess er farið fram á að börnin eða foreldrar hafi rétt á styrk eða láni til bifreiðakaupa og rétt til þess að njóta heimilishjálpar en það atriði ætti ekki að þurfa að skýra nánar.

Ég hef hér, virðulegi forseti, gert grein fyrir þeim atriðum sem Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna fer fram á að fái sérstaka meðhöndlun í tryggingakerfinu. Vissulega eiga börn við aðra alvarlega sjúkdóma að glíma en þann sem fsp. tekur til og þær úrbætur sem fengjust ættu að sjálfsögðu að nýtast í þeim tilvikum líka. Þó er dálítið erfitt að flokka þennan sjúkdóm með öðrum og því spyr ég hæstv ráðherra:

„Eru fyrirhugaðar af hálfu ráðuneytis úrbætur í réttindamálum krabbameinssjúkra barna? Ef svo er, hvenær og hverjar verða þær úrbætur?“

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. 4 þm. Suðurl. er fsp. um með hvaða hætti framfærendum krabbameinssjúkra barna verði greitt fyrir umönnun þeirra þegar hætt verður að greiða fyrir hana á vegum félmrn. frá og með 1. jan. nk. Mér þykir rétt að gera grein fyrir því hvernig þessar greiðslur eru til komnar, en það kom þó að verulegu leyti fram í máli fyrirspyrjanda.

Í 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, er gert ráð fyrir því að kjósi framfærendur að annast umönnun barna að 18 ára aldri og telji svæðisstjórn eða viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili þá til þess hæfa og aðstoðina nauðsynlega skuli greiða fyrir 20–175 klukkustundir á mánuði eftir mati svæðisstjórnar.

Fljótlega eftir gildistöku þessara laga var sett reglugerð um framkvæmdina þar sem greiðslum var skipt niður í fjóra flokka eftir framlagi framfærenda. Núgildandi framkvæmd er bundin í reglugerð nr. 605 frá 1989, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra.

Þegar í upphafi var ljóst að í flestum tilvikum yrði um að ræða verulega hærri greiðslur en þegar í hlut átti barnaörorka samkvæmt lögum um almannatryggingar og það yrði hagur fatlaðra að njóta þeirra í stað barnaörorkugreiðslna. Til frekari glöggvunar skal á það bent að barnaörorka nemur svipaðri upphæð að hámarki og lægsta greiðsla samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra. Þessi nýbreytni leiddi því til þess að sífellt fleiri sóttu um fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og ekki eingöngu vegna fatlaðra barna heldur einnig sjúkra barna, ekki síst þeirra sem þjáðust af hvítblæði og öðru krabbameini. Reglurnar voru látnar ná yfir sjúk börn og hefur verið svo síðan, þótt ótvíræða lagaheimild skorti til að breyta lögunum þannig í þeim tilvikum.

Undanfarin missiri hefur félmrh. ítrekað bent á að ekki sé heimild til að greiða framfærslueyri vegna sjúkra barna samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og að því verði hætt en samkomulag hefur náðst um framlengingu, nú síðast til áramóta. Það er því ljóst, eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda, að þetta fyrirkomulag fellur niður um nk. áramót verði ekkert að gert.

Það er auðvitað ljóst að það er mjög óréttlátt að gera greinarmun á börnum sem eru krabbameinssjúk og þeim sem eru fötluð með hliðsjón af umönnunarbótagreiðslum. Oft hlýtur umönnun við krabbameinssjúk börn jafnvel að vera meiri en þegar fötluð börn eiga í hlut. Því hef ég ákveðið að leggja til við hið háa Alþingi breytingar á lögum um almannatryggingar og að koma málum þannig fyrir að öll þessi börn njóti sama réttar hvort sem um sjúkdóm er að ræða eða fötlun. Hefur orðið að samkomulagi við félmrh. að ég leggi til breytingar á lögum um almannatryggingar og þar verði ákvæði 10. gr. laga um málefni fatlaðra færð inn í lög um almannatryggingar, enda eiga öll ákvæði um þvílíkar greiðslur hins opinbera heima í þeim lögum og það er Tryggingastofnun ríkisins sem annast þessar greiðslur. Þegar hefur frv. verið samið í þessu skyni og það verður lagt fram nú á allra næstu dögum. Og þó að seint sé vil ég eindregið fara þess á leit við hið háa Alþingi að það afgreiði þetta frv. sem lög fyrir næstu áramót.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér á Alþingi og jafnframt fagna því að hreyfing skuli vera á þessum málum hvað varðar framfærslu og greiðslu kostnaðar þegar foreldrar annast krabbameinssjúk börn í heimahúsum. Ég tel að hér sé um mikilvægan áfanga að ræða.

Ég vil jafnframt geta þess að við kvennalistakonur höfum flutt bæði í frumvarpsformi og þáltill. mál er tengjast þessu og sérstaklega fjalla um ferðakostnað og dvalarkostnað foreldra sem eiga sjúk börn. Skemmst er frá því að segja að þau hafa fengið allþokkalegar undirtektir og þar af leiðandi hefur komið nokkur hreyfing á málin. En eins og kom fram í greinargerð þeirri sem hv. fyrirspyrjandi gat um, þá þarf enn að gera betur.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu ágæta máli. Svar hæstv. heilbr.- og trmrh. er hins vegar algjörlega ófullnægjandi. Þeir sem eitthvað þekkja til þessara mála vita það auðvitað best að sú breyting sem hann er að tala um að koma hér í framkvæmd hefur engin áhrif á aðstæður þess fólks sem býr við þessi hörmulegu skilyrði vegna þess að krabbameinssjúk börn fá í dag öll eða flestöll greiðslur skv. 10. gr. Það sem aðstandendur þessara barna eru að óska eftir er viðbótaraðstoð.

Meðan ég var formaður þeirrar nefndar sem sá um að endurskoða almannatryggingalögin átti ég marga fundi með þessu fólki og það er tvennt sem það lagði höfuðáherslu á. Það eru viðbótarumönnunarbætur sem ekki skerðast eftir þjónustu utan heimilis og í öðru lagi svokallaður uppihaldsstyrkur sem aðstandendum er greiddur ef þeir þurfa að dvelja langdvölum með börnum sínum utan heimabyggðar. Þessi atriði voru inni í

frv. því sem fyrrv. heilbrrh. lagði hér fram á Alþingi um almannatryggingar sem Alþfl. stoppaði. Ábyrgð Alþfl. í þessu máli er því mikil og ég harma það að menn ætli ekki að stíga stærri skref en þau sem eru í raun og veru engin skref eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsir hér yfir núna.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hann gaf. Ég er ekki alveg sammála því að þar séu engin skref stigin því það er vissulega skref að þau réttindi sem foreldrar krabbameinssjúkra barna hafa haft til umönnunarlauna fram að þessu verði tryggð áfram. Hins vegar er það alveg rétt að í þeim tillögum sem þau hafa sent bæði hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. félmrh. er farið fram á hækkun. Það segir sig sjálft að þó svo að þau nái fullum tíma, fái greidda 175 tíma á mánuði, þá er það lítið upp í þann tíma sem fer til umönnunar þessara barna, það eru yfir 720 klukkutímar á mánuði og flest þessara barna þurfa eftir meðferð, 24 tíma umönnun beggja foreldra.

Það eru líka ýmis önnur atriði sem farið var fram á sem ekkert kom fram í svari hæstv. ráðherra hvort yrði tekið á. Ég vil spyrja hann, þar sem breytinga er þó að vænta gagnvart þessu atriði, verður þá tekið tillit til þess sem kom fram í tillögum frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna að umönnunarlaunin skerði ekki rétt barnanna til örorkubóta?

Í þeim gögnum sem send voru þingflokkum voru átakanlegar lýsingar nokkurra foreldra á því sem börnin og fjölskyldur þeirra ganga í gegnum. Einnig var sagt frá samskiptum þeirra við tryggingakerfið og þeim réttindum sem þau njóta eða njóta ekki. Þessar lýsingar eru ekki sendar í áróðursskyni. Þær eru sannar og síst gert meira úr en efni standa til. Það kemur berlega í ljós að það tryggingakerfi sem maður hefur fram að þessu talið vera nokkuð gott er að þessu leyti afar götótt og það þurfa að koma til úrbætur sem í raun eru löngu tímabærar. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort ekki verður á næstu vikum tekið á öðrum þeim atriðum sem bent er á í bréfi frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna því mér sýnist að það verði lítil breyting frá því ástandi sem nú er, þó að þessi breyting á lögum um almannatryggingar komi fram. Það ber að þakka það sem gert er, en það er afar lítið spor sem þar er stigið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Menn getur að sjálfsögðu greint á um það hvort þær umbætur sem verið er að gera í lagasetningu séu mikilvægar eða lítilvægar. Ég tel það ekki lítilvæga breytingu að tryggja rétt aðstandenda sjúkra barna til umönnunarbóta sem eru miklu hærri en lögin hafa tryggt þeim til þessa. Hér er ekki aðeins um að ræða krabbameinssjúk börn. Þetta eru umönnunarbætur vegna sjúkra barna almennt. Ég tel það ekki stutt skref stigið án þess að ég sé að mikla það fyrir mönnum að þarna er verið að veita aðstandendum sjúkra barna með lögum réttindi sem almannatryggingalöggjöfin hefur ekki tryggt þeim fram að þessu. Ég ætla ekki í neinn samjöfnuð við fyrri ráðherra í þeim efnum. Ég er aðeins að benda á það að núna er verið að tryggja þennan rétt sem fólkið ekki hafði áður. Það var hins vegar félmrh., sem án þess að hafa kannski fullnægjandi lagastoð fyrir sinni afgreiðslu, gat svo að segja bjargað þessum málum í horn og þakkir séu henni fyrir það. En núna er verið að tryggja þetta með lögum.

Þessi breyting, þessi trygging sem þarna er verið að gefa foreldrum krabbameinssjúkra barna og raunar allra sjúkra barna, þarf ekki að skerða örorkubætur þær sem greiddar eru. Til allrar hamingju eru ekki mjög margar fjölskyldur á Íslandi sem þurfa að gegna því erfiða hlutverki að hafa krabbameinssjúk börn á sínu framfæri. Vandi þessa fólks er gríðarlega mikill, en þetta eru ekki mjög margar fjölskyldur, svo sé guði fyrir að þakka.

Almannatryggingalögin eru mjög víð heimildarlög í sumum tilvikum og tryggingaráð hefur möguleika til þess að greiða fyrir einstökum aðilum í meiri mæli en skyldubundið er í almannatryggingalögunum þannig að tryggingaráðið getur fjallað um einstök vandamál sem koma upp í meðferð krabbameinssjúkra barna án þess þó að það sé gert að skyldu í lögum um almannatryggingar.

Mér er það alveg ljóst, virðulegi forseti, að hér er ekki stigið endanlegt skref til lausnar. Það er ýmislegt sem betur þarf að gera og betur ætti að gera. Engu að síður er það nokkurt skref til réttindabóta að tryggja forsjármönnum sjúkra barna þann rétt sem þeim yrði tryggður með þeirri breytingu á lögum um almannatryggingar sem ég mun leggja til. Ég er alveg sannfærður um að það fólk sem hlut á að máli er ánægt með þá breytingu þó að ég skilji mjög vel að það vildi gjarnan geta fengið tryggðan meiri rétt í almannatryggingalögunum heldur en nú er lagt til. Það er verið að endurskoða lög um almannatryggingar í heilbrrn. Þar mun m.a. verða komið að ýmsum slíkum þáttum, en þetta er nauðsynlegt að tryggja nú þegar, þ.e. þann rétt að sjúk börn, hvort sem það eru krabbameinssjúk börn eða börn sem berjast við annan sjúkdóm, hafi sama rétt til njóta umönnunar og aðstoðar hins opinbera eins og þau börn sem eiga við fötlun að stríða. Það er verið að koma slíku jafnrétti á með þeirri breytingu sem til stendur.

Ég ítreka það að ég vænti þess að Alþingi bregðist fljótt og vel við og afgreiði þessi lög fyrir jólin og eyði ekki of miklum tíma í að rífast um það hvort hægt sé að gera meira og betur en reynt er að gera nú. Mér er ljóst að það er vel hægt, en það var bara ekki gert fyrr en nú.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. Það er löngu tímabært að taka upp málefni sem varðar alvarlega sjúk börn. Það þarf að koma málefnum þessa fólks þannig fyrir að fjárhagslegu öryggi fjölskyldunnar sé ekki stefnt í voða þegar alvarlegur sjúkdómur knýr dyra.

Áðan kom fram að það væru ekki mörg börn sem ættu við þennan vanda að stríða en ef við tökum bara krabbameinssjúk börn, þá eru það 8–10 tilfelli sem greinast á hverju ári þannig að þetta er töluverður hópur.

Það skiptir miklu máli fyrir börnin að foreldrar geti verið sem næst þeim í veikindum þeirra. Þess vegna verður að tryggja það, því það skiptir svo miklu máli fyrir batahorfur þessara barna, að foreldrarnir geti verið hjá þeim. Og það verður að gera örlítið meira en hér er boðað og vonandi verður það gert hið allra fyrsta. Það er samfélagsins að tryggja það.

Opinber réttaraðstoð, ein umr.

Fsp. AÓB, 137. mál. — Þskj. 146.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Lögfræðiaðstoð er þjónusta sem flestir óska sér sjálfsagt að þurfa aldrei á að halda. Því miður reynir þó oft á að leita þurfi aðstoðar lögmanna og er þá ekki alltaf spurt hvort þeir þurfi á að halda sem efni hafa á að greiða fyrir þessa þjónustu. Því hefur allnokkrum sinnum verið tekið fyrir á Alþingi með hvaða hætti eðlilegt væri að ríkisvaldið greiddi fyrir nauðsynlega lögfræðiþjónustu, bæði með því að bjóða upp á gjafsókn og gjafvörn og einnig með annarri lögfræðiaðstoð. Hefur þá bæði verið fjallað um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk og annað. Ég vil geta í þessu sambandi þáltill. hv. þm. Ragnars Arnalds og Svövu Jakobsdóttur sem þau fluttu á Alþingi veturinn 1974–1975 um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk, svo og þess frv. um opinbera réttaraðstoð sem ég hér spyr um en slíkt frv. kom fram á tveimur þingum, 112. og 113. löggjafarþingi.

Síðast en ekki síst vil ég geta þess að skömmu áður en frv. um opinbera réttaraðstoð var kynnt á 112. löggjafarþingi fluttum við kvennalistakonur frv. um hliðstætt efni, en það frv. varðaði þó einungis hluta málsins, að vísu nokkuð stóran hluta. Það var frv. um lögfræðiráðgjöf og aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála. Það var hv. þáv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, þingkona Kvennalistans sem flutti það mál ásamt okkur kvennalistakonum.

Skemmst er frá því að segja að vel var tekið í það af hálfu dómsmrn. þá að taka tillit til þeirra hugmynda sem fram komu í okkar tillögum og sameina þær frumvarpi um opinbera réttaraðstoð þó það hafi raunar síðar ekki verið gert. Ég legg því áherslu á að ef frv. um opinbera réttaraðstoð verður endurflutt núna í vetur, þá verði tekið tillit til þessara athugasemda, enda held ég að góður grunnur sé fyrir því.

Ég hef í framhaldi af þessum orðum mínum leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. á þskj. 146 til hæstv. dómsmrh. og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Hyggst dómsmrh. leggja fram frv. um opinbera réttaraðstoð á yfirstandandi þingi?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Svarið er nei.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir mjög skýrt svar. Hins vegar þótti mér það efnisrýrt þótt afdráttarlaust væri og þætti mér vænt um að hann notfærði sér síðari ræðutíma sinn til þess að skýra frá því hvers vegna ekki verður lagt fram slíkt frv. á þessu þingi. Mig langar í því sambandi að benda honum á að þetta frv. fékk býsna góðar undirtektir þegar það var lagt fram í fyrsta sinn á 112. löggjafarþingi. Og ég held ég verði að benda á t.d. ræðu hv. 6. þm. Reykv., Sólveigar Pétursdóttur, en hún tók afskaplega vel í mörg efnisatriði þessa frv. Langar mig í því sambandi einkum að minna á er hún fjallaði sérstaklega um ákvæði í IV. kafla frv. og ætla að grípa niður í ræðu hennar, með leyfi forseta, þar sem hún segir og vitnar þá fyrst í greinargerð:

„Eins og vikið er að hér er hér um nýmæli að ræða en nauðsyn þykir bera til þess að þeir sem hafa orðið fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, grófar líkamsárásir eða ólögmæta frelsisskerðingu. Ég tel ástæðu til þess", segir Sólveig síðan, „að fagna þessum reglum sérstaklega, enda hafa þessi brot og meðferð þeirra verið mikið til umræðu eins og hæstv. dómsmrh. gat um hér áðan."

Ég tel því fulla ástæðu til þess að við fáum hér upplýst hvers vegna hæstv. dómsmrh. hyggst ekki flytja þetta frv. og hvort það sé e.t.v. vegna þess að þessi mál eigi einhvers staðar annars staðar að fá úrlausn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að frv. um þetta efni hefur verið lagt fram í tvígang hér á hinu háa Alþingi án þess að fá brautargengi, m.a. vegna þess að það hefur verið mat þeirra sem skoðað hafa frv. gjörla að það væri býsna opið og mjög óvíst hversu mikinn kostnað það hefði í för með sér. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða gífurlegar fjárhæðir og það hlýtur að orka tvímælis, án þess að ég sé að lýsa andstöðu minni gagnvart þeirri hugmynd að í ákveðnum tilvikum njóti efnalítið fólk aðstoðar í þessu efni, að opna lagaheimildir sem gera það að verkum að stór hluti af þessum kostnaði færist yfir á ábyrgð ríkisins því að í þessu efni hljótum við að halda ábyrgð fyrst og fremst að einstaklingunum í þjóðfélaginu sem þurfa úrlausnar við sín í milli. Hér er um kostnaðarvandamál að ræða að þessu leyti.

Í annan stað vil ég vekja á því athygli að í frv. sem liggur fyrir þessu þingi um meðferð einkamála er kafli inn úr frv. um opinbera réttaraðstoð að því er varðar gjafsókn og gjafvörn tekinn upp svo til óbreyttur. Með þeim reglum sem nú gilda og þeim nýju ákvæðum sem tekin eru upp um þetta efni er tryggð lágmarksaðstoð í þessu efni af opinberri hálfu. Þar er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd yfirfari umsóknir um gjafsókn og gjafvörn og heimildir verði ekki veittar nema að

fengnu samþykki þessarar nefndar. Hér er um nýmæli að ræða og sérstaklega nauðsynlegt í þessu samhengi að vekja athygli á því að þessi hluti frv. sem ekki hefur hlotið brautargengi hér er nú kominn inn í frv. til meðferðar einkamála og liggur fyrir þinginu.

Veiðiheimildir Færeyinga og Belga, ein umr.

Fsp. ÖS, 148. mál. — Þskj. 159.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég ber hér fram fsp. til sjútvrh. um veiðiheimildir Færeyinga og Belga. Báðar þessar þjóðir hafa notið veiðiheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu um talsvert langt skeið. Heimildir Belga voru upphaflega veittar sökum liðveislu þeirra í erfiðu landhelgisstríði Íslendinga og þá fengu 14 nafngreindir togarar heimild til veiða í íslenskri landhelgi. Þetta var raunar svokallaður sólarlagssamningur sem gerir ráð fyrir því að þegar umræddir togarar falla sökum aldurs eða úreldingar úr veiðiflota, þá megi ekki aðrir togarar ganga inn í kvótann. Í dag eru einungis þrír togarar eftir sem hafa heimild til þess að veiða samtals um það bil 4.400 tonn.

Samningurinn við Færeyinga er hins vegar með öðrum hætti. Frá 1979 hafa íslensk stjórnvöld sjálf getað ákveðið árlegt hámark botnfiskafla, að vísu að höfðu samráði við færeysku landsstjórnina. Í upphafi máttu Færeyingar veiða alls 17.000 tonn botnfisks og af því máttu alls 8.000 tonn vera þorskur. Hámarki aflaheimilda hefur hins vegar mörgum sinnum verið breytt í takt við ástand fiskstofna við Ísland og þannig hefur heildarafli minnkað verulega en hlutfall þorsks þó enn meira. Nú er svo komið að fyrir árið 1991 var heildaraflinn sem Færeyingum var leyfður einungis 9.000 tonn eða nærri því helmingi minni en í upphafi og leyfilegur afli á þorski var færður niður í 1.500 tonn en hafði þá verið 2.000 tonn allt frá því 1981.

Eins og ég greindi frá, frú forseti, hefur kvóti Færeyinga oftlega breyst í takt við ástand fiskstofna við Ísland og nú er svo komið að fiskstofnum hefur hrakað verulega og raunar hafa nú orðið skjót umskipti til hins verra. Því er eðlilegt að stjórnvöld séu innt eftir því hvort fyrirhugað sé að breyta þeim veiðiheimildum sem Belgar og Færeyingar hafa en þær nema nú sameiginlega 14.000 tonnum. Það er ekki síst nauðsynlegt fyrir sjávarútveginn í landinu að fá fram sem fyrst hvort fyrirhugað er að minnka þær eða jafnvel afnema með öllu, og bæta þannig innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum upp það verðmætatap sem kvótaskerðing mun fyrirsjáanlega hafa á næsta ári. En síðast en ekki síst er það nauðsynlegt fyrir frændur vora og vini Færeyinga að fá svar við þessu vegna þess að nú árar líka illa hjá þeim eins og fram hefur komið í fregnum síðustu daga. Því er nauðsynlegt að þeir fái líka í tæka tíð ráðrúm til þess að búa sig undir minnkandi veiðiheimildir ef um það er að ræða. Og því spyr ég formlega þessarar spurningar: „Eru fyrirhugaðar breytingar á heimildum Færeyinga og Belga til veiða á botnfiski við Ísland?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda eru veiðiheimildir Færeyinga byggðar á sérstökum samningi. Ákvarðanir eru teknar einhliða af Íslendingum að höfðu samráði við Færeyinga. Þessar ákvarðanir eru jafnan teknar í mars. Færeyingar hafa óskað eftir samráðsfundi að þessu sinni sem væntanlega mun fara fram í lok janúar.

Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að færeysku landsstjórninni verði gerð grein fyrir því að búast megi við mjög verulegri takmörkunum á þessum veiðum og hef reyndar látið það koma fram opinberlega áður. Ég reikna því fastlega með að niðurstaðan verði sú eftir samráðsfund sem haldinn verður í lok janúar að veiðiheimildir Færeyinga verði takmarkaðar mjög verulega í kjölfar þess.

Að því er varðar samninginn við Belga hef ég haft það í huga að við höfum staðið í viðræðum við Evrópubandalagið að undanförnu. Utanrrn. hefur talið eðlilegt að sá samningur fái að standa áfram í ljósi þeirra samninga sem við höfum átt við Evrópubandalagið.

Nú hefur Evrópubandalagið sett okkur þá úrslitakosti að það fái fram öllum sínum samningskröfum að því er varðar tvíhliða samning sem á döfinni hefur verið um fiskveiðisamskipti til þess að við fáum að njóta ávaxta af aðalsamningnum sem mestu máli skiptir fyrir okkur.

Hér er komin upp nokkur sérstæð samningsaðstaða og þrátt fyrir það að ég hafi fram til þessa talið eðlilegt að taka tillit til þess að við eigum nú í samningum við Evrópubandalagið þá geri ég ráð fyrir því að það geti komið til endurskoðunar ef Evrópubandalagið stillir okkur upp við vegg með þessum hætti, þannig að við nýtum ákvæði í þessum samningum sem heimilar okkur að segja þeim upp með sex mánaða fyrirvara.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég þakka greinargott og ítarlegt svar sjútvrh. Ég tek það fram að það kann að gegna öðru máli um fiskveiðiheimildir Belga en Færeyinga. Eins og ég gat um áðan, munu Belgar nú hafa um 4.400 tonna kvóta en þeir nýta ekki nema 1.200–1.400 tonn um þessar mundir.

Ég tek undir með sjútvrh. að það kann að vera rétt að við íhugum að beita ákvæðum í samningum okkar við Belga til að segja upp þessum samningum ef Evrópubandalagið ætlar að nota þá samningatækni sem nú virðist komin upp í þeirra húsum. Ég vil jafnframt taka það fram að ég er þeirrar skoðunar að eins og árar í íslenskum sjávarútvegi, þá sé það nauðsynlegt að takmarka heimildir Færeyinga allverlega.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það eigi í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem komin er upp í íslenskum sjávarútvegi að afnema veiðiheimildir algerlega til Færeyinga. Ég tel að til þess að treysta stöðu smábátaútgerðar í landinu, þá eigi sjútvrh. að beita sér fyrir því

að þessar veiðiheimildir, alls 9.000 tonn, verði veittar til þess að auka veiðiheimildir smábáta á Íslandi, enda verði í framhaldi af því breytt reglum og lögum um það með þeim hætti að smábátum verði ekki kleift að framselja kvóta sinn nema til annarra smábáta.

Raforkuverð, ein umr.

Fsp. GÁ, 138. mál. — Þskj. 147.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt hér fyrir hæstv. iðnrh. fsp. Ég vil í upphafi segja það að sú spurning verður háværari með degi hverjum: Hver á íslensku raforkuauðlindina? Orkuauðlindin er einn dýrmætasti fjársjóður þessarar þjóðar þegar til framtíðar er horft. Innan 100 ára er talið að olíuauðlindir heimsins verði þurrausnar. Hér hefur það gerst að rúmlega helmingur þjóðarinnar hefur öðlast umframrétt að orkuauðlindinni. Tvö fyrirtæki selja nú raforku í heildsölu. Landsvirkjun selur raforku til Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar, Rafmagnsveitna ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins kaupa af Landsvirkjun en endurselja í heildsölu hluta til veitufyrirtækja svo sem Selfoss, Sauðárkróks, Húsavíkur, Hveragerðis, Vestmannaeyja, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Reyðarfjarðar og fleiri.

Vegna mikilla hækkana raforkuverðs á þessu ári, langt umfram allar vísitölur, sést betur en fyrr að veiturnar sem skipta við Landsvirkjun búa við miklu minni hækkanir. Vegna hækkana 1. júlí og 1. okt. urðu veitur sem skipta við Landsvirkjun að hækka aflgjald um 678 kr. en veitur sem skipta við Rafmagnsveiturnar um 841 kr. Heildsöluverð Rafmagnsveitna ríkisins hækkaði sem sagt um 163 kr. á kw. umfram hækkun Landsvirkjunar. Nú er ójöfnuðinum best lýst með því að það borgar sig fyrir Selfoss, Sauðárkrók og Vestmannaeyjar að kaupa rafmagn í smásölu af Rafveitu Reykjavíkur ættu þeir þess kost heldur en að kaupa það í heildsölu af Rafmagnsveitum ríkisins. Og enn hagstæðara væri að kaupa rafmagnið norðan frá Akureyri.

Hæstv. iðnaðar- og orkumálaráðherra, einn aðalmaður í Jafnaðarmannaflokki Íslands, minni hluti þjóðarinnar stendur höllum fæti og býr við ójöfnuð gagnvart raforkuauðlindinni. Við Sunnlendingar sem búum á barmi aðalauðlindarinnar gerum ekki sérkröfur fyrir okkur en við þolum ekki lengur óréttinn gagnvart okkur og minni hluta þjóðarinnar. Hér þarf ekki að rugla um dreifingarkostnað. Á Suðurlandi er hann minnstur. Við getum gripið til örþrifaráða. Kolaofnar og olíustöðvar eru þegar að líta dagsins ljós. Það eru örþrifaráð í landi sem er fullt af raforku að nú séu fyrirtækin að grípa til þess að flytja inn kol og olíu til að framleiða rafmagn. Þeir eru margir sem nú skoða slíkt í alvöru.

Hefur hæstv. ráðherra eða ríkisstjórn einhver áform uppi um að jafna aðstöðu manna í landinu gagnvart raforkuauðlindinni?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. beinir til mín tveimur spurningum. Hin fyrri er: Hefur ríkisstjórnin uppi einhver áform um það að jafna raforkuverð í landinu? Og hin síðari: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að jafna þann aðstöðumun sem nú kann að vera á milli almenningsveitna eftir því hvort þær kaupa raforku frá Landsvirkjun eða Rafmagnsveitum ríkisins?

Svarið við fyrri spurningunni er já. Ríkisstjórnin hefur uppi áform um jöfnun raforkuverðs. Í stefnuyfirlýsingu hennar er gert ráð fyrir því að lífskjör verði jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur. Ríkisstjórnin ákvað á fjórða fundi sínum í maímánuði sl. að auka niðurgreiðslur á raforku til húshitunar frá og með 1. júní. Við þetta lækkaði hitunarkostnaður „vísitölufjölskyldu á köldu svæðunum", svo maður noti nú hversdagslegt málfar, um u.þ.b. 10 þús. kr. á ári. Miðað við algengasta hitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins lækkaði kostnaðurinn úr um það bil 90 þús. kr. á ári í um það bil 80 þús. kr. á ári og þá miða ég við það varmamagn sem reiknað er með í grunni framfærsluvísitölunnar.

Með þessari aukningu niðurgreiðslna var náð fyrsta áfanga af þremur í tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar sem skilaði áliti sínu á sl. vetri, en í henni áttu sæti fulltrúar allra þingflokka sem áttu sæti á 113. þingi.

Ég vil líka benda hv. fyrirspyrjanda á það að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir því að unnt verði að halda svipuðu niðurgreiðslustigi á því ári og gilt hefur á síðari hluta þessa árs.

Að öðru leyti vil ég leyfa mér, virðulegur forseti, að vísa til fyrirspurnatíma hér í síðustu viku þar sem mjög ítarlega var um þetta mál fjallað, enda fyrirspurn því nær sama efnis þá til umræðu.

Til að svara síðari spurningunni um aðstöðumun þeirra sem kaupa beint af Landsvirkjun og hinna sem kaupa af Rarik, þá vil ég láta það koma fram að sex almenningsveitur af sextán tengjast beint afhendingarstöðum Landsvirkjunar og kaupa raforku beint af því fyrirtæki í heildsölu, á sama verði allar sex. Hinar tíu kaupa raforku í heildsölu af Rafmagnsveitum ríkisins sem aftur kaupa 85–90% af þeirri orku sem þær selja af Landsvirkjun. Það liggur í augum uppi að Rafmagnsveiturnar þurfa tekjur til að standa undir kostnaði við flutning orkunnar frá afhendingarstöðum Landsvirkjunar að afhendingarstöðum Rafmagnsveitnanna. Og það er reyndar álit Rafmagnsveitna ríkisins að þær þyrftu hærri álagningu á heildsöluna en þær í raun taka til þess að standa undir öllum kostnaði við þennan flutning.

Ég vil leyfa mér að benda á, virðulegi forseti, að það er veruleg verðjöfnun sem á sér stað á heildsölustiginu, m.a. með því að selt er sama verði á öllum afhendingarstöðum Landsvirkjunar og með því sem ég þegar hef nefnt um heildsöluverðmyndun hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Þessi skipan hefur bæði kosti og galla sem hér gefst ekki tími til að ræða en þær veitur sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins eru óánægðar með þetta fyrirkomulag og benda á að þær taki fyrst þátt í þeirri verð-

jöfnun sem á sér stað á heildsölustiginu hjá Landsvirkjun og svo aftur á heildsölustiginu hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Hér er að sjálfsögðu um þær veitur að ræða sem telja sig bera skarðan hlut frá borði í þessum skiptum.

Ég bendi líka á að í sameignarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun og lögunum um Landsvirkjun, sem grundvallast á þessum samningi, er kveðið á um að fjölgun og breyting afhendingarstaða sé háð ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar og að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum.

Vorið 1989 sendi ég erindi til stjórnar Landsvirkjunar þar sem ég óskaði eftir viðræðum við fyrirtækið um fjölgun afhendingarstaða þannig að almenningsveiturnar ættu yfirleitt kost á beinum skiptum við fyrirtækið. Stjórn Landsvirkjunar synjaði þessu erindi í mars árið 1990 og var þá ekki tilbúin til að fjölga afhendingarstöðum. Í desember á sl. ári sendi ég að tillögu orkuverðsjöfnunarnefndar stjórn Landsvirkjunar nýtt erindi þar sem óskað var eftir því að fyrirtækið veitti Rafmagnsveitum ríkisins sérstakan afslátt sem næmi kostnaði við flutning raforku til bæjarveitna Vestmannaeyja umfram meðalkostnað við flutning til annarra bæjarveitna sem kaupa rafmagn af Rafmagnsveitum ríkisins. Stjórn Landsvirkjunar hefur enn ekki afgreitt þetta erindi. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sem tók gildi um sl. áramót var veitt heimild til þess að fyrirtækið gæti gert sérsamninga við almenningsveiturnar og hafa sjö af tíu veitum gert slíka samninga um orkukaupin.

Vegna þess sem hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um afltaxtana og umframorkukaup miðað við þá vil ég taka það fram að það mál var hér ítarlega rætt í fyrirspurnatíma þingsins í síðustu viku og leyfi ég mér að vísa til þeirra svara sem þá voru gefin.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst ég ekki komast hjá því að láta það koma enn einu sinni fram að þessar niðurgreiðslur ríkisstjórnarinnar á raforku til húsahitunar eru raunverulega í skötulíki vegna þess að framhaldið hefur orðið það að ríkisstjórn hefur ekki tryggt lægra raforkuverð til heimilanna. Með því að hafa ekki fé á fjárlögum til styrkingar raflína og annað slíkt þá þýðir það a.m.k. 6% hækkun á raforku, lágmarkshækkun 6% á raforku vegna bara þess. Og svo hitt að hún hefur ekki staðið í ístaðinu til að koma í veg fyrir hækkanir Landsvirkjunar sem hafa orðið á þessu ári langt fram yfir þarfir virkjunarinnar.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka iðnrh. svör hans sem að vísu gefa ekki tilefni til mikillar bjartsýni, hægt hefur miðað í þessu mikla deilumáli þjóðarinnar nú á síðustu árum. Ég vakti athygli á þeim ójöfnuði sem hefði þróast á þessu ári þar sem þessar tíu veitur hafa orðið að hækka sitt raforkuverð um 24% umfram það sem Landsvirkjunarfyrirtækin sex hafa orðið að gera. Þetta er náttúrlega slíkt ójafnræði að við verður ekki unað. Það streyma til okkar kvartanir frá bæjarfélögum sem búa við þetta óréttlæti. Ég hef t.d. fengið frá Hveragerðisbæ og Selfossbæ umkvartanir þar sem vakin er athygli á þessu. Hér segir, með leyfi forseta, í nefndaráliti frá Selfossi:

„Jafnframt telur bæjarstjórn óeðlilegt að Rarik leggi þessa hækkun beint ofan á sinn heildsölutaxta þar sem það hefur í för með sér meiri hækkun í krónutölu pr. orkueiningu til þeirra almenningsveitna sem kaupa raforku í heildsölu af Rarik en hinna sem kaupa beint af Landsvirkjun.

Af þessu tilefni ítrekar bæjarstjórn Selfoss þá skoðun sína að endurskipuleggja beri heildsölufyrirkomulag raforku í landinu." — Sama gera þeir í Hveragerði.

Ég sagði frá því að nú hygðust menn fara að nota olíuofna og kol. Hugsið ykkur fyrirtæki sem statt er á orkusvæðinu á Suðurlandi, við skulum taka bakarí, þar fær það orkutaxtann á 5,25 kr. á kwst. en hér á Reykjavíkursvæðinu á 2,53 kr. Er þetta jöfnuður? En taki þetta fyrirtæki upp olíuofn sem það hugleiðir nú þá kostar kwst. þar 1,30 kr.

Ég held að það sé nú svo, hæstv. iðnrh., að þessi lítifjörlegu svör um síðari hluta spurningarinnar eða fyrirheit sem engin komu fram að þjóðin verði að treysta því að Alþingi og ríkisstjórn taki á þessu máli. Misrétti sem felst í heildsölukerfi raforku er slíkt að alþingismenn geta ekki boðið þjóðinni slíkt. Aðstaða, búseta og athafnalíf víða um land líður fyrir þetta kerfi. Lítill meiri hluti landsmanna gengur í orkuauðlindina sem sína eign og kúgar hinn hlutann til að nota olíu, kol eða grípa til örþrifaráða.

Ég treysti því að alþingismenn reyni að stöðva þá óheillaþróun sem magnast hefur á þessu ári á milli rafveitna í landinu, hvort þeir eru kaupendur frá Rafmagnsveitum ríkisins eða Landsvirkjun, að menn reyni að höggva á þennan hnút áður en gripið verður til örþrifaráða að kaupa hér inn gasolíu og kol til að framleiða orku í sínum fyrirtækjum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Fyrst vegna þess sem kom fram í athugasemd hv. 3. þm. Vesturl. þá vil ég enn benda á að það er röng fullyrðing að niðurgreiðslurnar sem ákveðnar voru 1. júní hafi á einhvern hátt verið uppurnar frá því að þær voru settar á. Vegna þeirra er orkuverðið þessum mun lægra eins og margoft hefur komið fram. Eins vildi ég benda á það að styrking dreifikerfa í sveitum er verkefni sem nú er í meira mæli en fyrr á ábyrgð orkufyrirtækjanna, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, m.a. reikna þau með endurnýjun á þessum kerfum í sínum afskriftarstofni. Ég held því ekki fram að þar sé til skila haldið hverri krónu. Það þarf að kanna betur mörkin á milli þess sem á að styrkja af almannafé eða gjöldum af almennri orkunotkun og þess sem fyrirtækin eiga sjálf að bera, og það val mætti gjarnan endurskoða. Ég tel það æskilegt að þau beri sem mest af þessu. Vil svo benda á að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

Þau miklu línutjón sem orðið hafa á undanförnum vetrum hafa knúið fram mikla endurnýjun með sérstökum fjárframlögum sem að hluta til hafa styrkt þessi dreifikerfi. Einkum á þetta við á Norðurlandi vestra. Þetta segi ég sem dæmi úr veruleikanum um það hvernig þetta gerist.

Ég vil líka benda á að það er rangt að halda því fram að á þjóðarsáttartímanum hafi orkuverð frá Landsvirkjun hækkað umfram verðbreytingar. Því er öfugt farið, það hefur hækkað minna.

Að lokum, vegna þess sem kom fram í máli hv. 5. þm. Suðurl., þá vil ég taka undir það með honum að orkuauðlindirnar í fallvötnum okkar, á almenningum og í iðrum jarðar eru auðvitað þjóðareign. Ég vona að þingið sameinist um að festa þetta í lög.

Ég vil líka taka undir það með hv. 5. þm. Suðurl. að mikil ástæða er til þess að líta að nýju á það hvernig verð er ákveðið í viðskiptum almenningsveitna og Landsvirkjunar. Ég er ekki sannfærður um að gjaldskrá, einhliða útgefin af orkusölufyrirtækinu, sé heppilegasta formið. Þarna þurfa að vera samningar í meira mæli en verið hefur. Þetta er mín skoðun í þessu máli og ég vonast til að fá henni framgengt í einhverjum mæli. Það er líka rétt að það þarf að huga mjög vandlega að þeim töxtum sem byggja á afltaxta, bæði gagnvart almenningsveitum og iðnaði og yfir það mál allt þarf að fara vandlega.

Að lokum, virðulegi forseti, þá vil ég taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að orkuverðsjöfnun og orkuverðmyndun eru málefni sem ég vona að þingið og stjórnin nái vel saman um á þessum vetri.

Súrálsverksmiðja á Íslandi, ein umr.

Fsp. GB, 146. mál. — Þskj. 157.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér hér á þskj. 157 að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. um súrálsverksmiðju á Íslandi.

Nú þegar framkvæmdir vegna hugsanlegs álvers virðast fjarlægari en um langt skeið, þær eru e.t.v. langt undan, a.m.k. ljóst að þær eru ekki á næsta leiti, þá finnst mér eðlilegt að spyrja hæstv. iðnrh. hvaða hugmyndir aðrar séu til athugunar í hans ráðuneyti og hjá þeim stofnunum sem vinna að hugmyndum um stóriðju eða orkufrekan iðnað.

Hæstv. ráðherra hefur látið að því liggja að ýmislegt sé og hafi verið í skoðun þó svo aðaláherslan hafi eðlilega verið á þessum hugmyndum um væntanlegt álver. Er því forvitnilegt að vita hvað þeim málum líður. Ég spyr því í fyrsta lið fsp.:

„Hvaða athuganir eða vinna hefur farið fram af hálfu iðnrn. vegna hugsanlegrar súrálsverksmiðju á Íslandi?"

Nú er það svo að þegar fjallað er um stóriðju af þessu tagi eða af einhverju tagi þá eru staðsetningarmálin allajafnan viðkvæm og auðvitað mikilvægt umræðuefni og vandmeðfarið. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum þegar slíkar hugmyndir hafa verið uppi að það hefur leitt til átaka og mikillar umræðu víða um land af eðlilegum ástæðum því menn vilja gjarnan hafa nokkuð um það að segja hvar slíkum verksmiðjum er valinn staður. Því spyr ég í öðrum lið fsp.:

„Hvaða hugmyndir eru uppi um staðsetningu slíkrar verksmiðju ef af yrði?"

Í þriðja lið fsp. spyr ég síðan hæstv. iðnrh. hvort iðnrn. hafi athugað sérstaklega skýrslu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. sem unnin er af Ásgeiri Leifssyni og Baldri Líndal um súrálsverksmiðju í Þingeyjarsýslum.

Það kemur til af því að þessi hugmynd er ekki alveg ný, mun hafa verið komin til umræðu fyrir nokkrum árum og til athugunar. Síðan hefur í Þingeyjarsýslum og á Húsavík verið unnið að öðrum hugmyndum. Um tíma var skoðuð hugmyndin um svokallaða trjákvoðuverksmiðju og þá voru uppi hugmyndir um nýtingu á annað hvort á Þeistarreykjum eða í Öxarfirði eða á hvoru tveggja svæðinu. Og þar sem hugmyndir um hugsanlega súrálsverksmiðju byggjast að verulegu leyti á gufuvinnslu — en hér er auðvitað eins og menn vita um að ræða hráefni til álframleiðslu sem unnið er úr báxíti með gufuorku sem framleidd er venjulega með annaðhvort kolum eða olíu og auðvitað raforku en gæti hér verið framleidd hugsanlega með gufuorku beint af háhitasvæðum — þá hafa menn velt þessu fyrir sér og sett saman skýrslu um þetta mál þar sem hugmyndir heiman frá þeim Þingeyingum, studdar af fyrri athugunum verkfræðinga sem hafa fjallað um þetta mál, eru til umræðu. Fannst mér því eðlilegt að spyrja hæstv. iðnrh. hvort þessi mál hefðu eitthvað komið til umræðu sérstaklega í hans ráðuneyti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur lagt fyrir mig þrjár spurningar. Ég mun leitast við að svara þeim í þeirri röð sem þær voru upp bornar.

Í fyrsta lagi var spurt um athuganir eða starf sem fram hefði farið af hálfu iðnrn. vegna hugsanlegrar súrálsverksmiðju á Íslandi. Ég get svarað því að á árinu 1974 fóru fram rækilegar athuganir á þeim möguleikum að stofna til slíkrar verksmiðju á Reykjanesi og var þá miðað við að nýta jarðgufu frá Tröllladyngjusvæðinu við framleiðsluna. Þessi athugun var á vegum Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNIDO og að henni starfaði einkum ungverskur sérfræðingur, dr. Sigmond. Þá var miðað við að í verksmiðjunni yrðu framleidd 300 þús. tonn af súráli í fyrstu með stækkunarmöguleika upp í 600 þús. tonn. Það varð niðurstaða þessarar skýrslu að verksmiðja með 300 þús. tonna ársafköstum gæti orðið arðbær í rekstri miðað við þær forsendur sem þá voru lagðar til grundvallar. En þrátt fyrir það þótti þetta ekki álitlegur iðnaðarkostur, einkum vegna mengunar, vegna úrgangsins sem framleiðslunni er samfara. En ég get tekið það fram að við framleiðslu á 300 þús. tonnum af súráli myndast 360 þús. tonn af hálffljótandi úrgangsefni, svonefndri rauðri leðju eða leir sem er menguð vítissóta og hef-

ur 50% rakainnihald. Í UNIDO-skýrslunni var reiknað með því að safna þessum úrgangi í gryfjur eða bak við uppfyllingar og leiða affallsvatnið aftur til verksmiðjunnar til að endurvinna vítissótann. Að öðru leyti var ekki fyrirhugað að gera annað við rauða leirinn en að láta hann safnast fyrir enda mun það algengast þar sem slíkar verksmiðjur eru starfræktar. Náttúruverndarráð og fleiri aðilar mótmæltu slíkum áformum harðlega.

Á árinu 1984 var gerð forathugun á hagkvæmni súrálsverksmiðju hér á landi í kandídatsritgerð Hallgríms Ingólfssonar viðskiptafræðings. Niðurstaðan varð sú að ekki væri arðbært að byggja hér súrálsverksmiðju með 300 þús. tonna framleiðsluafköstum við þáverandi aðstæður. Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar hefur fylgst með þessum athugunum og haft samband við aðila í þessari starfsgrein og nú er almennt talið af sérfræðingum að minnsta hagkvæma stærð á súrálsverksmiðju sé verksmiðja með 1 milljón tonna framleiðsluafköstum á ári og þá er fljótlegt að reikna hversu mikill úrgangurinn, rauði leirinn frá þeirri starfsemi yrði því hann yrði væntanlega þá um 1.200 þús. tonn. Þá er líka að nefna að miðað við núverandi aðstæður í áliðnaði og súrálsframleiðslu eru horfurnar ekki vænlegar. Það kann að vera að markaðsaðstæður geti og muni innan skamms gera þetta fjárhagslega hagkvæmt en þá komum við aftur að umhverfisvandanum.

Síðan spurði hv. fyrirspyrjandi hvaða hugmyndir væru uppi um staðsetningu slíkrar verksmiðju. Því get ég svarað þannig að staðsetningin, ef menn réðust í þetta, þyrfti að fullnægja tveimur skilyrðum að mínu áliti. Í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi stórskipahöfn eða aðstaða fyrir hana og í öðru lagi þyrfti að vera háhitasvæði í nágrenninu svo byggja mætti verksmiðjuna á notkun jarðgufu sem orkugjafa. En það er einmitt það sem gefur staðsetningu á Íslandi sérstaka möguleika. Þetta leiðir auðvitað hugann beint að tveimur landshlutum. Annars vegar er um að ræða Reykjanesskagann, bæði Tröllladyngjusvæðið og Reykjanestána, og hins vegar svæði við Skjálfandaflóa og Öxarfjörð í námunda við háhitasvæðin þar.

Í þriðja lagi var spurt hvort iðnrn. hefði athugað sérstaklega skýrslu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Það hefur verið gert. Ráðuneytið hefur óskað eftir umsögn markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar um þessa skýrslu. Sú umsögn er nú á lokastigi. Ég á ekki von á því að hún leiði til annarrar niðurstöðu en áður hefur fengist, þ.e. að bygging súrálsverksmiðju sé nú ekki arðbær framkvæmd á Íslandi. Jafnvel þótt fram kæmi að reka mætti súrálsverksmiðju hér á landi með hagnaði þá eru alvarleg úrgangsvandamál samfara framleiðslunni og þyrfti að finna fyrir fram lausn á þeim áður en hægt væri að leyfa slíka verksmiðju. En við skulum bíða umsagnar markaðsskrifstofunnar þar sem einnig er ætlunin að gera grein fyrir fræðilegri athugun Orkustofnunar á áætluðu kostnaðarverði jarðgufu, sem leidd yrði frá háhitasvæðinu á Þeistarreykjum til strandar við Skjálfandaflóa. Slík athugun getur haft úrslitaþýðingu fyrir hagkvæmnikönnun á fleiri framleiðslugreinum en súrálsbræðslu sem hugsanlega gætu nýtt jarðgufuna.

Ég vona, frú forseti, að þetta hafi svarað þeim þremur spurningum sem til mín var beint.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir mjög greinargóð og skorinorð svör við þessum spurningum mínum. Vissulega er það rétt eins og fram kom hjá honum að svona verksmiðja hlýtur að fylgja nokkuð markaðsaðstæðum á áli og er þá kannski líkt á með henni komið og hugsanlegri álverksmiðju á Íslandi að þetta er ekki mál sem er þá í brennidepli á sama tíma og álframleiðsla er það ekki.

En það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það þyrfti að huga að nokkrum þáttum sérstaklega ef til þess kæmi að setja verksmiðju af þessu tagi á laggirnar eins og t.d. hafnaraðstöðu sem er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt og svo þessum spurningum um háhitasvæðið. Og það er kannski það sem hefur dregið athyglina að Þingeyjarsýslum og er upphafið að þeim athugunum sem farið hafa fram af hálfu norðanmanna á þessu máli, að þar er um öflug háhitasvæði að ræða sem þó eru lítt rannsökuð eða a.m.k. alls ekki nægjanlega rannsökuð til að geta svarað spurningum um það hversu stór og kraftmikil háhitasvæði þar er um að ræða.

En það hlýtur hins vegar að vera, og ég vonast til þess að hæstv. ráðherra hafi það mjög í huga ef af því yrði á næstunni að skoða þessi mál eitthvað nánar, þá væri æskilegt að verksmiðja af þessu tagi væri fremur staðsett á háhitasvæði annars staðar en hér á Reykjanesinu þar sem atvinnumöguleikar og önnur iðnaðaruppbygging hefur verið miklu meiri en úti á landsbyggðinni. Að öðru leyti ætla ég ekki að taka þá umræðu upp hér á þessu stigi í knöppum fyrirspurnatíma.

Mig langar aðeins að láta það koma hér fram líka og kannski spyrja hæstv. ráðherra, þó það sé ekki í prentaðri fsp., hugmyndir sem hafa verið uppi í iðnrn. og hjá markaðsskrifstofu þess og Landsvirkjunar um súrálsbræðslu, og leyfi mér þá að vitna til fundar sem svæðisskrifstofa iðnaðarins á Norðurlandi stóð fyrir fyrir nokkru síðan. Þar fjallaði m.a. Andrés Svanbjörnsson, starfsmaður markaðsskrifstofu iðnrn., um þetta mál. Þar er raunar um að ræða verksmiðju af allt öðrum toga en þá sem hér var spurt um og er kannski ekki rétt að draga það inn í þessa fsp. núna, en iðnrh. hefur e.t.v. einhverjar upplýsingar um það á takteinum. Þar er haft eftir Andrési Svanbjörnssyni að einn af þeim kostum sem nú sé uppi á borði markaðsskrifstofunnar þessa stundina sé súrálsbræðsla og e.t.v. einn álitlegasti kosturinn og kominn lengst í umræðunni. Hann ræðir þar um 30.000 tonna verksmiðju sem mundi veita u.þ.b. 50 manns atvinnu. En hér er um að ræða allt annað mál en ég spurði um áðan og reyndar kemur þar fram að ekki sé um mengunarvaldandi verksmiðju að ræða sem hægt væri að setja niður hvar sem væri. Ef ráðherra hefði nokkuð um þetta mál að segja væri fróðlegt að heyra það.

Aðeins að lokum, virðulegi forseti, þá finnst mér að það mál, sem upphaflega var spurt um, sé mál sem

þurfi að halda vakandi og fylgjast vel með í tengslum við það hvernig öðrum stóriðjukostum gengur, hvernig þau mál ganga fram, og ef hugað verður, vonandi fyrr en seinna, að nýrri álverksmiðju þá sé líka hugað að hugsanlegum möguleikum súrálsverksmiðjunnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst nefna, vegna þess sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, 1. þm. Norðurl. e., um háhitasvæðin, að það er mjög mikilvægt að þau verði á næstu árum vandlega könnuð. Mig langar til að rifja það upp að á fjárlögum yfirstandandi árs var einmitt veitt 8,5 millj. til að kanna háhitasvæðið í Öxarfirði, bæði eiginleika þess sem jarðhitasvæðis en einnig til þess að reyna að kanna setlögin sem þarna búa undir, m.a. vegna gass sem hafði komið upp í fyrri borunum. Þetta fé mun ekki reynast nægilegt, en ég hef hins vegar ákveðið að verja allt að 2,7 millj., e.t.v. hærri fjárhæð, af ráðstöfunarfé iðnrn. til að halda þessu verki áfram því það er mjög mikilvægt að kanna þetta svæði. Háhitasvæðin eru orkulindir, auðlindir sem við þurfum að huga vandlega að á næstu árum.

Í öðru lagi vegna spurningarinnar um báxítbræðslu, því að slípiefnaframleiðslan sem hv. fyrirspyrjandi vék að í sínu máli byggist á því að bræða í rafbogaofni báxít, þ.e. frumjarðefnið sem súrálið er unnið úr en ekki súrál. Þessi bræðsla er að eðlisfræðinni til mjög skyld þeirri framleiðslu sem fram fer á Grundartanga þar sem kísilmálmur, grjót og járn er brætt í rafbogaofni. Þarna er framleitt slípiefni sem m.a. er notað í sandpappír, smergel og þess háttar hluti. Það er rétt að það hafa staðið yfir ítarlegar viðræður við bandarískt fyrirtæki sem starfar á þessu sviði og hefur áhuga á að hasla sér enn frekar völl í Evrópu, á reyndar fyrirtæki í þessari starfsgrein á Englandi, hefur sýnt Íslandi mikinn áhuga sem staðsetningarmöguleika. Þær umræður standa yfir og beðið eftir tillögum frá okkar viðmælendum vestan hafs. Þar er verið að tala um verksmiðju af þeirri stærð sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, 30.000 tonna framleiðslu á ári, 40–50 starfsmenn, einkum hugsað til Evrópumarkaðsþarfa. Þetta virðist nokkuð efnilegt mál en ég ætla ekki að fullyrða um úrslit í því eða um staðsetninguna því hún fer að sjálfsögðu eftir því hvar þetta er best sett í flutningakerfi. En mengunarvandi er þarna miklu minni en í ýmsum greinum málmiðnaðarins og efnaiðnaðarins, þó þannig að til fellur ryk líkt og fellur til við járnblendiframleiðsluna á Grundartanga, en eins og menn kannast við hafa fundist not fyrir þann úrgang með mjög heppilegum hætti í Sementsverksmiðjunni á Akranesi. Því mun þó varla til að dreifa með það ryk sem þarna myndast, en ég hef sannspurt að það megi nota í einhverju öðru skyni.

Vegna þess sem fram kom í þriðja lagi hjá hv. fyrirspyrjanda í hans seinni athugasemd, um staðsetningu slíkrar iðnaðarstarfsemi og annarrar, því að stöðugt stendur yfir leit að vænlegum iðnaðarkostum, ekki síst af þessari stærð eða minni, þá hef ég í hyggju að markaðsskrifstofan og iðnrn. taki upp sérstakt samstarf við landshlutana. Það samstarf hefur eiginlega þegar stofnast með Eyjafjarðarsamtökum, þ.e. með héraðsnefndinni og Akureyrarbæ og með Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Við hyggjum gott til þess að starfa þannig með mönnum í landshlutum um iðnaðarverkefni og ákaflega mikilvægt að frumkvæðið komi ekki síður heiman úr héraði heldur en frá stjórnarstofnunum í Reykjavík.

37. FUNDUR

fimmtudaginn 28. nóv.,
að loknum 36. fundi.

Um þingsköp.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um starfshætti á Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að inna forseta eftir því hvort hæstv. forsrh. væri væntanlegur til þingfundar. Mér skilst að hæstv. forsrh. haldi uppteknum hætti og varpi hverri sprengjunni á fætur annarri í fjölmiðlum, þar á meðal nú í morgun og lét þar ýmis ummæli falla, m.a. um störf hæstv. Alþingis. Líkti því við — ég man nú ekki hvaða skólastig það var, ætli það hafi ekki verið gagnfræðaskólastigið. Einnig lét hann að því liggja, samkvæmt ummælum sem voru endurtekin í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins, að við, þeir hv. þm. sem hér erum og höfum gegnt ráðherraembættum á undanförnum árum, værum sjúkir menn, tók það orðalag, sem gjarnan er notað um áfengis- eða eiturlyfjasjúklinga þegar þeir hafa misst skammtinn, að þeir búi við fráhvarfseinkenni. Ég kannast ekki við orðanotkunina um fráhvarfseinkenni nema helst í þessu samhengi. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hefði talið fulla ástæðu til að við ættum þess kost, einhvern tímann síðar í dag, ef ekki hér í upphafi fundar, að eiga orðastað við hæstv. forsrh. Ég tel að það sé með öllu óviðunandi og ekki við það búandi fyrir hv. alþm. að fá dag eftir dag skeytasendingar af þessu tagi, ef ekki ærumeiðandi ummæli eins og hér voru til umræðu í gær á hv. Alþingi, og eiga þess síðan ekki kost að ræða þau við hæstv. forsrh. Búa jafnvel við það að hann neiti síðan að ræða ummæli sín hér inni í sölum þingsins.

Hér mun eiga að fara að taka á dagskrá, ef ég veit rétt, virðulegur forseti, frv. til laga um Seðlabanka Íslands. Um það mál var gert samkomulag fyrir tveimur nóttum að reyna að ljúka afgreiðslu þess á skömmum tíma hér í dag eða á þeim þingfundi sem það yrði fyrst tekið fyrir. Það samkomulag vil ég að sjálfsögðu virða enda átti ég aðild að því að koma því á, en ég segi fyrir mitt leyti að ég er ekki mjög áhugasamur um að taka þátt í frekari samningum af því tagi til að greiða fyrir málum hæstv. ríkisstjórnar ef ég á að búa við það dögum oftar að vera líkt við sjúkan mann af

hæstv. forsrh., og taka á mig 1/63 af þeim ærumeiðingum fyrir hönd Alþingis sem ég tel í raun og veru að forsrh. lýðveldisins hafi látið falla í útvarpinu í dag.

Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. forseti láti kanna hvenær hæstv. forsrh. er væntanlegur til þings og vona að okkur gefist kostur á að eiga við hann orðastað um þessi mál, annaðhvort utan dagskrár eða undir formi þingskapaumræðna eða, ef svo ber undir, í einhverju af þeim dagskrármálum þar sem slíku yrði við komið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Miðað við viðveruskjá forseta mun hæstv. forsrh. ekki vera kominn í húsið frekar en ýmsir aðrir hv. þm. á þessari stundu, en það má búast við því að menn sé óðum að drífa að. Við vitum að nefndarfundir hafa verið í morgun og standa jafnvel einhverjir enn yfir og forseti efast ekki um, þar sem ekki hafa verið boðaðar fjarvistir þeirra sem fjarstaddir eru á þessari stundu, að þeir hljóti að koma innan tíðar. En forseti mun að sjálfsögðu kanna það hvort ekki sé von á hæstv. forsrh. eins og óskað var eftir.

Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 147. mál. — Þskj. 158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv., og vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ýmislegt gengið á síðan ég bað um orðið í þessu dagskrármáli. Fyrir það fyrsta var samið um það að ég talaði stutt í þessari lotu, 10–15 mín., og ég mun að sjálfsögðu standa við það samkomulag. En vegna þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. hefur viðhaft um Alþingi og alþingismenn og líkt þeim við gagnfræðaskóla eða klúbb og felst í því sú meining að mínu mati að honum þyki umræður ekki vera marktækar eða mikils virði, þá hlýt ég að velta því fyrir mér hvort það sé yfir höfuð nokkur tilgangur í því hjá okkur þingmönnum að vera að taka þátt í umræðu um mál frá hendi stjórnarinnar ef það er viðhorf oddvita ríkisstjórnarinnar að menn séu í einhverjum stráksskap og gagnfræðaskólaleikjum.

Ég vildi gjarnan fá að heyra viðbrögð hæstv. viðskrh. og vildi gjarnan að það kæmi fram í hans máli á eftir hvort hann líti svo á að umræður um hans mál hér séu gagnslausar eða tímasóun eða hvort hann fylgist með þeim með því hugarfari að taka það til athugunar sem fram kemur í ræðum manna og ræða þau efnisatriði með rökum og gagnrökum. En ég tel óhjákvæmilegt að það komi fram að á meðan Alþingi og þingmenn hafa þá einkunnagjöf sem hæstv. forsrh. veitti þeim hér í morgun, þá sé ég ekki neina forsendu fyrir frekari samningum milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðu um það að menn takmarki mál sitt í umræðum um stjfrv. Það er alveg lágmarkskrafa af minni hendi að það sé gagnkvæm virðing í þessum efnum.

Ég vil rifja það upp að hæstv. forsrh. viðhafði ummæli í garð þeirra þingmanna, sem tekið hafa þátt í byggðaumræðunni, sem mér féllu illa og tel ómakleg. Hann lýsti því að hann hefði ákveðið að skrifa í minnisblokk sína allar þær hugmyndir og tillögur sem þingmenn kynnu fram að færa í byggðaumræðunum en eftir þriggja sólarhringa umræðu væri minnisblaðið tómt. Þetta þykir mér ómaklegt því að ég lagði töluvert á mig við undirbúning minnar ræðu í þeirri umræðu og flutti fjölmargar tillögur um það sem ég vildi að menn gerðu í byggðamálum og sérstaklega sjávarútvegsmálum. Ég er ekki að fara fram á það að hæstv. forsrh. sé sammála mínum skoðunum í þeim efnum, en ég fer þó fram á það að mönnum sé sýnd sú virðing að því sé ekki slengt framan í menn að það sem þeir segja sé einskis virði og ekki einu sinni hugmyndir eða tillögur.

Ég vil þá í örstuttu máli, virðulegur forseti, til að halda mig við mitt samkomulag fjalla um þetta frv. Almennt um lög um Seðlabanka Íslands vil ég segja að ég tel nauðsynlegt að endurskoða þau í heild sinni með það að markmiði að skera niður stofnunina, draga úr umsvifum hennar og ég tel ákaflega auðvelt að færa rök fyrir því að það megi sameina sum af þeim verkefnum, sem hún er að vinna við, verkefnum sem aðrar stofnanir eru að sinna, t.d. Þjóðhagsstofnun og aðrar slíkar. Ég held að menn eigi í þeirri endurskoðun að nálgast viðfangsefnið með þeirri spurningu: Er það nauðsynlegt að Seðlabankinn sé svo stór stofnun eins og hann er í dag? Ég held að svarið við því hljóti að vera að það megi verulega hagræða á þessu sviði sem Seðlabankinn og aðrar opinberar stofnanir eru að sinna. Ég held að menn eigi að hafa það viðhorf að leiðarljósi að leita að endurskoðun og hagræðingu á þessu sviði, alveg eins og menn eru með stífar kröfur um hagræðingu á sviði sjávarútvegsins. Að mínu mati er ekki boðlegt að leggja mikla áherslu á það, eins og fram kemur í ræðum margra ráðherra og jafnvel fleiri, að finna knýjandi nauðsyn á hagræðingu í sjávarútvegi en snerta ekki á sjálfu bákninu. Ég held að það sé mun þarfara verkefni. Í það minnsta eigi menn að fara í það samhliða hinu.

Það sem mér hefur orðið starsýnast á er 18. gr. í lögum um Seðlabanka Íslands eins og hún er nú og eins og lagt er til að hún verði. Í meginatriðum er breytingin sú að í stað þess að Seðlabankinn ákvarði hvert gengið eigi að vera eigi hann að ákvarða hvernig það skuli ákveðið. Í þessu er töluverð breyting fólg-

in og þegar maður reynir að leggja mat á þessa breytingu þá hlýtur maður að spyrja sig: Er hin nýja tillaga að 18. gr. líklegri til að ná fram þeim markmiðum sem eru í núverandi 18. gr.?

Ég bendi á það í 2. mgr. 18. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina."

Þetta er lögbundið. Að Seðlabankinn eigi að ákvarða gengið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar til að ná þessum markmiðum. Hver skyldi staðan vera núna í jöfnuði í viðskiptum við útlönd og hver skyldi staðan vera í rekstrargrundvelli útflutningsatvinnuvega? Það er alveg ljóst að mikið vantar á að þeirri lagagrein sem er í gildi hafi verið fylgt eftir og ég vil biðja hæstv. viðskrh. að gera grein fyrir því, eftir því sem hann getur, hvernig á því stendur að þessum lögboðnu skyldum hafi ekki verið náð. Hvers vegna Seðlabankinn hafi ekki getað uppfyllt þessa lögboðnu skyldur. Ég vil líka biðja ráðherra að fara yfir það með hvaða rökum hann telji að nýja 18. gr. sé líklegri til að ná fram þessum markmiðum en sú gamla sem nú er í gildi. Þetta er í raun og veru hornsteinninn í öllu efnahagslífi, að útflutningsatvinnuvegirnir geti búið við einhvern viðunandi rekstrargrundvöll og gengið er sá þáttur sem ein mest áhrif hefur á það.

Ég vil, virðulegi forseti, láta þessu lokið og vænti þess að hæstv. ráðherra hafi náð og skilið þær skoðanir og þær spurningar sem ég setti fram þó ég hafi talað í knöppu máli.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Við höfum fengið greinargerðir bæði Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar og þakka ég fyrir það. Ég hef farið í gegnum þær mér til töluverðs fróðleiks og gæti vissulega haldið mjög langt mál um það sem þar er en mér skilst að búið sé að gera hér samkomulag og ég hef yfirleitt lagt áherslu á að halda þau þó ég sé ekki beinn aðili að því samkomulagi og skal því ekki hafa um þetta langt mál.

Greinargerðirnar eru að mörgu leyti fróðlegar og ég ætla aðeins að drepa niður á nokkrum stöðum. Í greinargerð Seðlabankans er eindregið komist að þeirri niðurstöðu að tengja eigi krónuna við ECU og er lagt til að að því verði stefnt að svo verði 1993. Ég hef skilið hæstv. ráðherra svo að það sé einnig hans skoðun. Hins vegar, þegar maður les ýmislegt í greinargerðinni sýnist mér annað koma fram. T.d. er fróðlegur kafli sem heitir „Val gengisstefnu" og þar gætir ýmiss konar fróðleiks. Ég ætla, með leyfi forseta, aðeins að drepa niður í nokkur atriði þar. Á bls. 14 segir m.a.: „Hins vegar er það alvarlega fyrir hugsanlega fastgengistengingu að nánast ekkert samband er á milli sveiflna í útflutningi landsins og í útflutningi annarra OECD-ríkja."

Þetta er einmitt kjarninn sem gengur mjög vel í gegnum þessar skýrslur og rit sérfróðra manna að fastgengi komi fyrst og fremst til greina eða tenging á hverjum gjaldmiðlum þegar sveiflur fara saman. En það er undirstrikað og sagt að það sé alvarlegt að sveiflur hér á landi falli ekki saman við sveiflur í þeim löndum sem talað er um að tengjast. Engu að síður kemst bankastjórn Seðlabankans að þeirri niðurstöðu að að sjálfsögðu eigi að tengja íslensku krónuna ECU. Það er athyglisvert að í niðurstöðu Seðlabankans eða bankastjórnar virðist fullkomlega sleppt öllum vangaveltum um óstöðugleika atvinnulífsins. Aðeins er augum beint að því að tengingin muni skapa meiri stöðugleika, minni verðbólgu. Ekkert er litið á það hvað það kann að kosta eins og ég kem að síðar.

Með leyfi forseta segir í skýrslu Seðlabankans á bls. 17:

„Þessar aðstæður vekja spurningar um algjöra fasttengingu íslensku krónunnar, t.d. gagnvart Evrópumyntum. Það auðveldar t.d. Svíþjóð að halda föstu gengi gagnvart öðrum Evrópumyntum að útflutningur Svíþjóðar sveiflast svipað og útflutningur þessara landa. Íslenskur þjóðarbúskapur gengur hins vegar í gegnum sveiflur og verður fyrir áföllum af öðrum toga en stærri iðnríki Evrópu. Að þessu leyti svipar Íslandi til landa eins og Nýja-Sjálands og Ástralíu sem byggja útflutning sinn á auðlindagrunni í ríkum mæli. Þessi ríki reka nú sjálfstæða flotstefnu í gengismálum."

Þetta er einnig mjög athyglisvert. Þarna eru tekin lönd sem ýmsum þykja hafa staðið sig nokkuð vel í sambandi við þjóðarbúskap sinn, sem sagt Nýja-Sjáland og Ástralía, og þessi lönd hafa ekki treyst sér til að fara út í fastgengisstefnu, heldur taka þau tillit til þeirra sveiflna sem verða í auðlindagrunni þeirra. Aftur hníga öll rök að því að við Íslendingar pössum ekki inn í þetta munstur sem svo mjög er í tísku í kringum okkur.

Og enn segir í þessari sömu skýrslu, með leyfi forseta:

„Margir hagfræðingar myndu telja að við þær aðstæður sem ríkt hafa á Íslandi væri sveigjanleg gengistenging eðlilegasta gengisstefnan en þá er gengið út frá að flotgengi sé útilokað vegna þess að gjaldeyrismarkað vantar og peningamarkaðir eru enn tiltölulega vanþróaðir, þótt þeir séu í örri þróun. Slík sveigjanleg gengistenging felur í sér að genginu er að jafnaði haldið föstu gagnvart gefinni myntkörfu, nema breytingar verði á ytri skilyrðum eða í auðlindagrunni þjóðarbúsins sem kalla á breytingar á raungengi krónunnar ef varðveita á innra og ytra jafnvægi þjóðarbúsins til lengri tíma litið."

Hér er náttúrlega verið að lýsa nákvæmlega því sem hér er, þ.e. breytingum á ytri aðstæðum. Breytingum sem við höfum ekkert vald yfir, breytingum sem ekki eru í takt við það sem er í löndunum í kringum okkur eins og ég hef áður lýst.

Þannig má að vísu lengi halda áfram að vísa í þessa skýrslu. Í henni er mjög mikill fróðleikur og ég hvet þingmenn til að lesa hana og alveg sérstaklega nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Ég ætla aðeins að taka eina tilvitnun enn úr skýrslu Seðlabankans sem er í kafla sem fjallar um ECU-teng-

ingu í ljósi þróunar undanfarinna ára. Þar segir, með leyfi forseta:

„Enga útreikninga þarf að framkvæma til að fullyrða að hefði gengi krónunnar verið fest við gengi ECU á miðju ári 1986 hefði verðbólga hér á landi lengst af síðan verið svipuð og í aðildarlöndum EB. Engin leið er hins vegar að spá í hversu mikill aðlögunarkostnaður slíkrar breytingar hefði orðið í formi aukins atvinnuleysis." — Engin leið að spá í það. Þetta er vitanlega kjarni málsins.

Þegar við hæstv. viðskrh. ákváðum að láta gengið síga — við gerðum það af mikilli snilld, vil ég segja, það var vitanlega fyrst og fremst í höndum hæstv. viðskrh. — var verið að forða atvinnuleysinu. Þá var verið að forða því, sem formaður samtaka fiskvinnslustöðva lýsti í október 1988, að það yrði almenn stöðvun fiskvinnslustöðva um landið allt upp úr þeim áramótum. Við sem vorum þá í ríkisstjórn vildum ekki horfast í augu við það. Með öðrum orðum, við vildum ekki kaupa það því gjaldi sem atvinnuleysi hefði orðið. Við kusum þess vegna að láta gengið síga og gera ýmsar aðrar ráðstafanir sem ég ætla ekki að rekja hér, til að koma í veg fyrir meiri háttar kollsteypur.

Þetta er bara gripið á örfáum stöðum niður í greinargerðina en væri full ástæða til að lesa miklu meira upp úr henni og kannski verður ástæða til þess við síðari umræðu um þetta mál, en ég ætla að láta þetta nægja á þessu stigi.

Skýrsla Þjóðhagsstofnunar er ekki síður fróðleg og ég hlýt að segja það í upphafi að í niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar er meira tillit tekið til stöðunnar hér á landi, atvinnuveganna og sveiflunnar en í niðurstöðum bankastjórnar Seðlabankans, því að þar er meiri áhersla lögð á að hér þurfi að skapa mikla sveiflujöfnunarsjóði o.s.frv. til þess að tenging við ECU komi yfirleitt til greina.

Ég ætla þó fyrst og fremst í þeirri skýrslu, sem einnig er afar fróðleg, að vísa til þeirrar greinargerðar sem hér kemur fram frá hagfræðingi sem heitir Paul Krugman. Og þetta er ekkert ómerkilegur hagfræðingur. Hann er prófessor við MIT í Bandaríkjunum og er af skóla nýrri hagfræðinga þar sem hafa vakið mjög mikla athygli og sem m.a. hafa leyft sér að halda því fram að markaðsstefnan sé ekki algild. Að markaðsstefnan og markaðshugtakið taki ekki tillit til fjöldamargra þátta í þjóðfélaginu sem hverri einustu ríkisstjórn beri skylda til að taka tillit til, t.d. umhverfismála o.fl. eða þróunarmála og margt fleira sem þessir hagfræðingar hafa bent á í því sambandi. Þeir vilja sem sagt blandað hagkerfi ef ég má orða það svo. En ég ætla nú ekki að tala um það heldur að fjalla aðeins um þá niðurstöðu sem hann fær í þessum gengismálum og drepa á nokkrum stöðum niður í nokkur atriði í hans skýrslu. Hann segir m.a., með leyfi forseta, á bls. 50:

„Afgerandi röksemdafærsla fyrir föstu gengi eða sameiginlegum gjaldmiðli verður að sækja í óljósan og óvissan ávinning af því að auka notagildi peninga sem reikningseiningar eða í ávinning af auknum aga og festu við stjórn peningamála."

Sem sagt í óljósan slíkan ávinning, sem hann færir síðan rök að í miklu lengra máli, sem ég vil ekki taka tíma til að lesa, að sé nánast tískufyrirbrigði og alls ekki sannað á þann máta, segir þessi merki maður, að unnt sé að byggja á slíkum fullyrðingum. Hann fjallar síðan ítarlega um þessi mál og svo segir hann um sérstakar aðstæður á Íslandi, með leyfi forseta:

„Íslenskt hagkerfi sker sig frá hagkerfum OECD-ríkjanna í fjórum meginatriðum.

Í fyrsta lagi er fólksfjöldi á Íslandi auðvitað sáralítill, nálgist eitthvert OECD-hagkerfi að vera það „reductio ad absurdum myntsvæði" sem hefur aðeins einn íbúa þá er það Ísland." — Þetta þarf nánari skýringa við, en hann segir sem sagt að íslenska hagkerfið sé í raun og veru fáránlega lítið miðað við hagkerfi þessara þjóða. Vitanlega er það rétt. Við erum aðeins 250 þús. manns og erum þarna að tala um að tengjast 350 eða 400 millj. manna hagkerfi.

Í öðru lagi hafa Íslendingar sérhæft sig í útflutningsframleiðslu í aðeins einni sveiflukenndri grein.

Í þriðja lagi er landfræðileg einangrun landsins næstum einstök. Einungis Ástralía og Nýja-Sjáland eru viðlíka einangruð frá öðrum OECD-ríkjum og Ísland. Þetta er ein ástæðan fyrir því að utanríkisverslun Íslendinga vegur ekki eins þungt í þjóðarbúskapnum og ætla hefði mátt í fámenninu.

Loks hefur verðbólga geisað lengur og ákafar á Íslandi en í nokkru öðru OECD-ríkja að Tyrklandi undanskildu.

Að vísu verð ég að viðurkenna að það kom mér á óvart í töflu sem fylgir þessum skýrslum að vægi utanríkisviðskipta okkar Íslendinga er ekki nálægt því eins mikið eins og hjá sumum öðrum löndum, t.d. hafa Hollendingar miklu meira vægi utanríkisviðskipta heldur en við Íslendingar.

Hann talar töluvert um sveigjanleika launa, að önnur leið til að mæta þessum ytri sveiflum sé að lækka launin. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að það muni vera erfiðari leið en að aðlaga gengið.

Hér fjallar hann svo áfram, með leyfi forseta, um Ísland í slíku ECU-myntsvæði eða þeirri tengingu: „Fyrst er til að taka rökin fyrir sjálfstæðum íslenskum gjaldmiðli og nokkrum sveigjanleika í gengi hans gagnvart öðrum gjaldmiðlum eru fleiri og sterkari en ætla hefði mátt að óathuguðu máli."

Þegar prófessorinn fær öll gögn í hendurnar þá veit hann vitanlega að Ísland er lítið o.s.frv., en kemst samt að þeirri niðurstöðu að rökin fyrir sveigjanlegu gengi séu meiri. „Smæð íslenska hagkerfisins virðist með öllu útiloka fastgengi. En kenningin um kjörstærð myntsvæða veltur ekki á stærð heldur opnunarstigi sem yfirleitt stendur í öfugu hlutfalli við stærð en er einnig háð landfræðilegri legu og efnahagsgerð. Ísland er, þótt undarlegt megi virðast, síður háð utanríkisverslun en mörg mun stærri OECD-ríki, eins og ég nefndi áðan, og sveiflur í útflutningstekjum eru sem fyrr haldgóð rök fyrir því að Íslendingar reki áfram sveigjanlega gengisstefnu," segir þessi merki prófessor.

Svo segir hann nokkuð sem ég staldra dálítið við: „Það er engu að síður mikilvægt að gera sér grein fyr-

ir því að áhuginn á myntsvæðum og sveigjanlegum gjaldmiðlum er einfaldlega í tísku fremur en hann sé studdur óhrekjanlegum sönnunum. Gjaldmiðlasamruni er í tísku í Evrópu, ekki síður af pólitískum en efnahagslegum ástæðum." — Ekki síður af pólitískum. — Og skyldi það vera af pólitískum ástæðum sem Seðlabankinn og ýmsir hér, m.a. hæstv. viðskrh., mæla með ECU-tengingu?

Þessari tísku hefur auðvitað skolað til Íslands. En það er mikilvægt að tapa ekki áttum og muna að tískan stendur ekki sérlega traustum fótum í veruleikanum. Vel getur verið að Evrópa sé myntsvæði af kjörstærð en fyrir því eru engu betri sannanir nú en fyrir tíu árum. Rökin fyrir því að Íslendingar gerist aðilar að slíku svæði eru heldur engu betri nú en þá.

Svo segir prófessorinn enn um kosti Íslendinga sem var að vísu að hluta lesið hygg ég af 1. þm. Austurl., en ég ætla að fara yfir það aftur:

„Kostir þess að reka áfram sjálfstæða gengisstefnu eru miklir. Ísland er of fámennt til að útflutningur þaðan geti nokkru sinni orðið mjög fjölbreyttur. Landið er of langt frá Evrópu til að hreyfanleiki vinnuafls geti komið í staðinn fyrir breytingar á hlutfallslegum launum. Loks er vægi utanríkisverslunar ekki eins mikið og ætla hefði mátt. Breytanlegt gengi getur því gegnt mikilvægu hlutverki í hagstjórn og þarf ekki að hafa ótæpilegt óhagræði og kostnað í för með sér. Sveigjanlegt gengi þýðir ekki einfaldlega frjálst gengi. Vel kemur til greina að hafa nánari gætur á evrópska myntkerfinu og jafnvel setja genginu ákveðin vikmörk. Aðalatriðið í þessu sambandi er þó að finna má gengistilhögun, þar sem hægt er að breyta genginu til að bregðast við ytri áföllum, margar málsbætur." — Sem sagt hann telur margar málsbætur fyrir því.

„Frumniðurstaðan er því á þann veg að fyrir því eru ekki sannfærandi efnahagsleg rök að Íslendingar stefni að myntbandalagi með öðrum Evrópuþjóðum. Séu sannfærandi rök til eru þau fyrst og fremst af pólitískum toga."

Ég get ekki neitað því að þessi áhersla sem er lögð á pólitískan toga vekur mann til umhugsunar um það sem er að gerast í Evrópu núna. Þar er pólitískur samruni. Þar berjast Þjóðverjar og Frakkar um á hæl og hnakka að ná pólitískum samruna EB-ríkjanna. Bretar eru að malda í móinn enn þá en þeir veikjast auðvitað í því. Allt bendir til þess að þar verði orðinn miklu meiri pólitískur samruni heldur en er nú og á fjöldamörgum pólitískum sviðum.

Ég vona svo sannarlega að þau orð séu mælt af fullum heilindum, sem m.a. hæstv. viðskrh. hefur mælt og margir fleiri, og að það sé alls ekki í huga nokkurs Íslendings, eða a.m.k. ekki hans, að við eigum að tengjast EB eða ganga inn í EB og þennan pólitíska samruna. Ég vek athygli á því að samkvæmt þessum mjög merka manni þá eru það í raun og veru einu rökin sem hann sér fyrir slíku myntbandalagi.

Ég hef líka verið að velta því fyrir mér þegar ég hef lesið greinar eftir lærða íslenska prófessora sem hafa sagt að hér væri miklu betra að búa og miklu betri lífskjör og meiri þjóðarframleiðsla en við höfum nú ef við hefðum haldið genginu föstu. Það er ekki langt síðan birtist í Morgunblaðinu grein eftir Þorvald Gylfason prófessor sem færði rök að þessu. Ég spyr: Hver hefðu þá lífskjörin hér orðið? Við erum talin núna búa við lífskjör sem eru með þeim tíu bestu. Vesalings ríkin í kringum okkur, við værum þá einhvers staðar uppi í skýjunum, langt fyrir ofan þau öll.

Svona fullyrðingar standast ekki. Það er alveg hárrétt að t.d. danska krónan hefur líklega fallið í verðgildi þúsundfalt frá því að við hlutum sjálfstæði en við höfum oft verið fyrir ofan Dani með lífskjör og við höfum verið með miklu betra atvinnuástand hér heldur en Danir. Danir eru að berjast við í kringum 10% atvinnuleysi. Við erum með atvinnuleysi hér sem er kannski 1,5% og í kringum 1–2% yfirleitt sem er vart mælanlegt atvinnuleysi. Er það ekki einhvers virði? Ég segi jú. Það er mjög mikils virði. Það er einmitt með sveigjanlegri gengisstefnu sem okkur hefur tekist að komast yfir erfiðleikana, að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna og að koma í veg fyrir það atvinnuleysi sem við höfum alls ekki viljað hafa.

Ég er ekki að mæla fyrir því að gengið eigi að vera á fleygiferð. Þvert á móti. Ég mæli með festu í gengismálum og það á alls ekki að hlaupa eftir hverri einustu sveiflu sem verður í þjóðfélaginu af ytri ástæðum, alls ekki. Ég legg mikla áherslu á að það eigi að vera sterkir sveiflujöfnunarsjóðir og skoða alla möguleika í því sambandi. En ég leyfi mér að fullyrða að ástandið hér, eða með öðrum orðum sá kostnaður sem við hefðum orðið að greiða fyrir fastgengið, hefði orðið hörmulegt, því væri ekki hægt að lýsa með öðrum orðum, ef við hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin í þá tíð hefðum ekki tekið þann kostinn að láta gengið síga hægfara, láta undan ytri aðstæðum sem höfðu skapað þá nauðsyn.

Ég vil hins vegar segja að það hefur margt verið fróðlegt í þessum skýrslum og vekur mann til umhugsunar um gengisstefnuna. Í skýrslu Seðlabankans eru raktir fimm möguleikar í gengismálum; flotgengi, flotgengi með stýringu o.s.frv. og tenging ECU og sig og fleira. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort ekki væri full ástæða til að reyna hér frjálsan gengismarkað eða stýrt flot. Að Seðlabankinn gefi út daglega það gengi sem hann er tilbúinn að kaupa gjaldmiðilinn á og leitist svo við að halda því sem næst því gengi. Hann getur haft einhverja sveigju í því en að bönkunum verði hins vegar frjálst að greiða það fyrir gengið sem þeir óska.

Ég veit að sumir hér vilja ganga lengra og vilja hafa þetta algjörlega frjálst. En ég tel að í okkar litla hagkerfi með miklum sveiflum og litla hagkerfi sem er afar auðvelt að hafa stórkostleg áhrif á, t.d. með því að kasta mjög miklu af gjaldmiðli inn á markaðinn á einni stundu, sé það of hættulegt. Mér sýnist 2. mgr. 2. gr. þessa frv. nái þessu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn skal einu sinni á dag skrá gengi, sem hann er reiðubúinn til þess að eiga viðskipti á, og skal sú skráning teljast hið opinbera gengi þess dags. Það skal notað í opinberum samningum," o.s.frv. — Mér sýnist að þetta sé athugandi. Ég tel hins vegar að fyrri

málsgreinina eigi að strika út og ekkert að vera að daðra við það á þessari stundu að við ætlum að tengjast ECU sem verður ekki skýrt með nokkru öðru móti en því að við séum að seilast til meiri pólitískrar tengingar við Evrópu og þá vísa ég aftur til þessarar lærðu greinar sem við höfum fengið í hendur.

Ég vil eindregið leggja það til að sú nefnd sem fær málið til meðferðar athugi það að strika út fyrstu greinina en opna hér fyrir stýrt flot á genginu sem svo er kallað í skýrslu Seðlabankans.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Umræður um þetta frv. hafa farið um víðan völl og reyndar langt út fyrir efni þess. Margt af því hefur verið gagnlegt, annað síður, svona eins og gengur. Þetta segi ég m.a. með vísun til þess sem kom fram hér í máli hv. 5. þm. Vestf. áðan. Ég mun að sjálfsögðu reyna að bregðast við því eftir föngum sem fram hefur komið í þessum umræðum og eftir því sem ég tel efni til. En mér virðist því miður að nokkurs misskilnings hafi gætt í ræðum margra þingmanna stjórnarandstöðunnar sem talað hafa í þessari umræðu um þetta frv. Þetta á við um 1. þm. Austurl. og 7. þm. Reykn. sem fyrstir töluðu og svo reyndar 7. þm. Reykn. sem talaði hér aftur og breytti reyndar afstöðu sinni nokkuð til frv. í þeirri ræðu. En flestir aðrir ræðumenn sem talað hafa úr röðum stjórnarandstæðinga virðast álíta að með samþykkt þessa frv. væri verið að ákveða að fasttengja gengi íslensku krónunnar við Evrópumynteininguna ECU. Þetta er misskilningur. Með tillögum þessa frv. er fyrst og fremst verið að gefa sveigjanleika í ákvæðum seðlabankalaganna um gengismál þannig að unnt verði að færa gengistilhögun hér á landi til samræmis við það sem tíðkast í nálægum löndum og gefa með því framboði og eftirspurn eftir gjaldeyri nokkur áhrif á gengið frá degi til dags. Það má segja að með þeim heimildum sem stofnað er til með frv. sé farið mjög nærri þeirri leið, nærri því formi sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þannig gæti hér smám saman myndast hér gjaldeyrismarkaður. Hv. 4. þm. Norðurl. e. virtist skilja frv. þannig þótt hann segði nú að bókmenntagildi frumvarpstextans væri heldur rýrt. Það er sjálfsagt að reyna að bæta textagerðina með góðra manna hjálp og ábending 9. þm. Reykv. og 5. þm. Vestf. um það að orða mætti betur 1. mgr. tillögugreinarinnar sem varðar gengið, m.a. skammstafanirnar ECU og SDR, eru réttmætar og færi betur á því að nota full íslensk heiti þessara alþjóðlegu mynteininga. Þetta atriði þarf að athuga í hv. efh.- og viðskn.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um niðurfellingu 2. mgr. 18. gr. seðlabankalaganna sem nú er í gildi um markmiðin fyrir gengisstefnunni þá nægja að mínu áliti fyllilega þau almennu markmið um jafnvægi í efnahagsmálum sem starfsemi Seðlabankans eru sett í öðrum ákvæðum laganna eftir að þessi tilhögun væri upp tekin og markaður, þ.e. framboð og eftirspurn fengi að hafa áhrif á gengið. Ég tel einmitt að það sé svo að oft getur farið þannig að markmið stangist á þegar þau eru sett jafnmörg eins og gert er í seðlabankalögunum. Reyndar tel ég að markaðsáhrifin séu besta tryggingin fyrir því að sjávarútvegurinn og aðrar útflutningsgreinar fái viðunandi markaðsgrundvöll, viðunandi starfsgrundvöll.

En svo ég víki aftur að þessum samsettu mynteiningum tveimur sem til er vitnað í upptalningu í textanum þá vil ég láta það koma fram að þær hafa mjög skýra lögfræðilega stöðu í alþjóðagjaldeyriskerfinu, SDR, reyndar lögbundna stöðu samkvæmt íslenskum lögum með staðfestingu á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem þetta fyrirbæri er skilgreint.

Ég vil líka vísa því á bug sem fram kom í máli hv. 9. þm. Reykv. að ekki hafi verið staðið faglega að frumvarpsgerðinni. Þar var vel að verki staðið, bæði af starfsmönnum viðskrn. og Seðlabanka sem hafa lagt grunn að þessu frv. Breytingin á gengistilhöguninni er að sjálfsögðu megintillaga í þessu frv. en hún er bara annar þátturinn. Hún er í reynd hlutlaus tæknileg breyting hvað varðar grundvallarviðmiðun gengis.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi hér mikið, eins og fleiri, um fasttengingu krónunnar við ECU. Það gerði líka hv. 7. þm. Reykn. hér síðast. Þetta er mikið mál sem ekki er tekin afstaða til í þessu frv. Það er annað mál, önnur ákvörðun. Ég get varla sagt þetta skýrar. En ég vil benda á að greinargerðirnar, sem hér hefur verið dreift að mínu fyrirlagi og samdar voru af Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, fjalla einmitt um það mál, um tenginguna. Þess vegna er eðlilegt að þar sé að finna margvíslegan fróðleik um það mál og ég tel margt athyglisvert sem fram hefur komið í umræðum um málið en ég tel heppilegra að ræða það í annað sinn.

Ég vil þá víkja að því sem kom hér fram í máli hv. 7. þm. Reykn. síðast að við höfum mjög lengi fylgt sveigjanlegri gengisstefnu hér á landi. En þó þannig að við höfum á nokkrum tímabilum haldið genginu stöðugu. Þannig var það á árunum 1986–1988 og nú síðast frá því í ársbyrjun 1990. Það er enginn vafi á því, eins og reyndar kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn., að sveigjanleg gengisstefna hefur átt verulegan þátt í því að tryggja næga atvinnu á Íslandi en það hefur einmitt tekist með henni að leiðrétta á tiltölulega skömmum tíma misvægi sem orðið hefur í viðskiptum við önnur lönd þegar í óefni hefur stefnt. En hitt er líka jafnvíst að sveigjanleiki í gengismálum hefur dregið mikið úr aðhaldi að innlendri verðlagsþróun og verðákvörðunum, að útgjaldaákvörðunum í hagkerfinu og ýtt þar með undir tilhneigingar til misvægis og verðbólgu, oft á kostnað útflutningsatvinnuvega. Það eru því greinilega tvær hliðar á sveigjanleikanum í gengismálum og það er kannski þess vegna sem mjög mikil þörf er á því að við hugum nú að breyttri gengistilhögun. En vegna spurninga hv. 4. þm. Norðurl. e., og reyndar vék hv. 7. þm. Reykn. að því líka, hvað átt sé við með pólitísk rök í skýrslu Þjóðhagsstofnunar og reyndar var líka vitnað til prófessors Paul Krugmans í því samhengi. Ég vil bara benda á þann texta sem þar er skrifaður og ekki taka að mér neinar textaútleggingar í þessu máli. Þetta er alveg ljóst. Ég bendi líka á að Þjóðhagsstofnun segir það brýnt að breyta fyrirkomu-

lagi gengisskráningar eins og lesa má þar í þá átt sem hér eru gerðar tillögur um. Breytingin, sem lagt er til að gerð verði í þessu frv., gefur Seðlabankanum heimild, svigrúm til að þróa hér gjaldeyrismarkað en til þess þarf líka að rýmka um skilaskyldu á gjaldeyri og um það flyt ég annað frv. sem er á þskj. 32 sem ég vonast til að geta mælt fyrir í framhaldi af þessari umræðu. En með þeim breytingum gefst einmitt færi á því að mynda hér fyrsta millibankamarkað fyrir gjaldeyri og síðar að víkka hring þátttakenda í þessum viðskiptum.

Ég bendi á að heimildir fyrir útibú erlendra banka til að starfa hér geta einmitt stuðlað að því að hér myndist fyrr en ella virkur markaður fyrir gjaldeyri. Í fyllingu tímans gæti þetta einmitt orðið ákaflega mikilvægt fyrir Bolungarvík af því að hún var nefnd til sögunnar í umræðunum í fyrrakvöld. Spurt var: Hvernig gagnast þetta Bolvíkingum? Svarið er að það er einmitt með því móti að markaðsáhrif verði meiri á gengið á Íslandi. Hv. 9. þm. Reykv. innti sérstaklega eftir þessu og ég vona að hann hafi þá fengið svarið sem hann leitað eftir. En það er líka rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og rétt athugað að enn skortir hér ýmsar forsendur fyrir gjaldeyrismarkaði. En allar ferðir, bæði langar og stuttar, hefjast með einu skrefi og þetta frv. er einmitt eitt slíkt skref og má þess vegna ekki dragast.

En markaðsáhrif á gengið kalla líka á breytingar á stjórntækjum Seðlabankans. Það verður að sjálfsögðu að efla hann til góðra verka og vegna þess sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf. þýðir það alls ekki að það eigi að fjölga starfsmönnum hans heldur að breyta stjórnskipulagi hans. Gengisstöðugleiki, við skilyrði markaðsviðskipta með gjaldeyri, er best tryggður með því að Seðlabankinn kaupi eða selji gjaldeyri á markaði og breyti skammtímavöxtum á Íslandi með því að kaupa eða selja markaðsverðbréf og breyta vöxtum í viðskiptum sínum við lánastofnanir. Til þess að undirbúa slíkar breytingar á starfsemi bankans skipaði ég fyrr á þessu ári nefnd undir formennsku Ágústs Einarssonar prófessors til að endurskoða ekki síst stjórnskipulag og stjórntæki bankans við þessar nýju markaðsaðstæður. Ég vænti þess að tillögur nefndarinnar liggi fyrir á vormissiri. Þetta vil ég láta koma fram m.a. vegna fyrirspurna hv. 9. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf. Ég vil líka vegna orða hans benda á að á síðustu tveimur árum hefur í fyrsta sinn í sögunni orðið fækkun starfsmanna í bankakerfinu. Fasteignir þess hafa verið seldar og þar hefur orðið hagræðing, ekki síst í kjölfar sölu Útvegsbankans og sameiningar hans og þriggja smærri banka í Íslandsbanka. Það er líka hagræðing fram undan í hinum sameinaða banka, Landsbanka/Samvinnubanka, og ég tel þess vegna rétt að halda því til haga að það er ætlast til þess að hagrætt sé víðar en í undirstöðuatvinnugreinunum og það hefur verið gert. Þetta vildi ég láta koma fram, frú forseti, vegna orða hv. 5. þm Vestf.

Þá kem ég að síðari þætti þessa frv. sem er að ákvæði seðlabankalaganna um viðskiptabanka taki jafnt til útibúa erlendra banka hér á landi sem innlendra lánastofnana, enda eiga þær að fá að starfa hér frá næstu áramótum. Mér kom því verulega á óvart, svo að ég segi nú ekki meira, að hv. 1. þm. Austurl. og hv. 7. þm. Reykn. skyldu lýsa sig andvíga frv. Það gerði reyndar hv. 7. þm. Reykn. í fyrstu setningum sinnar fyrri ræðu en ég tók eftir því í dag að hann er að breyta þar máli sínu og afstöðu og því fagna ég.

Um þennan síðari meginþátt frv. þarf varla að ræða, að ég tel, því að með lögum, sem sett voru í mars á þessu ári, um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri, var erlendum bönkum heimilað að starfrækja hér útibú. Þessi lög voru sett að tillögu hv. 7. þm. Reykn. sem þá var forsrh. og frsm. frv. Það eru því merkileg sinnaskipti ef hann leggst nú gegn því að breyta seðlabankalögunum þannig að útibú erlendra banka séu undir sömu lög seld og innlendir bankar. En það var ekki hægt að skilja mál hans í fyrri ræðu á annan veg. Hér hlýtur því að vera um misskilning að ræða og mér virðist reyndar að þingmaðurinn hafi verið að taka það til greina í sinni síðari ræðu.

En hvað varðar hinn meginþáttinn, þann fyrri sem ég hef rætt, þ.e. ákvæðin í seðlabankalögunum um að innleiða hér nýja gengistilhögun, langar mig til að rifja upp, virðulegi forseti, tillögugerð nefndar sem starfaði á vegum þingflokks Framsfl. um efnahagsmál á haustinu 1989 og hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði reyndar til í ræðu sinni í fyrrakvöld. En í þessari merku skýrslu segir, með leyfi hæstv. forseta, um gengismál:

„Gengisskráning taki mið af frjálsum viðskiptum með gjaldeyri. Nefndin leggur því til að Íslendingar fari svipaða leið og Norðurlöndin hafa valið. Ákvæði seðlabankalaga ásamt ströngum hömlum á gjaldeyrisviðskipti gera það að verkum að áhrifa markaðarins gætir nú ekki við gengisskráningu. Frelsi til að kaupa eða selja gjaldeyri breyta þessu og neyðir stjórnvöld til þess að taka fullt tillit til nýs áhrifavalds við gengisákvörðun. Mikil kaup á erlendum gjaldeyri hljóta að þýða skakkt gengi. Seðlabankinn hefði áfram með höndum gengisskráningu en verður við hana að taka mið af frjálsum viðskiptum með gjaldeyri."

Nokkru síðar segir í þessari athyglisverðu greinargerð, með leyfi virðulegs forseta.

„Tillögur nefndarinnar um frjálsari gjaldeyrisviðskipti og frjálsari fjármagnsflutninga milli landa ásamt frjálsari fjármagnsþjónustu tengjast mjög hugmyndum nefndarinnar um breytta gengisskráningu." — Svo mörg voru þau orð.

Með því frv., sem er nú til umræðu, er einmitt verið að skapa forsendur til að gengistilhögunin geti orðið með þeim hætti sem þessi nefnd þingflokks Framsfl. lýsti á sínum tíma. Á ég nú að skilja afstöðu hv. 1. þm. Austurl. og hv. 7. þm. Reykn. svo að þeir leggist gegn þessum hugmyndum? En í þessari efnahagsnefnd þingflokksins sátu þeir hv. 2. þm Norðurl. v. Stefán Guðmundsson, sem var formaður nefndarinnar, hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson, hv. fyrrv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson og hv. fyrrv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson. Mér heyrist reyndar að hv. 7. þm. Reykn. sé að draga andstöðu sína við þetta frv. til baka og ég fagna því.

Ég kem þá að því að hv. 6. þm. Norðurl. e. virtist vilja ganga nokkru lengra í frjálsræðisátt en stefnt er að með því frv. sem hér liggur fyrir og slæst þá líklega í hóp þeirra sem sömdu þetta nefndarálit á vegum framsóknarmanna haustið 1989. Ég bendi á að í frv. um skilaskyldu á gjaldeyri, sem er á þskj. 32, er verið að þróa málið í sömu átt, enda eru þessi tvö frv. samstæð. En, eins og ég sagði áðan, jafnvel langar ferðir hefjast með einu litlu skrefi og það er slíkt skref sem hér er lagt til að tekið verði.

Varðandi þau orð hv. 1. þm. Austurl., að fulltrúum Seðlabankans hafi komið þetta frv. á óvart, vil ég geta þess að Seðlabankinn tók fullan þátt í samningu þessa frv. og undirbúningi þess. Frumgerð þess er reyndar að finna í fskj. 2 í greinargerð bankans frá 11. sept. um hugsanlega ECU-tengingu íslensku krónunnar. Ég vildi benda hv. 1. þm. Austurl. á að kynna sér þetta. Ég veit að hann hefur þessa skýrslu undir höndum eins og allir þingmenn hafa nú, bæði greinargerð Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar og menn geta því einfaldlega flett þessu upp. Hafi einhverjum fulltrúum Seðlabankans komið þessi tillögugerð á óvart hafa þeir greinilega ekki kynnt sér þær tillögur sem Seðlabankinn hafði áður gert mér.

Hv. 1. þm. Austurl. og hv. 6. þm. Norðurl. e. véku nokkuð að því sem segir í greinargerð Seðlabankans um mál sem, með leyfi hæstv. forseta, ég vil hafa skýra tilvísun til og er þar kallað „kerfislæg gengisaðlögun" til að jafna aðstöðu atvinnuvega. Um þetta mál er nokkuð rætt í greinargerð Seðlabankans, að minni hyggju á skiljanlegan en e.t.v. ekki sérlega læsilegan hátt. Ég vil vísa til skýrslunnar um þetta atriði. Þar er að sjálfsögðu lýst skoðunum Seðlabankans á þessu máli.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. innti mig mjög eftir áliti á því sem Seðlabankinn nefnir þessum fögru orðum, „kerfislæga gengisaðlögun". Það mál er ekki til umræðu frekar nú en þau mikilvægu sjávarútvegsmál sem þingmaðurinn hreyfði og vildi ræða. Þau verðum við að ræða öðru sinni. Til þess mun vafalaust gefast tækifæri, m.a. þegar nefndir, sem nú starfa að endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar á grundvelli stefnu- og starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar, hafa lokið sínum störfum og skilað áliti til ríkisstjórnar og þings. Um mitt eigið álit á samhengi gengisstefnu, auðlindanýtingar og atvinnuhátta nægir mér á þessu stigi að vísa til þess sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var svo vænn að lesa upp úr ræðum mínum í fyrrakvöld.

Þá kem ég að því sem hv. 7. þm. Reykn. nefndi í sinni ræðu enn einu sinni að hann teldi að grundvallaratriði efnahagslífsins á Íslandi væru allt önnur en með öðrum þjóðum og því þyddi ekki að þröngva íslensku efnahagslífi til að hlýða erlendum kennisetningum. Bæði hann og hv. 1. þm. Austurl. vitnuðu hins vegar, að mér heyrðist með velþóknun, í álit ágæts bandarísks hagfræðings, prófessors Paul Krugmans og það endurtók hv. 7. þm. Reykn. áðan, líklega er þá ekki sama hver hin erlenda kennisetning er. Og ég ítreka það enn einu sinni að íslenskt efnahagslíf lýtur vitaskuld sömu almennu lögmálum og annars staðar gilda. Við megum alls ekki nota slíkar röksemdir til að komast hjá því að takast á við vandamálin með raunhæfum hætti.

Hv. 7. þm. Reykn. spurði mig um það hvort tekist hefði eins vel að rétta þjóðarskútuna af í þeim erfiðleikum sem við mættum haustið 1988 ef við hefðum ekki tekið þá ákvörðun að leiðrétta gengisskráninguna. Mitt svar getur verið alveg skýrt við því. Nei, það hefði ekki tekist jafn vel án leiðréttingar á gengisskráningunni, enda var þá raungengi krónunnar orðið mun hærra en það hefur nokkru sinni verið sl. áratug og t.d. miklu hærra en það er í dag. Gengisleiðréttingin á árunum 1988–1989 var gerð skynsamlega, eins og hv. 7. þm. Reykn. hefur þegar nefnt, í nokkrum smáum skrefum sem komu í veg fyrir efnahagslega kollsteypu. En eins og hv. 7. þm. Reykn. veit mætavel þá hefur reynslan af stöðugleika sýnt okkur svo ekki verður um villst að stöðugleiki í gengismálum er árangursríkasta leiðin til að halda verðbólgu í skefjum. Um það er reynslan frá ársbyrjun 1990 ólygin. En það má ekki gleymast að við þurfum að beita saman öllum hagstjórnartækjum til að jafna þær sveiflur sem þjóðarbúið verður fyrir. Að öðrum kosti fær gengisstöðugleiki ekki staðist til lengdar. Og við megum heldur ekki gleyma því að stöðugleiki í gengi er og verður ankeri fyrir sáttagjörð um sanngjörn kjör.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu ítreka upphafsorð mín. Mér virðist nokkurs misskilnings gæta í ræðum hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Með samþykki þessa frv. er ekki verið að tengja gengi krónunnar við ECU heldur fyrst og fremst að skapa forsendur fyrir því að markaðsöfl geti í auknum mæli haft áhrif á daglegt gengi krónunnar. Þetta hefur hv. 18. þm. Reykv. skilið og ég fagna stuðningsyfirlýsingu hennar við stefnu stöðugleika í gengismálum þegar horft er til framtíðar. Mér er eins og henni Dýrafjörður kær. Ég veit að hv. 18. þm. Reykv. er gjarn á að líta til sögunnar þegar meta skal framtíðaráform. Hún er trú þeirri skoðun að án fræðslu um hið liðna sést ei hvað er nýtt, um það get ég verið henni sammála. Þess vegna langar mig til að benda á að Íslendingar hafa reynslu af fasttengingu við evrópskt myntkerfi. Við vorum í norrænu, reyndar evrópsku myntbandalagi, síðustu áratugi 19. aldar og fyrstu tvo tugi þessarar aldar. Á þessu tímabili hófst einmitt nútímahagvöxtur á Íslandi á grundvelli milliríkjaviðskipta, m.a. vegna þess að við tengdumst þá alþjóðlegu peningakerfi, m.a. vegna þess að á þeim grundvelli döfnuðu hér milliríkjaviðskipti, alþjóðleg verkaskipting fékk að njóta sín. Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga þegar þessi mál eru hugleidd í sögulegu samhengi eins og hv. 18. þm. Reykv. hefur minnt okkur á og hún á þakkir skildar fyrir það.

Að endingu, frú forseti, vil ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir hans framlag til þessarar umræðu. Hann fjallaði í sinni ræðu skynsamlega um grundvallaratriði þessa frv. og ég til taka undir hans orð að hér er um framfaramál að ræða.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. taldi um misskiln-

ing hjá mér að ræða þegar ég taldi frv. stefna að tengingu við ECU. Þetta kom mér nokkuð á óvart. Að vísu er frv. í heimildarformi, Seðlabankanum er heimilt að tengjast ECU eða öðrum gjaldmiðlum. Hins vegar kemur mjög skýrt fram í greinargerð Seðlabankans að hann gerir tillögu um það að tenging við ECU verði ekki síðar en 1993 og ég man ekki betur en hér á vorþingi hafi þetta komið fram í ræðu hjá hæstv. viðskrh. — eða var það forsrh., kannski sama hvor er — og var nokkuð rætt. Og ég man ekki betur en að á fréttamannafundi hafi það komið fram að ráðherrann taldi rétt að tengjast ECU. Ég tel það alrangt og þessi heimild er þannig orðuð að ég get ekki treyst því að veita slíka heimild á þessari stundu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það vakti furðu mína að hv. 7. þm. Reykn. skyldi lýsa beinni andstöðu við frv. Hann sagði í upphafi síns máls í umræðunni 19. nóv., með leyfi virðulegs forseta:

„Í örfáum orðum vil ég lýsa andstöðu minni við það frv. sem liggur frammi." Þar var ekkert undanskilið. Þetta var kannski það sem vakti næst furðu mína.

Hitt vil ég líka leiðrétta enn á ný sem misskilning á frv. að með því er ekki verið að tengja krónuna við ECU þótt verið sé að gefa færi á viðmiðun við ECU eða aðrar samsettar mynteiningar og um leið, sem er náttúrlega kjarni málsins, að gefa markaðsöflum áhrif á hið daglega gengi.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hæstv. viðskrh. í þessu tilfelli sagði að ég lýsti andstöðu minni við frv. í minni fyrstu ræðu. Ég sagði hins vegar áðan að ýmsan fróðleik væri að finna i þeim skýrslum sem eru komnar og ég hef sannfærst um að það kunni að vera rétt að reyna þetta stýrða flot eða hvað menn vilja kalla það og vísa til þess að þetta tók ég skýrt fram áðan þannig að ef hent er út 1. mgr. frv. get ég stutt það.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að nú kemur fram frá hv. 7. þm. Reykn. stuðningur við mikilvæga þætti í frv. Ég skil það svo að þetta eigi líka við um það að reglur seðlabankalaga taki jafnt til útibúa erlendra banka sem innlendra lánastofnana. Ég vona að ég skilji það rétt auk þess sem hv. þm. sjálfur nefndi. En vegna umræðunnar, sem fram fer um nákvæmt orðalag brtt. við 18. gr. seðlabankalaga, er að sjálfsögðu langheppilegast að það verk fari fram í hv. efh.- og viðskn. en ég hef þegar gert tillögu um að frv. verði til hennar vísað.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekkert mikið, eftir lestur þeirra greinargerða sem hafa fylgt þessu frv. inn í efh.- og viðskn. og með tilvitnunum í hvíta bók ríkisstjórnar og ræður viðskrh., að það fari þannig að mönnum finnist að þungamiðjan liggi á ECU-tengingunni. Og ég ætla mér, með leyfi forseta, að vitna aftur í ræðu hæstv. viðskrh. frá iðnþingi en þar sagði hann:

„Tekin hefur verið ákvörðun um að stefna þegar á þessum vetri að myndun viss gjaldeyrismarkaðar hér á landi. Gerðar verði ráðstafanir til að hægt verði að tengja íslensku krónuna við ECU til að staðfesta stefnu stöðugleika í gengi."

Þetta er orðrétt tilvitnun í ræðu hæstv. viðskrh. og það var ekki fyrir neina tilviljun að ég tengdi þetta þeim kafla í ræðu hæstv. viðskrh. þegar hann ræddi um upptöku veiðileyfagjalds. Hins vegar skil ég ósköp vel að hann víki sér undan því á þessu stigi að útfæra þá stefnu sína og síns flokks þó svo ég telji að miðað við hvernig að því er vikið, bæði í hans ræðu og í þeim greinargerðum sem við höfum fengið með, væri mjög eðlileg og sjálfsögð krafa til hæstv. viðskrh. að hann gerði grein fyrir stefnu sinni við umræðuna. En í hans ræðu kemur fram að hann telur að það megi í eitt skipti fyrir öll — eða þannig skil ég það — hagræða þannig gengismálum að hægt sé að leggja á aflagjald án þess að það komi við sjávarútveginn. Það var m.a. þetta atriði sem ég krafði hann svara um hvað hann ætti við með þessu því að þetta tengist vissulega gengismálum sem eru til umræðu í frv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlýt enn á ný að þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að flytja, endurflytja og kynna mínar ræður hér á þinginu þó haldnar séu utan þings. Fyrir það kann ég honum bestu þakkir. En vegna þess sem að var vikið get ég staðfest það að rétt var lesið. Ég tel það skynsamlegt að við stefnum að því að tengja gengi krónunnar við hina evrópsku mynteiningu enda séu forsendur fyrir því að slík tenging fái staðist. Þetta tel ég verðugt keppikefli og get endurtekið það með mikilli ánægju hér. Hins vegar er það misskilningur að það frumvarp sem við ræðum nú fjalli um þetta mál. Það gerir það ekki þótt það gefi færi á því — það er rétt.

Um síðari þáttinn í andsvari hv. 6. þm. Norðurl. e., um gengi og auðlindanýtingu og atvinnuhætti, vil ég aftur, frú forseti, leyfa mér að vísa til þess sem hv. þm. var svo vænn að lesa upp í þinginu í fyrrakvöld.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með það að hæstv. viðskrh. hefur í efnahagsþrengingum núv. ríkisstjórnar farið að lesa hin nytsömustu plögg og m.a. nefndarálit það sem við fjórir framsóknarmenn unnum að og skiluðum frá okkur. Það er á hverjum tíma virðingarvert þegar menn viða að sér þekkingu með þessum hætti og að sjálfsögðu er það svo að menn sitja ekki heilt sumar yfir samningu slíks nefndarálits nema þar sé alvara á bak við hvað menn meina.

Ég hef verið gagnrýninn á það hvernig Seðlabankinn hefur framkvæmt 18. gr. seðlabankalaganna. Núv. fyrirmæli sem Seðlabankinn fær eru á þann veg, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu

miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina."

Það gerist ærið oft að þessi markmið stangast á. Þannig er ástandið í dag. Stöðugleikanum er viðhaldið, viðskiptahallinn stefnir í 20 milljarða og rekstrargrundvöllur atvinnuveganna, aðalgreinanna í sjávarútveginum, er brostinn. Seðlabankinn fylgir sem sagt einu markmiðinu fast eftir, hin mega fara lönd og leið. Þetta vekur þá umhugsun þegar menn fá misjöfn fyrirmæli eins og maður sem stendur við stjórnvöl á skipi að hann skuli sigla ákveðinn veg en ekki sigla á neinn, þá er gert ráð fyrir þeim vitsmunum að menn breyti þá stefnunni frekar en til árekstrar komi. Sagan segir aftur á móti að Staðarhóls-Páll hafi viljað halda stefnunni forðum og það var orðað svo:

Ýtar sigla austan sjó,
unnar jónum káta.
Skipið er nýtt og skerið er hró
og skal því undan láta.

Auðvitað var skerið gamalt. Það vissi Staðarhóls-Páll, en hitt reyndist aftur á móti staðreynd að það var sterkara en skipið. *Og þeir sem nú tala hvað grimmast um að það þurfi að aga íslenskt atvinnulíf með því að víkja hvergi frá settu marki í gengisskráningu, um stöðugleikann, taka ákvörðun um það að virða að engu hin tvö fyrirmælin sem eru í 18. gr.* Það er þess vegna ömurleg staðreynd að helstu úrræði íslenskrar þjóðar undir þessum kringumstæðum til þess að varðveita gjaldeyrisvarasjóð sinn er einfaldlega að taka erlent lán. Þegar hæstv. forsrh. gerir grín að kvennalistakonum fyrir þær hugmyndir að þær tali um að það eigi að taka erlent lán til þess að tryggja atvinnu gleymir hann því að það er alger einhugur á milli ríkisstjórnar Íslands og Seðlabankans um að taka almenn neyslulán til þess að hægt sé að viðhalda viðskiptahalla upp á 20 milljarða. Það er þess vegna verulega hræsni í slíkum yfirlýsingum og mikil spurning hvort sá sem þær gefur frá sér hafi yfir höfuð skilning á efnahagsmálum.

Nú er það svo að enn er farið hér af stað með nýjan texta og Seðlabankanum ætlað skv. 2. gr. hins nýja frv. verulegt hlutverk. Það er ekki í þessum texta sagt hverjar eigi að vera leikreglurnar sem eigi að gilda þegar gengi krónunnar verður skráð í framtíðinni.

Ég veit að þeir eru margir sem vildu gjarnan að við hefðum stöðugleika og auðvitað er gott að hafa stöðugleika. Það er jafnglæsilegt markmið hjá viðskrh. að hafa stöðugleika eins og hjá heilbrrh. ef hann vildi tryggja mönnum eilíft líf. Það færi ekki á milli mála að það væri göfugt markmið að setja slíkt inn og segja að þetta sé markmiðið þó að því miður sé ekki hægt að ná því. En spurningin er einfaldlega þessi: Hver er raunveruleikinn í þessum efnum?

Það var farið til sögunnar. Við höfðum gullfót, Íslendingar, hún var gulltryggð, íslenska krónan. Það er ekki dónalegt að geta talað um gulltryggða krónu og ég man ekki betur en Nóbelsverðlaunaskáldið okkar hafi einu sinni notið þess á Ítalíu að krónan var gulltryggð og það voru gullkrónur sem honum bárust. En niðurstaðan varð sú að þessi mikla fastengisstefna sem viðhöfð var á fyrstu áratugum í sögu þessarar aldar leiddi m.a. til gjaldþrots Íslandsbanka. Það væri nú fróðlegt ef hæstv. viðskrh. tæki sig til og læsi afmælisrit Útvegsbankans sem dr. Ólafur Björnsson samdi á *sínum tíma þar sem það kemur fram hvers vegna Póstmeistarasjóðurinn danski sem átti að fá sitt fé greitt í dönskum krónum stóð svo vel að vígi í þessari stöðu* en hinir sem þurftu að greiða voru í vonlausri aðstöðu, einfaldlega vegna þess að gengisskráningin var orðin snarvitlaus í reynd. Ég held nefnilega að til þess séu vítin að varast þau og ef menn vilja ekki aftur gera íslenskt atvinnulíf og fyrirtæki að tilraunadýrum hlýtur það að vera spurning hvort við ætlum aftur að sigla inn í það ástand að hér skuli fastgengisstefna viðhöfð, hvort sem það leiðir til hruns atvinnuveganna eða hruns bankakerfisins. Þess vegna vekur það undrun mína að í 2. málsl. 2. gr. frv., sem er breyting við 18. gr. laganna, skuli lagt til að Seðlabanka Íslands verði veitt heimild til að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR. Það er að vísu talað um með eða án *fráviksmarka. Það væri náðugt líf hjá seðlabankastjórum okkar ef þeir þyrftu að mæta á einn fund í ársbyrjun og tilkynna það að þeir hefðu ákveðið að það skuli* bundið fast og svo gæti liðið allt yfirgefið bankann þess vegna. Þeir þyrftu ekki að mæta fyrr en í byrjun næsta árs. Nú eiga þeir eftir áratug. Það væri alveg eins eftir því hvað samþykktin væri langt fram í tímann. Halda menn að nokkurs staðar í veröldinni sé ætlunin að þannig sé staðið að málum?

Auðvitað veit hæstv. viðskrh. að ef efnahagslíf Íslands er í lagi breytist ekki gengi krónunnar, þá helst það. Það þarf enga samþykkt. En það er enn þá verið að leika sér að því að annars vegar eigi að vera hægt að ráða gengi krónunnar með einhverjum ákvörðunum og samþykktum og hins vegar eigi gengi krónunnar að lúta efnahagslögmálum. Um þetta tvennt getur aldrei orðið eining. Annað er rétt, hitt er vitlaust. Svo einfalt er það mál. Það er ekki bæði hægt að skrá sjúklinginn lifandi og dauðan. Annaðhvort er hann lífs eða liðinn og það er makalaus þráhyggja að vilja halda því fram að það sé samræmi í því að biðja um slíka heimild og biðja um það að standa eigi að málum á þann veg að nú eigi markaðurinn að fara að hafa meiri áhrif á gengi krónunnar. Auðvitað er ekkert um annað ræða en það að verðgildi íslenskrar krónu verður að fara eftir því hver verðmætasköpunin er í samfélaginu. Allt annað er draumsýn, allt annað er rugl. Það gengur einfaldlega ekki upp að segja: Við ætlum að aga íslenskt atvinnulíf, festa gengi krónunnar við einhverja gjaldmiðla sem við höfum mikið ástfóstur á og segja: Gott og vel, þetta skal blífa. Það verður þá bara að hausa liðið eins og það leggur sig, þetta forstjóralið í landinu sem stýrir fyrirtækjunum. Einfalt mál. Aga liðið. (**Gripið fram í:** Hvað gerðu Finnar?) Hér er spurt utan úr salnum við mikla eftirtekt formanns þingflokks Alþfl.: Hvað gerðu Finnar? (**Gripið fram í:** Drífðu þig frá gagnfræðaskólastiginu.) Ég veit nú ekki, herra for-

seti, hvort þessi umræða um gagnfræðaskólastigið er á dagskrá, ég hef ekki hafið þá umræðu eða þá skilgreiningu en það væri hægt að taka þá umræðu upp og þá ekki við bjölluhljóm. En Finnar settu gengið fast og þeir forðuðu sér á handahlaupum frá þeirri hringavitleysu alveg eins og þegar þeir hafna inni í gufubaði og hitinn er orðinn slíkur að þar er ekki líft. Þá leggja menn á flótta þar út í skaflana, kviknaktir. Þeir játuðu mistök sín og björguðu sér. Og ég vil nú eindregið að hæstv. viðskrh. — því að ég skil ekki annað en hann telji að markaðurinn eigi að ráða og það sé það sem hann vilji nú viðurkenna í fræðikenningunni — taki þessa heimild út vegna þess að hún þarf ekki að vera inni ef markaðurinn ræður og ástandið í efnahagsmálunum er það gott að gengi krónunnar haldi velli. Ekki væri það nú alvarlegt eða slæmt ef hér væri vel stjórnað að okkar gjaldmiðill tæki bara upp á því eins og í Þýskalandi og Japan að fara að styrkjast og fara upp á við. Nei, menn verða að gera það upp við sig í þessum efnum hver stefnan er.

Það þýðir ekki að afla heimilda í sömu lagagreininni til að fara bæði til hægri og vinstri og mæta svo Jóni Jónssyni á göngunum og segjast ætla að fara til hægri, en Pétri Péturssyni þegar komið er inn í forstofuna og segjast ætla að fara til vinstri. Það er ekkert traust á slíkri stefnumörkun. Það verður að vera vitað hvorn kostinn menn ætla að taka. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. viðskrh. til þess að afhenda þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar hinar hugsuðu leikreglur sem eru á bak við fyrstu setninguna. Hvernig hugsar Seðlabankinn sér að verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið? Afhenda leikreglurnar. Auðvitað mundi þetta kalla á það að menn þyrftu að fara að hugsa niðri í Seðlabanka og taka um það ákvörðun hvað þeir væru að biðja um. Þeir yrðu að koma með það alveg skýrt hvað þeir væru að biðja um. Eru þeir að biðja um það að þeir samþykktu ákveðið hlaup á íslensku krónuna sem leitað yrði samþykkis ríkisstjórnar fyrir og svo mundi markaðurinn algerlega ráða því hvort þar yrði verðgildið í miðjunni á því hlaupi, í toppnum eða neðst? Ef þeir ekki treystu sér til að verja þá stöðu sem þeir hefðu lagt til mundu þeir koma með nýja tillögu. Ef það er þetta sem verið er að biðja um, þá erum við að færa okkur í áttina til markaðsins og markaðurinn ákveði þetta.

Auðvitað get ég tekið undir það með hæstv. viðskrh. að það vilja allir að hér ríki stöðugleiki. Hver vill ekki að gott ástand sé í efnahagsmálum sinnar þjóðar? Hver vill það ekki? Auðvitað vilja það allir. Auðvitað viljum við líka að þannig sé staðið að málum að það sé einhver sveiflujöfnunarsjóður sem taki þátt í því að koma í veg fyrir að gengi krónunnar sveiflist frá degi til dags til skiptis mjög miklum sveiflum þannig að gjaldeyrisseljandinn sem þarf að selja sinn gjaldeyri í dag geti átt von á því að það séu stórkostleg mistök að hafa ekki beðið til morguns. Auðvitað viljum við að þetta gerist með einhverri sveiflujöfnun. En ef Seðlabankinn á aftur á móti að hafa ótakmarkaðar heimildir til þess að taka erlend lán, til þess að pína þá sem eru að afhenda gjaldeyri sinn til að afhenda hann á lægra verði en það kostar að framleiða gjaldeyrinn, þá erum við ekki að vinna fyrir þjóðarhag.

Ég er sannfærður um það að sá reginmunur sem er í dag á efnahagsstjórn Þýskalands og Japans, þar sem seðlabankar þessara landa hafa lagt á það höfuðkapp að koma í veg fyrir það að gjaldmiðlarnir séu ekki of hátt skráðir og að þeir hafi sölumöguleika fyrir útflutningsgreinar sínar, þessi stefna ein er sú stefna sem í reynd styrkir gjaldmiðil þjóðar. Engin stefna er líklegri til þess að valda hruni á gjaldmiðli hjá nokkurri þjóð en að skrá gengi hennar of hátt. Það er vísasti vegurinn niður á við. Og það vil ég að hæstv. viðskrh. viti að ég er stuðningsmaður þess að hér verði tekin upp sú stefna að gjaldmiðill íslensku þjóðarinnar sé ákvarðaður með sama hætti og gjaldmiðill þeirra þjóða þar sem markaðurinn ræður verðinu og þar sem á bak við hann er framleiðslugeta þjóðarinnar.

Við getum deilt um marga hluti, á hvaða sviðum menn segja að markaður, lögmál framboðs og eftirspurnar gildi og á hvaða sviðum ekki. Það er hægt að deila um það fram og til baka. Það er hægt að veita einhverjar heimildir til þess að hafa þar áhrif en þegar verið er að takast á um það grundvallaratriði hvort við ætlum að verja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar eða ekki þá verður það ekki varið nema menn hafi vit á því að raungengi íslensku krónunnar sé skráð lágt. Það er ekki hægt að verja það öðruvísi. Ef við skráum raungengi krónunnar lágt þá mun það verða til þess í framtíðinni að krónan mun styrkjast því þá munu útflutningsatvinnuvegirnir halda velli og þá mun samkeppnisiðnaðurinn íslenski halda velli og þá munu menn styrkja íslenskan iðnað þegar þeir fara og versla vegna þess að það er hagkvæmt að kaupa íslenskar vörur. Þetta er grundvallaratriðið til þess að um efnahagslegt sjálfstæði þessarar þjóðar verði að ræða í framtíðinni.

Ég vil þess vegna skora á hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir því að draumsýnin um fasta gengið fari hér út, veruleikinn einn verði hafður í þessari grein og að menn geri sér grein fyrir því að við höfum ekki efni á neinum leikaraskap, neinni tilraunastarfsemi manna sem við höfum falið mikil völd, engri tilraunastarfsemi eins og gerð var í upphafi þessarar aldar þegar menn ætluðu að setja hlutina hér fasta og settu á sínum tíma Íslandsbanka á höfuðið og stóðu að stórgjaldþrotum sem hér voru um svipað leyti.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég varð nokkuð undrandi á ummælum hæstv. viðskrh. þegar hann lýsti undrun sinni á því hvers vegna ég hefði lýst andstöðu við 2. gr. frv. Ég gerði þá grein eingöngu að umræðuefni í mínu máli. Ég vék ekki sérstaklega að 1. gr. og 3. gr. en mun taka það mál fyrir í nefnd og hef ekki lýst andstöðu minni við þau áform sem þar eru. Það er ekki rétt hjá hæstv. viðskrh. Hins vegar er rétt hjá honum að ég hef lýst andstöðu minni við 2. gr. Hann telur að sú andstaða sé byggð á misskilningi. Það er ekki í fyrsta skipti sem við heyrum það í þessum þingsal að við

skiljum illa hlutina og þess vegna hljóti öll afstaða okkar að vera byggð á misskilningi.

Nú má vel vera að mín afstaða sé byggð á misskilningi og þá ber að leiðrétta hann. En ég skil mál þetta með þeim hætti að hér fær hæstv. viðskrh. heimild til þess, eða réttara sagt Seðlabankinn, og það hefur verið talað um að auka beri sjálfstæði hans. En það stendur nú jafnframt „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar". En, með leyfi hæstv. forseta, þá hljómar það svo:

„Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR, eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka."

Þetta er mjög ítarleg heimildargrein. Það er hægt að gera mjög margt á grundvelli þessarar greinar. M.a. sýnist mér að það liggi alveg ljóst fyrir, má vera að þar sé um misskilning að ræða, sem ég held að sé ekki, að hægt sé á grundvelli þessarar heimildargreinar að binda gengi íslensku krónunnar við ECU.

Síðan segir á bls. 2 í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Tenging íslensku krónunnar við ECU er hins vegar ekki talin tímabær að sinni." Hæstv. viðskrh. hefur lýst því sem sinni stefnu, má vera að ég hafi misskilið hann einnig í því, að hann sé þeirrar skoðunar að rétt sé að taka upp bindingu við ECU frá og með ársbyrjun 1993. Þannig hef ég skilið hans mál. Ég er því miður ekki með ræður hans hér en út af fyrir sig væri mér ljúft að vitna í þær því ég heyri á hæstv. viðskrh. að honum þykir það afar skemmtilegt ef vitnað er í ræður hans.

Ég hef skilið málið með þessum hætti og á grundvelli þessa skilnings er ég andvígur því að veita hæstv. viðskrh. og hæstv. ríkisstjórn umboð til þess, miðað við það ástand sem nú blasir við, að taka upp tengingu við ECU frá og með 1. jan. 1993. Og ég færði rök fyrir mínu máli fyrst og fremst með því að lesa og vitna til þess sem kemur fram í þessari skýrslu þar sem eru viðvaranir um þessa hluti og lögð áhersla á að upphafsstaðan þurfi að vera góð. Ég hef, hæstv. viðskrh., ekkert traust á því að upphafsstaðan verði góð í ársbyrjun 1993 og er ekki tilbúinn til að gefa núv. ríkisstjórn mitt umboð til þess. Svo einfalt er það. Ég get bætt við það sem því miður kemur nú fram um okkar þjóðarbúskap í nýrri skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur skýrt fram, og ég er því sammála, að helsta vandamál á næstunni á sviði hagstjórnar sé að ná niður viðskiptahalla og standa gegn erlendri skuldasöfnun. Svo einföld er mín afstaða. Ef hún er byggð á misskilningi þá bið ég hæstv. viðskrh. að leiðrétta hann en vera ekki að bera á mig misskilning ef hann er ekki á rökum reistur. Ég tel að ég hafi talað alveg skýrt mál hér og skýrt mína afstöðu eins vel og mér var unnt, reyndi gera það ekki í mjög löngu máli. Ég ætla mér ekki að fara að endurtaka neitt af því sem ég sagði þá. Þetta er grundvöllur minnar afstöðu og við það stend ég.

Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því í nefnd að þessari grein verði breytt og vænti þess að það sé hægt að ná um það samstöðu. En hæstv. viðskrh. þarf ekki að lesa upp fyrir okkur framsóknarmenn skýrslu nefndar sem var starfandi á okkar vegum þó að við verðum afar glaðir við eins og hann hefur heyrt, jafnglaðir og hann verður þegar hann heyrir vitnað í sínar ræður.

Þetta vildi ég taka hér fram, virðulegi forseti, og vænti þess að þar með sé afstaða mín skýr.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Örfá orð. Í fyrsta lagi vegna þess sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., þá vil ég taka það skýrt fram að ég las þetta nál. þegar mér barst það í hendur haustið 1989 en ekki í tilefni af þessari umræðu. Í því áliti eru margar góðar hugmyndir þótt þær séu eins og gengur ekki allar jafngóðar. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál verði rætt á réttum forsendum. Ég vil líka gera það skýrt hafi það ekki komið fram í fyrri svarræðu minni að 7. þm. Reykn. lýsti andstöðu við frv. í heilu lagi. Hv. 1. þm. Austurl. talaði eingöngu um 2. gr. og ég vék eingöngu að honum í því sambandi. Hafi þetta ekki verið gert alveg skýrt í fyrri svarræðu minni þá skal það gert nú.

Ég vil enn taka það fram að þetta frv. snýst ekki um það að tengja íslensku krónuna við ECU. Ég get staðfest það að það er mín skoðun og mitt álit að skynsamlegt sé að stefna að því að tengja gengi krónunnar við ECU á árinu 1993 enda séu forsendur fyrir því að það fái staðist. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt. Þess vegna er þetta skref óháð því. Það er kjarni málsins. Reyndar tel ég að tillagan sem hér er gerð sé fyrst og fremst til þess að leyfa markaðsöflunum að hafa áhrif á gengið. Aðalbreytingin er þessi litla breyting að í staðinn fyrir að segja að Seðlabankinn ákveði hvert gengi íslensku krónunnar skuli vera stendur nú í tillögunni hvernig það skuli ákveðið. Það er aðalbreytingin. Upptalningin um við hvaða mynteiningar miða megi er ekki aðalatriðið. Ég tel, þótt hafa megi á því ýmsa skoðun, að stjórnvöld, Seðlabanki og ríkisstjórn hafi fullnægjandi heimild til þess í lögunum eins og þau eru nú að tengja gengið við ECU, SDR eða aðra samsetta mynteiningu. Að mínu áliti er alveg örugg heimild fyrir því. Þess vegna er þessi upptalning eingöngu til að gefa til kynna að þetta kynni að koma til greina en ekki breyting á efni laganna eins og þau eru nú.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins biðja hæstv. viðskrh. um að svara því skýrt hér: Telur hann að að samþykktu þessu frv. hafi hann og hans ríkisstjórn heimild til að binda gengi íslensku krónunnar fast við ECU? Ef hann hefur þá heimild er þá ekki rétt skilið að hann mun gera það samkvæmt því sem hann hefur sagt skýrt? Ég hef að vísu spurt hæstv. sjútvrh. hvort hann sé því sammála en ég hef skilið yfirlýsingar hans þannig að hann telji það ekki tímabært. Það er það sem ég er undrandi á, að hæstv. viðskrh. skuli vera að tala um þessar dagsetningar 1. jan. 1993. Sérstaklega með

hliðsjón af ummælum forsrh. landsins um dagsetningar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Með þessu frv. er lagt til að talsverðar breytingar verði gerðar á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi er að því stefnt að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega frá því sem gildandi lög um sjóðinn gera ráð fyrir. Tilgangur þessarar breytingar er að stuðla að raunhæfri fækkun fiskiskipa en slík fækkun er ein af forsendum þess að hægt verði að stuðla að betri afkomu í sjávarútvegi. Í öðru lagi er lagt til að allar tekjur sjóðsins af framsali aflaheimilda renni til Hafrannsóknastofnunar. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að láta atvinnuvegi bera í ríkari mæli en nú kostnað af því rannsóknar- og þjónustustarfi sem fram fer í þeirra þágu á vegum ríkisins og á því ekkert skylt við kröfugerð sem haldið hefur verið á lofti varðandi sérstakan auðlindaskatt á sjávarútveginn til að stunda almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Svipaðar sértekjur eru í sjóðum annarra atvinnugreina eins og iðnaðarins þó að þær nái ekki sama hlutfalli heildarútgjalda eins og hér er gert ráð fyrir. Jafnframt er samfara þessu stefnt að því að hafrannsóknir verði efldar mjög verulega og hefur í því sambandi verið tekin ákvörðun um að hefja mjög umfangsmiklar fjölstofnarannsóknir á heildarsamhengi lífríkis sjávarins.

Lög um Hagræðingarsjóð voru sett vorið 1990 og komu lögin til framkvæmda um síðustu áramót. Upphaflega var lagt fram frv. um starfsemi sjóðsins í ársbyrjun 1989 en í tengslum við afgreiðslu Alþingis á lögum um stjórn fiskveiða voru gerðar verulegar breytingar á frv. Meðal annars var nafni sjóðsins breytt úr Úreldingarsjóður fiskiskipa í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og sjóðnum úthlutað aflaheimildum sem námu allt að 12.000 þorskígildislestum. Þessum aflaheimildum átti sjóðurinn að ráðstafa með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skyldi sjóðurinn framselja allt að helming þessara aflaheimilda til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum sem standa höllum fæti. Í öðru lagi skyldi sjóðurinn framselja aflaheimildir sínar til einstakra fiskiskipa. Þessi tvö markmið, sem sett voru með starfsemi sjóðsins, stangast á vissan hátt á.

Með frv. er því verið að einfalda alla starfsemi sjóðsins og beina kröftum hans að því að fækka fiskiskipum en allir ættu að geta verið sammála um mikilvægi þess við núverandi aðstæður. Þær breytingar sem gerðar voru á frv. um að heimila sjóðnum að úthluta aflaheimildum til einstakra byggðarlaga sættu mikilli gagnrýni af hálfu flestra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Með þessum breytingum var verið að varpa þeim vandamálum sem upp kunna að koma í einstökum byggðum yfir á sjávarútveginn sjálfan og rekstur hans.

Vanda einstakra byggðarlaga á ekki að leysa með þeim hætti heldur hljóta þau vandamál að verða leyst eftir því sem hægt er af stjórnvöldum á hverjum tíma. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar kreppir að í sjávarútvegi vegna minni afla. Mun vænlegri leið til árangurs í þeirri viðleitni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins er að stjórnvöld beiti almennum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir óæskilega byggðarröskun. Það að bæta byggðarlögum tímabundið það áfall sem verður við það að fiskiskip er selt til annars byggðarlags, eins og gildandi lög um sjóðinn gera ráð fyrir, er ekki vænleg leið til árangurs í þeim efnum. Hlutverk Byggðastofnunar er að móta og samhæfa aðgerðir í þessum efnum.

Samkvæmt ákvæði 1 til bráðabirgða við gildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins skyldi sjóðurinn fá úthlutað allt að 8.000 þorskígildislestum á fiskveiðitímabilinu sem hófst þann 1. jan. 1991 og lauk þann 31. ágúst 1991. Með lögum nr. 13/1991, um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, var sjútvrh. veitt heimild til að úthluta aflaheimildum sjóðsins til loðnuskipa. Fyrrum sjútvrh. nýtti þessa heimild laganna og var 8.000 þorskígildislestum deilt til einstakra loðnuskipa. Hagræðingarsjóður fékk því ekki úthlutað aflaheimildum á umræddu fiskveiðitímabili. Þessi ákvörðun um ráðstöfun heimilda sjóðsins á síðasta fiskveiðitímabili var skynsamleg en jafnframt er ljóst að þessar aflaheimildir hafa ekki nema að hluta bætt upp þann aflabrest sem loðnuskipin urðu fyrir á síðustu vertíð.

Á þessari stundu ríkir enn óvissa um loðnuveiðar á þessu fiskveiðiári. Tekin hefur verið ákvörðun um 240 þús. lesta loðnukvóta en þar af koma 187 þús. lestir í hlut okkar skipa. Þessar aflaheimildir eru langt undir meðaltali íslensku loðnuskipanna sem á undanförnum árum hefur verið um 800 þús. lestir. Rætist ekki úr loðnuveiðum á þessu fiskveiðiári er ljóst að útgerðir loðnuskipa og loðnuverksmiðjur verða fyrir miklu áfalli. Yrði það þriðja árið í röð þar sem verulegur tekjubrestur hefur orðið hjá þeim sem stunda loðnuveiðar og loðnuvinnslu.

Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða við frv. er gert ráð fyrir að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs á yfirstandandi fiskveiðiári, sem eru um 11.500 þorskígildi, verði varið án endurgjalds til hækkunar á aflamarki einstakra fiskiskipa í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim fiskitegundum sem sjóðurinn hefur til umráða. Aflaheimildir sjóðsins munu því að hluta bæta upp þann mikla aflasamdrátt sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir. Jafnframt opna viðbótaraflaheimildirnar möguleika á því að beita ákvæði 9. gr. laga um stjórn fiskveiða, verði verulegur loðnubrestur, án þess að skerða þurfi þær aflaheimildir sem þegar hefur verið úthlutað.

Samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð er honum heimilt að greiða úreldingarstyrki sem nema allt að 10% af húftryggingarmati fiskiskipa. Skilyrði fyrir greiðslu slíkra styrkja er að aflaheimildir þess fiski-

skips sem úrelt er verði sameinaðar varanlega aflaheimildum annarra fiskiskipa í flotanum. Reynslan hefur sýnt að þetta hlutfall er of lágt og kemur það fram í því að sjóðnum hafa nánast ekki borist fullgildar umsóknir um greiðslu slíkra styrkja. Hafa margir útgerðarmenn frekar kosið að selja endurnýjunarrétt fiskiskipa sem aflaheimildir hafa verið fluttar af eða að halda þeim til veiða á vannýttum tegundum. Þetta mun hins vegar leiða til vaxandi sóknar í þessar tegundir og getur þannig flýtt fyrir að grípa verður til þess að setja hámarksafla á fleiri tegundir en nú er gert. Þá liggja allmörg fiskiskip bundin við bryggju þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig skipin skuli nýtt. Hætt er við að sum skipanna muni verða nýtt til stækkunar á nýjum skipum. Með því að hækka þetta hlutfall í allt að 30% af húftryggingarverðmæti er gert ráð fyrir að hægt verði að ná umtalsverðum árangri í að fækka fiskiskipum nú á næstu árum.

Með frv. er ekki lagt til að gjald sem eigendur fiskiskipa, sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri, greiða til sjóðsins sé í samræmi við stærð skipanna. Ekki er gert ráð fyrir að þetta gjald hækki. Árlegar tekjur sjóðsins af þessu gjaldi nema nú um 80 millj. kr. en eigið fé hans nam 600 millj. kr. 1. sept. sl. Reynist eftirspurn eftir styrkjum til úreldinga mikil á næstu árum þarf því annaðhvort að hækka iðgjöldin eða lækka það hlutfall af húftryggingarverðmæti sem styrkfjárhæðin miðast við.

Með frv. er lagt til að heimild sjóðsins til þess að kaupa fiskiskip með aflaheimildum verði felld niður. Reynslan hefur sýnt að umframeftirspurn er eftir fiskiskipum til kaups. Þetta endurspeglast í háu verði á skipum og hætt er við að samkeppni frá opinberum sjóði geti haft óheppileg áhrif á verðmyndun. Þá er vandséð miðað við hið háa verð að kaup á fiskiskipum í því skyni að framselja árlegar aflaheimildir þeirra til að standa undir kaupverðinu fái staðist. Það er ekki eðlilegt að sú heimild sjóðsins verði felld úr gildi.

Eins og áður er rakið er gert ráð fyrir að andvirði þeirra 12.000 þorskígildislesta sem sjóðurinn fær árlega úthlutað verði varið til Hafrannsóknastofnunar. Meginhluta teknanna verður varið til að standa undir almennum rekstrarkostnaði stofnunarinnar en að hluta verða þessir fjármunir nýttir til að standa undir sérstökum rannsóknarverkefnum sem fyrirhuguð eru. Gert er ráð fyrir að árlegar aflaheimildir sjóðsins verði framseldar til fiskiskipa eftir sömu reglum og eru í gildandi lögum um sjóðinn. Í upphafi hvers fiskveiðiárs verður útgerðum því boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins í réttu hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips. Nýti útgerð ekki forkaupsrétt verða þær aflaheimildir sem þannig falla niður framseldar hæstbjóðanda. Er þetta í samræmi við þær reglur sem gildandi lög um sjóðinn mæla fyrir um hvað varðar þann hlut aflaheimilda sjóðsins sem sjóðurinn skal árlega framselja til fiskiskipa. Hér er því ekki um nýmæli að ræða að því er varðar aðferðir við að koma þessum aflaheimildum í verð.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til með frv. er eins og áður er vikið að lagt til að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega frá því sem nú er. Og með hliðsjón af því er lagt til að ekki verði skipuð sérstök stjórn fyrir sjóðinn eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Í þess stað er lagt til að stjórn Fiskveiðasjóðs verði falið að annast veitingu úreldingarstyrkja úr sjóðnum en samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð annast Fiskveiðasjóður daglegan rekstur sjóðsins.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þessi löggjöf kom til framkvæmda vorið 1990 og þó í reynd aldrei til framkvæmda vegna þess að síðar voru gerðar breytingar á lögunum, eins og hæstv. sjútvrh. tók hér fram og aflaheimildum sjóðsins varið til aðstoðar loðnuskipum. Það mál var til mikillar umræðu hér á Alþingi á sl. vetri en var að lokum samþykkt sem skipti miklu máli til lausnar í þeim mikla vanda.

Þetta mál á uppruna sinn í því að gerð var mikil endurskoðun á sjóðakerfinu og þá voru flestir sjóðir sjávarútvegsins lagðir niður en hins vegar var því frestað að endurreisa svokallaðan Úreldingarsjóð. Í gegnum tíðina hafa verið til ýmsir sjóðir í íslensku samfélagi og þeir hafa ekki allir verið slæmir eins og stundum er nú látið í veðri vaka. Þessi sjóður hefur verið talinn sérstaklega slæmur en hann er ekkert öðruvísi en margir aðrir sjóðir. Honum var ætlað að takast á við mikilvæg úrlausnarefni sem ég tel mjög þýðingarmikið að verði gert í framtíðinni. Mér finnst það furðu sæta að núv. ríkisstjórn skuli nánast með einu pennastriki vilja leggja niður mikilvægt hlutverk sjóðsins. Þeir sjóðir sem voru lagðir niður á sínum tíma höfðu í sjálfu sér gegnt þýðingarmiklu hlutverki og um marga hverja hafði ríkt almenn pólitísk samstaða á Alþingi. Hins vegar var talið að það væri mikilvægt að hver og einn fengi betur notið sín og það væri á margan hátt illa farið með það fé sem þar var tekið með útflutningsgjaldi og eðlilegra að hver og einn stæði undir því. Þetta er hin sígilda umræða sem ávallt á sér stað hvort rétt sé að leysa verkefnin með sameiginlegum hætti eða hvert og eitt fyrirtæki ef einstaklingur gerir það. Á því er ekki til nein einföld lausn en almennt má segja að það sé af hinu góða ef hver og einn og hvert fyrirtæki geta ráðið við úrlausnarmálin. Það er almennt sjónarmið sem ber að halda heiðri en svo vill til að það gengur ekki alltaf upp og þá þurfum við aðstoð ýmissa sjóða.

Stærsti sjóðurinn af öllum heitir ríkissjóður sem hefur af flestum ekki verið talinn slæmur. Ætli næststærsti sjóðurinn í landinu heiti ekki borgarsjóður og þar eru hin ólíklegustu verkefni innan dyra eins og rekstur á vélgröfum, malbikun gatna, sorphirða og margt fleira — ég tala nú ekki um veitingahúsabyggingar. En mörg verkefnanna má að sjálfsögðu leysa á vettvangi einstaklinganna og í mörgum tilvikum hefði verið réttara af borgarsjóði Reykjavíkur að gera það.

En þrátt fyrir allt hafa menn talið skynsamlegt fram að þessu að halda slíkum sjóði við því að ekki verður allt leyst á vettvangi fyrirtækja og einstaklinga.

Saga þessa sjóðs er því orðin löng og það má segja að hún hefjist með þeirri umræðu sem varð þegar kvótakerfið var tekið upp, en þá var mjög áberandi að ýmsir töldu að óæskilegt væri að afli væri framseldur á milli skipa. Enn þá óæskilegra væri að skip fengju að ganga kaupum og sölum milli byggðarlaga. Segja má að þetta hafi staðið eðlilegri hagræðingu innan sjávarútvegsins fyrir þrifum því að allir vildu halda í heiðri þeim rétti einstaklinganna í hverju byggðarlagi að geta unnið við sjávarútveg eins og þeir hefðu gert frá fyrstu tíð, jafnvel þótt fyrirtækin í viðkomandi byggðarlagi hefðu farið yfir um eins og sagt er.

Það þykir mörgum ósanngjarnt að þótt fyrirtækin hverfi af vettvangi séu möguleikarnir ekki lengur fyrir hendi. Þessi sjónarmið stangast vissulega á því að það er nánast útilokað að koma í veg fyrir að skip geti flust á milli byggðarlaga ef almennt á að vinna að hagræðingu í sjávarútvegi. Þetta hefur hins vegar leitt til mikilla deilna og menn hafa kallað starfsemina ýmsum nöfnum og m.a. sagt að verið væri að selja óveiddan fisk. Málið er að sjálfsögðu ekki svo einfalt, eins og oft vill verða, því að spurningin er fyrst og fremst sú hver skuli greiða fyrir þegar sameining veiðiheimilda á sér stað. Á hið opinbera að gera það eða eiga einstaklingarnir að gera það, eða á e.t.v. enginn að gera það?

Í flestum löndum hefur verið tekin upp sú skipan að hið opinbera hefur lagt til mikið fé til úreldingar fiskiskipa. Við Íslendingar höfum hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að sem veiðiþjóð og fiskvinnsluþjóð getum við það ekki og því verði atvinnugreinin sjálf að leggja þetta á sig. Með þau grundvallarrök í huga var talið nauðsynlegt að leyfa tilflutning aflaheimilda en jafnframt talið mikilvægt að til væri sjóður í landinu sem gæti tekist á við þessi viðfangsefni og sá sjóður væri sameiginleg eign sjávarútvegsins og undir stjórn hans. Þannig var stjórn Hagræðingarsjóðsins að meiri hluta til tengd aðilum í sjávarútvegi og með því lögð á það áhersla að um sjóð hans væri að ræða. Þegar hann var stofnaður fékk hann það fjármagn sem fyrir hendi var úr Aldurslagasjóði og gamla Úreldingarsjóðnum en jafnframt var opnað fyrir þá umræðu hvort ekki væri rétt að selja ýmis fyrirtæki sem tengjast sjávarútveginum og leggja söluverð þeirra í þennan sjóð. Þar var nefnt sem dæmi hugsanleg sala á Síldarverksmiðjum ríkisins sem varð til þess að nokkur mótmæli hlutust af en jafnframt var nefnd til hugsanleg sala á tryggingafélagi einu sem ríkið á og heitir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og er gjörsamlega óþarfi að slíkt tryggingafélag sé rekið á vegum hins opinbera. Af því að ég veit að hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér að selja ýmsar eignir þá get ég m.a. bent á þetta tryggingafélag sem er sjálfsagt að selja. Hins vegar tel ég óeðlilegt að söluverðið sé nýtt með öðrum hætti en til sjávarútvegsins sjálfs og til uppbyggingar hans.

Ég ætla ekki að nefna fleiri fyrirtæki en að sjálfsögðu er ekkert óeðlilegt þó að hlutabréf í einstökum fyrirtækjum séu seld. Ég vil nefna það sem dæmi að ríkið á mjög mikið af hlutabréfum í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og mætti vel hugsa sér að eitthvað af þeim kæmi á almennan markað.

Umræðan hélt áfram og á Alþingi fluttu menn tillögur um það að sjútvrh. á hverjum tíma yrði að hafa einhverjar heimildir til að grípa inn í ef illa færi í einstökum byggðarlögum. Ég vitna sérstaklega til umræðu sem varð hér á hv. Alþingi vegna sérstakra vandamála á suðurhluta Vestfjarða, nánar tiltekið á Patreksfirði. Þar höfðu skapast miklir rekstrarerfiðleikar og því miður voru allmörg fiskiskip á því svæði seld í burtu. Við atkvæðagreiðslu á frv. um stjórn fiskveiða var flutt sú tillaga að sjútvrh. fengi heimild til að heimila kaup á nýju fiskiskipi til byggðarlaga þar sem straumhvörf hefðu orðið í atvinnumálum vegna þess að fiskiskip hefðu verið seld í burtu. Þessi tillaga var felld á hv. Alþingi með aðeins eins atkvæðis mun. Það var sem sagt fellt með aðeins eins atkvæðis mun að veita sjútvrh. þá opnu heimild að hann gæti leyft kaup á nýju fiskiskipi til byggðarlaga sem hefðu alveg sérstakar aðstæður. Það var því nánast meirihlutavilji hér á Alþingi að veita sjútvrh. slíka heimild. Nú geta menn nærri um það í hvaða stöðu sjútvrh. væri á hverjum tíma að hafa slíka heimild í höndunum. Að sjálfsögðu mundi hvert og eitt byggðarlag sem stæði frammi fyrir vandamálum leita eftir því við viðkomandi ráðherra að hann beitti þessari heimild. Það þyrfti að sjálfsögðu allsterk bein til að standast þann þrýsting með slíka lagaheimild í höndunum, enda eru lagaheimildir ekki veittar í því skyni að þær séu aldrei notaðar. Þannig er sú lagaheimild sem sjútvrh. hefur til þess að skerða aflaheimildir fiskiskipaflotans til að koma til aðstoðar loðnuskipunum ekki veitt með þeirri hugsun að það skuli vera samkvæmt því sem viðkomandi ráðherra sýnist á hverjum tíma. Slík heimild leggur að sjálfsögðu skyldur á herðar viðkomandi ráðherra og honum ber nánast að beita slíkum heimildum ef öll skilyrði eru fyrir hendi til að fullnægja slíkum lagaákvæðum.

En sem betur fer, vil ég segja, var þessi straumhvarfagrein felld á Alþingi en eftir stóð að vilji þingsins hafði verið markaður að nokkru leyti og þannig var það í allri þessari umræðu frá upphafi að hún tók margvíslega stefnu og menn urðu að sjálfsögðu að taka tillit til þess sem fram kom á Alþingi og þess vilja sem kom fram bæði í ræðum manna og í atkvæðagreiðslum. Það var því haldið áfram að reyna að finna leið til að sætta þessi sjónarmið án þess að standa í vegi fyrir því að hagkvæmni og hagræðing gæti haldið áfram að ráða ríkjum í þróun sjávarútvegsins.

Ef ég man rétt var það strax árið 1988 sem þessi mál komu til umræðu og aftur 1989. Í upphafi árs 1989 voru lagðar fram hugmyndir um ráðstafanir í sjávarútvegi sem m.a. gerðu ráð fyrir úreldingarsjóði. Þar var líka gert ráð fyrir þróunarsjóði sjávarútvegsins, en þar hefur á það skort að sjávarútvegurinn hafi fjármagn til þróunar og til að leggja í rannsóknir og þróunarverkefni með sambærilegum hætti og iðnaðurinn, en iðnaðurinn hefur fjármagnað það með iðnlána-

sjóðsgjaldi. Það var mín skoðun á þeim tíma að það væri rétt að koma á slíkri skipan. Það mætti hins vegar mikilli andstöðu, bæði hjá hagsmunaaðilum og eins hjá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að rifja þá umræðu upp en það er eins og gengur að sitt sýnist hverjum þegar slík verkefni á að leysa. Hins vegar var ég ávallt þeirrar skoðunar að undan því yrði ekki vikist að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem uppi eru ef eitt byggðarlag missir svo mörg fiskiskip frá sér að atvinnuleysi kemur upp í viðkomandi byggðarlagi. Ég vil aðeins gera grein fyrir því með hvaða hætti sjóðurinn átti að þjóna aðstoðarhlutverkinu en þar voru sett mjög ströng skilyrði og það er í núgildandi lögum.

Þessu aðstoðarhlutverki í þágu byggðarlaga sem standa höllum fæti á sjóðurinn að sinna með því að ráðstafa þeim aflaheimildum sem honum eru úthlutaðar, og það er tiltekið magn í lögunum í því skyni, enda verði þeim afla landað í viðkomandi byggðarlagi. En skilyrðin eru þau að ástæða vandans verður að vera sala fiskiskips eða fiskiskipa úr viðkomandi byggðarlagi sem leiðir til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og byggðarröskun sé yfirvofandi af þeim sökum. Áður en ákvörðun er tekin um slíka aðstoð er ljóst að heildarúttekt á atvinnumálum í viðkomandi byggðarlagi verður að liggja fyrir og aðstoð sjóðsins getur aldrei orðið annað en tímabundin hjálp meðan varanlegri úrræða er leitað. Hafi ákvörðun um aðstoð verið tekin við eitthvert byggðarlag skal fyrst og fremst veita sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi kost á að ráðstafa þeim aflaheimildum sem samþykkt hefur verið að verja í þessu skyni gegn greiðslu samkvæmt gangverði. Kjósi sveitarstjórn ekki að hafa slíka milligöngu skal stjórn sjóðsins ráðstafa aflaheimildum til einstakra skipa, annaðhvort af almennu gangverði eða til hæstbjóðanda. Það ræðst af aðstæðum á hverjum stað hvað útgerðir einstakra skipa eru tilbúnar til að fá heimildir til að veiða viðbótarafla með því skilyrði að honum verði landað til vinnslu á viðkomandi stað. Séu skip sem skortir aflaheimildir gerð út frá viðkomandi stað eða liggi hann vel við miðum og sé nærri heimahöfn annarra skipa er líklegt að útgerðaraðilar væru tilbúnir til að greiða eðlilegt verð fyrir viðbótarheimildir enda þótt þær væru bundnar slíku löndunarskilyrði. Séu aðstæður örðugri, t.d. ef viðkomandi byggðarlag er utan alfaraleiðar eða með lélega hafnaraðstöðu, þá mundi endurgjald sem fengist fyrir aflaheimildirnar verða lægra og í undantekningartilfellum getur stjórn sjóðsins fallið frá endurgjaldi að fengnu samþykki ráðherra. Það verður hins vegar að telja ólíklegt að sú staða komi upp í bráð að víkja þurfi frá almennu gangverði veiðiheimilda til að tryggja afla þeirra byggðarlaga sem aðstoð hefur verið samþykkt til. Stafar það af því hve mikil umframafkastageta fiskiskipaflotans er nú og því hlýtur í nánustu framtíð að vera fremur auðvelt að fá skip til veiðanna.

Það verður að mínu mati ekki komið auga á aðra betri lausn til að koma til móts við þau sjónarmið að tryggja visst öryggi fyrir þau byggðarlög í landinu sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Hér er um að ræða markaðslausn sem byggir á því að nýta umframafkastagetu fiskiskipaflotans til að leysa tímabundin og staðbundin vandamál sem upp kunna að koma. Ef leysa á þau vandamál er hin leiðin að rígbinda veiðiheimildir í einstökum byggðarlögum sem kæmi þar af leiðandi í veg fyrir að sjávarútvegurinn gæti þróast eðlilega frá því sem nú er. Hér áður fyrr voru þessi vandamál einfaldlega leyst með því að bæta nýjum fiskiskipum í flotann. Ég held að allir ættu að geta verið sammála um að slíkt mundi einungis leiða til sóunar á verðmætum. Ég tel það vera grundvallaratriði að þessi vandamál verði frekar leyst á vettvangi Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins eða með því að heimila kaup á nýjum fiskiskipum til viðkomandi byggðarlaga.

En á ekkert að takast á við þessi vandamál? Á bara að láta þetta eiga sig? Ég sé ekki betur en með þessu frv. sé í reynd verið að segja það. Það segir hins vegar neðst á bls. 3 í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er í frv. lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi. Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu."

Nú skulum við taka það sem dæmi að eitthvert byggðarlag hafi misst skip sín og standi frammi fyrir slíku vandamáli. Hvað á þá að gera? Miðað við það að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins starfi áfram og hafi þær heimildir sem hann hefur í dag gæti viðkomandi byggðarlag leitað til hans. Ég tek það hins vegar skýrt fram að viðkomandi byggðarlag mundi með því ekki fá varanlega lausn vegna þess að þar er um tímabundnar úthlutanir að ræða og það er alveg rétt sem ég hef heyrt hæstv. sjútvrh. segja að hætt sé við því að slík úthlutun kynni að verða varanleg. Það var ekki hugmyndin. Hins vegar var ætlunin að beita þessum sjóði meðan leitað væri annarra úrræða og má vel vera að þau séu ekki ávallt fyrir hendi og það takist ekki að finna þau, en það er þó a.m.k. hægt að taka af mestu sárindin. En ef það er ekki hugmyndin að eiga neitt við þessi mál, þá er sjálfsagt að samþykkja þetta frv. Ég er ekki með því að segja að einfalt sé að takast á við þetta og það sé eitthvað einfalt fyrir stjórn sjóðsins að starfa á þessum grundvelli. Ég vil m.a. vitna til þess sem ég las sem hæstv. sjútvrh. skrifaði í Morgunblaðið föstudaginn 28. apríl 1990 um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta, um það leyti sem þetta frv. var samþykkt á Alþingi þar sem hann sagði sem svo:

„Spyrja má hvaða byggðastefna felist í því að taka aflaheimildir frá Vestmannaeyjum og Ísafirði eða Eyfirðingum og Eskfirðingum til geðþóttaúthlutunar. Er byggðin í landinu eitthvað betur borgið með því að taka aflaheimildir frá Höfn í Hornafirði til þess að færa yfir á Djúpavog? Þannig má lengi spyrja."

Auðvitað má lengi spyrja. Og það má vel vera að byggðinni í landinu sé ekkert betur borgið þó að aflaheimildir séu færðar frá Höfn í Hornafirði yfir á Djúpavog svo að ég taki sem dæmi. Það var ekki hugmyndin með sjóðnum heldur var það hugmyndin að hann hefði möguleika á því ef svo illa vildi til að Djúpivogur missti sitt eina skip, sem gæti komið fyr-

ir, þá væri mögulegt að grípa til þeirra ráðstafana að selja aflaheimildir til skipa sem tækju á sig þær skyldur að landa honum á Djúpavogi. Vilji svo illa til að Djúpivogur missi sitt skip og það sé selt til Hafnar í Hornafirði eða eitthvert annað er komið upp mikið vandamál á þeim stað sem og öðrum stöðum í landinu sem verður ekki komist hjá að ræða. Það má vel vera að Byggðastofnun geti tekið það að sér eins og mörg önnur mál. En ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ekki skilið umræðuna undanfarið með þeim hætti að það standi til að efla mikið þá stofnun, enda skilst mér að stjórnarmenn sumir hverjir hafi jafnvel verið að lána þar peninga án þess að hafa til þess lagalegar heimildir að mati núv. forsrh. Það eru alvarlegar ásakanir og vænti ég þess að forsrh. fái einhvern tíma tíma til að útskýra þær ásakanir nánar, hér á Alþingi eða þá í morgunútvarpinu, en þar hlustar maður gjarnan á hann. (Gripið fram í.) Já, til lítils ánægjuauka. Ég er búinn að vera mjög lengi á Alþingi og ég hef aldrei litið svo á annað en ég væri hér á mjög merkilegum og mikilvægum vinnustað sem ég ber mikla virðingu fyrir og ég tel að þannig eigi áfram að tala um þessa mikilvægu og merkilegu stofnun þjóðarinnar. Og það eiga menn líka að gera í morgunútvarpinu.

En þetta er hin stóra spurning því að hvað ætlar núv. ríkisstjórn að gera til þess að Byggðastofnun geti tekist á við þessi vandamál eða er það þá ekki sukk, sjóðasukk, og hin verstu mál? Ég skil það svo að ekki standi til að efla Byggðastofnun þannig að hún geti tekist á við svona verkefni. Ég vek athygli á því að margir hv. stjórnarliðar hafa komið í ræðustól með gagnrýni á núverandi fiskveiðistefnu, kvótakerfi og talið það vera fjandsamlegt byggðinni í landinu. Ekki veit ég hvort formaður þingflokks Alþfl. er einn af þeim. En þó er eins og mig minni að hann hafi haft einhver orð um það — og vil ég nú ekki vitna alveg beint í orð hans því að mér varð það á í gær að í stað þess að nota orðið „eitthvað" þá notaði ég orðið „allt" og ég bið þingmanninn velvirðingar á því að hafa ekki notað rétt orð því að það skal hafa rétt eftir. En það er eins og mig minni að hann hafi við eldhúsdagsumræður, og er þetta eingöngu eftir minni, haft um það nokkuð stór orð hvað þetta vonda kerfi gæti leitt yfir byggðina í landinu. Þingmaðurinn er þeirrar skoðunar. Ég sé það á honum að nú hef ég munað nokkuð rétt það sem hann hefur sagt, a.m.k. meininguna í því. (Gripið fram í.) Já, mér fer fram. Það er nú alltaf gott og ég hef alltaf litið á það sem kost, bæði í mínu fari og annarra, ef um einhverjar framfarir er að ræða.

En þá kemur þessi stóra spurning, hv. þm.: Hvernig á að breyta þessu? Mér skilst að hv. þm. sé stuðningsmaður þess að leggja niður þennan vonda sjóð eða það hlutverk hans að koma til aðstoðar viðkomandi byggðarlögum. (Gripið fram í.) Ja, bíddu nú við. Ég hélt að þetta væri stjfrv. sem hefði stuðning þingflokkanna, en nú hef ég fengið upplýsingar um það og hef trúlega sagt of mikið því að það á að sjálfsögðu eftir að koma í ljós hvort frv. hefur stuðning þingflokkanna, en hér áður fyrr var það a.m.k. talið nokkuð öruggt þó það væri ekki alveg einhlítt að þingflokksformenn væru stuðningsmenn stjórnarfrumvarpa.

Hér er sem sagt lagt til að leggja þetta hlutverk sjóðsins niður og e.t.v. að fela það Byggðastofnun. Sumir eru þeirrar skoðunar að það megi bjarga öllu með því að selja veiðiheimildirnar eða a.m.k. að leggja skatt á þær. Það muni styrkja byggðina í landinu og laga þetta allt saman. Það eru skoðanir sem ég botna ekkert í og ég hef tekið eftir því að hæstv. núv. sjútvrh. botnar heldur ekkert í því og ég er afar glaður yfir því að það skuli vera fleiri en ég sem skilja ekki þær hugmyndir. Ég dreg mjög í efa, svo ekki sé meira sagt, að það sé einhver leið að færa að því rök að með því að leggja gjald á veiðiheimildir muni það styrkja byggðina í landinu. Það mun að sjálfsögðu vera alveg öfugt, það mun veikja byggðina í landinu og gera sjávarútveginum ómögulegt að starfa. Þess vegna er það furðulegt að svoleiðis hugmyndir skuli ekki teknar út af borðinu. En ef menn vilja þá leysa þetta geta menn að sjálfsögðu breytt þessu kerfi öllu saman, tekið það úr sambandi og leyft fiskiskipunum að veiða með frjálsari hætti og opna þá fyrir það að fjölga skipum. Það er leið sem mundi leiða til mikils óhagræðis í íslenskum sjávarútvegi og ég vona að engum detti í hug að fara inn á þá braut.

Ég sé satt best að segja ekki hvernig það á að vera mögulegt að snúa við blaðinu og hætta við núverandi kvótakerfi. Það er mjög stór þáttur í rekstrarskilyrðum íslensks sjávarútvegs og ég fæ ekki séð að nein önnur skipan mála geti komið þar í staðinn nema þá að menn séu tilbúnir að fórna að verulegu leyti hagsmunum þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem rekin eru í dag. Það má vel vera að menn séu tilbúnir til þess. Ég er ekki tilbúinn í það og mun ekki styðja slíkar aðgerðir. Ég geri mér hins vegar ljósa grein fyrir því að þetta er mjög vandmeðfarið mál þar sem þarf að sætta sjónarmið og það er mjög erfitt fyrir ákveðna aðila að horfa upp á það að missa skipin í burtu og hafa þaðan í frá enga möguleika til að vinna fisk, a.m.k. ekki í sama mæli, á þeim stað sem þeir hafa ávallt búið á. Það má því segja að stofnun þessa sjóðs hafi a.m.k. verið tilraun til að skapa möguleika til slíkra sátta.

Ég er ekki að segja það á þessari stundu að hún hafi tekist, enda hefur sjóðurinn í sjálfu sér ekki tekið til starfa, en ég tel að það beri að heimila honum það. Ég ætla mér ekki að kalla þessa breytingu sem nú er verið að fara út í auðlindaskatt. (**Gripið fram í:** Það er auðlindaskattur, hv. þm.) Ég ætla ekki að nota það stóra orð. Hins vegar er þetta skattur í ríkissjóð. (**ÓS:** Hver er munurinn?) Hver er munurinn? Ég heyri að formaður þingflokks Alþfl. vill kalla þetta auðlindaskatt. Það er allt í lagi mín vegna og ég býst við því að þá væri rétt að flytja slíka brtt. við fjárlagaafgreiðsluna, að breyta nafninu á sértekjum Hafrannsóknastofnunar í auðlindaskatt.

En ég vil aðeins segja það og endurtaka það sem ég hef áður sagt hér á Alþingi. Í maí 1990, þegar ég var að mótmæla því að þessi gjaldtaka eða þessar aflaheimildir Hagræðingarsjóðs væru kallaðar auðlindaskattur, þá sagði ég eftirfarandi, með leyfi hæstv. for-

seta: „Að kalla slíka starfsemi auðlindaskatt er svo fráleitt að það tekur vart að tala um það því auðlindaskattur gengur út á það að skattleggja greinina og taka til annarra þarfa samfélagsins."

Ég stend við þessa skilgreiningu sem ég hafði á auðlindaskatti. Það má deila um hvort starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé sérstaklega fyrir sjávarútveginn eða íslensku þjóðina. Ég hef tilhneigingu til að halda því fram að starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé málefni allrar þjóðarinnar, en ekki sérmál útgerðarinnar. Ég veit ekki til að íslenskir atvinnuvegir hafi hingað til kostað alla rannsóknar- og tilraunastarfsemi sem efnt hefur verið til og ég held að það þekkist ekki í öðrum löndum að þannig sé staðið að málum. En að sjálfsögðu tengist starfsemi Hafrannsóknastofnunar sjávarútveginum. Þar af leiðandi vil ég ekki ganga svo langt að kalla þennan skatt auðlindaskatt en vil hins vegar vitna til orða þeirra sem ræddu þetta mál á sínum tíma hér á hv. Alþingi þegar þessi mál voru rædd, en þá tóku menn ýmislegt upp í sig, eins og gengur við slíkar umræður, og þá sagði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, með leyfi hæstv. forseta: „Með því er stigið fyrsta skrefið til auðlindaskatts." — Og átti við starfsemi Hagræðingarsjóðs. — „Þótt þessum heimildum séu þröngar skorður settar [í brtt.] er eftirleikurinn auðveldur. Það er að rétta skrattanum litla fingurinn og ekki er það laust sem skrattinn heldur." — Ekki er það laust sem skrattinn heldur, sagði hv. þm. á sínum tíma og ég er helst á því að hann hafi í þessu tilviki átt ekki síst við Alþfl., en hann er aðili að núv. ríkisstjórn og *hefur verið mikill málsvari þessa dæmalausa auðlindaskatts.* En Alþfl. vildi mjög gjarnan halda því fram að þeir hefðu komið þessu öllu á en svo var ekki. Þetta var sameiginlegt mál stjórnarflokka í þáv. ríkisstjórn og hafði langan aðdraganda.

Ég ætlaði að vitna í fleiri þingmenn, hæstv. forseti, en þessar umræður eru svo langar og það er ekki þægilegt að finna það sem sagt er, en hv. þm. Halldór Blöndal, núv. landbrh., sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er nú satt að segja hálfgerð fimmáraáætlun eins og hjá Jósef Stalín sáluga á sínum tíma, sem fór nú eins og hún fór, og næsta ömurlegt að þessi hugsunarháttur skuli gægjast fram hér á Alþingi á því herrans ári 1990, en lýsir auðvitað því sem hér er verið að gera. Það er verið að leggja á auðlindaskatt öðrum þræði til þess að reyna að hafa stjórn á byggð í landinu, sem ekki gengur, og svo öðrum þræði til þess að reyna að afla fjár í eyðsluhít ríkissjóðs sem er auðvitað næsta skrefið."

Þá vitum við það að e.t.v. hafði hv. þm. rétt fyrir sér og átti ég nú ekki von á því að það væri sannmæli sem hann sagði vorið 1990.

Ég hef ekki farið svo óvirðulegum orðum um ríkissjóð að kalla hann eyðsluhít. Það er hins vegar ljóst að núv. ríkisstjórn og núv. stjórnarflokkar eru nú að flytja frv. þess efnis að þessir peningar verði notaðir í ríkissjóð. Það segi ég ekki með þeim orðum að það sé mjög slæmur sjóður. Hann er nauðsynlegur og það þarf að afla til hans tekna. Hæstv. ráðherra Halldóri Blöndal hefur tekist að standa við orð sín þó að þessi orð hafi ekki verið sögð í þeim tilgangi á þeim tíma.

En hæstv. núv. sjútvrh. hafði líka á þessu máli skoðun og vitna ég enn á ný í það sem hann skrifaði í Morgunblaðið 28. apríl 1990, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er hins vegar tekin í flýti ákvörðun um að gjörbreyta fyrirkomulagi fiskveiðiskipunar og tengja hana nýjum sjóði sem á að hafa það tvíþætta hlutverk að vera annars vegar fyrsta skref að auðlindaskatti og hins vegar verkfæri til geðþóttaákvarðana og mismununar."

Þá höfum við skoðanir tveggja hæstv. ráðherra og eins virðulegs þingmanns, sem því miður á ekki lengur sæti hér á Alþingi, en voru fulltrúar Sjálfstfl. á þeim tíma. Þeir töldu að Hagræðingarsjóðurinn á sínum tíma væri fyrsta skrefið til auðlindaskatts. Ég var því ekki sammála og ég endurtek það að ég tel þá breytingu, sem nú er gerð, ekki vera þess eðlis að hægt sé að kalla það auðlindaskatt, en hins vegar er hér um að ræða skattheimtu í ríkissjóð og því verður eigi mótmælt, hv. þingflokksformaður Alþfl. (**Gripið fram í:** Undir það tek ég ...) Það er því miður ekki heimilt hér á hv. Alþingi að ástunda slíka hluti, jafnvel þó að menn séu farnir að hafa óvirðuleg orð um þessa stofnun.

Þannig stendur þetta mál að hér er sem sagt lagt til að breyta þessu og gengur einfaldlega út á það að nota peningana fyrir Hafrannsóknastofnun. Ég hlýt að spyrja: Eru þær aðstæður í íslenskum sjávarútvegi í dag að hann hafi sérstaka burði til þess að fara að greiða allan kostnað Hafrannsóknastofnunar, jafnvel þó að *nokkur aukning sé á starfsemi stofnunarinnar sem* er aðeins lítið brot af þessum miklu fjármunum? Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að hann gerði alveg eins ráð fyrir því að nauðsynlegt yrði að úthluta loðnuskipunum sérstökum heimildum úr sjóðnum á árinu 1991–1992, en hann sagði áðan að opnað væri fyrir það með ákvæði til bráðabirgða og ég skil það því svo að þessar tekjur, sem ríkissjóður á að fá af þessum veiðiheimildum á næsta ári, taki til fiskveiðiársins 1992–1993. Ég sé að hæstv. ráðherra nikkar þannig að ég hef ekki misskilið hann eins og hæstv. viðskrh. taldi að ég hefði gert hér áður. En þetta er út af fyrir sig góðra gjalda vert vegna þess að því miður ganga loðnuveiðarnar illa, vonandi verður þar á bót og veiðin glæðist þannig að þau skip geti staðið undir sér. En ef ekki rætist úr stendur hæstv. sjútvrh. frammi fyrir því að skerða heimildir fiskveiðiflotans á árinu 1991–1992 og úthluta því til loðnuflotans. En með því að þarna er gert ráð fyrir að þessar heimildir Hagræðingarsjóðs með ákvæði til bráðabirgða bætist við flotann í heild sinni, þá er það eins og hæstv. ráðherra tók fram áðan, inn og út, þannig að um nettóskerðingu væri ekki að ræða, ef ég hef skilið hann rétt.

Hins vegar er það svo að það er ekki sérstaklega bjart í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir og á ég þá ekki eingöngu við árið í ár og næsta ár. Það er því miður þannig að ástand fiskstofnanna er almennt fremur slæmt og það er alveg ljóst að það mun þurfa að takmarka veiðarnar mjög verulega vegna þess að það er enginn sterkur árgangur sem virðist vera á leið

inn í þorskstofninn sérstaklega. Því vaknar sú spurning hvort ekki sé líklegt að fiskveiðiflotinn þurfi á öllu sínu að halda jafnframt á árinu 1992–1993. Ég get út af fyrir sig vel fallist á það þegar svo árar í sjávarútvegi sem nú að þá komi til álita að viðurkenna það í verki með því að segja sem svo að við ráðum ekki að öllu leyti við þetta hlutverk sem þarna var ætlað við þær aðstæður sem þá voru. Menn verða að sjálfsögðu að geta breytt til ef nýjar aðstæður skapast. Hins vegar tel ég að ekki sé það hægt að öllu leyti a.m.k. því ég á von á að upp komi tilvik í byggðamálum sem ekki verður komist hjá að taka á. En það er mikilvægara en margt annað að það verði nægilegt fjármagn nú á næstunni til að úrelda fiskiskip. Ekki endilega með þeim hætti að sjóðurinn kaupi þau heldur jafnframt með þeim hætti að útgerðaraðilar geti fengið stuðning til þess að leggja niður fiskiskip og sameina veiðiheimildir. Það er vissulega rétt að gert er ráð fyrir því að auka þá möguleika með þessu frv. En það er ekki nóg að auka þessa möguleika ef fjármagn er ekki fyrir hendi. Því að um leið og opnaðar eru frekari heimildir til að hækka styrkveitingar til úreldingar fiskiskipa er dregið úr tekjum sjóðsins. Því að sjálfsögðu var gert ráð fyrir því að fyrir megnið af þeim aflaheimildum, sem færu til byggðarlaganna, yrði greitt fullt verð. E.t.v. eitthvað lægra í einhverjum tilvikum en að mestu leyti fullt verð á þeirri forsendu að það er mikil eftirspurn eftir slíkum aflaheimildum og markaðurinn býður upp á að fiskiskip mundu verða tilbúin að kaupa slíkar aflaheimildir á allháu verði þótt ég vilji alls ekki fullyrða að það væri á fullu markaðsverði í hverju tilviki. Það færi að sjálfsögðu eftir aðstæðum hverju sinni, t.d. hvort viðkomandi byggðarlag hefur aðstæður til að kaupa fiskinn mjög háu verði. Vegna þess að auðvitað þyrfti viðkomandi fiskiskip að fá ekki aðeins fyrir veiðikostnaði heldur jafnframt fyrir það gjald sem greitt er fyrir veiðiheimildirnar. (Gripið fram í.) En með hvaða peningum á að borga? Það er von að spurt sé því að sjálfsögðu er það rétt sem hv. þm. er að koma að að ekki er hægt að ganga svo langt í þessum efnum að viðkomandi fyrirtæki verði rekið með tapi. Það má vel vera að svo sé ástatt nú í sjávarútveginum, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að ekki séu aðstæður til að greiða mjög hátt verð fyrir slíkar heimildir og þar af leiðandi sé rétt að Hagræðingarsjóðurinn fengi ekki fullt verð fyrir þessar veiðiheimildir og þar af leiðandi ekki jafnmikið til að vinna að úreldingu fiskiskipa.

En nú er það svo að uppi eru tvær stefnur í því hvernig rétt sé að vinna að úreldingu fiskiskipaflotans. Annars vegar sú stefna, sem útvegsmenn hafa aðhyllst, að það beri að gera eingöngu á milli aðila í útvegi. Hins vegar sú stefna að réttara sé að gera það með einum sjóði, Úreldingarsjóði eða Hagræðingarsjóði, sem kaupi til sín skipin fyrir þá fjármuni sem hann hefur og aflaheimildirnar renni til útvegsins í heild síðar meir. Þeir sem eru á móti því að færa aflaheimildir á milli skipa ættu að öðru jöfnu að aðhyllast þau sjónarmið að rétt sé að gera þetta í einum sjóði. Þannig taki sameiginlegur sjóður sjávarútvegsins á málinu og allt sem til fellur gangi til hans og síðan renni það til heildarinnar í þeim hlutföllum sem aflaheimildirnar eru. Það er hins vegar ekki svo einfalt að hægt sé að leysa það með þeim hætti vegna þess að í mörgum tilvikum er um þau mál að ræða að menn vilja sameina aflaheimildir á einum stað og eru þess vegna ekki tilbúnir til að láta skipið af hendi til heildarinnar. Vilja þess vegna leysa sín mál sjálfir. Þar af leiðandi hefur verið talið nauðsynlegt að fara báðar leiðirnar.

En ef menn eru á móti því að færa aflaheimildir á milli skipa hljóta menn að vera með því að starfrækja sterkan Úreldingarsjóð. Nema menn séu þá bara á móti því að það sé hagrætt í íslenskum sjávarútvegi og það beri að reka öll þessi skip með einum eða öðrum hætti og halda þeim til veiða hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það er nú ekki mikil skynsemi í því og það verður ekki til þess að hækka ráðstöfunartekjur landsmanna.

Hæstv. forseti. Ég hef farið nokkuð yfir þetta mál, hvernig það er til komið og það er alveg ljóst að það er hluti af löggjöfinni um stjórn fiskveiða, það er hluti af því fiskveiðistjórnunarkerfi sem hér er við lýði og breytingar á þessari löggjöf varða þess vegna málið í heild.

Hæstv. núv. sjútvrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta, í nefndri grein í Morgunblaðinu á sínum tíma þegar þetta mál kom upp:

„Í þessari viku hafa farið fram víðtæk hrossakaup milli stjórnarflokkanna um þetta mikilvægasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar. Segja má að sjútvrh. hafi tekið þann kost að skattleggja vel rekin útgerðarfyrirtæki til þess að framlengja líf ríkisstjórnarinnar um nokkra mánuði."

Það var ekki svo að verið væri að reyna að framlengja líf þeirrar ríkisstjórnar eða sérstaklega verið að reyna að halda Alþfl. inni í henni. Hins vegar var verið að reyna að leysa ákveðið úrlausnarefni sem var ágreiningsmál í þjóðfélaginu og jafnframt ágreiningsmál á milli flokkanna í þáv. ríkisstjórn. Það er alveg ljóst að það voru ekki allir sammála um þessa hluti, en menn komust þó að niðurstöðu og leystu málið. Og það er alveg ljóst að þetta varð m.a. til þess að þokkalegt samkomulag tókst um málið og ég tel það hafa verið afar mikilvægt að það tókst að afgreiða þessi frv. vorið 1990. Eða halda menn að betra hefði verið að hafa þessi mál hér til umfjöllunar á þinginu 1990–1991 í aðdraganda kosninga? Ég óttast að það hefði ekki verið mjög heppilegt.

Ég var þá m.a. ásakaður fyrir að hafa ekki haft samráð um þetta mál við þáv. stjórnarandstöðu. Það má vissulega halda því fram að stjórnarandstaðan hafi ekki komið mikið að því máli. Það kom hins vegar fram í frv. til laga um stjórn fiskveiða að það stæði til að setja þennan sjóð á stofn og frv. um þetta mál hafði verið flutt. En hvað sem svo má um það segja, þá er þetta mál nú hluti af fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það stendur í þeim lögum að það skuli hafa samráð við sjútvn. Alþingis um endurskoðun þess máls. Það samráð var ekki haft að því er þetta mál varðar sem ég tel vera hluta af heildinni. Og það hefur líka verið ákveð-

ið af núv. stjórnarflokkum að halda stjórnarandstöðuflokkunum utan við endurskoðun laganna nema þá með þeirri aðstöðu sem þeir hafa innan sjútvn. þingsins, þ.e. með öðrum hætti en var haft áður.

Ég er ekki að segja að það megi ekki breyta til en ég tel það óráð að efna til endurskoðunar á þessari löggjöf án aðildar flokkanna í landinu og ég tel það jafnframt vera mikið óráð að efna til þess nú að breyta þessari löggjöf um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Ég tel að það muni valda meiri andstöðu við núv. skipan mála og verða til þess að fleiri gallar muni koma í ljós við þá skipan sem nú er og auðvitað ber að viðurkenna að það eru gallar á þeirri skipan sem nú er. Það geta ekki bara verið kostir í svo mikilvægum málaflokkum. En vandinn er hins vegar sá að finna einhverja þá skipan sem gallaminni eða gallalaus getur talist og það held ég að sé ekki hægt. En það verður hins vegar að mínu mati að vera til einhver neyðarventill sem hægt er að grípa til ef þær aðstæður skapast í byggðarlögum sem ég hef áður lýst. Það var krafa margra þingmanna hér á Alþingi. Það var krafa margra byggðarlaga í okkar þjóðfélagi og á þessa kröfu var hlustað og eftir henni tekið og það var í þeim anda sem þessi löggjöf var sett. En mér heyrist og ég sé að hæstv. núv. ríkisstjórn ætlar að hafa þessa kröfugerð að engu og láta sig hana engu skipta. En þá vil ég biðja marga hv. stjórnarþingmenn, kannski ekki síst þingmenn Alþfl., sem hafa sumir hverjir gagnrýnt þessa löggjöf harðlega á þeirri forsendu að hún taki lítið tillit til smærri byggðarlaga, að athuga sinn gang. Og ég bið ekki síst þingmenn sem hafa rekið sína kosningabaráttu sérstaklega með tilliti til þessa máls að athuga nú sinn gang alveg sérstaklega. Ég er ekki viss um að þeir geri sér alveg grein fyrir því hvað þeir eru hér að fara og hvað þeir eru hér að styðja því að ég býst við því að það séu fleiri sem geta misskilið mál en þingmenn sem eru í stjórnarandstöðu. Ég hugsa að það geti jafnvel komið fyrir þingmenn sem styðja núv. ríkisstjórn að þeir misskilji eitt og annað og má vera að einhverjir þeirra hafi ekki alveg skynjað hvað hér er á ferðinni.

Það er a.m.k. ekki mark á þessu takandi nema það sé þá sýnt í verki að það standi til að efla möguleika Byggðastofnunar til að koma hér að málum. (**Gripið fram í:** Þar er skorið niður um 20%.) Ja, það er skorið niður um 20%. Þá er það upplýst. En það er þröngt í búi og ég skil það og þess vegna hef ég haldið að það væru litlir aðrir möguleikar en að halda sig við þá skipan sem þarna var, m.a. vegna þess að það eru ekki aðstæður til að styrkja mjög starfsemi Byggðastofnunar.

Hér hefur verið flutt gagnrýni á starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs, á starfsemi Hlutafjársjóðs og á starfsemi Byggðasjóðs. En svo kemur fram í þessu frv. að það sé mun eðlilegra að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum, og þá væntanlega sjóðum eins og Atvinnutryggingarsjóði eða Hlutafjársjóði, sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Þá vitum við það.

Ég vænti þess að a.m.k. hæstv. forsrh. lesi þessa greinargerð áður en hann talar í morgunútvarpið næst.

Ég vil því lýsa andstöðu minni og míns flokks við þetta frv. Við teljum þetta vera eitt af því alvarlegasta sem hefur komið frá hæstv. núv. ríkisstjórn og við biðjum hana um að íhuga málið betur og gefa góðan tíma til umfjöllunar um málið, enda liggur ekkert á. Það á ekki að byrja að taka þessar aflaheimildir til Hafrannsóknastofnunar fyrir haustið 1992 og þess vegna getur þetta vel beðið vorsins. (**Sjútvrh.:** Loðnuskipin.) Já, við skulum taka það sérstaklega út úr, hæstv. sjútvrh., það er lítið mál og við getum gert það í nefnd og ég skal gjarnan styðja þig í því að koma þeirri breytingu fram með sama hætti og hæstv. núv. sjútvrh. studdi það ágæta mál á síðasta þingi, enda hafði hann fullan skilning á því og misskildi ekkert í því, hv. þingflokksformaður Alþfl. Hér er um mjög stórt mál að ræða sem varðar endurskoðun á fiskveiðistefnunni og við munum því gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að þetta mál nái fram að ganga óbreytt.

Ég hefði skilið ef hæstv. sjútvrh. teldi að aðstæður í íslenskum sjávarútvegi væru með þeim hætti að sjávarútvegurinn og veiðiskipin þyrftu á þessu að halda og þau gætu ekki lagt til þessara mála. Ég hefði viljað hlusta á þau sjónarmið, sérstaklega að það væri ekki hægt að taka þetta allt til þessara þarfa vegna almennra erfiðleika í sjávarútveginum. (**Sjútvrh.:** Þeir fá það á þessu ári.) Það veit ég, hæstv. sjútvrh., en það kemur ár eftir þetta ár eins og ég veit að við gerum okkur báðir grein fyrir. Og hæstv. núv. forsrh. leggur mikið upp úr því að vera ekki að hugsa til skamms tíma. Ég sé að hann ætlar á næstu spástefnu að tala um Ísland næstu átta árin. Ekki veit ég hvort í þessu felst að hæstv. forsrh. trúi því að hann verði við völd á Íslandi næstu átta árin. En það ber vott um að hann vill hugsa í mörgum árum og í þessu máli er ég a.m.k. sammála því að það þarf að hugsa í mörgum árum og það má ekki verða hér slys. Það væri mikið slys ef þessi löggjöf yrði eyðilögð og það væri mikið slys ef hér yrði tekinn upp auðlindaskattur samkvæmt tillögu þingflokksformanns Alþfl. Við eigum að standa saman til að koma í veg fyrir slík slys. Því það mun verða dýrkeypt fyrir íslenskan sjávarútveg og íslenska þjóð.

Ég hef, virðulegur forseti, eytt nokkuð löngu máli í þetta mál. Ég vænti þess að ekki verði litið svo á að ég sé með því að tefja framgang málsins með einum eða öðrum hætti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að það gangi til nefndar. En ég vil taka það skýrt fram að ég mun sem nefndarmaður í þeirri nefnd vilja ræða þetta mál við mjög marga aðila áður en nefndin afgreiðir það frá sér þannig að það sé alveg skýrt. Þetta er mál sem þarf að ræða við alla hagsmunaaðila í landinu. Það þarf jafnframt að ræða það við fulltrúa byggðanna í landinu og það mun taka nokkurn tíma. Þannig að ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn ætlist ekki til að þetta mál fái skjótan framgang hér á Alþingi.

Ég held að það væri miklu betra fyrir hana að fresta þessu máli, sérstaklega með tilliti til þess hvernig nú stendur á í sjávarútveginum og vera ekki að eyða tíma þingsins í umræður um það og láta það bíða þar til við

sjáum betur hvernig menn komast fram úr þeim miklu erfiðleikum sem nú eru fyrir dyrum. En það er alveg sjálfsagt að vinna að því að hæstv. sjútvrh. fái heimild til að koma til móts við loðnuskipin um leið og ljóst er hvaða áfall getur verið þar á ferðinni. En við skulum vona að þar verði ekki um neitt áfall að ræða því það þolir íslenskt þjóðarbú mjög illa, að fá ekki eðlilega loðnuvertíð. En ef loðnuskipin þurfa ekkert þá veit ég að flotinn í heild þarf á því að halda að fá meiri fiskveiðiheimildir. Og það veit ég að allur þingheimur skilur. Ég tel það mikilvægara að sjávarútvegurinn fái þokkaleg rekstrarskilyrði en að ríkissjóður sé rekinn með 500 milljónunum meira eða minna í greiðsluhalla. Ég er ekki fyrir það að ríkissjóður sé rekinn með miklum greiðsluhalla og ég skil vel áhyggjur hæstv. fjmrh. í þeim efnum. En það er fleira sem þarf að reka í þessu landi en ríkissjóð. Það mætti stundum vera meiri skilningur á því. Það þarf nefnilega líka að reka íslenskt atvinnulíf. Og þetta frv. sýnir ekki mikinn skilning á þeim þörfum.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um starfshætti á Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs þegar fundi var fram haldið í dag um eittleytið og innti hæstv. forseta eftir því hvort forsrh. væri væntanlegur til þingfundar. Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hvað hafi frést af ferðum hæstv. forsrh. þar sem mér býður í grun að nú fari senn að styttast í fundarhaldinu í dag og ég hafði lýst áhuga á því að eiga orðastað við hæstv. forsrh., hvort forseti hafi af honum fregnað eða hvort okkur beri að túlka fjarveru hans sem svo að hann hafi ekki áhuga á því að koma og sinna þingskyldum í dag þar sem mér er ekki kunnugt um að hæstv. forsrh. hafi fjarvistarleyfi. Ef forseti gæti upplýst mig á meðan ég bíð. (**Forseti:** Já, forseti lét kanna það og hæstv. forsrh. var því miður upptekinn og gat ekki komið hér fyrr í dag en hafði ætlað sér að reyna að koma síðari hluta dagsins. En forseti sér að hann er ekki enn þá komin. Síðast þegar forseti lét kanna málið þá var hann upptekinn á fundi. En að sjálfsögðu getur forseti gert tilraun til að athuga hvort forsrh. getur komið áður en við ljúkum þessum fundi. Það var reyndar gert ráð fyrir því að vera hér til klukkan fjögur en klukkan er að verða hálf fimm. Það er forseta að meinalausu að halda áfram ef því er að skipta. Meiningin núna var að leyfa hæstv. fjmrh. að mæla fyrir litlu frv. sem ekki var gert ráð fyrir að miklar umræður yrðu um eða jafnvel engar, þannig að hægt yrði að koma því frv. til nefndar með atkvæðagreiðslu á næsta fundi.) Ég þakka hæstv. forseta svörin og tek þau góð og gild. Mér er fullkomlega ljóst að það er ekki á valdi hæstv. forseta að breyta því úr því að hæstv. forsrh. kemur því ekki við eða vill ekki mæta til þingfundar. Ég mun ekki heldur gera neinar kröfur um að fundur verði lengdur í dag umfram það sem samkomulag hafði áður tekist um, en hlýt þess vegna að áskilja mér rétt til að taka þetta mál upp á nýjan leik með einhverjum hætti.

En ég vil af þessu tilefni, úr því að ekki gefst færi á því, beina máli mínu til hæstv. forseta vegna þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. lét falla um Alþingi og, með leyfi forseta, vitna í þær setningar sem beint snúa að þinginu og okkur þingmönnum sem starfsmönnum hér. Ég óska eftir því að hæstv. forseti íhugi þessi ummæli og það með hvort ástæða sé til einhverra aðgerða af hálfu forseta fyrir hönd okkar þingmanna í því sambandi.

Í morgunútvarpi í morgun sagði forsrh. m.a. í framhaldi af því að hann hafði lýst þeirri ákvörðun sinni að halda áfram að ræða opinskátt um ýmis mál, með leyfi forseta: „Ég ætla ekki að falla í þetta klúbbástand sem var þarna niðri í þingi.“ Fréttamaður spyr: „Var klúbbástand þar?“ Hæstv. forsrh. svarar: „Afskaplega mikið klúbbástand og er reyndar að hluta til enn. Það kom mér mest á óvart eftir að ég kom úr borgarstjórninni að svona ábyrgðarkenndin er dálítið öðruvísi og ekki alveg eins mikil eins og var til að mynda á borgarstjórnarfundum. Þetta er meira svona eins og fundur í gagnfræðaskóla eða slíku. Svona uppákomur bera það með sér að menn eru að velta því fyrir sér hvort þeir geti unnið daginn og hvort þeir geti nú verið sniðugir þennan daginn og hinn.“

Þetta er samkvæmt vélritun á hljóðupptöku af viðtali við hæstv. forsrh. í morgun, hans óbreytt orð sem var útvarpað yfir þjóðina um þessa stofnun, metnað manna til góðra verka hér innan dyra og það ástand og andrúmsloft sem hér ríkir.

Í garð okkar fyrrv. ráðherra falla þessi ummæli, með leyfi forseta, í sama viðtali: „Það eru þarna nokkrir ráðherrar úr fyrri stjórn sem eru með svona fráhvarfseinkenni. Og ég held að það sé út af fyrir sig eðlilegt, það þarf að gefa þeim tíma til að jafna sig á því að þeir eru ekki lengur við völdin. Þeim er það bersýnilega afskaplega óljúft og eru órólegir og geta ekki alveg tekið þátt í venjubundnum störfum.“ Ég endurtek, „og geta ekki alveg tekið þátt í venjubundnum störfum. En það hlýtur að lagast. Það gerir það jafnan þegar menn hafa jafnað sig.“ — Mér heyrist hæstv. fjmrh. hlæja og ber þá vel í veiði. Af því að mér er ekki hlátur í hug, hæstv. fjmrh. Það hefur kannski verið af öðru, betur að svo væri, ekki þessum ummælum hæstv. forsrh. Var hæstv. fjmrh. að hlæja að ummælum forsrh. um þingið? Um fyrrv. ráðherra? (**Gripið fram í:** Er hlátur fjmrh. á dagskránni?) Það er eðlilegt að óska skýringa á þeim truflunum sem verða þegar menn eru að flytja mál sitt hér, hæstv. forseti, en það upplýsist þá seinna að hverju hæstv. fjmrh. hló og af hverju honum er svona kátt í geði. Það er gott að það liggur vel á blessuðum manninum, hæstv. fjmrh., á þessum björtu dögum sem nú ganga yfir þjóðina og þingið. (**Gripið fram í:** Er hann kominn í klúbbinn?) Hann er væntanlega í einhverjum góðum klúbbi.

En, virðulegur forseti, mér er alls ekki hlátur í hug.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég ætlast til þess metnaðar fyrir hönd okkar þingmanna yfir höfuð, allra sem hér sitjum, a.m.k. 62, sem hér eiga sæti á þessu Alþingi, að menn taki svona ummæli alvarlega sem látin eru falla með þessum hætti utan þings. Og það bætir ekki úr skák að hæstv. forsrh. skuli ekki sjá sóma sinn í því að mæta til þingstarfa í dag og vera maður til að standa fyrir þessum orðum.

Ég fer fram á það, virðulegur forseti, að forseti fari yfir þá umræðu sem varð í morgun í Ríkisútvarpinu — og ég er tilbúinn til að afhenda hæstv. forseta mitt eintak með útskrift af ummælunum — og ég óska eftir að forseti íhugi með hvaða hætti er eðlilegast að taka á þessu máli, halda því áfram hér í þinginu annaðhvort á næsta fundi eða við eitthvert það tilhlýðilegt tækifæri sem ég held að hljóti að þurfa að gefast. Það getur ekki gengið svo til að samskipti hæstv. forsrh. og Alþingis verði áfram með þessum hætti sem hér er boðið upp á.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir þetta plagg. Þannig er nú aðstaða forseta að hún hefur hvorki haft tækifæri til að hlusta á morgunfréttir, hádegisfréttir, eftirmiðdagsfréttir eða neitt þar á milli eða kvöldfréttir undanfarna daga svo það eru nýmæli fyrir hana að geta lesið fréttirnar af blaði. Forseti hefur reynt að leggja sig fram um að setja sig ekki í dómarasæti hér á forsetastóli og vill skilja það svo að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi áhuga á að eiga orðastað við þann sem mælti þessi orð sem hann var að skýra hér frá.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að það er ekki vegna þess að hæstv. forsrh. hafi ekki haft hug á að koma hér á fund í dag eða ekki viljað koma hér á fundinn, hann fékk þessi skilaboð en eins og ég var búin að skýra frá var hann upptekinn á lokuðum fundi þegar ég hafði síðast samband og gat þess vegna ekki komið. En eins og ég skýrði jafnframt frá er ég tilbúin að kalla eftir honum núna ef menn vilja fresta fundi og bíða eftir því. Annars verður það tækifæri að koma síðar. Og forseta sýnist að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé sammála um það. Þá er þetta væntanlega fullnægjandi svar við þessum tilmælum hv. þm.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er að sjálfsögðu ánægður með þá yfirlýsingu frú forseta að hún muni sjá til þess að hæstv. forsrh. verði viðstaddur á morgun þannig að við getum átt orðastað við hann því það er sannarlega ástæða til að eiga við hann orðastað út af þeim ummælum sem hann viðhafði í morgunþætti Rásar 2 í morgun. Frú forseti hlýtur að verða að setja ofan í við hæstv. forsrh. Hann hefur með tali sínu óvirt þessa stofnun sem frú forseti hefur verið kjörin til að veita forstöðu. Því er óhjákvæmilegt að fylgja þessu máli eftir.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. um að fá að eiga orðastað við hæstv. forsrh. út af þeim orðum er hann lét falla á Rás 2 í morgun. Ég mun teljast einn af þeim nemendum í gagnfræðaskólanum sem hæstv. forsrh. vitnar til og ég tel alveg nauðsynlegt að fá að eiga orðaskipti við formann nemendaráðs. Það er ýmislegt fleira heldur en það sem hér hefur komið fram sem kom fram í því viðtali sem snýr að mér persónulega þar sem persónulegar árásir á mig úr munni hæstv. forsrh. halda áfram. Ég tel því alveg óhjákvæmilegt að taka undir þessa beiðni hv. þm. og fagna því að þetta mál verði tekið hér upp á morgun.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að vilji manna stendur til þess að ræða við hæstv. forsrh. um framkomu hans gagnvart þinginu. Ég vil bæta við þau tilefni, sem hér hafa verið gefin upp fyrir þessari ósk, þeim ummælum hæstv. forsrh. í garð okkar þingmanna sem tókum þátt í umræðunni um byggðamál. Þar lét hæstv. ráðherra þau orð falla að hann hefði í upphafi umræðu, sem hefði staðið í þrjá sólarhringa, sagði hann reyndar, haft fyrir framan sig minnisblað og ætlað að skrifa niður allar þær hugmyndir og tillögur sem ræðumenn kæmu fram með í byggðamálum. Hann lét svo um mælt í fyrrakvöld að blað hans væri enn autt. Með öðrum orðum að þingmenn, sem hefðu tekið þátt í þessari umræðu, sem voru fjölmargir úr öllum flokkum, höfðu að hans mati ekkert til málanna lagt, engar tillögur og engar hugmyndir. Þetta eru mjög alvarleg ummæli í garð þingmanna og ég fer fram á það, virðulegur forseti, að þetta tilefni verði líka til umræðu.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (innheimta). — Þskj. 143.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald. Samkvæmt þessu frv. er lagt til að gerð verði breyting á lögunum um tryggingagjald þannig að fjmrh. geti ákveðið að þeir aðilar sem innheimta staðgreiðslu tekjuskatts skuli jafnframt annast innheimtu tryggingagjalds en ekki eingöngu þeir sem eru svokallaðir innheimtumenn ríkissjóðs. Sparnaður af þessari breytingu er áætlaður verða a.m.k. 11 milljónir kr. á ári.

Ég legg til, virðulegur forseti, að þetta mál verði sent hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

38. FUNDUR

föstudaginn 29. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að eftir að lýkur afgreiðslu á tveimur fyrstu dagskrárliðum, eða kl. 11, mun fara fram utandagskrárumræða skv. beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, um ummæli hæstv. forsrh. í fjölmiðlum um starfshætti á Alþingi. Sú umræða fer fram eftir fyrri mgr. 50 gr. þingskapalaga sem þýðir að hún má standa í hálftíma.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JónS, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, BBj, EH, FI, GB, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, RA, SighB, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, BBj, EH, FI, IBA, ISG, JBH, JónK, JónS, JVK, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, RA, StH, VE) fjarstaddir.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (innheimta). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HA, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, BBj, EH, FI, ISG, JBH, JónK, KÁ, MF, MB, PJ, RA, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁRÁ, BBj, EH, FI, ISG, JGS, JBH, JónK, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, RA, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um starfshætti á Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði tilkynnt að utandagskrárumræðan færi fram kl. 11 og það eru því 20 mínútur þangað til það gerist ef forseti ætlar að standa við þau orð. En þar sem ljóst er að allir hv. þm. eru viðstaddir sér forseti ekki ástæðu til annars en hefja þessa utandagskrárumræðu nú þegar nema óskað sé eftir því að gera hlé á fundinum. Það er rétt að minna á það og leggja áherslu á að umræðan fer þannig fram að málshefjandi hefur þrjár mínútur og getur talað tvisvar en aðrir þingmenn og ráðherrar tvær mínútur tvisvar ef tími vinnst til þess. — Og nú verður forseti að vonast til þess að hann nái nöfnum allra þingmanna sem hafa beðið um orðið og mun reyna að skrifa niður.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna ýmissa ummæla sem forsrh. hefur á síðasta sólarhringnum rúmum látið falla í fjölmiðlum og utan þings um Alþingi og störfin hér, um fyrrv. ráðherra og jafnvel um nafngreinda þingmenn. Í stuttu máli má segja að ummæli forsrh. hafi falið í sér eftirfarandi:

Forsrh. segir að á Alþingi ríki afskaplega mikið klúbbástand. Forsrh. segir ábyrgðarkennd dálítið óöruvísi og minni en í borgarstjórn. Forsrh. segir ástandið á Alþingi líkjast fundi í gagnfræðaskóla eða slíku. Forsrh. telur vanta upp á markvissa vinnu á Alþingi. Forsrh. segir í Morgunblaðinu í dag að vinnubrögð á Alþingi séu allt önnur og lakari en í borgarstjórn. Forsrh. segir á sama stað að á Alþingi sé mikið um alls konar uppákomur með hálfgerðum gagnfræðaskólabrag. Forsrh. segir: „Maður ber nú ekki mikla virðingu fyrir svona vinnubrögðum og sumir þingmenn hafa vakið sérstaka athygli mína."

Um ráðherra og fyrri ríkisstjórn segir hæstv. forsrh.: „Það eru þar nokkrir ráðherrar úr fyrri stjórn sem eru með svona fráhvarfseinkenni" og síðar að „þeir" þ.e. fráfarandi ráðherrar „geta ekki alveg tekið þátt í venjubundnum störfum."

Árásir forsrh. á einstaka þingmenn rek ég ekki hér. Það munu þeir væntanlega gera sjálfir, t.d. hv. 5. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykn. En ég vil leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

1. Lýsa þessi ummæli sem hæstv. forsrh. hefur viðhaft utan þings raunverulegum viðhorfum hans til Alþingis Íslendinga?

2. Er hæstv. forsrh. reiðubúinn til að staðfesta eða endurtaka þessi ummæli hér innan veggja Alþingis eða vill hann draga þau til baka og ef svo er, mun hann þá biðjast velvirðingar á þeim?

3. Telur hæstv. forsrh., sem setið hefur á Alþingi samtals í liðlega 10 vikur, sem aldrei hefur verið óbreyttur þingmaður, sem aldrei hefur starfað í þingnefnd, sig hafa næga reynslu til að kveða upp dóma um störf þingsins?

4. Hyggst hæstv. forsrh. rökstyðja þau ummæli sín að fráfarandi ráðherrar geti ekki sinnt störfum sínum með eðlilegum hætti sökum fráhvarfseinkenna eða vill hann draga þau til baka, og ef svo mun hann þá biðjast velvirðingar á þeim?

Og hæstv. forseti. Ég mun afhenda hæstv. forsrh. spurningar þessar til að auðvelda honum greið svör.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að fyrirspyrjanda sé ljóst að á þeim tveimur mínútum sem ég hef til umráða get ég ekki svarað öllum þessum spurningum. En ég vil segja það almennt um þetta tilefni að ég hef lýst þeirri skoðun minni og stend við hana að ég hef á marga lund orðið fyrir vonbrigðum með málatilbúnað og þá ekki síst stjórnarandstöðunnar hér á þinginu. Mér hefur fundist og reyndar finnst kannski þessi atburður núna vera talandi tákn um það með hvaða hætti menn vilji sumir hverjir að þingstörfin fari fram.

Fundadagar þingsins hafa verið 33. Þingfundatími hefur alls verið 149 klukkustundir, þar af þingskapaumræður, sem eru eðli málsins samkvæmt athugasemdir við stjórn forseta eða annað þess háttar, í 9:43 klukkustundir eða tæplega 10 klukkustundir. Utandagskrárumræður hafa staðið í næstum 35 klukkustundir á þessum stutta tíma. Það kemur fram að stjórnarandstaðan hefur hafið utandagskrárumræður 14 sinnum á þessum tíma, 14 sinnum á þessum skamma tíma og þingskapaumræður 126 sinnum á þessum tíma. Stjórnarsinnar, utandagskrárumræða tvisvar og þingskapaumræður 49 sinnum þannig að menn sjá á þessu með hvaða hætti störfin hafa verið. Og ég get ekki annað en lýst því að ég tel stjórnarandstöðuna í upphafi þessa þings hafa hagað sér með mjög ómálefnalegum hætti. Ég verð að lýsa því, það er mín skoðun og ég held reyndar að flestir þeir sem fylgjast með séu þeirrar skoðunar.

Það er rétt hjá málshefjanda að ég hef ekki setið lengi á þingi. Ég var þó þingfréttaritari í eitt ár fyrir Morgunblaðið og Þingsjármaður fyrir útvarpið í annan tíma og ég sé mikinn mun á þeim málatilbúnaði sem ég sé hér í haust frá því sem þá var. Og mér hefur ekki fundist sá málatilbúnaður vera stjórnarandstöðunni til sóma.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að hæstv. forsrh. svaraði hér eftir bestu getu þeim fyrirspurnum sem fyrir hann voru lagðar og í þeirri röð sem þær voru upplesnar og skilmerkilega eins og hans var von og vísa. Hann hefur aftur á móti getið þess að hann hafi nokkurn samanburð á þeim störfum sem hér eru unnin og þeim störfum sem hér voru áður unnin. Þá mun honum sérstaklega vera minnisstætt hvernig t.d. hv. 1. þm. Vestf. starfaði þegar hann var þingfréttaritari og þegar hann var hér á vegum útvarpsins. Sá hv. þm. hefur aftur á móti haldið því fram að nokkur breyting hafi orðið á umræddum manni á þessum tíma. Hann telur að hann hafi fengið högg á höfuðið og hæstv. forsrh. standist því ekki mál. Þetta eru okkur venjulegum þingmönnum ærin umhugsunarefni að búa við það því að auðvitað hefur sá hv. þm. einnig ærinn samanburð á milli forsrh. eftir 30 ára veru á Alþingi Íslendinga og samanburðurinn er ekki beint hagstæður hæstv. forsrh.

Ég tel þess vegna að það hljóti að vera umhugsunarefni fyrir hinn almenna þingmann hvort hann er ekki nauðbeygður til að taka frá tímann á milli 8 og 9 á morgnana til að fylgjast með útvarpsumræðum, átta sig á því hvort ný gusa af ósvífnum athugasemdum dynji á þessu þingi. Ég hef tjáð formanni allshn. að miðað við ástand þeirrar viku sem nú er að líða treysti ég mér ekki til að mæta þar á nefndarfundi, tvo aukafundi í viku eins og ég hef gert að undanförnu. Ég hef trúað því að við hefðum vinnufrið. En miðað við það að menn hafa komið glaðhlakkalegir til mín eftir þá nefndarfundi og sagt: Hlustaðir þú ekki á útvarpið, og talið mig rakið fífl að nota tímann til nefndarstarfa, þá tek ég að sjálfsögðu nokkurt mark á því og mun gefa mér tíma til að fylgjast með útvarpsfréttum á þessum tíma.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það hlýtur hver að tala út frá sínum reynsluheimi og nú höfum við fengið innsýn í reynsluheim hæstv. forsrh. En það líkingamál sem hann kýs að nota eru klúbbar, gagnfræðaskólar og fráhvarfseinkenni. Hann biður okkur að fá að tala svona í nafni málfrelsis. Auðvitað. Við höfum ekki kvartað undan því að hæstv. forsrh. talaði of mikið. Stundum höfum við meira að segja kvartað undan því að hann talaði of lítið og svaraði ekki þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Ég ætla ekki að misbjóða hv. Alþingi með því að segja hvað slíkt væri kallað í gagnfræðaskóla, svo og það að vera ekki á staðnum þegar ætlast er til.

En þetta snýst einmitt um málfrelsi, einnig okkar sem erum í stjórnarandstöðu og kannski er það þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Málfrelsi okkar er m.a. það að taka brýn mál upp í utandagskrárumræðu og málfrelsi okkar er einnig að ræða þingsköp sé ástæða til þess. Auk þess er það okkar málfrelsi líka að fá að segja okkar meiningu en það verður að gerast hér á Alþingi um þingstörfin og til þess eru þessar umræð-

ur. Okkur þykir því skjóta skökku við að þurfa að hlusta á útvarp til þess að fá að heyra skoðanir hæstv. forsrh. því ekki heyrast þær alltaf svo gjörla á Alþingi þótt undantekningar séu til og kalla raunar oft á hörð viðbrögð þegar svo er. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þingheimur sitji hér með vasadiskó með útvarpi og hlusti á hæstv. forsrh. En því miður, ef framhald verður á því hvernig hæstv. forsrh. ætlar að tjá sig, þá sýnist mér að sú muni verða raunin.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að tala tæpitungulaust um mál og ekki síst mál og verklag alþingismanna. Það er engin spurning að það er óeðlileg staða í Alþingi og hefur verið í haust. Það er dæmi um eitt slíkt svipað ástand á löngu árabili, eftir kosningarnar 1987. Og þegar talað er um ákveðna menn, sem nefnt hefur verið að vinni eins og ákveðinn klúbbur, þá er ekkert undarlegt að taka þannig til orða. Það eru nefnilega sömu menn sem eru í þessum kvartett og voru 1987, sami kvartett. Og ég held að við eigum öll að horfast í augu við það að við eigum að gera meiri kröfur til okkar en gert er í dag. Við eigum að gera meiri kröfur til okkar allra um meiri markvísi og skilvirkni í vinnubrögðum. Þau eru slök í dag.

Þegar nær 50% af fundatíma Alþingis hefur farið í umræður um þingsköp og utandagskrárliði þá er það ekki eðlilegt hlutfall og það er margföld breyting miðað við fyrri þing. Þingskapaumræðan er margföld og menn hafa leikið það, við skulum segja það hreint út sagt, menn hafa leikið það að tefja fyrir, að draga inn þætti í þessar umræður í Alþingi án þess að byggja það á málefnalegum rökum. Ástandið var verst fyrstu fjórar vikurnar, lagaðist síðan um stund en versnaði aftur. Það er ekkert undarlegt þó að menn fjalli um þetta af hispursleysi og segi hlutina eins og þeir eru. Það gerist oft hér í þingsölum að menn verða að halda sig á mottunni og taka ekki til máls til þess að tefja ekki fyrir framgangi mála þótt þeir gjarnan vildu en það verður líka að ætlast til þess að þingmenn almennt hafi það sjónarmið að virða rétt annarra. Það er nefnilega ekki eingöngu um að ræða, virðulegi forseti, rétt þingmanna, það er líka um að ræða skyldur. Og ég vil í lokin aðeins spyrja: Var það eðlilegt að formaður Alþb. dreifði í gær, meðan umræður stóðu yfir í þingi, morgunspjalli forsrh. úr útvarpi, dreifði því um salinn meðan almennar þingumræður stóðu yfir?

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem ég tek þátt í utandagskrár- eða þingskapaumræðu hér á hv. Alþingi en geri það nú vegna þess að mér ofbýður og er reyndar einnig misboðið mjög vegna þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. hefur látið falla um störf þingsins, störf einstakra þingmanna og störf fyrrv. ráðherra seinustu dagana. Ég verð að lýsa því yfir að ég get ekki á nokkurn hátt sætt mig við þessi ummæli og setið undir þeim án þess að taka þátt í umræðunni hér.

Auðvitað verða menn að fá að hafa sínar skoðanir og fá að setja þær fram eins og hæstv. forsrh. hefur sannarlega gert og það er líka gott fyrir þjóðina að fá að vita hvað þessi ágæti maður hugsar um löggjafarsamkomuna, hvert hugarfar hans er til þeirra manna sem hér starfa og hér hafa unnið.

Hæstv. forsrh. leyfir sér að segja í útvarpi að hann ætli ekki að falla inn í það klúbbástand sem hér ríki og bætir svo við aðspurður: „Var klúbbástand þar?" „Afskaplega mikið klúbbástand og reyndar að hluta til enn. Það kom mér mest á óvart eftir að ég kom úr borgarstjórninni að svona ábyrgðarkennd er dálítið öðruvísi og ekki alveg eins mikil og var til að mynda á borgarstjórnarfundum." Þar kom hæstv. forsrh. úr verndaðu umhverfi, eins og stundum hefur verð nefnt. Þar var hann í vernduðu umhverfi og við allt önnur vinnuskilyrði heldur en hér eru.

Síðan líkir hann þessum störfum við gagnfræðaskóla. Ég verð nú að benda mönnum á það að það væri fróðlegt að lesa ræður hæstv. forsrh. hér í þingi undanfarnar vikur þegar hann hefur svarað fyrirspurnum þingmanna t.d. um efnahagsmál, atvinnumál, vaxtaeða byggðamál og velta því svolítið fyrir sér hversu málefnaleg sú umræða hafi verið og hvar hún hefði kannski best átt heima, þær setningar sem þar hafa fallið. Oftast nær hafa ræðurnar byrjað á því að reyna að gera lítið úr fyrirspyrjandanum, hinum almenna þingmanni, og ég leyfi mér að fullyrða að stundum hafi þær verið haldnar aulafyndni, hefðu kannski betur átt heima annars staðar en hér í þingsölum. En síðan segir hæstv. forsrh. í útvarpi í fyrradag að hann líki fyrrv. ráðherrum við að þeir séu með fráhvarfseinkenni. Því verð ég að segja þetta, virðulegur forseti, ég hef stundað mín störf hér í þinginu af fullum heilindum. Ég hef lagt mikla vinnu í störf í fjárlaganefndinni. Ég hef setið þar fundi flesta daga síðan 25. sept., hvern einasta fund sem boðaður hefur verið og ég frábið mér þess vegna þær fullyrðingar sem hér koma fram hjá hæstv. forsrh. og eru orðréttar svona: „að þingmenn, hæstv. fyrrv. ráðherrar, geti ekki tekið þátt í venjubundnum störfum Alþingis."

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er stundum sagt að sannleikanum verði hver sárreiðastur. Ég hygg að forsrh., sem er hér nýr þingmaður eins og fram hefur komið, hafi verið í fullum rétti að túlka sín viðhorf til þingstarfanna á þessu hausti. Og ég hygg að þegar grannt er skoðað, þá þurfi engum að koma á óvart að hann skuli hafa talað eins og hann hefur gert. Ég tel að ef þingmenn stjórnarandstöðunnar skoða nú sinn hug, þá séu þeir að blekkja sjálfa sig ef þeir gera sér ekki grein fyrir því að þingskapaumræða hefur á tíðum hér í haust verið misnotuð og að umræður um einstök önnur mál hafi jafnframt líka verið misnotaðar. Ég hygg að forsrh. eins og aðrir þingmenn eða ráðherrar sé í fullum rétti að segja það sem honum finnst um þessi mál. (Gripið fram í.) Ég hygg að ef hv. 4. þm. Norðurl. e. skoðar nú vel sinn hug og kannar ummæli hér á þinginu í haust, þá verði hann ekki í vandræðum með að finna dæmi þessa.

Málið er það að hér hefur með mörgum hætti verið óeðlilegt ástand í haust. Stjórnarandstaðan kennir því um, m.a. hv. 4 þm. Norðurl. e. í útvarpinu í morgun, að það sé vegna þess að stjórnarandstaðan sem er hér í minni hluta fékk ekki meiri hluta í forsætisnefndinni. Það getur auðvitað hver dæmt fyrir sig hvaða málefnalegur bakhjarl er hér að baki.

Ég vil svo taka það fram vegna ummæla hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að það hafa fáir ráðherrar setið jafndyggilega á þessu hausti og hæstv. forsrh. Það vita allir að það geta verið einstakir dagar eða tímar þegar ráðherrar geta ekki verið við. Þannig var það í gær. Það voru engin mál sérstök sem heyrðu undir forsrh. á dagskrá og ekki gert ráð fyrir neinum atkvæðagreiðslum þannig að hann var að gegna sínum störfum á öðrum vettvangi. Ég harma það síðan og það staðfestir kannski það sem hér hefur komið fram, m.a. hjá forsrh., ef stjórnarandstöðuþingmenn ætla nú að neita að taka þátt í nefndastörfum á Alþingi vegna þessara ummæla. Það er kannski ekki til betri staðfesting á þessu heldur en fram kom úr reynsluheimi hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við stöndum vissulega frammi fyrir mjög alvarlegu vandamáli. Þó að þetta sé umræða sem af hálfu forsrh. og annarra er rekin á heldur stráklegu og lágkúrulegu plani, þá er hér vissulega um að ræða mjög alvarlegt vandamál fyrir þingið. Satt að segja þekki ég ekki hliðstæðu og veit ekki heldur hvernig er best að bregðast við þessu vandamáli sem heitir Davíð Oddsson og núna gegnir starfi forsrh.

Þegar hann kemur hér upp eftir ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. þá svarar hann engu fyrirspurnum hv. þm. Hann virðir fyrirspurnir að vettugi og gengur fram hjá þeim í einu og öllu. Hann varpar fram orðaleppum eins og þeim að við sumir séum haldnir fráhvarfseinkennum og getum ekki gegnt þingmennsku þess vegna. Hann fullyrðir að einstakir þingmenn séu að slá sig til riddara í skjóli harmleikja, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, Steingrímur Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Árni Mathiesen. Hann segir að Alþingi sé eins og málfundur í gagnfræðaskóla. Ég spyr: Hvers eiga gagnfræðaskólarnir að gjalda miðað við samlíkingar þessa manns? Og hann segir að hér ríki klúbbástand. Ég hef reyndar aldrei verið í klúbbi, ég veit ekki alveg hvað hann á við. Og hann endar með því, t.d. í Morgunblaðinu í dag að hann rekur hv. þm. Inga Björn Albertsson úr Sjálfstfl., vísar honum vinsamlegast á dyr og segir honum að fara í fjórða flokkinn sem er auðvitað nokkuð hart fyrir gamlan meistaraflokksmann eins og Inga Björn Albertsson að lenda í 4. flokki.

Á þessu eru hins vegar skýringar sem þjóðin og þingheimur verða að átta sig á. Skýringarnar eru þær að þessari ríkisstjórn, sem hæstv. forsrh. leiðir, hefur mistekist allt. Hún ætlaði að reisa hér álver, það hefur mistekist. Hún ætlaði að koma hér á með miklum látum samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Þar er utanrrh. staðinn að ósannindum. Efnahagsmálin eru í ólestri. Það er klofningur í Sjálfstfl. m.a. í byggðamálum. Og þjóðin sér auðvitað að keisarinn er ekki í neinu og hann er að reyna að gera sig dýrlegan með skotum og árásum af því tagi sem hér var rakið á undan og er býsna alvarlegt og í rauninni sorglegt fyrir Alþingi. Forsætisnefnd Alþingis hefur ekki ráðið við sín verk heldur að þessu leyti og henni er kannski vorkunn vegna þess að erfitt að ráða við forsrh. af þessu tagi sem ræðst á Alþingi og forseta Alþingis og forsætisnefndina með þeim hætti sem hæstv. forsrh. hefur gert. Ég skora á forseta Alþingis og formenn þingflokkanna að taka á þessu alvarlega vandamáli sem heitir Davíð Oddsson. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að á málinu verði tekið. Landið vantar verkstjórn, þjóðina vantar forustu. Það er sú alvarlega staðreynd sem blasir við.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég held að að sumu leyti sé þetta þörf umræða en skylt er auðvitað að geta þess að það eru ekki allir þingmenn stjórnarandstöðunnar undir sömu sök seldir í þessu máli. Umræðan hér á haustþinginu hefur verið óvenjuleg og hún hefur verið furðuleg og hún hefur auðvitað einkennst af því að ýmsir leiðtogar og þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa talið sér skylt að tala um þingsköp í tíma og ótíma. Og ég spyr og ég held að það séu margir, margir í þjóðfélaginu sem spyrja: Voru þessir þingmenn kosnir á þing beinlínis til þess að þvælast fyrir gangi þingstarfa, koma í veg fyrir að þingið starfaði með eðlilegum hætti með eilífum umræðum utan dagskrár og um þingsköp, umræðum sem ekki hafa verið um þingsköp í eiginlegri merkingu þess orðs.

Við sátum hér, við hv. þm. Svavar Gestsson sem þingfréttaritarar Þjóðvilja og Alþýðublaðs á sínum tíma og ég hygg að við séum örugglega sammála um að margt hefur breyst á þeim árum sem eru kannski orðin nokkuð mörg. Hér halda menn langar ræður og telja á rétt sinn gengið, mjög langar ræður ef gerðar eru athugasemdir við það, en í rauninni eru þeir menn sem halda lengstu ræðurnar að ganga á rétt sinna félaga og samstarfsmanna í þinginu.

Ég kemst ekki hjá því, virðulegi forseti, að mótmæla mjög harðlega þeim orðum sem hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson viðhafði hér áðan um utanrrh. Hann sagði orðrétt: „Utanrrh. hefur verið staðinn að ósannindum.“ Þetta er alrangt og ég leyfi mér að efast um að hv. þm. hefði látið sér þessi orð um munn fara ef hæstv. utanrrh. hefði verið staddur hér í salnum, ég leyfi mér að efast um það. Hv. þm. fann orðum sínum engan stað, ókyrrist nú og vildi kalla fram í. (**SvG:** Þetta eru ómerkilegar ... eins og hv. þm. hefur haldið fram.) Ég vísa því til forseta hvort þetta sé þingleg athugasemd hjá formanninum og ég vek athygli á því líka að orðanotkun, orðaforði og kannski ég segi orðbragð sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa notað hér t.d. í þessum umræðum er ekki eins og áður var hér á Alþingi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég held að ég geti fullyrt að þetta eru þeir döprustu dagar sem ég hef átt á Alþingi þau 17 ár sem ég hef hér setið og ég sé satt að segja ekki hvernig við komumst út úr þeirri stöðu sem við stöndum nú í. Það hefur gerst að hæstv. forsrh. hefur ráðist að Alþingi og reynt að gera sem minnst úr störfum þess. Því miður hefur ekkert heyrst frá forsætisnefnd þingsins um það hvert hennar álit er á þessum störfum. Ég get ekki annað en látið í ljós vonbrigði mín með það um leið og ég hlýt að skora á hana að reyna að ná hér annarri skipan mála á.

Hæstv. forsrh. hefur sagt: Ég get gert það sem ég vil og geri það. Og það virðist að fylgismenn hans hér á Alþingi hafi tekið það þannig að þeir þurfi svo sjálfir ekkert að gera. Ég hef setið nefndarfundi í allshn. Alþingis þegar þeir hafa verið boðaðir og að undanförnu hefur komið þar formaður til þess að geta haldið uppi fundum og stjórnarandstæðingar. Það var aðeins einn stjórnarliði á nefndarfundi í morgun, annað voru stjórnarandstæðingar. Það er auðvitað eðlilegt að stjórnarliðum finnist þeir ekki þurfa að vinna þegar það er forsrh. sem ætlar sér að gera allt. En hvernig er komið í okkar þingræðislandi þegar þannig er á málum haldið?

Ég hef einu sinni áður a.m.k. kvatt mér hljóðs um þingsköp hér á Alþingi. Það var rétt í upphafi þings. Þá lét ég í ljós undrun mína á því að stjórnarþingmaður óskaði eftir umræðu utan dagskrár um fjárlög áður en fjmrh. hafði mælt fyrir frv. og að fjmrh. fjarstöddum. Þetta eru alveg furðuleg vinnubrögð en það voru ekki tafir stjórnarandstæðinga á þingstörfum sem þarna var um að ræða.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Enginn einn maður hefur tafið þingstörf jafnmikið og hæstv. forsrh. hefur gert þessa viku sem nú er að líða með ótímabærum, óviðeigandi, ódrengilegum og upp að vissu marki ósönnum ummælum í viðtölum við fjölmiðla. Enginn einn maður. Tilefni þessarar umræðu í dag er viðtal sem var við hæstv. ráðherra á Rás 2 í gær. Það viðtal er yfirfullt af því sem ég var hér að lýsa. Því miður leyfir tíminn ekki að ég fari í það. Þetta blað er allt útstrikað af rangfærslum og ódrengilegum ummælum.

Ég ætla hins vegar aðeins að segja um þetta það sem stendur á hornsteini Alþingishússins og ég mun afhenda forsrh. það hér á eftir. Þar stendur: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa." Þetta mun ég afhenda hæstv. forsrh. hér á eftir.

En forsrh. heldur áfram dag eftir dag eftir dag og í Morgunblaðinu í dag lætur hann enn hafa við sig viðtal. Með leyfi forseta ætla ég að fá að lesa upp úr því. Þar er spurt: „Hvað um þau átök sem átt hafa sér stað á milli þín og Inga Björns Albertssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins? Var þetta ekki ágreiningur sem hefði átt að fjalla um í þingflokknum og mun þessi deila ykkar hafa einhver eftirmál í för með sér?" Svar forsrh.: „Ingi Björn er bara einn af þeim sem hefur misnotað þingsköp. Í tvígang fór hann tvisvar upp undir heitinu þingsköp og notaði tímann svo til þess að ráðast persónulega á mig, en hann átti að fjalla um fundarsköp Alþingis og meðferð þeirra."

Þessi ummæli eru náttúrlega alveg makalaus. Er hæstv. ráðherra búinn að gleyma tilefni og orsakavaldi þeirrar þingskapaumræðu sem hér fór fram? Tilefnið var það að hæstv. ráðherra ætlaði að meina þingmanni að notfæra sér rétt sinn samkvæmt þingskapalögum. Það var tilefnið og það fór í taugarnar á honum, það kallaði á þessa þingskapaumræðu. Í tilefni af því ætla ég að halda áfram að færa ráðherranum gjafir. Ég ætla að gefa honum þingsköpin vegna þess að mér þykir alveg ljóst að hann hefur ekki lesið þau og hann kann þau ekki nógu vel til að tjá sig um þau.

Hæstv. forseti. Það er meira í þessu viðtali í dag sem kannski skýrir tilgang þeirrar árásar sem ég hef orðið fyrir að undanförnu af hendi hæstv. forsrh. en það er mál sem ég á að taka upp inni í þingflokknum þótt ráðherrann geri sér ekki grein fyrir því.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram allsérstæð umræða en það er ætlunin hér á hinu háa Alþingi að sjálfsögðu að menn hafi málfrelsi og hér hafi menn tækifæri til þess að tjá sig á þann eðlilega hátt sem hér gefst færi á að gera.

En tilefni þess að ég tek til máls í þessari umræðu er að forsætisnefndin hefur verið dregin inn í umræðuna svo sem vænta mátti. Í viðtali við hv. málshefjanda, Steingrím J. Sigfússon í morgun í útvarpinu, þá lét hann að því liggja að óróann hér í þinginu mætti e.t.v. rekja til kjörs forsætisnefndarinnar. Þessu vil ég mótmæla. Í forsætisnefndinni hefur verið unnið af fullum heilindum og ég vil minna á það að í þingskapalögum er gert ráð fyrir því að forsætisnefndin taki þau verkefni sem forsetar deilda og forseti sameinaðs þings höfðu áður. Og vegna þess að stöðugt hefur verið látið að því liggja að stjórnarsinnar í forsætisnefndinni misnoti aðstöðu sína, þá vil ég minna á það, og það þekkja auðvitað hv. þm., að stjórnarflokkar höfðu yfirleitt forseta deilda og forseta sameinaðs þings, þannig að sú breyting sem átti að verða með nýju þingskapalögunum átti að leiða til þess að stjórnarandstaðan hefði fulltrúa í forsætisnefndinni en því hafnaði stjórnarandstaðan og auðvitað hörmum við það.

Ég sagði það í upphafi að umræður eru hér eðlilegar um þetta sem annað í störfum þingsins en ég verð að segja alveg eins og er sem nýr þingmaður á Alþingi að margt í vinnubrögðum hefur komið mér á óvart og ég vænti þess að þessi umræða verði til að úr verði bætt. Störf í nefndum ganga með miklum ágætum og ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Norðurl. e. að störf í fjvn. hafa gengið mjög vel, en ég vænti þess að hv. þm. dragi nokkurn lærdóm af þessari umræðu og við tökum til hendi við að vinna sem best hér á Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. forsrh. kom hér til þings í vor var honum vel tekið. Mér er kunnugt um

það að allir þeir þingmenn sem ég ræddi við voru reiðubúnir að eiga góða samvinnu af heilum hug og drengskap við hinn nýja þingmann og hinn nýja forsrh.

Nú hefur það hins vegar gerst á síðustu vikum að hæstv. forsrh. hefur kosið þann sið að svara engu hér í þingsalnum þegar hann er spurður en fara síðan í öflugustu fjölmiðla landsins og ráðast þar á þingið sjálft, á einstaka þingmenn, á samflokksmenn sína úr Sjálfstfl. og fjölmarga aðra. Hér í dag hélt hæstv. forsrh. áfram þessum sið. Hann var beðinn að svara fjórum spurningum, einföldum. Hann svaraði engri og sagði strax í upphafi: Ég ætla ekki að svara neinu. Kaus í staðinn að fara með nýjar árásir og furðulegan talnaleik sem ekkert í felst nema blekkingar því að skýringin á mörgum þingskapa- og utandagskrárumræðum hér í vetur er einfaldlega sú að ágreiningurinn í Sjálfstfl. og ágreiningurinn í stjórnarliðinu hefur framkallað þessar umræður.

Þegar hv. þm. Ingi Björn Albertsson óskaði eftir svari sagði hæstv. forsrh.: Ég kýs að svara ekki, og þingið var í upplausn í röska klukkustund vegna þess, en hann var knúinn til að svara.

Þegar hv. þm. Halldór Ásgrímsson bað um svar við einföldum spurningum um efnahagsmál svaraði hæstv. forsrh. engu en réðst með ómerkilegum hætti að fráfarandi forsrh. Það er ein meginskýringin á þeim vanda sem hér er upp kominn að hinn nýi og ungi forsrh. Íslands kýs ekki að ræða við Alþingi. Hann kýs frekar að nota Bylgjuna, Rás 2, Stöð 2 og Morgunblaðið til þess að ráðast á einstaka þingmenn og þjóðþingið.

Hér er því miður allt í upplausn þegar að þjóðinni steðjar mikill vandi. Ég vona að virðulegur forsrh. endurskoði sinn hug og endurskoði sín vinnubrögð því að þetta eru ekki gæfuspor fyrir íslenska þjóð.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hér á undan mér var í ræðustólnum maður, hv. þm. sem hefur lagt það í vana sinn umfram aðra þingmenn að notfæra sér þann aðgang sem stjórnmálamenn hafa að blöðum og fréttastofum. Hafi einhver hv. þm. skorið sig úr þessum hópi fyrir það að vera þar svo til daglegur gestur og þrýsta þar á ef ekki hefur verið eftir sótt, þá er það sá hv. þm. sem hér lauk máli sínu áðan. Það er svo sem í samræmi við fortíð þess flokks sem hann er nú formaður fyrir að hann ætlist til þess að það sé formaður flokksins einn sem hafi rétt til þess að fara í fjölmiðla með sínar skoðanir. Ef einhver þingmaður þarf að biðjast afsökunar á einhverju, virðulegi forseti, þá er það þessi hv. þm. sem þyrfti að biðjast afsökunar á fortíð þess flokks sem hann nú stýrir.

Ég held að þeir sem fylgjast með umræðum hér á Alþingi og hafa fylgst lengi eins og ég hef gert eigi engin dæmi um það að Alþingi hafi starfað eins og það hefur starfað á þessu hausti. Hæstv. forsrh. hefur í þeim efnum ekkert sagt annað um störf þessa þings en fólkið á götunni segir og álit þess er, m.a. fjölmiðlamanna sem fylgst hafa með þingstörfunum vegna þess að það er staðreynd að þó að Alþingi sé kosið til að setja þjóðinni lög, þá eru þingmenn hér sem hafa kvatt sér hljóðs miklu oftar og talað miklu meir og miklu lengur utan dagskrár og um þingsköp á þessu þingi heldur en þeir hafa stigið í ræðustól til að taka málefnalega á lagasetningum sem er þeirra fyrsta og síðasta hlutverk.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur aldrei sagt: Ég ætla mér að ráða því sem ég vil. Hann hefur sagt: Við búum í lýðfrjálsu landi. Þar hefur hver og einn, forsrh. ekkert síður en aðrir, leyfi til skoðanafrelsis og leyfi til að láta sínar skoðanir í ljós. Og skoðanir hæstv. forsrh. á störfum þessa þings eru þær skoðanir sem almenningur hefur haft sem fylgst hefur með þingstörfum á þessu hausti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég get því miður ekki þakkað hæstv. forsrh. svörin því þau voru engin, alls engin og það er ekki hægt að þakka það sem ekkert er. Þess í stað notaði hæstv. forsrh. áfram tíma sinn til árása, almennra árása á Alþingi og stjórnarandstöðuna. Ég bar fram fyrir hann fjórar tölusettar spurningar, gagnorðar, og ég afhenti honum þær en hann kaus að svara engri þeirra. Þessi hæstv. forsrh. sem í upphafi þings í haust beitti sér fyrir því að rjúfa samstöðu um stjórn þingsins og beita ýtrasta valdi við skipan forsætisnefndar. Þessi hæstv. forsrh. sem með sprengjukasti sínu hefur valdið meiri óróa og meiri truflun á störfum þingsins en nokkur annar maður. Og þessi hæstv. forsrh. sem er formaður þess flokks hvers augljós klofningur hefur í raun valdið meiru um störfin hér á Alþingi á þessu hausti heldur en nokkuð annað. Það hefur tekið meiri tíma en nokkurt annað einstakt atriði þær ræður sem hv. stjórnarsinnar hafa þurft að halda til að bera af sér og verja sig fyrir stefnu ríkisstjórnar, t.d. í byggðamálum.

Ég mótmæli ummælum hæstv. forsrh. um Alþingi og alþingismenn Ég tel þau dauð og ómerk. Þau eru órökstudd, mælt af fáfræði og hroka sem dæmir sig sjálft. Alþingi Íslendinga stendur óhaggað. Slíkar órökstuddar dylgjur og sleggjudómar um störf þess breyta engu um stöðu Alþingis og þúsund ára sögu þess. Það er hæstv. forsrh. sem enn hefur orðið sér stórlega til minnkunar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst sérkennilegt að tilteknir þingmennn sem verða fyrir því að fundið er að vinnubrögðum þeirra skuli telja að það sé árás á Alþingi. Það er of mikið sagt um stöðu þessara hv. þm. þó að þeir séu virðulegir í hvívetna en það var einmitt það sem hv. 2. þm. Suðurl. gerði. Hann taldi að af því að ég fann að vinnubrögðum tiltekinna þingmanna, þá væri það árás á Alþingi í heild. Það er það auðvitað ekki.

Málshefjandi taldi að ég hefði ekki svarað spurningum hans. Ég gerði það ekki í hinni talnalegu röð. En ég býst við því að ef hann af sanngirni ber saman svar mitt þegar það liggur fyrir skrifað við spurning-

ar sínar, þá sér hann að efnislega hefur þeim öllum verið svarað.

Ég vona og ég reyndar tel að þessi umræða, tilurð hennar og hún sjálf hafi staðfest, því miður, allt það sem ég hef fundið að störfum þingsins hér í haust. Og ég vona það og vænti þess og trúi því að þessu hljóti fljótlega að linna.

Formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, fann að því að ég væri mikið í fjölmiðlum. Mönnum fannst það að vonum hér í umræðunni koma úr hörðustu átt. En það var einmitt þessi þingmaður sem hélt blaðamannafund á fyrsta virkum degi eftir hið hörmulega slys til að sýna fram á það og sanna að hann hefði ákveðið að láta kaupa þyrlur og aðrir drepið því máli á dreif. Menn vita um sannleikann í því máli. Og menn vita þess vegna hversu viðeigandi gagnrýni formanns Alþb. er að þessu leyti til.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri hafa kvatt sér hljóðs. Því miður eru hér enn nokkrir á mælendaskrá en þessari umræðu er hér með lokið.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta hefur nú verið býsna fróðleg lota og umhugsunarverð satt að segja, ekki síst það að forustumenn þingflokka ríkisstjórnarinnar á Alþingi hafa steytt hnefann framan í stjórnarandstöðuna og kjósa greinilega að hafa stríð í þinginu. Það auðvitað er alvarlegur vandi að slíta í sundur friðinn á Alþingi um vinnubrögð eins og hv. þm. Geir Haarde gerði, hæstv. umhvrh. og hæstv. heilbrrh. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við að gera athugasemdir við þingsköp.) Ég er að tala um þingsköpin. Ég er nákvæmlega að tala um þingsköp vegna þess að þessir menn, forustumenn stjórnarflokkanna hér á Alþingi, hafa bersýnilega ákveðið að haga hér vinnubrögðum og starfstíl stál í stál. Hæstv. forsrh. heldur uppteknum hætti í ræðu sinni hér áðan og lýkur svarræðu með sérstakri árás á hv. 8. þm. Reykn. Ég vil mótmæla þeim árásum sem ódrengilegum og segja að vinnubrögð af þessu tagi eru fyrir neðan allar hellur og spyrja forseta: Hvar stendur það í þingsköpum að ráðherra skuli ævinlega vera síðastur í þessum umræðum? Það stendur hvergi.

Ég vil beina því til formanna þingflokkanna að það verði tekið til athugunar á fundum með forseta að sá siður verði aflagður að ráðherra hafi skilyrðislaust lokaorðið í þessum hálftíma umræðum. Það er bersýnilegt að það er ekki hægt að treysta a.m.k. sumum ráðherrum fyrir þeim trúnaði sem í því felst að vera síðasti ræðumaður í umræðu þegar forsrh. notar þessar ræður sínar og þennan rétt aftur og aftur til að ráðast að þingmönnum með ódrengilegum og óheiðarlegum hætti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hlýtur að vera alvarlegt umhugsunarefni þegar tekin er fyrir umræða á hálftíma fundi hvernig skipta beri ræðutíma á milli þeirra sem hér eru í salnum. Mér sýnist það einsýnt að þeir sem aldrei hafa talað en hafa beðið um orðið eigi ríkari rétt til að koma upp í ræðustól og tjá sig en þeir sem eru að gera það öðru sinni. Forseti hefur aftur á móti tekið þá ákvörðun að koma í veg fyrir það að þingmenn, sem hér hafa svo sannarlega ekki tekið af tíma Alþingis til að tjá sig hér í þessum stól, séu sviptir þeim rétti að mega taka til máls undir þessari umræðu. Og mér finnst það umhugsunarefni, hæstv. forseti, þegar ég horfi á það t.d. í þessari umræðu að hv. 5. þm. Vesturl. hefur kvatt sér hér hljóðs og ég skora á hæstv. forseta að kynna sér það hvort hann muni nú hafa misnotað sitt málfrelsi hér í þinginu, hvers vegna honum er ekki gefinn kostur á að tjá sig undir þeim kringumstæðum.

Ég vil líka vekja athygli hæstv. forseta á því að ef umræður um þingsköp eru misnotaðar hér eins og fram hefur verið haldið, því er haldið fram af hæstv. forsrh. að umræðurnar hafi verið misnotaðar, þá á sú misnotkun sér stað á ábyrgð forseta og því um beina árás á hæstv. forseta að ræða, beina árás. En ég vil líka vekja athygli á því að það sem hv. 3. þm. Suðurl. hefur fundið að störfum hér í þinginu (**Gripið fram í:** Formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins.), og þar með að þingsköpum því að störf þingsins eru á ábyrgð forseta, þá vil ég að það verði upplýst hvernig sá hv. þm. mætir til nefndafunda þannig að þjóðin sé ekki í nokkrum vafa um það hvernig hann rækir sínar starfsskyldur. Og ég tel að þá sé eðlilegt að kallaður verði sem vitni hv. 10. þm. Reykn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir það miður ef hv. 2. þm. Vestf. telur að forseti hafi beitt einhverja einstaka þingmenn órétti um það að gefa þeim tækifæri til að taka til máls. Forseti reynir að gæta sanngirni í hvívetna og skipta ræðutímanum þannig að bæði þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu fái tækifæri til að tjá sig. Og ef hv. 2. þm. Vestf. hefur áhuga á því, þá getur hann litið yfir mælendaskrá forseta hér á eftir og kynnt sér hvort þar hefur ríkt ósanngirni í garð hv. þm. Forseti tók það fram að því miður væru enn þingmenn á mælendaskrá og þar á meðal hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Norðurl. e. en varð að stoppa til þess að reyna að standa við þingsköp og hafa þessa umræðu ekki lengri en þau gera ráð fyrir. Þetta vill forseti segja við hv. 2. þm. Vestf.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Er nú ekki mál að linni þannig að þingið geti tekið til óspilltra málanna og fjallað um þau mál sem eru á prentaðri dagskrá þessa fundar og dreift var til undirbúnings honum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ræðu þá sem hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, flutti hér áðan, þá langar mig til að rifja upp þau orð sem hann lét falla í sams kon-

ar umræðum fyrr á þinginu þegar hann sagði, og ég held að ég muni það orðrétt: Það verður ekki hægt að stjórna þinginu og það á eftir að koma ykkur í koll.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. viðskrh. að nú er mál að linni. En það hefði farið betur að hann hefði sagt þetta við sessunaut sinn, forsrh., fyrst í fyrradag, svo aftur í gær og svo aftur í morgun áður en forsrh. kom hér upp. Og hæstv. viðskrh. hefði einnig getað sagt við forsrh. áður en hann steig í stólinn undir lok þessarar umræðu: nú er mál að linni, vegna þess að hæstv. forsrh. kaus að nota þann rétt eða misnota þann rétt sem síðasti ræðumaður hér til að hefja nýjar árásir og flutti beinar svívirðingar og aðdróttanir í minn garð. Ég ætla ekki að svara þeim, virðulegi forsrh. En ég vil hins vegar segja að það er viss heiður að því að vera kominn í hóp með hv. þm. Inga Birni Albertssyni, þann hóp sem fær slíkar kveðjur frá virðulegum forsrh.

En erindi mitt hingað upp í stólinn, virðulegi forseti, var að óska eftir því að gert yrði hlé á fundum þingsins nú. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt að halda þessari umræðu áfram. Við eigum ekki að láta stíl og tón forsrh. trufla þetta lengur. Ég vil óska eftir því, virðulegi forseti, að nú verði gert hlé á þingfundum. Við höfum tækifæri til þess að ræða málin í þingflokkum utan fundar svo að við höldum áfram þeirri virðingu og því verklagi sem Alþingi Íslendinga hefur sýnt með sóma um langt árabil. Þetta er formleg ósk mín, virðulegi forseti.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að forseti telji ekki að ég sé að fara út fyrir þingskapaumræðu þó að ég komi hér með upplýsingar sem tengjast mjög þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og munu nú, virðulegi forseti, væntanlega verða til þess að staðfesta góða stjórn forseta á þinginu í vetur. Ég fór hér fram og fékk útskrifað stöðu stjórnarfrumvarpa eins og þau standa núna. Þar standa mál þannig að frumvörp sem þingið er búið að afgreiða til nefndar með atbeina og góðum vilja stjórnarandstöðunnar eru 28. Umræðu bíða tíu mál, þar af tvö sem bíða 3. umr., eitt sem er í umræðu og þrjú sem eru nýkomin inn i þingið. Út frá þessum upplýsingum má það vera ljóst að hér hafa stjórnarandstæðingar ekki tafið fyrir þingstörfum í vetur.

Þetta vil ég biðja þá hæstv. ráðherra sem hér hafa farið upp og sumir með miklum fyrirgangi að taka til athugunar.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, minna á það að stjórnarandstæðingar hafa mætt vel og unnið vel í nefndum til þess að koma þessum málum aftur inn í þingsali. Ég vil einnig, virðulegi forseti, minna á það að þingið og ekki síst stjórnarandstaðan bíður eftir mikilvægustu málum haustþingsins. Við bíðum enn þá eftir því að hæstv. ríkisstjórn komi fram með tekjuöflunarfrumvörpin sem verða að vera komin til þess að hægt sé að afgreiða fjárlög.

Ég vona að þessi ræða mín staðfesti að á engan hátt er hægt að sakast við stjórnarandstöðuna um hvernig staða mála hér í þinginu nú í haust er.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er slæmt að við skyldum ekki hafa fengið aðeins rýmri tíma. Ég hefði þurft að eiga orðastað við hæstv. forsrh. því að ég hef svo sannarlega mátt þola þar vægast sagt ærumeiðandi ummæli. En ég kem hér ekki síður upp til þess að tala við hv. 3. þm. Suðurl., Árna Johnsen, sem segir að það skorti á skilvirkni í vinnubrögðum okkar þingmanna. Ég vil segja þessum hv. þm., Árna Johnsen, að mér finnst að þetta komi úr hörðustu átt frá formanni byggingarnefndar Þjóðleikhússins, ég held að hann ætti að taka til í eigin garði og þrífa betur slóðann upp eftir sig þar áður en hann fer að senda okkur tóninn.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hafði verið gert ráð fyrir því að funda til kl. 15 í dag. Það hefur komi fram ósk, formleg ósk svokölluð, frá hv. 8. þm. Reykn. um að gert verði hlé á þessum fundi. Ég vil út af fyrir sig ekki setja mig upp á móti því að hér verði gert hlé í um það bil hálftíma til að mönnum gefist tóm til þess að ræða saman í þingflokkum. En ég vil þá jafnframt fara fram á það að þingfundur síðar í dag verði framlengdur sem nemur því hléi. Okkur veitir ekkert af að einbeita okkur að löggjafarstörfum. Ég vek athygli á því að það eru átta mál á dagskrá þessa fundar sem enn hafa ekki komist að, þar af tvö mál frá stjórnarandstöðunni, frá tveimur hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem sérstaklega voru sett á dagskrá að þeirra beiðni. Ég tek undir það að mál er að þessu fjasi um þingsköp linni og við snúum okkur að meginhlutverki okkar sem er löggjafarstarf í þágu þjóðarinnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefur forseti hugsað sér að verða við þeirri beiðni sem fram hefur komið um að gera hlé á þessum fundi. Áður vill forseti þó svara þeirri fyrirspurn sem hv. 9. þm. Reykv. beindi sérstaklega til forseta og er skylt að svara. Sú regla sem forseti hefur farið eftir er að málshefjandi og ráðherra sem málshefjandi á viðræður við í utandagskrárumræðum tala venjulega síðastir. Þetta er regla sem hefur verið viðhöfð frá 1985 og forseta hefur ekki dottið í hug að breyta út af þeirri venju. En nú verður þessum fundi frestað. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Núna í hléinu höfum við borið okkur saman, formenn og varaformenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, og rætt um þá alvarlegu stöðu sem upp er komin á Alþingi. Við höfum einnig lýst áhyggjum okkar við hæstv. forseta Alþingis og lagt fyrir hana þá spurningu hvernig hún hyggst í vinnulagi sínu og verkstjórn gera það sem hún getur til þess að verja Alþingi, heiður þess og sóma. Við höfum farið yfir þessi mál mjög rækilega í hóp okkar formanna og varaformanna þingflokka stjórnarandstöðunnar og

við munum halda því áfram. Við teljum að hér séu alvarleg tíðindi á ferð. Viðræðum okkar við forseta er ekki lokið. Þeim verður haldið áfram en við teljum að hér sé um að ræða óviðunandi ástand.

Fjáraukalög 1991, 3. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 148, brtt. 176 og 177.

Frsm. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Fjárln. hefur frá því er 2. umr. lauk fjallað um þau viðfangsefni er ég greindi frá við það tækifæri og frestað var afgreiðslu á. Einnig komu ný mál til umfjöllunar. Haft var samráð og samvinna við fulltrúa fjmrn. um afgreiðslu málanna. Einnig veittu þeir allar upplýsingar sem leitað var eftir. Þá hefur öll nefndin verið sammála um að flytja þær brtt. sem greindar eru á þskj. 176.

Við 2. umr. var 12. brtt. á þskj. 123 dregin til baka til 3. umr. Var það gert vegna þess að hv. þm. þótti óeðlilegt að í brtt. fælist hækkun fjárveitingar jafnframt niðurskurði sem margir voru ósammála. Nú gerir nefndin sjálfstæða brtt. um þetta efni á þskj. 176, þ.e. 5. töluliður. Þá kom fram í umræðunni að liðurinn 10-211 Vegagerð ríkisins, var settur upp á annan hátt en tilgreint var í sundurliðun á fskj. Því var tillagan einnig dregin til baka til 3. umr. Nú hefur uppsetningu verið breytt að höfðu samráði við fjmrn. og Vegagerð ríkisins. Samkvæmt fjárlögum 1991 skyldi aflað lánsfjár, 350 millj. kr. til jarðganga á Vestfjörðum. Var þessi upphæð hluti af fjármögnun jarðganganna en var samt talin sem sérstakur liður, 611 Jarðgöng á Vestfjörðum, á fjárlögum. Við afgreiðslu vegáætlunar í mars sl. var láninu breytt í ríkisframlag og jarðgöngin þar með fjármögnuð eins og aðrar nýbyggingarframkvæmdir. Jafnframt var fjáröflun á mörkuðum tekjustofnum aukin um 170 millj. kr. sem verja á til nýframkvæmda í vegamálum. Heildarframlög til vegamála námu í fjárlögum ársins 1991 alls 5 milljörðum 370 millj. kr. Því til viðbótar koma 170 millj. kr. vegna hækkunar á mörkuðum tekjustofni til vegamála og var því heildarframlagið áætlað 5 milljarðar 540 millj. kr. eins og vegáætlunin gerir ráð fyrir.

Í maí sl. ákvað ríkisstjórnin að lækka útgjöld til vegamála um 350 millj. kr. Það er jafnmikið og ríkisframlagið átti að vera og verða því heildarframlög til vegamála 5 milljarðar 190 millj. kr. á árinu 1991 að teknu tilliti til niðurskurðarins.

Brtt. á þskj. 177 felur í sér að fjárlagaliðurinn Jarðgöng á Vestfjörðum fellur burt en hann var 350 millj. kr. í fjárlögum ársins. Enn fremur fellur burt brtt. í frv. til fjáraukalaga um viðhald vega. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að framlag til Vestfjarðaganga sé hluti af framlagi til nýframkvæmda í vegáætlun.

Þá mun ég gera grein fyrir brtt. nefndarinnar sem eru tilgreindar á þskj. 176.

Tillaga 1 gerir ráð fyrir 10 millj. kr. til íþróttahúss á Ísafirði. Er þessi tillaga gerð til að unnt verði að ljúka bráðnauðsynlegum áfanga við byggingu íþróttahússins. Þess skal getið að fyrir lá fyrirheit um þessa fjárveitingu frá fyrrv. menntmrh. með vitund fjvn.

Hvað varðar tillögu 2, þá komu forsvarsmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna til viðræðu við nefndina. Þar kom fram að upplýsingum sem lágu að baki áætlunum Lánasjóðs ísl. námsmanna frá því í maí sl. hefur skakkað í veigamiklum atriðum. Fjárln. telur mikilvægt að svo verði búið um hnútana hjá sjóðnum að rekstraráætlanir innan ársins gefi réttari mynd af raunverulegri stöðu en verið hefur undanfarin ár. Fjárþörf lánasjóðsins hefur vaxið verulega á síðustu árum og er ljóst að ríkissjóður stendur frammi fyrir gerðum hlut hvað varðar þær 300 millj. kr. sem talin er fjárvöntun sjóðsins á þessu ári. Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna og lántökuheimild sjóðsins samkvæmt fjárlagafrv. 1992 gefur augljóslega ekki svigrúm til að færa skuldbindingar milli ára. Fjárln. telur því að veita verði umbeðna fjárhæð og gerir því tillögu um 300 millj. til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Meiri hluti fjárln. gerir þetta að því tilskildu að úthlutunarreglum sjóðsins og lögum verði breytt þannig að tryggt verði að fjárveiting samkvæmt fjárlagafrv. 1992 nægi fyrir skuldbindingum sjóðsins á næsta ári.

Þriðja tillaga er um Tryggingastofnun ríkisins, Lífeyristryggingar. Fyrir 300 millj. kemur 400 millj. Í áætlun um greiðslu lífeyristrygginga er ekki gert ráð fyrir greiðslu desemberuppbóta til bótaþega. Hér er gerð tillaga um þessar 100 millj. svo Tryggingastofnun verði unnt að greiða desemberuppbót. Því hækkar liðurinn Tryggingastofnun ríkisins Lífeyristryggingar úr 300 millj. í 400 millj. kr.

Tillaga 4, Flóabátar og vöruflutningar, Stofn- og rekstrarstyrkir, gerir ráð fyrir að í stað 7 millj. komi 94 millj. og 900 þús. Verulegur fjárhagsvandi er í rekstri ferja og flóabáta. Bæði er að rekstrarstyrkir í fjárlögum duga ekki til að ná jafnvægi milli tekna og gjalda og einnig að afborganir og vextir af lánum, sem tekin voru vegna kaupa á skipum, eru í vanskilum. Þá blasir fjárhagsvandi við rekstri þessara skipa á næstu árum vegna endurnýjunar ferja. Talið er að vanskil ferja og flóabáta nemi 95 millj. kr. í árslok að óbreyttu. Þar af eru 41,4 millj. kr. vegna rekstrar og 53 millj. kr. vegna vanskila á lánum hjá ríkisábyrgðasjóði. Því leggur fjárln. til að inn í fjáraukalög verði bætt framlagi að upphæð 88 millj. kr. til viðbótar við þær rúmlega 7 millj. kr. sem þegar hafa verið teknar inn.

Ég ætla að gera grein fyrir því hvernig þessu verður varið. Þá kemur fyrst að skipinu Baldri. Þörf er á 10 millj. kr. rekstrarstyrk til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla útgerðarinnar. Báturinn Sævar. Með tilkomu Sæfara dró úr flutningum Sævars þannig að sá styrkur sem hingað til hefur dugað rekstrinum er ekki nægur. Til að jafna uppsafnað tap vantar 8,3 millj. kr. Skipið Sæfari. Þær væntingar, sem gerðar voru til rekstrar þessarar nýju ferju sem þjóna átti Grímseyingum og fleirum, hafa brugðist. Til viðbótar þeim styrk, sem er á fjárlögum þessa árs, er þörf á 9,1 millj. kr. til að mæta halla þessa árs og síðasta árs. Einnig er þörf á að veita styrk til greiðslu lána sem tekin voru

vegna kaupa skipsins. Vanskil við ríkisábyrgðasjóð nema nú um 12,5 millj. kr. og í upphafi desember koma til greiðslu 6 millj. kr. Akraborg. Flutningar með Akraborginni minnka sífellt. Á fyrstu 10 mánuðum þessa árs hefur orðið 5% samdráttur á flutningum ferjunnar frá sama tíma í fyrra. Til að endar nái saman í rekstri skipsins á þessu ári er nauðsynlegt að verja til þess 14 millj. kr. og 35 millj. kr. til að gera upp vanskil útgerðarinnar. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði skuldbreytt láni fyrirtækisins hjá ríkisábyrgðasjóði þannig að seinasta afborgun gamals láns verði breytt í 10 ára lán. Með því lækkar næsta árs afborgun lána úr tæpum 93 millj. kr. í 25,8 millj. kr.

Það er alveg ljóst að útgjöld ríkisins til ferjurekstrar muni aukast verulega á næstu árum nema eitthvað sé að gert. Þannig má gera ráð fyrir að í stað 173,2 millj. kr. framlags í fjárlagafrv. 1992 verði þörfin 376,9 millj. kr. Árleg fjárörf fari síðan vaxandi þegar við bætast afborganir af nýja Herjólfi og nái hámarki árið 1995 og verði þá 435,9 millj. kr. Eftir það verði framlagið um 400 millj. kr. til aldamóta.

Það er oft gaman að bera saman tölur. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 376,9 millj. kr. til þessara hluta. Mér dettur í hug að það sem ætlað er Framkvæmdasjóði fatlaðra eru 320 millj. og er það reyndar í fyrsta sinn sem nokkur ríkisstjórn treystir sér til að standa við lög hvað varðar veitingu fjármagns til þessa sjóðs. Á þessu sjáum við að oft er það að menn meta — eða alla vega hefur það verið þannig — þörf okkar minnstu bræðra oft minna en ástæða er til. Reyndar er það skoðun mín að margt megi bæta úr varðandi rekstur þessara ferja og það þurfi að taka á því máli. Reyndar er það svo að meiri hluti nefndarinnar gerir þessa tillögu um framhald í fjáraukalögum 1991 í trausti þess að ríkisstjórnin sjái til þess að lagðar verði fram tillögur um hvernig strandflutningar og rekstur ferja og flóabáta verði leystur með verulega lægri tilkostnaði ríkisins en nú horfir að öllu óbreyttu.

Hvað varðar tillögu 5 þá sagði ég nú aðeins frá henni áðan. Þessi tillaga var dregin til baka í 2. umr. vegna þess að henni var blandað saman við niðurskurð. Nú er hér gerð sérstök tillaga um nýjan lið við 3. gr. Hafnarmannvirki, Þorlákshöfn, 18 millj. kr. sem fara í að ganga frá samningum vegna aðstöðunnar í Þorlákshöfn vegna væntanlegrar ferju sem kemur á næsta ári og gerði ég grein fyrir því frekar við 2. umr.

Þá kem ég að tillögu 6. Við 2. umr. var fjárlagaliðurinn Hótel, framlög að upphæð 16 millj. kr. samþykktur. Sú samþykkt var komin til vegna fyrri skuldbindinga fjárveitinganefndar. Eins og ég greindi frá við þá umræðu hafði nefndin skuldbundið sig einnig gagnvart Hótel Blönduósi en það vannst ekki tími til að taka það í þeirri umræðu. Því er það að nefndin gerir tillögu um að 3 millj. kr. verði varið til Hótel Blönduóss til að gera upp við ferðamálasjóð.

Hvað varðar 7. tillögu Veiðistjóri koma 67,5 millj. í stað 9,5 millj. Er það vegna eyðingar refa og minka. Ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs vegna eyðingar refa og minka eru taldar um 27,5 millj. kr. vegna veiða á árinu 1990 og um 40 millj. kr. vegna veiða á árinu 1991. Að lokinni 2. umr. um fjáraukalögin er fjárveiting að uppæð 9,5 millj. kr. til að mæta þessari skuld ríkissjóðs. Eftir stendur 58 millj. kr. skuld. Því verður þessi upphæð samtals 67,5 millj. kr. Innan skamms verður lagt fram stjfrv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðum breytingum á gildandi löggjöf um veiðar á refum og minkum sem felst í breyttu skipulagi og minnkuðum kostnaði ríkissjóðs.

Fjárln. gerir þessar tillögur á þskj. 176. Fjárln. er einhuga um að gera þessar tillögur og meiri hluti fjárln. flytur brtt. á þskj. 177. Leggur meiri hlutinn til að sú tillaga, þ.e. á þskj. 177, verði samþykkt og öll nefndin leggur til að brtt. á þskj. 176 verði samþykktar.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns fjárln., hv. þm. Karls Steinars Gunnarssonar, hefur fjárln. nú lokið umfjöllun sinni um fjáraukalög fyrir árið 1991 og er málið komið hér til 3. umr.

Eins og fram kom í máli hans stendur nefndin öll að brtt. á þskj. 176, en þar er fjallað um ýmsar tillögur sem var búið að ræða um í nefndinni fyrir 2. umr. en sumum þeirra frestað til 3. umr. eins og t.d. málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Jafnframt gerði ég grein fyrir því í ræðu minni við 2. umr. um fjáraukalögin að sérstaklega þyrfti að skoða málefni flóabáta og vöruflutninga, þ.e. málefni einstakra ferjubáta eða skipa og það hefur nefndin nú gert eins og fram kom í ítarlegri greinargerð hv. form.

Auk þess óskaði ég eftir því við 2. umr. að nefndin skoðaði sérstaklega málefni framhaldsskóla og vitnaði þar til fyrirheita frá fyrrv. hæstv. menntmrh. um málefni Menntaskólans á Ísafirði og byggingu íþróttahúss þar. Þetta hefur nefndin nú tekið til athugunar og flytur um brtt. á þskj. 176 sameiginlega.

Þá vil ég aðeins geta um það að ég gerði athugasemdir við atkvæðagreiðslu við 2. umr. við tvo liði, annars vegar um brtt. um liðinn 10-333 Hafnamál, og eins við atkvæðagreiðslu um lið er varðar málefni Vegagerðar ríkisins, lið 10-211. Varðandi liðinn um hafnarmannvirkin var brtt. dregin til baka og kemur því til umfjöllunar nú við 3. umr. á nýjan leik og stendur nefndin öll að þeirri brtt. Varðandi málefni Vegagerðarinnar vil ég aðeins segja að ég gerði athugasemd við atkvæðagreiðsluna á þeim forsendum að mér fannst ekki samræmi í uppsetningunni í fjárlaukalagafrv. eins og það var upphaflega lagt fram og hins vegar þeim lista sem fylgdi sem fskj. með nál. fjárln. við 2. umr. á þskj. 122 þar sem gerð var grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin hafði í sumar áætlað að niðurskurður eða sparnaður í framkvæmdum á vegum Vegagerðarinnar skyldi koma fram.

Í þessu fskj. var greint frá því að viðhald skyldi lækkað um 100 millj. kr., Vestfjarðagöng um 100 millj. kr. og nýbygging vega um 150 millj. eða samtals 350 millj. Mér fannst ósamræmið við fjáraukalagafrv. vera fyrst og fremst í því að þar var aðeins

greint frá niðurskurði á framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum og þar tilgreindar 250 millj. Nú ætla ég ekki, virðulegi forseti, að eyða frekari tíma í þetta mál en meiri hluti fjárln. hefur skoðað þetta nánar og flytur brtt. á þskj. 177 þar sem þetta er sett upp í samvinnu við fulltrúa Vegagerðarinnar og starfsmenn Alþingis um það hvernig setja skuli fram þessa brtt. Ég verð að vísu að láta það koma fram að mér sýndist þar ekki vera greint frá því eins og ég taldi rétt að gera, að sérstaklega kæmi til niðurskurðar á almennum vegaframkvæmdum um 150 millj. og að það kæmi þá fram líka að það er í raun breyting á samþykktri vegáætlun, þál. um framkvæmdir í vegamálum, en greinargerð fyrir þeim breytingum var reyndar sett fram í listanum sem ég nefndi áðan sem kom sem fskj. með nál. á þskj. 122. Ég hélt að þetta þyrfti að koma öðruvísi fram í brtt. en hér er gert en geri ekki athugasemd um það frekar, virðulegi forseti, en vildi aðeins láta þessa hugsun koma betur fram og gera nánari grein fyrir þeim athugasemdum sem ég gerði við 2. umr.

Ég geri ráð fyrir því að það verði eins með þessa brtt., sem flutt er á þskj. 177, og þær breytingar sem áður voru fluttar við fjáraukalagafrv. og voru til meðhöndlunar við 2. umr. varðandi niðurskurð til framkvæmda við framhaldsskóla, við hafnir, við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og nú við vegamál að stjórnarandstæðingar eftir atvikum sitji hjá við þessa atkvæðagreiðslu eða greiði atkvæði gegn henni en fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárln. höfðu fyrirvara við allar þessar brtt. við 2. umr. og sá fyrirvari stendur enn af okkar hálfu.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að eyða frekari tíma í þessa umræðu. Ég tel að nefndin hafi unnið vel og málefnalega að þessu og um það hafi verið að mestu leyti, má kannski segja nánast öllu leyti, fullkomin samstaða hvernig þessi mál voru unnin í nefndinni utan við þessa fyrirvara sem ég hef hér greint frá. Ég vil þakka formanni og meðnefndarmönnum mínum fyrir samvinnu við afgreiðslu þessa frv.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ekki get ég nú sagt, og tekið þar undir með hæstv. forsrh., að síðasta ræða hafi verið mjög ómálefnaleg. Ég held þvert á móti að hún hafi verið dæmi um þær ræður sem stjórnarandstaðan hefur verið að flytja á þessu þingi.

Varðandi þessar brtt., sem eru komnar fram, tek ég undir það sjónarmið hjá formanni nefndarinnar að það þurfi að fara yfir málefni flóabáta og strandsiglinga og reyna að finna flöt á því að vinna þau mál þannig að menn komist af með minna fé en nú er, en ég undirstrika að í mínum huga þýðir það ekki að á nokkurn hátt eigi að draga úr þeirri þjónustu sem menn búa við í dag. Eins vil ég líka láta koma fram að það er í raun og veru eðli þessara flutninga, sérstaklega flóabáta, að þeir eru nauðsynlegir til að mæta þeim kröfum um þjónustu frá hendi samfélagsins sem íbúar á svo fámennum og afskekktum stöðum setja fram.

Hvað varðar brtt. á þskj. 177 vil ég láta það koma fram að ég er í raun og veru andvígur þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, að taka út úr núgildandi fjárlögum 350 millj. kr. framlag til jarðganga á Vestfjörðum. Það er alveg ljóst að þessi breyting verður til þess að skerða aðrar framkvæmdir í vegamálum á móti með því að ýta þessu fé yfir á almenna vegáætlun. Ég er andvígur því að stilla málum þannig upp að menn séu látnir gjalda þess í raun í öllum kjördæmum landsins, gjalda fyrir framkvæmdir á Vestfjörðum. Ég tel það ekki heppilega uppsetningu á málinu og ekki málinu til framdráttar, hvorki fyrir okkur Vestfirðinga né aðra þá sem eru áhugamenn og fylgjendur þess að jarðgöng verði boruð.

Það kom ekki fram með skýrum hætti í framsöguræðu formanns nefndarinnar hvort þessi tillaga um breytingu eða lækkun á framlögum til Vestfjarðaganga hafi áhrif á framkvæmdir. Ég vil því beina því til formanns nefndarinnar hvort þessi breyting um að lækka framlag til Vestfjarðaganga um 350 millj. hafi í för með sér samdrátt í framkvæmdum á þessu ári og líka hitt hvort í framhaldi af þessari tillögu, verði hún samþykkt, komi þá þar á móti aukið framlag til þessara verkefna á næsta ári. Ég þykist vita að menn séu að flytja til greiðslur að einhverju leyti og ef menn létta greiðslum af sér á þessu ári, með því að flytja þær yfir áramót, verður óhjákvæmilega að koma til sérstök fjárveiting á næsta ári til að mæta því. Ef það er ekki gert kostar það sérstakan niðurskurð á öðrum framkvæmdum. Þetta vil ég biðja hv. form. nefndarinnar að skýra frekar varðandi framlög ríkissjóðs til jarðganga á Vestfjörðum.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Varðandi þá spurningu, sem hér hefur verið lögð fram, vil ég segja að þessi breyting hefur engin áhrif á framkvæmdir í ár og í fskj. sem lagt var fram við 2. umr. var greint frá þessari skiptingu.

Hvað varðar næsta ár þá á ég ekki von á breytingu en það kemur náttúrlega til umræðu þegar við ræðum fjárlögin. Eftir því sem vegamálastjóri hefur fullyrt við mig og hefur verið lýst yfir áður verður ekki nein breyting hvað þessar framkvæmdir varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er flutt frv. um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð sem mér þykir ástæða til að fara fáeinum orðum um og rekja málið nokkuð því fram voru settar fullyrðingar í framsöguræðu sem mér er nokkuð til efs að séu sannar. Einnig þykir mér hitt nauðsynlegt, að setja þetta frv. í samhengi við stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Ég vil spyrja hæstv.

forseta hvort hæstv. ráðherra verði viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Forseti veit ekki hvort ráðherra er í húsinu eins og er en ég mun gera ráðstafanir til að kanna það.) Ræðumaður vill láta það koma fram að hann telji óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra verði viðstaddur þessa umræðu, ekki bara að hluta til heldur alla, a.m.k. hvað mína ræðu varðar. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að kalla hæstv. sjútvrh. í salinn.) Er hann í húsinu? (**Forseti:** Já, sjútvrh. er í húsinu.)

Virðulegur forseti. Það sem ég vildi fyrst gera að umtalsefni er ákvæði II til bráðabirgða í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóðinn — hér kemur hæstv. ráðherra og hefur hraðann á og ég þakka honum fyrir skjót viðbrögð. Í þessu ákvæði stendur, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávaútvegi við þá endurskoðun."

Hér kemur greinilega fram hver vilji Alþingis var, þegar það samþykkti þessi lög, um það hvernig standa ætti að endurskoðun þessara laga. Það kom fram í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem á sæti í sjútvn. að ekki hefði verið haft samráð við sjútvn. þingsins við undirbúning og vinnslu að þessu frv. Ég fæ því í raun ekki séð annað en ráðherra hafi hunsað þarna lög og virt nefnd þingsins að vettugi þegar unnið var að þessu frv. Ég heyrði það ekki í ræðu hæstv. ráðherra að haft hefði verið samband við helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þessa endurskoðun og vil inna hann eftir því hvort svo hafi verið og til hvaða samtaka hafi þá verið leitað. Það er mjög mikilvægt að leggja áherslu á þetta atriði vegna þess að þegar þingið samþykkti þessi lög og lögin um stjórn fiskveiða, sem nú er í gildi, var lögð sérstök áhersla á að þessi lög væru samtvinnuð og menn yrðu að afgreiða þau samtímis. Það kom mjög skýrt fram í máli ræðumanna um þetta mál og í nefndarálitum að svo yrði að vera og því er það til komið að sams konar ákvæði er í báðum þessum lögum um endurskoðun, augljóslega vegna þess að þingið ætlaðist til þess að hvor tveggja þessi lög, lögin um Hagræðingarsjóðinn og lögin um stjórn fiskveiða, yrðu endurskoðuð samtímis og í samhengi, og ætlaðist til þess líka að við þá endurskoðun yrði haft samráð við Alþingi sjálft, þingnefnd þess og hagsmunasamtök. Þar sem fyrir liggur, að ekki var haft samráð við þingið eru menn að taka þetta mál út úr þeim farvegi sem það var lagt í á sínum tíma og færa það í raun yfir á stjórnarflokkana eina. Með þessu frv. er ríkisstjórnin að hafna öllu samráði hér í þinginu, ekki bara í lögum um Hagræðingarsjóð heldur líka í lögum um stjórn fiskveiða og það tel ég mjög alvarlegt, virðulegur forseti, þegar orð manna og samþykktir í lögum standa ekki lengur en raun ber vitni. Það hefur verið bent á áður í öðrum málum að Sjálfstfl. hefur haft þrek til að skipta um skoðun frá því að vera í stjórnarandstöðu yfir í að vera í stjórn og skipta um málflutning og hér er í raun eitt dæmi enn um það þar sem menn ganga á bak sinna fyrri orða.

Ég vil í þessu sambandi vitna í skjöl og ummæli manna einmitt um þetta atriði þegar þessi tvenn lög voru til umfjöllunar, lögin um stjórn fiskveiða og lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það segir t.d. hér í nál. frá minni hluta sjútvn. frá 112. löggjafarþingi á þskj. 1282 í Nd. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nefndarálits 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans." Og undir þetta rita Hreggviður Jónsson, Matthías Bjarnason og Kristinn Pétursson.

Í Ed. eru líka nefndarálit um þetta sama frv. sem þá hét reyndar frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Í nefndaráliti frá 3. minni hl. í sjútvn. segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nefndarálits 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans."

Og undir þetta rita Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson. Þetta var afstaða Sjálfstfl. í báðum þingdeildum á sínum tíma að það væri ekki hægt að sundurskilja þessi tvö frumvörp. Það vekur því mikla athygli, a.m.k. mína, þegar hæstv. sjútvrh. og með stuðningi Alþfl. rýfur þetta samhengi því að það verður ekki skilið öðruvísi en sem vísbending um það hvernig þeir vilja að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt.

Ég vil vitna til afstöðu Alþfl. í þessu máli sem kom fram í umræðum í þinginu á þeim tíma sem ég er með í ljósriti. Þar segir, í bókun þingflokks Alþfl., hér er ekki bara um afstöðu eins manns að ræða heldur bókun þingflokks Alþfl. frá 23. apríl 1990 og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það er skoðun þingflokksins að á næstu árum eigi að stefna að því í áföngum að rjúfa tengslin milli skipa og veiðiheimilda þannig að aflasjóður, sem heitir nú Hagræðingarsjóður, fái aukna veiðiheimild til ráðstöfunar. Þingflokkurinn telur eðlilegt að ákvæði frumvarpa til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa verði felld inn í frv. um stjórn fiskveiða, enda eiga þau þar heima eftir eðli máls."

Það er því afstaða beggja þingflokka á þeim tíma að hér væri um að ræða óaðskiljanleg mál. Ég hlýt að inna menn úr báðum þessum flokkum eftir rökstuðningi fyrir breytingu á þeirra afstöðu. Ég hlýt að inna hæstv. sjútvrh. eftir rökstuðningi fyrir þeirri breytingu á afstöðu Sjálfstfl., sem orðið hefur, og ég hlýt að gera slíkt hið sama og beina því til formanns þingflokks Alþfl. sem jafnframt situr í sjútvn. að gera þinginu grein fyrir því hvers vegna að þeirra mati stjórn fiskveiða og Hagræðingarsjóður eru nú aðskilin mál, sérstaklega með hliðsjón af þeim nefndarálitum sem ég las hér upp og þeirri bókun þingflokks Alþfl. sem ég las hér upp. Það verður ekki skilið öðruvísi í raun, ef maður reynir að draga rökréttar ályktanir í þessu máli, en svo að ríkisstjórnin sé þegar búin að ákvarða að gera breyt-

ingar á lögum um stjórn fiskveiða í takt við þær breytingar sem hún leggur hér fram um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það er enga aðra rökrétta ályktun hægt að draga af þessari stefnubreytingu. Og ég hlýt að spyrja talsmenn beggja þessara flokka: Er það rétt ályktað að það sé niðurstaða ríkisstjórnarinnar að breyta lögum um stjórn fiskveiða á þann veg að taka upp veiðileyfagjald eða auðlindaskatt?

Ég vil þá snúa mér að næsta atriði sem eru þær breytingar sem er verið að gera á Hagræðingarsjóðnum. Þær breytingar, sem mestar eru í raun og veru, eru þær að taka út þann kafla í núgildandi lögum sem lýtur að aðstoð við byggðarlög. Það segir í frv. í grg. að það sé eðlilegra að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðarþróun í landinu. Ég hef ekki séð neinar tillögur frá hæstv. ráðherra eða frá öðrum ráðherrum um hvað eigi að koma í staðinn fyrir þetta ákvæði í lögum um Hagræðingarsjóðinn. Það eina sem þingið hefur fyrir framan sig í þessu máli er sá vilji ríkisstjórnarinnar að taka út úr byggðaþáttinn og engar aðrar tillögur komi í staðinn. Og ég spyr: Hvenær koma þær tillögur? Ég get ekki tekið það gott og gilt að vísa á Byggðastofnun í þessu efni, sérstaklega með hliðsjón af skoðunum hæstv. forsrh. um Byggðastofnun og störf þeirra sem þeirri stofnun hafa stjórnað á undanförnum árum, einkum hv. 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar sem fær þann stimpil, ásamt tveimur núv. ráðherrum í ríkisstjórn landsins, að hafa ekki virt gildandi lög um stofnunina. Ég get því ekki tekið það gott og gilt sem rök að Byggðastofnun eigi að taka við þessu hlutverki þegar fyrir liggur vilji hæstv. forsrh. og drög að reglugerð sem gera Byggðastofnun fullkomlega ókleift að taka við því og ég hlýt að spyrja talsmenn beggja flokka: Hvað á að koma í staðinn? Hvað ætla þessir flokkar að leggja fram í þinginu til að treysta stöðu byggðarlaga í landinu, sérstaklega þeirra byggðarlaga þar sem menn standa frammi fyrir því að missa í gjaldþrot sitt höfuðfyrirtæki og tapa þeim aflaheimildum sem eru í byggðarlaginu? (Gripið fram í.) Ég spyr ykkur því þið eruð að leggja til breytingar.

Við þessar aðstæður kemur Hagræðingarsjóðurinn að notum. Menn geta deilt um sjóðinn í sjálfu sér en það er óumdeilanlegt að við þessar aðstæður kemur sjóðurinn að notum. Þið hv. stjórnarþingmenn leggið til að fella þetta niður og án þess að koma fram með tillögur um eitthvað annað í staðinn. Því spyr ég: Hverjar verða ykkar tillögur? Þurfa íbúarnir á þessum stöðum, sem eru margir um land allt, að sæta því að þurfa að kaupa fullu verði allar þær aflaheimildir sem þeir þurfa á að halda til að geta rekið sitt samfélag? Eru það skilaboð ykkar til Bolvíkinga að þeir eigi að borga 1000 millj. fyrir réttinn til að búa á staðnum? Eru það skilaboð ykkar til Bolvíkinga? (Gripið fram í.) Ég les heima, hv. þingflokksformaður Össur Skarphéðinsson. En ég get ekki lesið það sem ekki stendur á prenti og ekki hefur verið sagt. Ég hef ekkert heyrt eða séð frá hæstv. ríkisstjórn um það hvernig menn ætla að taka á þessu vandamáli.

Ég hef margoft í ræðum bent á að besta leiðin væri að breyta lögunum um stjórn fiskveiða á þann veg að kvótinn fari ekki með skipunum, að kvótinn verði í raun og veru eign þeirra byggðarlaga þar sem hann er nú. Ég sé ekki aðra leið sem menn geta notað með skaplegum hætti meðan verið er að ganga í gegnum þær þrengingar sem óhjákvæmilega munu dynja yfir nú á næstu missirum. Ég sé ekki aðra leið. Og ég sé ekki að það sé nokkurt réttlæti í því að fólk þurfi að borga fleiri hundruð milljónir fyrir það sem öðrum var gefið og þurfti ekki að borga fyrir og það sem heitir í lögunum sameign þjóðarinnar. Hvers konar sameign þjóðarinnar er það sem menn þurfa að fara að borga fullu verði fyrir upp á mörg hundruð millj. Ég gæti nefnt mörg sjávarpláss þar sem menn standa frammi fyrir þessu vandamáli og það er nákvæmlega þetta vandamál sem fólk hefur mestar áhyggjur af. Nógu slæmt er að glíma við erfiðleika í fyrirtækjum og jafnvel þá möguleika að það fari á hausinn, þurfa að axla þá örðugleika sem því fylgir. Það er mjög erfitt verkefni þó svo að menn bæti ekki því við að fólk þurfi að kaupa heimildirnar til að fara á sjóinn. Það er ekki hægt annað en ganga nokkuð fast eftir svörum frá hv. stjórnarliðum þegar þeir eru að leggja til þá breytingu að taka úr lögum eina hálmstráið sem þetta fólk sér.

Ég vil þá víkja að öðru atriði og það er hvers eðlis Hagræðingarsjóður er nú og ef þessar breytingar ná fram að ganga. Hæstv. ráðherra sagði við framsögu málsins að frv. ætti ekkert skylt við auðlindaskatt, og eru þau ummæli höfð eftir honum í Morgunblaðinu í dag þannig að það er hægt að vitna í þau orðrétt ef þörf krefur. (Gripið fram í.) Ja, virðulegur formaður þingflokks Alþfl., það eru fleiri með þá túlkun en Framsfl. Og nú skulum við hefja þann lestur og bið ég þingflokksformanninn að doka við í dyrunum meðan ég upplýsi hann um það.

Í umræðum í efri deild 8. des. 1989 um þetta mál, sem þá hét Úreldingarsjóður fiskiskipa, segir hv. þáv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, með leyfi virðulegs forseta: „En ég fullyrði að bein hætta er á því að kvótakerfið leiði fyrr eða síðar til auðlindaskatts ...Það er rétt að þetta [þ.e. frv. um Úreldingarsjóð] er ekki nema lítið skref sem stigið er með sölu veiðileyfa til tekjuöflunar fyrir Úreldingarsjóð. Það er rétt sem hæstv. ráðherra lagði áherslu á. En allar leiðir hefjast á einu skrefi, hvort sem það er leiðin til ljóssins eða helvegur."

Ótvíræð afstaða hv. þm. Þorvaldar Garðars Kristjánssonar um það að hér væri um að ræða auðlindaskatt. Og eins og menn muna þá var hann þingmaður Sjálfstfl.

Ég er með fleiri tilvitnanir. Hér er ég með tilvitnun í Halldór Blöndal, sem nú er ráðherra. Hann segir með skýrum hætti að frv. leggi auðlindaskatt á sjávarútveginn. Hann segir það með alveg skýrum hætti. Og svo ég lesi nú aftur þá tilvitnun sem hv. 1. þm. Austurl. var með í gær, til þess að undirstrika afstöðu þingmannsins Halldórs Blöndals enn frekar um það að Hagræðingarsjóður væri auðlindaskattur vil ég lesa hér, með leyfi forseta:

„Þetta er nú satt að segja hálfgerð fimmáraáætlun eins og hjá Jósef Stalín sáluga á sínum tíma, sem fór nú eins og hún fór, og næsta ömurlegt að þessi hugsunarháttur skuli gægjast fram hér á Alþingi á því herrans ári 1990, en lýsir auðvitað því sem hér er verið að gera. Það er verið að leggja á auðlindaskatt öðrum þræði til þess að reyna að hafa stjórn á byggð í landinu, sem ekki gengur, og svo öðrum þræði til þess að reyna afla fjár í eyðsluhít ríkissjóðs, sem er auðvitað næsta skrefið."

Þetta var afstaða þingmannsins þá og ég á ekki von á öðru en að hún sé óbreytt. Það segir okkur að það sé afstaða hæstv. landbrh. að hér sé um að ræða auðlindaskatt og tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Ég er hér líka með annan talsmann Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum á þessum tíma, Guðmund H. Garðarsson. Hann sagði hér, með leyfi forseta:

„Þar á ég við það sérstaklega að með þessu frv. er verið að fara inn á braut auðlindaskatts, sem mun gjörbreyta ekki aðeins útfærslu íslenskrar útgerðar og fiskvinnslu heldur einnig eignastöðu og eignarhaldi Íslendinga sjálfra og hugsanlega andspænis auknum áhrifum erlendra aðila í sambandi við íslenska útgerð. Ég vara hv. þm. við því, og sérstaklega þá sem hugsa sér að greiða frv. þessu atkvæði hér á eftir, að afleiðingar þess geta orðið mjög alvarlegar, ég vil segja hrikalegar, fyrir landið og þjóðina, það fólk sem býr hér og vill búa."

Þetta var afstaða talsmanns Sjálfstfl. í Ed., Guðmundar H. Garðarssonar, þegar verið var að ræða frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Báðir þessir aðilar, talsmenn flokksins í Ed. og Nd., voru sammála um að það frv. þýddi ekkert annað en auðlindaskatt. Og annar þeirra tekur sérstaklega fram að það sé ekkert annað þar að auki en bein tekjuöflun í ríkissjóð. Hvort tveggja stangast fullkomlega á við það sem hæstv. ráðherra hefur haldið fram, bæði í framsögu fyrir málinu og áður.

Ég get líka vitnað í annan þingmann Sjálfstfl., sem heitir Kristinn Pétursson, sem lýsti yfir þessu sama viðhorfi, að hér væri um að ræða auðlindaskatt og ekkert annað.

Ég vil að lokum, til að innsigla afstöðu Sjálfstfl., eins og hún var á þeim tíma, þannig að mönnum sé það alveg ljóst hver hún var, vitna í nál. 4. minni hl. sjútvn. í Ed. um frv. til laga um stjórn fiskveiða. En eins og áður hefur komið fram var það afstaða sjálfstæðismanna að þessi tvö frv. yrðu ekki aðskilin svo þeir skiluðu sameiginlegu nál. fyrir þau bæði. Í þessu minnihlutaáliti segir m.a. um Hagræðingarsjóðinn að sannmæli væri að kalla sjóðinn Óhagræðingarsjóð sjávarútvegsins, svo ekki hafa þeir haft mikið álit á honum. Og enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Í brtt. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að skerða fiskveiðiheimildir um 12.000 þorskígildistonn frá einu ári til annars. Síðan á að gefa útgerðarmönnum kost á að kaupa helminginn til baka við opinberu verði sem næst markaðsverði. Með því er stigið fyrsta skrefið til auðlindaskatts." — Með því er stigið fyrsta skrefið til auðlindaskatts, virðulegur forseti. — „Þótt þessum heimildum séu þröngar skorður settar í brtt. er eftirleikurinn auðveldur. Það er að rétta skrattanum litla fingurinn og er ekki það laust sem skrattinn heldur", segir í nál. sjálfstæðismanna frá 1990 og undir það rita Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal.

Ég ætla ekki að falla í sömu gryfju og þeir tveir menn sem vitna þarna í skrattann, að fara að velta mér upp úr því hver það er í þessu tilviki sem máltækinu er beint að. Ég tel að sjálfstæðismenn verði að útskýra það sjálfir. En þetta er ótvírætt afstaða þess flokks á þeim tíma að þessi tvö frv. um Hagræðingarsjóð og stjórn fiskveiða séu óaðskiljanleg og að lögin um Hagræðingarsjóð séu ekkert annað en lög um auðlindaskatt.

Því geri ég mjög alvarlegar athugasemdir við það að hæstv. ráðherra skuli taka annað málið sjálfstætt frá hinu og flytja sérstakt frv. um það, frv. sem felur í sér þær breytingar að styrkja auðlindaskattinn í sessi. Það er meginbreytingin í frv. — að fara yfir í auðlindaskattinn. Það hlýtur því að vera ályktunin sem menn draga af þessu að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að taka upp auðlindaskatt. Aðra skynsamlega ályktun er ekki hægt að draga.

Ég get líka vitnað í hæstv. núv. sjútvrh. því til stuðnings að hér sé um auðlindaskatt að ræða, þó að það þurfi í raun og veru ekki frekari sannanir fyrir afstöðu Sjálfstfl. til Hagræðingarsjóðs. En ráðherrann segir í DV 19. sept. sl., þar sem hann er að kynna þær breytingar sem hann hyggst leggja fram á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, með leyfi forseta:

„Mín ætlan er að breyta hlutverki sjóðsins þannig að í stað úreldingar og byggðaaðgerða" — í stað byggðaaðgerða, takið eftir — „verði þeir fjármunir sem fást fyrir kvótann notaðir til hafrannsókna. Þannig tel ég peningunum best varið. Þessi aðgerð stendur í engum tengslum við fiskveiðistjórnunina heldur er hún hrein ríkisfjármálaaðgerð." — Hún er hrein ríkisfjármálaaðgerð. Með öðrum orðum segir hæstv. ráðherra: Við erum bara að taka hérna upp sjálfstæðan skatt til þess að fá tekjur í ríkissjóð. Auðvitað er það ekkert annað en auðlindaskattur. Hvernig svo sem hæstv. ráðherra reynir að telja mönnum trú um að frv. eigi ekkert skylt við auðlindaskatt þá er hið gagnstæða uppi á borðinu í öllum þeim skjölum sem menn fletta og þeim ummælum sem menn lesa frá þingmönnum Sjálfstfl. og reyndar frá hæstv. ráðherra sjálfum.

Ég teldi Sjálfstfl. vera heldur viðkunnanlegri og þeir menn innan hans menn að meiri ef þeir þyrðu bara að viðurkenna að þetta er þeirra stefna. Menn eiga ekki að vera að plata kjósendur, segja eitt og meina annað. Það hefur að vísu verið dálítið áberandi með Sjálfstfl. hvað hann hefur verið tvöfaldur í roðinu, en ég held að í þessu máli verði hann að ganga hreint fram. Verði að ganga hreint fram, hv. þm. þingflokks Alþfl., sem er manna hreinskiptastur ef því er að skipta. (**ÖS:** Ég tók eftir þessu.)

Ég vil þá snúa mér að Alþfl. því hann hafði líka skoðun á þessu frv. á sínum tíma og þessum lögum. Ég hef þegar rakið að hann taldi lögin um Hagræðingar-

sjóð og lögin um stjórn fiskveiða vera óaðskiljanleg og ætti raunverulega að fella þau saman í ein lög. En hver skyldi hafa verið afstaða Alþfl. til Hagræðingarsjóðsins sjálfs? Hún kemur fram í afstöðu fulltrúa Alþfl. í sjútvn. á þeim tíma, Jóns Sæmundar Sigurjónssonar. Þegar hann er að mæla fyrir málinu úr nefnd nefnir hann sérstaklega málinu til gildis, með leyfi forseta: „Og í þriðja lagi hvernig sjóðurinn hagar sér við það mikilvæga hlutverk að veita aðstoð til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum er höllum fæti standa."

Það var eitt mikilvægasta hlutverk sjóðsins, byggðahlutverkið, að mati fulltrúa Alþfl. Enn fremur kemur fram í nál. því sem hann undirritar að meiri hluti nefndarinnar telji að breytingar þær sem gerðar voru á frv. í meðförum Ed. séu til bóta og til þess fallnar að tryggja betur trausta atvinnu og jafna búsetu um land allt. — Tryggja betur trausta atvinnu og jafna búsetu um land allt.

Þetta var afstaða Alþfl. fyrir einu og hálfu ári til Hagræðingarsjóðsins og sérstaklega til þess þáttar er lýtur að byggðahlutverki sjóðsins. Ég beini þeirri spurningu til formanns þingflokks Alþfl.: Hefur afstaða Alþfl. breyst? Telur hann ekki lengur nauðsynlegt að sjóðurinn hafi þetta byggðahlutverk? Hefur Alþfl. skipt um skoðun í þessu máli? Ef svo er, hvað telur Alþfl. að koma eigi í staðinn? Eða er kannski ekki þörf á neinum sérstökum byggðaaðgerðum? Ég ætla a.m.k. að leyfa mér að vona það að formaður þingflokks Alþfl. ætli ekki að fara að halda því fram að ekki sé þörf á sérstökum byggðaaðgerðum eins og staðan er núna nánast um allt land.

Ég vil svo að lokum, til þess að öllu sé til haga haldið fyrir hæstv. sjútvrh. um afstöðu hans flokks meðan hann var formaður í þeim flokki, draga hér fram ummæli Halldórs Blöndals í umræðum um stjórn fiskveiða, þar sem hann fer í þeirri ræðu einnig yfir Hagræðingarsjóðinn. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn er auðvitað sá til lengri tíma litið að draga fé í ríkissjóð í gegnum þennan sjóð, skattleggja sveitarfélögin úti á landi, byggðirnar úti á landi, og skattleggja sjómennina og útgerðina. ... Það á að taka nákvæmlega eftir orðanna hljóðan þannig að þar er hvergi hægt undan að víkjast og væri fróðlegt að spyrja hv. þm. Stefán Guðmundsson" — sem hér situr enn — „hvað hann kallar það að taka 6.000 þorskígildistonn af flotanum til að selja sömu mönnum aftur." (**StG:** Auðlindaskatt.) „Ef þetta heitir ekki auðlindaskattur þá veit ég ekki hvað er auðlindaskattur. Það er verið að selja útgerðarmönnum og sjómönnum fiskinn í sjónum við opinberu verði."

Skýrar geta menn nú ekki kveðið að orði í afstöðu sinni til máls en þingmenn Sjálfstfl. gerðu í umræðum og nefndarálitum um þetta mál fyrir tæpum tveimur árum. Síðan kemur hæstv. sjútvrh. núna, í nóvember 1991 og segir: Þetta á ekkert skylt við auðlindaskatt. Maður fer nú að halda að það sé víðar fortíðarvandi en hjá stjórnarandstöðunni. Menn mættu leggjast í að lesa og kynna sér fortíðina, þingmenn og ráðherrar Sjálfstfl., áður en þeir fara að hafa uppi miklar fullyrðingar um hvað sé ekki í þeirra frumvörpum.

Þessi stefnubreyting Sjálfstfl., sem ekki er tekin í gegnum samþykktir flokksins á landsfundum eða slíkum samkomum sem eru til þess bærar að breyta stefnu hans, svo mér sé kunnugt um, eru í raun og veru ekkert annað en svik. Þetta eru ekkert annað en svik við fólk. Sérstaklega eru þetta svik við það fólk sem kaus Sjálfstfl. úti á landi. Þetta eru ekkert annað en svik við þá tæplega 2.000 Vestfirðinga sem kusu Sjálfstfl. á Vestfjörðum því þeir stóðu í þeirri meiningu allir sem einn að Sjálfstfl. væri á móti auðlindaskatti.

Það eru fleiri en ég sem hafa tekið eftir þessum svikum. Ég bendi mönnum á að lesa leiðara í DV frá því í október sl., sem ber yfirskriftina: „Þeir lugu sig inn á þjóðina." Það er verið að tala um núverandi ríkisstjórn. Og það er ýmislegt fróðlegt sem segir í þeim leiðara. Þar segir t.d.: „Skýrar getur einkavæðing og frjálshyggja ekki orðið gjaldþrota. Hraðar getur stefna nýrrar ríkisstjórnar ekki orðið gjaldþrota." Og svo segir einnig, með leyfi forseta:

„Blekkingar hafa löngum verið hornsteinn íslenskra stjórnmála. En fátítt er að ríkisstjórn hafi logið sig inn á þjóðina með jafngrófum hætti og þessi ríkisstjórn."

Þetta eru ummæli leiðarahöfundar DV. Mér er ekki kunnugt um að hann sé í Alþb. eða Framsfl. eða Kvennalistanum. Hann er ekki í þessari stjórnarandstöðu sem hæstv. forsrh. telur óalandi og óferjandi. Menn standa hér dag eftir dag á öndinni yfir ummælum ráðherrans. Hann er ekki frá okkur kominn þessi leiðari. Hann er ekki kominn frá okkur þessi dómur um ríkisstjórnina, að þar séu menn sem ljúgi sig inn á þjóðina. Þetta er komið frá frjálsu og óháðu dagblaði. (**Gripið fram í:** Mjög óháðu?) Mjög óháðu? A.m.k. stendur það í blaðinu sjálfu, stendur hér „frjálst og óháð dagblað". (**Gripið fram í:** Síðan hvenær fórst þú að trúa DV?) — Ja, ég a.m.k. les það, virðulegur þingmaður.

Ég vil að lokum fara yfir nokkur atriði í frv. önnur en þau sem ég hef þegar gert að umtalsefni. Sérstaklega vil ég minnast hér á úreldinguna sjálfa, það hlutverk að úrelda fiskiskip eða kaupa skip til úreldingar. Miðað við þann tekjustofn sem þessi sjóður á að hafa, og það er gefið upp í grg. að tekjurnar verði um 80 millj. á ári, þá sýnist mér að sjóðurinn muni ekki vera stórtækur í skipakaupum til úreldingar. Það má búast við því að hann muni þá fyrst og fremst verða til þess að kaupa upp litla báta. Og ég er ekki viss um að það sé að öllu leyti rétt þróun því ég tel að sú breyting hafi gengið of langt að menn séu að sækja aflann á stórum togurum. Menn hafa fært sóknina að mínu mati of mikið í þá átt, sem m.a. kemur fram í því hvernig aflinn er saman settur, meðalþyngd á þorski sem t.d. er að verða býsna lítil. Ég held að það væri æskilegt að reyna að breyta sóknarmunstrinu og það væri æskilegt að reyna að úrelda fyrst og fremst stóru togarana sem eru mönnum mikil byrði, sérstaklega mikil byrði í mörgum sjávarplássum, að gefinni þeirri forsendu að menn hafi ekki meiri kvóta til að veiða en er í dag. Og þá tel ég brýnast að unnt sé að úrelda togara og greiða þannig fyrir að menn geti sameinað útgerðarfyrirtæki og notað þá sameiningu til að taka einn

togara úr umferð eða svo. Ég sé ekki að þessi sjóður með þessum tekjustofni hafi þá burði að hann ráði við það, þannig að ég vil nefna þetta mönnum til umhugsunar.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, þar sem sú breyting er gerð að í stað þess að sjóðurinn fái það álag næstliðins árs sem lagt er á við það að flytja óunninn fisk úr landi, þá fær hann bara 12.000 tonn, punktur. Eru áform uppi af hálfu ráðherrans að breyta ákvæðum um álag á útflutning? Og hvert á það að renna ef svo er ekki, ef áform eru um að hafa það áfram, hvert á þá þetta álag að renna?

Ég vil einnig benda á það, sem stingur mest í augu í þessu frv., að 1. gr. markar í raun og veru allt það sem á eftir kemur, því 1. gr. segir okkur hvert hlutverkið er. Og hlutverkið er samkvæmt 1. gr. að stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. — Þetta er nú dálítið óþjált og í raun og veru dálítið óljóst hvort tveggja, hver sé afkastageta flotans og afrakstursgeta sjávarstofnanna. Hvort tveggja er tiltölulega óljóst en látum það nú vera. Og hvernig á sjóðurinn að stuðla að þessari hagkvæmni í útgerð? Jú, hann á að gera það með því að veita styrki til að úrelda skip. Og þar með er hlutverk sjóðsins upp talið. En síðan segir í 4. gr. að öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af sölu aflaheimilda eigi að verja til að standa straum af Hafrannsóknastofnun. Þetta er í engum tengslum við tilgang sjóðsins. Ekki nema menn skilgreini Hafrannsóknastofnun sem eitthvert fiskiskip. Auðvitað er það ekkert svoleiðis. Hafrannsóknastofnun er ekki togari sem á að úrelda. Hér er því um að ræða verulegan fingurbrjót í uppsetningu frumvarpsins, að í 4. gr. frv. kemur upp að það eigi að ráðstafa peningunum í eitthvað annað sem er í engu samhengi við 1. gr. þar sem hlutverkið er rakið og afmarkað mjög þröngt. Hlutverkið er afmarkað þannig að það á að kaupa skip, punktur. Ekkert annað.

Ég velti því bara upp, getur þetta staðist? Geta menn sett lög sem hafa einhvern afmarkaðan tilgang en í seinni greinum frumvarpanna kemur svo allt annar tilgangur fram og eru í raun og veru, eins og fram hefur komið, ekkert annað en tekjustofn fyrir ríkissjóð? Ég held að það væri þá nær að menn settu þá klásúlu bara beint inn í fjárlög.

Ég hef nú fjallað nokkuð um þetta frv. enda mikið mál á ferðinni og full ástæða til að menn fjalli um þetta mjög ítarlega og gefi sér allan þann tíma sem til þarf til þess að fara yfir frv. því hér er um svo veigamiklar breytingar að ræða og mikla stefnumörkun að það er óhjákvæmilegt annað. En ég vil skora á hæstv. ráðherra í allri vinsemd og með allri virðingu að draga þetta frv. til baka. Virða bráðabirgðaákvæði II í núgildandi lögum og draga frv. til baka og láta fara fram samtímis, eins og segir í lögunum, endurskoðun á lögum um Hagræðingarsjóð og lögum um stjórn fiskveiða og gera það þannig, eins og mælt er fyrir í báðum þessum lögum, í samráði við Alþingi og hagsmunasamtök. Það kann ekki góðri lukku að stýra að rjúfa þennan farveg sem búið er með lögum að setja málið í. Ég óttast að það geri ekkert annað en að efna til ófriðar, mikils ófriðar um þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég mun í tengslum við þetta frv. sem hér er til umfjöllunar ræða nokkuð bæði þá endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem yfir stendur og eins afkomu í sjávarútvegi og tengsl þeirra hluta við byggðamál. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, úr því að þessu máli er hreyft með þeim hætti sem raun ber vitni, að þetta berist inn í umræðuna. Sú breyting, sem á lögunum um Hagræðingarsjóð verður með frv. hæstv. sjútvrh. á þskj. 129, ef að lögum verður, er að þá hverfur út úr verkefnaskrá sjóðsins það meginverkefni hans annað að geta komið til aðstoðar í þeim tilvikum þar sem atvinnuástand er slæmt vegna þess að veiðiheimildir hafi horfið í burtu eða með öðrum hætti sú sjávarútvegsstefna sem í gildi er leiði af sér atvinnubrest í byggðarlögum.

En fyrst er ástæða til að ræða lítillega þá stöðu sem er í málinu í heild sinni, þ.e. varðandi fiskveiðistefnuna og gildandi lög um veiðar í fiskveiðilandhelginni og fiskveiðistjórnun. Það er allt saman til endurskoðunar, eins og menn þekkja, á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögunum. Fyrir árslok 1992 skal þeirri endurskoðun lokið, ef ég man rétt. Sömuleiðis áttu lögin um Hagræðingarsjóð að koma til endurskoðunar og er væntanlega hér aftast í þeim lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990, ákvæði um að sjútvrh. skuli fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi, þ.e. lögin um Hagræðingarsjóð.

Ég hlýt að byrja á því, herra forseti, að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel það afar slæmt að á meðan á þessari endurskoðun stendur skuli eitt af þeim þýðingarmestu atriðum sem lágu til grundvallar málamiðlunum um afgreiðslu laganna um fiskveiðistjórnun hér á þingi á sínum tíma tekið út úr því samhengi með þessum hætti. Það er ekkert launungarmál að það var býsna erfið fæðing þegar það frv. var afgreitt hér á Alþingi 1990 og gert að lögum, bæði lög um fiskveiðistjórnun og eins lög um Hagræðingarsjóð, og sú útfærsla sem hér er á lögum um Hagræðingarsjóð var liður í málamiðlun til þess að sætta ólík sjónarmið og koma sérstaklega til móts við þá sem hafa haft áhyggjur — og það með réttu því miður — af áhrifum núgildandi fiskveiðistefnu á byggðamál. Þá voru m.a. nefnd alveg sérstaklega af þáv. sjútvrh., bæði í ríkisstjórn þegar hann kynnti málið þar og eins hér á Alþingi, hygg ég vera, einstök byggðarlög landsins, hver hefðu getað fengið úrlausn ef ákvæði af því tagi sem hér eru um Hagræðingarsjóð hefðu þá verið í gildi í lögum. Ég man það mjög vel að hæstv. sjútvrh. nefndi sem dæmi Kópasker, því þannig háttaði til að þá hafði nýlega verið selt í burtu einasta fiskiskip Kópaskersbúa sem eitthvað kvað að og með því fór 500 tonna djúphafsrækjukvóti, svo til allur kvóti sem þessi staður, Kópasker, hefur yfir að ráða fyrir utan einhverja tugi tonna af bolfiski sem þar hafa verið. Hæstv. sjútvrh. nefndi einmitt þessi dæmi og sagði: Með þessum breytingum verður unnt að bregðast við slíkum vandamálum, ef

þau koma upp, og lifa við það ástand á gildistíma laganna og þangað til þau hafa komið til endurskoðunar. *Þetta var eitt veigamesta atriðið sem lá til grundvallar* þess t.d. að sá sem hér talar og ég hygg þeir sem með honum voru í flokki á sínum tíma og stóðu að því að afgreiða lögin vorið 1990, létu að lokum til leiðast með einni undantekningu þó, hygg ég vera, að sættast á þetta frv. Það að inni í Hagræðingarsjóði yrðu þessar *heimildir til viðbótar því að lögin yrðu tímabundin* og fiskveiðistefnan í heild sinni kæmi til endurskoðunar var það sem þarna var lagt til grundvallar. Þess vegna hlýtur hæstv. sjútvrh. að vera það ljóst að hann er að opna hér upp geysilega stórt mál með þessum breytingum.

Ég verð að segja það alveg eins og er að *mér* þykir það miður að hæstv. sjútvrh., sem ég ber góðan hug til og ég veit að vill standa sig í sínu erfiða og þýðingarmikla starfi, skuli þurfa að eiga þessi spor hingað inn með frv. í þessum búningi. Það er satt best að segja mjög slæmt að það skuli yfir hæstv. sjútvrh. þurfa að ganga. Ég vona að hæstv. ráðherra sé og verði til viðtals um það á næstu vikum og mánuðum ef svo vill í þinginu að leita samkomulags í þessum efnum, þ.e. reyna að skapa eftir því sem kostur er samstöðu um eitthvert ástand í þessum málum á meðan sú endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem í gangi er gengur yfir og henni lýkur. Þar er að mínu mati á ferðinni eitthvert mikilvægasta verkefni Alþingis og í raun og veru eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar allrar á næstu mánuðum og árum, þ.e. að ná landi og einhverri sátt í þjóðfélaginu um stefnuna í sjávarútvegsmálum. Þetta er ekki góð byrjun á því verki.

Við heyrðum í gær afstöðu hæstv. fyrrv. sjútvrh. og þeirra sem með honum eru í flokki til þessara mála og fleiri munu væntanlega eiga eftir að lýsa miklum efasemdum um þessa tilhögun.

Í öðru lagi verður ekki fram hjá því horft að þessi breyting, ef af verður á lögunum um Hagræðingarsjóð, hvaða nafngift sem menn nú vilja gefa því, veldur ýmsum áhyggjum af þeim sökum, menn óttast að þar séu fyrstu skrefin stigin — eða skref stigin, hvort sem það eru þau fyrstu eða einhver sem á eftir koma — í áttina til þess að selja veiðiheimildir holt og bolt hér í landinu. Ég þarf ekkert frekar en menn vilja að ræða það undir heitinu auðlindaskattur. Ef það fer í hinar fínu taugar einhverra hv. þm. eða hæstv. sjútvrh. þá get ég notað aðrar nafngiftir, mér er alveg sama. En þeirri staðreynd verður ekki mótmælt að ef þessi breyting verður þá verður það í framkvæmd þannig að 12.000 tonna veiðiréttur verður seldur fullu verði og afrakstur þeirra verðmæta tekinn í ríkissjóð. Og það er ekki hægt að mæla á móti því að þar með er a.m.k. þessi hluti veiðiheimildanna kominn í þann farveg að það er enginn eðlismunur á því og þeim hugmyndum sem dags daglega kallast auðlindaskattur eða veiðileyfagjald. Það eina sem mætti þá vísa í væri hugsanlega það, miðað við þær hugmyndir sem lengst ganga í frjálshyggjuátt varðandi veiðileyfagjald eða auðlindaskatt, að hér er ekki um opinn uppboðsmarkað á veiðiheimildunum að ræða heldur er um að ræða forkaupsrétt skipa eða útgerða í hlutfalli við þær veiðiheimildir sem þau hafa á hendi. Þetta er nokkuð önnur útfærsla að vísu en hugmyndir þeirra sem lengst hafa viljað ganga í þá veru að bjóða upp á opinn markað með allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum.

Ég met og virði afstöðu hæstv. sjútvrh. í þeim efnum að standa fast gegn hugmyndum um slíka skattlagningu á útgerðina. Mér hefur þótt það eitt af því fáa *virkilega ánægjulega í umræðu af hálfu hæstv. ríkis*stjórnar á þessum haustdögum að hæstv. sjútvrh. hefur þó tekið mjög myndarlega og fast til orða gagnvart þeim hugmyndum að innleiða slíkt við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi. Þess vegna þykir mér það í sjálfu sér miklu verra að þurfa að lýsa áhyggj*um mínum vegna frv. í þá veru sem hluti veiðiheim*ildanna, sem þarna er þá tekinn inn í Hagræðingarsjóð, verður óumdeilanlega fénýttur með þessum hætti. Og þó að það sé tengt þeim útgjaldaverkefnum ríkisins að fjármagna rekstur Hafrannsóknastofnunar þá er það einfaldlega svo að ríkissjóður hefur greitt þann rekstur, hefur kostað þann rekstur *á undanförnum árum* og það hefur enginn eðlismunur verið á þeim útgjöldum ríkissjóðs og ýmsum öðrum, t.d. því að kosta rekstur annarra rannsóknastofnana eða hvern annan opinberan rekstur í landinu. Þetta er því eingöngu form, að búa til þessa tengingu. Eða hvað? Það verður ekki stofnað neitt sérstakt hólf í ríkissjóði, einhver sérstök skúffa sem ríkisféhirðir fer ofan í og tekur upp seðlana til að borga Hafrannsóknastofnun. Það verður ekki svo. Það verður áfram bara einn ríkissjóður í landinu. Og inn í þann ríkissjóð munu tekjurnar af fénýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs ganga og út úr honum aftur fara peningar til að borga fyrir rekstur Hafrannsóknastofnunar. Þetta er svona, því miður. Þarna er eingöngu um form að ræða, þetta er hreint „pro forma“ atriði, gert til þess að reyna að skýla sér í erfiðu máli.

Ég held að við eigum og verðum að ræða hér spurninguna um afstöðuna til veiðileyfagjalds eða auðlindaskatts. Það verður ekki komist hjá því að ræða það í tengslum við þetta mál. Og ég vil ekki að sú afstaða mín liggi í láginni að ég er algjörlega andvígur því að taka slíkt fyrirkomulag upp við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi. Ég tel það fráleitan málflutning, eins og nú háttar til, að það geti verið skynsamleg sjávarútvegsstefna og efnahagsstefna hjá þjóðinni að láta sína höfuðatvinnugrein með þessum hætti borga aukalega og umfram aðrar inn í samneysluna skatt af þessu tagi sem flatt veiðileyfagjald eða flatur auðlindaskattur yrði. (Gripið fram í.) Það er þannig með hv. formann þingflokks Alþfl. að það er greinilega nauðsynlgt að uppfræða hann dálítið í þessum efnum. Hugmyndin sem einn ágæur félagsmaður í Alþb. setti fram, reyndar með formanni Farmanna- og fiskimannasambandsins fyrst, hygg ég vera, á opinberum vettvangi í góðri grein, var af allt öðrum toga. Og af því að hv. formaður þingflokks Alþfl. hefur stundum verið að gera sérstakar kröfur á aðra menn um að þeir fari rétt með þá hlýt ég að senda þau skeyti til baka. Ég óska þá eftir því, ef hv. þm. er áhugamaður um

þessi mál, að hann kynni sér þær hugmyndir sem þar voru á ferðinni um breytilegt gjald sem lagt yrði á eftir tegundum, mismunandi hátt, til þess að hafa viss áhrif á sóknina í hinar einstöku tegundir, af allt öðrum toga og allt annars eðlis, í allt öðrum tengslum við stefnuna í fiskveiðistjórnun en hugmyndir um flatt veiðileyfagjald eða auðlindaskatt. Hv. þm. hlýtur að átta sig á því að þær hugmyndir í sínu villtasta eðli eru gjörsamlega óskyldar fiskveiðistjórnuninni sem slíkri, þær koma henni ekki við. Þær eru af efnahagslegum toga. Það eru hagspekingar sem telja að eina leiðin til þess að skrá gengið rétt á Íslandi sé að pína sjávarútveginn sérstaklega með viðbótarskattlagningu, fella síðan gengið og hækka þannig pundið í öðrum atvinnugreinum. Þetta er kenningin. Að í raun og veru hafi sjávarútvegurinn það of gott við núverandi aðstæður, svona að breyttu breytanda og það þurfi að taka verðmæti út úr veltu sjávarútvegsins, fella síðan gengið og lækka þannig lífskjörin í landinu og þá komist þetta í jafnvægi.

Miðað við það ástand sem við stöndum frammi fyrir í íslenskum sjávarútvegi er þetta einhver hættulegasta og vitlausasta della sem nokkurn tíma hefur verið á borð borin. Það er því alveg nauðsynlegt að talsmenn þessara hugmynda, ef þeir eru einhverjir hér inni á þingi, og hinir, sem úti í þjóðfélaginu prédika þetta, hvort heldur er á síðum Morgunblaðsins eða annars staðar, útskýri það fyrir okkur hvernig á að hjálpa sjávarútveginum í núverandi stöðu og á næstu árum, eins og þau blasa við á þeim bæ, með því að leggja þessa viðbótarskatta á atvinnugreinina og draga þá út úr veltu sjávarútvegsins.

Ef við tökum þetta í sinni einföldustu mynd þá skulum við biðja þessa snillinga að útskýra það fyrir okkur hvernig það hjálpar Útgerðarfélagi Akureyrar, hvernig það hjálpar Síldarvinnslunni í Neskaupstað, hvernig það hjálpar Hraðfrystistöð Þórshafnar, hvernig það hjálpar Granda, hvernig það hjálpar Kaldbak á Grenivík o.s.frv. að til viðbótar núverandi útgjöldum í sínum rekstri kaupi þessi fyrirtæki aflaheimildirnar af sjálfum sér fyrir tugi eða hundruð milljóna króna. Hvernig á það að hjálpa þeim? Í hverju liggur „trikkið"? Hver er brellan?

Það á ekki að láta mönnum líðast að bera svona þvætting á borð viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, í blaðagrein eftir blaðagrein eða ræðu eftir ræðu. Þetta er della. Við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi mundi þetta leggjast sem alveg sérstök viðbótarbyrði á þau fyrirtæki sem, hvað sem um núverandi kvótakerfi má segja, hafa þó notið þess að hafa sínar veiðiheimildir á hendi og getað nýtt þær ár eftir ár án gjalds, það sem eftir er af þeim. Og það er auðvitað tilfellið um langstærstan hluta fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi.

Það ótrúlega er að þessi umræða snýst eingöngu um hina hliðina. Menn einblína á það að einn og einn útgerðarmaður er að fá peninga í sínar hendur — fyrir hvað? Fyrir það að afsala sér varanlega réttinum til að taka þátt í þessari atvinnustarfsemi. Jú, það er rétt, það fá ýmsir útgerðarmenn borgaðar talsverðar fúlgur. En hvað eru þeir líka að gera? Þeir eru að afsala sér réttinum til að taka þátt í þessari atvinnustarfsemi. Það er mikið rætt um þessa menn og það er allt í lagi. Og það koma út mörg ljót dæmi í því sambandi eða óskemmtileg. (Gripið fram í.) Og einhverjir borga, segir hv. frammíkallandi. Það er alveg rétt. En þeir sem ekki eru í þessum leik, þeir sem bara eru að veiða þann kvóta sem þeir hafa og hafa jafnvel haft um árabil, þeir njóta þó þess, hvað sem um þetta kerfi má segja, að hafa sínar veiðiheimildir á hendi ár eftir ár og veiða þær og nýta þær. Þannig er það og þannig hefur það alltaf verið. Ég spyr því: Halda menn virkilega að það sé réttlát ráðstöfun gagnvart t.d. þeim fjölda fiskvinnslufyrirtækja í landinu sem jafnframt hefur veiðar á hendi og er fyrst og fremst starfandi með þá byrði á herðum að halda uppi atvinnu í viðkomandi byggðarlögum, að skella á þau auðlindaskattinum? (**Gripið fram í:** Af hverju ertu alltaf að horfa á mig?) Ja, ég er bara að virða hér fyrir mér ýmsa fallega menn sem eru í þingsalnum. Ég held að svarið hljóti að vera nei. Svarið er augljóslega nei. Það er ekkert réttlæti til í því, miðað við núverandi ástand þessara mála og menn verða að geta ... (Gripið fram í.) Það er af því, hv. þm., að ég vil helst ekki horfa á þann eina mann hér í salnum of mikið sem ég ætti kannski að beina máli mínu til.

Mér er þetta mikið alvörumál. Ég held að það sé tími til kominn að taka þessar hugmyndir til efnislegrar umræðu hér á þingi og fara yfir það. Er þetta eitthvað sem við eigum að láta þvælast fyrir okkur á næstu árum í íslenskum sjávarútvegi, þessar hugmyndir um veiðileyfagjald? Ég hef að sjálfsögðu hugsað mikið um þetta og reynt að skoða þetta hlutlægt frá báðum hliðum og ég er kominn að alveg eindreginni niðurstöðu í þeim efnum: Þetta er algjör vitleysa. Svo skulum við ekki gleyma því að hugmyndirnar um þessa skattlagningu byggja allar á því að núverandi kerfi aflamarks verði við lýði áfram — með öllum göllum sínum. Með öllum göllum sínum til þá viðbótar einhverjum kostum sem sjálfsagt eru þar fyrir hendi, en menn hafa nú sífellt meiri efasemdir um. Við þurfum því líka að gera það upp við okkur: Ætlum við að festa í sessi um ókomin ár þetta kerfi framseljanlegs aflamarks? Og eru menn bara tilbúnir til að framlengja lífdaga þess í sjálfu sér óbreytta? Það er ég ekki.

Og þá komum við að byggðamálunum og er nú ekki ástæða til að gleyma þeim, því miður, í þessu efni því að augljóslega hefur sú sjávarútvegsstefna sem hér er rekin úrslitaáhrif á þróun byggðar við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið. Það hefur mönnum að sjálfsögðu lengi verið ljóst og miklar umræður hafa á undanförnum árum farið fram um þann þátt mála þegar sjávarútvegsstefnan hefur verið hér til umfjöllunar. Og það verð ég að segja að er kannski allra lakast í því sambandi að ræða þetta út frá frv. hæstv. sjútvrh. um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð að þar er alveg tvímælalaust verið að stíga skref aftur á bak. Það er tvímælalaust verið að stíga skref aftur á bak frá þeirri þó ófullkomnu skipan mála sem við höfum núna búið við síðastliðin ár. Og það er mjög slæmt ef slíkt

skref verður nú stigið á því ári og með það ár farandi í hönd þegar ljúka á endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða.

Það er með öðrum orðum þannig., hæstv. forseti, að sú breyting sem lögð er til í frv. á 5. gr. laganna um Hagræðingarsjóð fellir út úr lögunum það ákvæði sem áður var og lýtur að því að heimilt er samkvæmt gildandi lögum að nýta allt að helming þess afla sem til Hagræðingarsjóðs fellur til — eins og segir í lögunum orðrétt, með leyfi forseta — „eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar samkvæmt ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar." Og í 9. gr. segir síðan: „Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á."

Og síðan segir að skilyrði fyrir þessari aðstoð sjóðsins til einstakra byggðarlaga sé að vegna sölu fiskiskipa hafi orðið straumhvörf í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa í því byggðarlagi.

Nú má margt um þessa hluti segja og var reyndar býsna umdeilt mál hvernig ætti að útfæra þetta ef á annað borð yrði reynt að setja inn svona öryggisákvæði, svona öryggisnet undir fyrirkomulag núverandi fiskveiðistjórnunar. En um þetta tókst þó að lokum sæmileg samstaða, vil ég leyfa mér að segja, sæmileg samstaða. Að það væri í öllu falli til bóta vegna þeirra augljósu galla og þeirrar miklu áhættu sem fyrir einstök byggðarlög er fólgin í sölu veiðiheimilda, frjálsri sölu veiðiheimilda milli aðila, að þá væri það til bóta að hafa svona ákvæði. Þessu öryggisneti á nú að kippa undan. Það á að taka það í burtu. Og maður hlýtur þá að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvað á að gera? Hvað hyggst hæstv. sjútvrh. gera ef nú eftir sem áður koma upp nákvæmlega þessar aðstæður?

Nú skulum við segja að í t.d. tveimur einangruðum, afskekktum byggðarlögum gerist það á fyrstu mánuðum næsta árs að máttarstoðir þeirra verði gjaldþrota og veiðiskip viðkomandi byggðarlaga fari á nauðungaruppboð og verði seld burtu úr byggðarlögunum, eftir standi tvö kauptún, heimildarlaus. Í raun og veru sigli lífsbjörgin út um hafnarkjaftinn á þessum stöðum einn góðan veðurdag, eins og við höfum séð gerast. Hvað ætlar hæstv. sjútvrh. þá að gera? Of ef hæstv. forsrh. — sem ég efast nú um að ég óski frar eftir að komi í þennan þingsal af tilteknum ástæðum, af því að ég hef svo miklar efasemdir um að nærvera hans sé til bóta hér — væri ábyrgðaraðili byggðamálanna þá væri auðvitað ástæða til að snúa máli sínu til hans. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Hvað ætlar sá aðili sem ber ábyrgð á byggðamálum í þessari ríkisstjórn að gera ef nákvæmlega þessi staða kemur upp í janúar eða febrúar á næsta ári og búið verður að loka þeim eina möguleika sem fyrir hendi er í núgildandi lögum til að bregðast við slíkum aðstæðum. Hvað hugsa þeir sér að gera, þessir menn? Jú, það er eina setningu eða reyndar tvær línur að finna um það í þessu frv. Það er neðst á bls. 3, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Þá er í frv. lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi." Og síðan segir: „Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu." Punktur. Þetta er allt og sumt. Þetta er svarið sem hæstv. ríkisstjórn býður okkur upp á.

Og nú liggur það í hlutarins eðli að ef það gerist t.d. að eini skuttogari kauptúns, sem þar er fyrir hendi og leggur upp afla til vinnslu í eina stóra vinnustað plássins, frystihúsinu, er seldur í burtu þá er ekkert einfalt mál að leysa úr því vandamáli sem upp kemur. Mér er til efs að stjórnvöld hafi í raun á hendi þau tæki sem duga ef ekki er hægt að gera það í gegnum fiskveiðistjórnunina og sjávarútveginn. Það mun engu máli skipta þó að Byggðastofnun haldi fund — með fullri virðingu fyrir henni — og sé öll af vilja gerð. Því hvað á hún að gera? Hvað á Byggðastofnun að gera ef kvótinn er farinn burt af staðnum, ekkert skip er til að veiða hann og það er enginn kvóti á lausu? Hugsum okkur aðstæður í byrjun næsta árs. Hringinn í kringum landið við sjávarsíðuna verður erfitt atvinnuástand. Það verður mikil sókn í þann fisk sem kemur upp úr sjónum í 15–20% aflasamdrætti. Það verður ekki mikið á lausu. Menn munu ekki standa í biðröðum til þess að landa afla á Raufarhöfn eða Suðureyri við Súgandafjörð eða þar annars staðar sem ógæfan kynni að berja að dyrum næst. Það verður ekki svo. Góður vilji Byggðastofnunar og margir fundir þar munu því miður ekki leysa atvinnuástand og vá sem yrði fyrir dyrum við slíkar aðstæður. Og hef ég þó ekkert nefnt það, sem auðvitað er ástæða til að skjóta hér inn í, að síðan er hæstv. ríkisstjórn á sama tíma að gelda þessa stofnun sem hún vísar á. Á sama tíma liggur það fyrir að verið er að skera niður fjárveitingar til Byggðastofnunar og hæstv. forsrh. er að setja henni reglugerð, sem mun meira og minna loka á möguleika Byggðastofnunar til að gera nokkurn skapaðan hlut ef svona aðstæður skapast. Þannig að hér rekur sig algjörlega eitt á annars horn. Það er því óhjákvæmilegt að forsvarsmenn byggðamála í ríkisstjórninni komi í þessari umræðu og greini okkur þá frá því hvað menn ætlast fyrir. Ég veit að það er ekki sanngjarnt að krefja hæstv. sjútvrh. svara um þá þætti málsins. Hann er hæstv. sjútvrh., ekki byggðamálaráðherra Íslands. Þó

svo að hann stýri atvinnugrein sem hefur mikil áhrif á byggðarþróun í landinu, vissulega.

Þennan þátt málsins er, hæstv. forseti, óhjákvæmilegt að ræða og ég gæti sagt margt fleira um þetta efni, jafnþungt í huga og mér í raun og veru er af þessu tilefni og jafnmiklar áhyggjur og ég hef af þeirri stöðu sem uppi er vítt og breitt um landið. Ég hef baksað við þingmennsku fyrir landsbyggðarkjördæmi núna bráðum hátt á níunda ár og ég hef fylgst sæmilega vel með stjórnmálum í ein 15–17 ár, frá því ég var fyrst í framboði til Alþingis, ungur maður fyrr á öldinni, eins og félagi minn, 9. þm. Reykv., segir stundum. Og því miður verð ég að segja það að þetta er erfiðasta ástand og þyngsta andrúmsloft sem ég hef á þessum tíma upplifað á landsbyggðinni. Ég hef ekki fyrr heyrt jafnþungt hljóð, jafnmikla svartsýni og jafnmiklar áhyggjur á einum og sama tíma og ég hef gert á þessum haustmánuðum og núna á öndverðum vetri vítt og breitt um landið. Hef ég þó farið býsna víða því ásamt með formanni míns flokks hef ég líklega heimsótt öll kjördæmi landsins og farið um flestöll byggðarlög á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi, sunnanverðum Austfjörðum, norðausturhorni landsins og víðar og tel mig þess vegna geta borið um þetta af sæmilegri reynslu.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er geysilegur uggur í brjóstum manna og þar kemur margt til. Þar koma auðvitað fyrst og fremst til þessar versnandi ytri aðstæður og aflasamdráttur, sem menn sjá ekki í fljótu bragði hvernig þeir fá klofið, í byggðarlögum og í fyrirtækjum sem þegar berjast í bökkum en fá nú á sig 10, 12, 15, 18% aflasamdrátt og sambærilega veltuminnkun, án þess að hafa í mörgum tilvikum mikla möguleika á því að draga úr kostnaði.

Það liggur í hlutarins eðli hvílíkt reiðarslag þetta er fyrir þau byggðarlög sem eru verulega háð t.d. þorskveiðum og grálúðuveiðum og fá þess vegna á sig þennan aflasamdrátt af fullum þunga þar sem sjávarútvegurinn einn stendur kannski fyrir 70–80% af atvinnutekjum í viðkomandi byggðarlögum. Fjöldinn allur af sjávarplássum hringinn í kringum landið er þannig settur að sjávarútvegurinn er einhvers staðar á bilinu helmingur til 80% af atvinnutekjum viðkomandi byggðarlags. Með öðrum orðum: Það er hátt í það sambærileg veltuminnkun í viðkomandi byggðarlagi og aflasamdrættinum nemur. Það þarf að margfalda það með svona ¾ og þá er sá samdráttur kominn. Það þarf ekki flókinn reikning til.

Allt þetta er óhjákvæmilegt að nefna vegna þess að eftir því sem ástandið er alvarlegra og útlitið dekkra er meiri nauðsyn til að hafa slíkar öryggisráðstafanir byggðar inn í lög um fiskveiðistjórnun og þar hafa verið. Það að taka þær út núna við þessar aðstæður er auðvitað að halda í öfuga átt. Ef eitthvað væri þá hefðu menn sagt núna, ef þeir væru með fullu viti: Við verðum að auka við möguleikana og svigrúmið í fiskveiðistjórnuninni til að mæta þessum aðstæðum. Það er lífsnauðsynlegt, annars kann illa að fara.

Það er ekki hægt annað en að ræða aðeins um stöðu sjávarútvegsins til að taka á sig þessi útgjöld vegna þess að þetta eru viðbótarútgjöld fyrir sjávarútveginn, fé sem fer út úr veltu sjávarútvegsins á næsta ári til annarra þarfa miðað við það sem verið hefur. Það er alveg saman hvernig menn fara hringinn í kringum það mál. Breytingin verður sú að 525 millj. kr. verða teknar út úr sjávarútveginu, færðar inn í ríkissjóð og síðan að vísu út úr honum aftur til ágætra og þarfra verkefna eins og rekstur Hafrannsóknastofnunar er, en það er aukaatriði í þessu máli. Þetta er skattlagning á sjávarútveginn sem fer út úr þeirri grein, verður þar ekki til ráðstöfunar, til hagræðingar eða annarra aðgerða og er upp á 525 millj. kr. Samkvæmt splunkunýju vinnuskjali frá Þjóðhagsstofnun, sem ég hef í höndum, er afkoman sú þegar rekstrarskilyrði sjávarútvegsins á nýbyrjuðu fiskveiðiári eru tekin saman í heild, að botnfiskveiðar og vinnsla vegin saman, allt heila galleríið, eru nú rekin með 5–6% halla. Og það er þeim mun alvarlegri staðreynd sem menn vita að ein grein veiðanna er rekin með sæmilegri afkomu og reyndar nokkrum hagnaði þar sem er frysting á sjó og afgangurinn þá með þeim mun meira tapi að þetta verður meðaltalið.

Það er sömuleiðis mat Þjóðhagsstofnunar að bolfiskvinnslan sem slík sé núna rekin með 8% halla og sú afkoma versni í ein 10% á næsta ári að óbreyttu ástandi og miðað við þann aflasamdrátt sem fram undan er. Þjóðhagsstofnun hefur upp á síðkastið verið að reyna að leggja mat á hver gætu orðið áhrif af fækkun fyrirtækja í sjávarútvegi og ég verð að játa að eftir allt umtalið um hagræðingu í hagspekingum utan þings og innan og jafnvel uppi í Háskóla urðu það mér sár vonbrigði að sjá fyrstu vísbendingar sem Þjóðhagsstofnun gefur um áhrifin af því að t.d. þriðjungur eða fjórðungur lakast stöddu fyrirtækja í sjávarútvegi hættu starfsemi og hin sem betur eru stödd tækju við þeim veiðiheimildum. Ég hafði alltaf ímyndað mér að menn hlytu að vera að tala um stórar sveiflur þegar þessi hagræðingarmál væru til umræðu. Menn væru að ímynda sér að hægt væri að ná geysilegum árangri með uppstokkun af þessu tagi, fækkun fyrirtækja og því að safna veiðiheimilum á fáar hendur. En því miður er það ekki svo. Og sú ótrúlega lága tala kemur í raun og veru út að þetta gæti legið einhvers staðar á bilinu 2–3%, að afkoma veiða og vinnslu samanlagt gæti styrkst um tæp 3% við það að þetta stór hluti lakast settu fyrirtækjanna hætti starfsemi og veiðiheimildirnar færðust yfir á þau fyrirtæki sem eftir væru. Eitthvað betri gæti útkoman orðið ef menn gætu stýrt því að láta þau fyrirtæki, sem allra mesta hagkvæmni hafa, fá veiðiheimildirnar en ekki hin sem eru svona í miðjunni en þar munar ekki mjög miklu. Og þrátt fyrir að fyrirtæki, sem skulda 10, 12, 13 milljarða króna, hyrfu út úr myndinni og þau mál yrðu gerð upp mundi eiginfjárstaða sjávarútvegsins ekki batna nema um rúm 5%. Og þá fer maður að spyrja sig, hafa þeir snillingar, sem eru jafnvel tilbúnir til að keyra nánast allt landið í gjaldþrot til þess að knýja fram það sem menn kalla endurskipulagningu og uppstokkun í sjávarútvegi, aldrei kíkt á þessa hlið málanna? Eftir hverju er að sækjast þeim megin? Er það virkilega svo að það sé

mælt í prósentum einum, tveimur, þremur sem þetta mundi í reynd skila í bættri afkomu í greininni? Þjóðhagsstofnun virðist samkvæmt sínu vinnuskjali meta það svo, sem auðvitað er ekki endanlegt álit þeirrar stofnunar og er nauðsynlegt að taka það fram, að það sé ekki víst að svo verði.

Allt þetta finnst mér óhjákvæmilegt að skoða og hugleiða í tengslum við þessi mál því að yfir okkur eru haldnar miklar ræður um að það verði að sýna mikla hörku og láta fyrirtæki fara á hausinn og það sé nánast eina leiðin að aga menn og hýða til hagræðingar og þessar ræður láta dálítið á sér kræla núna um þessar mundir. Við höfum stundum talað gegn þessum sjónarmiðum, þeir sem þykjast hafa áhyggjur af því hvaða áhrif það hefði á atvinnuástand og afkomu og hagi fólks í einstökum byggðarlögum að keyra slíka kaldrifjaða frjálshyggju í gegn í þessari atvinnugrein og knýja fram eitthvað sem menn kalla uppstokkun eða endurskipulagningu eða hagræðingu sjávarútvegsins með þessum hætti. Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst ástandið versna nokkuð ef það kemur svo á daginn að í gegnum slíkan darraðardans mundi ekki meira skila sér en að það væri e.t.v. von á því að lagfæra afkomu og stöðu veiða og vinnslu um 1, 2, 3%.

Nei, ástandið í íslenskum sjávarútvegi er vissulega alvarlegt og kemur þar margt til og bætist nú við þessar vikurnar það sem sálrænt fer illa með menn að búa við eitthvert versta haust hvað snertir bæði gæftir og afla sem menn hafa í flestum greinum veiða upplifað um langt árabil og bætist þar grátt ofan á svart þannig að af sjálfu leiðir að hljóðið er næsta dauft í þeim sem starfa í þessari atvinnugrein.

En ein stærð hefur kannski of lítið verið tekin til umfjöllunar í þessu samhengi öllu og það er ósköp einfaldlega heildarstaða sjávarútvegsins í landinu. Hver er hún? Við hv. 3. þm. Austurl. ræðum stundum um heildarstöðu landbúnaðarins og við gleðjumst yfir því að landbúnaðurinn er sem atvinnugrein tiltölulega vel á vegi staddur, t.d. hvað skuldir og eiginfjárstöðu snertir. Sem betur fer eru bændur búmenn og forsjálir og steypa sér ekki í miklar skuldir og eru yfirleitt manna duglegastir við að borga síðan þau lán upp ef þeir á annað borð taka þau. Þetta hefur leitt til þess að þrátt fyrir allt er íslenskur landbúnaður með eiginfjárhlutfall sjálfsagt upp á ein 50% þegar það er skoðað, jafnvel meira og það er þá enn betra. En hvernig er þetta hjá sjávarútveginum? Er íslenskur sjávarútvegur þannig í stakk búinn að hann geti bætt á sig án þess að finna mikið fyrir því 525 millj. kr. sérstökum skatti til að borga rekstur Hafrannsóknastofnunar á næsta ári? Svo að ég tali nú ekki um flötu veiðileyfagjaldi eða auðlindaskatti upp á milljarða sem væntanlega yrði. Hvernig hefur það þróast? Ég ætla að nefna tölur úr yfirliti sem ég fékk í hendur í gær um eiginfjárhlutfall í íslenskum sjávarútvegi á árunum 1983–1990. Það er þannig samkvæmt því úrtaki sem Þjóðhagsstofnun hefur byggt á — það er breytilegt á milli ára og ég vil að menn hafi á því þá fyrirvara sem nauðsynlegt er af þeim sökum. Þar er um breytilegan fjölda fyrirtækja í úrtakinu að ræða en samt virðist manni að það gefi allgóða vísbendingu um þessa þróun. 1983 var eiginfjárhlutfall, miðað við bókfært verð, 25 fyrirtækja valinna af handahófi úr íslenskum sjávarútvegi 34,4%, rétt losaði þriðjung sem er þá auðvitað mun lakari staða en t.d. í landbúnaðinum og væntanlega lakari en í iðnaðinum svo að dæmi sé tekið en þó allviðunandi mundu sennilega einhverjir segja. Þó veit ég ekki hvort t.d. framkvæmdastjóri Verslunarráðsins teldi þetta ásættanlegt, ég efast um það. Ég býst við að hann mundi segja að samkvæmt bókunum þyrfti þetta að vera 50–60% til að vera gott svo að maður tali nú ekki um 95% eins og mér er sagt að sé eiginfjárhlutfall svissneskra banka.

Um næstu áramót, 1984, hafði erfitt ár runnið sitt skeið á enda og eiginfjárhlutfall íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, þeirra 25 sem í úrtakinu voru, hafði lækkað í 26,4%, og hér er ég að tala um fiskvinnslufyrirtækin. En eins og menn þekkja var ástandið verra í útgerð á þessum árum en um nokkurt skeið hafði fiskvinnslan búið við betri afkomu en útgerðin og hagur útgerðarfyrirtækja var á þessum tíma víðast hvar orðinn mjög bágur. Þetta snerist síðan við seinna, eins og menn þekkja, og hefur upp á síðkastið verið öfugt þannig að afkoma veiða nema bátaútgerðar hefur yfirleitt verið skárri en vinnslu. Staðan var hins vegar þannig í útgerð og fiskvinnslu að þá var eiginfjárhlutfall, þegar þau fyrirtæki voru skoðuð sérstaklega, komið niður undir núll. 44 fyrirtæki, sem þannig háttaði til hjá voru bæði með fiskveiðar og vinnslu, voru með 3,7% eiginfjárhlutfall í árslok 1983 og voru orðin neikvæð um 4,2% í árslok 1984. Og ef við tökum svo næsta ár og skoðum 93 fyrirtæki í sjávarútvegi í árslok 1985 — og munum að eiginfjárhlutfall 25 fiskvinnslufyrirtækja var 26,4% 1983 — eru þessi fyrirtæki, tæplega 100 fyrirtæki í árslok 1985, komin niður í 6,1%. Eiginfjárhlutfall þeirra er orðið 6,1%.

Annað úrtak, sem tekið var á sama ári og í voru 129 fyrirtæki, gaf nákvæmlega sömu niðurstöðu eða 6,1%. Og sjávarútvegur í heild, eins og hann var eftir á gerður upp fyrir árið 1985, var með eiginfjárhlutfall upp á 6,5%. Sjávarútvegur í heild í árslok 1986 hafði nokkuð rétt sig við með batnandi árferði og reyndar fór þá í hönd eitt mesta gósenár sem við Íslendingar höfum lifað, síðari hluti árs 1986 og fram eftir ári 1987, og því fylgdi að eiginfjárhlutfall sjávarútvegsins lyftist lítillega á nýjan leik upp í 12,6% í árslok 1986 og 13,5% í árslok 1987.

En hvað gerðist svo? Jú, á síðari hluta þessa árs og fram eftir árinu 1988 náði hámarki sínu sú hávaxtastefna og fastgengisstefna á óraunhæfu gengi sem leiddi hlutina í algert öngþveitisástand á haustdögum 1988. Þegar upp var staðið og Þjóðhagsstofnun gerir sjávarútveginn upp í heild eftir á var eiginfjárhlutfallið á nýjan leik í árslok 1988 í íslenskum sjávarútvegi komið ofan í 5,3%. Og sjávarútvegur í heild í árslok 1989 er að vísu byrjaður að rétta sig lítillega við en þó ekki nema í 8,1%. Síðan varð að vísu verulegur afkomubati eins og menn þekkja á síðari hluta árs 1989 og á árinu 1990 sem skilar því að samkvæmt úrtaki, í

hverju eru 147 fyrirtæki, var eiginfjárhlutfall í íslenskum sjávarútvegi í árslok 1990 komið upp á nýjan leik í 16,9%. En það er nú allt og sumt. Batinn sem að vísu er umtalsverður og skilaði sér m.a. í verulegum hagnaði fjölmargra stærri sjávarútvegsfyrirtækjanna, sem vega þyngst í þessum útreikningum öllum, hafði þó ekki megnað að breyta þessu meir en sem nemur þessu. Það er auðvitað öllum ljóst sem skoða þessa hluti, skoða heildarskuldsetningu sjávarútvegsins, skoða eiginfjárstöðu fyrirtækjanna, að staðan er svo veik að það er með öllu óásættanlegt. Það er ekki hægt að búa við það til lengdar að undirstöðuatvinnuvegur landsmanna hafi ekki betri rekstrarskilyrði en svo að hann rétt lifi því að það er ekki hægt að kalla það annað þegar eiginfjárstaðan er að hreyfast á bilinu niður undir núll og upp í 10, 12, 15% í þessari atvinnugrein. Og síðan þarf ekki að fara í grafgötur um það hvað er að gerast núna. Það vita allir hv. alþm. Þessi staða er að hríðversna á nýjan leik og miðað við taptölur upp á 5–6% í sjávarútvegi í heild og 8–10% í fiskvinnslunni einni, má ætla að það verði a.m.k. jafnmikið bakslag í eiginfjárstöðu sjávarútvegsins á þessu ári og uppsveiflan var á hinu síðasta. Ég tel því ekki ólíklegt að ætla megi að í árslok 1991 verði eiginfjárstaðan á nýjan leik komin niður á bilið 7–10%. Og hvað höfum við efni á mörgum slíkum árum í viðbót? Það er einfalt að reikna það. Eftir um það bil eitt ár verður íslenskur sjávarútvegur sem atvinnugrein gjaldþrota í heild sinni á þennan mælikvarða mælt.

Við sögðum það ýmsir haustið 1988 að sjávarútvegurinn ætti ekki marga mánuði eftir. Ég held að þær upplýsingar, sem ég er hér að birta um eiginfjárstöðu sjávarútvegsins í árslok 1988, sanni það. Eiginfjárhlutfall í íslenska sjávarútveginum fór niður í 5,3% í árslok 1988 og á hálfu ári til viðbótar með sambærilegum rekstrarskilyrðum hefði greinin sem slík í heild sinni að meðaltali verið gjaldþrota. Það er staðreynd málsins. Það er mergurinn málsins. Og það er það sem við stöndum aftur frammi fyrir að við siglum með a.m.k. sambærilegum hraða í gjaldþrot á nýjan leik. Og við þessar aðstæður, dauflegu og dapurlegu aðstæður, hv. þm., erum við að ræða — um hvað? Í fyrsta lagi um að taka 525 millj. kr. út úr þessari atvinnugrein inn í ríkissjóð á næsta ári. Í öðru lagi að taka undan fiskveiðistefnunni það öryggisnet byggðanna sem þar náðist þó að lokum sæmileg samstaða um á árinu 1990. Og í þriðja lagi ættum við auðvitað að vera að tala um það að hæstv. forsrh. segir að ekkert liggi á með aðgerðir til handa íslenskum sjávarútvegi, menn hafi nógan tíma til stefnu, kannski segir hann ekki nógan tíma því hvað sem um hann má segja ætla ég að láta hann njóta sannmælis, en hann mun í öllu falli hafa sagt að það séu vikur til stefnu. Það eru engar vikur til stefnu.

Það blasir því miður við að fyrirtækin týna nú tölunni hvert á fætur öðru á næstu vikum og næstu örfáum mánuðum eru fjölmörg fyrirtæki dæmd til að stöðvast og þegar kemur fram á mitt næsta ár verður staðan að mínu mati sú að síðustu fyrirtækin í íslenskum sjávarútvegi fara að sveiflast yfir í neikvæða afkomu. Og þegar þannig er komið að sjálfir risarnir í þessum atvinnurekstri, þeir sem eiga svo til allt sitt veltufé í formi eiginfjár, fara að tapa peningum, þá þarf ekki frekar vitnanna við. Þegar þau örfáu fyrirtæki í landinu, sem t.d. hafa vegna sterkrar eiginfjárstöðu sloppið við að taka afurðalán nema í mjög litlum mæli, fara líka að tapa fé, eins og gerðist á síðari hluta árins 1988 og eins og stefnir í núna, þá geta menn farið nærri um það hvernig hinum gengur. Samkvæmt mati á hlutafé Útgerðarfélags Akureyringa er það að verðmæti upp á 2,4 milljarða kr. og það fyrirtæki er svo sterkt að það hefur getað í verulegum mæli fjármagnað sitt birgðahald af eigin fé. Þetta er auðvitað spurning um það hversu góða ávöxtun það gefur en það er þó væntanlega betri kostur en að taka fokdýr afurðalán og ég held að menn ættu ekki að þurfa frekari vitnanna við þegar fyrirtæki með slíka stöðu, eða þau sem sterkust eru, fara virkilega að finna fyrir hlutunum, eins og nú er því miður óumdeilanlega að gerast, þá er einhvers staðar orðið þröngt fyrir dyrum.

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að draga þessara almennu staðreyndir um stöðu atvinnugreinarinnar inn í umræður um Hagræðingarsjóð sem ég þarf í sjálfu sér ekki að öðru leyti að fjölyrða um eða ræða. Við fulltrúar Alþb. í sjútvn. höfum þegar tekið afstöðu til þeirrar fénýtingar á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sem fjárlagafrv. boðaði og hv. sjútvn. fékk til umsagnar frá fjárln. Þar höfum við með nefndaráliti sem væntanlega er komið til hv. fjárln. lagst eindregið gegn þessari fénýtingu. Við teljum hana í öllu tilliti óskynsamlega og á engan hátt þær forsendur fyrir hendi að réttlætanlegt sé að stíga slíkt skref. Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að ég trúi því ekki að óreyndu að hv. alþm., hvar í flokki sem þeir standa, sem á annað borð eru eitthvað að hugsa um stöðu sjávarútvegsins og atvinnumála í landinu, láti breytingu upp á rúman hálfan milljarð kr., sem á að taka út úr sjávarútveginum á næsta ári, líða fram hjá sér í þinginu án þess að segja eitt einasta orð. Eru engir hv. þm. stjórnarliðsins hér inni sem sjá ástæðu til að staldra við í þessu máli? Það vill svo merkilega til að fyrir utan þann sem situr í forsetastóli og þá sem eru til hliðar honum eru þrír hv. stjórnarliðar í þingsalnum. Ég þakka nærveru hæstv. forseta og virði hana og met. En mér finnst satt best að segja dauflegt að þingsalurinn fyllist út af uppákomum sem stafa af stráksskap hæstv. forsrh. og menn sitja klukkustundum saman undir slíkum hlutum, en þegar kemur að því að ræða stöðuna í íslenskum sjávarútvegi er hér varla nokkur maður. Þá eru hér fimm þingmenn í salnum. Það er heldur dapurlegt verð ég að segja. Ég að vísu þakka nærveru þeirra sem hér eru og það liggur við að ég telji þá upp, hv. 3. þm. Austurl., 9. þm. Reykv., hv. 4. þm. Reykv., hv. þingflokksformann Alþfl. og hv. 9. þm. Reykn., ræðumann og forseta. (**ÁMM:** Telst ég ekki með?) Síðan er í dyrunum einn Reyknesingur sem rétt er þá að nefna, það er 3. þm. Reykn. — Jú, hér bætist einn við, oft kemur góður þá getið er, hér kemur væntanlega 5. þm. Norðurl. e. og svo situr í hliðarsal ágætur 3. þm. Vesturl. Þá held ég að það sé fulltalið sem hér er. (Gripið fram í.) Nú hef ég bara ekki aðstöðu til

þess, virðulegur framíkallandi, að nafngreina áheyrendur en að sjálfsögðu er ég þeim einnig þakklátur fyrir nærveruna.

En að gamni slepptu, hæstv. forseti, fer ég að ljúka máli mínu enda spurning hvaða gagn maður gerir sjálfum sér og öðrum með því að flytja ræður. Ég er alveg sannfærður um að það verður ekki mikið sagt frá þessari ræðu í fjölmiðlunum. Hæstv. forsrh. mun ekki þakka mér málefnalegar umræður um þessi miklu og afdrifaríku mál, heldur senda mér einhver önnur skeyti. Ég tel mig hafa hvorki orðið sjálfum mér né þinginu til skammar með því að taka upp málefni sjávarútvegsins með þeim hætti sem ég hef gert og skammast mín ekkert fyrir það þó það hafi tekið þrjá stundarfjórðunga.

Að þessum orðum mæltum, hæstv. forseti, vil ég láta þá ósk í ljósi að við fáum, áður en umræðum lýkur um þetta mál, áður en það fer til hv. sjútvn. sem hlýtur auðvitað að leggja í það verulega vinnu, að taka á málefnum sjávarútvegsins í almennu samhengi í tengslum við þetta. Málið er þess eðlis. Það kemur inn á sjálfan kjarna fiskveiðistefnunnar og það hefur áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Ef umræðan skyldi halda áfram þá gæfist okkur færi á því að eiga t.d. orðastað við þá hæstv. ráðherra sem ættu að sjá sóma sinn í að vera hér með hæstv. sjútvrh. Ég nefni sem dæmi hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. Ætli það geti ekki verið svo að málefni sjávarútvegsins séu dálítið skyld og tengd örlögum hinna smáu sveitarfélaga við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið. Eða hvað var það sem stóð upp úr hjá talsmönnum sveitarfélaganna á fjármálaráðstefnu þeirra á dögunum annað en að byrðarnar af því að standa við bakið á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar væru unnvörpum að sliga sveitarfélögin. Bláfátæk sveitarfélög gangast í stórar ábyrgðir og skuldsetja sig svo tugum og hundruðum milljóna kr. nemur. Til hvers? Til þess eins að hjól undirstöðuatvinnugreina landsmanna haldi áfram að snúast. Bjartari eru horfurnar ekki en svo að sveitarstjórnarmenn við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið sitja við það verkefni að reikna út hvort þeirra litla sveitarfélag þoli meiri skuldir, nokkrar milljónir í viðbót til þess að afstýra því að undirstöðuatvinnufyrirtæki staðarins verði gjaldþrota eða aflaskipið verði selt í burtu með lífsbjörginni.

Herra forseti. Mér hefði þótt það ánægjulegra ef hér hefðu verið fleiri viðstaddir til að ræða þessa hluti og ég hefði svo sannarlega kosið mér að fá að eiga orðræður um málefni sjávarútvegsins við betri aðstæður fyrir hönd þeirrar greinar en hér eru uppi, en við því verður ekki gert og ég læt þetta nægja að sinni.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það er þinginu til vansa að hér skuli vera svo fáir þingmenn þegar menn ræða jafnmikilvægt mál og hér er til umræðu. Það er sérstaklega athyglivert að hér er ekki staddur einn einasti þingmaður Framsfl. þó að talsmenn þess flokks hafi gert það að sérstöku umræðuefni í þingskapaumræðu fyrr í dag að stjórnarliðar mættu illa til vinnu. Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi hér fram.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er margt sem skiptir máli að taka fyrir í umræðu um þetta frv. en þó einkum þrennt sem ég mun beina athyglinni að vegna þess að hér er einkum verið að fjalla um breytta skipan Hagræðingarsjóðs. Eins og fram hefur komið í máli manna er verið að tala um sjávarútveginn í heild vegna þess að þær aðgerðir sem lagt er til að gerðar verði varða hann allan og mun ég víkja nánar að því á eftir.

Í fyrsta lagi erum við að ræða hvert hlutverk Hagræðingarsjóðs sé og hvert það eigi að vera. Eins og fram hefur komið náðist nokkurt samkomulag um skipan þessara mála fyrir aðeins tæpum tveimur árum og nú er verið að krukka mjög alvarlega í það samkomulag. Samkvæmt því frv. sem samþykkt var vorið 1990 og varð að lögum þann 15. maí það ár var sjóðnum einkum ætlað tvíþætt hlutverk. Í fyrsta lagi að ýta undir og fjármagna aukna hagræðingu í sjávarútvegi og vinna þar með að aukinni hagkvæmni í útgerð. Það er auðvitað verðugt markmið og kemur okkur öllum til góða. Það er nauðsynlegt að vinna ávallt að því marki.

En í öðru lagi var skilgreint og skýrt tekið á öðru markmiði Hagræðingarsjóðs, þ.e. að hlaupa undir bagga með byggðarlögum sem verða illa úti vegna breyttra útgerðarhátta eins og segir í núgildandi lögum. Það er þetta hlutverk sjóðsins sem stendur nú til að hverfa frá og það er jafnframt þetta hlutverk sjóðsins sem við kvennalistakonur höfðum á þeim tíma sem Hagræðingarsjóður var sem mest í umræðu talið einna mikilvægast. Eitt örstutt spor í átt til þess byggðakvóta sem við hefðum gjarnan viljað sjá að hér hefði verið samþykktur í stað fiskveiðistefnunnar sem nú er ríkjandi. Við erum ekki einar um það að líta á byggðasjónarmiðin sem hin mikilvægustu við stjórn fiskveiða þótt menn greini á um leiðir og útfærslur. Það var merkilegt að heyra fyrr í umræðunni vitnað í þessu sambandi til orða hv. fyrrv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar. Ég vil leyfa mér að vísa örlítið til umræðnanna sem urðu á Alþingi við setningu þessara laga sem nú stendur til að breyta. En þar kom fram að kvennalistakonur geti í sjálfu sér vel tekið undir hið þríþætta hlutverk sem Hagræðingarsjóði var ætlað þá. Raunar er hlutverkið tvíþætt en það var skilgreint hér sem slíkt: Að draga úr afkastagetu fiskiskipastólsins. Að koma í veg fyrir að gömul og úrelt fiskiskip séu endurnýjuð með mun afkastameiri fiskiskipum. Þar er í rauninni um sama markmið að ræða. Og svo í þriðja lagi sem er hitt markmiðið, að sjóðurinn eignist kvóta fiskiskipa eftir ákveðnum reglum.

Í frv., sem þá var til umræðu, örlaði á viðurkenningu á þeim sjónarmiðum sem kvennalistakonur hafa haldið fram og flutt tillögur um að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu. Og að ekki sé sjálfgefið að úthluta veiðiheimildum ókeypis til einstaklinga og útgerðarfyrirtækja sem geti hagnast um tugi eða hundruð milljóna á

óveiddum fiski sem lögum samkvæmt eru sameign íslensku þjóðarinnar. Þótt frv. fæli ekki í sér framtíðarlausn á vanda byggðarlaga og í raun væri verið að ýta heildarvandanum til hliðar, ýmis atriði væru óljós og framtíðarlausn byggðavanda væri að sjálfsögðu ekki í þessari lagasetningu, þá var þó a.m.k. búið að koma til móts við þær eðlilegu röksemdir að ekki mætti rjúfa þau tengsl sem eru milli byggðarlaga, afkomu þeirra og fiskveiðistjórnunar.

Jafnframt finnst mér rétt að víkja örlítið að þeim athugasemdum kvennalistakvenna sem komu fram við umræðu um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum í febrúar sl. en þá sagði fulltrúi Kvennalistans í sjútvn. Ed., með leyfi hæstv. forseta:

„Með stofnun Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins samhliða afgreiðslu laga um stjórn fiskveiða á sl. ári þótti okkur kvennalistakonum aðeins örla á viðurkenningu á þeirri hugmynd og þeim tillögum okkar að nauðsynlegt væri að taka tillit til byggðasjónarmiða við stjórn fiskveiða. Hagræðingarsjóður, eins og hann er nú, er reyndar fjarri hugmyndum okkar um að leggja 20% heildaraflans í sérstakan veiðileyfasjóð sem yrði til leigu, sölu eða sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga. Það er auðvitað eitt sem við hljótum öll að hafa áhyggjur af ef upp kemur sú staða síðar á árinu að straumhvörf verða í atvinnulífi einhvers staðar á landinu vegna skipasölu að ekki verði til neinar aflaheimildir í Hagræðingarsjóði."

Hér er verið að vísa til þess að með þeim ráðstöfunum sem voru gerðar vegna mjög alvarlegs vanda þá var verið að ganga í sjóð sem okkur þótti í rauninni ekki ástæða til. Ég vil bæta örlítið við tilvitnun mína, með leyfi hæstv. forseta, en þar sagði fulltrúi Kvennalistans í sjútvn. Ed.:

„Ég hef áhyggjur af því að við séum stöðugt að ganga of nærri fiskstofnunum og eins að atvinnuleysi og upplausn geti blasað við í ýmsum byggðarlögum." Þetta var sagt beinlínis vegna þeirrar stöðu sem var. Ég held við séum öll sammála um það að staðan hafi ekki batnað. Hafi þessi orð átt við fyrr á þessu ári eiga þau svo sannarlega við núna og jafnvel enn frekar þar sem verið er að ganga enn nær byggðarlögum sem eiga alla sína afkomu undir sjávarútveginum.

Ég fagna því að heyra að hv. ræðumaður fyrr í dag, hv. 5. þm. Vestf. Kristinn H. Gunnarsson tók undir sjónarmið okkar kvennalistakvenna um að í raun þyrftum við á byggðakvóta að halda. Ég gat ekki skilið ummæli hans öðruvísi. Ég er mjög ánægð að heyra það.

Undir þessi sjónarmið og þessa afstöðu okkar tókum við tveir fulltrúar Kvennalistans í umræðum um sjávarútvegsmál fyrr á yfirstandandi þingi. Það var fulltrúi okkar í fjárveitinganefnd og sú sem hér stendur sem situr fundi sjútvn. en á þar raunar ekki fulla aðild.

Þetta er hið fyrsta og mikilvægasta sem mér finnst ástæða til að benda á. Tvennt annað er einnig mjög mikilvægt sem við þurfum auðvitað að líta á vegna þeirra umræðna sem eru nú. Vil ég þá næst nefna að við verðum að gera það upp við okkur hve miklu fé á að verja til hafrannsókna og hvernig á að fjármagna þær. Það er mjög mikilvægt að efla hafrannsóknir og ég held að okkur sé það sjaldan eins vel ljóst og einmitt núna. Það er ekki síst mikilvægt að sinna fjölstofnarannsóknum sem eru að fara í gang, en við hljótum að hafa fullan fyrirvara á því hvernig rannsóknirnar eru fjármagnaðar og það verður m.a. að fara mjög eftir árferði í atvinnugreinum til lands og sjávar og það þýðir ekki að taka ákvörðun án þess að taka tillit til þess.

Mér finnst í raun að hagsmunir allrar þjóðarinnar séu í veði þegar við lítum á hafrannsóknir. Þetta eru okkar mikilvægustu rannsóknir vegna þess að við sem þjóð í heild eigum alla okkar afkomu undir sjávarútveginum þótt auðvitað séu margar aðrar atvinnugreinar sem við eigum og verðum að leggja rækt við. Það er hins vegar staðreynd að atvinnulíf okkar er mjög einhæft og sjávarútvegurinn vegur þar þyngst. Þess vegna verðum við að stilla dæminu upp á þann veg að við þurfum ekki að standa frammi fyrir því að velja og hafna milli þess að stunda rannsóknir sem eru okkur sæmandi annars vegar og hins vegar að láta þá borga brúsann sem sinna útgerð við mismunandi kringumstæður. Auðvitað eigum við að sinna þessum rannsóknum. Það er engin spurning og við verðum að gera það af miklum myndarskap. Við eigum líka að huga að því á hverjum tíma hvernig þessum rannsóknum er best fyrir komið, hvernig best er að fjármagna þær. En við verðum að skilja það að við getum ekki gengið í sjóði sem ekki eru til. Auðvitað er afkoman í sjávarútvegi mjög misjöfn eftir fyrirtækjum en þá er ég komin að þriðja málinu sem skiptir mestu varðandi þetta frv. sem hér liggur fyrir og það er hvaða afleiðingar setning þessara laga mundi hafa. Þá er ég bæði að tala um byggðarlög landsins og sjávarútveginn sem heild. Ekki síst auðvitað það fólk sem á alla afkomu sína undir því að öflug útgerð sé til staðar og veiti fólki atvinnu við sjómennsku og í fiskvinnslu.

Við vitum vissulega hver staðan er í byggðamálum og það hlýtur að vera áhyggjuefni ef einhver réttur til aðgerða í byggðamálum er af tekinn án þess að nokkuð öruggt komi í staðinn. Ég fæ ekki séð að það hafi verið gert. Við höfum ekki séð úrræðin í byggðamálum sem aðgerðirnar sem lagt er til að verði hafðar í frv., að fella niður byggðaþáttinn, hlutverk Hagræðingarsjóðs í byggðamálum. Við fáum ekki séð að það komi neitt annað í staðinn og það er alvarlegt mál. Þá gildir einu hvort rök segja að staðið hafi verið rétt að málum við útfærslu laganna fram til þessa eða ekki. Við verðum að horfast í augu við það að við lokum ekki einum dyrum nema opna aðrar og það er ekki gert með þessu frv. og það er ekki gert með neinu því sem fram hefur komið í umræðunum. Það er vísað óljóst til Byggðastofnunar sem á að leysa málin eða einhvers annars. Ég get ekki skilið umræðuna hér öðruvísi og það er hreinlega ekki fullnægjandi.

Ég vil auk þess taka undir þá gagnrýni sem hefur fram komið um við hverja hefur verið haft samráð við samningu þessa frv. Ég hef þungar áhyggjur af því að það hafi ekki verið haft samráð við neinn af þeim sem þetta frv. varðar mestu. Ég tala nú ekki um ef það yrði

að lögum. Nóg er að búa við þá óvissu sem þetta frv. færir þeim sem það varðar.

Ég mun vissulega fá tækifæri til þess í sjútvn. að fjalla ítarlega um þetta efni ásamt þeim sem þar sitja og ég trúi því og treysti að þar muni verða málefnaleg umræða sem tekur tillit til allra þessara þátta sem fram hafa komið, bæði í mínum athugasemdum og annars staðar í umræðunni.

Í dag hefur verið fjallað mjög ítarlega um hver staða sjávarútvegsfyrirtækja er nú. Þótt sem betur fer standi ekki allir jafnilla og stutt sé síðan við gátum talað um býsna góða afkomu þar er það staðreynd að jafnvel best reknu fyrirtækin og þau sem hafa náð í mestu aflaheimildirnar, eins og t.d. af því hér hefur fyrr í umræðunni verið nefnt Útgerðarfélag Akureyringa, sjá fram á svo mikinn samdrátt að virkilegum áhyggjum veldur. Varðandi orð hæstv. seinasta ræðumanns verð ég að lýsa mjög alvarlegum áhyggjum mínum yfir þeim upplýsingum sem fram komu í hans ræðu. Vissulega gerði ég mér grein fyrir að ástandið var erfitt, en ég verð satt að segja að viðurkenna það að ég vonaðist til þess að það væri ekki alveg svona svart. Mér þykja þær upplýsingar sem hann færði fram og nauðsynlegt var að kæmu fram í þessari umræðu vera á þann veg að við verðum að líta mjög alvarlega á þetta dæmi í heild. Ekki grípa til neinna aðgerða án þess að vita hvaða afleiðingar þær hafa.

Ég hlýt því í ljósi þess sem hefur komið fram að lýsa ýmsum efasemdum mínum við þetta mál þótt ég sé sammála því að nauðsynlegt sé að huga vel að hagræðingu í sjávarútvegi og að efla hafrannsóknir. Við erum hins vegar ekki í þeirri aðstöðu nú að geta aðeins tekið frá byggðarlögum og sjávarútvegi en ekki bent á úrlausnir á móti.

Virðulegur forseti. Ég mun ekki hafa þetta lengra og vonast til þess að hv. sjútvn. beri gæfu til þess að vinna þetta mál með það að leiðarljósi að hugsað verði um allt það fólk sem á afkomu sína undir sjávarútveginum í landinu, okkur öll, og taki engar ákvarðanir í fljótræði.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Í þeim umræðum sem hafa farið fram um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins hefur mörg atriði borið á góma sem snerta hag og heill Íslendinga allra því lífsbjörg landsins er aflinn sem berst að landi. Um er að ræða frv. sem fær vonandi jákvæðan framgang. Þó er ástæða að ræða ýmis atriði tengd þessu frv. á tíma of lítils afla og allt of afkastamikils bátaflota og fjárfestingar almennt í sjávarútvegi miðað við aðstæður líðandi stundar. Þá kreppir skórinn að og margar spurningar vakna um möguleikana sem eru fram undan. Vandamálin sem þarf að bregðast við svo úr rætist.

Í upphafi máls míns vil ég undirstrika að ég tel að staða fiskvinnslunnar í landinu sé almennt miklu verri — ég undirstrika, miklu verri — en menn gera sér grein fyrir og hafa viðurkennt í röðum stjórnmálamanna og embættismanna. Það er í raun svo komið að fjárhagsstaða margra virtustu og öflugustu fiskvinnslufyrirtækja landsins er slík að stjórnendur þeirra eru í raun og veru ekki sjálfráðir gerða sinna vegna feykilegrar skuldsetningar. Að því leyti eru þessi fyrirtæki á sinn hátt þjóðnýtt og það er auðvitað staða sem er hvorki æskileg né boðleg varðandi undirstöðuatvinnuvegi landsmanna og rétt atvinnurekenda og þess fólks sem vinnur í fiskvinnslu um allt land. Áður en ég vík að þeim atriðum sem ég tel sýnt að þurfi að grípa til svo úr rætist vil ég víkja að nokkrum stöðum landsins sem eru í raun og veru sýnishorn af stöðu mála í tugum sjávarplássa landsins.

Í sjávarplássum á Suðurlandi, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri, hafa menn fylgst með því um nokkurt skeið hve miklir erfiðleikar eru þar í rekstri fiskvinnslufyrirtækja og búa þessi fyrirtæki þó í heild við allsæmilegan kvóta. Unnið er að sameiningu fyrirtækja, en skuldsetningin er slík að vart er við nokkuð ráðið án þess að einhverjir hljóti fjárhagslegan skaða af og það á ekki síst við þau fyrirtæki sem þó fengu fjárhagsaðstoð úr sjóðum, fósturbarna Byggðastofnunar, Aflatryggingasjóði og Hlutafjársjóði sem því miður eru verstu dæmi í sögu lýðveldisins um fjárhagslega fyrirgreiðslu vegna þess fyrst og fremst að um endalausa mismunun var að ræða gagnvart fyrirtækjum vítt og breitt um landið. Þar var í mörgum tilvikum afgreitt með aðferðinni Jón og séra Jón. En um leið og þessi úthlutun átti sér stað varð lánafyrirgreiðslan sem átti að bjarga málum hins vegar að eins konar hengingaról þess reksturs sem lánið þáði vegna þess að ekki var gripið til þeirra ráðstafana sem þurfti almennt í þjóðfélaginu með það fyrir augum að skapa eðlilegan rekstrargrundvöll og aðlaðandi farveg fyrir framþróun í atvinnuuppbyggingu. Atvinnuuppbyggingu sem við verðum þó sífellt að vera vakandi yfir að eigi sér stað, ekki síst í okkar aðalatvinnuvegi, sjávarútvegi.

Í Vestmannaeyjum hefur verið unnið að undanförnu að könnun á sameiningu á nokkrum stærstu frystihúsum þar og útgerðum þeim tengdum. En jafnvel í stærstu verstöð landsins, þar sem athafnamenn eru löngu kunnir fyrir hagsýni, er skuldsetningin orðin svo mikil, skekkjan í rekstrargrundvelli orðin svo æpandi að miklum erfiðleikum er háð að sameina rótgróin fyrirtæki í fiskvinnslu vegna þess að samlegðaráhrifin af því að sameina fleiri hús gefa ekki nóg af sér til að standa við skuldbindingar. Skuldsetningin er svo mikil að það er stórkostlegt vandamál að skapa rekstrarhæfa einingu með allar skuldirnar á bakinu og staðan er svo alvarleg að aðalbanki eyjanna hefur stöðvað nær algjörlega alla fyrirgreiðslu sem að öllu jöfnu væri eðlileg við heilbrigðar aðstæður. Hins vegar hefur ekki farið hátt um þessar þrengingar vegna þess að Íslandsbanki hefur gripið til aðhaldsaðgerða án þess að fleyta kerlingar á síðum dagblaða eða bylgjum útvarpsstöðva eins og málefni Landsbankans á sömu nótum hafa verið færð inn í fjölmiðlaheiminn af fréttamönnum sem í sívaxandi mæli skrifa nú og klippa fréttir til þess að espa upp, skapa tortryggni og úlfúð en tryggja um leið hlustun í harðri keppni útvarpsstöðvanna um markaðinn.

Það er eins og menn vilji ekki horfast í augu við staðreyndir og þann uppsafnaða vanda sem m.a. fyrri ríkisstjórn skildi eftir og trúnaðarbrest með geðþóttaákvörðunum sem mismunuðu þegnum landsins. Bjartsýni lengi lifi, en nú er svo komið að horfast verður kalt og rólega í augu við staðreyndir málsins og gera snarlega hispurslausa úttekt á stöðu fiskvinnslunnar í landinu með það fyrir augum að grípa til aðgerða þegar á næstu vikum.

Það er sagt að útgerð og vinnsla skuldi 90 milljarða kr. og þar af sé innlent lánsfé um 30 milljarðar. Hvert vaxtastig í þeirri pólitík þýðir því um 300 millj. kr. En það eru margar ástæður sem flétta saman þennan vanda sem við er að glíma. Ef það væri aðeins vandi lélegs afla í haust er leið og tafir vegna fimm fárviðra sem gengu yfir væru áhyggjurnar minni, en vandinn er miklu djúpstæðari. Rekstrargrundvöllurinn er rangur, hann er kolvitlaus og það gengur ekki upp eins og staðan er í dag.

Ég vík orðum að nokkrum stöðum eins og ég gat um í upphafi máls míns. Í Grindavík, til að mynda, er döpur staða í fiskvinnslu. Mikill hluti aflans sem berst á land fer á markaði, fer í burtu frá plássinu og þar er eftirspurnin svo mikil og í raun og veru ótrúlegt hvað menn teygja sig langt og lengi í háu verði vegna þess að í mörgum tilvikum eru menn að tjalda til einnar nætur og greiða verð sem fyrirtæki þeirra standa í raun og veru ekki undir. Menn neyðast út í þetta háa verð til þess að gera eitthvað, ná einhverri veltu og halda vinnu fyrir fólkið. En því miður leiðir þetta bæði marga í sjálfheldu og fjárhagslegt svelti fyrr en seinna. Fiskvinnslan hefur í dag orðið undir í skiptingu kökunnar. Ekki aðeins vegna þess að vinnumunstrið er stórbreytt á skömmum tíma heldur vegna margra þátta. Höfuðáhyggjuefnið er þó það að aftast á merinni situr verkafólkið í fiskvinnslunni með minnstan afrakstur allra aðila. Þegar athafnamenn í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar eru orðnir mát er eitthvað mikið að og slík staða blasir við ef ekki verður brugðist skjótt við.

Verkefni núv. ríkisstjórnar hefur verið ærið. Að freista þess að ná tökum á bullandi óráðsíu síðustu ríkisstjórnar undir forsæti framsóknarmanna og fjármálastjórn Alþb. þar sem flest lék lausum hala og ofvöxtur hljóp í yfirbyggingu stjórn- og þjónustukerfis landsins. Það hefur því verið að mörgu að hyggja og þegar unnið er að lausn þeirra vandamála sem eru ógnvekjandi fyrir þjóðfélagið allt, og er það með ólíkindum að stjórnarandstaðan á hinu háa Alþingi, þ.e. Alþb. og Framsfl., því Kvennalistinn hefur ekki tekið þátt í þeim leik, skuli bjóða upp á þau vinnubrögð sem hafa tíðkast lengst af síðan þing hófst 1. okt. sl. Framkomu sem hefur byggst á orðlengingum og því sem má kalla einu orði hégóma. Framkomu sem hefur tafið þingstörf með sífelldum þingskapaumræðum, framkomu sem er ekki sæmandi alþingismönnum sem eru að vinna til árangurs.

Á Eskifirði er fyrirtæki sem er með þeim rótgrónari í fiskvinnslu og útgerð. Þar er svo komið að ef afli fer ekki að glæðast, ef skuldbreytingar koma ekki til, ef og ef og ef og ef, þá stefnir í lokun og það er styttra í lokun heldur en mörg efin nema gripið sé til markvissra aðgerða til að snúa vörn í sókn. Vandi fiskvinnslufyrirtækjanna sem flest eru að meira eða minni leyti tengd útgerð er auðvitað mismunandi eftir samsetningu, vinnslu afurða og vandinn þar sem loðnan skiptir mestu máli er stærstur. Ef það skylli á með ríflandi loðnuafla hjá þessum aðilum getur dæmið verið fljótt að snúast við, en um langan tíma hefur verið að herðast að svo fuglinn í skóginum er í raun og veru lengra og lengra í burtu frá hundum veiðimannsins. Það er ljóst og ekki hægt að loka augunum fyrir því að margir aðilar í fiskvinnslu verða að fá verulega aðstoð og allt útlit er fyrir að það þurfi að koma til erlend lán til langs tíma. Það veltur síðan á því hvað kemur úr hafinu í náinni framtíð hvort auðna ræður för og sumir velta þeim möguleika fyrir sér að betra sé að láta menn gefast upp en að grípa til viðeigandi aðgerða. Málið er þó ekki svo einfalt þótt það sé einföld staðreynd að fiskvinnslan er í dag blóðmjólkuð og hagsmunir þúsunda verkamanna um allt land í húfi, jafnhliða því hve atvinnurekendum í greininni er stillt upp að vegg, nánast eins og hreppsómögum.

Á Vestfjörðum tala menn tæpitungulaust um vandamálin. Þar sagði einn kunnur athafnamaður við mig fyrir skömmu að reksturinn hjá þeim í fiskvinnslu stefndi beint til andskotans. Slík lýsing hjá forsvarsmanni eins öflugasta fiskvinnslufyrirtækis landsins er ekki björguleg og hlýtur að setja að manni hroll, enda má ljóst vera að fiskvinnslufyrirtæki vítt og breitt um landið stefna á vonarvöl. Slík staða kemur ekki upp á einum degi, einni nóttu. Slík staða kemur upp á mörgum árum og er ekki atriði sem menn ættu að brosa að, síst af öllu menn sem hingað til hafa talið sig vera talsmenn sjávarútvegs í landinu. En það kann að koma við kaunin á einhverjum þegar fjallað er um málin á þennan hátt. Hér er um langtímavanda að ræða sem verður að vinna úr skjótt. Um nokkurt skeið hafa Vestfirðir verið til umfjöllunar á þessum nótum í fjölmiðlum sem eins konar samnefnari fyrir sjávarútveginn í landinu. Það er mitt mat að samnefnarinn sé enn þá verr settur en meðaltal á Vestfjörðum vegna þess að þar hefur borist meiri afli á land en víða annars staðar, þó vissulega sé skortur á afla þar eins og dæmin sanna. En er samt betra en víða annars staðar. Þess vegna er meðaltalsdæmið verra að mínu mati en gert er ráð fyrir þar.

Inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð hafa verið mörgum þyrnir í augum því svo er kreppt í rekstrinum, menn ætlast til þess að lenging lána Atvinnutryggingarsjóðs gangi fyrir sig því þótt raunhæfast verði að afskrifa þau er það ekki lifandi mögulegt vegna mismununar sem af því leiddi. Nóg var að afskrifa um milljarð í Hlutafjársjóði, gæludýri síðustu ríkisstjórnar, sem var notað eins og klær á almennan rekstur sem naut ekki ávaxtanna af þeirri miðstýringarást dýrkeyptustu ríkisstjórnar Íslandssögunnar.

Fjöldi fyrirtækja fékk hvorki fé úr Atvinnutryggingarsjóði né Hlutafjársjóði og hefur búið við okurlán á dráttarvaxtakerfi bankanna. En Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður hafa hins vegar tryggt sig að nokkru

leyti með því að hirða ákveðna prósentu af allri framleiðslu og haft þannig sitt á þurru. Það er sama hvaðan á málin er litið, það hallar undan fæti og gjaldþrotahrinu verður að koma í veg fyrir og stöðva. Það tala margir fjálglega um að þeir sem ekki hafa staðið sig verði að fara á hausinn og eigi að fara á hausinn. Það er auðvelt að segja það en það er erfitt að færa rök fyrir þeim málflutningi. Ef til að mynda þrjú fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum eða tvö fyrirtæki í Vestmannaeyjum færu á hausinn, hvað fara þá mörg þjónustufyrirtæki á hausinn jafnhliða?

Úti á landsbyggðinni er það svo sem almenn regla að bankarnir leyfa þjónustufyrirtækjum og jafnvel hvetja þau til þess að lána fiskvinnslufyrirtækjum þegar illa árar því keðjuverkunin er sterk. Gjaldþrot fiskvinnslufyrirtækjanna bitnar því hvað harðast á blásaklausu fólki og fyrirtækjum sem hafa verið vel rekin, en hafa tekið áhættu á að lána vinnu og efni í skjóli góðrar eiginfjárstöðu.

Í lengstu lög vona menn í veiðimannasamfélagi að hlutirnir gangi upp en það kemur alltaf að skuldaskilunum og staðan í mörgum sjávarplássum landsins er hreint ótrúleg. Ótrúleg að því leyti hvað mörg fyrirtæki, fyrirtæki í vélsmíði, rafiðnaði, trésmíði, málarar, ýmsir iðnaðarmenn, hvað þessir aðilar standa veikburða vegna erfiðrar stöðu fiskvinnslunnar og útgerðar sem er að meira og minna leyti samtengd.

Áhættan í þessum efnum, og það er athygli vert, áhættan í þessum efnum er margfalt meiri úti á landsbyggðinni vegna þess að þar verða menn að lána. Þeir eiga engra annarra kosta völ. 95% af vinnu í sjávarplássum eru tengd sjósókn en á höfuðborgarsvæðinu eru 5% af vinnu tengd sjósókn. Vinnslu- og þjónustufyrirtækin þar fá að öllu jöfnu í mun ríkari mæli greiðslur á eðlilegum tíma og á eðlilegan hátt fyrir slíka þjónustu.

Það segir sig sjálft að með því að fella í stórum stíl fiskvinnslufyrirtæki í landinu niður, setja þau á hausinn, þá færi á hausinn ótölulegur fjöldi fyrirtækja sem hafa verið vel rekin og hafa staðið við sitt þó svo þau hafi tekið þátt að því leytinu í þeirri áhættu sem fylgdi vinnslunni og þeim rekstri sem hún sinnir og við þær aðstæður sem hún hefur.

Það sem er til ráða er margþætt. Það eru að mínu mati mistök embættismanna að stöðva ekki inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn. Það hljóta að vera einhvers konar embættismannasjónarmið þeirra sem vilja ekki taka tillit til aflasamdráttarins og þeirra erfiðleika sem fylgja því fyrir fiskvinnslu og útgerð og stjórnmálamenn eiga í þessu efni að höggva á hnútinn og stöðva þegar inngreiðslurnar. Það er fyrsta skref. Jafnframt þarf í kjölfarið að afgreiða lagabreytingu sem þarf á grundvelli aflasamdráttar að samþykkja til þess að útborganir geti hafist úr sjóðnum. Útborgun ætti að hefjast þegar í ársbyrjun 1992, en innstæða Verðjöfnunarsjóðs nálgast nú 3 milljarða kr. Það er mikill peningur í erfiðri stöðu tuga fyrirtækja í landinu þar sem þau eiga bundið fé sem mundi koma þeim verulega að notum við þær aðstæður sem nú ríkja. Þau uppsöfnuðu vandamál sem við blasa og menn verða að horfast í augu við, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Þá þarf að marka stefnu og framkvæma skuldbreytingar í Atvinnutryggingarsjóði, í bönkum og einnig og ekki síður í Byggðasjóði og Fiskveiðasjóði, minna dugar ekki og aðgerðir verða að vera samræmdar og í takt. Það er gjarnan talað um að skuldbreytingar þurfi að eiga sér stað í einhverjum af þessum stofnunum og þá sérstaklega Atvinnutryggingarsjóði. Það er ekki nóg, það verður að taka á þessu í heild og menn verða að hugsa til enda við þá afgreiðslu.

Það þarf jafnframt að taka til endurskoðunar skatta og gjöld sem aðilar í sjávarútvegi greiða því að það er ekki eitt heldur allt sem segja má að hafi þrengt svigrúm fiskvinnslu og útgerðar um nokkurra ára skeið. Hvort sem nefnd eru bryggjugjöld, hafnargjöld, orkugjöld, fasteignagjöld, aðstöðugjöld o.s.frv. Öll þessi dæmi þarf að taka upp og skoða. Á sama tíma er það svo sem ekkert undarlegt að mönnum detti í hug að setja auðlindaskatt á útgerðina en rökin eru einhvers staðar á sveimi úti í óravíddum alheimsins enda gjörsamlega út í hött að ætla sér í stöðu mála að setja aukaskatt á útgerðina, á landsbyggðina, á fólkið sem vinnur við grunnatvinnuveginn við verstu aðstæður allra vinnandi manna í íslensku þjóðfélagi.

Ef það er eitthvert svigrúm til aukinnar skattheimtu, og það verður vonandi sem fyrst, er það skýlaus krafa að það fjármagn fari til þess að bæta hag fiskvinnslufólksins. Það er þar sem á brennur fyrst og fremst. Hag þeirra sem mest leggja á sig við framleiðslusköpun landsmanna en bera sannarlega minnst úr býtum. Það verður að horfa yfir sviðið allt og taka á málum í réttri röð. Lagfæring á fiskveiðistjórnuninni er verkefni næsta árs og það er mikið verkefni en í dag blasa fyrrgreind verkefni við. Verkefni sem kalla á ákveðnar og djarfar aðgerðir, aðgerðir sem smúla dekkið og skapa nýja möguleika. Byggðastefna liðinna ára brást. Hún er ónýt og það er allt rétt í þeim efnum sem Davíð Oddsson forsrh. hefur sagt í þeim efnum. Byggðastefnan er ónýt. Nátttröllin í íslenskum stjórnmálaheimi verða að víkja um sinn. Við verðum að heimta árangur en ekki staðnað hjólfar. Stóra málið fyrir afkomu fiskvinnslunnar, reksturs í landinu og heimilanna er að það takist með raunhæfum aðgerðum að lækka raunvexti varanlega. Þar mun mestu muna sem ræður giftu og gengi íslensks samfélags á næstunni. Allt annað verður að víkja. Dráttarvaxtafarganið er valdbeiting og fjármagnstilfærsla sem koma verður fyrir kattanef enda þekkist ekki slík okurstarfsemi hjá heiðvirðum bönkum í nálægum löndum sem við viljum miða okkur við. Við eigum að búa hér við svipaðar aðstæður og við viljum hafa og höfum til viðmiðunar gagnvart öðrum löndum sem við miðum okkur æði oft við þannig að ekki á að vera neitt bil þar á milli í vinnubrögðum. Vaxtalækkunin hlýtur hins vegar í þessari stöðu að vera höfuðviðfangsefnið með samræmdum aðgerðum og ef ríkisfjármálin fara út um víðan völl þá er auðvitað hætt við að allar tilraunir til lækkunar vaxta fari út um þúfur. En mergurinn málsins er sá að 20–30 byggðarlög landsins eru í verulegri hættu í dag vegna hrikalegrar stöðu atvinnufyrirtækja.

Sumir vilja láta blóð renna og skirrast ekki við að nota stór orð, en markmiðið getur aldrei verið það að koma mönnum á kaldan klaka. Markmiðið hlýtur að vera það að takast á við vandann, smíða nýja möguleika, smíða nýjan grundvöll sem er raunhæfur og leiðir til árangurs. Því að auðvitað hljótum við að vera sammála um það, hv. alþm., að ef við höfum rænu á að stjórna okkur sjálf af skynsemi og á þann hátt að landsmenn sitji við sama borð í öllum grundvallaratriðum eigum við möguleika inn í bjarta framtíð í hverju fótmáli. Þessi atriði sem ég hef hér vikið að koma beint og óbeint við framgang málsins sem hér er til umræðu, Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, og undirstrika aðeins mikilvægi málsins en benda jafnframt á það að að mörgu er að hyggja.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst að umfjöllunin um þetta mál afsanni alveg gjörsamlega þá umræðu sem fór fram í morgun að stjórnarandstaðan hafi verið að þvælast fyrir í framgangi mála á þinginu. Við erum hér að fjalla um mál sem ekki liggur nokkurn skapaðan hlut á að afgreiða. Það breytti engu þótt öll umræða um það mál yrði færð fram yfir áramót, þannig að það skuli vera hér á dagskrá og notaður tími sem bætt er við störf þingsins til að vinna að málinu segir einfaldlega þá sögu að þeir sem stjórna þinghaldinu hafa ekki talið að þingið hefði neitt þarfara að gera en að ræða mál sem auðvelt væri að fást við á öðrum tíma. Þar með ætla ég ekki að lengja neitt meira umræðuna um það hvort verið er að tefja störf þingsins því mér sýnist að þetta sé nógu góð sönnun fyrir því að svo er ekki.

Hv. síðasti ræðumaður hélt hér á ýmsan hátt athyglisverða ræðu. Hann talaði m.a. um það að sumir vildu láta blóð renna og í því samhengi að fyrirtæki yrðu að fá að fara á höfuðið. Hann virtist ekki vera sammála þessum skilningi. Hann talaði líka um það í ræðu sinni að mörg vel rekin fyrirtæki mundu fara á höfuðið ef ekkert gerðist. Hann talaði um það að stjórnarandstaðan hefði verið að tefja mál og mér virtist að hann vildi kenna henni um það hvernig hefði gengið að stjórna þinginu, en fór svo beint út í að tala um vanda sjávarútvegsins. Ég hef ekki orðið var við það að við værum að þvælast fyrir málum í þinginu, eins og ég sagði áðan, og það af síður að við þvældumst fyrir málefnum sem eru lögð fyrir til þess að leysa vanda sjávarútvegsins. Ég hef ekki orðið var við það. Mér finnst þetta aldeilis ótrúlegt. Ég held að hv. þm. hafi hreinlega verið að segja okkur frá því að það væri einhvers konar stjórnarandstaða inni í stjórnarflokkunum sem væri að þvælast fyrir því að mál kæmust áfram sem varða sjávarútveginn. Alla vega gat ég ekki skilið þetta öðruvísi en að hann væri að gagnrýna einhverja andstæðinga sína sem kæmu í veg fyrir það að þörf mál til að leysa vanda í sjávarútvegi kæmust áfram. Hann talaði um að lengja lán og skuldbreyta, lækka raunvexti og dráttarvexti og að breyta gjöldum eins og bryggjugjöldum og ýmsu öðru. Ég tel það góðra gjalda vert að ræða þessi mál fram og til baka. Hins vegar hefur mér fundist að sumt af þessu hafi verið kallað því munntama nafni „sértækar aðgerðir" og þá er að sjá hvort hefur orðið stefnubreyting hjá stjórnvöldum í landinu núna gagnvart þessum sértæku aðgerðum. Ég ætla satt að segja að vona það, en ég ætla að snúa mér að því að ræða þetta mál sem er á dagskránni, þ.e. frv. til laga um breyting á lögunum um Hagræðingarsjóð.

Það er mín skoðun að tilgangur sjóðsins sé að stórum hluta til brostinn með þeirri tillögu sem liggur hér fyrir. Tekjur sjóðsins verða á þessu ári í kringum 75 millj. Það sjá allir að það verður ekki mikið úrelt af fiskiskipum með slíkum tekjum þegar fyrirætlanir þessa frv. eru að í framtíðinni komi engar frekari tekjur til sjóðsins og þá getum við reiknað með því að það verði kannski í kringum 80 millj. til ráðstöfunar á næsta ári. Sjóðurinn mun eiga eitthvað í kringum 600 millj. þannig að það væri auðvitað hægt að nýta sér þá peninga eitthvað í úreldingar, en með þeirri hækkun sem talað er um að verja til úreldingar, þ.e. að þeir sem fái afgreiðslu úr sjóðnum geti í staðinn fyrir að fá 10% af húftryggingarmati fengið 30%, þá hækkar náttúrlega verulega sú fjárhæð sem um gæti verið að ræða í hverju tilfelli. Og ekki bara það. Þetta mundi gjörbreyta þeim möguleikum að menn sæktu um. Fram að þessu hafa menn verið tregir að sækja um fyrirgreiðslu í sjóðnum vegna þess að þeir hafa getað komið sínum skipum í verð og fengið meiri peninga fyrir þau eða kosið að bíða með það vegna þess að það verð sem Hagræðingarsjóðurinn hefur viljað borga hefur verið það lágt. En með því að færa þetta upp í 30% er ekki lengur nema kannski 10% munur á því verði sem menn geta fengið fyrir skip sem búið er að taka aflaheimildir af og því verði sem Hagræðingarsjóður býður upp á og þá munu margir hugsa sig um að selja frekar Hagræðingarsjóði skipið en að sitja uppi með það og bíða eftir því að geta selt það öðrum aðila. Það má því búast við því að ásókn í Hagræðingarsjóðinn muni mjög aukast og það muni strax verða fjárvöntun í honum eftir að búið er að gera þessa breytingu sem þarna er lögð til.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka svo mjög þær ræður sem hafa verið fluttar um tilgang sjóðsins en vísa til þess sem aðrir ræðumenn hafa sagt um hann. Ég tek undir þá skoðun að það sé nauðsynlegt að hafa möguleika á því að koma til móts við byggðarlögin í landinu meðan svo háttar til sem nú er, að sú fiskveiðistefna sem hefur verið tekin upp veldur því að smám saman færast veiðiheimildir og stundum reyndar með mjög afdrifaríkum hætti á milli byggðarlaga. Þá þurfi menn að hafa einhverja möguleika til þess að bjarga þeim byggðarlögum sem verða verst úti með því að geta komið til móts við þau með nýjum aflaheimildum. Í frv. er lagt til að það verði ekki gert lengur og að Byggðasjóður, eins og sagt er hérna, eigi að taka það hlutverk að sér. Þetta er alveg út í hött miðað við þær fyrirætlanir um stuðning við Byggðasjóð sem núna liggja fyrir og undarlegt að þeir sem hafa ákveðið að draga um 20% úr framlögum til Byggðasjóðs skuli á sama tíma ætla honum ný hlutverk, bæði hvað varðar

þetta, sem er geysilega stórt hlutverk ef Byggðasjóður ætti að rækta það, og í fleiri atriðum sem hafa komið hér fram.

Mér þykir eiginlega miður að hv. 17. þm. Reykv. er ekki viðstaddur hér vegna þess að hann hefur með ýmsum hætti, bæði í ræðum á Alþingi, í frammíköllum og í samtölum við mig, verið að spyrja út í hugmyndir mínar og annarra um fiskveiðistefnu í aðdraganda kosninganna í vor og sem hafa verið öðru hvoru í umræðunni síðan. (Gripið fram í.) — Er hann kominn? Það kann vel að vera, hann mætir þá og hlýðir á ræðu mína. Ég ætlaði að gera tilraun til þess að útskýra fyrir honum hvaða munur er á því að taka gjald sem menn kalla auðlindaskatt og á því gjaldi sem við lögðum til að yrði sett á með þeirri tillögu í sjávarútvegsmálum sem við lögðum fram í vor. Ég ætla fyrst að fara fáeinum orðum um það gjald sem menn vilja kalla auðlindaskatt eða þær hugmyndir um að selja veiðileyfi sem hafa verið í umræðunni. Þær hugmyndir eru að mínu viti einfaldar eins og þær hafa verið lagðar fram og menn hafa yfirleitt ekki lagt í það að útskýra fyrir fólki með hvaða hætti ætti að útfæra sjálfa söluna. Mín skýring á því að menn skuli ekki hafa gert það er einföld. Það er vegna þess að það er alveg sama hvernig menn líta á það mál, að lokum hljóta menn að komast að þeirri niðurstöðu að það er ekki hægt að framkvæma þetta öðruvísi en að selja til hæstbjóðanda allar veiðiheimildir. Þegar svo væri komið að menn yrðu að bjóða til hæstbjóðanda allar veiðiheimildir þá væri engin stjórn lengur á því hvert veiðiheimildirnar færu. Ef menn selja hæstbjóðanda ekki allt saman þarf að viðhalda einhvers konar skömmtunarkerfi í líkingu við það kerfi sem er í gildi núna og þá yrði ríkið að ákveða gjaldið með tilliti til markaðarins. Það yrði alltaf undir smásjá hvert þetta gjald væri og ævinlega yrðu menn að taka mið af því að reyna að ná hæsta mögulega gjaldi. Ég tel þess vegna að það sé út í hött að ætla að halda það að það gangi til lengdar að selja þeim ekki sem hæst bjóða ef ríkið er á annað borð að selja veiðiheimildir.

Ef það kerfi væri komið í gildi gætu menn auðvitað valið á milli ýmissa aðferða, hve mikið væri selt í einu, hvenær það væri gert og annað slíkt, en þeir gætu aldrei komist undan því að það væru þeir fjársterkustu sem mundu eignast veiðiheimildirnar. Allir sem eru núna í útgerð og fiskvinnslu, útflutningi á fiski og fjölmargir aðrir aðilar mundu auðvitað taka þátt í þeim leik. Ég tel að það væri langlíklegast að allra stærstu aðilarnir í útflutningi og í útgerð og svo kannski bæjarfélög sem ætluðu að reyna að tryggja atvinnuna á sínu svæði mundu taka þátt í uppboðunum eða samkeppninni um kaup á aflaheimildunum.

Það sjá allir, þegar þeir fara að velta þessum hlutum fyrir sér, að stjórnun á því hvert aflaheimildirnar fara mundi ekki ekki vera fyrir hendi. Auk þess mundu útgerðaraðilar í landinu meira og minna lenda í þeirri aðstöðu að þeir gætu ekki keppt um þetta. Þeir yrðu einhvers konar vinnuvélaeigendur hjá þeim sem hrepptu kvótann og byðu þeim upp á að veiða fyrir sig fyrir ákveðið verð, sem hefur reyndar borið á nú þegar í þessu kerfi okkar núna. Það eru þó nokkur fyrirtæki sem eiga það mikinn kvóta að þau geta ekki veitt hann eða vilja ekki veiða hann með sínum skipum og þau bjóða mönnum ákveðið verð fyrir að veiða fyrir sig. Og menn verða annaðhvort að taka því eða ekki. Núna eru fiskibátar frá Akranesi t.d. að veiða fisk fyrir Sauðkrækinga annað eða þriðja árið í röð á verði sem er ákveðið í þeirri byggð. Þannig held ég að þetta mundi þróast út í mjög alvarlegt vandamál strax í upphafi og allt sem lyti að útgerð í landinu yrði nánast stjórnlaust

Ég ætla svo aftur að fara fáeinum orðum um þá hugmynd sem var sett fram í vor. Hún byggist á því að tekið verði upp sóknarmarkskerfi að langmestu leyti á allan flotann og að til viðbótar við það kerfi væri sett á svokallað aflagjald. Aflagjaldið yrði miðað við þann afla sem bærist að landi og yrði mismunandi hátt eftir því hvaða tegundir væri um að ræða, eftir því hvort við værum að ræða um stóran fisk eða smáan, þetta er hægt að útfæra á ýmsa vegu en aðalhugmyndin á bak við aflagjaldið er sú að það þarf að vera hægt að hafa áhrif á veiðarnar, ekki bara með því að menn fái að vera á sjó einhvern ákveðinn tíma, heldur líka með því að það er ekki sama hvað menn veiða. Það er ekki sama hvað menn koma með að landi og þess vegna þurfa menn að geta haft áhrif á veiðarnar með einhverjum hætti. Það er ekki þar með sagt að það yrði notað til að stjórna öllum veiðum á miðunum, heldur var hugmyndin sú að uppistaðan í þessu væri sóknarstýring. Ég held að það sé rétt að menn muni eftir því að endurskoðun á fiskveiðistefnunni fer í hönd og að menn eigi kannski ekki að byrja á því í þeirri umræðu að takast á um hvort eitthvert kerfi eða hugmynd sem menn hafa sett fram sé bara góð eða slæm. Menn ættu fyrst að setja sig í þær stellingar að fara yfir allar þær hugmyndir sem hafa verið settar fram og skoða þær til þess að reyna að leiða sig að einhverjum sannleika í lokin, því ég held að hv. alþm. geri sér grein fyrir því að í gegnum þingið fer ekki einhver ein hugmynd eins manns eða tveggja. Það verður einhvers konar samkomulag að verða um það sem kemur héðan út og ég hef sagt það áður að mér finnst það þess vegna slæmt að menn skuli ekki hafa reynt að leiða saman alla þá flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi til að starfa saman að þessum málum til að vita hvort ekki tekst um þau samkomulag.

Ég held að við eigum orðið kröfu á því að fá hugmyndir til að ræða frá öllum aðilunum. Við þurfum að fá útfærðar hugmyndir frá þeim mönnum sem vilja setja á þetta veiðileyfagjald. Við þurfum að vita með hvaða hætti þeir ætla að koma því á og með hvaða hætti þessi sala eigi að fara fram því þar sýnist mér liggja verulega mikil áhætta. Mér finnst að menn skuldi okkur að segja okkur hvernig þeir ætli sér að hafa kerfið áfram, þeir sem hafa viljað berjast fyrir því að það kerfi sem nú er verði óbreytt, því það liggur þó alveg ljóst fyrir og er í lögunum um stjórn fiskveiða og örugglega stór meiri hluti fyrir því í þinginu og með þjóðinni að aflaheimildirnar verði ekki eign einstaklinga eða fyrirtækja. Þá er komið að því að þeir menn

sem vilja hafa kerfið óbreytt eða því sem næst óbreytt, fari að segja okkur með hvaða hætti þeir ætla að koma í veg fyrir að þessar aflaheimildir verði varanleg eign fárra aðila. Þá hugmynd hef ég hvergi séð eða heyrt. En hún þarf auðvitað að koma fram. Ég er tilbúinn að ræða þær hugmyndir sem við höfum sett fram. Ég tel að undirstaðan undir þessa hluti eigi að vera sú að menn komi sér niður á hvaða grundvallarforsendur eigi að setja og ég held að það kerfi sem við stefnum að þurfi að vera eins einfalt og mögulegt er, en að það verði þó hægt að hafa áhrif á sem flesta þætti við nýtinguna á miðunum. Það verður að vera hægt að nota kerfið til að bæta afla og meðferð á aflanum, koma í veg fyrir slys í lífríkinu, koma í veg fyrir smáfiskadráp og annað slíkt. Og síðan þetta sem ég nefndi áðan að sameiginlegur eignarréttur okkar allra á lífríkinu í sjónum, fiskstofnunum og allri nýtingunni verði tryggður. Það þarf líka að vera hægt að koma til móts við byggðarlögin í landinu með því að þar ríki réttlæti. Það kerfi sem við búum við núna stuðlar að réttlæti og umræðan um það kerfi hefur gengið út á það allan tímann að reyna að finna eitthvert réttlæti milli manna sem stunduðu útgerð einhver tiltekin þrjú ár á þessari öld. Réttlæti byggðarlaganna, fólksins sem vinnur við fiskinn og annarra hefur ekki komið inn í þessa umræðu. Umræðan snýst eingöngu um það hvað viðkomandi útgerðarmenn eigi að fá.

Ég tel að þetta kerfi verði að vera þannig að ekki sé möguleiki á því að milliliðir fái tækifæri til að maka krókinn í sambandi við sölu á veiðileyfum eða meðhöndlun með þau. Það þarf líka að fela í sér að fiski verði ekki hent í sjóinn og hagrætt verði í greininni. Þessi sjóður sem við erum að tala um, Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, er settur á stofn vegna þess að menn treystu ekki því kerfi sem var í gildi til þess að tryggja hagræðinguna. Þeir menn sem trúa mest á kerfið töldu hann óþarfan. Sameining veiðiheimilda væri aldeilis nóg. En hvernig hefur það gengið? Það hefur ekki gengið vel. Það er kannski fyrst á þessu ári og því síðasta sem eitthvað hefur miðað í áttina í sambandi við sameiningu veiðiheimilda. En það er ekki um að ræða að það hafi verið neinar stórar breytingar á þessu.

Ég tel líka að það þurfi að skapa möguleika fyrir nýjungar til að þróast í sjávarútveginum. Það er mjög erfitt eins og þetta kerfi er núna. Ég held líka að tækist mönnum að finna leið út úr þessu væri kominn tími til að menn settust að því borði, en einmitt núna og þar kem ég að því sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, þá þurfum við að taka á mörgum vandamálum. Ég held að það sé ekki seinna vænna og ég ætla að vona að hæstv. sjútvrh. fái sínar hugmyndir ræddar sem fyrst í ríkisstjórninni og þeim verði fylgt til enda því ég tel að í þeim sé ýmislegt sem betur megi horfa. En þar til viðbótar vil ég nefna fáein atriði. Ég tel t.d. að það eigi að reyna að mynda einhvers konar millibilsástand á meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir. Það verði að koma í veg fyrir að þau vandamál sem eru að skapast út um allt verði stærri en þau eru núna. Ég held að það komi til greina að skoða möguleika á að hægja á eða stöðva flutning veiðiheimilda milli byggðarlaga og jafnvel milli skipagerða, t.d. með kvótaskerðingu eða eitthverju þvílíku, tímabundið á meðan menn eru að skoða þessi mál. Ég held það þurfi að lýsa því yfir til að hreinsa loftið að ekki sé ætlunin að taka tvöföldunina af línunni á meðan þessi tími líður. Ég held að það eigi líka að lýsa því yfir að ekki standi til að taka krókaleyfin af bátum undir sex tonnum. Ég held að full ástæða sé til að skoða það. Ég held að það þurfi að koma aðgerðir sem allra fyrst sem gera mönnum mögulegt að koma með allan fisk að landi sem þeir veiða, þó svo þeir eigi kannski ekki kvóta fyrir honum. Ég held það sé full ástæða til að skoða þau mál. Ég held að það eigi líka að stoppa það af og það þarf að gerast strax að menn séu að panta eða semja um kaup á frystiskipum. Ég held að menn verði bara að koma sér að því verki vegna þess að mér er kunnugt um það að það er ekki eitt eða tvö, það eru tugir fyrirtækja í landinu að leita eftir kaupum á frystiskipum. Ef menn skoða ekki núna hvort þeir ætli sér að horfa upp á þetta gerast eða hvort menn vilja hægja á því á meðan verið er að skoða þessi mál, þá standi menn uppi með það, eftir ekki langan tíma, að búið verði að festa kaup á fjölmörgum skipum sem þýðir að mjög margir muni missa atvinnuna.

Ég held líka það liggi á að setja reglur um auknar gæðakröfur í sjávarútvegi og að setja reglur um fiskmarkaðina til að liðka fyrir framtíðinni. Það er ekki langt þangað til nýju reglurnar í EB-löndunum ganga í gildi og við þurfum allan þann tíma til þess að koma okkar málum í a.m.k. álíka gott horf og er hjá þessum ríkjum.

Ég tel að hugmyndin um það að fénýta Hagræðingarsjóðinn með þeim hætti sem hér er lagt til, sé vitleysa og sérstaklega núna meðan þessi mál standa svona sé rangt að vera að ræða þetta. Ég tel eðlilegast að menn drægju hugmyndina til baka og drægju hana inn í þá umræðu sem þarf að fara fram um öll þessi mál. Menn reyni heldur að koma sér niður á einhvers konar þrýstingsástand sem kemur í veg fyrir fleiri slys í þessari atvinnugrein á meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar fer fram.

Þegar við ræðum endurskoðun fiskveiðistefnunnar finnst mér furðulegt að hlusta á fyrrv. hæstv. sjútvrh. halda hér ræðu og hann er svo viss í sinni sök að þetta kerfi sé gott að hann sagði, ef ég man orðrétt „að þetta væri eina leiðin til að stjórna veiðum við Ísland". Ég verð nú að segja það alveg eins og er að undrast þetta. Hins vegar býst ég við og ég efast ekkert um það að maðurinn mælir þetta í fullri einlægni en það lýsir ekki miklu hugmyndaflugi eða að það séu möguleikar til að breyta eða skoða nýjar hugmyndir að ekkert skuli geta breyst í kerfinu að mati hæstv. fyrrv. sjútvrh.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég tel ekki vera neina sérstaka þörf á því. Bæði er nú það að hér eru ekki mjög margir þingmenn mættir og aðrir sem hafa þó verið hér á stjái sjást ekki lengur. Hæstv. sjútvrh. er t.d. ekki hér í salnum. Ég ætla ekki að krefjast þess að hann komi hingað, einfaldlega vegna þess að ég tel að þessi umræða eigi að fara fram síðar. Ég fer fram á

það að menn fresti umræðum um þetta mál af þeim ástæðum sem ég taldi upp áðan. Ég tel enga ástæðu til að eyða tíma þingsins eftir að við í stjórnarandstöðunni erum búin að fá það hér yfir okkur að við séum að tefja málin. Mér finnst engin ástæða til þess að við séum að eyða tíma þingsins í það að ræða mál sem ekkert liggur á. Og ég lýsti því áðan að það er ekki fyrr en í september á næsta ári sem færi að reyna á þessa hluti. Það er ekki meiningin að þetta hafi áhrif á þann fisk sem syndir í sjónum fram að þeim tíma og þess vegna getum við að skaðlausu fyrir allt þetta mál fært umræðuna fram yfir áramótin og hæstv. forseti getur þess vegna nýtt tíma þingsins til annarra hluta. Ég undrast það satt að segja að okkur skuli vera sett fyrir verkefni í þinginu núna, eftir þá ádrepu sem við fengum að heyra hér, sem getur vel beðið.

Umræðu frestað.

39. FUNDUR

mánudaginn 2. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 27. nóv. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Gísli S. Einarsson verkstjóri, Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf skrifar hv. 4. þm. Vesturl., Eiður Guðnason.

Kjörbréf Gísla S. Einarssonar, varamanns Alþfl. í Vesturl. hefur verið rannsakað og samþykkt. Gísli S. Einarsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber nú skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Gísli S. Einarsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Fjáraukalög 1991, frh. 3. umr.

Stjfrv., 9. mál. — Þskj. 148, brtt. 176 og 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 176,1–3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, EgJ, GHH, JÁ, JóhS, KHG, MB, ÓE, ÓRG, RA, SighB, StG, StH, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 177 samþ. með 29:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, HG, JÁ, JHelg, KÁ, MF, ÓÞÞ, SJS, SvG.

12 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JVK, KE, PP, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, EgJ, EKJ, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, RA, SighB, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 176,4–7 samþ. með 48 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, EgJ, HÁ, JHelg, KHG, MB, ÓE, ÓRG, RA, SighB, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 188).

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er að mörgu leyti afar merkilegt og brýtur með vissum hætti í blað. Þær umræður sem þegar hafa farið fram um frv. hafa, eins og háttar til í sjávarútvegi í dag, farið mjög víða. Það er eðlilegt að menn reyni að koma skoðunum sínum á framfæri á þeim vanda sem þar blasir við í dag. Ég ætla eigi að síður, frú forseti, að reyna að takmarka mál mitt við það frv. sem liggur fyrir.

Þau lög sem enn þá gilda um Hagræðingarsjóð höfðu upphaflega tvíþættan tilgang. Annars vegar áttu þau að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að kaupa fiskiskip sem voru til sölu, selja þau úr landi eða eyða þeim og veita sömuleiðis styrki til úreldingar. Hins vegar var líka einn megintilgangur þessara laga að aðstoða byggðarlög sem höfðu tapað veiðiheimildum á burt vegna sölu skipa. Mjög skýrt er tekið fram í þeim lögum sem enn þá gilda að helmingur þeirra veiðiheimilda sem Hagræðingarsjóður hafði til umráða átti að renna til þessa mikilvæga verkefnis sjóðsins.

Þær aflaheimildir sem sjóðurinn fékk til ráðstöfunar áttu upphaflega að koma frá tveimur stöðum, annars vegar frá veiðiheimildum sem sjóðurinn fengi með skipum sem hann keypti og hins vegar átti sjóðurinn að fá það álag sem kom á aflamark vegna útflutnings á óunnum fiski. Nú er það auðvitað mjög óráðin stærð eins og hagar til í sjávarútvegi í dag þar sem mjög er í rénun útflutningur á óunnum fiski og ég tel það mjög vel. En í rauninni er það svo að sjóðurinn náði aldrei á sínum stutta líftíma að fullnægja þessum tveimur hlutverkum algerlega.

Áður hefur í þessari umræðu verið rakið hvernig

aflaheimildum hans var ráðstafað vegna loðnubrests, og ég tel það mjög viturlega ráðstöfun, en veiðiheimildirnar komu þannig aldrei til úthlutunar samkvæmt hinum upphaflega bókstaf laganna. Sömuleiðis hefur sjóðurinn ekki getað sinnt úreldingu, sennilega vegna þess að hlutfall úreldingarstyrkja af verðmæti skipanna hefur verið of lágt og þannig hefur í rauninni engin fullgild umsókn borist.

Þess ber að geta strax að mér fannst sem nokkurs misskilnings gætti í máli þeirra þingmanna sem hér hafa áður rætt um það hvernig ætti að ráðstafa upphaflegum veiðiheimildum sjóðsins samkvæmt lögunum sem enn gilda. Það er eins og sumir hafi talið að átt hafi að gefa illa stöddum byggðarlögum þann hluta veiðiheimilda sjóðsins sem átti að ráðstafa þeim til aðstoðar. Staðreyndin er hins vegar allt önnur. Samkvæmt lögunum sem enn eru í gildi ber að selja allar veiðiheimildir, líka til nauðstaddra byggðarlaga, og það ekki á neinum Hagkaupsprís, heldur á gangverði hverju sinni. Þannig segir ótvírætt í 9. gr. núgildandi laga:

„Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildir skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr." — Og 1. mgr. 8. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum, er tilteknar veiðar stunda, kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi" — ég endurtek — „gegn endurgjaldi heimildir til þeirra veiða, sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum ..."

Það er því algerlega ljóst, frú forseti, að þau lög sem enn eru í gildi gerðu ráð fyrir því að þegar illa stöddum byggðarlögum væri komið til hjálpar skyldu þau eigi að síður greiða miðað við gangverð fyrir þær aflaheimildir. (**SJS:** Lestu 9. gr. laganna.) Ég var að því. (Gripið fram í.) Nei, nei, ég var, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, að lesa 9. gr. þar sem er (**StH:** Ég hef ekki sagt orð.) hv. þm. Steingrímur Jóhann, þar sem þetta er nákvæmlega sagt, vísað í 8. gr. sem ég las síðar. Þannig að það er alveg ljóst að hér var ekki um gjöf að ræða heldur sölu á gangverði.

Helstu breytingar í frv. sem liggur nú fyrir eru þær að sjóðurinn fær nú úthlutað fast að 12 þús. tonnum og það er út af fyrir sig jákvæð breyting sem tryggir honum fastan tekjustofn. Þetta er eins og ég gat um áðan *nauðsynlegt vegna þess að óvissa ríkir í útflutningi á* óunnum fiski en útflutningur fer raunar hraðminnkandi nú um stundir. Jafnframt er það tekið fram í frv. að allar veiðiheimildir eru áfram seldar, en nú er öllum tekjum af sölu veiðiheimilda varið til að standa straum af rekstri Hafrannsóknastofnunar. Þetta tel ég afar jákvætt. Með þessu er farið út á þá braut að reyna að láta atvinnugreinarnar standa sjálfar straum af rannsóknum og kostnaði. Ég fylgi þeirri stefnu eindregið og tel raunar að núv. ríkisstjórn eigi í ríkari mæli að fara út á þessa braut.

Þá er ekki lengur gert ráð fyrir því að skip séu keypt með aflaheimildum enda ríkir nú umframeftirspurn á þeim markaði, allt of hátt verð og það er ekki mjög hagfellt að opinber sjóður taki þátt í þeim markaði einungis með þeim afleiðingum að hleypa enn frekar upp eftirspurn og verði. Jafnframt er gert ráð fyrir því í frv. að ekki sé lengur heimild til að taka lán til að kaupa og úrelda skip. Ég verð að segja það að mér finnst að þetta sé skref aftur á bak og ég tel að það eigi að íhuga vandlega hvort ekki sé rétt að halda þessari heimild inni og beini því sérstaklega til sjútvrh.

Síðan kemur að því sem er ein meginbreytingin í þessu frv. og hún er sú að ekki er lengur stuðningur við byggðarlög í erfiðleikum. Það kom alveg skýrt fram áður í marksmiðsgrein laganna, 1. gr., að annað af tveimur hlutverkum sjóðsins væri að koma til aðstoðar byggðarlögum sem standa höllum fæti vegna *breytinga á útgerðarháttum. Í greinargerð með þessu* frv. er því lýst að rétt sé að fella þetta hlutverk ur gildi og tekið fram að það sé eðlilegra að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að styðja byggðarlög í nauð.

Ég verð að segja að ég tel að hér sé ekki alveg rétt á málum haldið. Ég tel að það eigi áfram að halda inni í þessum lögum heimild til að aðstoða byggðarlög sem eru í erfiðleikum og þess vegna mun ég beita mér fyrir því og legg það til við hæstv. sjútvrh. að áfram verði hafður inni í þessum lögum réttur til að veita byggðarlögum í erfiðleikum forleigurétt að þeim veiðiheimildum sem sjóðurinn hefur til umráða. Ég mun beita mér fyrir því í sjútvn. Alþingis að samstaða náist um þetta mál.

Síðan er í því frv. sem liggur fyrir afar jákvætt spor sem felst í því að úreldingarstyrkir eru hækkaðir. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að það megi veita styrki sem nema 10% af húftryggingarverðmæti hvers skips. Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu hefur ekki borist nein fullgild umsókn til sjóðsins. Það stafar að öllum líkindum af því að þetta er of lágt hlutfall. Hins vegar er mjög nauðsynlegt að sjóðurinn geti með einhverju móti tekið þátt í að úrelda og fækka fiskiskipum. Það var upphaflega annað af meginhlutverkum hans og á enn að vera eitt af hlutverkum hans.

Við vitum það öll að ein stærsta sóunin í íslensku atvinnulífi í dag felst í því ósamræmi sem er á milli afrakstursgetu miðanna og afkastagetu flotans. Sérfræðingar hafa varpað því fram eftir grófa útreikninga að ef takist að fækka skipum um 10%, þá mætti ná 5% sparnaði. Fyrir þær þrengingar sem sjávarútvegurinn er *í nú höfðu menn talið að flotinn væri* e.t.v. 70–80% of stór þannig að það mætti ná 10–15% sparnaði. Í dag er ósamræmið milli afrakstursgetunnar og afkastagetu skipanna auðvitað enn meira vegna þess að ástandi stofna hefur hrakað allverulega. Ég tel þess vegna mikið heillaspor að nú skuli gert ráð fyrir að styrkurinn hækki úr 10% í 30%.

Nú er það hins vegar svo að undanfarin ár hafa fallið til skip sem eru án aflaheimilda en vegna þeirrar óvissu sem ríkir um framhald fiskveiðistjórnunar og stefnu í þeim málum og vegna þess að menn um allt land trúa því ekki að núverandi kerfi muni lifa til langframa, þá hafa menn kosið að binda skip sín við bryggjur fremur en farga þeim, jafnvel reyna að beita þeim til veiða á vannýttum stofnum sem auðvitað verða fljótlega ofnýttir eins og dæmin sýna. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að á næstu árum muni falla til verulegur fjöldi skipa sem ekki er hægt að beita til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu og vil varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé rétt að heimildum til úreldingarstyrkja verði breytt þannig að þeim verði ekki einungis varið til þess að úrelda skip og eyða eða selja úr landi heldur jafnframt megi verja sömu upphæð til þess að styrkja íslenska aðila til að fara með skip til veiða í fiskveiðilögsögu annarra þjóða ef samningar takast um slíkar veiðiheimildir. Ég veit það sjálfur að eftirspurn er eftir slíkum aðilum, bæði meðal ýmissa þjóða í sovéska ríkjasambandinu og líka í ýmsum ríkjum Afríku og Asíu. Ég tel að sú mikla tækniþekking sem Ísland hefur yfir að búa geti nýst þessum þjóðum vel. Ég tel líka að ef tækist að semja um slíkar fiskveiðiheimildir í lögsögu erlendra ríkja, þá mundi ekki bara vera hægt að beita þeim ónýtta skipaflota sem við senn höfum yfir að ráða heldur yrði líka kleift að selja í kjölfarið íslenska tækniþekkingu og vélbúnað.

Við megum ekki gleyma því að í skjóli íslensks sjávarútvegs hefur hægt og sígandi vaxið ný iðngrein sem fáir vita af, það er smíði vélbúnaðar sem tengist sjávarútvegi. Á síðasta ári einu saman var seldur frá Íslandi vélbúnaður, mestmegnis til Sovétríkjanna að mér skilst, fyrir næstum því 1 milljarð kr. Við þurfum að hlúa að þessu, við þurfum að skapa frekari tækifæri fyrir slíka sölu og þessi hugmynd sem ég leyfi mér að varpa hérna fram mun að öllum líkindum auðvelda mjög sölu á tækniþekkingu til erlendra þjóða.

Ég vil, frú forseti, að síðustu undirstrika það að ég tel að í því frv. sem hér liggur fyrir sé margt mjög vel gert. Ég vildi óska eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann íhugaði hvort ekki væri hægt að halda inni heimild sjóðsins til þess að hefja lántökur til að auðvelda úreldingu skipa. Ég tel vanta í þetta frv. forleigurétt þeirra byggða sem eru illa staddar og mér finnst líka að í 1. gr. þessara laga vanti í rauninni helftina af markmiðslýsingunni. Mér finnst að þar vanti yfirlýsingu um að tekjur sjóðsins af veiðiheimildum eigi að nota til þess að kosta hafrannsóknir á Íslandi. Þetta kemur mjög skýrt fram annars staðar í textum og jafnframt í greinargerðinni en mér finnst, frú forseti, að þetta vanti líka í 1. gr. þessara laga.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég kvaddi mér hljóðs þegar ég áttaði mig á því að hv. síðasti ræðumaður hafði ekki lesið nógu vel heima og fór ekki að öllu leyti rétt með þegar hann vitnaði í gildandi lög um Hagræðingarsjóð. Hann sló því fram sem altækri reglu — og reyndar taldi sig þess umkominn að álykta að margir ræðumenn hefðu misskilið texta laganna um Hagræðingarsjóð á þann hátt að mögulegt væri eða jafnvel regla að veiðiheimildir gætu gengið til byggðarlaga í erfiðleikum án endurgjalds. Ég hef ekki heyrt neinn hv. þm. sem hér hefur talað halda því fram. Hins vegar hafa menn bent á það, bæði sá sem hér talar og fleiri, að í lögunum er heimild til slíks. Lögin um Hagræðingarsjóð gera ráð fyrir því að ef þannig stendur á að ekki reynist unnt með fullnægjandi hætti að koma þeim byggðarlögum sem í hlut eiga til aðstoðar samkvæmt hinum almennu vinnureglum, þá segir í 9. gr. laganna, með leyfi forseta: „Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á."

Ég held að ég þurfi ekki að lesa meira. Það var þetta sem ég var reyndar með frammíkalli að benda hv. ræðumanni á að lesa. Ef hann hefði haldið aðeins áfram með lesturinn hefði hann áttað sig á því að það var einmitt fyrir þessum hluta málsins séð með því að hafa inni heimild af þessu tagi. Menn reiknuðu með því að þær aðstæður gætu skapast að atvinnubrestur yrði, t.d. í fámennu, afskekktu byggðarlagi þar sem umfang veiðiheimilda væri ekki það mikið að menn sæju sér akk í að nýta þær og taka á sig þær kvaðir sem nýtingu þeirra fylgdi, sem sagt að landa afla í viðkomandi byggðarlagi. Við slíkar aðstæður gæti verið nauðsynlegt að unnt væri eftir sem áður að úthluta veiðiheimildum með lægra eða jafnvel engu endurgjaldi. Að þessu skilyrði fullnægðu, þ.e. að hafa þessa heimild í lögunum, gátu menn sætt sig prýðilega við það að eftir sem áður væri almenna reglan sú að endurgjald kæmi fyrir veiðiheimildirnar þar sem málin leystust með þeim hætti.

Ég vona að þetta eyði öllum frekari misskilningi um þetta atriði og að hv. síðasti ræðumaður viti héðan í frá það sem hann á eftir ólifað hvernig þetta var útfært í lögunum á sínum tíma og stendur enn þangað til það verður afnumið.

En það var annað í máli hv. ræðumanns, ef ég hef tekið nógu vel eftir, sem mér fannst þó öllu verra en þessi minni háttar misskilningur. Það voru þau viðhorf sem hann lýsti að hann styddi eindregið þá kerfisbreytingu að atvinnugreinin, sjávarútvegurinn, tæki til við að fjármagna rekstur Hafrannsóknastofnunar. Og ef ég hef ekki misskilið, þá átti ræðumaður við almennt séð að hann væri hlynntur slíkri kerfisbreytingu. Hvað sem um það má segja og hvað sem afstöðu hv. 17. þm. Reykv. líður, þá vil ég gjalda varhug við þessari breytingu. Ég tel hana síður en svo til bóta og síður en svo skynsamlega kerfisbreytingu í okkar málum. Ég held að ákaflega varhugavert sé að gera því skóna að rannsóknir af þessu tagi sem um er að ræða og eru stundaðar í nánast einu rannsóknarstofnun okkar á þessu sviði — rannsóknarstarfsemi, grunnrannsóknir í viðkomandi fagi eru yfir höfuð ekki stundaðar svo neinu nemur annars staðar en í þessari einu stofnun — þá sé það ekki heppileg breyting að færa reksturskostnað hennar alfarið yfir á sjávarútveginn.

Nú er það reyndar misskilningur eða orðhengils-

háttur í reynd að tala um að sjávarútvegurinn með fénýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs borgi eitthvað frekar rekstur Hafrannsóknastofnunar heldur en aðra starfsemi hins opinbera. Því staðreyndin er auðvitað sú að þessar 525 millj. kr. renna einfaldlega í ríkissjóð, ef þær þá nást sem ég á nú eftir að sjá og mun koma að síðar, og síðan út úr ríkissjóði aftur, 525 millj. til að borga fyrir þennan hluta rekstrar Hafrannsóknastofnunar. En sem kerfisbreytingu — ég vil setja mikil spurningamerki við það að við höldum út á þá braut að láta atvinnugreinarnar taka til við að fjármagna alfarið rannsóknarstarfsemi af þessu tagi. Ég held að það sé almennt viðurkennt og þess vegna finnst mér heldur dapurlegt að háskólaborgarinn, sem einhvern tíma mun hafa verið upplýst hér í þinginu að væri einn af tveimur eða þremur sem flögguðu doktorstitli, skyldi lýsa þessum sjónarmiðum hér. Ég hlýt að spyrja: Hvernig hugsa menn sér þá að sjá fyrir grunnrannsóknum og sjá fyrir rannsóknum á grundvelli langtímasjónarmiða þar sem litið er fram hjá skammtímaágóða eða hagnaðarsjónarmiðum á þessu sviði, á sviði íslensks sjávarútvegs og hafrannsókna? Ég er hræddur um að illa sé komið fyrir þeirri þjóð sem ekki hefur efni á því að leggja eitthvað í grunnþekkingaröflun, grunnrannsóknir og slíka starfsemi á grundvelli langtímasjónarmiða. Ég óttast að það muni ekki auðvelda okkur þá viðleitni ef útgjöldin ár frá ári verða færð yfir á herðar atvinnugreinarinnar. Þvert á móti tel ég að það eigi að vera eitt meginhlutverk ríkisvaldsins, og kannski eitt af því sem menn ættu síðast að láta sér detta í hug að taka af höndum hins opinbera. Það er einmitt fjármögnun og starfræksla grunnrannsókna og þekkingaröflunar af þessu tagi.

Ég tel því þetta síður en svo skynsamlega breytingu. Væri starfseminni skipt upp með þeim hætti að einhvers konar þjónustustarfsemi og þjónusturannsóknir væru til á einum stað og þær kostaðar af atvinnugreininni gegndi dálítið öðru máli, en því er ekki fyrir að fara hér. Hér er eins og ég segi nánast um að ræða einu rannsóknastarfsemi af þessum toga sem rekin er í landinu og ég tel það vægast sagt óskynsamlega breytingu og síður en svo eitthvert fagnaðarefni að horfið sé að þessu ráði sem fjárlagafrv. boðar. Fyrir utan það að þetta er að sjálfsögðu ekki annað hjá hæstv. ríkisstjórn í neinu innra samhengi. Mér er ekki kunnugt um að sambærilegar breytingar séu í fjárlagafrv. né fyrirhugaðar gagnvart öðrum atvinnugreinum. A.m.k. hef ég ekki fundið það í fylgiskjölum með fjárlagafrv. Og ég spyr þá: Hvers á sjávarútvegurinn að gjalda að verða fyrstur allra atvinnugreina tekinn fyrir og settur í þessa stöðu?

Allt er þetta auðvitað hinn mesti hráskinnsleikur því að hér er fyrst og fremst verið að ná í þessa fjármuni í ríkissjóð, verið að nota Hagræðingarsjóð í þessu samhengi sem skattstofn fyrir ríkisstjórnina sem er úti með allar klær eins og menn þekkja til að koma á nýjum sköttum undir ýmsum dulnefnum.

Það vottaði hins vegar fyrir skilningi hjá hv. 17. þm. Reykv. að mér fannst á þeirri afturför sem það er að kippa út úr lögunum um Hagræðingarsjóð öllum möguleikum til þess að taka á málefnum einstakra byggðarlaga með þeim hætti eða líkum hætti og heimilt hefur verið samkvæmt lögum. Hann varpaði fram þeirri hugmynd að sett yrði inn ákvæði um einhvers konar forleiguheimild til handa byggðarlögum sem í erfiðleikum ættu. Ég ætla ekki, fyrr en ég hef haft aðstöðu til að kynna mér hvað fyrir hv þm. vakir, að segja allt of mikið um þá hugmynd. Það má sjálfsagt hugsa sér að það gæti verið til bóta í vissum tilvikum en ég er ansi hræddur um að þær aðstæður sem erfiðastar gætu orðið og snúnast að leysa séu einmitt af þeim toga þar sem viðkomandi byggðarlög hafi síst bolmagnið til þess að leggja í mikil fjárútlán til að festa eða ná til sín viðkomandi réttindum. Þannig verð ég að segja fyrir mitt leyti, án þess að hafa haft aðstöðu til að hugsa málið mikið eða haft upplýsingar um hvað í einstökum atriðum liggur að baki hugmynd um forleiguheimild á veiðiheimildum, að mikið rórra væri mér að sjá að mögulegt væri ef þannig aðstæður sköpuðust að koma veiðiheimildum til byggðarlaganna fyrir lægra eða jafnvel ekkert endurgjald ef ekki verður með öðrum hætti leyst úr viðkomandi vandamálum.

Herra forseti. Dreift hefur verið í þinginu frv. sem ekki er óeðlilegt að menn kíki aðeins á þegar þessar nýju gjaldtökur eða álögur á sjávarútveginn eru til umræðu. Það er frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er enn vikið að sjávarútveginum og lögum um stjórn fiskveiða og verður ekki annað séð en einnig þar eigi að íþyngja sjávarútveginum verulega þar sem svonefnt veiðileyfagjald, sem áður hefur að hálfu gengið til að kosta veiðieftirlit sjávarútvegsins, skuli núna að fullu ganga til þessara þarfa. Það er því ekki bara á þessu sviði sem á ferðinni er fénýting veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs, sem á að íþyngja sjávarútveginum hressilega, heldur víðar. Það ræðum við væntanlega síðar, hæstv. forseti, þegar þetta mál kemur á dagskrá en það er ekki óeðlilegt að þetta sé skoðað í samhengi.

Eitt atriði enn sé ég ástæðu til að nefna og það eru þær hugmyndir sem fjárlagafrv. gengur út frá, og sömuleiðis í raun þetta frv. um Hagræðingarsjóð, að með fénýtingu á 12 þús. tonna veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs fáist 525 millj. kr. í tekjur til ríkisins. Auðvelt er að reikna það út ef menn gefa sér að leigugjald fyrir veiðiheimildirnar, þorskígildið innan ársins, verði 44 kr. á kg. Þar verð ég að segja að mér þykir boginn nokkuð hátt spenntur og menn geta haft til hliðsjónar t.d. það grundvallarverð á fiski sem fram undir síðustu tíma hefur verið stuðst við eða bara gangverð á markaði sem hér fer niður í 70–90 kr. þegar það er lægst. Þá er ekki verið að tala um neitt smáræðishlutfall af slíku verði.

Ég hef miklar efasemdir um að þær veiðiheimildir muni skila þessum upphæðum þó svo að reynt verði. Það er líka önnur spurning og hún er sú, hvort ríkið ætlar að ganga á undan með fögru fordæmi og spenna með þessum hætti upp endurgjaldið fyrir leigu á veiðiheimildum innan ársins. Ég tel að í umræðum um þessi mál sé skynsamlegt að gera skýran greinarmun á annars vegar tímabundnum afnotum veiðiheimilda eins og

felast í endurleigu eða leigu innan árs og hins vegar varanlegu framsali aflaheimilda. Það er augljóst mál að því geta fylgt miklir kostir og verulegt hagræði vegna síbreytilegra aðstæðna innan greinarinnar að slíkir tilflutningsmöguleikar séu í gangi innan árs. En þeir verða auðvitað að vera á einhverjum viðráðanlegum kjörum og ég hef stórkostlegar efasemdir um að þeir séu margir sem nái það mikilli arðsemi út úr fiskveiðum að þeir geti greitt 44 kr. fyrir kg í leigu til þess eins að fá að veiða það. Og það væri ástæða til að inna hæstv. ráðherra og aðra talsmenn hæstv. ríkisstjórnar um það hvernig þessi 44 kr. tala var fundin og hvað menn hyggist gera ef verðið er lægra eða veiðiheimildirnar ganga ekki að öllu leyti út á þessu verði. Ég hef ekki séð eða heyrt svo ég muni neinn rökstuðning fyrir þessu.

Ég hafði vænst þess, virðulegi forseti, að um þann þátt málsins, sem hefur nokkuð verið ræddur og það af fleirum en mér og lýtur að byggðahlið þessa máls, gæfist e.t.v. færi á að ræða í dag að viðstöddum hæstv. forsrh. þar sem hann heiðraði okkur ekki með nærveru sinni á Alþingi þann dag, ef ég man rétt, eða alla vega ekki á þeim fundi þegar Hagræðingarsjóðurinn var hér til umfjöllunar síðast. Ég beindi nokkrum spurningum almenns eðlis að hæstv. ríkisstjórn varðandi það hvað menn hugsa sér að standi undir þeim væntingum um starfsemi Byggðastofnunar á þessu sviði sem gefnar eru í skyn í greinargerð með frv. um Hagræðingarsjóð. Þar segir, eins og kunnugt er, í einni og hálfri línu, að í staðinn fyrir þær heimildir sem gildandi lög um Hagræðingarsjóð búa yfir og eru upp á að nýta megi helming af veiðiheimildum sjóðsins til aðstoðar byggðarlögum í erfiðleikum, að miklu eðlilegra sé að Byggðastofnun sinni slíku hlutverki. Það er kannski gott svo langt sem það nær en litlar útskýringar hafa komið á því með hvaða hætti eigi þá að efla Byggðastofnun og breyta verksviði hennar þannig að hún geti sinnt þessu mikla verkefni með sómasamlegum hætti sem þá væri verið að vísa til hennar. Þvert á móti hafa allar upplýsingar sem enn hafa komið fram snúið að hinu gagnstæða, að draga allt afl úr Byggðastofnun og mergsjúga hana og breyta þannig starfsreglum hennar að hún yrði enn síður fær um að sinna sínu hlutverki, hvað þá að bæta við sig verkefnum, en verið hefur. En e.t.v. fáum við eitthvað að heyra um þetta, hæstv. forseti, áður en umræðunni lýkur. Sömuleiðis er rétt að minna á að í gangi er hér á þinginu umræða um byggðamál og væri alveg hægt að hugsa sér að þessar breytingar á skipulagi Hagræðingarsjóðs kæmi þar til skoðunar.

Ég ætla þá ekki að hafa mín orð fleiri en ég veit ekki hvort það er skynsamlegt að hvetja hv. 17. þm. Reykv. til þess að fara í ræðustólinn, enda mátti hann lítið við bindast hér eftir að hann hafði flutt sína ræðu á tvöföldum hraða og hvarf úr þingsalnum, en ég hefði gjarnan viljað heyra hvað liggur að baki sérstökum fögnuði hans yfir því, eða átti að skilja hann svo, að fjármögnun rannsóknarstarfsemi af því tagi sem sinnt er á Hafrannsóknastofnun verði ekki lengur kostuð af hinu opinbera heldur færð yfir á herðar viðkomandi atvinnugreinar. Ég hef stórkostlegar efasemdir um slíkar breytingar og gæti farið um það mörgum orðum og rökstutt ítarlega ef menn hefðu áhuga á að hlýða á slíkt en sé svo sem ekki ástæðu til þess en ég verð að segja það að mér kom það á óvart að heyra þessi sjónarmið sem var frá hv. 17. þm. Reykv.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Af því að ég tel að þessari umræðu sé nú að ljúka, þá langar mig til að beina spurningu til hæstv. sjútvrh. og biðja hann að útskýra fyrir okkur hér í þinginu hvernig sala þessara veiðiheimilda eigi að fara fram með tilliti til þess að það er gert ráð fyrir því — er ekki sjútvrh. hér staddur eða ... **(Forseti:** Jú, jú. Hann er í hliðarherbergi.) — að tekjur af þessari sölu séu yfir 500 millj. kr. en fiskveiðiárið hefst ekki fyrr en 1. sept. Er það virkilega hugmyndin að það eigi að selja þessar veiðiheimildir á einu bretti 1. sept.? Með hvaða hætti á þá að standa að því eða reikna menn kannski með því að setja útgerðarmönnum þann kost einan að kaupa þessar veiðiheimildir strax í upphafi fiskveiðiársins? Með öðrum orðum: Hvernig er hugsað að staðið verði að sölunni á þessum veiðiheimildum með tilliti til þess að gert er ráð fyrir því að allar tekjur komi inn á því fjárhagsári sem menn eru að tala hér um?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og skal ekki lengja hana. Hér hefur verið vikið að nokkrum atriðum, m.a. þeirri fjáröflun sem stefnt er að til þess að standa undir kostnaði við verulegan hluta af rekstri Hafrannsóknastofnunar. Menn deila um það hvort hér sé um að ræða skattheimtu eða ekki skattheimtu, auðlindaskatt eða ekki auðlindaskatt, nýja skattheimtu eða ekki nýja skattheimtu. Kjarni þessa máls er hins vegar mjög augljós. Þegar þessi lög voru samþykkt á sínum tíma voru teknar ákvarðanir um að taka þessar aflaheimildir frá sjávarútveginum og selja þær aftur samkvæmt gildandi lagareglum og frá þeim er hvergi vikið í þessu efni. Hér er þess vegna ekki á ferðinni nein ný tilraun til þess að koma á auðlindaskatti eða nýjum skatti. Frá hinu geta menn ekki litið að líta má á þá ákvörðun sem tekin var á sínum tíma sem skatt á sjávarútveginn. En þetta frv. mælir ekki fyrir nýrri skattheimtu í þessu efni heldur annarri ráðstöfun á þeim fjármunum sem þannig falla til. Um þetta þurfa menn vitaskuld ekki að deila og þarf ekki að setja á langar ræður þar um.

Hér hefur einnig verið vikið að því hlutverki Hagræðingarsjóðs að koma til móts við einstakar byggðir þegar sérstaklega stendur á með því að framselja aflaheimildir til þeirra eða einstakra skipa í viðkomandi byggðarlögum. Ég hef á það bent, og reyndar hefur það komið fram hjá ýmsum öðrum, einkum hagsmunaaðilum þegar þetta frv. var til umræðu á sínum tíma, að ákvæði laganna um þetta efni væru þess eðlis að ekki væri líklegt að í því fælist veruleg aðstoð við byggðirnar. Hér er aðeins um að ræða hluta af

þeim aflaheimildum sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar. Gera verður ráð fyrir því sem meginreglu að viðkomandi byggðarlög greiði fullt gangverð fyrir. Aðeins í undantekningartilvikum gæti það komið til álita að veita þessar heimildir endurgjaldslaust. En kjarni málsins er sá að hér er alltaf um tímabundna ráðstöfun að ræða og ég hygg að í ýmsum tilvikum yrði býsna erfitt að taka slíkar heimildir til baka og þá væru stjórnvöld komin í þá aðstöðu að vera sjálf að kippa fótunum undan rekstri í viðkomandi byggðarlögum. Ég hygg að hv. 1. þm. Austurl. hafi einmitt í sinni ræðu bent á að þarna eru erfiðleikar varðandi framkvæmdina.

Vegna þess sem hér hefur komið fram í þessari umræðu og enn fremur vegna samtala sem ég hef átt við formann hv. sjútvn., hv. 1. þm. Vestf., sem lýst hefur vissum áhyggjum vegna þess að gert er ráð fyrir að þessi atriði falli út, þá vil ég taka það fram að slíkur forkaupsréttur af hálfu byggðarlaga sem þannig er ástatt um gæti frá mínum bæjardyrum séð verið áfram þáttur í þessari löggjöf þrátt fyrir þessar breytingar. Eðli máls samkvæmt, miðað við að hér er ákvörðun um að nýta þessa fjármuni til þess að kosta rekstur Hafrannsóknastofnunar, þá getur ekki verið um það að ræða að veita slíkar heimildir endurgjaldslaust, en það breytir ekki markmiði þessa frv. þó að forkaupsréttur þeirra sveitarfélaga sem þannig kann að vera ástatt um mundi haldast. Það breytir hins vegar ekki þeirri skoðun minni að ég held að hér sé um að ræða afar takmarkaða aðstoð við þessi byggðarlög og það kunni að vera mjög erfitt að aðstoða þau með þessum hætti, ekki síst vegna þess að hér er ekki um neina varanlega lausn að ræða. Í engum tilvikum getur aðstoð í þessu formi falið í sér nokkra varanlega lausn en vel má hugsa sér þegar nefndin tekur þetta mál til umfjöllunar að taka forkaupsrétt slíkra byggðarlaga inn á nýjan leik, hugsanlega á þann veg að fyrir liggi mat Byggðastofnunar hvaða sveitarfélög það gætu verið í hverju tilfelli sem ættu slíkan forkaupsrétt og þá um leið hvaða sveitarfélög yrðu að skila slíkum rétti að nýju eftir því sem kerfið heldur áfram ár eftir ár. Þetta þykir mér ekkert óeðlilegt að nefndin taki til athugunar.

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það verði tekið til athugunar í nefndinni að sjóðurinn fái lántökuheimildir eins og hv. 17. þm. Reykv. vék hér að í þeim tilgangi að taka á tímabundnum úreldingarverkefnum ef þau yrðu stærri í sniðum en eigið fé og sérstök tekjuöflun af rúmlestagjaldi gefur svigrúm til á hverjum tíma. Aðalatriðið er það að meginmarkmið frv. nái fram að ganga.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að því hvernig þessu væri háttað hjá öðrum atvinnugreinum. Ef litið er á svið iðnaðar- og orkumála eru þar fyrir hendi rannsóknastofnanir af svipuðu tagi og á sviði sjávarútvegsins. Iðntæknistofnun og Rannsóknatofnun fiskiðnaðarins eru að sumu leyti hliðstæðar stofnanir á þessum tveimur sviðum atvinnulífsins og sértekjur þessara stofnana eru nú með áþekku móti. Ég þori ekki að fullyrða að þær séu nákvæmlega hlutfallslega eins en þær eru uppbyggðar með áþekkum hætti. Orkustofnun er sú stofnun á sviði iðnaðar- og orkumála þar sem verið er að fjalla um grundvallarrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er lúta að viðfangsefnum á því sviði, auðlindanýtingu. Þar er í fjárlögum gert ráð fyrir sértekjum, að vísu ekki að þessu sinni jafnháu hlutfalli og að því er varðar Hafrannsóknastofnun, en ég efast ekki um að hæstv. viðskrh. hefur fullan metnað til þess að tryggja Orkustofnun sértekjur í jafnháu hlutfalli eins og nú er gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun fái. Þannig verði hér nokkrun veginn sama skipan að því er varðar tekjuöflun. Hún er það í verulegum atriðum en hér er gert ráð fyrir því að fjáröflun til Hafrannsóknastofnunar, sem að þessu leyti er hliðstæð Orkustofnun á sjávarútvegssviðinu, sé hlutfallslega meiri en til Orkustofnunar. Ég geri ráð fyrir því að á næsta ári verði undirbúið að sértekjur Orkustofnunar verði hlutfallslega meiri en þær eru í dag.

Það gangverð sem við er miðað við gerð fjárlaganna eru einfaldlega upplýsingar um markaðsverð að undanförnu á tímabundnum aflaheimildum og þess vegna engin ástæða til að ætla, ef það helst í því horfi sem verið hefur, að þessar fjárhagslegu forsendur standist ekki.

Frú forseti. Ég vil enn á ný ítreka þakklæti mitt til hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og vænti þess að frv. fái vandaða og skjóta meðferð í hv. sjútvn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Út af þeim umræðum sem hér hafa farið fram væri vissulega ástæða til að fara nokkuð yfir þann málflutning sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Suðurl. um almennar ástæður í sjávarútveginum. En ég skal láta það vera við þessa umræðu þó að margt af því sem hann sagði sé þess eðlis að því þurfi að svara.

En vegna þess sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan þegar hann talaði um að tekin hefði verið ákvörðun um það á sínum tíma að stofna þennan Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og það mætti líta á það sem ákvörðun um að leggja skatt á sjávarútveginn, þá er það svo að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins var fyrst og fremst hugsaður til þess að hjálpa til við að minnka fiskiskipaflotann og jafnframt hafði sjóðurinn það hlutverk að koma til aðstoðar í einstökum tilvikum þar sem byggðarlög lentu í sérstökum vandamálum. En allar tekjur sjóðsins áttu að renna til þess að minnka fiskiskipaflotann fyrir sjávarútveginn sjálfan. Það er einnig skýrt í lögunum að sjóðurinn má aldrei eiga meira en 5% af heildaraflaheimildum og það var líka til þess heimild að lækka það hámark með reglugerð ef þannig stæði á að sjóðurinn hefði náð langt á þeirri braut.

Ég vil líka geta þess að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sem enn eru í gildi, er ákvæði til bráðabirgða II sem er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Þetta er skýrt lagaákvæði og mér er nær að halda að

það hafi ekki verið haft nægilega í heiðri. A.m.k. kannast ég ekki við það sem nefndarmaður í sjútvn. Alþingis að sérstakt samráð hafi verið haft við nefndina af því tilefni. Með þessu var verið að binda löggjöfina saman við endurskoðun fiskveiðistefnunnar almennt. Ekki er hægt að líta á það sem skatt á sjávarútveginn þegar farið er út á þá braut að minnka fiskiskipaflotann með sameiginlegum hætti. Talið var að ekki væri hægt að leggja slík útgjöld á hið opinbera og á engan hátt réttlætanlegt. Hins vegar þegar ákveðið er að taka tekjurnar til útgjalda, sem ríkissjóður hefur alltaf staðið undir, er verið að taka viðkomandi fjármagn til ríkissjóðs og það er að sjálfsögðu miklu nær skattheimtu. Því finnst mér undarlegar útskýringar hjá hv. stjórnarliðum að telja að vegna þess að ákvörðunin hafi verið tekin á sínum tíma sé þetta nánast allt í lagi og vitna ég þar til þeirra eigin orða og ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Þá vildi ég aðeins koma inn á það sem hv. 17. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson sagði og er nokkuð athyglisvert. Hann hvatti mjög til þess að það hlutverk Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög yrði ekki lagt niður og lagði til að áfram yrði hægt að veita eitthvað sem hann kallaði forleiguheimildir. Jafnframt kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að hann gæti vel hugsað sér að slíkt hlutverk yrði tekið inn á nýjan leik. Þetta tel ég vera mjög jákvætt og sjálfsagt að athuga frekar í nefnd hvað átt er við en ég vil minna á það sem reyndar er skýrt í lögunum að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að aflaheimildirnar gangi í öllum tilvikum á fullu markaðsverði. Aðstaða þessara byggðarlaga er mjög misjöfn og ef reikna á með því að það geti komið til hjálpar verður að gera ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum verði aflaheimildirnar seldar á lægra verði. Þar með fengi Hafrannsóknastofnun minni tekjur því að eins og frv. er hér sett fram, þ.e. að aflaheimildirnar eigi að selja í hlutfalli við aflaheimildir hvers og eins, virkar það í reynd alveg eins og skattur. Ég held að það verði að gera ráð fyrir því að flest veiðiskipin taki hlutdeild sína í aflanum og greiði fyrir það og með því eru þau aðeins að greiða til Hafrannsóknastofnunar og þess vegna má segja að það sé nánast óþarfi að fara í kringum þetta mál með þessum hætti og í reynd einfaldara að láta hvern og einn sem fær úthlutaðar aflaheimildir greiða ákveðið gjald með sambærilegum hætti að því er varðar veiðieftirlit. Á því er í reynd sáralítill munur. En ef tillaga er komin fram um það að taka upp svokallaðan forleigurétt, sem ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir hvað við er átt, á væntanlega að breyta þeim ákvæðum frv. er gera ráð fyrir því að hvert og eitt skip eigi rétt á aflaheimildum í hlutfalli við það sem það hefur fyrir og byggðarlögin fái forleigurétt í staðinn. Þá fer að sjálfsögðu mjög eftir því hvaða ákvæði sett eru um það hvernig það skuli gert. Ég held að niðurstaðan geti aldrei orðið önnur en sú að best sé að hrófla ekkert við lögunum og lofa þeim að sanna sig. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að málið er ekki einfalt og það eru vissulega framkvæmdaerfiðleikar eins og í mörgum öðrum málum og ekki verður allt séð fyrir. Mér finnst hins vegar skynsamlegast að lofa lögunum að gilda þar til skylt er að endurskoða þau samkvæmt ákvæðum núgildandi laga og alveg ástæðulaust og þarflaust að gera það um þessar mundir. Það ber að gera fyrir árslok 1992 þegar fiskveiðitefnan á að koma til endurskoðunar og þessi löggjöf er það stór þáttur í málinu almennt að það er óskynsamlegt að taka málið út úr með þessum hætti. Ekki er um svo stórar fjárhæðir að ræða sem ríkissjóður fær út úr málinu að það réttlæti að setja málið í hættu vegna slíkra upphæða. Hér er um allt of stórt mál að ræða, þ.e. stjórn fiskveiða almennt, til þess að ástunda slíkar æfingar.

Hv. 17. þm. Reykv. taldi að ástæða væri til að styrkja skip sérstaklega til að fara til annarra landa og kemur það vissulega til greina. Hins vegar er mjög erfitt að ætla þessum sjóði að gera það sérstaklega nema að þau skip séu tekin út úr rekstri hér á landi. Þá er ekkert því til fyrirstöðu ef verið er að úrelda skipin að senda þau til annarra landa og þá yrði reyndar að taka þau út úr íslenska flotanum. Það er ekki verið að sækjast eftir því að eyðileggja skipin heldur fyrst og fremst að koma þeim til annarra verkefna og ef slík verkefni eru fyrir hendi í lögsögu annarra þjóða er það sjálfsagt mál. Hins vegar hefur ekki verið mikill áhugi á því hjá íslenskum útgerðarmönnum. Í einu tilviki var heldur slæm reynsla af því og viðkomandi aðilar fóru mjög illa út úr því fjárhagslega og er eðlilegt að það dæmi hafi hrætt menn nokkuð frá því að reyna slíka hluti á nýjan leik.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, virðulegur forseti. Ég fagna því að kominn er sá tónn í umræðuna að menn eru til viðtals um breytingar og ég endurtek þá skoðun mína að það eigi að leyfa þessari löggjöf að standa með sama hætti og hina löggjöfina og mér finnst ákvæði til bráðabirgða II styrkja mjög þá skoðun að það hafi verið ætlun Alþingis á þeim tíma að sú löggjöf stæði eins og þar er getið um. Af því að sérstaklega er vitnað til þess hvað menn ætluðust fyrir þegar það var gert hvet ég mjög til þess og við reynum að ná um það samstöðu að taka frv. til nefndar og gefum okkur góðan tíma í það. Ekkert liggur á. Ég vil vinna að því að hægt sé að ná samstöðu um það og ég hvet sérstaklega til þess að menn lofi málinu að bíða þar til í árslok 1992.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil segja það að ég fagna svarræðu hæstv. ráðherra að nokkru leyti. Greinilegt er að hann er að draga í land með hugmyndir sínar um breytingar á Hagræðingarsjóðnum, sérstaklega þann meginþátt að taka út úr honum byggðahlutverkið. Ég tel það líka skynsamlegt að gera þá breytingu á frv. að veita sjóðnum lántökuheimildir til þess að stuðla enn frekar að úreldingu fiskiskipa. Ég ítreka það sjónarmið, sem ég setti fram í fyrri ræðu minni, að ég sé ekki að það sé mögulegt að taka lögin sjálfstætt og endurskoða þau án samhengis við lögin um stjórn fiskveiða og bendi á það sem fram hefur komið bæði í mínu máli og annarra að það er lögbundið að endur-

skoða lögin fyrir árslok 1992 og hafa um það samráð við sjútvn. og helstu hagsmunasamtök. Sams konar ákvæði eru í hvorum tveggja lögunum og greinilegt er á umræðunni sem fram fór og þeim nefndarálitum sem menn skiluðu af sér á þessum tíma, sérstaklega þingmenn Sjálfstfl., að þeir litu á þetta sem eitt og sama málefnið. Ég tel að öll umræða um breytingar á frv., hvort sem það er á þingi eða í nefnd, hljóti að snúast að verulegu leyti um stjórn fiskveiða. Það er óhjákvæmilegt.

Það er meira en tímabært að menn átti sig á því að við erum að festast inni í kerfi sem menn hafa andmælt í öðru orðinu en sett á í hinu orðinu því að sett er inn í 1. gr. sameign allrar þjóðarinnar en gengið síðan frá lögum þannig að rétturinn til sjósóknar er gerður að verslunarvarningi sem gengur kaupum og sölum. Því oftar sem slíkur réttur og það sem honum fylgir er selt, þeim mun erfiðara verður að snúa til baka. Nú þegar er búið að kaupa og selja þessi réttindi fyrir nokkra milljarða kr. á skömmum tíma — og ég minni á það að hæstv. fjmrh. hefur ekki enn svarað fsp. minni á þskj. 53 um skattalega meðferð á keyptum kvóta. Það hlýtur að vera grundvallaratriði í mati manna á fiskveiðistefnunni hvert svarið verður við fsp. því að það gefur upp túlkun framkvæmdarvaldsins á lögunum um stjórn fiskveiða og því samhengi sem er á milli þeirra og lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ég bið menn að íhuga það á hvaða braut við erum þegar nánast hvarvetna um landið er verið að reikna upp sjávarútvegsfyrirtækin, búa til eignir með því að reikna upp aflakvótann og segja að hann sé svo og svo mikils virði og þess vegna geti fyrirtækið borið svo og svo miklar skuldir. Ég bendi á það að þær eignir, sem þannig eru reiknaðar og menn eru að styðjast við í útreikningum sínum í einstökum björgunaraðgerðum og hjá mörgum fyrirtækjum, eru raunverulega ekki eignir nema þær verði seldar. Í raun og veru er verið að herða þann hnútinn sem endar alltaf á því að þessi lífsbjörg er seld. Og ég spyr: Hvað borguðu þeir menn fyrir kvótann sem eru að selja hann í dag fyrir milljónir króna? Hvað borgar fyrirtæki, sem starfað hefur alla tíð frá 1983 og lengur, fyrir þær aflaheimildir sem það hefur í dag? Við erum með stór fyrirtæki sem reikna sér aflaheimildir sínar á 1.000 millj. eða meira. Hvað borguðu þeir fyrir heimildirnar? Ekki krónu. Hvað á það að þýða að vera með umræðu af því tagi að menn séu að meðhöndla þessi réttindi sem fjármuni? Ég sé ekki að menn komist út úr þessu öngstræti nema bregðast við nokkuð skjótt og það er að mínu mati of seint að ætla sér að láta endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða bíða til ársloka næsta árs. Þá verða menn annaðhvort komnir með þetta kerfi í fullt „sving" eða komnir með auðlindaskatt sem í raun og veru er það sama og það frv., sem hér er til umræðu, fjallar um.

Ég vil leggja þunga áherslu á það að menn ræði í nefnd um frv. einmitt út frá þessum forsendum að það er ekki bara verið að skattleggja einstök fyrirtæki sem hafa veiðiréttindi í dag heldur er verið að leggja grífarlegar byrðar á byggðarlögin úti á landi. Það nær bara ekki nokkurri átt, virðulegi forseti, að verið sé að leika sér þannig með stærsta mál þjóðarinnar, að velta á milli sín fleiri milljörðum, velta því svo endanlega yfir á bakið á því fólki sem býr í sjávarplássunum. Menn verða að taka upp lögin um stjórn fiskveiða í samhengi við lögin um Hagræðingarsjóðinn. Annað er ekki hægt. Ég tel að menn eigi að halda sig við það sem segir hvorum tveggja lögunum, að endurskoða þau samtímis en gera það hratt. Gera það fyrr en kveðið er á um í lögunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 1. umr.

Stjfrv., 32. mál (sala erlends gjaldeyris). — Þskj. 32.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Frv. er á þskj. 32. Ég vek athygli á því að á þinginu sl. föstudag var frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, sem er á þskj. 31, vísað til hv. efh.- og viðskn. en í því frv. eru lagðar til ákveðnar breytingar á gengismálum. Þær breytingar tengjast aftur breytingunum sem ég legg nú til að gerðar verði á lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Ég tel heppilegt að hv. efh.- og viðskn. fjalli samtímis um þessi tvö frumvörp.

Gengis- og gjaldeyrismálin voru rædd allítarlega þegar frv. um breytingu á gengisákvæðum seðlabankalaganna var rætt. Ég mun því snúa mér beint að því að lýsa þeim breytingum, sem tillögur eru gerðar um í þessu frv., á ákvæðum um skilaskyldu erlends gjaldeyris í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Núgildandi ákvæði um þetta efni eru í meginatriðum þannig að allur erlendur gjaldeyrir er sölu- eða skilaskyldur. Frá þessari meginreglu eru þó nokkrar undanþágur leyfðar.

Í fyrsta lagi er innlendum aðilum heimilað að leggja erlendan gjaldeyri sem þeir hafa eignast inn á gjaldeyrisreikninga í innlendum bönkum eða sparisjóðum.

Í öðru lagi er bönkum og sparisjóðum heimilað að varðveita erlendan gjaldeyri sem þeim er seldur. Þó skulu þeir, eins og segir í reglunum, selja Seðlabankanum þann erlenda gjaldeyri sem er umfram eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra telji Seðlabankinn nauðsyn bera til.

Í þriðja lagi getur gjaldeyriseftirlit Seðlabankans veitt undanþágu frá sölu- og skilaskyldunni og reyndar einnig leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga með erlendum gjaldeyri í bönkum erlendis og nota sínar gjaldeyristekjur til að inna sérstakar greiðslur sem á þá falla vegna atvinnurekstrarins af hendi samkvæmt nánari reglum sem ráðuneytið setur.

Á grundvelli þessa lagaákvæðis hefur t.d. útgerðum fiskiskipa, sem sigla með og selja fisk eða fiskafurðir á erlendum markaði, verið leyft í reglugerðinni að draga frá skilaskyldunni kostnað við söluferðina og kaup á nauðsynjum erlendis. Þar með eru talin t.d. veiðarfæri og olía. Jafnframt hefur verið heimilað í reglugerð að innlendir aðilar megi innan ákveðinna marka leggja erlendan gjaldeyri sem þeir hafa eignast inn á reikninga í erlendum bönkum rétt eins og þeim er leyft að leggja hann inn á innlenda gjaldeyrisreikninga.

Frú forseti. Til þess að unnt sé að koma á gjaldeyrismarkaði á Íslandi er nauðsynlegt að aflétta sölu- og skilaskyldunni á erlendum gjaldeyri í meira mæli en þegar hefur verið gert. Það mun án efa taka nokkurn tíma að byggja hér upp gjaldeyrismarkað og það er ekki þörf á eða efni til að aflétta að fullu og öllu í einni svipan sölu- og skilaskyldunni. Mér virðist eðlilegt að fyrstu skrefin í þróun gjaldeyrismarkaðar felist í því að koma hér á því sem kalla mætti millibankamarkað þar sem bankar og fjármálastofnanir geta verslað með þann erlenda gjaldeyri sem þeir hafa undir höndum. Næstu skref gætu svo verið í því fólgin að stærstu kaupendum og seljendum erlends gjaldeyris yrði veittur aðgangur að markaðnum beint og svo síðan öðrum aðilum. Í ljósi þessarar skoðunar er lagt til að lagaákvæðið um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris verði þannig úr garði gert að auðvelt sé að rýmka um þessi skilyrði eftir því sem markaðurinn myndast. Því er lagt til í frv. að sölu- og skilaskylda gjaldeyris verði ekki fastákveðin í lögum heldur verði viðskrh. heimilað að ákveða í reglugerð hvaða reglur skuli gilda á þessu sviði og er það næsta opin heimild. Með þessu er í raun og veru verið að afnema lögbundna sölu- og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefur verið hér á landi síðustu missirin, að afnema hömlur á gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa. Sveigjanleiki af þessu tagi hefur í för með sér að unnt er með auðveldum hætti að rýmka reglurnar um sölu- og skilaskyldu smátt og smátt eftir því sem gjaldeyrismarkaðurinn vex fram.

Á öðrum Norðurlöndum, sem okkur er gjarnt að bera okkur saman við, eru lögin um gjaldeyrisviðskipti alls staðar heimildarlög þar sem nánast allt vald til að ákveða gjaldeyrisreglurnar, þar á meðal reglur um sölu- og skilaskyldu, er framselt til framkvæmdarvaldsins. Þannig er það í finnskum lögum frá 1985, dönsku lögunum frá 1988 og sænsku lögunum frá 1990. Sem besta dæmið um það hversu lög um þetta efni geta verið rúm um heimildir vil ég nefna það að núgildandi lög um gjaldeyrismál og gjaldeyrisviðskipti í Noregi, sem eru reyndar frá árinu 1950, fela í sér svo víðtækar heimildir fyrir framkvæmdarvaldið til þess að ákveða skipan gjaldeyrismála að á grundvelli þeirra, þessara fertugu laga, hefur skipan gjaldeyrisviðskipta þar í landi þróast frá fullkomnu skömmtunarkerfi, leyfaveitingum, eins og var fyrst eftir stríðið og í kringum 1950 og þar á eftir, yfir í núgildandi fyrirkomulag og reglur þar sem mjög litlar hömlur eru lagðar á gjaldeyrisviðskiptin. Það er rétt að undirstrika að samfara því sem frelsi í gjaldeyrismálum verður aukið og sölu- og skilaskylda afnumin er tekin upp ströng tilkynninga- og upplýsingaskylda. Ég legg ríka áherslu á að þetta verði áfram gert hér á landi og í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála eru þegar ströng ákvæði í þessu skyni.

Að endingu, frú forseti, vil ég geta þess að í viðskrm. og Seðlabanka er hafin heildarendurskoðun á lögunum frá 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum er að því stefnt að á síðari hluta næsta árs verði samþykkt ný lög um gjaldeyrismál samfara því sem frelsi í gjaldeyrisviðskiptum yrði aukið enn frekar frá því sem nú er. Þessi endurskoðun er einnig áfangi í aðlögun og samræmingu íslensks viðskiptaréttar að ákvæðum samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Jafnframt er stefnt að því að um sama leyti taki gildi ný lög um Seðlabankann á grundvelli tillagna nefndar sem nú starfar að endurskoðun þeirra eins og kom fram í umræðunum um frv. um breytingar á gengistilhögun sem var til umræðu í þinginu sl. fimmtudag.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að vísu svo, eins og hæstv. viðskrh. rakti í ræðu sinni, að í umræðum um annað frv., frv. til laga um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, hafa menn að mestu rætt þau efnisatriði sem lúta að málefnum þessara tveggja frumvarpa. Hér er á ferðinni lítils háttar breyting, að formi til ekki stór breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, þar sem eingöngu er hróflað við einni grein laganna, en þó er það svo að það sem á bak við liggur eru auðvitað býsna stórir hlutir í okkar gengis-, gjaldeyris- og viðskiptamálum.

Hæstv. viðskrh. rakti það réttilega að í raun og veru er formbreyting málsins mjög einföld. Það sem áður hefur verið bundið í lögum er nú sett í vald ráðherra og raunar sagt í þremur línum. Allt sem áður hefur staðið í lagatexta um skilaskyldu og reglur um sölu- og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri hljóðar nú einfaldlega svo:

„Um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris, sem innlendir aðilar, þar með taldir þeir aðilar sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, fer eftir reglum sem ráðuneytið setur."

Hér er auðvitað um að ræða algert valdaafsal á þessu sviði yfir í hendur hæstv. viðskrh.

Og þegar skoðuð eru saman þessi tvö mál er það alveg ljóst að með þeim yrði, ef að lögum verða, veruleg breyting á tilhögun þessara mála þar sem í fyrra tilvikinu, með boðuðum breytingum á lögum um Seðlabankann, færast öll atriði sem varða fyrirkomulag gengisskráningar yfir í hendur Seðlabankans sem í samvinnu við ráðherra ræður þeim málum — og hæstv. viðskrh. var bent á að einfalda þar frumvarpstextann

niður í þá einu setningu að segja Seðlabankann ráða þessu og hafa það eins og hann vill hafa það í samráði við viðskrh. Hér væri sömuleiðis hægt að hafa formið einfaldara og segja ósköp einfaldlega: Viðskiptaráðherra ræður því hvernig farið er með erlendan gjaldeyri. Punktur.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því, þegar þessar breytingar eru afgreiddar, að með þeim er verið að sleppa öllu út úr höndum Alþingis og endanlega áhrifum, svo ekki sé nú minnst á vald á þessu sviði.

Nú kann vel að vera, eins og hæstv. ráðherra rakti, að þetta sé í átt til þess sem er í löggjöf nágrannalandanna, en þá hefði hæstv. ráðherra réttilega átt að geta þess líka að við erum bara ósköp einfaldlega ekki nágrannalöndin, við erum Ísland, og hér gilda að sjálfsögðu allt aðrar aðstæður í þessum efnum. Hér vantar ekki árátuga heldur jafnvel alda bakgrunn viðskipta á þessum sviðum sem þar er fyrir hendi. Hér er, eins og áður hefur komið fram í umræðunni og ég gerði nokkuð grein fyrir í ræðu minni um Seðlabankann, alls ekki fyrir hendi neitt sem hægt er að kalla gjaldeyrismarkað. Hér er því allt það starf óunnið sem lýtur að því að móta reglur og byggja upp þau tæki sem til verða þá að koma til þess að markaðsskráning á gengi og frjáls markaður, þar sem kaup og sala á gjaldeyri fer fram, fyrirfinnist yfir höfuð í landinu.

Ég tel þessar breytingar báðar, þó að þær, og ég býst við að flestir séu sammála um það, séu í þá átt sem eðlilegt megi teljast, að mörgu leyti lagðar fyrir með dálítið ótímabærum hætti af hálfu hæstv. ráðherra. Ég óttast því miður að einu sinni sem oftar hafi formið og löngunin til þess að undirrita eða sýna hlutina á pappírum tekið nokkuð völdin í störfum hæstv. ráðherra. Ég hefði talið miklu nær og miklu þarfara málinu að meiri undirbúningsvinna hefði farið fram áður en ráðist er í lagabreytingarnar sjálfar og fyrir hv. Alþingi væru lagðir miklu ítarlegri pappírar og meiri rökstuðningur um það með hvaða hætti ætti að standa að þessum breytingum tæknilega og efnislega. Það er lafhægt og auðvelt verk þegar hæstv. viðskrh. væri búinn að undirbúa þannig málin að þingmönnum þætti það tímabært að ráðast síðan í þessar örlitlu breytingar á lagatextum sem hér er verið að fara fram á. Það er í sjálfu sér ekki verkefni. Það er hlutur sem að mínu mati er hvenær sem er hægt að gera og þá í þeim áföngum sem eðlilegt er samhliða því og í kjölfar þess að þau tæki sem til þarf hafi verið byggð upp og efld. Þar á ég ekki síst við þá algjöru endurskipulagningu og uppstokkun á Seðlabanka Íslands sem ég held að hljóti að vera forsenda þess að breytingar af þessu tagi séu trúverðugar.

Nú kann það að vera að í þessu tilviki sé nauðsynlegt að opna að einhverju leyti lagaákvæði um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og breyta 4. gr. þeirra laga, en mér er til efs að það þurfi að gera með svo afdráttarlausum hætti sem hér er lagt til, að fela viðskrh. alræðisvald í þessum efnum í upphafi þessarar vegferðar. Varðandi ákvæðin um Seðlabanka var hæstv. ráðherra á það bent að í raun og veru væri ekkert í lögum sem hindraði að allur sá undirbúningur gæti farið fram sem lyti að því að breyta fyrirkomulagi gengisskráningar

Ég tel að tæplega séu fyrir hendi þau gögn í málinu og sá rökstuðningur sem geri það að verkum að líklegt sé að hv. efh.- og viðskn. þingsins geti afgreitt þessi mál frá sér bara si svona, í góðu skapi, og hent þessum heimildum í Seðlabankann og viðskrh. Ég er ekki að segja að þegar þar að kæmi gætu menn ekki orðið sammála um það að lokum að þetta ætti að vera á valdsviði framkvæmdarvaldsins og ekki væri þörf á því að binda ákvæði af þessu tagi í lögum, en eins og þetta ber að þinginu tel ég óeðlilegt að ekki séu þá a.m.k. til í lagatextanum einhver ákvæði til bráðabirgða eða með einhverjum öðrum hætti kveðið á um hlutverk Alþingis í þessum breytingum, a.m.k. einhvers konar vöktunarskyldu og upplýsingaskyldu sem tengi Alþingi við þetta ferli breytinga, frá lögbundnum ákvörðunum um lögbindingu skilaskyldu gjaldeyris og þeim ákvæðum sem í gildi hafa verið um gengisskráninguna sjálfa. Ég vil a.m.k. fyrir mitt leyti boða það að ég tel eðlilegt að skoða hvort ekki hljóti að koma til einhvers konar ákvæði um samvinnu, samráð við Alþingi eða efh.- og viðskn. Alþingis, og e.t.v. einhvers konar bráðabirgðaákvæði í lögunum, í báðum tilvikum, hvað varðar skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og Seðlabankann, þar sem kveðið væri á um möguleika Alþingis til að fylgjast með þessum breytingum og hafa eftir atvikum hönd í bagga með þeim.

Ég held síðan, hæstv. forseti, að með vísan til þess sem ég sagði í ræðum um frv. um Seðlabankann þurfi ég ekki að fara út í miklar efnislegar umræður um þetta mál, en ég vildi koma þessum atriðum á framfæri. Það er þó eitt atriði enn sem á engan hátt komu þau svör við í umræðunum um Seðlabankann sem ég hefði talið æskilegt að fá hér og lúta fyrst og fremst, má segja, að tvennu, þ.e. annars vegar hinni pólitísku hlið málsins, sem af og til glittir í, til að mynda í umsögn Þjóðhagsstofnunar og að nokkru leyti hefur legið í ræðum hér á þingi um þetta mál, og hins vegar áætlanir um eða áform um hraða þessara breytinga. Ég lýsti þeirri skoðun minni að menn ættu, ef eitthvert raunsæi væri með í ferðinni, að vera að tala um allmargra ára áfangaskipta áætlun um aðlögun þessara mála hjá okkur í skynsamlegum og yfirveguðum þrepum að opnara fyrirkomulagi. Menn ættu að forðast þær gryfjur sem menn hafa fallið í hér á Íslandi á sl. 5–8 árum, t.d. í vaxtamálum, og ég tel að margt sé hægt að læra af, og undir engum kringumstæðum megi menn hér leyfa sér glannaskap og það að gleypa hráar erlendar kennisetningar eða formúlur um það hvernig svona hlutir eigi að vera á lendum hins fullkomna markaðar. Slíkt er að sjálfsögðu víðs fjarri okkar raunveruleika hér uppi á Íslandi, ég tala nú ekki um ósköpin þegar að gjaldeyrismarkaði og skipan gjaldeyrismála og sölu- og skilaskyldu gjaldeyris kemur.

Hitt lýtur að þessum pólitísku rökum sem eins og ég segi hefur glitt í. Það er satt best að segja ákaflega athyglisverður texti í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem ég vitnaði í, um tengingu íslensku krónunnar við ECU

þar sem a.m.k. á tveimur stöðum í textanum er tíundað að þetta kunni að vera svona og svona með hin efnahagslegu rök. Á því séu margar hliðar efnahagslega að fastbinda íslensku krónuna við einhverja viðmiðun eins og ECU, en hitt kunni að vaka fyrir mönnum og vera fyrir hendi að það séu pólitísk rök að tengja okkur með þeim hætti inn í Evrópu. Ég spurði um þetta, reyndar í báðum mínum ræðum, og mér fannst ég fá lítil svör um það hvað væri í raun og veru á ferðinni hvað þessa pólitísku hlið varðaði.

Ég vil sem sagt inna eftir þessu enn á ný og jafnframt hvað hæstv. viðskrh. getur sagt okkur um áætlaðan hraða þessara breytinga, hvað fyrir honum vakir í þeim efnum. Menn hafa fleygt fram tímaskala sem hleypur á 1–2 árum en aðrir hafa talað um að óhjákvæmilegt sé að setja sér áætlun um mun lengri tíma í þessu sambandi.

Þá get ég í þriðja lagi enn ítrekað þá spurningu sem ég rökstuddi áðan, hvað hæstv. viðskrh. segi um það að breyta efni þessara frumvarpa þannig að kveðið verði með einhverjum hætti á um hlutverk Alþingis eða efh.- og viðskn. Alþingis sem a.m.k. geti fylgst með og haft hönd í bagga með þessum breytingum á meðan þær eiga sér stað ef það verður ofan á, eins og lagt er til í frumvarpstextunum, að hefja þessa vegferð með því að afsala öllu valdi á þessu sviði í hendur Seðlabanka og viðskrh.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er flutt er nokkuð í tengslum við það sem hér var til umræðu fyrir helgina um breytingar á lögum um Seðlabankann sem var rætt nokkuð ítarlega. Ég tel því að þetta gefi ekki tilefni til langrar umræðu. Hins vegar tel ég að fyllsta ástæða sé til að við förum varlega. Ég get tekið undir þau ummæli hv. 4. þm. Norðurl. e. áðan að ástæða er til að horfa til þess hvernig til hefur tekist við breytingar á fjármagnsmarkaðnum til að opna hann. Ég tek það skýrt fram að að mínu áliti var það eðlileg þróun að menn fikruðu sig áfram og opnuðu hér fjármagnsmarkaðinn, leituðu eftir grundvelli til að vextir gætu myndast eftir markaðsaðstæðum. Reynslan í því máli kennir okkur hins vegar að þetta var miklu lengri og snúnari leið en menn hugðu. Ég vil í það minnsta ekki ætla mönnum annað en menn hugðu í upphafi og ég tel reyndar að eins sé varðandi þau mál sem hér eru til umræðu.

Það sem ég sé jákvætt í þeim breytingum sem hér eru boðaðar er að menn geta í rólegheitunum þróað hér gjaldeyrismarkað sem yrði í þá átt að gjaldeyrisskráningin á hverjum tíma tæki mið af framleiðsluatvinnuvegunum, af þörfum útflutningsatvinnuveganna. Því miður sýnist manni þessu vera öfugt farið ef litið er yfir þróun undanfarinna áratuga. Þá hafi sú gengisstefna sem hér hefur verið fylgt oftar en hitt, og á lengri tímum, verið þannig að hún hefur tekið meira mið af neyslunni og innflutningnum heldur en því að færa útflutningnum eðlilegan skerf af verðmætasköpun sinni.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, leggja á það áherslu að hér er um að ræða stórt mál sem ég held að hljóti að gefa tilefni til þess að efh.- og viðskn. leggi verulega vinnu í það að kynna sér bakgrunn málsins, hugmyndir Seðlabanka og viðskrh. um hvernig þeir beiti þeim heimildum sem þarna eru gefnar og að efh.- og viðskn. móti í meðferð málsins nokkuð fastmótaðar línur hvað það snertir. Það fari þannig ekkert á milli mála við lestur þingtíðinda hver hafi verið vilji Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég reyndar gef mér það að hér sé um að ræða mál sem sé þess eðlis að um það eigi að vera hægt að ná nokkuð víðtækri samstöðu á Alþingi ef viðhöfð verða þau vinnubrögð sem ég nefndi.

Í mínum huga hefur veikasti hlekkurinn í þessum tveim frumvörpum, og það á kannski sérstaklega við í þeim fylgiskjölum sem við höfum fengið og það sem hefur komið fram í ræðum hæstv. viðskrh. bæði innan þings og einkum utan þings, verið þetta daður við tengingu við ECU sem ég hef ekki fengið nein rök fyrir enn þá að sé nauðsynleg, hvað þá til heilla. Utanríkisviðskipti okkar tengjast svo miklu fleiri aðilum en evrópska markaðssvæðinu að ég held að það hljóti að vera verulegar hættur því samfara að fara að setja viðmiðunarkörfuna fasta við Evrópugjaldmiðlana eingöngu. Vel má vera, eins og hér hefur komið fram bæði í þeim gögnum sem dreift hefur verið með frv. og víðar, að þar sé um að ræða pólitískt spursmál, þar séu menn að fylgja eftir hugsanlegum samningum um Evrópskt efnahagssvæði og þetta sé svona pólitískur punktur yfir það i. Ekki vil ég samt gera því skóna frekar hér. Það væri samt mjög æskilegt ef hæstv. iðnrh. mundi í svarræðu sinni víkja aðeins að því hvað menn eigi við með þeim pólitísku markmiðum sem um er að ræða með tengingunni við ECU.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði nokkuð um það að hann óttaðist að með þessu væri verið að skerða áhrif og völd þingsins í gjaldeyrismálum og í gengismálum í tengslum við það frv. sem rætt var hér á fimmtudag og föstudag í síðustu viku. Það má til sanns vegar færa að hér sé verið að framselja til framkvæmdarvaldsins vald sem þingið hefur haft til þessa og bundið í lögum. En mig langar til að benda hv. þm. á að einmitt þessi breyting á lagaumgjörðinni, sem gerð hefur verið á undanförnum árum og áratugum í okkar nágrannalöndum, hefur verið grundvöllur fyrir þróun í frjálsræðisátt og til frjálsra viðskipta með gjaldeyri eins og aðra hluti.

Ég get varla látið hjá því líða heldur að benda á það að í flestum ríkjum Austur-Evrópu, sem áður lutu miðstýrðum áætlunarbúskap, hverfur nú hver þjóðin á fætur annarri að þessu ráði sem hér hefur verið lýst í þessum tveimur frumvörpum þótt þau séu ekki umfangsmikil að blaðsíðutali. Þetta vildi ég benda á og sérstaklega finnst mér ástæða til þess að neita því þegar því er haldið fram í síbilju að Ísland sé á einhvern hátt allt öðruvísi en önnur lönd hvað hagkerfi og efnahagsmál varðar. Þetta er einfaldlega ekki rétt. Það er enn satt, sem Jón Sigurðsson forseti sagði á fyrri hluta 19.

aldar, að versluninni á Íslandi er eins háttað og annars staðar. Hún er þjóðinni hagstæðust þegar hún er frjálsust. Ég hef nú að vísu því miður ekki réttu ritin við höndina til að vitna til á þessari stundu en nokkurn veginn orðrétt er þetta svona. Þetta er enn satt og það gildir um gjaldeyrisverslunina líka.

Ég vil líka benda á að hvergi hefur falist í þessu máli, og það tengist fyrirspurnum og athugasemdum bæði hv. 4. þm. og hv. 6. þm. Norðurl. e., að hér ætti að geysast fram og breyta þessum skilyrðum í einu vetfangi. Það stendur ekki til. Þarna verðu gáð um hverja gátt áður en um hana er gengið. Ég il ekki setja tímasetningar á þessar breytingar eða víkkun viðskiptahringsins með gjaldeyri sem ég vék að í framsöguræðu minni. Það verður gert eftir því sem skynsamlegt getur virst. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara um það öðrum orðum en þeim að vitaskuld verður efh.- og viðskn. þingsins látin fylgjast mjög vel með þessu máli og það er sjálfsagt að reyna að fá þær stofnanir sem þarna starfa til þess að leggja gögn fyrir nefndina eftir því sem hún telur nauðsynlegt og eðlilegt til þess að menn fulltreysti því að hér sé ekki verið að ana út í einhverja ófæru, því fer víðs fjarri. Fyllsta ástæða er til þess að fara varlega og kynna sér reynslu nálægra landa, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi, fikra sig áfram og ég fagna því sem fram kom í ræðu hans að hann taldi jákvætt að hér yrði þróaður gjaldeyrismarkaður en það er einmitt tilgangurinn með þessum tveimur frumvörpum að leyfa öflum markaðsins, framboði og eftirspurn, að hafa nokkur áhrif á gengisskráningu krónunnar.

Þetta virðulegi forseti, vildi ég nú láta koma fram um þau tvö atriði sem hv. 4. þm. Norðurl. nefndi um hraða breytinganna og um hlutverk Alþingis. Ég tel hins vegar ekki rétt að hafa inni í lögunum ákvörðunarvald fyrir þingið. Við erum einmitt hér að gera mörkin skýr á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds líkt og gert hefur verið með góðum árangri um allan hinn vestræna heim og sem hin fyrri miðstýrðu áætlunarríki hverfa nú öll sem óðast af.

Að lokum, vegna þess sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. um pólitík og pólitísk áhrif og kom reyndar einnig fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég segja að það var eins og þessir ágætu pólitíkusar teldu að þetta með pólitík væri eitthvað sem væri ekki alveg í lagi. Auðvitað er það í lagi. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að þarna er safnað undir eitt lýsingarorð ýmsum áhrifum sem menn ekki treysta sér til þess að magnhæfa í hagfræðum sínum og segja sem svo: Tenging við mynteiningu eins og þá evrópsku gæti í senn aukið mönnum trú á stöðugleika gengis og verið vísbending um vilja til náins efnahags- og viðskiptasamstarfs við Evrópuríkin. Þetta eru stjórnmál. Þetta er pólitík og ég sé ekkert athugavert við það að þetta sé nefnt sem einn þáttur sem móti ákvörðun manna í þessu máli.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, þakka þessum ágætu þingmönnum fyrir áhugann sem þeir sýna þessu máli og fagna því að hjá þeim kemur fram vilji til samstarfs um það að koma þessum þörfu breytingum fram þótt þær láti lítið yfir sér. Ég vona í lengstu lög að þeir sem eru hlynntir umbótum í frjálsræðisátt verði ekki á móti breytingunum sem gera þarf á löggjöfinni til þess að þær geti orðið að veruleika.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka viðskrh. svör hans um leið og ég ítreka það að í þeirri spurningu sem ég varpaði fram, þar sem ég lýsti eftir þeim pólitísku rökum sem nefnd eru þarna, var af minni hálfu ekki neitt neikvætt. Hins vegar vil ég enn leita eftir svörum við þessu sem ekki hafa fengist fyrr en í þessari ræðu viðskrh. þar sem hann nefndi það að sú pólitík sem þarna stæði á bak við væri að beita reglum um gengisskráningu til þess að festa enn í sessi þá viðskiptalegu hagsmuni sem menn hafa verið að leita eftir í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði.

Að vísu lýsti viðskrh. þessu ekki beint sem sinni skoðun en ég held að við þurfum að skoða þetta mjög vel og gæta fullrar varúðar gagnvart því að tengja okkur ekki meira einu viðskiptasvæði heldur en okkur ber nauðsyn til vegna brýnna viðskiptalegra hagsmuna og þeirra viðskiptasamninga sem við gerum við þá aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þorskeldi, fyrri umr.

Þáltill. RA, 83. mál. — Þskj. 85.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Á þskj. 85 flyt ég till. til þál. um þorskeldi. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun að láta hefja tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl til eflingar þorskstofninum við Ísland."

Það þarf varla að segja hv. alþm. að þorskurinn er mikilvægasta auðlind Íslendinga, a.m.k. eins og atvinnulífi okkar er háttað í dag. Hlutur þorskafurða er um 35% af heildarútflutningi þjóðarinnar. Vöxtur og viðgangur þorskstofnsins ræður því algerum úrslitum um afkomu þjóðarinnar á komandi árum. Nú er það dapurleg staðreynd að þorskstofninn fer minnkandi. Ég held að þegar þjóðin verður fyrir miklum tekjusamdrætti af völdum minnkandi þorskveiði og horfur eru frekar skuggalegar hvað varðar viðgang þorskstofnsins, þá hljóti það að vera tímabært að verulegu fé sé varið til þess að reyna að styrkja þorskstofninn við strendur landsins.

Rétt er að geta þess að þetta mál hefur oft áður komið til tals og fyrir nokkrum árum hugleiddu menn hvort ekki væri tímabært að hefjast handa um þorskeldi hér á landi. Ég minnist þess, og það kom reyndar fram í þskj. um eldi sjávardýra við þáltill. sem ég stóð að fyrir átta árum, að í kjölfar ráðstefnu í Noregi sem þá var haldin um þessi mál var ekki talið tímabært að hefja eldi þorskseiða að svo stöddu einfald-

lega vegna þess að tæknin virtist ekki enn vera fengin til að þetta gæti tekist. Það virðist hins vegar ljóst af fréttum sem berast af rannsóknum frá nálægum löndum að núna er fyllilega tímabært að hefja þessar rannsóknir hér á landi og því er þessi tillaga flutt.

Í Noregi hafa rannsóknir á þorskeldi verið í fullum gangi og það er enginn vafi á því að tækninni og þekkingunni á þessu sviði fleygir mjög ört fram. Vissulega er nokkuð ljóst að býsna mikið þarf til að hægt sé að hjálpa náttúrunni svo um munar við ræktun fiskstofna. Það þarf gífurlegt magn seiða. Reiknað er með að í hverjum þorskárgangi kunni að jafnaði að vera um 200 millj. fiska og þeir vaxa upp af einum milljarði seiða. En til samanburðar er rétt að nefna að hér mun vera sleppt árlega um 10 millj. laxaseiða til hafbeitar. Það er því ljóst að til að ná árangri af seiðaeldi í mjög stórum stíl þarf mikið til. En það gæti margborgað sig ef vel tækist til.

Það eru ekki aðeins Norðmenn sem hafa sýnt rannsóknum á þorskklaki áhuga. Segja má að á Norðurlöndunum almennt sé mikill áhugi á þessu máli og fram hefur komið í fréttum að í Danmörku hafa samtök útgerðarmanna staðið að framleiðslu á þorskseiðum og áformað að sleppa miklum fjölda seiða við strendur Danmerkur núna á næstu árum. Á vegum Norðurlandaráðs hefur líka verið unnið að sameiginlegum rannsóknaáætlunum sem miða að stórauknum áætlunum á hafbeitarþorski. Eitt stærsta rannsóknarverkefnið verður á Færeyjabankanum en þar hefur þorskstofninn nær horfið og er mikill áhugi fyrir því að hann verði byggður upp einmitt á þann hátt að sleppa seiðum.

Þekking á hrygningu og klaki þorsks hér við land ásamt öðrum þeim þáttum sem hafa áhrif á afkomu þorsklirfa er vissulega ekki nægilega mikil enn sem komið er. En einmitt þess vegna og í beinu framhaldi af þeim tilraunum sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum á þessu sviði hlýtur að vera tímabært að Íslendingar hefji svipaðar rannsóknir hér á landi af fullum krafti.

Fyrstu skrefin í þessa átt hafa þegar verið stigin. Í sumar var t.d. hrygningarfiski safnað og honum komið fyrir í tilraunastöð Hafrannsóknastofnunar og í vetur er fyrirhugað að kreista fiskinn og frjóvga hrognin og gera tilraunir með klak og kviðpokalirfur. Mér skilst að hugmyndin sé sú að það þurfi að leita samhengis milli stærðar hrygna og hrygningartíma annars vegar og stærðar hrogna og lirfa hins vegar og rannsaka hvort lífslíkur lirfa eru að einhverju leyti háðar stærð þeirra.

Að sjálfsögðu liggur í augum uppi að Hafrannsóknastofnun mun eiga samstarf um þetta rannsóknarverkefni við ýmsa aðila og stofnanir og það er sérstök ástæða til að nefna bæði Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og fyrirtæki eins og Fiskeldi Eyjafjarðar sem hefur fengist mikið við þessi mál allra seinustu árin.

Auðvitað er það kjarninn í þessari tillögu að Alþingi lýsi vilja sínum til að Hafrannsóknastofnun fái bætta aðstöðu til að koma þessum rannsóknum á þorskeldi í fullan gang sem fyrst. Það er ekki verið að fitja upp á einhverju sem þeim í Hafrannsóknastofnun hefur ekki dottið í hug nú þegar. Að sjálfsögðu eru þeir á vaktinni hvað þetta mál varðar en þá vantar algerlega þá fjármuni sem til þarf til að hrinda þessum rannsóknum á fullan skrið og er kannski rétt að geta þess í þessu samhengi að Hafrannsóknastofnun hefur einmitt farið fram á það við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1992 að stofnunin fái 63 millj. til rannsókna á eldi sjávardýra.

Ekki er nokkur minnsti vafi á því að fiskeldi fer mjög vaxandi bæði hér á landi og um allan heim. Samkvæmt langtímaspám FAO er talið að innan 30 ára verði eldi vatna- og sjávarfiska helmingur af heildarveiði í heiminum. Neysla sjávarfangs fer mjög ört vaxandi eins og kunnugt er. Neyslan hefur aukist um 2,5% á ári að undanförnu og því er spáð að aukningin muni nema 3% á næstu árum sem þýðir að neyslan tvöfaldast á aðeins 25 árum. Hérna er að sjálfsögðu ekki aðeins um að ræða seiðaeldi, það er ekki síður um að ræða seiðaeldi til þess að aðstoða náttúruna, heldur er líka um að ræða hafbeit og svo hreint matfiskeldi.

Ég vil líka taka fram að vissulega er fyllsta ástæða til þess að auka mjög rannsóknir á öðrum botnfisktegundum en þorski og þorskur er hér í þessari tillögu eingöngu nefndur vegna þess að hann er langmikilvægasta fisktegund Íslendinga. En að sjálfsögðu eru möguleikarnir fjöldamargir aðrir og er kannski nóg að nefna hér sem dæmi að lúðueldi þykir lofa mjög góðu. Tilraunir hafa verið hjá Fiskeldi Eyjafjarðar undanfarin þrjú ár með lúðueldið. Fyrsta árið munu öll seiðin hafa drepist. Næsta árið lifðu tvö seiði en á þessu ári hafa lifað fimm þúsund seiði. Fimm þúsund seiði hafa lifað af þá erfiðu myndbreytingu sem á sér stað þegar lirfan breytist í seiði. En til samanburðar má geta þess að Norðmenn eru komnir það miklu lengra á veg, t.d. hvað varðar lúðueldi, að þeir munu framleiða um 150 þúsund seiði á þessu ári.

Ekki þarf að orðlengja um laxeldi og silungseldi svo kunnugt sem það er öllum alþingismönnum en það er rétt að nefna hér að hlýri og steinbítur henta mjög vel til eldis og einnig eru miklir möguleikar á eldi heitsjávartegunda. Þar koma margar tegundir til greina, m.a. vartari og gullbraka. Ég hef séð áætlanir um eldi heitsjávartegunda og verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að þar séu á ferðinni mjög álitleg áform og væri sjálfsagt að ríkisvaldið reyndi að styðja við bakið á þeim mönnum sem eru að reyna að feta fyrstu skrefin á þeirri braut.

Virðulegi forseti. Tími minn er senn á þrotum. Ég held að ég hafi fært hér nægileg rök fyrir þeirri staðhæfingu minni að brýna nauðsyn ber til þess að veita þeim vísindamönnum stóraukinn stuðning sem eru að reyna að ryðja nýjar brautir á þessu sviði. Við höfum verið allt of sparsöm hvað varðar fjárveitingar í þessu skyni og eins og ég hef þegar sagt er að sjálfsögðu megintilgangur þessarar tillögu að Alþingi lýsi þeim vilja sínum að veitt sé nægilegt fjármagn og komið upp myndarlegri aðstöðu til að koma þessum rannsóknum í fullan gang.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. sjútvn.

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er e.t.v. sá eini hérna inni sem hef próf í því að ala þorska þó ekki hafi það gefist mér vel á stjórnmálaferli mínum hingað til að kunna að höndla slíka fiska, a.m.k. ekki á þeim tíma sem ég var í sama stjórnmálaflokki og sá hv. þm. sem hér talaði skörulega á undan mér. (**RA:** Þingmaðurinn er nú orðinn þingflokksformaður.) Vera má að það dugi eitthvað í hinum nýja flokki.

En hér hefur hv. þm. Ragnar Arnalds hreyft afar þörfu máli. Hann er að flytja tillögu sem vekur athygli á því að það sé nauðsynlegt að Íslendingar haldi vöku sinni í þessu máli. Hitt er svo annað mál að sú tillaga sem hann flytur gengur e.t.v. fulllangt. Í henni felst að sjútvrh. og Hafrannsóknastofnun sé falið að hefja tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl. Ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt að huga að þessu máli og jafnvel að hefja einhvers konar tilraunir en í dag er staðan sú að þetta mál hefur ekki gengið viðlíka vel og menn höfðu vonað í upphafi. Þess vegna tel ég að það væri auðvitað réttast að byrja núna að safna saman þeim upplýsingum sem fyrir liggja mjög víða vegna þess að þetta mál er á því stigi tilrauna að í mjög mörgum háskólum og rannsóknastofnunum liggja fyrir upplýsingar sem ekki er búið að safna saman. Til að mynda hefur Hafrannsóknastofnun ekki fullkomið yfirlit yfir stöðu mála eins og hún er í dag.

En mig langar að skjóta því að vegna þess að hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi að það væru ýmsar aðrar kaldsjávartegundir eins og hlýri og steinbítur sem menn eru farnir að rækta. Þetta er hárrétt og þá vil ég geta þess að Íslendingar hafa þarna nokkra sérstöðu vegna þess að í hinu mjög svo merka sjávardýrasafni í Vestmannaeyjum voru menn fyrstir til þess að komast að raun um hvernig hrygningu hlýra og steinbíts var háttað og tóku það fyrstir upp á myndband. Þar var um verulega merkar rannsóknir að ræða hjá einum einstaklingi sem fyrst og fremst af áhuga sínum, en mjög litlum fjárframlögum hins opinbera, framkvæmdi afar merkar tilraunir.

Rétt er það að þorskklak hefur verið afar lengi við lýði. Á því var byrjað fyrir einum 100 árum í Noregi. Og frá 1884 og fram undir 1970 var sleppt hvorki meira né minna en 10 milljörðum þorsklirfa, kviðpokaseiða, í Noregi. Í ýmsum fylkjum vestan hafs var sleppt enn meira. Það voru tugir milljarða seiða, kviðpokalirfa raunar, sem var sleppt. Þetta gaf enga raun. Það voru afskaplega góð gögn um þessar sleppingar en þegar árin 1920–1965 voru gerð upp með tölfræðilegum hætti, þá kom í ljós að þarna höfðu engin áhrif orðið á þorskgengd. Hins vegar var það upp úr 1970 sem Norðmenn hófu þorskeldi í innfjörðum og slepptu mun stærri seiðum, þ.e. seiðum sem höfðu náð ½–1 grammi. Þeim gekk það býsna vel, fyrst og fremst vegna þess að þeir buðu þessum seiðum upp á náttúrulega fæðu, en þetta eldi var þeim annmarka háð að nauðsynlegt var að sía náttúrulegt fæði úr sjónum. Á þeim tíma þegar matarkista sjávarins brestur, þannig að það verður fall í náttúrulegum stofnum, þá brestur öflun slíkrar fæðu líka. Þannig að þetta eldi stendur og fellur með því að það takist að finna þurrfóður handa þessum ágætu skepnum.

Það er rétt hjá hv. þm. Ragnari Arnalds að í Danmörku hafa staðið yfir merkar tilraunir, sem hafa fyrst og fremst verið á hendi aðila í útgerð og útvegi en ekki á hendi sérfræðinga. Þar hafa menn verið að klæða skurði með plasti og dæla þar í sjó úr tiltölulega hlýjum lónum með mjög mikilli fæðuframleiðslu. Þannig byrjaði það. Það gekk afskaplega vel. Síðan hafa menn einnig verið að beita þurrfóðri með þeim árangri, samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér í síðustu viku frá eldisstaðnum, Hvítasandi á Jótlandi, að því miður tókst afar illa til. Fyrsta árið byrjaði með því að hálf milljón kviðpokaseiða klaktist og 100 þúsund hálfsgrammsseiði náðust í júní. Af þeim voru 10 þús. sett út en obbinn af því sem eftir var dó þegar menn fóru að beita þurrfóðrun, þannig að enn er mjög langt í land.

Við verðum auðvitað að gæta að því að ana ekki út í neitt sem er of viðamikið og of dýrt en ég tek undir að það er þarft að vekja máls á þessu og halda þessu vakandi. Ég tel hins vegar, án þess að ég vilji draga úr gildi þessarar tillögu, að hvað varðar fjárframlög ættu menn e.t.v. frekar að reyna að hlúa að þeim mjög merka vaxtarsprota sem er að finna hjá Fiskeldi Eyjafjarðar, þ.e. lúðueldinu, sem hefur tekist vonum framar.

Mig langar að geta þess að í Noregi eru menn fyrst og fremst að efla þorskeldið til þess að sleppa í tiltölulega afmarkaða innfirði en við Íslendingar höfum lítið af slíkum hafsvæðum. Þeir standa því talsvert betur að vígi og þar eru líka staðbundnir þorskstofnar sem ég hygg að við höfum afar lítið af. Hvað kostnað varðar, þá er það svo að það kostar um 10 norskar kr. að framleiða eitt 10 gramma seiði. Talið er að í dag séu endurheimtur ekki nema 100 grömm pr. sleppt seiði. Eins og stofnkostnaðurinn er í dag, þá eru þetta 1.000 ísl. kr. á hvert kg sem kemur til baka. En það þýðir samt ekki að örvænta vegna þess að svona var þetta líka með ýmsar aðrar tegundir sem þingmaðurinn nefndi eins og t.d. sandhverfu.

Ég var sjálfur við það að þróa tækni til að ala sandhverfu og það tókst í Bretlandi á árunum upp úr 1980. Það var með mjög svipuðum hætti og þegar menn áttu gegnumbrot í lúðueldinu. Fyrsta árið voru það fimm seiði, næsta árið 20 þús. Nú er þetta ræktað í stórum stíl í Bretlandi, á eynni Mön t.d., og flutt flugleiðis til Suður-Evrópu og jafnvel til fjarlægra heimsálfa.

Ég vil, herra forseti, mæla með því að þessi ágæta tillaga fái þinglega meðferð. Ég tel að hún sé þörf að því leyti til að hún vekur athygli á því að þarna er um að ræða möguleika sem íslensk stjórnvöld mega ekki láta fram hjá sér fara í framtíðinni en í bili er e.t.v. rétt að fara með mikilli gát og fyrsta skrefið ætti að vera það að safna saman öllum þeim upplýsingum sem eru til og koma þeim í hendur íslenskra vísindamanna.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar aðeins að þakka fyrir þennan tillöguflutning og lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta mál. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta langt mál. Hv. þm. Ragnar Arnalds, flm. tillögunnar, hefur skýrt málið og síðan sérfræðingur okkar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, bætt um betur þannig að ég held að menn viti nú orðið hér á landi hvaða tækifæri eru til stórfelldrar fiskiræktar og eins að það er líka erfitt að vera brautryðjandi. Menn hafa auðvitað mikið lært af reynslunni og við verðum að láta mistökin verða til þess að kenna okkur enn betur en ekki endilega fara hægar. Ég held ekki að það sé nauðsynlegt vegna þess að margir aðrir hafa gert tilraunir sem nýtast okkur nú og munu gera, ekki síst Norðmenn eins og hefur verið vitnað til, sérstaklega held ég varðandi sandhverfu, það var það síðasta sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi. Ég kynnti mér það svolítið líka, ekki sem kunnáttumaður heldur kannski sem frumkvöðull að því að reyna þessa fisktegund, úti í Skotlandi. Við vitum öll eða margir sem höfum ferðast talsvert að á matseðlum er þessi fiskur yfirleitt dýrari en allur annar og mikil gæðavara.

Skotarnir höfðu ekki náð fullum tökum á að ala þennan fisk þegar ég fyrst sá þeirra stöð en hafa það nú eins og kom hér fram áðan. Um lúðueldið vitum við að við erum að ná tökum á því. Mistökin hafa orðið mikil í sambandi við laxeldi og silungseldi. Þar var kannski líka farið of geyst af stað og e.t.v. á ég einhverja sök á því að hvetja menn um of til þess að leggja út í baráttuna. En af mistökunum höfum við lært og ekkert land á norðurhvelinu liggur betur við fiskirækt en Ísland.

Menn gleyma því kannski í óðagoti og rifrildi að Ísland, með höfunum sem við eigum að réttum lögum, er mun stærra en t.d. Mið- og Suður-Evrópa öllsömul og þó víðar væri farið. Við eigum kannski verðmætasta hluta af yfirborði jarðar á þeim breiddargráðum og lengdargráðum sem við erum á og við þurfum fyrst og síðast að varðveita þetta svæði. En auðvitað líka að auðga það og rækta það og nytja það. Til þess er þetta starf allt unnið og ég held að menn séu að verða nokkuð sammála um að það er ódýrara að rækta vötn heldur en þurrlendi þegar allt kemur til alls og þess vegna sé framtíðin þeirra sem eiga vötnin en ekki endilega hinna sem eiga þurrlendið. Ég held að sagan eigi eftir að sýna það.

En það er tímabært að einhverjir flytji þetta mál og þeir gera það áreiðanlega, flm. og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og flestir þingmenn ef ekki allir munu styðja þetta mál heils hugar þó að þessi miklu mistök hafi orðið og þau mega auðvitað ekki endurtaka sig.

Reynsluna er núna hægt að fá víða um veröld og menn eru að vinna stórsigra þó að við séum ekki að gera það. Við fórum kannski of geyst af stað og líka með of lítið fjármagn. Menn gerðu sér enga grein fyrir því að þetta var fimm ára stríð. Menn voru að taka lán kannski til 2–3 ára sem þeir gátu aldrei borgað. Margir hafa farið flatt á því, því miður, en við skulum vona að varnarbaráttunni sé lokið og nú muni menn geta sótt fram til að auðga og bæta landið og ala fiskinn einmitt í okkar hreina sjó og vötnum, hreinni náttúru. Þá verður íslenski fiskurinn miklu dýrari og eftirsóttari en nokkur fiskur annar.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og Össuri Skarphéðinssyni fyrir góðar undirtektir við þetta þingmál og ágætar ábendingar. Ég vil vegna orða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar fá að leggja áherslu á það að tillagan fjallar ekki um seiðaeldi í stórum stíl heldur um tilraunir í stórum stíl. Þessi orð „í stórum stíl“ eru auðvitað fyrst og fremst ábending um að það þurfi að verða meiri kraftur í tilraunastarfseminni en auðvitað mundum við ekki fara að hefja framleiðslu seiða í stórum stíl fyrr en við hefðum náð einhverjum öruggum tökum á framleiðsluaðferðinni.

Vegna orða hans um það að kannski væri brýnast í þessu máli að safna rannsóknaniðurstöðum frá erlendum vísindamönnum og erlendum háskólum, þá er það vafalaust alveg rétt hjá honum. En þó hygg ég að þeir vísindamenn sem að þessu vinna séu þeirrar skoðunar að íslenskar aðstæður séu sérstaks eðlis og að ekki sé hægt að flytja inn erlendar vísindaniðurstöður ómeltar heldur verði að rannsaka hlutina hér heima. Í nýlegri skýrslu sem Hafrannsóknastofnun hefur gert einmitt um eldi sjávardýra er aðeins vikið að þessu í nokkrum orðum, og ég vil leyfa mér að ljúka umræðunni með því að vitna til þessara orða því að þau segja eiginlega það sem segja þarf um þetta efni. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Þótt margt megi læra af rannsóknum nágrannalandanna þá verða aðferðir ekki fluttar óbreyttar á milli landa. Hafbeit og eldi á þorski við Ísland verður að byggja á íslenskum rannsóknum og á fiski sem er aðlagaður íslenskum aðstæðum.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, 1. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 150.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ein af þeim leiðum sem stjórnvöld vinnumarkaðsmála í nálægum löndum hafa lagt mesta áherslu á á undanförnum árum og munu leggja enn meiri áherslu á í framtíðinni eru aðferðir til þess að auka starfsmenntun í atvinnulífinu. Um er að ræða bæði grunnmenntun og menntun þeirra sem þegar eru komnir út á vinnumarkaðinn. Í flestum nálægum löndum bera stjórnvöld menntamála ábyrgð á fyrrnefnda hópnum en stjórnvöld vinnumarkaðsmála á þeim síðari.

Á fundi vinnumálaráðherra Evrópuríkja sem ég sótti fyrir tveimur árum var megináherslan lögð á starfsmenntun í atvinnulífinu. Mjög mikil áhersla er lögð á starfsmenntun til að leysa vandamál þeirra sem hafa átt við atvinnuleysi að stríða um langt skeið. Hún er talin nauðsynleg með tilliti til grundvallarbreytingar sem er að verða á framleiðslustarfsemi. Starfsmenntun er yfirleitt kostuð bæði af ríkisvaldi og aðilum vinnumarkaðarins. Ljóst er að starfsmenntun er í boði í öllum löndum Evrópuráðsins og að verulegu fjármagni er ráðstafað í vinnumarkaðsaðgerðir. Aukin starfsmenntun er því víðast hvar forgangsverkefni til þess að draga úr atvinnuleysi. Í þeim löndum er lögð mikil vinna í stefnumótun í vinnumálum þar sem fjallað er um fjölmarga þætti, svo sem starfsemi vinnumiðlunar, atvinnuleysi og atvinnuleysisbætur, þróun atvinnulífsins og mannaflaþörf í einstökum greinum, ný tækni og hæfni fólks á vinnumarkaði.

Það frv. sem ég mæli hér fyrir er nú flutt í þriðja sinn og það á sér því orðið nokkuð langa sögu á þinginu. En að samningu frv. hafa komið aðilar vinnumarkaðarins. Helstu atriði frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu eru eftirfarandi:

Í frv. er ítarlega kveðið á um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu sem er m.a. að stuðla að aukinni framleiðni, greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi, enn fremur að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum.

Markmiðum laganna skal m.a. náð með stuðningi við skipulega starfsfræðslu og með frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

Kveðið er á um skipan í stjórnkerfinu og lagt til að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félmrn. sem ráðuneyti vinnumála.

Tillaga er gerð um skipan starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til starfsmenntunar og skuli vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eiga sæti sjö fulltrúar; þrír fulltrúar samtaka launafólks og þrír fulltrúar samtaka atvinnurekenda. Félmrh. skipi einn fulltrúa án tilnefningar.

Tillaga er um að félmrn. safni upplýsingum um starfsmenntun og miðli þeim til hlutaðeigandi aðila. Með því verði stuðlað að betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til starfsmenntunar á vinnumarkaði og komið í veg fyrir tvíverknað.

Aðilum, sem fá stuðning samkvæmt lögunum, verði skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á.

Framlög hins opinbera til starfsmenntunar í atvinnulífinu verði ákveðin árlega á fjárlögum samkvæmt tillögum félmrh. og renni í ákveðinn sjóð. Það verður því fjárveitingavaldsins að ákveða framlög hins opinbera til starfsmenntunar.

Af frv. er ljóst að ekki er stefnt að uppbyggingu sjálfstæðs starfsmenntakerfis að erlendri fyrirmynd. Þvert á móti er stefnt að fyrirkomulagi sem tekur mið af íslenskum aðstæðum. Í þessu felst að ekki er gert ráð fyrir frumkvæði félmrn. að starfsmenntun né framkvæmd af þess hálfu. Fyrst og fremst er um að ræða rammalöggjöf sem undirstrikar skyldu stjórnvalda til að örva starfsmenntun í atvinnulífinu. Hugmyndin er sú að byggt verði sem mest á því frumkvæði sem ýmsir aðilar hafa tekið á þessu sviði á undanförnum árum. Benda má á starfsvörslumenn fiskvinnslunnar og ýmsar aðrar sameiginlegar starfsmenntunarnefndir atvinnurekenda og launafólks. Afskipti ráðuneytisins felst í skipan starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til framangreindra aðila sem verði í raun ábyrgir fyrir framkvæmdinni. Þeir geti valið um það hvort þeir kjósa að standa sjálfir fyrir starfsmenntuninni eða leita til annarra aðila, t.d. skóla eða annarra stofnana sem sérhæfa sig í fræðslustarfsemi.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að starfsmenntaráð verði stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun á þessu sviði. Í því felst að starfsmenntaráð verði að fylgjast náið með þróuninni á vinnumarkaðnum og í atvinnulífinu. Á grundvelli þess sem þar er að gerast gerir starfsmenntaráð tillögur um forgangsverkefni og nauðsynlegt fjármagn til framkvæmda. Það verður síðan á valdi Alþingis að taka afstöðu til fjárveitinga málaflokksins.

Kosturinn við þetta fyrirkomulag er sá að með því fæst yfirlit yfir það sem er að gerast í starfsmenntunarmálum. Eins og áður hefur komið fram eru margir aðilar að fást við þessa hluti og samstarf og samráð eru í lágmarki. Oft hendir það að fleiri aðilar eru að vinna sama verkið, t.d. að semja sama námsefni með stuðningi opinberra aðila. Með skipun starfsmenntaráðs er stefnt að því að heildaryfirsýn fáist yfir þetta svið þannig að stuðlað sé að betri nýtingu fjármagns.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að hafa um þetta mál fleiri orð, enda hefur þetta áður verið rætt á hv. Alþingi og ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni umræðunni.

Umræðu frestað.

40. FUNDUR

þriðjudaginn 3. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45:1 atkv. og til sjútvn. með 50 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 32. mál (sala erlends gjaldeyris). — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og til efh.- og viðskn. með 47 shlj. atkv.

Þorskeldi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RA o.fl., 83. mál. — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og til sjútvn. með 48 shlj. atkv.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Kirkjugarðsgjald og kirkjujarðir.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. kirkjumrh. um viðhorf og gefin fyrirheit gagnvart þjóðkirkjunni og biskupnum yfir Íslandi.

Óvanalegir atburðir gerðust við upphaf kirkjuþings. Eins og kunnugt er deildi biskupinn hart á hæstv. kirkjumrh., sakaði hann um tvískinnung í málflutningi. Fyrir ári henti nefnilega þingmanninn Þorstein Pálsson að kalla það þjófnað aldarinnar að fyrrv. ríkisstjórn lét hluta kirkjugarðsgjalds renna í ríkissjóð. Mér fannst biskup vera að væna hæstv. ráðherra um að bera ábyrgð á sams konar verknaði á þessu hausti. Hæstv. kirkjumrh. sneri sér faglega út úr þessu og virðist hljóta fyrirgefningu. Þó ætlaði hann ekki að skila biskupi þýfi þessa hausts en aldrei aftur skyldi sams konar verknaður framinn. Eitthvað meira hlýtur biskup að hafa fengið til að veita slíka syndaaflausn og sættast að fullu við hæstv. kirkjumrh. Hver voru þau fyrirheit sem hæstv. kirkjumrh. gaf? Var það að færa kirkjunni 400 kirkjujarðir að gjöf sem ráðherrann virðist hafa heitið eftir fréttum að dæma? Mér virtist biskup svo kampakátur í bragði þegar hann ýjaði að því að kirkjan eignaðist allar þær jarðir sem hún átti um siðaskipti.

Nú er það svo að Alþingi eitt verður að taka afstöðu í svo stóru máli. Um er að ræða eignir upp á marga milljarða, eignir sem skila tekjum í ríkissjóð upp á tugi millj. Landbrn. hefur með þjóðjarðir og kirkjujarðir að gera. Málið er ekki á forræði kirkjumrh. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Um hvað snerist sáttagjörð hæstv. kirkjumrh. og biskupsins? Er ráðherrann að undirbúa það að þjóðkirkjan fái svokallaðar kirkjujarðir afhentar og er þá um sölu eða gjöf að ræða?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að tekið var faglega á því máli hvernig leysa skyldi þá skerðingu á kirkjugarðsgjöldum sem ákveðin var í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og þjóðkirkjunni gerð grein fyrir því að sú skerðing félli niður við fjárlagagerð fyrir árið 1993.

Hitt er allt annað og óskylt mál sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að. Það er álit kirkjueignarnefndar sem legið hefur fyrir um nokkur ár án þess að á því væri tekið. Af minni hálfu hefur komið fram og ég hef beint því til kirkjunnar að eðlilegt væri að teknar yrðu upp viðræður á milli ríkis og kirkju um framkvæmd á þeim niðurstöðum sem fyrir liggja í áliti kirkjueignanefndar. Í því efni hef ég lagt á það áherslu að eigi að ná samningum þar um hljóti það að verða í tengslum við það markmið að kirkjan verði fjárhagslega sjálfstæðari en hún er í dag og taki að sér ný verkefni, til að mynda viðhald og umsjón prestsbústaða sem er dæmi um verkefni sem eðlilegt væri að kirkjan sjálf hefði með höndum. Viðræður af þessu tagi eru ekki hafnar en með hliðsjón af því að þetta álit liggur fyrir og hefur verið óhreyft í skúffum ráðuneytisins í nokkur ár þótti mér eðlilegt að hefja viðræður um það við kirkjuna. Engin fyrirheit hafa verið gefin fyrir fram um hver niðurstaðan eigi að verða frekar en í öðrum samningum sem fram fara.

Iðjuþjálfun misþroska barna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fsp. minni til hæstv. heilbr.- og trmrh. Tilefni fsp. er nýútkomið fréttabréf Foreldrafélags misþroska barna. Þar er ályktað um iðjuþjálfun og þar segir svo:

„Stjórn Foreldrafélags misþroska barna lýsir yfir áhyggjum sínum vegna hugmynda um að hætta öllum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir iðjuþjálfun misþroska barna."

Þannig er mál með vexti að hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra hafa fötluð og misþroska börn notið iðjuþjálfunar foreldrum sínum að kostnaðarlausu. Þessi iðjuþjálfun hefur verið greidd af Tryggingastofnun þó að ekki sé til staðar samningur milli Tryggingastofnunar ríkisins og Félags iðjuþjálfara. En nú bregður svo við að tekið hefur verið fyrir greiðslurnar þannig að ekki hefur verið unnt að taka ný börn til þjálfunar hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra af biðlista sem telur nú um 150–200 börn. Ég ætla að spyrja heilbr.- og trmrh. hvort þetta sé gert með vitund og vilja hans eða að hans undirlagi.

Í öðru lagi vil ég spyrja ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir að greiðslurnar hefjist að nýju hið fyrsta og tryggja að misþroska börn njóti þeirrar iðjuþjálfunar sem þau þurfa á að halda og er þeim mjög mikilvæg. Ég veit að það er ekki bara ég sem bíð eftir svörum frá ráðherranum við þessari fyrirspurn heldur ekki síður Foreldrafélag misþroska barna og iðjuþjálfar.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er um rætt hefur ekki komið inn á mitt borð. Mér er ekki kunnugt um það en það er guðvelkomið að skoða það mál.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Ég þakka stuttaralegt svar ráðherrans. Ég treysti því að það sé rétt að þetta hafi ekki komið til hans skoðunar, en mér er kunnugt um að þetta mál er til skoðunar í Tryggingastofnun ríkisins og eftir því sem ég best veit líka inni í ráðuneytinu. Ég vil biðja hæstv. heilbr.- og trmrh. þess lengstra orða að ganga í þetta mál, skoða það og tryggja að þessi börn njóti þjálfunar. Ég held að foreldrar barnanna megi ekki til þess hugsa ef þjálfunin verður felld niður. Þetta eru börn sem njóta ekki þeirrar þjónustu sem þeim ber í skólakerfinu og þó að það vefjist ekki fyrir okkur að hneppa tölum, reima skó, klæða okkur rétt í föt eða snúa við fötum okkar, þá eru þetta allt mál sem vefjast afskaplega mikið fyrir þessum börnum en þau geta þetta allt saman ef þau fá þjálfunina.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég get litlu bætt við það sem ég sagði. Þetta mál hefur ekki komið til ákvörðunar hjá mér. Það má vel vera að um þetta sé verið að fjalla í tryggingaráði, en mér er ekki kunugt um það. Ég skal kanna hvar málið er statt og skoða það.

Íslenski menningarfulltrúinn og íslensk menningardagskrá í Lundúnum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvernig hafi verið háttað samráði utanrrn. við menntmrn. um ráðningu menningarfulltrúa að íslenska sendiráðinu í Lundúnum. Í öðru lagi langar mig að spyrja hvernig hafi verið háttað samstarfi utanrrn. og menntmrn. um gerð þeirrar menningardagskrár sem nefndur menningarfulltrúi hefur staðið fyrir í Lundúnum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Aðdragandi þess máls að gerður var ráðningarsamningur til tveggja ára í tilraunarskyni við menningarfulltrúa sem nú starfar við sendiráðið í Lundúnum er sá að stjórn Bandalags ísl. listamanna gerði um það sérstaka samþykkt og tók upp viðræður við utanrrn. um að ráðuneytið kæmi á fót slíkri starfsemi. Samráð við menntmrn. um málið var því út af fyrir sig ekki formlegt. Ákvörðunin var tekin í utanrrn. í framhaldi af þessum óskum. Hér er um að ræða tímabundinn samning til tveggja ára til reynslu.

Hin glæsilega menningardagskrá, sem fór fram 1. des. í Lundúnum, var að sjálfsögðu undirbúin af menningarfulltrúanum og þurfti ekki sérstakt samráð við ráðuneytið um það. Hún var á hans ábyrgð en þar sem að utanrrh. fyrir tilviljun gat sótt þessa hátíð er rétt að það komi fram að hún var landi og þjóð til sóma.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Að vísu þykir mér miður að upplýst er að alls ekkert samráð hafi verið haft eða samvinna verið milli menntmrn. og utanrrn. um þetta mál. Reyndar hvarflaði það að manni þegar maður sá það litla sem hingað hefur borist heim um þessa dagskrá, að menntmrn. hefði ekki lagt þar hönd á plóginn. En það er annar handleggur.

Ég tel að út af fyrir sig sé það hin mætasta nýbreytni að ráða menningarfulltrúa að erlendum sendiráðum og vil þeirri starfsemi allri vel, en ég óttast að það sé því miður ekki þannig að staðið eins og undirbúið var í tíð fyrri ríkisstjórnar, að það sé ekki síður gert af hálfu menntmrn. en utanrrn. að undirbyggja þá starfsemi. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. hvort von sé á fleiri slíkum ráðningum og framhaldi á þessu starfi í þeim anda sem hin fyrstu spor marka.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki von á því að fleiri verði ráðnir til að gegna störfum menningarfulltrúa að svo stöddu eða þar til reynsla er komin á starf þess sem nú gegnir því starfi í London. Þetta er vissulega skylt starfi markaðsfulltrúa sem starfa nú við sendiráð á tveimur stöðum í samráði við útflutningsráð. Munurinn er fyrst og fremst sá að hér er verið að reyna að koma á framfæri og markaðssetja afurðir sem við kennum við menningu og er að miklu leyti framleidd sem niðurgreidd og ríkisstyrkt framleiðsla. Hér á ég við hluti eins og hljómplötuútgáfu, kvikmyndir, sjónvarpsþætti, fyrir utan að koma á framfæri bókmenntum, listasýningum, þ.e. þeim menningarafurðum sem íslenskir listamenn eru að framleiða en hafa kvartað sáran undan að á það hafi skort að þeir gætu komið þeim á framfæri við stærri markaði.

Þess má geta að í sumum greinum er um að ræða mikil verðmæti og ef hægt væri að koma þeim í verð, ef hægt væri að koma íslenskum listamönnum á framfæri á stærri markaði, er það ekki bara mikið hagsmunamál þeim sjálfum heldur, út frá þjóðhagslegu sjónarmiði, þjóðinni allri. Það er því ástæða til að gera þessa tilraun og í ljósi hennar að kanna það hvort við gætum ekki gert betur. Þess má geta að flestöll grannlönd okkar leggja sig miklu meira fram um þetta. Þannig hefur t.d. finnska utanríkisráðuneytið sérstaka áætlun í þessu efni. Þýska ríkisstjórnin t.d. og þýska utanríkisráðuneytið sinnir þessum verkefnum af miklum krafti og hin einstöku sambandsfylki innan þýska sambandsríkisins gera það sömuleiðis.

Það er ástæða til — ef menn vilja hafa misráðnar fjölmiðlafrásagnir af þessu máli í flimtingum, þá held ég að menn ættu að bíða með fordóma sína þangað til þeir hafa séð þetta. En ég endurtek að menningarhátíðin í London sem slík var afar skemmtileg og áhugaverð og þess má geta að samkvæmt frásögnum þarlendra manna hefur ekki í annan tíma verið jafnmikið fjölmenni Íslendinga saman komið á slíka hátíð. Þeir munu hafa verið á sjöunda hundrað. (**ÓÞÞ:** Er ætlunin að sýna þetta hér á landi líka?) Vafalaust.

Tillögur um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. fjmrh. Í Morgunblaðinu 28. nóv. sl. er sagt frá tillögum sjútvrh. í efnahags- og atvinnumálum, mjög nákvæmlega getið um það í hverju þessar tillögur felast og vil ég aðeins minnast á þær helstu.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins að fresta eigi afborgunum lána í atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar.

Í öðru lagi að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð.

Í þriðja lagi að hætt verði við fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir hjá Rarik um næstu áramót.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að aðstöðugjaldið lækki og verði afnumið í áföngum.

Og í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að raunvextir verði lækkaðir.

Í Morgunblaðinu sl. sunnudag, í viðtali við hæstv. fjmrh., kemur það fram skýrt í orðum hans að hann telur að um ótímabærar tillögur sé að ræða og ásakar hæstv. sjútvrh. um að þjófstarta í þessu máli. Því spyr ég hæstv. fjmrh.:

1. Hvað á fjmrh. við þegar hann ásakar sjútvrh. um að hafa þjófstartað í málinu?

2. Hvaða tillögur eru það af þeim, sem hér er um getið, sem eru ekki tímabærar?

3. Hvenær er þá að vænta tímabærra tillagna frá ríkisstjórninni í efnahags- og atvinnumálum?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það sem fram kom í viðtali við mig í Morgunblaðinu sl. sunnudag var að ég tel að svokallaðar efnahagsaðgerðir eigi að gera þannig að sem mestur árangur verði af þeim, að sem víðtækast samstarf og samráð verði haft um þær og að þær leiði til þess árangurs sem að er stefnt. Til þess að svo geti orðið tel ég afar mikilvægt að aðgerðirnar séu undirbúnar með samræmdum hætti og að frá þeim sé skýrt og að þeim starfað með þeim hætti sem eðlilegt er, að þær komi fram frá ríkisstjórninni í heild, þær séu sundurliðaðar og tímasettar og ljóst frá upphafi að þeim sé ætlað að ná þeim árangri sem er stefnt. Það er það sem kom fram í þessu viðtali og ég held að engum dyljist nauðsyn þess að svona sé að verki staðið.

Það var spurt um það hvenær tillögurnar yrðu birtar og hvenær þær yrðu tímabærar. Tillögurnar verða birtar þegar þær eru tilbúnar og þá kemur — (**Gripið fram í:** Af hverju verða þær ekki birtar fyrr?) Það er eðlilegt að það sé kallað fram í: Vegna þess að fsp. þingmanns framsóknarmanna gaf tilefni til þessa svars. Auðvitað verða tillögurnar ekki birtar fyrr en þær eru tilbúnar og þær eru ekki tilbúnar. Það er verið að safna saman efnivið í þessar tillögur. Þar á meðal er efniviðurinn sá sem fram hefur komið frá hæstv. sjútvrh. Hópur sérfræðinga hefur starfað að þessum málum og frá tillögunum verður skýrt í fyllingu tímans.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. þetta takmarkaða svar en ætla enn að endurtaka spurningarnar vegna þess að annaðhvort hefur hann vikið sér undan að svara þeim eða þá að hann hefur verið svo seinn að skrifa spurningarnar niður.

Ég spurði: Hvað á fjmrh. við þegar hann ásakar hæstv. sjútvrh. um að hafa þjófstartað í þessu máli? Það kemur greinilega fram í viðtali við ráðherrann í blaðinu á sunnudaginn þar sem hann segir: „Það hefur þess vegna óheppileg áhrif ef fram koma ótímabærar tillögur um aðgerðir fyrir einstakar atvinnugreinar, án þess að það sé liður í heildaraðgerðum. Það er líka afar nauðsynlegt í þessari stöðu að ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins séu samferða í athöfnum sínum og allir beri ábyrgð á niðurstöðunni. Skilyrði þess að slíkt sé hægt, er að menn þjófstarti ekki."

Hvað átti ráðherrann við þegar hann ásakaði hæstv. sjútvrh. um að hafa þjófstartað í þessu máli?

Í öðru lagi spurði ég: Hverjar af þessum tillögum, sem sjútvrh. hefur lagt fram, eru ekki tímabærar? Við því er alveg nauðsynlegt að fá svar. Er það ekki tímabært að mati ráðherrans að lækka raunvexti? Er það ekki tímabært að mati hæstv. fjmrh. að fresta afborgun lána inn í Byggðastofnun? Er það ekki tímabært að mati ráðherrans að lækka raforkuverðið? Og er það ekki tímabært af hálfu hæstv. fjmrh. að afnema aðstöðugjaldið? Við þessu verður að fást svar. Það svar sem hann gaf hér áðan um það hvenær tillögurnar verði birtar — ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að þær yrðu sennilega ekki birtar fyrr en þær væru tilbúnar, eins og kom fram hjá ráðherranum. En auðvitað er spurningin til fjmrh. þessi: Hvenær er þá tímabært af hálfu ríkisstjórnarinnar, hvenær telur hún tímabært að leggja fram tillögur sem eru birtingarhæfar?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka hv. þm. fyrir lesturinn en í þeim lestri, sem var upp úr viðtali við mig, komu fram svör sem þingmaðurinn verður að láta sér lynda.

En vegna orða þingmannsins vil ég segja þetta: Það má gera ráð fyrir því að tillögurnar, sem fram koma, verði birtar fyrir miðjan þennan mánuð. Vegna einstakra atriða vil ég taka þetta fram: Það er í dag ekki verið að heimta inn afborganir úr atvinnutryggingardeild Byggðasjóðs.

Í öðru lagi hefur verið ákveðið að leggja fram og verður gert næstu daga frv. um Verðjöfnunarsjóðinn sem gengur nákvæmlega í þá átt sem lýst var.

Í þriðja lagi, eins og kom réttilega fram hjá hv. þm., var stungið upp á því að gjaldskrá yrði ekki hækkuð um áramótin og sú hækkun hefur ekki komið ef hv. þm. hefur ekki tekið eftir því.

Í fjórða lagi snýr aðstöðugjaldið að sveitarfélögunum og þess vegna nauðsynlegt að hafa samstarf við þau um það atriði, enda er það gjaldstofn sveitarfélaganna og þau hafa nokkurt frelsi um álagningu aðstöðugjalda.

Og loks gildir það um raunvextina, eins og ég veit

að hv. framsóknarmenn hafa aldrei getað lært, að það er spurning um eftirspurn eftir fjármagninu. Það sem við erum að gera nú og skiptir langsamlega mestu máli og er langsamlega öflugasta efnhagsaðgerðin sem ríkisstjórnin mun standa fyrir er að afgreiða fjárlög með öðrum og betri hætti en gert hefur verið hingað til þannig að dregið verði úr lánsfjárþörf ríkisins og vöxtum náð niður með þeim hætti. Takist okkur það er það auðvitað sú efnahagsaðgerð sem skiptir sköpum.

Leyfisveitingar til leiguflugs.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég er með fsp. til hæstv. samgrh. í framhaldi af frétt sem var í Morgunblaðinu í síðustu viku þar sem skýrt er frá því og vitnað til ráðherra að hann hafi ákveðið að taka leyfisveitingar fyrir leiguflug frá flugmálastjóra og inn á borð til sín. Ég vil spyrja ráðherrann hvaða hagsmunir séu svo mikilvægir að Sjálfstfl. telji réttlætanlegt að taka þessar leyfisveitingar inn á borð ráðherra og auka þar með miðstýringu og ganga þvert á það sem ég hef heyrt hæstv. samgrh. halda fram nánast hvar sem hann kemur því við. Ég vil í framhaldi spyrja að því hvaða aðilar það voru sem hafa þrýst á um það og sýnt mesta óánægju með vaxandi leiguflug, ódýrt leiguflug til landsins. Ég vil minna ráðherrann á að það er reynsla fyrir því úr kjördæmi okkar hæstv. ráðherra að þar hefði beint flug til útlanda væntanlega aldrei komið til öðruvísi en þar hefði ísinn verið brotinn af leiguflugfélögum og við höfum ekki þurft á því að halda að vera alfarið komin upp á samgöngurisann okkar þann innlenda.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Af einhverjum ástæðum er hv. þm. hræddur um að stór fyrirtæki reyni að hafa áhrif á eðlilega samkeppni með pólitískum þrýstingi en það er nú ekki svo í þessu máli að neinn hafi reynt það. Sannleikurinn er sá að það var nauðsynlegt að taka þær reglur, sem gilda um leiguflug, til endurskoðunar og jafnframt að athuga hvort eðlilegir viðskiptahættir tíðkuðust í sambandi við þau tilboð sem Íslendingum eru gerð, bæði varðandi flug og ýmislegt annað á erlendum vettvangi. Breytingin er einfaldlega sú að ég hef óskað eftir því að fá að fylgjast með nú um hríð hvaða ásókn sé í leiguflug en umsagnaraðili er sá sami og áður.

Á hinn bóginn hef ég átt fund með flugmálastjóra og verðlagsstjóra þar sem við fórum yfir tillögur um hvernig hægt sé að koma þeim reglum við að þeir, sem auglýsa ferðir til útlanda eða hér innan lands, gefi upp rétt verð um þann kostnað sem þarf að leggja fram til að geta farið í viðkomandi ferð og auðvitað líka að glögglega komi fram upp á hvað er boðið, hvaða þjónusta er innifalin og hvaða þjónusta ekki. Við höfum þar ákveðnar tillögur í huga, bæði flugmálastjóri, verðlagsstjóri og við í ráðuneytinu til athugunar og munum fara betur yfir það mál þannig að um áramót leiki ekki vafi á því hvernig beri að standa að tilboðum í ferðir. Er ég þá ekki einungis að tala um leiguflug heldur auglýsingar ferðaskrifstofa yfir höfuð og þá þjónustu sem þær veita. Ástæðan fyrir þessu er sú að ráðuneytinu hafa borist kvartanir frá fjölmörgum einstaklingum sem hafa sagt sínar farir ekki sléttar, reikningur viðkomandi aðila sem fyrir ferð stóð hafi verið hærri en auglýsingar gáfu til kynna og jafnvel þær upplýsingar sem leitað hafði verið eftir. Ég sé ekki ástæðu til að nefna einstök nöfn í þessu sambandi en ef hv. þm. vilja kynna sér þetta mál nánar hygg ég rétt að þeir snúi sér til verðlagsstjóra.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Ég vil beina því til hæstv. ráðherra hvort reglur um auglýsingar, samkeppni og eðlilega viðskiptahætti heyri ekki í raun undir annan hæstv. ráðherra, þ.e viðskrh., og hvort það hafi þá ekki verið hans hlutverk að fylgja því eftir. Og í öðru lagi hvort því verði þá ekki fylgt rækilega eftir og þetta kannað, ekki eingöngu gagnvart leiguflugi heldur gagnvart öllum öðrum tilboðum sem eru í gangi og tengjast eðlilegu áætlunarflugi. Það er nú einu sinni svo að það er fátt mikilvægara okkur Íslendingum en eiga greiðan aðgang til útlanda og þar bjóðist okkur á hverjum tíma bestu kjör sem uppi eru. Þar mega engir aðrir hagsmunir á skyggja.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tók skýrt fram að það væri verið að tala um almennar reglur sem ekki varðar leiguflug eingöngu heldur þá sem standa fyrir því að skipuleggja ferðir og selja á almennum markaði.

Framkvæmd búvörusamnings.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvenær hann ætlar að leggja fram frv. með nauðsynlegum lagabreytingum til að ríkisstjórnin geti staðið við búvörusamninginn sem gerður var fyrr á þessu ári við Stéttarsamband bænda. Samkvæmt samningnum eiga bændur að byrja að fá beinar greiðslur úr ríkissjóði í stað niðurgreiðslna á búvörur fljótlega eftir áramót en engin lagaákvæði eru fyrir hendi um það enn þá. Hæstv. núv. landbrh. hefur þegar samið við bændur um stórfelldan niðurskurð á sauðfé í samræmi við ákvæði samningsins. Þá er spurningin: Er ljóst hvaða afleiðingar það hefði í för með sér fyrir bændur og ríkissjóð ef ekki væri unnt að standa við framhald hans? Vill hæstv. landbrh. fá landbn. til að flytja nauðsynlegt frv. og greiða þannig fyrir þingstörfum? Væntanlega er alger samstaða um þetta mál innan þingsins eins og sýndi sig þegar ákvæðin til staðfestingar samningnum voru samþykkt samhljóða á Alþingi á sl. vetri.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í búvörusamningi eru mörg lögfræðilega álitaefni sem nauðsynlegt var að athuga rækilega og ýmis önnur flókin atriði sem ekki hafði verið hugsað fyrir við gerð búvörusamningsins. Þess vegna

tók samning frv. lengri tíma en ég hafði ætlað. Það liggur hins vegar fyrir í þeirri gerð sem gengið hefur verið frá því í landbrn. en er til athugunar í ríkisstjórninni. Ég geri mér vonir um að hægt verði að leggja það fram nú fyrir jól en það á ekki að verða til þess að torvelda að staðið verði við búvörusamninginn vegna þess að unnt er að hefja smíði reglugerða þegar í stað þegar tími vinnst til.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin og læt í ljós ánægju mína yfir því að búið skuli vera að ganga frá þessu frv. Það kemur á óvart ef það strandar lengi í ríkisstjórn eftir þær yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. hefur gefið að undanförnu um að slík samstaða sé innan ríkisstjórnarinnar að ekki þurfi að semja um neina hluti eða eyða tíma í slíkt. Ég vænti þess því að þetta frv. komi í hendur þingmanna sem allra fyrst. Það er gott að heyra hjá hæstv. ráðherra að ekki sé hætta á að framkvæmd samningsins dragist neitt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég sagði að þessi frumvarpsgerð hefði verið flókin og ekki nema eðlilegt að einstakir ráðherrar fái tóm til þess að kynna sér efni frv. og þau álitamál sem í því eru. Með sama hætti tel ég óhjákvæmilegt að hv. þm. hafi tíma til þess að kynna sér og fara rækilega yfir frv. eftir að það hefur verið lagt fram, sem ég vonast til að verði fyrir jólin, þannig að það verði ekki afgreitt frá þinginu fyrr en á næsta ári en þó nægilega snemma til þess að framkvæmd búvörusamnings sé ekki í hættu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er þessum fyrirspurnatíma lokið. Þetta var síðasti fyrirspurnatími af þessu tagi fyrir jól. Eins og fram kom síðast þegar þessar fyrirspurnir voru á dagskrá þá mun forseti ræða við þingflokksformenn um framkvæmd þessa ákvæðis þingskapa áður en þessi dagskrárliður verður næst á dagskrá.

Umboðsmaður barna, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 123. mál. — Þskj. 128.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það mál sem liggur fyrir á þskj. 128 er nú flutt í fjórða sinn. Það var fyrst flutt á 109. löggjafarþingi og voru flm. þá Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson. Það var síðan flutt á 110. löggjafarþingi og voru þá flm. sá ræðumaður sem hér stendur, Árni Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson.

Þegar málið var flutt í þriðja sinni voru meðflm. mínir Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Jón Kristjánsson. Nú þegar málið er flutt í fjórða sinni eru flm. ásamt mér Hjörleifur Guttormsson, Jón Kristjánsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Það er því ljóst að allmargir hv. þm. hafa komið nálægt þessu máli, sýnt því áhuga og viljað koma því í gegnum þingið.

Það frv. sem nú liggur fyrir er efnislega nákvæmlega eins og það var flutt í þriðja sinn. Fyrir þá hv. þm. sem ekki hafa áður heyrt fjölmargar ræður sem fluttar hafa verið fyrir þessu frv. vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa frv. Það hljóðar svo:

„1. gr. Tilgangur laga þessara er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir.

2. gr. Setja skal á stofn embætti umboðsmanns barna. Alþingi kýs umboðsmann til fjögurra ára í senn. Umboðsmaðurinn skal hafa sérþekkingu á sviði uppeldismála og málefna er varða velferð barna.

3. gr. Alþingi skipar sjö manna ráð til fjögurra ára í senn, sem vera skal umboðsmanni til ráðgjafar, eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Barnaverndarráðs Íslands, Fóstrufélags Íslands, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, Kennarasambands Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Félags þroskaþjálfa og Félags uppeldisfræðinga. Kostnaður af störfum ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.“ — Þar er einmitt tilgangur laganna. — „Umboðsmaður barna skal vinna að þeim málum er sérstaklega snerta hagsmuni barna og hafa frumkvæði að úrbótum þar sem hann telur að á rétt þeirra sé gengið. Jafnframt skal hann fylgjast með því að samþykktir og ákvarðanir stjórnvalda, er snerta hagsmuni barna, séu framkvæmdar á tilsettum tíma.

Meginverkefni umboðsmanns skulu vera:

1. að fylgjast með löggjöf og ákvörðunum sem stjórnvöld taka og snerta hagsmuni barna og vekja á því athygli sé þeirra ekki gætt,

2. að fylgjast með framkvæmd laga og reglna er varða hagsmuni og réttindi barna,

3. að hafa frumkvæði að úrbótum varðandi réttindi og aðstæður barna svo að þeim séu tryggð sem best og hollust uppvaxtarskilyrði,

4. að vekja athygli á þeim árekstrum sem kunna að eiga sér stað milli hagsmuna barna og hinna fullorðnu í samfélaginu og vinna að lausn þeirra í samráði við þá aðila sem með þau mál fara,

5. að vera opinberum aðilum og einstaklingum til ráðgjafar um allt það sem verða má til hagsbóta fyrir börn og hafa náið samstarf við alla þá aðila sem með málefni barna fara,

6. að vísa þeim aðilum sem til hans leita til réttra aðila sé erindið ekki í verkahring hans sjálfs,

7. að gangast fyrir rannsóknum á aðstæðum barna í samfélaginu og veita upplýsingar um stöðu þeirra, jafnt til einstaklinga sem opinberra aðila.

Umboðsmaður skal starfa að eigin frumkvæði, sem og eftir ábendingum frá öðrum. Hann skal sjálfur meta ástæðu til ábendingar í samráði við umboðsráðið.“

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa lengra þar sem hinar fjórar greinarnar eru kannski ekki eins lýsandi um efni frv. en meira tæknilegs eðlis.

Meginástæðan fyrir því að ég legg þetta frv. fram enn einu sinni er sú að fyrir hinu háa Alþingi liggur nú frv. til barnalaga á þskj. 73. Í almennum athugasemdum um það, sem lesa má á bls. 17 í greinargerð með frv., er tekið fram að sifjalaganefnd sú sem samdi það frv. athugaði hvort skipa ætti sérstakan umboðsmann barna. Segir þar, með leyfi forseta:

„Setti nefndin fram hugmyndir sínar um slíkan umboðsmann í fskj. með frv. Nefndin var þeirrar skoðunar að hentast væri að sérlög yrðu sett um umboðsmanninn og þyrfti að gæta þar vel tengsla við barnaverndarlög og barnalög og þau úrræði til verndar börnum er fælust í þeim lögum. Eftir að frv. til barnalaga var samþykkt hefur verið komið á fót embætti umboðsmanns Alþingis sem var mikil réttarbót. Á síðustu þingum hafa verið flutt frumvörp til laga um umboðsmann barna og er þar gert ráð fyrir sérlögum um það efni og eigi að þau tengist efnislega við barnalög. Sifjalaganefnd er enn þá þeirrar skoðunar, að best fari á að skipa þessu máli með sérlögum. Hefur nefndin því ekki fjallað um frv. um þetta efni, enda þess ekki sérstaklega óskað. Eins og fram kemur í grg. með frv. til barnalaga 1981 telur sifjalaganefnd þetta mál mikilvægt."

Þessi orð eru ástæðan fyrir því að ég ákvað að bera þetta frv. fram í fjórða sinni. Þetta mál á sér næsta undarlega sögu hér í þinginu vegna þess að í hvert skipti sem það verið flutt hefur það hlotið hinar ágætustu móttökur. Það hefur farið til nefndar og farið til umsagnar fjölmargra aðila og ævinlega hafa þær umsagnir verið afar jákvæðar og þeir sem beðnir hafa verið um umsögn hafa skilað beiðni til hins háa Alþingis um að þessi lög mættu ná fram að ganga.

Hér er ekki verið að tala um stórkostleg útgjöld. Í febrúar 1991 kom umsögn frá fjmrn. um hvað slíkt embætti mundi kosta — fjölmargar umsagnir fylgja á eftir greinargerð með frv. á þskj. 128 og geta menn lesið þær sjálfir. Fjmrn. áætlar þar að rekstrarkostnaður embættisins verði um 3,5 millj. kr. á ári og þar vegi þyngst launakostnaður umboðsmanns og ritara. Auk þess er gert ráð fyrir 500 þús. kr. kostnaðarauka á ári vegna nefndarlauna fyrir setu í ráðinu sem skipað verður verði frv. að lögum. Annað eins hefur nú verið ráðist í í okkar landi og slík fjárútlát.

Þeir einstaklingar sem kallaðir eru börn, þ.e. á aldrinum 0–15 ára, eru um fjórðungur þjóðarinnar. Við skyldum ætla að sá stóri hópur Íslendinga þyrfti að hafa málsvara sem gætti hagsmuna hans. Síðan frv. var fyrst flutt hefur verið sett á laggirnar embætti umboðsmanns Alþingis og vissulega var eðlilegt að menn kynnu að spyrja: Er það ekki nóg? Getur ekki umboðsmaður Alþingis verið umboðsmaður allra Íslendinga?

Frv. var ekki sent til umsagnar umboðsmanns Alþingis, en ég hafði tal af umboðsmanni til þess að bera þetta undir hann. Hann taldi að vitaskuld gæti það komið fyrir að hann sæi um málefni sem snerta börn en hann taldi að til þess að fylgst yrði með stjórnvaldsaðgerðum sjálfkrafa um allt það er varðar hag barna í landinu væri alveg nauðsynlegt að sérstakur umboðsmaður annaðist þann málaflokk þó að einstöku mál sem upp kynnu að koma þar sem gengið væri á rétt barna kæmu til hans embættis.

Í stuttu máli. Sálfræðingafélag Íslands, Þroskahjálp, Barnaheill, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Barnavinafélagið Sumargjöf, Foreldrasamtökin sem síðar urðu að félagsskap sem kallaður er Samfok, og Félag íslenskra sérkennara, Félag þroskaþjálfa, Fóstrufélag Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og ótal aðrir aðilar mæltu eindregið með að þetta frv. næði fram að ganga.

Með frv. fylgir upphaflega greinargerðin sem fylgdi málinu úr hlaði og lesa má í þingtíðindum ótal ræður þar sem um málið hefur verið fjallað. Ég tel ekki rétt að hefja eina framsögu enn fyrir málinu með því að fara yfir öll þau atriði sem ábótavant er í okkar samfélagi. Það er næstum sama hvert litið er. Í skipulagsmálum er ekki tekið tillit til barna. Hverfi eru oftlega byggð án þess að tekið sé tillit til yngstu borgaranna sem um það eiga að ferðast. Menningargeirinn er álíka, allt of lítið barnaefni er að finna í fjölmiðlum hvort sem er einkafyrirtækja eða ríkis. Börn eru almennt ekki spurð hvað henti þeim eins og við þekkjum öll og því meiri skyldur sem lagðar eru á kennara landsins þar sem foreldrar eru almennt fjarri heimilum sínum við vinnu á venjulegum vinnudegi, þeim mun minna er komið til móts við þarfir barnanna og lítið gert í því að samræma vinnutíma barna og foreldra. Við sem höfum barið augum bandorminn svokallaða, en það er frv. hæstv. ríkisstjórnar til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, sjáum ekki að úr eigi að bæta nema síður sé. Því sem ávannst með setningu laga um leikskóla og grunnskóla á síðasta þingi skal nú öllu frestað.

Ég held, hæstv. forseti, að hér sé allnokkuð alvörumál á ferðinni. Ég sat á laugardaginn var þing um barnamenningu og barnabækur í Hafnarborg í Hafnarfirði þar sem hver fagmaðurinn á fætur öðrum gerði grein fyrir rannsóknum á lestrarkunnáttu íslenskra barna. Kennarar fullyrða að málþroska barna og lestrarhæfni — það er ekki alveg sama og lestrarkunnátta — fari hrakandi svo merkjanlegt sé með hverju ári. Það leiðir af sjálfu að þjóðfélagsaðstæður okkar hafa breyst og minna um það að börn umgangist fullorðið fólk, og ég get ekki stillt mig um að benda á grein sem birtist í Morgunblaðinu 24. nóv. eftir Ragnheiði Briem, doktor í kennslufræði og kennara í íslensku og málvísindum við Menntaskólann í Reykjavík. Þar segir Ragnheiður um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Móðurmálskunnáttu Íslendinga, einkum ungu kynslóðarinnar, er áfátt. Þetta lýsir sér þannig að ungt fólk á æ erfiðara með að tjá hugsanir sínar, bæði munnlega og skriflega. Orðaforði hefur rýrnað mjög svo að nú skilja nemendur ekki mál sem lá ljóst fyrir jafnöldrum þeirra fyrir tveimur áratugum. Þetta veldur m.a. því að kennarar þurfa að eyða dýrmætum tíma í að þýða ósköp venjulegar námsbækur á hálfgert barnamál ef efni þeirra á að komast til skila. Enskuslettum hefur fjölgað, kunnátta í beygingarfræði er í molum, ritleikni, þar með talin réttritun, er á svo lágu stigi að mikill hluti framhaldsskólanema getur alls ekki talist sendibréfsfær."

Hér er tekið djúpt í árinni svo að ekki sé meira sagt. En einmitt í þessari grein rekur Ragnheiður Briem síðan ýmislegt sem mætti gera til að bæta úr þessu en telur að of lítið sé komið til móts við börnin, t.d. varðandi lestur Íslendingasagna og lestur fjölskrúðugri texta en auðvitað ber allt að sama brunni. Námsgagnastofnun er ein af þeim stofnunum sem svelt er fjárhagslega og ræður þess vegna ekkert við þann vanda sem henni hefur verið lagður á herðar.

Ég býst við að þeir sem hér sitja og hlýða á mál mitt geri það vegna þess að þeir hafi áhuga á málinu. Þess vegna skal ég ekki taka lengri tíma í að mæla fyrir frv. Það er allítarlega frá því gengið og umsagnir birtar með því. Það á síðan eftir að fara til nefndar og ég vænti þess að menn sem sitja í hv. allshn. sjái til þess að að um frv. verði fjallað. Ég held hins vegar að við séum að komast í allnokkurn vanda með yngstu kynslóðina okkar ef ekki verður eitthvað gert til úrbóta. Því hygg ég að við gætum beðið stærri skaða en við gerum okkur ljóst eða auðvelt verði að bæta.

Hæstv. forseti. Ég treysti því að ég þurfi ekki að tala fyrir þessu máli oftar. Ég hef gert það allítarlega þrisvar sinnum. Sérstökum áhugamönnum er bent á þingtíðindi og er þar fleiri ræður að finna en mínar. Margir hafa tekið mjög vel undir þetta mál. Ég treysti nú hinu háa Alþingi að sjá svo til að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Ég hafði þegar, virðulegur forseti, minnst á hv. allshn. Ég bið auðvitað þess að frv. fari til meðhöndlunar í hv. allshn. að lokinni umræðu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. 14. þm. Reykv., 1. flm. þessa máls, segir að hér er um gamlan kunningja þingmanna að ræða og hafa verið fluttar um málið langar ræður og það hefur einnig verið tekið til meðferðar í nefndum þingsins en ekki hlotið þar afgreiðslu. Ég tek aðeins til máls við þessa umræðu til að lýsa stuðningi mínum við frv., enda er ég meðflm. á því.

Ég tel að við hv. þm. gefum okkur kannski helst til lítinn tíma til þess að ræða málefni barnanna í þjóðfélaginu. Ég hef látið þess getið áður í nokkrum orðum þegar ég tók til máls út af öðru máli sem snertir ungt fólk. Við erum allt of oft uppteknir í efnahagsumræðunni, sem er fyrirferðarmikil í hv. Alþingi, og gefum okkur ekki tíma til að gefa málefnum barnanna gaum.

Ég tel að ef þetta embætti verður sett á fót, þá muni það leiða til þess að ákveðinn aðili í stjórnkerfinu líti á þessi mál sérstaklega. Þetta leysir að sjálfsögðu ekki öll vandamál. Það eru svo ótal margir þættir aðrir í þjóðfélaginu sem koma inn á málefni barna og gera þeim erfitt fyrir. Þetta frv. leysir auðvitað ekki allt en mundi þó verða til þess að þarna væri ákveðinn aðili, væntanlega sérfróður, sem liti á mál barna sérstaklega.

Ég held að hv. þm. hefðu gott af því að líta um öxl. Ég geri það stundum þegar ég hugsa um þessi mál. Þegar ég var krakki sá maður aldrei þá hluti sem menn nefna peninga nú til dags. Ég held að ég hafi ekki séð þá, a.m.k. ekki stóra seðla fyrr en ég var kominn yfir fermingu. En eigi að síður get ég ekki annað en hugsað til þess hvað ég átti góða ævi. Ég vann alltaf með fullorðnu fólki. Ég fékk alltaf að borða á réttum tíma og það var alltaf fullorðið fólk heima, alltaf opið húsið. Maður hugsar oft til þessa þegar maður sér hvernig börnin hafa það í því allsnægtaþjóðfélagi sem við lifum í núna, þótt ég geri mér alveg grein fyrir misjöfnum aðstæðum manna.

En lífshamingjan er ekki fólgin í stórum seðlum heldur í því að flýta sér kannski aðeins minna og gefa sér tíma til að sinna sínum nánustu. Auðvitað leysir þetta frv. ekki úr því. Það er hugarfarsbreyting sem verður að koma til en ég held að þetta frv. gæti leitt til þess að málefni barna yrðu rædd meira en nú er. Það er dæmigert, og ég hef oft vitnað til þess þegar þessi málefni hefur borið á góma, að við Íslendingar höfum ekki enn þá ráðið við það að koma skólamáltíðum á fót. Í hverju einasta atvinnufyrirtæki sem heiti hefur, og þar á meðal hér í hv. Alþingi, eru niðurgreiddar máltíðir fyrir fullorðið fólk en börnin þurfa að fara með brauðsneið í vasanum í skólann ef þau fara með nokkuð. Þetta er einkennileg þversögn í þessu þjóðfélagi þar sem hinir fullorðnu hafa veitt sér ýmislegt.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri. Ég kom aðeins hingað upp til að lýsa yfir stuðningi við frv. Ég vona að það fái enn einu sinni vandlega meðferð í hv. Alþingi, verði samþykkt og leiði til þess að málefnum barna þoki eitthvað áleiðis.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Þar sem ég er einn af meðflm. þessa frv. ætti ég kannski ekki að þurfa að fara hér upp og lýsa yfir stuðningi mínum við það, en ég vil nú samt gera það vegna þess að ég tel að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða að það ætti ekki að fara alveg umræðulaust í gegnum hv. Alþingi.

Það embætti sem er verið að leggja til að stofna leysir auðvitað ekki allan vanda barna, eins og hér hefur verið bent á, en það er eitt skref í rétta átt og sem slíkt mjög mikilvægt. Hér er um að ræða embætti sem hefur það beinlínis að markmiði að skoða samfélagið út frá sjónarhóli barna en nota aðferðir hinna fullorðnu til að gæta réttar þeirra og hagsmuna. Ég held að við séum öll sammála um það og þurfum kannski ekki að velta mikið vöngum yfir því að börnum er á margan hátt misboðið í samfélagi okkar og á margan hátt gengið á rétt þeirra. Þau njóta ekki þess öryggis í umhverfinu sem þeim ber og allt of mörg slys á börnum í umferðinni — og því miður alvarleg slys — bera því glöggt vitni. Eins og 1. flm. þessa frv., hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, kom inn á er enn verið að skipuleggja borgarhverfi á höfuðborgarsvæðinu án tillits til þess hverjir ferðast um þessi hverfi öðrum fremur. Við erum hér með svefnhverfi, getum við sagt, út um alla borg. Þar eru að stærstum hluta til börn á daginn og þess vegna ættu þessi hverfi auðvitað öðru fremur að vera skipulögð út frá þörfum þeirra.

Börn njóta mörg hver ekki þeirrar verndar og umönnunar á degi hverjum sem hverju barni er nauðsynleg til þess að komast til manns. Þau búa við aðstæður sem við, sem fullorðnar manneskjur, mundum helst

vilja komast hjá að búa við. Þau búa við stuttan skóladag og sundurslitinn og við sjáum það sjálf, okkur þingmönnunum finnst stundum nóg um hversu sundurslitinn okkar vinnudagur er, og viljum held ég ekki búa börnum okkar þær aðstæður ef hægt er hjá því að komast. Þau búa við skort á dagvistarrými og af því leiðir að börnum er þeytt úr einni vist í aðra á hverjum einasta degi sem guð gefur. Við mundum heldur ekki vilja búa við það sjálf að þurfa á hverjum einasta degi að fara úr einni vinnunni í aðra. Skortur á skóladagheimilum er tilfinnanlegur sem gerir það að verkum að mörg börn ganga sjálfala drjúgan hluta úr degi árið um kring.

Þá er kannski ótalið það sem verst er og það er að börn njóta ekki nægilegra samvista við foreldra sína vegna óhóflegs vinnuálags og langs vinnudags hjá fullorðnu fólki. Þar erum við kannski komin að stærsta meininu í þessu öllu saman sem er láglaunastefnan sem ríkir í samfélaginu og er ekki síst til þess að skerða rétt barna.

Að öllu samanlögðu, og það þarf ekki að fara í langa upptalningu, njóta börn ekki þeirra aðstæðna sem líklegar eru til að stuðla að alhliða þroska þeirra og leggja grunn að lífshamingju þeirra.

Eins og ég sagði áðan er okkur öllum ljóst, öllum fullorðnum manneskjum sem komnar eru til vits og ára, að við búum ekki nægilega vel að börnum, en einhvern veginn megnum við ekki að breyta þeirri forgangsröð sem ríkir í samfélaginu. Við erum oft og tíðum svo skammsýn og gleymum oft að börnin sem við ölum upp í dag eru karlar og konur framtíðarinnar. Þau eru hugvit framtíðarinnar, hugvitið sem við metum svo mikils, þau eru vinnuafl framtíðarinnar, stjórnendur og foreldrar framtíðarinnar. Það vantar ekkert upp á það að víða í lögum er kveðið á um rétt barna en þessi sömu lög eru svo oft og tíðum gerð marklaus með öðrum aðgerðum, bæði löggjafar- og framkvæmdarvaldins. Mér finnst stundum grunnskólalögin órækasti vitnisburðurinn um þetta því að þau lög eru mjög ítarleg og þar er mikið af góðum fyrirheitum, góðum ásetningi og fögrum orðum en því miður eru þau árlega gerð marklaus á Alþingi Íslendinga þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga. Mig langar bara til að benda á eitt atriði. Í 2. gr. grunnskólalaga segir m.a., með leyfi forseta:

„Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins."

Því miður er það svo að upp á þetta vantar verulega. Því miður er það svo á ári hverju þegar kemur að því að ákvarða sérkennslu til skólanna, þá er hún skorin verulega niður frá því sem beðið er um hjá einstökum skólum og sem er í samræmi við þarfir skólanna. Þetta kemur ekki síst niður á þeim börnum sem eru, við getum sagt, jaðartilvik. Þau hafa venjulega greind en það vantar upp á þroska þeirra. Það eru þessi svokölluðu misþroska börn, sem ég gerði að umtalsefni í morgun, sem gætu orðið mjög nýtir þjóðfélagsþegnar og gætu flest það sem við gerum í dag sem fullorðin erum og teljumst ekki vera misþroska á nokkurn máta. En þau þurfa til þess aðstoð. Ef þau fá ekki þessa aðstoð er þetta m.a. sá hópur sem talinn er í áhættu fyrir hvers kyns andfélagslegri hegðun þegar kemur fram á unglingsárin.

Á það hefur verið bent hér af öðrum sem hafa talað að börn mæta því miður afgangi oft og tíðum í samfélagi okkar og ég held að það reynist flestu ungu fólki í dag afskaplega erfitt að rækja foreldrahlutverk sitt. Því miður þurfa foreldrar oft og tíðum að afsaka sig og fara í felur með foreldrahlutverkið þrátt fyrir að það sé skýlaus krafa barnalaga að þeir ræki framfærslu- og umönnunarskyldu sína. Konur sem eiga börn eru ekki mjög eftirsóttur vinnukraftur. Þess eru m.a. mörg dæmi að beðið sé um það sérstaklega á umsóknareyðublöðum fyrirtækja að þær geti þess hvort þær eigi börn og komi það fram eru þær settar neðar í bunkann en aðrar. Fólk þarf oft og tíðum að fara í felur með það á vinnustöðum að það sé heima vegna veikinda barna og reynir að búa sér til einhver önnur tilefni en þau að það sé að fara á fund í skólanum eða í viðtöl sem tengjast börnum þeirra. Foreldrahlutverkið er því miður ekki hátt skrifað í samfélaginu.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til að gera stutta athugasemd í tilefni af því athyglisverða frv. sem hér er til umfjöllunar þótt ekki geti það falið í sér neina allsherjarlausn fyrir hagsmuni barna. Ég hef raunar áður tjáð mig um frv. sama efnis sem var flutt á fyrri þingum, eins og hv. 1. flm. gerði grein fyrir í máli sínu áðan. Þar var, að mig minnir, gert ráð fyrir því að umboðsmaður barna yrði hluti af framkvæmdarvaldinu og dómsmrn. og við það gerði ég athugasemd. Nú hefur því verið breytt þannig að umboðsmaður barna starfi sjálfstætt og er það til bóta að mínu mati.

Ég hef aðeins velt því fyrir mér hvort hætta sé á því að þetta frv. komi eitthvað á skjön við ákvæði laga um vernd barna og ungmenna. Reyndar er tekið fram á bls. 7 í greinargerð með frv. að það frv. til nýrra barnaverndarlaga sem hefur áður legið fyrir hv. Alþingi en ekki var afgreitt taki enn frekar fyrir að verkefni umboðsmanns barna og barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs kynnu að skarast og að það sé vel. Ég varpa þessum athugasemdum fram til flutningsmanna. Enn fremur velti ég því fyrir mér í sambandi við 5. gr. frv. þar sem rætt er um þagnarskyldu. Þar segir m.a. í 2. mgr.:

„Stjórnvöldum og stjórnendum stofnana, sem fara með málefni barna, ber skilyrðislaust að veita umboðsmanni barna upplýsingar um starfsemi sem lýtur að börnum án þess að þagnarskyldu sé krafist svo að hún hindri ekki að umboðsmaður fái sinnt skyldu sinni. Jafnframt ber umboðsmanni að veita upplýsingar um umboðsstarfið án þess að krefjast þagnarskyldu."

Vafalaust er þetta mikilvægt ákvæði en það er nú samt svo að í barnaverndarlögum er einmitt krafist þagnarskyldu í þeim málum sem barnaverndarnefndir fjalla um þannig að ég velti fyrir mér hvort þessi mál þurfi e.t.v. að skoða hliðstætt. En eins og hv. þm. er

kunnugt um, þá hefur ekki enn komið hér fram nýtt frv. um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna.

Að öðru leyti tel ég þessa umræðu mjög gagnlega og að sjálfsögðu mun mál þetta verða skoðað vandlega í allshn. þar sem ég á sæti. Ég vil reyndar geta þess, í tilefni af þeirri umræðu sem fór fram áðan og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir minntist sérstaklega á, að ég er á vissan hátt sammála henni um það að í lögum sé of mikið um nokkurs konar viljayfirlýsingar eða stefnuyfirlýsingar en ákvæði kveði ekki nógu sterkt á um skyldu og rétt og vissulega þurfum við að athuga forgangsröðun mála hér á hinu háa Alþingi, ekki síst þar sem um hagsmuni barna er að ræða.

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Það blandast ekki nokkrum hugur um að hér er hið merkasta mál á ferðinni. Hins vegar vil ég gera örstutta athugasemd og beina því til flm. að þeir athugi í ljósi þess sem hér var sagt áðan í ræðu hv. 10. þm. Reykv. að foreldrahlutverkinu væri ekki nægur gaumur gefinn sem ég tek undir. Þegar 3. gr. þessa frv. er skoðuð, þá held ég að þar blundi það sem sagt var að foreldrahlutverkinu er ekki nægur gaumur gefinn þegar horft er til þess hverjir skuli skipa sjö manna ráð sem á að vera umboðsmanni barna til ráðgjafar og það er athyglisvert, með leyfi forseta: Það er Barnaverndarráð Íslands, Fóstrufélag Íslands, Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa, Kennarasamband Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Félag þroskaþjálfa og Félag uppeldisfræðinga. Ég verð að lýsa undrun minni á því að foreldrahlutverkinu skuli ekki vera betri og meiri gaumur gefinn en raun ber hér vitni og ég vil beina því til flm. að þeir athugi sinn gang þannig að foreldrar fái eitthvað um þetta merka mál að segja.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og tekið vel undir þetta frv. auk flm. Ég ætla að víkja aðeins að þeim athugasemdum sem hafa komið fram.

Hv. 16. þm. Reykv. gerði athugasemd við að foreldrar eigi ekki fulltrúa í samstarfsráðinu og það er alveg hárrétt hjá honum. Ástæðan fyrir því var upphaflega sú að engin heildarsamtök foreldra voru til í landinu. Að þessu var svo sannarlega hugað en það voru einstök foreldrafélög til hér í Reykjavík og á einstaka stað í landinu en það þótti ekki þinglegt að hafa slík félög sem aðila í þessu ráði. Nú hafa Samband foreldra- og kennarafélaga og Foreldrafélag misþroska barna og einhver fleiri félög myndað samtökin Samfok. Ég skal játa að mér er ekki nógu kunnugt um það hverjir endanlega eiga aðild að þeim og ég vil því biðja hv. allshn. að huga að þessu þegar málið verður afgreitt því að auðvitað geta flm. ekki haft neitt á móti því að samtök foreldra eigi þarna aðild nema síður væri. En ég minnist þess að ég komst í vandræði með þetta vegna þess einfaldlega að þessi samtök voru ekki til þá. Og ég taldi þegar ég gekk frá þessu núna að Samfok væru kannski ekki alveg á landsvísu en ég skal játa að ég gáði ekki nógu vel að því og bið því nefndina að gera svo.

Athugasemd hv. 6. þm. Reykv. hefur auðvitað heyrst áður og þessi ótti um að frv. skarist við lög um vernd barna og unglinga. Því er til að svara að ég tel að það sé alveg gengið frá því að barnaverndarmál séu ekki verkefni umboðsmanns barna. Umboðsmaður barna á að fylgjast með stjórnvaldsaðgerðum. Hann þarf ekki nauðsynlega að vera fagmaður í félagsráðgjöf eða barnasálfræði þannig að ég held það yrði frekar verkefni umboðsmanns að vísa til barnaverndarnefnda ef málið er þess eðlis. Við vitum það hins vegar öll að barnaverndarnefndir hafa svo til eingöngu fengist við vandamál sem upp hafa komið í fjölskyldum. Samkvæmt núgildandi lögum eiga barnaverndarnefndir vissulega að fylgjast með öllum mögulegum og ómögulegum málum í þjóðfélaginu sem snerta börn en eins og málum hefur verið fyrir komið hafa þær ekki gert það og ekki getað það. Ég held að þess vegna sé alveg nauðsynlegt, eins og hér var tekið fram, að fá embættismann sem sinnir þessu eingöngu. Og eins og hv. 2. þm. Austurl. tók fram áðan mundi slíkt embætti vekja umræðu um málefni barna í landinu. Við höfum nærtæk dæmi um að svo hefur verið t.d. í Noregi síðan embætti umboðsmanns barna var stofnað þar og hefur gefið afar góða raun og ég held að enginn efist um að það hefur verið til bóta.

Hins vegar höfum við ekki fengið á þessu þingi frv. til laga um vernd barna og ungmenna og ég hef áður lagt á það áherslu að það frv. verði lagt fram á þessu þingi því að skoðun mín er sú að mikil nauðsyn sé á því að endurskoða þau.

Auðvitað mætti setja á langt mál, en ég mun ekki gera það, um kjör barna í þessu landi. Ég held að það sé alveg hárrétt sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan og raunir allir, eða a.m.k. hv. 2. þm. Austurl., að þrátt fyrir alla velferðina okkar er mér mjög til efs að börnunum okkar líði betur en okkur gerði sem ekkert áttum og ekkert höfðum. Ég held að börn séu afar öryggislaus í þessu velferðarþjóðfélagi okkar og þá ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu. Börn eru allt of mikið ein og börn upp að 8–9 ára eru ekki svo þroskuð að þau þoli að vera ein allan daginn og leysa öll sín vandamál sjálf.

Hér hefur verið minnst á óhugnanlega slysatíðni barna og það er auðvelt að sýna fram á með skýrslum frá umferðarráði að slysatíðni barna er hærri hér á landi en nokkurs staðar á Norðurlöndum a.m.k. Það er auðvitað eðlilegt, umferðin er ekki gerð fyrir börn. Það er fyrst á allra síðustu árum að mönnum hefur dottið í hug að hafa hjólastíga eða göngustíga við nýjar aðalumferðaræðar og ein og ein undirgöng undir þjóðvegi í þéttbýli hafa verið gerð, en þetta er tiltölulega nýtt og allt of lítið auðvitað.

Það er oft svo að mönnum finnst að svona mál séu hin mjúku mál, málefni fjölskyldunnar. Ég held að þetta sé ekkert mjúkt mál. Ég held að aðstaða ungra barnafjölskyldna í landi okkar sé hreint ekkert mjúkt mál, ég held að það sé grimmt og hart mál. Ungir foreldrar vinna allt of langan vinnudag. Þeir eru nauð-

beygðir til að kaupa íbúð sem auðvitað ætti að leysa öðruvísi fyrstu búskaparárin. Þau dragast með milljónaskuldir frá fyrsta búskapardegi og vinnustaðirnir eru ekki í standi til að taka allt of mikið tillit til þess að foreldrar sem þar vinna þurfi að vera heima með börnum vegna veikinda eða ef barni skyldi líða eitthvað illa einn dag. Það er ekki gild afsökun fyrir foreldra fyrir að að mæta ekki til vinnu. Við sjáum þetta allt í kringum okkur, streituna sem þessu fylgir, óöryggið, skort á málþroska barna sem aldrei heyra fullorðnar manneskjur tala saman. Ég lái ekki örþreyttum smábarnaforeldrum, sem koma úr vinnu sinni milli kl. 5 og 7 og eiga þá eftir að kaupa inn og sækja börnin hingað og þangað, þó að þau séu ekki í skapi til að lesa fyrir börnin sín og leika við þau þangað til þau fara að sofa. Ég held að því miður sé þetta oft svona. Fólk reynir að gera það litla sem það kemst yfir og í stuttu máli verða börnin einfaldlega afgangs og ég held að það sé afskaplega hættulegt. Og það var auðvitað sláandi dæmi sem hv. 2. þm. Austurl. kom með hér áðan um niðurgreiddu máltíðirnar okkar, hinna fullorðnu á vinnustað. Börnin þurfa engan mat. Þau geta borðað eilífa súrmjólk ef þau borða nokkuð eða farið yfir götuna í næstu sjoppu og keypt sér kók og Prins póló sem ég held að sé því miður afar algengt. Ég vil minna hv. þm. á að ekki eru mörg ár síðan læknar við heilsugæslustöðvar borgarinnar ráku upp ramakvein við athugun á því hvort börnin væru sæmilega nærð, börnin í borginni okkar, og komust að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Þetta er auðvitað ástand sem er óviðunandi og okkur öllum til vansa. Margt er okkur til vansa þessa dagana, hv. þm. og frú forseti.

Það mætti taka dæmi eins og hv. 2. þm. Austurl. nefndi áðan. Öll reynum við að kenna börnunum okkar almennan þrifnað og einfaldar reglur eins og að þvo sér um hendurnar eftir notkun salernis. En hvað skyldu vera margar þær opinberar stofnanir þar sem börnin ná ekki upp í vaskana við salernin. Þetta hefur maður margsinnis rekið sig á og þegar gengið er um göturnar okkar hefur gleymst að hugsa um, ekki bara fatlaða, heldur einfaldlega fólk með barnavagna með nákvæmlega sömu þarfir. Það vill nefnilega þannig til að það er öllum hagstætt að gera umferðina í borginni þannig úr garði eða umferðaræðarnar að allir komist um þær, ekki bara þeir sem hraustastir eru og ófatlaðir og barnlausir. Það mætti fara ofan í hvern einasta þátt þjóðfélagsins og komast að sömu niðurstöðu. Réttur barna er ekki virtur. Við skulum ekki fara út í hvernig fullorðnir umgangast börn af lítilsvirðingu og taka ekki mikið mark á þeim því miður, allt of oft. Vænti ég náttúrlega að þar séu margar undantekningar en það hefur nú einu sinni verið plagsiður að á þau er lítt hlustað, því miður. Ég get ekki stillt mig um að minnast á það, vegna þess að ég nefndi áðan að sorglega lítið væri af efni fyrir börn í sjónvarpi, útvarpi og öðrum fjölmiðlum, en verra er að það litla sem er er stundum á hálfgerðri tæpitungu og lýsir kannski svolítið hvernig fullorðið fólk lítur til barna.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki teygja lopann hér. Ég hef haldið svo margar ræður þessu frv. til stuðnings að ég skal hlífa mönnum við því frekar. En ég held að hér sé um að ræða mál sem við í fyrsta lagi, höfum efni á og mikið meira en það. Hér sé um að ræða mál sem er svo mikilvægt að jafnvel þótt við hefðum ekki efni á því yrðum við að gera það. Það er til lítils gagns að líta til framtíðarinnar og enn þýðingarminna að sitja við að leysa fortíðarvandann ef börnunum er gleymt. Framtíðin er falin í börnunum okkar og ég held að ef við sinnum ekki aðstæðum þeirra, þá sé til lítils barist hér á hinu háa Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér hefur verið lagt fram er, eins og komið hefur fram í máli þeirra sem hafa talað á undan mér, vissulega spor í rétta átt því að börnin eru afgangsstærðir í þjóðfélaginu. Það er staðreynd að við skipuleggjum vinnutíma, við skipuleggjum skóla og starf og líf okkar án þess að huga að börnunum því að þegar búið er að skipuleggja þetta allt saman, þá er farið að leita að dagvist eða gæslu fyrir börnin. Þess vegna tel ég að þetta sé að nokkru leyti barnfjandsamlegt samfélag sem við lifum í. Það er enginn tími fyrir börnin.

Þetta leiðir hugann að því í framhaldi af þessu frv., þó að það tengist því kannski ekki beint, hvernig búið er að þeim foreldrum þó að þeir séu fáir í dag sem vilja vera heima og sinna börnum sínum þar. Þeim er hegnt með því að þeir fá lægri greiðslur í fæðingarorlofi, þeir fá enga dagpeninga, þeir fá hvorki hálfa dagpeninga né heila heldur enga við það að gæta barna sinna heima. Persónuafsláttur er ekki millifæranlegur nema 80% á milli hjóna ef annað þeirra er heimavinnandi og það má telja fleira upp í sambandi við slysabætur, sjúkrabætur og fleira.

Ég er ekki að halda því fram að þó að betur væri búið að heimavinnandi fólki mundi það leysa öll mál sem snerta börnin en ég álít þó að það væri liður í þeirri viðleitni að bæta hag barna, að þeim sem vilja og geta sinnt börnum sínum heima verði gert a.m.k. jafnhátt undir höfði og hinum sem sinna vinnu utan heimilis. Við vitum að þjóðfélagið krefst þess næstum því að allir sinni vinnu utan heimilis, báðir foreldrar jafnt, en það mætti a.m.k. virða það á einhvern veg ef foreldrar vilja og geta leyft sér að vera heima og neita sér um eitthvað sem þeir annars gætu veitt sér. Ég tel að þetta sé mál sem muni verða rætt meira í tengslum við þetta frv. sem ég tel eins og ég sagði áðan mjög þarft og spor í rétta átt. Það leiðir kannski hugann líka að því að fyrirhugað er ár fjölskyldunnar á vegum Sameinuðu þjóðanna og þá yrði e.t.v. enn meiri umræða um stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu og stöðu barna því að börnin eru okkar framtíð. Því megum við aldrei gleyma.

En frv. mun skapa meiri umræðu, ég er sannfærð um það og ég vona að það fái góða og þinglega meðferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 130.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samkvæmt frv. þessu er lagt til að fullvinnsla afla um borð í fiskiskipum verði háð sérstöku leyfi sem sjútvrn. veitir. Tilgangur þess að krefjast sérstaks leyfis er fyrst og fremst að tryggja að í hóp þeirra skipa sem stunda fullvinnslu um borð bætist ekki önnur skip en þau sem eru fær um að fullnægja eðlilegum kröfum til nýtingar, vörugæða og vinnuaðstöðu. Leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð verður hins vegar gefið út til allra þeirra skipa sem fullnægja almennum skilyrðum af þessu tagi. Því er ekki verið að leggja til opinbera takmörkun á útgáfu slíkra vinnsluleyfa. Engu að síður er líklegt að auknar kröfur muni hægja á þeirri þróun að fiskvinnslan flytjist út á sjó en á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú að vinnsla á sjávarafurðum hefur í vaxandi mæli flust um borð í veiðiskip. Af hálfu hins opinbera hafa ekki verið lagðar beinar hömlur við fjölgun þeirra fiskiskipa sem vinna afla um borð en gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að stuðla að aukinni aflanýtingu þessara skipa. Má í því sambandi einkum nefna störf aflanýtingarnefndar sem hóf starfsemi á árinu 1989.

Nefndin hefur einkum unnið að tveimur viðamiklum verkefnum. Í fyrsta lagi að bæta flakanýtingu um borð í frystiskipum og í öðru lagi kom nefndin á fót aflakaupabanka sem kaupir fisktegundir af fiskiskipum sem lítt hafa verið nýttar í því skyni að kanna og þróa markað fyrir þennan afla. Þrátt fyrir þessar aðgerðir og að margt hafi áunnist á síðustu árum hefur því verið haldið fram að ekki séu af opinberri hálfu gerðar nægar kröfur til nýtingar hráefnis og vinnsluaðstöðu um borð í þessum skipum.

Á árinu 1990 voru rúmlega 108 þús. lestir af botnfiski frystar um borð í veiðiskipum. Þar af voru tæplega 42 þús. lestir af þorski eða rúmlega 12% af heildarþorskaflanum það ár. Hér er um hátt hlutfall botnfiskaflans að ræða og hefur þetta hlutfall farið hækkandi á undanförnum árum. Ástæða þess er einkum sú að afkoma flakafrystiskipa hefur verið mun betri en annarra greina sjávarútvegsins. Samkvæmt nýlegri athugun Þjóðhagsstofnunar á afkomu botnfiskveiða og vinnslu kemur fram að frystiskip voru rekin með um 15% hagnaði af tekjum miðað við rekstrarskilyrði í september 1991 en á sama tíma var útgerðin í heild rekin með um 8% hagnaði. Innlend fiskvinnsla var á sama tíma rekin með um 7,5% halla. Þessi afkomumunur getur því leitt til þess að fleiri aðilar muni hugleiða að láta breyta skipum sínum þannig að þau geti unnið aflann úti á sjó. Því er mikilvægt að koma í veg fyrir að tiltölulega litlum skipum verði breytt í vinnsluskip, skipum sem telja verður að smæðar sinnar vegna séu varla fallin til slíkrar vinnslu ef gera á eðlilegar gæða- og nýtingarkröfur.

Í sjútvrn. hafa lengi verið hugmyndir um að gera auknar kröfur til þeirra fiskiskipa sem vinna botnfiskafla um borð með það að markmiði að tryggja betri nýtingu þess afla sem um borð kemur og auka gæði afurðanna. Slíkar aðgerðir eru mikilvægar nú þegar nauðsynlegt hefur reynst að minnka þann afla sem leyfilegt er að veiða. Þá hafa menn jafnframt áhyggjur að versnandi afkoma fiskvinnslunnar muni leiða til versnandi atvinnuástands í landi ef hlutfall þess afla sem unninn er úti á sjó eykst frekar en nú er orðið. Með fullvinnslu er í frv. átt við að flökun eða flatning sé þáttur í vinnslunni. Lögin taka því ekki til annarra vinnsluskipa t.d. þeirra sem heilfrysta botnfisk eða vinna rækju um borð. Um þessi skip gilda því áfram fyrirmæli núgildandi laga og reglugerða og þurfa þau eftir sem áður að fá tilskilin leyfi frá Ríkismati sjávarafurða.

Samkvæmt frv. er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð á fullvinnsluskipum og ekki verði veitt fullvinnsluleyfi nema aðstaða sé til að framfylgja kröfum um fullnægjandi nýtingu aflans. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt með setningu reglugerðar til eins árs í senn að heimila að ekki sé nýttur tiltekinn fiskúrgangur, enda sé alls ekki að mati sérfræðinga unnt að nýta hann með arðbærum hætti miðað við vinnslu, tækni og markaðsaðstæður á hverjum tíma. Er gert ráð fyrir að byggt verði á mati sérfræðinga Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er teknar verða ákvarðanir varðandi veitingu fullvinnsluleyfa.

Miklar framfarir hafa orðið á undanförnum árum í allri fullvinnslutækni, ekki síst um borð í fiskiskipum. Á sama tíma hafa opnast nýir möguleikar til nýtingar ýmissa aukaafurða og er ljóst að slíkir möguleikar eru ekki fullkannaðir enn þá. Geta því boðist ýmsir nýir kostir sem ekki eru fyrir hendi í dag. Kröfur til fullvinnsluskipa geta því tekið breytingum miðað við þá þróun sem verður í vinnslutækni og breytingar sem verða á möguleikum til markaðssetningar ýmissa tegunda fiskafurða.

Þá verða samkvæmt frv. gerðar kröfur um að aðstaða í móttöku, vinnslurásum og afurðageymslum fullvinnsluskipa sé með þeim hætti að gæði afurðanna séu fulltryggð. Um þetta verða sett nánari ákvæði með reglugerð, t.d. um að í fiskmóttöku þurfi að vera nægjanlegur fjöldi blóðgunarkara til að flokka aflann eftir tegundum. Þá er gert ráð fyrir að gerð verði krafa um kælda fiskmóttöku. Til að tryggja umsjón og eftirlit með gæðum um borð í fullvinnsluskipum er lagt til að sérstakur matsmaður verði um borð í öllum veiðiskipum sem leyfi fá til fullvinnslu botnfiskafla um borð. Gerðar verði tilteknar menntunarkröfur til matsmanna og kveðið verður á um starfssvið þeirra í reglugerð. Verða gerðar sömu kröfur til matsmanna um borð í fullvinnsluskipum og matsmanna í frystihúsum. Ákvæði 10. gr. laga nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, kveður á um að sjútvrn. löggildi þessa menn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn en þeir sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar.

Í frystihúsum eru nær undantekningarlaust lærðir fiskiðnaðarmenn í þessum störfum. Svo hefur til þessa

ekki verið um matsmenn um borð í vinnsluskipum. Hafa verið haldin stutt námskeið fyrir þá og þeim veitt tímabundin löggilding þar sem útgerðum hefur ekki reynst kleift að fá matsmenn sem lokið hafa tilskildu námskeiði.

Sjútvrn. tekur afstöðu til veitingar leyfis til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi eftir að Ríkismat sjávarfurða hefur lagt faglegt mat á það hvort öllum skilyrðum til fullvinnslu sé fullnægt. Auk þess skal liggja fyrir mat Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafna sé fylgt áður en ráðuneytið tekur afstöðu til veitingar vinnsluleyfis.

Með frv. er lagt til að eftirlit um borð í fullvinnsluskipum verði mjög aukið frá því sem verið hefur. Í fyrsta lagi er kveðið á um að eftirlitsmaður verði um borð fyrstu sex mánuðina eftir að fullvinnsluleyfi hefur verið veitt í fyrsta sinn. Í öðru lagi er stefnt að því að auka almennt eftirlit um borð í skipum sem leyfi fá til fullvinnslu um borð og er lagt til að útgerðir viðkomandi skips greiði allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð, þar með talin laun þeirra.

Í gildandi lögum eru ýmis ákvæði sem heimila ráðuneytinu að kveða á um meðferð og nýtingu afla. Má í þessu sambandi einkum nefna lög nr. 81 frá því í maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög um Ríkismat sjávarafurða. Jafnframt er í 16. gr. laga nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, ákvæði sem lúta að sérstökum vinnsluskýrslum um borð í skipum sem vinna afla um borð og eru þær vinnsluskýrslur undirstaða við mat á því hvernig aflakvóti er nýttur um borð í þeim skipum. Á grundvelli ofangreindra laga hafa verið gefnar út tvær reglugerðir sem m.a. lúta að vinnslu afla um borð. Reglugerð nr. 48 frá 10. des. 1990 tekur til mælinga á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum og reglugerð nr. 205 frá 29. apríl 1991, um nýtingu aukaafurða, segir að fullvinnsluskip skuli hirða allan afskurð sem til fellur við snyrtingu þorsk-, ýsu- og ufsaafla um borð í frystiskipum. Þessar lagaheimildir eru út af fyrir sig fullgildar til þess að setja frekari almennar reglur um meðferð og nýtingu afla, þar á meðal varðandi fullvinnsluskipin.

Með frv. þessu er engu að síður lagt til að sett verði sérstök löggjöf um fullvinnsluskip. Með því fyrirkomulagi næst heildaryfirsýn yfir alla þætti sem máli skipta áður en ákvörðun er tekin um veitingu fullvinnsluleyfis. Þannig liggur fyrir mat á nýtingarferli vinnsluskips, mat á aðstöðu með tilliti til gæða afurða, mat á rými og aðstöðu fyrir áhöfn og mat á öryggisbúnaði. Það liggur fyrir að skip þau sem nú stunda fullvinnslu eru mjög misvel í stakk búin til þess að mæta auknum kröfum um nýtingu afla. Eru fáein þeirra þegar að mestu hæf til að mæta þeim kröfum. Önnur þurfa aftur á móti að gangast undir verulegar breytingar og jafnvel stækkun. Væri því eðlilegt að athuga að yrði hvort rýmka þyrfti reglur um stækkun skipa ef í ljós kæmi að ekki væri hægt að mæta auknum kröfum um nýtingu án þess að skip væru stækkuð.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að sömu kröfur verði gerðar til nýtingar afla hjá öllum þeim skipum sem aðlögunarfrest fá til 1. sept. 1996 og er fresturinn ákveðinn svo langur vegna þeirra skipa sem mest þarf að breyta. Jafnframt er lagt til að eftir 1. sept. 1996 verði gerðar sömu kröfur um nýtingu afla til allra fiskiskipa sem leyfi fá til fullvinnslu afla um borð.

Með frv. þessu er lagt til að auknar kröfur verði gerðar til nýtingar á afla þeirra fiskiskipa sem fullvinna botnfiskafla um borð. Tilgangur frv. er að bæta nýtingu og umgengni um fiskveiðiauðlindina. Þrátt fyrir að þetta frv. nái eingöngu til takmarkaðs hluta fiskiskipaflotans er stöðugt unnið að þeim markmiðum sem sett eru fram með þessu frv. varðandi önnur fiskiskip í flotanum. Framtíðarmarkmiðið hlýtur að vera að þær kröfur verði gerðar til allra fiskiskipa í íslenska flotanum að koma með allan fisk og fiskúrgang að landi. Í því skyni að auka nýtingu og gæði afla um borð í ísfiskskipum mun aflanýtingarnefnd á næsta ári vinna að sérstöku verkefni fyrir þessi skip með svipuðu sniði og gert hefur verið fyrir flakafrystiskipin.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir margt af því sem kemur fram í þessu frv. og ég tel það góðra gjalda vert sé að setja reglur um nýtingu afla og annað slíkt um borð í þessum skipum og reyndar í öllum fiskiskipum sem veiða við Ísland. Aftur á móti finnst mér dálítið bera á því að menn séu með þessu frv. að reyna að hamla með einhverju móti gegn þeirri þróun sem er í gangi núna, þ.e. að atvinnan flytjist út á sjó. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ekki tekið nógu myndarlega á ef það er meiningin að draga úr þeirri þróun. En ég tel að þetta frv. bendi eindregið til þess að það sé samt tilgangurinn.

Það er sagt í almennum athugasemdum við frv. að af hálfu hins opinbera hafi ekki verið lagðar beinar hömlur við fjölgun fiskiskipa fram að þessu og það er auðvitað alveg rétt. Einnig segir að það sé ekki meiningin. Fullvinnsluleyfi verði hins vegar gefið út til allra þeirra skipa sem fullnægja almennum skilyrðum. Með frv. sé því ekki verið að leggja til opinbera takmörkun á útgáfu slíkra vinnsluleyfa. Engu að síður sé líklegt að auknar kröfur muni hægja á þeirri þróun að fiskvinnslan flytjist út á sjó og ég tel að það sé kannski ekki síður ástæðan fyrir því að þetta frv. kemur fram. Það er mín skoðun að það þurfi að hægja meira á þessari þróun núna en gerist með þessu frv. Ég tel fulla ástæðu til að koma á einhvers konar „frystingarástandi" gagnvart breytingum í flotanum meðan verið er að endurskoða fiskveiðistefnuna og þess vegna þurfi aðrar aðgerðir en þær sem hér koma fram þó að ég út af fyrir sig geti samþykkt þær sem slíkar í þeim tilgangi að auka nýtingu á þeim fiski sem veiðist við landið.

Þær röksemdir, sem útgerðarmenn og aðrir sem vilja að þessum skipum fjölgi, hafa fyrir sínu máli eru fyrst og fremst rekstrarlegs eðlis. Það hefur komið fram að verulegur hagnaður hefur verið af því að reka þessi skip og margar útgerðir hafa þess vegna horft hýru

auga til þess að breyta sínum rekstri, færa aflakvóta sinn yfir í skip sem gefa meira af sér. Það er því hörmulegt til að þess að vita að menn skuli ekkert vita um það í þjóðfélaginu hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt að færa kvótann yfir á þessi skip. Það skuli engir útreikningar vera til um það og ég tel að við svo búið megi ekki lengur standa, að menn séu að þræta um það, án þess að hafa um það neinar almennilegar upplýsingar, hvort þjóðhagslega hagkvæmt sé að vinna fiskinn úti á sjó með þessum hætti. Auðvitað vitum við að helsta ástæðan fyrir því að hátt verð fæst fyrir þann afla, sem unninn er um borð í þessum frystiskipum, er að hann er allur unninn ferskur. Og það er undarlegt að heyra forsjármenn útgerðarinnar í landinu þræta um það jafnvel opinberlega að fiskurinn sé unninn of gamall í landi þegar sönnunin liggur á borðinu. Hún liggur auðvitað á borðinu í því verði sem fæst fyrir þann fisk sem unninn er um borð í þeim frystiskipum sem til eru við landið.

Ég tel aftur á móti ekki heppilegt að menn fari blindandi inn á þá braut, sem fjölmargir útgerðaraðilar eru lagðir af stað á, að kanna möguleika á að breyta sínum skipum yfir í frystiskip. Í þessu frv., sem að mínu viti er mjög þarft, koma einmitt fram upplýsingar um að fjölmargir aðilar séu að kanna þá möguleika.

Einnig er bent á það sem menn hafa auðvitað rætt um undanfarin ár en það er nýtingin um borð í þessum skipum. Þau nýta aflann með flökunarvélum og mörg hver geta ekki nýtt úrganginn, slógið og hausana, heldur fer þetta allt saman í sjóinn og nýtist ekki.

Ég var á ferð með sjútvn. á Akureyri um daginn og hafði ekki fyrr séð þessar nýjustu hausunarvélar sem notaðar eru í frystihúsunum í gangi. Þessar vélar hausa þannig að klumbubeinið fylgir með hausnum og ég veit að nýtingin um borð í þessum frystiskipum hlýtur að vera mjög slæm vegna þess að þau nota svona hausunarvélar. Aftur á móti nýtast hausar og klumbubein að töluverðu leyti hjá frystihúsunum vegna þess að þau eru farin að herða og nýta sér fés og annað sem til fellur þegar búið er að vinna fiskinn. Á þessu er tekið í þessu frv. og er það vel.

Ég held að út af fyrir sig ekki svo margar athugasemdir sem ég vilji gera við sjálft frv. en ég vil hvetja til að menn velti því alvarlega fyrir sér að gera meira en þetta til að koma í veg fyrir veruleg vandamál í þjóðfélaginu vegna flutnings aflaheimildanna yfir á skip sem vinna aflann úti á sjó.

Eina athugasemd vildi ég gera í sambandi við frv. Á einum stað er talað um að þessar kröfur muni verða til að jafnvel þurfi að rýmka reglur um stækkun fiskiskipa til að fiskiskipin geti komið til móts við þær kröfur sem gerðar eru í frv. um pláss fyrir nýja vinnslu. Ég held að menn þurfi að hugsa sig vel um áður en þeir leggja fram hugmyndir um að úrelding þurfi ekki að koma til vegna stækkunar fiskiskipa því að býsna erfitt verður að meta umsóknir um breytingar á skipum ef menn sleppa því lausu aftur að ekki þurfi úreldingu vegna stækkunar skipa.

Ég held að það sé einnig álitamál hve langur tími er gert ráð fyrir að líði þangað til öll skip eiga að uppfylla þessar kröfur. Talað er um 1. sept. 1996. Ég tel að full ástæða sé til að fylgja þessu hraðar eftir og menn ættu að skoða þann möguleika að stytta þennan tíma. Ég held að meðan þjóðhagsleg hagkvæmni þess að gera svo afdrifaríkar breytingar á nýtingu afla sem fiskast hér við land hefur ekki verið metin sé ekki um annað að ræða en doka við. Ég veit að það eru margir tugir af útgerðarmönnum sem eru að velta fyrir sér að breyta sínum skipum og það verða mörg hundruð manns sem missa atvinnuna ef það gerist og það er mjög líklegt að ákvarðanirnar í þessu efni verði teknar á næstu mjög fáum mánuðum. Þess vegna hvet ég til þess, eins og ég sagði áðan, að menn gái að sér.

Guðmundur Hallvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því frv. sem fram er komið um fullvinnslu afla um borð í veiðiskipum. Það er ekki lengra liðið en svo að frá árinu 1974 kom hver skuttogarinn eftir annan til landsins og flestir í dreifbýli. Voru þá mættir á bryggjuna ráðamenn viðkomandi sjávarpláss með lúðrasveit og tilheyrandi og var talið að atvinnuöryggið væri tryggt í hinum dreifðu byggðum. Komu nýju veiðiskipanna var vissulega fagnað og talið var að hjól atvinnulífsins færu að snúast eftir kyrrstöðu sem verið hafði a.m.k. á sumum stöðum um nokkuð langt árabil. Nú bregður hins vegar svo við að um nokkurra ára skeið hefur fjölmörgum togurum verið breytt í frystitogara og jafnvel hafa skip gengið undir slíka breytingu sem aldrei skyldi hafa verið breytt í frystitogara. Ég á þá einkum við það hagræði eða óhagræði sem varð um borð í þeim skipum eftir að þeim var breytt úr ísfiskstogara í frystitogara.

Það er í sjálfu sér ekki hægt að deila á fyrrv. sjútvrh. þótt ábyrgð hans sé vissulega nokkuð mikil á þeirri kúvendingu sem orðið hefur við fyrrnefndar breytingar fjölmargra togara. En engu að síður hefði verið eðlilegra af fyrrv. sjútvrh. að halda heldur í og spyrna meira og fastar við en hann gerði þá.

Það er eðlilegt að menn leiti í þessa átt þegar í það er ráðist að breyta ferskfisktogara í frystitogara þegar til þess er litið að flestar fiskvinnsluvélarnar sem fjárfest er í ganga í 23 klukkustundir á sólarhring á móti samsvarandi vélum í fiskvinnslu í landi sem notaðar eru ekki nema 40 stundir á viku. Það segir sig sjálft. Enda þótt oft og tíðum hafi sú frétt komið fram að nýtt skip væri að koma til landsins þar sem aflinn væri fullunninn um borð hafa menn ekki áttað sig á því að aðeins hafa verið nýtt um 42–45% aflans sem kom um borð í veiðiskip. Það hefði verið eðlilegt að gera þá kröfu til útgerðarinnar að fullvinnsla færi a.m.k. fram um borð í þeim skipum sem voru sérsmíðuð til þessara veiða.

Líka er athyglisvert að í athugasemdum með frv. segir, með leyfi forseta:

„Þá eru í frv. gerðar kröfur um að aðstaða í móttöku, vinnslurásum og afurðageymslum fullvinnsluskipa sé með þeim hætti að gæði afurðanna séu tryggð.“ Tvennt er athyglisvert í þessu. Í fyrsta lagi er vert að hugleiða hvers vegna útgerðirnar skyldu leita

til þess að breyta skipum sínum úr ísfiskstogurum yfir í frystitogara. Eins og ég gat um áðan er betri nýting á þeim tækjakosti, sem þarf að vera um borð í frystitogara, sem er sambærilegur við þann búnað sem er í frystihúsi. En það er annað sem hefur komið á daginn varðandi þá atvinnuuppbyggingu sem ég gat um í frystihúsunum. Víða í dreifbýli leituðust menn við að halda atvinnunni gangandi með þeim hætti að ísfiskstogari, sem var að landa allt að sjö daga gömlum fiski — vinnsluhraði frystihússins var ekki meiri en svo að það var haldið í við þangað til togarinn kom næst inn enda þótt afla hefði mátt vinna á skemmri tíma en gert var — þá litu menn fram hjá meginmálinu sem er auðvitað markaðurinn og gæði þeirrar afurðar sem unnin er.

Í annan stað hefur það líka gerst og menn hafa of lítinn gaum gefið að og það er vinnslurásin og hagræðingin fyrir sjómennina sjálfa um borð í skipunum. Að þeim þætti hefur allt of lítill gaumur verið gefinn og því miður sjást þess merki að menn hafa í of langan tíma verið að vinna við þær aðstæður sem hvergi til lands hefði verið boðið upp á. Þetta er eitt af því jákvæða sem tekið verður á. Það er hins vegar umhugsunarefni og álitamál hvernig eigi að fara með og kann að valda vanda á milli útgerðar annars vegar og sjómanna hins vegar þegar kveðið er svo á í lögunum um að sérstakur fiskimatsmaður skuli vera um borð í skipinu. Kemur þá ekki nógu glögglega fram um hvort átt er við að einn af áhöfninni skuli gegna þeirri stöðu eins og nú er eða hvort maður eigi að gegna því hlutverki einu saman að vera sem slíkur. Það kann vissulega að valda nokkrum vanda þegar litið er til hlutaskiptanna eins og þau eru nú. Mér býður svo í grun um að útgerðin sé ekki tilbúin að greiða laun þess manns ein og sér og muni beina því til sjómanna að þeir taki þátt í þeim kostnaði en úr þeim herbúðum heyrist að það sé orðið nóg sem tekið er af áður en til skipta kemur.

Ég tel líka af hinu góða að tekið er á málum með þeirri framsýni að ná heildaryfirsýn yfir veiðarnar og vinnsluna um alla þá þætti sem máli skipta varðandi þessa nýju grein fiskveiðiskipa.

Hæstv. forseti, ég ætla ekki að hafa orð mín lengri að svo komnu máli en ég endurtek að frv. er vissulega tímabært.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð þeirra sem hafa sagt að frv. væri tímabært, en ég hlýt að velta fyrir mér hver sé raunverulegur tilgangur þessa frv. Ekki svo að skilja að hæstv. sjútvrh. hafi talað óskýrt, heldur er ég að leita eftir tilgangi sem e.t.v. er ekki minnst á þarna. Þar á ég við hvort verið sé með beinum eða óbeinum hætti að setja skorður við því að afli sé fullunninn úti á sjó til verndar fiskvinnslunni eða ekki. Ég er að leita eftir því að sá sé annar tilgangur þessa frv.

Ég hlýt að taka undir að það er fullkomlega tímabært og eðlilegt að setja þau ákvæði í lög sem í frv. felast. En ég bendi á það að ef meiningin er að vernda fiskvinnslu í landi þyrfti auðvitað að fara aðrar leiðir jafnframt og vil ég þá sérstaklega benda á þá leið sem við kvennalistakonur höfum einatt bent á en það er að taka upp byggðakvóta við stjórn fiskveiða. Ég held að það hljóti að fara að verða óhjákvæmilegt miðað við atvinnuástandið hér á landi að hugað verði í alvöru að þeirri lausn. En ég tek það aftur fram að ég er ekki viss um að meiningin sé að stemma stigu við því að fiskvinnsla færist of mikið út á sjó.

Í öðru lagi langar mig að nefna að ákveðin gagnrýni hefur verið á það hvernig unnið er á frystitogurum. Það hefur verið bent á að grunur leiki á að vinnuverndarlög séu brotin. Aðstæður eru ekki sem skyldi og á því er tekið í frv. Það hefur einnig verið bent á vinnutíma og hve miklum afla er hugsanlega hent fyrir borð og á því er einnig tekið í frv. Það er vel. Jafnframt er gert ráð fyrir í 4. gr. að sérstakur matsmaður skuli hafa umsjón með allri vinnslu ásamt hugsanlegu gæðaeftirliti um borð. En mér þykir nokkuð óskýrt það sem á eftir fylgir, að með reglugerð skuli kveða á um menntunarkröfur og starfssvið matsmannsins, þótt að vísu hafi komið nokkuð vel fram í máli hæstv. sjútvrh. hvað hann átti við.

Mér er minnisstæð athyglisverð ráðstefna sem mig minnir að hafi verið haldin á vegum Fiskvinnsluskólans haustið 1989 þar sem sérstaklega var fjallað um vinnslu um borð og þau vandamál sem þar er sérstaklega við að etja og nauðsyn þess að fjallað væri um vinnslu þar sem annars staðar af mikilli fagmennsku. Vissulega bar ráðstefnan vitni um það að menn höfðu ákveðnar meiningar um það að sú menntun sem boðið er upp á í Fiskvinnsluskólanum væri sú réttasta. Ég gat ekki annað eftir að hafa setið ráðstefnuna en séð töluvert margt sem styddi þær hugmyndir, en ég ætla ekki að fara að setja mig í dómarasæti. Ég tel mig ekki hafa þá þekkingu til að bera sem nauðsynleg er. Hins vegar tel ég mjög nauðsynlegt að innan sjútvn., þar sem ég hef sem betur fer möguleika á að taka þátt í störfum, muni þetta verða tekið til umfjöllunar ásamt öðru.

Ég tel að þar sem um strangari ákvæði er að ræða víðast hvar en nú eru í gildi um vinnslu og aðbúnað fólks sé í sjálfu sér margt gott að segja um þetta frv. En ég ítreka að ég sakna þess mjög að frv. skuli ekki vera beinlínis lagt fram með það í huga að jafna möguleika fiskvinnslu í landi og fiskvinnslu á sjó. Ég geri mér grein fyrir að það er e.t.v ekki rétti staðurinn að gera það í frv. en ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að það verði hugað að því hvað það merkir ef við tökum fiskvinnsluna meira og minna úr landi því að heilu þorpin eiga allt sitt undir, eins og nú er málum háttað, að fiskur sé unninn þar og um mjög mikla atvinnu er að ræða, atvinnu mjög margra. Það er ekki hægt að horfa fram hjá þeim staðreyndum.

Að lokum eitt örlítið atriði varðandi 6. gr. Ég geri ráð fyrir að nánar verði fjallað um það þegar „bandormurinn" kemur til umræðu væntanlega á föstudag. Gert er ráð fyrir því, eins og fram kemur í 6. gr. og einnig í ákvæðum í því frv. sem gengur undir nafninu bandormur, að útgerð skips skuli greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð. Ég hlýt að

varpa fram þeirri spurningu, en ætla ekki frekar en í öðrum málum að setjast í dómarasæti, hvort það sé eðlilegt að fiskvinnslan standi í öllum tilvikum undir öllum kostnaði. Þetta er aðeins um helmingur kostnaðarins sem fiskvinnslunni er ætlað að borga, en væntanlega gefst betra tækifæri til að ræða þetta þegar bandormurinn verður hér í umræðu.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um fullvinnslu botnfisksafla um borð í veiðiskipum og það er margt í frv. sem ég held að flestir hv. þm. geti tekið undir. Greinilega er verið að draga úr fjölgun frystiskipa og verið er að koma á betri nýtingu afla og betra hráefni. Um það erum við sammála. Og þar með er verið að draga úr fjárfestingu. En spurningin er þessi: Af hverju eru svona margir útgerðaraðilar sem vilja fara út á sjó með vinnsluna?

Auðvitað er til svar við því og svarið er það að frystingin í landi ber sig ekki. Bæri frystingin í landi sig væri ekki þessi mikla ásókn. Það sem þarf að gerast er að þær efnahagsaðgerðir þurfa að koma til að frystingin í landi fari að bera sig. Það er sorgleg staðreynd að þeir sem eru með mjög vel búin frystihús eru núna að sækjast eftir að fara með frystinguna út á sjó.

Það kom fram í umræðunum áðan að auðvitað eru frystihúsin ekki rekin á sama hátt og frystitogararnir. Frystihúsin eru ekki rekin eins og verksmiðjur, vélarnar eru kannski nýttar aðeins 40 tíma á viku eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á. En þetta er líka launaspursmál og hingað til hefur ekki verið hægt að semja um það við verkalýðsforustuna að reka frystihúsin eins og verksmiðju. Það er að mörgu að hyggja og ég segi fyrir mig að meðan ekkert ber sig í útgerð nema frystiskip verður eitthvað að koma meira til en það að draga úr ásókn í nýbreytni sem ber sig.

Gísli S. Einarsson:

Ágæti forseti. Virðulegi þingheimur. Hér er verið að ræða mál sem varðar hvað mestu um hag íslensku þjóðarinnar og ég tel að það sé ekki fært annað en taka til máls undir þessum lið þó að ég sé hér mest í námi. Það sem vakti athygli mína var 4. gr. frv. varðandi matsmenn. Ég velti því fyrir mér hvort matsmaðurinn á að vera hlutaskiptamaður eða hvort hann á að vera ráðinn af útgerðinni sér. Það er reyndar gert ráð fyrir því að sá aðili sé hlutaskiptamaður. Ég vildi sjá einhvern af þeim sem núna stunda sjó vera í því hlutverki að eiga að segja til um hvernig þetta skuli fara fram. Að sjálfsögðu yrði allt sett fyrir borð eins og gert er í dag sem væri óhagkvæmt. Manni er sagt að það gerist að hnakkastykkin og sporðstykkin komi upp í næstu trollum vegna þess að vélarnar taka ákveðna stærð af fiski þannig að hluta af aflanum er kastað. Það er komið í veg fyrir það í frv. að þetta gerist og ég tel að frv. sé af hinu góða.

Frystiskipin eru með stærsta kvótann, þau hafa haft besta afkomu, hafa getað tekið sér mestu umráðin. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé rétt að gera þeim sem hafa umráðarétt yfir kvóta það skylt á aðlögunartímanum að þeir komi í land með a.m.k. 40% af þeim afla sem þeir hafa yfir að ráða ísaðan og óunninn. Þetta mundi setja ákveðnar takmarkanir því að ég tel að það sé alveg auðsætt að þetta frv. eigi að vinna gegn þeirri þróun sem nú er að fullvinnsla afla fari fram á hafi úti. Þar með eru brotin vökulög og annað. Það sem gerist um borð er sennilega ekki öllum kunnugt. Menn standa sig örþreytta vegna þess að þeir hafa mestan hagnað af því að koma heim með sem mest af aflanum unninn.

Ég vil taka undir orð um það að gera verður fiskvinnslunni í landinu kleift að komast af. Það er grundvallaratriði. Það er ekki hægt að reikna með öðru en að menn færi sig stöðugt yfir í frystiskipin ef þeir geta ekki komist af með þann vinnslumáta sem þeir hafa yfir að ráða. Og hvað gerist þá hjá þessari þjóð sem lifir af fiski? Hvað verður þá um fólkið sem er heima í fiskveiðibæjunum? Hvað á það að gera? Ég spyr og ég óska þess að sem flestir velti því fyrir sér, hvað er núna að gerast? Það er verið að smíða, ef ég veit rétt, þrjú frystiskip fyrir 3 milljarða, eða nálægt þremur milljörðum, erlendis. Hvað þýðir þetta? Það eru ekki bara 108 þús. tonn sem á að veiða. Þau eiga að veiða meira vegna þess að þessi skip gefa afkomuna til þess að geta sölsað undir sig meiri kvóta og þetta er afskaplega einfalt.

En ég vil þakka fyrir þetta frv. Það er mjög þarft en mér finnst það ekki ganga nógu langt.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það að flytja þetta mál og ég get lýst því yfir að ég vil skoða það með jákvæðu hugarfari og leggja vinnu í að gera það sem best úr garði. Ég hef haft aðstöðu til þess að fylgjast nokkuð með gangi þessara mála þar sem ég hef átt sæti í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. vék hér að, svokallaðri aflanýtingarnefnd, sem ég tel að hafi unnið hið merkasta starf. Hún er raunar enn að störfum og með ýmis mál sem vissulega væri fróðlegt að fara hér yfir, en ég ætla ekki að gera, og eru mikils virði fyrir greinina í heild sinni. Það er kannski umhugsunarefni í þessari umræðu hversu lítið fjármagn við ætlum til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem er einnig að vinna að hinum merkilegustu störfum. Ég held að við þyrftum samhliða því að fjalla um þetta frv. að skoða það í nefnd hvort og á hvern hátt við gætum komið auknu fjármagni til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Ég tel eitt af okkar allra brýnustu málum í dag í sjávarútveginum vera að rannsaka og kryfja til mergjar á hvern hátt við getum fengið sem mest úr þessari afurð sem úr hafinu er dregin.

Ég er af fleiri ástæðum áhugamaður um þetta mál því að ég hef flutt um þetta þingmál oftar en einu sinni og margrætt þetta hér í þingsölum og oft á tíðum, hefur mér fundist, við lítinn skilning hv. þm. En ég vona svo sannarlega að breyting hafi orðið á og að við höfum hér verulegan ávinning í þessu máli.

Það kom upp hjá hv. þm. Kvennalistans sem hér talaði um kvótamál — og það er nú svo að aldrei eru fiskveiðimál rædd hér öðruvísi en kvótamálin komi þar til umræðu og kvótanum er venjulega kennt um allt

sem miður hefur farið. Þar er að mínu mati um herfilegan misskilning að ræða því ef grannt er skoðað og hlutlaust held ég að menn hljóti að viðurkenna það að kvótinn hefur leitt af sér mikla hagræðingu og ávinning í sjávarútveginum. Það er hins vegar áhyggjuefni hversu lítið við megum draga úr hafinu. Og hv. þm. Kvennalistans, sem tala gjarnan um kvótann og kenna honum um, leggja alltaf til á sama tíma að kvótinn sé hafður. Kvótinn á bara að vera hjá einhverjum öðrum en það á að vera kvóti. Hvorki meira né minna en um 80% af fiskiskipaflota landsmanna eru í eigu útgerðarinnar sjálfrar, það er hvorki meira né minna en það. Mér finnst talað af lítilli þekkingu um þessi mál og ég efast um að kvótinn sé betur kominn í höndum borgarfulltrúa hér í Reykjavík eða bæjarfulltrúa hinna ýmsu stjórnmálaflokka úti á landbyggðinni en hjá þeim aðilum sem hafa með þetta að gera í dag.

Ég ætla ekki að fara að stofna til deilna en ég er sammála því sem hv. 16. þm. Reykv. sagði að togurunum hefði verið fagnað á landsbyggðinni með lúðrablæstri árið 1974 eftir kyrrstöðuskeiðið langa, 12 ára kyrrstöðuskeið í uppbyggingu togaraflotans og hraðfrystiiðnaðarins á Íslandi eftir samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Það var ekki að ástæðulausu að menn fögnuðu þegar togararnir komu til landsins eftir algjört aðgerðarleysi þessara flokka í þeirri ríkisstjórn. Þá var togaraflotinn nánast orðinn að engu og sama var að segja um frystiiðnaðinn.

Í þessu frv. er lagt til að hirða eigi allt sjávarfang sem inn fyrir borðstokkinn kemur. Ég er þessu sammála en við þurfum að huga vel að því hvernig að þessu verður staðið þannig að hugmyndin virki. Ég sé það fyrir mér strax hvernig við verður brugðist gagnvart þeim skipum sem nú þegar eru í smíðum í erlendum skipasmíðastöðvum því öllum er ljóst að nýjan búnað verður að setja um borð í þessi skip. Mér hafa sagt kunnugir menn sem eiga slík skip í smíðum, að verði frv. eins og við erum hér að fjalla um að lögum, þá þurfi strax að gera það upp við sig að breyta þessum skipum og stækka þau um einhverja metra. Þetta er mál sem við þurfum auðvitað að skoða og ég er ekki í neinum vafa um það að á þessu finnst auðvitað lausn eins og flestum öðrum málum. En ég er sammála því að auka nýtingu aflans og að allt sjávarfang verði hirt. Við þurfum jafnframt því að við setjum okkur það markmið að vinna að því að bæta umhirðu þess sjávarfangs sem fellur til í hinum hefðbundnu ísfisktogurum okkar. Það er sjálfsagt nokkuð meira vandamál og við höfum einnig rætt það mjög ítarlega í aflanýtingarnefnd, sem hér hefur verið vikið að, hvernig að þessu skuli staðið vegna þrengsla um borð og á hvern hátt megi koma þessu fyrir og svo hitt sem líka þarf að skoða á sama tíma, hvernig við ætlum að byggja upp aðstöðuna í landi til þess að taka við þessu sjávarfangi og auka verðmæti þess. Á þetta að vera í hverri verstöð? Á þetta að vera við hverja bryggju eða ætlum við að byggja þetta upp á einhvern annan hátt? Þetta er ekki einfalt mál og það er alveg ljóst að kalla þarf marga til. Ég mun leggja það til að margir verði kallaðir fyrir sjútvn. til þess að okkur gefist tækifæri á því að skoða þetta mál af sem mestri kostgæfni og fræðast af þeim mönnum sem mest hafa á sig lagt til þess að reyna að finna hér hina skynsamlegustu leið.

Það er ekki nokkur spurning í mínum huga að hér er um gífurleg verðmæti að ræða sem fara fyrir borð og það er alveg vonlaus stefna að líða það að svo miklum verðmætum sé á glæ kastað eins og við höfum gert. En það er ekki einfalt mál að setja þetta í löggjöf. Við þurfum að gera mönnum það kleift fjárhagslega að koma þeim búnaði sem kröfur verða gerðar um um borð í skipin og einnig að laga uppbygginguna í landi.

Ég ætla ekki að tala um það sem hv. 2. þm. Vesturl. vék að, vegna hvers menn sækjast eftir því að byggja og breyta hinum hefðbundnu ísfisktogurum og gera þá að frystitogurum. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði og ég tek undir hvert orð sem þar var sagt, að meginástæðan er auðvitað sú að ekki hefur verið rekstrargrundvöllur í hefðbundinni starfsemi frystingar í landi. Ég hef sagt og skal endurtaka það nú að ég tel að það sé eitt brýnasta málið í sjávarútveginum að ná það miklum hagnaði í greininni að við getum borgað hærri laun til fiskverkafólksins og við getum borgað hærra fiskverð. Ef okkur tekst ekki að koma þessum hagnaði í greinina, þá mun stefna óðfluga að því að í stórauknum mæli muni þessi afli fara óunninn úr landi og verður skammt í það að við munum verða aðeins veiðiþjóð í þessu landi og missa þannig af margfeldisáhrifum vinnslunnar. Þetta er mér áhyggjuefni. Og þetta komum við ekki í veg fyrir nema við aukum verulega hagnaðinn í sjávarútveginum. En ég ætla ekki að fara að ræða það hér sérstaklega. Við erum nýbúnir að því og við eigum örugglega eftir að halda því áfram hér í vetur. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu með því nú.

Ég vil hins vegar segja að lokum að ég fagna því að þetta frv. er lagt fram og ég mun leggja mig allan fram í sjútvn. til þess að það fái sem besta skoðun í nefnd og vonandi sem farsælasta leið í gegnum þetta þing.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get eins og flestir ef ekki allir ræðumenn sem hér hafa talað fagnað því að frv. er komið fram sem tekur á þessu efni. En ég hlýt að leyfa mér að segja: þó fyrr hefði verið. Það vekur auðvitað undrun manns, satt best að segja, þegar maður lítur til baka yfir þessa sögu sem er orðin allmargra ára hvers vegna hefur ekki mikið fyrr verið tekið á málunum með hliðstæðum hætti og hér er lagt til og jafnvel þó að fastar hefði verið að orðunum kveðið. Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. sjútvrh., mér leikur forvitni á að vita það af því að ég hef heyrt það sagt og fullyrt reyndar að reglur nánast óbreyttar af þessu tagi hafi legið fyrir, verið til í sjútvrn. um langt árabil. Ég heyrði, ég held að það hafi verið á árinu 1984, af reglugerðardrögum sem hefðu þess vegna getað verið stofn að frv. en var jafnframt sagt að það hefði lent ofan í skúffu í sjútvrn. og verið þar síðan. — Það er að vísu að því vikið hér í frv. mjög almennum orðum að lengi hafi verið uppi hugmyndir um eitthvað af

þessu tagi í sjútvrn. Er hægt að fá það nánar upplýst hversu gamlar þær hugmyndir eru og í hvaða formi þær hafa legið fyrir í sjútvrn., í hve mörg ár og hvers vegna þær hafa ekki verið lagðar hér fram fyrr?

Ég vil í öðru lagi biðja hæstv. sjútvrh. um fyrirliggjandi upplýsingar um nýsmíðar eða endurbyggingar á skipum og spyrja í hve mörgum tilvikum talið sé að um frystiskip verði að ræða. Það hlýtur auðvitað að hafa nokkur áhrif á skoðun Alþingis og vinnu að þessu máli hvað fyrir liggur af upplýsingum af þessu tagi. Mér er kunnugt um, eins og sjálfsagt fleirum hv. þm., ákveðna smíðasamninga í Noregi á stórum og miklum skipum, frystiskipum, verksmiðjuskipum, sem þar stendur til að fara að byggja upp á 900–1000 millj. hvert skip og jafnvel að þau séu frekar þrjú en tvö. En að skiptir ekki síður máli að afla upplýsinga um það í hve mörgum tilvikum stendur til að breyta skipum sem fyrir eru eða endurbyggja eða endurnýja skip og breyta þeim þar með í frystiskip.

Það má segja að efni þessa frv. sé tvíþætt. Það taki á tveimur sviðum þessa máls. Annars vegar er það sem lýtur að nýtingu aflans sem um borð kemur í frystiskipunum, þ.e. að óheimilt verði að fleygja fiski, fiskhlutum eða úrgangi í sjóinn og allt slíkt skuli koma að landi. Ég held að það sé hægt að gera langt mál stutt um þann þátt málsins. Ég trúi ekki öðru en að um það sé í raun og veru alger samstaða að það sé löngu tímabær breyting að leggja kvöð á skip sem vinna aflann um borð á hafi úti að færa öll þessi verðmæti að landi.

Það er auðvitað spurning hvort ekki getur verið ástæða til að líta aðeins á nýtingu þessara þátta líka í vinnslunni í landi. Það er með mjög mismunandi hætti enn sem komið er, því miður. Það tíðkast enn það ég best veit að stórum hluta af fiskúrgangi sé hent, bókstaflega ekki nýttur. Annars staðar er þetta eftir atvikum að einhverju leyti unnið í mjöl en svo er þetta líka sums staðar í tiltölulega mjög góðu lagi og unnin úr þessu mestu verðmæti sem menn hafa aðstöðu til í dag að gera úr hausum og hryggjum eða öllu sem til fellur. Ég sá í blaði í gær eða í dag að eitt lítið frystihús norður í landi telur sig hafa gert sér 18 millj. kr. framleiðsluverðmæti úr hausunum einum saman með því að þurrka þá og selja.

Hitt efni frv., og það sem er kannski miklu meiri tvísýna um að hve miklu leyti hefur áhrif, er spurningin um það hvort þessar reglur komi til með að takmarka í einhverjum umtalsverðum mæli fjölgun frystiskipa eða skipa sem vinna aflann á hafi úti. Segja má að það geti fylgt þeim reglum sem þarna eru á dagskrá, a.m.k. dragi úr því að minni skip verði byggð eða þeim breytt í frystiskip til að fullvinna afla um borð. Þó er það allt saman miklu mun óljósara og það er reyndar boðað hér í frv. að það sé alls ekki ætlunin að hafa með beinum hætti áhrif á þessa þróun heldur eingöngu óbeina í gegnum þær reglur sem þarna verði settar og þá þannig að þetta fækki þeim aðilum sem verða í stakk búnir til að uppfylla þær kvaðir sem reglurnar setja á skipin.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa verið fram sett af fleirum en einum ræðumanni að ég er tilbúinn til að skoða það að þarna sé tekið talsvert miklu fastar á hlutunum og það strax. Ljóst er að þessar reglur koma fyrst og fremst til með að hafa áhrif þegar tímar líða varðandi nýsmíði en það er eins og í frv. gefur að líta alls ekki gert ráð fyrir því, samanber ákvæði til bráðabirgða, að þetta hafi áhrif á þau skip sem þegar eru í rekstri fyrr en á síðari hluta árs 1996. Þannig að þess er auðvitað langt að bíða að frv. fari að hafa verkan á þau fjölmörgu skip sem þegar eru í gangi að þessu leyti. Mér finnst vanta inn í umfjöllun um þetta þann möguleika að skip geti fullunnið hluta aflans um borð en landað hluta af honum óunnum til vinnslu. Það er vissulega möguleiki, sem er full ástæða til að skoða, að með einhverjum hætti sé opnað á þann möguleika. Þar getur verið um að ræða mismunandi vinnslustig eftir tegundum. Það getur jafnvel hentað að vinna aflann að einhverju leyti með tilliti til veiðidaga eða úthalds skipanna en taka hluta hans að landi óunninn. Ég tel að það þurfi að huga að því hvort ekki er ástæða til að gera ráð fyrir þeim möguleika í lagasetningu ef út í hana er farið á annað borð um þessi efni.

Ég tel, ef eitthvað er, þá megi koma afdráttarlausari nýtingarkvöð inn í ákvæði frv. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að réttindi séu í raun og veru lögð í hendur manna með því að þeir fá við núverandi aðstæður að sækja hér sjó og sækja í takmarkaða auðlind að hverri er skammtaður aðgangur og það sé ekkert áhorfsmál að þar með hafi stjórnvöld sterka stöðu til að leggja jafnframt kvaðir á menn af ýmsu tagi varðandi umgengni við og nýtingu á þessum auðlindum. Ein slík kvöð á auðvitað tvímælalaust að vera að gera öll þau verðmæti úr hlutdeild manna í auðlindinni
sem mögulegt er. Það hefur auðvitað verið alveg frá öfugum enda að frystiskipin, sá hluti flotans sem búið hefur við langbesta afkomu undanfarin ár og gerir enn þann dag í dag, skuli ekki að þessu leyti hafa haft einhverjar kvaðir á sér. Ég skil ekki í raun hvað hefur komið mönnum til að vera svona linir af sér gagnvart einmitt þessum hluta flotans, frystiskipunum, sem hafa þó sannarlega haft afkomu til þess á undanförnum árum að leggja í breytingar og gera sig í stakk búna til að nýta öll þessi verðmæti, gera úr þeim verðmæti.

Til að fyrirbyggja misskilning, tel ég að sjálfsögðu að okkar sjávarútvegur hljóti að þróast og eigi að þróast þannig að fullvinnsla um borð og á hafi úti geti verið eðlilegur hluti af þróun sjávarútvegs inn í framtíðina. En ég tel að sjálfsögðu að þar eigi einungis að vera um hluta að ræða og ég held að það sé stórkostlega hættulegt að láta það þróast óáreitt að þau hlutföll sem verið hafa milli vinnslutegunda og útgerðarhátta hér í landinu raskist mjög stórlega á skömmum tíma án þess að menn skoði það þá mjög vandlega hvað þar er á ferðinni.

Menn tala mikið um það í dag að það eigi að stefna á frekari fullvinnslu sjávarafla innan lands, stefna eigi á að vinna aflann í neytendapakkningar og meira því um líkt. Enginn vafi er á því að þar í felast miklir möguleikar til að auka enn verðmætasköpunina úr takmörkuðum afla. Það mun ekki gerast með því að færa

vinnsluna í enn ríkari mæli út á sjó þar sem lítill mannafli verður fyrst og fremst að afkasta miklu magni í gegnum grófvinnslu á aflanum. Þvert á móti er þar einmitt verið að vinna í grófari og ódýrari pakkningar meira magn með litlum mannafla og ef eitthvað er þá hnígur umræðan í þá átt að hverfa frá því fyrirkomulagi. Ég held þess vegna að menn verði að átta sig á því að þarna er ekki hægt bæði að sleppa og halda og það getur í raun ekki gerst hvort tveggja í senn að aukin fullvinnsla og vinnsla í neytendapakkningar eigi sér stað í landi og hins vegar í sívaxandi mæli að veiðiheimildirnar færist yfir á skip og skipum fjölgi sem eru fyrst og fremst útbúin til að grófvinna aflann um borð á hafi úti. En það er auðvitað það sem sjófrysting er, eins og hún er stunduð í okkar tiltölulega litlu skipum, því hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða verksmiðjuskip þeirrar stærðar sem ýmsar aðrar þjóðir reka upp á mörg þúsund tonn með hundruð manna í áhöfn og geta í sjálfu sér starfað á allt öðrum forsendum, bæði hvað pláss og mannafla snertir.

Auðvitað vantar svo síðast en ekki síst inn í þetta samhengi þau álitamál sem lúta að atvinnu í landi annars vegar og þjóðhagslega hagkvæmastri ráðstöfun aflans hins vegar.

Hv. 3. þm. Vesturl. gerði einmitt að umtalsefni þá staðreynd að því miður liggur sáralítið fyrir, hvað hið þjóðhagslega samhengi þessara hluta varðar, hvernig það kemur út í heildina tekið, annars vegar að vinna aflann um borð eins og þarna er og hins vegar að gera það í landi. Ég tala nú ekki um hvaða áhrif það mundi hafa að breyta í stórum stíl þeim hlutföllum sem þarna eru á milli vinnsluaðferða. Þá vakna auðvitað spurningar eins og þær hvort markaður t.d. fyrir sjófrystar afurðir mundi þola verulega aukningu sem sjálfsagt er í farvatninu og verður ekki stöðvuð. Það er lítill vafi á því að þúsundir tonna, ef ekki tugir þúsunda tonna af veiðiheimildum, munu á næstu þremur árum eða svo færast yfir á frystiskip bara vegna þeirra nýsmíða og þeirra áforma sem í gangi eru í fyrirtækjunum og verða tæplega stöðvuð. Það er ljóst að togarar verða úreltir á móti þeim frystiskipum sem væntanleg eru inn í landið á næstu tveimur til þremur árum og þá í flestum tilvikum ísfiskstogarar sem hverfa úr rekstri í staðinn fyrir frystiskipin sem koma inn.

Allt þetta þyrfti auðvitað að skoða í samhengi út frá þessu tvennu eins og ég segi, atvinnuspursmáli í landi og þjóðhagslega hagkvæmastri ráðstöfun afla.

Það kemur fram í fylgiskjölum með þessu frv. og einn hv. ræðumanna, sem hér talaði áðan, gerði að umtalsefni mismunandi afkomu annars vegar frystingar eða fiskvinnslu í landi og hins vegar um borð í frystitogurum. Það er auðvitað alveg ljóst að eins og þau hlutföll standa í dag þá er afkoma frystitogaranna miklum mun betri og langbest einstakra greina sjávarútvegsins eða um 15% hagnaður af tekjum á móti útgerðinni í heild sem er kannski með 7–8% hagnað og fiskvinnslan rekin með umtalsverðu tapi eins og allir þekkja. En spurningin er auðvitað sú líka, þarf þetta endilega að vera svona? Eru þetta skynsamleg hlutföll að svo miklu leyti sem við getum haft á það áhrif og við getum haft á það áhrif. Það er auðvitað engin spurning. Er það t.d. skynsamlegt, þjóðhagslega skynsamlegt fyrir Íslendinga sem eiga bullandi umframraforku í sínu kerfi að fiskvinnslan og frystingin í landi skuli búa við það dýrt orkuverð að það er ódýrara fyrir fyrirtækin að kaupa núna fokdýrar rafstöðvar til að keyra niður afltoppana sem Landsvirkjun og veiturnar láta þau búa við. Þar með er líka verið að segja að það að keyra ljósavélar skipanna eða rafala skipanna skapar frystiskipunum úti á sjó sjálfsagt jafnódýra ef ekki ódýrari orku heldur en frystingin í landi þarf að borga. Auðvitað er engin glóra í þessu. Auðvitað ættum við að styðja við bakið á innlendu fiskvinnslunni sem notar þar á ofan innlenda orku í staðinn fyrir innflutta með því að bjóða hana á miklu betri kjörum en gert er í dag. Það er enginn vafi á því að nýjustu æfingar þeirra snillinga, sem semja þessar gjaldskrár fyrir raforkufyrirtækin, koma þannig út að nú er tekinn einn afltoppur í staðinn fyrir fjóra sem áður var og vísir menn segja að þýði að fyrirtækin eru unnvörpum að huga að því að koma sér upp varaafli til þess að keyra þessa toppa niður, jafnskynsamlegt og þjóðhagslega hagkvæmt og það nú er.

Á sama tíma og menn eru vælandi undan erfiðri samkeppnisstöðu við stórkostlega ríkisstyrkta og niðurgreidda fiskvinnslu nágrannalandanna er innlenda fiskvinnslan að tapa hráefni, óunnu út úr landinu, í samkeppni við fiskvinnslu í Þýskalandi og Bretlandi sem býr við 30–40% ríkisstyrki t.d. þegar til nýrra fjárfestinga í atvinnuskapandi fullvinnslu sjávarafurða kemur. Hvers vegna í ósköpunum notum við þá ekki þá möguleika til a.m.k. að hamla þarna eitthvað á móti til stuðnings innlendu fiskvinnslunni með því, eins og ég segi, að láta hana njóta góðs af ódýrri orku sem ætti að vera hægt að bjóða henni? Þetta og margt fleira finnst mér að væri þá ástæða til að ræða ef menn taka til umfjöllunar og athugunar á annað borð samkeppnisstöðu þessara ólíku vinnsluaðferða eða vinnslugreina, annars vegar fullvinnslu og frystingar um borð og hins vegar fiskvinnslunnar í landi og gleyma ekki því umhverfi sem við erum í gagnvart nágrannalöndunum.

Mér skilst að þeir séu farnir að úthluta karfakvótanum hjá Evrópubandalaginu nú þegar. Þeir láta ekki lengi á sér standa, langhalinn er orðinn að karfa úti í Brussel og þegar farið að úthluta honum til breskra fyrirtækja og merkja inn á í íslensku efnahagslögsöguna hvar þeir eigi að veiða hann. Morgunblaðinu finnst þetta náttúrlega sjálfsagt mál og tittlingaskítur að hafa áhyggjur af því þó að Evrópubandalagið sé farið að úthluta veiðikvóta á Íslandsmiðum. En sjálfum finnst mér það ekki og þeim mun argari verð ég þegar ég hugsa til þess hvílíkir aumingjar við Íslendingar erum, algjörir aumingjar í raun og veru, að búa þannig að okkar innlendu fiskvinnslu, þeirri þó sem mesta atvinnuna skapar og mestu heildarverðmætin fyrir þjóðarbúið, því það gerir fullvinnslan í verðmætustu pakkningarnar í landi óumdeilanlega. Það verða meiri þjóðhagsleg verðmæti til við vinnslu á verðmætustu pakkningun-

um í landi. Það er vissulega hægt að finna dæmi um tegundir og pakkingar sem sjófrystingin gefur sambærilega eða jafnvel meiri verðmæti miðað við afla en í heildina tekið er þó ekki, held ég, deilt um það að vinnslan í landi skilar þjóðhagslega mestu í t.d. gjaldeyristekjur. Vissulega liggur þá einnig meiri tilkostnaður á bak við en það er jú atvinna hér innan lands að stórum hluta sem kemur okkur til góða.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa fleiri orð um þetta, um þetta mætti ræða fram og til baka og í raun og veru er öll sjávarútvegsstefnan undir þegar rætt er um þessa hluti, það liggur í hlutarins eðli og ekki einu sinni hægt að sleppa fiskveiðistjórnuninni sjálfri þó menn hefðu gjarnan viljað. Það er t.d. alveg ljóst að í gegnum góða afkomu frystitogaranna og uppkaup þeirra á veiðiheimildum undanfarin ár eru að eiga sér stað einhverjar stórkostlegustu breytingar í hlutföllum í útgerð á Íslandi sem orðið hafa hér um mjög langt árabil. Líklega má segja frá því að togaravæðingin hófst og endurnýjun síðutogaranna með skuttogurunum fór fram á sínum tíma. Sem sagt þær að stórkostlega mikið af veiðiheimildum er að færast af smábátum og bátum upp á togarana og þá fyrst og fremst frystitogarana. Stórkostlega miklar veiðiheimildir. Ætli það sé ekki þannig eins og menn þekkja að þær útgerðir sem eru núna að semja um eða í þann veginn að semja um smíði á nýjum stórum frystitogurum — hvað hafa þær verið að gera á undanförnum mánuðum og undanfarin ár til að undirbúa þessa endurnýjun? Kaupa veiðiheimildir í stórum stíl. Safna þeim saman á þau skip sem þau hafa fyrir og ætla síðan að flytja umtalsvert magn veiðiheimilda yfir á nýju, stóru verksmiðjuskipin enda þarf sitt til að borga niður fjárfestingu upp á 900–1.000 þús. millj. kr. íslenskar eins og mér skilst að nýju stóru frystitogararnir muni kosta sem er núna að hefjast smíði á, t.d. í Noregi, fyrir okkur Íslendinga.

Ég tek undir það, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að sjútvn. fari vandlega ofan í þetta mál og tengi það inn í það samhengi sjávarútvegsmálanna sem nauðsynlegt er. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé ekki stuðningsmaður frv. svo langt sem það nær, það er ég, og ég tel auðvitað brýnt að reynt verði að hraða þeirri vinnu því ef menn ætla sér eitthvað í þessum efnum þá er það víst búið að dragast nógu lengi þó að það vefjist nú ekki fyrir þinginu mánuðum saman að koma málinu í höfn. Ég skal svo sannarlega leggja mitt af mörkum til þess að vinna sjútvn. að þessu geti verið sem allra greiðust. En málið er óneitanlega stórt í því samhengi sem ég held að sé óhjákvæmilegt að skoða það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem full ástæða er til að taka undir og gefur tilefni til málefnalegrar umræðu um stöðu fiskvinnslunnar. Þetta mál er komið frá hæstv. sjútvrh. sem virðist nú um stundir vera eini ráðherrann í hæstv. ríkisstjórn sem kemur málum í gegn til framlagningar á þingi. (**ÖS:** Samanber efnahagstillögunar?) Samanber efnahagstillögurnar segir, hv. 17. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþfl. og er líklegast nokkuð drjúgur af að sitja á efnahagstillögum sjútvrh. þannig að þær komist ekki lengra. (Gripið fram í.) En við skulum ekki halda áfram á þessum grunni. Ég vil sérstaklega taka undir með þeim mönnum sem hafa rætt um 2. og 4. gr. sem mikilvæg atriði í þróun þessara mála, þ.e. að fullvinna allan afla, þ.e. nýta allan aflann og að vinnuaðstaða um borð sé þannig að þar beri menn engan skaða af.

Annað sem ég ætla að nefna er það að mér finnst nokkuð á reiki hvert sé höfuðmarkmiðið með stefnu okkar í fiskveiðum og fiskvinnslu. Höfuðmarkmiðið hlýtur að vera það að tryggja hámarksafrakstur fiskstofnanna. Ég held að færa megi rök að því að frumherjar frystiskipaútgerðarinnar hafi hrundið af stað nýrri þróun í fiskvinnslunni og ekki bara úti á sjó, ekkert síður í landi. Menn gleyma því stundum að með tilkomu frystitogaranna var hrundið af stað nýrri þróun í landi, þróun í búnaði og uppbyggingu frystihúsanna sem höfðu um allt of langan tíma verið nánast stöðnuð. Það er að mínu mati staðreynd að það var öðru fremur tilkoma frystitogaranna sem hratt af stað flæðilínubyltingunni í landvinnslunni og, í framhaldi af því, möguleikum á aukinni fullvinnslu. Nú sé ég að formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, hv. þm., hristir höfuðið og telur sig væntanlega hafa af þessu nokkra reynslu og ekki vil ég draga það í efa. Hitt vil ég segja honum að mín reynsla undanfarinn áratug hefur kennt mér þetta. Ég hef nefnilega komið eilítið að þessum málum, átt nokkurn þátt í rekstri, ákvarðanatöku og uppbyggingu útgerðar og fiskvinnslu norður í landi og í mínum huga er ekki nokkur efi á því að það eru frystitogararnir öðru fremur sem hafa hrundið þessari þróun af stað. Þeir hafa hrundið þeirri þróun af stað að hvor vinnsluaðferð aðlagar sig í þann farveg sem hentar henni best. Það liggur alveg ljóst fyrir að það hentar betur að grófvinna og frysta, sem fyrst eftir veiðar, aflann um borð. Þar er um að ræða vissan markað sem gefur hátt verð sem er sjálfsagt fyrir okkur að nýta. Það er hins vegar takmarkaður markaður og þess vegna væri það öfug þróun ef einhverjum dytti í hug að flytja alla vinnsluna um borð og þess vegna er það mjög eðlilegt og rétt að um það séu settar reglur. Öll flóknari vinnsla, eins og flæðilínan, ég tala nú ekki um í þeim frystihúsum sem eru komin með aðra kynslóð flæðilína, býður upp á að fullvinna í dýrar neytendapakkningar, hentar hins vegar miklu betur í landi. Þannig er ég þeirrar skoðunar að þessar tvær vinnsluaðferðir eigi að geta þróast hlið við hlið og saman fært okkur bestan afrakstur af fiskstofnunum. Ég á mér þá von að þessar greinar báðar eigi á næstu árum eftir að höggva veruleg skörð í útflutninginn á ferskum óunnum fiski, ekki síst ef okkur tekst að vinna markað fyrir fersk flök sem að mínu mati passar mjög vel inn í frystiiðnaðinn, inn í flæðilínukerfin sem þar eru komin upp, og þarf því ekki að vera ógnun við þá vinnslu.

Þess vegna stendur fiskvinnslan frammi fyrir miklu þróunarstarfi á næstu árum og það þróunarstarf er þess eðlis að þar hlýtur að þurfa að koma til veruleg handleiðsla og aðstoð frá hinu opinbera, bæði með mótun

reglna og með því að grípa inn í þegar þörf er á. Sá vandi sem byggðirnar í landinu hafa staðið frammi fyrir að undanförnu er að mínu mati ekki nema að hluta til rekstrarvandi þó að svo sé komið í dag að jafnvel hin best reknu fyrirtæki í sjávarútvegi séu mjög illa stödd. Að hluta er þetta byggðavandi vegna þess að það er bæði erfitt og mjög flókið að samræma ný viðhorf í vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða þeim markmiðum sem við höfum sett okkur og viljum standa við í byggðamálum. Á þeim vettvangi er hlutverk og hlutskipti hins opinbera, þ.e. ríkisins, verulegt.

Ég ætla að nefna hér til viðbótar að að mínu mati eru verulegar líkur á að mikill meiri hluti, miklu stærri meiri hluti en nú, af karfanum á Íslandsmiðum hefði farið óunninn til útlanda og skilið eftir miklu minni verðmæti en nú ef ekki væru frystitogararnir þar sem um nokkurt skeið hefur verið nánast ómögulegt að finna grundvöllinn undir karfavinnsluna með landvinnslu. Í mínum huga er það því engin spurning að þessar greinar eiga framtíð fyrir sér hlið við hlið, enda hljótum við að líta þannig á. Mér finnst að titill frv. boði að við séum að tala um fullvinnslu á fiskafurðum, og það hlýtur að vera markmiðið, fullvinnslu í pakkningar og afurðir sem gefi okkur hátt verð og þar af leiðandi verulegan afrakstur.

Það sem kom fram hjá hv. 16. þm. Reykv. áðan segir kannski sína sögu, að þrátt fyrir það að aðeins hafi verið nýttur á stundum verðmætasti hluti fisksins í vinnslunni úti á sjó hefur það samt gefið betri afkomu en landvinnslan hefur verið tilbúin til að gefa. Þetta afsakar hins vegar ekki á nokkurn hátt, í mínum huga, það að úrganginum sé hent. Það hlýtur að verða markmið að nýta aflann í topp og auka þar með enn við aflaverðmætið. Það gerir hins vegar það að verkum að ég ætla að leiða málið að öðru sem hefur oft borið á góma hér á hinu háa Alþingi og mér hefur á stundum fundist lítt rökstutt og það eru fullyrðingar um mikinn afla sem hent sé fyrir borð. Ég vil geta þess í því sambandi að þessar fullyrðingar samræmast á engan hátt þeirri virðingu sem ég ber fyrir íslensku sjómannastéttinni. (**JÁ:** Þeir segja þetta sjálfir.) Ég held reyndar, og þar tala ég af minni reynslu af umgengni við náttúruna, þó á öðrum vettvangi, að þeir sem umgangast okkar náttúruauðlindir beri meiri virðingu fyrir þeim en kemur fram í orðum þeirra sem þessu halda fram.

Hv. 3. þm. Vesturl. kallaði fram í áðan að þeir segi þetta sjálfir, sjómennirnir. Það veit ég að er til og ég held kannski að að sumu leyti séu þessar sögur komnar af stað vegna þess að sjómönnum vex mjög í augum það sem fleygt er fyrir borð. Ég hef reyndar dæmi um það að þegar farið var að kanna hvað um var að ræða var það allt annað en menn álitu að væri hent fyrir borð. Þar var um að ræða fisktegund úti fyrir Suðurlandi sem er ekki og hefur ekki verið nýtt en sjómenn sögðu að þeir fengju svo tugum tonna skipti í netin og öllu mokað fyrir borð. Þegar eftir var gengið og beðið um að komið væri með aflann að landi kom í ljós að mat manna á því sem hent hafði verið fyrir borð var allt annað en raunveruleikinn sýndi. Að vísu er sjálfsagt að fylgjast með þessu, en ég er hins vegar þeirrar skoðunar að í raun sé ekkert eftirlitskerfi sem geti komið í staðinn fyrir samvisku þeirra sem umgangast þessa auðlind.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti þetta nægja í þessari umræðu, en legg á það áherslu að Alþingi geti mótað reglur í þá veru að vinnsluaðferðirnar allar, hvort sem þær eru í velbúnum skipum úti á sjó, frystihúsum í landi eða í fullvinnslu á ferskum afurðum í landi, geti unnið saman að því að skapa hámaksarðsemi út úr okkar fiskstofnum.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Í frv. er hreyft mjög þörfu máli og það er svo sannarlega framfaraspor. Í því árferði sem nú ríkir í íslenskum sjávarútvegi er alveg ljóst að nauðsynlegt er að nýta sem best allt það sem til fellur og staðreyndin er sú að verið er að fleygja geysilegu magni af fiski, þ.e. bæði undirmálsfiski og, þó ekki síst, hvers kyns úrgangi. Mjög miklu er fleygt. Samkvæmt tölum sem birtar hafa verið af sjútvrn. mun um það bil 45 þús. tonnum af úrgangi, slógi, hausum og innyflum, hafa verið fleygt árlega hjá ísfisktogurunum og um það bil 55 þús. tonnum á ári hverju frá frystitogurunum og það er auðvitað ljóst að við þurfum með einhverjum hætti að reyna að nýta þetta.

Eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson gat um áðan hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gert margt mjög merkilegt á þeim vettvangi og það er mála sannast hjá honum að nauðsynlegt er að styrkja þá stofnun eftir föngum og skapa henni fjármagn til aukinna rannsókna og tilrauna á sviði vinnslu. Mig langar að geta þess, eins og e.t.v. hefur komið fram áður í þessum umræðum, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur einmitt staðið að geysilega merku tilraunaverkefni sem varðar frystitogarana. Það var sérstakt aflanýtingarátak sem þar var gert árið 1989 með þeim árangri að flakanýting batnaði um 5–10% sem þýðir verðmætaaukningu, miðað við verðlag 1990, upp á 400–800 millj. kr.

Ég var að tala um úrganginn sem fellur til, 55 þús. tonn hjá frystitogurunum og um það bil 45 þús. tonn hjá ísfisktogurunum. Af þessum 100 þús. tonnum af úrgangi mætti árlega vinna u.þ.b. 35–40 þús. tonn af meltuþykkni. Þessi ágæta vara, meltuþykkni, hefur oft verið til umræðu hjá okkur sem viljum bæta hagræðingu og efla verðmætasköpun í sjávarútvegi. Ýmsir hafa talið mörg tormerki á því að þetta væri kleift. Eigi að síður eru rannsóknamenn sannfærðir um að sá tími komi að þessari meltu verði safnað í tankskip allt í kringum landið og hún flutt á einn stað til frekari vinnslu þar sem er gnægð jarðhita og þetta efni verði síðan unnið í margvíslegar afurðir, t.d. fiskafóður og gæludýrafóður. Þá hafa menn sérstaklega horft til þess ört vaxandi markaðar sem er fyrir slíkar afurðir í fiskeldi í Austurlöndum og er líklegt að þar geti skapast vænlegir markaðir fyrir meltuþykkni og reyndar hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins staðið fyrir tilraunasendingum þangað. Mig minnir að snemma á þessu ári hafi verið send ein 20 tonn einmitt af slíku þykkni. Því er alveg ljóst að hér er merkilegt verk sem

þarf að vinna og fyrsta skrefið til þess er vitaskuld það að bæta umhirðu þess fisks, fiskhluta og úrgangs sem hefur til fallið á frystitogurunum og verið að mestu leyti fleygt. Það er mjög vel gert með frv. og því fagna ég auðvitað.

Staðreyndin er hins vegar sú að menn verða lítillega að sporna við fæti gegn þeirri skriðu frystitogara sem mér finnst vera að fara af stað. Menn verða eilítið að staldra við og hugsa hvort hér sé rétt af stað farið. Áður hefur verið drepið á það í þessari umræðu af hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur og fleirum raunar að hættulegt sé að flytja vinnsluna alla með þessum hætti út á sjó. Staðan er auðvitað slík að nú fæst meira verðmæti úr aflanum sem er unninn úti á sjó. Mér skilst að menn fái fyrir hvert sjófryst kíló af flökum u.þ.b. 330 kr. meðan þeir fá ekki nema 270–280 kr. í landi. Þetta segir auðvitað sína sögu.

Nú stöndum við e.t.v. á mörkum nýrra tíma. Það kann vel að vera, eins og áður hefur verið rætt í þessum sölum, að sá samningur sem er í bígerð um Evrópskt efnahagssvæði skapi ný sóknarfæri fyrir öðruvísi afurð, þ.e. ferskt hráefni, fersk flök. Þar er um að ræða hráefni sem a.m.k. í dag aflar miklu hærra verðs fyrir hvert kg en bæði landfrystingin og sjófrystingin. Þess vegna verð ég að segja það að þróunin kann að verða sú að innan e.t.v. 10–12 ára muni breyttar markaðsaðstæður dæma frystitogarana úr leik. Þess vegna hljótum við auðvitað að huga að því núna hvort rétt sé að hleypa af stað kaupum á 20–25 nýjum frystiskipum, en mér skilst að fyrir liggi óskir um nýsmíðar eða breytingar á þessum fjölda frystiskipa. Þetta tel ég aldeilis ótækt og ég tel líka að miðað við stöðuna í dag eigi að ganga lengra en talað er um í frv.

Það er að vísu tekið fram í 1. gr. frv. að með þeim lögum, því væntanlega verður frv. samþykkt, verði sjútvrn. heimilt að veita leyfi til fullvinnslu botnfiskafla. Þar er því komið sérstakt leyfi. Það er hins vegar tekið fram í greinargerðinni að þó að með þessu sé líklegt að hinar auknu kröfur sem frv. felur í sér muni hægja á þeirri þróun að fiskvinnslan flytjast út á sjó, um borð í frystitogarana sé eigi að síður alveg ljóst að öllum sem sækja um þetta fullvinnsluleyfi verði gefið slíkt leyfi. Þess vegna vil ég, og kom eiginlega hér upp fyrst og fremst til þess, taka undir með hv. þm. Gísla Einarssyni sem sagði að með frv. væri ekki gengið nógu langt. Ég lýsi þeirri skoðun að eins og nú er komið í íslenskum sjávarútvegi ætti sjútvrh. og stjórnvöld að hlutast til um það að þegar í stað verði stöðvuð öll fyrirgreiðsla til nýbygginga, kaupa og breytinga á frystiskipum þangað til búið er að meta horfur í sjávarútvegi og meta hvernig þær breyttu markaðsaðstæður sem munu skapast með Evrópska efnahagssvæðinu breyta hagkvæmni þjóðarbúsins af frystitogurunum.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð margra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og fagna þessu frv. og því verki sem þar er hafið starf við og ég hlýt að taka undir þau orð einnig, hví það hafi ekki komið fram fyrr, en ég verð þó að viðurkenna að sá sem því hefði kunnað að svara er ekki staddur í salnum.

Hér er á ferðinni tilraun til þess að taka á ákveðnum verkefnum sem blasa við í fiskvinnslunni, í stjórn fiskveiða og vinnslu, ákvæðum sem mundu móta rekstarumhverfi vinnslunnar á sjó sem í raun hefur ekki verið mótað, þ.e. með kröfum um gæði afurða, um gæðastýringu, um eftirlit með vinnsluferli, um veiðieftirlit, um nýtingu auðlindar eða umgengni við hana, um aðstöðu til ýmissa aðgerða í vinnsluferlinu og álagið á starfsmenn. Ákvæði af þessu tagi eru öll fyrir hendi við vinnslu í landi, en skortur á þessum ákvæðum hefur leitt til þess að á tiltölulega fáum árum hefur myndast það sem einn hv. þm. kallaði skriðu, skriðu tilhneiginga til að breyta fiskiskipum til þessarar vinnslu. Það er miður ef svo langt er látið ganga að við gerum ekki eðlilegar kröfur um öryggi starfandi manna og um nýtingu auðlinda sem við teljum að allir eigi en séu ekki eign einhverra fárra.

Oft hefur verið bent á að þrátt fyrir virðingu okkar allra, vissulega, fyrir sjómönnum og þeirra starfi, séu þær upplýsingar yfirgnæfandi sem benda til þess að einmitt þessir togarar séu tiltölulega stórtækir í að nýta ekki allan þann afla sem um borð kemur, nýta hugsanlega ekki allar þær fisktegundir sem veiðast, afskurð, hausa, hryggi eða annan úrgang sem myndast við vinnsluna en aðrar vinnslustöðvar ná vissulega miklum og verðmætum afurðum út úr.

Nokkrar spurningar hafa komið fram í umræðunni og verður þeim væntanlega svarað í lok hennar og síðan kemur til fastanefndar að móta frv. öllu frekar. Ég er sannarlega tilbúinn að taka þátt í þeirri vinnu, en ég nefni þó, vegna þess sem fram hefur komið, að í grg. með frv. er gerð grein fyrir því að til matsmanna verði gerðar sambærilegar kröfur um hæfni og kunnáttu og gerðar eru í vinnslustöðvum í landi sem er gert að skyldu að hafa matsmenn, jafnvel eins og í frystingu, sem hefur matsmenn við stjórn vinnslunnar.

Ég tel líklegt að með frv., þegar því verður framfylgt, muni koma fram viss jöfnun á starfsmöguleikum eða starfsumhverfi vinnslu í landi og á sjó með þessum kröfum um gæði, um nýtingu, en samt sem áður tel ég að menn muni líka sjá að þessar vinnsluaðferðir, hver um sig, muni starfa áfram samhliða og væntanlega muni hvort tveggja, vinnsla í landi og á sjó, gera okkur fært að sækja ýmsa ólíka markaði sem krefjast ólíkrar vöru.

Mig langar að varpa fram einu atriði til viðbótar sem mér virðist við hefðum fyrir löngu síðan mátt koma á framfæri í umræðu um starf þessara skipa, þ.e. hugsanlegum verkefnum eða hlut þeirra í atvinnuþróun í fiskvinnslu og veiðum við að leita nýrra nytjastofna, að rannsaka ný veiðisvæði eða nýjar afurðir. Ég vænti þess að upp verði tekið samstarf í gegnum fiskveiðastjórn, í gegnum stjórn þessarar starfsemi, fiskvinnslu, fullvinnsluskipanna, að þau hafi samstarf við rannsóknastofnanir, líkt og flestum öðrum greinum í sjávarútvegi er nánast skylt að gera. Ég vænti þess að með starfsemi af þessu tagi sjáum við betur en ella þá þjóðhagslegu hagkvæmni sem við höfum af vinnslu í landi en án vinnslunnar í hafi mundum við varla geta

lagt á hana þann mælikarða. Við gætum vissulega metið fjölda ársverka, við gætum metið hvernig við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir en ekki fengjum við samanburð landvinnslu og sjóvinnslu. En leggjum við svo hart að fiskvinnslunni að önnur hvor hverfi hygg ég að illa verði að staðið. Ég tek undir það að við þurfum að eiga þessa vinnslu starfandi saman, allar þessar greinar, og vænti þess að það fáum við með þessum lögum þegar af verður.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki meining mín að lengja þá umræðu sem hér hefur farið fram og hefur á stundum verið ansi ítarleg og gagnmerk og margir hafa vermt þessa pontu við 1. umr. frv. sem hér er til umfjöllunar.

Mér rann hins vegar blóðið til skyldunnar þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson hafði komið hér í pontuna og lýst, ef ekki í orðum þá a.m.k. með látæði, heldur lítilli virðingu fyrir hugmyndum Kvennalistans um byggðakvóta. Hann lýsti því að Kvennalistinn gagnrýndi kvótakerfið en væri samt þeirrar skoðunar að kvóti ætti að vera, en það ætti bara að vera byggðakvóti. Og þingmaðurinn sagðist efast um að kvótinn væri betur komin hjá borgarfulltrúum í Reykjavík eða bæjarfulltrúum úti á landi.

Það er auðvitað alveg rétt að Kvennalistinn gagnrýnir kvótakerfið en er samt þeirrar skoðunar að kvótinn eigi að vera. Ég held að það sé alveg augljóst og skilið, a.m.k. hvað mig varðar og þennan þingmann líka, að einhvers konar kvótakerfi verður að vera. Fiskurinn er takmörkuð auðlind sem verður að takmarka aðganginn að, um annað er ekki að ræða. En það er ekki sama hvernig þetta er gert. Um það snúast kannski flest átök hér á Alþingi þegar kemur að umræðum um sjávarútveg.

Í dag búum við við þær aðstæður að fólki við sjávarsíðuna er nánast bannað að draga fisk úr sjó. Því er bannaður aðgangur að þessari auðlind vegna þess að um hana gilda ákveðnar reglur, það gilda ákveðnar reglur um hver það megi gera. Og með kvótasölu, sem nú hefur verið ástunduð um nokkurn tíma, er lífsbjörgin oft og tíðum tekin frá heilum byggðarlögum. Það verður að tryggja með einhverjum móti að þetta gerist ekki. Ein leið í þessu er byggðakvótinn. En þingmaðurinn sagðist efast um að kvótinn væri betur kominn hjá borgarfulltrúum í Reykjavík eða bæjarfulltrúum úti á landi. Ég verð að segja að mér finnst skjóta nokkuð skökku við. Þessi sami þingmaður flutti fyrr í vetur frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem var 2. mál á þingi hér í haust. Þar gerir hann ráð fyrir að stofnuð séu staðbundin landshlutasamtök sveitarfélaga. Það á að koma upp byggðastjórn og byggðaráði. Með þessu frv. fylgir gagnmerk grg. og ég get alveg gert þau orð að mínum sem koma fram í þeirri grg. Þar segir, með leyfi forseta: „Forsenda þess að þjóð haldi forræði á landi sínu er að hún byggi það og nýti allar auðlindir þess. Jafnvægi í byggð Íslands, þ.e. að þjóðin byggi landið allt og nýti sjálf auðlindir þess, er því forsenda fullveldis þjóðarinnar og óskoraðs forræðis hennar á landi og landgæðum.“ Síðan segir þingmaðurinn: „Nýjar hugmyndir, sem fram hafa komið í nágrannalöndunum á sviði byggðamála undanfarin ár, hafa einkum byggt á því að styrkja heimaaðila og efla sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í stað almennra, miðstýrðra aðgerða hafa komið sértækar aðgerðir sem byggja á frumkvæði og ábyrgð heimaaðila. Þeim rökum er einkum beitt að hjá þeim sé sú staðarþekking sem tryggi besta nýtingu fjármuna, auk þess sem heimamenn viti best hvaða verkefni er vert að styðja og forgangsröð þeirra. Þetta á síðan að verða aflvaki aukins hagvaxtar og nýrra atvinnutækifæra.“

Þetta segir þingmaðurinn. Ég get tekið undir hvert orð af þessu. En þegar að því kemur að lagðar eru fram einhverjar hugmyndir um að menn megi nú stjórna sínum eigin málum – nei, þá er þeim ekki treystandi til þess – þá eru þeir ekki færir um það og þarna finnst mér skjóta nokkuð skökku við, hv. þm.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vona að við getum átt samleið, hv. 10. þm. Reykv. og ég, í sambandi við breytingar á sveitarstjórnarlögunum. Það sem hv. þm. las upp staðfestir bara það sem ég hef verið að segja. Aflakvótinn er hjá okkur úti á landsbyggðinni, hann er þar og við ráðum yfir honum sem þar erum. Ég treysti útgerðarmönnum og sjómönnum betur til að fara með þennan afla en bæjarfulltrúum eða borgarráðsmönnum. Ég segi það hér og nú og hef alla tíð sagt það. Mér finnst hann betur kominn í höndum þeirra aðila.

Aðeins vil ég víkja að því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér – því miður er hann ekki hér í salnum. Hv. þm. sagði að veiðileyfin væru nú að fara í stórum stíl frá smábátum til togaranna. Þetta er það sem við heyrum alla tíð sagt og kvótanum er kennt um þetta. Árið 1984, þegar kvótalögin voru sett, höfðu smábátar, ef ég man rétt, um 8–10 þús. tonn. Í dag er aflaréttur þessara báta um 50 þús. tonn. Hefur aflinn verið að fara frá smábátunum til togaranna? Við verðum að skilja það og átta okkur á því að hagræðing verður að eiga sér stað í sjávarútvegi. Það er óumflýjanlegt að svo verður að vera. Það er kannski þess vegna sem mér gremst þær breytingar sem verið er að gera á Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins vegna þess að mér finnst oft hafa verið þörf en nú er nauðsyn að nýta þann sjóð til að ná fram þeirri hagræðingu sem okkur er lífsnauðsyn að ná fram í sjávarútveginum. Bara aflaskerðingin ein sem nú er um 50 þús. tonn jafngildir meðaltalsvinnslu um átta fullkominna fiskvinnsluhúsa á Íslandi. Höldum við virkilega að við getum haldið áfram eins og ekkert hafi gerst og krefjumst þess að hafa arðsemi í greininni? Þetta er vita vonlaust. Við verðum að átta okkur á því að við ríkjandi aðstæður verður að eiga sér stað veruleg hagræðing í sjávarútvegi og hún kostar peninga.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt vegna orða hv. síðasta ræðumanns. Það er engin tilviljun að störf hafa færst úr fiskvinnslu og störfum hefur fækkað verulega

á undanförnum árum í ákveðnum greinum um allt 20%. Ég tel að ekkert hafi fram komið, hvorki í hans máli né hjá öðrum, sem hnekkir þeim orðum okkar kvennalistakvenna að ef byggðirnar – því við verðum að athuga að sveitarstjórnarmenn eru ekki annað en þeir menn sem íbúar byggðanna velja sér til forustu og til að gæta hagsmuna sinna — hefðu ráðstöfunarrétt á kvóta þá væri gætt atriða eins og atvinnu í landi og ýmissa annarra þátta betur heldur en nú er gert. Ég er alveg sannfærð um að við byggjum við annað atvinnuástand víða um land ef byggðakvóti hefði verið tekinn upp þegar við kvennalistakonur lögðum það til.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta hafa verið ágætar umræður og fróðlegt að fylgjast með þeim. Ég vil draga í efa að þær tölur sem komu fram hjá hv. 17. þm. Reykv., um nýtingu afla á frystitogurum, varðandi hvaða aflaverðmæti þeir væru með, séu réttar. Ef ég man rétt var hann að tala um 330 kr. á hvert kíló. Þær upplýsingar, sem ég hef um meðalaflaverðmæti frystitogara frá árinu 1990, þar er um að ræða afla 20 togara, eru að meðalaflaverðmæti hafi verið 175 kr. Það voru rúmlega 15 þús. tonn sem þessir 20 togarar veiddu á árinu 1990. Á sama tíma má bera þetta saman við tölur frystihúsanna um hvað þau hafa fengið í skilaverði, en það er á bilinu frá 205 kr. og upp í 260 kr. Þannig er um að ræða verulega lægra skilaverð sem þessi skip koma með í þjóðarbúið af hverju kílói sem er auðvitað ekkert að undra vegna þess að þessi vinnsla er ekkert sambærileg við vinnsluna sem fer fram í landi þó að þessi skip hafi út af fyrir sig séraðstöðu með að vera með gott hráefni og nýtt. Það er auðvitað á því sem þau fljóta og því að það er mikið minni launakostnaður og kostnaður við vinnsluna en hjá frystihúsunum.

Samanburður á frystitogara og vinnslu með svipað aflamagn t.d. á Vestfjörðum, sýnir að það er um 25% lægra skilaverð sem togararnir koma með í þjóðarbúið. Það er ástæða til að muna eftir því þegar menn fjalla um þessi mál. Ég hef út af fyrir sig, eins og ég sagði áður, ekki á móti þessum skipum en ég vara við því og tel að menn eigi að spyrna við fótum meira en gert er með þessu frv. Þá vil ég taka sérstaklega fram að ég styð þetta frv., en ég er að tala um að menn spyrni við fótum gagnvart þessari þróun.

Ég veit að t.d. í Kanada eru frystitogarar bannaðir. Þeir eru bara ekki til í því landi. Þeir telja sig ekki hafa möguleika á því að fylgjast með nýtingu auðlindarinnar ef hún fari fram með þessum skipum og þeir hreinlega banna þetta. Í Noregi er til eitt frystiskip sem hefur leyfi til að veiða í norskri landhelgi, eitt fullkomið frystiskip. Aðrir frystitogarar Norðmanna eru skyldugir til að landa aflanum í Noregi til frekari vinnslu. Þess vegna er það sem ég tel að menn eigi að gá að sér. Ég er ekki að segja að þetta frv. geti ekki gengið í gegn. En ég tel og hvet til þess að menn skoði aðrar og fleiri leiðir til að koma í veg fyrir að vinnslan flytjist út á sjó og tækifæri fáist til að bæta úr því sem hefur verið látið hjá líða á undanförnum árum, þ.e. að gera sér grein fyrir því að útgerð ísfisktogaranna og vinnslan af þeim í landi er ekki sú framtíðarnýting auðlindarinnar sem við getum reiknað með að verði áfram. Við vinnum fiskinn allt of gamlan og það er of dýrt að veiða hann með þessum aðferðum. Þess vegna verða menn að gera sér grein fyrir að þeir eru að keppa við nýtt og gott hráefni sem kemur af þessum frystitogurum og sem getur líka komið að öðrum veiðiskipum ef veiðarnar eru skipulagðar öðruvísi. Það er þetta sem menn þurfa að hafa í huga þegar þeir skipuleggja nýtingu á auðlindinni.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir góðar umræður um þetta mál og góðan stuðning í meginatriðum við höfuðtilgang þess. Ég ætla í örfáum orðum að víkja að nokkrum þeirra atriða sem hér hafa komið fram í umræðunum.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék réttilega að því í sinni ræðu að mikilvægt væri að þeir sem eru með fjárfestingaráform í þessum efnum dokuðu við vegna þess að verið er að mæla fyrir um breytingar sem hljóta að hafa veruleg áhrif. Ég vil taka mjög undir þessi aðvörunarorð hv. þm. Um leið vek ég athygli á því að mikilvægt er að það fái tiltölulega greiðan gang í gegnum þingið. Ég er ekki að draga úr því að hv. nefnd kanni málið vandlega en hitt má vera að þegar mál af þessu tagi eru á döfinni, sem hefur óhjákvæmileg áhrif á fjárfestingaráform manna þá er óheppilegt að það sé mjög lengi til umfjöllunar því það veldur óvissu og óróa í atvinnugreininni og því fyrr sem menn komast að endanlegri niðurstöðu og skipa málum með ákveðnum hætti þeim mun betra.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék einnig að því ákvæði að heimila núverandi skipum að starfa til ársins 1996. Það er vissulega umhugsunarefni hvort veita eigi svo langan frest sem hér er gert ráð fyrir. Af hálfu ráðuneytisins var það einkum haft í huga í þessu sambandi að ef tímafresturinn yrði of skammur kynni það að leiða til of mikilla fjárfestinga í breytingum á þeim skipum sem fyrir eru á skömmum tíma og af þeim sökum gæti verið hyggilegt að hafa þennan frest lengri. En vissulega er þetta eitt af þeim atriðum sem eru íhugunarefni í þessu sambandi.

Það hefur komið fram í ræðum nokkurra þingmanna að ef eitthvað er þá væri ástæða til að ganga lengra og hv. 9. þm. Reykn. sagðist ekki vera viss um hvort með þessu frv. væri í raun og veru verið að stemma stigu við fjölgun fullvinnsluskipa. Það er vissulega íhugunarefni hvort ganga eigi lengra. Hitt á ekki að þurfa að vefjast fyrir nokkrum manni að hér er verið að stemma stigu við þeirri óhóflegu fjölgun fullvinnsluskipa sem við blasir.

Það er hægt að fara ýmsar leiðir í því efni. Það er hægt að banna þessi skip og það er vissulega rétt eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vesturl., að hjá sumum þjóðum er starfræksla skipa af þessu tagi einfaldlega bönnuð vegna þeirrar sérstöðu sem þau hafa við nýtingu auðlindarinnar. Það er einnig hægt að útdeila leyfum með hefðbundnum skömmtunaraðferðum. Hvort

tveggja tel ég vera varasamt og ekki víst að við náum tilætluðum árangri með því. Sú leið sem hér er farin felst í því að freista þess að koma á sem sambærilegustum rekstrarskilyrðum að því er varðar gæðakröfur og nýtingarkröfur. Með því móti tel ég alveg öruggt að mjög verulega muni draga úr fjárfestingarskriðu í þessu efni. En það er alveg ljóst að það mundi leiða til mikilla erfiðleika og ég efast um að það væri hægt að sýna fram á þjóðhagslegan ávinning af þeirri þróun ef fiskvinnsla færðist nú í stórum stíl frá fiskvinnslufyrirtækjunum í landi út á sjó.

Við stefnum mjög markvisst að því að auka hér hagvöxt með meiri fullvinnslu afurða í neytendaafurðir. Í þeim tilgangi að tryggja eðlilega þróun byggðar í landinu verðum við að gæta að okkur í þessu efni og er frv. þáttur og viðleitni í þá veru – leysir engan veginn allan þann vanda – en er verulegt skref í því efni. En við það er miðað að ná þessu marki án þess að setja á fót skömmtunarkerfi heldur tryggja með almennum reglum að þessu markmiði verði náð.

Hv. 2. þm. Vesturl. vék svo að því að þessa samkeppnisstöðu yrði að tryggja með fleiri atriðum en þessum og þá fyrst og fremst því móti að tryggja vinnslunni í landi eðlileg rekstrarskilyrði. Um þetta hygg ég að flestir geti verið sammála. Þjóðin lifir það einfaldlega ekki af ef fiskvinnslan á Íslandi hefur ekki eðlileg rekstrarskilyrði. Það er meira en svo að við getum sætt okkur við að hún tóri. Fiskvinnslan þarf að búa við þær aðstæður að geta grætt peninga. Við höfum nú nýlega staðið í samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Þeir opna okkur ný sóknarfæri, nýja möguleika til að auka hér fullvinnslu afurða og koma tollfrjálst eða með mjög lágum tollum inn á Evrópumarkað. Þessa möguleika getum við ekki nýtt okkur ef vinnslan í landi, ef sjávarútvegurinn fær ekki búið við þau skilyrði að hann skili verulegum arði. Það er lítil von til þess að sá ávinningur sem við sjáum af þessum samningum verði að veruleika ef fiskvinnslan býr ekki við þau rekstrarskilyrði að geta brotist fram í þessum nýjungum. Það er dýrt að fara út í nýjungar. Það er dýrt að hefja nýja framleiðslu og það er óhemjudýrt að hasla sér völl á erlendum mörkuðum með nýja framleiðslu og styrkja stöðu okkar þar. Af þessum sökum hygg ég að allir geti verið um það sammála að þetta atriði hlýtur að vera einn veigamesti þátturinn í því að jafna þessa aðstöðu sem við erum að tala um.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði hvers vegna þetta hefði ekki verið gert fyrr. Um það hef ég ekki svör. Hann spurði hvort ég hefði gert um það könnun, hvort í ráðuneytinu væru gögn um að reglur af þessu tagi hafi verið tilbúnar áður en ekki verið settar í framkvæmd. Við þessum spurningum hef ég það svar eitt: Ég hef ekki haft til þess tíma að grúska í skjölum forvera míns, ég hef lagt á það megináherslu að koma fram málum, nauðsynlegum málum, sem ég tel að séu brýn og nauðsynlegt sé að festa í lög og hef talið það vera atvinnugreininni og þjóðinni meira virði en að grúska í gömlum skjölum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék hér að því hvort ekki væri nauðsynlegt að takmarka nýsmíðar og hv. 17. þm. Reykv. gerði að umtalsefni þetta sama atriði og sagði það sína skoðun að nauðsynlegt væri að stöðva fyrirgreiðslu til frystiskipa. Í þessu sambandi vil ég taka fram að sl. miðvikudag átti ég fund með formanni og framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs og lagði þar til að sjóðurinn gerði nú verulegar breytingar á útlánareglum sínum í þá veru að takmarka mjög verulega útlán til nýsmíða erlendis. Í öðru lagi að gera stórauknar kröfur til eiginfjár þeirra sem ætla að ráðast í nýsmíði eða endurnýjun fiskiskipa. Forustumenn sjóðsins tóku þessu vel og ég vænti þess að þeir hafi í dag komið saman til fundar með stjórn Fiskveiðasjóðs til þess að fjalla um þessar óskir af minni hálfu.

Ég er þeirrar skoðunar að sjóðstjórnin hafi átt að grípa í taumana fyrr og það hafi verið mjög óheppilegt að gefa út lánsloforð til þeirra stóru fullvinnsluskipa sem sjóðstjórnin hefur gert að undanförnu. Því hafi verið óhjákvæmilegt að grípa í taumana í þessu efni. Þessum óskum hef ég þegar komið á framfæri við stjórn sjóðsins og vænti jákvæðra viðbragða af hennar hálfu og tek mjög undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. 17. þm. Reykv. Ég vænti þess að þetta frv. stuðli að því að tryggja eðlilegt jafnvægi á milli vinnslu í landi og úti á sjó. Það felur ótvírætt í sér auknar kröfur varðandi gæði og nýtingu og ég tel að það muni alveg ótvírætt hafa áhrif í þá átt að hamla gegn þeirri skriðu, sem ella er yfirvofandi, að fjárfesting flytjist á næstu mánuðum í vinnslu af þessu tagi og flytji fiskvinnslu úr landi og út á sjó.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög. Ég fagna mjög þeirri yfirlýsingu sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið í þessum umræðum um þær reglur sem gilda skulu í framtíðinni varðandi fyrirgreiðslu við nýsmíði frystiskipa. Hér hefur hann beitt sér fyrir mjög þörfu máli og komið til móts við skoðanir afar margra í sjávarúvegi og okkar sem erum áhugamenn um sem besta og hagkvæmasta framvindu þeirrar atvinnugreinar. Ég er líka sammála honum um að stjórn Fiskveiðasjóðs hefði átt að grípa í taumana fyrr.

En aðalástæða fyrir því að ég kem hér upp eru ummæli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar vegna fyrri ræðu minnar í dag. Ég hygg að hann hafi misskilið lítillega það sem ég sagði um verð á frystum og ferskum afurðum. Staðreyndin er sú að miðað við þær nýjustu upplýsingar sem ég hef frá aðilum sem stunda sölu á flakamarkaðinn í Bretlandi, þá er verðið núna á flökum með roði 270 kr. fyrir landfryst þorskflök, 330 kr. fyrir sjófryst þorskflök og fyrir fersk þorskflök eru það um 520 kr. þegar best lætur, í þau fáu skipti sem okkur tekst að vera í hinum svokallaða „excellent"-flokki. Það tekst okkur afar sjaldan en fyrir það sem við hér heima köllum 2. flokk þá er verðið um 470 kr. Þingmönnum til upplýsingar þá vil ég geta þess að í afar merkri till. til þál. um mótun fiskvinnslustefnu sem Kristinn Pétursson, Guðmundur H. Garðarsson, Ingi Björn Albertsson og Matthías Á. Mathiesen lögðu fram

á 113. löggjafarþingi, koma líka fram á bls. 9 merkar upplýsingar um þessa þróun. Þar er sagt að fersk flök séu þá, miðað við desember 1990, 420 kr. kg, sjófrystu flökin 330 kr. eins og er enn þá og landfrystu flökin enn þá 270 kr. Ástæðan fyrir því þá að menn sáu svo mikinn ávinning í sjófrystingunni var m.a. sú að á þessum tíma var, og er reyndar enn, tollur á ferskum afurðum, sé miðað við t.d. 420 kr. sem var í desember 1990, 76 kr. Þá þurfti líka að borga u.þ.b. 35–45 kr. í frakt fyrir flugið á markaðinn. Þannig að fraktin og tollurinn gerðu það að verkum að það var ívið hagkvæmara að snúa sér að sjófrystingunni. Nú er þetta að gerbreytast með þeim samningum sem ég vona að takist um Evrópskt efnahagssvæði og þá er við því að búast að menn muni í hraðvaxandi mæli fara yfir í að selja flökin fersk og það kann e.t.v. að dæma frystitogarana úr leik á örfáum árum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram hefur verið mjög athyglisverð og margt af skynsamlegum hugmyndum komið fram í henni. En ég kvaddi mér hljóðs til þess að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þá lýsingu sem hann gaf undir lok seinni ræðu sinnar á samskiptum sínum við stjórn Fiskveiðasjóðs síðustu daga. Ég tel það vera mikil og góð tíðindi að hæstv. sjútvrh. skuli hafa haft frumkvæði að því að beina sjóðnum inn á réttari brautir með þeim hugmyndum sem hann lýsti hér áðan. Þetta eru skynsamlegar tillögur og vonandi verður stjórn Fiskveiðasjóðs við þeim. Að vísu hefur reynslan stundum á undanförnum árum verið sú að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur viljað vera ærið sjálfstæð og oft ekki viljað hlusta á skynsamlegar ábendingar. En ég vil láta í ljósi hér þá von að stjórn Fiskveiðasjóðs verði við tillögum hæstv. sjútvrh. hið fyrsta þannig að þær geti orðið öruggur grundvöllur fjárfestinga og starfsemi á þessu sviði á næsta ári og reyndar næstu árum. Það er vissulega ánægjulegt að það skuli koma fram skynsamlegar hugmyndir af þessu tagi og þegar þeim var lýst fyrir þinginu, sem ég hef ekki orðið var við að hafi verið gert áður, má þó vera að þetta hafi komið fram áður, fundust mér þetta vera hin merkustu tíðindi og vildi láta í ljósi eindreginn stuðning við þessar hugmyndir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (heildarlög). — Þskj. 144.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Verði þetta frv. að lögum koma þau í stað laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Með frv. þessu eru felld í ein lög þau ákvæði er lúta að fiskveiðum erlendra veiðiskipa við Ísland og heimildum erlendra aðila til eignarhalds í útgerð. Meginbreyting þessa frv. frá gildandi rétti er að erlendum veiðiskipum verður almennt heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað þjónustu fyrir skipið.

Lög nr. 33/1922 voru fyrstu heildarlög um takmarkanir á rétti erlendra aðila til fiskveiða við Ísland. Við samþykkt laga nr. 33/1922 var landhelgin við Ísland aðeins 3 sjómílur og fylgdi línan fjörumarki í flóum og fjörðum ef lengra var milli stranda en 10 sjómílur. Við þessar aðstæður var augljós nauðsyn þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu notað íslenskar hafnir og stundað þaðan veiðar og vinnslu á þeim fiskstofnum sem Íslendingar nýttu. Eftir fyrri heimsstyrjöldina jókst mjög ásókn erlendra aðila til veiða á Íslandsmiðum og fóru einkum vaxandi síldveiðar Norðmanna í landhelgi og síldarsöltun þar í landi. Voru lögin sett til að sporna við þessari þróun. Lögin voru afar ströng í garð útlendinga og var erlendum skipum í raun meinuð öll vera í íslenskri landhelgi nema í neyðartilvikum. Lög nr. 33/1922 settu takmarkanir við eignaraðild erlendra aðila að veiðum og vinnslu. Var íslenskur ríkisborgararéttur gerður að skilyrði fyrir því að reka fiskveiðar innan landhelgi og verka aflann þar eða á landi. Hlutafélögum var óheimilt að reka fiskveiðar nema meira en helmingur hlutafjár félagsins væri í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og a.m.k. helmingur þeirra búsettur í landinu. Hlutafélög höfðu hins vegar rétt til að reka bæði fiskveiðar og fiskvinnslu í landhelgi væri allt hlutafé í eigu íslenskra ríkisborgara. Ekki var kveðið sérstaklega á um hlutafélög sem eingöngu ráku fiskvinnslu er leiddi til þess að óvissa var um rétt þeirra til reksturs vinnslu.

Sjútvrn. hefur ávallt litið svo á að lög nr. 33/1922 bönnuðu einnig erlendum hlutafélögum að reka eingöngu fiskvinnslu hér á landi, þar með talið í landhelgi Íslands.

Með lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, var fyrst sett almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu. Með þessum lögum ásamt, lögum nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum á þessu sviði, var með öllu tekið fyrir eignaraðild útlendinga í hlutafélögum er reka útgerð. Var 1. og 2. gr. laga nr. 33/1922 breytt að þessu leyti.

Einnig er ótvírætt kveðið á í lögum nr. 34/1991 um rétt erlendra aðila til fjárfestinga í fyrirtæki er rekur vinnslu sjávarafurða. Er erlendum aðilum ekki heimil eignaraðild að fyrirtækjum sem stunda frumvinnslu. Með frumvinnslu er átt við frystingu, söltun, niðursuðu, herslu, reykingu, niðurlagningu, súrsun og hverja aðra verkun sem ver aflann skemmdum og þar með talin bræðsla og mjölvinnsla. Erlendum aðilum er því eingöngu heimiluð eignaraðild að fyrirtækjum sem vinna að frekari vinnslu afurða til að gera þær hæfari til dreifingar neyslu og matreiðslu.

Ákvæði laga nr. 34/1991 og laga 23/1991 varðandi eignaraðild erlendra aðila í rekstri, fiskveiðum og fiskvinnslu eru tekin upp efnislega óbreytt í 1. og 2. gr. þessa frv.

Lög nr. 33/1922 hafa ávallt verið túlkuð rúmt og auk þess hafa verið gerðar lagabreytingar til að rýmka nokkur ákvæði þeirra.

Með lögum nr. 30/1969 var sjútvrh. til að mynda heimilað að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum skipum í íslenskum höfnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þótti það eðlilegt í ljósi nýrra viðhorfa í alþjóðasamskiptum og með tilliti til frjálsari samskipta við aðrar þjóðir. Í raun hefur framkvæmd þeirra mála verið sú að erlend veiðiskip hafa almennt fengið leyfi til að koma til hafnar á Íslandi. Í hvert skipti hefur þó þurft að sækja um sérstakt leyfi til ráðuneytis. Ekki hefur verið heimiluð löndun úr erlendum skipum en grænlensk rækjuveiðiskip hafa haft slíka heimild samkvæmt sérstöku samkomulagi sem hefur gilt frá árinu 1980.

Forræði Íslendinga yfir fiskstofnum við landið hefur aukist verulega frá 1922 vegna stækkunar fiskveiðilögsögunnar. Engu að síður eru nokkrir mikilvægir fiskstofnar að hluta til utan íslenskrar efnahagslögsögu. Má þar nefna karfa, úthafsrækju og loðnu. Ósamið er um skiptingu á karfastofninum og úthafsrækjunni en þríhliða samkomulag er í gildi milli Íslands, Grænlands og Noregs um nýtingu loðnustofnsins. Á því skal vakin athygli að það samkomulag fellur úr gildi í maí 1992 og enn óvíst um framlengingu þess. Fullyrða má að ástand karfa- og rækjustofnsins væri mun lakara hefði erlendum veiðiskipum verið leyft að gera út frá íslenskum höfnum frá öndverðu. Almenna reglan hefur því verið sú að erlend veiðiskip gátu fengið leyfi til að leita hafnar og fá alla nauðsynlega skipaþjónustu aðra en löndun á afla. Hins vegar hefur það verið metið hverju sinni hvort skip hafi verið að veiðum úr þeim fiskstofnum sem teljast vera sameiginlegir öðrum þjóðum og ekki hefur verið samið um nýtingu á. Í þeim tilvikum hefur leyfi að jafnaði ekki verið veitt.

Með frv. þessu er í 3. gr. gert ráð fyrir að sjútvrh. sé heimilað að takmarka heimildir til erlendra veiðiskipa til að landa eigin afla og sækja þjónustu til hafna í þeim tilvikum að þau hafi verið að veiðum úr þessum sameiginlegu fiskstofnum. Má í þessu sambandi benda á að í samningum EFTA-ríkja um fríverslun með fisk er gert ráð fyrir að beita megi undantekningu frá löndunar- og viðskiptafrelsi varðandi sameiginlega stofna sem samkomulag hefur ekki náðst um skiptingu á. Í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er einnig að finna hliðstætt ákvæði. Að öðru leyti er með frv. þessu mörkuð sú meginregla að erlendum veiðiskipum er frjálst að leita til hafna á Íslandi og landa þar afla. Það skal tekið fram að þetta frv. á ekki að koma í veg fyrir að erlent skip sem veiði stundar úr sameiginlegum stofnum geti leitað til hafnar í neyðartilvikum og fengið nauðsynlega þjónustu til að halda áfram ferð sinni.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um að erlend veiðiskip tilkynni hlutaðeigandi hafnaryfirvöldum um komutíma til hafnar, hvaða veiðar skipið stundaði og hvers konar þjónustu óskað er eftir. Með ákvæði þessu er ekki verið að þrengja almenna heimild 3. gr. frv. heldur er þetta í raun í samræmi við þá venju sem skapast hefur þegar skip hafa fengið leyfi til að koma til hafnar. Öll erlend veiðiskip sem hingað koma hafa íslenska umboðsmenn sem upplýsa þau um þau atriði sem krafist er í 4. gr. Slíkar upplýsingar eru til hægðarauka fyrir hafnaryfirvöld og aðra aðila. Tilkynning um komutíma er m.a. nauðsynleg vegna tollskoðunar. Útvega þarf skipinu hafnarlægi og nauðsynlegt er að geta gert ráðstafanir ef skipið þarf að landa afla eða sækja olíu.

Skylt er skv. 4. gr. að tilkynna um veiði skipsins og veiðisvæði. Ástæða þessa er augljós því slíkar upplýsingar eru forsenda þess að unnt sé að meta hvort skipið hafi verið að veiðum úr þeim sameiginlegu stofnum sem ósamið er um, eins og getið er um í 3. gr. frv.

Í 5. gr. er lagt til að heimilt verði með milliríkjasamningum að víkja frá banni 1. gr. um veiðar og vinnslu erlendra skipa í efnahagslögsögu Íslands með sama hætti og verið hefur hingað til.

Í gildi eru nokkrir milliríkjasamningar sem veita skipum annarra ríkja heimildir til veiða í efnahagslögsögunni. Má þar nefna samninga við Belga og Færeyinga þar sem þessum þjóðum er veittur einhliða réttur til veiða hér við land. Þá má nefna að samningur er í gildi við Noreg sem gerir ráð fyrir gagnkvæmum veiðiheimildum. Þessi samningur hefur ekki komið til framkvæmda. Að lokum má nefna þríhliða samning Íslands, Noregs og Grænlands um nýtingu loðnustofnsins þar sem fiskiskipum frá þessum þjóðum er veitt heimild til að stunda loðnuveiðar með ákveðnum takmörkunum innan efnahagslögsögu viðkomandi landa.

Með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir að hróflað sé við gildandi samningum á þessu sviði og þykir eðlilegt að heimild fyrir milliríkjasamningum sé áfram fyrir hendi. Það verður hins vegar að meta hverju sinni hvort slíkir samningar teljast okkur til hagsbóta.

Herra forseti. Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir aðalatriðum þessa frv. Hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða. Í því felast raunar litlar breytingar frá gildandi lögum og venjum. Hins vegar er þessi lagaákvæði að finna í ýmsum lögum sem sum hver eru að hluta til úrelt. Þykir rétt að kveða skýrt á um jafnmikilvægt mál í einum heildstæðum lögum. Veigamesta breyting þessa frv. felst, eins og áður segir, í rýmkun á heimildum erlendra skipa til löndunar á afla. Er það í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað á alþjóðlegum vettvangi. Má ætla að þessi rýmkun geti aukið komur erlendra veiðiskipa til landsins en því fylgja óhjákvæmilega aukin viðskipti. Þá er ekki síður mikilvægt á tímum minnkandi aflaheimilda að íslenskum fiskvinnslustöðvum gefist auknir möguleikar á hráefniskaupum af erlendum veiðiskipum. Má í því sambandi nefna að sovésk veiðiskip hafa að undanförnu sýnt aukinn áhuga á sölu afla hér við land.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir flutning þessa frv. Hér er stefnt í frjálsræðisátt og ég er sannfærður um að þetta frv. getur orðið til þess að

efla íslenskan skipaiðnað og aðra þjónustustarfsemi hér á landi.

Ég hafði um nokkur ár flutt frv. þar sem tekið var á þessu máli og ákveðnum þjóðum ætlaður meiri réttur en íslensk lög höfðu áður veitt þeim og átti ég þá við Grænlendinga og Færeyinga. Það frv. náði ekki afgreiðslu í efri deild þingsins en hafði verið samþykkt í neðri deild í það minnsta tvisvar. Vissulega er enn inni það ákvæði að sjútvrh. hafi þó heimild til takmarkana ef ekki hafa náðst samningar um veiðar á nytjastofnum við þá aðila sem hér landa. Ég er samt þeirrar skoðunar að sjútvrh. eigi að fara mjög varlega með þetta vald því að það eru fleiri sem hafa hagsmuna að gæta í landinu en þeir sem stunda veiðar úr þeim nytjastofnum og ég vil undirstrika að hafsvæðið fyrir austan Grænland er hafsvæði sem Íslendingar munu óbeint nýta ef við náum eðlilegum samskiptum við Grænlendinga. Þeir munu ekki fara í það að byggja upp hafnir á þessari strönd. Þeir munu aftur á móti sjálfir stunda þar veiðar í framtíðinni og selja þann fisk á Íslandi ef við neyðum þá ekki með óbilgirni til þess að leigja þessi veiðiréttindi erlendum þjóðum, þjóðum sem eiga verksmiðjuskip og munu mæta með sinn flota í 2–3 mánuði til að taka þann fisk upp úr sjónum. Ég tel að það sé versti kosturinn fyrir okkur Íslendinga ef þannig er staðið að málum. Ef þannig er staðið að málum höfum við yfir höfuð ekki hugmynd um það hve mikið er veitt á þessu veiðisvæði af hverri tegund fyrir sig. Ef Grænlendingar sjálfir stunda þessar veiðar og landa þeim fiski hér á landi munu innlendir aðilar að sjálfsögðu fylgjast með því hversu mikið magn þeir veiða úr hinum ýmsu stofnum. Þeir munu koma sér upp fiskiskipaflota eða þeir munu í samvinnu við Færeyinga stunda þessar veiðar og um leið og þeir fara sjálfir að stunda veiðarnar munu þeir einnig efla sínar fiskirannsóknir og stuðla að því að reyna að viðhalda sínum fiskstofnum eins og allir veiðimenn gera því að þeir vilja ekki útrýma því sem þeir veiða heldur reyna að nytja það með eðlilegum hætti.

Þess vegna tel ég þetta frv. mikið framfaraspor og vænti að það verði til þess að Ísland muni í framtíðinni verða þjónustusvæði í mun ríkari mæli en í dag fyrir hafið í kringum landið og að þetta muni efla viðskipti okkar bæði við Grænlendinga og Færeyinga alveg sérstaklega, en vafalaust mun þetta einnig verða til þess að efla viðskipti okkar við fleiri þjóðir eins og t.d. Rússa. Ég er þess vegna hæstv. sjútvrh. þakklátur fyrir að flytja þetta frv. og vona að efni þess geti orðið að lögum á þessu þingi.

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. skuli flytja þetta frv. og mér finnst ástæða til að hæla honum fyrir hve rösklega hann hefur tekið á málum í sínu ráðuneyti og lagt fram hvert frv. á fætur öðru um mál sem nauðsynlegt er að taka á. Með samþykkt þessa frv. falla úr gildi lög nr. 33/1922 eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, en þau lög banna erlendum skipum að flytja veiði sína í land til verkunar nema fá til þess sérstakt leyfi.

Stjórnvöld hafa löngum túlkað þessu sömu lög þannig að í þeim felist bann við því að erlend skip, sem eru að veiðum utan fiskveiðilögsögunnar, komi hér að landi til viðgerða eða til að sækja aðra þjónustu nema fá til þess tilskilið leyfi. Þessi túlkun hefur tvímælalaust hindrað erlend skip í að eiga viðskipti við Íslendinga. Það er auðvitað löngu tímabært að fella úr gildi þessi lög frá 1922. Síðan þau voru sett hefur fiskveiðilögsaga okkar Íslendinga stækkað úr þremur sjómílum í 200. Þar með hefur forræði okkar yfir fiskstofnunum aukist og helstu nytjastofnar okkar sem fiskveiðiskip annarra þjóða áttu auðveldan aðgang að, þegar lögin voru sett, halda sig að mestu innan núverandi fiskveiðilögsögu.

Ég er sammála því sem kemur fram í athugasemdum með frv. að með því að heimila frjálsari aðgang að íslenskum höfnum er komið til móts við þær breytingar til frjálsræðis í verslun og viðskiptum milli landa sem orðið hafa á síðari árum, eins og segir orðrétt í athugasemdunum.

Ég bar fram fyrirspurn hér á Alþingi um þetta mál til hæstv. sjútvrh. fyrir nokkrum vikum og fylgdi henni úr hlaði með rökstuðningi fyrir nauðsyn þess að breyta þessum gömlu, úreltu lögum. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök við þessa umræðu en minni á að um stórmál er að ræða fyrir annars vegar þjónustuaðila eins og skipasmiðjur og veiðarfæraþjónustu, olíufélög, verslanir og fjölmarga fleiri og hins vegar fyrir þau fiskvinnslufyrirtæki sem hafa búið við hráefnisskort vegna aflasamdráttar og mikils útflutnings á óunnum fiski að undanförnu.

Nú opnast möguleiki fyrir þessi fyrirtæki til að kaupa fisk af erlendum veiðiskipum hindrunarlaust. Þau hafa á síðari árum leitað í auknum mæli eftir kaupum á afla erlendra skipa og mest hefur reyndar verið um rækju að ræða, en vegna aflasamdráttar og vaxandi útflutnings á ferskum fiski hefur áhugi manna aukist fyrir kaupum á ýmsum botnfisktegundum. Verði þetta frv. að lögum mun það greiða fyrir þessum viðskiptum, svo og fyrir viðskiptum ýmissa þjónustufyrirtækja við erlend skip og ég tel reyndar að það geti orðið til þess að Ísland verði miðstöð sjávarútvegsviðskipta á þessu svæði. Ég vil því bara ítreka ánægju mína með að þetta frv. skuli vera komið fram og vona að það verði að lögum sem fyrst.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem menn hafa árum saman viljað breyta. Það hefur helst verið fyrir andstöðu forustu Framsfl. hin síðustu ár sem þessu hefur ekki verið breytt og þess vegna er það sérstakt fagnaðarefni að hér rís nú upp frjálsborinn framsóknarmaður, nægilega víkingslundaður að eðli að hann stendur gegn þessari stefnu flokks síns. Lengi skal manninn reyna. Nú eigum við eftir að sjá hvort hann muni aðstoða okkur líka til þess að brjóta á bak aftur afturhaldssemi framsóknarforustunnar í ýmsum öðrum málum sem lúta að sjávarútvegi eins og t.d. kvótakerfinu.

Ég vil lýsa ánægju minni með þetta ágæta mál sem

hér er flutt. Þetta er reyndar mál sem hefur á síðustu tímum náð útbreiddum vinsældum. Ég minnist þess t.d. að ég las í blaði, sem er enn gefið út og ég kom einu sinni dálítið nálægt, Þjóðviljanum, að landsfundur Alþb. hefði klykkt út með að lýsa líka yfir stuðningi við þetta mál og ég vænti þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson muni leiðrétta mig ef mig brestur hér minnið. Eins og hefur komið fram er auðvitað ljóst að það er löngu tímabært að breyta gildandi lögum. Árið 1922, þegar þau voru sett, var fiskveiðilögsagan ekki nema 4 mílur og þá hefði verið mjög auðvelt fyrir erlendar veiðiþjóðir að koma sér upp bækistöð hér á Íslandi til að gera út á fisktegundir sem voru utan fiskveiðilögsögunnar. En lögin sem sett voru 1922 hömluðu þessu og að því leyti gerðu þau lengi vel afar mikið gagn. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og margur þorskur verið dreginn úr söltum sjó og við höfum fært út fiskveiðilögsöguna í 200 mílur. Nú er það svo að flestar tegundir okkar nytjastofna eru innan þessarar lögsögu þannig að þau verndunarsjónarmið sem áður mæltu í gegn þessari breytingu gera það ekki lengur. Þess vegna er löngu tímabært að brjóta á bak þá viðspyrnu sem hefur verið gegn þessum breytingum.

Það er alveg ljóst að þegar þetta frv. verður að lögum getum við selt margháttaða þjónustu hér sem við gátum ekki áður. Þar ber fyrst að nefna viðgerðir erlendra skipa. Íslenskur skipaiðnaður er e.t.v. sá geiri íslenska iðnaðarins sem er í hvað mestum vandræðum þessa stundina og ég er sannfærður um það að þetta mun færa honum mikla björg í bú. Ég tel raunar að það eigi af hálfu hins opinbera að hafa frumkvæði að því að setja upp einhvers konar samstarfsáætlanir á millum smárra vélsmiðja vítt um land og hinna stærri bólvirkja skipasmíðaiðnaðarins hér á landi, þ.e. hér í Reykjavík og reyndar á Suðurnesjum og einnig á Akureyri — gera áætlun sem miðar að því að hægt sé að taka flókin og viðamikil viðgerðarverkefni inn í landið. En samfara þessu mun auðvitað verða kleift að selja margháttaða aðra þjónustu, læknisþjónustu, vatn, vistir, veiðarfæri, eldsneyti. Ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundsson hlær. Það er von að honum sé hlátur í huga þegar hann sér loksins rísa upp mann úr hans eigin flokki sem tekur undir með okkur stjórnarliðum um nauðsyn þess að breyta þessum afturhaldslögum sem Framsfl. hefur varið árum saman. En sem betur fer er það svo að Framsfl. hefur loksins verið í úthýsi vísað og vonandi verður hann þar sem lengst. Vitaskuld vil ég þó að það komi alveg skýrt fram að ég mun hvenær sem er þiggja liðveislu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar í þeim málum sem til framtíðar og betri vegar horfa.

Jafnframt er auðvitað ljóst að einn annar ávinningur sem við höfum af þessari lagabreytingu er sá að við munum fá meiri fisk inn á íslensku markaðina. Við Íslendingar vitum að víða er vá fyrir dyrum. Það er ekki hvað síst hjá þeim sem hafa rækt sína starfsemi í tengslum við innlenda fiskmarkaði — og ég sé að nú hlær hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Honum finnst þetta mál greinilega hlægilegt þó að flokkur hans hafi að vísu samþykkt stuðning við það á landsfundi sínum. Það var að sönnu eina málið sem þessi flokkur varð sammála um þó að ég vilji ekki fara vegna míns gamla fóstra út í þá umræðu. Hins vegar varðar þetta mál ekki hvað síst það kjördæmi sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er þingmaður fyrir vegna þess að það er ekki síst þar sem fiskmarkaðir eru í vanda staddir. Það skortir hráefni á markaðina og þau fyrirtæki, sem þar hafa sprottið, upp eru núna í miklum vanda stödd og nú eru hundruð manna á Suðurnesjum atvinnulaus einmitt sökum þessa. Ég vænti þess að það sé ekki þess vegna sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hlær hérna í afkimum salarins og reynir að snúa sér undan. En þetta skiptir verulegu máli fyrir fiskmarkaði, fyrir íslenska fiskvinnslu og ég minni sérstaklega á að fram kom í máli hæstv. sjútvrh. áðan að viðleitni Sovétmanna til að landa hér afla sínum hefur aukist. Það eru fleiri en Sovétmenn. Það eru stórir kanadískir togarar sem stundum koma hingað á norðlæg hafsvæði, jafnvel Japanstogarar og auðvitað er það miklu betra fyrir þessa togara og þessi fiskveiðiskip sem koma af fjarlægum ströndum að koma hingað inn til hafnar til viðgerða og til að landa afla sínum en fara t.d. til heimahafnar eða einhverra hafna sem eru fjær eins og t.d. í Færeyjum eða Cork í Írlandi svo að ég nefni eitthvað.

Hér er miklu þarfamáli hreyft og mér þótti sérstaklega vænt um að Ólafur Þ. Þórðarson minntist á möguleika sem ég hafði ekki séð áður sem er sá, að mér skildist á máli hans og hann er nú sérstakur sérfræðingur um hagi Grænlendinga og fiskveiða þeirra, að mjög erfitt væri að stunda útveg við austurströnd Grænlands nema þá héðan frá Íslandi. Ef við höguðum okkar málum rétt mundum við með þessu e.t.v. geta eflt bæði útgerð Grænlendinga en jafnframt fengið þá í ríkari mæli til þess að landa afla sínum hér. Hæstv. sjútvrh. hefur þegar bent á að við höfum hundruð millj. á ári hverju í gjaldeyristekjur vegna sölu á þjónustu gagnvart grænlenskum togurum. Þetta mætti e.t.v. margfalda ... (**Gripið fram í:** Við þurfum að fá þá vestur aftur, ekki til Hafnarfjarðar.) Ég er til viðræðu um allt þetta ef það gæti linað þær sálarkvalir sem stjórnarandstaðan virðist líða þessa stundina.

Ég vil að síðustu bara minna á að samtök í skipa- og málmiðnaði hafa margsinnis ályktað um þetta mál og nú eru loksins komin röggsöm stjórnvöld sem hafa rekið slyðruorðið af ríkisstjórn Íslands í þessum málum og hyggjast breyta gildandi lögum. Ég vil að lokum bara endurtaka það sem ég hef sagt til hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar: Sértu velkominn, vinur sæll, í hvert eitt sinn sem þú vilt leggja okkur lið til þess að brjóta á bak aftur afturhaldssemi Framsfl.

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég fagna frv. sem á að færa okkur fram eitt spor í frjálsræðisátt og ég tek sérstaklega eftir orðalagi í 3. gr. frv. Í 1. gr. er fjallað með skýrum hætti um að erlendum skipum eru bannaðar veiðar í efnahagslögsögu okkar og að vinna þar afla. En síðan segir í 3. gr. að erlendum veiðiskipum verði heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

Fyrir þessu hafa menn barist hér í þingsölum ár og síð og a.m.k. tel ég ástæðu til að ætla að landhelgi okkar sé nú orðin það traust í sessi að við þurfum ekki að óttast að við glötum henni við slíkar breytingar. Með þessu móti tel ég að okkur skapist góð og aukin tækifæri til viðskipta og atvinnu án umtalsverðar fjárfestingar, til að mynda fyrir samgöngumannvirki á borð við hafnir, fyrir fyrirtæki í fiskvinnslu, skipasmíðum og tengdum greinum, við veiðarfæragerð, flutningastarfsemi og aðra þjónustu við sjávarútveg og fiskvinnslu. Ég tel að viðskipti Grænlendinga, sem hafa verið stunduð undanfarin ár á Vestfjörðum og í Hafnarfirði, hafi fært okkur heim sanninn um að eftir verulegum viðskiptum og verkefnum er að slægjast. Og ég tel að þetta frv. geri okkur kleift að stunda þau viðskipti og ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið að þetta frv. horfir til góðs vegar og ég vona að við samþykkjum það fljótlega.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu en að gefnu tilefni langar mig að segja hér örfá orð. Það er fyrst og fremst vegna ummæla hv. 17. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, þar sem hann vék að okkur framsóknarmönnum og fann okkur flest til foráttu eins og hann er vanur að gera í sínum ræðum. Það er venjulega uppistaðan í hans ræðum. Það eru illsakir við okkur framsóknarmenn.

Mig langar aðeins til þess að spyrja hv. 17. þm. Reykv. hvað hann meinti með sínu bjartsýnistali áðan ef þetta frv. næði fram að ganga, sem ég er ekki að tala gegn en að mér skildist að það gæti orðið þröng á þingi við hafnir Íslands, slík yrði aðsóknin í að koma hingað og landa hjá okkur fiski. Ég vona að hann reynist nú sannspár maður þó að mér finnist hann ekki beint spámannlega vaxinn. En ég hef vissa fyrirvara á þessu öllu saman meðan við sjálfir getum ekki borgað hærra verð fyrir okkar fisk, okkar afurðir, og þurfum að sjá eftir þeim í jafnstórum stíl úr landi. Eins er það með skipasmíðaverkefnin sem mig langaði til þess að spyrja hv. þm. um vegna þess að hér átti líka að verða svo mikið að gera í skipasmíðastöðvunum, sem ég vona vissulega að verði. En af hverju ætli það sé, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að við Íslendingar förum ekki bara með fiskinn okkar úr landi? Við förum líka með skipin úr landi til viðgerða. Er þess að vænta að þessar þjóðir muni vilja skipta við okkur frekar en við sjálf við okkar eigin skipasmíðastöðvar? Ég held nefnilega að við þurfum að taka þar til. Mig langar aðeins til þess að fá skýringar á því hvort þetta hefur kannski verið rætt eitthvað í þingflokki Alþfl. vegna þess að skipaiðnaðurinn heyrir nú undir ráðherra þess flokks, hvort menn séu þar með eitthvað á prjónunum. Svo oft og mörgum sinnum erum við búnir að ræða þann vanda sem að íslenskum skipaiðnaði steðjar, hvort menn séu þá að hugsa um að taka sér tak þannig að íslenskar skipasmíðastöðvar geti orðið bærilega samkeppnisfærar.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er alrangt að ég hafi sérstaklega troðið illsakir við Framsfl. í þessum þingsölum. Hins vegar finnst mér það lýsa a.m.k. sumum mönnum í Framsfl. að þegar hér kemur fram mál sem vissulega horfir til heilla, þó að bersýnilega sé ágreiningur um það innan Framsfl. eins og margt annað, þá sjái hv. þm. Stefán Guðmundsson sérstakt tilefni til þess að hafa þá menn að háði og spotti sem enn eiga djörfung, bjartsýni og trú á íslenskt samfélag. Það er von að hv. þm. Stefán Guðmundsson hafi það ekki, enda hefur Framsfl. farið með stjórnartaumana hér í næstum því 20 ár og við getum svo sem séð hvernig ástandið er, hv. þm. Það er ekki bara þessi ríkisstjórn sem er búin að vera við völd í sjö mánuði. Ætlið þið, ágætir framsóknarmenn, eigið ekki einhverja sök á því líka?

Varðandi hins vegar þá spurningu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar hvort Alþfl. hyggist gera eitthvað í málefnum skipaiðnaðarins vegna þess að undir þann flokk heyrir viðkomandi ráðuneyti, þá er það með mikilli ánægju að ég get upplýst þingmanninn um að um þetta hafa farið fram talsverðar umræður á einum þremur þingflokksfundum Alþfl. Og af því að það kemur berlega fram í máli þingmannsins að hann fylgist ekki ítarlega með fjölmiðlum, þá get ég líka upplýst hann um að það hafa komið fram hugmyndir frá þingmönnum Alþfl. í þá veru að takmarka verulega fyrirgreiðslu hins opinbera við skipasmíðar sem fara fram erlendis. Ég vænti þess að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að á þessu verði gerð einhver breyting til hins betra. Þá vona ég að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni verði rórra í sálinni þannig að hann a.m.k. geti látið vera að koma hér upp og fara með háð um það sem menn vilja vel gera.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við þingmenn höfum tekið eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerir sér víðförult í könnuna sem er þarna í glugganum. Ég vona að honum verði gott af vatninu. En hér er úr nokkrum vanda að ráða hvernig á að taka þær tvær síðustu ræður sem hv. þm. flutti. Ég hafði tilhneigingu til þess að taka þær sem almenna skemmtan og leyfði mér að hlæja góðlátlega í þingsalnum, kannski einum of, en nú heyri ég að hv. þm. vill að þær séu teknar sem alvara og ég ætla að gera það.

Hv. þm. sagði sem svar við spurningu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að málefni skipasmíðaiðnaðarins hefðu verið rædd á þremur fundum í þingflokki Alþfl. og þingmenn Alþfl. hefðu verið með ýmsar tillögur þar til úrbóta. Ég efa ekki að þetta er rétt. Vandinn í málinu er hins vegar sá að ráðherra Alþfl. hefur greinilega hvorki á síðustu vikum né síðustu rúmum þremur árum viljað hlýða á neina af þessum hugmyndum. Það er auðvitað vandi sem Alþfl. er í í þessu máli, ekki að það fari ekki fram ágætar umræður á þingflokksfundum Alþfl. eða nýliðar í Alþfl. komi ekki með ýmislegt gott sem þeir fengu í farangur sinn úr Alþb. inn í Alþfl. og eru nú að reyna að fá iðnrh. til þess að verða sér samferða í að taka þetta upp úr töskunni frá

Alþb. og gera að stefnu Alþfl., heldur hitt að iðnrh. Alþfl. hefur nánast ekkert gert í rúm þrjú ár í málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Það er sjálfsagt nokkuð löng saga og flókin að útskýra hvers vegna svo er, en það er staðreynd máls að á síðustu 3–4 árum, þegar iðnrh. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa stýrt þessum málum, og reyndar á sl. átta árum ef maður tekur iðnaðaráðherratíð Sjálfstfl. alla, hafa þessir tveir núv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., borið ábyrgð á málefnum íslenska skipasmíðaiðnaðarins og það hefur satt að segja verið eitthvert mesta samdráttar- og afturfaratímabil í málefnum íslensks skipasmíðaiðnaðar frá því að hann hófst í landinu. Svo ef það eru einhverjir tveir flokkar sem bera ábyrgð á því hvernig er komið fyrir íslenskum skipasmíðaiðnaði eru það núv. stjórnarflokkar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að þingmaðurinn hefur verið að flytja ýmsar tillögur í fjölmiðlum sem eru mjög athyglisverðar. Það er auðvitað dálítið merkilegt að ýmsar af skynsamlegustu tillögunum sem maður heyrir nú úr stjórnarliðinu skuli annars vegar koma frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hins vegar hæstv. núv. sjútvrh. En það er tilefni til umræðu við annað tækifæri. Æskilegt væri að hv. þm. gerði okkur grein fyrir því hverjar þessar tillögur í málefnum íslensks skipasmíðaiðnaðar eru sem ræddar hafa verið á þingflokksfundum Alþfl. — Hæstv. iðnrh. hefur beðið um orðið og það væri æskilegt líka að fá frá honum eitthvað skýrt og klárt hvað hann hyggst gera í þessum málum.

Það hefur ærið oft verið rætt um þessi mál. Þegar núv. hæstv. fjmrh. var iðnrh. fékk hann fyrirtæki til þess að gera athugun á málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Því miður kom lítið út úr því. Í tíð síðustu ríkisstjórnar voru þessi mál rædd hvað eftir annað og staðreyndin er sú að við, þessi mikla fiskveiðiþjóð, stöndum í þeirri erfiðu stöðu að allt bendir til þess að ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana, hæstv. forsrh., muni nánast öll skipasmíðafyrirtæki á Íslandi loka á næsta ári. Það hefur komið fram í fjölmiðlum síðustu daga að það vantar hátt í 200 millj. í nýtt fjármagn inn í Slippstöðina á Akureyri til þess að hún hafi rekstrargrundvöll. Það hefur komið fram að á Ísafirði þarf líka að grípa til sérstakra aðgerða til þess að skipasmíðar og skipaviðgerðir verði áfram stundaðar á Vestfjörðum. Það er kunnugt hvernig komið er fyrir fyrirtæki á Seyðisfirði. Það er líka kunnugt að skipasmíðafyrirtæki í Garðabæ hefur verið lokað og þannig er hægt að lýsa stöðu málsins. Nú er rétt að hæstv. ráðherrar svari því hér: Eru þeir reiðubúnir að grípa til sértækra ráðstafana til þess að bjarga því sem bjargað verður hjá íslenskum skipasmíðaiðnaði eða á að dæma þau fyrirtæki til sömu örlaga og hæstv. forsrh. hefur svo lýst að eingöngu eigi að grípa til almennra aðgerða og síðan verði fyrirtækin sjálf að sjá um sig?

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar við, fiskveiðaþjóð sem vill og þarf að afla sér gjaldeyris á samkeppnisgrundvelli, er komin í þá stöðu að helsta stoðgrein sjávarútvegsins, skipasmíðaiðnaðurinn, er að leggjast niður í landinu. Ég vil þess vegna þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að upplýsa það hér að menn hafa þó svo miklar áhyggjur í þingflokki Alþfl. að þeir hafa á þremur fundum rætt þessi mál mjög ítarlega. En við þingsölunum höfum ekki séð neitt ákveðið og afgerandi um aðgerðir til þess að bregðast við þessum vanda. Mér þætti þess vegna vænt um það ef hæstv. iðnrh. vildi lýsa því hér að gefnu tilefni frá formanni þingflokks hans eigin flokks hvað það er sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera — ég legg áherslu á það orð, gera — á næstu mánuðum til að tryggja að í árslok 1992 verði einhver skipasmíðafyrirtæki starfandi á landinu.

Ég vil svo að lokum upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það að sá sem manna mest barðist gegn efni þess frv. sem hér er til umræðu á síðasta þingi var hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem ekki er í Framsfl. heldur í Sjálfstfl. og hefur af okkur flestum verið kosinn formaður utanrmn. þessa þings. Það er því ósanngjarnt að vera að koma því yfir á Framsfl. (**StG:** Hann er kannski á leiðinni inn í Framsfl.) Já, inn í Framsfl. Nei, það er alveg öruggt. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er ekki á leið inn í Framsfl. Þessu vildi ég nú koma á framfæri til hv. þm. og bið hann í anda gamallar vináttu að skoða sagnfræðina aðeins betur áður en hann fer mikinn í ræðustólnum til árása á Framsfl. þó að það standi mér kannski ekki næst að koma með slíkar ábendingar. Hins vegar var aðalerindið upp í ræðustólinn að óska eftir því að fá í greinargóðu máli lýsingar á því hvað menn hyggjast gera innan ríkisstjórnarinnar varðandi málefni skipasmíðaiðnaðarins.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Það er auðvitað mjög skondið, virðulegi forseti, hversu umhugað hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni er um Framsfl. Ég ætla ekki að lýsa því yfir að hann sé framsóknarmaður að eðli til en alla vega að upplagi. En hann spyr talsmenn Alþfl. um það hvað þeir ætli að gera í málefnum skipaiðnaðarins. Hæstv. iðnrh. hefur nú þegar kvatt sér hljóðs og mun væntanlega upplýsa þingmanninn um það sem hann langar til að vita. En mig langar að vekja athygli á því og undirstrika að það frv. sem ég minntist á er aðgerð til stuðnings íslenskum skipaiðnaði. Ég veit það af gamalli kunnáttu minni á greind hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að hann hefur fulla vitsmuni til að skilja það. Þetta er hluti af þeirri fullburða sjávarútvegsstefnu sem Alþfl. hefur. Það er hins vegar ekki hægt að segja um flokk þingmannsins eða svo að ég noti nú orðalag hins ágæta þingmanns, Jóhanns Ársælssonar, á landsfundi Alþb. sem greint er frá í Morgunblaðinu laugardaginn 23. nóv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Jóhann Ársælsson alþingismaður sagði lítið fara fyrir umfjöllun um sjávarútvegsmál í drögum að stjórnmálaályktun og kvartaði yfir óljósu orðalagi um sjávarútvegsstefnuna. Það er svolítið líkt því sem við vorum að gera grín að hjá Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar."

Með öðrum orðum, hér er sérfræðingur Alþb. í sjávarútvegsmálum og hver er dómur hans um stefnu hv.

þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Alþb.? Hún er grín. Það er grínstefna.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg óþarfi hjá mönnum að vera vanstilltir yfir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson tali hér. Ég held að það þjóni okkar málstað og baráttu að hann tali sem oftast, bæði í jákvæðri merkingu og neikvæðri merkingu.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hef viljað fylgja þeirri stefnu í sjávarútvegsmálum að segja kannski aðeins minna en framkvæma það en Alþfl. hefur fylgt þeirri stefnu að segja mikið en framkvæma lítið í sjávarútvegsmálum. Það er munurinn. Ef hv. þm. hefur áhuga á blaðalestri og sagnfræði væri fróðlegt að hann læsi það sem Alþfl. sagði fyrir kosningar um sjávarútvegsmál og það sem hann sagði við myndun núv. ríkisstjórnar um sjávarútvegsmál. Því nú er svo komið að það eina sem Alþfl. er að rembast við hér í salnum er að tileinka sér er það, sem hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson er að flytja að eigin frumkvæði, frv. sem að meginhluta er byggt á frv. sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson flutti á síðasta þingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. sem við ræðum felur m.a. í sér heimild fyrir erlend fiskiskip að leita hér hafnar til að fá þjónustu og vistir. Þetta er mjög mikilvægt skref m.a. til að styrkja málm- og skipaiðnaðinn og við þurfum að efla markaðssókn hans í því sambandi. Þetta gefur mér ástæðu til þess að nefna það að því miður, þrátt fyrir ítrekaðar tillögur mínar, tókst ekki að ná samkomulagi um það að flutt yrði stjfrv. um þetta efni í síðustu ríkisstjórn. Ég ætla ekki að deila neinni skuld í því máli. Það er ekki mín aðferð. Ég nefni það sem einfalt er. Um þetta varð ekki samstaða. Og það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að auðvitað eiga verkin að tala. Þess vegna fagna ég því mjög að þetta frv. skuli nú fram komið.

Að öðru leyti, vegna þess sem fram kom í máli hans og um hvað hverju væri um að kenna að skipaiðnaður okkar stendur nú höllum fæti, er náttúrlega mjög einfalt að skoða það ef menn vilja. Aflasamdráttur síðustu ára hefur auðvitað ekki aðeins komið niður á sjávarútveginum heldur hefur hann líka valdið samdrætti í stoðgreinum hans, ekki síst í skipaiðnaðinum. Nýsmíðar skipa hafa dregist mjög saman og reyndar beinst fyrst og fremst að frystiskipunum. Stór verkefni við breytingar skipa eru í lágmarki einfaldlega af því að menn ráðast ekki í slíkar framkvæmdir þegar svo illa árar. Fram undan er hins vegar veruleg endurnýjunarþörf.

Við þessar aðstæður hef ég talið það rétt og hef beitt mér fyrir því á þeim tíma sem ég hef farið með þennan málaflokk að styrkja iðnaðinn til hagræðingarstarfs á eigin vegum, að styrkja hann til markaðsleitar, að veita hönnunarstyrki til nýjunga í skipagerð. Hins vegar játa ég það fúslega að ég hef ekki og mun ekki gera tillögur um niðurgreiðslur til skipaiðnaðarins. Við verðum að búa við þau skilyrði sem umheimurinn færir okkur í þessu efni og keppa þannig þótt okkar keppinautar njóti styrkja úr sínum ríkissjóðum. Við munum einfaldlega fara halloka í samkeppni ríkissjóðanna af því að okkar er smærri en hinna. Þetta eru ekki flókin mál. Hins vegar stendur þetta mál til bóta og von er til þess að niðurgreiðslur til skipaiðnaðarins muni senn niður lagðar í nálægum löndum.

Ég vildi eingöngu láta þetta koma hér fram, virðulegi forseti, og tek það jafnframt fram að við ræðum nú á vettvangi ríkisstjórnar og í þingflokki Alþfl. leiðir til þess að beita almennu aðgerðum, eins og þeim að draga mjög úr lánshlutfalli til nýsmíða erlendis, til þess að gefa með þeim hætti okkar iðnaði betra tækifæri til þess að ná þeim fáu verkefnum sem um er að keppa. En bætt samkeppnisstaða gerir harla litla stoð þegar verkefnin eru fá og fer fækkandi. Við verðum auðvitað að horfa á hlutina og heiminn eins og hann er og ekki vaða í þeirri villu og þeim svíma að það séu stjórnvöldin sem ráði því hvernig hagur atvinnuveganna er. Það er misskilningur, virðulegi 8. þm. Reykn. Það er lífið sjálft sem hefur fært okkur þessi verkefni og við munum taka á þeim eins og skymsamlegt er. Ég er sannfærður um það að með því samstarfi sem tekist hefur innan þessarar stjórnar og lýsir sér í hennar verkum verði sú stefna mótuð sem farsæl mun reynast. Hér eins og í öðru er best að láta verkin tala.

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Aðeins vegna þeirrar spurningar sem hv. þm. Stefán Guðmundsson bar fram áðan um hvað benti til þess að erlend skip muni skipta við íslenskar skipasmiðjur ef Íslendingar gera það ekki sjálfir, þá finnst mér það liggja í augum uppi að þegar þetta frv. verður að lögum, þá munu þau skip sem eru að veiðum á hafsvæðunum í kringum okkur leita eftir þjónustu í næstu höfnum og næstu hafnir eru á Íslandi. Ég tala nú ekki um ef þau fara að landa hér fiski í auknum mæli, þá munu þau að sjálfsögðu kaupa af okkur alla þjónustu í leiðinni. Það er svo efni í langa umræðu, sem á kannski betur heima undir einhverjum öðrum dagskrárlið en þessum, hvers vegna Íslendingar skipta ekki í meira mæli við innlendar skipasmiðjur. M.a. má nefna þá vitleysu sem viðgengist hefur í gegnum árin, og ég held að viðgangist enn, að menn fá ótakmarkaðar bankaábyrgðir til að fara með skip til viðgerða eða breytinga erlendis en því hefur alfarið verið neitað ef verk eru unnin innan lands. Svona vitleysa hvetur menn til að fara með verkin burtu. Fjölmargt annað mætti nefna en ég ætla ekki að gera það undir þessum dagskrárlið.

En aðeins vegna orða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um að það sé tilteknum flokkum, Sjálfstfl. og Alþfl., að kenna hvernig komið er fyrir þessum iðnaði þá held ég að það sé mikill misskilningur. Ég held að ekki sé hægt að kenna einum um það frekar en öðrum. Það má hins vegar þakka þeim flokkum það að þessi iðnaður varð til á sjöunda áratugnum. Það var viðreisnarstjórnin, sú ágæta ríkisstjórn, sem kom stálskipaiðnaði á laggirnar á Íslandi og beitti sér af mik-

illi hörku fyrir því að þessi iðngrein varð að íslenskri stóriðju og það átti enginn einn stjórnmálamaður meiri þátt í því en sá mæti maður Bjarni heitinn Benediktsson. Vilji menn fara að rifja upp söguna þá varð þessi iðnaður að stórveldi í tíð þeirrar ríkisstjórnar. Það má svo kannski kenna flestum flokkum um ákveðið áhugaleysi gagnvart þessari grein á seinni árum, en ekki einum flokki frekar en öðrum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Nú skil ég hvers vegna Alþfl. þarf að ræða stöðu skipasmíðaiðnaðarins á þremur fundum og er ekki búinn enn. (**ÖS:** Hann er búinn.) Er hann búinn? Það er alveg ljóst að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur tapað málinu því ræða hæstv. iðnrh. var auðvitað bara endurtekning á gömlu plötunni sem spiluð hefur verið á undanförnum árum og hefur haft í för með sér það ófremdarástand sem nú er orðið í málefnum skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi. Hæstv. iðnrh. sagði hér: Við ætlum ekki að beita neinum sértækum aðgerðum í þágu skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi. Við ætlum eingöngu að beita almennum aðgerðum.

Síðan fór hann með „faðirvor" frjálshyggjunnar í þessari ríkisstjórn um það að ekki ætti að niðurgreiða skipasmíðaiðnaðinn.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Hvað er aukning hlutafjár til Slippstöðvarinnar á Akureyri, sem ríkið er aðaleigandi að, annað en niðurgreiðsla? Er hún eitthvað annað? Auðvitað ekki. Við skulum bara kalla hlutina réttum nöfnum, hæstv. iðnrh., en ekki einhverjum gervinöfnum.

Nú stendur sú kvöð á fjmrn., ríkisstjórninni og hæstv. iðnrh. að setja hátt í 200 millj. í heild inn í Slippstöðina á Akureyri til þess að hún geti starfað áfram. Það er beint ríkisframlag sem með skilgreiningu hæstv. iðnrh. er auðvitað mjög auðvelt að kalla ríkisstyrk og niðurgreiðslu til skipasmíða. Hver er ástæðan fyrir þessu? Meginástæðan er sú að þegar Sjálfstfl. var síðast í ríkisstjórn beitti hv. núv. samgrh. sér fyrir því að þetta fyrirtæki, Slippstöðin á Akureyri, tók ákvörðun um það að byggja togara sem enginn kaupandi var að og ekki hafði neinar veiðiheimildir. Þetta skip er búið að vera slíkur baggi á fyrirtækinu um árarаðir að það er meginskýringin á því hvers vegna er illa komið hjá þessu fyrirtæki. Það verður ekki hægt að greiða úr þessum vanda sem m.a. núv. hæstv. samgrh. skapaði þegar hann sat í stjórn fyrirtækisins og Sjálfstfl. ber meginábyrgð á, nema með sértækum aðgerðum. Með því að setja inn í fjárlagafrv. peningaupphæð í aukið hlutafé ríkisins í Slippstöðina á Akureyri, og ég tel að það eigi að gera það, ég skal segja það strax. En í svari hæstv. iðnrh. kom hins vegar eingöngu fram gamla formúlan um að það mættu eingöngu vera almennar aðgerðir en engar áhrifaríkar sértækar aðgerðir í þágu þessara fyrirtækja sem verið er að tala um og eru nú að deyja. Þau eru nefnilega komin það illa, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að almennar aðgerðir duga bara ekki.

Auðvitað er réttlætanlegt, þegar skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi er kominn í dauðateygjurnar, að setja fram einhverja styrki, hæstv. iðnrh., þótt það sé alveg rétt að þegar allt er í blóma og með eðlilegu ástandi þá sé ríkisstyrkja- og niðurgreiðslustefnan ekki rétt. En þegar spurningin er farin að snúast um það hvort þessi verkkunnátta, þessi tækni, þessi hæfni og þessi starfsemi sé í landinu eða ekki, þá eru mörg efnisleg rök fyrir því að setja sérstaka fjármuni með sértækum aðgerðum í að bjarga skipasmíðaiðnaðinum.

Ég sé nú ekki að umræðan í þingflokki Alþfl. undir stjórn hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hafi skilað miklu, alla vega ekki til þess að hafa áhrif á hæstv. iðnrh., vegna þess að sú ræða sem hann flutti hér er nákvæmlega sú sama og ég hef heyrt hann flytja á undanförnum árum. Þar var ekkert nýtt. (**JGS:** Var það í Alþb.?) Nei, hæstv. iðnrh. var ekki í Alþb., það má nú margt um hann segja blessaðan en hann hefur ekki verið í Alþb., en ef hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur misst þráðinn í umræðunni þá var tilefnið það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér upp sérstaklega án þess að nokkur væri að víkja orði að honum í þessum efnum og fór að segja þingheimi frá því að innan þingflokks Alþfl. hefðu á þremur fundum verið ræddar tillögur um aðgerðir í þágu skipasmíðaiðnaðarins. Hæstv. iðnrh. var síðan beðinn um að svara því hér í umræðunni hverjar væru tillögur hans. Það kom fram að hann er ekki með neinar nýjar tillögur, engar.

Þess vegna er það alveg ljóst að þegar Alþingi stendur frammi fyrir því síðar í vetur að ræða það sérstaklega, ætla stjórnvöld að sitja hjá og horfa á skipasmíðaiðnaðinn á Íslandi deyja. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Hefur hann trú á því að það sem hann var að lýsa hér tryggi það, sem ég spurði um í fyrri ræðu minni, að helstu fyrirtæki í íslenskum skipasmíðaiðnaði verði starfrækt í árslok 1992? Hefur hæstv. iðnrh. virkilega trú á því að það þurfi ekki annað en það sem hann lýsti í sinni ræðu til þess að tryggja það?

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sem æskilegt væri að gæti verið hér í salnum vegna þess að hann talar ekki það oft og ég vildi gjarnan sýna honum þá virðingu að fara nokkrum orðum um það sem hann sagði hér, vegna þess að það var mjög athyglisvert, þannig að ef virðulegi forseti gæti gert ráðstafanir til þess að hv. þm. Guðjón Guðmundsson (**Gripið fram í:** Hann er að hlusta.) kæmi hér í salinn vil ég segja við hann tvennt: Í fyrsta lagi var ég ekki að halda því fram að Alþfl. og Sjálfstfl. ættu alla sök á því hvernig væri komið fyrir íslenskum skipasmíðaiðnaði. Ég var hins vegar að vekja athygli á því að þessir flokkar hafa í átta ár, reyndar rúm átta ár, borið ábyrgð í Stjórnarráði Íslands á málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Frá því geta þeir ekki hlaupið. En ég vil hins vegar þakka þingmanninum fyrir að rifja hér upp hvað gert var í þágu skipasmíðaiðnaðarins í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Það var alveg rétt hjá honum. En þingmaðurinn veit jafn vel og ég að það var nánast allt gert með sértækum aðgerðum. Öll sú viðleitni til þess að byggja upp skipasmíðaiðnaðinn í landinu, sem hv. þm. hældi sérstaklega með réttu sem fordæmi sem ætti að fylgja, byggðist á þeirri afstöðu að ríkisvaldið með sértækum

aðgerðum beitti sér fyrir því að byggja upp atvinnulíf í landinu. En nú er aftur á móti forusta í Sjálfstfl., af því að hv. þm. nefndi nafn Bjarna Benediktssonar, sem er með allt aðra kenningu, hafnar algjörlega sértækum aðgerðum í þágu atvinnuuppbyggingar og hefur tekið upp þá kreddu að vegna þess að sumar sértækar aðgerðir geta verið rangar og getur vissulega verið óskynsamlegt undir ýmsum kringumstæðum, stundum oft, að beita sértækum aðgerðum, þá skuli aldrei beita þeim. Það virðist vera sú kennisetning sem byggt er á. Þess vegna er eðlilegt að menn spyrji hvað eigi að fórna mörgum fyrirtækjum á altari þessarar kennisetningar. Það hefðu þeir menn sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson nefndi hér sérstaklega frá árunum eftir 1960 ekki gert.

Ég vil, virðulegi forseti, endurtaka spurningar mínar tvær. Annars vegar: Hefur hæstv. iðnrh. trú á því að hægt sé að tryggja að skipasmíðafyrirtækin í landinu verði við lýði í lok næsta árs ef ekkert annað verður gert en það sem hann lýsti hér? — Og síðan vil ég spyrja hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh.: Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að leggja fram nýtt hlutafé, viðbótarhlutafé, til Slippstöðvarinnar á Akureyri sem ríkið er megineigandi að? Samkvæmt fréttum þá virðist slík aukning hlutafjár vera meginforsenda þess að fyrirtækið geti starfað áfram. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að fá svar við því í þessari umræðu eða a.m.k. fá að vita hug þessara tveggja ráðherra, hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh., til þeirrar óskar að ríkið með sértækum aðgerðum tryggi áframhaldandi rekstur Slippstöðvarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég átti nú ekki von á því að ég þyrfti að flytja hér tvær þakkarræður sama daginn en margt er nýmæli í stöðunni. Það er upplýst af hv. 17. þm. Reykv. að farið er að ræða iðnaðarmál á þingflokksfundum Alþfl. Ekki einu sinni, þetta hafi verið gert þrisvar í seinustu viku. Ég er að sjálfsögðu mjög þakklátur og glaður þegar ég heyri þetta. Mér hafa aldrei borist slík tíðindi til eyrna áður og ég man ekki eftir því þann tíma sem ég hef setið á þingi að okkur hafi verið tilkynnt um slík stórtíðindi í atvinnumálum.

Það verður að segjast eins og er að við höfum trúað okkar samstarfsflokkum fyrir þessu ráðuneyti, iðnrn., lengi þegar við höfum átt aðild að ríkisstjórn. Og við höfum hlustað á það að iðnaðurinn væri sú grein sem ætti að veita íslenskum höndum störf í framtíðinni. Þetta hefur ekki gengið eftir. Sem iðnrh. situr hámenntaður Íslendingur á besta aldri.

Okkur var boðið í Háskóla Íslands í dag og þar var okkur afhent mikið af gögnum. M.a. afhenti upplýsingaþjónusta Háskólans okkur ljósrit af grein eftir Jón Erlends um hugvitsmanninn Hjört Þórðarson. Þessi maður, með leyfi forseta, ef ég les örfá orð um hans lífshlaup, fór til Ameríku og hér segir svo í þessari grein:

„Hjörtur hafði ekki annað nám að baki en barnaskólanám. Þrátt fyrir þetta sem margir mundu nú á dögum telja vonlitla byrjunarstöðu þá afrekaði hann eftirfarandi: Hann stofnaði og rak 1500 manna verksmiðju í Chicago, er framleiddi spenna, Thordarson Electric co. Framleiðslan byggði að miklu á hugviti hans."

Hvað höfum við verið að gera við hugvitsmenn okkar sem að undanförnu hafa verið að koma fram? Við höfum yfirleitt gert heldur grín að þeim og afskrifað þá og við höfum komið þeim flestum úr landi með lagni, m.a. til Danmerkur. Það eru þó nokkuð margir Íslendingar í dag sem eru erlendis, íslenskir hugvitsmenn, iðnaðarmenn, að skapa störf fyrir útlendinga sem ætluðu sér einu sinni að hafa sín umsvif hér. Það er mikil sorgarsaga að hæstv. iðnrh. virðist enn þeirrar skoðunar að það sé nokkurs konar afskiptaleysi sem stjórnvöld eigi að hafa af atvinnumálum, hagvöxtur komi af sjálfum sér, hann tengist því ekki hvernig stjórnað sé í iðnrn. eða öðrum ráðuneytum.

Ég verð að segja það eins og er að ég tel að Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 8. þm. Reykn., hafi haft jákvæð áhrif innan Alþb. Hann yfirgaf okkur framsóknarmenn á sínum tíma og það hefur gerst að ungur maður hefur yfirgefið Alþb. og haldið yfir í Alþfl. Miðað við þau afrek að hafa komið þeim til að ræða iðnaðarmál þrisvar í seinustu viku þá bind ég verulegar vonir við framhaldið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. heldur sig við sama heygarðshornið. Haldinn forsjárhyggjunni. Hann spyr: Ætlar ríkisstjórnin að tryggja að skipaiðnaðurinn og fyrirtækin í honum verði svo og svo stödd þegar einhver ákveðinn dagur rennur upp?

Ég hef tröllatrú á því að íslenskur skipaiðnaður muni spjara sig en ekki af því að ríkið hafi tryggt það. Það er ekki þess hlutverk, heldur er hlutverk þess að skapa honum eðlileg vaxtarskilyrði svo hann geti dafnað. En það breytir ekki þeim veruleika sem hann hrærist í nema með almennum hætti.

Í öðru lagi var spurt um eigendaframlag til tiltekins fyrirtækis. Þar erum við komnir í allt aðra sálma. Þar er spurningin um ráðstafanir stjórnar fyrirtækis þar sem ríkisstjórnin á hlut í félaginu og hlýtur að meta það út frá sínum eigendasjónarmiðum hvað þar sé rétt að gera. Til þess máls hefur ekki verið tekin afstaða. En þarna hrærir þingmaðurinn eins og fyrr saman óskyldum hlutum, þótt svo vilji til að þetta fyrirtæki sé nokkuð umfangsmikið.

Ég verð að segja það að ég sakna þess sjónarmiðs sem hv. þm. hafði þegar hann gegndi stöðu fjmrh. Þá mátti nokkuð á hann treysta að mæla ekki upp í mönnum að fara nú að styrkja þetta eða hitt, heldur gerði hann það sem rétt var, hélt í við það og var stuðningsmaður minn í því að fara ekki athugunarlaust út í það að veita niðurgreiðslur til ýmiss konar útflutningsgreina og samkeppnisgreina. Fyrir það á hann heiður skilinn. En jafnskilið á hann nú að fá skammir fyrir það að breyta allt öðruvísi þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu. Þetta er að vísu gömul plata, af því

að þingmaðurinn nefndi hér gamlar plötur, en þær verður þó að spila annað veifið. Þannig er það nú að ríkisstjórnarmaðurinn, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, mælti gegn styrkjum og stuðningi og sértækum ráðstöfunum fyrir skipaiðnaðinn eins og aðrar greinar, fyrir það á hann hrós. Nú snýr hann gjörsamlega við blaðinu, eða ég ætti kannski að segja plötunni, og spilar hina hliðina. Þetta er orðið — eins og börnin segja — hálfhallærislegt hjá þingmanninum. En því miður verður það líka að segjast að það náðist ekki samstaða um það í fyrri ríkisstjórn, hverju sem um er að kenna, og ég kenni það ekki einum flokki eða manni, og alls ekki 8. þm. Reykn., að í fyrsta lagi breyta þeim lögum sem við ræðum nú breytingar á til þess að gefa færi á þjónustu við erlend veiðiskip. Það er vel að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ákveðið að gera það.

Í öðru lagi náðist ekki samkomulag um það, þrátt fyrir ítrekaðar tillögur mínar, að lánakjör Fiskveiðasjóðs tækju meira mið af hagsmunum innlends skipaiðnaðar. Þar réðu sjónarmið sem ég ætla ekki að fjalla um nánar. Ég segi bara það sem er staðreyndin í málinu að þrátt fyrir ítrekaðar tillögur um aukin áhrif skipasmíðaiðnaðarins á lánakjör og lánveitingar Fiskveiðasjóðs fengu þær tillögur ekki stuðning. Þetta er staðreyndin. Mér sýnist nú að við munum ná því betur í þessari stjórn, eins og hefur komið fram í máli hæstv. sjútvrh., og ég hygg að það muni koma enn betur í ljós á næstu dögum.

Þetta er sannleikurinn og ég ætla að enda þetta á því að segja að ég læt mér í léttu rúmi liggja hvernig hv. 8. þm. Reykn. skarkar með hugtökin „almennur" og „sérstakur". Það skiptir ekki máli, hann er sjálfur alveg einstakur í sinni röð.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að hæstv. iðnrh. er höfuðjesúíti frjálshyggjunnar á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Hann sýndi alveg einstæða hæfni þeirrar reglu að fjalla um heilögu ritin um ríkið sem má og ríkið sem ekki má hér áðan. Fyrri partur ræðunnar var á þann veg að ríkið ætti alls ekki að koma nálægt skipasmíðaiðnaðinum með sérstökum aðgerðum. Seinni partur ræðunnar var á þann veg að ríkið sem hluthafi í stærsta skipasmíðafyrirtæki landsins yrði að sjálfsögðu að koma nálægt málum og mundi gera það, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt. Ríkið með einn hatt, það er ekki gott. Ríkið með annan hatt, er mjög gott. Ég held að hæstv. viðskrh. ætti að fara að dæmi formanns síns að kaupa sér tvo hatta og bjóða þá svo kannski upp.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að ríkið er eignaraðili að Slippstöðinni. Ríkið hlýtur því að taka afstöðu til þeirra málefna sem ber fyrir stjórn þess fyrirtækis. Ég veit ekki betur en hv. 8. þm. Reykn., sem var fjmrh., hafi haft afskipti af því fyrirtæki gegnum sína stjórnarmenn. Það gerir náttúrlega núv. fjmrh. líka. Ég vek líka athygli á því að ég tók ekki fram, enda ekki niðurstaða fengin, hver ákvörðun yrði í því máli sem hér var hreyft.

Í öðru lagi vil ég, virðulegi forseti, vekja athygli á því að hv. þm. nefndi ekki í andsvari sínu það sem er viðkvæmast í málinu, nefnilega þá staðreynd að ekki tókst að ná samstöðu um þau tvö málefni sem einna mikilvægust eru um þessar mundir fyrir íslenskan skipaiðnað og hafa nokkuð verið rædd hér í dag.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að draga til baka jákvæð ummæli mín um það að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að styrkja Slippstöðina á Akureyri með nýju hlutafé. Það er greinilegt að það hefur ekki verið ákveðið. Það er alveg rétt að ég hafði afskipti af málefni þessa fyrirtækis þegar ég var fjmrh. en það vafðist ekkert fyrir mér. Ég þurfti ekkert að fara í einhverjar sérstakar hugmyndafræðilegar stellingar út af því. Ég tók það bara sem venjulegt verkefni. En það er greinilega nokkuð snúið í núv. ríkisstjórn af því að það er hugmyndafræðilega dálítið erfitt, sérstaklega af því að það er mjög sértæk aðgerð, að setja töluvert yfir 100 millj. inn í eitt fyrirtæki, sérstaklega af því að þar er ríkið eigandinn og þetta fyrirtæki er í samkeppni við einkafyrirtæki sem ríkið er ekki eigandi að. Verður mjög gaman að fylgjast með því hvernig þeirri glímu milli hins almenna og hins sértæka lyktar innan núv. ríkisstjórnar.

Það er alveg rétt hjá hæstv. iðnrh. að ég vék ekki að þessum tveimur málum vegna þess að ég tel þau ekki vera þess eðlis að hægt sé að ræða þau hér í andsvari. Ég lýsti fyrr í dag yfir sérstakri ánægju minni með það erindi sem hæstv. núv. sjútvrh. fór með til stjórnenda Fiskveiðasjóðs. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. var þá í salnum, en ég þakkaði núv. hæstv. sjútvrh. sérstaklega fyrir að hafa tekið það mál upp með þeim hætti sem hann hefur gert og lýsti eindregnum stuðningi mínum við það hvernig hann hefur tekið á því máli. Ég held hins vegar að það sé misskilningur hjá hæstv. iðnrh. ef hann heldur að jafnvel þótt Fiskveiðasjóður tæki góðu erindi núv. sjútvrh. vel og jafnvel þó að þetta frv. verði samþykkt sé málefnum skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi borgið. Því miður er langt frá því. Þess vegna spurði ég að því: Hvað hyggst iðnrh. gera til þess að tryggja að hér verði lífvænlegur skipasmíðaiðnaður við lok næsta árs? Það var athyglisvert að hæstv. ráðherra treysti sér ekki til að svara því.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Mér datt hreinlega ekki í hug að þessi tillaga yrði tilefni þeirrar umræðu sem hefur farið hér fram en ég þakka sérstaklega hv. 17. þm. Reykv. fyrir að hafa sett þessa umræðu á flot því hún er virkilega þörf. Það er mikil þörf á að ræða þessi mál á Alþingi. Ég hafði ekki hugmyndaflug til að láta mér detta það í hug að menn teldu að málefni skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi mundu leysast með því að fá það frv. samþykkt sem hér er til umræðu, því miður. Ég á ekki von á því að þau skip sem koma til viðgerða á Íslandi, hvort sem þau eru frá Sovétríkjunum, Færeyjum eða

Grænlandi og hvort sem þau verða einu skipinu fleiri eða færri, verði til þess að skipasmíðastöðvar allt í kringum landið fái nóg að gera. Það er svo langur vegur frá því.

Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa yfir ánægju minni með þá yfirlýsingu sjútvrh., sem kom fram fyrr í dag, að hann hefði beitt sér gagnvart stjórn Fiskveiðasjóðs til þess að fá hana til þess að lækka lánafyrirgreiðslu sína við erlendar skipasmíðar því Fiskveiðasjóður er sannarlega einn af stærstu aðilunum sem hefðu getað haft áhrif á það á undanförnum árum hvort íslenskar skipasmíðar hefðu getað lifað eða ekki. Það hefur verið mjög neikvæð afstaða til íslenskra skipasmíða hjá ákveðnum hópum í þjóðfélaginu. Þá er ég fyrst og fremst að tala um forráðamenn sjávarútvegsins í landinu sem hafa talið að þeir ættu að hafa allan rétt til þess að láta smíða skip fyrir sig hjá erlendum skipasmíðastöðvum án þess að nokkurs staðar kæmi fram nokkur mismunur á því og að smíða innan lands. Þessir aðilar hafa talið sig eiga einkarétt á því að fá að veiða fisk úr sjó við Ísland, en ekki talið sig hafa neinar skyldur við aðrar atvinnugreinar í landinu. Ég tel að það hefði átt að koma til móts við skipasmíðaiðnaðinn fyrir löngu, ekki með niðurgreiðslum, eins og hæstv. iðnrh. er að tönnlast á í ræðustól, heldur með jöfnunargjöldum sem menn hafa notað í öðrum iðngreinum í landinu og kosta ríkissjóð minna en ekki neitt. Ég tel forkastanlegt að í mörg ár hafa t.d. Norðmenn leikið sér að því að halda uppi atvinnu í heilu byggðarlögunum með smíðum á skipum fyrir Íslendinga á sama tíma og skipasmíðaiðnaðurinn er að hrynja í landinu. Ég tel að við hefðum átt að bregðast við þessu fyrir langa löngu með einhvers konar jöfnunargjöldum á smíðarnar.

Þegar hæstv. iðnrh. ítrekað upplýsir það að hann telji að niðurgreiðslurnar séu á undanhaldi og muni jafnvel hverfa á árinu 1993, þá segir maður nú bara: Eftir hverju eru menn að bíða með það að reyna að bjarga því sem bjargað verður af íslenskum skipasmíðum? Sannleikurinn er sá að það munu líklegast ekki vera nema þrjár skipasmíðastöðvar í dag, og varla meira en tvær, sem ekki hafa misst verulega mikið af sínu vinnuafli í burtu og eru búnar að tapa frá sér bæði þekkingunni og starfsþjálfuninni sem fyrir var í þessum stöðvum. Í skipasmíðastöðinni á Akureyri, sem hér hefur verið um rætt, hefur starfsfólki þegar verið fækkað. Öðrum skipasmíðastöðvum er búið að loka. Skipasmíðastöðin á Akranesi er búin að missa stóran hluta af þeim starfskrafti sem vann við skipasmíðar. Þótt menn styngju við fótum núna er langt í land að koma skipasmíðastöðvunum í það horf sem þær voru í þegar best var.

Hæstv. iðnrh. hefur, eins og ég sagði áðan, ítrekað talað um að við gætum ekki keppt við ríkissjóði annarra landa. Það hefur enginn lagt til. Það hefur enginn verið með tillögur um að við ættum að fara í samkeppni við ríkissjóði annarra landa. En ég tel að útgerðin á Íslandi þurfi að taka þátt í því að byggja upp annað atvinnulíf hér. Ég tel að þeir sem fá leyfi til að veiða á Íslandsmiðum eigi að kaupa þjónustu á Íslandi. Ég tel að þetta stærsta iðnaðartækifæri sem við eigum í landinu, þ.e. þjónustan við útgerðina í landinu, hafi farið forgörðum á undanförnum árum. Það má auðvitað segja að það er aldrei of seint að snúa við og við skulum endilega gera það núna.

Það er kannski rétt að ég nefni samtal í sjónvarpi, sem ég hlustaði á og finnst lýsa einna best afstöðu útgerðarmanna á Íslandi til skipasmíða í gegnum tíðina. Það var viðtal sem var haft við Kristján Ragnarsson, formann Félags ísl. útvegsmanna, þegar togarinn Bessi kom til landsins. Þá sagði hann beinum orðum að íslenskar skipasmíðastöðvar hefðu ekki getað smíðað þetta skip. Ég tel þetta mjög ranga fullyrðingu sem hafi raunverulega verið afsönnuð fyrir langa löngu, en hún lýsir vel afstöðu manna til þessarar atvinnugreinar í landinu. Því miður hafa íslensk stjórnvöld látið sig hafa það að gera ekki hlutina sem menn hafa kannski haft áhuga á að gera, vegna þess að útgerðarmenn í landinu hafa ekki viljað samþykkja þá og það hefur verið tekið tillit til þeirra afstöðu allan tímann. En ég tel að þeir hafi haft rangar skoðanir á þessum málum. Ég held að það séu skammtímasjónarmið sem séu að hefna sín í dag að hafa ekki haldið íslenskum skipasmíðaiðnaði við og reyndar eflt hann frá því sem hann var þegar hann stóð best.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þetta er að mörgu leyti búinn að vera fróðlegur dagur hjá okkur í dag miðað við það sem á undan hefur gengið. Hér hefur farið fram mjög málefnaleg umræða í allan dag og málunum þokað býsna örugglega fram. Allt þangað til hv. 17. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþfl. hóf upp raust sína og talaði greinilega í þeirri tóntegund að ekki varð til þess að flýta fyrir þingstörfum það sem eftir lifir dagsins. Sérstaklega var það sú málefnafátækt og hrakyrði sem hv. formaður þingflokks Alþfl. vék að okkur framsóknarmönnum. Ef ég hef skilið rétt, heyrt hvíslingar, þá hefur mér skilist að ráðherra flokksins hafi séð ástæðu til að draga hann út úr þingsalnum og geyma hann í hliðarsal til þess að mál gætu gengið frekar fram. (**SJS:** Hann situr ofan á honum.) Já, mér er sagt það. En mér er sagt að fregnir af fundinum muni vera bornar til hans, þannig að við getum þess vegna haldið áfram.

Hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., sagði okkur að málefni skipasmíðaiðnaðarins hefðu verið rædd þrisvar sinnum á þingflokksfundi Alþfl. Það eru tíðindi. Alþfl. hefur farið með þennan málaflokk. Hann hefur verið með iðnrn. og undir hann hafa heyrt verkefni skipasmíðaiðnaðarins allt frá árinu 1987. Þar áður heyrðu þessi verkefni skipasmíðaiðnaðarins og iðnrn. undir ráðherra Sjálfstfl. Það eru tíðindi þess vegna til okkar þingmanna að málefni þessarar atvinnugreinar skuli hafa verið rædd þrisvar sinnum á þingflokksfundi hjá Alþfl.

Það væri fróðlegt að vita, eins og hér hefur verið spurt um en orðið fátt um svör, hverjar þessar tillögur eru sem uppi á borði eru hjá Alþfl. og ráðherrum Alþfl. í málefnum skipaiðnaðarins.

Hæstv. iðnrh. segist hafa tröllatrú á íslenskum skipasmíðaiðnaði. Ég hef tröllatrú á íslenskum iðnaðarmönnum, að þeir vinni verk sín vel, en ég verð að segja það að ég er farinn að efast um að okkur takist að rétta úr kútnum með íslenskan skipaiðnað ef svo heldur fram sem horfir. Ég held að menn ætli að ganga endanlega af þessari atvinnugrein dauðri, því miður.

Ég var ásamt fleiri þingmönnum fyrir örfáum dögum norður á Akureyri. Þá heimsóttum við meðal annarra fyrirtækja Slippstöðina á Akureyri. Ég held að við höfum allir verið sammála um að það var ömurlegt að ganga um þau glæsilegu mannvirki sem þar eru nánast hálftóm. Fyrir ekki mörgum árum síðan störfuðu hjá Slippstöðinni hvorki meira né minna en um 300 starfsmenn. Í dag stefnir í að þar verði rúmlega 100 starfsmenn. Svo velta menn því fyrir sér hér hvort eigi að koma til aðstoðar við Slippstöðina. Menn mega fyrir mér kalla það aðstoð eða hvað sem er. Ég segi að eigendur Slippstöðvarinnar eiga auðvitað að taka á þessu vandamáli og búa þetta fyrirtæki þannig í stakk að það geti starfað. Ef menn líta yfir og skoða tilboðsverk sem nýlega hafa gengið fram og íslenskur skipaiðnaður hefur verið þátttakandi í að bjóða í ásamt erlendum skipasmíðastöðvum, þá sjá þeir það að þessi atvinnugrein á Íslandi er fyllilega samkeppnisfær. Þess vegna er það ekki þrekvirki að búa þetta glæsilega fyrirtæki þannig að þar geti hjólin farið að snúast að fullu að nýju.

Ég vil segja það líka við hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, að það er ekkert nýtt að við ræðum hér vandamál skipaiðnaðarins. Við höfum rætt vandamál þessarar atvinnugreinar á hverju þingi síðustu árin. Það er misskilningur ef hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, heldur að það sé einhver rauð rós í hnappagatið sem honum hefur hlotnast vegna afreka Alþfl. í þessum efnum. Það er mikill misskilningur. Það er háð fyrir Alþfl.

Það er líka rétt að segja það við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að Ólafur Þ. Þórðarson, þingmaður Framsfl., hefur þrisvar flutt mál hliðstæð því sem er til umræðu. Í öll þau þrjú skipti hefur mál Ólafs Þ. Þórðarsonar verið samþykkt í neðri deild Alþingis. Hins vegar hefur málið stoppað í afgreiðslu og meðferð efri deildar Alþingis eins og áðan kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni.

Svo vill til að ég var formaður þeirrar nefndar sem var með þetta mál þannig að mér er það ljóst og ljósara en hv. 17. þm. Reykv. hvar og á hverjum þetta mál stöðvaðist. Það get ég sagt honum að málið stöðvaðist ekki á hv. þm. Framsfl. Virðulegi forseti, ég held að það sé mjög erfitt fyrir okkur að ljúka umræðunni án þess að hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, komi í salinn og fái að taka þátt í umræðunni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns. Það er mjög bagalegt að ljúka umræðunni án þess að fá hv. 4. þm. Reykv. til að ræða þetta. Ég missti því miður af upphafi umræðunnar því að ég þurfti að vera á fundi annars staðar á lóðinni. Þar sem komin eru á dagskrá undir þessum lið m.a. málefni skipasmíðaiðnaðarins almennt og þar á meðal fyrirtækis eins í mínu kjördæmi, Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri, sem ég heyrði hér oftlega nefnt í síðustu ræðum, kemst ég ekki hjá því að segja um þetta fáein orð.

Ég held að láti nærri að segja megi að íslenski skipasmíðaiðnaðurinn sé hin glataða stóriðja okkar Íslendinga. Ég hef ekki nákvæmar tölur um það en ég er ekki frá því að u.þ.b. jafnmörg störf hafi tapast úr skipasmíðaiðnaðinum á Íslandi á starfstíma núv. hæstv. iðnrh. og áttu að koma í nýja álverinu sem aldrei kom. Ég hugsa að það láti mjög nærri að þau 300–400 störf sem mér er sagt að gætu orðið í nútíma tæknivæddu álveri af þessari stærðargráðu, sem hæstv. iðnrh. rembdist eins og rjúpan við staurinn að koma á en er nú komið aðeins til hliðar, hafi á sama tíma tapast út úr íslenska skipasmíðaiðnaðinum. Sem sagt, eitt stykki álver hafi glatast í störfum talið á þeim tíma. Þetta er auðvitað dapurlegt, svo að ekki sé meira sagt. Ég fullyrði að það er ekkert minna en þjóðhagslegt slys sem átt hefur sér stað í íslenska skipasmíðaiðnaðinum og öllum málmiðnaði landsmanna sem í meira og minna mæli hefur tengst skipasmíðunum. Til að mynda tengdust vel flest þjónustufyrirtæki á sviði málmiðnaðar á Eyjafjarðarsvæðinu því að í gangi væru nýsmíðar á skipum eða stærri verkefni við skipasmíðar. Ekki er nokkur vafi á því að skilningsleysi og aumingjadómi íslenskra stjórnvalda og ríkisstjórna undanfarinna ára er að verulegu leyti um að kenna. Þar undanskil ég engan og ekki þá ríkisstjórn sem sat að völdum frá hausti 1988 til vors 1991 og ég átti sæti í.

Ég reyndi á þeim tíma sem ég sat í ríkisstjórn að beina verkefnum til innlendra skipasmíðastöðva eftir því sem kostur var. T.d. sá ég til þess að hverju einasta verkefni sem til féll í þeim skiparekstri, sem heyrði undir samgrn. á þessum tíma, var beint til innlendra skipasmíðastöðva. Reyndar er það svo að Ríkisskip, nánast ein kaupskipaútgerðanna, eru með allt sitt viðhald og alla sína þjónustu hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Ég stuðlaði að því á sínum tíma þegar stórt verkefni var unnið hjá því fyrirtæki að innlendu útboði væri tekið í staðinn fyrir erlend á grundvelli útboðs þó að þar væri nokkur verðmunur á. Ég átti sömuleiðis þátt í því að haga ákvörðunum um endurnýjun í ferjuflota landsmanna þannig að það væri a.m.k. tæknilega mögulegt að innlend fyrirtæki gerðu þar tilboð eins og þau erlendu.

Ég heyri að hæstv. iðnrh. er að gjamma fram í úr hliðarsölum og skora ég á hann að koma inn í salinn þannig að frammíköllin heyrist. Það er mun þægilegra að bregðast við þeim þannig. En úr því að hæstv. iðnrh. hefur væntanlega verið að vitna til nýsmíði á Vestmannaeyjaferju fyrir fyrirtækið Herjólf hf. þá var einmitt tekin ákvörðun um að minnka það skip um 10 metra til þess að það væri í þeirri stærð að a.m.k. ein íslensk skipasmíðastöð gæti tæknilega ráðið við að smíða það. Því miður reyndist bilið sem var á milli innlenda tilboðsins og hinna erlendu óbrúanlegt og við það varð ekki ráðið enda voru allir sammála um að

komið væri út yfir það verðbil sem hægt væri að brúa þegar verðmunur var orðinn 20–25%.

Ég ætla að segja frá því, herra forseti, að ég tók einu sinni upp málefni skipasmíðaiðnaðarins og þá sérstaklega fyrirtækisins Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri í síðustu ríkisstjórn. Það gerði ég í tengslum við og undir þeim formerkjum að atvinnuástand og horfur voru og eru reyndar enn býsna alvarlegar á Akureyrarsvæðinu og alveg sérstaklega í málmiðnaði og allri þjónustu sem tengst hefur skipasmíðaiðnaðinum þar í bæ. *Ég leyfði mér þess vegna að taka þetta mál upp í* ríkisstjórn á sl. vetri og benda á þá staðreynd að tvö fyrirtæki norðan heiða voru þá að undirbúa samninga í Noregi um nýsmíði á tveimur stórum frystitogurum upp á 900–1000 millj. kr. hvorn. Ég hafði rætt við forsvarsmenn fyrirtækjanna beggja, Skagstrendings og Samherja, sem þarna áttu í hlut og ég hafði farið yfir það með þeim og starfsmönnum Slippstöðvarinnar á Akureyri hvað til þyrfti að koma til þess að unnt væri að ná smíðasamningunum inn í landið. Það kom í ljós og það lágu fyrir staðfestar tölur um það að Slippstöðin á Akureyri var fullkomlega samkeppnisfær hvað varðaði smíðaverðið sjálft. Það sem skekkti hins vegar dæmið og réði því að hinir innlendu kaupendur sneru sér til erlendra aðila voru niðurgreiðslur Norðmanna. Það er hins vegar auðvelt reikningsdæmi að sýna fram á það að þær tekjur sem opinberir aðilar hafa af svona nýsmíðaverkefni hér á landi eru meiri en þarf til að brúa þetta bil þannig að það er beinlínis þjóðhagsleg heimska að reyna ekki að stuðla að því að svona verkefni komist inn í landið. Ég er að tala um frystitogarana tvo eða þrjá sem á að fara að smíða núna í Noregi, hv. framm*íkallandi*, formaður þingflokks Alþfl.

Með ferjuna var öðru máli að gegna. Þar var verðmunurinn miklu meiri og þó svo að menn reiknuðu það dæmi til hins ýtrasta, hefði þar þurft að koma til beinn fjárstuðningur upp á ein 10–15% umfram niðurgreiðsluverðmuninn til þess að ná þeim endum saman. *Ég verð að segja það alveg eins er að það hafði* ekki runnið upp fyrir mér fyrr en ég sá þetta á pappír hversu geysilega þjóðhagslega vitlaust það er að hafa ekki haft manndóm í sér til þess að rétta af samkeppnisstöðu innlenda skipasmíðaiðnaðarins í þessu sambandi. Og svo koma frjálshyggjumenn í stólinn og tala um það að ríkið eigi ekki að vera að blanda sér í þessi efni og það megi ekki vera með svona niðurgreiðslur eða stuðning við eina tegund iðnaðar. En hvernig eru samkeppnisskilyrði greinarinnar hér? Eigum við að láta það gott heita að aðrir svíni á okkur með niðurgreiðslum og styrkjum erlendis við iðnaðinn sem dregur verkefnin út úr landinu? Þetta er þeim mun sárgrætilegra sem menn eru almennt sammála um það, ég hygg að það sé sama hvar borið er niður hjá þeim aðilum sem hafa látið smíða skip innan lands á undangengnum árum þótt því miður sé að verða nokkuð síðan, að menn telja að þeir fái hvergi í heimi betri vinnu á slíku heldur en einmitt hér á Íslandi. Síðustu íslensku nýsmíðaverkefnin teljast bera af í flotanum hvað öll vinnubrögð snertir og þetta eru bestu skip sem Íslendingar eiga að frátöldum e.t.v. nýjustu norsku skipunum.

En ég ætla að segja það líka, hv. þm. að hæstv. iðnrh. *brást ekki vel við þegar ég tók upp málefni skipa*smíðaiðnaðarins með þessum hætti. Hann hafði um það hörð orð að þetta væri slettirekuskapur af minni hálfu að vera að skipta mér af þessu þó að ég væri þarna sem þingmaður kjördæmis ekki síður en ráðherra að taka þetta upp í almennum samningi. Ég ætla að láta þá skoðun mína koma hér fram að hæstv. iðnrh. hefði vel mátt ráðstafa pínulítið meira af starfsorku sinni til þess að standa við bakið á innlendum skipasmíðaiðnaði en minni orku í leiksýningar um álver sem aldrei kemur. Þá hefði kannski verið unnið að þessu með öðrum hætti á undangengnum árum. Með því er ég ekki að skella skuldinni hæstv. iðnrh. einan. Auðvitað hefði þurft að ná um það samstöðu að grípa til aðgerða og það eru margir fleiri sem eiga að taka til sín sinn skammt af aumingjadóminum í þeim málum á mörgum undanförnum árum. En það er sannfæring mín að þarna hafi átt sér stað eitthvert það versta þjóðhagslega slys sem orðið hefur á Íslandi á undanförnum árum, þ.e. hvernig innlendi skipasmíðaiðnaðurinn er nánast hruninn ofan í hausinn á okkur. Staðreyndin er auðvitað sú, og það held ég að menn ættu að átta sig á, að síðasta fyrirtækið sem hefur fram á síðustu mánuði haft nokkurn veginn möguleika til þess að vera samkeppnisfært, t.d. um nýsmíðar á fiskiskipum, verður það ekki lengur innan fárra mánaða. Við erum með örlög síðasta fyrirtækisins í höndunum akkúrat núna þessa dagana.

Að lokum þetta, herra forseti, vegna þess að það er eitthvert frv. á dagskrá sem við erum að ræða, sem lýtur að því að breyta lítillega lögum um möguleika erlendra skipa til að koma hér til að fá þjónustu í höfnum, þá vara ég mjög við bjartsýni manna um að það breyti miklu í þeim efnum. Staðreyndin er sú að ef farið er yfir texta frv. og hann borinn saman við það sem verið hefur í reynd undanfarin ár í þeim efnum breytist *þarna sáralítið. Hlutunum er í raun einungis snúið* við þannig að það sem áður þurfti undanþágu til verður núna heimilt samkvæmt lagatextanum en hins vegar verður heimild til að stoppa það af sem áður var stoppað með lögum þannig að í raun gerist ekkert annað. Mér er satt best að segja ekki kunnugt um það að lagaákvæði hafi hindrað skip í því að fá þjónustu eða koma hingað ef svo bar undir á undanförnum árum. Einustu tilvikin eru þau þegar reynt hefur verið að nota þessi gömlu lagaákvæði frá 1922 til þess að þrýsta á um samninga við þá nágranna okkar sem eru að veiða úr sameiginlegum stofnum og ekki hefur verið samið um. Ég tel út af fyrir sig að eftir sem áður sé ekkert óskynsamlegt að breyta lagaákvæðunum. Það er sjálfsagt mál að athuga það ef mönnum finnst það þénugra að snúa þessu svona. En ég vara menn mjög við því að vera svo barnalegir, leyfi ég mér að segja, að trúa því að í þessu litla frv. felist eitthvert allsherjar lausnarorð fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Því fer víðs fjarri, því miður. Eitt skulum við hafa á hreinu og það á jafnt við um hinn innlenda flota sem hinn erlenda. Hann

kemur ekki hingað til að sækja þjónustu nema hún sé í boði og hann kemur ekki hingað ef búið verður að jarðsyngja allan íslenska skipasmíðaiðnaðinn því að það er ekki bara verið að slást hér um örlög fyrirtækjanna hvað það snertir að þau geti smíðað skip. Þau eru hreinlega að dragast þannig saman og drabbast niður að samkeppnisstaða þeirra gagnvart viðhaldi og þjónustu er líka að hrynja vegna þess að afköstin minnka með minni mannskap og minni getu. Það kemur að því að þau verða líka ósamkeppnisfær gagnvart stærri viðhaldsverkefnum og meiri háttar þjónustuverkefnum og þá munu erlendir flotar ekki sigla hingað inn til þess eins að láta sletta málningu á það sem er ofan sjávar eða eitthvað því um líkt.

Herra forseti. Ég mundi fagna því ef það gæfist tækifæri til þess, hvort sem það verður nú þegar Alþfl. hefur rætt á nokkrum fundum í viðbót um málefni skipasmíðaiðnaðarins eða af einhverjum öðrum ástæðum, að taka hér málefni skipasmíðaiðnaðarins og reyndar málmiðnaðarins í landinu þar með til rækilegrar umræðu á hinu háa Alþingi. Það væri sannarlega fagnaðarefni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. 4 þm. Norðurl. e. að handbragð, verkkunnátta og frágangur íslenskra skipasmiðja er til fyrirmyndar og er óvíða annars staðar fáanlegt jafngott verk og þeir leysa af hendi. En ég kemst ekki hjá því að vekja athygli þingheims á þverstæðunum í málflutningi þingmannsins. Við skulum láta verkin tala. Hvernig maðurinn reigir sig eins og hani á haug sem ákvað sjálfur, þegar hann var að ráðstafa því fé sem honum var til trúað, að láta smíða erlendis en lýsir því svo yfir að hann vilji styrkja íslenska skipasmíðaiðnaðinn með því að borga með kaupum ríkustu útgerðarfyrirtækja landsins. Sem betur fer voru menn í ríkisstjórninni sem sáu að þetta var ekki gott ráð að fara að borga með þeim. Þetta er nú málflutningur í lagi, virðulegi 4. þm. frá Norðurl. e.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að fá að halda umræðunni eitthvað áfram úr því að svona orðaleppar og skætingur kemur hér úr munni hins reigða hæstv. iðnrh., svo að maður noti hans eigin orðbragð og jafnsamanhertur og hann er í tilburðum sínum í ræðustóli óska ég alveg eindregið eftir því að umræðunni ljúki ekki nú. Ég mun eiga kost á því að halda hér aðra ræðu ef ég veit rétt þar sem ég er eingöngu að nýta mér rétt til svara og hafði ekki tekið til máls nema einu sinni áður. Ég hugsa að það hafi það í för með sér að sú ræða gæti tekið af mönnum eitthvað af kvöldmatartímanum ef hún yrði hér flutt. Ég vil, áður en ég legg mig niður við það að svara þessum síðasta skætingi frá hæstv. iðnrh., inna forseta eftir því hvort hann getur ekki fullvissað mig um að þessari umræðu verði nú frestað og henni haldið áfram á næsta reglulegum fundi og þá mun ég biðja um orðið eða gera það hér á eftir og þá mun ég svara hæstv. iðnrh. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa þingmanninn um það að hann hyggst halda umræðunni áfram til kl. hálfátta þannig að þingmaðurinn getur því svarað iðnrh. og verið á mælendaskrá ef hann kýs svo og svarað ráðherranum. Hann hefur rétt til þess að flytja ræðu eins og hann benti á sjálfur. Hann hefur aðeins talað einu sinni í umræðunni þannig að hann má halda áfram og ég gef honum hér með heimild til þess.) Ég er ekki að nýta málfrelsi mitt í seinna sinn, hæstv. forseti, eins og ég veit að forseta er kunnugt um. Ég er eingöngu að svara andsvarinu. En ég ætla að spyrja hæstv. forseta. Er það rangt sem mér var sagt að það hefði verið rætt um og gengið frá því að fundur stæði hér til kl. 7? Ég hafði gert ráðstafanir til þess að vera mættur annars staðar um hálfáttaleytið af því að mér var sagt af starfsmönnum að fundi mundi ljúka um sjöleytið eða hefur þeirri ákvörðun verið breytt? (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. og aðra þingmenn um það að talað var um að fundinum yrði fram haldið til kl. sjö eða hálfátta og nú þegar umræður hafa dregist eins og menn vita og þær standa yfir hefur forseti ákveðið að halda þeim áfram til kl. hálfátta. Samkomulagið var um það.)

Ég ætla þá lítillega að svara hæstv. iðnrh. Að sjálfsögðu þarf ég að gera það miklu ítarlegar og betur á eftir eða á næsta fundi því að ég er ekki viss um að mér dugi þær 15–20 mínútur sem eftir verða fram að hálfátta til þess að svara því eins og maklegt væri og algerlega skylt er þegar hæstv. ráðherra kemur í ræðustólinn með málflutning af því tagi sem fluttur var áðan. Er ég þá ekki að víkja að þeim ummælum sem féllu að limaburði eða öðru slíku. Hæstv. ráðherra er frjálst að hafa allar sínar skoðanir á því hverjir séu öðrum mönnum tigulegri í göngulagi eða framkomu í ræðustóli eða öðru slíku. En hæstv. ráðherra fór með slíkar falsanir á því máli sem hann réðst að gagnvart mér, þ.e. nýsmíði á ferju fyrir Vestmanneyinga, að því er óhjákvæmilegt að svara og í allítarlegu máli. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst mjög miður að ekki sé unnt að íhuga ósk mína um að fresta umræðunni og halda henni áfram á öðrum fundi því að ég hefði gjarnan viljað draga að mér nokkur gögn þó ekki væri nema til að verja hendur mínar gagnvart þeim málflutningi sem hæstv. iðnrh. hafði uppi áðan. Reyndar er hans eigin málflutningur svo mótsagnakenndur að hann verður nánast hlægilegur, ég segi ekki auðvirðilegur, en hlægilegur er hann alla vega. Í annarri setningunni skammast hæstv. ráðherra yfir því að ég skyldi ekki láta byggja ferju innan lands sem að hefði þurft að borga um 25% hærra verð fyrir. Í hinu orðinu talar hann um hvílík gæfa það hefði verið að koma vitinu fyrir menn svo að þeir færu ekki að niðurgreiða skip í innlenda aðila. Svona er nú málflutningurinn hjá hæstv. iðnrh. Það er ekki nema von að ástandið í innlendum skipasmíðaiðnaði sé ekki gott í höndunum á þessum manni sem fer marga hringi í kringum sjálfan sig í hverri ræðunni hér á fætur annarri.

Það liggur alveg fyrir að hæstv. iðnrh. hefur nýtt sér ákveðinn stuðning í röðum forsvarsmanna sjávarútvegsins, sem auðvitað hafa áhuga á því að fá ódýr

skip, eins ódýr og þeir geta, til þess að gera ekki neitt í málefnum innlends skipasmíðaiðnaðar í mörg ár. Og það er gott og það er vel að hæstv. iðnrh. býður upp á umræður um þetta og ég held að hæstv. iðnrh. eigi að fá þær og ég skora á hv. þm. að þeir dragi nú hvergi af sér að ræða eins og vert er og skylt er stöðuna í íslenskum skipasmíðaiðnaði og frammistöðu hæstv. iðnrh., álráðherrans, í þeim efnum eins og hún hefur verið undanfarin ár. Kannski kemur hæstv. ráðherra þá og upplýsir okkur um það hvað hann hafi gert. Hvað er það sem hæstv. ráðherra hefur gert? Ég man eftir einu í svipinn og það var það að í samstarfi við samgrn. var skipasmíðastöð austur á landi styrkt til þess að hanna og smíða lóðsbát. Það var hið þarfasta og besta mál. En ég held að það sé langstærsta og mesta afrek iðnrh. á þessu sviði og kannski það eina sem hann hefur gert á þeim tíma sem hann hefur verið iðnrh. En eins og ég segi hefur hann afrekað það að fækka störfum í íslenskum skipsmíðaiðnaði á valdatíð sinni um nokkurn veginn jafnmörg og til stóð að þau yrðu í álverinu.

Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu sætta mig við og verð að beygja mig undir dóm forseta ef hann er staðráðinn í því að keyra þessa umræðu áfram þrátt fyrir óskir um að henni verði frestað vegna þeirra ummæla sem féllu frá hæstv. iðnrh. og eru að mínu mati með ólíkindum svo maður tali nú ekki um orðbragðið af því að ég hefði gjarnan viljað hafa mér til aðstoðar í seinni ræðu minni ýmis gögn varðandi til að mynda þetta nýsmíðaverkefni á ferju fyrir Vestmannaeyjar sem var dregið inn í umræðuna með mjög smekklegum hætti af hæstv. iðnrh. eða hitt þó heldur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það alveg skýrt fram hafi það vafist fyrir einhverjum að ég skammaði ekki hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir gerðir hans. Ég benti eingöngu á þverstæðu í málflutningi hans sem hann sjálfur hefur greinilega orðið mjög uppnæmur yfir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er leitt að hæstv. forsrh. skuli hafa farið úr húsinu. Mér skilst að hann sé farinn.

Hér hefur á síðustu tveimur klukkustundum og sérstaklega síðasta hálftímann farið fram sérstök sýnikennsla stjórnarliðsins á Alþingi, sýnikennsla um það hvernig stjórnarliðar hér á Alþingi haga sér til þess að koma veg fyrir eðlilega og efnislega umræðu um mál. Það er rétt sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði áðan að þar til formaður þingflokks Alþfl. kvaddi sér hljóðs í dag hafði farið fram í þingsölum mjög athyglisverð, málefnaleg og fróðleg umræða um málefni sjávarútvegsins á Íslandi. Og ég held að allir þingmenn sem hlustuðu á þá umræðu og tóku þátt í henni geti með sanni sagt að hún var til fyrirmyndar.

Kemur þá í stólinn hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., og upphefur árásarræðu á Framsfl. sem var greinilega byggð á fullkominni vanþekkingu. Þingmaðurinn kunni ekki einu sinni „abc" í því sem hann var að fara með, tók upp í sig með þeim hætti að menn ætluðu nú fyrst, virðulegi forseti, að leiða það hjá sér. (**Forseti:** Þetta er umræða um þingsköp.) Já, já, ég er að koma að því, virðulegi forseti. Menn ætluðu fyrst að leiða það hjá sér vegna þess að menn voru að velta því fyrir sér hvort hv. þm. væri að tala í alvöru eða ekki.

Síðan kom hann aftur upp í stólinn og þá var alveg greinilegt að formaður þingflokks Alþfl. hafði notað þetta tilefni til þess að hefja almenna árás á Framsfl. Síðan gerist það að hæstv. iðnrh. kemur upp í stólinn og viðhefur orðbragð um hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, fyrrv. ráðherra, sem hefði, virðulegi forseti, verið tilefni til þess að forseti hefði vítt iðnrh. í stólnum, fyllilega tilefni til þess. Hæstv. iðnrh. kom hér upp og hóf ræðu sína á því að lýsa hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á þann veg að hann hefði hreykt sér eins og hani á haug. Virðulegi forseti. Samkvæmt eðlilegum skyldum forseta hefði forseta borið að víta hæstv. iðnrh. fyrir þessi ummæli en það gerði forseti ekki. Forseti hélt þvert á móti áfram með umræðuna.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að vegna þessarar framkomu hæstv. iðnrh. og afar ósmekklegrar árásar á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon ítreka ég þá ósk, sem hér hefur komið fram, að þessari umræðu verði nú frestað.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að fyrr í dag, í tilefni af árásarræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, var óskað eftir því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gæti verið viðstaddur framhald þessarar umræðu. Við sem þekkjum þingsöguna vitum að á síðustu þingum hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson verið í fararbroddi þeirra sem hafa verið á móti því frv. sem hér er til umræðu. Það er alveg nauðsynlegt vegna tilefnislausra og rangra ásakana hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í garð annarra þingmanna að við eigum kost á því að ræða við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson. En tilefni ræðu minnar, virðulegi forseti, er að krefjast þess í ljósi þeirra vítaverðu ummæla og framkomu sem hæstv. iðnrh. hefur haft hér í stólnum, að hæstv. forseti fresti umræðunni, slíti núna fundi þannig að ráðherrar og forustumenn stjórnarflokkanna nái ró sinni á nýjan leik svo að þingið geti haldið áfram efnislegri og málefnalegri umræðu og við komið hér saman á nýjum vinnudegi, rólegir í sinni og hæstv. iðnrh. búinn að lesa heima um mannasiði og þingsköp.

Umræðu frestað.

Kirkjugarðar, 1. umr.

Stjfrv., 142. mál (heildarlög). — Þskj. 152.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu sem kirkjulaganefnd hefur samið á grundvelli frv. sem samþykkt var af kirkjuþingi. Frv. er ætlað að leysa af hólmi lög

um kirkjugarða, nr. 21/1963, ásamt breytingarlögum á þeim lögum um líkbrennslu, þ.e. lög nr. 41/1915. Kirkjulaganefnd, sem skipuð er biskupi Íslands, ráðuneytisstjóranum í dóms- og kirkjumrn., og dr. Ármanni Snævarr, samdi frumdrög að frv. um þetta efni eftir að tillögur og ábendingar höfðu borist frá ýmsum aðilum sem kunnugir eru framkvæmd laga um kirkjugarða. Kirkjuráð lagði frv. fyrir kirkjuþing 1985 en málið var afgreitt endanlega af kirkjuþingi haustið 1986 eftir að tillögur höfðu borist frá ýmsum aðilum. Taldi kirkjuþing rétt að heildarfrv. yrði samið um þetta efni og tók saman slíkt frv. Þá var horfið að því ráði á kirkjuþingi að fella lög um líkbrennslu, nr. 41/1915, inn í frv.

Kirkjulaganefnd fjallaði að nýju um frv. eins og það kom frá kirkjuþingi og gerði nokkrar lagatæknilegar breytingar á því. Dr. Ármann Snævarr sá um endurskoðunina á vegum kirkjulaganefndar. Sérstök nefnd samdi frv. um kirkjugarðsgjöld og kirkjugarðssjóð sem breytir lögum um kirkjugarða og var það lögfest, sbr. lög nr. 89/1987. Hafa þau lög verið felld inn í þetta frv. án efnislegra breytinga. Gengið var frá frv. til flutnings nú í dóms- og kirkjumrn. Ekki þótti rétt að gera efnislegar breytingar á frv. eins og kirkjuþing samþykkti það. Þótti eðlilegt að slíkar breytingartillögur, ef einhverjar yrðu, kæmu fram á Alþingi.

Í athugasemdum með frv. er gerð grein fyrir sögulegri þróun á þessu sviði og gefið yfirlit yfir löggjöf fyrri tíma um þetta efni. Þar kemur enn fremur fram að þau lagasjónarmið, sem búa að baki lögum um kirkjugarða og líkbrennslu, eru þríþætt. Það eru í fyrsta lagi trúræn viðhorf, í öðru lagi heilbrigðissjónarmið og í þriðja lagi eru kirkjugarðar og góð umhirða þeirra menningarmál. Út frá því sjónarmiði hefur lengi þótt eðlilegt að leggja nokkrar skyldur á sveitarfélög og er þetta frv. á því byggt að nauðsynlegt sé að auka samskipti sveitarstjórna og kirkjugarðsstjórna.

Lög um kirkjugarða, nr. 21/1963, eru um margt sundurleit. Í þessu frv. er ákvæðum á hinn bóginn skipað í kafla eftir efnistengslum ákvæða. Enn fremur hefur einstökum greinum verið skipað í fleiri greinar en eina til að gera ákvæði laganna aðgengilegri.

Eins og ég gat um eru lög um líkbrennslu frá árinu 1915. Þau hafa staðist vel tímans tönn en vegna náinna efnistengsla þeirra við lög um greftrun líka og kirkjugarða hefur þótt rétt að steypa þessum tvennum lögum saman í einn lagabálk.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um einstakar lagagreinar en vísa í því efni til athugasemda með frv. en vil þó víkja að þremur köflum frv. sérstaklega. Í VII. kafla eru almennar reglur um greftrun líka og grafir, umhirðu leiða, legstaðaskrár og styrki vegna útfararþjónustu. Er svo kveðið á um í 21. gr. að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að veita styrk til kirkna vegna útfararþjónustu sem þar fer fram og greiða hluta útfararkostnaðar. Þetta er nýmæli og er vakin sérstök athygli á þessu ákvæði. Hér er um heimildarákvæði að ræða sem felur í sér að kirkjugarðsstjórnir hafa töluvert svigrúm til að móta stefnu í þessum efnum. Er þess óskað að allshn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, skoði þetta ákvæði sérstaklega. Í fyrsta lagi er spurning hvort kirkjugarðsstjórnir eigi að hafa heimild til að ráðstafa hluta af þeim tekjum sínum til að greiða niður útfararþjónustu. Ljóst er að þetta getur falið í sér mismunun milli landshluta þar sem tekjur kirkjugarða eru mismunandi eftir svæðum. Einnig getur ákvæðið falið í sér mismunun gagnvart einstaklingum sem reka útfararþjónustu þar sem styrkir til útfararþjónustu eru einskorðaðir við kirkjur. Eðlilegt er að hv. allshn. taki þessi álitaefni til athugunar.

Í IX. og X. kafla frv. eru ákvæði um kirkjugarðsgjöld og kirkjugarðssjóð. Um þau efni gilda nú eins og áður sagði lög nr. 89/1987. Er ákvæðum þeirra skipað án verulegra breytinga í IX. og X. kafla frv. enda er til þess stofnað með þessu frv. að setja heildarlöggjöf um kirkjugarða.

Lög nr. 89/1987 voru sett í tilefni þeirrar skattkerfisbreytingar sem átti sér stað þegar tekin var upp staðgreiðsla á tekjuskatti. Þau voru byggð á því að kirkjugarðar héldu þeim heildartekjum sem þeir áður höfðu haft. Hinar nýju reglur hafa leitt til þess að innheimta kirkjugarðsgjalda hefur orðið mun skilvirkari en samkvæmt eldri reglum. Samkvæmt lögunum eru kirkjugarðsgjöld tvíþætt. Annars vegar miðast þau við hundraðshluta af aðstöðugjöldum og er vakin sérstök athygli á því með hliðsjón af því að uppi hafa verið hugmyndir um að fella niður aðstöðugjöld. Hins vegar er um að ræða mánaðarlega fjárhæð af tekjuskatti hvers einstaklings sem orðinn er 16 ára.

Eins og kunnugt er hefur hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti verið lækkuð með lánsfjárlögum undanfarin tvö ár vegna tímabundinna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. Er athygli vakin á því að sú grunnfjárhæð, sem tiltekin er í frv., 159 kr., er upphæð á einstakling á mánuði árið 1991 án tillits til skerðingar skv. lánsfjárlögum.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka að rétt þótti að leggja frv. efnislega óbreytt fyrir Alþingi svo sem kirkjuþing samþykkti það þannig að Alþingi ætti þess kost að fjalla um frv. eins og það var afgreitt af kirkjuþingi. Ég legg áherslu á að frv. þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi þar sem ljóst er að fyrir löngu er orðið tímabært að endurskoða lög um kirkjugarða og líkbrennslu auk þess sem hagræðing er í því fólgin að steypa þessum tvennum lögum saman í einn lagabálk.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Forseti (Björn Bjarnason):

Athygli forseta var vakin á því að honum mistókst að gefa hv. 6. þm. Norðurl. e. orðið um þingsköp hér áðan og hann biður þingmanninn afsökunar á því en gefur honum orðið að þessu sinni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka fram að mér finnst reyndar að eftir það andrúmsloft sem hæstv. viðskrh. var búinn að skapa hér í þingsal seinni partinn í

dag, hefði verið vel við hæfi að gefa því málefni, sem hér var verið að mæla fyrir í framhaldi af því, aðeins betra hljóð og svigrúm í þingsölum á hinu háa Alþingi. En sú var ekki ástæðan fyrir því að ég bað um orðið um þingsköp áðan. Ég gerði það til þess að ítreka að eftir að hv. 17. þm. Reykv. og hæstv. iðnrh. voru búnir að leiða umræðuna um frv. um veiðar í íslenskri lögsögu á þá braut sem þeir kusu að gera, er það óhjákvæmilegt að, og þá kannski öðrum fremur, ráðherrar fyrri ríkisstjórnar hafi tækifæri til þess að kynna sér þann málflutning og geti tekið þátt í honum á seinna stigi umræðunnar. Það var nefnilega svo að hæstv. iðnrh. vék ekki bara að hv. 4. þm. Norðurl. e. og fyrrv. ráðherra. Hann vék með órökstuddum dylgjum að öðrum ráðherrum fyrri ríkisstjórnar þegar kom að því að þar höfðu ekki komist ákveðin mál í gegn, m.a. annað málið sem hér var til umræðu í dag og það var hin raunverulega ástæða fyrir stöðu skipasmíðaiðnaðarins í dag þannig að það er algerlega — nú hristir hæstv. iðnrh. höfuðið og það er ósköp skiljanlegt því eins og hans hugarástand var þegar mest gekk á áðan, þá get ég ekki trúað að hann hafi fylgst að öllu leyti með hvað hann sagði, hvað þá því sem aðrir sögðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að hæstv. forseti skyldi veita hv. þm., sem hér talaði síðast, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, orðið um þingsköp því að auðvitað var rétt að gera það og ég met það við forseta að það skyldi vera gert.

Hins vegar vil ég bara ítreka þá ósk mína að nú sé fundum frestað og einnig umræðu um það mál sem verið var að mæla fyrir. Ég veit að það eru nokkrir þingmenn sem vildu fá að segja nokkur orð, ekki mörg en nokkur orð, um það frv. og ég held að það þjóni skynsamlegum umræðum hér í þinginu á næsta degi að hæstv. iðnrh. fari heim, fari í heitt bað og slappi dálítið af og mæti afslappaður til þings næsta dag.

Umræðu frestað.

41. FUNDUR

miðvikudaginn 4. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 2. des. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Sigurður Hlöðvesson tæknifræðingur, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v."

Kjörbréf Sigurðar Hlöðvessonar, varaþingmanns Alþb. í Norðurl. v., hefur verið rannsakað og samþykkt.

Sigurður Hlöðvesson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber nú skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Sigurður Hlöðvesson, 3. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sigurður Hlöðvesson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Umboðsmaður barna, frh. 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 123. mál. — Þskj. 128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, GB, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SAÞ, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, GB, GHelg, HÁ, HBl, ISG, IP, JGS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SAÞ, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og vísað til sjútvn. með 35 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 142. mál (heildarlög). — Þskj. 152.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þessu frv. í framhaldi af því er hæstv. ráðherra sagði um kirkjugarðsgjöld og ráðstöfun þeirra til greiðslu kostnaðar við útfararþjónustu. Ég vil í framhaldi af fsp. sem ég flutti um það efni á síðasta þingi nota tækifærið til að beina því til hv. allshn. að hún grandskoði hvort ástæða sé til að taka í þessi lög skýr ákvæði um það hvort heimilt skuli að verja hluta kirkjugarðsgjalda til að greiða fyrir þá þjónustu. Jafnframt, verði það ofan á að taka slíkt ákvæði með skýrum hætti inn í lögin, þá verði tryggt að í því sambandi verði ekki um mismunun að ræða þannig að allir standi þar jafnt að vígi, bæði þeir sem greiða fyrir þjónustuna og sömuleiðis þau fyrirtæki sem kunna að starfa á þessum vettvangi. Jafnframt tel ég að nefndin eigi að hafa það í huga að frá þessum málum verði þannig gengið að allir þeir sem stunda útfararþjónustu standi jafnt að vígi að því er varðar almenna samkeppnisstöðu, á ég þar við skatta m.a. og fleira sem því kann að tengjast. Þessu vil ég í fullri vinsemd beina til hv. allshn.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég kem hér upp til að taka undir orð hv. þm. Geirs H. Haarde. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að við þessa lagasetningu verði þess gætt mjög vendilega að einkaaðilum sem reka fyrirtæki á sviði útfararþjónustu verði ekki mismunað. Í þessu frv. eru þrjár greinar sem ég vil sérstaklega nefna.

Það er í fyrsta lagi 10. gr. Þar er gert ráð fyrir því að safnaðarfundur geti veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til að nota líkvagn við jarðarfarir. Þetta þrengir vitaskuld mjög rými einkarekinna fyrirtækja á þessu sviði til að reka útfararþjónustu. En nú munu ein tvö eða þrjú slík fyrirtæki vera rekin á höfuðborgarsvæðinu. Viðskipti þeirra hafa farið vaxandi en mér er kunnugt um það að ýmsum þykir sem þessum fyrirtækjum sé nokkuð mismunað.

Jafnframt vil ég drepa á 20. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að láta reisa kapellur og líkhús og kosta rekstur þeirra. Hér er um það að ræða að þessar stofnanir, þ.e. kapellur og líkhús, eru vitaskuld kostuð af almannafé sem allir hafa greitt til og kjósi einhverjir einstaklingar að láta einkafyrirtæki annast útfarir þá eiga þeir vitaskuld að fá not af kapellu og líkhúsi án endurgjalds.

Jafnframt vil ég síðan nefna 21. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Kirkjugarðsstjórn er heimilt að veita styrk til kirkna vegna útfararþjónustu, sem þar fer fram og greiða hluta útfararkostnaðar."

Ég vil einungis að það sé alveg ljóst að þegar þetta fer frá allshn. þá verði gert ráð fyrir því að einkareknar útfararþjónustur sitji þarna við sama borð.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram um þá hugmynd að kirkjugarðarnir taki þátt í að niðurgreiða útfararþjónustuna, langar mig að vekja athygli á því að aðstæður í Reykjavík eru mjög ólíkar því sem gerist víðast um landsbyggðina. Það er mjög mikilvægt að sú nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta frv. taki ríkulegt tilliti til þessara ólíku aðstæðna. Ég vil einnig vekja athygli á þeirri hugmynd, sem mér er kunnugt um að hafi komið til umræðu á fyrri þingum, þ.e. að kirkjugarðsgjöldin verði hækkuð þannig að kirkjugörðunum verði gert kleift að sjá alfarið um kostnað vegna eðlilegrar útfararþjónustu. E.t.v. er með þessum hugmyndum sem hér hafa verið til umræðu verið að stíga eitt skref í þessa átt. Mörg rök hníga að því að það kynni að vera eðlilegt að eðlilegur útfararkostnaður yrði að öllu leyti innifalinn í kirkjugarðaþjónustunni.

Ég vil einnig vekja athygli á því að fjárhagur kirkjugarðanna er mjög mismunandi eftir aðstæðum í dreifðum byggðum landsins. Viðhald og öll umhirða kirkjugarða er kostnaðarsamt verk. Sannarlega hjálpar hinn almenni kirkjugarðasjóður þar til.

Ég ítreka enn og legg áherslu á að við skoðun frv. verði sérstaklega tekið tillit til hinna ólíku aðstæðna í landinu og að hinar sérstöku aðstæður í Reykjavík verði ekki einar látnar ráða ferðinni og stefnunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og vísað til allshn. með 35 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð Íslands. Í bréfi dags. 19. júní sl. fór ég þess á leit við stjórn sjóðsins að hún skilaði tillögum um framtíð hans en sjóðurinn hafði þá orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna tapaðra útlána til fiskeldis og ullariðnaðar.

Tillögur stjórnarinnar bárust mér með bréfi sjóðsins dags. 9. sept. Meginefni þeirra tillagna var að sjóðurinn skyldi hætta núverandi starfsemi sinni.

Í frv. þessu er lagt til að Lánasýslu ríkisins verði falið að yfirtaka skuldbindingar og kröfur Framkvæmdasjóðs. Þau verkefni, sem liggja fyrir þegar útlánastarfsemi Framkvæmdasjóðs verður hætt, eru auk þess að selja eignir hans helst þau að sjá um endurgreiðslur á skuldum sjóðsins og skuldbreytingum, að innheimta útistandandi kröfur og hafa eftirlit með tryggingu fyrir lánum sem sjóðurinn hefur veitt.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður Íslands verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins með svipuðu fyrirkomulagi og Ríkisábyrgðasjóður innan þeirrar stofn-

unar. Lánasýslu ríkisins verði síðan falið á grundvelli greiðslustöðu Framkvæmdasjóðs að gera tillögur til fjmrh. um skuldbreytingu sérstakrar fjárveitingar og greiðsluáætlanir til þess að gera stofnuninni kleift að mæta útgjöldum vegna sjóðsins.

Segja má að Framkvæmdasjóður hafi á síðustu tveimur árum misst meginhlutverk sitt sem honum var falið að gegna fyrir réttum aldarfjórðungi. Þegar Framkvæmdasjóður Íslands tók við af Framkvæmdabanka Íslands árið 1967 var honum fengið það meginverkefni að taka lán innan lands og erlendis og miðla lánsfénu í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda til framkvæmda, fyrst og fremst til lánasjóða atvinnuveganna en þeir höfðu á þeim tíma ekki beinan aðgang að lánsfé. Þessu meginhlutverki hefur sjóðurinn gegnt allar götur síðan. Nú eru aðstæður gjörbreyttar, miðstýring fjárfestingarlána ekki tíðkuð lengur og fjármagnsmarkaðir hafa þróast mjög. Sjóðirnir geta nú flestir séð sjálfir um fjármagnsöflun innan lands og utan og eru reyndar byrjaðir að segja upp eldri lánum hjá Framkvæmdasjóði. Líklegt er að sú þróun haldi áfram. Lánasjóðirnir eru samt með yfir 80% útlána sjóðsins. Skuldir sjóðsins eru að ¼ hlutum erlendar og þar af eru ⅔ í þremur lánasamningum. Þó að ný útlán Framkvæmdasjóðs falli niður standa eftirfarandi verkefni áfram um nokkurt árabil:

1. Sjá þarf um endurgreiðslu á skuldum Framkvæmdasjóðs innan lands og utan. Endursemja um þær og skuldbreyta í samræmi við endurgreiðslur útlána sjóðsins og hagsmuni ríkissjóðs sem er ábyrgðaraðili á bak við sjóðinn.

2. Innheimta þarf útistandandi lán sjóðsins, sjá um óhjákvæmilegar skuldbreytingar, lengingu lána og aðrar breytingar á lánskjörum sem tryggja endanlega innheimtu.

3. Mikið starf er að hafa eftirlit með tryggingum fyrir lánum, kaupa veðsettar eignir við gjaldþrot ef af því er ávinningur, ráðstafa yfirteknum eignum og varðveita verðgildi þeirra.

Þessi verkefni eru öll hliðstæð verkefnum sem Lánasýsla ríkisins fæst við.

Með lögum nr. 43/1990 er Lánasýslu ríkisins falið að sjá um hvers konar skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir. Jafnframt var Ríkisábyrgðasjóður gerður að deild við Lánasýslu ríkisins. Því fyrirkomulagi hefur verið haldið að Seðlabankinn sjái um daglega starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs og umsjón með erlendum lánum. Það starf er unnið í nánu samráði við Lánasýsluna sem er ábyrg fyrir þessum málum gagnvart ráðherra.

Þegar Framkvæmdasjóður hætti útlánastarfsemi liggur beinast við að lögum um hann, nr. 70/1985, verði breytt þannig að hann verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Með því fyrirkomulagi verður minnst röskun á stöðu sjóðsins gagnvart erlendum lánveitingum. Þannig verður sjóðurinn áfram starfandi að forminu til og hægt að gera ársreikning hans en hvort tveggja er nauðsynlegt til þess að ekki þurfi að taka upp sérstaka samninga við lánveitendur eins og líklega þyrfti ef hann yrði alveg lagður niður.

Lögin um Lánasýslu ríkisins giltu þá um leið það sem eftir verður af starfsemi hans. Hugsanlegt er að fela öðrum aðila að taka við hluta verkefna, t.d. fiskeldismálum, en eðlilegast er að Lánasýslan semji um slíkt með samþykki fjmrh.

Líklegt er að hagkvæmt verði fyrir ríkissjóð þegar frá líður að endursemja með skipulögðum hætti um hluta af lánum Framkvæmdasjóðs eða greiða önnur upp og taka ný lán í staðinn. Nauðsynlegt er því að Lánasýslan hafi skýrar heimildir til þess að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóð ef til þess kemur. Ríkissjóður nýtur að öðru jöfnu betri kjara en lánasjóður með ríkisábyrgð og hefur auk þess aðgang að fleiri og stærri mörkuðum en þeir. Af þessu gæti orðið sparnaður fyrir ríkissjóð þegar frá líður.

Verði þetta frv. að lögum verður skipuð sérstök yfirtökunefnd sem taki við sjóðnum um áramót og annist um flutning hans til Lánasýslunnar.

Virðulegi forseti. Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um frv. þetta eða um einstök ákvæði þess á þessu stigi en það er mikilvægt að sjóðurinn verði áfram til sem sjálfstæð lögpersóna þó að annarri stofnun verði falið umsvif hans á meðan hann er að fjara út ef svo má að orði komast. Þetta helgast öðru fremur af tilliti til erlendra lánardrottna. Einstök ákvæði frv. taka mið af því sjónarmiði.

Ég mælist til þess að lokinni 1. umr. að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað á undanförnum mánuðum fullyrt að fjárhagsvandi Framkvæmdasjóðs sé svo slæmur fyrst og fremst vegna þess sem gert hafi verið í tíð síðustu ríkisstjórnar. Við höfum andmælt þessum fullyrðingum hvað eftir annað. Ég tel þess vegna að það sé ekki gerlegt að halda þessari umræðu áfram nema núv. hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, sé viðstaddur umræðuna. Ég segi það m.a. vegna þess að ein stærsta ákvörðunin um fjárveitingar til fiskeldisfyrirtækja á vegum Framkvæmdasjóðs var tekin þegar hæstv. núv. utanrrh. gegndi embætti fjmrh. Það er óhjákvæmilegt til að hægt sé að ræða þessi mál, og það frv. sem hér er verið að mæla fyrir, með eðlilegum hætti að þeir séu einnig viðstaddir umræðuna núv. hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, sem gegndi embætti fjmrh. í tvö ár og einnig núv. hæstv. utanrrh. sem gegndi embætti fjmrh. í rúmlega eitt ár.

Ég vil því óska eftir því, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði frestað og henni fram haldið þegar hæstv. utanrrh. og einnig hæstv. sjútvrh., þ.e. þeir báðir, geta verið viðstaddir umræðuna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef forseti skildi þingmanninn rétt þá óskaði hann eftir því að utanrrh. og sjútvrh. væru viðstaddir umræðuna. Var það rétt skilið? Sjútvrh. er í húsinu. (**ÓRG:** Já, ég veit það, en utanrrh. ekki.) Og þingmaðurinn leggur mikið upp úr því að hæstv. utanrrh.

verði við þessa umræðu? Hann hefur fjarvistarleyfi í dag. Það þýðir að þá er ekki hægt að halda þessari umræðu áfram í dag. Nú veit forseti ekki hvort sú fjarvist varir marga daga en mun kanna það og síðan upplýsa hvernig málið getur gengið áfram. Á meðan verður málinu frestað.

Það er rétt að forseti geti þess að hann á í svolitlum vandræðum með dagskrána vegna þess að sérstaklega hefur verið óskað eftir því að fresta — af gildum ástæðum — að taka fyrir 3. og 5. dagskrármálið vegna fjarveru þingmanna sem geta ekki komið fyrr en kl. hálfþrjú á fundinn, svo ég ætla að biðja hv. þm. að hafa biðlund meðan verið er að sækja hæstv. ráðherra sem geta þá mælt fyrir málum sem eru neðar á dagskránni og vita ekki að röðin er komin að þeim.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Viðvera ráðherra og tilhögun þinghalds.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta ástand sem forseti var að lýsa vakti upp hjá mér spurningu um framgang frumvarpa sem þegar hafa verið lögð fram. Ég minni á það að á mánudaginn í síðustu viku var hér útbýtt þskj. 161, frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu sem átta þingmenn úr öllum flokkum flytja og 1. flm. óskaði sérstaklega eftir því að þetta mál yrði tekið á dagskrá í síðustu viku. Enn fremur kemur fram í grg. með frv. að flm. vonist til þess að Alþingi beri gæfu til að samþykkja þetta frv. fyrir áramót. Nú er síðasta vika liðin og hálf þessi án þess að ég hafi séð að þetta mál hafi komið á dagskrá og ég spyr hæstv. forseta: Hvenær er þess að vænta að það verði tekið inn á dagskrá þingsins? Ég tel að það sé afar brýnt að þetta mál fái góða og skjóta meðferð í þinginu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er væntanlegt að þetta mál verði tekið á dagskrá eins og önnur mál, þingmannafrumvörp, sem hér hafa verið á dagskránni eða bíða þess að verða tekin á dagskrá. Það er reynt að fara eftir málaröð eins og hægt er. Eins og hv. þm. sér eru ýmis mál hér með lægri málsnúmer heldur en hér er um að ræða en forseti reynir að koma málunum fram eins og mögulegt er. Við erum nýbúin að ræða mál sem þingmenn flytja og hafa verið með lág málsnúmer svo að ég vænti þess að það líði senn að því að þetta mál komi á dagskrá og til umræðu. Við munum leggja okkur fram um að svo verði eins og um öll önnur frv. eða till. sem bíða.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá ósk sem kom hér fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það frv. um þyrlukaup, sem hér hefur verið flutt með víðtækri samstöðu, komi sem fyrst til umræðu. Ég vil greina frá því, virðulegi forseti, að allir þingmenn Reykjaneskjördæmis voru kvaddir til fundar í Grindavík þar sem Vélstjóra- og sjómannafélagið boðaði til fundar og óskaði eftir því að þangað mættu þingmenn frá öllum flokkum sem eiga þingmenn í kjördæminu. Þar voru einnig fulltrúar bæjarstjórnar og aðrir. Á þessum fundi kom fram eindregin ósk heimamanna að sem fyrst yrði tekið til umfjöllunar frv. á Alþingi um þyrlukaup og ég vil lýsa nokkurri undrun minni á því að frv. hefur aldrei verið sett á dagskrána. Ég held ég fari rétt með að það hafi aldrei verið sett á dagskrá. Nú er hins vegar svo komið að vegna fjarvista ráðherra og annarra vandræða í stjórnarliðinu er ekki hægt að halda áfram með dagskrána með eðlilegum hætti og er nú rétt að hæstv. forsrh. fari að taka til heima hjá sér og skikka sína ráðherra til að mæta hér í þinginu með eðlilegum hætti til þess að þingstörfin geti haldið áfram.

En ég vil benda virðulegum forseta á það, vegna þess að hún var ekki hér í salnum í gærkvöldi, að fundi var frestað þegar umræða stóð um 8. dagskrárliðinn, Rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Mér er kunnugt um það að nokkrir hv. alþm. eru reiðubúnir að taka til máls um það mál og vil þess vegna óska eftir því að það verði tekið fyrir fyrst þingið er verklaust vegna fjarvista ráðherra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er algjör misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykn. að mál geti ekki komist hér áfram vegna fjarvista hæstv. ráðherra. Forseti gat þess að þetta væri vegna fjarvista nokkurra þingmanna og telur ekki ástæðu til að upplýsa af hvaða ástæðum það er, en telur eðlilegt að verða við óskum um að það sé látið bíða um sinn að taka mál á dagskrá vegna þess að viðkomandi þingmaður getur ekki komið hér á fundinn fyrr en eftir hálftíma frá þessari stundu.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að mótmæla þessum aðdróttunum hv. 8. þm. Reykn. um þinghaldið hér í dag. Það hafa nokkrir þingmenn óskað eftir því að tilteknum málum verði frestað fram yfir kl. hálfþrjú vegna þess að þeir þurfa að vera við jarðarför. Það er venjan að taka tillit til þess án þess að til sérstakra athugasemda þurfi að koma. Hér eru nógu margir ráðherrar viðstaddir til þess að halda áfram öðrum málum sem eru á dagskrá og þetta er því tilefnislaust upphlaup um dagskrá þessa fundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forsrh. talar um þingsköp. (**SvG:** Ráðherrann hefur ekki forgang í þingskapaumræðu.) Var þingmaðurinn að biðja um orðið? (**SvG:** 8. þm. Reykn. hafði beðið um orðið.) (**ÓRG:** Ég var búinn að biðja um orðið áður.)

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé bersýnilegt að leikaraskap eigi að halda hér áfram með sama hætti og fyrr og sami forustumaður ætli að vera í þeim efnum

og fyrr. Ég vek athygli á því að það var engin ástæða til þess að gera ráð fyrir því að utanrrh. verði sérstaklega viðstaddur þegar mælt var fyrir frv. um Framkvæmdasjóð Íslands þar sem ræða um málið var flutt algjörlega á tæknilegum forsendum, um tæknilegar breytingar, og engin efnisleg ástæða til þess nema þá leikaraskapur og upphlaupsástæða formanns Alþb. eins og hann hefur hagað sér í þinginu fram að þessu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. talar um gæslu þingskapa.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Borgarstjórinn er kominn aftur. Það er ágætt að sýnikennslan um það hvernig eigi að tala á Alþingi er hafin hjá hæstv. forsrh. enn á ný. Og hann heldur áfram uppteknum hætti, að halda það að hann verði ekki gerður ábyrgur innan þings fyrir þeim orðum sem hann flytur þjóðinni utan þings. Það vill hins vegar svo til að í stefnuræðu forsrh. sem flutt var hér á Alþingi var, ef ég man rétt, kafli um Framkvæmdasjóð. Forsrh. er kannski búinn að gleyma sinni eigin stefnuræðu. En það er alveg rétt að í framsöguræðu sinni fyrir 6. dagskrármáli, um Framkvæmdasjóð Íslands, hélt hann sér við tæknileg atriði. Hann endurtók ekki fullyrðingar sínar og dóma um það hverjum það væri að kenna að svo illa væri komið fyrir Framkvæmdasjóði Íslands. Dóma sem hann er búinn að fella hér í allt sumar og haust í fjölmiðlum og felldi í stefnuræðu sinni, ef ég man rétt, í upphafi þings.

Auðvitað tökum við forsrh. alvarlega, a.m.k. enn, nema hæstv. forsrh. vilji lýsa því yfir að það eigi ekki að taka orð hans alvarlega og þá er alveg sjálfsagt að koma fram við hann með þeim hætti.

En ég óskaði eftir því að núv. utanrrh. yrði viðstaddur þessa umræðu um Framkvæmdasjóð Íslands vegna þess að hann var fjmrh. og bar þess vegna ábyrgð ásamt páv. forsrh., Þorsteini Pálssyni, á málefnum þessa sjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands, þegar ein umdeildasta ákvörðunin um fjármagnsráðstöfun í þágu fiskeldis var tekin hjá Framkvæmdasjóði Íslands. Ég ætla ekki að taka það mál hér til umræðu að hæstv. utanrrh. og páv. fjmrh. fjarstöddum. Ég ætla ekki að deila á hann eða rekja þetta mál að honum fjarstöddum, að sjálfsögðu ekki. Hann hefur verið ásamt hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni, núv. sendiherra í París, Albert Guðmundssyni og mér einn af fjórum mönnum sem hafa borið ábyrgð á Framkvæmdasjóði Íslands síðan 1983. Forsrh. getur ekki með neinum rétti eða stráksskap gert athugasemd við það að okkur finnist eðlilegt að hafa hæstv. fyrrv. fjmrh. viðstaddan þegar hann er að mæla fyrir því á Alþingi að sjóðurinn verði lagður niður. Þess vegna vísa ég algerlega á bug smekklausum og strákslegum dylgjum hæstv. forsrh. í þessum efnum varðandi frv. um Stjórnarráð Íslands sem er 5. mál hér á dagskrá, en það frv. fjallar um að sameina iðnrn. og viðskrn. í eitt ráðuneyti. Ég hafði óskað eftir því við virðulegan forseta að hæstv. núv. iðnrh. og viðskrh. yrði viðstaddur þá umræðu. Hann er því miður ekki kominn en er væntanlegur. Það liggur því alveg ljóst fyrir, hv. þm. Geir Haarde, að ekki er hægt að taka til umfjöllunar 5. og 6. dagskrármálið vegna fjarvistar ráðherra. Þess vegna er alger óþarfi fyrir þingmanninn að koma hér upp í ræðustól og mótmæla mínum orðum sem ósönnum af því að það er staðreynd að ekki er hægt að halda áfram með dagskrána eins og frá henni var gengið af forsetanum vegna fjarvistar ráðherra, vegna fjarvistar iðnrh. og viðskrh. hvað snertir 5. mál og vegna fjarvistar utanrrh. hvað snertir 6. mál. Ég var alls ekki að mæla gegn því að málum sem einstakir þingmenn telja sig þurfa að ræða verði frestað vegna þess að þeir þurfa að vera við útför. Það er satt að segja smekklaust af hv. þm. Geir Haarde að fara að draga það inn í umræðuna. Sú staðreynd blasir því við að ekki er hægt að halda áfram með dagskrána með eðlilegum hætti af því að tveir hæstv. ráðherrar hafa ekki sinnt skyldum sínum að mæta hér til þings.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa það að hæstv. viðsk.- og iðnrh. óskaði sjálfur eftir því að fá að vera við umræðuna um frv. um Stjórnarráð Íslands og upplýsti forseta um að því miður næði hann því ekki að vera mættur fyrr en kl. 2. Það var ljóst að fjögur mál voru á dagskrá á undan þessu máli. Þess vegna þykir forseta eðlilegt að taka tillit til slíks. En það er ekki sanngjarnt að tala um að hæstv. ráðherrar séu ekki að sinna sínum þingskyldum ef þeir eru uppteknir í ráðuneytum sínum af óviðráðanlegum ástæðum, kannski um hálftíma eftir að þingfundur hefst.

Þetta vill forseti láta koma fram. Hæstv. heilbrrh. bíður eftir því að geta mælt fyrir 9. dagskrármáli. Enn hafa menn óskað eftir að tala um gæslu þingskapa.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að gera athugasemd við ummæli forseta hér af stólnum áðan. Mér finnst að forseti sé farinn að blanda sér með býsna sérkennilegum hætti í deilur þingmanna og ráðherra um gæslu þingskapa og ég tel að forseti hafi með síðustu orðum sínum tekið afstöðu með ráðherrunum gegn þingmönnunum. Ég mótmæli því og skora á forseta að minnast þeirrar yfirlýsingar sem hún gaf í upphafi að hún er forseti þingsins alls, stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég bendi í öðru lagi á það, virðulegi forseti, í þessari umræðu að það er auðvitað hugsanlegt að taka hér fyrir þingmannamál. Við þingmenn höfum látið yfir okkur ganga að stjórnarmál fengju forgang en þegar ekki er hægt að taka þau fyrir, þá er auðvitað ekkert á móti því að ganga á röðina að því er þingmannamálin varðar. Hér eru t.d. mál eins og Varnir gegn vímuefnum, Framleiðsla vetnis, Endurskoðun iðnaðarstefnu, Iðn- og verkmenntun, Sjóður til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn. Öll þessi mál eru með lægri þingskjalsnúmer en öll þau stjórnarfrv. sem eru á dagskrá í dag og það mikið lægri. Það er auðvitað engin ástæða til þess að hrökkva í kuðung þó að hlutirnir gangi þannig fyrir sig að ráðherrarnir séu ekki við-

staddir til að taka mál fyrir vegna þess að það eru mörg önnur mál sem hægt er að ræða, mál einstakra þingmanna. Ég held að það sé nauðsynlegt líka, virðulegi forseti, að fara að átta sig á því að utan dagskrárinnar í dag og utan dagskrárinnar í gær er fjöldi þingmannamála sem hefur ekki komið inn á dagskrá nokkurn tíma eins og hv. 5. þm. Vestf. minntist á áðan. Ég vil spyrja forsetann hverju það sætir að fjöldi þingmannamála er fyrir utan dagskrána án þess að beinlínis sé rætt við þingmennina um að taka málin út af dagskránni.

Hér liggur fyrir þinginu tillaga frá mér um útflutning á raforku með sæstreng. Þessi tillaga hefur legið lengi fyrir. Hún var einu sinni á dagskránni en komst þá ekki að. Hún hefur síðan ekki komist inn á hina prentuðu dagskrá án þess að mér væri gefin nokkur skýring á því og án þess að farið væri þess á leit við mig að ég féllist á að það væri hinkrað með málið um skeið, sem ég hefði auðvitað verið til viðtals um. Ég verð því að segja eins og er, forseti, að mér sýnist að samsetning dagskrárinnar eins og hún birtist þingmönnum sé ekki í samræmi við þau vinnubrögð sem hér þurfa að vera. Og ég leyfi mér að gagnrýna hæstv. forseta að þessu leytinu til þó að aðaltilefnið hafi verið síðustu orð hennar þar sem mér fannst að hún tæki afstöðu með ráðherrunum gegn þingmönnunum. Ég get ekki neitað því að mér þótti það mjög miður, virðulegi forseti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir það miður ef hv. 9. þm. Reykv. telur að forseti sé að taka afstöðu með einum á móti öðrum hér í þinginu. Forseti var aðeins að reyna að greina frá staðreyndum, til þess að réttar upplýsingar lægju fyrir, á sama hátt gagnvart hæstv. ráðherrum og hv. þm. sem ekki hafa enn getað mætt hér á fundi og hafa gildar ástæður til þess. En forseti hefur lagt sig fram um að gæta hagsmuna allra, hvort sem þeir eru ráðherrar eða þingmenn, og væntir þess að hún geri það áfram.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta svörin við fyrirspurn minni. En ég vil minna forseta á að á dagskrá eru frv. sem eru með hærra málsnúmeri en þetta frv. og ég fæ ekki annað séð en hér séu menn að setja upp þá forgangsröð að ráðherrar komi fyrst og síðan komi þingmenn. Ég vil minna á varðandi það frv. sem ég minntist á, frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu, að sérstaklega var óskað eftir því að það fengi að komast á dagskrá. Greinilegt er af orðum og svari forseta að forseti hefur hafnað því og það þykir mér miður. Þetta er þingmál sem um er samstaða í þinginu og allir sem um það fjalla leggja áherslu á að það nái fram að ganga skjótt. Mér finnst það því miður ef það þingmál er látið víkja fyrir öðrum sem ég sé í raun og veru ekki hvað liggur mikið á að taka fyrir eins og frv. um vatnsveitur sveitarfélaga.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af ummælum hv. þm. Svavars Gestssonar vekja athygli á því að þetta þing hefur auðvitað með ýmsum hætti verið erfitt og á stundum verið róstusamt, en mér finnst að forsetanum hafi farist það einkar vel úr hendi að stjórna þessu þingi við erfiðar kringumstæður. Ég vildi einungis beina þeim tilmælum til þingmanna að reyna ekki að gera forseta erfiðara fyrir. Hún hefur sinnt þessu starfi af mikilli djörfung og skörungsskap og mér finnst að þingheimur allur ætti að sameinast um það að virða embætti forseta og finnst raunar að þingmönnum hafi tekist það vel til þessa og mælist til þess að svo verði áfram.

Mér er kunnugt um það að forseti hefur aftur og aftur reynt að haga dagskrá þannig að sem best tillit sé tekið til einstakra óska frá þingflokksformönnum og mig langar bara t.d. að minna hv. varaformann þingflokks Alþb. á það að hér var í gær tekið á dagskrá mál hv. þm. Ragnars Arnalds um þorskeldi og gerð sérstök tilhliðrun, að mér fannst, vegna þess að þingmaðurinn hafði óskað sérstaklega eftir því þar sem hann var að fara út af þinginu. Forseti tók afar vel á því máli.

Þessu langaði mig bara til að koma á framfæri og jafnframt því að eins og forseti gat um áðan bað iðnrh. sérstaklega um að því yrði komið til skila að hann gæti ekki mætt hér kl. 1.30 sökum anna annars staðar. Ráðherrar verða alveg eins og þingmenn stundum að geta skotist frá til þess að sinna skyldum eins og hann, að flytja erindi á bjartsýnisráðstefnu Tæknifræðingafélagsins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég nenni satt að segja ekki að taka við siðaboðum frá hv. 17. þm. Reykv. Þannig háttar til, ég hygg að forseti geti borið um það, að ég hef tekið þátt í því eins og ég get að greiða hér fyrir þingstörfum, m.a. á fundum formanna þingflokkanna sem ég hef sótt, og ég hygg að menn hafi ekkert upp á það að klaga, í meginatriðum alla vega. Hins vegar gat ég ómögulega neitað því að ég taldi að ummæli forseta áðan væru óeðlileg og lét það koma fram og ég bendi einnig á að hæstv. aðalforseti þingsins er auðvitað ekki eini forsetinn sem situr hér í þessum stól. Hér urðu snörp átök um gæslu þingskapa seinni partinn í gær, samkvæmt útskrift af umræðum sem ég hef fengið í hendur, um frv. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Snarpar deilur urðu milli forseta annars vegar og þingmanna hins vegar þannig að auðvitað hefur það iðulega gerst við þessa einlitu skipan forsætisnefndarinnar að forseti tekur afstöðu með stjórninni. Það er sá alvarlegi hlutur sem við stöndum frammi fyrir um leið og ég kann að sjálfsögðu vel að meta það að hæstv. aðalforseti þingsins leggur sig fram um að reyna að ná lendingu í málum og það gerum við í raun og veru flest. Það er bara eitt vandamál núna í þinginu sem er verulega umhugsunarvert og alvarlegt og það er vandamálið Davíð Oddsson, hæstv. núv. forsrh. Að öðru leyti eru vandamálin ekki mjög mörg

að reka þingið á grundvelli hinna nýju þingskapa, virðulegi forseti.

Eftirlaun til aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 172. mál (kostnaðarskipting o.fl.). — Þskj. 187.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í framhaldi af kjarasamningum árið 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélagnna í ársbyrjun 1970 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra félaga í verkalýðsfélögum. Tilgangurinn með þessum lögum var að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gat gefið tilefni til þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ hlutum og ríkissjóði að ¼ hluta en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Var gert ráð fyrir að lögin féllu úr gildi í árslok 1984. Réttindi samkvæmt lögunum voru takmörkuð við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga í júní 1977 gaf ríkisstjórnin m.a. fyrirheit um að samtals skyldu tillögur sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum veittu félagsmönnum þeirra fram til þess að nýskipan lífeyriskerfisins tæki gildi. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirbúið frv. til laga um eftirlaun til aldraðra sem síðar varð að lögum nr. 97/1979.

Við setningu laganna 1979 var gert ráð fyrir að eftirlaunagreiðslur samkvæmt þeim féllu niður í árslok 1984. Þegar þar að kom þótti ekki koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar féllu niður án frekari ráðstafana af hálfu stjórnvalda. Ákvæðin voru því framlengd til 1. jan. 1990. Þegar að því dró var enn hið sama uppi á tengingnum. Í tengslum við lausn kjarasamninga í apríl 1989 gaf ríkisstjórnin því fyrirheit um að lögin um eftirlaun til aldraðra yrðu enn framlengd. Var umsjónarnefnd eftirlauna falið að kanna málið.

Umsjónarnefndin taldi þrjá kosti koma til greina um framlengingu laganna:

1. Að framlengja enn um sinn gildandi lög í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en því hvað snertir iðgjaldshlutfall lífeyrissjóðanna til þessa lífeyriskerfis.

2. Að framlengja greiðslur með yfirtöku hins opinbera á þeim.

3. Að framlengja greiðslur samkvæmt lögunum en breyta kostnaðarskiptingu milli lífeyrissjóða annars vegar og hins opinbera hins vegar.

Umsjónarnefndin taldi síðasta kostinn álitlegastan. Niðurstaða þáv. ríkisstjórnar var sú að framlengja bæri lögin næstu tvö árin, þ.e. árið 1990 og 1991, með þeim hætti að lögin héldust í meginatriðum óbreytt en iðgjaldshlutfall lífeyrissjóðanna lækkaði. Lagabreyting í þessa veru var samþykkt í árslok 1989.

Í greinargerð með frv. frá 1989 var því lýst yfir að lögin um eftirlaun til aldraðra yrðu tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna lífeyrissjóða og með hliðsjón af fyrrnefndum tillögum umsjónarnefndarinnar. Heilbr.- og trmrn. fól síðan umsjónarnefnd eftirlauna að undirbúa frv. í samræmi við tillögur nefndarinnar frá árinu 1989 og þá stefnu sem mörkuð var í breytingafrv. frá því ári.

Frv. það sem hér er lagt fram er því samið af umsjónarnefndinni. Með frv fylgir ítarleg greinargerð frá nefndinni um eftirlaunagreislur samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra ásamt upplýsingum um kostnað og kostnaðarskiptingu. Ég leyfi mér að vísa til þeirra upplýsinga sem þar koma fram sem eru hinar fróðlegustu.

Frv. þetta byggist eins og fyrr er sagt á því að greiðslum eftirlauna verði fram haldið með breyttri skipan á kostnaði milli lífeyrissjóðanna og hins opinbera. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember 1989. Í frv. þessu er lagt til að eftirlaunagreiðslum samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra verði áfram haldið með þeim hætti að eftirlaunin verði greidd samkvæmt reglugerðum lífeyrissjóða en hið opinbera greiði það sem vantar á full réttindi samkvæmt gildandi lögum. Nánar tiltekið er hér um það að ræða að samkomulagssjóðirnir greiði eigin sjóðfélögum verðtryggðan lífeyri í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma hvers sjóðfélaga til viðkomandi sjóðs. Hið opinbera greiði hins vegar þann hluta eftirlaunanna sem tryggja átti eftirlaunaþegum enda þótt þeir hefðu ekki greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs. Í framkvæmd yrði þessu þannig hagað að lífeyrir eftirlaunaþega skv. I. kafla laganna yrði úrskurðaður að nýju frá og með 1. jan. 1990 á grundvelli reglugerðar lífeyrissjóða þeirra. Þessi lífeyrir yrði verðtryggður af lífeyrissjóðunum á grundvelli reglugerða þeirra eða bráðabirgðaákvæða í þeim. Umsjónarnefnd eftirlauna mundi jafnframt úrskurða viðbótarlífeyri til þessa fólks þannig að það bæri hið sama úr býtum og núgildandi lög kveða á um. Þessi viðbótarlífeyrir héldist síðan óbreyttur í hlutfalli við grundvallarlaun.

Með þessu ynnist ýmislegt. Í fyrsta lagi væri komið á rökréttari kostnaðarskiptingu en nú er þar sem hver sjóður verður ábyrgur fyrir greiðslu eftirlauna sem svarar til iðgjaldsgreiðslna hvers lífeyrisþega til viðkomandi sjóðs. Hið opinbera greiðir hins vegar það sem ætlunin hefur verið að færa þessu fólki af því að það var þegar svo við aldur við stofnun lífeyrissjóðanna að því gafst ekki tækifæri til að ávinna sér umtalsverð réttindi með iðgjaldagreiðslum til sjóðanna.

Í annan stað fengist með þessu sá ávinningur að lífeyrissjóðir geta gert betur við þessa skjólstæðinga sína en þeir gera nú án þess að greiðslur hins opinbera skerðist. Þessi skerðing hefur sætt gagnrýni af hálfu lífeyrissjóðanna.

Í þriðja lagi verður þetta kerfi einfaldara í sniðum og rekstri en núverandi tilhögun. Eins og nú er háttað þarf á hverju ári að áætla iðgjaldstekjur lífeyrissjóð-

anna, framlög þeirra til hins sameiginlega sjóðs og greiðslur til þeirra úr honum. Þessa áætlun þarf svo að endurskoða í ljósi launabreytinga. Þegar ársreikningar lífeyrissjóðanna liggja fyrir þarf loks að innheimta þá og ákvarða endanleg framlög þeirra og greiðslur. Kostnaðarskipting er því ekki ljós fyrr en u.þ.b. hálfu ári eftir lok þess árs sem framlög og greiðslur tóku til. Væri kostnaðarskiptingunni breytt eins og hér er lagt til þá verður sú breyting endanleg. Verkefni umsjónarnefndarinnar yrði þá að úrskurða viðbótarlífeyri að nýju og í eitt skipti fyrir öll í upphafi, úrskurða lífeyri nýrra eftirlaunaþega sem yrðu nær eingöngu makalífeyrisþegar og breyta grundvallarlaunum þeim sem eftirlaunin miðast við. Loks væri með þessum breytingum staðið við það fyrirheit að hætt yrði að krefja lífeyrissjóði um sérstakt framlag til að standa undir eftirlaunum annarra en eigin sjóðsfélaga.

Verði frv. þetta að lögum er fátt því til fyrirstöðu að eftirlaun samkvæmt þeim verði greidd allt þar til síðasti eftirlaunaþeginn, sem rétt á samkvæmt þeim, er allur. Í stað þess að hafa lögin ótímabundin þykir engu að síður skynsamlegra að þau komi til endurskoðunar að nokkrum árum liðnum, m.a. í ljósi þeirra viðhorfa í lífeyrismálum sem þá munu gilda. Hér er því lagt til að eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögunum falli úr gildi eftir fimm ár.

Kostnaðaráætlunin sem frv. fylgir sýnir að framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs verða nokkuð lægri samkvæmt breyttum reglum. Í heild er gert ráð fyrir að kostnaður af eftirlaunum samkvæmt frv. nemi 738 millj. kr. á ári 1992. Þar af greiði Atvinnuleysistryggingasjóður 355 millj. kr., ríkissjóður 130 millj. kr., Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 28 millj. kr. og lífeyrissjóðirnir 225 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og nánari umfjöllunar heilbr.- og trn. og ég á ekki von á öðru en það geti orðið sæmileg samstaða um þetta frv. Mér skilst að það sé almennur stuðningur við það meðal lífeyrissjóða og vænti þess að einnig verði almennur stuðningur við þetta frv. hér á hinu háa Alþingi þannig að unnt sé að halda þannig á málum að frv. geti orðið að lögum með gildistíma frá og með 1. jan. nk.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að leggja þetta fram sem sjálfstætt frv. en ekki sem hluta af frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum en það frv. liggur hér fyrir eins og kunnugt er og þar er gert ráð fyrir því að breyta einum 10–15 lagabálkum um óskyld efni, m.a. grunnskólalögum og lögum um almannatryggingar. Í sjálfu sér eru ekkert meiri rök fyrir ýmsum lagaákvæðum eða frumvarpsákvæðum þar heldur en væru fyrir þessu frv. Þar er gert ráð fyrir því, sem kallað er á venjulegu máli lagafúsk, í því frv. eins og það lítur út og ég tel ástæðu til þess að færa heilbrrn. sérstakar þakkir fyrir það að flytja þetta frv. hér um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum ekki sem hluta af frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem kallað er í daglegu tali bandormurinn.

Ég tók eftir því að hæstv. heilbrrh. fullyrti að um þetta mál væri samstaða í lífeyrissjóðunum og ég vil aðeins inna hann eftir því hvort haldinn hefur verið sérstakur samráðsfundur um þetta mál með forustumönnum Sambands almennra lífeyrissjóða og Alþýðusambands Íslands sérstaklega. Frv. gerir ráð fyrir því að greiðslur lífeyrissjóðanna, samkvæmt I. kafla laganna, hækki nokkuð, eða úr 181 millj. kr. í 225 millj. kr. eða um 44 millj. kr., en á móti er gert ráð fyrir því að greiðslur lífeyrissjóðanna samkvæmt II. kafla falli í raun niður. Það verður því nokkur breyting á aðferðum þeirra við að greiða fjármuni inn í þetta kerfi en mér sýnist að nettótalan hjá lífeyrissjóðunum sé í raun og veru óbreytt.

Í annan stað er hér gert ráð fyrir því að framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs inn í þetta kerfi breytist úr 366 millj. á þessu ári í 327 millj. skv. I. kafla laganna um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum. Hins vegar breytast þau úr 26 millj. í 28 millj. að því er varðar II. kafla laganna um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum. Þar er í raun og veru ekki um mjög mikla breytingu að ræða, má segja mjög óverulega breytingu. Hins vegar er nokkur breyting að því er varðar ríkissjóð. Hlutur hans lækkar um 13 millj. samkvæmt I. kafla laganna en hækkar aftur um talsvert hærri upphæð, eða um 23 millj., samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir um breytingu á II. kafla laganna, ef ég les þetta rétt, sem mér sýnist að þýði í grófum dráttum að hér sé um að ræða nokkra breytingu á greiðslubyrði ríkissjóðs frá því sem verið hefði að óbreyttu, líklega á bilinu 10, 15–25 millj. kr. þegar báðir kaflarnir eru lagðir saman. Enda segir það sig sjálft að um leið og létt er af öðrum aðilum þá hlýtur það að koma einhvers staðar niður.

Ég vil líka vekja athygli hæstv. heilbrrh. á því, sem kemur fram í grg. frv. að mig minnir, að 36% af iðgjaldatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi farið inn í þetta kerfi á árinu 1991. Ég man ekki betur en ég rækist á þessa tölu einhvers staðar, um ⅓ af iðgjaldatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er nokkuð mikið. Ég bendi á að í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir því að lækka mjög verulega framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs á sama tíma og það liggur fyrir samkvæmt opinberum spám að hér verði um að ræða mjög aukið atvinnuleysi á næsta ári frá því sem er á þessu ári. Þar eru menn að tala um jafnvel þriðjungs aukningu. Ég vil inna hæstv. heilbrrh. eftir því hvort hann óttist ekki að Atvinnuleysistryggingasjóður muni eiga erfitt með að standa undir þessum lögbundnu skyldum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. til viðbótar við stóraukið atvinnuleysi og takandi tillit til þess að gert er ráð fyrir því að minnka mjög verulega framlög til sjóðsins á árinu 1992.

Að öðru leyti get ég efnislega tekið undir það sem hæstv. heilbrrh. sagði um málið og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það fái hér vandaða en þó skjóta meðferð í þinginu, þannig að frv. nái að afgreiðast hið fyrsta. Mig minnir að málið liggi þannig að það þurfi að afgreiða fyrir áramót ef kerfið á að geta haldið

áfram og það er auðvitað sjálfsagt að mínu mati að hv. heilbr.- og trn. reyni að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að greiða fyrir málinu.

Hún er nokkuð athyglisverð, virðulegi forseti, sú umsögn sem fylgir þessu frv. frá fjmrn. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að láta prenta hana með frv. en í umsögn fjmrn., fjárlagskrifstofu, segir svo, með leyfi forseta:

„Greinargerð frumvarps fylgir nákvæm kostnaðargreining af hálfu höfunda sem fjmrn. sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við. Bent skal á að í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er ætlað að verja 137 millj. kr. til Eftirlaunasjóðs aldraðra sem er 7 millj. kr. hærra en grg. þessa frv. gerir ráð fyrir að muni þurfa á því ári. Fjárhagsáætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs gerir ráð fyrir 400 millj. kr. greiðslu frá Atvinnuleysistryggingasjóði til Eftirlaunasjóðs aldraðra, en grg. frv. þessa metur þessa fjárþörf á 355 millj. kr., þ.e. 45 millj. kr. lægri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir."

Það sem mér þykir í raun og veru athyglisvert við þetta er að það munar hér, annars vegar á fjárhagsáætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs og hins vegar fjmrn. litlum 50 millj. kr. og það er nú þó nokkuð stór tala þegar menn eru að velta fyrir sér upphæðum sem eru á bilinu 350–400 millj. kr. Ég vil því vekja athygli á þessu og auðvitað hljótum við að skoða af hverju þetta mismunandi mat stafar þegar málið kemur til nefndar, virðulegi forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Umrætt frv. er samið í samráði við samkomulagssjóðina svonefndu og mér er ekki kunnugt um annað en að forsvarsmenn þeirra styðji frv. eins og frá því er gengið. Ég hef ekki haldið sérstakan fund með þeim en ég hef rætt þetta mál við forseta Alþýðusambands Íslands og hann hefur óskað eftir því að frv. verði flutt í þeirri mynd sem það kom frá nefndinni sem frv. samdi og það hefur nú verið gert

Í öðru lagi um fjárhagsstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Auðvitað hef ég áhyggjur af því ef atvinnuleysi á næsta ári verður meira heldur en var á þessu ári, eins og má segja að ástæða sé til að óttast, en það eru auðvitað lögin sjálf um atvinnuleysistryggingar og greiðslur þeirra sem taka af öll tvímæli í þeim efnum. Áætlanir fjárlaga um slík lögbundin framlög eru aldrei annað en áætlanir. Menn þurfa að breyta lögum til þess að breyta innihaldi þeirrar ábyrgðar sem veitt er lögum samkvæmt. En það er alveg ljóst að verði þörf á því að greitt verði meira fé á næsta ári vegna atvinnuleysisbóta í óbreyttu kerfi heldur en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir þá verður það að sjálfsögðu gert.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að nokkur munur er á áætlun vegna útgjalda þessa frv., annars vegar eins og frá henni er gengið í fjárlögum og hins vegar eins og nefndin sem frv. gerði áætlaði útgjöldin. Ég hef ekki farið þess á leit að áætlunin eins og hún kemur frá nefndinni verði samræmd útgjaldaáætluninni eins og hún var í frv. Ástæðan er mjög einföld. Hún er sú að ég fékk athugasemd frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. fyrir skemmstu. Ég tók þá ákvörðun að láta hana ganga óbreytta eins og hún kom fram til Alþingis sem fylgiskjal með frv. þannig að nefndin sem við málinu tekur geti sjálf metið og komist að sameiginlegri niðurstöðu um kostnaðarmat á því. Sú niðurstaða verður að sjálfsögðu skoðuð í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. og ég vænti þess og vona það og tel fulla ástæðu til þess að hún ætti að liggja fyrir áður en frá endanlegri fjárlagaafgreiðslu verður gengið.

Ég vil svo þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir hans við meginefni frv.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að vekja hér athygli á yfirlýsingu sem fram kom hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. Þannig háttar til að ríkisstjórnin sem nú situr er núna að flytja fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir mjög róttækum breytingum á reglum sem gilda um rétt launafólks til launa við gjaldþrot fyrirtækja. Þar er um að ræða stórfelldan niðurskurð og í raun afnám þess réttarkerfis sem þar hefur verið í gangi. Í sama fjárlagafrv. er svo gert ráð fyrir því að draga verulega úr greiðslum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar er gert ráð fyrir því að lækka framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári um 12% þó að gert sé ráð fyrir því í þjóðhagsspám að atvinnuleysi hér geti vaxið mjög verulega á næsta ári frá því sem er á þessu ári. Jafnframt kemur fram að það er við því að búast að það þurfi að endurskoða fjárhagslegar forsendur þessa frv. og þar geti skakkað 50–60 millj. kr. sem verði að bæta við í fjárlagafrv. og fjárlögunum áður en þau verða afgreidd. En þrátt fyrir þetta liggur fyrir sú mikilvæga yfirlýsing frá hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann muni ekki standa að því að skerða þær bætur sem lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð kveða á um. Hann muni beita sér fyrir því, hvað svo sem stendur í fjárlögunum að sjálfsögðu, að lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð haldist og að atvinnuleysisbætur verði ekki skornar niður á næsta ári þrátt fyrir það að fjárlagatalan kunni að verða miklu lægri en þörf verður fyrir þegar kemur inn á árið.

Ég tel mjög brýnt, virðulegi forseti, að slá striki undir þessa yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan vegna þess að hér er auðvitað um algjört úrslitaatriði að ræða þegar menn standa frammi fyrir því að hér gæti orðið aukið atvinnuleysi. Þá höfum við þá yfirlýsingu frá heilbrrh. að hann hyggist ekki beita sér fyrir því að skera niður atvinnuleysisbætur á næsta ári, hvað svo sem menn kunna að skrifa niður í fjárlögin, þegar upp er staðið í þeim efnum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi, um fyrsta atriðið er um að ræða nokkurn misskilning því eins og fram kemur í fskj. frá fjmrn. gerir nefndin sem samdi þetta frv. ráð fyrir minni greiðsluþörf. Fjárhagsáætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs gerir ráð fyrir 400 millj. kr. greiðslu frá Atvinnuleysistryggingasjóði til Eftirlaunasjóðs aldraðra en grg. þessa frv. metur þessa fjárþörf á 355 millj. kr. sem er 45 millj. kr. lægri upphæð en

fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þannig að ef mat þeirra sem sömdu frv. þetta er rétt þá ætti það að lækka greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þessara mála um 45 millj. frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Það er með öðrum orðum um að ræða lækkun en ekki hækkun eins og mér fannst hv. þm. misskilja þetta. Það er um að ræða lækkun á framlagi úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þessara mála frá frumvarpstölunni en ekki hækkun. Þannig vil ég leiðrétta þann misskilning sem mér fannst koma fram í máli fyrrv. ráðherra.

Hitt er svo auðvitað öllum þingmönnum fullljóst að greiðslum úr ríkissjóði vegna réttinda, sem bundin eru með sérstökum lögum, verður ekki breytt nema með því að breyta lögunum eða framkvæmd þeirra. Fyrir liggur yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar þannig að dregið verði úr greiðsluþörf ríkissjóðs þeirra vegna. En sú breyting getur ekki orðið nema Alþingi samþykki lög þar um. Í óbreyttu kerfi, eins og ég talaði um áðan, verður greiðslum því ekki breytt. Þá stendur auðvitað sá réttur sem lögin ákvarða fyrir hvern og einn og greiðslur úr ríkissjóði miðast að sjálfsögðu við það en ekki áætlunartölur í fjárlögum. Þetta eru ekki nein ný sannindi fyrir þingmenn. Menn vita ósköp vel að þetta er svona en í grg. fjárlagafrv. kemur glögglega fram að það er áform ríkisstjórnarinnar að breyta greiðsluþörf úr ríkissjóði, ekki með ákvörðunum í fjárlögum einum saman, heldur með breytingum á lögum og framkvæmd á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta var nú heldur dapurt. Í fyrsta lagi varðandi fyrra atriðið um reikningsforsendur framlaga í Atvinnuleysistryggingasjóð, þá var það nú einfaldlega það sem ég lagði áherslu á að þær væru bersýnilega mismunandi og menn þyrftu að skoða þær rækilega í nefndinni. Það hleypur á 50 millj. sem í þessu tilviki gæti verið hagstætt fyrir ríkissjóð en gæti líka farið á hinn veginn við nánari skoðun málsins. Það er greinilegt að skoða verður þær forsendur. Hitt er mikið verra að hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti því yfir hér núna að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að skera niður atvinnuleysisbætur ef atvinnuleysi verður meira á næsta ári heldur en horfur eru á þegar fjárlagafrv. er samið. Það er sem sagt verið að lýsa því yfir að það eigi að skera niður atvinnuleysisbætur á næsta ári. Það á að breyta atvinnuleysisbótum á næsta ári og það var hægt að kreista það út úr hæstv. ráðherra í þriðju ræðu sem hann flytur í þessu mikilvæga máli en það er ómögulegt að skilja hann öðruvísi en að það standi til að taka niður atvinnuleysisbætur.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég sé mjög eftir því að ég hélt langa hólræðu um virðulegan ráðherra hér áðan. Greinilegt er að það var ekkert tilefni til hennar vegna þess að ráðherrann ætlar að sjálfsögðu að haga sér í þessum atvinnuleysistryggingamálum eins og hann hefur hagað sér í öðrum réttinda- og tryggingamálum launafólks í seinni tíð. Þetta krefst þess að hér verði fljótlega talsverðar umræður um Atvinnuleysistryggingasjóð og þá undir öðrum formerkjum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega ekki hægt að ætlast til þess af mönnum sem nota þingtíma sinn fyrst og fremst til að tala um þingsköp og utan dagskrár að þeir hafi mikinn tíma aflögu til þess að kynna sér áform sem fram eru sett í greinargerð með fjárlagafrv. sem lagt var fram sem fyrsta þingmál á þessu þingi. Hv. þm. hefði getað gengið úr skugga um það mjög einfaldlega með því að skoða greinargerð fjárlagafrv. hvaða stefna þar er mörkuð. Það hefur ekki verið neitt launungarmál að með því að skerða greiðslur úr ríkissjóði til Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa menn í huga að breyta lögum um sjóðinn, það er ekkert launungarmál. En hv. þm. sem nota sinn vinnutíma hér á Alþingi fyrst og fremst til þess að ræða um þingsköp og utan dagskrár, það er náttúrlega ekki eðlilegt að gera þá kröfu til þeirra að þeir kynni sér til hlítar öll þau gögn sem fram kunna að vera lögð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar eftir að bera af sér sakir og verður honum leyft það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er orðið nokkuð snúið satt að segja að taka þátt í málefnalegum umræðum hér þegar ráðherrar nota aðstöðu sína, þegar maður er búinn að tala sig dauðan, til þess að hvolfa yfir mann skömmum fyrir það að maður nenni ekki að vinna sín þingstörf. Ég hefði satt að segja haldið að undirritaður ætti kannski ýmislegt annað skilið en það að hann læsi ekki sína pappíra. Staðreyndin er sú að það er nefnt í fjárlagafrv. að skorið verði niður fé til Atvinnuleysistryggingasjóðs og áformað er að endurskoða bótareglur sjóðsins á næsta ári. Það er það sem stendur þar og ekkert annað.

Hæstv. heilbrrh. sagði áðan orð sem bersýnilega gáfu það í skyn að hér væri mættur maður í ráðherrastól sem ætlaði sér að verja rétt atvinnulausra Íslendinga á næsta ári ef til þess kæmi. Þess vegna hagaði ég orðum mínum með þeim hætti sem ég gerði, sem var bersýnilega misskilningur af því að ráðherrann átti það ekki skilið að honum yrði hælt enda hefði það náttúrlega orðið með ólíkindum og hefðu orðið feiknstafir ef það hefði verið ástæða til að hæla þessum ráðherra fyrir embættisverk hans og mætti hann lesa ýmislegt betur en hann hefur gert, m.a. grundvallaratriði jafnaðarstefnunnar sem aðrir aðilar hafa tekið að sér að sinna betur í seinni tíð en hann.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa endurskoðað afstöðu sína með drengilegum hætti að fresta ekki umræðunni. Í gær fór hér fram málefnaleg umræða um málefni sjávarútvegs og var þinginu til sóma, skynsamleg og gagnleg. Síðan gerðist það und-

ir lok þeirrar umræðu að fyrst kom formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og síðan hæstv. iðnrh. og jós þannig úr skálum reiði sinnar og fór með svívirðingar í garð einstakra þingmanna að þingið leystist upp og hin góða málefnalega umræða var skemmd af forustu Alþfl. hér síðdegis í gær.

Það sama gerist aftur í dag. Hv. þm. Svavar Gestsson tekur jákvætt og málefnalega á því stjfrv. sem verið er að mæla fyrir, fer jákvæðum orðum um hæstv. heilbrrh. í þessum efnum og heitir velvilja gagnvart þessu frv. og umræðan er stutt og eins og hæstv. forseti greinilega taldi væri henni senn lokið.

En hvað gerist þá? Þegar hv. þm. Svavar Gestsson hnýtur eðlilega um setningar í máli hæstv. ráðherra varðandi skerðingu atvinnuleysisbóta svarar hæstv. ráðherra því ekki málefnalega og efnislega heldur kýs að koma upp með ávirðingar, skæting og dónaskap í garð hv. þm. Svavars Gestssonar. Það var ekkert tilefni til þess hjá hæstv. ráðherra Sighvati Björgvinssyni að ausa sér yfir hv. þm. Svavar Gestsson og segja að það væri eðlilegt að hann fylgdist ekki með, læsi ekki fjárlagafrv. og ég veit ekki hvað og hvað, svaraði síðan engu (Gripið fram í.) því sem spurt var um. Ég velti því fyrir mér í gærkvöldi hver væri skýringin á þessari vanstillingu Alþfl. Hver er skýringin á því að alþýðuflokksforustan, formaður þingflokksins og iðnrh., spilla hér málefnalegri umræðu í gær? Og hver er ástæðan fyrir því að hæstv. heilbrrh. getur ekki einu sinni tekið þátt í umræðu þar sem honum er hælt án þess að spilla henni? Jú, skýringin er hér.

Í dag birtist viðtal við formann Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, undir forsíðuheitinu „Ástríður Jóns Baldvins, ólga í Alþýðuflokknum" og undir aðalheitinu: „Ólík andlit Jóns Baldvins." (**Forseti:** Forseta finnst nú hv. þm. aðeins fara út fyrir ramma þess máls sem er á dagskrá ef hann vildi aðeins halda sig við frv. sem er um eftirlaun til aldraðra.) Já, virðulegi forseti. Það kann nú svo að fara, eftir að fleiri hafa lesið þetta viðtal við formann Alþfl., hafi þeir enn meiri áhuga á eftirlaunum aldraðra. En það er hins vegar misskilningur hjá hæstv. forseta að þetta viðtal eigi ekki erindi í ræðustólinn á Alþingi sem skýringarþáttur á því sem segir á forsíðu: „Ólga í Alþýðuflokknum." Ég vil bara til fróðleiks lesa hvað hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., segir um hæstv. félmrh., varaformann Alþfl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef Jóhanna væri karlmaður, ..., væri búið að reka hana úr flokknum fyrir löngu, a.m.k. úr þingflokknum; fyrir frekju og yfirgang. Fyrir tillitsleysi gagnvart samstarfsaðilum og einsýni. En ef tillaga um slíkt hefði verið borin upp, hefði ég einn manna greitt atkvæði gegn henni."

Hæstv. utanrrh. lýsir því sem sagt yfir að hann sé eini maðurinn í þingflokki Alþfl. sem sé tilbúinn að greiða atkvæði með ráðherradómi hæstv. félmrh. Hins vegar segir hæstv. utanrrh. um núv. heilbrrh. að hann sé (**Forseti:** Vill ekki hv. þm. halda sig við frv. sem er hér á dagskrá?) — já, ég er að koma að því, virðulegi forseti, — að hann sé skjótur til ákvarðana og geiglaus.

Það er margt fleira í þessu viðtali. M.a. segir hæstv. utanrrh., virðulegi forseti, með leyfi forseta: „Mér hefur alltaf leiðst á þingi" — og vildi ég óska eftir að náð sé í hæstv. forsrh. „Mér hefur alltaf leiðst á þingi," segir hæstv. utanrrh. „Ég verð að segja það eins og er ..." (**Forseti:** Þessi grein í Mannlífi er bara ekki á dagskrá hér, hv. þm. Það er frv. um eftirlaun aldraðra.) Já, ég þakka hæstv. forseta fyrir þá ábendingu. En hæstv. forseti verður bara að þola það að opinber viðtöl við formann Alþfl., hæstv. utanrrh., séu tekin hér á dagskrá. Hæstv. forseti getur ekki bannað þingmönnum málfrelsi til þess að víkja að einstæðum yfirlýsingum hæstv. utanrrh. Og fyrst hæstv. utanrrh. kýs að gera tímaritið Mannlíf að vettvangi afdráttarlausustu yfirlýsinga sem hann hefur sett fram á sl. mánuðum, þá getur hæstv. forseti ekki meinað okkur hinum að vitna í þetta tímarit.

Sérstaklega vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því hvað hæstv. utanrrh. segir um Alþingi Íslendinga. Hæstv. utanrrh. segir í þessu viðtali um Alþingi Íslendinga: „Mér hefur alltaf leiðst á þingi. Ég verð að segja það eins og er, að mér finnst Alþingi Íslendinga gjalda þess hversu illa störf þess eru skipulögð." Þetta er nú dómur utanrrh. um forsetadæmið hér á Alþingi. „Þingsköp og hefðir á Alþingi eru meira í ætt við málfundaklúbb í gagnfræðaskóla en alvarlega þjóðarsamkundu." Er greinilegt að hæstv. forsrh. hefur farið í smiðju hjá hæstv. utanrrh. (**Forseti:** Forseti beinir þeim eindregnu óskum til hv. þm. að hann haldi sig við dagskrármálið. Þetta mál er ekki á dagskrá núna. Það er frv. um eftirlaun aldraðra.)

Já, virðulegi forseti. Ég skal taka tillit til þess að hæstv. forseti hefur greinilega ekki mikinn áhuga á því að ummæli hæstv. utanrrh. séu tekin til meðferðar. Ég vil hins vegar í mjög mikilli vinsemd við forseta vekja athygli á því að það er afar hættuleg braut fyrir forseta að gerast dómari í því hvað hv. þm. mega segja hér í ræðustólnum þegar þeir hafa ekki tekið lengri tíma en ég hef gert hér í umræðum um þetta frv. Ég hef talað í tæpar 10 mínútur, virðulegi forseti, tæpar 10 mínútur. Það getur enginn forseti sest í dómarasæti yfir því hvað sé eðlilegt að þingmenn segi, enginn. Það er sjálfsákvörðunarréttur þingmannsins hvað hann kýs að segja. En ég hef hins vegar ávallt lagt mikið upp úr því að eiga góða samvinnu við hæstv. forseta og fyrst hún telur óeðlilegt að þetta einstæða viðtal við hæstv. utanrrh., formann Alþfl., sé gert að umræðuefni undir dagskrárliðnum Eftirlaun til aldraðra vil ég spyrja virðulegan forseta undir hvaða dagskrárlið væri eðlilegt að fá að tala um viðtalið vegna þess að það er óhjákvæmilegt að við fáum að tala um þær einstæðu yfirlýsingar sem koma fram hjá hæstv. utanrrh. í þessu viðtali. Gæti ég fengið leiðbeiningar frá forsetaembættinu um það undir hvaða dagskrárlið það væri eðlilegt? (**Forseti:** Ef hv. þm. er að bíða eftir svari forseta, þá finnst forseta eðlilegt að 8. þm. Reykn. og forseti ræði það mál þegar hann hefur lokið sinni ræðu um frv. um eftirlaun til aldraðra og það sé tekið utan þingfundar vegna þess að þetta mál er ekki á dagskrá á þessum fundi.) Nei, það er alveg rétt hjá virðuleg-

um forseta, það er ekki á dagskrá. Ég var hins vegar að gera tilraun til þess að leita skýringa á því hvernig stæði á því að ráðherrar Alþfl. væru svo vanstilltir, sem raun ber vitni hér í þingsalnum í gær og í dag, að svara málefnalegum athugasemdum og spurningum þingmanna með hreinum skætingi. Og það var einmitt það sem hæstv. heilbrrh. gerði, að ráðast á hv. þm. Svavar Gestsson með dónaskap og skætingi, þegar þingmaðurinn hafði leyft sér að bera fram spurningu. En ég mun taka til velviljaðrar athugunar þá ábendingu hæstv. forseta að þingheimur fái tækifæri til að ræða ýmislegt í þessu einstæða viðtali við hæstv. utanrrh. sem greinilega virðist hafa tamið sér þá siðvenju forsrh. að láta hinar stóru yfirlýsingar falla utan þings.

En í þeirri umræðu sem hér fór fram, þá vísaði hæstv. heilbrrh. — er hann í salnum, virðulegi forseti? (**Forseti:** Hæstv. heilbrrh. hefur tjáð forseta að beðið sé eftir honum þar sem hann átti að vera byrjaður á fundi með starfsfólki Landakotsspítala og varð því að yfirgefa fundinn núna.)

Virðulegi forseti. Þrjár mínútur eru síðan forsetinn meinaði mér að leggja út af þeim orðum sem ég ætlaði mér að leggja út af og taldi að ég ætti að tala um það frv. sem væri á dagskrá. En nú segir hæstv. forseti að hún hafi heimilað ráðherranum sem mælti fyrir frv. að yfirgefa þingið. Og svo ætlast forsetinn til þess að ég haldi áfram ræðu minni þegar ráðherrann, sem mælti fyrir frv. fyrir um það bil hálftíma síðan, getur ekki setið hér í þingsalnum í tæpa klukkustund til þess að taka þátt í umræðum um málið. Hvers konar dónaskapur er þetta við þingið? Er það virkilega þannig að það eigi að fara að taka upp þær siðvenjur hér að ráðherrar leyfi sér að mæla fyrir málum og síðan fari þeir þegar umræðan stendur sem hæst og hæstv. forseti segir bara einfaldlega: Ég hef leyft ráðherranum að fara? Enginn þingmaður tekur þátt í umræðu um mál þegar ráðherrar yfirgefa salinn þegar annar þingmaður sem kveður sér hljóðs um málið hefur beðið um orðið. Aðeins einn þingmaður hefur talað í þessari umræðu, virðulegi forseti, fram að mér. Ef ráðherrann getur ekki skipulagt sinn tíma með þeim hætti að vera hér a.m.k. klukkustund til að hlýða á fleiri en einn þingmann er ástæðulaust að við séum að sýna ríkisstjórninni tillitssemi og samstarfsvilja eins og við höfum gert að undanförnu.

Þetta er þriðja málið í dag sem ekki er hægt að taka til eðlilegrar umfjöllunar vegna þess að ráðherrar eru fjarverandi eða geta ekki verið í þingsalnum. Þingið er búið að vera meira og minna í strandi síðan atkvæðagreiðslu lauk vegna fjarvista ráðherra. Og svo leyfir forsrh. sér utan þings að halda því fram að það sé sök stjórnarandstöðunnar að ekki sé hægt með eðlilegum hætti að starfa hér í þinginu. Það er hvert stjfrv. á fætur öðru sem er strand vegna þess að ráðherrar sinna ekki einföldustu skyldum sínum. Og hæstv. heilbrrh. skipuleggur tíma sinn með þeim hætti að hann ætlar ekki einu sinni heila klukkustund til þess að við getum rætt við hann um þetta frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera hlé á ræðu minni og vona að forsetinn leyfi mér það fyrst forsetinn hefur leyft heilbrrh., sem mælir fyrir frv., að yfirgefa þingsalinn. Síðan fái ég orðið aftur á nýjan leik til að halda áfram ræðu minni þegar heilbrrh. hefur tíma til þess að vera a.m.k. eina klukkustund í þingsalnum til þess að taka þátt í málefnalegum umræðum við þingmenn um sitt eigið frv. Ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta hvort hún leyfir mér að gera hlé á ræðu minni og fresta þar með umræðunni þangað til hæstv. heilbrrh. er kominn í þingsalnum.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Stjórn þingsins og gæsla þingskapa.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get ekki orða bundist eftir það sem gerðist hér á meðan á ræðu hv. 8. þm. Reykn. stóð þar sem við heyrðum það frá hæstv. forseta að hún taldi að ræðumaðurinn væri að fjalla um dagskrármálið á annan hátt heldur en hæstv. forseta var þóknanlegt. Ég hlýt að vekja athygli á því að það sem gerðist við þessa umræðu á meðan á ræðu hv. þm. stóð er fátítt hér í þingsölum ef ekki einsdæmi.

Ég minnist þess ekki að forseti Alþingis og forsetar deilda þingsins og sameinaðs þings með hinni eldri skipan, hafi blandað sér í ræðu þingmanns sem fengið hefur orðið með þeim hætti sem hæstv. forseti gerði hér áðan. Ég held að þetta kalli á það að hæstv. forseti geri þingheimi þegar grein fyrir því í krafti hvaða ákvæða þingskapa gripið er inn í umræðu með þessum hætti og við hverju við megum búast hér í þinginu ef hæstv. forseti ætlar að fara að taka efnislega afstöðu til þess sem þingmenn eru að flytja úr ræðustóli í tengslum við dagskrármál.

Ég heyrði ekki annað en hv. ræðumaður flytti hér mál sitt með þeim hætti að það tengdist því máli sem um var að ræða og það er mjög langt gengið ef forseti þingsins ætlar að fara að hlutast til um það hvernig menn haga máli sínu í einstökum tilvikum. Við þurfum þá greinilega á að halda annarri og skýrari leiðsögn heldur en fram hefur komið til þessa, að ég veit, í sambandi við málafylgju hér í þinginu. Þar við bætist tilefni þess að hv. þm. var að ræða málið við ráðherra sem ber það fram við þingið en hæstv. ráðherra er þá á bak og burt. Það ætla ég ekki að gera frekar að umræðuefni, enda hefur umræðunni verið frestað, en ég gat ekki orða bundist vegna þessarar íhlutunar hæstv. forseta í málflutning ræðumanns vegna þess að það kallar sannarlega á að forsetadæmið taki skýrar til orða heldur en fram hefur komið og menn beri það saman við það sem gerst hefur í þingsögunni fyrr og síðar í sambandi við málflutning hér á hv. Alþingi.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum ummælum hv. síðasta ræðumanns. Ég tel að

það hafi verið fullkomlega eðlilegt af forseta að benda hv. ræðumanni Ólafi Ragnari Grímssyni, sem hér var að tala um frv. um eftirlaun til aldraðra, á það hvert dagskrárefnið væri og að eitthvert viðtal í einhverju tímariti úti í bæ við hæstv. utanrrh., sem þar að auki hefur hér fjarvistarleyfi, komi því máli ekkert við. Ég tel að forseti hafi haft fullt leyfi til þess að gera þá ábendingu, fullt leyfi, en hann var auðvitað ekki að taka orðið af ræðumanni, það var fjarri því. Og ég verð að bæta því við, vegna þess að ég sé að hv. formaður Alþb. hefur kvatt sér hljóðs enn á ný um þingsköp, að ég tel að það sé komið nóg af skrípaleiknum hjá honum í dag.

Hann krefst þess að utanrrh., sem hefur fjarvistarleyfi, verði viðstaddur umræðu um mál sem er ekkert á hans verksviði, mál sem er um það hvað eigi að gera við Framkvæmdasjóð í dag en ekki hvernig Framkvæmdasjóður var fyrir fjórum árum þegar sá ráðherra var fjmrh. Þannig hefur þetta gengið í þessum umræðum í dag og mál er að þessu linni og að skrípaleiknum, sem Alþb. hefur haldið uppi um þingsköp í dag, linni og þingið geti tekið til við sín löggjafarstörf.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Forusta Sjálfstfl. ætlar greinilega ekki að gera forseta þingsins, Salome Þorkelsdóttur, starfið auðvelt. Ég sé að hæstv. forsrh. kinkar kolli og hlær. Það er kannski ákveðin merking í þeim höfuðhreyfingum.

Ég vil segja það við hv. þm. Geir Haarde, formann þingflokks Sjálfstfl., að það er afar ósmekklegt og óskynsamlegt af honum að koma hér upp í þessari umræðu áður en forsetinn hefur tjáð sig um það sem þingmenn hafa sagt og stilla forsetanum þannig upp að annaðhvort verði forsetinn að úrskurða og tala gegn formanni þingflokks Sjálfstfl. eða þá að bregðast skyldum sínum sem forseti með því annaðhvort að tala ekki eða tala með formanni þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Geir Haarde. Þetta er satt að segja afar óskynsamleg afstaða, sérstaklega í ljósi þess sem gerst hefur áður hér á þessu þingi að forusta Sjálfstfl. skuli ávallt kjósa það að koma upp í ræðustólinn og gefa forseta þingsins línuna um það hvað sé rétt og hvað rangt. Ég tel að við höfum sýnt það og sannað, hv. þm. Geir Haarde, að bæði Alþb. og Framsfl. og stjórnarandstaðan í heild sinni er fyllilega reiðubúin til þess að láta mál ganga hér fram með eðlilegum hætti. En við getum hins vegar ekki orða bundist þegar það kemur í ljós hvað eftir annað hversu erfitt það er — vegna þess að hæstv. ráðherrar eru fjarverandi. Það er ekkert óeðlilegt við það í ljósi þeirra yfirlýsinga, sem hæstv. forsrh. hefur látið frá sér fara, m.a. í stefnuræðu sinni um málefni Framkvæmdasjóðs á undanförnum árum, að ég óski eftir því að hæstv. utanrrh., sem ásamt mér og þremur öðrum mönnum hefur borið ábyrgð á þessum sjóði á því tímabili sem hæstv. forsrh. er að gagnrýna, verði viðstaddur umræðuna. Það eru mörg fordæmi í þingsögunni fyrir því að ráðherrar sem gegnt hafa embættum séu beðnir um að vera viðstaddir umræðu um mál sem heyra undir þeirra embættistíð. Það er satt að segja furðulegt að þurfa að standa í ræðustólnum margoft í dag til þess að réttlæta svo eðlilega ósk. Það var ekki ætlun mín að tefja fyrir umræðum um þetta frv. en ég hlýt að nota rétt minn til þess að segja um það nokkur orð.

Sú ræða sem hv. þm. Geir Haarde flutti um það hvað hefði verið eðlilegt og hvað ekki í málflutningi mínum gefur auðvitað tilefni til þess að ég eigi sérstakar viðræður við forseta þingsins um það hvernig þessu verður haldið áfram. Því að málið er auðvitað orðið miklum mun alvarlegra þegar formaður þingflokks Sjálfstfl. kemur hér upp í ræðustól og fer að gefa yfirlýsingar um það hvað forsetinn megi og megi ekki leyfa í málflutningi einstakra þingmanna. Ég eyddi fáeinum mínútum, virðulegi þm., til að reyna að leita skýringa á því hvers vegna ráðherrar Alþfl., hæstv. iðnrh. og hæstv. heilbrrh., hafa verið svo vanstilltir síðasta sólarhring hér í þingsalnum að þeir hafa spillt umræðum hvað eftir annað. Eina skýringin sem ég gat fundið voru þeir dómar formanns Alþfl. um samráðherra sína og flokksmenn sem birtast í þessu viðtali í dag. Það má vel vera að sú skýring sé röng en það var eina skýringin sem ég gat fundið á þessari vanstillingu. En þegar búið er að teygja þá umræðu inn í það að forseti þingsins eigi að hafa heimild til þess að ákveða hvað þingmenn megi segja og megi ekki segja í stuttum ræðum sínum, á fyrstu mínútum sinnar ræðu um mál, er auðvitað verið að skapa fordæmi sem er stórhættulegt.

Það er alveg greinilegt að forusta þingflokks Sjálfstfl. ætlar með þvingunum að fara að innleiða þá skoðanakúgunarsiði að þeir ráði, hv. þm. Geir Haarde og aðrir í forustu þingflokks Sjálfstfl., hvað má segja og hvað má ekki segja hér í ræðustólnum. Ég vil þess vegna beina því til hv. þm. Geirs Haarde að hann dragi orð sín til baka til þess að það geti greitt hér fyrir framgangi mála í dag, ella getur verið full ástæða til þess að óska eftir hléi á þingfundum svo að við getum rætt þann einstæða yfirgang í forustu Sjálfstfl. sem er í uppsiglingu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er álitamál hvort ég eigi að tala um gæslu þingskapa eða bera af mér sakir vegna orða hv. þingflokksformanns Sjálfstfl. Ég vil geta þess sem honum á að vera fullkunnugt um að þegar hlé var á þingstörfum um nokkurra mínútna skeið fyrr í dag fór ég upp og óskaði svara hjá forseta um framgang frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu. Mér þykir nokkuð hart ef það fær þann dóm hjá þingflokksformanni Sjálfstfl. að vera skrípaleikur að spyrja eftir því. Ástæða væri til þess að þjóðin vissi að það er afstaða þingflokksformanns Sjálfstfl. að það sé skrípaleikur að hafa áhuga á framgangi frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu.

Ég vil svo líka bæta því við að mér þykir sem ýmsir stjórnarliðar séu nokkuð orðhvatir í sínum ræðum og ég bendi hv. þm. Geir H. Haarde á formann Sjálfstfl. sem kemur varla upp í ræðustól öðruvísi en vera með ávirðingar og ásakanir á hendur formanns Alþb. og

jafnvel ráðherra í fyrrv. ríkisstjórn. Ég bendi honum líka á það hvernig þingstörf gengu fyrir sig undir lok þingfundar í gær og hvernig þáv. þingforseti tók á málinu. Þvílíka fundarstjórn hef ég ekki séð hér fyrr í þingsölum og ég hef í raun ekki séð hana á öðrum vettvangi sem ég hef starfað á í stjórnmálum. Það var fundarstjórn með þvílíkum fádæmum að það var vítavert að mínu mati.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér var bent á það fyrir allmörgum árum að þegar maður ræddi um þingsköp þá bæri að snúa máli sínu til forseta og það vil ég gera. Þannig stendur á að hér var til umræðu frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands sem gerir ráð fyrir mikilli breytingu á yfirstjórn þess sjóðs. Ég vil taka undir þá ósk, sem fram hefur komið, að hæstv. utanrrh. verði við þegar það mál kemur á dagskrá næst vegna þess að á sínum tíma gerðu Íslendingar milliríkjasamning, að ég hygg þegar þeir tóku á móti Marshall-aðstoð, og þá var það áskilið að hér á landi yrði stofnaður mótvirðissjóður. Og ég hygg að ég viti það rétt að það var áskilið í samningnum að yfir þeim fjármunum yrði sjálfstæð stjórn sem heyrði ekki undir fjmrn. heldur væri ætlast til þess að atvinnuvegir mundu fremur njóta þeirra fjármuna í framtíðinni. Þessir fjármunir hafa verið í Framkvæmdasjóði.

Ég mun óska eftir því þegar þetta mál verður tekið fyrir að hæstv. utanrrh. geri grein fyrir því hvaða skuldbindingar það voru sem Íslendingar gengust undir varðandi mótvirðissjóðinn á sínum tíma og kem þessu hér með á framfæri þannig að hugsanlegt væri að utanrrh. bærist þetta, umræðan þyrfti ekki að tefjast af þeirri ástæðu að honum væri ekki kunnugt um þessa ósk. Ég tel að af þessari ástæðu einni saman sé nauðsyn að hæstv. utanrrh. verði við þegar framhaldið verður þeim dagskrárlið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun koma þessari ósk hv. 2. þm. Vestf. til skila. Málið, sem var frestað hér fyrr á þessum fundi, verður ekki tekið aftur til umræðu á fundinum í dag.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði vænst þess að forsetinn mundi svara hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni vegna þess sem hann setti fram hér áðan. Ég tel það mjög miður að forsetinn hefur ekki gert það og hefur kosið að láta ræðu formanns þingflokks Sjálstfl. vera það svar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fékk við sinni ræðu. Það rennir því miður stoðum undir þann möguleika að hér eigi að taka upp þann sið í þingsalnum að þegar einstakir þingmenn beina orðum sínum til forseta um athugasemdir varðandi þingsköp rísi upp formaður þingflokks Sjálfstfl. og ráðist á þingmenn og svari því hvað sé rétt og hvað sé rangt, hvað sé eðlilegt og hvað sé óeðlilegt eins og dómari, það gerði hv. þm. Geir Haarde áðan, og síðan segi forsetinn ekki orð og ljúki umræðunni með þeim hætti að eftir stendur að hv. þm., formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur svarað fyrir forsetaembættið. Þetta er satt að segja óvenjuleg staða, virðulegi forseti. Ég hef kosið að eiga við forsetann mjög góða samvinnu og virði hana mjög og skil satt að segja ekki hvað er að gerast hér í dag, á mjög erfitt með að skilja það, hvort það sé virkilega verið að skapa hér fordæmi eða hvort þetta er klaufaskapur. Og mér væri næst að óska eftir því við virðulegan forseta að gert yrði örstutt hlé svo að við hefðum tækifæri til þess að ræða það utan funda hvað hér er eiginlega á seyði. Er verið vitandi vits að taka upp þessi nýju vinnubrögð að formaður þingflokks Sjálfstfl. sé til svara og felli dóma um það hvað þingmenn megi og megi ekki og forsetaembættið sé búið að draga sig í hlé? Ég vil þess vegna óska eftir því, virðulegi forseti, að forsetinn tjái sig um þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, annaðhvort strax eða þá að gert verði stutt fundarhlé til að forsetinn geti undirbúið svar sitt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er tilbúinn að svara þessum athugasemdum og gagnrýni sem hafa komið um gæslu þingskapa og vill segja þetta: Það er grundvallarregla í þingsköpum allra þjóðþinga að þingmenn haldi sig við umræðuefnið. Forseta ber að vekja athygli þingmanna á því ef út af ber. Þessi grundvallarregla kemur greinilega fram í 89. gr. þingskapa Alþingis. Forseti telur að þetta sé afar vandmeðfarið og viðkvæmt vald og hefur aldrei látið sér koma til hugar að nota þau orð sem eru innan tilvitnunarmerkja í 89. gr. en hefur hins vegar í mestu vinsemd, eins og hún gerði undir ræðu hv. 8. þm. Reykn. fyrr á fundinum, bent á að þingmaðurinn héldi sig ekki við það mál, það frv., sem væri á dagskrá, og bað hann ítrekað um að halda sig við umræðuefnið. Forseti taldi sig með því hafa verið að fara algerlega að þingsköpum. Og nú væntir forseti að þessari þingskapaumræðu sé lokið með þessu svari og nú sé hægt að taka upp þau mál sem eru á dagskránni og ræða þau.

Forseti ber umhyggju fyrir veg og virðingu Alþingis og vill gæta hagsmuna allra hv. þm. Þess vegna vill forseti eiga gott samstarf við þingmenn og óskar þess að þingmenn virði það ef forseti reynir að fara eftir þingsköpum. En forseti tekur því jafnframt vel ef henni er bent á að hún fari rangt að og er tilbúin að leiðrétta ef svo er.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel það til bóta að hæstv. forseti hefur talað í málinu og reitt fram skýringar af sinni hálfu hvernig hún skýrir þá íhlutun í mál hv. 8. þm. Reykn. áðan og ég vil aðeins segja það vegna orða hæstv. forseta að það vald sem forseti hefur samkvæmt þingsköpum er afar vandmeðfarið. Ég verð að segja það hreinskilnislega að ég tel að sú umræða, sem hér fór fram í dag og hv. 8. þm. Reykn. tók þátt í, hafi ekki skorið sig úr varðandi umræður sem fram hafa farið á þessu þingi án þess að til athugasemda hafi komið af hálfu hæstv. forseta og það er afar sjaldan sem forseti grípur inn með þeim hætti sem og gerðist

hér í dag af tilefni umræðu um dagskrármálið.

Ég held að það sé mikil þörf á því að samkvæmni sé gætt í stjórnun þingsins og að forsetar fari með vald sitt af fyllstu gætni og ég vænti þess að sú umræða sem fram hefur farið um þingsköp verði til þess að forsætisnefnd þingsins fari yfir það sameiginlega og geri þinginu grein fyrir því hvaða viðhorf eru þar ríkjandi í sambandi við umræðu um mál. Því það sem hér kom fram var aldeilis óvenjulegt miðað við hefðir hér á Alþingi. Ég treysti því að hæstv. forseti fari yfir þetta mál í forsætisnefnd, geri þinginu grein fyrir því og þá m.a. með samanburði við það sem fram hefur farið á þessu þingi almennt og á fyrri þingum vegna þess að ég tel að hér hafi verið gripið inn í með alveg sérstæðum hætti sem við höfum ekki átt að venjast hér í þinginu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég má til að koma með athugasemd varðandi 89. gr. þingskapa. Ég get alls ekki fallist á að ræða hv. 8. þm. Reykn. hafi verið með þeim hætti að hún hafi skorið sig úr í ræðum sem haldnar hafa verið hér á þeim þingum sem ég hef setið, þ.e. að sérstök ástæða hafi verið til að nota 89. gr. þingskapa og telja að þingmaðurinn hafi með öllu vikið frá umtalsefninu. Ég held að þá sé okkur nokkur vandi á höndum sem hér flytjum mál og þyrftum við þá að fá betri leiðbeiningar um það hvað gæti verið vítavert af okkar hálfu að fara út fyrir efnið. Þannig þurfi að athuga mjög vel hvað þingmenn mega gera og hvað þeir mega ekki gera hér í þessum ræðustól, því það er þá orðið mjög vandmeðfarið. Ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði áðan um að hér væri farið með einhverjum óvanalegum hætti út fyrir efnið. Þótt ég geti fallist á að það hafi ekki verið nákvæmlega um það frv. sem talað var um þá var þingmaðurinn ekki búinn að ræða málið og ekki orðið ljóst hvernig hann ætlaði að koma að frv. Mér var það a.m.k. ekki ljóst að þetta væri endilega mjög óvanalegt. Ég held þess vegna að þarna sé farið inn á mjög hála braut með því að gera athugasemdir við ræður hv. þm. með þeim hætti sem hér var gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tók það fram að hún hefði bent á í mestu vinsemd að þingmaðurinn væri að víkja langt frá umtalsefninu en leiddi algjörlega hjá sér að nota þau orð sem hv. 15. þm. Reykv. taldi hér upp að stæðu í 89. gr. og hún hefur aldrei notað þau á þingmenn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forsetanum fyrir það að hafa tjáð sig úr forsetastól. Ég tel það mjög mikilvægt því það hefði verið illt í efni ef fram hefði haldið eins og málin stóðu að hv. þm. Geir H. Haarde talaði fyrir forsetadæmið. En ég vil segja í mikilli vinsemd við forseta, að vitna til 89. gr. sem grundvöll þess að afskipti forseta fóru fram af því sem ég vitnaði hér á fáeinum mínútum orðrétt í hæstv. utanrrh. er auðvitað þannig að ég kýs nú helst að ræða það við forsetann utan fundar. Ég var ekki að segja neitt frá eigin brjósti, virðulegi forseti, ég var eingöngu að lesa fáeinar orðréttar tilvitnanir í hæstv. utanrrh., þar sem hæstv. utanrrh. annars vegar tjáði sig um ástandið í Alþfl. og hæstv. félmrh. og hins vegar um Alþingi. En 89. gr. þingskapa hljóðar á þessa leið:

„Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert“, og nefna þau ummæli sem hann vítir.“

Ég vil til dæmis vekja athygli forsetaembættisins á því að hér var forseti í gærkvöldi hv. þm. Björn Bjarnason. Hæstv. iðnrh. hafði þau ummæli um hv. þm. Steingrím J. Sigfússon „að hann hreykti sér hér eins og hani á haug“. (**Viðskrh.:** Það er rangt.) Það er ekki rangt, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Reigði sig.) Já, „reigði sig hér eins og hani á haug“, ég bið forláts, en þetta var rétt með „hani á haug“. Finnst virðulegum forseta eðlilegt að ráðherrar segi við þingmenn að þeir séu eins og hani á haug og það sé engin ástæða til þess að gera athugasemd við þau ummæli? En það var ekki gert af forsetaembættinu í gær, það var að vísu ekki sá ágæti forseti sem nú er í stólnum heldur hv. þm. Björn Bjarnason, varaformaður þingflokks Sjálfstfl. Og þó honum væri bent á að þetta væru afar óviðurkvæmileg ummæli hjá hæstv. iðnrh. þá sá forsetinn í gær enga ástæðu til þess að blanda sér í umræðurnar.

Það er því satt að segja orðið erfitt, virðulegi forseti, fyrir okkur, sem viljum eiga góða samvinnu við forsetann, að vita hvernig við eigum að starfa hér í þingsalnum, ef mér er bent á að ég megi ekki lesa upp orðréttar tilvitnanir í hæstv. utanrrh., en hæstv. viðskrh. má kalla þingmenn hana á haug alveg átölulaust.

Ég vil þess vegna beina því til forsetans að við fáum tækifæri til að ræða þetta utan fundar og með einhverjum hætti ná þannig samkomulagi að það sem hér hefur gerst í dag og það sem gerðist hér í gær verði ekki tilefni til ályktana um að hér sé búið að taka upp nýja siði í þinginu.

En ég vil þakka forsetanum fyrir að hafa þó rökstutt ummæli sín þó að ég mótmæli rökstuðningnum.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 156. mál (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti). — Þskj. 168.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, en frv. felur það í sér að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin eru sameinuð.

Samkvæmt stjórnarráðslögunum, 2. mgr. 4. gr., má ekki setja á stofn né leggja niður ráðuneyti nema með lögum. Hins vegar má flytja til verkefni milli ráðuneyta með breytingu á reglugerðinni um Stjórnarráð Ís-

lands og hefur það nokkrum sinnum verið gert. Þannig voru mál er varða útflutningsverslun flutt frá viðskrn. til utanrrn. í upphafi síðasta kjörtímabils. Við það minnkuðu umsvif viðskrn. og þrír starfsmenn fluttust í samræmi við það til utanrrn. Mál er varða veitingu einkaleyfa, skráningu vörumerkja og skyld verkefni hafa verið vaxandi þáttur í stjórnsýsluverkefnum iðnrn., en með nýjum lögum sem gildi tóku á þessu ári var sú skipulagsbreyting gerð að framkvæmd þessa málaflokks var flutt til sérstakrar undirstofnunar iðnrn., einkaleyfisstofu, og fluttu þá þeir starfsmenn sem þessu höfðu sinnt til hennar. Í báðum ráðuneytunum hefur því fækkað verkefnum og dregið úr starfsmannafjölda á síðustu árum.

Á síðasta kjörtímabili var samið frv. til nýrra stjórnarráðslaga og var um það fjallað í nokkrum útgáfum sem allar gerðu þó ráð fyrir sameiningu iðnaðar- og viðskrn. Var, að því ég hygg, almenn samstaða um þann þátt tillagnanna. Því þótti rétt, þegar fyrrv. ráðuneytisstjóri iðnrn. fékk lausn og fór á eftirlaun haustið 1990, að skipa ekki í stöðu hans með æviráðningu en skipaður ráðuneytisstjóri í viðskrn. var samhliða starfi sínu settur ráðuneytisstjóri í iðnrn. og hefur sú skipan haldist síðan. Samanlagður starfsmannafjöldi ráðuneytanna er nú 25 manns og húsnæði ráðuneytanna er samliggjandi. Unnið hefur verið að skipulagstillögum fyrir sameinað ráðuneyti og þykir það starf hafa staðfest að augljóst hagræði er af sameiningunni þar sem aðstaða, búnaður og starfsmenn nýtast betur við lausn þeirra verkefna sem bæði ráðuneytin fara með. Þannig verður yfirstjórn, fjármálastjórn, símaþjónusta, ritarastörf, skjalavarsla og fleiri verkefni sameinuð og sérfræðingar fá fjölbreyttari verkefni sem nú eru á verksviði beggja ráðuneytanna.

Þess skal að lokum getið að sú sameining ráðuneyta sem hér er lögð til er í samræmi við þróun í nágrannaríkjunum, bæði á Norðurlöndum og Bretlandi og víðar, en í þessum ríkjum hefur þegar átt sér stað sameining iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að frv. þetta verði að lögum á þessu ári þannig að sameinað ráðuneyti taki til starfa þegar í upphafi næsta árs. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á síðustu tveimur árum var lögð veruleg vinna í að reyna að ná breiðri samstöðu um að breyta skipulagi Stjórnarráðs Íslands. Innan síðustu ríkisstjórnar var starfað vel og lengi að þessum málum og í umræðum milli stjórnar og þáv. stjórnarandstöðu var sú spurning iðulega tekin á dagskrá hvort hægt væri að ná breiðri samstöðu um það að gera Stjórnarráð Íslands skilvirkara og að ýmsu leyti nútímalegra með fækkun ráðuneyta og samruna.

Án þess að ég ætli að rifja þá sögu upp er hins vegar nauðsynlegt að hæstv. forsrh. viti það að Sjálfstfl., sem þá var í stjórnarandstöðu, var mjög þver í öllu því starfi, stundaði hvað eftir annað alls konar málþóf og var með hótanir um að koma í veg fyrir afgreiðslu mála, fór hér upp um þingsköp og hagaði sér á þann hátt sem núv. hæstv. forsrh. hefur kennt við ákveðið stig skólakerfisins og hefur núna fengið mótmæli frá einum ágætum skóla í borginni fyrir þá samlíkingu. En það var alveg greinilegt að Sjálfstfl., þegar hann var hér í stjórnarandstöðu, hafði engan áhuga því að taka þátt í faglegri og eðlilegri vinnu um að endurskipuleggja Stjórnarráð Íslands. Því miður. Það væri hægt að segja núv. hæstv. forsrh. langar sögur af því hvernig Sjálfstfl. hagaði sér í því máli hér í þinginu, í þingsölum, í þingnefndum og á samningafundum forseta þingsins og formanna þingflokkanna. Nú hefur það hins vegar gerst að hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., kemur inn í þingið með frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands sem á engan hátt er í samræmi við það viðamikla verkefni sem menn ætluðu sér að fara í og liggur þess vegna beint við að spyrja í upphafi: Hefur núv. hæstv. forsrh. gefist upp við það verkefni sem er brýnt og nauðsynlegt að endurskipuleggja Stjórnarráð Íslands, gera það hagkvæmara og skilvirkara? Ég tel það mjög vont ef hæstv. forsrh. hefur gefist upp við það verkefni en það mátti skilja á framsöguræðu hans og flutning þessa frv. sem óbeina viðurkenningu á því að svo sé.

Ég vil því í upphafi þessarar umræðu inna hæstv. forsrh. eftir því hvort þetta er réttur skilningur. Ef hann hins vegar ætlar sér að vinna að þessu verki þá vil ég spyrjast fyrir um hvar það sé á vegi statt og hvort hann ætlar sér að láta það vera bara verkefni Alþfl. og Sjálfstfl. hvernig Stjórnarráðið verður endurskipulagt eða hvort hann ætlar sér að leita eftir samstöðu fleiri flokka um það. Ég tel æskilegt að það náist breið samstaða flokka um það hvernig Stjórnarráðið sé skipulagt, hvaða ráðuneyti séu og hvaða verkefni heyri undir þau. Það er mjög óheppilegt að það sé verið að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands til að þjónusta metnað einstakra ráðherra og pólitíska hagsmuni þeirra.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði hér, hæstv. forsrh., vegna þess að virðulegur iðnrh. var að trufla hæstv. forsrh., að það er mjög hæpið að fara að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands til þess eingöngu að þjóna ákveðnum persónulegum metnaði einstakra ráðherra. Því miður er það þannig að það er margt sem bendir til þess að það frv. sem hæstv. forsrh. var að mæla fyrir sé eingöngu flutt til þess að þjóna metnaði og pólitískum óskum núv. hæstv. iðn.- og viðskrh. Jóns Sigurðssonar. Ég vil segja í mikilli vinsemd við virðulegan forsrh.: Lögin um Stjórnarráð Íslands eiga ekki að vera leikfang í slíkum efnum. Þar er farið inn á mjög hættulega braut. Þess vegna finnst mér að mörgu leyti mjög óeðlilegt að fara að taka þetta eina mál út úr endurskipulagningu Stjórnarráðsins og óska eftir því að það sé afgreitt fyrir jól. Ég sé satt að segja enga þörf á því að það mál sé afgreitt hér fyrir jól og ég tel að það séu sterk efnisleg rök fyrir því að rangt sé út frá faglegum og efnislegum sjónarmiðum að breyta lögunum um Stjórnarráð Íslands með þessum hætti.

Nú er það að vísu rétt að innan síðustu ríkisstjórnar voru menn að reyna að nálgast hver annan í þessum efnum og eins og gengur og gerist í ríkisstjórnum

blönduðust þar saman ákveðin fagleg sjónarmið og stjórnsýsluleg sjónarmið og hins vegar vilji og metnaður einstakra ráðherra, sérstaklega þeirra sem sátu í tilteknum ráðuneytum og vildu gæta valdahagsmuna sinna í þessu máli. Ég vil þó benda hæstv. forsrh. á að fjmrn., ekki bara ég sem fjmrh., heldur fjmrn. sem stofnun, sendi frá sér skriflegar athugasemdir og mótmæli við því að lögunum um Stjórnarráð Íslands væri breytt með þeim hætti sem hér er lagt til. Og það er alveg nauðsynlegt að um það sé fjallað við 1. umr. þessa máls og við fáum röksemdir og skýringar hæstv. forsrh. á því hvað honum finnst um þann málflutning vegna þess að ég reikna með því að hæstv. forsrh. hafi kynnt sér hann.

Hér er verið að leggja til að eitt af atvinnuvegaráðuneytunum, iðnrn., sé sameinað því ráðuneyti sem aðallega hefur sem verkefni málefni íslensku krónunnar, gengismál, gjaldeyrismál, Seðlabanka Íslands, bankamál og annað.

Ég vil hér taka eitt lítið dæmi. Fyndist mönnum eðlilegt að sjútvrn. færi jafnframt með gengismálin og málefni Seðlabanka Íslands? Ég hugsa að nær allir þingmenn mundu segja nei við því. Svo augljóst er það öllum að þar rekast á hagsmunir þannig að ógerlegt er að sameina í einu ráðuneyti málefni sjávarútvegs annars vegar og kröfur hans um gengisbreytingar, peningamál, vaxtamál og hins vegar ábyrgð innan Stjórnarráðsins á gjaldeyrismálum, Seðlabanka Íslands, bankamálum og öðrum almennum þáttum efnahagsmála. Hér er hins vegar verið að leggja það til að iðnrn., atvinnuvegaráðuneyti sem líka hefur mikilla hagsmuna að gæta í gengismálum, vaxtamálum og peningamálum, sé sameinað viðskrn. þannig að á einum stað, við eitt og hið sama borð, eigi menn að gæta hagsmuna iðnaðarins í gengismálum, peningamálum og vaxtamálum og öðrum almennum hagsmunamálum hans og hins vegar tryggja að almenn sjónarmið þessara þátta fái að ríkja.

Ég vil t.d. spyrja virðulegan forsrh.: Eru nokkur dæmi þess að seðlabanki og gengisskráning heyri í nágrannalöndum okkar undir atvinnuvegaráðuneyti? Ég hef ekki farið yfir það mjög nákvæmlega en það væri mjög fróðlegt að fá það upplýst og með hvaða hætti það er.

Í okkar stjórnkerfi held ég að flestir hljóti að sjá við nánari athugun að það er að bjóða heim margvíslegum vandamálum að ætla sér að koma á þeirri skipan að embættismenn og ráðherra eigi í senn að gæta hagsmuna eins af grundvallaratvinnuvegum landsmanna, iðnaðarins, sem er með sterkar kröfur í gengismálum eins og menn vita og svo hins vegar þeirra mála sem hafa heyrt undir viðskrn. Vissulega hefur það komið oft fyrir að sami ráðherrann hefur farið með þessi tvö ráðuneyti en þó hafa oft tveir ráðherrar farið með þessi ráðuneyti. En það er auðvitað verulegur munur á því hvort svo æxlast í þessari ríkisstjórn eða hinni, eða hvort embættiskerfið, hin faglega vinna og málefnaundirbúningur, sé á einum stað hvað þetta snertir.

Í greinargerð fjmrn. við endurskoðun laganna um Stjórnarráð Íslands var sett fram það sjónarmið að eðlilegast væri að Seðlabanki Íslands heyrði undir fjmrn. og einnig væri það eðlilegt að samskipti Íslands við alþjóðleg efnahagssamtök og fjármálastofnanir eins og t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, OECD og aðrar slíkar stofnanir, heyrðu frekar undir fjmrn. heldur en viðskrn. Enn frekar verður þetta hvort tveggja eðlilegt, að það heyri frekar undir fjmrn., ef steypa á því saman við eitt af atvinnuvegaráðuneytunum, þ.e. iðnrn. Hvað eftir annað kom það t.d. fram þegar ég var fjmrh. að þeir fulltrúar erlendra fjármálastofnana og alþjóðlegra efnahagssamtaka sem Ísland er aðili að, sem hingað komu í heimsóknir, fannst það undarlegt að fjmrn. væri ekki sá aðili á Íslandi sem annaðist samskipti við þessar alþjóðlegu efnahagsstofnanir eða við Seðlabanka Íslands. Og það kom þó nokkuð oft fyrir að það var nokkuð snúið fyrir fjmrn. að geta ekki verið sá formlegi aðili sem þetta ætti að annast.

Ég vil líka vekja athygli á því að viðskrn. er sá vettvangur Stjórnarráðsins sem ætlað er að hafa samskipti við viðskiptabanka, við Seðlabanka um framkvæmd vaxtastefnunar í landinu Við höfum heyrt það hvað eftir annað síðustu vikur og mánuði að fulltrúar atvinnulífsins, þar með talið iðnaðarins, gera mjög harðar kröfur um vaxtalækkanir og telja að tilvist fjölmargra iðnaðarfyrirtækja sé ógnað ef ekki verður knúin fram breyting á vaxtastefnunni í landinu. Það er ekki heppilegt að embættismenn sama ráðuneytisins verði settir í þá stöðu að eiga annars vegar að þjóna kröfum iðnaðarins eða glíma við þær, skulum við segja, kröfur iðnaðarins um gengisfellingu, breytta gengisskráningu, um breytta vaxtastefnu, um aðhald gagnvart viðskiptabönkunum og svo hins vegar móta viðhorf sín af hinni almennu stefnu í efnahagsmálum sem viðskrn. hefur gert til þessa.

Ég sé satt að segja ekki, virðulegi hæstv. forsrh., nein efnisrök fyrir því að vera að rjúka til á þremur vikum, eins og hæstv. ráðherra óskaði eftir, að fá málið afgreitt fyrir jól, eða tveimur — það fer kannski eftir því hvað við sitjum hér lengi, kannski eru það bara tvær vikur, það er rétt, tíminn líður fljótt, mikið eftir á stóru heimili — að við förum á tveimur vikum að samþykkja að festa þetta svona í sessi eins og hér er lagt til. Ég verð að segja fyrir mitt leyti t.d. að ég hef það alvarlegar athugasemdir við að gera þetta svona að ég tel að það þurfi miklu vandaðri umfjöllun.

Ég veit ósköp vel að núv. hæstv. iðnrh. og viðskrh. leggur á þetta ofurkapp. Þetta er persónulegt metnaðarmál fyrir hann. Ég er ekki að segja það í neinni neikvæðri merkingu því að það er ósköp eðlilegt að menn hafi persónulegan metnað. Ég get sagt það t.d. til gamans að hann vildi láta að byrja á því strax snemma á þessu ári að brjóta niður veggi milli ráðuneytanna vegna þess að þetta stæði til en skynsamir embættismenn í fjmrn. töldu að rétt væri að bíða eftir að lagaheimildin fengist. Þannig að það er ljóst að það hefur kannski lengi verið metnaður ráðherrans fyrir því að geta steypt þessu saman. En það eru sterk, fagleg og efnisleg rök fyrir því að vara við að svo sé gert.

Ég vil líka benda hæstv. forsrh. á það að sú hugmynd hefur komið fram að ef menn ekki vilja sam-

þykkja að Seðlabanki Íslands heyri undir fjmrn., sem þó eru mörg efnisrök fyrir, þá sé eðlilegra að hann heyri undir forsrn. heldur en undir sameinað iðnrn. og viðskrn. Það er hægt að færa fyrir því mörg og ítarleg rök að miðað við samskipti stjórnvalda við Seðlabanka Íslands og miðað við það að forsrh. er ráðherra efnahagsmála samkvæmt öðrum ákvæðum laganna um Stjórnarráð Íslands, þá sé miklu eðlilegra að láta Seðlabankann heyra undir forsrh. heldur en undir iðnrh. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að þar sem reglulegum fundartíma er lokið í dag og þingflokksfundir að hefjast, þá mælist hann til þess við hv. þm. að hann geri hlé á máli sínu þar til málið verður tekið á ný á dagskrá.) Já, virðulegi forseti, ég skal gera það. Ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál um þetta frv. en vekja athygli á þessum atriðum sem ég hef komið að, en það eru þó tvö til þrjú atriði sem ég vildi nefna til viðbótar og treysti mér ekki til þess að gera það á örfáum mínútum þannig að ég vil þiggja gott boð forsetans og gera hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

42. FUNDUR

fimmtudaginn 5. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 4. des. 1991:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Elín R. Líndal hreppstjóri, Lækjarmóti, Þorkelshólshreppi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.“

Kjörbréf Elínar R. Líndal hefur verið rannsakað og samþykkt.

Elín R. Líndal hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Verndun Stýrimannaskólans, ein umr.

Fsp. LMR, 105. mál. — Þskj. 108.

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Mig langar til að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh. um verndun Stýrimannaskólans við Öldugötu í Reykjavík:

„Hyggst menntmrh. beita sér fyrir að húsfriðunarnefnd hafi á forgangslista við sjóðsúthlutun á næsta ári viðgerð og verndun gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu?“

Ástæður þess að ég spyr eru eftirfarandi: Stýrimannaskólinn í Reykjavík er 100 ára á þessu ári. Árið 1898 var reist hús yfir skólann sem stendur á Landakotshæð. Húsið bar hátt yfir byggingar við Hlíðarhúsastíg, nú Vesturgötu, og höfnina og var lengi eitt af helstu einkennum Reykjavíkur. Stígur myndaðist upp að skólanum, Stýrimannastígurinn. Við hann og í nálægum götum, sem allar báru heiti tengd sjónum, voru síðan reist hús sem mörg hver hýstu sjómannafjölskyldur.

Þetta hverfi er nú friðlýst og er eitt vinsælasta skoðunarsvæði ferðamanna sem sýnishorn af byggingarlist aldamótaáranna.

Stýrimannaskólahúsið var nýtt sem slíkt þar til 1945 en eftir það var annað skólahald í húsinu, þ.e. Gagnfræðaskóli Vesturbæjar og Vesturbæjarskóli. Nú er þar engin starfsemi og húsið er allt í hinni mestu niðurníðslu. Varla má bíða lengur með endurgerð hússins ef það á að standa.

Byggingin hefur menningarsögulegt gildi. Hún er minnisvarði sjómannastéttarinnar í Reykjavík og reyndar stéttarinnar allrar. Minnisvarði undirstöðuatvinnulífs Reykjavíkur um langan aldur og á því skilið viðeigandi viðhald og virðingu. Mér þykir rétt að benda á þetta á aldarafmæli Stýrimannaskólans og hvetja til að viðgerð á þessu gamla skólahúsi verði hafin hið fyrsta og því gefið viðeigandi hlutverk.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við fsp. hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur er svohljóðandi:

Ég tek í upphafi fram að ég hef fyrir mitt leyti fullan hug á að stuðla að verndun gamla Stýrimannaskólahússins sem tengist merkum þætti í atvinnu- og skólasögu þjóðarinnar og hefur þannig menningarsögulegt gildi eins og hv. þm. nefndi.

Fyrir nokkrum árum var hætt að nota húsið til kennslu. Það hefur þó ekki staðið með öllu ónotað. Búið er í hluta hússins og er með þeim hætti séð fyrir nokkru eftirliti. Hins vegar hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um framtíðarnotkun hússins þótt ýmsar hugmyndir hafi verið um það efni. Nauðsynlegt er að finna húsinu hentugt og viðeigandi hlutverk og það mál er til athugunar í menntmrn. Ljóst er að húsið þarfnast umfangsmikilla viðgerða sem ætla má að kosti jafnvel einhverja tugi millj. kr. Í fjárlögum þessa árs er 1 millj. kr. ætluð til viðhalds húsinu og í fjárlagafrv. næsta ár, sem nú er til meðferðar á hv. Alþingi, er gert ráð fyrir 3 millj. kr. í sama skyni. Fjármununum er ætlað að duga til bráðaaðgerða, þ.e. til að forða húsinu frá frekari hrörnun. Forsendur eru tæpast til að ráðast í meiri háttar endurbyggingu fyrr en ljósara verður hvaða starfsemi verður ætlað rúm í húsinu.

Af því sem hér hefur verið rakið má sjá að nokkur

viðbúnaður er af hálfu menntmrn. til að tryggja verndun gamla Stýrimannaskólans. Ég tel hins vegar ekki eðlilegt að ráðuneytið hlutist til um forgangsröðun verkefna á vegum húsafriðunarnefndar. Rétt er að þar ráði sjálfstætt mat nefndarinnar á grundvelli þeirra lagareglna sem gilda um starfsemi hennar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir fsp. vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt að vekja athygli á því hvernig komið er fyrir þessari merku byggingu sem er Stýrimannaskólinn við Öldugötu. Varla verður annað sagt en að hann sé nánast að grotna niður þar sem hann stendur nú eftir að hlutverki hans lauk sem skólabyggingu.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að fyrirspurnin beinist að því hvort húsafriðunarnefnd hafi viðgerð á skólanum á forgangslista við sjóðsúthlutun á næsta ári eða hvort menntmrh. hyggist beita sér fyrir því. Ég get tekið undir þau orð menntmrh. að það sé ekki eðlilegt að ráðuneytið sé að hlutast til um úthlutun úr sjóðnum heldur er þar sjálfstæð sjóðstjórn sem hlýtur að láta þau verkefni hafa forgang sem hún telur brýnust og mikilvægust. Þá vil ég líka benda á að í hinum svokallaða bandormi, sem liggur fyrir þingi, er gert ráð fyrir verulegri skerðingu á framlagi til húsafriðunarsjóðs. Mig minnir að sú skerðing nemi af ríkisins hálfu um 24,5 millj. og að öllum líkindum mun framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða skert jafnmikið.

Ég tel ekki eðlilegt, svo það komi skýrt fram, að húsafriðunarsjóður sé í sjálfu sér að styrkja byggingar á vegum ríkisins heldur eigi það að koma sem sjálfstæð fjárframlög á fjárlögum hverju sinni. Ég get því tekið undir orð ráðherra að ekki sé eðlilegt að svona verði að málum staðið.

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir svar hæstv. menntmrh. Ég vil ítreka fyrst og fremst þá skoðun mína að Stýrimannaskólinn þarfnast viðgerða og endurnýjunar hvort sem fjármögnunin verður bein í fjárlögum eða fer í gegnum húsafriðunarnefnd. Ég hvet til þess að skólanum verði jafnframt fundið hlutverk hið fyrsta.

Fæðingarorlof, ein umr.

Fsp. SP, 144. mál. — Þskj. 154.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg hér fyrir fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um fæðingarorlof. Fsp. hljóðar þannig:

„1. Hvaða afgreiðslu hefur frv. um fæðingarorlof (þskj. 673 á 113. löggjafarþingi) hlotið, en því var vísað til ríkisstjórnarinnar 20. apríl 1991?

2. Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 21. des. 1990 í máli er snerist um fæðingarorlofsgreiðslur Tryggingastofnun ríkisins tapaði?"

Til þess að útskýra nánar ástæður fsp. vil ég leyfa mér, með leyfi virðulegs forseta, að vitna í grg. með umræddu frv., en þar segir:

„Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs greiðir Tryggingastofnun fæðingarstyrk ásamt fæðingardagpeningum, það síðarnefnda í samræmi við ákveðinn vinnustundafjölda. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi, sbr. t.d. opinberir starfsmenn, eiga þó ekki rétt á þessum greiðslum frá Tryggingastofnun. Upphæð fæðingarstyrks er ákveðin fjárhæð og hækkar með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga. Fæðingardagpeningar eru tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þessar greiðslur nema nú samtals um það bil 50 þús. kr. á mánuði, en þá er um hámarksgreiðslu að ræða. Full laun foreldris á hinum almenna vinnumarkaði geta því numið mun hærri fjárhæð. Í slíkum tilvikum er ekki óeðlilegt að einstaklingur semji við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og greiðslum frá Tryggingastofnun, enda hluti af því samningsfrelsi er hér ríkir lögum samkvæmt."

Enn fremur segir í grg., með leyfi virðulegs forseta:

„Hinn 21. des. 1990 féll í bæjarþingi Reykjavíkur dómur í máli konu gegn Tryggingastofnun ríkisins. Konan höfðaði málið til þess að fá greitt fæðingarorlof (fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga) frá stofnuninni. Dómurinn féllst á kröfur konunnar í einu og öllu. Samkvæmt dómnum er því ljóst að framkvæmd þessara mála ætti að vera á þann veg sem mælt er fyrir um í þessu frv. Tryggingastofnun hefur hins vegar ekki enn séð ástæðu til að breyta framkvæmd fæðingarorlofslaganna þannig að konur, sem eins er ástatt fyrir og stefnanda málsins, fá ekki fæðingarorlofsgreiðslur frá stofnuninni ef þær fá einhverjar viðbótargreiðslur frá vinnuveitanda."

Þar sem um mjög mikilvægt mál er að ræða að mínu mati legg ég fsp. fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrri fsp. hv. þm. hljóðar svo:

„Hvaða afgreiðslu hefur frv. um fæðingarorlof (þskj. 673 á 113. löggjafarþingi) hlotið, en því var vísað til ríkisstjórnarinnar 20. apríl 1991?"

Svar við spurningunni er að fæðingarorlofsmálin eru nú til sérstakrar skoðunar í heilbr.- og trmrn., m.a. út frá því sjónarmiði að auka jafnstöðu kvenna í réttindatöku til fæðingarorlofs án tillits til þess hver er atvinnuveitandi þeirra. Um það er því nær fullbúið frv. til í ráðuneytinu og er frá tíð fyrrv. heilbrrh. Þau frumvarpsdrög ásamt frv. því, sem hv. þm. spyr um, eru nú til sérstakrar skoðunar m.a. í tengslum við fjárlagagerðina. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin enn um næstu skref í fæðingarorlofsmálum að öðru leyti en því að ég reikna með að leggja fram nýtt frv. um fæðingarorlof á Alþingi þó ekki sé víst að það frv. komi fram fyrir áramót. Áður en það verður gert þarf m.a. að

ræða málið við aðila vinnumarkaðarins o.fl.

Seinni spurningin er: „Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 21. des. 1990 í máli er snerist um fæðingarorlofsgreiðslur og Tryggingastofnun ríkisins tapaði?" Svar mitt er: Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar ákveðið að áfrýja umræddum dómi til Hæstaréttar. Við munum að líkindum bíða eftir úrskurði Hæstaréttar. Í framhaldi af þeim úrskurði verða menn að taka niðurstöðuna til skoðunar varðandi þá endurskoðun sem fram þarf að fara á fæðingarorlofsmálunum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Svar hæstv. ráðherra kom mér dálítið á óvart vegna þess að annars vegar boðar hann nýtt frv. til laga um fæðingarorlof jafnvel fyrir áramót og kemur það mér reynar á óvart þar sem lögin eru ekki ýkjagömul og þykir mér það mikil lagasetningargleði en ekki síst vegna þess svars sem hv. 6. þm. Reykv. fær hér. Ef bíða á eftir hæstaréttardómi væri þá ekki rétt að bíða með frv. þangað til hann er kominn? Mér sýnist nú að þetta hangi ekki alveg saman hjá hæstv. ráðherra og undrast dálítið að við eigum að fara að setja ný lög um fæðingarorlof eftir þann stutta tíma sem þau hafa verið í gildi.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svarið. En ég vek athygli á því að ekki er um að ræða greiðslur úr ríkissjóði heldur er þetta spurning um samningsfrelsi á almennum vinnumarkaði og að foreldrum er mismunað í þeirri framkvæmd sem nú er viðhöfð í Tryggingastofnun. Ég legg á það áherslu að opinberir starfsmenn njóta fullra launa í fæðingarorlofi og enn fremur hafa bankamenn getað samið sig sérstaklega fram hjá þessari túlkun Tryggingastofnunar þannig að þeir hljóta nú viðbótargreiðslur en samt sem áður er réttur þeirra ekki skertur í greiðslum frá Tryggingastofnun.

Ég legg áherslu á að þetta mál er mjög mikilvægt. Ég tek undir orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem minnti á það áðan að það væri nokkuð sérstakt ef það þyrfti að bíða eftir dómi Hæstaréttar í málinu þótt ég skilji þau rök reyndar að vissu leyti. En ég vona að þetta frv. verði tekið í þá endurskoðun sem nú er unnið að í ráðuneytinu og að það fái farsæla úrlausn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Það á satt að segja ekki að koma neinum hv. þm. á óvart að talin sé ástæða til þess að endurskoða lögin um fæðingarorlof. Ástæðan er m.a. sú eins og kom fram í máli hv. þm. sem talaði síðast að um talsvert mismunandi réttindi er að ræða eftir því hver er vinnuveitandi viðkomandi konu. Það er að sjálfsögðu rétt að reyna að samræma þau réttindi sem samfélagið býður þegnum sínum þannig að þau séu svipuð í málum sem þessum án tillits til þess hver vinnuveitandinn er.

Þetta var ástæða fyrir því að fyrrv. ráðherra skipaði nefnd til að endurskoða frv. Sú nefnd skilaði af sér í apríl árið 1990. Þannig kemur mér mjög á óvart að menn skuli ekki hafa vitað af því og þá ekki síst stuðningsmenn fyrrv. ríkisstjórnar að sú endurskoðun var í undirbúningi af hennar hálfu. En það hefur ýmislegt gerst síðan sem gerir það að verkum að það frv. sem skilað var í apríl 1991 á ekki lengur við, m.a. vegna áhrifa af þeim dómi sem bæjarþing Reykjavíkur kvað upp og var minnst á áðan. Þannig þurfa menn að skoða það mál að nýju. Í því sambandi er einnig til skoðunar frv. það sem var á þskj. 673 og var vísað til ríkisstjórnarinnar 20. apríl 1991.

Ég viðurkenni það hins vegar að við í heilbrrn. erum í nokkrum vanda vegna þess að það eru kannski ekki bestu starfshættir þegar mál bíður úrskurðar Hæstaréttar að bíða ekki eftir úrskurðinum áður en menn leggja fram frv. til lagabreytinga er varðar það mál sem Hæstiréttur Íslands er með til umfjöllunar og á eftir að fella úrskurð um. Hins vegar er mér líka ljóst að nauðsynlegt er að hraða þessari endurskoðun svo þess vegna gæti vel verið að ég tæki þá afstöðu að bíða ekki eftir úrskurði Hæstaréttar þó að það sé mjög óæskilegt að löggjafinn sé að breyta lögum á sama tíma og æðsta dómsvald í landinu er að undirbúa sig undir að fella úrskurð í því málefni. Ég vil ekkert útiloka að svo verði, en ég við biðja þingmenn að gæta þess að þarna er rétt að menn fari sér hægt og skoði vel sín mál áður en slíkar lagabreytingar yrðu lagðar fyrir Alþingi án þess að Hæstiréttur hafi áður fellt sinn úrskurð. Og einnig ítreka ég að þetta mál þarf að sjálfsögðu að ræðast við aðila vinnumarkaðarins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið boðað að lagt verði fram á Alþingi frv. til laga um fæðingarorlof og er reyndar rétt að minna á í því sambandi að það er ekki í fyrsta sinn sem slíkar hugleiðingar eru á ferðinni á þessum haustdögum því það var jú boðað í því plaggi, sem ríkisstjórnin lagði fyrir sem samningagrundvöll í samningaviðræðum við opinbera starfsmenn, að þau mál yrðu tekin til endurskoðunar. Þá lýsti ég þeirri skoðun minni að ég vonaði sannarlega að það þýddi ekki að nú ætti að jafna niður á við því mér virðist það vera stefna ríkisstjórnarinnar í flestum málum, þ.e. að jafna niður á við, að skerða þann rétt sem opinberir starfsmenn hafa til fullra launa í fæðingarorlofi og færa hann til samræmis við þær bætur sem Tryggingastofnun greiðir nú í fæðingarorlofi. Mín skoðun er sú að engin kona eigi að missa laun við það að fara í fæðingarorlof ekki frekar en fólk missir laun við það að fara í orlof að sumri til. Ég vona sannarlega að það verði haft að leiðarljósi í þessari frumvarpssmíð.

Eyðnipróf, ein umr.

Fsp. GHelg, 157. mál. — Þskj. 169.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Í Stúdentafréttum Háskóla Íslands,

sem nýlega komu út, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjöldi erlendra stúdenta við Háskólann hefur þurft að gangast undir eyðniþróf til að fá heilbrigðisvottorð. En því þurfa allir útlendingar að framvísa þegar sótt er um dvalarleyfi hér á landi að undanskildum Norðurlandabúum. Þeir stúdentar sem leitað hafa til Heilsugæslustöð[var] miðbæjar hafa nær undantekningalaust þurft að fara í eyðniþróf og í mörgum tilvikum hefur eyðniprófið verið framkvæmt án vitneskju þeirra." — Þá segir enn fremur: „Hjá Útlendingaeftirlitinu fengust þær upplýsingar að allir útlendingar sem sækja hér um dvalarleyfi þurfi að fá heilbrigðisvottorð nema fólk frá Norðurlöndunum. Útlendingaeftirlitið geri hins vegar ekki kröfu um hvað fram eigi að koma á vottorðinu, það sé í verkahring landlæknisembættisins."

Síðan er viðtal við tvo stúdenta sem uppgötvuðu að þeir höfðu verið eyðniprófaðir án þess að þeir hefðu hugmynd um. Annar þeirra, sem mér sýnist vera Hollendingur enda heitir hann Koes A. De. Beer, segist hafa verið sendur í blóðþróf en ekki gert sér grein fyrir eyðniprófinu fyrr en miði var settur á blóðsýnið sem þýddi að blóðið gæti borið HIV-veiruna. Fyrr hafi hann ekki haft vitneskju um eyðniprófið, merkinguna segist hann hafa þekkt vegna vinnu á spítala í Svíþjóð. Ingrid D. Kuhlman var sagt að fara í eyðniþróf en síðan þegar hún fór í Útlendingaeftirlitið til að fá dvalarleyfi var hún ekki beðin um neitt læknisvottorð eða heilbrigðisvottorð.

Mér sýnist þessi mál vera æði sérkennileg og hef því lagt fram fsp. á þskj. 169 sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvaða erlendir menn eru eyðniprófaðir við komu til Íslands?

2. Hver tekur um það ákvörðun?

3. Er heimilt að eyðniprófa fólk án eigin vitundar þess?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fsp. hv. þm. hljóðar svo: „Hvaða erlendir menn eru eyðniprófaðir við komu til Íslands?"

Heilbr.- og trmrh. er ekki kunnugt um að erlendir menn séu eyðniprófaðir við komu til Íslands. Í þessu sambandi er vitnað til gildandi laga um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 6/1978, með breytingu nr. 7/1986, til sóttvarnalaga, nr. 34/1954, og til farsóttarlaga, nr. 10/1958. Ráðherra lítur svo á að ekki séu lagaheimildir til að krefjast þess að erlendir menn séu yfirleitt eyðniprófaðir við komu sína til Íslands.

Spurning tvö: „Hver tekur um það ákvörðun?" Með vísun til þess svars sem ég hef þegar gefið þarfnast þessi spurning ekki svars vegna þess að enginn hefur leyfi til þess að taka um slíkt ákvörðun.

Spurning þrjú: „Er heimilt að eyðniprófa fólk án eigin vitundar þess?"

Svar mitt er að aðalreglan í sambandi við samskipti heilbrigðisþjónustunnar og einstaklinga er að enginn sé þvingaður til neinna rannsókna. Ráðherra lítur því svo á að ekki sé heimilt að eyðniprófa neinn án hans vitundar. Í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að eyðniprófa fólk ef grunur leikur á um að viðkomandi sé smitaður og fer þá eyðniprófið að sjálfsögðu fram með fullri vitund þess sem hlut á að máli og þá og því aðeins þá getur verið hægt að framkvæma prófið án samþykkis hans. Út af því sérstaka tilefni sem hv. þm. minntist á er mér kunnugt um að það munu hafa verið heilsugæslulæknar á Heilsugæslustöð miðbæjar sem hafi sjálfir tekið ákvörðun um að láta þetta próf fara fram. Um leið og málið barst til landlæknis sendi landlæknir heilsugæslulæknum bréf þar sem bent var á nákvæmlega það efni sem hefur verið í mínu svari að óheimilt sé að gera slíkt próf án vitunar og samþykkis þess sem prófaður er. En ég tek aftur fram að það mál, þetta tiltekna mál sem hv. þm. spurði um, hefur hvorki borist formlega né óformlega til heilbrrn.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin sem ég tel heiðarleg og góð og rétt. Ég taldi ástæðu til að bera þessa fsp. fram vegna þess að það er auðvitað ólíðandi að einhverjir embættismenn í kerfinu geti tekið það upp hjá sjálfum sér að gera rannsóknir á fólki sem engar lagaheimildir eru fyrir og engin ástæða er til. Vitaskuld kemur það ekki málinu við að fyrirspyrjandi hefur auðvitað ekkert á móti því að fólk sé eyðniprófað og kannski ætti að eyðniprófa alla sem hér í landi búa en það er önnur saga. En það er auðvitað óþolandi að einhver ákveðinn hópur af fólki verði fyrir slíku utan við allt sem heitir lög og réttur.

Í viðtali mínu við landlækni fékk ég auðvitað sams konar upplýsingar. Hann tjáði mér að fyrir nokkrum árum hefði verið sett reglugerð, þegar eyðniveiran varð kunn, um að fólk sem kæmi frá Mið-Afríku yrði eyðniprófað þegar það kæmi til landsins en sú reglugerð var numin úr gildi vegna þess að slíkt þótti brjóta í bága við almenn mannréttindi.

Ég hef ekki mikið meira um það að segja. Það gleður mig að á þessu máli hefur verið tekið og slík vitleysa stöðvuð. En ég held það væri kannski ástæða til að heilbrigðisyfirvöld létu frá sér heyra og hörmuðu þessi mistök þannig að þeir erlendu menn sem vilja koma hingað og nema við Háskóla Íslands hafi ekki á tilfinningunni að þeir séu meðhöndlaðir öðruvísi en annað fólk hér í landi.

Sjómælingaskipið Baldur, ein umr.

Fsp. ISG, 151. mál. — Þskj. 163.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Frú forseti. Í umræðum utan dagskrár um kaup á björgunarþyrlu spurðist ég fyrir um sjómælingaskipið Baldur og fjármögnun þess úr Landhelgissjóði Íslands. Þar sem lítið varð um svör að því sinni lagði ég fram fsp. á þskj. 163 sem nú er til umfjöllunar.

Í 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands frá 1967

er í átta liðum kveðið á um verkefni gæslunnar. Þar kemur ótvírætt fram að auk almennrar löggæslu á hafinu umhverfis landið er eitt meginverkefni hennar að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, aðstoða skip sem eiga í erfiðleikum og byggðarlög sem lokast inni.

En þó að þessi verkefni séu tvímælalaust þau mikilvægustu hefur gæslan líka önnur á sinni könnu. Eitt slíkt eru sjómælingar, en gæslan á að sjá um þær og taka þátt í hafrannsóknum eftir því sem kveðið er á um hverju sinni. Með tilvísun til þessa verksviðs hefur væntanlega verið ráðist í smíði sjómælingaskipsins Baldurs og ákveðið að fjármagna skipið úr Langhelgissjóði Íslands en í 18. gr. laga um Landhelgisgæsluna segir um verkefni sjóðsins, með leyfi hæstv. forseta: „Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæzluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstursútgjalda Landhelgisgæzlunnar.“

Ég skal játa að ég hef ákveðnar efasemdir um að rétt sé að verja fé í sjómælingaskip þegar fjármuni skortir í annað og þarfara tæki í þágu Landhelgisgæslunnar, það er björgunarþyrlu. Þess vegna spyr ég nú hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hvar og hvenær var ákvörðun tekin um smíði sjómælingaskipsins Baldurs og hver ákvað að verkið skyldi fjármagnað úr Landhelgissjóði Íslands?

2. Hver sá um hönnun og smíði skipsins og var verkið boðið út?

3. Hver er heildarkostnaður við smíði skipsins orðinn og hversu miklum fjármunum, á núvirði, hefur verið varið til verksins úr Landhelgissjóði?

4. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður skipsins á þessu ári og því næsta og hvernig er reksturinn fjármagnaður?“

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrstu spurningu er það að segja að mál þetta var fyrst lagt fyrir ríkisstjórn 26. júlí 1988 af þáv. dómsmrh. Jóni Sigurðssyni, þar sem lagt var til að undirbúningur þessa máls yrði hafinn og kostnaður við smíðina yrði greiddur úr Landhelgissjóði. Með bréfi dómsmrn., dags. 16. ágúst 1989, var Landhelgisgæslunni síðan heimilað að leita tilboða hjá innlendum skipasmíðastöðvum í smíði mælinga- og varðskips úr áli sem smíðað yrði fyrir fé Landhelgissjóðs. Ákvörðun þessi var byggð á greinargerð sem lögð var fyrir ríkisstjórn. Að loknu útboði gerði Landhelgisgæslan samning um smíði mælinga- og eftirlitsskips við Vélsmiðju Seyðisfjarðar hf. Samningurinn var staðfestur af dómsmrn. 28. des. 1989.

Sem svar við annarri spurningu er þetta að segja að útlitsteikning og útboðslýsing skipsins var gerð af Skipahönnun hf. í Garðabæ í samráði við sjómælinga- og tæknideild Landhelgisgæslunnar. Smíði skipsins var boðin út innan lands og í samráði við dómsmrn. var ákveðið að taka tilboði Vélsmiðju Seyðisfjarðar hf. um smíði skipsins. Skipasmíðastöðin sá um gerð sérteikninga eins og venja mun vera.

Sem svar við þriðju spurningu er það að segja að úr Landhelgissjóði hefur verið varið 67,6 millj. kr. á núvirði vegna smíði skipsins og er innifalið í þeirri upphæð verð vélbúnaðar og annarra tækja sem ekki voru upp talin í smíðasamningi.

Sem svar við fjórðu spurningu er það að segja að rekstrarkostnaður, þar með talin laun vélstjóra, voru 6 millj. kr. á árinu 1991 og 7,7 millj. áætlaður á árinu 1992.

Þegar skipið er að störfum við sjómælingar eru fimm menn í áhöfn þess. Auk vélstjóra eru það sjómælingamenn og aðrir fastráðnir starfsmenn sjómælinga. Launakostnaður þeirra, annarra en vélstjórans, er ekki talinn með í þeim tölum sem hér hafa verið nefndar þar sem vinna þeirra um borð í mælingaskipi er fastur liður í störfum þeirra. Rekstrarkostnaður mælingaskipsins er innifalinn í þeirri fjárveitingu sem Landhelgisgæslan fær til ráðstöfunar vegna sjómælinga eins og verið hefur áður vegna reksturs mælingabáts.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir skýr svör við þessum fsp. Það kom fram í hans máli að ákvörðun um smíði sjómælingaskipsins hefði verið tekin í ríkisstjórninni og málið hefði verið lagt fyrir ríkisstjórnina af þáv. dómsmrh. Jóni Sigurðssyni. Það var því ekki að furða þó það reyndist erfitt fyrir mig þegar ég var að leita upplýsinga í fjárlögum og kanna málið hjá fulltrúum okkar í fjárln. að ekkert hefði komið um málið þar inn. Þetta virðist vera eitt af þeim málum sem ríkisstjórnin tekur ákvörðun um að ráðist skuli í og hvernig skuli fjármagnað. Það er kannski ekkert undan því að kvarta því kveðið er á um það í lögum um Landhelgisgæsluna að Landhelgissjóður skuli vera undir stjórn dómsmrh. Ég tel hins vegar eðlilegt að mál eins og þessi fari fyrir fjárveitingavaldið og því sé forgangsraðað rétt eins og öðru sem hér er tekin ákvörðun um. Það er ekki síst vegna þess að við stöndum andspænis mjög brýnum verkefnum eins og því að kaupa björgunarþyrlu. Á lánsfjárlögum þessa árs voru 100 millj. til þess verkefnis og það hefði óneitanlega komið sér vel að geta sótt í Landhelgissjóð t.d. tæpar 70 millj. til viðbótar.

En það þýðir víst ekki að sýta orðinn hlut. Þetta hefur verið gert en auðvitað vaknar sú spurning hvort ekki hefði verið nær, ef nauðsynlegt er að stunda þær sjómælingar, sem ég efast ekkert um, sem á að gera með þessu skipi, að leigja til þess skip þann takmarkaða tíma ársins sem þetta skip er notað til þessara verka. Ef ég veit rétt þá eru m.a. öll tæki leigð og spurningin er sú hvort ekki hefði verið hægt að leigja skip með tækjum og nýta í þetta verkefni í stað þess að smíða fyrir tæpar 70 millj. nýtt skip.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Síst af öllu geri ég athugasemdir við það sjónarmið hv. fyrirspyrjanda hversu brýn nauðsyn er á að Landhelgisgæslan eignist viðbótar öfluga björgunarþyrlu en vil aðeins minna á að gerð nákvæmra sjó-

korta sem grundvölluð eru á nýjum mælingum er líka mikið öryggisatriði fyrir sæfarendur.

Lánshlutfall Fiskveiðasjóðs til skipasmíða, ein umr.

Fsp. GuðjG, 161. mál. — Þskj. 173.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. sjútvrh. er svohljóðandi:

„Má vænta þess að útlánareglum Fiskveiðasjóðs verði breytt þannig að aukinn verði sá munur sem er á lánshlutfalli til innlendrar og erlendrar nýsmíði skipa?"

Það hefur komið fram í fréttum undanfarið að Fiskveiðasjóður hefur samþykkt lánveitingar til smíði nokkurra skipa sem byggð verða erlendis. Samanlagt munu þessi skip kosta 5–6 milljarða ísl. kr. Ekki mun hafa verið leitað eftir tilboðum í smíði þessara skipa innan lands þrátt fyrir að íslenskar skipasmíðastöðvar séu verkefnalausar og verði því að fækka starfsmönnum jafnt og þétt.

Ástæðan fyrir því að þessi verkefni streyma úr landi er sjálfsagt fyrst og fremst gylliboð erlendra skipasmíðastöðva, m.a. niðurgreiðslur, fjármagnsfyrirgreiðsla og í sumum tilfellum uppítökur eldri skipa. Það er óþolandi að horfa eftir þessum 5–6 milljörðum *í gjaldeyri og störfum fyrir nokkur hundruð* iðnaðar- og tæknimenn fara úr landi á sama tíma og allt bendir til þess að innlend skipasmíði leggist af vegna verkefnaskorts.

Nú er það viðurkennd staðreynd að skip byggð á Íslandi eru yfirleitt gæðaframleiðsla og standast fyllilega samkeppni við það besta sem kemur erlendis frá. Það er raunar eðlilegt því að íslenskir hönnuðir og skipasmiðir eru auðvitað í beinu sambandi við þá sem eiga að nota skipin og skilja best þarfir þeirra. Sjósókn Íslendinga er miklu harðari en flestra annarra og því þurfum við sterk og vel útbúin skip. Það verður að segjast eins og er að sum þeirra skipa sem keypt hafa verið erlendis frá hafa alls ekki verið byggð fyrir okkar aðstæður og því hefur oft á tíðum orðið að gera á þeim kostnaðarsamar breytingar svo að þau væru nothæf.

Flestir eru sammála um að ríkið geti ekki niðurgreitt íslenska skipasmíði. Við getum hins vegar mætt niðurgreiðslum annarra þjóða með aðgerðum sem hvetja menn til að kaupa innlenda framleiðslu, t.d. með því að auka verulegan þann mun sem er á lánshlutfalli Fiskveiðasjóðs til innlendrar og erlendrar nýsmíði skipa og að sami munur gildi um stærri viðgerða- og breytingaverkefni. Jafnframt verði ekki veitt lán eða ábyrgðir til slíkra viðskipta erlendis nema að undangengnu útboði á innlendum markaði.

Í dag er lánshlutfall Fiskveiðasjóðs 65% til innlendrar smíði en 60% til erlendrar. Enginn munur er hins vegar á lánum til viðgerða og breytinga hvort sem þær eru unnar heima eða erlendis.

Virðulegi forseti. Ég lagði þessa fsp. fram í síðustu viku. Hæstv. sjútvrh. kaus að svara henni í umræðum á Alþingi í fyrradag er hann upplýsti um viðræður sínar við stjórn Fiskveiðasjóðs. Spurningin er því hvort hann hefur einhverju við það svar að bæta hér og nú.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur það þegar komið fram í umræðum á Alþingi að í síðustu viku beindi ég þeirri ósk til stjórnar Fiskveiðasjóðs að lækka *lánshlutfall til nýsmíði* fiskiskipa og auka verulega það bil sem verið hefur á milli lána til innlendra og erlendra skipasmíða. Stjórn Fiskveiðasjóðs hefur rætt þessa ósk á einum fundi og ég geri ráð fyrir því að hún muni taka ákvörðun í samræmi við þessi tilmæli á næsta fundi sínum. Ég vænti þess að þá verði lánshlutfall til nýsmíði á fiskiskipum erlendis komið niður í 40%.

Það er mín skoðun að ekki sé þörf á mikilli nýsmíði fiskiskipa eins og á stendur í sjávarútvegi okkar Íslendinga nú um stundir. Sjóðurinn hefur að mínu mati gengið of langt í að veita lánsloforð á undanförnum mánuðum til nýsmíði og það er full ástæða til að draga úr lánveitingum í þessu efni. Um leið tel ég mjög eðlilegt að lánshlutfallið annars vegar til innlendra smíða og hins vegar til smíða erlendis verði breikkað mjög verulega. Að því laut ósk mín til stjórnar Fiskveiðasjóðs og ég vænti þess að niðurstaða sjóðstjórnarinnar verði í samræmi við þau tilmæli og niðurstaða *fáist í því máli innan fárra daga.*

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er ekki langt síðan við ræddum þessi mál, verkefni og vanda skipasmíða á Íslandi. Þess vegna fagna ég því að þessu máli skuli hér hreyft.

Það er auðvitað áhyggjuefni að það er ekki aðeins fjármagnið sem fer frá okkur heldur erum við einnig að missa mikla verkþekkingu úr landinu.

Ég kom hér upp til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann geti upplýst okkur um það hvenær samningar um smíði á þessum skipum voru staðfestir af stjórn Fiskveiðasjóðs.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svar hans við fsp. og fagna að sjálfsögðu afstöðu hans og þeim skilningi sem hann hefur á þessu máli. Ég vil minna á það í leiðinni að mér finnst að þetta eigi ekki eingöngu að gilda um nýsmíðar skipa heldur einnig um lánveitingar til stærri breytinga- og viðgerðaverkefna. Ég held að það eigi að beina þeim hingað heim með *sama hætti og gert er ráð fyrir hvað varðar nýsmíðar.*

Ég tel reyndar að stjórn Fiskveiðasjóðs hafi hlaupið á sig þegar hún samþykkti þessar lánveitingar til smíði nýrra skipa erlendis upp á 5–6 milljarða nýverið. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé það stór ákvörðun við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu í dag að maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort stjórnvöld eigi

ekki að hafa eitthvað um það að segja þegar menn ákveða skipabyggingar upp á 5–6 milljarða erlendis.

Að lokum ítreka ég þakkir mínar til hæstv. sjútvrh. og vona að hann fylgi þessu máli fast eftir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fsp. hv. 4. þm. Norðurl. v. um það hvenær Fiskveiðasjóður tók ákvarðanir um að veita þessi lánsloforð, þá hef ég ekki gögn um það undir höndum hér í þingsalnum en ég hygg að að einhverjum hluta megi rekja lánsloforð 1–2 ár aftur í tímann en að stærri hluta til nýrra ákvarðana. Ég tek það fram að ég hef ekki undir höndum gögn um þetta en sjálfsagt að leita þeirra upplýsinga og veita þær.

Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða, ein umr.

Fsp. HG, 158. mál. — Þskj. 170.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þann 13. júní 1985 samþykkti Alþingi þál. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða. Ég sé ástæðu til að lesa þá þál. upp, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum."

Þessi samþykkt var gerð einróma á Alþingi Íslendinga eftir að ég hafði tvívegis flutt till. til þál. um málið. Ég hef síðan innt utanrrh. í tvígang, fyrrv. utanrrh. einu sinni og núv. utanrrh. einu sinni, eftir því hvað liði framkvæmd á þessari samþykkt Alþingis, hvernig hefði verið farið með hana. Á síðasta þingi þegar ég spurði hæstv. utanrrh. um stöðu þessa máls virtist hann koma af fjöllum og greindi frá því að hann hefði ekkert aðhafst á grundvelli þessarar samþykktar og svo virtist sem forverar hans hefðu ekki gert það að heldur eftir því sem hann greindi frá. Hins vegar sagði hæstv. ráðherra, og ég vitna orðrétt í svar hans frá 6. des. 1990:

„Nú kann vel að vera að hv. fyrirspyrjandi hafi nokkuð til síns máls þótt augljóst sé að ekki er hægt að gera jafnræðisreglu um starfsmannafjölda með samasemmerki að því er varðar annars vegar Sovétríkin, Bandaríkin og Ísland." Og síðar í sama svari: „En hitt kann vel að vera að úr því að ekki hefur verið tekin sérstök afstaða til efnisákvæða þessarar þáltill. á þeim árum sem liðu næst eftir að hún var samþykkt þá sé ástæða til að skoða það að nýju."

Einnig hvatti ég þá hæstv. ráðherra sérstaklega til þess að taka til hendi á grundvelli þessarar samþykktar. Nú hafa komið fram upplýsingar, m.a. frá Noregi, um starfsemi sovéska sendiráðsins þar og hvernig að þeim málum er staðið. Fyrrv. utanríkisráðherra Sovétríkjanna hefur tekið sér í munn margt sem varðar starfsemi sovéskra erindreka. Nú er ég út af fyrir sig ekkert að fullyrða eða draga samasemmerki milli þess sem gerist í öðrum löndum og hér, en ég vísa til þess að núverandi staða hvað snertir stærð og umsvif sendiráða stórvelda hér á landi er í engu samræmi við þau lög sem samþykkt voru og alþjóðasamninga, Vínarsamninginn svonefnda. Því, virðulegur forseti, spyr ég hæstv. ráðherra:

„Hvað hefur utanríkisráðuneytið aðhafst síðustu missiri til að takmarka umsvif erlendra sendiráða, m.a. sovéska sendiráðsins, með tilliti til ályktunar Alþingis frá 13. júní 1985?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Austurl. spyr og hefur spurt áður:

Hvað hefur utanríkisráðuneytið aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 13. júní 1985 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða?

Svarið við því er að utanrrn. hefur ekkert aðhafst í því efni. Það á við um forvera mína í starfi frá því að þessi ályktun var gerð, hæstv. ráðherra Geir Hallgrímsson, Matthías Mathiesen og Steingrím Hermannsson. Það á einnig við um þann sem hér stendur.

Í framhaldi af umræðum sem urðu um málið undir árslok 1990 skoðaði ég það og komst að þeirri niðurstöðu að við þær aðstæður sem þá voru væri ekki sérstakt tilefni af minni hálfu til að grípa til sérstakra aðgerða til að hefta eða hindra starfsemi erlendra sendiráða meðan þau hefðu ekki gerst brotleg við ákvæði Vínarsamnings um stjórnmálasamband. Það eina sem gert hefur verið er þess vegna að fylgjast betur með þessari starfsemi, þ.e. eftirlitið með starfsmannahaldi sendiráðanna hefur verið aukið. Það er það eina sem aðhafst hefur verið.

Þá spyr hv. 4. þm. Austurl.: Til hvaða aðgerða telur ráðherra þörf á að grípa þar að lútandi? Svar mitt við því er að að svo stöddu tel ég ekki þörf á að grípa til sérstakra aðgerða. Nýjustu tölur um fjölda starfsmanna í sendiráðum eru þessar — og þá tala ég einkum um það sem menn kalla stórveldin tvö: Í sendiráði Bandaríkjanna eru 8 diplómatar starfandi. Í sendiráði Sovétríkjanna, sem enn er svo skráð, starfa 16. Aðrir starfsmenn, sem ekki hafa diplómatíska stöðu, eru 11 í sendiráði Bandaríkjanna, sem þýðir að starfsmenn eru í heild 19, en í sendiráði Sovétríkjanna 23 sem þýðir að diplómatar og aðrir starfsmenn eru þar 39. Því næst bætast við makar og börn. Heildartölurnar eru þess vegna þær að í sendiráði Bandaríkjanna eru starfandi, ásamt með mökum og börnum, 36 bandarískir ríkisborgarar, en í sendiráði Sovétríkjanna 83.

Aðalatriði þessa máls er að við þær aðstæður sem ríktu þegar ályktun Alþingis var samþykkt 1985 var þetta mál vissulega skoðunarvirði. Um það er ég sammála hv. þm. Ég tel hins vegar að á þeim tíma sem

þetta hefur verið til skoðunar af minni hálfu, þar sem athyglin ætti þó einkum að beinast að stórveldunum tveimur, hefði það ekki verið skynsamleg né þörf aðgerð. Þá vísa ég sérstaklega til þeirrar jákvæðu þróunar sem orðið hefur í samskiptum þessara stórvelda, svo að ég styðjist nú enn við það orðalag, og sérstaklega til þeirrar þróunar í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta sem orðið hefur í Sovétríkjunum, til þeirra deilna sem uppi voru á tímabili milli Íslands og Sovétríkjanna vegna forgöngu Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi við að styðja sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna.

Nú er hins vegar alveg ljóst að fyrirsjáanlegt er að hér munu verða á breytingar. Í raun og veru eru Sovétríkin, þ.e. þau Sovétríki sem við höfum þekkt á undanförnum áratugum, ekki lengur til og það er fullkomin óvissa um það hvað verður um það ríkjasamband. Til skoðunar er af hálfu ýmissa fyrrum aðildarlýðvelda Sovétríkjanna að lýsa yfir fullu sjálfstæði og líkur á því að sum þeirra í viðbót öðlist viðurkenningu á sjálfstæði sínu og taki þess vegna utanríkisþjónustu í eigin hendur. Allar líkur benda því til þess að starfsemi sovéska sendiráðsins muni fyrr en síðar annaðhvort verða aflögð eða takmörkuð mjög. Þær breytingar sem var vikið að með samþykkt Alþingis eru þannig að verða og eru að verða við þau skilyrði sem við hljótum að lýsa ánægju okkar yfir.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að svara fsp. Ég tel svör hans einkar athyglisverð. Það er engin ástæða til þess að grípa til aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda. Þetta segir ráðherrann eftir að hafa athugað málið í um það bil eitt ár í framhaldi af eftirrekstri af minni hálfu með fsp. í desember í fyrra. Hann ætlar bara að bíða eftir því að Sovétríkin leggi upp laupana, svo dæmi sé tekið. Ég veit ekki hvort hann sér einhverja viðlíka þróun hjá hinu stórveldinu, sem hann nefndi svo.

Ég rek þetta mál sérstaklega út frá þeim lögum sem við höfum sett á Alþingi með staðfestingu Vínarsamningsins um stjórnmálasamband og fullveldisjafnrétti ríkja. Og ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til 11. gr. þess samnings þar sem segir í tölul. 1:

„Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs getur móttökuríkið krafist þess að stærð sendiráðs verði sett takmörk er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.“

Í inngangi að Vínarsamningnum er sérstaklega vísað til meginreglna sáttmála Sameinuðu þjóðanna um fullveldisjafnrétti ríkja. Það er mín skoðun að það sé með öllu óeðlilegt og óþolandi fyrir sjálfstætt ríki að sendiráð haldi uppi starfsemi í viðkomandi landi sem er í engu samræmi við þá starfsemi sem okkar land heldur uppi og telur þörf á í viðkomandi ríki, að ekki sé talað um aðbúnað diplómata, eins hann hefur t.d. verið í Sovétríkjunum um mjög langt skeið. Það er satt að segja undarlegt og furðulegt ef Ísland telur ekki þörf á því að bregðast við og setja sendiráðum takmörk út frá þessum sjónarmiðum. Og það út af fyrir sig óháð því hvert landið er því auðvitað eiga menn ekkert að vera að mismuna í þeim efnum. Menn hljóta að láta eitt yfir alla ganga út frá mati á íslenskum hagsmunum og alþjóðasamningi.

Ég tel það sem hér hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. gagnrýnivert. Ég held að Ísland eigi að meta þessar aðstæður út frá eigin sýn og stöðu og sínum hagsmunum og þeim lögum sem Alþingi hefur sett um þessi efni. Ég tel ekki að þróun í ríkjum í lýðræðisátt, eins og réttilega er talað um varðandi Sovétríkin núverandi eða sálugu, sé engin einhlít trygging fyrir því að þessi mál séu í horfi. Ríki haga sinni starfsemi og rekstri sinna sendiráða ekkert út frá því hvernig stjórnmálaaðstæður eru í viðkomandi ríki. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er að ljúka máli mínu. Menn þurfa því auðvitað að vera á verði að þessu leyti almennt séð.

Hæstv. ráðherra gat um fjölda starfsmanna sendiráða. Ég held hann hafi látið vera að tíunda hversu margir Íslendingar eru starfandi í erlendum sendiráðum hér og ég held það sé mælikvarði sem við verðum að taka. 1985 voru 22 Íslendingar í sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík. Hæstv. ráðherra getur kannski bætt því við í sínu svari hvernig þær aðstæður eru því auðvitað er það heildarfjöldi starfsmanna en ekki ríkisfangið sem máli skiptir þegar við erum að líta á þessa hluti. — Ég þakka, virðulegur forseti, þolinmæðina.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vísa því á bug sem fram kom í máli hv. þm. að það hafi verið gagnrýni vert að minni hálfu á undanförnu ári að grípa ekki til sérstakra aðgerða til takmörkunar á starfsemi þessara sendiráða. Það kynni að hafa komið til álita við þær aðstæður þegar ályktun var gerð árið 1985. Við skulum ekkert fara í kringum þetta eins og kettir í kringum heitan graut. Þá var sú skoðun uppi að starfsemi sendiráða, sérstaklega Sovétríkjanna, væri ekki með eðlilegum hætti að því er varðar eðlilega diplómatíska starfsemi. Á því geta menn haft þær skoðanir sem þeir vilja.

Ég endurtek að ég tel ekki ástæðu til sérstakra aðgerða af minni hálfu nú. Gagnrýni, ef hún er réttmæt, hlýtur fyrst og fremst að beinast að þeim forverum mínum sem þessi ályktun beindist að, sem voru þrír, og ætla ég þó alls ekki að taka undir þá gagnrýni út af fyrir sig. Aðstæður eru gerbreyttar. Það er því ekki sérstök ástæða til aðgerða af minni hálfu að mínu mati.

Endurvinnslustöð, ein umr.

Fsp. JHelg, 160. mál. — Þskj. 172.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Að undanförnu hefur skilningur á þörfinni fyrir endurvinnslu vaxið ört, bæði til að draga úr sívaxandi sóun mannsins á náttúruauðlindum og einnig gífurlegum vanda og kostnað við að koma úrgangi fyrir á viðunandi hátt.

Alþingi samþykkti 1989 lög um umhverfismengun af völdum einnota umbúða. Í þeim var fjallað um söfnun og endurvinnslu á innfluttum einnota umbúðum og þeirri starfsemi tryggðar tekjur með lögskipuðu gjaldi. Áður höfðu einstaklingar og fyrirtæki farið af stað á eigin spýtur að byggja upp slíka þjóðþrifastarfsemi með ærnum kostnaði. Eitt þeirra fyrirtækja er Silfurtún hf. í Garðabæ sem hefur á síðustu sex árum komið upp framleiðslu á eggjabökkum úr endurunnum pappír. Þróunarstarf þessa fyrirtækis hefur kostað þrautseigju og a.m.k. 20 millj. kr. útgjöld. Fyrirtækið hefur náð góðum tökum á framleiðslunni og nær 25% af innlenda markaðinum. Viðskiptamenn Silfurtúns eru minni eggjabúin og verðið þar er lægra en á innfluttum eggjabökkum sem hægt er að fá keypta frá innflytjendum. Stærstu búin telja sig hins vegar geta fengið bakkana með beinum innflutningi á heldur lægra verði en Silfurtún treystir sér til að selja á nú vegna hárra vaxta af skuldunum eftir þróunarkostnaðinn.

Þessi innflutningur mun kosta í dag um 30 millj. kr. en Silfurtún hf. er þegar í stakk búið til að anna þeirri framleiðslu allri. Hvert tonn af notuðum pappír, sem kostar 500 kr. að sækja til verksmiðjunnar, verður að 200 þús. kr. verðmæti frá henni. Kostnaðurinn við framleiðsluna er fyrst og fremst innlend orka og vinnulaun. Það er því augljóst hvernig sem á málið er litið hversu mikill ávinningur það er fyrir alla aðila og þjóðarbúið í heild að Silfurtún hf. geti haldið áfram starfsemi sinni og sparað þennan innflutning. Til þess að tryggja það þarf að gera fyrirtækinu kleift að ná niður þróunarkostnaðinum sem að sjálfsögðu er tímabundinn.

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 172 um það hvað iðnrn. hefur gert eða áformar að gera til stuðnings endurvinnsluiðnaði og í þessu tilviki sérstaklega hvað þetta ágæta fyrirtæki getur átt von á til þess að komast yfir þessa tímabundnu erfiðleika.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað iðnrn. hafi gert eða áformi að gera til þess að styðja endurvinnsluiðnað. Ég vil í upphafi benda á að þessi starfsemi heyrir ekki síður undir hæstv. umhvrh., m.a. fyrirtækið Endurvinnslan hf. sem á sínum tíma var stofnað að mínu frumkvæði sem iðnrh. Mér er kunnugt um að hæstv. umhvrh. hefur uppi áform um eflingu endurvinnsluiðnaðar, bæði hvað varðar umbúðir og brotamálm.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að endurvinnsluiðnaður er hér enn skammt á veg kominn. Hann nefndi lítið fyrirtæki í Garðabæ, sem framleiðir eggjabakka úr úrgangspappír. Ég vil líka nefna fyrirtæki á Akureyri sem hefur náð góðum árangri við að framleiða ýmsar vörur úr gúmmíúrgangi. Annað fyrirtæki þar í bæ hefur safnað saman ónýtum fiskkerum og kössum til endurvinnslu. Hér í Reykjavík hefur fyrirtæki um alllangt skeið starfað að því að safna saman netaúrgangi til endurvinnslu. Og þá nefni ég loks fyrirtækin Hringrás og Íslenska stálfélagið sem hugsuð eru til þess að sinna endurvinnslu brotamálms. Öll þessi fyrirtæki hafa verið studd af lánasjóðum iðnaðarins. Iðnlánasjóður hefur líka stofnað sérstakan lánaflokk umhverfislána til þess að greiða fyrir því að fyrirtæki leysi umhverfisvanda.

En vegna þess sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda sérstaklega um fyrirtækið Silfurtún vil ég nefna það að iðnrn. hefur hvatt eggjaframleiðendur til þess nota fremur eggjabakka úr endurunnum pappír en innflutta plastbakka. M.a. fór ég fram á það við landbrh. á árunum 1989 og 1990 að hann beitti sér fyrir þessu með vísun til búvörulaganna, sem ég ætla að hv. fyrirspyrjandi sé mæta vel kunnugur. Í þessu bréfi, sem ég skrifaði reyndar í mars 1989, var hvatt til þess að sett yrði reglugerð á grundvelli búvörulaganna sem skyldaði eggjaframleiðendur til þess að nota undir framleiðslu sína innlenda eggjabakka úr endurunnum pappír vegna þess að í þeim lögum eru ákvæði að þeir sem njóti verndar samkvæmt þeim eigi að láta innlend aðföng ganga fyrir. Landbrn. mun ekki hafa gert þetta. Mér er hins vegar kunnugt um að hæstv. umhvrh. hefur nýlega heimsótt þetta fyrirtæki í Silfurtúni og hefur í hyggju að reyna að veita því frekari stuðning.

En svo ég víki nú að almennum málefnum endurvinnslu þá var það svo að áður en umhvrn. var sett á fót fór iðnrn. með þennan iðnað eins og annan og hafði þá forgöngu um stofnun Endurvinnslunnar hf. til þess að safna saman og koma til endurvinnslu skilaskyldum drykkjarvöruumbúðum. Þessu fyrirtæki hefur nú vaxið fiskur um hrygg á þeim tveimur árum sem það hefur starfað. Það hefur náð góðum árangri við það að ná skilum á drykkjarvöruumbúðum. Það flytur notaðar umbúðir út, bæði í formi brotamálms og plasts sem síðan fer til endurvinnslu.

Í nýlegri umsögn til umhvrn. um breytingar á lögum um endurvinnsluna hefur iðnrn. lagt til að starfssvið Endurvinnslunnar og álagning skilagjalds verði víkkuð til þess að ná til fleiri tegunda umbúða, einnig til hjólbarða, flúorpera og uppsafnaðra rafhlaðna, sem eru býsna erfið þraut við að glíma. Ég tel að þetta fyrirtæki hafi sýnt árangur sem beri að nýta á fleiri sviðum.

Ég vildi líka taka fram að iðnrn. lét á sínum tíma semja frv. um söfnun brotamálma og skilagjald á ökutæki. Því miður náðist ekki samstaða um málið en það er nú í höndum umhvrn. Margir aðilar hafa unnið hér að söfnun brotamálma á liðnum árum, lengst af Sindri hf. og síðan Hringrás í eigu sömu aðila. Þeir hafa lengi stundað slíkan rekstur. Brotajárnið var lengi flutt út en með verksmiðju Íslenska stálfélagsins við Hafnarfjörð hafa opnast möguleikar til þess að bræða málminn og flytja hann út í hleifum til frekari vinnslu. Fyrirtækið hefur yfir að ráða sérstökum tætara fyrir ónýt ökutæki og auðveldar það alla vinnslu brotamálmsins. Ég tel þess vegna að nú standi nokkuð upp á hið opinbera að koma upp skipulögðu kerfi til söfnunar brotamálms og koma honum til eyðingar.

Eins og kunnugt er hefur Stálfélagið átt í erfiðleikum. Ég vona að þeir séu tímabundnir og fyrirtækið geti tekið til starfa á nýjan leik eftir að fjárstofn þess hefur gengið í gegnum eldhreinsun gjaldþrots. Ég tek það

fram að iðnrn. hefur stofnað til funda með eigendum og stjórnendum þess félags og ýmsum áhugamönnum um framhald rekstrar þess. Gjaldþrot var óumflýjanlegt en ég bind vonir við að það geti komist á fætur aftur.

Endurvinnsla úrgangsefna er án alls efa mjög vaxandi og mikilvægur þáttur í okkar atvinnulífi og fyrirspurn hv. 2. þm. Suðurl. því þörf. Meginatriðið er að flokka úrganginn og við munum fylgja þessu máli eftir og reyna að stuðla að því að fram vaxi þessi nýi iðnaður eftir því sem það er á verksviði iðnrn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega þörf á því að við hér á hv. Alþingi fylgjumst með hvernig staða þeirra fyrirtækja er sem sinna endurvinnslu. Hér er um að ræða fyrsta vísi að því sem koma skal í þessum efnum. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta einstaka mál upp sem er auðvitað liður í miklu stærra máli og hæstv. ráðherra var að víkja að í svari sínu.

Ég held að fram undan sé í rauninni að taka öll mál sem snúa að úrgangi og mögulegri endurvinnslu föstum tökum. Það gerist auðvitað ekki einangrað hérlendis heldur sem liður í alþjóðlegu átaki. Þetta hlýtur að hafa áhrif á viðskiptasamninga og viðskiptastefnu almennt séð, þannig að framleiðendurnir og innflytjendurnir þurfi að taka eðlilegan og gildan þátt í því hvernig málið er til lykta leitt, þ.e. það sem af gengur.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Mér var að sjálfsögðu ljóst að þetta mál gæti eins heyrt undir hæstv. umhvrh. en fyrirspurninni varð að beina til ákveðins ráðherra og þar sem þessi mál féllu eingöngu undir hæstv. iðnrh. þar til fyrir skömmu þá kaus ég þessa leið. Líka vegna þess að þó að hér sé um endurvinnsluiðnað að ræða og því mikilvægt að því leyti, þá er þetta líka álitlegt iðnfyrirtæki og ánægjulegt hvernig hægt er að nota þessa möguleika ef vel er að verki staðið.

Það kom fram í svari hæstv. iðnrh. að það eru margir sem geta komið þarna að og veitt sinn atbeina til þess að þetta gangi sem best. Það er kannski einhver hætta við slíkar aðstæður að hver vísi á annan og það verði a.m.k. viðkomandi aðila sem eftir leitar erfiðara að festa hendur á því hvar helst er að knýja á. Ég vænti þess að í þessu tilviki og öðrum reyni menn að sameina krafta sína. Miðað við þær undirtektir sem komu fram í máli hæstv. iðnrh. vil ég láta í ljós þá von að þarna og á öðru sviðum finnist farsæl og góð lausn til þess að þetta geti orðið árangursríkt fyrir okkur að öllu leyti, bæði til þess að leysa umhverfisvandamál og líka til þess að skapa arðbæra atvinnu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það alveg skýrt fram, eins og reyndar kom fram í mínu fyrra svari, að ég færist alls ekki undan því að taka þátt í umræðum um þetta mál eða svara slíkum fyrirspurnum. Mér er málið sannarlega skylt. Endurvinnsluiðnaður er framtíðaratvinnugrein og verður það í þessu landi eins og öðrum þar sem líkt háttar og hjá okkur. En ég vil eingöngu benda á það vegna þess sem ákveðið hefur verið í verkaskiptingu milli ráðuneyta að hér væri líka við umhvrn. að ræða.

En vegna þess sérstaka máls, sem hv. 2. þm. Suðurl. hreyfir hér um rekstrargrundvöll og verkefni eggjabakkaframleiðslunnar í Silfurtúni, vil ég taka það fram að í bréfi sem ég skrifaði landbrn. í mars 1989 segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Iðnaðarráðuneytið bendir sérstaklega á þá leið að sett verði samkvæmt 1. gr. e-liðar laga nr. 46/1985, (þ.e. laganna um búvöruframleiðsluna) reglugerð sem kveði á um skyldu eggjaframleiðenda til að nota undir framleiðslu sína innlenda eggjabakka úr endurunnum pappír. Verður ekki annað séð en að slík reglugerð eigi tvímælalausa stoð í áðurnefndu ákvæði.

Ég vil þess vegna benda á að þar sem eggjaframleiðendur njóta verndar samkvæmt búvörulögum þá bera þeir líka skyldur samkvæmt þeim. Þetta hefur ekki verið gert og ég veit að þetta hafði áður verið rætt m.a. meðan hv. 2. þm. Suðurl. fór með málefni landbrn. Með þessu er ég alls ekki að vísa málinu neitt milli ráðuneyta. Ég segi bara það sem einfalt er. Ég tel að það eigi á þetta að reyna meðan eggjaframleiðendur njóta sjálfir fullkominnar verndar.

Aðgerðir til stuðnings íslenskum skipasmíðaiðnaði, ein umr.

Fsp. GuðjG, 162. mál. — Þskj. 174.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. iðnrh. er svohljóðandi:

„Hefur iðnrn. á prjónunum einhverjar aðgerðir til stuðnings íslenskum skipasmíðaiðnaði?"

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur átt við mikla erfiðleika að stríða á síðustu árum. Svo til öll nýsmíði hefur farið fram erlendis og mörg stærri breytinga- og viðgerðaverkefni. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst þær miklu niðurgreiðslur sem stundaðar eru hjá ýmsum samkeppnisþjóðum okkar. Við slíkar niðurgreiðslur ráðum við ekki en það er fleira sem kemur til. T.d. má nefna að það hefur löngum tíðkast að útgerðir fengju nánast sjálfkrafa bankaábyrgðir fyrir viðgerðaverkefni sem unnin eru erlendis en alls ekki ef verkin eru unnin hér heima. Þá hefur Fiskveiðasjóður lánað sama til viðgerða og breytinga á skipum hvort sem verkið er unnið á Íslandi eða erlendis, en lítils háttar munur er á lánshlutfalli til nýsmíða, 65% til innlendrar smíði en 60% til erlendarar. Loks hafa lánastofnanir afnumið þá reglu sem gilti fyrir nokkrum árum að skylt væri að leita tilboða hjá íslenskum skipasmíðastöðvum áður en lánað væri til verkefna erlendis.

Fyrir 10 árum voru um 1.000 ársverk í íslenskum

skipasmíðastöðvum og má segja að þessi iðngrein hafi þá verið rammíslensk stóriðja. Síðan hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina og starfsmönnum fækkað jafnt og þétt. Jafnframt hafa skipasmíðastöðvarnar átt í miklum erfiðleikum og sumar hafa hætt starfsemi, t.d. Stálvík sem var eitt af leiðandi fyrirtækjum í þessari grein. Aðrar hafa átt í miklum erfiðleikum. Það lætur nærri að starfsmönnum hafi fækkað um allt að helming. Mér sýnist augljóst að verði ekki einhver breyting á högum íslenskra skipasmíða á næstunni þá leggist þessi iðngrein af á allra næstu árum. Það teldi ég óbætanlegt tjón fyrir þjóð sem byggir afkomu sína að stærstum hluta á fiskveiðum. Þá mundi glatast sú mikla þekking og reynsla sem Íslendingar hafa aflað sér á þessu sviði á síðustu þremur áratugum. Einnig má minna á að skipasmíðastöðvarnar hafa verið mjög afkastamiklar í iðnmenntun og stór hluti þeirra málmiðnaðarmanna sem lokið hafa sveinsprófi síðasta aldarfjórðunginn hafa verið nemar hjá þessum fyrirtækjum.

Ég held að það sé óumdeilt að skip sem byggð eru á Íslandi standist fyllilega samkeppni við það besta sem kemur erlendis frá. Íslensk útgerð þarf einnig á viðgerðaþjónustu skipasmíðastöðvanna að halda. Þess vegna er það mikilvægt að þessi iðngrein nái að snúa vörn í sókn. Nú hefur hæstv. sjútvrh. lagt fram hér á Alþingi frv. sem heimilar erlendum skipum hindrunarlausan aðgang að viðgerðum og þjónustu í íslenskum höfnum en það hefur verið baráttumál Landssambands iðnaðarmanna um langt árabil. Sambandið hefur einnig margítrekað ósk sína um að innlend iðnfyrirtæki sitji við sama borð og erlend hvað bankaábyrgðir varðar svo og að lán eða ábyrgðir lánastofnana til kaupa á erlendri vöru eða þjónustu í samkeppni við íslenskan iðnað fáist ekki nema að undangengnu útboði á innlendum markaði.

Þessum atriðum ætti að vera létt að kippa í liðinn. Það sem ég tel að skipti hvað mestu máli fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað er að aukinn verði sá munur sem er á lánshlutföllum Fiskveiðasjóðs til erlendra og innlendra skipasmíðaverkefna.

Það kom fram í svari hæstv. sjútvrh. við fsp. minni fyrr á þessum fundi að hann hefur tekið upp viðræður við stjórn Fiskveiðasjóðs þar að lútandi og ber að fagna því.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort iðnrn. hafi á prjónunum einhverjar aðgerðir til stuðnings íslenskum skipaiðnaði.

Því er til að svara að í fyrsta lagi verður haldið áfram aðgerðum til stuðning skipaiðnaðinum sem verið hafa í gangi um nokkurt skeið. Ég nefni þar m.a. starf og tillögur skipaiðnaðarnefndar sem skipuð er fulltrúum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og fulltrúum launþegasamtaka sem í greininni starfa auk fulltrúa iðnrn. Þessi nefnd hefur staðið fyrir nokkrum verkefnum. Meðal þeirra er átak til aukinnar framleiðni í skipaiðnaði og sérstakt markaðsátak vegna hans. Framleiðniátakið byggist á úttekt sem breska fyrirtækið A. P. Appeldore gerði á árinu 1989. Í framhaldi af þeirri úttekt voru skipulagðar aðgerðir til að auka framleiðni í íslenskum skipasmíðastöðvum. Markaðsátakið hófst á liðnu ári og mun standa fram á næsta ár. Það byggist m.a. á kynningarátaki bæði innan land og erlendis.

Þá má nefna að iðnrn. hefur veitt skipasmíðastöðvum styrki til hönnunarverkefna við ákveðnar aðstæður. Ég nefni þar styrki til hönnunar hafnsögubáta þar sem samgrn. átti einnig hlut að máli. Eins hefur komið til greina að veita slíka styrki til sérhæfðra skipasmíðaverkefna. Ég nefni þar fjölkjalabáta til innfjarðaveiða og reyndar einnig sérhæfð aðstoðarskip.

Þá vil ég geta nefndar sem nú er að störfum og er að kanna horfur um verkefni skipaiðnaðarins á næstu árum og leiðir til að tryggja hlut hins innlenda iðnaðar í fyrirsjáanlegri endurnýjun fiskiskipaflotans. Í þessari nefnd eru fulltrúar iðnrn. og sjútvrn. auk fulltrúa málm- og skipasmiðja. Þessi nefnd mun væntanlega skila áliti sínu síðar á þessum vetri. Erfiðleikar skipaiðnaðarins stafa að sjálfsögðu fyrst og fremst af því að sjávarútvegurinn, sem er uppspretta verkefnanna, hefur mætt andstreymi nú um nokkur ár. Þess vegna hefur verkefnunum fækkað mjög og breytingar á samkeppnisstöðu iðnaðarins hafa ekki getað fært honum þær bætur í afkomu sem æskilegt hefði verið. Ég vil benda á það að viðgerðarverkefni hafa mjög flust inn í landið og er alveg áberandi þróun í þá átt sem sérstaklega kemur fram á árinu 1990 en um það höfum við tölur.

Þá vil ég geta þess að frá því á árinu 1989 og reyndar síðar á árinu 1990 hefur iðnrn. óskað eftir því við sjútvrn. að ákvæðum í lögum frá 1922, sem banna komur erlendra fiskiskipa í hafnir landsins, verði breytt vegna þess að þau draga úr möguleikum íslenskra skipasmiðja til að veita þeim þjónustu. Slíkt frv. er nú komið fram og mikilvægt að því verði fylgt eftir af hálfu skipaiðnaðarins með kynningu og markaðsátaki.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um bankaábyrgðirnar vildi ég benda á að þeim tilmælum hefur ítrekað verið beint til innlendra lánastofnana að gera þar sömu kjör fyrir þá sem smíða heima og erlendis. En á móti má náttúrlega segja það sem einfalt er að þörf fyrir bankaábyrgðir er miklu minni þegar skipti fara fram milli kunnugra aðila. Og það má náttúrlega segja að það sé óþarfa kostnaður fyrir skipasmíðastöðina og útgerðarmanninn ef báðir þekkjast og treysta hvor öðrum að vera að taka þar bankaábyrgð í viðskiptunum. Þetta er nú of sjaldan sagt þegar þetta mál er rætt.

Þá vil ég benda á að ég hef nýlega lagt til í ríkisstjórn að útlánareglum Fiskveiðasjóðs verði breytt á þann veg að opið útboð meiri háttar nýsmíða og breytinga á fiskiskipum og fiskvinnslutækjum verði gert að skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum. Ég hef einnig ítrekað lagt til að lánareglum sjóðsins verði breytt á þann veg að lánshlutfall til nýsmíða erlendis verði verulega lækkað frá því sem nú er. Með þessum tillögum er verið að koma fram máli sem skipasmíðaiðnaðurinn hefur lengi barist fyrir og ég hef ítrekað

flutt tillögur um á vettvangi ríkisstjórnar. Ég bind vonir við það að nú náist um þetta samstaða og að lánahlutfallið til erlendra smíða verði mjög verulega lækkað með tilliti til allra aðstæðna.

Að lokum vil ég segja, vegna þess sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, að niðurgreiðslur annarra Vestur-Evrópuríkja á skipasmíðakostnaði valda okkur miklum erfiðleikum. Ríkissjóður Íslands getur ekki, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, veitt slíka smíðastyrki. En í samkomulaginu um hið Evrópska efnahagssvæði er fengið fyrirheit um það að niðurgreiðslurnar í Evrópubandalagsríkjunum verði teknar til endurskoðunar og samráð verði haft við EFTA-þjóðirnar um framtíðarskipan þessara mála. Ég vil því leyfa mér að vona að samkeppnisstaða íslenska skipaiðnaðarins muni styrkjast á næstu árum vegna lækkunar eða niðurfellingar skipasmíðastyrkja í samkeppnisríkjum okkar. Þar skiptir ekki minnstu máli að Noregur, okkar helsta samkeppnisland, er aðili að þessu samkomulagi.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu mikilvæga máli og eins hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Ég vil taka fram að nú er í undirbúningi í þinginu mál sem koma til með að liðka fyrir skipasmíðaiðnaðinum og vil ég þar sérstaklega nefna þær upplýsingar sem sjútvrh. kom með í fyrirspurnatímanum áðan að því er varðar lækkun lánshlutfalls Fiskveiðasjóðs. En hann hefur einnig farið fram á það við Fiskveiðasjóð að hækkaðar verði eiginfjárkröfur þeirra sem njóta framlaga úr sjóðnum til skipakaupa erlendis. Ég geri ráð fyrir að lagabreytingar er varða möguleika Íslendinga til að sinna viðgerðaverkefnum, viðhaldi og þjónustu hjá erlendum fiskiskipum komi til með að hafa áhrif á afkomu skipasmíðaiðnaðarins. En ég tek það skýrt fram að ég tel að þessar ráðstafanir séu ófullnægjandi og miðað við stöðuna í dag þurfi fleira til að koma. Staðan í dag er þannig að verkefnin eru mjög takmörkuð. Þau gætu að vísu aukist allverulega á komandi árum og það er einmitt undir þann tíma sem við þurfum að búa okkur.

Ég verð vegna orða hæstv. iðnrh. að draga mjög í efa að viðræður okkar um Evrópska efnahagssvæðið leiði til að á þeim vettvangi verði dregið verulega úr niðurgreiðslum til sjávarútvegs.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég heyrði ekki betur en hæstv. iðnrh. héldi því fram að aðalerfiðleikar í íslenskum skipasmíðaiðnaði stöfuðu af því að erfiðleikar væru í íslenskum sjávarútvegi. Ég er ekki sammála þeirri skýringu á málinu heldur hljóti hún miklu frekar að vera sú að þessi verkefni hafa farið meira en góðu hófi gegnir úr landi. Og ef svo er, eins og mér heyrðist á hæstv. ráðherrum, reyndar tveimur hér í morgun, að nú sé verið að grípa til aðgerða til að gera útgerðum erfiðara fyrir hvað það snertir að sækja þessa þjónustu úr landi þá hlýtur það að vera jákvætt.

Það sem maður óttast í þessu sambandi er að þessi verkþekking glatist. Þó svo fari að samningar um Evrópskt efnahagssvæði, eða GATT-samningar eftir einhver örfá ár, verði til þess að samkeppnisstaða okkar batni verður það hreinlega of seint. Þess vegna hefði maður getað ályktað sem svo að það væri ekki úr vegi að hugsa sér að íslenska ríkið kæmi inn í þessi mál í einhver örfá ár þangað til þau mál verða til lykta leidd.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er sannarlega gott að samviskan hjá hv. stjórnarliðum og þar á meðal hæstv. iðnrh. virðist vera að vakna varðandi stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar. En það er spurningin hvort það er ekki um seinan. Ályktun Félags dráttarbrauta og skipasmiðja á þessu ári segir að staða íslensks skipasmíðaiðnaðar hafi aldrei verið verri en nú. Þetta segir þar orðrétt. Hæstv. núv. iðnrh. hefur setið í embætti síðan 1988. Hvað hefur hann gert í raun til þess að lyfta stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar? Það er afskaplega veiklað, svo ekki sé sterkara til orða tekið. Í rauninni eru horfurnar þær að menn standa yfir rústum þessa iðnaðar í landinu sem ætti þó eðli málsins samkvæmt að vera ein öflugasta iðngreinin hér á landi vegna þess heimamarkaðar sem við höfum ef menn hefðu unnið að því að tryggja að iðnaðurinn nyti þess og um eðlilega viðskiptahætti væri að ræða því við höfum allan rétt til að grípa inn í m.a. með jöfnunartollum vegna niðurgreiðslu erlendis.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu máli í tveimur fsp. hér í dag. En umfram það sem þegar hefur komið fram þá vil ég bæta atriðum í umræðuna sem ég tel að skipti máli.

Í fyrsta lagi að opinberir aðilar hafi stjórn á lánshlutfalli opinberra sjóða eða sjóða undir stjórn þjóðkjörinna fulltrúa til slíkra framkvæmda eða fjárfestingar.

Í öðru lagi að almennt verði gerð krafa um útboð stærri verkefna. Ég bendi í leiðinni á að sum þessi verkefni eru mun stærri heldur en opinber mannvirkjagerð sem er gerð almenn krafa um öflun verðtilboða eða útboða á almennum markaði. Ég get nefnt sem dæmi upplýsingar sem sjútvn. fékk nýlega í samtölum við forustumenn eins fyrirtækis í þessari grein í landinu. Til hans var hringt einfalt og lítið símtal og hann spurður hvort hans fyrirtæki gæti staðist samkeppni við ríkisstyrkta keppinauta erlendis. Hann sagði nei og komst að því síðar að hann hafði þar misst af verkefnum upp á sjöunda hundrað millj. sem hann hefði getað náð með samkeppni við útboð.

Í þriðja lagi. Ég tel að til álita komi að leggja jöfnunargjald á ríkisstyrkta framleiðslu hvort sem er í skipasmíðaiðnaði eða öðrum greinum sem landsmenn eiga viðskipti við og vek athygli á því að þetta hugtak kemur greinilega fram í samningsdrögum um efnahagssvæði Evrópu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir að koma fram með þessa fsp. og vekja at-

hygli á vanda skipasmíðaiðnaðarins. Við, hv. þm. Svavar Gestsson ásamt fleirum, höfum lagt fram frv. til laga um þriggja ára þróunarátak í skipasmíðaiðnaði. Þar koma fram þær hugmyndir sem hér hefur verið hreyft, t.d. lækkun á lánshlutfalli til erlendrar smíði. Reyndar er stungið upp á að líka verði lagt jöfnunargjald á innflutt skip og einnig að skerðing verði á þeim úreldingum sem koma á móti erlendum skipum. Með ýmsum ráðstöfunum í þá veru er örugglega hægt að koma til móts við skipasmíðaiðnaðinn. Það verður því miður að segjast eins og er að skipasmíðaiðnaðurinn hefur ekki átt því að fagna á undanförnum árum að stjórnvöld í landinu hafi viljað koma til móts við hann. Það hafa legið fyrir tillögur frá samtökum þeirra, sem eru í þessum iðnaði, ár eftir ár og ekki hefur verið komið til móts við þær. Ég vona að það sem hér hefur komið fram hafi verið af einhverjum ástæðum sem ekki eru lengur fyrir hendi og nú sé hægt að gera eitthvað í málunum.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svar við fsp. minni og öðrum þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og lagt þessu máli lið. Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um hvað gert hefði verið fyrir skipasmíðaiðnaðinn af hálfu hans ráðuneytis á undanförum árum. Það er rétt hjá honum að hann gekkst fyrir því að fá breskt ráðgjafarfyrirtæki til að gera úttekt á stöðu þessa iðnaðar og tillögur um úrbætur sem mættu leiða til framleiðniaukningar. Þetta var mjög þarft og gott verkefni og skilaði fyrirtækið að mínu viti mjög góðri skýrslu og góðum tillögum sem að vísu hafa ekki náð að nýtast mikið vegna þeirrar verkefnaþurrðar sem verið hefur í þessum iðnaði. Framleiðniaukningin hefur að sjálfsögðu ekki skilað sér vegna þess að fyrirtækin hafa ekki haft verkefni. Þó má segja að hún hafi skilað sér varðandi það eina nýsmíðaverkefni sem Slippstöðin á Akureyri fékk á þessum tíma að smíða skipið Þórunni Sveinsdóttur fyrir Vestmannaeyinga. Það var gert með nýjum aðferðum og tókst alveg sérstaklega vel bæði hvað varðaði að skila skipinu á réttum tíma og eins hafa útgerðarmaður og skipstjóri skipsins hælt þessu verki alveg sérstaklega, bæði frágangi og öllum samskiptum við stöðina. Það staðfestir það sem ég sagði áðan að íslensk framleiðsla er í hæsta gæðaflokki.

Hæstv. ráðherra nefndi það að erfiðleikar sjávarútvegsfyrirtækja ættu kannski stærstan þátt í því hve lítil verkefni væru fyrir íslensku stöðvarnar. Þetta er nú reyndar búið að segja í fimm, sex ár að það hafi verið erfiðleikar í sjávarútvegi og ekki hægt að búast við verkefnum fyrir stöðvarnar á meðan en samt er það nú svo að öll þessi ár hafa verkefnin streymt til útlanda í milljarðavís. Og það er ekkert lát á því. Eins og hér hefur komið fram eru menn nýbúnir að semja um nýsmíðar erlendis fyrir eina fimm milljarða. Hann nefndi það einnig að viðgerðaverkefni hefðu flust inn í landið. Það er rétt og það er vegna þess að innlend tilboð hafa einfaldlega verið samkeppnisfær við erlend.

Ég vil ítreka það að breyting á útlánareglum Fiskveiðasjóðs í þá veru að auka muninn á lánshlutfalli til innlendra og erlendra verkefna skiptir þessa greina mjög miklu máli og ég veit að hæstv. iðnrh. mun í félagi við hæstv. sjútvrh. fylgja því máli fast eftir. Það hlýtur að vera auðvelt að verða við þessu með bankaábyrgðirnar. Hæstv. ráðherra taldi að það skipti ekki miklu máli vegna þess að Íslendingar þekktu hver annan svo vel. Íslenskar stöðvar þekktu íslenska útgerðarmenn. Það er rétt en reynslan er nú samt sú að menn hafa setið uppi með víxla og verðbréf og alls konar pappíra sem þeir hafa fengið í hausinn og hafa valdið þessum stöðvum ómældum erfiðleikum og oft á tíðum tapi. Ég hef mikla trú á íslenskum skipasmíðaiðnaði og tel að stjórnvöld verði að skapa þær aðstæður að hann komist yfir þá erfiðleika sem hafa verið að lama þessa iðngrein síðustu árin. Það er talið að niðurgreiðslur í samkeppnislöndum okkar muni leggjast af á næstu árum og það má ekki ske að þegar til þess kemur verði íslenskur skipasmíðaiðnaður liðinn undir lok.

Vegna þeirra orða hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar um að samviska stjórnarliða væri að vakna í þessu máli þá vil ég minna hv. þm. á að sjálfur hefur hann verið stjórnarliði síðustu þrjú árin og það hefur aldrei í sögu skipasmíðaiðnaðarins fjarað eins hratt undan þessari grein eins og á þeim árum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom hér hjá hv. fyrirspyrjanda 5. þm. Vesturl. um þá merku athugun og úttekt á íslenskum skipaiðnaði sem breska fyrirtækið A. P. Appeldore gerði á sínum tíma vil ég taka fram að það var fyrirrennari minn, hæstv. núv. fjmrh., sem stofnaði til þessarar athugunar en ég fylgdi henni eftir og ræddi við þetta fyrirtæki um það að þeir bættu við úttektina tillögum um það sem helst kæmi til álita að gera til úrbóta. Þeim tillögum reyndi ég síðan að fylgja eftir í fyrrv. ríkisstjórn. Sumt af því náði fram að ganga, annað ekki eins og gengur. Ég bind nú vonir við það að margt af því sem þar var lagt til, m.a. um lánshlutföll og fleira af því tagi sem hér hefur orðið að umræðuefni í dag, nái nú fram að ganga og fagna því sem fram kom hjá hv. 3. þm. Vesturl. að um þetta mál gæti nú tekist víðtæk samstaða.

En vegna þess sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. þar sem hann virtist draga í efa að úr niðurgreiðslum eða styrkjum til skipaiðnaðarins drægi á hinu Evrópska efnahagssvæði á næstu árum vil ég benda á það sem er einfalt að það er fyrst með samkomulaginu um Evrópskt efnahagssvæði sem Íslendingar fá einhvern aðgang að þessu máli og Norðmenn, okkar höfuðkeppinautar í þessari grein, eru aðilar að skuldbindandi yfirlýsingum um að fella þessa styrki niður. Þetta er mjög mikils virði en auðvitað er það rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að ekkert í þessu máli er alveg víst en þetta er þó í fyrsta sinn sem Íslendingar fá beinan aðgang að ákvörðunum um málið. Það er þannig og aðeins þannig sem alþjóðasamningar hafa gildi fyrir aðildarríki að slíkum samningum.

Vegna þess sem kom fram hér hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. og reyndar hjá hv. 4. þm. Austurl., þá finnst mér því miður örla enn á þeirri skoðun að ríkið eigi að

ábyrgjast afkomu atvinnufyrirtækja. Það á ríkið ekki að gera. Það á að reyna að skapa þeim eðlileg og hæfileg samkeppnisskilyrði en ekki að ábyrgjast afkomuna eða brúa bil í henni vegna þess sem menn ætla að gerast muni í framtíðinni. Því miður er aðalskýringin á erfiðleikunum í skipaiðnaðinum og öðrum stoðgreinum sjávarútvegs erfiðleikar sjávarútvegs. Þetta er jafneinfalt og það er sagt og þess vegna, virðulegu þingmenn, sem tekið hafa þátt í þessari umræðu, hefur eins og hv. 5. þm. Vesturl. orðaði það fjarað ört undan þessari grein á undanförnum árum. Það er einfaldlega af því að verkefnunum hefur fækkað vegna vandræða þeirra sem kaupa þau.

43. FUNDUR

fimmtudaginn 5. des.,
kl. 1 miðdegis.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 150.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. félmrh. er rétt ókominn. Hún er á leiðinni í húsið. En það hafði verið sérstaklega óskað eftir að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur svo að forseti taldi e.t.v. að það mundi duga í þessar mínútur þangað til hæstv. félmrh. kemur. En forseti sér að hv. 8. þm. Reykn. er ekki sammála henni og þá verður beðið í þessar fimm mínútur þar til hæstv. ráðherra kemur og verður fundinum þá frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég met það svo að hér sé hreyft þörfu máli og læt mér í léttu rúmi liggja hvort tilurð þess hefur orðið með þeim hætti að hæstv. félmrh. hafi tilkynnt utanrrh. að þetta bæri að gera og hæstv. utanrrh. nauðugur gert áhlaup á sína samstarfsráðherra og þeir gefið eftir. Það má vel vera að þetta hafi gerst með þeim hætti en þá er það líka vel að sá sem stýrir félagsmálum skuli hafa hörku til að bera til að ná fram einhverjum málum.

Ég met það svo að Ísland sé að sigla inn í fjöldaatvinnuleysi, tímabil þar sem Íslendingar búi við meira atvinnuleysi en við höfum séð framan í á undanförnum árum og þörfin fyrir að endurmennta og veita starfsmenntun þeim, sem ekki hafa hlotið neina slíka menntun áður, er því rík í okkar samfélagi. Það er talið nokkuð algengt að menn skipti þrisvar um starf á ævinni og það eitt segir manni hversu mikil þörf er fyrir endurmenntun. Ég hef ekki átt þess kost að kynnast því sem skyldi hvernig Þjóðverjar hafa staðið að þessum málum en ég geri mér nokkra grein fyrir að Bretar eru að hefjast handa hjá sér og hafa beitt ýmsum aðferðum til að ná fram meiri virkni í því að fólk leiti eftir endurmenntun og komi svo út í atvinnulífið á eftir. Í Bretlandi er þetta tengt því sem við vorum að ræða hér í gær og fellur undir atvinnuleysistryggingabætur. Sá sem fer í endurmenntun og er atvinnulaus fær hærri atvinnuleysisbætur ef hann snýr sér að verkefni sem þessu. Ég átti þess kost í fyrrahaust að kynnast viðhorfi fulltrúa breska Verkamannaflokksins. Hann taldi að eitt af því sem hefði mistekist í stjórnartíð Thatcher í Bretlandi hefði verið að koma þessum málum í jafngott horf og Þjóðverjar höfðu komið þeim málum hjá sér fyrir mörgum árum og stuðlað þannig að því að fólk sem aflar sér endurmennturnar getur fremur fengið atvinnu en það sem aðeins bíður eftir nýju tækifæri án þess að gera neitt til þess að reyna að bæta samkeppnisstöðu sína hvað það varðar að öðlast víðari möguleika til að ná sér í atvinnu.

Ég er sannfærður um að hæstv. félmrh. skilur alvöru þessa máls sem við blasir ef við horfum fram á að atvinnuleysi muni stóraukast á Íslandi. Það hlýtur að kalla á mikla virkni á þessu sviði og þess vegna er ég þakklátur fyrir að þetta frv. er fram komið en ég vil jafnframt beina þeim tilmælum til hæstv. félmrh. og þeirri spurningu jafnframt að það verði skoðað hvort hægt sé að tengja það saman eins og gert er í Bretlandi að þeir sem búa við atvinnuleysi en snúa sér að því að reyna að efla sína þekkingu með því að endurmenntast, eins og hér er lagt til, eigi þess kost að fá hærri atvinnuleysisbætur.

Ég segi þetta vegna þess að ég tel að slíkur hvati sé mikils virði og alvaran sé svo stór að það sé ekki hægt að láta það ráðast hver niðurstaðan verður.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frv. sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir um starfsmenntun í atvinnulífinu. Ég ætla að fara nokkrum almennum orðum um þetta mál og það sem því tengist, atvinnuþróunina í landinu og þörfina á nýbreytni þar og auðvitað skiptir menntunargrunnur allra, sem á vinnumarkaði eru, miklu í því samhengi. Við erum því að fjalla um málefni sem varðar mjög miklu fyrir lífskjör og atvinnustarfsemi í okkar landi og því eðlilegt að um það sé farið nokkrum orðum hér við 1. umr.

Ég tel það mjög góðra gjalda vert að stjórnvöld taki á þessum málaflokki og raunar þó fyrr hefði verið og Alþingi látið sig þetta efni varða. Það hafa verið gerðar mjög margar atrennur að því um áratugi að setja löggjöf um fullorðinsfræðslu en það hugtak hefur almennt verið notað sem samheiti yfir fræðslustarfsemi utan hins lögboðna skólakerfis. Þó er það svo að vissir þættir fullorðinsfræðslu hafa verið felldir með beinum hætti að skólakerfinu. Þar á ég við framhaldsskólastigið og öldungadeildir framhaldsskóla sem starfa á grundvelli framhaldsskólalaga. Um þær gegnir því nokkuð öðru máli þannig að þeirra staða er skýrari í menntakerfi landsmanna en gildir um aðra þætti fullorðinsfræðslu.

Ég fagna því, virðulegur forseti, að hæstv. menntmrh. ætlar að vera viðstaddur þessa umræðu því það

efni sem við erum að ræða snertir að mínu mati enn frekar hans málasvið en málasvið hæstv. félmrh. þó það sé hæstv. félmrh. sem ber frv. fram sem við ræðum hér. Við erum að fjalla um einn þátt menntamála í landinu og ég mun koma að því í samhengi þessa frv. Það er kannski rétt að ég byrji á þeim þætti vegna þess að hæstv. menntmrh. er nú í þingsal og hæstv. félmrh. er einnig kominn til þings eftir nokkra bið.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki farsæl stefna að kljúfa umsjón með fræðslustarfsemi í landinu innan stjórnkerfisins með þeim hætti sem gert er með flutningi þessa frv. á vegum félmrn. og með þeim hætti sem tíðkaður hefur verið á ýmsum málasviðum, að láta einstök fagráðuneyti önnur en ráðuneyti menntamála fara með málefni einstakra þátta fræðslumála í landinu. Um það eru vissulega mýmörg dæmi að menn hafa falið öðrum ráðuneytum en menntmrn. að fara með málefni einstakra skóla. Ég vísa til búnaðarskólanna í landinu sem dæmi. Ég vísa einnig til starfsemi sem ekki hefur sérstaklega verið lögbundin en getið er um í þessu frv. og á að lögfesta með nokkuð sérstökum hætti skv. 4. gr. frv. sem við ræðum hér, en það er starfsfræðsla í fiskvinnslu. Í 4. gr. frv. er tekið fram að hún skuli heyra undir sjútvrn.

Ég er á þeirri skoðun að menn séu á alrangri braut í sambandi við meðferð þessara mála. Það hefur sínar sögulegu ástæður að einstakir þættir í fræðslustarfsemi í landinu hafa verið settir undir þetta eða hitt ráðuneyti fyrr á tíð, búnaðarskólarnir undir landbrn. o.s.frv. Ég er ekkert að lasta það út af fyrir sig. Ég er ekki að lasta það að einstök fagráðuneyti á sviði atvinnumála t.d. eru að ýta við starfsfræðslu varðandi sinn málaflokk. En hér er verið að búta sundur af hálfu hins opinbera það sem saman á með mjög óréttmætum og varhugaverðum hætti sem ekki er líklegur til þess að bæta árangurinn sem að er stefnt því ekki ætla ég neinum sem ber fram þessi mál að vilja draga úr árangri sem hlýst af íhlutun ríkisins og hugsanlegum fjárveitingum til þessara málaflokka. En að koma starfsmenntun í atvinnulífinu fyrir innan félmrn. með sérstakri löggjöf, svo dæmi sé tekið vegna þessa frv. sem við ræðum hér, er slík tímaskekkja miðað við það sem þyrfti að stefna að í Stjórnarráðinu að ég hlýt að taka það sem einn gildan þátt og gagnrýnisverðan í sambandi við þetta mál.

Hvers vegna er það gagnrýni vert að verið sé að búta hlutina sundur með þeim hætti? Vegna þess að fjárráð og mannafli til opinberrar umsýslu í landinu er takmarkaður og því er afskaplega mikils virði að unnið sé samhent og samstætt að þeirri aðstoð við fræðslustarfsemi sem hið opinbera leggur af mörkum. Það er afar þýðingarmikið að menn séu ekki að vinna einangrað í ráðuneytum sem eðli málsins samkvæmt hafa auðvitað mjög takmarkaða innsýn inn í hið almenna fræðslustarf í landinu og ekki er ætlast til að standi fyrir slíku, að ætla þeim að byggja upp sérstakt kerfi til þess að vinna að þeim þáttum. Og það kerfi er síðan ótengt við menntmrn., ráðuneyti kennslu- og fræðslumála í landinu, eins og sjá má af því hvernig í pottinn er búið í sambandi við þetta frv.

Ég vek athygli á í því samhengi að skv. 5. gr. er gert ráð fyrir að sérstakt sjö manna starfsmenntaráð fari með framkvæmd þessara laga. Hvernig er þetta starfsmenntaráð svo skipað? Það eru þrír fulltrúar frá Samtökum atvinnurekenda, þrír fulltrúar tilnefndir af samtökum launafólks og svo fulltrúi skipaður af félmrh. án tilnefningar. Ég vek sérstaka athygli á þessu. Það er ekki verið að tryggja eitthvert samhengi eða samstarf við menntmrn. og tengsl í gegnum þetta starfsmenntaráð. Ó nei. Það kemur fram að engan slíkan fulltrúa er finna í þessu starfsmenntaráði.

Þannig er frágengið í öðrum greinum frv. að verið er að hólfa þetta og halda þessu innan félmrn. Mér sýnist af rökstuðningi, ef rökstuðning skal kalla, að hann sé — Já, virðulegur 11. þm. Reykn. Ég veit að hæstv. félmrh. hefur tvö eyru og má vel vera að hún kunni að halda vel sundur reitunum í heilabúinu. Ég efast ekkert um það. Mér þætti gott ef hæstv. ráðherra fengi að hlýða á mál mitt ótrufluð. — Ég held að þær girðingar sem verið er að reisa í Stjórnarráðinu í sambandi við þessa starfsemi séu mjög ófarsælar og kannski eitt meginatriði í sambandi við meðferð þessa máls að tryggja að horfið verði frá þeirri ófarsælu stefnu sem hér er verið að marka að þessu leyti.

Ég vek athygli á því að það er ekki aðeins við skipun þess ráðs sem á að sjá um framkvæmd laganna sem unnið er einangrað heldur eru aðrar greinar sama marki brenndar. Nægir þar að benda á 7. gr. Þar er það félmrn., út af fyrir sig eðlilega eins og þetta er hugsað af hálfu þess, sem á að safna upplýsingum og félmrh. á að bera fram tillögur sem starfsmenntaráð mótar. Í ýmsum ákvæðum frv. er gert ráð fyrir því að félmrn. hafi einnig íhlutun um námsefni og námsefnisgerð. Allur búnaður þessa máls er með þeim hætti að hér er verið að byggja upp sérstakt kerfi innan félmrn. til þess að vinna að þessum málum.

Er það svo að hægt sé að líta á að starfsmenntun í atvinnulífinu — þó að þar eigi fyrst og fremst að reyna á frumkvæði atvinnulífsins sjálfs, eins og við orðum það stundum, þ.e. forráðamanna fyrirtækjanna í samvinnu við samtök launafólks — sé í rauninni einangruð og ekki skipti máli í því samhengi hvernig staðið er að öðrum þáttum fræðslustarfsemi sem flokka má undir fullorðinsfræðslu í landinu og þeirrar starfsemi sem fer fram innan hins lögboðna skólakerfis?

Ég er þeirrar skoðunar að þá fyrst verði sæmilega að þessum málum staðið þegar, í fyrsta lagi, verður betur staðið að starfsmenntunarmálum allmennt innan hins lögboðna skólakerfis og síðan að fullorðinsfræðsla, sem fram fer á vegum frjálsra samtaka og samtaka atvinnulífsins, verði tengd, eins og kostur er og ástæða þykir til á hverjum tíma, við fræðslukerfið í landinu, skólana í landinu og þá sem innan veggja þeirra starfa og ráðuneyti þeirra mála sem á að fjalla um þau mál öðrum fremur, þ.e. menntmrn.

Það er hins vegar svo, virðulegi forseti, að hér er ekki um einstakt mál að ræða, sundurgreiningu og sundurvirkni, eins og verið er að leggja til með þessu frv., að því er snertir yfirstjórn þessa málaflokks af hálfu stjórnvalda. Þetta hefur, má segja, gengið sem

rauður þráður innan Stjórnarráðsins á mörgum fleiri málasviðum um allt of langan tíma. Svo ég nefni kannski það dæmi sem mér finnst mestu varða, það er meðferð atvinnumálanna almennt, málefna atvinnulífsins innan Stjórnarráðsins, þar sem menn hafa búið við að hólfa sundur málefni atvinnulífsins í meðferð Stjórnarráðsins í mismunandi ráðuneytum. Ráðuneyti iðnaðarmála, ráðuneyti sjávarútvegsmála, ráðuneyti landbúnaðarmála, þessi þrjú ráðuneyti sem enn eru starfandi sem sjálfstæð ráðuneyti, nú er að vísu verið að tengja viðskrn. við iðnrn. Þetta er að mínu mati grein af sama meiði þó að sá meiður sé miklu stærri og veigameiri heldur en það litla frv. sem við erum að ræða. En ég nefni þetta vegna þess að það er svipuð hugsun sem er hér að baki, að greina sundur í meðferð Stjórnarráðsins með óeðlilegum hætti sem mun leiða til lakari árangurs á viðkomandi málasviði.

Ég er þeirrar skoðunar og hef verið það lengi að skipting atvinnulífsins á mismunandi ráðuneyti, eins og gert hefur verið, sé til mikils óhagræðis og standi beinlínis í vegi fyrir eðlilegri atvinnuþróun í landinu vegna þess að þar heldur hver í sinn skækil og það er í raun inni enginn til þess að tryggja að þar fari fram sú samhæfing sem þarf. Forsrn., sem gjarnan er gripið til ef menn óska eftir samhæfingu milli ráðuneyta, er svo veikburða, starfslega séð í Stjórnarráði Íslands, að það hefur í raun enga burði til þess og raunar ekki lagalega stöðu heldur eins og á málum er haldið.

Hér þarf sannarlega endurskoðunar við og hið sama gildir þegar við lítum til fræðslumálaþáttarins. Þar eigum við ekki að byggja upp einhverjar fræðsludeildir innan félmrn. eða innan sjútvrn., eins og greinilega er ætlunin að gera með því að halda einum þætti fræðslu, fullorðinsfræðslu, starfsfræðslu í fiskvinnslu, sérstaklega innan sjútvrn. Hér er svo forneskjuleg hugsun á ferðinni og röng að mínu mati að við eigum að staldra við og taka þetta mál með allt öðrum hætti og tengja það við starfsemi menntmrn. þar sem sannarlega þarf að efla tök og stefnu varðandi fullorðinsfræðslu í framhaldi af því starfi sem þar hefur verið unnið. Í því sambandi vísa ég til frv. um almenna fullorðinsfræðslu sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi 1990 af páv. hæstv. menntmrh. Þar er gerð atrenna að því, sem tilraunir höfðu gerðar um áður, að setja lagaramma utan um fullorðinsfræðslu í landinu. En þar er vissulega tekið fram að gert sé ráð fyrir því að félmrh. taki á einum *þætti fullorðinsfræðslunnar með flutningi frv. um* starfsmenntun í atvinnulífinu sem á þeim tíma var í undirbúningi á vegum félmrn.

Ég held ég fari rétt með það að hæstv. fyrrv. menntmrh., nú hv. þm. Svavar Gestsson, hafi kosið að þetta mál yrði tekið allt öðrum tökum en hins vegar ekki náð því fram að á málum yrði tekið með þeim hætti að *starfsmenntun í atvinnulífi í þrengri merkingu* heyrði einnig undir menntmrn. og væri tekin með inn í löggjöf um fullorðinsfræðslu.

Nú vil ég inna hæstv. menntmrh. eftir því hvert sé viðhorf hans til þessa máls. Hæstv. menntmrh. má gjarnan tengja þetta nokkuð víðar, þ.e. hvaða viðhorf hann hafi til einstakra fræðsluþátta sem nú eru á dreif hér og þar í Stjórnarráðinu, hvort hann telji að það sé eðlilegt að stefna að því að færa þá þætti undir menntmrn. og a.m.k., sem ég tel algjört lágmark, að ganga tryggilega frá eðlilegu og góðu samstarfi þeirra aðila, skilmerkilegu samstarfi þeirra aðila, sem þar eiga að halda á máli. Það er ekki gert með þessu frv. eins og búningur þess er, því miður.

Ég vil einnig spyrja hæstv. menntmrh. eftir því hvort hann hafi í hyggju að leggja fram frv. um fullorðinsfræðslu í svipuðum búningi eða breyttum frá því sem fyrir lá á 113. löggjafarþingi. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að taka þar til hendi því það er þörf á slíkri löggjöf og ég vænti þess að það komi fram í máli hæstv. ráðherra hvort hann ætlar að beita sér í þeim málum.

Það mætti, virðulegur forseti, nefna margt fleira í tengslum við þetta frv. Ég vek athygli á því að í umsögnum, sem fylgja frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu, koma fram hjá nokkrum aðilum áhyggjur út af því að ekki sé gengið frá eðlilegum tengslum við meginstoðir fræðslustarfs í landinu. Þó að það sé ekki hjá öllum sem þar veita umsögn þá er það svo að að því er vikið í nokkrum af þeim umsögnum sem prentaðar eru sem fskj. með þessu frv.

Ég held það séu margir þættir sem snerta þetta mál sem við þurfum að athuga mjög vel við meðferð þess í þinginu. Hv. 2. þm. Vestf. vék að því, alveg réttilega, að nú eru dekkri og alvarlegri blikur á lofti en verið hefur um langt skeið í sambandi við atvinnuhorfur. Hættan á atvinnuleysi, auknu atvinnuleysi, blasir við eins og haldið er á málum og eins og árar í okkar þjóðfélagi. Það er mjög eðlilegt og réttmætt, eins og hv. þm. vék að, að það skiptir miklu að þeir sem verða fyrir þeirri ógæfu að geta ekki nýtt sér þann sjálfsagða rétt sem ætti að vera stjórnarskrárbundinn, réttinn til atvinnu, eigi a.m.k. völ á því að geta notað tíma sinn til að afla sér þekkingar og auka möguleika sína á því að verða þátttakendur í skapandi atvinnustarfsemi. En ég er ansi hræddur um að þetta frv. sem við ræðum hér breyti þar afar litlu vegna þess að frumkvæðið að þessu máli er hjá samtökum atvinnulífsins, þeirra sem eru í starfi, þeirra sem hafa atvinnu, þó að fulltrúar launafólks sem eiga að koma að þessu máli hafi væntanlega og örugglega allir áhyggjur af óvissu á vinnumarkaði og ríkjandi atvinnuleysi á hverjum tíma. En það þarf áreiðanlega margt annað að koma til en þetta frv. og *lögfesting þess ef þau markmið eiga að nást sem* hv. 2. þm. Vestf. var með réttu að víkja að í sínu máli.

Þá kemur spurningin sem einnig snýr að tengslum starfsmenntunar og fræðslukerfis og hún er: Hvaða réttindi veitir það nám sem stutt er af ríkisins hálfu með framlögum, ef einhver verða, til starfsmenntunar í atvinnulífinu? Hvernig verður háttað skipulagi þeirra námskeiða og annars náms sem fram á að fara skv. lögum, ef þetta frv. verður lögleitt? Sama gildir vissulega um aðra lagasetningu eða aðra fullorðinsfræðslu í landinu. Það skiptir afar miklu að það séu sem skýrust tengsl, einnig réttindalega séð, fyrir þá sem eru að afla sér menntunar eftir þessum brautum.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að lengja mál mitt.

Ég hef gert að meginefni, gagnrýnisefni í sambandi við þetta frv. hvernig ráðgert er að koma þessu máli fyrir í stjórnkerfinu og ég vænti þess að viðbrögð komi fram hjá hæstv. ráðherrum menntamála og félagsmála sem eru viðstaddir umræðuna. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér hvernig með þessi mál er farið í nágrannalöndum, t.d. á Norðurlöndunum, en vafalaust hefur hæstv. félmrh. vitneskju um það og kann að vera að ráðherrann miðli okkur af þeirri vitneskju hvernig þessum málum er þar fyrir komið. Þó að það eitt þurfi ekki að verða ráðandi fyrir okkar stefnu í þessu, þá er fróðlegt fyrir okkur að átta okkur á því hvernig farið er með þessi mál í nágrannalöndum.

Þetta mál gengur samkvæmt tillögu hæstv. ráðherra, að ég trúi, til félmn. Alþingis, sú mun vera ætlunin. En ég neita því ekki að mér fyndist það mjög miður ef menntmn. þingsins hefði ekki aðstöðu til að fjalla um þetta mál. Og ég vil beina því til beggja viðstaddra ráðherra og formanna viðkomandi þingnefnda að þeir tryggi að það verði samvinna milli þeirra nefnda um meðferð þessa frv. Ég held að ég þurfi ekki að rökstyðja það sérstaklega að ég ber hér fram þá beiðni.

Ég ætla ekki, ef undirtektir eru jákvæðar við það efni að menntmn. þingsins fái einnig aðstöðu til þess að fjalla um þetta frv. í samvinnu við félmn., að hafa ágreining uppi um það að málinu verði vísað til félmn. þó að ég hefði talið hitt eðlilegra, alveg eins og með málafylgjuna alla á þessu sviði að það kæmi frá menntmrn. en ég legg á það ríka áherslu að menntmn. þingsins fái aðstöðu til þess að fjalla um málið.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og Hjörleifi Guttormssyni að hér er á ferðinni afskaplega mikilvægt mál og því ekki sama hvernig með það er farið. Ég les hins vegar út úr þessu frv. að góður vilji býr að baki, ég er sannfærður um það. Hæstv. félmrh. vill með þessu frv. ná fram aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu frá því sem nú er. Ég er hins vegar ekki alveg viss um að það muni verða þannig verði þetta frv. að lögum. Starfsmenntun í atvinnulífinu er mjög mismunandi mikil eftir atvinnugreinum. Í mörgum atvinnugreinum er þetta mjög gott, mikil starfsmenntun sem þar fer fram. Ég nefni iðnaðinn og ýmsar greinar á vegum hans eins og í rafiðnaði. Þar fer fram mikil starfsmenntun. Sama gildir í sjávarútveginum. Þar fer fram að ég hygg einhver víðtækasta starfsmenntun hér á landi.

Þetta er auðvitað mjög gott, en í mörgum atvinnugreinum er hins vegar sáralítil sem engin starfsmenntun. Ég hef viljað líta svo á að þetta frv. sé kannski fyrst og fremst til þess að reyna að ýta undir hjá atvinnugreinum þar sem starfsmenntun er engin. Gallinn við frv. að mínu viti er hins vegar sá að það felur í sér afskaplega mikla miðstýringu. Það er verið að færa frumkvæðið, sem ég segi að hafi verið úti í atvinnulífinu hjá samtökum launafólks og hjá samtökum atvinnurekenda, inn í félmrn., frá þessum aðilum sem ég fullyrði að hafi í öllum tilfellum haft frumkvæði að því að koma þessari starfsmenntun af stað. Ráðuneytin sem slík hafa ekki haft þetta frumkvæði nema að því leyti til að þau hafa tekið undir með aðilum vinnumarkaðarins og aðstoðað við að koma á mjög víðtækri starfsmenntun. Í 1. gr. frv. eru sett fram fögur og hástemmd markmið um það hvernig að þessu skuli staðið. Og ég veit að hjá hæstv. félmrh. býr að baki frv. góður hugur. En því miður held ég að skipulag fræðslustarfsins, verði þetta frv. að lögum, verði með þeim hætti að það nái ekki tilætluðum árangri. Efasemdir mínir í garð þessa frv. eru fyrst og fremst út frá þessum skipulagslegu þáttum og ég vil skipta þeim í fjögur meginatriði.

1. Ég tel að félmrn. eigi ekki að fara með yfirstjórn þessara mála. Ég tel að hún eigi að vera í fagráðuneytunum. Þar er ég ekki sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem telur að þessu verði best fyrir komið í menntmrn. Það kann vel að vera að þetta sé eðlilegur hluti af menntun í landinu. Ég tek undir það. Staðreyndin er bara hins vegar sú að það eru mjög lítil tengsl milli menntmrn. og atvinnulífsins og skólakerfisins í landinu og atvinnulífsins. Það samband tel ég að þurfi að bæta, og sé auðvitað hægt að bæta, og ná þannig fram aukinni samvinnu þarna á milli þegar slíkt væri komið á. Þá get ég tekið undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þeirri fræðslustarfsemi sem hér um ræðir væri best fyrir komið inni í menntmrn. sem yfirstjórnanda og inni í skólakerfinu sem hluta af hinu almenna fræðslukerfi í landinu.

2. Ég hef ýmislegt við skipun og hlutverk þessa starfsmenntaráðs að athuga.

3. Gert er ráð fyrir starfsmenntasjóði og að hann veiti styrki til starfsfræðslunnar. Ég efast mjög um þetta því ég tel að hæstv. félmrh. sé fyrst og fremst að gera menn að bónbjargarmönnum. Það verður lítið til skiptanna. Við vitum það, við þekkjum þá hluti og þetta mun að vissu leyti, held ég, draga úr því frumkvæði sem er úti í atvinnulífinu í dag.

Og að síðustu eru tengsl starfsmenntunarinnar við hið almenna menntakerfi sem ég ætla að koma að hér svolítið á eftir.

Árið 1985 hóf páv. sjútvrh. undirbúning að því að koma af stað víðtækri starfsmenntun í sjávarútveginum. Þetta gerði hann í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, Verkamannasambandið og Vinnuveitendasambandið. Haustið 1986 hófst á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar, sem stofnuð var upp úr þessu samstarfi, mjög víðtæk starfsmenntun innan sjávarútvegsins. Í dag held ég að mér sé óhætt að fullyrða að 5–6 þús. sérhæfðir fiskvinnslumenn séu í landinu, þ.e. verkamenn sem hafa lokið öllum 10 námskeiðunum sem kröfur eru gerðar um að þeir ljúki hjá starfsfræðslu fiskvinnslunnar og sérstöku hálfs mánaðar starfsþjálfunarnámskeiði úti í atvinnulífinu inni á vinnustöðunum.

Áhersla var lögð á það, þegar þessi fræðslustarfsemi fór af stað, að reynt yrði að nýta dauðu tímana, sem kallaðir voru, úti í atvinnulífinu til þess að halda þessi námskeið. Það hefur tekist að stærstum hluta til. Meginþunginn í þessari fræðslu hefur verið í kringum

áramótin, í desember- og janúarmánuði. Það fólk sem sækir þessi námskeið fær greidd laun í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð á meðan á þessum námskeiðum stendur og um það var samið í febrúarsamningunum 1986. En forsendan fyrir því að menn geti nýtt sér þessa starfsfræðslu er sú að gerður hafi verið fastráðningarsamningur milli viðkomandi fyrirtækis og viðkomandi starfsmanns og hann þarf að hafa unnið tvo mánuði í fyrirtækinu áður en hann getur sótt slík námskeið. Eftir að hafa lokið öllum 10 námskeiðunum og verkþjálfunarnámskeiðinu hækka menn í launum um tvo launaflokka. Þetta var leið til að bæta kjör þess fólks sem vinnur við þessa undirstöðuatvinnugrein.

Vinnuveitendur hafa fullyrt að þessi starfsfræðsla í sjávarútveginum hafi skilað aukinni framleiðni í atvinnugreininni og það er ekki lítill árangur. Þetta er auðvitað sameiginlegt verkefni launafólks og atvinnurekenda. Það er hægt að bæta kjörin á þessum grundvelli og það er hægt að auka framleiðnina sem þarf oft og tíðum að fara saman. Ég hef því mikla vantrú á því að setja þessa fræðslu undir félmrn. og fyrir því tel ég mig hafa fært nokkur rök áðan.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir að starfsmenntun í atvinnulífinu eigi almennt að heyra undir félmrn., skuli starfsfræðsla í fiskvinnslu heyra undir sjútvrn. Ég kannast vel við þetta vegna þess að fram komu sterkar kröfur frá starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og frá Sambandi fiskvinnslustöðva um að þessi þáttur fræðslunnar yrði ekki settur undir félmrn. vegna þess að sú fræðsla sem fram hefur farið í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og sjútvrn. hefur skilað miklum árangri. Ég er sannfærður um að það muni skila miklu meiri árangri að hafa þetta úti í atvinnulífinu en færa þetta undir eitthvert sérstakt ráðuneyti.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir því að sækja eigi um styrki fyrir þeim námskeiðum sem haldin eru á vegum samtaka launafólks og atvinnurekenda. Einstök fyrirtæki, einkaaðilar eða opinberir aðilar geti staðið að slíkum fræðslunámskeiðum og þau séu styrkt úr þessum starfsmenntasjóði. Ég sé ekki í frv. hvernig takmarka á aðsókn í þennan sjóð. Ég get ekki betur séð en með frv. sé gert ráð fyrir því að t.d. bankarnir, sem hafa staðið straum af öllum kostnaði við rekstur bankaskólans, geti nú farið að sækja í þennan starfsmenntasjóð um styrk fyrir sinn skóla. Teljum við það æskilegt? Þegar slíkt er opnað með þessum hætti munu aðilar nýta sér þennan rétt sem þeir hafa samkvæmt lögunum. Sú starfsemi, sem fram fer á vegum bankaskólans, er auðvitað í þágu starfsfólksins og þágu þeirrar atvinnugreinar. Og bankarnir hafa að sjálfsögðu eins og aðrir rétt til þess að sækja um styrk í þennan sjóð. Ég geng út frá því að fjármunir sem við höfum til skipta séu takmarkaðir. Finnst okkur þá rétt að dreifa þeim til þeirra aðila sem þó hafa séð um þetta sjálfir hingað til eða að færa fræðsluna í bankakerfinu undir ríkisvaldið?

Ég sé ekki annað, ef starfsmönnum í einhverju fyrirtæki dytti í hug að halda námskeið, t.d. í blómaskreytingu, en þeir eigi fullan rétt á því að fá styrk úr þessum starfsmenntasjóði. (Gripið fram í.) Ég er ekki að gera lítið úr þeirri atvinnugrein. En það þarf, hv. þm., að gera þessa hluti með skipulögðum hætti og spurningin er: Hverjum og hvernig nýttist þetta blómaskreytinganámskeið ef það hefði gerst að einhverjir starfsmenn Flugleiða hefðu tekið sig saman og haldið slíkt námskeið, hvernig kæmi slíkt blómaskreytinganámskeið til með að nýtast Flugleiðum sem fyrirtæki? (Gripið fram í.) Við kransagerðina, það kann að vera rétt hjá hv. þm.

Þannig sýnist mér, sérstaklega í 10., 11. og 9. gr. frv. sé gríðarlega mörgum spurningum ósvarað og menn hafi ekki séð fyrir í raun hvaða leið þeir eru að fara með þessu frv.

Ég er sannfærður um það, af því að ég hef gert nokkuð að umtalsefni í minni ræðu þá starfsmenntun sem átt hefur sér stað og er enn við lýði í sjávarútveginum, að hún ætti með tíð og tíma að færast í skólakerfið. Fyrir tveimur eða þremur árum síðan voru uppi hugmyndir um það að sameina í einn skóla Vélskólann, Stýrimannaskólann og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði sem ég held að væri mjög skynsamleg ákvörðun, deildaskipta þeim skóla, nýta betur þau tæki og búnað sem til er í þessum skólum. Það er því miður lítil aðsókn í þessa skóla núna. Það er verið að kenna sömu fögin að stofni til á þremur stöðum hér á höfuðborgarsvæðinu í hálfsetnum bekkjum. Mikið af þeirri kennslu sem þarna fer fram og er er sameiginleg, væri hægt að hafa sameiginlega í stærri bekkjardeildum. Ég tel að í svona stórum og öflugum sjávarútvegsskóla sem hægt væri að koma upp með þessum hætti væri þessari fræðslu í sjávarútveginum best fyrir komið. Ég kem því miður ekki auga á það hvort hægt er að notast við félmrn. í þessum efnum. Ég átti þátt í því sem formaður starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar að koma starfsfræðslu í fiskvinnslunni undan félmrn. og halda henni áfram undir sjútvrn. Það voru einfaldlega tilburðir í þá veru að ekki yrði gengið að þessari fræðslu dauðri með því að koma henni undir fjármálin sem gert er ráð fyrir í 8. og 9. gr. og með umsóknafarganinu sem gert er ráð fyrir í 10. og 11. gr.

Það er hins vegar margt í frv. og kannski fyrst og fremst hugsunin sem ég tek undir. Það ætti að vera hlutverk ríkisvaldsins að ýta undir þær atvinnugreinar, þar sem starfsfræðsla er ekki fyrir hendi, að henni verði komið á, ýta undir aðila vinnumarkaðarins og atvinnurekendur í því að koma þessari fræðslustarfsemi á en ekki að vera að úthluta styrkjum eða hafa á hendi yfirstjórn þessara mála. Félmrn. sem vinnumálaráðuneyti — og þarf ekki nein slík lög sem leiða til þess — ætti auðvitað að hafa frumkvæði að því að koma upp starfsmenntanefndum í öllum atvinnugreinum í landinu. Það getur ráðuneytið auðvitað gert án þess að þetta frv. þurfi að fara í gegnum þingið og verða að lögum.

Að lokum, út af því sem í 15. gr. stendur, þá er bara ein spurning til hæstv. menntmrh. sem situr hér og hlustar. Í 15. gr. stendur: „Nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, er hægt að fá metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins."

Ég les ekki annað út úr þessari grein en um þetta séu ákveðnar reglur til í dag og þá spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvernig sér hann að þessir hlutir tengist? Og af því að við gerðum nú að umtalsefni þetta blómaskreytinganámskeið áðan, getur hann séð það fyrir sér að slík starfsfræðsla geti með einhverju móti nýst inn í framhaldsskólakerfið? Áður en þetta verður lögfest, þá held ég að svona hlutir þurfi að vera á hreinu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins að segja nokkur orð um þetta frv. sem er til umræðu um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er ekki í fyrsta skiptið sem við sjáum það hér og ekki heldur í fyrsta skipti sem ég tek til máls um þetta mál eða svipað mál.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram að þetta er að mörgu leyti mjög gott mál. Það er mjög mikilvægt að kostur sé á starfsmenntun svo og endurmenntun í þjóðfélaginu en ég hefði fremur kosið að þetta mál hefði verið hluti af stærra máli, þ.e. tekið hefði verið á fullorðinsfræðslunni í heild sem er mjög mikilvægt mál. Langar mig í því sambandi, virðulegur forseti, að minna á að hér hafa verið flutt frumvörp um fullorðinsfræðslu á síðustu þingum en ekki hlotið afgreiðslu frekar en þetta mál sem við hér fjöllum um.

Nokkur atriði vil ég sérstaklega gera að umtalsefni og þá sérstaklega það að starfsmenntun skuli eiga að heyra undir félmrn. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að félmrn. hafi hönd í bagga með samningu þessa frv. og undirbúning en ég tel með öllu óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að menntun í þjóðfélaginu sé ætlað að vera á víð og dreif um allt stjórnkerfið.

Á 108. löggjöfarþingi var flutt till. til þál. um fullorðinsfræðslulög. Flm. þeirrar till. voru hv. þm. sem þá voru Guðrún J. Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Kristín Halldórsdóttir. Fskj. við þessa tillögu var frv. til fullorðinsfræðslulaga sem samið var m.a. af Guðrúnu J. Halldórsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur. Í 2. gr. þessara frumvarpsdraga segir m.a., með leyfi forseta, í b-lið þar sem talað er um í hverju fullorðinsfræðsla eigi að felast eða hvernig hún greinist:

„Starfsnám, viðbótarmenntun og endurmenntun fer fram á vegum heildarsamtaka launþega og/eða atvinnurekenda ellegar ríkis og sveitarfélaga og skulu áðurgreindir aðilar hafa með sér samráð um námið eftir því sem þörf krefur.“ Og í c-lið segir: „Félagsleg menntun í tengslum við atvinnulífið fer fram á vegum heildarsamtaka launþega eða í samvinnu milli heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda.“

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir því að menntmrn. fari með yfirstjórn allrar þeirrar fullorðinsfræðslu sem fellur undir lög þessi þannig að ekki er gert ráð fyrir að starfsmenntunin sé þarna undanskilin. (**Gripið fram í:** Hver flytur þetta?) M.a. var þáv. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var ein af þeim sem samdi frv. Ég get endurtekið hverjir það voru, ég taldi þá reyndar ekki upp alla en það voru Haukur Ingibergsson, Einar Ólafsson, Birna Bjarnadóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. Ég get sagt að ég sé sammála þeim sem sömdu þetta frv. um að starfsnám eigi að falla undir menntmrn. eins og önnur menntun. Ég get ómögulega fallist á það, og get raunar ekki séð nein rök fyrir því, að það eigi að falla undir félmrn. né heldur önnur ráðuneyti. Ég tel heldur ekki eðlilegt að starfsfræðsla í fiskvinnslu skuli heyra undir sjútvrn. Að því leyti til er ég ekki sammála þeim sem talaði á undan mér. Ég tel að öll menntunin eigi að vera í menntmrn. Á sínum tíma þegar hér var til umræðu og samþykkt frv. til laga um Félagsmálaskóla alþýðu flutti ég brtt. við það frv. í þá veru að sá skóli mundi falla undir menntmrn. og færði fyrir því ýmis rök. M.a. hefur komið í ljós að í Danmörku hafa verkalýðsfélög horfið frá þeirri stefnu að starfsmenntun og menntun á þeirra vegum heyri undir félmrn. eða önnur ráðuneyti en ráðuneyti menntamála. Það hefur verið talið mjög óheppilegt, sérstaklega þegar um er að ræða viðurkenningu á námi þeirra sem mennta sig á þann hátt úti í hinu almenna skólakerfi. En það tel ég hins vegar mjög mikilvægt atriði. Ég tel mjög mikilvægt að fólk sem fer í skóla, hvort sem hann heitir Félagsmálaskóli alþýðu, starfsmenntunarskóli eða fullorðinsfræðsla eða hvað sem er, geti fengið viðurkenningu inni í hinu almenna skólakerfi.

Í 15. gr. frv. er gert ráð fyrir að nám sem er styrkt skv. þessum lögum fáist metið til námseininga skv. reglum sem menntmrn. setur. Þetta er í eina skiptið sem menntmrn. kemur við sögu í þessu frv., og það þykir mér mjög óeðlilegt. Menntmrn. á að setja einhverjar reglur, væntanlega eftir á, þegar í ljós kemur hvernig námið er. Óvissa þeirra sem fara í slíkt nám er mjög mikil um það hvernig námið verður metið eftir að því lýkur. Það getur verið mjög mikilli óvissu háð hvernig það kemur út eftir á.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann telji eðlilegt að menntun á þessu ákveðna sviði heyri undir félmrn. og einnig vil ég spyrja, og reyndar bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. félmrh., að því hvernig menntun innan Iðnskólans kemur inn í þetta. Skörun hlýtur að vera þarna á milli því það kemur fram í a-lið 3. gr, þar sem stendur, með leyfi forseta: „Grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu.“ Ég hélt að þarna gæti margt sem Iðnskólinn menntar til fallið undir. Þarna getur því orðið ruglingur á milli og ég tel að enn þá mikilvægara sé að samræmi sé á milli og yfirstjórn samræmd. Þess vegna vil ég spyrja hvers vegna þessi leið var valin, að hluti starfsmenntunar falli undir félmrn. en önnur starfsmenntun undir menntmrn. Og einnig langar mig til að spyrja, ég hef ekki heyrt nein sannfærandi rök um það, af hverju þetta þarf að vera undir félmrn. Ég hef reyndar spurt að því áður og ekki getað fengið viðhlítandi svör. Ég endurtek þá spurningu vegna þess að mér er hulin ráðgáta hvers vegna þessi leið er valin. Og mig langar jafnframt að spyrja hæstv. félmrh. hvað hafi breyst á þessum árum sem breytir skoðun hennar á því að starfsnámið eigi ekki að heyra undir menntmrn., eins og þó virtist vera hennar skoðun árið 1985 er þessi tillaga var lögð fram, á þinginu 1985–1986.

Þó að ég telji að það sé mjög margt gott í þessu frv. og ég gæti svo sannarlega tekið undir velflest finnst mér þetta vera það stór galli og geta í raun haft neikvæð áhrif fyrir fólk sem í góðri trú fer að mennta sig undir ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður. Þetta getur orðið mikill hrærigrautur. Ég tel nær að flytja alla fræðsluna yfir til menntmrn. í stað þess að fara þá leið sem hér er valin, þ.e. að flytja þá menntun sem nú þegar er annars staðar eins og t.d. Félagsmálaskóla alþýðu og starfsmenntun í fiskvinnslu og fleira, þannig að hægt sé að hafa samræmingu þarna á milli svo að fólk geti vitað nákvæmlega að hverju það gengur þegar það fer að mennta sig.

Ég vil svo leyfa mér, virðulegur forseti, að leggja það til að þessu máli verði vísað til menntmn. en ekki félmn. En ef það verður samt sem áður ákveðið að því verði vísað til félmn., þá þykir mér einsýnt að menntmn. muni þurfa að fjalla um þetta mál svo nátengt sem það er öðrum menntamálum. Finnst mér augljóst að til þess að hægt sé að fallast á þetta frv., verði að breyta þessu ákvæði, þ.e. ákvæðinu um það að starfsfræðsla falli undir félmrn.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir með þeim öðrum sem hér hafa talað að á ferðinni er ákaflega mikilvægt mál, mál sem mjög hefur verið til umfjöllunar á síðustu árum og alls ekki að ástæðulausu. Flestir hafa gert sér grein fyrir því að einn þáttur í því að efla atvinnulífið í landinu er einmitt sá að bæta menntun starfsfólksins og menn hafa talið sig sjá að þar sem tekið hefur verið á af myndarskap í þeim efnum, eins og t.d. í fiskvinnslunni, hefur það skilað þeirri atvinnugrein árangri þrátt fyrir allt og án þessarar starfsfræðslu væri margt verr komið í þessari mikilvægu atvinnugrein okkar. Það leikur þess vegna ekki nokkur vafi á því að þetta mál er afar þýðingarmikið. Í fyrsta lagi til þess, eins og ég sagði, að eiga sinn þátt í því að efla það atvinnulíf sem við búum við í landinu en ekki síður til þess að taka á móti þeim miklu breytingum sem við erum að ganga í gegnum í atvinnulífi okkar vegna tækniþróunar og vegna margs konar annarra aðstæðna sem óhjákvæmilega munu breyta atvinnulífinu í landinu á allra næstu árum. Samskipti okkar við aðrar þjóðir eru að aukast og hver svo sem afstaða manna kann að vera til einstakra þátta í því sambandi er ljóst að sú þróun út af fyrir sig verður ekki stöðvuð og sú þróun í sjálfu sér kallar á breytingar í atvinnulífinu sem starfsfólkið þarf sjálft að vera tilbúið að taka á móti og það verður ekki gert nema starfsfræðslan verði efld.

Sagt hefur verið að á undanförnum árum hafi orðið eins konar hljóðlát bylting í íslensku menntakerfi. Það sem átt er við er sú staðreynd að til hafi orðið eins konar nýtt skólastig utan við hið formlega skólakerfi sem hafi tekið til sín og boðið upp á margs konar menntun sem hið formlega og eiginlega opinbera skólakerfi í landinu hafi ekki haft til reiðu á undanförnum árum.

Í ræðu sem Margrét S. Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands, flutti á ráðstefnu um þessi mál í lok nóvember 1987, fyrir um fjórum árum síðan dró hún fram þær upplýsingar að á árinu 1986–1987, og ég geri ráð fyrir að fyrst hún tekur þannig til orða hafi hún átt við skólaárið 1986–1987, hafi ekki færri en 25–30 þúsund Íslendingar, um fjórðungur af vinnandi fólki í landinu, tekið þátt í skipulagðri fræðslu af því tagi sem ég nefndi áðan í lengri eða skemmri tíma. Þá er ekki meðtalin sú fræðsla sem ávallt hlýtur að eiga sér stað innan fyrirtækjanna, bæði fyrir þá sem eru að byrja störf og einnig fyrir þá sem eldri eru. Þetta segir okkur það að hér er um að ræða gríðarlega veigamikinn þátt sem þegar er kominn til framkvæmda í okkar þjóðfélagi, þáttur sem atvinnulífið sjálft hefur framkallað og eftirspurn starfsfólksins eftir aukinni þekkingu. Í framangreindri ræðu Margrétar Björnsdóttur kemur líka fram að í skýrslu, sem Jón Torfi Jónasson dósent hafi á þeim tíma verið að vinna fyrir svonefnda framtíðarnefnd forsrn., hafi hann áætlað að kostnaður af þeirri starfsemi, sem ég rakti áðan, hafi verið í kringum 300 millj. kr. Mjög grófur framreikningur leiðir í ljós að hér er væntanlega um að ræða ekki lægri tölu en 450 millj. kr. og segir þetta okkur hversu stór þáttur þetta er orðinn í okkar þjóðlífi, þessi símenntun, starfsmenntun, endurmenntun eða hvað sem við kjósum að kalla þetta mál.

Ég tel að það frv. sem liggur fyrir sé afar þýðingarmikið skref í þessu máli og sé liður í því að fella starfsfræðsluna í ákveðnar skorður þó að ég geti ekki verið sammála eða deilt áhyggjum með hv. þm. Finni Ingólfssyni um það að hætta sé á því að hér sé verið að stefna öllu í eina allsherjarmiðstýringu. Ég bendi á, í fyrsta lagi, að það er gert ráð fyrir því, eins og hefur verið reyndar gagnrýnt, að hluti starfsfræðslunnar, þ.e. starfsfræðsla fiskvinnslunnar, fari fram á svipaðan hátt og verið hefur og einnig hitt sem fram kemur í síðustu mgr. 5. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því að þetta starfsmenntaráð, sem annars á að fara með framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, eigi að hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins. Með öðrum orðum þá er greinilega gert ráð fyrir því í þessum frumvarpstexta að sú almenna, víðtæka og öfluga og vissulega nauðsynlega fræðslustarfsemi sem núna fer fram úti í atvinnulífinu, eftir á margan hátt óhefðbundnum leiðum, eigi sér stað áfram. Ég lít þannig á að sá lagarammi sem hér er mælt fyrir sé fyrst og fremst stuðningur við þetta og fyrirheit um að hægt verði að efla þessa starfsfræðslu á allan hátt.

Ég er ósammála þeim, sem hér hafa talað áður og telja eðlilegt að fella þetta undir menntmrn. Ég tel þvert á móti að höfuðkosturinn í þessu frv. komi fram í því að ætlunin er að þessi starfsfræðsla fari fram í sem nánustu tengslum við það fólk sem á að njóta hennar, finnur hvar eldurinn brennur heitast og gerir sér best grein fyrir því hvernig nauðsynlegt er að þetta starfsfræðslunám fari fram. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því sem fram kemur í umsagnarkafla greinargerðarinnar þar sem það er rakið að 36. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið var árið 1988, hafi einmitt samþykkt tillögu um að sett skuli ramma-

löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem allra fyrst í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna þar sem eigi m.a. að kveða á um yfirumsjón félmrn. með starfsmenntun í landinu. Þetta eru samtök sem helst geta talað í nafni þess fólks sem á að njóta starfsmenntunar og þau tala hér einum rómi og alveg afdráttarlaust. Ég tel þess vegna algerlega ástæðulaust að vinna gegn óskum þessara samtaka og þessa fólks sem á að nýta starfsmenntunina og það væri að mínu mati fráleitt að skipuleggja þetta með þeim hætti að það væri í andstöðu við hugmyndir þess fólks sem á að njóta starfsfræðslunnar í landinu. Ég tel með öðrum orðum að það sé ekki rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan að í þessu frv. birtist forneskjuleg hugsun. Ég get a.m.k. ekki komið því heim og saman að þankagangur í þessum dúr sem er í raun og veru rökrétt framhald af samstarfi við verkalýðshreyfinguna og atvinnulífið í landinu geti á nokkurn hátt talist forneskjuleg hugsun nema síður sé.

Ég tel hins vegar að það sé tvennt sem þurfi sérstaklega að skoða við málið í meðförum félmn. þingsins. Í fyrsta lagi það hvernig skipa beri starfsfræðsluráðið. Ég vek athygli á því að gert er ráð fyrir að opinberir starfsmenn eigi aðild að starfsfræðsluráðinu. Hins vegar er auðvitað ljóst að starfsfræðsla á vegum ríkisins er nú þegar í mjög föstum skorðum og mjög veigamikil og óeðlilegt að ætlast til eða búast við því að hið opinbera muni sækja í opinbera sjóði af þessu tagi sem starfsfræðsluráðinu er ætlað að hafa yfirumsjón með. Þess vegna tel ég að það beri að skoða hvort ekki eigi að skipa fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar með nokkuð öðrum hætti en þarna er gert ráð fyrir og þetta hljóti að verða eitt af verkefnum félmn. hv. Alþingis að fara ofan í nokkuð betur.

Í annan stað vil ég líka nefna mál sem ég hygg að skipti nokkuð miklu í þessu sambandi. Eins og ég rakti fyrr í ræðu minni er nú þegar mjög mikið námsframboð af þessu tagi úti á hinum almenna markaði og þess vegna væri ekki úr vegi og raunar nauðsynlegt að fyrir lægju þessar upplýsingar með skipulögðum hætti á einum stað og það þyrfti e.t.v að fella það í lagatextann með hvaða hætti eigi að gera það þannig að allir hafi sem gleggstar upplýsingar um þessi mál og þar með sem beinastan og greiðastan aðgang að þeim.

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki orðlengja þetta mál frekar. Ég tel að framfaraspor yrði stigið með samþykkt þessa frv. og tel þess vegna nauðsynlegt að það fái ítarlega og góða umfjöllun hér á hinu háa Alþingi og í nefndum þingsins.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Eins og komið hefur fram þá er hér ekki nýtt mál á ferðinni. Það hefur verið flutt áður á hv. Alþingi. Þetta frv. er óbreytt frá því frv. sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi en það frv. var samið í samræmi við niðurstöðu sem fulltrúar frá félmrn. og menntmrn. komust að snemma árs 1989 um að sett yrði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu, löggjöf sem heyrði til verkssviðs félmrn. og önnur um almenna fullorðinsfræðslu sem heyrði til verksviðs menntmrn. Þetta varð sem sagt niðurstaðan á þeim tíma og niðurstaða síðustu ríkisstjórnar.

Ég hef hins vegar séð í viðtali við hv. fyrrv. menntmrh. Svavar Gestsson að hann hefði kosið að hafa annan hátt á en samkomulag varð um í síðustu ríkisstjórn en bæði frumvörpin, um starfsmenntun og almenna fullorðinsfræðslu voru lögð fram að ég held bæði á 112. og 113. löggjafarþingi en hlutu ekki afgreiðslu. Þessi tvö frumvörp voru hins vegar látin fylgjast að á þeim þingum.

Ég vil taka fram að ég tel mjög brýnt að efla möguleika fullorðinna til að afla sér hvers konar menntunar hvort sem um er að ræða grunnmenntun eða endurmenntun, almenna menntun eða starfstengda. Það er einnig mjög brýnt að góð tengsl séu á milli grunnmenntunar í skóla og endurmenntunar í tengslum við atvinnulífið.

Það er áreiðanlega æskilegast — ja, ég segi áreiðanlega, það er mín skoðun að æskilegast sé að hafa eina rammalöggjöf um fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. en tryggja tengsl við önnur fagráðuneyti og ekki hvað minnst við aðila vinnumarkaðarins. Ýmsir líta hins vegar á starfsmenntun í atvinnulífinu sem málefni aðila vinnumarkaðarins þar sem oft sé stofnað til hennar með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Það er hins vegar spurning, sýnist mér, hvort aðilar vinnumarkaðarins gætu ekki eins haft áhrif þó svo að um ein lög væri að ræða á vegum menntmrn.

Það er einnig nauðsynlegt að líta á samspilið og tengsl á milli almennrar menntunar og meira starfstengdrar en í umræðum erlendis um starfsmenntun er mjög mikið rætt um þörfina fyrir aukna almenna hæfni og kunnáttu til að hægt sé að þjálfa ný vinnubrögð og tækni og endurmennta fólk til nýrra starfa. Víða er reynt að skipuleggja sérstök námstilboð sem ná til beggja sviða og á þann hátt byggja brú á milli þeirra þar sem þau eru aðskilin með mismunandi lögum og eru á vegum tveggja eða fleiri ráðuneyta. Ég tel að hér sé sem sagt hreyft mjög þörfu máli en tek það fram að mér sýnist nauðsynlegt að líta á þetta mál í samhengi við hina almennu fullorðinsfræðslu og svara spurningu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og reyndar fleiri um að ég muni fljótlega leggja fram frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Það frv. sem áður hefur verið lagt fram er nú til athugunar í menntmrn. og er ekki sem sagt tekin endanleg ákvörðun um það hvort það verður lagt fram alveg í óbreyttri mynd frá því sem það var en frv. um almenna fullorðinsfræðslu verður lagt fram.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði hvert væri viðhorf mitt til frv. og einstakra fræðsluþátta sem nú eru á víð og dreif í kerfinu og hjá mismunandi ráðuneytum. Viðhorf mitt er í höfuðdráttum það að ég tel æskilegt að hafa sem flest þessara mála ef ekki öll undir menntmrn. og ég bendi á þá þróun sem átt hefur sér stað að undanförnu. T.d. var Þroskaþjálfaskólinn færður nú á síðasta sumri frá heilbrrn. til menntmrn. skv. lögum sem sett voru á síðasta þingi. Og fyrir þetta þing hefur verið lagt fyrir frv. til laga um

breytingu á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, lög um sjúkraliða, lög um Ljósmæðraskóla Íslands og breytingu á ljósmæðralögum þess efnis að þessir þættir falli undir menntmrn. Ég tel þetta rétta þróun og styð hana.

Hér hefur aðeins verið minnst á ákvæði í 4. gr. frv. sem kveður á um að starfsmenntun í atvinnulífinu skuli heyra undir félmrn. en starfsfræðsla í fiskvinnslu skuli þó heyra undir sjútvrn. Ég lýsi efasemdum um að þetta sé skynsamleg leið og veit ekki alveg hvar við endum. Mér er kunnugt um að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur komið á framfæri þeirri skoðun sinni að að breyta eigi 4. gr. í þá veru að viðhalds- og endurmenntun löggiltra heilbrigðisstétta heyri undir heilbr.- og trmrn. og raunar menntmrn. Þessa skoðun hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. látið í ljós og ég býst við að honum þyki það eðlilegt miðað við að starfsfræðsla í fiskvinnslu skuli heyra undir sjútvrn. Ég hugsa að það hafi orðið honum tilefni til að láta þessa skoðun í ljós en ég lýsi miklum efasemdum mínum um að þetta sé hin rétta leið.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson gerði ákvæðið í 15. gr. að umtalsefni, þ.e. sem kveður á um að nám sem styrkt er samkvæmt lögum þessum sé hægt að fá metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntmrn. og hann spyr hvernig þetta tengist. Ég held að þetta sé einmitt dæmi um hversu nauðsynlegt er að athuga þetta allt í samhengi við fullorðinsfræðsluna og annað það sem heyrir undir menntmrn. í skólakerfinu og kallar beinlínis á að þessi mál séu skoðuð í mjög nánu samhengi.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hreyfði þeirri hugmynd, og hefur gert það áður ef ég hef skilið þingmanninn rétt, að Félagsmálaskóli alþýðu ætti að heyra undir menntmrn. Ég held að það sé mjög athugandi að Félagsmálaskóli alþýðu heyri undir menntmrn. og eitt af því sem einmitt kallar á þetta er að samræmi sé t.d. á réttindum þeirra kennara sem kenna við slíka skóla og þeirra sem kenna í hinu almenna skólakerfi. Það er ekki í dag. Það er sem sagt er eitt af því sem mér sýnist að kalli á þessa samræmingu.

Ég held að í sjálfu sér sé ekki fleira sem ég tel ástæðu til þess að nefna hér við þessa umræðu. Ég ítreka það aðeins að ég mun leggja fyrir hv. Alþingi frv. um almenna fullorðinsfræðslu og legg mikla áherslu á að þetta frv. og væntanlegt frv. um almenna fullorðinsfræðslu verði athuguð í nánu samhengi og er sammála því að hv. menntmn. Alþingis fái tækifæri til þess að ræða þetta mál líka hvort sem því verður nú vísað formlega beint til hennar eða félmn. Ég geri ekki ágreining um það, tel að nefndirnar gætu annaðhvort starfað saman eða menntmn. fengið beint tækifæri til þess að tjá sig um þetta frv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið allnokkrar umræður um það frv. sem á dagskrá er um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er vel vegna þess að í mínum huga er hér mjög stórt mál á ferðinni og kannski eitt stærsta vinnumarkaðsmálið og skiptir miklu máli hvernig Alþingi tekur á því, ekki síst fyrir láglaunafólk í landinu og til þess að tryggja betur atvinnuöryggi launafólks.

Það sem hefur nokkuð verið rætt um er hvar vista ætti slík lög ef þau verða samþykkt og mér sýnist að á því séu nokkuð skiptar skoðanir. Einmitt um þetta atriði hefur mikið verið fjallað í félmrn. en þetta mál hefur verið í undirbúningi þar allar götur frá 1988. Reyndar hefur þetta mál, starfsmenntun í atvinnulífinu, komið nokkuð oft fyrir þingið. Þetta er í þriðja skipti að mig minnir að þetta frv. kemur fyrir þingið, en þar áður, á árunum 1984, 1985 og 1986, flutti ég frumvarp um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Ég læt það koma hér fram vegna orða hv. þm. Kristínar Einarsdóttur en það kom einmitt fram í því frv. að yfirstjórn á endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu ætti að heyra undir félmrn. Það sem hv. þm. vitnaði í var þáltill. þar sem einungis var kveðið á um að fela menntmrh. að semja löggjöf um fullorðinsfræðslu, en ekki fjallað um starfsendurmenntun eða endurmenntun. Að vísu má hugsanlega lesa það út úr því frv. sem hv. þm. vitnaði í og ég átti aðild að 1977, en ég hef kynnt mér þetta mál mjög vel síðan, eins og ég vitnaði til, og hef þrisvar sinnum sem þingmaður flutt þetta frv. og þá var alveg skýlaust tekið á því að yfirstjórn starfsmenntunar ætti að heyra undir félmrn.

Ég vil vitna til þess að aðilar vinnumarkaðarins komu að því að semja þetta frv. Það var fulltrúi frá Alþýðusambandinu, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá Vinnuveitendasambandinu og frá menntmrn. Sérstakur ráðgjafahópur var einnig skipaður í tengslum við samningu þessa frv. og í þeim ráðgjafarhópi áttu sæti fulltrúi tilnefndur af iðnrn., af Sambandi ísl. bankamanna, fulltrúi tilnefndur af starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, af Verkamannasambandi Íslands, frá sjútvrn., Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, frá landbrn. og fulltrúi tilnefndur af Bandalagi háskólamanna og Bandalagi kennarafélaga og eins fulltrúi tilnefndur af fræðslumiðstöð iðnaðarins. Mjög margir aðilar hafa þannig komið að þessu máli og ég veit ekki betur en samstaða hafi orðið um þetta mál í þeim búningi sem það hefur hér verið lagt fram af þeim aðilum sem um það hafa fjallað. Einnig er ljóst að Alþýðusamband Íslands hefur ályktað um þetta mál. Það ályktaði 1988 að sett skyldi rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu og þar kom fram að kveðið yrði á um yfirumsjón félmrn. með starfsmenntun í landinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fræðslustofnanir og ráðuneyti. Þannig er alveg ljóst hver afstaða Alþýðusambandsins er og það eru einmitt félagar í Alþýðusambandi Íslands sem ekki eiga síst að njóta góðs af þessari löggjöf ef hún verður samþykkt hér á þinginu en afstaða Alþýðusambandsins er mjög afdráttarlaus í þessu máli.

Það er alveg ljóst að um tíma var ágreiningur milli menntmrn. og félmrn. þegar þetta frv. var samið fyrir tveimur eða þremur árum. Þetta varð engu að síður niðurstaðan. Vil ég benda þingmönnum á að í fskj. með þessu frv. kemur niðurstaðan úr viðræðum fulltrúa félmrn. og menntmrn. um þetta mál fram og rökstuðningurinn fyrir því, af því að menn kalla hér eftir

rökstuðningi, af hverju starfsmenntunarmálum yrði skipað með þeim hætti sem hér er lagt til þá kemur þar fram, með leyfi forseta:

„Viðræðunefndin hefur fjallað um „Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga“ og álitsgerð um „Starfsmenntun í atvinnulífinu“. Einkum hefur verið rætt um það hvort gerlegt sé að setja eina löggjöf sem taki til allrar fullorðinsfræðslu, þar á meðal talin starfsmenntun í atvinnulífinu eins og hún er skilgreind í álitsgerðum vinnuhóps á vegum félmrn. Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að rétt sé að sett verði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyri til verksviðs félmrn. og önnur um fullorðinsfræðslu er heyrir til verksviðs menntmrn. Meginröksemdin fyrir niðurstöðunni byggir á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu er oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs eru sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.“ Þetta er sameiginleg niðurstaða fulltrúa beggja þessara ráðuneyta en þátt í þessum viðræðum tóku Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gylfi Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þráinn Hallgrímsson og Þuríður Magnúsdóttir.

Ég vil einnig benda á að alls staðar þar sem ég þekki til í nágrannalöndunum þar sem ég hef nokkuð kynnt mér þetta mál er það svo að starfsmenntun í atvinnulífinu heyrir undir vinnumarkaðsráðuneytið og það er ljóst að í löndunum í kringum okkur er alls staðar til löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar er verulegum fjármunum varið til starfsmenntunar í atvinnulífinu en við verjum ekki nema broti af því sem okkar nágrannaþjóðir verja í þessu skyni. Ég hygg einnig að leitun sé að því landi í nágrenni við okkur sem ekki hefur ákveðna rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Hv. 3. þm. Vestf. fór mjög ítarlega yfir þetta svið og í hans máli kom fram ýmislegt sem ég get tekið undir. Það svarar ýmsu sem hefur komið hér fram, t.d. því, eins og einn hv. þm. nefndi, að hér væri um miðstýringu að ræða og það væri verið að færa frumkvæði í þessu efni inn í félmrn. Ég tel að þetta sé alrangt. Það er ekki stefnt að uppbyggingu sjálfstæðs starfsmenntunarkerfis að erlendri fyrirmynd með þessu frv. Þvert á móti er stefnt að fyrirkomulagi sem tekur mið af íslenskum aðstæðum en í þessu felst að ekki er gert ráð fyrir frumkvæði félmrn. að starfsmenntun né framkvæmd af þess hálfu. Hér er fyrst og fremst um að ræða rammalöggjöf sem undirstrikar skyldu stjórnvalda til að örva starfsmenntun í atvinnulífinu. Og hugmyndin er sú með þessu frv. að byggt verði sem mest á því frumkvæði sem ýmsir aðilar hafa haft á þessu sviði á undanförnum árum.

Einnig má nefna til viðbótar að það er ekki verið að breyta fyrirkomulagi sem ýmsir aðilar hafa farið eftir með góðum árangri. Það er fyrst og fremst verið að leggja til að almenn rammalöggjöf um þetta efni verði sett. Það er einmitt mjög mikilvægt að til sé heildaryfirsýn yfir alla starfsmenntun í landinu sem verulega hefur skort á. Eitt af hlutverkum starfsmenntaráðs er m.a. að fylgjast náið með þróuninni á vinnumarkaðinum og í atvinnulífinu.

Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil þó nefna að það sem fram kom í máli hv. 2. þm. Vestf., Ólafs Þ. Þórðarsonar, áðan er vissulega allrar athygli vert og það er auðvitað nauðsynlegt að gera allt sem hægt er til að örva það að launþegar auki sína starfsmenntun og þetta er ein leið til þess sem hér er nefnd hjá hv. þm.

Ég legg áherslu á að það verði hv. félmn. sem fjalli um þetta mál og því verði vísað til hennar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hafa farið fram gagnlegar umræður um þetta frv. og ég tel að það sem fram hefur komið m.a. í máli hæstv. menntmrh. hafi orðið til að skýra nokkuð stöðuna í sambandi við það og viðhorf menntmrn. til þessa þáttar fræðslu í landinu. Ef hæstv. menntmrh. er enn í þinghúsi hefði ég gjarnan kosið að hann væri viðstaddur framhald umræðunnar eða hann a.m.k. heyri mitt mál en ég geri ekki kröfu til að hann verði kallaður til fundar nema hann sé nærstaddur. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. er í húsinu. Forseti hefur gert ráðstafanir til að gera honum viðvart.) Já, ég þakka fyrir það.

Áður en hæstv. ráðherra kemur vildi ég víkja að nokkrum atriðum sem ekki kalla út af fyrir sig á nærveru hans en við umræðuna hafa komið fram bæði í máli hæstv. félmrh. og hv. 3. þm. Vestf. sem talaði áðan um rök eða viðleitni til að færa rök fyrir því að yfirstjórn þessara mála að því er snertir afskipti framkvæmdarvaldsins skuli vera í félmrn. Vísað var sérstaklega til ályktunar Alþýðusambands Íslands á árinu 1988 um þetta efni. Vissulega hef ég farið yfir þá ályktun sem er í fskj. með þessu frv. og ætla ekki að lasta að Alþýðusambandið leggi fram sitt sjónarmið, þ.e. þeir sem þar stóðu að máli, en ég vil jafnframt benda á að kannski er ekki alltaf í sambandi við ályktanir stórra félagasamtaka búið að fara yfir málin út frá mörgum sjónarhornum þegar þau eru tekin til meðferðar. Ég vil benda á að Alþýðusambandið og þeir, sem eru innan vébanda þess, eiga mikið undir því komið að fræðslumál í landinu almennt séu í góðu horfi og tengslin í fræðslukerfi landsins séu í þokkalegu horfi. Ég get ekki komið auga á að einhverju sérstöku máli gegni um fræðslustarfsemi sem tengist atvinnulífinu í landinu. Í rauninni tengist öll fræðslustarfsemi og öll þjálfun fólks frá vöggu til grafar þátttöku þess í atvinnulífi meðan það er á vinnumarkaði. Það er, segi ég, úreltur hugsunarháttur að líta svo á að það gegni eitthverju sérstöku máli um fræðslustarfsemi sem tengist þátttöku fólks í atvinnulífi. Þetta er allt nátengt og í rauninni allt saman hið sama sem við erum að ræða. Og þess vegna tel ég að sú viðleitni til rökstuðnings fyrir því að setja þennan þátt mála und-

ir félmrn. sé úrelt hugsun sem við eigum ekki að taka undir hér á Alþingi. Við eigum að forða þeim frá villu síns vegar sem eru að reyna að ýta málinu í þennan farveg. Og af umhyggju fyrir þeim markmiðum sem menn eru að tala fyrir — því að ég dreg ekki í efa að góður hugur er að baki tillögu um að þarna þurfi að treysta böndin, þarna þurfi að auka við, undir það tek ég heils hugar, það er mikil nauðsyn á því.

En ég tel mikils virði það sem fram hefur komið frá hæstv. menntmrh. um viðhorf hans til þessa máls. Það segi ég vegna þeirrar stöðu sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson nú gegnir sem hæstv. ráðherra og ég hlýði á mál manna í sambandi við þessi efni sem önnur alveg opnum huga og ég verð að segja það að það gladdi mig verulega að heyra þau sjónarmið sem hæstv. menntmrh. talaði hér fyrir í sambandi við skipan fræðslustarfsemi í landinu almennt. Ég tel að hæstv. menntmrh. sé þar með mjög skynsamlega stefnu og ég er reiðubúinn að reyna að styðja þá stefnu ef það getur orðið til að greiða fyrir að þeirri höfn verði náð sem mér heyrðist hæstv. ráðherra vera að vísa á. Við erum í rauninni að tala um það hvort við eigum að reyna að hlúa að ráðuneyti menntamála sem stjórnstöð fræðslumála í landinu að svo miklu leyti sem opinberir aðilar, framkvæmdarvaldið í Stjórnarráði Íslands, eiga þar að að koma. Það á ekkert skylt við það að við séum að kalla eftir einhverri allsherjarmiðstýringu eða aukinni miðstýringu og að menn séu að skipta sér af hinni frjálsu fræðslustarfsemi í landinu umfram það sem samkomulag er um við þá sem þar eiga hluta að máli. Ég tek alveg skýrt fram að það er ekki mín hugsun, en þeim mun ríkari áhersla er til þess að hafa þau tengsl í lagi þar sem hið opinbera á hlut að máli og auðvitað ber opinberum aðilum að gæta þess að tengls séu samræmd þannig að það fjármagn, sem varið er til þess að miðla fræðslu og að tengja hana við lífið í landinu, sé í sem bestu lagi.

Ég hafði ekki heyrt það sem hæstv. menntmrh. var að upplýsa varðandi sjónarmið samráðherra hans í ríkisstjórn landsins. Hann var að vitna til orða heilbrrh. ef ég hef numið mál hans rétt sem var að mæla fyrir því að menntun, a.m.k. endurmenntun heilbrigðisstétta í landinu, færðist yfir á svið heilbrrn. Ég fer nú að biðja fyrir okkur í sambandi við þróun fræðslumála í landinu ef þessi stefna ætlar að fara að sækja á eða gerast hávær hjá valdamönnum í landinu. Þar væru menn að stíga stór skref til baka og ég tel mikilsvert að hæstv. menntmrh. hefur einmitt bent á að á sumum sviðum hafa menn verið að átta sig með því að færa fræðslustarfsemi, sem hefur af sögulegum ástæðum strandað innan einstakra fagráðuneyta, til menntamrn. Það gerist stundum í okkar samfélagi að mál strandar eða er komið fyrir og það þarf ákveðna tregðu til að koma því í rétt tengsl og nútímalegt horf og reiddi hæstv. menntmrh. fram dæmi þess að það hefur tekist. Og í þá átt eigum við að sækja. Þegar sett voru lög um Félagsmálaskóla alþýðu var ég einn af þeim sem studdu tillögu hv. 15. þm. Reykv. um það að auðvitað ætti að koma þeim skóla fyrir í tengslum við ráðuneyti menntamála í landinu og ég fagna því að það viðhorf er uppi hjá hæstv. núv. menntmrh. að það væri skynsamlega ráðið að flytja yfirstjórnina, að svo miklu leyti sem málið kemur Stjórnarráðinu við, til menntmrn.

Það örlaði á því hjá hv. 11. þm. Reykv. Finni Ingólfssyni í þeirri ræðu sem hann flutti að út af fyrir sig væri það góð hugsun að tengja hina einstöku eftirmenntunarþætti við menntmrn. En ræðumaðurinn var að velta því fyrir sér hvort menntmrn. væri orðið nógu þroskað til að taka við slíkri yfirstjórn. Þarna er komið að gömlu spurningunni um eggið og hænuna. Hvernig haldið þið að miði í því að búa menntmrn. í þann stakk sem við viljum sjá það, sem lifandi öflugt ráðuneyti til að greiða fyrir þróun fræðslustarfsemi í landinu og hlúa að slíkri starfsemi, ef verið er að taka verkefnin frá ráðuneytinu, verkefnin sem tengjast hinu lifandi þjóðlífi, athafnalífinu í landinu, atvinnuvegunum í landinu? Ef það á að vera einhvers staðar úti í bæ í öðrum ráðuneytum og án tengsla við menntmrn. er ekki von á því að tengsl skapist á milli hins lögboðna fræðslustarfs í landinu og atvinnuþróunar og atvinnulífsins. Og ég ítreka það sjónarmið, af því að hæstv. sjútvrh. er viðstaddur umræðuna og í 4. gr. frv., sem við ræðum, er gert ráð fyrir að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjútvrn. að í öllum bænum færið þetta verkefni, að svo miklu leyti sem það kemur Stjórnarráðinu við, til menntmrn. hið allra fyrsta. Þannig verði tengsl aðalráðuneytis menntamála í landinu við aðaliðnaðinn í landinu, fiskvinnsluna, styrkt. En það er ekki þar með sagt að ekki eigi að vera samband við sjútvrn. á meðan það er við lýði og ég segi, á meðan það er við lýði, hæstv. sjútvrh. Það tengist þeirri hugsun að ég tel að það eigi að vera eitt atvinnumálaráðuneyti í landinu og hluti af ófarnaði okkar á mörgum sviðum í atvinnuþróun í landinu sé vegna þess að hér er úrelt stjórnkerfi. Þáttum sem eiga saman er stíað sundur með uppbyggingu Stjórnarráðsins. Það er ekki bara einhver formalismi að ræða það mál vegna þess að það er svo leiðandi fyrir sýn fólks til mála hvernig höfuðið hagar þessu í stjórnkerfi landsins og þess vegna mundi ég fagna því — hvaða ríkisstjórn sem hefði um það frumkvæði og helst ætti það að vera þingið sjálft sem mótaði og hefði frumkvæði um að breyta fyrirkomulagi í Stjórnarráði Íslands þannig að við komum skipan yfirstjórnar atvinnumála í það horf sem þyrfti með því að afnema þær girðingar sem nú eru og þá þykku veggi sem koma í veg fyrir eðlilega aðlögun og eðlilega þróun mála í Stjórnarráði Íslands í sambandi við atvinnumálin. Þar með er ekki sagt að menn geti ekki tekið sértækt á málum og það gætu verið fleiri en einn atvinnumálaráðherra, það tek ég skýrt fram. Ég hygg að það hafi orðið niðurstaðan t.d. í Noregi við breytingu innan stjórnarráðsins að menn halda þar uppi ákveðinni greiningu á milli verksviða og vissulega eru menn þar enn með sitt sjávarútvegsráðuneyti ef ég þekki það rétt. Ég hef ekki kynnt mér það alveg hvernig Norðmenn komu við þeirri breytingu sem síðast varð í sambandi við yfirstjórn atvinnumála.

En aftur til þessa frv. sjálfs sem við erum að ræða. Ég ítreka það sjónarmið, nú eftir allítarlega 1. umr. og

margir eiga eflaust eftir að tjá sig á þessum fundi eða hinum næsta um málið áður en það fer til nefndar, að þetta mál þarf að komast til menntmn. þingsins. Menntmn. þingsins þarf nauðsynlega að fjalla um þetta mál og auðvitað væri æskilegt að stefna hæstv. menntmrh. í sambandi við fullorðinsfræðslu lægi hið allra fyrsta fyrir og ég fagna því að ráðherrann ætli að flytja hér frv. um almenna fullorðinsfræðslu þannig að menn geti litið á þetta í samhengi. Það tel ég vera afar brýnt.

Það er einn þáttur sem ég nefndi ekki í fyrri ræðu minni, einn fræðsluþáttur sem ég held að þurfi að skoða vel í tengslum við umfjöllun þessara mála. Það er sú starfsemi sem fram fer í fræðslumiðstöð iðnaðarins, sem svo hefur verið kölluð, þ.e. innan Iðntæknistofnunar Íslands. Þar er kannski um að ræða stuðning við námskeiðahald og fræðslu sem tengist meira en flest annað einmitt starfsmenntun í landinu. Þar hefur margt tekist ágætlega undanfarinn áratug í uppbyggingu á þeirri fræðslu sem ég tel að eigi með nákvæmlega sama hætti og ég mæli hér fyrir í sambandi við fiskvinnslumálin sem og aðra starfsmennun að tengjast ráðuneyti menntamála. Og ég vænti þess að á það verði litið við meðferð þessa máls og undirbúning frv. um fullorðinsfræðslu að tryggja að þarna verði um samhent tök að ræða og nauðsynleg samvinna tryggð og þar hef ég síst á móti því að hin einstöku fagráðuneyti, sem við lýði eru hverju sinni, komi að máli. En ég legg ríka áherslu á að þessi málaflokkur á að heyra undir verksvið og starf menntmrn. sem frumkvæðisafls í þessum málum í samvinnu við þá aðila sem leggja því lið hvar sem er. Þar á meðal í sambandi við starfsmenntun þar sem sannarlega skiptir miklu frumkvæði frá aðilum atvinnulífsins hverju sinni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er þarft mál að leggja fram frv. til að fram geti farið umræður um starfsmenntun í atvinnulífi. Það er vissulega mál sem menn hafa haft lengi til umfjöllunar, bæði innan samtaka atvinnurekenda og launþega og haft áhuga á að koma í betri farveg en verið hefur. Ég vil þó í upphafi láta í ljós efasemdir um að þessi málaflokkur eigi að skilgreinast sem einhver sérstök menntun utan við aðra menntun sem heyrir undir menntmrn. Ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt, þó að ég vilji ekki kveða afdráttarlaust upp úr með það að svo stöddu, að aðskilja hlutina með þessum hætti, sérstaklega í ljósi þess sem fram kemur í máli hæstv. ráðherra að menn eru sérstaklega með í huga að launafólk innan Alþýðusambands Íslands á að njóta þessarar starfsmenntunar.

Ég vil líka aðeins fara yfir kaflann um markmið. Þar er sumt þannig orðað að mér gengur dálítið illa að átta mig á því hvað menn eru að fara og kannski líka hvernig menn ætla að ná fram þessum markmiðum. Ég bendi á það sem fram kemur í a-lið 1. gr. að markmiðið sé að stuðla að aukinni framleiðni. Framleiðni er mjög teygjanlegt hugtak og hefur verið notað í mismunandi skilgreiningum þannig að það er nauðsynlegt að það komi fram þá í markmiðsgreininni hvað menn nákvæmlega eiga við með orðinu framleiðni og hitt að með þessu er verið að beina áherslunni að vinnu verkafólks, þar sé punkturinn sem menn þurfi að taka á til þess að auka framleiðni í einhverjum skilningi. Ég er ekki alveg sammála því að þetta eigi að vera slíkt höfuðmál. Ég held oft og tíðum að einn meginvandinn í atvinnugreinum og rekstri fyrirtækja sé fremur stjórnendur og yfirmenn fyrirtækjanna heldur en verkafólkið. Ég tel að það væri þar sem menn ættu að gera gangskör að hafa hæfara fólk.

Ég bendi líka á það sem t.d. varðar sjávarútveginn. Það hefur verið mjög stífur áróður fyrir því, m.a. hér á Alþingi, að hagræðingu í sjávarútvegi og þar með aukinni framleiðni í vissum skilningi verði því aðeins náð fram með því að draga úr fjárfestingu, sameina fyrirtæki, sameina útgerð skipa og þess háttar. Og það fer ekki alveg saman að vera með þær áherslur uppi annars vegar og koma síðan fram með frv. þar sem aðaláherslan er að stuðla að aukinni framleiðni með því að kenna íslensku verkafólki að vinna betur.

Í d-lið er líka setning sem ég á dálítið erfitt með að átta mig á og nefni það hér. Þar er fjallað um að eitt af markmiðunum sé að jafna möguleika fólks á vinnumarkaði o.s.frv. og síðan segir: „með öflugu framboði á grunnmenntun til ákveðinna starfa". Það vefst fyrir mér að skilja hvað þetta þýðir. Hvað er grunnmenntun til ákveðinna starfa og hvað er framboð á henni? Þessi tvö dæmi, sem ég nefndi úr markmiðskaflanum nægja nú að mínu mati til þess að draga fram þá skoðun mína að mér finnst markmiðið vera dálítið fljótandi. Menn tala ómarkvisst, enda kemur í raun og veru fram í næstsíðustu greininni að ráðherra eigi að setja reglugerð til að afmarka lögin og gildissvið þeirra til þess að fá fram skýrari mynd af því hvað menn eru raunverulega að tala um.

Eitt er það sem mér finnst líka umhugsunarefni varðandi þetta frv. Það er að það starf sem á að vinna á grundvelli frv. eða laganna verði frv. samþykkt á að vera háð framlögum frá Alþingi um tekjur. Og þeir sem eiga að greiða kostnaðinn af þessu eru sem sagt Alþingi í gegnum fjárlög og launþegarnir með námskeiðsgjöldum. Hins vegar sleppa atvinnurekendur algerlega við að bera kostnaðinn af þessu, sýnist mér miðað við það sem fram kemur í frv. Einnig held ég líka að það sé ekki nægilega traustur grundvöllur til þess að setja upp námskeið og þróa námskeið og ráðgjöf til verkafólks, sem menn hljóta að gera og hugsa til margra ára, að búa við það að vera háð ákvörðun Alþingis frá ári til árs í uppbyggingarstarfi sínu. Ég bendi mönnum t.d. á það að ekki gengur allt of vel að halda áætlun með það sem menn eru þegar búnir að samþykkja og þar á ég við grunnskólalögin nýju sem samþykkt voru sl. vor af öllum flokkum. Það kemur á daginn örfáum mánuðum eftir að lögin eru samþykkt að það er farið að taka allt til baka sem menn voru að setja inn í lögin. Og þegar ekki er nú traustari grunnur undir lögum en þessi á maður ekki von á að það reynist mjög traust að byggja á ákvæði sem þessu, að allt sem menn hugsa sér að gera í starfsmenntunarmálum sé háð árlegum ákvörðunum um fjárveitingar og enginn getur því vitað fyrir fram hvaða upphæðir menn

eru að tala um eða þá hvaða upphæðir menn kunna að fá á fjárlögum. Ég minni þingmenn á bréf sem Kennarasamband Íslands sendi 3. des. sl. Þar lýsir sambandið afstöðu sinni og óánægju með það fjárlagafrv. sem fyrir liggur, og hvernig menn hugsa sér að fara með nýju grunnskólalögin í því frv., og bandorminn sem liggur fyrir. Ég hugsa að það væri a.m.k. íhugunarefni hvort ekki ætti frekar að hafa einhvern markaðan tekjustofn til að standa undir þessari starfsemi þannig að framtíð væri öruggari varðandi tekjuhliðina. Það má útfæra með ýmsum hætti hvers konar tekjustofn það væri. Ég ætla ekki að nefna eina hugmynd frekar en aðra en ég held að það væri æskilegra að starfsmenntunin byggðist á þannig tekjugrunni.

Annað sem ég vil láta koma fram og er í 9. gr. frv. Þar er kveðið á um að rekstrarkostnaður af námskeiðum sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs auk styrkveitinga. Þetta þýðir að mínu mati að það er í raun og veru fólkið sem sækir námskeiðin, launþegarnir, sem eiga að bera þessi þátttökugjöld. Það kemur í fyrsta lagi ekkert fram um það hve þau eigi að vera há eða hve hlutfall launþega af kostnaði verði hátt. Ég vil benda á það sem atriði sem vantar að það þurfi þá a.m.k. að setja hámark ef menn ætla sér að láta þátttakendur bera hluta af kostnaðinum en ég hef a.m.k. enn sem komið er ekki sannfæringu fyrir því að það sé réttlætanlegt að hafa há þátttökugjöld ef þá nokkur. Ég held jafnvel að það væri réttlætanlegt að þátttökugjöld væru engin og þá með þeim rökum að nauðsynlegt væri að hvetja fólk til þess að sækja sér aukna menntun og færni og ætti þá fremur að gera mönnum kleift að sækja slík námskeið ef engin þátttökugjöld væru.

Annað sem styður þessa skoðun er líka það að oft er um að ræða þau störf sem hvað lægst eru launuð í þjóðfélaginu sem þessi starfsmenntun mun taka á. Ég vil líka setja upp fyrirvara við starfsmenntaráðið eins og það er skilgreint í frv. Ég er ekki sannfærður um að þetta sé það form á málinu sem best er til þess að útdeila fénu og skipuleggja verkið. Ég held að í fyrsta lagi yrði að hafa mjög nána samvinnu við þá aðila sem fást við menntun í þjóðfélaginu. Ég held að þeir hljóti að vera öðrum hæfari til þess. Ég hef líka efasemdir um að hafa þetta ráð sem er eins konar miðstýrt ráð, eitt ráð fyrir landið allt, og ég er smeykur um að það verði í of mikilli fjarlægð frá stórum hluta landsins og þróist í það að verða nokkurs konar höfuðborgarstarfsmenntaráð.

Annað finnst mér líka ekki nógu ítarlegt. Það er að mér finnst fátæklegt það ákvæði sem er um starfsmenntaráðið sjálft og síðan er bætt úr með því að segja að ráðið setji sér sjálft nánari starfsreglur að fengnu samþykki ráðherra. Ég tel að ef ætlunin er að hafa þetta starfsmenntaráð verði að setja nánari reglur um það í lögin. Þetta er of opið að mínu viti og ég vil enn gera athugasemd við hvernig starfsmenntaráðið er skipað. Ég bendi á að ekki er gert ráð fyrir því að launþegar sem eru utan Alþýðusambands Íslands og BSRB eigi aðild að ráðinu. Ég tel það óheppilegt. Að mínu viti verða að vera þarna fulltrúar frá öllum launasamtökum og ég tel líka óheppilegt að það skuli ekki vera hægt að tryggja að að þessu ráði komi fulltrúar hinna mismunandi starfsgreina. Ég hef efasemdir og set spurningarmerki við það að vinnuveitendasamtökin séu að skipa þrjá menn eða jafnmarga og Alþýðusambandið og BSRB. Ég sé í raun og veru ekki rökin fyrir því að atvinnurekendasamtökin séu þarna jafngild í þessu ráði, enda er þeim ekki ætlað að bera neinn kostnað af því. Þeir sem eiga að njóta laganna eru fyrst og fremst launafólkið.

Í 10. gr., þar sem fjallað er um það hverjir eigi rétt á að sækja um styrk, segir m.a.: Samtök atvinnurekenda og launafólks. Þarna vil ég fá betri skilgreiningu á þessu orðalagi. Hvaða samtök atvinnurekenda og hvaða samtök launafólks eiga menn við? Er átt við Alþýðusamband Íslands eitt eða geta önnur samtök sótt um, eins og Alþýðusamband Vestfjarða eða Landssamband verslunarmanna eða eitthvað slíkt?

Ég bendi líka á að í 10. gr. er gert ráð fyrir að einstök atvinnufyrirtæki geti sótt um styrk. En það kemur ekki fram í greininni svo að ég sjái að einstök stéttarfélög geti sótt um styrk. Og ég spyr: Hví ekki að hafa hlutina þá með sama sniði báðum megin frá?

Ég tel óhjákvæmilegt að þetta frv. verði til umfjöllunar hjá menntmn. einnig, auk félmn., af þeirri einföldu ástæðu að frv. fjallar fyrst og fremst um menntun og það er óhjákvæmilegt annað en að nefndin, sem fer með þann málaflokk, fjalli um þetta frv. Ég held að ekki verði hjá því komist svo að vel sé.

Ýmislegt fleira mætti í sjálfu sér segja um þetta frv. en ég legg áherslu á að þetta verði tekið fyrir og afgreitt samhliða frv. um fullorðinsfræðslu þannig að menn séu þá með allan þennan málaflokk fyrir framan sig samtímis og geti afgreitt hann um leið og gætt þar samræmis í niðurstöðu. Ég held að það sé afleitt að taka þetta frv. eitt og sér og fjalla um það og afgreiða án þess að hafa jafnhliða frv. um fullorðinsfræðslu. Mér heyrðist að hæstv. menntmrh. boðaði að það væri væntanlegt á næstunni þannig að þess verður sjálfsagt ekki langt að bíða að frv. komi fram. Ég legg áherslu á að þessi tvö frumvörp verði tekin fyrir samtímis.

Það veikir dálítið þá röksemdafærslu að starfsmenntun eigi að heyra undir félmrn., starfsmenntun í atvinnulífinu, að gert er ráð fyrir því að fiskvinnslan heyri undir sjútvrn. Það kippir í raun fótunum undan þeirri röksemdafærslu að starfsmenntun í atvinnulífi eigi að heyra undir félmrn. þegar menn leggja jafnhliða til að starfsmenntun í einni grein atvinnulífsins heyri undir viðkomandi fagráðuneyti. Og ég er smeykur um að menn geti flutt sömu rök til þess að færa starfsmenntun í öðrum greinum undir viðkomandi fagráðuneyti. Maður spyr sjálfan sig t.d. um iðngreinar. Er þá ekki eðlilegt að starfsmenntun í iðngreinum falli undir iðnrn. o.s.frv.?

Ég vil, virðulegi forseti, láta þetta duga að sinni í umfjöllun um frv. en tel nauðsynlegt að vandlega verði farið yfir það í nefnd.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð í

viðbót varðandi þetta frv. en aðeins langar mig þó til að lýsa ánægju minni með það að hæstv. menntmrh. skuli ætla að leggja hér fljótlega fram frv. um fullorðinsfræðslulög eins og hann skýrði frá áðan. Þess vegna þykir mér enn þá frekar ástæða til þess að líta á þetta mál í samhengi við það boðaða frv. og þá enn frekar ástæða til þess að menntmn. fái þetta mál til umfjöllunar á sama hátt og ég reikna með að menntmn. fái til umfjöllunar frv. til fullorðinsfræðslulaga. Ég velti því fyrir mér í þessu samhengi hvers vegna ríkisstjórnin leggur áherslu á að þetta frv. sé rætt núna, þ.e. svo skömmu fyrir jólahlé þegar ætla mætti að lægi frekar á öðrum málum en einmitt þessu og segi ég það ekki síst í ljósi þess sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. Það hefði verið nær að nýta tímann til einhvers annars sem kannski lægi meira á. Er þetta sú forgangsröð sem hæstv. ríkisstjórn telur vera rétta? Ég set ákveðið spurningarmerki við að þetta sé mál sem liggur svo mikið á að við í stjórnarandstöðunni séum að verja tíma okkar til nú í ljósi þess að talað er um a.m.k. annan hvern dag eða á hverjum degi að við séum að tefja hér umræðu.

Varðandi fyrirspurn mína, sem ég bar hér fram, um þau rök sem væru fyrir því að þetta mál ætti fremur að falla undir félmrn. en menntmrn., þá heyrði ég þau rök alls ekki. Ég var búin að lesa það sem stendur á bls. 12 í frv., í fskj. I, og þar koma engin rök fram um það að það eigi frekar að vera undir hatti félmrn. en menntmrn. Ég er enn þá sannfærðari eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag að starfsmenntun í atvinnulífi eigi að falla undir menntmrn. og ég heyrði alls ekki neitt í máli hæstv. félmrh. sem fær mig til að hverfa frá þeirri skoðun. Hún sagði einungis að hún hefði skipt um skoðun en ekki hvers vegna.

Í fskj. I, sem hæstv. ráðherra vitnaði til, segir að hér sé fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða. Það má vel vera að hérna sé um vinnumarkaðsmálefni að ræða, eins og flestöll menntamál sem koma auðvitað vinnumarkaðnum við, en ég lít á þetta sem menntamál og fyrst og fremst sem mjög mikilvægt menntamál þannig að ég sé ekki nein rök fyrir því að það eigi ekki að falla undir menntmrn. eins og önnur menntamál.

Ég ítreka þá tillögu mína sem ég bar fram áðan að þetta mál muni fara til menntmn. Alþingis. Ef ákveðið verður að vísa því samt sem áður til félmn., þá fái menntmn. þetta mál til umfjöllunar og það verði skoðað í samhengi við boðað frv. um fullorðinsfræðslulög sem menntmrh. skýrði okkur frá áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því í gær að hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., yrði viðstaddur þegar haldið yrði áfram þessari umræðu. Ég er reiðubúinn að halda umræðu áfram og hefja ræðu mína en ég hef beðið um orðið um þetta mál. (**Forseti:** Hann er að koma hér inn í salinn.)

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. mælti hér fyrir frv. sem felur í reynd í sér að Framkvæmdasjóður verður lagður niður og málefnum sjóðsins komið fyrir hjá Lánasýslu ríkisins. Hæstv. forsrh. sagði í gær, þegar ég gerði athugasemd við það að hæstv. utanrrh. væri fjarverandi og erfitt væri að halda áfram umræðum um málið vegna þess að hann, þ.e. hæstv. forsrh., hefði eingöngu flutt hér tæknilega framsöguræðu: Það er nokkuð til í því. En hins vegar er það þannig að í stefnuræðu forsrh., sem flutt var 10. okt., kaus hann í upphafi ræðu sinnar að taka málefni Framkvæmdasjóðs sem annað af tveimur megindæmum um hvernig stefna fráfarandi ríkisstjórnar hefði leikið sjóðakerfið og þess vegna væri nauðsynlegt að grípa til margvíslegra aðgerða, væntanlega einnig þess sem hér er lagt til, að leggja Framkvæmdasjóð niður.

Hæstv. forsrh. hefur einnig hvað eftir annað á opinberum vettvangi vitnað til Framkvæmdasjóðs og ráðstafana á vegum hans sem dæmi um það hvernig fráfarandi ríkisstjórn hafi farið með opinbera fjármuni. Ég vil segja að mér fannst ekki mjög karlmannlegt hjá hæstv. forsrh. að halda ekki við þessar skoðanir sínar í framsöguræðu heldur skýla sér á bak við það sem hann sjálfur kallaði tæknilega framsöguræðu. Kannski er það vegna þess að hæstv. forsrh. hefur tekið þeirri ráðleggingu vel sem ég setti fram við hann, bæði í umræðunum um hans eigin stefnuræðu og einnig af öðru tilefni síðar á þessu þingi, að hann skyldi kynna sér hvernig farið var með fjármuni Framkvæmdasjóðs þegar Sjálfstfl. bar ábyrgð á fjmrn. eða forsrn. áður en hann kæmi aftur fram á opinberum vettvangi og gerði fráfarandi ríkisstjórn að aðalsökudólgi í þessu máli.

Ef hæstv. forsrh. hefur nú kynnt sér málið og er reiðubúinn að draga til baka fyrri yfirlýsingar og ályktanir í þessum efnum mun ég fagna því vel og sæi þá ekki mikla ástæðu til þess að fara í umræður um það í þinginu. En hins vegar var ekkert slíkt að finna í framsöguræðu hæstv. forsrh. þannig að þau orð sem hann hefur áður látið falla um þetta málefni verða, þar til annað kemur í ljós, að vera grundvöllur umræðunnar.

Í stefnuræðu sinni sem forsrh. flutti 10. okt. vék hann að því að það hafi verið þáttur í stefnu fyrrv. ríkisstjórnar að beita ekki almennum hagstjórnaraðferðum en trúa á lækningamátt opinberrar íhlutunar. Í stað þess að hamla gegn útgjaldaþenslu ríkissjóðs og búa útflutningsgreinunum viðunandi starfsskilyrði voru skattar hækkaðir, raunvextir hækkuðu sífellt og erlendu lánsfé var beint í gegnum millifærslusjóði til að lina þjáningar þeirra fyrirtækja sem verst stóðu að mati trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar í sjóðunum, og hef ég farið hér orðrétt með það sem hæstv. forsrh. sagði. Þetta er kenningin sem sett er fram í stefnuræðunni.

Og svo eru tekin dæmi þessu til sönnunar og það vill svo til að fyrsta dæmið sem hæstv. forsrh. tekur og, annað af tveimur megindæmunum, er Framkvæmdasjóður Íslands.

Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta: „Því miður standa menn nú frammi fyrir þeirri staðreynd að vandinn sem menn töldu sig vera að ráðast gegn með þessum aðferðum er enn óleystur og hefur í mörgum tilfellum magnast. Menn misstu tækifærið þegar aflabrögð voru hagstæð og verðlag á útflutningi hátt til að leggja grunn að góðri lífsafkomu. Það sem verra er, sjóðirnir sem hjálpræðið kom úr eru ekki aðeins tómir heldur stórskuldugir. Þannig blasir við að á undanförnum fjórum árum hefur hagur Framkvæmdasjóðs Íslands versnað um tæplega 3.000 millj. kr. og er eiginfjárstaða hans nú neikvæð um a.m.k. 1.200 millj. kr."

Síðar í ræðunni heldur hæstv. forsrh. áfram að ráðast á málefni Framkvæmdasjóðs og störf fyrrv. ríkisstjórnar, sérstaklega fyrrv. forsrh., hv. alþm. Steingríms Hermannssonar, og rekur ákveðnar skýrslur og birtir upp úr þeim setningar og yfirlýsingar og leggur sérstaklega út af setningu sem hann tínir samhengislaust upp úr einni skýrslunni og birtir orðrétta í ræðu sinni. Ég ætla að endurtaka hana aftur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í raun er verulegur hluti af þeim 6.250 millj. kr. sem opinberir sjóðir og bankar hafa lánað til fiskeldis tapaður. Þannig er sýnt að hvorki núverandi framleiðsla né full framleiðslugeta stöðvanna stendur undir nema litlum hluta stofnfjárfestingar og rekstrarfjárþörf."

Með þessu og fjölmörgu öðru, sem fram kemur í stefnuræðu hæstv. forsrh., er verið að renna stoðum undir þá kenningu hans að það hafði verið sú afstaða fráfarandi ríkisstjórnar að nota millifærslusjóði, sem Framkvæmdasjóður er að hans mati aðaldæmið um, sem hafi komið hér málum í óefni og orðið til þess að rúmir 6 milljarðar kr. eru tapaðir.

Hann víkur síðan einnig að Álafossi og málefnum Álafoss og tekur það sem enn frekara dæmi um það hve illa sé komið fyrir Framkvæmdasjóði og skrifar það allt á reikning fráfarandi ríkisstjórnar. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, þótt hæstv. forsrh. hafi ekki lagt í það að endurtaka þessa söguskoðun sína og kenningar hér í framsöguræðu, að fjalla um það í nokkru máli. Það er líka dálítið sérkennilegt ef maður skoðar hina miklu sögu Framkvæmdasjóðs að hæstv. forsrh. skyldi ekki leggja í það að vera með efnislega umfjöllun um málefni sjóðsins í framsöguræðu sinni og hvers vegna svo er komið fyrir sjóðnum að hann er nánast gjaldþrota og þurfi að leggja hann niður og ríkið og skattgreiðendur í landinu þurfi að taka á sig verulegar skuldbindingar vegna þess.

Ég hef sagt það áður hér á hv. þingi og einnig við önnur tækifæri, m.a. innan síðustu hæstv. ríkisstjórnar, að segja má að fyrst og fremst séu tvær meginástæður fyrir því að Framkvæmdasjóður Íslands er gjaldþrota. Önnur ástæðan eru lánveitingar til fiskeldisfyrirtækja. Hin ástæðan er hvernig staðið var að því að bjarga gamla Álafossfyrirtækinu og bjarga iðnaðardeild Sambandsins með því að sameina þetta tvennt í nýjan Álafoss. Þetta eru að mínum dómi meginskýringarnar og það er auðvitað sérkennilegt að þegar forsrh. flytur þetta mál hér inn á þingið skuli hann í framsöguræðu sinni ekki víkja einu orði að þessum ástæðum.

Í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1990 er á bls. 7 að finna töflu þar sem lýst er samþykktum lánveitingum og ábyrgðum vegna fjárfestinga í fiskeldi á árunum 1984–1990. Þetta er mjög athyglisverð tafla og hefði vissulega verið ástæða fyrir virðulegan forsrh. að kynna sér hana dálítið áður en hann hóf herferð sína í stefnuræðu sinni og í fjölmiðlum til þess að koma höggi á fráfarandi ríkisstjórn nema hæstv. forsrh. sé nákvæmlega sama um hvað er satt og hvað er logið í málflutningnum. Aðalatriðið sé að koma höggi á fráfarandi ríkisstjórn með einum eða öðrum hætti og skeyta engu um hvort málefnaleg rök og efnislegar ástæður eru þar á bak við.

Í skýrslu Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1990 kemur fram að á verðlagi hvers árs voru lánveitingar og ábyrgðir vegna fiskeldis sem hér segir: Árið 1984 27 millj., árið 1985 122 millj., árið 1986 788 millj., árið 1987 480 millj., árið 1988 635 millj., árið 1989 644 millj. og árið 1990 385 millj. Séu þessar upphæðir framreiknaðar til núvirðis og tekið mið af nóvember 1991 þá nema lánveitingar til fiskeldis á vegum Framkvæmdasjóðs á árunum 1984–1988, þegar Sjálfstfl. bar ábyrgð á málefnum Framkvæmdasjóðs, samtals 4 milljörðum 128 millj. kr. En á árunum 1989–1990 nema lánveitingarnar samtals á núvirði 1 milljarði 233 millj. Það er þess vegna alveg ljóst að af þeim rúmum 5 milljörðum sem varið hefur verið á vegum Framkvæmdasjóðs til lánveitinga í fiskeldi eru rúmir 4 milljarðar teknir og þeim ráðstafað með þessum hætti þegar Sjálfstfl. bar ábyrgð á málefnum sjóðsins, annaðhvort í gegnum fjmrn. eða í gegnum forsrn. Og það er þá fyrst, hæstv. forsrh., þegar fráfarandi ríkisstjórn kemur að þessu verki að farið er að skrúfa fyrir þessar ráðstafanir með þeim hætti að hætt er að lána til nýrra framkvæmda í fiskeldi og á árinu 1990 eru engin ný lán veitt til fiskeldis á vegum Framkvæmdasjóðs heldur eingöngu um skuldbreytingalán að ræða. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. utanrrh. sem bar ábyrgð á málefnum Framkvæmdasjóðs og hafði sérstakan fulltrúa í stjórn sjóðsins, Sigurgeir Jónsson, ráðuneytisstjóra í fjmrn., sem var sérstakur samstarfsmaður þáv. fjmrh. og trúnaðarmaður hans í stjórn Framkvæmdasjóðs, hvort hann er sammála þeirri lýsingu, sem fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. á því hver bæri ábyrgðina á því hvernig er komið málefnum Framkvæmdasjóðs eða hvort núv. hæstv. utanrrh. er sammála mér um það að sagan og tölurnar sýni ótvírætt að það er þá fyrst á árunum 1989 og 1990 sem þessi vitleysa er stöðvuð. Meðan Sjálfstfl. fór með þessi mál er haldið áfram og það sem meira er, það er gefið í, alveg sérstaklega til þess að auka peningastreymið til fiskeldis á vegum Framkvæmdasjóðs.

Það er t.d. athyglisvert að í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1988 kemur fram á bls. 9 með hve afgerandi hætti forsrn. Sjálfstfl. og fjmrn. Alþfl. tóku sameiginlega ákvörðun um það að bæta við bensíni í þágu fiskeldisins þrátt fyrir það sem við blasti. Þess vegna vil ég spyrja núv. hæstv. utanrrh. hvernig hann skýrir þá ákvörðun sem hann og þáv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, tóku á árinu 1988 að beita sér fyrir sérstakri erlendri lántöku að upphæð 800 millj. kr. að þáverandi verðgildi til þess að bæta í hvað snertir framkvæmdahraða og fjárfestingar í fiskeldi. Ég vil í þessu sambandi vitna orðrétt í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1988 en þar segir á bls. 9:

„Í upphafi árs var ljóst að framleiðslugeta seiðastöðva var langt umfram þarfir strandeldis- og sjókvíastöðva. Það taldist þó ekki koma að sök þar sem menn væntu þess að erlendir markaðir héldust opnir sem fyrr. Þegar leið að vori fóru seiðaeldismenn mjög að ókyrrast vegna þess að þessir markaðir brugðust. Leitað var til stjórnvalda með þennan vanda", þ.e. forsrh. Þorsteins Pálssonar og fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. „Forsrn. skipaði nefnd manna frá þremur ráðuneytum og stofnunum sem að málinu komu til leita á lausnum. Nefndin lagði til að veittar yrðu lántökuheimildir erlendis fyrir 300 millj. kr. á árinu 1988 og 500 millj. kr. á árinu 1989 til að hraða uppbyggingu matfiskeldis. Þar var í raun lagt til að horfið yrði að fyrri framkvæmdahraða á ný. Jafnframt var lagt til að hafbeit yrði aukin."

Það er ekki hægt að tala skýrar um þetta. Í skýrslu Framkvæmdasjóðs kemur það fram að ríkisstjórn Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. beitti sér fyrir því að fulltrúar þáv. forsrh., Þorsteins Pálssonar, og þáv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, hyrfu að fyrri framkvæmdahraða á ný í málefnum fiskeldisins og að auka hafbeitina.

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því í gær að hæstv. sjútvrh., fyrrv. forsrh., yrði einnig viðstaddur þessa umræðu. Ef hann er í húsinu vildi ég gjarnan óska eftir því að hann yrði sóttur svo að hann gæti einnig — ég sé að hann er hér í dyrunum og það er gott — vegna þess að ég vil spyrja hann að því einnig, hæstv. núv. sjútvrh., hver voru rök hans, fyrst sem fjmrh. á árunum 1986–1987 og síðan sem forsrh. á árunum 1987–1988, fyrir því að fulltrúar hans í stjórn Framkvæmdasjóðs verðu þessu gífurlega fjármagni til fiskeldis í gegnum Framkvæmdasjóð. Ég vil vekja athygli hv. alþm. á því að meginhlutinn af þeim rúmum 4 milljörðum, sem Framkvæmdasjóður setti í fiskeldið og er að meginhluta tapað fé, var samþykktur á þeim árum þegar núv. hæstv. sjútvrh. var annaðhvort fjmrh. eða forsrh., meginhlutinn.

Það kemur jafnframt fram í skýrslum Framkvæmdasjóðs að hin slæma afkoma sjóðsins sé að verulegu leyti vegna þeirra fjármuna sem sjóðurinn hefur tapað vegna lána til fiskeldis og einnig vegna þeirra ákvarðana sem teknar voru þegar gamli Álafoss var sameinaður verksmiðjuhluta iðnaðardeildar Sambandsins. Í ársskýrslunni kemur m.a. fram að þetta hefur leitt til þess að mikið fé hefur streymt út úr sjóðnum og hann hefur tapað verulegum eignum. Það er hins vegar athyglisvert að eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988 og nýr maður tók sæti í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands sem fulltrúi fjmrh., núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, er breytt um stefnu, hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur greinilega ekki lesið ársskýrslurnar eða ekki viljað hafa það sem sannara reynist vegna þess að í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1989 stendur, það er fyrsta heila árið sem Framkvæmdasjóður Íslands starfaði í fjármálaráðherratíð minni, og ef ég man rétt kom hv. núv. alþm. Össur Skarphéðinsson inn í stjórn sjóðsins í ársbyrjun eða alla vega snemma á árinu 1989, þannig að árið 1989 er fyrsta árið þar sem okkar áhrifa, okkar sameiginlegu áhrifa á stjórn sjóðsins fer að gæta. Í ársskýrslunni stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, fyrir árið 1989:

„Framkvæmdasjóður hefur hafnað lánum til nýrra fiskeldisstöðva á árinu 1989."

Hvernig leyfir hæstv. forsrh. sér síðan að hafa sérstakan kafla í stefnuræðu sinni, sem flutt er í beinni útsendingu héðan úr þingsalnum til alþjóðar, þar sem hann skrifar allt hið mikla tap Framkvæmdasjóðs á reikning minn og fráfarandi ríkisstjórnar þegar það liggur fyrir staðfest í ársskýrslum sjóðsins sjálfs að meginhlutinn af þessu tapi er til kominn vegna ákvarðana sem voru teknar í fjármálaráðherratíð eða forsætisráðherratíð Sjálfstfl. og Alþfl.? Það var þá fyrst þegar Alþb. kom að fjmrn. 1989 að sagt var stopp. Þá loksins var breytt um stefnu frá því mikla lottóspili sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir með málefni Framkvæmdasjóðs. Og ég vil fara fram á það við hæstv. forsrh. að hann biðjist afsökunar á því að hafa farið með rangt mál. Ég vænti þess að hann vilji vera maður að meiri, enda tíðkast nú afsökunarbeiðnirnar mjög í forustu stjórnarflokkanna, því að það er auðvitað alveg ljóst að hæstv. forsrh. hefur annaðhvort af vankunnáttu eða öðrum ástæðum gefið þjóðinni alrangar skýringar á því hvers vegna hann neyðist nú til þess að flytja frv. um að leggja Framkvæmdasjóð niður.

Virðulegi forseti. Ég kysi að hafa þá áfram í a.m.k. heyrnarlínu, núv. hæstv. utanrrh. og núv. hæstv. sjútvrh., því að ég tel alveg nauðsynlegt að þeir geti hlýtt á þær spurningar sem verið er að bera fram við þá. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að ná í ráðherrana.) Já. Meðan ég bíð eftir því vil ég upplýsa enn frekar hæstv. forsrh. um það að eins og hann getur séð á yfirliti frá Framkvæmdasjóði Íslands fyrir árið 1990, sem forsrh. hefur væntanlega einnig kynnt sér, þá felast afskipti Framkvæmdasjóðs af málefnum fiskeldisins á því ári nær eingöngu í skuldbreytingu á eldri lánum. Það er þá fyrst þegar Alþb. kom að ábyrgð á málefnum Framkvæmdasjóðs eftir að lánveitingar til fiskeldis hófust sem þessi vitleysa er stöðvuð. Og ég vil segja það hér, þótt núv. hv. þm. sé kominn í annan flokk en hann var í þá, að ég tel að núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi staðið sig vel í stjórn Framkvæmdasjóðs. (**Sjútvrh.:** Er þetta ekki oflof?) Nei, nei, það er bara sannleikurinn. Hann stóð sig vel í stjórn Framkvæmdasjóðs við að stöðva þá vit-

leysu og óráðsíu sem Sjálfstfl. með stuðningi Alþfl. á árunum 1987 og 1988 hafði látið viðgangast innan sjóðsins.

Virðulegi forseti. Það er leitt að hæstv. utanrrh. skuli ekki getað setið kyrr í salnum en ég hef nú kannski vissan skilning á því að þetta eru erfiðir dagar hjá honum en æskilegast væri að hann gæti verið viðstaddur umræðuna. Hann var hér í rúmar 10 mínútur en fór svo og það er óskaplega erfitt að ljúka máli sínu á viðunandi tíma ef maður þarf að breyta ræðunni hvað eftir annað vegna þess að ráðherrarnir eru inn og út úr salnum.

Ég var að segja, virðulegur utanrrh., að ég hef vissan skilning á því að þetta eru erfiðir dagar hjá ráðherranum en það væri æskilegt ef ráðherrarnir gætu verið kyrrir smástund í salnum svo að maður þurfi ekki að breyta ræðu sinni fram og aftur í takt við það hvort þeir eru hér eða ekki í sætum sínum eða geta hlýtt á það sem sagt er.

Ég vil á grundvelli þessara upplýsinga spyrja hæstv. núv. utanrrh. og hæstv. núv. sjútvrh.: Hvers vegna þeir beittu sér fyrir því að á árinu 1988 var tekið erlent lán að upphæð 800 millj. kr. til þess að hefja á ný framkvæmdatímabil í málefnum fiskeldis og auka framkvæmdahraðann? Mátti þeim ekki vera ljóst á því ári eins og mér og fulltrúa mínum í stjórn sjóðsins, núv. hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varð á árinu 1989, að hér átti að taka upp allt aðra stefnu? Eða eru þessir tveir hæstv. ráðherrar reiðubúnir að staðfesta þann skilning minn, sem ég hef hér rakið með tilvitnunum í skýrslur Framkvæmdasjóðs og tölulegar upplýsingar og þær ályktanir og þann texta sem fram kemur í ársskýrslum sjóðsins, að það er á árunum 1984–1988 sem sú stefna ríkir í málefnum sjóðsins að taka ný og ný lán erlendis til þess að lána meira og meira í uppbyggingu fleiri og fleiri nýrra fiskeldisfyrirtækja? En það er á árinu 1989 sem stefnubreytingin er gerð að hætta slíkum lánveitingum algjörlega og hverfa frá þeirri stefnu.

Ég tel það vera mjög mikilvægt að þessir tveir hæstv. núv. ráðherrar, sem báru ábyrgð á sjóðnum á árunum 1986–1988 svari þessum spurningum hér í ljósi þeirra árása sem hæstv. forsrh. hefur flutt á þá sem stýrðu málefnum þessa sjóðs á árunum 1989–1990.

Ég vil einnig víkja að því að það kemur greinilega fram í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1989 að þær ákvarðanir sem teknar voru í ríkisstjórnartíð Sjálfstfl. og Framsfl. 1983–1987 að sameina gamla Álafoss og ullarframleiðslu Sambandsins, hafi verið gerðar með þeim hætti að strax á árinu 1989 var allt eigið fé fyrirtækisins upp urið. Eða með öðrum orðum, á fyrsta heila árinu þegar við komum að því að bera ábyrgð á málefnum Framkvæmdasjóðs, ég sem fjmrh. og hv. núv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem sérstakur fulltrúi minn í stjórn sjóðsins, þá liggur þegar fyrir í árslok 1989 að allt eigið fé Álafoss hf. er búið eftir að fyrirtækið hafði tapað 720 millj. kr. á árinu 1988 og um 650 millj. á árinu 1989.

Hér segir einnig í ársskýrslunni: „Framkvæmdasjóður þurfti að kaupa fasteignir og aðrar eignir af félaginu til að tryggja rekstur þess sl. tvö ár gegn því að aðrar lánastofnanir og hið opinbera taki jafnframt þátt í lausn á fjárhagsvanda fyrirtækisins.“ Með öðrum orðum, það er Sjálfstfl. sem ber meginábyrgð á því að knýja Framkvæmdasjóð til að taka á sig þessar skuldbindingar gamla Álafoss og iðnaðardeildar Sambandsins í nýju fyrirtæki og kaupa af þeim verðlitlar eða verðlausar húseignir á okurverði til þess að reikningslega sé hægt í upphafi, þegar unnið er að samruna fyrirtækjanna, að láta það líta sæmilega út á pappírnum. Hvernig hæstv. forsrh. núv. getur síðan leyft sér að nota málefni Álafoss í stefnuræðu sinni sem annað af tveimur megindæmum um rangar ákvarðanir fráfarandi ríkisstjórnar og mín sem fjmrh. í málefnum Framkvæmdasjóðs Íslands er auðvitað stórfurðulegt.

Vissulega er það rétt að það var mikið álitamál á árunum 1989 og 1990 hvort ætti að halda áfram þeirri tilraun sem Sjálfstfl. átti meginhlut að þegar hann fór með fjmrn. 1985–1987 í málefnum Álafoss og ullariðnaðarins. Það var vissulega mikið álitamál. Eins og þeir þekkja, sem sátu með mér í síðustu ríkisstjórn, þá hafði ég oft efasemdir um að rétt væri að halda áfram þeirri tilraun. En það var engu að síður athugað áfram hvort það verk, sem Sjálfstfl. gekk frá þegar hann bar ábyrgð á fjmrn., gæti gengið upp. Því miður kom á daginn að það gerði það ekki. Hefði kannski farið betur þegar Sjálfstfl. kom að þessu verki ef hann hefði ekki verið að bjarga gamla Álafossi og þeim sem því fyrirtæki stjórnuðu og áttu með þeim hætti sem Sjálfstfl. gerði og búa til risa sem aldrei starfaði með eðlilegum hætti. Skynsamlegra hefði verið að brjóta þetta strax upp í smærri fyrirtæki í ullariðnaði og gefa þeim tækifæri til þess að leita að mörkuðum og þróa framleiðslu sína með sjálfstæðum hætti. Ég vil þess vegna spyrja núv. hæstv. sjútvrh. að því hvaða skoðun hann hefur á því í dag í ljósi þessarar reynslu að standa að sameiningu gamla Álafoss og ullariðnaðar Sambandsins með þeim hætti sem gert var.

Virðulegi forseti. Ég hef í nokkru máli rakið upplýsingar sem allar eru úr ársskýrslum Framkvæmdasjóðs Íslands. Allar tölur, sem ég hef farið hér með, allar þær tilvitnanir, sem ég hef hér rakið, nema þær í stefnuræðu forsrh., eru úr ársskýrslum sjóðsins. Það þarf ekki að lesa þær mjög lengi til að sjá mjög greinilega hverjar meginástæðurnar eru fyrir því að nú verður að leggja til að leggja Framkvæmdasjóð Íslands niður og koma honum í vörslu Lánasýslu ríkisins. Eins og ég sagði í upphafi: Ástæðurnar eru fyrst og fremst tvær. Annars vegar rangt mat þegar rúmum 4 milljörðum var ráðstafað til nýframkvæmda í fiskeldi á árunum 1984–1988 og svo hins vegar hvernig staðið var að sameiningu gamla Álafoss og ullariðnaðarframleiðslu Sambandsins á sínum tíma.

Hefði hvorugt af þessu verið gert er alveg ljóst að fjárhagur Framkvæmdasjóðs Íslands væri í miklum blóma í dag. Staða sjóðsins væri sterk og engin ástæða fyrir núv. hæstv. forsrh. af þeim ástæðum að flytja frv. um að leggja sjóðinn niður.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér kæmi líka til greina að

óska eftir því að núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson tæki þátt í þessum umræðum. Ég ætla þó ekki að fara fram á það. Hann verður að meta það sjálfur hvort hann vill sitja hér á Alþingi undir þeim dómi sem forsrh. felldi í stefnuræðu sinni um hans verk. Því í stefnuræðunni setur forsrh. sökina á því hvers vegna Framkvæmdasjóður verður gjaldþrota á þau ár þegar hv. núv. þm. Össur Skarphéðinsson var fulltrúi fjmrh. í stjórn sjóðsins. Hv. þm. að verður eiga það við sjálfan sig hvort hann tjáir sig um það mál. Ég tel hins vegar að ég hafi rakið mjög rækilega í tölum, gögnum og texta úr skýrslu Framkvæmdasjóðs að þessi ásökum hæstv. forsrh. í garð hv. þm. er ekki á rökum reist, ódrengileg og ósönn. Ég er þess vegna prýðilega sáttur við það að halda hér uppi vörnum fyrir okkur sameiginlega (**ÖS:** Smælingjarnir þurfa að eiga sér málsvara.) gegn árásum hæstv. núv. forsrh. Ég tel hins vegar að til greina geti komið, ef þeim verður haldið áfram, að nauðsynlegt sé að fleiri taki þátt í þessari umræðu og nauðsynlegt að sú hv. nefnd sem fær þetta frv. til skoðunar fari rækilega ofan í saumana.

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka óskir mínar til núv. hæstv. utanrrh. og núv. hæstv. sjútvrh. að þeir tjái sig um þessi mál sem ég hef hér rakið. Enn fremur þá ósk mína til núv. hæstv. forsrh. að hann dragi fullyrðingar sínar í stefnuræðunni til baka í ljósi þess sem liggur fyrir í ársskýrslum sjóðsins og hér hefur verið rakið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því úr ræðustól að hæstv. utanrrh. yrði við þessa umræðu því mér þykir eðlilegt að spyrja að því hvaða samningar voru gerðir milli Íslands og Bandaríkjanna þegar Ísland fékk Marshall-aðstoð og Mótvirðissjóðurinn var stofnaður. Hefur hæstv. ráðherra þá samninga undir höndum? Er möguleiki að alþingismenn fái afrit af þeim? Eða mun hann gera grein fyrir því héðan úr ræðustól hvernig við skuldbundum okkur til að fara með þá fjármuni sem við fengum?

Ég held að það sé ærið umhugsunarefni að það sem þeir óttuðust mest á þeim tíma var að sjóðurinn yrði fljótur að fara ef ríkisvaldið fengi hann til meðferðar. Það hefur ræst. Þess vegna vildu þeir að það yrði sjálfstæður sjóður en enginn undirsjóður fjmrn., hvorki lánasýsla né annað, sem fengi þessa fjármuni til varðveislu. Þetta áttu að vera fjármunir til að efla íslenskt atvinnulíf. Og þeir voru notaðir til þeirra hluta og þetta gekk nokkuð vel.

Ég ætla ekki að hefja stórar árásir á þá ákvörðun á sínum tíma að menn skyldu fara í fiskeldi. Þessi þjóð lifir ekki án þess að taka áhættur. Þegar það dæmi var á sínum tíma reiknað út blasti við að Íslendingar áttu að eiga góða möguleika í fiskeldi. Hitt er svo annað mál að við fórum seinna í fiskeldi en aðrar þjóðir, aðalsamkeppnisþjóðir okkar, og Norðmenn notuðu þá aðferð að loka okkur af eins og menn vita. Þeir hættu að kaupa af okkur seiði þegar við vorum komnir með verulega mikla seiðaframleiðslu. Ég held aftur á móti að það megi með fullum rökum segja, eins og kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn., að það hefði mátt fara öllu hægar í sakirnar en þá var gert og það hefði í ljósi sögunnar verið farsælla. Hins vegar er gjörsamlega vonlaust annað en að víkja örlítið að þeim þætti sem Álafoss á í að setja þennan sjóð um koll. Ég segi Álafoss vegna þess að mér er minnisstætt á sínum tíma þegar einhver hámenntaðasti Íslendingur í rekstrarfræði var settur yfir það fyrirtæki af stjórn Álafoss hf. og sá einstaklingur tengist mjög hæstv. utanrrh. Hann var stór í sniðum og skömmu seinna hélt hann beint til Kína til að afla sér upplýsinga um það hvernig ætti m.a. að standa að rekstri svona fyrirtækis. Hafi nokkurn tímann ævintýraleg blysför verið sett á stað í rekstri í ullariðnaði á Íslandi þá var það undir forustu þessa manns. Enda verður að segjast eins og er að þótt fyrirtækið hefði verið tuttugu sinnum stærra þá hefði það ekki haft efni á að hafa svo stóran forstjóra. Álafoss sigldi með ævintýralegum hraða niður á við. Það væri fróðlegt fyrir hæstv. forsrh., sem vill nú hafa valinn mann í hverju skiprúmi, að kynna sér hver þetta var og hvaða trúnaðarstörf sá hinn sami hefur hlotið hjá íslenskri þjóð eftir að afreksverkin á sviði ullariðnaðarins eru úr sögunni. Það er nefnilega ærið umhugsunarefni þegar svona lagað gerist. Það er eins og sumir sigli hraðbyri enn þá hærra eftir að þeir hafa gert enn þá stærri vitleysur.

Ég læt þetta koma fram vegna þess að á sínum tíma efaði ég mjög að þeir, sem réðu til starfa mann sem enga þekkingu hafði á ullariðnaðinum sem slíkum en aftur á móti mikla þekkingu á rekstri og var mjög hátt skrifaður í íslensku kerfi sem hæfileikamaður, hefðu gert rétt. Ég efaði það mjög að hann mundi henta til þessa verkefnis. Ég held nefnilega að tímabært sé, eins og fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn., að það sé skilgreint ofan í kjölinn hvaða tvær ákvarðanir það eru sem verða þess valdandi að Framkvæmdasjóður er nú settur jafnlangt niður og menn eru að tala um. En ég er jafnframt viss um að það verður sjóðnum ekki til neinnar gæfu að færa hann fjmrn. Ég er sannfærður um að það mun leiða til þess að hann mun tapa enn þá meiri fjárhæðum ef það verður framkvæmt. Hafi verið þögn og launung um það sem menn voru að bralla eftir að framkvæmdarvaldið tók við sjóðnum þá verður þögnin margföld í skúffunum niðri í Lánasýslu ríkisins. Þeir verða margir sem koma með góðan passa og fara fram á að Framkvæmdasjóður sýni nú tilhliðrunarsemi. Ég tel þess vegna að það sé ekki gæfulegt spor hjá hæstv. forsrh. sem hann er að leggja til núna. Og kannski er hæstv. forsrh. svona þungur á brúnina vegna þess að honum er sjálfum ljóst að það er ekki góð tillaga að gera sjóðinn að hálfgerðum felusjóði undir Lánasýslu ríkisins. Ég held nefnilega að tímabært sé að fram komi hér að á meðan Alþingi Íslendinga kaus þessum sjóði stjórn og menn þurftu að standa fyrir því hér í þessari pontu, þeir sem voru ábyrgðarmenn velflestir að öllum hans ákvörðunum, þá vegnaði þessum sjóði vel.

Mér er verulegt áhyggjuefni þegar menn telja að þær hugmyndir sem hér koma fram um afgreiðslu málsins séu til góðs. Framkvæmdasjóður þarf að inn-

heimta mikla fjármuni. Vissulega er rétt að 80% munu vera hjá opinberum sjóðum af útlánafé hans. En engu að síður sé ég ekki að það muni bæta stöðuna að fara í það sem hér er lagt til.

Herra forseti. Nokkuð er kvartað undan því að við stjórnarsinnar (Gripið fram í.), stjórnarandstæðingar séum langorðir. Eftir 20 ára setu er ekki skrýtið þó að það komi einstaka sinnum fram á varirnar að menn minnist þess að þeir hafi verið í ríkisstjórn eða stuðningsmenn ríkisstjórnar. Mér þætti aftur á móti vænt um ef hægt væri með einhverjum ráðum að koma því þannig fyrir að þrátt fyrir mikil umsvif hjá ráðherrum fáist þeir til að slaka á einstaka sinnum og sitja í ráðherrastólum sínum. Það er vissulega rétt að þeir geta ekki gegnt sínum störfum, þingskyldu sinni eins og aðrir. Þeir hafa ekki neina vinnuskyldu í nefndum og það er fullur skilningur á því. Yfirleitt hefur ekki verið kvartað undan fjarveru þeirra þó að verið sé að ræða mál annarra ráðherra. En þegar sérstaklega er óskað eftir viðveru þeirra eins og í þessu tilfelli er það ekki góð niðurstaða að þeir hverfi á braut og sú ræða sem hér hefur verið flutt berist þeim e.t.v. fyrst þegar þeir eru komnir á eftirlaun, ákveðnir í að fara að gramsa í þingtíðindum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að beina þeirri ósk til forseta þingsins að þeir reyni að tryggja það að hæstv. ráðherrar geti setið hér þó ekki væri nema í um 20 mín. undir stuttum ræðum. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, hafði sérstaklega óskað eftir því að ræða við nafngreindan hæstv. ráðherra, en ráðherrann gengur úr salnum tveimur til þremur mínútum eftir að þingmaðurinn hóf ræðu sína og talaði hann ekki lengi — mér telst til í u.þ.b. 10 mín. eða svo.

Ég vil þess vegna setja fram þá formlegu ósk við forseta þingsins að ef hægt á að vera að ræða málefnalega við ríkisstjórnina um hennar eigin stjfrv. þá er óhjákvæmilegt að þeir ráðherrar sem verið er að tala við sitji í salnum. Ég virði hæstv. forsrh. fyrir það að hann hefur setið mjög vel undir umræðunum og það er ekkert undan því að kvarta. En hæstv. utanrrh. verður að hafa tíma til að sitja í salnum þó ekki sé nema tæpa klukkustund á þessum degi þegar ítrekað var óskað eftir því fyrir tveimur dögum að hann væri viðstaddur þessa umræðu. Við höfum að vísu lesið það í ákveðnu blaði, sem ég ætla ekki að ræða mikið um hér vegna þess að það er viðkvæmt mál, að honum leiðist Alþingi. En ég vil formlega óska eftir því við forsetann að tryggt verði áður en umræðan heldur áfram að hæstv. utanrrh. sé hér við umræðuna. Það var ekki ætlun okkar að þetta yrði löng umræða en það er óhjákvæmilegt að ráðherrann sé hér og hlýði á þær ræður sem fluttar eru svo að hann geti tekið þátt í umræðunni eins og óskað hefur verið eftir.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki kvatt mér hljóðs vegna þess að í dag hafa verið lagðar fram allmargar spurningar í þessu máli, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð Íslands, og ég hafði reiknað með því að einhverjum þeirra yrði svarað. Svo virðist ekki vera og kvartað er undan því að ekki sé hægt að halda uppi málefnalegri umræðu og ég skal a.m.k. gera það sem ég get til þess að halda mig við efni frv. en það fjallar í stuttu máli um það að leggja Framkvæmdasjóð Íslands niður.

Auðvitað er allt í lagi að leggja einstaka sjóði og lánastofnanir niður og fækka þeim og reyna að hagræða á þeim vettvangi eins og víða er í samfélaginu. Aðalatriðið er að sjálfsögðu hver á að taka við hlutverki þeirra lánastofnana sem starfa í íslensku þjóðfélagi, hver eigi að stjórna þeim og hverjir eiga stofnanirnar.

Nú vill svo til í gegnum tíðina að íslenska ríkið, sem er nú ekki mjög gamalt að árum, á mikið af þeim lánastofnunum sem starfa í samfélagi okkar og ég held að það sé sammerkt öllum lánastofnununum, hvort sem þær heita Framkvæmdasjóður Íslands, ríkisbankarnir eða Byggðastofnun, að alls staðar hafa einhvern tíma og einhvers staðar verið gerð mistök í útlánum. En menn sjá ekki allir jafn vel fram í tímann og eru ekki tilbúnir að spá nægilega langt um framvindu mála. Sumir eru ekki færir um að spá nokkra daga fram í tímann vegna þess hvernig hlutirnir breytast og aðrir telja sig vera færa um að spá mörg ár fram í tímann hvort sem það eru átta ár eða enn þá fleiri. Í samfélagi okkar breytast öll ytri skilyrði snöggt og það sem var talið rétt fyrir tveimur árum telst ekki rétt í dag, m.a. vegna þess að forsendur hafa breyst. Þetta er sá veruleiki sem menn lifa við og alltaf má deila um hvort rétt var að taka svo mikla áhættu og raun ber vitni. Ég get sagt það sem skoðun mína að of mikil áhætta var tekin í fiskeldi og of mikið lagt undir. En ég held að það sé mjög ósanngjarnt ef litið er til þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað á Alþingi um þennan málaflokk að kenna þar einhverjum sérstökum um. Það er aðalsmerki núv. ríkisstjórnar að grafa í fortíðinni og reyna að finna sökudólga og má segja að hún hafi lítið annað gert. Má vel vera að þetta frv. sé flutt með því hugarfari að leggja þennan sjóð niður sérstaklega með tilliti til þess að síðasta ríkisstjórn hafi komið honum í koll. Ég tek eftir því að hæstv. forsrh. heldur því fram að sú ríkisstjórn hafi ekki viljað beita almennt viðurkenndum hagstjórnaraðferðum og hafi trúað á lækningamátt opinberrar íhlutunar. Þetta er skoðun núv. forsrh. Íslands.

Þetta á sjálfsagt að kallast málefnaleg umræða. En ég segi það fyrir mig að ég kannast ekki við þennan veruleika og kannast ekki við það að hafa verið í ríkisstjórn þar sem almennum hagstjórnaraðferðum hafi verið neitað og menn hafi fyrst og fremst trúað á lækningamátt opinberrar íhlutunar. Vel má vera að hæstv. utanrrh. kannist við að hafa verið í slíkri ríkisstjórn og ég hef tekið eftir því að það er kært á milli hans og núv. forsrh. og má vera að þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu úti í Viðey. Það má vel vera að við hinir kunnum illa hagfræði og kunnum lítt til hagstjórnaraðferða nútímans. En ég veit það a.m.k. að hæstv. við-

skrh. kann ýmislegt fyrir sér í þeim efnum og er að góðu kunnur fyrir það að þekkja vel til hagfræði. Aldrei man ég eftir því að það hafi verið sérstaklega rætt í þeirri ríkisstjórn að réttast væri að beita opinberum íhlutunum sem víðast. Það er hugmyndafræði kommúnismans og reyndar sósíalismans að einhverju leyti og þótt sósíalisminn hafi haft nokkur áhrif á Íslandi þá hefur hann aldrei haft svo mikil áhrif að þessar hagstjórnaraðferðir hafi algerlega ráðið ríkjum hér. Þetta kemur líka fram í sameiginlegu plaggi ríkisstjórnarinnar, velferð á varanlegum grunni eins og hún heitir, en það stendur að ríkisstjórnin muni hverfa frá miðstýringu og forsjárhyggju sem lengi hefur einkennt stefnu íslenskra stjórnvalda í atvinnumálum. Ég verð að líta svo á að með þessu sé það orðin almenn skoðun í núv. ríkisstjórn að hagstjórnaraðferðum opinberrar íhlutunar hafi sérstaklega verið beitt hér á landi.

Hið opinbera hefur oft og tíðum komið mjög að atvinnumálum og ég get í sjálfu sér tekið undir það að stundum hefur það verið um of og menn hafa um of treyst á hið opinbera í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins. Í því sambandi verður að gæta að því að hlutabréfamarkaður á Íslandi hefur verið mjög ófullkominn og áhugi almennings hefur ekki verið fyrir hendi til að taka þátt í atvinnulífinu með kaupum á hlutabréfum. En ég minni jafnframt á það að nokkuð langt er síðan hið opinbera tók upp þá stefnu að ýta undir áhuga almennings til þátttöku í íslensku atvinnulífi og það hefur borið allmikinn árangur. Það var ekki fundið upp núna á síðustu mánuðum. Þótt það hafi tekið nokkurn tíma í umræðunni er lengra síðan og ég verð því að játa að ég fæ ekki alveg skilið hvað menn eru að fara hér. Ef þetta á að vera sérstakt innlegg hæstv. forsrh. í málefnalega umræðu um efnahagsmál Íslendinga þá er ég ekki með á nótunum. Hann segir jafnframt að fjármagni hafi sérstaklega verið beint í gegnum millifærslusjóði og þar hafi átt sér stað margvísleg mistök.

Ég vil taka undir að það sem hefur gerst í fiskeldinu verður að flokkast undir mistök og ég tel að það sé rétt að viðurkenna að þar hafi verið farið offari, en hins vegar mega menn ekki ganga svo langt í því að missa alla trú á framtíð fiskeldisins. Það var í sjálfu sér eðlilegt að menn reyndu að finna nýjar atvinnugreinar til að byggja á og það var mjög eðlilegt að menn litu til fiskeldisins þegar séð var hvað það skilaði miklum hagnaði hjá mörgum fyrirtækjum víða um lönd. Það var eðlilegt að álykta sem svo að Íslendingar hlytu að hafa þekkingu og atgervi til þess að gera það líka. En undirbúningur var ónógur. Fjármögnun var oft og *tíðum ófullnægjandi og rannsóknir voru ekki nægilegar*. Þetta eru allt saman ástæður sem rétt er að hafa í huga en svo geta menn í sjálfu sér leikið sér að því að draga fram einstaklinga og ríkisstjórnir hér og þar til þess að finna sökudólga. Ég held að það skili a.m.k. ekki miklum árangri upp á framtíðina, en ef menn vilja nota tíma sinn í það þá geta þeir það mín vegna.

Annar þáttur málsins er skuldbreyting útflutningsatvinnuveganna en það mál má rekja til sumarsins og haustsins 1988 þegar menn stóðu frammi fyrir því að atvinnugreinarnar voru nánast að falla um og menn spurðu sjálfa sig hvað gera skyldi. Það má segja að þar hafi líka átt sér stað viss mistök við hagstjórn. Það hafði verið tekin upp mikil festa í gengismálum á Íslandi og menn ætluðu sér að ráða við verðbólguna með þeim hætti. Því miður var ekki tekið nægilegt tillit til þess af hálfu samfélagsins og menn höfðu gert þá tilraun það lengi að ekki varð lengur við neitt ráðið. Öllum var ljóst að breyta varð genginu en mikilvægt þótti að gera það ekki í mjög stórum skrefum til þess að fá ekki í gang keðjuverkun kostnaðarhækkana, t.d. launahækkana. Þess vegna varð það niðurstaðan að rétt væri að lengja lán helstu útflutningsfyrirtækja, gera strangar kröfur um möguleika fyrirtækjanna til endurgreiðslu og reyna að skapa þeim skilyrði til þess að þau gætu hagrætt í sínum rekstri upp úr því. Um þetta má að sjálfsögðu deila eins og allt annað, en ég er sannfærður um að þetta var rétt og ég er líka sannfærður um að almennt má álíta að fyrirtækin geti greitt skuldir sínar til baka. Þau þurfa e.t.v. að beita misjöfnum aðferðum til þess að þeim sé það kleift og vel má vera að sum þessi fyrirtæki standi jafnvel frammi fyrir því að leggja rekstur sinn af og selja til annarra fyrirtækja, jafnvel annars staðar á landinu til þess að það reynist unnt. En þá koma upp viðkvæm mál eins og byggðasjónarmið, mannlíf á viðkomandi stöðum og þetta er allt saman atriði sem ekki verður litið fram hjá.

Ég vil minna á í þessu sambandi að síðan var farið í þessar aðgerðir og í framhaldi af því var stofnaður Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, ætli það hafi ekki verið vorið 1989, og inn í þann sjóð hefur komið mikið fjármagn. Ætli séu ekki í honum í dag rétt innan við 3 milljarðar. Þannig að þrátt fyrir allt hefur þessi atvinnugrein, sjávarútvegurinn, getað safnað miklum peningum í Verðjöfnunarsjóð og það sýnir að hann hefur fulla burði og fulla getu til þess að borga skuldir sínar niður hratt ef skilyrðin eru góð. Það verður að sjálfsögðu að skoðast í samhengi við þetta mál að jafnframt var ákveðið að koma Verðjöfnunarsjóði á fót til þess að atvinnugreinin væri frekar fær um það í framtíðinni að standa við skuldbindingar sínar, til að tryggja það að tekjur hennar færu ekki allar í almenna eyðslu í samfélaginu heldur til þess að standa undir þessum miklu skuldum í framtíðinni. Menn gerðu sér að sjálfsögðu ljóst að þarna voru miklar ábyrgðir af hendi ríkisins sem var mikilvægt að ekki féllu á ríkissjóð.

Þetta eru kallaðir millifærslusjóðir og sagt að þarna hafi verið viðhöfð óeðlileg vinnubrögð, að ekki hafi verið unnið á faglegum grundvelli en ég hygg að það sé erfitt að finna slík dæmi, jafnvel þó að menn geti tínt til einhver dæmi þar sem hlutirnir hafi verið ranglega metnir. En ég spyr nú: Hefur það ekki komið fyrir neina aðra lánastofnun íslenska að meta hlutina ranglega? Hefur það aldrei gerst þar sem aðrir aðilar eru við stjórnvölinn? Ég man ekki betur en það hafi verið fyrir tveimur eða þremur dögum að menn töldu að einhver mistök hefðu átt sér stað í Fiskveiðasjóði Íslands. Það er alveg ljóst að það sem þar er gert er ekki yfir gagnrýni hafið. En stjórnarmenn þar koma fyrst og

fremst frá atvinnugreininni og lánastofnunum og þessir aðilar stjórna útlánum þess sjóðs.

Ríkisendurskoðun hefur verið sérstaklega beðin um að athuga ákveðna sjóði eins og Framkvæmdasjóð og sjóði Byggðastofnunar. Ég hef spurt um það áður hvort til standi að þetta verði almenn regla í öllum þeim lánastofnunum sem ríkið kemur að og hvort ekki sé rétt að fara sömu höndum um aðra sjóði sem eru með eignaraðild ríkisins. Þeir eru taldir upp í frv. til lánsfjárlaga, en í lánsfjárlögum stendur nokkurn veginn upp á punkt hvað þessir sjóðir mega taka að láni. Það stendur líka að fjmrh. skuli ákveða hvort lántaka allra þessara aðila fari fram innan lands eða utan, í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli. Ég spyr nú hæstv. forsrh.: Er þetta forsjárhyggjuhagfræði? Er þetta miðstýringarhagfræði eða er þetta hin frjálsa hagfræði sem núv. ríkisstjórn aðhyllist? Ef ég les rétt út úr því sem sagt er, eða með orðum sem hæstv. forsrh. notar, að fyrri ríkisstjórn vildi ekki beita almennum viðurkenndum hagstjórnaraðferðum heldur opinberri íhlutun.

Nú hlýtur það að falla undir opinbera íhlutun að fjmrh. ákveði fyrir hönd sjóða hvort viðkomandi sjóðir eigi að taka lán sín í innlendum peningum eða erlendum. Það hlýtur að falla undir opinbera íhlutun þegar sagt er að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla þessa frv., en þeir eru Landsvirkjun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Byggðastofnun, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður, Fiskveiðasjóður og Útflutningslánasjóður.

Ég sé ekki betur en þarna sé um opinbera íhlutun að ræða en ég vil ekki að það sé skilið svo að ég telji að það komi alls ekki til greina og ekki megi viðhafa nein slík vinnubrögð. Ég vil bara biðja hæstv. ríkisstjórn að vera ekki að fara þess á leit við okkur að ræða málin með málefnalegum hætti ef hún er ekki tilbúnin til þess að skýra betur út við hvað er átt þegar slík orð eru notuð.

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að leggja Framkvæmdasjóð Íslands niður en ég hlýt að spyrja um það hvað menn ætlist fyrir í sambandi við þessi mikilvægu mál. Nú hefur það komið fram að til standi að lengja lán Atvinnutryggingarsjóðs og Byggðastofnunar sem ég er sammála. Það er ekki um neitt annað að ræða þegar menn sjá hin miklu áföll sem hafa orðið í atvinnulífinu, sjávarútvegurinn er ekki lengur fær um að greiða skuldir sínar jafnhratt niður og reiknað hafði verið með. Ég er hins vegar viss um að hann mun geta greitt þessar skuldir niður ef hann fær að vera í friði og kemst hjá því að lenda í skattaklóm þeirra manna sem vilja skattleggja hann sérstaklega og hef ég þó ekki ávallt verið á móti því að hækka skatta. En ég er andvígur því að hækka skatta á þeim sem eru ekki færir um að greiða skuldir sínar til baka við núverandi skilyrði. Það er ósköp eðlilegt að viðkomandi aðilar séu svartsýnir þegar þeir geta ekki staðið í skilum með skuldir sínar og ávallt er verið að tala um að þeir skuli borga til opinberra útgjalda hér á landi.

Það verður að líka að flokkast undir sértækar aðgerðir og e.t.v. opinbera íhlutun að lengja þessi lán, en verða menn ekki að viðurkenna þá staðreynd að við búum í sveiflukenndu samfélagi þar sem þarf að taka nýjar ákvarðanir og bregðast við því sem upp kemur á hverjum tíma? Er það ekki líka sértæk aðgerð að fella niður greiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins um þessar mundir, jafnvel þótt lög segi fyrir um annað? Að sjálfsögðu er það sértæk aðgerð vegna þeirra skilyrða sem upp eru komin og þar af leiðandi ber að gera það.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa þetta mál lengra þó ærið tilefni sé til. Ég get fallist á það að Framkvæmdasjóður verði lagður niður enda verði fyrir því séð að eðlilega sé búið að íslensku atvinnulífi en ekki ávallt hrópað á það ef eitthvað kemur upp á sem menn sjá ekki fyrir og menn standi vörð um aðrar mikilvægar lánastofnanir sem þetta atvinnulíf verður að treysta á. Að sjálfsögðu er ég sammála því að ríkið á ekki að taka óþarfa áhættu. Það er hins vegar matsatriði á hverjum tíma hvernig áhætta skuli metin og það verður ekki aðeins verkefni þeirra sem í atvinnulífinu eru, það verður líka verkefni þeirra sem lánastofnunum stjórna og stýra. Eins og íslenskt samfélag er upp byggt kemur ríkisvaldið með einum eða öðrum hætti þar að. Sjálfsagt má reyna að deila þeim verkefnum betur niður milli fulltrúa ríkisvaldsins og annarra fulltrúa innan lands, svo sem fulltrúa atvinnulífsins eins og reynt hefur verið eða þá að viðkomandi stofnanir komist í hendur annarra eigenda. Það skal ekkert útilokað, en aðalatriðið er að hér sé til það fjármálakerfi sem getur þjónað atvinnulífi landsmanna, því atvinnulíf landsmanna er það sem stendur undir velferð og verðmætasköpun og því er mjög bagalegt, svo ekki sé meira sagt, að um þessi mál skuli vera rætt af hæstv. forsrh. með ómálefnalegum hætti. Látum vera þótt við óbreyttir þingmenn án allra einkenna — voru það ekki kölluð fráhvarfseinkenni sem ýmsir þingmenn áttu að vera haldnir? (Gripið fram í.) Aðeins fyrrv. ráðherrar. En það má vel vera að einhverjir séu haldnir slíkum einkennum og látum það vera þótt þingmenn taki stundum upp á því að tala um málin, ekki á ómálefnalegan hátt, ég vil ekki halda því fram, en e.t.v. með öðrum hætti en öllum líkar. En mér finnst að hæstv. forsrh. hafi þær skyldur að ræða þessi mál með málefnalegum hætti á grundvelli staðreynda en ekki með þessum órökstuddu fullyrðingum sem koma bæði fram í stefnuræðu hans og þessu plaggi sem heitir „Velferð á varanlegum grunni" sem að vísu er þannig úr garði gert að hæstv. stjórnarliðar, sumir hverjir, vilja lítt við það kannast. Með því að þeir vilja lítt við það kannast tel ég að þeir séu að taka undir þá gagnrýni sem ég hef hér sett fram á þennan málflutning.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég hef mörgum sinnum komið mínum sjónarmiðum á framfæri um hvers vegna fór illa fyrir fiskeldinu og ég vil einungis ítreka að þó að menn hafi

vissulega viljað vel var ekki hlustað á ráðleggingar sérfræðinga um hvernig best væri að þróa fiskeldi hér á Íslandi. En nóg um það.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að ég tók á sínum tíma sæti í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands. Ég var þá settur í þann sjóð sérstaklega til þess að reyna að koma skikki á útlán hans í fiskeldismálum og ég tel að svo hafi ég gert vegna þess að ef menn skoða reikninga þessa sjóðs þá kemur það fram að þar voru engin ný lán, eða nær engin ný lán og engin stórlán, veitt til nýrra fiskeldisstöðva í minni tíð. Á sínum tíma var það svo, og ég tel rétt að það komi hér fram, að ég hafnaði því að skrifa undir ársreikninga Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1989. Ég taldi að þá væri ekki nándar nærri nógu mikið lagt í afskriftasjóð sjóðsins, einkum og sér í lagi þegar haft var í huga eðli útlána sjóðsins. Sökum þess að ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, skrifar að öðru jöfnu undir reikninga sjóðsins þá óskaði ég á sínum tíma, þegar ég hafnaði þessu, að fá það sérstaklega staðfest að hann hefði kynnt sér reikninga sjóðsins, kynnt sér með hvaða hætti afskriftir væru undirbúnar og hvort hann væri að öðru leyti samþykkur þessu. Af þessu tilefni var haldinn fundur með mér, framkvæmdastjóra sjóðsins, formanni stjórnar sjóðsins og Bjarna Bjarnasyni endurskoðanda, sem þar var fulltrúi ríkisendurskoðanda. Á þessum fundi var mér tjáð af Bjarna Bjarnasyni og framkvæmdastjóra sjóðsins að ríkisendurskoðandi hefði kynnt sér þetta mál og hann teldi að með réttum hætti væri tekið á afskriftasjóði Framkvæmdasjóðs Íslands. Jafnframt voru mér kynntar tilteknar reglur sem átti að nota við færslu í afskriftasjóð. Mér var sagt, eða mér skildist það a.m.k., að ríkisendurskoðandi hefði átt frumkvæði að þessum nýjum reglum. Ég ítrekaði þá sérstaklega hvort ríkisendurskoðandi væri örugglega sammála því að ekki væri meira fé flutt í afskriftasjóð þessarar merku stofnunar. Ítrekað var svarið já.

Þetta vildi ég að kæmi fram í þessum umræðum vegna þess að talsvert löngu síðar, þegar fram fóru umræður um vanda þessa sjóðs, þá kom fram skriflega sú formlega afstaða Ríkisendurskoðunar að þarna vantaði stórkostlegar fjárhæðir í afskriftasjóð.

Ég verð auðvitað að minna á það hér úr þessum stóli að ég sem fulltrúi fjmrn. á sínum tíma vakti athygli á þessu og var þá sérstaklega staðfest við mig af fulltrúa ríkisendurskoðanda að þarna væri allt með réttu lagi. Á þeim grundvelli skrifaði ég á sínum tíma undir reikninga þessarar stofnunar, í rauninni vegna þeirrar yfirlýsingar sem lá fyrir frá ríkisendurskoðanda sem nokkru síðar taldi að það vantaði, ef ég man rétt, 1.200 millj. í afskriftasjóð Framkvæmdasjóðs.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það voru nokkuð langar og ítarlegar umræður um mál þetta á fundi í dag, ekki kannski í sjálfu sér um frv. sem slíkt. Reyndar tók ég ekki eftir því í langri og yfirgripsmikilli ræðu hv. 8. þm. Reykn. að hann tæki afstöðu til frv. sem hann var að fjalla um, hvorki um það efni sem í frv. felst né frv. yfirleitt. Ég held að hann hafi alveg sleppt því að fjalla nokkuð um þann þáttinn. Hins vegar væri fróðlegt að heyra viðhorf hans til þess.

Upphafi og töluverðum hluta af sinni ræðu varði hann til þess að fjalla um það að ég hefði af einhverjum ástæðum ekki endurtekið hér það sem ég sagði um þetta mál í stefnuræðu. Mér skildist að það hefði verið sérstaklega alvarlegt að ég hefði sagt það sem tilgreint var í stefnuræðu þar sem stefnuræðunni var sjónvarpað. Það er nú þannig með stefnuræðu, eins og menn vita, að þingmenn fá þá ræðu með viku fyrirvara og hafa sjálfir, flokkarnir a.m.k., nokkra talsmenn til þess að fjalla um hana. Ég get út af fyrir sig samþykkt að það gæti verið alvarlegt ef forsrh. héldi í sjónvarpsræðu fram alvarlegum fullyrðingum sem enginn annar hefði tök á að svara og jafnvel kæmi það fyrirvaralaust í stefnuræðu. Þannig er ekki með stefnuræðuna. Hún liggur fyrir vélrituð með viku fyrirvara og þess vegna hafa menn óvenjulega góðar aðstæður til þess að svara ítarlega því sem þar kemur fram og reyndar er venjan sú að forsrh. tekur ekki aftur til máls um stefnuræðuna eftir að fjallað hefur verið um hana af hálfu annarra flokka eða a.m.k. ekki í beinni sjónvarpsútsendingu. Menn hafa nú stundum haft stefnuræðumálflutning í nokkra daga eins og kunnugt er. Ég sá ekki nokkra ástæðu til þess að að endurtaka það nú sem ég hafði sagt í stefnuræðunni eða fjalla almennt um hana. Og ég tel að hv. þm. hafi haft gott tækifæri og tóm til þess að undirbúa vel svör sín við stefnuræðunni og þau atriði hennar sem honum fundust ámælisverð eða gefa tilefni til andsvara.

Þingmaðurinn tók sérstaklega fram nokkur atriði sem ég hafði nefnt og hafði eftir mér að ég hefði fullyrt að vandinn, sem menn hefðu ætlað að leysa með þeim úrræðum sem gripið var til, væri enn þá óleystur og ég hefði sagt að menn hefðu glatað tækifærinu, sem góðærið gaf þeim, og ég hefði sagt að sjóðirnir væru tómir. Ég hygg að þetta sé allt saman rétt sem ég sagði þar. Og ég hygg að í hinni löngu ræðu hv. 8. þm. Reykn. hafi hann ekki í neinu hrakið þessi atriði. A.m.k. reyndi hann ekki, svo að ég tæki eftir því, að halda því fram að sjóðirnir væru ekki tómir, því að tómir eru þeir. Um það er ekki deilt. Ég held að hann geti naumast sagt að vandinn sé ekki að verulegu eða mestu leyti óleystur. Þess vegna kom mér örlítið á óvart það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði að gerð hefði verið mikil og rík krafa til möguleika þeirra fyrirtækja, sem lán fengju, reyndar úr öðrum sjóði heldur en hér er til umræðu, um hæfni þeirra til endurgreiðslna. Ég er ekki sannfærður um að gerðar hafi verið nægilega ríkar kröfur í þeim efnum og ég er ekki sannfærður um að menn hafi notað tækifærið til þess að endurskipuleggja og hagræða hjá þeim fyrirtækjum í tilefni af þeim fjárveitingum sem fyrirtækin fengu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það hafi verið af pólitískum ástæðum, innbyrðis sundrung í þáv. ríkisstjórn og ákvörðun Framsfl. á fyrri hluta árs 1988 að gera allt sitt til þess að eyðileggja þá ríkisstjórn, sem vandamálin hlóðust upp. Komið var í veg fyrir það að tillögur þáv. forsrh. um að almennum úrræðum yrði beitt næðu fram að ganga innan þeirrar stjórnar og ég tel að

það hafi verið vandinn. Hann safnaðist saman með þessum hætti og síðan var gripið til þessara úrræða og má auðvitað segja að á því augnabliki kunni slíkt að hafa verið nauðsynlegt þegar menn höfðu teflt þannig að fyrirtækin voru að komast í þrot. Ég tel að háv. forsrh. og ýmsir aðrir í háv. ríkisstjórn hafi reynt með mjög málefnalegum hætti að stuðla að því að sættir næðust um það að á vandanum yrði tekið með almennum aðgerðum.

Ég ætla ekki að fara í langar umræður um þessa þætti hér en í hinni löngu ræðu sinni fór hv. 8. þm. Reykn. með töluvert mikla talnarunu og fór vítt um og blandaði því saman hver hefði verið fjmrh. á þessum tíma og forsrh. á hinum tímanum. En staðreyndin er sú, og hún verður ekki hrakin, að Framkvæmdasjóðurinn heyrir undir forsrh., og hefur gert það, og á þessu tímabili, sem tekjur sjóðsins rýrna um tæplega 3 milljarða kr., var sami maðurinn forsrh. að undanskildu 14 mánaða tímabili, allt tímabilið. Fram hjá því geta menn ekki horft. Og staðreynd er sú að sjóðurinn sem var nokkuð öflugur er núna gersamlega fallítt. Menn komast ekki undan því að horfa til þess.

Hv. 1. þm. Austurl. gerði sérstaklega að umtalsefni að ég hefði haldið því fram að fyrri ríkisstjórn hefði ekki viljað beita almennum vestrænum efnahagslausnum við úrlausn mála. Ég var í þessum efnum aðeins að vitna til yfirlýsinga fyrirrennara míns, háv. forsrh. Steingríms Hermannssonar sem beinlínis sagði, ég er ekki með það orðrétt en það má finna það, að þess háttar lausnir, venjubundnar vestrænar hagfræðilausnir, ættu ekki við á Íslandi. Ég hef það kannski fram yfir hv. 1. þm. Austurl. að ég tek mark á orðum fyrrv. forsrh. og tel að hann hafi meint það sem hann sagði og hafi jafnvel talað af hálfu ríkisstjórnarinnar sem hann var í forsæti fyrir. En þetta lét hann hafa eftir sér og hefur vafalítið trúað því. Hann lét líka hafa eftir sér, sá ágæti forsrh. fyrrv., á fundi með framsóknarmönnum hér í Reykjavík, sem var sjónvarpað og útvarpað, að hann liti svo á að hann væri nú orðinn einn besti hagfræðingur landsins eftir reynslu sína sem forsrh. Þegar hvort tveggja ber til að besti hagfræðingur landsins segir þetta og sá maður er í forsæti fyrir ríkisstjórn, að venjulegar, vestrænar efnahagsaðgerðir eigi ekki við, þá hlýtur maður að leggja eyrun við og taka eftir því.

En frv. það, virðulegi forseti, sem hér er til umræðu, er einfalt og eðlilegt, úr því sem komið er, óháð deilum um það hvers vegna svo er komið — ég tel að skýrsla fortíðarvandanefndar sem kynnt hefur verið gefi glögga mynd af því hvers vegna svo er komið — en ég held að það ætti að vera óumdeilanlegt að skynsamlegt sé í núverandi stöðu að koma þessum sjóði í það horf sem það frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var óskað eftir því að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og svaraði örfáum spurningum. Hæstv. utanrrh. getur gert það í tiltölulega mjög stuttu máli, fáeinum mínútum. Sérstaklega ef hann kýs að tala skýrt og stillir sig um að vera með þann pólitíska skæting sem hæstv. forsrh. var með í ræðustólnum og ég mun víkja að þegar ég fæ orðið með almennum hætti í þessari umræðu.

En ég verð að segja, virðulegi forseti, að við höfum, undir þessari umræðu, látlaust verið settir í þá stöðu að ræðumenn hafa þurft að gera hlé á ræðu sinni vegna þess að utanrrh. hefur ekki verið í salnum. Þingmenn hafa orðið að fara upp undir liðnum þingsköp til að biðja um það að náð væri í hæstv. utanrrh. Nú er komið að því að enginn er á mælendaskrá og við sem vildum tala aftur, sérstaklega eftir ræðu hæstv. forsrh., hljótum að fara fram á það að hæstv. utanrrh. og reyndar einnig hæstv. núv. sjútvrh. svari þeim einföldu spurningum sem til þeirra var beint. Það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess að við tökum þátt í umræðum hér um alvarleg mál þegar annars vegar er fram borinn skætingur af hálfu hæstv. forsrh., sem ég mun koma að hér á eftir, og þeir aðrir ráðherrar sem beint er til málefnalegum og skýrum spurningum hirða ekki um að svara þeim. Er þó verið að fjalla um ákvarðanir sem þeir tóku á sínum tíma og fela í sér milljarða skuldbindingar fyrir íslenska þjóð. Milljarða skuldbindingar.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, ítreka þá ósk að hæstv. ráðherrar tali í þessari umræðu, svari þeim spurningum sem til þeirra er beint svo hægt sé með eðlilegum hætti að láta fara fram efnislega umræðu um málið. Ég veit að vísu að þeir sessunautarnir tveir hafa báðir, annar í blaðaviðtali og hinn í útvarpsviðtali, líkt Alþingi Íslendinga við gagnfræðaskóla og málfundasamkomu í gagnfræðaskóla. Ráðherrarnir eru sjálfir að leggja meginframlag sitt til þess að svo kunni að verða hér á þinginu ef þeir hafa ekki nennu til þess að sitja í umræðum og svara einföldum spurningum sem til þeirra er beint.

Ég vil þess vegna ítreka þá ósk áður en haldið verður áfram að hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. svari, þó í stuttu máli sé, þeim spurningum sem til þeirra var beint.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að þessir þrír hæstv. ráðherrar eru allir komnir í salinn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þar sem mér fannst allt benda til þess að umræðunni væri nú að ljúka vil ég minna hæstv. forseta á að ég beindi þeim orðum til hæstv. forseta á sínum tíma í þingskapaumræðu að aflað yrði gagna um það hvaða skyldur Íslendingar tókust á hendur þegar þeir tóku á móti Marshall-aðstoðinni og bar fram ósk um að þær spurningar yrðu færðar hæstv. utanrrh. Ég tel mjög óeðlilegt að ljúka þessari umræðu án þess að það sé upplýst hvaða skyldur það voru sem við tókum á okkur. Ég stend í þeirri meiningu að við höfum skuldbundið okkur til að reka sjálfstæðan sjóð með vissu stjórnarfyrirkomulagi ef við tækjum á móti þessum fjármunum. Ég vil fá það á borðið áður en umræðunni lýkur hvort við undirrituðum slíkar skuld-

bindingar. Þess vegna þætti mér mjög vænt um það, hæstv. forseti, ef hægt væri að hlutast til um það ef við því fengjust svör áður en þessari umræðu lyki.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þetta er umræða um Framkvæmdasjóð Íslands. Hv. 8. þm. Reykn. komst að orði á þá leið að sá sem hér stendur hefði sem fjmrh. átt sérstakan fulltrúa í stjórn þess sjóðs og nafngreindi hann, Sigurgeir Jónsson. Ég vil taka fram að þá 14 mánuði sem ég var fjmrh. átti ég engan trúnaðarmann í stjórn Framkvæmdasjóðs, hvorki ég persónulega né minn flokkur. Sigurgeir Jónsson var sem kunnugt er á þessum tíma formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. og eftirmanni mínum á stóli fjmrh. var kunnugt um að milli okkar var ekki samstarf. Þetta þýðir að ég sem fjmrh. átti þarna engan fulltrúa. Auk þess hafði ég engin afskipti af ákvörðunum í stjórn sjóðsins og minnist þess ekki að neinar slíkar ákvarðanir hafi verið undir mig bornar.

Í annan stað er þess að geta að í minni tíð sem fjmrh. beitti ég mér fyrir hugmyndum og tillögum um breytingar á þessu sjóðakerfi, bæði um skattskyldu sjóða sem og um breytingar á þeim að því er það varðar að breyta þeim í hlutafélög og í sumum tilvikum að vista slíka sjóði sem yrðu aflagðir annars staðar í bankakerfinu.

Þriðja atriðið sem hann beindi til mín var hvers vegna ég hefði þá ásamt öðrum beitt mér fyrir því á árinu 1988 að taka erlent lán vegna fiskeldis. Svarið við því er að það gerði ég aldrei. Vissulega beitti ég mér ekki fyrir því. Hitt er annað mál að það var niðurstaða af nefndarstarfi á vegum þeirrar ríkisstjórnar fyrir tilstilli fulltrúa þeirra atvinnuvegaráðuneyta sem um þetta fjölluðu, einkum landbrn. sem bar ábyrgð á fiskeldi, að fyrir voru lagðar slíkar tillögur og þær voru teknar upp af páv. ríkisstjórn sem hluti af lánsfjáröflun. En það er misskilningur að ég hafi beitt mér fyrir því.

Að því er varðar Mótvirðissjóð og Marshall-aðstoð, þykir mér miður að geta ekki svarað svo að gagn sé að spurningu hv. þm., þ.e. um þær samningsskuldbindingar sem við tókum á okkur að því er það varðar. Mér er í minni að Marshall-aðstoðin var skipulögð með þeim hætti að fyrir andvirði varnings frá Bandaríkjunum sem inn var fluttur og seldur hér var myndaður sjóður. Hann átti að vera m.a. til þess að efla íslenskt atvinnulíf. Hvernig þær skuldbindingar voru í smáatriðum og hvort þær samningsskuldbindingar voru tímabundnar, þeirri spurningu get ég því miður ekki svarað hér og nú.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa komið í ræðustól og sagt það sem hann vissi um þessa hluti. En ég ítreka þá ósk mína að þessar upplýsingar verði afhentar þingmönnum áður en þetta mál fer til 2. umr., úr því sem komið er, þannig að þegar það er hjá nefnd fái menn þessar upplýsingar í hendur til þess að geta metið það í ljósi þeirra undirskrifta sem þar eru hverjar hafi verið skyldurnar og hvort sú meðferð sem nú er verið að leggja til á sjóðnum samræmist þeim skyldum sem við þá tókum á okkur.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði að vísu vænst þess að hæstv. sjútvrh. mundi biðja um orðið og svara einnig þeim spurningum sem til hans var beint. En ég verð að segja það að ég hef fullan skilning á því að eftir ræðu hæstv. forsrh. og ræðu hæstv. utanrrh. skuli hæstv. sjútvrh. kjósa þögnina í þessari umræðu. Ásakanir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. í garð Þorsteins Pálssonar, hæstv. sjútvrh., í ræðum þeirra tveggja hér áðan, þó undir rós væru, voru auðvitað slíkar að eðlilegt er að hæstv. sjútvrh., vegna friðsamlegrar sambúðar á stjórnarheimilinu, kjósi frekar af visku sinni þá afstöðu að sitja hjá og þegja en að koma upp á eftir eftir ræðu hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.

Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. báðir sóru algjörlega af sér hér í stólnum ábyrgð á því tapi sem milljarða ráðstafanir vegna lánveitinga til fiskeldis á vegum Framkvæmdasjóðs hafa haft í för með sér. Ég mun koma að þessu nokkuð ítarlega hér á eftir en vildi strax í upphafi vekja athygli á þeirri staðreynd að einnig í þessu máli endurspeglast sá sambúðarvandi og persónulegi samskiptavandi sem einkennir þessa ríkisstjórn. Nú ætla ég, virðulegi forseti, að gera hlé á ræðu minni þar til náð verður í hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þeir eru enn á ný byrjaðir þá siðvenju sem þeir hafa stundað hér, sérstaklega hæstv. utanrrh., í allan dag, að koma í fáeinar mínútur í salinn og fara svo út. Ég vil benda á það t.d. að þegar ég var fjmrh. var það talin sjálfsögð skylda að ráðherra sæti hér í salnum undir umræðu væri þess óskað og með undantekningartilvikum færi út úr salnum í örfáar mínútur, en ekki það að ræðumenn þyrftu hvað eftir annað að gera hlé á máli sínu eða gera athugasemdir undir liðnum þingsköp vegna þess að ráðherrarnir væru ekki í salnum. Enn á ný, virðulegi forseti, verð ég að óska eftir því að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. komi hér í salinn. (**Forseti:** Forseti hélt nú að þessir hæstv. ráðherrar væru hér rétt fyrir innan dyr í hliðarsal og ef svo er þá heyra þeir væntanlega hvað hv. þm. er að segja hér og vill forseti taka undir það að það væri æskilegt að þeir sætu hér inni í salnum.) Ég ekki ekki athugasemdir þó að þeir sitji í þessum tveimur hliðarherbergjum þannig að þeir megi heyra mál mitt, en það hafa þeir ekki gert. Ég sé að vísu hæstv. forsrh. birtast hér og ég þakka honum fyrir það, en þá verður að bíða eftir hæstv. utanrrh. (**Forseti:** Þá mun forseti gera ráðstafanir til að gera hæstv. utanrrh. viðvart.) Virðulegi forseti, ég get gert hlé á ræðu minni og beðið í sæti mínu eftir að hæstv. utanrrh. komi í salinn svo hægt sé að halda umræðunni áfram, ef forseti leyfir mér það. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. mun vera hér í sjónvarpsviðtali niðri í Kringlu.) Virðulegi forseti, ég ætla þá að fá leyfi til þess að bíða í sæti mínu þar til hann kemur inn aftur þannig að hægt sé að halda áfram þessari um-

ræðu. (**Forseti:** Þá frestar hv. 8. þm. Reykn. ræðu sinni og þá verður umræðunni frestað.) Virðulegi forseti. Áður en ég geri það formlega þá vil ég hafa það alveg á hreinu að sú frestun er aðeins meðan hæstv. utanrrh. er í sjónvarpsviðtalinu. Ég ætla ekki að láta umræðuna enda í dag á þeim hætti sem gert var af hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. einfaldlega vegna þess að ráðherrarnir mega ekki vera að því að vera hér í salnum. Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort það væri ekki ætlunin að halda þessari umræðu síðan áfram eftir að hæstv. utanrrh. hefur lokið sjónvarpsviðtali sínu. (**Forseti:** Það hafði forseti hugsað sér.)

Umræðu frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (inngreiðslur 1992). — Þskj. 193.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og kunnugt er á sjávarútvegurinn nú við mikinn rekstrarvanda að etja þrátt fyrir þá staðreynd að verðlag á erlendum mörkuðum er mjög hátt. Fyrir þá sök hefur greiðslum í Verðjöfnunarsjóðinn verið haldið áfram samkvæmt skýrum lagafyrirmælum þar um. Svo stóð á við síðasta útreikning inngreiðslna í sjóðinn að samkvæmt óbreyttum reglum hefði inngreiðslan átt að hækka úr 1,6% í 2%, en með því að breyta reiknireglum innan þess ramma sem lögin heimila þá náðist að lækka inngreiðslurnar úr 1,6% niður í 1,5%. Um er að ræða mjög óvenjulega aðstöðu þar sem rekstrarvandi atvinnugreinarinnar er jafnmikill og kunnugt er á sama tíma og verðlag á mörkuðum er mjög hátt. Fyrir þá sök þykir óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að stöðva við þessar aðstæður frekari inngreiðslu í sjóðinn. Kveðið er á um það í lögum um Verðjöfnunarsjóðinn að heimilt sé við sérstakar aðstæður að stöðva inngreiðslur. Það hefur hins vegar verið litið svo á að umdeilanlegt væri hvort þær aðstæður sem við stöndum nú frammi fyrir heimili eða réttlæti að því lagaákvæði sé beitt. Til þess að eyða allri óvissu og gera ákvörðun sem þessa trygga að lögum þótti nauðsynlegt að kveða á um þetta með sérstöku lagaákvæði. Því var þetta frv. flutt. Það gerir ráð fyrir því að á yfirstandandi fiskveiðiári verði ekki um frekari inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins að ræða.

Brýnt er að þetta mál hljóti skjótan framgang í þinginu þannig að við útreikning eða áður en til ákvörðunar kemur samkvæmt gildandi reglum síðari hluta þessa mánaðar hafi lagafrv. þetta öðlast lagagildi svo áhrif þess komi til framkvæmda um næstu áramót.

Ég sé ekki, frú forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. Það er einfalt í sniðum þó að það víki að hluta til að mjög stórum vanda í íslenskum sjávarútvegi. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka þá ósk sem ég setti fram áðan að nú verði náð í hæstv. utanrrh. svo umræðan um hið fyrra mál geti haldið áfram. Það er í sjálfu sér eðlilegt að leyfa hæstv. sjútvrh. að mæla fyrir þessu frv. en það er fullkomlega óeðlilegt að umræðan hefjist síðan um frv. þannig að umræður séu slitnar hér í sundur fram og aftur vegna þess að ráðherrar mega ekki vera að því að sinna skyldu sinni og sitja í salnum og eru hlaupandi út í viðtöl við fjölmiðla og annað, sérstaklega þegar sömu ráðherrar hafa ekki getað setið kyrrir í salnum nema í fáeinar mínútur. Nú er það upplýst af einum þingmanni að hæstv. utanrrh. hefur lokið sjónvarpsviðtölum og þá óska ég eftir því, hæstv. forseti, að haldið verði áfram þar sem frá var horfið.

Við sýndum skilning á vanda utanrrh. með því að leyfa honum að vera í viðtalinu. Nú er því lokið. Ég óska eftir að náð verði í hann og hæstv. forsrh. svo hægt verði að halda áfram eðlilegum umræðum í þinginu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það stendur ekki til að halda áfram umræðu um þetta frv., það var aðeins eins og hv. 8. þm. Reykn. nefndi, ætlunin að leyfa hæstv. sjútvrh. að mæla fyrir frv. Það hefur nú verið gert og umræðu um það frv. er frestað þar til við sjáum fram á hvernig þingmálin ganga á þessum fundi. Nú verður tekin upp aftur umræðan um það mál sem var hér á dagskrá og forseti hefur gert ráðstafanir til þess að láta hæstv. ráðherra vita af því að röðin er komin að þessu máli á nýjan leik og biður hv. þm. að hafa umburðarlyndi meðan beðið er eftir því að þeir komi hér í salinn.

Forseti fær þær upplýsingar að hæstv. utanrrh. sé enn þá í sjónvarpsviðtali og hann hlýtur að taka mark á þeim upplýsingum. (Gripið fram í.) Það er nú sennilega auðvelt fyrir hv. þm. að komast að raun um það ef sjónvarpsviðtalið fer fram niðri í Kringlu. En þá er spurningin hvort menn vilja hafa biðlund eins og í fimm mínútur og sjá til hvort þessu viðtali lýkur ekki á þeim tíma. (**Sjútvrh.:** Má ekki ljúka umræðunni um Verðjöfnunarsjóðinn á meðan?) Eru hv. þm. með langar ræður sem eru á mælendaskrá? Forseti vildi ekki bregðast því að hann lofaði að taka strax til umræðu á ný frv. um Framkvæmdasjóð Íslands er ráðherra kæmi til fundar. — Nú fær forseti merki um að þessu viðtali muni vera lokið og hér eru komnir í salinn hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og nú er hægt að halda áfram umræðum um Framkvæmdasjóð Íslands.

Umræðu frestað.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 178. mál (starfslok). — Þskj. 164.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. er

loksins kominn í salinn. Ég sagði það fyrr í dag að við hefðum vissan skilning á því að þetta eru erfiðir tímar hjá honum sem formanni Alþfl., en það er hins vegar óhjákvæmilegt ef við eigum að geta átt eðlilegar samræður um málið að hæstv. utanrrh. sitji smástund kyrr í salnum.

Ég hafði vakið athygli á því að ræður hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. voru ærið sérstakar. Ég tel þó reyndar að sú ræða sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti hafi falið í sér afar merkar og einstæðar upplýsingar sem eru með þeim hætti að það er óhjákvæmilegt að forráðamenn þingsins, sem eru yfirmenn Ríkisendurskoðunar, taki þær upplýsingar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson greindi frá til rækilegrar skoðunar vegna þess að hann ber vitni um það að ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, hafi haft allt aðra afstöðu gagnvart Framkvæmdasjóði og stöðu hans þegar stjórn Framkvæmdasjóðs bað hann um niðurstöðu og svo þegar núv. hæstv. forsrh. þurfti á því að halda að fá aðra niðurstöðu.

Um þetta mál var nokkur umræða fyrr á þinginu þar sem ég átti orðastað við núv. hæstv. forsrh. og ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skyldi hafa manndóm og drengskap til þess að lýsa staðreyndum málsins með þeim hætti sem hann gerði vegna þess að honum er auðvitað fyllilega ljóst að þar var verið að lýsa mjög alvarlegum hlutum. En nánar um það síðar.

Hæstv. utanrrh. kom hér upp og lýsti því yfir að allan þann tíma sem hann var fjmrh. hefði hann ekki sinnt þeirri skyldu sinni sem fjmrh. að fylgjast með Framkvæmdasjóði Íslands þar sem fjmrh. á sérstakan fulltrúa í stjórn sjóðsins. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hvorki hann né flokkur hans hefði átt trúnaðarmann í stjórn Framkvæmdasjóðs, heldur hefði formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. setið í stjórn Framkvæmdasjóðs. Hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson, hefði þess vegna engin afskipti haft af málefnum Framkvæmdasjóðs í tíð sinni sem fjmrh. vegna þess að formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. hefði setið í stjórn sjóðsins.

Virðulegi forseti. Í gær vék ég að nokkrum afar sérkennilegum yfirlýsingum hæstv. utanrrh. um eigin flokksmenn og um Alþingi Íslendinga. En sú yfirlýsing sem hann gaf í ræðustól um ráðuneytisstjóra fjmrn. og embættislegan fulltrúa fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs og hvernig þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson gegndi embættisskyldum sínum sem fjármálaráðherra íslenska ríkisins er auðvitað alveg einstök. Hann lýsir því yfir að vegna þess að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hefði verið fulltrúi í stjórn Framkvæmdasjóðs hefði fjmrh. hvergi komið nærri málefnum sjóðsins. Vissulega er það rétt og ég ætla ekki að gera það að umtalsefni hér en það er alkunna þeim sem þekkja til innan Stjórnarráðsins að sambúð ráðuneytisstjóra fjmrn. og þáv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar var með nokkrum sérstökum hætti. Það gerði ég mér grein fyrir þegar ég kom í fjmrn. og gerði mér far um að ráðuneytisstjórinn gegndi á ný störfum með eðlilegum hætti. En hitt er auðvitað út yfir öll eðlileg mörk að lýsa því yfir að slíkur hafi trúnaðarbresturinn verið á pólitískum forsendum vegna þess að Sigurgeir Jónsson hefði verið formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. að þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson hefði hvergi nærri málefnum Framkvæmdasjóðs Íslands komið á lykilárunum 1987 og 1988. Ég get upplýst það að Sigurgeir Jónsson sagði af sér öllum trúnaðarstörfum á vettvangi Sjálfstfl. þegar hann tók við ráðuneytisstjóraembætti í fjmrn., ef ég man rétt árið 1986. Ég get sagt það að ég varð aldrei var við það þann tíma sem ég var fjmrh. að störf Sigurgeirs Jónssonar í fjmrn. mótuðust að einhverju leyti af því að hann hefði á fyrri tíð gegnt trúnaðarstörfum innan Sjálfstfl. Mín samskipti við hann voru að öllu leyti fullkomlega eðlileg og heiðarleg. En nú er reitt fram í ræðustól á Alþingi þegar núv. utanrrh. situr undir ásökunum forsrh. um að vera samábyrgur í því að hafa ráðstafað milljörðum úr Framkvæmdasjóði Íslands með óskynsamlegum hætti að hann víkur sér undan því með því að segja: Ég átti engan mann í stjórn sjóðsins, ekki Alþfl., en þar var formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. Þetta er rógur. Þetta er rangt. Þetta er ódrengilegt. Þetta er algjör óhæfa að koma í ræðustól á Alþingi og haga sér með þessum hætti.

Hæstv. utanrrh. bar samkvæmt lögunum um Stjórnarráð Íslands og lögunum um Framkvæmdasjóð Íslands fulla ábyrgð á því að í stjórn sjóðsins sæti sérstakur fulltrúi fjmrh. Það vill svo til að sá fulltrúi var einnig æðsti embættismaður fjmrn. þann tíma sem Jón Baldvin Hannibalsson gegndi embætti fjmrh. Að skjóta sér á bak við það og fría sig ábyrgð sem ráðherra, sem hæstv. núv. utanrrh. ber og bar samkvæmt lögum um Framkvæmdasjóð Íslands og Stjórnarráð Íslands, með því að fara að rifja það upp að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. sem var fulltrúi í stjórn Framkvæmdasjóðs hafi í eina tíð, löngu áður en Jón Baldvin Hannibalsson varð fjmrh., gegnt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstfl., er fyrir neðan virðingu þessa þings. Það stendur kannski nær öðrum hér í salnum að taka upp vörn fyrir Sigurgeir Jónsson í þessum efnum, en ég geri það hér, alveg skýrt og afdráttarlaust. Það sýnir kannski best að hæstv. núv. utanrrh. hefur vondan málstað að verja í þessum efnum, erfiða sögu og vondan feril, að hann skuli grípa til svo lágkúrulegs málflutnings í ræðustólnum. Það getur enginn ráðherra skotið sér undan þeirri ábyrgð sem hann ber samkvæmt lögum með því að segja að hann eigi eitthvað persónulega erfitt með að tala við þann mann sem er fulltrúi hans í stjórn sjóðsins. Ef svo er þá ber að skipta um mann í stjórn sjóðsins, hæstv. ráðherra. Það gerði Jón Baldvin Hannibalsson ekki.

Ég segi þess vegna við hæstv. utanrrh.: Þessi ræða var auðvitað með þeim hætti að rétt væri að hæstv. utanrrh. bæði einnig afsökunar á þessum orðum sínum eins og hann gerði greinilega á þingflokksfundi Alþfl. í gær, á ummælum sínum um hæstv. félmrh. (Gripið fram í.) Er það rangt að hann hafi beðist afsökunar á þingflokksfundinum? Hvað sagði formaður þingflokks Alþfl.? (Gripið fram í.) Heyrði ég rétt? Ég dreg það þá til baka ef það er rangt.

Hæstv. ráðherra sagði síðan og vildi þar líka fría sig

ábyrgð, að hann hefði ekki beitt sér fyrir láninu í þágu fiskeldis, erlenda láninu sem hann tók sem fjmrh. á árinu 1988. Það má vel vera að hæstv. ráðherra geti verið með orðhengilsháttá grundvelli þess hvað það þýði að beita sér fyrir. Hann getur hins vegar ekki hlaupið frá því að það var hann sem tók þá ákvörðun að falast eftir umboði frá Alþingi til að fá að taka þetta lán. Þáv. hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson bað Alþingi um að veita sér þann rétt að taka þetta lán. Ég er í sjálfu sér ekki að spyrja um neinar innanhússumræður í þeirri ríkisstjórn sem hann sat í þá heldur eingöngu að fá rökin fyrir því að þáv. hæstv. fjmrh. féllst á að óska eftir umboði Alþingis til þess að taka að núvirði hátt í 2 milljarða kr. í erlendum lánum til fiskeldis á árinu 1988. Hæstv. ráðherra hefur ekki enn þá svarað því.

Virðulegi forseti. Það er leitt að hæstv. núv. utanrrh. skyldi grípa til þess málflutnings sem hann setti fram í sinni svarræðu. Ég átti satt að segja von á að hann mundi fjalla nokkuð efnislega um það málefni sem er til umræðu en ekki koma bara upp eins og verurnar í ævintýrinu til þess eins að geta sagt: Ekki ég, ekki ég, ekki ég. Koma sök á þáv. hæstv. forsrh. Þorstein Pálsson vegna þess að ræða utanrrh. um það að hann bæri enga ábyrgð á erlenda láninu sem tekið var 1988 að núvirði hátt í 2 milljarða kr. í þágu fiskeldis var auðvitað með óbeinum hætti ásökun um að það væri þáv. forsrh. einn, Þorsteinn Pálsson, sem bæri ábyrgðina því að engir ráðherrar komu að málefnum Framkvæmdasjóðs á þessu ári aðrir en þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson og þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson. Það er jafnódrengilegt af hálfu hæstv. utanrrh. að reyna að koma þessari sök, ef sök skyldi kalla, algerlega yfir á þáv. forsrh. Þorstein Pálsson, en það var það sem hann gerði hér í sinni ræðu. Ef hæstv. utanrrh. taldi rangt að taka þetta lán þá átti hann ekki að biðja Alþingi að veita sér heimildina. En það var það sem hann gerði og hann sagði ekki við Alþingi þá í þeim umræðum að hann hefði einhverjar efasemdir um það að þetta væri rétt. Þvert á móti.

Virðulegi forseti. Það væri mannsbragur að því ef hæstv. utanrrh. drægi til baka hin ódrengilegu og ósönnu ummæli sem hann hafði hér um Sigurgeir Jónsson. Ég vil eins og ég gerði áðan þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir það sem hann greindi frá hér í ræðustól. Það er rétt sem kom fram hjá honum að þegar ég bað hann að setjast í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands sem fulltrúi fjmrh. var það gert til að það væri alveg skýrt að það væri vilji minn sem fjmrh. að ný stefna yrði tekin upp, sú stefna sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson orðaði hér réttilega: að koma skikk á lán sjóðsins til fiskeldis. Það hefði núv. hæstv. utanrrh., þáv. fjmrh., líka getað gert frá sumrinu 1987 ef hann hefði viljað og getur ekki hlaupið frá þeirri ábyrgð. Honum bar að gera það ef honum var þá ljóst það sem hann nú þykist vita. Og það er mjög mikilvægt að hér er formlega komið fram á Alþingi að fulltrúi fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs hafnaði því að skrifa upp á ársreikninga sjóðsins fyrir árið 1989 nema ríkisendurskoðandi Halldór V. Sigurðsson staðfesti það að hann hefði kynnt sér reikninga sjóðsins og þar væru með eðlilegum hætti færðar upphæðir í afskriftasjóð. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti því að á formlegum fundi formanns stjórnar Framkvæmdasjóðs, framkvæmdastjóra stjórnar Framkvæmdasjóðs og fulltrúa fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs hefði sérlegur fulltrúi ríkisendurskoðanda Halldórs V. Sigurðssonar, Bjarni Bjarnason, formlega tilkynnt að ríkisendurskoðandi staðfesti að afskriftirnir væru með eðlilegum hætti, fjárhagur sjóðsins með eðlilegum hætti og reyndar í samræmi við nýjar reglur sem ríkisendurskoðandi sjálfur hafði beitt sér fyrir að settar yrðu.

Síðan gerist það í sumar að nýr forsrh. pantar skýrslu frá Ríkisendurskoðun um málefni Framkvæmdasjóðs Íslands — eða óskar eftir, svo annað orðalag sé notað. Þá er allt í einu komin allt önnur niðurstaða. Þá er allt í einu komin sú niðurstaða að málefni sjóðsins séu ekki með eðlilegum hætti. Þá er hann allt í einu orðinn gjaldþrota. Þá hafi allt í einu verið vanrækt að setja upphæð í afskriftasjóðinn þótt ríkisendurskoðandi hafi formlega staðfest við fulltrúa fjmrh. að málin væru fullnægjandi. Þetta er auðvitað svo alvarlegt mál, slíkur trúnaðarbrestur milli þings og Ríkisendurskoðunar að það er óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að forseti þingsins sem er hinn formlegi yfirmaður Ríkisendurskoðunar taki þetta mál alveg sérstaklega upp.

Ég lét það koma fram fyrr í vetur í umræðu um annað mál þar sem málefni Ríkisendurskoðunar bar á góma að hægt væri að nefna nokkuð mörg dæmi frá síðustu tveimur árum þar sem mismunandi afstaða á ólíkum tímum hefði komið fram hjá Ríkisendurskoðun. Þá benti ég á að það væri nauðsynlegt fyrir þingið, sem nú ber ábyrgð á Ríkisendurskoðun, að athuga stöðu stofnunarinnar. Þá kom hæstv. forsrh. upp og réðst á mig fyrir að fara með dylgjur og óhróður um þessa stofnun. Nú, hæstv. forsrh., hefur það verið staðfest af formanni þingflokks Alþfl., þáv. fulltrúa fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, að ríkisendurskoðandi Halldór V. Sigurðsson staðfesti að málin væru með eðlilegum hætti en fær svo allt aðra niðurstöðu þegar nýr forsrh. biður um skýrslu frá Ríkisendurskoðun. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, beina þeim formlegu tilmælum til forseta Alþingis sem yfirmanns Ríkisendurskoðunar að í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram verði málefni stofnunarinnar og sá óhjákvæmilegi trúnaðarbrestur, sem þarna er orðinn, tekinn til skoðunar. Það er ekki hægt að búa við að það komi fram með þeim hætti, sem hér hefur gerst, að forsrh. landsins fær skýrslu frá Ríkisendurskoðun um að málefni þessa mikilvæga sjóðs, þessa lykilsjóðs í íslenskri hagstjórn, séu komin í það óefni að sjóðurinn sé gjaldþrota en fáeinum missirum áður hafi, samkvæmt ósk fulltrúa fjmrh. í stjórn sjóðsins, ríkisendurskoðandi staðfest að málefni sjóðsins séu með fullkomlega eðlilegum hætti.

Hæstv. forsrh. flutti hér ræðu. — Hæstv. forsrh. hefur sett sig í dómarsæti yfir Alþingi. Hann hefur komið fram í fjölmiðlum og sagt að hér sé málfundaklúbbur á gagnfræðaskólastigi. Virðulegi forsrh., ég vil

segja það alveg skýrt að sú ræða, sem hæstv. forsrh. flutti sem svar við umræðunum hér, var á engan hátt samboðin þeim málefnalega málflutningi sem verður að gera kröfu til að hæstv. forsrh. fylgi sérstaklega þegar hann hefur sett sig upp sem siðameistara yfir þinginu. Þetta voru að mestu leyti ómerkilegir útúrsnúningar, skætingur og árásir, sérstaklega á fyrrv. forsrh. Steingrím Hermannsson sem er fjarverandi og getur ekki svarað fyrir sig. En að hæstv. forsrh. viki í einu eða neinu með málefnalegum hætti að þeim tölulegu upplýsingum sem ég rakti og þeim tilvitnunum í skýrslu Framkvæmdasjóðs sem ég flutti gerðist ekki. Það eina sem hann sagði og tengdist því var að það væri ekki hægt að bera á móti því að sami maðurinn hefði verið forsrh. í tiltekinn árafjölda sem hér er til umræðu. En, virðulegi forsrh., Sjálfstfl. hefur borið ábyrgð á málefnum þessa sjóðs jafnlengi ef ekki lengur á þessu tímabili sem hér er sérstaklega til umræðu, þ.e. því tímabili þar sem nýjar fjárveitingar til fiskeldis fara fram á vegum Framkvæmdasjóðs. Það er enginn flokkur, hæstv. forsrh., sem jafnlengi hefur borið ábyrgð á málefnum Framkvæmdasjóðs á þeim árum þegar nýjar lánveitingar til fiskeldis eru ákveðnar í stjórn Framkvæmdasjóðs eins og Sjálfstfl.

Ég lýsti því áðan hvernig í stjórnartíð Sjálfstfl. var stofnað til yfir 4 milljarða skuldbindinga hjá Framkvæmdasjóði Íslands vegna fiskeldis. Ég lýsti því áðan hvernig í stjórnartíð Sjálfstfl. hefði verið unnið þannig að sameiningu gamla Álafoss og ullarvinnslu Sambandsins að lagðar voru með fölskum hætti byrðar á Framkvæmdasjóð, sem hann gat aldrei staðið undir, til þess reyna að færa tapið frá þessum fyrirtækjum yfir á ríki og skattborgarana og það var Sjálfstfl. sem beitti sér fyrir því. Þegar þetta er rakið lið fyrir lið, ár fyrir ár, tölu fyrir tölu, þá leyfir hæstv. forsrh. sér að koma hér upp og halda áfram uppteknum hætti — útúrsnúningi, almennum skætingi, fullyrðingum án raka og sérstökum persónulegum árásum á fyrrv. forsrh. Steingrím Hermannsson. Í raun og veru er ekki hægt að segja neitt sérstakt um þá ræðu. En það er merkilegt með hæstv. forsrh. að við gætum nefnt á þeim stutta tíma sem hann hefur verið forsrh. fjöldann allan af dæmum úr þingtíðindum þar sem málflutningur hans er allur með þessum hætti. Ég nefni bara þegar hann kom hér upp og svaraði málefnalegri fyrirspurn frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni í síðustu viku, þegar þinginu ofbauð svoleiðis ósvífnin í hæstv. forsrh. og stráksskapurinn að allur salurinn reis upp á móti honum. Og þessi maður er svo að koma fram fyrir þjóðina og þykjast vera boðberi einhverra nýrra siða. Ég ætla að vona að þingið fari ekki að detta niður á það plan sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur flutt með sér inn í þingsalinn. Engin málefnaleg rök, engin málefnaleg svör, skætingur, útúrsnúningar, lágkúra og persónulegar árásir. Það er þess vegna alveg ljóst að það stendur jafnskýrt og það var eftir fyrri ræður í þessari umræðu að það er flokkur hæstv. forsrh., Sjálfstfl. ásamt Alþfl. sem ber meginábyrgðina á því hvernig er komið fyrir fjármálum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Ég tel mig hafa komið fram með málefnalegar spurningar til hæstv. forsrh. sem hann sá í sjálfu sér ekki ástæðu til að svara heldur kom með nýjar fullyrðingar um það að ekki hafi verið haldið á málum með réttum hætti og ekki gerðar kröfur til viðkomandi fyrirtækja. Í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs voru margir valinkunnir embættismenn sem reyndu að fara þar eftir almennum reglum við ákvarðanir í þessum málum. Hvort það hefur alltaf tekist skal ég ekki fullyrða en ég er hins vegar viss um að þeir lögðu sig fram um það og það er mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh. að kalla þessa lánastarfsemi fjárveitingar. Ég vænti þess að þar hafi verið um mismæli að ræða. Af því að hann svaraði fyrst og fremst með því að hæstv. fyrrv. forsrh. hafi sagt á einhverjum fundi að hann hafi lært töluvert í hagfræði í sinni forsætisráðherratíð þá efast ég ekki um að það sé rétt. Það er nú svo að allir sem vinna ákveðin störf læra af þeim og þroskast með þeim og þannig er a.m.k. um þann sem hér stendur og ég vænti þess að hæstv. núv. forsrh. sé jafnframt þeirrar gerðar að hann læri af reynslunni og taki þeirri reynslu. En að fyrrv. forsrh. hafi haldið því fram að hann væri besti hagfræðingur landsins, það tel ég að geti ekki staðist, hæstv. forsrh. Hann hefur áreiðanlega sagt að hann hafi lært töluvert af veru sinni í forsrn. En ég tel að hann hafi alls ekki sagt að hann væri besti hagfræðingur landsins. En hitt er svo annað mál að það er út af fyrir sig merkilegt að hæstv. núv. forsrh. skuli hafa svo mikla trú á fyrirrennara sínum að hann kalli hann besta hagfræðing landsins. Og væri þá ekki rétt að kalla hann til ráðslags um þau alvarlegu mál sem nú eru uppi.

Hæstv. utanrrh. taldi fyrrv. forsrh. góðan rafmagnsverkfræðing, ef ég hef tekið rétt eftir, þegar hann var spurður um það hvort hann væri frjálslyndur í skoðunum. Ég skil satt best að segja ekki ráðherra sem tala ávallt með þessum hætti. Þegar reynt er að tala við þá með málefnalegum hætti, þá koma þeir með einhvern skæting út og suður og maður fer að efast um að þeir taki verkefni sín mjög alvarlega. Ef hæstv. núv forsrh. hefur ákveðið að setja þau orð í stefnuræðu sína að fyrrv. ríkisstjórn hafi ekki vilja virða almennar hagfræðikenningar út frá því að fyrrv. forsrh. hafi sagt að hann hafi lært í forsrn., og jafnframt eins og hann vitnaði til að vestrænar hagfræðikenningar ættu ekki við í einhverju ákveðnu tilviki, þá er það mjög undarlegt svo að ekki sé meira sagt. Auðvitað eiga vestrænar hagfræðikenningar ekki alltaf við í öllum tilvikum í litlu, strjálbýlu landi. Það koma þau tilvik að menn þurfi að leggja hagfræðina til hliðar með mikilli virðingu fyrir þeim fræðum.

En það skiptir nú ekki skiptir meginmáli hvað menn segja ef marka má orð hæstv. forsrh. því hann hefur líka sagt að það sé rétt að láta verkin tala. Og er rétt er segja að hæstv. fyrrv. ríkisstjórn hafi í verkum sínum komið þannig fram að almennar hagfræðikenningar hafi verið virtar að vettugi? Ég veit ekki hvað ráðherrar Alþfl. í núv. ríkisstjórn segja um það. En ég þarf í sjálfu sér ekkert að spyrja þá um það og þarf ekkert að

biðja þá um að svara því að ég veit hverju þeir svara. Ég get ósköp vel skilið að þeir vilji ekki vera að taka þátt í þessari umræðu með þessum hætti, a.m.k. sumir þeirra.

Ég skal ekki hafa þessa ræðu mína lengri. Ég harma það að hæstv. forsrh. skuli telja mikilvægast að koma hér upp og hreyta í menn með þeim hætti sem hann gerir. Það verður hann að eiga við sjálfan sig. Ég ætla ekki að svara fyrir það nákvæmlega hvað hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur sagt á viðkomandi fundum. Hann mun áreiðanlega svara fyrir það síðar. En aðalatriðið er að það er rangt sem er sagt í stefnukveri núv. ríkisstjórnar að hér hafi verið beitt forsjárhyggju í atvinnumálum um langt skeið, og þá væntanlega jafnframt af sjálfstæðismönnum í ríkisstjórn hér áður fyrr, og var að heyra á hv. þm. Birni Bjarnasyni að þeir hafi orðið að gera það vegna þess að það hafi gætt svo mikilla áhrifa frá Framsfl. ef ég skildi ræðu hans rétt hér fyrir nokkru síðan. Ég mótmæli þessu harðlega og vænti þess að hæstv. núv forsrh. muni læra nægilega mikið og fá það góða reynslu af veru sinni í forsrn. að hann muni síðar taka þessi orð til baka og viðurkenna að þar hafi a.m.k. eitthvað verið ofmælt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (inngreiðslur 1992). — Þskj. 193.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Það er komið á dagskrá á nýjan leik frv. til laga um viðauka við lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það lætur í sjálfu sér ekki mikið yfir sér enda efni þess einfalt, að kveða skýrt á um það í lögum, eins og sjútvrh. vék að í framsögu, að inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð skuli ekki koma til á tímabilinu frá 1. janúar á næsta ári til 31. ágúst.

Um þetta frv. má hafa fá orð og það mun ég gera. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta efni. Ég hygg að flestir séu sammála um að við þær aðstæður, að mörgu leyti óvenjulegu aðstæður, sem eru í íslenskum sjávarútvegi nú, þá sé þetta skynsamleg ráðstöfun. Ég er þeirrar skoðunar og styð það eindregið að að þessu ráði verði horfið. Og ef heppilegast er að gera það með ótvíræðri lagasetningu af þessum toga svo að ekki séu uppi álitamál um það að þessum greiðslum verði hætt þrátt fyrir gildandi ákvæði um Verðjöfnunarsjóð, sem með einfaldri viðmiðun við afurðaverð af mörkuðum erlendis mundu væntanlega, a.m.k. að óbreyttu, mæla fyrir um áframhaldandi inngreiðslur á næsta ári, þá tel ég sjálfsagt mál að greiða fyrir lagasetningunni á hinu háa Alþingi. Það verður hins vegar ekki hjá því komist, úr því að þetta mál eitt og einangrað kemur hér inn sem lýtur að ráðstöfunum til styrktar sjávarútveginum í hans miklu erfiðleikum, að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað líði öðrum aðgerðum til þess að hafa áhrif á rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Ég er ekki að fara fram á, hæstv. forseti, að hér hefjist almenn umræða um rekstrarvanda sjávarútvegsins og þaðan af síður að fyrir fram verði tekið til við að ræða hugsanlegar eða líklegar ráðstafanir. Ég er fyrst og fremst að óska eftir því að hæstv. sjútvrh. upplýsi okkur um það hvers sé að vænta í þeim efnum, hvenær megi vænta frekari og víðtækari aðgerða í málefnum sjávarútvegsins þannig að við sem komum til með að vinna að þessu máli hér í þinginu höfum einhverja vitneskju um þau efni.

Hæstv. sjútvrh. hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum oftar en ekki á undanförnum dögum að óhjákvæmilegt sé að grípa til ráðstafana til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins og þá einkum og sér í lagi vinnslunnar sem býr við mest tap. Hins vegar hafa aðrir hæstv. ráðherrar látið önnur ummæli falla, a.m.k. hvað snertir áherslu á tímapressuna í þessu sambandi, og er skaði að hæstv. forsrh. er ekki í salnum þó að honum væri ljóst væntanlega eins og öðrum þingmönnum, sem hér voru áðan, að mál þetta kæmi til umræðu, En hæstv. forsrh. og að nokkru leyti hæstv. fjmrh. hefur mátt skilja öðruvísi en hæstv. sjútvrh., þ.e. þeir hafa ekki talið jafnbrýna nauðsyn bera til að afgreiða ráðstafanir eða hrinda í framkvæmd ráðstöfunum gagnvart sjávarútveginum og hæstv. sjútvrh. hefur gert.

Þær óvenjulegu aðstæður sem sjávarútvegurinn býr við og tengjast efni þessa frv. eru auðvitað fyrst og fremst þær að þrátt fyrir hátt afurðaverð á mörkuðum erlendis er jafnmikill taprekstur og raun ber vitni í flestum greinum sjávarútvegs. Það eru sannarlega frekar óvenjulegar aðstæður og þess vegna gerist það að nauðsynlegt er að grípa inn í ákvæði um Verðjöfnunarsjóð með þeim hætti sem hér er lagt til vegna þess að afurðaverðið er svo hátt að þar mundu halda áfram inngreiðslur að óbreyttu þrátt fyrir bullandi taprekstur í flestum greinum vinnslu og í mörgum greinum veiða. Þetta eru auðvitað óvenjulegar aðstæður og skapast fyrst og fremst af því að ýmsir kostnaðarliðir í útgerð og þá sérstaklega fiskvinnslu hafa elt uppi hið háa afurðaverð og meira en það, snúið stöðunni yfir í umtalsverðan og alvarlegan taprekstur.

Í fylgiskjölum kemur fram að spáð er, samanber og þjóðhagsáætlun, að samtals verði megingreinar sjávarútvegs, veiðar og vinnsla, reknar með um 5,5% halla á næsta ári. Þetta segir ekki alla söguna því að samkvæmt öðrum upplýsingum og fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar yrði bolfiskvinnslan rekin með um 10% halla á næsta ári miðað við afkomuna í september, framreiknað og m.a. að teknu tilliti til þess aflasamdráttar sem fram undan er. Þetta sýnir okkur því miður að þrátt fyrir að þessi litla lagfæring verði gerð á högum sjávarútvegsins, þá dugar það samt. Og því hlýt ég að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvenær er þess að vænta að víðtækari ráðstafanir líti dagsins ljós? Má búast við því að hv. sjútvn. fái þær til umfjöllunar samtímis þessu frv. og þá innan fárra daga eða reiknar hæstv. sjútvrh. með að afgreiða verði þetta frv. óháð ráðstöfunum í málefnum sjávarútvegsins að öðru leyti?

Ég hlýt sömuleiðis að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. sjútvrh. um málefni þeirrar greinar sjávarútvegsins sem sennilega stendur nú verst af öllum, og er þá mikið sagt, þar sem er rækjuvinnslan, hvað sé á döfinni gagnvart málefnum rækjuiðnaðarins sérstaklega. Og það er ekki hægt annað en orða það á íslensku: Hyggst ríkisstjórnin grípa til einhverra ráðstafana sem taka til stöðu rækjuvinnslunnar sérstaklega? Það er held ég öllum ljóst sem eitthvað hafa sett sig inn í málefni þeirrar greinar að hún er nánast að hruni komin og þá ekki bara einstakar verksmiðjur, einstök fyrirtæki þar, heldur greinin sem slík. Það er alvörumál þegar þannig er komið að umfangsmikil grein sjávarútvegsins sem byggst hefur hér upp á sl. áratug eða tugum má segja, en þó í miklum mæli á sl. 10–15 árum og verið ein stærsta viðbótin við verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi 10–15 ár til baka litið, ef það blasir við að hún sé nánast að hrynja og þar með er auðvitað í stórkostlega hættu sett öll sú uppbygging sem þar hefur átt sér stað í tækjum.

Mér er kunnugt um að allmargar verksmiðjur hafa ýmist þegar lokað eða munu á næstu vikum hætta starfsemi. Og það kynnu menn, í anda þeirra kenninga að gjaldþrotin séu jafnvel lausnarorð, að þola eða ímynda sér að hægt sé að hrista af sér en ég held að sama verði ekki sagt er það blasir við að rækjuiðnaðurinn sem slíkur í heild sinni sé nánast allur að hrynja. Ég hygg að forsvarsmenn rækjuiðnaðarins stefni saman til fundar hér í höfuðborginni í næstu viku og eftir því sem ég hef fregnað af andrúmsloftinu í þeirri grein er það nánast dómsdagsfundur sem þar er boðaður.

Ég hef sömuleiðis fylgst með því hvernig forsvarsmenn fyrirtækja og sveitarfélaga í mínu kjördæmi berjast fyrir lífi fyrirtækja akkúrat þessa dagana. Þar eru stórkostlega alvarlegir hlutir að gerast, ekki bara að fyrirtæki verði gjaldþrota heldur og að sveitarfélög sem reynt hafa á síðustu mánuðum að standa á bak við þessi fyrirtæki í þrengingunum taka á sig nánast óbærilegar byrðar eða verði fyrir áföllum sem muni lama þau um langt árabil.

Ég ætla ekki eins og ég sagði áðan að lengja umræður um þetta mál og ég er tilbúinn til að leggja mitt af mörkum að greiða götu þess í gegnum þingið því að ég tel þetta skynsamlega ráðstöfun og brýna og sjálfsagt mál að hæstv. sjútvrh. sé lagt lið með því að auðvelda honum afgreiðslu þessa máls og hraðferð þess í gegnum þingið. Ég hlýt að leyfa mér að bera fram þessar spurningar og vænti svara því að hæstv. sjútvrh. hefur sem betur fer ekki tekið upp þá siði að svara ekki spurningum sem fyrir hann eru bornar og mætti hann verða ýmsum öðrum ónefndum hæstv. ráðherrum til fyrirmyndar í þeim efnum.

Mig langar til að spyrja einnig í leiðinni hæstv. sjútvrh. hvort á döfinni sé endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóðinn almennt og hvað sé þá að frétta af því. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mönnum að allmiklar umræður hafa verið um málefni þessa sjóðs í sjávarútveginum á undanförnum mánuðum og ýmsar skoðanir uppi, jafnvel að leggja beri af þennan sjóð með öllu og auðvelda þess í stað fyrirtækjunum að komast yfir sveiflur í afurðaverði eða afkomu með öðrum hætti. Það væri fróðlegt að fá að heyra af því í leiðinni hvort hafin sé vinna að slíkri heildarendurskoðun og hvenær hún mundi þá koma fyrir hv. Alþingi.

Hæstv. sjútvrh. nefndi að ákvarðanir um inngreiðslur yrðu samkvæmt óbreyttri skipan mála um Verðjöfnunarsjóð teknar um miðjan þennan mánuð og það væri þá ekki úr vegi að inna eftir dagsetningum í þeim efnum og hvort svo sé sem mér fannst liggja í máli hans að ef ekki verði þá búið að breyta lagaákvæðunum, þá væri stjórn Verðjöfnunarsjóðs skylt að taka ákvörðun um áframhaldandi inngreiðslur í sjóðinn. Þetta skiptir að sjálfsögðu máli í því sambandi hvort óhjákvæmilegt sé að frv. verði orðið að lögum fyrir þann tíma eða hvort meiri tími sé til stefnu.

Virðulegur forseti. Ég vona að ég fái alla vega ekki ásakanir fyrir það að halda of langa ræðu um þetta mál því að ég mun nú ljúka máli mínu og geri það með sérstöku tilliti til þess að ég met viðleitni hæstv. sjútvrh. til að leggja gott til málanna þar sem í hlut á íslenskur sjávarútvegur og veitir ekki af að hann eigi sér einhverja velunnara um þessar mundir. En hið sama mundi e.t.v. ekki gilda ef ýmsir aðrir hæstv. ráðherrar ættu hlut að máli sem ekki hafa lagt með jafnmarkvissum hætti gott til mála að undanförnu og síður en svo lagt sitt af mörkum til þess að greiða götu mála í gegnum þingið. Er þá ekki bara við það átt sem hefur komið fram í ræðum og ýmsum sérkennilegum ummælum undanfarna daga heldur og því sem nú gengur yfir í fjölmiðlum landsins svo sem og sú nýbreytni hæstv. utanrrh., og vona ég að mér leyfist að segja þessi orð án þess að ég teljist fara út fyrir efnið. En hæstv. utanrrh., hefur tekið upp þá nýbreytni að gerast einhvers konar lúpus, þ.e. palladómahöfundur um samtímamenn sína og samferðamenn í íslenskum stjórnmálum með allsérkennilegum hætti. Verð ég að segja alveg eins og er, burt séð frá innihaldi dómanna, þá er mér það nokkurt umhugsunarefni hvort þeir nýju tímar séu að ganga í garð í íslenskum stjórnmálum, þá kannski að nokkru leyti á nýjan leik eftir því sem maður hefur heyrt að hafi viðgengist hér í hörðustu slagsmálum íslenskra stjórnmála á þriðja og fjórða áratugnum, að stjórnmálaforingjar stóðu í því að gefa hver öðrum einkunnir, ekki sem stjórnmálamenn fyrst og fremst og ekki endilega vegna þeirra málefna sem í hlut áttu heldur sem persónur.

Ég segi eins og er, hæstv. forseti, að margt sem gerst hefur í samskiptum manna á undanförnum dögum er orðið mér nokkurt umhugsunarefni svo að ekki sé meira sagt. Mér sýnist að ýmsu leyti vera í uppsiglingu eða þegar gengnir í garð nýir tímar í þessum samskiptum sem ég held að sé full ástæða til að velta dálítið fyrir sér. En hæstv. sjútvrh. skal njóta þess að hann á þar betri hlut en flestir aðrir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um mjög einfalt frv. að ræða sem varðar það að stöðva inngreiðslur í Verð-

jöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Sá verðjöfnunarsjóður sem hefur starfað frá því vorið 1990 hefur að mínu mati sannað gildi sitt. Þessi skipan mála var umdeild þegar hún var tekin upp en komið hefur í ljós að það var mikilvægt að koma upp þessu sveiflujöfnunartæki sem tekur við af hinum gamla Verðjöfnunarsjóði sem var á margan hátt orðinn úreltur og samrýmdist ekki kröfum tímans. Þótt þessi skipan sé ekki gallalaus, frekar en flestar aðrar, þá hefur tekist að safna verulegu fé í þennan sjóð sem sjávarútvegurinn mun njóta síðar þegar verðfall verður á mörkuðum en það er reynslan að verð hækkar og lækkar. Mikilvægt er að það hafi eins lítil áhrif á þjóðarbúskapinn og nokkur kostur er þó að aldrei verði hægt að koma í veg fyrir það að áhrifa af slíkum sveiflum gæti.

Nú eru þær aðstæður að aflaleysi er mikið og það var ekki hlutverk þessa sjóðs að taka á því viðfangsefni heldur eingöngu á verðsveiflum. Að sjálfsögðu eru takmörk fyrir því hvað atvinnugreinin getur greitt inn í slíkan sjóð þegar afli dregst mjög mikið saman en þó verður að gera ráð fyrir því að sjóðurinn geti starfað með óbreyttum hætti þó að afli sveiflist eitthvað til. Það er vart hægt að reikna með því að það verði hlutverk þessa sjóðs að jafna aflasveiflurnar eða a.m.k. þyrfti að breyta lögunum verulega ef hann ætti að geta tekið á því.

Hitt er svo annað mál að auðvitað er það jafnframt mikilvægt að koma á einhverri þeirri skipan sem getur tekið á slíkum sveiflum en það er málefni framtíðarinnar. Hér er leitað eftir því að ekki skuli greitt inn í sjóðinn á tímabilinu 1. jan. 1992 til 31. ágúst 1992. Ég get fyrir mitt leyti fallist á þá skipan mála en ég vil taka skýrt fram að ég tel mjög mikilvægt, eins og fram kemur í þessu frv., að hér er aðeins um tímabundna ákvörðun að ræða sem ekki varðar neina aðra breytingu á sjóðnum. Ég vil þó vekja athygli á því að það er hugsanlegt að þær aðstæður verði uppi í ágúst 1992 að það þyki rétt að framlengja þessa skipan mála eitthvað. Ég er ekki með því að segja að það sé æskilegt. En ég teldi ekki óeðlilegt að hæstv. sjútvrh. hefði heimild til þess að framlengja þá skipan sem hér er tekin upp um tveggja mánaða skeið, þ.e. í september og október með tilliti til þess að þing verður ekki starfandi í ágúst 1992 að öllu óbreyttu þó að það geti að sjálfsögðu komið upp og möguleikar til útgáfu bráðabirgðalaga hafa verið mjög þrengdir og ekki óeðlilegt að tekið sé tillit til þess þegar löggjöf er sett hér á Alþingi.

Þetta eru að sjálfsögðu atriði sem við getum nánar fjallað um í nefnd en ég vil taka undir það og leggja á það áherslu að þetta mál geti fengið skjóta afgreiðslu á Alþingi því að það er með slíkar ráðstafanir sem þessar að óheppilegt er að þær séu allt of lengi til umræðu í þinginu. Ég get tekið undir það að ástæðulaust er að taka upp almenna umræðu um málefni sjávarútvegsins vegna þessa máls. Það er eðlilegra að hún fari fram undir öðrum þeim málum sem hæstv. ríkisstjórn mun væntanlega leggja fyrir, hvenær sem það verður nú.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það væri hægt að fjalla mikið um málefni sjávarútvegsins eins og staða þeirra er nú, sérstaklega þó eftir þá afstöðu sem hæstv. forsrh. hefur sýnt til þess atvinnuvegar síðustu dagana en ég ætla, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, ekki að tefja framgang þessa máls með því að ræða um það. Vonandi gefst tækifæri til þess síðar. En mig langar aðeins að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort það er ekki alveg öruggt að ríkisstjórnin verði búin að framkvæma tillögu hans um að færa niður vextina áður en þetta frv. kemur aftur til umræðu á Alþingi eftir meðferð í nefnd.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir þingmanna við efni þessa frv. og óskir um skjótan framgang þess miðað við þá aðstöðu sem er í þessu efni. Varðandi fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e. um hvort brýna nauðsyn beri til að afgreiða málið áður en til útreiknings samkvæmt gildandi lagaákvæðum kemur síðar í þessum mánuði, þá er það svo að þetta frv. er flutt til þess að með tryggum hætti megi stöðva inngreiðslur um áramótin og að vel athuguðu máli þótti nauðsynlegt að breyta eða koma með viðauka við lögin sem kveði á um stöðvun inngreiðslna. Fyrir þá sök er mjög brýnt að lögin verði samþykkt hér á þinginu áður en til afgreiðslu málsins kemur í stjórn Verðjöfnunarsjóðs sem jafnan fer fram í þriðju viku hvers mánaðar og fyrir því var ósk mín borin fram um skjótan framgang málsins.

Hv. þm. innti eftir efnahagsaðgerðum og ráðstöfunum til þess að styrkja stöðu atvinnuveganna. Eins og fram hefur komið í umræðum að undanförnu, bæði hér á Alþingi og í fjölmiðlum, þá er unnið að þeim málum á vettvangi ríkisstjórnar þessa daga. Hér er um að ræða umfangsmikið verkefni. Það tengist ekki einasta vanda atvinnuveganna. Vandi ríkissjóðs og peningamálastefnan almennt er auðvitað hluti af þeim vanda sem á þarf að taka og ekkert af þessu verður frá öðru sundur slitið. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir, eins og kunnugt er, að stefnt sé að því að niðurstaða fáist í þessa umfjöllun fyrir 10. þessa mánaðar, þannig að ætlunin er að vinna innan ríkisstjórnarinnar hratt og örugglega að niðurstöðum í þessu máli.

Hv. þm. vék að vanda rækjuiðnaðarins. Hann á sér nokkuð aðrar rætur en vandi annarra greina sjávarútvegsins með því að rækjuiðnaðurinn hefur þurft að sæta sérstöku verðfalli á erlendum mörkuðum. Rækjuframleiðendur hafa nýlokið ráðstefnu um málefni atvinnugreinarinnar. Þeir hafa óskað eftir viðræðum við sjútvrn. sem fram munu fara í næstu viku til þess að skýra betur þá stöðu sem uppi er í atvinnugreininni. En það er rétt hjá hv. þm. að þessi grein sjávarútvegsins á nú við öllu meiri vanda að stríða en aðrar greinar innan sjávarútvegs á Íslandi.

Þá spurði hv. þm. að því hvort til stæði að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Sú endurskoðun var ákveðin sl. haust og skipuð sérstök nefnd

til þess að vinna að því verki undir forustu hagstofustjóra, Hallgríms Snorrasonar. Nefndinni er ætlað að fara yfir gildandi lög og forsendur þeirra og skoða þær tillögur sem fram hafa komið frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi um breytingar á þessari löggjöf og ég á von á því að skýrsla nefndarinnar liggi fyrir innan ekki langs tíma. Það var sérstaklega óskað eftir því að hún hraðaði störfum sínum að þessu leyti.

Hv. 2. þm. Suðurl. innti eftir því hvort niðurstaða af viðleitni ríkisstjórnarinnar um að ná niður vöxtum verði komin fram áður en þetta frv. verður afgreitt frá Alþingi. Ég vænti þess fastlega að við sjáum fram á þróun í þá veru að vextir lækki. Um það er almenn samstaða innan þings og innan ríkisstjórnar að þetta takist enda mikilvæg forsenda fyrir því að atvinnulíf landsmanna geti gengið og, eins og fram hefur komið frá aðilum vinnumarkaðarins, mikilvægur þáttur í því að leiða kjarasamninga til lykta með farsælum hætti og því á ég von á að við sjáum brátt árangur í þessu efni.

Frú forseti. Ég hygg að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem hér hafa komið fram en ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir stuðning við málið og skjótan framgang þess hér í þinginu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs til þess að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Undir venjulegum kringumstæðum mundi maður nú e.t.v. ekki gera það en á þessum síðustu tímum, sem ég ætla ekki að gefa nein önnur lýsingarorð, kalla þá bara síðustu tíma, þá er því miður svo komið að maður sér ástæðu til þess að leggja leið sína hingað í ræðustólinn og þakka sérstaklega fyrir það þegar ráðherrar bregðast þannig við spurningum, eins og hér var gert, að svara þeim lið fyrir lið með skilmerkilegum hætti. Ég bar fram fjórar spurningar hverjum hæstv. sjútvrh. svaraði öllum í réttri röð. Síðan bar hv. 2. þm. Suðurl. sömuleiðis fram spurningar sem var svarað. Allt var þetta skilmerkilegt og fyrir það þakka ég.

Ég vil fullvissa hæstv. sjútvrh. um að ég held að ekki sé ástæða til að óttast annað, miðað við undirtektir í umræðum um þetta mál, en að málið fái þennan greiða framgang á þinginu sem til þarf þannig að stjórn Verðjöfnunarsjóðs þurfi ekki að framkvæma hefðbundna útreikninga og ekki þurfi að koma til inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð um áramótin.

Hitt er svo annað mál því miður að e.t.v. fer það svo á fyrstu mánuðum næsta árs, og er þó ekki á bætandi fyrir okkur Íslendinga, að efni þessa frv. verði óþarft því að margar blikur eru á lofti um það, ég segi aftur því miður, að verð gæti þá farið lækkandi þannig að miðað við óbreyttar starfsreglur Verðjöfnunarsjóðs mundi taka fyrir inngreiðslur í öllu falli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

44. FUNDUR

föstudaginn 6. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Kosning eins manns í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins til 5. febrúar 1993, í stað Eiðs Guðnasonar ráðherra, skv. 1. gr. laga nr. 7 6 febr. 1961, um breytingu á lögum nr. 35, 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Kristján Sveinsson deildarstjóri, Kirkjubraut 5, Akranesi.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Þetta mál var rætt í gær í þinginu og komu fram tvær tillögur um nefnd. Nefnt var að samkomulag væri æskilegt um meðferð málsins með þeim hætti að færi það til félmn. þá væri tryggt að menntmn. fengi aðgang að því og gæfist kostur á umsögn um málið og að skila áliti og einnig kom fram tillaga um að vísa málinu til menntmn. Ég tel mjög óheppilegt að málið sé borið upp án þess að fyrir liggi hvaða tillögur eru uppi. Ég tók það svo að það væru tillögur um tvær nefndir, en æskilegast væri að það væri hægt að greina frá samkomulagi um meðferð málsins áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur tvisvar áður verið til umfjöllunar á Alþingi og í bæði skiptin hefur því verið vísað til umfjöllunar í félmn. án athugasemda. Það er rétt að þessi athugasemd kom fram í gær og ósk um að menntmn. hefði aðgang að málinu. Ég legg áherslu á að málinu verði vísað til félmn. en ég geri út af fyrir sig ekki athugasemd við það ef félmn. óskar eftir að leita álits menntmn. á því.

Kristín Einarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Þegar þetta frv., sem á að fara að greiða atkvæði um, var til umfjöllunar í gær lagði ég til að því yrði vísað til menntmn. og vil ég í því sambandi vísa til 23. gr. þingskapa þar sem segir, með

leyfi forseta: „Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu." Þetta frv. er um starfsmenntun í atvinnulífinu þannig að það hlýtur að vera menntamál og því hlýt ég að leggja til að þetta mál fari til menntmn.

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem hefur farið fram vil ég upplýsa að ég hef átt lauslega viðræður um málsmeðferð í þessu efni við formann menntmn. og vek athygli á að ég er formaður félmn. sem samkvæmt tillögu mun fá þetta frv. til umsagnar og á jafnframt sæti í menntmn. Mér finnst mjög vel koma til greina og get lýst því yfir að félmn. mun leita álits menntmn. og hafa þá um það samráð við formann menntmn. á hvern hátt það verði gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Átti forseti að skilja það svo að það væri tillaga frá hv. 15. þm. Reykv. um að vísa frv. til menntmn. þrátt fyrir þá yfirlýsingu sem formaður félmn. og hæstv. félmrh. hafa gefið hér? (**KE:** Nei.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til félmn. með 39:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, LMR, MB, ÓE, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SHl, StB, TIO, VS, ÖS.

nei: StH.

5 þm. (GB, HG, KÁ, KE, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GÁ, GHelg, JGS, JHelg, KSG, KHG, MF, ÓÞÞ, PJ, SP, StG, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með með 43 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 43 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (inngreiðslur 1992). — Þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og vísað til sjútvn. með 43 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Til þess að unnt verði að standa við áform ríkisstjórnarinnar hvað snertir útgjöld ríkissjóðs á næsta ári er nauðsynlegt að breyta nokkrum lögum. Rétt þótti að safna þeim brtt. saman í eitt frv. til þess að leggja á það áherslu að öll tengjast þau stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og viðleitni hennar til þess að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Verði frv. að lögum felur það í sér að útgjöld ríkissjóðs verða 1,9 milljörðum kr. lægri á næsta ári en ella yrði. Frv. þetta nær þó ekki til allra þeirra laga er breyta þarf til að markmið fjárlagafrv. nái fram að ganga. Sumar lagabreytingar eru það viðamiklar að þær kalla á meiri háttar endurskoðun gildandi laga. Það hafa því ekki verið efni til að leggja þau frumvörp öll fram nú heldur munu þau verða lögð fram hvert af öðru eftir því sem undirbúningur þeirra vinnst. Í heild er talið að með þeim lagabreytingum verði unnt að spara nær 2 milljarða kr. til viðbótar.

Í þessari framsöguræðu mun ég fyrst fara nokkrum orðum almennt um stöðu efnahagsmála, þá víkja að nokkrum atriðum öðrum er tengjast afgreiðslu fjárlaga og almennum aðgerðum til að bregðast við þeim vanda sem við er að etja. Því næst verða helstu markmið frv. skýrð og loks mun ég greina frá helstu efnisatriðum þess.

Erfið staða efnahagsmála nú um stundir gerir markmið ríkisstjórnarinnar jafnvel enn mikilvægari en í haust þegar menn vonuðust m.a. eftir því að til framkvæmda vegna álvers kæmi á næsta ári. Er nú talið að frestun álversframkvæmda og frekari rýrnun viðskiptakjara en áður var ætlað muni rýra fjárhag ríkissjóðs um 1½ milljarð kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessum vanda mun ríkisstjórnin mæta með enn frekari samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Þjóðhagsstofnun hefur nýlega endurskoðað helstu þjóðhagsstærðir ársins 1991 og horfur fyrir árið 1992. Meginniðurstöður fyrir árið 1991 eru eftirfarandi:

Landsframleiðsla eykst um 1,1% en þjóðartekjur aukast um 1,8%. Þessi hagvöxtur er eingöngu vegna mikillar aukningar einkaneyslu. Viðskiptahallinn er áætlaður rúmlega 18 milljarðar kr. eða 4,9% af landsframleiðslu.

Meginniðurstöður fyrir árið 1992 eru eftirfarandi:

Landsframleiðsla dregst saman um 3,6% og þjóðartekjur minnka um 5,7%. Viðskiptahalli verður nær 16 milljarðar kr. eða 4,2% af landsframleiðslu. Atvinnuleysi verður 2,6% af vinnuafli samanborið við 1,4% árið 1991.

Í þessari spá, sem ég var að rekja, er gert ráð fyrir heldur meiri fjárlagahalla en er í fjárlagafrv. vegna minni tekna og meiri útgjalda. En eins og ég gat um er nú unnið að undirbúningi ákvarðana í því skyni að

halli á fjárlögum verði ekki meiri en miðað var við í fjárlagafrv.

Helstu óvissuþættir spárinnar eru þessir:

Frávik í útflutningsspá gætu frekar orðið til lækkunar en hækkunar. Þetta á m.a. við um verðlag á sjávarafurðum. Endanleg afgreiðsla fjárlaga skiptir afar miklu máli. Miðað við fjögurra milljarða kr. halla á fjárlögum næsta árs verður halli á utanríkisviðskiptum minni en spá Þjóðhagsstofnunar segir til um. Spáin um atvinnuleysi er óviss þar sem viðbrögð í einstökum greinum eða fyrirtækjum við breyttum aðstæðum geta haft veruleg áhrif. Einnig getur niðurstaða kjarasamninga haft áhrif á atvinnuástand.

Spá Þjóðhagsstofnunar sýnir í almennum dráttum þá mynd af efnahagshorfum sem líta verður á við mörkun efnahagsstefnunnar.

Hinn mikli halli á utanríkisviðskiptum er stærsta vandamálið sem við er að glíma í efnahagsmálum. Þessi halli stafar öðru fremur af of miklum útgjöldum, einkum neysluútgjöldum, miðað við útflutningstekjumöguleika þjóðarinnar. Þar sem ekki eru neinar horfur á umtalsverðri aukningu útflutningstekna á næstu árum er ekki hægt að rekja hallann til tímabundinna aðstæðna. Samdráttur útflutningstekna og almennur samdráttur í þjóðarbúskapnum kemur fram í marghátt-uðum vanda í flestum atvinnugreinum og í einstökum fyrirtækjum. Þessi vandi er augljós í sjávarútvegi en hann er alls ekki bundinn við þá atvinnugrein eingöngu. Þess vegna þarf að horfa á allan þjóðarbúskapinn þegar þessi mál eru rædd. Áhrif af samdrættinum birtast í atvinnuástandi í einstökum byggðarlögum en þau eru mismunandi eftir því hvernig fjárhagsstaða einstakra fyrirtækja er.

Við mörkun efnahagsstefnu hafa stjórnvöld oft sett fram of mörg markmið sem síðan vilja stangast á. Við núverandi aðstæður þarf að leggja höfuðáherslu á eftirfarandi markmið:

Að draga enn úr verðbólgu þannig að hún verði til frambúðar minni en í helstu viðskiptalöndum. Lág verðbólga er veigamesta forsenda þess að skapa smám saman forsendur fyrir vexti í sem flestum atvinnugreinum.

Að draga úr viðskiptahalla. Langvarandi mikill viðskiptahalli grefur undan efnahagslegum stöðugleika og þrengir stöðugt svigrúm til efnahagslegra framfara.

Helstu viðfangsefni í efnahagsmálum eru að einbeita sér að því að ná ofan ofangreindum markmiðum.

Öflugasta tækið til að viðhalda sem minnstri verðbólgu er stöðugt gengi krónunnar. Viðfangsefnið er því að treysta gengið í sessi og gera það trúverðugt. Stöðugleiki í gengismálum verður áfram einn af hornsteinum í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er eini raunhæfi grundvöllurinn sem á verður byggt í stjórn efnahagsmála hér á landi á komandi árum. Með stöðugleika í gengismálum eru jafnframt skapaðar forsendur fyrir því að launþegar og atvinnurekendur geti gert kjarasamninga sem treysta stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Raungengi er um þessar mundir nálægt meðallagi síðustu tveggja áratuga. Það er lægra en á árunum 1987–1989 en hærra en það var á árunum 1982–1986. Ekki er því tilefni til gengisbreytinga með vísan til hás raungengis.

Draga verður úr viðskiptahalla með því að minnka þjóðarútgjöld, einkum neysluútgjöld. Hér þarf bæði að halda opinberum útgjöldum í skefjum og auka almennan sparnað.

Á vettvangi ríkisstjórnarinnar eru brýnustu úrlausnarefnin þessi: Halli á fjárlögum má alls ekki verða meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., 4 milljarðar kr. Styrkja þarf stjórn peningamála þannig að hún verði öflugra tæki til að styðja við stöðugleika í gengi. Setja þarf peningastefnunni skýr markmið. Engar aðgerðir geta leyst stjórnvöld undan þeirri meginskyldu sinni að beita hagstjórn, ríkisfjármálum og peningamálum á sem öflugastan hátt til að ná fram settum markmiðum. Hagstjórnin verður að styðja gengisstefnuna í því skyni að viðhalda stöðugleika í verðlagsmálum.

Hagvöxtur á Íslandi hefur fyrst og fremst byggst á því að nýta auðlindir, sjávarafla og orku. Á allra næstu árum getum við ekki treyst á nýtingu þessara auðlinda til að tryggja sambærilegan hagvöxt og í nálægum löndum þótt vonandi rætist úr þegar lengra líður. Því þarf að leggja grundvöll að hagvexti og bættum lífskjörum með nokkuð öðrum hætti en áður: Skapa verður skilyrði hagvaxtar í öllum greinum atvinnulífsins, á öllum vígstöðvum, en ekki einblína á einstakar greinar.

Eins og áður sagði er stöðugleiki og lág verðbólga mikilvægasta forsenda þess að koma hagvexti í gang á ný. Einnig þarf að gera ýmsar skipulagsbreytingar á efnahagskerfinu sem stuðla að traustari hagstjórn og aukinni samkeppni. Þátttaka Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu er mikilvægt tilefni til að gera þessar breytingar auk þess sem aðildin að EES getur skapað íslensku atvinnulífi ný tækifæri, tækifæri til að snúa vörn í sókn.

Skattlagning atvinnurekstrar hefur mikil áhrif á samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum keppinautum. Ríkisstjórnin hefur þegar lýst því yfir að skattlagning fyrirtækja verði samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum. Hins vegar er ekki nóg að lýsa því yfir að tilteknir skattar verði afnumdir eða lækkaðir þótt það væri e.t.v. auðveldasta leiðin í bráð. Breytingar af þessu tagi verður að undirbúa vel. Við núverandi aðstæður í opinberum fjármálum, bæði ríkis og sveitarfélaga, mundi lækkun skatta að öðru óbreyttu kollvarpa því markmiði að draga úr viðskiptahalla, halda verðbólgu í skefjum og stuðla að lækkun vaxta. Skattbreytingar þarf því að undirbúa þannig að þær raski ekki mikilvægustu markmiðunum í efnahagsmálum. Þegar þessum undirbúningi er lokið verða ákvarðanir kynntar og mun þá liggja fyrir hvernig skattlagningu atvinnurekstrar verður hagað til frambúðar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir þeirri stöðu sem blasir við í efnahagsmálum og hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við í þeirri stöðu. Það er afskaplega mikilvægt að halda ákveðinni rósemi og rasa ekki um ráð fram hvað viðvíkur þeim aðgerðum sem grípa verður til. Því hefur t.d. verið haldið fram að á tímum sem þessum beri ríkinu að auka út-

gjöldin, auka halla ríkissjóðs og blása þannig nýju lífi í atvinnureksturinn með aukinni eyðslu. En við verðum að gera okkur ljóst að slíkar ráðstafanir mundu fljótlega leiða til aukins halla á viðskiptajöfnuði við útlönd og þar með hafa í för með sér stóraukna skuldasöfnun. Erlendar skuldir þjóðarinnar eru nú þegar of miklar og verulega hefur þrengst að erlendum lántökumöguleikum. Þessi leið er því ekki fær.

Forustumenn stjórnarandstöðunnar krefjast þess að gripið verði til gamalkunnra ráðstafana af framangreindu tagi en það er alveg ljóst með tilliti til reynslunnar hverjar afleiðingarnar yrðu. Þeir vilja stórhækka skatta og aðrar álögur á almenning. Þeir vilja grípa til stóraukinnar erlendrar lántöku eins og áður sagði. Þeir vilja veita fjármunum á báða bóga í fyrirtækin án tillits til þess hvernig staðið er að rekstrinum. Umfram allt vilja þeir að skömmtunarvaldið sé hjá sér í því skyni öðru fremur að hygla sér og sínum. Við erum nú að súpa seyðið af þessari stefnu vegna þess að framsóknarmenn fengu tækifæri á síðasta kjörtímabili til að fara með þjóðina á óvænt stefnumót við fortíðina. Þeir fengu tækifæri til að reyna gömlu kreppuúrræðin sín en þau dugðu ekki. Afleiðingin er sú að við höfum miklu minna svigrúm en ella væri til að bregðast við þeim erfiðleikum þjóðarbúsins sem ég lýsti hér að framan. Það voru tekin erlend lán til að fjármagna þá óráðsíu alla en endurgreiðslan mun að verulegu leyti lenda á skattgreiðendum framtíðarinnar. Ríkissjóður var auk þess rekinn með gífurlegum halla svo ekki sé minnst á sjóðakerfið.

Á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að úttekt á þessum vanda og þegar er komið í ljós að heimatilbúinn efnahagsvandi framsóknaráranna er víðfeðmari og djúpstæðari en nokkurn óraði fyrir. Þetta verk er nauðsynlegt. Þegar því lýkur geta menn betur séð og gert sér grein fyrir heildarmyndinni og brugðist rétt við vandanum. Á framsóknarárunum var þagað yfir upplýsingum af þessu tagi og forustumenn Framsfl. kveinka sér mjög undan því að athyglinni sé beint að viðskilnaði þeirra. En þeir skulu þurfa að horfa framan í afleiðingar eigin verka. Fortíðarvandi framsóknaráranna verður okkur víti til varnaðar. Þegar fyrrv. forsrh., fyrrv. sjútvrh. og fyrrv. fjmrh. tala um aðgerðaleysi núv. ríkisstjórnar skulu menn íhuga hvað það er sem þeir biðja um. Þeir vilja komast á nýtt stefnumót við fortíðina, efna til annarrar veislu á kostnað framtíðarinnar þar sem þeir bjóða mönnum til sætis og útvega veisluföngin á kostnað afkomenda okkar. En ég segi við þá: Slíkar aðgerðir eru verri en engar aðgerðir.

Virðulegi forseti. Auk þeirra almennu aðgerða sem ríkisstjórnin grípur til og ég greindi frá í upphafi ræðu minnar hefur ríkisstjórnin hugað að úrbótum í einstökum atvinnugreinum og fjárhagslegri endurskipulagningu atvinnulífsins. Atvinnulífið gengur nú á mörgum sviðum í gegnum mikið breytingaskeið og erfiðleika við að laga sig að breyttum aðstæðum. Fjölgun frystitogara hlýtur t.d. að hafa áhrif á rekstrarskilyrði frystihúsa og þau eru að bregðast við því um þessar undir með sameiningu í stærri og styrkari heildir. Vegna þessa og áhrifa nýgerðra samninga um Evrópska efnahagssvæðið er brýn þörf á nýju og sérstöku átaki í fiskiðnaði landsmanna sem byggist á því að gera framleiðsluna fjölbreyttari og koma henni í hærri verð- og gæðaflokka. Þannig má auka þann virðisauka sem skapaður er hérlendis. Beina þarf fjármagni Fiskveiðasjóðs frá skipakaupum að þessu verkefni. Einnig þarf að fara vandlega yfir þá möguleika sem í sjávarútvegi gefast með samningi um Evrópskt efnahagssvæði og kynna þá sérstaklega til að efla atvinnu og nýsköpun.

Aflasamdráttur síðustu missira hefur ekki aðeins komið niður á sjávarútveginum heldur hefur hann einnig valdið samdrætti í iðnaði og þjónustu sem tengist sjávarútveginum, t.d. málm- og skipaiðnaði. Nýsmíðar skipa innan lands hafa stöðvast og stærri verkefni við breytingar skipa eru í lágmarki. Forustumönnum í íslenskum málm- og skipaiðnaði þykir sárt að sjá á eftir verkefnum til erlendra keppinauta og það jafnvel án þess að íslenskum aðilum sé gefinn kostur á að bjóða í verkin. Því hefur verið lagt til að nú þegar verði útlánareglum Fiskveiðasjóðs breytt á þann veg að opin útboð verði gerð að skilyrði fyrir lánum til meiri háttar nýsmíða eða breytinga á fiskiskipum og fiskvinnslufyrirtækjum. Í þessu sambandi kemur einnig til álita að settar verði skýrar leikreglur um það hvernig staðið skuli að útboðum og íslenskur málm- og skipaiðnaður fái aðild að stefnumörkun í málefnum sjávarútvegsins. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á að lánareglum Fisveiðasjóðs verði breytt þannig að lánshlutfall til nýsmíði erlendis verði lækkað verulega frá því sem nú er.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um að heimila erlendum veiðiskipum að leita hér hafnar til að fá þjónustu og vistir. Það er mikilvægt skref til að styrkja málm- og skipaiðnað í landinu. Nauðsynlegt er að efla markaðssókn í því sambandi.

Afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi verður væntanlega um þremur milljörðum kr. lakari á næsta ári en í ár vegna aflasamdráttar. Erfiðleikar í sjávarútvegi eiga öðru fremur rætur sínar að rekja til tveggja ástæðna. Annars vegar er um að ræða tekjuskiptingarvandamál milli útgerðar og fiskvinnslu í landi. Hins vegar fjárfestingu í sjávarútvegi, fjölda veiðiskipa og vinnslustöðva sem miðast miklu meiri afla en nemur afrakstursgetu íslenskra fiskimiða nú og í næstu framtíð.

Aðgerðir stjórnvalda verða að taka mið af þessum orsökum. Annars vegar verða aðgerðirnar að miðast við að jafna afkomumöguleika í veiðum og vinnslu, m.a. með eflingu fiskmarkaða og aðgerðum til þess að bæta samkeppnisstöðu fiskvinnslu í landi miðað við útflutning á óunnum fiski og fiskvinnslu á hafi úti. Hins vegar verða allar aðgerðir stjórnvalda til skamms tíma, t.d. hugsanlegar lánalengingar eða frestun á afborgunum lána, að taka mið af því að þær torveldi ekki óhjákvæmilega hagræðingu í sjávarútvegi þar sem atvinnugreinin lagar sig að afkastagetu fiskimiðanna með því að fækka fiskiskipum og vinnslustöðvum.

Þá verða greiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins felldar niður frá næstu áramótum samkvæmt frv. sem sjútvrh. hefur mælt fyrir. Skuldbreytingar þær sem

gripið verður til verða að vera almennar og ekki bundnar eingöngu við atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar. Þá er nú til athugunar að Landsbanka Íslands verði afhentar kröfur atvinnutryggingardeildar að verulegum hluta til eignar og verða væntanlega í sérstakri deild innan bankans. Slík ráðstöfun mun breyta eiginfjárstöðu Landsbankans strax og þegar fram í sækir greiðslustöðu hans jafnframt. Mikilvægt er að þessi öflugasti þjónustubanki atvinnulífsins sé sem best í stakk búinn til að veita atvinnulífinu nauðsynlega og eðlilega þjónustu.

Rétt er að geta þess að ríkisstjórnin mun leggja fram tillögur til breytinga á lögum um ónýtt skattatap sem fela munu í sér að slíkt tap afskrifast á 5–7 árum, jafnframt því sem ríkari kröfur verða gerðar til þess að færsla á slíku tapi á milli fyrirtækja eigi sér eingöngu stað ef um raunverulegan samruna fyrirtækja er að ræða.

Virðulegi forseti. Þegar ríkisstjórnin kom til valda fyrr á þessu ári blasti við mikill vandi í ríkisfjármálum. Þá þegar var ljóst að halli á ríkissjóði yrði mun meiri en fjárlög höfðu gert ráð fyrir. Fyrstu drög að fjárlögum fyrir næsta ár sýndu og að halli mundi aukast enn yrði ekkert að gert. Allir sjá hvaða afleiðingar slíkt hefði í för með sér fyrir raunvaxtastigið og þar með á hag launþega og atvinnufyrirtækja. Ríkisstjórnin átti um tvo kosti að ræða, þ.e. annars vegar að grípa til þeirra ráðstafana sem stjórnarandstaðan hefur mælt með og hækka skatta eða hins vegar að lækka ríkisútgjöld. Ríkisstjórnin valdi seinni kostinn þar eð hún telur skattbyrði almennings of mikla, auk þess sem aukin skattbyrði á samdráttartímum þrengir enn frekar að heimilunum og atvinnulífinu í landinu.

Ríkisstjórnin hefur af þessum sökum lagt út í meiri sparnaðaraðgerðir en nokkur önnur ríkisstjórn hefur gert á undan henni. Hún hefur lagst út á alveg nýja braut og tekist á hendur vandasamara viðfangsefni en nokkur önnur ríkisstjórn. Þetta kemur fram í því að ríkisútgjöldum er ætlað að vera um 2 milljörðum kr. lægri að krónutölu í frv. til fjárlaga 1992 en þau eru áætluð 1991. Þetta jafngildir um 6,5 milljörðum kr. eða 6% lækkun á útgjöldum ríkissjóðs að raungildi frá fjárlögum og fjáraukalögum 1991 til fjárlagafrv. 1992.

Í fjárlagafrv. hafa þegar verið kynntar hugmyndir um margvíslegan sparnað í ríkiskerfinu. Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa síðan frv. var lagt fram verður nauðsynlegt að grípa til enn frekari ráðstafana á því sviði. Þær aðgerðir verða nánar kynntar við 2. og 3. umr. fjárlaga. Í því sambandi má geta þess að sparnaður í rekstri ríkisins verður aukinn. Allar nýráðningar verða stöðvaðar. Forsendur frv. gera ráð fyrir að starfsmönnum ríkisins fækki um 600. Yfirvinna verður skorin niður. Risna og kostnaður vegna utanlandsferða verða skorin niður og aukið aðhald haft með ákvörðunum um slíka þætti jafnt á vegum ráðuneyta sem stofnana. Ákveðið hefur verið að herða stórlega eftirlit með ferðakostnaði ríkisins með því m.a. að skikka ríkisstofnanir til þess að skila mánaðarlega skýrslum til viðkomandi ráðuneytis með upplýsingum um fjölda ferða og kostnað. Fjmrn. mun síðan með reglubundnum hætti draga saman heildaryfirlit yfir þennan lið og kynna í ríkisstjórn. Loks hefur verið tekin ákvörðun um að bjóða kaup ríkisins á farseðlum út hjá ferðaskrifstofum með það fyrir augum að lækka fargjaldakostnað. Dagpeningagreiðslur í utanferðum ráðherra, alþingismanna og embættismanna verða lækkaðar. Reglum um ráðherrabifreiðar verður breytt þannig að tryggt verði að ráðherrar greiði skatt af einkaafnotum slíkra bifreiða. Aðkeypt sérfræðiþjónusta verður skorin niður svo og sérstakt ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar, svo nokkurra atriða sé getið.

Eins og fram kemur í stjórnarsáttmála mun einkavæðing á starfsemi hins opinbera verða þýðingarmikill þáttur í stefnu núv. ríkisstjórnar. Sérstök ráðherranefnd, forsrh., iðn.- og viðskrh. og fjmrh. mun hafa yfirumsjón með henni. Ráðherranefndin mun skýra frá tillögum um heildaráætlun einkavæðingar í upphafi næsta árs. Undirbúin verður sala á hlut ríkisins í Ferðaskrifstofu Íslands, Bifreiðaskoðun Íslands, Endurvinnslunni hf., Gutenberg hf. og Sementsverksmiðjunni. Búnaðarbanka Íslands verður breytt í hlutafélag í upphafi næsta árs og hafin sala á hlut ríkisins í honum. Framkvæmdanefnd einkavæðingar verður skipuð fulltrúum forsrn., iðn.- og viðskrn., fjmrn. og viðkomandi fagráðuneytis auk þess sem 2–3 starfsmenn fjmrn. munu annast ýmsa undirbúningsvinnu við framkvæmd einkavæðingar.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í upphafi er tilgangur þessa frv. að tryggja framgang helstu markmiða fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Lýtur það fyrst og fremst að því að heildarútgjöld ríkissjóðs dragist saman eins og hér hefur verið lýst og að halli ríkissjóðs minnki úr 10 milljörðum kr. í ár niður fyrir 4 milljarða kr. á næsta ári. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs ætti þannig að geta minnkað úr um 13½ milljarði kr. í ár niður fyrir 4 milljarða kr. á næsta ári. Þetta er langmikilvægasta aðgerðin á sviði efnahagsmála. Það getur ekkert komið í staðinn fyrir þá ákvörðun að halda útgjöldum innan þeirra marka sem ríkisstjórnin hefur einsett sér. Þetta er mikilvægasta forsenda þess að raunvextir geti lækkað. Menn geta talað um það að lækka þurfi vextina eins og fyrrv. forsrh. gerir í sífellu en hér er með raunhæfum hætti verið að stuðla að því að svigrúm skapist fyrir almennri vaxtalækkun. Hinn mikli halli ríkissjóðs stendur nú öðrum þáttum þjóðarbúsins fyrir þrifum. Miklar lántökur ríkissjóðs á innlendum markaði spenna upp vextina og það kemur niður á atvinnuvegunum og heimilunum. Það fjármagn sem ríkið tekur þannig til sín er ekki til ráðstöfunar í atvinnulífinu og takmarkar því umfang þess.

Nafnvextir víxla og óverðtryggðra skuldabréfa hafa lækkað nokkuð sl. þrjá mánuði eða að meðaltali úr 21,6% í 17,5%. Verðbólga hefur þó lækkað enn meira. Ríkisstjórnin mun fylgja því fast eftir að þessir vextir lækki mjög ört á næstunni, enda er ljóst að slíkt er forsenda þess að kjarasamningar geti tekist. Raunvextir hér á landi eru um þessar mundir hærri en algengt er í nágrannaríkjum. Þar sem nú virðist ljóst að fjmrh. og ríkisstjórnin munu ná markmiðum sínum um lækkun ríkisútgjalda og að draga verulega úr lánsfjárþörf hins

opinbera mun skapa skilyrði þess að í upphafi næsta fjárlagaárs verði unnt að lækka raunvexti á þeim papp-írum sem ríkissjóður hefur upp á að bjóða hverju sinni. Sú aðgerð nær þó aðeins fram ef jafnvægi ríkir og ljóst sé að samstaða skapist um það í íslensku þjóðfélagi að tryggja að verðlag sé stöðugt og verðbólga lægri en í nálægum löndum. Auk jafnvægis í ríkisfjármálum er frekari opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins mikilvæg forsenda fyrir lækkun raunvaxta í framtíðinni. Því er afar mikilvægt að áform þar að lútandi í frumvörpum um viðskiptabanka, Seðlabanka og um gjaldeyrisviðskipti hljóti stuðning þingsins.

Með ráðstöfunum sínum í ríkisfjármálum, sem birtast í framlögðu frv., er leitast við að draga úr hinum geigvænlega halla sem stefndi í hjá ríkissjóði. Þessu verður ekki náð án þess að tekið sé á stærstu útgjaldapóstum ríkisins. Heilbr.- og tryggingamál vega þar þyngst en þau krefjast um 40% ríkisútgjalda.

Helstu aðgerðir sem hrundið hefur verið af stað eða áformaðar eru til aðhalds í þessum málaflokki eru:

Lækkun lyfjakostnaðar. Á sl. sumri var breytt ákvæðum um hlutdeild almennings í lyfjakostnaði o.fl. Að flestra dómi var lyfjakostnaður landsmanna óhóflegur. Árangur aðgerðanna hefur verið verulegur. Stórlega hefur dregið úr útgjöldum þjóðarinnar á þessu sviði. Með hinum breyttu reglum hefur tekist að glæða kostnaðarvitund almennings og heilbrigðisstarfsmanna þannig að dregið hefur úr lyfjakaupum og í auknum mæli er neytt ódýrra lyfja í stað dýrra þar sem þau ódýru koma að sama gagni. Árangurinn verður endurmetinn nú þegar hálfs árs reynsla er fengin og frekari ráðstafanir undirbúnar til að ná fram þeim sparnaði í lyfjaútgjöldum sem að er stefnt í fjárlagafrv. Ráðstafanirnar munu einkum beinast að því að lækka kostnað við innkaup og að frjálsari reglum við dreifingu lyfja. Breytt verður reglum um greiðsluþátttöku almennings þannig að í stað fastagjalds fyrir lyf komi hlutdeildarkostnaður sjúklings upp að vissu marki.

Hafnar eru viðræður um samruna tveggja sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna allra. Línur eru að skýrast í þeim málum og þess er vænst að fram komi raunhæfar tillögur nú alveg á næstunni. Að dómi flestra innlendra sem erlendra sérfræðinga er óhagkvæmt að reka fjögur sjúkrahús með bráðavakt á höfuðborgarsvæðinu. Unnt á að vera með bættu skipulagi að ná fram umtalsverðum sparnaði með bættri nýtingu mannafla. Samtímis ætti að vera kleift að bæta um á þeim sviðum þar sem skórinn kreppir en það er ekki hvað síst hvað varðar hjúkrunarvist fyrir aldraða. Að þessu verður einnig unnið með skipulagsbreytingum á landsbyggðarsjúkrahúsum og verður byrjað á því verki á tilteknum sjúkrahúsum nú við afgreiðslu fjárlaga.

Kostnaður ríkissjóðs vegna tannlækninga barna og aldraðra hefur farið mjög vaxandi. Er það reyndar sá liður opinberra heilbrigðisútgjalda sem einna mest hefur vaxið seinasta aldarfjórðunginn. Frumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum tekur á ýmsum þáttum þessara mála. Reglur eru samræmdar og tekin upp almenn kostnaðarhlutdeild sem nemur 10%. Þá verður dregið úr greiðslum ríkissjóðs vegna tannréttinga.

Á sama hátt og aukin hlutdeild fólks í lyfjakostnaði hefur skapað kostnaðarvitund og þar með dregið úr útgjöldum er stefnt að því að ná fram nokkrum sparnaði fyrir ríkissjóð með því að auka hlutdeild almennings í lækniskostnaði bæði í heilsugæslu og við sérfræðilækningar. Þannig verður um hnúta búið að greiðslugetu verði ekki ofboðið. Sett verður greiðsluhámark á útgjöld hvers og eins og sérstaklega hugað að lífeyrisþegum og barnafjölskyldum í því sambandi. Öryggisnet þetta verður aukið og bætt frá því sem nú er. Reglugerð um slíkar greiðslur verður kynnt um leið og mælt verður fyrir frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Verður vikið nánar að reglugerðinni á eftir.

Með ákvæðum í frv. eru opnaðar ýmsar leiðir til sparnaðar í rekstri sjúkrahúsa svo sem heimild til útboða af ýmsu tagi. Þá er stefnt að því að draga úr útgjöldum vegna hjálpartækja svo sem með því að setja staðla um eðlileg útgjöld vegna slíkra tækja. Einnig verður efnt til útboðs á öðrum þáttum heilbrigðisþjónustu svo sem í utanspítalarannsóknum og skólatannlækningum.

Lög um lífeyristryggingar almannatrygginga verða endurskoðuð og er þess vænst að frv. til laga þar að lútandi verði lagt fram næstu daga. Þar verður bótakerfið einfaldað og dregið úr tekjuskerðingu bóta í þeim tilvikum þar sem hún er óhófleg. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt í þeim þrengingum sem nú steðja að ríkissjóði að draga úr greiðslum lífeyrisbóta almannatrygginga til þeirra er búa við góð kjör.

Lagaákvæði um Atvinnuleysistryggingasjóðinn verða tekin til endurskoðunar með það að markmiði að skerpa reglur um rétt til bóta. Verður þetta m.a. gert með breyttri umsjón með úthlutun. Stefnt er að nokkrum sparnaði í þessum málaflokki.

Allar þessar aðgerðir miða að því að treysta stoðir velferðarkerfisins. Meginmarkmiðið með þeim er að vekja almenning til sameiginlegrar ábyrgðar á varðveislu þeirrar góðu heilbrigðisþjónustu og almannatryggingakerfis sem við njótum. Almenningur verður að veita kostnaðaraðhald, en það er örðugt að kalla það fram án þess að láta hluta kostnaðar við þjónustuna birtast neytendum hennar. Aðgerðir í þessa veru eru ýmist komnar til framkvæmda eða eru í bígerð í öllum helstu velferðarríkjum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Hvergi verður slakað á því markmiði að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu sem frekast er unnt að veita og að enginn þurfi að fara á mis við hana fyrir fátæktar sakir.

Eins og að framan segir er ein af stærstu ráðstöfununum til að hemja útgjöld ríkisins til heilbrigðismála fólgin í því að auka nokkuð kostnaðarhlutdeild almennings í lækniskostnaði bæði í almennri heilsugæslu og í sérfræðilækningum. Jafnframt er endurskoðað og bætt það öryggisnet sem felst í því að hafa hámark á slíkum útgjöldum. Það hámark er ekki hækkað frá því sem nú er og er í raun lækkað hjá barnafjölskyldum. Jafnframt er útgjaldahámarkið látið taka til fleiri þátta.

Reglugerð um þessi atriði verður kynnt í dag en helstu atriðin í henni varðandi heilsugæslu eru:

Tekið verður aftur upp gjald fyrir komu á heilsugæslustöðvar og til heimilislækna, en það hafði verið fellt niður í tilraunaskyni snemma árs 1990. Gjaldið mun nema 600 kr. fyrir hverja heimsókn. Miðað við verðlagshækkanir frá því að gjaldið var síðast ákvarðað er hér um tvöföldun gjaldsins að ræða að raungildi. Aftur á móti mun lífeyrisþegum einungis gert að greiða þriðjung gjalds, eða 200 kr., og er þar beinlínis um raunlækkun þess að ræða frá því gjaldi sem áður tíðkaðist en lífeyrisþegar nutu þá engrar sérstöðu. Hvorki verður tekið gjald fyrir ungbarna- né mæðravernd né heldur fyrir heilsugæslu í skólum. Gjald fyrir vitjanir læknis verða hækkaðar til samræmis en hagur lífeyrisþega bættur í þessu tilliti þar sem tekið verður upp það nýmæli að þeir greiði einungis um þriðjung gjaldsins.

Gjald fyrir komu til sérfræðings verður 1.500 kr. en það nemur nú 900 kr. Lífeyrisþegar greiða þó aðeins 500 kr. Jafnframt verður gjald fyrir rannsóknir hækkað í 600 kr., en lífeyrisþegar greiða aftur þriðjung, eða 200 kr.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum skal enginn greiða meira fyrir sérfræðilækningar en 12 þús. kr. á hverju almanaksári og 3 þús. kr. sé um lífeyrisþega að ræða. Þessu útgjaldahámarki verður haldið óbreyttu en það jafnframt látið ná til fleiri þátta en verið hefur eða til allra þeirra gjaldaþátta sem nefndir hafa verið bæði í heilsugæslu og hjá sérfræðilæknum. Það er nýmæli að útgjaldahámarkið tekur nú einnig til kostnaðar við rannsóknir og að hluta til heimavitjana. Veigamesta breytingin á útgjaldahámarkinu er fólgin í því að börn sömu fjölskyldu lúta sameiginlegu útgjaldahámarki en samkvæmt fyrri reglum gat fjölskylda orðið fyrir allt að 12 þús. kr. útgjöldum á ári vegna lækniskostnaðar vegna hvers barns í fjölskyldunni. Þar með er verulega aukið tekjutryggingaröryggi barnmargra fjölskyldna.

Svokallaðar glasafrjóvganir eru að hefjast hér á landi en hingað til hefur fólk sem þurft hefur á þessari aðstoð að halda orðið að leita meðferðar erlendis og hefur greitt allan kostnað sjálft annan en við meðferðina sjálfa sem greidd hefur verið af Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt sérstökum samningi. Ferða- og dvalarkostnaður vegna meðferðarinnar ásamt vinnutapi hefur verið vart undir 500 þús. kr. Aðgerðir þessar eru dýrar en sjúkratryggingar almannatrygginga munu taka verulegan þátt í kostnaðinum auk þess sem dvalar- og ferðakostnaður til útlanda mun hverfa og vinnutap verða minna. Gjald fyrir fyrstu meðferð verður 105 þús. kr. en fyrir tvær næstu 60 þús. kr. Það sem vart er talið að frekari tilraun til frjóvgunar geti skilað árangri munu sjúkratryggingar ekki taka þátt í frekari meðferð en að sjálfsögðu verður hverjum í sjálfsvald sett að leita hennar á eigin kostnað.

Það var haft að leiðarljósi við undirbúning þessarar reglugerðar að láta þá sem sjaldan þurfa að leita læknis taka aukinn þátt í kostnaði við þjónustuna. Jafnframt er treyst það öryggisnet sem felst í einstaklingsbundnu útgjaldahámarki þannig að þeir sem hafa brostna heilsu verði ekki fyrir verulegum skakkaföllum. Þá er leitast við að fyrirbyggja að barnafjölskyldur verði fyrir miklum útgjöldum með þeirri stórauknu tryggingu sem felst í sameiginlegu útgjaldahámarki allra barna innan sömu fjölskyldu. Enn fremur er sérstaklega hugað að hag lífeyrisþega og gjöld sumpart lækkuð hvað þá varðar.

Vissulega geta komið upp sértilvik þar sem óréttmætt er að fólk greiði fyrir sérhverja komu til heilsugæslustöðva, t.d. þegar sama meinsemdin kallar á tíðar endurkomur. Gefnar verða út sérstakar leiðbeiningar í samvinnu við starfsfólk heilsugæslustöðvanna um framkvæmd reglugerðarinnar hvað þetta varðar.

Þessi aukna kostnaðarhlutdeild í lækniskostnaði hefur þann tvíþætta tilgang að hvetja til nokkurs aðhalds varðandi þessa þjónustu og spara með þjóðinni hugsanleg óþörf útgjöld en jafnframt að draga nokkuð úr útgjöldum ríkissjóðs í þeirri erfiðu stöðu sem hann býr nú við. Hér er þó engan veginn verið að velta nema broti af heilbrigðisútgjöldunum yfir á neytendur þjónustunnar. Áætlað er að umrædd gjaldtaka lækki útgjöld ríkissjóðs um ríflega 500 millj. kr. Þá upphæð verður að skoða í ljósi þess að heildarútgjöld ríkisins til heilbrigðismála nema nú vel á þriðja tug milljarða kr. á ári. Bein kostnaðarhlutdeild vex því aðeins um 2%. Hér eftir sem hingað til verður langstærsti hluti heilbrigðismála kostaður af landsmönnum sameiginlega með fjárveitingum úr ríkissjóði.

Virðulegi forseti. Ég mun nú fara nokkrum orðum um helstu efnisatriði þess frv. sem hér er til umræðu.

Í 1., 2. og 3. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingum á nokkrum ákvæðum laga nr. 49/1991, um grunnskóla. Má þar nefna frestun á tilteknum útgjaldaþáttum, t.d. að því er snertir lengingu kennslutímans, fækkun nemenda í bekkjum, ráðningu námsráðgjafa og einsetningu í skóla, svo nokkuð sé nefnt.

Í 4. gr. er kveðið á um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56/1987, sem felur í sér nánari skýringu á 10. gr. þeirra laga varðandi rétt bænda til framlaga vegna framræslu og túnræktar. Er markmið þessarar breytingar að taka af allan vafa um það að framlög, sem ákveðin eru á fjárlögum hverju sinni, takmarki greiðsluskyldu ríkissjóðs til þessa viðfangsefnis.

Í 5. gr. er ákvæði um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þar er lagt til að veiðieftirlitsgjald, sem veiðileyfishafar greiða, standi undir öllum kostnaði af rekstri Veiðieftirlits sjútvrn. í stað helmings þess kostnaðar eins og nú er. Þetta er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að atvinnuvegirnir beri í ríkari mæli en nú er kostnað af þjónustu sem fram fer í þeirra þágu. Ásamt frv. til fjárlaga ársins 1992 er gert ráð fyrir að innheimta 80,7 millj. kr. í veiðieftirlitsgjald í stað 40,4 millj. kr. að óbreyttum lögum.

Í 6., 7. og 8. gr. frv. er kveðið á um breytingu á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. Þær breytingar fela í sér að verulega verði dregið úr auglýsingakostnaði vegna alþingiskosninga.

Í 9. og 10. gr. frv. eru ákvæði um sérstakan

ábyrgðasjóð vegna gjaldþrota en verkefni hans verður að standa undir ábyrgð á vinnulaunakröfu sem launþegi á hjá vinnuveitanda við gjaldþrot. Sjóður þessi verður fjármagnaður af gjaldi sem allir atvinnurekendur, einnig ríki og sveitarfélög, greiði á sama hátt og tryggingagjald. Umfang sjóðsins og ábyrgð er hann veitir verða skilgreind í frv. til laga um réttindi launþega við gjaldþrot er lagt verður fyrir Alþingi á næstunni. Fyrirkomulagið er eins og algengast er í nágrannalöndum okkar, þ.e. að slík launatrygging sé greidd með skylduframlögum atvinnurekenda.

Samkvæmt áætlunum sem lagðar eru til grundvallar í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er gjaldstofninn sem lagt er til að miðað verði við 187 milljarðar kr. og skiptist þannig: Ríki 36,5 milljarðar kr., sveitarfélög 11,5 milljarðar kr., aðrir atvinnurekendur 139 milljarðar kr.

Ef gjaldstofninn væri fullnýttur árið 1992 mundi gjaldið verða þannig: Ríki 73 millj. kr., sveitarfélög 23 millj. kr., aðrir atvinnurekendur 278 millj. kr., samtals 378 millj. kr.

Þótt hér sé lagt til að komið verði á fót sérstökum sjóði til að standa straum af þessum kostnaði er engu að síður gert ráð fyrir því að ákvæði um réttindi launþega við gjaldþrot verði þrengd. Það verði einkum gert með eftirgreindum breytingum: Felld verði niður ábyrgð á kröfum lífeyrissjóða, ábyrgðin miðist við almenna vexti í stað dráttarvaxta, þak verði sett á greiðslur til lögmanna og heildargreiðslur til hvers launþega og tíminn sem ábyrgðin nær til styttur. Samhliða þessu er gert ráð fyrir að í samvinnu við dómsmrn. og viðskrn. verði unnið að öðrum lagabreytingum til að draga úr hættu á að stjórnendur og eigendur fyrirtækja komist undan ábyrgð við gjaldþrot.

Hér er valinn annar þeirra tveggja kosta sem getið er í fjárlagafrv. til að stemma stigu við síauknum útgjöldum ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot. Hinn kosturinn var óbreytt fyrirkomulag í fjármögnun, þ.e. að ríkissjóður stæði einn undir útgjöldum vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot en ábyrgðin yrði þrengd verulega frá því sem nú er og áætluð útgjöld ríkissjóðs 100 millj. kr. á fjárlögum næsta árs.

Við meðferð málsins í nefnd verður lögð fram tillaga að nýrri málsgrein, sem bætist við 10. gr. frv., svohljóðandi:

*Ráðherra setur reglugerð um það hvaða vinnu*launakröfur, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, njóti ábyrgðar.

Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum stjórnar ábyrgðasjóðs. Með henni skal tryggt að launþegar njóti a.m.k. bóta vegna:

a) vinnulaunakröfu fyrir síðustu þrjá starfsmánuði,

b) orlofslauna sem áttu að koma til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum,

c) riftunar eða uppsagnar vinnusamnings enda liggi fyrir vottorð viðkomandi vinnumiðlunar.

Skorti ábyrgðasjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerð skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal útvega það fé er sjóðinn vantar og skal það gert með láni, allt eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Lánið skal endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári.

Jafnframt þessum brtt. mun nefndin taka til athugunar þær ábendingar og þá gagnrýni sem fram hefur komið að undanförnu frá forustumönnum launþega.

Í 11. gr. frv. er ákvæði um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra laga hefur orðið talsvert mikil uppbygging stofnana og heimila fatlaðra og er nú komið að því að fjármagn vantar til viðhalds vegna þess að sá þáttur hefur verið vanræktur á undanförnum árum. Í frv. er því lagt til að heimilt verði að verja allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til meiri háttar viðhalds á byggingum stofnana og heimila fatlaðra. Jafnframt er í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 fallið frá hugmyndum um skerðingu á ráðstöfunarfé sjóðsins. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er fjárveiting til sjóðsins 320 millj. kr.

Í 12., 13. og 14. gr. frv. er kveðið á um breytingar á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum. Þessar breytingar fela í sér að sveitarfélög leggi fram sérstakt óafturkræft framlag sem nemi 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Bygging félagslegra íbúða er hagsmunamál sveitarfélaganna og því þykir eðlilegt að þau leggi fram fjárhæð sem samsvarar gatnagerðargjaldi af íbúð í fjölbýlishúsi.

Þá er einnig lagt til að lán til félagslegra íbúða nemi aldrei hærri fjárhæð en 90% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að frádregnum 3,5% sérstöku framlagi sveitarfélaga til hverrar félagslegrar íbúðar, sbr. 2. mgr. 58. gr. Þetta mun í raun leiða til lækkunar á kostnaðarverði íbúðanna og þar með minni greiðslubyrði íbúðarkaupenda.

Loks er lagt til varðandi húsnæðismálin að almennum lánveitingum til einstaklinga úr Byggingarsjóði ríkisins verði hætt um næstu áramót, en nái ekki til 1. mars 1994 eins og lög 47/1991 gera ráð fyrir. Það verði gert með því að þeir einir fái lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem þegar hafa fengið lánsloforð. Þeir sem aðeins hafa fengið svar almenns eðlis fá ekki almenn lán úr sjóðnum. Útreikningar hafa sýnt að það mundi kosta Byggingarsjóð ríkisins um 12 milljarða kr. að veita þeim 5000 umsækjendum lán sem fengið hafa svör almenns eðlis sem lánsrétt. Lánin þyrfti sjóðurinn að óbreyttu að borga út á næstu þremur árum. Vegna fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og þeirra aðstæðna sem þjóðarbúskapurinn býr nú við er ljóst að halda verður almennum útlánum sjóðsins í algeru lágmarki. Með hliðsjón af öllu framansögðu er það mat ríkisstjórnarinnar að framhald á útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins verði að takmarkast við þá sem fengið hafa lánsloforð.

Í þessu sambandi skal bent á að fólk sem hefur fengið svör um lánsrétt hefur ekki eignast kröfu á

hendur Byggingarsjóði ríkisins. Í tilkynningu um lánsrétt er tekið fram að lánsréttur geti breyst eða fallið niður, verði gerð breyting á gildandi lögum. Allir, sem sótt hafa um lán en ekki fengið lánsloforð frá Húsnæðisstofnun, hafa átt kost á að nýta sér fyrirgreiðslu húsbréfadeildar stofnunarinnar. Vextir af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins hafa nú hækkað í 4,9%. Vextir í húsbréfakerfinu eru nú 6% en með vaxtabótum er vaxtakostnaður meðaltekju- og lágtekjufólks greiddur niður.

Með lagabreytingu þessari, ef af verður, hafa húsbréf í reynd tekið við af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Húsbréfakerfið hefur þegar sýnt að það leysir þau fyllilega af hólmi. Allir þeir, sem hafa greiðslugetu til að koma sér upp húsnæði á hinum almenna markaði, eiga aðgang að húsbréfum. Seðlabankinn hefur í umsögn sinni um útgáfu á 1. flokki húsbréfa á árinu 1991 bent sérstaklega á vandkvæði þess að hafa tvö lánakerfi í gangi á sama tíma. Endanleg lok almennra lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins dregur úr lánsfjárþörf sjóðsins hjá lífeyrissjóðunum og mun um leið efla starfskilyrði húsbréfakerfisins. Staða ríkisfjármála er með þeim hætti að nauðsynlegt er að hverfa strax frá þeirri beinu niðurgreiðslu vaxta af húsnæðislánum sem á sér stað með almennum útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Rétt er að Húsnæðisstofnun tilkynni þeim sem fengið hafa svör almenns eðlis um lánsrétt að vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og lagabreytinga í kjölfar þeirra komi réttur til húsbréfa í stað almennra lána frá Byggingarsjóði ríkisins.

Í 15., 16., 17., 18., 19. og 20. gr. eru ákvæði sem fela í sér breytingar á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Í sem stystu máli fela þær breytingar í sér að hætt verði að greiða fyrir tannréttingar nema í sérstökum undantekningartilvikum. Vegna þessa er 44. gr. almannatryggingalaga breytt og tannréttingar felldar út sem greiðsluskylda, sbr. 7. gr. frv. Jafnframt eru gerðar breytingar á 39. gr. laganna, sbr. 15. gr. frv. til að tryggja að hin sérstöku undantekningartilvik tannréttinganna, sem áfram verða greidd, falli þar undir.

Í frv. eru gerðar nokkrar minni háttar breytingar á 43. gr. laganna um almannatryggingar, sbr. 16. gr. frv. Annars vegar er um að ræða breytingar sem leiða af breyttri framkvæmd. Hins vegar er um að ræða breytingar sem opna möguleika á hlutfallsgreiðslum bæði fyrir lyf og læknishjálp. Þá er og gert ráð fyrir því að ákveða megi sérstaklega greiðsluhlutdeild vegna sérhæfðrar göngudeildarþjónustu óháð reglum um greiðsluhlutdeild í sérfræðilæknishjálp. Þetta þykir nauðsynlegt í ljósi sívaxandi aðgerða og rannsókna sem gerðar eru utan sjúkrahúsa.

Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 44. gr. laga um almannatryggingar sem fjallar um greiðslu sjúkratrygginga fyrir tannlækningar. Þar er gert ráð fyrir að fyrir börn og unglinga 15 ára og yngri greiði sjúkratryggingar 90% kostnaðar við tannlækningar. Er það breyting frá gildandi reglum sem gera ráð fyrir 75% greiðsluhlutdeild sjúkratrygginga í tannlækningum hjá börnum 5 ára og yngri og fullri greiðslu sjúkratrygginga í tannlækningum barna og unglinga 6–15 ára. Eðlilegt þykir að samræma greiðsluhlutdeild sjúkratrygginga vegna tannlækninga þannig að hún verði 90% til 15 ára aldurs. Þarna er því greiðsluhlutdeild sjúkratrygginga í tannlækningum barna undir 5 ára aldri aukin úr 75% í 90%. Er þess vænst að þessi aukning skili sér í bættri tannheilsu eldri barna og unglinga. Greiðsluhlutdeild sjúkratrygginga vegna tannlækninga 16 ára unglinga verður óbreytt, 50%.

Þá felur frv. í sér að á þeim svæðum þar sem skólatannlækningar eru skipulagðar og starfræktar, sem er einkum í Reykavík, taki sjúkratryggingar ekki þátt í almennum tannlækningum barna á aldrinum 6–15 ára utan skólatannlækninganna sem reknar eru. Í ljósi ráðagerða um að bjóða tannlæknaþjónustu út þykir eðlilegt að láta sömu reglur gilda um tannlækningar þar sem samningar nást um tannlæknaþjónustu í kjölfar útboðs og eiga að gilda þar sem skólatannlækningar eru skipulagðar. Í þessu felst að sjúkratryggingar munu ekki greiða tannlæknakostnað barna og unglinga 15 ára og yngri hjá öðrum tannlæknum en þeim sem aðilar eru að samningum í kjölfar útboðs.

Gert er ráð fyrir tvíþættum breytingum á 46. gr. laganna um almannatryggingar og um þær breytingar er fjallað um í 18. gr. frv. Annars vegar eru leiðréttingar á ákvæðinu sem leiða af breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og sem láðist að láta fylgja með á sínum tíma. Hins vegar er sú breyting gerð að fella niður daggjaldanefnd og færa daggjaldaákvörðun í hendur ráðherra. Í þessu sambandi er rétt að benda á að eingöngu lítill hluti sjúkrahússrekstursins fellur um daggjaldakerfið eða sem svarar um 10% af heildarkostnaði við sjúkrahús. Í framkvæmd hefur raunin orðið síðasta áratuginn að daggjaldaákvörðun daggjaldanefndar hefur ætíð verið háð samþykki ráðherra fjármála og heilbrigðis- og tryggingamála.

Gert er ráð fyrir að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar fái almenna heimild til að leita útboða um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt almannatryggingalögum og felst hún í 19. gr. frv. Geri sjúkratryggingadeild samninga um tiltekna þjónustu í framhaldi af útboði verður henni óheimilt að greiða öðrum aðilum vegna slíkrar þjónustu. Sem dæmi um þjónustu sem til greina kemur að bjóða út má nefna utanspítalarannsóknir og tannlækningar.

Vegna fyrirætlana um að leita útboða í ríkara mæli en gert hefur verið þykir eðlilegt að í lögin um heilbrigðisþjónustu komi almennt ákvæði sem heimilar að útboða sé leitað. Í 20. gr. frv. er þessa heimild að finna. Sem dæmi um þjónustu sem hér fellur undir og til greina kæmi að bjóða út má nefna ýmsar rekstrarvörur og lyf.

Í 22. gr. frv. er kveðið á um breytingu á lögum um eiturefni og önnur hættuleg efni. Þær fela það í sér að eiturefnanefnd verði lögð niður og að Hollustuvernd ríkisins yfirtaki verkefni hennar.

Í 23. gr. frv. er kveðið á um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna. Breytingin miðar að því að treysta í sessi heimild til gjaldtöku

fyrir þá þjónustu sem Fasteignamat ríkisins veitir. Gert er ráð fyrir að á næsta ári muni fjármögnun stofnunarinnar með þjónustugjöldum aukast umtalsvert, eða úr um 55% af rekstrarkostnaði í tæplega 80%.

Í 24. gr. frv. er kveðið á um breytingu á lögum nr. 76 frá 1987, um Iðnlánasjóð. Þar er í raun ekki um að ræða neina breytingu frá núverandi skipan. Ríkisframlag til sjóðsins hefur verið fellt niður með ákvæðum lánsfjárlaga síðustu árin. Iðnlánasjóður er orðin fjárhagslega mjög sterk stofnun og því fullfær um að standa á eigin fótum. Sjóðurinn nýtur auk þess enn iðnlánasjóðsgjalds sem innheimt er af iðnrekstri í landinu en á móti veitir hann sérstakan stuðning við vöruþróun og markaðsleit iðnfyrirtækja.

Í 25. gr. frv. eru ákvæði um breytingu á lögum um eyðingu refa og minka sem felur í sér að í upphafi árs verði ljóst hvaða fjármunir séu til ráðstöfunar í endurgreiðslu á hlut ríkissjóðs í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu. Endurgreiðsla á að berast sveitarfélögunum sama ár og veiðarnar fara fram. Þá er einnig ráðgert að veiðistjóri úrskurði reikninga í stað sýslumanna og að kostnaðarhlutur ríkissjóðs lækki úr ¾ hlutum í helming af kostnaði vegna veiðanna. Við meðferð málsins í nefnd verður gerð tillaga um breytingar á þessari grein frv. Breytingarnar fela m.a. í sér:

1. að dregið verður úr heildarkostnaði vegna refa- og minkaveiða,

2. að hlutur ríkissjóðs í kostnaði vegna veiðanna verði greiddur sama ár og veiðarnar fara fram,

3. að í upphafi árs verði ljóst hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar í endurgreiðslu á hlut ríkissjóðs í kostnaði vegna veiðanna og komið verði í veg fyrir skuldasöfnun,

4. að hlutur ríkissjóðs í kostnaði vegna veiðanna lækkar úr ¾ hlutum í helming af heildarkostnaði,

5. að umhvrh. verður heimilt í samráði við veiðistjóraembættið að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði vegna veiða á svæðum þar sem framkvæmd er dýrust og minnst hætta er á tjóni af völdum dýranna.

Með hliðsjón af þessum breytingum verður framlag ríkisins á fjárlögum ársins 1992 vegna veiða á ref og mink 22 millj. kr. í stað 9,7 millj. kr.

Í 26.–45. gr. er lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum og er þetta í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrv. Slíkur kafli hefur venjulega verið í frv. til lánsfjárlaga en samræmisins vegna þótti eðlilegra að hafa hann í þessu frv. eins og hæstv. fjmrh. greindi frá í framsöguræðu sinni með frv. til lánsfjárlaga fyrr í haust.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu þáttum frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til efh.- og viðskn. til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Eftir þessari ræðu hæstv. forsrh. var beðið með nokkurri eftirvæntingu. Við lásum í Morgunblaðinu að ríkisstjórnin sat á fundi fram á nótt og þar var sagt að hún ræddi efnahagsaðgerðir. Þjóðin öll hefur reyndar beðið, launþegar hafa beðið. Ríkisstjórnin hefur ekki virt viðlits jafnvel þá launþega sem á hennar vegum eru, hún hefur ekki rætt við þá. Þjóðarsáttin er í hættu og fulltrúar atvinnurekenda hafa lýst því yfir að fram undan sé stöðvun í helstu atvinnugreinum okkar ef ekki komi bráðlega til róttækra aðgerða.

En það fæddist aðeins mús. Enn þá lýsir hæstv. forsrh. því yfir að fram undan séu aðgerðir í atvinnumálum. Hann hefur þó setið í sjö mánuði. Í raun sé ég ekki mikla ástæðu til að fara mörgum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir en ætla þó að drepa á örfáar greinar þess.

Þetta frv. er um sumt nokkuð óvenjulegt. Það samanstendur af tveimur köflum. Seinni kaflinn er hinn hefðbundni bandormur sem reyndar allar ríkisstjórnir, sem ég man eftir, hafa sagt að þyrfti að breyta, breyta lögum varanlega frekar en að flytja bandorma á hverju ári en við það ætla ég ekki að gera athugasemd.

I. kafli frv. fjallar hins vegar um breytingar á ýmsum öðrum lögum og sumar þessar breytingar eru varanlegar. Ég tel afar einkennilegt að vísa slíku máli, með varanlegum breytingum á mörgum mikilvægum lagabálkum, til efh.- og viðskn. einnar. Ég hygg að ýmsar nefndir sem fjalla um slíka málaflokka, eins og t.d. menntamálin og heilbrigðismálin svo eitthvað sé nefnt, hljóti að fá þessar viðamiklu breytingar til meðferðar. Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til virðulegs forseta að það verði athugað.

Ég ætla fyrir mitt leyti ekki að draga úr viðleitni hæstv. ríkisstjórnar til þess að stuðla að sparnaði í fjármálum ríkisins og það er ýmislegt í þessum tillögum, í þessum I. kafla frv., sem við framsóknarmenn getum út af fyrir sig stutt. Við leggjum hins vegar á það ríka áherslu að þegar um sparnað er að ræða í ríkisútgjöldum verði að gæta þess mjög vandlega hvar sá sparnaður kemur niður og þess verður jafnframt að gæta afar vandlega að önnur og jafnvel stærri markmið séu ekki fyrir borð borin þegar til slíkra sparnaðarráðstafana er gripið. Því miður einkennast margar af þeim sparnaðartillögum sem hér liggja fyrir af því. Því miður virðist að álögur séu settar víða á þá sem síst mega þeirra við.

Ég vek einnig sérstaka athygli á ákvæðum um breytingu laga um ábyrgðir á launum vegna gjaldþrota. Þessar ábyrgðir eru reyndar niðurstaða af margendurteknum viðræðum ríkisvaldsins við launþega og hér er ákveðið að skerða þær ábyrgðir mjög verulega á sama tíma og ríkisstjórnin segir okkur að hún vinni að því að koma á nýrri þjóðarsátt. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að hér sé langtum stærra markmiði fórnað fyrir minna. Ég ætla út af fyrir sig, eins og ég sagði áðan, ekki að gera lítið úr því að reynt sé að draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna gjaldþrota. En það á ekki að gera á þann máta að leggja þær álögur á þá sem verða fyrir gjaldþrotinu, á launþega sem ekki mega við að bera slík útgjöld, og reyndar á atvinnurekendur einnig sem eiga nú við mjög mikla erf-

iðleika að stríða. Ég vil eindregið beina þeirri áskorun til hæstv. forsrh. að þetta ákvæði um ábyrgð á laun vegna gjaldþrota verði endurskoðað ef ekki dregið fullkomlega til baka. Það hefur komið mjög greinilega fram í ummælum forustumanna launþegahreyfingarinnar um þetta ákvæði að það brýtur mjög í bága við alla viðleitni, sem nú er unnið að, að koma á þjóðarsátt. Ég lýsi því sem ábyrgðarleysi að hefja þann slag eins og nú háttar málum.

Vitanlega á að koma í veg fyrir gjaldþrot eins og frekast er unnt og þannig á að draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna gjaldþrota. Í mörgum tilfellum getur vel komið til greina og verið hagkvæmara fyrir ríkissjóð að leggja nokkuð af mörkum til þess að koma í veg fyrir gjaldþrot, eins og ég kem að síðar, fremur en leggja þær byrðar á þá sem fyrir gjaldþrotunum verða.

Ég vek einnig athygli á því að hér eru enn á ferðinni nokkrar álögur á sjávarútveginn, sem eru að vísu ekki stórkostlegar, í breytingu á lögum um stjórn fiskveiða en engu að síður er hoggið þar í sama knérunninn og með þeim breytingum sem liggja fyrir Alþingi á Hagræðingarsjóði sjarútvegsins.

Sömuleiðis kennir sömu tilhneigingar í breytingu á lögum um almannatryggingar. Þar er að vísu — og ég vil fagna því — ekki gengið eins langt og boðað var áður um greiðslu sjúklinga fyrir komur á heilsugæslustöðvar. Engu að síður ber þar allt að sama brunni: Þar er fyrst og fremst verið að spara með því að leggja auknar álögur á þá sem sjúkir eru og mega í mörgum tilfellum síst við að bera þær álögur.

Nú er eðlilegt að einhver spyrji: Hvar á þá að bera niður? Hvar á að ná auknum tekjum? Því að vitanlega eru þetta ekkert annað en nýir skattar í ríkissjóð. Hvar á að bera niður til að ná þessum nýju sköttum í ríkissjóð?

Við framsóknarmenn höfum hvað eftir annað bent á skatt vegna fjármagnstekna, sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur sagt að hún sé með í athugun, og ég spyr: Hvar er sú athugun á vegi stödd? Það frv. var unnið í tíð fyrri ríkisstjórnar, en nauðsynlegt þótti að vinna það á ný. Mikil vinna liggur þar að baki og ég vil spyrja: Er þeirri vinnu ekki lokið? Hvar stendur sú vinna? Hvenær eigum við von á því að fá að sjá tillögur um greiðslu skatta af fjármagnstekjum? Við framsóknarmenn höfum lengi lýst yfir stuðningi við það að greiðslur af eignum, hvort sem þær eru fasteignir eða fjármagnseignir, verði samræmdar. Og ég hygg að flestir muni sjá að í raun er ekki skynsemi í öðru. Því munum við skoða mjög vandlega þegar fram kemur frv. um greiðslu skatta af fjármagnstekjum.

Ég vek einnig athygli á því í þessu sambandi að í nokkuð nýlegu yfirliti frá atvinnuvegunum, ég hygg að það hafi verið frá Verslunarráði, kemur fram að þau fyrirtæki sem eiga fjármagn hafa hagnast mjög verulega, en þau sem eitthvað skulda hafa tapað. Vitanlega liggur þetta í hlutarins eðli með þeim háu vöxtum sem hér hafa verið. Ekki er nema eðlilegt að þeir sem hafa hagnast af þessum háu vaxtagreiðslum beri töluverð gjöld til ríkissjóðs.

Einnig hefur komið fram í þeim yfirlitum sem hafa birst að launamunur hefur því miður vaxið mjög mikið hér á landi á undanförnum árum. Að öllum líkindum fylgir það þeim hagkvæmu skattareglum sem gilda um tekjuskattinn nú. Þessi launamunur er orðinn óeðlilegur. Ég vil lýsa því að ég hef verið heldur hikandi við að taka upp hátekjuskattsstig. Ég hef heldur verið fylgjandi því að gera skattaskalann brattari, þannig að nokkurn veginn náist sami árangur, en með þeim mikla mun sem nú er orðinn vil ég lýsa því yfir að ég er tilbúinn til að skoða hvora leiðina sem ríkisstjórnin kýs að fara. Ég held að alls ekki verði lengur unað við svo mikinn launamun í þjóðfélaginu.

Jafnframt er að sjálfsögðu unnt að ná sparnaði í rekstri ýmissa ríkisstofnana og ég hef þegar lýst stuðningi við alla viðleitni í þá átt. En sá sparnaður verður að koma þannig fram að ekki sé ætíð hoggið í sama knérunninn og álögur lagðar á þá sem minnst mega sín, eins og sjúka og námsmenn. Það verður að gæta þess að það komi þá a.m.k. sem jafnast yfir alla í þjóðfélaginu.

Í raun og veru er ekki mikið í þessu frv. sem vert er að ræða og aðrir munu koma inn á einstök ákvæði þessa I. kafla sérstaklega, sem varðar ýmsa mikilvæga löggjöf í landinu. Það er miklu fremur ástæða til að ræða um hitt sem ekki er að finna í þessu frv. og ekki var að finna í ræðu hæstv. forsrh. Eins og ég sagði í upphafi míns máls boðar hann enn — ég veit ekki í hvaða sinn — opinberar aðgerðir í atvinnumálum. En ekkert bar á þeim. Mér skilst að reglugerðir o.fl. muni einhvern tíma sjá dagsins ljós. En við höfum að vísu heyrt að slíkar aðgerðir hafi verið ræddar í ríkisstjórninni, m.a. hefur hæstv. sjútvrh. lagt fram tillögur í ríkisstjórninni um aðgerðir í sjávarútvegsmálum. Þeim er m.a. lýst í Morgunblaðinu 28. nóv. sl. Ég ætla að leyfa mér að fara yfir þessar aðgerðir eins og þær eru þar raktar og ég treysti því að þar sé rétt með farið.

Í fyrsta lagi leggur hæstv. sjútvrh. til að aðstöðugjald verði lagt niður í áföngum á næstu árum. Þetta er satt að segja afar mikilvægt mál. Síðasta ríkisstjórn hóf viðræður við sveitarfélögin um lækkun aðstöðugjalds. Því var hafnað og sérstaklega var það Reykjavíkurborg sem lagðist mjög eindregið gegn því að aðstöðugjald yrði lækkað. Hæstv. forsrh. sagði áðan að nauðsynlegt yrði að samræma okkar skattalög og þau lög sem gilda fyrir atvinnurekstur á hinu evrópska efnahagssvæði. Ég vil taka undir það. Það er nauðsynlegt hvort sem við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði eða ekki.

Aðstöðugjald, hygg ég að ég fari rétt með, þekkist hvergi nema í þessu landi. Ef þessi aðlögun á að vera orðin á árunum 1993, 1994 og 1995 er tvímælalaust nauðsynlegt að þrep verði tekið í lækkun aðstöðugjalds nú þegar. Mér er að vísu ljóst að sveitarfélögin mörg, og einkum þau minnstu, munu þurfa á öðrum tekjum að halda til að standa undir sínum útgjöldum. Og vafalaust er því nauðsynlegt að styrkja mjög verulega Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað líður athugun á lækkun aðstöðugjalds og hvað líður um leið athugun á því hvernig jafna má síðan útgjöld eða tekjuþörf hinna ýmsu sveitarfélaga í

landinu? Hafa þessar tillögur, m.a. þessi um aðstöðugjald, verið ræddar í hæstv. ríkisstjórn?

Einnig boðar hæstv. sjútvrh. frest á afborgunum lána atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar eða með öðrum orðum að lengja í þeirri snöru en hæstv. forsrh. hefur þannig lýst þessum aðgerðum fyrri ríkisstjórnar. Aðgerðir sem voru, og hæstv. forsrh. virðist ekki hafa skilið, fyrst og fremst og nánast eingöngu skuldbreytingar, ekki skuldaaukning, að breyta ýmsum skemmri lánum atvinnuveganna í lengri lán og gera þeim þannig kleift að standa betur undir greiðslum af þessum lánum. Það er rétt að minna á það einu sinni enn að þessum skuldbreytingum fylgdu kröfur um víðtækar hagræðingarráðstafanir sem mjög víða hafa verið framkvæmdar og eru enn þá í framkvæmd. Að vísu minnir mig að hæstv. fjmrh. hafi svarað þessum tillögum svo að þetta væri hálfgerð fljótfærni hjá hæstv. sjútvrh., eða a.m.k. ónauðsynlegt, því að ekki væru heimtar inn greiðslur nú af þessum skuldbreytingarlánum. En það er töluvert mikill munur á því að heimta ekki inn greiðslur eða ganga formlega til verks og lengja lánin. Eru t.d. vangoldnar afborganir nú á dráttarvöxtum? Ég spyr. Ég veit að lánastofnunum er mjög gjarnt að fresta greiðslum og heimta síðan dráttarvexti. Að sjálfsögðu er því afar nauðsynlegt að ganga nú til verks og framkvæma það sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt til. Ég vil lýsa yfir stuðningi okkar við þessar aðgerðir í því ástandi samdráttar í sjávarútvegi sem nú er.

Þá er minnst á innborganir í botnfiskdeild Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það mál liggur fyrir Alþingi og ég vil fagna því og tel rétt að það verði gert eins og nú er ástatt. Þó er verðugt að hafa í huga að á sama tíma og frestað er þessum greiðslum þá boðar a.m.k. hæstv. viðskrh. að brátt skuli tengja íslensku krónuna ECU og hefur réttilega sagt að til þess að það sé unnt verði nauðsynlegt að koma hér á fót mjög miklum og öflugum jöfnunarsjóðum. Áreiðanlega er ekki of djúpt í árinni tekið þegar því er lýst yfir, reyndar hef ég þegar lýst yfir andstöðu minni, og okkar framsóknarmanna, við tengingu við ECU sem við teljum alls ekki henta íslensku efnahagslífi. En þessi neyðarráðstöfun sem þarna er um að ræða gengur þvert á slíkar hugmyndir og væri verðugt að spyrja hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsi sér að láta þessi tvö sjónarmið ganga upp? Eða er hæstv. sjútvrh. hlynntur því að tengja íslensku krónuna ECU, Evrópugjaldmiðlinum, sem nú er mjög til umræðu og reyndar umdeildur þar um slóðir?

Þá boðar hæstv. sjútvrh. að gjaldskrár Landsvirkjunar og almenningsveitna verði endurskoðaðar með það að markmiði að lækka raforkuverð til sjávarútvegsfyrirtækja. Ég spyr: Hvað líður þessari breytingu? Þetta er athyglisverð hugmynd. Ég hef að vísu ekki séð hana útfærða. Mér er ekki ljóst um hvað er að ræða í þessu sambandi, um hversu mikinn sparnað er að ræða o.s.frv., en það er sjálfsagt að skoða einnig þá leið í þessari erfiðu stöðu sem nú er vegna samdráttar í afla. Loks er sagt að hætt verði við fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar Rarik. Mér er ljóst að Rafmagnsveitur ríkisins eru ekki aflögufærar. En hér er að sjálfsögðu boðað að réttara sé þá að aðstoða Rarik eftir öðrum leiðum ef þannig megi koma sjávarútveginum til aðstoðar. Þetta er að mörgu leyti skynsamleg stefna. Þetta er svona framsóknarráð eins og ég kem að síðar. Við teljum nefnilega að vel komi til greina að fara einmitt þá leið þegar um stórkostlega hagsmuni getur verið að ræða.

En hæstv. sjútvrh. segir svo einnig, eða Morgunblaðið hefur að því er mér skilst eftir hæstv. sjútvrh. — eða a.m.k. með tilvísun til þess sem hann hefur lagt fram, með leyfi forseta: „Auk þessara aðgerða er lagt til að stjórnvöld beiti sér nú þegar fyrir almennri lækkun raunvaxta.“ Þetta er vitanlega kjarni málsins. Sagt er að erfiðleikar sjávarútvegsins nemi nú um 3 milljörðum kr. á ársgrundvelli eða muni vera það á næsta ári og þær aðgerðir sem hæstv. sjútvrh. hefur boðað nái um það bil 2 milljörðum kr. Vel má svo vera. En áreiðanlega þurfa þær allar að vera meðtaldar og meðreiknaðar ef ná á 2 milljörðum kr.

Ég leyfi mér að fullyrða að þessar aðgerðir allar verða samt sem áður ekki nægar til þess að rétta hlut sjávarútvegsins og fleyta honum yfir þann öldudal sem fram undan er nema mjög mikil lækkun vaxta náist. Það er í raun og veru kjarni málsins. Við heyrum það enn á hæstv. forsrh. að — jú, það er í gangi einhvers konar viðleitni til lækkunar vaxta. Ekki ætla ég að gera lítið úr áhrifum ríkissjóðs í því sambandi og að sjálfsögðu ber að draga úr halla ríkissjóðs eins og hægt er. En ég vek athygli á því að það er almenn hagfræðikenning að vel komi til greina að reka ríkissjóð með halla þegar ástandið er eins og það er nú í þjóðfélaginu og það komi til greina einmitt til þess að tryggja önnur og jafnvel stærri markmið eins og atvinnuna í landinu. Því má ekki einblína svo á alla viðleitni til þess að draga úr halla ríkissjóðs að þeim stóru markmiðum um trygga atvinnu í landinu sé gleymt. Þarna verður vitanlega að skoða heildina.

Ég vek athygli á því hvað hefur í raun gerst eftir að ríkissjóður reið á vaðið og hækkaði vexti stórkostlega. Hvað hefur gerst? Jú, það sem hefur gerst er að vextirnir allir hafa hækkað, færst upp á annað hærra plan. Hefur ríkissjóður selt eitthvað meira af skuldabréfum sínum? Ég hygg að það sé sáralítið. Það eru fyrst og fremst víxlar sem hafa selst meira. En hann hefur náð því að auka útgjöld atvinnuveganna um marga milljarða.

Eins og ég gat hér í stuttu innskoti fyrir nokkrum dögum þá hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að við hvern einn af hundraði í hækkun raunvaxta aukist útgjöld íslenskra atvinnuvega um 1,5 milljarða. Og staðreyndin er sú að raunvextir hafa hækkað úr u.þ.b. 8 í 10% meðalraunvaxta verðtryggðra skuldabréfa og það þýðir um 3 milljarðar í auknum útgjöldum íslenskra atvinnuvega. Svo aukin víxlasala ríkissjóðs hefur sannarlega verið keypt afar dýru verði. Líklega því verði að útilokað er að ná kjarasamningum og þjóðarsátt nema þetta verði dregið til baka og það hið fyrsta. Á sama tíma hafa allar þjóðirnar í kringum okkur, þær þjóðir sem hæstv. ríkisstjórn leitar nú til og biður um forsjá sinna mála í Evrópu, kappkostað að lækka vexti. Menn

geta skoðað vaxtatöflurnar eins og þær eru birtar í alþjóðlegum ritum. Allir vextir hafa verið á niðurleið nema núna í Svíþjóð fyrir tveimur dögum þar sem vextir voru stórhækkaðir vegna fjárflótta úr landinu og hræðslu við gengisfellingu.

Ég vil því eindregið beina því til hæstv. ríkisstjórnar að hún fari að ráðum hæstv. sjútvrh. og noti það sem hann kallar handleiðslu, ekki handafl, ef þetta er eitthvað fallegra orð, til að ná niður vöxtum. Það er hægt.

Það vekur vitanlega mikla athygli í þessu sambandi að á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn boðar að ekki megi taka erlend lán er hafin sala á húsbréfum erlendis, fleiri milljörðum, sem eru öll með ríkisábyrgð. Og mér er sagt að nú séu menn að byrja að stunda það að kaupa hér húsbréf með 20% afföllum og selja erlendis með 5% afföllum. Hvers konar peningastjórnun er þetta? Vitanlega væri þó skárra að ríkissjóður tæki sjálfur lán erlendis á langtum hagkvæmari vöxtum en fást fyrir húsbréfin og dragi þannig úr þrýstingi á hið veikburða íslenska peningakerfi.

Þarna er að sjálfsögðu um tvö atriði að ræða sem bæði geta ráðið úrslitum. Vitanlega er dregið úr þrýstingnum með því að draga úr fjárlagahallanum. En það er augljóslega unnt að draga úr þrýstingnum með öðrum leiðum. Draga úr húsbréfaútgáfunni og taka þá frekar — af skornum skammti, vil ég að vísu segja, og með varúð — bein erlend lán til ríkissjóðs til að draga úr þessum þrýstingi. En um fram allt er hægt, það sýnir sagan, að flytja allan vaxtastrúktúrinn í landinu niður, ef ég má orða það svo, eins og gert er hjá öðrum þjóðum og að sjálfsögðu með þrýstingi á bankana að draga úr vaxtamun og ná sparnaði. Þetta er vitanlega stóra málið. Ef ríkisstjórnin vindur sér ekki í þetta strax þá leyfi ég mér að fullyrða að það eru engir kjarasamningar á næsta leiti. Og þá kunna að verða hér hinir erfiðustu tímar.

Hæstv. forsrh. talaði nokkuð um framsóknarúrræðin. Það er rétt hjá honum að það er mjög mikill munur á framsóknarráðunum og íhaldsráðum þeim sem hann boðar nú og hefur boðað undanfarna mánuði. Hæstv. forsrh. sagði hins vegar í stefnuræðu sinni nýlega að við Íslendingar byggjum við afar góð lífskjör, persónufrelsi o.s.frv. Hann sagði það í upphafi sinnar ræðu og það er hárrétt hjá honum. Ætli framsóknarráðin eigi ekki stóran hlut í því að við búum við þessi góðu lífskjör, hæstv. forsrh.? Hæstv. forsrh. hefur kvartað undan því að framsóknarráðin hafi verið viðhöfð hér í 20 ár. Þau hafa reyndar verið töluvert lengur. Við framsóknarmenn viljum líta á þjóðfélagið sem eina heild. Við teljum að við þurfum að skoða markmiðin sem stórmarkmið en ekki sem undirmarkmið, einföld einstök markmið, við verðum að tengja þau öll saman. Við verðum að gæta að því þegar við grípum til ráðstafana í fjárlögum eða hverju öðru sem um er að ræða að ekki sé fórnað einhverju stærra. Það eru líka framsóknarráð að tryggja hér atvinnu fyrir alla. Það hefur lengi einkennt þetta þjóðfélag að við viljum ekki atvinnuleysi. Það eru íhaldsráðin hins vegar, sem fyrir mörgum árum voru reyndar boðuð og þá kveðin niður, að mátulegt atvinnuleysi væri leiðin til að ná stjórn á efnahagsmálum. Hvernig hefur farið í löndunum í kringum okkur þar sem hið mátulega atvinnuleysi hefur verið innleitt? T.d. í Danmörku þar sem atvinnuleysi er nú um 10% og svo er víða um lönd?

Nú er það alls ekki svo að við framsóknarmenn höfum fundið upp þessi ágætu ráð. Því fer víðs fjarri. Við fylgjum blönduðu kerfi í efnahagslífinu. Við viljum að sjálfsögðu öfluga markaðsstarfsemi. Við viljum að einstaklingarnir fái svigrúm til að beita sér. Okkur er hins vegar fyllilega ljóst að markaðshagkerfið leysir aldrei öll hin fjölmörgu vandamál þjóðfélagsins. Markaðshagkerfið eitt t.d. leysir ekki atvinnuleysið þegar samdráttur er. Markaðshagkerfið tryggir ekki jöfnuð á milli landsmanna án tillits til tekna eða búsetu sem hið blandaða hagkerfi gerir ráð fyrir. Þess vegna þarf ætíð sterka hönd ríkisvaldsins til að taka þátt í því að leiðbeina þjóðfélaginu inn á réttar brautir.

Það er á þennan máta sem við Íslendingar höfum náð þessum ágætu lífskjörum, hæstv. forsrh., sem þú, hæstv. forsrh., hefur alveg réttilega lýst.

Einhver hagfræðingur sagði að hér væru lífskjörin enn betri hefðum við aldrei fellt gengið. Það er vitanlega mesta vitleysa. Ég er ekki að boða gengisfellingar en við höfum bara talið sjálfsagt, þegar í nauðirnar rekur, að skoða það í ljósi þeirra gífurlega stóru hagsmuna sem við blasa. Og við höfum samkvæmt skýrslum OECD náð því að vera með lífskjör sem eru með því besta sem þekkist í öllum löndum OECD, jafnvel í dag. Svo það er sannarlega ekki nauðsyn á svartsýni ef ríkisstjórn situr sem vill taka þátt í því að ryðja nýjar brautir, skapa ný atvinnutækifæri, koma í veg fyrir það atvinnuleysi sem forustumenn sjávarútvegsins boða að sé á næsta leiti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er um margt harla sérkennileg umræða sem fer fram og ber nokkuð skringilega að svo ekki sé meira sagt. Hún hófst að sjálfsögðu með framsöguræðu forsrh. og reyndar var nokkur eftirvænting eftir því hvaða boðskap hæstv. forsrh. hefði að flytja okkur. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði að þar var hálfgerður fyrirburður á ferð. Hvaða nafn sem menn vilja honum gefa eða stærðargráðu á hann setja. Satt að segja er sú málsmeðferð öll, virðulegur forseti, tæplega samboðin þinginu sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að bjóða hér upp á í umræðum um efnahagsmál, ríkisfjármál og atvinnumál. Staðreyndin er auðvitað sú að það er meira en lítið kátbroslegt, hlægilegt eða grátbroslegt, allt eftir því hvað menn vilja kalla það, að nú skuli koma til umræðu eftir dúk og disk frv. það um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 sem hæstv. ríkisstjórn hefur í raun sjálf boðað að sé löngu úrelt. Hv. alþm. heyra það á skotspónum í kvöldfréttatíma sjónvarpsins að nú séu breyttar forsendur þannig að til þurfi að koma margra milljarða niðurskurður til viðbótar til þess að markmiðunum um óbreyttan hallarekstur á ríkissjóði á næsta ári nái fram að ganga. Það er jú einmitt einn yfirlýstur tilgangur þessa frv., að draga þannig úr ríkisútgjöldum að

unnt sé að halda hallarekstri ríkissjóðs á næsta ári innan settra marka. Nú gott og vel. En er það þá ekki tímaskekkja og tímasóun að ræða þessa hluti nú gegnum löngu úreltar forsendur í frv. sem í raun og veru tekur ekki á neinu nýju umfram það sem boðað er í forsendum fjárlagafrv. og hafa legið fyrir þinginu í meira en tvo mánuði? Hvar eru hinar nýju ráðstafanir? Hvar eru ráðstafanir í efnahagsmálum? Hvar eru ráðstafanir hæstv. sjútvrh. í sjávarútvegsmálum? Það er þetta sem við þurfum að fá upp á borðið og fá til umræðu í einu samfelldu plaggi sem unnt er að taka á með heildstæðum hætti.

Staðreyndin er auðvitað sú að öll málafylgja hæstv. ríkisstjórnar er þannig á rúi og stúi út og suður að þar festir ekki hönd á neinu. Hvar til viðbótar, í heilbrigðismálum eða skólamálum eða annars staðar, á sá niðurskurður að koma sem boðaður er upp á 4–7 milljarða kr. umfram það sem þegar hefur verið ákveðið, ef marka má þau orð hæstv. forsrh. að þrátt fyrir um 11 milljarða gat eigi að stefna að óbreyttri niðurstöðutölu fjárlaga hvað hallarekstur snertir á næsta ári eða einhvers staðar á milli 4–5 milljarða kr.? Nei, herra forseti, þau vinnubrögð sem hv. Alþingi eru ætluð í þessum efnum eru út úr öllu korti. Efh.- og viðskn. þingsins hefur setið við það á undanförnum dögum að ræða lánsfjárlög og reyna að átta sig á nýjum þjóðhagsforsendum, t.d. í kjölfar þess að ekki verði af byggingu álvers og fleiri breytinga sem orðið hafa. En það er í raun og veru allt í lausu lofti gert vegna þess að við höfum ekkert nema sögusagnir til að styðjast við um áform hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum, í efnahagsmálum, um ráðstafanir gagnvart atvinnuvegunum, ráðstafanir gagnvart sjávarútveginum sérstaklega og annað það sem auðvitað verður að koma í samhengi inn í umræðuna til þess að eitthvert vit sé í henni.

Ég er í sjálfu sér með þessu ekki að gera lítið úr efni þessa frv. sem hér er á ferðinni. Það er full ástæða til að skoða það rækilega. Og ég mun fara yfir það nokkuð ítarlega hér á eftir lið fyrir lið. En fyrst hlýt ég að láta nokkur orð falla um hið almenna samhengi hlutanna enda fullkomlega gefið tilefni til þess í framsöguræðu hæstv. forsrh. sem fór vítt og breitt um sviðið og gleymdi að sjálfsögðu ekki hinum hefðbundna kafla sínum um árásir á stjórnarandstöðuna. Það vakti alveg sérstaka athygli mína að það var alveg sama hvað hæstv. forsrh. ræddi, virðulegur forseti sá aldrei ástæðu til að minna hann á að halda sig við efni frv. sem aðallega lýtur að grunnskólalögum og heilbrigðismálum og skerðingum á nokkrum sérlögum. En með þessu fína fagra fordæmi sem þar með er gefið mun ég hvergi draga af mér að ræða hið almenna samhengi efnahagsmálanna í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi segi ég auðvitað það að óhjákvæmilegt er að hinar nýju þjóðhagsforsendur séu teknar til umræðu áður en Alþingi tekur til við að afgreiða einstök mál sem lúta að fjárlagafrv., lánsfjáráætlun eða sérstökum ráðstöfunum í efnahagsmálum af einu eða neinu tagi. Þess vegna ber að mínu mati að bíða með alla afgreiðslu á frumvörpum sem þessum efnum tengjast þangað til farið hefur verið yfir hinar nýju þjóðhagsforsendur og samhengi hlutanna liggur fyrir. Af þeim sökum hefði verið eðlilegast að fresta því að þessi umræða færi fram, taka ekki þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á dagskrá fyrr en hinar nýju tillögur ríkisstjórnarinnar liggja fyrir — ef þær verða þá einhverjar og einhvern tíma koma fram og fyrr en hæstv. sjútvrh. hefur fengið niðurstöðu í sín mál í ríkisstjórninni og önnur þau atriði, sem inn í þetta samhengi koma, hafa skýrst.

Ég sleppi því að nefna hér efnahagstillögur formanns þingflokks Alþfl. en það er út af fyrir sig eitt skjalið enn sem hefur blandast inn í þetta mál, þ.e. prívattillögur formanns þingflokks Alþfl. sem voru kynntar í Dagblaðinu á dögunum. En eins og kunnugt er þá er víða verið að vinna að efnahagsmálum í hæstv. ríkisstjórn. Ein deildin er formaður þingflokks Alþfl. sem er alveg sérstök eining í efnahagsstrúktúr ríkisstjórnarinnar og kynnir svona prívattillögur við og við í dagblöðum. En ég sé ekki ástæðu til að taka það sérstaklega inn í þetta efni enda hefur það ekki birst í þingskjali.

Þjóðhagsforsendur eins og þær eru nú metnar af Þjóðhagsstofnun og voru kynntar m.a. með lítilli frétt 27. nóv. 1991 eru þess eðlis bæði hvað varðar upplýsingar á líðandi ári og eins horfurnar á næsta ári að full ástæða er til að staldra við. Það er til að mynda upplýst hvað varðar árið í ár að viðskiptahalli verður gífurlegur eða 18 milljarðar kr. sem svarar til tæplega 5% af landsframleiðslu. Þetta skýrist auðvitað að verulegu leyti af því að vöruútflutningur er því miður að dragast verulega saman eða um 7,5% sem er 2,5% meiri samdráttur í vöruútflutningi en gert var ráð fyrir í eldri þjóðhagsspá. Eyðslan vex hins vegar og munar þar mest um stóraukna einkaneyslu sem vex um 5% að talið verður milli ára í stað þeirra 2,5% sem áður var áætlað. Þetta gerist þrátt fyrir svo til óbreyttar ráðstöfunartekjur frá fyrra ári þannig að ekki er það meira fé handa í millum hjá almenningi sem réttlætir þessa auknu einkaneyslu. Og hvað er þá að gerast? Það er auðvitað stóraukin einkaneysla, fjármögnuð með lánum, sem veldur fyrst og fremst þessum mikla viðskiptahalla. Og afleiðingin verður þá minni sparnaður heimilanna í landinu. Þetta er hlutur sem ég held að sé ástæða til að staldra við. Vegna þess að frá og með miðju ári höfum við búið við eitthvert hæsta raunvaxtastig sem við þekkjum í sögu vaxtamála á Íslandi og eitt það hæsta sem fyrirfinnst í hópi vestrænna ríkja. Með öðrum orðum: Hæstu raunvextir sögunnar hafa ekki slegið á neysluna í þjóðfélaginu heldur er hún þvert á móti meiri en nokkru sinni. Ekki þarf að fara í grafgötur um hvar viðskiptahalli upp á 18 milljarða verður fjármagnaður. Því miður verður hann ekki tekinn með auknum sparnaði innan lands því að peningalegur sparnaður lætur nú undan síga.

Hvað er þá að gerast? Jú, við Íslendingar erum að auka erlendar skuldir með lántökum — ekki til fjárfestinga — heldur til neyslu. Það segir, held ég, sína sögu um þær skekkjur sem nú eru að verða í efnahagsmálum okkar og þá óstjórn — ef ekki stjórnleysi — sem þar er á orðið. Ég held að það sé líka ástæða til

að hafa þetta í huga í sambandi við horfurnar næsta ár vegna þess að ekki er spáð neinum umtalsverðum bata hvað þetta snertir í endurmetnum þjóðhagshorfum fyrir árið 1992. Að vísu gæti viðskiptahalli minnkað eitthvað, niður í 4,2% miðað við landsframleiðslu, en engu að síður er ljóst að áframhaldandi viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun verða stærstu vandamál efnahagsstjórnarinnar áframhaldandi á næsta ári.

Nú er það svo að ástæða er til að greina svolítið í sundur hvað það er sem veldur viðskiptahalla á erlendri skuldasöfnun. Þar kem ég kannski að því sem ég tel vera langalvarlegasta váboðann í þeim efnum hvað næsta ár snertir. Það er sú staðreynd að þessar horfur eru settar fram þrátt fyrir það að fjárfestingar á Íslandi verði á næsta ári, að mati Þjóðhagsstofnunar, þær minnstu í atvinnurekstrinum sem þær hafa verið um 50 ára skeið. Fjárfestingarhlutfallið verði komið niður í 17,7% af landsframleiðslu sem er lægsta hlutfall sl. 50 ár. Þetta er ástæða til að skoða og af þessu er ástæða til að hafa áhyggjur. Vegna þess að þetta segir okkur allt sem segja þarf um það hvernig hinum erlendu lántökum verður ráðstafað á næsta ári og hvernig er þeim ráðstafað í ár. Ég tel að í þessu felist miklu alvarlegri tíðindi til landsmanna heldur en í sjálfu skuldsetningarhlutfallinu, þótt nógu slæmt sé að sjá það á fáeinum árum hækka úr 40–45% miðað við landsframleiðslu upp í þau 56% sem áætlað er á næsta ári.

En það versta er að skuldirnar eru ekki að aukast vegna arðbærra fjárfestinga í atvinnulífinu, vegna nýrra atvinnutækifæra, vegna fjárfestinga í nýrri gjaldeyrisöflun heldur vegna eyðslu.

Það er ljóst að sá samdráttur þjóðartekna sem blasir við okkur á næsta ári er mikill, hann er verulegur, og ég sé enga ástæðu til og mun ekki gera lítið úr þeim vanda sem þar er á ferðum. Þjóðhagsstofnun metur hann nú, eftir að búið er að blása af álverið og þó fyrr hefði verið, upp á 5,7%. Þetta er af svipaðri stærðargráðu og samdráttur þjóðartekna var hvort árið um sig 1967 og 1968. Með öðrum orðum: Þetta er meira áfall, þetta er meiri samdráttur heldur en við höfum upplifað í þjóðarbúskapnum síðan þá og eru þá ekki undanskilin verstu ár sjöunda áratugarins, ekki árið 1984 né önnur þau ár þegar samdráttur hefur yfir okkur gengið.

Ég tel, herra forseti, að þetta samhengi hlutanna sé það sem fyrst þurfi að ræða. Síðan stöðuna gagnvart efnahagsaðgerðum innan lands, álitamál sem tengjast kjarasamningum, gengisstefnu, afkomu atvinnuveganna og öðru slíku. Að því tilskildu að einhver niðurstaða liggi fyrir um þau efni geta menn farið að ræða hluti eins og eru hér á boðstólum og lúta að því hvort með þessu og hinu krukki í grunnskólalögin eða annan rekstur hins opinbera innan lands sé hægt að spara kannski einhverja fáeina tugi milljóna króna. Það skiptir ekki sköpum í þessu dæmi og fer svo víðs fjarri því að í raun og veru er það hlálegt að menn skuli þurfa að eyða tíma sínum í miklar umræður um slíkt. Nær væri þá að fjalla um það sem þetta frv. felur í sér á faglegum grundvelli og ræða hvort það séu skynsamlegar kerfisbreytingar í skólamálum eða heilbrigðismálum eða annað því um líkt sem boðið er upp á, en stærðargráða þeirra áhrifa á efnahagsmálin og ríkisfjármálin sem þarna er á ferðinni er ekki slík að það sé út af fyrir sig ástæða til að dvelja mikið og lengi við það.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé það atriði sem mest þörf væri á að taka fyrir. Þó svo að hæstv. forsrh. hefði vissa tilburði til að greina stöðu efnahagsmálanna almennt saknaði ég margs í þeirri umfjöllun. M.a. var þar allt of lítið vikið að spurningum um áhrif hinnar nýju og endurskoðuðu þjóðhagsáætlunar á þetta samhengi hlutanna.

Hæstv. ríkisstjórn leggur síðan merka hluti inn í umræðuna á fleiri máta en þann sem kemur fram í þessu frv. og birtist í ræðu hæstv. forsrh. Það er til að mynda dregið inn í umræður um þetta mál áform ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu. Við vorum upplýstir um að sérstök ráðherranefnd, einkavæðingarnefnd tæki nú til starfa. Hæstv. fjmrh. mun hafa boðað það sem sérstakt lausnarorð í þessum efnum að drífa þurfi í því að selja Búnaðarbankann á hálfvirði. Og það var sérstakt keppikefli og alveg sérstök snilld að láta sér detta það í hug að selja Búnaðarbankann einmitt á hálfvirði. Til hvers? Jú, til þess að hann gæti komist í eigu þjóðarinnar og fátæka fólkið gæti líka keypt hlut í Búnaðarbankanum og glaðst yfir því að eiga hlut í Búnaðarbankanum. Það er óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að þessu, herra forseti.

Í fyrsta lagi er það nú svo samkvæmt mínum skilningi — það væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. hefur á því einhvern annan skilning eins og ráða mátti af orðum hans — að þjóðin eigi Búnaðarbankann eins og málin standa í dag. Það er þá minn misskilningur að halda það. En ég hélt að það væri þannig að íslenska þjóðin ætti eignir íslenska ríkisins, þar með talinn Búnaðarbankann. Ég hélt að íslenska þjóðin þyrfti þess vegna ekki á hjálp hæstv. fjmrh. að halda til þess að eignast hlut í Búnaðarbankanum. Hún á hann í dag. Það þarf ekki að selja þjóðinni á nýjan leik það sem hún á fyrir.

En ætli það sé ekki eitthvað annað sem hangir á spýtunni? Gæti það ekki hugsast? Reyndar var hnýtt aftan í ræðurnar um þessa sérkennilegu speki um einkavæðingu Búnaðarbankans að auðvitað yrði síðan að selja á markaði hæstbjóðendum það sem ekki gengi út í útboðinu á Búnaðarbankanum. Ég skal koma með aðra og miklu einfaldari aðferð til þess að koma pappírum í hendur þjóðarinnar upp á það að hún eigi Búnaðarbankann, ef menn vilja það við hafa. Og það er ósköp einfaldlega að gera Búnaðarbankann að hlutafélagi og senda hverjum einasta landsmanni bréf, jafngilt bréf í Búnaðarbankanum. Þar með er hann kominn í eigu þjóðarinnar og þarf ekki neina hjálp hæstv. fjmrh., ekki neina sölu eða nein uppboð til þess. Það er út af fyrir sig hægt að skipta ríkiseignum upp á milli landsmanna með einhverjum slíkum aðgerðum ef menn sjá í því eitthvert sérstakt grand. Ég kem í fljótu bragði ekki auga á það hvernig það ætti að leysa einhvern vanda.

Ef menn ætla hins vegar að afla ríkissjóði tekna með því að selja þessa eign fyrir einhverja milljarða

króna, sér maður þó einhvern tilgang í málinu að því leyti til að menn ætla að fá aura í kassann. En þá þurfa líka einhverjir að borga. Ég er ansi hræddur um að litlu mennirnir í þjóðfélaginu, sem stundum var rætt um á ákveðnu kjörtímabili, myndu reynast margir sem tækju ekki undan koddanum innstæður til þess að kaupa hlut í Búnaðarbankanaum sem þeir eiga fyrir.

Nei, hér glittir í stefnu sem kemur víða fram, þar á meðal víða í þessu frv. og ég mun koma lítillega betur að, þar sem eru þær skringilegu leifar af thatcherisma eða frjálshyggju sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að troða upp á Íslendinga á því herrans ári 1991 og boða á árinu 1992. Hver var að tala úr ræðustóli um stefnumót við fortíðina? Ég spyr: Hvað er stefnumót við fortíðina ef það er ekki að draga hér fram í dagsljósið 15–20 ára gamlar afdankaðar íhaldshugmyndir frá Bretlandi um einkavæðingu sem þar eru löngu orðnar gjaldþrota? Sem íhaldsmenn sjálfir í Bretlandi flýja nú frá unnvörpum. Skrifa greinar, bækur og láta taka við sig viðtöl þar sem þeir biðjast jafnvel afsökunar á mistökunum sem gerð voru í nafni einkavæðingar, þegar t.d. fyrirtæki með einokunaraðstöðu á markaði voru einkavædd.

Við höfum eitt alveg prýðisgott dæmi á Íslandi um snilldina við að einkavæða fyrirtæki sem vegna fákeppnisstöðu eða einokunaraðstöðu geta síðan skammtað sér sjálf tekjur. Það dæmi er Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem gleymdi sér einu sinni við gjaldskrárákvarðanir þannig að til viðbótar fjárfestingum upp á tugi eða hundruð milljóna kom annað eins í hagnað. Þeir gáðu ekki að sér. En sjálfdæmið um gjaldskrána var slíkt að þeir gátu skammtað sér þennan hagnað eftir behag. Er meiningin að fjölga slíkum fyrirtækjum? Er meiningin að einkavæða hvert fákeppnis- eða einokunarfyrirtækið á fætur öðru til þess að það geti farið að hegða sér eins og Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem hefur afrekað það á einum þremur árum í einkavæddri sögu sinni að verða eitt óvinsælasta fyrirtæki norðan Alpafjalla, fyrir lélega þjónustu og dýra og miklu verri en Bifreiðaskoðun ríkisins veitti og þótti hún þó ekkert fyrirmyndarfyrirtæki á sinni tíð. (**Gripið fram í:** Óskabarn Jóns Sigurðssonar.) Var það mikið óhapp að það skyldi falla á einu atkvæði að koma í veg fyrir þau vitlausu áform.

Nei, það á að sjálfsögðu ekki að láta menn komast upp með slíkan moðreyk. Ekkert lausnarorð í íslenskum efnahagsmálum mun felast í því að einkavæða fákeppnis- eða einokunarfyrirtæki sem ríkið hefur haft hönd í bagga með. Það er sorglegt að okkur á Íslandi skuli vera boðið upp á þetta stefnumót við fortíðina sem felst í þeim frjálshyggjudraugum og thatcherísku draugum sem hæstv. forsrh. og ríkisstjórn hans eru að reyna að blása lífsanda í á Íslandi þegar þeir hafa fyrir löngu verið kveðnir niður annars staðar í veröldinni. Ef eitthvað er stefnumót við fortíðina þá er það þetta. Það er eins og sú óáran þurfi sífellt að ganga yfir okkur Íslendinga að taka við úreltum og ónýtum hugmyndum, þegar þeim hefur verið kastað annars staðar að reynt sé að koma þeim í framkvæmd hér.

Það hefur vakið athygli margra að kalda stríðinu lauk ekki á Íslandi fyrr en mörgum árum eftir að því lauk annars staðar. Það er enn á lífi úti í Aðalstræti 6 og reyndar eitthvað víðar í bænum. Og menn hafa spurt sig að því hvernig þetta geti gerst. Hér er annað dæmi um fyrirbæri sem alls staðar annars er dautt en er núna verið að blása lífsanda í á Íslandi þar sem eru frjálshyggju- og thatcherismadraugar hæstv. ríkisstjórnar, og það er stefnumótið við fortíðina sem hæstv. forsrh. vill leiða þjóð sína á í þessum efnum.

Síðan kom kafli í ræðu hæstv. forsrh. sem ég ætla lítillega að víkja að áður en ég tek til við að ræða einstakar greinar í efni sjálfs frv. og það var hin hefðbundna árás á stjórnarandstöðuna sem hæstv. forsrh. getur aldrei stillt sig um. Sennilega eru þetta orðin einhver ósjálfráð viðbrögð, bara kækur sem ekkert verður við ráðið og enginn fær breytt. En það er alveg sama af hvaða tilefni hæstv. forsrh. kemur í ræðustól eða yfirhöfuð fær að opna munninn í fjölmiðlum eða annars staðar að hann hrekkur í þetta far og heldur ræðuna um fortíðina. Og um stjórnarandstöðuna.

Og hvað sagði hæstv. forsrh. um þetta? Málefnalegt innlegg hans um þetta var að hann tók að sér að túlka stefnu stjórnarandstöðunnar og þau ráð sem hún byði upp á. Það var í aðalatriðum þetta sem hæstv. forsrh. tók að sér sem talsmaður stjórnarandstöðunnar, að útskýra fyrir hennar hönd stefnuna. Það væri stórhækkun skatta. Hæstv. forsrh. fullyrti að það væri sérstakt kappsmál stjórnarandstöðunnar að hækka skatta. Hvaða tillögur hv. stjórnarandstöðu liggja fyrir um stórhækkun skatta? Í hvað er hæstv. forsrh. að vitna? (Gripið fram í.) Ummæli fyrir síðustu kosningar, segir hæstv. forsrh. Það væri þá ástæða til að rifja upp fleiri ummæli sem féllu fyrir síðustu kosningar, um mildi og mannúð og ýmislegt fleira, ef hæstv. forsrh. vill fara út í þá sálma.

En ég fullyrði að það er eitt af því sem ber að þakka talsmönnum fráfarandi ríkisstjórnar fyrir að þeir höfðu m.a. kjark til þess, bæði hæstv. fyrrv. forsrh. og núv. hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sömuleiðis hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson og fleiri, að segja það sem er staðreynd og blasir við í dag með skýrari hætti en nokkurn tíma fyrr. Hvað sögðu þessir þingmenn? Ég leyfi mér nú að gera það sem hæstv. forsrh. gerði áðan, að túlka orð þeirra og endursegja þau.

Efnislega var sagt: Það er staðreynd að það verður mjög erfitt að halda uppi óbreyttu stigi opinberra umsvifa og rekstrar í velferðarkerfinu á Íslandi án þess að hækka skatta á næstu árum. Þetta var það sem sagt var. Og er það ekki rétt? Er það ekki það sem er að koma í ljós þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gengur í það að rista niður velferðarkerfið á sama tíma og skattar hækka? Því að auðvitað er ríkisstjórnin að hækka skatta. Hvað eru nýjar álögur á sjúklinga sem heimsækja heilsugæslustöðvarnar eða leita til sérfræðinga? Hvað eru nýjar álögur á foreldra barna sem þurfa tannlæknaþjónustu annað en skattar á sérstaka valda hópa í þjóðfélaginu? Auðvitað ekkert annað. Menn eiga að hætta þessum fíflagangi að þora ekki að kalla hlutina réttum nöfnum.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stendur frammi fyrir því að vera að gera hvorttveggja, skera niður opinbera þjónustu — sérstaklega í velferðarmálum — og hækka skatta. Svo ræðst hæstv. forsrh. á talsmenn fráfarandi ríkisstjórnar fyrir það að þeir sögðu satt, þeir voru menn til þess að segja satt. Betur að fleiri væru það. Ég skora á hæstv. forsrh. síðar í umræðunni að koma og útskýra það samhengi hlutanna sem gefur honum tilefni til — einmitt við þessa umræðu — að ráðast á ýmsa talsmenn núverandi stjórnarandstöðu í þessu samhengi. Sami hæstv. forsrh. og er að skera niður opinbera þjónustu og er að hækka skatta ræðst á þá sem þorðu að segja satt fyrir kosningar. Sem sagt að það yrði erfitt að halda uppi óbreyttum umsvifum í íslenska velferðarkerfinu á næstu árum nema til þess að auka skatta.

En reyndar sögðu ýmsir meira, hæstv. forsrh., úr því að þú vilt fara út í þetta á annað borð. Við sögðum t.d. hvernig við vildum afla tekna til þess að jafna lífskjörin og treysta stöðu ríkisfjármála á næstu árum. Við lögðum fram sundurliðaðar tillögur um það fyrir kosningar hverjir ættu að bera þá skatta. Við lögðum til hátekjuskattþrep þar sem sérstaklega yrði tekið af launum þeirra sem hafa mörg hundruð þúsund krónur í laun, fjölskyldutekjur upp á fjögur, fimm, sex hundruð þúsund krónur eða svo. Af því að okkur verður það stundum á að bera okkur saman við önnur vestræn ríki — og til að gera þetta enn fínna er stundum sagt á hátíðisdögum „lýðræðisríki“ — erum við nánast eina þjóðin í heiminum sem er að baksa við það að leggja á tekjuskatt með einu flötu skattþrepi. Það er staðreynd, hæstv. forsrh. Ég held að dæmin séu tvö um önnur aðildarríki OECD sem ekki hafa fleiri þrep í skattstiganum en við. Það er einmitt um slíka hluti sem við ættum að vera að ræða nú, hvernig er hægt að bregðast við vanda í ríkisfjármálum og efnahagsmálum með því að afla tekna eftir því sem óhjákvæmilegt er á móti þeim sparnaði og niðurskurði sem óhjákvæmilegt er að ráðast í að einhverju marki með því að láta þá borga sem breiðust hafa bökin.

Hæstv. forsrh. taldi að stjórnarandstaðan boðaði stórauknar erlendar lántökur, punktur tvö sem ég skrifaði niður í ræðu hæstv. forsrh., þegar hann tók að sér að tala fyrir hönd stjórnarandstöðunnar í takmörkuðum ræðutíma sínum hér. Ég hefði ráðlagt hæstv. forsrh. að sleppa því að flytja hér mál stjórnarandstöðunnar en lesa ræðutexta sinn aðeins hægar í staðinn. Ég held að stjórnarandstaðan geti alveg talað fyrir sig sjálf hér á þinginu og þurfi ekki hjálp frá hæstv. forsrh. til þess. Og ég spyr: Hvenær hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar komið fram með tillögur um stórauknar erlendar lántökur? Hver er það? Kvennalistinn á að hafa sagt eitthvað um það. Kannski útskýrir hæstv. forsrh. það í smáatriðum og talsmenn Kvennalistans eru á mælendaskrá. En er það málefnalegur málflutningur að segja að stjórnarandstaðan boði stórauknar erlendar lántökur? Ég spyr. Það finnst mér ekki. Ég kannast ekki við að minn flokkur eða Framsfl. hafi lagt til stórfelldar erlendar lántökur.

Ég skal að vísu upplýsa hæstv. forsrh. um það að ég spurði um það á fundi í efh.- og viðskn., þegar fyrir lá að lánsfjáráætlun verður núna lækkuð um milli 6 og 7 milljarða kr. vegna þess að ekki verður ráðist í hinar miklu fjárfestingar vegna álvers, hvort svona mikill samdráttur í fyrirhuguðum fjárfestingum væri heppilegur. Ég var þar ekki að tala endilega um erlendar lántökur í heild. Það skiptir máli í hvað erlendu lánin fara, hæstv. forsrh. Ég geri mikinn greinarmun á því hvort tekin eru erlend lán t.d. í nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi, hvort tekin eru erlend lán t.d. til að kaupa flæðilínur og fullvinnslulínur í frystihús sem geta strax á fyrstu mánuðum og árum skilað stórauknum erlendum gjaldeyristekjum eða hvort tekin eru bullandi erlend lán til að fjármagna eyðslu og neyslu eins og er höfuðeinkenni og höfuðsjúkdómsmerki efnahagsmálanna á líðandi mánuðum og ég fór yfir áðan.

Ég skal þá, til þess að forsrh. hafi fleiri rök þegar hann ræðst á stjórnarandstöðuna næst, segja hver er mín afstaða til þessara hluta. Ég tek það fram að ég tala þar fyrir sjálfan mig og hef ekki rætt það í mínum flokki. Ég væri tilbúinn til að skoða það hvort ekki væru fyrir hendi á Íslandi í dag fjárfestingartækifæri í svo álitlegum, arðbærum atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum að í ljósi þess mikla samdráttar sem fram undan er, m.a. í fjárfestingum upp á 12,5% á næsta ári, að skynsamlegt væri að setja einhverja fjármuni í slíkt. Ef við tækjum til að mynda helminginn af því sem á að lækka hinar erlendu lántökur um á næsta ári þar sem ekki verður ráðist í álver, 6–7 milljarða kr., og veldum álitlegustu nýsköpunartækifærin í íslenskum atvinnugreinum, þau sem í senn geta skapað hér atvinnu þegar horfir til vaxandi atvinnuleysis, þau sem geta skapað hér auknar gjaldeyristekjur og þau sem gætu ósköp einfaldlega hjálpað til við að fleyta þjóðfélaginu yfir samdráttarlægðina sem við erum að sigla inn í. Ef hæstv. ríkisstjórn bæri eitthvað af þessu tagi á borð er ég tilbúinn til að skoða slíkt. En það er ekki, því miður. Ef hæstv. forsrh. vill bregðast við þessum málflutningi mínum með því hrópa: Úlfur, úlfur, og segja: Stjórnarandstaðan og Steingrímur J. Sigfússon vilja bara stórauka erlendar lántökur — þá verði hæstv. forsrh. að góðu. Ég hef eftir sem áður þessi sjónarmið og er tilbúinn til að tala fyrir þeim ítarlegar og ræða þau.

Í þriðja lagi sagði hæstv. forsrh. þegar hann talaði fyrir hönd stjórnarandstöðunnar: Stjórnarandstaðan vill ausa fé í fyrirtækin. Þriðji punktur: Ausa fé í fyrirtækin.

Í fjórða lagi sagði hæstv. forsrh., og ég tek það saman því það er náskylt: Þeir vilja að sjálfsögðu skammta þetta allt sjálfir. Fjórði punktur: Stjórnarandstaðan vill skammta fé sjálf sem hún ætlar að ausa í fyrirtækin. Fjórði punktur í ræðu hæstv. forsrh. þegar hann talaði fyrir stjórnarandstöðuna.

Síðan kom sá kafli í ræðu hæstv. forsrh. sem ég tel mér ekki skylt að svara og reyndar algerlega óviðkomandi en það voru ummæli hans um framsóknarárin og stefnumótið við fortíðina en ég skildi hæstv. forsrh. svo að hann teldi að framsóknarmenn leiddu öðrum fremur. Það er þá mál hæstv. forsrh. við þá framsókn-

armenn og kem ég ekki að því nánar í máli mínu.

Staðreyndin er auðvitað sú, hin dapurlega staðreynd, virðulegur forseti, er auðvitað sú að hæstv. ríkisstjórn hefur nú enga efnahagsstefnu. Eftir að sú niðurstaða varð ljós að ekki yrði ráðist í framkvæmdir við erlent álver þá datt botninn eða síðasta fjölin úr botninum hjá hæstv. ríkisstjórn hvað efnahagsmál snertir. Það er ekkert sem hönd er á festandi fyrir utan almennar yfirlýsingar um þetta og hitt sem menn geta alveg eins tekið undir rétt eins og óskir um að á Íslandi verði alltaf gott veður. Auðvitað vilja allir að vextir lækki og það vilja allir að hér verði stöðugleiki og það vilja allir að hér verði ekki mikil verðbólga og það vilja allir, eins og hæstv. forsrh. sagði, að það verði gróska og blómlegheit í öllum atvinnugreinum, ekki bara sumum, heldur öllum. Það var mikið inntak í boðskap forsrh. hér áðan. Undir þetta tökum við öll og það þarf ekki að ræða það frekar.

En hvar voru hin efnislegu rök? Hvar voru tillögur ríkisstjórnarinnar? Hvað ætlar hún að gera? Og hvernig er þetta t.d. með vextina? Í allt haust er hæstv. forsrh. og fleiri hæstv. ráðherrar búnir að segja: Við viljum að vextirnir lækki. Vextirnir þurfa að lækka. Þetta er voðalegt mál að hafa svona háa vexti. En hvað hefur verið gert? Það er svo komið að hæstv. sjútvrh., sem er einn af höfundum vaxtafrelsisins og ber ekki hvað síðasta ábyrgð á því að innleiða þá kerfisbreytingu á árunum 1985–1986 að á Íslandi yrðu frjálsir vextir, gengur nú fram fyrir skjöldu og segir: Handleiðslu á vextina — af því að honum ofbýður. Hæstv. sjútvrh. áttar sig á því að þessar almennu yfirlýsingar um það að vextirnir séu of háir og þeir þyrftu að lækka duga ekki. Það gerist ekkert, vextirnir lækka ekki. Raunvextir á Íslandi eru enn við 10% markið sem er auðvitað óþolandi hátt og er á mjög skömmum tíma gjörsamlega að sliga atvinnulífið og leggja í rúst fjárhag fjölda heimila í landinu.

Þetta, virðulegi forseti, er því miður hin dapurlega niðurstaða málsins og ég vænti þess að fleirum hafi fundist eins og mér, sem hlustaði grannt á ræðu hæstv. forsrh., að það vantaði í hana botninn með öllu. Hann kom ekki vegna þess að þetta krukk í velferðarkerfið, jafnslæmt og það er pólitískt og í prinsippinu er ekki lausnarorð í efnahagsmálum, það leysir ekki hinn stóra vanda ríkisfjármála og ójafnvægi í efnahagsmálum. Það gerir það ekki. Og þessar almennu yfirlýsingar og þetta faðir vor um einkavæðingu leysir t.d. ekki vanda rækjuiðnaðarins á morgun. Það gerir það ekki. Það er alveg sama hversu fallegar þessar almennu yfirlýsingar hæstv. forsrh. eru. Það er vandinn, virðulegur forseti. Og ég verð að segja alveg eins og er, af því að búið var að vekja nokkrar væntingar um ræðu hæstv. forsrh. að þá varð þessi ræða mér vonbrigði. Kannski er það síðasta ræðan sem hæstv. forsrh. flytur sem veldur mér vonbrigðum. Ég hélt reyndar um daginn að sú ræða væri þá þegar flutt en einhvern veginn fór mér nú þannig samt að eftir þær væntingar sem fjölmiðlar höfðu vakið þá beið ég eftir þessari ræðu með nokkrum spenningi. En hún olli mér vonbrigðum og, eins og ég segi, e.t.v. gera það ekki fleiri ræður hæstv. forsrh. Ekki vegna þess að ég geri ráð fyrir að þær batni heldur vegna hins að ég mun ekki búast við neinu af þeim meir.

Ég tel sem sagt, virðulegur forseti, og ætla að ljúka því áður en ég fer að ræða lítillega einstakar greinar frv. að hæstv. ríkisstjórn sé að taka með mjög vitlausum hætti á vanda sem sannanlega er fyrir hendi og er umtalsverður og ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns þegar ég fór yfir hinar nýju þjóðhagsforsendur.

Það fyrsta sem hæstv. ríkisstjórn á að gera, og hefði þurft að vera búin að gera fyrir löngu, strax í október að mínu mati, í síðasta lagi í nóvember hefði þurft að grípa til ráðstafana gagnvart efnahags- og atvinnumálum og sérstaklega gagnvart útflutningsatvinnugreinunum. Það er alveg ljóst að við siglum svo hraðbyri inn í öngþveitisástand t.d. í sjávarútveginum að hver dagur er dýr sem þar líður, hver vika í raun óþolandi við þær aðstæður að heilar greinar sjávarútvegsins eru að hrynja ofan á höfuðið á okkur. Rækjuiðnaðurinn er að hrynja, hæstv. forsrh., hann er að hrynja, það er því miður staðreynd. Það munu talsmenn rækjuiðnaðarins væntanlega fullvissa hæstv. sjútvrh. um og vonandi tekst að koma vitinu fyrir alla ríkisstjórnina í þeim efnum þegar þeir koma saman til neyðarfundar í Reykjavík í byrjun næstu viku. Þess vegna hefðu tafarlausar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum með sértækum ráðstöfunum varðandi afkomu útflutningsgreinanna og sjávarútvegsins þurft að líta dagsins ljós og vera komnar í framkvæmd nú. En betra er auðvitað seint en aldrei og það er með öllu óþolandi að það dragist marga daga í viðbót að þessar tillögur og aðgerðir líti dagsins ljós vegna þess að umræður um ríkisfjármál og efnahagsmál eru að öðru leyti marklausar fyrr en þetta liggur fyrir.

Það sem er kannski hvað alvarlegast í þessu samhengi er sá ljóti draugur, atvinnuleysisvofan, sem núna nagar þröskuldinn. Þjóðhagsstofnun spáir, og fer þó varlega í hlutina, að atvinnuleysið verði 2,6% á næsta ári. Og við vitum að eftir því sem atvinnuleysið dreifist um landið, og er að nokkru leyti árstíðabundið, þá þýðir þessi tala upp á 2,6% því miður mjög mikið atvinnuleysi á ákveðnum svæðum landsins stóran hluta ársins, ef að líkum lætur. En síðan er það til viðbótar að samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar sjálfrar er þessi spá mikilli óvissu háð. Þegar talsmenn Þjóðhagsstofnunar voru á fundi efh.- og viðskn. í morgun spurðir um þá óvissu gáfu þeir frekar svartsýnt mat á forsendur spárinnar, það vill segja að þeir óttast að hún vanmeti hættuna á atvinnuleysi ef eitthvað er. Þetta gerir það þeim mun brýnna að tekið sé á málefnum atvinnulífsins. Eða halda menn að þeir séu vel í stakk búnir til að finna t.d. starfsfólki rækjuiðnaðarins, þeim hundruðum sem þar hafa enn atvinnu, ný störf ef hann hrynur allur saman og verður lokað á næstu vikum og mánuðum?

Í öðru lagi tel ég að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að leggja fyrir þingið og reyna að skapa hér samstöðu um öðruvísi öflun tekna í ríkissjóð heldur en hún er að beita sér fyrir. Það liggur á borðinu að það er auðvelt að skapa hér samstöðu um til að mynda skatt á fjár-

magnstekjur. Úr öllum flokkum hafa komið raddir sem taka undir að það sé eðlilegt að skattleggja gróða sem þar myndast. Ég tel að í flestum flokkum á Alþingi sé mikill hljómgrunnur fyrir því að leggja á sérstakt hátekjuskattþrep. Við heyrðum hjá síðasta hv. ræðumanni að upplýst var að þar hefði orðið breyting á viðhorfum í ljósi þeirra aðstæðna sem við stöndum frammi fyrir. Ég leyfi mér því að ætla að það sé vaxandi stuðningur við það á Alþingi að leggja meiri byrðar á þessi breiðustu bök í gegnum sérstakt þrep í tekjuskattinum. Um þetta ætti hæstv. ríkisstjórn að vera að skapa samstöðu. Þetta væri væntanlega atriði sem menn mundu tiltölulega ljúflega fallast á í tengslum við kjarasamninga, að hlífa þannig afkomu þeirra sem lakast eru settir með því að færa byrðarnar yfir á breiðu bökin.

Í þriðja lagi tel ég að hæstv. ríkisstjórn eigi og hljóti að sjálfsögðu að þurfa að leita allra leiða til að draga úr útgjöldum. Um það er ekki ágreiningur. Ég hef engan heyrt hér á Alþingi, ekki úr neinum flokki, mæla gegn því að við núverandi aðstæður sé óhjákvæmilegt að gæta ýtrasta aðhalds í útgjöldum ríkisins. Fullyrðingar hæstv. forsrh. um annað eru því út í loftið. Ég bið hann að nefna dæmi um einhvern af talsmönnum stjórnarandstöðunnar sem hefur komið hér í ræðustól eða annars staðar og sett fram sem sína afstöðu að það mætti hvergi koma við, engin útgjöld spara. Ég held að engum manni detti það í hug í alvöru að halda slíku fram. Því auðvitað eru fjölmörg svið þar sem menn eru tilbúnir til þess og sammála um að rétt væri að takmarka útgjöld.

Ég tek t.d. alveg hjartanlega undir það sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., og er mér mikið gleðiefni að finna þar eitt einasta atriði sem ég get verið sæmilega ánægður með, að það er full ástæða til að reyna að stemma mjög stigu við útgjöldum vegna ferðakostnaðar og risnukostnaðar hjá hinu opinbera, full ástæða til þess. Fækka alveg stórlega kampavínsveislunum á næsta ári. Skál fyrir því. Að vísu ekki Bermúdaskál, en skál fyrir því. Fækka ferðalögum til útlanda, fækka kampavínsveislum og öðru slíku sem vel má draga úr og ég er alveg viss um að talsmenn stjórnarandstöðunnar eru tilbúnir til að leggja hönd á plóginn að því leyti til. Það er hins vegar ekki samstaða um það að hefja slíkar aðgerðir með því að krukka í velferðarmálin með jafnsmásmugulegum hætti og hæstv. ríkisstjórn er í raun að gera í þessu frv.

Er það virkilega svo að við séum orðnir svo fátækir, Íslendingar, að það fyrsta sem mönnum dettur í hug til að spara í ríkisútgjöldum, til að ná sér í skitnar 30 milljónir, sé að sníða af alla helstu vaxtarbroddana og framþróunaratriðin í íslenskum skólamálum? Klippa af á einu bretti allt það sem kennarar og uppeldisstéttirnar í landinu hafa talið helst til framfara horfa í skólamálum í landinu? Er það sem sagt þannig komið hjá Íslendingum að við verðum að afsala okkur þessum 30 millj. sem mér er sagt að kaflinn um grunnskólana geti kannski sparað á næsta ári umfram það sem hvort eð er eru heimildir fyrir í lögum til að spara? En það er, eins og ég mun koma að síðar, að mati þeirra sem best til þekkja, kennara og uppalenda í landinu, að með þessum breytingum séu í raun sniðin af á einu bretti svo til öll þau atriði sem helst hafa verið talin til framfara í málefnum grunnskólans.

Í fjórða lagi nefni ég að það sem menn ættu að vera að gera í efnahagsmálum, væri auðvitað að grípa til tafarlausrar lækkunar vaxta og það hefði ríkisstjórnin átt að vera búin að gera fyrir löngu. Ég fullyrði að það væri smávægilegur fórnarkostnaður, þó svo að eitthvað hefði dregið úr sölu á einhverjum pappírum ríkisins, ef almenn vaxtalækkun hefði með slíkum aðgerðum fyrir forgöngu ríkisins getað komið til.

Auðvitað liggur það fyrir, það blasir við, að einhver hrapallegustu mistök, sem ríkisstjórnin hefur gert, var sú vaxtahækkun sem hún beitti sér fyrir á sl. vori hefur nánast engum árangri skilað hvað þá hliðina snertir að styrkja innlenda fjármögnunarstöðu ríkissjóðs en haft þessi geigvænlegu og skaðlegu áhrif á allt vaxtastigið í landinu.

Ég nefni í fimmta lagi atriði, sem ég teldi að ætti að taka til skoðunar í almennri vinnu að efnahags- og atvinnumálum og ríkisfjármálum um þessar mundir, og það er endurskoðun á samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn ætti nú að vera í viðræðum við sveitarfélögin í landinu í staðinn fyrir að vera að egna þau til stríðs, eins og t.d. með klaufalegum vinnubrögðum án nokkurs samráðs við sveitarfélögin um álagningu tryggingagjalds. Þá ætti ríkisstjórnin að vera núna í viðræðum við sveitarfélögin í landinu t.d. um að jöfnun á aðstöðu sveitarfélaganna gæti verið liður í heildarlausn mála, þar með talið sérstaklega aðstöðugjaldið. Þau forréttindi sem nokkur ríkustu sveitarfélög landsins hafa með núverandi fyrirkomulagi og álagningu aðstöðugjalds væru tekin inn í það samhengi að skoða verkefnaskiptingu og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og slíkt ætti að mínu mati að geta verið liður í heildarlausn þessara mála. En svo illa vill til í þessu sambandi að forréttindakóngurinn í hópnum er Reykjavík vegna þess hvernig aðstöðugjaldið sérstaklega kemur þar út og af einhverjum óskiljanlegum ástæðum nýtur það ekki mikils stuðnings í ríkisstjórninni að hrófla við forréttindum Reykjavíkur.

Síðast en ekki síst nefndi ég virðulegi forseti, að nú ættu að standa yfir tilraunir undir forustu ríkisvaldsins um mjög víðtækt samflot allra helstu hagsmunaaðila í þjóðfélaginu um lausn þessara mála. Og það er með ólíkindum að enn skulu engin almennileg samtöl og ekkert almennilegt samráð vera í gangi milli ríkisvaldsins, aðila vinnumarkaðarins, forsvarsmanna helstu greina atvinnulífsins, sveitarfélaganna í landinu o.s.frv. því að auðvitað dugar ekkert minna ef í reynd á að takast að sigla okkur með sæmilega farsælum hætti í gegnum þennan djúpa öldudal. Ég tel að það hafi verið gæfa síðustu ríkisstjórnar að hún náði sæmilega breiðu samfloti um framkvæmd efnahags-, atvinnu- og kjaramálastefnu sinnar þrátt fyrir allt og allt og ýmsar uppákomur sem vissulega urðu þar í samskiptum. Mér er svo nákvæmlega sama hvort menn kalla það óeðlilega íhlutun eða handleiðslu eða guð má vita

hvað, það er árangurinn sem skiptir máli og hann varð óumdeilanlegur af því að menn náðu saman. Í tíð síðustu ríkisstjórnar tókst t.d. í fyrsta sinn að ná samfloti með aðilum vinnumarkaðarins þannig að þar komu allir til sögunnar. — Væri nú gagnlegt ef hæstv. forsrh. mætti vera að því að hlusta á þetta en geymdi sér að hlýða á ræður rithöfundarins úr Vestmannaeyjum og hv. þm., Árna Johnsens, sem ég veit að hann hittir oft og iðulega og getur spjallað við í góðu tómi seinna.

Ég var að segja, hæstv. forsrh., að ég teldi það hafa verið gæfu síðustu ríkisstjórnar að ná því víðtæka samfloti þar sem t.d. bændasamtökin og forsvarsmenn landbúnaðarins komu í fyrsta sinn um áratuga skeið inn í samflot sem tengdust gerð kjarasamninga og verðlagsmarkmiðum og útkoman af því varð m.a. sú að matvaran í landinu hækkaði sáralítið í verði um eins og hálfs árs skeið. Það var mjög mikilvægt atriði í síðustu kjarasamningum og í þeirri viðleitni að ná niður verðlagi og verðbólgu sem tókst. Þannig er það, hæstv. forsrh., að mínu mati að það eru ekki nafngiftirnar á stjórnarstefnunni, ekki hvort það eru framsóknarráð eða íhaldsráð, ekki hvort það eru vestrænar eða austrænar hagstjórnaraðferðir sem skipta máli heldur árangurinn. Hæstv. forsrh. getur ekki borið á móti því, enginn getur borið á móti því, að hvað þetta snertir náðist mjög mikill árangur á síðari hluta síðasta kjörtímabils sem er eftirbreytni verður að mínu mati og það er enginn maður að minni þó hann viðurkenni að hann sé að reyna að læra af því sem vel er gert. (**Forseti:** Má ég ónáða hv. þm.? Ég hafði fyrirhugað að gefa hálftíma matarhlé. Ef þingmaðurinn á töluvert eftir af ræðu sinni langar mig að spyrja hann að því hvort hann gæti gert hlé á ræðu sinni þannig að við gætum tekið hlé ef hann hefði ekki á móti því.) Já, mér er ljúft og skylt að aðstoða forseta við fundarstjórn með þeim hætti og geri þá hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég var reyndar í þann veginn að gefa kaflaskil í ræðu minni þegar hæstv. forseti gerði mér aðvart og má segja að hann hafi af miklu innsæi blandað sér í málin á heppilegu augnabliki hvað það snertir. Ég ætlaði sem sagt að taka til við að ræða — að svo miklu leyti sem ég mun gera það — einstakar greinar frv. og setja þær inn í það samhengi ríkisfjármála og efnahagsmála sem ég hafði áður talað fyrir.

Ég hafði rennt yfir málflutning hæstv. forsrh. og svarað honum í nokkru sem og gert grein fyrir því hver væru sjónarmið mín gagnvart því sem mikilvægast og brýnast væri að gera í efnahags- og atvinnumálum okkar. Ég vona að sá málflutningur standi fyrir mína hönd, en er að sjálfsögðu tilbúinn til þess að ræða þau mál og rökstyðja frekar og væri svo sem full þörf á að á þinginu gæti farið fram nokkuð ítarleg skoðanaskipti talsmanna hinna einstöku flokka í efnahagsmálum og ríkisfjármálum því að jafnan er það svo að ef menn ræðast við af skynsamlegu viti og með rökum má eitthvað af því læra og eitthvað á því græða fyrir flesta, a.m.k. þá sem á annað borð eru á þeim buxunum að hlusta á rökræður og taka eitthvert mið af þeim.

Á fundi efh.- og viðskn. í morgun kom fram hjá fulltrúum Seðlabankans að síðar í dag mundu þeir gera opinbera skýrslu sína um ástand og horfur í peningamálum, gjaldeyris- og gengismálum á þessum vetrardögum. Ég hef fengið þá skýrslu í hendur auk þess sem lítils háttar kynning fór fram á efni hennar í efh.- og viðskn. í morgun. Ég hef að sjálfsögðu ekki haft mikinn tíma til að fara yfir einstaka kafla skýrslunnar en mun e.t.v. gera það undir umræðunni, en það er þó ljóst að það er full ástæða til að taka tillit til þeirra sjónarmiða og þess stöðumats sem Seðlabankinn framkvæmir nú og dagsetur með útgáfu skýrslunnar 4. des. 1991. Hv. alþm. til upplýsingar, þeim sem það ekki vita nú þegar, er þessi skýrsla árlegur atburður í starfi Seðlabankans og gengur þar undir nafninu skammdegisskýrslan og höfundar hennar eða ábyrgðaraðilar, bankastjóri og aðstoðarbankastjóri Seðlabankans sem voru á fundi efh.- og viðskn. í morgun, upplýstu að það væri óvenjumikið skammdegi í skammdegisskýrslunni að þessu sinni. Það þarf svo sem ekki lengi að fletta plagginu til að rekast á það. Ætla ég nú ekki að hefja mikinn lestur upp úr því, en það má ljóst vera að þessi skýrsla og mat Seðlabankans rennir enn frekari stoðum undir margt það sem rætt var fyrr í morgun af ræðumanni og fleirum um alvarlegar þjóðhagshorfur og hrikalegt jafnvægisleysi sem nú ríkir í íslenskum efnahagsmálum. Ég óttast, virðulegur forseti, að það sé ekki of djúpt í árinni tekið að segja að það ríki upplausnarástand í íslenskum efnahagsmálum. Seðlabankinn segir í inngangi á bls. 4 í skýrslunni:

„Mjög hefur syrt í lofti í efnahagsmálum á þessu hausti. Vonir höfðu verið við það bundnar fyrr á árinu að botni efnahagslægðarinnar sem hófst haustið 1988 væri náð og fram undan væri hægfara endurbati. Þessar vonir virðast nú hafa brugðist með öllu, ..."

Síðan er fjallað t.d. um þróun ríkisfjármála og peningamála á bls. 5 í I. kafla. Þar segir, með leyfi forseta: „Alvarlegasta vandamálið hefur verið vaxandi greiðsluhalli ríkissjóðs sem væntanlega verður röskléga tvöfalt meiri en að var stefnt í fjárlögum. Jafnframt hefur hið nýja húsbréfakerfi valdið því að stökkbreyting hefur orðið í lánsfjáröflun til íbúðabygginga fyrir milligöngu ríksins. Hefur þetta hvort tveggja orðið til þess að heildarlántökur ríkisins og annarra opinberra aðila á innlendum lánamarkaði stefna í hærri tölu en nemur öllum peningalegum sparnaði landsmanna. Afleiðingarnar hafa komið fram í mikilli umframeftirspurn og hækkandi vöxtum á verðbréfamarkaði þar sem húsbréfamarkaðurinn hefur verið leiðandi varðandi vaxtastig."

Ég held, virðulegur forseti, að full ástæða væri til að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur umræðuna í framhaldinu í dag og reyndar rekur mig minni til þess að óskað hafi verið eftir því að allir fagráðherrar sem hér eiga hlut að máli reyndu að vera viðstaddir umræðuna þar sem það er óhjákvæmilegt að ræða hin faglegu efni einstakra greina frv. við viðkomandi ráðherra. Þess vegna er leitt að sjá hér hvorki fleiri né færri en níu galtóma ráðherrastóla þó að hæstv. forsrh. sé hér af skiljanlegum ástæðum þar sem hann mælti fyrir frv. Ég beini þeim tilmælum til forseta í mikilli vinsemd að hann láti nú kanna hvernig háttað er störfum einstakra

hæstv. ráðherra á þessum eftirmiðdegi þannig að ekki komi til truflana í störfum þingsins vegna fjarveru þeirra. Ég mun hins vegar halda áfram máli mínu og sýna með því alkunna lipurð og vilja til að greiða fyrir þingstörfum. Ég geri ekki kröfu til þess að hæstv. félmrh. komi til umræðna fyrr en á eftir, (Gripið fram í.) en ég er að fara aðeins yfir skammdegisskýrslu Seðlabankans, hæstv. heilbrrh. Þar er fjallað með nokkuð nýstárlegum hætti um húsbréfamarkaðinn og áhrif á peningamarkaðinn. Ég er ekki viss um að hæstv. félmrh. telji það allt sérstakan fagnaðarboðskap sem þar er flutt um húsbréfin.

En áfram segir á bls. 5 í skýrslunni: „... þar sem húsbréfamarkaðurinn hefur verið leiðandi varðandi vaxtastig. Þrátt fyrir það hefur ekki verið unnt að mæta lánsfjárþörfinni með innlendum sparnaði", þ.e. þrátt fyrir hækkandi vexti og sannast þá það sem hér var sagt áðan að vaxtahækkunarvítahringur ríkisstjórnarinnar hefur engum sjáanlegum árangri skilað. Það hefur ekki reynst unnt þrátt fyrir þessa svimandi háu vexti sem keyrðir voru hér upp fyrir mitt ár að fjármagna fjárþörf ríkisins með innlendum sparnaði. Afleiðingin er sú að ríkissjóður hefur, eins og segir í skýrslunni, „því safnað verulegum skammtímaskuldum í Seðlabankanum sem komið hafa fram í rýrnun gjaldeyrisforðans." — Ég ætla að lesa með sérstakri athygli næstu línur, virðulegi forseti, til þess að menn átti sig nú á því að hér eru engin gamanmál á ferð. Seðlabankinn segir einfaldlega: — „Verður bráðlega að leysa þennan vanda með erlendri lántöku svo að gjaldeyrisforða og greiðslugetu þjóðarbúsins út á við sé ekki stefnt í hættu."

Með öðrum orðum segir Seðlabankinn: Það er svo komið vegna yfirdráttar ríkissjóðs við Seðlabankann sem hefur rýrt gjaldeyrisvarasjóðinn þannig að ekki verður lengur við það búið að það er ekkert annað fram undan en stórfelldar erlendar lántökur til þess að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs og yfirdrátt við Seðlabankann til þess að forða því að gjaldeyrisforðanum og greiðslugetu þjóðarbúsins út á við verði stefnt í hættu.

Skuldasöfnunin sem af er þessu ári er gríðarleg og birtar eru í skýrslu Seðlabankans tölur um það að heildarskuldir á lánamarkaðnum, þ.e. heildarskuldaaukning bæði innan lands og erlendis, nemi nú 90 milljörðum kr. á tólf mánaða tímabili frá septemberlokum 1990 til jafnlengdar á þessu ári en það samsvarar til 16,8% aukningar sem er auðvitað langt umfram verðlag.

Það alvarlegasta við þetta er það, sem ég vék að fyrr í ræðu minni um fjárfestingar, að minnstur hluti þessarar skuldaaukningar er hjá atvinnulífinu og sáralítill hluti væntanlega þar með í fjárfestingum því að væntanlega er það svo, því miður, að drjúgur hluti skuldaaukningar atvinnuveganna er vegna taprekstrar í einstökum greinum. Það skiptist í grófum dráttum þannig að einungis rúmlega þriðjungur þessarar 90 milljarða skuldaaukningar frá september í fyrra til september í ár var hjá atvinnuvegunum, 11 milljarðar eða aukning upp á 14% fór til ríkissjóðs, en langstærsti hlutinn eða 45 milljarðar voru lán til heimila sem jukust hlutfallslega um 27,7%. Og síðan segir aftur: „Þessi gífurlega skuldasöfnun einstaklinga átti að langmestu leyti rót sína að rekja til húsbréfa og annarra lána hins opinbera íbúðalánakerfis." Neðar á sömu blaðsíðu segir „að ríkið hafi verið frumkvöðull aukinnar lánsfjáreftirspurnar og þar af leiðandi þeirrar þenslu- og vaxtahækkana sem átt hafa sér stað, annars vegar með hallarekstri ríkissjóðs og hins vegar með milligöngu um stórfelldar lántökur til húsnæðismála sem að miklu leyti hafa runnið til annarra þarfa".

Hér eru fullyrtir mjög alvarlegir hlutir sem hljóta að setja mark sitt á áframhaldandi umræður um stöðuna í peningamálum, ríkisfjármálum og efnahagsmálum — og mér er ánægjuefni að sjá að hæstv. félmrh. er mættur til fundar og er með skammdegisskýrslu Seðlabankans fyrir framan sig. Ég vek sérstaklega athygli hæstv. félmrh. á orðalagi á bls. 4, 5, 6 og 7 í skýrslunni.

Reyndar koma mér á óvart t.d. ummæli hæstv. ráðherra í allt haust um nauðsyn þess að vextir lækki — og þó ekki því að maður er reynslunni ríkari eftir ákveðin samskipti við Seðlabanka Íslands — það varkára orðalag, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið, sem frá Seðlabankanum kemur í þessum efnum.

Það er ekki hægt að ráða af orðalagi efst á bls. 7 að Seðlabankinn sé sammála t.d. hæstv. sjútvrh. um það að brýna nauðsyn beri til að keyra niður raunvaxtastigið og það strax því að Seðlabankinn segir að margt sem um háa raunvexti sé sagt og bölvun þeirra megi til sanns vegar færa, en það sé ekki þar með sagt, og ég vitna til skýrslunnar orðrétt, „að unnt sé eða æskilegt að lækka raunvexti hér á landi án tillits til stöðu og þróunar á öðrum sviðum efnahagsmála." Ég sé ekki annað en Seðlabankinn slái þarna mikla fyrirvara varðandi það að það sé eitthvað sem eigi að rjúka til við að lækka hér raunvextina. Auðvitað hefur Seðlabankinn ákveðin rök fyrir máli sínu og færir þau fram að slíkar tilraunir megi ekki vera ótímabærar og þær megi ekki skapa önnur vandamál heldur en þeim er ætlað að leysa. En þetta mjög svo varkára orðalag vakti athygli mína.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þessa skýrslu Seðlabankans en ég hef vakið athygli manna á henni. Hún er fram komin og ég tel ekki óeðlilegt að hv. alþm. verði sér úti um hana og sæki hana í hólfin og hafi hana til hliðsjónar undir umræðunni því að margt er þar sagt um ástand og horfur mála einmitt í dag sem hlýtur að tengjast því máli sem við ræðum. En til að gera langt mál stutt má minna á upphaf II. kafla í skýrslunni um almennt efnahagsástand og þjóðhagshorfur. Sá kafli hefst t.d. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Skjótt og alvarlega hefur skipast veður í lofti um almennan þjóðarhag. Efnahagslífið var á þessu ári byrjað að rétta við eftir þriggja ára samdrátt og stöðnun og horfur voru taldar á hægfara endurbata og framþróun á ný."

Síðan rekja skýrsluhöfundar hvers vegna þetta hafi allt saman brugðist og klykkja út með því að í þjóðhagsáætlun var reiknað með því að bygging nýs álvers

mundi fylla að verulegu leyti upp í þetta skarð. Nú er eins og segir þar fokið í það skjól og með öllu óséð hvenær þau áform verði að veruleika.

Já, hér er mergurinn málsins á ferðinni. Það er fokið í hið mikla skjól. Álverið kemur ekki, haldreipið mikla sem átti að lýsa í gegnum hin dimmu göng er nú slitið, fokið í það skjól. Og einhverjir munu hafa komið nálægt þessari skýrslu sem þarna eiga sæmilega til að þekkja. Mér er ekki grunlaust um að formaður stóriðjunefndar ríkisstjórnarinnar sé eitthvað tengdur þessari skýrslu og hér er þess vegna væntanlega ekki farið með neitt fleipur hvað stóriðjumálin snertir, að það er með öllu óséð hvenær þau áform verða að raunveruleika.

Ég vík að einstökum greinum frv., virðulegi forseti, sem er á þskj. 181, og verður þá fyrst fyrir kafli I um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla. Ég mun fara hratt yfir sögu í þessum efnum þar sem fleiri talsmenn míns flokks munu taka þátt í umræðum og m.a. ræða ítarlegar einstök fagleg atriði sem í þessum kafla felast, en þar er í stuttu máli nánast lagt til að sníða af og falla frá því að hefja framkvæmd á velflestum ef ekki öllum þeim umbótaatriðum í skólastarfi sem ný grunnskólalög boðuðu og kennara- og uppeldisstéttir landsins hafa bundið vissar vonir við. Og það lygilega er að þessu er smyglað inn í þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum án sjáanlegrar ástæðu í raun og veru þar sem sáralítill sparnaður, t.d. hvað næsta ár snertir, hlýst af þessu tiltæki. Það má, ef menn ekki taka mark á þessum orðum, fara yfir þetta lið fyrir lið og útskýra í einstökum atriðum hvers vegna þetta frv. í mörgum tilfellum breytir engu um útgjöld við skólastarf á næsta ári og í öðrum tilfellum sáralitlu. Þannig er til að mynda um c-lið í 1. gr., að fella niður 2. mgr. 32. gr. grunnskólalaga. Hvað er þar verið að gera? Það er verið að fella úr lögum heimild til að ráða aðstoðarskólastjóra, heimild sem að sjálfsögðu er engin skylda til að nota þannig að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn er það í sjálfsvald sett hvort þeir nýta þessa heimild eða ekki. Hvers vegna er þá verið að þessu? Það þarf ekki að gera þessa lagabreytingu til þess að spara útgjöld. Jú, maður sér ekki annan sjáanlegan tilgang með þessu en þann að það sé af pólitískum ástæðum verið að læða þessum hlutum hér inn til þess að breyta faglega skólastefnunni í landinu, til hins verra að mínu mati og ég held margra fleiri, undir því yfirskini að í því felist einhver sparnaður fyrir ríkið sem ekki er tilfellið í þessu dæmi sem ég nefni. Svona er um margt fleira. Þarna eru til að mynda á ferðinni hlutir sem áttu að taka gildi á löngum tíma með verulegum aðlögunartíma og hæstv. ríkisstjórn hefði verið í lófa lagið að stýra þeirri aðlögun þannig að lítill eða enginn viðbótarkostnaður hefði fallið til á næsta ári, en það var markmiðið í sjálfu sér að stemma stigu við auknum útgjöldum í skólastarfi á næsta ári.

Margt fleira er hér satt best að segja heldur dapurlegt og ber vitni um ótrúlega lítinn metnað hæstv. ríkisstjórnar og auðvitað sérstaklega hæstv. menntmrh. á þessu sviði. Það er dapurlegt að sú aðferð skuli valin í stað þess að hafa þá manndóm í sér til þess að leggja fyrir þingið með venjubundnum hætti frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla og standa fyrir umræðum um það á skólapólitískum grunni og leyfa menntmn. þingsins að fjalla um, þá hluti skuli svona atriðum smyglað inn í með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég skora á þá menn, þá hv. þm., einnig úr stjórnarliðinu sem hafa einhvern metnað fyrir hönd skólastarfsins í landinu að lesa þessi ákvæði, að reikna út hvað þetta sparar og spyrja síðan þeirrar spurningar: Erum við fylgjandi þessum breytingum í skólamálum? Því að ef menn þurfa að spara 30 millj. í skólahaldi í landinu er þá endilega víst að menn mundu gera það með þessum hætti, að sníða af það sem t.d. Kennarasamband Íslands telur vera flest þau ákvæði nýju grunnskólalaganna sem til framfara horfa. En samkvæmt samþykkt og bréfi frá Kennarasambandi Íslands dags. 3. des. er það eindregin afstaða þeirra að hér sé farið algerlega aftan að hlutunum.

Í þessu bréfi segir m.a. að nú hafi verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og með frv. sé gert ráð fyrir að fresta eða fella niður flest ákvæði nýju grunnskólalaganna sem til framfara horfa. Og Kennarasambandið mótmælir harðlega þessum vinnubrögðum og skorar á hv. alþm. að standa vörð um grunnskólann.

Ég held að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, að hæstv. menntmrh. láti svo lítið og veri viðstaddur þessa umræðu. Það munu fleiri á eftir mér eiga eftir að ræða þennan kafla frv. og við getum ekki unað því þar sem um stórpólitískar ákvarðanir og breytingar í skólamálum okkar er að ræða að fagráðherra þeirra mála sé ekki viðstaddur og ekki sé færi á því að ræða við hann og spyrja hann út úr í þessu efni. Nærtækasta spurningin væri auðvitað sú: Er ekki hæstv. menntmrh. tilbúinn til þess að draga til baka þennan kafla frv., beita öðrum og almennari ráðstöfunum til að ná fram þeim léttvæga sparnaði sem þarna gæti komið til á næsta ári og taka á þessu máli með faglegum hætti ef hann vill breyta grunnskólalögunum í þessa veru og gera það þá með sjálfstæðu frv. um það efni?

Herra forseti. Ég held að ég fari ekki ítarlegar ofan í einstök atriði þessa kafla um grunnskólann. Það munu aðrir gera ítarlegar á eftir mér. Þó verður að minna á að það lagafrv. um grunnskóla sem síðast var afgreitt og eru gildandi lög tók nokkrum breytingum í meðförum hv. Alþingis og það náðist þokkaleg samstaða um afgreiðslu þess frv. Og það kynduga er að ákveðin atriði, sem komu inn í frv., inn í lögin í meðförum á þingi og voru sum vegna óska þáverandi stjórnarandstöðu, t.d. Sjálfstfl., eru núna tekin út með þessum breytingum. Þannig var t.d. um sérstakt metnaðarmál og baráttumál hv. 2. þm. Reykn., sem er virðulegur forseti Alþingis, sérstakt baráttumál hv. 2. þm. Reykn. við afgreiðslu grunnskólalaga hér á þinginu, því er núna hent út með þessum breytingum hæstv. menntmrh. Ég mótmæli þessum árásum á forseta þingsins. Ég veit ekki hvað forsetinn hefur til saka unnið. Og þetta er furðuleg framkoma við okkar virðulega forseta, verð ég að segja, og auðvitað alla aðra hv. alþm. sem stóðu að því að gera samkomulag við afgreiðslu

grunnskólalaga með þessum hætti. — Af því að ég sé að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. eru mjög áhugasamir um þetta atriði og eru farnir að leita í skjölum sínum, þá skal upplýst að þeir finna þetta í d-lið 1. gr. þar sem lagt er til að 1. og 6. mgr. 46. gr. grunnskólalaganna falli niður. Það er um kennslustundafjölda í viku sem nemendur eiga rétt á og það er hægt að fara yfir það með hæstv. ráðherrum ef þeir vilja hvaða ákvæði eru í 46. gr. grunnskólalaganna. Hæstv. ráðherrar kunna þau væntanlega ekki utan að frekar en flestir aðrir Íslendingar. En þar er í einstökum atriðum talinn upp og lögbundinn sá vikulegi kennslutími sem hver nemandi í grunnskóla skal hafa að lágmarki, í 1. bekk 1.000 mínútur, í 2. og 3. bekk hið sama, í 4. bekk 1.080 mínútur o.s.frv., upp í 1.480 þegar komið er í 10. bekk. Þessu, sem var sérstakt baráttumál virðulegs forseta vors og 2. þm. Reykn., verður hent út með þessari breytingu. Svo mætti áfram telja að margt kemur manni harla skringilega fyrir sjónir.

Virðulegi forseti. Ég treysti því að ráðstafanir hafi nú verið gerðar til þess að hæstv. menntmrh. komi til fundarins og unnt verði að ræða við hann ítarlegar um þessi efni síðar á fundinum í dag.

4. gr. frv. lýtur að breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56/1987, með síðari breytingum, og er þá væntanlega fyrst og fremst verið að breyta þeim ákvæðum sem tóku breytingum með lögum nr. 65/1989. Um efni þessarar greinar vil ég taka fram að ég er sammála þessari breytingu á lögunum og ég tel reyndar að þegar Alþingi afgreiddi breytingar á jarðræktarlögum 1989 hafi ætlunin verið sú að gera það með þeim hætti að ótvírætt væri að framlög til jarðræktarstyrkja væru á hverju ári bundin af fjárveitingum Alþingis og gætu ekki orðið meiri. Síðan hefur komið upp deila um þetta atriði og Búnaðarfélag Íslands og alveg einkum og sér í lagi einn stjórnarformaður þar á bænum, hv. þm. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl., (Gripið fram í.) — nei, hann er í stjórn Búnaðarfélags Íslands — hefur lagt þann skilning í 12. gr. jarðræktarlaganna að bændur ættu rétt á styrkjum upp að því þaki sem í greinina er sett burt séð frá fjárveitingum Alþingis á hverju ári. Ég var ósammála þessari túlkun og lýsti þeirri afstöðu minni meðan ég var landbrh. að ég gæti ekki fallist á að menn hæfu á nýjan leik þá framkvæmd laganna að skuldahali myndaðist sem lengdist ár frá ári. Það væri engum til góðs að standa þannig að málum og miklum mun nær að skipta einfaldlega þeim fjármunum þó takmarkaðir væru sem menn hefðu handa á millum í hvert sinn.

Mér sýnist að með þessari breytingu á jarðræktarlögum yrði þessi deila útkljáð. Ég verð að vísu að hryggja hv. 3. þm. Austurl. með því að hans skilningur verður undir í þessu máli þannig að þar bætist við annar hv. þm. Sjálfstfl. sem hæstv. ríkisstjórn er augljóslega að löðrunga með þessum breytingum. Út af fyrir sig væri fróðlegt að heyra sjónarmið hv. þm. Egils Jónssonar í þessum efnum í ljósi þessa en ég vil ekki að misskilningur leiki á eða vafi um mína afstöðu og geri ég hreinskilnislega grein fyrir henni þó að hún hafi ekki alltaf verið vinsæl og ýmsir góðir vinir mínir hjá Búnaðarfélagi Íslands og víðar hafi ekki verið ýkja ánægðir þegar ég stóð fastur fyrir í þeim efnum að haga framkvæmdinni þannig að ekki mynduðust skuldir hvað sem óljósu orðalagi breytinganna frá 1989 snerti. En með þessari breytingu verða tekin af öll tvímæli og ég tel það út af fyrir sig gott. Það er vont að óvissa leiki á um framkvæmd einstakra lagaákvæða sem hafa fjárhagslega þýðingu fyrir fólk eins og hér á við.

5. gr. frv. breytir lögum um stjórn fiskveiða. Þar eru á ferðinni nýjar álögur á sjávarútveginn eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir. Mönnum finnst það kannski ekki mikið að bæta álögum á hann upp á einar 40–50 millj. kr. eins og þessi grein felur í sér. Það má kannski segja að það sé viðhorfið sem spurningin snýst um frekar en stærðargráðan. Engu að síður er hér enn ein aðförin að sjávarútveginum í þeirri erfiðu stöðu sem hann er og þetta er þá annað frv. í röð sem hæstv. ríkisstjórn mælir fyrir þar sem verið er að þyngja og auka álögur á sjávarútveginn þrátt fyrir þá hrikalegu stöðu sem þar er með bullandi taprekstri og erfiðleikum.

6. gr. er mikið snilldarverk og alveg tímamótaframlag hæstv. ríkisstjórnar til efnahagsmála á Íslandi og mun ekki litlu skipta að hún fáist afgreidd á þessu þingi. Og hvað er nú þar á ferðinni? Það er rétt að fara aðeins yfir það. Það er hvorki meira né minna en að við næstu alþingiskosningar á að draga stórlega úr auglýsingum á framboðslistum. Það á að láta það nægja hvorki meira né minna en að auglýsa í Lögbirtingablaðinu og hengja kannski upp svona eins og á einum stað í Reykjavík hina löggiltu framboðslista. Þetta eru auðvitað alveg stórkostleg tímamót og verulegt framlag hæstv. ríkisstjórnar til ráðdeildarsemi í ríkisrekstrinum og hlýtur að vera flutt ... (Gripið fram í.) Já, akkúrat, hlýtur að vera flutt hér og nú vegna þess að hæstv. ríkisstjórn býst við kosningum á næsta ári, því að ef svo væri ekki væri engin ástæða til að vera að hrófla við þessu lagaákvæði einmitt núna. Auðvitað fögnum við talsmenn stjórnarandstöðunnar því alveg sérstaklega að hæstv. ríkisstjórn skuli með þessum hætti viðurkenna stöðu sína og þá erfiðleika og þær hæpnu lífslíkur sem stjórnin býr nú við með því að grípa til þessara breytinga á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. Og þó ég sé ekki trúaður maður þá tek ég mér í munn gamlan málshátt og segi: „Guð láti gott á vita“, að þetta þýði það að við fáum alþingiskosningar á næsta ári og nýja ríkisstjórn. En að gamni slepptu tel ég þessa breytingu satt best að segja harla smásmugulega, svo ekki sé meira sagt, því að það sem fyrst og fremst mun gerast við þessa breytingu er það að eitthvað dregur úr auglýsingakostnaði í tengslum við alþingiskosningar hjá blöðum á landsbyggðinni sem hafa þjónað þeim tilgangi að kynna framboðslistana í einstökum kjördæmum. Landsmálablöðunum er þarna hent út og þau fá ekki til jafns við önnur blöð og aðra fjölmiðla í landinu að kynna framboðslistana fyrir sínum umbjóðendum. Nú vita þeir það sem til þekkja víða úti á landsbyggðinni að landsmálablöðin eru geysimikilvægur vettvangur skoðanaskipta

og fjölmiðlunar á sínu svæði og eru kannski þar með eini fjölmiðillinn sem er með þá útbreiðslu að hægt sé að segja að þau komi í hvert hús. Ég tek sem dæmi þekkt, vel rekið og myndarlegt blað norður í landi, Víkurblaðið á Húsavík, sem er nánast í hverju húsi á Húsavík og í Suður-Þingeyjarsýslum. En það blað sem næst því kemur í útbreiðslu kemur kannski í fimmta hvert hús eða svo, gæti ég trúað. Hvers vegna á að taka þann rétt af því fólki sem á sér fjölmiðil sem heitir Víkurblaðið að fá framboðslista síns kjördæmis kynnta þar? Er það eitthvað verr að því komið að fá viðhlítandi kynningu á þessum framboðum heldur en aðrir landsmenn?

Ég tel þetta satt best að segja heldur smásmugulega breytingu, ég verð að segja það, virðulegur forseti. Ég hefði talið allt annað mál ef t.d. hefði verið sett þak á útgjöld vegna þessa og ákveðið væri að eyða ekki nema með einhverjum hætti tiltekinni upphæð í þessa kynningu og síðan hefði henni verið skipt að bestu manna yfirsýn þannig að allir landsmenn stæðu sem jafnast að því að fá þessa kynningu. En það er mjög smásmugulegt að ákveða með þessum hætti að henda út ákveðnum fjölmiðlum en öðrum ekki í þessari kynningu. Þetta nálgast það þegar fjmrn. í sparnaðaraðgerðum sínum á sl. hausti sagði upp einu áskriftinni að Víkurblaðinu. Íslenska ríkið var með eina áskrift að Víkurblaðinu á Húsavík. Og fjmrn. fann það snjallræði í sparnaðaraðgerðum sínum á sl. hausti að segja henni upp. Að vísu komu svo til sögunnar hjón norður á Húsavík sem greiða nú áskrift fjmrn. að Víkurblaðinu þannig að fjmrn. fær áfram Víkurblaðið gefins og hjón norður í landi borga áskriftina.

Þá kem ég að þeim kafla þessa máls sem kannski er á margan hátt hvað alvarlegastur og vitlausastur þar sem ég tel að hæstv. ríkisstjórn geri nú mest mistök af öllum í þessu frv. og af sinni málafylgju á þessu hausti og það er árásin á ríkisábyrgð launa vegna gjaldþrota. Mér er eiginlega alveg óskiljanlegt hvers vegna hæstv. ríkisstjórn kýs að undirbúa kjarasamninga í landinu með þessum hætti. Að ráðast með þessum hætti á þennan viðkvæma þátt í afkomuöryggi fólks í landinu, einmitt við þær aðstæður sem nú eru uppi þegar það liggur fyrir að gjaldþrotum fer mjög fjölgandi og óvissa er óvenjumikil í atvinnumálum, atvinnuleysi er vaxandi og margháttaðir erfiðleikar í atvinnulífinu. Þá — einmitt þá — velur hæstv. ríkisstjórn tímann til þess að ráðast á þessi réttindi og setja þau út í kuldann. Því eins og þetta frv. gengur frá hlutunum þá er í raun fullkomin óvissa um hvernig tekst að ganga frá nýskipan þessara mála þannig að lágmarksréttindi verði tryggð á þessu sviði. Hér er sem sagt ætlunin að vísa því yfir á aðila vinnumarkaðarins að sjá um að fjármagna sjóð sem taki yfir greiðsluskyldu ríkissjóðs á launum vegna gjaldþrota þar sem ábyrgð hefur verið fyrir hendi. Ríkið yrði að vísu samkvæmt þessu áfram með minni háttar upphæð inn í þetta samhengi en skv. upplýsingum í frv. þá er ætlunin að þetta mundi spara ríkissjóði útgjöld hátt í 400 millj. kr. frá því sem er á þessu ári. Færa þátttöku ríkisins í þessum kostnaði úr á sjötta hundrað milljónir og niður í hundrað.

Þetta er gert einnig við þær aðstæður að það eru lausir kjarasamningar í landinu, nánast allir kjarasamningar í landinu lausir og vinnudeilur þegar uppi. Hvað er í raun og veru verið að segja hér við aðila vinnumarkaðarins og launafólkið sérstaklega? Þessum byrðum á að velta yfir á atvinnulífið, aðila vinnumarkaðarins, sem augljóslega þýðir að svigrúm til kjarabóta í þeim samningum sem fram undan eru eða yfir standa, eftir atvikum, verður sem því nemur minna. 400 milljónir hið minnsta teknar út úr dæminu, svona í forgjöf, áður en farið er að semja um kaupið. Fyrir utan þá óvissu sem að mínu mati skapast með því að afgreiða málin svona.

Þetta er alveg furðulega framkoma nema hér sé á ferðinni sama hugsun og manni hefur fundist brydda á hjá samninganefnd ríkisins, að byrja á því að hóta mönnum öllu illu og bjóðast svo til að draga eitthvað af því til baka ef þeir verði nú góðir og semji um ekki neitt. Það er eiginlega eina skýringin sem ég finn.

Hvernig var fyrsta tilboð samninganefndar ríkisins til opinberra starfsmanna? Það var að þeir væru í fyrsta lagi svo vænir að semja um kauplækkun og í öðru lagi ætlaði svo ríkið að vera svo vænt að rífa af þeim mörg helstu félagsleg réttindi opinberra starfsmanna. Það var tilboðið. Og hvaða tilgangur getur verið með svona löguðu annar en þessi, ef vera skyldi, að með því að hóta mönnum svona öllu illu þá sé hugsanlega hægt að gera þá ánægða með það að fá ekki neitt. Ég fæ í fljótu bragði ekki séð annan tilgang, ef einhver er, með svona framkomu.

Ef litið er nánar á ríkisábyrgð á launum þá er þegar búið að stemma mjög stigu við útgjöldum ríkisins í þeim efnum. Það var gert og tókst eftir atvikum að lokum um það þokkaleg samstaða á árinu 1990 að breyta lögunum frá 1985 þannig að þrengja þó nokkuð aðgengi launamanna að þessari ábyrgð. T.d. var þá sett þak á þau hámarkslaun sem ríkissjóður greiðir þegar til gjaldþrota kemur. Í lögunum frá 1985 var það þannig að menn fengu greidd full laun, eins og þau höfðu verið hjá fyrirtækinu á síðustu mánuðum áður en það varð gjaldþrota, burt séð frá því hvort þau voru 50 eða 500 þúsund kr. á mánuði. Þetta þótti mönnum ekki réttlát eða skynsamleg ráðstöfun á opinberu fé og niðurstaðan varð sú að 1990 var þessu breytt í þá veru að núna nema hámarksgreiðslur ríkisins í þessum tilvikum þreföldum fullum atvinnuleysisbótum, sem mun vera einhvers staðar nálægt 150 þús. kr. á mánuði. Þessar og reyndar nokkrar fleiri breytingar voru gerðar á lögunum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot 1990. Um það tókst að lokum þokkaleg samstaða, verkalýðshreyfingin var að vísu óánægð með ýmsar hugmyndir sem þar höfðu verið uppi í nefnd sem að þessu starfaði en í tengslum við þjóðarsáttarsamningana var gengið frá þessum málum í sæmilegri sátt. Ég held að það segi í raun og veru allt sem segja þarf um þá skynsemi hæstv. ríkisstjórnar að vera nú að rífa þetta upp með þessum hætti.

Ég fullyrði að það er ekki lengur um að ræða bruðl eða óeðlilega ráðstöfum fjármuna í sambandi við ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot nema síður sé. Þvert

á móti er þegar búið að takmarka þannig þá ábyrgð að ég sé ekki að dæmi geti verið um mikla misnotkun eða óeðlileg útgjöld hins opinbera í því efni. Og þess vegna stendur það eitt eftir að breytingar hæstv. ríkissjórnar miða að tvennu, annars vegar að skerða enn frekar þessi réttindi og hins vegar að velta byrðunum af þeim yfir á atvinnulífið og þá auðvitað launafólk þegar upp verður staðið. Þann hluta þess auðvitað sem lakast er þá staddur og verst má við því eðli málsins samkvæmt.

Þetta er að mínu mati alveg forkastanleg framkoma af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og ég held að ríkisstjórnin gerði réttast í því að draga þennan kafla út úr frv. þegar í stað og frysta hann, a.m.k. þangað til að mál færu að skýrast hvað kjarasamninga snertir. Færi hann þá sömu leið og kafli hæstv. menntmrh. um grunnskólann sem hér er smyglað inn í frv.

Ég mun ekki ræða í einstökum atriðum um greinar 11, 12 og 13 þar sem annars vegar er breytt ráðstöfun á fé Framkvæmdasjóðs fatlaðra með breytingu á lögum um málefni fatlaðra og heimilað að taka stærri hlut af fjármunum sjóðsins til viðhalds en áður hefur verið. Um það má margt segja og í sjálfu sér tel ég að það sé ekki hægt að halda því fram að þar sé um óeðlilega ráðstöfun eða óskynsamlega að ræða. Ég ætla ekki að tjá mig fyrir fram eða á þessu stigi um þau hlutföll sem þarna er boðið upp á, en auðvitað er það ljóst að það er lítið gagn að því að byggja glæsileg mannvirki ef þeim er síðan ekki hægt að halda við og þau grotna niður.

Sama á við um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég ætla ekki að ræða þá hluti efnislega á þessu stigi en vil spyrja hæstv. forsrh., að gefnu tilefni því miður: Var haft samráð við sveitarfélögin um þessar breytingar? Hér er augljóslega fyrst og fremst um að ræða atriði sem hefur áhrif á stöðu sveitarfélaganna og greiðslubyrði þeirra í sambandi við félagslegt íbúðarhúsnæði. Úr því að hér hafa birst á undanförnum vikum fleiri en eitt og fleiri en tvö frv. þar sem hróflað er við málefnum sem lúta að samskiptum við sveitarfélögin, án minnsta samráðs við þau, sbr. frv. um tryggingagjald, þá hlýt ég að spyrja hæstv. forsrh.: Er þessi breyting lögð til í samráði við og ég tala nú ekki um með samþykki sveitarfélaganna í landinu?

Síðan kemur að 15. gr. og þeim sem á eftir koma og lúta að breytingum á lögum um almannatryggingar. Um það mætti margt segja og mætti hafa sjálfstæða umræðu um þau ósköp þar sem eru heilbrigðismálin og frammistaða hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum. En ég veit að svo ber til að hér munu tala á eftir mér í umræðunni menn sem betur eru til þess fallnir að ræða þau atriði í einstökum greinum heldur en ég, svo sem eins og fyrrv. hæstv. heilbrrh. og ætla ég þess vegna að fara hratt yfir sögu.

Í heildina tekið verð ég að segja að mér finnast þær breytingar sem þarna eru lagðar til flestar fremur ógeðfelldar, svo ekki sé meira sagt. Ég ætla að sleppa því að ræða þar um stærðargráður eða upphæðir í einstökum tilvikum þar sem rætt er um að leggja auknar álögur á sjúklinga vegna heimsókna á heilsugæslustöðvar eða til sérfræðinga. Ég ætla ekki að fjölyrða um aukinn kostnað sem foreldrar barna eiga að bera vegna tannlækninga, t.d. þeir sem eiga kannski sjö börn og þurfa að senda þau reglulega til tannlæknis. Ég tala nú ekki um ef menn eru svo óheppnir að lenda í þeim hópi sem orðalagið, þetta snjalla orðalag, sem er í 15. gr., á við, þ.e. að breytt verði ákvæðum og dregið úr því sem áður var sjálfkrafa réttur til að láta lagfæra meðfædda galla í tannbyggingu eða vegna slysa og sjúkdóma yfir í orðalagið að taka þátt í kostnaði „vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma".

Hæstv. ríkisstjórn sem sagt óskar sér þess hlutskiptis að hafa ekki þarna einfalda reglu við að styðjast sem gefi foreldrum eða börnum sjálfkrafa rétt til þess að slíkt sé lagfært ef um alvarlega meðfædda galla er að ræða. Nei, ekki aldeilis. Heldur á að setjast niður og að meta það hvort afleiðingarnar af þessum meðfæddu göllum séu nógu alvarlegar fyrir viðkomandi einstakling, stofni sálarheill hans í nógu mikinn voða eða trufli nógu mikið meltinguna í honum til þess að rétt sé að ríkið taki þátt í kostnaðinum. Ég verð að segja það eins og er að mér býður við svona hugsunarhætti. Hvað er hér á ferðinni? Hvers vegna í ósköpunum vilja menn fara að kalla yfir sig slíkar hörmungar eins og þessu hlýtur að fylgja, að ætla að fara út í að leggja mat á þess háttar hluti með þessum hætti? Hver er hugsunin, hver eru hin faglegu rök, hæstv. heilbrrh., fjarstaddur eins og venjulega, fyrir því? Hverjir eiga að meta það hvort afleiðingar meðfæddra galla séu nógu alvarlegar til þess að ríkið taki þátt í kostnaði við að lagfæra þær? Hvenær er gómur nógu klofinn til þess að rétt sé að ríkið hjálpi til við lagfæra hann o.s.frv.?

Ég held að menn eigi bara að ræða um þessa hluti eins og þeir eru og þeir eru svona. Það er þetta sem er verið að tala um. Og fleirum en mér hefur orðið illa við þegar menn hafa farið að reyna að ráða í hvað felst á bak við þetta orðalag. Ég hef rætt það við nokkra starfsmenn í heilbrigðisstéttum og satt best að segja vekur þessi hugsunarháttur litla hrifningu þar á bæ. Er ekki stutt í það að við förum að skoða hvenær sjúkdómar eru nógu alvarlegir til þess að hið opinbera taki þátt í að lækna þá o.s.frv.? Út á hvaða braut erum við að fara? Hvert erum við að halda, góðir alþingismenn?

Það sama á við um fjölmargt sem hér er lagt til. Við erum að fara út á nýja braut. Það skiptir mig í sjálfu sér engu máli hvort heimsóknargjald er hækkað úr 800 krónum í 1.500 eða 3.000, það er spurningin um grundvallarákvörðunina sem á að ræða. Er það góð vegferð, sem við erum að leggja upp í þarna, að láta almenning taka í vaxandi mæli, stig af stigi, aukinn kostnað á sig til þess að fá undirstöðuþjónustu í heilsugæslu? Ég segi nei. Ég held að reynsla þeirra þjóða sem hafa hrakist út á þá braut og ýst lengra og lengra út í þetta fen sé ekki þannig að við Íslendingar eigum að fara að gera tilraunir í þessum efnum.

Hvernig er ástandið í heilbrigðismálum í Bandaríkjunum í dag? Hver er niðurstaðan hvað kostnað banda-

rísku þjóðarinnar af heilbrigðiskerfinu snertir? Hún er sú að kostnaðurinn þar er þrefalt meiri en í miklu betur rekinni heilsuþjónustu t.d. í Kanada. Það er útkoman. Það eru hinar köldu staðreyndir í málinu. Þegar upp er staðið verður kostnaður þjóðarbúsins í heild meiri fyrir lakari þjónustu. Og af hverju horfa menn ekki á það hver niðurstaðan er, hver útkoman er, hver árangurinn er, í stað þess að hengja sig í klisjur af þessu tagi?

Ég vara við þessari vegferð sem hér er lagt upp í í heilbrigðismálum og reyndar á fleiri sviðum þar sem auknar álögur eru færðar yfir á almenna notendur, almenna þiggjendur í þessu kerfi. Ég óttast að þetta muni leiða okkur út í miklar ógöngur. Fyrir utan það að margt er óskynsamlega útfært í þessum efnum, t.d. ákvæðin um að heimilt sé að láta menn greiða hlutfallsgjald. Ég tel að það sé auðvitað lágmark, ef út í slíkt er farið, að þá sé jafnframt sett inn þak á hversu háar þær upphæðir geti orðið og það þak t.d. innan mánaðar. Það er það fyrirkomulag sem notað er í þessum efnum í Danmörku og víðar þar sem slíkt viðgengst á annað borð.

Aðeins eitt að lokum um þennan heilbrigðiskafla og það varðar útboðin. Inn í 19. gr. er sett tillaga um breytingu á 48. gr. laganna, sem heimili Tryggingastofnun útboð og síðan í 21. gr. sambærileg breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu sem heimili útboð, tiltölulega almenn og opin útboð á rekstri í heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Ég vek athygli á því að orðalagið er þannig að þetta má nýta til þess að bjóða út hvað sem er á þessu sviði. Hæstv. forsrh. kemur að vísu upp og segir: Það er meiningin að menn hugsi sér að nota þetta t.d. til að bjóða út rannsóknarþjónustu utan stofnana. Gott og vel. Af hverju er það þá ekki sagt? Af hverju er verið að afla með lögum heimildar til að bjóða út hvað sem er í rekstri á sviði heilbrigðismála ef eitthvað annað vakir fyrir mönnum? Ég er mjög á móti þessu ákvæði, það verð ég að segja. Ég sat í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í fjögur ár og í þeim hópi var mikill frjálshyggjumaður sem fyrsta árið var sífellt að tala um útboð. Hann vildi bjóða út alla skapaða hluti í heilsugæslu, lyfjainnkaup ríkisspítalanna og matseldina á ríkisspítölunum og þvottinn á ríkisspítölunum og guð má vita hvað — ef ekki bara sjúklingana sjálfa. (Gripið fram í.) Af vinskap við hann ætla ég ekki að upplýsa það.

En hver var niðurstaðan? Stjórnarnefndin fór í mikla vinnu, tók fyrir hvert sviðið á fætur öðru í rekstri ríkisspítalanna og komst að því aftur og aftur og aftur að útboð ættu ekki við. Útboð væru stórvarasöm. Það var til að mynda farið rækilega yfir þvottinn á ríkisspítölunum og menn sögðu sem svo í byrjun: Það er nú engin ástæða til þess að ríkið sé að reka þvottahús. Það er gamaldags og úrelt, það er bara einhvers konar austantjaldskommúnismi að vera að því. Nei, við skulum bjóða út þvottahúsið. Svo var farið að skoða málið tæknilega. Og hvað kom í ljós? Jú, þetta langstærsta þvottahús landsins, sérhæft, það var enginn annar aðili til í þjóðfélaginu sem gat ráðist í að taka við þessari þjónustu nema ráðast fyrst í stórkostlegar fjárfestingar og kaupa inn dýr og sérhæfð tæki.

Og hvað hefði gerst ef menn hefðu boðið þetta út? Einhver fjársterkur aðili hefði fengið þetta, keypt tækin. Hann hefði verið einn um það að geta veitt þessa þjónustu. Þvottahús ríkisspítalanna hefði verið lagt niður og eftir tvö ár hefði kostað stórfé að koma því aftur í gang. Og það hefði verið einn aðili í landinu sem hefði haft einokun á því að þvo fyrir stofnunina og þar með getað sjálfur farið að skammta sér verð fyrir. Þetta var niðurstaða stjórnarnefndarinnar og frjálshyggjumaðurinn féllst á að þetta væri auðvitað alveg rétt. Menn yrðu að skoða fleira heldur en upphafið í málinu. Það væri til lítils að ná kannski sparnaði í eitt ár ef það þýddi svo að menn væru ofurseldir og komnir í klærnar á einhverjum einum aðila sem hefði einokun á markaðnum og gæti farið að skammta sér verð eftir tvö eða þrjú. Það þýðir ekkert að vera að pissa í skóinn sinn í þessum efnum, það er alveg gagnslaust. Það er jafngagnslaust í þessu dæmi eins og í hinu bókstaflega. Og sennilega er meira gagn að því að pissa í skóinn sinn í frosti en að fara út í svona vitleysu.

Þess vegna verð ég að segja það að ég tel að það vanti allan rökstuðning og allar forsendur til þess að ljáð sé máls á breytingu af þessu tagi. Því auðvitað er það grundvallarbreyting að taka inn í lögin um heilbrigðisþjónustu og um Tryggingastofnun ríkisins að þar sé almennt útboðsákvæði fyrir hendi sem hægt er að grípa til þegar mönnum sýnist svo og bjóða út hvað sem er. Það er alveg ljóst að einhverjar loðnar yfirlýsingar um að menn séu að hugsa sér að nota þetta í þetta eða hitt í byrjun, þær halda lítið í þeim efnum.

Það sem maður óttast auðvitað að hér liggi á bak við sé að frjálshyggjuhugmyndirnar um að einkavæða heilbrigðisþjónustuna að einhverju leyti í gegnum svona ákvæði séu hér að skjóta upp kollinum. Gamla Thatcher sé hér afturgengin. Og það eigi að leiða okkur á stefnumót við fortíðina í heilbrigðismálunum einnig. Fara að prufukeyra thatcheríska hugmyndir í heilbrigðismálum — sem hafa leitt Breta í meiri ógöngur á því sviði en flestar aðrar þjóðir. Og ég held að það væri ástæða til þess að láta þá menn leggjast inn á breskt sjúkrahús í nokkra daga, sem langar til að fara þangað og sækja sér fyrirmyndir um rekstur heilbrigðisþjónustu. Ég legg því til að þessi útboðsákvæði, hvað sem öllu öðru líður í þessu frv., verði felld eða þeim hent út.

Ekki er margt að segja um breytingarnar eða ákvæðin um lög um eiturefni og hættuleg efni og önnur sem á eftir koma eru minni háttar, að mínu mati, bæði varðandi skráningu fasteigna og Iðnlánasjóð.

Þá er komið að hinum heföbundna „þrátt-fyrir-kafla" sem svo hefur heitið um árabil og gjarnan staðið í frv. til lánsfjárlaga. Því miður verður að segjast að þar er nú svipaður grautur í sömu skál og verið hefur um árabil og er það víst þannig að hendur flestra eru þar flekkaðar, að hafa gripið inn í ákvæði sérlaga um útgjöld til einstakra málaflokka með skerðingarákvæðum af þessu tagi. Ég ætla þess vegna ekki að segja að hæstv. ríkisstjórn beri þarna meiri sök en aðrir heldur deili hún henni með þeim sem á undan hafa gengið í

flestum tilvikum. Hvað formið snertir a.m.k. er það svo, og mér finnst sjálfsagt að vera heiðarlegur í þeim efnum, að þar er því miður ekki um það að ræða að í fyrsta sinn sé gripið til slíkra aðferða. Það á hins vegar ekki við í öllum atriðum hvað innihaldið snertir og þar er að sjálfsögðu ástæða til að skoða hvern hlut fyrir sig í ljósi ríkjandi aðstæðna.

Þar eru vissulega heldur dapurlegir hlutir á ferðinni í bland, svo sem smásmugulegur niðurskurður til ýmissa menningarliða. Nefni ég t.d. Menningarsjóð ríkisins, sem er ekki feitur göltur að flá en á nú samt að skerða um 6 millj. kr. Og ég hlýt að nefna 34. gr. þar sem hæstv. ríkisstjórn ræðst með harkalegum hætti á Framleiðnisjóð landbúnaðarins og sker hann niður um helming eða meira, jafnvel ríflega það, frá því sem lögbundin ákvæði búvörulaga gera nú ráð fyrir. Þetta er að sjálfsögðu að því leyti til verra en flest annað sem þarna er á ferðinni að í því felst í raun samningsrof af hálfu ríkisins. Þannig háttar til að framlög í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, eins og þau eru samkvæmt gildandi lögum, eru hluti af og voru hluti af samningum ríkisvaldsins og bænda um ráðstafanir í landbúnaðarmálum sem miðuðu ekki síst að því að draga úr offramleiðslu hefðbundinna búvara og aðlaga framleiðsluna að þörfum innlends markaðar. Í staðinn lagði ríkisvaldið fram fé til stuðningsaðgerða í landbúnaðinum, fyrst og fremst í gegnum Framleiðnisjóð með búvörulögunum, ákvæðum í búvörulögum frá 1985 og síðari breytingum á þeim lögum. Ríkisstjórnin hefur sem sagt ákveðið að rjúfa þennan hluta þessa samkomulags með þessum hætti og mundi þó ýmsum sýnast að ekki væri síður þörf nú fyrir fjármuni til stuðningsaðgerða þeim miklu breytingum sem yfir ganga í íslenskum landbúnaði og strjálbýli um þessar mundir. Ég hlýt að harma að ríkisstjórnin velji þennan kost með þessum hætti og að hún skuli láta sveðjuna ganga svona djúpt, að taka í burtu meira en helminginn af fjármunum sjóðsins sem þýðir að ráðstöfunarfé hans á næsta ári verður hverfandi lítið þar sem talsverður hluti þess sem eftir stendur mun ganga til að greiða þegar tilfallnar skuldbindingar hjá sjóðnum. Þetta mundi heita á mannamáli að verið væri nánast að gelda Framleiðnisjóð landbúnaðarins og það er vissulega dapurleg niðurstaða í ljósi allra aðstæðna.

Auðvitað mætti nefna þarna marga fleiri liði sem eru heldur illa leiknir. Ég nefni aðeins einn og það eru framlög til ferðamála. Undanfarin tvö, þrjú síðustu ár hefur tekist þrátt fyrir allt að þoka nokkuð upp á við framlögum ríkisins til Ferðamálaráðs eða öllu heldur minnka stuldinn á tekjum Ferðamálaráðs af hagnaði Fríhafnarinnar og hefur orðið veruleg raunaukning á þeim fjármunum sem Ferðamálaráð hefur haft handa á millum undanfarin tvö ár. Þetta er að mínu mati þeim mun dapurlegra sem það er nokkuð ljóst að ferðaþjónustan er einn fárra atvinnuvega, því miður, einn fárra atvinnuvega sem jafnt og þétt hefur vaxið undanfarin ár og árið 1991 verður væntanlega metár í þessum efnum þar sem gjaldeyristekjur íslensku þjóðarinnar af ferðaþjónustu fara eitthvað á tólfta milljarð kr. og er hún þar með líklega orðin þriðji eða fjórði stærsti gjaldeyrisaflandi landsins í hópi atvinnugreina. Auðvitað er dapurlegt ef við þurfum að búa þannig að okkar, ég vil nú ekki segja einu atvinnugrein, sem þó er í vexti og hefur ákveðna og nokkuð álitlega framtíðarmöguleika, að við þurfum að skera niður til hennar fjármagn. Það er samdóma álit allra sem til þekkja að það sé mikil þörf fyrir fjármuni í fyrirbyggjandi aðgerðir vegna aukins ferðamannastraums til landsins og það er satt best að segja dapurlegt að áform um að auka þessar tekjur í áföngum, eins og menn höfðu sett sér í stefnumörkun á sviði ferðamála á tveimur sl. árum, skuli nú ganga til baka. Það verður í öllu falli ekki rökstutt með því að þar sé um að ræða einhvern fjáraustur, eins og hæstv. forsrh. er tamt að orða það, í einhverja botnlausa hít í gjaldþrota atvinnugrein. Það er ekki svo. Hér er fyrst og fremst um það að ræða hvort þjóðin hefur efni á því að leggja eitthvað lítils háttar af mörkum til þess að forða náttúru landsins frá skaða vegna vaxandi átroðslu erlendra ferðamanna og aukins fjölda þeirra ár frá ári. Hin hlið málsins er óumdeild, þarna er á ferðinni ein fárra vaxandi atvinnugreina sem skilar miklum og vaxandi verðmætum í okkar þjóðarbú.

Ég lofaði hæstv. forsrh. að stríða honum ekki vegna þeirra ákvæða sem hann ræddi nokkuð, um eyðingu refa og minka, og ekki eru í þessu frv. að mér skilst en eru hins vegar í athugasemdum og þar eru boðaðar breytingar á þessu frv. Það mun ég að sjálfsögðu ekki gera og sé þá ekki ástæðu til að ræða það ákvæði úr því að það er væntanlegt inn í þingið í frumvarpi. Við munum þá bara gera það síðar þegar þar að kemur, svona eitthvað lítillega. En sá sem hér talar hefur stundum haft augu á þessu ákvæði og þó að ýmsum þyki þetta jafnvel efni til að hafa í flimtingum, þá er ekki endilega svo. Staðreyndin er sú að, ef um það er að ræða að færa greiðslubyrðina yfir á sveitarfélögin, þá lendir hún þar sem síst skyldi, eðli málsins samkvæmt, þar sem það eru víðlendustu og strjálbýlustu sveitahreppar landsins sem mesta greiðslubyrðina bera af þessari starfsemi. Þess vegna er ekki svo að t.d. sé hægt að velta miklum kostnaði við eyðingu refa og minka yfir á Borgarsjóð Reykjavíkur sem þyldi alveg að taka á sig nokkra aukningu. (**Gripið fram í:** 12.000.) Já, 12.000 kr. Það er upplýst hér að útgjöld Reykjavíkurborgar hafi verið 12.000 kr. af þessum sökum á síðasta ári eða svo. Það mun að vísu vera eitthvað um svona kvikindi í Húsdýragarðinum en væntanlega er ekki ætlunin að útrýma þeim og þess vegna ekki líkur á því að mikil útgjöld falli á borgarsjóð í þessum efnum. En ég vil minna á þetta atriði og áskil mér rétt til að ræða það síðar þegar þar að kemur að hér koma inn í þingið ný ákvæði um skipan mála hvað varðar eyðingu refa og minka. Ég vona að unnið verði að undirbúningi þess máls af skynsemi og með tilliti til þess hvaða aðilar eiga þarna í hlut. Þá á ég ekki við hlutskipti minksins og refsins heldur sveitarfélaganna sem þurfa að taka á sig kostnaðinn af greiðslum í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þá nokkurn veginn tæmt þau efnisatriði sem ég ætlaði mér að ræða í

þessari fyrri ræðu minni ef svo skyldi fara í umræðum um þennan bandorm, sem sumir hafa nú jafnvel kallað höggorm — og vísa þá væntanlega til sögunnar um aldingarðinn Eden og hlutskipti höggormsins þar sem var ekki gott og leiddi ekki gott af sér eins og allir þekkja og þó. Óvíst er hvar við værum í dag ef þau hefðu ekki forðað sér úr aldingarðinum, forfeðurnir. — En ég get ekki leynt því að mér finnst hér á ferðinni heldur dapurlegur vitnisburður um samhengisleysi hæstv. ríkisstjórnar hvað tök á efnahagsmálum snertir. Þetta frv. hefði í raun alls ekki átt að koma hér á dagskrá fyrr en og samtímis því — og þá væntanlega í breyttu formi — að ríkisstjórnin hefði náð einhverri niðurstöðu í viðleitni sinni til að taka á í efnahagsa- og atvinnumálum og gera þar ráðstafanir, og ekki fyrr en fyrir lægju niðurstöður um frekari áformaðan niðurskurð ríkisútgjalda á næsta ári, sem við hv. alþm. höfum því miður, a.m.k. þeir sem hér eru, eingöngu fregnað af í fjölmiðlum enn þá. Það er augljóslega tíverknaður að vera að ræða um þessa hluti hér og nú, hafandi ekkert í höndunum um það sem væntanlegt er. Satt best að segja er það augljóslega svo, nú þegar kominn er — gott ef ekki 6. des., herra forseti, það er a.m.k. eitthvað í nágrenni við það, að öll vinnan að fjárlögunum og öðrum efnahagsfrumvörpum hér inni er í fullkominni óvissu og uppnámi vegna stöðu mála. Það er ekki stjórnarandstöðunni að kenna. Það er ekki ræðuhöldum eða þingskapaumræðum hér á Alþingi að kenna. Það er vegna þess að ekki hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn þær niðurstöður og þeir hlutir sem þaðan eru þó boðaðir og sem við þurfum að fá til að geta tekið á þessum málum. Ég ímynda mér að það hljóti að vera alveg nákvæmlega eins inni í hv. fjárln. eins og það er í efh.- og viðskn. að í raun og veru hangi þessir hlutir allir í lausu lofti þangað til einhverjar niðurstöður fást í þessi efni og því fyrr sem það gerist því betra.

Úr því að hæstv. ríkisstjórn velur engu að síður að láta þetta frv. koma til umræðu, og taka tíma í að ræða það hér á hinu háa Alþingi, þá er ekki að fást um það. Við teljum það væntanlega ekki eftir okkur, alþingismenn, að gera það. En augljóslega verður ekki meira að gert en að ljúka umræðu um þetta mál og senda það til nefndar. Þar hlýtur það að bíða þangað til hægt er að taka til við að vinna þessa hluti uns hæstv. ríkisstjórn hefur komið sér saman um einhverjar aðgerðir og ráðstafanir í efnahagsmálum, ef hún þá gerir það.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um svokallaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum, virðulegt nafn á býsna vondu frv., hinn svokallaði bandormur. Ég verð að segja að mér hefur alltaf þótt þessi samlíking við sníkjudýrið bandorm heldur ógeðfelld en það má til sanns vegar færa að sá lagaormur sem hér er á ferð hlykkjast um æðar þjóðfélagsins og sýgur til sín næringu frá þjóðarlíkamanum, veikir, lamar og dregur jafnvel til dauða starfsemi sem ætti að blómstra.

Í þessum lagabálki er að finna svokallaðar ráðstafanir sem ná allt frá hinum stóru málaflokkum heilbrigðis- og tryggingamála, og boða niðurskurð upp á allt að 1.270 millj. kr., til breytinga á lögum um eiturefni og hættuleg efni, þar sem verið er að eltast við eina milljón kr. Þá má finna í frv. 20 svokallaðar „þrátt-fyrir-greinar" þar sem fjárveitingar til ýmissa sjóða og verkefna eru skertar um rúman milljarð. Samtals er um að ræða niðurskurð og breytingar upp á tæpa 3 milljarða kr.

En þó að þetta frv. sé komið fram þá höfum við alþingismenn enn þá enga yfirsýn yfir ríkisfjármálin í heild. Fjárlögin eru enn í uppstokkun og endurskoðun og það er lítið komið fram af fjáröflunarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Þetta ræðst auðvitað af því ástandi sem skapast hefur í þjóðfélaginu.

Á fund efh.- og viðskn. í morgun mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans til að gera okkur grein fyrir þeim breyttu forsendum sem við stöndum frammi fyrir. Og þá kom fram að í ár spáir Þjóðhagsstofnun 5,7% samdrætti í þjóðartekjum. Alþingismenn minnast líklega flestir áranna 1967–70 þegar mikið áfall reið yfir þjóðarbúið. Árið 1968 varð sú kreppa dýpst og nam þá 6% samdrætti í þjóðartekjum. Nú er spáð 5,7% samdrætti. Það má því öllum vera ljóst að sá vandi sem við stöndum frammi fyrir er mjög stór. Sá vandi felst í því að fram undan er samdráttur í fiskveiðum, fyrirtæki eru að fara á hausinn í stórum stíl, sem þýðir það að fólk missir vinnuna. Kvótinn hefur verið að þjappast saman á æ færri hendur sem gerir ýmsum litlum byggðarlögum erfiðara fyrir. Og hallinn á ríkissjóði er auðvitað mikill. Þeir spámenn Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans lýsa því að fyrirhugaðar lántökur og viðskiptahalli ríkisins séu meðal allra stærstu vandamála sem við er að glíma og auðvitað viðurkennum við það.

Við vitum líka að bruðlað hefur verið árum saman með opinbert fé. Því hefur verið varið í ýmis illa undirbúin og misheppnuð ævintýri svo sem fiskeldi og loðdýrarækt. Og skuldastaða þjóðarinnar er mjög alvarlegt mál. Síðan bætist þar ofan á sú árás sem núv. ríkisstjórn er að gera á velferðarkerfið og mun verða til þess að kjör fólks í landinu, fjölskyldnanna í landinu, munu versna. Á slíkum tímum er mikilvægara en nokkru sinni að auka jöfnuð í þjóðfélaginu og tryggja hag þeirra sem verst standa og að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að halda uppi vinnu í landinu.

Á margnefndum fundi í morgun kom fram að einn mesti samdráttur og ein mesta breyting sem orðið hefur í efnahagsmálum er samdráttur í fjárfestingum. Það er ekki verið að fjárfesta í neinum arðbærum framkvæmdum eða fyrirtækjum. Það er ekki bara stöðnun sem þar á sér stað heldur hreinn samdráttur. Við hljótum að spyrja okkur: Hvernig á að taka á þessum málum?

Við kvennalistakonur höfum lagt fram þá tillögu að það lánsfé sem Landsvirkjun þarf ekki á að halda og reyndar Vatnsleysustrandarhreppur líka, rúmir 6 milljarðar kr., verði að hluta til notað af hinu opinbera til þess að fjárfesta í arðbærum framkvæmdum. Þegar ég tala um arðbærar framkvæmdir er ég m.a. að tala um

samgöngukerfið, rannsóknir og ýmislegt það sem má verða til þess að skapa vinnu.

Að okkar dómi þarf að gera víðtæka áætlun um fjölbreytta atvinnusköpun, sem ekki síst tekur mið af stöðu kvenna á landsbyggðinni, því að það kemur æ betur í ljós að atvinnuleysið bitnar verr á konum en körlum. Það þarf t.d. að byrja á auðlindakönnun, það þarf að efla rannsóknir og upplýsingaöflun, veita þeim aðilum sem eru að spá í hvers konar framfarir í atvinnumálum aðgang að upplýsingum og leita þarf eftir frumkvæði fólksins í landinu.

Þá er nauðsynlegt að stokka upp ríkiskerfið, fara markvisst ofan í stofnanir ríkisins, spyrja okkur um það hvert hlutverk ríkisins á að vera, hvaða stofnanir eru nauðsynlegar, hvaða þjónustu er hægt að koma til annarra. Auka þarf ábyrgð stofnana, gera starfsfólk og stjórnendur ábyrga fyrir rekstri hinna ýmsu stofnana og ekki síst að leita til starfsmanna eftir tillögum um hagræðingu og sparnað. Og það þarf að draga úr því bruðli og þeim flottræfilshætti sem hér hefur tíðkast um áratugaskeið.

Þá vil ég einnig nefna að ég tel að það eigi aftur að færa vald til sveitarfélaganna en ekki að draga valdið frá þeim eins og hefur verið gert að undanförnu. Endurskoða þarf skattakerfið með það að markmiði að færa skattbyrðina frá hinum lægst launuðu til hinna sem meira hafa.

Þá er lífsnauðsynlegt að endurskoða fiskveiðistefnuna þannig að fiskveiðiheimildir tengist byggðum en þó með þeim sveigjanleika að rekstur fiskvinnslunnar verði sem hagkvæmastur. Finna þarf milliveg þannig að grundvellinum sé ekki kippt undan heilu byggðarlögunum, þ.e. ef þau eiga sér tilverugrundvöll.

Þá vil ég síðast en ekki síst nefna að það er nauðsynlegt að stokka upp launakerfið í landinu með sérstöku tilliti til kvenna til þess að auka jöfnuð og réttlæti. Ekki síst vil ég benda á að fram þarf að fara nýtt starfsmat sem hefur það markmið að draga úr hinum óréttláta launamun sem við búum við.

En hvað gerir ríkisstjórnin? Hún leggur fyrir okkur tillögur í fjárlagafrv., í bandorminum sem hér er til umræðu, og það verður að koma í ljós hvað þau frv. sem eru á leiðinni fela í sér. En tillögur ríkisstjórnarinnar fela fyrst og fremst í sér niðurskurð og tilfærslu á kostnaði, þ.e. hluta af kostnaðinum við rekstur þjónustu ríkisins er velt yfir á heimilin í landinu. Það er verið að klípa af einstaka liðum og það er verið að grípa til ráðstafana í sjávarútvegi sem óvíst er hvað kemur út úr.

Stefnan er að hagræða, og ég get auðvitað tekið undir það að nauðsynlegt er að hagræða, bæði í ríkisrekstrinum og í atvinnurekstrinum almennt. En eins og stefnan kemur fram hjá ríkisstjórninni birtist hún fyrst og fremst í því að fyrirtæki eigi að fara á hausinn. Að ríkið eigi ekki að grípa inn í hverjar sem aðstæður kunna að vera.

Nú skal ég ekki draga dul á það að víða er nauðsynlegt að stokka upp rekstur fyrirtækja og það eru mörg fyrirtæki sem eiga sér ekki rekstrargrundvöll. En við verðum að horfa á málin í tengslum við þá stefnu sem við viljum reka í byggðamálum. Við verðum að horfa á þau með það markmið að grundvellinum sé ekki kippt undan heilu byggðarlögunum.

Enn hefur ekkert verið gert til þess að grípa á því stóra vandamáli, og kannski erfiðasta vandamáli sem við er að glíma, sem er að ná niður vöxtunum. Að mínum dómi er hæstv. ríkisstjórn að fara heldur hratt í sakirnar. Ég held að betra væri að gera áætlun til nokkurra ára og ná hallanum á ríkissjóði niður á lengri tíma til þess að afleiðingarnar verði ekki jafngrimmilegar og þær virðast ætla að verða. Ég óttast að sú spá sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram varðandi atvinnuleysi á næsta ári sé heldur væg. Ég óttast að ríkisstjórnin sé að setja af stað keðjuverkun með aðgerðum sínum sem mun valda því að atvinnuleysi verði meira en spáð hefur verið. En við skulum svo sannarlega vona að svo verði ekki.

Ég ætla þá að víkja að því frv. sem er til umræðu og skoða nokkra þætti þess. Þær stöllur mínar sem eiga eftir að tala á eftir munu taka fyrir ýmsa aðra þætti. Ég ætla þá fyrst að víkja að skólamálunum.

Á sl. vori voru samþykkt ný lög um grunnskóla sem fela í sér miklar og nauðsynlegar endurbætur á grunnskólanum. Að mínum dómi voru þær tillögur sem þá voru samþykktar löngu tímabærar því að staðreyndin er sú að okkar grunnskólakerfi er mjög gamaldags og úrelt að því leyti að þar eru stórir, fjölmennir bekkir, skólar eru tví- og þrísetnir, börn fá ekki máltíð í skólum, þeim er ekki tryggð vist í skólunum eftir að kennslutíma lýkur og áður en vinnutíma foreldra lýkur. Sú stefna að leggja áherslu á mismunandi þarfir einstaklinganna hefur því miður alls ekki náð fram að ganga. En þetta frv. sem Alþingi samþykkti sl. vor átti að bæta úr þessu að nokkru leyti.

En hvað gerir ríkisstjórnin í þessu svokallaða frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum? Hún ræðst á skólakerfið, grunnskólana, þar sem þörfin er mest á breytingum og bótum og sker þar niður um 40 milljónir. Það er ekki ýkja há upphæð miðað við þær miklu framfarir sem þarna er um að ræða. Það sem er gert með þessum niðurskurði er í fyrsta lagi að fresta fækkun nemenda í bekkjum grunnskólans. Það er verið að fresta því að koma á máltíðum í skólum. Það er verið að fresta ráðningu aðstoðarskólastjóra. Það er verið að fresta stofnun grunnskólaráðs. Það er verið að fresta því að lengja kennslutíma yngstu barnanna sem er fáránlega stuttur. Það er verið að fresta ákvæðum um skólaathvarf í hverjum skóla. Það er verið fresta ráðningu námsráðgjafa í grunnskólum. Og fellt er niður ákvæði um að stefnt skuli að því að grunnskólar verði einsetnir á næstu tíu árum.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þessi kafli frv. er vægast sagt sorglegri en tárum tekur. Að hagsmunum yngstu skólabarnanna skuli fórnað í þessum ráðstöfunum upp á litlar 40 millj. kr. Þetta er í hróplegri andstöðu við alla þróun skólamála í nálægum löndum og í hinum iðnþróaða heimi þar sem verið er að auka fjárveitingar til skólamála og leggja aukna áherslu á umbætur í skólastarfi vegna þess að það er viðurkennt af öllum að menntun er undirstaða fram-

fara og sóknar í framtíðinni. Þess vegna er sú stefna sem hefur verið mörkuð hörmuleg og ég mótmæli þessu harðlega. Þetta var um skólann.

Ég ætla aðeins að nefna það hvernig lögin snúa að bændum því að bændur eru einn hópurinn sem verður fyrir skerðingu með þessu frv. Í fyrsta lagi er verið að skerða jarðræktarlögin, lögbundin framlög og verðbætur á þær upphæðir. Og Stofnlánadeild landbúnaðarins verður fyrir 40 millj. kr. niðurskurði, forfalla- og afleysingaþjónusta bænda 55 millj. kr., mat á sláturafurðum 8,9 millj. kr. og svo er Framleiðnisjóður skorinn niður um hvorki meira né minna en 360 millj. kr.

Ég tel nauðsynlegt að endurskoða landbúnaðarkerfið mjög rækilega. Ég spyr mig t.d. hvaða réttlæti sé í því að ríkið borgi forfalla- og afleysingaþjónustu bænda. Hvers vegna á ríkið að borga þó að bændur bregði sér frá búi? Og það er margt varðandi skipulag landbúnaðarins sem þarf að skoða. En það er hér eins og víða annars staðar að það er verið að höggva að rótunum. Hlutverk Framleiðnisjóðs er m.a. að ýta undir nýsköpun og framfarir í landbúnaði og honum hefur tekist að styðja bændur í því að skapa ný atvinnutækifæri. En með þeim niðurskurði, sem hér er boðaður, blasir sú staðreynd við að Framleiðnisjóður mun hafa um 60 millj. kr. til lögbundinna verkefna vegna þess að það er verið að leggja á hann og raunar sækja í hans sjóði til þess að standa undir ýmsum öðrum greiðslum. Þetta finnst mér vera dæmi um rangar áherslur í ríkisfjármálum. En eins og ég nefndi og segi enn og aftur þá þarf að skoða landbúnaðarkerfið algjörlega upp á nýtt, ekki síst í ljósi þess sem er að gerast í GATT-viðræðunum sem munu þýða miklar breytingar fyrir landbúnaðinn og fyrir stöðu bænda.

Ég get nú ekki stillt mig um að nefna aðeins kosningaauglýsingarnar sem lækka á um 10 millj. kr., og ég spyr eins og aðrir þingmenn: Boðar þetta kosningar á næsta ári? Hvað liggur á að vera að taka á því þjóðþrifamáli? Ég get ekki annað en gagnrýnt þetta ákvæði því að það er partur af lýðræðinu að fólk eigi auðvelt með að átta sig á því hverjir eru í framboði og geti kynnt sér það rækilega. Eins og síðasti ræðumaður nefndi hafa auglýsingar framboða haft sitt að segja fyrir fjáröflun stjórnmálasamtakanna þó að það eigi kannski ekki að skipta meginmáli. Aðalatriðið er auðvitað það að allur almenningur í landinu hafi góðan aðgang að upplýsingum um það hverjir eru í framboði.

Ég ætla næst að koma aðeins inn á húsnæðismálin. Í frv. eru boðaðar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og þar er einkum um tvö mál að ræða. Annars vegar á að taka fyrir lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og það get ég tekið undir. Ég tel rétt að hætta þeim lánveitingum og þó fyrr hefði verið því að það er afar óheppilegt að vera með mörg kerfi í gangi. En auðvitað verður að klára kerfið og veita þeim lán sem hafa fengið lánsloforð og hafa þar með lagalegan rétt sín megin.

En það er hitt málið, 3,5% óafturkræft framlag sveitarfélaganna sem ég vil gera að umræðuefni. Það eru u.þ.b. tvö ár síðan þeim hluta laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sem fjalla um félagslega húsnæðiskerfið var breytt. Þá var tekið út ákvæði um óafturkræft framlag sveitarfélaganna. Það var þá 10% af lánsupphæðinni á íbúð. Það var mjög ákveðin ástæða til þess að framlagið var tekið út á sínum tíma og ástæðan var fyrst og fremst sú að mörgum sveitarfélögum var þetta um megn. Þar af leiðandi var verið að reyna að hvetja sveitarfélögin með þessum hætti og beinlínis að létta á þeim með því að leggja niður þetta framlag þannig að þeim yrði ákveðin hvatning að byggja félagslegt húsnæði.

Þetta 3,5% gjald eða óafturkræft framlag er talið samsvara gatnagerðargjöldum og í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það að sveitarfélögin leggi eitthvað af mörkum. En eins og oft áður verður aðeins að skoða mismunandi stöðu sveitarfélaganna og það verður líka að horfa á þetta í því samhengi að einmitt í þessu frv., sem er til umræðu, er verið að leggja fleiri gjöld og meiri álögur á sveitarfélögin. Ég ítreka þá spurningu sem hefur komið fram til hæstv. forsrh.: Er þetta gert í samráði við sveitarfélögin? Hvað segja sveitarfélögin um þetta framlag og önnur gjöld sem lögð eru á þau?

Ég ætla þá að víkja að hinum svokölluðu „þráttfyrir-ákvæðum". Ég stikla hér á stóru í trausti þess að aðrar þingkonur Kvennalistans taki ýmis önnur mál fyrir á eftir sem virkilega eru verð umræðu.

Fyrst ætla ég að koma að Ríkisútvarpinu. Um árabil hefur sá lögbundni tekjustofn, sem Ríkisútvarpið á að fá, þ.e. aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, verið af því tekinn. Nú nemur þessi upphæð 180 millj. kr. Ekki eru margir dagar síðan fjöldi þingmanna fór í pontu til að býsnast yfir ástandinu í dreifikerfi útvarpsins. Menn muna eflaust að langlínumastrið féll í óveðrinu sl. vetur. Þannig er alveg ljóst að Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir miklum og nauðsynlegum framkvæmdum, en hvernig á það að geta sinnt þeim þegar þessar lögboðnu tekjur eru af þeim teknar ár eftir ár? Þetta tel ég vera hið alvarlegasta mál.

Þá vil ég nefna þjóðminjalögin. Samkvæmt þeim á ákveðið gjald að renna í svokallaðan húsafriðunarsjóð. Ríkissjóður getur heldur ekki stillt sig um að klípa af þeirri fjárveitingu og tekur í sinn hlut 24,5 millj. kr. af því sem renna átti í húsafriðunarsjóð. Nú gæti sumum sýnst að þetta mál væri kannski ekki eins alvarlegt og margt annað. En svo vill til að húsafriðunarsjóður á að annast ýmsar þær menningarsögulegu byggingar sem við eigum — og eru ekki allt of margar — en því miður er ástand þeirra margra mjög alvarlegt. Margar byggingarnar, og nefni ég sérstaklega gömlu torfbæina, eru mjög illa á sig komnar. Hvað verður um ferðamannaiðnaðinn í Skagafirði ef loka þarf Glaumbæ fyrir ferðamönnum? Hvers konar áherslur eru þetta, að vera að klípa af þessum gjöldum? Þetta kemur niður annars staðar. Þetta bitnar jafnvel á atvinnulífinu annars staðar, á ferðaþjónustunni.

Ég vil nefna Menningarsjóð sem er skorinn niður um 5,5 millj. kr. Það er svo sem ekki há upphæð en hefur sitt að segja. Þetta tengist því að ríkisstjórninn

hefur boðað að hún ætli að breyta lögum um Menningarsjóð og hætta þeirri útgáfustarfsemi sem Menningarsjóður hefur annast. Menningarsjóður hefur gefið út ýmis fræðirit sem erfitt hefur reynst að fá gefin út annars staðar, rit sem seljast á löngum tíma en hafa ómetanlegt gildi.

Ég ætla ekki að gera athugasemd við það að 30 millj. kr. eru teknar af því fé sem renna átti til Þjóðarbókhlöðunnar og því varið til viðgerða á Bessastöðum. Sem betur fer hefur verið söðlað um, Þjóðarbókhlaðan fær nú mjög aukna fjárveitingu frá því sem verið hefur þannig að menn eru loksins farnir að sjá fyrir endann á því hneyksli. Það tel ég vera til bóta.

Ég vil að lokum nefna Ferðamálasjóð sem er skorinn niður um hvorki meira né minna en 116 millj. kr. Þarna er einmitt komið að einu þessara atriða þar sem verið er að klípa í starfsemi sem getur skilað af sér miklu í framtíðinni því að mikið verk er óunnið í ferðamálaþjónustu á Íslandi. Það er ekki bara í því að koma upp gistiaðstöðu og veitingastöðum heldur í öllu skipulagi og ekki síst að gera það sem vert er að skoða á Íslandi aðgengilegt. Ég get nefnt þann mikla sögustað okkar, Skálholt. Þar er ekki nokkur skapaður hlutur. Að vísu hægt að kaupa sér kaffi. Það er ekki einu sinni búið að grafa upp gamla bæinn í Skálholti. Það er ekkert gert fyrir þessa sögustaði. Á Þingvöllum vantar ýmsa þjónustu, einnig á Hólum í Hjaltadal. Margt er hægt að gera til þess að gera þessa ferðamannastaði aðgengilega. Og ég minnist nú ekki á söfnin. Ég get ekki stillt mig um að minna á þá hörmung sem heitir Þjóðminjasafn Íslands. Líklega er allt á floti þar núna í þessu regnveðri sem hér gengur yfir. Það safn er svo gamaldags og úrelt að maður hreinlega veigrar sér við að fara þangað. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því að það var sett upp einhvern tímann á árunum eftir stríð og þar hefur varla verið hreyfður nokkur hlutur síðan. Þar gengur fólk inn í sali og kíkir í skápa og þar stendur m.a. „döggskór" — hversu margir vita hvað döggskór er? Allt sem lýtur að kynningu í þessum söfnum er í ólestri. Þetta er okkar þjóðararfur sem búið er að koma fyrir á þessum stað. Þarna eru gripir sem eru einsdæmi í veröldinni en það er ekkert sem sýnir það, það er ekkert sem dregur það fram, fyrir svo utan það náttúrlega hvað byggingin sjálf er í hörmulegu ásigkomulagi.

Herra forseti. Ég hef vikið að nokkrum atriðum sem snerta þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég vil segja það að lokum að ég er að sjálfsögðu andvíg þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því þó að í því sé að finna einstök atriði sem ég get tekið undir. Meiri hluti þess er vondur, svo vondur að það er ekki með nokkru móti hægt að samþykkja þetta frv. Hér er á ferðinni niðurskurður og á meðan ríkisstjórnin nýtir sér ekki þær leiðir sem færar eru til tekjuöflunar, svo sem með skatti á fjármagnstekjur, hátekjuskattþrepi, lúxussköttum af ýmsu tagi, bættri innheimtu vangoldinna gjalda og því að taka á svarta markaðnum og því neðanjarðarhagkerfi sem hér þrífst er ekki hægt að samþykkja frv. Meðan ekki er reynt að afla tekna með þessum aðferðum get ég ekki samþykkt þennan niðurskurð. Ég get ekki séð að ástæða sé fyrir svo miklum niðurskurði meðan menn ekki reyna að afla sér tekna.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni í morgun að það væru til tvær leiðir, annars vegar að skera niður en hins vegar að hækka skatta. Það er hægt að fara bil beggja, hæstv. forsrh. Það er hægt að reyna að hagræða og spara en það er líka hægt að afla tekna þar sem þær eru og það á að gera.

Ég ítreka það að ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Við höfum nú hlýtt á boðskap hæstv. forsrh. er hann mælir fyrir þessu frv. sem hér er til umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Ég verð að segja að það minnti mig á gamla setningu sem einhvern tímann var sögð: „Það er stórt orð Hákot".

Að tala um að þetta séu ráðstafanir í ríkisfjármálum er a.m.k. ekki það sem við áttum von á þegar við hlýddum á hæstv. forsrh. og héldum að hann ætlaði að ræða um efnahagsaðgerðir í víðara samhengi. Þetta frv. er fyrst og fremst fylgifrv. með fjárlagafrv. og getur vart talist efnahagsráðstafanir nema að mjög takmörkuðu leyti og reyndar sýnist mér að í frv. sé ýmislegt sem dregur úr þeim aðgerðum til aðhalds og sparnaðar sem fjárlagafrv. þó gerði ráð fyrir. Sumu af því get ég fagnað og vil lýsa stuðningi við en kem nánar að þeim atriðum síðar.

Hér er um það að ræða að sparnaði er í verulegum mæli velt t.d. yfir á sveitarfélögin. Einnig er verulegum byrðum velt yfir á atvinnulífið. Hvar eru efnahagsráðstafanirnar sem við teljum að nauðsynlegar séu fyrir atvinnulífið sem nú á í vök að verjast? Hvenær á að snúa frá þessari „kemur-mér-ekki-við"-stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur í för með sér gjaldþrot og atvinnuleysi og á örugglega eftir að sýna sig og sanna enn betur á næstu vikum og mánuðum en við sjáum í dag og er það þó farið að segja til sín á nokkrum stöðum? Hvenær á að sýna hugmyndir um þann mikla sparnað sem hæstv. forsrh. talaði um áðan og nefndi líka í sjónvarpsfréttum og fréttum fjölmiðla undanfarna daga, að nú væri verið að glíma við 11 milljarða halla á ríkissjóði? Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 4 milljarða kr. halla og það á að reyna að halda við það markmið, að því er mér skilst, og þá spyr ég hvar á að ná þessum 7 milljörðum?

Eins og ég nefndi áðan þá sýnist mér hér vera dregið úr áður boðuðum sparnaði. Í ræðu sinni eyddi hæstv. forsrh., í upphafi umræðna, verulegum tíma í að tala um liðna tíð eins og honum er tamt og ræddi m.a. um hvernig Framsfl. og framsóknarmenn hefðu staðið að málum hér áður. Því hefur reyndar hv. þm. Steingrímur Hermannsson svarað að nokkru leyti og ég ætla ekki að orðlengja um það. Nokkur atriði fundust mér þó sérkennileg í ræðu hæstv. forsrh., t.d. þegar hann talar um að þær aðgerðir, efnahagsaðgerðir og björgunaraðgerðir, sem gripið var til 1988 eftir gjaldþrotastefnuna sem þá hafði því miður verið fylgt um tíma og leiddi til þess að sú ríkisstjórn sem þá var við völd

gafst upp eða sagði af sér, fór frá völdum. Sú gjaldþrotastefna sem þá var við lýði leiddi til þess að gripið var til björgunaraðgerða og það kallaði hæstv. forsrh. að hygla sér og sínum — ef ég náði rétt hans ummælum — að aðstoða burðarása í atvinnulífi hinna ýmsu byggðarlaga eins og vissulega var gert. Síðan bætti hæstv. forsrh. um betur og bætti við: Þeir skulu fá að horfa framan í staðreyndirnar. — Þeir skulu fá að horfa framan í staðreyndirnar. — Horfa framan í hvað? Horfa framan í þessa úrræðaleysisstefnu hæstv. núv. ríkisstjórnar, horfa framan í gjaldþrotin og atvinnuleysið sem við blasir. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann sé þarna, þegar hann segir „þeir skulu fá að horfa framan í þetta", að tala t.d. til fólksins á Árskógsströnd sem nú stendur frammi fyrir því að rækjuvinnslan þar er að lokast. Það var lokað á rafmagn þar í gær. Lítil skuld upp á tæpa 1 millj. kr. réði þar úrslitum sem þýðir að fyrirtækið stöðvast og þá er auðvitað stutt í gjaldþrotið, líklegt að það blasi við. Fólkið í því byggðarlagi er þar með orðið atvinnulaust. Útgerðarfyrirtæki sem eiga inni hjá þessari litlu rækjuvinnslu verða sjálfsagt einnig gjaldþrota í kjölfarið ef ríkisstjórnin ætlar að halda sig við þetta aðgerðaleysi. Þá er það þetta sem blasir við, ekki bara á Árskógsströnd heldur í fjölmörgum öðrum byggðarlögum.

Ég vona sannarlega að við fáum fyrr en seinna að heyra eitthvað nýtt og eitthvað annað frá hæstv. ríkisstjórn um það hvernig við getum brugðist við vanda af þessu tagi. Mér sýnist að að öllu óbreyttu muni landsbyggðinni blæða út.

Fjárlagavinnan er nánast í strandi. Þar veit ég að er ekki við hv. formann fjárln. að sakast heldur miklu fremur við hæstv. ríkisstjórn sem gefur ekki svör, a.m.k. ekki enn þá, um það hvernig eigi að grípa til aðgerða. Það er til lítils að glíma við fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir með þeim tölum sem þar er að finna, ef við eigum í vændum næstu daga að fá einhverjar allt aðrar niðurstöður. Ég hygg að þar sé um að ræða stóra hluti ef marka má þessar hugmyndir sem settar eru fram um þörf á niðurskurði upp á marga milljarða króna.

Forsrh. ræddi hér lítils háttar um vexti í sinni ræðu og talaði um, eins og stundum áður, að skilyrði þyrfti að skapa fyrir almennri vaxtalækkun. Hvað á hæstv. forsrh. nánar við með því þegar hann talar um að það þurfi að skapa skilyrði fyrir vaxtalækkuninni? Ríkisstjórnin stóð fyrir því í vor, skömmu eftir að hún kom til valda, að hækka alla vexti í landinu með handafli. Vissulega var það ekkert annað en handafl sem leiddi til gífurlegrar vaxtahækkunar sem varir enn. Ég spyr því eftir því, bæði hæstv. forsrh. og reyndar einnig hæstv. sjútvrh., sem því miður er nú ekki hér í salnum, en hann hefur látið að því liggja að á handleiðslu þurfi nú að halda frá stjórnvöldum, handleiðslu ríkisvaldsins til þess að koma vöxtunum niður.

Ég veit ekki hvort það er mikill munur á að tala annars vegar um handleiðslu við þetta verkefni og handafl, sem stundum hefur verið rætt um áður, og ég leyfi mér a.m.k. að fullyrða að handafl var notað þegar ríkisstjórnin hækkaði vextina í vor og það virðist erfiðara að knýja þá niður heldur en upp.

Ég heyrði bankastjóra halda því fram á fundi sem ég sat á nýlega, bankastjóra eins af stærri bönkunum, að nú væri hægt að ná niður vöxtum. Til þess væri svigrúm og menn ættu að beita sér að því. En það er eitthvað sem vantar, það er einhver tregða, það vantar eitthvert samstarf og handleiðslu um að ganga í verkið. Reyndar hafa aðilar vinnumarkaðarins reynt að beita sér fyrir því og átt viðræður við bankana, bæði vinnuveitendur og launþegar, en því miður þá virðist sem bankakerfið vilji ekki vinna með og engin viðbrögð komu frá stjórnvöldum og ríkisstjórn í þessu sambandi.

Mig langar að grípa niður í viðtal við fulltrúa sem hafa tekið þátt í þessum viðræðum, sem voru í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 3. des. sl. en þá var rætt við Björn Grétar Sveinsson, formann Verkamannasambandsins, þar sem hann ræðir m.a. um að það sé nauðsynlegt að vekja tiltrú í sambandi við lækkun vaxta og það sé mikilvægt markmið í sambandi við kjarasamninga. Björn Grétar Sveinsson segir, með leyfi forseta:

„Mér virðist svona eins og aðilar í þjóðfélaginu sem fara með efnahagsmálin og fjármálin séu jafnvel ekki tilbúnir í þessar aðgerðir, sameiginlegu aðgerðir, um að forða því að allt fari héðan til helvítis á of háu vaxtastigi."

Of hátt vaxtastig í landinu er nú einn aðalvandi atvinnulífsins. Eitt aðalviðfangsefnið sem ríkisstjórnin ætti að snúa sér að er að reyna að ná vöxtum niður. Við vitum það að eftir aðgerðir, m.a. skuldbreytingar og aðgerðir í gegnum sjóðakerfið undanfarin ár, þá er atvinnulífið veikt fyrir vaxtahækkununum. Ég geri mér alveg fyllilega grein fyrir því og það er alvarlegast í stöðunni eins og er.

Ég spyr því eftir handleiðslunni. Hvenær er von á því að ráðherrar í ríkisstjórninni treysti sér til þess að taka á þessum málum, eins og reyndar Björn Grétar Sveinsson var spurður að í viðtalinu á dögunum, í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins? Þegar hann er spurður að því hvort ekki sé komið að því að ráðherrar í ríkisstjórninni verði að grípa inn í málin ef eitthvað eigi að verða af kjarasamningum svarar Björn Grétar því, með leyfi forseta, svo:

„Það þýðir ekkert fyrir einhverja menn í einhverri ríkisstjórn að segja að þetta sjáist eftir einhvern ákveðinn tíma. Þeir verða að fá að koma inn í þessar viðræður og sýna lit. Það er eini ráðherrann sem ég hef heyrt sýna lit í sambandi við nafnvextina og síðan raunvextina, það er Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra. En ég hef bara ekkert orðið var við stuðning annarra í því máli. Það er enginn stuðningur í ríkisstjórninni við það verkefni, sem nú er eitthvað það brýnasta, að ná niður vaxtastiginu."

Ég held að það sem hér er til umræðu og það frv. sem liggur fyrir sé ekki gott innlegg í kjarasamningana sem nú eru í gangi í þjóðfélaginu. Það er sem sagt ekkert gert í sambandi við vaxtamálin. Gjaldþrotastefnunni er framfylgt áfram, ráðist er á réttindi þess fólks sem verður atvinnulaust við gjaldþrot og reyndar hafa samtök launþega og vinnuveitenda mótmælt

þessu. — Það er ánægjulegt að hæstv. félmrh. gengur nú í salinn og ég ætla einmitt að fá að ræða svolítið við hana á eftir um þetta atriði frv., þ.e. breytingarnar hvað varðar ríkisábyrgð á gjaldþrotum. — Síðan er boðað líka, þó að það sé ekki í þessu frv., að þrengja eigi bótarétt hjá atvinnuleysistryggingunum. Það er m.a. boðað í greinargerð fjárlagafrv. Í yfirliti í fjárlagafrv. um þær lagabreytingar sem nauðsynlegt sé að grípa til vegna fjárlagagerðarinnar eru m.a. taldar upp þær breytingar, sem eru fluttar í þessu frv., en það vantar ýmislegt annað sem þar er talið upp og er ekki nefnt, t.d. í sambandi við tekjurnar.

Við höfum ekki enn séð hér í hv. Alþingi, og þar af leiðandi ekki heldur fengið til umfjöllunar í nefndum þingsins, nema eitt frv. sem varðar tekjumálin. Það er frv. um skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og allir hafa orðið vitni að því hér í hv. þingi hvers lags þrautaganga það hefur verið fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma því máli áfram í sínum eigin röðum.

En fleira er boðað. Boðaðar eru breytingar á tekjuskattinum í fjárlagafrv. en við höfum ekki séð neitt af því sem þar er á döfinni, hvaða hugmyndir eru nú uppi hjá hæstv. ríkisstjórn hvað varðar breytingar á tekjuskatti.

Það er einnig boðað í fjárlagafrv. að breyta þurfi ákvæðum um Lánasjóð ísl. námsmanna og við höfum reyndar fengið upplýsingar um það í hv. fjárln. að þar vanti að óbreyttu a.m.k. 600 millj. kr. Það er töluvert mikil upphæð og væri forvitnilegt að heyra það frá hæstv. ráðherrum hvað rætt hefur verið um það á ríkisstjórnarfundum seinustu daga, í gær og í morgun, og á hverju við eigum von hvað varðar málefni lánasjóðsins. Við vitum það líka, í sambandi við þessar hugsanlegu breytingar á ákvæðum um Atvinnuleysistryggingasjóðinn, að nú stefnir því miður í meira atvinnuleysi en áður var áætlað og þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Í staðinn fyrir 2% er spáð 2,6% og gæti jafnvel orðið enn meira. Á sama tíma er gert ráð fyrir skerðingu á fjárveitingu til Atvinnuleysistryggingasjóðsins og einnig að breyta eða þrengja ákvæði um hvernig bótum úr sjóðnum skuli háttað.

Þá eru og boðaðar í fjárlagafrv. breytingar á lyfjalögum og kannski gerir hæstv. heilbrrh. okkur einhverja grein fyrir því síðar í þessari umræðu hvað þar er á döfinni, því það sem við höfum enn séð varðandi lyfjamálin, það sem hefur komið hér fram í frumvarpsformi og tillögum, m.a. í fyrirhuguðum reglugerðum sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir áðan, eru fyrst og fremst ákvæði um það hvernig eigi að láta einstaklingana borga. Mér finnst vanta í viðbót við það ákvæði um hvernig eigi að breyta skipulaginu. Ætla menn virkilega ekki að hafa sig í það að taka eitthvað á skipulagi því sem var þó búið að undirbúa breytingar á í síðustu ríkisstjórn og var lagt fram í lok síðasta þings, ýmsar hugmyndir um skipulagsbreytingar varðandi lyfjadreifingu, innflutning, verðlagningu o.s.frv.? Þær ráðstafanir sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur hingað til gripið til hafa fyrst og fremst miðast við það að láta einstaklinginn borga.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í greinargerð fjárlagafrv. að breyta hafnalögum á þann hátt að sveitarfélögin taki aukinn þátt í eða beri stærri hluta kostnaðar við framkvæmdir í höfnum. Þetta höfum við ekki séð enn þá, kannski hefur ríkisstjórnin guggnað á þessum hugmyndum enda hefur hún nú þegar hlaðið nokkuð af böggum eða kannski má segja hlössum á sveitarfélögin og m.a. í þessu frv. T.d. er það í ákvæðunum um breytingarnar á lögum um Húsnæðisstofnunina að gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin taki þátt í byggingarkostnaði upp á 3,5% sem mundi þýða 116 millj. kr., hæstv. félmrh., á næsta ári, 116 millj, sem þar eru settar yfir á sveitarfélögin. Þá er gert ráð fyrir að auka sértekjur Fasteignamats ríkisins um eins og 35 millj. kr. eða svo. Hvaðan eiga þær að koma, hæstv. félmrh.? Þær eiga að koma frá sveitarfélögunum. Það á að hækka kostnaðargreiðslur sveitarfélaganna til Fasteignamats ríkisins um 35 millj. kr. af þeim 37,9 millj. sem hér er gert ráð fyrir að spara.

Og einn liður enn. Ef fer fram sem horfir varðandi hugmyndir um ábyrgðasjóð launa í staðinn fyrir ríkisábyrgðina á launum vegna gjaldþrota eiga sveitarfélögin að koma þar inn líka með 23 millj. kr. Samtals er því verið að bæta á sveitarfélögin 174 millj. kr. samkvæmt ákvæðum þessa frv. Og meira er boðað, bæði varðandi hafnamálin og ef ekki verður hreinlega hætt við að eyða refum og minkum. Ég veit reyndar ekki hver stefnan er í væntanlegu frv., en eins og við vitum hafa hér verið á ferðinni upphæðir upp á tugi millj. kr. á ári. Okkur ætti að vera það í fersku minni eftir að hafa nýlega breytt fjáraukalögum á þann hátt að bæta þar við 50–60 millj. kr. til þess að gera upp við sveitarfélögin í landinu. Ef á að hverfa frá því hlýtur annaðhvort að eiga að velta þeim kostnaði yfir á sveitarfélögin eða að hætta hreinlega þessari starfsemi og væri fróðlegt að vita aðeins um það hvað hæstv. ráðherrar hugsa sér í því sambandi.

Hæstv. forsrh. nefndi það einu sinni enn í ræðu sinni að núv. ríkisstjórn ætlaði að snúa af þeirri braut fyrrv. ríkisstjórna að hækka skatta. Hæstv. forsrh. nefndi það í ræðu sinni að hún ætlaði að snúa af þeirri braut að hækka skattana. Ég vil fá að ítreka það aftur, sem reyndar kom fram við 1. umr. um fjárlagafrv., að hér er auðvitað verið að blekkja. Það er verið að færa nýja tegund skattheimtu, sem birtist í þjónustugjöldum og auknum sértekjum bæði á einstaklinga og atvinnulíf, gjaldamegin í frv., hæstv. forsrh. Þannig lækkar auðvitað heildartalan. Í stað þess að færa skattana eins og venja er tekjumegin og láta síðan gjöldin koma fram eins og þau eru, er auðvitað hægt að reyna að blekkja sjálfan sig með því að viðhafa svona bókhaldsaðgerðir eða kúnstir. En það blekkir ekki þann sem þarf að borga þessa nýju skatta og þessar nýju og auknu álögur hvort heldur það eru einstaklingarnir eða atvinnulífið. Og þeir nýju skattar sem hér eru boðaðir eru t.d. í sambandi við þau ákvæði frv. sem koma fram í 9. og 10. gr. og fjalla um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Þar er verið að flytja nýjar álögur á atvinnulífið og því langar mig til þess að spyrja hæstv. félmrh., sem hér situr, aðeins út í þessi mál.

Ef ég má aftur vitna aðeins til frétta í fjölmiðlum

undanfarna daga, þar sem hefur verið fjallað um þessi mál, þá kemur það m.a. fram hjá framkvæmdastjóra ASÍ, sem heitir Lára V. Júlíusdóttir, að með frv. þessu um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 sé verið „að ráðast að launafólkinu í landinu" eins og framkvæmdastjórinn segir. Og einkum og sér í lagi nefnir framkvæmdastjórinn, Lára V. Júlíusdóttir, atlöguna varðandi ríkisábyrgð á laun við gjaldþrot. Hún talar um það að hér sé ríkisstjórnin að leggja til breytingar sem hafi alvarlegar afleiðingar fyrir launafólkið í landinu. Orðrétt segir Lára, með leyfi forseta:

„Það er verið að leggja til gjald á atvinnurekendur sem á að skila þessum sjóði sem verið er að stofna, þ.e. ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota, 374 millj. kr. og það nægir engan veginn fyrir þeirri ábyrgð sem ríkissjóður ber í dag á launum fólks vegna gjaldþrota."

Í fjárlögum ársins í ár, 1991, eru 261,5 millj. kr. í þennan sjóð. Í nýsamþykktum fjáraukalögum var bætt við 286,9 millj. þannig að samtals var gert ráð fyrir, og er trúlega gert ráð fyrir, að útgjöld vegna þessa í ár séu nær 548,4 millj. kr. eins og við höfum gengið frá þessu í fjárlögum og fjáraukalögum. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 100 millj. kr. til þess að standa undir kostnaði sem af þessu leiðir, 100 millj. kr. Ef áætlanir eða hugmyndir, sem hér eru settar fram, ná fram að ganga þá er gert ráð fyrir því að ríkið dragi aðeins úr sínum hlut hvað þetta varðar, lækki hann um 23 millj. sem fer yfir á sveitarfélögin og ríkissjóður beri rúmar 70 millj. En til að ná þeim 374 millj., sem sjóðurinn á að nema samtals, er gert ráð fyrir að atvinnulífið greiði 280 millj. Nú má ímynda sér að hér sé um of lága upphæð að ræða miðað við reynslu ársins í ár og svo auðvitað miðað við það sem við blasir og fram undan er miðað við óbreytta stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Þess vegna spyr ég hæstv. félmrh. hvernig hún sjái framtíðina fyrir sér í þessu efni.

Mig langar að vitna áfram í Láru Júlíusdóttur í þessu viðtali við Sjónvarpið í kvöldfréttum 3. des. sl. þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Þetta er geysilega stórt mál fyrir verkalýðshreyfinguna. Og sérstaklega í dag, þegar gjaldþrot fyrirtækja fara vaxandi, gjaldþrotin verða stærri og fleiri. Launamenn þurfa á þessum greiðslum að halda og þetta er ekki síst stórmál fyrir landsbyggðarfólk í litlum byggðarlögum þar sem kannski aðalvinnuveitandinn fer á höfuðið."

Þá skerðir þetta verulega kjör fólksins á staðnum, þannig að þar sem atvinnulífið er einhæft, einn stór atvinnurekandi sem á í vök að verjast eins og t.d. það dæmi sem ég var að greina frá áðan varðandi ástandið á Árskógsströnd en er ábyggilega ekki einsdæmi, þá munu þessar breytingar koma alvarlega við launafólkið á þessum stöðum.

Forseti Alþýðusambands Íslands mótmælir líka þessum hugmyndum sem hér er verið að boða og segir í viðtali við Morgunblaðið 4. des. sl. að Alþýðusambandið muni beita sér af fremsta megni til þess að þessi réttindi launafólks séu áfram tryggð. Og með leyfi foseta segir Ásmundur Stefánsson í þessu viðtali:

„Við lítum á þetta sem mjög alvarlegt mál ef það fer fram með þeim hætti sem boðað er í frv. því hér er verið að brjóta grundvallarsjónarmið. Við stöndum frammi fyrir því sem ósköp einfaldri staðreynd að hér er rekin efnahagsstefna sem miðar við það opið og klárt að ef fyrirtæki standa illa, þá eigi ekki að veita þeim aðstoð til að komast yfir þá erfiðleika, heldur eigi ósköp einfaldlega að láta þau fara á hausinn. Það að láta fyrirtæki verða gjaldþrota er þess vegna í dag viðurkennd hagstjórnaraðferð og það er stórfurðulegt ef þeir sem telja eðlilegt að beita slíkum hagstjórnaraðferðum telja sér ekki jafnframt skylt að verja það fólk sem fyrir verður."

Mig langar enn að spyrja hæstv. félmrh. hver hennar viðbrögð séu við svona boðskap og við þeim hugmyndum sem hér eru settar fram. Ég á bágt með að trúa því að hæstv. félmrh. sé fullkomlega sátt við þetta eins og það lítur út.

Virðulegi forseti. Mig langar að fara nokkrum orðum um einstaka þætti þessa frv. og rekja nokkur atriði úr frv. Ég sagði það áðan að við framsóknarmenn gætum út af fyrir sig hugsað okkur að styðja ýmislegt sem hér er sett fram en erum hins vegar á móti öðru eins og gengur, því sem betur fer er ekki allt alómögulegt sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að gera þó að fátt sé þess virði að því sé hrósað. Það á a.m.k. við um fyrstu greinarnar þar sem ráðist er að nýjum grunnskólalögum. Þeim er ekki hægt að hrósa. Ég verð að taka undir með öðrum ræðumönnum, sem talað hafa næst á undan mér, og lýsa undrun minni með að hér skuli ráðist að menntakerfinu á þann hátt sem gert er eftir nýgert samkomulag sem náðist hér í Alþingi um samþykkt þessara grunnskólalaga. Gæti ég vel ímyndað mér að hæstv. núv. menntmrh. hafi átt einhvern þátt í því að ná samkomulagi um frv. þegar það var hér til meðferðar og eins og það varð að lögum.

Nú er hins vegar ráðist að því á nýjan leik og ekki eru sparnaðarhugmyndirnar stórar en þó 40 millj. kr. eða svo sem þetta á að spara. Og það sem er kannski sorglegast við það, eins og mál standa í dag, er að við höfum verið að leggja áherslu á það og reynt að halda fram þeim boðskap að styrkja beri menntakerfið í landinu. Mig minnir að ég hafi jafnvel heyrt hæstv. utanrrh. stundum tala um að laga þurfi ýmislegt í okkar íslenska skólakerfi en af því að hæstv. utanrrh. er hér staddur kemur þetta upp í huga mér. Mig minnir að ég hafi oftar en einu sinni heyrt hann tala um að laga þurfi til í skólakerfinu og hér var sannarlega reynt að gera tilraunir til þess og það strax á grunnskólastigi. Hæstv. utanrrh. hefur stundum talað meira um æðri menntastofnanir og talið að það þyrfti að gera þar hluti til úrbóta og vafalaust er það rétt hjá honum.

Ég hef heyrt skólamenn í landinu hafa áhyggjur af grunnskólastiginu. Ég hef heyrt þá tala um að það sé áhyggjuefni að jafnvel læsi barna fari hrakandi og að styrkja þurfi grunnskólann til að sporna þarna við fótum. Fækka þurfi í bekkjardeildum og grípa til ýmissa aðgerða til að bæta grunnskólamenntakerfið okkar.

Mig langar til þess að vitna í bréf sem þingmönnum öllum hefur vafalaust borist frá Kennarasambandi

Íslands þar sem varað er við þeim breytingum sem hér er verið að fitja upp á þar sem m.a. segir, með leyfi forseta:

„Grundvallarmenntun þjóðarinnar er byggð á lögum um grunnskóla. Framvinda skólastarfsins er háð því að festa ríki í skipulagi skólanna. Festa og ró í skólastarfinu er líka undirstaða þess að gagnkvæmt trúnaðartraust ríki milli þeirra sem starfa við skólana og hinna sem njóta þjónustu þeirra, nemenda og foreldra. Starfið í skólunum er því enn viðkvæmara en starf flestra annarra opinberra stofnana fyrir þeirri hentistefnu sem nú virðist ríkja hjá stjórnvöldum.

Með nýju grunnskólalögunum var m.a. stefnt að einsetnum grunnskóla, samfelldum sjö stunda skóladegi og fækkun nemenda í stórum bekkjardeildum. Þessi ákvæði laganna voru fyrst og fremst nemendum til hagsbóta og tryggðu þeim markvissari menntun en komu auk þess til móts við þarfir þjóðfélagsins sem byggir á vinnuframlagi beggja foreldra. Með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum ráðgera núv. stjórnvöld að fresta eða fella niður öll þessi mikilvægu ákvæði og mörg fleiri."

Ég verð að taka undir þessi sjónarmið, sem koma fram hjá Kennarasambandinu. Ég tel að hér sé vegið að mikivægum undirstöðum í okkar þjóðfélagi þegar dregið er úr getu skólakerfisins til þess að byggja upp nýta þjóðfélagsþegna.

Varðandi 2. gr. frv. — því miður eru hvorki hæstv. menntmrh. né hæstv. heilbrrh. viðstaddir, a.m.k. ekki hér í salnum, en eru kannski í hliðarsölum. Það væri æskilegt, virðulegur forseti, að ráðherrar væru hér í salnum eftir því sem tök eru á þar sem frv. er með þeim ósköpum gert að fjalla um svo marga málaflokka, eins og raun ber vitni, og koma inn á svo mörg lög að líklega mundu einhverjir lögfróðir telja að það væri tæknilega gallað ef það væri ekki eitthvað enn verra, tæknilega hreinn ósómi að frv. sem þessu. Ég læt aðra lögfróðari menn en mig fjalla um slíka hluti en vil þá nota tækifærið og minna á það að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að vinna við þetta frv. sé á þann hátt í nefndum að einstakar fagnefndir þingsins fjalli um þá liði sem undir þær heyra, t.d. varðandi breytingar á grunnskólalögunum að menntmn. hv Alþingis fái að koma að því máli. Það getur ekki talist fullnægjandi að frv. af þessu tagi fari aðeins til einnar nefndar til meðhöndlunar. Ég veit að ég mæli þar fyrir munn fleiri hv. þm. þegar ég óska eftir því að frv. verði skipt upp og það fái umfjöllun eftir efnisatriðum í fleiri en einni nefnd.

Í 2. gr. frv. er fjallað um það að byggingarkostnaður húsnæðis grunnskóla, sem nota eigi undir heilsugæslu eða tannlækningar, eigi að teljast til byggingarkostnaðar skólahúsnæðisins og greiðast þar með af sveitarfélögunum. Ég hélt að um þetta hefðu verið skýr ákvæði í lögum en svo er sjálfsagt ekki fyrst hér eru lagðar til breytingar. Í greinargerð með frv. segir á bls. 16 að ákvæði þetta sé „til að taka af öll tvímæli um að sveitarfélög beri kostnað af stofnkostnaði þar sem nauðsynlegt er talið að ætla sérstakt húsnæði í skóla fyrir heilsugæslu og/eða tannlækningar". Ég skil þetta hins vegar ekki alveg svo skýrt í greininni sjálfri, 2. gr. þar sem segir:

„Þar sem að mati sveitarstjórna er nauðsynlegt að ætla sérstakt húsnæði í skóla fyrir heislugæslu og/eða tannlækningar ..." — Hér finnst mér vanta svolítið á hvort nægilega skýrt er kveðið á um, eins og segir í greinargerðinni, það eigi að taka af öll tvímæli, en á hinn bóginn er það sett í hendur sveitarstjórninni að meta þetta. Ég er ekki að gera lítið úr hlutverki sveitarstjórnanna og sveitarfélaganna, sem eiga að bera uppi kostnaðinn, að þau fjalli að sjálfsögðu um þetta, en mér finnst að það ætti að gerast í samráði við yfirvöld, annaðhvort mennta- eða heilbrigðismála, því að það eru heilbrigðisyfirvöld sem leggja mesta áherslu á að geta veitt þessa þjónustu innan skólanna og hafa stundum orðið að reka á eftir því að aðstaða væri fyrir hendi í skólum til þess að geta veitt þessa þjónustu.

Aðrir hafa á undan mér rætt um breytingar á jarðræktarlögum. Ég ætla því ekki að eyða löngum tíma í það en vil taka undir þær hugmyndir sem þar eru settar fram. Ég held að það sé nauðsynlegt að kveða skýrar á um í lögum hvernig Alþingi eða ríkisvaldið stendur straum af kostnaði sem til er stofnað og ekki sé stofnað til kostnaðar af þessu tagi nema í samráði við yfirvöld landbúnaðarmála. Það komi ekki sjálfkrafa kröfur á ríkissjóð sem ríkissjóður getur ekki haft nein áhrif á hvernig stofnast til. Það á ekki við um þetta atriði sérstaklega, vafalaust eru víðar í lögum slík ákvæði og ég tel nauðsynlegt að taka á slíkum hlutum og ég lýsi stuðningi mínum við það.

Varðandi 5. gr. um veiðieftirlitið get ég líka sagt að mér finnst ekki óeðlilegt að leitað sé leiða til þess að atvinnulífið taki í meira mæli þátt í kostnaði við þjónustu sem eingöngu er fyrir það. Hins vegar hljótum við að verða að skoða það nú hvort þetta er tímabært eða réttur tími til að leggja slíkt til þegar atvinnulífið, ekki síst sjávarútvegurinn, á í þeim miklu erfiðleikum sem hann býr nú við. Ríkisvaldið verður vafalaust hvort sem því líkar betur eða verr fyrr eða síðar að sýna í spilin sín, hvernig á að bregðast við þeim vanda og þá finnst mér nú langt seilst að vera að leita hér eftir 40 millj. kr. við þessar aðstæður til þess að láta sjávarútveginn borga.

Um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota var ég búinn að ræða nokkuð og ætla því ekki að orðlengja meira um hann en minni þó aftur á að hér er verið að leggja auknar álögur á atvinnulífið í miklum mæli og það er auðvitað ekki enn sýnt hvað úr þessu verður. Það er getið um það í greinargerð frumvarpsins á bls. 11 að leitað hafi verið álits Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins á þeim kostum eða hugmyndum sem uppi eru varðandi þennan sjóð eða framkvæmd mála en þeir hafnað viðræðum á grundvelli þessara kosta. Ef ég tók rétt eftir hjá hæstv. forsrh. nefndi hann það líklega sem eitthvert viðbótarákvæði við þær hugmyndir sem hér eru settar fram að ríkið yrði eftir sem áður að vera ábyrgt fyrir því sem upp á kynni að vanta og taka á sig greiðslur með lántökum til að byrja með og síðar skuldbindingum í gegnum fjárlög eða fjáraukalög. Hér virðist því ýmislegt vera óljóst

og ég eyði ekki lengri tíma í það nú, virðulegi forseti.

Varðandi hugmyndir í 11. gr. um málefni fatlaðra, um breytingar á lögum eða ákvæðum er varða Framkvæmdasjóð fatlaðra, lýsi ég stuðningi mínum við þær hugmyndir sem hér eru settar fram og minni á að á síðasta þingi beitti ég mér fyrir hliðstæðum breytingum varðandi Framkvæmdasjóð aldraða. Þetta er reyndar eitt af því sem við þurfum að horfa alvarlega til, stjórnvöld, fjárveitingavaldið og Alþingi, að það er algerlega ófært hvert stefnir með viðhald á opinberu húsnæði. Það er meira og minna að grotna niður af viðhaldsleysi og síðan þarf að leggja í stórkostlegan kostnað annaðhvort við að endurbyggja húsnæði eða jafnvel að kaupa eða byggja nýtt í staðinn fyrir það sem hefur orðið ónýtt vegna þess að það hefur ekki fengið nægjanlegt viðhald. Þannig má ekki halda áfram að vinna og verður að gera á breytingar.

Varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins vil ég aðeins segja það, og veit reyndar að það verður rætt hér nánar á eftir, að hér er enn verið að ýta kostnaði yfir á sveitarfélögin. Þess vegna hefði ég viljað bæta því við spurningar mínar til hæstv. félmrh.: Hvað hefur verið rætt við sveitarfélögin um þetta mál, um þau atriði sem eru í þessu frv., um þau ákvæði, þær álögur sem lagðar eru á sveitarfélögin? Ég spyr hæstv. forsrh. að því, í fjarveru hæstv. félmrh., hvað um það hafi verið rætt, hvort þetta sem er lagt til og annað í þessu frv. sé gert með vitund og kannski vilja eða samþykki Sambands ísl. sveitarfélaga eða fulltrúa sveitarfélaganna í landinu og þá væri fróðlegt að heyra það.

Annað, sem hér er lagt til, er að m.a. er verið að leggja niður Byggingarsjóð ríkisins, það form sem við höfum búið við um tíma varðandi húsnæðismálin og mér sýnist reyndar á ákvæðum í grg. með frv. að ekki sé gert ráð fyrir að það breyti miklu. Það a.m.k. sparar ekki mikið. Neðst á bls. 20 í greinargerðinni segir:

„Framlag sveitarfélaga styrkir eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs verkamanna miðað við óbreytt lög." Enda er hér verið að tala um að sveitarfélögin greiði 3,5% og það kosti þau á annað hundrað millj. kr. En síðan segir: „Heildaráhrif til lækkunar á vaxtaniðurgreiðslum ríkissjóðs við lokun almenna lánakerfisins frá 1986 eru óviss." Þau eru náttúrlega engin. Það er enginn sparnaður að þessu. Það er fyrst og fremst verið að koma endanlega á húsbréfakerfinu sem fær ekki par góða dóma í þessari nýju skýrslu Seðlabanka Íslands sem ber yfirskriftina: Greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum. En þar er m.a. sagt um lántökur að langstærsti hlutinn, um 45 milljarðar kr., hafi verið lán til heimila, sem jukust hlutfallslega um 27,7%. Og, með leyfi forseta, orðrétt segir:

„Þessi gífurlega skuldasöfnun einstaklinga átti að langmestu leyti rót sína að rekja til húsbréfa og annarra lána hins opinbera íbúðalánakerfis. Líkur benda til þess að ekki meira en helmingur lánsfjárnotkunar einstaklinga hafi gengið til fjárfestingar í nýju húsnæði svo að afgangurinn hefur verið til ráðstöfunar til annarrar fjárfestingar og neyslu."

Þetta finnst mér, virðulegi forseti, ekki vera góður dómur um það hvernig húsbréfakerfið hefur þróast og ég verð að segja við hæstv. félmrh., sem nú er kominn aftur, að mér finnst þetta mál alla tíð hafa verið rekið með nokkru offorsi. Við náðum samkomulagi á síðasta þingi um hvernig staðið skyldi að því að hið eldra form útlána húsnæðismálastjórnar í gegnum Byggingarsjóð ríkisins skyldi ganga fyrir sig og ég skil því ekki hvað það er sem rekur á eftir því hér og nú að knýja fram þessar breytingar enda hafa þær engin áhrif á ríkisfjármálin eftir því sem séð verður á greinargerð þessa frv.

Þá langar mig til þess, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um þær hugmyndir sem hér eru settar fram um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Við sem vorum að glíma við heilbrigðismálin í tíð fyrrv. ríkisstjórnar reyndum að beita okkur fyrir breytingum á greiðslum hins opinbera vegna tannréttinga. Það lenti því miður í þeim ógöngum að ekki náðist samkomulag við tannlækna sem hafa tannréttingar sem sérgrein. Mér er því ljóst að núv. hæstv. heilbrrh. hefur þurft að taka á þessum málum og er með hugmyndir og tillögur um hvernig að skuli staðið. Mér sýnist þó á 15. gr. að allmjög sé þrengt að því hverjir eigi rétt á stuðningi almannatryggingakerfisins og hvað þurfi að koma til, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði hér ítarlega grein fyrir í ræðu sinni áðan. Ég er þó auðvitað tilbúinn til þess að hlusta á skýringar hæstv. heilbrrh. við þessum ákvæðum sem lögð eru til. Ég vil líka lýsa yfir stuðningi mínum við þær breytingar sem eru settar fram um það að þau gjöld sem á annað borð eru tekin af sjúklingum vegna hluta kostnaðar við heilbrigðisþjónustuna geti verið hlutfallsgjöld. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt að standa þannig að málum, m.a. til þess að reyna að vekja kostnaðarvitund almennings eða neytenda heilbrigðisþjónustunnar með því að gjöld geti verið hlutfallsleg. Þessu hef ég lýst yfir áður hér í Alþingi og ítreka það nú en það verður auðvitað að gerast á þann hátt að um sé að ræða greiðslur með ákveðnu þaki eða hámarki þannig að ekki verði um óbærilegan kostnað að ræða fyrir þá sem sjúkir eru.

Að öðru leyti eru hér raktar hugmyndir hæstv. heilbrrh. um hvernig staðið skuli að sparnaði í heilbrigðiskerfinu og það byggist enn að mestu leyti á því að láta einstaklingana borga. Einstaklingarnir skulu taka meiri og meiri þátt í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna. Á bls. 19 í greinargerðinni er rakið hvernig þessi gjöld eru hugsuð og þar segir m.a. að þau hefðu samtals átt að gefa um það bil 800 millj. kr. í lægri útgjöld sjúkratryggingarinnar en nú sé sýnilegt bæði vegna fyrirhugaðra breytinga sem hér eru lagðar til, m.a. það að gjald vegna komu á heilsugæslustöðvar verði lækkað, þá er dregið úr sparnaði um 300 millj. þannig að hér er nú þegar komið gat, sem er þó auðvitað lítið miðað við það sem hæstv. forsrh. hefur talað um þegar hann er að ræða um marga milljarða kr. sem vanti hér upp á. Ég get lýst ánægju minni með að það skuli vera dregið úr þessari gjaldtöku sem áður var boðuð en vil segja nokkur orð út af því sem fram kom í ræðu

hæstv. forsrh. áðan, að gjaldið sem áður var vegna heimsókna á heilsugæslustöðvar hafi verið fellt niður í tilraunaskyni. Það var af minni hálfu alls ekki gert í neinu tilraunaskyni heldur gert sem liður í breyttum áherslum heilbrigðisyfirvalda þar sem við vildum reyna að leggja áherslu á það sem við leyfðum okkur að kalla forvarnarstörf og vildum markvisst beina einstaklingunum inn á heilsugæslustöðvarnar fremur en þeir leituðu ókerfisbundið að dýrari þjónustu, hvort heldur það væri hjá sérfræðingum eða sjúkrahúsum, þjónustu sem hægt væri að inna af hendi, að áliti fróðustu manna, með ódýrari aðferðum og jafnframt að koma þá á tengslum heilsugæslustöðvanna og almennings eða einstaklinga til upplýsinga og til fræðslu og til forvarnastarfs, það er einmitt einn hlutinn af verkefnum heilsugæslunnar. Þannig að í mínum huga var um að ræða kerfisbreytingu eða breytingu á áherslum og ég lýsi því andstöðu minni við þær hugmyndir sem hér eru settar fram um þetta háa komugjald á heilsugæslustöðvarnar. Ég vil aðeins segja þetta við hæstv. forsrh. að það var a.m.k. ekki mín hugmynd að þetta væri gert í tilraunaskyni heldur í því skyni að breyta áherslum í heilbrigðisþjónustunni almennt.

Fyrst ég er að vitna til ræðu hæstv. forsrh. hér áðan þá nefndi hann líka hugmyndir um það að láta einstaklingana greiða verulega háar upphæðir fyrir þjónustu sem nú er verið að taka upp hér á landi, svokallaða glasafrjóvgun. Ég veit að þær hugmyndir hafa verið uppi og þær hafa verið til umræðu að menn greiddu eitthvað fyrir þessa nýju þjónustu og réttlættu það hugsanlega með þeim rökum, sem komu fram í máli hæstv. ráðherra í framsöguræðu hans, að fólk sem nú sækir þessa þjónustu til útlanda þurfi að greiða fyrir hana verulegar upphæðir í ferðakostnað og uppihaldskostnað þó að meðferðin sjálf sé greidd af hinu opinbera. Þó verð ég að segja að hér finnst mér vera um mikið prinsippmál að ræða, spurningu um hvernig á að taka á þessu og hvort við getum fallist á það að greiða fyrir þessa þjónustu yfir höfuð og ég tala nú ekki um hvort það er réttlætanlegt að greiða svo háar upphæðir sem hér eru nefndar, kannski um 100 þús. kr. Mér finnst þessi upphæð sláandi en vil þó frekar velta hinu upp að hér sé um prinsippákvörðun að ræða. Á heilbrigðisþjónustan að vera ókeypis eða svo til ókeypis eða á að fara að taka það upp að menn greiði gífurlega háar upphæðir fyrir einstaka þætti þeirrar þjónustu sem veitt er? Hvar endum við þá? Er það bara glasafrjóvgun sem á að borga fyrir 100 þús. kr. eða gætum við lent í því að taka fleiri þætti, fleiri atriði inn í slíka gjaldskrá sem mundi þá enda með því að við værum komin með heilbrigðiskerfi af allt annarri tegund en við höfum áður og hingað til búið við.

Þá langar mig að nefna í sambandi við þessar hugmyndir um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, hugmyndir um útboð, hugmyndir um það að heimila Tryggingastofnuninni og heilbrigðisyfirvöldum að leita eftir útboðum í þeim tilgangi að gera heilbrigðisþjónustuna ódýrari eða væntanlega með það að markmiði. Ég tel að í ýmsum tilfellum sé hægt að ná sparnaði með slíkri framkvæmd ef verið er að tala um t.d. innkaup, innkaup á lyfjum, innkaup á hjúkrunarvörum og einhverjum einstökum afmörkuðum þáttum en ég vil hafa alla fyrirvara á hugmyndum um að útboð séu heimiluð á einstökum þáttum heilbrigðisþjónustunnar sjálfrar. Þó kann það líka að vera réttlætanlegt, ef um mjög afmarkaða þætti er að ræða eins og hér eru reyndar tilgreindir, t.d. skólatannlækningar, að það megi ekki gera tilraunir til þess, ég vil ekki leggjast gegn slíkum hugmyndum og tel að huga megi að því og jafnvel gera tilraun með það. Það fer þá aldrei verr en svo, sú tilraun leiðir í ljós hvort hún ber tilætlaðan árangur. Ef við ætlum hins vegar að fara að beita svona vinnubrögðum við heilbrigðisþjónustu almennt, þá held ég að við stöndum fljótlega frammi fyrir því að við erum að búa til nýtt form heilbrigðisþjónustu, þjónustu sem leiðir fljótlega til þess að við búum hér við svokallaða tvöfalda heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisþjónustu sem annars vegar er greidd af hinu opinbera og hins vegar greidd af einstaklingum sem telja sig hafa efni á að greiða fyrir þjónustuna eða kaupa sér til þess sérstakar tryggingar og þá held ég að við séum komnir í slæma stöðu. Ég lýsi mig algerlega andvígan slíkum hugmyndum. Ég hef reyndar sagt hæstv. heilbrrh. það þannig að ég geri ekki endilega kröfu til þess að hann hlýði á þessa skoðun mína hér og nú en hann er ekki frekar en aðrir ráðherrar, að hæstv. forsrh. frátöldum, hér í salnum á þessu augnabliki þannig að þeim virðist eitthvað vera órótt, blessuðum, og ekki gefa sér tíma til þess að fylgja þessum ráðstöfunum í ríkisfjármálum eftir, eins og þeim þó auðvitað ber að gera, hverjum fyrir sinn málaflokk.

Mig langar að fara yfir hvernig þau mál standa, sem áður var búið að gera ráð fyrir að ættu að leiða til verulegs sparnaðar í útgjöldum almannatrygginga samkvæmt ákvæðum fjárlagafrv. eins og þau liggja fyrir, þá átti að spara 800 millj. kr. á þessum þjónustugjöldum, þessum nýju sköttum sem sjúklingarnir eiga að greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna. Þeir hafa að vísu lækkað um 300 millj. kr. Þá er í öðru lagi gerð grein fyrir því að lyfjakostnaður hafi átt að sparast um 800 millj. kr. eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir en fjmrn. hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að sparnaðurinn muni ekki verða nema um 400 millj. þannig að hér eru líka tapaðar 400 millj. kr. frá fyrri hugmyndum. Það kátlega í þessu sambandi er kannski að sparnaðurinn sem búið var að ná áður, sparnaðurinn sem hafði náðst vegna aðgerða fyrrv. ríkisstjórnar og þess heilbrrh. sem þá var við völd, þess sem hér stendur, hafði leitt til 300–400 millj. kr. sparnaðar þá þegar og sá sparnaður hafði áhrif fyrir alla framtíð af því að það varð kerfisbreyting, það varð breyting á álagningu, það varð breyting á verðlagningu lyfja, en eftir því sem best verður skilið á þessum upplýsingum sem hér liggja fyrir og upplýsingum úr heilbrrn. þá hefur mönnum orðið það á að reyna að tvítelja þennan sparnað. Enn langar mig að vitna í fréttaviðtal, nú viðtal í Þjóðviljanum 5. des. sl., þar sem haft er eftir Halldóri Árnasyni, skrifstofustjóra í fjmrn., að þessi útreikningur hafi ekki verið réttur eins og hann var settur fram en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Halldór Árnason, fjármálaráðuneyti, sagði að útreikningur á sparnaði upp á 800 millj. vegna breytinga Sighvats hefði verið á misskilningi byggður, að því er fulltrúar í heilbrrn. upplýstu hann um. Hann sagði að nýir útreikningar sýndu að reglugerðarbreytingin um aukna þátttöku almennings gæti skilað 400–500 millj. kr. minni útgjöldum. En breytingar Guðmundar, sé tekið mið af árinu 1990, skila 300 millj. kr. lægri útgjöldum á árinu 1992. Þannig að sparnaður upp á 700–800 millj. kr. gæti náðst."

En þá þýðir auðvitað ekki að tvíreikna það sem áður var búið að gera ráð fyrir. Hér gerir því fjmrn., í grg. með þessu frv. sem hér er til umræðu, ráð fyrir að ekki muni sparast nema 400 millj. í staðinn fyrir áður ráðgerðar 800 millj.

Þá er að lokum nefnt varðandi það sem átti að spara við tannlæknakostnaðinn og breytingar á reglum um tannréttingar, endurgreiðslur um tannréttingar, átti að spara 280 millj. Okkur er að lokum sagt í þessari greinargerð að að áliti fjmrn. muni umræddar 150 millj. kr. sem tengdar voru tannréttingunum ekki sparast nema fallið verði frá bráðabirgðaákvæði því sem er að finna aftast í frv. þessu enda var ekki gert ráð fyrir því ákvæði þegar fjárlagafrv. var samið. Nú hefði ég viljað að hæstv. heilbrrh. svaraði okkur hvort með þessu sé verið að gefa undir fót að falla frá þessu bráðabirgðaákvæði til þess að ná umræddum 150 millj. kr. sparnaði. Ég hefði viljað, virðulegi forseti, að hæstv. heilbrrh. kæmi hér, vonandi er hann í húsinu, og svaraði mér þessum spurningum sérstaklega. Ég er ekki að gera að öðru leyti kröfu til þess að hann hlýði á þetta mál allt, því það varðar hann ekki allt, en ég hefði viljað fá svar við því hvað er fyrirhugað varðandi þennan þátt sparnaðaraðgerðanna og ég vona sannarlega að það sé ekki meiningin að fella niður þetta bráðabirgðaákvæði.

Þá kemur í ljós að niðurstaðan af þessum áætluðu sparnaðaraðgerðum sem áttu að vera tæpir 2 milljarðar kr., 1.980 millj., verða ekki þegar upp er staðið nema 1 milljarður og 100 millj. kr. Reyndar segir í úttekt fjmrn. í greinargerð með frv. að það ættu að vera 1.270 millj. sem spöruðust, og það bendir til þess að fjmrn. sé enn að gæla við það að þessi 150 millj. kr. sparnaður náist, þ.e. að fallið verði frá bráðabirgðaákvæðinu sem þýðir að þeir sem hafa verið í tannréttingum að undanförnu eigi ekki rétt á endurgreiðslu. Þetta ætla ég að fá að ræða aðeins nánar við hæstv. heilbrrh.

Síðan eru í frv. smávægilegar breytingar eins og t.d. breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni sem ég skil nú ekki að hafi verið svo brýnt að koma hér inn, að leggja niður eina nefnd og breyta formi varðandi stjórnun þessara mála. Mér finnst það eigi lítið skylt við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum en látum gott heita.

Í 23. gr. frv. er rætt um skráningu og mat fasteigna, þ.e. sértekjur Fasteignamats ríkisins sem á að velta yfir á sveitarfélögin í landinu. Það má gera ráð fyrir að sveitarfélögin taki á sig þann sparnað sem ríkið ætlar að ná fram með auknum sértekjum Fasteignamatsins. Í grg. frv. er ítarlega gerð grein fyrir því hvernig þetta er hugsað. Eins og formið er í dag, þá eru tekjur Fasteignamats ríkisins upp á 49,4 millj., eftir breytingarnar áætlaðar 87,3 millj. kr. eða sparnaður upp á 37,9 millj. Af þessum tekjum er samkvæmt núverandi fyrirkomulagi gert ráð fyrir því að sveitarfélögin greiði 26 millj. kr. en samkvæmt nýju fyrirkomulagi eiga sveitarfélögin að greiða 61,6 millj. kr. eða 35,6 af þessum 37,9 sem sértekjurnar eiga að aukast. En hér eiga sveitarfélögin að taka við rekstri stofnunarinnar að verulegu leyti.

Um hina ýmsu liði sem koma í II. kafla frv. ætla ég ekki að fjalla ítarlega. Sumt af þessu eru gamlir kunningjar sem ég get út af fyrir sig lýst stuðningi mínum við þó að ég sé ekki sáttur við það allt saman. Ég vil sérstaklega nefna 34. gr. þar sem gert er ráð fyrir verulegum niðurskurði á framlögum ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir því að framlagið verði skorið niður um það bil að hálfu, 340 millj. kr. verði veittar til sjóðsins en samkvæmt lögum ætti hann að hafa líklega helmingi hærri upphæð eða kannski ríflega það, 680–700 millj. kr., og ég leyfi mér að fullyrða að farið sé á skjön við þau ákvæði sem lágu til grundvallar þegar búvörusamningurinn svokallaði var gerður af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar og raunverulega sé verið að svíkja viss ákvæði úr þessum búvörusamningi. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. hvort geti verið að ég hafi heyrt eða skilið rétt í fjölmiðlum að skerða ætti Framleiðnisjóðinn enn frekar, hvort hugmyndir séu um það í þessum viðbótarniðurskurði, sem allir bíða nú eftir að fá að heyra eitthvað um, að taka kannski þessar 340 millj. kr. líka af Framleiðnisjóðnum og hann verði þá á núlli. Vonandi hefur þetta verið misskilningur en einhvern veginn komst það svo inn hjá mér við að hlusta á fréttir í einhverjum af okkar ágætu fjölmiðlum að hugmyndir væru um það. Vera kann að málum hafi þó verið blandað eitthvað saman eða ég misskilið fréttina.

Virðulegur forseti. Var hæstv. heilbrrh. væntanlegur? (**Forseti:** Forseti getur upplýst hv. þm., að heilbrrh. var á fundi með fréttamönnum og hefur fengið þau boð um að hans sé óskað hér í þingsalnum þannig að hann veit um þessar óskir og kemur eins fljótt og mögulegt er.) Virðulegi forseti, ég ætlaði að fara að ljúka máli mínu. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta miklu lengra mál. Ég tel mig vera búinn að fara nokkuð yfir þau atriði sem ég taldi nauðsynlegt að koma á framfæri og ræða sérstaklega en átti þó eftir að fjalla frekar um málefni heilbrigðisþjónustunnar og var með eina sérstaka fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. sem mig langaði að bera upp við hann og svo reyndar að ræða við hann aðeins um aðra þætti. (**ÓRG:** Er ekki rétt að gera bara hlé á ræðu þinni þangað til við fáum ráðherrann inn í sal?) Ég hef ekki mikla ánægju af að standa þegjandi í ræðustólnum. Ég hef yfirleitt ekki haldið langar ræður eða tafið þingstörf með löngum ræðuflutningi. (**ÓRG:** Þeir eru búnir að vera hlaupandi hérna út úr salnum í allan dag. Þetta gengur ekki lengur.) Virðulegur forseti, ef það væri hins vegar hægt að gera slíka undantekningu á þingsköpum að ég mætti

fresta ræðu minni og umræður gætu haldið áfram og það þýddi ekki að ég væri þar með búinn að ljúka mínum rétti til málflutnings hér í hv. þingi mundi ég fallast á það. (**Forseti:** Forseti fellst á tillögu ræðumanns og mun gefa honum orðið þegar hann getur ávarpað hæstv. heilbrrh.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í fjarveru formanns þingflokks Alþb. og varaformanns þingflokksins vil ég vekja athygli forseta á því að þegar stjórnarandstaðan lýsti sig reiðubúna til þess að umræðan færi fram í dag og byrjaði fyrir hádegi og gengi fram með eðlilegum hætti var það ósk okkar að forsenda þess væri sú að þeir fagráðherrar sem eiga lög inni í svokölluðum bandormi væru að meginhluta viðstaddir umræðurnar svo að hægt væri að ræða við þá um þá þætti frv. sem snerta ráðuneyti þeirra. Þegar ríkisstjórn kýs að flytja mál með þeim hætti að steypa saman í eitt frv. breytingu á lögum sem heyra undir mörg ráðuneyti, er það eðlileg ósk frá stjórnarandstöðuflokkunum og frumskylda viðkomandi ráðherra að vera viðstaddir umræðuna.

Við höfum fylgst með því í nokkra klukkutíma að fæstir ráðherranna hafa verið hér. Oft hefur liðið hálftími og upp undir klukkutíma þannig að enginn þeirra eða einungis einn hefur verið viðstaddur. Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Guðmundi Bjarnasyni, gat hann ekki haldið áfram ræðu sinni vegna þess að hæstv. heilbrrh. var ekki mættur og þetta getur ekki gengið svona til, virðulegi forseti. Við höfum ekki mikinn áhuga á því að lengja umræðurnar en við teljum að þingið sé vettvangur samræðna milli þingmanna og ráðherra. Þess vegna setjum við fram þá eðlilegu ósk að áður en umræðurnar halda áfram — fyrst svo er komið að ræðumenn geta ekki einu sinni haldið áfram ræðu sinni og borið upp fyrirspurnir til ráðherra sem ekki eru mættir — að forseti geri ráðstafanir til þess að allir þeir ráðherrar sem hlut eiga að máli — sem mér skilst að séu menntmrh., heilbrrh., félmrh., fjmrh., dómsmrh., landbrh. fyrir utan forsrh. (**Gripið fram í:** Ég ætladi að segja samgrh.) já, samgrh., séu viðstaddir umræðuna eða a.m.k. í næsta hliðarherbergi svo að þeir geti komið í salinn þegar viðkomandi ræðumenn vilja tala við þá. Þetta gengur ekki svona lengur. Og væri auðvitað réttast að halda umræðunni ekki áfram fyrr en búið er að ráða bót á þessu. Við ræddum þetta við einn af forsetunum fyrir stundu en þegar það gerðist að hv. þm. Guðmundur Bjarnason gat ekki haldið áfram ræðu sinni vegna fjarveru heilbrrh. var nauðsynlegt að láta þetta koma hér fram.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti tekur undir með ræðumanni um þetta og hefur gert ráðstafanir oftar en einu sinni í dag til að tryggja það að ráðherrar séu í þinghúsinu. Ég get fullvissað hv. ræðumann um það að ráðherrar eru í þinghúsinu þótt þeir séu ekki í salnum samkvæmt viðveruskrá sem forseti hefur fyrir framan sig og hefur fylgst með náið í allan dag. Af þeim ráðherrum sem hann nefndi er einn fjarverandi, hæstv. menntmrh., og hafði hann fengið leyfi forseta að vera fjarverandi núna kl. 16 í nokkrar mínútur vegna fundar í Þjóðminjasafni Íslands þar sem hann þurfti að flytja ávarp. Annars var hann hér í dag og ráðherrar hafa almennt verið hér í dag samkvæmt viðveruskrá sem forseti hefur fyrir framan sig. Hins vegar verður forseti að segja það að hann hefur saknað hv. þm. hér í dag en það hefur ekki komið að sök við umræðurnar. En samkvæmt viðveruskránni hafa ráðherrarnir verið í salnum og við salinn og verið tiltækir þegar á hefur þurft að halda og forseti skýrði frá því áðan að hæstv. heilbrrh. er á fundi í húsinu með blaðamönnum og leysti það mál áðan gagnvart hv. ræðumanni, Guðmundi Bjarnasyni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að athugasemd hv. 8. þm. Reykn. sé sanngjörn og við eigum að fresta fundinum þangað til ráðherrar eru í salnum eins og um er beðið.

Forseti (Björn Bjarnason):

Fundinum er frestað á meðan kallað verður á ráðherra og þeir ganga til sætis í salnum og er fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Á þessu hausti er Alþingi fyrst starfrækt í einni málstofu. Segja má að þær venjur sem upp verða teknar verði því mótandi fyrir störf þingsins á ókomnum árum og þess vegna má með sanni undirstrika að það er veruleg ábyrgð á stjórnendum þingsins að innleiða þær venjur sem til fyrirmyndar mega vera en ekki þær sem vitlausastar gætu orðið í meðferð mála í þinginu og skal nú nokkuð leiða rök að.

Hér er á dagskrá frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta frv. tekur til mjög margra málaflokka. Skv. 23. gr. þingskapalaga um vísun til nefnda segir svo, með leyfi forseta:

„Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi." — Nú verður að sjálfsögðu mat þingsins hvort þetta mál sé þess efnis að þarft þyki að nefnd íhugi. Ef þingið kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki skynsamlegt að nefnd mundi íhuga málið væru menn leystir frá öllum vanda því að þá þyrfti ekki að taka ákvörðun um það til hvaða nefndar bæri að vísa málinu. Ég á heldur von á því að menn telji að málið sé af þeirri stærð að skynsamlegt sé að vísa því til nefndar. Þá kemur í beinu framhaldi: „Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Nú vandast málið því að við blasir að hér eru margir málaflokkar samtímis og sumir þeirra verða varla með réttu vistaðir undir heiti frv. sem ber það nafn eins og fram hefur komið „Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992". Sem dæmi um það má nefna það sem kemur á 2. bls. frv. um breytingar á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis.

Þetta mál getur ekki fallið undir ríkisfjármál 1992 nema því aðeins að það sé ákveðið af ríkisstjórn nú þegar að hafa kosningar á næsta ári. — Og nú brosir hv. þm. og hæstv. heilbrrh. þegar hann gengur fram hjá stólnum. Ég held nefnilega að það hljóti að vera mjög venjumyndandi hvaða ákvarðanir menn taka í þeim efnum hvernig þeir vísa málinu til nefndar.

Mér er ljóst að á undanförnum árum eru þó nokkur dæmi um afleita frumvarpssmíð í þeim efnum að menn hafa verið að hrúga saman málum eins og frv. til laga um ráðstafanir í kjaramálum eru dæmi um, flutt á 111. löggjafarþingi. Ekkert frv. hefur þó gengið jafnlangt og það frv. sem hér er.

Ég vil beina þeim tilmælum til forseta hvort hann vilji tjá þinginu hug sinn í þeim efnum, hvort hugsanleg sé sú sátt í málinu að vísað verði til fleiri en einnar nefndar því frumvarpi sem hér er og nefndir fari yfir málasvið þess í samræmi við anda þingskapanna, þ.e. að skipting Stjórnarráðsins í málefnahópa ráði hvert mál fari. Þetta á ekki að tefja málsmeðferðina, ætti að verða til þess að menn gætu stytt umræðu í þinginu og má ætla að fyrr ynnist málið í nefndum því að hver nefnd hefði minna yfir að fara. Að mínu viti væri þingið með þessu móti að mynda sér mjög skynsamlega hefð til frambúðar þegar það þarf að glíma við frumvarp af þessu tagi sem e.t.v. gæti orðið seinna en ég ætla engu að spá um.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

(**KHG:** Hefur þingflokksformaðurinn vit fyrir forseta?) Það vill nú þannig til, hv. þm., að þingflokksformenn hafa málfrelsi á við alla aðra þingmenn, um þingsköp jafnt sem annað. (**KHG:** Forseti var spurður en ekki þingflokksformaðurinn.) Ég fæ nú ekki séð hvað þessum hv. þm. kemur við hvort ég er að taka til máls undir liðnum þingsköp, en ég ætlaði að leyfa mér að vekja athygli á því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur bent á athyglisvert atriði sem vissulega er ástæða til þess að gefa gaum.

Ýmis fordæmi eru fyrir bandormum af þessu tagi eins og hann hefur bent á og það hefur þar skapast ákveðin venja. Hitt er annað mál að hin nýju þingsköp gefa færi á rýmri túlkun heldur en áður hefur verið. Ég veit ekki hvort hv. þm., sem vék máls á þessu hefur af því vitað, en það er áreiðanlega ekkert leyndarmál að það hefur komið fram á fundi formanna þingflokka frá hv. formanni þingflokks Alþb. ósk um að sú nefnd sem þetta mál fær væntanlega til meðferðar vísi einstökum málaflokkum til þeirra fagnefnda sem að öðru leyti gætu átt hlut að máli. Niðurstaðan varð sú að óska eftir því að hv. efh.- og viðskn., sem lagt er til að fái þetta mál til meðferðar, kanni hvort grundvöllur getur verið fyrir slíku og mér er kunnugt um það eftir samtöl mín við formann þeirrar nefndar, hv. þm. Matthías Bjarnason, að hann hefur fullan hug á því að standa þannig að afgreiðslu málsins.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég tel að þetta hafi verið fullkomlega réttmæt athugasemd hjá hv. þm. þó svo hún hefði e.t.v. frekar átt heima í umræðu um atkvæðagreiðslu þegar þar að kemur en inni í miðri efnisumræðu um málið.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti er sömu skoðunar og þeir tveir hv. þm. sem hafa talað að um þetta mál þurfi að fjalla og ræða og telur eðlilegt miðað við þingsköpin og þær reglur sem í þeim eru settar að það verði leitað álits fleiri nefnda en efh.- og viðskn. þótt málið verði í höndum þeirrar nefndar. Þannig verði að málinu staðið og við afgreiðslu málsins eftir ákvörðun og forsögn efh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að tekið hefur verið á málinu af skilningi þannig að ég vænti þess að forseti þingsins muni íhuga það mjög vandlega að skapa reglu sem gæti orðið til fyrirmyndar í störfum þingsins í framtíðinni og þar tel ég að það sé að virða það grundvallaratriði 23. gr., að málum sé vísað til nefnda í samræmi við þá skipan sem er í Stjórnarráðinu.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma aftur og taka til máls en verð líklega að hinkra svolitla stund af því að ég átti lítið annað eftir en að ræða við hæstv. heilbrrh. sem því miður hefur aftur vikið sér úr salnum. Við hinkrum þá aðeins. Ég held að eins og fram hefur komið í bæði sjálfum umræðunum um málið og síðan þingskapaumræðum, þá sé bæði eðlilegt og nauðsynlegt að vísa þessu frv. til fleiri nefnda en einnar. Ég var búinn að gera grein fyrir þeirri skoðun minni áður í umræðunum og ítreka það og fagna því að heyra þann skilning hjá hæstv. forseta á þessu máli því að þetta er með mjög sérstökum hætti gert þó að bandormar af ýmsu tagi hafi áður viðgengist. En þá er hér um efnisatriði að ræða varðandi lagabreytingar sem eru varanlegar, ekki breytingar til eins árs heldur varanlegar breytingar á hinum ýmsu lögum þannig að eðlilegt hlýtur að vera að hafa nokkurn annan hátt á vinnubrögðum að þessu sinni.

Hér kemur hæstv. heilbrrh. í salinn og ég þakka honum fyrir að vilja leyfa mér að beina til sín tveimur eða þremur spurningum. Ég var búinn í máli mínu að fara nokkuð yfir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um almannatryggingar með þessu frv. sem fyrir liggur og ég ætla ekki að endurtaka það, virðulegur forseti. Nema þá kannski aðeins að segja hæstv. ráðherra að ég út af fyrir sig get stutt ýmislegt af því sem hér er lagt til og var búinn að lýsa því yfir áður, t.d. hlutfallsgjald enda verði gætt að því að greiðslur einstaklinganna séu með þaki á þann hátt að hlutfallsgjaldið sé fyrst og fremst til þess að laða fram betri kostnaðarvitund almennings sem þarf á þjónustunni að halda. Eins veit ég að hæstv. ráðherra hefur átt í nokkrum erfiðleikum með þann hluta tannlæknastéttarinnar sem hefur tannréttingar að sérgrein. Ég var sjálfur búinn að eiga í nokkrum viðræðum og viðskiptum við þessa aðila áður og lýsi yfir stuðningi við hugmyndir sem hér eru settar fram, þó með þeim fyr-

irvara að orðalag í 15. gr., þar sem segir: „Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.“ Með þeim fyrirvara að þetta orðalag sé e.t.v. nokkuð þröngt. Ég hef fyrst og fremst þann fyrirvara á en er ekki með neinar hugmyndir eða tillögur aðrar hér og nú varðandi þetta mál. En mér sýnist að það gæti leitt til þess að þeir sem þó þyrftu á stuðningi að halda og ættu hann vissulega skilinn samkvæmt almennri túlkun á lögum um heilbrigðisþjónustu, að einstaklingar eigi rétt á þeirri bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni — að svona ákvæði þrengi ekki það almenna sjónarmið heilbrigðisþjónustulaganna.

En spurningarnar sem mig langaði að bera upp við hæstv. heilbr.- og trmrh. vörðuðu sérstaklega það sem segir í umsögn fjmrn. sem fylgir sem fskj. með þessu frv. um sparnað af ráðgerðum breytingum varðandi þátttöku almannatrygginganna í tannlæknakostnaði og tannréttingum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 að þessar aðgerðir dragi úr tannlæknakostnaði um 280 millj. kr., en sú fjárhæð skiptist samkvæmt áætlun þannig að um 150 millj. sparast við að hætta að greiða tannréttingar ...“ Síðar segir í þessari sömu málsgrein: „Að áliti fjmrn. munu umræddar 150 millj. kr. ekki sparast nema fallið verði frá bráðabirgðaákvæði því sem er að finna aftast í frv. þessu, enda var ekki gert ráð fyrir því ákvæði þegar fjárlagafrv. var samið.“

Til skýringa þá fjallar þetta ákv. til brb. um það að þeir sem nú eru í meðferð hjá tannréttingasérfræðingum eigi rétt á endurgreiðslu áfram. Ég tel þetta afar þýðingarmikið ákvæði vegna þess að þegar lagt var upp í þessar breytingar eða hugmyndir um breytingar þá gerðu menn aldrei ráð fyrir því að það tæki þennan tíma og endaði á þann hátt sem það virðist nú ætla að enda. Ég lít því svo á að nauðsynlegt sé að þeir einstaklingar sem eru nú í meðferð hjá tannréttingasérfræðingum eigi nokkuð annan rétt heldur en hin varanlegu frambúðarákvæði kveða á um og lýsi því stuðningi við ákv. til brb. En mér finnst í þessari umsögn vera gefið undir fót með það að e.t.v. sé þetta ekki meiningin, þó að það sé hér inni sem ákv. til brb., og það sem meira er að ef farið er yfir áætlaðan sparnað af þessum aðgerðum í umsögn fjmrn. þá er ekki gert ráð fyrir því að ákv. til brb. verði inni. Það er sem sagt í listanum gert ráð fyrir að þessar 150 millj. kr. sparist. Ég hefði viljað að hæstv. heilbrrh. segði okkur alveg skýrt og skorinort hverjar hans hugmyndir eru hvað þetta varðar.

Önnur spurning sem mig langaði til að beina til hans sem kannski er minna mál en er þó formsatriði, að í skerðingarákvæðunum í II. kafla frv. er sagt að það eigi að fella niður framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs. Ef bornar eru saman tölurnar í fjárlögum ársins í ár og fjárlagafrv. fyrir næsta ár, annars vegar sem fjalla um fjárveitingar til Gæsluvistarsjóðs og hins vegar fjárveitingar til áfengisvarna þá er þar um að ræða mjög svipaða tölu eins og nú er í frv. áætluð til áfengisvarna og bindindismála. Og ég hafði gert ráð fyrir því að inni í þeim lið væri þá Gæsluvistarsjóðurinn. Því spyr ég ráðherra: Hvaða hugmyndir eru uppi um það? Er sem sagt meiningin að fella hann niður með þessu og sérákvæði hans og ráðherra eða ráðuneyti hans ráðstafi þá þessum lið, Áfengisvarnir og bindindismál, algjörlega sjálfstætt án þess að þar komi til ákvæði um Gæsluvistarsjóðinn?

Í þriðja lagi langar mig svo að spyrja hæstv. ráðherra út af umræðum sem auðvitað tengjast hugmyndum í fjárlagafrv. og umræðum sem hafa orðið í þjóðfélaginu á undanförnum dögum varðandi samvinnu eða sameiningu sjúkrahúsa. Þótt ekki sé getið um það í þessu frv. þá kom það fram í ræðu hæstv. forsrh. þar sem hann talaði um að áfram væri unnið að hugmyndum um sparnaðaraðgerðir í rekstri sjúkrahúsanna, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðarsjúkrahúsum. Ég held í fyrsta lagi varðandi landsbyggðarsjúkrahúsin að það þurfi að skoða það sérstaklega og með mikilli aðgát hvaða sparnaði þar er hægt að ná fram, hvort menn séu ekki að ráðast þannig að rekstri þessara sjúkrahúsa að þau séu ekki lengur fær um að gegna þó mikilvægri þjónustu sem slysa- og bráðaþjónustusjúkrahús fyrir minni háttar slys eða sjúkdóma ef höggvið er alvarlega í fjárveitingar til þeirra. Ég hygg reyndar að með sum sjúkrahúsin, sem kannski er varla hægt að kalla landsbyggðarsjúkrahús, eins og t.d. sjúkrahúsið í Hafnarfirði, sé mjög óskynsamlegt að fara að eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það á einnig við sjúkrahús hér í næsta nágrenni ef við t.d. nefnum Keflavík, Akranes, Selfoss, sem þó vafalaust má skoða hvernig eigi að reka í samráði og samræmi við stóru sjúkrahúsin hér í Reykjavík og þá með góðri samvinnu þar á milli. En ég tel að það sé ekki rétt að gera öll þessi sjúkrahús að langlegusjúkrahúsum fyrir aldraða og svipta þau algjörlega hlutverki sínu sem sjúkrahús sem geti tekið að sér ákveðin verkefni. Hugsanlega gætu þessi sjúkrahús verið aðili að verkaskiptingu og tekið að sér einhver ákveðin verk. Á Akranesi sé veitt ákveðin þjónusta, í Keflavík önnur, en ekki að öll þessi sjúkrahús séu að fást við allt, sem þau reyna að gera og sumt af vanefnum eða lítilli getu.

En varðandi sjúkrahúsin í Reykjavík þá hafa verið uppi miklar umræður um hvað sé skynsamlegt að gera í því. Ég ætla að geyma mér til 2. umr. fjárlaga ítarlegri umræðu um það mál, eða 3. umr. ef svo fer sem maður hefur heyrt að málefni sjúkrahúsa og kannski heilbrigðismála almennt verði ekki tekin til umfjöllunar við 2. umr. fjárlaga heldur ekki fyrr en við 3. umr. Ég mun þá a.m.k. þegar að því kemur að þau mál verði til umræðu fara ítarlegar í það.

En vegna þess að framsöguræða hæstv. forsrh. gaf tilefni til þess að spyrja aðeins út í þetta mál þá langar mig að spyrja ráðherra og vitna til kvöldfrétta í Ríkisútvarpinu einu sinni enn. Ég er reyndar búinn að gera það fyrr í minni ræðu að vitna til frétta í blöðum og fjölmiðlum að undanförnu. En það er nú stundum svo að þaðan fáum við tíðindin af stjórnarheimilinu, í gegnum fjölmiðlana okkar sem auðvitað reyna að vinna sitt verk af samviskusemi og kostgæfni. Þann 4. des. sl. var vitnað til fundar sem hæstv. heilbrrh. átti með

starfsfólki Landakotsspítala þar sem það vildi ræða um framtíð sína og spítalans. En ráðherra færðist undan því þar sem tillögur um fyrirhugaða sameiningu eða samstarf Landakots og Borgarspítala lægju ekki fyrir en þeirra væri að vænta eftir „einn eða tvo daga", eins og segir í fréttinni — ekki er það haft orðrétt eftir ráðherranum. En síðan líða tveir dagar og forvitnilegt að vita hvað er að frétta af þessu máli frekar. En þó einkum það sem ég ætla að bæta við nú er að haft er eftir hæstv. ráðherranum, en ég vitna hér til fréttarinnar orðrétt, þar segir:

„Hins vegar kviði hann fyrir því verkefni sem þá blasti við, að skipta 500 millj. kr. niðurskurði á einu ári milli Borgarspítala og Landakots, og hann bætti við að næstu daga yrðu kynntar nýjar, óskemmtilegar sparnaðaraðgerðir sem varða sjúkrahúsin."

Það var aðallega þessi málsgrein og þessi setning sem mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra um, hvað væri á döfinni, hvort eitthvað væri hægt að segja frá þessu nú. Vegna þess að það er eitt af því sem stendur frekari vinnu í fjárln. fyrir þrifum, þ.e. tefur frekari vinnu fjárln. við undirbúning 2. umr. fjárlaganna að það vantar svör frá hæstv. ríkisstjórn eftir því sem forustumenn stjórnarliðsins í fjárln. tjá okkur fulltrúum minni hlutans. Þess vegna væri æskilegt fyrir okkur að vita hvað er þar á döfinni og hvenær er að vænta einhverrar niðurstöðu í þessu efni. Mér sýnist á því sem kemur fram í umsögn fjmrn., sem fylgir þessu frv. sem hér er til umræðu, að sparnaðaraðgerðir hæstv. ráðherra, sem fyrirhugaðar voru samkvæmt fjárlagafrv., hafi nú lækkað um a.m.k. 700 millj. kr., held ég að ég hafi verið að tína hér til áðan. 700–800 millj. sem þegar eru að falla út eða fallnar út af þeim hugmyndum. Við höfum fengið erindi frá heilbrrn. þar sem gerð er grein fyrir breytingum á útgjöldum Tryggingastofnunar og nokkurra annarra stofnana sem leiða til útgjaldaaukningar upp á einhver hundruð milljóna án þess að fara nánar út í það á þessu stigi af því að það plagg hefur ekki fengið umfjöllun enn í nefndinni. Og síðan boðar ráðherra „óskemmtilegar sparnaðaraðgerðir" í viðbót við það sem þegar er talið.

Þetta ætla ég, hæstv. forseti, að láta duga sem fyrirspurnir til hæstv. heilbr.- og trmrh. og þakka fyrir að hafa fengið að eiga við hann nokkur orðaskipti en fer senn að ljúka máli mínu. Ég var búinn að fara yfir frv. og efnisatriði þau sem ég vildi láta koma fram og gera athugasemdir við á þessu stigi. Einnig það sjónarmið mitt að nauðsynlegt væri að fagnefndir þingsins fjölluðu um einstök efni, eins og t.d. heilbrigðismálin, breytingarnar á almannatryggingalöggjöfinni og lög um heilbrigðisþjónustu og breytingar á grunnskólalögunum og fleiri atriði. Og ég vil svo ítreka það sem kom fram núna seinast í máli mínu varðandi vinnuna í fjárln. og vinnuna við þetta frv. að hún hlýtur að stranda á meðan hæstv. ráðherrar lýsa því yfir við fjölmiðlana, án þess að gera þingheimi nánari grein fyrir því, að nýjar hugmyndir séu uppi um enn frekari sparnað og aðhaldsaðgerðir við fjárlagagerðina. Að halda sig við 4 milljarða kr. halla á fjárlögum þrátt fyrir að 10 eða 11 milljarðar blasi við, eins og hæstv. forsrh. hefur ítrekað nefnt, þá er ekki von til þess að menn sitji á nefndarfundum í fjárln. og eyði tíma sínum í það að velta fyrir sér hvort einhver ágætur fræðimaður í þessu þjóðfélagi eigi að fá 30 þús. kr., 50 þús. kr. eða kannski 70 þús. kr. eða ekki neitt. Í það hefur tíminn hjá okkur farið undanfarna daga. Við höfum verið að sýsla við svoleiðis hluti sem eru auðvitað nauðsynlegir líka en eru heldur lítils virði þó miðað við hin stóru mál sem fram undan eru. Ég vonast til þess að við í fjárln. fáum fyrr en síðar upplýsingar um hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst fyrir á þessu sviði.

Ég leyfi mér reyndar að efast um að tímabært sé, eins og mál standa nú í dag, að vera að tala um 2. umr. fjárlaga nk. þriðjudag, nema eitthvað gerist þá í kvöld og nótt hjá hæstv. ríkisstjórn og komi inn í fjárln. á laugardag því á sunnudag þurfa menn að ganga frá sínum hugmyndum og breytingum fyrir 2. umr. á þriðjudeginum, ef ég hef einhverja hugmynd um það hvernig tæknileg vinna gengur fyrir sig hér í hv. þingi. Þar að auki hlýtur það að vera heldur tilgangslítið ef það blasir við að á þriðjudag, við 2. umr., eigi að skilja eftir stóra, veigamikla þætti í umræðunni, eins og t.d. málefni sjúkrahúsa, kannski málefni heilbrrn. að verulegu leyti. Við vitum að það er beðið eftir svari frá ríkisstjórn um viðbrögð við 600 millj. kr. fjárvöntun hjá Tryggingastofnuninni vegna aukinna útgjalda í sjúkratryggingum og fleiri spurningum er ósvarað. Þannig sýnist mér að það stefni nú þegar í að það ætti að fresta þeirri umræðu sem fyrirhuguð er á þriðjudag eða a.m.k. viðurkenna það að hún sé ekki mikils virði og aðalumræðan um fjárlögin verði þá 3. umr., hvenær svo sem hún getur farið fram. Og ef fer fram sem horfir nú seinustu daga þá sýnist mér ekki líklegt að það verði nema þá allra síðustu daga fyrir jól, ef það yfir höfuð verður fyrir jól.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir þau orð sem hann mælti um þau atriði sem varða heilbrigðis- og tryggingamál í þessu frv. Sú umfjöllun var sanngjörn og málefnaleg eins og hv. þm. er von og vísa. Ég vil þakka honum bæði fyrir það og eins fyrir þann stuðning sem hann lýsti yfir við ýmsa þætti í frv. er lúta að vandamálum sem við er að fást í heilbr.- og trmrn. Það er full ástæða til að gera það því hv. þm. er auðvitað jafn vel ljóst og mér, og kannski enn betur vegna þess að hann hefur meiri reynslu í þessu ráðuneyti en ég hef enn öðlast, að þar er við ýmis mjög mikil vandamál að etja. Vandamál sem varða það að reyna að varðveita kjarnann í því velferðarkerfi sem við höfum alist upp við í því umhverfi sem við búum í núna, þar sem satt að segja virðist vera heldur fátt um fína drætti.

Við Íslendingar eigum að sjálfsögðu við það að etja, eins og allar aðrar þjóðir í kringum okkur, að reyna að stemma stigu við mjög ört vaxandi kostnaði í heilbrigðiskerfinu sem er mjög víða í kringum okkur að grafa undan rótum þess kerfis sem við höfum búið við. Því til viðbótar er hjá okkur sá vandi sem lýsir sér í fimm ára stöðnun í þjóðartekjum og hagvexti sem aðr-

ar þjóðir allflestar þurfa ekki við að fást. En þessi vandi er ekki aðeins hjá okkur. Þessi vandi er líka hjá þjóðum sem betur mega sín en við Íslendingar. Það eru ekki nema um þrír eða fjórir dagar síðan ég las það í blaðinu International Herald Tribune að í Kanada, sem er eitt mesta velferðarríki á norðurhveli jarðar, þar sem þjóðartekjur á einstakling eru mun hærri en hjá okkur, eru menn að fást við nákvæmlega sömu vandamál og við, m.a. í heilbrigðiskerfinu. Þar er ástandið þannig að í Toronto hafa menn orðið að loka 2.900 bráðaspítalasjúkrarúmum af þeim 15.000 sem í borginni eru og í Ontarioríki, sem er ríkasta og fjölmennasta ríki í Kanada, hafa menn orðið að segja upp 5.000 heilbrigðisstarfsmönnum og draga úr þjónustu heilbrigðiskerfisins sem því nemur.

Það sem við erum að gera er að leita leiða til að forðast að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana, forðast að þurfa að draga úr þeirri góðu þjónustu sem heilbrigðiskerfið hefur veitt Íslendingum og á að veita þeim í framtíðinni. Það getum við ekki gert með því að gera velferð núlifandi kynslóðar að vandamálum barnanna okkar. Við getum ekki gert það með því að ætlast til þess að komandi kynslóðir leysi þau vandamál sem við eigum nú við etja í velferðarkerfinu, við verðum að gera það sjálf, sú kynslóð sem þessa kerfis nýtur.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vann að slíkum viðfangsefnum á meðan hann var í ráðuneytinu og vann á ýmsan hátt mjög vel að þeim. Í minn hlut hefur komið að fylgja mörgum þeim málum fram sem hann undirbjó í þessu sambandi, m.a. í sambandi við tannlæknahjálp o.fl. Þannig að ég þakka þann stuðning sem hann hefur látið í ljós við ýmsa þætti í þeirri starfsemi, þó svo alveg sé ljóst að við séum ekki sammála um eitt og allt í því efni. En ég held að okkur sé báðum ljós þörfin og markmiðið sé eitt og það sama hjá okkur báðum, þ.e. að varðveita kjarna velferðarríksins við þær erfiðu aðstæður sem íslenska þjóðin nú býr við.

Hv. þm. kom með nokkrar spurningar sem mér er ánægja að svara. Fyrst um tannréttingar og tannlæknamál. Hér er um að ræða vandamál sem hv. þm. barðist við á meðan hann var ráðherra í heilbrrn. og er því miður alls ekki leyst enn. Í mjög langan tíma var reynt að ná samkomulagi og samningum við tannlækna og tannréttingalækna og það tókst loks að ná formlegum samningum eftir langa mæðu við Tannlæknafélag Íslands, sem m.a. náði til samninga um tannréttingar. Tólf sérfræðingar í tannréttingum sögðu sig hins vegar undan þessum samningum og neituðu að hlíta bæði samningsákvæðunum í formlegum kjarasamningi, reglugerð hæstv. ráðherra og lögum frá Alþingi. Niðurstaðan hefur orðið sú að fólk, sem samkvæmt lögum frá Alþingi á rétt á endurgreiðslu á tilteknum kostnaði við tannréttingar, hefur ekki getað komið fram þeim rétti sínum vegna þess að tannréttingalæknar hafa ekki fallist á að gera þannig grein fyrir þeim verkum sem þeir hafa unnið fyrir þetta fólk að það geti komið fram hinni lögmætu kröfu sinni.

Til þess að taka dæmi um hvað um er að ræða gæti ég nefnt að um sambærilegan hlut er að ræða og ef iðnaðarmaður neitaði að ganga þannig frá reikningi vegna vinnu í þjónustu að við gætum komið fram kröfu um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað sem öllum Íslendingum er tryggð samkvæmt lögum. Samkvæmt landslögum er gert ráð fyrir því í þessu tilviki að allir landsmenn, sem þurfa að láta vinna umtalsverð viðhaldsverkefni á húseignum sínum, eigi rétt á því að endurkrefja ríkissjóð um virðisaukaskatt vegna vinnu sem greidd er á byggingarstað. Til þess að þegn geti komið slíkri kröfu fram þá verður iðnaðarmaðurinn, sem verkið vann, vissulega að skila sundurliðuðum reikningi þar sem fram kemur hvaða efniskaup hafa átt sér stað, hvaða vinna hafi farið fram og hvaða virðisauki hafi verið innheimtur af þeirri vinnu. Því aðeins að iðnaðarmaður skili slíkum sundurliðuðum reikningi getur þegn í þessu þjóðfélagi komið fram lögmætri kröfu sinni um endurgreiðslu.

Það sem gerst hefur í sambandi við tannréttarana er að þeir hafa neitað að sundurliða reikninga sína fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt fram með þeim hætti að sjúklingarnir kæmu endurkröfunni fram. Þetta er sambærilegt og ef iðnaðarmenn tækju upp á því að skila ósundurliðuðum reikningi til húsbyggjenda þar sem stæði eingöngu húsnúmerið og svo ein tala sem ekki væri sundurliðuð öðruvísi en að í texta væri sagt: vinna og efni, og svo einhver endanleg tala. Sá húsbyggjandi sem fengi slíkan reikning gæti ekki komið fram lögmætri kröfu sinni um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað. Með sama hætti getur sjúklingur, sem hefur leitað þjónustu tannréttingalæknis, ekki komið fram löglegri kröfu sinni um endurgreiðslu úr ríkissjóði því að tannlæknirinn neitar að skila verkreikningi sundurliðuðum þannig að Tryggingatofnun geti endurgreitt í samræmi við kjarasamning og lög og reglugerðir úr heilbrrn.

Allar tilraunir til að ná samkomulagi um þetta hafa farið út um þúfur. Þær voru bæði reyndar af hæstv. fyrrv. ráðherra og eins mér og satt að segja er ég alveg orðinn uppgefinn á að reyna að ná samkomulagi um að þessir ágætu menn gangi þannig frá reikningum fyrir vinnu sína að þeir sem njóta þeirrar þjónustu geti komið fram lögmætum endurkröfurétti sínum gagnvart Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt lögum sem Alþingi Íslendinga hefur sett.

Ég hef brugðið á það ráð að leita til landlæknis um ráðleggingar. Landlæknir hefur skrifað Tannlæknafélagi Íslands og krafist þess að Tannlæknafélag Íslands skýri með fullnægjandi hætti hvað því veldur að tilteknir einstaklingar í heilbrigðisstétt virða ekki þau afdráttarlausu ákvæði læknalaga sem kveða á um að heilbrigðisyfirvöld geti krafið alla lækna sem leyfi hafa til þess að starfa á Íslandi um hver þau vottorð sem heilbrigðisyfirvöld krefjast.

Landlæknir hefur fengið svar frá Tannlæknafélagi Íslands sem hann telur ekki vera fullnægjandi. Landlæknir hefur leitað álits valinkunnra lögfræðinga í þessu máli og mun í framhaldi af því hafast að. Ég mun beita öllum þeim mætti sem við í heilbr.- og trmrn. höfum til að tryggja að almenningur sem þarna á hlut að máli komi fram lögmætum endurkröfurétti

sínum samkvæmt lögum sem Alþingi hefur sett og mun í því sambandi beita öllum þeim ráðum sem heilbrrh. eru tiltæk og ég veit að ég hef til þess stuðning landlæknis.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vara mjög eindregið við því að einstaklingar í heilbrigðisstétt virði ekki landslög því að virðing á landslögum er að sjálfsögðu grundvallarkrafa til allra þeirra sem ætla sér að njóta lögverndaðra starfsréttinda á Íslandi.

Hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafði óskað eftir því að það fólk, sem ekki hefði hafið meðferð hjá tannréttingalæknum þegar stímabrakið stóð yfir við þá um samningamál, gerði það ekki fyrr en málið væri komið á hreint. Fjöldi aðila hefur orðið við þessum tilmælum heilbrrn. Ég ítreka að þó að fyrrv. heilbrrh. hafi gefið þau fyrirmæli og sé ekki lengur í heilbrrn. þá tel ég að sjálfsögðu að heilbrrn. sé skylt að virða þau fyrirmæli í öllum atriðum, enda eru það fyrirmæli heilbrrn., þannig að einstaklingar gjaldi ekki fyrir það nema síður væri að hafa fylgt þeim fyrirmælum. Þannig er alveg ljóst að allstór hópur manna sem á rétt og hefur þörf á að njóta aðstoðar tannréttingalækna samkvæmt gildandi reglum hefur beðið með að leita aðstoðarinnar samkvæmt tilmælum heilbrrn. Þetta fólk á að sjálfsögðu ekki að gjalda fyrir það. Í heilbrrn. vitum við svona nokkurn veginn hvaða aðilar þetta eru því að þeir hafa tilkynnt sig til Tryggingastofnunar ríkisins. Við munum halda þannig á máli að skyldur ráðuneytisins og heilbrigðisyfirvalda gagnvart þessu fólki verði virtar. Og um það fjallar bráðabirgðaákvæðið sem hv. þm. var að spyrja um og það ákv. til brb. er flutt í frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar og óskað eftir því að hv. Alþingi afgreiði það sem lög.

Út af fyrir sig má um það deila með hvaða hætti á að bókfæra slík útgjöld vegna þess að við eðlilegar aðstæður hefðu þau útgjöld að miklu leyti fallið á yfirstandandi ár. Ef eðlilegt ástand hefði ríkt í þessum efnum hefðu þessir sjúklingar hafið sína meðferð fyrir alllöngu á árinu og neytt endurkröfuréttar síns og fengið greiðslu úr ríkissjóði þegar á þessu ári. Með sama hætti eru fjölmargir, sem hafa verið til meðferðar hjá tannréttingalæknum og ekki hafa enn fengið endurgreiðslu vegna þeirra ástæðna sem ég lýsti hér áðan, sem ella hefðu fengið endurgreiðsluna á þessu ári. Vegna þessara aðstæðna er því alveg ljóst að greiðslur sjúkratrygginga vegna tannréttingalæknishjálpar eru minni á þessu ári en þær hefðu orðið við eðlilegar aðstæður. Það þýðir að sjálfsögðu að þessi útgjöld munu í staðinn fyrir að falla á yfirstandandi ár koma til greiðslu á næsta ári og auka útstreymi úr sjúkratryggingum sem því nemur. Það er því alveg ljóst að sá samdráttur sem á að eiga sér stað vegna breyttra reglugerða getur ekki átt sér stað hvað þessum aðilum viðvíkur á næsta ári því að þessir aðilar munu að sjálfsögðu njóta þeirra réttinda sem þeim voru boðin þegar þeir áttu rétt á að hefja tannréttingameðferð hjá tannlæknum, þ.e. á því ári sem nú er að líða. Þannig held ég að ég hafi svarað þessari spurningu hv. þm. með fullnægjandi hætti. Þetta eru skuldbindingar sem ég tel að heilbrrn. hafi undirgengist við umrædda sjúklinga og sem ég sem heilbrrh. mun að sjálfsögðu virða.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um Gæsluvistarsjóð. Eins og fram hefur komið í fréttum nú nýverið hefur nefnd sem hv. þm. skipaði á meðan hann var ráðherra og falið var að endurskoða lög um áfengisvarnir nýlega skilað af sér á ráðstefnu hér í Reykjavík, gert grein fyrir niðurstöðu sinni sem er nýtt frv. um áfengis- og fíkniefnavarnir. Þar er gert ráð fyrir verulegum breytingum, m.a. á greiðslum til áfengis- og fíkniefnavarna úr ríkissjóði og einnig er alveg ljóst að þörf er á því að endurskoða þá meðferð sem ríkt hefur í þessum málum á undanförnum árum því að þeir eru orðnir mjög margir, einstaklingar, félög og samtök í samfélaginu, sem koma að áfengis- og fíkniefnavörnum, ýmist á forvarnastigi eða á meðferðarstigi. Þeir eru miklu fleiri en fólk almennt gerir sér ljóst eða veit af. Margir af þessum aðilum vita lítið hver af öðrum þannig að samræming á þessum störfum hefur ekki átt sér stað.

Það frv. sem unnið var að tilhlutan hv. þm. á meðan hann var ráðherra var m.a. um að auka samræmingu og samþættingu í þessari starfsemi. M.a. með tilliti til þess að menn áttu von á því að slíkt frv. kæmi fram og væri afgreitt var ákveðið að í staðinn fyrir það sem áður var, að skipta umræddri fjárveitingu niður á fleiri liði, yrði öll fjárveitingin, nema fjárveitingin til Áfengisvarnaráðs, sameinuð undir einum lið, Áfengisvarnir, og ef svo má taka til orða vistuð þar þangað til ný lög gætu tekið gildi, vonandi á þessu þingi, þannig að afgreiðsla fjárveitingavaldsins við afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 1992 þyrfti ekki að koma í veg fyrir, með því að binda þar fé til ákveðinna þarfa, að ný skipan gæti verið tekin upp. Þetta er ástæðan fyrir því að sú meðferð hefur verið ákveðin á þessu fé við fjárlagagerðina sem hv. þm. réttilega vakti athygli á.

Þriðja spurning hv. þm. laut að sameiningu sjúkrahúsa. Um það er það að segja að ég hef nú fengið í hendurnar drög að skýrslu þeirrar nefndar sem unnið hefur að sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítalans í Reykjavík. Í þessari nefnd er Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn., formaður. Þar að auki sitja í nefndinni með honum framkvæmdastjórar beggja þessara spítala, stjórnarformenn beggja þessara spítala, hjúkrunarforstjórar beggja þessara spítala og yfirlæknar beggja þessara spítala og þessir aðilar hafa átt að hafa samráð við starfsfólk og stjórnendur hver á sinni stofnun.

Drög að skýrslu þessarar nefndar liggja nú fyrir og ég fékk þau í gær. Endanleg afgreiðsla á þeirri skýrslu mun fara fram á fundi umræddrar nefndar nk. mánudag. Þá verður endanlega frá henni gengið. Það er ekki ástæða til að rekja efnisatriði málsins fyrr en hin endanlega skýrsla hefur séð dagsins ljós en ég tek það fram að í niðurstöðunum eins og þær nú liggja fyrir er gert ráð fyrir sameiningu þessara tveggja spítala og enn fremur gerð áætlun um hvernig sameinaður spítali, Landakotsspítali og Borgarspítali, eigi að líta út í framtíðinni, hvaða þáttum í heilsugæslu og sjúkrahússtarfsemi sá spítali eigi að sinna og hvar hver þáttur í þeirri starfsemi verði vistaður.

Í framhaldi af endanlegri niðurstöðu sem verður

væntanlega nk. mánudag munu síðan hefjast viðræður og samningar um kosntaðarþætti málsins og af þeim ástæðum er auðvitað alveg ljóst, eins og hv. þm. sagði réttilega, að þess er ekki að vænta að endanleg niðurstaða geti legið fyrir fyrr en við 3. umr. fjárlaga. Er það ekkert óvanalegt því að það hefur mjög oft borið við að stóru sjúkrahúsin hafi ekki verið afgreidd fyrr en við 3. umr. fjárlaga. Það er því ekkert óvanalegt að þannig skuli haldið á málum.

Þessi nýja skipan hefur að sjálfsögðu áhrif á stöðu annarra sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, m.a. á viðfangsefni og verkefni ríkisspítalanna og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Því er það að ég hef talið nauðsynlegt að horfa á fjárveitingar til allra þessara spítala á sama tíma þannig að menn gætu betur áttað sig á því en nú er fært hvaða þætti í spítalarekstrinum ætti að takast á við á hverjum spítala fyrir sig. Ég tel eðlilegt að höfuðborgarsvæðið allt sé skoðað sem eitt upptökusvæði og ein heild í sambandi við skipulagningu sjúkrahúsanna hvort sem um er að ræða fjórar sjálfstæðar stofnanir á því svæði, eins og nú á sér stað, þ.e. ríkisspítala, St. Jósefsspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala, eða hvort þessir spítalar verða á næstunni þrír og svo í framtíðinni e.t.v. eitthvað færri, ef um það tekst samkomulag. Ég mun beita mér fyrir því að það verði rætt við bæði ríkisspítala og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði í því sambandi en legg áherslu á að þarna hangir eitt á öðru. Það verður að horfa á skipulag þessa svæðis í heild. Þess vegna er mjög eðlilegt að að því sé stefnt að afgreiðslan á fjárveitingum til þessara fjögurra spítala fari fram nokkuð jafnsnemma.

Þá spurði hv. þm. um landsbyggðarsjúkrahúsin. Honum er það auðvitað alveg ljóst eins og mér og flestum öðrum að frá því að þessi sjúkrahús flestöll voru hönnuð, byggð og mönnuð, hafa miklar breytingar átt sér stað í sjúkrahúsaþjónustu á Íslandi eins og annars staðar. Utanspítalaaðgerðum hefur fjölgað mjög mikið og innlagnaþörf minnkað að sama skapi og þörf á almennum sjúkrarúmum hefur einnig minnkað. Á sama tíma hefur aukist mjög þörf, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, fyrir hjúkrunarrúm, einkum og sér í lagi fyrir hjúkrunarrúm fyrir aldraða. Þá hafa einnig miklar framfarir orðið í læknavísindum og aukin sérhæfing þannig að aðgerðir, sem áður voru tíðar á landsbyggðarsjúkrahúsunum, fyrir 20 árum eða svo, eru ekki gerðar þar lengur. Þær eru yfirleitt allar gerðar annaðhvort á Reykjavíkursvæðinu eða á Akureyri, jafnvel þó að sérfræðingur t.d. í skurðlækningum sé á viðkomandi landsbyggðarsjúkrahúsi. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að með auknum framförum og aukinni sérhæfingu eru gerðar auknar kröfur um öryggi o.fl. Skurðaðgerðir umfram almennar aðgerðir sem í flestum tilvikum væri jafnvel hægt að gera á heilsugæslustöð eru yfirleitt ekki gerðar nema fyrir sé á staðnum sérfræðingur í viðkomandi tegund skurðlækninga, sérhæfð skurðstofuhjúkrunarsveit og svæfingalæknir. Aðgerðir eru yfirleitt ekki gerðar nema allar þessar aðstæður séu fyrir hendi. Aðgerðir eins og menn þekktu þær fyrir 20 árum síðan eru ekki lengur gerðar á þessum sjúkrahúsum.

Þetta gerir það að sjálfsögðu að verkum að þó ekki kæmu til þær fjárhagslegu þrengingar sem við erum nú í þá þyrfti að huga að endurskoðun sjúkrahússtarfseminnar á landinu öllu. Það verk hefur legið á borðum margra ráðherra, ekki bara þess sem hér stendur heldur margra annarra og menn hafa verið að huga að því. Þær breytingar sem nú er verið að skoða hvort eigi að gera á landsbyggðarsjúkrahúsunum eru nákvæmlega í þessa veru, þ.e. að menn meti stöðu landsbyggðarsjúkrahúsanna eins og hún er nú, ekki eins og horfurnar voru fyrir 25 eða 30 árum, heldur eins og reyndin er í dag, og endurskipuleggi sjúkrahúsreksturinn, þar á meðal mönnun sjúkrahúsanna, miðað við þær þarfir.

Að þessu viðfangsefni er sérstakur starfshópur á vegum heilbrrn. að vinna. Í þeim starfshópi eru læknar og hjúkrunarfræðingar og þeir eru að skoða þessi landsbyggðarsjúkrahús, eitt af öðru, út frá þessum sjónarmiðum. Tillögurnar sem þeir hafa skilað mér til þessa varðandi fjögur tiltekin sjúkrahús, sem eru þau fyrstu sem verða tekin til sérstakrar skoðunar með þessum hætti, eru ekki um það að takamarka með einum eða öðrum hætti þá þjónustu sem þessi sjúkrahús veita og hafa veitt heldur að aðlaga sjúkrahúsin út frá faglegum sjónarmiðum þeim viðfangsefnum sem þau eru nú að vinna og þeim verkefnum sem þeim eru ætluð í framtíðinni. Þannig að í engum af þessum tilvikum, sem ég hef fengið upp á mitt borð enn, er um það að ræða að takmarka þjónustu frá því sem hún hefur verið, frá því sem gera má ráð fyrir að hún verði.

Virðulegi forseti. Ein spurningin var enn þar sem hv. þm. spurði hvað væri að frétta um nýjar aðgerðir. Ég held ég hafi nú ekki orðað það þannig að þær væru „nýjar og óskemmtilegar", ætli ég hafi ekki orðað það þannig að þær væru nýjar og ekkert sérstaklega ánægjulegar, vegna þess að það er auðvitað ekkert ánægjulegt þegar menn þurfa að gera þær breytingar á heilbrigðiskerfinu eða einhverjum öðrum velferðarkerfum að til þess að varðveita kjarna þjónustunnar sem boðin er þurfi menn að gera ráð fyrir því að það fólk sem þjónustunnar nýtur þurfi með einhverjum hætti að taka aukinn þátt í kostnaði við hana sjálft.

Þær aðgerðir, sem um er að ræða, voru aðgerðir sem hæstv. forsrh. kynnti í dag í ræðu sinni og ég hef kynnt sérstaklega í dag fyrir aðilum vinnumarkaðarins, eða réttara sagt fyrir launþegahreyfingunum og á blaðamannafundi. Þær varða gjaldtöku bæði á sjúkrahúsum og annars staðar og tel ég ekki ástæðu til þess að víkja fleiri orðum að því hér því hæstv. forsrh. gerði mjög glögga grein fyrir því í framsöguræðu sinni áðan.

Virðulegi forseti. Að lokum er ein ábending sem ég vildi koma með mönnum til umhugsunar, til þess að gefa nokkur dæmi um hvaða viðfangsefni menn þurfa að fást við í heilbrigðisþjónustu og í sambandi við kostnaðaraðhald. Ég er hér með upplýsingar um kostnað hjá skólatannlækningum Reykjavíkur og á einkastofum tannlækna vegna barna á grunnskólaaldri á árunum 1973–1989. Árið 1973 var um að ræða á vegum skólatannlækninga tæplega 40 þúsund fyllingar í

tennur. Kostnaður á verðlagi 1990 við þessa þjónustu nam 10 millj. kr. Árið 1989 var fjöldi þessara fyllinga u.þ.b. 5 þúsund og hafði lækkað úr tæplega 40 þúsundum í 5 þúsund. En kostnaðurinn við skólatannlækningarnar á föstu verðlagi hafði hækkað úr 10 milljónum í 25. Ég held að sérhver einstaklingur í þessu þjóðfélagi hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að í því erfiða árferði sem þjóðin er að fást við um þessar mundir þá komast menn ekki hjá því að horfa á svona staðreyndir og reyna að gera ráðstafanir til þess að nýta þá fjármuni betur sem til þessa kerfis er varið.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. lét að því liggja áðan í sinni ræðu að sú stefna sem hann ræki í heilbrigðis- og tryggingamálum væri á margan hátt með svipuðu sniði og fyrri ríkisstjórn hefði haft. Ég held að þetta sé kannski sá málaflokkur þar sem skýrast kemur í ljós munurinn á stefnu þessara tveggja ríkisstjórna, ef frá eru talin atvinnumálin.

Ráðherrann kvartaði mjög yfir samskiptum sínum við tannréttingasérfræðingana og ég ég skil það vel. Þeim kynntist ég á sínum tíma og þar er við erfið mál að eiga. Þeir sögðu sig undan samningi, eins og hann gat um, og síðan hefur sú deila staðið um hvernig ætti að útfylla eitt ákveðið eyðublað. Það er svo merkilegt að deilan snýst ekki um neitt annað en það hvernig þetta blessaða eyðublað, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur lagt til að þeir eigi að skila með sínum reikningum, skuli útfyllt. Heilbrrh. hefur auðvitað margar leiðir til þess að beita þessa menn þeim þvingunum sem þarf til þannig að þetta eyðublað verði útfyllt. Það er hann hins vegar uppgefinn við að gera og kemur það skýrt fram í 15. gr. þess frv. sem hér er til umræðu að með frv. er verið að hætta allri greiðsluþátttöku tryggginganna í almennum tannréttingum. Það var alls ekki stefna fyrri ríkisstjórnar. Stefna fyrri ríkisstjórnar í þeim efnum og fyrri heilbrrh. var sú að flokka tannréttingarnar eftir mikilvægi og greiða 100% í þeim tilfellum þar sem um meðfædda galla eða um sjúkdóma væri að ræða en síðan yrði skekkjan flokkuð í ákveðna flokka og greidd í samræmi við það. Þarna er því um grundvallarbreytingu að ræða.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, ef ég skyldi hafa gleymt því, að ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir ábyrgan og skynsamlegan málflutning.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér allmikilvægt málefni þó að ekki sé það frv. fagurt sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á borð okkar. Frv. hefur af höfundunum fengið heitið bandormurinn. Það er kannski ekki ýkja frumlegt heiti en það er nokkuð táknrænt fyrir þá líkingu sem hér er á ferðinni.

Af hverju er þetta kallað bandormur? Það er væntanlega vegna þess að hér er verið að fjalla um málefni sem ekki er mjög fasttengt í einu frv. og þá dregin væntanlega líking af þeirri skepnu, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherrar þekki nokkuð vel til, bandormsins, þar sem ein tegund af þeirri ættkvísl herjaði mjög á Íslendinga um aldir. Sjálfur bandormurinn var nú ekki ýkja stór, sá sem herjaði á þjóðina, en þeim mun stærri var sullurinn sem er annað stig þessa kvikindis. Það hefði nú heldur verið nær að tengja þetta frv. við sullinn en hið smásæja, eða svo gott sem, og þekkilegra stig bandormsins sem er liðskiptur og er ástæðan fyrir þessari samlíkingu.

En fleira gerir það að verkum að nota má þetta vinnuheiti á frv. og það er sú staðreynd að skepnan bandormur er tvíkynja, þ.e. hver einstaklingur er af báðum kynjum. Hann leikur þá list að frjóvgast á milli liða, á milli einstakra liða og fjölga sér, og það er mjög vel um búið fyrir tímgun þessarar skepnu. Nú er það svo að einmitt tveir, tvö kyn — eða svo höfum við litið til — standa að núv. hæstv. ríkisstjórn. Hún er tvíkynja þó að munurinn á stjórnarflokkunum sé kannski ekki svo ýkja mikill þegar grannt er skoðað, hvorki stefnulega séð né varðandi einstakar áherslur. Þá hefur lengi dreymt um að renna saman í eitt og æxlast og tímgast og það er að koma fram m.a. í þessu frv. sem þeir hafa valið að kalla bandorminn. En það skyldi þó ekki vera að þetta verði sullur fyrr en varir og við eigum eftir að sjá þetta í enn þá ófrýnilegri búningi heldur en sá tiltölulega meinlausi pappír er sem við ræðum nú?

Virðulegur forseti. Ég vil svo nefna það varðandi meðferð þessa máls og þá umræðu, sem fór fram um þingsköp og ég tók ekki þátt í, að mér sýnist það vera sjálfsagt að einstakir þættir þessa bandorms, einstakir liðir, fari til þeirra nefnda sem málið er skyldast. Ég fagna því að það hefur komið fram stuðningur, bæði frá virðulegum forseta og formanni stærra liðsins í bandorminum ríkisstjórn, þ.e. frá þingflokksformanni Sjálfstfl., við það að einstakar nefndir þingsins geti fjallað um vissa þætti málsins eftir eðli þess. Þetta tel ég skynsamlega ráðið og sjálfsagt og fyllilega í samræmi við breytingar á þingsköpum.

Hæstv. forsrh. flutti framsögu fyrir þessu máli. Mér fór sem kannski fleirum að ég átti dálítið erfitt með að nema mál ráðherrans, svo hratt fór hann yfir hér í ræðustól. Mér hefur ekki tekist að fá útskrift af ræðunni frá ræðuritun þingsins. Eitt atriði vil ég nefna, sem er ekki stórt í þessu samhengi, sem mér heyrðist hæstv. ráðherra fjalla um en ég fann ekki neinn stað fyrir í frv. sjálfu, í þessum langa bandormi. Það varðaði kvikindi sem hæstv. ráðherra nefndi, sem Íslendingum eru sumpart kær og þó misjafnlega, þ.e. ref og mink. (Gripið fram í.) Ég hef ekki heyrt ástæðurnar fyrir því en ég vildi nefna þetta því að mér heyrðist einmitt að að þessu væri vikið í framsögu fyrir málinu. En þá afla ég mér frekari upplýsinga um það og er ekki að krefja hæstv. forsrh. sagna öðru sinni um þennan þátt sem ekki var í samræmi við frv. sem hann var að mæla fyrir, að ég fékk séð.

Hæstv. forsrh. fór allvíða yfir í sínu máli og gaf til-

efni til þess að rætt væri um einstaka þætti þess og þó málið í heild, miðað við liðna tíð og horfur fram undan. Í rauninnni var hæstv. forsrh. að gefa upp boltann fyrir mjög langa umræðu með því að skjóta fast og hart á stjórnmálamenn og ríkisstjórnir liðinnar tíðar og gefa þeim einkunnir, velja þeim heiti. Ég ætla af þessu tilefni að fara yfir örfáa þætti sem mér finnst eiga fullt erindi inn í umræðu um þetta mál, einstaka liði þessa bandorms sem hér er ræddur. Það varðar þær horfur sem eru í atvinnumálum okkar, ástæðurnar fyrir því hvernig komið er og spurninguna um hvaða tökum eigum við að taka þann vanda sem við er að fást. Hvernig eigum við að reyna að tryggja það að hér verði sú þróun atvinnulífs í landinu að við í senn höldum fólki í landinu, lendum ekki í útsogi landflóttans og takist að halda hér uppi bærilegum lífskjörum sem þoli nokkurn samjöfnuð við nálægar þjóðir?

Ég er sammála því að sjaldan hefur útlitið verið eins dökkt um lengri tíma varðandi atvinnuhorfur í landinu og nú. Ástæðan fyrir því er ekki síst sú stjórnarstefna sem nú er boðuð, hún vekur ekki miklar vonir um það að núv. ríkisstjórn taki á málum með þeim hætti að líkur séu á að úr rætist, heldur þvert á móti. Þetta hlýtur að valda okkur og landsmönnum öllum miklum áhyggjum, valda mikilli áhyggju og það er skylt að fjalla svolítið um málið út frá þessum horfum.

Í þjóðhagsáætlun kemur fram sú skoðun að gera megi ráð fyrir því að atvinnuleysi á komandi ári geti orðið 2,6% í staðinn fyrir 2% sem stofnunin hafði spáð í fyrri áætlun. Þetta er allmikið atvinnuleysi á íslenskan mælikvarða en þó engan veginn hátt stig sé litið til margra Evrópuþjóða. Ég vil aðeins benda á nokkrar staðreyndir í því sambandi og tengja við það sem kom fram í máli hæstv. forsrh., að ein helsta vonin um betri tíð í atvinnumálum í landinu væru samningar um evrópskt efnahagssvæði. Það er helsta haldreipi ríkisstjórnarinnar, virðist vera af máli forustumannsins sem talaði fyrir þessu frv., þessa höfuðs bandormsins sem við ræðum hér. Það er ástæða til þess að víkja að því hvort líkur séu á því að þetta nýja haldreipi ríkisstjórnarinnar, eftir að álbræðsludraumurinn strandaði hvort það sé líklegt til þess að breyta horfunum varðandi atvinnumálin á Íslandi.

Við skulum, virðulegur forsrh., líta fyrst til þeirra landa sem hafa verið að leita samninga við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði. Hver er staðan þar og hverjar eru horfurnar? Staðan í EFTA-löndunum varðandi atvinnustig er á yfirstandandi ári samkvæmt nýjum tölum úr aðalstöðvum EFTA að meðaltali 3,7%. Það er allhátt og það er langtum hærra en hér á landi. Það land sem leggur langmest í þessa prósentu er Finnland, þar sem atvinnumál og efnahagsmál hafa farið mjög til hins verri vegar á yfirstandandi ári og því næstliðna og alveg sérstaklega í ár. Ástæðurnar fyrir því eru margþættar en vafalaust að hluta til og kannski að drjúgum hluta þær breytingar sem orðið hafa hjá hinum stóra granna í austri, þ.e. í Sovétríkjunum sem hafa haft geigvænleg áhrif á viðskiptamál Finnlands. Þannig er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi þarlendis vaxi úr 3,4% á liðnu ári, 1990, og er núna metið á hvorki meira né minna en 7,8% og þetta hækkar mjög verulega meðaltal atvinnuleysis í EFTA-löndunum. Næst gengur Noregur sem býr nú við óvenjumikið atvinnuleysi sem metið er á 5,5% en lægst er atvinnuleysið, samkvæmt þessum upplýsingum frá EFTA, á Íslandi og í Sviss, bæði löndin með 1,5% og skera sig þarna vel úr í þessum efnum. En þrátt fyrir þessa stöðu er fyllsta ástæða til þess að hafa áhyggjur af stöðu atvinnumála í landinu nú um stundir.

Þá er það spurningin, munu samningar um Evrópskt efnahagssvæði, sem hæstv. forsrh. vék að oftar en einu sinni í framsögu sinni, verða það haldreipi sem líklegt er að við ættum að grípa í í von um að það leysi vandann? Hver er staðan, hæstv. forsrh.? Hver er staðan varðandi atvinnuleysi í Evrópubandalagsríkjunum, þeim löndum sem við ætlum að fara að bindast böndum í Evrópsku efnahagssvæði? Þar er ekki atvinnuleysið innan við 4% eins og er í EFTA-ríkjunum. Þar er meðaltal atvinnuleysis nú 9,1% samkvæmt nýjum upplýsingum frá EUROSTAT, Hagstofnun Evrópubandalagsins. Það eru hvorki meira né minna en 13,2 millj. atvinnuleysingja í Evrópubandalagslöndunum tólf og þetta ástand fer versnandi nú eftir að hafa skánað á liðnum árum og náð þeirri stöðu í júní 1990 að atvinnuleysið nam aðeins 8,4% og það var skásta ástandið frá árinu 1983 að telja. Vissulega eru aðstæður hvað snertir atvinnuleysi í Evrópubandalagsríkjunum mjög misjafnar. Þar sker Írland sig úr með nær 18% atvinnuleysi nú um stundir en þar eru líka lönd eins og Lúxemborg, smáríkið Lúxemborg með aðeins 2% atvinnuleysi. En eins og hér hefur komið fram, þá er það ríki Norðurlanda sem hefur bundist böndum í Evrópubandalaginu, þ.e. Danmörk, með hátt í 10% atvinnuleysi, samkvæmt þessum tölulegu upplýsingum sem ég hef, 9,4%. Það er þetta bandalag sem ríkisstjórnin keppir nú að að bindast í Evrópsku efnahagssvæði, væntanlega til þess að hleypa krafti í atvinnuþróun á Íslandi og bæta stöðuna. Ég vek athygli á þessu því að hér er sannarlega um stóralvarlegt mál að ræða. Og ég held að við Íslendingar höfum of lítið gert af því að virða fyrir okkur þessar staðreyndir að því er snertir vinnumarkaðinn í Evrópubandalagsríkjunum á undanförnum árum þegar unnið hefur verið að samningum um Evrópskt efnahagssvæði.

Auðvitað tengist þessi mynd, sem ég hef verið að draga upp, spurningunni um það hvaða áhrif hefur það á íslenskan vinnumarkað ef við opnum hér upp á gátt og afnemum allar hömlur, eins og stefnt er að með samningnum sem til er í slitrum eins og þekkt er þó að hann sé ekki fullgerður. Þar er verið að afnema öll landamæri fyrir vinnuafl og menn geta leitað hér atvinnu og fengið búsetuleyfi og öll réttindi í landinu ef þeir fá atvinnu. Það er auðvitað verið veikja stöðu íslenskrar verkalýðshreyfingar alveg stórkostlega því að fyrr en varir verður hér um undirboð að ræða, stórfellt undirboð á vinnumarkaði og það sem ríkisstjórnin vísar til í þessu sambandi er einhver fyrirvari sem á að vera í samningnum. Margt hefur verið mistúlkað um þennan samning en fátt öllu meir en í sambandi við

þennan fyrirvara varðandi erlent vinnuafl og möguleika þess til að koma inn í landið og möguleika stjórnvalda til að bregðast við. Fyrirvarinn er aðeins fólginn í yfirlýsingu, einhliða bókun íslensku ríkisstjórnarinnar sem eitt af hinum fjölmörgu skjölum sem á að fylgja þessum samningi. Vísun til þess hvernig íslenska ríkisstjórnin hugsanlega muni beita öryggisákvæði, öryggisklásúlu þessa samnings hefur verið reynt að túlka svo að menn geti bara kippt upp og niður í öryggisstrenginn þegar svo ber undir. En fátt er meiri blekking en halda því fram að slíkt sé mögulegt eins og um hnútana er búið í þessum samningi. Ég held að þetta sé eitt af mörgu varðandi þennan samning, hæstv. forsrh., sem ástæða er til að athuga fyrir ríkisstjórnina og ég vík að þessu máli hér vegna þess að hæstv. forsrh. talaði í sínu máli sérstaklega um samning um Evrópskt efnahagssvæði sem mundi hugsanlega færa okkur betri tíð með blóm í haga.

Þetta sem ég hef verið að rekja hér er dregið upp í nýútkomnu fréttabréfi frá samtökum sem eru hæstv. utanrrh. nokkuð munntöm, ég vil ekki segja sérstaklega kær, þ.e. fréttabréf frá samtökunum Samstaða um óháð Ísland, fréttabréf sem ég held að hafi komið út í dag. Þar er að finna ýmislegt sem mætti verða til varnaðar þegar litið er til þessa samnings og fyrirætlana þar að lútandi. Ég ætla að biðja virðulegan forseta að koma þessu á framfæri við forsrh. þannig að hann geti virt fyrir sér þær tölur sem ég hef verið að nefna hér.

En það er fleira sem ástæða er til að tengja við horfurnar um Evrópskt efnahagssvæði. Það er mjög sérkennilegt að forsrh. Íslands skuli 6. des. standa hér í ræðustól og flytja huggunarorð til þjóðarinnar fyrst og fremst með vísan til þessa samnings sem enginn samningur er og formaður utanrmn. þingsins hefur ítrekað valið honum heitið slitrur. Hefur það orðið tilefni til kveðskapar úr þessum ræðustól af hálfu hæstv. utanrrh., að vísu ekki frumsamið ljóð sem flutt var um slitruhátt. En hver er staða þessa samnings og þessa máls sem hæstv. forsrh. er að veifa sem einu helsta haldreipinu? Ég held það væri ástæða fyrir hæstv. forsrh. að koma hér upp og skýra mönnum frá því hvernig hann meti horfurnar varðandi þennan samning sem menn hafa verið að berja saman bráðum í þrjú ár.

Ég heyri ekki annað utan úr heimi heldur en mjög stór spurningarmerki séu á lofti um það hvað verði um þetta mál og menn eru að gera ráð fyrir því að Evrópudómstóllinn eða dómstóll Evrópubandalagsins í Lúxemborg eigi eftir að flytja mönnum tíðindi núna fyrir jólin því að hann hefur heitið því að lengja ekki, eins og það er orðað í fjölmiðlum erlendis, lengja ekki þjáningar samningamanna með því að draga þá á svari fram yfir áramót og kveða upp sinn dóm yfir þessum samningi, þessum slitrum sem fyrir liggja. Að margra mati munu samningamenn þá standa frammi fyrir tveimur kostum og hvorugum góðum, Evrópubandalagið og framkvæmdastjórnin og ráðherraráð þess frammi fyrir spurningunni: Ætlar það að breyta Rómarsamningnum að kröfu Evrópudómstólsins eða, sem ekki er síður sársaukafullt, fyrir ýmsa a.m.k., að setjast á nýjan leik að samningaborði til þess að þóknast Evrópubandalaginu, til þess að aðlaga samningin að þeim úrskurði sem Evrópudómstóllinn ætlar að fella um þetta mál fyrir jól, væntanlega fyrir 20. des.? Er ekki, virðulegur forsrh., ástæða til þess að bera sig saman við formann utanrmn. þingsins áður en ríkisstjórnin fer að veifa þessum samningi sem haldreipi í efnahagsmálum Íslendinga. Ég held að það væri betra fyrir hæstv. ráðherra og það gildir um þá alla, ekki síst hæstv. utanrrh. að vera frekar lágmæltir um þetta hugverk sem liggur núna á borðum dómaranna þrettán í Lúxemborg og þeir eru að bera sig saman um. Það er ekkert ljóst enn þá hver á höfundarréttinn þar eða hvort hann verður yfirleitt útbær, sá réttur.

Ég held þess vegna, og reyndar hvað sem verður um þetta Evrópska efnahagssvæði, að þá þurfi Íslendingar að velta fyrir sér þeim vanda sem við vissulega búum við um stundarsakir, ákveðnar þrengingar í okkar atvinnumálum, ákveðna óvissu, að velta þeim málum fyrir okkur út frá eigin bæjardyrum, út frá okkar eigin stöðu, út frá eigin möguleikum en ekki biðja um frelsun handan um höf eins og gert er með því að vísa í bandalagið stóra með höfuðstöðvar suður í Brussel og gert hefur verið um árabil af ráðherrum í ríkisstjórn Íslands. Þeir hafa verið að vísa á risaálbræðslu sem meginverkefni Íslendinga í atvinnumálum og hafa lagt krafta ríkisstjórna, rannsóknaraðila, verktaka og samtaka atvinnulífins í að mæna á, ekki beita þeim af atorku til þess að taka á verkefnum sem liggja fyrir, heldur til þess að sitja með hendur í skauti og bíða eftir því að stóri happadrátturinn, vinningurinn, komi handan um höf.

Ég held að hæstv. forsrh. ætti að grípa til annarra samlíkinga heldur en tala um framsóknarstefnu fyrri ára og ætla ég ekki að fara að verja sérstaklega Framsfl. þó að mér sé margt kært sem hann er að fást við en ég held að stefna þess flokks þoli allan samjöfnuð við það sem nú er fram borið af veisluföngum ríkisstjórnarinnar fyrir utan þau ráð sem Alþb. hefur talað fyrir og talar enn fyrir í sambandi við atvinnumál og atvinnuþróun í landinu.

Við máttum búa við það á Alþingi um árabil að iðnrh. landsins kæmi mánuð eftir mánuð og missiri eftir missiri og segði: Þetta er að koma. Þessi stóri vinningur er að koma. Og hvað átti að felast í þessum vinningi? Ég skal ekki fara langt út í þá sálma því að tíminn leyfir það ekki þó að efni séu til þess og ástæða til að ræða það hér. En það sem fólst í þessum vinningi, hæstv. forsrh., að mati iðnrh., sem fleytti sér á milli ríkisstjórna sl. vor, var að fá ígildi þorskstofnsins á Íslandsmiðum með þessari álbræðslu, sem innlegg í íslenskan þjóðarbúskap. Því að þessi hæstv. ráðherra, um langt skeið þjóðhagsstjóri, hafði heyrt það og henti það á lofti að hvert tonn af áli úr þessari fabrikku jafngilti einu tonni af þorski upp úr sjó fyrir Ísland. Það er hægt að rugla þessa þjóð í ríminu. Það er hægt og hefur verið reynt, ekki bara af núv. ríkisstjórn, það hafa fleiri lagt í það púkk. En efnið er þarna enn þá. Og núna, þegar þetta mál er strand, er eins og menn ætli ekkert að endurskoða sinn gang, virðulegur forsrh. Þá á bara að fresta, þá er bara talað um frestun og

hér er efnt til veisluboða, hér er efnt til boða fyrir forráðamenn hluta þeirra sem ætluðu hugsanlega að leggja fé í þetta púkk til þess að segja þjóðinni að enn sé þetta meginmál ríkisstjórnarinnar, að bíða eftir þessum stóra vinningi. Og það er rétt. Það örlar ekki í raun á neinu öðru í sambandi við atvinnumál og atvinnustefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar heldur en sitja og bíða eftir þessum vinningi. Þetta hefur verið viðlagið frá iðnaðarráðherrum, fyrst Sjálfstfl. og síðan Alþfl., allar götur frá 1983. Þetta hefur verið meginviðlagið, þetta var það sem átti að bjarga atvinnumálum á Íslandi öllu öðru fremur.

Ég held að ríkisstjórnin ætti að taka sér svo sem einn fund til þess að ræða og velta því fyrir sér hvort ekki væri ástæða til að leggja þessi áform til hliðar, hætta að bíða eftir þessum vinningi og fara að hugsa um önnur ráð til að treysta grundvöll atvinnulífs í landinu. Því miður sjást þess ekki merki enn sem komið er. En við skulum ekki gefa upp vonina og því eru þessi orð mælt, til að hvetja til þess að menn fari að horfa til ráða sem geta verið líklegri heldur en þessi happdrættisvinningur sem menn svo lengi hafa beðið eftir til þess að treysta undirstöður okkar þjóðarbúskapar.

Í því samhengi er kannski ástæða til að nefna öðru fremur þörfina á rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landinu. Rannsóknar- og þróunarstarfi og menntastefnu í landinu, fræðslustefnu sem standi undir nafni. Það er hluti af þeim bandormi sem við ræðum nú. Það eru úrræði í sambandi við skólamál í landinu og ætla ég að gera þau að umtalsefni síðar í ræðu minni. En ég ætla aðeins áður að vekja athygli á stöðunni í sambandi við rannsóknar- og þróunarstarf, þ.e. þá akuryrkju sem verður að koma til. Ef við Íslendingar ætlum ekki að verða bónbjargarmenn fyrr en varir þá verðum við að herða mjög á í sambandi við þá undirstöðuþætti.

Rannsóknaráð ríkisins hefur margoft á liðnum áratugum ýtt við stjórnvöldum og vakið athygli á þörfinni að taka þau mál öðrum tökum og veita meira fjármagni til rannsóknar- og þróunarstarfa heldur en gert hefur verið. Þar hafa verið gerðar atrennur af ríkisstjórnum og sumt vel en þegar á heildina er litið hefur verið gengið allt of skammt. Og nú þegar ljóst er að happdrættisvinningurinn stóri kemur ekki á næsta ári ætti að vera ástæða til að skoða þetta efni alveg sérstaklega.

Rannsóknaráð ríkisins beindi erindi til fjárln. þingsins 18. nóv. sl. og vakti athygli á stöðunni að þessu leyti og greindi frá því á nokkrum blaðsíðum hvað gera þyrfti að mati Rannsóknaráðs til að bæta stöðuna í þessum undirstöðuþáttum. Athygli er vakin á því í þessu erindi að ríkisstjórnin leitaði ekki eftir umsögn Rannsóknaráðs ríkisins í sambandi við þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna við fjárlagaundirbúning. Það er hins vegar farið yfir þessa stöðu í erindinu og minnt á nauðsyn þess að herða róðurinn alveg sérstaklega nú til að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar. Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, með þínu leyfi að vitna hér í kafla úr þessu erindi Rannsóknaráðs til fjárln. Þar segir m.a.:

„Rannsóknaráð ríkisins vill minna á að Íslendingar hafa á undanförnum árum verið eignast fjölmargt vel menntað ungt fólk á ýmsum sviðum sem náð hefur góðum árangri í háskólum og við vísindastofnanir erlendis. Þessi auðlind hefur hins vegar ekki nýst okkur til framfara enn sem komið er, aðallega vegna þess hve tregir landsmenn hafa verið til að nýta þekkingu þess í rannsóknum og nýskapandi þróunarstarfi og veita til þess nægjanlegum fjármunum. Á hinn bóginn hafa Íslendingar á undanförnum árum reynst afar fljótir til stórfelldra fjárfestinga í tækjum og búnaði og framkvæmdum sem litlum eða engum arði skila. Þetta á bæði við um fjárfestingar í hefðbundnum atvinnuvegum sem ekki geta aukið framleiðslu sína vegna minnkandi sjávarafla eða markaðstakmarkana en ekkert síður í raforkuverum, verslunarhúsnæði langt umfram þarfir markaðar að ekki sé talað um lítt undirbúið fjárfestingarævintýri í loðdýraeldi og fiskeldi. Opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar bera ábyrgð í þessum efnum. Það er skoðun Rannsóknaráðs ríkisins að nú þurfi að taka ákvörðun um áherslubreytingu, leggja þar mun meira en nú er gert af fjármagni og atorku í rannsóknir og þróunarstarf og tengt markaðsstarf með góðum fyrirvara áður en lagt er í fjárfestingu.“ — Og það er undirstrikað í bréfinu.

„Ákvarðanir þarf að undirbúa mun betur en tíðkast hefur og mun fleiri kostir þurfa að verða til svo nægilegur fjöldi þeirra geti skilað arði til samfélagsins. Óhjákvæmilega verður að gera ráð fyrir að einungis hluti nýrra hugmynda verði að raunveruleika í framleiðslu og verðmætasköpun. Stórfé í fáar tækifærisgreinar sem skila eiga skjótfengnum gróða er of mikil áhætta fyrir svo lítið þjóðfélag.“

Og síðar í þessu sama erindi segir: „Í rannsóknar- og þróunarstarf þarf verulegt áhættufé og framlög án fyrir fram kröfu um ávöxtun og tryggingar þótt vonir séu um góðan arð. Ekki er hægt að uppfylla fyrir fram þær kröfur um arðsemi og tryggingar sem bankar og venjulegir fjárfestingarsjóðir þurfa að gera. Það hafa flestar aðrar vestrænar þjóðir skilið og hafa stóraukið framlög til rannsókna, jafnvel mest þegar stöðnun virtist blasa við. Þetta þykir almennt hafa skilað sér vel, eins og komið hefur fram í nýlegri athugun á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í svonefndri TEP-athugun, Technology Economy Program. Þær niðurstöður birtast í ályktunum OECD-ráðsins og stefnumarkandi gögnum frá stofnuninni, m.a. í ritinu Science Policy Outlook sem er að koma út. Þar kemur m.a. í ljós að þær þjóðir sem notið hafa mest efnahagsvaxtar síðustu 10 árin eru einmitt þær sem hafa aukið hlutdeild framlaga til rannsókna og þróunar umfram þjóðartekjur. Þar má nefna Norðurlönd, önnur en Ísland, Spán, Ítalíu, Portúgal, Þýskaland, Frakkland og Japan. Umhugsunarvert er líka að Spánn og Portúgal, sem lengi lágu langt fyrir neðan Ísland í framlögum til rannsókna, eru nú að fara fram úr okkur.

Rannsóknaráð fær ekki séð að Íslendingar geti náð efnahagslegum árangri og breikkað undirstöður efnahagslífsins án þess að gera slíkt hið sama. Ljóst er að nýsköpun verður ekki byggð á hugviti eins og mikið

er talað um án þess að leggja verulegt fé í öflun þekkingar, ræktun hugvits og könnun á nýjum hugmyndum sem aukin þekking og tækifæri markaðarins leiða í ljós. Rannsóknaráð ríkisins bendir á að fyrirliggjandi fjárlagafrv. felur í sér áframhaldandi stöðnun í rannsóknum og nýsköpun."

Þetta læt ég nægja, virðulegur forseti, sem tilvitnun í erindi Rannsóknaráðs til fjárln. Ég hef ekki fengið upplýsingar um það hvernig fjárln. hefur brugðist við þessu erindi en ég tel ástæðu til að vekja athygli þingsins einmitt í tengslum við það mál sem við ræðum hér á þessu neyðarkalli, sem ég leyfi mér að kalla svo, frá Rannsóknaráði ríkisins og benda á þá staðreynd að fjárlagafrv. stendur í stað, veitir engar nýjar áherslur, engar viðbótarfjárfestingar til rannsókna þrátt fyrir þá stöðu sem nú blasir við og það strand sem orðið hefur varðandi meginmál hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnar, þ.e. risaálbræðslu á Keilisnesi.

Hæstv. forsrh. vísar e.t.v. til þess — ég nefni það án þess að leggja honum orð í munn — hann kann að vísa til þess að sá sem hér stendur hafi setið lengur á Alþingi en hann og það er sannarlega rétt. En ég leyfi mér að nefna það án þess að ætla að hreykja sjálfum mér sérstaklega af því að ég hef oft mælt úr þessum stóli með svipuðum hætti og ég geri nú varðandi þörfina á rannsóknum og þróun í atvinnulífi okkar og það óháð því hvar ég hef verið staddur í sambandi við afstöðu til ríkisstjórna.

Það er oft vitnað til mislukkaðra fjárfestinga og í því sambandi minni ég á sem dæmi tillögu, sem flutt var áður en menn sprettu úr spori í fjárfestingum í fiskeldi, sem ég bar fram ásamt fleiri þingmönnum úr mínum flokki um rannsóknir á undirstöðuþáttum þess að leggja út í fiskeldi sem atvinnugrein, þörfina á að undirbúa slíka þróun vel með heildarlöggjöf til að marka farveg og skýra ábyrgð innan ríkiskerfisins í þessu máli, til að koma upp nauðsynlegri tilraunaaðstöðu, til að undirbúa fjármögnun, til að kanna almennar forsendur fyrir fiskeldi hér varðandi tegundir, markað og arðsemi og fleira sem fram kom í þessari tillögu sem því miður hlaut ekki betri undirtektir hér á hv. Alþingi en svo að henni var vísað til ríkisstjórnar án þess að þingið tæki frekar afstöðu til hennar og síðan var lagt út í þetta stóra ævintýri. Og ríkisstjórnin sem fór á eftir undir forustu Framsfl. með aðild Sjálfstfl. stóð að þessu ævintýri og á þeim tíma, á fjögurra ára tímabili, stóðu ráðherrar flokkanna, ráðherrar landbúnaðar og sjávarútvegs eins og í reiptogi um það hver ætti að fara með málið af hálfu stjórnvalda. Hver ætti að veita því forstöðu. Betur var nú ekki fyrir því séð og málafylgjan að flestu leyti í góðu samræmi eða réttara sagt í slæmu samræmi við þessa hrikalegu stöðu. Og hið sama gildir um loðdýraræktina. Ég þreyttist ekki á því að gagnrýna landbrh. á þessum árum fyrir það hvernig að þeim málum var staðið. Skipulagsleysið og handahófið í sambandi við uppbyggingu á loðdýrarækt í sveitum landsins þar sem ekki var hugað að undirstöðunni og hvar þær áherslur áttu að liggja sem áttu að gera okkur kleift að vera samkeppnishæfir í þessari atvinnugrein, þ.e. fóðrið og fóðurstöðvarnar sem undirstöðuþáttur og allt skipulag varð auðvitað að byggjast í kringum ef þetta átti að verða barn í brók.

Við eigum að læra af þessum mistökum. Fortíðarnefndir geta verið ágætar, hæstv. forsrh., en þær þurfa að líta yfir allt sviðið. Ef menn ætla að draga lærdóm af liðinni tíð þá þurfa menn að fara vel yfir sviðið og ekki bara horfa á einstakar tölur og leita að sökudólgum. Menn þurfa að átta sig á því hvað hefur valdið því að atvinnuþróun á Íslandi hefur ekki þokað meir og sumpart færst í öfuga átt á undanförnum áratug. Þess vegna hvet ég hæstv. ríkisstjórn til að taka þessi mál öll til endurskoðunar og með allt öðrum hætti en hún virðist ætla að gera samkvæmt þeirri stefnumörkun sem við höfum séð til þessa og sem þetta frv. sem við ræðum nú er einn þátturinn af.

Það er því miður svo að aðgerðir stjórnvalda miðast mjög oft við það að bjarga málum um skamma hríð. Það eru skammtímaráðstafanir, það eru skammsæjar ákvarðanir og það kannski dregur nokkurn dám af því sem stundum hefur verið kallað Íslendingseðlið, þ.e að vera að bíða eftir stóra vinningnum, vilja fá uppskeruna fljótt. Það er vafalaust þáttur í okkar eðli sem tengist sveiflum í okkar náttúruauðlindum og auðlindagrunni en við þurfum að viðurkenna þessa hugsun, þennan vanda sem við er að fást og reyna að beina sjónum okkar til lengri tíma og huga að ráðum sem geta veitt uppskeru, ekki endilega á morgun heldur til lengri tíma litið.

Eitt af því sem hæstv. ríkisstjórn er nú að fást við, eins og oft hefur verið viðfangsefni ríkisstjórna, er að stilla til friðar eða það ætti að vera verkefnið að stilla til friðar á vinnumarkaði. En því miður horfir ekki allt of vel í þeim efnum á þessum skammdegisdögum og við sjáum það nú síðast í dag í einu blaðanna, þ.e. DV, í viðtali við formann Verkamannasambandsins og fleiri aðila vinnumarkaðarins að þeim þykir ekki ýkja bjart fram undan varðandi þann vanda sem þeir eru að glíma við, viðsemjendur báðum megin við borðið og þeim finnst sem ríkisstjórnin veiti ekki þau svör sem þurfi. Ég leyfi mér að vitna til formanns Verkamannasambands Íslands í þessu viðtali sem segir hér, með leyfi forseta:

„Ég er nú svartsýnni en ég hef verið um langa hríð. Mér hefur fundist lengi vel í haust að það væri einhver ljóstýra í þessu öllu saman en mér sýnist sem slokknað sé á henni. Mín tilfinning er sú að þetta geti allt saman farið úr böndunum hvenær sem er. Við sitjum á púðurtunnu. Það má eiginlega segja að það sé farið að neista úr kveikjuþræðinum." Þetta eru aðvaranir sem koma frá formanni Verkamannasambandsins og það er að sjá sem formaður Vinnuveitendasambandsins deili með honum áhyggjunum yfir þessari stöðu. Hér er vissulega um mjög mikilsvert mál að ræða, skammtímavanda út af fyrir sig, en mál sem verður að leysa en er samt nauðsynlegt að horfa til þegar við erum að líta á þær lausnir sem ríkisstjórnin er að bera hér fram sem ekki eru vegvísandi til lausnar á þessum vanda eins og vakin hefur verið athygli á hér fyrr við þessa umræðu.

Ég ætla nú, virðulegur forseti, að nefna að það gæti verið gott fyrir ríkisstjórnina að líta til nágrannalanda, t.d. til Noregs þar sem stjórnvöld eiga við verulegan vanda að glíma í atvinnulífi. Vaxandi atvinnuleysi, langtum meira en hér, eins og fram hefur komið í máli mínu. En það kom nýlega fram í norska Stórþinginu hjá atvinnumálaráðherranum að þar þurfi að hvetja til bjartsýni og lausna. Þessi ráðherra, sem er ótvírætt úr norska Verkamannaflokknum og heitir Tove Strand Gerhardsen — og mættu nú þeir sem stundum telja sig flokksbræður hinna norsku krata taka sérstaklega eftir því sem þar er mælt, en eitt af þeim ráðum, sem vísað er til hjá atvinnumálaráðherranum norska, og hún byggir það með vísan í fjárlagafrv. sem liggur fyrir Stórþinginu, er að taka til hendi í þessum þrengingum með aukinni áherslu á svið eins og menntamál og bættar samgöngur, framkvæmdir í vegamálum, samgöngur í þéttbýli, endurbætur á þeim og orkusparnað, betri nýtingu á orkulindum landsins. Og svo ég fari ekki með ranga þýðingu hér leyfi ég mér, af því að það hefur gerst að menn hafa notað erlendar tungur í þessum ræðustól, ensku og fleira, að vísa til þeirrar heimildar sem ég er hér með og hún er aðgengileg öðrum. Blaðið er Aftenposten frá 29. nóv., ég hygg nokkuð borgaralegt dagblað í Noregi, og þar stendur þetta með vísun í ráðherrann:

„Hun henviste til Regjeringens bruk av budsjettet for å få til ny vekst. Pengene styres målrettet mot områder som gir øket sysselsetting — hun nevnte spesielt utdannselse, bedre veier, kollektivtransport og energiøkonomisering."

Og fyrir iðnrh., sem ég veit ekki hvort vill telja sig flokksbróður þessa norska vinnumálaráðherra. (**Viðskrh.:** Sannarlega.) Það er greinilegt að hæstv. ráðherra vill telja sig til flokksbróður hennar og það er spurningin hvort hún mundi skrifa upp á þá skilgreiningu en ég skal ekki fara út í það nánar. (**Viðskrh.:** Það gerir hún.) En hún fann fleiri ljós dæmi, fleiri ljós, „flere lyspunkter" einnig. „Det blir øket aktivitet i oljesektoren, skipsverftene har en tilfredsstillende ordretilgang." Skipaiðnaðurinn fær auknar pantanir. Hvaðan koma þær pantanir? (**Viðskrh.:** Virðulegur þingmaður, hann sagði ekki verkefni.) Hvaðan koma fullnægjandi verkefni fyrir norskan skipaiðnað, hæstv. iðnrh.? (**Viðskrh.:** Það eru nóg ...) Ókyrrist nú hæstv. ráðherra en ég hygg að honum sé stóllinn opinn síðar í umræðunni en ég skil afar vel að málið er viðkvæmt. Við höfum rætt stöðu skipaiðnaðar í landinu og ég leyfi mér að vísa á það einmitt í tengslum við þá umræðu sem fram fer í Noregi um þessi mál að atvinnumálaráðherrann norski getur vísað til fullnægjandi atvinnu og bættrar stöðu hjá norska skipaiðnaðinum, m.a. auðvitað vegna þess að þeir hafa nýtt markaðinn, þeir hafa fengið verkefnin frá Íslandi þar sem skipaiðnaðurinn er á miklu og stóralvarlegu undanhaldi, svo vægt sé til orða tekið. En það sem sneri að menntamálunum var sérstaklega ætlað hæstv. menntmrh.

Þá skal ég, virðulegur forseti, koma að þeim þætti frv. sem ég ætla að ræða sérstaklega en það er I. kafli bandormsins, það er fyrsti liður bandormsins, þessa margliða bandorms sem er um grunnskóla og þá breytingu á lögum um grunnskóla sem þar er verið að leggja til.

Fyrsti liður þessa bandorms ber yfirskriftina: „Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla." Margt er sérkennilegt við sköpulag þessa dýrs sem liggur á borðum okkar en einna sérstæðastur er þó þessi kafli. Ekki vegna þess að hann sé stór að því er snertir sparnað í ríkisrekstri eða glímuna við vandann, sem ríkisstjórnin telur sig vera að fást við og að einhverju leyti að leysa með þessu frv., heldur þvert á móti, vegna þess hversu það mál sem hér er fram borið í þremur greinum í frv. til laga kemur í rauninni sparnaði í ríkisfjármálum sáralítið við en hefur þeim mun alvarlegri afleiðingar og fer í raun algerlega þvert gegn þeim markmiðum sem ættu að vera sjálfsögð í stöðunni eins og hún er nú í atvinnumálum okkar og atvinnuþróun. Það er verið að smeygja inn í þessa skepnu, inn í þennan lið málsins, breytingum á nýsamþykktum grunnskólalögum. Það er rétt svo að undirskrift forsetans er þornuð á lagafrv. sem Alþingi sendi frá sér sl. vor og þá kemur ný ríkisstjórn sem átti, að því er varðar stuðningslið hér Alþingi fyrir kosningar, góðan hlut í að lögfesta þetta mál og vill breyta því og færa til baka mörg helstu nýmæli þessa frv., og þau sem horft var til jafnt af foreldrum sem skólamönnum sem mjög þýðingarmikil atriði til bóta í skólakerfi landsins.

Ég spyr ekki aðeins hæstv. forsrh. heldur alveg sérstaklega hæstv. menntmrh.: Hvað veldur þeim ósköpum að verið er að setja þetta mál á jólaföstunni inn á Alþingi Íslendinga, að fara að breyta viðamiklum þáttum nýsamþykktra laga um grunnskóla og láta umræðuna á Alþingi í önnum, óvenju miklum önnum, snúast um það hvort við eigum að fara að skera upp, fresta, breyta, fella niður þýðingarmikil ákvæði úr lögum um grunnskóla? Og ég endurtek, virðulegur forseti, lögum sem góð samstaða var um á lokastigi á Alþingi, máli sem allir flokkar á þinginu tóku þátt í og sameinuðust um að skila í höfn sem nýrri löggjöf um grunnskóla sl. vor. Síðan á að nota þennan skapnað, bandorminn, til þess að lauma inn lagabreytingum á nýsamþykktum grunnskólalögum. Ef maður með góðum vilja reynir að tengja þetta við efni málsins, þ.e. ráðstafanir í ríkisfjármálum, þá er þetta eitthvað það skammsýnasta sem hægt er að finna í þessum ormi. Eitthvað það allra skammsýnasta því að við ættum í raun að vera að stíga skref til hinnar áttarinnar, að tryggja að það verði hægt að taka fyrr heldur en við ákváðum sl. vor upp þau nýmæli og þær breytingar sem þá voru samþykktar. Þá væri eitthvert bragð að þessu. Þá væru menn að horfa til réttrar áttar. Þá væru menn að vinna sig út úr vanda. En svo er ekki hér.

Með þessum lið málsins á að gelda nýsamþykkt grunnskólalög, taka úr þeim vaxtarbroddana. Ég vara mjög eindregið við þessu og mér finnst þetta vera mikil háðung fyrir Alþingi ef það á að verða hlutskipti okkar núna í skammdeginu að nánast laumast til þess í kröppum tíma sem þingið hefur til umráða að gera róttækar en afar slæmar breytingar á þeim lögum sem

þingið sameinaðist um að samþykkja sem sín á liðnum vetri. Þá skal ég, virðulegur forseti, finna þessum orðum mínum nokkurn stað.

Ég held að það sé gott, virðulegur forseti, að láta þá sem standa hvað næst vettvangi, fyrir utan foreldrana, þ.e. kennarana og kennarasamtökin, tala. Hlýða á hvað þau hafa að segja um þetta og hefur þó verið nefnt fyrr við umræðuna stutt en skorinort erindi sem borist hefur þinginu og þingmönnum frá Kennarasambandi Íslands, dags. 3. des., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með bréfi, sem dagsett var 9. okt. sl., vakti Kennarasamband Íslands athygli á þeirri óvissu sem ríkti um framkvæmd nýrra grunnskólalaga. Þar var því beint til þingmanna að standa vörð um sjálfsögð og mikilvæg ákvæði laganna og sjá til þess að skólastarfi grunnskólanna yrðu tryggðar fjárveitingar í samræmi við þau.

Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Með frv. er gert ráð fyrir að fresta eða fella niður flest ákvæði nýju grunnskólalaganna sem til framfara horfa. Þegar nýju grunnskólalögin voru í undirbúningi og umfjöllun Alþingis á síðasta ári náðist um þau breið samstaða allra þingflokka. Þingmenn lýstu þannig vilja sínum til að tryggja farsælt skólastarf til framtíðar og festu í lög skipulag skólastarfs, sem er í samræmi við þróun þjóðfélagsins á undanförnum árum.

Grundvallarmenntun þjóðarinnar er tryggð í lögum um grunnskóla. Framvinda skólastarfsins er háð því að festa ríki í skipulagi skólanna. Festa og ró í skólastarfinu er líka undirstaða þess að gagnkvæmt trúnaðartraust ríki milli þeirra sem starfa við skólana og hinna sem njóta þjónustu þeirra, nemenda og foreldra. Starfið í skólunum er því enn viðkvæmara en starf flestra annarra opinberra stofnana fyrir þeirri hentistefnu sem nú virðist ríkja hjá stjórnvöldum. Með nýju grunnskólalögunum var m.a. stefnt að einsetnum grunnskóla, samfelldum sjö stunda skóladegi og fækkun nemenda í stórum bekkjardeildum. Þessi ákvæði laganna voru fyrst og fremst nemendum til hagsbóta og tryggðu þeim markvissari menntun en komu auk þess til móts við þarfir þjóðfélags sem byggir á vinnuframlagi beggja foreldra.

Með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum ráðgera núverandi stjórnvöld að fresta eða fella niður öll þessi mikilvægu ákvæði og mörg fleiri."

Síðan er innramað í þessu stutta erindi frá Kennarasambandi Íslands:

„Við slíkt ábyrgðarleysi verður ekki unað. Kennarasamband Íslands mótmælir því harðlega að lagaákvæði, sem samþykkt hafa verið og kynnt foreldrum og kennurum, skuli gerð marklaus á þann hátt sem nú er ráðgert. Kennarasamband Íslands heitir á alþingismenn að standa vörð um þær breytingar á grunnskólalögum sem allir þingflokkar voru sammála um á sl. vori og tryggja skólastarfinu fjárveitingar í samræmi við lög um grunnskóla frá 1991."

Í öðru erindi frá Kennarafélagi Reykjavíkur, sem er dagsett í gær, 5. des., segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Kennarafélags Íslands hefur á fundi sínum fjallað um kennaraskort og aukinn fjölda leiðbeinenda í skólum Reykjavíkur. Kennarar í Reykjavík hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna þess að ríkisvaldið virðist ekki gera sér grein fyrir því að ein forsenda farsæls skólastarfs eru vel menntaðir kennarar sem eru sáttir við laun sín og kjör. Miklu máli skiptir að stöðugleiki ríki í skólastarfinu, ekki síst vegna breyttra aðstæðna og þarfa í nútímaþjóðfélagi.

Kennarar fögnuðu því að ný grunnskólalög voru samþykkt í vor en í þeim er einmitt tekið tillit til breytts þjóðfélags og stefnt að lengingu skóladags nemenda, skólamáltíða, skólaathvarfs og fækkunar nemenda í bekkjardeildum. Þegar fjallað er um fjölda nemenda í bekkjardeildum er yfirleit talað um meðaltal, sem er mjög villandi. Þó meðaltal nemenda í bekk í Reykjavík hafi lækkað um 0,43 nemendur þá eru nú 132 bekkjardeildir með yfir 25 nemendur en voru 92 á skólaárinu 1990–1991." — Þeim hefur sem sagt fjölgað.

„Kennarastarfið hefur tekið miklum breytingum vegna nýs og breytts þjónustuhlutverks skólanna við nemendur og foreldra. Samfélagið gerir nú meiri kröfur til skólanna og því þarf ríkisvaldið að koma til móts við nemendur og kennara með því að styrkja skólastarfið og fækka nemendum í bekkjardeildum, koma á einsetnum skóla og samfelldum skóladegi, og síðast en ekki síst, tryggja að kennarar komi til starfa í skólana. Því eru þau vinnubrögð sem felast í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum óskiljanleg en þar eru felld úr gildi eða frestað þeim ákvæðum í lögum um grunnskóla sem samþykkt voru sl. vor, sem eflt gætu og styrkt skólastarfið og hlýða kalli samfélagsins."

Síðan eru raktar ályktanir sem samþykktar voru á fundi stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur 2. nóv. sl. Þær eru ekki langar, ég leyfi mér að lesa þær upp:

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjölgunar leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkur. Þegar skólar tóku til starfa í haust hafði ekki tekist að ráða kennara í allar kennarastöður og því var ýmist gripið til þess ráðs að ráða leiðbeinendur eða senda nemendur heim. Á skólaárinu 1990–1991 voru 24 leiðbeinendur í grunnskólum Reykjavíkur en eru 52 á þessu skólaári. Það er því ljóst að kennaraskorturinn sem ríkt hefur á landsbyggðinni hefur teygt sig inn í skóla höfuðborgarinnar.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur skorar á yfirvöld að standa vörð um skólastarfið í landinu og bæta kjör kennara þannig að þeir komi til starfa í grunnskólum landsins."

Og önnur stutt ályktun:

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur mótmælir því harðlega að í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 er gert ráð fyrir að fresta eða fella úr gildi ákvæði um málsverði í skólum, fjölgun vikulegra viðmiðunarstunda nemenda og fækkun nemenda í bekkjardeildum. Kennarar fögnuðu nýjum grunnskólalögum í vor, einmitt m.a. vegna þessara ákvæða því þar með var komið til móts við breyttar þarfir nútímaþjóðfélags.

Stjórnin mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum

sem felast í því að samþykkja lög á einu þingi og ógilda á því næsta. Slík vinnubrögð eru ekki til að styrkja skólastarfið.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur heitir á alþingismenn að standa vörð um skólastarfið í landinu og tryggja að grunnskólar starfi í anda laga um grunnskóla frá 1991."

Virðulegur forseti. Mér er ljóst að stefnt er að frestun hér á fundi innan skamms. Ég ætla að nefna nokkur atriði úr sjálfu frv. áður en ég lýk máli mínu en það er ekki langt sem ég á ólokið af minni ræðu.

Í þessum þremur greinum sem er að finna í fyrsta lið bandormsins, sem er I. kafli, eru það ákvæði 1. og 3. gr. sem ég er að gagnrýna. Við ákvæði 2. gr. hef ég ekki sérstakar athugasemdir. Mér sýnist að þar sé um að ræða ákvæði sem ekki er ástæða til að gagnrýna sérstaklega. Ég hef hins vegar ekki kannað viðhorf sveitarstjórna til þess sem þar er verið að gera tillögu um að lögleiða. En það eru hinar greinarnar, þar sem eru hinir efnislegu þættir sem vikið er að í samþykktum kennarasamtakanna.

Ég vil nefna úr 1. gr. frv. Í a-lið þeirrar greinar er ákvæði að finna um málsverði í skólum. Gert var ráð fyrir því — og er gert ráð fyrir því í gildandi lögum — að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda á nokkrum árum. Þetta ákvæði kom inn í frv. við meðferð Alþingis og ég held ég fari ekki rangt með að flokkur núv. hæstv. menntmrh. hafi verið meðal þeirra sem lögðu sérstaka áherslu á þetta efni. Hér er um að ræða skyldur — ekki ríkisins — heldur sveitarfélaganna í landinu, sem er ætlað að taka á sig kostnað vegna þessa. Ég hlýt því að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Hvers vegna í ósköpunum er hann að koma með tillögu af þessum toga inn í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum? Það gildir raunar um þennan kafla í heild sinni. Af hverju flytur ráðherrann ekki sjálfstætt frv. sem þinginu gæfist færi á að gaumgæfa og fara yfir með eðlilegum hætti við eðlilegar aðstæður í stað þess að smeygja þessu hér inn sem einum fremsta lið í bandorminum sem við ræðum nú?

Þá er það b-liður þessarar greinar. Þar er lagt til að fella niður ákvæði grunnskólalaga um grunnskólaráð, sem er samstarfsvettvangur aðila sem tengjast grunnskólanum. Mér er ómögulegt að skilja hvers vegna er verið að koma með tillögu af þessum toga, sem ég er efnislega algerlega á móti og tel að horfi til verri vegar. Þarna er um að ræða samráðsvettvang, m.a. foreldra, kennara og margra fleiri sem áttu að koma við sögu í grunnskólaráði, og ég skil ekki hvers vegna hæstv. ráðherra er að beita sér fyrir því að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda á næsta ári. Það er eitthvað annað en fjármálin sem liggja þar að baki.

Í c-lið er verið að breyta ákvæði sem varðar heimild til ráðningar aðstoðarskólastjóra. Ég sé ekki að það sé nein nauðsyn fyrir hæstv. ráðherra að afnema þessa heimild. Það er ekki nema heimild samkvæmt gildandi lögum og hæstv. ráðherra verður að skýra það nánar af hverju hann vill spyrna þessu út úr nýsamþykktum grunnskólalögum.

Í d-lið er að finna afar þýðingarmikið atriði sem er stefna grunnskólalaganna um fjölgun viðmiðunarstunda í grunnskólanum en þeim hefur verið fjölgað á undanförnum árum fyrir forgöngu fyrrv. hæstv. menntmrh. Hér er hins vegar verið að gera tillögu um að fella úr lögum það markmið að öll skólabörn á Íslandi séu svipaðan tíma í skólum og gerist í grannlöndum okkar, á Norðurlöndunum og í Bretlandi, og hér er því um að ræða verulega afturför í skólamálum ef við lögfestum þetta ákvæði sem um er að ræða. Það var gert ráð fyrir þriggja ára aðlögunartíma eða framkvæmdatíma varðandi þetta ákvæði og út af fyrir sig, ef hæstv. ráðherra hefði talið að eitthvað mælti með því vegna þrenginga í ríkisfjármálum að taka þetta mál upp — að framkvæma þetta á næsta ári, þá gat hann flutt áhersluatriðin til, a.m.k. frestað því að óska eftir að afnema lagaákvæðið um þetta efni með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

Þetta var það sem ég vildi nefna varðandi 1. gr. og þó er enn eftir að nefna skólaathvörf sem gerð er tillaga um að frestað verði framkvæmdum á. Gert er ráð fyrir því að komið verði upp skólaathvarfi við hvern grunnskóla þar sem þörf er talin á slíku. Þetta varðar sérstaklega þéttbýlisskólana og er auðvitað stórfellt hagsmunamál fyrir foreldra og börnin að koma upp slíku skólaathvarfi og bið ég hæstv. ráðherra að rökstyðja það hvers vegna slík tillaga er fram borin, væntanlega með hans samykki, inn í þennan sull sem er að vaxa á borðum okkar.

Þá er það 3. gr. sem hefur að geyma allmörg efnisatriði og miklu fleiri í rauninni en virðist við fyrstu sýn, vegna þess að hún tekur á ákvæðum til bráðabirgða sem samþykkt voru við setningu grunnskólalaga sl. ár. Í fyrsta lið þessarar greinar er vikið að fækkun í — af því að þetta varðar allt ákvæði til bráðabirgða í lögum um grunnskóla og það er nauðsynlegt að menn fari yfir það og beri það saman, þeir sem vilja setja sig efnislega inn í þetta — en í fyrsta lið ákvæðis til bráðabirgða er kveðið á um vikulegan lágmarkskennslutíma á hvern nemanda og gert ráð fyrir því að hann komi til framkvæmda á næstu þremur árum. Í næsta lið er ákvæði um hámarksfjölda nemenda í einstökum bekkjum. Hér er verið að stíga skref til baka þar sem verið er ákveða að fresta því að fækkað verði í neðstu bekkjum grunnskólans. Það er hið efnislega ákvæði sem þarna er á ferðinni og hér er um að ræða tillögu sem tekin var inn í grunnskólalögin m.a. fyrir atbeina þingmanna Sjálfstfl. og með mjög góðri samstöðu. Sparnaðurinn sem hugsanlegt er að ná með þessari breytingu er metinn á röskar 20 millj. kr. Það er nú allur sparnaðurinn sem á að ná fram. Ég tel alls ekki sæmilegt að vera að tína ákvæði af þessum toga inn í þennan bandorm ríkisstjórnarinnar vegna ríkisfjármálanna, sérstaklega miðað við gildi þessa ákvæðis, stefnumarkandi ákvæðis, sem samþykkt var fyrr á þessu ári.

Þá er eitt ákvæði um námsráðgjafa við grunnskóla, sem gert er ráð fyrir í grunnskólalögunum, en það ákvæði á að fella niður og sama gildir um það markmið, sem grunnskólalögin kveða á um, að skólinn verði einsetinn á 10 árum, stefnt verði að einsetnum grunn-

skóla á 10 ára tímabili. Við þessu ákvæði er hróflað með þeirri breytingu sem hér er lögð til á ákvæðinu til bráðabirgða með tillögum 3. gr. þessa frv.

Þá er verið að fella niður ákvæðið um skólamáltíðir, þ.e. að það komi til framkvæmda á þremur árum. Það er gildur liður í þessari stefnu að skapa samfelldan skóladag og horfir mjög til hins verra að gera slíka breytingu. Hún er satt að segja alveg ótæk.

Þá er ákvæði í síðasta lið 3. gr. sem segir: „Menntmrn. setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þ.m.t. valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma."

Hér er um að ræða mjög alvarlegt mál. Það er verið að setja inn nýja málsgrein sem heimilar menntmrn. að setja inn í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar á meðal einnig í valgreinum og leyfilega aukningu vegna skiptitíma. Nú spyr ég hæstv. menntmrh.: Ef þetta ákvæði yrði lögfest, verður það þá túlkað með þeim hætti að ráðherra geti með reglugerð skert lágmarkstímafjölda sem börnum er ætlaður í grunnskólum landsins? Ef það er meiningin að færa slíkt vald til ráðherra og gera það að reglugerðarákvæði þá er verið að lögleiða annað og meira en ég hygg að margir telji við fyrstu sýn. Ég vænti þess að ráðherra veiti um þetta skýr svör síðar við umræðuna.

Ég vil svo segja, virðulegur forseti, að lokum varðandi þennan kafla, þennan lið bandormsins, þá er, eins og glöggt mátti heyra í ályktunum frá Kennarasambandi Íslands og Kennarafélagi Reykjavíkur og áreiðanlega eiga fleiri eftir að tjá sig um það efni, verið að breyta grunnskólalögunum í mörgum grundvallaratriðum og það í skjóli frv. sem ber heitið „Ráðstafnir í ríkisfjármálum." Þó er sparnaðurinn af þessum lið frv. ekki meiri en svo að hann er talinn hið mesta geta numið um 40 millj. kr. árið 1992 og 100 millj. ef menn ætluðu að láta sömu ákvæði gilda og reikna það til sparnaðar á árinu 1993. Þetta svarar til innan við 1% af útgjöldunum, langt innan við 1% af útgjöldum til skólamála, þ.e. til grunnskóla, á næsta ári. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Ætlar hann að fara að stíga slíkt ógæfuskref, eins og hér er lagt til, af ekki meira tilefni hvað snertir fjármál, eins og hér hefur komið fram, og stofna til þeirrar tvísýnu — ég segi nú ekki ófriðar við þá sem starfa í skólum landsins og þá sem eiga börn í skólum — með því að ómerkja grunnskólalögin sem samstaða var um á Alþingi í fyrravetur og góð samstaða allra flokka að færa til framfara, færa til betri vegar. Þeim yrði breytt stórlega til hins verra ef farið yrði að þessum tillögum.

Ég held, hæstv. menntmrh., að við þyrftum að ræða þessi efni ansi vel í þinginu á jólaföstunni áður en þessi ákvæði yrðu lögleidd með stuðningi hugsanlega meiri hluta liðs ríkisstjórnarinnar á þingi. Ég hafna algerlega þessum tillögum sem felast í 1. og 3. gr. frv. vegna þess að hér er um stórfelld spor til baka að ræða í skólastefnu í landinu því að þessar greinar eiga alls ekki heima í þessu frv., þó ekki væri nema af þinglegum og tæknilegum ástæðum, þingtæknilegum ástæðum. Það væri heiðarlegra ef hæstv. ráðherra í raun vill standa fyrir tillögum af þessu tagi, sem ég satt að segja á eftir að heyra frá ráðherranum, að hann ætli sér og hafi vilja til þess að stíga þessi hörmulegu skref til baka varðandi skólastefnu í landinu. En ef það er ásetningur hans þá skora ég á hæstv. ráðherra að setja það fram í sérstöku frv. sem við á Alþingi og nefndir þingsins fáum ráðrúm til að gaumgæfa og fara yfir því að það er ekkert tilefni til þess að lögleiða þessi efni með vísun í bága stöðu eða þörfina á sparnaði hjá ríkissjóði.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu senn lokið. Ég hef séð ástæðu til þess, að gefnu tilefni hæstv. forsrh., í máli hans þegar hann mælti fyrir frv., að ræða dálítið um stöðuna í atvinnumálum og atvinnuþróun á Íslandi og hvernig horfir miðað við stefnu núv. stjórnvalda. Ég hef mælt mörg aðvörunarorð. Ég bið hæstv. ríkisstjórn að fara yfir þessi efni og gaumgæfa betur en ég trúi að hún hafi gert. Ég tel þetta bráðræðisverk sem er verið að leggja til í sambandi við skólamálaþáttinn, mikið bráðræðisverk, og ég bið hæstv. ríkisstjórn að íhuga hvort ekki sé skynsamlegt a.m.k. að draga þennan I. kafla frv. þegar í stað til baka og fresta umræðu um það mál. Ég skorast ekki undan umræðunni og að taka afstöðu í þinginu ef það er raunveruleg afstaða ríkisstjórnarinnar að knýja fram breytingu á nýsamþykktum grunnskólalögum. En það er ósæmilegt að ætla að gera það í tengslum við þetta frv. Það skulu vera mín síðustu orð, virðulegi forseti. — [Fundarhlé.]

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í framsöguræðu sinni með þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fór hæstv. forsrh. yfir vítt svið. Hann dró þar upp glögga mynd af þeim efnahagsvanda sem nú er við að glíma. Í stuttu máli má segja að efnahagsvandi þjóðarinnar lýsi sér fyrst og fremst í viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun en misvægið í þjóðarbúskapnum birtist líka í erfiðri afkomu atvinnuvega, ekki síst fiskvinnslu og iðnaðar sem tengist sjávarútveginum. Atvinnuástandið hefur víða slaknað og allmikið er um uppsagnir starfsfólks. Hvað er það sem veldur? Það eru fyrst og fremst dauflegar horfur í alþjóðaefnahagsmálum sem hér á landi hafa m.a. birst í óhjákvæmilegri frestun framkvæmda við byggingu álvers og tengdra virkjana og svo lélegt ástand fiskstofna. Hvort tveggja bendir því miður ákveðið til þess að hér sé ekki um tímabundinn vanda að ræða. Þar sem menn sjá ekki fram á verulega hækkun á þjóðartekjum á næstu árum verður ekki sigrast á viðskiptahallanum nema með því að draga verulega úr útgjöldum þjóðarinnar.

Eins og forsrh. lagði áherslu á eru þess vegna markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár fyrst og fremst að draga úr viðskiptahalla og að tryggja eða freista þess að verðbólga verði hér lægri en í helstu viðskiptalöndum. Þetta er metnaðarfullt markmið en einungis þannig getur þjóðin búið útflutningsgreinum sínum viðunandi stöðu og unnið sig út úr vandanum við þessi erfiðu skilyrði. Þannig og aðeins þannig leggjum við grunn að nýju vaxtarskeiði.

Brýnasta verkefnið í efnahagsmálum okkar, ég vil

segja lykillinn að áframhaldandi stöðugleika sem undirstöðu vaxtar, er einmitt að ná tökum á ríkisfjármálunum og tryggja að fjárlögin verði ekki afgreidd með meiri halla en ætlað var í frv. þótt syrt hafi í álinn síðan það var samið. Snar þáttur í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda birtist einmitt í frv. sem við ræðum hér í dag. Samþykkt þess er mikilvægt skref í þá átt að ná tökum á ríkisbúskapnum, ekki síst þær aðgerðir í heilbrigðismálum sem hæstv. forsrh. gerði sérstaklega að umtalsefni í ræðu sinni og hæstv. heilbrrh. skýrði reyndar frekar, m.a. í gagnlegum orðaskiptum við hv. 1. þm. Norðurl. e. Til þessara orðaskipta og þessarar umræðu er ákaflega rík ástæða. Sú, að árangri í ríkisfjármálunum verður ekki náð án þess að tekið sé á stærstu útgjaldapóstum ríkisins og eins og kunnugt er vega þar heilbrigðis- og tryggingamálin þyngst en þau krefjast um það bil 40% af öllum skatttekjum ríkisins. Það er því óhjákvæmilegt að taka á ýmsum þáttum þessa málaflokks og ná þannig fram lækkun gjalda.

Ég vil í þessu sambandi benda þingheimi á að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir í lyfjamálum sem hafa sparað þjóðinni nokkur hundruð millj. kr., m.a. með minni lyfjanotkun en að flestra dómi var hún of mikil fyrir. Útgjöld ríkisins vegna lyfjamála hafa lækkað um hálfan milljarð á þessu ári með þessum ráðstöfunum. Þetta hefur tekist með kostnaðaraðhaldi frá almenningi og læknum án þess að íþyngt hafi verið úr hófi fram þeim sem eiga við vanheilsu að stríða.

Næsti stóri áfanginn í sparnaði ríkisins í heilbrigðismálum er fólginn í reglugerð um hlutdeild þeirra sem eru aðilar að sjúkratryggingunum í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustunnar sem heilbrrn. gaf út í dag. Með henni eru hækkuð og samræmd ýmis gjöld sem tíðkast hafa fyrir læknisverk bæði í heilsugæslu og hjá sérfræðilæknum. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að þannig er um hnútana búið að hámarksgreiðsla hvers einstaklings vegna þessara útgjalda á ári hverju mun ekki hækka og tryggingaröryggi barnmargra fjölskyldna reyndar aukast með því að hámark greiðslna fyrir hverja barnmarga fjölskyldu verður núna lægra en það var. Sérstakt tillit er tekið til lífeyrisþega og er sumpart um lækkun gjalda að ræða hvað þá varðar. Hvergi er horfið frá þeirri stefnu að grundvallarþættir í heilsuvernd verði ókeypis.

Ég tel sérstaka ástæðu til að undirstrika að eftir sem áður er langstærsti hluti heilbrigðisþjónustunnar kostaður af sameiginlegu fé landsmanna. Ef við lítum á heildartölurnar þá er hver fullorðinn einstaklingur í landinu með sínum skattgreiðslum að borga að meðaltali um 150 þús. kr. á ári til heilbrigðismála. Með hinum nýju ákvæðum eru þessi sameiginlegu útgjöld lækkuð um 2%, eða sem nemur um 3 þús. kr. á hvern mann. En á móti kemur að viðkomandi greiðir þá samsvarandi kostnað beint.

Menn skyldu skoða þessi stærðarhlutföll grannt þegar þeir ræða og dæma þessi mál. Það er einmitt þessi aukna kostnaðarhlutdeild á jaðrinum, kostnaðarhlutdeild almennings í lækniskostnaði, sem gerir það gagn og hefur þann tvíþætta tilgang að hvetja til aðhalds varðandi þessa þjónustu og spara þar með hugsanlega óþörf útgjöld en draga jafnframt úr kostnaði ríkissjóðs í þeirri þröngu stöðu sem hann býr nú við. Það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að fara ekki þá leið sem ýmsar aðrar þjóðir hafa valið í þessum vanda og eru í fjárþrengingum, eins og við, að draga úr þjónustu við hina sjúku. Og ég er viss um það að almenningur kýs fremur að greiða hófleg gjöld fyrir góða læknishjálp en að gripið sé til slíkra neyðarúrræða. Tilgangurinn með þessum aðgerðum er einmitt sá að tryggja varanlegan fjárhagsgrundvöll fyrir það framúrskarandi heilbrigðiskerfi sem hér hefur verið byggt upp. Þetta er mjög mikilvægt verkefni.

En velferðarkerfinu stafar einmitt ógn af þeim efnahagserfiðleikum sem þjóðin glímir nú við og af fjárskorti ríkissjóðs. Til þess að treysta undirstöður velferðarkerfisins, byggja velferðina á varanlegum grunni, er nú nauðsynlegt að grípa til ýmissa efnahagsaðgerða og einmitt aðgerða eins og þeirra í ríkisfjármálum sem hér eru ræddar í dag.

Virðulegi forseti. Ein af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hyggst grípa til og kynnt er í fjárlagafrv. til þess að auka hagkvæmni í rekstri og atvinnulífi landsmanna og til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs er einkavæðing atvinnurekstrar og ýmissa þátta opinberrar þjónustu. Hún getur tekið á sig ýmsar myndir. Ég ætla að nefna nokkrar þeirra. Ég nefni fyrst rekstrarútboð. Fyrir því er löng hefð og jákvæð reynsla að bjóða út verklegar framkvæmdir og þau hafa iðulega sýnt sig að því að spara skattgreiðendum stórfé. Rekstrarútboðin hafa hins vegar lítið verið reynd hér á landi en ég er sannfærður um það að þau má nota með góðum árangri í sama skyni, nefnilega að nýta betur almannafé.

Ég nefni næst að nú verði kannað hvort ekki sé rétt að heimila einkaaðilum og félögum þeirra að sinna starfsemi sem ríkið hefur hingað til haft einkarétt á. Við höfum þegar dæmi um þetta á sviði rekstrar útvarps- og sjónvarpsstöðva, en spurning er hvort við eigum ekki að líta á gerð samgöngumannvirkja og rekstur skólastofnana á sérhæfðum sviðum. Auðvitað höfum við dæmi um þetta í nokkrum mæli en spurningin er þessi: Getum við nýtt betur fé skattborgaranna með því að nota þetta úrræði?

Þá nefni ég síðast það sem menn venjulega tala um sem einkavæðingu sem er sala ríkisfyrirtækja og stofnana. Þar getur verið um að ræða sölu á ríkisfyrirtæki eða stofnun í heilu lagi eða sölu á hlutabréfum ríkisins í hreinum ríkishlutafélögum eða hlutafélögum sem að hluta til eru í eigu ríkisins. Ég vil loks nefna í þessu sambandi breytingu á ríkisfyrirtækjum og stofnunum í hlutafélög sem strangt tekið er auðvitað ekki einkavæðing en er oft nauðsynlegur aðdragandi og undanfari hennar, getur oft gert mikið gagn með því að breyta viðmiðunum og viðhorfum í rekstri slíkra fyrirtækja. Ríkisstjórnin sem nú situr og flokkarnir sem að henni standa eru sammála um það að tími sé til kominn að draga úr ríkisrekstri í atvinnuvegum landsins. Þetta er einfaldlega hagkvæmnismál en ekki trúarbrögð. Fyrir einkavæðingunni eru margvísleg rök. Ég

ætla nú að nefna nokkur þeirra í stuttu máli.

Ég nefni þar í fyrsta lagi að í ýmsum greinum er nú alls ekki þörf fyrir að ríkið reki fyrirtæki þótt á sínum tíma hafi þótt nauðsynlegt að það stæði að uppbyggingu þeirra.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að af ríkissjóði verði létt fjárhagslegum ábyrgðum á rekstri sem er óskyldur þeirri starfsemi sem er meginverkefni hvers ríkis og grundvöllur þess, svo sem öryggi og velferð borgaranna, menntastofnanir, löggæsla, dómstólar o.s.frv.

Ég nefni í þriðja lagi að margföld reynsla sýnir að allur venjulegur atvinnurekstur er yfirleitt miklu betur kominn í höndum einkaaðila en hins opinbera sökum mismunandi viðhorfa til hagkvæmni í rekstri og meiri hvatningar í einkarekstrinum til þess að ná þar árangri.

Í fjórða lagi nefni ég, og það er í dag ákaflega mikilvægt, að ríkissjóði er nú brýn nauðsyn á að losa fé sem bundið er í ýmsum atvinnufyrirtækjum sem hann á eða á hluti í. Ég tel að hluta af þessu fé sem þannig losnar eigi að leggja í rannsóknir og þróunarstarfsemi sem er grundvöllur nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Við eigum í þessu efni að fylgja fordæmi þjóða eins og t.d. Þjóðverja. Þetta er framtíðarmál því eins og kom hér fram í athyglisverðri ræðu hv. 4. þm. Austurl. hefur á undanförnum árum gengið erfiðlega að tryggja fé til þessara þörfu verka.

Ég nefni svo í fimmta og síðasta lagi að nú nokkur hin síðustu ár hefur myndast hér á landi og um hann verið settar leikreglur, verðbréfamarkaður, sem gefur möguleika til þess að selja eignarhluti í fyrirtækjum með eðlilegri hætti en áður var unnt. Á næstunni verður á þessum grundvelli gerð vönduð áætlun um sölu ríkisfyrirtækja á næsta ári og næstu árum. Auðvitað þarf að leysa ýmis vandamál áður en næstu skref verða stigin í þessum efnum. Ég nefni þar fyrst og fremst ýmis réttindamál starfsmanna, ekki síst lífeyrismál þeirra en þetta þarf að leysa á samningavettvangi ríkis og stéttarfélaganna þar sem fjmrn. fer með forsvar ríkisins eins og kunnugt er. Þá þarf að taka til alveg sérstakrar athugunar einokunaraðstöðu sumra opinberra fyrirtækja og þá alveg sérstakra fyrirtækja sem búa við það sem kalla mætti náttúrlega einokun eins og víða er um veitustofnanir. En nú er einmitt unnið að undirbúningi nýrrar samkeppnislöggjafar sem ætlað er að taka á þessum viðfangsefnum. (**SJS:** Hvernig er hin ónáttúrlega einokun?) Það er von að þingmaðurinn spyrji.

Þá tel ég rétt að gerð verði sérstök úttekt á því hvaða aðferðir séu heppilegastar til þess að ákveða upphafsverð hlutabréfa ríkissjóðs í ýmsum atvinnufyrirtækjum hans og ekki síður að hugað verði að leiðum til að tryggja dreifða eignaraðild í þeim til þess að ná markmiðinu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur lengst manna barist fyrir og hefur stundum kallað fjárstjórn fjöldans. Ég tel þetta eftirsóknarvert markmið og þessi ríkisstjórn mun beita sér fyrir því.

Breyting á opinberum stofnunum á sviði atvinnurekstrar í hlutafélög og síðar sala ríkissjóðs á hlutabréfaeigninni þjónar einmitt markmiðunum sem ég nefndi fyrr í máli mínu, að gera atvinnulífið hagkvæmara og árangursríkara en ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á þýðinguna sem salan getur haft til þess að efla hér hlutabréfamarkað. Við verðum nú að ná fram verulegri dreifingu á eignarhaldi í hinum einkavæddu fyrirtækjum en forðast að hún valdi því að aukið efnahagslegt vald í þjóðfélaginu færist á fáar hendur. Ef það fylgir einkavæðingunni þá missir hún að verulegu leyti marks. Við verðum að vinna að því að almenningur og fyrirtæki varðveiti hluta af sínum sparnaði í hlutabréfum í traustum almenningshlutafélögum þannig að fyrirtækin verði áfram í eigu þjóðarinnar þótt þau hverfi af efnahagsreikningi ríkisins.

Virðulegi forseti. Margir þeirra hv. þm. sem tekið hafa til máls í þessari umræðu hafa gert vaxtamálin að sérstöku umræðuefni. Ég nefni þar ekki síst hv. 7. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Norðurl. e. Aðilar vinnumarkaðarins hafa einnig eðlilega rætt mikið um vaxtamál í yfirstandandi kjaraviðræðum og hafa m.a. átt fundi með fulltrúum Seðlabankans og viðskiptabankanna og viðskrn. Ég vil því fara nokkrum orðum einmitt um vaxtamálin og þau viðfangsefni sem þar er við að fást.

Ég vildi líka, virðulegi forseti, leggja á það alveg sérstaka áherslu að menn reyndu að styðjast við staðreyndir en ekki ímyndanir sem því miður einkennir stundum umræður um þessi mál. Í nýútkominni greinargerð Seðlabankans um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum er fjallað ítarlega um vaxtamál og þar kemur fram að vaxtaþróunin á þessu ári hefur fyrst og fremst einkennst af þrennu.

Í fyrsta lagi voru nafnvextirnir á óverðtryggðum ríkisvíxlum og skuldabréfalánum bankanna í lægra lagi fyrstu mánuði ársins miðað við verðlagsþróun og ástand á lánsfjármarkaði. Þetta kom mjög glöggt fram í umræðum í maí og í lok apríl við myndun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þá kom m.a. fram frá fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., að vextirnir á þessum ríkispappírum væru of lágir.

Í öðru lagi. Ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs og raunvextir verðtryggðra lána hækkuðu um næstum 2% um mitt árið, úr 8% í um það bil 10%. Það háa raunvaxtastig, sem er mörgum skuldugum aðilum þungbært, hefur í aðalatriðum haldist síðan.

Þriðja megineinkennið á vaxtaþróun ársins er það sem forsrh. gerði sérstaklega að umtalsefni í framsöguræðu sinni, nefnilega ör lækkun á nafnvöxtum á óverðtryggðum skuldbindingum frá því í októberbyrjun samfara hinni öru hjöðnun verðbólgunnar. Bankarnir hafa nú lýst því yfir hver um sig að það verði framhald á þessari þróun, þ.e. lækkun nafnvaxtanna samfara því að hér komist á kyrrari kjör í verðlagsmálum. Ef við lítum svo á raunávöxtun óverðtryggðra skuldbindinga um þessar mundir og berum hana saman við vexti af verðtryggðum skuldbindingum kemur í ljós nokkur mismunur.

Það er mat Seðlabankans að raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa hafi verið rúmlega 12% á þriðja fjórðungi ársins og það er spá bankans að hún verði tæplega 14% á síðasta fjórðungi ársins. Þetta eru ákaflega háir vextir, svo háir að þeir fá ekki staðist til

lengdar. Vextir af verðtryggðum skuldabréfalánum eru hins vegar nú um 10%.

Önnur samanburðaraðferð í þessu máli er að bera raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa hér á landi saman við það sem gerist erlendis með svipaðar kröfur. Niðurstaðan af slíkum samanburði er að þar sé líka munur sem telja mætti í nokkrum prósentustigum þótt erfitt sé að meta hann nákvæmlega. Niðurstaðan af þessu hvoru tveggja er sú að nafnvextir og raunvextir séu nú í hæsta lagi og mikilvægt að þeir fari lækkandi, sérstaklega á þetta við um nafnvextina sem afar brýnt er að fari nú hratt niður samfara hjöðnun verðbólgunnar. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir atvinnufyrirtæki og almenning og að því mun og hefur ríkisstjórnin og Seðlabankinn unnið. Ég legg hins vegar á það mjög ríka áherslu að í þessum efnum á bein íhlutun ekki við heldur munu vextirnir lækka með frjálsum ákvörðunum á næstunni. Í því sambandi er afar mikilvægt, eins og hver maður getur skilið, að trúnaður ríki og trú á því að sá stöðugleiki í verðlagi og launum sem er að nást um þessar mundir haldist næstu missirin. Þetta er lykilatriði. Þetta bæði veit þjóðin og skilur og það er þetta sem ríkisstjórnin hefur í hyggju að fylgja fast eftir. Með betra jafnvægi í ríkisfjármálum og frekari opnun fjármagnsmarkaðarins, skapast raunhæfar, raunverulegar forsendur fyrir lækkun raunvaxta. Það er þess vegna ákaflega mikilvægt að þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og frumvörpin, sem nú liggja fyrir þinginu um starfsemi útibúa erlendra banka á Íslandi um þróun gjaldeyrismarkaðar og um breytingar á gengisfyrirkomulaginu, fái hér góðan stuðning.

Og hvers vegna er þetta alveg sérstaklega mikilvægt nú? Það er af því að í hagkerfi nútímans gegnir fjármagnsmarkaðurinn því mikilvæga hlutverki að miðla fjármagni frá sparifjáreigendum til arðbærra verkefna. Og einmitt skilyrði þeirrar óvissu sem nú ríkir um efnahagshorfur, bæði hér heima og í umheiminum og mun því miður gera næstu missiri og hugsanlega ár, gera það að verkum að hagvöxtur verður í ríkara mæli en fyrr að koma frá nýjum fyrirtækjum í nýjum greinum, í öðrum greinum en hinum hefðbundnu. Þess vegna er sérstök þörf á því að virkur fjármagnsmarkaður geti fært fé á hagkvæman hátt til nýrra vaxtarbrodda í atvinnulífinu. Aukin erlend samkeppni á fjármagnsmarkaði er afar þýðingarmikil til þess að draga úr ýmsum annmörkum á okkar innlenda markaði.

Ég nefni í þessu sambandi, sem mikilvægar aðgerðir, einkavæðingu ríkisbankanna, breytingu á fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna í hlutafélög og síðast en ekki síst breytingar á skipulagi lífeyrissjóða. En lífeyrissjóðirnir eru afar fyrirferðarmiklir á okkar innlenda fjármagnsmarkaði og það er þess vegna sérlega nauðsynlegt að huga vel að þeirra störfum. Ég held að þar væri e.t.v. besta ráðið að veita einstaklingum aukið frelsi til að velja á milli lífeyrissjóða til að mynda sinn lífeyrissparnað. Þannig mundi aukast þrýstingur á sjóðina að hámarka verðmæti eigna sinna. Núverandi skipulag lífeyrissjóðanna, niðurbrotið eftir svæðum og atvinnugreinum, getur því miður orðið til þess að önnur sjónarmið en arðsemi hafi áhrif á fjárfestingar sjóðanna. Þá tel ég íhugunarefni hvernig sjóðirnir koma fram sameiginlega á innlendum fjármagnsmarkaði og öðlast þannig meira efnahagslegt vald en þeir annars hefðu. Við þurfum á næstunni að huga mjög vandlega að þessu því að það er víðar samþjöppun valds en í atvinnufyrirtækjum og bönkum. Þess gætir ekki síður í lífeyrissjóðakerfinu.

Virðulegi forseti. Ég hef með nokkrum orðum fjallað um almenna þætti í efnahagsþróuninni og nokkur almenn atriði þeirrar efnahagsstefnu sem nauðsynleg er til þess að styrkja innviði efnahagslífsins og bæta hið efnahagslega umhverfi atvinnulífsins í landinu. Þessi umræðuefni voru líka umræðuefni forsrh. í framsöguræðu hans. En við ríkjandi aðstæður er án efa líka nauðsynlegt að huga að úrbótum í einstökum atvinnugreinum og fjárhagslegri endurskipulagningu atvinnulífsins. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að atvinnuvegirnir ganga nú í mörgum greinum gegnum mikið breytingaskeið og erfiðleika sem því eru samfara. Og ég vil taka undir það með forsrh. að nú þarf að beina fjármagni Fiskveiðasjóðs, svo dæmi sé tekið, frá skipakaupum einmitt að þessum verkefnum, að uppbyggingu fiskvinnslunnar. Við þurfum nú einnig að fara mjög vandlega yfir þá möguleika sem sjávarútveginum gefast með samningunum um Evrópskt efnahagssvæði og kynna þá sérstaklega til þess að efla hér atvinnu og nýsköpun í þessari grónu grein. Það er augljóst mál að erfiðleikarnir í sjávarútveginum hljóta að hafa veruleg áhrif á þjóðarhag og afkomu í öðrum atvinnugreinum eins og þegar hefur komið fram. Ég nefni auðvitað sérstaklega í þessu sambandi iðnað og þjónustu sem tengist sjávarútveginum.

En um annan almennan iðnað í landinu er það að segja að hann hefur að undanförnu gengið allvel þegar á heildina er litið. Þetta er til marks um það að íslensk fyrirtæki hafa staðist samkeppni frá öðrum ríkjum á fríverslunarsvæðinu því að það er einmitt hinn almenni iðnaður sem hefur nú um meira en 10 ára skeið staðið í algerlega opinni samkeppni á íslenskum markaði. Íslensku fyrirtækin byggja að vísu á heimamarkaðnum og hafa lítt leitað sóknarfæra á erlendum markaði en þar eru einmitt möguleikarnir. Það er sú víkkun markaðstækifæranna sem alþjóðaverslunin felur í sér sem getur einmitt eflt okkar atvinnulíf.

Það eru nokkrar athyglisverðar undantekningar frá því að smærri iðnfyrirtæki okkar hafi eingöngu helgað sig heimamarkaðnum. Af hálfu stjórnvalda hefur verið stutt við vöruþróunar- og markaðsstarfsemi með sérstakri deild hjá Iðnlánasjóði og í störfum Iðntæknistofnunar og í sumum tilvikum með beinum styrkjum. Þá er athyglisverður árangur af auknu samstarfi okkar við önnur ríki EFTA og Evrópubandalagsins á sviði vöruþróunar og vísindasamstarfs og nú síðast hefur t.d. verið komið á fót sérstöku samstarfsneti fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem getur auðveldað þeim að nýta möguleika á sviði tækni og markaðsmála á erlendri grund. Nýir vaxtarsprotar eru að koma í ljós. Ég nefni þar pökkun og útflutning á vatni í höndum nokkurra

drykkjarvöruframleiðenda. Af hálfu stjórnvalda er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að þar verði ekki um nýtt fjárfestingarævintýri að ræða heldur verði unnið að þessu af öruggri þekkingu og strangar kröfur gerðar til framleiðslugæða og viðskiptalegs undirbúnings.

Ég vil líka nefna verslunarþjónustuna í landinu sem er okkur mikilvæg og á nú í nokkrum erfiðleikum, sérstaklega úti um hinar dreifðu byggðir. Dagvöruverslunin í strjálbýlinu stendur nú á brauðfótum af ýmsum ástæðum. Nú er unnið að undirbúningi aðgerða til að styrkja hana þar eð ella er veruleg hætta á því að hún félli niður með öllu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum í einstökum byggðarlögum. Önnur smásöluverslun í landinu á hinum þéttbýlu svæðum býr nú við samdrátt í veltu, m.a. vegna mikilla innkaupa í ferðalögum þjóðarinnar en auðvitað líka vegna þess að nú hefur slegið í baksegl.

Ég hef í huga að kanna leiðir til úrbóta, svo sem að líta á tollalækkanir á innflutningi frá Bandaríkjunum sem gætu leitt til lækkaðs innflutningsverðs á ýmsum vörutegundum, einkum í dagvöruverslun án þess að ríkissjóður missti þar spón úr sínum aski því að af þessum tollum hefur hann nú engar tekjur.

Þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, eru m.a. tilkomin vegna þess sem hér kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. sem sagðist sakna þess að hér væru rædd í nánum greinum málefni hinna smærri fyrirtækja hins almenna iðnaðar og þjónustu út um landið. Það er vissulega mikil þörf á því og þótt nú hafi slegið í baksegl um sinn verðum við auðvitað að horfa fram á veginn um atvinnuþróun og aðgerðir til þess að ráða bót á aðsteðjandi vanda, verða á hverjum tíma að taka mið af langtímastefnu.

Við þurfum að fylgja markvissri stefnumótun í atvinnumálum. Annars fara lífskjörin hér versnandi í samanburði við okkar nágrannaþjóðir. En þegar þetta er hugleitt er líka eitt ákaflega brýnt verkefni augljóst og það er að búa okkar atvinnulífi vaxtarskilyrði með því að samræma rekstrarumhverfið hér því sem gerist og gengur á hinu stóra markaðssvæði sem við tengjumst nú senn, Evrópska efnahagssvæðinu. Reyndar þyrftu skilyrðin hér á landi helst að vera heldur betri en keppinautanna ef atvinnulíf okkar á að geta tekið þann fjörkipp á næstu árum sem nauðsynlegur er til þess að verjast áföllum og síðar að bæta lífskjörin.

Þetta verkefni er ákaflega brýnt hér á þinginu því að á næstu missirum fram til áramótanna 1992–1993 þurfum við að ganga mjög skipulega til verks og endurskoða marga þætti í rekstrarumhverfi atvinnulífsins á Íslandi. M.a. þarf að fara yfir alla skattlagningu fyrirtækja, aðgang að fjármagnsmarkaði og ýmsar tæknilegar og stjórnsýslulegar hindranir sem veikja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þetta er mikilvægt til þess að við getum nýtt okkur þá fjölbreyttu kosti sem íslenska atvinnulífinu opnast með EES-samningunum.

Ég held, virðulegi forseti, ef ég á að taka út eitt atriði að þetta sé mikilvægasta atriðið í næstu aðgerðum stjórnvalda á sviði atvinnumála. En einmitt þannig má stuðla að jákvæðri þróun og stuðningi við nýsköpun í atvinnulífinu. Það er auðvitað fyrst og fremst verkefni ríkisvaldsins að móta heilbrigt efnahagslegt umhverfi fyrir atvinnulífið, setja því réttlátar leikreglur, tryggja að á milli atvinnugreinanna ríki jafnvægi þannig að raunveruleg arðsemi ráði verkefnavalinu. En ríkið á auðvitað líka að tryggja atvinnulífinu og fólkinu traust menntakerfi, vakandi rannsóknar- og þróunarstarf, góðar samgöngur og orkukerfi. Þetta er auðvitað það sem ýmsir hafa að undanförnu kosið að kalla afskiptaleysisstefnu. En ég álít bæði með tilliti til reynslunnar, almennra viðskiptasjónarmiða og reynslu annarra þjóða að þetta sé sú eina atvinnustefna sem fái staðist til lengdar. Það er hins vegar ljóst að hluti af því að móta hið almenna umhverfi er einmitt að tryggja að það sé jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir, þróun nýrrar vöru og þjónustu og stofnun nýrra fyrirtækja. Hér skipta rannsóknir og þróunarstarf lykilmáli og eins og ég vék hér að áðan er ein röksemdin fyrir einkavæðingunni einmitt sú að þannig geti ríkissjóður losað nokkra fjármuni til að leggja í þessa undirstöðu.

En að þessum verkefnum koma auðvitað fleiri en ríkisvaldið. Sveitarfélögin veita fólki og fyrirtækjum aðstoð í þessum efnum og svæðisbundið samstarf sveitarfélaga, atvinnulífs og áhugamanna í atvinnuþróunarfélögum hefur víða gert mikið gagn. Og af mikilvægum verkefnum opinberra aðila á sviði atvinnulífsins vil ég einmitt nefna menntun og starfsmenntun, endurmenntun, ráðgjöf, tækni og rannsóknarþjónustu og fjárhagslega aðstoð vegna þróunarstarfs. Með þessu móti, með samstarfi ríkisvaldsins, sveitarfélaganna og atvinnuþróunarfélaganna, er hægt að veita stuðning til frumkvöðla og ekki síður við gerð áætlana og hönnunar á nýjum hugmyndum og framleiðslu.

Menn hafa bæði hér og erlendis mikið rætt um það hver sé æskilegasta leiðin til að fjármagna þessa starfsemi og hv. 4. þm. Austurl. vék nokkuð að því áðan. Menn hafa víða stofnað sérstök fjármögnunarfyrirtæki eða þróunarfélög í því skyni að fjárfesta í áhættusömum nýjum rekstri. Í upphafi var auðvitað hugmyndin á bak við þessi félög að rekstur þeirra þyldi töp á talsverðum hluta fjárfestinganna vegna þess að verulegs ágóða væri að vænta af þeim sem vel gengju. Reynslan hefur hins vegar orðið sú að víðast hafa töpin komið strax en gróðinn látið á sér standa. Margir áhættusjóðirnir, sem upphaflega áttu að vera, hafa því farið í að fjárfesta í grónum fyrirtækjum eða ríkispappírum í stað þess að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja. Við þekkjum þessa þróun vel. Það er mjög mikilvægt að þróunarstarfið fari fram, ekki aðeins með fjármagni fyrirtækjanna, heldur einnig með tækniþekkingu þeirra, markaðskunnáttu og síðast en ekki síst þeim drifkrafti framtaks sem er forsenda alls vel heppnaðs atvinnurekstrar. Það þarf því að tengja saman rannsóknir, þróunarstarf, framleiðslu og markaðssetningu og samhæfa starf opinberra aðila og einkafyrirtækja á þessu sviði.

Ég vil því taka undir þann hluta ræðu hv. 4. þm. Austurl. sem fjallaði um mikilvægi rannsóknar- og þróunarstarfa. Ég vil líka nefna hér að við þurfum að tengja okkar skólakerfi, ekki síst Háskólann, betur við atvinnulífið. Eitt besta dæmið um slíka samtengingu

eru tæknigarðarnir. Það er að vísu svo að tæknigarðurinn sem hér hefur verið reistur við Háskóla Íslands í samstarfi nokkurra aðila hefur e.t.v. enn ekki sýnt þau dæmi um vel heppnaða hjúskaparmiðlun rannsóknarstarfsemi og atvinnulífs sem menn væntu af honum en ég er sannfærður um það að lífvænlegt samstarf milli háskóla og rannsóknarstofnana og atvinnulífsins er einmitt eitt það mikilvægasta fyrir framþróun okkar atvinnulífs. Hugbúnaðariðnaðurinn er einnig gott dæmi um atvinnugrein sem þannig er til komin og hefur verið í örum vexti á Íslandi á undanförnum árum. Á ákveðnum sviðum hans þar sem við njótum þekkingar og sérstöðu ættum við að geta náð mjög langt eins og dæmin sýna þegar á sviði útgerðar og fiskvinnslu. Með samstilltum aðgerðum ríkis og sveitarfélaga má þannig stuðla að stofnun smáfyrirtækja. Með námskeiðahaldi og aukinni þjónustu ráðgjafar- og tæknistofnana má styrkja nýsköpun. Til greina kemur einnig að einhvers konar ívilnun verði veitt til þess að hvetja til stofnunar iðnfyrirtækja á landsbyggðinni.

Á sviði skipaiðnaðarins þarf að styðja við nýsköpun í gerð og búnaði fiskiskipa og huga að því hvernig best verður staðið að fyrirsjáanlegri endurnýjun fiskiskipaflotans á næstu árum. Þar þarf að hafa í huga áformaða lækkun eða jafnvel afnám á styrkjum til skipasmíða í öðrum ríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis. Þar getur einmitt Evrópusamstarfið fært okkur nokkur búdrýgindi. Það þarf líka að styrkja betur starf og samtengingu fiskmarkaðanna þannig að afli landsmanna verði í auknum mæli seldur á innlendum markaði þar sem íslensk fiskiðnaðarfyrirtæki fái möguleika til þess að keppa um hann. Stuðla þarf að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu og skapa hér alþjóðlega miðstöð fyrir flug og skipasamgöngur, og e.t.v. fyrir skráningu erlendra skipa.

Virðulegi forseti. Í lok þessar upptalningar minnar verður síðast en ekki síst að halda áfram að byggja hér upp orkufrekan iðnað með byggingu álvers og með því að fá til samstarfs smærri fyrirtæki sem þarfnast mikillar raforku til framleiðslu sinnar og ég nefni þar eitt dæmi sem nú er á döfinni, slípiefnaframleiðslu sem byggist á rafbræðslu báxíts.

Ég held að mönnum hafi sjaldan verið ljósari þörfin fyrir slíkar viðbæturt við undirstöðu atvinnulífsins en einmitt nú. Þetta segi ég m.a. vegna orða hv. 4. þm. Austurl. sem talaði gegn slíkri þróun áðan og vakti það furðu mína því hann lagði, þegar hann var iðnrh., sem hann var um allmargra ára skeið, einmitt áætlanir fram í tímann sem byggðust á stóraukinni nýtingu orkulinda landsins til orkufreks iðnaðar og þar gat ekki verið um neitt annað að ræða, í þessum framtíðarspám, en álbræðslu. Og þótt nú ári ekki vel til slíkra framkvæmda þá er næsta víst og alveg víst að þegar efnahagsástand í heiminum vænkast og loksins, loksins kemst eitthvert vit í þjóðarbúskap þeirra ríkja sem nú eru að rísa úr rústum kommúnismans þá mun líka rísa hér álver sem bætir almannahag.

Auðvitað verðum við að huga að fleiru, virðulegi þingmaður. Við erum nú að gera úttekt á kostum þess að stofna hér frísvæði fyrir iðnað og fjármálaþjónustu. Ég gæti þannig lengi haldið áfram að telja það sem verið er að fást við til þess að efla hér nýsköpun og það sem mikilvægast er, framfarir í landinu á grundvelli nýrra fyrirtækja, því það er þannig sem framfarirnar verða.

Íslenskt atvinnulíf verður í framtíðinni órjúfanlegur þáttur í efnahagslífi Vesturlanda. Það er þannig sem við munum efnast. Einungis með því að miða okkar aðgerðir á þessari stundu við þessa staðreynd munu þær heppnast. Mikilvægasta verkefnið sem liggur fyrir þessu þingi er að ná tökum á fjármálum ríkisins. Frv. sem við ræðum í dag er einmitt mjög mikilvægur þáttur þeirrar viðleitni.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur viðskrh. flutt eina af þessum sléttu og felldu ræðum sínum, farið eins og vel siðaður heimilisköttur í kringum heitan graut án þess að kafa djúpt, án þess að koma að málefnum dagsins. Hann kom ekkert að þeirri yfirlýsingu forsrh. í dag að strax eftir áramót skyldi Búnaðarbankinn seldur. Forsrh. var ekki betur að sér en svo að hann ræddi um hlut ríkisins í þeim banka. Ég vil ekki sleppa bankamálaráðherranum með þessum hætti. Ég vil spyrja hann nokkurra spurninga.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hann eftir því hverjir eru kaupendur að banka í þjóðfélaginu í dag? Eru það launamennirnir eða hverjir eru þeir?

Ég vil einnig spyrja hann: Vill ráðherrann nú afnema ríkisábyrgð á sparifé almennings? Er hann þeirrar skoðunar?

Ég vil líka spyrja hann að því hvort hæstv. ráðherra sé sammála því sjónarmiði hæstv. fjmrh. að selja hlut Búnaðarbanka Íslands á hálfvirði.

Enn fremur vil ég spyrja hann: Þolir hinn vanburða hlutafjármarkaður það um þessar mundir að ríkisfyrirtæki, sem á í eigin fé 3 milljarða, er að söluverðmæti áreiðanlega 4–5 milljarðar, verði nú eftir áramótin steypt til sölu hér á þessum markaði.

Ég vil enn fremur vitna í hinn unga og greinda flokksbróður ráðherrans sem í rauninni hefur sagt allt í þessu máli, það gerði hv. þm. Össur Skarphéðinsson fyrir stuttu síðan í frægu viðtali. Þar vitnaði hann um hvernig viðskrh. hefði tekist til við að selja hlut Útvegsbankans. (Forseti hringir.) Með leyfi forseta, segi ég örfá orð í viðbót og vitna í þennan hv. þm.: „Ég hef fyrir mér reynsluna af sölu Útvegsbankans," segir Össur Skarphéðinsson um stofnun Íslandsbanka. „Þar var fjölskyldunum fjórtán færður bankinn á silfurfati. Þess vegna vil ég ekki undir neinum kringumstæðum að Búnaðarbankinn verði seldur með þeim hætti að hann komist í eigu örfárra auðjöfra." — Greindarleg orð hjá ungum manni.

Liggur fyrir samþykki í þingflokkum stjórnarflokkanna um þau ummæli sem forsrh. viðhafði hér í dag, að strax eftir áramót verði snúið að þessu verkefni?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú kemur sér vel að kötturinn hefur níu líf því spurningarnar eru svo margar að ég

gæti þurft að vera hér lengi ef ég ætti að svara þeim öllum sem vert væri.

Í fyrsta lagi ætla ég mér ekki að svara því hér og nú hverjir gætu verið kaupendur að svo góðum banka sem Búnaðarbankinn er. Á það mun að sjálfsögðu reyna á markaði.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn hvort ég vilji afnema ríkisábyrgðina á sparifjárinnstæðum almennings. Svarið er nei, ég hef það ekki í huga.

Í þriðja lagi spyr hann mig eftir áliti á því sjónarmiði sem fram mun hafa komið hjá fjmrh. að selja þennan góða banka á hálfvirði. Ég er ekki hlynntur því sjónarmiði. Ég vil fá sannvirði fyrir Búnaðarbankann vegna þess að þannig og aðeins þannig er almannahagsmuna gætt.

Í fjórða lagi var spurt: Þolir verðbréfamarkaðurinn að svo stór skammtur verði á hann settur á næsta ári? Það þarf að athuga, virðulegi þingmaður.

Og loks í fimmta og síðasta lagi, eins og ég nam spurningar þingmannsins, spyr hann mig um álit hv. 17. þm. Reykv. á tiltekinni bankasölu hér fyrir nokkrum árum og þá verð ég nú að segja um hann líkt og um hv. 5. þm. Suðurl. þá getur jafnvel hinum skýrustu mönnum skotist og það henti hinn 17. þm. Reykv., þegar hann hélt að Guðmundur J. væri í fjölskyldunum fjórtán. Það er hann ekki frekar en Ásmundur Stefánsson eða aðrir forustumenn verkalýðsfélaga sem eru stórir eigendur að Íslandsbanka. Ég býst við því að þeir mundu alls ekki fallast á það að flokkast á þennan hátt en vafalaust mun hv. 17. þm. Reykv. gá betur að þessu og miðla þeim fróðleik til hv. 5. þm. Suðurl. og þá mun allt falla í ljúfa löð.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við hlýddum hérna á ágæta ræðu hæstv. iðnrh. sem ég hélt að ætti að vera um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, mál nr. 167. Ég heyrði nú ekki að hann minntist einu orði á það frv. en ræðan var svo sem slétt og felld eins og var talað um hér áðan (**Gripið fram í:** Vel flutt.) Vel flutt, já mjög vel flutt, ekki vantaði það. Mér þótti það merkilegt vegna þess að það eru ekki margar greinar sem fjalla sérstaklega um hans málaflokk og ég vissi ekki betur en hann hefði farið fram fyrir aðra þingmenn á mælendaskrá til að ræða þetta mál.

En það sem ég vildi minnast á í sambandi við hans ræðu var að auðvitað á byggja hér álver og álver skal það vera hvað sem raular og tautar. Það er auðvitað lausn á öllum vanda eins og venjulega og síðan er það Evrópska efnahagssvæðið. Ef það gengur þá mun allt verða gott á Íslandi að mati hæstv. ráðherra. Rannsóknir og þróunarstarf. Jú, það er ósköp eðlilegt að við eflum rannsóknir og þróunarstarf en fyrst verðum við auðvitað að selja öll ríkisfyrirtæki og einkavæða til þess að við getum fengið peninga til rannsóknar- og þróunarstarfs. Það þótti mér einna merkilegasti kaflinn í ræðu hæstv. iðnrh. Margt fleira væri auðvitað hægt að tína til úr ræðu ráðherrans en við getum skemmt okkur við að lesa hana síðar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. hlýtur að hafa misheyrst. Ég vék oft að efni þess frv. sem við ræðum í dag eins og útskriftin af ræðu minni mun án alls efa sýna.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, kýs ég ekki að ræða hér um gæslu þingskapa, um röð ræðumanna eða því um líka hluti. Ég hlýt að hlíta þar forsjá stjórnanda þessa fundar, forseta þingsins.

Í þriðja lagi fagna ég því að hv. 15. þm. Reykv. hefur skilið það glöggum skilningi að þegar hér verður byggt álver og Ísland verður orðið aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði þá mun okkur fara að vegna vel í atvinnulífinu því þetta er hvort tveggja vítamínsprauta sem íslenskir atvinnuvegir þurfa.

Að endingu: Það er alveg rétt hjá þingmanninum að það að tengja saman einkavæðinguna og eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs er rökvíst og rétt. Það hafa reyndar skynsamar þjóðir eins og Þjóðverjar gert.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Mér er náttúrlega sannur heiður af því að hleypa hæstv. viðsk.- og iðnrh. fram fyrir mig á mælendaskrá, ekki síst þegar flutt er jafnítarleg og gagnmerk ræða og við urðum nú vitni að. Gagnmerk kannski fyrir það að hún kom, hvað svo sem hæstv. iðn.- og viðskrh. segir, afskaplega lítið nærri því efni sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og sem liggur hér fyrir í 19 liðum. Ræðan hjá ráðherranum tók á ýmsum þáttum. Hún tók á efnahagsmálum, atvinnumálum, ríkisfjármálum og ýmsu slíku og hefði í sjálfu sér sómt sér afskaplega vel sem stefnuræða forsrh. eða ræða í eldhúsdegi en sú stund er víst ekki upp runnin að sá ráðherra sem hér talaði sitji í stóli forsætisráðherra, hvað sem síðar kann að verða.

Það væri auðvitað hægt að tala hér langt mál um þau atriði sem ráðherrann kom inn á, þ.e. almennt um stöðu efnahagsmála og ríkisfjármála, atvinnumála o.s.frv., en ég held að það væri að æra óstöðugan ef við gerðum það hvert og eitt hérna inni þannig að ég ætla ekki að fara út í þá umræðu.

Þingkona Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir, hefur nú þegar í allítarlegu máli fjallað um þessi mál, um efnahagsmálin og stöðuna í ríkisbúskapnum og um helstu þætti þessa frv. sem hér liggur fyrir og er ástæðulaust að gera það öðru sinni. Engu að síður ætla ég að fara í kjölfar hennar og gera að umtalsefni nokkur atriði sem mér finnst nauðsynlegt að gera fyllri skil eða gera að sérstöku umtalsefni. Og það er ekki að ófyrirsynju að ég geri það því segja má að þetta sé í fyrsta sinn sem tækifæri gefst til að ræða hér á hinu háa Alþingi aðgerðir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, þ.e. eins og þær birtast í handföstu formi í frv. Það má segja að ríkisstjórnin sé nú að koma úr felum og sýni í fyrsta sinn með áþreifanlegum hætti í hvaða átt hugur hennar stefnir.

Það verður tæplega sagt að með frv. sínu til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum boði ríkisstjórnin lýðnum nokkurt fagnaðarerindi og kannski ekki við því að

búast miðað við þær aðstæður sem við eigum við að etja nú í efnahagsmálum. En það sem við blasir, verði þetta frv. að lögum, er niðurskurður á fjölmörgum sviðum sem mun ekki síst koma illa við barnafjölskyldur og aldraða.

Í því sambandi vega auðvitað þyngst þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á almannatryggingalöggjöfinni og mun ég víkja sérstaklega að þeim hér á eftir enda eru þær breytingar öðru fremur þess valdandi að ég kem í pontu. En fyrst langar mig til að nefna nokkur önnur atriði sem birtast í þessu frv.

Ríkisábyrgð á launum hefur talsvert verið til umfjöllunar í fjölmiðlum undanfarna tvo daga vegna orða sem hæstv. forsrh. lét falla í sjónvarpsþætti sl. miðvikudagskvöld. Þau orð mátti skilja á þá leið að í ríkisábyrgð á launum væri að finna þá skiptimynt sem ríkisstjórnin ætlaði að bjóða aðilum vinnumarkaðarins upp á í yfirstandandi kjarasamningaviðræðum. Með öðrum orðum, hún ætlar að bjóðast til að falla frá hugmyndum sínum um að skerða rétt vinnandi fólks til launa við gjaldþrot fyrirtækja og um leið leysa atvinnureksturinn í landinu undan nýjum álögum. Sem sagt, ríkisstjórnin bauðst til að stinga einni og sömu dúsunni upp í báða aðila, slá tvær flugur í einu höggi. Þessi fyrirætlan, að bjóða ríkisábyrgðina á launum eða þennan ábyrgðasjóð launa sem dúsu, er illa dulbúin í því frv. sem hér er til umfjöllunar sem og reyndar í fjárlagafrv. sjálfu. Það þarf ekki annað en að renna augum yfir bandorminn svokallaða til að sjá að ákvæðin um ábyrgðasjóð launa lúta allt öðrum lögmálum en önnur ákvæði frv.

Texti 9. og 10. gr. er málamyndatexti. Og ekki verður séð hvernig hægt er að setja lög um ábyrgðasjóð launa með þessum hætti. Fyrirsögnin ein sker sig úr þó ekki sé minnst á annað.

Með þessu frv. er gerð breyting á ellefu lagabálkum en þeim tólfta, sem til umfjöllunar er, þ.e. lög nr. 88 frá 1990, um ríkisábyrgð á launum, er ekki breytt né heldur eru þau lög felld úr gildi með þessu frv. Verði þetta frv. að lögum, sem við erum hér að ræða, kæmi með öðrum orðum upp sú sérkennilega staða að til væru lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, sem og lög um ríkisábyrgð á launum. Í greinargerð með þessum svokallaða bandormi er að vísu boðað frv. til laga um réttindi launþega við gjaldþrot sem á þá að skilgreina umfang ábyrgðasjóðsins og ábyrgðir sem hann veitir. En óneitanlega hlýtur að teljast sérkennilegt að búta þetta mál niður með þessum hætti.

En hvað sem hinni formlegu hlið málsins líður þá verður ekki fram hjá því litið að hótun um réttindaskerðingu vofir yfir launþegum og það er kannski ástæða til þess að taka þá hótun alvarlega þrátt fyrir það hvernig hún er fram sett. Í fjálagafrv. er því haldið fram að lögin um ríkisábyrgð á launum séu misnotuð vegna síendurtekinna gjaldþrota. Ég gef mér að þá sé átt við síendurtekin gjaldþrot sömu aðila. Það er auðvitað bæði rétt og skylt að reyna að koma í veg fyrir slíkt en í því efni er ekki við launafólk að sakast heldur þá sem hafa rekstur fyrirtækjanna með höndum. Það er því verið að hengja bakara fyrir smið með því að skerða rétt launþega eins og hér er gert ráð fyrir.

Ef boðuð skerðing nær fram að ganga er hún umtalsverð því í greinargerð fjmrn. með þessu frv. eða fylgiskjali frá fjmrn. er áætlað að þrengingarákvæðin gætu lækkað greiddar launaábyrgðir úr um 450 millj. kr. að öllu óbreyttu í um 195 millj. kr. eða um tæp 60%. Ég þarf ekki að rekja í hverju þessi skerðingaráform felast, þau eru öllum þingmönnum kunn. Þar vega auðvitað þyngst sjálf framlögin vegna launa en aðrar skuldbindingar vega mun minna í heildargreiðslum. Þannig námu útgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrstu níu mánuði ársins um 260 millj. kr. vegna launa, 9,5 millj. kr. vegna orlofslauna, 50 millj. kr. vegna vaxta og 12 millj. kr. vegna lögfræðikostnaðar.

Í dag eiga launþegar rétt til vinnulauna fyrir sex síðustu mánuði hjá atvinnurekanda en þó þannig að ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærri fjárhæð, miðað við einn mánuð, en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar í hverjum mánuði án tillits til barnafjölda. Þetta gerir um 136.838 kr. á mánuði, sem er þá hámarkið. Í greinargerð með því frv. sem hér er til umfjöllunar er talað um að fara með þennan rétt niður í þrjá mánuði en jafnframt er um það talað að hámark ábyrgðar ríkissjóðs nemi ekki hærri fjárhæð en sexföldum atvinnuleysisbótum. Ég fæ ekki betur séð en að þetta þýði í raun að þak á greiðslur launa nemi tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði, þ.e. 91.225 kr. Þá er vert að hafa í huga líka að gert er ráð fyrir að fella niður orlofsgreiðslur, ef ég skil þetta rétt, þannig að þetta er þá rétt og slétt upphæðin. Það kann hins vegar að vera að ég hafi ekki skilið þetta rétt enda textinn ekki mjög ítarlegur í greinargerð og bið ég þá hæstv. forsrh. eða félmrh. eftir atvikum að leiða mig í allan sannleika um hvernig ráðherrarnir hafa hugsað sér að þetta tiltekna ákvæði virki.

Það kom reyndar fram hjá forsrh. í hans ræðu, þegar hann mælti fyrir frv., að jafnframt væri boðuð skerðing á atvinnuleysisbótum. Að þær yrðu skertar og réttur launþega til atvinnuleysisbóta skertur. Með því móti yrðu útgjöld ríkisins vegna atvinnuleysisbóta minnkuð. Þetta eru auðvitað váleg tíðindi sem boðuð eru með þessum yfirlýsingum, ekki síst þegar við horfum fram á aukið atvinnuleysi og jafnvel verulega aukið atvinnuleysi. Í grg. með frv. kemur fram að bæði ASÍ og VSÍ hafa hafnað viðræðum við ríkisstjórnina um ábyrgðasjóð launa á grundvelli þeirra afarkosta sem hún býður upp á og lái þeim það hver sem vill.

Hin árvissu „þrátt-fyrir-ákvæði" aftast í þessum bandormi, þar sem fjölmargir tekjustofnar sjóða og stofnana eru skertir þrátt fyrir að þeir eigi sér stoð í lögum, leiða svo hugann að því hvort enn einu sinni sé verið að búa til sjóð, þ.e. ábyrgðasjóð vegna launa, með mörkuðum tekjustofni sem síðar meir lendi í þessum svokallaða „þrátt-fyrir-hópi" við afgreiðslu fjárlaga eða lánsfjárlega. Það er því spurning mín til forsrh. eða félmrh. hvernig með skuli fara ef innborganir í sjóðinn vegna ábyrgðagjalds verða umtalsvert meiri en útgreiðslur eitthvert árið, ef sú staða kæmi nú upp. Gæti

þá farið svo að það sem út af stæði yrði látið renna í ríkissjóð?

Jafnframt hlýtur sú spurning að vakna hvernig með yrði farið ef sjóðurinn gæti ekki staðið undir þeim skuldbindingum sem hann ætti að taka á sig lögum samkvæmt. Nú greindi ég það ekki mjög vel í ræðu hæstv. forsrh. áðan hvað hann sagði um þetta mál, því hann er hraðmæltur. Ég tel mig nú hafa nokkra þjálfun í að hlusta á hans mál, en samt sem áður fór það fram hjá mér hvernig með þetta ætti að fara — en ég hef grun um að hann hafi eitthvað um það sagt. Þess vegna vil ég spyrja hvort sjóðurinn hefði í slíkum tilvikum baktryggingu í ríkissjóði.

Í 11. gr. frv. um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum er gerð breyting á lögum um málefni fatlaðra. Með þessari breytingu er í raun verið að lögbinda að Framkvæmdasjóður fatlaðra skuli taka á sig allt meiri háttar viðhald á stofnunum fatlaðra. Má þá verja allt að þriðjungi af ráðstöfunartekjum sjóðsins til slíkra framkvæmda. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt því að á þessu ári var sami háttur hafður á. Þessi sjóður, eins og margir aðrir, hefur markaðan tekjustofn en auk þess kváðu lög um málefni fatlaðra frá 1983 á um það að í hann skyldi renna sérstakt framlag í fimm ár, sem var, ef ég man rétt, 55 millj. kr. á verðlagi ársins 1983. Þessi sjóður hefur yfirleitt verið skertur og ekki fengið það sem honum hefur borið en á þessu ári og því næsta er, eins og það er orðað, „horfið frá skerðingu" gegn því að hann bæti á sig umtalsverðum nýjum verkefnum. Í raun má segja að nýju verkefnin taki til sín meira fé en nam áætlaðri skerðingu á yfirstandandi ári. Þannig átti skerðingin á þessu ári að vera 35 millj. kr. en á árinu 1992 má samkvæmt þessum lögum verja allt að 106 millj. kr. í meiri háttar viðhald. Þannig að spurningin vaknar auðvitað hvort sjóðurinn sé betur staddur með þessu móti.

Í þessu sambandi er líka vert að hafa í huga að ný lög um málefni fatlaðra eru í burðarliðnum og í þeim er að finna nýja skilgreiningu á fötlun. Eru þar tekin af öll tvímæli um að hugtakið fötlun nái einnig til þess fólks sem er óvinnufært sökum geðsjúkdóma. Þetta er í sjálfu sér mjög jákvætt og mjög svo tímabært því fram til þessa hafa alvarlega geðsjúkir fengið meðhöndlun í kerfinu eins og óhreinu börnin hennar Evu. Þessi breytta skilgreining gerir það hins vegar að verkum að fleiri en áður eiga rétt á fjárframlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Mér er ljóst að vegna þessa eru uppi hugmyndir um að á fjárlögum næstu ára verði gert ráð fyrir sérstökum fjárframlögum til byggingar stofnana eða heimila fyrir geðfatlaða en ef tekið er mið af reynslunni frá því síðast voru sett lög um málefni fatlaðra þá er það sýnd veiði en ekki gefin.

Þær greinar þessa frumvarps sem vega þyngst í krónum talið eru 15., 16. og 17. gr. en með þeim er gerð umtalsverð breyting á lögum um almannatryggingar. 18., 19. og 20. gr. fela líka í sér breytingar á þessum sömu lögum en þær eru annars eðlis. Það þarf reyndar engan að undra að ríkisstjórn, sem hefur það öðru fremur að markmiði að skera niður ríkisútgjöld, leiti fanga í almannatryggingum því til Tryggingastofnunar ríkisins runnu á síðasta ári um 26 milljarðar. Á fjárlögum þessa árs var áætlað að 43,1 milljarður rynni til heilbrigðis- og tryggingamála. Ég efast ekki um að þar má ýmislegt spara og þegar um svo háar fjárhæðir er að ræða skilar hvert prósent í sparnaði umtalsverðum fjármunum. En sparnaðaráformin þurfa að vera raunhæf og réttlát. Ýmislegt gerir það að verkum að ég dreg í efa að áform ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir góð og fögur orð hér í dag, uppfylli þetta tvennt.

Það hefur áður komið fram að þessi ríkisstjórn vinnur út frá þeirri meginhugmynd að með því að virkja hina svokölluðu „kostnaðarvitund almennings" megi ná fram umtalsverðum sparnaði á ýmsum sviðum, þar á meðal í heilbrigðiskerfinu. Kostnaðarvitundina á að virkja með því að auka hlutdeild sjúklinga í kostnaði við heilbrigðiskerfið. Mér er til efs að þetta skili í raun nokkrum sparnaði fyrir þjóðarbúið í heild þegar upp er staðið. Ég óttast að þetta muni öðru fremur hafa í för með sér tilflutning á kostnaði frá ríkinu yfir á barnafólk og aldraða. En þessir hópar eru fjölmennastir meðal þeirra sem þurfa mest á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda. Mín skoðun er sú að ríkisstjórnin hefði öðru fremur átt að gera átak í því að auka kostnaðarvitund heilbrigðisstéttanna, þ.e. þeirra sem ákvarða magn þeirrar þjónustu sem veitt er. Um þá kostnaðarvitund hef ég afskpalega fátt heyrt sagt hér í dag og ekki séð nokkurt orð um það í þessu frv. eða greinargerð með því.

Á undanförnum árum hefur það mjög komist í tísku að heimfæra lögmál markaðarins upp á heilbrigðiskerfið. Menn tala um mikilvægi samkeppni milli stofnana og rekstrarforma, um framboð og eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu, rétt eins og um hverja aðra vörutegund væri að ræða, og síðast en ekki síst er talað um að hækkuð verðlagning dragi úr eftirspurn. Þegar þannig er talað virðist alveg gleymast að í heilbrigðisþjónustu er ekkert jafnræði milli neytenda og veitenda. Það er veitandi þjónustunnar — eða seljandinn svo notuð séu hugtök markaðarins — sem stjórnar ferðinni. Ef ég fer í aðgerð til sérfræðings og hann segir mér að ég eigi að koma í tvær eftirskoðanir þá geri ég það án þess að reyna að leggja á það sjálfstætt mat hvort þær eru nauðsynlegar. Til þess skortir mig þekkingu. Ef læknir segir sjúklingi að tiltekið lyf sé honum algjörlega nauðsynlegt þá fer sjúklingurinn ekki að þvarga um það mál, jafnvel þó að lyfið sé honum dýrt. Ef hægt er að sannfæra einhvern sem líður illa um að hann þurfi á ákveðinni læknisþjónustu eða lyfjum að halda þá borgar sá hinn sami nánast hvað sem upp er sett til að öðlast betri líðan. Í ákveðnum tilvikum getur þó buddan verið svo harður húsbóndi að sjúklingur geri ekki það sem honum er uppálagt. Þá er alveg undir hælinn lagt hvort það kemur honum og heilbrigðiskerfinu í koll eða ekki.

Í bókinni Gróandi þjóðlíf, sem gefin var út af Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsrn., líklega árið 1984, er að finna mjög merkan kafla. (**Gripið fram í:** 1987.) 1987. Nú, jæja. Iðnrh. hefur væntanlega staðið að þessu, ég held að hann riti meira að segja formálann. Þar er að finna mjög merkan kafla

um heilbrigði og lífshætti. Honum ætti því að vera efnið vel kunnugt. Þar segir m.a. á bls. 146, með leyfi forseta:

„Ekki er talið að verðskyn sjúklinga breyti miklu um kostnaðinn (þ.e. í heilbrigðiskerfinu) og kemur þar einkum tvennt til. Það eru yfirleitt ákvarðanir lækna um rannsóknir og meðferð sem ráða kostnaði og sjúklingar verða að reiða sig á ráðgjöf eins þeirra eða fleiri."

Og svo koma athyglisverðar upplýsingar, herra forseti:

„Á seinustu 6–12 mánuðum í lífi hvers einstaklings er yfirleitt stofnað til meira en helmings af þeim kostnaði sem verður allt æviskeiðið. Ekki er talið að upplýsingar um kostnað til sjúklings breyti miklu um þetta. Upplýsingum um kostnað, sem beint er að læknum og hjúkrunarfræðingum, er hins vegar vænlegri aðferð. Mánaðarlegt yfirlit um kostnað, rakinn á deild eða lækni, getur haft sparnaðaráhrif, einkum ef öðrum stjórnunaraðferðum er beitt samhliða í sama tilgangi. Þar koma til aðgerðir eins og gerð fjárhagsáætlunar fyrir hverja deild eða einingu með eftirliti á rekstri svo ekki sé farið fram úr áætlun. Jafnframt þarf að fylgja að þær deildir sem reknar eru undir áætlun fái að ráðstafa mismun til endurbóta eða framkvæmda að eigin vali."

Í þessum kafla, sama kafla í bókinni, er á það bent að mikið vanti upp á að hægt sé að fylgjast með kostnaði við einstaka þætti í heilbrigðiskerfinu. Hvers kyns skráningu sé mjög ábótavant og m.a. sé ekki hægt að rekja kostnað á sjúkling, lækni eða deild á sjúkrahúsi nema að litlu leyti. Erfitt sé að mæla afköst í heilbrigðiskerfinu og bera saman hagkvæmni stofnana og rekstrarforma. Menn hafa ýmislegt fyrir satt í heilbrigðiskerfinu, sérstaklega þegar kemur að rekstrarformum, en lítill samanburður liggur fyrir. Upplýsingar af því tagi, sem ég hef hér rakið, eru mjög nauðsynlegar til að hægt sé að koma einhverjum böndum á kostnaðaraukninguna í heilbrigðiskerfinu, sem hlýtur að vera sameiginlegur vilji okkar allra.

Þessu til viðbótar má svo benda á að í íslenska heilbrigðiskerfinu er ákveðin sjálftaka. Mér segir svo hugur um að hún eigi sér kannski öðru fremur stað núna á þeim læknaskurðstofum úti í bæ sem rutt hafa sér til rúms á undanförnum árum. Þær þurfa ekki að lúta skömmtun á fjárlögum eins og sjúkrastofnanir heldur greiðir Tryggingastofnun ríkisins læknum fyrir verk. Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna sérfræðingslæknishjálpar, eins og það heitir, hækkaði um nærri 100% frá 1984, úr 440 millj. kr. í um 800 millj. kr. á árinu 1989. Það er almennt viðurkennt um allan heim að sú þjónusta sem kallast „Fee for Service" eða greiðsla „per ydelse", kalla þeir þetta víst, eykur útgjöld í heilbrigðiskerfinu. Þetta er einmitt þess háttar þjónusta. Þá má í þessu sambandi líka benda á það að á Íslandi virðast vera fleiri legudagar pr. sjúkling en t.d. í Danmörku og læknamönnun virðist vera talsvert meiri en í Danmörku. Á þessum sviðum mætti án efa ná fram sparnaði í heilbrigðiskerfinu.

Ein af ástæðunum fyrir því að útgjöld til heilbrigðismála hafa líka aukist verulega á Vesturlöndum, og þar á meðal hér á landi, er hærri meðalaldur þegnanna. Fólk lifir lengur en áður og hlutfall aldraðra af fólksfjölda eykst. Talið er að fólk yfir 75 ára aldri noti 8–10 sinnum meira heilbrigðisþjónustu en fólk á aldrinum 20–50 ára. Næst á eftir hinum öldruðu koma svo börnin. Kostnaður við heilbrigðisþjónustu vegna barna undir fimm ára aldri er tvisvar til þrisvar sinnum meiri en kostnaður vegna fólks á besta aldri. Einmitt þess vegna óttast ég að sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar komi verst niður á þessum hópum, ekki síst ef taka á upp hlutfallsgreiðslur eins og boðað er í þessu frv. Afstaða til hlutfallsgreiðslu fer þó auðvitað eftir því þaki sem sett verður á þær greiðslur.

Reyndar er þetta kannski ekki spurning um ótta því þessi staðreynd liggur náttúrlega í augum uppi, 1.300 millj. kr. sparnaður í tryggingakerfinu á meðal annars að nást með hlutfallsgjaldinu sem fyrr var nefnt, með því að taka 600 kr. fyrir hverja komu á heilsugæslustöð, með því að hækka sérfræðingsþjónustu um a.m.k. 600 kr. — og ég segi a.m.k. því gera má ráð fyrir að þar verði tekin upp hlutfallsgreiðsla — hækka göngudeildargjald, hætta greiðslum vegna tannréttinga nema um alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma sé að ræða — og ég ætla að víkja reyndar sérstaklega að því máli hér á eftir. Að vísu boðaði forsrh., eftir því sem ég gat best heyrt hérna í dag, 12.000 kr. þak á kostnað hverrar fjölskyldu en síðan heyrði ég reyndar í fjölmiðlum í kvöld að það væri um að ræða 36.000 kr. þak á hjón með börn. Þá skiptir auðvitað verulegu máli hvort verið er að tala um að fjölskyldan sem slík beri sameiginlega þetta 36.000 kr. þak eða hvort hver einstaklingur er tekinn þar fyrir sérstaklega, þ.e. karlinn hafi 12.000, konan 12.000 og börnin 12.000. Því að á þessu er auðvitað reginmunur, hvort litið er á hjón í þessu tilviki sem tvo einstaklinga eða hvort þetta er 36.000 kr. þak sem fjölskyldan sameiginlega á að bera. En væntanlega verður eitthvað upplýst um það hér á eftir.

En það er kannski tákn fyrir þá umræðu sem hér fer fram og þau vinnubrögð sem hér eru ástunduð að ég sá einmitt í sjónvarpsfréttunum í kvöld að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafði haldið blaðamannafund í dag með fjölmiðlafólki og kynnt þessa reglugerð. Við höfum ekki séð þessa reglugerð. Ég bað hæstv. ráðherra áðan um að láta mig hafa hana þegar ég kom hér kl. 9, og hann var ekki með hana í fórum sínum. Þannig að þó að fjölmiðlamenn séu með þetta þá höfum við ekki séð það — og erum þó í þessari umræðu hér í kvöld. Þetta verð ég að segja að eru vinnubrögð sem eru fyrir neðan allar hellur. Hér ættum við auðvitað að geta rætt þessi mál, við þurfum að taka ákvarðanir um þetta núna, við erum að ræða þetta núna og við eigum að hafa öll efnisatriði á borðinu.

Hæstv. viðskrh. sagði hér áðan að ríkisútgjöld til heilbrigðismála, lækkuðu um 3.000 kr. á einstakling. Þetta væri þá það sem einstaklingarnir þyrftu að bera til viðbótar. Ég er hrædd um að þessar 3.000 kr. komi ansi misjafnt niður, sumir beri ekki neitt, aðrir beri umtalsvert meira.

Í umsögn fjmrn. með þessu frv. kemur fram að það er ætlan stjórnvalda að lækka útgjöld vegna 39. gr. almannatryggingalaga um 30 millj. kr. Undir þessa 39. gr. falla ýmsar bætur, svo sem styrkir vegna tannréttinga, styrkir vegna hjálpartækja og bifreiða fyrir fatlaða, ferðastyrkir vegna sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis og styrkir vegna æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa. Því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ekki er í salnum en ég mun bíða meðan forseti athugar hvort hann getur ekki hlustað á mína fyrirspurn. Það er kannski rétt að segja að ég tel í rauninni algjörlega ófært að heilbr.- og trmrh. skuli ekki geta setið hér í salnum meðan ég held þessa ræðu þar sem ég gat þess í upphafi míns máls, herra forseti, að ég ætlaði fyrst og fremst að gera að umræðuefni þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á almannatryggingalöggjöfinni.

Þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gengur nú í salinn er kannski rétt að ég endurtaki það sem ég var rétt í þessu að segja. En fyrst vil ég auðvitað að það komi fram svo að það sé alveg skýrt að ég tel það mjög sérkennilegt af ráðherra að geta ekki setið í salnum undir minni ræðu þar sem ég gat þess í upphafi hennar að ég ætlaði öðru fremur að ræða fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og ekki aðra hluti. Það hefði kannski ekki verið goðgá að ráðherra hefði setið í salnum á meðan.

En ég var að tala um að í umsögn fjmrn. kæmi fram að það er ætlan stjórnvalda að lækka útgjöld vegna 39. gr. almannatryggingalaganna um 30 millj. kr. Undir þessa 39. gr. falla ýmsar bætur, svo sem styrkir vegna tannréttinga, en ekki er talið í plaggi fjmrn. að þessum niðurskurði, þ.e. þessum 30 millj. kr., verði náð á þeim lið heldur verði að taka af einhverju öðru. Ég taldi upp ýmislegt af því sem fellur undir 39. gr., svo sem styrki vegna hjálpartækja og bifreiða fyrir fatlaða, ferðastyrki vegna sjúklinga sem þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis og styrki vegna sjúkraþjálfunar. Því vil ég nú spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvar hann hafi í hyggju að skera helst niður á því sem fellur undir þessa 39. gr., hvaða liðir það eru sem þar koma helst til álita.

Og vegna þess að ég lagði hér fram fsp. í síðustu viku til ráðherra um iðjuþjálfun misþroska barna hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra vil ég spyrja hann hvort það sé með tilvísun til þessarar greinar sem þessi iðjuþjálfun hefur verið greidd hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og hvort búast megi við því að á þeim lið verði skorið niður til frambúðar.

En mest á að spara með breytingum á 43. gr. almannatryggingalaganna eða alls 900 millj. kr. Og í þessari grein, sem án efa vegur þyngst í sjúkratryggingunum, er kveðið á um greiðslu fyrir læknishjálp utan sjúkrahúsa og greiðslur vegna lyfja. Spara á 500 millj. kr. á læknishjálpinni og 400 millj. kr. á lyfjunum. Þessar tölur eru ekki nánar sundurgreindar þannig að erfitt er að átta sig á hversu mikið á að spara í heilsugæslunni með því að taka upp komugjald og hversu mikið í annarri læknisþjónustu.

Miðað við forsendur fjárlagafrv. átti að spara mest á heilsugæslunni en sem betur fer virðist ráðherra vera að heykjast á þeim stórtæku sparnaðaráformum sem þar birtust. Þannig er nú boðað að ekki verði tekið gjald fyrir mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit. Það er auðvitað góðra gjalda vert og ég fagna því að frá því skuli nú vera fallið en mín skoðun er sú að ekki eigi að taka neitt gjald fyrir heilsuverndarþátt heilsugæslustöðvanna, enda er það rósin í hnappagati heilbrigðiskerfisins. Fái hún að blómstra mun það skila miklum sparnaði í framtíðinni. Þegar upp er staðið er forvarnarstarf eina raunhæfa og varanlega leiðin til að bæta heilsufar og draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að leggja aukna áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi og hjúkrun í heilbrigðiskerfinu og hætta að einblína á lækningu með tilheyrandi ofurtrú á tækni. Það sparar ekki nema til skamms tíma. Þar með er ég ekki að segja að við eigum að hætta að lækna fólk en það má líka oflækna, eins og sagt er.

Eins og fyrr sagði er áætlað að draga úr lyfjakostnaði um 400 millj. kr. Allt frá því breytingarnar voru gerðar á lyfjareglugerðinni í sumar hafa mjög misvísandi tölur verið í gangi um þann sparnað sem af því hlaust og var m.a. komið inn á það hér af hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundi Bjarnasyni, fyrrv. heilbrrh.

Fyrstu tölur voru á þá leið að búast mætti við 500 millj. kr. sparnaði á hálfu ári vegna þessara reglugerðarbreytinga. Síðast á miðvikudaginn voru slíkar tölur á ferðinni í viðtali sjónvarpsins við starfsmann heilbrrn. Og það eru satt að segja mjög mótsagnakenndar upplýsingar sem þar koma fram. Með leyfi forseta langar mig aðeins til að vitna í þetta viðtal. Þar segir þessi starfsmaður:

„Nú sýnist okkur að það stefni í rúmar 500 millj. kr. sparnað á hálfu ári þannig að við erum að ná þessum árangri á helmingi styttri tíma heldur en við ætluðum okkur.“ Þetta sagði hann á miðvikudaginn. Síðan segir þulur:

„Á fjárlögum næsta árs ætlar ríkisvaldið að halda áfram á sömu braut. Þá er gert ráð fyrir enn þá meiri sparnaði og kostnaðurinn farinn niður í 1.900 millj. kr.“ Þá segir starfsmaður ráðuneytisins:

„Tryggingastofnunin er núna að greiða um 200 millj. á mánuði í lyf og ef við margföldum það með 12 þá fáum við 2,4 milljarða. Það hefur dregið verulega úr sparnaðinum á seinni mánuðum ársins þannig að það er augljóst að það þarf að koma til einhverra frekari aðgerða ef á að ná þessu markmiði.“ Og nú hlýtur maður auðvitað að spyrja hvaða aðgerðir það eru. Við gerð fjárlagafrv. reiknuðu menn svo með 800 millj. kr. sparnaði á ári. Þar voru sem sagt enn þá þessar tölur á ferðinni þó skammt sé síðan það var lagt fram. Þá reiknuðu menn með 800 millj. kr. sparnaði á ári vegna reglugerðarbreytingarinnar. Í fskj. fjmrn. með frv. er þessi tala komin niður í 400 millj. á ári og væri óneitanlega fróðlegt að fá einhverjar upplýsingar um það frá ráðherra í hverju þessar miklu tölulegu breytingar liggja. Liggja þær hugsanlega í stóraukinni útgáfu lyfjakorta? Ef ég man rétt voru 5.000 lyfjakort í umferð fyrir reglugerðarbreytinguna en síðan hafa bæst við um 14.000 korthafar.

Þá langar mig að spyrja ráðherra hvort einhverjar upplýsingar liggi fyrir um þann aukakostnað sem fallið hefur á Tryggingastofnun ríkisins vegna útgáfu lyfjakorta. Þá læðist óneitanlega að manni sá grunur að mikil fjölgun aldraðra, sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar frá Tryggingastofnun ríkisins, eigi rót sína að rekja til hærri lyfjakostnaðar. Í þessum hópi fjölgaði um 28% á þessu ári og útgjöld vegna sérstakrar heimilisuppbótar hækkuðu um 74,8 millj. kr.

Boðaðar eru umtalsverðar breytingar á 44. gr. almannatryggingalaga sem eiga að fela í sér 280 millj. kr. sparnað. Þar vega þyngst tannréttingar barna en á þeim lið einum saman á að spara um 150 millj. kr. Það á með öðrum orðum að hætta að greiða tannréttingar barna. Eina heimildin til greiðslu tannréttinga, sem stendur eftir í lögunum, er vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma, eins og kveðið er á um í 39. gr. Mjög skakkar tennur geta verið alvarlegt mál fyrir ungt fólk þó að þær hafi ekki alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlegt heilbrigði þess. Og þegar tannréttingar eru annars vegar er buddan harður húsbóndi. Það er ekki langt síðan að börn láglaunafólks urðu að láta sig hafa sínar skökku geiflur hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Oft og tíðum með alvarlegum afleiðingum á fullorðinsárum. Ég held að það sé alveg ljóst að fyrirhuguð breyting á 44. gr. almannatryggingalaga boði afturhvarf til þessa tíma.

Þar með vil ég að það komi líka fram að ég skil vel þann vanda sem við er að etja núna hjá Tryggingastofnun vegna samninga við tannréttingalækna en ég get ómögulega sætt mig við það að það séu börn sem eigi að blæða fyrir þann vanda. Til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég að það komi líka skýrt fram að ég er ekki þeirrar skoðunar, sem ég hef reyndar séð tannréttingalækna setja fram á prenti, að þörf sé á að rétta tanngarð nánast allra landsmanna. Að lagfæra þurfi sköpunarverkið, það sé svo illa úr garði gert hjá flest öllum.

En mörkin geta vissulega verið óljós og sú skilgreining sem nú á að leggja til grundvallar samkvæmt þessu frv. er vissulega mjög þröng og réttur einstaklinganna lítill. Segja má reyndar að ákvæðið um tannréttingar í 39. gr. sé eins og óútfylltur víxill sem Alþingi á að samþykkja og afhenda heilbr.- og trmrh. Þetta á reyndar við um flest annað sem lýtur að almannatryggingum í þessu frv. Þar er ráðherravaldið í algleymingi og væri ekki vanþörf á að ráðherra skýrði Alþingi frá þeim reglugerðardrögum sem verða til í hugskoti hans þessa dagana.

Að svo stöddu geri ég í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá breytingu sem verður á kostnaðarhlutdeild foreldra í almennum tannlækningum barna og unglinga, þ.e. að það verði 10% kostnaðarhlutdeild og þá fyrir alla aldurshópa. Ég hlýt hins vegar að gera athugasemdir við að með öllu skuli felld niður þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar 16 ára unglinga, sem hingað til hefur verið greidd að 50%, og bendi jafnframt á það ósamræmi sem mér finnst vera milli 1. og 3. tölul. 17. gr. þessa frv. Þar er í öðrum liðnum talað um 15 ára aldursmark og hinum 16 ára. Þá vil ég benda á að þau undantekningarákvæði sem voru í lögunum varðandi 17 og 18 ára unglinga eru með öllu felld brott. Vildi ég gjarnan heyra rök ráðherra fyrir þessu.

Það kom reyndar fram hjá forsrh. í upphafi þessarar umræðu í morgun að í útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins hefði tannlæknakostnaður hækkað mest á sl. 25 árum. Það kann vel að vera rétt og ástæða til að reyna kannski að spyrna við fótum. En þá er líka vert að hafa í huga að tannheilsa Íslendinga er allt önnur en hún var fyrir 25 árum. Öflug þjónusta við börn margborgar sig. Og við skulum athuga það að þó að útgjöldin hafi aukist svona mikið hjá ríkinu er ekki víst að þau hafi aukist að sama skapi hjá þjóðinni sem heild. Það voru bara foreldrar barnanna sem báru stóran hlut af þessum kostnaði sjálfir fyrir 25 árum, ef þeir báru hann ekki bara allan.

Upplýsingar sem heilbr.- og trmrh. kom með í sínu máli áðan voru líka mjög athyglisverðar en þar bar hann saman kostnaðinn við holufyllingar hjá skólatannlækningum Reykjavíkur og á einkastofum, vegna barna á grunnskólaldri, þ.e. kostnaðinn við þessar holufyllingar árið 1973 og svo nú árið 1989. Þetta var vissulega mjög athyglisvert. En það er fleira athyglisvert í línuritinu sem hæstv. heilbr.- og trmrh. studdist við og ég fékk hjá honum. Þar kemur nefnilega fram að árið 1985 voru framkvæmdar í Reykjavík á skólabörnum 20.000 holufyllingar. Árið 1989 eru þær orðnar 5.000. Þetta er auðvitað bylting í tannlækningum og í tannheilsu á þessum tíma. Og þetta skilar sér vissulega í sparnaði fyrir samfélagið síðar meir.

En það er fleira athyglisvert í þessu. Það varðar m.a. kostnaðinn við skólatannlækningar barna, annars vegar hjá skólatannlæknum og hins vegar á einkastofum hér í Reykjavík. Þar kemur í ljós að um helmingur af kostnaðinum er vegna einkastofa tannlækna en það eru aðeins 15% barna sem fara þangað. Þ.e. 85% barna eru í skipulögðum skólatannlækningum og þar liggur helmingur kostnaðarins. Ég get því fyllilega tekið undir að ástæða er til að beina öllum börnum til skólatannlækna ef unnt er og með því móti hægt að skera niður þennan kostnað. En mig langar og get eiginlega ekki á mér setið, fyrst verið er að tala um þetta, að þegar litið er á hversu óheyrilega dýr þessi einkaþjónusta úti í bæ er fyrir samfélagið þá vaknar auðvitað sú spurning hvort þetta sé einmitt dæmi um einkavæðinguna í heilbrigðiskerfinu. Hvernig hún kemur út þegar upp er staðið.

Mig langar að lokum að gera að umtalsefni 19. gr. frv. en þar sviku eyrun mig öðru sinni því að lestur forsrh., eins og ég sagði, var með þeim hætti að það fór fram hjá mér við hvað hann átti eða hvað hann taldi að þarna væri á ferðinni. Ég heyrði reyndar að hann talaði um að það mætti bjóða út einhverja stoðþjónustu samkvæmt þessari grein. En mig langar til þess að varpa aðeins nýju ljósi á þessa grein og vita hvort það á við einhver rök að styðjast, því að ef ég skil þjónustu rétt þá lít ég svo á að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins sjái um greiðslu bóta, greiðslu styrkja og greiðslu fyrir ýmiss konar þjón-

ustu. Hún rekur ekki sjálf stofnanir eða stofur og því hlýt ég að spyrja hvort með þessu ákvæði, eins og það er þarna orðað — að sjúkradeild Tryggingastofnunar ríkisins sé heimilt að leita útboða um þá þjónustu sem henni ber að veita — sé hugsanlega átt við að einstakir bótaflokkar verði boðnir út til tryggingafélaganna. Hvort þarna geti verið um það að ræða að taka upp samninga við tryggingafélögin um að bjóða ákveðna bótaflokka út til almennra tryggingafélaga. En ráðherra hristir höfuðið og ég vona að rétt sé. En þá vil ég jafnframt spyrja hvort það gæti rúmast innan þessa ramma eins og 19. gr. hljóðar.

Það sem ég hef líka við þessa grein að athuga er að hún er afskaplega opin. Það segir bara, með leyfi forseta: „Nú gerir sjúkratryggingadeild samninga um tiltekna þjónustu í framhaldi af útboði og er deildinni þá óheimilt að greiða öðrum aðilum vegna slíkrar þjónustu."

Ekki kemur fram þarna að sjúkratryggingadeild þurfi að bera þetta undir einn eða neinn. Ekki til staðfestingar tryggingaráðs eða ráðherra, hvað þá Alþingis. Þannig að mér finnst þetta, eins og fleira sem ég hef reyndar minnst á hér, eins og óútfylltur víxill sem Alþingi á að samþykkja og leggja upp í hendurnar á ráðherra.

Þá vil ég ekki láta hjá líða að minnast á það sem einhverjir aðrir hafa reyndar gert hér og það eru þær auknu byrðar sem verið er að færa á sveitarfélögin í þessu frv. Það er bæði vegna Byggingarsjóðs verkamanna vegna Fasteignamats ríkisins og vegna ábyrgðasjóðs launa, ef hann verður að veruleika. Þessar tilfærslur nema, eftir því sem mér sýnist, um 175 millj. kr. Ég hefði eins og fleiri gjarnan viljað heyra hvað sveitarfélögin hafa um þetta að segja, hver þeirra skoðun er á þessum tilflutningum.

Hæstv. forsrh. talaði í dag um að ríkisstjórnin hefði hafnað skattahækkunarleiðinni. Hún hefði ákveðið að fara leið sparnaðar. Um tvær leiðir hefði verið að velja og hún hefði valið sparnaðarleiðina. Mér finnst að það sé að mörgu leyti rangnefni að tala um sparnað. Í rauninni fer ríkisstjórnin þá leið að velta kostnaðinum yfir á neytendur. Hún skerðir lífskjör launafólks að mörgu leyti með því sem hér er lagt fram, einkum og sér í lagi barnafjölskyldna og aldraðra. Ríkisstjórnin ástundar sjónhverfingar með þessu frv. Þjóðin sparar lítið samkvæmt þessum hugmyndum en ríkið sparar. Og þá vaknar auðvitað sú spurning: Hvað er ríkið? Hvað er ríkið annað en við og hvað er ríkið annað en sú leið sem við höfum ákveðið að fara til þess að standa sameiginlega að þeim málum sem við teljum brýnust og teljum brýnast að hafa tekjujöfnun í?

Það má auðvitað segja að ríkisstjórnin sé ekki að auka almennar skattaálögur með þessum aðgerðum sem boðaðar eru í frv. En hún er að auka álögur á ákveðnum hópum í samfélaginu meðan aðrir sem betur eru settir hafa frítt spil. Við höfum ekki séð hérna frv. um skatt á fjármagnstekjur eða aðra slíka hluti. Þess sjást sem sagt engin dæmi að gera eigi heiðarlega tilraun, þó ekki sé nú annað, til að auka hlut hinna efnameiri í sameiginlegum kostnaði samfélagsins.

Ekki alls fyrir löngu eða þann 6. sept. var talað við Láru V. Júlíusdóttur lögfræðing ASÍ í Nýju helgarblaði Þjóðviljans og var m.a. talað við hana um velferðarkerfið. En eins og flestir vita er Lára bæði fyrrv. varaþm. Alþfl. og fyrrv. aðstoðarmaður hæstv. félmrh. Það er kannski ekki að undra að hún beri þessa „fyrrveranditita" því að Lára segir, með leyfi forseta:

„Velferðarkerfið er stöðugt í hættu vegna þess að þeir sem hafa meiri tekjur eru stöðugt að gera athugasemdir við að þeirra tekjur renni til þeirra sem minna mega sín. Málið snýst um það hversu áhrifamiklir hverju sinni þeir eru sem eru tekjuhærri og hversu vel þeim tekst að halda tekjunum hjá sér. Sjálfstfl. er sá flokkur í íslenskri pólitík sem gengur harðast fram í því að rýra velferðarkerfið og þegar hann er í ríkisstjórn má alveg búast við því að eitthvað sé látið fjúka."

Og það verður þá látið fjúka með tilstyrk Alþfl.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla í máli mínu ekki að fara vítt og breitt yfir það frv. sem er til umræðu heldur einskorða mig við þær greinar sem snúa að grunnskólanum og fjallað er um í 1. og 3. gr. frv. En satt að segja þá var það svo í ræðu hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir frv. að ég hygg að hann hafi haft færri orð um þessar greinar en um eyðingu minka og refa, svo ofarlega í huga voru honum grunnskólalögin, eða hitt þó heldur.

Á sl. vetri náðist samstaða í hv. Alþingi um ný grunnskólalög þar sem mjög mikilvægar breytingar voru gerðar á þeim lögum sem þá voru í gildi. Ég leyfi mér að halda því fram að þessi lagasetning, ef hún hefði fengið að vera í friði, hefði gjörbreytt umhverfi og uppeldisskilyrðum barna á Íslandi. Það er nefnilega ekki hægt að hafa börn sem einhverja afgangsstærð í þjóðfélaginu. Börn eiga erfiðara með að berjast fyrir sínum hagsmunum en aðrir hagsmunahópar og þess vegna þarf sérstaklega að gæta að sér þegar málefni barna eru annars vegar og þegar þau eru til umfjöllunar hér á hv. Alþingi.

Þau ákvæði í lögum um grunnskóla sem hæstv. ríkisstjórn ætlar nú að gera dauð og ómerk með þessu frv., verði það að lögum, eru m.a. málsverðir á skólatíma. Það skiptir kannski ekki máli hvort börn fá að borða eitthvað almennilegt á meðan þau dvelja í skóla? Ég spyr, en þetta eru skilaboðin frá hæstv. ríkisstjórn.

Varðandi lengingu kennslutíma nemenda í grunnskóla þá verða börnin áfram samkvæmt þessu frumvarpi í reiðileysi meira og minna eða einhvers staðar með lykilinn um hálsinn. Ekki síst vegna þess að ákvæði um skólaathvörf við hvern grunnskóla, sem var í lögunum, á nú líka að taka út. Þá er ekki síður alvarlegt að frestað er fækkun nemenda í bekkjum skv. 75. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Nemendur verða áfram upp í 22 í 1. og 2. bekk, þ.e. 6 og 7 ára börn, og 29 í 3.–10. bekk.

Hæstv. forseti. Í leikskólum, þar sem eru 5 ára börn, eru tvær fóstrur með 12–14 börn og þykir engum

ofrausn. En þegar börnin eru orðin 6 ára og stíga inn í grunnskólann, þar sem fræðsla hefst fyrir alvöru, skyldi maður ætla, á einn kennari að ráða við að uppfræða 22 börn. Þetta er mjög erfitt í framkvæmd, þori ég að fullyrða og veit reyndar af eigin raun. Ef hæstv. ráðherrar hafa ekki skilning á þessu og þekkja ekki til ráðlegg ég þeim — og held ég að þeir hefðu bara gott af því — að líta inn í skóla þar sem svona háttar til.

Mig langar í sambandi við þetta að nefna eitt atriði, sem ég var mjög óánægð með í þeim lögum sem samþykkt voru á sl. vetri, en náði ekki fram breytingum á, enda fór frumvarpið nokkuð hratt í gegnum efri deild þingsins sem ég átti þá sæti í. Það snertir samkennslu í bekkjardeildum og er fjallað um í 76. gr. laganna. Í fámennum skólum, eins og hv. þm. eflaust vita, er kennt saman árgöngum, fleiri en einum. Í 76. gr. er fjallað um þessi mál. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í fámennum skólum, þar sem aldursflokkar í 1.–8. bekk eru saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir,
b. 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir,
c. 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír,
d. 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild gegn aukinni kennslu með fjölgun tíma.

Í 9. og 10. bekk skal miðað við að deildir séu eigi færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntmrn."

Sem sagt þegar tveir aldursflokkar eru saman í bekkjardeild geta verið allt að 22 nemendur, það er einfaldlega of mikið, það er kannski út í hött að láta sér detta það í hug, hæstv. menntmrh. En mér væri það sárabót ef hægt væri að lagfæra þetta svolítið á móti hinu sem gengur aftur í hina áttina og er til að draga úr mikilvægum ákvæðum í þessu margumtalaða frumvarpi.

Þá er fellt niður ákvæði um einsetinn skóla sem er kominn í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við, leyfi ég mér að halda fram. Nú var það ekki svo að ákvæði um einsetinn skóla skyldi í ganga í gildi í einum hvelli heldur á næstu 10 árum. En hæstv. ríkisstjórn hefur ekki þótt ráð nema í tíma væri tekið að ná slíkum „óþarfa" út úr lögunum.

3. mgr. 3. gr. er lítið skýrð í greinargerð með frv. sem hér liggur fyrir þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir hvað ætlast er fyrir með þeirri málsgrein og væri fróðlegt ef hæstv. menntmrh. mundi greina örlítið nánar frá því.

Hæstv. forseti. Ég hef hér fjallað í nokkrum orðum um grunnskólalögin en mér finnst að þau snúist fyrst og fremst um réttindamál barna. Ég ætla ekki að bera á móti því að ný grunnskólalög kosta peninga bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Þetta er því eins og svo oft áður spurning um forgangsröð bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Grunur minn er sá, ekki síst með tilliti til þess að á ársgrundvelli átti ekki að sparast hærri fjárhæð en nemur 40 millj. kr. með þessum breytingum sem nú er lagt til að gerð verði á lögunum, að ein aðalástæða þess að hæstv. ríkisstjórn leggur til þessar breytingar nú sé bágur efnahagur eða öllu heldur erfið fjárhagsstaða höfuðborgarinnar þar sem það er ljóst að einmitt hér á höfuðborgarsvæðinu er mesta þörfin á nýju húsnæði fyrir grunnskólann, ekki síst vegna þess að hér verður fólksfjölgun mest, því miður, vil ég segja.

Það heyrðist nefnilega strax á sl. vori þegar ný lög höfðu verið samþykkt um grunnskóla á hv. Alþingi að páv. borgarstjóri í Reykjavík, núv. forsrh., þótti þetta ekkert sérstaklega góð lög. Enda hefur sá hæstv. ráðherra sýnt það í verki að hann hefur meiri áhuga á að byggja skrauthýsi ýmiss konar og standa í veitingarekstri en að sinna skólamálum og aðhlynningarmálum aldraðra, svo eitthvað sé nefnt. Þessar áherslur sínar hefur hann eflaust flutt með sér inn í þingflokk Sjálfstfl. og inn í hæstv. ríkisstjórn. Það er stór spurning í mínum huga hvers vegna Sjálfstfl. stóð að samþykkt grunnskólalaganna á sl. vetri. Var það e.t.v. nálægð kosninganna sem gerði það að verkum að hv. þm. treystu sér ekki til þess að standa gegn lögunum eða var ástæðan einhver önnur?

Ég ætla, hæstv. forseti, að lesa bréf sem var að berast okkur hv. þm. í dag og snertir þessar breytingar sem nú eru lagðar til á grunnskólalögunum. Bréfið er dagsett 5. des. og er frá Kennarafélagi Reykjavíkur og þar er ályktun sem samþykkt var á fundi stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur 2. nóv. 1991 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjölgunar leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkur. Þegar skólar tóku til starfa í haust hafði ekki tekist að ráða kennara í allar kennarastöður og því var ýmist gripið til þess ráðs að ráða leiðbeinendur eða senda nemendur heim. Á skólaárinu 1990–1991 voru 24 leiðbeinendur í grunnskólum Reykjavíkur en eru 52 á þessu skólaári. Það er því ljóst að kennaraskorturinn sem ríkt hefur á landsbyggðinni hefur teygt sig inn í skóla höfuðborgarinnar.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur skorar á yfirvöld að standa vörð um skólastarfið í landinu og bæta kjör kennara þannig að þeir komi til starfa í grunnskólum landsins.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur mótmælir því harðlega að í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 er gert ráð fyrir að fresta eða fella úr gildi ákvæði um málsverði í skólum, fjölgun vikulegra viðmiðunarstunda nemenda og fækkun nemenda í bekkjardeildum. Kennarar fögnuðu nýjum grunnskólalögum í vor, einmitt m.a. vegna þessara ákvæða því þar með var komið til móts við breyttar þarfir nútímaþjóðfélags.

Stjórnin mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem felast í því að samþykkja lög á einu þingi og ógilda á því næsta. Slík vinnubrögð eru ekki til að styrkja skólastarfið.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur heitir á alþingismenn að standa vörð um skólastarfið í landinu og tryggja að grunnskólar starfi í anda laga um grunnskóla frá 1991."

Hér lýkur tilvitnun í þetta bréf og get ég tekið undir hvert orð sem þar stendur.

Ég leyfi mér að lokum, hæstv. forseti, að bera fram þá spurningu: Er ástæða til þess að fórna svo mikilvægum ákvæðum sem varða börnin í þessu þjóðfélagi og raunar allar fjölskyldur í landinu fyrir svo lítið fjármagn sem 40 millj. eru á ársgrundvelli? Ég hef áhyggjur af vanræktum börnum þessa lands. Ég ætla ekki að fría foreldra af ábyrgð í sambandi við uppeldi, hún þarf vissulega að vera til staðar. En þjóðfélagið ber líka mikla ábyrgð og stjórnvöld hverju sinni. Börnin mega ekki sitja á hakanum, hvorki á heimilunum né hjá ríkisstjórn, þegar raðað er í forgangsröð.

Ég endurtek að þetta eru smápeningar, miðað við umsvif ríkissjóðs, sem hér er verið að spara. Það á að hlúa vel að grunnskólanum, það á að hlúa vel að grunninum og það er forvarnarstarf.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum í morgun heyrt boðskap ríkisstjórnarinnar af vörum forsrh. Hvort allir þingmenn hafa náð að nema þann boðskap í hraðlestrarflutningi hæstv. forsrh. dreg ég reyndar mjög í efa, eins og hefur víst komið fram áður. En að sjálfsögðu reynum við stjórnarandstöðuþingmenn að hlusta vel enda öll af vilja gerð til að greiða fyrir störfum þingsins.

En, virðulegi forseti, það frumvarp, sem hér er til umræðu, er loksins fætt eftir miklar fæðingarhríðir í ríkisstjórnarflokkunum. Hér höfum við setið við þingstörf í níu vikur og fjallað hefur verið um allnokkur frumvörp frá stjórninni sem vel hefðu mátt bíða, þjóðinni að skaðlausu. Þar get ég nefnt frumvarp eins og um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem ekki á að taka gildi fyrr en í september á næsta ári, ef af verður, frumvarp um kirkjugarða, um tengingu við ECU, um Framkvæmdasjóð Íslands og fleiri mætti nefna.

En þau frumvörp sem í dag skipta hina íslensku þjóð mestu máli, þ.e. um efnhagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, þau hafa beðið. Þau hafa ekki komið fram í þinginu. Á meðan hefur stjórnarandstaðan setið undir því ámæli að hún stöðvaði vinnuna í þinginu með málþófi og mál fengju ekki eðlilegan framgang í gegnum þingið. Ég mótmæli því sem tilhæfulausum áróðri. Það eru fyrst og fremst þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa séð til þess að mál fengju hér eðlilega afgreiðslu. Það getur ekki verið okkur að kenna að stjórnarliðið hefur ekki haft dug í sér til þess að ganga frá þeim frumvörpum sem fyrst og fremst þurftu að fá málsmeðferð í þinginu.

Það er auðvitað merki um léleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að þetta frumvarp skuli fyrst koma fram nú, þegar ekki á að vera nema ein vika eftir í jólafrí samkvæmt starfsáætlun þingsins. Sama má segja um fjárlagafrumvarpið sem nú er til umfjöllunar í fjárln. Stjórnarandstaðan hefur þar ítrekað beðið um upplýsingar svo vinnan geti haldið áfram og hægt sé að koma frumvarpinu nokkurn veginn fullsköpuðu til 2. umr. En ríkisstjórnin liggur á sínum tillögum eins og ormur á gulli þó að sennilega sé nú ekki mikið gull að finna í þeim tillögum þegar þær svo loks koma fram í dagsljósið.

Mér finnst að á þessu verðum við að vekja athygli. Á sama tíma og við erum ásökuð um það í fjölmiðlum að þingið sé ekki starfhæft, sem ekki hefur við nein rök að styðjast ef skoðuð eru þau mál sem komin eru fram, kemur ríkisstjórnin ekki með þau frumvörp sem henni er ætlað að leggja fram fyrr en svo langt er liðið á þinghald að keyra verður málin í gegn án þess að um þau sé hægt að fjalla á eðlilegum tíma. Ég ætla mér ekki mögulegt að ræða það eins og vert væri hér í kvöld, aðeins að benda á nokkur atriði, enda býst ég við að nú eigi að keyra þinghald áfram í dag og á morgun til þess að koma frumvarpinu til 2. umr.

Virðulegi forseti. Ég ætla að drepa á nokkur atriði sem mér finnst að þurfi að koma fram. Það getur vel verið að aðrir séu búnir að benda á þau á undan mér en það sýnir þá bara hve mikilsverð þau eru.

Það er raunar eins og rauður þráður í gegnum frv. að verið er að breyta lögum sem hafa víðtæk áhrif á líf fólks og aðstæður allar. Þar getum við tekið t.d. 1. gr. frv. þar sem verið er að draga til baka öll þau nýmæli sem Alþingi samþykkti á sl. vetri í nýjum grunnskólalögum. Hætta á við að bjóða upp á skólamáltíðir og vikulegum viðmiðunarstundum í grunnskóla verður ekki fjölgað. Ekki á að koma til þeirrar fækkunar í bekkjum sem áætlað var. Hér eftir sem hingað til er hægt að hafa allt að 29 nemendum í hverri bekkjardeild. Það sér hver maður að það að ætla einum kennara að sinna öllum þeim hóp svo viðunandi sé er óframkvæmanlegt. Til mikilla bóta hefði verið fyrir allt skólastarf að taka raunhæft á því máli og koma lögunum í framkvæmd.

Þá er 6. mgr. 46. gr. grunnskólalaganna felld út þar sem kveðið er á um skólaathvörf. Ekki verður þó séð að það ákvæði hefði þurft að taka stóran hluta af tekjum ríkissjóðs, þar sem í lögunum var heimilt að taka gjald fyrir hvern nemanda, og því meira undir framkvæmdinni komið og þar með undir stjórnendum skóla hvernig tækist til.

Í 2. gr. þessa frv. er einungis verið að kveða skýrar á um byggingarkostnað vegna heilsugæslu og tannlæknaþjónustu í grunnskólum og að kostnaður við slíkt húsnæði sé alfarið tilheyrandi stofnkostnaði skóla, sem nú er að öllu leyti mál sveitarfélaganna. En ég bendi á að það er ekkert sjálfgefið þar sem hér væri um húsnæði vegna heilsugæslu skólabarna að ræða og því mjög athugandi hvort það félli ekki frekar undir lög um heilsugæslu en undir grunnskólalögin.

Alls er áætlað að breytingar á grunnskólalögunum spari einar litlar 40 milljónir á næsta ári. Þarna er ekki um stóra fjárhæð að ræða en breytingarnar stöðva allar þær framfarir sem fyrirhugaðar voru með þessum nýju grunnskólalögum.

Þá er í þessu frumvarpi ýmislegt sem kemur niður á bændum og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu

ríkisstjórnarinnar að draga saman hina dreifðu byggð um landið og neyða fólk til flutnings. Bændum kemur það ekki á óvart að fá á sig meiri skerðingu í ýmsum málaflokkum. Íslenskur landbúnaður hefur átt undir högg að sækja hin síðari ár. Veist hefur verið að honum úr öllum áttum og sérstaklega hefur þeim sem stunda sauðfjárrækt verið legið á hálsi fyrir offramleiðslu og ofbeit og eyðingu lands — og of hátt verð á landbúnaðarafurðum.

Í þessu frumvarpi er höggvið í jarðræktarlögin þar sem ríkið ætlar nú að ákveða hve mikið það greiðir bændum fyrir ræktunarframkvæmdir. Þar er verið að hefta einstaklingsframtakið sem ríkisstjórninni er þó svo mikið í mun að styðja. Sjálfsbjargarviðleitnin er lítils metin og það framtak að rækta land sitt til góða fyrir komandi kynslóðir er skert með þessu frv. ef að lögum verður.

Fyrirhugað er líka að takmarka greiðslur fyrir eyðingu refa og minka þó að þess sé ekki getið í frv. Verði það gert er þar líka um skerðingu að ræða fyrir marga bændur sem hafa sumir hverjir haft af því nokkrar aukatekjur.

Greiðsla fyrir afleysingaþjónustu í sveitum er afnumin og einnig framlag ríkisins til mats á búvörum. Báðir þessir liðir eru settir á núll. Þá er Framleiðnisjóður landbúnaðarins skertur um rúmlega helming, eða úr 700 millj. í 340 millj., sem gerir það að verkum að hann hefur nánast ekkert svigrúm til að sinna nýjum verkefnum á næsta ári, og er honum þó ætlað að styðja búháttabreytingar. Þær eru einmitt boðaðar í framhaldi af þeim niðurskurði sem í gangi er í hefðbundnum búgreinum.

Þá er ekkert framlag í Bjargráðasjóð á árinu og er þar um 65 millj. að ræða samkvæmt mati fjmrn. Allt eru þetta árásir á bændur. Skerðingarupphæðin, sem hér um ræðir samkvæmt áliti fjmrn., er u.þ.b. 530 millj. kr., sem fyrst og fremst kemur niður á bændum en hefur auðvitað keðjuverkandi áhrif á allt atvinnulíf í landinu.

5. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir auknum álögum á sjávarútveginn. Ákvæði um veiðieftirlit eru í lögum og þar er hið opinbera að framkvæma eftirlit með því að menn fari að lögum við veiðar á Íslandsmiðum. Með þessu ákvæði er verið að skylda þá sem verða að sæta þessu eftirliti, nauðugir viljugir, að borga fyrir það. Ríkið hefur komið á þessu eftirliti og ætti því að standa straum af kostnaði við það eins og af hverri annarri löggæslu. Þætti okkur það ekki einkennilegt ef við ættum að greiða sérstakt gjald fyrir þá löggæslu sem innt er af hendi í borgum og bæjum?

Þá skil ég ekki, frekar en margir aðrir sem hafa talað á undan mér, hvers vegna 6. gr., um breytingu á lögum um kosningar, er meðal þessara tillagna um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég get ekki séð að það spari nein útgjöld á næsta ári, nema ríkisstjórnin sé ákveðin í að efna til kosninga í kjölfar fylgistaps sem hún verður fyrir samkvæmt öllum skoðanakönnunum. Það er e.t.v. raunsætt að gera ráð fyrir því. Í sambandi við breytingu, sem fyrirhuguð er, hef ég þó vissar efasemdir um að nægilegt sé að auglýsa eingöngu nöfn frambjóðenda í Lögbirtingablaðinu nema um leið sé tryggt að það sé borið á hvert heimili í landinu. Hins vegar held ég að þær auglýsingar sem birst hafa í útvarpi um framboðslista fari oft fyrir ofan garð og neðan hjá hlustendum. En auglýsingar þessar hafa jafnframt verið einn af tekjustofnum þeirra sem gefa út blöð sem lið í kosningabaráttu sinni, sérstaklega á landsbyggðinni. Því er með þessu verið að þrengja verulega að nýjum framboðum sem ekki njóta neinna ríkisstyrkja og tel ég þar vera um að ræða aðför að lýðræði í landinu.

Þá er margt að athuga við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í sambandi við ríkisábyrgð á laun. Þar er um gjörbreytingu að ræða og aðför að launafólki í landinu. Reyndar furða ég mig ekki á því að ríkisstjórnin skuli reyna að koma sér hjá því að standa ábyrg fyrir þeirri stefnu sem leiða mun til vaxandi gjaldþrota í landinu á næsta ári. Þá er margt mjög óljóst í þessari grein. Ég vil spyrja t.d.: Hvar á þessi sjóður að vera? Hvernig á að stjórna honum? Hvað ef þau framlög sem í hann renna duga ekki til greiðslu á lögbundnum framlögum til þeirra sem eiga að njóta? Þá er verið að bæta auknum álögum á sveitarfélögin án þess að þau fái til þess aukinn tekjustofn. Einnig verða réttindi launþega þrengd verulega, m.a. hvað varðar lífeyrissjóðsiðgjöld af launum sem lenda í gjaldþrotum. Ekki líst VSÍ eða ASÍ á þetta mál því að þau samtök hafa neitað að ræða málið á þessum forsendum, enda ekki von til þess.

Þetta er raunar ekki eina greinin sem gerir ráð fyrir auknum álögum á sveitarfélögin. Þar er einnig gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði félagslegra íbúða. Þetta gæti dregið úr áhuga sveitarfélaga á að byggja félagslegar íbúðir, jafnvel þó að mikil þörf sé fyrir þær. Sama er uppi á teningnum við breytingu á lögum um Fasteignamat ríkisins. Þar er verið að setja hærri gjöld á einstaklinga og sveitarfélög sem njóta þjónustu Fasteignamatsins, eða eins og segir í skýringunum með frv.: „... er þá fyrst og fremst um að ræða sveitarfélög.“ Á næsta ári munu þá sveitarfélögin greiða 61,6 millj. samanborið við 26 millj. í tekjuáætlun fyrir árið 1991.

Mér finnst það þurfa sérstakrar skoðunar við hvernig í þessu frv. er verið að bæta álögum á sveitarfélögin, rétt eins og þau standi betur að vígi en ríkissjóður. Ég vænti þess að þegar frv. verður til umfjöllunar í nefnd eða nefndum verði það skoðað sérstaklega. Ég hef hvergi séð að fyrirhugaðir séu tekjustofnar til að mæta þar auknum álögum.

II. kafli frv. er líka nokkuð umhugsunarverður. Hver einasta grein byrjar með orðunum: Þrátt fyrir ákvæði þessara tilteknu laga skal framlag ríkisins ekki vera hærra en o.s.frv.

Það er árviss viðburður að slíkt fylgi með frv. til fjárlaga þó að hér sé um mjög margar greinar að ræða að þessu sinni. Þarna er um skerðingu á lögboðnum framlögum að ræða sem eiga sér mörg markaða tekjustofna. Þá er nærtækt að spyrja: Til hvers að vera að setja markaða tekjustofna fyrir einhver tiltekin málefni? Það endar alltaf með því að ekki er farið að lög-

um heldur settar fram breytingartillögur í þessum dúr að „þrátt fyrir ákvæði" o.s.frv.

Nú getur vel verið að einhver af þessum lögum þjóni ekki lengur þeim tilgangi sem þau áttu að gera. En hvers vegna þá ekki að breyta þeim til lengri tíma en eins árs eða fella þau niður ef þau hafa misst gildi sitt? Eða kalla breyttir tímar ekki á breytingu á þeim? Í allri þessari súpu eru þó mjög margir liðir þar sem ekki ætti að skera niður lögboðin framlög. Þar get ég nefnt sem dæmi Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Þar er um lögbundinn tekjustofn að ræða og í máli þingmanna undanfarnar vikur hefur komið fram, og eins þegar fulltrúar Ríkisútvarpsins komu á fund fjárln., að menn eru mjög einhuga um að það þurfi að styrkja þennan sjóð. Því skýtur skökku við að ríkisstjórnin skuli nú skerða hann um 180 millj.

Þá er kirkjugarðsgjaldið, sem skert er um 79 millj. samkvæmt tillögunum, líka kapítuli út af fyrir sig vegna þess að það var sett inn í staðgreiðsluna á sínum tíma þegar hún var tekin upp og átti að vera til hagræðingar í innheimtu en ekki með það að markmiði að ná þar einhverjum aukatekjum fyrir ríkissjóð.

Þá er einnig hægt að nefna Húsafriðunarsjóð en framlög til hans eru skert um 24,5 millj. þó að vitað sé að úti um allt land er fullt af húsum og gömlum byggingum sem mikil nauðsyn er að styðja við og gæti það líka verið atvinnuskapandi úti í dreifbýlinu.

Þannig væri hægt að telja upp fleiri greinar en e.t.v. er búið hér á undan að fara yfir þær sumar hverjar. Samkvæmt lögum um Kirkjubyggingarsjóð skal framlag ríkisins ekki vera hærri fjárhæð heldur en 1 millj. kr. og skerðast um 6 millj. kr. Í 39. gr. eru ákvæði um að framlag ríkisins til varasjóðs slysatrygginga falli niður. Það er um 30 millj. sem þar er skert.

Þá vil ég einnig nefna Ferðamálasjóð en þar er skerðingin 116 millj. kr. Skyldi maður þó ætla að ekki veiti af að huga að nýjum atvinnugreinum í landinu og mikið hefur verið horft til ferðaþjónustu í því sambandi. Þarna er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er einna lægstur.

Yfirleitt er óhætt að segja að þessi bandormur ríkisstjórnarinnar sé í ætt við þá bandorma í mönnum og skepnum sem læknavísindin og vísindamenn hafa lagt mikla áherslu á að eyða til frambúðar. Þingmenn ættu að taka sér læknavísindin til fyrirmyndar í því og eyða þessum svokallaða bandormi. Hann verður hvorki launþegum né atvinnurekstri í landinu til gæfu. Hann mun þvert á móti veikja þjóðarlíkamann eins og aðrir bandormar sýkja þá vefi sem þeir setjast að í.

Frv. þetta þarfnast mjög mikillar skoðunar. Og verði því vísað nú til efh.- og viðskn. vænti ég þess að nefndin sendi það til umsagnar til annarra þingnefnda sem fjalli um afmarkaðar greinar þess. Það er vítavert að það skuli ekki hafa verið lagt fram fyrr, svo umfangsmikið sem það er. Það snertir alla landsmenn meira og minna enda virðist fyrst og fremst vera höggvið í sama knérunn eins og ætíð fyrr, þ.e. í vasa þeirra sem síst geta borið hönd fyrir höfuð sér. Þær breytingar sem á að gera á almannatryggingum og tannlækningum koma verulega niður á barnafólki. Sú skerðing sem ætluð er á ríkisábyrgð á laun kemur niður á launþegum. Skerðingin sem boðuð er kemur harkalega niður á bændastéttinni og eykur kostnað sveitarfélaganna í landinu á ýmsan hátt eins og ég hef rakið hér á undan. Auk þess finnst mér að þetta frv. komi allt of seint inn í þingið og með því hefði þurft að fylgja miklu ítarlegri greinargerð og tillögur ríkisstjórnarinnar um það hvað hún ætlar að gera á næstu dögum.

Ég vona svo sannarlega að menn hugsi sig vel um hvort ekki megi ná fram hagræðingu eða sparnaði í rekstri ríkisins á annan hátt en með þessu frv.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það var svo með mig eins og fleiri þingmenn að ég beið eftir þessari umræðu með nokkurri eftirvæntingu enda var búið að byggja slíkt upp af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í gær komu fréttir um það að ríkisstjórnin hefði setið á sérlega mikilvægum fundi, í gærkvöldi, og að slík fundahöld mundu halda áfram í morgun og hér væri að vænta mikilla yfirlýsinga við þessa umræðu um stefnuna í ríkisfjármálum og væntanlegar efnahagsaðgerðir. Á því er svo sannarlega ekki vanþörf miðað við það ástand sem nú er í þjóðfélaginu og erfiðleika í atvinnulífinu víða um land.

Ég beið því ásamt öðrum hér með mikilli eftirvæntingu eftir því hvað forsrh. hefði til málanna að leggja í morgun. Það var satt að segja svo að þegar ég hafði hlýtt á hans ræðu varð ég hissa, fyrst og fremst hissa. Ég held að það sýni hvað stjórnarandstaðan er fús til samkomulags um þingmálin, miðað við aðstæður, að hún skyldi taka þetta mál til efnislegrar og ítarlegrar umræðu í dag. Réttast hefði verið að neita að ræða þetta frv., það hefðu verið réttu viðbrögðin. Mér hefði verið skapi næst að gera það vegna þess að hér er aðeins um toppinn á ísjakanum að ræða og við vitum ekkert hvað er undir yfirborðinu.

Hér koma þær dæmalausu yfirlýsingar varðandi ríkisfjármálin að kynna eigi efnahagsaðgerðir og niðurskurð í ríkisfjármálum við 2. umr. fjárlaga þegar mikill hluti fjárlaganna á að vera afgreiddur og frágenginn. Það sem er enn þá furðulegra og enn þá dæmalausara, að kynna efnahagsaðgerðir við 3. umr. fjárlaga, takið eftir — við 3. umr. fjárlaga — þegar verið er að ganga frá og taka fjárlögin til endanlegrar umræðu og störfin í fjárln. eiga að vera búin og málin komin til endanlegrar afgreiðslu í hv. Alþingi, þá — takið eftir — þá á að kynna efnahagsaðgerðir.

Ég held að svona vinnubrögð séu alveg einsdæmi hér í hv. Alþingi. Þau hafa ekki verið svona síðan ég kom hingað. Ég er nú ekki í hópi reyndustu þingmanna hér, þó að ég hafi verið inni á þingi hálft annað kjörtímabil eða svo, en ég er viss um að það má leita langt aftur í tímann og svona vinnubrögð eru nánast einsdæmi.

Ég hef setið samviskusamlega fundi í fjárln. í haust, síðan í september. Því miður finnst mér að okkur hafi orðið lítið úr verki. Og ég vil ekki sakast við meiri hluta fjárln. um það. Þeir hafa ákaflega lítið haft í

höndunum um hvað fram undan er og þeir hafa það enn. Sannleikurinn er sá að ég sé ekki hvernig í ósköpunum 2. umr. fjárlaga á að fara fram á þriðjudaginn. Það verður eitthvað í skötulíki, en það var uppáhaldsorðalag fyrrv. samþingmanns míns á Austurlandi, og þann mann kannast sjálfstæðismenn við. Hann talaði oft um að hitt og þetta væri í skötulíki og svo sannarlega eru þessi ríkisfjármál í skötulíki það sem af er.

En hæstv. forsrh. fór víða í sinni ræðu, þó að ekki væru mikil tíðindi af efnahagsaðgerðum sem þar voru flutt, en hann kom víða við. Hann tók inngangskafla um horfurnar í efnahagslífinu á ágætu hagfræðimáli en svo kom millikafli. Þar var þessi gamla spóla, sem er svo oft leikin, um afglöp framsóknaráratugarins, afglöp Framsfl., eins og þau eru kölluð. Það er einkennileg árátta hjá hæstv. forsrh. og skoðanabræðrum hans að flengja sjálfan sig með því að segja að Framsfl. hafi ráðið öllu á þessum áratug. Sannleikurinn er sá að Sjálfstfl., annaðhvort allur eða einhver hluti hans, hefur átt aðild að ríkisstjórn nær allan áratuginn. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Þetta er ekki vitleysa, hæstv. menntmrh., og skil ég ekkert í svo mætum manni sem þú ert að fara að þræta um þetta. Þetta get ég farið betur í. En það er óþarfi, þetta er staðreynd.

Mönnum leiðist ekki að flengja sjálfa sig með þessu, enda er búksláttur mjög í tísku um þessar mundir og vinsæll í ríkisstjórninni. Maður má sannarlega eiga von á meiri búkslætti næstu daga.

Það sem er kannski alvarlegast í þessu öllu saman — ég get nú ekki stillt mig um að koma aðeins að því, þó að ég viti að hv. 5. þm. Suðurl. muni koma betur að því á eftir — er þetta tal um sölu ríkisfyrirtækja og einkavæðingu. Ekki það að ég sé algjörlega á móti slíku í öllum tilfellum. Hins vegar skil ég ekki þetta snakk um sölu Búnaðarbanka Íslands. Það er ómögulegt að skilja það. Menn tala út og suður í þessu efni.

Hæstv. fjmrh. talar um að bjóða eigi landsmönnum Búnaðarbankann á hálfvirði. Hæstv. viðskrh. sagði áðan í þessari umræðu að hann sé ekki sammála þessu. Hann vilji selja bankann á fullu verði. Og hv. 17. þm. Reykv. talar um að selja eigi bankann sparisjóðunum í landinu svo það fari ekki eins fyrir honum og þegar Útvegsbankinn var seldur. Hann var seldur fjölskyldunum fjórtán fyrir slikk, eftir því sem hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., upplýsir. Þetta er sérlega hættulegt tal að því leyti til að þetta er stórhættulegt fyrir þessa bankastofnun sem er traust og vel rekin og hefur traust sinna viðskiptavina. Óvissa í rekstri slíkra stofnana og óvissa um eignaraðild hefur í för með sér stórhættu fyrir bankann. Eftir því sem svona tal gengur lengur því meiri hætta er á því að þessi lánastofnun bíði stórskaða af. Reynsla er fyrir því að óvissa um framtíð bankanna stórskaðar þá sem stofnanir. E.t.v. eru engin fyrirtæki eða stofnanir eins viðkvæm fyrir þessu og einmitt bankastarfsemi.

Spyrja má: Hverjir eiga að kaupa öll þessi ríkisfyrirtæki? Hverjir eiga að leggja fram alla þessa peninga, sem eftir upplýsingum hæstv. viðskrh. áðan, á að leggja í góða hluti? Hverjir eiga að leggja þá fram? Er það fólkið sem er verið að hækka á gjöldin með þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum? Er það fólkið sem á að kaupa þessa banka? Er það fólkið sem á að minnka kaupmáttinn hjá — samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar á kaupmáttur að minnka — sem á að kaupa bankana? Eða er það kannski fólkið sem á að segja upp hjá ríkinu á næsta ári, 600 manns, er það það sem á að kaupa þessa banka?

Nei, ég held ekki. Það er ekki fólkið sem kaupir bankana. Ég er því miður hræddur um að það sé hörgull á peningum við núverandi aðstæður til að selja þessi ríkisfyrirtæki á sannvirði. Vel getur verið að hægt sé að selja þau á hálfvirði eða gefa þau einhverjum. En að selja þau á fullu verði, eins og ríkisstjórnin ætlar — maður trúir því a.m.k. að hún vilji gera það — ég er hræddur um að það gangi ekki. Í fjárlagafrv. er einn milljarður sem á að nást inn með sölu þessara fyrirtækja. Hverjir eiga að leggja það fjármagn fram? Ég er hræddur um að það gangi ekki vel að finna það.

Hæstv. iðnrh. hélt ræðu áðan. Ég er nú orðvar maður og ég ætla ekki að líkja hæstv. iðnrh. við kött, eins og hv. 5. þm. Suðurl. gerði, jafnvel þó að hann sé vel agaður. Hins vegar verð ég að segja að það kom nú ekki margt nýtt fram í þessari ræðu. Við höfum áður heyrt talað hér um þróunarstarfsemi. Og við höfum áður heyrt um breytingu á skipulagi lífeyrissjóða. Við höfum heyrt um erlenda banka og við höfum heyrt áður talað um aðgerðir til þess að styrkja verslunarþjónustu í landinu. Ekkert af þessu er til mikillar hugguunar þeim fyrirtækjum sem nú berjast í bökkum vegna aflabrests og áfalla sem verða ætíð í þjóðfélagi eins og okkar. Almennt tal um að móta hið almenna umhverfi höfum við heyrt áður líka. Hvernig skyldi raunveruleikinn vera? Hvernig skyldi vera staðið að þessum málum í fjárlagafrv. og þessu frv. sem við erum að ræða hér, um ráðstafanir í ríkisfjármálum? Hvernig skyldi vera staðið að þróun?

Það er stór atvinnuvegur í landinu, sem hefur mátt fara í gegnum gífurlegt breytingaskeið á undanförnum árum, það er landbúnaðurinn. Fyrrv. ríkisstjórn var að reyna að berja í brestina og leggja fram fjármagn til að þróunarstarf gæti farið fram og hægt væri að fara í nýjar atvinnugreinar í sveitum. Það var sjóður sem hét Framleiðnisjóður landbúnaðarins sem átti að stuðla að slíku. Maður skyldi halda að núv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh., af því að hann talar svo mikið um þróunarstarfsemi og að efla hana, sæi til þess að sá sjóður væri efldur eða hann fengi að halda sínu. Nei takk, hann er skorinn niður um á fjórða hundrað milljónir. Það er veruleikinn sem blasir við. Svo geta hæstv. ráðherrar haldið hér ræður, mjög fallegar og vel samdar, um þróun og þróunarstarfsemi.

Við höfum líka heyrt talað um ferðamál, hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar. Ég er ekki saklaus af því að tala um ferðamál. Hæstv. iðnrh. talaði hér um ferðamál áðan, efla þyrfti ferðaþjónustu í landinu. Jú, gott og vel. En hver er raunveruleikinn? Hvernig er ferðaþjónusta efld í þessu frv.? Það eru skerðingarákvæði í því, um að skera niður fé til ferðaþjónustu. Ég viðurkenni það fúslega að fyrrv. ríkisstjórn er ekki saklaus

í þeim efnum. Það var eitt af því sem ég hef ekki skilið. Ég beygði mig undir skerðingarákvæði í þeirri ríkisstjórn, ég hef aldrei verið sammála því. En ég hef beygt mig undir það.

En það er ekki ætlunin að breyta neitt til, þó að enn sé talað um að efla ferðaþjónustu. Það hefur t.d. ekkert þokað í því úti í fjárln. og allt verið í vindinum með hvernig á að fara með mál ferðmálasamtaka landshlutanna. Gífurlegur áhugi er í öllum landshlutum á að efla þessa ferðaþjónustu. Fólk er að reyna að skapa sér grundvöll til þess að koma upp leiðbeiningarstarfsemi heima fyrir og ráða sérhæft fólk til þess að vinna við leiðbeiningarstarfsemi ferðaþjónsutu. Það hefur ekki hlotið nokkra náð fyrir augum stjórnvalda. Og fyrrv. ríkisstjórn er ekki saklaus í því efni. En núv. ríkisstjórn ætlar ekkert að breyta til. Enn þá á bara að tala um þessi mál en ekki gera neitt.

Ég sagði áðan að við ætluðum að vera svo samstarfsliprir í stjórnarandstöðunni að taka þetta frv. sem við ræðum nú til efnislegrar umræðu þó að svo sannarlega væri engin ástæða til þess, miðað við þær framsöguræður sem voru fluttar. Ég ætla að minnast á þá kafla í frv. sem fjalla um húsnæðismál. Koma aðeins að þeim þó að sú yfirferð verði kannski ekki eins ítarleg og skyldi. Það gefst áreiðanlega tækifæri til að ræða þau mál nánar síðar.

Um aðgerðir í húsnæðismálum er fjallað í 12., 13. og 14. gr. frv. Í 12. gr. er ákvæði sem varðar Byggingarsjóð verkamanna og frv. gerir ráð fyrir því að lánshlutfallið þar verði lækkað í 90% eða verði hámark 90% og reiknar með að sveitarfélögin leggi fram 3,5%. Þetta er eitt af mörgum ákvæðum varðandi fjárlagafrv., í þessum svokallaða bandormi, sem varðar samskiptin við sveitarfélögin í landinu. Það er undarlegt að svo virðist sem ekkert samráð sé haft við sveitarfélögin í þessu efni. Verið er að velta hér, eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu, stórum upphæðum yfir á sveitarfélögin án þess að við þau sé haft nokkurt samráð. Þetta eru algjörlega ný vinnubrögð.

Ég tók þátt í því á sínum tíma í stjórnskipaðri nefnd að fjalla um tekjustofna sveitarfélaga og jafnframt verkaskiptingu sveitarfélaga. Um þessi mál náðist mjög góð sátt. Það náðist mjög góð sátt og almenn samstaða milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna í landinu. Nú gengur maður undir manns hönd að brjóta upp þessa sátt. Hér er verið að byggja upp alveg sams konar ástand og var áður en þau lög voru sett, að ýta yfir á sveitarfélögin útgjöldum án þess að frá því sé gengið með almennu samkomulagi við þau og lagasetningu. Þetta er stórhættuleg leið en þetta er dæmigert fyrir þá ríkisstjórn sem nú situr að samráð á öllum sviðum í þjóðfélaginu, við sveitarfélögin, við verkalýðshreyfinguna í landinu, samráð sem leiddi til þjóðarsáttar í fyrri ríkisstjórn, það samráð virðist nú vera að hverfa með öllu.

Ekki liggur fyrir nein úttekt, mér vitanlega, og vil ég spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort ráðherrann hafi hugmynd um hvaða áhrif þessi ákvæði hafa á byggingu félagslegra íbúða. Hvaða áhuga sveitarfélögin hafi á því að að byggja félagslegar íbúðir eftir að þessi ákvæði hafa tekið gildi. Eða liggur fyrir í ráðuneytinu mat á því?

Það vill nú svo til að þessi ákvæði um Byggingarsjóð verkamanna eru nátengd öðrum ákvæðum í frv., sem eru í 14. gr., varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Þar er tekið á því mikla áhugamáli hæstv. félmrh. að loka kerfinu frá 1986 og að húsbréfakerfið taki þá við. Nú er ég ekki einn af þeim sem fordæma húsbréf. Ég tók þátt í því að koma þeim á og vann að því máli af fullum krafti í félmn. og af fullum heilindum en með vissum fyrirvörum sem ég kem að á eftir. En einmitt það að ýta á öllum almennum húsnæðislánum yfir í húsbréfakerfið mun að mínum dómi stórauka þrýsting á félagslega húsnæðiskerfið. Það liggur í hlutarins eðli.

Þegar þessi mál voru til umræðu á sl. hausti hafði þingflokkur Framsfl. áhyggjur af framvindu mála og fór fram á það við Ríkisendurskoðun að gerð yrði úttekt á þessum málum á vegum stofnunarinnar. Þann 5. nóv. 1990 var eftirfarandi beiðni send til Ríkisendurskoðunar frá þingflokknum. Með leyfi forseta vil ég lesa þær spurningar sem þingflokkurinn sendi:

Í fyrsta lagi að gerð væri athugun, ef hægt er, á því hvort húsbréfakerfið gæti tekið við allri lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins og hversu miklir fjármunir mundu verða veittir í vaxtaafslátt gegnum skattakerfið.

Í öðru lagi var óskað eftir að lagt væri mat á áhættu ríkissjóðs sem felst í ríkisábyrgð á húsbréfum, útgefnum af Húsnæðisstofnun ríkisins í framtíðinni.

Í þriðja lagi að gerð væri sérstök grein fyrir mati Ríkisendurskoðunar á þeirri áhættu sem Ríkissjóður tekur á sig umfram almennar tekjur um ríkisábyrgðir vegna greiðsluerfiðleikalána.

Í fjórða lagi var spurt: Er það rétt að veikleiki húsbréfakerfisins geti orðið mikill skaðvaldur í íslensku efnahagslífi ef það lánakerfi fær að starfa eitt og sér í fullu umfangi? Samanburður verði gerður á húsbréfakerfi í nágrannalöndunum, t.d. Norðurlöndunum og e.t.v. víðar, við húsbréfakerfið á Íslandi.

Ríkisendurskoðun svaraði þessum spurningum í skýrslu sem kom út í desember 1990 og þar segir — og ég stikla nú á stóru því að ég hef enga löngun til þess að tefja tímann hér meira heldur en þörf er á. Um fyrstu spurninguna, en hún varðar einmitt það frv. sem hér er til umræðu, um möguleika húsbréfakerfisins til að taka yfir alla lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins, segir Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Sú gundvallarforsenda býr óumdeilanlega að baki húsbréfakerfinu að húsbréf skuli vera markaðshæf og bera markaðsvexti. Af þessum sökum var gengið út frá því við kerfisbreytinguna að sú aðstoð sem hið opinbera veitti áður í formi niðurgreiðslu vaxta færist yfir í skattkerfið í formi vaxtabóta. Að þessu leyti er reginmunur á húsbréfakerfinu og húsnæðislánakerfinu frá 1986." Og síðan segir: „Í ljósi þessa má sjá að örðugt er að koma við félagslegri aðstoð af svipuðum toga og nokkrum lánaflokkum Byggingarsjóðs ríkisins er ætlað að veita." Að síðustu segir: „Þar má nefna sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán til byggingar

leiguíbúða og heimila fyrir aldraða."

Ljóst má vera af þessu að þrýstingur á félagslega kerfið eykst mjög og kemur þar fleira til. Til að fá húsbréf verður að fara fram greiðslumat og komast alls ekki allir húsbyggjendur inn í greiðslumatið.

Einnig segir í umræddri skýrslu að veðsetningarreglur í húsbréfakerfinu mæli fyrir um að húseignir séu metnar á markaðsverði en ekki út frá byggingarkostnaði. Svo segir: „Að jafnaði er markaðsverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu mun hærra en á landsbyggðinni. Af þessum sökum má ætla að lánafyrirgreiðsla í húsbréfakerfinu til nýbygginga á svæðum þar sem fasteignaverð er lágt verði að jafnaði minni en á höfuðborgarsvæðinu."

Þetta er eitt af því sem á að létta undir í byggðamálum en ég ætla ekki að endurtaka mikið úr þeirri umræðu. Við eigum smástubb eftir af henni því að umræðum um byggðamál er ekki lokið á hv. Alþingi svo að það gefst tækifæri til þess síðar að fara nánar út í byggðaþáttinn í málinu.

Síðan segir: „Markaðsverð íbúða sem umsækjendur eiga fyrir vegur þungt í greiðslumati viðkomandi. Greiðslugeta manna sem eiga fasteignir á svæðum þar sem markaðsverð íbúða er hátt er því að jafnaði metin hærri en þeirra sem eiga fasteignir á svæðum þar sem fasteignaverð er lágt." Þetta styður einnig það sem ég sagði áðan að auðvitað mun þrýstingur aukast á félagslega kerfið, enda hefur það verið þróunin að út um landsbyggðina er aðallega byggt í félagslega kerfinu. Með þessu er því verið að ýta stórum byrðum yfir á sveitarfélögin. Þess vegna vil ég vita hvort fram hefur farið eitthvert mat á áhrifum þessa.

En hvernig skyldi húsbréfakerfið hafa virkað síðan það komst í gang af fullum krafti, sem má segja að sé nú og hafi skeð fyrr en við framsóknarmenn ætluðumst til í upphafi þegar við tókum þátt í að koma kerfinu á? Það var umdeilt í okkar þingflokki að gera það á sínum tíma. Hæstv. félmrh. er það áreiðanlega í fersku minni. Við gengum til samkomulags um kerfið. Við vorum þar með vissa fyrirvara — og vil ég nú vitna í bókun frá 13. mars 1989 þegar þingflokkurinn setti fram fyrirvara í þessum efnum þegar kerfið var að fara af stað. Fyrirvarar okkar voru þessir:

Kerfið næði aðeins til eldri íbúða fyrsta árið. Vextir yrðu þeir sömu og af spariskírteinum ríkissjóðs og skattaleg meðferð sú sama. Þeir sem væru í biðröð gengju fyrir, a.m.k. til bráðabirgða í sex mánuði. Húsbréfadeildin yrði í Húsnæðisstofnuninni. Tilraunin yrði endurmetin að tveimur árum liðnum. Kaupskylda lífeyrissjóðanna yrði óbreytt en heimilt yrði að verja allt að 10% upphæðarinnar til kaupa á húsbréfum. Þetta ákvæði yrði endurskoðað að sex árum liðnum.

Við vildum fara varlega af stað og þróa kerfið við hliðina á kerfinu frá 1986. En frá upphafi var gífurlegt áhugamál hæstv. félmrh. að loka því kerfi og er enn. Sú barátta stendur enn þá. Og nú er hún að beygja Sjálfstfl. í þessu máli Eins og ég kem að á eftir voru þeir ekki á sama máli þegar þessi mál voru til umræðu á síðasta ári og því næstsíðasta. En þannig er ástandið í húsbréfakerfinu núna að ávöxtunarkrafa bréfanna er 8,4% samkvæmt nýjum upplýsingum og afföll eru um 20% og þau hafa farið enn þá hærra. Samt eru þau ekki í hámarki þessa stundina. En þetta er dýrt kerfi og þetta er markaðskerfi jafnvel þó að lánin séu til 25 ára og séu til lengri tíma en þau skammtímalán sem menn taka til þess að koma sér upp húsnæði. Aðalrökstuðningurinn hjá hæstv. félmrh. var að húsbréfin kæmu í stað skammtímalána sem menn tækju til þess að koma sér upp húsnæði. Hins vegar datt engum í hug að afföllin á þessum bréfum yrðu eins mikil og nú er raunin á.

Hæstv. landbrh. Halldór Blöndal tók þessi mál til umræðu í Ed. Alþingis 15. mars 1991 og sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Það er alveg ljóst að það er miklu léttara að borga 3,5% vexti en 7,7. Það er auðveldara að borga lán upp á 40 árum en 25. Það skilja allir menn." Þarna er hæstv. landbrh. að bera saman þessi tvö kerfi, en samkvæmt þessu frv. er verið að leggja kerfið frá 1986 niður. Og hann segir, væntanlega við hæstv. félmrh.: „Ég vona að við eigum ekki oftar eftir að þrátta um þetta, ég og húsnæðisráðherrann. Við höfum gert það áður. Það hefur komið fyrir áður að ráðherra hefur reynt að halda því fram, bæði í fjölmiðlum og á Alþingi, að 7,7 sé lægri tala en 3,5." En það er greinilegt að hæstv. félmrh. er búinn að beygja hæstv. landbrh. í þessum málum og er hann orðinn ljúfur eins og lamb í höndunum á henni af þessum sökum.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð enn um þetta. Stefna okkar framsóknarmanna í þessum málum var og er sú að viðhalda húsnæðiskerfinu frá 1986 fyrir fólk sem kaupir sína fyrstu íbúð en aðrir geti síðan spreytt sig á húsbréfakerfinu þegar þeim hefur vaxið fiskur um hrygg og þurfa að skipta um íbúðir. Þetta er grundvallarstefna flokks okkar í húsnæðismálum og hún hefur ekkert breyst. Þess vegna erum við á móti þessu ákvæði í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Þegar frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins var rætt og afgreitt á sl. vori rétt fyrir þinglok skrifaði ég undir álit 1. minni hluta félmn. með fyrirvara og gerði grein fyrir honum í umræðum. Ég vil lesa þennan fyrirvara, með leyfi hæstv. forseta, og hann er svohljóðandi: „... ég er andvígur því að leggja niður húsnæðislánakerfið frá 1986 og vísa í ályktun flokksþings Framsfl. um að það kerfi verði við lýði áfram og nýtist þeim sem festa kaup á sinni fyrstu íbúð. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir að tekið verði til við afgreislu þeirra lána, sem lánsloforð eru þegar fyrir um, úr Byggingarsjóði ríkisins og eyðir það óvissu um þann hóp lántakenda svo framarlega sem fjármögnun er tryggð. Ég mun ekki spilla fyrir því samkomulagi um afgreiðslu mála hér á síðustu klukkustundum þingsins með því að leggjast gegn frv. eða styðja á því breytingar. En ég lýsi því yfir að ég tel nauðsynlegt að setja þessi mál í gagngera endurskoðun með það að markmiði að taka upp lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir þá sem kaupa sína fyrstu íbúð. Þennan lánaflokk er hægt að taka upp á grundvelli síðustu mgr. 3. gr. frv. Slík endurskoðun þarf að fara fram í samráði við aðila vinnumarkaðarins sem hafa lagt húsnæðiskerfinu til

fjármagn í gegnum lífeyrissjóðakerfið. Þetta vildi ég láta koma fram við 2. umr. málsins."

Ég get í sjálfu sér endurtekið þennan fyrirvara og ég vil bæta því við að auðvitað er nauðsynlegt ef hæstv. ríkisstjórn vill enn þá hræra í þessum málum að hafa líka samráð um það við sveitarfélögin í landinu. Það samráð hefur ekkert verið og þar á ég við félagslega húsnæðiskerfið.

Þegar hæstv. félmrh. var í fyrri ríkisstjórn skipaði hann nefnd til þess að endurskoða lög um félagslega húsnæðiskerfið. Ég átti m.a. sæti í þeirri nefnd. Þar voru fulltrúar sveitarfélaganna. Ágætt samkomulag tókst í þeirri nefnd um lagfæringar á kerfinu og ég vildi vona, af því að ég veit að hæstv. félmrh. er ekki þeirrar gerðar að hún fari að reka menn úr öllum nefndum þó að stjórnarskipti séu, að hún taki þetta samráð upp á ný. Ég segi það vegna þess að ég á sæti í einni nefnd á hennar vegum sem var skipuð í tíð síðustu ríkisstjórnar og ég verð að segja það hæstv. félmrh. til hróss að hún sá enga ástæðu til þess að endurskipa nefndina þó að stjórnarskipti hefðu farið fram og ég á enn þá sæti í henni þó að hún sé kannski að hætta að starfa. En þá held ég að hæstv. félmrh. sé treystandi til þess að taka upp þetta samráð. Það er nauðsynlegt. (Gripið fram í.) Já, ég geri það og ég átti ágætt samstarf við hæstv. félmrh. á síðasta kjörtímabili og ég vona að hún láti ekki æra sig í að fara að gera alls konar aðgerðir í húsnæðismálum og öðrum viðkvæmum málum án þess að hafa um það samráð við aðila í þjóðfélaginu. Ég veit að það eru ýmsir aðrir sem ráða kannski ferðinni sem vilja ekkert samráð en ég vil hvetja til þess að samráð verði haft um félagslega húsnæðiskerfið og menn fari sér hægt í þeim málum. Menn fari sér hægt í fleiru en að gera nauðsynlegar efnahagsaðgerðir. Hæstv forsrh. talaði um það í inngangserindi sínu að það væri nauðsynlegt að fara sér hægt og rasa ekki um ráð fram í því að gera nauðsynlegar efnahagsaðgerðir fyrir atvinnulífið í landinu og sérstaklega þurfti að fara hægt í því að gera aðgerðir í skattamálum. Þar þurfti að athuga hlutina vel, sérstaklega þó að fella niður aðstöðugjaldið af atvinnulífinu og þar átti ekki að rasa um ráð fram.

Ég hóf ræðu mína með því og ég ætla að enda hana með því að í þjóðfélaginu er að skapast geigvænlegt ástand. Í fjölmiðlum í gær komu fréttir um það sem ég auðvitað vissi fyrir, um vaxandi atvinnuleysi víða um land, fjöldaatvinnuleysi. Það atvinnuleysi er m.a. vegna aflabrests. Því verður að mæta með sérstökum aðgerðum. Því verður ekki mætt með einhverjum kennisetningum og almennu snakki um almennt umhverfi atvinnulífs í landinu. Við búum við sérstakar aðstæður. Við búum við það að við erum háðir sjávarútvegi í atvinnulífi okkar. Hér er ekki gróið iðnaðarþjóðfélag enn þá og það er stundum gert grín að okkur framsóknarmönnum fyrir að við höfum bent á þetta og sagt að við skiljum ekki efnahagslögmál og teljum að vestræn efnahagslögmál gildi ekki á Íslandi. Þau geta vissulega gilt hér í mörgum greinum. En atvinnulíf okkar er öðruvísi en atvinnulíf nágranna okkar. Við komumst ekki hjá að viðurkenna það og ríkisstjórn á hverjum tíma getur ekki setið aðgerðalaus þegar mikil áföll verða í atvinnulífinu. Hún getur ekki setið og gert svokallaðar efnahagsaðgerðir einhvern tíma seint og um síðir. Það verður að bregðast við fljótt og vel.

Sennilega er hæstv. sjútvrh. sá eini sem skilur þetta því að hann hefur lagt fram tillögur en hefur fengið hinar verstu viðtökur hjá samráðherrum sínum. Þær tillögur eru ekki teknar fyrir í ríkisstjórninni. Hæstv. fjmrh. fer í Morgunblaðið og segir að þessar tillögur séu þjófstart. Þetta eru fádæma undarleg vinnubrögð og alveg einsdæmi og það er mikil lífsreynsla að horfa upp á þetta. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn eða forusta hennar, ef einstakir ráðherrar eru undanskildir, hafi enga hugmynd um hvernig ástandið er í landinu, hafi enga hugmynd um hvernig atvinnulífið er saman sett, hafi enga hugmynd um að það fiskast ekki og það sé bara sukk og svínarí og sukk forráðamanna fyrirtækja sem veldur erfiðleikum hjá þeim. Auðvitað eiga fyrirtæki í erfiðleikum þegar engin loðna er, þegar engin síld er og þegar aflaheimildir eru skornar niður um 25% sem er nauðsynlegt, en það er svo mikið fiskileysi víða að þetta er ekki spurning um kvóta heldur að ná fiskinum á land. Síðan koma forráðamenn ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. hér upp og segja að nú verði að fara hægt, nú liggi ekkert á. Ég vona að grandvarir menn gangi fram fyrir skjöldu í stjórnarliðinu og komi viti fyrir forustu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Nú líður að miðnætti, laugardagsnótt er fram undan. Ég vil spyrja forseta um framhald þessa fundar. Mér skilst að legið hafi fyrir samkomulag hér um kvöldfund, hér séu afar margir enn á mælendaskrá, hátt í tíu manns. Hér hefur farið fram málefnaleg umræða.

Ég tek eftir því að ráðherrar, sem þarf að tala við í nótt ef umræðan á að halda áfram, eru horfnir af vettvangi þó að viðurkennt skuli að margir hæstv. ráðherrar eru viðstaddir. Þingmenn stjórnarliðsins eru flestir farnir heim. Þó skal það viðurkennt að hér hefur einn þeirra setið betur og hlustað af gaumgæfni á þær umræður sem fram hafa farið. Þar á ég við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson. Það er auðvitað óframbærilegt að hér eru menn að ræða um eitt furðulegasta þingmál í sögunni, einhverja mestu lönguvitleysu sem hefur verið samin. Ég býst við að hver einasti þingmaður sem hefði reynt á eigin vegum að bera fram slíkt frv. hefði verið gerður afturreka með málið.

Í þessum umræðum hafa fallið stór orð sem í rauninni kalla á utandagskrárumræðu. Það hefur verið vegið að stofnunum og ég sé ekki að þingið geti sætt sig við að þessum fundi verði fram haldið. Þess vegna vil ég spyrja forseta hvort honum þyki það sæmandi að ræða, aðfaranótt laugardags, jafnstórt mál og hér er á dagskrá. Ég tel að ekki sé samkomulag um framhald þessa fundar og að við eigum að hefja þennan fund eins og ráð er fyrir gert og hafa framhald þessarar umræðu kl. 10.30 í fyrramálið.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni orðræðu hv. 5. þm. Suðurl. mun ég gera stutt hlé á þessum fundi. Það verður ekki lengra en 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Að gefnu tilefni og vegna spurningar hv. 5. þm. Suðurl. hefur orðið samkomulag á milli formanna þingflokka og forseta þingsins um að hæstv. félmrh. tali síðust hér í kvöld. Síðan verði gert hlé á umræðunni og henni haldið áfram kl. 10.30 í fyrramálið og að því stefnt að umræðunni verði lokið á morgun.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól til þess að svara nokkrum spurningum sem hefur verið beint til mín í dag og snerta ríkisábyrgð á launum og ákvæði í frv. sem lúta að húsnæðismálum. Ég vil fyrst snúa mér að ríkisábyrgð á launum.

Það er auðvitað ljóst að það er ekki bara þessi ríkisstjórn sem er að glíma við þá miklu aukningu sem hefur orðið vegna ríkisábyrgðar á launum á undanförnum árum heldur einnig fyrrv. ríkisstjórn. T.d. var árið 1989 við fjárlagagerðina fyrir 1990 ljóst að það stefndi í verulega hækkun á því ári og var gert ráð fyrir því, að ef ekki yrðu gerðar breytingar á ríkisábyrgð á launum, þyrfti að auka framlag um helming. Um það voru útbúnar tillögur og breytingar á lögum um ríkisábyrgð á launum og lagðar fyrir fyrrv. ríkisstjórn og síðan til umfjöllunar í þingflokkunum. Þær þrengingar sem þar voru lagðar til voru á svipuðum nótum eins og fram kemur í greinargerð með þessu frv.

Mig langar að fara nokkrum orðum um hvernig ríkisábyrgðin hefur verið á þessu ári af því að fram hefur komið í máli manna hér í dag og einnig hjá forseta ASÍ að með þeim hugmyndum, sem væru uppi um þrengingar á ákvæðum á ríkisábyrgð á launum, væri verið að skerða verulega réttindi vinnandi fólks og þau orð hafa einnig verið látin falla að nánast væri verið að þurrka út réttindi launafólks.

Í félmrn. höfum við látið gera úttekt á því hvernig þessu var varið hjá hverjum og einum sem hefur fengið ríkisábyrgð á sín laun á þessu ári en það eru 1.287 einstaklingar. Við höfum gert það með þeim hætti að ef farin væri sú leið, sem kemur fram í greinargerð, þar sem fjmrn. hefur lagt mat á að þurfi að þrengja ríkisábyrgðina til þess að ná því að framlagið vegna ríkisábyrgðar verði ekki hærra en 100 millj., þá er farið lengstu leið í þrengingum sem um hefur verið talað og ég vil undirstrika að ég hef ekki skrifað undir þær tillögur sem þar koma fram. Jafnvel þó að þær væru í gildi og væru í lögum, þá væru einungis 178 af þeim 1.287 einstaklingum sem hafa fengið ríkisábyrgð á sín laun á þessu ári sem mundu lenda í skerðingum. Þessi úttekt sýnir að tæpur helmingur af þessum launþegum er með greiðslur undir 100 þús., þriðjungur á bilinu 100–200 þús. og 8% á bilinu 200–300 þús., eða samtals 88% undir 300 þús. En þakið sem yrði sett ef farið yrði að þeim tillögum sem fjmrn. hefur sett fram hér í þessu frv. er um 275 þús. Það eru sem sagt um 12% af þeim launþegum sem hafa fengið ríkisábyrgð á sín laun á þessu ári sem eru yfir þessu marki. Einnig má benda á að það er stærsti hlutinn af launþegum, þó að ríkisábyrgðin nái til 6 mánaða, sem fá ríkisábyrgð á laun fyrir einn, tvo og þrjá mánuði. Það voru t.d. 825 launþegar af þessum 1.287 sem áttu inni eins mánaðar laun eða minna og 153 sem áttu 1–2 mánaða laun og það voru um 17 sem áttu inni 3–4 mánaða laun, en hér var verið að tala um ríkisábyrgð í þrjá mánuði. 20 áttu inni 4–6 mánaða laun. Þannig að hér er um mjög lítinn hluta af þessum launþegum sem mundi lenda í þessari skerðingu hvort sem við værum að tala um að fækka mánuðunum eða setja heildarþak á greiðslur.

Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram og sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar fái þessar upplýsingar til þess að meta áhrifin sem af því yrðu ef farið yrði út í þrengingar.

Við höfum kynnt okkur að víða erlendis er þetta svo að í samanburði er ríkisábyrgð á launum miklu víðtækari hér en gerist annars staðar. Ég þekki t.d. ekki til þess, þó að ég hafi spurst fyrir, að ríkisábyrgð nái til lífeyrissjóðsiðgjalda. Af þeim 409 millj., sem höfðu verið greiddar út, að mig minnir fyrir tveimur vikum síðan, er fjórðungur af því sem rann til lífeyrissjóðanna eða vegna ábyrgðar á lífeyrissjóðsgreiðslum sem eru 18 mánuðir og það er enginn hvati fyrir lífeyrissjóðina að ganga á eftir sínum kröfum af því að þeir hafa á þeim ríkisábyrgð jafnvel þó að þeir hafi lögtaksheimild og þurfi ekki að bíða dóms. Einmitt sú tillaga hefur mikið verið rædd, bæði í þessari ríkisstjórn og í fyrri ríkisstjórn, að afnema ríkisábyrgðina að því er varðar lífeyrissjóðsgreiðslur og talið að lífeyrissjóðirnir gætu beitt ýmsum ákvæðum til að ná fram sínum kröfum án þess að þurfa að hafa á henni ríkisábyrgð.

Um það hefur verið spurt hvað kæmi til ef það fjármagn yrði upp urið sem hér er lagt til með þessu gjaldi. Þetta gjald gefur, ef það er að fullu nýtt, 374 millj. sem er mun hærra en það ríkisframlag sem er áætlað í frv. sem er einungis um 100 millj. Hæstv. forsrh. kom inn á það í dag að það mætti hugsa sér að það yrði skoðað að því yrði bætt inn í þetta frv. að ef ábyrgðasjóðinn skorti fjármagn til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum þá gæti stjórn sjóðsins lagt til við ríkisstjórn að fé yrði útvegað, þ.e. lántökur, til að standa undir ábyrgðum og það yrði þá greitt til baka með sérstöku aukagjaldi á næsta almanaksári. Með þessu ætti að vera tryggt að fjármagn væri til staðar til að mæta óvæntum áföllum.

Aðeins varðandi réttindi launþega. Þau eru ekki skilgreind hér í frv. En það er talað um að setja sérstaka stjórn yfir þennan sjóð sem í ættu sæti aðilar vinnumarkaðarins. Það kom einnig fram í máli hæstv. forsrh. hér í dag að vel athugandi væri að skoða að inn í þessi lög yrði sett lágmarksábyrgð en að stjórn sjóðsins gerði að öðru leyti tillögur ráðherra um réttindin sem sett yrðu með reglugerð. Þannig að í lögunum kæmu ákvæði um lágmarksréttindi launafólks og ef sjóðstjórnin teldi að hafa þyrfti þau ákvæði rýmri gæti hún gert um það tillögur til ráðherra sem sett yrðu í sérstakri reglugerð. Þetta finnst mér hugmynd sem skoða eigi hvort samstaða náist um.

Ég vil aðeins koma inn á húsnæðismálin af því að

vikið hefur verið að því ákvæði að sveitarfélögin leggi sérstakt framlag í Byggingarsjóð verkamanna. Hver er tilgangurinn með þessu ákvæði? Miðað við þau útlán, sem Byggingarsjóður verkamanna hefur staðið fyrir, er ljóst að auka þarf verulega ríkisframlag ef halda á sömu útlánaáætlun eða grípa til annarra aðgerða. Það sem við höfum sérstaklega verið að skoða er að það þurfi að lækka verulega kostnað við félagslegar íbúðir, lækka meðallánin í Byggingarsjóði verkamanna, og við höfum verið að skoða það í því ljósi að fá fleiri íbúðir út úr því takmarkaða fjármagni sem við höfum yfir að ráða. Einnig til þess að lækka greiðslubyrði fólks ef við getum lækkað meðallánin og kostnað við félagslegar íbúðir. Við töldum að til þess að ná því markmiði að halda svipaðri útlánaáætlun, eins og verið hefur á umliðnum árum, þyrfti að lækka meðalkostnað við hverja íbúð um 12–18%. Ein af þeim hugmyndum sem þá voru til skoðunar var að leita eftir því við sveitarfélögin að þau mundu fallast á að fella niður gatnagerðargjöld af félagslegum íbúðum.

Það er spurt um hvort leitað hafi verið samráðs við sveitarfélögin. Þessi hugmynd var kynnt forráðamönnum Sambands sveitarfélaga og haldnir tveir eða þrír fundir með forráðamönnum þess um þetta mál. Þeir töldu að erfiðleikar væru á framkvæmdinni á þessari leið en töldu að ef á annað borð ætti að fara að leggja á sveitarfélögin þá væri heppilegra að fara þá leið sem hér er lögð til. Ég er ekki að segja að þeir séu sammála þessari leið en þessar leiðir hafa verið kynntar fyrir þeim og af þessum tveim leiðum töldu þeir þessa leið heppilegri.

Út af fyrir sig má segja að það sé eðlilegt að sveitarfélögin taki þátt í þessu því að sveitarfélögin eru helstu framkvæmdaraðilar að félagslegum íbúðarbyggingum og ekki óeðlilegt að þau hafi einhvern kostnað af þeim.

Samband ísl. sveitarfélaga reiknaði út að ef þetta yrði ígildi gatnagerðargjalds og um væri að ræða 600 íbúðir yrði þetta um 128 millj. kr. Þetta vil ég að komi fram við þessa umræðu.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi nokkuð um húsnæðismálin og vitnaði í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi húsbréfakerfið. Auðvitað mætti taka upp fleiri skýrslur í þessari umræðu sem Ríkisendurskoðun hefur gert m.a. á Byggingarsjóði ríkisins og lánakerfinu frá 1986. Þar kom fram að ef við hefðum haldið áfram því kerfi óbreyttu, þá værum við eftir tvo áratugi með neikvætt eigið fé í þeim sjóði upp á 178 milljarða kr. (Gripið fram í.) við það vaxtastig, sem mig minnir að hafi verið um 3½%, sem þá var miðað við.

Hv. þm. nefndi það að stefna Framsfl. væri sú að til væri lánakerfi eins og þetta frá 1986 fyrir þá sem væru að kaupa sína fyrstu íbúð og síðan væri annað kerfi við hliðina fyrir aðra. Ég held að það sé mjög erfitt, að hafa tvö lánakerfi samtímis starfandi. Það hefur m.a. komið fram bæði hjá Seðlabanka og Ríkisendurskoðun, þannig að ég tel það óheppilegt að hafa tvö almenn lánakerfi starfandi hlið við hlið.

Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag hafa nokkrir þingmannna vikið að nýútkominni greinargerð Seðlabanka Íslands um þróun og horfur í peningamálum og vitna til þess sem þar kemur fram um húsbréfakerfið og er ástæða til þess hér í lokin, virðulegi forseti, að fara um það nokkrum orðum.

Ég vil lýsa furðu minni á þeim ummælum sem fram koma í þessari skýrslu frá Seðlabankanum og tel reyndar mjög furðulegt að Seðlabankinn sendi frá sér slík skrif eins og þarna koma fram sem ég tel að fái engan veginn staðist. Hér er eftirfarandi sett fram, með leyfi forseta:

„Jafnframt hefur hið nýja húsbréfakerfi valdið því að stökkbreyting hefur orðið í lánsfjáröflun til íbúðabygginga fyrir milligöngu ríkisins. Hefur þetta hvort tveggja orðið til þess að heildarlántökur ríkisins og annarra opinberra aðila á innlendum lánamarkaði stefna í hærri tölu en nemur öllum peningalegum sparnaði landsmanna. Afleiðingarnar hafa komið fram í mikilli umframeftirspurn og hækkandi vöxtum á verðbréfamarkaði þar sem húsbréfamarkaðurinn hefur verið leiðandi varðandi vaxtastig."

Hér er auðvitað mjög hallað réttu máli og mjög einkennilegt að virðuleg stofnun, sem Seðlabankinn á að vera og á að vera hægt að treysta, skuli setja slíkt fram og ekki gera minnstu tilraun til þess að gera nokkurn samanburð á því hvað hefur dregið úr lántökum hjá fólki sem er að afla sér íbúða, bæði í bankakerfinu og hjá lífeyrissjóðum og með handhafabréfum. Á árinu 1989 voru lán til íbúðakaupenda í bankakerfinu 1.851 millj., árið 1990 voru þau 733 millj. og 1991 er samdráttur, mínus 285. Þetta hlýtur að hafa áhrif á peningamarkaðinn og vaxtastigið en það er ekkert sett fram um þetta af hálfu Seðlabankans.

Síðan er, og mér finnst það mjög furðulegt, sett fram í þessari skýrslu, og ég fullyrði að fær engan veginn staðist, að heildarskuldir á lánamarkaði hafi aukist um 90 milljarða á 12 mánuðum og að um 45 milljarðar eða helmingurinn af þessu voru lán til heimila sem jukust hlutfallslega um 27,7%. Síðan segir í skýrslunni það sem mér finnst alveg furðulegt og stenst ekki: „Þessi gífurlega skuldasöfnun einstaklinga átti að langmestu leyti rót sína að rekja til húsbréfa og annarra lána hins opinbera íbúðalánakerfis. Líkur benda til þess," og ég bið þingmenn að taka eftir því, „að ekki meira en helmingur lánsfjárnotkunar einstaklinga hafi gengið til fjárfestingar í nýju húsnæði."

Síðan er vikið að því að enginn vafi sé á því að verulegur hluti mikillar neyslu og innflutnings á árinu megi rekja til þessarar miklu lánsfjárnotkunar heimilanna. Það fær nú engan veginn staðist þegar útgáfa húsbréfa á þessu ári er ekki nema um 13 milljarðar kr. og þó að við tækjum það sem fer til Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna, sem í heild með húsbréf er um 20 milljarðar á þessu ári, þá á helmingurinn af því að hafa farið í einkaneyslu ef ég skil málið rétt. Þetta stenst engan veginn. Ef helmingurinn af húsbréfunum hefði farið í þessa neyslu, eins og hér er talað um, þá væru það þó ekki nema 6½–7 milljarðar sem auðvitað stenst ekki.

Þegar staðreyndin er skoðuð um húsbréfakerfið þá er innri fjármögnun vegna notaðra íbúða um 48% af

þessum 13 milljörðum þannig að þetta dæmi gengur engan veginn upp og maður spyr sig til hvers þetta er sett fram í slíkri skýrslu. Er Seðlabankinn að draga athyglina frá þeim vöxtum sem eru í bönkunum? Er kannski verið að leita að einhverjum sökudólgi sem sé leiðandi um vaxtastig í landinu til að að draga athyglina frá háu vaxtastigi í bönkunum? (Gripið fram í.) Mér dettur í hug að það hljóti að vera vegna þess að þetta eru rangar upplýsingar sem hér koma fram og það er auðvitað alvarlegt þegar Seðlabankinn er að setja slíkt fram. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að ég og hæstv. viðskrh. köllum til fundar við okkur Jóhannes Nordal til þess að fara yfir þessa stöðu, fara yfir húsbréfakerfið og hvernig gangverkið í þessu er þegar bankastjóri Seðlabankans leyfir sér að setja fram slíkar tölur eins og hér er gert. Það hljóta allir að sjá í hendi sér að þessar tölur ganga ekki upp. Og að kenna svo íbúðabyggjendum um að þeir séu að taka peninga í bönkum til einhverrar aukaneyslu, það get ég ekki skilið að standist. Þetta fólk hlýtur að hafa nóg með það þegar það þarf að standa í íbúðabyggingum eða kaupum og er ekki að bæta við sig dýrum bankalánum til neyslu. Ég hygg að hér sé miklu frekar á ferðinni þeir sem búa í skuldlausum íbúðum og standa ekki í íbúðakaupum eða íbúðabyggingum sem hafa verið að fá þessi neyslulán. Þetta mál þarf þess vegna athugunar við, hvernig þetta er sett fram.

Ég hef fengið í hendur í dag skýrslu, úttekt sem hefur verið gerð á húsbréfakerfinu, reynslu af því sl. tvö ár, sem mér ber samkvæmt lögum að leggja fyrir Alþingi. Þá er ákvæði um það í lögum um húsbréfakerfið að meta eigi reynsluna af húsbréfakerfinu tveimur árum eftir að það væri komið í gagnið. Sú skýrsla verður væntanlega lögð hér fram fljótlega. Þar kemur heldur betur fram allt annað en hér er sett fram af Seðlabankanum í þessari skýrslu. Ég ætla ekki að fjalla neitt um þá skýrslu. Hún verður væntanlega lögð fram fljótlega en það er allt annað sem þar kemur fram. Þar er talað um að jafnvægi sé á húsbréfakerfinu. Það sem fyrst og fremst hafi verið að sé að það hafi verið tvö húsnæðislánakerfi í gangi og greiðsluerfiðleikalánin hafi átt þar verulegan þátt í því. Þessi nefnd kemst meira að segja að þeirri niðurstöðu, sem ég er ekki sammála, að þær breytingar sem gerðar voru á húsbréfakerfinu fyrir 1–2 mánuðum síðan hafi verið óþarfar vegna þess að jafnvægi sé á húsbréfakerfinu.

Ég vil einnig benda á það að þegar verið er að tala um að húsbréfakerfið sé leiðandi að því er varðar vextina, þá er það alrangt og við getum bara horft á það í því ljósi að lán vegna Byggingarsjóðs ríkisins, almenna lánakerfisins frá 1986 og húsbréfakerfisins, var á árinu 1990 19,9 milljarðar og er áætlað núna, árið 1991, um 20,1 milljarður eða lítils háttar aukning milli ára. Ég spyr bara um það hvernig húsbréfakerfið hefur þá haft áhrif til þess að hækka vextina vegna þess að t.d. á árinu 1990 var mjög lítið af húsbréfum á markaðinum. Ég held því að staðreyndin í þessu máli sé sú að Seðlabankinn sé að setja þessar villandi upplýsingar fram, sem ég vil svo kalla, í þessari skýrslu til að draga athyglina frá háum vöxtum í bankanum og reyna að finna sér einhvern sökudólg sem er mjög einkennilegt að Seðlabankinn skuli gera.

Umræðu frestað.

45. FUNDUR

laugardaginn 7. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. heilbrrh. er í salnum og ég fagna því þar sem ég ætla aðallega að tala um heilbrigðis- og tryggingamál í ræðu minni og þær tillögur í svokölluðum bandormi sem fjalla um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Ég þarf líka að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um yfirlýsingar hans í sjónvarpi í fyrrakvöld og þætti mér vænt um ef hann gæfi sér tíma til að hlusta á mál mitt. Síðan þyrfti ég að spyrja félmrh. einnar spurningar og væri gott ef forseti gæti gert ráðstafanir til þess að hann væri viðstaddur.

Í framsöguræðu hæstv. forsrh. í gær og í því frv. sem er til umfjöllunar eru þau boðorð sem ríkisstjórnin gefur alveg skýr. Þau eru í fáum orðum þessi: Halda á áfram að skattleggja sjúklingana og gefa á banka — bara þeim sem eiga peninga. Þetta eru skýr skilaboð sem þjóðin fær í upphafi aðventunnar. Ríkisstjórninni hefur gengið illa að koma fjárlögum saman. Ráðstafanir í ríkisfjármálum sýna það og yfirlýsingar staðfesta að ekki verði hægt að sýna ýmsar sparnaðartillögur fyrr en við þriðju og síðustu umræðu fjárlaga. Strax í haust bryddaði á því að ríkisstjórninni mundi reynast erfitt að koma fjárlögunum saman. Einstakir þingmenn og ráðherrar Alþfl. þóttust á þeim tíma hafa ýmislegt að athuga við það sem ætti að setja inn í fjárlögin. Umræðunni var haldið gangandi lengi og það virtist alls ekki víst að Alþfl. gæti staðið að fjárlagafrv. eins og það yrði lagt fram á Alþingi. Harðast gengu fram í þessu á sínum tíma hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir.

Hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, var kvöld eftir kvöld í sjónvarpinu og sagðist ekki vera búin að samþykkja eitt eða neitt af því sem lægi á borði ríkisstjórnarinnar varðandi fjárlagagerðina. Eftir sáttafund sem hún átti með hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. kom hún fram og sagði: Ég get sætt mig við þetta sem verður í fjárlagafrv. af þeirri ástæðu að ég náði fram afskaplega mikilvægum kjarajöfnunaraðgerðum og þær

munu sjá dagsins ljós þegar fjárlagafrv. kemur fram eða við umræðu þess. Fyrir þetta afrek var hæstv. félmrh. kosinn maður vikunnar á rás 2 í sömu viku og þessi stóra yfirlýsing kom. Nú spyr ég hæstv. félmrh.: Hvar eru þær kjarajöfnunaraðgerðir sem félmrh. lofaði þjóðinni í sjónvarpi að væru í þessu fjárlagafrv. eða í þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ætlar nú að gera í ríkisfjármálum? Birtast þær í því að skerða atvinnuleysisbætur? Birtast þær í því að þrengja að þeim sjóði sem farið hefur til þess að tryggja ríkisábyrgð á laun í gjaldþroti? Birtast þær í því að leggja aukna skatta og álögur á sjúklinga? Ef þetta eru kjarajöfnunaraðgerðirnar þá eru þær auðvitað í takt við annað sem hefur átt sér stað að undanförnu og Alþfl. hefur beitt sér fyrir.

Á síðasta þingi lagði fyrrv. heilbrrh. fram frv. til laga um almannatryggingar sem Alþfl. treysti sér ekki til að standa að og bar því við að um tekjutengingu lífeyris væri að ræða. Frv. var ekki betur lesið en svo af hv. þm. Alþfl. á þeim tíma því þar var ekki um tekjutengingu lífeyris að ræða eða a.m.k ekki tekjutengingu við lífeyrissjóðina. Fyrrv. ráðherra lagði frv. hins vegar fram og í því voru raunverulegar kjarajöfnunaraðgerðir en alþýðuflokksráðherrarnir og þingmenn flokksins á þeim tíma treystu sér ekki til að standa að þeim kjarajöfnunaraðgerðum.

Grundvöllurinn í því frv. sem var lagt fram á þeim tíma var sá að færa frá þeim sem búa við betri aðstæður í almannatryggingunum til hinna sem búa við verulega erfiðar aðstæður og vil ég nefna nokkur dæmi. Lífeyrir öryrkja er hækkaður í þessu frv. um 12%. Vasapeningar til þeirra sem eru inn á stofnunum voru hækkaðir um 30%. Ekkju- og ekkilsbætur voru hækkaðar um 50%. Nýtt ákvæði kom inn í frv. um svokallaðan uppihaldsstyrk sem er í frv. sem við nokkrir þingmenn Framsfl. höfum flutt, umönnunarbætur fyrir sjúk börn og fyrir elli- og örorkulífeyrisþega voru inni í þessu frv. en það kom í staðinn fyrir barnaörorku og makabætur. Barnalífeyrir var hækkaður um 30% og sjúkradagpeningar voru hækkaðir um 55%. En með öðrum aðgerðum, þ.e. með því að tekjutengja lífeyrinn við tekjur á vinnumarkaði, ekki við lífeyri lífeyrissjóðanna, var hægt að ná fram sparnaði sem stóð undir öllum útgjöldunum sem um var að ræða og rúmlega það. 150 millj. kr. voru samt í sparnað ef þetta frv. hefði orðið að lögum. En Alþfl. treysti sér ekki til þess að standa að þessu og þegar horft er á þær aðgerðir sem sá flokkur stendur að með Sjálfstfl. er skiljanlegt að sá flokkur skuli ekki hafa treyst sér til að standa að raunverulegum kjarajöfnunaraðgerðum.

Í sjónvarpi á föstudagskvöld átti Árni Þórður Jónsson fréttamaður viðtal við þann sem hér stendur og hæstv. heilbr.- og trmrh., Sighvat Björgvinsson, um stjfrv. það sem ráðherra hefur lagt fram um umönnunarbætur til sjúkra barna og frv. það sem við þrír þingmenn Framsfl. höfum lagt fram af þeirri ástæðu að við töldum að stjfrv. gengi ekki nógu langt og hefði enga breytingu í för með sér aðra en þá að taka til í lögum. Í þessu sjónvarpsviðtali segir hæstv. heilbrrh., með leyfi forseta:

„Menn geta auðvitað alltaf yfirboðið og alltaf komið með hærra boð, einkum og sér ef menn eru í stjórnarandstöðu. En ég vek bara athygli á því að það sem hér fyrst og fremst skiptir máli til breytinga í því frv. sem framsóknarmenn flytja er að auka rétt til greiðslu ferðakostnaðar og dvalarkostnaðar.“ Þetta er dálitið merkilegt vegna þess að í valdatíð fyrrv. heilbrrh. var einmitt dregið úr rétti til dvalarbóta og ferðakostnaðar fyrir foreldra barna. Hér er um rangfærslur og hrein ósannindi að ræða. Ég er með þær ferðakostnaðarreglur Tryggingastofnunar ríkisins sem giltu frá 1982 þar til 12. febr. 1991 og í þeim er gert ráð fyrir því að þeir sem þurfa að sækja læknisþjónustu utan heimabyggðar eða þjónustu sjúkrahúsa fái þriðju ferð sem þeir fara til að sækja slíka þjónustu greidda á 12 mánaða tímabili. Á næstu 12 mánuðum þar á eftir fá þeir aðra ferð greidda en þetta gildir einvörðungu um þá sem eru að sækja læknisþjónustu og þjónustu sjúkrahúsanna.

Í reglugerð, sem fyrrv. heilbrrh. gaf út 12. febr. 1991, er þessu breytt þannig að það er ekki aðeins bundið við þjónustu lækna og sjúkrahúsa heldur allra þeirra stétta sem hafa samning við Tryggingastofnun ríkisins og það er ekki önnur eða þriðja ferð sem verið er að greiða, það er fyrsta ferð sem er greidd. Hér er um slík ósannindi af hálfu heilbr.- og trmrh. að ræða að hann á auðvitað að biðjast afsökunar á slíku og ekki síst í ljósi þeirra fögru orða sem hann fór um fyrrv. heilbrrh. úr þessum ræðustóli í gær.

Ég minnist þess í sumar þegar hæstv. ráðherra átti orðastað við hv. þm. Svavar Gestsson og bar upp á hann hrein ósannindi út af þessari margumræddu lyfjareglugerð. Vitnaði ráðherrann þá í gamalt húsráð sem amma hans hafði kennt honum en það var að þvo þeim með grænsápu um munninn sem skrökvuðu. Það er slæmt að blessaðrar gömlu konunnar skuli ekki njóta við enn og ekki væri vanþörf á að hún eða einhvern slík væri a.m.k. öðru hverju með grænsápupakkann og skrúbbinn í heilbrrn. (**SJS:** En heldurðu að það sé til nóg af grænsápu í landinu?) Ég veit það ekki, hv. þm.

Þá kem ég að því margumrædda lagafrv. sem er til umræðu og ætla þá fyrst að fjalla þá örlítið um lyfjakostnaðinn og þann sparnað sem á að nást með þessu frv. Ég held að stefna ríkisstjórnarinnar og fyrri ríkisstjórna komi hvergi eins glöggt í ljós og í heilbrigðis- og tryggingamálum og þá kannski sérstaklega er við lítum við lyfjakostnaðar. Fyrrv. heilbrrh. lagði ofurkapp á það í sínum störfum í ráðuneytinu að taka á og breyta því fyrirkomulagi sem gildir í lyfjainnkaupum og lyfsölu. En núv. hæstv. heilbrrh. finnst það engu máli skipta heldur leggur höfuðáherslu á að láta sjúklingana greiða sem allra mest fyrir lyfin. Þarna birtist skýr greinarmunur á stefnu þessara tveggja ráðherra og þessara tveggja ríkisstjórna.

Í tíð fyrri ráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, var álagning lækkuð í smásölu lyfja úr 68% niður í 59%. Álagning í heildsölu var lækkuð úr 17% niður í 13,5%. Tekinn var upp afsláttur sem stærstu apótekin veittu Tryggingastofnun ríkisins fyrir mikil viðskipti. Gefinn var út svokallaður bestukaupalisti, ef læknar ávísuðu á ódýrustu lyf fyrir sjúklinga þá greiddu sjúklingarnir lægra fastagjald. Þetta fyrirkomulag hafði í för með sér

350 millj. kr. sparnað í lyfjum á þeim tíma. Ef ráðherrann hefði haldið áfram á sömu braut og lækkað álagninguna úr 59% niður í 40% hefði hann getað náð öðrum 350 millj. Nei, hann valdi þá leið að láta sjúklingana greiða.

Ég get hins vegar tekið undir þær breytingar sem hæstv. heilbrrh. er að gera með að taka upp hlutfallsgreiðslu í þátttöku sjúklinganna í lyfjakostnaði og læknisþjónustu. Ég held að þar sé um mjög skynsamlega leið að ræða og ég treysti mér til að greiða atkvæði með þeim þætti þessa frv. í trausti þess að ráðherrann tryggi að þak verði sett á greiðslur einstaklinganna eins og hann hefur lofað. Það er auðvitað framfaraspor og sýnir að hann hefur talsvert lært á þeim tíma sem hann hefur verið í ráðuneytinu. Ráðherrann státar mjög af því að útgjöld til lyfjamála hafi lækkað um 500 millj. kr. og ég hygg að það sé alveg rétt. Það er vegna þess að sjúklingarnir eru farnir að greiða meira en að hluta til er skýringin líka sú, eins og ráðherrann hefur einnig bent á, að menn eru farnir að nota ódýrari lyf og það er vel. En hægt er að fara aðrar leiðir í þeim efnum eins og með svokölluðum bestukaupalista sem farið var að vinna að. Hins vegar getur skýringin auðvitað verið að hluta til sú að fólk sé hætt að kaupa lyf því að það hafi ekki peninga til þess og þá erum við á mjög hættulegri braut vegna þess að þá erum við að vísa vandamálunum á framtíðina og ráðherrann segir að það megi alls ekki gera. En með því erum við auðvitað að vísa þeim kostnaði heilbrigðisþjónustunnar yfir á framtíðina.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfjakostnaðar verði 1900 millj. kr. Í viðtali við starfsmann ráðuneytisins í sjónvarpi í síðustu viku kom fram að Tryggingastofnun ríkisins greiddi um 200 millj. kr. á mánuði fyrir lyf og það væru um 2,4 milljarðar kr. á ári. Samkvæmt þessu er fjárlagafrv. býsna óraunhæft. Með sérfræðilæknishjálpinni er einnig gert ráð fyrir að vísa vandamálinu sem ríkisstjórnin glímir við yfir á sjúklingana. Þar á að spara í læknishjálp 260 millj. Komugjaldið til sérfræðings á að hækka úr 900 kr. í 1500 kr.

Í þessum efnum valdi fyrrv. ráðherra allt aðra leið. Þegar Sjálfstfl. fór með forræði heilbrigðis- og tryggingamálanna á árunum 1983–1987 fór kostnaður við sérfræðilæknishjálp stighækkandi á hverju ári á föstu verðlagi. Engar tilraunir voru gerðar til þess að spyrna við fótum og vil ég hér nefna tölurnar. Ég tek fram að þetta er á verðlagi í júní 1990 og allt á föstu verðlagi. Árið 1984 var kostnaður við sérfræðilæknishjálp 440 millj.kr., árið 1985 590 millj. kr., árið 1986 690 millj. kr., árið 1987 878 millj. kr., árið 1988 979 millj. kr. Árið 1989 var annar ráðherra farinn að stjórna og var kostnaðurinn þá 844 millj. eða um 135 millj. kr. lægri. Lækkuninni var ekki náð fram með því að láta þá sem þurfa á þjónustu sérfræðinganna að halda greiða hærra gjald fyrir þjónustuna. Gjaldið var að vísu hækkað til samræmis við þær verðlagshækkanir sem orðið höfðu á því tímabili frá því að þær síðast höfðu hækkað. Hins vegar var hörkuslagur um þessa hluti við lækna og í þann slag fór hæstv. fyrrv. heilbrrh. og hann valdi það frekar en láta sjúklingana greiða. Það þarf nefnilega engan kjark til þess að ráðast að sjúklingunum, en það þarf kjark til þess að taka á kerfinu og þarna skilur að þessa tvo heilbrigðisráðherra. Breyting var gerð á þeim sérfræðilæknissamningi sem hafði verið í gildi þannig að sérfræðingar fóru að veita afslátt af þjónustu við sjúklinga sem Tryggingastofnunin greiddi fyrir, og með þeim aðgerðum sem þar var gripið til náðist sparnaður upp á 135 millj. kr.

Í febrúar árið 1990 var aftur gerð breyting á samskiptum við sérfræðinga og samskiptum milli sérfræðinga og heimilislækna. Hún fólst í því að það var hætt að taka gjald af þeim sem sóttu þjónustu heilsugæslustöðva. En gjaldið til sérfræðinga var hækkað úr 630 kr. upp í 900 kr. Þetta varð til þess að á föstu verðlagi lækkaði sérfræðilæknishjálpin árið 1989 úr 844 millj. niður í 800 millj. Nú er hins vegar snúið af þessari leið og aftur á að fara að taka upp gjald fyrir komu á heilsugæslustöðvarnar en hækka gjaldið til sérfræðinganna.

Ég hef heyrt hæstv. heilbrrh. oft lýsa því yfir að hann hyggist gera ýmsar breytingar á samningi við sérfræðinga. Það væri gaman að heyra hverjar þær breytingar eiga að vera. Kostnaður við hverja komu til sérfræðings í dag er í kringum 1900 kr. að meðaltali og inni í þeirri upphæð er ekki kostnaður við rannsóknir. Ef þær væru teknar inn væri kostnaðurinn kominn upp í 2400–2500 kr. Kostnaður við hverja heimsókn til heimilislæknis starfandi utan heilsugæslustöðva er í kringum 1400 kr., þ.e. um 500 kr. lægri en til sérfræðingsins. En kostnaður við heilsugæslulækni, sem starfandi er inni á heilsugæslustöð og veitir mun víðtækari þjónustu en heimilislæknir er ekki yfir 1000 kr. þegar heilsuverndin, heimahjúkrun hefur verið einangruð út úr kostnaði heilsugæslustöðvanna. En af þessari braut sparnaðar er auðvitað verið að hverfa yfir í það að halda áfram að vísa fólkinu til sérfræðinganna. Rök hæstv. heilbrrh. í þessum efnum eru vafalaust þau að gjaldið til sérfræðinganna verður miklu hærra en gjaldið á heilsugæslustöðvarnar. Það er að vísu alveg rétt og ekki fjarri lagi að sá munur sem nú er verði sá sami ef gjaldið fyrir komu á heilsugæslustöð verður um 600 kr. En gallinn er bara hins vegar sá að ég hugsa að það séu fáir eins fegnir og sérfræðingarnir að ná þessari breytingu fram. Og af hverju? Jú, ef meðalkostnaður við hverja komu til sérfræðings er 1900 kr. en sjúklingurinn greiðir 1500 kr., þá er ríkisstjórnin að leggja freistingu fyrir sérfræðinga. Þeir sem skrifa reikningana þurfa að velta því fyrir sér hvort það borgi sig fyrir þá að að skrifa reikning upp á 1900 kr. því að í mörgum tilvikum kostar heimsókn til sérfræðings langt undir 1500 kr. þannig að enginn reikningur verður skrifaður með þessum hætti. Það erfiðasta sem fyrrv. heilbrrh. átti við að glíma var að fara ekki svo hátt með gjaldið til sérfræðinganna að þessi freisting væri lögð fyrir þá.

Ég er ekki að segja að sérfræðingar falli í þessa freistingu. Það vona ég að enginn geri en hana er ríkisstjórnin að útbúa. Það var auðvitað umhugsunarefni á sínum tíma að fara með gjaldið til sérfræðinganna

hærra en í 900 kr. og halda gjaldinu fyrir heimsókn í heilsugæslustöðvarnar. En það vildi hæstv. heilbrrh. ekki gera og þess vegna ákvað hann að afnema gjaldið inn á heilsugæslustöðvarnar. Auðvitað eru til fleiri leiðir í þessum efnum en það að hækka gjaldið eitt og vil ég í því sambandi benda á tilvísanakerfið, sem reyndar hefur verið numið brott úr almannatryggingalögunum fyrir þrýsting frá sérfræðingum. Með því kerfi er þeim sem eru með tilvísun heimilað að greiða fast gjald sem gæti verið lágt, það gæti verið áfram 900 kr. En þeir sem kjósa að fara beint til sérfræðings án þess að hafa tilvísun ættu auðvitað að greiða reikninginn að fullu. Með þessum hætti er í fyrsta lagi hægt að koma á eðlilegum samskiptum milli heimilislækna og sérfræðinga og í öðru lagi hægt að takmarka heimsóknir til sérfræðinga. Við erum búnir að byggja upp heilbrigðiskerfi sem gerir ráð fyrir því að heimilislæknar og heilsugæslulæknar veiti grunnlæknis- og heilsugæsluþjónustu. Sérfræðingarnir veita sérfræðiþjónustu og þess vegna er gjaldskrá þeirra 33% hærri en heimilislækna vegna þess að þeir eiga að að veita sérfræðilega læknishjálp en ekki vinna í grunnþjónustunni.

Í Reykjavík hefur verið byggt upp tvöfalt kerfi heimilislækna og heilsugæslulækna sem ég veit að hæstv. heilbrrh. þekkir. Það þekkist hins vegar hvergi annars staðar. Sem betur fer sýnist mér að hæstv. heilbrrh. hafi sömu stefnu í því og fyrrv. ráðherra að vilja draga úr þjónustu heimilislækna og færa hana inn á heilsugæslustöðvarnar þar sem víðtækari þjónusta er veitt en hjá heimilislæknum. Gert er ráð fyrir því að sértekjur heilsugæslustöðvanna hækki um 375 millj. kr. og það á að gera með því eins og ég sagði áðan að hækka komugjaldið á stöðina úr 0 kr. í 600 kr. Hæstv. forsrh. lét að því liggja í gær að þetta hefði verið gert í tilraunaskyni. Fyrrv. heilbrrh. svaraði því að um hreina stefnu að væri ræða og í þá átt sem ég var að lýsa hér áðan.

Uppbygging heilsugæslunnar hefur verið mjög mikil á undanförnum árum, sérstaklega úti á landi. Uppbygging hefur því miður orðið eftir í Reykjavík og er einkum tvennt sem því veldur. Í fyrsta lagi algert áhugaleysi Sjálfstfl. í Reyjavík fyrir uppbyggingu heilsugæslunnar og hitt að fjármunir hafa að undanförnu verið takmarkaðaðir og hafa fyrst og fremst farið í uppbyggingu heilsugæslunnar úti á landi en það hefur farið saman við áhugaleysi sjálfstæðismeirihlutans í Reykjavík um uppbyggingu.

Með þeim breytingum sem gerðar voru á verkaskiptalögum milli ríkis og sveitarfélaga var heilsugæslan öll flutt frá sveitarfélögunum til ríkisins og við það hefur orðið nokkur breyting á uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík. Fyrrv. heilbrrh. lagði fyrir ríkisstjórn áform um uppbyggingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu sem var stefna að hans hálfu, stefna sem ríkisstjórnin samþykkti og honum og fyrrv. fjmrh. var falið að framkvæma. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var talsvert unnið í þeim efnum. Síðan þá hefur lítið gerst. Hins vegar hefur núv. heilbrrh. óskað eftir því, sem er lofsvert, að svokallað samstarfsráð heilsugæslustöðva í Reykjavík geri tillögu um uppbyggingu heilsugæslunnar í borginni. Það hefur verið gert og þeim tillögum hefur verið skilað til hæstv. ráðherra og ég vonast auðvitað til þess að þær verði framkvæmdar, en því miður er hins vegar margt sem bendir til þess eins og fjárlagafrv. lítur út núna að uppbyggingin stöðvist. Ég veit hins vegar af samtölum mínum við ráðherra að hann hefur fullan hug á að halda uppbyggingunni áfram en hún hefur byggst á því að í 6. gr. fjárlaga hefur verið heimild fyrir fjmrh. til þess að taka á leigu eða kaupa húsnæði til uppbyggingar heilsugæslunnar í Reykjavík. Síðan í júní á þessu ári hefur legið ýmist í heilbrrn. eða í fjmrn. fullbúinn leigusamningur við aðila í Reykjavík um að taka á leigu húsnæði undir heilsugæslustöð í Grafarvogi en íbúar þar eru nú tæplega 5000. Þeir þurfa allir að sækja sína heilbrigðisþjónustu yfir í Árbæjarhverfi á stöð þar sem ekki er hægt að bæta nokkrum sjúklingi við af þeirri ástæðu að þar eru svo margir fyrir að stöðin er fullbókuð og er ekki hægt að stækka. Um næstu áramót rennur úr gildi þessi heimild sem ráðherra hefur til þess að ganga frá leigusamningi á grundvelli 6. gr. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. núna að þessu 6. gr. ákvæði verði haldið inni. Því spyr ég heilbrrh. eins og ég hef reyndar oft spurt áður hvað líður því að gengið verði frá þessum leigusamningi? Við samstarfsráð heilsugæslustöðva í Reykjavík, við stjórn umdæmisins, við íbúasamtökin í Grafarvogi er margoft búið að segja: Þetta er alveg að koma. Nú eru menn orðnir nokkuð langeygir því að frá því í júní hafa menn beðið eftir því að eitthvað gerðist. Með þeirri áherslubreytingu sem varð í tíð fyrrv. ráðherra átti sér stað veruleg tilfærsla á fólki sem nýtur þjónustu heimilislækna og þeirra sem njóta þjónustu heilsugæslustöðvanna. Árið 1987 voru í Reykjavík 52 þús. Reykvíkingar sem nutu þjónustu sjálfstætt starfandi heimilislækna en 30 þús. sem nutu þjónustu heilsugæslustöðvanna. Þá voru 15 þús. Reykvíkingar sem engan heimilislækni höfðu. Árið 1991 hefur þetta snúist við. Það eru 36 þús. Reykvíkingar sem njóta þjónustu heimilislækna en 53 þús. Reykvíkingar sem njóta þjónustu heilsugæslustöðvanna. Þetta sýnir best þá stefnubreytingu sem varð í tíð fyrri ríkisstjórnar í þessum efnum og ég vonast til þess að hæstv. núv. heilbrrh. haldi áfram á sömu braut því að enn eru 10–12 þús. Reykvíkingar sem engrar heilsugæsluþjónustu njóta.

Það mætti segja margt um þær sértekjur sem fram koma í fjárlagafrv. og gert er ráð fyrir að innheimtar verði á heilsugæslustöðvunum. Þær eru sífellt að breytast þannig að ég ætla ekki að fara ofan í þær tölur nákvæmlega, læt það bíða til seinni tíma, þar til umræða um fjárlagafrv. fer fram. En ég vil þó segja fyrst sú leið er farin að taka upp aftur að innheimta þetta gjald á þá sem inn á heilsugæslustöðvarnar koma, að ég tek undir það að mér finnst skynsamlegra að láta það ganga inn sem sértekjur til heilsugæslustöðvanna en að það fari beint inn til Tryggingastofnunar ríkisins, inn í læknishjálpina. Þetta mun veita, að mínu viti, heilsugæslustöðvunum frjálsari hendur en þær hafa í dag til þess að ráðstafa sínum fjármunum.

Mig langar að minnast á deiluna um tannréttingarnar sem ég kom aðeins inn á í andsvari í gær og ég skil þreytu hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna samskipta sinna við tannréttingamenn. Ég þekki það nokkuð. Síðan í desember 1989 má eiginlega segja að þessi deila hafi staðið, frá því að hér voru samþykkt lög á Alþingi um að taka upp þriggja flokka skiptingu á greiðslum til þeirra sem almennra tannréttinga njóta. Tannréttingasérfræðingarnir sögðu upp þessum samningi sem búið var að gera við Tannlæknafélag Íslands og gengu þannig út úr viðskiptum sínum við Tryggingastofnun Íslands. Að mínu viti má ekki refsa þeim sem á þjónustunni þurfa að halda, eins og nú á að gera, þó að glíman sé erfið við tannréttingalæknana, en það er hæstv. ríkisstjórn að gera hér með 15 gr. þessa frv. vegna þess að núna á að hætta allri greiðsluþátttöku almannatrygginga í almennum tannréttingum. Í gildandi lögum var gert ráð fyrir því að þessi flokkun yrði þrískipt og hlutfallsgreiðslur réðust af því um hversu alvarlega sjúkdóma eða skekkjur væri að ræða. Staðreyndin er nefnilega sú að þetta er eitt af því sem hægt er að tala um, þ.e. tannréttingarnar, sem forvarnarstarf því á meðan barn er á aldrinum 6–10 ára getur verið hægt að ná miklum árangri í tannréttingum og tannréttingakostnaður á þessum tíma er ekki nema brot af því sem verður þegar farið er út í réttingu eftir að fólk er komið á fullorðinsaldur. Það er því alvarlegt, svo að ekki sé meira sagt, að hverfa frá þessu atriði laganna og í raun og veru er ráðherrann með þessu að vísa sparnaðinum sem hann ætlar að ná með þessum breytingum yfir á útgjöld heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni eða yfir á útgjöld einstaklinganna í framtíðinni sem munu verða miklum mun meiri heldur en ef menn nytu þessara greiðslna úr almannatryggingum núna. Mér sýnist í fljótu bragði að áætlað sé með þessum breytingum að greiðslur á árinu 1992, verði 15. gr. frv. að lögum, verði greiðslur fyrir tannréttingarnar kringum 13 millj. kr. til þessara alvarlegu galla og sjúkdóma. Á verðlagi ársins 1991, og miðað við þá þjónustu sem veitt er á grundvelli 39. gr. almannatryggingalaganna á árinu 1989, þá voru þessi útgjöld 50 millj. en mér sýnist að samkvæmt frv. sé gert ráð fyrir að í þetta verði settar á árinu 1992 13 millj. kr. Um allar greiðslur vegna ákvæða 39. gr. 1989 gilti um það sama og 15. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir að greitt sé til. Í raun á að draga úr þessum greiðslum enn frekar en lýst er í þessu frv. vegna þess að gert er ráð fyrir því að það verði í valdi hæstv. ráðherra að setja reglugerð um það hvernig þetta skuli framkvæmt.

Í 17. gr. er gert ráð fyrir því að spara í tannlækningum um 280 millj. kr., 150 millj. í tannréttingum, 50–60 millj. kr. í skólatannlækningum, 70 millj. kr. með því að koma á 10% kostnaðarþátttöku. Það kemur fram í frv. að ef það bráðabirgðaákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir, verður að lögum muni þessi sparnaður upp á 150 millj. kr. ekki nást. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir sem mér þótti gott að heyra að hann ætlar að standa við þau fyrirheit sem formaður tryggingaráðs hefur gefið og fyrrv. heilbrrh. hafði gefið og ítrekað hér á Alþingi. Sá sparnaður, sem þarna er gert ráð fyrir, mun því miður ekki nást. 50–60 millj. kr. er hægt að spara í skólatannlækningum. Ég tek undir þetta með hæstv. ráðherra. Ég held að þarna sé verið að fara inn á skynsamlega braut. Það hljómar hins vegar dálítið einkennilega að hv. sjálfstæðismenn skuli ætla að standa að þessum breytingum. Ég man eftir mörgum yfirlýsingum borgarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykjavík um að það væri frelsið sem ætti að gilda í þessum efnum og það ætti ekki að skylda fólk til þess að fara til skólatannlæknanna og nýta sér þá þjónustu sem þar væri veitt, heldur ætti ríkið að greiða þá reikninga sem foreldrarnir kæmu með frá hinum almenna tannlækni úti í bæ. En þarna hefur sýnilega orðið stefnubreyting. Ég held að þetta sé skynsamleg leið sem hæstv. ráðherra er þarna að fara. 70 millj. kr. er hægt, að mati ráðherrans, að ná með því að breyta kostnaðarþátttökunni í tannlækningunum, þ.e. á aldrinum 0–16 ára. Ég tek undir þetta einnig og mun greiða atkvæði með því að þessi 10% kostnaðarþátttaka komi á alla. Reyndar er verið að færa svolítið til. Það var önnur greiðsluþátttaka á aldrinum 0–5 ára, síðan var þetta frítt frá 6–15 ára. Ég held að það sé skynsamlegt að færa þetta yfir í það form að allir taki einhvern þátt. Hins vegar má náttúrlega við því búast, ef þessi ríkisstjórn verður lengi áfram, að þetta hlutfall verði hækkað smám saman þannig að smátt og smátt færist þessi kostnaðarauki yfir á foreldrana.

Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra að sinni. Full ástæða er þó til að ræða hér mjög margt um sjúkrahúsin og hugmyndir sem þar eru uppi og þær breytingar sem á að gera á rekstri sjúkrahúsanna hér í Reykjavík. Það er ekki beint í því frv. sem hér er til umfjöllunar þannig að mér þykir ekki rétt að eyða tímanum nú til þess en mun gera það við umræður um fjárlög þegar um þau verður fjallað.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum í þessari umræðu um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Þessar spurningar varða 1. og 3. gr. frv. sem aftur eru tillögur til breytinga á lögum um grunnskóla.

Undrun hefur komið fram í máli sumra hv. alþm. á því að nú skuli fluttar breytingartillögur við nýsett lög um grunnskóla og að slíkar breytingartillögur skuli fluttar af þingmönnum eða fulltrúum flokka sem studdu grunnskólafrv. á sl. vetri. Það er rétt að þingflokkur sjálfstæðismanna studdi grunnskólafrv. á síðasta þingi fyrra kjörtímabils. Það mál var eitt af síðustu frv. sem afgreitt var á því kjörtímabili. Umræður um það mál voru til þess að gera litlar undir lokin en höfðu auðvitað farið fram áður og mikil vinna verið í menntmn. þingsins. Samkomulag varð undir lok þingsins um að afgreiða þetta mál. Okkur sjálfstæðismönnum þótti það skynsamleg afstaða að afgreiða málið vegna þess að í því frv. voru mörg mjög mikilvæg ákvæði og markmið sem við vissulega studdum. Við gagnrýndum þó við meðferð málsins ýmislegt sem vantaði í frv. og sem auðvitað vantar enn í núgildandi grunnskólalög. Engu að síður þótti okkur rétt að styðja

málið. Við studdum það vegna þess, eins og ég sagði, að þarna var um mörg góð og mjög mikilsverð markmið að ræða. Það vantaði hins vegar veigamikla þætti og sérstaklega vantaði ákvæði um hvernig ætti að standa að fjármögnun þessara mála. Þar voru skyldur lagðar á aðra en ríkið, sérstaklega sveitarfélögin og samstarf við þau var ekki neitt á lokastigi málsins. Þetta gagnrýndum við á sínum tíma. Það eru sem sagt lagðar ýmsar skyldur á sveitarfélögin en þeim er ekki séð fyrir tekjum á móti. Það var í raun og veru augljóst þegar þetta mál var afgreitt að lögin þyrfti að endurskoða fyrr en síðar.

Einkum eru tvær ástæður fyrir því að gerðar eru í þessu frv. tillögur til breytinga á grunnskólalögunum. Í fyrsta lagi að fjármunir hafa ekki verið tryggðir til þess að náð verði settum markmiðum. Þessir fjármunir hafa hvorki verið tryggðir af ríkisins hálfu né sveitarfélaganna. Það er mat ríkisstjórnarinnar að ekki sé unnt að tryggja þetta fjármagn nú eins og ástatt er í fjármálum ríkisins.

Vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á löggjöfinni í heild er ekki skynsamlegt að þessi ákvæði komi til framkvæmda nú þótt þau skipti ekki sköpum í sambandi við þann fjármálavanda sem við stöndum nú frammi fyrir.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór nokkuð ítarlega yfir þessar brtt. og lýsti andstöðu sinni. Hann spurði raunar hvað ylli þeim ósköpum að breytt væri viðamiklum þáttum í lögum um grunnskóla og hvers vegna væri verið að breyta því sem ekki væri ríkisins að greiða og átti við það sem er viðfangsefni sveitarfélaganna. Ég tel mig raunar hafa svarað þessu þegar með því að segja að það sé ekki séð fyrir fjármögnuninni og sveitarfélögunum ekki tryggðir auknir tekjustofnar vegna þess sem á þau er lagt. En þá, eins og ég sagði, væri óskynsamlegt að láta þessa þætti koma til framkvæmda þegar ljóst er að endurskoða þarf lögin.

Ákvörðunum um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma er frestað. Ég veit ekki hvort um það er full samstaða hver eigi að greiða það sem þarna er sagt. Ég veit það að sveitarfélögin eru ósátt við að þessi skylda sé á þau lögð. En ég vil láta það koma fram að það er mitt mat að þarna sé verið að leggja skyldu á sveitarfélögin en ekki ríkið þegar þetta ákvæði er sett inn. Ég legg hins vegar áherslu á að það er ekki verið að fella þetta ákvæði brott úr lögunum. Auðvitað stendur þetta lagaákvæði áfram en það er verið að fresta því eins og öðru sem getið er um í 1. gr. frv. Það er verið að fresta því að þetta ákvæði komi til framkvæmda á árinu 1992. Á þetta legg ég mikla áherslu. Menn mega ekki rugla þessu saman við það verið sé að nema þessi ákvæði brott úr lögum. Það er ekki verið að því. Og þetta á við allt annað sem segir í 1. gr. frv., þar á meðal b-liðinn sem fjallar um grunnskólaráðið. Því ákvæði er frestað líka og ástæðan er einfaldlega sú að starfssvið og starfstilhögun grunnskólaráðs hefur ekki verið útfært nánar. Ekki er alveg ótvírætt að þetta grunnskólaráð sé skipað eins og það best gæti verið en þetta er eitt af þeim ákvæðum sem ástæða þykir til að skoða nánar.

Í c-liðnum er frestað ákvæðinu um heimildir til þess að ráða aðstoðarskólastjóra, það er breyting á 32. gr. grunnskólalaganna, 2. mgr. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða en okkur þótti rétt að taka af öll tvímæli um að þessi heimild yrði ekki notuð á árinu 1992 og ástæðan er einfaldlega sá aukni kostnaður sem þessu fylgir. Það er erfitt að meta hversu mikill hann hefði orðið vegna þess að við höfum ekki upplýsingar um það á hreinu hversu margir hefðu sótt um þessa heimild og talið sig eiga rétt á að fá að ráða aðstoðarskólastjóra.

d-liðurinn fjallar um vikulegan kennslutíma og er breyting á 46. gr. grunnskólalaganna. Þar legg ég enn áherslu á það að verið er að fresta þessum ákvæðum á árinu 1992. Þetta þýðir einfaldlega að vikulegum viðmiðunarstundum fjölgar ekki. En þetta þýðir ekki að farið verði að fækka þeim eins og ég held að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi spurt um í samhengi við lokamálsgrein 3. gr. þar sem menntmrn. fær heimild til að setja í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla. Þetta verður sem sagt að skoðast í samhengi við það ákvæði að frestunin gildi aðeins fyrir árið 1992. Það hafa að sjálfsögðu þegar verið teknar ákvarðanir um skólaárið sem nú stendur yfir og það eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á þeim ákvörðunum sem þar hafa þegar verið teknar.

Ég skil það svo að ekki sé ágreiningur um 2. gr. frv. Það hefur a.m.k. ekki komið fram svo ég hafi tekið eftir í máli þeirra hv. þm. sem hér hafa talað en þar eru tekin af tvímæli um það hver eigi að greiða húsnæði fyrir heilsugæslu og/eða tannlækningar.

3. gr. er síðan breyting á bráðabirgðaákvæðinu í grunnskólalögunum og reyndar snertir hún fleiri greinar í grunnskólalögunum. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna, vegna orða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, þar sem hún talaði um að fellt væri niður ákvæðið um einsetinn skóla. Það er ákvæðið í 3. gr. grunnskólalaganna þar sem segir í 2. mgr.: „Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé einsetinn." Hv. þm. sagði í ræðu sinni í gær að fellt væri niður ákvæðið um einsetinn skóla. Það má vel vera að þingmaðurinn hafi mismælt sig og ég ætla þá ekki að gera neitt mál úr þessu en það er auðvitað alls ekki svo að það sé verið að fella niður þetta ákvæði. Ákvæðið sem fellt er brott úr bráðabirgðaákvæðum gildandi laga er að stefnt skuli að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu 10 árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta er eitt af því sem við viljum endurskoða en alls ekki er verið að nema það brott úr lögunum. Á þetta legg ég líka sérstaka áherslu.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beindi til mín þeirri áskorun að flytja þessar tillögur í sérstöku frumvarpi, ef það væri ásetningur minn að fylgja þessu fram, en ekki hengja þetta í frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í því sambandi vil ég segja að sérstakt frumvarp um endurskoðun grunnskólalaganna verður vonandi lagt fram á þessu þingi, á síðari hluta þessa

þings, og þá gefst auðvitað tækifæri til þess að ræða miklu ítarlegar um grunnskólann en þetta frv. gefur tilefni til. Þá gefst áreiðanlega tækifæri til þess að ræða þá skólamálastefnu í málefnum grunnskólans sem við viljum fylgja og sem breiðust samstaða kann að verða um á hv. Alþingi. Það þarf nefnilega að ræða um margt fleira en kostnað í sambandi við skólamál, mjög margt fleira og ég vona að það gefist tilefni til þess síðar á þessu þingi. Ég verð því að svara þannig ákalli hv. þm. um að færa þessar tillögur í sérstakt frumvarp um breytingu á grunnskólalögum að til slíks geti ekki komið nú. Ég legg á það áherslu að þessar tillögur verði samþykktar. Þar er um tímabundna frestun á gildistöku vissra ákvæða grunnskólalaganna að ræða og síðar á þinginu vona ég að gefist tækifæri til ítarlegrar umræðu um málefni grunnskólans. Á því er full þörf.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ræða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur gaf að vísu tilefni til að segja nokkur fleiri orð. Hv. þm. hafði mörg og fögur orð um ágæti grunnskólalaganna sem sett voru á síðasta vetri og ekki ætla ég að draga neitt úr því. En af ræðu þingmannsins mátti jafnvel ráða að með þeim brtt. sem hér eru fluttar, ef samþykktar yrðu, væri nánast öll löggjöfin hrunin til grunna. Það er mikill misskilningur. Þessar tillögur varða aðeins fáa þætti og eftir stendur að sjálfsögðu meginefni grunnskólalaganna. Við erum ekki að breyta þar neinu.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fann eina skýringu á því að þessi ákvæði varðandi grunnskólann væri að finna í frv. og það er bágur efnahagur höfuðborgarinnar. Ég verð að segja að mér þótti þetta svolítið skondin skýring. Ég hef ekki heyrt hana áður og kannast ekki við að sú sé ástæðan fyrir þessum brtt. og lít á þetta frekar sem grín en alvöru.

Þingmaðurinn spurði líka hvers vegna Sjálfstfl. hefði staðið að samþykkt grunnskólalaganna og ég hef þegar svarað því. Ástæðan var sú að okkur þótti markmið frv. þess efnis að full ástæða væri til þess að styðja þau. Sú var ástæðan. Við vildum ekki bregða fæti fyrir samþykkt frv. sem okkur var þó innan handar á síðustu dögum þings síðasta kjörtímabils.

Hv. þm., eins og reyndar fleiri, las upp úr samþykkt Kennarafélags Reykjavíkur þar sem talað er um að lög séu samþykkt á einu þing en ógilt á öðru. Þetta er ekki nákvæmt orðalag hjá Kennarafélagi Reykjavíkur og ekki því til sóma að komast þannig að orði. Hér er ekkert verið að ógilda. Það er ekki verið að ógilda neitt eins og ég hef þegar tekið fram. Það er verið að fresta tilteknum ákvæðum í tiltekinn tíma. Það er málið.

Hv. þm. Jón Kristjánsson talaði að vísu svo sem ekkert um þessar greinar og ég þarf þess vegna ekki að svara honum, en hann talaði um að með þessu frv. væri velt stórum upphæðum yfir á sveitarfélögin án þess að nokkuð samráð væri við þau haft. Það má vel vera að eitthvað skorti á samráð við sveitarfélögin en ég hlýt að benda á það, sem ég hef reyndar þegar gert, að við samþykkt grunnskólalaganna sá páv. ríkisstjórn, sem hv. þm. Jón Kristjánsson studdi, ekki ástæðu til þess að hafa samráð við sveitarfélögin en þar var einmitt velt mjög þungum byrðum yfir á sveitarfélögin og það er hluti af því sem við erum að fresta með þessu frv. vegna þess að sveitarfélögunum hefur ekki verið séð fyrir tekjustofnum til þess að standa undir þeim skyldum sem á þau eru lagðar. Það er því þversögn í málflutningi þessara hv. þm., Jóns Kristjánssonar annars vegar og Hjörleifs Guttormssonar hins vegar, þar sem hv. þm. Jón Kristjánsson er að hneykslast á því að það sé verið að velta byrðum yfir á sveitarfélögin án þess að tala við þau en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að finna að því að verið væri breyta ákvæðum sem kæmu ríkisvaldinu nánast ekkert við vegna þess að það þyrfti ekkert að borga. Ef ég hef skilið þinmgmanninn rétt átti hann þar við t.d. málsverði í skóla og einsetinn skóla sem auðvitað kemur mjög harkalega niður á sveitarfélögunum vegna þess að það er þeirra að byggja skólahúsnæðið.

Hæstv. forseti. Þetta voru þau ákvæði sem ég vildi gera hér að umtalsefni að gefnu tilefni en sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka viðleitni hæstv. menntmrh. til að skýra sín sjónarmið til málsins. Mér finnst hins vegar að það hafi komið enn skýrar fram en legið hefur fyrir að það er ástæðulaust að ætla að gera þær breytingar á grunnskólalögum sem tillaga er gerð um í I. kafla þessa frv. Ekkert kallar á það sem tengist þessum bandormi sem hér liggur fyrir og er í raunninni viðurkennt af hæstv. ráðherra. Það eina sem gæti verið álitamál í þessu er það ef menn hefðu ætlað að fara í breytingar núna á síðari hluta skólaársins og þá þyrfti að fresta að taka inn ákvæði m.a. í sambandi við tímafjölda í bekkjardeildum og fjölda í bekkjum, máltíðir og annað af þeim toga sem sumt snertir ekki ríkið. Ég vil hvetja hæstv. menntmrh. eindregið til þess að yfirfara þetta mál og kanna það nú hvort hann er ekki reiðubúinn til að fresta þessari tillögugerð og fella þær tillögur inn í ráðgert frv. um breytingu á grunnskólalögum sem hann var að boða hér, þ.e. ef hann við nánari athugun telur ástæðu til að gera slíkar breytingar. Þetta eru vinsamleg tilmæli af minni hálfu til hæstv. ráðherra því að ég held að hann hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, ef hann fer yfir málið, að hér reynir ekki á kostnaðarákvæði á fyrri hluta næsta árs svo neinu nemi fyrir ríkið og ekki heldur fyrir sveitarfélögin. Ég held að það geti verið sameiginlegur skilningur á því að framkvæmdin, þó að það megi segja eftir orðanna hljóðan í grunnskólalögum, sé markmiðið að koma fram ákvæðunum á vissu árabili, þrem árum eða svo, hvernig það jafnast innan þessa tímabils geti verið á hendi framkvæmdarvalds og sveitarfélaga að svo miklu leyti sem þau koma þar við sögu. Því ítreka ég þetta sjónarmið og vænti að það hljóti stuðning og skilning því ella spái ég því að við þurfum að fara mjög vandlega yfir þessi mál og betur en tími er raunverulega til á Alþingi í jólaönnum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að það hefði komið alveg skýrt fram hjá mér að ég get ekki orðið við þeim tilmælum hv. þm. að draga þessar tillögur til baka og ástæðan fyrir því er ofur einföld. Þótt ekki sé um neinar stórkostlegar upphæðir að ræða hefur þetta áhrif á fjárlagagerðina fyrir árið 1992 sem við erum að ganga frá núna. Í grunnskólalögunum eru skyldur lagðar á ríkisvaldið til að sjá fyrir fjárveitingum til þessara þátta sem kveðið er á um í grunnskólalögum og við erum nú að gera tillögur um frestun á. Sú ástæða nægir út af fyrir sig til þess að við hljótum að halda okkur við þessar tillögur. En eins og ég sagði líka áðan þá vonast ég til að okkur gefist tækifæri til þess að ræða almennt um skólamálastefnuna síðar á þessu þingi þar sem ég hef í hyggju að leggja fram tillögur um endurskoðun grunnskólalaganna og þá er, eins og ég sagði líka áðan, ástæða til þess að tala um ýmislegt annað en kostnað.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega vonbrigði að heyra þessar undirtektir hæstv. ráðherra en ég vil bæta því við að í þessum tillögum eru ákvæði sem ekki hafa neinar fjárhagslegar afleiðingar en eru hrein skólapólitísk ákvörðunarefni. Ég tel að það algert lágmark af hæstv. ráðherra að yfirfara málið með það í huga að takmarka þær breytingar sem hér er verið að gera eingöngu við það sem kallar á fjárhagsleg útgjöld og varðar fjárlög næsta árs. En það er engan veginn svo. Hér er verið að þvæla saman stefnumiðum í skólamálum og einhverjum smávegis niðurskurði sem ráðherrann telur að varði fjárlagagerð ársins 1992. Það er ekki sómasamlegt að leggja mál fyrir með þessum hætti.

Ég bendi líka á það hversu óeðlilegt það er að kveða á, eins og gert er í síðustu mgr. 3. gr. í sambandi við reglugerðarheimild til ráðuneytis, með jafnóskýrum hætti og þar er gert og þó að hæstv. ráðherra leitaðist við að svara fyrirspurn minni, þá er það lítt sannfærandi. Ég efast um að hæstv. ráðherra botni í rauninni enn þá í því hvernig eigi að beita þessu ákvæði. Það eru því áfram vinsamleg tilmæli mín til hæstv. ráðherra og auðvitað til meiri hlutans eða stjórnarforustunnar í menntmn. að hún, í samvinnu við ráðherrann, yfirfari þessa grautargerð, vinsi úr það sem varðar fjárhagsleg málefni og ríkisstjórnin af þeim sökum telur óhjákvæmilegt að fá lagabreytingar á.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðn.- og viðskrh. hóf ræðu sína í gærkvöldi með því að segja að hæstv. forsrh. hefði farið yfir vítt svið í sinni ræðu og fór síðan aðdáunarorðum um þessa merkilegu víðátturæðu. En ég fann ekki nánari skilgreiningar á því hvað það var sem sérstaklega vakti athygli hæstv. viðskrh. í þessari ræðu. Ég held það geti varla verið það að hæstv. forsrh. spilaði sömu spóluna og hann hefur gert í hverri ræðu sinni í þinginu um vonda ráðherra og vondar fyrri ríkisstjórnir því að hæstv. viðskrh. var einn af þeim sem þar sat. Kannski er það huggun hans að hæstv. forsrh. hefur þar einkum talað um framsóknarmenn og e.t.v. huggar hann sig við að hann verður ekki talinn í þeim hópi og sé því ekki eins og aðrir menn. En við þessar sífelldu endurtekningar hæstv. forsrh. og mismuninn á stefnu núv. ríkisstjórnar með þessar altæku aðgerðir og frjálshyggjuhagfræðikenningar rifjast alltaf upp fyrir mér smáklausa úr bókarkafla sem heitir „Hagfræðin á blindgötum" eftir Fritjof Capra en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagfræðingarnir eru sjálfir farnir að viðurkenna að fræði þeirra hafi ratað á blindgötur. Árið 1971 sagði Arthur Burns að lögmál hagfræðinnar virka ekki lengur eins og þau gerðu. Og Milton Friedman, árið 1972, var enn hreinskilnari: „Ég hugsa að hagfræðin hafi á síðustu árum unnið mikil spjöll á þjóðfélaginu í heild en sérstaklega á mönnum í okkar starfsstétt með því að lofa meiru en hún gat staðið við."

Um 1978 hafði viðhorfið breyst úr varkárni í örvæntingu þegar Michael Blumenthal, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, lýsti yfir: „Ég held virkilega að hagfræðingastéttin sé algerlega komin í þrot hvað varðar skilning á núverandi ástandi." Juanita Kreps, fráfarandi viðskiptaráðherra, sagði árið 1979 á mjög opinskáan hátt að sér væri ómögulegt að hverfa aftur til síns fyrra starfs sem prófessor í hagfræði við Duke háskólann vegna þess, eins og hún segir: „Ég mundi ekki vita hvað ætti að kenna."

Ræða hæstv. viðskrh. minnti á mig líka á þessar setningar þegar hann var að fjalla um vaxtamálin, vaxtadrauginn sem núv. ríkisstjórn vakti upp í maí sl. Þá sagði hæstv. fjmrh. og aðrir ráðherrar, forsrh. o.fl.: Vextirnir munu lækka aftur þegar kemur fram á sumarið. Og svo þegar kom fram á sumarið sögðu þessir sömu ráðherrar: Nú er þetta alveg að koma, vaxtalækkunin er að koma.

Í ræðu sinni í gærkvöldi sagði hæstv. viðskrh. svo að staðreyndin hefði orðið sú að raunávöxtun á óverðtryggðum lánum á þriðja ársfjórðungi ársins hefði orðið 12%. Enn var klifað á því: Þetta er alveg að koma. Svo er nú sagt að staðreyndin verði sú að þessi raunávöxtun fari upp í 14% á þessum síðasta ársfjórðungi og enn segja ráðherrarnir: Þetta er alveg að koma, þetta er að koma niður. Hæstv. sjútvrh. virðist vera farinn að efast eitthvað um þetta því að hann er farinn að segja að nú þurfi að grípa til neyðarúrræða, minnir mig hann segði fyrir skömmu síðan, til þess að koma vöxtunum niður. Honum finnst að þarna verði nokkuð mikill dráttur á því sem lofað hefur verið.

Hæstv. heilbrrh. kynnti í gær breytingar á reglugerð og sagði frá því í ræðustól að við það að gefa þessa reglugerð út mundu sparast 500–600 millj. kr. Í tilefni af því langar mig að beina nokkrum spurningum til hæstv. forsrh.

Það kom jafnframt fram að þessi reglugerð mundi valda 0,2–0,3% hækkun á framfærsluvísitölu. Ég býst við að okkur sé öllum ljóst að við þær aðstæður sem nú eru þegar allir kjarasamningar eru lausir muni þessi vísitöluhækkun leiða til kröfu um jafnmiklar launahækkanir frá aðilum vinnumarkaðarins, þannig að þeir

fái greidda þessa hækkun. Að vísu er það auðvitað svo að þarna er um meðaltalshækkun að ræða og þó að launahækkun komi á móti mun það að sjálfsögðu ekki bæta þeim sem mest þurfa að greiða vegna reglugerðarbreytingarinnar en hins vegar koma sem kjarabót fyrir þá sem ekki verða fyrir neinum útgjöldum. En það er önnur saga.

En það sem mig langar að spyrja hæstv. forsrh. er um afleiðingar af þessari nýju reglugerð hæstv. heilbrrh.:

1. Hvað veldur sú launahækkun sem þarna má búast við að komi í kjölfarið mikilli beinni hækkun á útgjöldum ríkssjóðs vegna launa og launatengdra hækkana sem af því verða? Ég veit ekki nákvæmlega hversu mikinn hluta af fjárlögum þarna er um að ræða en sennilega mun óhætt að fullyrða að það séu ⅔ sem á einhvern hátt eru tengdnir slíkum hækkunum. Þá væru þegar komnar um 200 millj. kr.

2. Hvað veldur þessi hækkun vegna reglugerðarinnar mikilli hækkun á skuldum ríkissjóðs, þ.e. vegna hækkunar á lánskjaravísitölu?

3. Hvað veldur hún mikilli hækkun á launakostnaði atvinnuveganna í landinu? Vegna sömu ástæðna og gagnvart ríkissjóði hljóta að koma fram auknar launakröfur.

4. Hvað veldur hún mikilli hækkun á fjármagnskostnaði atvinnuveganna af sömu ástæðu og á skuldum ríkissjóðs?

Hérna er um að ræða fjórar tölur sem ég vænti að hæstv. forsrh. hljóti að hafa á hraðbergi þar sem ríkisstjórnin hlýtur að hafa gert sér grein fyrir öllum hliðum málsins, hvaða afleiðingar gjörðir hennar hafa. Jafnframt væri auðvitað í þessu sambandi fróðlegt að vita hversu mikil hækkun varð á skuldum ríkissjóðs vegna vaxtahækkunarinnar í maí sem sagt var að hefði valdið 0,5% hækkun á framfærsluvísitölu hinn 1. júní sl. Það hljóta að vera orðnar háar upphæðir sem rekja má til þeirrar hækkunar.

En þrátt fyrir þessar fullyrðingar hæstv. forsrh. um markvissar og altækar aðgerðir í ríkisfjármálum og efnahagsmálum kom það fram í ræðu hans að þetta frv., þetta nýja fjárlagafrv. eða endurbætta, sem hér er flutt undir nafninu Ráðstafanir í ríkisfjármálum, er aðeins fyrsta frv. sem við hv. alþm. eigum von á núna á næstu dögum. Önnur fleiri eiga að bætast við smátt og smátt eftir því sem hugmyndirnar koma fram hjá hæstv. ríkisstjórn. Þar með virðist að lítið muni standa eftir af frv. hæstv. fjmrh. sem hann lagði fram í haust. Það er kannski þess vegna sem það er hæstv. forsrh. sem mælir fyrir þessu nýja frv., að vísu með aðstoð hæstv. viðskrh. En hæstv. fjmrh. hefur ekki sagt eitt einasta orð í þessum umræðum um ríkisfjármál á árinu 1992 og í dag hefur hann alls ekki sést í þinginu. Í gær sást hann aðeins á hlaupum. Er hæstv. forsrh. búinn að taka fjármálin af hæstv. fjmrh. eða hver er skýringin á því að hæstv. fjmrh. er hlaupinn í felur og hæstv. forsrh. mælir hér fyrir frv. og hæstv. fjmrh. telur það alls ekki sitt hlutverk að hlýða á umræður um ríkisfjármál?

Eins og ég vék að í upphafi ræddi hæstv. viðskrh. um hina víðáttumiklu ræðu hæstv. forsrh. og skýringu á því fannst mér nú kannski helst vera að finna þegar hæstv. forsrh. fór að fjalla um 25. gr. þessa frv., um aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Þá komu, ekki eins og skrattinn úr sauðarleggnum heldur skollinn úr sauðarleggnum, refir og minkar og hæstv. forsrh. fór að elta þá upp um fjöll og firnindi. En því miður bendir til þess að hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin virðist allt of lítið vita af því hvað í þessu frv. stendur. Það er vissulega áhyggjuefni þegar svo er komið og verið er að fjalla um málefni ríkisins, örlagaríkar ákvarðanir þar, að þá sé lítið samhengi í hlutunum.

Ég skal ekki fjalla lengur um það en aðeins tvö atriði langaði mig til að minnast á við hæstv. landbrh. Er hann ekki í húsinu? (**Forseti:** Forseti vill upplýsa ræðumann um það að ráðherrann er í húsinu og það er verið að sækja hann.) Já, takk fyrir.

Þau tvö atriði sem mig langaði að minnast á við hæstv. landbrh. eru annars vegar 4. gr. frv., um breytingu á jarðræktarlögum frá 1987 sem síðar var breytt árið 1989, og 34. gr. frv., um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því hvort honum sé ekki ljóst hvernig staðið var að undirbúningi þessara mála. Í fyrsta lagi um breytingu á jarðræktarlögunum sem gerð var 1989. Þá var um þetta mál fjallað rækilega í landbn. efri deildar og upp voru teknar viðræður við Búnaðarfélag Íslands um breytingar á ákvæðum jarðræktarlaga á þann veg að mjög var dregið úr skyldu ríkisins til framlaga samkvæmt þessum lögum og skilyrði hert. En á grundvelli þessa samkomulags var síðan lagabreytingin gerð. Í sambandi við 34. gr. var aðdragandinn sá að 1987 var samið við Stéttarsamband bænda um nýjan búvörusamning. Eitt grundvallaratriði í þeim samningi, áður en frá honum var gengið, var að gera breytingar á lögunum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara, m.a. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Þá sátu í ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. og gerðu samkomulag um þetta mál, m.a. um það að greiðslur ríkisins til Framleiðnisjóðs nái til áranna 1991 og 1992 og miðist við 4% af verðmætum landbúnaðarframleiðslunnar. Til að staðfesta þetta samkomulag var flutt frv. til breytingar á lögunum og það var samþykkt samhljóða af öllum flokkum sem þá áttu sæti á Alþingi.

Nú vil ég spyrja hæstv. landbrh., hvort hann telji ekki að það þurfi að fara með meiri gát að breytingum á slíkum ákvæðum, sem eru til komin með samkomulagi þar sem báðir aðilar hafa slegið af sínum kröfum og óskum heldur en annars væri ef það væri eingöngu sett með einhliða ákvörðun Alþingis án slíks undanfara. Ég skil mætavel erfiða stöðu landbrh. nú og þrýsting á hann í sambandi við fjárlagagerð. En ég vildi spyrja hann að því hvort honum fyndist ekki að það hefði verið æskilegra eða réttara að eiga viðræður við viðkomandi aðila og vita hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um einhverjar breytingar sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Eða a.m.k. að einhliða breyting væri ekki gerð nema að undangengnum slíkum viðræðum. Ég vil ekki taka fyrir að ekki hefði

komið til greina að breyta með samkomulagi einhverjum af þessum lagaákvæðum. T.d. það að dreifa greiðslum á lengri tíma eða hvort ekki hefði mátt finna einhverja aðra leið.

Það sem mér finnst sérstaklega gera þessa breytingu erfiða nú eru þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir að öðru leyti. Í sambandi við Framleiðnisjóðinn má minna á að nú á sl. hausti hefur hæstv. landbrh. gert samninga við bændur um 13% niðurskurð á sauðfjáreign þeirra í samræmi við samning sem gerður var á sl. vori. Á næsta ári er búist við að höggva þurfi aftur í sama knérunn. Er þá ekki óeðlilegt að á sama tíma skuli vera gengið svo djarft til verks að skera niður framlög til Framleiðnisjóðs sem á að hafa það hlutverk að styðja bændur til að leita annarra leiða til að afla sér tekna?

Hæstv. viðskrh. ræddi í gærkvöldi um að það þyrfti að styðja atvinnuvegina og skapa þeim betra rekstrarumhverfi. En ég get ekki séð hvernig í ósköpunum þetta er í samræmi við hugmyndir viðskrh. um betra rekstrarumhverfi. Það væri kannski rétt að benda hæstv. viðskrh. á eitt atriði sem fram kom í hans máli hvað það varðar. Hann lét í ljós áhyggjur sínar af stöðu dreifbýlisverslunarinnar sem stæði höllum fæti en virtist ekkert skilja í því af hvaða ástæðum það væri. Þegar við heyrðum upplýsingar hans um vextina og hina gífurlegu raunvexti þá býst ég við að flestir aðrir skilji ástæðuna fyrir erfiðleikunum. Að sjálfsögðu er það hinn gífurlegi fjármagnskostnaður sem leggst þyngra á dreifbýlisverslun en aðra verslun vegna þess hversu veltan er þar hæg. En það virðist sem sagt vera að hæstv. ráðherrum gangi ekki nægilega vel að setja hlutina í rétt samhengi. En þetta var útúrdúr frá þeirri spurningu sem ég var að bera til hæstv. landbrh. um það hvort ekki væri mjög alvarlegt að skera framlög til Framleiðnisjóð nú niður um meira en helming við þessar aðstæður. Sérstaklega þegar það munu einhvers staðar vera til tölur á blaði um skyldur sem á hann á að leggja á næsta ári sem er hærri upphæð en sú sem áætluð er sem fjárveiting þessa árs þannig að því verður þá að bjarga með þeim afgangi sem til er frá þessu ári og harla lítið til nýrra verkefna.

Að því er varðar svo aftur jarðræktarlögin þá er verið að fjalla um þessi mál nú í skugga þeirra hættu sem GATT-samningarnir gætu haft í för með sér fyrir íslenskan landbúnað. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. muni gefa Alþingi skýrslu sem allra fyrst eða sjá um að þeir komi hér til umræðu og ætla því ekki að ræða það frekar en vil bara að undirstrika það að mér finnst það skjóta skökku við á sama tíma og íslenskur landbúnaður á að fara að keppa við stóraukinn erlendan innflutning ef af GATT-samningunum verður. Það er ljóst að greiðslur eins og þær sem inntar eru af hendi samkvæmt jarðræktarframlögum munu ekki verða bannaðar í þeim samningum. Á nú að þrengja svo mjög þær reglur sem um þær gilda?

Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar geti svarað þessum spurningum í stuttu máli svo það þurfi ekki mjög að tefja þessa umræðu og læt máli mínu lokið.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. kom hér inn á tvö atriði sem hann vildi fá skýringar á. Annars vegar varðandi jarðalög. Um það er það að segja að eins og hv. þm. er kunnugt þá er uppi ágreiningur um það milli ríkisendurskoðanda og ríkislögmanns hver sé merking þess ákvæðis sem varðar jarðræktarstyrkina. Ríkislögmaður heldur því fram að tölur fjárlaga skuli vera afgerandi um þau atriði en á hinn bóginn telur Ríkisendurskoðun að í lögunum séu skuldbindandi ákvæði fyrir ríkissjóð.

Í því frv. sem hér um ræðir er einungis gert ráð fyrir því að taka af vafa í þessum efnum. Málsgreinin er svohljóðandi:

„Allur réttur til að framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis." Það er óhjákvæmilegt að Alþingi skeri úr þessum ágreiningi sem er milli framkvæmdarvaldsins og Ríkisendurskoðunar. Það er enginn annar aðili í landinu sem getur gert það. Og það er skoðun mín og ríkisstjórnarinnar að það sé eðlilegt að Alþingi ákveði hversu miklum fjármunum það vill verja til þessa verkefnis á hverju ári og síðan verði auðvitað að taka þá ákvörðun til endurskoðunar fyrir hver fjárlög en ekki að hafa hinn háttinn á eins og tíðkaðist hér fyrir einu ári að ætla of lágum fjárhæðum til þessara verkefna eins og fram kemur í frv. til aukafjárlaga þar sem gert er ráð fyrir 35 millj. kr. aukafjárveitingu til jarðræktarframlaga.

Um hitt atriðið, Framleiðnisjóð, er það eitt að segja að vegna þess að þau kerfi tvö skarast, hið gamla og hið nýja, eftir hinum gamla búvörusamningi og hinum nýja, fellur óeðlilega mikið af útgjöldum á ríkissjóð á næsta ári. Samkvæmt hinum nýja búvörusamningi á að taka upp beingreiðslur til bænda 1. mars nk. en fella niður niðurgreiðslur. En samkvæmt hinum fyrri búvörusamningi var sá háttur hafður á að fjárveitingunum ríkisins til lækkunar á kindakjöti var varið til niðurgreiðslna. Í hinum nýja búvörusamningi er fitjað upp á ýmsu öðru sem bændur og forveri minn töldu að gæti orðið til hagræðis fyrir bændur. Á meðan kerfin tvö skarast þótti mér eðlilegt að Framleiðnisjóður tæki þátt í þeim hagræðingaraðgerðum sem búvörusamningurinn felur í sér, sem er auðvitað í samræmi við tilgang hans og í samræmi við ráðstöfun fjárins áður. Um þessi bæði atriði var rætt við samtök bænda þannig að þeim var kunnugt um þessi atriði. Ég skil á hinn bóginn vel að forustumenn bænda skuli halda sjónarmiðum bændastéttarinnar fast fram og reyna að gæta hagsmuna þeirra til hins ýtrasta og kannski meira en góðu hófi gegnir stundum. Þetta eru þær eðlilegu skýringar sem eru á þessu.

Varðandi jarðræktarstyrkina, að ákvörðun Alþingis hverju sinni skuli gilda um fjárveitingar í þessu skyni sem öðrum. Sú þrönga staða sem ríkisfjármálin eru í núna er auðvitað vegna þess að það hefur verið eytt langt umfram þær heimildir sem Alþingi veitti til útgjalda úr ríkissjóði á síðasta ári og framkvæmdarvaldið hefur haldið sínu striki hvað sem hefur liðið vilja Alþingis hverju sinni, sem auðvitað gengur ekki.

Það er ekki hægt að halda áfram með þeim hætti að

slá útgjöldum eilíflega á frest. Það er einfaldlega stefnubreyting í þeim efnum og það er skýringin á þessum tveim atriðum.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að ekki hafi verið efi í huga nokkurs þeirra sem sátu í landbúnaðarnefnd efri deildar þegar lagabreytingin var gerð síðast á jarðræktarlögum hvernig þetta bæri að skilja. Það ætti að gera í samræmi við túlkun Ríkisendurskoðunar og hún hafi komist að þeirri niðurstöðu vegna þess að hún kynnti sér málin. Ég veit ekki til þess að ríkislögmaður hafi talað við þá alþingismenn sem að þessu máli stóðu eða aðra aðila. En ég undirstrikaði það að við þessa lagabreytingu var mjög dregið úr þessum útgjöldum ríkisins og reynt að setja ákvæði sem settu þau í fastari skorður. Þannig að hér yrði ekki hægt að segja að væri opinn reikningur heldur færu framlög eftir umsóknum og samþykktum sem gerðar væru í samræmi við lögin og ákvörðun landbrn.

Hvað varðar síðari liðinn, um Framleiðnisjóð, þá tók ég fram að ég teldi alls ekki útilokað að semja um einhverjar breytingar þar, m.a. vegna þess sem hæstv. landbrh. var að benda á. En það hefði litið allt öðruvísi út ef slíkt samkomulag hefði verið gert þannig að menn vissu að þarna væri ekki um tapaða fjármuni að ræða heldur aðeins frest á greiðslu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka varðandi jarðræktarlögin sem ekki kom raunar fram áðan að uppi var ágreiningur milli landbrn. og fjmrn. um skilning laganna og óhjákvæmilegt þess vegna að Alþingi skeri úr um hver skilningurinn skuli vera. Það veltur á því hvernig Alþingi afgreiðir umrædda grein í þessu frv. hvort hér verður um sjálfvirk útgjöld að ræða eða þau verða bundin við fjárlög. Óhjákvæmilegt var að skera úr þessum ágreiningi. Um hitt atriðið ítreka ég að ég hafði tilkynnt bæði formanni stjórnar Framleiðnisjóðs og formanni Stéttarsambands bænda frá ákvörðun minni um að skera Framleiðnisjóðinn niður og skýrt mínar ástæður en óskaði á hinn bóginn ekki eftir því að þeir blessuðu mínar gerðir. — [Fundarhlé.]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu hafa af eðlilegum ástæðum fallið mörg orð. Bæði hafa menn orðið undrandi, eins og hefur komið fram, á þeim lítilmótlegu tillögum sem fæðst hafa hjá ríkisstjórninni og að áfram eigi að búa við þá óvissu að engar efnahagsráðstafanir líti dagsins ljós áður en jólahátíðin gengur í garð. Ég verð að fara örfáum orðum um þetta frv. og ýmislegt sem fram hefur komið en síðar í ræðu minni mun ég fjalla sérstaklega um yfirlýsingar fjmrh. og forsrh. um sölu á Búnaðarbanka Íslands.

Ég vil í fyrstu segja að ég var einn þeirra þingmanna sem kvöddu sér hljóðs hér á vorþingi til að árna nýrri ríkisstjórn heilla í störfum. Ég var það grænn á þeim tíma að ég trúði því að við völdum á Íslandi væru að taka metnaðarfullir menn sem ekki einungis höfðu metnað fyrir hönd þjóðar sinnar heldur metnað gagnvart íslensku atvinnulífi og mundu starfa samkvæmt því. Mér hafði verið kennt það í barnæsku að bera virðingu, hóflega virðingu fyrir Sjálfstfl., ekki síst eins og hann var á þeim tíma, trúr atvinnulífinu, trúr íslenskri stefnu á mörgum sviðum, flokkur sem gekk fram fyrir skjöldu. Ekki var það síst á þeim árum sem hér voru leiðtogar eins og Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson, Geir Hallgrímsson o.fl. En vissulega er það svo að hallað hefur undan fæti hjá þessum flokki og við höfum horft á að sífellt virðist verða erfiðara fyrir menn að taka við forustu í flokknum, hvers vegna sem það er. Ég sagði áðan að ég hefði trú á því að hér hefðu verið að taka við völdum dálítið metnaðarfullir menn. Ég skal viðurkenna að ég er sama sinnis og þjóð mín að mér finnst ég ekki þekkja hæstv. forsrh. fyrir sama mann eftir að hann tók við þessu vandasama starfi. Hvorki í framkomu hér í þinginu né í fjölmiðlum. Hann virðist vera á undanhaldi. Hann virðist vera stefnulaus. Hann virðist vera á flótta. Hann virðist ekki ráða við flokk sinn. Hann virðist vera bandingi í höndum örfárra manna, örfárra manna sem hafa tekið völdin í þessum flokki. Á þessu verða menn að átta sig. Þetta er ekki frjáls flokkur lengur. Þetta er flokkur í höndum lítillar klíku. Hafið þið tekið eftir hvernig hæstv. sjútvrh. hefur breyst eftir að hann losnaði frá stóra fundarstjóraborðinu þar sem valdaklíkan situr? Valdaklíkan sem er að raka að sér auðnum í þessu þjóðfélagi. Hæstv. núv. forsrh. virðist því miður hafa trú á því sem hann er að gera. Á einhvern hátt sannfæra þessir menn við fundarstjóraborðið stóra hann um að hann sé á réttri leið. Hann þurfi að framfylgja þeirri helstefnu gagnvart íslensku atvinnulífi sem var stöðvuð á síðustu stundu, 1988. Auðvitað var einhver ástæða fyrir því að Sjálfstfl. sá ástæðu til þess í miðri kosningahríð að slá foringjann af baki. (**ÓRG:** Ég lýsti bókinni sem Einar Guðfinnsson er að fletta.) Ég vænti þess að hinir ungu sjálfstæðismenn kynni sér ástæðurnar og reyni að frelsa þennan hæstv. forsrh. úr höndum þeirrar valdaklíku sem hann nú situr með á löngum fundum.

Mér finnst að forsrh. hafi í þessari löngu, illa fluttu ræðu, sem sem við heyrðum í gær, sagt þó þá hluti sem staðfesta þann ótta sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Mesta atvinnuleysi sögunnar er fram undan — og áttum okkur á því að það er atvinnuleysi af völdum manna. Það er atvinnuleysi af völdum manna sem nú er fram undan. Það er atvinnuleysi af völdum ríkisstjórnar sem ekki stendur með íslensku atvinnulífi, sem ekki hefur kjark til að ganga í mikilvægar aðgerðir til að viðhalda hér þjóðarsátt og stöðu atvinnuveganna í lagi. Ríkisstjórnin hefur gert þjóðfélag okkar hart og ómanneskjulegt á mjög stuttum valdaferli. Hún mun ekki bara valda því að fólk forði sér frá því að reka og eiga fyrirtæki eins og nú er að gerast um allt land. Menn eru í rauninni, vegna viðhorfa ríkisstjórnarinnar og aðgerðarleysis, á flótta úr atvinnulífinu. Hver sem betur getur reynir að losna frá sínu fyrirtæki. Ég

er ekkert hissa á því þótt hinir eldri þingmenn Sjálfstfl. sitji vel á fundum og taki eftir því sem sagt er því að þeir hafa þá kannski samvisku og manndóm til þess í þingflokksherbergi Sjálfstfl. að taka málið upp. Það sama verður ekki sagt um þá yngri í flokknum því að þeir virðast lúta þeirri forustu sem nú er. Þeir virðast trúa á hana í blindni. Þeir hafa ekki manndóm til að standa með íslensku atvinnulífi eða þeim hugsjónum sem standa á prenti í stefnuskrá Sjálfstfl.

Hér mun bresta á landflótti á næsta ári. Það verður landflótti vegna atvinnuleysis. Landflótti vegna lélegra lífskjara, landflótti vegna þess að fólk nennir ekki að þreyja hér þorrann og góuna þar sem örfáir útvaldir munu fá allt fyrir ekkert. Íslenskri alþýðu er ofboðið. Það verður atgervisflótti úr þessu landi ef svo heldur fram sem horfir. Það verður líka flótti af neyðarástæðum og af ýmsum öðrum orsökum.

Ég verð að segja að mér finnst spor þessarar ríkisstjórnar minna mjög mikið á það tímabil, þá þrettán mánuði, sem Þorsteinn Pálsson hæstv. sjútvrh. var hér forsrh. á árunum 1987–1988. Mér finnst sagan endurtaka sig. Mér finnst ég hafi gengið á vit fortíðarinnar að mörgu leyti. Núv. forsrh. hefur verið settur í föt fyrirrennara síns eins og hann var á þeim árum. Hann hefur verið klæddur í föt fyrirrennara síns og honum gefnar fyrirskipanir í þeim anda sem þá var stjórnað. Úrræðaleysið, trúin á kennisetningar, vaxandi viðskiptahalli, fjárlagahalli, drápsklyfjar lagðar á atvinnulífið og fólkið í landinu. Enginn rekstrargrundvöllur hvorki fyrir heimili eða atvinnulíf. Allt á undanhaldi en þó ekki því að neita að lítill hópur þjóðfélagsins malar gull á þeirri neyð sem er að skapast.

Þess vegna var það von stjórnarandstöðunnar nú að sá fundur sem ríkisstjórnin átti í ráðherrabústaðnum mundi marka tímamót og í gær hefði komið fram ný áætlun um breyttar áherslur. Hún leit ekki dagsins ljós. Fólkinu er boðið að semja um lækkuð laun og álögur. Hér fengu 600 ríkisstarfsmenn þær kveðjur að þeir yrðu reknir úr starfi svo og að yfirvinnan yrði klipin af. Við vitum hvernig það fer fram, alltaf er lagst á þá sem lægst hafa launin.

Það er kannski athyglisvert að velta fyrir sér þeim kveðjum sem þessi ríkisstjórn fær, ekki síst þegar í hlut eiga flokksmenn. Þær eru kaldar kveðjurnar sem Lára Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sendir ríkisstjórninni. Hún sagði hér á fjölmiðlavaktinni að með ráðstöfunum í ríkisfjármálum árið 1992 sé verið að ráðast að launafólkinu. Það sé verið að ráðast á ýmsar alþjóðlegar samþykktir sem hér hafa verið gerðar. Síðan fjallar hún einnig um málefni flokksbróður síns, heilbrrh., og segir að einnig megi nefna aukið sjálfdæmi ráðherra um greiðslur sjúklinga vegna læknisþjónustu og lyfja, útboð á heilbrigðisþjónustu. Þannig er þetta í mörgum atriðum að fólkið í þessum flokkum utan þinghússins er eigi að síður að smá vakna og óttast þá stefnu sem hér er framkvæmd.

Hæstv. heilbrh. hefur ekki séð sér fært að vera hér eftir matinn eða hvað? Er hann ekki í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. heilbrrh. er í húsinu.) Mundi hæstv. forseti kalla ráðherrann til fundar?

Við sjáum að ýmislegt sem þessi ríkisstjórn þó gerir snýr að því að eyðileggja þjóðarsátt og það eftirlit sem mikilvægt er nú í þjóðfélaginu. Ein fyrsta aðgerðin í þessum ráðstöfunum mun hafa verið að reka fjóra menn frá Verðlagseftirliti ríkisins, segja þeim upp störfum og koma þeim í burtu. Maður hefði haldið slík stofnun hefði þurft á öllu sínu að halda í þeim bardaga sem hefur staðið og stendur áfram um að halda hér verðlagi niðri.

Mig langar á meðan ég bíð eftir heilbrrh. að minnast á rúsínuna sem þeir létu fljóta með í þessum pakka um ráðherrabílana og allt það góða sem þeir ætluðu að gera til að gleðja fólkið fyrir jólin. Auðvitað ber að fagna síku. Ég hef oft velt þessum lúxus ráðherra fyrir mér. Hvaða ástæða, t.d. í sambandi við bílana, er fyrir því hér á Íslandi að vera með þetta dýra kerfi allt saman? Mig minnir að þegar Eysteinn Jónsson var hér ráðherra þá hafi hann komið með strætó. Einar Gerhardsen í Noregi var frægur fyrir að koma með lestinni. Hér búa flestir ráðherrar landsins vestur á Melum. Á hverjum morgni koma bílar sem kosta 4–6 milljónir með stórum og sterkum mönnum undir stýri til að sækja þá og skutla þeim fimm mínútna leið þar sem þeir ganga prúðbúnir inn í ráðuneytin. Bílstjórarnir standa síðan allan daginn við að pússa þessa dýru bíla og bíða eftir því að skjóta þeim einhvern spöl sem er nú lítil ástæða til. Ég hef tekið eftir því t.d. hér fyrir framan þinghúsið að það er varla hægt að komast inn í þinghúsið fyrir öllum þessum dýru bílum ráðherranna sem standa þar. Ég hefði haldið að heilbrrh. ætti að leggja til að ráðherrarnir skokkuðu til vinnu sinnar á morgnana. Ég held að þarna hefði verið hægt að spara enn þá meira en áformað er. Ég hef oft velt því fyrir mér: Er ekki hægt að semja við einhverja leigubílastöðina um að sækja þá kl. 8 á morgnana? Þarf alla þessa fílhraustu menn í forstofu þingsins, 11 að tölu, jafnmarga og ráðherrarnir eru, alltaf til taks? Duga kannski þrír menn? Auðvitað er því ekki að leyna að ýmsir ágætir ráðherrar hafa ekki notað sér þessa þjónustu að vera með bílstjóra og jafnvel ekki bíl. Kannski ekki einu sinni samning um að bílstjóri væri kallaður út, einhver starfsmaður ríkisins gæti annast slíkt. Ég get vel skilið að ráðherrar landsins þurfi á einhverri þjónustu að halda í þessum efnum. En ég velti því fyrir mér: Hefði það kannski ekki verið sparnaður að ríkisstjórnin hefði þrjá bílstjóra og samning við eina stöðina hér í bænum um að skutla þeim þessa stuttu leið héðan vestan af Melum upp í Stjórnarráð.

Það er eitt sem vekur athygli þjóðarinnar, það er sá mikli mismunur sem er á forsætisráðherrum. Hæstv. núv. forsrh. virðist hafa í höfði sínu einhverja plötu sem snýst öll um fortíðina. Þjóðin er að verða leið á þessu fortíðarstagli. Fyrirrennari hans, Steingrímur Hermannsson, var eiginlega stundum of langt frammi í framtíðinni. Hann skipaði framtíðarnefnd til að skoða framtíð þjóðfélagsins. Núv. forsrh. hefur skipað fortíðarvandanefnd og horfir áratugi aftur í þjóðfélagið. Fólkið er að verða dálítið hrætt við þessa stefnubreytingu. Að forsrh. skuli alltaf horfa aftur fyrir sig. Hitt er annað mál að það væri afar fróðlegt að vita hvaða ein-

staklingar það eru, og ég spyr hæstv. forsrh. að því, sem sitja í fortíðarvandanefndinni. Ég held að það sé mjög mikilvægt vegna þeirrar miklu áherslu sem forsrh. hefur lagt á þessa nefnd að hann upplýsi það í þinginu hverjir eiga sæti í þessari nefnd.

Hæstv. heilbrrh. gekk hér um sali og mun vera skammt undan. Ég hef haft dálitlar áhyggjur af þessum hæstv. ráðherra. Mér þótti vænt um hann sem mann og ég trúði því að hann væri jafnaðarmaður og drengskaparmaður á öllum sviðum. En einhvern veginn hefur það nú verið svo að í þessari vandræðaríkisstjórn er hann ekkert líkur þeim Sighvati Björgvinssyni sem ungur sá og sigraði á Vestfjörðum og hefur í gegnum tíðina lagt ýmislegt til mála. En hæstv. ráðherra virðist nú hafa gengið lengra en ég ætlaði. (**Heilbrrh.:** Ég hlusta nákvæmlega. Ég hef hlustað á alla framsóknarmenn sem hafa talað við þessa umræðu.) Ég þakka þér fyrir, hæstv. heilbrrh.

Ég hef áhyggjur af ýmsu sem hæstv. ráðherra stendur fyrir þessa stundina. Læknavísindin hafa áhyggjur af ýmsum gerðum ráðherrans. Nú liggur það fyrir að enginn fer til læknis án þess að hafa veskið sitt með. Af þessu hafa margir áhyggjur. Þegar fólkið fer að spyrja sig af efnahagslegum ástæðum hvort það eigi að leita sér læknis. Það er talið stórhættulegt og ekki síst við þær aðstæður sem við búum við í landinu, þ.e. vaxandi atvinnuleysi. En mér sýnist að ráðherrann ætli þarna að taka gjald upp á 600 kr. af hverjum manni. Það sýnist kannski ekki hátt en ég hygg að það muni virka með þeim hætti að ýmsir munu samt sem áður spyrja sig um það hvort þeir eiga að leita læknis í dag eða bíða og sjá hvort takið undir herðablaðinu eða verkurinn í maganum lagist ekki.

Ég get trúað því að þetta kerfi, sem hæstv. heilbrrh. er nú að setja á, eigi eftir að skapa alvarlegt ástand í landinu. Ég er í rauninni ekki í neinum vafa. Á öðru atriði er ég stórlega undrandi. Það er hversu dýrt er að kalla lækni í heimahús. Gerir hæstv. heilbrrh. sér grein fyrir því að 1500 kr. gjald í útkall vegna læknis þegar barnið er veikt heima eða amma gamla hefur fengið mikil þyngsli fyrir brjóstið getur haft alvarlegar afleiðingar? Ég er sannfærður um að fjöldi fólks mun hika við að kalla lækni í heimahús.

Ég vil líka vekja athygli á öðru í þessu efni að fjöldi fólks á ekki kost að komast til læknis nema eftir þessum leiðum, að kalla heimilislækninn eftir vinnu heim til sín á kvöldin. Þannig að ég vara ráðherrann við þeim jólaglaðningi sem hann er nú að færa þessari þjóð.

Það er kannski rétt að ég snúi mér að því efni sem mér þykir mikilvægast að ræða í dag vegna tíðinda síðustu daga. Það gerðist hér í ræðu hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Það verður að ná í viðskrh.) Það er mjög mikilvægt að viðskrh. sé viðstaddur þessa umræðu um Búnaðarbanka Íslands. Það er einnig mikilvægt að fjmrh. komi hér til fundar því að ummæli hans eru auðvitað með þeim hætti að það er spurning hvort hann eigi seturétt í ríkisstjórn í nokkru landi eftir framferði sitt. — Eru þessir hæstv. ráðherrar til staðar? (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er í húsinu og það er verið að gera honum viðvart. Hæstv. fjmrh. hefur einnig verið gert viðvart.)

Í framsöguræðu hæstv. forsrh. um það frv., sem hér er til umræðu, sló hann því fram að strax eftir áramótin yrði Búnaðarbanki Íslands gerður að hlutafélagi og seldur. Nú er vika af desember og áramótin eru fram undan. Mér fannst þegar ég hlustaði hér á hæstv. forsrh. — já, hæstv. heilbrrh. getur mín vegna fengið frí frá þingstörfum það sem eftir er dagsins, en mín jólaósk er sú að fá á ný hinn eina sanna Sighvat Björgvinsson. (**Gripið fram í:** Það er fróm jólaósk.) Þjóðin biður einnig um hið gamla gervi. Þjóðin er því miður dálítið hrædd við þennan hæstv. ráðherra þessa stundina, ekki vegna þess hversu stór og sterklegur hann er heldur af þeirri ástæðu hversu harkalega hann hefur gengið um bekki þjóðfélagsins gagnvart öldruðum, sjúkum og fjölskyldum sem eiga börn. Því miður kann svo að fara að það þurfi ekki að kalla jólasveinana til þetta árið.

Mér heyrðist nú að hæstv. forsrh. væri ekki betur að sér um þennan banka í eigu þjóðarinnar og ríkisins en að í sinni furðulegu ræðu sagði hann sem svo: „Og svo verður hlutur ríkisins seldur.“ Hver á hinn hlutann? (**Gripið fram í:** Góð spurning.) Hver á hinn hlutann? (**Gripið fram í:** Spyrjum forsrh. að því.) Ég vænti þess að viðskrh. geti frætt samráðherra sína um hvernig þetta er því að ég hygg að hann þekki þetta nú. En til hvers eru svona ummæli látin falla? Er í þeim ákveðinn tilgangur? Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort í þeim sé ákveðinn tilgangur. Það vita allir að peningastofnanir eru viðkvæmar. Viðskiptamenn banka hafa valið sér stofnun af ýmsum ástæðum, bæði af því að þeir treysta starfsfólkinu og ekki síður forminu sem bankinn er í. Ég verð t.d. mjög var við það eftir þessi ummæli að gamalt fólk hringir og spyr: Er ekki vissara að forða peningunum? Á ekki að fara að selja bankann? Það óttast að það eigi að selja peningana einnig eða það veit hitt að þeir sem gjafirnar eiga að fá eru kannski með þeim hætti að það er hætta á ferðum.

Það hefur komið fram að Íslendingar vilja fremur ávaxta peninga sína í ríkisbanka en einkabanka. Þetta hefur komið fram í skoðanakönnunum. Búnaðarbanki Íslands hefur t.d. stóraukið hlut sinn eftir að Íslandsbanki var stofnaður. Búnaðarbanki Íslands er um þessar mundir að verða annar stærsti banki þjóðarinnar. Hvers vegna haldið þið að það sé? Hvers vegna haldið þið að Íslandsbanki hafi ekki haldið hlut sínum þegar hæstv. viðskrh. stóð fyrir því að steypa þar saman í einn einkabanka fjórum bönkum? Það er vegna þess að fólkið í landinu óttast formið. Það treystir ekki bankaráðinu eða bankastjórunum sem ekki eru kosnir af Alþingi heldur valdir af hagsmunahópum, jafnvel hópum sem hafa gengið dálítið gáleysislega um þetta þjóðfélag hvað atvinnulífið varðar.

Það er engin launung að þeir menn, sem fastir eru í trúarsetningum, hafa alls ekki þolað þessa þróun. Það hefur kannski gerst í fundaherberginu stóra að málið hefur verið rætt því að það er aðalfundarstjórinn og varafundarstjórinn sem nú hafa birst í líki höggormsins gagnvart þessari sterku eign þjóðfélagsins. Það er

kannski engin tilviljun að út er að koma jólabók um þessar mundir um kolkrabbann, um hið sterka, fámenna klíkuvald sem er að sölsa undir sig öll völd hvað fjármál varðar á Íslandi og raka að sér auðnum á kostnað almennings. En ég vil nú spyrja hv. þm.: Hverjir kaupa banka hér? Hverjir eru það hér á landi sem nú eru tilbúnir að leggja fram upphæðir til að kaupa banka? Verða það óbreyttir launamenn? Verða það fyrirtæki sem kaupa sér hlut eða verða það stóreignamenn sem þar sækja fast á? Verða það sömu aðilar og ráða einkabankanum? Nei, hér er verið að stíga mikið óheillaskref til að færa fáeinum fjölskyldum enn eina eign ríkisins.

Hæstv. viðskrh. hefur í gegnum tíðina gengið dálítið frjálslega um eignir ríkissjóðs. Þau eru mörg dæmin um frjálslyndi hans með verðmæti ríkisins. Ég veit að hann gerir það í góðum anda og góðri trú. Hagfræðin hringsólar fyrir eyrum hæstv. ráðherra frá morgni til kvölds. En stjórnmálamaðurinn hefur enn aldrei náð yfirhöndinni í þessum myndarlega ráðherra.

Hann stóð fyrir því, þessi hæstv. ráðherra, ekki að selja Útvegsbankann, þannig að hálfvirði á Búnaðarbankanum væri auðvitað gott miðað við fyrri störf hans, nei hann gaf Útvegsbankann og hann gerði meira. Hann gaf Íslandsbanka töpin þannig að Íslandsbanki mun ekki greiða skatta í ríkissjóð það sem eftir lifir af þessari öld. Það er sennilega hroðalegasta meðferð á ríkisfyrirtæki — og ég ætla að segja það við hv. þm. að það er full ástæða til þess að biðja um skýrslu um þetta mál þar sem farið verður af Alþingi Íslendinga ofan í hvernig þetta fyrirtæki var leikið og hvernig þröngum hópi voru þar færðir ekki milljarður heldur milljarðar að gjöf. Ég ætla ekki að hrella viðskrh. með því að fara að telja upp fleiri af hans gáleysislegu athöfnum eins og söluna á Bifreiðaeftirlitinu o.s.frv. En því miður hefur hann verið staðinn að því að selja fyrirtæki, koma þeim í einokunaraðstöðu sem síðan hafa fengið rétt til að ganga ofan í veski skattborgaranna samkvæmt lögum frá Alþingi og reglugerðum úr ráðuneytum.

En það gerðist líka — þau ummæli fjmrh. sem ég sakna að skuli ekki vera hér. Kannski er búið að setja hæstv. fjmrh. af. Kannski hefur honum verið veitt lausn frá störfum. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er á leiðinni hingað eða rétt ókominn.) Hæstv. forseti, ég hef nú eiginlega svo mikla meðaumkvun með þessum hæstv. ráðherra að ég tími varla að skamma hann. En ummæli hans um að selja Búnaðarbankann á hálfvirði og ummæli forsrh. hér í gær hefðu þýtt það í mjög mörgum þjóðlöndum að þeir hefðu orðið að biðjast lausnar. Slíkar kröfur gera einstaklingarnir í mörgum þjóðlöndum til manna sem fara með eigur almennings að þeir hagi sér ekki með þessum hætti. Við getum litið yfir í hið harða land Margrétar Thatcher sem gekk nú aldrei jafnlangt í hörku sinni og þessir sex menn hafa gert, núv. ráðherrar gera hér í landinu. En hvað hefði gerst í Bretlandi ef ummæli um eitt sterkasta fyrirtækið í eigu þjóðarinnar hefðu verið með þeim hætti sem þessir tveir ráðherrar, forsrh. og fjmrh., hafa látið frá sér fara? Þeir hefðu orðið að biðjast lausnar að morgni næsta dags. Það hefði gerst í fleiri löndum.

Ég er þeirrar skoðunar að undir þessum lið sé erfitt að ræða þetta mál. Ég hefði talið, hæstv. forseti, að þessi ummæli væru þess eðlis að full ástæða væri til að biðja um sértaka umræðu utan dagskrár um ummæli forsrh. og fjmrh. um söluna á Búnaðarbanka Íslands. Ég hef þegar beðið um umræðu um áhrif vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar á atvinnulífið og gerð kjarasamninga. Ég hef ekki fengið tímann staðfestan en forseti hefur heitið því að sú umræða fari fram á mánudag. En þessi ummæli eru auðvitað með þeim hætti að það væri full ástæða ekki bara fyrir þann sem hér stendur heldur fyrir mjög marga þingmenn, sem finna til ábyrgðar sinnar, að biðja um sérstaka umræðu um málið. Það er verið að ganga að einu sterkasta fyrirtæki ríkisins og annaðhvort viljandi eða óviljandi að slá undan því fæturna, veikja það í stöðunni, veikja það í baráttunni fyrir heilbrigðu atvinnulífi, hræða sparifjáreigendurna sem eiga þar peninga o.s.frv.

Ég vil líka spyrja, og það væri auðvitað gott ef hæstv. viðskrh. vildi svara því: Er nokkur glóra í því að selja eign eins og Búnaðarbanka Íslands upp í eyðslu? Er það ekki aðeins í gjaldþrotum sem slíkt gerist að menn verða að láta eignir sínar? Nú er íslenska þjóðin vonandi ekki að verða gjaldþrota. En er það hagfræði að stoppa upp í gatið á halla ríkissjóðs í eitt ár með því að selja Búnaðarbanka Íslands? Eitt ár, aldrei meir. Taka eitt sterkasta ríkisfyrirtæki á Íslandi í eigu almennings, selja það upp í eyðsluna og óráðsíuna sem ráðherrarnir hafa ekki kjark í sér til að taka á. Er hitt ekki mikilvægara að komast fyrir rætur meinsins? Stöðva hallareksturinn með sparnaði annars vegar og niðurskurði og aukinni tekjuöflun hins vegar. Verða menn ekki að gera sér grein fyrir því að það er það verk sem þeir verða að ganga í? En að ætla að taka þessa eign til að fylla upp í gatið verður til þess að veikja peningamarkaðinn og menn standa síðan í nákvæmlega sömu sporum. Það liggur nefnilega fyrir að ríkisbankarnir hafa verið meginundirstaða innlends fjármagnsmarkaðar og svona áform mundu veikja peningakerfið.

Nú er verið að opna möguleika erlendra banka til að reka hér útibú eða eiga hér hlut í bönkum. Þurfum við ekki fremur að styrkja bankana fyrir þessa auknu samkeppni heldur en að veikja þá? Ég vil ekki trúa að stór hluti þingmanna Sjálfstfl. muni fallast á að bankinn verði eyðilagður með þessum hætti, með þessari aðför og ég vil heldur ekki trúa því að Alþfl. láti fara þannig með sig að hann sætti sig við það að nokkrir gæðingar og valdaklíka Sjálfstfl. komist þannig yfir einn sterkasta banka þjóðarinnar. Enginn maður í pólitík á síðari árum hefur þóst horfa jafn vel út um hinn stóra glugga og hæstv. viðskrh., um hinn stóra viðskiptaglugga heimsins. Að vísu virðist nú sem álljósið blindi honum alltaf sýn þegar hann horfir út um þennan glugga. Síðast í gær í sléttri og felldri ræðu snerist ræðan enn á ný um álljósið sem öllum er ljóst að stjórnmálamenn á Íslandi hafa látið draga sig á asnaeyrunum hvað það mál varðar. Veit viðskrh. hvernig fór fyrir einkabönkum í Noregi eða hvernig er að fara

fyrir þeim og hefur verið að fara fyrir þeim á síðustu mánuðum í Noregi, í Svíþjóð og sparisjóðunum í Finnlandi? Þar léku nokkrir glannalegir fjármálamenn þessa einkabanka svo að þeir stóðu uppi gjaldþrota. Einkabankarnir í þessum löndum stóðu uppi gjaldþrota. Til hvaða ráða hafa ríkisstjórnir þessara landa gripið? Hafa þær látið sparifjáreigendur tapa sínu? Nei, í öllum tilfellum hafa ríkisstjórnirnar ákveðið að ríkið yrði að ábyrgjast sparifé. Hinn mikli fjöldi mætti ekki gjalda fyrir hin glannalegu og áhættusömu útlán sem hafa verið tekin. Ríkissjóðir þessara landa taka afleiðingum gerða þessara bankastjóra og bankaráða sem þarna voru.

Nú sagði viðskrh. í gærkvöldi að ríkið yrði áfram að bera ábyrgð á rekstri Búnaðarbanka Íslands. Hann staðfesti það að þótt hann yrði einkabanki yrði ríkið áfram að bera ábyrgð á öllum fjármunum í bankanum. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta hafi ég ekki skilið rétt. Þar með hefur hann sagt að hann sé andsnúinn því sem hefur verið haldið fram sem aðalrökunum að ríkisábyrgðin yrði bæði að hverfa af lánunum og sparifénu. Eða trúir hæstv. viðskrh. því að ríkið losni við að bera ábyrgð á lánum teknum erlendis? Ríkið mun í reynd verða að ábyrgjast erlend lán í íslenskum bönkum því ef illa fer munu erlendir lánardrottnar segja: Við hækkum vexti á lánum til þessarar þjóðar. Við lánum ekki fé til Íslands. Það verður þjóðin sem líður en ekki einkabankinn ef illa fer. Ég geri hér kröfu um það að hæstv. bankamálaráðherra skýri hér frá því hvort forsrh. og fjmrh. höfðu samráð við hann um þau alvarlegu tíðindi sem þeir boða viðskiptamönnum og starfsfólki Búnaðarbanka Íslands. Gerðu hér óvænt eins og ég hef rakið. Var það á vitorði hæstv. bankamálaráherra að þessar setningar yrðu sagðar með svo óvæntum hætti? Því hef ég litið svo á að þetta væri trúaratriði viðskrh. og hann ætlaði að reyna að gæta sín miðað við fyrri reynslu að þetta gerðist með skynsamlegum hætti. Ég bið hæstv. ráðherra að svara mér um þetta atriði.

Búnaðarbanki Íslands er sterkt fyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Það á eigið fé upp á 3 milljarða. Hvert ár skilar þetta ríkisfyrirtæki miklum hagnaði, einn allra banka greiðir Búnaðarbankinn skatta til ríkissjóðs, hefur oft á tíðum verið með hæstu skattgreiðendum í fyrirtækjaröð. Þetta ríkisrekna fyrirtæki, ef svo má segja, hefur malað gull fyrir ríkissjóð. 200, 300, 400, 500 millj. hafa runnið beint til ríkissjóðs. Með slíkri gætni hefur þessi banki starfað í yfir 60 ár að hann malar ríkissjóði gull dag hvern. Þar eru töpin færri en í öðrum bönkum, þar er gætnin meiri, þangað hafa margir sterkir atvinnurekendur leitað sér leiðsagnar, styrkt stöðu sína í gegnum þennan trausta banka. Mig langar á þessari stundu að velta fyrir mér því atriði sem stendur í hinni hvítu bók ríkisstjórnarinnar og ég er nú því miður ekki með á borði mínu, en mig minnir að þar standi — og einhverjir efasemdarmenn hafa nú verið í þessum báðum flokkum þegar fjallað var um að það yrði að selja ríkisbankana því þar er sérstakt ákvæði sem segir að það sé mikilvægt að setja sérstök lög um hringamyndanir áður en menn ráðast í stórkostlegar breytingar á fjármagnsmarkaðinum.

Velkominn, hæstv. fjmrh., til þings. Ég hef farið yfir þá sögu að hefði einhver önnur þjóð lent í því slysi að hafa fjmrh. sem með svo gáleysislegu tali ræðir um eigur almennings, eins og henti hæstv. ráðherra um Búnaðarbanka Íslands, hefði sá staðið atvinnulaus án þess að hafa ráðherrabíl eða bílstjóra. Hann hefði verið settur af. Ég hef farið yfir það með hæstv. forsrh. og formanni Sjálfstfl. að ég undrast undir hvers konar þrýstingi þessir tveir forustumenn í stærsta stjórnmálaflokki landsins eru. Ég hef líka sagt þingheimi frá því að ég hafi meiri samúð með hæstv. fjmrh. en svo að ég nenni að vera að skamma hann mjög á þessum fundi því að ummælin eru náttúrlega fyrir neðan allar hellur að mínu viti. En ég var að ræða um það að þeir hefðu viljað setja lög um hringamyndanir. Hér er t.d. hinn ungi flóttamaður úr Alþb., hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem nú veitir forustu í þingflokki Alþfl. Hann er bara alls ekkert á þeirri skoðun að svona skuli fara að. Meira að segja vænir hann flokksbróður sinn, ráðherrann, um að hafa gefið fjölskyldunum fjórtán Útvegsbankann því að hv. þm. segir hér um söluna á Búnaðarbankanum: Menn nefna að selja Búnaðarbankann. Ég hef fyrir mér reynsluna af sölu Útvegsbankans og stofnun Íslandsbanka. Þar var fjölskyldunum fjórtán færður bankinn á silfurfati. Þess vegna vil ég ekki undir neinum kringumstæðum að Búnaðarbankinn verði seldur með þeim hætti að hann komist í eigu örfárra auðjöfra.

Hér er allt staðfest af flokksbróður hæstv. viðskrh. sem ég hef um þetta sagt þannig að fróðlegt væri að vita hvort þessi hv. þingflokksformaður hafi haft hugmynd um hvað í aðsigi var. Og ég spyr eftir því atriði sem stendur í hinni hvítu bók og forsrh. hefur sjálfur sagt í viðtölum við fjölmiðla og dagblöð að áður en einhver slík sala færi fram, eins og sala á Búnaðarbankanum, yrði hér að tryggja það að örfáir aðilar eignuðust ekki þennan banka. Áður yrði að setja lög um hringamyndanir. Ég vil spyrja eftir því atriði.

Mig langar síðan að fara yfir nokkur efnisleg atriði sem varða banka og bankastarfsemi. Ég hef farið yfir það að óumdeilt er að ríkið ber ábyrgð á fjármálakerfinu og þar með öllum viðskiptabönkum hvernig svo sem eignarhaldi þeirra er háttað, hvort sem það eru ríkisbankar eða einkabankar. Nýleg dæmi eins og ég hef rakið frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi færa okkur heim sanninn um að undan því getur ríkið ekki vikist, eða telur hæstv. forsrh. annað koma til greina? Einkabankar lúta pólitískri stjórn í því tilliti að þar er tekist á um hagsmuni einstakra áhrifahópa, hagsmunabarátta einstakra hópa um völd og áhrif innan einkabanka er ekki síður pólitík en stjórnmálabarátta, enda sé ég að fosrh. kinkar kolli.

Þegar opnað verður fyrir möguleika erlendra banka til að reka eigin útibú hér á landi auk möguleika þeirra til að eiga hlut í innlendum bönkum þá orkar það tvímælis að samtímis skuli unnið að sölu ríkisviðskiptabankanna sem óumdeilanlegan veikir innlenda fjármálakerfið þar sem ríkisbankarnir hafa verið meginundirstaða innlends fjármagnmarkaðar allt til þessa. Ég spurði hæstv. viðskrh. í gær hvort hann teldi að hinn

veikburða fjármagnsmarkaður eða hlutafjármarkaður á Íslandi þyldi það við þessar aðstæður og ég spyr hæstv. forsrh. að því: Þolir hlutafjármarkaðurinn það við þessar aðstæður að á næsta ári verði steypt út á hann 3–5 milljörðum við sölu á Búnaðarbanka Íslands? Hvaða áhrif hefði það í þjóðfélaginu? Hvað gerist við þær aðstæður? Ég hygg að menn mundu standa frammi fyrir mörgum vandamálunum.

Ég vil geta þess að Seðlabankinn fékk erlent ráðgjafarfyrirtæki til að gera tillögur um einkavæðingu ríkisbankanna. Stjórn Seðlabankans klofnaði í afstöðu til þessarar skýrslu en minn hlutinn bendir á að enn sé engin reynsla komin á þá uppstokkun sem orðin er með fækkun viðskiptabankanna úr sjö í þrjá auk allra annarra hræringa sem orðið hafi í íslenskum fjármálaheimi á fáeinum árum. Á meðan sú reynsla hefur ekki fengist er einkavæðing ríkisbankanna ótímabær.

Þarna segir minni hlutinn að það sé vert að doka við og sjá hver þróunin verður. Stendur Íslandsbankinn undir þeim væntingum sem margir gerðu til hans? Það er ekki ástæða við þessar aðstæður til annars en að doka við og sjá hver þróunin verður.

Reynslan af innlendum bankarekstri sýnir að rekstrurshagkvæmni og arðsemi ríkisbanka er jafnvel betri en gerist í einkabönkum. Kannski er það þetta atriði sem hefur mjög farið í taugarnar á mörgum einkarekstrarmönnunum að sjá það að þeir standa ekki ríkisbanka á sporði í sínum rekstri. Sala ríkisbankanna nú gæti þýtt að einkaaðilum yrði gert kleift að græða á bönkunum í fáein ár en ríkið, sem hinn eiginlegi ábyrgðaraðili, yrði að leysa bankana og skuldbindingar þeirra til sín síðar með ærnum tilkostnaði ef illa færi. Við skulum segja að það gerðist núna eftir áramótin að bankinn yrði seldur. Þar mundu koma inn margir af þessum, við skulum segja, verstu bisnessmönnum Íslands, fara í áhættusaman atvinnurekstur og valda því að bankinn stæði frammi fyrir gjaldþroti eftir fimm ár. Þá yrði ríkissjóður að taka á sig allar fjárskuldbindingar sem þeir hefðu haft í frammi á þessum tíma. Þetta er reynslan sem ég hef farið yfir frá Noregi, frá Svíþjóð og frá Finnlandi. Undan þessu víkjast ekki ríkisstjórnir þessara landa. Eða hefur núv. forsrh. aðrar skoðanir á því?

Starfsemi viðskiptabanka er ekki hægt að setja á bekk með hverjum öðrum atvinnurekstri sem býr við almenn samkeppnisskilyrði. Því gildir allt annað um einkavæðingu ríkisviðskiptabanka en t.d. Ferðaskrifstofu ríkisins svo dæmi sé tekið. Koma þar bæði til bein og óbein áhrif ríkisvaldsins á öllum bankarekstri og vegna smæðar markaðarins er aðeins svigrúm fyrir tiltölulega fáa innlenda viðskiptabanka. Það er ekkert svigrúm í þessu landi. Hér eru ekki nema 250 þús. manns. En mér finnst að margir þessir frjálshyggjumenn, sem nú stýra Sjálfstfl. og halda um rófubeinið á þessu unga þingliði flokksins sem hér er mætt, láti alltaf eins og hér séu 25 millj. manna eða 250 millj. Við þurfum ekki annað en fara um þessa borg til að sjá öll þau mistök í fjárfestingum, bæði hjá einstaklingum og því miður hjá borginni sjálfri. Og það þarf ekki einungis að nefna borgina til. Það er hægt að fara um allt land og sjá hvernig þessir fjárglæframenn hafa farið glannalega í mörgum fjárfestingum. Ég vil halda því fram að afnám formlegrar ríkisábyrgðar á viðskiptabönkum auki lántökukostnað og dragi stórlega úr aðgangi þeirra að erlendu lánsfé með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þjóðfélagið allt.

Ég vil minna á það að sjálfur forsrh. heldur því fram að greiðsluþrot banka á Norðurlöndum hafi mjög rýrt lánstraust Íslendinga m.a. hindrað framkvæmdir við álver. Þetta hefur hæstv. forsrh. sjálfur sagt. (**Forsrh.:** Nei, ekki þetta síðasta.) Ekki álverið? En hæstv. forsrh. hefur sagt að þessi staða einkabankanna á Norðurlöndum hafi færst yfir til Íslands og valdið því að minnkandi traust er á viðskiptum við þetta land.

Ég held að það séu nú engin skilyrði í þjóðfélaginu um þessar mundir til þess að Íslendingar geti leyft sér að taka þá áhættu að hækka erlendan fjármagnskostnað og draga úr tiltrú erlendra lánastofnana á íslenska bankakerfinu.

Mér skilst að hér hafi verið Japanir á ferð á dögunum og einn hv. þm. Sjálfstfl. hitti þá að máli og sagði svona í barnalegri einfeldni við þá: Á ég ekki að selja ykkur eitt stykki ríkisbanka, Búnaðarbankann? Þessir Japanir þekktu til bankans og þeir sögðu: Þetta er sterk stofnun. Eru ráðamenn á Íslandi svo vitlausir að þeir ætli að selja þennan banka, taka hann af almenningi í landinu og selja hann einhverjum örfáum aðilum? Það mundum við ekki gera í Japan, sögðu þeir og hristu vonleysislega höfuðið yfir þessari óheillaríkisstjórn sem nú stjórnar þessu litla landi.

Rekstur trausts bankakerfis er mjög mikilvægur, bæði fyrir traust sparifjáreigenda og rekstur fyrirtækja þar verður að forðast allar stökkbreytingar er valdið geta óróa og vantrausti á markaðnum. Þess vegna hef ég lagt á það áherslu í ræðu minni að við þessar aðstæður í þjóðfélaginu er glórulaust að tala með þeim hætti sem forsrh. og fjmrh. hafa gert. Ég vil trúa því að hinir skynsamari menn í flokknum muni stöðva þá af.

Þessir erlendu ráðgjafar sem Seðlabankinn fékk í úttekt á ríkisviðskipabönkunum, hvort skyldi selja þá, sögðu um það atriði: Útboð verða að fara fram við hagstæðar aðstæður til þess að það heppnist. Nú væri fróðlegt fyrir ríkisstjórnina að spyrja þessa sömu aðila: Eru aðstæðurnar á Íslandi um þessar mundir heppilegar til þess að ganga í þessa sölu?

Ég held því fram að sala á opinberum eigum, hvort sem er framleiðslu eða þjónustufyrirtækjum, veitu- eða fjármálastofnunum, verði að gerast með allt öðrum hætti heldur en hér hefur verið gert og á sumum þessum sviðum komi hún alls ekki til greina. Hvar sem sala á slíkum fyrirtækjum hefur farið fram, fer hún fram með það að markmiði að verið sé að bæta hag neytenda, þeirra sem þjónustunnar njóta eða verið sé að jafna samkeppnisstöðu opinberra fyrirtækja eða einkafyrirtækja með sama markmið í huga. Hér má hins vegar ekki fara fram af meira kappi en forsjá því að niðurstaðan gæti hæglega orðið sú að með sölu opinberra fyrirtækja sé verið að skapa einkafyrirtækjum einokunaraðstöðu. Þar skiptir mestu máli hver samkeppnisstaðan er fyrir á þeim markaði sem fyrirhugað

er að einkavæða opinber fyrirtæki. Ef ætlunin með einkavæðingu er að bæta hag neytenda verður að skoða samkeppnisstöðu viðkomandi fyrirtækja og möguleika annarra til að keppa við þau fyrirtæki sem fyrir eru. Því verður að gera skýran greinarmun á einkavæðingu samkeppnisfyrirtækja annars vegar og öðrum fyrirtækjum hins vegar. Hvarvetna þar sem rafveitur, símafyrirtæki, vatnsveitur og þess háttar fyrirtæki hafa verið einkavædd um hinn vestræna heim eða veitt einkaleyfi til starfsemi á tilteknu svæði, fylgja þeirri tilhögun ströng skilyrði um eftirlit af opinberri hálfu, bæði um verðlagningu og þjónustu. Þar sem slík einkavæðing hefur farið fram eða þar sem einum aðila hefur verið falinn rekstur veitustofnana spyrja menn sig oft hvort hagsmunum almennings sé í raun betur borgið með því að hafa veitufyrirtækin í einkaeigu og með íhlutunarrétti opinberra aðila heldur en láta opinberum aðilum einfaldlega eftir að reka fyrirtækin. Um einkavæðingu samkeppnisfyrirtækja gildir allt öðru máli. Opinber fyrirtæki í samkeppnisrekstri hafa týnt tölunni jafnt og þétt eftir því sem samkeppninni hefur vaxið fiskur um hrygg.

Nokkrar tegundir fyrirtækja njóta þeirrar sérstöðu að þau má flokka sem samkeppnisfyrirtæki auk þess að vera fyrirtæki sem þjóna öðrum og ekki síður mikilvægum tilgangi. Í þessum flokki má nefna til að mynda ríkisrekið útvarp og sjónvarp og í þennan flokk má einnig setja ríkisviðskiptabankana. Á íslenskum fjármagnsmarkaði er samkeppnsistaða innlánsstofnana með þeim hætti að þar ríkir fákeppni. Þetta hafa hæstv. ráðherrar viðurkennt. Það er hæpið að nokkurn tíma verði verulega mikil samkeppni á íslenskum fjármagnsmarkaði. Til þess er hann einfaldlega of lítill. Við erum hvorki 2,5 millj., 25 millj. eða 250 millj. Hér eru 250 þús. manns eða rúm 100 þús. Íslendingar á vinnumarkaði.

Það er nú svo að jafnvel í hinum stærstu hagkerfum er fákeppni yfirleitt hið ráðandi form á fjármagnsmarkaði. Sala á viðskiptabönkum í eigu ríkisins breytir engu þar um. Sú tilhögun að láta ríkið sjá um starfsemi viðskiptabanka hefur lengi tíðkast og tíðkast enn, jafnt í þeim þjóðfélögum sem hafa kennt sig við áætlunar- og markaðsbúskap. Helsta röksemd fyrir eignarhaldi ríkisins á bankastofnunum er án efa sú að með áhrifum á fjármálamarkaði viðkomandi ríkis væru bankarnir orðnir svo voldug tæki að ekki væri verjandi að þau væru utan yfirstjórnar ríkisvaldsins. Gildir þetta ekki eingöngu um smærri ríki á borð við Ísland, heldur er ríkiseign á viðskiptabönkum ekki síður algeng með stærri þjóðum. Um alla Vestur-Evrópu er að finna viðskiptabanka sem eru að meira eða minna leyti í eigu ríkisins. Í Svíþjóð þótti á árinu 1974 vera ástæða til að setja á laggirnar ríkisbanka. Var það PK-bankinn, nú Nordbanken til mótvægis við einkabankana. Nordbanken er að 70% í eigu sænska ríkisins. Röksemdir fyrir einkaeign á viðskiptabönkum eru m.a. þær að einkaeign eigi að tryggja rekstrarhagkvæmni stofnana sem slíkra og útlánastefna verði tryggari þar sem ekki verði gengist undir að taka þátt í gæluverkefnum stjórnvalda eða fjárfestingu sem skilar hæpnum eða litlum arði. Reynslan af starfsemi ríkisviðskiptabankanna sýnir ekki nema síður sé fram á lakara mat á fjárfestingarkostum eða hærri rekstrarkostnaði ríkisviðskiptabankanna eins og ég hef rakið. En það er kannski þetta atriði sem ekki síst fer í taugarnar á þessum fjórtán fjölskyldum sem núna eiga að fá gleðilegan dans í kringum litlu jólin að fundarstjórarnir þeirra hafa sagt að nú skuli þessum banka rutt úr vegi. Hann verði ekki hindrun eða skjól fyrir heilbrigt atvinnulíf eða heiðarlega sparifjáreigendur. Litlu jólin verða hátíðleg. Það verður dansað í kringum gullkálfana sem hafa tekið forustu í þjóðfélaginu í niðurrifsstarfsemi á mörgum fyrirtækjum ríkisins.

Með sama hætti og á árinu 1930, þegar ríkissjóður afréð að ábyrgjast fjárskuldbindingar Íslandsbanka hf. og stofna Útvegsbanka Íslands hf. á rústum hans, er ekki síður ástæða til að ætla að nú á tímum gæti íslenska ríkið ekki heldur setið aðgerðarlaust hjá ef viðskiptabanki í einkaeign kæmist í greiðsluþrot. Slíkt yrði orðstír íslensks fjármálalífs þvílíkur álitshnekkir að hvaða ríkisstjórn sem væri sæi sér hag í því að koma bankanum til bjargar heldur en að hætta á ófyrirsjáanlegar afleiðingar á innlendan sparnað og viðskiptavild þjóðarinnar erlendis. Gjaldþrot eins banka sem íslensk stjórnvöld létu óátalið gæti rýrt álit Íslendinga verulega á erlendum fjármálamörkuðum til skaða bæði fyrir einkaaðila sem og opinbera sem þurfa að leita þar lánafyrirgreiðslu. Skiptir þar engu hvort bankinn sem í hlut á er ríkisbanki eða einkabanki.

Nýlegt dæmi frá Finnlandi sýnir okkur fram á að hjá stærri þjóðum er þessi skilningur ekki síður í fullu gildi. Fjórði stærsti banki Finnlands, Skopbank, átti í slíkum erfiðleikum að finnski seðlabankinn sá sig knúinn til að taka yfir starfsemi bankans. Þetta var í september í haust. Bankanum var bjargað þrátt fyrir óábyrga útlánastefnu á undanförnum árum. Þessi banki sveifst einskis í samkeppni við aðra banka og ábyrgari, enda var bankinn einn sá allra arðsamasti í Finnlandi á árunum 1984–1988 er hann ratáði fyrst í alvarleg greiðsluvandræði vegna þess að hann gekk of langt. En finnska ríkið varð að draga frjálshyggjumenn þess lands að landi.

Enn þá nýrra dæmi er frá Noregi þar sem Kreditkassen var um miðjan október 1991 kominn í slíka greiðsluerfiðleika að norski seðlabankinn og fjármálaráðuneytið sáu sig knúin til að ábyrgjast allar skuldbindingar bankans til að hindra tap sparifjáreigenda, gjaldþrot og atvinnuleysi sem var sýnt að mundi fylgja í kjölfar á greiðsluþroti bankans. Til þessara aðgerða varð að grípa þrátt fyrir að Kreditkassen hafi í sumar auk Fokus Bank og Den Norske Creditbank orðið aðnjótandi milljarðafyrirgreiðslu hins opinbera. Þetta nægði Kreditkassen hins vegar ekki.

Eitt af fyrstu verkum nýrrar ríkisstjórnar í Svíþjóð í byrjun nóvember 1991 var að koma Första Sparbanken til hjálpar með ríkisábyrgð á tæpa 4 milljarða sænskra króna. Þannig er ljóst að stærri þjóðir en Íslendingar sjá sér ekki fært að hunsa álit alþjóðlegs fjármálamarkaðar á lánshæfi þeirra. Þeir sem ráða alþjóðlegum fjármálamörkuðum vita sem er að þeir geta gert

ákveðnar kröfur til smærri þjóða og hika ekki við að flokka lánastofnanir í einstökum þjóðlöndum sem eina heild hvort sem formlegt eignarhald þeirra er í höndum ríkis eða einkaaðila.

Ég hef í ræðu minni reynt að leiða að því rök að um þessar mundir er mjög viðsjárvert að ganga þá götu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið gagnvart Búnaðarbankanum. Ég vil trúa því að menn endurskoði þá ákvörðun — hafi hún verið tekin. Ég sá undir ræðu forsrh. undrunarsvipinn á mörgum hv. þm. Sjálfstfl. Þeir skildu auðvitað ekki þá *setningu sem hann sló* fram. Þeir höfðu ekki heyrt hana fyrr með þessum hætti og komu því eins og álfar út úr hól eða menn ofan af fjöllum því þeir áttu ekki von á því að þetta yrði sagt með þessum hætti. Ég held að áður en heildstæð stefna er mótuð fyrir íslenskan fjármagnsmarkað kunni sala á viðskiptabönkum í eigu ríkisins að reynast óheppileg ráðstöfun. Líkt og ég hef rakið í ræðu minni þá eru engar viðskiptalegar né fjármálalegar forsendur sem knýja á um að ríkið selji þá viðskiptabanka sem enn eru í þess eigu. Umræðan er fyrst og fremst tilfinningalegs eðlis og sannfæring fámennra áhrifahópa um að til staðar séu óeðlileg áhrif stjórnmálamanna á útlánastefnu ríkisbankanna. Það er löngu liðin tíð ef hæstv. ráðherrar vita það ekki að bankaráðsmenn hafi einhvern sjóð sem þeir úthluta. Það er löngu liðin tíð. Þeir eru ekki í neinni lánastarfsemi. Þeir eru í bankaráði, kjörnir af Alþingi fyrst og fremst til þess að líta eftir því að lögum og reglum sé framfylgt. Það hefur verið þeirra hlutverk. Slá á fingurna á bankastjórum, biðja um aðhald og ábyrgð á fjármunum íslenskrar þjóðar.

Sala ríkisviðskiptabankanna nú gæti þýtt að einkaaðilum væru afhentir bankarnir til að græða á þeim í fáein ár, eins og ég hef hér rakið, en síðan kæmu þessir menn aftur segðu: Hjálpið okkur, hjálpið okkur, við erum búnir að setja bankana á hausinn, fólkið er að missa peningana sína. Það gæti gerst hér eftir fimm ár ef þessu verður rutt svona eins og hér er ætlað. Ég vil því segja það sem mín lokaorð að meðan stefnumótun fyrir íslenska fjármagnsmarkaðinn hefur ekki farið fram eða hefur stefnumótun fyrir íslenska fjármálamarkaðinn farið fram? Er einhver stefnumótun til fyrir íslenska fjármálamarkaðinn sem hægt er að styðjast við? Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann geti upplýst Alþingi Íslendinga um það hvort einhver slík stefnumótun liggi fyrir. En ég segi að meðan hún hefur ekki farið fram er ríkissjóður í reynd í beinni og óbeinni ábyrgð fyrir skuldbindingum bankanna hvort heldur þeir eru í eigu ríkisins eða einkaaðila. Því skyldi þá ríkið sem í reynd ber ábyrgð á viðskiptabönkunum öllum sleppa hendinni af möguleikum til að hafa áhrif á bankastarfsemina í landinu?

Ég vil svo að lokum segja að ég hef miklar áhyggjur vegna þess að í ræðu forsrh. kom ekkert fram hvernig hann ætlar að bjarga þjóðarsáttinni, veita launafólkinu í landinu ró, styrk og von til þess að bæta kjör sín og hér verði fyrirtækjunum forðað frá gjaldþroti því að það er einhver dýrmætasta eign sem hver maður á, það er atvinna. Jólaboðskapurinn í ár er sá að þúsund Íslendingar eru nú að fá reisupassann. Jólagjöfin inn á mörg heimilin er sú að ráðalausir forstjórar standa og segja: Farið þið heim. Hér er uppsagnarbréfið, við gefumst upp. Við stöndum ekki í þessu lengur. Það eru 1000 fjölskyldur sem fá fyrirvinnuna með þennan boðskap heim um þessi jól. Þess vegna vonuðust margir eftir því að það væri einhver boðskapur sem hæstv. forsrh. flytti þingi og þjóð hér í gær. Því miður, hann var enginn. Þannig að ég vil lýsa vonbrigðum mínum yfir því að jafnmyndarlegir menn, *eins og þeir eru margir þessir ráðherrar, skuli hafa* gengið í þau björg frjálshyggjunnar, sótt kennisetningar sínar til þjóða sem margar hverjar hafa á ný snúið frá slíkum aðferðum í pólitík. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum yfir því að þeir skuli ekki kunna þá stefnu betur sem einhverjir mætustu stjórnmálamenn Íslendinga á síðari tímum stýrðu Sjálfstfl. heilum í höfn, almenningi til heilla og voru ábyrgir í gerðum sínum á hvaða vettvang sem þeir fóru. Það er harmsefni að ráðherrarnir skuli hafa gengið í björg.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var ekki venja framsóknarmanna áður fyrr meðan forustumenn Sjálfstfl. voru lífs, sem nefndir eru iðulega nú orðið og hrósað í hástert, reyndar eins og þeir eiga skilið, að hrósa þeim. Ég hugsa líka að þeim hefði farið eins og mér ef framsóknarmenn hefðu lokið á þá miklu lofsorði rétt á meðan þeir voru að starfa að þá hefðu þeir ekki verið afskaplega spenntir yfir því. En það er í tísku hjá framsóknarmönnum eins og hv. síðasta ræðumanni að bera mikið lof á fyrrv. forustumenn Sjálfstfl., einkum hina liðnu ágætu menn, og bera saman við hina ófæru og óverjandi forustumenn Sjálfstfl. í dag sem hafa valdið þeim miklum vonbrigðum eins og jafnan er tekið fram.

Ég tók reyndar eftir því að hv. 5. þm. Suðurl. hafði verið alinn upp við það á sínu heimili að bera mikla virðingu fyrir sjálfstæðismönnum og síðar í ræðunni sagðist hann hafa haft gríðarlega tiltrú, ég hygg frá heimilinu líka og æsku sinni, á jafnaðarmönnum. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju hann var að hrekjast inn í Framsfl. sá góði maður sem svo vel var upp alinn. En eitthvað hafði gerst sem hafði valdið þessum ágæta ræðumanni miklum vonbrigðum.

Hann flutti hér langa og yfirgripsmikla ræðu um bandorminn, sem menn hafa kallað svo, ég hygg að hún hafi verið tæpir tveir tveir tímar. Hún var mjög fróðleg, bæði sá kafli sem var pólitískur og eins þessi fræðilega ritgerð, sem hann tók að lesa upp, undir lok ræðu sinnar. Hún var dálítið úr stíl við annað sem þingmaðurinn las upp. Hann hafði miklar áhyggjur af sölu á Búnaðarbankanum og það kom fram líka í hinni fræðilegu ritgerð að það væri afar mikil hætta sem væri fólgin í því að einkabankar tækju við af ríkisbönkum. Hann málaði mynd af því hvernig það gæti farið þegar ríkisbanki tæki við af einkabanka eða yrði að einkabanka. Bankinn gæti farið á hausinn og síðan yrði auðvitað hlaupið til ríkisins, fjárglæframennirnir, eins og ég held að það hafi verið kallað, tækju náttúrlega við bankanum og settu hann á hausinn. Þeir yrðu síðan að

koma til ríkisins og láta ríkið bjarga sér, jafnvel eftir fimm ár eða svo úr þeim fjárglæfradansi sem þeir hefðu stigið.

Í síðustu tíð hefur ekki neinn einkabanki farið á höfuðið hér á landi en það hefur hins vegar ríkisbanki gert og það var kannski upphafið að sölu þess banka og sameiningu að einmitt ríkisbankinn stóð sig ekki í stykkinu og stóðst ekki lengur þannig að öll dæmin áttu ekki við a.m.k. sögu síðustu 60 ára eða svo. Ég hygg að hugsi hv. þm. málið á nýjan leik og fái kannski aðra fræðilega ritgerð um með hvaða hætti menn hafa brugðist við á Norðurlöndunum hér og hvar, þá kynni hann að sjá að röksemdirnar eru nánast út í bláinn. Það er ekkert sem bendir til þess að öflugur banki, eins og Búnaðarbankinn, mundi veita sínum viðskiptavinum, hvort sem þeir legðu inn sparifé eða ættu önnur viðskipti við hann, verri tryggingu eða verri kjör eða minna öryggi ef hann væri einkabanki en hann gerir í dag. Ég sé ekki annað en að almenningur treysti afskaplega vel einkabönkunum eins og hann hefur treyst bönkum yfirleitt hér á landi. Ég held að engin rök séu fyrir því, sem haldið hefur verið fram að slíkur banki gæti kallað á veikleika, alls engin rök fyrir því.

Annað í ræðu síðasta ræðumanns skildi ég ekki alveg allt, ég verð að viðurkenna það. Ég skildi ekki þetta með stóra fundarstjóraborðið sem ég hygg að það hafi heitið, og einhverja sex menn sem væru að taka við fyrirmælum og ég sérstaklega hefði fengið fyrirmæli um að beita úrræðaleysi, atgervisflótta, gjaldþrotum og eymd held ég að það hafi verið frá einhverjum aðilum, væntanlega við þetta stóra fundarstjóraborð. Væri afskaplega fróðlegt að fá hér á þinginu, jafnvel í dag eða síðar, ítarlegri skýringar á því hverjir það eru sem gefa slík fyrirmæli að menn eigi að beita úrræðaleysi, atgervisflótta, gjaldþrotum og annarri eymd í störfum sinum á þinginu. Ég átta mig ekki á hvað þingmaðurinn átti við.

Ég held líka að það sé misskilningur hjá honum að halda að það hafi vakið einhvern ugg eða ótta hjá þingmönnum Sjálfstfl. að rætt væri um það að einkavæða Búnaðarbankann. Það hefur mjög oft verið rætt og fullur hugur hjá stjórnarflokkunum að standa að því máli en auðvitað standa að því með skaplegum hætti. Ég vek athygli af því að menn ætla sér ekki að fá slíkar tekjur á augabragði af þeirri sölu eða annarri einkavæðingu sem ég nefndi að þingmaðurinn hefði þurft að gera því skóna að hlutafjármarkaði á Íslandi yrði stefnt í voða. Ekkert bendir til þess að það sé rétt hjá honum.

Varðandi það sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði um vaxtamálin, að ríkisstjórnin hefði vakið upp vaxtadrauginn í vor, þá er það efni sem mjög margir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa komið inn á. Ég hygg að fyrstu tveir sem töluðu hafi fjallað verulega um það. Reyndar var það hv. 4. þm. Norðurl. e. sem kynnti okkur skýrslu Seðlabankans og vitnaði til hennar um að áform ríkisstjórnarinnar um hækkun vaxtanna í byrjun sumars hefðu ekki gefið ríkisstjórninni það sem hún ætlaði sér með því að pappírar hennar hefðu orðið söluvænlegri og sala gengið eftir eins og menn vonuðu. Ég held að þegar textinn er lesinn í þessari ágætu skýrslu Seðlabankans blasi töluvert önnur mynd við heldur en þingmaðurinn vildi vera láta.

Í þessari skýrslu hefur verið rætt um þá þróun sem var sl. vor og síðan segir, með leyfi forseta:

„Þensluáhrif þessarar þróunar urðu áreiðanlega meiri en ella vegna þess að ríkisvaldið leitaðist jafnframt við að halda niðri vöxtum þrátt fyrir aukna eftirspurn. Var þetta sérstaklega áberandi fyrstu mánuði þessa árs“ — þ.e. mánuðina fyrir kosningar þegar menn vildu hafa einhverjar töflur á borðinu. Ég held áfram að vitna í skýrsluna: „Var þá settur verulegur þrýstingur á bankana að hækka ekki vexti þrátt fyrir meiri verðbólgu en jafnframt hélt ríkissjóður niðri vöxtum af spariskírteinum og ríkisvíxlum þrátt fyrir hækkandi vexti á öðrum bréfum á verðbréfamarkaðnum. Afleiðing varð sú að bréf ríkisins seldust ekki og skuldir hlóðust upp í Seðlabankanum.“

Ég vek athygli á því að þetta voru mánuðirnir fyrir kosningar þegar menn ætluðu að búa sér til einhverja fagra stöðu. Þetta er lýsingin á því ástandi. Og áfram er haldið: „Óhjákvæmilegt var að leiðrétta þetta eftir að kosningar voru um garð gengnar“ segir hér orðrétt — „og hækkuðu þá vextir bæði á ríkisskuldabréfum og hjá innlánsstofnunum í júní og var sú hækkun að mestu leyti til samræmis við þá vexti sem þegar voru á húsbréfamarkaðnum.“ Vaxtadraugurinn sem hv. 2. þm. Suðurl. talaði um að við hefðum vakið upp hafði verið svæfður léttum svefni af fyrrv. forsrh. og fjmrh. og væntanlega hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. tekið fullan þátt í því að bregða upp þessari fölsku mynd sem óhjákvæmilegt var að leiðrétta því að vextirnir voru ekki í takt við raunveruleikann. Ríkisbréfin seldust ekki og allt var þetta fölsk mynd blekkinga sem reynt var að halda að mönnum rétt fyrir kosningar í blekkingarskyni en auðvitað sjá allir í gegnum þennan blekkingarvef. (Gripið fram í.) Síðan segir hér sem er akkúrat öfugt við það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði ranglega frá: „Leiddi þessi vaxtahækkun þegar til aukinnar sölu ríkisvíxla og spariskírteina og batnandi jafnvægis á lánsfjármarkaðnum í heild.“ En hv. þm. sagði að ekkert af þessu hefði gerst. Hann var einmitt að skora á menn að lesa þessa skýrslu þannig að hann virðist taka hana mjög bókstaflega og trúanlega. „Virðast áhrif meira aðhalds í peningamálum einnig hafa farið að koma fram í þróun almennrar eftirspurnar og innflutningi í septembermánuði.“ Síðar segir í sömu skýrslu um skýringar á hækkun vaxta, af því að vextir fara alveg eftir raunveruleikanum í þjóðfélaginu en ekki eftir því hvernig menn tala. Í því segir, með leyfi forseta:

„Þannig voru raunvextir óverðtryggðra lána óeðlilega lágir á fyrra helmingi þessa árs með óhagstæðum afleiðingum fyrir afkomu bankanna. Á þessu hafa innlánsstofnanir reynt að ráða bót með því að halda nafnvöxtum óverðtryggðra lána óeðlilega háum síðustu mánuði, þrátt fyrir lækkandi verðbólgu, þannig að raunvextir þeirra hafa farið langt upp fyrir vexti af verðtryggðum útlánum.“ Rótina að þessum háu vöxt-

um má sem sagt rekja til þeirrar röngu myndar sem reynt var að draga upp fyrir kosningar, þeirrar fölsku myndar sem þeir menn sem þykjast nú tala mest fyrir lágum vöxtum drógu upp fyrir kosningar, myndar sem ekki stóðst. Þeir bera jafnframt ábyrgð á því að vextir eru óeðlilega háir nú vegna þess hvernig þeir höguðu sér á sl. vori.

Ég vek athygli á því, sem er rétt að komi fram, að sá banki sem hefur verið einna tregastur til að lækka vextina í takt við verðbólgu, lýtur í bankaráðinu stjórn meiri hluta sem á rætur sínar að rekja til stjórnarandstöðunnar hér á þingi, sem segir kannski heilmikla sögu um það hver heilindi eru í því sem rætt er um þegar menn tala um vextina.

Hv. 7. þm. Reykn. spurði í ræðu sinni í gær hvað liði undirbúningi lagasetningar varðandi það að tekin væri upp greiðsla af fjármagnstekjum, hvar það mál væri statt. Það er ásetningur ríkisstjórnarinnar, og hefur komið fram, að slíkur skattur verði tekinn upp og er undirbúningur að því máli í gangi á vegum fjmrn. Ég á von á því að frv. þess efnis verð lagt fram á þinginu í vor, í síðasta lagi næsta haust. Ég tek fram og vek athygli á því að það hefur verið sagt að ekki standi til að sú breyting, að teknir verði upp fjármagnstekjuskattar, eigi að skila nýju fjármagni í ríkissjóð heldur eigi menn að einbeita sér að því að láta slíka hækkun mæta lækkun á eignarsköttum.

Ég tók líka eftir öðru í ræðum hv. 7. þm. Reykn. og 4. þm. Norðurl. e., og reyndar hjá fleiri ræðumönnum hér, m.a. kom það fram í hinni ágætu ræðu sem síðasti ræðumaður flutti að menn fyndu að því að það bólaði ekkert á efnahagsaðgerðunum eins og sagt er. Hvar eru ráðstafanir í efnahagsmálum, sagði hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 7. þm. Reykn. tók mjög svipað til orða. Fróðlegt væri að vita hvað þessir ágætu þingmenn eiga við þegar þeir tala um efnahagsráðstafanir, hvort þeir eiga eingöngu við það að ríkið taki frá einhverja peninga til þess að setja til hliðar sem verður síðan ráðstafað sem smyrsl á sár einhverra fyrirtækja. Er það það sem þeir kalla efnahagsráðstafanir? Er það það sem þeir sakna núna að komi ekki fram? Gera þessir aðilar sér virkilega ekki grein fyrir því að engin ákvörðun og aðgerð er mikilvægari um þessar mundir en sú aðgerð ríkisins að afgreiða fjárlög með þeim hætti að ríkissjóðshallinn sé boðlegur og skaplegur, að lánsfjáreftirspurnin verði þriðjungi minni en hún var á síðasta ári og þar með séu sköpuð raunveruleg skilyrði til þess, ekki fölsk skilyrði eins og gert var fyrir kosningarnar í vor, blekkingarskilyrði, heldur raunveruleg skilyrði þess að vextir megi lækka. Það vill nú reyndar þannig til, þó að þessir hv. þm. virðist ekki átta sig á þessum þætti, að talsmenn atvinnulífsins og launþegahreyfingarinnar átta sig á þessu. Þeir leggja höfuðáherslu á það að ríkisstjórnin gæti þess þrátt fyrir viðbótaráföll og þrengingar að láta ekki undan, standa staðföst að þeirri ætlan sinni að hallinn á ríkissjóði verði ekki nema 4 milljarðar kr. Þeir átta sig á því að þar með fær atvinnulífið aukið svigrúm, þar með er líklegt að vextir geti raunverulega lækkað og þar með skapist atvinnulífinu skilyrði til þess að ná til sín fjármagni á viðráðanlegum kjörum. Það gerist ekki með fyrirmælum, orðsendingum eða ræðum. Það gerist með því að menn taki á sig þær byrðar og þá erfiðleika að koma fjárlagafrv. í gegn með þessum hætti. Vilji ríkisstjórnarinnar stendur einmitt til þess og hún ákvað það og hefur gert það og ítrekaði að leggja ekki út á aðra braut þrátt fyrir það að erfiðara sé að ná þessu marki nú en áður.

Mér þótti mjög athyglisvert í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann fjallaði um tillögur um breytingar á fyrirkomulagi ríkisábyrgða launa. Þá sagði þingmaðurinn og spurði reyndar hvort við gerðum okkur ekki grein fyrir því í ríkisstjórninni að það að taka ákveðna prósentu frá atvinnulífinu í þennan sjóð mundi um leið gera það að verkum að svigrúm atvinnulífsins til þess að hækka launin við launþega mundi minnka sem þessu nemur. Ég held að það sé heilmikið til í þessu hjá þingmanninum. Kenningin er ekki mjög merkileg en hún er mjög merkileg út úr munni hans því að hann og hans flokkur hafa nefnilega ætíð sagt: Það er enginn vandi og á að gera að leggja auknar klyfjar á atvinnulífið. Það hef ég margoft heyrt úr þeirra munni og séð í þeirra greinum. Þeir hafa aldrei sagt um leið að það mundi þrengja svigrúm fyrirtækjanna til þess að greiða launþegum hærri laun, það hafa þeir aldrei sagt. Þeir hafa þvert á móti ætíð látið að því liggja og eru þekktir fyrir það að það sé nú aldeilis hægt að leggja aukna skatta á atvinnulífið en jafnframt gefið síðan til kynna að hægt sé að hækka launin.

Ég nefndi það í ræðu minni, þó að ég hafi farið kannski fullhratt yfir seinni partinn, ég geri mér grein fyrr því að mér hættir til þegar líður á langa ræðu að verða of fljótmæltur og biðst velvirðingar á því, þá sagði ég jafnframt að kynnt yrði í þessari nefnd, sem fær málið til meðferðar, viðbótarmálsgrein við 10. gr. Ég las hana upp og jafnframt sagði ég á þessa lund: „Jafnframt þessum breytingartillögum mun nefndin taka til athugunar þær ábendingar og þá gagnrýni sem fram hefur komið að undanförnu frá forustumönnum launþega.“ Við höfum auðvitað rætt þetta mál heilmikið við talsmenn launþega og við verðum að sjálfsögðu varir við það að þeir, reyndar ekki bara launþegar heldur Vinnuveitendasamband Íslands líka, finna að þessari aðferð. Launþegar með líkum orðum og hv. 4. þm. Reykn. og vinnuveitendur vegna þess að þeir biðjast undan því auðvitað að auknar skyldur, formlegar skyldur, séu lagðar á þá. Ríkisstjórnin hefur fullan skilning á því að þetta mál þurfi að ræða og ræða vandlega. En það er nauðsynlegt og ég hygg að það eigi ekki að verða um það ágreiningur að breyta þessum reglum því að eins og þær eru nú er töluverð hætta á misnotkun þessara reglna. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að þeim verði breytt.

Jafnframt tók ég fram, þegar ég ræddi þennan þátt, að ríkissjóður mundi ábyrgjast um stundarsakir að ekki mundi skorta fé úr þessum sjóði.

Í umræðunum kom fram spurning um hvað gerðist ef svo ótrúlega vildi til eitt árið að ekki mundi allt greiðast út úr þessum sjóði og hvort þeir peningar sem þar kæmu aukalega inn rynnu þá til ríkisins. Því er til

að svara að frv. ber með sér að gert er ráð fyrir stjórn yfir þennan sjóð. Stjórnin fær heimild til að leggja á gjald eins og þarna er lýst að ákveðnu hámarki. Ef þetta hámark yrði af einhverjum ástæðum svo rúmt, eins og fyrirspyrjandi nefndi, yrði það hámark eða það álag væntanlega lækkað af hálfu stjórnarinnar, sem gert er ráð fyrir að skipuð sé eftir tilnefningu aðila vinnumarkaðarins.

Hv. 2. þm. Suðurl. spurði fjölmargra spurninga um það sem snerti þá reglugerð sem heilbrrh. hefur sett og áhrif hennar á ýmsa þætti þjóðlífsins, svo sem framfærsluvísitölu, kröfur um launahækkun, skuldsetningu ríkisins og fleiri slíka þætti. Ég hygg að þingmaðurinn viti jafn vel og við öll hin að engin efni eru til þess að leggja út af henni með þeim hætti, að allt það gerist í tilefni af þessari reglugerð. Það eru ekki bein tengsl með þessum hætti, eins og þingmaðurinn gaf til kynna, milli þessara reglugerða og þeirra þátta sem hann vék að og spurði sérstaklega um.

Ég vek til að mynda athygli á því þegar ráðist var mjög að hæstv. heilbrrh. vegna breytinga hans á útgjöldum ríkisins vegna lyfjakostnaðar þá var því haldið mjög stíft fram að allar þessar aðgerðir og þessi sparnaður mundi lenda beint á neytendum og launþegum. Það hefur komið á daginn að það gerist ekki. Það hafa allir haft hag af verulegum hluta þessara sparnaðaraðgerða. Það hafa allir borið úr býtum vegna þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. heilbrrh. að þessu leyti til.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti yfirgripsmikla ræðu og á marga lund fróðlega, eins og reyndar margir aðrir hafa gert sem vonlegt er því að frv. tekur á mjög mörgum þáttum eins og því er stillt upp. En þingmaðurinn, eins og reyndar aðrir, hafði orð á því að það væri verulegur munur á afstöðu minni annars vegar og afstöðu til að mynda hæstv. sjútvrh. hins vegar um meðhöndlun á vöxtum. Það var vitnað til þess að hæstv. sjútvrh. vildi fara að beita handleiðslu varðandi vextina og síðan var þetta orðalag ráðherrans útfært og farið að tala um það að hann vildi beita handafli við meðferð vaxtanna. Ég sé nú verulegan mun á því hvort menn vilji beita handleiðslu í vaxtamálum eða handafli.

Hv. 2. þm. Suðurl., sem er vanur innan dyra í kirkjum eftir því sem ég best veit, veit að prestar beita þar handleiðslu. Í þeim samkomuhúsum sem ég sótti meira á yngri árum beittu útkastarar aftur á móti handafli og það er kannski einmitt munurinn á þessum tveimur aðferðum. Prestarnir beita handleiðslu, útkastararnir handafli og það er ómögulegt að líkja þessum tveimur þáttum saman. Það vitum við, ég og hv. 2. þm. Suðurl., sem sóttum á þessum árum sjálfsagt mjög mismunandi samkomustaði þar sem annars vegar var beitt handafli og hins vegar handleiðslunni.

Við vitum að hægt er um skamma hríð með opinberum aðgerðum að fá fram breytta mynd á vöxtum eins og gert var sl. vor en við vitum líka að það stenst ekki og við vitum hvers konar dóma slík aðgerð fær af reynslu sögunnar. Þess vegna er meginmálið, og það er meginmál okkar í ríkisstjórninni, að standa þannig að gerð fjárlagafrv. og afgreiðslu þess að varanlegur grundvöllur sé lagður til að vextir megi vera þeirrar stærðar að atvinnulífið geti risið undir þeim þegar til lengri tíma er litið. Og það gerist ekki nema samkeppnin um vextina minnki og ríkisvaldið sé ekki fremst í flokki um það með aðgerðum sínum og yfirboðum að sprengja upp vaxtakerfið.

Hv. 4. þm. Austurl. flutti hér mjög athyglisverða ræðu í byrjun. Ég held að fyrstu 20 mínúturnar hafi reyndar fjallað um bandorminn, eðli hans og ástarlíf og síðan hvernig hann þróaðist yfir í sull, ef ég man rétt. Þetta var afskaplega fróðleg og skemmtileg ræða. Ég hygg að þingmaðurinn hafi komist þannig að orði að ég væri höfuðbandormurinn. Ég er svo sem ekkert að kippa mér upp við það. En einhver sem tekur nærri sér að vera kallaður reigingslegur hani mundi sjálfsagt hafa orðið viðkvæmur fyrir því að vera kallaður höfuðbandormur miðað við lýsingu þessa sérfróða manns, hv. 4. þm. Austurl., á þessu fyrirbæri sem var afskaplega fróðleg og skemmtileg og tók hér 20 mínútur. (**Gripið fram í:** Hver var sullurinn?) Já, þú skalt hafa hlustað vel á það, hv. þm., hver var sullurinn. Það var mjög fróðleg lýsing á því líka. Sullurinn var sú þróun sem bandormur fékk samkvæmt lýsingu þingmannsins. Ég tel að efnið sem þingmaðurinn átti við í því sambandi mundi ekki breytast með þeim hætti sem þingmaðurinn lýsti, hinn ágæti og sérfróði þingmaður um bandorma þá hina smærri, hér úr ræðustólnum.

En hann talaði jafnframt mikið um hið Evrópska efnhagssvæði og spurði mig sérstaklega um það hvað ég héldi um möguleika þeirra samninga sem mikið hafa verið ræddir, samninga um Evrópskt efnahagssvæði, og hverjar líkur væru til þess að þar væri eitthvað að gerast sem mundi gera það að verkum að þeir samningar gengju ekki eftir eins og menn hafa verið að tala um. Auðvitað get ég ekki svarað þessu en ég tel í sjálfu sér ekkert benda til þess að þeir samningar þurfi að stranda vegna þeirra atburða sem hafa átt sér stað í Evrópu og þeirra athugana sem dómstóllin hefur fjallað um sérstaklega. Ég tel ekkert benda til þess. Ég get auðvitað ekki útilokað að það gerist en ég ítreka að ég sé engin efni til að ímynda sér að þeir þurfi að stranda.

En þingmaðurinn talaði aðallega um að til Evrópska efnahagssvæðisins og þeirrar samningagerðar væri vitnað í tengslum við atvinnusköpun og atvinnumöguleika. Og hv. þm. taldi að þarna væru menn á algerum villigötum ef þeir héldu að einhverrar framtíðar fyrir íslenskt atvinnulíf væri að vænta í tengslum við þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði. Og hann dró sérstaklega upp töflu og vitnaði til hennar um atvinnuleysi í Evrópubandalagsríkjunum og að sú tafla gæfi til kynna að þangað væri ekki neinnar aðstoðar eða krafts að vænta fyrir Íslendinga um breytingar í atvinnulífinu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki sömu skoðunar og hv. þm. Ég tel ekki að neitt megi rekja til þessarar töflu sem staðfestir ótta hans um að hið Evrópska efnahagssvæði skapi okkur ekki neina vaxandi möguleika í atvinnulífinu. Hann nefndi m.a. að atvinnuleysi í Írlandi væri 18%, í Danmörku 9,5% og reyndar gat hann þess að í Lúxemborg væri atvinnuleysi 2%. Mér finnst þessar tölur, svo breytilegar sem

þær eru, sýna kannski og sanna að ótti manna um að hinu Evrópska efnahagssvæði fylgdi stórkostleg ásókn inn á vinnumarkaði frá einu landi til annars eigi ekki við. Þegar menn sjá tölurnar varðandi Írland þar sem atvinnuleysi er 18% og tölurnar varðandi Lúxemborg þar sem atvinnuleysi er 2% innan Evrópubandalagsins virðast innbyrðis tengsl ríkjanna ekki gera neitt til þess að riðla þessari stöðu. Þarna er hið litla land, Lúxemborg, með 2% atvinnuleysi og mun stærra land, Írland, með 18% í raunìnni í næsta nágrenni. Það hefur ekki þýtt að menn hafi í stórkostlegum stíl sótt frá Írlandi til Lúxemborgar og sett þar allt atvinnulíf úr skorðum þannig að ég verð að segja að mér þykir það frekar benda til hins gagnstæða, að fullyrðingar okkar hinna um að hið Evrópska efnahagssvæði og samningar okkar, ef endanlegir verða um það efni, muni frekar styrkja okkar atvinnulíf en hið gagnstæða.

Ég varð afskaplega undrandi á að heyra með hvaða hætti hv. 4. þm. Norðurl. e. fjallaði um útboð. Mér fannst sú ræða vera nánast í stíl við 40–50 ára útdauða haftaumræðu. Hræðsluáróðurinn sem fylgdi þessum ræðukafla þingmannsins um útboðin var í takt við það sem haldið var að fólki að gerðist ef höftin yrðu afnumin, ef venjulegur almenningur fengi að kaupa gjaldeyri og annað slíkt. Þá var því haldið að fólki að allt mundi riðlast, gjaldeyrissjóðirnir tapast og allt fara um koll. Mér fannst ræða þingmannsins um útboð bera merki þessa. Öll þau ósköp sem dyndu yfir ef útboð yrðu notuð í vaxandi mæli.

Nú höfum við mjög góða reynslu af útboðum, afskaplega góða reynslu. Auðvitað hafa komið upp annmarkar í þeim efnum eins og menn vita. En meginreynslan er afskaplega góð og ég tel það vera eðlilegt og skynsamlegt af hæstv. heilbrrh. að vilja notfæra sér útboðin í auknum mæli. Auðvitað geta menn séð vissar hættur á ferð þar sem með einum eða öðrum hætti um er að ræða einokandi starfsemi en útboð eru nú oftast nær þannig að þar er ekki um neina endanlega gerð að ræða en ef það reynist illa þá eiga menn alla möguleika á því að grípa inn í og breyta um verklag.

Ég vil vekja athygli á því að mér finnst mikilvægt að þær ráðstafanir, sem þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum ber með sér og reyndar aðrar ráðstafanir sem fjárlagafrv. ber með sér, eru ekki ráðstafanir þar sem tjaldað er til einnar nætur. Hér er ekki um að ræða að menn séu vegna tímabundinna erfiðleika í fjármálum ríkisins að spara sér einhvern tiltekinn þátt um skamma hríð. Það er miklu fremur um það að ræða að menn séu til lengri tíma að búa í haginn fyrir ríkissjóð, að beita aðgerðum sem skapa varanlegan sparnað. Aðgerðirnar hjálpa okkur ekki bara þetta árið heldur líka það næsta og næstu ár þar á eftir. Þær séu til þess fallnar að gera ríkisfjármálin öruggari og styrkari þegar til lengri tíma er litið, ekki endilega eins kjörtímabils heldur til miklu lengri tíma. Ég held að það sé mikilvægt sem við höfum ítrekað með okkar samþykktum í ríkisstjórn, að menn guggni ekki á því hvað sem á dynur að afgreiða fjárlögin með raunverulegum 4 milljarða halla, ekki eins og stundum hefur verið tíðkað, halla sem breytist fljótlega eftir að fjárlög eru afgreidd í marklaust plagg, marklausa hallatölu sem fer síðan vaxandi eftir því sem á fjárlagaárið líður. Við kynntumst því að þannig voru kosningafjárlögin afgreidd rétt eins og vextirnir fyrir þetta ár. Það voru gervifjárlög hvað þetta snertir, botnlaus, urðu að takast upp. Við viljum ekki að fjárlögin séu afgreidd með þeim hætti. Auðvitað vitum við eins og aðrir að seint verða fjárlög þannig úr garði gerð að hvert eitt einasta og eitt atriði haldi í þeim. En verklagið verður að vera þannig og ásetningurinn verður að vera þannig að menn séu að búa til fjárlög sem haldi, menn séu ekki að birta tölur um falskan greiðsluhalla heldur tölur sem eiga að geta haldið, ekki eingöngu tölur blekkinganna.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Enn á ný dregur hæstv. forsrh. rangar ályktanir enda eru upplýsingar hans greinilega ekki byggðar á réttum forsendum. Það er rangt sem hæstv. forsrh. sagði að minna hefði selst af spariskírteinum ríkissjóðs meðan fráfarandi ríkisstjórn starfaði á þessu ári en eftir að núv. ríkisstjórn hækkaði vextina í 8%. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins þegar spariskírteini ríkissjóðs báru um 6% vexti seldist mun meira af þeim en fyrstu fjóra mánuðina sem núv. ríkisstjórn sat þegar vextirnir voru 8%. Það getur hæstv. forsrh. kynnt sér að 8% vextirnir á spariskírteinunum skiluðu minni sölu á sama tímabili á þessu ári en 6% vextirnir. Hann má ekki rugla þessu saman við ríkisvíxlana þar sem allt önnur lögmál gilda vegna þess að þeir eru fyrst og fremst í keppni við millibankavexti.

Það er svo líka athyglisvert að hæstv. forsrh. segir að í frv. sé varanlegur sparnaður þegar hæstv. menntmrh. hér fyrr í dag flutti það sem sín meginrök að hann væri eingöngu að fresta útgjaldatilefnum en ekki væri um varanlegar ákvarðanir að ræða. Hér greinir þessa tvo ráðherra algerlega á um eðli þess sparnaðar sem snýr a.m.k. að menntamálunum. Hitt er svo mikilvægt, virðulegi forseti, að í gærkvöldi og í dag komið hefur fram tvíþættur grundvallarágreiningur innan ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Annars vegar milli hæstv. sjútvrh. og viðskrh. og forsrh. sem hægt væri að rekja í löngu máli ef tími væri til og hins vegar milli viðskrh. og forsrh. sem greinilega styðja niðurstöðu Seðlabankans varðandi húsbréfakerfið og hæstv. félmrh. Um þennan tvíþætta grundvallarágreining er nauðsynlegt að ræða við betra tækifæri.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kom fram að vöxtum hefði verið stjórnað með blekkingum á fyrri hluta þessa árs. Þetta eru heimildir sem forsrh. hefur nýlega fengið í hendur frá Seðlabankanum. Og það alvarlega við þessar heimildir, ef sannar eru, er að hæstv. forsrh. notast við sama ráðherrann sem yfirmann viðskiptamála og er staðinn að því að hafa stjórnað með blekkingum. Reglan er sú að óhæfir menn eru settir af og hlýtur þetta að leiða til þeirrar spurningar á hvaða forsendum ráðherrann er ekki rekinn strax og það er upplýst að hann hefur staðið þannig að verki á þessu ári. Er virkilega ekki meira mannval sem hægt er að byggja á en svo að það

þurfi að notast við ráðherra sem staðnir eru að því að stjórna með blekkingum?

Hitt er ekki síður alvarlegt, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. hefur talað fyrir gervifjárlögum sl. haust. Hann hefur flutt magnaðar ræður þinginu um gervifjárlög. Hann er staðinn að því að blekkja þingið, lítilsvirða þingið með því að leggja til að Alþingi Íslendinga samþykki gervifjárlög. Og hvað er gert við menn sem standa að slíku? Þeir eru hækkaðir í tign og gerðir að ráðherrum. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að mig undrar að ekki skuli vera meira mannval til staðar í ráðherrastóla en að það þurfi að notast við tvo sem staðnir eru að slíkum hlutum. Og mig undrar það satt best að segja ef hæstv. forsrh. sér ekki til þess að mennirnir verði settir af, í það minnsta fyrir jól.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi ekki alveg hugrenningar hæstv. forsrh. um mismunandi viðhorf okkar til handleiðslu og handafls en að sjálfsögðu legg ég áherslu á að reynt sé að nota handleiðslu þegar það er hægt.

Hins vegar var það sem ég benti á að handleiðsla sem hæstv. forsrh. segist hafa notað á vextina bar þennan árangur sem ég rakti. Í maí áttu þeir að fara lækkandi þegar kæmi fram í ágúst, í ágúst voru raunvextir á óverðtryggð lán komnir upp í 12%. Þá sagði hæstv. forsrh. enn: Þeir fara að lækka. Hann ætlaði að gera það með handleiðslu. En handleiðsla hans leiddi til þess að þeir eru 14% núna í desember. Slíka handleiðslu tel ég ekki góða. Og ég held að hæstv. forsrh. hefði þurft að læra handleiðslu betur heldur en í sínum útkastarahúsum sem hann var að tala um.

Hæstv. forsrh. segist ekki heldur skilja sambandið milli spurninga minna og afleiðinga af útgáfu reglugerðarinnar. Það kom fram í máli hæstv. heilbrrh. að hækkunaráhrif hennar á vísitölu væru 0,2–0,3%. Veit hæstv. forsrh. ekki að það er beint samband við framfærsluvísitölu og hækkun á verðtryggðum lánum? Heldur hæstv. forsrh. ekki að þessi hækkun á framfærsluvísitölunni muni hafa áhrif á kjarasamninga nú þegar þeir eru lausir? Það er mikil bjartsýni að halda að það hafi engin áhrif.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var að andmæla því að haldið væri fram að ágreiningur væri milli mín og hæstv. sjútvrh. um meðferð á vöxtum. Ég var að andmæla því að það hafi verið sagt að hæstv. sjútvrh. vildi beita handafli á vextina. Það hefur hann ekki sagt. Hann nefndi handleiðsluna og á því er verulegur munur eins og ég rakti ítrekað áðan eins og menn átta sig á. (**Gripið fram í:** Neyðaraðgerðir, sagði hann.)

Hins vegar sagði ég varðandi vísitöluna um áhrif breytinga á reglugerðum á sviði heilbrigðismála að það væri ekki augljóst samhengi þar á milli. Og ég vek athygli á því að þegar lyfjakostnaðarhlutdeildin var ákveðin mældust þær með fullum þunga inn í vísitölu en eftir að breytingar urðu á, þegar í ljós kom að fólk keypti og notaði í auknum mæli ódýrari lyf en áður, þannig að kostnaður þess í raun hækkaði ekki, þá hafði það á nýjan leik lækkandi áhrif á vísitöluna. Þess vegna er erfitt að átta sig á því til fulls nú hver endirinn verður þegar til lengri tíma er litið. Það gerist með þessum hætti.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera athugasemdir við það og mótmæla því að hæstv. forsrh. skuli verja tíma sínum í það að snúa út úr fyrir manni með fullkomlega óréttmætum og ómálefnalegum hætti. Hann gerði að umtalsefni umfjöllun mína um útboð. Það lá í orðum hæstv. forsrh. að ég hefði lýst einhvers konar fornaldar- og forneskjuviðhorfum, 50 ára gömlum, í garð útboða almennt sem aðferðar. Ég var að ræða um útboð í heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu, hæstv. forsrh. Ég fer fram á að forsrh. vandi sig og taki eftir því sem hér er rætt um í þingsalnum, þannig að við þurfum ekki að eyða tíma okkar í að ræða útúrsnúninga og misskilning af þessu tagi. Ég var að vara við þeim hættum sem væru því samfara annars vegar vegna eðlis og viðkvæmni þessarar þjónustu að stunda þar útboð og hins vegar vara við útboðum í þessum rekstri í þeim tilvikum að um svo sérhæfða starfsemi væri að ræða að fákeppnis- eða einokunarmarkaður væri á ferðinni. Þetta var það sem ég sagði hæstv. forsrh. Það kemur mér mjög á óvart ef mönnum hefur tekist að misskilja þetta, fleirum en hæstv. forsrh. Ég mun útskýra það nánar í síðari ræðu úr því að svo hefur til tekist a.m.k. hvað snertir hæstv. forsrh. En í öllu falli fundust mér þessi ummæli ekki gefa tilefni til þeirrar umfjöllunar sem hæstv. forsrh. varði tíma sínum í hér áðan. Þeim mun mikilvægara er að hæstv. forsrh. taki rétt eftir og misskilji menn ekki sem hann tekur stærra upp í sig en aðrir menn.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. flutti stillilega ræðu og talaði af ró og rasaði ekki um ráð fram. Það kemur kannski að því sem maður hefur talið sér trú um að hann geti lært og muni kannski áður en jól eru komin sjá að sér á mörgum sviðum. Skal ég ekki hrella hann meira á þessum drottins degi. Þó langar mig að ítreka spurningu mína. Ég lagði bara fyrir hann eina litla spurningu. Það væri forvitnilegt að hann upplýsti mig um það hvaða menn sitja í fortíðarvandanefnd ríkisstjórnarinnar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm., ég man ekki öll nöfnin en formaður og forustumaður þeirrar nefndar er Hreinn Loftsson, aðstoðarmaður minn.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þykir mér sem minni hæstv. forsrh. bregðist. (**Forsrh.:** Enginn kostur á því.) Þetta hlýtur að vera nefnd sem hæstv. forsrh. hittir nánast daglega. Hversu margir einstaklingar sitja í þessari nefnd? Getur hæstv. forsrh. tíundað eins og tvö nöfn til viðbótar? (Gripið fram í.)

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég nýtti mér ekki tækifæri til andsvars þar sem ég var næst á mælendaskrá en ég vil byrja á því að mótmæla þeirri einkennilegu túlkun hæstv. forsrh. að allir hafi borið eitthvað úr býtum við lyfjaverðshækkunina sem varð núna í sumar. Jafnvel þótt hann hafi reynt að rökstyðja það á eftir vil ég enn mótmæla. Ég held að hver einasti þingmaður hér í salnum viti nákvæmlega um hvað ég er að tala og þekki fólk sem hefur ekki borið neitt úr býtum. Sama hvort verðlag hefur mælst hærra eða lægra og ég hef reyndar ekki orðið vör við miklar lækkanir á verðlagi.

Hins vegar er ég að sjálfsögðu mjög þakklát fyrir að hafa fengið enn og aftur innsýn í reynsluheim hæstv. forsrh. þar sem handafli er beitt af útkösturum. Það er okkur mikilvægt að þekkja fólkið í kringum okkur. Og enn og aftur fáum við smá gullkorn úr þeim reynsluheimi. Vík ég þá að ræðu minni sem hefur beðið alllengi.

Eins og fram kom í máli fyrstu þingkonu Kvennalistans sem talaði í gær, hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, höfum við þingkonur Kvennalistans skipt með okkur verkum og fjöllum um einstaka málaflokka að mestu leyti í samræmi við þær nefndir sem við eigum sæti í. Ég mun því að meginhluta fjalla um sjávarútveg og vanda atvinnuveganna. Áður en ég vík að því verð ég þó að lýsa efasemdum mínum um það hve marktæk þessi umræða er í raun og veru. Getum við búist við að þetta frv., sem hér er rætt, gefi okkur trúverðuga mynd af væntanlegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar? Auðvitað skiptir það máli hvort svo er. Og ég spyr að gefnu tilefni. Í sjónvarpsfréttum á Stöð 2 í fyrrakvöld átti fréttamaður, Kristján Már Unnarsson, eftirfarandi orðaskipti við hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

Kristján Már Unnarsson spurði: „Hversu stórt vandamál eruð þið að glíma við varðandi fjárlögin?"

Davíð Oddsson svaraði: „Við teljum að mikilvægasta efnahagsúrræðið sem ríkisstjórnin þarf að glíma við sé að gæta þess að fjárlögin fari ekki úr böndum og við erum í raun að glíma við núna rétt um 7 milljarða umfram þessa 4 sem menn voru sáttir á að ríkissjóðshallinn yrði þannig að við erum kannski með um 11 milljarða."

Síðan kom eftirfarandi samantekt fréttamanns á því frv. sem við nú ræðum. Jafnframt var sterklega gefið í skyn að þar væri dæmið í rauninni mjög ófullgert og margt sem varðar efni þessa frv. muni breytast, þ.e. heildarniðurstöðurnar. Ég vil aðeins halda áfram með þessa tilvitnun, með leyfi forseta. Fréttamaðurinn hefur orðið: „Með bandorminum svokallaða sem menn hafa reyndar einnig kallað höggorminn er ríkisstjórnin þegar búin að ná þremur milljörðum. Lögbundin framlög verða skert um 1.100 millj. kr., mest skert af Framleiðnisjóði landbúnaðarins um 360 millj. en aðrir póstar sem skertir verða eru m.a. Framkvæmdasjóður ríkisútvarpsins, Ferðamálasjóður, kirkjugarðsgjald, Bjargráðasjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins. En þetta er aðeins hluti bandormsins. Með öðrum sérstökum lagaskerðingum verða 1.900 millj. sparaðar, mest með því að færa kostnað vegna sérfræðinga og tannlækna yfir á sjúklinga en með því næst 1.270 millj. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota er skorinn niður um 450 millj. en minna verður sparað með breytingum á ýmsum liðum. En þessu til viðbótar leitar ríkisstjórnin að 4 milljörðum til að ná markmiðum sínum. Meðal þess sem þar er rætt um er að klípa af barnabótum og vaxtabótum með tekjutengingu þannig að þær verða skertar hjá þeim fjölskyldum sem hafa hæstu tekjurnar. Ekki er ólíklegt að mörkin verði sett við fjölskyldur með hærri tekjur en 210 þús. á mánuði og er þá miðað við samanlagðar tekjur hjóna."

Hér er verið að tala um efni sem skiptir verulegu máli hvernig lítur út og enginn virðist vita eitt eða neitt um. Og tíminn líður. Svo ég ljúki nú þessari tilvitnun, hæstv. forseti. Davíð Oddsson sagði að lokum í viðtalinu: „Vandinn er mjög erfiður. Við viljum ekki að ríkissjóður verði rekinn með meiri halla en þetta til að missa ekki vaxtadæmið úr böndunum. En það er ekki tímabært að skýra frá því núna með hvaða hætti við munum ná endum saman." Fréttamaður segir: „Þegar liggur í loftinu að búast má við uppsögnum ríkisstarfsmanna." Davíð Oddsson svarar: „Það er ljóst að launaútgjöldin verða skorin töluvert niður. Endanleg tala liggur ekki fyrir en það verður gert með þeim hætti að það eigi að standast." Fréttamaður spyr: „Uppsagnir verulegar." Davíð svarar: „Ég vil ekki fara nánar út í það núna." Fréttamaður spyr: „Hvað gerist á ríkisstjórnarfundi í kvöld?" Davíð svarar: „Þetta er vinnufundur í kvöld og síðan ríkisstjórnarfundur aftur kl. hálfníu í fyrramálið og þá væntanlega verður niðurstaða komin, vonandi langleiðina a.m.k."

Þess er rétt að geta að samkvæmt blaðafregnum varð þessi morgunfundur raunar ekki. Ég geri ráð fyrir að blaðið fari rétt með.

Nú bíðum við þess að fleiri frv. verði útbýtt. Áður en ég fór í ræðustól seildist ég til þingvarða til að ná í þau frv. sem þar var útbýtt því ég hélt að loksins sæi ég það sem ég var að leita að. Jú, vissulega sá ég nokkuð sem mér finnst full ástæða til að fjalla hér um. Það var till. til þál. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki og margir mætir flutningsmenn standa að en þetta var ekki ríkisstjórnarfrv. Enn fremur fyrirspurn til fjmrh. um auglýsinga- og kynningarkostnað fjmrn. frá Árna M. Mathiesen. Þetta eru ekki þær aðgerðir ríkisstjónarinnar sem ég er að bíða eftir í dag.

En, virðulegur forseti, ég ætla ekki að láta hugfallast. Við stöndum þegar, þrátt fyrir ófullburða frv., frammi fyrir nöprum veruleika um niðurskurð og víða þar sem síst skyldi. Aðrar þingkonur Kvennalistans hafa að undanförnu fjallað töluvert um áhrif frv. á daglegt líf fólks með beinum hætti. Mig langar að beina sjónum að því hvernig frv. kemur við fólk með óbeinum hætti. Stefnir atvinnu þess í hættu með því að þjarma enn að atvinnugreinum eins og t.d. sjávarútveginum sem auk vaxtapíningar tekur nú á sig auknar álögur. Mér finnst alltaf jafnfurðulegt þegar ég heyri forsvarsmenn núv. stjórnvalda prédika sjálfstæði atvinnulífsins. Eins og margoft hefur komið fram í máli

ráðherra þá telja þeir að í rauninni sé atvinnulífinu mest gagn gert með því að skipta sér sem minnst af því og það þykjast þeir gera en stýra svo og stýra í austur og vestur upp á sker og út í sólarlagið eða út á reiðan og óvissan sjó. Þessi stýring felst í stóriðjustefnu sem hefur sannað fánýti sitt. Þessi stýring felst í vöxtunum, sem eru háir, einmitt vegna ásóknar ríkisins í innlent lánsfé. Ásóknar sem stefnir í að nema meira en öllum innlendum sparnaði í landinu og sama hvort einstakir ráðherrar eru sammála um hvernig stendur á því að vextirnir eru enn svo háir sem raun ber vitni.

Þessi stýring felst í álögum ríkisins á einstaka atvinnuvegi. Skattar á atvinnuvegi eiga aðeins rétt á sér ef atvinnuvegirnir þola þá. En alls ekki þegar hart er í ári. Þess vegna eru hvers konar álögur á sjávarútvegginn nú umdeilanlegar. Við vitum hver staðan er. Sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir alvarlegum þrengingum, hærri vöxtum og meiri aflasamdrætti en áður hefur þekkst. Ég er orðin æði langþreytt á innstæðulausum ávísunum á umtalsverðar vaxtalækkanir einhvern tímann í framtíðinni og treysti ekki fyrirheitum. Ég vil sjá aðgerðir. Ekki var því raunar að heilsa í máli hæstv. forsrh. í gærmorgun að hann gæfi nein skýr svör um það hvenær vænta mætti breytinga. Og ég þykist ekki hafa fengið þessi svör enn þá. Aflasamdrátturinn er einnig mjög alvarlegur þótt við höfum smáglætu núna þegar glitrar á meiri loðnu. Aðeins litla glætu í myrkrinu.

Það stendur þó að í heild er atvinnugreinin í alvarlegum vanda. Verst er staðan í rækjuvinnslunni. En jafnvel stöndugustu fyrirtæki eru með reksturinn í járnum. Á þessum tíma kýs hæstv. ríkisstjórn að bæta a.m.k. 40 millj. í álögum á sjávarútveginn í formi viðbótarhlutdeildar sjávarútvegsins í veiðieftirlitsgjaldi sem nú skal að fullu greitt af útgerðinni. Við getum spurt okkur spurninga eins og hvort það sé siðferðilega rétt að útgerðin greiði þetta gjald að fullu, hvenær var samið um það? Hverjar eru röksemdirnar? En það sem mestu máli skiptir er að sjávarútvegurinn stendur nú afskaplega tæpt og um það er ekki deilt. Það kom fram í umræðunni nýverið að eiginfjárhlutfall sjávarútvegsins stefndi nú í niður 7–10% og eru það alvarleg tíðindi ef rétt reynast. Það gefur auga leið að sjávarútvegurinn verður alls ekki rekinn til langframa með þeim 5–6% halla sem er nú á sama tíma og aflasamdráttur er 15–20%. Er þetta rétti tíminn til að bæta nýjum álögum á þennan atvinnuveg? Er í þessum 49 millj. sem bætast nú beint á sjávarútveginn og ríkið telur sig spara í 5. gr. þess frv. sem við hér ræðum, er þar fólgið kornið sem fyllir mælinn? Við megum ekki við því að sjávarútvegurinn verði fyrir meiri skakkaföllum. Þjóðarbúið er rekið með greiðslum í fríðu, þ.e. fiski, við vitum það öll. Sjómenn og fiskvinnslufólk á afkomu sína undir því að þar haldist atvinna.

Við heyrum ugg og óánægju úr ýmsum áttum. Fiskvinnslufólkið geldur versnandi stöðu sjávarútvegsins og unir því ekki, það þarf að lifa eins og aðrir. Mig langar til að lesa brot úr nýrri ályktun frá Sambandi fiskvinnslufólks á Norðurlandi, með leyfi forseta: „Samband fiskvinnslufólks á Norðurlandi unir því ekki að samningar séu lausir svo mánuðum skiptir og lífskjör séu talin niður með slíkum vinnubrögðum. Því eiga samtök launafólks að krefjast þess að nýr samningur gildi frá þeim degi er síðasti kjarasamningurinn rann út. Samband fiskvinnslufólks á Norðurlandi vill minna á samþykkt aðalfundar deildar fiskvinnslufólks í Verkamannasambandi Íslands um löndun og vinnslu sjávarafla í íslensku fiskvinnslustöðvunum. Þessu máli verður að fylgja eftir af fyllstu hörku við gerð kjarasamninga eigi fiskvinnslufólk að eiga aðild að þjóðarsátt um lífskjör á Íslandi."

En hvaða vonir á þetta fólk? Fiskvinnslukonurnar? Þetta eru nefnilega fiskvinnslukonurnar, við skulum ekki gleyma því, að stærstum hluta. Hvaða vonir eiga þær um úrbætur þegar ekki er gripið til þeirra aðgerða sem þær leggja hér til, heldur sífellt bætt fleiri álögum á sjávarútveginn meðan vaxtabyrði og erfiðleikar blasa við, aflasamdráttur og þar að auki verið að bæta nýjum álögum á.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það væri þjóðhagslega mjög hagkvæmt að styrkja og styðja við sjávarútveginn með öllum tiltækum ráðum eins og oft er látið í veðri vaka að sé gert í stað þess að klípa gjöld af honum. Það verður að segjast eins og er að ég get ekki varið allar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á undanförnum árum en ég get heldur ekki varið það að á nokkurn hátt sé verið að reyna að bæta álögum á sjávarútveginn á meðan illa árar.

Vissulega á ég mér þá ósk heitasta að sjávarútvegurinn verði fljótlega svo burðugur að hann geti greitt háar fúlgur til samneyslunnar eins og hann hefur oft gert án þess að honum sé stefnt í hættu. Ég hef hins vegar fyrirvara á því hvort rétt sé að gera það með dulbúnum aðgerðum, eins og að borga fyrir veiðieftirlit t.d. Er það eðlileg skattheimta? Því það er ekkert annað en skattheimta og skatta á að kalla réttu nafni og leggja á þá sem þola að bera þá. Því miður hefur hæstv. ríkisstjórn brugðist í þessu hvoru tveggja. Hún hefur tekið skattana, heimt skatta af þeim sem síst mega við því og hún hefur kallað þessa skatta allt öðrum nöfnum.

Sjávarútvegurinn á að bera sinn hlut ef hann þolir það. Það gerir hann ekki nú. Skatta á að leggja á fólkið með breiðu bökin og það á að leggja skatta á þá sem hafa háar tekjur, hærri skatta en þá sem eru við nauðþurftarmörkin og raunar er alveg siðlaust að hækka skatta af tekjum sem ekki einu sinni duga til framfærslu. Það er eðlilegra að fjármagnseigendur greiði til samneyslunnar og þeir sem kaupa lúxusvörur, frekar en þeir sem kaupa sér bara ýsu í soðið fyrir kaupið sitt. Það er nefnilega ekkert athugavert við skattheimtu til samneyslu ef hún er réttlát. Það er þess vegna sem ég styð lúxusskatt en ekki matarskatt. Skatt á fjármagnstekjur. Ég er ekki farin að sjá að þrátt fyrir fyrirheit um að e.t.v. verði þarna heimtur skattur sé neitt að gerast í þeim efnum. Ég vil frekar sjá þetta gert en skattleggja skuldsetta útgerð.

Margs er að gæta þegar þarf að reka samfélag. Við kvennalistakonur höfum ævinlega lagt á það áherslu að

við trúum ekki á eina einfalda lausn í slíkum efnum, hvort sem hún heitir einkavæðing eða skattheimta af sjúklingum og námsmönnum, eins og boðað er í þessu frv. Við kvennalistakonur höfum þvert á móti bent á þá einföldu staðreynd að ábyrgð ríkisins er mikil á því að skapa einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi lífvænleg skilyrði og það á að gera með margþættum aðgerðum en ekki einföldum og ég vil segja billegum lausnum.

Meginskilyrðin eru auðvitað þau að hér sé staðinn vörður um velferðarkerfið. Þetta frv. heggur að því. Kannski er það þess vegna sem bandormurinn virðist vera orðinn að höggormi.

Atvinnulífið verður að fá að þrífast og dafna og ég hef rakið hvernig vegið er að sjávarútveginum, jafnvel í þessu frv. hér.

Þriðja meginmarkmiðið sem skiptir máli er að þar sé sparað sem ástæða er til og tekna sé aflað fyrir velferðarkerfið og aðra nauðsynlega þjónustu með því að sýna fyllstu aðhaldssemi, jafnframt því að leita til þeirra sem eru aflögufærir. Ég get þess vegna sannarlega stutt það að ferðakostnaður ríkisins verði skorinn niður en ekki ferðakostnaður vegna veikinda barna. Ég get svo sannarlega viðurkennt gjaldtöku af þeim sem sækja um leyfi til vínveitingareksturs, það eru allmargir sem sækja um. En alls ekki af atvinnugreinum sem eiga nú undir högg að sækja — sjávarútveginum til dæmis.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að það kemur fram í öðru frv. sem dreift var í gær að ekki hefur verið valin þessi leið, þ.e. að hækka gjöld fyrir leyfi til vínveitingareksturs, jafnvel þótt áfengisvarnasamtök hér í landi hafi bent á að þetta hefði ekki bara þann tilgang að efla rekstur ríkissjóðs um einhverja smáaura, heldur að hægja dálítið á þeirri hröðu fjölgun vínveitingastaða sem nú á sér stað. Mjög margir staðir veita áfengi nú orðið og þarna er verið að fara mjög óskynsamlega leið að mínu mati. Það er full ástæða til að sækja fé í þessa átt, jafnvel þótt það væri ekki afskaplega mikið sem fengist þarna, en hver veit? Það virðist muna um allt eins og fram kemur í bandorminum. Þar sjáum við að klipið er af mjög nauðsynlegri þjónustu, einhver smáupphæð, einmitt í þessu nafni, að það muni um allt. Það kom sérstaklega fram í máli hæstv. menntmrh. að hann taldi að ríkið gæti ekki séð af 40 millj. til að stórbæta skólakerfið. En höfum við heyrt í þessum umræðum eitthvert lausnarorð frá ríkisstjórninni sem trúir á einfaldar lausnir? Já, já, við höfum heyrt orðið einkavæðing, við höfum heyrt eitt og annað og við höfum heyrt lausnarorðið „þetta lagast allt þegar við förum í EES". Þetta er okkur sagt. E.t.v. á allt að lagast svona mikið þegar þeir fara að veiða karfann okkar. Ætlar hæstv. ríkisstjórn kannski að setja veiðieftirlitsmenn um borð í spænsku ryksugutogarana sem við ætlum að hleypa inn í landhelgina okkar? Býst hæstv. ríkisstjórn virkilega við því að spænskir útgerðarmenn muni borga veiðieftirlitsgjald að hálfu eða fullu, samkvæmt þessu frv. eða gildandi lögum? Auðvitað ekki og þá lendum við í þversögn. Eiga ekki allir að vera svo jafnir innan EES?

Ég nefni þetta bara til þess að benda á þann undarlega tvískinnung sem við erum alltaf að verða vör við. Það eru settar álögur hingað og þangað og jafnframt verið að reyna að þrykkja okkur inn í kerfi sem gerir ráð fyrir allt annars konar tilhögun. Ef ríkið má ekki við þessu tekjutapi, hvað gerist þá þegar við lendum inni í EES? Hvernig líta bandormar þá út? Ég ætla ekki að fara út í neina líffræði hér en einu sinni heyrði ég að ánamaðkar gætu lifað í mörgum pörtum. Eigum við kannski að hafa eitt Ísland innan EES og annað sem ríkisstjórn getur mjólkað eftir allt öðrum reglum?

Nei, ég er búin að fá mig fullsadda af því ábyrgðarlausa tali um að allt muni leysast ef við förum í EES. Ég sætti mig ekki við þann barnaskap sem þar er á ferðinni.

Mig langar til áminningar að leyfa þingheimi að heyra efasemdir mikilvægra aðila í útgerð og lesa örlitla klausu, sem eflaust hefur komið fram og mun koma fram í umræðunni um EES, bara til þess að árétta það hverjar efasemdirnar eru ef eitthvað skyldi hafa farið fram hjá einhverjum. Ég byrja þá á fréttatilkynningu frá samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi, með leyfi forseta, en sú fréttatilkynning er stutt og segir:

„Í tilefni nýrra upplýsinga varðandi samning um Evrópskt efnahagssvæði vill samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi taka eftirfarandi fram:

Á grundvelli þess sem kynnt var við lok samningsgerðar í Lúxemborg um miðjan október fagnaði samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi þessu samkomulagi og taldi hagsmunum Íslendinga vel borgið. Nú hefur hins vegar komið í ljós að veigamiklar upplýsingar í tengslum við sjávarútvegsmál, sem gefnar voru sem forsendur samkomulagsins, eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Í ljós hefur komið að eitt mikilvægasta atriðið sem lagt var til grundvallar, þ.e. skipti á veiðiheimildum, er nú túlkað með ýtrustu hagsmuni Evrópubandalagsins í huga. Jafnframt kemur í ljós að Evrópubandalagið er ekki tilbúið að staðfesta ýmis atriði samkomulagsins sem voru forsendur stuðnings samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi nema Íslendingar gangi að ýtrustu kröfum bandalagsins um veiðiheimildir. Enn fremur er óljóst um nánari útfærslu á tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins um sjávarútvegsmál. Þess vegna verður samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi að falla frá stuðningi við samkomulagið þangað til allar upplýsingar liggja fyrir í rituðu máli um einstök samningsatriði þannig að hægt sé að leggja raunhæft mat á efnisatriði samningsins." Þetta er dagsett 27. nóv. 1991.

Enn skýrar kemur þó afstaða þessara mikilvægu aðila í sjávarútvegi fram í fréttaviðtali við Friðrik Pálsson, forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, þar sem hann hreyfir jafnvel enn alvarlegri atriðum og, með leyfi forseta, þá les ég útskrift af stuttri frétt í Ríkisútvarpinu þann 24. nóv. sl.:

„Friðrik Pálsson, forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, dregur í efa að ákvæði um bann við eignarhaldi útlendinga í íslenskum sjávarútvegi haldi. Þetta kom fram á ráðstefnu fiskiðnaðar um Evrópskt

efnahagssvæði. Friðrik Pálsson segir: „Ég sagði að ég drægi það mjög í efa að þeir fyrirvarar mundu halda nema um skamma hríð og ég tengdi það því að sjávarútvegurinn yrði í það minnsta að vera svo samkeppnisfær um íslenska fjármagnið að það fengist innlent fjármagn inn í sjávarútveginn í meira mæli heldur en það hefur verið hingað til. Annars mundi leita inn í sjávarútveginn niðurgreitt erlent fjármagn sem við mundum ekki standa gegn. Ég held einfaldlega að það sé málið, að verði íslenska fiskvinnslan og útgerðin, þ.e. sjávarútvegurinn í heild, ef hann fær að blómstra og skila góðum arði og geti þess vegna keppt við ríkisvaldið t.d. um ríkistryggð skuldabréf eða um þá peninga sem í það fara og aðra fjármögnun, þá held ég að þetta geti haldið. En ef við lítum bara nokkur ár eða mörg ár aftur í tímann þá hefur það jú verið þannig að hvorki lífeyrissjóðir eða aðrir sjóðir hafa viljað setja peninga í sjávarútveginn. Hann hefur alltaf verið dálítill blóraböggull í þessu efni. Verði það svo áfram þá hef ég ekki trú á því að þetta ákvæði haldi.““

Síðan segir fréttamaður: „Friðrik Pálsson telur kreppuna í sjávarútveginum annars vegar vera vegna aflasamdráttar en vandi sjávarútvegsins sé líka innri vandi. Hann bendir á að verðlag á sjávarafurðum er enn mjög gott, samt sé fiskvinnslan rekin með tapi.“

Og Friðrik Pálsson heldur áfram: „Þetta hækkaði fiskverð, þetta hefur runnið í gegnum fiskvinnsluna til útgerðar og sjómanna og það hafa komið fram tölur upp á síðkastið að það hafi orðið veruleg breyting á og ég býst við að það kunni að mega túlka það með þeim hætti að fiskvinnslan hefði gjarnan mátt standa sig betur í því að halda þessum bata meira hjá sér.“ Tilvitnun í Friðrik Pálsson lýkur en fréttamaður segir:

„Á ráðstefnunni kom fram að aukinn ferskfiskútflutningur og aukinn útflutningur saltaðra flaka eru álitnar vænlegustu leiðirnar sem samningurinn um EES opnar. Garðar Sverrisson sem var fulltrúi lagmetis á ráðstefnunni efaðist þó um ávinning Íslendinga af samningnum og taldi hann frekar undirstrika þá ósk EB að Íslendingar yrðu áfram hráefnisframleiðendur. Benti á að tollar breyttust ekki á 9/10 hlutum lagmetis héðan.“

Virðulegi forseti. Ég hef leitast við að halda mig að mestu við eitt svið þessa frv. um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Jafnframt hef ég talið mig knúna til þess að tjá mig um ákveðin mál sem fram hafa komið, einkum í máli hæstv. forsrh. og er mér þar þyngst í huga að heyra athugasemdir hans um að þetta muni allt batna þegar við förum í EES. Hann deilir þeirri skoðun ekki með mörgum í sjávarútvegi um þessar mundir.

Fegin vildi ég geta sagt álit mitt á sjúklingaskattinum og niðurskurði á bráðnauðsynlegri þjónustu við skólabörnin okkar. Ég hygg að enginn velkist í vafa um afstöðu mína í þeim efnum og okkar kvennalistakvenna. Þær áherslur er ekki að finna í þessu frv.

Virðulegi forseti. Ég læt hér lokið máli mínu að þessu sinni og vonast til þess að þær athugasemdir, málefnalegu athugasemdir, sem fram hafa komið í þessari umræðu og þær leiðréttingar á rangfærslum sem fram hafa komið muni verða teknar til athugunar í þeirri nefnd eða nefndum sem munu fjalla um málið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Þetta er nú orðin býsna mikil og um margt merkileg umræða sem hér hefur staðið í gær og í dag um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég held, hvað sem um það má segja að öðru leyti, að það sé ástæða til að fagna því að hún hefur getað farið fram. Það er ekki af minni hálfu efni til að lengja hana mjög mikið. Ég fór nokkuð ítarlega yfir það í fyrri ræðu minni hvernig þessi mál snúa við mér og lýsti þar, og vil aftur undirstrika, óánægju minni með það hversu tætingslega þessi efnahagsmál ber að okkur á hinu háa Alþingi. Því miður er það enn svo að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki, að því er virðist, komið sér saman um neinar heildstæðar aðgerðir í þessum efnum eða a.m.k. ekki unnist tími til að koma þeim hlutum fram, hvorki hvað ríkisfjármálin snertir né efnahags- eða atvinnumál að öðru leyti.

Þetta sannaðist áþreifanlega í kvöldfréttatímum fjölmiðla í gær þegar menn gerðu úttekt á þeirri umræðu sem farið hafði fram á Alþingi í gærdag og ekki síst á framsöguræðu hæstv. forsrh. sem beðið hafði verið með nokkurri eftirvæntingu. Viðbrögð, ekki bara stjórnarandstöðunnar hér á þinginu, eins og menn máttu heyra, heldur og fjölmiðlamanna og aðila vinnumarkaðarins, voru í raun þau að þar væru menn litlu nær. Jafnvel sjálfur framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, sem a.m.k. verður tæplega sakaður um að hafa af pólitískum ástæðum horn í síðu ríkisstjórnarinnar eða forsrh. sérstaklega eða hafa ástæðu til þess, varð að játa sig sigraðan og aðspurður viðurkenndi hann að hann væri litlu nær. Í raun og veru átti sér eingöngu stað lítils háttar moldrok í því logni efnahags- og atvinnumálanna sem því miður ríkir í kringum hæstv. ríkisstjórn, þeirri algeru veðurleysu, eins og gamlir sjómenn hefðu kannski sagt. Og það er harla dapurlegt eins og málum er háttað úti í þjóðfélaginu. Satt best að segja læðist að manni sá grunur, því miður, að þetta sé fyrst og fremst til þess gert að breiða yfir þá dapurlegu staðreynd að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki náð að koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut.

Herra forseti, það er spurning hvort — jú, hér kemur forsrh. og þá er mér ekkert að vanbúnaði að halda áfram en ég hefði saknað þess að gera það mikið lengur án hans viðveru. Reyndar er svo háttað einnig um hæstv. viðskrh., sem blandaði sér nokkuð í umræður í gær, að ég mundi gjarnan vilja eiga lítillega orðastað við hann ef hann mætti koma til fundar innan skamms.

Niðurstaða gærdagsins var sú, því miður, að sú heildstæða efnahagsstefna, þær ráðstafanir sem lýst hafði verið eftir og að nokkru leyti boðaðar létu á sér standa og menn voru í raun og veru engu nær þegar upp var staðið. Um það voru sammála stjórnarandstaðan, fjölmiðlar og aðilar vinnumarkaðarins. Og enn er þess vegna bið, óvissuástand, fullkomið óvissuástand og öll vinna að ríkisfjármálum og efnahagsmálum hangir í lausu lofti. Við svo búið má auðvitað ekki standa. Það getur ekki gengið þegar vika er liðin af

desembermánuði og satt best að segja ekki mikill tími til stefnu að þessir hlutir haldi áfram að vera í fullkominni óvissu.

Hér kemur eftirlýstur hæstv. viðskrh. og vænkast þá enn vor hagur og eru nú býsna myndarlega setnir ráðherrabekkirnir og mun ég þá snúa mér lítillega að ræðu hæstv. viðskrh. Hann byrjaði á því að hæla ræðu hæstv. forsrh. og er það út af fyrir sig vel að þeir skuli bera lof hver á annan, hæstv. ráðherrarnir, og var það vonandi ekki oflof. En eins og kunnugt er, þá er það einhver beittasta aðferð til að hæða menn að bera á þá oflof, en ekki hef ég trú á því að hæstv. viðskrh. hafi ætlað sér það.

Hæstv. viðskrh. ræddi, eins og reyndar fleiri, um efnahagsvandann og hvaða hlutir væru þar alvarlegastir og nefndi sem vandamál í sjálfu sér, sem bæri nú upp á okkar litla skeri, erfiðleika í efnahagsumhverfi heimsins. Og það er nokkuð til í því að þar hafa hlutirnir, í hinum vestrænu eða þróuðu hagkerfum, ekki tekið þeim afturbata sem menn höfðu vænst og spáð var framan af ári. En hæstv. viðskrh. taldi að þetta bitnaði sérstaklega fólskulega á okkur Íslendingum þar sem þetta væri skýringin á því að hér kæmi ekkert álver og til viðbótar þessu nefndi svo hæstv. viðskrh. minni fiskstofna.

Þá kom hann að lyklinum að lausninni sem hann taldi vera ríkisfjármálin og það að ráða við hallann á ríkissjóði. Ég ætla að segja um þetta atriði nokkur orð. Satt best að segja er það að verða svo að mínu mati að það nálgast að vera hættulega oft kveðin vísa, að undirrót alls okkar vanda, upphaf og endir allra hluta í þessum efnum, hinn eini sanni lykill að lausninni sé að ná niður hallanum á ríkissjóði. Ég spyr mig stundum að því, eru menn ekki komnir út á dálítið hættulega braut í umræðum um ríkisfjármál að einblína svo á þetta atriði, svo mikilvægt sem það má nú vera, að þeir sjái ekkert annað, hugsi ekki um neitt annað og ræði nánast ekki um neitt annað? Því er það svo, ef við ræðum það og skoðum í alvöru? Er það svo að það sem öllu máli skiptir og er alveg úrslitaatriði í þessu sambandi að ná halla ríkissjóðs á árinu 1992 nákvæmlega niður í 4 milljarða? Og ég spyr: Ef það er svo, af hverju 4 milljarða? Af hverju ekki 2 eða 5 eða 6? Hvar eru hin efnahagslegu og hagfræðilegu rök fyrir því að einhver 4 milljarða halli á ríkissjóði sé nákvæmlega sú tala sem komi á því eftirsótta og langþráða jafnvægi sem allir eru að tala um? Af hverju ekki tveir milljarðar eða núll? Geta menn þá ekki alveg eins sagt og rökstutt, jafnvel með sterkari rökum, að það megi alls ekki reka ríkissjóð með halla? Það sé undirrót alls ills og það skipti öllu máli og sköpum og sé hinn eini, sanni lykill að lausninni að hallinn sé núll.

Ég ætla hreinskilnislega að gera þá játningu að ég set þetta ekki nákvæmlega í þessa áhersluröð. Vona ég þó að ég þurfi ekki að búa við það að menn snúi út úr orðum mínum og geri mér þar með upp þær skoðanir að ég sé að gera lítið úr mikilvægi þess að ná tökum á rekstri ríkissjóðs. En því er nú einu sinni þannig farið með mig eftir að ég hef skoðað þessa hluti núna á undanförnum dögum að ég hef þyngri áhyggjur af öðru en því hvort ríkissjóður Íslands verður á árinu 1992 rekinn með 3, 4 eða t.d. 5 milljarða halla. Ég tel að aðrir hlutir séu þar stærri og alvarlegri og ég tel auðvitað að númer eitt sé viðskiptahallinn. Sú geysilega erlenda skuldasöfnun, fyrst og fremst til neyslu sem birtist í 18 milljarða viðskiptahalla á þessu ári og hátt í annað eins á næsta ári, er auðvitað stærra vandamál og alvarlegra en spurningin um það hvort ríkissjóður Íslands verður rekinn t.d. með 3, 4 eða 5 milljarða halla. Ég blæs á þann málflutning að það sé í reyndinni og eðli sínu stærra vandamál hvort hallinn er þar nokkur hundruð milljónum meiri eða minni borinn saman við aðrar stærðir í efnahagslífinu að öðru leyti. Ég tel að langalvarlegasti váboðinn, sem uppi er í okkar efnahagsmálum, sé þessi mikla erlenda skuldasöfnun sem ekki fer í fjárfestingar, sem ekki fer í að byggja hér upp ný atvinnutækifæri og auka gjaldeyrisöflun á næstu árum, því miður, heldur fyrst og fremst til neyslu. Og ég rakti það í ræðu minni að ef svo heldur sem horfir þá verða fjárfestingar í íslenska þjóðarbúinu á næsta ári þær lægstu í 50 ár. Það má verða mönnum mikið umhugsunarefni.

Í öðru lagi nefni ég atvinnuástandið. Ég tel það alvarlegra vandamál að hér stefnir í fjöldaatvinnuleysi á næsta ári en hvort hallinn á ríkissjóði verði nokkur hundruð milljónum meiri eða minni. Ég tel það alvarlegra vandamál ef þúsundir manns bætast á atvinnuleysisskrá á næsta ári en spurningin um það hvort t.d. nokkur hundruð milljónir til eða frá liggja öðru hvoru megin við eitthvert strik í halla ríkissjóðs. Og ég sakna þess í umræðunni að menn taki ekki á þessum þáttum og ræði þá og setji þá í samhengi en einblíni svo mjög á þessa einu tölu, 4 milljarða halla ríkissjóðs. Ég veit ekki síðan hvenær þessi tala varð svona heilög og ég spyr um það ef þarna liggja einhver þau mörk, hverra mikilvægi er svona mikið, af hverju er þá ekki enn betra að ná þessum halla meira niður? Er það vegna þess að menn treysti sér ekki í það eða eru einhver efnahagsleg rök fyrir því að í lagi sé með 4 milljarða halla en ekki meira og hver eru þau þá? Ég minni á og tek undir það sem hér var sagt af einum fyrri ræðumanni í umræðunni. Því hefur oft verið haldið fram með mörgum gildum rökum að einmitt við þær aðstæður að þjóðarbúið og efnahagslífið sigli inn í djúpa lægð geti verið vel réttlætanlegt að reka ríkissjóð með einhverjum halla, sérstaklega ef tekst að fjármagna þann halla innan lands. Ef það tekst er hann í mínum huga ekki það stórkostlega efnahagslega vandamál sem stundum mætti ætla af ræðum manna.

Ég tel reyndar líka að nokkuð hafi farið fyrir því í umræðunni, og ekki síst í máli hæstv. viðskrh. sem hér talaði í gærkvöldi, þeim hefðbundnu hægri klisjum eða viðhorfum að einblína á rekstur ríkissjóðs og hlutverk ríkissjóðs í þjóðfélaginu eitt og sér og sleppa öðrum þáttum. Auðvitað er ríkissjóður stór og áhrifamikill aðili í efnahagslífi okkar og þýðing þess hvernig hann er rekinn og hvernig fjármunum hans er ráðstafað geysilega mikil. En það eru fleiri stórir aðilar sem hafa áhrif á gangverkið og við sjáum það best með því að skoða hinar nýju tölur Seðlabankans um skuldasöfnunina á

síðasta ári þar sem það kemur í ljós að það eru einstaklingarnir og heimilin sem skuldsetja sig fyrir 45 milljarða í viðbót. Þar er stóra útslagið í raun en ekki í sjálfum ríkissjóði og ég bið aftur um að ekki verði snúið út úr fyrir mér og ég borinn þeim sökum að ég telji að ekki skipti nú miklu máli hvernig þetta sé hjá ríkinu. Auðvitað gerir það það. En við eigum líka að skoða hvernig aðrir stórir og áhrifamiklir aðilar í efnahagslífinu eins og sveitarfélögin, eins og atvinnulífið og atvinnugreinarnar, eins og einstaklingarnir og einkaneyslan koma út í þessu sambandi. Það er blinda og þröngsýni, sem ég gruna menn því miður stundum um að vera haldna af pólitískum ástæðum, að einblína svo mjög á ríkið og tala aldrei um neitt annað en ríkið og afkomu ríkissjóðs í umræðum um efnahagsmál. Auðvitað liggur mönnum það næst eðli málsins samkvæmt og er um margt auðveldast að hafa áhrif á. Það skilja allir sem starfa á hinu háa Alþingi. En þeir sem eru að reyna að hafa hönd í bagga með þróun efnahagsmála í heild sinni og hafa yfirsýn yfir hlutina eiga ekki að komast upp með að sleppa því að ræða afkomu, hagi og þróun mála hjá öðrum aðilum.

Hæstv. viðskrh. hljóp til varnar hæstv. heilbrrh. og er það skiljanlegt og ætla ég ekki að fara út í þá umræðu en ljóst er að mínu mati að sá málflutningur sem þar er reynt að halda uppi af hálfu Alþfl. er svo mótsagnakenndur að hann hrynur um sjálfan sig. Það er ekki hægt að halda því fram, eins og gert er, að það sé af sérstakri greiðasemi við almenning í landinu sem þær breytingar eru gerðar í heilbrigðismálum eða skólamálum eða hverju öðru sem þarna er á ferðinni. Það er verið að auka álögur á almenning og það er mótsagnakennt í eðli sínu að gera það. Að auka þessar álögur en tala í hinu orðinu um að það sé alls ekki ætlunin að mismuna fólki. Það er verið að halda út á þá braut sem hlýtur að mismuna fólki að lokum. Ég vek athygli á því orðalagi sem hæstv. forsrh. viðhafði í ræðu sinni um þetta efni, að það yrði séð til þess að greiðslugetu almennings yrði ekki ofboðið. Þetta orðalag vakti athygli mína. Og það var spilað í morgunfréttum útvarpsins aftur þannig að ég held að ég hafi ekki misheyrt það í tvígang „að greiðslugetu almennings yrði ekki ofboðið". En það má greinilega teygja talsvert á henni og jafnvel til hins ýtrasta eða hvað?

Ýmislegt kom hér inn í umræðuna um einkarekstur og einkavæðingu, um opinberan rekstur, um útboð og margt fleira sem ég hefði haft gaman af að ræða dálítið en held að tímans vegna fari ég hratt yfir sögu því að ég vil ekki fyrir mitt leyti að lengja þessa umræðu meira en góðu hófi gengir. En það hlýtur þó að koma upp í hugann þegar þessi einkavæðingarsöngur er upp kveðinn að menn skoði hér uppi á Íslandi hvernig við erum staddir í þessum efnum og hvernig hlutföll milli einkareksturs og opinbers reksturs eru í landinu. Er t.d. ríkið á Íslandi með svo umfangsmikinn rekstur af ýmsum toga að það sé eitthvert stórkostlegt viðfangsefni í efnahagsmálum og ríkisfjármálum að einkavæða hann? Hafa menn ekki áttað sig á því að sá geiri sem víðast hvar í nálægum löndum hefur verið hvað umfangsmestur á höndum hins opinbera og hefur víða verið einkavæddur eða var á umliðnum árum, þ.e. samgöngukerfið, er nánast allt einkarekið á Íslandi? Við erum ekki með ríkisrekið flugfélag til að einkavæða. Við erum ekki með ríkisreknar járnbrautir til að einkavæða. Við erum með pínulítið skipafélag sem sinnir þjónustu við afskekktustu byggðarlög landsins og sjá menn þar eitthvert stórkostlegt grand í einkavæðingu? (**Gripið fram í:** Strætisvagna.) Það er að vísu rekstur á vegum borgar og sveitarfélaga já, en það er ekki beint í okkar lögsögu hér á Alþingi að skipa fyrir um einkavæðingu þar. Nei, þetta er svolítið trúarbragðakennt og satt best að segja broslegt af því að þegar menn fara yfir það hvar á hendi hins opinbera í dag er rekstur sem einhver sérstök rök mæla með að einkavæða þá er þar ekki svo feitan gölt að flá. Ég hygg að flestir séu sammála um það að þar sem ríkið er að blanda sér inn í rekstur sem að öðru leyti er á höndum einkaaðila og fjölmargra annarra aðila í þjóðfélaginu. Ég nefni dæmin Síldarverksmiðjur ríkisins, prentsmiðjuna Gutenberg og Ferðaskrifstofu Íslands. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó að menn vilji skoða einkavæðingu og ég segi fyrir mitt leyti að það er ég tilbúinn að skoða í hverju slíku tilviki sem er af því að ég felst á þau sjónarmið að það geti verið álitamál hvort ríkið eigi að halda áfram starfsemi á einhverjum sviðum sem þegar eru að meira eða minna leyti rekin af einkaaðilum eða í blönduðum rekstri. En það gegnir allt öðru máli um það sem annaðhvort býr við fákeppnis- eða einokunaraðstöðu og hefur af þeim sökum verið á höndum hins opinbera undangengin ár. Ég tek aðeins eitt dæmi til að skýra mitt mál. Ég væri algerlega andvígur því ef það væri ætlun manna að einkavæða fyrirtæki eins og Póst og síma. Ég tel að a.m.k. á grundvelli þeirra fjarskiptalaga sem við búum í dag og með einkarétti Pósts og síma og með uppbyggingu þess fyrirtækis og ágætum rekstri væri það fásinna að hefja einhvern leiðangur til að einkavæða slíka starfsemi sem er vel rekin, þjónar landsmönnum vel, veitir þeim ódýra þjónustu og skilar þar á ofan umtalsverðum hagnaði í ríkissjóð. Eða er það e.t.v. ætlunin í þessu sambandi að slátra mjólkurkúnum, einkavæða hina arðbæru starfsemi ríkisins og koma henni í hendur einkaaðila. Það vekur athygli að það skuli vera Búnaðarbankinn t.d. sem sérstaklega er núna nefndur, einmitt sú stofnun ríkisins sem hefur verið að mynda eigið fé, er vel rekin og haft hagnað á undanförnum árum. Ef við sleppum því að þetta sé ríkið og segjum að þessi aðili sem eigi Búnaðarbankann sé Jón Jónsson bissnissmaður. Af hverju skyldi hann vilja selja þá stofnun sem er vel rekin, sem er sterk, sem er að mynda aukið eigið fé ár frá ári, ég tala nú ekki um á hálfvirði? Það yrði ekki gefið mikið fyrir gáfnafarið hjá honum Jóni Jónssyni bissnissmanni ef hann vildi selja best rekna fyrirtæki sitt sem er með bullandi hagnað ár eftir ár á hálfvirði. Hann fengi ekki háa einkunn, sá Jón Jónsson, og mér er til efs um að hann mundi nokkurn tíma ná gagnfræðaprófi.

Síðan voru það örfá orð að lokum um ræðu viðskrh. og vaxtamálin. Því miður fór það svo að hæstv. viðskrh. hélt þá ræðu um vextina sem ég hef heyrt

býsna oft af tilteknum ástæðum um þriggja ára skeið og er ósköp einfaldlega á þá leið að það megi ekki anda á vextina. Það er bókstaflega þannig að þegar hæstv. viðskrh. kemur að vaxtastiginu í landinu þá heldur hann niðri í sér andanum því að hann er svo hræddur um að hinn minnsti andblær gæti haft þarna einhver óæskileg áhrif. Og síðan eru ræðuhöld og flóknar útskýringar um handleiðslu og handafl og útkast og innkast og ég veit ekki hvað og hvað sem satt best að segja reyndist að lokum ofvaxið mínum skilningi að botna í og ég skil bara ekkert í þessu. Hvað eru menn að rugla?

Sitt hvorum megin Atlantsálanna hafa einmitt núna undanfarna mánuði verið að gerast athyglisverðir hlutir í vaxtamálum, sitt í hvora áttina. Og þar er nú ekki aldeilis verið að rugla með handleiðslu eða handafl eða markað eða miðstýrðar ákvarðanir. Þar eru ósköp einfaldlega hlutirnir gerðir. Hvað gerði sænski seðlabankinn í byrjun þessarar viku, auðvitað með samþykki sænsku ríkisstjórnarinnar, hægri stjórnarinnar, fóstbróður hæstv. forsrh.? Þeir hækkuðu vextina með einni ákvörðun um 6%, úr 11,5 í 17,5%. Það er aldeilis handafl og miðstýring og afskiptasemi. Þeir eru ekki feimnir við að anda á vextina þar. Hvers vegna gerðu þeir þetta? Þeir höfðu efnahagsleg og pólitísk rök fyrir því að breyta vaxtastiginu í landinu og þeir gerðu það til þess að stoppa fjármagnsflæðið úr landi.

Hvað hefur verið að gerast hinum megin við Atlantsálana, í Bandaríkjunum? Vextirnir hafa með pólitískum ákvörðunum verið keyrðir niður stig af stigi. Af hverju? Af því að þeir hafa pólitísk og efnahagsleg rök til þess að breyta vaxtastigin í landinu og þeir gera það til þess að reyna að örva hagvöxt og blása lífi í staðnað bandarískt efnahagslíf. Þeir eru ekki hræddir við miðstýrðar ákvarðanir. Þeir þora að anda á vextina. Hvað er svona óskaplega sérstakt við þessi mál á Íslandi að hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og seðlabankagengið vilja ekki að það sé svo mikið sem andað á vextina? Það er óheilbrigt. Það má ekki. Það er trufl un á markaðnum. Ég verð að segja alveg eins og er að með allar þær upplýsingar sem menn hafa í höndunum, t.d. um hrikalegt jafnvægisleysi á íslenskum peningamarkaði og þá upplausn sem þarna ríkir að menn skuli enn halda þessar ræður horfandi á ósköpin. Það er eiginlega ofvaxið mínum skilningi.

Hæstv. forsrh. Ég legg til að betur sé lesið í skýrslunni sem Seðlabankinn sendi frá sér því að svo sannarlega má einnig finna víða upplýsingar um það, svo sem á bls. 60 og 61 og í töflunum á bls. 42 þar sem farið er yfir árangurinn í sölu ríkisvíxla og ríkisskuldabréfa, að vaxtahækkunin — þrátt fyrir heiðarlegar tilraunir hinna pólitísku bankastjóra Seðlabankans til að bakka upp hina vitlausu ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka vextina — sýnir svart á hvítu í tölum að þetta skilaði ekki umtalsverðum árangri. Það hefur selst lítið eitt meira af ríkisvíxlum en áður og staðan t.d. í október og nóvember á þessu hausti borið saman við október og nóvember sl. haust er sáralitlu betri. Ríkisskuldabréfin eru fyrst í þessum mánuði ársins að komast fram úr innlausn ríkisskuldabréfa. Með öðrum orðum hefur verið undirballans á kerfinu í hverjum einasta mánuði þangað til núna. Það er í fyrsta skipti á þessum dögum eða vikum sem eilítið meira af ríkisskuldbréfum selst en hefur verið innleyst. (**Forsrh.:** Heildarsala ársins.) Ég get reynt að fletta þessu upp og lesa þetta. (**Forsrh.:** Heildarsala ársins.) Ég er bara ekki með skýrsluna ef hæstv. forsrh. vildi vera svo vænn að lána mér eintakið sitt skal ég finna þetta alveg hreint í hvelli. Á bls. 42 og 43 er rakið lið fyrir lið magn ríkisvíxlanna í umferð og staðan þar í millj. kr. Ef við tökum t.d. 30. sept. 1990 þá var heildarmagn ríkisvíxla 12,3 milljarðar og ef við tökum svo aftur 30. sept. 1991 eru ríkisvíxlar ekki nema 11,4 milljarðar. Ef við tökum 31. okt. bæði árin þá voru þeir í fyrra 8,8 milljarðar en í ár 8,3 milljarðar. Ef við tökum annars vegar 30. nóv. í fyrra þá eru ríkisvíxlar 7,8 milljarðar og núna 25. nóv. eru þeir 9,6 milljarðar. Heildarmagn ríkisvíxla í umferð er því á mjög svipuðu róli þrátt fyrir svimandi hátt raunvaxtastig sem keyrt var upp í landinu fyrir mitt ár. Auðvitað er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. ef vitnað er í skýrslur á annað borð þá þarf helst að lesa þær spjaldanna á milli til þess að ekkert sé tekið úr samhengi, en ég ætla tímans vegna ekki að gera það. Ég grípniður aftur neðst á bls. 61 og efst á bls. 62 og þar segir, með leyfi forseta:

„Er ákveðið var að hækka vextina voru vextir ríkisvíxla hækkaðir úr 11% í 14,5% á ári (6. maí) og vextir spariskírteina úr 6–6,6% á ári í 7,9–8,1% (21. maí)" og munar um minna. „Sala ríkisvíxla tók kipp upp á við en þrátt fyrir hækkun vaxta á spariskírteinum leiddi það ekki til mikillar sölu þeirra. Var það ekki fyrr en nú í október sem heildarsala ársins náði fram úr innlausnum." (Gripið fram í.) Þetta er það sem ég var að segja, hæstv. forsrh. Það er ekki glæsilegur árangur að komast ekki fram úr innlausnum þrátt fyrir þetta háa raunvaxtastig fyrr en loksins í október. Það er því miður þannig. Við skulum bara umgangast staðreyndirnar með tilhlýðilegri virðingu. Því miður hefur þetta skilað allt of litlum árangri. Við getum þrasað um stærðargráðuna en meginniðurstaðan er þessi. Það var minni ágreiningur um það hvort verið hafi óskynsamleg aðgerð að hækka eitthvað vexti á ríkisvíxlum, skammtímapappírum ríkissjóðs. Það er allt annar handleggur en að keyra upp allt vaxtastigið í landinu með hækkuninni á ríkisskuldabréfunum. Það voru hin stóru pólitísku mistök sem stjórnin gerði og jafnvel með góðum vilja treystir Seðlabankinn sér ekki til þess að þvo þau mistök af stjórninni.

Virðulegur forseti. Ég ætla þrátt fyrir það sem hæstv. iðnrh. sagði um EES og skipasmíðaiðnaðinn að geyma mér að ræða frv. til laga um veiðar í íslensku efnahagslöggjöfinni þangað til það kemur á dagskrá á nýjan leik, væntanlega eftir helgina. Þar á ég óútkljáð nokkur mál við hæstv. iðnrh. sem vék að mér orði lítillega í umræðum um það í eina kvöldstund á Alþingi og þá ætla ég m.a. að hrekja rangfærslur hæstv. iðnrh. sem hann lét fjalla um áhrif EES á skipasmíðaiðnaðinn. En ég hef í höndum glænýtt fréttabréf frá Félagi dráttarbrauta og skipasmíðaeigenda og ég hef

sömuleiðis nýlega rætt við forsvarsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri. Báðir þessir aðilar lýstu miklum vonbrigðum með það að í drögunum að EES-samningum væri ekki tekið á um stöðu skipasmíðaiðnaðarins og í raun og veru hverfandi vonir gefnar um að þeir samningar mundu á nokkurn hátt hjálpa innlendum skipasmíðaiðnaði í erfiðri samkeppni við niðurgreiddan erlendan iðnað. Þetta læt ég duga tímans vegna, en hef gögn undir höndum til að ræða þetta ítarlega við iðnrh. þegar málið verður tekið á dagskrá. Vel á minnst, herra forseti, ég kem þeirri ábendingu á framfæri við hið háa forsæti þingsins að þetta mál komi fljótlega á dagskrá eftir helgina því að ég vil ekki þurfa að sitja dögum saman eða vikum undir þeim árásum sem hæstv. iðnrh. hafði uppi á mig án þess að geta varið hendur mínar.

Um Búnaðarbankann hafa aðrir rætt og ég held ég sleppi því þess vegna. Út af fyrir sig er það freistandi, m.a. vegna forsögu þessara mála og þess að bankar hafa áður verið seldir á Íslandi og þarf ekki að fara langt aftur. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst það koma úr hörðustu átt að hæstv. viðskrh. skyldi ráðast á hæstv. fjmrh. fyrir það að láta sér detta í hug að selja Búnaðarbankann á hálfvirði því að auðvitað liggur í augum uppi að hæstv. fjmrh. er ekki að gera annað en að telja sig fylgja gefnu fordæmi um að selja banka á afsláttarprís. Nýleg forsdæmi eru um það og ekki langt að sækja þau og hæstv. fjmrh. hefur örugglega verið í góðri trú að hann hefði allan stuðning, m.a. hæstv. viðskrh. til þess að vera sanngjarn þegar hann færi að verðleggja banka og selja þá og þyrfti ekki langt að leita fordæmanna.

Nei, því miður, herra forseti, er það svo að efnahagsmálin eru í algerri upplausn hjá hæstv. ríkisstjórn og þar rekur sig eitt á annars horn. Í umræðunum hefur opinberast mikill ágreiningur innan hæstv. ríkisstjórnar, t.d. í vaxtamálum og þau alvarlegu orð sem hæstv. félmrh. lét falla hljóta að verða tilefni til frekari skoðanaskipta og atburða í þeim efnum á næstunni, þær ásakanir sem Seðlabankinn ber fram á húsbréfakerfið, sem hæstv. félmrh. tók síður en svo með þögninni, og sá greinilegi ágreiningur sem er í ríkisstjórninni, t.d. í afstöðunni til vaxtamála þar sem hæstv. viðskrh. vill ekki anda á vextina, hæstv. forsrh. virðist því miður styðja hann. Aðrir ráðherrar sem eiga um sárt að binda eins og hæstv. félmrh. og af vissum ástæðum hæstv. sjútvrh. eru með allt annan málflutning. Þetta hlýtur að setja mark sitt á umræður á næstunni. En alvarlegast er þó úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar og sú upplausn sem þar ríkir.

Því miður er ekki fjarri að líkja megi stöðu efnahagsmála á Íslandi í dag við hrossarekstur. Þannig er ef fáir menn reka mikið af hrossum freistast þeir til þess að reka þau laus eins og kallað er og hnýta þá upp á þau múlinn eða beislið og reyna síðan að stjórna rekstrinum með tilteknum þekktum aðferðum, yfirleitt þannig að einn ríður á undan og leiðir stóðið á rétta braut en aðrir rekstrarmenn ríða meðfram rekstrinum og svo einhverjir á eftir. Sá sem á undan fer er gjarnan kallaður undanreiðarmaður og þykir það eitt veglegasta embættið. En því miður er það svo með þennan hrossarekstur íslenskra efnahagsmála nú um stundir að enginn er á undan og engir ríða fram með. Hæstv. ráðherrar hafa bundið taumana upp á makkann á eigin hestum og þvælast inni í miðju stóðinu sem er að tvístrast í allar áttir. Það vita allir sem tekið hafa þátt í hrossarekstri hvaða afleiðingar það hefði skjótt ef rekstrarmenn binda taumana upp á makka hesta sinna og létu þá þvælast inn í stóðið mitt. Þetta er auðvitað hin dapurlegasta niðurstaða þessarar umræðu að rekstrinn er stjórnlaus og enginn veit hvert hann tvístrast á næstu dögum og vikum ef svo heldur sem horfir.

Að lokum ætla ég að grípa niður í ræðu hæstv. forsrh. Ég gerði hana að vísu lítillega að umtalsefni í fyrri ræðu minni en ég hafði þá að sjálfsögðu ekki útskrift í höndunum. Ég ætla að lesa það sem hæstv. forsrh. sagði um okkur stjórnarandstæðinga því eins og venjulega var ræða hæstv. forsrh. kaflaskipt. Hann las á miklum hraða skrifaða og vel undirbúna texta. Að hluta til var þar nokkurn veginn orðrétt greinargerð með því frv. sem hann mælti fyrir. Að öðrum hluta til virtist mér þar geta verið á ferðinni t.d. texti frá Þjóðhagsstofnun eða einhverjum öðrum slíkum aðila sem samið hefði ákveðna leiðsögn fyrir hæstv. forsrh. um efnahagsmálin til að lesa. En svo var alveg klár og skýrt afmarkaður kafli inni í miðri ræðu hjá hæstv. forsrh. sem ég þekkti samstundis þegar hann byrjaði á. Það var hans eigin bútur og hann byrjar hér, með leyfi forseta:

„Forustumenn stjórnarandstöðunnar krefjast þess að gripið verði til gamalkunnra ráðstafana af framangreindu tagi en það er alveg ljóst með tilliti til reynslunnar hverjar afleiðingarnar yrðu. Þeir vilja stórhækka skatta og aðrar álögur á almenning. Þeir vilja grípa til stóraukinnar erlendrar lántöku eins og áður sagði. Þeir vilja veita fjármunum á báða bóga í fyrirtækin án tillits til þess hvernig staðið er að rekstrinum. Umfram allt vilja þeir að skömmtunarvaldið sé hjá sér í því skyni öðru fremur að hygla sér og sínum."

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hafði ekki tekið eftir því hversu stórkostlegur málflutningur þetta var fyrr en ég fékk þetta á prenti og hversu rækilega hæstv. forsrh. er bundinn við sama heygarðshornið. Maður finnur það reyndar svona inni í sér að maður er hættur að taka þetta skítkast alvarlega. Það er hætt að koma við mann. Málflutningur af þessu tagi, jafnvel frá hæstv. forsrh. landsins, er umhugsunarefni því að undir venjulegum kringumstæðum hefðum við stjórnarandstæðingar átt að verða gersamlega viti okkar fjær við kveðjur úr þessari átt og telja þannig að okkur vegið með svo ómaklegum og særandi hætti að engu tali tæki því að í raun og veru er verið að segja að við viljum umfram allt hafa í höndum fjármálastjórn og fjármuni til þess að geta ausið þeim á báða bóga samkvæmt okkar skömmtunarvaldi og alveg sérstaklega í þeim tilgangi að hygla aðilum okkur nákomnum, misnota þannig aðstöðu okkar, misnota fé. Þetta er það sem hæstv. forsrh. er að segja. Væri hann tekinn bókstaflega þá væru þetta stóralvarlegar ásakanir. En nú er maður reynslunni ríkari og kýs að gera það ekki. Það

þýðir ekkert. Þessi árátta er löngu komið yfir það stig að það þýði að láta hana hafa áhrif á sig.

Það er svo umhugsunarefni hvað hæstv. forsrh. er að vitna í. Ég ætla ekki að biðja hann að rökstyðja það en maður hlýtur að láta sér detta í hug t.d. margar og frægar ræður hans um sjóðina. Eru það kannski ráðstafanir í efnahags- og atvinnumálum á árinu 1988 og 1989, eða eitthvað af því taginu sem hæstv. forsrh. er þarna að gefa í skyn? Er það sú fyrirgreiðsla sem Atvinnutryggingarsjóður veitti hundruðum fyrirtækja í landinu? Telur hæstv. forsrh. að þar hafi þeir sem lögðu hönd á plóginn verði að hygla sérstaklega sér og sínum? Ég segi alveg eins og er að t.d. fyrirtækið Einar Guðfinnsson hf. í Bolungarvík er ekki ég og mínir. Svo er ekki heldur um fyrirtækið Grandi hf. í Reykjavík. Svo er heldur ekki um nánast öll þessi fyrirtæki og alla þessa aðila. Það getur verið að ég eigi frændur í einhverjum sjávarútvegsfyrirtækjum sem fengu þarna fyrirgreiðslu og kunningja í öðrum. En ég tel ekki að ég hafi þar verið að hygla mér og mínum. Þvert á móti liggur það fyrir að margar máttarstoðir íhaldsins í sjávarútvegi fengu mestu fyrirgreiðsluna og er þetta þá sæmilegur málflutningur hjá hæstv. forsrh. eða hvað? Ég spyr. Annars borgar sig ekki að elta ólar við þetta, virðulegur forseti, því miður. Svo dapurlegt sem það er eru ræður hæstv. forsrh. ekki lengur þess virði að veita þeim slíka athygli.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er ekki þess virði að eltast við ýmis ummæli hæstv. forsrh. og mun ég ekki lengja tímann með því og reyndar ætla ég ekki að lengja þessa umræðu neitt að ráði.

Það mætti að vísu flytja nokkuð langt mál um ýmislegt af því sem kom ekki fram í síðari ræðu hæstv. forsrh. Hann svaraði þar mjög fáum spurningum. Hann svaraði nánast engri spurningu frá mér. Hann svaraði engri spurningu um það hvort ætlunin væri að auka tekjur ríkissjóðs á einhvern máta. T.d. spurði ég að því hvort vænta mætti að við fengjum að sjá skattlagningu fjármagnstekna, svo að ég nefni þar aðeins dæmi. (**Forsrh.:** Ég svaraði því.) Var það, þá bið ég afsökunar. Ég held að ég hafi hlustað nokkuð vel og hæstv. forsrh. var ekki svo hraðmæltur í seinni ræðunni að mér tækist ekki að fylgjast þar með að því er ég taldi. En það komu fram margar fleiri spurningar um slíkt hvernig ætlunin væri að auka tekjur ríkissjóðs.

Ég gæti að vísu flutt nokkuð langt mál um vextina því að hæstv. forsrh. vék nokkuð að þeim en það gerði síðasti ræðumaður og skal ég ekki endurtaka það. Ég er að vísu ekki búinn að lesa alla skýrslu Seðlabankans en ég verð þó að taka undir það með þeim hv. ræðumanni að þar kennir margra grasa og mikils fróðleiks. Ekki bara það að þessi mikla hækkun vaxta um 2% sem hefur kostað atvinnulífið nokkra milljarða hefur gert afar lítið til þess að bæta stöðu ríkissjóðs heldur kemur einnig fram á þessum sömu síðum í skýrslu Seðlabankans að skuldsetning fyrirtækjanna og einstaklinganna í landinu hefur aukist um 90 milljarða og skuldir einstaklinga um 45 milljarða. Nú er það ein hagfræðikenningin í sambandi við hækkun vaxta að hún eigi að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Það hefur ekki gerst í þessu tilfelli enda eru margir sem halda því fram að hávaxtakenning hagfræðinga áratugarins hafi verið einhver mestu mistök sem hafi verið gerð í langri sögu hagfræðinnar í heiminum. Þarna hefur það sýnt sig að alls ekki hefur dregið úr eftirspurn eftir fjármagni. Það er reyndar athyglisvert sem kom fram í leiðara Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum þar sem vísað var í The Financial Times og athygli vakin á því að hávaxtastefnan hefur víða nánast komið bönkunum sjálfum á kné og svo hefur t.d. orðið í Noregi. Þar hafa bankarnir hver eftir annan farið á hausinn eins og nú er sagt, orðið gjaldþrota, og rakið er í Financial Times að þetta megi e.t.v. kenna hávaxtastefnunni um og þetta liggur út af fyrir sig í hlutarins eðli. Viðskiptavinir bankans hafa ekki efni á að greiða slíka vexti. Viðskiptavinir bankans verða gjaldþrota og bankinn fylgir stundum á eftir. En ég vona að við fáum tækifæri til að ræða þetta miklu betur síðar þegar við ræðum vaxtamálin almennt og þá getum við tekið þessa furðulegu samlíkingu um handleiðslu í kirkjunni og svo hins vegar útkastara á skemmtistöðum þeim sem mér skildist að hæstv. forsrh. leitaði til á sínum yngri árum. Ég hygg að hann geri það ekki lengur en á sínum yngri árum skilst mér að hann hafi leitað til slíkra staða þar sem handaflinu var beitt. En ég ætla ekki að lengja tímann með umræðu um það hér og nú.

Ég bað fyrst og fremst um orðið vegna þess að mér fannst á hæstv. forsrh. að hann auglýsti eftir aðgerðum í efnahagsmálum og mér fannst eiginlega vera hálfgerður undrunarsvipur á hæstv. forsrh. þegar hann lýsti því að það að draga úr fjárlagahallanum væri vissulega-sú — að manni skildist — eina aðgerð í efnahagsmálum sem nokkurt vit væri í og mér fannst undrunarsvipur á hæstv. forsrh. þegar hann auglýsti eftir einhverju fleiru. Hvað þarf fleira? Ég er ekki að gera lítið úr því að draga úr halla ríkissjóðs og ég vek athygli á því að við framsóknarmenn höfum í þessari umræðu stutt ýmsar aðgerðir sem fram eru komnar til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Við höfum meira að segja sagt að við getum litið á sumt af því sem lagt er til í heilbrigðiskerfinu þó að það sé vissulega sársaukafullt. Það sem við höfum lagst þar helst gegn hafi verið greiðsla fyrir komur á heilsugæslustöðvar, enda er mjög vafasamt að draga úr komum fjöldans á heilsugæslustöðvar. Það á miklu frekar að stuðla að því að menn komi þar með sjúkdóma sína og vandræði í heilbrigðismálum sem tíðast. En ég vek athygli á því að við höfum yfirleitt stutt af ábyrgð margt það sem þar hefur komið fram af því að við gerum okkur grein fyrir því að það syrtir í álinn og nauðsynlegt er að draga úr útgjöldum eins og frekast er unnt. Hins vegar hlýt ég að vekja athygli á því að þetta er langt frá því að vera eina og í sumum tilfellum skynsamlegasta aðgerðin í efnahagsmálum. Ég efa t.d. stórlega að sú hugmynd ríkisvaldsins að draga úr greiðslu launa í gjaldþrotum, eins og ég rakti fyrr í ræðu minni, stuðli að þjóðarsátt. Þar er verið að fórna miklu stærra mark-

miði fyrir minna og reyndar hefur hæstv. forsrh. að því er mér heyrist viðurkennt þetta. Vitanlega er rétt að þau auknu útgjöld sem lögð eru á einstaklingana í landinu stuðla ekki að þjóðarsátt og þess vegna verður að vega það og meta hvert gegn öðru. Staðreyndin er sú að það er reynsla margra ríkisstjórna að tök nást ekki á efnahagsmálunum með því að ráðast á einn þátt inn. Það verður að skoða þá alla og hæstv. forsrh. getur rakið þetta allt í gegnum áratugina, allt frá viðreisnarárunum þegar gefin var út hvít bók um efnahagsráðstafanir. Hann getur líka farið til fyrirrennara síns í stóli formanns Sjálfstfl. sem skipaði á sumarmánuðum 1988 merka nefnd til að gera heildartillögur um aðgerðir í efnahagsmálum, svokallaða niðurfærslu. Það voru mjög athyglisverðar tillögur sem þar komu fram. Ég er ekki að segja að þær gildi nú en allar ríkisstjórnir hafa lagt sig fram við það að ná samstöðu við aðila atvinnulífsins, bæði vinnuveitendur og launþega í því skyni að koma fram með heilsteyptar aðgerðir sem í sumum tilfellum hafa verið nauðsynlegar til þess að koma okkur yfir öldudalinn og í öðru tilfelli til þess að ráðast gegn verðbólgunni og koma jafnvægi á í íslensku efnahagslífi. Ég vildi gjarnan fá að ræða það við betra tækifæri við hæstv. forsrh. hvað núv. ríkisstjórn hefur gert að þessu leyti. Hefur hún t.d. átt ítarlegar og formlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins? Hefur hún skipað einhverja lærða menn eins t.d. þessa ágætu menn sem eru í fortíðarkönnunarnefndinni í það verkefni?

Ef ég má skjóta því inn í var því stungið að mér hverjir þeir eru ef ég má aðeins lífga upp á minni hæstv. forsrh. Þetta eru hinir mætustu menn. Það er Hreinn Loftsson sem var nefndur, Finnur Sveinbjörnsson, Hrafn Sigurðsson, Þorsteinn Guðnason, Jón Ragnar Blöndal. A.m.k. eru tveir þeirra með mikla og lærdómsríka reynslu í atvinnulífinu.

Hefur ríkisstjórnin sett einhverja góða menn í að skoða efnahagsmálin á breiðum grundvelli og stuðla að samstarfi við aðila vinnumarkaðarins sem hefur ætíð reynst farsælt og er nauðsynlegt?

Ég gæti vel minnst á ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum en ég má ekki lengja umræðurnar um of. Þó vil ég vekja athygli á því að ég rakti fyrr í ræðu minni tillögur hæstv. sjútvrh. og ég hef ekki enn þá fengið svar nema það hafi einnig farið fram hjá mér hvenær gera má ráð fyrir því að tillögur hæstv. sjútvrh. verði framkvæmdar. Hvenær verða þær framkvæmdar? Eða er það rétt sem ég hef heyrt á hlaupum að hæstv. forsrh. hafi jafnvel lagt til að öllum slíkum tillögum verði frestað? Er það rétt? Sem sagt, þessu var ekki svarað. Þarna er um ýmsar tillögur að ræða sem ganga að vísu ekki nógu langt en eru í áttina.

Við höfum rætt vextina og ég hef vakið máls á því og fært að því rök að ég tel að lækkun vaxta sé grundvallaratriði til þess að stöðugleika megi ná hér, koma í veg fyrir mikil gjaldþrot og stuðla að þjóðarsátt. Reyndar hafa allir forustumenn launþega lagt áherslu á það að vaxtalækkunin er nauðsynleg ef ná á árangri í kjaramálum.

Hér hefur verið rakið hvernig vaxtaþróunin hefur verið. Nafnvextir voru 12% í sumar, núna 14% þrátt fyrir minnkandi verðbólgu, sagði hæstv. forsrh. Þetta er ekki að stuðla að þjóðarsátt. Þetta er hvorki handleiðsla né handafl í vaxtalækkun, kannski þvert á móti í vaxtahækkun.

Herra forseti, ég skal ekki lengja umræðurnar en ég vil enn auglýsa eftir frekari tillögum hæstv. ríkisstjórnar. Ég vona að við fáum að sjá þær í næstu viku. Það vekur að sjálfsögðu mjög mikla athygli að hæstv. forsrh. sagði í fyrstu ræðu sinni að frekari niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar mundu koma til umræðu við 2. og 3. umr. fjárlaga. Venjulega hefur 3. umr. fjárlaga verið lokaumræða fjárlaga. Ég vona að ég hafi misskilið hæstv. forsrh. að hann ætli ekki að fara að kynna niðurskurðartillögur við 3. umr. fjárlaga. Nógu slæmt er að fá tillögur um að mér skilst 6 milljarða niðurskurð við 2. umr. fjárlaga sem er í næstu viku. Það hefði verið ástæða til að spyrja að því, hvar er hv. fjárln. stödd í vinnu sinni ef hún hefur ekki fengið þessar 6 milljarða niðurskurðartillögur í hendurnar í dag? Við gætum vitanlega staðið í allan dag og auglýst eftir slíku og mundum við eflaust engin svör fá. Eflaust er hæstv. fjmrh. nú að sjóða þessar tillögur saman eða við skulum vona það. En ég get ekki annað en lýst vonbrigðum mínum enn með það að við höfum fengið svo lítið fram af tillögunum um efnahagsaðgerðir og ég vil lýsa því að ég er því algerlega ósammála að það að draga úr halla ríkissjóðs sé nánast eina efnahagsaðgerðin sem eitthvað gagn er í. Það þarf miklu meira til til að komast upp úr þeim öldudal sem við erum í og ég vil lýsa því að við framsóknarmenn erum reiðubúnir að taka þátt í ábyrgum aðgerðum til þess að koma íslensku atvinnulífi upp úr öldudalnum og til þess að stuðla að því að kjarasamningar náist.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar hans. Mér kom á óvart að hefði ekki heyrt svar mitt varðandi fjármagnstekjuskattinn. Ég tók niður það sem hann spurði um og svaraði því. Hann spurði: Hvar er málið statt og ég svaraði því. Ég rakti hvernig það væri statt í stjórnarsáttmála og ég rakti það að frumvarp kæmi fram á þessu ári, vonandi í vor orðaði ég það, og ég tók sérstaklega fram að ekki væri gert ráð fyrir því að þetta skilaði nettóhagnaði í ríkissjóð vegna þess að við gerðum ráð fyrir því að eignarskattar lækkuðu á móti. Allt þetta nefndi ég. Þess vegna kom mér á óvart að hv. þm. skyldi ekki hafa heyrt það.

Ég viðurkenndi að ég hefði farið töluvert hratt yfir sögu í framsöguræðunni þegar leið á ræðuna, meira að segja var svo hratt farið yfir sögu eins og menn hafa bent á að ég fjallaði um grein sem ekki er einu sinni í frumvarpinu, refagrenina frægu sem hefur verið rædd nokkuð. En ekki ætla ég að tala um það í andsvari. Ég vil hins vegar fá að vitna í út af vaxtamálunum það sem segir í skýrslu Seðlabankans og hefur ekki verið lesið upp áður, með leyfi forseta:

„Í kaflanum hér að framan um lánamarkaðinn kemur fram að peningalegur sparnaður hefur dregist sam-

an á þessu ári en lánsfjáreftirspurn aukist. Þessar aðstæður hlutu að valda hækkun vaxta." Síðan segir: „Framan af árinu héldu ríkissjóður og innlánsstofnanir þó að sér höndum með breytingar þrátt fyrir vaxandi verðbólgu. Það leiddi til þess að raunvextir lækkuðu verulega, fjáröflun ríkissjóðs fór úr skorðum og illa horfði um afkomu innlánsstofnana." Þetta segir allt í frásögn Seðlabankans um það með hvaða hætti handafli var beitt þá.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir upplýsingarnar um fjármagnsskattinn. Það hefur farið fram hjá mér. Mér eru það að vísu mikil vonbrigði að ekki skuli vera von á slíku frumvarpi fyrr en í vor. Ég tel afar nauðsynlegt að jafna skattlagningu á eignir hvort sem þær eru fasteignir eða fjármagnseignir og tel reyndar að með þann mikla fjármagnsgróða sem nú er í þjóðfélaginu sé afar brýnt að koma slíkum skatti á sem fyrst.

En hins vegar um það sem hæstv. forsrh. las úr skýrslu Seðlabankans vona ég að ég fari rétt með eftir minni að nokkurn veginn á þessum sömu síðum segir: „Yfir níu mánuði ársins hefur skuldastaðan aukist um 90 milljarða". Og af þessum níu nánuðum ársins hygg ég að núv. ríkisstjórn hafi setið í fimm eða sex mánuði. Með öðrum orðum, sú vaxtahækkun sem ríkisstjórnin greip þegar til dró ekki úr eftirspurninni eftir fjármagni, enda hygg ég að það séu allt aðrir hlutir sem því ráða. Hækkun vaxtanna voru mikil og alvarleg mistök, mistök sem hæstv. ríkisstjórn á þegar að leiðrétta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, ÓE, SigG, SP, StG, StH, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, SigG, SP, StG, StH, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér varð þingskapaumræða undir þeirri hinni miklu umræðu sem fram fór um þetta frv. Þar var leitað eftir því við starfandi forseta, hvort þannig yrði staðið að vinnu við frv. í nefnd, að þó því væri með formlegum hætti vísað til þeirrar nefndar sem því hefur verið vísað nú, að forseti þingsins beitti sér fyrir því að hinir ýmsu þættir frv. færu til þeirra nefnda sem viðkomandi þættir hefðu farið ef málin hefðu verið borin fram hvert í sínu lagi. Nú vildi ég leita eftir því við hæstv. forseta hvort ekki megi treysta því að þannig verði að verki staðið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill svara því svo að það megi treysta því að þannig verði að verki staðið.

46. FUNDUR

mánudaginn 9. des.,
kl. 1 miðdegis.

Eftirlaun til aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 172. mál (kostnaðarskipting o.fl.). — Þskj. 187.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar þetta frv. var til umræðu í síðustu viku tók hv. þm. Svavar Gestsson þátt í umræðum og lýsti yfir almennum stuðningi við frv. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að bæta miklu þar við. Hins vegar kom fram í svari hæstv. heilbrrh. að það væri stefnt að því að skerða allnokkuð atvinnuleysisbætur og hv. þm. Svavar Gestsson óskaði eftir skýringum á þeim ummælum hæstv. ráðherra. Því miður verður að segja þá sögu eins og er að í stað þess að koma með skýringr kom hæstv. ráðherra með skæting upp í ræðustólinn og lýsti því yfir að ekki væri von að þingmenn sem eyddu tíma sínum í þingskapaumræðu og læsu ekki þingskjölin vissu hvað væri verið að tala um. Það eina sem var efnislega hönd á festandi hjá hv. ráðherra í þessum skætingi var að hann sagði mönnum að lesa fjárlagafrv.

Ég ætla ekki að elta ólar við óróleikann í ráðherrum Alþfl. í síðustu viku. Það er nóg heimilisbölið á þeim bæ. Hins vegar er nauðsynlegt að spyrja hæstv. heilbrrh. efnislega út í það sem hann var að víkja að.

Nú er það þannig að þingmenn lesa almennt fjárlagafrv., hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Hafið hljóð í salnum meðan ræðumaður flytur mál sitt.) Já, það er greinilega enn þá nokkur óróleiki í Alþfl. en við getum beðið þar til því ástandi lýkur. Þetta byrjar ekki vel í dag, virðulegur forseti. Við skulum vona að áframhaldið verði ekki í þessum dúr.

Ég var að segja við virðulegan ráðherra áður en alþýðuflokksþingmennirnir komu og trufluðu að menn læsu almennt fjárlagafrv. Það er því miður þannig að í fjárlagafrv. er ekki að finna miklar ábendingar til skýringar á ummælum hæstv. ráðherra í síðustu viku um að það ætti að skerða verulega atvinnuleysistryggingabætur. Á bls. 332 í fjárlögunum kemur fram í einni setningu að áformað er að endurskoða bótareglur sjóðsins á næsta ári og nánari skýringar séu að finna í grg. með B-hluta. Í grg. B-hluta kemur fram að sú endurskoðun muni m.a. snúa að réttindum til bótagreiðslna með það að markmiði að allir launþegar sem iðgjöld eru greidd fyrir til sjóðsins njóti sambærilegra réttinda og komið verði í veg fyrir misnotkun. Fleira er ekki að finna í frv. þessu til skýringar. Hvað þetta atriði snertir, að allir hafi sambærileg réttindi og koma eigi í veg fyrir misnotkun, hefur aldrei verið neinn ágreiningur við okkur þingmenn Alþb. En það er hins vegar allt annað en skerðing atvinnuleysisbóta með því orðalagi sem hæstv. heilbrrh. viðhafði hér í svari. Þess vegna var ósköp eðlilegt að hv. þm. Svavar Gestsson spyrðist fyrir um það hvað ráðherrann ætti nákvæmlega við með ummælum sínum hér við 1. umr. málsins.

Vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson hefur ekki rétt til að tala oftar í þessari umræðu bað ég um orðið, virðulegi forseti, til að knýja á um það að hæstv. ráðherra svaraði málefnalega því sem hann er spurður um. Er hæstv. ráðherra með eitthvað annað í huga en að koma í veg fyrir misnotkun og samræmingu réttinda í þessari endurskoðun? Ef svo er er nauðsynlegt að það komi hér fram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það gerist ekki oft í umræðu að hv. 9. þm. Reykv. flytji sérstaka lofræðu um ráðherra. Þetta gerði hv. þm. um heilbrrh. og taldi sig hafa þó nokkur efni til að tala á þann veg að ástæða væri til að hæla ráðherranum. En skjótt skipast veður í lofti. Eftir að hafa talað af virðingu og hælt ráðherranum mjög myndarlega, sem hann gerði, þá tók hæstv. heilbrrh. til máls og fann að því við hv. 9. þm. Reykv. að hann kæmi ólesinn. Hann hefði ekki lesið öll þau þingskjöl sem afhent hefðu verið þingmönnum til aflestrar á þessu hausti og lét nánast að því liggja að það væru kannski fleiri pappírar sem honum hefðu borist í hendur á þessu haustmissiri sem hann hefði ekki komist yfir að lesa. Ég veit ekki hvað þessi bunki er orðinn þykkur. En það kemur nefnilega í ljós að í fjárlagafrv. er snyrtilega gerð grein fyrir því að menn ætli að minnka framlag ríkisins í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta vissi hæstv. heilbrrh. og taldi að þetta væri rétta stundin til að koma þessu á framfæri við Alþingi svo ekkert færi á milli mála. Nú er það yfirleitt reglan að menn vilja koma því hér á framfæri sem þeir telja að sé til stórra bóta en þegja yfir hinu sem þeir vilja kannski að menn líti svo á að þeir hafi nauðugir orðið að samþykkja. Þess vegna voru auðvitað fyrstu viðbrögðin hjá þingmönnum í salnum þau að á þá sótti sú hugsun að svo væri komið fyrir Alþfl. að hann teldi að þeir fjármunir sem hefðu farið til atvinnuleysistryggingabóta væru fjármunir sem sérstaklega bæri að skera af. Og þá er rétt að horfa fram á veginn og meta það hvað er í vændum.

Gera menn ráð fyrir að slík spenna verði í atvinnulífi á Íslandi á næsta ári að hér hafi allir nægа vinnu sem eftir því leita? Gera menn ráð fyrir uppgripum og að af þeirri ástæðu sé hægt að leggja til niðurskurð á þessum sjóði? Ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram að þannig sé útlitið, því miður. Menn gera ráð fyrir því að verulega muni herða að, menn gera ráð fyrir því. Undir þeim kringumstæðum hlýtur það að vera sérstaklega athyglisvert að það skuli vera ráðherra Alþfl. sem kvartar undan því að stjórnarandstæðingar hafi ekki allir áttað sig á þeirri stefnu. Ég hygg að allir sem fylgdust með umræðunni á sínum tíma

hafi áttað sig á hvað var að gerast. Á sama tíma og fyrirsjáanlegt er að það verður meira greitt út af atvinnuleysisbótum á næsta ári en verið hefur í mörg undanfarin ár, þá er lausnin að skerða þessar greiðslur, að skerða þessar greiðslur. — Nú er sá kominn í salinn sem er með hvað ferskast blóð þeirra sem í dag kenna sig við Alþfl. og jafnaðarstefnu, hv. 17. þm. Reykv. Ég hygg að hann þekki svo vel sögu verkalýðsins í Reykjavík að hann minnist þeirra tíma þegar það þótti skipta máli hver afstaða ráðherra var undir svona kringumstæðum. Það má vel vera að hann þurfi leiðbeiningar frá hæstv. heilbrrh. á þann veg að nú eigi hann að þegja en ekki blanda sér í umræður. Mér kæmi það ekkert á óvart. En ég verð að segja eins og er að ég skil ekki markmiðið með þessari lagasetningu og þessari aðgerð. Það hefur löngum verið litið svo á að það væru allir möguleikar fyrir ríkissjóð að hafa sem lánsfé hjá sér þá fjármuni sem væru í þessum sjóði ef ekki þyrfti að nota þá til að greiða út bætur. Ríkisvaldið hefur raunverulega haft af því verulegan hag í gegnum árin einnig að þessi sjóður væri þolanlega sterkur. Ég held þess vegna að seinni ræða hv. 9. þm. Reykv., þegar hann tók til baka allt hið lofsamlega sem hann hafði flutt í hinni fyrri ræðu um hæstv. heilbrrh. og baðst nánast afsökunar á því hér í salnum að hafa orðið til að hæla honum í hinni fyrri ræðu, blasi við sem umhugsunarefni fyrir okkur sem þurfum nú að taka afstöðu.

Mér er ljóst, herra forseti, að það má vel vera að Mannlíf sé ekki á dagskrá þegar menn eru að ræða hér um frv. En ekki var heldur á dagskrá í efri deild á sínum tíma ágæt bók, Raddir vorsins þagna, þegar rætt var um ákveðið umhvrn. í þeirri deild. Hvernig sem á því stendur blasir það við að núv. forseti, hv. 2. þm. Reykn. og þáv. þingmaður efri deildar, sá til þess að verulegt efni úr þessari bók er komið inn í þingtíðindi. Sýnist mér þó lengri vegur á milli umræðu um umhvrn. og þeirrar bókar þó að fróðlegar séu upplýsingar um eiturefni. Þess vegna sló það mig dálítið illa ef niðurstaðan yrði sú að forsetar teldu að þeir ættu að ritskoða það á forsetastóli hvaða efni þingmenn veldu sér sem stuðning við sinn málflutning. Ég held að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, að ég veki athygli á þessu því ég vona að allir hér inni séu ekki hlynntir ritskoðun. Vel mega forsetar vera lesnir í tímaritsgreinum og öðru slíku ef þeir treysta sér til að kveða upp salómonsdóm þegar slíkt efni er tilkynnt sem æskilegt kynningarefni fyrir þingmenn. Íslenskir fjölmiðlar hafa hreint ekki dregið í efa að Mannlífsviðtalið átti fullt erindi hingað upp í þennan ræðustól. Og það sem meira er, það skýrir e.t.v. átökin sem eiga sér stað milli formanns og varaformanns Alþfl., hvers vegna varaformaðurinn hentar ekki sem varaformaður til þeirra verka sem nú er verið að vinna af íslenskum stjórnvöldum. Saga Alþfl. og saga tryggingakerfisins á Íslandi er samofin, sé þetta skoðað.

Ég ætla að bæta því við, herra forseti, að það er visst umhugsunarefni það sem þetta frv. segir í greinargerð um framreikningana á langlífi Íslendinga og dánarlíkur eftir aldri og kyni sem hér eru á bls. 8. Þar segir svo, með leyfi forseta, þetta er í kaflanum Framreikningur á fjölda lífeyrisþega:

„Engir bætast í hópinn og eðli málsins samkvæmt fækkar ört í honum á næstu árum. Framreikningur á fjölda ellilífeyrisþega sýnir þetta glöggt. Þessi framreikningur var gerður í Hagstofu Íslands í tengslum við endurskoðun laganna 1989. Var miðað við fjöldann í ársbyrjun 1989 svo og við bestu vitneskju um dánarlíkur eftir aldri og kyni. Ekki eru slík frávik frá þessum framreikningi eða forsendum hans sl. tvö ár að ástæða hafi þótt til að endurgera hann."

Það má vel vera að spekingar Hagstofu og tölfræði telji rétt að setja svona texta í greinargerð en mér er ekki að öllu ljóst hvert markmiðið er með slíku.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. vísaði mönnum með skætingi í fjárlagafrv. þegar þeir spurðu hann efnislegra spurninga í síðustu viku í þessari umræðu. Nú hefur hæstv. heilbrrh. á kurteislegan hátt verið beðinn um að skýra ummæli sín með tilvísun til þess sem stendur í greinargerð fjárlagafrv. Hvernig ber að skilja ummæli hans á þann veg að það eigi að skera niður atvinnuleysisbætur ef þau þýða eitthvað annað en stendur í fjárlagafrv.? Það er auðvitað mjög erfitt, forseti, að greiða fyrir framgangi mála eins og við erum nú að gera hér með stuttum ræðum og málefnalegri umfjöllun ef hæstv. ráðherrar hirða ekkert um annaðhvort að draga skætinginn til baka eða koma með efnislegum hætti inn í umræðuna. Ég veit að vísu að ég er að spandera rétti mínum til að tala hér í annað sinn á ráðherrann með þessari athugasemd en ég vona að hæstv. heilbrrh. sýni af sér þann manndóm að koma upp í ræðustólinn og skýra efnislega hvað hann átti við.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og vísað til heilbr.- og trn. með 35 shlj. atkv.

Almannatryggingar o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 171. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 186.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Allt frá gildistöku laga um málefni fatlaðra hefur verið greitt fjárframlag til forráðamanna þeirra barna og unglinga 16 ára og yngri sem undir lögin falla. Þetta hefur verið túlkað svo að ákvæði nái einnig til hliðstæðra greiðslna vegna sjúkra barna sem haldin eru langvarandi sjúkleika þó ekki styðjist það við ótvíræða lagastoð. Það hefur verið gagnrýnt að ákvæði af þessu tagi séu ekki í almannatryggingalögum, ekki síst með hliðsjón af samræmi í bótagreiðslum hins opinbera. Því hefur orðið að samkomulagi milli heilbr.- og trmrh. og félmrh. að fjárhagsaðstoð skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra verði færð undir lög um almannatryggingar. Rétt er að geta þess að greiðslur þessar fara nú þegar í gegnum Trygg-

ingastofnun ríkisins þannig að hér er um að það að ræða að veita þessum greiðslum fullnægjandi lagastoð þannig að ljóst sé að öll börn, eða öllu heldur forsjármenn allra barna 16 ára og yngri, sem þjást af fötlun eða sjúkleika, eigi jafnan rétt til bótagreiðslna lögum samkvæmt. Í frv. þessu felst því eingöngu skipulagsbreyting. Um er að ræða að stofnaður verði nýr bótaflokkur með lögum hjá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins og verði sá bótaflokkur nefndur umönnunarbætur. Að umönnunarbæturnar verði 43.450 kr. á mánuði og greiðist framfærendum fatlaðra og sjúkra barna innan 16 ára aldurs enda dvelji börnin í heimahúsi og andleg eða líkamleg hömlun barnsins hafi í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða kalli á sérstaka umönnun eða gæslu. Þá er einnig gert að fyrir því í frv. að jafnhliða verði barnaörorka felld niður enda eiga umönnunarbæturnar að koma í hennar stað.

Frá því lög um málefni fatlaðra öðluðust gildi 1. jan. 1984 hefur svokölluð barnaörorka haft síminnkandi gildi, einfaldlega vegna þess að þeir aðilar, sem eiga kost á barnaörorku, eiga flestir kost á aðstoð skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra. Þar sem aðstoð skv. 10. gr. hefur verið hærri en fjárhæð barnaörorku hafa flestir kosið fyrrnefndu aðstoðina. Ég vil þó aðeins beina því til þeirrar nefndar sem fær frv. þetta til skoðunar að hún athugi sérstaklega hvort ekki sé full ástæða til að barnaörorkan falli niður þegar umönnunarbæturnar verða í lög leiddar. Það þarf ekki endilega að vera að umönnunarbæturnar útiloki að barnaörorka geti verið greidd. Og það er ekki heldur víst, ég bið um að það verði athugað vandlega, að umönnunarbæturnar geti að fullu og öllu leyti komið í staðinn fyrir barnaörorku. Til þess að koma þessu frv. sem allra fyrst fram á Alþingi valdi ég þann kost að flytja það eins og frá því var gengið af embættismönnum félmrn. og heilbr.- og trmrn., tefja ekki tímann með því að skoða þessi atriði áður en frv. væri lagt fram heldur að fara þess á leit við hv. heilbr.- og trn. að hún skoði þessi atriði.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til heilbr.- og trn. Alþingis. Ég vænti þess að frv. geti fengið þar greiða leið og geti orðið að lögum fyrir áramót því að ég tel að um þetta frv. eigi að geta ríkt samkomulag á Alþingi.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir réttri viku beindi ég fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um tryggingaréttindi krabbameinssjúkra barna. Þá spurði ég hvort fyrirhugaðar væru af hálfu ráðuneytis úrbætur í réttindamálum þessara barna og ef svo væri, hverjar þær úrbætur yrðu og hvenær mætti vænta þeirra. Í svari ráðherra kom fram að hann hygðist á næstu dögum leggja fram frv. til laga sem tryggði að þau umönnunarlaun sem í dag eru greidd foreldrum mikið veikra barna skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra féllu undir lög um almannatryggingar og hér er það frv. komið.

Þetta framtak ráðherra er vissulega af hinu góða þar sem það bráðabirgðaákvæði reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra sem tekur til greiðslu umönnunarbóta til foreldra mikið sjúkra barna fellur úr gildi um næstu áramót. Ég hafði hins vegar gert mér vonir um að frv. fæli í sér fleiri lagfæringar í tryggingamálum þeirra barna sem haldin eru langvarandi sjúkdómum.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur sent hæstv. ráðherra og okkur þingmönnum ítarlegar tillögur og ábendingar um þau atriði tryggingamála sem betur mega fara og bent okkur á göt í tryggingakerfinu sem gera það að verkum að þessir sjúklingar og aðstandendur þeirra búa á ýmsan hátt við lakari kjör en aðrir hvað tryggingakerfið varðar. Hér er hins vegar aðeins tekið á einu atriði, umönnunarlaunum til foreldra eða aðstandenda, og mér sýnist að aðeins sé verið að færa staðfestingu þessara greiðslna milli laga en að öðru leyti verði fyrirkomulagið svo til óbreytt. Svæðisstjórn um málefni fatlaðra á til að mynda að gera tillögur áfram um greiðslur með hliðsjón af umönnunarþörf en skilar að vísu þeim tillögum til Tryggingastofnunar ríkisins en ekki félmrn. eins og áður. Auðvitað er fullkomlega eðlilegt að svæðisstjórn um málefni fatlaðra geri tillögur um greiðslur og taki þátt í mati á umönnunarþörf fatlaðra barna en varla er hægt að gera sömu kröfur um hæfni svæðisstjórna til þess að meta umönnunarþörf barna með langvarandi illkynja sjúkdóma. Það virðist líka vera svo að ekki sitji allir við sama borð þegar upphæð umönnunarlauna er ákvörðuð. Það kemur a.m.k. fram í áskorun sem Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna sendi hæstv. ráðherra þess efnis að réttindamál þessara barna fengju strax sérstaka umönnun innan tryggingakerfisins en í þessari áskorun segir, með leyfi forseta:

„1. febrúar 1990 tók gildi reglugerð sem sett var í samræmi við 10. gr. laga nr. 73 síðan 1983 um málefni fatlaðra. Reglugerð þessi gerir ráð fyrir bráðabirgðaákvæðum þannig að fyrir náð og miskunn njóta aðstandendur krabbameinssjúkra barna fjárhagslegrar aðstoðar eins og aðstandendur fatlaðra fá. Sótt er um þessa fjárhagsaðstoð til hlutaðeigandi svæðisstjórnar á sérstökum eyðiblöðum sem félmrn. gefur út. Svæðisstjórn fjallar um umsóknina eftir sérstökum leiðbeiningum. Tillögur svæðisstjórnar eru sendar félmrn. til úrskurðar. Þrátt fyrir þetta, að í öllum tilfellum er það sama ráðuneyti sem endanlega fjallar um málið, er mönnum mjög mismunað eftir búsetu, hvers vegna vitum við ekki."

Þessari áskorun sem ég er hér að vitna til fylgja einnig frásagnir nokkurra foreldra af baráttu þeirra við tryggingakerfið, fjárhagsvandræði og alla þá annmarka sem þeir hafa rekið sig á í tryggingakerfinu. Þar kemur líka fram að einstæð móðir með mikið veika 14 ára gamla dóttur sína fær ekki full umönnunarlaun greidd þó að hún hafi í rúmt ár verið alveg frá launaðri vinnu. Um skerðingu vegna þjónustu utan heimilis, eins og segir í frv., getur varla verið að ræða því að þjónustu utan heimilis var á þessum tíma nánast engin nema þegar barnið lá á sjúkrahúsi. En einnig þar stóð þessi einstæða móðir sínar löngu vaktir yfir fársjúku barni

sínu. Ekki var heldur um þjónustu hins opinbera að ræða hvað varðaði skólagöngu eða kennslu því að þessi 14 *ára stúlka var utan skóla allt árið og heimakennsla* eða aðstoð var engin. Móðirin þurfti því að sinna því starfi líka. Þrátt fyrir allt þetta á hún ekki og hefur ekki átt, samkvæmt gildandi reglum, rétt á fullum umönnunarlaunum. Það er því, hæstv. ráðherra, nauðsynlegt að um þetta atriði verði í upphafi mótaðar skýrar reglur. Eðlilegt væri t.d. að í stað umsagnar og tillagna svæðisstjórnar um málefni fatlaðra verði umsögn viðkomandi læknis *sem annast sjúklinginn látin gilda til* tryggingaráðs sem síðan ákveður tímafjölda og upphæð umönnunarlauna. Reyndar ætti það að vera regla að þann tíma sem fárveikt barn dvelur á sjúkrahúsi og síðan á heimili undir stöðugu eftirliti læknis ættu foreldrar að fá greidd full umönnunarlaun, þessa 175 tíma sem gert er ráð fyrir að greiddir verði af þeim rúmlega 700 klukkutímum sem eru í hverjum mánuði, eða 43.450 kr. *Einnig ætti að taka sérstakt tillit til* þess þegar um einstæða foreldra er að ræða.

Í dag er sem betur fer orðið algengara að foreldrar fatlaðra barna eigi kost á aðstoð frá svokölluðum stuðningsfjölskyldum. Ýmis þjónusta önnur eins og til að mynda félagsráðgjöf, dagvist og fleira hefur líka verið aukin á síðustu árum.

Foreldri með mikið sjúkt barn eða ungling á ekki kost á þessari aðstoð. Það er meira að segja, *eins og ég* nefndi áðan, stórkostlegur misbrestur á að þau njóti kennslu þann tíma sem þau geta ekki gengið í skóla.

Á heimilum þar sem báðir foreldrar búa með börnum sínum er að sjálfsögðu auðveldra að takast á við alvarleg veikindi og aðlagast þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða á heimilishögum í slíkum tilfellum. Því er það sjálfsagt og eðlilegt að sérstaklega verði tekið *tillit til einstæðra foreldra þegar umönnunarlaun eru* ákveðin. Það hefur ekki verið gert fram að þessu og ekkert í frv. bendir til að svo verði.

Ég sagði áðan að frv. það sem hér er til umræðu fæli í raun ekki annað í sér en það að verið væri að færa ákvæði um greiðslu umönnunarlauna milli laga. Með þessum orðum er ég alls ekki að draga úr gildi þess að það verði gert. Ég tel þetta í raun nauðsynlega lagabreytingu. Það er hins vegar ekki rétt að frv. *feli* ekki annað í sér en þetta því að 2. gr. felur í sér mjög veigamikla breytingu eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan. Þar er gert ráð fyrir, verði frv. að lögum, að 3. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar breytist þannig að heimild til að greiða barni innan 16 ára aldurs örorkustyrk er felld úr lögunum. Í athugasemd við lagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt er lagt til að *ofangreindar umönnunar*bætur komi í stað barnaörorku skv. lögum um almannatryggingar þannig að umönnunarbæturnar komi í stað fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra og barnaörorku skv. 3. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar en skv. þeirri grein er heimilt að greiða örorkustyrk (barnaörorku) vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för *með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun.*“ Enn fremur segir í greinargerðinni: „Frá því að lög um málefni fatlaðra öðluðust gildi 1. janúar 1984 hefur svokölluð barnaörorka haft síminnkandi gildi, einfaldlega vegna þess að þeir aðilar, sem hafa átt kost á barnaörorku skv. lögum um almanntryggingar, eiga flestir kost á aðstoð skv. 10. gr. laga nr. 41/1943, um málefni fatlaðra. Verði þær tillögur að lögum, sem hér eru settar fram, munu einnig foreldrar sjúkra barna eiga ótvíræðan rétt á umönnunarbótum með hliðsjón af mati á umönnunarþörf í samræmi við þá viðmiðun sem hingað til hefur gilt og tekur mið af 20–175 klst. á mánuði. Verði þetta frv. að lögum þjónar barnaörorka því engum tilgangi lengur. Það er enn fremur ljóst að engum hefur verið akkur í að fá barnaörorku þegar honum hefur staðið til boða aðstoð skv. lögum um málefni fatlaðra þar sem hún er hærri.“

Ekki veit ég, hæstv ráðherra, hver tók saman þessar athugasemdir og festi þær á blað. En hitt er víst að betra væri að svona orðalag sæist ekki á þingskjali: að greiðsla örorkubóta til barna þjóni engum tilgangi, að engum sé akkur í að fá örorkubætur til barna ef umönnunarlaun standa til boða. Þetta er auðvitað algerlega rangt. Í fyrsta lagi, hvað með þá sem ekki eiga rétt á umönnunarbótum? Á að fella niður allar greiðslur til þeirra og þegar umönnunarlaun eru skert eða felld niður er þá réttur barnsins enginn? Hvers vegna hefur dregið úr greiðslum örorkubóta til barna eftir að *umönnunarlaun fengust greidd?* Það er vegna þess að þegar umönnunarlaun eru greidd skerðast örorkugreiðslur eða falla niður. Það er ekki vegna þess að engum hafi verið akkur í að fá þessa peninga þó að um litla upphæð sé að ræða. Það er vegna þess að ákveðið er með lögum og reglugerðum að þannig skuli það vera. Fólki hefur ekki verið boðið upp á neitt annað og auðvitað er tilgangur með greiðslu örorkubóta til *veikra eða fatlaðra barna. Hvernig er hægt* að kalla slíkt tilgangslaust?

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá Tryggingastofnun ríkisins fékk 781 barn greiddar örorkubætur á árinu 1990. Sama ár, þ.e. 1990, voru þeir sem fengu greidd umönnunarlaun skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra 628. Greiðslur frá Tryggingastofnun árið 1990 vegna svokallaðrar barnaörorku voru 56,4 millj. kr. en *128 millj. vegna umönnunarlauna. Hvernig ætli* þetta sé nú árið 1991? Samkvæmt greinargerð frv. hefur dregið úr gildi barnaörorkubóta. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta er alrangt. Það sem af er ársins hefur 861 barn fengið greiddar örorkubætur en 567 hafa fengið greidd umönnunarlaun. Heildargreiðslur vegna örorkubóta til barna, það sem af er árinu, eru 66 millj. 340 þús. en vegna umönnunarlauna 147 millj. 750 þús. Samtals eru þessar greiðslur það sem af er þessu ári 213 millj. kr.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir 132 millj. í þennan málaflokk en að vísu kemur fram í greinargerð með frv. að það þurfi að bæta við 15 millj. til þess að svara þessum kostnaði. Þá erum við komin með 147 millj. Munurinn á þeim greiðslum sem eru komnar í dag og þeim sem áætlað er að verði á næsta ári, er 66 millj. kr.

Þegar aðstandendur fatlaðra eða sjúkra barna standa

frammi fyrir því að velja á milli umönnunarbóta að hámarki 43.450 kr. á mánuði á móti greiðslum sem ekki ná 10.000 kr., þá segir það sig sjálft hvert valið verður. En hefur þessu fólki nokkuð staðið til boða að halda báðum þessum greiðslum? Hefur það nokkuð verið spurt hvort því væri akkur í því að barnið fengi greiddar örorkubætur jafnframt því að foreldrar fengju greidd umönnunarlaun? Eða hefur tilgangur þessara bótagreiðslna verið ræddur við þetta fólk? Miðað við það orðalag sem notað er í grg. frv. getur það ekki verið. Og það sem verra er, mér sýnist það erindi sem ráðuneytinu hefur borist varðandi þetta atriði alls ekki hafa verið lesið.

Og enn ætla ég að vitna, með leyfi forseta, í þau gögn sem send voru frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna til hæstv. ráðherra og þingmanna. Þar segir m.a. í upptalningu þeirra atriða sem félagið leggur megináherslu á að verði tekin til skoðunar:

„Umönnunarlaun foreldra eiga ekki að skerða örorkubætur sem barnið fær eða öfugt. Það segir sig sjálft að þessi börn þurfa aura eins og önnur börn sem afla sér þeirra með blaðasölu, unglingavinnu og fleiru. Þessi börn mega auk þess oft á tíðum ekki vinna þó þau séu utan spítala, enda geta þau það oftast ekki vegna slappleika."

Auðvitað gilda þarna alveg sömu rök fyrir þau börn sem þjást af öðrum alvarlegum sjúkdómum eða geta illa stundað vinnu vegna andlegrar eða líkamlegrar fötlunar. Því er alls ekki hægt að taka undir þær athugasemdir sem fram koma í frv. Og verði það að lögum þjóna greiðslur örorkubóta til barna engum tilgangi lengur og engum er akkur í að fá slíkar bótagreiðslur þegar umönnunarlaun standa til boða.

Í fsp. þeirri sem ég beindi til ráðherra sl. fimmtudag spurði ég hann sérstaklega um þetta atriði. Í svari ráðherrans kom skýrt fram að sú trygging á greiðslum til aðstandenda sjúkra barna sem fælist í því frv. sem hann þá hugðist leggja fram og hér er nú komið, þyrfti ekki að skerða þær örorkubætur sem greiddar eru. Í ljósi þess og þeirra athugasemda og tillagna sem komið hafa frá foreldrum sem fá greidd umönnunarlaun er ég ekki einungis óánægð með að það skuli eiga að fella alveg úr gildi heimildina til þess að greiða örorkubætur til fatlaðra og sjúkra barna, heldur verð ég enn og aftur að lýsa furðu minni á þeim orðum sem eru í athugasemdum með frv. Vona ég að sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar skoði þetta atriði mjög vel.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í umræðum hér sl. fimmtudag um réttindamál mikið veikra barna eru mörg atriði í tryggingakerfinu sem þurfa sérstaka skoðun. Í nokkur ár hafa lög um almannatryggingar verið í heildarendurskoðun. Sú athugun er enn í gangi og enn er athugasemdum eða tillögum til úrbóta vísað í þessa heildarendurskoðun. Þau atriði sem sérstaklega hefur verið farið fram á að verði skoðuð og varða tryggingaréttindi barna, sem haldin eru langvarandi alvarlegum sjúkdómum, eru þessi:

Að umönnunarlaun til foreldra falli ekki niður við 16 ára aldur barns þar sem þörf þess fyrir umönnun og aðstoð breytist ekki við það eitt að ná 16 ára aldri.

Að styrkur sé veittur í þeim tilvikum þar sem fjölskyldan þarf tímabundið að reka tvö heimili vegna veikinda barns.

Að aukin verði hlutdeild í ferðakostnaði vegna tíðra ferða á sjúkrahús og á heilsugæslustöðvar þann tíma sem barnið dvelur heima.

Að þessir sjúklingar eða aðstandendur þeirra njóti réttar til styrks eða sérstakra lána vegna bifreiðakaupa.

Að foreldrar eða aðstandendur eigi rétt á heimilishjálp. Svo er ekki í dag, ekki einu sinni þó um einstæða foreldra sé að ræða.

Og síðast en ekki síst nefni ég það atriði, sem ég ræddi hér áðan, að umönnunarlaun greidd foreldrum skerði ekki rétt barna til örorkustyrks.

Í þessu frv. er í raun tekið á tveimur þessara atriða. Í fyrsta lagi, og það er vel, er tryggður réttur foreldra mikið veikra barna til umönnunarlauna.

Í öðru lagi er tekið af skarið varðandi örorkubætur til barna undir 16 ára aldri. Samkvæmt frv. á að afnema þær þó að öllum sé ljós þörfin fyrir þessar greiðslur.

Einnig þarf að móta skýrar reglur um greiðslur umönnunarlauna og í samráði við þá sem njóta þeirra. Þeir þekkja þörfina og annmarkana á þeim reglum sem gilt hafa. Það þarf að vera alveg ljóst hver sú þjónusta er utan heimilis sem skerðir þessi laun og á hvaða rökum er byggt. Það er af hinu góða að tryggja réttinn til umönnunarlauna. Þó tíminn fram að áramótum sé naumur og reglugerðarákvæðið falli þá úr gildi, má ekki kasta til höndunum við þetta verk. Hér er um mjög veigamikið réttindamál að ræða eins og fram kemur í gögnum sem ég hef svo oft vitnað í og ég hvet nefndarmenn hv. heilbr.- og trn. að kynna sér vel áður en afstaða er tekin.

Að lokum vil ég svo beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra þar sem tölur sem nefndar eru í grg., bæði varðandi framlög fyrir árið 1992 miðað við áætlanir og útgjöld sem hafa verið á árinu 1991 til þessa þá finnst mér þær tölur ekki standast, að aðeins þurfi að bæta við 15 millj. kr. við þessar 132 millj. sem eru í frv. til að þessum kostnaði verði að fullu mætt. Í umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. segir: „Með þessu ákvæði er átt við börn sem haldin eru lífshættulegum eða langvarandi sjúkdómum, svo sem krabbameini. Samkvæmt upplýsingum félmrn. hefur þetta ákvæði í framkvæmd náð fyrst og fremst til krabbameinssjúklinga og er um 60 börn að ræða."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er um 25 einstaklinga að ræða.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, kemur í kjölfar yfirlýsingar hæstv. heilbr.- og trmrh. í umræðu í fyrirspurnatíma sem svar við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Af svari ráðherrans þá sá ég að fátt af því sem maður vonaðist til að yrði gert fyrir þennan hóp sæi dagsins ljós í því lagafrv. sem boðað var. Við þessu varaði ég í þeirri umræðu og benti á að betur þyrfti að gera ef við þau

fyrirheit ætti að standa sem ég tel að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi gefið aðstandendum og foreldrum þessara barna strax í vor.

Þegar þetta frv. kom inn í þingið sáum við að það var nákvæmlega í samræmi við það sem lofað hafði verið í þessari umræðu í svari við fsp. Margrétar Frímannsdóttur. Því ákváðum við, þrír þingmenn Framsfl., að flytja nýtt frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögunum sem er á þskj. 199 og er 181. mál þingsins. Þar kemur fram það sem við teljum að gera þurfi fyrir þennan hóp, ef einhver breyting á að vera réttarstöðu og högum þess fólks. Frv. ríkisstjórnarinnar felur raunverulega ekkert annað í sér en að hér er um lagatiltekt að ræða, þ.e. verið er að færa 10. gr. úr lögum um málefni fatlaðra yfir í almannatryggingalögin. Flestöll, ef ekki öll, ég þori ekki að fullyrða það þó, börn sem haldin eru þessum sjúkdómi fá greiðslur á grundvelli 10. gr. þannig að þessi breyting mun engin áhrif hafa á réttarstöðu þessa hóps. Því fluttum við þetta frv. b-liður 2. gr. frv. okkar er samhljóða 3. gr. frv. hæstv. heilbrrh. enda er sú grein orðrétt tekin upp úr frv. því til laga sem fyrrv. hæstv. heilbrrh. lagði fram í þinginu á sl. vori. Betur er nú ekki að gáð þegar sú frumvarpsgrein er tekin upp en svo að enn stendur í stjfrv. sama upphæð, 43.450 kr. á mánuði, sem á að vera greiðsla til þessa hóps, eins og stóð í lagafrv. því sem fyrrv. heilbrrh. kynnti hér í þinginu í vor. Með þessu, verði frv. að lögum, er verið að lækka bætur til þessa hóps sem hefur fengið greitt á grundvelli 10. gr. vegna þess að upphæðin er orðin í dag 47.111 kr. Ég tel því að hér sé kastað til höndum.

Það eru mjög veigamiklar breytingar sem felast í því frv. sem við þrír þingmenn Framsfl. höfum lagt fram og teljum nauðsynlegt að fá samþykkt hér í þinginu ef einhver réttarbót á að verða á fyrir þennan hóp. Þá á ég ekki bara við krabbameinssjúku börnin, ég á einnig við og reyndar gerir frumvarpsgrein stjfrv. líka ráð fyrir því, að hún gildi almennt um sjúk börn. Við gerum hins vegar ráð fyrir því í okkar frv. að 10. gr. í lögum um málefni fatlaðra standi óbreytt inni í lögunum um málefni fatlaðra en það komi ný grein inn í almannatryggingalögin sem taki á greiðslum til sjúkra barna.

Í sjónvarpsviðtali sagði hæstv. heilbrrh. beinlínis, og þessi ummæli hans rifjaði ég upp í umræðu á laugardagsmorgun og ætla að gera það aftur, að frv. okkar framsóknarmanna væri hreint yfirboð yfir því frv. sem hann hefði lagt fram í þinginu og það væri ekki rétt af okkur framsóknarmönnum að leggja slíkt frv. fram þar sem Framsfl. hefði staðið að því að skerða dvalar- og uppihaldskostnað aðstandenda og þessara sjúku barna í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hér er um mjög alvarleg ósannindi að ræða af hálfu hæstv. heilbrrh. Staðreyndin er sú að þær reglur sem höfðu gilt um ferðakostnað frá árinu 1982 gerðu ráð fyrir því að á 12 mánaða tímabili, þyrfti einstaklingur að sækja sér læknis- eða sjúkrahúsþjónustu utan sinnar heimabyggðar, þá væri þriðja ferð greidd, þriðja ferð sem viðkomandi einstaklingur færi. Á næsta 12 mánaða tímabili á eftir var gert ráð fyrir því að önnur ferð yrði greidd. Þessi regla gilti þangað til 15. febr. 1991 að fyrrv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, breytti henni þannig að fyrsta ferð er alltaf greidd og þar að auki er ákvæðið útvíkkað allverulega, þ.e. að þetta gildir ekki einvörðungu um *læknisþjónustu eða um þjónustu sjúkrahúsanna* heldur almennt fyrir alla þá sem þurfa að sækja þjónustu heilbrigðisstétta sem hafa samning við Tryggingastofnun ríkisins. Það er alvarlegt af núv. heilbrrh. að fullyrða slíka hluti fyrir framan alþjóð og ég tel að hann eigi að biðjast afsökunar á slíkum ummælum vegna þess að hér er um algjör ósannindi að ræða.

Ég mun leggja áherslu á það í heilbr.- og trn. að þetta mál geti fengið skjótan framgang. Ég mun ekki standa í vegi fyrir því að það nái fram að ganga. Ég tel nauðsynlegt vegna laganna um málefni fatlaðra að þáist skýrar línur í þessi mál og mun ekki standa fyrir þeirri lagatiltekt sem hæstv. heilbrrh. er að leggja til. En ég vil leggja áherslu á það í fyrsta lagi að upphæðinni verði breytt. Það er ekki meiningin að skerða bótaréttinn eða upphæðina til þessa hóps. Og ég bið hæstv. heilbrrh. að íhuga það alvarlega hvort ekki sé rétt að breyta ferðakostnaðarreglunum í meðförum nefndarinnar og kanna rækilega hvort ekki sé eðlilegt að taka upp uppihaldsstyrk til aðstandenda þessara barna. Í raun er hér um algjöra smáaura að ræða. Það eru til útreikningar á kostnaði við þetta sem fulltrúar Ríkisendurskoðunar hafa gert á þeim tíma er þeir stóðu að kostnaðarmati á því lagafrv. sem fyrrv. heilbrrh. lagði hér fram um almannatryggingar. Þetta bið ég ráðherrann um að íhuga alvarlega.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta frv. og lýst stuðningi sínum við meginefni þess þó að, eins og vænta mátti, leggi þessir ágætu stjórnarandstöðuþingmenn til að gert sé heldur betur en reynt er að gera í þessu frv. og er það skiljanleg afstaða. Út af orðum hv. 4. þm. Suðurl. vil ég taka fram í fyrsta lagi að þarna er ekki bara gerð sú breyting að fundin er formleg lagastoð undir þær greiðslur sem inntar eru af hendi til foreldra eða forsjármanna sjúkra barna. Með þessum breytingum er líka verið að gera það sem hv. þm. óskaði eftir að yrði gert, þ.e. að samræma afgreiðsluna. Í núverandi kerfi hefur því verið þannig háttað að svæðisstjórnirnar hafa gert tillögur og félmrn. úrskurðað en Tryggingastofnun greitt. Það er því rétt hjá hv. þm. að það hafa fundist dæmi um nokkurt misræmi í þessum afgreiðslum, bæði innan hinna einstöku svæðisstjórna og ekki síður, og jafnvel miklu frekar, milli þeirra afgreiðslna annars vegar sem svæðisstjórnirnar hafa ákvarðað og hins vegar sambærilegra ákvarðana sem Tryggingastofnun ríkisins hefur tekið vegna þess að þarna hafa tveir aðilar verið að fjalla um og komist að mismunandi niðurstöðu um bótagreiðslur þótt einn og sami aðilinn inni greiðslur af hendi. Nú er verið að fela úrskurðarvaldið í hendur Tryggingastofnunar ríkisins. Hún hefur hið endanlega ákvörðunar- og úrslitavald, þannig að það er í öllum tilvikum sami aðilinn sem úrskurðar. Með þessu næst einmitt það takmark sem hv.

þm. talaði um, að menn reyni að eyða misræminu sem hefur verið á þessari afgreiðslu vegna þess að tveir ólíkir aðilar hafa úrskurðað. Hér er ekki aðeins um það að ræða að verið sé að búa til ótvíræða lagastoð undir þessum greiðslum, það er einnig verið að framkvæma þá samræmingu sem hv. þm. óskaði eftir.

Það skal aðeins tekið fram í þessu sambandi að um þetta var nokkur ágreiningur vegna þess að formælendur fatlaðra barna vildu halda því hlutverki áfram að svæðisstjórnirnar ákvörðuðu hvernig umönnunarbætur skyldu greiddar en Tryggingastofnun væri aðeins greiðsluaðilinn. Um þetta náðist það samkomulag milli ráðuneytanna að Tryggingastofnun yrði í öllum tilvikum hinn endanlegi úrskurðaraðili en svæðisstjórnunum skyldi gefinn kostur á að gera tillögu til tryggingaráðs um hvernig að afgreiðslunni skyldi staðið, eða öllu heldur Tryggingastofnunar ríkisins, en síðan yrði tryggingayfirlæknirinn eða tryggingalæknir hinn endanlegi úrskurðaraðili.

Um framkvæmdina er það að segja að gert er ráð fyrir því að þegar verið er að fjalla í svæðisstjórnum um umönnunarbætur til sjúkra barna er undir öllum kringumstæðum gert ráð fyrir því að læknir verði kallaður til, þannig að hann verði í þeim hópi eins og hv. þm. óskaði eftir.

Annað atriðið, sem fram kemur í frv. og ég óskaði sérstaklega eftir að skoðað yrði í nefndinni er að umönnunarbætur komi í stað barnabóta. Ég vil aðeins benda á, virðulegi forseti, að líka var gert ráð fyrir þessu í frv. fyrrv. heilbrrh. sem lagt var fram á Alþingi á sl. vori og um það var fullt samkomulag á milli þeirra flokka sem stóðu að framlagningu þess frv. Það var ekki mér vitanlega ágreiningur um þetta atriði. Í stað barnaörorku kæmu umönnunarbætur, a.m.k. kom það aldrei fram svo ég viti til að ágreiningur hafi verið um þetta. Hér er verið að gera sömu tillögu hvað þetta varðar og var í frv. fyrrv. heilbrrh. Hins vegar var í því frv. einnig ákvörðun um aðrar bótagreiðslur sem ekki eru í þessu frv. Það er rétt hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni. En það sem ég óskaði eftir var að hv. heilbr.- og trn. skoðaði það vandlega hvort í öllum tilvikum væri ljóst að umönnunarbætur gætu komið í staðinn fyrir barnaörorkubætur.

Í þriðja lagi töluðu bæði hv. 4. þm. Suðurl. og hv. 11. þm. Reykv. um viðbótargreiðslur, þ.e. nauðsyn þess að greiða viðbótargreiðslur umfram þær umönnunarbætur sem hér er gerð tillaga um. Má þar nefna bifreiðakostnað, ferðakostnað, uppihaldskostnað og fleiri bótagreiðsluliði. Auðvitað er barnaörorkan, ef hún er greidd jafnhliða umönnunarbótunum, bótagreiðsluflokkur til viðbótar út af sama tilefninu. Menn geta skoðað þá hluti og það var í frv. fyrrv. hæstv. heilbrrh. Það er hins vegar ekki gerð tillaga um að afgreiða slíkar bætur í þessu frv. enda var í frv. hæstv. fyrrv. heilbrrh. verið að gera tillögur um heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu.

Hér er ekki verið að gera neina slíka tillögu. Í þeirri tillögu um heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu var, með lækkun á einum bótaþætti eða greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins vegna eins tiltekins bótaflokks, útvegað fé til að fjármagna þær viðbótargreiðslur sem átti upp að taka, þar á meðal þær sem hér er um að ræða. Hins vegar er ekki verið að gera það hér, aðeins verið að gera skipulagsbreytingar annars vegar og fá lagastoð undir tilteknum afgreiðslum hins vegar.

Um áframhaldandi greiðslur umönnunarbóta eftir 16 ára aldur vil ég vísa hv. þm. á að um leið og viðkomandi einstaklingur er orðinn 16 ára gamall öðlast hann rétt til örorkulífeyris. Mikið sjúkt barn sem orðið er 16 ára og ekki nýtur lengur umönnunarbóta eða barnaörorku gengur beint inn í greiðslu örorkulífeyris sem það fær sjálft til eigin þarfa. Það er misskilningur, sem mætti ætla af ummælum hv. þm. að slíkar eða sambærilegar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins féllu niður vegna umræddra barns við 16 ára aldur. Slíkt er ekki. En þá er enn spurning um það hvort menn kjósa að greiða bæði umönnunarbætur og fullan örorkulífeyri vegna slíks aðila. Ég reikna ekki með að hv. þm. hafi verið að koma með þá tillögu. Þess vegna held ég að hér sé um misskilning að ræða, misskilning sem grundvallast á því að menn hafi ekki áttað sig á að þegar umönnunarbætur falla niður við 16 ára aldurinn kemur örorkulífeyririnn í staðinn.

Varðandi það sem hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði áðan er það rétt ábending hjá honum að tilgangurinn með þessu frv. er ekki að lækka umönnunarbæturnar frá því sem þær eiga að vera, þ.e. röskar 47 þús. kr. Þetta eru pennaglöp sem hafa orðið við samningu frv. hjá embættismönnum félmrn. og heilbr.- og trmrn. og auðvitað ber ég sem ráðherra ábyrgð á því að uppgötva það ekki fyrr en frv. kemur inn í þing. En ég vil ítreka það að ástæðan fyrir þessu er pennaglöp en ekki sú að menn hafi ekki haft nægan tíma til að skoða þetta einfalda mál. Menn voru ekkert að flýta sér við samningu þessa frv. Þetta var ekki gert á einni nóttu. Menn höfðu nægan tíma en þessi pennaglöp voru gerð.

Þá minntist hann einnig á, sem rétt er, að í frv. því, sem hann og fleiri hv. þm. Framsfl. flytja, er gert ráð fyrir því að umönnunarbætur vegna fatlaðra barna verði áfram greiddar skv. 10. gr. um málefni fatlaðra en umönnunarbætur vegna sjúkra barna verði greiddar með þeim hætti að Tryggingastofnun sjái ekki bara um greiðsluna heldur úrskurði einnig um bótafjárhæðina. Ég tel að það sé mjög óæskilegt að fyrir mjög sambærileg atvik séu tveir aðilar sem úrskurða. Ég tel einmitt að það hafi komið fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að slíkt getur leitt til mismununar og þess að ekki sé samræmi í úrskurði. Ég held því að það sé rétt viðhorf sem kom fram hjá hv. þm. að bæði sé eðlilegra og æskilegra að gera þá skipulagsbreytingu sem lögð er til í þessu frv. að einn og sami aðilinn úrskurði um bótagreiðsluna í öllum þessum tilvikum.

Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því, af því að ég hef þær upplýsingar ekki hér með höndum, að gera hv. heilbr.- og trn. mjög glögga grein fyrir því hvaða breytingar hafa verið gerðar bæði til rýmkunar og einnig til takmörkunar — því þær hafa einnig verið gerðar — á greiðslu ferðakostnaðar vegna sjúkra barna.

Þær upplýsingar mun ég senda inn til heilbr.- og trn. svo nefndin geti kynnt sér það sjálf. Sjálfsagt hefði mátt gera þá kröfu til ráðherra að hann kæmi með þær upplýsingar hér á þennan fund vegna ummæla sem hv. þm. Finnur Ingólfsson lét falla fyrir nokkrum dögum þegar sama mál var til umræðu. Það gerði ég ekki og það er að sjálfsögðu mín sök en ég mun bæta úr því með því að óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að allar þær reglur sem nú eru í gildi — sem breytt hefur verið bæði til rýmkunar og til takmörkunar — verði lagðar fyrir heilbr.- og trn.

Svo ítreka ég þakkir til þessara hv. þm. fyrir jákvæðar undirtektir og treysti því að þeir og aðrir þingmenn stuðli að því að frv. þetta geti orðið að lögum fyrir áramót.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og ég held að hann hafi þar farið yfir flesta þætti nema það sem snýr að þeim nánast fullyrðingum í grg. frv. um að umönnunarlaun hafi komið í stað barnaörorkubóta. Það vill nú svo til að í frv. til fjárlaga, undir lið 07-700 104, í félmrn., eru áætlaðar 132 millj. til þessara greiðslna. Síðan er talað um í grg. með þessu frv., í umsögn frá fjmrn., að það þurfi að bæta þar við 15 millj. þannig að upphæðin fari í 147 millj. á árinu 1992 til þess að sinna öllum þessum greiðslum. Mismunurinn hins vegar á þessari upphæð og þeim greiðslum sem nú þegar hafa verið inntar af hendi á þessu ári er 66 millj. en það er akkúrat sú upphæð sem hefur verið greidd vegna barnaörorkubóta fram að þessu. Ég vil gjarnan fá svör hjá ráðherra þegar hann hefur lokið sínum viðræðum við formann Alþb. (**Gripið fram í:** Hann er að fá línuna.) Það er spurning hvor er að fá línuna. Þegar jafnaðarmenn ræðast við þá er það spurning. — Þið hafið lokið ykkar samtali og þá get ég haldið áfram. Það var þannig að barnaörorka var greidd í 781 tilviki á árinu 1990 en þeim tilvikum hefur fjölgað upp í 861 það sem af er þessu ári. Það hafa verð greiddar út vegna barnaörorku á þessu ári 66 millj. Ef við tökum frumvarpstöluna og ef við tökum þá tölu sem er í greinargerðinni og töluna sem hefur verið greidd út bæði vegna umönnunarbóta og örorkubóta á þessu ári þá er mismunurinn 66 millj. Er það tilviljun eða er það vegna þess að fella á niður greiðslu örorkubóta til barna?

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það eru tvær spurningar sem ég vil bera fram við hæstv. ráðherra. Ég vil þakka honum góð svör áðan. Fyrri spurningin er þessi: Hefur þessi tilfærsla á 10. gr. verið rædd við Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp? Er þetta gert í samráði við þessa aðila? Í öðru lagi held ég að ég hafi skilið það rétt sem fram kom í máli ráðherrans, ef svo er þá líst mér vel á fyrirkomulagið sem hann lýsti, að það verði sem sagt Tryggingastofnun ríkisins eða tryggingayfirlæknir þeirrar stofnunar sem sjái um hið faglega mat á örorkunni en tillögur um umönnunarþörf komi frá svæðisstjórnunum. Þetta held ég að eðlilegt sé að gera með þessum hætti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að í frv. því sem fyrrv. heilbrrh. lagði hér fram í þinginu er gert ráð fyrir því að barnaörorkan félli niður.

Á þeim tíma er við vorum að endurskoða þessi lög komum við ekki auga á annað en að umönnunarbæturnar tækju að fullu allan þann bótarétt sem barnaörorkan hefur haft fram undir þetta. Nú kann vel að vera að það hafi ekki verið nógu nákvæmlega skoðað á sínum tíma. Eftir á að hyggja kann það að vera skynsamlegt að halda þessu ákvæði í 12. gr. inni í frv. og ekki síst ef ekki verður orðið við þeim óskum sem ég setti fram áðan um að uppihaldsstyrknum og ferðakostnaðarreglunum verði breytt getur verið mikilvægt fyrir hæstv. ráðherra að hafa heimild í lögum til að greiða uppbætur á umönnunarbæturnar í gegnum barnaörorkuna. Þá á ég við að oft verða aðstandendur þessara barna fyrir verulegum aukakostnaði, vegna þess krankleika sem hrjáir barnið, vegna lyfjakostnaðar, ferðakostnaðar og annars slíks. Hefði ráðherrann þarna heimild til uppbóta ef hann vildi hafa það inni í lögunum.

Ég sagði áðan að ég teldi að það yrði ekki mjög kostnaðarsamt fyrir ríkið að verða við þeim óskum sem fram koma í frv. okkar framsóknarmanna. Mér sýnist að ferðakostnaðarútgjöldin, á verðlagi ársins 1990, gætu orðið um 15 millj. kr. og uppihaldsstyrkurinn gæti orðið á fyrsta og öðru ári 50 millj. kr. eða útgjöld upp á u.þ.b. 65 millj. kr. En þetta er nú reyndar á verðlagi ársins 1990 og hefur sjálfsagt eitthvað hækkað síðan.

Að lokum þetta: Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma með þetta mál inn í þingið. Ég segi að það nær of skammt en það horfir þó til bóta að því leyti til að ég tel mikilvægt að samræma þennan rétt. Aðstandendur og þau börn sem fá greiðslu samkvæmt 10. gr. búa við mikið óöryggi af þeirri ástæðu að 10. gr. í málefnum fatlaðra nær alls ekki yfir kostnað við þennan hóp, heldur var það barnaörorkan sem er í kringum 9.000 kr. á mánuði á meðan greiðsla skv. 10. gr. er 47.110.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Út af fsp. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur vil ég taka fram að í flestöllum ef ekki öllum tilvikum held ég að menn hafi þurft að bæta verulegum fjárhæðum við þær áætlanir sem gerðar hafa verið um greiðslu bóta skv. 10. gr. um málefni fatlaðra. Þar hafa lagaákvæðin um bótagreiðslurétt eða bótagreiðsluheimild ráðið niðurstöðunni en ekki áætlun fjárlaga. Það er gert ráð fyrir því að sá kostnaður sem var vegna 10. gr. um málefni fatlaðra verði allur færður yfir á Tryggingastofnun ríkisins í umönnunarbótaflokk. Hvort þar er áætlað mikið eða lítið er sjálfsagt að skoða, hvort menn telja að áætlunin samræmist þörfinni eða ekki. Auðvitað er alveg ljóst að það eru ákvæðin í þeim lögum sem verið er að óska eftir að sett verði sem koma til með að ráða fjárhæðinni, hvaða áform eða áætlanir sem menn eru með í fjárlögum. Síðan verður auðvitað um að ræða viðbótarkostn-

að ef menn halda barnaörorkunni áfram þrátt fyrir umönnunarbæturnar. En eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson benti á áðan þá held ég að það sé ekki nokkur lífsins leið að áætla slíkan kostnað fyrir fram því hér yrði þá um að ræða heimildarákvæði til ráðherra eða öllu heldur til Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur þ.e. um viðbótargreiðslur umfram umönnunarbæturnar sem ómögulegt er að gera sér grein fyrir nú hverjar gætu orðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og vísað til heilbr.- og trn. með 35 shlj. atkv.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 189.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Hinn 13. júní 1990 skipaði ég nefnd til að endurskoða núgildandi ákvæði um vatnsveitur og holræsi sveitarfélaga. Með endurskoðun þessari skyldi fyrst og fremst stefnt að því að einfalda framkvæmd þessara mála og í því skyni m.a. kannað hvort ekki mætti komast af með eina reglugerð fyrir vatnsveitur sem gilti fyrir allt landið í stað sérstakrar reglugerðar fyrir hvert sveitarfélag.

Í nefnd þeirri er samdi frv. það sem hér er til umræðu áttu sæti Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félmrn., sem skipuð var formaður nefndarinnar, Hjörleifur B. Kvaran, framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar, og Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, báðir tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Hinn 16. okt. sl. skilaði nefndin mér frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga ásamt drögum að reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Nefndin komst hins vegar að þeirri niðurstöðu varðandi gildandi lagaákvæði um holræsi að endurskoðun á þeim krefjist víðtæks samráðs við önnur ráðuneyti. Ég hef því ákveðið að óska eftir tilnefningu þeirra ráðuneyta er hlut eiga að máli svo endurskoðun geti haldið áfram.

Í þessu frv. sem hér liggur fyrir er að finna ákvæði um vald og verksvið sveitarstjórna varðandi vatnsveitur. Frv., sem fjallar um veitur fyrir kalt vatn, gerir ráð fyrir að til hagræðis sé slegið saman í ein lög efni nokkurra ákvæða í III. kafla vatnalaga, laga um aðstoð til vatnsveitna auk ákvæða sem nú er að finna í fjölda reglugerða og gjaldskráa ýmssa sveitarfélaga. Frv. þetta skiptist í 14 greinar og skal nú gerð grein fyrir efni þess í aðalatriðum.

Samkvæmt 1. gr. þess er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að í stað heimildar er nú lögð skylda á bæjarstjórnir að starfrækja vatnsveitur í bæjum eða kaupstöðum eins og er reyndin í dag. Vatsveiturnar skal starfrækja í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings í hlutaðeigandi bæ eða kaupstað svo og heimila, atvinnutækja, þar á meðal hafna eins og kostur er. Hins vegar er ekki talið unnt að leggja sambærilega skyldu á hreppsnefndir m.a. með tilliti til smæðar margra þeirra og hversu dreifð byggðin innan hreppanna getur verið. Í stað skyldu er því lagt til að hreppsnefndum verði heimilt að starfrækja vatnsveitur í hlutaðeigandi hreppum í sama tilgangi og að framan sagði en þó sleginn sá varnagli að áður en lagt er í þessar framkvæmdir skuli rannsókn fara fram og jafnframt gerð kostnaðaráætlun sem sýnir að hagkvæmt sé að leggja í þessa framkvæmd. Er þetta svo til óbreytt frá núgildandi lögum.

Í 2. gr. frv. segir að sveitarstjórn fari með stjórn vatnsveitu í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Hins vegar er lagt til að lögbundin verði sú heimild sveitarstjórna að kjósa sérstaka stjórn til að fara með yfirumsjón þessara mála í umboði sveitarstjórnar, þar með talin verkefni þau sem sveitarstjórn eru falin með frv. þessu. Þá er og gert ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi heimild til að ráða sérstakan vatnsveitustjóra sem annast daglega stjórn vatnsveitu. Mörg sveitarfélög hafa nú þegar tekið upp þessa hætti, ýmist annan eða báða og gefist mjög vel. Með hliðsjón af því þykir eðlilegt að binda ákvæði sem þessi í lög, m.a. til að skapa meiri festu í stjórnsýslu sveitarfélaga. Nánari ákvæði um stjórn vatnsveitu, svo sem valdsvið hennar gagnvart sveitarstjórn er að finna í drögum að reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga sem ég hef áður minnst á. Einnig er þar að finna nánari ákvæði um vatnsveitustjóra.

Samkvæmt 3. gr. frv. er sveitarstjórnum heimilt að leggja og reka saman vatnsveitu. Lagt er til að slík samvinna verði í formi byggðasamlaga nema sveitarfélögin komi sér saman um annað fyrirkomulag.

Í 4. og 5. gr. frv. er lögð til sú breyting frá núgildandi ákvæðum vatnalaga að sveitarstjórn verði eigandi allra vatnsæða í vatnsveitu sveitarfélagsins, jafnt heimæða sem í götu og aðalæða enda sjái hún um lagningu og annist og kosti viðhald á þeim. Eins og málum er háttað í dag er það húseigandi sem skal sjá um að greiða kostnað við lagningu slíkrar vatnsæðar og jafnframt annast viðhald hennar. Telja verður það þægilegri kost fyrir báða aðila, þ.e. sveitarstjórn og fasteignareiganda að leggja það í hendur sveitarstjórnar að annast þetta hvort tveggja. Ákvæði sambærileg þessu er að finna í ýmsum reglugerðum fyrir hitaveitur og ekki óeðlilegt að sama fyrirkomulag gildi fyrir allar vatnsæðar hvort sem um þær rennur heitt eða kalt vatn.

Í þessu sambandi vil ég þó vekja athygli á ákvæði 2. mgr. 14. gr. frv. þessa en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þær heimæðar, sem fasteignaeigendur eiga við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, skulu vera eign þeirra áfram nema samkomulag verði um að sveitarstjórn yfirtaki þær. Að liðnum 10 árum frá gildistöku þessara laga ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignareiganda."

Með hliðsjón af því sem ég sagði hér að framan verður að telja það bæði sjálfsagt og eðlilegt að sveitarstjórn hafi einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns

á því svæði sem hún nær yfir enda slíkt lagt til í 5. gr. frv. og í samræmi við núgildandi lög.

Samkvæmt ákvæðum frv. er gert ráð fyrir að sveitarstjórn sé heimilt að innheimta eftirtalin gjöld vegna vatnsveitu: Heimæðargjald, vatnsgjald, aukavatnsgjald og sérstakt gjald fyrir leigu á löggiltum mælum vegna innheimtu aukavatnsgjalds. Lagaheimildir eru nú þegar fyrir hendi til að innheimta öll þessi gjöld að frátalinni mælaleigunni. Þær er nú að finna í tvennum lögum. Það er í vatnalögum, nr. 15/1923, og í lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947. Rétt þykir eðli máls samkvæmt að hafa heimildir sveitarstjórna til þessarar gjaldtöku á einum stað og í lögum sem heyra undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Varðandi álagningu vatnsgjalds er lögð til með þessu frv. sú breyting að álagningarstofn þess verði afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglu Fasteignamats ríkisins, samanborið við 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er álagning vatnsskatts hins vegar miðuð við fasteignamatsverð húseigna eins og það er í hverju sveitarfélagi. Þessi breyting þýðir að álagning vatnsgjalds miðast við sama gjaldstofn og fasteignaskattur sem lagður skal á sbr. 3. gr. fyrrgreindra laga. Af hálfu einstakra sveitarstjórna hefur verið bent á hagræðingu fólgna í fyrirkomulagi sem þessu.

Þá er það nýmæli að finna í þessu frv. að lagt er til að sveitarstjórnirnar sjálfar ákveði upphæð framangreindra gjalda með hliðsjón af öðrum ákvæðum frv. og væntanlegrar reglugerðar. Þessi tillaga er í samræmi við 6. gr. sveitarstjórnarlaga er kveður á um að sveitarfélög skuli hafa sjálfsforræði í gjaldskrám eigin fyrirtækja og stofnana en í núgildandi lögum eru þessar ákvarðanir sveitarstjórnar háðar staðfestingu félmrn.

Hins vegar er í 11. gr. frv. gert ráð fyrir að sveitarfélög verði skylduð til að setja sér gjaldskrá þar sem m.a. komi fram upphæð þessara gjalda hverju sinni. Þessar gjaldskrár þurfa ekki staðfestingar félmrn. til að öðlast gildi en þær skulu aftur á móti kunngerðar í hverju sveitarfélagi á þann hátt sem venja er með opinberar auglýsingar. Í frv. þessu er einnig að finna nýmæli sem gerir ráð fyrir að í einstökum sveitarfélögum verði unnt að taka tillit til sérstakra aðstæðna vegna fyrirtækja eða aðila sem kaupa óvenju mikið vatn eða nota það til sérstakrar framleiðslu. Í þeim tilvikum kann m.a. stofnkostnaður að vera sérstaklega mikill eða önnur atriði óvenjuleg sem réttlæti það að sveitarstjórn geti gert sérstakt samkomulag um sölu vatns sem annaðhvort byggist á föstu gjaldi eða mældri notkun.

Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að félmrh. setji reglugerð fyrir vatnsveitu sveitarfélaga þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála. Eins og ég hef þegar minnst á liggur þessi reglugerð þegar fyrir í drögum og verður kynnt félmn. sem fær þetta mál til meðferðar.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari ræðu minni gert í stuttu máli grein fyrir helstu ákvæðum þessa frv. um vatnsveitur sveitarfélaga. Ég tel nauðsynlegt að ákvæði um vatnsveitur sveitarfélaga, og þá er ég fyrst og fremst að tala um stjórn vatnsveitumála og heimildir til gjaldtöku, verði að finna í einum lögum sem heyri undir eitt ráðuneyti. Að öðru leyti en hér er kveðið á um skulu ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, gilda um vatnsveitur sveitarfélaga, svo sem ákvæði um vatnsöflun, eignarnám og fleira eftir því sem við á hverju sinni. Frv. þetta hefur þegar verið kynnt fyrir formanni og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og voru þeir sammála um efni þess.

Vænti ég þess að frv. þetta fái afgreiðslu hér á hinu hv. Alþingi og ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar í tilefni af þessu frv. að benda á að landið hefur ekki verið rannsakað og skipulagt með tilliti til nýtingar og verndunar grunnvatns sem þetta hlýtur að koma inn á að einhverju leyti. Ég heyrði í framsögu hæstv. félmrh. að þetta fjallar ekki um þá hlið málsins en ég tel mjög mikilvægt að sá þáttur gleymist ekki í þessu sambandi.

Á 111. löggjafarþingi flutti ég ásamt þingkonu Kvennalistans og svo aftur á 112. löggjafarþingi ásamt fulltrúum úr öllum þingflokkum till. til þál. um að Alþingi mundi fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að umhverfi allra byggðarkjarna á landinu yrði rannsakað og skipulagt með tilliti til nýtingar og verndunar grunnvatns. Það vita flestir hversu alvarlegt þetta mál getur verið og erfitt fyrir sum sveitarfélög að afla sér neysluvatns. Bæði er að víða á landinu er ekki hægt að komast niður á almennilegt vatn til neyslu og yfirborðsvatn er oft mjög mengað. Víða berst grugg og óhreinindi niður í grunnvatnið og niður í vatnsból og dæmi eru um að fuglar og jafnvel kindur og kýr hafi komist í grunnvatn og vatnsból. Mér þykir því mjög mikilvægt að jafnframt því að verið er að taka á þessu máli um vatnsveitur sveitarfélaga, og reyndar boðaði hæstv. félmrh. að áfram yrði unnið að þessu máli, að sérstakt tillit verði tekið til þessara mála með umhverfisvernd í huga.

Ég vil einnig benda á að grunnvatn og ferskvatn er ekki ótæmandi auðlind. Hún er takmörkuð og menn hafa kannski ekki veitt því nægjanlega mikla athygli að þessi auðlind er okkur verðmæt og það er ekki hægt að ganga í hana eins og hún sé óþrjótandi. Ég vil í því sambandi benda á athuganir sem gerðar hafa verið á Reykjanesi. Þar voru mörg fiskeldisfyrirtæki og þar var borað eftir fersku vatni jafnt og söltu og reyndar heitu vatni líka algerlega án tillits til þess að grunnvatnskerfið er auðvitað meira og minna samtengt á stórum svæðum. Það er ekki þannig að hver og einn geti borað án þess að tekið sé tillit til þess hvaða áhrif það hefur á grunnvatnskerfið í heild. Þegar verið er á annað borð að taka á málum vatnsveitnanna verður einnig að taka tillit til umhverfismála.

Það er gert ráð fyrir því í 14. gr., síðustu grein frv., að þessi lög eigi að taka gildi 1. jan. 1992. Í athugasemdum við þessa grein segir, leyfi forseta: „Rétt þykir að leggja til að frv. þetta verði að lögum um áramót

og þá fyrst og fremst með hliðsjón af fjármálalegri hlið þessara mála." Mig langar til að spyrja hvort það sé mjög mikilvægt að þetta verði lögfest fyrir áramót vegna þess að mér þykir tíminn æði knappur ef á að líta á málið frá öllum hliðum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er í sjálfu sér ekki þess eðlis að það veki upp neinar deilur í *pólitískum skilningi en það er hins vegar spurning* sem vaknar hvort nauðsynlegt hafi verið að flytja frv. um vatnsveitur sveitarfélaga. Ég er ekki sannfærður um að nauðsyn sé að festa þá skyldu í lög að í kaupstöðum skuli vera reknar vatnsveitur þó ég sjái heldur ekki ástæðu til þess að andmæla því eða hafa sérstaklega á móti því að frv. sé flutt.

Það sem ég vildi benda á við fyrstu yfirferð er að ef það er vilji löggjafarvaldisins að lögbinda þetta hlutverk, sem er út af fyrir sig ekki eðlismunur á, kannski fremur stigsmunur, þá hygg ég að í þeim lögum verði líka að vera ákvæði sem tekur á því hvernig sveitarfélög geti framfylgt þessari skyldu. Aðstæður sveitarfélaga til þess að sinna þessari skyldu með sómasamlegum hætti eru mjög mismunandi, ef ég ræði um þetta eins og það er í frv. Víða eru vandræði með að fá sómasamlegt vatn. Á Vestfjörðum t.d. er mjög mikið notast við yfirborðsvatn og ég hygg að á láglendinu á Suðurlandi séu ýmsir erfiðleikar við að uppfylla þetta með bærilegum hætti. Það er alveg ljóst að kostnaðurinn er mjög misjafnlega mikill í sveitarfélögum eftir því hvernig aðstæður eru til þess að útvega vatn. Ef hugsunin á annað borð er sú að lögbinda þessa skyldu hygg ég nauðsynlegt að breyta því fyrirkomulagi sem nú er en það er þannig að sveitarfélög geta fengið fé úr Jöfnunarsjóði til stofnframkvæmda við vatnsveitur. Ég hygg að þá yrði nauðsynlegt að færa það sem stendur í þessari reglugerð um Jöfnunarsjóð yfir í frv. um Vatnsveitur sveitarfélaga þannig að þetta sé þá jafngilt, kvöðin og rétturinn.

Ég bendi á að í 2. gr. tel ég nægjanlegt að hafa bara fyrstu setninguna. Ég hygg að annað sem á eftir kemur sé í rauninni óþarft því það er á valdi sveitarstjórnar að kjósa sérstaka stjórn í málið ef hún telur þess þörf. Það þarf ekki að setja heimildargrein um það í þessum sérlögum. Það er í sveitarstjórnarlögunum og að sjálfsögðu er það líka á valdi sveitarstjórnar að ráða mann til sérstakra starfa og því óþarft að mínu mati að setja sérstakt heimildarákvæði í lög til þess eins og hér er gert varðandi vatnsveitustjóra.

Ég bendi líka á að tilhneiging hefur verið til þess í sveitarstjórnum á undanförnum árum að reyna að draga úr nefndafarganinu og menn hafa verið að endurskoða samþykktir um stjórnir kaupstaða og leitast við að fækka nefndum og ráðum. Meðal þeirra nefnda sem *mér sýnist* að þó nokkrar sveitarstjórnir hafi lagt niður eru einmitt vatnsveitustjórnir. Í nær öllum sveitarfélögum, eða kaupstöðum skulum við segja, var til sérstök vatnsveitustjórn. Þær hafa margar hverjar verið lagðar niður og verkefni þeirra fellt undir viðkomandi bæjarráð. Ég hygg því að það sé óþarft að hafa annað í 2. gr. en fyrstu setninguna og menn nái þeim markmiðum sem að er stefnt jafnt þótt það sem á eftir kemur sé ekki sérstaklega tekið fram.

Ég staldra aðeins við 13. gr. Ég velti því fyrir mér hvort hér sé verið að auka miðstýringuna í þessum málaflokki. Þetta hefur verið þannig eins og fram kom í framsöguræðu ráðherra, að hvert sveitarfélag hefur sett sína eigin reglugerð og ákvarðað sína eigin gjaldskrá. Að vísu þarf staðfestingu ráðherra en ég veit ekki *til annars en sú staðfesting hafi ævinlega fengist* þannig að í framkvæmd hefur málið verið að fullu og öllu í höndum viðkomandi sveitarstjórna. Ég tel rétt að fara yfir 13. gr. í nefnd til þess að átta sig betur á því hvaða hlutverk félmrh. á að hafa samkvæmt henni, hvort það sé meira en nú er því að ég tel í rauninni ekki æskilegt að auka miðstýringuna í þessum málaflokki frá því sem nú er. Það má vera að vaki fyrir flutningsmanni að gæta samræmis, að samræma þessar gjaldskrár og út af fyrir sig er það ágætt markmið. En því geta menn náð einfaldlega í gegnum Samband ísl. sveitarfélaga og ég tel ekki þörf á að ná því með sérstakri lagasetningu og í raun heldur ekki æskilegt.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta frv. á þessu stigi að öðru leyti. Eins og fram hefur komið hef ég ekki miklar athugasemdir við þetta frv. Það eru fremur spurningar um nauðsyn þess en ég sé ekki, eins og ég tók fram áðan, neina sérstaka ástæðu til að leggjast gegn því. Ég hygg að þetta ætti að geta átt sæmilega greiða leið í gegnum þingið þó að nefndin sem fær þetta til umfjöllunar muni að sjálfsögðu hafa samráð við Samband sveitarfélaga um efni þess.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta frv. en einstaka athugasemdir hafa komið við ákveðnar greinar þess. Ég vil leggja áherslu á í því sambandi að sveitarfélögin hafa um langan tíma óskað eftir því að framkvæmd þessara mála yrði einfölduð og það er einmitt tilefni flutnings frv. og um allt þetta mál og samningu þessa frv. hefur verið haft mjög náið samráð við sveitarfélögin.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. um umhverfisþáttinn. Auðvitað er það svo með þetta mál sem önnur að það verður að vinna það með umhverfisvernd í huga.

Hv. þm. nefndi einnig gildistöku þessa frv. sem miðuð er við áramótin. Þessu frv. var skilað til mín í október en nokkur dráttur hefur orðið á að það hafi komið fyrir þingið. Nefndin taldi heppilegra að frv. tæki gildi um áramótin vegna ákvæða um gjaldtöku en það verður auðvitað að ráðast af því hvort nefndin nær að afgreiða það fyrir áramót. Ég hygg að nefndin taki það til sérstakrar skoðunar hvort hægt væri að fresta þessu en ég geri mér grein fyrir að stuttur tími er til stefnu og mörg mál sem Alþingi þarf að afgreiða.

Varðandi 2. gr. frv. sem hv. 5. þm. Vestf. gerði athugasemd við, þ.e. síðari mgr. þeirrar greinar um að sveitarstjórn sé heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar o.s.frv., þá vil ég vekja athygli á að hér er um heimildar-

ákvæði að ræða til þess að koma meiri festu á þessi mál en alls ekki skyldu á sveitarfélögin.

Varðandi 13. gr. er það kannski eitt af mikilvægum ákvæðum þessa frv. að einfalda alla framkvæmd með því að setja eina reglugerð fyrir vatnsveitur en ég hygg að ákvæði reglugerðarinnar sem nefndin fær til skoðunar séu það rúm að ekki sé verið að binda sveitarstjórnir með einum eða öðrum hætti umfram það sem verið hefur. Ég veit að hv. þm. á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um þetta mál og hann mun væntanlega koma athugasemdum sínum á framfæri við nefndina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og vísað til félmn. með 35 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 186. mál (skipting kostnaðar). — Þskj. 205.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1984 en efni þess er umfjöllun um Lífeyrissjóð bænda. Það frv. sem ég mæli fyrir nú er flutt í tengslum við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1985 um eftirlaun til aldraðra, sem heilbr.- og trmrh. hefur lagt fram á Alþingi. Í því frv. er gert ráð fyrir verulegum breytingum á fjárhagsákvæðum laganna um eftirlaun til aldraðra, þar á meðal að framlag skv. 25. gr. laganna falli niður. Í frv. þessu um Lífeyrissjóð bænda er lagt til að tímabundin ákvæði laganna um Lífeyrissjóð bænda verði framlengd nokkuð breytt til ársloka 1996 en samkvæmt núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út í árslok 1991. Breytingin tekur til II. kafla laganna sem fjallar um þá bændur sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr.

Árið 1969 var samið um stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða og þá gaf þáv. ríkisstjórn fyrirheit um sérstök réttindi aldraðara félaga í stéttarfélögum, þ.e. manna sem eru fæddir 1914 eða fyrr. Ráðstafanir þessar voru lögfestar árið 1970. Sama ár voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda en í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um réttindi aldraðra bænda hliðstæð þeim réttindum sem öldruðun launþegum voru veitt með lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögunum. Ný lög um Lífeyrissjóð bænda voru síðan sett 1984 og eru þau enn í gildi. Tímabundin ákvæði þeirra laga hafa verið framlengd óbreytt tvisvar sinnum. Nú er hins vegar fyrirhugað að gera verulegar breytingar á þessum ákvæðum. Breytingar þessar eru gerðar til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í lögunum um eftirlaun til aldraðra, þ.e. lögum nr. 2/1985. Samkvæmt núgildandi lögum skiptist lífeyrir til aldraðra bænda í grunnlífeyri og uppbót, þ.e. verðtryggingu. Grunnlífeyririnn er greiddur af ríkissjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Uppbótin er hins vegar greidd með framlagi skv. 25. gr. laga nr. 2/1985.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frv. snúast um fjármögnun lífeyrisréttinda skv. II. kafla. Lagt er til að Lífeyrissjóður bænda greiði öldruðum sjóðfélögum verðtryggðan lífeyri í samræmi við réttindatíma hvers og eins en hið opinbera það sem á vantar af fullum réttindum skv. lögunum. Enn fremur er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 3. gr. að uppbót verði sameinuð grunnlífeyri í eina greiðslu. Breytingarnar munu hins vegar ekki breyta neinu um lífeyrisgreiðslu til hvers og eins.

Ljóst er að kostnaður vegna verðtryggingar sem nú er greiddur með framangreindu framlagi mun að verulegu leyti lenda á hinu opinbera. Stafar þetta m.a. af því að Lífeyrissjóður bænda er ekki stofnaður fyrr en árið 1971 og er þar af leiðandi einn af yngstu sjóðunum. Áætlað er að kostnaður vegna lífeyrisgreiðslna á árinu 1991 nemi 157 millj. kr. Þar sem gert er ráð fyrir því í frv. þessu að lífeyrisgreiðslur sjóðsins verði verðtryggðar munu þær hækka nokkuð eða um 2 millj. miðað við árið 1991. Greiðslur hins opinbera hefðu því numið 155 millj. í ár hefði hið breytta fyrirkomulag gilt á yfirstandandi ári.

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram er þetta frv. í beinum tengslum við frv. um eftirlaun til aldraðra sem heilbr.- og trmrh. hefur lagt fram á Alþingi og eru hliðstæð ákvæði, tímatakmörk og annað, í báðum þessum frumvörpum. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstök efnisatriði í frv. en vísa til greinargerðarinnar sem fylgir því. Ég skora á hv. alþm. að veita frv. þessu brautargengi og afgreiða það fyrir áramót eins og venja hefur verið með slík frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 209.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs. Aukatekjur ríkissjóðs eiga sér langa sögu í íslenskri löggjöf. Elstu heimildir um aukatekjur er að finna í Aukatekjureglugjörð fyrir réttarins þjóna en hún er frá árinu 1830. Tekjur samkvæmt þeim reglum runnu til embættismanna sem endurgjald fyrir ýmis embættisverk sem þeir framkvæmdu. Voru greiðslurnar í reynd hluti þeirra launa sem embættismenn þáðu frá ríkinu. Þetta breyttist þó skömmu fyrir síðustu aldamót þegar gerð var sú breyting með lögum nr. 2/1894 að aukatekjurnar urðu gjöld sem runnu í ríkissjóð. Þrátt fyrir það urðu aðeins óverulegar efnisbreytingar á lögunum frá því sem verið hafði í reglugerðinni. Frá því þau lög voru sett og fram til 1954 voru ekki gerðar efnisbreytingar á lögunum. Þær breytingar sem gerðar voru fram að þeim tíma lutu að því að hækka fjárhæðir.

Með lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, komu inn í aukatekjulög tveir nýir kaflar, annars vegar gjöld fyrir leyfisbréf, skírteini og fleira og hins vegar gjöld fyrir skrásetningar. Þessir kaflar höfðu að geyma allnokkur nýmæli ásamt því sem þar var að finna flest þau ákvæði sem áður höfðu verið í kaflanum um gjöld sem hét: Um gjöld fyrir ýmiss konar embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna. Þær breytingar sem gerðar höfðu verið á aukatekjulögunum frá 1954 og þar til núgildandi lög, sem eru nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, tóku gildi hafa í grundvallaratriðum einungis miðað að því að hækka fjárhæðir gjalda.

Með lögunum nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, var í fyrsta sinn horfið frá þeirri stefnu að löggjafinn kvæði á um gjaldstofna og gjaldskyldu. Í lögunum er að finna víðtækar heimildir til handa ráðherra þar sem honum er raunverulega bæði falið vald til að ákveða fyrir hvaða embættisathafnir skuli greiða gjöld og fjárhæð þeirra. Ef litið er á efnisinntak aukatekjulaga allt frá setningu Aukatekjureglugjörðar fyrir réttarins þjóna árið 1830 til setningar laganna nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, kemur í ljós að inntakið hefur tekið litlum breytingum. Reyndar má fullyrða að einu efnisbreytingarnar sem orðið hafa séu vegna breytinga á tíðaranda, þróunar þjóðfélagsgerðar og breyttrar löggjafar.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á liðnum árum á lögum um aukatekjur ríkissjóðs hafa einkum miðað að því að hækka fjárhæð gjalda. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði einstök gjöld með reglugerð. Þannig hefur fjmrh. sett reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs og dómsmrh. reglugerð um dómsmálagjöld. Það fyrirkomulag, að ákveða gjöld með reglugerð, hefur ákveðna kosti en um leið galla. Má í því sambandi benda á að ef vegna einhverra atvika þarf að leggja á nýtt gjald, t.d. nýtt leyfisgjald, þarf ekki að bíða eftir lagabreytingu heldur getur ráðherra kveðið á um gjaldtökuna í reglugerð. Á hinn bóginn er ráðherra með þessu fyrirkomulagi gefnar frjálsar hendur um ákvörðun fjárhæða með einhliða ákvörðun. Í þessu frv. er gert að fyrir að í lög séu leidd ákveðin grunngjöld sem síðan taki breytingum með hliðsjón af verðlagsbreytingum. Þannig sé það löggjafarvaldið sem kveði á í reynd um gjöld þessi en ekki framkvæmdarvaldið og þess vegna er horfið frá því fyrirkomulagi sem verið hefur við ákvörðun aukatekna ríkissjóðs frá því að núgildandi lög tóku gildi.

Frv. þetta gerir ekki ráð fyrir nema óverulegum hækkunum á þeim gjöldum sem ákveðin hafa verið í reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs. Nokkrar hækkanir verða hins vegar á þeim gjöldum sem í tíð gildandi laga hafa verið ákveðin með reglugerð um dómsmálagjöld o.fl. Veigamesta breytingin er sú að nú er sett ákveðið lágmark fyrir gjaldtöku vegna fjárnáms og nauðungarsölubeiðna auk þess sem gert er ráð fyrir að gjöld þessi skuli greidd í einu lagi við framlagningu beiðni um viðkomandi aðgerð. Hækkunaráhrif þessara lágmarksgjalda er þó óviss þar sem gerðarbeiðendur standa nú straum af kostnaði sem kemur til með að falla niður á næsta ári. Nú er til að mynda aksturskostnaður verulegur við margar gerðir en sýslumenn munu ekki krefjast hans eftirleiðis nema eftir 7. gr. Vottagjöld sem eru mismunandi eftir embættum verða ekki ákveðin til handa starfsmönnum embættanna eftir frv. til laga um meðferð einkamála í héraði sem nú er til meðferðar á Alþingi en samkvæmt ákvæðum þess frv. mun það taka gildi 1. júlí 1992. Þetta frv. gerir ráð fyrir að sýslumannsembættin muni standa straum af útlögðum kostnaði vegna nauðungarsölu. Að verulegu leyti má því segja að sú uppstokkun sem verður á ákvæðum I. og sérstaklega II. kafla laganna sé til einföldunar og samræmingar á gjaldtöku.

Varðandi hækkanir á ýmsum öðrum gjöldum, þ.e. hinum eiginlegu aukatekjum, má almennt segja að þjónustustofnunum sé ætlað að verðleggja og selja þjónustu sína í auknum mæli í samræmi við tilkostnað. Í því sambandi er rétt að taka tillit til þess kostnaðar ríkissjóðs sem ekki kemur fram á rekstrarreikningi viðkomandi stofnunar, svo sem endurgjaldslausra afnota af húsnæði og verðtryggingar á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna þeirra o.s.frv. Gjöld fyrir ýmsar skráningar eiga því til að mynda ekki einungis að vera endurgjald fyrir skráningarnar sem slíkar, heldur eiga þau að standa að hluta til undir rekstri viðkomandi skrá.

Það er að sjálfsögðu erfitt að meta hvaða áhrif þetta frv. hefur á tekjur ríkissjóðs en þó má gera ráð fyrir að þær aukist um 200–300 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um það frv. sem hér er til umræðu en legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er skynsamleg ráðstöfun að flytja frv. til laga þar sem sértekjur ríkisins eru ákveðnar með lagasetningu af hálfu Alþingis. Ég vil þess vegna lýsa yfir stuðningi við þá leið sem hér er farin, tel að hún sé til mikilla bóta. Ég tel það hafi verið á ýmsan hátt erfitt fyrir einstaka ráðherra að hafa þetta vald í sínum höndum eins og verið hefur á undanförnum árum. Ég vil þess vegna mæla með því að þetta frv. verði afgreitt.

Ég get hins vegar ekki sillt mig um það að rifja aðeins upp að þegar ég sem fjmrh. hækkaði ýmis af þeim gjöldum, sem nú er lagt til að verði staðfest, gagnrýndi Sjálfstfl. það mjög harkalega bæði innan þings og utan. Hann fer þess vegna stækkandi sá hópur fyrri yfirlýsinga Sjálfstfl. sem fellur marklaus þegar hann hefur tekið við ríkisfjármálunum. Ég ætla sér ekki að gera stórt mál úr því. Það er bara eins og annað sem Sjálfstfl. sagði í stjórnarandstöðu og dregur núna til baka þegar hann er kominn í ríkisstjórn, eitt í dag og annað á morgun, þessa skoðun utan stjórnar og aðra skoðun innan stjórnar.

Hins vegar kannski rétt í nefndinni að fara yfir einstaka þessara liði sem þarna eru en ég sé ekki ástæðu til þess að víkja að því hér en beini því til nefndarmanna að líta yfir það. Að öðru leyti vil ég lýsa al-

mennt yfir stuðningi við þá meginhugsun sem í þessu frv. felst og óska fjmrh. til hamingju með að vera kominn í hóp okkar hinna raunsærri manna, hættur þessum óábyrga málflutningi sem hann tíðkaði í stjórnarandstöðunni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að aukatekjur á við þær, sem hér er kveðið á, um voru mikil tekjulind, sérstaklega fyrir Danakonung á sínum tíma. Ég hef eiginlega furðað mig á því að menn skuli ekki hafa sótt meira til þeirrar reynslu.

Það er ein grein þessa frv. sem mig langar til þess að ræða hér sérstaklega og spyrja hæstv. fjmrh. út í. Það er 10. gr. frv. þar sem einkum er fjallað um ýmiss konar leyfi og þá einkum atvinnuleyfi. Eins og þetta kemur mér fyrir sjónir gætir hér mikils ósamræmis og þá verður mér einkum starsýnt á þá sem hafa háskólapróf, og mér sýnist að hafi nokkuð sambærilega menntun. Ég tek t.d. dæmi hér af 5. lið 10. gr., Leyfi til að stunda almennar tannlækningar. Fyrir það á að greiða 50 þús. kr. en aftur kosta leyfi til tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta, lyfjafræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga 25 þús. kr. Þarna er um sambærilega háskólamenntun að ræða, getur að vísu skeikað einu ári eða tveimur en mér finnst þetta óeðlilega mikill munur. Mig langar að fá skýringu á því hjá hæstv. fjmrh. hvernig á þessu stendur. Hvernig eru þessar tölur fundnar? Síðan eru sérfræðingsleyfi hærri. Þetta er svo sem allt umdeilanlegt hversu mikið á að greiða fyrir slík leyfi en ég tek undir orð síðasta ræðumanns að ég fagna því að þetta frv. skuli komið fram og að þessi leyfismál skýrist með þessu frv.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. sem tóku til máls við þessa 1. umr. fyrir þeirra undirtektir. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að það var ákaflega oft gagnrýnt þegar viðkomandi ráðherrar tóku sig til og hækkuðu gjöld þegar um var að ræða sum gjöld en ekki önnur. Má t.d. benda á að síðasti fjmrh. gerði skurk í þessum málum á sínum tíma og hækkaði nokkur gjöld en hvarf síðan að sumu leyti frá því aftur vegna gagnrýni sem kom fram. Ég er sammála hv. 8. þm. Reykn. um það að áreiðanlega er betra að þessi ákvæði séu í lögum enda er þessi gjaldtaka á mörkum þess að vera skattheimta jafnvel þótt hún sé gjaldtaka fyrir tilteknar aðgerðir af hálfu hins opinbera. Ég man t.d. eftir því að almennt lækningaleyfi var hækkað en síðan lækkað aftur og hefur það auðvitað vakið upp spurningar um hvaða rök séu fyrir upphæðunum í þessu frv. og reyndar á sama hátt í þeim reglum sem giltu áður en þetta frv. var smíðað. Það eru ekki stórkostlegar breytingar gerðar á upphæðum á aukatekjum, sérstaklega leyfisgjöldum í þessu frv.

Ef ég ætti að reyna að setja þetta í kerfi dettur mér helst í hug að það hafi þróast í gegnum tíðina á þann hátt, og sný ég mér þá að fyrirspurn hv. 18. þm. Reykv., að þeir háskólamenn sem hafa tækifæri til þess að sinna störfum með frjálsum hætti og ráða kannski vinnutíma sínum virðast greiða hærri gjöld en aðrir. Nú á það alls ekki við um verkfræðinga eða tæknifræðinga og skýringin á því að þeirra gjöld eru lægri en t.d. tannlækna er eingöngu sú að gjaldtaka fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga var ákveðin í öðru ráðuneyti, í iðnrn. hygg ég, og gjaldtakan var, ef ég man rétt 1.500 kr. eða 2.500 kr., og til samræmis við aðrar stéttir eru þessi gjöld hækkuð talsvert umfram annað í þessu frv. Þetta er skýringin en ég skal viðurkenna að mér verður heldur þungt um mál og erfitt tungu að hræra þegar ég er beðinn um að skýra rökin í þessu frv. og reyndar um leið í þeim reglum sem gilda nú.

Það sem einna helst breytist er að lægsta upphæðin er heldur hækkuð en lægstu upphæðirnar, sem fara eiginlega niður úr lágmarkinu, eru leyfisgjöld þar sem er um að ræða bráðabirgðaleyfi eða takmörkuð leyfi með einhverjum hætti, t.d. undanþágur ýmiss konar. Hins vegar er ekkert hreyft við upphæðum sem eru hæstar enda voru þær hækkaðar verulega í tíð síðasta ráðherra, hv. 8. þm. Reykn., eins og hann kom svo glögglega til skila í sínu máli. Það er ástæðan fyrir því að ákveðið var að hækka ekki þær upphæðir en taka frekar á þeim lægri enda er þar um að ræða talsverðan fjölda og gefur út af fyrir sig meira í aðra hönd.

Annað, sem ekki hefur verið rætt í þessari umræðu, eru dómstólagjöldin. Þar er aðeins verið að fylgja þeirri stefnu sem kemur fram í frumvörpum sem þegar hafa verið flutt, bæði fjárlagafrv. og frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt. Þar er í sumum tilvikum um verulegar hækkanir að ræða en þó skýrir frv. ekki þá hækkun sem kemur fram í fjárlagafrv. að fullu vegna þess að jafnframt er um að ræða tilfærslur á tekjum sem áður voru hjá vissum embættum, aðallega sýslumannsembættum en færast nú í ríkissjóð. Það er skýringin á þessum mun sem kemur fram á tekjum eða tekjuauka samkvæmt þessu frv. miðað við það sem gildir í dag og upphæðinni sem er í fjárlagafrv.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að dvelja lengur við þetta frv. Ég vænti þess, og ekki síst eftir þessar góðu undirtektir, að frv. fái góðan og greiðan gang í gegnum þingið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. StH og ÓRG, 163. mál (hámark vaxta). — Þskj. 175.

Flm. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég veit að þeirri ósk var komið á framfæri við virðulegan forseta að hæstv. forsrh. og viðskrh. væru viðstaddir þessa umræðu og vil ég leyfa mér að spyrja hvort þeir eru í húsinu eða hvort þeir eru

væntanlegir. (**Forseti:** Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að láta báða þessa hæstv. ráðherra vita af þeirri ósk en hvorugur þeirra er kominn í húsið enn þá. Hæstv. félmrh. er í salnum en einnig hafði verið óskað eftir nærveru hennar. Hér eru reyndar fleiri hæstv. ráðherrar. Það eru fjórir hæstv. ráðherrar í húsinu svo að ég vildi vita hvort hv. þm. getur hafið sína ræðu án þess að búið sé að ná sambandi við hæstv. forsrh. og viðskrh.) Því miður. Því miður, virðulegi forseti. Ég met það að vísu að hæstv. félmrh. er hér en það stóra mál sem um er að ræða varðar alveg sérstaklega hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. og ég hlýt að óska eftir því að gert verði hlé þar til þeir tveir ráðherrar eru mættir í húsið og á fundinn. — Að vísu get ég staðið hér ef óskað er. (**Forseti:** Það er búið að koma þessum óskum til skila þó að ekki hafi persónulega náðst í hæstv. ráðherra. *En forseti mun kanna hvort þeir hafi fengið* skilaboðin og ef hv. þm. vill fresta ræðu sinni þar til það liggur fyrir hefði forseti gjarnan viljað fresta þessu máli um sinn og taka fyrir 6. dagskrármálið ef hv. þm. sem flytur það mál er tilbúinn að nýta tímann á meðan.) Ég fellst á það.

Umræðu frestað.

Sjóður til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 50. mál. — Þskj. 51.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fá að þakka fyrir þann heiður að fá loksins að mæla fyrir þessu frv. Það er búið að vera fastur liður á dagskránni um nokkurra vikna skeið og ég var farinn að halda að það yrði þar til eilífðarnóns. En ég vil um leið og ég minnist á þetta lýsa furðu minni á því að hér er 7. dagskrárliðurinn, Seðlabanki Íslands, 163. mál, þskj. 175, og meiningin er að taka það til umræðu í dag, þegar á dagskránni laugardaginn 7. des. var frv. sem bar þingskjalsnr. 161, er 150. mál, og er um kaup á björgunarþyrlu. Ég skil ekki hvers vegna það fær ekki í það minnsta að halda sér í röðinni og vera á sínum stað í dagskránni, ekki síst í ljósi þess að það hefur ítrekað verið óskað eftir því að það mál væri tekið fyrir við fyrstu hentugleika. Ég vona að þetta verði leiðrétt og það mál fái að komast á dagskrá sem allra fyrst.

Það mál sem ég mæli fyrir nú er frv. til laga um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn og er á þskj. 51 og er 50. mál þingsins.

Flm. með mér eru 23 aðrir þingmenn þannig að ætla má að málið njóti a.m.k. velvilja þingsins. Þetta mál er keimlíkt máli sem flutt var á sl. þingi af mér ásamt þáv. hv. þm. Hreggviði Jónssyni en hét þá frv. til laga um Afreksmannasjóð eða eitthvað í þá veruna. Það nafn olli hins vegar misskilningi og þess vegna var farin sú leið að skíra frv. upp á nýtt þannig að efnisinnihald þess og tilgangur væri alveg skýr. Menn ályktuðu um fyrra frv. að hugsun flm. væri sú að styðja afreksmenn en það var alls ekki tilgangurinn heldur sá sem hér er vonandi alveg skýr en það er að styðja unga og efnilega íþróttamenn sem vonandi hefði það í för með sér að einhverjir þeirra næðu því marki að verða afreksmenn.

Ég ætla ekki að fjalla efnislega um gildi íþrótta. Ég tel að ég hafi gert það nógu oft hér og þurfi ekki að endurtaka það allt. Ég held að þingheimur hafi fullan skilning á gildi íþrótta yfirleitt og ég þurfi ekki að flytja þá ræðu einu sinni enn.

Frv. er tiltölulega einfalt. Fyrirmynd þess er frv. um skákmenn og gerir ráð fyrir því í 1. gr. að stofna skuli sjóð til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn og að stofnfé séu árslaun fjögurra háskólakennara.

Tilgangur sjóðsins er svo að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

Í fyrra frv. var gert ráð fyrir árslaunum 40 háskólakennara en við ákváðum að fara hógværari leið og hafa það fyrst og fremst að markmiði að koma þessum sjóði á koppinn og vinna svo að því frekar í framtíðinni að styrkja hann eftir því hvernig starf sjóðsins kemur út, hvort hann skilar þeim tilgangi og árangri sem flm. ætlast til.

2. gr. fjallar um að fjárveiting skuli fyrst koma á fjárlögum 1992 og síðan ár hvert á fjárlögum og upphæðin nemi ekki lægri fjárhæð en greinir í 1. gr. og að fjárhæðina skuli endurskoða ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

3. gr. skýrir út hverjir eigi rétt á greiðslum úr sjóðnum en það eru íþróttamenn sem að mati stjórnar sjóðsins hafa sýnt ótvíræða hæfileika í íþróttagrein sinni og eru því líklegir til afreka á því sviði. Einnig er tilgreint hvernig sækja skuli um greiðslur úr sjóðnum. Sérsambönd innan ÍSÍ munu við upphaf hvers fjárhagsárs senda stjórn sjóðsins tilnefningar um íþróttamenn er hljóta skuli styrk það ár. Þarna koma auðvitað fleiri aðilar til en stjórnir sérsambanda sem væntanlega kemur þá fram í reglugerð. Þetta geta verið þjálfarar íþróttafélaga, allra greina sem um er að ræða, og þetta geta verið leikfimikennarar, almennir kennarar eða þess vegna foreldrar. Það er svo aftur í höndum stjórnarinnar að meta það hver er þess verður að fá styrk.

4. gr. fjallar um hversu lengi stjórnin skal sitja hvert sinn eða þrjú ár, og hverjir skuli í henni sitja. Gert er ráð fyrir því að einn sé tilnefndur af framkvæmdastjórn ÍSÍ og annar af íþróttanefnd ríkisins og sá þriðji skuli skipaður án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

5. gr. fjallar um reglugerðarsetningu á vegum menntmrn. og 6. gr. um gildistöku frv.

Ég ætla að láta greinargerðina eiga sig, aðeins ítreka að hér er ekki verið að leggja til, eins og ég sagði áðan, að afreksmenn sem slíkir verði studdir, heldur á fyrst og fremst að hjálpa ungum og efnilegum íþróttamönnum að komast áfram í sinni íþróttagrein. Það vita allir að þegar við loksins eignumst afreksmenn eigum

við í þeim hvert bein. Við geysumst út í Leifsstöð og fögnum þeim þar með misgóðum ræðum. Það er algilt að þegar okkar menn ná árangri þá geysumst við þarna suður eftir og eigum í þeim hvert bein. En fjöldinn allur af efnilegum íþróttamönnum týnist á leiðinni og nær aldrei að verða afreksmenn og það er til þessara efnilegu íþróttamanna sem við viljum reyna að ná.

Það er líka rétt að ítreka það að þessi sjóður getur ekki og mun aldrei geta stutt við bakið á hópíþróttum, eins og knattspyrnu, handbolta, körfubolta eða slíku. Þetta er fyrst og fremst fyrir einstaklingsíþróttir til að mynda frjálsar íþróttir, sund eða eitthvað slíkt.

Hæstv. forseti. Ég held ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Að vísu er freistandi að fjalla nokkuð um þann niðurskurð til íþróttamála sem hefur átt sér stað undanfarin ár og þau hörmulegu mistök þegar Íþróttasjóður var lagður niður og settur inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með þeim afleiðingum, sem þegar eru byrjaðar að koma í ljós, að uppbygging íþróttamannvirkja víða um land er látin sitja á hakanum.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég óska þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Áður en ég tók þá ákvörðun að verða meðflutningsmaður að þessu frv. átti ég um þetta mál ágætar viðræður við 1. flm., fyrst og fremst um afrekssjónarmið og það hvort við værum of upptekin af þeim einstaklingum sem skara fram úr og látum okkur minna varða þá sem eru þátttakendur en lenda aldrei í afreksmannahópnum. Einnig þá sem ekki er kallað eftir að verði með, þá sem hvatningin nær ekki til og verða því ekki aðnjótandi þess að stunda íþróttir sjálfum sér til ánægju og hollustu. Við reyndumst vera sammála um það sjónarmið að opinberar aðgerðir, svo sem hér er lagt til, að stofna sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn eigi einmitt að vera hvatning til ungs fólks að vera með, að taka þátt.

Auðvitað er það svo að þegar okkar fólk skarar fram úr á alþjóðavettvangi, snýr heim með eftirsóknarverðar viðurkenningar, ég tala ekki um þegar okkar fólk hefur komist á toppinn á meðan við höfum e.t.v. fylgst með glímunni skref fyrir skref í fréttum, jafnvel í beinni útsendingu í sjónvarpi, þá hefur þjóðarstoltið venjulega tekið heljarstökk með hverjum sigri. Og það er sannarlega okkar fólk sem snýr heim með verðlaun í farteskinu. En hvað svo?

Ég átti viðtal fyrir skömmu við ungan mann sem þrátt fyrir líkamlega fötlun hefur náð langt í sundíþróttinni og m.a. komið heim af olympíu- og heimsleikum fatlaðra með brons og gull í farteskinu. Ég spurði hann þeirrar spurningar hvort við værum með því marki brennd að fagna sigri með þeim sem ynni en værum fljót að gleyma hvað þyrfti að fylgja með í stuðningi þegar sigurvíman hjaðnaði. Hann var hæverskur og taldi að sínum samtökum hefði verið nokkuð vel umbunað og þeim gert kleift að stunda fjölbreyttar íþróttir en sagði sem svo: „Auðvitað vill maður alltaf að meira sé gert." Hjá honum var það viðhorf ríkjandi hvað það hefði verið mikils virði að stunda sundið frá 10 ára aldri, hvað það hefði þýtt fyrir hann persónulega að iðka íþrótt og seinna að stefna að ákveðnu marki. Að hljóta umbun á þann hátt sem hann hefur gert var þess virði, að hans sögn, að hann mundi byrja á öllu upp á nýtt aftur ef um það væri að ræða. Var hann þá m.a. að vísa í margra klukkustunda æfingar á dag ef mót nálguðust. Íþróttaiðkunin sem slík var þó mikilvægust að hans mati, ekki síst hinn félagslegi þáttur hennar. Þetta var heilbrigður ungur maður þrátt fyrir þá fötlun sem hann lifir með. Það var þetta sjónarmið hans sem ég m.a. var í raun tilbúin að taka undir þegar ég ákvað að vera meðflutningsmaður að þessu frv.

Með þessu frv. til laga erum við, að mínu mati, að gera ástundun íþrótta eftirsóknarverða frá enn einum sjónarhóli, með því að hver og einn sem efnilegur er geti átt kost á stuðningi. Um leið og ég legg mikla áherslu á að rækta mun betur þann þátt sem íþróttaiðkun er vek ég athygli á þeirri tillögu sem konurnar á Alþingi hafa sameinast um og lagt fram og felur í sér eflingu íþróttaiðkunar kvenna. Ég tel að sú tillaga sé grein af sama meiði og ég ræði hér um í dag.

Virðulegi forseti. Ég hef undanfarna daga átt mál á dagskrá þessa þings, sem er þingsályktunartillaga sem ég er fyrsti flm. að, um auknar varnir gegn vímuefnum. Einn þáttur þeirrar tillögu snýr að forvarnastarfi.

Allt félagsstarf, ekki síst það sem við erum að ræða um, efling íþrótta og stuðningur við efnilegt æskufólk er ákaflega mikilvægt í baráttunni við þann bölvald sem vímuefni eru. Ekki síst þess vegna styð ég þetta mál.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil með örfáum orðum leggja áherslu á að þetta frv. fái þinglega meðferð og menn átti sig á því hversu stórt og mikilvægt mál er hér á ferðinni. Það er sannfæring mín, eins og sést hér hversu margir hafa lagt lið fyrsta flm. þessa frv. Ég held að menn verði að átta sig á því að íþróttirnar, og kannski ekki síst afreksmannaíþróttir, hafa mikil áhrif bæði með þeim hætti að ná fjöldanum af stað og ég er í engum vafa um að afreksmenn í íþróttum eru leiðtogar í starfi. Þeir eða þær, sem þeim fágæta árangri ná að vera í fremstu röð í sinni íþróttagrein í heiminum, hafa mikil og heillavænleg áhrif á líf og lífsviðhorf barna og unglinga. Þessa verður gjarnan vart, þegar slíkt gerist að einhver Íslendingur nær langt í sinni grein, þá fer af stað mikil hreyfing í íþróttahúsunum.

Það má segja að afreksmaðurinn sé kyndilberi sem með iðni sinni og afrekum hleypir lífi og fjöri í starfsemi áhugamannafélaganna um allt land. Íþróttaæska þessa lands er vel varin gegn mörgu því sem nú ógnar okkar samfélagi mest. Sá unglingur sem ekki eignast áhugamál eða ver tómstundum sínum vel verður fremur fórnarlamb óreglunnar. Íþróttahúsin, sundlaugarnar og íþróttavellirnir eru bestu samkomustaðirnir í hverju bæjar- eða sveitarfélagi. Í slíkum mannvirkjum er fólgin mikil trygging fyrir forráðamenn barna og unglinga.

Afreksmaðurinn sem jafnvel árum saman hefur varið frítíma sínum í sína íþróttagrein og nær langt á heimsmælikvarða kallar oft, eins og ég sagði áðan, með afreki sínu hundruð eða þúsundir barna og unglinga inn í þessi mannvirki til þjálfunar og þátttöku í hollu félagsstarfi.

Ég gæti nefnt ótalmörg nöfn afreksmanna í íþróttum en þegar þeir koma á samkomur sér maður að börnin og unglingarnir þyrpast að þeim til að fá eiginhandaráritun, til þess að dást að afrekum þeirra og heita því í foreldrahúsum og hvar sem er að þau muni feta í fótspor þessara miklu íþróttamanna. Því er það svo að í þjóðfélagi okkar höfum við kannski ekki áttað okkur nógu vel á því að við þurfum að leggja þessum leiðtogum lið því þeir eru að ryðja brautina fyrir þúsundir barna og unglinga til þess að snúa sér að hollu áhugamáli. Því held ég að þetta frv. hér, sem ekki er nú stórt í sniðum eða lætur mikið yfir sér, gerir aðeins ráð fyrir að í stofnsjóð muni renna sem nemi fernum árslaunum háskólamenntaðra kennara. Það er ekki stórt þegar maður hugsar um að á sl. tíu árum hafi ríkisstarfsmönnum fjölgað um tvo heila starfsmenn hvern dag sem líður. Við þurfum að átta okkur á mikilvægi íþróttanna og segja sem svo: Þessa kyndilbera verðum við að styrkja því að þeir forða börnunum frá hættunni sem er á veginum fram undan. Ég er sannfærður um að á mörgum sviðum gætum við lagt slíkum sjóði meira til, sparað á öðrum sviðum eins og hér hefur verið sagt ef menn vilja fá tekjur á móti þegar menn skapa útgjöld. Mér skilst að ráðstefnurnar sem verið er að halda hér á Hótel Borg og Hótel Sögu kosti frá 3 og upp í 5 millj. kr., þannig að það er fljótt að hlaupa á upphæðum og kannski auðvelt að spara ferðalög og ráðstefnur og setja fremur í sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn sem sannarlega liggur fyrir að hafa mjög heillavænleg áhrif á börn og unglinga.

Ég vænti þess að sú nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, ræði við marga aðila í þjóðfélaginu um þetta mikla mál og að þetta þing taki ákvarðanir í þeim efnum. Það er enginn vafi á því að margir okkar efnilegustu íþróttamenn hafa gefist upp fyrir þeim erfiðleikum sem fylgja því að standa í baráttunni stuðningslitlir og horfið af vettvangi þess vegna ótímabært. Því held ég að slíkur sjóður gæti ýtt undir að enn fleiri Íslendingar muni ná langt í íþróttum á heimsmælikvarða.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mikið lið sem stendur að þessu frv. sem hér er til umræðu, ætli það sé ekki tvöfalt fótboltalið eða svo. Það vekur auðvitað athygli að í upptalningu á þessum lista er engin kvennalistakona. Við, sem höfum sumar stundað handbolta og sund, erum svolítið sárar yfir því að okkur skuli ekki hafa verið boðið að vera með þó ég geti svo sem engu lofað um það hvort við hefðum tekið undir efni þessa máls. En ég vil auðvitað taka undir það að íþróttir eru mjög mikilvægar og ekki síst sem forvarnastarf, bæði hvað varðar heilbrigði, heilsugæslu og tómstundir. Þær forða ungu fólki frá ýmsu öðru. Ég er ekki alveg sátt við það afreksmannssjónarmið sem kemur fram í þessu frv. Sú spurning vaknar auðvitað: Hvað er afrek í íþróttum? Mér finnst sú vinna sem unnin hefur verið í íþróttafélögum fatlaðra margfalt meira afrek en sigur bridsliðsins vegna þess að öll sú vinna kemur svo mörgum til góða. Það er út af fyrir sig stórafrek.

Hér vakna nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi varðandi 1. gr. Mig langar að benda hv. 1. flm. á að hér stendur: „Skal stofnfé sjóðsins samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara.“ Ég reikna með að þetta sé svipað og stendur í lögunum um skákmenn. Ég veit ekki hvaða viðmiðun þeir tóku en laun háskólakennara eru afskaplega misjöfn. Til eru margir flokkar af háskólakennurum og mér fyndist skynsamlegra að skilgreina þetta betur.

Fram kom í máli flm. að fyrst og fremst væri miðað við að einstaklingar fengju styrki. Ég tel æskilegt að þetta sé það öflugur sjóður að hægt yrði að styrkja fleiri, jafnvel heilu liðin til sérstakra verkefna. Ég kannast við dæmi af einum fremsta kúluvarpara okkar sem á erfitt með að stunda æfingar vegna þess að hann þarf að vinna fyrir sér. Einhver góð lausn þarf að finnast fyrir íþróttahreyfinguna en ég er ansi hrædd um að sjóður sem þessi dugi skammt ef stofnfé hans á að vera 10–12 millj., 12 millj. gæti ég ímyndað mér, ef við reiknum háskólakennurum svolítið ríflega laun.

Ég á sæti í menntmn. og mun því skoða málið betur þar. Mitt grundvallarsjónarmið er að fyrst og fremst beri að stuðla að almennri þátttöku fólks á öllum aldri í íþróttum. Ekki síst þarf að skapa aðstöðu til þess að stunda íþróttir. Ég ítreka það sem ég sagði að ég áskil mér allan rétt í þessu máli þó að ég ætli ekki að láta nein sárindi ráða afstöðu minni.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls og svara í örfáum orðum. Fyrst það sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. að engin kvennalistakona sé flm. að þessu frv. Ástæðan er ósköp einföld og skýr og kom fram í því sem ég sagði í framsögu að þetta er sama frv. og var flutt á síðasta þingi og eina breytingin er sú að orðið „afreksmaður“ var tekið út og „efnilegur íslenskur íþróttamaður“ sett í staðinn. Að öðru leyti er þetta nákvæmlega sama frv., þjónar nákvæmlega sama tilgangi og nákvæmlega sama hugsun á bak við það. Á síðasta þingi höfnuðu kvennalistakonur því að vera með í flutningi frv. Það er engin efnisleg breyting á því og ég sá því enga sérstaka ástæðu til þess að leita eftir því aftur að þær væru meðflutningsmenn. Ég bjóst ekki við því að þær ágætu konur hefðu skipt um skoðun. En ég fagna því að til greina komi að skoða þetta með opnum huga a.m.k. í nefnd hjá þeim hv. þm. sem talaði síðast. Ég er afskaplega ánægður að heyra það. Vona ég að sú vinna verði á þá lund að málið komi sem fyrst úr nefndinni og til afgreiðslu inni í þinginu. Enda er stuðningurinn við frv. slíkur að maður leyfir sér að álykta sem svo að það sé fullur vilji innan þingsins til afgreiðslu á málinu. Ég ræddi ekki við fleiri þingmenn en eru flm. að frv., þannig að

hugsanlegt hefði verið að ná hreinum meiri hluta á þskj. ef tími hefði unnist til.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að eyða tíma í að reyna að túlka hvað er afrek. Það er í sjálfu sér afstætt. Að skilgreina afrek með huga íþróttamannsins er að ná einhverjum tilteknum árangri innan tiltekinnar íþróttagreinar hvort heldur mælt er í tíma, með málbandi, með því að skora mörk, vera á svifrá eða synda o.s.frv. Það er að gera það vel að það nálgist þann árangur sem aðrir hafa náð. Hins vegar er afrek mjög afstætt hugtak og ég treysti mér ekki til að brjóta það til mergjar.

Eins og ég sagði í framsöguræðu er þetta frv. samið með hliðsjón af frv. um skákmenn. Þar stendur þetta nákvæmlega eins og í þessu frv. Í frv. til fjárlaga er fjárveiting fyrir fimm skákmenn og þeir fá 5,4 millj. kr. Einfalt er að deila því niður og sjá að þetta eru rétt rúmar 4 millj. kr. Hins vegar er ég alveg til í að taka undir það að efla og styrkja sjóðinn. En eins og ég sagði í framsöguræðunni fannst mér meginatriðið vera það að koma sjóðnum á og síðan yrði framtíðarverkefni að vinna að því að efla hann og styrkja.

Hitt er svo annað mál að við erum ekki það stór og fjölmenn þjóð að slíkur fjöldi efnilegra íþróttamanna komi fram að sjóðurinn þurfi að vera stórkostlega sterkur en a.m.k. er þetta byrjunin og við skulum þá vinna að því saman í framtíðinni að styrkja hann.

Ég ítreka að sjóðurinn er einungis til þess að styrkja einstaklinga. Hann getur ekki gert annað og ef menn ætla að fara út á þá braut að styrkja hópa eða hóp-íþróttir þá þurfum við verulega að efla hann og miklu meira en hv. þm. kom inn á áðan. Þá erum við að tala um hópa sem eru frá 15 og upp í 30 manns og þar þarf að taka öðruvísi á málum.

Hv. þm. minntist aðeins á kúluvarpara og ég veit alveg um hvaða mál hann er að tala þar. Ég hélt að komið hefði skýrt fram að ætlunin með frv. er ekki að styrkja þá sem eru orðnir afreksmenn. Það eru til afreksmannasjóðir innan ÍSÍ og þeir afreksmenn hafa þegar aðrar leiðir. Við erum að hjálpa þeim sem eru í farvatninu og við viljum reyna að koma í veg fyrir að við týnum þeim burt. Það sem hefur gerst í gegnum tíðina er að efnilegir og ungir íþróttamenn koma fram en þeir hafa ekki fjárhagslegan grundvöll til að sinna íþrótt sinni og þar viljum við geta gripið inn í. Það er meginhugsunin í þessu.

Að sjálfsögðu tek ég undir það að það á að efla og styrkja almenningsíþróttir og huga að því að aðstaða sé sköpuð víðast hvar og það er einnig það sem ég kom lítillega inn á áðan þegar ég harmaði það að Íþróttasjóður skyldi hafa verið lagður niður. Hann var lagður niður með því að setja hann inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Menn sjá það alveg fyrir sér þegar sveitarfélög þurfa að fara að gera upp á milli þess hvort þau eigi að bæta aðeins við skólann eða spítalann eða eitthvað annað mjög þarft mál eru íþróttamálin gjarnan sett til hliðar og sú er þegar orðin reyndin.

Hv. 11. þm. Reykn. talaði hér líka og minntist á fatlaða og rökstuddi það. Það er rétt að það komi fram í einni setningu að að sjálfsögðu tekur sjóðurinn líka til fatlaðra einstaklinga, ekki bara ófatlaðra heldur allra sem stunda íþróttir.

Hv. þm. Guðni Ágústsson kom inn á aðra þætti, fyrirmynd afreksmanna og hann dvaldi svolítið við afreksmenn. Vissulega er það rétt hjá honum að þeir eru geysileg fyrirmynd og mjög öflugir frá uppeldislegu sjónarmiði. Ég þarf ekki annað en líta inn á mitt eigið heimili til þess að fá staðfestingu á því. Þar eru nokkrir ungar sem eiga nokkrar fyrirmyndir og fylgjast mjög grannt með þeim, vilja gjarnan klæðast eins fötum, drekka sama drykkinn, taka eftir því hvort viðkomandi einstaklingur reykir eða gerir annað slíkt, þannig að vissulega er þetta mjög áríðandi þáttur.

Það er freistandi að fara aðeins út í forvarnastarfið. Það er kunn staðreynd að þátttaka í íþróttum hefur mikið forvarnagildi, bæði gagnvart neyslu fíkniefna, áfengis, tóbaks o.s.frv. Við hjá íþróttanefnd ríkisins höfum núna beitt okkur fyrir því að fljótlega fer af stað könnun þar sem tekið verður fyrir gildi íþrótta, annars vegar með tilliti til forvarna, fíkniefnaneyslu, áfengisneyslu og tóbaksneyslu og hins vegar á heilbrigði barna, námsárangur og annað slíkt. Við teljum mjög mikilvægt að fá þetta fram og munum í framhaldi af því efna til málþings þegar þær niðurstöður liggja fyrir þar sem farið verður ítarlega yfir þennan þátt mála.

Hæstv. forseti. Ég held að ekkert sé meira um þetta að segja. Ég vil ítreka það að við erum að reyna að styrkja efnilega íþróttamenn. Við ætlum okkur ekki að grípa inn í hjá þeim sem þegar eru orðnir afreksmenn. Þeir hafa næg tækifæri til þess að styrkja sig annars staðar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. en ég get verið sammála hv. þm. Inga Birni Albertssyni um að miklu meira fé hefði þurft að verja til íþrótta. En það er ekki nóg að setja peninga í íþróttahreyfinguna. Maður getur haft ákveðna skoðun á því í hvað helst á að setja peningana.

Ég er ekki alveg viss um að mér finnist stuðningur við efnilega íþróttamenn vera það sem ætti fyrst og fremst að leggja áherslu á en hins vegar getur það vel verið að það kæmi einhvers staðar ofarlega í forgangsröðina. Ég hef t.d. verið mjög ósátt við það í hvaða röð íþróttahreyfingin hefur varið fé sínu. Ég er ekki sátt við það að meiri hlutinn af fénu fari í meistaraflokk karla en ekki í aðrar greinar. Það er líka spurning um það hvernig forgangsröðin er. Ég tel allt of litlu fé varið í kvennaflokka í íþróttum almennt. Það er verulega miklu minna fé en það sem karlaflokkarnir fá almennt.

En ég kom í þennan ræðustól fyrst og fremst til þess að benda hv. þm. á það að frá því að þetta frv. var lagt fram hér, ekki reyndar á síðasta þingi heldur á þinginu þar á undan, 113. þingi, ef ég man rétt, hefur orðið svolítið breyting á þingflokki Kvennalistans þannig að það er ekki alveg víst að hann hefði fengið sömu viðbrögð. Þær sem hér eru nýjar voru ekki spurðar um þetta mál þannig að það er ekki alveg víst að hann hefði fengið sömu svör.

Ég vil jafnframt benda hv. þm. á að 16 af þeim sem flytja þetta frv. sátu ekki á 113. löggjafarþingi heldur aðeins 7 auk 1. flm. Þess vegna er ekki alveg rétt að taka eingöngu þessa skýringu sem góða og gilda. Ég vil a.m.k. ekki gera það.

Ég vil líka benda þm. á að hv. 11. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, lýsti því að hún hefði ekki viljað skrifa upp á þetta frv. nema vegna þess að nafni frv. var breytt úr afreksmannasjóði í stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn þannig að ýmislegt getur orðið til þess að breyta skoðun þingmanna á því hvort þeir vilja styðja frv. eða ekki.

Þetta langar mig einungis til þess að komi fram, virðulegi forseti, en að öðru leyti hefur Kvennalistinn góðan fulltrúa í menntmn. þingsins sem mun fá þetta frv. til umfjöllunar.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir innlegg hennar í umræðuna. Það var aðallega þrennt sem ég hjó eftir og ég ætla mér ekki að eyða löngu máli í það. Hún sagði hér fyrst að allt fé, held ég að hún hafi orðað það nákvæmlega, (**KE:** Nei, allt of mikið fé.) allt of mikið fé til meistaraflokks karla í hinum og þessum greinum. Ég er nú ekki tilbúinn að skrifa upp á þetta og ætla mér ekki að ræða það núna. Það gefst tækifæri til þess vegna þess að hinn stóri kvennalisti á Alþingi hefur líka lagt fram tillögu um íþróttamál. Ég hyggst taka til máls þegar hún kemur á dagskrá og þar kemur þessi liður vafalaust til umræðu. En þetta er fullyrðing sem ætti að fara varlega með.

Vissulega hefur orðið breyting á þingflokki Kvennalistans. Ég hef tekið eftir því eins og aðrir að það hafa orðið breytingar þar sem víðar. Hins vegar var þetta á sínum tíma meiri spurning um flokkslega línu þar þannig að ég gerði ekki ráð fyrir að hún hefði breyst. En hafi það gerst þá fagna ég því og ég þóttist skynja það hjá fyrri ræðumanni Kvennalistans að þarna væri kannski einhver hugarfarsbreyting og fari þetta fyrir brjóstið á Kvennalistanum er ég — þó að margir aðrir á þessum tímum séu ekki tilbúnir til þess — alveg tilbúinn að biðja þær afsökunar að ég hafi ekki boðið þeim samflot og mun minnast þess næst þegar ég læt hugann reika til íþróttamála og hyggst leggja eitthvað fram í þá veru.

En bara í lokin af því að hv. þm. fór með rangt mál og það vil ég leiðrétta og það er kannski aðalástæðan fyrir því að ég kom hér upp. Hún túlkaði ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur á þann veg að hún hefði ekki skrifað upp á frv. fyrr en nafninu á því hefði verið breytt. Þetta er alveg rangt. Við ræddum þetta og ég skýrði nákvæmlega út fyrir hv. þm. hvað í frv. fólst og hún féllst á það eins og það var og þá var það nákvæmlega eins og það var á fyrra ári, um afreksmannasjóð. Hins vegar tók ég þá ákvörðun, og í raun án þess að tala við nokkurn af mínum meðflm., að breyta nafninu í það sem hér stendur og ég held að enginn þeirra erfi það neitt við mig. Ég er sjálfur miklu sáttari við þetta eins og þetta er núna, en það er rangt að ég hafi breytt því fyrir einhvern einn þingmann. Ég taldi þetta bara réttara svona og hugsun og tilgangur frv. kæmi betur fram en áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. StH og ÓRG, 163. mál (hámark vaxta). — Þskj. 175.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess nú áður en 7. dagskrármálið er tekið fyrir að nýju að gert hafði verið ráð fyrir að þingflokksfundir hæfust kl. 4.30 en það hefur orðið að samkomulagi að fresta þeim til kl. 5 þar sem dregist hefur að hægt væri að taka þetta mál til umræðu sem reyndar átti að gerast kl. 3 en eins og hv. þm. sjá er klukkan nú orðin 4. Hefur það tafist í klukkutíma.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) (frh.):

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að þeir hæstv. ráðherrar sem óskað var eftir eru mættir og vil þakka virðulegum forseta fyrir að gera ráðstafanir til þess.

Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 175 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36 frá 5. maí 1986. Þessar breytingar eru í raun eins konar neyðaróp. Gert er ráð fyrir því að skylda Seðlabankann til þess að ná niður vöxtum. Að vísu er aðeins lagt til að slíkt ákvæði verði sett í lög til bráðabirgða og lýsir það þeirri von okkar flm. að vaxtaákvarðanir geti í framtíðinni orðið eðlilegar og í samræmi við það sem er í okkar helstu viðskiptalöndum.

Ég vil vekja athygli á því að í 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána."

Þetta ákvæði var ekki sett í frv. 1986 af tilviljun einni. Árið 1984 var brotið blað í vaxtaákvörðunum hér. Ríkisstjórn sem þá sat ákvað að heimila hækkun vaxta um 2%. Vextir hækkuðu þá úr um það bil 3%, þ.e. raunvextir af verðtryggðum skuldabréfum, í 5,5%, að vísu það ár, en síðan lækkuðu þeir niður í 5% árið 1985 og voru 1986, þegar þetta frv. var flutt, í kringum 5–5,1%. Engu að síður þótti ríkisstjórninni þá eðlilegt að tryggja eins og frekast mætti vera að vextir hér yrðu ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstjórninni var þá að sjálfsögðu ljóst að mun hærri vextir en í viðskiptalöndum okkar yrðu mikið vandamál og því fylgdu miklar byrðar fyrir íslenska atvinnuvegi, ekki síst þar sem þeir eru mjög skuldsettir.

Því miður verður að segja að þetta ákvæði hefur ekki borið þann árangur sem að var stefnt. Þó má segja að árið 1989 hafi það dugað, en þó ekki nema með handafli, eins og nú er gjarnan sagt. Vextirnir hækkuðu fljótlega eftir að þessi lög voru sett og sérstaklega urðu raunvextir háir árið 1988 og töluvert hærri en þeir voru þá í helstu viðskiptalöndum okkar. Þeir raunvextir voru þá taldir vera, ef ég man rétt, um 9,2%. Þá riðaði íslenskt atvinnulíf til falls. Þá kom mjög greinilega fram hjá öllum talsmönnum atvinnuveganna að þessir gífurlega háu vextir voru þeim óbærilegir og kom þar bæði til skuldsetning íslenskra atvinnuvega og að sjálfsögðu sú samkeppni sem þeir stóðu í við erlend fyrirtæki sem nutu stórum lægri vaxta. Sú ríkisstjórn sem tók við haustið 1988 lagði sig því fram við að ná vöxtum niður. Eftir marga fundi með Seðlabanka Íslands náðist að lokum samkomulag um að bankinn beitti öllum sínum ráðum til þess að vextir lækkuðu og urðu vextir þá, árið 1989, rúmlega 6%. Samkvæmt töflu sem fylgir nýlegri skýrslu Seðlabankans þá urðu raunvextir árið 1989 nákvæmlega 6%, eins og ég sagði, og lækkuðu þá úr 9,2% í 6%. Út af fyrir sig var það ekki lítið afrek. En þessu fylgdu að sjálfsögðu jafnframt miklar viðræður við viðskiptabankana og samkomulag við þá um þessa lækkun vaxta, samkomulag við þá um að draga úr vaxtamun. Ég leyfi mér að fullyrða, eins og staðfest er reyndar að úttekt Þjóðhagsstofnunar og reikningum þeirra fyrirtækja sem ég hygg að flestir hafi séð, að þetta skiptir í raun og veru sköpum í þeirri endurreisn atvinnulífsins sem framkvæmd var árið 1989. Okkur hefur verið gjarnt að tala um skuldbreytingar Atvinnutryggingarsjóðs og hlutafjáraukningu í gegnum Hlutafjársjóð og stundum hefur verið talað um þær gengisbreytingar sem framkvæmdar voru smám saman á árinu 1989, en ég leyfi mér að fullyrða og tel að reyndar allar tölur og allar upplýsingar sanni að án þessarar vaxtalækkunar hefði ekki náðst sá mikli árangur í endurreisn atvinnulífsins sem allir þekkja.

Á árinu 1990 hallaði því miður heldur á verri veginn og vextir hækkuðu þá nokkuð og urðu samkvæmt fyrrnefndri skýrslu Seðlabankans 7,8%, þ.e. raunvextir af verðtryggðum skuldabréfum. Nú hefur hins vegar keyrt um þverbak. Ríkisstjórnin hóf þann illa leik með hækkun ríkisskuldabréfa og nú eru raunvextir af skuldabréfum 10% að meðaltali hjá ríkisbönkunum. Við flm. þessa frv. höfum lagt nokkra vinnu í að bera þessa raunvexti saman við það sem gengur og gerist erlendis. Við höfum stuðst bæði við skýrslu Seðlabankans sem fyrir lá frá 30. jan. 1991 en ekki síður höfum við stuðst við upplýsingar eins og í því merka riti The Economist þar sem birtar eru mjög ítarlegar vaxtatöflur.

Reyndar hlýt ég að segja að þegar ég les þessa nýju skýrslu Seðlabanka Íslands finnst mér hún ekki mjög traustvekjandi og verð eiginlega að taka undir það með hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. Mér kemur t.d. mjög á óvart að í þessari nýju skýrslu Seðlabankans er fyrri tölum um raunvexti breytt. Það eru aðrar tölur sem birtast í þessari nýju skýrslu fyrir raunvexti 1990 en voru í fyrri skýrslunni frá 30. jan. Það á reyndar bæði við um nafnvexti og raunvexti. Það er eins og Seðlabankinn falli í þá gildru að komast fyrst að þeirri síendurteknu niðurstöðu sinni að engin ástæða sé til að hafa neinar áhyggjur af vöxtum af samanburði við það sem er erlendis og velji síðan tölur sem eiga að styðja það.

Þetta er kannski ekki vel sagt en staðreyndin er vitanlega sú, og ég viðurkenni það, að það er allerfitt að finna tölur í þeim mikla vaxtafrumskógi sem eru sambærilegar. Við flm. kusum því að velja skammtímalán fyrirtækja í þeim samanburði sem við höfum gert og kemur fram í grg. með frv. Tafla 1 byggir að vísu á fyrrnefndri skýrslu Seðlabanka Íslands og þar kemur fram samanburður, sem ég rakti lauslega áðan, á breytingu vaxta í nokkrum völdum landaflokkum getum við sagt, eins og sjöveldunum, Norðurlöndunum, öðrum Evrópulöndum og viðskiptavog. Eins og ég las áðan er Seðlabankanum ætlað að tryggja að vextir hér séu ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Samanburður við viðskiptavog er því augljóslega það sem löggjafinn hefur ætlast til árið 1986. Seðlabankinn grípur hins vegar í öllum þeim skýrslum, sem ég hef séð frá honum, til þess ráðs að bera vexti hér á landi saman við vexti á Norðurlöndunum og telur sig þannig rökstyðja að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af vöxtum hér. Ég kem síðar að vöxtum á Norðurlöndunum sem eru satt að segja, a.m.k. fyrir þau lönd, mikið áhyggjuefni. En þegar borið er saman við viðskiptavog kemur í ljós að allt frá árinu 1987 hafa vextir hér af verðtryggðum skuldabréfum verið hærri en viðskiptavog gefur til kynna nema árið 1989 þegar þeir eru nokkru lægri og í ár eru þeir orðnir miklu hærri sem að vísu kemur ekki fram því að ég hef ekki viðskiptavogina nú en kemur greinilega fram þegar bornir eru saman kjörvextir útlána viðskiptabanka á Íslandi og í nokkrum viðskiptalöndum í töflu 2 í greinargerð.

Það er að sjálfsögðu viðurkennt og hefur t.d. komið fram í ræðum hæstv. forsrh. að raunvextir af verðtryggðum lánum nú eru hér um 10%. Þeir hafa hækkað úr 8 í 10%. Þetta er óumdeilt. Einnig hefur komið fram í ræðum hæstv. forsrh. að raunvextir af óverðtryggðum lánum hafa hækkað á tiltölulega skömmum tíma úr um 12% í rúmlega 14%. Niðurstaðan, sem við komumst að eftir að hafa fengið Þjóðhagsstofnun til að fara yfir þessa tölu, var sú að raunvextir af óverðtryggðum lánum væru nú 14,3%. Þetta eru, hvort sem menn taka óverðtryggðu lánin, sem eru að sjálfsögðu öll þannig í okkar viðskiptalöndum, eða verðtryggð lán, töluvert hærri vextir en finnast í okkar viðskiptalöndum. Við kusum að sleppa Norðurlöndunum. Þau eru alls ekki helstu viðskiptalönd okkar og það er alrangt hjá Seðlabankanum að byggja rök fyrir afskiptaleysi, sem nú er mjög í tísku hjá hæstv. ríkisstjórn og kannski von að Seðlabankinn dansi þar eftir, á okurvöxtum sem gilda í löndum sem alls ekki eru helstu viðskiptalönd okkar. Því fer víðs fjarri. Þessi samanburður hlýtur að byggja fyrst og fremst á vöxtum í löndum eins og t.d. Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi þar sem vextir eru hvað hæstir og svo Bandaríkjunum sem er eitt af okkar stærstu viðskiptalöndum og

að auki Japan sem er stöðugt mikilvægara viðskiptaland. Það má segja að þegar um óverðtryggðu lánin er að ræða séu vextir hér á landi miðað við þessi lönd hátt í tvöfalt hærri. Nú segir e.t.v. einhver að óverðtryggðu lánin séu ekki svo mikilvæg. Ég hef heyrt þau rök en það er rangt. Vextir á óverðtryggðum lánum, t.d. afurðalánum hér á landi, eru þeir allra hæstu og reyndar hærri en þau 14,3% sem ég minntist á. Þau eru ekki valin hér til samanburðar. Þau munu vera að raunvöxtum nær 15% og eru vitanlega algerlega ofviða íslenskum atvinnuvegum að bera.

Eins og ég hef sagt oftar en einu sinni þá eru þetta þungbærir vextir fyrir atvinnuvegi sem eru því miður mjög skuldsettir. Ég fól Þjóðhagsstofnun að gera tilraun til þess að skoða hve vaxtagjöld næmu stórum hundraðshluta í rekstri atvinnuvega og heimila og var það gert og í þeirri greinargerð, sem kom út 1. nóv. 1989, eru mjög merkar upplýsingar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vaxtagjöld sem hlutfall af veltu voru 1985 1,3%, 1986 2,7%, 1987 2,3%, 1988 3,7%." Lengra nær ekki þessi samanburður því miður og væri ástæða til að fylgja honum eftir. Þetta munu vera tölur sem liggja fyrir í flestum löndum sem hafa sínar tölulegu upplýsingar í lagi. En það er alveg ljóst að með enn meiri skuldum atvinnulífsins, eins og reyndar kemur fram í skýrslum Seðlabankans, hefur skuldsetning í þjóðfélaginu aukist á þessu ári samtals um 90 milljarða kr. á 12 mánaða tímabili, og hefur þessi tala vafalaust enn aukist stórkostlega. Enn alvarlegra er þó hitt að sem hlutfall af vergum rekstrarafgangi eru vaxtagjöld atvinnurekstrarins 1985 talin 11,8%, 1986 23,4%, 1987 24,7% og 1988 42,4%. Og sem hlutfall af vergum þáttatekjum þjóðarteknanna er sömu sögu að segja, þá eykst hlutfallið úr 4,3 upp í 11,0 1988. Eftir því sem ég hef komist næst af ekki mjög ítarlegum upplýsingum sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun þá lækkuðu þessi hlutföll verulega á árinu 1989. En allt bendir til þess að þau hafi sótt aftur í sama horfið 1990 en þó alveg sérstaklega nú í ár hafi hlutfall, einkum af vergum rekstrarafgangi, aukist stórkostlega. Reyndar varð ég mér úti um reikninga nokkurra fyrirtækja, sem ég tel að vísu ekki heimilt að greina frá hér, en þar var alls staðar sömu sögu að segja, að fjármagnskostnaður sem hlutfall af rekstrarafgangi hefur um það bil tvöfaldast á milli 1990 og 1991. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. í hliðarsölum aðeins að hafa hljóðara svo hv. ræðumaður geti talað.) Já, heyri til sjálfs mín. Þeir eru eflaust að tala um mjög mikilvæg mál, ég efa það ekki, og vilja ekki að ég trufli þá.

Þær athuganir, sem ég gat gert, staðfestu mjög áþreifanlega hve fjármagnskostnaðurinn er orðinn gífurlegur í íslenskum atvinnurekstri og raunar styður það þá skoðun og yfirlýsingar, eins og t.d. frá formanni samtaka fiskvinnslustöðva, að hér stefni nú eins og haustið 1988 í stöðvun á stórum hluta fiskvinnslunnar í landinu. Það er dálítið fróðlegt að hlusta á þann ágæta mann hafa yfir næstum því sömu orðin um horfurnar í fiskvinnslunni í landinu eins og hann notaði í október 1988, m.a. á miklum fundi sem þá var haldinn á Hótel Sögu. Þá sagði hann að fá fiskvinnslufyrirtæki í landinu mundu hefja rekstur eftir áramótin ef ekki yrði gerbreyting á starfsaðstöðu þeirra og umhverfi. Hann segir hið sama núna. Og það sem er líkt með þessu tímabili er þessi gífurlega hækkun vaxta sem hefur orðið.

Það er ekki nokkrum vafa undirorpið að með lækkun vaxta, hvort sem menn vilja með handafli, handleiðslu eða með fortölum, er mikilvægasta skrefið stigið til að bjarga þessum fyrirtækjum frá stórkostlegum erfiðleikum ef ekki gjaldþroti á næstu mánuðum.

Ég vek einnig athygli á því að 1988 taldi Þjóðhagsstofnun að raunvaxtagreiðslur einstaklinga næmu 5,7 milljörðum kr. og alveg er ljóst eins og komið hefur fram hjá forustumönnum í verkalýðshreyfingunni er lækkun vaxta ein mesta kjarabótin sem hægt er að bjóða launþegum.

Ég vil geta þess að þessar tölur hér eru byggðar eingöngu á raunvöxtum. Þær eru ekki byggðar á nafnvöxtum. En þær eru byggðar á nafnvöxtum alls staðar erlendis. Skýringin hefur verið sú að verðbólgan hafi verið það miklu meiri hér að það sé erfitt að byggja á nafnvöxtum. Engu að síður er alveg ljóst að verðbótaþáttur vaxtanna er líka byrði fyrir atvinnulífið, sjávarútvegurinn fær verðbótaþáttinn, t.d. í hækkun innlendra lána, alls ekki bættan nema þá verðið erlendis hækki eða gengið falli og svo hefur að sjálfsögðu ekki verið þannig að í raun eru þessar tölur allar lágmarkstölur. Reyndar hafa sumir hagfræðingar haldið því fram að nánast mætti þrefalda töluna frá 1988 sem hlutfall af vergum þáttatekjum í þjóðfélaginu. Ég er ekki að segja að svo sé endilega en ef það væri, þá erum við í slæmu máli og þá er náttúrlega ljóst að launahlutfallið sem er afgangsstærðin í þessu er hér á landi afar lágt og miklu lægra en gerist almennt í kringum okkur og styður líklega þá skoðun forustumanna launþega að hér taki fjármagnið langtum meira til sín en almennt gerist en launin minna.

Eins og ég sagði áðan leggjum við til að þessari grein verði breytt til bráðabirgða og, með leyfi forseta, hljóðar sú breyting svo: „Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal Seðlabankinn tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði á árinu 1992 eigi hærri en að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands." Mér sýnist í fljótu bragði að vextirnir ættu að lækka a.m.k. um tvö hundraðshlutastig, kannski eitthvað aðeins meira. En eins og ég sagði áðan, þá hef ég ekki viðskiptavogina, hvernig hún mælist nú. Við segjum jafnframt: „Seðlabankinn skal jafnframt gera ráðstafanir til þess ávöxtun verðbréfasjóða og annarra peningastofnana verði í samræmi við þá hámarksvexti sem bankinn ákveður."

Því er mjög borið við að þetta sé ekki hægt af því að verðbréfasjóðirnir ráði vöxtunum. Mér finnst reyndar allt of mikið úr þessu gert. Það kemur t.d. fram í þessari nýju skýrslu Seðlabankans í töflu III-6 á bls. 38. Þar segir að útlán og verðbréf samtals 1991 séu 609 milljarðar króna. Af því eiga verðbréfasjóðirnir 13. Þetta eru um 2% og staðreyndin er vitanlega sú að þó að sala verðbréfa hafi aukist eru þeir sem betur fer fleiri í þjóðfélaginu sem vilja ávaxta sitt pund á ör-

uggari máta í bönkum eða í skuldabréfum ríkissjóðs. Engu að síður getur Seðlabankinn vitanlega haft áhrif þarna á og ég vek athygli á því að í nýlegri skýrslu sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðsins, þar sem mjög er hælt efnahagsþróun hér á landi á undanförnum tveimur árum, er ein tillaga sem þeir leggja áherslu á. Þeir segja að Seðlabankinn eigi að vera starfandi langtum meira en hann hefur gert í ákvörðun vaxta á verðbréfamarkaðinum. Hann eigi að gera það með því að vera tilbúinn að selja verðbréf eða kaupa verðbréf til að halda þar ákveðnu skipulagi á. Og vitanlega er þetta eitt af hlutverkum seðlabanka um allan heim svo Seðlabankinn getur, ef nauðsyn krefur, haft þarna verulega áhrif á.

Við segjum jafnframt: „Þá skal Seðlabankinn gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um hámarksvexti af ríkistryggðum skuldabréfum og stefnu í peningamálum sem samræmist ákvörðun bankans." Vitanlega er alveg ljóst að jafnvel þótt handaflinu sé beitt og jafnvel þótt fortölum sé beitt við viðskiptabankana, þá þarf engu að síður að reyna að ná sem bestu jafnvægi hér. Og ég viðurkenni það sannarlega að aðgerðir til að draga úr halla ríkissjóðs stuðla að því þó að mér þyki allt of mikið úr því gert af hæstv. ríkisstjórn að það sé eina efnahagsráðstöfunin, ef ég má orða það svo. Ég get tekið undir með Seðlabankanum að fleira þarf til, t.d. þarf að draga úr fjármagni til húsnæðismála. Ég hlýt þó að taka undir með hæstv. félmrh. að ég fæ ekki tölu Seðlabankans í þessu sambandi til að ganga upp og er ég reyndar að taka undir með hæstv. forsrh. sem hefur tekið stöðu með hæstv. félmrh. á móti Seðlabankanum að því er mér skildist í fréttum í morgun.

Seðlabankinn segir að skuldir einstaklinga hafi aukist um 45 milljarða á 12 mánaða tímabili. Það er stór tala. Segir síðan að mestan hluta megi rekja til fjármögnunar íbúðarhúsa. Það gengur náttúrlega ekki upp. 20 milljarðar eru að vísu stór tala en það er þó ekki mestur hluti af þessum 45, a.m.k. ef átt við þann hluta sem Seðlabankinn telur að hafi farið í eyðslu eða helminginn af húsbréfaútgáfunni. Sá hluti ekki nema 6–7 milljarðar. Því miður hefur oft gætt slíkrar ónákvæmni í skýrslum Seðlabankans. Leitað er að sökudólg eins og er nokkuð vinsælt um þessar mundir hjá fleirum og er skuldinni skellt á hann.

Vitanlega er alveg ljóst að þarna eru vafalaust fleiri þættir sem til greina koma. En mér finnst ástæða til að spyrja: Hver var ætlunin með þessum miklu vaxtahækkunum hjá hæstv. ríkisstjórn þegar hún tók við? Jú, ætlunin var að selja fleiri skuldabréf ríkissjóðs og ná þannig inn fjármagni. Eflaust hefur ætlunin einnig verið sú að auka sparnað í landinu og draga úr eftirspurn eftir fjármagni. Þetta eru gamalkunn rök sem hagfræðingar síðasta áratugar hafa gjarnan haldið fram en margir segja að séu falsrök og reyndar sýnist mér af því að lesa skýrslu Seðlabankans að það sannist þar. Staðreyndin er að það er ekki fyrr en núna í október að jafnvægi næst á milli innlausna og sölu á skuldabréfum ríkissjóðs. Þar hefur alls ekki orðið sú söluaukning sem ríkissjóður gerði sér vonir um. Staðreyndin er, samkvæmt töflum Seðlabankans, að skuldastaða bankanna hefur stórkostlega versnað. þ.e. lausafjárstaðan hefur stórkostlega versnað. Lausafjárstaða innlánsstofnana var í apríl neikvæð um 781 millj. kr. en er orðin í maí 2,6 milljarðar kr. þannig að staða bankakerfisins hefur samkvæmt þessu stórkostlega versnað. Það skyldi nú ekki vera að einhver ástæða sé til þess.

Ég veit að kenningin er sú að þessir háu vextir eiga að stuðla að því að innlánin aukist. En bæði þessi markmið og sömuleiðis eftirspurnin eftir fjármagni hefur ekki minnkað heldur vaxið. Þeir hagfræðingar eru til, sem ég held að séu fullt eins mætir og þeir sem hæstv. ríkisstjórn styðst við, sem segja að eftirspurn eftir fjármagni ákvarðist ekki nema að litlu leyti af vöxtum, heldur af þörf, þörf fyrirtækja og einstaklinga til að bjarga sér fyrir horn.

Ég reyndi að fá upplýsingar um það hvernig vanskilum væri háttað í viðskiptabönkunum en gat ekki fengið öruggar tölur um það nema að vanskil hefðu stórkostlega aukist. Og vanskil eru komin á dráttarvexti sem eru á raunvöxtum í kringum 16% og vel getur verið að tölulega sýni það í reikningum bankanna betri afkomu. En eru þessir dráttarvextir innheimtanlegir? Ég ætla að leyfa mér að vísa í ekki ómerkara heimildarrit en Morgunblaðið. Í leiðara Morgunblaðsins frá 24. nóv. 1991 segir, með leyfi forseta:

„Í umfjöllun breska dagblaðsins Financial Times fyrir skömmu um hrun bankakerfisins á Norðurlöndum, þar sem hver bankinn á fætur öðrum hefur orðið gjaldþrota, var sérstaklega tekið fram að bankarnir hefðu gert þau grundvallarmistök að taka háa raunvexti á sama tíma og mikil niðursveifla var í atvinnulífinu. Gjaldþrot viðskiptavina af þeim sökum hefði átt þátt í gjaldþroti bankanna sjálfra." Og það segir enn: „Það hlýtur að vera alvarlegt, brýnt og aðkallandi umhugsunarefni fyrir forsvarsmenn lánastofnana hvort hið háa raunvaxtastig sem nú er við lýði endi með því að bankarnir grafi sína eigin gröf."

Ég veit að hæstv. ráðherrar treysta Financial Times. Það er talið með virtustu ritum og ég hef kosið að vísa eingöngu í slík rit, eins og The Economist og Financial Times. Ég hygg að þarna sé mjög stórt sannleikskorn, mjög stórt. Í raun og veru getur maður spurt sjálfan sig að því hvort þarna megi ekki finna ástæðurnar fyrir erfiðleikunum í bankakerfinu í dag og væri ástæða fyrir hæstv. bankamálaráðherra að skoða það mjög vandlega. Mér sýnist því að þessir okurvextir sem nú eru hafi ekki náð neinum þeim tilgangi sem að var stefnt, hvorki aukna sölu ríkistryggðra skuldabréfa né innlána í bankana og ekkert dregið úr kröfunni eða eftirsókn eftir fjármagni. Ég vil leyfa mér að efast stórkostlega um að háir vextir hafi bætt stöðu bankanna sjálfra nema þá á pappírnum í gegnum dráttarvexti o.s.frv. sem aldrei verða greiddir ef svo heldur áfram.

En það alvarlegasta er að sjálfsögðu það að þessir raunvextir koma í veg fyrir það að unnt sé að koma efnahagslífinu hér á þolanlegan grundvöll. Þessir háu raunvextir koma í veg fyrir að þjóðarsátt náist. Þessir háu raunvextir koma í veg fyrir það á samdráttartímum að fyrirtækin sjái sér kleift að fjármagna með lánum ýmsar þær framkvæmdir, endurnýjun og fram-

leiðsluaukningu sem þau vilja ráðast í, svo ég tali nú ekki um nýsköpun í atvinnulífinu sem oft fylgir áhætta. Þau verða að nota allt sitt fjármagn til að greiða dráttarvexti í bönkum. Um þetta er fjallað á mjög athyglisverðan máta í blaðinu The Economist frá 21. sept. nú í ár. Þar er fyrst rakið að að sjálfsögðu eigi raunvextir ekki að vera neikvæðir, raktar síðan ýmsar athuganir sem hafa verið gerðar á raunvaxtaokrinu og dregin upp heldur vafasöm mynd af því og síðan segir, með leyfi forseta, og í fljótlegri þýðingu minni:

„Mjög háir vextir, 10% eða hærri, sem eru algengir í þróunarlöndum upp á síðkastið eða síðustu ár virðast vissulega skaða mjög því að það er alveg ljóst að engin fjárfesting sem býr við slíka vexti getur skilað arði, engin fjárfesting." Það er dálítið fróðlegt að hér er talað um „real interest rate" að vísu á enskunni, þ.e. raunvexti, og það eru þeir vextir sem nú eru hér á verðtryggðum bréfum en þó töluvert lægri vextir en eru á nafnvaxtabréfum. Við erum sem sagt í flokki þróunarlandanna. Við erum í flokki þróunarlandanna með vexti.

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að við flm. þessa frv. séum að reyna að varpa út bjarghring til hæstv. ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst, eins og ég hef sagt, að ef ekki verður tekið á þessum vöxtum stefnum við í voða og það vill ekkert okkar að sjálfsögðu. Ég tel mig þekkja það vel til mála í Seðlabankanum að ekki veiti af að setja á hann slíkar skyldur, annars mun hann ekki bregðast rétt við, því miður. Þar eru enn þá trúarbrögð frjálshyggjunnar ein við lýði þó að víða hafi hallað undan fæti hvað því viðvíkur eins og fram kemur í lækkun vaxta um allan hinn vestræna heim nánast nema núna nýlega í Svíþjóð. Jafnvel miklir frjálshyggjumenn eins og Bush, forseti Bandaríkjanna, gerði það eitt af aðalatriðunum í stefnuræðu sinni sl. vor að hann hafi, líklega með handafli, lækkað vexti um helming og í umræðu sem hefur verið í Bandaríkjunum nú hefur öll áhersla verið á að lækka vexti. Sjöveldin svonefndu gáfu út þann boðskap sl. vor að í þeirri nokkuð óvæntu efnahagskreppu sem hefur gengið yfir beri að lækka vexti og því hefur verið fylgt eftir. Ég veit að hæstv. ríkisstjórn getur náð þessum árangri og ég vona að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu. Hæstv. ríkisstjórn getur kennt okkur stjórnarandstæðingum um að hér sé um einhver höft að ræða, en nauðsyn brýtur lög og ég vil leyfa mér að vona að þetta frv. verði afgreitt helst fyrir áramót, ég held að það liggi svo mikið á, satt að segja.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi láta í ljósi ánægju mína með það að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. skuli hafa komið til þessa fundar eftir erfiða nótt og einnig hæstv. félmrh. Það er mikilvægt vegna þess að við erum að fást við lykilatriðið í efnahagsmálum Íslendinga á næstu missirum.

Það er mjög mikilvægt að það liggi ljóst fyrir, bæði efnislega og pólitískt, hvað ríkisstjórnin hyggst gera og hvað við ýmsir aðrir viljum að gert sé og einnig hvers vegna og hvaða líkur séu á því að sú aðferð sem menn velja skili árangri.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að nánast allir sem hafa tjáð sig á undanförnum mánuðum, hvort sem það eru aðilar vinnumarkaðarins, samtök launafólks eða samtök atvinnulífsins, við hér sem skipum flokka stjórnarandstöðunnar á Alþingi eða fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar, allir þessir aðilar hafa lýst yfir sameiginlegu markmiði, því markmiði að vaxtalækkun, raunvaxtalækkun á næstu vikum og allra næstu mánuðum sé lykilatriði til þess að íslenskt efnahagslíf geti haldið stöðugleika sínum. Ég legg áherslu á orðið lykilatriði. Um þetta er enginn ágreiningur. Ég held t.d. að hæstv. forsrh. hafi oft og reyndar alltaf haft rétt fyrir sér, þegar hann hefur sagt að þessi vaxtalækkun væri lykilatriði í tengslum við efnahagslegan stöðugleika og lága verðbólgu á næsta ári. Vandinn snýst ekki um þetta. Vandinn snýst um það hvernig ætla menn að gera þetta. Þar höfum við, ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, flutt frv. sem vegvísi í þessum efnum. Við höfum hins vegar í síðustu viku hlustað á hæstv. viðskrh. lýsa annarri aðferð og við höfum heyrt hæstv. forsrh. segja að ef ríkisstjórnin nái því að afgreiða fjárlög með tæplega fjögurra milljarða halla muni vextirnir lækka og þessi stöðugleiki komast á.

Ég verð því miður, virðulegi forsrh., að lýsa því yfir að ég held að sú kenning sé á misskilningi byggð. Jafnvel þótt ríkisstjórnin nái því að afgreiða fjárlögin, og þá legg ég áherslu á að það séu raunhæf fjárlög fyrir næsta ár með fjögurra milljarða halla, muni það lítt duga til þess að ná vöxtunum niður.

Ég ætla að færa fyrir þessu nokkur rök og vona síðan að hæstv. ráðherrar taki efnislegan þátt í umræðunni vegna þess að við erum hér að fást við lykilatriðið í því sem ráðið getur úrslitum um hvort okkur Íslendingum tekst að halda stöðugleikanum.

Seðlabanki Íslands sendi frá sér skýrslu 4. des. Það er alveg ljóst að í þeirri skýrslu kemur fram ein skýr grundvallarkenning. Þessi grundvallarkenning Seðlabankans er sett fram á bls. 7 í þessari skýrslu og hún hljóðar á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að benda á þá mikilvægu staðreynd að vaxtastigið hér á landi ræðst ekki lengur nema að litlu leyti af vaxtaákvörðunum innlánsstofnana heldur fyrst og fremst á verðbréfamarkaðnum þar sem eftirspurn eftir lánsfé frá ríkissjóði og húsbréfakerfinu hefur nú um skeið skipt mestu máli. Innlánsstofnanir taka síðan mið af vöxtum á spariskírteinum og húsbréfum þegar þær ákveða vexti á verðtryggðum innlánum og útlánum."

Þetta er lykilkenningin í skýrslu Seðlabanka Íslands til ríkisstjórnar og Alþingis samkvæmt lögum nr. 36/1986, um þann vanda sem við er að glíma í vaxta- og peningamálum. Ef hæstv. ráðherrar, forsrh. og viðskrh., taka þá afstöðu, sem ráða mátti af yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem greint var frá í fjölmiðlum í morgun, að þeir hafni þessari kenningu líkt og hæstv. félmrh. hefur hafnað henni, þá blasir við sú staðreynd að

hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hafa um leið hafnað grundvallarkenningu Seðlabankans um það hvernig eigi að ná vöxtunum niður. Það eru vissulega mjög mikilvæg tíðindi. Ég hlýt þess vegna í þessari umræðu að óska eftir því að það komi alveg skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. hvort þeir eru sammála eða ósammála þeirri grundvallarkenningu Seðlabankans að það séu húsbréfin ásamt hallanum á ríkissjóði, eins og kemur fram í skýrslunni hvað eftir annað, enn frekar húsbréfin en hallinn á ríkissjóði, sem ráði vaxtastiginu í bankakerfinu.

Ég vil í þessu sambandi, virðulegi forseti, vitna til ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti ef ég man rétt á föstudagskvöld í síðustu viku. Þar sagði hæstv. viðskrh. orðrétt:

„Ég legg hins vegar á það mjög ríka áherslu að í þessum efnum á bein íhlutun ekki við heldur munu vextirnir lækka með frjálsum ákvörðunum á næstunni."

Í skýrslu Seðlabankans kemur skýrt fram að Seðlabankinn telur engar líkur til þess, engar, að vextir muni lækka með frjálsum ákvörðunum á næstunni nema ríkisstjórnin grípi til alvarlegra aðgerða gagnvart húsbréfakerfinu. Ef ríkisstjórnin grípur ekki til neinna aðgerða gagnvart húsbréfakerfinu, segir Seðlabankinn í þessari skýrslu: „... vextir munu ekki lækka með frjálsum aðferðum."

Ég vil enn fremur vekja athygli hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh., sem ég veit að ég þarf kannski ekki gagnvart hæstv. félmrh., á því sem segir á bls. 6 í skýrslu Seðlabankans. Þar kemur fram sú skoðun Seðlabankans að vaxtahækkunin, sem ríkisstjórnin ákvað eftir að hún tók við völdum og hæstv. forsrh. hefur löngum rökstutt með þeim hætti að þetta hafi verið leiðrétting til samræmis við markaðinn — hæstv. forsrh. staðfestir með höfuðhreyfingum nú eins og hann hefur oft gert áður að þetta var hans kenning og það er rétt — en Seðlabankinn segir í þessari skýrslu að sú leiðrétting hafi verið óhjákvæmileg og í skýrslunni segir orðrétt: „... að mestu leyti til samræmis við þá vexti sem þegar voru á húsbréfamarkaðinum." Eða með orðum Seðlabankans: Vaxtahækkun ríkisstjórnarinnar í maí var ekki vegna almennra markaðsvaxta í landinu, í peningastofnunum markaðarins, bönkum og sjálfstæðum verðbréfasjóðum, heldur að mestu leyti til samræmis við vextina á húsbréfakerfinu.

Ég gæti,virðulegi forseti, rakið hér fjölmargar aðrar tilvitnanir í skýrslu Seðlabankans en ég læt þessar nægja að sinni. Það blasir því við að komnar eru upp þrjár kenningar um hvernig eigi að ná vöxtunum niður á næstunni. Í fyrsta lagi er sú kenning sem við tölum hér fyrir, ég og hv. alþm. Steingrímur Hermannsson. Í öðru lagi er sú kenning sem Seðlabankinn talar fyrir. Í henni felst að taka verði á húsbréfakerfinu strax af fullri alvöru. Seðlabankinn lýsir því og gengur meira að segja svo langt að leggja til að ríkisábyrgðin sé tekin af húsbréfunum, og ég mun koma að því á eftir, en það er satt að segja mjög róttæk tillaga hjá Seðlabankanum. En það er þessi síðarnefnda kenning þ.e. sú afstaða Seðlabankans að það muni ekki skila neinum árangri að ná vöxtunum niður nema tekið sé á húsbréfakerfinu. Í þriðja lagi er sú kenning sem manni skildist á forsrh. í morgun að væri hans skoðun, þ.e. hann væri sammála félmrh., að þessi ályktun Seðlabankans væri röng og þess vegna virðist forsrh. treysta sér til þess að ná vöxtunum niður með frjálsum aðferðum án þess að tekið sé á húsbréfakerfinu. Það er þriðja kenningin að vextirnir lækki á markaðinum án þess að tekið sé á húsbréfakerfinu. Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Er hann sammála kenningu Seðlabankans eða er hann sammála kenningu félmrh.? Ég ræð það af ræðu hæstv. viðskrh. sem hann flutti hér sl. föstudagskvöld að hann er í reynd að boða sams konar kenningu og Seðlabankinn gerir í sinni skýrslu án þess að útfæra hana jafnítarlega og Seðlabankinn gerir.

Virðulegi forseti. Það er líka mjög alvarlegt í skýrslu Seðlabankans að þeirri grundvallarkenningu er haldið fram til viðbótar að ein meginástæðan hins mikla viðskiptahalla, sem er kannski eitt stærsta vandamálið í íslensku hagkerfi sem við er að glíma á þessu ári og næsta ári, sé sú almenna eyðsla heimilanna í landinu sem aukin hafi verið í gegnum húsbréfakerfið. Seðlabankinn rekur það í sinni skýrslu að hin eiginlega lánsfjárþörf ríkisins í venjulegum skilningi, þ.e. vegna umsvifa ríkisins og hallans á ríkissjóði, sé ekki nema mjög lítill hluti af þessum þáttum en það sé fyrst og fremst umframeyðsla heimilanna, fjármögnuð að verulegu leyti gegnum húsbréfakerfið sem hafi leitt til þessa viðskiptahalla.

Nú ætla ég ekki að taka afstöðu til þessara kenninga hér og nú en auðvitað er alveg ljóst að ríkisstjórnin hlýtur að hafa það sem meginverkefni að draga úr viðskiptahallanum á næsta ári og verður auðvitað að svara því áður en fjárlög eru afgreidd hér á Alþingi hvort hún er sammála eða ósammála þessari afstöðu. Það væri auðvitað til einskis, nánast til einskis, að vera glíma hér við 1, 2 eða 3 milljarða til og frá í fjárlögum ríkisins ef kenning Seðlabankans er rétt og húsbréfakerfið er látið halda áfram með þeim hætti sem verið hefur í ár. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ná árangri verður hún annaðhvort að sýna fram á að kenning Seðlabankans sé röng eða fara eftir henni. Þetta er mikið alvörumál, sérstaklega vegna þess, virðulegi forsrh. og virðulegi viðskrh., að á árinu 1992 blasir við að þjóðhagslegur sparnaður, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, verður hér á landi sá minnsti í 40 ár. Fara þarf 40 ár aftur í tímann, aftur til ársins 1951 til þess að finna jafnlágt hlutfall þjóðhagslegs sparnaðar hjá okkar þjóð eins og verður á næsta ári. Það er dæmi eða vegvísir um þær hættur sem við erum komin í. Ef í landinu er síðan kerfi sem nánast með sjálfvirkum hætti fjármagnar eyðslu heimilanna og vaxandi viðskiptahalla við þessar kringumstæður er það ávísun á alveg hrikalega stöðu í efnahagslífi Íslendinga þegar líður að lokum næsta árs.

Í raun og veru má ályktа út frá þeirri kenningu sem Seðlabankinn setur fram í sinni skýrslu að það séu húsbréfin og þáttur heimilanna sem hafi ýtt ríkinu út af markaðinum. Ég bið hæstv. forsh. að taka eftir þess-

ari kenningu Seðlabankans vegna þess að hæstv. forsrh. hefur, sjálfsagt í góðri trú, haldið fram þessari kenningu að vegna þess hve ríkið hafi verið fyrirferðarmikið á markaðnum hafi vextirnir verið svona háir. Nú kemur Seðlabankinn fram með þau viðhorf að í reynd séu það húsbréfin sem eru það fyrirferðarmikil á markaðnum að spariskírteini ríkissjóðs hafa ekki selst og ríkissjóður hafi þess vegna ekki verið fyrirferðarmikill á markaðnum á árinu 1991. Þess vegna sé ekki hægt að skýra hið háa vaxtastig í landinu með fyrirferð ríkissjóðs, hins eiginlega ríkissjóðs, spariskírteinanna og hallavandamálsins á markaðinum, alls ekki. Það sé heldur ekki hægt að skýra hið háa vaxtastig með fyrirferð atvinnufyrirtækjanna á markaðinum vegna þess að Seðlabankinn rekur mjög rækilega tölur um það að atvinnufyrirtækin hafi ekki í auknum mæli sótt á á þessum markaði. Í raun má segja að þegar litið er á þessa skýrslu og hún sett í samhengi, þá er Seðlabankinn að lýsa því yfir að grípi ríkisstjórnin ekki til róttækra aðgerða núna strax gagnvart húsbréfakerfinu muni grundvallarþátturinn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hrynja. Ég vona að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir þessum kjarna málsins vegna þess að illt væri í efni ef hann væri í góðri trú að leggja á sig mikið erfiði við að pína þingflokkana til að samþykkja hér ákveðinn niðurskurð á fjárlögum, haldandi ríkisstjórnarfund fram til kl. 6 í morgun og þingflokksfund kl. 7.30 hjá Sjálfstfl. þegar Seðlabankinn er búinn að lýsa því yfir að þessi viðleitni sé nánast gagnslaus, verði ekki tekið á húsbréfakerfinu.

Ég vil í því sambandi vekja athygli hæstv. forsrh. á því að sá seðlabankastjóri, sem Sjálfstfl. tilnefndi á síðasta ári, Birgir Ísl. Gunnarsson, flutti þjóðinni þann boðskap í sjónvarpi, mig minnir sl. laugardagskvöld frekar en föstudagskvöld, að þessi skýrsla Seðlabankans væri í samræmi við skoðanir bankastjórnarinnar og hans sjálfs og unnin af færustu sérfræðingum bankans. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. geri sér líka grein fyrir því að Jóhannes Nordal mun einnig líkt og Birgir Ísl. Gunnarsson standa fast á þessari skýrslu. Hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. eru þess vegna komnir í þá stöðu að velja á milli Jóhannesar Nordals og Birgis Ísl. Gunnarssonar annars vegar og hæstv. félmrh. hins vegar. Þeir eru komnir í þá stöðu að ef þeir af pólitískum ástæðum, sem ég skil vel án þess að ég útskýri þær hér í löngu máli, velja að standa með félmrh. og hreyfa ekki við húsbréfakerfinu en Jóhannes Nordal og Birgir Ísl. Gunnarsson reynast hafa rétt fyrir sér, mun ríkisstjórnin standa í þeim sporum allt næsta ár að vextirnir fara ekki niður og viðskiptahallinn minnkar ekki af því að það gangvirki peningamálanna, sem í húsbréfaútgáfunni felst, mun halda raunvöxtunum uppi og viðskiptahallanum háum. Við erum þess vegna ekki að fást við neitt smáatriði. Við erum að fást við það stóra vandamál að við verðum að ræða það mál í gegn hver hefur rétt fyrir sér í þessum efnum.

Ég vil áður en fundi lýkur vekja athygli hæstv. forsrh. á því og bið hann að skila því til vinar míns, hæstv. fjmrh., að fjmrh. hækkaði raunvexti á spariskírteinum ríkissjóðs í maí um þriðjung. Það var eitt af hans fyrstu verkum. Það var ekki lítil hækkun. Hann hækkaði raunvexti á spariskírteinum ríkisins um þriðjung með einni handaflsaðgerð því auðvitað er það þannig að ríkið getur hækkað vexti með handafli þó að sumir eigi erfitt með að trúa því að ríkið geti lækkað vexti með handafli.

Ég sagði það hér í ræðustól á Alþingi í maí að líklegast hefði hæstv. fjmrh. fengið þetta vonda ráð frá Seðlabankanum. Ég gat mér þess til og benti hæstv. fjmrh. á það að þetta mundi ekki skila miklum árangri. Ég lýsti því jafnframt yfir þá að ég gerði ekki ágreining við hann um hækkun vaxtanna á ríkisvíxlunum, skammtímapappírunum á markaðnum sem væru í keppni við millibankavextina. Ég hef ítrekað þá skoðun mína hvað eftir annað. En raunvaxtahækkunin á spariskírteinunum var leiðandi aðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að réttlæta hið háa raunvaxtastig án þess að ná nokkrum árangri. Og nú, virðulegi forseti, liggja tölurnar fyrir.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins, á þeim tíma þegar fráfarandi ríkisstjórn fór enn með völd og raunvextirnir á spariskírteinum ríkissjóðs voru 6%, voru seld spariskírteini ríkissjóðs fyrir 1.376 millj. Það var reyndar hærri upphæð, meiri sala á þessum fyrstu fjórum mánuðum en á fjórum mánuðum árið á undan. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ef ég mætti fá örfáar mínútur til þess að ljúka þessum tölum og kannski þar með ræðu minni eða fresta henni, þá væri ég þakklátur fyrir það. (**Forseti:** Örfáar mínútur.) 1.376 millj. á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Á næstu fjórum mánuðum ársins þar á eftir, þ.e. fyrstu fjórum mánuðunum þegar spariskírteinin bera 8% vexti eftir að ríkisstjórnin hækkar vextina, þá seljast þau fyrir 899 millj. eða fyrir mun lægri upphæð en á þeim fjórum mánuðum þegar þau báru 6% vexti. Við skulum taka tímabilið frá ársbyrjun og til nóvember á þessu ári. Þá hafa samtals selst spariskírteini fyrir 4.399 millj. en á sama tíma í fyrra, þegar vextirnir voru 6% allt tímabilið, voru seld spariskírteini fyrir 6.835 millj. eða fyrir um það bil 2½ milljarði meira en á fyrstu 11 mánuðum þessa árs. Það er reyndar þannig, virðulegi forseti, að við seldum spariskírteini fyrir 1.376 millj. á fyrstu fjórum mánuðum ársins en ríkissjóði hefur ekki tekist fram að þessu, eða frá því að 8% hækkunin kom til framkvæmda, að selja spariskírteini fyrir nema um 3 milljarða þegar við seldum á sama tíma í fyrra á 6% vöxtum spariskírteini fyrir 5½ milljarð. Þess vegna er alveg ljóst að raunvaxtahækkunin á spariskírteinunum skilaði minni árangri en í sölu spariskírteinanna áður.

Virðulegi forseti. Ég mun nú gera hlé á ræðu minni en ljúka henni á skömmum tíma þegar þingfundur hefst hér á nýjan leik. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh. komi hér til fundarins svo að hægt sé að ljúka ræðunni. (**Forseti:** Forseti tekur undir þá von hv. 8. þm. Reykn. en hefur verið upplýst að hæstv. forsrh. muni vera kominn hálfa leið því hann er í viðtali niðri í Kringlunni og er væntanlegur innan skamms og mun láta aðra hæstv. ráðherra vita ef þeir hafa ekki heyrt hringingarnar.)

Virðulegi forseti. Ég hef nokkra samúð með því að hæstv. forsrh. skuli þurfa að tala við fjölmiðla en ég vek athygli virðulegs forseta á því að þetta er í annað sinn á mjög skömmum tíma sem ég get ekki haldið áfram ræðu minni í þinginu vegna þess að ráðherrar eru uppteknir við að tala við fjölmiðla. Á föstudag, ef ég man rétt, varð að gera hlé á þingstörfum vegna þess að hæstv. utanrrh. var að tala við fjölmiðla og nú er ekki hægt að halda áfram þessari umræðu vegna þess að hæstv. forsrh. er að tala við fjölmiðla. Ég minni á að þessir tveir ágætu menn sögðu í rauða sófanum í sjónvarpssal þegar þeir komu úr Viðey kvöldið sem ríkisstjórnin var mynduð að þetta yrði öðruvísi ríkisstjórn en allar aðrar, m.a. vegna þess að nú ættu ráðherrar ekki að vera mikið í fjölmiðlum. (**Forseti:** Þeir eru greinilega vinsælli en þeir hafa gert ráð fyrir í upphafi, hæstv. ráðherrar.) Það má vel vera, virðulegi forseti, að þeir álykti sem svo að það sé vegna vinsælda sem fjölmiðlar vilji tala við þá. Ég ætla ekki að tjá mig um þann dóm forsetans. En ég minni á að það á alla vega ekki við um forsrh. samkvæmt síðustu skoðanakönnun. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að hæstv. ráðherra viti að nærveru þeirra sé óskað hér.) Ég verð því miður, forseti, að bíða. Ég ætlaði að reyna að ljúka ræðu minni á u.þ.b. 5 mínútum en ég tel mig ekki geta byrjað fyrr en hæstv. forsrh. sérstaklega kemur hér. — Nú kemur hæstv. forsrh.

Ég var að segja, hæstv. forsrh., að ég hef mikla samúð með því að forsrh. þurfi að tala við fjölmiðla en forsetinn tjáði okkur það að hæstv. forsrh. gæti ekki komið til fundarins vegna þess að hann væri að tala við fjölmiðla. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem þingfundir tefjast hér vegna þess að ráðherrar eru að tala við fjölmiðla. Gera varð hlé á þingstörfum á föstudaginn, ef ég man rétt, vegna þess að hæstv. utanrrh. var að tala við fjölmiðla svo að ég rifjaði það upp, virðulegi forsrh., þegar þið félagarnir sátuð í rauða sófanum í sjónvarpssal kvöldið sem ríkisstjórnin var mynduð. Þá var ein af yfirlýsingunum sú að þessi ríkisstjórn yrði öðruvísi en allar aðrar vegna þess að nú ætluðu ráðherrar ekki að tala mikið við fjölmiðla. Það var farið álíka með það fyrirheit eins og önnur.

Ástæðan fyrir því að ég vildi hafa hæstv. forsrh. hér í salnum til þess að ég gæti lokið ræðu minni er sú að ég vildi fara fleiri orðum um þær tölur sem ég var að flytja um sölu spariskírteina á þessu ári og hinu síðasta. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað flutt þá skoðun, sem stenst nú ekki þegar málið er gaumgæft, að hækkun raunvaxta spariskírteina ríkissjóðs um þriðjung, sem er stórt stökk í hækkun raunvaxta á spariskírteinum, hafi leitt til aukinnar sölu. Salan á spariskírteinum ríkisins frá því að vextirnir voru hækkaðir í 8%, á þessum sjö mánuðum, nemur 3 milljörðum 23 millj. kr. Það er álíka upphæð, hæstv. forsrh., og við seldum fyrir á fjögurra mánaða tímabili frá maí og til ágúst á sl. ári á 6% vöxtum. Þá var selt fyrir 3 milljarða 27 millj. og á jafnlöngu tímabili, sjö mánuðum, frá maí og til nóvember 1990 voru seld spariskírteini fyrir 5 milljarða 550 millj. kr. á 6% vöxtum. Á sjö mánuðum frá því að ríkisstjórnin tók við og vextirnr voru hækkaðir í 8% hafa selst 3 milljarðar 23 millj. kr. Það munar sem sagt 2½ milljarði sem selt er af spariskírteinum á 6% vöxtunum á sama tíma í fyrra og selt er á 8% vöxtunum nú. Það er einnig athyglisvert, hæstv. forsrh., af því að svo mikið hefur verið talað um að lítið hafi selst af spariskírteinunum á fyrstu fjórum mánuðum ársins á 6% vöxtunum, að spariskírteini seldust fyrstu fjóra mánuði þessa árs fyrir 1.376 millj. sem er um 100 millj. kr. meira en salan fyrstu fjóra mánuði ársins 1990. Það er einfaldlega þannig að ekki er hægt að finna neinn tölulegan grundvöll fyrir þeim rökum eða þeirri réttlætingu að hækkun raunvaxtanna á spariskírteinunum um þriðjung í maí hafi leitt til aukinnar sölu. Þvert á móti. Salan er umtalsvert minni en hún var á 6% vöxtunum bæði fyrstu fjóra mánuði þessa árs og 11 mánuði ársins í fyrra.

Ég varaði hæstv. ríkisstjórn við þessu í maí af góðum hug. Ég taldi að það væri alrangt af ríkisstjórninni að álykta sem svo að þessi hækkun raunvaxtastigsins um ⅓ mundi leiða til aukinnar sölu. Nú liggja tölurnar fyrir og niðurstaðan er ótvíræð.

Hins vegar hefur bankakerfið notað þessa raunvaxtahækkun ríkisins til þess að verja sig og sitt raunvaxtastig. Enda er það ekki hækkunin á spariskírteinunum sem er vandamálið að dómi Seðlabankans heldur húsbréfakerfið. Ég vil þess vegna benda hæstv. ríkisstjórn á að ríkisstjórnin getur sjálf haft umtalsverð áhrif á raunvaxtastigið með því að taka að hluta til til baka þær ákvarðanir sem hún tók í maí ef hún er þá reiðubúin að taka að einhverju leyti á húsbréfakerfinu.

Seðlabankinn hefur verið gagnrýndur nokkuð og með réttu vegna þess að það er margt í því sem hann segir sem orkar tvímælis. Ég held þó og vil lýsa því alveg skýrt hér að þótt ég taki ekki afstöðu með þeirri grundvallarkenningu sem Seðlabankinn setur fram hér um húsbréfin, þá er alveg ljóst að það er ekki hægt að leysa þetta mál, vaxtastigið í landinu, án þess að taka með ákveðnum hætti á húsbréfakerfinu eins og það er í dag. Ríkissjóður er einfaldlega að ónýta öll sín verk fyrir sjálfum sér ef hann heldur áfram útgáfu húsbréfa sem gera það að verkum að spariskírteini ríkissjóðs standast ekki samkeppnina. Að því leyti skil ég ósköp vel hvers vegna hæstv. núv. félmrh. hefur lýst yfir ánægju sinni með núv. hæstv. fjmrh. því að alveg ljóst er að núv. hæstv. fjmrh. hefur látið húsbréfin hafa forgang fram yfir spariskírteini ríkissjóðs. Það er að vísu ekki meðmæli með fjmrh.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum vekja athygli hæstv. ráðherra á því að á bls. 5 í skýrslu Seðlabankans er því haldið fram að tilurð húsbréfakerfisins hafi valdið þeirri stökkbreytingu á lánsfjármarkaðinum að heildarlántökur ríkisins og annarra opinberra aðila séu hærri en sem nemur öllum peningalegum sparnaði í landinu. Ég vil líka vekja athygli á því, sem kemur fram og hefur verið vitnað í hér áður neðst á þessari blaðsíðu, að af 90 milljarða aukningu heildarskulda á lánamarkaðinum eru aðeins 11 milljarðar sem fara til ríkisins. Það er því ekki með nokkrum rökum hægt að halda því fram að það sé fyrirferð ríkisins í eiginlegri

merkingu á þessum markaði sem skapi vandamálin.

Ég vil einnig vekja athygli á því sem segir hér á bls. 10 og 11 og spyrja um afstöðu hæstv. ráðherra til þeirra tillagna og einnig hæstv. félmrh. Þar er annars vegar lagt til að fjáröflun vegna húsbréfakerfisins verði skorin niður um 4 milljarða. Nú á að afgreiða lánsfjárlög á þinginu næstu daga og Seðlabankinn heldur því fram að ef það verður ekki gert sé nánast borin von að hægt sé að ná jafnvægi á lánsfjármarkaðnum. Ég vil þess vegna spyrja um afstöðu hæstv. ráðherra til þessarar tillögu. Síðan er á bls. 11 að finna þá tillögu að afnema eigi ríkisábyrgðina á húsbréfunum. Það eru auðvitað mjög merkileg tíðindi þegar Seðlabanki Íslands leggur formlega til að ríkissjóður afnemi ábyrgð sína á þessum bréfum.

Að lokum vil ég einnig spyrja hæstv. viðskrh. að því, sem er þá þriðja atriðið, hvort ætlunin sé að halda áfram því sem tekið var upp í maí á þessu ári að Seðlabankinn telji húsbréf í eigu innlánsstofnana með lausafé á sama hátt og spariskírteini gagnvart reglunum um lausafjárhlutfall. Það er alveg nauðsynlegt að fá svar við þessu því að þetta er eitt af grundvallaratriðunum í efnahagsstefnunni á næsta ári.

Að lokum vil ég einnig vekja athygli ráðherra á því sem segir á bls. 69 neðst þar sem er samanburður við vaxtastig í öðrum löndum. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Mörg þessara landa eiga við svipaðan og jafnvel alvarlegri ríkisfjármálavanda að glíma en Íslendingar. Ekkert á við slíkan misvægisvanda að etja sem Íslendingar í fjármögnun íbúðarhúsnæðis þar sem lántökur einstaklinga vegna íbúðarhúsnæði eru langt umfram afborganir á áhvílandi lánum."

Hér bendir Seðlabankinn sem sagt á þann skýringarþátt misvægisins milli vaxta hér á landi og annars staðar að hið háa hlutfall lána til íbúðarhúsnæðis sé einn af skýringarþáttunum.

Virðulegi forseti. Ég hef víst nokkrum sinnum sagt „að lokum" og er best að fara að efna það fyrirheit. Þó vil ég ekki fara héðan úr stólnum án þess að rifja upp grundvallartriði hagfræðinnar. Að vísu er búið að segja ýmislegt um hagfræðinga í þessum ræðustól á undanförnum árum. Ég vil ekki styðja þá kenningu að það sé fullkomlega marklaus sveit manna. Ég tel að allt það fræðistarf hafi einhverju skilað. Ein af þeim kenningum sem enn eru í gildi og enginn hefur hrakið með rannsóknum er kenningin um eðli fákeppnismarkaðar. Sú kenning felur það í sér að fyrirtæki á fákeppnismarkaði séu mjög fljót til að hækka verð sinnar vöru en að sama skapi mjög sein til að lækka verð sinnar vöru þó að allar ytri aðstæður mæli með því. Þess vegna mælir kenningin með því að á fákeppnismarkaði sé gripið inn í af hálfu hins opinbera til þess að þvinga fákeppnisaðilana til að lækka verðið á sinni vöru í takt við kringumstæðurnar vegna þess að þeir séu ekki færir um að gera það sjálfir fyrr en of seint.

Nú er það almennt viðurkennt að banka- og peningamarkaðurinn á Íslandi um þessar mundir sé fákeppnismarkaður og þess vegna eru full fræðileg rök fyrir því, jafnvel þótt menn aðhyllist kenninguna um frjálsa vexti sem meginkenningu, að beita því sem kallað hefur verið handafl eða handleiðsla, sem sagt ígrip hins opinbera inn í þá atburðarás til að knýja þessa fákeppnisaðila til að lækka verðið á sinni vöru, þ.e. vextina. Það er þess vegna engin mótsögn, hæstv. forsrh., milli frjálsra vaxta annars vegar og hins vegar ígripa af hálfu hins opinbera til þess að knýja niður vextina á *hinum íslenska peningamarkaði eins og hann lítur út* nú. Það gengur því aðeins upp að hafa engin opinber afskipti til þess að knýja vextina niður ef menn ætla að halda því fram og treysta sér til þess að sanna að íslenski peningamarkaðurinn eins og hann er nú sé frjáls samkeppnismarkaður en ekki fákeppnismarkaður. Það er hann hins vegar ekki. Þetta veit ég að hæstv. viðskrh. veit þó að stundum standi dálítið á því að hann viðurkenni það. Og vegna þess að hæstv. forsrh. tók hér dálítið skemmtilegan orðaleik fyrir helgina til þess að reyna að snúa sig út úr ágreiningi sínum og hæstv. sjútvrh. vil ég aðeins segja þetta við hann:

Það er enginn munur á afstöðunni, sem lýst hefur verið af hálfu hæstv. sjútvrh. og þeirri sem lýst hefur verið af hálfu okkar, hvort sem menn kalla það handleiðslu eða handafl. Við höfum aftur á móti mótmælt þeirri kenningu, sem m.a. kom fram hjá hæstv. viðskrh. í hans ræðu sl. föstudagskvöld, að vextirnir muni lækka af sjálfu í krafti hinnar ósýnilegu handar, hæstv. forsrh. Þess vegna er líkingin um prestinn sem tákn fyrir skoðun hæstv. forsrh., ef á henni á að taka mark, yfirlýsing um að hann sé horfinn frá kenningunni um hina ósýnilegu hönd og vilji nú hafa hinn sýnilega prest fyrir altarinu sem með handahreyfingum sínum færir vextina niður. Sé svo getum við í sjálfu sér orðið sammála því að það skiptir mig engu sérstöku máli hvort þetta er gert með mjúkum strokum prestsins eða einu stuði útkastarans. Aðalatriðið er að það er höndin í bæði skiptin, sem beitt er, en ekki hinn ósýnilegi andi kenningarinnar um hina frjálsu markaðsvexti.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. síðasti ræðumaður minntist á hagfræðinga og hvort mark væri á þeim takandi. Ríkið verðleggur hagfræðinga eins og fram kom í frv. sem hér var til umræðu í dag. Þeir þurfa að borga 25 þús. kr. fyrir sitt starfsleyfi meðan ýmsar aðrar stéttir þurfa að borga allt upp í 75 þús. Það segir kannski eitthvað um stöðu hagfræðinganna. En það eru ekki hagfræðingar sem hér eru til umræðu heldur miklu frekar hagfræði og hvernig bregðast skuli við þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir í vaxtamálum. Það er ekki að ástæðulausu að það frv., sem hér er til umræðu, hefur verið lagt fram og ég get svo sannarlega tekið undir það með 1. flm. að það er þörf fyrir neyðaróp í þessum efnum en ég hef vissar efasemdir um þá leið sem hér er lögð til.

Ástæður þess að þetta frv. er komið fram eru annars vegar þær hve vextir eru orðnir háir, vextir sem eru að sliga atvinnulífið og heimilin í landinu, og hins vegar mikil eftirspurn eftir lánsfé, miklar lántökur ríkisins, atvinnulífsins og þó einkum og sér í lagi einstaklinganna, heimilanna í landinu.

Í öðru lagi er ástæða þess að við ræðum í dag um vaxtamál nauðsyn þess að ríkið beiti þeim aðferðum sem það ræður yfir til þess að ná niður vöxtunum. Spurningin er hins vegar, hvaða leið eigi að fara. Eftir því sem ég best fæ séð er um þrjár leiðir að velja. Í fyrsta lagi sú sem lögð er til í þessu frv., þ.e. Seðlabankinn hafi ákveðna fasta viðmiðun sem er vextir í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Í öðru lagi að fara þá leið að lækka vexti þegar í stað á ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum og reyna þannig að fá aðrar lánastofnanir til þess að lækka sína vexti og í þriðja lagi að draga úr lánsfjárþörf ríkisins, þ.e. draga úr eftirspurn og samkeppni um lánsfé. Að mínum dómi ætti að fara hinar tvær síðari leiðir, að ríkið grípi þegar í stað til aðgerða og lækki vexti á spariskírteinum ríkissjóðs og ríkisvíxlum, jafnframt því að dregið verði úr lánsfjárþörf ríkisins. Gallinn er bara sá að þó að ríkisstjórnin sé nú að gera tilraun til að draga úr lánsfjárþörfinni þá skilar það sér ekki inn á markaðinn fyrr en eftir töluverðan tíma. Samt sem áður er það algerlega nauðsynlegt.

Ef ég vík aðeins að þeirri leið sem lögð er til í þessu frv. þá er það nú svo í vaxta- og peningamálum að þar bítur hvað í skottið á öðru og lækkandi vextir þýða væntanlega minni sparnað. En minni sparnaður eykur auðvitað eyðsluna þannig að það gæti fljótlega leitt til þess að aftur yrði að hækka vexti.

Eins og fram hefur komið í umræðunni er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu mála. Það sem vekur auðvitað hvað mesta furðu er hversu gífurleg eftirspurn er eftir lánsfé þrátt fyrir hina háu vexti. Þetta segir mér það, sem ég hef áður nefnt hér í ræðum, að það bremsukerfi sem háir vextir eiga að hafa í för með sér virkar ekki, það einfaldlega virkar ekki. Þetta sjáum við hvað best í húsbréfakerfinu. Það er alveg sama hvað vextirnir hækka og afföllin eru mikil fólk tekur áfram þessi lán þegar það ætti að halda að sér höndum.

Þær ábendingar sem fram koma í greinargerð Seðlabankans um húsbréfakerfið eru mjög athyglisverðar þó að ég taki undir það sem hér hefur komið fram og ég held að þetta sé heldur ýkt. Það er greinilegt að peningarnir koma annars staðar frá. Þeir koma frá lífeyrissjóðunum og þeir koma frá bankakerfinu og það vekur auðvitað spurningar um það aðhald sem bankarnir ættu að hafa í lánveitingum en eins og við vitum þá hafa þeir átt við erfiðleika að stríða þannig að þetta er einn vítahringur sem erfitt er að komast út úr.

Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan að ég held að það sé nokkuð varasamt að binda vextina með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv. en engu að síður er lífsnauðsynlegt bæði fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu að vextir lækki þegar í stað. Ég skora á hæstv. viðskrh. að beita sér í því máli og tek undir það sem hér hefur komið fram að lækkun vaxta er ein besta kjarabótin sem launafólk getur fengið þó að hún nái alls ekki til allra. Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Til hvaða ráða verður gripið nú á allra næstu dögum til þess að ná niður vöxtunum? Þótt nú séu til meðferðar frv. til fjárlaga og lánsfjárlaga og niðurskurðurinn sé gífurlega mikill mun líða verulegur tími þar til það segir til sín á markaðnum.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál en blanda mér kannski í umræðuna aftur ef tækifæri gefst til.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég auðvitað sakna þess sárlega að sjálfur vaxtakóngurinn, hæstv. fjmrh., skuli vera víðs fjarri við þessa umræðu sem ég held að sé mjög mikilvæg þegar þetta frv. er tekið til umræðu svo og vaxtamál almennt. Hefur hæstv. ráðherra fjarvistarleyfi frá þessum fundi og verður ekki með okkur hér í dag? Veit hæstv. forseti eitthvað um ... (**Forseti:** Sem svar við fyrirspurn ræðumans, þá var beðið um að þrír ráðherrar yrðu hér við, forsrh., viðskrh. og félmrh. Samkvæmt upplýsingum forseta var fjmrh. hér í allan dag en samkvæmt viðveruskrá er hann ekki lengur í húsinu. Ég held að hann sé á fundum utan þinghússins.) Ég geri kannski ekki stífar kröfur um að hann verði kallaður frá öðrum störfum. Hér eru hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. þannig að ég hygg að þeir flytji þeim hæstv. ráðherra, sem stýrir vaxtastiginu á Íslandi í dag, óminn af þeim umræðum sem hafa farið fram og munu fara fram.

Í þessu frv. er lagt til að sett verði um það lög að Seðlabankinn komi því í kring að hér verði raunvextir útlána innlánsstofnana á árinu 1992 eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands. Enn fremur segir að Seðlabankinn skuli gera tilllögur til ríkisstjórnarinnar um hámarksvexti af ríkistryggðum skuldabréfum og stefnu í peningamálum sem samræmist ákvörðunum hans. Þetta atriði að auki held ég að sé mjög mikilvægt.

Ég held að allir geri sér grein fyrir því og jafnvel hæstv. forsrh. einnig að þetta mjög svo háa raunvaxtastig fær ekki staðist til lengdar. Atvinnulífið stenst það ekki, launþegarnir standast það ekki, þjóðfélagið í heild strandar ef menn ekki taka á vandamálinu.

Ég hef alltaf talið að eftir að þjóðarsátt tókst sé mjög mikilvægt að allir þeir aðilar í íslensku þjóðfélagi, sem ráða einhverju um vaxtastigið, myndi einhvers konar þjóðarsátt um lækkun raunvaxta. Það er mjög mikilvægt að halda verðbólgunni niðri en þeir aðilar, sem ráða raunvaxtastiginu, þurfa að ná saman um hvernig á að lækka það. Ég ætla að halda því fram hér í kvöld að menn geti með sátt og samstarfi allra aðilanna, þar á ég við ríkisstjórnina, bankakerfið, Seðlabankann og ekki síst lífeyrissjóðina, nú fyrir jól með sáttagerð lækkað raunvaxtastigið um mörg prósent, kannski um 2–3% og ég tala nú ekki um hið háa nafnvaxtarstig, sem ríkir hér hjá mörgum stofnunum og ég kem að því nánar, jafnvel um tug prósenta. Því mundi ég halda fram ef vaxtakóngur, hæstv. fjmrh., sæti hér í sæti sínu. En ég ætla að sýna fram á það í þessari ræðu að hæstv. fjmrh. er á þessari stundu að bjóða sparifjáreigendum á Íslandi nafnvexti — veit hæstv. forsrh. upp á hvað þeir nafnvextir eru? — um 20% nafnvexti á sparifé og ég ætla að koma að því nánar síðar.

Það hefur verið svo allt of lengi að allir þeir aðilar sem ég hef nefnt, bankarnir, ríkisstjórnin, aðilar vinnumarkaðarins sem ráða lífeyrissjóðunum, benda hver á annan. Aðilar vinnumarkaðarins benda á bankana, bankarnir á ríkisstjórnina, ríkisstjórnin á þá sömu aðila til baka og svona stendur þessi glíma. Þess vegna held ég að menn þurfi að ná handleiðslunni, menn þurfa forustumann sem þorir að ganga í verkið og leiða menn til sátta um lækkun á vöxtum. Sem betur fer eru ýmsir að vakna til vitundar um það. Það gerði t.d. Morgunblaðið núna um helgina. Morgunblaðið talar til hæstv. ríkisstjórnar á sinni aðalsíðu, á bls. 30 þar sem leiðarinn er og helgispjall, í föðurlegum umvöndunartón og meira að segja segir hér í helgispjallinu, með leyfi hæstv. forseta, sem hefur nú trúlega ekki skrifað þennan pistil sem þarna er því að ég hygg að hann hafi *nú hvatt* (**Gripið fram í:** ... lagt gott til.) Mér hefur fundist hann fremur hvetja hæstv. forsrh. til stórræða um að duga samkvæmt hinni svörtu stefnu úr hinu stóra herbergi sem ég hef minnst fyrr á. En hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Prédikunarstóllinn getur verið hættulegur eins og reynslan sýndi okkur þegar stærsta farþegaskip sögunnar, Titanic, rakst á ísjaka. Það var ósökkvanlegt. Maðurinn var orðinn óskeikull. Enn einn stórisannleikur. En kenningar steyta á skeri. Maðurinn er ekki guð. Ekki enn(!)" segja þeir síðan. (**Gripið fram í:** Er þetta Morgunblaðið?) Þetta er Morgunblaðið núna í sinni sunnudagshugleiðingu í helgispjalli. Þar komast þeir að raun um kannski vegna ferils ríkisstjórnarinnar að enn er maðurinn ekki guð.

„Þeir sem stjórna úr prédikunarstól lýðræðisins og gera út á frelsi hugmyndanna ættu að minnast þess, hvernig fór fyrir Titanic og óskeikulleika mannsins. Hann er einungis einn þáttur í tilverunni; ein guðleg hugdetta — eins og sólskríkjan."

Hér flytur Morgunblaðið mikla hugvekju. Hún minnir kannski á það sem sagt að við erum á Íslandi í dag eins og á ferðalagi á sjálfu Titanic. Þjóðfélagið er nú á mörgum sviðum að rekast á hinn stóra ísjaka. Þúsund Íslendingar hafa fengið uppsagnarbréfið í þessum mánuði. Það fer ótti og skelfing um atvinnulífið við þær aðstæður og þar á ekki síst við, að rekstrargrundvöll vantar og allir gera sér grein fyrir því að raunvaxtastigið mun ganga hér frá atvinnulífinu og taka húseignirnar af fólkinu ef menn setjast ekki yfir þessa þjóðarsátt sem ég hef hér rætt. En í sjálfum leiðara Morgunblaðsins *þennan sama helgidag* segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra lýsti þeirri skoðun sinni, að raunvextir ættu að geta lækkað í upphafi næsta árs. Því ber að fagna enda augljóst að hvorki atvinnulíf né einstaklingar standa undir því raunvaxtastigi, sem nú er í landinu. Í því sambandi komu fram vísbendingar um, að ríkið mundi ganga á undan með góðu fordæmi, draga stórlega úr lántökum á næsta ári og lækka raunvexti á *þeim skuldbindingum, sem ríkissjóður gefur* út."

Nú ætla ég að færa að því rök að ríkisstjórnin sjálf, og þar á meðal hæstv. forsrh., geti tekið að sér handleiðsluhlutverk, geti tekið að sér forustuhlutverk og lækkað vextina með sama hætti og ný ríkisstjórn hækkaði þá í vor — án þess að það skilaði nokkrum árangri fyrir ríkissjóð en sú hækkun hefur valdið því að atvinnulífið er nú á heljarþröm svo að menn eru að forða sér úr atvinnurekstrinum vegna stöðunnar.

Ég minnist þess að á vorþinginu sagði hæstv. forsrh. þessi orð: Við munum lækka raunvextina með haustinu eins og við höfum hækkað þá nú. Við höfum talið nauðsynlegt núna um stundarsakir að hækka þá til þess að stöðva þenslu og mæta fjárþörf ríkissjóðs. Ekkert hefur hann staðið við af þessum orðum sínum.

Hæstv. fjmrh. auglýsti dag eftir dag og sagði hér í þinginu: Það sem einu sinni fer upp, það kemur niður aftur. Þar átti hann við vextina, þegar hann hækkaði þá úr 6,6 upp í 8,1%, að þeir mundu koma aftur niður *með haustinu. Þeir standa þar uppi enn þá.*

Hvað gerði þessi ákvörðun? Við skulum fara yfir eitt atriði gagnvart almenningi í landinu. Við skulum taka húsbréfin sem hæstv. félmrh. hefur þanið sig yfir. Ég hef tekið saman hvaða áhrif þessi aðgerð hafði á húsbréfin. Það er athyglisvert að ávöxtunarkrafa á húsbréf er til aprílloka 7,3–7,5%. Afföllin af húsbréfunum þar til ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tekur við voru aldrei nema um 12, 13, 14, 15% sem er ásættanlegt — (**Gripið fram í:** Aldrei ásættanlegt.) — kannski aldrei ásættanlegt en viðráðanlegra. En strax og vaxtasprenging ríkisstjórnarinnar á sér stað fara afföllin úr 12–14% upp í 20–24% og standa í 20% enn þá. Einn fjórði af láni húsbyggjandans um miðjan september fer beint út um gluggann, hann fær hann aldrei í hendurnar. Þarna ber ríkisstjórnin, sú ríkisstjórn sem hæstv. félmrh. á sæti í, ábyrgð á því hvernig afföllin á húsbréfunum hafa þróast á seinni hluta ársins.

Hver var svo árangur ríkisstjórnarinnar af vaxtasprengingunni? Hér hafa báðir flm. farið nokkuð yfir það. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef t.d. um spariskírteini ríkissjóðs, þá virðist svo vera að þessi hækkun úr 6,6% upp í 8,1% hafi ekki gefið það sem af er árinu nýtt fé inn fyrir spariskírteinin nema upp á litlar 700 millj. Menn mega ekki rugla saman innlausnum. Ég hygg að þeir sem koma með spariskírteini sín hefðu framlengt þau jafnt eftir sem áður. Það eru líkur á því þótt ríkisstjórnin hefði haldið vaxtastiginu niðri en nýtt fé kemur þarna aðeins upp á 700 millj. árinu. Og ef við skoðum stöðu ríkisvíxla, þá lagaðist í rauninni mjög lítið á þeim vettvangi ef ég lít hér *á einhverja mánuði.* Í febrúar seldust ríkisvíxlar upp á 1,2 milljarða, í maí upp á 2,2, í júlí upp á 1,8 og í ágúst upp á 1,3. Ég er því sannfærður um að ríkisstjórnin getur með samráði lækkað raunvaxtastigið og vextina í landinu.

Ég vil líka vekja athygli á því að menn mega ekki tala um bankakerfið eins og eitt í þessu efni því að vissulega er það svo að vextir á milli bankanna hafa verið mjög mismunandi frá því í september í haust. Ef við skoðum tölur í *þeim efnum — ég ætla ekki að* tiltaka þar neina sérstaka banka en það má skipta peningastofnunum í tvennt, Búnaðarbankinn annars vegar og sparisjóðirnir, Landsbankinn og Íslandsbanki hins

vegar. En svo er komið að munur á útlánsvöxtum á milli bankanna er upp á 3–4%. Víxilvextir í þeim sem eru lægri eru komnir niður í 15,5% meðan hinir eru upp í 17%. Afurðalánavextir í þeim sem eru lægri eru komnir niður í 15,5% en í hinum sem eru hærri upp í 17%.

Forstjóri fyrirtækis nokkurs skrifaði mér núna á dögunum og sagði frá því að það munaði sig milljón á mánuði hvort hann ætti viðskipti við þá banka eða peningastofnanir sem væru með lægri afurðalánaviðskipti eða þau hærri þannig að það er mjög rangt að setja alla í einn pott í þessum efnum eins og hent hefur ríkisstjórnina og aðila vinnumarkaðarins. Þarna er mikill munur á milli stofnana. En ríkisstjórnin hefur auðvitað í gegnum húsbréfin og pappíra sótt nýtt fjármagn upp á eina 20 milljarða á árinu meðan sparnaður í bönkum hefur dregist saman um 4 milljarða. Ríkið stendur þannig alls staðar í samkeppninni um peningana. Ég er t.d. hér með fróðlegt súlurit sem sýnir þróun síðustu ára. Þar kemur í ljós að ef fram heldur sem horfir hvað markaðshlutdeild á peningamarkaðnum varðar milli bankanna og ríkisvaldsins, ef sama þróun héldi áfram og hefur verið frá 1988, verður ríkið orðið jafnstórt á markaðnum og bankakerfið allt. Þannig hefur þetta nú þróast.

En af því að ég hef talað hér fyrir því og ég trúi því að ef menn settust yfir dæmið væri hægt að lækka stórlega vexti þá vil ég segja við aðila vinnumarkaðarins sem komust að þeirri niðurstöðu á dögunum að það ætti að lækka nafnvexti niður í 11%: Ég er sannfærður um að þetta er hægt í dag. Það verða tveir að koma í spilið, aðilar vinnumarkaðarins, sem ráða lífeyrissjóðunum, og ríkisstjórnin. Verðbólga mælist niður í 2 og 3% um þessar mundir. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að menn geri kröfu um 11% nafnvexti útlána en þá verða hinir sem ráða innlánahliðinni að koma með.

Ég sagði áðan að í Morgunblaðinu dag hvern auglýsti hæstv. fjmrh.: Ríkisbréf gefa mjög góða ávöxtun og hafa sveigjanlegan lánstíma. Ríkisbréf bera breytilega vexti sé miðað við vegið meðaltal útlánsvaxta bankastofnana. Þessir vextir eru mjög háir í dag, eða 19,1%. Þetta er tilboð á sparifé, hæstv. viðskrh. Sá sem á 100 þús. kr. þarf ekki hærri upphæð, hann getur farið og tryggt sér 19,1% vexti á sparifé hjá ríkinu í dag þegar verðbólga, eins og aðilar vinnumarkaðarins segja, er niður undir núlli. Og svo eiga bankar og aðrir að keppa við þennan ofjarl á markaðnum sem auðvitað hlýtur að draga til sín peningana með svona tilboði, hlýtur að halda uppi vaxtastiginu. 19,1% á sparifé. Hvað eru bankarnir að bjóða hæst á sparifé í nafnvöxtum? Á bókum sem bundnar eru í 18 mánuði eru kannski 9–9,5%. En ég vek athygli á því að þetta tilboð ríkisins þarf ekki að vera bundið nema í þrjá mánuði. Þetta sýnir auðvitað að ríkisvaldið gæti ef vilji væri til þess náð samráði um stórfellda lækkun á vöxtum, nafnvöxtum og, í framhaldi af því, raunvöxtum.

Aðilar vinnumarkaðarins verða líka að gá að því að sá tvískinnungur gengur ekki lengur að þeir segi: Bankarnir verða að fara með nafnvextina niður í 11%. Síðan víkja þeir sér í næsta herbergi og segja við ríkisstjórnina: Við skulum kaupa viðbótarhúsbréf en við verðum að fá afföll upp á 20–24%. Það eru nefnilega aðilar vinnumarkaðarins, sem núna eru að ræða um þjóðarsáttina, og ríkisstjórnin sem ráða því hvernig raunvaxtastigið í landinu er.

Ég hef bundið vonir við að þeir menn, þó ég styðji þá ekki sem nú sitja að völdum á Íslandi, hefðu til þess þor að ná öllum þeim aðilum saman sem ráða verði peninganna, ganga í það verk að lækka raunvaxtastigið með markvissum hætti. Ég er sannfærður um það sem ég sagði hér í upphafi að húsbyggjendurnir með dýru lánin og atvinnulífið — viðhorfin mundu breytast á augabragði ef næðist t.d. samstaða um það í næstu viku að stíga þar einhver markviss skref á næstu tveimur mánuðum. Og ég er viss um það að staða ríkisstjórnarinnar, ef hún hefði til þess kjark, mundi breytast dálítið í þjóðfélaginu ef þessir hlutir gerðust. — [Fundarhlé.]

Ólafur P. Þórðarson:

Herra forseti. Ég gerist svo djarfur að fara hér í ræðustól og hafa m.a. meðferðis tímaritið Mannlíf af þeirri einföldu ástæðu að það fær illa staðist að hægt sé að líta svo á að viðtöl við stjórnmálaforingja séu ekki pólitík. Og vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað um frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, tel ég eðlilegt að spurt sé: Hvaða átök eru það sem eiga sér stað á Íslandi í dag um vaxtamál? Það er mikill skaði ef hæstv. félmrh. er ekki viðlátinn til að vera við þessa umræðu. Ég hygg að það hafi enginn sitjandi ráðherra verið borinn þyngri sökum en hæstv. félmrh. af Seðlabanka Íslands og að sumu leyti af samstarfsráðherrum, þar á meðal utanrrh. og fjmrh. Ég segi þetta hér og nú og mælist til þess að hæstv. forseti geri boð fyrir félmrh. Ég var búinn að fara fram á það við þann sem gegndi forsetastarfi fyrir kvöldmat að hæstv. félmrh. yrði látinn vita af þessari umræðu og beðinn að vera viðstaddur. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er komin í húsið og þess að vænta að hún komi hér í salinn.)

Því er haldið fram af Seðlabanka Íslands að sú skuldaaukning, sem átt hefur sér stað hjá fjölskyldum á Íslandi, sé að mestu leyti til komin vegna húsbréfakerfisins og að sú skuldaaukning sem átt hefur sér stað hjá fjölskyldum á Íslandi sé upphaf alls hins illa í efnahagsmálum þjóðarinnar. Því hefur verið marghaldið fram af fjmrh. að á húsbréfakerfinu verði að taka og það verði að stoppa með einhverjum ráðum að þeir fjármunir fari þar í gegn sem farið hafa ef það eigi að ná niður vöxtunum á Íslandi. Og það er þess vegna ekki nein smáræðis ábyrgð sem hvílir á hæstv. félmrh. Ábyrgðin sem hvílir á félmrh. er í fyrsta lagi að atvinnulíf á Íslandi er að hrynja, ef satt er frá sagt af meðráðherrum hennar. Hæstv. félmrh. ber ábyrgð á því samkvæmt túlkun Seðlabankans að hér sé allt að fara í strand — og hvað væri búið að gera við hæstv. ráðherra ef hún væri karlmaður? Það kemur fram í yfirlýsingu formanns Alþfl. og er óhjákvæmilegt annað en hér verði lesið úr tímaritinu Mannlífi það sem þar er sagt, með leyfi forseta:

„Ef Jóhanna væri karlmaður væri búið að reka hana úr flokknum fyrir löngu, a.m.k. úr þingflokknum; fyrir frekju og yfirgang. Fyrir tillitsleysi gagnvart samstarfsaðilum og einsýni. En ef tillaga um slíkt hefði verið borin upp, hefði ég einn manna greitt atkvæði gegn henni."

Þetta segir formaðurinn sem viðurkennir í sama viðtali að það hafi ekki verið út á hæfileika sem hann hafi verið kosinn sem formaður Alþfl. heldur út á það að flokkurinn hafi ekki haft neinu að tapa, hann hafi verið búinn að vera ef ekki yrði einhver settur til valda sem mundi vekja það mikla athygli að út á auglýsingahæfileika gerðist það að hann tæki við. Hins vegar hlýtur hæstv. félmrh. að gefa um það yfirlýsingu hér og nú hvaða stöðu hæstv. utanrrh. hefði væri hann kvenmaður. Það hlýtur að vera rökrétt að einhver yfirlýsing komi um slíkt.

En hvernig standa þá þessi mál? Þau standa þannig að það er búið að gefa út mikið af húsbréfum sem eru seld með afföllum. Þau eru seld með 20% afföllum. Hæstv. félmrh. hefur það í hendi sér, ef hann þorir að gera þessa aðila alla að fíflum, vegna þess að það er heimilt að fara með allan pakkann úr landi og selja hann þar án affalla. Og hvaða lið mundi þá tryllast? Þeir sem í dag raka saman okurvöxtum í þessu landi. Það eru þeir sem mundu tryllast. Og hvernig ætli skýrsla Seðlabankans yrði þá? Fróðlegt væri að sjá það. En heimildin er í lögum og hvers vegna er heimildin í lögum? Vegna þess að allir vita það að sala á verðtryggðum pappírum með þeim vöxtum sem á þeim eru með afföllum er siðlaust athæfi.

Ég vil minna á að á sínum tíma tók ritstjóri einn á Íslandi sig til og réðist á lögfræðing í þessu landi. Hann réðist á hann fyrir það að kaupa víxla með afföllum og hann hélt áfram að berja á honum þangað til ritstjórinn hafði algeran sigur í málinu en lögfræðingurinn nánast ærulaus þó að hann væri ekki dæmdur. Þannig var viðhorf íslenskrar þjóðar til þess að selja með afföllum á sínum tíma. Menn kannast við þessi skrif, þeir sem þekkja söguna um Frjálsa þjóð og þau greinaskrif sem þar urðu.

Ég hlýt þess vegna að spyrja: Hvað dvelur hæstv. viðskrh. í því að fara með pakkann til útlanda og selja hann þegar það er yfirlýst að erlendir lífeyrissjóðir, m.a. á Norðurlöndum, gera sér grein fyrir því að það er ágætis ávöxtun að kaupa þessi bréf á nafnverði? — Ég sé að hæstv. viðskrh. hefur forðað sér úr salnum. Það var ekki innifalið í minni ósk, herra forseti, að þó að félmrh. bættist í salinn þyrfti hæstv. viðskrh. að forða sér úr salnum.

Nú kem ég að þeim þætti sem heitir heimsmarkaðsverð á aðföngum. Ég verð að segja eins og er, mér þætti sanngjarnt að hæstv. viðskrh. yrði kallaður í salinn. Hæstv. viðskrh. hafði það eftir mér í ræðu á þessu þingi að ég hefði oft talað um að sjávarútvegurin ætti rétt á því að fá sín aðföng á heimsmarkaðsverði vegna þess að hann er að selja sína vöru á heimsmarkaðsverði. En fleiri eru að selja sína vöru á heimsmarkaðsverði einfaldlega vegna þess að innflutningur til landsins er tollfrjáls. Einn af þeim aðilum sem selja sína vöru á heimsmarkaðsverði er burstagerð sem blindir reka. Gott og vel. Þeir þurfa að keppa við erlenda aðila sem flytja inn sína bursta. Hvaða aðföng eru það sem skipta máli, hæstv. viðskrh., þegar menn standa í svona samkeppni? Það eru vinnulaunin, verðið á hráefninu og verðið á fjármagninu sem menn þurfa að hafa undir höndum til þess að reksturinn geti átt sér stað. Og hvaða starfskjör eru það sem blindum er boðið upp á til þess að reka þessa verksmiðju? Vafalaust er verðlagningin á vinnuaflinu nógu lág og þeir fá heimsmarkaðsverð á því hráefni sem þeir þurfa að hafa í burstagerðina. Þegar kemur að fjármagninu er um hreina okurstarfsemi að ræða. Í ljós kemur nefnilega, ef grannt er skoðað, að sparifjáreigendur landsins, eins og að málum er staðið í dag, eru stétt sem er búið að lögverja svo að það er ekkert sambærilegt hvað minnihlutahópar í landinu búa við verri lögvörn en þessir aðilar. Það er ekki sambærilegt. Einn af þeim hópum sem ekki er lögvarinn til jafns við þennan hóp eru blindir á Íslandi sem þurfa að reka sína burstagerð. Það er ekki verið að verja þá í þessum efnum.

Hæstv. viðskrh. hefur vissulega varið drjúgum hluta af ævi sinni til þess að kynna sér hagfræði og hagfræðileg málefni. Það er einu sinni svo að hægt er að setja hlutina upp með þeim fáránleika að flest sem hagfræðin kennir verður með sérstæðum hætti. Mér er ljóst að ýmsar leikreglur sem geta átt rétt á sér í 200 eða 300 millj. manna samfélögum, þar sem viðskiptin eiga sér stað fyrst og fremst innbyrðis, verða allt aðrar ef með viðskiptahöftum er komið í veg fyrir að menn geti leitað viðskiptanna í eðlilega rúmu samhengi. Við skulum taka örfá dæmi.

Við skulum skoða aðila sem þarf að fá sér far með bíl og er í þeirri aðstöðu að hann getur valið á milli þess að ferðast með leigubíl og rútu. Hann hefur kannski fleiri möguleika, járnbrautarlest og margt, margt fleira. Hann þarf ekki að sæta neinum sérstökum afarkostum í verðlagningu. Það liggur nokkuð ljóst fyrir. En jafnvel breskir íhaldsmenn sem studdu Thatcher hvað grimmast þorðu ekki að leyfa leigubílstjórum í Bretlandi að hafa frjálsan taxta og ákveða í hvert skipti hvað ætti að taka fyrir leigubílinn. Þeir þorðu það ekki vegna þess að við vissar aðstæður gætu viðskiptahættirnir orðið nokkuð ójafnir. Væri maður t.d. staddur í ausandi rigningu eða hríð og ætlaði að fá sér leigubíl. Hann stæði úti á götu með tengdamömmu og tveimur, þremur krökkum og þá kæmi eini bíllinn sem möguleiki væri að ná í. Þá væru viðskiptahættirnir orðnir nokkuð ójafnir.

Það sem huguðustu menn Bretlands á sviði íhaldssemi, stuðningsmenn Margretar Thatcher, þorðu ekki að gera virðist aftur á móti ekki standa í íslenskum ráðherrum. Þeir verja með höftum íslenskan fjármálamarkað þannig að hann verður að hreinni okurlind. Hvernig verja þeir hann með höftum? Það er heimilt að fara með íslenska peninga og kaupa skuldabréf erlendis. Heimild er orðin til þess. En er heimilt fyrir hvern og einn að fara með fjármagn inn í landið til þess að gera hér þá hluti sem þeir vilja? Hvað hefur gerst þegar það hefur komið upp að e.t.v. væri skynsamlegt að

fara með húsbréfin til útlanda? Þá hafa heyrst nánast neyðaróp eins og verið væri að drepa einhvern eða stinga grís. Það hefur verið talið voðalegt að mönnum dytti slíkt í hug. Hvaðan hefur það neyðaróp komið? Það hefur komið frá aðilunum sem reka íslenskan fjármagnsmarkað og hafa þaðan verulegt fé.

Nokkuð merkilegt er það tískufyrirbrigði sem hefur verið upp tekið sem aðalspeki að ekki eigi að stjórna með handafli. Hún virðist útskýrð á þann veg að það að stjórna þessu landi með lögum sé að stjórna með handafli. Að taka ákvörðun um að stjórna þessu landi með lögum sé ákvörðun um að stjórna með handafli. Mér er það ærið umhugsunarefni, að ekki sé meira sagt, hvenær það gerðist að íslensk þjóð fór að líta svo á að ákvörðun um að stjórna landinu með lögum væri ákvörðun um að stjórna með handafli. Það er vissulega rétt. Það er hægt að finna einfalda skýringu fyrir lítilláta í þessum efnum. Þegar menn greiða atkvæði í þinginu, þá nota þeir hendurnar undir flestum kringumstæðum nema við nafnakall. Þetta hefur trúlega verið upphafið að skýringunni miklu sem dugði fyrir kenningunni um að þá væri verið að stýra með handafli.

Ég hygg að núv. félmrh. hafi átt þátt í því að menn eru hættir við að spara 150 millj. í framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Búið er að ákveða að draga það til baka. Það er ákveðið að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli koma með tillögur um hvernig eigi að lækka útgreiðslurnar, lækka bæturnar sem menn fá, honum er ætlað að spara. En þeir eru búnir að átta sig á því að hér stefnir í kreppu. Ráðherrar vors lands eru búnir að átta sig á því að þeir eru að koma af stað kreppu. Svo vill til að nú reynir á hvort félmrh. hefur til að bera þá hörku sem formaðurinn, formaður Alþfl., heldur fram að félmrh. hafi. Þorir félmrh. að hrista af sér slyðruorðið og fara með húsbréfin út til að lækka vexti á Íslandi? Eða þorir félmrh. ekki að framkvæma það verk? Ég skil ekki hvernig þessi þjóð, sem eitt sinn komst af með seðlabanka sem var rekinn í tveimur herbergjum í Landsbankanum, hefur efni á þeim leikaraskap sem á sér stað í dag með rekstur þessa sama banka. Ef þessi banki telur ekki heldur að hér eigi að hafa sömu vexti og í viðskiptalöndum okkar, þá er hann að koma í veg fyrir að íslenskar útflutningsgreinar og íslenskar samkeppnisgreinar búi við sömu lífsskilyrði og eru í löndunum í kringum okkur. Hvað er félmrh. að gera ef hann kemur í veg fyrir að þetta sé framkvæmt? Hann er að tryggja það að konur á Íslandi verði atvinnulausar vegna þess að verið er að flytja fiskinn óunninn úr landi. Hver einasti maður veit að það er verið að flytja fiskinn óunninn úr landi vegna þess að fyrirtækin hafa ekki aðgang að erlendu fjármagni á réttum vöxtum. Svo hart er þetta þjóðfélag keyrt í dag.

Ég veit, hæstv. forseti, að þetta þing þarf að vinna mörg verkefni fyrir jól og ég ætla ekki að standa lengi í ræðustól og reyna að berja það inn í höfuðið á fólki hver alvara þessa máls er. En það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi í þessu landi ef Alþýðuflokkur Íslands teldi það þarfasta verkið að dýpka kreppuna í íslensku efnahagslífi þannig að neyð manna yrði meiri en hún þyrfti að vera. Ég verð að segja eins og er að merkilegt má vera ef sú brýning sem hæstv. félmrh. hefur fengið, ekki frá mér — það er líklega ekki hátt skrifað sem stjórnarandstæðingar segja í þessum málum — heldur frá Seðlabanka Íslands og samráðherrum sínum dreg ég í efa að rétt sé frá sagt sem Jón Baldvin, hæstv. utanrrh., lætur hafa eftir sér að hún sé heilög, hún Jóhanna.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Þetta frv. lýsir vilja til að lækka vexti en því miður er ekki hægt að taka viljann fyrir verkið. Ég lýsi satt að segja furðu minni á því að hv. 7. og 8. þm. Reykn. skuli bera fram svona valdboðsfrumvarp á okkar tímum. Í þessu frv. felst að mínu áliti afturhvarf til fortíðar, stjórnarhátta sem allar þjóðir, sem við höfum samgang við, hafa sagt skilið við.

Enginn ágreiningur er um það að æskilegt er að vextirnir lækki. En það má ekki líta fram hjá hlutverki vaxtanna sem verðs á fjármagnsmarkaði sem verður að spegla raunverulegar aðstæður og ekki síður beina fé til arðvænlegra verkefna. Ég tel að þetta hlutverk vaxtanna sé vanrækt í þessu frv. eða fram hjá því litið.

Mikið hefur verið lagt út af vaxtaþróun líðandi árs og reyndar síðustu ára hjá frummælanda, hv. 7. þm. Reykn. og líka hv. 8. þm. Reykn. Lítum nánar á þessa þróun. Vaxtaþróunin á þessu ári hefur einkennst af þrennu. Í fyrsta lagi voru nafnvextir af óverðtryggðum ríkisvíxlum og skuldabréfalánum banka í lægra lagi á fyrstu mánuðum ársins, bæði miðað við verðlagsþróun og ástandið á lánamarkaðinum. Ég nefni sem dæmi að á öðrum fjórðungi þessa árs var raunávöxtum á skuldabréfalánum bankanna að meðaltali um 3% að mati Seðlabanka Íslands samanborið við 8,5% vexti af verðtryggðum skuldabréfalánum á sama tímabili.

Í öðru lagi var raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs og raunvextir verðtryggðra lána hækkuð um nálægt 2% um mitt árið. Þetta gerðist eins og menn muna m.a. með því að ríkið lagaði sína vexti að öðrum verðbréfavöxtum. Nafnvextir óverðtryggðra skuldbindinga voru líka hækkaðir til samræmis við þessa hækkun á raunvaxtastiginu. Þetta raunvaxtastig hefur haldist síðan.

Ég nefni svo í þriðja og síðasta lagi, í þessari stuttu lýsingu á því sem á dagana hefur drifið í vaxtaþróun, öra lækkun á nafnvöxtum óverðtryggðra skuldbindinga frá byrjun október samhliða mikilli hjöðnun verðbólgunnar. Bankarnir hafa lýst því yfir að þessir vextir muni halda áfram að lækka á næstu vikum.

Þetta eru þrjú megineinkennin á vaxtaþróun ársins. Það er spá Seðlabankans um vextina fyrir árið í heild að raunvextirnir verði lítillega hærri en á síðasta ári, 1990, en ekki eins háir og árið 1988 þegar þeir fóru hæst. Þannig telur Seðlabankinn að skuldabréfalán bankanna verði að meðaltali með raunvexti um 9,1% samanborið við um það bil 8% á liðnu ári, 7,8% árið 1989 og 9,2% árið 1988. Ef við lítum svo á raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfalána bankanna, er hún nú talin verða um 9,9% á þessu ári samanborið

við 9,1% í fyrra, 4,7% árið 1989 og 11,8% árið 1988. Þetta er sannari lýsing á raunvöxtum, eins og þeir hafa verið í reynd fyrir íslensk fyrirtæki, en tala sem er miðuð við einhvern einn dag í nóvember eins og gert er í frv. eða athugasemdum með því og hv. frummælandi, 7. þm. Reykn., lýsti í sinni framsöguræðu.

Athyglisverðasta talan í töflunni, sem hann vitnaði til í athugasemdum frv., er reyndar að mínu áliti verðbólgustigið sem þar er sýnt, 1,5%. Það er sú tala sem vextirnir munu nú miðast við ef við náum skynsamlegum kjarasamningum.

Virðulegi forseti. Þessar tölur sem ég hef rakið og reyndar líka tölur um þróun vaxta innan ársins sýna glöggt að raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfalána hefur sveiflast allt of mikið, óeðlilega mikið, samanborið við raunvextina af verðtryggðum lánum. Og ef við lítum enn á þróunina á þessu ári sjáum við að raunávöxtun óverðtryggðra skuldbréfa er um 12,1% á þriðja fjórðungi ársins. Það er spá Seðlabankans að þessi tala verði hvorki meira né minna en 13,9% á síðasta fjórðungi ársins. Þetta eru allt of háir vextir. Þessar sveiflur stafa annars vegar af því að við breytingar á vöxtunum hafa bankarnir ekki fylgt verðlagsþróuninni nákvæmlega eftir þar eð tregða er innbyggð í vaxtamyndunarkerfið, reyndar samkvæmt lögmáli fákeppni á markaði, eins og hv. 8. þm. Reykn. vék hér að, og svo hins vegar af mjög sveiflukenndri verðbólgu. Ég tel hins vegar góðar líkur á að takist okkur að tryggja áframhaldandi stöðugleika í verðlagsmálum verði þessar miklu og óæskilegu sveiflur í nafnvöxtunum og reyndar í raunávöxtun óverðtryggðra skuldbindinga úr sögunni. Þetta er hið æskilega markmið.

Flm. frv. hafa réttilega bent á mikilvægi frumkvæðis ríkisins í vaxtamálum. En þeir hafa haldið því fram að vaxtahækkanir á ríkisvíxlum og ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs, sem ákvarðanir voru teknar um skömmu eftir að núv. ríkisstjórn tók til starfa í vor, hafi haft lítil sem engin áhrif áhrif á söluna og einungis skrúfað upp vextina hér. Þetta er alls ekki rétt. Ég bendi hv. þm. á að í maíbyrjun var innlausn spariskírteina ríkisins á árinu umfram sölu þeirra komin í rúmlega 900 millj. kr. Á sama tíma hafði útistandandi fjárhæð ríkisvíxla lækkað úr um það bil 8 milljörðum í upphafi ársins og hafði reyndar farið enn hærra um haustið í 12–13 milljarða niður í 4,8 milljarða eða um 3,2 milljarða í lækkun á þessum 4 mánuðum. Þarna var því úr vöndu að ráða og sér hver maður að við svo búið mátti ekki standa ef takast átti að afla ríkissjóði einhvers fjármagns á innlendum lánsfjármarkaði.

Það er miður að hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., getur ekki hlýtt á þennan hluta ræðu minnar en við það verður að búa. Auðvitað brást fjmrh. Friðrik Sophusson við eins og aðrir aðilar sem stunda viðskipti á markaði. Hann bauð betri kjör, hann lækkaði verðið, með öðrum orðum hann hækkaði vextina. Ég tel að reynslan hafi sýnt að þetta hafi verið rétt ákvörðun. Sala spariskírteina á árinu er nú nokkuð umfram innlausn og sala á ríkisvíxlum hefur glæðst það mikið að útistandandi fjárhæð þeirra hefur hækkað í rúmlega 10 milljarða kr. Og menn skyldu athuga að það er talsvert mikil velta í þessum pappírum og þess vegna þarf að halda trú á það verð sem boðið er á markaðnum til þess að ná upp hærri stöðu en áður var og halda henni.

Ég vildi líka benda á að það hefur auðvitað fleira orkað á sölu þessara skuldaviðurkenninga heldur en vextirnir einir, eins og réttilega hefur verið bent á, m.a. af hv. flm. 7. þm. Reykn., þ.e. tekjurnar í samfélaginu, veltan, umsvifin, allt hefur þetta sín áhrif. Spurningin sem svara þarf er þannig ekki hvers vegna þessar sölutölur hækkuðu ekki með vaxtahækkuninni, eins og menn hefðu kannski getað gert ráð fyrir, heldur hver hefði talan ella orðið ef vöxtum hefði ekki verið breytt.

Annar flm. þessa frv., hv. 8. þm. Reykn., var fjmrh. í síðustu ríkisstjórn. Þá beitti hann sér fyrir því, og lagði mikla áherslu á það, að ríkissjóði skyldi afla lánsfjár á innlendum markaði í stað þess að taka lán í útlöndum. En til að það tækist þurfti ríkissjóður auðvitað að laga sig að markaðsaðstæðum og bjóða þau kjör á ríkisvíxlum og spariskírteinum sem þurfti til þess að tryggja sölu þessara verðbréfa. Það gerði hv. 8. þm. Reykn. sem þá var fjmrh. og fór upp og niður, reyndar oftast upp á þessu ári sem við erum að ræða hér, árinu 1990 og fyrri hluta árs 1991, til þess að tryggja þessa sölu. Þetta kallaði hann þá ekki vaxtaskrúfu. Það geri ég ekki heldur. Það næst ekki árangur með öðrum hætti en þeim að beita þessum aðferðum. Ég veit að hv. 8. þm. Reykn. skilur þetta vel þótt hann kjósi nú að halda öðrum sjónarmiðum á lofti. Af orðum þingmannsins nú mætti þó e.t.v. ráða að vaxtastigið á ríkisverðbréfunum skipti ekki höfuðmáli heldur hver það væri sem seldi pappírana. Svo frjálslega lýsti hann árangrinum við sölu skuldabréfa ríkisins í fjármálaráðherratíð sinni.

Ég var þar í ræðu minni, virðulegi þingmaður, að ég lýsti því að hv. 8. þm. Reykn., sem þá var fjmrh., hafi lagt mikið upp úr því að afla ríkissjóði lánsfjár á innlendum markaði og ekki hikað við að taka þær ákvarðanir sem taka þurfti til þess að lækka verðið á vörunni sem selja skyldi, skuldabréfum ríkisins, þ.e. hækka vextina. Þannig hafi líka náðst nokkur árangur þótt nokkuð hafi líka verið slöku við slegið á fyrstu mánuðum ársins 1991 þannig að staða ríkisvíxla var komin hættulega lágt um mánaðamótin apríl/maí og reyndar tregða í sölu ríkisskuldabréfa síðustu vikur þessa tímabils.

Í athugasemdum með frv., sem við ræðum nú, er gerður samanburður á raunvöxtum á Íslandi og raunvöxtum í öðrum löndum. Það er ályktun flm. að raunvextir á Íslandi hafi um nokkurt skeið verið mun hærri en erlendir raunvextir og því þurfi að lækka raunvexti á Íslandi með valdboði. Það gefur auga leið að samanburður af þessu tagi er ákaflega vandasamur. Hann verður það ávallt. Í fyrsta lagi vakna spurningar um það hvaða lönd eigi að bera saman. Í öðru lagi er í samanburði af þessu tagi ekki tekið neitt tillit til mismunandi efnahagsaðstæðna í þeim löndum sem borin eru saman, hvorki hvað varðar almennt ástand efnahagsmála né ástand og uppbyggingu skipulags á fjármagnsmarkaði.

Í greinargerð Seðlabankans frá 4. des., um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum, kemur hins vegar fram — og það vil ég að komi fram í þessari umræðu — að þegar bornir eru saman vextir af verðtryggðum skuldabréfalánum banka á Íslandi og raunvextir þeir, sem helst eru sambærilegir í öðrum löndum, kemur í ljós að raunvextir hér á landi eru ekki að marki frábrugðnir því um þessar mundir sem gerist á öðrum Norðurlöndum og í hinum smærri Evrópuríkjum. Víða erlendis hafa menn reyndar kosið að búa fremur við háa raunvexti en hverfa frá vaxtafrelsi og markaðsbúskap. Dæmi um þetta má finna í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Auðvitað eru ekki allar breytingar og þróun í þessum löndum jafnlukkulegar. En þó tel ég það yfir allan vafa hafið að enginn í þessum löndum vill hverfa að valdstýringu vaxta á ný.

Ef við lítum svo hins vegar á raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa og berum hana saman við raunvextina erlendis kemur fram nokkuð önnur mynd í þessari andrá. Niðurstaðan af þeim samanburði er sú að nafnvextir á Íslandi séu í hæsta lagi um þessar mundir og afar mikilvægt að mínu áliti að þeir lækki hratt á næstu vikum samfara hjöðnun verðbólgunnar. Þetta er jafnmikið hagsmunamál fyrir atvinnufyrirtækin sem og almenning. Ég legg hins vegar á það mjög mikla áhersu eins og reyndar hefur komið hér fram í máli annarra ræðumanna að handaflið, og þá á ég við í merkingunni bein íhlutun af því tagi sem þetta frv. felur í sér, á ekki við. Vextirnir þurfa að lækka með frjálsum ákvörðunum og það er mín skoðun að þeir muni gera það á næstunni ef okkur tekst að halda þannig á ríkisfjármálum og kjaramálum sem tryggir þann árangur. Í því sambandi er mjög mikilvægt að það ríki trúnaður og trú á því að sá stöðugleiki í verðlagi og launum, sem er að nást um þessar mundir, haldist næstu missirin. Þetta, virðulegi 8. þm. Reykn., er lykilatriði á sama hátt og lækkun vaxta er lykilatriði. En það er einmitt með betra jafnvægi í ríkisfjármálum og frekari opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins að raunhæfar forsendur skapast fyrir raunverulegri lækkun raunvaxta.

Vegna orða hv. 7. þm. Reykn. vil ég taka það mjög skýrt fram að það er misskilningur að Bush forseti Bandaríkjanna hafi lækkað vextina þar í landi með valdboði, handafli. Þeir hafa verið lækkaðir með markaðsaðgerðum. Það má deila um þær aðgerðir eins og flest mannanna verk en þeir hafa ekki verið þvingaðir niður með stjórnvaldsfyrirskriftum. Það sem hér þarf að gerast er að við þróum markað sem leyfi slíkar aðgerðir til þess að koma fram stefnumálum stjórnvalda í vaxtamálum.

Af því sem ég hef þegar sagt, virðulegi forseti, má að sjálfsögðu ráða að minn ágreiningur er ekki við markmið þessa frv. Minn ágreiningur er heldur ekki að marki við sumt í greiningunni á aðstæðum á íslenskum fjármagnsmarkaði og þá á ég ekki síst við það sem hv. 8. þm. Reykn. sagði hér um fákeppnina. Nei, það er meginhugsunin í þessu frv. sem er athugaverð. Pólitísk fjármagnsstýring heyrir sögunni til. Ef menn ætla að halda vöxtunum undir jafnvægisstigi verða þeir líka að vera viðbúnir því að skammta fjármagnið. Það tel ég að við séum ekki og ég tel að það séu hv. flm. þessa frv. reyndar heldur ekki sjálfir. Ég segi það af því að frv. ber það mjög greinilega með sér að nokkurt hik er á þeim félögum sem þetta frv. flytja, þeim hv. 7. og 8. þm. Reykn. Þeir hafa hér komið fram með eins konar bráðabirgðafrv. Frv. gerir sem sé ráð fyrir beinum afskiptum af vöxtunum en aðeins í eitt ár þar til erlendrar samkeppni fer að gæta á innlendum markaði. Þetta væri líkast því að Austur-Evrópuþjóðirnar hefðu reynt að réttlæta herta skömmtun, miðstýringu og millifærslur með því að það væri stefnt að markaðsbúskap hvort sem væri innan árs. Þessi rök halda ekki vatni. Ég tel þess vegna að í frv. sé tillaga um að ráðast á einkenni meinsins en engin tilraun gerð til þess að grafast fyrir um ræturnar. Til að ná fram varanlegri lækkun raunvaxta þarf að mínu áliti tvennt til að koma, annars vegar að dregið verði úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. Þetta undirstrika reyndar hv. 8. þm. Reykn. og hv. 18. þm. Reykv. Og hins vegar að íslenski fjármagnsmarkaðurinn verði opnaður enn frekar en þegar hefur verið gert og skilyrði sköpuð fyrir óheftri samkeppni innan lands líka. Ríkisstjórnin hefur að undanförnu unnið að því ötullega að draga úr lánsfjárþörf ríkisins og hún mun líka minnka verulega á næsta ári.

Ríkisstjórnin hefur líka beitt, í framhaldi af aðgerðum fyrri ríkisstjórnar, fjölmörgum aðgerðum til þess að opna fjármagnsmarkaðinn, gera hann frjálsari. Það væri sorglegt afturhvarf til fortíðar að taka nú upp pólitíska stýringu og fjármagnsskömmtun. Það var horfið frá þessum ráðum fyrr á þessari öld í flestum löndum sem við berum okkur saman við af þeirri einföldu ástæðu að þessar aðferðir dugðu illa. Þær gáfust illa.

Svo kem ég að því sem er kannski dálítið tæknilegra, virðulegu þingmenn, og það er að íhlutun á grundvelli núgildandi 9. gr. laga um Seðlabankann er vægast sagt næsta erfið í framkvæmd vegna þess að hugtökin í henni og reyndar þau sem nú er gerð tillaga um eru næsta fljótandi. Hugmyndir um það að skerpa enn frekar þessi ákvæði, gefa stjórnvöldum enn víðtækara vald til að hlutast til um vextina með beinni íhlutun, með hámarksákvæðum, ganga þvert á beitingu vaxtanna sem stjórntækis í nútímahagkerfi. Vextirnir verða að taka mið af framboði og eftirspurn og ástæðan fyrir háum raunvöxtum á Íslandi er fyrst og fremst halli á ríkissjóði og mikil eftirspurn eftir lánsfé vegna húsnæðislánakerfisins í þriðja lagi, og það er ekki minnst um vert, óvissa um framgang efnahagsmála á næstunni, bæði hér á landi og annars staðar. Ég vil þó benda á það að nafnvextirnir eru nú á hraðri niðurleið. Ég er á þeirri skoðun að með fortölum sé hægt að flýta þeirri þróun eins og reyndar hefur verið rætt í tengslum við kjarasamningana. Ég bendi á að hömlum á fjármagnshreyfingar er nú þegar að hluta aflétt og á næstu árum verða enn frekari skref stigin í þessa átt. Það er vissulega ástæða til þess að hugleiða það vandlega hvort við eigum að hraða okkar för enn í þessa átt. Þetta mun þýða að vaxtastig á Íslandi mun ráðast af vöxtum í öðrum löndum og sérstök vaxtastefna ís-

lenskra stjórnvalda gagnvart atvinnuvegum okkar verði miklu síður framkvæmanleg en verið hefur. Ég tel ekki mikla eftirsjá í því. Ég held, virðulegi 2. þm. Vestf., að það væri býsna hagleg geit að burstagerð blindra gæti fengið vexti á heimsmarkaðskjörum.

Það er ástæða að mínu áliti til þess að íhuga hvort Seðlabankanum ætti að vera heimilt að setja kvaðir á innlánsstofnanir um jafnvægi milli verðtryggðra inn- og útlána með verðtryggðum og óverðtryggðum viðskiptum. Misvægi innlána og útlána á óverðtryggðum og verðtryggðum kjörum er ástæða fyrir verulegum sveiflum á nafnvöxtunum eins og þróun síðustu 2–3 ára hefur sýnt óþægilega skýrt. Ákvæði af þessu tagi mundu jafna kjör verðtryggðra og óverðtryggðra lána að miklum mun. Það er líka vert umhugsunar hvort óhæfilegur vaxtamunur eigi ekki að falla undir samkeppnislög sem nú er verið að móta. Það er ljóst að með auknu frjálsræði, m.a. gagnvart erlendum fjármálastofnunum, hverfur hættan á óhæfilegum vaxtamun að mínu áliti vegna þess að þá líðst íslenskum lánastofnunum ekki að halda uppi óhóflegri álagningu. Samkeppni hér innan lands er nú þegar að skila árangri m.a. í lækkuðum raunverulegum kostnaði í bönkunum, fækkun starfsmanna, sölu húseigna og viðleitni ýmissa fjármálastofnana að bæta sér upp með vaxtamun tekjutap m.a. vegna óvarkárra útlána. Þetta gengur ekki mikið lengur. Menn verða nú að mæta samkeppninni.

Hv. 7. þm. Reykn. og þó alveg sér í lagi hv. 8. þm. Reykn. töluðu heilmikið um húsnæðislánin. Ég vildi þess vegna láta koma fram nokkrar grundvallarupplýsingar og skýringar á því sem þar hefur verið að gerast. Það er mjög mikilvægt að umræða um þetta mál sé rekin á grundvelli staðreynda. Lítum á þessar tölur. Hrein lánsfjárþörf húsnæðiskerfisins hefur aukist úr 14,5 milljörðum kr. árið 1990 í 21,5 milljarða á þessu ári og ég tek það fram að þessi síðasta tala er áætlun. Nú er áætlað að hrein lánsfjárþörf húsnæðiskerfisins verði um 15,7 milljarðar kr. á næsta ári. Sú fjárhæð kemur reyndar fram í lánsfjárlagafrv. Og ég vildi benda hv. 8. þm. Reykn. á það af því að hann minntist á þessa tölu hér að það er mjög athyglisvert að þetta er heldur lægri tala en Seðlabankinn leggur mikla áherslu á í sinni greinargerð en þar er nefnd, ef ég man rétt, að það sé æskilegt að stefna að því að þessi lánsfjárþörf fari ekki fram úr 16 milljörðum kr.

En hverfum aftur að aukningunni árið 1991. Fyrsta ástæðan fyrir þessari miklu aukningu er sú að húsbréfakerfið og lánakerfið frá 1986 hafa verið rekin samhliða og verða rekin samhliða til loka þessa árs.

Í öðru lagi voru á þessu ári veitt sérstök greiðsluerfiðleikalán að fjárhæð 2½–3 milljarðar kr. Og í þriðja lagi hefur orðið veruleg aukning á útlánum úr Byggingarsjóði verkamanna en lán þessa sjóðs hafa aukist um 2 milljarða milli áranna 1990 og 1991. Ákvarðanirnar, sem hafa mótað þessa þróun, eru að sjálfsögðu á ábyrgð fyrri ríkisstjórnar fyrst og fremst. Ég tek minn hluta í því máli að sjálfsögðu á mig en ég ætlast til hins sama af hv. 8 þm. Reykn. og hv. 7. þm. Reykn. sem ásamt mér og öðrum, þar á meðal hæstv. félmrh., tóku þær ákvarðanir sem réðu þessari skörun kerfanna. Nú hefur hins vegar lánakerfinu frá 1986 verið lokað, að mínum dómi allt of seint, og ekki eru lengur veitt þessi sérstöku greiðsluerfiðleikalán. Þetta eru skýringarnar á því að á næsta ári mun draga mjög verulega úr lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins. Ég vil vekja athygli á því að við þurfum að líta á þennan umþóttunarvanda, þessa yfirgangstíð, þegar tekin er upp ný skipan í húsnæðismálum sem flestum hugsandi mönnum ber saman um að horfi til heilla þegar kerfið hefur verið fest í sessi. Ég vil líka vara við því að túlka tölur um aukningu lána í húsbréfakerfinu krónu fyrir krónu, eða milljarð fyrir milljarð ef menn vilja heldur tala í stórum tölum, á móti sambærilegum fjárhæðum í öðrum útlánum eða lántökum ríkissjóðs. Það er vegna þess að í húsbréfakerfinu er veruleg eiginfjármögnun, innri fjármögnun, og auk þess hefur hluti húsbréfalánanna farið til þess að fjármagna að nýju skuldir húsbyggjenda við aðrar lánastofnanir. Þetta, virðulegi forseti, vildi ég láta koma fram.

Hv. 18. þm. Reykv. hitti að mínu áliti naglann á höfuðið í sinni hógværu og hyggilegu ræðu. Hún sagði ef ég man rétt: Það er varasamt að binda vextina á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Hún mælti með því að ríkið freistaði þess í senn að draga úr sinni eigin eftirspurn eftir lánsfé, og það á að sjálfsögðu við allar ákvarðanir ríkisins, jafnt þær sem varða fjármál ríkisins í þröngri merkingu sem hið opinbera húsnæðislánakerfi, og beita frumkvæði ríkisins til lækkunar raunvaxta þegar aðstæður leyfðu. Ég vil endurtaka, virðulegi forseti, að takist okkur að ná fjárlagahalla niður fyrir 4 milljarða, takist okkur að draga svo mikið úr lánsfjárþörf hins opinbera sem að er stefnt, og þar tel ég enn húsnæðislánin með, og ef við sjáum fram á í sömu andrá sáttargerð um sanngjörn kjör, kyrrlát kjör, þá munu bæði nafnvextirnir og raunvextirnir lækka til muna á fyrstu mánuðum nýja ársins. Það mun gerast ef við stöndum saman um þær ákvarðanir hér í þinginu sem við berum beinasta ábyrgð á.

Virðulegi forseti. Þetta skulu vera mín lokaorð. Ég styð ekki þetta frv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem nýlega hefur komið fram hjá Seðlabankanum hefur nokkuð verið dregin inn í umræður um það frv. sem hér er á dagskrá um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég fór í síðustu vikum nokkrum orðum um þær fullyrðingar sem fram koma í skýrslu Seðlabankans um húsbréfakerfið. Ég þarf því ekki að hafa mörg orð um það hér. Það er alveg ljóst að þær fullyrðingar sem þar eru settar fram um húsbréfakerfið fá engan veginn staðist. Allan rökstuðning fyrir þeim fullyrðingum vantar þannig að ég held því fram að margar af þeim fullyrðingum sem þarna koma fram séu hreinn og beinn sleggjudómur um húsbréfakerfið sem er auðvitað alvarlegt mál þegar Seðlabanki Íslands á í hlut. Ég tel að hv. 7. þm. Reykn., fyrrv. forsrh., hafi að nokkru leyti tekið undir að það sem þarna er sett fram um húsbréfakerfið sé ekki traustvekjandi.

Ef þetta mál er skoðað af einhverri sanngirni er alveg ljóst að það sem hefur orðið til þess að húsnæðiskerfið hefur tekið til sín meira fjármagn á þessu ári en það mun gera til að mynda á næsta ári er kannski fyrst og fremst útgáfa húsbréfa vegna greiðsluerfiðleikalána sem hefur verið meiri en menn ætluðu. Þau greiðsluerfiðleikalán hafa farið til þess að greiða upp skammtímaskuldir fólks sem er í miklum erfiðleikum og ég hef aldrei heyrt rödd um það hér á Alþingi að stoppa hefði átt slíka fyrirgreiðslu enda held ég að hún hafi komið í veg fyrir að margar fjölskyldur hafi lent í gjaldþroti.

Í annan stað er alveg ljóst að það gengur ekki að hafa tvö húsnæðiskerfi starfandi samtímis. Þegar opnað var fyrir húsbréfakerfið kom í ljós að safnast hafði upp langur biðlisti fólks sem þurfti að bíða 2–3 ár eftir að fá fyrirgreiðslu. Þegar allt í einu var hægt að fá fyrirgreiðslu til húsnæðismála á stuttum tíma var ljóst að fleiri komu inn í húsbréfakerfið en æskilegt var og einnig vegna þess að við vorum með tvö kerfi starfandi samhliða. Þær fullyrðingar sem Seðlabankinn setur fram eru furðulegar. Bankastjórar Seðlabankans, sem ég hef átt viðræður við í dag, hafa engan veginn getað skýrt þær, t.d. þá fullyrðingu að 45 milljarða kr. lán til heimilanna eigi að langmestu leyti rót sína að rekja til húsbréfa og annarra lána hins opinbera íbúðalánakerfis. Það sjá auðvitað allir í hendi sér að slík fullyrðing stenst ekki og ég hef velt fyrir mér hvaða tilgangi það þjónar af hálfu Seðlabankans að setja fram slíka sleggjudóma.

Ef við skoðum útgáfu húsbréfa á þessu ári er hún um 13 milljarðar kr., þau húsbréf sem hafa verið gefin út. Það liggur fyrir að um helmingur af húsbréfum sem eru útgefin vegna notaðra íbúða ganga til innri fjármögnunar, þ.e. annaðhvort í sparnað eða upp í önnur fasteignaviðskipti þannig að við erum að tala um u.þ.b. 6½ milljarð í húsbréfum sem hefur farið út á markaðinn á þessu ári. Þegar við lítum til þess að við erum að tala um 5% af veltu verðbréfamarkaðarins, sem er um 160 milljarðar kr., þá sjá allir í hendi sér hvílík þvæla þetta er hjá Seðlabanka Íslands. Ég vil vitna, með leyfi forseta, til þess sem kom fram í Morgunblaðinu 13. okt. og er haft eftir Sigurði B. Stefánssyni hagfræðingi en hann er að fjalla um húsbréfakerfið:

„Sigurður segir að þegar athugaðar eru hinar dýpri sveiflur sem verða á fjármagnsmarkaðinum í fyrrasumar sé útilokað að rekja þær beint til húsbréfakerfisins. Þessar breytingar eru þær helstar að mjög hratt dregur úr sparnaði hjá fólki almennt og stærri hluti tekna þess fer í neyslu með samsvarandi aukningu innflutnings og viðskiptahalla. Þetta leiði hratt til 2% raunvaxtahækkunar á fjármagnsmarkaðinum. Á þessum tíma eru húsbréfin að koma inn á markaðinn og þau eru aðeins lítið brot af honum. Á heildina litið var veltan á verðbréfamarkaðinum í fyrra 160 milljarðar kr. þannig að húsbréfin voru innan við 5% af honum. Því hefur þessi sveifla farið af stað hvort sem húsbréfin voru til staðar eða ekki."

Ég held að þetta segi meira en mörg orð. Það er alveg ljóst þegar menn skoða málið af sanngirni að ekki er hægt að kenna húsbréfunum um mikla þenslu á lánamarkaði eða að húsbréfin séu orsök fyrir einhverri raunvaxtahækkun. Enda er það svo þegar við skoðum lán til Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfanna árið 1990 og 1991 er þar ekki um aukningu að ræða. Lán til Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfa á árinu 1990 voru 19,9 milljarðar kr. og á árinu 1991 voru lánin og útgáfa húsbréfa um 20,1 milljarður kr. Allt þetta sem ég hef sagt staðfestir auðvitað að það sem fram kemur í skýrslu Seðlabankans eru tómir sleggjudómar. Það er líka athyglisvert þegar 1986-kerfið er skoðað að hefði það verið enn í gangi og við hefðum ekki verið með nein húsbréf, hefðum við sennilega verið með í útlán úr Byggingarsjóði ríkisins og verkamanna á þessu ári um 22–24 milljarða kr. Það helgast af því að 55% af fjármagninu var bundið inni í Húsnæðistofnun, í lánakerfinu frá 1986. Það hefði verið í ár um 16–17 milljarðar kr. Bankalán vegna íbúðakaupa hefðu verið um 2 milljarðar kr. og sennilega álíka frá lífeyrissjóðunum og handhafabréfin væru um 2 milljarðar. Þannig að við erum að tala um að á þessu ári hefðu sennilega verið úti á lánamarkaðinum 22–24 milljarðar kr. Og spyrja má: Hefði það haft áhrif á vaxtastigið eða aukið þessa þenslu sem menn eru að tala um að húsbréfakerfið hafi valdið?

Ég spyr líka til þess að menn geta velt því fyrir sér: Ef við værum með 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna bundin í fjármagni til húsnæðislána en lífeyrissjóðirnir gætu ekki verið með sitt fjármagn í samkeppni við annað lánsfé á markaðinum, hvaða áhrif hefði það haft á vextina, svo að dæmi sé tekið? Ég fékk enga skýringu á því í samtölum mínum við seðlabankastjóra í dag hvers vegna það er hvergi reynt í þessari skýrslu Seðlabankans, þegar þeir stilla húsbréfakerfinu þannig upp að með því hafi orðið verulega aukning og stökkbreyting á lánsfjáröflun til íbúðabygginga, að draga fram hve mikið hefur dregið úr lánum í bönkum og lífeyrissjóðum og með handhafaskuldabréfum við tilkomu húsbréfakerfisins sem eru verulegir fjármunir. Bara í bankakerfinu á tveimur árum erum við að tala um samdrátt vegna lána til íbúðaröflunar um 2 milljarða kr. Og þegar að því er látið liggja í skýrslunni að íbúðakaupendur eigi langmestan þátt í þessari neyslu upp á 45 milljarða kr. þá er það auðvitað eins og hvert annað bull. Skyldi nokkur trúa því að þeir, sem standa í íbúðabasli og þurfa á öllu sínu að halda til þess að eiga fyrir sinni íbúð, eigi eitthvað afgangs til annarrar neyslu? Auðvitað hljóta að vera einhverjir aðrir á ferðinni sem standa fyrir þessari neyslu sem hér er dregin fram. Ég hygg að það séu alls ekki íbúðakaupendur sem eru skuldsettir heldur miklu frekar þeir sem eru í skuldlausum íbúðum og standa þá fyrir einhverri annarri neyslu.

Auðvitað er hvergi í þessari skýrslu reynt að draga fram neitt um innri fjármögnun húsbréfakerfisins sem hlýtur þó að hafa mikla þýðingu, þ.e. hvað af þessu fer út á markað og hvað er innri fjármögnun. Bankinn reynir ekki að gera minnstu tilraun til þess að draga það fram. Enda er það svo í skýrslu sem ég mun kynna

í ríkisstjórninni í fyrramálið og hefur verið unnið að í hálft ár og mikil vinna liggur að baki, er skoðuð reynslan af húsbréfakerfinu sl. tvö ár. Hún gengur þvert á þessa niðurstöðu sem dregin er fram af Seðlabankanum um húsbréfakerfið. Og það kallar auðvitað á sína skýringu, að við séum hér með tvær skýrslur sem ganga hvor í sína áttina í þessu efni.

Hæstv. viðskrh. dró það fram í sinni ræðu hve mikill samdráttur verður á fjármagni til húsnæðismála á næsta ári og þarf ég ekki að fara um það fleiri orðum. Það er ljóst að miðað við það sem áætlað var, þá mun sú lánsfjárþörf vegna húsnæðismála dragast saman um a.m.k. 4–5 milljarða á næsta ári. Ég ætla ekki að fara út í mörg þeirra ummæla sem fram komu hjá hv. þm. Ólafi Þ. þórðarsyni og læt mér í léttu rúmi liggja þær sakir sem hann var að bera á mig um að það væri húsbréfakerfið sem ætti þátt í að atvinnulífið væri að hrynja og konur væru að verða atvinnulausar. Þetta er auðvitað eins og hvert annað bull sem er ekki svara vert. (**ÓÞÞ:** Ég sagði að það væri borið á hæstv. ráðherra að þetta væri ástæðan.) Nú, ég skildi það svo að hv. þm. hefði verið að bera mig þeim sökum en ef það hefur ekki verið, þá dreg ég orð mín til baka. En ég tek undir með hv. þm. að það er vissulega æskilegt að nýta meira heimildir til sölu á húsbréfum erlendis. Landsbréf sem er viðskiptavaki húsbréfa hefur verið að vinna að þessu. Ég tel að það eigi að gera það sem hægt er til þess að fara með húsbréfin á erlendan markað. Fjármagnsmarkaðurinn hér er einhæfur og sterk staða lífeyrissjóðanna gerir hann mjög erfiðan. Ég get því alveg tekið undir með hv. þm. um það að það sé full ástæða til þess að nýta betur þær heimildir sem við höfum til sölu húsbréfa erlendis.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég tel eins og ég hef margítrekað að það sem fram kemur í skýrslu Seðlabankans sé að meira og minna leyti þvættingur um húsbréfakerfið og kallar auðvitað á það að við ræðum betur við Seðlabankann um þetta mál og förum yfir stöðu húsbréfakerfisins. Bankastjórar Seðlabankans munu taka það til athugunar sem fram kom í mínu máli og hæstv. viðskrh. í samtölum okkar við þá í dag. Þegar þessi skýrsla, sem verður kynnt í ríkisstjórninni á morgun, kemur fram tel ég fulla ástæðu til þess að eiga frekari samtöl við bankastjóra Seðlabankans vegna þess að ég tel að það sé ófært með öllu að Seðlabanki Íslands láti frá sér fara slíka skýrslu sem hefur verið send hv. þm. Hæstv. viðskrh. ætti að gera kröfu til þess að Seðlabankinn endurskoðaði það fleipur sem hann fer með um húsbréfakerfið í þessari skýrslu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að það sem ég sagði um stöðu þessara mála var það að sá áburður sem Seðlabankinn, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. eru að bera á hæstv. félmrh. er að af húsbréfakerfinu stafi allt hið illa í vaxtamálum Íslands. Það kom seinast fram í ræðu hæstv. viðskrh. áðan. Þess vegna vil ég að það liggi alveg ljóst fyrir að sá eini þáttur sem ég taldi hæstv. viðskrh. hafa í hendi sér sé salan á bréfunum úr landi. Og ég fagna því að það kemur fram hjá hæstv. viðskrh. að þeir skapsmunir eru til staðar að það á ekki að láta velta sér upp úr þessu heldur sýna þann manndóm að selja bréfin úr landi. Og það er athyglisvert sem hæstv. félmrh. segir hér þrisvar sinnum í ræðustól að skýrsla Seðlabankans sé ekkert annað en bull um þessa hluti. Þrisvar sinnum er því lýst yfir af ráðherranum að skýrslan sé bull og það hlýtur að leiða hugann að því: Er þá allt annað rétt sem frá stofnuninni kemur?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu á þessum kvöldfundi, frv. um vaxtamálin, er væntanlega það mál sem rís öðru hærra í þjóðmálaumræðunni þessar vikurnar.

Við getum þess vegna eytt hér löngu kvöldi í fræðilegar útlistanir á því hvað sé orsök og hvað afleiðing í þessu máli. En það er staðreynd, hæstv. viðskrh., sem atvinnulífið í landinu stendur frammi fyrir þessa mánuðina, að við búum við vaxtastig sem er svo hátt að það þarf ekki langan tíma til að skilja eftir sig þau spor í atvinnulífinu að þar verði ekki um bætt.

Ég hef áður á þessu þingi rætt við viðskrh. um vaxtamálin þannig að ég þarf ekki að hafa hér mjög langa ræðu þar um. En ég ætla að koma að nokkrum þáttum sem þetta varðar. Það hefur komið fram í umræðunni í dag og kvöld að við búum við ófullkominn fjármagnsmarkað. Hér sé í raun fákeppnismarkaður sem við höfum búið við um nokkurra ára bil. Og ég ætla nú, með leyfi forseta, að vitna í ræðu hæstv. viðskrh. frá umræðu um lánsfjárlögin þar sem hann, eftir að hafa rætt um áhrif ríkisfjármála á vaxtastigið, sagði svo:

„En það er líka annað mjög mikilvægt atriði í þessu máli sem athuga þarf, og kom kannski ekki alveg nógu skýrt fram hjá þingmanninum," þ.e. þeim þingmanni sem hann var að svara þá, „og það er að til þess að útvega atvinnuvegunum lánsfé á samkeppnisfærum kjörum, fjármagn á heimsmarkaðsverði, þá þurfum við að opna okkar lánamarkað. Að því máli er nú unnið og síðasta dæmið um það er að sjálfsögðu það sem samþykkt var í mars á síðasta þingi að heimila erlendum lánastofnunum að opna hér útibú sem væntanlega verður fest skýrar í lög á næstu dögum. Þannig og aðeins þannig fáum við samkeppniskjör á fjármagni til okkar atvinnuvega."

Ég tel alveg nauðsynlegt að þetta komi inn í umræðuna því þetta var að mínu mati afar athyglisverð yfirlýsing frá hæstv. viðskrh. Það sem hann sagði í raun var að í skjóli fákeppnismarkaðar á fjármagnsmarkaðnum væri á síðustu árum búið að flytja fjármagn svo milljörðum skipti frá atvinnulífinu og heimilunum yfir til fjármagnseigendanna. Það er ýmislegt sem styður þetta. Mér segja kunnugir menn, sem þekkja til fjármagnsmarkaða annarra landa, að eðlilegur vaxtamunur á almennum fjármálapappírum í umferð og ríkistryggðum bréfum, svo sem ríkisvíxlum og skuldabréfum, sé 2–3%. Skyldi fjármagnsmarkaður okkar sýna þessi merki? Nei, hann gerir það ekki. Hér verður rík-

ið að keppa á hæstu vöxtum til að geta selt sína ríkistryggðu pappíra. Þannig gætum við tekið hverja staðfestinguna á fætur annarri sem sýna okkur það að hér hefur fjármagn í stórum stíl verið flutt milli aðila í þjóðfélagi okkar á röngum forsendum.

Ég ætla aðeins í framhaldi af þessu að koma að þessu máli frá öðru sjónarhorni eins og það hefur verið að þróast síðustu vikurnar. Það er að atvinnulíf okkar verður að eiga aðgang að lánsfjármagni á viðráðanlegum kjörum. Það verður líka að eiga aðgang að áhættufé í formi hlutafjár. Hvað hefur verið að gerast síðustu vikurnar, síðustu mánuðina? Það sem hefur verið að gerast er einfaldlega það að sú þróun, veikburða þróun, sem hafði verið að fara af stað á síðustu árum í þá veru að fyrirtækin í landinu voru farin að geta fjármagnað sig að nokkru leyti með útgáfu og sölu nýs hlutafjár, er öll að stöðvast þessa dagana. Hlutabréf hreyfast nánast ekki á markaði. Hvers vegna? Vegna þess að það er verið að bjóða aðra pappíra á svo miklu hærri vöxtum.

Það litla sem ég hef lært í hagfræði segir mér að þeir, *sem vilji taka áhættu, vilji eiga möguleika á hárri* ávöxtun, verði að fara út á slíkan markað. Þeir verði að veðja beint á atvinnulífið með kaupum á hlutafé. Hér er svo komið núna að hlutirnir hafa algerlega snúist við.

Ég ætla í framhaldi af þessu — og sakna ég nú viðskrh. í salnum, virðulegi forseti. Ég hygg reyndar að hann hafi farið í símann.

Virðulegi forseti. Ég get haldið áfram á öðrum stað og tek þá upp þráðinn þar sem ég hóf mína ræðu. Nú er svo komið að verðið á peningunum er slíkt að það er atvinnulífinu og heimilunum ofviða. (**GÁ:** Misjafnt þó.) Hér kemur hv. 5. þm. Suðurl. og segir að það sé misjafnt þó. Það er alveg rétt, það er eilítið misjafnt milli fjármálastofnana. Ég hef áður úr þessum stól farið aðeins yfir það með honum að aðstaða fjármálastofnana er eilítið misjöfn líka. Sumir hafa leyft sér að spila svolítið frítt spil og leika þar sem þægilegast er að spila þannig að þetta á sér einhverjar skýringar.

En ég var kominn, hæstv. viðskrh., fyrr í ræðu minni að þeim þætti fjármagnsmarkaðarins sem er samspil þess lánsfjármagns sem atvinnulífið þarf á að halda annars vegar og hins vegar aðgangur að öðru áhættufjármagni. Nú er svo komið að ástandið á peningamarkaðnum er þannig að þar eru boðin bréf á þeim kjörum að hlutabréfamarkaðurinn er nánast frosinn í dag. Þar rótast ekki bréfin og sú þróun síðustu ára, sú veikburða þróun til eðlilegs hlutafjármarkaðar, sem hér var að myndast hefur nánast stöðvast. Við þetta verður ekki unað lengi.

Ég var síðan kominn að því, hæstv. viðskrh., að ég ætlaði að fara örfáum orðum um hugmyndir sem nú hafa verið uppi *um sölu ríkisfyrirtækja. Ég hef skilið* það þannig að á þann hátt hafi menn ætlað að bjarga að nokkru leyti erfiðri stöðu ríkissjóðs á næsta ári. Og ég vil því spyrja hæstv. viðskrh. hvort það væri nokkurt vit og nokkur sanngirni í því gagnvart atvinnulífinu í landinu ef staðið verður við þau fyrirheit hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að strax eftir áramót verði Búnaðarbankanum breytt í hlutafélag og hann seldur á frjálsum markaði. Er nokkur sanngirni í því gagnvart atvinnulífinu, öðrum þáttum atvinnulífsins, sem þurfa í neyð sinni á áhættufjármagni á frjálsum markaði að halda á næsta ári? Mundi ekki sala Búnaðarbankans og hugsanlega fleiri fyrirtækja gleypa í einu lagi allt það fjármagn sem hægt væri að hugsa sér að að öðrum kosti rynni sem áhættufé frá fyrirtækjum og einstaklingum inn í atvinnulífið á næsta ári? Ég vil biðja hæstv. viðskrh. að svara þessu hér á eftir.

Síðan að lokum, ef ég hverf til upphafs ræðu minnar að í dag, þá er verðið á fjármagni þannig að það er heimilunum og atvinnulífinu ofviða. Hver eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar? Það er nokkuð sitt á hvað eftir því við hvern er rætt. Hæstv. sjútvrh. sagði fyrir nokkru að nú yrði að beita fortölum ef ég man rétt. Ég skil að það sé næsta stig við handafl. Viðskrh. reyndar kom að þessu í sinni ræðu áðan. En hvað hefur svo ríkisstjórnin verið að gera að öðru leyti? Þar hafa hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar í raun gefið fjármagnsmarkaðnum frítt spil á næstunni. Hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh., þó hann dragi aðeins í land í sinni ræðu hér áðan þegar hann kom að fortölunum, og hæstv. fjmrh. einnig hafa sagt: Markaðurinn verður að ráða. Viðbrögð hans verða að ráðast af því hvernig okkur tekst til við að ráða við fjárlagahallann. Þetta eru þau skilaboð sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gefa fjármagnsmarkaðnum síðustu daga.

Nú hafa þær aðgerðir í ríkisfjármálum, sem boðaðar hafa verið, ekki séð dagsins ljós enn þá svo ég tel ekki sanngjarnt að ég ræði mikið um þær hér. Þó fengum við að sjá nokkuð af þeim, m.a. af blaðamannafundi hæstv. fjmrh. í dag. Og hverjar eru svo þessar aðgerðir? Er verið að skapa þar svigrúm fyrir atvinnulífið? Ég get ekki séð það. Ég sé ekki betur en hlutur ríkisins á næsta ári verði nánast óbreyttur sem hlutfall af landsframleiðslu.

Síðan koma menn og tala um að nú sé verið að ná viðbótarsparnaði til að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið. Í hverju felst hann? Hann felst m.a. í því, samkvæmt fréttum Sjónvarpsins í kvöld, að flytja 700 milljónir frá ríki til sveitarfélaga. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort þessi aðgerð skapi svigrúm í efnahagslífinu fyrir atvinnulífið. Ég sé ekki betur en að þarna fari, eins og í málefnum fatlaðra, sama fjármagn í þessa starfsemi. Það skapar að mínu mati heldur ekki, eins og hér hefur komið fram m.a. í umræðum um fjárlög, nýtt svigrúm fyrir atvinnulífið, sú tilfærsla skatta þar sem gjöld eru færð til á þann hátt að í stað skatta komi þjónustugjöld. Það eru líka peningar sem koma beint út úr hagkerfi okkar og hljóta jafnmikið eftir sem áður að þrengja að atvinnulífi. Það er þannig sama hvar borið er niður. Stærsti þátturinn í því sem okkur *var boðað í fjölmiðlum í kvöld til viðbótar* við þessa millifærslu frá ríki til sveitarfélaga var flatur niðurskurður á rekstri ríkisins. Þetta er aðgerð sem menn eru margbúnir að reyna og hefur undantekningarlítið endurspeglast í fjáraukalögum næsta árs. Og ég hef það ekkert séð til þessarar ríkisstjórnar sem bendir til að öðruvísi muni fara nú. Þetta eru skilaboðin sem ríkis-

stjórnin hefur verið að senda til aðila fjármagnsmarkaðarins. Og það kæmi mér mikið á óvart ef það kæmi í ljós á morgun eða hinn að bankarnir rykju til og lækkuðu vextina. Það þarf nefnilega miklu meira að koma til. Það þarf verulega handleiðslu og fortölur og það sýndi hæstv. félmrh. áðan að hún er ekkert feimin við að hjóla í Seðlabankann og segja honum til syndanna ef henni finnst að ekki sé veitt rétt ráðgjöf. Og það held ég að hæstv. forustumenn efnahags- og peningamála ríkisstjórnarinnar ættu að gera á næstunni. Því það er alveg rétt sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði í dag að með sátt um þessi mál er hægt að ná vöxtunum niður á næstunni og skapa þannig það svigrúm sem þarf fyrir atvinnulífið.

Ég hef rakið það fyrr að ég sé það ekki í aðgerðum ríkisstjórnarinnar nú að neitt stórt sé að breytast. Óraunhæf fjárlög virðast vera í uppsiglingu, einu sinni enn, vil ég kannski segja. Það er engin ný hugmyndafærði þar. Ég hef oft heyrt hv. 4. þm. Reykv. tala um að það eigi að taka upp alveg nýja hugmyndafræði, það eigi að lækka skatta verulega og sérstaklega veltuskattana og ná með því upp meiri veltu í þjóðfélaginu og þannig nái ríkissjóður inn þeim tekjum sem hann þarf. Maður hefði kannski álitið að það væri einhver hugmyndafræði í átt við þetta sem kæmi frá hæstv. ríkisstjórn. En hvað gerist? Það eru sömu gömlu úrræðin. Fjármunir eru færðir til og í sumum tilfellum fram og til baka og niðurstaðan virðist ætla að verða sú að við verðum með sama hlutfall af landsframleiðslu í ríkisútgjöld á næsta ári og verið hefur þannig að ég sé ekki að það geti haft mikil áhrif á vextina.

Flm. (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég stend ekki upp í þeirri von að ég fái fylgi hæstv. viðskhr. við þetta frv. Ég mun ekki snúa honum. Þetta er trúaratriði hjá honum, hinir frjálsu vextir. Ég stend hins vegar upp til þess að mótmæla því að reynslan hafi ekki sýnt að taka má viljann fyrir verkið. Hann kvað það ekki unnt í þessu tilfelli. Það gerðum við hæstv. viðskrh. 1989. Við, ásamt þáv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., áttum fund eftir fund með seðlabankastjórum til að knýja niður vexti og þeir fóru yfirleitt heldur niðurlútir af okkar fundum enda spöruðum við ekki ákveðnu orðin. Við áttum líka fjölmarga fundi með bankaráðsmönnum og var fundið að því af þeim sem trúa svo mjög á hina heilögu frjálsu vexti. Við áttum fundi til þess að sýna okkar mönnum í bankaráðum fram á að sú vaxtabyrði sem þá var orðin, árið 1988, væri atvinnuvegunum og reyndar bönkunum ofviða. Og þetta tókst. Þarna sýndi það sig að vilji er allt sem þarf. Það tókst með fortölum, getum við kallað það, ef menn vilja ekki nota handaflið. Það tókst það vel að á þessu ári, 1989, urðu vextir hér lægri en samkvæmt viðskiptavog. Og það er mjög athyglisvert þegar maður fer í gegnum skýrslu Seðlabankans nú að það verður hvergi merkt að staða bankanna hafi verið lakari þetta ár, 1989. T.d. var lausafjárstaða bankanna 1989 mjög góð, miklu betri en nú. Nei, eins og ég sagði geri ég mér ekki vonir um að þessu verði breytt.

Því miður slökuðum við á þessum tökum 1990 og þá kom mjög glöggt fram sú mikla trú sem hæstv. viðskrh. hefur á frjálsræði vaxtanna. Ég held að við sem ekki vildum þola háa vexti hljótum að þakka verkalýðshreyfingunni fyrir að hafa gripið í taumana og knúið vextina niður því það gerði verkalýðshreyfingin. Vissulega með stuðningi þeirra í ríkisstjórn sem það vildu, en hún naut ekki stuðnings allra. Því miður. Það þarf því enginn að segja mér það að ekki sé unnt að knýja vexti niður. Það sýndum við. Og af því að hæstv. viðskrh. taldi það misskilning hjá mér að Bush Bandaríkjaforseti teldi sig hafa náð árangri í að knýja vexti niður þá vil ég vísa honum á stefnuræðu Bandaríkjaforseta frá því í fyrravetur þar sem hann taldi sér það einna mest til ágætis að hann, Bandaríkjaforseti, hefði stórkostlega lækkað vexti í Bandaríkjunum. Ég veit að hann hefur ekki gert það með því að kalla á bankaráðsmenn, hann gerir það í gegnum sinn seðlabanka sem að vísu hefur verið haldið fram að væri fullkomlega sjálfstæður, en fer þó það eftir orðum forsetans. T.d. hefur seðlabanki Bandaríkjanna, Federal Reserve, lækkað forvexti úr 5% í 4,5%, sem eru þau boð sem Bandaríkjaforseti lét út ganga til að örva þar efnahagslífið og til að draga úr því atvinnuleysi sem þar er. Þessar fullyrðingar um að vextir í heiminum séu eitthvert æðra máttarvald sem ekki megi koma við eru bara hrein endaleysa og eru einhver trú sem hæstv. viðskrh. hefur tekið í skóla eða hjá Alþjóðabankanum þegar hann var þar. En það er vitanlega alls ekki svo.

Mér þótti það afar athyglisvert í ræðu hæstv. viðskrh. að hann fjallaði eingöngu um þessar kennisetningar sem vöxtunum ráða og það að þeir yrðu aðeins lækkaðir með því að draga úr eftirspurn ríkissjóðs, en hann fjallaði ekkert um stöðu atvinnuveganna. Það var eins og þeir væru ekki til. Hann fjallaði ekkert um greiðslubyrði atvinnuveganna. Hann kom ekki inn á hinn gífurlega stóra hlut vaxtanna í þátttekjum í þjóðarbúinu. Ekki orð. Það var eins og það væri ekki til. Hann minntist ekki orði á greiðslubyrði fjölskyldnanna, heimilanna. Hann minntist ekki orði á þá gífurlegu tilfærslu sem þessir vextir bera með sér.

Ég fékk jólakort áðan og kannski fleiri hér frá mjög merkum manni — ég held hann sé hagfræðingur, hann gefur a.m.k. út mikið hagfræðirit. Hann heitir Mike Kami. Hann segir á enskunni: „The „haves" get more and more, the „have-nots" get less and less" — og hvetur menn til að berjast þar gegn, þ.e. þeir sem eiga fá meira og meira en þeir sem eiga ekki fá minna og minna. Það er nákvæmlega það sem m.a. þessir okurvextir eru að gera. Hvað kalla þeir það? Kolkrabbann hérna í einni bókinni. Það eru þeir sem eiga og þeir fá meira. Er það jafnaðarstefnan sem hæstv. viðskrh. boðar einstöku sinnum? Það held ég að geti varla verið. (**Gripið fram í:** Það er mjög sjaldan sem hann gerir það.) Já, en hann gengur nú undir því merki. En á þetta var ekkert minnst eins og þessir hlutir væru bara ekki til.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að markaðurinn hérna á Íslandi er afar lítill og samkeppnin lítil og þess vegna m.a. gilda eflaust ekki þau

lögmál fullkomlega sem standa í kennslubókum hæstv. viðskrh. En hæstv. viðskrh. minntist einnig nokkuð á að það væri merkilegt að þetta frv. boðar eingöngu slíkt handafl í eitt ár. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel fortölur betri en handafl og sjálfsagt að nota þær til hlítar, eins og við hæstv. viðskrh. gerðum með svo *miklum ágætum 1989 og ég hef nú rakið.* Hins vegar geri ég mér engar vonir um að núv. ríkisstjórn beiti slíkum fortölum. Það hefur að vísu aðeins borið á einhverjum slíkum orðum eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni en ég geri mér ekki miklar vonir um að mikið verði úr því verki. Þess vegna töldum við nauðsynlegt að festa þetta nú í lög í eitt ár. Kannski lýsir þetta líka þeirri ósk, eins og allir vita, mikils meiri hluta þjóðarinnar að þessi ríkisstjórn verði þá farin frá og önnur komin, sem byggir ekki á kenningum afskiptaleysisins, sem er tilbúin að stjórna m.a. vöxtum í landinu.

Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. viðskrh. mun berjast af sínu afli gegn því að þetta frv. verði lögfest og það kemur í ljós hvort hann hefur sinn vilja fram. En ég segi að ef vextir lækka ekki mikið á næstunni þá erum við Íslendingar í gífurlegum vanda staddir. Atvinnuvegirnir eru það, heimilin verða það, þjóðarsáttin, og ég má satt að segja ekki hugsa til þess hvert þá stefnir. Þá er kannski helsta vonin sú að verkalýðshreyfingin taki málin aftur í sínar hendur og knýi hæstv. ríkisstjórn til vaxtalækkunar, bankana og ríkisstjórnina til vaxtalækkunar eins og hún gerði í þjóðarsáttinni í fyrra.

Ég hygg hins vegar að það væri langtum farsælla fyrir ríkisstjórnina að verða á undan eins og við vorum 1989 þegar við lögðum grundvöllinn að þjóðarsáttinni sem varð í febrúar 1990. Og því sagði ég í upphafi minnar ræðu fyrr í dag að þetta væri eins konar bjarghringur sem við værum að kasta til ríkisstjórnarinnar. En ríkisstjórnin getur bara stungið höfðinu í sandinn og sagt: Þessi vonda stjórnarandstaða, þessir menn sem ekki skilja nútímalögmál hagfræðinnar fengu þetta samþykkt o.s.frv. Þeir geta látið sig vanta hér þegar þetta kemur til atkvæða.

En ég segi það í fullri hreinskilni, hvort sem frv. verður nú samþykkt eða ekki, að þá ráðlegg ég hæstv. ríkisstjórn eindregið að beita öllum þeim fortölum og öllu því afli sem hún hefur til þess að fá vextina lækkaða ef hún vill bjarga þjóðarsátt, bjarga atvinnuvegunum, bjarga heimilunum og kannski bjarga sjálfri sér.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi segja að það er vissulega ánægjulegt að sjá hæstv. forsrh. hér rétt fyrir hálfellefu. Ég hef nokkra samúð með því að hann kann að vera þreyttur eftir langa nótt og erfiðan dag, en það hefði verið æskilegra upp á almenn samskipti hér í þinginu að hæstv. forsrh. hefði talað áður en við flm. frv. erum búnir að nýta allan rétt okkar til að tala í þessari umræðu. En 1. flm., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hefur nú þegar nýtt allan sinn rétt og ég er að því hér. Þar með er því umræðan komin á það stig að það er mjög erfitt fyrir okkur að ræða við hæstv. forsrh. af skynsemi og með eðlilegum hætti um þetta grundvallaratriði í efnahagsstefnu næsta árs.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. hafi metið það að í fyrri ræðum okkar reyndum við að færa rök að því að hvað sem vilja hæstv. forsrh. liði, þá væri afar ólíklegt að hann næði markmiði sínu með þeim aðferðum sem hann vill hafa, sérstaklega í ljósi þeirra röksemda sem Seðlabankinn setur fram. Hæstv. forsrh. er kominn í þá erfiðu stöðu að hann verður annaðhvort að hafna grunnkenningu Seðlabankans um hvers vegna raunvextir séu háir á Íslandi eða sætta sig við það að ná ekki árangri í stefnu sinni. Þetta er mjög erfið staða fyrir forsrh. að lenda í, sérstaklega forsrh. í flokki sem valið hefur sem sérstakan trúnaðarmann sinn einn af bankastjórum bankans, hv. fyrrv. þm., Birgi Ísl. Gunnarsson.

Hæstv. forsrh. er með réttu búinn að lýsa því mánuð eftir mánuð að vextirnir þurfi að fara niður sem grundvöll að því að kjarasamningar og stöðugleiki í efnahagslífi takist. Ég ætla í sjálfu sér ekki að endurtaka það sem ég sagði hér fyrr í dag um þessi mál en segi það í mikilli vinsemd við virðulegan forsrh., við höfum fullan áhuga á því að eiga við hann vitrænar umræður hér í þinginu. Það er mjög erfitt fyrir okkur að gera það þegar við erum búin að ónýta okkar rétt til að tala þegar hæstv. forsrh. kveður sér hljóðs. (**Gripið fram í:** Flm. má tala þrisvar.) Já, fyrsti flm. Þó það sé mikil vinátta og samstaða milli mín og hv. þm. Steingríms Hermannssonar þá nægir það mér kannski ekki alveg að hann fái að tala þrisvar.

Ég vildi hins vegar, virðulegi forseti, óska eftir því að viðskrh. komi hér í salinn vegna þess að hann sagði ýmislegt og meginerindi mitt í ræðustólinn var að ræða við hann en ekki að fara að endurtaka það sem ég flutti fyrir forsrh. fyrr í dag. Ég verð því að óska eftir því að hæstv. viðskrh. komi hér í salinn og ef hæstv. félmrh. er í húsinu þá hefði ég líka hug á því að hún kæmi hér í salinn innan stundar. — (**ÓÞP:** Þetta er fyrirbæna- og fortölustund.) Ég gæti náttúrlega, virðulegi þingmaður Ólafur Þórðarson, lesið hér nokkrar valdar tilvitnanir úr tímaritinu Mannlífi til þess að nota tímann fyrst að forsetadæmið hér á Alþingi er búið af breyta afstöðu sinni og telur nú heimilt að lesa upp úr tímaritinu Mannlífi hér á Alþingi. En ég er ekki með það við höndina þannig að ég held ég verði að bíða eftir því að hæstv. viðskrh. komi í salinn. Ég fagna hins vegar þeim úrskurði forsetadæmisins að það sé leyfilegt að lesa upp úr tímaritinu Mannlífi, tek það sem diplómatíska afsökunarbeiðni forsetaembættisins að það hafi haft rangt fyrir sér þegar það lagði hömlur á málfrelsi mitt hér fyrir nokkru síðan. — Ég get, virðulegi forseti, fyrst hæstv. félmrh. er kominn hér í salinn e.t.v. notað fáeinar mínútur til þess að ræða aðeins við hana meðan ég bíð eftir viðskrh. þó það hefði hentað ræðu minni betur að koma síðar að hæstv. félmrh.

Ástæða þess að ég óskaði eftir því að fá hæstv. félmrh. aftur inn í salinn er að ég heyrði hæstv. fjmrh. lýsa því yfir í fjölmiðlum í kvöld að sá niðurskurður á ríkisútgjöldum sem boðaður er af ríkisstjórninni

eftir næturfund ætti að skapa þá tiltrú að menn lækkuðu vextina og gerðu skynsamlega kjarasamninga. Og þá vil ég aðeins vekja athygli hæstv. félmrh. á því, án þess að ég biðji endilega um svar við þessa umræðu, heldur má það verða síðar, að í þeim tillögum um 1.500 millj. kr. niðurskurð á launaútgjöldum virðist vera reiknað með því að hæstv. félmrh. skeri niður í rekstri þjónustu fyrir fatlaða af stærðargráðunni 100–200 millj. Það þýðir ekki fyrir hæstv. félmrh. að hrista hausinn nema það þýði að hæstv. félmrh. sé þegar búinn að ákveða það að taka ekki þátt í þessum 1.500 millj. kr. niðurskurði á launaútgjöldum. Ég er ekkert hissa á því þó að hún neiti að taka þátt í því að skera rekstrargjöld og þjónustu við fatlaða niður um 100–200 millj. En það er auðvitað fróðlegt fyrir okkur í framhaldi umræðunnar um fjárlögin að fyrsti ráðherrann sem spurður er að því hér í þingsalnum hvort hann ætli að taka þátt í því að skera niður í sínu ráðuneyti í launakostnaði sem nemur þessum 1.500 millj. svari því með höfuðhreyfingum neitandi. (**Félmrh.:** Gæti ekki verið að hv. þm. væri að fara með rangar tölur?) Nei, það getur nú ekki verið að hv. þm. sé að fara með rangar tölur, nema það sé þannig innan ríkisstjórnarinnar að aðrir ráðherrar ætli að taka á sig þeim mun meira sem eru þá heilbrrh. og menntmrh., en það getum við rætt síðar við annað tilefni. En ég nefndi þetta vegna þess að það verður ekki mikið úr tiltrúnni sem þessi niðurskurður á að skapa og leiða þannig til vaxtalækkana ef viðbrögð ráðherranna gagnvart stærsta niðurskurðarliðnum eru með þessum hætti, segja eins og í ævintýrinu „ekki ég, ekki ég".

Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að vera kominn hér í salinn vegna þess að mig langaði til þess að segja við hann nokkur orð.

Í fyrsta lagi fór hæstv. viðskrh. nokkrum viðurkenningarorðum um hve vel hefði tekist til í fjármálaráðherratíð minni að selja spariskírteini ríkissjóðs. Ég þakka honum fyrir það. Hann vakti einnig athygli á því að ég hikaði ekki við að bregðast við markaðsaðstæðum hverju sinni með því að breyta kjörunum á spariskírteinunum í samræmi við það sem þurfti til þess að selja þau. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. En það sem hæstv. viðskrh. kaus að ræða ekki, vegna þess að ég veit að hann kann á því skil, er að það er þrennt sem skiptir höfuðmáli í þessum efnum. Í fyrsta lagi, hvað er breytingin mikil? Í öðru lagi, hver er aðdragandi hennar og tímasetning? Og í þriðja lagi hvort markaðurinn hefur verið undirbúinn með hæfilegum fyrirvara og öðrum aðgerðum til að taka við þessari breytingu. Ekkert af þessu stóðst þegar fjmrn. með handafli hækkaði raunvextina um þriðjung í maí. Ég sagði hæstv. fjmrh. það þá, hér í ræðustólnum, að honum mundi ekki takast að selja spariskírteinin þrátt fyrir þessa vaxtahækkun vegna þess að þetta þrennt skorti.

Þegar fjmrn. gerði breytingar á kjörum spariskírteinanna í minni tíð voru teknir margir mánuðir í að undirbúa markaðinn fyrir þá breytingu. Margir mánuðir. Í öðru lagi var leitað eftir tímasetningu breytinganna á þann hátt að ekkert annað væri þá að gerast á markaðnum þannig að tryggt væri að ríkissjóður gæti á mjög skömmum tíma náð árangri og farið þá út af markaðnum aftur, eins og gert var t.d. þegar ríkissjóður var kominn út af markaðnum í ágústmánuði eitt árið og kom svo ekki inn á hann það sem eftir var ársins. Og í þriðja lagi væri fínstilling breytinganna þannig að hún hefði ekki truflandi áhrif á önnur raunvaxtakjör landinu. Ekkert af þessu var gert, virðulegi viðskrh.

Ég veit það að hæstv. ráðherra er þetta kunnugt. Hann kann þetta og hann skilur þetta. Hvers vegna ekki að viðurkenna það þá líka að þetta bara tókst ekki, það var rangt í þetta farið, heldur en að endurtaka hér þá fullyrðingu að þetta hafi verið rétt vegna þess að á fyrri árum hafi menn brugðist við markaðnum? Jú, jú, þegar ég kom í fjmrn. þá var ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. og Framsfl., undir forustu fjmrh. Alþfl. og forsrh. Sjálfstfl., komin svo út í horn í markaðsviðleitni sinni til að selja spariskírteinin að þeir höfðu gefist upp við að selja spariskírteinin á frjálsum markaði. Það var nú allur glæsibragurinn þegar ég kom í fjmrn. í lok september 1988. Það var uppgjöf þessara flokka við að selja spariskírteinin á frjálsum markaði. Og þeir höfðu knúið bankana til þess að gera samning um það að bankarnir tækju allan afganginn af spariskírteinunum hvað sem sölunni liði. Síðan sögðu bankarnir þessum samningi upp í janúarmánuði 1989 og skildu ríkissjóð eftir á berangri varðandi söluna.

Þess vegna er hægt að nefna fjölmörg dæmi um það, hæstv. viðskrh., að það skiptir máli hvernig menn fara í þetta. Hæstv. ríkisstjórn gerði það með röngum hætti, enda er niðurstaðan sú að árangurinn er nánast enginn. Heldur hæstv. viðskrh. að þriðjungs raunvaxtahækkun á grundvallarpappírum ríkisins eigi ekki að skila stórkostlegum árangri ef rétt er í málin farið? Að sjálfsögðu. Því þriðjungs raunvaxtahækkun er risavaxið skref. Hæstv. viðskrh. er tamt að leita dæma í hagkerfum nágrannalandanna. Getur hann nefnt okkur einhver dæmi úr hagkerfum nágrannalandanna á síðari árum þar sem ríkið hefur hækkað í einu vetfangi raunvaxtastig grunnpappíra sinna um þriðjung? (**Viðskrh.:** Sænska hækkunin í vikunni sem leið.) Sænska hækkunin í vikunni sem leið. Þakka kærlega fyrir, hæstv. viðskrh., ég hafði vissa von um það að hann mundi detta í þessa gildru vegna þess að það var akkúrat uppgjafartilkynning hinnar nýju sænsku ríkisstjórnar um flóttann í peningakerfinu sem var kominn á vegna vantrúar á hennar eigin efnahagsstefnu. Það er eina fordæmið sem hæstv. viðskrh. getur nefnt hér. (**Viðskrh.:** Það eru eftirdæmi.) Það eru eftirdæmi, ég vona að þau séu betur valin heldur en þetta, hæstv. viðskrh. Því ég hefði frekar sleppt þessu (Gripið fram í.) heldur en að nefna þetta.

Um þetta væri hægt að fjalla í miklu lengra máli en ég ætla ekki að gera það hér. En það væri fróðlegt fyrir hæstv. forsrh. að kynna sér, t.d. með viðtölum við núv. forstöðumann Lánasýslu ríkisins, Sigurgeir Jónsson sem utanrrh. í hans ríkisstjórn valdi þessi sérstöku orð sem hann gerði hér mjög ósmekklega í umræðum í síðustu viku, að fá hann til viðræðna við sig um það hvernig þessari markaðsstarfsemi var háttað á árunum 1989 og 1990.

Hæstv. viðskrh. var enn þá með þá kenningu hér að vextir mundu lækka af sjálfu sér, markaðurinn mundi sjá um það, hér væri á ferðinni valdboðsfrumvarp sem ekki mætti samþykkja og rök okkar flm. héldu ekki vatni, svo ég nefni nú nokkuð úr ræðunni. — Ég skal segja hæstv. viðskrh. það að ég mun gera hlé á ræðu minni um leið og hann fer út úr salnum. (**Viðskrh.:** Það verður svo að vera.) Þá gerum við það, hæstv. viðskrh. — Hvernig er það, virðulegi forsrh., er ekki skynsamlegt í ljósi reynslunnar í síðustu viku og í þessari viku að hæstv. forsrh. útvegi ráðherrum sínum farsíma sem þeir geta haft hérna inni í salnum? Ég sé í amerískum bíómyndum að það eru komin ný tæki sem menn geta stungið í vasann, farsímatæki af þeirri stærðargráðu. Mér sýnist vera brýnt fyrir hæstv. forsrh. að hann útvegi ráðherrum sínum þannig græjur svo við getum haft þá hér í salnum og aumingja forsrh. — fyrirgefið orðbragðið — sé ekki sá eini sem situr hér lon og don. Þegar hann á annað borð kemur, þá yfirleitt situr hann kyrr. Ég kem þessu svona áleiðis sem ábendingu til virðulegs forsrh. (**Forsrh.:** Ég ætla að sofa á þessu.) Mér líst vel á það. — Ég bið hæstv. viðskrh. að kynna sér þá ábendingu sem ég kom til forsrh. meðan hann var utan salar.

En hæstv. viðskrh. fordæmdi frv. með þeim orðum sem ég nefndi hér.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti mjög rækilega hvernig við þremenningarnir í þáv. ríkisstjórn, viðskrh., fjmrh. og forsrh., vorum á kafi í því að hafa afskipti af vöxtunum. Aldeilis á kafi í því. Ég hef bara ekki tölu á öllum þeim fundum sem við þremenningarnir sátum með bankastjórnum viðskiptabankanna, með bankastjórum Seðlabankans, með bankaráðsmönnum viðskiptabankanna til þess að ríkisstýra vöxtunum, virðulegi viðskrh. Og við beittum ýmsum aðferðum til þess. Gáfum þeim vöfflur með rjóma og kaffi og með því og fleira til þess að mýkja þá upp. Vorum grimmir og harðir. Kölluðum seðlabankastjórann Jóhannes Nordal til okkar, t.d. stundum tveir, ég og viðskrh., og vorum mjög þungir á brún og beittum þessari ágætu aðferð sem hæstv. viðskrh. kallaði hér í ræðu sinni fortölur. Það er eitthvað sem má, að vera með fortölur. Hvað er það í reynd? Það er að kalla á bankastjóra viðskiptabankanna og skamma þá. Leggjast á þá með röksemdafærslu og alvöruþunga og glæstu orðalagi viðskiptaráðherrans, og elegans og brillíans, og mala þá alveg undir sig á fundum, og þeir fari þannig út af fundinum að þeir fari bara beint í bankann og lækki vextina. Eða ræða það í ríkisstjórnarhópnum að menn sjái um sína menn í bankaráðunum. Hvað tók hæstv. viðskrh. oft að sér að sjá um fulltrúa Alþfl. í bankaráðunum, að þeir tryggðu nú að vextirnir færu niður? Það eru nú ekki fá skiptin sem hæstv. viðskrh. lofaði að beita sér fyrir því að fulltrúar Alþfl. í bankaráði Búnaðarbankans og Landsbankans færðu vextina niður.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég sé engan eðlismun á því að þrír ráðherrar séu lon og don að hafa afskipti af vöxtunum með þessum hætti sem við gerðum þremenningarnir — og hæstv. viðskrh. var dugleg-astur í því á köflum og stóð sig með glæsibrag á þeim fundum — og að gera það með lögum hér á Alþingi. Hæstv. forsrh. hefur talað fyrir þeirri kenningu í sumar að það sé oft snyrtilegra að koma með hlutina hreint inn á þingið og ganga frá þeim þar heldur en að vera að möndla þetta í Stjórnarráðinu. Það er kannski dálítið til í þeirri kenningu. En á hún þá ekki við hér líka, hæstv. viðskrh.? Af hverju halda okkar rök ekki vatni? Og af hverju er þetta valdboðsfrumvarp þegar hitt er svo í lagi að stór hluti af verkum viðskrh. sé að reyna að berja á puttana á bankaráðsmönnum viðskiptabankanna, bankstjórum viðskiptabankanna og bankastjórum Seðlabankans, til að reka þá til að lækka vextina? Auðvitað er enginn munur á því. Ríkisvaldið er með jafnskýrum hætti á kafi í því að knýja markaðinn niður. (**GÁ:** Og halda honum uppi.) Það má vera að hann geri það líka en ég tók nú að vísu ekki þátt í neinum fundum með hæstv. viðskrh. þar sem hann var að reyna að knýja þá til þess að halda vöxtunum uppi, hv. þm. Guðni Ágústsson. Allir þeir fundir sem ég átti með hæstv. viðskrh. og forsvarsmönnum bankanna voru til þess að knýja vextina niður.

Ég verð nú að segja við hæstv. forsrh., af því hann notaði í síðustu viku þessa skemmtilegu líkingu með útkastarana, að það var nú svona á köflum að hæstv. viðskrh. gengi svo grimmt fram á þessum fundum að hann væri allt að því kominn í útkastarahlutverkið gagnvart bankastjórunum. Slík var grimmdin og harkan í að reka mennina til þess að færa vextina niður.

En ég saknaði þess hjá hæstv. viðskrh. að hann segði það hreint út hér í ræðu sinni að grundvallarkenning Seðlabankans um ástæðuna fyrir raunvöxtunum í landinu væri röng. Sá kafli í ræðunni var alveg eftir, hæstv. viðskrh. Hæstv. viðskrh. tiplaði eins og köttur í kringum heitan graut þegar kom að húsbréfunum og Seðlabankanum, fann sér einn krók sem hann gat haldið sér í, þetta með heildarupphæðina, og síðan ekki meir. Ekki orð um þá grundvallarafstöðu Seðlabankans að það sé húsbréfakerfið sem haldi raunvöxtunum uppi. Er hæstv. viðskrh. sammála þeirri grundvallarkenningu sem kemur fram á bls. 7 í skýrslu Seðlabankans? Eða er hann kannski kominn í þá stöðu að það séu ekki bara rökin sem ég og hv. þm. Steingrímur Hermannsson flytja sem ekki halda vatni, heldur haldi rökin sem Jóhannes Nordal og Birgir Ísl. Gunnarsson flytja ekki vatni heldur? Og rökin sem Bjarni Bragi og Eiríkur og fleiri starfsmenn Seðlabankans flytja, haldi ekki vatni heldur? Er bara öll hjörðin í Seðlabankanum komin á það stig að rök hennar haldi ekki vatni, hæstv. viðskrh.? Það hlýtur að vera þannig fyrst ráðherrann vill hvorki fallast á það sem við leggjum til hér né það sem Seðlabankinn leggur til, nema hæstv. viðskrh. sé í reynd sammála Seðlabankanum — og nú væri gott að hafa hæstv. félmrh. hér — en þori bara ekki annað en að dylja þá skoðun sína vegna sjónarmiða sem koma fram í tímariti sem forsetadæminu er frekar illa við að menn séu að vitna mikið í, tímaritinu Mannlífi. Að hæstv. viðskrh. sé svo lítill karl, ef ég má nota það orðalag, að hann þori ekki í alvarlegar umræður um málið í heild, af því hann er

hræddur við þær pólitísku afleiðingar sem það kynni að hafa innan ríkisstjórnarinnar og innan Alþfl.

Hæstv. viðskrh. svaraði t.d. alls ekki tveimur af þeim spurningum sem ég beindi til hans. Hvað segir hann um þá tillögu Seðlabankans að taka ríkisábyrgðina af húsbréfunum? Ekkert svar. Hæstv. viðskrh. var spurður: Eiga húsbréfin að vera eftir áramót hluti af lausafjárstöðu bankanna? Ekkert svar.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er að leggja mikið á sig til þess að reyna að ná vöxtunum niður. Hún er að fara í stríð við sjómannastéttina til að reyna að ná vöxtunum niður. Hún er að fara í stríð við sveitarfélögin. Og hún er að fara í stríð við ýmsa aðra. Upphæðin sem liggur til grundvallar þessum styrjöldum er í hverju tilviki fyrir sig bara nokkur hundruð milljónir og skiptir í sjálfu sér ekki sköpum fyrir þann árangur og þann tilgang sem ríkisstjórnin er að tala um. Það væri satt að segja frekar ömurlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn ef það kæmi nú í ljós jafnt og þétt á nýju ári að hvorki næst það markmið sem ríkisstjórnin hefur lýst í fjárlagafrv. um halla ríkissjóðs náist, þó það sé ekki umræðuefnið hér og við höfum fleiri daga til þess að ræða það, né heldur fari vextirnir lækkandi vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki dug til þess að taka á peningamálunum í heild.

Virðulegi forseti. Það má vel vera að hæstv. ráðherrar hafni því frv. sem við flytjum hér. Gott og vel. En þá eiga hæstv. ráðherrar eftir að svara: Hvaða aðrar aðferðir eru þá í boði? Er það aðferðin að skrá fjárlagahallann — og ég segi skrá hann í þingskjal — tæpa 4 milljarða rétt fyrir áramótin og síðan ekki meir? Búið mál og bara að bíða. Þá vill svo til að ég er sammála Seðlabankanum um það að verði ekki meira gert mun það engum árangri skila. Þess vegna skil ég ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að koma því heim og saman að hafna því frv. sem við flytjum hér, hafna grundvallarkenningu Seðlabankans en ætla samt að ná fram raunvaxtalækkun á næstu vikum og mánuðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að fara nokkrum orðum um spurningar og ábendingar sem fram hafa komið í máli síðustu þriggja ræðumanna og sný mér fyrst að því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann benti á að hlutabréfamarkaðurinn ætti erfitt uppdráttar við hlið verðbréfa ríkisins og bankanna sem byðu góð ávöxtunarkjör. Þetta er alveg rétt athugað hjá þingmanninum og þetta eru rök fyrir því að fara gætilega í sölu hlutabréfa í ríkisfyrirtækjum og einkavæðingu ríkisfyrirtækja en þetta eru ekki rök gegn slíkum breytingum. Það hefur hvergi komið fram að Búnaðarbankanum verði breytt í hlutafélag og bréfin í honum boðin öll til sölu í einu á einni og sömu stundinni. Það hefur hins vegar komið fram að ríkisstjórnin muni breyta bankanum í hlutafélag og undirbúa sölu á hlutabréfum í honum. Það verður hugað að aðstæðum á markaði fyrir verðbréf og fyrir áhættufé þegar þær ákvarðanir verða teknar. Þetta hefur komið fram í máli þeirra sem af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa talað um þetta mál.

Það var rétt athugað hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að ég vék nokkuð að því í mínu máli að við skilyrði fákeppni — og enn búum við að slíkum skilyrðum — geti fortölur átt nokkurn rétt á sér. En það breytir því ekki að það er ekki hægt að verja valdboð eins og boðað er með þessu frv. með tilvísun til þess. Hitt er svo annað mál að ríkið er hjá okkur eins og á flestum lánamörkuðum hátekjuþjóða stór viðskiptaaðili og það ræður auðvitað sjálft við hvaða kjörum það býður sínar skuldaviðurkenningar til sölu. Síðan reynir á hvort það tekst. Og auðvitað er það líka rétt að aðilar sem eru stórir á markaði geta oft með yfirlýsingum sínum, með því að segjast vera tilbúnir til að selja á ákveðnu verði, haft áhrif á það sem gerist á markaðnum. Þetta er mjög vel kunnugt en á ekkert skylt við íhlutun í verðákvarðanir annarra. En það er einmitt munurinn sem við ræðum hér, svo einfalt er það mál. Frv. sem við ræðum nú felur í sér vald fyrir ríkið og Seðlabankann til þess að ákveða kjörin hjá öðrum, ekki hjá því sjálfu, það vald er hjá því sjálfu og hefur alltaf verið og það vita allir menn. Hins vegar blanda þessir ágætu flutningsmenn frv. þessu mjög rækilega saman í sínum rökstuðningi og sínum málflutningi.

Ég mun að þessu sinni ekki ræða ítarlega ríkisfjármálaráðstafanir. Það er auðvitað mikið heppilegra að það verði gert að fjmrh. viðstöddum og nú er skammt til 2. umr. um fjárlagafrv. Ég vona að hv. þm. taki það eins og það er talað. Það er ekki af því að ég sé ófús að eiga við þá orðastað um ríkisfjármálastærðirnar. Ég tel það hins vegar ekki þjóna tilgangi á þessari kvöldstund að taka upp þá umræðu. Hitt vil ég þó segja almenns eðlis að það er svo sannarlega reynt að gera nú raunhæfa gangskör að því að ná ríkisfjárlagahallanum niður. Og það er ekki rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að hér sé eingöngu um það að tefla að rifja upp gömlu ráðin. Það sem hann kallaði hér flata lækkun útgjalda, almenna niðurfærslu, er með allt öðrum hætti kynnt nú, rætt og ákveðið en áður hefur verið þótt það hafi eiginlega slysast svo til að bera sama nafn og mislukkaðar ráðstafanir áður.

Hv. 8. þm. Reykn. saknaði þess að ég ræddi ekki margvísleg málefni sem varða landsins gagn og nauðsynjar í minni ræðu. Það verður nú því miður að vera svo í kvöld sem önnur kvöld að það verður ekki allt sagt í einni predikun. Og það er náttúrlega röksemdafærsla (Gripið fram í.) út í hött að halda því fram að það sem ósagt er í ræðum manna sé vegna þess að þeir skeyti ekki um það. Þetta veit þingmaðurinn, og þetta er ósæmilegur málflutningur. Auðvitað er það ríkið sem ákveður kjörin á þeim pappírum sem það býður, það gildir jafnt í Bandaríkjunum sem hér. Og það er þetta sem hv. þm. virðist ekki hafa áttað sig á þegar rætt er um það sem gert er á vegum ríkisstjórna Bandaríkjanna og seðlabankans þar til þess að hafa áhrif á vextina í því landi. En hann minntist á þennan ágæta Kami, sem hann kallaði jafnaðarmann, og hefði áhyggjur af því að þeir sem væru fátækir í heiminum yrðu stöðugt fátækari en hinir ríku ríkari. Það rifjaðist upp fyrir mér þegar hv. þm. 7. Reykn. sagði þetta að þessi ágæti maður, dr. Kami, kom hér að mig minn-

ir vorið 1987 til að halda fyrirlestur fyrir Stjórnunarfélagið og tók fyrir það 10.000 dollara fyrir að tala í hálftíma eða eitthvað rúmlega það. Það er von að hann sjái það glöggt að þeir ríku séu að verða ríkari og þeir fátæku fátækari, þessi efnilegi jafnaðarmaður hv. 7. þingmanns Reykn.

Mér fannst það nú svolítið spaugilegt hvað vitnunum bar illa saman, hv. flm. þessa frv., 7. og 8. þm. Reykn. Annar sagði að ég hefði verið forkur duglegur í fortölunum, hinn sagði að ég hefði bara viljað halda vöxtunum uppi og styðja bankana og helst ekki koma nálægt neinu og hefði verið á móti viðleitni verkalýðshreyfingarinnar að fá vextina niður. Ég held að þessir ágætu þingmenn verði að gera þetta upp sín á milli hvernig þetta var. (Gripið fram í.) Jæja, en ég vildi bara benda á það sem augljóst er að vitnunum ber ekki saman og það er æskilegt að þeir sannprófi sína vitnisburði í einrúmi.

Ég ætla ekki að segja mikið um það sem kom hér fram hjá hv. 8. þm. Reykn. um söluna á skuldabréfum ríkisins. Hér birtist allt í einu þessi líka fíni markaðshyggjumaður. (Gripið fram í.) Það er nú það. Talaði með fyrirlitningu og vanþóknun um handaflið, lýsti því hversu snjall hann væri að skilja og kunna betur en aðrir menn lögmál markaðarins svo ljómaði af honum. Þess vegna verður það þeim mun furðulegra og fjarstæðukenndara að þessi ágæti markaðshyggjumaður skuli standa að valdboðsfrv. sem hér er rætt í kvöld. En ég ætla að endurtaka það enn á ný, virðulegi forseti, að ég styð ekki þetta frv.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. virðist ekki hafa áttað sig á að ef ríkisstjórnin í maí hefði undirbúið markaðinn fyrir breytingu á vöxtum á spariskírteinum ríkissjóðs og látið duga til að byrja með núll-komma-eitthvað í hækkun hefði mátt tala um ákveðnar markaðsaðferðir. En þegar hæstv. ríkisstjórn hækkar vextina með handafli um ⅓ að raungildi og hefur þar með áhrif á allt hagkerfið er auðvitað alveg ljóst að ef það á að ná því niður á skömmum tíma dugir ekkert annað en inngrip stjórnvalda með einum eða öðrum hætti. Hæstv. viðskrh. viðurkenndi það auðvitað á vissan hátt í því sem hann sagði um fortölurnar að ríkið á að hafa inngrip. Og hæstv. viðskrh. viðurkenndi það líka í fyrri ræðu sinni í dag þegar hann sagðist vera sammála því sem ég sagði um fákeppnina og eðli íslenska peningamarkaðarins vegna þess að þá segja fræðin að það þurfi inngrip utanaðkomandi aðila til þess að knýja fákeppnisaðilana til að lækka verðið á vöru sinni.

Við skulum ræða það, ég og hv. 7. þm. Reykn., okkar í milli hvað við eigum sameiginlega að telja að hæstv. viðskrh. hafi verið duglegur við að berja vextina niður með handaflsaðgerðum á hinum mörgu fundum. En ég skal að vísu játa það hér að hann átti hugmyndina að því að gefa bankaráðsmönnunum vöfflur með rjóma til að fá þá til að hlýða ósk ríkisstjórnarinnar um að færa vextina niður með handafli.

Flm. (Steingrímur Hermannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. hefur ekki hlustað vel, enda var hann á stöðugum hlaupum, ef hann telur að ég hafi ekki verið ánægður með hans framgöngu 1989. Ég fór að vísu ekki svo hástemmdum orðum þar um eins og hv. 8. þm. Reykn., hann hefur hrifist enn meir, en ég sagði og taldi það skýrt að við lögðumst allir á eitt með fortölum, ef menn vilja nota það frekar en handafl, að ná fram lækkun vaxta og okkur tókst það. Hæstv. viðskrh. átti svo sannarlega sem ráðherra þeirra mála stóran þátt í því hvort sem það voru nú vöfflurnar eða þau orð sem hann er manna klókastur að finna. Það tókst og ég vil bara endurtaka að ég vil alls ekki fara úr þessum stól án þess að það sé skilið að ég er mjög þakklátur hæstv. viðskrh. fyrir þá viðleitni sem hann sýndi þá. Hins vegar sagði ég að síðar kom í ljós þessi trú hæstv. viðskrh. að vextirnir eigi í raun að fá að leika lausum hala, því miður. Það virðist ráða nú.

Ég hitti Kami þegar hann kom hingað og það var margt fróðlegt sem hann sagði. Ég held að ég hafi aldrei sagt að hann væri jafnaðarmaður, en hann er kannski eins mikill jafnaðarmaður og hæstv. viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst leita leyfis til að svara andsvörum beggja þingmanna, þeirra 8. og 7. þm. Reykn. Er það leyft? Ef það er leyft sný ég mér að því og skal vera stuttorður.

Hv. 8. þm. Reykn. taldi að við skilyrði fákeppni væri rétt að beita fortölum. Það er út af fyrir sig rétt en er aukaatriði. Aðalatriðið í málinu er að það þarf að opna markaðinn, auka samkeppnina bæði inn á við og út á við. Og það er þetta sem ég hef saknað í ræðum þessara ágætu þingmanna hér í kvöld.

Vegna þess sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. ætla ég ekki að bæta við mörgum orðum. Ég fagna því að nú ber vitnunum betur saman en áður.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera þetta með sama hætti og hæstv. viðskrh. Þau voru nokkuð skemmtileg þessi andsvör hans en ég hefði frekar kosið að hæstv. viðskrh. hefði svarað þeim spurningum sem ég hef beint til hans hér í tvígang, hvað hann segi um þá grundvallarkenningu Seðlabankans að það séu húsbréfavextirnir sem haldi uppi raunvöxtunum. Í öðru lagi hvað hann segi um þá kenningu Seðlabankans að afnema ríkisábyrgð á húsbréfunum og í þriðja lagi hvort áfram eftir áramót verði leyft að reikna húsbréfin inn í skilmála viðskiptabankanna gagnvart Seðlabankanum. Það hefði verið efnismeira framlag til umræðunnar að fá skýr svör við þessu því þá hefði verið hægt að dæma hvort það er eitthvert samhengi í þeirri stefnu sem hæstv. viðskrh. er að boða.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. vék sér nokkuð fimlega undan þeim spurningum sem ég bar til hans.

Í fyrsta lagi varðandi sölu á Búnaðarbankanum þá þykist ég muna það rétt að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafi tekið það fram sem lið í aðgerðum í ríkisfjármálum og efnahagsaðgerðum að hraða sölu Búnaðarbankans og fleiri ríkisfyrirtækja. Ég held ég muni það orðrétt eftir öðrum hvorum þeirra að í það yrði farið strax eftir áramót að breyta Búnaðarbankanum í hlutafélag og selja á markaði. Ég vakti líka athygli á því að þetta er í algjörri þversögn við stöðuna á hlutabréfamarkaði í dag og þeim þörfum sem þar eru uppi um eiginfjáraukningu annars atvinnurekstrar. Ég vil því ítreka spurningu mína til viðskrh. hvort hann telji að þetta sé rétt og að þetta hafi verið tímabærar yfirlýsingar af hálfu þessara forustumanna ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. getur borið þetta til baka ef ekki er rétt eftir haft hjá mér.

Í öðru lagi skil ég það mjög vel að hæstv. viðskrh. vilji ekki ræða þær aðgerðir, sem boðaðar voru af fjmrh., m.a. á blaðamannafundi í dag og komu fram í fjölmiðlum í kvöld, í ríkisfjármálum og hvaða áhrif þær hafa á fjármagnsmarkaðinn. En miðað við það hvað talsmenn hæstv. ríkisstjórnar hafa lagt á þennan þátt gagnvart vaxtamálinu þá var ekki hægt að búast við öðru en að þessar spurningar sem ég bar hér fram kæmu fram við þessa umræðu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn vil ég spyrja hvort mér leyfist að svara tveimur andsvörum í senn til þess að greiða fyrir fundarstörfum.

Hv. 8. þm. Reykn. innti mig eftir því hvort fyrirhugaðar væru breytingar á ýmsu því sem varðar kjörin og reglurnar sem gilda um húsbréf. Ég er nú orðinn vanur því að mönnum séu húsbréfin hugleikin í þeim flokki sem ég starfa svo mér kemur það ekkert á óvart að sífellt sé spurt um þetta sama mál. Ég vil þess vegna láta það koma fram að senn er von á skýrslu um húsbréfakerfið, reynsluna á þess fyrstu starfsmissirum og þá verða teknar ákvarðanir um þau atriði sem hv. þm. nefndi um ríkisábyrgðina og um það hvort þau skuli áfram telja með lausu fé innlánsstofnana. En það kom mjög skýrt fram í vor þegar ákveðið var að telja þessi skuldabréf að hálfu í lausu fé innlánsstofnana með sama hætti og ríkisskuldabréfin, spariskírteini ríkissjóðs, að það væri tímabundin ákvörðun.

Um málið sem hv. þm. ítrekað hefur kallað grundvallarkenningu Seðlabankans þá get ég gefið honum eitt ákaflega einfalt svar: Þetta er engin grundvallarkenning. Þetta er ákaflega einföld ábending um að það eigi að telja hið opinbera húsnæðislánakerfi með í opinbera geiranum þegar menn meta fjárþörf og áhrif á lánsfjármarkaði. Þetta er skoðun sem ég er að sjálfsögðu sammála, en það þýðir ekki að ég geti í einu og öllu fallist á greininguna sem fram er sett í skýrslunni sem dagsett er 4. des. Þetta, virðulegi forseti, vildi ég láta koma fram vegna andsvars hv. þm. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég vona að mér leyfist að segja hér örfá orð um það sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég vék mér ekki undan því að svara, ég svaraði.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn ítreka þá grundvallarkenningu sem kemur fram á bls. 7 í skýrslu Seðlabankans, að það séu ekki nema að litlu leyti vaxtaákvarðanir innlánsstofnana sem ákveða vaxtastigið á Íslandi, heldur sé það fyrst og fremst eftirspurn eftir lánsfé frá ríkissjóði og húsbréfakerfinu sem þar skiptir mestu máli. Innlánsstofnanir taka síðan mið af vöxtum á spariskírteinum og húsbréfum. Þetta er grundvallarkenningin, hæstv. viðskrh. Að það séu ekki vaxtaákvarðanir bankanna á þeim markaði sem bankarnir eru á sem ráði vaxtastiginu á Íslandi heldur séu það þær ákvarðanir sem tengjast lánsfé ríkissjóðs og húsbréfakerfinu. Og ef þetta er ekki grundvallarkenning um eðli peningamarkaðarins á Íslandi þá veit ég ekki hvað er grundvallarkenning í þeim efnum, hæstv. viðskrh. Ég skil hins vegar vel að hæstv. viðskrh. treysti sér ekki til að lýsa neinni afstöðu sinni hér gagnvart þeim spurningum sem ég bar fram vegna þess að glerhús ríkisstjórnarinnar er greinilega mjög brothætt eins og fram hefur komið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú verður forseti að biðjast velvirðingar á því að hann hafði nú þegar veitt hv. 8. þm. Reykn. leyfi til að veita tvisvar andsvar og átti ekki að leyfa þetta, en það var sök forsetans. En hv. 6. þm. Norðurl. e. átti eftir að svara andsvari hæstv. viðskrh. og tekur hann nú til máls.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. ítrekaði að hann hefði svarað mér áðan. Hann gerði það að vísu í mjög fáum orðum en þau orð var þó ekki hægt að skilja á annan hátt en þann að þær yfirlýsingar sem aðrir hæstv. ráðherrar hafa gefið um þátt sölu ríkisfyrirtækja, sérstaklega Búnaðarbankans, í lausn efnahagsvandans og ríkisfjármála, nú strax eftir áramótin, hafi verið ótímabærar og ekki átt sér efnahagsleg rök. Öðruvísi er ekki hægt að skilja svar hæstv. viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi víxlsöngur svara og andsvara er nú að verða næsta flókinn. Ég þykist alls ekki kunna réttu þingsköpin í því. En spurning virðulegs 6. þm. Norðurl. e. hefur þegar fengið sitt svar og þarf ekki að leggja neitt út af því. Þess vegna bið ég menn bara að taka þau orð nákvæmlega eins og þau voru töluð. Þau voru fá en þau voru líka alveg skýr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

47. FUNDUR

þriðjudaginn 10. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Sjóður til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 50. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og vísað til menntmn. með 37 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. StH og ÓRG, 163. mál (hámark vaxta). — Þskj. 175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, brtt. 140 og 156.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Við 2. umr. um málið kom fram mikil gagnrýni á þetta frv. og enn fremur voru fluttar hér breytingartillögur. Síðan 2. umr. fór fram hafa ýmis samtök utan þings sent áskoranir til þingsins vegna þessa frv. Ég taldi að því hefði verið vísað til efh.- og viðskn. að fjalla um brtt. sem voru lagðar fram og þá gagnrýni aðra sem fram kom á þetta frv. milli 2. og 3. umr. Mér kom þess vegna á óvart að enginn skyldi kveðja sér hljóðs þegar málið var tekið á dagskrá. Ég heyrði að vísu af forsetastóli að formaður nefndarinnar hefur veikindaleyfi en ég tel mjög nauðsynlegt að fá skýrslu um það hvað gerðist í nefndinni, hvort breytingartillögur hafa verið endurfluttar. Mér er ekki alveg kunnugt um hvort svo er. Enda kemur til greina að fresta afgreiðslu á þessu máli þar til á síðari fundi og ég beini því til forseta hvort ekki er skynsamlegt að bíða með endanlega afgreiðslu á þessu máli þar til síðar. Ég held t.d. að nauðsynlegt sé að þingflokkar ræði um það með hvaða hætti þeir greiði atkvæði í þessu máli í ljósi þeirrar umfjöllunar sem kom fram við 2. umr. Ég vil a.m.k. óska eftir því við hæstv. forseta að umræðunni verði frestað, henni verði ekki lokið svo við höfum tækifæri til þess einhverja næstu daga að koma að málinu aftur enda á það í sjálfu sér ekki að koma að sök, virðulegi forseti. Þingið hefur ávallt síðan 1978 afgreitt þetta frv. fyrir jól.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill upplýsa að ekki stendur til að atkvæðagreiðslan fari fram í dag. Það voru einungis umræðurnar sem áttu að fara fram í dag.

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs í forföllum formanns efh.- og viðskn. Ég vil geta þess að nefndin tók fyrir þetta mál á ný á milli 2.og 3. umr., fjallaði um málið og þær brtt. sem liggja fyrir. Afstaða nefndarinnar er óbreytt. Hún skilar ekki nýju nál. Þau málsskjöl sem var vísað til 3. umr. liggja þar með fyrir eins og lög gera ráð fyrir. Það er sem sagt engin ný afstaða af hálfu nefndarinnar til þessa máls umfram það sem kom fram við 2. umr.

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykn. var greinilega ekki mikið unnið í þessu máli milli umræðna. Ég hafði sérstaklega óskað eftir því að athugun yrði gerð á þeirri tillögu sem ég flutti og einkum varðandi kostnaðarhliðina, þá breytingu sem tillagan hefði í för með sér miðað við frv. Í raun liggja engar upplýsingar fyrir um það mál en tillagan var flutt fyrst og fremst í því skyni að leitast við að hlífa verslun í strjálbýli. Hún á, eins og kunnugt er, við nokkra örðugleika að etja þó að þeir séu mismunandi eftir svæðum en almennt má segja að þar séu menn heldur verr í stakk búnir til að mæta skatti af þessu tagi heldur en verslanir sem eru á mun stærri þjónustusvæðum og hafa meiri veltu.

Fram hafa komið efasemdir um að tillagan sem ég flutti stæðist ákvæði stjórnarskrár, sem ég tek að vísu ekki undir, en ég tel rétt til að mæta þeim sjónarmiðum að það mál verði skoðað frekar áður en á það verður látið reyna. Ég hef því breytt minni brtt. þannig að sett verði inn í 9. gr. frv. heimildarákvæði fyrir fjmrh. að höfðu samráði við viðskrh. til þess að lækka, eða fella niður í einstökum skattumdæmum, þennan skatt þar sem mönnum þykir að óvíst sé um verslunarþjónustu á ákveðnum svæðum þar sem hún stendur mjög höllum fæti. Óþarft er að fara frekar yfir þetta. Það hefur (**Forseti:** Forseti vill skjóta hér inn þeirri athugasemd að ef hv. 5. þm. Vestf. vill mæla nú fyrir þessari brtt. sinni þarf afbrigði til þess.) Hvað vill þá forseti gera? (**Forseti:** Þá verður forseti að leita þeirra afbrigða ef hv. þm. vill gera hlé á ræðu sinni á meðan.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um brtt. 221, sem var of seint fram komin, samþ. með 33 shlj. atkv.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):
Virðulegur forseti. Ég var nokkurn veginn búinn að fara yfir röksemdina á bak við þessa tillögu og tilgang hennar. Ég vil bara ítreka að megintilgangur tillögunnar er að tryggja stöðu verslunarþjónustu á þeim svæð-

um þar sem þessi þjónusta á helst undir högg að sækja.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti og virðulegi hv. 8. þm. Reykn. sem hér greip fram í. Það reynir óðum á ný ákvæði þingskapalaganna sem ekki hefur reynt á áður. Ég vil vekja athygli á því að í þessari atkvæðagreiðslu sem fram fór um afbrigði féllu atkvæði þannig að 33 sögðu já og 30 voru fjarverandi. Ég hygg að hin nýju ákvæði þingskapalaga geri ráð fyrir ⅔ meiri hluta. Þótt svo stjórnarliðið hafi lagst á sveifina með flm. þessarar tillögu til þess að veita afbrigði, eins og eðlilegt er, þá hygg ég að það þurfi að endurtaka atkvæðagreiðsluna til að ganga úr skugga um að ⅔ hlutar þingheims vilji veita þessi afbrigði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna ábendinga hv. 8. þm. Reykv. vil ég taka fram að þetta mun vera þannig að það þarf samþykki ⅔ hluta þeirra sem greiða atkvæði. Allir greiddu atkvæði með afbrigðum þannig að ég held að rétt hafi verið að staðið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt fyrir hv. þingflokksformann Sjáflstfl. að átta sig á því að það heyrir ekki til greiðasemi eða sérstaks velvilja að fylgja hefðum um afgreiðslu mála á þinginu eins og þeim að samþykkja án undantekninga afbrigði við því að mál af þessu tagi geti komið til dagskrár undir viðkomandi umræðu. Hinn valkosturinn er sá, sem hv. þingflokksformaður hefur e.t.v. hugsað sér, að fresta umræðunni til morguns þannig að málið geti komið fyrir án afbrigða með þeim fylgiskjölum sem því tilheyra. (Gripið fram í.) En mér fundust þessi ummæli heldur óþörf eins og þau voru fram sett af hv. þm.

Ég ætla að ræða dagskrármálið, virðulegur forseti. Það er rétt sem hér var upplýst af varaformanni efh.- og viðskn. að nefndin tók þetta mál fyrir og ræddi á einum fundi. Ég efast um að hægt sé að segja að það hafi formlega verið tekið fyrir á nýjan leik, enda kom ekki nefndarálit frá nefndinni á nýjan leik, en það var rætt á einum fundi. Því miður náðist þar ekki samstaða um breytingar á frv. sem ég tel þó að hefði átt að geta gerst ef vilji hefði verið fyrir hendi til þess að leggja meiri vinnu í þetta mál. Staðreyndin er sú að það er greinilegur meirihlutavilji fyrir því á þinginu að þessu sinni að afla ríkissjóði tekna með þessum hætti í einhverjum mæli. Ég hygg að skoðanir manna hefðu getað mæst í útfærslu á þessu máli þannig að jafnvel allir hefðu í eitt skipti getað staðið að því að afgreiða þetta gagnmerka þingmál og árvissa umræðuefni hér á hinu háa Alþingi. Hefði það verið mikil framför og ekki veitt af á þessum dimmu dögum að samstaða hefði tekist á þjóðþinginu um svo sem eitt slíkt mál.

Ég tel að hefði verið lögð í það vinna að athuga annars vegar hagi verslunarinnar og sérstaklega verslunarþjónustu á landsbyggðinni og í afskekktum héruðum og hins vegar rætt um skattprósentuna í því sambandi hefði ekki átt að þurfa að verða svo langt á milli sjónarmiða að samkomulag um afgreiðslu málsins hefði verið útilokað. En því miður var ekki lögð meiri vinna í málið en sú sem ég hef gert grein fyrir. Það var rætt stuttlega á einum fundi efh.- og viðskn.

Það er sömuleiðis ástæða til að gagnrýna það, ég segi nú ekki harma, en a.m.k. er það miður að ekki skuli í tengslum við umfjöllun um þetta mál liggja fyrir greinarbetri upplýsingar um afkomu verslunarinnar í landinu. Það virðist vera svo að verslunin í landinu eigi sér orðið sárafá talsmenn, a.m.k. hér inni á hinu háa Alþingi. Þess vegna hefur undirritaður ákveðið að gerast nú talsmaður hennar um skeið hér í þessum virðulega ræðustóli og harmar það að ekki skuli liggja til grundvallar meiri upplýsingar um afkomu verslunarinnar almennt í landinu og eftir einstökum landshlutum eða landssvæðum. Ég tel þess vegna að það sé mjög til bóta í málinu að brtt. sú sem hv. 5. þm. Vestf. leggur til að nái fram að ganga bætist við frv. Það sem þá skeður er einfaldlega að hæstv. fjmrh. fær heimild í hendur til þess að beita þessum skatti með vægari hætti gagnvart versluninni á þeim svæðum þar sem hún á í sérstökum erfiðleikum. Þetta er heimildarákvæði, ég undirstrika það, þannig að ekkert skyldar hæstv. fjmrh. til að beita því ef hann finnur ekki þá útfærslu í málinu sem ásættanleg er. Þetta er sömuleiðis heimildarákvæði sem væri þá tiltækt og í lögum sem grípa mætti til ef sérstakar aðstæður sannfærðu menn um það að óhjákvæmilegt væri að taka á málum verslunarinnar annaðhvort almennt eða í einstökum landshlutum.

Ég vil inna eftir því, virðulegur forseti, hvort hæstv. viðskrh. er hér einhvers staðar á svæðinu því að full ástæða væri til þess að spyrja hann um afstöðu hans til þessarar tillögu áður en umræðu lýkur og lokast fyrir frekari breytingar eða lagfæringar á málinu. Sér hæstv. viðskrh. nokkuð nema jákvætt við það að svona heimild verði í lögum? Það getur þess vegna verið til nánari skoðunar hvort henni verði beitt og þá með hvaða hætti eða í hve ríkum mæli. Ég vil að sjálfsögðu spyrja hæstv. fjmrh. um hið sama og ég bið um rök fyrir því ef hæstv. ráðherrar eru ekki einu sinni tilleiðanlegir til að greiða fyrir samstöðu um þetta mál, ef þeir eru ekki tilleiðanlegir til að leyfa þessu heimildarákvæði að koma inn í lögin. Nær hæstv. fjmrh. að nema orð mín á hlaupum sínum hér um salinn? Það eru nokkur ferðalög á hæstv. fjmrh. hér í þingsalnum sem skal upplýst fyrir þá sem koma til með að fylgjast með þessari umræðu í gegnum þingtíðindin síðar meir, ef einhverjir verða. En hæstv. fjmrh. upplýsir að hann nái nú engu að síður að nema umræðuna og er það vel og þar með spurninguna hvort nokkuð sé við það að athuga og nokkuð nema gott um það að segja að svona heimildarákvæði fái að standa í lögunum. (**Fjmrh.:** Ég er andvígur öllum brtt. af þessu tagi.) Ég mundi óska eftir því að hæstv. fjmrh. kæmi í ræðustól og rökstyddi mál sitt en gæfi manni ekki svör með frammíköllum. Sú var tíðin að hæstv. fjmrh. var ekki svo feiminn við þennan ræðustól að þyrfti að ögra honum til að fá hann hingað upp í púltið. En þá var hann að vísu í stjórnarandstöðu, hæstv. núv. fjmrh.

Ég spyr sem sagt um það hvað í ósköpunum ætti að

mæla gegn því að svona heimildarákvæði væri inni í lögunum í ljósi þess að enn er ekki hönd á neinu festandi sem til skoðunar hefur verið og umræðu undanfarin ár í sambandi við afkomu t.d. verslunarinnar í strjálbýlinu. Nú er það staðreynd og alvarleg staðreynd að verslunarþjónustan víða á landsbyggðinni á mjög undir högg að sækja, bráðnauðsynleg þjónusta sem verður að vera í hverju byggðarlagi ef þar á að vera sæmilega lífvænlegt og boðlegt mönnum að dvelja eins og verslun með dægurvörur og dagvörur, mjólk og matvöru og annað slíkt. Þar sem ekkert handfast liggur fyrir um einhverjar aðgerðir í þessu sambandi spyr ég hæstv. viðskrh.: Er það ekki rétt til getið hjá mér að hæstv. viðskrh. mundi fagna því mjög að svona heimildarákvæði kæmi inn í lög sem hæstv. fjmrh. í samráði við hæstv. viðskrh. gæti beitt til hagsbóta verslununni á einstökum svæðum?

Ég hef ástæðu til að ætla að eins og brtt. hv. 5. þm. Vestf. er úr garði gerð sé hún í góðu samræmi við venjur og brjóti ekki á nokkurn hátt í bága við jafnræðisreglur eða stjórnarskrá eða annað því um líkt sem einstakir hv. alþm. höfðu áhyggjur af í sambandi við þetta mál við 2. umr. og þá brtt. í nokkuð öðru formi sem þá lá fyrir.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa ræðu mína lengri því að ég vil gjarnan hlýða á svör hæstv. ráðherra og ég treysti því að þau verði jákvæð. Satt best að segja trúi ég ekki öðru en hæstv. ráðherrar séu tilbúnir til þess að greiða fyrir samstöðu um þetta mál á þinginu og sé ekki að á nokkurn hátt geti fundist rök gegn því að opna þetta heimildarákvæði í lögunum en auðvelt er að sýna fram á gagnsemi þess að hafa það til staðar til að grípa til ef á þarf að halda.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og í máli flm. tillögunnar, hv. 5. þm. Vestf., að dagvöruverslunin glímir víða við vandamál úti um land. Nú er að störfum hópur manna á vegum viðskrn., Kaupmannasamtakanna og Samvinnuhreyfingarinnar til þess að leita leiða í þessu máli og ég held að sú tillaga sem hér er fram komin ætti að fá skoðun í nefndinni. Ég vil á þessari stundu ekki taka afstöðu til þess hvort hún er heimil samkvæmt eðlilegum kröfum um jafnræði fyrir lögunum sem menn gera hér. En ég vil láta það koma fram að meðal tillagna sem hópurinn hefur rætt er einmitt að létta þessum skatti af dreifbýlisversluninni. E.t.v. er ekki jafnauðvelt að framkvæma það eins og að leggja það til. Ég vil með þessum orðum eingöngu láta í ljós að ég tel að þetta mál ætti að athuga. Ég vil að endingu segja að ég tel að það sem skiptir mestu máli í sambandi við stuðning við verslunina úti um land sé betra skipulag hennar, meira samstarf þeirra sem standa fyrir verslun í landshlutunum og það er einmitt á góðum vegi. Í ráði er að viðskrn. leggi til sérstakan ráðgjafa til þess að auðvelda bæði kaupmönnum og kaupfélögum að standa þannig að þessum málum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir upplýsingarnar og sömuleiðis það sem ég ætla að leyfa mér að sem túlka stuðning við þessa brtt. Ég gat undir engum kringumstæðum fengið röksemdafærslu hæstv. viðskrh. til að ganga upp öðruvísi en þannig að hann hygðist að sjálfsögðu styðja þessa brtt. Heimildin yrði því fyrir hendi með ótvíræðum hætti í lögum ef niðurstaða þeirrar nefndar sem á hans vegum starfar nú að þessum málum yrði sú m.a. að þetta væri æskileg aðgerð til að geta mætt versluninni í þrengingum. Hafi ég ekki misskilið hæstv. viðskrh. var hann að lýsa yfir stuðningi við tillöguna. Ég fagna því og bíð mjög spenntur eftir að heyra svör hæstv. fjmrh. og fer þá að vænkast vor hagur ef þau verða jafnjákvæð.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Meðal þess sem ég ætlaði að nefna þegar ég óskaði eftir að koma með andsvar við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. var að nefna það að skoðun á versluninni á landsbyggðinni færi fram á öðrum vettvangi. En fyrst og fremst kvaddi ég mér hljóðs vegna þess að mér fannst koma fram gagnrýni hjá honum á störf nefndarinnar og fannst ómaklegt að því væri ekki svarað þar sem formaður nefndar boðaði veikindaforföll í dag.

Alltaf má ræða það hvort möguleiki væri að ná samstöðu í málum sem fara til nefndar og ágreiningur er um sem og brtt., jafnvel fleiri en ein eru við, ef vel er í þeim unnið. Sú staðhæfing gæti gilt um flest þau mál sem fram koma í þinginu. Í þessu máli voru þó nokkuð skiptar skoðanir og ekki síst með tilliti til þess sem þingmaðurinn hefur látið sig mest varða, en það er afkoma verslunarinnar á landsbyggðinni. Mér finnst að það sem hann sjálfur nefndi, að nokkuð skorti á að upplýsingar lægju fyrir um afkomu verslunarinnar í landinu og að slíkar upplýsingar lægju ekki til grundvallar, þá held ég að það sé einmitt rökstuðningur fyrir því að þetta mál sé skoðað mjög vel á öðrum vettvangi en ekki í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir og við munum taka afstöðu til.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi viðbrögð hv. efh.- og viðskn. þá var ég alls ekki að gagnrýna þau og síst af öllu gagnrýni ég myndarlega stjórn formanns nefndarinnar á verkum þar. Ég yrði manna síðastur, held ég, til þess að halla orði á okkar ágæta formann í efh.- og viðskn. sem af röggsemi, dugnaði og lipurð reynir að stýra þar verkum við erfiðar aðstæður. Það eru fyrst og fremst þessar aðstæður sem ég gagnrýni, að ekki skuli boðið upp á meira svigrúm til að vinna mál af þessu tagi. Mikil áhersla var lögð á að þetta fyrsta og myndarlega tekjuöflunarfrumv hæstv. ríkisstjórnar næði skjótt og greiðlega fram að ganga. Þessi fáni í oddafluginu fyrir tekjuöflunarfrumvörpunum, sem skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er, og hæstv. ríkisstjórn hefur af einhverjum ástæðum hefur valið sér. Þess vegna er það fyrst og fremst svo að ég gagnrýni það. Mér þykir það miður, svo að ég noti nú

mjög hógvært orðalag, að ekki skyldi vinnast meiri tími til að skoða málið. Það á ekki að skilja sem sérstaka og alls ekki persónulega gagnrýni, hvorki á formann efh.- og viðskn. né nefndina sem slíka sem er þessa dagana við mjög erfiðar og raunar óboðlegar aðstæður að reyna að sinna sínu mikilvæga hlutverki sem hefur verið styrkt með nýsettri löggjöf um þingsköp og hlutverk nefnda á þinginu. Viðskn. á eðli málsins samkvæmt að fara rækilega yfir allar tekjuforsendur fjárlaga og tekjuöflunarmál af þessu tagi.

Varðandi efni brtt. og það sem hv. varaformaður efh.- og viðskn. sagði, þá geri ég engar kröfur um að ákörðun verði hér og nú tekin um beitingu þessarar heimildar. Ég sætti mig fullkomlega við það og vænti þess að svo muni verða um aðra hv. alþm. að beiting heimildarinnar tæki mið af og færi fyrst og fremst samkvæmt niðurstöðum þess starfshóps sem er að störfum á vegum hæstv. viðskrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Varðandi þá tillögu sem er til umræðu vil ég segja að það gildir það sama um hana og aðrar tillögur sem fluttar eru til breytinga á þessu frv., ég tel ástæðulaust að samþykkja þær. Ég minni á að í athugasemdum með frv. er sagt að gert sé ráð fyrir að fella þennan skatt brott um leið og fjármagnstekjur verða skattlagðar. Ég hygg að það sé ástæðulaust að setja í vald mitt, að höfðu samráði við viðskrh., hvort og hvaða fyrirtækjum eigi að ívilna í sambandi við þennan skatt. Slík tillaga hefur ekki verið samþykkt áður og reyndar hafa komið fram tillögur æ og aftur varðandi þennan skatt til lækkunar, en núv. og fyrrv. ráðherrar, og þeir sem áður hafa gegnt því starfi, hafa allir lagst gegn slíkum tillögum og vona ég að þeir standi saman um slíka afstöðu nú.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa undrun minni á ummælum hæstv. fjmrh., bæði hér í salnum, þegar hann greip fram í fyrir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og eins þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan. Hæstv. fjmrh. var að segja það í frammíkalli sínu og nú í ræðunni, sem hann flutti, að hann ætladi að leggjast gegn öllum brtt. sem fluttar yrðu við tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar, bæði þessari brtt. og öllum öðrum. (**Fjmrh.:** Við þetta frv.) Það sagði hæstv. fjmrh. ekki þegar hann greip fram í hér í salnum. Þá sagði hann að hann mundi leggjast gegn öllum brtt. af hvaða tagi sem væri og ef hann átti bara við þetta frv. fagna ég því. Er það rétt skilið hæstv. fjmrh.? (**Fjmrh.:** Það er þetta frv.) Það er ágætt ef hæstv. fjmrh. ætlar að takmarka afstöðu sína við þetta frv. Ég ætladi að minna hæstv. ráðherra á að þegar hann var í stjórnarandstöðu og sat í fjh.- og viðskn. á síðasta kjörtímabili hafði hann iðulega frumkvæði að því, ásamt öðrum nefndarmönnum í fjh.- og viðskn., að fluttar væru brtt. við tekjuöflunarfrv. sem ég hafði flutt á þinginu og ég var mjög oft reiðubúinn til þess að ganga til samstarfs við þáv. þm. Friðrik Sophusson og aðra nefndarmenn í fjh.- og viðskn. um breytingar á frumvörpunum og jafnframt um að samþykkja nýjar hugmyndir sem fram komu hjá nefndarmönnum. Mér hefði fundist það afar sérkennilegt, svo vægt sé til orða tekið, ef núv. hæstv. fjmrh. ætlaði ekki að sýna sama skilning sem fjmrh. eins og hann bæði óskaði eftir af minni hálfu þegar ég gegndi þessu embætti og fékk í reynd. Ég gæti rakið fjölmörg atriði í gildandi skattalögum sem eru komin inn vegna þess að stjórnarandstöðuþingmenn á síðasta kjörtímabili, með hæstv. núv. fjmrh. í broddi fylkingar ásamt stjórnarmönnum í fjh.- og viðskn., höfðu um það samvinnu við þáv. fjmrh. að breyta skattalögunum. Það tel ég mjög æskilega skipan og finnst fáheyrt ef núv. fjmrh. og ríkisstjórn ætluðu að taka upp þá afstöðu að það væri alveg sama hvaða hugmyndir kæmu fram hér í þinginu, það ætti að leggjast gegn þeim öllum. Nú hefur hæstv. fjmrh. í frammíkalli við minni ræðu skýrt sína afstöðu á þann veg að hún eigi bara við um þetta frv. og við skulum þá vona að sýndur verði meiri skilningur gagnvart öðrum frv.

Þá kemur að því, er það óskynsamlegt, hæstv. fjmrh., að fá heimildarákvæði af þessu tagi inn í það frv. sem hér er til umræðu. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því, eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. og mörgum þingmönnum er kunnugt, að hin almenna vöruverslun í dreifbýlinu, ég nefni landshluta eins og Norðurl. e., Norðurl. v. og Vestfirði, á í miklum erfiðleikum, svo miklum erfiðleikum að við blasir í mörgum byggðarlögum að engin verslun með daglegar lífsnauðsynjar verði opin. Það blasir við t.d. á Kópaskeri að þar getur hæglega komið upp sú staða í byrjun janúarmánaðar að engin verslun verði í byggðarlaginu og íbúarnir þurfi að keyra langan veg að vetri til til þess að geta keypt sér nauðsynjavarning. Þess vegna er það ósköp skiljanlegt, sem fram hefur komið hjá hæstv. viðskrh., að það sé í athugun að létta skattinum af skrifstofu- og verslunarhúsnæði af þeim verslunarfyrirtækjum dreifbýlisins sem berjast í bökkum og þurfa kannski að loka á næstu mánuðum eða þeim verði lokað vegna þess að þau geta ekki greitt þennan skatt. Ætlar hæstv. fjmrh. að bera ábyrgð á því að fjölda verslunarfyrirtækja í dreifbýlinu verði lokað á næsta ári einfaldlega vegna þess að innheimtumenn ríkissjóðs munu gera það í krafti þeirra laga sem hér er verið að samþykkja? Það mundi væntanlega gerast á miðju ári þegar þing situr ekki. Hugsanlegt er að ráðherrann gefi út bráðabirgðalög en það er auðvitað mjög hæpið fyrir ráðherrann að veita sér slíkar heimildir með bráðabirgðalögum. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. fjmrh. að hann skoði það með vinsemd hvort hægt er að ná samstöðu í þinginu um að veita honum heimild af þessu tagi. Hér er ekki um að ræða að velja úr einstök fyrirtæki, eins og hæstv. ráðherra sér ef hann les tillöguna, heldur er hún bundin við skattumdæmi. Hæstv. fjmrh. yrði þess vegna ekki settur í þá erfiðu stöðu að vega og meta fyrirtækin sem slík, eitt og eitt, heldur eingöngu að taka mið af heildarstöðu verslunar í ákveðnum landshlutum.

Mér fannst þau viðhorf sem komu fram hjá hæstv.

viðskrh. eðlileg og skiljanleg og einstakir ráðherrar verða auðvitað að þola það að geta haft í lögum heimildarákvæði af þessu tagi. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra hvort þeim fyndist ekki skynsamlegt að ljúka ekki umræðunni nú heldur fresta henni í einn eða tvo daga svo menn hafi tækifæri til þess að skoða í rólegheitum utan fundar hvort ekki getur náðst nokkuð breið samstaða um breytingu af þessu tagi. Auðvitað kemur til greina að orða hana með ýmsum hætti en aðalatriðið er að ganga þannig frá þessu frv. að menn viðurkenni að það geti þurft að grípa til sérstakra aðgerða, m.a. skattaðgerða, til þess að forða verslun með daglegri nauðsynjavöru frá því að hrynja algerlega og hverfa á stórum landssvæðum. Ég vil þess vegna ítreka þau tilmæli til hæstv. ráðherra og til forseta hvort ekki sé skynsamlegt að láta þessari umræðu ekki lokið hér í dag heldur fresta henni um 1–2 daga og skoða í rólegheitum hvort ekki geti náðst samstaða um breytingar af þessu tagi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hefja umræðu um þetta mál, tel mig hafa tjáð mig nóg um það. En ég vil fagna afstöðu hæstv. viðskrh. til þeirrar brtt. sem er lögð fram af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þar sem hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða. Ég er hins vegar ekki alveg sáttur við orðalagið á brtt. sem er þannig, með leyfi forseta:

„Að höfðu samráði við viðskrh. er fjmrh. heimilt, í því skyni að tryggja áframhaldandi verslunarþjónustu á svæðum þar sem verslun stendur höllum fæti, að lækka eða fella niður í sérstökum skattumdæmum sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum."

Þarna vil ég í fyrsta lagi fella út orðin „á svæðum" og einnig „í sérstökum skattumdæmum". Ég tel að þetta eigi ekki að eiga við um einhver tiltekin svæði eða tiltekin skattumdæmi heldur eigi að vera hægt, öfugt við það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði hér áðan, að meta stöðu einstakra fyrirtækja ef því er að skipta.

Hins vegar geri ég líka athugasemd við það að hér er einungis tekið á verslunarþættinum. Það er ekki tekið á skrifstofuhúsnæðinu og með tilliti til þess er freistandi að taka undir þá ósk að fresta umæðunni þannig að menn geti farið yfir sviðið að nýju og reynt að ná heilsteyptum tillögum. Það kom greinilega fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vilji er innan efh.- og viðskn. að taka á þessu máli. Ég get því fyllilega tekið undir þá ósk að fresta þessu eilítið.

Varðandi nefndarálitið þá tek ég einnig undir það að þar komu mjög jákvæð viðhorf fram en því miður vannst okkur ekki tími til þess að klára það. Ég tek undir það að ekki er við formann nefndarinnar að sakast. Hann hefur stýrt fundum þar af réttlæti og sanngirni og enginn hefur haft neitt við hans verkstjórn að athuga.

Ég skil ekki alveg viðkvæmni hæstv. fjmrh. fyrir því að fá þessa heimild. Enginn er að segja honum að nýta sér hana en aftur á móti er ekkert að því að hann hafi hana í hendi sér. Hæstv. forseti, ég vil ítreka það að ég er sammála því að við skoðum þetta aðeins betur og frestum umræðunni í 1–2 daga.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það sem tveir síðustu hv. ræðumenn sögðu hér. Í fyrsta lagi tel ég að hæstv. fjmrh. geti ekki boðið okkur upp á röksemdafærslu af því tagi að hægt sé að vera á móti breytingum bara af því að það eru breytingar á málum óháð innihaldinu. Við sem berum djúpa virðingu fyrir hæstv. fjmrh. megum ekki verða fyrir því áfalli hér í skammdeginu að hann lækki sjálfan sig í tign með því móti. Auðvitað vitum við að hæstv. fjmrh. lætur sig efnisatriðin varða og innihaldið og hlýtur að vera tilbúinn til þess að hlusta og taka sönsum eftir því sem rök og gagnrök leggjast í einstökum málum.

Ég vek athygli hæstv. fjmrh. á því, sem óþarft er auðvitað að gera, að hér er á ferðinni einfalt heimildarákvæði sem sjálfkrafa breytir engu til eða frá um afkomu ríkissjóðs, útgjöld eða annað því um líkt. Ef þröngt verður í búi hjá hæstv. fjmrh. og slíkt harðæri að það verður að bestu manna yfirsýn verr komið fyrir ríkissjóði á næsta ári heldur en strjálbýlisversluninni, þá verður engin deila um það að hæstv. fjmrh. beitir ekki heimildarákvæðinu. Ef þessu verður nú öfugt farið og að bestu manna yfirsýn þannig að ríkissjóður er heldur skár staddur og fremur aflögufær en dagvöruverslunin t.d. í hinum einstöku byggðarlögum á Vestfjörðum, þá kæmi til greina að beita þessum heimildarákvæði ef mönnum sýndist það skynsamlegt og ef það væri í samræmi við niðurstöðu nefndar hæstv. viðskrh. Hæstv. ráðherrar verða auðvitað að átta sig á því að þegar verið er að ætlast til þess að við einstakir alþingismenn afgreiðum mál af þessu tagi, tökum efnislega afstöðu til þess að auka álögur á verslunina, verðum við að gera kröfu til þess að hlutir séu settir í samhengi. Við höfum ekki aðstöðu til né tök á því að hafa áhrif á gang mála í einhverju nefndarstarfi hjá hæstv. viðskrh. sem við eigum ekki aðild að. Mér er t.d. ekki kunnugt um að stjórnarandstöðunni hafi verið boðin aðild að þessari starfsnefnd hæstv. viðskrh. Hann leiðréttir það þá ef það er rangt. Því miður er það vinnulag að mestu aflagt virðist manni að boða stjórnarandstöðuna til þátttöku í slíku ráðslagi og er það mjög miður.

Þess vegna ítreka ég það að við þurfum að tengja hlutina saman hér á þeim vettvangi þar sem við höfum atkvæðisrétt og ætlast er til þess að við tökum afstöðu í svona málum.

Ég minni á að í umræðum um þetta, bæði við 1. og 2. umr., gerði ég sérstaklega grein fyrir þeim fyrirvara af minni hálfu að þrátt fyrir það að ég væri samþykkur þessari tekjuöflun í ríkissjóð væri í mínum huga sá hængur á sem lyti að mjög bágri stöðu verslunar á landsbyggðinni sérstaklega, þó reyndar eigi hún víðar erfitt uppdráttar, og af þeim sökum væri mjög nauðsynlegt að skoða þau mál í samhengi.

Ég vil taka undir óskir hv. 8. þm. Reykn. um að hæstv. ráðherrar hugleiði hvort ekki er hægt að verða við þeirri beiðni okkar að fresta um sinn a.m.k., þó

ekki væri nema um nokkrar klukkustundir, afgreiðslu þessa máls, láta tæknimenn líta á hvort tæknilega og í skattalegu tilliti séu nokkrir meinbugir á þessari einföldu og saklausu breytingu sem þarna er á ferðinni sem verður síðan fullkomlega og algerlega í valdi hæstv. ríkisstjórnar sjálfrar að fara með. Það getur því ekki verið fyrir neitt annað en að þeir treysti ekki sjálfum sér, hæstv. ráðherrarnir, ef þeir þora ekki að hafa slíka heimild í lögum. Því trúi ég ekki fyrr en ég tek á því að þá bresti svo kjarkinn að þeir verði myrkfælnir út af einni lítilli heimildargrein eins og þessari. Hvernig fer þá um hin stærri málin ef þetta skelfir þá svo? Ég ítreka þess vegna þessa ósk, virðulegur forseti.

Gjarnan hefði ég viljað fá að gera hlé á máli mínu svo að ég gæti lokið ræðu minni þegar umræðan héldi áfram. Mundi ég auðvitað flytja hæstv. ráðherrum þakkir ef þeir hefðu fallist á það að reyna að mætast á miðri leið. Ég veit ekki hvort forseti fellst á það að ég geri hlé á ræðu minni og umræðu verði frestað um sinn og þetta mál skoðað. Ella mun það fara svo að ég hafi þá nýtt allan rétt minn sem ræðumaður í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Ég get að sjálfsögðu ekkert gert við því ef þessi ósk mín hlýtur ekki samþykki og lýk þá máli mínu, virðulegur forseti, en ég óska eftir sem áður eftir því að hæstv. fjmrh svari okkur þessu. (**Gripið fram í:** Forseti hefur nú engu svarað enn þá.) Ég tek þögn hæstv. forseta sem svar við því að mér verði ekki að ósk minni í þessu.

Ég ætla þá að segja í mjög vinsamlegum tóni við hæstv. fjmrh. að mér finnst þetta ekki það stórmál að ekki sé þess virði að íhuga hvort við getum ekki náð betur saman m.a. með hliðsjón af því sem í vændum er hér í þinginu á næstu sólarhringum. T.d. þarf hv. efh.- og viðskn. ekki hvað síst að beita kröftum sínum ef það á allt saman að ganga greiðlega fram og klárast sem þar liggur fyrir. Það gætu verið hyggindi sem í hag koma, hæstv. fjmrh,. að sýna sveigjanleika í þessu litla máli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skildi orð tillögunnar og þeirra sem talað hafa fyrir henni svo að hér ætti tillögumaður ekki við einstök fyrirtæki heldur einstök skattumdæmi. Og reyndar kom hv. 8. þm. Reykn. hér upp og staðfesti það.

Nú langar mig til þess að biðja ykkur, ágætu þingmenn, að hugleiða með mér hvað mundi gerast ef verslun færi að ganga mjög illa á Þórshöfn en vel á Akureyri, ef verslun gengi illa á Króksfjarðarnesi en vel á Akranesi. Ef þið settuð ykkur í mín spor og ég ætti að meta það hvort ég ætti að sleppa þessum skatti í Vesturlandsskattumdæmi eða skattumdæminu Norðurl. e. Hvaða ákvörðun munduð þið taka? Munduð við velja hagsmuni Þórshafnar eða almannahagsmuni ef betra ástand væri á Akureyri en einhvers staðar annars staðar á landinu? Ég vona að menn skilji það að undanþágur og heimildir til undanþága leiða til þrýstings, vonar og biðraða. Þetta skildi hv. 8. þm. Reykn. ákaflega vel þegar hann var ráðherra í ríkisstjórn og áttaði sig á því að slíkar heimildir geta oft orðið til bölvunar og oft orðið til þess að gera upp á milli aðila, lögaðila og manna, með þeim hætti sem erfiðleikum valda. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Ég vil enn fremur minna á að vegna sérstakrar beiðni frá ýmsum aðilum, þar á meðal frá hv. stjórnarandstöðuþingmönnum, var málið tekið aftur fyrir í hv. nefnd sem er óvenjulegt og sérstaklega óvenjulegt um mál sem menn gjörþekkja og er jafneinfalt og þetta mál. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til þess að breyta frv., þ.e. meiri hluti nefndarinnar. Þess vegna hefur málið beðið í nokkuð marga daga eftir umræðu. Það er ekki fyrr en nú þegar 3. umr. hefst að í miðri ræðu flm. tillögunnar er þessari tillögu dreift og það þarf að leita afbrigða á meðan ræðumaður gerir hlé á máli sínu. Þá kemur fram ný krafa þess efnis að nauðsynlega þurfi að senda málið til nefndar aftur til þess að skoða það. Það er slegið af henni og sagt: Við skulum taka okkur nokkra daga og kanna hvort hægt er að breyta þessari tillögu. Við skulum átta okkur á því að þetta er viðkvæmt mál og ég tek undir það með hv. þm. sem hér hafa talað að vissulega er ástæða til þess að horfa til verslunarinnar eins og annarra atvinnugreina úti á landi og víðar. Ég held hins vegar að þetta sé ekki leiðin. Ég hygg að það sé affarasælla að vinna að því að leggja þennan skatt af og að því verður unnið. Eins tek ég undir með þeim sem segja að ástæða sé til þess að kanna ástandið í versluninni með öðrum hætti en þeim sem hér er stungið upp á.

Nú veit ég að menn koma upp, af því að það er auðvitað gildran sem lögð er fyrir okkur stjórnarsinna, og segja: Hann opnaði til hálfs, nú stökkvum við á hann. Nú skulum við finna upp nýtt bragð. Við biðjum hann um að breyta tillögunni þannig að hún þóknist þeim sjónarmiðum sem verið er að sækjast eftir. Ég segi, því miður er það svo með undanþágur á borð við þær sem hér er verið að leggja til að þær reynast oft gallaðar, koma mönnum í vanda. Ég bið ykkur frekar um hjálp til þess að leggja þennan skatt af. Ég hef sagt að það verði gert þegar eignartekjuskatturinn verði tekinn upp og ég hélt satt að segja að það væri sameiginlegt áhugamál okkar margra. Það er þess vegna ekki af neinum eintrjáningshætti sem ég leggst gegn þessari tillögu og reyndar öðrum tillögum í þessu tiltekna máli. Málið er einfalt og skýrt. Þetta eru lög sem hafa gilt frá 1978 og ég bið hv. þm., ekki síst þá sem fundu þennan skatt upp og hafa fylgt honum sem fastast, að vera ekki að reyna að bora gat á hann í þá fáu mánuði sem hann á eftir að vera í gildi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi ræða hæstv. fjmrh. olli mér miklum vonbrigðum. Hann sakaði okkur nánast um það að vera að reyna að véla sig hér í gildru og hafði auk þess hin furðulegustu ummæli um vinnuna að þessu máli. Hæstv. fjmrh. verður að átta sig á því að búið er að gerbreyta vinnutilhögun hér á þingi. Þingið starfar í einni málstofu. Þar með eru ekki lengur fyrir hendi þær tvær deildir og tvær nefndir sem áður fóru

yfir mál. Krafan um að mál gangi aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. er í allt öðru samhengi en áður var. Það voru reyndar margir sem töldu að það ætti að vera sjálfgefinn réttur hvers sem þess óskaði að mál gengju aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. í ljósi þess að það er eingöngu ein þingnefnd en ekki tvær sem fjallar um þau og einungis þrjár umræður í einni málstofu í stað sex áður í tveimur deildum.

Þetta vildi ég á þeim litla tíma sem ég hef, og á eftir eina mínútu og ellefu sekúndur, taka fram.

Í öðru lagi verður hæstv. fjmrh. að átta sig á því, sem ég veit að hæstv. viðskrh. veit, að þessi rök sem hæstv. fjmrh. flutti um mismunandi afkomu verslunarinnar á Þórshöfn og Akureyri, á Akranesi og Króksfjarðarnesi — sem reyndar voru hvort í sínu kjördæminu í minni landafræði en það hefur kannski eitthvað skolast til hjá hæstv. fjmrh. nema ríkisstjórninr hafi flutt mörkin á næturfundi. Það væri svo sem eftir öðru. Ábyggilega hefðu þeir ekki látið sveitarfélögin vita af því. En öll þessi rök munu eiga við, hæstv. fjmrh., með hvaða aðferðum sem reynt verður að taka á málefnum verslunarinnar, mun afkoman verða mismunandi hjá einstökum fyrirtækjum og milli landshluta og byggðarlaga. Þessi ráðstöfun er því ekki á nokkurn hátt öðruvísi eða frábrugðin öðrum í þeim efnum.

Ég skora á hv. alþm. að athuga vel sinn gang og styðja tillöguna og viðskrh. sem greinilega var henni meðmæltur og hæstv. fjmrh. verður þá bara að lúta því ef vilji Alþingis verður annar en þessi stífi og óþjáli sem hann hefur talað fyrir og er ekki honum líkt, þessum ljúfa manni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er það svo að það eru ekki haldbærar röksemdir hjá hæstv. fjmrh. að segja það að leggja eigi þennan skatt niður. Maður sem ætlar að flytja á þinginu frv. um að endurvekja jöfnunargjaldið, eftir allt það sem hann er búinn að segja um það gjald og það hneyksli að ekki sé fyrir löngu búið að leggja það niður, ætti ekki að fara með mörg loforð hér í ræðustólnum um að leggja niður skatta. Það er vinsamleg ábending mín til hæstv. fjmrh. Það verður satt að segja afar sérkennileg stund þegar hann mælir fyrir framhaldslífi jöfnunargjaldsins. Ég ætla að bíða sérstaklega eftir þeirri hátíðarstund. Svo ætla ég að senda honum í jólagjöf allar ræðurnar og blaðagreinarnar sem hann skrifaði um jöfnunargjaldið á síðustu tveimur árum, með kærri kveðju frá Gregory. Þess vegna eru auðvitað ekki frambærileg rök að ekki megi hreyfa við þessum skatti vegna þess að fjmrh. segir núna að leggja eigi hann niður eftir eitt ár.

Hins vegar er hægt að finna aðferðir til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem ráðherrann nefndi með því að taka inn takmarkanir eftir íbúafjölda byggðarlaga og annað. Það er engin gildra í því, hæstv. fjmrh., aðeins vel meint ábending.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, vekja athygli á því að ef orðið hefði verið við ósk frá þremur þingmönnum um að fresta þessari umræðu, virðulegi forseti, svo að menn gætu rætt þetta mál utan salar, hefði verið hægt að spara tíma í umræðum og ræða málið með eðlilegum hætti. Ég vil ítreka þá formlegu ósk við hæstv. forseta, sem hefur komið fram frá þremur þingmönnum, að þessari umræðu verði frestað og menn hafi tækifæri til að ræða málið í rólegheitum. Það eru engin rök fyrir því að ljúka þurfi þessari umræðu í dag. Það vita allir að þetta mál verður afgreitt áður en þing fer í jólaleyfi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim tveimur hv. þm. sem hafa gefið andsvar við ræðu minni. Sér í lagi vil ég þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir þá góðvild í minn garð að tína saman gamlar greinar og ræður eftir mig. Hann lofaði ekki að binda eintökin en hann ætlaði að senda mér þetta í jólagjöf með kveðju frá Gregory.

Sú var tíðin að í útvarp var lesin framhaldssagan „Með kveðju frá Gregory". Mig minnir að það hafi verið Gunnar Schram, fyrrv. alþm., sem las þá sögu. Þetta var mjög spennandi framhaldssaga í mörgum þáttum og í hverjum þætti fannst lík merkt: Með kveðju frá Gregory. Nú hefur komið í ljós hver tekur á sig að vera Gregory. Hann hefur upplýst það í ræðustól á Alþingi að hann ætli að senda mér jólagjöf með kveðju frá Gregory. Og ég vil þakka mister Gregory fyrir þetta andsvar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að við munum báðir eftir þessari ágætu sögu enda var slíkur áhugi á henni þegar við vorum ungir menn að það var ekki nokkur leið að fá einhvern til þess að leika fótbolta meðan hún var lesin í útvarpið.

Hins vegar er samlíkingin nokkuð snjöll hjá hæstv. fjmrh. vegna þess að þeim fjölgar líkunum í þeim málum sem hæstv. núv. fjmrh. talaði í umræðum um á síðasta kjörtímabili og ýmist lofaði því að leggja niður þessa skatta eða krafðist þess að það yrði gert eða skatturinn lækkaður, hvort sem það er nú ekknaskatturinn eða tekjuskatturinn eða jöfnunargjaldið. Þannig gæti ég haldið áfram að telja líkin á pólitískri vegferð Sjálfstfl. í skattamálum frá því að hann fór úr stjórnarandstöðu og yfir í ríkisstjórn. Hins vegar er ofætlun hjá hæstv. fjmrh. að ég ætli að senda honum að gjöf útskriftir af ræðum hans varðandi hvert og eitt af þessum málum, það yrðu alltof mörg bindi, hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ágætt að menn geri að gamni sínu af og til og ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir hans ræðu. Ég átti aldrei von á því að hann tímdi að senda mér öll bindin en vonandi verða fleiri jól eftir þessi jól svo að ég get hlakkað til þess.

Sá var þó munurinn á hv. þm. og þeim Gregory sem kallaður var til sögunnar sem dr. Gunnar G. Schram las að það voru lík sem fundust í þá daga en nú reynist það þannig, þegar menn fá sendan pakka frá fyrrv.

fjmrh. með kveðju frá Gregory, að þá lífgast pakkinn við, endurlífgast. Því munurinn er sá að þessi lög sem nú eru í gildi fá framhaldslíf hér á jörðu eftir að hæstv. fyrrv. ráðherra sendir gjöf til mín. Vona ég að þar með megi þessi saga, saga um Gregory, verða okkur til skemmtunar og sem ágætasta kennslustund um hvaða stefnu þingfundir mega gjarnan taka eitt og eitt augnablik í önnum dagsins.

Umræðu frestað.

Nauðungarsala, 2. umr.

Stjfrv., 62. mál. — Þskj. 63, nál. 216.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um nauðungarsölu sem er 62. mál þessa löggjafarþings, frá hv. allshn. Mál þetta hefur hlotið ítarlega umfjöllun í nefndinni og hefur verið tekið fyrir á sjö fundum alls, í fyrsta sinn hinn 12. nóv. sl. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim hv. alþm. sem sæti eiga í allshn. Alþingis fyrir vel unnin störf og þá ekki síst með það í huga að aukafundir hafa verið allmargir, þ.e. fundir utan hins venjubundna fundartíma. Með leyfi virðulegs forseta mun ég nú gera grein fyrir því nefndaráliti sem hér er mælt fyrir fyrir hönd allshn.

„Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar kom Markús Sigurbjörnsson prófessor. Einnig komu Hrafn Bragason, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Gestur Jónsson, formaður Lögmannafélags Íslands, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Garðar Gíslason, formaður Lögfræðingafélags Íslands, og Rúnar Guðjónsson, formaður Sýslumannafélags Íslands.

Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Felur frumvarpið í sér nokkur nýmæli sem horfa til réttarbóta. Vert er að tiltaka sérstaklega þrjú atriði:

Í fyrsta lagi er lögð til sú grundvallarbreyting á framkvæmd nauðungarsölu að hún verði stjórnsýsluathöfn í stað dómsathafnar, sbr. ákvæði núgildandi laga, nr. 57/1949. Er það gert í samræmi við þá skipan sem aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði hefur í för með sér, þ.e. að framkvæmd fullnustugerða og búskipta og álíka verka er tekin undan starfssviði dómstóla og færð til sýslumanna.

Í öðru lagi er mælt fyrir um heimildir til þess að ákveða að nauðungarsala eignar fari fram á almennum markaði í stað þess að hún verði seld á uppboði. Með þessum heimildum er verið að stuðla að því að sem hæst verð fáist fyrir eign hverju sinni. Enn fremur er stefnt að því að færa skilmála við uppboðssölu um ýmis önnur atriði en greiðslu kaupverðs nær venjubundnum skilmálum við kaup í frjálsum viðskiptum.

Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir reglum um sérstaka greiðsluáskorun áður en beiðst er nauðungarsölu. Margar beiðnir um nauðungarsölu eru afturkallaðar vegna greiðslu skömmu eftir að þær koma fram og má búast við að þeim fækki við formlega greiðsluáskorun. Í frumvarpinu er og leitast við að einfalda framkvæmd nauðungarsölu frá því sem nú er.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Össur Skarphéðinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, þeir þrír síðastnefndu með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Ég mun nú leitast við að gera frekari grein fyrir aðalatriðum þessa frv. sem hér er til umræðu. Heildarendurskoðun á lögum um framkvæmd nauðungarsölu hefði verið óhjákvæmileg þótt ekki hefði komið til lagasetningar um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði vorið 1989. Frv. þetta er lagað að nýrri réttarfarsskipan sem aðskilnaðarlögin lögðu grunninn að en hafa verið útfærð á öllum sviðum íslensks réttarfars í löggjöf á síðustu tveimur árum og tekur gildi um leið og aðskilnaðarlögin 1. júlí 1992. Fyrir utan aðlögun á reglum um framkvæmd nauðungarsölu að nýrri verkaskiptingu milli handhafa dómsvalds og framkvæmdarvalds eru gerðar tillögur um margvíslegar breytingar í frv. sem eiga ekki rót að rekja til hennar en voru þó orðnar mjög aðkallandi. Verði frv. að lögum má ætla að réttarstaða þeirra sem verða að þola að eign þeirra sé seld nauðungarsölu verði stórum bættari en nú er. Ákvæði þess ganga mjög í þá átt að tryggja réttarstöðu þeirra en að auki er leitast við að draga úr þyngslum og óþörfum formsatriðum við framkvæmd nauðungarsölu sem óneitanlega hafa sett mark sitt á framkvæmd nauðungaruppboða eftir núgildandi lögum. Loks má ætla að málum af þessu tagi fækki töluvert ef frv. verður að lögum.

Fjöldi uppboðsmála í íslensku réttarkerfi er vægast sagt óeðlilegur í dag og í engu samræmi við það sem gengur og gerist hjá nágrannaþjóðum sem búa þó við svipaða löggjöf. Ég mun nú draga saman í stuttu máli með hvaða hætti frv. ráðgerir að þessum markmiðum verið náð.

Eitt helsta nýmælið sem það kveður á um er valkostur sem þolandi nauðungarsölu hefur um að reynt verði að selja eign á frjálsum markaði áður en til uppboðs kemur. Af þessari ástæðu er tilkomið nafn frv. um nauðungarsölu í stað þess að það varði eingöngu reglur um nauðungaruppboð. Valkosturinn um sölu eigna á frjálsum markaði er ein þeirra leiða sem farin er í frv. til að stuðla að því að sem hæst verð fáist fyrir eignir. Sú gagnrýni hefur komið fram á framkvæmd nauðungaruppboða að gerðarþolar séu iðulega hlunnfarnir vegna þess hve lágt verð fæst fyrir eignir á uppboðum. Þótt erfitt sé að staðreyna að hvaða marki þessi gagnrýni á rétt á sér eru vissulega til dæmi um að eignir séu seldar á nauðungaruppboði á verði sem er langt fyrir neðan eðlilegt markaðsverð. Það er mikil-

vægt að fyrirbyggja að slík tilvik komi upp en ekki skiptir síður máli að reynt verði að stuðla að því almennt að söluverð eigna verði hærra en núverandi reglur gefa kost á.

Í reglum frv. um framkvæmd nauðungarsölu á almennum markaði er í þessum tilgangi ráðgert að leitað verði tilboða í eign með hliðstæðum hætti og við sölu í frjálsum viðskiptum, t.d. fyrir atbeina fasteignasala þegar um fasteign er að ræða. Frændþjóðir okkar, Danir og Svíar, gerðu sambærilegar breytingar á löggjöf sinni um nauðungarsölu fyrir meira en áratug í sama markmiði og hafa þær gefist vel. Burt séð frá því hvort hærra verð fæst fyrir eign með því að nýta þennan valkost má ekki gleyma því að með honum er hægt að komast hjá eiginlegri uppboðsmeðferð sem kann oft að virðast harkaleg gagnvart þolendum hennar. Þessi leið er því án efa ekki jafnþungbær fyrir gerðarþola og þegar einhverjar fasteignir í eigu einstaklinga eru boðnar upp á nauðungaruppboði.

Á hverju ári eru beiðnir um fasteignauppboð í Reykjavík einni yfir 20 þúsund talsins. Hvergi er að finna hliðstæðu um slíkan fjölda uppboðsbeiðna í nágrannalöndum okkar þar sem þó er búið við sambærilega löggjöf við nauðungarsölu. Hins vegar ber að gæta að því að langstærsti hluti þeirra uppboðsbeiðna sem koma fram er afturkallaður. Þetta bendir til þess að skuldarar geri sér fyrst grein fyrir alvöru vanskila þegar þeir fá tilkynningu um að beiðni um nauðungaruppboð sé komin fram. Jafnframt má ætla að eitthvað skorti á að skuldheimtumenn reyni að innheimta kröfur sínar eftir öðrum leiðum áður en beiðni um nauðungaruppboð er lögð fram, jafnvel þótt kröfufjárhæðir séu mjög lágar, en einmitt í þeim tilvikum leitast skuldarar við að ná samningum við kröfuhafa eða greiða skuldina þegar uppboðsbeiðni kemur fram.

Í frv. er sú regla lögð til að það verði í flestum tilvikum skilyrði fyrir því að beiðni um nauðungarsölu verði komið fram, að skuldheimtumaður hafi áður sent skuldara formlega greiðsluáskorun. Þar er skuldinni lýst og skorað á skuldara að greiða hana fyrir ákveðinn tíma en að öðrum kosti verði farið fram á nauðungarsölu á eignum hans. Enga áþekka reglu er að finna í núgildandi lögum og verður þetta án efa til þess að skuldarar taka við sér í mörgum tilvikum áður en beiðni um nauðungarsölu er lögð fram. Það leiðir sjálfkrafa af sér að beiðnum um nauðungarsölu hlýtur að fækka og fjöldi þeirra að verða í meira samræmi við það hve margar nauðungarsölur fara raunverulega fram. Jafnframt hlýtur slík tilkynningarskylda af hálfu skuldheimtumanna að bæta réttarstöðu þeirra skuldara sem í hlut eiga, enda skortir nú oft á að þeir fái nægar upplýsingar um innheimtuaðgerðir sem er beint gegn þeim. Í sama markmiði ráðgera reglur frv. að eitt fyrsta verk sýslumanns sem tekur á móti beiðni um nauðungarsölu sé að senda gerðarþola afrit af henni í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggum hætti ásamt tilkynningu um hvar og hvenær sýslumaður tekur hana fyrir.

Í núgildandi lögum um nauðungaruppboð er ekki að finna neinar reglur um hvernig standa skuli að því að taka lausafjármuni úr vörslum gerðarþola áður en til uppboðs kemur. Þetta hefur leitt af sér óvissu og misjafn háttur hefur verið hafður á þessu í framkvæmd. Þó virðist að gerðarþolar séu sviptir lausafjármunum án tengsla við það hvenær munirnir kunna að fást seldir. Alger óvissa getur því ríkt um hvenær munir verða seldir á uppboði þegar gerðarþoli er sviptur þeim og sjaldnast er ástæða til að ætla að gerðarþoli komi munum undan þótt hann hafi þá áfram í sinni vörslu.

Í aðfararlögum nr. 90/1989, sem taka gildi 1. júlí 1992, er sú leið farin að heimila aðeins vörslusviptingu á lausafjármunum við fjárnám ef sérstök ástæða er til að búast við hættu á spjöllum á eign eða ólögmætri meðferð hennar ef hún verður áfram í vörslu skuldara. Heimildir til vörslutöku strax við fjárnámið verða því nánast neyðarreglur til að verja hagsmuni gerðarbeiðanda. Þeirri fyrirætlan er jafnframt lýst í athugasemdum sem lagðar voru fram með frv. á sínum tíma að almenna reglan í framtíðinni skyldi vera að vörslutaka á eignum mundi eingöngu eiga sér stað í tengslum við nauðungarsölu. Ákvæði frv. til laga um nauðungarsölu, sem er hér til umfjöllunar, eru sniðin eftir þessari fyrirætlan. Það er fyrst í beiðni um nauðungarsölu sem gerðarbeiðandi getur krafist vörslutöku sem er nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar sölu. Telji sýslumaður að skilyrði til vörslutöku sé uppfyllt áritar hann beiðnina um það ásamt því sem skylt er að taka fram hvar og hvenær eigninni verður ráðstafað. Þessi áritun sýslumannsins á síðan að koma fram á afriti af beiðni um nauðungarsölu sem gerðarþola er send með sértakri tilkynningu, eins og lýst var hér áðan. Gerðarþoli fær því strax frá byrjun upplýsingar um hvernig framkvæmd gerðarinnar, hvað þetta varðar, verður háttað.

Hér hefur verið lýst nokkrum nýmælum í frv. til laga um nauðungarsölu sem ætlað er að móta nýja framkvæmd á þessum vettvangi án þess þó að nákvæmlega hafi verið lýst í hverju breyttur verkgangur nauðungarsölu felst. Ég greindi frá því hér í upphafi að mörg ákvæði frv. stefndu að því að bæta réttarstöðu þeirra sem verða að þola nauðungarsölu á eignum sínum og gera hana skýrari en hún er samkvæmt núgildandi lögum. Þó má ekki draga þá ályktun af þessu að verið sé að torvelda þeim sem eiga lögvarðar kröfur á hendur skuldara að neyta réttar síns. Fyrir það fyrsta má nefna að það hlýtur óhjákvæmilega að verða kröfuhöfum til hagsbóta ekki síður en skuldaranum ef hærra verð fæst fyrir eignir með sölu þeirra á frjálsum markaði. Eins má ætla að skuldheimtumönnum sé akkur í því að losna við meðferð máls um nauðungarsölu hjá sýslumanni og að þeir fái í mörgum tilvikum kröfur sínar greiddar að undangenginni greiðsluáskorun til gerðarþolans. Umfram allt er það þó mikilvægt hagsmunamál fyrir alla aðila að nauðungarsölu að málsmeðferð eftir ákvæðum frv. verður liprari og einfaldari í sniðum en framkvæmd þessara mála er í dag.

Hæstv. forseti. Núgildandi lög um nauðungaruppboð voru sett fyrir rúmum 40 árum þegar enginn sá fyrir að uppboða yrði krafist í þeim mæli sem reyndin hefur orðið. Ákvæði þeirra miða við að beiðnir um nauðungaruppboð séu fátíðar og hver og ein fái með-

ferð sem er í raun þunglamaleg og setur hömlur á hraða málsmeðferðar og mál hrannast upp af þeim sökum. Reglur þessar hæfa því illa þeim aðstæðum sem uppi eru í dag. Ýmis tilgangslítil formsatriði samkvæmt þeim leiða til ástæðulausrar fyrirhafnar og kostnaðar fyrir alla sem eiga hlut að máli og gefa oft tilefni til málþófs. Nýjar og einfaldari reglur, sem frv. ráðgerir, draga án efa úr kostnaði og fyrirhöfn allra sem hlut eiga að máli við nauðungarsölu. Þá verður einkum dregið úr álagi sem hvílir á þeim embættismönnum sem framkvæma nauðungarsölu sem jafnframt dregur úr útgjöldum ríkisins vegna þessa málaflokks. Ótvíræður vinnusparnaður er af nýjum verklagsreglum fyrir þá sem framkvæma nauðungarsölu ef frv. nær fram að ganga og ekki síst er mikilvægt að það markmið náist að nauðungarsölum fækki verulega í framtíðinni.

Að lokum vil ég ítreka það álit hv. allshn. að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (heildarlög). — Þskj. 144.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að óska eftir því að til viðbótar hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur þessa umræðu hæstv. viðskrh., eða hæstv. iðnrh. ætti ég nú kannski frekar að segja, því væntanlega hefur hann blandað sér í umræður um þetta mál hér síðast í því gervinu þar sem í umræðum um þetta frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands urðu allmikil orðaskipti um málefni skipasmíðaiðnaðarins. Og þar á meðal lét hæstv. viðskrh. satt best að segja eftirminnileg ummæli falla, m.a. í minn garð. — Og kemur nú hæstv. iðnrh. í salinn og fagna ég því.

Þetta mun leiða til þess, virðulegur forseti, að ég sé mig knúinn til að gera málefni skipasmíðaiðnaðarins að umtalsefni og þá alveg sérstaklega það mál sem hæstv. iðnrh. ræddi í sinni stuttu en sögulegu ræðu á þessari kvöldstund fyrir nokkru síðan þar sem rædd var ákvörðun um að endurnýja ferju sem gengur milli lands og Eyja eins og sagt er, þ.e. nýtt skip í stað þess Herjólfs sem þar gengur nú og er orðinn nokkuð gamall og lasburða. Ég held að það sé nauðsynlegt að ég rifji lítillega upp þau orð sem hæstv. ráðherra lét falla um þetta efni. Reyndar var það svo að hv. 17. þm. Reykv. hafði eiginlega vakið þessa umræðu um málefni skipasmíðaiðnaðarins með miklum ræðuhöldum þegar umræða um þetta mál, um veiðar í efnahagslögsögu Íslands, var langt komin. En hv. 17. þm. Reykv. kveikti upp mikla umræðu um málefni skipasmíðaiðnaðarins og skaut þar föstum skotum, m.a. á ýmsa aðila og af því spratt meiri umræða en ella hefði væntanlega orðið, um hagi skipasmíðaiðnaðarins í tengslum við þetta mál. Sú er auðvitað tengingin þarna á milli að menn hafi gert því skóna að þessi rýmkun á rétti erlendra skipa til að sækja hingað þjónustu, sem kveðið er á um í frv. þar sem heimilt verður að landa hér afla og sækja hingað alla þá þjónustu sem varðar útgerð skipa, geti fært íslenskum skipasmíðaiðnaði nokkur verkefni og víst mundum við fagna því allir, hv. alþm., ef svo yrði. Ég er hins vegar í þeim hópi sem hefur varað við mikilli bjartsýni á að það gerist nokkur skapaður hlutur sjálfkrafa í þessum efnum og ég á ekki von á því að erlendir flotar muni bíða við landhelgina með rjúkandi vélarnar til þess að keyra inn í íslenskar skipasmíðastöðvar um leið og þessum lögum verður breytt. Það er auðvitað ekki þannig. Það yrði að byggja upp það markaðsstarf og ná viðskiptum. Þar eru margir um hituna og hörð samkeppni eins og við vitum þannig að eftir mundi standa óbreytt að taka á því vandamáli sem er ópolandi samkeppnisaðstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar gagnvart hinni niðurgreiddu skipasmíði erlendis frá.

Hæstv. forseti. Til að setja þetta mál, sem ég þarf að ræða og varðar m.a. endurnýjun ferjunnar Herjólfs, verð ég fyrst að vitna í þau ummæli hæstv. iðnrh. sem gera það að verkum að ég sé mig knúinn til að taka nokkuð af annars knöppum tíma þingsins í framhald þessarar umræðu. Þau ummæli lét hæstv. iðnrh. falla þegar ég hafði leyft mér að taka þátt í þessari umræðu þegar nokkur var liðið á hana og lýsa yfir áhyggjum mínum út af þeirri öfugþróun sem orðið hefði í málefnum íslenska skipasmíðaiðnaðarins á undanförnum árum og harma það sem nánast þjóðhagslegt slys hvernig sá iðnaður hefur grotnað niður í höndunum á okkur. Ég leyfði mér að slá því fram sem minni kenningu, án þess að hún væri kannski ítarlega rökstudd, að ekki væri ólíklegt að það léti nærri að fækkað hefði jafnmikið í skipasmíðum á Íslandi á valdatíma núv. hæstv. iðnrh. eins og þau störf sem hefðu átt að koma til í nýja álverinu sem ekki kemur. Hvort það var þetta eða eitthvað annað sem kom hæstv. iðnrh. allverulega úr jafnvægi, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið, þá varð eitthvað til þess að hæstv. ráðherra, sem er annars eftir atvikum þokkalega dagfarsprúður maður, kom í ræðustólinn nokkuð umturnaður og viðhafði eftirfarandi ummæli m.a., með leyfi forseta, sem ég les úr umræðum á Alþingi 3. des. um frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Hæstv. iðnrh. sagði eftirfarandi:

„En ég kemst ekki hjá því að vekja athygli þingheims á þverstæðum í málflutningi þingmannsins. Við skulum láta verkin tala. Hvernig maðurinn reigir sig eins og hani á haug sem ákvað sjálfur, þegar hann var að ráðstafa því fé sem honum var til trúað, að láta smíða ferjuna erlendis en lýsir því svo yfir að hann vilji styrkja íslenska skipasmíðaiðnaðinn með því að borga með kaupum ríkustu útgerðarfyrirtækja landsins. Sem betur fer voru menn í ríkisstjórninni sem sáu að þetta var ekki gott ráð að fara að borga með þeim. Þetta er nú málflutningur í lagi, virðulegi 4. þm. frá Norðurl. e." sagði hæstv. viðskrh. (**Gripið fram í:** Eins og hani á haug?) Já, sem reigir sig hér eins og hani á

haug. Nú er haninn að mörgu leyti göfug skepna og það kemur lítið við ræðumann sem er Þingeyingur og ýmsu vanur í formi aðdróttana af þessu tagi eins og sá kynstofn yfirleitt. Við Þingeyingar þurfum margt að þola vegna hæfileika okkar. Erum við litnir öfundaraugum víða og ranglega hafðir fyrir þeirri sök að okkur hætti meira til sjálfshóls en öðrum mönnum. Og ég er satt best að segja lítið viðkvæmur fyrir því og hefði svo sem getað leitt þessi ummæli hæstv. iðnrh. alveg hjá mér einkum vegna þess að það var hann sem sagði þau. Eins og hv. þm. vita er mönnum nokkuð missárt um eftir því hverjir beina að þeim skeytum. Og ég kippi mér lítt upp við þessa skeytasendingu frá hæstv. iðnrh. og fundust tilburðir hans sjálfs hér í ræðustólnum satt best að segja fremur spaugilegir en hitt þegar hann flutti þetta mál. En hinu kann ég verr og það eru þær aðdróttanir eða ásakanir sem í raun og veru felast í þessum ummælum hæstv. iðnrh., ef reynt er að skyggnast á bak við þau, að þann, sem hér talar, skorti viljann til þess að breyttu breytandi að beina verkefnum til íslensks skipasmíðaiðnaðar og standa við bakið á honum. Ég tek því þunglega að vera borinn slíkum órökstuddum og óréttmætum ásökunum og ég hélt satt best að segja að hæstv. núv. iðnrh. vissi að það var ekki um mig sem ráðstafanir til að efla íslenska skipasmíðaiðnaðinn féllu í síðustu ríkisstjórn. Það var við aðra menn að sakast. Auk þess var haldið fram staðlausum stöfum varðandi þetta tiltekna mál þar sem er endurnýjun á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi og því kemst ég ekki hjá því að fara dálítið ofan í saumana á því máli til að hrekja þessar ásakanir hæstv. iðnrh. um að það hafi verið eitthvert viljaleysi af minni hálfu sem olli því að sá smíðasamningur fór út fyrir landsteinana.

Þannig er nú mál með vexti, hæstv. forseti, eins og þingreyndir menn muna margir hverjir að þetta mál um endurnýjun Vestmannaeyjaferjunnar var búið að þvælast fyrir löppunum á mörgum hæstv. ríkisstjórnum mörg undangengin ár. Það var búið að skipa hverja nefndina á fætur annarri sem ekkert hafði tommað með þetta verkefni. Núverandi Herjólfur eltist ár frá ári, er orðinn ófullnægjandi skip tæknilega séð, orðinn dýr í rekstri, erfiður í viðhaldi en þó er sýnu verst að skipið er ekki á nokkurn hátt þannig útbúið hvað öryggi snertir að það sé boðlegt að láta það sinna þessu verkefni áfram. Ég ætla, af ástæðum sem ég vona að hv. alþm. virði, ekki að fara frekar út í þann þátt málsins. Á meðan þetta skip gengur skulum við vona að það blessist og ekki hljótist af því áföll en ég hlýt að upplýsa þetta hér, m.a. til að verja hendur mínar að eitt stærsta og veigamesta atriðið, sem réði úrslitum um það að ég beitti mér af hörku í síðustu ríkisstjórn til að berja í gegn ákvörðun um að endurnýja Vestmannaeyjaferjuna Herjólf, var staða öryggismála hjá því skipi sem nú er í gangi. Það nægir held ég að nefna það eitt að þetta skip með einni vél og einni skrúfu siglir upp að einhverri hættulegustu strönd landsins, oft og iðulega með mörg hundruð farþega, t.d. einu sinni með mörg hundruð skólabörn þegar umrædd eina aflvél skipsins bilaði.

Það þarf ekki að fara frekar út í þá sálma og hv. alþm. vita væntanlega að á undanförnum árum hefur því miður vegna alvarlegra slysa um borð í ferjum verið mjög hert á öllum öryggisreglum í þessum efnum. Það gerir það einnig að verkum að það að kaupa notað skip til ferjusiglinga í dag er í raun og veru óráðlegt vegna þess að það er búið að gerbreyta á allra síðstu árum kröfum um öryggisútbúnað slíkra skipa og tæpast eru fáanleg eldri skip sem fullnægja þeim kröfum nema að undangengnum umfangsmiklum og dýrum breytingum. Allt þetta og margt fleira gæti ég sagt um réttmæti þeirrar ákvörðunar sem nú er dregin í efa að ákveða að ráðast í endurnýjun á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi. En það vil ég segja úr þessum ræðustóli að það er eitt af þeim verkum sem ég hafði áhrif á og ég skammast mín minnst fyrir og allra síst. Ég er satt best að segja stoltur af að hafa getað komið því máli í höfn eftir þann aumingjadóm og undandrátt sem hafði verið á því máli um árabil. Ég veit að ég deili þeirri sannfæringu með Vestmanneyingum að það var mikið lán að síðasta ríkisstjórn skyldi ná að ganga frá því máli áður en þessi drusla tók við, með fullri virðingu fyrir henni, ef hægt er að taka svo til orða, sem skoðar hlutina eingöngu út frá því hvað hún geti hætt við af því sem búið var að ákveða. Þannig var unnið að þessu máli á sínum tíma vorið 1989. Þá heimilaði ég ásamt fjmrh. að ráðist skyldi í svonefnda forkönnun til þess að athuga með smíði á nýju skipi. Sú nefnd sem í það verkefni fór skilaði síðan til okkar áliti í desembermánuði 1989. Það var í maí vorið 1989 sem forkönnunin hófst og nefnd skilaði áliti í desember 1989 og skýrslu og tillögum. Í janúarmánuði 1990 var samþykkt að lokum í ríkisstjórninni tillaga mín um að ráðist skyldi í útboð og smíði nýs skips fyrir Vestmanneyinga en þó voru í tillögunni gerðar ráðstafanir vegna þess að sá möguleiki hafði verið sérstaklega til skoðunar hvort unnt væri að láta byggja þetta skip innan lands. Ég sem samgrh. hafði beitt mér alveg sérstaklega í þeim efnum að því að athuga í öllum tilvikum þar sem á ferðinni voru verkefni í skipasmíðum og heyrðu undir mitt ráðuneyti hvort þau gætu ekki unnist innan lands. Þannig hafði ég t.d. beitt mér fyrir því að verkefni á vegum Ríkisskipa færu ekki úr landinu þó að hagstæð erlend tilboð byðust t.d. í viðgerðir á einu strandferðaskipanna sem varð fyrir áföllum og skemmdist í brotsjó undan Ströndum.

Ég lagði þess vegna til við ríkisstjórnina í janúar 1990 að áformum um endurnýjun Vestmannaeyjaferjunnar yrði breytt á þann veg að skipið yrði minnkað úr áætluðum 79 m niður í 70 m. Hvers vegna var þetta gert, hæstv. iðnrh. og ráðherra málefna skipasmíðaiðnaðarins? Það var gert sérstaklega til þess að íslenskar skipasmíðastöðvar réðu tæknilega við að byggja skipið. Hefði fyrri áformum um 79 m langt skip verið haldið til streitu var ljóst að hvorki Slippurinn í Reykjavík né Slippstöðin á Akureyri, sem voru ein skipasmíðastöðvarnar sem höfðu tæknilega möguleika á að ráðast í þetta verk, réðu við það. Það var mat tæknimanna, eftir sérstaka úttekt sem ég óskaði eftir að færi fram á þessu máli, að ef skipið væri minnkað nið-

ur í 70 m gætu þessar tvær skipasmíðatöðvar, væntanlega fyrst og fremst Slippstöðin á Akureyri, ráðið við verkefnið. Gagngert í þessu skyni var í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í janúarmánuði 1990 ákveðið að minnka skipið niður í nefnda 70 m. Enn fremur kemur fram í samþykktinni, í þriðja lið tillögunnar sem ég lagði fyrir ríkisstjórn í janúar 1990, að ríkisstjórnin heimili að aflað verði verðhugmynda frá innlendum skipasmíðastöðvum í 68–70 m skip á grundvelli lauslegrar lýsingar á skipinu. Síðan yrðu þær verðhugmyndir bornar saman við það verð sem fengist frá erlendu skipasmíðastöðvunum og aflað hefði verið fyrr á því ári eða kæmi frá erlendum skipasmíðastöðvum í væntanlegu útboði. Þessi tillaga var samþykkt. Það var samþykkt að vinna málið nákvæmlega svona að minni tillögu. Hvaðan var hún nú ættuð, þessi tillaga? Hún var ættuð úr þeirri nefnd sem ríkisstjórnin skipaði og hæstv. iðnrh. átti fulltrúa í. Ráðuneytisstjórinn í iðnrn. sat í nefndinni. Voru þá hæg heimatökin að koma sjónarmiðum á framfæri því að 18. sept. 1990 skiladi þessi nefnd af sér og í henni sat m.a. Páll Flygenring frá iðnrn. Reyndar var sérstaklega ákveðið að bæta iðnrn. inn í samstarfshóp um þetta verkefni til þess að tryggja að innlendur skipasmíðaiðnaður ætti þarna fulltrúa. Það var í einu og öllu tekið tillit til þess og málinu hagað þannig, bæði hvað þessa ákvörðun um að minnka skipið snertir og enn fremur hvað framkvæmdir eða aðferðir við útboð snertir, að innlendar skipasmíðastöðvar gætu boðið í verkið ef þess væri nokkur kostur að þær væru samkeppnisfærar um verð.

Enn fremur var á þessum tíma gerð úttekt á því hversu miklu mætti muna á innlendum tilboðum og erlendum til þess að eftir sem áður væri réttlætanlegt fyrir ríkið, fyrir opinbera aðila, að taka hinum innlendu tilboðum. Tímans vegna ætla ég ekki að fara ofan í saumana á þeim gögnum en efnislega kom það út úr þessari könnun, ef ég man rétt átti bæði iðnrn. og reyndar félmrn. ákveðna aðild að, að verðmunur mætti vera frá allt 7–8% upp í 11–14%, allt eftir því hvaða forsendur menn gæfu sér varðandi atvinnuástand í þeim byggðarlögum þar sem skipasmíðarnar væru stundaðar og hvort viðkomandi mannafli fengi önnur störf ef ekki yrði af verkefnum í skipasmíðaiðnaði eða færu á atvinnuleysisskrá ella. Menn vita að við slíkt þarf að gefa sér ákveðnar forsendur og það var gert. Útkoman varð sem sagt þessi. Í framhaldi af því lýsti ég því sem minni skoðun, m.a. við forsvarsmenn fyrirtækisins Herjólfs hf., að bærust í smíðina innlend tilboð sem væru ekki mikið meira en 15% dýrari en þau erlendu mundi ég vilja beita mér fyrir því að innlendu tilboði yrði tekið. Reynt yrði e.t.v. í samstarfi ríkisins, viðkomandi fyrirtækis og sveitarfélags að láta á það reyna hvort innlenda skipasmíðastöðin fengi þetta verkefni.

Ég þykist nú, herra forseti, með þessum orðum hafa rökstutt það nægjanlega að vissulega var gert allt sem í okkar valdi stóð á öllum stigum undirbúnings þessa máls til þess að tryggja það, ef mögulegt væri, að þetta smíðaverkefni yrði leyst hér innan lands. Ég sit þess vegna ekki þegjandi undir því að vera sakaður um annað. Það er óréttmætt, það er rangt og ég veit og ég fullyrði að hæstv. iðnrh. getur í engu fundið þess stað að samgrn. hafi ekki á þessum tíma gert allt sem í þess valdi stóð til að tryggja, ef mögulegt væri, að þetta verkefni yrði unnið innan lands. Ég bið um svör hæstv. iðnrh.: Í hvað er ætlunin að vitna til þess að réttlæta þau orð sem hér féllu fyrr í umræðunum um það að eitthvað hafi vantað á minn vilja í þessum efnum?

Síðan er rétt að lesa það upp sem að lokum skipti auðvitað mestu máli þ.e. hinar endanlegu verðtölur í útboði þegar að því kom. Ég hygg að þegar menn hafa heyrt þær fækki stuðningsmönnum hæstv. iðnrh. hér í salnum hvað það snertir að ráðast á mig fyrir að hafa ekki tryggt að þetta verkefni yrði unnið innan lands. Það er rétt að upplýsa það enda ekki í sjálfu sér um trúnaðarmál að ræða, þar sem opinbert útboð var á ferðinni á sínum tíma, hvaða verðtilboð bárust í þessa nýsmíði. Eina innlenda tilboðið sem barst var frá Slippstöðinni hf. á Akureyri og var í 12. sæti hvað upphæð snertir áður en verðsamanburður, innbyrðis samanburður samkvæmt venju, fór fram á tilboðunum. En eins og menn þekkja eru tilboð opnuð og verð gerð opinber en síðan fara fram allflóknir útreikningar á því hvernig greiðslukjör, afhendingarskilmálar og annað því um líkt skekkir verðsamanburðinn. Búinn er síðan til á nýjan leik listi með endanlegum upphæðum og endanlegri röð þegar tekið hefur verið tillit til slíkra þátta að bestu manna yfirsýn. Þegar það hafði verið gert var tilboð Slippstöðvarinnar hf. enn í 12. sæti. Í 1.–3. sæti voru þrjú norsk tilboð og verðbilið sem þar var um að ræða var frá 1.111 millj. og upp í 1.187 millj. íslenskra króna. Þessi verðsamanburður er á verðlagi þess tíma þegar útboðið fór fram eða um mitt sumar 1990. Í 4. sæti kom júgóslavneskt tilboð upp á 1.203 millj., Ferguson í Englandi í 5. sæti upp á 1.242 millj., fyrirtæki í Singapore í 6. sæti með 1.457 millj., norskt fyrirtæki í 7. sæti með 1.567 millj., hollenskt í 8. sæti með 1.567 millj. og hollenskt í 9. sæti með 1.807 millj., þýskt í 11. sæti með 1.857 millj. og í 12. sæti var Slippstöðin hf. á Akureyri með 1.963 millj. kr. í stað lægsta norska tilboðsins upp á 1.111 millj. Var hæstv. iðnrh. að lýsa þeirri skoðun sinni að taka hefði átt hinu íslenska tilboði þó að það væri 77% hærra en hið norska? Ef ágreiningurinn er um það eru það mikil tíðindi. Ég hélt satt best að segja ekki. Öllum sýndist ljóst, þar á meðal fullrúa iðnrn. í undirbúningsnefnd um þetta mál, að um algerlega óviðráðanlegan verðmun væri að ræða og það væri ekki nokkur leið að réttlæta það, þó að menn vildu leggja heilmikið af mörkum til að styðja íslenskan skipasmíðaiðnað, að leggja í þann mikla mun upp á 800 millj kr. eða hvað það nú var sem þarna bar á milli. Reyndar heyrði ég ekki nokkurn mann á þessum tíma mæla gegn því að við þetta yrði ekki ráðið. Þetta voru staðreyndirnar sem menn höfðu til þess að ganga út frá þegar ákvörðunin var tekin og ljóst er öllum sem til þekktu á sínum tíma að hin lágu norsku tilboð voru afbrigðilega hagstæð í þessa smíði.

Hér er um það stórt og mikið verkefni að ræða, 70 m bílferju með mörg hundruð farþega aðstöðu, að

það varð að segjast alveg eins og var að þessi tilboð sem komu frá nokkrum norskum skipasmíðastöðvum voru að allra mati óvenjuhagstæð. Að baki því lágu fyrst og fremst tvær ástæður sem voru þekktar. Það var verkefnahungur í norskum skipasmíðaiðnaði einmitt á þessum tíma og svo að sjálfsögu niðurgreiðslur og stuðningur stjórnvalda við skipsmíðaiðnaðinn sem gerði honum kleift að bjóða mjög hagstætt verð. Í þriðja lagi tel ég svo rétt að nefna þá ástæðu að norskar skipasmíðastöðvar, nokkrar þeirra, eru mjög vel búnar tækjum og mannafla til að smíða einmitt ferjur. Eins og menn vita nota Norðmenn mikið af þeim sjálfir, hafa stóran heimamarkað fyrir slíka framleiðslu og njóta góðs af. Þannig háttaði til að mynda til um tvær, ef ég man rétt, af þessu þremur norsku skipasmíðastöðvum að þær voru báðar að ljúka við afhendingu á allstórum ferjum og reyndar bárust Íslendingum frávikstilboð þar sem boðið var upp á smíðar á sambærilegum skipum og hinar norsku stöðvar voru að afhenda á tiltölulega mjög hagstæðu verði. Þetta má heita þriðja ástæðan fyrir því að óvenjugóð tilboð bárust í þetta verkefni frá þessum stöðvum.

Það veldur síðan lakari samkeppnisaðstöðu íslenska fyrirtækisins í þessu tilviki að hér er um það stórt skip að ræða að það er á ýtrustu mörkum að íslensk skipasmíðastöð ráði við það. Því fylgir óhjákvæmilega nokkur kostnaður t.d. vegna þess að vinna þarf stærri hluta verksins utan dyra en ef um minni skip er að ræða. Allt þetta hafði þarna auðvitað áhrif og gerði það að verkum að samkeppnisaðstaða íslenska fyrirtækisins í þessu tilviki var mjög erfið. Þetta á ekki við nema að litlu leyti þegar á ferðinni er smíði fiskiskipa eða hefur ekki átt við fram undir þetta. Það er mat þeirra sem til þekkja að þar sé í raun síðasta vígi íslensks skipasmíðaiðnaðar þar sem a.m.k. eitt fyrirtæki í landinu hefur fram undir þetta verið sæmilega vel samkeppnisfært hvað sjálfan smíðakostnaðinn snertir. Að sjálfsögðu standa þá eftir niðurgreiðslurnar og aðrir hlutir sem skekkja myndina.

Herra forseti. Ég taldi algerlega óhjákvæmilegt til að verja hendur mínar og hrinda þessum óréttmæta og lágkúrulega áburði hæstv. iðnrh. á mig að fara svona vandlega yfir þetta mál og rökstyðja það hvers vegna ég vísa þessum sendingum hæstv. iðnrh. algerlega á bug. Ég tel að þær komi úr hörðustu átt þar sem situr sá hæstv. iðnrh. sem hefur meira og minna með hendur í skauti horft á þá hluti gerast sem orðnir eru og eru að verða í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Það verður hæstv. iðnrh. að þola og taka því eins og maður að rætt sé við hann á Alþingi á grundvelli staðreynda um það sem gerst hefur í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Hæstv. iðnrh. hefur verið með einhverjar nefndir að störfum en hann hefur engu tommað, hvað sem því líður, sem hefur haft einhver umtalsverð áhrif á samkeppnisstöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins, verið honum til hagsbóta og kannski vill hæstv. iðnrh. ekki grípa til slíkra ráðstafana. Um það veit ég ekki, um það skal ég ekki dæma. Það er best að hæstv. ráðherra tali fyrir sig sjálfur.

Niðurstaðan er sú að íslenskur skipasmíðaiðnaður býr við þessa óréttmætu og ranglátu samkeppnisaðstöðu, sem hann sannarlega mætir, án þess að svo til nokkuð hafi verið aðgert af hálfu íslenskra stjórnvalda undanfarin ár. Hæstv. iðnrh. lýsti því reyndar í ræðu að hann væri andvígur því að fara út í það sem ég held að hann hafi kallað niðurgreiðslur eða styrki til skipasmíðaiðnaðarins, það ætti ekki að skekkja samkeppnisstöðuna með slíkum aðferðum. Það hefur t.d. ekki mátt nefna að leggja hreinlega jöfnunartolla eða „dumping"-tolla á hinn niðurgreidda undirboðna skipasmíðaiðnað nágrannalandanna. Þar hafa náð saman ákveðin stjórnmálaviðhorf sem búa í brjóstum einstakra hv. þm. og auðvitað sú eðlilega krafa sjávarútvegsins sem er fullkomlega skiljanleg að hann vill fyrst og fremst fá að kaupa þessi tæki til síns atvinnurekstrar þar sem þau eru ódýrust. Auðvitað og ekki við öðru að búast. Hitt fullyrði ég að mjög mörgum forsvarsmönnum í íslenskum sjávarútvegi blæðir að horfa upp á það sem er að gerast í íslenskum skipasmíðaiðnaði og þeir vildu miklu frekar geta beint viðskiptum sínum til hinna innlendu fyrirtækja m.a. vegna þess að ef þeir geta smíðað skipin þar, þá geta þeir látið sömu fyrirtæki þjónusta þau í síðar sem allir viðurkenna að er mjög hagstætt. Ég hef rætt við forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem eru nú því miður að láta smíða skip erlendis. Þeir segja sem svo: Við værum jafnvel tilbúnir til að taka á okkur fáein prósent í hærra verði ef við gætum látið smíða skipin innan lands vegna þess að í því felast ákveðnar hagsbætur fyrir okkur, auk þess fáum við hvergi betri skip. En við getum ekki réttlætt það sem berjumst í bökkum með okkar fyrirtæki, berjumst við að halda þeim gangandi, að fara að taka á okkur 10%, 15% eða þaðan af meiri verðmun. Það gengur augljóslega ekki. En hvað hefur þá verið að gerast í íslenska skipasmíðaiðnaðinum? Ég hafði samband við Félag dráttarbrauta- og skipasmiðja til að fá þaðan upplýsingar, t.d. um þróun mannafla í þessari grein. Ætla ég nú að lesa þær hér þannig að hæstv. iðnrh. og aðrir hv. tilheyrendur þurfi ekkert að þrasa um það. Ég vona að menn vefengi ekki að ég hafi tekið þessar tölur rétt niður.

„Í maímánuði 1988 voru félagsmenn, starfsmenn á vegum félaganna innan Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, 800 talsins. Nú eru þeir tæplega 660. Og í vor metur félagið það svo að fjöldi félagsmanna, starfsmanna hjá félögum, verði á bilinu 600–610."

Á réttum fjórum árum, sem verða jafnframt mjög nærri því að vera valdatími hæstv. núv. iðnrh., skakkar þar nokkrum mánuðum sem hann kom seinna til valda, verða 200 manns eða fjórðungur horfinn úr greininni. Fjórðungur starfandi manna innan samtaka Félags dráttarbrauta og skipasmiðja hefur þá horfið úr greininni á nokkurn veginn valdatíma hæstv. núv. iðnrh. Það kemur á daginn að ég var ekki langt frá hinu sanna þegar ég sló á, að það munaði ekki miklu á starfsmannafjöldanum í nýja álverinu og þeim störfum sem tapast hafa í skipasmíðaiðnaðinum í valdatíð hæstv. iðnrh. Ég hef að vísu ekki nýlega séð nákvæmar tölur yfir það hve þetta tæknivædda súperálver á Keilisnesinu átti að veita mörgum störf, a.m.k. svona

beint í vinnslunni, en ég hef heyrt fullyrðingar um að nýjustu og tæknivæddustu álver með þessa framleiðslugetu fari niður undir 300 manns í störfum. Hæstv iðnrh. hristir hausinn og þá útskýrir hann það hér á eftir hvað þar er á ferðinni. Sá samanburður skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli og ég mun fúslega leiðrétta þessi ummæli ef þau hafa verið ónákvæm, fyrst og fremst vegna þess að mig skortir þekkingu á því hversu margir áttu að vinna í draumaálverinu. En hitt er rétt að geigvænlegir hlutir hafa verið að gerast í þróun innan Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og að mati samtakanna verður fjórðungur horfinn úr greininni á fjórum árum á næsta vori. Eins og allir vita fækkar einnig afleiddum störfum. Það er ekki síst það vandamál sem við er að glíma í hinum ýmsu greinum þjónustuiðnaðar á Eyjafjarðarsvæðinu. Þeim verkefnum fækkar líka, sem nýsmíðar og stærri verkefni Slippstöðvarinnar hf. hafa fært með sér í byggðarlagið og hafa dreifst á fjölmörg smærri fyrirtæki í málmiðnaði, rafvirkjun, trésmíðum og fleiru. Best er að geta sér ekkert til um hlutföll en fljótt á litið er ekki ótrúlegt að eitt starf eða svo tapaðist að þessu leyti á móti hverjum tveimur sem tapast í skipasmíðaiðnaðinum. Hér inni eru kannski menn sem gætu upplýst okkur betur um þetta eins og t.d. hv. 5. þm. Vesturl.

Ef við lítum á flaggskipið í íslenska skipasmíðaiðnaðinum, ef svo má enn að orði komast, Slippstöðina hf. á Akureyri, hafa þeir hlutir þróast þannig að í maí 1988 voru þar 235 manns við störf. Í nóvember 1991 voru þar 170 og samkvæmt mati gæti farið svo að á næsta vori yrðu 115–120 manns við störf í Slippstöðinni hf. Þannig verður þá komið fyrir þessu fyrrum glæsta og myndarlega fyrirtæki sem veitti á fjórða hundrað manns starf, þegar best lét, fyrir ekki alls löngu. Segir þetta nú ekki sína sögu um það sem þarna hefur verið að gerast? Verður hæstv iðnrh. ekki að þola það að talað sé við hann eins og mann um þessa hluti án þess að hann snúist öndverður við og ráðist á þá með svívirðingum sem vilja ræða þetta málefnalega. Það hefði ég talið karlmannlegra af honum að treysta sér til að gera. En ég er boðinn og búinn að halda áfram skoðanaskiptum við hæstv. iðnrh. um málefni skipasmíðaiðnaðarins hvenær sem er og hann má velja vígvöllinn og tækifærin.

Nei, þetta er ósköp einfaldlega svona, hæstv. forseti. Því miður hafa þessir hlutir verið að gerast í okkar atvinnugrein, skipasmíðaiðnaðinum. Um það verður ekki deilt og það er vissulega dapurlegt og sorglegt. Enn bólar ekkert á ráðstöfunum hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum þó að við heyrum að vísu þær sögur að þingflokkur Alþfl. sitji löngum á fundum yfir þessu máli. Þess vegna hafa nokkrir hv. þm. Alþb. lagt fram frv. til laga um sérstakar aðgerðir í málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Kemur það vonandi á dagskrá hér innan skamms, herra forseti, því ekki trúi ég öðru en að forusta þingsins og hið virðulega forsæti þingsins vilji greiða fyrir málefnum skipasmíðaiðnaðarins að þessu leyti og að þau fái að koma hér til umfjöllunar á hinu háa Alþingi.

Sorglegt er, að hingað til hafa Íslendingar átt það vel upp byggðan, vel tæknilega búinn og vel rekinn skipasmíðaiðnað að lítið hefur skort á að hann væri samkeppnisfær. Ef menn athuga hvað íslensk fyrirtæki hafa víða legið í tilboðum, alþjóðlegum útboðum á undanförnum árum, þá er þau iðulega að finna í hópi 3–5 lægstu fyrirtækjanna og langt fyrir neðan t.d. þýskar og breskar skipasmíðastöðvar sem á undanförnum árum hafa oft og tíðum verið með hæsta verðið. En þá koma fleiri hlutir til sögunnar sem skekkja enn myndina íslenska skipasmíðaiðnaðinum í óhag. Í umræðunni hér hefur m.a. verið rakin léleg þjónusta í bankakerfinu og annað fleira sem bætist við niðurgreiðslur og stuðning stjórnvalda erlendis til skipasmíðaiðnaðarins þar.

Augljóst er að samkeppnismöguleikar okkar liggja í fiskiskipunum. Þeir liggja ekki annars staðar. Ég tel mig hafa sýnt fram á, að ekki væri skynsamlegt að ætla að hasla sér völl í samkeppni um ferjusmíðar. Þar eru aðrir okkur sterkari. Varðandi hin stærri kaupskip, þá höfum við einfaldlega ekki aðstöðu í landinu til að smíða þau. En við höfum aðstöðu, við höfum þekkingu og við höfum tæki til að smíða fiskiskip og það góð fiskiskip. Sennilega bestu fiskiskip í heimi. Og sáralítið vantar upp á að íslenski skipasmíðaiðnaðurinn sé fær um ráða við þann mun, þrátt fyrir þá hluti sem íþyngja honum í formi óréttmætrar samkeppni erlendis frá. Sáralítið vantar upp á það. Ég fullyrði að það er aumingjaskapur og þjóðhagslegt slys að stjórnvöld, iðnaðurinn, fyrirtækin og sveitarfélögin skuli ekki reyna að taka sig saman um að brúa það bil. Það er grátlegt til þess að hugsa að e.t.v. hefði ekki þurft nema um 100–150 millj. kr. til þess að ná inn í landið þeim tveimur eða þremur stóru frystitogurum sem nú er verið að hefja smíði á í Noregi á 900 eða 1.000 millj. kr. stykkið. Í þeim pakka gat verið eftirgjöf gjalda, bæði frá ríki og sveitarfélögum og þeim að skaðlausu því að það var útlátalaust fyrir þau að láta það til þess að fá verkefnið inn í landið. Í þeim pakka gat verið 1, 2, 3% yfirverð sem kaupendurnir hefðu verið tilbúnir til að borga gegn því að fá smíðina inn í landið og fá fyrsta flokks íslenska vinnu og eiga vísan aðgang að smíðastöð skipsins til að annast viðhald. Þetta geta menn sannreynt með samtölum við forsvarsmenn þessara fyrirtækja. Og í þeim pakka hefðu svo í þriðja eða fjórða lagi verið fleiri ívilnandi aðgerðir, t.d. hagstætt orkuverð eða beinn stuðningur í formi einhvers konar þróunaraðgerða við skipasmíðaiðnaðinn. Það þurftu ekki að heita niðurgreiðslur. Það þurftu ekki að heita styrkir. Nóg úrræði voru til þess að lagfæra starfsskilyrði iðnaðarins þannig að hann næði þessum verkefnum án þess að fara út í beina styrki eða vaxtaniðurgreiðslur eða því um líkt. Auðvitað hefði svo þurft að lemja íslenska bankakerfið og sjóðakerfið svo sem einu sinni í höfuðið með lurk til þess að það sinnti eðlilega og almennilega málefnum þessarar greinar. Auðvitað er lánshlutfallið í Fiskeiðasjóði stórskandall og fyrir löngu hefði átt að vera búið að breyta því og aldrei hefði átt að láta vera jafnauðvelt og raun ber vitni að sækja þessi skip til útlanda með jafnlitlum mun í lánshlutföllum. Ef ég veit rétt

hefur hæstv. sjútvrh. upplýst að því ætli hann að breyta og þökk sé honum fyrir það en auðvitað þarf að koma fleira til. Ætla menn að láta orkuna úr Blöndu renna til sjávar ónýtta mörg ár í viðbót frekar en t.d. bjóða hana íslenska skipasmíðaiðnaðinum, sem er hverfandi kaupandi á raforku í landinu af því að hann er að hætta að sjóða? Ætla menn að bjóða honum góð kjör á þessari orku ef það má verða til þess að hann geti nýtt hana í staðinn fyrir að gera það ekki? Ég spyr. Er ekki eitthvert vit í því að reyna að líta á þetta svona? Hvers vegna er ekki reynt að afstýra því að íslenski skipasmíðaiðnaðurinn þurrkist upp og hætti að kaupa t.d. raforku sem hann gerði í stórum stíl þegar best var og hét? Fjölmarga slíka hluti væri hægt að skoða sem ég tel auðvelt að sýna fram á að samanlagðir í einum pakka dygðu til þess að brúa þennan mun. Ég reyndi að sýna hæstv. iðnrh. á vordögum 1991 tillögur um nákvæmlega þetta þegar ég vissi, eftir samtöl við forsvarsmenn fyrirtækja norður í landi, af því að í bígerð voru þessir stóru smíðasamningar í Noregi og hafði áhuga á því að ríkisstjórnin sem þá sat að völdum reyndi að afstýra því þjóðhagslega slysi að þeir flyttust úr landinu. Það gerði ég líka með tilliti til atvinnuástands á svæðinu sem í hlut átti því að eðli málsins samkvæmt var það fyrst og fremst Slippstöðin hf. sem var í færum og líkleg til þess að geta ráðið við þau verkefni.

Herra forseti. Ég ætla að fara lítillega í önnur atriði í lokin. Hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. — ég upplýsi nú og gleð fundarmenn með því að ég lýk nú senn máli mínu — hafa látið að því liggja að lausnarorðið fyrir innlenda skipasmíðaiðnaðinn gæti legið í EES-samningunum. Ég hef ályktun aðalfundar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja frá 1991 og vona að þeir menn viti eitthvað um það mál. Hvað segja þeir? Þeir segja, með leyfi forseta:

„Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur bundið miklar vonir við að með samningum um Evrópskt efnahagssvæði fengist lausn á því vandamáli sem ríkisstyrkir til skipasmíða í Evrópulöndum eru. Þótt margt megi gott um þessa samninga segja“ — þetta er sennilega fyrir langhalann — „og árangurinn virðist góður á ýmsum sviðum, t.d. varðandi hagsmuni sjávarútvegsins, eru það félaginu hins vegar mikil vonbrigði að lítill sem enginn árangur varð á sviði ríkisstyrkja til skipasmíða.“ Hinu sama hafa forsvarsmenn skipasmíðaiðnaðarins úr tveimur fyrirtækjum haldið fram í mín eyru að undanförnu. Þetta er sennilega svipað bjargræði og íslenski lagmetisiðnaðurinn fær út úr þessum samningum, eða hvað? Nei, ég held að þeir verði að skýra ummæli sín betur, hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., áður en þeir sannfæra okkur um það — þar sem við höfum tilhneigingu til að taka ákveðið mark á hagsmunagæslumönnum og forsvarsmönnum skipasmíðaiðnaðarins — að þeir hafi rétt fyrir sér en hinir rangt. Ég spyr um rökin í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég ætla þá að ljúka máli mínu. Reyndar hefði verið ástæða til að fara yfir ýmislegt fleira í þessum efnum, svo sem ályktun frá iðnþingi um útboðsmál sem skiptir líka máli í þessu því að ljóst er að ákveðnir smíðasamningar hafa farið milliliðalaust úr landinu án þess að íslenskar skipasmíðastöðvar hefðu aðstöðu til þess að bjóða í þá. Það er forkastanlegt að opinber lánasjóður skuli eftir sem áður lána mönnum til slíkra verkefna þegar þær samkeppnisreglur eru brotnar að íslensk fyrirtæki geti a.m.k. boðið í verkefnin áður en þau fara úr landi. Það væri líka fróðlegt að vitna t.d. í samþykktir Félags málmiðnaðarfyrirtækja sem hefur eðli málsins samkvæmt miklar áhyggjur af þessari þróun en ég held ég fari að láta þetta duga að sinni.

Það sem ég tel lakast í þessu öllu saman er sú fordild sem ræður ferðinni í þessu máli. Menn neita sér um þann munað að horfa á þjóðarhag af því að þeir hafa tekið þau trúarbrögð að það eigi ekki að styðja við bakið á íslenska skipasmíðaiðnaðinum. Það sé vitlaust að aðstoða hann við að jafna samkeppnisskilyrðin, það sé eitthvað sem ekki megi, brot á einhverjum boðorðum eða trú. Þetta eru trúarbrögð vegna þess að það liggur fyrir útreiknað og rækilega rökstutt að innlend tilboð eru þjóðhagslega jafnhagkvæm þó að þau séu frá 7–8 og upp í 14% dýrari vegna þess að það eru svo miklar tekjur og mikil verðmætasköpun sem verða til í landinu við slíkar smíðar. Er þá ekki tekið inn í dæmið sú staðreynd að auðvitað kosta þessar smíðar erlendis miklu meira útstreymi á gjaldeyri úr landinu heldur en hinar innlendu því að þá er eingöngu til að dreifa hráefniskaupum og hinn innlendi virðisauki er allur gjaldeyrissparnaður. Mannaflið, orkan, allt er þetta fyrir hendi þannig að sérstaklega við þær aðstæður sem nú eru að skapast á íslenska vinnumarkaðinum, með boðuðu 2,5–3% atvinnuleysi á næsta ári og er það þó að flestra mati vanmetið, þá er það að mínu mati augljósara en nokkru sinni fyrr að það er þjóðhagslegt slys að þessi mál skuli vera að þróast á þennan veg.

Að lokum minni ég bara á það sem ekki verður of oft áréttað og kom m.a. fram í þeim tölum sem ég las upp hér um starfsmannafjölda hjá Slippstöðini hf. á Akureyri að það háttar núna þannig til að síðasta íslenska skipasmíðafyrirtækið sem í raun og veru er á löppunum sem slíkt er að berjast fyrir lífi sínu. Það verður ef svo heldur sem horfir strax á næsta ári komið svo neðarlega í mannafla að það verður í raun og veru úr leik hvað samkeppnishæfni snertir varðandi hin stærri smíðaverkefni og jafnvel stærri viðhaldsverkefni. Það skulu menn bóka að fari svo að fyrirtækin hrörni með þessum hætti verða það að lokum ekki bara nýsmíðarnar sem fara úr landi heldur líka stóru viðhaldsverkefnin af því að nákvæmlega það sama gerist gagnvart þeim að fyrirtækin missa svo niður afköst og getu að þau ná ekki heldur að vera samkeppnisfær um hin stærri smíðaverkefni.

Þessari döpru messu lýkur þá hér með, herra forseti, sem ég hef talið óhjákvæmilegt að halda hér að gefnu tilefni. Þó svo hér sé komið inn í þingið frumvarp til laga um ráðstafanir á þessu sviði, sem ég heiti á hv. alþm. að skoða og styðja, gat ég ekki sóma míns vegna setið undir þeim óréttmætu og röngu ásökunum sem hæstv. iðnrh. hafði í minn garð og fannst mér þó

sá kasta þar steinum sem í glerhúsinu býr.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. sem við ræðum í dag um rétt til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands hefur vakið upp umræðu sem hefur farið víða og þar hefur mjög margt borið á góma. Ég hlýt að taka nokkurn tíma til þess að svara ýmsu sem fram hefur komið í máli ræðumanna og varðar hagsmunamál íslenska skipasmíðaiðnaðarins. Það er óhjákvæmilegt vegna þess hvernig umræðan hefur þróast, þótt ég vilji líka taka það fram að auðvitað er engin ástæða til þess að tefja framgang málsins sem við ræðum hér í dag með þessum hætti (**SJS:** Er verið að tefja málið?) vegna þess að ég veit ekki betur en mjög víðtækur stuðningur sé við það. (**SJS:** Forseti, ég legg til að ræðumaður sé víttur.) Ég vil biðja hv. 4. þm. Norðurl. e. að halda stillingu sinni og vil koma strax að máli hans úr því að hann er svo óþolinmóður að bíða þess.

Mér þótti mjög gott að heyra að hv. 4. þm. Norðurl. e. tók minni saklausu samlíkingu í stuttu andsvari hér eitt kvöldið í fyrri viku ekki illa. Fyrstur manna skal ég á það fallast að samlíkingunni kunni að hafa verið í einhverju áfátt. En hitt vil ég líka segja að hin mikla varnarræða þingmannsins var með öllu óþörf, ef hann athugar málið, les það sem í þingtíðindunum stendur og reyndar það sem kom fram í enn styttra andsvari mínu síðar þetta sama kvöld, þá sakaði ég hann alls ekki um neinn ótilhlýðilegan verknað. Ég sagði einfaldlega frá staðreyndum, þeim staðreyndum að hv. þm., þá samgrh., hefði sjálfur ákveðið að kaupa ferjuna frá útlöndum. Ég sagði líka frá því að hann hefði síðar lagt til að styrkir yrðu veittir vegna frystitogarasmíði hérlendis. Þetta er kjarni málsins. Í þessu fólst engin ásökun um hið fyrra málið en e.t.v. um hið síðara. Það skal ég fúslega viðurkenna. En kjarni málsins er auðvitað þessi. Varnarræðan var algerlega óþörf og hlýtur að hafa verið vakin upp af innistöðum hjá þingmanninum sjálfum en ekki útistöðum við mig.

Virðulegi þingmaður. Ég vil nú koma að því sem komið hefur fram í máli margra þingmanna, m.a. hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanns Ársælssonar, og hv. 4. þm. Norðurl. e. í umræðunni í fyrri viku. Mér fannst þeir reyna að gera lítið úr þýðingu laganna frá 1922 sem hafa hindrað erlend veiðiskip í því að koma hingað til hafnar og fá þjónustu og vistir. Á hinn bóginn leggja þessir sömu þingmenn eðlilega mikla áherslu á að nauðsynlegt sé að treysta samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins. Ég tek auðvitað undir það að breyting laganna um fiskveiðar í efnahagslögsögunni frá 1922 leysir ekki allan vanda. En er hægt að hugsa sér meiri viðskiptahindrun, meiri tálma í vegi viðskiptanna, en að banna viðskiptavinunum að koma að búðarborðinu? Það held ég ekki. Afnám þessara hindrana er því einmitt hluti af því að bæta samkeppnisstöðuna.

Nokkrir sem tóku til máls í fyrri viku, þar á meðal hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, og hv. 8 þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, létu þá að því liggja að ég hafi verið til þess ófús að treysta stöðu skipaiðnaðarins. Sama kom líka fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. e. Mig langar þess vegna að rifja upp nokkur atriði í þessu sambandi.

Ég vil byrja á því að minna hv. þm. á að iðnrn. sendi vorið 1989 sérstaka greinargerð til Alþingis, við þinglok eða þegar eftir þau, þar sem skýrt var frá öllum helstu niðurstöðum Appeldore-skýrslunnar, sem hér hefur nokkuð borið á góma. Þar er m.a. sagt frá markaðsátaki sem þá var nýhafið í samræmi við nýsamþykkta þál. frá 6. maí 1989, um nauðsyn þess að bæta stöðu skipaiðnaðarins og var upprunnin úr þingmáli sem hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson hafði flutt.

Hið rétta í málinu er náttúrlega það að á undanförnum þremur árum hefur fjölmargt verið gert af hálfu iðnrn. og annarra yfirvalda iðnaðarmála til þess að styrkja stöðu þessa iðnaðar. Þar hafa verið á ferðinni almennar aðgerðir, svo að ég noti nú orð sem nokkuð hefur verið notað í umræðunum, almennar aðgerðir eins og framleiðniátak innan fyrirtækjanna í greininni, verkefni um stefnumótun iðnaðarins og markaðsátak þar sem veruleg kynningarstarfsemi hefur farið fram bæði innan lands og erlendis. Allt er þetta til þess fallið að styrkja samkeppnisstöðuna.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. um starfsmannafjöldann í greininni þá er það alveg rétt að starfsmönnum hefur fækkað. Fækkunin var, eins og komið hefur fram hjá þingmanninum, um 200 störf, þ.e. úr 800 í 600. Þetta er bagaleg þróun en þó vil ég benda á það að í löndunum í kringum okkur hefur því miður orðið enn meiri breyting í þessari grein.

Ástæða er líka til að benda á að samlíking þingmannsins við starfsmannafjölda í nýju álveri á Keilisnesi var fullkomin fjarstæða þótt hann reyndi að verja það með því að það stafaði af ókunnugleika. Mér þykir það furðu sæta því hafi nokkur tala verið nefnd oft hér í þingsölum á umliðnum árum er það tala starfsmanna við þetta álver, sem í bígerð er, og muni hafa beinlínis í störfum hjá sér rúmlega 600 manns og að störfin sem álverið leiðir af sér séu samanlagt um 2000. Þetta eru stærðirnar og finnist hv. þm. þetta vera smámunir þá hljóta breytingarnar á atvinnuástandinu, sem hann var að lýsa, líka að vera smámunir í hans augum. Ég vil bara leggja fyrir hv. þingheim að meta hvort þetta getur talist nákvæmni í málflutningi eða skynsamlegar samlíkingar sem til er gripið.

En ég vil þá koma aftur af því sem gert hefur verið til að styrkja samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins. Þar hefur líka verið nokkuð um sértæk verkefni. Af þeim vil ég nefna að aðstoð hefur verið veitt vegna hönnunar á hafnsögubátum hér innan lands. Þetta er mikilvægt mál þótt hv. 4. þm. Norðurl. e. þætti ekki mikið til þess koma. Það er einmitt þörf fyrir hönnunaraðstoð sem skipasmíðastöðvar okkar þurfa á að halda til sérhæfðra verkefna, einfaldlega af því að þær hafa ekki þann bakhjarl sem stærri stöðvar í öðrum löndum hafa. (**SJS:** Hvaða ráðuneyti veitti þá aðstoð?) Það gerði samgrn., virðulegi þingmaður, en í framhaldi þessa máls er þessi stuðningur eingöngu á vegum iðnrn. Ráðuneytið hefur líka stutt við uppsetningu dráttarbrautar á Seyðisfirði, stutt við aðgerðir til að auka hag-

ræðingu og samstarf einstakra fyrirtækja í greininni og ég gæti nefnt fleiri sértækar aðgerðir sem vel koma til greina þótt undirstaðan hljóti jafnan að vera almenn hagstæð rekstrarskilyrði. Ég verð að játa að vandlætingarfullur málflutningur hv. 4. þm. Norðurl. e. vekur nokkra furðu hjá mér miðað við tilefnið því það var ekki stórt.

Þá kem ég að því sem fram hefur komið í máli margra ræðumanna Framsfl. í þessum umræðum. Þeir hafa kvartað yfir því, og ég held að einhver þeirra hafi notað þau orð, að troðnar væru illsakir við framsóknarmenn í þessu máli. Framsfl. getur auðvitað ekki gleymt því að hann sat í ríkisstjórn síðustu fjögur ár og reyndar mjög mörg ár þar á undan. Hann getur heldur ekki gleymt því, þótt hann kunni kannski að kjósa að gleyma því, að í síðustu ríkisstjórn náðist því miður — og ég endurtek, því miður ekki samkomulag eða samstaða um tillögur sem ég lagði ítrekað fram til bóta í þessum málum. Þetta er einfaldlega staðreyndin. (Gripið fram í.) Við komum að því, virðulegi þingmaður.

Gráu ofan á svart bætir svo hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, þegar hann sagði, ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með það: Vandinn í þessu máli, þ.e. vandi skipasmíðaiðnaðarins, er sá að ráðherra Alþfl., þ.e. sá sem hér stendur, hefur hvorki á síðustu vikum né á rúmum síðustu þremur árum viljað hlusta á neina af þeim hugmyndum sem fram hafa komið til þess að bæta úr þessum málum. Ég leyfi mér þá að spyrja: Hverjir voru það sem ekki vildu hlusta? Í júlí 1989 lagði ég fram beina tillögu í ríkisstjórninni um það að skipaiðnaðurinn fengi beina aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands. Ég lagði það formlega til að lögunum um Fiskveiðasjóðinn yrði breytt þannig að í 6. gr. laganna væri kveðið á um það að inn í stjórnina komi málsvari fyrir innlendan skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnað eins og aðilar í greininni hafa reyndar margsinnis lagt til. Í þessari ríkisstjórn sátu m.a. hv. 4. þm. Norðurl. e., þá samgrh., og hv. 8. þm. Reykn., þá fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson. Þeir hljóta báðir að vita af hverju ekki var lagt fram stjfrv. um þessa breytingu. Um þetta mál náðist ekki samkomulag innan stjórnarinnar þótt ég legði þetta til.

Menn hafa gert hér að umtalsefni, eins og eðlilegt er, að fjárhagsfyrirgreiðsla sem viðskiptavinir skipasmíðastöðvanna njóta er talin af fulltrúum greinarinnar misjöfn, þ.e. að menn njóti betri kjara þegar þeir kaupa frá útlöndum. Í því sambandi langar mig að rifja upp að ég ritaði í júlí 1989 sem viðskrh. öllum bönkum, sparisjóðum og fjárfestingarlánasjóðum landsins bréf þar sem ég vitnaði í þessa þáltill. sem samþykkt var vorið 1989 um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar. Þar eru rakin ýmis atriði einmitt úr nefndaráliti atvmn. sameinaðs þings um þessa tillögu, lýst áherslu og stuðningi viðskrn. við þetta mál og í lok bréfsins var þess farið á leit að þessir aðilar geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að stuðla að því að skipaiðnaðarverkefni fyrir íslenska útgerðaraðila fari ekki úr landi. Þessi tilmæli voru svo ítrekuð í bréfi í nóvember 1989, til bankaráða allra bankanna og stjórnar Sambands ísl. sparisjóða. Með þessu móti var reyndar þannig að málinu staðið að ég sneri mér beint til Fiskveiðasjóðs, sem að sjálfsögðu heyrir þó ekki undir iðnrh. heldur sjútvrh. Til þess að hnykkja enn þá betur á hvatningunni um auknar skipasmíðar innan lands lagði sá sem hér stendur fram í ríkisstjórninni í nóvember 1989 greinargerð og tillögur um ráðstafanir vegna innlends skipaiðnaðar. Það stendur svo óvenjulega á að þetta geta þingmenn allir haft sér til minnis vegna þess að þetta hefur allt verið birt í skýrslu til Alþingis um stöðu og horfur í íslenskum skipaiðnaði, sem var 258. mál á 112. löggjafarþingi á þskj. 457, sem var lögð fram í desember 1989. Það er fátítt að geta með einfaldri tilvísun í þingskjal sýnt nákvæmlega hvað það var sem fyrir ríkisstjórnina var lagt í þessu máli. Mig langar að benda hv. 4. þm. Norðurl. e. og þingheimi öllum á að kynna sér þessa skýrslu vegna þessa máls. Þar er gangur mála rakinn nákvæmlega. Á bls. 10 kemur fram í greinargerðinni til ríkisstjórnarinnar voru raktar ráðstafanir í tíu liðum. Mig langar, með leyfi forseta, að nefna þrjár þeirra orðrétt:

Í fyrsta lagi. Lánafyrirgreiðsla vegna verkefna hjá innlendum skipasmíðastöðvum verði bætt m.a. með breytingum á lánareglum Fiskveiðasjóðs Íslands.

Í öðru lagi. Iðnrn. tilnefni fulltrúa fyrir skipaiðnaðinn í stjórn Fiskveiðasjóðs — og ég bið menn að taka eftir því að þetta er í annað sinn sem áhersla er lögð á þetta mál á sama ári.

Í þriðja lagi, og það skiptir máli fyrir þingmálið sem við ræðum hér í dag — að heimildir erlendra fiskiskipa til að sækja þjónustu til innlendra aðila verði rýmkaðar.

Tæpum mánuði síðar eftir að þessi skýrsla var lögð fram lagði ég svo enn fram beinar tillögur í ríkisstjórn um aðgerðir á þessu sviði og þetta geta þingmenn kynnt sér í skýrslunni sem ég vitnaði til. Þar kemur fram að 15. des. 1989 lagði ég beinlínis til í ríkisstjórninni að munur á lánshlutfalli til nýsmíða skipa verði aukinn verulega eftir því hvort þau eru smíðuð innan lands eða erlendis. Það ætti að verða hvati til þess að skipin verði smíðuð innan lands, eins og orðrétt segir í tillögunni. Að auki var lagt til að ríkisstjórnin legði fram fé til sérstaks markaðsátaks erlendis, m.a. til að undirbúa sölu á fullbúnum fiskiskipum og að ríkisstjórnin stuðli að átaki til hagræðingar og framleiðniaukningar í skipasmíðastöðvunum með því að leggja fram umtalsvert fé. Hluti af þessu fé fékkst reyndar á árinu 1990 en það sem hér skiptir máli fyrir okkar umræður er að þarna kom fram bein tillaga í ríkisstjórn um margumtalaða breytingu á lánshlutfalli í árslok 1989. Ég þarf ekki að taka það fram að ég hafði löngu áður og mörgum sinnum rætt þetta óformlega við samstarfsmenn mína í ríkisstjórninni, ekki síst þáv. sjútvrh. En til þessarar breytingar hefði alls ekki þurft atbeina Alþingis. Þetta var og er verkefni framkvæmdarvaldsins að gera. Þessu erindi virðist hins vegar alls ekki hafa verið hreyft í stjórn Fiskveiðasjóðs að frumkvæði þáv. sjútvrh. á þessum tíma eða síðar og ekki fyrr en núv. sjútvrh. hefur nú hreyft málinu við

stjórn Fiskveiðasjóðs en ég hef enn flutt tillögur um þetta mál innan ríkisstjórnarinnar.

Þetta eru staðreyndirnar í málinu. Ég vísa til þess sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að fulltrúar Framsfl. hefðu kvartað yfir því að við þá væru troðnar illsakir út af þessu máli, eins og þeir orðuðu það sjálfir. Á því hef ég engan áhuga en úr því að deilt er á menn fyrir afskipta- og aðgerðarleysi verður ekki hjá því komist að vekja athygli á ábyrgð þeirra sjálfra. Því miður er hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh., ekki viðstaddur til þess að taka þátt í þessum umræðum.

Ég hef þegar lýst því að í júlímánuði 1989 lagði ég fram beina tillögu í ríkisstjórninni um aðild skipaiðnaðarins að stjórn Fiskveiðasjóðs. Ég hef líka lýst þeim tillögum sem komu fram í ríkisstjórninni í desember sama ár, formlegar tillögur um breytingar á lánareglum Fiskveiðasjóðs. Hvorugu þessara erinda var sinnt. Í þessari ríkisstjórn sátu, eins og menn þekkja vel, fulltrúar Framsfl., Alþb. auk Alþfl. og Borgaraflokksins. Þannig liggur þetta mál fyrir. Hv. 17. þm. Reykv. hefur nefnilega nokkuð til síns máls þegar hann deilir á þá sem stóðu að fyrri ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum og farið hafa með málefni Fiskveiðasjóðs fyrir skort á skilningi á málefnum skipaiðnaðarins. Og svo telur hv. þm., sá 8. frá Reykjanesi, Ólafur Ragnar Grímsson, sem átti sæti í síðustu ríkisstjórn, sér sæma að taka þannig til orða að á síðustu þremur árum hafi iðnrh. ekki viljað hlýða á slíkar hugmyndir. Það þveröfuga er staðreynd. Iðnrh. var sá sem flutti þessar hugmyndir en þær fengu því miður ekki stuðning samráðherra hans.

Enn vil ég benda á athyglisverðan þátt í þessari sögu. Í júlí í fyrra skrifaði ég enn minnisblað til sjútvrh. og utanrrh. vegna laganna frá 1922 og lét fylgja minnisblað frá skipaiðnaðarnefnd um þessi lög en sú nefnd hefur starfað frá því á árinu 1989 á vegum iðnrn. Þar kemur mjög skýrt fram að þeir líti svo á að þessi lög séu þrándur í götu íslenska skipaiðnaðarins sem þjónustuaðilar og verktakar fyrir erlendar skipaútgerðir. Þar óskaði ég tillagna í þessu máli til að greiða fyrir öflun skipaiðnaðarverkefna. Utanrrn. svaraði erindinu og taldi að heimila ætti erlendum skipum að leita hafnar því forsendur væru gerbreyttar frá 1922. En það hefur lengi verið mótbára í þessu máli að vegna erlendra samskipta okkar gætum við ekki breytt þessum lögum. Þáv. sjútvrh. virðist hins vegar ekki hafa verið sömu skoðunar og utanrrh., a.m.k. komu ekki frá honum neinar tillögur um breytingar í þessu efni en eins og kunnugt er fer hann með forræði þessara laga. Hér hefur því komið fram að málinu var tvívegis hreyft á formlegan hátt í ríkisstjórn í nóvember 1989 og með þessu minnisblaði frá því í júlí 1990. Auk þess hefur málið verið rætt og var rætt óformlega milli ráðherra.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði fyrr í þessum umræðum um gamlar plötur. Mér sýnist við stutta yfirferð að hann hafi snúið tveimur plötum við og spilar nú í báðum tilfellum næsta ólíka músik þeirri sem hann spilaði þegar hann átti sæti í ríkisstjórninni. Ég hef þegar bent á það að í fyrrv. ríkisstjórn þóttist hann sem fjmrh. oft og tíðum vera maður aðhaldssamur í fjmrn., einkum á fyrri hluta síns ferils. Hins vegar er ljóst af máli hans nú að fyrri aðhaldssemi hans er burtu rokin og seinni platan, sem forsvarsmenn Alþb. kjósa nú að snúa við, er einmitt með músik um skipasmíðarnar sjálfar.

Eins og ég hef þegar lýst flutti ég í síðustu ríkisstjórn tillögur um breyttar starfsaðferðir, um breytt lög fyrir Fiskveiðasjóð í samræmi við tillögur ýmissa forsvarsmanna skipaiðnaðarins sjálfs og í samræmi við þarfir hans eins og þær eru þjóðhagslega og skynsamlega metnar. Þessars tillögur hlutu ekki fylgi þeirrar ríkisstjórnar og þeirra alþýðubandalagsmanna þótt þeir reyni nú að snúa plötunni við og gera þær að sínum. Ég harma það af þessum ástæðum og reyndar ekki síst, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, þeim þriðja frá Vesturlandi, fyrr í þessum umræðum að Fiskveiðasjóður er svo sannarlega einn af þeim aðilum sem mest áhrif geta haft á það hvernig íslenskum skipasmíðastöðvum vegnar. Nú er mikilvægt að ná samstöðu um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðuna og reyndar samkeppnisstöðu iðnaðarins yfirleitt. Þar getur samkomulagið um Evrópska efnahagssvæðið orðið mjög mikilvægt. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það einmitt vegna þess sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann spurði: Gagnast samningurinn um EES íslenska skipaiðnaðinum? Svarið er að sjálfsögðu hiklaust já. Það er grundvallarforsendan fyrir viðskiptasamstarfinu innan EES að komið verði á sömu samkeppnisskilyrðum innan alls svæðisins. Af þessu leiðir að undirboðs- og jöfnunartollar verða úr sögunni fyrir þær afurðir sem samningurinn nær til. Þar með eru talin skip. En sérstakar reglur gilda hins vegar um sjávarafurðir þar sem samningsaðilar munu aðeins leitast við að tryggja þau samkeppnisskilyrði að aðrir geti látið það vera að beita undirboðs- og jöfnunartollum. Þetta er alveg ljóst. Meginreglan innan Evrópubandalagsins er að allir ríkisstyrkir eru bannaðir nema annað sé tilgreint. Hins vegar eru frá þessu allvíðtækar undanþágur sem varða einstakar atvinnugreinar og sérstök tilfelli. Samsvarandi reglur munu gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins jafnt að því er varðar hið almenna bann sem sérstakar undanþágur.

Á Lúxemborgarfundunum, bæði í júní og október, þrýstu EFTA-ríkin á það að styrkir Evrópubandalagsins til skipasmíða yrðu lækkaðir til þess að eðlileg samkeppnisstaða ríkti á þessu sviði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það liggur þegar fyrir í tilskipunum Evrópubandalagsins að styrkurinn sem þar er leyfður falli niður í árslok 1993. Evrópubandalagið kvaðst þá ekki geta fellt niður þá tilskipun sem um þetta gildir. Hins vegar væri stefnan sú að lækka slíka styrki og haft yrði samráð við EFTA um það fyrirkomulag sem á að taka við í ársbyrjun 1994. Þá yrði stefnt að því að sameiginlegar reglur giltu í öllum ríkjum Evrópubandalagsins og EFTA um stuðning við skipaiðnaðinn og verði þar um strangari og takmarkaðri styrkveitingar að ræða en nú tíðkast innan Evrópubandalagsins.

Það er líka svo að Evrópubandalagið tekur nú þátt í viðræðum á alþjóðagrundvelli innan OECD um afnám allra styrkja til skipasmíða. Það sem hefur gerst með samningunum um Evrópska efnahagssvæðið er að

verði hann staðfestur hafa Íslendingar í fyrsta sinn fengið eðlilegan aðgang að samstarfi við aðra um þetta og geta nú beitt í félagi við EFTA-ríkin sínum styrk til þess að hraða þróun þessa máls. Þetta er staðreyndin, virðulegi þingmaður frá Norðurl. e. Við erum núna að komast inn á það spor sem mun í reynd styrkja best stöðu íslenska skipaiðnaðarins, þ.e. afnám styrkja í öðrum löndum, þeim sem við keppum við.

Það er líka til umhugsunar hvort við getum á millibilstímanum fundið leiðir til þess að jafna þennan mun án þess að ofbjóða íslenska ríkissjóðnum sem eru og hafa verið helstu rökin gegn því að ganga til slíkra verka.

Hæstv. forseti. Ég ætla að með þessu hafi ég svarað flestu af því sem til mín var beint í þessum umræðum. Ég vil ljúka þar ræðu minni að ég lýsi þeirri von að frv. sem hér er til umræðu fái skjóta afgreiðslu í þinginu og að það geti öðlast gildi sem allra, allra fyrst.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það liggur við að ég spyrji hæstv. forseta að því hvaða mál sé á dagskrá því að ég hef nú verið að hlusta á viðskrh., iðnrh. og hann hefur ekki vikið einu orði að því máli sem á dagskránni er og hef ég reynt að hlusta grannt. Málið sem er á dagskrá, að ég hygg, er frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og þetta er raunar ekkert smámál. Það spannar eiginlega alla okkar landhelgisbaráttu frá árinu 1922 þegar lög þau sem nú er fjallað um einu sinni enn, voru sett. Þau hafa auðvitað verið til umræðu á hv. Alþingi á hverju einasta þingi allar götur síðan þau voru sett sem hin mikilvægustu lög, eiginlega hluti sjálfrar stjórnarskrárinnar. Við héldum þannig á málum að við gátum smám saman komið útlendingum út úr okkar fiskveiðilögsögu en náð að vernda fiskimiðin og nýta þau. Þetta voru allir sammála um að gert skyldi með þeim hætti að hindra sem mest mátti verða að útlendingar hefðu nokkur tækifæri til að athafna sig innan okkar litlu landhelgi, eins og hún var þá, og sama gildir auðvitað um hina stærri eins og hún er nú. Þannig var það að þó að landhelgin væri ekki nema þrjár mílur þegar þessi merkustu lög voru sett 1922, ég held að þau séu hin merkustu lög ef frá er skilin sjálf sjálfstæðislöggjöfin sem hefur verið undirstaða allrar okkar baráttu. En 1922 var ekki nema þriggja mílna landhelgi.

Við gátum ekki fært landhelgina lengra út vegna þess að Danir höfðu gert samning við Breta, eins og menn kannski muna eða hafa heyrt, 1903 held ég frekar en 1904. (Gripið fram í.) 1901 mun það vera, þannig að við gátum ekki hreyft okkur fyrr en 1951. Þá byrjuðum við strax að færa út landhelgina. Við tókum smáskref á Norðurlandi um síldveiðitímann og fengum auðvitað mótmæli frá öllum mögulegum út af því. En við héldum áfram, fikruðum okkur áfram og höfðum raunar samráð við Norðmenn um að fara út í 4 mílur allt í kringum landið 1954 hygg ég. Þannig byrjaði þessi barátta, öll byggð á þessum lögum sem nú eru til umræðu og ekki eitt einasta orð kemur frá neinum ráðherranna um málefnið á þessum fundi. Við fyrri hluta þessarar umræðu var ekki talað um annað en skipasmíðar og skipaviðgerðir. Það ætti að hjálpa skipum til að athafna sig allt upp í landsteina og við mundum hafa einhverjar tekjur af því.

Það vill nú svo til, sem betur fer, að menn hafa fylgt fram þessari löggjöf fram á þennan dag með þeim ágætum að það eru engin mið til sem erlend skip geta sótt nema við leyfum þeim það og hjálpum þeim til þess. Ég hef látið útbýta hér til hv. þm. þessu skjali sem hefur verið í smíðum í 6–8 ár og fjallar um alla okkar baráttu við Breta sem er núna komin í höfn eða að komast í höfn. Við getum náð samningum við Breta, Íra og Dani um samnýtingu á öllu Hatton-Rockall svæðinu, ef við höldum rétt á málum og gefum okkur tíma til þess út af ýmiss konar ómerkilegu rifrildi vil ég segja, því að það er allt í höfn. Þetta kort er í höfn ef við fylgjum því áfram. Þetta kort hafið þið allir, hv. þm., í þeim möppum sem var dreift í gær hygg ég. Menn geta ósköp vel áttað sig á því hvernig þetta er. Þetta er allt byggt á lögunum sem við erum að fjalla um. Við eigum náttúrlega 200 mílurnar á öllu þessu svæði, miðlínu við Grænland að vísu af eðlilegum ástæðum. Svo eigum við 150 mílur þar fyrir utan. Um það sömdum við Íslendingar við Rússa á sínum tíma á hafréttarráðstefnunni. Reglan um það hvað hafsbotnsréttindi ná langt er sú að það þurfi að vera óslitin framlenging landsins og hin óslitna framlenging landgrunnsins í þessa átt er frá Íslandi. Ísland er hæsti punkturinn á öllu þessu svæði og framlengingin er nokkur þúsund mílur hér suður eftir ef henni hefði verið fylgt fram. Þegar þessi deila hófst hjá Sameinuðu þjóðunum kölluðu Rússar okkur mestu imperialista veraldarsögunnar því að þeir voru sjálfir þá bara með 50 mílna landhelgi og voru að fikra sig inn í 200 mílurnar. Þá var deilt um það hvað við mættum fara langt út eftir Reykjaneshrygg og við nefndum aðrar 200 mílur eða svo og þeir sögðu kannski 50 mílur. Síðan var nú hent upp á það að þetta skyldu verða 150 mílur til viðbótar 200, þ.e. 350 mílur. Þær eigum við sem enginn getur hrakið, engin þjóð. Það á engin þjóð nokkurt tilkall til þessa svæðis, við eigum þetta sem sagt. Það var einhver sem sagði: Höfum þær þá bara 350 og það fór beint inn í hafréttarsáttmálann án þess að nokkur andmælti og varð að alþjóðalögum fyrir 14–15 árum.

Við erum svo að tala um að fara að gefa útlendingum einhvern rétt til að veiða þarna. Í alvöru hefur verið talað um það. Ég sé ekki að þeir eigi nokkurt tilkall til þess. Við eigum þetta svæði.

Menn segja: En hvað ná hafsbotnsréttindin langt, hvað eru þau viðamikil? Því miður hefur allt of lítið verið um þetta rætt á þinginu upp á síðkastið en í VI. hluta hafréttarsáttmálans, einhvers merkilegasta plaggs sem hefur verið samþykkt á alþjóðlegum vettvangi, er kveðið á um öll réttaratriði á ⅓ hlutum yfirborðs jarðar. Yfirborðið er umsamið allt saman, öll höfin. Þar segir í þessum VI. hluta um landgrunn að landgrunninu fylgi fullveldisréttindi, alveg skilyrðislaust, fullveldisréttindi. Það getur enginn gert neitt á okkar hafs-

botni eða hreyft við honum nema samkvæmt þeim fullveldisrétti sem við höfum.

Hins vegar þegar kemur að VII. hluta í þessu merkilega riti, sem heitir Úthaf, þá stendur þar með berum stöfum, alveg gagnstætt því sem er um landgrunnið eins og ég las áðan: „Ekkert ríki getur með réttu krafist þess að hluti úthafsins sé felldur undir fullveldisrétt þess." Sem sagt, fullveldisréttur á öllu hafsbotnssvæðinu sem fellur undir þær reglur sem ég var að lýsa og birtast hér á þessu korti sem allir hv. þm. nú hafa. Þetta er landgrunn Íslands, þetta gula. Að vísu þurfum við að semja um part af því á Hatton-Rockall svæðinu. Þar eru samningar í gangi, og hægt að ljúka þeim ef menn gefa sér tíma til þess, um sameign á öllu þessu svæði hér, 600 mílur suður í höf og við Norðmenn og raunar Dani að einhverju leyti um hafsbotnssvæðið hér. Allt það sem hér er í grænum lit, og menn hafa í möppunum sínum, er hægt að heimta að réttum alþjóðalögum með samningum við Norðmenn, sem standa yfir og Norðmenn eru reiðubúnir til þess að ganga til samninga, og að litlu leyti við Grænlendinga um lítið horn hér. Þetta hefur auðvitað verið að gerast í mörg, mörg ár. Það hófst eins og ég sagði áðan 1952. Síðan hefur alltaf verið unnið að málum og aldrei horft til baka heldur alltaf stigið eitt skrefið af öðru. Íslendingar hafa verið sameinaðir um þetta alla tíð. Að vísu var rifist eitthvað í nokkrar vikur eða mánuði í hvort skipti sem stór skref voru stigin en í meginatriðum hefur þjóðin verið sameinuð um þetta og úr þessum ræðustól hafa menn verið hvattir til þess að standa saman og tryggja þau réttindi sem Ísland á að lögum og stuðla að því að hafréttarlögin mynduðust með þeim hætti að okkar hagsmuna væri gætt til hins ýtrasta.

Við eigum, að ég hygg, verðmætasta hafsvæði veraldar sem við eigum að mestu leyti aleinir en að nokkru leyti með samningum við aðra. Við eigum auk þess réttindi á Svalbarðasvæðinu samkvæmt samningum sem Danir gerðu fyrir okkar hönd 1921 eða 1922. Þetta er allt saman í okkar höndum.

Þegar nú er verið að ræða um nýtingarrétt á þessu hafsvæði að þá séu skipasmíðar eitt aðalatriðið þar er það út í bláinn. Það eru nefnilega engin skip nema okkar eigin sem verða á þessu svæði ef rétt er á málum haldið. Við förum ekki að veita neinum öðrum veiðiréttindi á þessu svæði. Hvaða skip á þá að gera við, hvaða skip eiga þá að sækja vistir hingað? Svari sá sem það veit. Ekki veit ég það. Það eru aðeins íslensk skip. Við höfum nóg af íslenskum skipum til að nýta allt þetta svæði og eigum að gera það og vera ekki að hika neitt.

Við getum alveg játað það að þetta byrjaði allt saman á þriðju hafréttarráðstefnunni, þó að önnur ráðstefnan væri líka merkileg. Ég ætla þó ekki að fara út í þá sálma. Þetta er bara 1. umr. og það gefst betra tækifæri til að tala við 2. umr. og þess vegna er rétt að málið fari til nefndar. Þegar hafrétturinn var að þróast milli 1970 og 1980 sem hraðast var hugsað fyrir sameiginlegri arfleifð mannkyns, eins og það var kallað. Ég hygg að það hafi verið forseti eða forsrh. Möltu sem þetta hugtak var kennt við og þá voru fyrst 4 mílur og síðan 12 sem menn voru að tala um. Þá var gjarnan talað um að það sem utan við þessi mörk væri skyldi verða sameign mannkynsins og nýtt af því öllu. Auðvitað vorum bæði við og aðrar strandþjóðir, sem voru ¾ eða ¼ af öllum þjóðum heimsins, við erum nú strandríki, að heimta meira og meira og unnum þetta í áföngum, fyrst 50 mílurnar sem voru nú mistök, hygg ég. Við vorum of seinir með þær og seinir vegna þess að þá voru Suður-Ameríkumenn t.d. komnir með 200 mílurnar. Þeir voru á undan okkur í því en við skulum ekki vera að rifja það upp. Ég ætla ekki að fara að ásaka menn — það var hörð deila sem ég tók þátt í og ég vil ekki fara að túlka mín sjónarmið þar og gagnrýna aðra. Kannski hefur það verið allt í lagi og eftir á kom í ljós að það var það. Við héldum strikinu áfram og stöðnuðum ekki í 50 mílunum þó að deilur hefðu verið á sínum tíma. Ég minnist þess að ég var mjög gagnrýndur í sjónvarpsumræðum fyrir það að vera að tala um 200 mílur sem kæmu einhvern tíma að afloknum hafréttarfundunum en 50 mílurnar væru verkefni dagsins. Það má vel vera að svo hafi verið en við náðum a.m.k. 200 mílunum skömmu síðar og sameinuðust um alla þá baráttu í mikilli eindrægni.

Síðan kom Jan Mayen deilan. Eins og menn fylgdust með gerðist það 29. og 30. júní 1979 að hingað kom fríð fylking manna. Það var Frydenlund, utanríkisráðherra Norðmanna, Evensen, landhelgisráðherra og hafsbotns m.a., hafréttarráðherra þeirra, Bolle sjávarútvegsráðherra ásamt Anlin nokkrum sem var yfirmaður réttardeildar norska utanríkisráðuneytisins. Þeir lentu hér á þotunni sinni með eins eða tveggja daga fyrirvara og sögðust eiga brýnt erindi við Íslendinga. Þeim var boðið í ráðherrabústaðinn hinn 29. júní og þá var tilboð þessara herramanna að við mættum fá að veiða 60 þús. tonn af loðnu í tvö ár ef við afsöluðum okkur öllu tilkalli til alls Jan Mayen svæðisins eins og það leggur sig. Meira að segja máttum við ekki halda okkar 200 mílum óskertum heldur átti þar að vera miðlína. Rifist var um þetta allan daginn og fram á kvöld og þeir fóru síðan að sofa og gerðu ekki úr hótun sinni að fara í burtu vegna þess að við neituðum þessu. Síðar voru svo raddir sem sögðu að við hefðum samið af okkur að þiggja þetta ekki, þessi lifandis ósköp. Reyndar hækkuðu þeir sig morguninn eftir í 70 þús. minnir mig frekar en 80 þús. tonn. Hvað erum við að veiða núna? Ári síðar fengum við 85% af íslensku loðnunni, þetta er íslenski loðnustofninn. Þetta er í gildi enn þann dag í dag og hvað erum við núna að veiða af loðnunni? Rúm tvö hundruð þúsund.

Þarna vannst þessi sigur í framhaldi af því. (Gripið fram í.) Rúm 300 tonn líklega. Síðan ári seinna gerðum við einn af merkustu hafréttarsamningum sem gerðir hafa verið þar sem Elliot Richardson, fyrrum dómsmálaráðherra Bandaríkjanna og mjög mikils metinn, aðalfulltrúi Bandaríkjamanna á hafréttarráðstefnunni, var oddamaður í samninganefnd sem lagði grunninn að samningi við Noreg um hafsbotnsréttindi á Jan Mayen svæðinu. Þá er enn hægt að líta á þetta kort. Í þeim samningi var ákveðið að við hefðum sameign og samnýtingu á auðæfunum þar en Norðmenn mundu

kosta frumrannsóknir á bæði Jan Mayen hrygg og Kolbeinseyjarhryggnum og út úr þeim rannsóknum hefur þegar komið að líkur eru fyrir að þar gæti verið um mjög mikið af gasi og olíu að ræða alveg eins og á Hatton-Rockall svæðinu. Nú er ég ekki að predika það að við eigum að gerast einhverjir olíufurstar en við eigum þó alla vega að hafa lögum samkvæmt rétt til þess að hindra aðra í raskinu og til þess að vernda þessi höf um aldur og ævi, rækta þau og nytja. Þetta er bara smámál sem kemur sáralítið til umræðu á Alþingi núna. Það eru allir hlutir aðrir sem kalla að sem ættu nú að vera eitthvað ómerkilegri sumir hverjir a.m.k.

Ég ætla ekki að fara mikið lengra aftur í tímann af því að við fáum tækifæri til þess að ræða þetta mál þegar það kemur aftur frá nefnd. En ég vil vekja á því athygli að það er alveg ljóst að það eru ekki bara 200 mílurnar sem okkar fiskveiðiréttindi ná til heldur landgrunnið allt. Kannski tekur það einhvern tíma. Við erum að semja okkur áfram en við eigum að sjálfsögðu að hindra aðra í öllu sem við getum löglega gert, alla útlendinga í því að valsa um okkar höf í ólögmætum tilgangi, þ.e. til þess að reyna að stunda veiðar jafnvel þótt þær væru utan 200 mílnanna ef þær eru inni á landgrunninu sem við eigum. Það eru allt aðrar reglur sem gilda um landgrunnið en efnahagslögsöguna. Það er misskilningur að við Íslendingar séum eitthvað að berjast fyrir því nú. Við erum að berjast fyrir miklu meiri rétti eins og ég hef sýnt fram á og ég veit að allir munu fletta upp í möppunni sinni þegar tími gefst í kvöld eða á morgun eða hvenær sem það verður.

Þess vegna held ég að ég ljúki þessu stutta máli með því að benda á að stungið var upp á því að þetta mál færi til sjútvn. Svo er mál með vexti að allt frá 1922 og til 1928, en utanríkismál tókum við ekki í hendur okkar fyrr eða öllu heldur utanrmn. var ekki kosin á Alþingi fyrr, þá fóru öll þessi mál að sjálfsögðu til sjútvn. og ég hef ekkert á móti því að málið fari til sjútvn. En ég hef rætt um það bæði við formann sjútvn. og frsm. og flm. eða hæstv. ráðherra, sem leggur þetta stjfrv. fram, að nefndirnar geti að einhverju leyti starfað saman og er það auðvitað alveg sjálfsagt. Við eigum að hafa algera einingu í þessu og best er auðvitað að starfa innan veggja utanrmn. því að þar eru menn eiðsvarnir að flytja ekkert það út sem gæti skaðað okkar hagsmuni og það hefur aldrei brugðist í mestu hagsmunamálum. Það hefur aldrei brugðist þann tíma sem ég hef fylgst með störfum utanrmn. að neinn hafi komið neinu því á framfæri sem gat skaðað okkur, þjóðina. Við höfum rifist okkar á milli um alla mögulega hluti og þá hafa menn auðvitað getað metið aðstæður. Í þingskapareglum segir að formaður nefndar eða ráðherra geti tekið fram að það þurfi að gæta trúnaðar. Það hefur orðið þannig að menn hafa ekki tekið neitt fram heldur hafa allir vitað að fullur trúnaður skuli vera. Ég man ekki eftir því að neinn hafi nokkru sinni rofið þann trúnað. Þess vegna held ég að sé mjög gott að nefndirnar starfi saman og við vinnum kannski okkar stærsta sigur alveg á næstunni með því að ljúka við að taka í okkar hendur þau réttindi sem þetta merkilega skjal hefur að geyma ef rétt er lesið. Um þetta verður auðvitað miklu lengri og efnismeiri ræða af minni hálfu og vonandi taka fleiri þátt í henni þegar málið kemur til 2. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski óvenjulegt að byrja andsvar með þeim hætti að þakka hv. þm. fyrir þá ræðu sem hann flutti hér. Ég vil nota þetta form til þess að koma þeirri skoðun minni á framfæri að nauðsynlegt sé við meðferð málsins að þeim spurningum sem hv. þm. bar hér fram verði svarað. Hvaða skip eru það sem menn eru aðallega að hugsa um í þessu sambandi? Eru menn hugsanlega að auðvelda erlendum skipum að stunda veiðar á þeim hafsvæðum sem Ísland á rétt til með því að opna þessi ákvæði?

Hv. þm. rifjaði upp Jan Mayen málið. Það var mjög lærdómsríkt fyrir mig nýkominn á þing að taka þátt í því máli 1978–1979 vegna þess að þá var það þannig að fæstir þingmenn tóku mikið mark á því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í því máli. En niðurstaðan varð sú að hann hafði rétt fyrir sér og við eigum honum þess vegna, ég ætla nú ekki að segja meira en öðrum, en ásamt ýmsum öðrum það að þakka að Íslendingum tókst að tryggja sér rétt sem Norðmenn ætluðu aldrei að láta okkur fá og var hann þó í stjórnarandstöðu, hv. þm. þá. Ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir þingið að húrra þessu máli ekki alveg svona í gegn, athugunarlítið eða athugunarlaust, heldur svara þessum einföldu en skýru spurningum sem hv. þm. bar fram vegna þess að enginn hér í þingsalnum hefur slíka reynslu í landhelgisbaráttu Íslendinga eins og þessi ágæti þingmaður. Allir hinir sem hafa þá reynslu eru horfnir úr þingsalnum.

Ég vil svo eindregið styðja þá ósk að hv. utanmrn. fái einnig að skila áliti um þetta frv. þannig að það liggi fyrir álit utanmrn. í málinu en ekki bara sjútvn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Umræðan hefur breyst dálítið við síðustu ræðu og ég vil taka undir að þar var afskaplega merkilegum málum hreyft. Ég tel fulla ástæðu til þess að taka undir það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að segja áðan um það að utanrmn. fái tækifæri til þess að segja sitt álit á þessu máli því að fram að þessu hafa umræður um þetta mál gengið þannig að menn hafa rætt stuttlega um málið í líkum dúr og þegar sveitarfélög setja t.d. reglugerðir um hundahald sem byrja ævinlega: „Hundahald er bannað.“ En svo koma undantekningartilvikin þar sem hundahald er auðvitað leyft.

Þessu hefur verið öfugt farið með aðgang skipa að þjónustu í landinu. Okkur er sagt að það sé með lögum bannað en leyft samt sem áður með undantekningarákvæðum sem ráðherra hafi ævinlega. En það stendur þó í 3. gr. þessa lagafrv. að sjútvrh. sé „...þó heimilt að takmarka heimildir samkvæmt 1. mgr. vegna skipa, er stunda veiðar úr nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu, hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu við-

komandi stofns við stjórnarvöld hlutaðeigandi ríkis. Má takmarka heimildir við nauðsynlega neyðarþjónustu." Ég veit ekki hvort þetta er nægilega öflugur varnagli til þess að hafa þegar upp gætu komið einhvers konar ágreiningsmál um hluti í sambandi við nýtingu á einhverju öðru en fiskstofnunum t.d. og auðvitað þarf mikillar aðgæslu við og er full ástæða til að taka til greina varnaðarorð þeirra manna sem best þekkja.

Ég hafði samt hugsað mér að taka fyrst og fremst þátt í þeirri umræðu sem hefur farið fram um skipasmíðar í þessari umræðu vegna þess að til þess hafa æðimörg tilefni orðið. Hér hafa verið bornar fram mjög alvarlegar ásakanir á hendur stjórnmálaflokkum og hæstv. iðnrh. sagði það beinum orðum í ræðustólnum að samstarfsflokkar hans, og tiltók sérstaklega Framsfl., hefðu komið í veg fyrir að hans hugmyndir um að styðja við bakið á skipasmíðaiðnaðinum kæmust til framkvæmda. Ekki var hægt að segja það skýrar. Og hann lét að því liggja að Alþb. hefði ekki stutt við bakið á honum í þessu máli. Ég hef um það aðrar upplýsingar og ég get ekki skilið við þessi orð öðruvísi en sem mjög alvarlegar ásakanir. Ég held að það hljóti að kalla á skýringar og það er mjög slæmt að hér skuli ekki vera mættur hv. 1. þm. Austurl. til þess að bera vitni í þessu máli þar sem sagt var beinum orðum um hann að hæstv. fyrrv. sjútvrh. hefði ekki gert neitt í því að framfylgja þeim hugmyndum gagnvart Fiskveiðasjóði og öðrum aðilum sem hæstv. iðnrh. hafði þó verið að leggja til. Þarna var hann að tala um sömu ráðstafanir og hafa verið hér til umræðu, þ.e. að auka muninn á lánafyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs við innlenda smíði gagnvart erlendri og auk þess að skipasmíðastöðvar fengju aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs og hefðu þar áhrif með þeim hætti.

Ég verð samt að segja og vel má vera að það hafi verið vegna þess að hæstv. iðnrh. hafi séð að hann ætti ekki mikla möguleika á að fá sínum málum framgengt, þá hlustaði ég á hann og tók þátt í fundi þar sem hann var mættur til skrafs við bæjarstjórnarmenn frá Akranesi. Hann sagði við okkur beinum orðum á þeim fundi að ekki væri nein von til þess að Íslendingar gætu smíðað skip, þeir hefðu ekki samkeppnismöguleika. Þetta sagði hann við okkur á fundi uppi á Akranesi (Gripið fram í.) og ég tók það þannig að það væri hans skoðun. Ég veit ekki hvort það hefur verið vegna þess að hann var búinn að missa vonina í þeirri ríkisstjórn sem hann tók þátt í eða vegna þess að hans skoðun var sú að þetta væri vonlaust mál, en a.m.k. viðhafði hann þessi orð. En nú hefur hann upplýst það hér í umræðunni að hann hafi verið að berjast með blóð undir nöglunum fyrir því að gera íslenskum skipasmíðaiðnaði kleift að taka þátt í samkeppninni við erlendan iðnað og það er vel. Það ætti þá að þýða að nú sæjum við árangur, að nú gerðust þessir hlutir sem hæstv. iðnrh. var að berjast fyrir á sínum tíma í þeirri ríkisstjórn sem nefnd var áðan.

Ekki hefur þetta gengið áfallalaust enn þá þó að komin sé ný ríkisstjórn því að á lokaspretti samningsins um Evrópskt efnahagssvæði var slegið af þeirri kröfu að skipasmíðastöðvar EFTA-landa nytu sömu samkeppnisskilyrða og EB-þjóðir. Það kom vel fram og Jón Baldvin, hæstv. utanrrh., orðaði það þannig: „Við þurftum að gefa nokkuð eftir í málum skipasmíðaiðnaðarins," sagði hann eftir þessa lotu. Hæstv. iðnrh. hefur sagt að hann geri sér vonir um að staðið verði við það að 1993 verði felldur niður stuðningur við skipasmíðaiðnaðinn í EB-löndum og þá segi ég: Þá er aldeilis kominn tími til að bretta upp ermarnar hér á Íslandi ef við eygjum þá von að árið 1993 hverfi niðurgreiðslur upp á allt að 28% á skipasmíðaverkefni í EB-löndunum og upp á kannski 12% í norskum skipasmíðastöðvum sem ég hef upplýsingar um að sé nokkurn veginn það sem niðurgreiðslur eru núna.

En þessi tala um niðurgreiðslurnar í norskum skipaiðnaði vakti reyndar athygli mína, 12%. Það er tala sem ég tel að við eigum alveg að ráða við að berja frá okkur. Og í þingmáli sem við höfum lagt fram, Svavar Gestsson o.fl., höfum við bent á að taka ætti upp jöfnunargjald á útlenda skipasmíði sem flutt er inn upp á 6% sem yrði þá helmingurinn af því sem þarna er um að ræða. Ég held að full ástæða sé til þess að sýna viðleitni í þessa átt vegna þess að við eigum ekki að láta önnur lönd komast upp með það endalaust að greiða niður skipaiðnað og veita honum ýmiss konar vilyrði og þjónustu og gera svo ekkert í málinu sjálfir. Við höfum látið það líðast allt of lengi og ef við getum verið bjartsýnir á að nú verði breytingar á í framtíðinni, megum við alls ekki láta tímann líða án þess að reyna að byggja aftur upp þá starfsemi sem hér var í íslenskum skipasmíðum. Í þessu landi eru einhverjir mestu möguleikar sem hægt er að finna til þess að hafa öflugan skipaiðnað. Við eigum svo gífurlega stóran heimamarkað. Við höfum ekki reynt að stjórna því á nokkurn hátt hvernig endurnýjun báta- og skipaflotans er háttað. T.d. er bátaflotinn nú allur meira og minna úreltur. Menn hafa ekkert verið að endurnýja í bátaflotanum. Það eru örfáir aðilar sem hafa látið smíða báta á undanförnum árum. Ég hef ekki fylgst nægilega vel með því en ég veit þó að gerðir voru samningar um tvö skip á Vesturlandi í sumar. Þessir samningar upp á 700 millj. voru ekki boðnir út hér innan lands. Það var verkefni upp á 700 millj. sem fór til Noregs þar sem menn greiða skipasmíðaiðnaðinn niður um 12%. Ég tel að 12% niðurgreiðsla geti ekki verið óviðráðanleg fyrir okkur. Ég man eftir því þegar verið var að ræða sem mest um að reyna að ná verkefnum í heimabyggð milli hreppa á Íslandi og bæjarfélaga. Þá töluðu menn um að það ætti að vera allt að 15% sem gengju til móts við heimaaðila og það borgaði sig samt. Ég tel að 12% sé a.m.k. ekki of mikið. Ég held því ekki fram að ríkissjóður geti greitt svona lagað niður en ég held því fram að margt sé hægt að gera til þess að létta skipasmíðastöðvunum róðurinn og við höfum bent á ýmislegt í því sambandi í því frv. sem hefur verið lagt hér fram. Ég ætla ekki að fara að mæla fyrir því hér og ekki að lengja þessa umræðu mikið en ég taldi fulla ástæðu til þess að taka þátt í henni og benda á hvernig þessum málum er háttað núna. Það er alveg með ólíkindum að ekki skuli hafa fengist sambærilegar bankaábyrgðir á verkefnin

hér innan lands eins og fást á verkefni sem unnin eru erlendis. Mér finnst undarlegt ef hæstv. iðnrh. er að tala um að það skipti ekki svo miklu máli vegna þess að menn þekki hver annan. Þetta snýst alls ekki um það. Menn sem fara með skip til viðgerða til útlanda vita fyrir fram að þó að verkið vefji utan á sig og stækki verður það fjármagnað til enda. Ef menn hafa verið í íslenskum skipasmíðastöðvum og lent í því að verkefni hafa vafið utan á sig og orðið dýrari hefur það kostað óskaplegt erfiði að fá viðbótarfjármagn til þess að klára verkefnið.

Ég held að full ástæða sé til að muna eftir að þeir sem hafa ákveðið stuðning við skipasmíðaiðnaðinn í löndunum í kringum okkur hafa ekki gert það óhugsuðu ráði. Þetta eru menn sem vita vel hvað þeir eru að gera. Þeir hafa metið svo mikils þau störf sem fylgja skipasmíðaiðnaðinum og heildararðinn af því að hafa hann í sínum löndum að þeir eru tilbúnir að borga allt upp í 28% og það er reyndar sagt að í EB-löndunum sé mjög oft farið alveg upp undir þetta hámarksþak á stuðningnum við skipasmíðaiðnaðinn sem er 28%.

Á undanförnum árum hafa legið fyrir óskir og kröfur frá þeim sem hafa starfað í skipasmíðaiðnaðinum hér á landi. Ekki hefur verið hægt að koma til móts við nema lítinn hluta af þeim fram að þessu eða stjórnvöld hafa ekki séð sér það fært. Ég held að á eitt allra stærsta hagsmunamál íslenska skipasmíðaiðnaðarins, þ.e. að reyna að draga úr sveiflunum í endurnýjun flotans, geti stjórnvöld haft verulega áhrif og það eigi þau að gera. Það má gera auðvitað með ýmsum ráðstöfunum en fyrst og fremst held ég að fiskveiðiþjóðir geti haft þarna áhrif.

Reyndar er alveg makalaust með þennan Fiskveiðasjóð. Hann hefur verið illræmdur af stjórnmálamönnum og líka öðrum hér í þjóðfélaginu fyrir það hvernig hann hefur haldið á málum. Þar hafa menn hagað sér með undarlegum hætti. Ég bendi á eitt dæmi. Það var hlutverk Fiskveiðasjóðs að lána til smíða og viðgerða á íslenskum skipum samkvæmt lögum. Samt gat stjórn þessa sjóðs tekið ákvörðun um það í kringum 1980 að sparka út heilum flokki af viðskiptavinum sínum. Það var bara ákveðið með einfaldri samþykkt í stjórn Fiskveiðasjóðs að ekki skyldi lánað lengur til báta undir 10 tonnum. Þar með var það búið.

Það er kominn tími til að taka á þessum málum og satt að segja hef ég vissar vonir um að eitthvað gerist í því núna. Mér finnst engin ástæða til þess að efast um að menn meini það sem þeir hafa sagt hér. Hæstv. sjútvrh. hefur sagt frá sinni för niður í Fiskveiðasjóð þar sem rætt var hvernig ætti að fara að þessu. Ég trúi því að þeir taki mark ... (Gripið fram í.) Hvar sem menn hittust trúi ég því að þetta geti haft áhrif.

Ég ætla satt að segja að vona að hæstv. iðnrh. treysti sér til þess að koma hér upp í ræðustól og halda því fram, sem hann hefur gert í dag, að þetta hafi verið Framsfl. og Alþb. að kenna. Hann hlýtur að hafa komið upp til að segja okkur að ekki sé þá við neinn að sakast lengur. Það sé hægt að koma þessum hlutum í gegn. Hann sagði hér í ræðustólnum að það hafi verið Framsfl. að kenna að þetta tókst ekki og hann lét að því liggja að Alþb. hefði ekki heldur stutt hann í þessum málum. Ég kann þá ekki mál að skilja ef hann hefur ekki verið að segja þessa hluti.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið en þó eru hér nokkur atriði sem ég tel skylt að komi fram.

Í það fyrsta vil ég benda virðulegum forseta á að þegar ég fór fram á það í vikunni sem leið að umræðunni yrði frestað þar til ráðherrar úr fyrri ríkisstjórn, sem ekki gátu verið viðstaddir þá umræðu, væru búnir að kynna sér efni umræðna eins og þær féllu þá, hélt ég að ekki hefði átt að fara neitt á milli mála að þar átti ég við hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh. Þess vegna kom það mér mjög á óvart þegar ég sá þetta mál á dagskrá í dag vegna þess að forsetum þingsins mátti vera ljóst að hv. 1. þm. Austurl. er þessa dagana að sinna verkefnum á vegum Alþingis erlendis og hefur þess vegna ekki tök á að fylgjast með, hvað þá að taka þátt í umræðunni nú. Þess vegna hlýt ég að árétta það sem ég sagði í síðustu viku, og ekki síst með skírskotun til ræðu hæstv. viðskrh. nú áðan, að fara þess mjög ákveðið á leit að umræðunni verði ekki lokið fyrr en hv. 1 þm. Austurl. geti tekið þátt í henni. Það átti að vera í lófa lagið fyrir forseta að haga málum þannig að svo gæti orðið.

Ég ætla ekki að fara mikið inn á þá deilu sem hér hefur verið um stöðu og orsakir þess hvernig komið er fyrir íslenskum skipaiðnaði í dag. Ég ætla hins vegar, með leyfi forseta, að leyfa mér að vitna á örfáum stöðum í ræðu hæstv. iðnrh. og viðskrh., sem hann hélt hér á hinu háa Alþingi 6. nóv. 1989, þegar vandi atvinnulífsins var til umræðu, með sérstöku tilliti til skipasmíðaiðnaðarins. Þá segir hann, með leyfi forseta:

„Við þurfum að reyna að finna lausn á þessu vandamáli sem er að viðhalda góðri skipaþjónustu í landinu fyrir okkar skipaflota án þess að grípa til styrkja eða ríkisforsjár í greininni þótt auðvitað geti komið upp þau dæmi að það sé óhjákvæmilegt að beita tímabundnum stuðningi. Þá held ég að það sé næsta hæpin ráðstöfun, eins og skilja mátti af málflutningi hv. 2. þm. Norðurl. e., að það sé gert að takmarka með einum eða öðrum hætti aðgang íslenskra útgerðarmanna, íslenskra útgerða að erlendum skipasmíðastöðvum." Og ég endurtek, að takmarka með einum eða öðrum hætti.

Ég vil vekja athygli hæstv. iðnrh. á því að undir þetta „að takmarka með einum eða öðrum hætti aðgang íslenskra útgerðarmanna ... að erlendum skipasmíðastöðvum" hlýtur að teljast það að mismuna innlendum og erlendum skipasmíðastöðvum gagnvart aðgangi að lánum úr Fiskveiðasjóði. Það er ómögulegt að skilja þessa setningu öðruvísi.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa áfram úr ræðu viðskrh. og hér heldur hann áfram: „Við höfum engin efni á því að íþyngja okkar sjávarútvegi með því að skylda hann til þess að notfæra sér eingöngu þjónustu innlendra skipasmíðastöðva."

Skömmu seinna í ræðunni segir hæstv. viðskrh., með leyfi forseta: „Styrktar eða verndaðar atvinnu-

greinar standa ekki undir þeim lífskjörum sem íslenska þjóðin gerir kröfu til. Við skulum heldur ekki gleyma því sem ég nefndi hér áðan að það standa vonir til þess að úr þessum opinbera stuðningi erlendis við skipasmíðaiðnaðinn muni draga á næstu árum. Stefnan er reyndar sú að hann hverfi í árslok 1992."

En síðan, með leyfi forseta, held ég áfram og vitna í ræðu hæstv. iðnrh.:

„En jafnvel þótt það verði ekki þá mæla öll rök og skynsemi með því að við eigum að þiggja þessar niðurgreiðslur meðan þær bjóðast. Svo einfalt er nú það. Reyndar er þetta sú stefna sem nágrannar okkar í Noregi hafa ákveðið að hverfa til. Þetta er sú stefna sem margar aðrar grannþjóðir okkar hafa sagt að sé sú eina sem hyggileg er."

Virðulegi forseti. Þarf frekari vitna við um stefnu og afstöðu hæstv. iðnrh. til innlendra skipasmíða? Ég vil biðja hv. þm. sem hafa fylgst með þessum umræðum í dag að bera þessar tilvitnanir í ræðu hæstv. iðnrh. frá nóvember 1989 saman við ræðu hans hér í dag. Miðað við það sem maður hefur heyrt í hæstv. viðsk.- og iðnrh. um skoðanir hans á aðgangi okkar að erlendum aðilum, hvort það er iðnvarningur, fjármagn eða hvað sem það er. Ég ber á vissan hátt virðingu fyrir skoðunum viðskrh., virðingu fyrir því að hann hefur a.m.k. haft kjark til þess að segja þær skýrt og skorinort sem sínar. Miðað við það sem maður hefur heyrt frá honum áður um þessi mál var falskur tónn í ræðu hæstv. iðnrh. áðan, það var falskur tónn.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég gæti að vísu, ef hæstv. iðnrh. heldur áfram að hrista höfuðið, dregið upp grein eða viðtal sem ég á í pússi mínu við hann í Neytendablaðinu frá því í vor sem leið þar sem kveður við sama í tón og ég nefndi hér áðan gagnvart hættu á því að í skjóli íslenskra áletrana á innlendri iðnaðarframleiðslu gætum við komist upp með að selja hana á innlendum markaði dýrara en innflutningur fengist á. Þannig mælti hæstv. iðnrh. þegar hann var að ræða við aðila á þeim vettvangi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa ræðu lengri. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að þegar farið var fram á frestun þessarar umræðu í síðustu viku var það frá minni hendi öðru fremur til þess að hv. 1. þm. Austurl. gæti tekið þátt í henni þegar hún héldi áfram. Ég hef rakið það hér áður að það átti að vera í höndum forseta að geta hagað máli þannig að svo mætti verða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að svara þessari athugasemd hv. þm. með því að upplýsa hann um að sennilega hefur forseti ekki verið í forsetastóli þegar hv. þm. hefur borið þessa ósk fram og ekki vitað um hana.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsso) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. endurtek ég það sem ég sagði áðan að ég harmaði fjarveru hv. 1. þm. Austurl. Það hefði verið mjög heppilegt að hann hefði tekið þátt í þessari umræðu en ég bendi á að það mun senn fara fram umræða um skipaiðnaðinn sem er hinn rétti vettvangur fyrir þetta mál og á ekki að tefja framgang málsins um rétt til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands.

En vegna tilvitnana hv. 6. þm. Norðurl. e. í þingræðu úr fyrirspurnatíma í þinginu í nóvember 1989 þá var nákvæmlega á sama tíma í ríkisstjórninni til meðferðar tillagan sem ég lýsti áðan, í nóvember 1989. Það er alls engin þverstæða í þessum málflutningi. Ég lagði þá fram tillögu, sem ég hef reyndar áður gert, um að lánafyrirgreiðsla vegna verkefna hjá innlendum skipasmíðastöðvum verði bætt m.a. með breytingum á lánareglum Fiskveiðasjóðs, að iðnrm. tilnefni fulltrúa fyrir skipaiðnaðinn í stjórn Fiskveiðasjóðs og að heimildir erlendra fiskiskipa til að sækja þjónustu til innlendra aðila verði rýmkaðar. Ég fékk ekki stuðning við þessar tillögur í ríkisstjórninni. Það vill svo til að þær allar þrjár eru á valdsviði sjútvrn. Þetta er allt sem ég þarf um málið að segja. Ég vil bara ítreka það. Það að hafa lægra lánshlutfall þegar skip eru keypt frá öðrum löndum takmarkar ekki frelsi íslenskra útgerðarmanna til að velja sér stað fyrir þau verkefni sem þeir þurfa að láta af hendi leysa. Það frelsi eiga þeir að hafa og þannig og aðeins þannig getum við búið okkar búi svo að vel fari. En við eigum líka að reyna að bæta hin almennu rekstrarskilyrði innlendra atvinnugreina. Það var tillaga mín. Hún stendur enn. Ég bind vonir við að hún muni nú ná fram að ganga og tek undir með hv. 3. þm. Vesturl. þegar hann bindur vonir við það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að lesa þær tilvitnanir upp aftur sem ég vitnaði til í ræðu hæstv. iðnrh. frá þessum haustdögum fyrir tveimur árum síðan. Hún stendur fyrir sínu. En ástæðan fyrir því að ég kem upp eru endurteknar aðfinnslur hæstv. iðnrh. yfir því að hér sé verið að tefja framgang þessa máls.

Ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á því að þeir og þeir einir sem bera ábyrgð á því, ef einhver vill tala um tafir, eru hv. formaður þingflokks Alþfl. og hæstv. iðnrh. sem kusu að beina umræðunni á þetta svið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Framhald umræðu um frv. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mér eru það vissulega vonbrigði að ekki var orðið við beiðni hv. 6. þm. Norðurl. e. um að ljúka ekki þessari umræðu nú. Ég tel óhjákvæmilegt annað en að hv. 1. þm. Austurl. og hæstv. fyrrv. sjútvrh. geti komið og verið við þessa umræðu. Eins kom það fram hjá hæstv. iðnrh. sem sagði að það væri mjög heppilegt ef sá ágæti þingmaður gæti verið við þessa umræðu. Það er nánast ómögulegt að ljúka henni vegna þeirra ummæla og ásakana sem hæstv. iðnrh. hefur ítrekað borið hér fram á fyrrv. sjútvrh. Ég trúi

því ekki, virðulegi forseti, að hann verði ekki við óskum okkar um að þessari umræðu verði frestað þannig að fyrrv. sjútvrh. geti tekið þátt í henni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er búinn nú þegar að slíta þessari umræðu en vill láta þess getið, vegna þessara athugasemda, að hann skildi það svo að hv. 6. þm. Norðurl. e. væri að lýsa óánægju sinni með að forseti hefði tekið þetta mál á dagskrá í dag þar sem hv. 1. þm. Austurl. var með fjarvistarleyfi. Forseti svaraði því að hann vissi ekki að þessi ósk hefði komið fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Auk þess vill forseti benda á að hér er aðeins um 1. umr. málsins að ræða og málið fer til hv. sjútvn. væntanlega. Þar á hv. 1. þm. Austurl. sæti og að auki á málið eftir að koma aftur úr nefnd og til umræðu. Forseti telur því að hv. 1. þm. Austurl. og aðrir sem ekki hafa haft tækifæri til að taka þátt í þessari 1. umr. hafi tækifæri til þess síðar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú vil ég biðja virðulegan forseta um að áminna hv. 17. þm. Reykv. og formann þingflokks Alþfl. um það að hann sé ekki hér sígjammandi fram í fyrir ræðumönnum þannig að það er nánast ekki stundarfriður meðan hann situr hér í þingsölum. Ég er ekki að fara fram á það að forseti geri það hér og nú en bið vinsamlegast um að hv. þm. verði tekinn tali og beðinn um að láta af þessu.

Í öðru lagi vil ég taka fram, virðulegur forseti, að ég fór, að því er ég taldi, mjög skýrt fram á það áðan að umræðunni yrði ekki lokið fyrr en hv. 1. þm. Austurl. gæti tekið þátt í henni. Ég bendi á að það eru engar líkur á að þetta mál komi aftur inn í þingsali fyrir jól. Þær ásakanir sem hér hafa verið bornar fram eru þess eðlis að það hlýtur að verða að gefa tækifæri til þess að þeim sé svarað. Ég vil benda forseta á að það var ráðherra úr hæstv. núv. ríkisstjórn sem leiddi umræðurnar inn á þessa braut. Það er ekki vænlegt upp á framhaldið þá daga sem við eigum eftir að vinna hér fram að jólum ef hæstv. ráðherrar ætla að ganga fram með þessum hætti og virðulegi forseti ætlar að láta þá komast upp með það.

48. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Nauðungarsala, frh. 2. umr.

Stjfrv., 62. mál. — Þskj. 63, nál. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–99. gr. samþ. með 39 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GB, GHelg, HÁ, ISG, JBH, MF, PJ, SighB, SAÞ, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (heildarlög). — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við umræðu málsins gat ég þess að álitamál gæti verið hvort það ætti að ganga til hv. utanrmn. eða sjútvn. Lögin sem um er fjallað, lög nr. 33/1922, voru og eru meðal merkustu löggjafar landsins, en þau voru sett til að torvelda sem mest ágang útlendinga á íslenskum fiskimiðum. Á lögunum hafa Íslendingar síðan byggt landhelgissigra sína. Um lögin var fyrir 70 árum og lengi eftir það fjallað í sjávarútvegsnefndum Alþingis, enda var utanrmn. ekki komin á laggirnar fyrr en árið 1928. Störf nefndanna hafa síðan samtvinnast á margan veg og hefur farið vel á því.

Um þetta hef ég rætt við hæstv. sjútvrh., frsm., og hv. þm. Matthías Bjarnason, formann sjútvn. Erum við ásáttir um að vel fari á því að halda góðum sið og fjalla um málið í báðum nefndum. Í þessu ljósi greiði ég því atkvæði að málinu verði vísað til hv. sjútvn. enda æskilegast og raunar sjálfsagt að svo þýðingarmikið mál sem varðar í senn mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar og utanríkismál gangi til beggja nefndanna og hljóti þar ítarlega umfjöllun.

Frv. vísað til sjútvn. með 45 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Fjárlög 1992, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 232 og 238, brtt. 233.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Fjárln. hefur lokið störfum fyrir 2.

umr. og leggur fyrir hv. Alþingi brtt. sínar við 4. gr. frv. Áður en ég geri grein fyrir þessum tillögum nefndarinnar vil ég fara nokkrum orðum um það efnahagslega umhverfi, sem ríkir þegar fjárln. leggur tillögur sínar fram.

Eitt af meginviðfangsefnum hvers Alþingis er afgreiðsla fjárlaga. Þær ákvarðanir sem teknar eru við afgreiðslu fjárlaga geta skipt sköpum um árangur í efnahagsstjórn í landinu á hverjum tíma. Þegar litið er til síðasta áratugs og borin saman áform Alþingis á hverjum tíma með samþykkt fjárlaga og afraksturs framkvæmda þeirra kemur í ljós að afkoma ríkissjóðs hefur orðið miklu verri en stefnt var að með samþykkt fjárlaga. Þáttur ríkisfjármála til að styrkja jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur ekki orðið sá sem stjórnvöld hafa stefnt að á undanförnum árum. Stöðug aukning ríkisumfangs, stöðugt aukin lánsfjárþörf ríkisins, viðvarandi rekstrarhalli og stóraukin skuldsetning ríkissjóðs hefur einkennt ríkisfjármálin síðasta áratuginn.

Sá viðvarandi hallarekstur sem verið hefur á ríkissjóði á undanförnum árum og mætt hefur verið með lántökum og því til viðbótar yfirtöku skulda svo sem frá orkufyrirtækjum, hitaveitum, Skipaútgerð ríkisins, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og uppgjör á skuldum við sveitarfélög í landinu hafa leitt til þess að heildarskuldir ríkissjóðs um síðustu áramót eru taldar vera um 150 milljarðar kr. að frádregnum endurlánum. Af þeirri fjárhæð eru 50 milljarðar kr. vegna skulda við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Eftir standa þá 100 milljarðar kr. sem eru næstum heilsárstekjur A-hluta ríkissjóðs. Vaxtakostnaður ríkissjóðs var í upphafi síðasta áratugs tæplega 5% af heildargjöldum ríkissjóðs en hefur hækkað jafnt og þétt síðustu árin og hefur verið þrjú síðustu árin um 10% af heildargjöldum og er nú svo komið að ríkissjóður greiðir árlega um 10 milljarða í vaxtakostnað. Ef greiða ætti þessa skuld upp á næstu tíu árum þyrfti að vera greiðsluafgangur hjá A-hluta ríkisins um 13 milljarða kr. á ári til að greiða afborganir og vexti af þessum skuldum. Í dag er ríkissjóður rekinn með margra milljarða króna halla og er þá ekki tekið tillit til þeirra skuldbindinga sem falla munu á ríkissjóð vegna ýmissa sjóða sem ríkið er í ábyrgð fyrir.

Eins og ég sagði áðan var vaxtakostnaður ríkissjóðs í upphafi sl. áratugar um 5% af heildarútgjöldum hans, sem ekki er óeðlilegt. Nú er hins vegar svo komið að síðustu þrjú árin hefur vaxtakostnaður numið 10% af heildarútgjöldum á ári. Þessi vaxtakostnaður ríkissjóðs, þ.e. aukningin um þessi 5 prósentustig, er samtals 4.950 millj. kr. Fyrir þessa upphæð væri hægt að byggja tvenn Vestfjarðagöng og Reykjanesbraut að auki á hverju ári.

Auðvitað ber þessi aukni vaxtakostnaður þess vitni að eyðsla umfram efni hafi verið með ólíkindum. Þetta ber vitni um óráðsíu og ístöðuleysi sem verður að stöðva.

Það fjárlagafrv., sem nú er til afgreiðslu, gerir ráð fyrir 3,7 milljarða kr. halla. Ef ekki hefði verið reynt af fremsta megni að draga úr þessum halla, ef ekkert hefði verið gert og óstöðvandi hungur hins sjálfvirka ríkiskerfis hefði verið satt og fyllstu óskum sinnt, þá hefði fjárlagahallinn orðið upp undir 20 milljarðar kr. Hins vegar má segja að í dag sé innbyggður rekstrarhalli hjá ríkissjóði á bilinu 8–10 milljarðar kr. sem er raunverulegur halli miðað við óbreytt rekstrarumhverfi.

Ein af þekktari perónum íslenskra bókmennta er án efa hinn merkilegi snærisþjófur af Akranesi, Jón Hreggviðsson. Halldór Laxness lýsir lífsbaráttu Jóns í hinu ágæta verki, Íslandsklukkunni. Sagt er meðal annars frá hinum aðskiljanlegu raunum hans vegna meintra afbrota. Í svartholinu á Bessastöðum verður Ásbjörn Jóakimsson einn af samferðamönnum Jóns Hreggviðssonar. Í annálaðri tugthúsræðu sinni segir Ásbjörn við samfanga sinn, Jón Hreggviðsson, eitthvað á þessa leið:

„Afturámóti mun íslenska þjóðin lifa um aldir ef hún lætur ekki undan hvað sem á dynur. Ég hef neitað að flytja kóngsins mann yfir Skerjafjörð, það er satt. Hvorki lifandi né dauður, sagði ég. Ég verð hýddur og það er gott. En ef ég hefði látið undan, þó ekki væri nema í þessu, og ef allir létu undan ...fyrir pestinni og bólunni, létu undan fyrir kónginum og böðlinum, — hvar mundi þetta fólk þá eiga heima?"

Þannig lætur Halldór Laxness hinn staðfasta Ásbjörn Jóakimsson, hinn heita föðurlandsvin, predika yfir Jóni Hreggviðssyni mikilvægi þess að láta ekki undan hvað sem á dynur.

Helsti vandi íslensku þjóðarinnar í ríkisfjármálum er ístöðuleysi þeirra sem með fjármunina hafa farið. Það hefur alltaf verið látið undan. Þegar eitthvað hefur vantað hafa bara verið slegin ný lán.

Þetta eru þær einföldu og sársaukafullu staðreyndir sem Alþingi og þjóðin hefur staðið og stendur enn frammi fyrir varðandi ríkisfjármálin. Ljóst er að af þessari braut verður að snúa. Það verður hins vegar ekki gert án stórfelldrar uppstokkunar í ríkisfjármálum.

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum var gengið til þess verks að ná fram haldgóðum upplýsingum um raunverulega fjárhagsstöðu ríkissjóðs og ýmissa stofnana og sjóða sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir fjárhagslega. Í opinberri umræðu hefur þetta verið kallað fortíðarvandi, sem og hann er. Þær upplýsingar sem nú hafa birst um þennan vanda hljóta að kalla á að þær upplýsingar sem lagðar eru fyrir Alþingi til ákvörðunar um skuldbindingar ríkissjóðs séu haldbetri en verið hefur og ekki síður að Alþingi sjálft geri kröfur þar um.

Ég vil aðeins nefna eitt dæmi sem er 6. gr. fjárlaga. Þar eru opnar heimildir til handa fjmrh. að takast á hendur fjölmargar fjárhagslegar ákvarðanir án þess að í fjárlögum sjálfunum sé gerð grein fyrir þeim töluleg a nema að litlu leyti. Oft á tíðum hafa þessar heimildir valdið milljarða króna útgjöldum hjá ríkissjóði. Þá má nefna í þessu sambandi að samkvæmt yfirliti frá fjmrn. hafði síðasta ríkisstjórn skuldbundið ríkissjóð á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs með heimildum í fjárlögum og/eða lánsfjárlögum fyrir útgjöldum sem

talið er að nemi tæpum 6 milljörðum kr. og til viðbótar því gert ýmiss konar samninga, þar með talinn búvörusamning með fyrirvara um samþykkt Alþingis er hljóðar upp á 6,5 milljarða kr. Greiðsluskuldbindingar vegna þessara samninga eru á bilinu 2 til 3 milljarðar kr. á þessu og næstu þremur árum sem binda hendur stjórnvalda í framtíðinni og gera alla viðleitni til breytinga á útgjaldamynstri ríkisins erfiða. Telja verður að þessi vinnubrögð séu ekki boðleg fyrir Alþingi þar sem fjárveitingavaldið er í höndum þess og því brýnt að hér verði breyting á.

Þá er ljóst að á næstu árum munu falla á ríkissjóð umtalsverðar fjárhæðir vegna ýmissa sjóða sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir. Þar má nefna gjaldþrot Framkvæmdasjóðs Íslands, útlánatöp Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, ábyrgðir sem ríkissjóður hefur gengist í vegna laxeldis og loðdýraræktar, svo eitthvað sé nefnt.

Ekki verður skilið við umræður um fjárhagsvanda ríkissjóðs án þess að nefna lögbundin lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Talið er að yfir 50 milljarða kr. skuldbindingar séu ógreiddar af hálfu ríkissjóðs vegna lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna í árslok 1991, sem falla á hann greiðslulega á næstu áratugum. Árlega hækka þessar skuldbindingar á bilinu 4 til 5 milljarðar kr. bæði vegna réttinda sem menn hafa áunnið sér og svo nýrra skuldbindinga. Fjöldi þeirra aðila sem njóta þessara réttinda er um 40 þúsund einstaklingar. Þegar réttindi þessara aðila eru borin saman við aðra lífeyrisþega í landinu kemur fram hróplegt misræmi þar sem opinberir starfsmenn búa að þessu leyti við miklu betri kjör en aðrir. Ljóst er að á þessu máli verður að verða breyting. Annars vegar er ljóst að ríkissjóður sem atvinnurekandi getur ekki með óbreyttri tekjuöflun borið þessi útgjöld öllu lengur og svo hins vegar, sem er *miklu alvarlegra mál, að innan skamms verður þjóðinni skipt í tvo hópa hvað varðar afkomu*, þegar að lífeyrisaldri kemur, þar sem alþingismenn og ráðherrar tróna á toppnum. Fjmrh. hefur boðað viðræður við félög opinberra starfsmanna um þessi mál og ber að fagna því. Ég legg áherslu á að þessi vandamál verður að leysa með samkomulagi aðila.

Við fjárlagagerð kemur auðvitað margt fram sem betur má fara. Þeir sem nýir koma að þessu verkefni sjá hlutina kannski í öðru ljósi en aðrir. Það er t.d. ekki til sú ríkisstofnun sem ekki kvartar yfir of litlum fjárveitingum. Það er talað um fjársvelti, skilningsleysi og jafnvel illt innræti þeirra, sem um fjárveitingar fjalla.

Þegar málin eru skoðuð kemur ýmislegt í ljós. Um innihaldið má auðvitað deila en samstarf mitt við meðnefndarmenn mína í fjárln. tel ég vera í besta lagi. Það vilja allir vera réttlátir. Það vilja allir gera vel. Takmarkað fjármagn setur hins vegar skorður sem öll heimili í landinu þekkja. Það getur enginn gert allt fyrir alla.

Ég hef mikið velt því fyrir mér, kannski vegna uppruna míns, hve mikil ringulreið virðist vera í kjaramálum opinberra starfsmanna. Það er reyndar víða þannig. Það er ef til vill ekki viðeigandi að nefna þetta á þeirri stundu er samningaviðræður eiga sér stað og svigrúm afar takmarkað og þjóðartekjur minnka fimmta árið í röð, en það er að mínu viti mjög þarft.

Það taxtakerfi, sem samið er um, virðist gjörsamlega úr sér gengið. Það virðist aðeins notað fyrir þá sem litlar varnir geta sér veitt. Fyrir þá sem fá lægstu laun. Svona hefur þetta verið í áraraðir.

Feluleikur og hvers kyns mismunun í flestum þáttum kerfisins virðist ótrúlega algengur og þegar listi yfir launatekjur hjá ríkinu er skoðaður kemur ýmislegt skrautlegt í ljós. Ekki ætla ég að ræða hann hér en hlutföll eru mjög á annan veg en opinberlega er fjallað um. Víða í kerfinu er utan kjarasamninga samið um óunna yfirvinnu sem sjálfsagt er í mörgum tilfellum gert til að leiðrétta eða til að koma til móts við markaðinn eins og oft er sagt. Ég fullyrði samt að þetta er *óeðlilegt. Þetta er feluleikur sem bitnar á öllum hinum*, sem oft á tíðum hafa ekki sömu aðstöðu og þeir sem á toppnum sitja.

Ekki ætla ég að leggja mat á upphæðirnar að öðru leyti en því að mér finnst þær hæstu reyndar ljósárum fjarri veruleikanum hjá öðrum launastéttum. Hitt er annað að komist ríkið ekki hjá því að greiða þessar upphæðir er miklu heiðarlegra að ganga hreint til verks og viðurkenna það.

Ég hef líka velt því fyrir mér hvort ekki er ástæða til að breyta samningsferlinu frá því sem viðgengist hefur í áratugi. Þegar stjórnmálamenn hafa ætlað að sýna aðhald í ríkisrekstri er gjarnan gripið til almenns niðurskurðar; svo hefur verið á liðnum árum. Ekki er óeðlilegt að það verði gert nú vegna þess gífurlega vanda sem vaxið hefur að undanförnu og afar lítill tími til stefnu. Slíkt gengur hins vegar ekki til lengdar. Það er í eðli sínu óréttlát aðgerð. Hún kemur ekki réttlátlega niður.

Það sem gerist er að þeir, sem hafa lagt sig alla *fram um að halda sig innan fjárveitinga fá sömu meðferð* og hinir sem sukka með fjárveitingar og skiptir engu hvað áætlað er, fara fram úr fjárveitingum og taka sér sjálfir vald til fjárveitinga. Það er hins vegar fyrirhugað í nánu samstarfi við fjárln. að kannski kemur að því að skoða einstakar stofnanir niður í kjölinn, vega og meta hvernig megi draga úr útgjöldum og hvort ástæða er til að viðkomandi stofnun starfi yfirleitt.

Nú hefur sú breyting verið gerð á þingsköpum Alþingis að fjárln. er heilsársnefnd. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að nefndin hafi frumkvæði að því að gera athugun á ýmsum stofnunum og að hún fylgist nánar með framkvæmd fjárlaga í beinu og góðu samstarfi við Ríkisendurskoðun.

Þá er einnig ástæða til þess að nefndin taki sérstaklega fyrir og vinni meira en verið hefur við tillögur um úrbætur í ríkisrekstri og hef ég þá í huga stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar.

Á fyrstu níu mánuðum þessa árs fóru fjölmargar stofnanir fram úr heimildum fjárlaga. Var umframeyðslan frá 1 millj. til 1.000 millj. kr. Auðvitað er í sumum tilfellum um skýringar að ræða en fáum. Við slíkt verður ekki unað. Það er ekki stofnana eða forráðamanna þeirra að taka sér vald sem þeir ekki hafa.

Það er Alþingis að meta þessa hluti.

Komi í ljós að um vanáætlun eða mistök er að ræða er það Alþingis eða fjárln. að fjalla um það hverju sinni. Aðalreglan hlýtur að vera sú að það, sem Alþingi samþykkir, sé virt. Þeir sem ekki una því eða virða það eiga að víkja líkt og tíðkast þegar hinn almenni borgari er dæmdur fyrir að taka sér fé ófrjálsri hendi.

Ástæða er einnig til að skoða á hvern hátt unnt sé að láta þær stofnanir, sem standa sig vel í meðferð fjármuna, njóta þess sérstaklega. Það getur reyndar vart talist tilætlunarsemi að menn fari að lögum. Fjárlög eru lagafyrirmæli um það hvað hver stofnun á að hafa umleikis. Ef stofnun er vel innan markanna á hún að njóta þess.

Það fé, sem þannig verður eftir innan stofnunarinnar mætti nota til uppbyggingar innan hennar eða til þess að veita starfsmönnum launauppbót og þannig er viðurkennt að góð útkoma stofnunar sé einnig starfsfólkinu að þakka. Ekki er vafi á því að það er ástæða til að gera stofnanir að sjálfstæðari einingum og auka ábyrgð stjórnenda.

Ég tel það líka umhugsunarefni hve launakjör innan kerfisins eru misjöfn, hve launakökunni er misjafnt skipt. Það er átakanlegt að það skuli vera umsamið réttlæti að þeir sem verða fyrir líkamlegu erfiði eða vinna við umönnun annarra skuli vera á eða við lágmarkslaun á meðan aðrir fitna á möppum, pappírum og aðstöðunni einni.

Þegar litið er til hinna heföbundnu útgjalda ríkissjóðs eru útgjöld vegna heilbrigðis- og menntamála fyrirferðarmest en þau taka rúmlega helming allra útgjalda A-hluta ríkissjóðs. Stöðug raunaukning þessara útgjalda er mikið áhyggjuefni. Þannig er talið að á árabilinu 1986–1990 hafi raunaukning útgjalda lífeyristrygginga orðið um 25% og vegna sjúkratrygginga um 20%. Þá virðist vera til staðar sjálfvirkni í menntakerfinu sem kallar á yfir 100 störf árlega vegna skólastarfsemi í landinu. Og rétt er að geta þess að samtals fjölgaði starfsmönnum ríkisins um 636 stöðugildi á síðasta ári.

Það vakti athygli mína í þeim fjölda viðtala, sem áttu sér stað í fjárln., hve margir kvörtuðu yfir viðhaldi bygginga. Svo virðist sem sparnaður eða kappið við að byggja nýtt hafi orðið til þess að viðhald bygginga ríkisins hafi gersamlega setið á hakanum. Flestar byggingar ríkisins eru að hrynja. Viðhaldið hefur svo gersamlega verið vanrækt.

Frá árinu 1971 til og með 1989 hefur verið varið um 10 milljörðum kr. á verðlagi í nóvember 1991 til framkvæmda við byggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkisspítala.

Mörg stór sjúkrahús voru reist fyrir þann tíma og má þar nefna stóran hluta Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Sjúkrahús Akraness, Sjúkrahúsið í Neskaupstað og fleiri. Segja má að byggingu heilsugæslustöðva um landið sé nú lokið, aðeins er eftir að byggja heilsugæslustöðvar á Eskifirði og í Grundarfirði en vinna við hönnun stendur yfir. Þessir fjármunir hafa ekki nýst eins og best verður á kosið.

Verkáfangar hafa verið slitnir í sundur vegna takmarkaðra fjárveitinga sem hefur leitt af sér langan byggingartíma og að dómi sérfræðinga dýrari byggingar en ella. Dæmi er um að bygging á 735 m^2 húsi, sem ætti að kosta um 75 millj. kr., hafi tekið rúm 12 ár þegar eðlilegur byggingartími hefði verið 2–3 ár.

Þegar þeim fjármunum sem veitt er til þessara framkvæmda er skipt hefur til þessa það sjónarmið ráðið að sem flestir fái einhverja úrlausn, án tillits til hagkvæmni eða með einhvers konar kjördæmapoti af versta tagi.

Þegar slíkar byggingar taka jafnlangan tíma og raun ber vitni verður hönnunarkostnaður meiri en eðlilegt getur talist vegna mikilla breytinga á herbergjaskipan og innréttingum, sem óhjákvæmilega verða á t.d. 12 árum. Dæmi er um að ellefu ný stöðuheiti hafi orðið til innan sjúkrahúsa á byggingartíma eins sjúkrahúss úti á landi.

Við athugun hefur komið í ljós að frá 1980 til 1989 hefur verið veitt fé á fjárlagalið 08-391 til viðhalds 149,2 millj. kr. á verðlagi í nóvember 1991, en aðeins 107,6 millj. kr. eða um 1% af framkvæmdafé áranna 1971 til 1989 verið notaðir til viðhalds. Þegar kreppir að í rekstri hjá þessum stofnunum freistast menn til að grípa til þessara fjármuna og geyma viðhald bygginganna.

Margar þessara stóru bygginga eru illa farnar vegna skorts á fjármunum til viðhalds. Ekki er vafi á því að á næstu árum er rétt að draga verulega úr nýbyggingum og veita þess í stað fjármagni til viðhalds. Dæmin þekkja menn frá Þjóðleikhúsi og Þjóðminjasafni. Þó ekki sé um marga milljarða að ræða við hvert verkefni, eins og menn hafa heyrt um vegna þeirra bygginga, er samt um verulegar fjárhæðir að ræða við sum þessara verkefna.

Til dæmis eru þrjár byggingar sem óhjákvæmilegt verður á þessu ári að veita fé til viðhalds á. Þar er áætlaður viðhaldskostnaður samtals 135 millj. kr. Við eina þessara bygginga var kostnaður samtals 135 millj. kr. Ein þessara bygginga var tekin í notkun 1987 en framkvæmdir við byggingu hennar hófust árið 1974.

Það er engin skynsemi í því að halda áfram nýbyggingum þegar ekki virðast efni til að halda þeim verðmætum við sem búið er að koma upp. Það mundi enginn einstaklingur gera og það sama hlýtur að gilda fyrir ríkissjóð.

Samkvæmt spám um afkomu þjóðarbúsins á næsta ári horfir þunglega í íslenskum þjóðarbúskap á árinu 1992. Talið er að áframhald verði á því samdráttarskeiði sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf allt frá árinu 1987. Það sem fyrst og fremst veldur þessu er langvarandi samdráttur í sjávarútvegi. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að botnfiskaflinn á árinu 1992 verði 17% minni en á yfirstandandi ári. Þá má nefna að frá árinu 1987 til þessa árs hafa þjóðartekjur á mann lækkað að raungildi um 6,5%. Sé miðað við þær spár sem nú liggja fyrir um árið 1992 verða þjóðartekjur orðnar um 13% lægri en þær voru á árinu 1987.

Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af atvinnuöryggi verkafólks í kjölfar minnkandi botnfiskafla. Það

er einfalt reiknisdæmi að með núverandi skipulagi veiða og vinnslu minnkar atvinna fiskverkafólks um næstum tvo daga í viku verði aflasamdráttur nálægt 20%. Þetta verður með öllum ráðum að koma í veg fyrir og hlýtur þess vegna athyglin að beinast að því hve ótrúlega mikill afli er fluttur á markaði erlendis án þess að íslenskt verkafólk komi nálægt vinnslu aflans.

Þrátt fyrir þann aflasamdrátt sem lýst er hér að framan hefur afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi hlutfallslega ekki versnað sem aflasamdrættinum nemur. Þar kemur til að fiskverð hefur hækkað mikið á undanförnum árum. Talið er að verð á botnfiski, mælt í SDR, hafi hækkað um rúmlega 12% milli áranna 1989 og 1990. Þjóðhagsstofnun áætlar að verðið hækki um 10% milli áranna 1990 og 1991. Hins vegar er ljóst að afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi er mjög mismunandi og mörg þeirra eiga við verulegan rekstrarvanda að stríða, einkum vegna mikilla skulda og fjármagnskostnaðar.

Það samdráttarskeið sem gengið hefur yfir íslenskan þjóðarbúskap að undanförnu hefur komið fram í auknu atvinnuleysi. Atvinnuleysi á tímabilinu 1980–1988 var að meðaltali 0,7% af vinnuafli. Á árunum 1989 og 1990 mældist atvinnuleysi hins vegar 1,7% bæði árin. Atvinnuleysi hefur í ár minnkað nokkuð og er nú gert ráð fyrir að það verði um 1,4% af vinnuaflinu. Útlit er fyrir að atvinnuleysi muni aukast og áætlað er að það geti farið í 2,6% af vinnuafli næsta árs ef ekki verður breyting á.

Tilraunir okkar til að stækka þjóðarkökuna hafa að mestu brugðist. Milljarðar af þjóðarauðnum hafa tapast í laxeldis- og loðdýrafyrirtækjum og þrátt fyrir góðar vonir og mikið starf hafa fyrirætlanir okkar á sviði stóriðju brugðist í bili. Í næstum tvo áratugi hafði því ekki verið sinnt að leita eftir samvinnu við sterka aðila um byggingu stóriðju. Þegar það var loks gert og hyllti undir árangur brugðust ytri aðstæður. Byggingu nýs álvers hefur verið frestað um sinn, svo vissulega er útlitið ekki bjart.

Það er einlæg von mín að samningsaðilar nái saman á skynsamlegum nótum. Sagan hefur kennt okkur Íslendingum að stóru stökkin í kjarasamningum hafa reynst röng. Sjálfur hef ég verið þátttakandi á þeim vettvangi í áratugi. Á því tímabili var verðbólgan og fylgifiskar hennar helsta viðfangsefnið.

Eðlilega krafðist verkalýðshreyfingin þess að fá sanngjarnan hlut í þjóðartekjunum. Það grundvallaratriði var og er tekist á um bæði á hinum almenna vinnumarkaði og hjá því opinbera. Auðvitað hafa báðir aðilar gert mistök á áðurgreindum vettvangi. Það sem efst situr þó í huga mínum frá fyrstu árunum er minningin um hversu lítið var oft hugsað um framtíðina. Nánasta umhverfi og vandamál líðandi stundar var oftast efst á baugi á þessum vettvangi. Hjá verkalýðshreyfingunni hefur þetta breyst. Þar eru viðhorfin allt önnur en áður. Nú er það eitt meginefni í kjaramálaályktunum verkalýðsfélaganna að krefjast stöðugleika í efnahagsmálum og vara við verðbólguófreskjunni.

Af þessu gætu aðrir lært. Ár eftir ár hafa kröfur um útþenslu ríkiskerfisins aukist. Ár eftir ár hafa fjárlög verið þannig úr garði gerð að helst mætti ætla að þeir sem þau gerðu og samþykktu hefðu trúað því í alvöru að þeir ættu aðeins eftir eitt ár á þingi. Eða trúað því að eftir líðandi ár kæmi ekki annað ár. Ríkissjóður hefur átt sér fáa formælendur. Menn hafa horft fram hjá því að það er grundvallaratriði að ríkissjóður sé rekinn án halla. Ef það er ekki gert verkar það út um allt þjóðfélagið.

Vaxtastigið verður hærra ef ríkissjóður veður eins og villidýr um bankakerfið. Það verkar síðan á heimilin í landinu og atvinnulífið. Það eyðileggur heimilin og tortímir fyrirtækjunum. Allir tapa.

Síðustu áratugir hafa verið tímabil uppgangs og aukinna þjóðartekna. Stjórnmálamenn og þjóðin öll hefur viljað fara hratt, hratt burt frá örbirgð til bjargálna, hratt til uppbyggingar og meira umfangs. Allir hafa kappkostað að byggja upp betra þjóðfélag. Fáir hafa spurt: Förum við of hratt, eða kostar þetta eitthvað? Ef eitthvað vantaði voru bara tekin erlend lán.

Halli á ríkissjóði hefur síðustu árin fremur verið regla en undantekning. Meira að segja þegar góðærið var mest þá var mikill halli á ríkissjóði, sem er víðs fjarri heilbrigðri skynsemi.

Oft hafa ríkisstjórnir flutt fjárlagafrv., sem tilgreindi hallalausan ríkisbúskap. Alþingi hefur líka oft afgreitt fjárlög, sem sýndi jákvæða niðurstöðu. Því miður hafa þetta yfirleitt reynst ómerkilegar sjónhverfingar sem nú koma okkur í koll.

Það er athyglisvert og þess verður minnst í sögunni að síðustu árin hafa það verið aðilar vinnumarkaðarins sem hafa átt frumkvæði að því að ná tökum á verðbólgunni og skapa stöðugt efnahagsumhverfi. Ekki hefur skort vilja hjá viðkomandi ríkisstjórnum heldur stefnufestu og kjark.

Eftir nær tveggja áratuga óðaverðbólgu hér á landi tókst með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins í ársbyrjun 1990 að ná kjarasamningum sem við nefnum nú jafnan þjóðarsátt. Þeir kjarasamningar mörkuðu tímamót. Þá tókst að snúa af þeirri óheillabraut, sem farin hafði verið. Samningarnir mörkuðu ótvíræð þáttaskil í verðlagsmálum. Þeir hafa aukið verðskyn almennings og skapað efnahagslegt umhverfi sem er nær þeim veruleika sem alla hafði dreymt um.

Hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi árs 1990 til ársbyrjunar 1991 var 7,3%, en árið áður hafði framfærsluvísitalan hækkað um tæplega 24%. Nú er gert ráð fyrir að verðbólgan frá upphafi til loka þessa árs verði um 7,7%.

Þá hefur þjóðarsáttarsamningurinn treyst kaupmátt launa. Er nú talið að kaupmáttur atvinnutekna á mann verði 2% meiri á þessu ári en á sama tíma í fyrra í samanburði við kaupmáttarhrapið á árinu 1989 sem var nær 10%.

Það er afar nauðsynlegt að leysa þær vinnudeilur sem nú standa yfir. Allir kjarasamningar eru lausir. Jöfnun lífskjara hlýtur að vera eitt brýnasta verkefnið til að endar nái saman. Umfram allt verður að tryggja atvinnuöryggið sem víða hefur brostið. Þau hundruð vinnufúsra launþega, sem nú eru atvinnulaus, verða að eygja von um betri tíð.

Það er skoðun mín að samningar í takt við þjóðarsáttarsamninginn verði að takast. Þá tekst okkur að vinna okkur út úr vandanum. Þá tekst okkur að bjarga því sem bjargað verður og byggja upp á ný.

Fjárln. hefur í þetta sinn lagt sig fram um að skera niður útgjöld. Láta ekki undan þrýstingi og kröfum um hærri fjárveitingar. Það er vissulega erfitt verk og ekki til vinsælda fallið. Það er hins vegar nauðsynlegt til að ná tökum á vandanum.

Hefði allt rekið á reiðanum hefði það haft skelfilegar afleiðingar. Það hefði enn hækkað vexti, það hefði útilokað skynsamlega kjarasamninga. Auðvitað hefði mátt skera meira niður. Það hefði verið æskilegt til að ná fyllsta markmiði. Það hefði hins vegar komið niður á atvinnustiginu. Þar er ekki á bætandi. Það kemur annað ár. Umboð ríkisstjórnarinnar er fjögur ár. Takist okkur ætlunarverkið, að koma reiðu á efnahagsmálin, þá höfum við fært fórnir fyrir betri framtíð. Þá mun haldið af stað til uppbyggingar og betri lífskjara.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1992 er það fyrsta sem núverandi ríkisstjórn leggur fram og markar sem slíkt fyrstu skrefin á braut þeirra umbóta sem nauðsynlegar eru í ríkisfjármálum. Því er jafnframt ætlað að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þjóðarsáttarsamningunum og takast á við versnandi ytri skilyrði svo og rangar ákvarðanir í efnahagsmálum á liðnum árum.

Meginforsendur fjárlagafrv. voru byggðar á þjóðhagsáætlun sem lögð var fram í októbermánuði sl. Þar var gert ráð fyrir að bygging álvers og tengdra mannvirkja hæfust á næsta ári. Eins og ég sagði áðan hefur ákvörðunum um framkvæmdir við álver verið frestað. Vegna þessa er staða efnahags- og atvinnumála miklu verri en gert var ráð fyrir þegar frumvarpið var lagt fram. Áhrif frestunar álversins og byggingar raforkuvers mun enn frekar auka á vanda ríkissjóðs.

Eins og ég gat um óx tekjuvandinn verulega eftir að ríkisstjórnin lagði frv. fram. Ríkisstjórnin hefur brugðist við þeim vanda með tillögugerð þar sem markmiðið er að rekstrarhalli ríkissjóðs lækki niður í 3,5 milljarða kr.

Meginmarkmið fjárlagafrv. fyrir árið 1992 eru:

Að lánsfjárþörf opinberra aðila verði minni en 24 milljarðar kr.

Að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði minni en 1 milljarður kr.

Að rekstrarhalli ríkissjóðs verði um 4 milljarðar kr.

Að þessum markmiðum verði náð án þess að hækka skatta.

Fjárln. hóf vinnu við undirbúning á afgreiðslu fjárlaga í síðustu viku septembermánaðar sl. með viðræðum við sveitarstjórnarmenn. Eins og á undanförnum árum auglýsti nefndin viðtalstíma þar sem þeim aðilum, er þess óskuðu, var gefinn kostur á að bera upp erindi sín við nefndina. Þá hafa samskipti fjárlaganefndar við einstök ráðuneyti verið mikil nú í kjölfar breyttra vinnubragða hjá ríkisstjórninni við gerð fjárlagafrumvarpsins, þar sem einstakir ráðherrar eru í ríkari mæli en áður gerðir ábyrgir fyrir fjármálum sinna ráðuneyta og stofnana. Þetta nýja verklag hefur auðsjáanlega nú þegar skilað árangri þar sem færri stofnanir ríkisins telja sig þurfa að koma til nefndarinnar með mál sín en áður. Það sem verður hvað mikilvægast við þessa breytingu er framkvæmd ríkisfjármála innan ársins því nú verða einstök ráðuneyti sjálf að ábyrgjast að rammi fjárlaga haldi. Þetta verður að telja einn af þýðingarmestu þáttum í því nauðsynlega aðhaldi sem ríkja þarf við rekstur á ríkiskerfinu.

Nefndin hefur haldið 45 sameiginlega fundi og til nefndarinnar hafa komið til viðræðna um 180 aðilar. Á þessum tíma hefur nefndin fjallað, samhliða vinnu við fjárlagafrv. fyrir árið 1992, um fjáraukalög fyrir árið 1991 og 1990 ásamt ríkisreikningi fyrir árið 1989. Í þessum störfum hefur nefndin notið aðstoðar fjmrn. og Ríkisendurskoðunar eins og á undanförnum árum. Þá hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð. Ég vil fyrir hönd nefndarinnar þakka öllum aðilum fyrir gott starf. Þá hafa fastanefndir þingsins fjallað um fjárlagafrv. er varða málefnasvið þeirra og hefur fjárln. borist skriflegt álit nefndanna.

Eins og ég hef rakið hér að framan hefur staða ríkissjóðs sett meiri hluta fjárln. þröngar skorður við afgreiðslu þeirra fjölmörgu óska um fjárveitingu til þeirra margvíslegu verkefna sem borist hafa á borð hennar í tengslum við afgreiðslu þessa frv. En við höfum reynt að taka tillit til þess allra nauðsynlegasta í erindum þess fólks sem á fund okkar kom eða sendi okkur erindi. Meiri hluti fjárln. hefur þurft að hafna flestum þeim beiðnum sem fyrir nefndina hafa verið lagðar.

Við höfum starfað í anda þeirrar heimspeki sem Ásbjörn Jóakimsson predikaði í Íslandsklukkunni:

„Ef ég hefði látið undan, þó ekki væri nema í þessu, og ef allir létu undan altaf og alsstaðar, létu undan fyrir draugum og fjanda, ...hvar mundi þetta fólk þá eiga heima?"

Við erum að berjast af sannfæringu gegn þeim fjanda sem efnahagsvandanum fylgir. Það er gert af sannfæringu, við munum fylgja henni til sigurs, sigurs íslensku þjóðarinnar.

Er nefndin hafði lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda, sem til hennar bárust, lá fyrir að brtt., sem nefndin hafði sameiginlega unnið að, leiddu til hækkunar á 4. grein um 220,2 millj. kr.

Þá fékk nefndin til umfjöllunar tillögur sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 9. des. sl. Eru þær tillögur sem kunnugt er flestar til sparnaðar á útgjöldum ríkisins en einnig nokkrar sem fela í sér aukin útgjöld. Enn aðrar varða tekjuhlið fjárlagafrv. Meiri hluti nefndarinnar flytur verulegan hluta þessara tillagna við 2. umr. og nemur sparnaður samkvæmt þeim 957,6 millj. kr. að meðtöldum almennum sparnaðartillögum ríkisstjórnarinnar varðandi launa- og rekstrargjöld.

Aðrar af þessum tillögum bíða 3. umr. Auk þess leggur meiri hluti nefndarinnar fram við þessa umræðu tillögur um frekari lækkanir útgjalda sem samtals nema 232 millj. kr.

Í heild gera brtt meiri hluta nefndarinnar við 2. umr. ráð fyrir 969,4 millj. kr. lækkun útgjalda.

Nefndin hefur ekki lokið afgreiðslu nokkurra mála

og bíða þau 3. umr. Má þar nefna málefni sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, þar með taldir ríkisspítalar, vegamál og nokkur önnur smærri mál. Þá er rétt að geta þess að ákvörðun um skólagjöld bíður einnig 3. umr.

Enn fremur bíður samkvæmt venju tekjuhlið frv., B-hluti, og heimildir samkvæmt 6. gr. afgreiðslu nefndarinnar við 3. umr.

Minni hluti nefndarinnar hefur kosið að standa ekki að brtt. meiri hlutans og hefur hann skilað séráliti.

Vil ég nú víkja að einstökum þáttum þessara tillagna.

1. tillagan á þskj. 232 varðar Alþingi. Þar er lagt til að alþingiskostnaður lækki um 7 millj. kr. Lækkuninni er ætlað að ná til launa- og rekstrarkostnaðar.

2. tillagan varðar Byggðastofnun en þar er gert ráð fyrir lækkun rekstrarkostnaðar um 20 millj. kr. sem kemur til vegna samdráttar í starfsemi.

3. tillagan varðar aðalskrifstofu menntmrn. Þar er lagt til að framlag hækki um 4 millj. kr. vegna ferðakostnaðar vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði en meðan á samningum stóð var þessi kostnaður færður hjá utanrrn.

4. tillagan er við liðinn Almennir framhaldsskólar. Þar er lagt til að framlag til byggingarframkvæmda lækki um 5,5 millj. kr.

5. tillagan, stafliður a, varðar Landakotsskóla. Þar er lagt til að fjárveiting til skólans verði hækkuð um 1 millj. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við skólann. Stafliður b varðar grunnskóla almennt. Lagt er til að fjárveiting lækki um 10 millj. kr.

6. tillagan varðar Þjóðminjasafn Íslands. Annars vegar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 2 millj. kr. vegna sýninga á vegum safnsins og hins vegar hækkar fjárveiting til verndunar gamalla húsa um 2 millj. kr.

7. tillagan varðar Listasafn Íslands. Þar er lagt til að fjárveiting hækki um 1 millj. kr. vegna leigu á húsnæði fyrir viðgerðir á vegum safnsins.

8. tillagan varðar Kvikmyndasafn Íslands. Lagt er til að fjárveiting hækki um 2 millj. kr. sem varið verði til sérstakra björgunaraðgerða á nítratmyndum safnsins en nítratmyndir voru notaðar á fyrstu árum kvikmyndagerðar.

9. tillagan lýtur að söfnum. Í staflið a er lagt til að fjárveiting til Listasafns ASÍ hækki um 1 millj. kr. vegna endurbóta á verkum safnsins. Í staflið b er lögð til hækkun á fjárveitingu um 2,5 millj. kr. til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og í staflið c er lagt til að fjárveiting til Byggða- og minjasafna hækki um 2,6 millj. kr.

10. tillagan varðar Þjóðleikhúsið. Þar er gerð tillaga um að fjárveiting til rekstrar hækki um 27,5 millj. kr. Að mati Þjóðleikhússins á óbreyttum rekstri hefði framlag úr ríkissjóði þurft að vera 309 millj. kr. árið 1992 en í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir 226,5 millj. kr. Fallist var á að leggja til að bætt verði við 27,5 millj. kr. en ætlast er til að leikhúsið endurskipuleggi reksturinn og dragi úr umfanginu sem nemur 55 millj. kr. Jafnframt er lagt til að ekkert framlag verði til endurbóta á Þjóðleikhúsinu á fjárlögum árins 1992.

11. tillagan varðar starfsemi áhugaleikhópa. Lagt er til að fjárveiting hækki um 2 millj. kr. Í staflið b er lagt til að fjárveiting til Menningarsjóðs félagsheimila hækki um 1,4 millj. kr. þannig að heildarfjárveiting samsvari 10% af skemmtanaskatti.

12. tillagan varðar starfsemi KFUM og KFUK. Er þar lagt til að fjárveiting hækki um 2 millj. kr. vegna rekstrar sumarbúða félagsins.

13. tillagan varðar ýmis íþróttamál. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting til Íþróttasambands Íslands hækki um 1,9 millj. kr. Þá er einnig lagt til að framlag til Ólympíunefndar Íslands hækki um 2,5 millj. kr. og framlag til Ólympíunefndar fatlaðra hækki um 0,8 millj. kr., hvort tveggja vegna Ólympíuleika á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að styrkir til íþróttafélaga hækki um 3,5 millj. kr. Einnig er lagt til að fjárveiting til Skáksambands Íslands hækki um 2,2 millj. kr. en á móti kemur að liðirnir Skákmót, styrkir og Skólaskákmót falli brott og er ætlast til þess að þessum viðfangsefnum verði sinnt af fjárveitingum til Skáksambandsins. Fjárln. taldi óhjákvæmilegt að styðja Skáksambandið í húsnæðiskaupum þess en Skáksambandið hefur, eins og kunnugt er, flust í nýtt og myndarlegt húsnæði.

14. tillagan varðar Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna og er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 1,2 millj. kr. sem svarar til hækkunar á framlagi til dollaragildis. Ekki er vafi á því að stofnunin hefur gegnt mikilvægu hlutverki með því að efla samskiptin við hið öfluga menntakerfi Bandaríkjanna. Mikilvæg rök eru fyrir því að aukið framlag ríkisins til stofnunarinnar gæti skilað sér með mjög beinum hætti í hlutfallslega minni fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna í Bandaríkjunum. Þeir, sem hljóta styrki stofnunarinnar til framhaldsnáms í Bandaríkjunum sækja um skóla sem Fulbright-styrkþegar. Skólar í Bandaríkjunum veita nær þrefalda þá upphæð sem Fulbright-styrkurinn nemur.

15. tillagan varðar aðalskrifstofu utanrrn. og er lagt til að fjárveiting til þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins hækki um 10 millj. kr. vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

16. tillagan varðar aðalskrifstofu landbrn. Þar er lagt til að fjárveiting hækki um 1 millj. kr. vegna ferðakostnaðar vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði en meðan á samningum stóð var þessi kostnaður færður hjá utanrrn.

17. tillagan varðar Hagþjónustu landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting hækki um 0,5 millj. kr. vegna þess að stofnuninni hefur verið falið viðfangsefni í tengslum við GATT-samninga.

18. tillagan lýtur að greiðslum vegna búvörusamninga. Þar er lagt til að beinar greiðslur til bænda vegna afurða lækki um 295 millj. kr. vegna þess að gert er ráð fyrir að greiðslum verði dreift á 12 mánuði, tímabilið 1. mars 1992 til 1. febr. 1993, en ekki öll á næsta ári eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessi ráðstöfun er í samræmi við ákvæði búvörusamnings, nánar tiltekið grein 5.2.1., þar sem kveðið er á um tilhög-

un greiðslu til bænda. Þar kemur skýrt fram að beinar greiðslur skuli inntar ef hendi mánaðarlega frá 1. mars. Í greininni kemur fram að fullnaðaruppgjör skuli fara fram 15. des. vegna framleiðslu ársins þar sem tekið sé tillit til gæðaflokkunar framleiðslunnar. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að fullnaðaruppgjör og fullnaðargreiðsla af hálfu ríkissjóðs færu saman en hér er horfið frá þeirri forsendu, m.a. á grundvelli ákvæðanna um að greiðslurnar skuli inntar af hendi mánaðarlega. Rétt er að vekja athygli á því að 29. gr. búvörulaganna, nr. 46/1985, stendur óhögguð þess efnis að fullnaðargreiðsla afurðastöðva skuli fara fram eigi síðar en 15. des.

19. tillagan varðar ýmis verkefni á sviði búnaðarmála. Þar er gert ráð fyrir að tekinn verði inn nýr liður, Landþurrkun, og er áætlað að verja til þessa verkefnis 1,5 millj. kr. á næsta ári. Þá hækkar liðurinn Ýmis verkefni um 1,4 millj. kr.

20. tillagan varðar aðalskrifstofu sjútvrn. Þar er lagt til að fjárveiting hækki um 1 millj. kr. vegna ferðakostnaðar vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

21. tillagan snýr að sjávarútvegsmálum, ýmissi starfsemi. Þar er lagt til að framlag til starfsmenntunar í sjávarútvegi lækki um 10 millj. kr.

22. tillagan varðar Lögreglustjórann í Reykjvík. Þar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður vegna almennrar löggæslu lækki um 10 millj. kr.

23. tillagan varðar Landhelgisgæslu Íslands. Þar er lagt til að fjárveiting til reksturs varðskipa lækki samtals um 31 millj. kr. og fjárveiting til reksturs flugvéla lækki um 19 millj. kr.

24. tillagan varðar embætti biskups Íslands. Þar er gert ráð fyrir að ýmis verkefni hækki um 0,5 millj. kr. vegna safnaðaruppbyggingar.

25. tillagan varðar prestaköll og prófastsdæmi. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 1,8 millj. kr. og er sú hækkun til komin vegna stöðugildis aðstoðarprests í Keflavík.

26. tillagan varðar ýmsan kostnað vegna kirkjumála. Þar er lagt til að liðurinn Ýmislegt hækki um 2,4 millj. kr. og framlag til Hallgrímsskirkju hækki um 2 millj. kr. vegna viðgerða á kirkjunni. Þá er gert ráð fyrir að fjárveiting til Hóladómkirkju hækki um 2 millj. kr.

27. tillagan varðar aðalskrifstofu félmrn. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 1 millj. kr. vegna ferðakostnaðar í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

28. tillagan varðar málefni fatlaðra. Þar er tekinn inn nýr liður, Vistun geðfatlaðra, og er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 35 millj. kr. til þessa liðar. Framlaginu er ætlað að mæta kostnaði vegna vistunar geðfatlaðra einstaklinga sem vegna fötlunar sinnar geta ekki fært sér í nyt meðferð geðdeilda sjúkrahúsanna.

29. tillagan varðar Sólheima í Grímsnesi. Þar er gert ráð fyrir að framlag hækki um 4,5 millj. kr. Sú hækkun er til komin vegna samþykkta fjárveitinganefndar frá 13. mars 1991 um að gert verði ráð fyrir 9 millj. kr. framlagi á árunum 1992 og 1993 sem lokauppgjöri vegna fjárhagsvanda heimilisins.

30. tillagan varðar ráðstöfunarfé félmrn. Lagt er til að þessi liður hækki um 0,2 millj. kr. og er hér um leiðréttingu að ræða.

31. tillagan varðar ýmsa starfsemi á sviði félagsmála. Þar er lagt til að framlag til Slysavarnafélags Íslands hækki um 7,5 millj. kr. vegna viðhalds á skólaskipinu Sæbjörgu. Þá er gert ráð fyrir að framlag til starfsmenntunar í atvinnulífinu lækki um 10 millj. kr.

32. tillagan varðar aðalskrifstofu heilbr.- og trmrn. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 2,5 millj. kr. vegna ferðakostnaðar í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagsvæði.

33. tillagan varðar Tryggingastofnun ríkisins. Þar er gert ráð fyrir að framlag til lífeyristrygginga hækki um 80 millj. kr. Er ástæðan sú að útjöld til lífeyristrygginga hafa á þessu ári reynst hærri en áætlanir fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir. Þá er gert ráð fyrir að framlag til sjúkratrygginga hækki um 600 millj. kr. Annars vegar er um að ræða 300 millj. vegna lyfjakostnaðar og hins vegar 300 millj. vegna hjálpartækja, sérreikninga sjúkrastofnana o.fl. Mikil aukning hefur orðið á þessu ári á ýmsum kostnaðarliðum sjúkratrygginga. Þrátt fyrir mikla lækkun á lyfjakostnaði sem greiddur er af Tryggingastofnun ríkisins virðist ljóst að ekki reynist unnt að ná honum niður fyrir 2 milljarða kr. á næsta ári.

34. tillagan varðar Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar er gert ráð fyrir að framlag til sjóðsins hækki um 150 millj. kr. þar eð sýnt þykir að atvinnuleysi muni á næsta ári verða meira en forsendur fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir.

35. tillagan varðar embætti landlæknis. Þar er lagt til að framlag hækki um 9 millj. kr. og er um að ræða framlag til Krýsuvíkursamtakanna vegna rekstrar meðferðarheimilis í Krýsuvík fyrir fíkniefnaneytendur. Í haust fór fjárln. í heimsókn að meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Vistmenn í meðferð í Krýsuvík eru 18 að tölu sem er talsvert meira en reiknað var með. Þá er biðlisti langur. Starfið þar hefur verið unnið undir eftirliti landlæknis og hafa starfsmenn embættisins reglulegt eftirlit með starfseminni. Ljóst er að í Krýsuvík er unnið gífurlega mikið og þarft sjálfboðastarf. Á heimilinu er vistað fólk sem er hvað verst sett vegna vímuefnaneyslu.

36. tillagan snýr að Hollustuvernd ríkisins. Þar er lagt til að framlag til heilbrigðiseftirlits lækki um 5 millj. kr. og framlag til rannsóknastofa lækki um 5 millj. kr. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir 10 millj. kr. hækkun á sértekjum stofnunarinnar.

37. tillagan varðar Sjúkrahúsið á Akranesi. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 2,2 millj. kr. vegna leiðréttingar á álagshlutfalli á launum.

38. tillagan varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting lækki um 3,8 millj. kr., einnig vegna leiðréttingar á álagshlutfalli á launum.

39. tillagan varðar Sjúkrahúsið í Keflavík. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 1,6 millj. kr. vegna leiðréttingar á álagshlutfalli á launum.

40. tillagan snýr að sjúkrahúsum og læknisbústöðum. Lagt er til að framlag til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 4,2 millj. kr.

41. tillagan snýr að ýmissi starfsemi á sviði heilbrigðismála. Þar er gert ráð fyrir að framlag til Krabbameinsfélags Íslands vegna krabbameinsleitar lækki um 19 millj. kr. en um ofáætlun var að ræða í frv. Þá er tekinn inn nýr liður, Bláalónsnefnd, og áætlað að veita 7 millj. kr. til rannsóknaverkefna. Fyrir nokkru var samþykkt þingsályktun um að rannsaka fjölþætta nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi. Nefnd var skipuð til að gera tillögu um fjölþætta nýtingu þess og til verkefnisins stofnað í samvinnu við heilbr.- og trmrn. Bláa lónið er nú þegar vinsæll ferðamannastaður og er nafn þess þekkt víða um heim. Fram kom í viðtali við nefndarmenn að sérstaða lónsins liggur í hugsanlegum lækningamætti þess sem nauðsynlegt er að kanna ef með rökum á að vera hægt að gera tillögu um nýtingu þess í heilbrigðisskyni, ekki síst með skírskotun til ferðamanna og ferðaþjónustu. Reynist niðurstöður rannsóknarinnar jákvæðar er ekki vafi á því að við Bláa lónið myndast atvinnustarfsemi og umsvif sem koma til vegna aðsóknar innlendra sem erlendra gesta, jafnt heilbrigðra sem sjúkra. Þá er gert ráð fyrir að ýmis framlög hækki um 4,1 millj. kr.

42. tillagan snýr að hjúkrunarheimilinu Skjóli. Þar er lagt til að fjárveiting hækki um 17 millj. kr., en um er að ræða sambýli fyrir Alzheimer-sjúklinga.

Tillögur 43–91 snúa að heilsugæslustöðvum. Gert er ráð fyrir að sértekjur heilsugæslustöðva hækki samtals um 122,8 millj. kr. Á móti lækka tilfærslur að fjárhæð 64,6 millj. kr. á fjárlagaliðnum Heilsugæslustöðvar, almennt, þannig að nettóhækkunin er 68,2 millj. kr. Ástæða þessa er nýútkomin reglugerð um komugjald á heilsugæslustöðvar og ýmsa aðra sjúkraþjónustu sem leiðir til þess að lækka verður fyrri áætlanir um sértekjur heilsugæslustöðva.

92. tillagan varðar aðalskrifstofu fjmrn. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 2,5 millj. kr. vegna ferðakostnaðar í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

93. tillagan varðar embætti ríkistollstjóra. Þar er lagt til að fjárveiting lækki um 5 millj. kr. og er stofnuninni ætlað að mæta þessu með hækkun sértekna vegna sölu á tollskýrslueyðublöðum.

94. tillagan snýr að tollstjóranum í Reykjvík. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting lækki um 5 millj. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði.

95. tillagan varðar útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Þar er lagt til að fjárveiting lækki um 5 millj. kr.

96. tillagan varðar skýrsluvélakostnað ríkisins. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting til tekjubókhaldskerfis lækki um 2 millj. kr. Fjárveiting til skattvinnslukerfis lækki einnig um 2 millj. kr. og fjárveiting til bókhalds- og áætlunarkerfis ríkisins lækki um 1 millj. kr. Í öllum tilfellum er um að ræða lækkun á rekstrarkostnaði.

97. tillaga varðar liðinn Ýmislegt hjá fjmrn. Þar er gert ráð fyrir að ýmis sameiginlegur kostnaður lækki um 8,5 millj. kr., ýmsar endurgreiðslur lækki um 10 millj. kr. og framlag til ríkisbifreiða lækki um 1,5 millj. kr.

Tillögur 98–101 varða hafnamál. Stofnkostnaður hækkar um 75,3 millj. kr. og er það eini liðurinn sem hækkar verulega í afgreiðslu fjárln. Á líðandi ári var gert ráð fyrir 508 millj. kr. í fjárveitingu en 10 millj. voru skornar af því við afgreiðslu fjáraukalaga. Heildarframkvæmdir í ár munu hins vegar kosta um 1.100 millj. kr., þar af er hlutur ríkisins 822 millj. kr. Nefndinni var vissulega vandi á höndum við að skipta því fé sem fjárlagafrv. tilgreinir. Er það vegna þess að af þessari upphæð varð að greiða 309,6 millj. í skuldir og vexti og 175 millj. vegna ferjumannvirkja í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum. Þá varð að láta fé í samningsbundnar framkvæmdir í Bolungarvík. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að mjög erfitt var að skipta því sem eftir var því vissulega er þörfin mikil. Um allt land er hrópað á hafnaframkvæmdir og viðhald þeirra mannvirkja sem fyrir eru. Ekki er vafi á því að sá samdráttur sem átti sér stað í hafnaframkvæmdum á árunum 1985–1987 varð til þess að mikill vandi safnaðist fyrir. Segja má að bygging ferjumannvirkis vegna nýs Herjólfs sé bráðaverkefni sem varð ekki komist hjá að sinna. Því verki lýkur á miðju sumri. Því má ætla að á næsta ári verði meira fé til viðhalds og nýframkvæmda og léttara að skipta fénu.

Þá eru teknir inn tveir nýir liðir. Annars vegar hafnarmannvirki í Sandgerði, 47,7 millj. kr., sem er afborgun af láni vegna framkvæmda sem lokið er en sveitarfélagið hefur greitt sinn hluta að fullu. Hins vegar framkvæmdagjald til hafna að fjárhæð 125 millj. kr. sem eru sértekjur en gert er ráð fyrir að lagt verði sérstakt 10% álag á aflagjald á fisk upp úr sjó og 20% álag á vörugjald vegna varnings sem fer um hafnir landsins. Gjaldið verður notað til að fjármagna hluta kostnaðar ríkissjóðs vegna hafnaframkvæmda á árinu 1992.

102. tillagan varðar ýmis framlög á sviði samgöngumála. Þar er tekinn inn nýr liður, Ýmislegt, og er honum ætlaðar 3 millj. kr. m.a. til styrktar vetrargistingu víða um land. Hinn liðurinn er Ýmis ferðamál og er gert ráð fyrir að verja 2 millj. kr. til þessa verkefnis.

103. tillagan varðar Iðntæknistofnun Íslands. Tekinn er inn nýr liður, Tæki og búnaður, 9 millj. kr. Skýringin er sú að þessi liður féll niður í frv.

104. tillagan varðar aðalskrifstofu viðskrn. Þar er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 6 millj. kr. Annars vegar er um að ræða framlag til Neytendasamtakanna, 1 millj. kr., og hins vegar 5 millj. kr. vegna ferðakostnaðar í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

105. tillagan varðar niðurgreiðslur á vöruverði. Þar er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á mjólkurdufti lækki um 100 millj. kr. Lagðir verða jöfnunartollar á innflutt sælgæti til að jafna samkeppnisstöðu innlends iðnaðar.

106. tillagan varðar aðalskrifstofu umhvrn. Þar er

lagt til að fjárveiting hækki um 2 millj. kr. Um er að ræða framlag til byggingarstaðlagerðar á árinu 1992.

107. tillagan varðar ýmis verkefni á sviði umhverfismála. Tekinn er inn nýr liður, Átak í sorphirðumálum. Í þetta verkefni eru veittar 5 millj. kr. til undirbúnings að samvinnuátaki ríkis og sveitarfélaga um sorphirðu og förgun sorps. Þá er gert ráð fyrir að frestað verði samkeppni um hönnun og byggingu Náttúruhúss í Reykjavík.

108. tillagan varðar embætti veiðistjóra. Þar er gert ráð fyrir að framlag til eyðingar refa og minka hækki um 12,3 millj. kr. þar sem fjárveiting í frv. er ekki nægjanleg þrátt fyrri skerðingarákvæði í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992.

109. tillagan varðar embætti skipulagsstjóra ríkisins. Þar er gert ráð fyrir skerðingu á lögbundnu framlagi ríkissjóðs sem verður eigi hærra en 4,5 millj. kr.

110. tillagan snýr að almennum sparnaði í rekstri ríkisins. Með almennu aðhaldi verði rekstrarkostnaður ríkissjóðs lækkaður um 1.500 millj. kr. Ráðuneytum og stofnunum verði gert að ná fram 2.455 millj. kr. sparnaði með 5% lækkun rekstrarkostnaðar sem skiptist þannig að laun lækki um 6,7% eða um 2.255 millj. kr. og rekstrargjöld lækki um 1,3% eða um 200 millj. kr. Til móts við þennan niðurskurð verði 955 millj. kr. ráðstafað til yfirstjórnar ráðuneytanna. Gert er ráð fyrir að einstakar stofnanir útfæri þennan sparnað með viðeigandi hætti.

Auk þeirra brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir þá féllst fjárln. á að veita 14 millj. kr. til Kvikmyndasjóðs vegna norræns kvikmyndaverkefnis sem verða teknar af 91,5 millj. kr. fjárveitingu til sjóðsins. Heimild fyrir þessu verkefni var staðfest við afgreiðslu við fjáraukalaga 1991 fyrir skemmstu.

Enn fremur vill fjárln. beina því til stjórnar Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna að sjóðurinn leggi málefnum Fiskeldishúss lið en talið er að að lágmarki þurfi 8,5 millj. kr. til að ganga frá innréttingum og kaupa brýnasta húsbúnað þannig að hefja megi starfsemi í húsinu á næsta ári. Í frv. til fjárlaga 1992 er ekki gert ráð fyrir stofnkostnaðarframlagi til þessa húss hjá neinum þeim ríkisaðila sem að byggingunni stendur.

Ég vil fyrir hönd nefndarinnar þakka starfsmanni okkar, Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, fyrir frábært starf og mikinn dugnað. Þá hefur nefndin notið góðrar aðstoðar starfsfólks hjá Ríkisendurskoðun og fjmrn. Einnig viljum við færa starfsfólki Alþingis þakkir, bæði hér og þá ekki síður fólkinu í Austurstræti 14, sem lagt hefur sig fram um að greiða okkar götu í einu og öllu.

Ég flyt og öllum samstarfsnefndarmönnum mínum, bæði stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum, þakkir fyrir mjög gott samstarf og umburðarlyndi í minn garð en allir hafa þeir lagt sig fram um að störf nefndarinnar gætu gengið sem greiðast.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið máli mínu og legg til að þær brtt. sem meiri hluti fjárln. flytur á þskj. 233 verði samþykktar að lokinni þessari umræðu.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hluta fjárln. sem flutt er á þskj. 238, við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Þar sem fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er nú tekið til 2. umr. undir mjög óvenjulegum kringumstæðum vill minni hluti fjárln. láta eftirfarandi koma fram varðandi undirbúningsvinnu fjárln. við frumvarpið:

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis átti 2. umr. fjárlaga að fara fram 3. des., enda á 3. umr. samkvæmt lögum að fara fram eigi síðar en 15. des. ár hvert. Þrátt fyrir þetta fer 2. umr. ekki fram nú fyrr en 11. des. við kringumstæður sem minni hluti fjárln. gerir alvarlegar athugasemdir við.

Undirbúningsvinna að afgreiðslu fjárlaga hófst í september sl. og þegar í upphafi þings var ljóst að róttækar breytingar þyrfti að gera á frumvarpinu þar sem forsendur þess gátu engan veginn staðist. Þetta var rækilega undirstrikað af fulltrúum minni hlutans í fjárln. við 1. umr. fjárlaga.

Viðtöl í fjárln. við fulltrúa sveitarfélaga, ráðuneyta og stofnana voru með hefðbundnum hætti, en eftir að frekari úrvinnsla hófst var samráði við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni í ýmsu ábótavant.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt þessi vinnubrögð, en telur þó ekki að öllu leyti við meiri hluta nefndarinnar að sakast, heldur öllu fremur við ríkisstjórnina og vinnubrögð hennar.

Þó tók fyrst steininn úr þegar ríkisstjórnin tilkynnti uppskurð, bæði á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins, daginn áður en 2. umr. átti að fara fram. Það hefur vissulega komið fyrir áður að ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa lagt til breytingar á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins með stuttum fyrirvara. Slíkar tillögur hafa þó hingað til snert einstaka og afmarkaða þætti fjárlagafrumvarpsins. Sá uppskurður, sem hér um ræðir, svo seint fram kominn, er einsdæmi. Hér er um mjög víðtækar aðgerðir að ræða og skal hér aðeins drepið á nokkur atriði:

Ætlunin er að lækka launaliði um 6,7% og rekstrarliði frumvarpsins um 1,3%, og nemur lækkunin samtals um 2.455 millj. kr. Til móts við þennan niðurskurð er varið til yfirstjórnar ráðuneytanna 955 millj. kr. til að greiða fyrir framkvæmd niðurskurðarins. Alla nánari útfærslu á þessum áformum vantar en ljóst er að með þessu er ráðstöfunarfé ráðuneyta aukið og fjárveitingavaldið tekið af Alþingi sem því nemur.

Um 700 millj. kr. er velt yfir á sveitarfélögin auk þess sem áður var komið fram í frumvarpinu og er m.a. ætlunin að þau standi undir 400 millj. kr. útgjöldum til málefna fatlaðra. Þetta er breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem ekkert samráð hefur verið haft um við sveitarfélögin. Einnig er gert ráð fyrir að landsútsvar, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir og nemur um 300 millj. kr. renni í ríkissjóð. Í stað þess hluta landsútsvarsins, sem átti að renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eiga sveitarfélögin að leggja fram sem nemur 0,1% af útsvarstekjum sínum. Þetta er bein tekjuskerðing hjá sveitarfélögum og

rýrir möguleika þeirra til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð.

Auk þeirrar miklu kjaraskerðingar, sem áætlaður niðurskurður á launalið getur haft í för með sér, og þeirrar almennu launastefnu sem boðuð er í frumvarpinu, gera nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar ráð fyrir breytingu á greiðslum barnabóta. Hún á að gefa ríkissjóði 500 millj. kr. sparnað. Til viðbótar er sérstaklega vegið að tveimur atvinnustéttum í landinu. Gert er ráð fyrir að fresta beinum greiðslum til bænda tvo síðustu mánuði ársins 1992 og velta þeim yfir á árið 1993. Upplýst er að forustumönnum Stéttarsambands bænda var tilkynnt um þessa ákvörðun en ekkert samráð haft við þá að öðru leyti. Þá er ætlunin að „skerpa reglur" um sjómannafrádrátt og miða hann við úthaldsdaga. Hér er um skerðingu á réttindum að ræða sem sjómenn hafa náð í kjarasamningum. Viðbrögð þeirra hafa verið mjög hörð, enda ekkert samráð við þá haft.

Þá er áætlað að framkvæmdum við hluta Vestfjarðaganga verði frestað. Sú aðgerð á að spara ríkissjóði 250 millj. kr. Með frestuninni er rift samningsbundnu verki sem leiða mun til fjárútláta fyrir ríkissjóð.

Hér er aðeins drepið á stærstu breytingarnar sem tillögur þær, sem ríkisstjórnin kynnti fjárln. þann 9. des. fela í sér.

Beiðni minni hluta nefndarinnar um að fá fulltrúa þeirra aðila, sem þessi mál varða, til viðtals við nefndina var hafnað, en þó munu þau atriði, sem varða tekjuhlið, svo og nokkrir aðrir þættir, verða ræddir milli 2. og 3. umr. frumvarpsins.

Af þessu má ljóst vera að minni hluti fjárln. hefur enga aðstöðu haft til þess að fá heildarsýn yfir fjárlagagerðina, eða gera sér grein fyrir áhrifum breytinga, hvorki á tekju- né gjaldahlið. Því telur minni hlutinn þessa umræðu í raun ótímabæra og mun af þessum ástæðum hvorki standa að breytingartillögum meiri hlutans né flytja breytingartillögur við frumvarpið við 2. umr. Hins vegar mun minni hlutinn gefa út framhaldsnefndarálit fyrir 3. umr. og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við lokaumræðu málsins.

Í ljósi þess sem sagt hefur verið hér að framan mun minni hluti fjárln. sitja hjá við afgreiðslu frv. við 2. umr. Guðrún Helgadóttir, einn af fulltrúum minni hlutans í fjárln. var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins í nefndinni en undir þetta nál. skrifa, auk mín, hv. alþm. Margrét Frímannsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Jón Kristjánsson.

Virðulegi forseti. Ég hef nú leyft mér að lesa upp þetta nál. af því að ég tel að mál séu nú með nokkuð sérstökum hætti. Í nál. er ítrekað og gerð grein fyrir því að minni hluti fjárln. telur sig ekki hafa haft aðstöðu til þess að fá heildaryfirsýn yfir stöðu mála eins og þau eru í dag. Þar á ég við að við erum í fyrsta lagi að fjalla um fjárlagafrv. sem vissulega er hér til umræðu. Þá erum við í raun að fjalla einnig um ýmis ákvæði svokallaðs bandorms eða frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem reyndar var rætt hér fyrir nokkrum dögum síðan í hv. Alþingi. Við erum einnig að fjalla um nýframkomna tilkynningu frá hæstv. ríkisstjórn. En í þeirri tilkynningu felast umfangsmiklar breytingar sem því miður er ekki tekið á heilstætt þannig að sumt af þeim er flutt hér og nú við 2. umr. en annað látið bíða til 3. umr. Í raun gerir það málið enn þá flóknara og erfiðara að fá yfir það þá yfirsýn sem við stjórnarandstöðuþingmenn teljum nauðsynlega.

Í þessu nál. er síðan eingöngu fjallað um vinnubrögð nefndarinnar og þessar síðbúnu tillögur ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna um margvíslegar breytingar á frv. Þær brtt. skipta milljörðum króna, ýmist til breytingar á tekjum eða gjöldum. Hins vegar höfum við ekki fjallað í þessu nál. ítarlega um frv. sjálft en eins og fram kemur í því áskiljum við okkur rétt til þess að gera það síðar.

Ég ætla þá fyrst að fara nokkrum orðum um þessar breytingar sem getið er um í nál. og hafa verið til umfjöllunar núna seinustu klukkutímana, má kannski segja síðustu sólarhringa eða dægur, en síðar um einstök efnisatriði fjárlagafrv.

Það er vissulega við mikinn vanda að glíma í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, á það skal ekki dregin dul. Áframhaldandi samdráttur í fiskveiðum hlýtur að hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Við höfum þurft að draga saman fiskveiðar á undanförnum árum svo verulegu magni nemur og enn er fyrirsjáanlegur meiri samdráttur á næsta ári. Fyrirhugaðar framkvæmdir við nýtt álver, sem hæstv. ríkisstjórn batt vonir við að geta nýtt sér nokkuð til tekjuauka við þessa fjárlagagerð, frestast nú um óákveðinn tíma. Það er a.m.k. ljóst að þær framkvæmdir eru ekki lengur á næsta leiti og óvíst hvenær eða hvort nokkuð verður úr slíkum framkvæmdum á næstu árum. Þetta undirstrikar að sjálfsögðu nauðsyn þess að gæta ýtrasta aðhalds og hagræðingar í ríkisrekstrinum.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar talið það meginatriði sinnar efnahagsstefnu og þeirra efnahagsaðgerða sem hún telur að þurfi að grípa til að skera niður ríkisútgjöldin og er reyndar það eina sem hæstv. forsrh. nefnir aðspurður um aðgerðir eða væntanlegar aðgerðir. Það eitt á að lækna allt, skapa á svigrúm fyrir atvinnulífið og það á að lækka vextina. Öðruvísi mun það ekki verða hægt að áliti hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórnar.

Mikilvægum aðhaldsaðgerðum og sparnaði í ríkisrekstri skal ekki á móti mælt. Hins vegar er róttækur niðurskurður þess eðlis að hann þarf að skoða í miklu víðara samhengi. Hann þýðir vissulega samdrátt í atvinnulífi. Hann þýðir samdrátt á ýmsum sviðum sem ríkið, hið opinbera, er frumkvöðull að. Ég nefni þar t.d. veigamiklar opinberar framkvæmdir. Ég nefni ýmsa þjónustustarfsemi, sem í sumum byggðarlögum landsins er kannski orðin eða að verða einn stærsti vinnuveitandinn. Niðurskurður, sem orsakar verulegan samdrátt í þessari þjónustu, leiðir af sér atvinnuleysi, sem einnig kostar ríkið fjármuni. Stjórnarandstaðan telur ríkisstjórnina ekki velja réttar leiðir í þeim boðskap sem hún setur fram, bæði í fjárlagafrv., í boðuðum aðgerðum samkvæmt nýjum tillögum við fjárlagafrv. svo og í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og ekki heldur í hugmyndum um breytingar á skattalögum. Í stað

nauðsynlegra kerfisbreytinga og aðhalds og sparnaðar, sem virkilega dregur úr kostnaðarþátttöku, er kostnaðurinn eingöngu fluttur til. Sjúkir eru látnir greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna, nemar eða foreldrar þeirra eru látnir greiða fyrir skólagönguna. Atvinnulífið, sem vissulega er nú í veikri stöðu, er látið taka á sig þungar byrðar og sveitarfélögin eiga að yfirtaka u.þ.b. 1 milljarð kr., samkvæmt þessum tillögum sem lagðar hafa verið fram seinustu daga, með breyttri verkaskiptingu. Hér er að mínu áliti ekki um raunverulegar breytingar á rekstrarkostnaði að ræða. Læknisviðtalið t.d. kostar eftir sem áður sömu 5 þús. kr. svo að dæmi sé tekið hvort sem sjúklingurinn greiðir 750 kr. af því eða 1500 kr. Hér er ekki nein kerfis- eða skipulagsbreyting. Það er jafnvel á þessu sviði horfið frá þeim breytingum sem áttu að hafa áhrif á að sjúklingar og einstaklingar sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda leituðu til heilsugæslustöðva og til hinna ódýrari kosta í heilbrigðisþjónustunni í stað hinna dýrari eins og sérfræðiþjónustu og sjúkrahúsa með því að setja á ný gjaldtökur á þjónustu heilsugæslustöðvanna. Vissulega er aðeins dregið úr fyrri hugmyndum hvað þetta varðar. Samkvæmt fjárlagafrv. átti þessi sjúklingaskattur, þessi ný skattur sem kallaður er nú þjónustugjöld á fínu máli, að skila 375 millj. kr. Þessar 375 millj. eru samkvæmt nýjustu tillögum lækkaðar um 68 millj. en eftir standa rúmar 300 millj. kr. sem almenningur þarf að borga fyrir að heimsækja heilsugæslustöðvarnar. Hugmyndir um ókeypis aðgang að þessari þjónustu var liður í kerfisbreytingum. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa hér upp eina málsgrein úr bréfi sem hæstv. heilbrrh. svo og þingmönnum Norðurl. e. hefur borist frá læknaráði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri þar sem þessi sjónarmið eru undirstrikuð. Þessi málsgrein hljóðar svo:

„Læknaráð Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri lýsir eindreginni andstöðu sinni við öll áform um aukna gjaldtöku fyrir heilsuvernd á heilsugæslustöðvum. Heilsuvernd sem nær til allra án tillits til efnahags eða búsetu hefur verið einn traustasti hornsteinn heilbrigðisþjónustunnar. Ein af grundvallarforsendum árangursríkra forvarna er að til þeirra náist sem eru í áhættuhópum. Gjald fyrir heilsuvernd mundi stórlega torvelda slíkt og væri þannig fráhvarf frá þeirri yfirlýstu stefnu heilbrigðisyfirvalda og Alþingis að leggja beri aukna áherslu á forvarnir."

Undir þetta skrifa tíu læknar á þessari heilsugæslustöð. Hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. hafa báðir sagt í samtölum við fjölmiðla og ræðum hér á hv. þingi að undanförnu að það að fella niður gjald vegna komu á heilsugæslustöð hafi verið gert í tilraunaskyni. Þetta er rangt. Það hef ég reyndar rakið hér í ræðu sem svar við ræðu hæstv. forsrh. en vil ítreka að um var að ræða kerfisbreytingu til þess að styrkja forvarnir og forvarnastarf, það mikilvæga starf heilsugæslustöðvanna eins og fram kemur í þessu bréfi sem ég vitnaði hér til.

Lyfjakostnaðurinn eftir allt bramboltið, sem er búið að vera áberandi í sumar og haust, er aftur kominn í um það bil 200 millj. kr. á mánuði. Það þýðir að heildarútgjöld sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar gætu numið á næsta ári um 2,4 milljörðum kr. Þau eru þá aftur að nálgast það mark þegar þau voru hæst þó að vissulega hafi þau ekki enn náð því. Þetta hefur hins vegar þýtt aukin útgjöld fyrir einhvern fjölda fólks og auðvitað ærinn kostnað fyrir kerfið, m.a. með því að gefa út 15–16 þús. ný lyfjakort sem eru m.a. ástæðan fyrir því að þessi sparnaður hefur nú minnkað.

Enn er haldið í tillögur hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarliða um skólagjöldin, þrátt fyrir andstöðu einstakra stjórnarliða og reyndar álit lögfræðinga um að gjaldtakan sé ólögleg, a.m.k. ekki heimil eins og sakir standa. Til þess þurfi að koma til lagabreytingar. Fróðlegt væri að heyra í þessum fulltrúum stjórnarliðanna sem hafa lýst andstöðu sinni við þessa tillögu hér við umræðuna og vita hvað þeir segja um stöðu málsins.

Nýjar álögur á atvinnulífið, í hverri aðgerð sem boðuð er, koma fram bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Útgjöld á sjávarútveg nálgast u.þ.b. 1 milljarð kr., fyrir utan hugmyndir um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Þar á líka að velta nýjum álögum á atvinnulífið svo hundruðum millj. kr. skiptir. Þetta eru aðgerðirnar í stað þess að leita leiða til að létta álögum af atvinnulífinu, t.d. með því að lækka vextina. Það er nú svigrúm til þess að gera það og ég hef nýlega heyrt fulltrúa og bankastjóra eins af stærri bönkunum í landinu lýsa því yfir að hann teldi til þess svigrúm. Það var reyndar einnig hans skoðun að það væri það jákvæðasta sem hægt væri að gera í sambandi við yfirstandandi kjarasamninga þó svo að ekki náist samkomulag eða samstaða um það milli málsaðila og ríkisstjórnin lætur sig það mál engu varða. Þannig ætti vissulega að vera hægt að leggja því lið að svigrúm skapaðist fyrir kjarasamningana.

Frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum veltir nýjum kostnaði á sveitarfélögin um nær 200 millj. kr. En nú tekur því miður steininn nánast úr. Það fer að nálgast milljarð þegar þessar róttæku breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafa náð fram að ganga ef svo fer sem boðað er. Sveitarfélögin eiga, eins og fram kom í nál. okkar fulltrúa minni hlutans í fjárln., að taka á sig á þriðja hundrað millj. kr. í stað jöfnunargjaldsins sem landsútsvar Áfengisverslunarinnar greiddi áður til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það á nú að koma frá sveitarfélögunum sjálfum og síðan eiga sveitarfélögin að taka á sig þessar 400 millj. kr. sem eru verkefni á sviði málefna fatlaðra. Ég hefði haft gaman af því að heyra skýringar hæstv. félmrh. á því sem hún lét falla í sjónvarpsfréttum í gærkvöld að hér væri ekki um að ræða breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég geri ekki kröfu um það, virðulegi forseti, að hún sé kölluð hér til fundarins en það væri æskilegt og reyndar nauðsynlegt síðar í þessari umræðu að hæstv. félmrh. skýrði það út fyrir okkur hvað þetta er ef þetta er ekki breyting á verkaskiptingunni.

Ég tel að sveitarfélögin séu fær um að annast viðbótarverkefni og þau geta hugsanlega verið á þessu málasviði, sviði fatlaðra. En ég tel um það þurfa að nást samkomulag milli aðila, það þurfi að ræða þessa

nýju verkaskiptingu en ekki boða hana eftir einn nætur-fund. Við höfum setið við það, missirum og jafnvel árum saman, að leita að nýjum leiðum, nýrri verka-skiptingu, og komist að samkomulagi, fulltrúar ríkis-valdsins annars vegar og fulltrúar sveitarfélaganna hins vegar, bæði um útgjöldin, um verkefnin og um tekjur til að standa undir þeim. En nú er önnur aðferð við-höfð og, eins og hér hefur margkomið fram, hundruð-um milljóna, nær milljarði, velt yfir á sveitarfélögin í *auknum kostnaði sem er breyting á verkaskiptingu.*

Hér teljum við stjórnarandstæðingar ekki vera far-ið rétt að. Við teljum t.d. nauðsynlegt að leita allra leiða til að láta þá greiða kostnað við opinbera þjón-ustu sem til þess hafa mesta og besta getu. Við höfum t.d. bent á skatt á fjármagnstekjur. Við höfum einnig bent á að það sé rétt að skoða ítarlega möguleika á að taka upp tvö skattþrep eða hátekjuskatt í einhverri mynd. Það eru leiðirnar til að láta þá greiða sem tekj-urnar hafa. Vissulega býst ég við því að hv. *stjórnar-liðar* segi að úrræðið sé hið eina og sama, það sé hækkun skatta, en það er nú nákvæmlega sú leið sem hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar hafa farið. Þeir hafa auðvitað hækkað skatta. Það hafa hins vegar verið felu-skattar. Það eru kölluð þjónustugjöld og þau eru dreg-in frá ríkisútgjöldunum, dregin frá gjaldahlið fjárlaga-frv. Þeir sem minna mega sín og þurfa að leita þjón-ustu hins opinbera eru látnir borga feluskattana í formi þjónustugjaldanna í staðinn fyrir að koma þessari skatt-byrði á þá sem til þess hafa breiðari bök.

*Kerfisbreytingar sem raunverulega draga úr kostn-*aði, t.d. í lyfjamálum, sem varða innflutning, dreifingu og verðlagningu láta á sér standa, þær koma ekki í ljós hér í hv. þingi. Þó voru slíkar tillögur komnar það langt í vinnslu að hér var lagt fram frv. í lok seinasta þings þessa efnis. Auðvitað geta menn haft fulla ástæðu til þess að gera á því breytingar og lagt fram aðrar hugmyndir en þar voru boðaðar. En það er hins vegar ekki ásættanlegt að ekkert slíkt heyrist á meðan einstaklingarnir og *almenningur er látinn taka aukinn* þátt í kostnaðinum, þá skuli ekkert vera hróflað við þessu kerfi.

Skipulag og rekstur sjúkrahúsa hefur verið í athug-un hjá hæstv. heilbrrh. En ég tel því miður að hann sé þar ekki á réttri braut. Þetta mál verður að vísu rætt nánar við 3. umr. en mig langar þó að koma örlítið nánar að því síðar ef það mætti hafa einhver áhrif á þær hugmyndir sem nú virðast vera efst á blaði hjá hæstv. ráðherra. Ég vona að breyting verði á *þeim hug-*myndum hjá ráðherranum og með því verði komið í veg *fyrir slys sem ég tel* að þar sé í uppsiglingu.

Skipulagsbreytingum, sem leitt geta til hagræðing-ar og sparnaðar, er örugglega hægt að koma við miklu víðar í hinni opinberu þjónustu. En það þarf að gera í samráði við starfsfólk og stjórnendur hinna opinberu stofnana og það tekur því miður tíma. Það tekur nokkurn tíma og menn mega ekki vera of bráðlátir. Vinna verður slíkar breytingar með skipulegum hætti, undirbúa vel og skapa þeim bæði traust og tiltrú. Það virðist ekki vera gert með þeim hugmyndum sem nú eru uppi.

Þá langar mig, virðulegur forseti, að koma að merkilegasta þættinum í þessum nýjustu tillögu hæstv. ríkisstjórnar. Það eru tillögur sem menn gefa venju-lega í daglegu tali heitið flatur niðurskurður. Flatur niðurskurður er ekki lítill að þessu sinni. 6,7% á að taka af launaliðum í fjárlagafrv. eða samtals 2 millj-arða 255 millj. kr. auk lítils háttar niðurskurðar í við-bót *af öðrum rekstrargjöldum.* Þetta hefur oft verið reynt áður. Því miður hefur það oftar en ekki skilað of litlu. Reynslan frá 1989 er okkur sem þátt tókum í svipaðri aðgerð í fersku minni. Ég glímdi þá við að ná fram lækkun rekstrarútgjalda í heilbrigðisþjónustunni. Ég hélt ítrekað fundi með fulltrúum heilbrigðisstofn-ana, með stjórnendum þeirra og starfsfólki, og reyndi með þessum aðilum að leita leiða til að draga úr kostn-aði án þess að það bitnaði sem næmi á þjónustunni. Að einhverju leyti tókst það en því miður ekki nægjan-lega. Auðvitað leiddi þetta til þess að sumar stofnan-ir lokuðu, *drógu úr þjónustunni* eða lokuðu einstökum deildum. Og þá tel ég að sé ekki rétt eða nægjanlega vel að staðið heldur þurfi menn að ná fram skipulags-breytingum með öðrum hætti.

Árið 1989 var áætlað að þessi aðgerð gæfi 800–1000 millj. kr. sparnað og samkvæmt upplýsing-um Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga það ár má segja að tekist hafi að ná inn helmingnum af þess-um ráðgerða sparnaði eða um 450 millj. kr. þegar upp var staðið. Og e.t.v. *má segja að svona aðferðum sé* hægt að beita öðru hvoru, kannski með einhverju vissu árabili, 10 ára millibili eða svo, en að gera það annað eða þriðja hvert ár tel ég algerlega óraunhæft.

Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. boðaði það við framsögu fyrir þessu frv. þegar það var til 1. umr. að nú hefðu verið viðhöfð önnur vinnubrögð og nú ætti að viðhafa önnur vinnubrögð. Nú væri um að ræða raun-hæfa fjárlagagerð. Það var boðskapurinn. Að ráðast að tilteknum verkefnum með skipulögðum hætti og skipu-lagsbreytingum sem ráðuneytin sjálf og einstakir ráð-*herrar* hefðu tekist á við í *sínum eigin ráðuneytum.* Og það var einmitt það sem hæstv. heilbrrh. sagði í ræðu sinni 15. okt. sl. þegar málefni St. Jósefsspítala í Hafn-arfirði voru rædd utan dagskrár. Með leyfi hæstv. for-seta langar mig að vitna hér til þessarar ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. en hann sagði:

„Hæstv. fyrrv. heilbrrh. gerði ítrekaðar tilraunir í þessum efnum, m.a. með því að leggja til svokallað-an flatan niðurskurð til sjúkrahúsa víðs vegar um land. *Þá risu menn upp til harkalegrar gagnrýni,* stjórnend-ur sjúkrahúsa, og sögðu við hæstv. fyrrv. heilbrrh. að slíkar tillögur væru ástæðulausar, slíkar tillögur væri ekki hægt að framkvæma, menn yrðu að manna sig upp í það og hafa kjark til að benda á tiltekin við-fangsefni sem yrði að breyta. Það erum við að gera nú."

Þetta var tilvitnun í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan.

Nú er, *virðulegur forseti,* í *nauðvörn og úrræða-*leysi síðustu daga fjárlagaafgreiðslunnar, gripið til þeirrar leiðar, það má nánast segja á elleftu stundu, að fara leið hins flata niðurskurðar. Í henni felst m.a. eft-

ir því sem okkur er tjáð, þó að nákvæm útfærsla liggi nú væntanlega ekki fyrir enn hvernig að þessu á að standa, að t.d. verði hætt við allar nýráðningar, öllum nýráðningum verði frestað. Það verði ekki ráðið í þær stöður sem losna og þetta höfum við nú allt heyrt einhvern tíma áður. — Það hefði náttúrlega verið nauðsynlegt, hæstv. forseti, að eitthvað af virðulegum hæstv. ráðherrum væru í salnum þegar fjárlagafrv. fyrir næsta ár er rætt. Það vill svo til að enginn þeirra er staddur hér núna, ekki einu sinni hæstv. fjmrh., hvað þá fagráðherrarnir sem hefði verið nauðsynlegt að hlustuðu á þessar ómerkilegu ræður okkar stjórnarandstæðinganna, gæfu sér a.m.k. tíma til þess og létu e.t.v. svo lítið að svara okkur einhverju á eftir. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að kanna hvar ráðherrarnir eru í húsinu og kalla þá til sem óskað er eftir.) Já, ég vil, virðulegi forseti, þakka fyrir það, ég tel a.m.k. eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. sé við þessa umræðu og reyndar einstakir fagráðherrar sem fara með mjög útgjaldasama og erfiða málaflokka eins og t.d. menntamál, málefni fatlaðra og heilbrigðismál, þ.e. félagsmálin og heilbrigðismálin. Þetta eru allt saman viðkvæmir málaflokkar sem eiga sannarlega eftir að verða fyrir barðinu á þeim boðuðu aðgerðum sem ríkisstjórnin ætlar sér nú að grípa til til þess að reyna að draga úr ríkisútgjöldunum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur t.d. stært sig mikið af því að verja þann mikilvæga málaflokk, málefni fatlaðra, og hæstv. félmrh. hefur ítrekað lýst því yfir. Hv. formaður fjárln. hefur einnig gert það og gerði m.a. í sinni ræðu áðan og hefur gert það áður, bæði í nefndinni og við önnur tækifæri og það má vissulega allt til sanns vegar færa. En nú bregður hins vegar svo við með þessum nýju aðgerðum að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 60 nýjum stöðum í þennan málaflokk, bara í þennan málaflokk, málefni fatlaðra, og er það líklega hluti af skrautfjöðrunum sem hæstv. félmrh. er að reyna að skreyta sig með. Nú falla þessar stöður væntanlega allar út. Væntanlega verður þessi aðgerð, hinn flati niðurskurður, látinn bitna á þessum málaflokki ekki síður en öðrum. Og það er auk hins almenna niðurskurðar sem hlýtur að bitna á rekstri þessara stofnana eins og öllum öðrum opinberum rekstri.

Það má auðvitað líka nefna það að mikil óvissa hlýtur að fylgja því í málaflokknum málefni fatlaðra að flytja, lítt undirbúið, stór verkefni til sveitarfélaganna sem vafalaust eru misjafnlega í stakk búin til þess að taka við þeim verkefnum upp á 400 millj. kr. — Hvað heldur virðulegur forseti með þessa ágætu ráðherra? (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að þeir verði kallaðir í þingsal en þeir munu vera í húsinu.) Vill forseti kannski að ég hinkri með þetta? Ég hefði gjarnan viljað að félmrh. ræddi eða a.m.k. hlustaði á það sem ég er að segja um þennan málaflokk en auðvitað verður hún síðan að ráða því hvort hún hefur eitthvað um það að segja frekar. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hæstv. félmrh. er ekki í þinghúsinu.) Þá mun ég hafa þann hátt á, forseti, til að tefja ekki þingstörfin að halda áfram með ræðu mína, kannski að fresta einhverjum hlutum hennar eftir því sem hæstv. ráðherrar gefa sér tíma til þess að vera hér hjá okkur. Hér gengur virðulegur hæstv. menntmrh. í salinn, — en auðvitað er þetta ekki boðlegt og ekki tilhlýðilegt að svona skuli vera að málum staðið.

Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir um hinn flata niðurskurð er gert ráð fyrir að 600 manns verði sagt upp. Þetta hlýtur að þýða að atvinnuleysi eykst. Atvinnuleysi mun vaxa við þessar aðgerðir og atvinnuleysi mun nú væntanlega koma fram hjá opinberum starfsmönnum sem því betur hefur ekki verið mikið um að undanförnu. En þá má minna á það að atvinnuleysisbætur hinna opinberu starfsmanna eru auðvitað beint á ábyrgð ríkisins og ríkissjóður mun þá þurfa að greiða viðkomandi einstaklingum laun á þann hátt.

Stjórnarandstaðan átti samtal við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í gær. Meiri hluti hv. fjárln. hafnaði því að þessir aðilar kæmu til viðtals við fjárln. og því boðuðum við þá til fundar við okkur og áttum við þá viðræður. Þar kom m.a. fram að samtök þeirra og sjálfsagt annarra launamanna sem starfa hjá hinu opinbera væru reiðubúin til viðræðna við stjórnvöld um aðhaldsaðgerðir. Slíkar aðgerðir þyrfti að skipuleggja og undirbúa vel. Þar var reyndar m.a. vitnað til vinnubragða sem notuð voru við gerð búvörusamningsins. Þar náðist víðtækt samkomulag fjölmargra aðila, aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og vinnuveitenda sem áttu samstarf í því máli við bændur sjálfa, samtök þeirra og ríkisvaldið. Við vitum að þetta tekur tíma. Búvörusamningurinn segir okkur reyndar að það tekur tíma að vinna sig út úr þessu máli en um það náðist víðtækt samkomulag. Ég er líka sannfærður um, eins og ég hef nefnt áður í ræðu minni, að það væri hægt að ná víðtæku samkomulagi við starfsfólk í opinberri þjónustu um aðhaldsaðgerðir, um skipulagsbreytingar, um breytingar á rekstri hinna opinberu stofnana. Þessir fulltrúar BSRB bentu einnig á að launaniðurskurðurinn hlýtur að koma mjög misjafnlega niður á einstakar stofnanir. Fer það auðvitað eftir uppbyggingu þeirra og eftir því hversu launahluturinn er mikill þáttur af launaumfangi stofnananna. Og það mundi ég vilja benda hæstv. heilbr.- og trmrh. á fyrst hann er í salnum í augnablikinu að þetta mun einmitt koma mjög við heilbrigðisstofnanir. Það rak ég mig alvarlega á árið 1989 þegar við reyndum hliðstæða aðferð, að flatur launaniðurskurður bitnar mjög á heilbrigðisstofnunum og ég býst við því að hæstv. ráðherra eigi eftir að glíma eitthvað við það. Virðulegur forseti, mig langar aðeins að grípa aftur fyrir mig í ræðu minni, með leyfi forseta, og lesa fyrir hæstv. heilbrrh. fyrst hann er hér staddur. Ég ætla ekki að krefjast þess að hann sitji endilega mín vegna allan tímann sem ég er að flytja mína ræðu þó að hann gjarnan mætti það. Hæstv. ráðherra sagði það hér í umr. 15. okt. sl. fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan að menn yrðu að ráðast að tilteknum verkefnum með skipulagsbreytingum og orðrétt í ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra:

„Hæstv. fyrrv. heilbrrh. gerði ítrekaðar tilraunir í þessum efnum, m.a. með því að leggja til svokallað-

an flatan niðurskurð til sjúkrahúsa víðs vegar um land. Þá risu menn upp til harkalegrar gagnrýni, stjórnendur sjúkrahúsa, og sögðu við hæstv. fyrrv. heilbrrh. að slíkar tillögur væru ástæðulausar, slíkar tillögur væri ekki hægt að framkvæma, menn yrðu að manna sig upp í það og hafa kjark til að benda á tiltekin viðfangsefni sem yrði að breyta. Það erum við að gera nú", sagði hæstv. heilbrrh.

Í nauðvörninni er hins vegar gripið til hinna gamalkunnu úrræða að viðhafa hinn flata niðurskurð og við stofnanir, eins og þær sem hæstv. heilbrrh. fer með þar sem launaliðurinn er stór, á hann ábyggilega eftir að fá að takast á við þetta vandasama viðfangsefni. (**Heilbrrh.:** Og hlakka ekki til.) Og hlakkar ekki til. Ég skil það vel.

Ég var að fjalla, virðulegur forseti, í ræðu minni um fund sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárln. áttum með fulltrúum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þetta var fróðlegur fundur þar sem margt kom fram. Þeir bentu okkur á ýmsar leiðir, m.a. þessa sem ég nefndi, að þeir væru tilbúnir til þess að setjast niður með stjórnvöldum og ræða úrræði og reyna að finna í sameiningu hvernig hægt væri að framkvæma þessa hluti án þess að það bitnaði svo harkalega á einstaklingum sem hafa kannski árum, jafnvel áratugum saman unnið í opinberri þjónustu. Þeir bentu jafnvel einnig á að í sumum tilfellum mætti spara með því að ráða fólk. Það væri ekki eingöngu sparnaður í því fólginn að segja upp fólki. Þar væri um að ræða á vinnustöðum þar sem mikill kostnaður væri við yfirvinnu og þar sem stofnanir hafa kannski vegna óraunhæfra aðhaldsaðgerða neyðst til þess að kaupa þjónustu, sem þær þurfa eftir sem áður að inna af hendi, utan stofnunarinnar. Þar kynni að vera ódýrara að ráða starfsfólk til ríkisins til þess að annast þessa þjónustu.

Á þessar umræður vildi stjórnarliðið í hv. fjárln. ekki hlýða, a.m.k. ekki að þessu sinni. Við stjórnarandstæðingar höfðum því miður ekki tíma til þess í gær að kalla fyrir okkur fleiri fulltrúa opinberra starfsmanna eins og fulltrúa frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og öðrum aðilum en ég er ekki í nokkrum vafa um að það er einnig hægt að eiga við þessa aðila gott samstarf.

Sumt af boðuðum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar mun bíða til 3. umr. og umfjöllunar þá þannig að væntanlega verður bæði hægt að ræða það í fjárln., hugsanlega fá einhverja aðila þar frekar til viðræðu og svo auðvitað að ræða það hér í þinginu þegar að því kemur. Mig langar þó að nefna örfá önnur atriði sem sum koma til umfjöllunar nú, önnur síðar. Núna á t.d. að skera niður fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar um 50 millj. kr. Hér er ráðist að öryggisgæslu í landinu þrátt fyrir miklar og háværar umræður um öryggismál hér á undanförnum vikum. Ég ætla ekki að rifja þá umræðu alla upp en ég bendi á að hér finnst mér vera höggvið á staði sem varasamt er að ráðast svo að eins og hér er boðað.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Landhelgisgæslunni á þessum morgni íhugar Landhelgisgæslan að reyna að mæta þessum fyrirhuguðu niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar með því að fresta, eins og hægt er og öryggiskröfur frekast leyfa, viðhaldi skipa og flugvéla. Það er ekki gott með viðkvæmt tæki eins og t.d. margumrædda þyrlu Landhelgisgæslunnar að hafa eitthvert hugboð um það að viðhald slíks öryggistækis sé e.t.v. ábótavant. Þá er líka meiningin að draga úr úthaldi skipa um þrjá mánuði og fækka flugstundum á TF-SÝN um 150 klukkustundir. Áætlaður flugstundafjöldi þeirrar flugvélar var samkvæmt fjárlagafrv. 750 stundir þannig að hér eru teknar af 150, aðeins 600 sem eftir eru og við sjáum að með þessu hlýtur að vera dregið verulega úr öryggisþjónustu Landhelgisgæslunnar. Þá er líka ráðist hér að löggæslumálum en einnig á því sviði hafa menn að undanförnu rætt einmitt um nauðsyn þess að styrkja löggæslu á ýmsum svæðum, m.a. hér í Reykjavík. En nú á að lækka útgjöld til lögreglustjórans í Reykjavík um 10 millj. kr. Vafalaust mun það koma einhvers staðar fram í minni öryggis- og löggæsluþjónustu.

Byggðastofnun fær einnig einu sinni enn sína sendingu. Það er ein árásin enn á þá mikilvægu stofnun sem kannski aldrei er mikilvægari en einmitt nú þegar atvinnulífið á í vök að verjast. Þar á að skera niður um 20 millj. kr. í viðbót við þann niðurskurð sem frv. þó gerði ráð fyrir frá yfirstandandi fjárlögum.

Lítill liður eins og Sala varnarliðseigna. Ráðgert er að leggja þessa stofnun niður og hafa tekjur af einhverri eignasölu stofnunarinnar, um það bil 25 millj. kr. Í þessari stofnun fer nú þrátt fyrir allt fram mikilvæg starfsemi þó að almenningur viti kannski ekki mikið af því. Að hluta til er hér um að ræða nokkurs konar umhverfismál, þ.e. að koma í verð og koma fyrir ýmiss konar varningi, tækjum, húsbúnaði auk bifreiða sem Sala varnarliðseigna sér um fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Þessi starfsemi hefur skilað ríkissjóði verulegum tekjum. Gert er ráð fyrir að Innkaupastofun ríkisins yfirtaki þessa starfsemi. Innkaupastofnun ríkisins selur nú um það bil 150 bifreiðar á ári en Sala varnarliðseiga hefur selt 300–400 bifreiðar. Innkaupastofnun ríkisins hefur samkvæmt upplýsingum þaðan átt í erfiðleikum með að sinna ýmsum hlutverkum sínum eða því hlutverki sem henni er ætlað á ýmsum sviðum og er alveg ljóst að hún tekur ekki við þessum verkefnum óðruvísi en það þýði viðbótarrekstrarútgjöld þar svo þá er spurningin hver sparnaðurinn er þegar upp er staðið. Mér finnst þetta vera kannski fyrst og fremst dæmi um hversu óvönduð og illa undirbúin þessi vinnubrögð eru.

Ég hef áður nefnt og í nál. kom fram hjá okkur stjórnarandstæðingum þær árásir sem okkur virðast nú eiga að hafa uppi á bæði bændur og sjómenn sérstaklega. Með því að fresta greiðslum til bænda er í raun verið að rifta ákvæðum búvörusamnings. Það er ekkert verið að gera annað en rifta ákveðnum ákvæðum þessa búvörusamnings sem þó náðist gott samkomulag um, enda hafa fulltrúar Stéttarsambands bænda mótmælt þessari hugmynd og þrátt fyrir allt lýst sig samt sem áður reiðubúna til þess að ræða við ríkisstjórnina um hugmyndir um nánari útfærslu á búvörusamningnum en þar mun ýmislegt vera enn ófrágeng-

ið. En hér er beinlínis ráðist að launalið bóndans og honum sagt að hann skuli ekki fá launin sín fyrir nóvember og desember á þessu ári. Það skuli dregið fram á hitt árið, árið 1993.

Varðandi sjómennina, þá á það mál auðvitað eftir að koma fyrir efh.- og viðskn. þingsins og síðan vafalaust í umræðum í þinginu svo að ég ætla ekki að eyða tíma í það nú en þar er einnig ráðist að einni stétt sérstaklega og hennar kjaramálum. Fleiri byrðum er reyndar velt yfir á launþega með þessum aðgerðum þó að þær láti ekki mikið yfir sér þegar breytingartillögurnar eru lesnar. Sem dæmi má nefna það að lækka niðurgreiðslur á mjólkurdufti um 100 millj. kr. Þetta mun koma fram í verðlagningu á sælgæti. Sumir segja að það sé kannski í lagi þó að sælgæti hækki um 10–40% sem mér er sagt að þetta kunni að leiða til. En þessi hækkun hefur annað í för með sér. Hún skekkir samkeppnisstöðu hins íslenska iðnaðar gagnvart innflutningnum. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um það hvort áætlað jöfnunargjald sem á að leggja á innflutninginn á móti, og á að skila 30 millj. kr., réttir þar eitthvað samkeppnisstöðuna. Við höfum engar upplýsingar um hvernig hlutföllin kunna að verða eftir á þegar þessar hækkanir eru komnar út í verðlagið og þaðan af síður höfum við fengið upplýsingar um það hver verða verðlagsáhrifin af þessum aðgerðum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara öllu fleiri orðum um þessar boðuðu nýju ráðstafanir ríkisstjórnarinnar en ljóst er að þessi svokallaða „lækkun" á ríkisútgjöldum er blekking. Það er engin lækkun. Lækkun þessi átti að gefa atvinnulífinu svigrúm. Hún átti að leiða til lækkunar vaxta. Hún hefur væntanlega átt að hjálpa ýmsum öðrum þjóðfélagsþegnum í sinni lífsbaráttu en hér er auðvitað fyrst og fremst um tilfærslur að ræða. Þetta er það eina sem hæstv. virðuleg ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar hafa talið að væru raunhæfar — ég segi aftur innan gæsalappa, „raunhæfar efnahagsaðgerðir", tilfærsla til sveitarfélaganna og nýjar byrðar og álögur á atvinnulífið og fólkið í landinu. Það er það sem þessar aðgerðir boða. Það skapar ekkert svigrúm að færa einn milljarð til sveitarfélaga sem flest eru skuldug og þurfa auk þess að takast á við vanda í atvinnulífinu. Þau eru nú í síauknum mæli að taka af sínu ráðstöfunarfé, það eru bein útgjöld fyrir sveitarfélögin, eða taka lán eða gangast í ábyrgðir til að halda atvinnulífi, einkum í hinum smærri byggðum við sjávarsíðuna, gangandi.

Við höfum auðvitað heyrt að þessar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga mæta harðri andstöðu helstu forsvarsmanna sveitarfélaganna og ekki síst fólks úr röðum hv. stjórnarliða. Væri fróðlegt að vita, ef fer svo sem horfir, hverjir spyrja að leikslokum í þessu efni. Við höfum heyrt að Samband ísl. sveitarfélaga muni leggjast mjög harkalega gegn þessum hugmyndum þó að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki gefið sér tíma til að ræða við það eða bíða eftir tillögum með ályktunum frá þeim.

Að lokum má svo minna á það, og má kannski kalla það einn þátt þessarar leiksýningar hæstv. ríkisstjórnar, að einstakir stjórnarliðar hafa lýst andstöðu sinni við ákveðin atriði sem boðuð hafa verið. Ég nefni sjómannafrádrátt, ég nefni Vestfjarðagöng, af þessu sem nýtt er, að ógleymdum skólagjöldunum. Þó að tveir eða þrír stjórnarliðar fái með leyfi sinna þingflokka að greiða atkvæði gegn svona ákvörðunum af því að stjórnarliðið hefur svigrúm til þess, hefur það rúman meiri hluta á þinginu, þá er ábyrgð þessara einstaklinga nákvæmlega sú sama á aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar með stuðningi þeirra við hana og þær aðgerðir sem hún boðar og beitir sér fyrir þó að þeir fái að leika sér aðeins við atkvæðagreiðslu. Er reyndar samt sem áður fróðlegt að vita hvernig þessi atkvæðagreiðsla á eftir að fara og þar eru mér efst í huga skólagjöldin sem ég hef áður nefnt.

Þá langar mig, virðulegi forseti, að fjalla nokkuð um frv. sjálft og vinnuna í hv. fjárln. Viðtölin voru, eins og fram hefur komið, með hefðbundnum hætti. Einhverjar áherslubreytingar hafa þó vafalaust verið, m.a. vegna umfjöllunar fagnefnda um einstaka þætti, þó að áfram þurfi vissulega að þróa þau vinnubrögð og koma sér saman um nánari verkaskiptingu milli fagnefnda annars vegar og fjárln. hins vegar þannig að hægt sé að skipta vinnunni meira upp. Við úrvinnslu erinda var ljóst að svigrúm til breytinga væri mjög lítið og vil ég taka undir það sem fram kom í ræðu formanns nefndarinnar, hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, að svigrúm var lítið og það var erfitt að taka mikið tillit til og að sjálfsögðu ekki allra þeirra fjölmörgu óska sem fram komu í nefndinni frá ýmsum aðilum. Þó virtist okkur fulltrúum minnihlutaflokkanna ljóst að yrði ekkert að gert, ef ekkert yrði farið eftir þeim fjölmörgu óskum sem fram komu, mundu margar stofnanir og ráðuneyti lenda í miklum rekstrarerfiðleikum. Við teljum það reyndar augljóst nú að sú nýja tilhögun sem svo var kölluð, raunhæfa fjárlagagerðin, hefur ekki leitt til þess að stofnanir búi við þær fjárveitingar sem þær þurfa til eðlilegs rekstrar. Það sem meira var og kom ítrekað fram í viðtölum við fulltrúa þessara stofnana og ráðuneyta er að þær hafa ekki fengið nein tilmæli eða leiðbeiningar um það hvernig eigi að standa að þessum nýju aðgerðum við fjárlagagerðina eða hvernig þær eigi að fara að því að láta enda ná saman. Sumum þeirra var aðeins tilkynnt það, væri þeim yfirleitt tilkynnt það, ef þær sáu það ekki bara í fjárlagafrv. þegar það kom fram, hvaða fjárveitingar þær þurftu að búa við og augljóst var og vitað að þær gætu ekki búið við. Þetta er hins vegar aðeins staðfesting á því, virðulegur forseti, sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram að forsendur þessar fjárlagafrv. standast engan veginn. Það er hægt að nefna í þessu sambandi ótal dæmi, bæði stór og smá, en ekki er tími til þess nú þó að e.t.v. verði drepið á nokkur atriði.

Mig langar fyrst til þess að nefna landbúnaðarmálin vegna þess að landbn. Alþingis tók þann málaflokk til ítarlegrar umfjöllunar og sendi fjárln. sameiginlegt álit um tillögur sínar og jafnvel breytingartillögur við einstaka liði. Í álitinu segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin [þ.e. landbn.] telur að með þessum breyttu

háttum í fjárlagagerð sé stigið jákvætt skref sem tvímælalaust gerir umfjöllun Alþingis um gerð fjárlaga markvissari og tryggir að ákvarðanir Alþingis við löggjöf og samninga séu virtar af framkvæmdarvaldinu. Nefndinni munu nýtast fyrirliggjandi upplýsingar þegar þau málefni, sem um var fjallað að þessu sinni, kunna að koma til umfjöllunar á Alþingi."

Síðan bendir nefndin á tvö atriði sem hún telur að beri að sinna. Það er í fyrsta lagi eins og hún segir: „Engin breyting hefur orðið á stöðu Búnaðarfélags Íslands innan stjórnsýslunnar eins og haldið er fram á bls. 307 í frv. til fjárlaga. Starfsvettvangur Búnaðarfélagsins byggist nú sem fyrr á margháttaðri löggjöf sem snertir málefni landbúnaðarins og á ríkum hefðum á löngum ferli. Þessu geta skýringar með fjárlagafrv. í engu breytt. Fjárlagalið, sem fjallar um Búnaðarfélagið, ber því að setja upp með sama hætti og verið hefur en það tryggir að liður 51, Laun, taki hækkun til samræmis við þær launabreytingar sem kunna verða á fjárlagaárinu svo sem verið hefur." Og síðar með annarri tilvitnun í þetta álit segir: „Þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan nefndarinnar kom ekkert fram sem rökstuddi breytingar á þessum greiðslum frá því sem verið hefur frá upphafi. Þess vegna ber ríkissjóði að standa skil á lífeyrisgreiðslum starfsmanna Búnaðarfélags Íslands til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins."

Þetta er, virðulegur forseti, tilvitnanir í sameiginlegt álit landbn. þingsins, sem stjórnarliðar standa auðvitað einnig að, og er þess vegna furðulegt að hv. fjárln. eða meiri hluti hennar skuli ekki telja eðlilegt að verða í einhverju við þessum óskum. Ótalmargar beiðnir um lagfæringar á smærri liðum komu fram í nefndinni en var í engu sinnt frekar en svo mörgu öðru sem hafnað er.

Varðandi menntamálin langar mig að segja það, — og væri allt í lagi að hæstv. menntmrh. sæti hér áfram. Hann kom hér í gættina áðan en hefur greinilega ekki haft tíma frekar en aðrir ráðherrar en nú eru þeir allir horfnir aftur, sáust hér þrír um tíma. En hæstv. menntmrh. er hér í gættinni. — Í frv. er í raun lögð til afgerandi stefnubreyting með skólagjöldunum. Þar segir svo í áliti frá minni hluta menntmrn. ef ég má, með leyfi forseta, vitna til þess einnig:

„Fulltrúar stjórnarandstöðunnar eru alfarið á móti því að skólagjöld verði innheimt í ríkisskólum. Skólakerfið á að vinna að jöfnuði þegnanna og það þjónar velferð samfélagsins alls. Enginn á að þurfa að hverfa frá námi af þeirri ástæðu að hann geti ekki greitt fyrir nám sitt. Það er ekki sæmandi jafn vel stæðu samfélagi og okkar að ganga á vit fortíðar með þeim hætti sem ríkisstjórnin boðar nú. Hér er ekki um háar upphæðir að ræða fyrir ríkissjóð en einstaklingana og fjölskyldurnar í landinu getur munað um þá peninga sem á að innheimta. Aðalatriðið er þó að nú á að hverfa frá þeirri jafnréttisstefnu sem ríkt hefur um árarаðir í íslensku skólakerfi og því erum við andvíg."

Við þetta er því að bæta að það eru ekki aðeins stjórnarandstæðingarnir sem hafa þessa skoðun. Þeir finnast einnig í röðum stjórnarliða.

Þá eru einnig boðaðar breytingar á nýsamþykktum grunnskólalögum sem við höfum einnig lýst andstöðu við og var rætt hér nýlega í þinginu þannig að ég eyði ekki frekari tíma í það mál að þessu sinni.

Þessi ríkisstjórn virðist ekki vera þeirrar skoðunar að rannsóknir þurfi að auka því að hún sker niður framlög til rannsóknastofnana og gerir þeim að auki skylt að afla sér aukinna sértekna til að standa undir starfsemi sinni. Þetta teljum við bæði ranga og hættulega stefnu. Erindum háskólans hefur ekkert verið sinnt, virðulegi forseti, hvorki Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri né Kennaraháskólans sem þó voru allir með margvísleg erindi fyrir fjárln. Á Akureyri er reyndar óskað eftir að styrkja hlutverk Háskólans á Akureyri með því að koma þar upp nýrri deild, kennaradeild. Hér er auðvitað um nýja starfsemi að ræða sem vafalaust þarf að skoða vel og ég veit að hæstv. menntmrh. hefur hug á því að gera það sem hægt er í þröngri stöðu til þess að þoka þessu máli á rétta braut. Skóli þessi er mikið landsbyggðarmál. Hann er líklega ein af stærri aðgerðum í byggðamálum sem gripið hefur verið til eða hrint í framkvæmd á síðari árum. Þess vegna er það mjög mikilvægt að halda áfram að hlúa að þessari nýju, ungu stofnun og treysta hana í sessi.

Viðhaldsmál Kennaraháskólans og ýmissa fleiri skóla og reyndar fleiri ríkisstofnana bar oft á góma í hv. nefnd en því miður var mjög lítið orðið við óskum um lagfæringar á því sviði. Þó kom hv. formaður fjárln. rækilega inn á það í sinni ræðu áðan hversu brýn þörf væri á að taka þar til hendinni og er í raun ámælisvert að slíkum verkefnum skuli ekki sinnt betur en raun ber vitni.

Þá höfum við ekki fengið nein svör um það hvernig eigi að standa að boðaðri rekstrarhagræðingu í framhaldsskólum, sem reyndar koma fram í fjárlagafrv. sjálfu, upp á 128 millj. kr. Það er viðbót við hinn nýboðaða samdrátt eða niðurskurð og væri fróðlegt að heyra frá hæstv. menntmrh. ef einhverjar nýjar upplýsingar væri að finna um þennan aðhalds- eða rekstrarlið, rekstur framhaldsskólanna, sem á að draga saman um 128 millj. kr. án nokkurra frekari skýringa.

Nokkrum smáum fjárveitingum vegna svokallaðra safnliða í frv. er hafnað. Þeir koma reyndar ekki fram við fjárlagagerðina og þess vegna vart gerlegt að eyða miklum tíma þingsins í að fjalla um svoleiðis hluti. Hér er auðvitað um mjög smáar tölur að ræða í flestum tilfellum fyrir ríkissjóð, jafnvel aðeins fáein hundruð þúsunda kr. eða 1 eða 2 millj. en geta munað mjög miklu fyrir þá sem um sækja. Ég nefni t.d. styrki til nokkurra safnahúsa sem sum hver standa í umfangsmiklum framkvæmdum og standa vel í stykkinu. Þau hafa leitað liðsinnis, lítils háttar liðsinnis ríkisvaldsins og reyndar stutt sínar óskir með tilvitnun í lög. En því miður hefur það ekki fengið náð fyrir augum meiri hluta fjárln.

Mig langar einnig að nefna stuðning við leiklistarstarfið í landinu. Bandalagl ísl. leikfélaga vinnur ótrúlega mikið og gott starf á þessu sviði og þau samtök sendu fjárln. að mínu áliti ákaflega hógværa ósk um það að fjárveitingar til frjálsra leikfélaga, frjálsrar leikstarfsemi yrðu hækkaðar um 5 millj. kr. Þessi leikfé-

lög, eins og segir í bréfi bandalagsins til nefndarinnar, þurfa 17 millj. kr. stuðning frá íslenska ríkinu til að halda áfram sinni veglegu starfsemi. Einnig þyrfti að styðja starfsemi á skrifstofu þessa sambands sem veitir margvíslega þjónustu, ekki eingöngu þessum leikfélögum sem eiga aðild að bandalaginu, heldur einnig öllum skólaleikfélögum í landinu sem líklega, eins og segir, gætu verið jafnmörg og grunnskólarnir sem eru 229 því í langflestum þeirra fer fram einhver leikstarfsemi. Þessi rekstur hefði þurft að fá eins og 1½ millj. í viðbót við það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til að geta haldið áfram að reka sína starfsemi af miklum myndarbrag. Frá fulltrúa eins leikfélags úti á landsbyggðinni fengu þingmenn Norðurl. e. bréf sem mig langar til þess að vitna í. Þar segir, með leyfi forseta:

„Öllu áhugafólki um þessi mál er þungt í huga og vill gjarnan að þingmenn okkar, þó sérstaklega stjórnarþingmenn, taki þetta til vinsamlegrar athugunar og vill minna á í þessu sambandi að nýlega var stofnað til rándýrs embættis menningarfulltrúa, Jakobs F. Magnússonar, við sendiráð okkar í London sem líklega hefur ekki mikla menningu að flytja út ef af henni er skorin öll styrkveiting hér heima," virðulegi forseti og hæstv. menntmrh.

Þetta finnst mér vera svo litlar upphæðir að ég er í raun, eins og hér hefur komið fram í máli mínu, undrandi á því að ekki skuli hafa veri reynt að gera örlítið betur en þó var gert og er rétt að nefna það að Bandalag ísl. leikfélaga fékk hækkun úr 12 millj. í 14.

Fulltrúar Lánasjóðs ísl. námsmanna komu til fjárln. með sínar óskir. Í erindi þeirra kemur fram að þrátt fyrir þær breytingar og aðgerðir sem gripið var til á þessu ári á sjóðurinn við verulega erfiðleika að etja og þarf á enn frekari fjárveitingum að halda en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir nema grípa eigi til nýrra niðurskurðarráðstafana þar. Mig langar aftur að vitna til bréfs, virðulegi forseti, frá framkvæmdastjóra lánasjóðsins þar sem segir:

„Forsendur þeirra fjárlagatillagna um námsaðstoð á árinu 1992 eru gerbreyttar sem Lánasjóður ísl. námsmanna sendi menntmrn. með bréfi dags. 6. júní sl. Mestu munar að þessar áætlanir byggðust á því að á næsta ári yrði tala lánþega sjóðsins um 8.000. Reynslan á yfirstandandi ári sýnir að lánþegum fjölgar enn. Þeir verða því 400 fleiri 1992 en gert var ráð fyrir í fjárlagatillögunum miðað við óbreyttan fjölda í ár. Þá er einnig við að búast að tekjur námsmanna og maka þeirra skerði nám mun minna en ráð var fyrir gert í fjárlagatillögunum í vor og reynslan í ár þá eingöngu höfð til hliðsjónar."

Nú spyr ég hæstv. menntmrh. hvort hann hugsi sér, þar sem ekki er gert ráð fyrir að verða í neinu við þessum óskum sem eru upp á 600 millj. kr., að grípa til enn frekari niðurskurðar eða breytinga á útlánum sjóðsins en gert var ráð fyrir við fjárlagagerðina sjálfa.

Fjárfestingarliðir í framhaldsskólum eru sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga og þar er auðvitað þröngt skammtað eins og víðar. Þó er sá háttur hafður á, og ber að þakka það og er auðvitað nauðsynlegt að virða, að staðið er við samninga sem hafa verið gerðir skuldbindandi með fastri krónutölu. Mér finnst hins vegar óviðunandi að það bitni á þeim stofnunum eða þeim skólum, sem líklega eru að verða færri en hinir, sem ekki hafa náð neinum slíkum föstum bindandi samningum við ríkisvaldið, við menntmrn. og fjmrn. Væri að mínu áliti nauðsynlegt að láta þá skóla og þau sveitarfélög ekki gjalda þessa heldur setjast niður og gera við þau samninga eða láta eitthvað hærri fjárhæðir renna til þeirra, þrátt fyrir hina skuldbindandi samninga, en tillögur meiri hlutans gera nú ráð fyrir. Þetta voru þau atriði sem ég vildi nefna sérstaklega í sambandi við menntamálin og er þó fátt eitt upp talið og af mörgu að taka en ég læt þetta duga, virðulegi forseti.

Mig langar að segja varðandi samgöngumálin, sem ég veit þó að verða tekin frekar fyrir við 3. umr., að mér sýnist óvíst hvernig hugmyndum um niðurskurð við Vestfjarðagöngin muni reiða af en vil þó minna á eða ítreka það, sem reyndar kom fram hjá hæstv. fjmrh. er hann kom til viðtals við fjárln., að í raun væri verið að rifta eða a.m.k. fresta samningum sem þýddu aukin útgjöld. Hann tók það sérstaklega fram að það yrði ekki gert öðruvísi en nauðsynlegt væri að bæta verktökum eitthvað upp þessa frestun. Þá sjáum við að saxast fer á sparnaðinn, sem auðvitað verður ekkert nema frestun, og mun þýða aukin útgjöld þegar upp er staðið ef menn ekki ætla að breyta algerlega hugmyndum um fyrirhugaðar framkvæmdir, sem sumir hafa reyndar óttast og haldið fram, að eigi að breyta algerlega þeirri jarðgangagerð sem þó var búið að ákveða að leggja í.

Verulegar breytingar hlýtur að þurfa að samþykkja á vegáætlun ef fjárlagafrv. verður samþykkt óbreytt. Væntanlega mun hæstv. samgrh. leggja fram nýja till. til þál. að nýrri vegáætlun en ekkert af því höfum við séð enn þá og rennum þess vegna nokkuð blint í sjóinn með það hvað tölurnar í fjárlagafrv. í raun boða þegar skipt er niður á einstaka frakvæmdaliði.

Hafnagerðin er líka afar erfiður málaflokkur. Þótt tala sú sem frv. gerði ráð fyrir hafi verið hækkuð nokkuð eru þar enn þá mjög miklir og margvíslegir erfiðleikar fram undan og ótal verkefni, bæði stór og smá sem bíða. Sumt af því er mjög hart að þurfa að sætta sig við og sumt af því er reyndar þannig statt að ekki er hægt að taka áfanga sem fjárlagafrv. með breytingartillögum meiri hlutans gerir rá fyrir. Það hlýtur að verða að heimila jafnvel útboð sem kosta meira til þess að hægt sé að standa skynsamlega að verki sem kostar meira en fjárveitingin dugar til. Vænti ég þess, með fullri virðingu við það sjónarmið að það sé ekki gott að vera alltaf að framkvæma umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir, að menn sinni þó og viðurkenni þessar staðreyndir þar sem það á við.

Varðandi málefni sjútvrn. vil ég ítreka andstöðu mína og vara við þeim hugmyndum, sem fram koma í fjárlagafrv., að fénýta aflaheimildir Hagræðingarsjóðsins og kippa þannig grunni undan meginmarkmiðum sjóðsins, að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breyttra útgerðarhátta. Ég tel að hér sé farið út

á afar viðkvæma og varasama braut en veit að það hefur verið rætt mikið á öðrum vettvangi við umræður um önnur lagafrumvörp en þetta sem hér er til umræðu og læt því þessa athugasemd duga.

Umhvrn. er nýtt og ungt ráðuneyti með mikilvægt hlutverk. Samtals eru fjárveitingar til þessa ráðuneytis í fjárlagafrv. upp á 476 millj. kr. Ítarleg umsókn með góðri og rökstuddri greinargerð barst hins vegar til fjárln. og reyndar undirrituð af sjálfum hæstv. umhvrh. upp á 200 millj. kr. í viðbót eða eins og 50% í viðbót við það sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. Þetta fékk kannski að vonum litlar undirtektir en ég nefni þetta sérstaklega af því að það er óvenjulegt að hæstv. ráðherrar hafi svo mikið við að senda fjárln. erindi með 50% hækkunum á útgjöldum sinna ráðuneyta. Ég sé að hæstv. fjmrh. brosir, ég vil ekki segja að hann glotti, en hann brosir, enda niðurstaðan sú að málefnið hefur ekki fengið mikinn skilning, hvorki hjá meiri hluta nefndarinnar né hæstv. ríkisstjórn. En í áliti umhvrn. Alþingis, sem sent var fjárln., er undirstrikað mikilvægi þess að vel sé búið að þessu nýja ráðuneyti og um þetta hefur nefndin öll verið sammála. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin ákvað að gera ekki brtt. við einstaka liði þess hluta fjárlagafrv. sem að henni snýr. Eigi að síður vill nefndin vekja athygli á brýnni fjárþörf til verkefna á sviði umhvrn. eins og viðbótartillögur fjárln. *vitna um.*“ — *Það voru einmitt þær tillögur sem ég var* að nefna áðan.

„Þá kom fram í gögnum sem Náttúruverndarráð lagði fram að fjölgun verkefna og stöðug eftirspurn eftir þjónustu ráðins kalla á meiri fjárþörf á opinberu fé en verið hefur hingað til. Enn fremur vill nefndin minna á að umhvrn. er yngsta ráðuneyti innan Stjórnarráðsins og því er brýnt að við fjárveitingar til ráðuneytisins verði nægilegt tillit tekið til uppbyggingar þess. Þýðing umhverfismála á alþjóðavísu fer ört vaxandi og það endurspeglast m.a. í auknum fjárframlögum til þessa málaflokks í nágrannalöndum okkar.“ Þetta vil ég taka upp hér og gera að mínum orðum það sem kemur fram í þessu áliti því að ég tel að hér sé allt satt og rétt sem mælt er og vil undirstrika það sem hér er sagt um mikilvægt verkefni Náttúruverndarráðs. Því miður er ekki heldur gert ráð fyrir neinum lagfæringum á fjárveitingum til þeirrar stofnunar í þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir.

Að lokum langar mig, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um heilbrigðismálin og hefði gjarnan viljað að hæstv. heilbrrh. væri í salnum ef hann er staddur í húsinu. (**Forseti:** Samkvæmt tölvuskjá hjá forseta mun hæstv. heilbrrh. vera farinn úr húsinu í augnablikinu.) Það þykir mér miður, virðulegi forseti, en af því að ég er seinþreyttur til vandræða og leiðinda ætla ég ekki heldur að krefjast þess að hæstv. ráðherra komi hér en verð þó að lýsa aftur yfir undrun minni á því að ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir þessa mikilvægu umræðu, a.m.k. þeir ráðherrar sem fara með útgjaldasömustu ráðuneytin. Mér finnst það lágmark að þeir komi hér og taki þátt í þessari umræðu og ég er reyndar með tvær eða þrjár spurningar til hæstv. ráðherra sem ég hefði viljað koma á framfæri við hann. (**Forseti:** Forseti mun láta kanna hvort hæstv. heilbrrh. er væntanlegur í húsið og láta þá vita af því.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir það og held þá áfram máli mínu. Ég ætla að ræða nokkuð um heilbrigðismálin að lokum í umfjöllun minni um einstaka liði fjárlagafrv.

Vissulega hafa nokkrar lagfæringar verið gerðar á þeim málaflokki frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Það er t.d. áætlað að draga ögn úr fyrirhuguðum sparnaði í lífeyristryggingum. Frv. gerir ráð fyrir samdrætti upp á 330 millj. kr. Hér er flutt tillaga um 80 millj. kr. fjárveitingu þannig að sparnaðurinn þarf þá ekki að verða nema 250 millj. en við höfum enn engar tillögur fengið um þetta efni. Við höfum engar hugmyndir fengið um það hvernig eigi að ná þessum sparnaði. Í fjarveru hæstv. ráðherra mundi ég kannski biðja hv. formann fjárln., ef hann vildi vera svo vænn, að hlýða á mál mitt og koma þessum athugasemdum til hæstv. heilbrrh. sem fjalla um það m.a. að spara 250 millj. kr. í lífeyristryggingum, en við höfum ekki séð eða fengið neinar hugmyndir eða upplýsingar um hvernig það eigi að gerast. Svo vill til að á síðasta kjörtímabili lagði sá, sem hér stendur, fram tillögur um sparnað í lífeyristryggingunum sem áttu m.a. að byggjast á tekjutengingu lífeyris. Þá var það flokkur hæstv. heilbr.- og trmrh. sem brá fæti fyrir þær hugmyndir, *lagðist gegn tillögum um tekjutengingu lífeyrisins.* Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að vita það og ítreka við hv. formanns fjárln. að hann komi þeim spurningum fyrir mig til hæstv. ráðherra hvernig hann og hans flokkur ætlar að ná fram þessum sparnaði.

Hér eru einnig gerðar breytingar á fjárveitingum til sjúkratryggginganna. Þær voru ítarlega ræddar um daginn í hv. Alþingi í tengslum við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og er því ástæðulaust að fara um þær mörgum orðum. Nú hefur fjárveitingin til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar verið hækkuð um 600 millj. kr., þar af um 300 millj. vegna lyfja. Það þýðir að heildarútgjöld vegna lyfja ættu að verða samkvæmt því sem ég best kann að reikna um 2,2 milljarðar. Mér sýnist á þeim upplýsingum sem ég hef fengið nýjastar frá heilbr.- og trn. að það muni vart duga þó að ekki færi meiri fé í þennan málaflokk en fer þá mánuði sem nú eru að líða en auðvitað vitum við ekki hvað kann að vera fram undan í því efni.

Málefni heilsugæslustöðva voru nokkuð rædd í fjárln., m.a. að nauðsynlegt væri að fjölga stöðugildum við þessar stofnanir. Frv. gerir ráð fyrir fimm nýjum stöðugildum. Í upplýsingum sem legið hafa fyrir nefndinni kemur fram að bara heilsugæslustöðvarnar í Reykjavík telja sig þurfa fimm nýjar stöður hjúkrunarfræðinga til þess að hægt sé að halda skólahjúkruninni gangandi. Þá vitum við að mikil áhersla er lögð á aukna heimahjúkrun og það eru að mestu hjúkrunarfræðingar sem þá þjónustu stunda. Þar að auki hefur landlæknir farið fram á það að fjölgað væri nokkuð stöðum heilsugæslulækna við heilsugæslustöðvar og talið brýna þörf á a.m.k. fimm stöðum: á Fáskrúðsfirði, á Hellu og Hvolsvelli sameiginlega eina stöðu, í

Keflavík, í Kópavogi og á Egilsstöðum. Það er þó aðeins forgangsröðin hjá landlækni og þar sem hann telur brýnast að bæta úr þannig að ljóst er að hér er mjög þröngt skammtað eins og auðvitað víðar. En það sem mestu skiptir þó fyrir heilsugæslustöðvarnar er það sem áður var búið að ræða um, sértekjurnar áætluðu, sem gert var ráð fyrir að ættu að skila nær 400 millj. er eru lækkaðar nokkuð eða um 68 millj. þannig að eftir standa í sértekjur 300 millj. sem á auðvitað að innheimta með nýjum skattálögum á þá sem njóta þessarar þjónustu.

Þá langar mig að nefna fjárfestingarliðinn í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum þar sem um er að ræða mjög svipaða krónutölu til úthlutunar og í fjárlögum ársins í ár. Ég bendi á það að fram að þessu hefur uppbygging heilsugæslustöðva í Reykjavík ekki verið kostuð af þessum fjárlagalið. Hún hefur verið kostuð ýmist með heimildum í 6. gr. og síðan greidd út af fjárveitingum sem til þeirra heimilda hefur verið veitt eða með sérstökum samningi við Reykjavíkurborg ef vitnað er til fyrri tíðar. Nú er gerð tillaga um það að af þessum fjárlagalið fái heilsugæslustöðvar í Reykjavík 50 millj. kr. og er þá ekki hægt að skoða það öðruvísi en um sé að ræða í raun skerðingu um þær 50 millj. til þeirra verkefna sem hingað til hafa setið að þessum fjárlagalið og fengið fjárveitingar út af honum. Því er von að erfitt sé að úthluta af fjárlagaliðnum þannig að allir séu bærilega sáttir. Enginn fær auðvitað það sem hann hefði helst talið nauðsynlegast eða æskilegast, réttara sagt. Það er auðvitað ekki nýtt en nú bregður hins vegar svo við að því miður eru sett út af þessum framkvæmdaliðum verkefni sem hafa verið í gangi, verkefni sem hafa fengið fjárveitingar á undanförnum árum. Ég nefni t.d. staði sem ég man eftir í fljótheitum eins og Kirkjubæjarklaustur og Vopnafjörð sem nú eru settir til hliðar vegna þess að þessi liður er auðvitað þrengri en verið hefur af þeim ástæðum sem ég hef tilgreint.

Þá kem ég að því sem ég ætlaði sérstaklega að ræða við hæstv. ráðherra ef hann hefði verið viðstaddur, það eru málefni sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Þau mál á að taka til sérstakrar umfjöllunar við 3. umr. þannig að ég get beðið með það að mestu leyti sem mig langar til þess að segja en mun þó aðeins nefna nokkur atriði vegna þess að ég tel að hér mál sem þurfi að skoða mjög vandlega. Ég tel að hér sé hæstv. ráðherra að fara út á brautir sem ekki munu leiða til réttrar niðurstöðu eða þeirrar niðurstöðu sem sóst er eftir, að gæta ýtrasta aðhalds og sparnaðar í rekstri þessra stofnana. Mín skoðun er nánast sú að þar sé að verða slys.

Með því að sameina Borgarspítalann og Landakot erum við í raun að búa til annað mjög stórt, öflugt sjúkrahús við hliðina á ríkisspítölunum sem mun leiða til harðrar samkeppni milli þessara tveggja stóru sjúkrahúsa. Þau munu keppa um starfslið, þau munu keppa um tækjabúnað og verkefni og það mun til lengri tíma litið leiða til þess að kostnaður verður meiri en ekki minni. Ég hef séð haft eftir ráðherra að til þessara aðgerða verði ekki gripið nema ljóst sé að þær leiði til sparnaðar og ég vona sannarlega að hann skoði hug sinn vel áður en hann kemst að þeirri niðurstöðu að það sem nú er í bígerð sér rétta leiðin.

Ég hef að undanförnu átt viðræður við ýmsa aðila sem gerþekkja þessi mál. Ég átti t.d. nýlega fund með fulltrúum frá sérstakri nefnd sem Félag hjúkrunarfræðinga hefur stofnað og fjallar um rekstrarhagræðingu og aðhald í rekstri heilbrigðisstofnana. Hún er einmitt gott dæmi um þá möguleika sem eru fyrir hendi í nánu samráði og samstarfi við starfsfólk þessara opinberu stofnana, í samráði við opinbera starfsmenn til að ná fram hagræðingu og aðhaldi. Á þessum fundi kom m.a. fram sú sameiginleg niðurstaða þessara hjúkrunarfræðinga að samkeppni sem óhjákvæmilega hlytist af því að vera með tvö svo stór hátæknisjúkrahús í Reykjavík, Landspítala annars vegar og sameinaðan Borgarspítala og Landakot hins vegar, mundi leiða til aukins kostnaðar fyrir þjóðarbúið. Það mundi leiða til aukins kostnaðar og jafnframt töldu þeir að Landakot ætti að nota sem sjúkrahús fyrir skipulagðar innlagnir, ekki fyrir bráðaþjónustu. Þannig mundi best nýting fást á sjúkrahúsinu og þeim búnaði og mannafla sem þar er að finna.

Sama má lesa út úr fréttum fjölmiðla og viðtölum í blöðum sem birst hafa við t.d. ráðuneytisstjóra heilbrigðismála, Pál Sigurðsson, og héraðslækninn í Reykjavík, Skúla Johnsen, sem báðir hafa efasemdir um það að þær aðgerðir sem nú eru í bígerð muni leiða til sparnaðar, a.m.k. ekki á næsta, jafnvel ekki á næstu árum. Það muni fyrst þurfa verulega aukin útgjöld áður en kemur að því að þessar aðgerðir leiði til sparnaðar. Mín skoðun er sú, ég ítreka það, að það muni alls ekki leiða til sparnaðar heldur til enn frekari útgjalda.

Ríkisspítalarnir fengu á þessu ári erlenda rekstrarráðgjafa til þess að skoða starfsemi og skipulag sjúkrahúsanna. Ég tel að í áliti þessara rekstrarráðgjafa sé að finna mjög merkilegar niðurstöður. Kannski er réttara að segja það fyrst að auðvitað var þeirra hlutverk að fjalla fyrst og fremst um ríkisspítalana og starfsemi þeirra. En þeir komast að þeirri niðurstöðu að besta leiðin til þess að ná ýtrustu hagræðingu í rekstri spítalans og þar með talið auðvitað íslenskri heilbrigðisþjónustu, þar sem þetta sjúkrahús er auðvitað langstærst og skiptir mestu máli, sé að leita eftir sameiningu eða a.m.k. miklu betra samræmi á milli starfsemi þessara stærstu sjúkrahúsa en ekki að stilla þeim upp hvoru gegn öðru eins og nú virðist vera stefna hæstv. heilbrrh.

Í skýrslunni segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Hvers vegna sameining með samruna ríkisspítala og Borgarspítala? Vegna þess að samruninn leiðir til 80% til 100% markaðshlutdeildar á flestum sviðum læknisfræðinnar. Þessi leið borgar sig best vegna þess að tvöföldun verður í lágmarki og samvirkni í hámarki. Við samruna Borgarspítala og Landakots verður tvöföldunin mest. Borgarspítalinn og Landakot munu sameiginlega hafa 40–60% markaðshlutdeild í mörgum sérgreinum. Kostnaður mun hækka. Sóun verður í hámarki, og er þá nokkuð mikið sagt, og gæði munu minnka. Með tilliti til smæðar þjóðarinnar er ekki rétt-

lætanlegt að hafa undirsérgreinar á tveimur stöðum þar sem ekki eru tækifæri til að viðhalda hagnýtri reynslu", segir svo hér, virðulegi forseti, í þessari skýrslu. Ég læt þessa tilvitnun duga að þessu sinni þar sem ráðherra er ekki við og tími gefst og tóm til þess að ræða þetta við hann betur.

Mér finnst einnig annað merkilegt við skýrsluna. Þar er talið skynsamlegt að starfrækja og sérhæfa lítil sjúkrahús við hliðina á þessu stóra, sameinaða sjúkrahúsi. Reyndar hélt ég áður að Landakot ætti að vera inni í sameiningu af þessu tagi sem ég hef verið að tala fyrir, en þessir rekstrarráðgjafar, sem þekkja vel til á þessu sviði, sérhæfðir í því að fjalla um heilbrigðisþjónustu og rekstur slíkra stofnana, telja á hinn bóginn að rekstur smærri sjúkrahúsa geti vel átt rétt á sér í því formi að gera þau sérhæfð fyrir þá þjónustu sem þau ráða auðveldlega við og geti vel gegnt öðru hlutverki en aðeins öldrunarþjónustunni. Og það kemur fram að það á auðvitað líka við um sjúkrahús hér í nágrenninu eins og t.d. St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði og önnur smærri sjúkrahús í landinu. Og ég ætlaði þess vegna að spyrja ráðherrann að því í lokin hvort hann teldi ekki rétt og nauðsynlegt að skoða ítarlega þessa skýrslu hinna erlendu ráðgjafa sem hafa sérhæft sig í þessum málaflokki, gefa sér aðeins betri tíma áður en flanað er að einhverju sem að fróðustu manna yfirsýn er e.t.v. ekki talið það skynsamlegasta.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur nokkra sérstöðu með sjúkrahúsum í landinu. Þar er um að ræða deildaskipt sjúkrahús með möguleikum til að sinna vel fjölda sérgreina. En það þarf hins vegar að viðurkenna, bæði af heilbrrn. og fjárveitingavaldinu, þá þjónustu sem þar er veitt og að þar er um að ræða sjúkrahús með stöðuga vakt allt árið um kring. Það hefur ekki verkaskipti við nein önnur sjúkrahús og þess vegna þarf að viðurkenna það í mannahaldi þessarar stofnunar. Það er því nauðsynlegt að styrkja einstakar deildir hvað sérfræðiþjónustuna varðar. Læknaráð sjúkrahússins hefur nú beitt sér fyrir úttekt á stöðunni og áætlanagerð um áframhaldandi þróun sjúkrahússins. Það hefði auðvitað verið æskilegt að geta nú stigið fyrstu skref í samræmi við þessa áætlun, en ekki var orðið við þeim óskum að þessu sinni. Ég veit að hæstv. heilbrrh. er með þetta mál í athugun og ég bið hann að skoða það vel og gera það sem í hans valdi stendur til að tryggja og styrkja þessa mikilvægu þjónustustofnun á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ýmis mál bíða að venju 3. umr. fjárlagafrv., svo sem tekjuhliðin, stofnanir í B-hluta, 6. gr. og ýmsar tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú sett fram og boðað. Það bíður því þeirrar umræðu af minni hálfu að fjalla t.d. ítarlegar um tekjuhlið frv., um skattamálin og þá þætti, um lántökur ríkissjóðs og þróun lánamála, svo og málefni ýmissa stofnana annarra sem tengjast B-hlutanum eins og Ríkisútvarpsins, byggingarsjóðanna o.fl. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárln. sem stöndum að þessu nál. minni hlutans höfum lýst því yfir að við munum ekki standa að afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Við viljum ekki bera ábyrgð á því og erum á móti í grundvallaratriðum ýmsum veigamiklum efnisatriðum sem fram koma í frv. Ég hef auðvitað nú þegar og fyrr við umræðu um þetta mál og önnur látið það koma fram. Við teljum þessi vinnubrögð nú síðustu daga öll með ólíkindum og ýmis mál reyndar, sem boðuð hafa verið, enn í fullri óvissu ef marka má yfirlýsingar einstakra stjórnarliða. Því treystir minni hlutinn sér ekki að þessu sinni til þess að standa að brtt. þeim sem unnar höfðu verið í fjárln. né heldur þeim tillögum sem komu þar fram frá hæstv. ríkisstjórn nú rétt í lok þessarar vinnu og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ég vil svo í lok míns máls, virðulegi forseti, þakka formanni nefndarinnar og öðrum meðnefndarmönnum fyrir samstarfið svo og starfsfólki þingsins, Ríkisendurskoðunar, ráðuneyta og stofnana sem hafa unnið mikið og gott starf við að gera vinnu nefndarmanna auðvelda og afla þeim upplýsinga. Hafi þau öll þökk fyrir það samstarf.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka samstarfsmönnum mínum í fjárln. fyrir samstarfið sl. vikur þrátt fyrir að vinnubrögðin hafi ekki alltaf verið með þeim hætti sem við í minni hluta nefnarinnar hefðum kosið. Þar er þó ekki við forustu fjárln. að sakast heldur eiga þessi aldeilis einkennilegu vinnubrögð rætur að rekja til hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil þakka formanni þeirrar undirnefndar fjárln., sem ég starfaði í, hv. þm. Pálma Jónssyni, fyrir hans störf. Að mínu mati voru vinnubrögð í þeirri undirnefnd eins góð og mögulegt var miðað við þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin hafði tekið varðandi þá málaflokka sem við fjölluðum um. Þá vil ég þakka sérstaklega öllu því starfsfólki sem aðstoðaði okkur við vinnuna, ekki síst ritara fjárln. Sigurði Rúnari Sigurjónssyni og öðru starfsfólki úti í Austurstræti 14 sem hefur reynst okkur einstaklega vel.

Það ástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu minnir um margt á haustið 1988. Gífurlegir erfiðleikar blasa við í atvinnulífi landsmanna, atvinnuleysi eykst og horfur eru á að það muni aukast enn frekar á næsta ári. Þann 27. nóv. sl., eftir að draumsýn ríkisstjórnarinnar um álver leystist upp og í ljós kom að hún hafði engin önnur úrræði í atvinnumálum, sendi Þjóðhagsstofnun frá sér endurskoðaða þjóðhagsáætlun en þar segir m.a. að horfur í atvinnumálum séu nú mun dekkri en áður hafi verið gert ráð fyrir. Það sem mest um varðar er verra útlit í atvinnumálum frá fyrri spá og telur stofnunin að mun minni umsvif verði í byggingarstarfsemi.

Síðan spáin birtist fyrir réttum tveimur vikum síðan hefur þó enn sigið á ógæfuhliðina hvað varðar atvinnustarfsemina í landinu. Og nú boðar ríkisstjórnin að hún ætli að senda stóran hóp ríkisstarfsmanna í flokk atvinnulausra. Ekki er þar einungis um að ræða þessi 600 störf eða 300 ársverk sem á að leggja af hjá ríkinu heldur á einnig að draga úr ýmsum framkvæmdum á vegum ríkisins. Gert er ráð fyrir að landframleiðsla og þjóðartekjur dragist enn frekar saman og ríkisstjórnin ætlar að draga úr lánsþörf til að veita fyrirtækjum landsins aukið svigrúm á lánamarkaðnum.

Þetta er eins og ýmislegt annað sem frá þessari stjórn kemur. Varla eykur hún svigrúmið á lánamarkaðnum með því að setja mörg og stór verkefni yfir á sveitarfélögin jafnframt því sem dregið er úr framkvæmdum ríkisins í sveitarfélögunum. Margar þessara framkvæmda eru nauðsynlegar og sveitarfélögin verða þá sjálf að taka þær á sig. Hvort tveggja kemur til með að auka lánsþörf sveitarfélaganna til muna og þar með þrengja lánamarkaðinn.

Gert er ráð fyrir að fiskafli minnki á næsta ári en það þýðir óhjákvæmilega að störfum fækkar í þeim sveitarfélögum sem byggja á útgerð og fiskvinnslu. Færri störf hafa í för með sér minnkandi tekjur fyrir viðkomandi sveitarfélag, minni tekjur til að takast á við aukin verkefni. Auðvitað hefur minnkandi fiskafli einnig í för með sér minni tekjur fyrir ríkissjóð en því er hægt að mæta með því að breyta lögum eða skerða ákvæði um lögbundin framlög til hinna ýmsu verkefna. Og það er svo sannarlega gert. Sveitarfélögin geta ekki beitt sömu úrræðum. Hér á Alþingi er sveitarfélögum úthlutað viðamiklum verkefnum til að leysa. Við sendum þeim tilskipanir og ráðuneytin setja reglugerðir sem fela í sér skyldur og útgjöld fyrir þau. Það ætti að nægja að nefna reglur um sorp og frárennslismál. Þessum reglum er ekki breytt. Kröfurnar um þjónustu, sem sveitarfélögin eiga að veita, minnka ekki. Þær eru þvert á móti auknar stórlega á sama tíma og áætlað er að tekjur sveitarfélaganna verði skertar með lagaboði frá Alþingi að skipun ríkisstjórnar. Nú ætlast ríkisstjórnin t.d. til að sveitarfélögin greiði 0,1% af útsvarstekjum sínum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þetta mun koma mjög harkalega niður á minni sveitarfélögunum sem hafa nýtt útsvarsheimildir að fullu undanfarin ár. Þau þurfa á öllum sínum tekjustofnum að halda til að geta staðið undir þeirri þjónustu sem þeim er gert að veita og dugar þó varla til.

Það langvarandi samdráttarskeið, sem vel er lýst á bls. 250 í grg. með fjárlagafrv. undir kaflaheitinu „Framvinda og horfur í efnahagsmálum" hefur komið niður á rekstri sveitarfélaga og fyrirtækja í landinu ekki síður en ríkissjóði en það er eins og ónefndir menn viti það ekki eða skilji það ekki. Þessi samdráttur hefur einnig bitnað á rekstri heimilanna í landinu en boðskapur ríkisstjórnarinnar er þó að þau skuli taka á sig enn þyngri byrðar en áður.

Vandamálin sem vissulega voru til staðar að hluta til þegar ríkisstjórnin tók til starfa sl. vor hafa vaxið gríðarlega á undanförnum mánuðum. Engu er líkara en menn hafi ekkert gert í sjö mánuði annað en velta sér upp úr fortíðinni en passa sig þó vel á því að fara ekki lengra en aftur til haustsins 1988. Og svo var auðvitað verið að bíða eftir nýju álveri sem átti að leysa nær allan vandann. Þá átti samdráttarskeiðinu að ljúka, þá gætu launþegar fengið vinnu og þá en ekki fyrr væri hægt að búast við kjarabótum til hinna lægst launuðu. Ekkert lá á að leysa úr vandamálum sjávarútvegsins að mati hæstv. forsrh., menn skyldu ekki eyða tíma í það, mikilvægara var að kryfja störf Alþingis til mergjar og koma skilaboðum um þau til þjóðarsálarinnar. Helsta áhyggjuefni síðustu vikna virðist hafa verið það hvort hæstv. forsrh. tækist nú að lagfæra fundarkunnáttu hv. þm. Það var öllu brýnna en að ræða tillögur hæstv. sjútvrh. varðandi sjávarútveginn. Og meðan á þessum skrípaleik stóð fóru forsendur fjárlagafrv. fyrir árið 1992 út í buskann með álverinu. Fjárln. Alþingis sat á sínum stað og tók við tilkynningum frá ráðherrum og ýmsum stjórnarliðum úr fjölmiðlum, um aukin útgjöld, auknar tekjur, vaxandi halla, minnkandi halla, aukin þjónustugjöld, minnkandi þjónustugjöld og ómögulegt var að vinna vitræna niðurstöðu úr öllum þessum yfirlýsingum.

Loks settist ríkisstjórnin niður eina nótt þegar tími gafst frá beinum útsendingum til þjóðarsálarinnar til að reyna að finna lausn á fjárhagsvandanum. Niðurstaðan birtist morguninn eftir, heilum sólarhring áður en 2. umr. um frv. til fjárlaga átti að fara fram. Þessum skrípaleik er reyndar ágætlega lýst á bls. 2 í nál. meiri hluta fjárln. Þar segir með leyfi forseta:

„Er nefndin hafði lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda, sem til hennar bárust, svo og skiptingu fjárfestingarliða, lágu fyrir breytingartillögur sem nefndin hafði sameiginlega unnið að og námu samtals til hækkunar á 4. gr. 220,2 millj. kr.

Þá fékk nefndin til umfjöllunar tillögur sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 9. des. sl. Eru þær tillögur, sem kunnugt er, flestar til sparnaðar á útgjöldum ríkisins en einnig nokkrar sem fela í sér aukin útgjöld. Enn aðrar varða tekjuhlið fjárlagafrv. Meiri hluti nefndarinnar flytur verulegan hluta þessara tillagna við 2. umr. og nemur sparnaður samkvæmt þeim 957,8 millj. kr."

Þetta eru mjög sérkennileg vinnubrögð. Ríkisstjórnin umturnar tekju- og gjaldaliðum frv. einum sólarhring fyrir 2. umr. og meiri hluti fjárln. verður nánast að samþykkja allt orðalaust og gera breytingarnar að sínum án þess að hafa tíma til að yfirfara þær, hvað þá að hafa samráð við þá aðila í þjóðfélaginu sem tillögurnar snerta beint. Það verður fróðlegt að sjá hvað gerist daginn fyrir 3. umr. um fjárlögin. Megum við þá eiga von á nýrri og gerbreyttri útgáfu fjárlaga?

Og hver var svo niðurstaða ríkisstjórnarinnar eftir næturfundinn 9. des.? Úr því að álver kemur ekki og við verðum af tekjum þess vegna sem nemur 1½ milljarði kr. þá verðum við að draga saman seglin sem því nemur og rúmlega það. Skynsamleg niðurstaða. En tillögurnar um aðgerðirnar, sem í kjölfarið fylgdu, eru ekki allar jafnskynsamlegar. Fram kom að samkvæmt nýju mati ríkisstjórnarinnar yrðu tekjur ríkissjóðs á næsta ári aðeins 103,5 milljarðar kr. í stað 106 milljarða eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagafrv. Hins vegar höfðu útgjaldaliðir frv. hækkað um rúmlega 1.600 millj. kr. og hallinn því orðinn rúmir 8 milljarðar kr. í stað 4 milljarða eins og gert var ráð fyrir í frv. Ríkisstjórnin leggur til að þessum vanda verði mætt með því að auka tekjur um 1.600 millj. kr. Þessum tekjum á m.a. að ná með því að lækka heildargreiðslur vegna barnabóta um 500 millj. og með því að skerða skattaafslátt sjómanna um 180 millj. Sjómenn hafa mótmælt þessari skerðingu harðlega og segja reyndar að þarna sé um mun hærri upphæð að

ræða en þá sem hæstv. fjmrh. talar um. Ég mun ræða báðar þessar breytingar sem varða greiðslu barnabóta og sjómannaafsláttinn séstaklega við 3. umr. um frv.

Þá er ætlunin að fresta niðurfellingu á jöfnunargjaldi á innfluttar vörur sem ég tel reyndar til góðs. Áætlað er að það skili ríkissjóði um 350 millj. kr. Síðan ætlar ríkisstjórnin að ná 300 millj. frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með því að láta stofnunina greiða þá upphæð beint í ríkissjóð í stað þess að greiða landsútsvar eins og áður sem rann til sveitarfélaganna. Þar af fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 225 millj. en nú ætlar ríkisstjórnin að sjá til þess að sjóðurin fái ekki neitt af þessum peningum. Ég tel að ríkisstjórninni hefði verið nær að fjölga þeim fyrirtækjum sem greiða landsútsvar en að fækka þeim. Stofnanir, sem þjóna allri landsbyggðinni, eiga að greiða landsútsvar. Ríkisstjórnin gerir sér þó fulla grein fyrir hvað Jöfnunarsjóðurinn er mikilvægur fyrir sveitarfélögin í landinu og ákvað líklega þess vegna að sveitarfélögin skuli sjálf greiða þessar 225 millj. sem frá sjóðnum eru teknar. Nú á að skylda þau með lögum til að greiða 0,1% útsvarstekjum sínum í sjóðinn og bæta honum tapið þannig. Og sveitarfélögin eiga víst að vera sátt við þetta því þau fá þessa peninga aftur og þá hefur enginn tapað neinu samkvæmt þeim fullyrðingum sem við höfum heyrt nema ef vera kynni Reykjavíkurborg. Þetta er kallað hundalógík í Flóanum og á eitthvað skylt við það þegar hundur eltir skottið á sjálfum sér. Auðvitað má til sanns vegar færa að Reykjavík tapi á þessu. En það gera einnig önnur sveitarfélög sem ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði eða mjög lágar greiðslur. Tekjulitlu sveitarfélögin, sem Jöfnunarsjóðnum er sérstaklega ætlað að styrkja, verða líka af tekjum vegna þess að þau fullnýtan nú þegar alla sína tekjustofna og þeim er ætlað samkvæmt boði ríkisstjórnarinnar að greiða í Jöfnunarsjóðinn af þeim tekjum sem þau annars hefðu til ráðstöfunar og engin trygging fyrir því að framlög til þeirra úr sjóðnum verði hærri en áður hefur verið. Það er því líklegt að þau tapi sem nemur 0,1% af útsvarstekjum sínum. Þessi tillaga ríkisstjórnarinnar er afar slæm og enn verri en ella fyrir það að á næturfundinum viðburðarríka samþykkti ríkisstjórnin að færa viðamikil verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Í lítið útfærðum tillögum ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að tillit verði tekið til greiðslugetu sveitarfélaganna, nei, eitt skal yfir þau öll ganga. Samband ísl. sveitarfélaga hefur reyndar sent frá sér í dag yfirlýsingu sem ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér upp:

„Yfirlýsing stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að brjóta samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti og stórfelldar álögur á sveitarfélögin:

Ríkisstjórnin hefur nú einhliða og án alls samráðs við sveitarfélögin og samtök þeirra lagt fram tillögur um breytingar á tveimur af veigamestu tekjustofnum sveitarfélaganna, útsvari og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt felast í tillögunum stórfelldar nýjar álögur á sveitarfélögin. Samtals leiða þessar tillögur til a.m.k. eins milljarðs króna útgjaldaauka eða tekjuskerðingar fyrir sveitarfélögin. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mótmælir harðlega þessum áformum ríkisstjórnarinnar og telur þau alvarlegt brot á nýgerðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti. Í tillögunum er enn fremur gert ráð fyrir misnotkun á sameiginlegu innheimtukerfi ríkis og sveitarfélaga, staðgreiðslukerfinu, og ganga þær hugmyndir þvert á samkomulag fjmrn., Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 30. apríl 1990 um það efni.

Samráðsfundur stjórnar sambandsins með ríkisstjórninni var haldinn 18. nóv. sl. Árleg fjármálaráðstefna sambandsins var síðan haldin 21. og 22. nóv. sl. Á þessum fundi komu sex ráðherrar ríkisstjórnarinnar og gerðu grein fyrir stefnu sinna ráðuneyta og ríkisstjórnarinnar í heild í málefnum sveitarfélaganna. Þar kom ekkert fram sem benti til þess að ríksstjórnin hefði í hyggju þær stórfelldu breytingar á tekjustofnum, verkaskiptum og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem tillögurnar gera ráð fyrir. Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaganna né Samband ísl. sveitarfélaga um þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram þrátt fyrir skýr ákvæði samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga um samráð þessara aðila varðandi sameiginleg hagsmunamál og ákvæði í 116. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 síðan 1986 þar sem segir: „Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.“ Samningsbundið og lögformlegt samstarf er þannig rofið og það einskis virt af ríkisstjórninni. Slík vinnubrögð leiða til trúnaðarbrests milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins.

Nú liggja fyrir nýjar hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga og endurskoðun á verkefnum, tekjum og öðrum samskiptum þeirra við ríkisvaldið sem góð samstaða gæti náðst um. Framgangur þessa máls byggist á því að traust og trúnaður ríki milli aðila og því sé hægt að treysta að samningar og lög um samskipti þeirra séu virt. Mörg sveitarfélög standa nú frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda. Gerðar eru kröfur á hendur sveitarfélaganna hringinn í kringum landið um fjárhagslega þátttöku í atvinnulífinu. Einnig hefur ríkisvaldið að undanförnu aukið fjárhagslegar skyldur sveitarfélaganna með lögbindingu nýrra verkefna og hertum reglugerðarákvæðum. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga treystir því að ríkisstjórnin falli frá áformum sínum og að efnt verði til samráðs milli ríkis og sveitarfélaga á jafnréttisgrundvelli svo sem samningar og lög gera ráð fyrir. Einungis með þeim hætti er hægt að byggja upp það traust sem nauðsynlegt er að til staðar sé milli þessara stjórnvalda og er forsenda fyrir árangursríku samstarfi þeirra.“ — Er það nema von, virðulegi forseti, að maður hiksti á ósköpunum.

Einna mest í þessum breytingum vegur sú breyting að færa hluta af málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna. Samkvæmt útreikningum ríkisstjórnarinnar er um að ræða verkefni sem kosta um 400 millj. kr. M.a. er þetta dagvistun fatlaðra, sumarbúðir fatlaðra, verndaðir vinnustaðir, rekstur leikfangasafna og atvinnuleit fyrir fatlaða. Búið var að gera ráð fyrir þessum útgjöld-

um í frv. til fjárlaga áður en ríkisstjórninni datt í hug að koma þessum kostnaði yfir á sveitarfélögin. Þar var gert ráð fyrir að útgjöldin yrðu 475 millj. 800 þús. kr. en ekki 400 millj. eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Raunveruleg fjárþörf í þessa umræddu liði er eins og við vitum mun meiri en fram kemur í þessum tölum báðum. Ríkisstjórnin er með þessu að losa sig við hluta af málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og láta þau bera kostnaðinn. Þessar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar eru andstæðar þeim samningi sem gerður var um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og eins og kom fram í því bréfi, sem ég var að lesa upp, samning sem mikil vinna var lögð í að gera og lögfestur var á Alþingi. Við það tækifæri lögðu margir af núv. stjórnarþingmönnum mikla áherslu á að við þennan samning yrði staðið og að alls ekki yrði gengið á hlut sveitarfélaganna. Ef færa þyrfti ný verkefni til þeirra yrði jafnframt að tryggja þeim tekjustofna til að vega þar upp á móti. Sveitarfélögunum er sannarlega ætlað að taka stóran skerf af því sem út af stendur á borði ríkisstjórnarinnar. Hvort standa á við það samkomulag sem gert var á *sínum tíma um uppgjör við sveitarfé*lögin vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga vitum við ekki enn. Um það atriði höfum við ekki séð nein gögn, í það minnsta ekki við sem erum fulltrúar stjórnarandstöðu í fjárlaganefnd.

Ég sagði áðan að ríkisstjórnin ætlaði sér að mæta rúmlega 8 milljarða kr. halla á fjárlagafrv. að hluta til með því hækka tekjuliðinn um 1.600 millj. kr. Að auki er gert ráð fyrir að lækka gjaldalið frv. um 3,1 milljarð kr. þannig að halli verði rúmir 3 milljarðar. Ég hef hér nefnt lækkun á útgjöldum ríkissjóðs vegna fatlaðra um 400 millj. Vissulega er hægt að fara nákvæmlega í ýmsa aðra niðurskurðarliði ríkisstjórnarinnar. Þar er ansi margt sem kemur spánskt fyrir sjónir, eins og t.d. 20 millj. kr. niðurskurður á framlagi vegna starfsmenntunar í sjávarútvegi og starfsmenntunar í atvinnulífi. Um leið og þetta er lagt til er verið að ræða á Alþingi stjfrv. til laga um sama málefni. Það á einnig að skerða framlag vegna rekstur Byggðastofnunar um 20 millj. kr. en ég verð að viðurkenna að mér létti þó töluvert við að sjá að þar var þó ekki lengra gengið vegna þess að heyrst hafði, eftir hæstv forsrh., að til stæði að leggja þá stofnun alveg niður. En líklega hefur það verið sagt í einhverju „fjölmiðlaflippinu".

Framlag til hafnamála er hækkað í tillögum fjárln. frá því sem er í frv. Á móti koma þar tillögur ríkisstjórnarinnar um hækkun á sértekjum Hafnamálastofnunar um 125 millj. sem eiga að nást með álagi á vörugjald og aflagjald án þess þó að koma niður á tekjum viðkomandi hafna. Skynsamlegustu tillögurnar um lækkun á gjaldahlið frv. tel ég vera þær tillögur sem meiri hluti fjárln. setti fram en þær bíða 3. umr.

Þá er komið að stóra úrræði ríkisstjórnarinnar sem á að lagfæra gjaldahlið frv. Almennur sparnaður í rekstri ríkisins. Þessi aðgerð á að leiða til sparnaðar á 1½ milljarði kr. og honum má ná með lækkun á launagjöldum um 2.255 millj. kr. og með sparnaði í öðrum gjöldum um 1,3% eða um 200 millj. kr. Samanlagt spara þessar tvær aðgerðir 2.455 millj. en í staðinn á að veita yfirstjórnum ráðuneyta tæpan milljarð kr. til ráðstöfunar að eigin geðþótta í óhjákvæmileg útgjöld ráðuneyta og stofnana þeirra. Með þessari síðastnefndu ákvörðun er ríkisstjórnin að stíga sórt skref í þá átt að fjárveitingavaldið verði fært frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins. Ég held að það sé þörf á því að styrkja Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu eins og reynslan ætti að vera búin að kenna okkur frekar en fara þessa leið.

Ákvarðanir varðandi úthlutun þessara fjármuna munu eflaust verða teknar án samráðs við Alþingi og er ekkert sem kemur í veg fyrir að peningarnir verði settir í einhverja framkvæmdir sem jafnvel meiri hluti alþingismanna væri alfarið á móti.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar verður niðurskurður á laun og önnur gjöld flatur, eins og reyndar allar ákvaraðanir ríkisstjórnarinnar eru, og ekki þarf mikla hugsun til að framkvæma. Flatur niðurskurður er það ráð sem gripið er til þegar tími gefst ekki til eða er ekki notaður til þess að vinna aðrar og skynsamlegri lausnir og þetta úrræði hefur verið notað áður. Það er *gagnrýni vert hver sem í hlut á.* Það ætti að vera langtímaverkefni að ná launum og öðrum gjöldum ríkisins niður um 5%. Það er ekki hægt að afgreiða slíka aðgerð á einu ári, hvað þá á einni nóttu. Nær væri að setja það markmið að ná fram þessum sparnaði á 3–5 árum samfara hagræðingu í ráðuneytum og stofnunum þeirra og endurmati á hlutverkum þeirra. Ýmsar stofnanir ríkisins eru úr sér gengnar og þarfnast endurskipulagningar. Starfsmenn ríkisins hafa hvað eftir annað lýst sig fúsa til þess að taka þátt í slíkri vinnu. Þeir munu hins vegar aldrei samþykkja þá aðgerð sem ríkisstjórnn ætlar að ráðast í og hafa reyndar mótmælt henni harðlega nú þegar.

Hvernig ætlar svo ríkisstjórnin að koma þessum sparnaði í framkvæmd? Miðað við gefnar forsendur verður starfsmönnum ríkisins fækkað um 600 á árinu 1992 sem samsvarar um 300 ársverkum ef uppsagnir dreifast nokkuð jafnt á árið. Ekki verður ráðið í nýjar stöður og nauðsynleg störf mönnuð með tilfærslum innan kerfisins. Þetta hlýtur að merkja að öll þau nýju stöðugildi sem í frv. eru eiga að fara út, þar á meðal þau stöðugildi sem áttu að koma vegna málefna fatlaðra. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir fyrir stuttu að samstarf hennar og fjmrh. væri með eindæmum gott. Hún hafði jafnvel aldrei kynnst öðru eins og samanburðurinn væri vondur fyrir fyrrv. fjmrh. Gaman væri að vita hvort hæstv. félmrh. er enn sömu skoðunar. Og ekki finn ég enn í frv. þær ráðstafanir til tekjujöfnunar sem hæstv. félmrh. hefur sagt að séu forsendur þess að hún samþykki það. Þetta sagði hún þegar baráttan stóð sem hæst um þjónustu- og skólagjöld á milli hennar og hæstv. fjmrh. Það er áreiðanlegt að ekki munu þær breytingar sem nú er verið að gera bæta afkomu fólks í landinu og erfitt að trúa því að hæstv. félmrh. standi að þessum ósköpum enda lætur ráðherrann lítið sjá sig hér í dag.

En það á sem sagt að fækka ríkisstarfsmönnum og um heil 600 störf á einu ári. Samkæmt ákvörðun ríkisstjórnar má ekki ráða nýjan starfsmann til ríkisins án

þess að það verði tekið sérstaklega fyrir á fundi ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. ætlar þá að kalla saman ríkisstjórnarfund um málið. Ætli þetta sé ekki einsdæmi í heiminum að ríkisstjórn fjalli um það hvort þörf sé á húsverði í tiltekna ríkisstofnun, hvort ráða skuli lækni í starf þess sem lætur af störfum við einhvern af spítölum landsins eða hvort þörf sé á að ráða einn starfsmann til viðbótar þeim sem fyrir eru á skrifstofum stofnana ríkisins. Hvað ætli forsrh. landsins eða samráðherrar hans séu betur í stakk búnir til að meta þörfina í einstöku tilfelli en stjórnandi viðkomandi stofnunar? Þetta er bara fáránlegt rugl. Það er eins og ríkisstjórnina vanti verkefni. Þetta fyrirkomulag á a.m.k. ekki mikið skylt við þá stefnu sem boðuð hefur verið um rammafjárlög og aukið sjálfstæði stofnana um eigin rekstur.

Þá á að skera yfirvinnu niður um 15% og aðrar launagreiðslur en fyrir fasta dagvinnu um 10%. Kostnaður vegna utanlandsferða á að lækka um 10% sem hefur í för með sér 60 millj. kr. sparnað en til að vega að hluta upp á móti þeim sparnaði kemur sérstakur liður um hækkun á ferðakostnaði vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði um 16 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur einnig í hyggju að lækka risnukostnað og aðkeypta sérfræðiþjónustu. En flati niðurskurðurinn kemur alls ekki flatt niður á ráðuneytum og stofnunum ríkisins eins og gefið er í skyn. Stofnanir sem fá framlög í formi tilfærslna að öllu eða miklu leyti sleppa við niðurskurðinn. Búnaðarfélag Íslands fær 78,5 millj. í frv. til fjárlaga. Öll upphæðin er skráð sem tilfærslur og kemur því ekki inn í niðurskurð. Landgræðsla ríkisins er nú með heildargjöld í frv. um 228 millj. kr. Þar af eru aðeins 37 millj. á launalið sem lendir í 6,7% niðurskurði, 74 millj. í öðrum gjöldum sem lenda í niðurskurði og afgangurinn, um 117 millj., er fyrir utan niðurskurð. Þjóðleikhúsið er allt á tilfærslulið og því auðvitað ekki skorið niður og þannig mætti áfram telja.

Lítum á Alþingi. Mig grunar að niðurskurðurinn gæti lent sérstaklega illa á starfsfólki Alþingis. Ef flatur niðurskurður er reiknaður á heildarlaunakostnað Alþingis, að þingfararkaupi meðtöldu sem bundið er í kjaradómi, hverjir koma þá til með að bera skerðinguna? Er starfsfólki Alþingis t.d. ætlað að taka á sig sín 6,7% í niðurskurði á laun og einnig þann niðurskurð sem á að reikna á þingfararkaupið samkvæmt vinnureglu fjmrn.? Eða verður kjaradómur beðinn sérstaklega um að taka tillit til ákvörðunar ríkisstjórnar? Ofan á þennan niðurskurð er svo tillaga um sérstakan niðurskurð upp á 7 millj. kr. á laun og rekstrarkostnað Alþingis. Ég spyr líka hvort Alþingi þurfi að fara bónarveg að hæstv. forsrh. til að fá sinn hluta af þeirri upphæð sem verður til ráðstöfunar fyrir yfirstjórn ráðuneyta til að mæta hluta af þessum mikla niðurskurði.

Niðurskurður á launalið ríkisins mun hafa veruleg áhrif á þá þjónustu sem ríkið annast. Áhrifanna af því hlýtur að gæta í mennta-, heilbrigðis- og félagsmálakerfinu. Berum saman menntmrn. og landbrn. Skerðingin vegna launa í menntmrn. í heild verður um 720 millj. og vegna annarra gjalda um 26 millj. Samanlagt gera þetta um 746 millj. sem er um 4,1% af heildarframlagi til ráðuneytisins eins og það er í frv. til fjárlaga núna. Sambærilegar tölur fyrir landbrn. eru 33,3 millj. í skerðingu og launalið og 4,7 millj. í önnur gjöld. Samanlagt gerir þetta skerðingu um 38 millj. kr. eða um 0,6% af heildarframlagi til ráðuneytis. Ef greiðslur vegna búvörusamnings eru ekki reiknaðar með er skerðingin um 1,4% af heildarframlagi til ráðuneytis. Þetta sýnir vel hversu misjafnlega flata skerðingin kemur niður á ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Enn er nokkuð óljóst með hvaða hætti milljarðinum til endurráðstöfunar verður úthlutað. Ef miðað er við sömu hlutföll og skerðingin hefur í för með sér mun skerðing landbrn. verða um 23 millj. kr. nettó, sem er um 0,8% af heildarframlagi til ráðuneytis í frv. til fjárlaga, ef búvörusamningurinn er ekki tekinn með í reikninginn. Sambærileg tala fyrir menntmrn. verður, miðað við sömu forsendu um úthlutun á ráðstöfunarfé, um 456 millj. kr. skerðing sem er um 2,5% skerðing á heildarframlagi miðað við fjárlagafrv. Munurinn á ráðuneytunum er nokkuð augljós.

Ástæða fyrir þessum mun er m.a. fólgin í hlutfalli launa í rekstri og hvernig framlög til ráðuneyta og stofnana þeirra eru færð í fjárlögum hvort sem um tilfærslu er að ræða eða sundurliðuð framlög. Grunnskólar landsins verða þannig skertir um 6,7% vegna þess að framlag ríkisins til þeirra er eingöngu vegna launakostnaðar. Hér er um meira en 300 millj. að ræða áður en kemur til endurúthlutunar ráðherra en það samsvarar því að 15. hver barnakennari hætti störfum. Og í þessu tilfelli er erfitt að koma annarri hagræðingu við en þeirri að fækka bekkjardeildum og fjölga nemendum í hverri bekkjardeild og eru þó nógu margir nú þegar. Sömu sögu er að segja um aðra skóla eins og t.d. Öskjuhlíðarskóla, Safamýrarskóla, Þjálfunarskóla ríkisins, Fullorðinsfræðslu fatlaðra, Heyrnleysingjaskólann o.fl. Niðurskurðurinn mun einnig koma mjög illa niður á heilsugæslunni og sjúkrahúsum. Sama er að segja um ýmsar stofnanir félmrn.

Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar um flata skerðingu samkvæmt gefnum forsendum hlýtur að leiða til þess eins að dregið verður úr þjónustu heilbrigðiskerfisins langt umfram það sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir núna og er nóg samt. Nú á að greiða meira fyrir þá þjónustu sem sjúklingar fá á sama tíma og allt bendir til að dregið verði úr þjónustunni. Er þetta enn eitt skrefið í þá átt að einkavæða heilbrigðiskerfið.

Það sama er að segja um skólakerfið. Niðurskurðurinn hefur í för með sér breytingar. Nú verður ekki einungis að fresta ýmsum ákvæðum grunnskólalaga, m.a. ákvæðum um fjölgun kennslustunda og fækkun nemenda í bekkjum eins og bandormurinn gerir ráð fyrir, heldur verður að ganga enn lengra. Er hér ekki verið að stíga stórt skref aftur til fortíðar ásamt því alvarlega skrefi að leggja skólagjöld á sem við höfum mótmælt harðlega? Þær tæpar þúsund millj., sem ríkisstjórnin ætlar að afhenda ráðuneytum til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum, breyta litlu um þessa stöðu. Enn er ótalin skerðingin sem lendir á löggæslu og mörgum öðrum samfélagsþáttum og sá niðurskurð-

ur á fé til menningarmála og er í frv., t.d. til leiklistarstarfsemi og kvikmyndargerðar. Þar eru framlög verulega skert frá því sem áður var.

Það eru erfiðir tímar, eins og formaður fjárln. sagði við alla þá sem komu á fund nefndarinnar, en hann hafði þann sið að vitna alltaf í fyrstu ljóðlínu annars erindis Maístjörnunnar eftir Halldór Laxness en það hefst svo, ykkur öllum til upprifjunar:

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref.
Ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef.

Við erum líklega öll sammála um að það eru erfiðir tímar. En erfiðleikarnir eru til að sigrast á þeim. Skemmtilegra væri ef formaðurinn gæti farið með síðari hluta erindis úr Maístjörnunni en þar segir:

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans.

Það væri mun betri kveðja formanns fjárln. til verkafólks í landinu. Við skulum vona að formaður fjárln. þurfi ekki að leita til Bólu-Hjálmars við 3. umr. fjárlaga eftir tilvitnun í ljóð, að honum verði þá ekki „orðið stirt um stef og stílvopn laust í hendi," o.s.frv.

Það verður að leggja miklu meiri vinnu í frv. til fjárlaga en gert hefur verið þegar tekist er á við vandamál í efnahagslífinu eins og þau sem nú er við að glíma. Það þarf að leggja mikla vinnu í að raða verkefnum í forgangsröð og að endurskoða stofnanir. Þetta er, eins og áður er sagt, ekki verk sem verður unnið á einni nóttu.

Þjóðarsáttin svokallaða var í þeim anda. Þar var farið rólega og skipulega í sakirnar og árangur hefði ekki látið á sér standa ef áfram hefði verið haldið á sömu braut. Það ríkti sátt og vilji allra til samkomulags um vandamál efnahagslífsins og lausnir þar til þessi óláns-sama ríkisstjórn tók við. Hún hefur hvað eftir annað kastað stríðshanska. Allar hennar aðgerðir hafa farið þversum á þau markmið sem sett voru með þjóðarsáttinni og áttu að færa þeim kjarabætur sem lægst hafa launin. Nú er ekkert slíkt á döfinni. Þvert á móti bendir allt til að kjör fjölskyldna í landinu muni versna.

Virðulegi forseti. Ég gæti talað miklu lengur og tekið langan tíma í að ræða um þjónustugjöld, þessa dulbúnu skatta þess flokks sem boðaði skattalækkun. Ég gæti einnig vitnað hér í ræður stjórnarþingmanna, sem fluttar voru við afgreiðslu fjárlaga síðustu tvö ár um meðferðina á sveitarfélögunum, að ég nefni ekki ummæli þeirra um þjónustugjöldin eða þessar hræðilegu álögur t.d. sem Pósti og síma var gert að greiða í ríkissjóð. Eða orð þeirra um skattaglöðustu ríkisstjórn allra tíma. En ég ætla að geyma mér þessa ánægjustund og fyrir alla mjög fróðlegar tilvitnanir í ræðu ónefndra hv. þm. þangað til kemur að 3. umr. um fjárlagafrv.

Að lokum vil ég segja þetta: Forsendur fjárlaga hafa ævinlega breyst á því 12 mánaða tímabili sem um ræðir hverju sinni. En þess eru varla dæmi að slík kúvending hafi átt sér stað og við höfum orðið vitni að núna. Og þó er greinilega ekki allt komið í ljós enn þá. Enn á eftir að taka á mörgum stórum og þýðingarmiklum atriðum sem eru látin bíða til 3. umr. Vinnulag þessarar hæstv. ríkisstjórnar er með endemum. Hér er varla ætlast til að menn hafi tíma til að skoða tillögur ríkisstjórnarinnar. En verri eru þó þau vinnubrögð að hafa ekkert samráð við þá aðila sem ráðstafanirnar bitna harðast á eins og t.d. samtök sveitarfélaga og BSRB. Þó væri eðlilegt, virðulegi forseti, að allar þær tillögur sem hér eru birtar, og eiga rót sína að rekja til næturfundar hæstv. ríkisstjórnar 9. des., verði dregnar til baka til 3. umr. svo að hægt sé að hafa samráð við þá aðila sem tillögurnar snerta beint.

Við hefðum viljað koma inn í þessa umræðu með öðrum hætti, flytja okkar breytingartillögur við frv. til fjárlaga en eins og kemur fram í nál. minni hluta fjárln. eru ekki forsendur til þess í dag. Því munum við koma betur inn í umræðuna síðar meir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil, eins og aðrir nefndarmenn hér á undan mér, byrja á því að færa meðnefndarmönnum mínum þakkir fyrir samstarfið og formanni og varaformanni nefndarinnar fyrir störfin. Þó verð ég að segja það að ég var ekki alls kostar ánægð með hve seint og illa gekk að fá fram upplýsingar um hver endanlegur rammi fjárlaganna ætti að vera. Minni hlutinn hefur ítrekað bent á að upplýsingar vantaði til að hægt væri að vinna frv. eins og lög gera ráð fyrir. Ekki hefur nefndarmönnum meiri hlutans þó beinlínis verið um að kenna heldur fyrst og fremst því að engar tillögur komu frá ríkisstjórninni fyrr en á síðustu dögum. En ég vil sérstalega þakka ritara nefndarinnar og starfsfólkinu í Austurstræti 14 fyrir alúð og lipurð í þeirra störfum.

Það eru skiptar skoðanir um alla hluti og ekki hvað síst hér á hinu háa Alþingi. Sá skoðanaágreiningur kemur einnig fram í nefndunum. Við í minni hluta fjárln. höfum þar af leiðandi skilað séráliti sem nefndarmenn hafa mælt hér fyrir og auk þess munum við leggja áherslu á þau mál sérstaklega sem hverjum og einum eru hugleiknust.

Frv. til fjárlaga 1992 er nú til 2. umr. Margir endar eru lausir og frv. engan veginn komið til að vera í þeirri mynd sem kemur nú fyrir sjónir alþingismanna. Meiri hlutinn flytur breytingartillögur við frv. nú sem minni hlutinn sér ekki ástæðu til að standa að þó að sumar þeirra hafi verið gerðar með vitund minni hlutans. Stór mál eru enn til skoðunar hjá ríkisstjórn og verða ekki rædd við þessa umræðu en munu bíða 3. umr. Þær breytingartillögur sem hér eru fluttar, þar á meðal um niðurskurð á launalið ríkisútgjalda um 6,7%, munu breyta niðurstöðutölum frv. í flestum málaflokkum. Það hversu seint tillögur ríkisstjórnarinnar birtust í fjárln. hefur gert allt starf nefndarmanna miklu erfiðara en efni stóðu til. Það gerir einnig að verkum að nefndin getur ekki staðið saman að þeim breytingartillögum sem unnið hefur verið sameiginlega að þar sem nýjustu hugmyndir ríkisstjórnarinnar munu óhjá-

kvæmilega breyta þeim tillögum verulega.

Við 1. umr. fjárlagafrv. gagnrýndum við kvennalistakonur það mjög að þær forsendur sem frv. væri byggt á gætu engan veginn staðist. Þar bentum á að álver væri ekki orðið að veruleika og því ekki raunhæft að reikna með því í spá um landsframleiðslu og þjóðartekjur. Á næsta ári er reiknað með, samkvæmt nýrri þjóðhagsspá, að landsframleiðslan verði 3,6% minni á næsta ári og þjóðartekjur lækki um 5,7%. Orsökin er ekki síst versnandi viðskiptakjör. Halli á viðskiptum er talinn verða 4,9% af landsframleiðslu á þessu ári, en 4,2% á næsta ári. Þannig er halli á viðskiptum við útlönd eitt helsta vandamál okkar eða sagt með einföldum orðum, við flytjum inn meira en við seljum úr landi. Orsök þess er m.a. minnkandi sjávarafli og verðfall á ýmsum útflutningsvörum, eins og rækju, og mikill samdráttur í öðrum útflutningi. Þar er hægt að nefna ullarvörur sem rekja má til gjaldþrots Álafoss á þessu ári.

Tekjur ríkissjóðs voru samkvæmt fjárlagafrv. í haust áætlaðar 106 milljarðar 436 millj. og gjöldin rúmir 110 milljarðar. Hallinn var áætlaður 3,7 milljarðar eða tæpir 4. Lántökur voru þá áætlaðar 13 milljarðar og þar af voru 9 til afborgana af lánum.

Nú sl. föstudag, 5. des., mælti hæstv. forsrh. fyrir bandorminum svokallaða en í honum var sá niðurskurður í frumvarpsformi sem boðaður var í fjárlagafrv. upphaflega auk ýmissa annarra lagabreytinga sem engan veginn geta talist til ráðstafana í ríkisfjármálum. Sem dæmi um það eru breytingar á lögum um kosningar til Alþingis sem engu skila í ríkiskassann á næsta ári.

Í fyrradag komu svo loks fram hugmyndir ríkisstjórnarflokkanna um sparnað og niðurskurð til þess að ná mætti tilætluðum árangri í samningu fjárlaga eins og að hafði verið stefnt, þ.e. að fjárlagahallinn yrði ekki yfir 4 milljarðar eða nánar tiltekið 3,7. Það virðist vera heilagt markmið hjá hæstv. ríkisstjórn að fjárlagahallinn verði 4 milljarðar. Vissulega væri gott ef það markmið næðist. En ekki finnast mér efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem nú hafa litið dagsins ljós, vænlegar til árangurs. Eins og ég sagði áðan, markmiðin eru góð ef þau eru skoðuð ein og sér en verða heldur ótrúverðug ef þau eru skoðuð í samhengi við það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Ef við lítum til sjávarútvegsins sem allt okkar efnahagslíf byggist á, þar sem um er að ræða 78% af öllum okkar útflutningi, þá er útlitið ekki bjart. Í sumar kom út skýrsla Hafrannsóknastofnunar um ástand helstu nytjafiska við Ísland og aflahorfur fiskveiðiárin 1991–1992. Þar kom það fram að nýliðun væri lítil í þorski og árgangarnir 1986–1990 væru allir mjög lélegir. Það eru þeir árgangar sem við munum veiða úr á næstu árum. Í þessari skýrslu er reyndar ekki gert ráð fyrir því að Grænlandsþorskur gangi á miðin. Hins vegar er það fullyrðing sem ekki er vísindaleg niðurstaða á bak við. En allt um það, þá fór sjútvrh. eftir ábendingum Hafrannsóknastofnunar og lagði til að ekki skyldi leyfð meiri veiði á þorski en 265 þús. tonn á næsta fiskveiðiári.

Ég ætla ekki að rekja hver er leyfilegur hámarksafli einstakra tegunda. En þar ber allt að sama brunni og sömu niðurstöðu fyrir efnahagslífið. Samdráttur er fyrirhugaður á næsta ári ef ákvörðun ráðherra stendur óbreytt. Í heild er útlit fyrir það að sjávarútvegur verði rekinn með 5–6% tapi á næsta ári. Samkvæmt ummælum hæstv. sjútvrh. á Alþingi fyrr í haust í umræðum um sjávarútvegsmál þýðir aflasamdrátturinn að við fáum 7–8 milljörðum minna í útflutningstekjur. Það er því vissulega við mikinn vanda að etja hjá hæstv. ríkisstjórn og síst ætla ég að gera lítið úr því þó að ég gagnrýni þær leiðir, sumar hverjar, sem valdar hafa verið til niðurskurðar.

Útlitið í atvinnumálum landsmanna er því ekki bjart. Spáð er að atvinnuleysi aukist úr 1,5% í a.m.k. 2,6% á næsta ári og spáð er að mun meira atvinnuleysi verði hjá konum en körlum. Síðustu fréttir segja að 750 manns hafi skráð sig atvinnulaus frá 1. okt. sl. Ég hef ekki séð að ríkisstjórnin hafi nein áform um atvinnuuppbyggingu í landinu ef frá er talið hið margumrædda álver sem enn er talið vera á dagskrá þó að allir viti að það verði ekki í fyrirsjáanlegri framtíð.

Um atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar gefur að líta í hvítbók svohljóðandi klausu, með leyfi forseta: „Aðgerðir til eflingar atvinnulífi landsmanna munu miða að því að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og tryggja atvinnu- og afkomuöryggi launafólks.“ Og enn fremur: „Það er ekki hlutverk stjórnvalda að stýra framvindu atvinnulífsins með stöðugri íhlutun. Með stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum vill ríkisstjórnin skapa forsendur fyrir varanlegri uppbyggingu í íslensku atvinnulífi og er þess fullviss að markaðslausnir séu farsælastar til að tryggja fyrirtækjum vöxt og viðgang.“

Það eru markaðslausnir sem eiga að leysa málin eða með öðrum orðum frjálshyggjan í fyrirrúmi og frumskógarlögmálið. Hinn sterkasti á að lifa og gleypa hina smærri. Hvenær ætlar þessi ríkisstjórn að skilja það að við lifum ekki í milljónaþjóðfélagi þar sem markaðurinn ræður, að í litlu samfélagi eins og okkar sem ekki hefur fleiri íbúa en úthverfi stórborga úti í heimi og þar sem þessir 255 þús. íbúar eru dreifðir um landið, enn þá a.m.k.? Þar gilda ekki markaðslausnir. Vegna hvers? Vegna þess að fólkið hefur ekki allt aðgang að sama markaði, sömu þjónustu, sömu aðstöðu. Ef svo illa fer að allir íbúar landsins verða fluttir hingað á Reykjavíkursvæðið þá er kannski hægt að fara að beita markaðslausnum í einhverjum mæli. Ég vona að til þess komi ekki. Ég vona að landsbyggðarfólkið haldi út tímabil þessarar ríkisstjórnar þó að hún stefni markvisst að því að leggja niður landsbyggðina. Frestun jarðgangagerðar á Vestfjörðum er svo örlagarík ákvörðun fyrir það fólk sem býr á því svæði að ég þykist viss um það að ef ráðherrar hefðu talað við fólkið, sem þessi ákvörðun á að bitna á, þá hefðu þeir hugsað sig um betur áður en ákvörðun var tekin. Fólkið á Suðureyri hefur mátt búa við óvissu í atvinnumálum mánuðum saman og nú þegar hjól atvinnulífsins eru loks að fara að snúast þá kemur þetta eins og rothögg í andlit þeirra.

Ég hitti marga að máli í sumar á Suðureyri og í

máli manna kom sífellt setning eins og þessi: Þetta lagast þegar göngin koma. Þar var verið að tala um bættar samgöngur, aukna þjónustu, greiðari aðgang að ýmsum stofnunum o.fl. Það lá við að orðtakið væri notað eins og í Biblíunni, tímatalið fyrir og eftir Krist. Það að fresta jarðgöngum er ekki bara spurning um fjármuni og frestun framkvæmda. Það er spurning um trú fólks á framtíðina og trú manna á að orð skuli standa. Það dregur lífskraftinn úr því annars sterka fólki sem byggir Súgandafjörð. Það minnkar líkurnar á nánari samvinnu byggðanna á Vestfjörðum sem stjórnvöld þykjast hafa á stefnuskrá. Ég fordæmi algerlega þessa ákvörðun ef við hana verður staðið en mun ræða það betur við 3. umr. þar sem tillagan liggur ekki fyrir til afgreiðslu nú.

En hvað gerir þá hæstv. ríkisstjórn til að tryggja vöxt og viðgang atvinnulífsins nú þegar við stefnum enn einu sinni inn í samdráttarskeið? Ætlar hún að styðja við bakið á fyrirtækjunum og sveitarfélögunum svo að þau fái staðið af sér niðursveifluna? Nei. Við höfum heyrt undanfarnar vikur um aðgerðarleysi hennar gagnvart fyrirtækjunum og í þessu fjárlagafrv. eru auknar álögur settar á sveitarfélögin bæði í formi skattheimtu og aukinna verkefna sem ríkið á samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að sjá um. Þar má nefna að verkefni sem varða þjónustu við fatlaða eru færð til sveitarfélaganna og þeim ætlað að greiða 400 millj. fyrir þá þjónustu. Þá er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skertur um 275 millj. en það er hluti sjóðsins í landsútsvari Áfengisverslunar ríkisins. Til að bæta Jöfnunarsjóðnum tekjutapið er sveitarfélögum gert að greiða ríkinu 0,1% af útsvarsstofni. Hér áðan kom fram í máli þess sem á undan mér talaði að birt hefur verið bréf frá Samtökum sveitarfélaga þar sem þau mótmæla þessu harðlega. Þetta kemur í raun fram sem lækkun á framlagi Jöfnunarsjóðsins til sveitarfélaganna og þar af leiðandi er það tekjuskerðing, tekjuskerðing sveitarfélaganna. Það sem með þessu er lagt á herðar sveitarfélaganna er viðbót við það sem var í bandorminum svokallaða, þar sem sveitarfélögum var gert að greiða 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúða í félagslega íbúðakerfinu og hækkun varð á greiðslu til Fasteignamats ríkisins og þau þurfa að taka á sig greiðslu í ríkisábyrgðasjóð launa svo að eitthvað sé nefnt. Þessar millifærslur gjalda ríkisins yfir á sveitarfélögin eiga að vera liður í að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Það á svo aftur að verða til þess að draga úr halla og þar með lánsfjárþörf ríkisins. En lánsfjárþörf ríkisins er talin vera aðalorsök hins háa vaxtastigs hér á landi. En hvar eiga sveitarfélögin að taka þessa peninga? Það verður eftir sem áður að standa straum af þessum tilteknu verkefnum og þau kosta það sama hvort sem það er ríkið eða sveitarfélögin sem sjá um þau. Sveitarfélögin eiga enga sjóði til að ganga í. Þau munu leita út á lánamarkaðinn. Með öðrum orðum, það dregur ekki úr eftirspurn eftir lánsfjármagni þó að annar aðili sjái um framkvæmdina. Þessi aðgerð skilar því ekki því sem ætlast er til. Hún minnkar ekki eftirspurn eftir lánsfé og stuðlar því ekki að lækkun vaxta eftir markaðslögmálum ríkisstjórnarinnar. Þarna er ekki um hagræðingu að ræða í rekstri ríkisins, aðeins verið að velta vandanum yfir á sveitarfélögin sem í dag eiga þó við ærinn vanda að glíma mörg hver vegna erfiðleika í atvinnulífinu.

Þá er í tillögu ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir að lækka launalið um 6,7% og annan kostnað um 1,3%. Þetta á að skila til ríkisins 2½ milljarði kr. tæplega. En þar sem ekki er gert ráð fyrir að þetta markmið takist er ákvæði um það að tæpur milljarður gangi til baka inn á sérstakan lið hjá hverju ráðuneyti sem óskipt fé til yfirstjórnar ráðuneyta eða alls 955 millj. kr. í þeim tilgangi að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum ráðuneytanna og stofnana þeirra. Þarna er verið að færa völd frá Alþingi til ráðherra að mínu mati. Ef svo fer að niðurskurður sá sem áætlaður er tekst hafa ráðherrar þarna óskipt fé til eigin geðþóttaráðstafana. Þarna er um stefnubreytingu að ræða. Þarna er tæpur milljarður settur til ráðstöfunar fyrir ráðherra og fjárveitingavaldið tekið úr höndum Alþingis sem fær svo það hlutverk síðar á næsta ári að leggja blessun sína yfir það hvernig því hefur verið úthlutað.

Það verður svo önnur saga hvernig til tekst um að framkvæma þennan niðurskurð. Slíkt hefur margoft verið reynt og jafnan reynst erfitt í framkvæmd. Skemmst er að minnast tilraunarinnar frá 1989 þegar skerða átti launalið ríkisins um 4% en þegar upp var staðið var það ekki hægt öðruvísi en með lokunum stofnana og mat manna var að það hefði tekist að lækka útgjöld ríkisins um 1,5%.Um framkvæmdina segir í till. fjmrh., með leyfi forseta:

„Allar nýráðningar verði stöðvaðar og nauðsynleg störf mönnuð með tilfærslu innan kerfisins. Óhjákvæmilegar nýráðningar verði bornar undir ríkisstjórn áður en til ráðningarsamnings kemur. Miðað við forsendur fjárlagafrv. verði starfsmönnum ríkisins fækkað um 600 á árinu eða sem svarar 300 ársverkum. Samkvæmt fjárlagafrv. hefði heildarfjöldi starfa hjá ríkinu orðið 16.968 árið 1992, áreiðanlegar tölur um breytingar milli ára liggja ekki fyrir en ljóst er að fjölgun hefði orðið að óbreyttu fjárlagafrv. um 100–200 störf. Þá á að skera yfirvinnu niður um 15%, þá á að skerða aðrar launagreiðslur um 10%. Kostnaður vegna utanferða á að lækka um 10% og risnukostnaður um 10%. Aðkeypta sérfræðiþjónustu á að skera niður um 7% miðað við árið 1991. Allar þessar tilskipanir eru miðstýrðar. Það er verið að auka miðstýringarvaldið en ekki að auka sjálfstæði stofnana til eigin ákvarðana með hagræðingu í huga. Stofnunum er skammtað fjármagn mánaðarlega. Fari þær fram úr því verður að leita til ráðuneytis með nýja rekstraráætlun og fáist hún ekki samþykkt verður stofnunin jafnvel að segja upp starfsmönnum. Í flestum tilfellum er það í raun óframkvæmanlegt. Er hægt að segja upp starfsfólki á sjúkrahúsum síðustu mánuði ársins vegna þess að starfsemin hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir í upphafi árs? Er hægt að segja upp kennurum á haustin af því að launareikningurinn er farinn fram úr áætlun? Það eru svo margir vankantar á því að framkvæma þessar fyrirætlanir að það er með eindæmum að láta sér detta í hug að það takist.

Undir liðnum Skerðing annarra launagreiðslna eru nefndar aukagreiðslur og afleysingagreiðslur. Það er til sérstakrar athugunar að spara þar afleysingakostnað, m.a. með því að loka stofnunum yfir sumarleyfistímann. Með öðrum orðum, það er um að ræða enn frekari lokanir deilda á spítölum og trúlega fækkun kennslustunda í skólum því að ekki verður þar frekar um forfallakennslu að ræða sem mundi þá flokkast undir afleysingagreiðslur.

Það er fyrirsjáanlegt að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum koma hart niður á launafólki og skerðing barnabóta sem á að skila 500 millj. í ríkissjóð er einnig atlaga að láglaunafólki. Þó að þar sé verið að gera tilraun til að jafna kjör með tekjutengingu barnabóta er tekjuviðmiðunin allt of lág. Fólk sem hefur 2,4 millj. í árstekjur er ekki hálaunafólk. Hjón með tvö börn og þessar tekjur, þ.e. 200 þús. kr. samanlagt á mánuði, er venjulega að koma sér upp húsnæði og e.t.v. að greiða af námslánum jafnframt. Það liggur í augum uppi að hér er ekki um hátekjufólk að ræða.

Skerðing sjómannaafsláttar, sem fyrirhuguð er, hefur mætt mikilli andspyrnu enda er um samningsbundin réttindi sjómanna að ræða sem breyting var síðast gerð á við upptöku á staðgreiðslu skatta og þá með því loforði að við því yrði ekki hróflað. En þá voru gerðar þær breytingar á sjómannaafslættinum að prósentuhlutfall var aflagt og tekið upp fast gjald fyrir hvern dag. Þarna féllust sjómenn á tekjujöfnun því að áður var sjómannaafsláttur inn hæstur hjá þeim sem hæstar höfðu tekjurnar. Nú á að rifta því samkomulagi sem þá var gert. Ég mun ekki gera þessi atriði frekar að umtalsefni nú þar sem afgreiðsla á þeim bíður 3. umr. og tími gefst þá til að skoða málið betur.

Lítils háttar hækkanir voru gerðar á nokkrum safnliðum og einstökum liðum innan menntmrn. Kom það fram í máli formanns fjárln. áðan þegar hann fór yfir breytingartillögur meiri hlutans. Minni hlutinn gerði ekki ágreining um það svo langt sem það náði en benti á ýmsa liði sem æskilegt væri að hækka meira til þess að það starf, sem byggir á þeim fjárveitingum, legðist ekki af. Þar má nefna Bandalag ísl. leikfélaga sem aðeins fær 2½ millj. í frv. og engin breytingartillaga er til hækkunar í tillögum meiri hlutans.

Niðurstaða okkar í minni hluta fjárln. hlýtur því að vera að lýsa yfir óánægju okkar með það hversu seint allar þessar tillögur koma fram og hversu lítið útfærðar þær eru til þess að hægt sé að fjalla um þær. Við kvennalistakonur lítum á þessar tillögur sem stórfelldar árásir á launafólk og sérstaklega opinbera starfsmenn auk þess sem skólagjöld og hækkanir á sértekjum í heilbrigðisþjónustu, sem boðað var í frv., eru bein kjaraskerðing og í raun dulbúnar skattahækkanir. Við teljum ríkisstjórnina hafa brugðist við þessu ástandi sem við blasir á rangan hátt. Þegar niðursveifla er fyrirsjáanleg í þjóðfélaginu er ekki réttlætanlegt að ríkið auki á þá kreppu með slíkum niðurskurði í fjárlögum og skerðingu á fjármagni til opinberra framkvæmda. Það mun enn auka á atvinnuleysi og hafa keðjuverkandi áhrif um allt þjóðlífið. Við slíkar aðstæður er ekki réttlætanlegt að minnka halla ríkissjóðs með leifursókn heldur að draga úr honum á einhverju árabili jafnvel þó að það kosti auknar lántökur. Sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir mun draga langan slóða atvinnuleysis og gjaldþrota á eftir sér ásamt óhjákvæmilegri byggðarröskun. Ég gæti haldið áfram að rekja það með fleiri dæmum en mun geyma það til 3. umr. þar sem, eins og ég hef áður vikið að, er nær ógerningur að gera sér *fulla grein fyrir, með svo stuttum fyrirvara, þeim áhrifum* sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar munu hafa nái þær fram að ganga.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi leyfa mér að taka undir þær þakkir sem hafa komið fram frá samnefndarmönnum mínum fyrir samstarf í nefndinni og þó einkum og ekki síst til þeirra starfsmanna sem starfað hafa að þessum málum með nefndinni fyrir 2. umr. Í nál. minni hluta fjárln. kemur fram gagnrýni á það vinnulag og þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í nefndinni fyrir 2. umr. og sagt að það sé einsdæmi að tillögur frá ríkisstjórn hafi borist svo seint sem raun ber vitni. Þetta er að mínum dómi rangt. Það hefur iðulega gerst að tillögur hafi borist á síðustu stundu og ég man eftir því á síðasta kjörtímabili að fjárln., sem þá hét fjárveitinganefnd, var vinnulaus dögum saman, eina fimm daga, meðan verið var að bíða eftir tillögum frá ríkisstjórn. Síðan voru þær afgreiddar á einum morgunfundi rétt fyrir umræðu. Það er því fjarri lagi að hér sé um eitthvert einsdæmi að ræða. Ég vil hins vegar taka fullt tillit til sjónarmiða minni hlutans og þeirrar aðstöðu sem minni hlutinn er settur í hverju sinni, enda hef ég reynslu sem slíkur, og ég lagði til að umræðunni yrði frestað um einn dag af þeim sökum að tillögur er varða gjaldahlið komu nokkuð seint fram.

Að því er varðar tekjuhlið þá er það venja að leitast við að sýna frumvörp um tekjur ríkisins fyrir 2. umr. og það er sú venja sem hér er fylgt og er eðlilegt að henni sé haldið. Ég vísa því á bug að það hafi verið eðlileg afstaða hjá minni hlutanum að hafna því að flytja með okkur í meiri hlutanum brtt. við 4. gr. sem nefndin öll hafði unnið að. Eðlilegt var að þannig hefði verið á málum haldið samkvæmt venju en jafneðlilegt hefði verið fyrir minni hlutann að hafna því að eiga aðild að þeim tillögum sem áttu rætur sínar í samþykktum ríkisstjórnar frá því 9. des. sl. Ef þetta hefði verið gert hefði verið fylgt venjulegu vinnulagi en út af þessu er nú brugðið.

Þegar núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð á vordögum fyrir rúmum sjö mánuðum var flestum ljóst að hennar beið ekki einungis dans á rósum. Vandamálin, sem óhjákvæmilegt var að takast á við, voru hrikaleg. Alvarlegust voru þau að mínum dómi á sviði ríkisfjármála og atvinnumála. Í raun og veru má telja þarflaust af minni hálfu að lýsa því með mörgum orðum hvernig þessi vandi hefur orðið til. Væntanlega hefur enginn lýst því oftar eða ítarlegar í þesum ræðustóli hvert stefndi í fjármálum ríkisins síðustu árin en sá sem hér stendur.

Þegar ráðast þarf að lausn á slíkum vanda, sem nú er við að fást, má telja gagnslaust að draga fram söku-

dólga að öðru leyti en því hver nauðsyn það er að læra af reynslunni. Almennt má þó segja að rætur þessa vanda liggi víða. Ein sú gildasta er hin mikla lægð sem við göngum nú í gegnum í efnahagskerfinu og virðist ætla að verða langærri og erfiðari en oftast áður. Á næsta ári er enn spáð alvarlegum samdrætti í framleiðslu og tekjum þjóðarbúsins en þetta samdráttarskeið hófst á miðju ári 1987. Hitt liggur ljóst fyrir að fráfarandi hæstv. ríkisstjórn mistókst að bregðast við þessum aðstæðum í þjóðarbúskapnum bæði í fjármálum ríkisins og í atvinnumálum. Umfang ríkiskerfisins var aukið, útgjöld ríkissjóðs fóru sívaxandi sem hlutfall af landsframleiðslu. Ríkissjóður tók til sín sífellt stærri hluta af ráðstöfunarfé þjóðarinnar þannig að minna var eftir fyrir aðra, heimilin í landinu og fyrir atvinnuvegina. Þrátt fyrir þetta var ríkissjóður rekinn með alvarlegum halla sem súpa varð seyðið af með gríðarlegum lántökum er ollu spennu á lánsfjármarkaði og háum vöxtum sem allir þekkja. Samtímis er svo komið að vextir ríkissjóðs eru orðnir 1/10 hluti ríkisútgjalda.

Alvarlegast er þó að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn hafði tekið ákvarðanir, undirritað skuldbindingar og gefið út loforð og fyrirheit um margs konar útgjöld, fjárfestingu, húsakaup, tækjakaup og rekstur sem engir peningar voru til fyrir heldur átti að greiða þetta seinna þegar aðrir væru komnir til að leysa vandann og það fellur í hlut núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Við afgreiðslu fjarlaga fyrir ári hafði ég dregið saman tölur um hallarekstur, skuldbindingar og ábyrgðir, sem fyrrv. hæstv. ríkisstjórn hafði staðið fyrir og velt yfir á framtíðina, sem samtals námu um 53 milljörðum kr. Áður en sú hæstv. ríkisstjórn fór frá hafði hún bætt drjúgum við þá fjárhæð sem sumir ráðherrar hennar kölluðu bögglauppboð. Öllu var þessu velt á framtíðina og þeir baggar bundnir þannig að undan því varð eigi vikist að þjóðin axlaði þá. Þannig var aðkoman hjá núv. hæstv. ríkisstjórn í fjármálum ríkisins.

Hæstv. ríkisstjórn setti sér það mark að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á tveimur árum án þess að um skattahækkanir væri að ræða. Það var jafnframt markmið ríkisstjórnarinnar að með þeim hætti væri búið í haginn fyrir tvö seinni ár kjörtímabilsins þannig að þá mætti taka skattakerfið til endurskoðunar í þeim tilgangi að ná fram lækkun skatta. Í samræmi við þessa stefnu var fjárlagafrv. lagt fram og það markmið sett að halli á fjárlögum fyrir árið 1992 skyldi eigi verða meiri en 4 milljarðar kr. Eftir að frv. var lagt fram versnuðu, sem kunnugt er, afkomuhorfur þjóðarbúsins enn frá því sem áður var áætlað, m.a. vegna versnandi viðskiptakjara og vegna þess að fresta varð áætlun um byggingu álvers. Enn fremur voru spár og ákvarðanir er lutu að afrakstri sjávarafla með þeim hætti að þar var enn um samdrátt að ræða. Var talið að á næsta ári hyrfu af þessum sökum tekjur frá ríkissjóði sem næmu um 1½ milljarði kr. frá því sem áður hafði verið áætlað.

Við þessum nýju aðstæðum varð að bregðast og það hefur hæstv. ríkisstjórn gert með þeim tillögum sem hún kynnti þann 9. þessa mánaðar. Meiri hluti fjárln. hefur unnið í samræmi við þá kröppu stöðu, sem hér er í örfáum orðum lýst, í fjármálum ríkisins. Hv. formaður fjárln. hefur í ræðu sinni hér á undan lýst ítarlega starfi nefndarinnar fyrir afgreiðslu frv. við 2. umr. Eins og þar kom fram hefur verið sparlegar haldið á málum um aukin útgjöld í tillögum fjárln. en nokkru sinni fyrr í tíð fjárln. á undanförnum árum. Samtímis hefur meiri hluti fjárln. flutt breytingartillögur til lækkunar á ýmsum liðum frv. sem nema hærri fjárhæðum heldur en þær útgjaldatillögur eru sem meiri hlutinn flytur. Tillögur meiri hlutans um þetta efni eru ekki að fullu komnar fram heldur bíður hluti þeirra 3. umr. Skylt er að minna á það að sumar af þeim hækkunartillögum sem meiri hluti nefndarinnar flytur er vegna leiðréttinga, sem ævinlega verða einhverjar, vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir alls staðar, sem æskilegt væri, þegar fjárlagafrv. er samið.

Við sem störfum í meiri hluta nefndarinnar höfum litið á það sem skyldu okkar við þessar erfiðu aðstæður að leggja okkar lóð á vogarskálina til þess að þau markmið megi nást sem ríkisstjórnin hefur sett í fjármálum ríkisins. Þegar þannig er haldið á málum er ljóst að margar óskir liggja óbættar hjá garði sem við hefðum kosið að geta orðið við. Það er smátt skammtað til fjölmargra þýðingarmikilla viðfangsefna og það er gripið til niðurskurðar og samdráttar sem ýmsum verður sársaukafullur. Í fyrsta sinn er verið að boða stöðvun á útþenslu ríkiskerfisins og raunverulegan sparnað á nokkrum sviðum þess. Þetta gerist ekki átakalaust. Það þarf enginn að láta sér detta það í hug, það eru engin töfrabrögð til í þessum efnum sem ekki koma við neinn. En það er nauðsynlegt að ná þessum markmiðum af mörgum orsökum.

1. Það er nauðsynlegt til þess að stórminnka lántökur ríkissjóðs. Við það slaknar á þenslunni á lánsfjármarkaðinum og vextir hljóta að lækka verulega.

2. Ríkissjóður verður að gefa heimilunum í landinu og atvinnuvegunum meira svigrúm með því að draga úr sókn sinni eftir ráðstöfunarfé þjóðarinnar.

3. Þessi markmið eru forsenda þess að unnt sé að viðhalda stöðugleika í verðlagsþróun í landinu.

4. Þetta er forsenda þess, sem ekki er veigaminnst, að ætla megi að við náum kjarasamningum sem viðhaldi stöðugleika í efnahagskerfinu.

Í hnotskurn má segja að ef ekki væri gripið til aðgerða í fjármálum ríkisins og áfram væri látið vaða á súðum með sambærilegum hætti og var í tíð fyrri ríkisstjórnar værum við að grafa undan atvinnuvegum landsmanna og leiða kollsteypu yfir efnahagskerfi þjóðarinnar. Með nýjum tökum á fjármálum ríkisins í samræmi við markmið hæstv. ríkisstjórnar erum við á hinn bóginn að skapa möguleika til þess að rétta við stöðu atvinnuveganna, viðhalda stöðugleika í efnahagskerfinu, lækka verðbólgu og stórlækka vexti. Mér er fullljóst að samdrætti í fjármálum ríkisins, svo sem nú er stefnt að, fylgja sárindi fyrir ýmsa og erfiðleikar. En þeir erfiðleikar eru þó smáræði ef litið er til framtíðarinnar hjá því að fá yfir okkur hverja kollsteypuna á fætur annarri, gengisfellingar, óðaverðbólgu og okurvexti. Þetta er það sem við blasir ef ár-

angur næst ekki. Þrátt fyrir að ýmsum þyki einstök atriði í tillögum ríkisstjórnarinnar erfið, og á þeim sjónarmiðum hef ég fullan skilning, þá er heildarsvipur þeirra þannig að ríkisstjórnin mun hljóta virðingu og traust af ef þessum markmiðum verður náð.

Virðulegi forseti. Ég er reiðubúinn að fresta ræðu minni.

Umræðu frestað.

49. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
kl. 20.30 síðdegis.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 61. mál. — Þskj. 62, nál. 229, brtt. 230.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Það mál er 61. mál þessa löggjafarþings. Með leyfi virðulegs forseta vil ég gera grein fyrir þessu áliti:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, hæstaréttardómara og formann réttarfarsnefndar, Gest Jónsson, formann Lögmannafélags Íslands, Valtý Sigurðsson, formann Dómarafélags Íslands, Garðar Gíslason, formann Lögfræðingafélags Íslands, Rúnar Guðjónsson, formann Sýslumannafélags Íslands, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara. Þá barst nefndinni umsögn formanns réttarfarsnefndar og dómsmálaráðuneytisins um frumvarpið.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem mæla fyrir um breytingar á lögum sem ætlunin er að breyta samkvæmt frumvörpum sem lögð hafa verið fram á þessu þingi. Í varúðarskyni ákvað nefndin að hrófla ekki við þessum ákvæðum.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 7. gr. frv. er ranglega vísað í 8. gr. laga nr. 12/1922. Þar skal vísað í 5. gr.

2. Lagt er til að úrelt upphæð fæðispeninga lögreglustjóra, umboðsmanns hans eða hreppsstjóra í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 42/1926 verði felld brott.

3. Lagt er til að felld verði úr gildi lög nr. 43/1930, lög nr. 32/1957, lög nr. 22/1960 og lög nr. 36/1967, en þau hafa nú öll lokið hlutverki sínu.

4. Lögð er til breyting við 28. gr. frumvarpsins. Tilvísun í orð 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1953 bætist til skýringar við 2. mgr. 2. gr. sömu laga.

5. Lagt er til að ákvæði 2. málsliðar a-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/1963 verði breytt til samræmis við það að dómarar við Hæstarétt Íslands eru nú átta.

6. Í 102. gr. frv. eru lög nr. 90/1989 ranglega tilgreind sem lög nr. 90/1990.

7. Lagt er til að ný grein, 103. gr., komi aftan við 102. gr. frv. Til þess að héraðsdómarar geti hafið störf við gildistöku laga nr. 92/1989 þann 1. júlí 1992 er nauðsynlegt að þeir hafi verið skipaðir fyrir þann tíma. Skipa verður því nú þegar dómnefnd til að fjalla um hæfi umsækjenda til embættis héraðsdómara. Enn fremur er lagt til að dómsmálaráðherra verði gert kleift að skipa dómstjóra við héraðsdóma fyrir gildistöku laganna. Ákvæði þessi hafa því aðeins þýðingu að þau öðlist þegar gildi.

8. Lagt er til að heitið rannsóknari í lögum nr. 19/1991 haldist. Þeir töluliðir 106. gr., sem leggja áttu niður hugtakið rannsóknari úr lögum nr. 19/1991, falli því brott.

9. Lagt er til að heiti laganna sé breytt með vísan til tillögu nefndarinnar um brottfall fernra laga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þessum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir nefndarálitið rita Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Ólafur Þ. Þórðarson, Össur Skarphéðinsson og Kristinn H. Gunnarsson, sá síðastnefndi með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Var málið tekið fyrir á sjö fundum og fjölmargir aðilar kallaðir fyrir nefndina. Frv. felur í sér breytingar á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar umboðsvalds og dómsvalds í héraði. Þetta frv. tengist þeirri nýskipan réttarfars og framkvæmdarvalds í héraði sem grunnur var lagður að með lögum um aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds í héraði nr. 92/1989.

Flestar þeirra breytinga sem frv. leggur til eru lagatæknilegs eðlis og sjálfsagðar eftir að tekin hefur verið afstaða til aðskilnaðarins. Víða er í lögum enn að finna tilvísanir í hugtök og heiti sem breytast við aðskilnaðinn og óhjákvæmilegt að breyta því til samræmis við hina nýju skipan. Má sem dæmi nefna að eftir ákvæðum laga nr. 92/1989 munu allir þeir embættismenn sem fara með framkvæmdarvald í héraði utan Reykjavíkur bera embættisheiti sýslumanna en teljast þó um leið lögreglustjórar og tollstjórar í umdæmum sínum. Í Reykjavík skiptast þessi störf hins vegar milli sýslumanns, tollstjóra og lögreglustjóra. Embættisheitin bæjarfógeti, borgarfógeti, borgardómari og sakadómari falla hins vegar alveg niður. Er í frv. víða að finna tillögur til breytinga á lögum þar sem þessi brottföllnu embættisheiti koma fram. Nefndin leggur til nokkrar breytingar við frv. og mun ég stuttlega gera grein fyrir þeim.

Lögð er til viðbót við þá breytingu sem frv. felur í sér í 28. gr. þess. Orðin „á þeim grunni" bætist við greinina til frekari skýringar á lögunum. Enn fremur er

lögð til breyting 40. gr. frv. sem ætlað er að breyta lögum nr. 3/1963 til samræms við það að dómarar við Hæstarétt Íslands eru nú átta í stað fimm áður. Nefndin gerir tillögu um niðurfellingu fernra laga sem hafa nú lokið hlutverki sínu. Samkvæmt frv. var ætlunin að breyta einstökum ákvæðum þeirra til samræmis við aðskilnaðinn en þar sem þau eru nú orðin úrelt áleit nefndin heppilegra að fella þau úr gildi í heild sinni. Lögð er til breyting á heiti laganna til samræmis við þessa niðurfellingu að við nafn þess bætist: o.fl.

Lagt er til að ný grein, sem verði 103. gr., bætist við frv. Varðar hún breytingu á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem taka gildi þann 1. júlí 1992. Ákvæði þetta veitir annars vegar heimild til dómsmrh. til þess að skipa nú þegar dómnefnd sem metur hæfi umsækjenda til embættis héraðsdómara. Hins vegar veitir hún heimild til dómsmrh. til þess að skipa nú þegar dómstjóra við héraðsdóma. Með þessum heimildum er í raun verið að flýta gildistöku teggja ákvæða í lögum um meðferð opinberra mála, 4. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. Er það gert í því skyni að unnt verði að skipa í embættið dómstjóra og héraðsdómara fyrir gildistöku laga nr. 92/1989. Menn hafa þá tök á að kynna sér störf sín með tilhlýðilegum hætti og hafi störf þegar við gildistökuna 1. júlí 1992. Er nauðsynlegt að menn geti undirbúið sig og kynnt sér hið nýja fyrirkomulag sem aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds hefur í för með sér áður en það tekur gildi.

Nefndin leggur til að heitið „rannsóknari" í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, haldist en um það hefur verið nokkur ágreiningur á milli réttarfarsnefndar og dómsmrn. Hugtakið rannsóknari er nýtt og merkir hann starfsmann lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir hverju sinni. Segir í athugasemdum sem bárust nefndinni frá Hrafni Bragasyni, formanni réttarfarsnefndar, að nefndin hafi við samningu laganna talið óhjákvæmilegt að hafa eitt orð yfir þann sem stýrir rannsókn. Ef breyta ætti heitinu rannsóknari hefði það óhjákvæmilega í för með sér að endurskoða þyrfti hluta laga um meðferð opinberra mála. Hefur nú náðst sátt milli réttarfarsnefndar og dómsmrn. um þetta atriði. Lagði dómsmrn. fram breytingartillögur til nefndarinnar við frv. þar sem fallið er frá því að nema heitið rannsóknari brott.

Enn fremur leggur nefndin til að það ákvæði laga um meðferð opinberra mála haldist að vottar séu viðstaddir yfirheyrslur og aðrar rannsóknaraðgerðir sé þess kostur. Í frv. er lagt til í 13. tölul. 106. gr. að þetta ákvæði falli úr gildi. Um þetta voru líka skiptar skoðanir á milli réttarfarsnefndar og dómsmrn. en samkomulag náðist. Í breytingartillögu sem barst frá dómsmrn. er fallið frá að nema ákvæði um votta burt. Mæla og rök með því að vottar séu viðstaddir yfirheyrslur og aðrar rannsóknaraðgerðir. Í fyrsta lagi getur lögreglumanni verið nauðsynlegt að annar maður sé vitni að framferði sakbornings. Í öðru lagi stuðlar þetta að réttaröryggi fyrir sakborninga sjálfa og loks hafa Íslendingar skuldbundið sig með alþjóðasáttmálum til að gæta réttlátrar meðferðar við rannsókn sakamála.

Brtt. nefndarinnar við 106. gr. frv. eru flóknar og skal gerð grein fyrir efni greinarinnar í stuttu máli til glöggvunar. Miðað við brtt. standa 1. og 2. tölul. óbreyttir. 3.–7. tölul. falla niður. 8. tölul. verður að 3. tölul. Á eftir honum kemur nýr tölul. sem skilgreinir heitið „rannsóknari" í lögum um meðferð opinberra mála. 9. tölul. verði að 5. tölul. og felst í honum breyting til samræmis við það að heitið „rannsóknari" haldist. 10.–26. tölul. falla brott, svo og 31. og 33.–35. tölul. Þessar breytingar fela það í sér að í lögum um meðferð opinberra mála haldist heitið rannsóknari, svo og ákvæðið um votta við yfirheyrslur og rannsókn.

Nefndin fjallaði nokkuð um 107. gr. frv. sem felur í sér breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 6. gr. nefndra laga er dómsmrh. veitt heimild til að gera samninga við erlend ríki. Í frv. er lagt til að ákvæði þessu verði breytt til samræmis við reglu sem kemur fram í 21. gr. stjórnarskrárinnar um milliríkjasamninga, að forseti Íslands (ríkisstjórnin) geri samninga við erlend ríki. Bent er enn fremur á ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að ekki sé hægt að gera slíka samninga nema með samþykki Alþingis ef þeir fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðast en ekki síst má geta þess að milliríkjasamningar öðlast ekki lagagildi nema Alþingi samþykki þá sem lög. Sá nefndin því ekki tilefni til að gera athugasemdir við þetta ákvæði.

Loks ber að geta þess að nefndin fjallaði um breytingu á 13. gr. frv. sem felur í sér niðurfellingu ákvæðis um bann við stefnubirtingum og fleira á helgidögum þjóðkirkjunnar í lögum um helgidaga þjóðkirkjunnar. Nefndin fékk biskuprsritara á sinn fund til að hafa fregnir um afstöðu Biskupsstofu um málið. Um er að ræða ákvæði sem nú er orðið óþarft vegna almennra reglna og var biskupsritari samþykkur niðurfellingu þess. Af þessum sökum sá nefndin ekki tilefni til athugasemda við þetta ákvæði frv.

Að lokum er rétt að benda á það að nauðsynlegt er að þetta frv. verði orðið að lögum þegar aðskilnaður umboðsvalds og dómsvalds í héraði gengur í gildi þann 1. júlí 1992. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. nefndarmönnum fyrir vinnu í hv. allshn. og ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að aukafundir hafa verið allmargir og þó nokkrar annir hjá nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 88. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 91, nál. 234, brtt. 235.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar en það er 88. mál þessa löggjafarþings. Með leyfi virðulegs forseta mun ég nú gera grein fyrir álitinu.

„Nefndin hefur fjallað um frv. Á undanförnum árum hafa formenn allsherjarnefnda Ed. og Nd. farið yfir allar umsóknir ásamt starfsmanni nefndadeildar og borið síðan tillögur til breytinga undir nefndir sínar.

Nú var svipaður háttur hafður á. Formaður, tveir aðrir nefndarmenn og starfsmenn nefndadeildar fóru yfir allar umsóknir til að kanna hvort þær uppfyltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Við afgreiðslu á fyrra frv. um veitingu ríkisborgararéttar, sem jafnan er afgreitt á haustþingi, hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur á þskj. 910. Umsóknir, sem ekki hljóta afgreiðslu nú, bíða þar til seinna frv. er afgreitt á vorþingi en þá koma allar óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir nefndarálitið rita Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Össur Skarphéðinsson.

Hæstv. forseti. Sú meginregla hefur gilt við afgreiðslu allsherjarnefnda á frv. um veitingu ríkisborgararéttar að á haustþingi eru einungis afgreiddar þær umsóknir sem ótvírætt uppfylla þau skilyrði sem sett hafa verið og þær umsóknir sem allshn. telur að þoli enga bið á afgreiðslu. Öll önnur mál eru tekin fyrir á ný við afgreiðslu frv. að vori. Í ljósi þeirrar meginreglu fjallaði allshn. um umsóknir sem borist höfðu.

Eins og fram kemur í nál. voru reglur sem allsherjarnefndir efri og neðri deilda Alþingis settu á 112. löggjafarþingi, sbr. þskj. 910, hafðar að leiðarljósi við afgreiðslu málsins. Ekki vannst tími til að taka upp umræður í nefndinni um þörf á endurskoðun þessara reglna og túlkun þeirra en það verður e.t.v. gert.

Undanfarin ár hafa formenn allshn. efri og neðri deilda farið yfir allar umsóknir ásamt starfsmanni nefndadeildar og borið síðan tillögur til breytinga undir nefndir sínar. Í ljósi þeirrar venju fóru formaður og tveir aðrir nefndarmenn, þeir hv. 5. þm. Reykv., Ingi Björn Albertsson, og hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, ásamt starfsmönnum nefndadeildar yfir frv. og þær umsóknir sem nefndinni bárust til viðbótar þeim sem í frv. eru. Var gerð tillaga til breytinga til nefndarinnar á grundvelli þessarar yfirferðar.

Umsóknirnar sem nefndin mælir með að bætt verði við frv. það sem lagt er fram nú á haustþingi uppfylla þær meginreglur sem nefndin hefur stuðst við í afgreiðslu sinni. Aðrar umsóknir verða skoðaðar að nýju þegar seinna frv. um veitingu ríkisborgararéttar verður lagt fram á vorþingi. Í ljósi þessa var nefndin ásátt um að gera þá breytingartillögu að 28 nöfnum verði bætt við frv. og hljóta þá 47 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt frv. ef það verður að lögum. Allir nefndarmenn allshn. standa að nefndaráliti þessu og breytingartillögunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Viðvera ráðherra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Til þess að koma í veg fyrir tafir tel ég eðlilegt að borin sé fram sú ósk strax á þessum fundi að fjmrh. og viðskrh. mæti í fundarsal. Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn, móður mjög, og er það vel að hann sýni áhuga á sínu starfi en hæstv. viðskrh. þyrfti að vera hér einnig vegna þeirrar afstöðu sem komið hefur fram í blöðum um þá álagningu sem er lagt til að verði á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun taka þessa beiðni til athugunar og koma henni til skila til rétts aðila.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (sektarúrskurðir). — Þskj. 217.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að ég hafði tjáð þeim ræðumanni sem stóð í stóli í umræðunni um fjárlög að ég gæti ekki komið alveg strax en hann taldi það vera í lagi þar sem hann ætti langt eftir af ræðu sinni. Það er skýringin á því að ég kem ekki fyrr til þingstarfanna í kvöld en nú.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að mæla hér fyrir frv. sem er frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þetta er fylgifrv. með frv. til breytinga á eignar- og tekjuskattslögum en fyrir því verður mælt síðar. Samkvæmt því frv. er gerð tillaga um nokkra breytingu á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar. M.a. er stefnt að því að efla ríkisskattanefnd verulega og hraða mjög gangi mála sem til úrskurðar hennar koma. Af þessum sökum er lagt til að verkefni sektarnefndar, en um hana eru ákvæði í 31. gr. laga um staðgreiðslu, verði flutt til ríkisskattanefndar og jafnframt verði svokölluð sektarnefnd lögð niður.

Þetta mál er einfalt og skýrir sig sjálft. Ég vísa að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frv.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. sagði að þetta frv. væri einfalt, það væri bara að leggja niður nefnd. Það getur vel verið rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta sé einfaldara en sum þau frumvörp sem við höfum nú fengið og boðuð hafa verið um að leggja niður stofnanir og fyrirtæki. A.m.k. ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta núna. Það verður skoðað í nefnd sem fær það til meðferðar. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra og stendur hér í athugasemdum frv. er þetta í tengslum við annað og viðameira frv. sem mælt verður fyrir síðar og hlýtur þá að skoðast í samhengi við þá breytingu sem þar er gert ráð fyrir að gera á ríkisskattanefnd og meðferð mála.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur vissa umhugsun að texti sá sem hér liggur fyrir til samþykktar ber ekki með sér að hann fullnægi þeim kröfum sem hæstv. fjmrh. hélt fram í ræðu sinni. Hann hélt því fram í ræðu sinni að ætlunin væri að flýta mjög afgreiðslu mála. Þessi texti hljóðar aftur á móti upp á það að fela ríkisskattanefnd fleiri verkefni. Ég vil með því að segja þetta alls ekki leggjast gegn því að það sé gert. En um leið og henni eru falin fleiri verkefni má gera ráð fyrir því að störf hennar vinnist hægar. Jafnframt er hér ákveðið að skattrannsóknarstjóri komi fram af hálfu hins opinbera gagnvart nefndinni með kröfugerð um sektarbeitingu. Jafnframt að sakborningur fái að verja sitt mál. Þetta hvort tveggja er að sjálfsögðu í anda góðrar réttarreglu en það svarar aftur á móti ekki hinni fullyrðingunni á nokkurn hátt hvað það sé í þessu frv. sem tryggir að mál gangi nú hraðar fram. Ég tel æskilegt að hæstv. fjmrh. finni þeim orðum sínum stað því að hér er ekki að sjá að neinar hömlur séu á því, samkvæmt þessum texta að menn gefi sér þann tíma sem þeim sýnist til að vinna þessi verk. Það er þá í lögunum sjálfum, ekki í þessum breytingartillögum sem þau ákvæði eru. Mér finnst óhjákvæmilegt, þar sem ræða fjmrh. var ekki í samræmi við það sem hér verður lesið út úr textanum, að á þessu komi skýringar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu virðist vera einfalt við fyrstu sýn. Ég vil beina tveimur spurningum til hæstv. fjmrh.

Hér segir í athugasemdum við lagafrv. að stefnt sé að því að efla ríkisskattanefnd verulega og ég spyr hann: Hvernig á að efla ríkisskattanefnd og til hvers? Í öðru lagi langar mig til að fá það fram hvort það felist sparnaður í þessu frv. Sparar þessi breyting sem hér á sér stað eða kallar hún e.t.v. á aukið starfslið eða fleira fólk til vinnu fyrir ríkisskattanefnd?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér láðist í fyrri ræðu minni að óska eftir því að þetta mál fengi venjulega meðferð, gengi til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. og er það gert hér með.

Ég lýsi því líka yfir að það er að sjálfsögðu eðlilegt að málið fái skoðun í nefndinni. Ég átti á sínum tíma sæti í fjh.- og viðskn. og þá kom þetta mál í þessum búningi til nefndarinnar einmitt við svipað tækifæri. Í starfi nefndarinnar skildust þessi ákvæði frá frv., sem þá var til afgreiðslu, og dagaði síðan uppi á því þingi. Þeir sem starfa að skattamálum og í fjmrn. eru sammála um að það sé afar bagalegt hve langur tími líður frá því að mál fer til ríkisskattanefndar og þar til úrskurðað er. Í raun er ekki farið að lögum því að í lögum eru ákveðin tímatakmörk. Þess vegna er hér gerð tillaga um, reyndar í öðru frv. sem verður til umræðu síðar, að ríkisskattanefnd verði skipuð fimm föstum nefndarmönnum en í dag eru aðeins tveir fastir nefndarmenn en fjórir lausráðnir. Þetta er gert til þess að flýta fyrir málum en jafnframt er valin sú leið að leggja niður sektarnefnd en fela ríkisskattanefnd, sem er úrskurðaraðili, að úrskurða jafnframt um sektir.

Spurt var um kostnaðarauka. Það er erfitt að svara þeirri spurningu því að hér er verið að fara fram á að fastráðnir menn starfi að því sem lausráðnir hafa gert hingað til en ljóst er að þessir lausráðnu hafa nánast verið í fullu starfi hjá ríkisskattanefnd. Ég geri því ráð fyrir því að ekki verði um kostnaðarauka að ræða nema ef vera skyldi vegna þess að ætlunin er að vinna upp þann hala sem myndast hefur á verkefnum nefndarinnar.

Mér finnst eðlilegt að nefndin taki þessi atriði til skoðunar og kalli á sinn fund þá aðila sem best þekkja til, þar á meðal þá sem starfa í ríkisskattnefnd. Ég bendi á að þetta mál er gamalt. Það hefur áður verið flutt og var þá flutt af fyrrum fjmrh., núv. 8. þm. Reykn. Mörgum þingmönnum, sem þá sátu á þingi, er því málið kunnugt.

Ég vona, virðulegi forseti, að með þessum orðum hafi verið opnuð leið til þess að nefndin fái málið til meðferðar og skoðunar. Ég get bætt því við að þessi efnisatriði, sem hér koma fram, eru ekki nauðsyleg vegna fjárlagafrv. heldur eru þau sett fram af öðrum ástæðum en tengjast málinu vegna þess að það er eðlilegt að sömu menn, sem kallaðir verða til nefndarinnar, svari þeim spurningum sem hér koma fram. Allir vita að það er auðvitað eðlilegt að skattalögum sé fylgt eftir með þeim úrræðum sem löggjafinn hefur sett á hverjum tíma og hér er verið að tryggja að það geti gerst með sem bestum og hraðvirkustum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofana með síðari breytingum. Þau lög eru frá árinu 1982.

Það mun hafa verið seint á árinu 1988 að flutt var frv. til breytinga á þessum lögum og í því frv. var gert ráð fyrir skattskyldu innlánsstofnana, banka og sjóða. Lögin voru staðfest af hv. 8. þm. Reykn., þáv. fjmrh., en það gerðist í meðferð málsins á þingi að frv. breyttist og úr því voru tekin ákvæði sem sneru að fjárfestingarlánasjóðum atvinnulífsins.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að sams konar lög gildi um fjárfestingarlánasjóðina og nú gilda um innlánsstofnanir, banka og sparisjóði. Eins og ég sagði áðan var í upphaflega frv. gert ráð víðtækara skattskyldusviði en hlaut hljómgrunn við endanlega afgreiðslu Alþingis á því frv. Með þeirri lagabreytingu sem þá átti sér stað urðu veðdeildir bankanna skattskyldar en skatt-

skyldusviðið náði ekki til opinberra fjárfestingarlánasjóða en starfsemi þeirra er auðvitað svipuð og starfsemi veðdeilda viðskiptabankanna.

Með hugtakinu „opinber fjárfestingarlánasjóður" er í frv. átt við sjóði, stofnanir eða fyrirtæki sem eru stofnuð með lögum eða með heimild í þeim í því skyni að veita fjárfestingarlán til atvinnugreina eða opinberra framkvæmda og undanþegin hafa verið tekjuskatti og eignarskatti til þessa. Sem dæmi um sjóði sem skattskyldir verða, ef þetta frv. nær fram að ganga, eru Orkusjóður, Hafnarbótasjóður, Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður, Fiskræktarsjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóður Íslands, Iðnþróunarsjóður, Landflutningasjóður og Lánasjóður sveitarfélaga.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði þessa frv. hafa hvorki áhrif á gildandi lagaákvæði um skattfrelsi Lánasjóðs ísl. námsmanna, Atvinnutryggingadeildar Byggðasjóðs, lífeyrissjóða né opinberra tryggingar- og jöfnunarsjóða sem njóta skattfrelsis samkvæmt svipuðum lagaheimildum og minnst er á hér að framan og ég ræddi áður. Má í því sambandi nefna Tryggingarsjóð sparisjóða og viðskiptabanka, opinbera verðjöfnunarsjóði o.s.frv. Hér er ekki um að ræða opinbera fjárfestingarlánasjóði, eins og þeir eru skilgreindir í frv., og því tekur skattskyldan ekki til þeirra. Eru þeir undanþegnir samkvæmt 4. gr. tekjuskattslaga eða sérlögum sem um þá kunna að gilda.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður Íslands, ríkisábyrgðasjóður, Byggðasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður fatlaðra verði undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögunum vegna séreðlis þessara sjóða miðað við þá sjóði sem skattskyldir verða samkvæmt 1. gr. Hér er um tæmandi talningu að ræða á þeim opinberu fjárfestingarlánasjóðum sem undanþegnir eru skattskyldu.

Í 3. gr. er kveðið á um að þeir sjóðir sem lögin taka til skulu undanþegnir stimpilgjaldi af eigin lántökum. En sjóðir þeir sem lögin taka til eru almennt samkvæmt gildandi lögum undanþegnir stimpilgjaldi af eigin lántökum.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir fyrirframgreiðsluskyldu og skal fyrirframgreiðsla fara fram í ágúst til desember 1992. Þetta ákvæði er sams konar ákvæði og var í frv. um innlánsstofnanir sem samþykkt var á sínum tíma enda voru þessi ákvæði í frv., sem ég mæli hér fyrir, í því frv. upphaflega. Þetta þýðir að fyrirframgreiðslunni er í reynd flýtt. Þannig er ekki gert ráð fyrir að þeir aðilar sem verða skattskyldir samkvæmt lögum þessum inni af hendi frekari fyrirframgreiðslu á árinu 1993. Það er vakin athygli á því í athugasemdum með þessu frv. að fyrirframgreiðsluhlutfallið er 4% á mánuði sem er lágt miðað við það að gildandi skatthlutfall sé 45%. Þetta þýðir að um það bil 20% innheimtast á fimm mánaða tímabilinu sem áður er greint frá. Rökin fyrir því að skatthlutfallið er jafnlágt og raun ber vitni eru fyrst og fremst þau að gert er ráð fyrir að hið almenna skatthlutfall verði lækkað í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

Í 4. gr. frv. er að finna ákvæði um að fella úr gildi tiltekin lagaákvæði sem þar eru nefnd. Þetta er gert til öryggis, ex tuto ákvæði, til þess að samræmi náist vegna ýmissa undanþáguákvæða.

Virðulegi forseti. Ég hef hér greint frá helstu efnisatriðum þessa frv. sem reyndar hefur í öllum aðalatriðum áður verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Ég óska eftir því að frv. fái venjulega afgreiðslu hér, verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, brtt. 140, 156 og 221.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur fengið á margan hátt mjög sérstaka meðferð á hinu háa Alþingi á þessu hausti og ræðst það að nokkru leyti af forsögu málsins. Hér er komið á dagskrá uppáhaldsmál hæstv. núv. fjmrh. frá umliðnum árum þannig að það hefur gefið tilefni til verulegra umræðna. Ef ég man rétt snerust umræðurnar, áður en þeim var frestað í síðustu törn, um þá bókaútgáfu sem hv. 8. þm. Reykn. ætlaði að standa fyrir til heiðurs núv. hæstv. fjmrh. Það eina sem var eftir í þeirri umræðu var að finna titilinn á bókaflokkinn og ég er nú ekki svo skáldlegur að ég ætli mér þá dul að finna nafn hér og nú á þær bókmenntir. (**Gripið fram í:** Íslensk fyndni.) Hér er komin tillaga um íslenska fyndni. Ég veit það nú ekki. Út frá þeim umræðum sem áttu sér stað fyrir tveimur dögum duttu mér í hug tvö nöfn. Annars vegar Líkið í lestinni, og það er komið frá samlíkingum þeirra hv. þm. sem þá tóku til máls. Reyndar datt mér annað nafn í hug sem ég tel að væri betur við hæfi, Eilíft líf, því að mér sýnist á öllu að nú sé hæstv. fjmrh. að gefa þessum skatti eilíft líf. Ég býst við að það væri sá titill sem væri vel við hæfi á þann bókaflokk sem hv. 8. þm. Reykv. var búinn að lýsa yfir að hann mundi gefa út til heiðurs hæstv. fjmrh.

Við skulum snúa okkur að alvöru málsins því að hér er vissulega um að ræða gjaldstofn sem er íþyngjandi fyrir þann atvinnurekstur sem hann nær til og það er full ástæða til að taka alla þætti þessa máls til athugunar. Hv. 5. þm. Vestf. hefur lagt fram breytingartillögu við frv. sem vissulega felur í sér sjónarmið sem vert er að skoða, ekki síst í því samhengi að þar sé átt við þau svæði almennt þar sem verslun stendur höllum fæti. Ég hef hins vegar séð þann meinbug á þeirri tillögu að þar er lagt til að vald til skattlagningar sé framselt frá Alþingi og til framkvæmdarvaldsins sem ég tel að sé mjög vafasamt að standist í raun. Auk þess verð ég að segja það hér úr þessum stól að ég ber ekki það traust til núv. hæstv. ríkisstjórnar að ég vilji framselja skattavald frá Alþingi til núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil reyndar biðja hv. 5. þm. Vestf. að taka

þessi sjónarmið til athugunar gagnvart þeim tillöguflutningi sem hér hefur verið hafður uppi.

Ég skrifaði undir nál. hv. efh.- og viðskn. þegar þetta mál var þar til umfjöllunar, að vísu með fyrirvara. Sá fyrirvari fól það m.a. í sér að ég vildi sjá skattastefnu hæstv. núv. ríkisstjórnar áður en ég tæki endanlega afstöðu til þessa máls. Aðgerðir núv. hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum og skattamálum hafa verið að líta dagsins ljós, hluti af þeim síðustu dagana. Ég verð að segja það hér að það sem ég hef séð af fyrirhuguðum aðgerðum í skattamálum og ríkisfjármálum er þess eðlis að ég vil ekki bera neina ábyrgð á því. Það sem þar er í raun að gerast er að verið er að færa til gjaldstofna. Stærsti þátturinn er að færður er einn milljarður frá ríkinu yfir á sveitarfélögin. Svo kemur hæstv. ríkisstjórn og segir að með þessum aðgerðum sé verið að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið í landinu og lánamarkaðinn. Ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að leita eftir rökstuðningi hæstv. ráðherra núv. ríkisstjórnar við slíku ráðslagi. Að mínu viti þýðir það ekkert annað en að verið er að færa greiðslubyrðina frá ríkinu og yfir á sveitarfélögin sem þá munu koma inn á lánamarkaðinn af meiri þunga en áður. Það þýðir væntanlega að eftir ár verður yfirdráttur Reykjavíkurborgar við sinn viðskiptabanka ekki 2 milljarðar heldur einhver önnur og miklu hærri tala. Hér er um þvílíkan blekkingarleik að ræða að það hlýtur að vera gersamlega vonlaust fyrir stjórnarandstöðuna að taka þátt í slíku þó að í þessu tilfelli sé um að ræða skatt sem þeir flokkar tveir sem nú eru í stjórnarandstöðu hafa tekið þátt í að leggja á eða réttara sagt hafa greitt atkvæði með á umliðnum árum. Við þær aðstæður sem nú eru er vonlaust að gera slíkt. Þess vegna munu þingmenn Framsfl. sitja hjá við afgreiðslu þessa máls þegar það kemur til atkvæðagreiðslu.

Virðulegi forseti. Nú óttast ég það að hæstv. fjmrh. hafi brugðið sér frá þannig að hann hafi ekki heyrt mína röksemdafærslu fyrir þessari ákvörðun. Ég ætla að hlífa honum við því að fara yfir hana alla aftur en hún er í fáum orðum á þá leið að þingmenn Framsfl. treysta sér ekki til þess að standa að þeirri skattastefnu sem núv. ríkisstjórn hefur tekið upp sem fyrst og fremst felst í því að færa skattlagninguna frá ríkissjóði yfir á sveitarfélögin og einstaklingana í formi þjónustugjalda. Þau uppfylla á engan hátt þau markmið sem hæstv. ríkisstjórn setti sér í ríkisfjármálum, að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið. Það skiptir hæstv. fjmrh. engu máli hvort það er Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög í landinu sem taka lán á hinum innlenda lánsfjármarkaði eða hvort það er ríkissjóður. Umfang ríkissjóðs minnkar ekki neitt við það að færa hluta af kostnaðinum yfir á einstaklinga í formi gjalda á þá sem þurfa að leita læknisþjónustu eða sækja skóla. Þetta eru staðreyndirnar sem nú liggja á borðinu eftir hin stóru orð hæstv. núv. ríkisstjórnar í upphafi um niðurskurð ríkisútgjalda og þar var ekkert verið að tala um milljarða. Þar slógu menn sér á brjóst og ræddu um milljarðatugi — ég endurtek, milljarðatugi sem menn ætluðu að skera niður. (Gripið fram í.) Og gerðu það, segir hæstv. núv. fjmrh., en síðan kom í ljós að þessi aðgerð fólst í því að skera niður af óskalistum ráðuneyta hæstv. núv. ríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Misskilningur, segir hæstv. fjmrh. en ég hygg að þessari fullyrðingu minni megi finna stað í blaðaviðtölum við hæstv. núv. ráðherra. Það verður fróðlegt að fylgjast með þessum leik á næstu árum þegar sá ráðherra kemst best frá því sem í upphafi fjárlagavinnunnar setur fram hæstan óskalista.

Ég hef nú farið aftur yfir þær röksemdir sem ég vildi færa fyrir því að þingmenn Framsfl. sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Það er svo annað mál að ég gæti haldið langa ræðu um þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og blandast inn í þessa umræðu um stöðu verslunar í landinu bæði hér í Reykjavík og ekki síður á landsbyggðinni. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að vanda dreifbýlisverslunar þurfi að leysa á annan hátt en með því að beita eða beita ekki þeim skatti sem hér er til umræðu. Hæstv. viðskrh. nefndi það í umræðu á dögunum að þetta yrði ekki leyst öðruvísi en að menn sameinuðust um verslun í hinum dreifðu byggðum og uppi væru hugmyndir um aðstoð við það, að því er mér skildist af hálfu viðskrn. Það minnti mig á sögu sem hv. 1. þm. Vestf. og formaður efh.- og viðskn. sagði okkur og hafði vestan af fjörðum að þangað hefði komið ráðunautur í verslunarmálum að því mér skildist á vegum viðskrn. — viðskrh. leiðiréttir ef svo hefur ekki verið. Hann hefði komið á Tálknafjörð og fleiri pláss og bent mönnum á það í mikilli vinsemd að suður í Reykjavík væri til mikið af ágætum verslunum og þar væri öll sú þjónusta sem menn þyrftu á að halda. Ég verð að vona að sú liðveisla sem hæstv. viðskrh. boðaði hér í umræðunni á næstliðnum degi sé í einhverju öðru formi en því sem hv. 1. þm. Vestf. lýsti fyrir okkur í efh.- og viðskn.

Vissulega er það svo að verslunarþjónusta í dreifbýli er ekkert gamanmál og þar verða menn að taka á honum stóra sínum á næstunni. Í mörgum tilfellum er það svo að menn geta, eins og hæstv. viðskrh. nefndi, leyst það með samvinnu milli byggðarlaga en ég óttast að þrátt fyrir það séu til þeir staðir sem eru þannig settir varðandi verslun, þá á ég fyrst og fremst við verslun með brýnustu nauðþurftir, að þar verði að koma til einhver aðstoð og leiðsögn.

Ég ætla ekki að ræða það frekar hér og lýk nú máli mínu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sá skattur sem hér er til umræðu er sérskattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég vil fyrst víkja að því að hér liggja fyrir breytingartillögur. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að ég vil ekki framselja ráðherrum skattaheimildir til að beita heldur vil ég að sem nákvæmlegast sé mælt fyrir í lögum hvað skuli gert. Hins vegar vil ég vekja athygli hv. 5. þm. Vestf. Kristins H. Gunnarssonar, sem er 1. flm. þessarar tillögu, á því að hér á höfuðborgarsvæðinu hagar svo til að það hefur gengið ákaflega illa að sameina sveitarfélög. Ekki veit ég hvað veldur, en þar er verst ástand á Íslandi í þeim efnum. Þrátt fyrir góðar samgöngur, sameiginlega þjón-

ustu o.fl. hefur það ekki tekist. Þannig er Seltjarnarnes t.d. sjálfstætt sveitarfélag og nær ekki 10 þús. manna íbúafjölda og yrði þar þá mun betra að reka verslun en í Reykjavík. Sama mætti segja um Garðabæ og í ljósi þess spyr maður: Á hvaða forsendum ætti að setja reglur, leiða ákvæði í lög sem hefðu það í för með sér að Seltjarnarnes, sem nýtur þess nú í mörgu að vera í þessu nábýli við Reykjavík, fengi einnig betri starfskjör fyrir sín fyrirtæki ef þar væru verslunarfyrirtæki en hliðstæð fyrirtæki sem væru í Reykjavík? Ég tel að það atriði ætti af augljósum ástæðum ekki rétt á sér. Það væri einfaldlega ekki sanngjarnt.

Ég vil víkja að kjarna þessa máls og það er að hæstv. fjmrh., sem er eins og allir vita mikill kjarkmaður og bíllaus, hefur nú kokgleypt allar sínar fyrri ræður um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og leggur til að þessi skattur verði framlengdur. Ég hef ekki haft neinar mætur á þessum skatti en játa að ég hef stutt hann vegna þess að mér hefur þótt nauðsyn ríkisins fyrir fjármuni mikil. Nú ber aftur á móti svo við að við lifum dálítið sérstæða tíma í þessu landi hvað það snertir að hæstv. fjmrh. er tvöfaldur kóngur, annars vegar í skattamálum, eins og útvarpsfréttir bera með sér, og hins vegar í þjónustugjöldum og er þó sýnu meiri konungstignin í þjónustugjöldunum ef grannt er skoðað. En þar við bætist að spurning er hvort skatturinn verður íslenska ríkinu til fjár og er það kannski það alvarlegasta í stöðunni.

Ég vil, með leyfi forseta, vekja athygli á þróun sem hefur orðið hér innan lands og flestir þingmenn utan af landsbyggðinni könnuðust við að fylgdi bættum samgöngum til höfuðborgarinnar. Ég vil víkja vestur að fjörðum og minnast þeirra daga þegar Ísafjörður hafði það sterka stöðu sem þjónustustaður að fyrir jól skiptu menn við verslanir á Ísafirði en fóru ekki suður til að gera innkaup. Firðirnir í kring höfðu einnig á tímabili það sterka stöðu. Seinna þróaðist verslunin yfir í það að mjög algengt var að fólk á þessu svæði fór yfir á Ísafjörð og naut þar viðskipta. En á seinni árum hefur það gerst í verulega ríkum mæli að þeir aðilar, sem eitt sinn voru ánægðir með það sem Ísafjörður bauð upp á hvað verslunarþjónustu snertir, hafa beint viðskiptum sínum til verslana í Reykjavík og má segja að tilkoma flugs og greiðari samgangna á landi hafi haft þessi áhrif.

Nú er það svo að þetta er innan sama landsins og hefur því ekki áhrif á skattatekjur ríkisins þó að þetta hafi áhrif á stöðu verslunar í landinu. Hins vegar ber svo við að í dag blasir það við að nákvæmlega sama þróun er að eiga sér stað hvað það snertir að ekki er meira mál í dag að fara fljúgandi til Glasgow en það var á sínum tíma að fara fljúgandi frá Ísafirði til Reykjavíkur þegar þessi þróun fór af stað. Ég er þeirrar skoðunar að það sé að sjálfsögðu fráleitur hlutur að hægt sé að bregðast við þessu með því að takmarka ferðafrelsi. Það er auðvitað út í hött að láta sér detta það í hug og að einhver sérstök tollgæsla á Keflavíkurflugvelli leysi þessi mál. Það er jafnfráleitt. Kjarni málsins er sá að Íslendingar verða að haga sinni skattheimtu á þann veg að þeir grípi þar niður sem ekki er auðvelt að fara í kringum hana. Og með leyfi forseta vil ég lesa hér mjög athyglisverða grein sem birtist í Morgunblaðinu og fjallar um þetta mál, „Flytjum verslunina inn í landið". Höfundur er Jóhann J. Ólafsson:

„Glasgow-ferðir. Enn á ný nú í jólakauptíðinni eru innkaupaferðir Íslendinga til útlanda í brennidepli. Almennt er ekkert við því að segja þó fólk bregði fyrir sig betri fætinum og skreppi í búðir ytra. Alla jafna skapar það innlendri verslun aðhald og nauðsynlegan samanburð til þess að mæta samkeppni.

Gallinn er bara sá að á sama tíma dregur hið opinbera með ofsköttun úr hæfni íslenskrar verslunar til þess að mæta þessari samkeppni. Afleiðingin er sú að þessar innkaupaferðir hafa vaxið úr hófi og eru farnar að grafa undan eðlilegri verslunarstarfsemi í landinu.

Viðbrögð. Eðlilegust viðbrögð væru þau að innlend verslun mætti þessari samkeppni með því að bjóða betri þjónustu. Þetta hefur hún gert bæði með lægra vöruverði og lengri opnunartíma verslana, allt til kl. 10 og 11 á kvöldin, svo og aukinni þjónustu á laugardögum og jafnvel sunnudögum. En þetta dugar ekki til.

Skattar. Hið opinbera leggur verslunina í einelti og þjakar hana alveg sérstaklega með þungum álögum.

Íslensk verslun er búin að ganga langan veg frá gjaldeyris- og innflutningshöftum, verðlagshöftum og takmörkunum á opnunartíma verslana. Allt er þetta að baki sem betur fer en hart hefur þurft að berjast fyrir jafnsjálfsögðum hlut.

Enn þá greiðir verslunin hærri skatta en aðrar atvinnugreinar, t.d. tryggingagjald í hæsta flokki (áður launaskatt), hæstu aðstöðugjöld til sveitarfélaga, hærri fasteignagjöld og sérstakan skatt á verslunarhúsnæði. Við þetta bætist svo eignarskattur og eignarskattsauki. Þessir skattar valda því að verslunin þarf að kaupa eigið húsnæði sitt af ríkinu á 25 ára fresti fyrir utan annan kostnað eins og viðhald, afskriftir, húsaleigu, vexti og þess háttar.

Auðvitað borgar verslunin þetta ekki úr eigin vasa, nema þeir sem verða gjaldþrota, heldur viðskiptavinirnir í hærra vöruverði. Þess vegna verslar fólk annars staðar. Verslunin er rekin úr landi.

Skattalækkun án skattalækkunar." — Þetta er við fyrstu sýn nokkuð torskilin setning. „Skattalækkun án skattalækkunar." Ég vil undirstrika að ég er að lesa rétt og jafnframt að það sem á eftir kemur skýrir gjörla hvað á bak við býr.

„Á Alþingi var rætt um það hvort ætti að framlengja sérstakan „tímabundinn" skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði í 14. sinn. Niðurstaðan var sú að ríkið gæti ekki séð af þessum tekjum hvað sem afleiðingum líður. En tekjur ríkisins af skatti þessum fara minnkandi því almenningur kemur sér hjá honum með því að versla erlendis í auknum mæli. Þannig þyrfti að hækka skattinn ef ríkið ætlar að halda tekjunum en þá mundu utanferðir bara aukast enn meira.

Í stað þess að bregðast rétt við og afnema allar þessar álögur og jafna stöðu verslunarinnar í landinu er tekið upp á því að herða tolleftirlit á Keflavíkurflugvelli.

Fjmrh. lýsti því yfir í útvarpi að það væri gert að ósk forustumanna verslunarinnar. Það skal tekið fram að Verslunarráð Íslands hefur ekki beðið um þetta, enda hefur það ekki trú á tollskoðun til að koma í veg fyrir samkeppni. Yfirvöld verða auðvitað sjálf að gera það upp við sig hvenær og hvernig þau framfylgja lögum landsins og þurfa engar óskir í þeim efnum.

Það skal aðeins tekið fram að tollskoðun á Íslandi er einhver sú strangasta í allri Vestur-Evrópu og langt á eftir tímanum.

Þá hafa heyrst um það raddir að hækka ætti verð á flugfarseðlum með því að leggja á þá virðisaukaskatt. Þannig á að hindra fólk bæði í því að komast út úr landinu og inn í það aftur. En það er einfaldlega ekki hægt að loka kaupmáttinn inni.

Hvenær á að horfast í augu við raunveruleikann? Það nú að verða öllum ljóst að þvingunaraðferðir þær sem áður er lýst heyra brátt sögunni til. Á öld vaxandi nálægðar og ferðafrelsis eiga Íslendingar það eitt vopn eftir að mæta samkeppni erlendra markaða með hagkvæmari verslun.

Verslunarstétt landsins og stjórnvöld verða að taka höndum saman og flytja verslunina aftur inn í landið. Álögur á verslunina verður að fella niður og gera aðstöðu hennar slíka að meira sé verslað hérlendis en stjórnvöld hvetji ekki beinlínis til þess að landsmenn sniðgangi eigin búðir." Höfundur er formaður Verslunarráðs Íslands.

Það eru viss atriði í þessari grein sem ég að sjálfsögðu get ekki skrifað undir, eins og það að tollskoðun hjá okkur sé langt á eftir tímanum. Mér finnst að það sé óþarfa innskot eins og kannski fleira, en ég kemst ekki hjá því að hugleiða það í fúlustu alvöru hvort það sé rétt, sem er kjarni málsins, að skattalækkun verði ekki til þess að minnka tekjur ríkisins. Og ég vil beina þeirri alvöruþrungnu fyrirspurn til hæstv. viðskrh. hvort gögn liggi fyrir um hve hröð þessi þróun hafi verið því að það er ekki skatturinn af verslunar- og skrifstofuhúsnæðinu sem kemur fyrst við pyngjur ríkisins heldur hitt að sá sem gerir innkaup sín erlendis greiðir að sjálfsögðu ekki virðisaukaskatt eða tolla af þeirri vöru sé hann í þeirri aðstöðu að koma henni inn í landið, annaðhvort á fullkomlega löglegan hátt eða þá að hann hefur tekið eitthvað meira en hann hafði að réttu haft heimildir til. En það bendir allt til þess, hæstv. viðskrh., að nákvæmlega sama þróunin sé að verða hér varðandi Reykjavík, hún sé að tapa sínum sess sem verslunarborg í þeirri merkingu að hún hafi það aðdráttarafl að menn telji það sjálfsagt að gera hér jólainnkaupin. Það sé mun skemmtilegra að leysa það mál með því að skella sér til Bretlands.

Ég held að það hljóti að leiða hugann að því hvort það sé rétt stefna hjá okkur varðandi virðisaukaskattinn að hafa undanþágur verulegar og hafa skattinn jafnháan og hann er í stað þess að vinna að því að lækka skattinn og fækka undanþágunum. Ég vil í þessu sambandi geta þess að út af fyrir sig er það ákaflega menningarleg pólitík að leggja ekki skatt á bækur en aftur á móti er það spurning hvort það er skynsamlegt. Getur verið að það komi betur út ef virðisaukaskatturinn væri lægri og hann væri á fleiri hluti? Það er nú einu sinni svo að þegar upp er staðið skiptir það höfuðmáli hver heildarskatturinn er sem er tekinn í landinu en það skiptir ekki jafnmiklu máli hvernig hann er tekinn nema því eins að það skapi óréttlæti á milli þegnanna og hins vegar ef hann er tekinn á þann hátt að leiði til þess að menn beina t.d. viðskiptum úr landi. Og ég held að það sé full alvara á ferðum í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir að þessi þróun muni aukast mjög hratt. Kostnaður við flug út er ekki mikill og annaðhvort mun verslunin í Reykjavík fá varist með þeim hætti að vöruverð hér fari niður í ýmsum vöruflokkum eða þá að verslunin fer úr landi. Þess vegna verð ég að segja það eins og er að ég held að það sé verulegt umhugsunarefni fyrir hæstv. fjmrh. hvort hann er í reynd að auka þær tekjur sem ríkið fær með þessum tillöguflutningi eða hvort hann er ef til vill fyrst og fremst að leggja á skatt sem ekki skilar sér inn til ríkisins.

Ég vil líka segja það hér og nú að náttúrlega nær það engri átt út frá jafnvægissjónarmiði á milli atvinnugreina að versluinin búi við þann kostnað sem greiddur er til sveitarfélaga að þar sé jafn mismunað eftir atvinnugreinum. Það leiðir einfaldlega til þess og þýðir ekki að blekkja sig á því að tekjur hennar koma frá hinum almenna manni sem á þar viðskipti og það hlýtur að hafa þær afleiðingar í för með sér að vöruverðið verði hærra. Hitt er svo aftur á móti umhugsunarefni að þó að hér sé því fagnað að við höfum lengt opnunartíma verslana þá er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög mikil spurning hvort það hafi verið skynsamlegt einfaldlega vegna þess að ég óttast að það hafi í reynd orðið til þess að hækka vöruverðið.

Nú er mér ljóst að oft hefur verið talað þannig til íslenskrar verlsunarstéttar að það er eins og menn hafi viljað leggja henni heldur slæmt orð og kannski er það hluti af því að menn hafa mótast svo fast í minningunni um það þegar Kristur rak víxlarana út úr musterinu. En ég ætla að segja það hér og nú að ég held að mönnum sé hollt að minnast þess að eitt af því sem braut á bak aftur sjálfstæði íslenskrar þjóðar árið 1262 var einmitt það að innlend verslun var hrunin.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Víst er að það átti nokkurn þátt í því að Íslendingar misstu sjálfstæðið að þeir höfðu ekki forræði á versluninni á sinni hendi. Ég held að það megi alveg eins yfirfæra það yfir á landsbyggðina og segja: Hverjar eru lífslíkur hennar ef ekki þrífst þar verslun?

Ég vil segja örfá orð varðandi þær brtt. sem ég hef flutt. Raunar er sú síðari af minni hálfu þannig hugsuð að hún kæmi í stað þeirrar fyrri. En hér hafa verið uppi efasemdir um hvort unnt væri að hafa álagninguna misjafna eftir sveitarfélögum og hins vegar hvort unnt væri að hafa heimild til ráðherra til að fella niður að hluta eða fullu álagningu skattsins.

Ég vil fyrst taka fyrir framsalsþáttinn. Það vill svo til að ég er með í höndunum lög um tekjustofna sveitarfélaga og í þeim lögum er kveðið á um skatt á fast-

eignir, bæði íbúðarhús og atvinnuhúsnæði. Í II. kafla þeirra laga segir að leggja skuli árlega skatt til sveitarfélags af öllum fasteignum sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins. Hér er augljóslega um að þaða ræða að löggjafarvaldið hefur ákveðið að fela öðrum aðila að leggja á skattinn og hefur framselt honum ákveðna heimild til þess að hafa skattinn breytilegan. Það kemur fram í þessum lögum, ef við afmörkum okkur við atvinnuhúsnæði, að skatturinn skuli vera allt að 1% af álagningarstofni. Hann getur því verið mjög breytilegur að ákvörðun hverrar og einnar sveitarstjórnar. Auk þessarar heimildar sveitarstjórnar til þess að hafa sveigjanleika í álagningarprósentunni er enn fremur heimild til þess að hækka um allt að 25% hámarkið á álagningunni. Og ef við skoðum í Árbók sveitarfélaga fyrir 1991, sem nýlega er komin út, álagningarreglur í kaupstöðum á árinu 1991 og afmörkum okkur enn við atvinnuhúsnæði er álagningin allt frá 0,75% upp í 1,25% þannig að um er að ræða mjög breytilega álagningu á sams konar álagningarstofn eftir sveitarfélögum. Ef þetta stenst stjórnarskrá þá tel ég vafalaust að hitt hljóti að gera það líka. Samkvæmt þessu er stofninn ákvarðaður þannig að hann skuli vera afskrifað endurstofnverð fasteignana margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins eru upplýsingar um markaðsverð verslunar- og skrifstofuhúsnæðis ekki fyrirliggjandi í stofnuninni nema fyrir Reykjavík og Akureyri. Engar upplýsingar eru handbærar svo að marktækar séu til þess að gefa eitthvað út um það og þá verður stofninn fasteignamatið eða með öðrum orðum nákvæmlega sami stofn og er í frumvarpinu um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Enn fremur er í lögunum um þennan fasteignaskatt heimild til þess aðila sem leggur hann á, þ.e. sveitarstjórn, til þess að lækka eða fella hann niður í ákveðnum tilvikum. Heimildirnar eru nokkuð margar. Í fyrsta lagi er heimild til þess að lækka eða fella niður skattinn af tilgreindu húsnæði. Í öðru lagi er heimild til að lækka eða fella niður fasteignaskatt þar sem eigendurnir eru tekjulitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar. Í þriðja lagi er heimild ef um er að ræða útihús í sveitum. Síðan eru reyndar í fjórða lagi tilgreindar í lagagreininni ákveðnar fasteignir sem eru algerlega undanþegnar skattinum þannig að í raun og veru er um að ræða allt það sem menn hafa verið með efasemdir um að stæðist stjórnarskrá. Það er framsal álagningar til annars aðila, það er breytileg álagningarprósenta eftir sveitarfélögum og það eru heimildir til lækkunar eða niðurfellingar og geta sveitarfélögin notað þær heimildir mjög misjafnlega þannig að hlutirnir geta verið mjög mismunandi eftir sveitarfélögum á sambærilegu húsnæði þannig að álagningnarstofninn er í raun og veru samræmdur um allt land. Ég er ekki löglærður maður, en mín skoðun er sú að þær tillögur sem ég hef flutt standist fullkomlega og ég hef dregið fram rök máli mínu til stuðnings í þeim efnum. Það er svo aftur annað mál hvort menn treysta hæstv. fjmrh. til að fara með þá heimild sem felst í seinni brtt. og nota hana skynsamlega. Vissulega bendir afstaða hans sem fram hefur komið ekki til þess að hann muni beita henni en ég bendi á að það hefur komið fram að hæstv. viðskrh. er fullljóst að erfiðleikar eru í dreifbýlisverslun og er hann með nefnd í gangi til þess að gera athuganir á því máli og jafnvel ef verkast vill koma fram með tillögur til þess að treysta þessa verslun þannig að hún falli ekki niður eða leggist af fyrr eða síðar.

Síðari tillagan sem ég flyt er þannig hugsuð að þessum tveimur ráðherrum verði heimilt að lækka eða fella niður þennan sérstaka eignarskatt á einhverjum svæðum sem menn komast að niðurstöðu um að verslun standi höllum fæti. Auðvitað getur svæðið ekki verið minna en eitt sveitarfélag en það þarf heldur ekki að vera svo stórt sem eitt skattumdæmi.

Það er í sjálfu sér hægt að skoða allar hugmyndir um breytingar á þessari tillögu, á orðalagi eða af öðrum toga, en ég legg áherslu á það að menn horfist í augu við það að dreifbýlisverslunin stendur verulega höllum fæti svo að ekki sé fastar að orði kveðið í mjög mörgum sveitarfélögum. Menn geta ímyndað sér stöðuna í 500 manna sveitarfélagi, sem heitir kannski á nútímamáli „að markaðssvæði búðarinnar sé 500 manns", þar sem viðkomandi verslun er metin jafnhátt og verslun í 10–15 þús. manna sveitarfélagi og borgar þar af leiðandi sama eignarskatt. Ég hef engan heyrt mæla á móti þessum erfiðleikum dreifbýlisverslunarinnar en hins vegar hefur mér fundist skorta á hjá hæstv. fjmrh. að hann hafi viljað taka á því vandamáli. Að mínu viti hefði hann gjarnan mátt sýna meiri velvilja til þessarar hugmyndar en fram kom í hans máli og sérstaklega í ljósi fyrri afstöðu hans til skattlagningar af þessu tagi kemur sú afstaða ráðherrans mjög á óvart svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. rakti ýmis dæmi um það þegar Alþingi hefur heimilað sveitarfélögum með nokkuð rúmum hætti að meta hvað þau vildu gera í skattheimtu. Ég hef hvergi séð að þeir tekjustofnar væru út af fyrir sig rengdir af dómstólum, að þeir væru innan þeirra marka sem heimilt er. Ég vil undirstrika að ég treysti mér ekki til að dæma um það hvort þetta er innan markanna, á mörkunum eða nákvæmlega hvað á að segja þar um. En ég vil benda hv. 5. þm. Vestf. á að það hafa fallið tveir dómar varðandi framsal skattheimtu á Íslandi sem ég veit um. Hv. 1. þm. Vestf. fékk á sig annan dóminn sem samgrh. út af þungaskatti sem honum hafði verið heimilað skv. reglugerð að hækka og hækkaði það ríflega að Hæstiréttur taldi að ekki stæðist að Alþingi gæti framselt svo mikla hækkun. Hitt atriðið var varðandi fóðurbætisskatt sem landbrn. hafði heimilað hækkanir á í tengslum við framleiðsluráð ef ég man þetta rétt. Í því tilfelli kom til endurgreiðslukvöð á hendur ríkisins. Ég vil leggja áherslu á að hv. 5. þm. Vestf. misskilji ekki orð mín og að ég ætla ekki í dómarasæti í þessu máli. Hins vegar voru þessir dómar að mínu viti mjög merkilegir á sínum tíma því að í þeim fólst viss atyrðing til alþingismanna um það að þeir skyldu gá að sér þegar

þeir væru að framselja heimildir til skattlagningar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki átt þess kost að taka þátt í umræðu um þetta merkilega frv. hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar, fyrir utan það að í upphafi umræðunnar gat ég þess að ég væri reiðubúinn til að hjálpa hæstv. ráðherra með málið í gegnum þingið af því að einn og einn maður úr hans liði hafði brugðist honum á örlagastund. Eftir að það gerðist hafa komið fram ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar um stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Nýjustu afrekin birtast okkur t.d. í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem á að leggja skatta á sjúklinga og fatlaða í þessu landi þó að með óbeinum hætti sé og af því tilefni frábið ég mér það að rétta ríkisstjórninni hjálparhönd þó að í litlu sé í þessu máli.

Ég hafði hins vegar hugsað mér að víkja nokkuð að því lögfræðilega álitamáli sem hefur verið drepið aðeins á í sambandi við afkomu dreifbýlisverslunarinnar og spurningunni um það hvort hægt er að hugsa sér að hún sæti sérstakri og afbrigðilegri skattameðferð. Nú er það þannnig að sú nefnd sem hæstv. núv. viðskrh. skipaði í málefnum dreifbýlisverslunar er ekki sú fyrsta í sögunni sem fjallar um vanda hennar og væri vissulega fróðlegt að skrifa sögu þeirra nefnda sem fjallað hafa um vandamál dreifbýlisverslunar burt séð frá þeim álitum sem nefndirnar hafa sent frá sér.

Ég minnist þess að þegar ég kom í viðskrn. á ungum aldri 1978 lá þar fyrir gríðarlega mikið álit um afkomu dreifbýlisverslunarinnar sem hæstv. fyrrv. viðskrh. Ólafur Jóhannesson hafði látið vinna á valdaferli sínum. Ég gramsaði dálítið í þessum pappírum og komst að því að þetta var ekki fyrsta tilraunin til þess að taka á málum þessarar verslunargreinar. Ég fór dálítið yfir þessi mál þá 13 mánuði sem ég var í viðskrn. og ég hygg að það hafi flestir eftirmenn mínir gert. Ég man ekki betur en í sáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem kom til valda sumarið 1987 — en hún setti sér ítarlegasta málefnasanmning sögunnar, var kallaður Jónsbók og kom fyrir lítið að vísu — væri sérstakt ákvæði um vanda dreifbýlisverslunarinnar. Alþfl. lagði mjög mikla áherslu á að hann hefði sett mjög svip sinn á þann stjórnarsattmála en það dugði skammt eins og kunnugt er. Stjórnarsáttmálinn var í rauninni svo mikill að vöxtum að hann var ein síða á dag fyrir þá skömmu stund sem sú ríkisstjórn átti. En hún ætlaði að taka á vanda dreifbýlisverslunarinnar og ég man ekki betur en sú ríkisstjórn sem við mynduðum haustið 1988 á örfáum dögum hafi líka ætlað sér að taka á sama vanda. Ég held að rétt sé að segja það bara alveg eins og er að það hefur ekkert verið gert í þessum málum og ég held að það sé rétt að taka það á okkur öll sem höfum komið nálægt þessum málum á undanförnum árum. Og af hverju ætli það sé? Ætli það sé leti og ómennska? Kannski í einhverjum tilvikum. Ætli það sé hugmyndaleysi? Kannski í einhverjum tilvikum. Eða ætli það sé af einhverjum öðrum ástæðum sem eru flóknari og erfiðari að eiga við? Ég held að meginskýringin á vanda dreifbýlisverslunarinnar birtist í hinum almennu grundvallarlögmálum markaðsþjóðfélagsins sem er þannig að miðstöðin þar sem fjármunirnir verða til á hverjum tíma sogar alltaf til sín meira fjármagn frá þeim sem hafa minna fjármagn. Það er lögmál sem blasir við og hv. 2. þm. Vestf. rakti t.d. prýðilega vel hér áðan. Spurningin er þá sú, og það er auðvitað það sem við stöndum alltaf frammi fyrir í markaðsþjóðfélögum: Er eitthvað hægt að gera með lýðræðislegum pólitískum ákvörðunum til þess að draga úr þeim afleiðingum sem markaðsþjóðfélagið og lögmál þess hafa fyrir tiltekna hópa, tiltekin svæði eða jafnvel tilteknar atvinnugreinar? Er eitthvað hægt að gera? Menn hafa velt þessu talsvert mikið fyrir sér og í raun og veru ekki komist að neinni niðurstöðu.

Ég bendi á það í þessu sambandi og ég held að það sé kannski aðalatriðið að menn átti sig á því að því aðeins verður tekið á vandamálum dreifbýlisverslunarinnar — af því að við erum nú sérstaklega að tala um hana — að menn þori að standa þannig að hlutum að hún búi við önnur kjör frá hendi hins opinbera en þéttbýlisverslunin af því að það er í raun og veru það eina sem Alþingi hefur yfir að segja, það eru hin almennu kjör ríkisins í þessu máli á hverjum tíma. Staðreyndin er sú að t.d. í Noregi hafa menn farið út í það að láta verslunina búa við mjög mismunandi kjör. Verslunin í Norður-Noregi býr við allt önnur kjör en verslunin í Ósló frá hendi hins opinbera og það getur bæði náð til verslunarfyrirtækisins sem slíks og líka til þeirra sem starfa jafnvel í viðkomandi verslun. Reyndar hafa Norðmenn gengið svo langt í þessu efni að þeir hafa veitt sérstök skattfríðindi t.d. handa læknum eða heilbrigðisstéttum sem hafa unnið úti á landi frekar en greiða þeim sérstakar staðaruppbætur eins og menn hafa gert hér og er í grófum dráttum svipað mál en aðeins nálgast öðruvísi.

Þess vegna segi ég þetta hér, herra forseti, að mér finnst að það mál sem hv. 5. þm. Vestf. hreyfir afar mikilsvert vegna þess að það snertir kjarna þessa vandamáls, þ.e. spurninguna um það hvort menn eru tilbúnir til þess að beita félagslegum ráðstöfunum, pólitískum ráðstöfunum til þess að draga úr þeim áhrifum sem óhefl markaðskerfið hefur sem rífur niður verslunina í dreifbýli og síðan kannski verslunina í Reykjavík og flytur hana til Glasgow eða Newcastle eða hvað það nú er. Eru menn tilbúnir til að gera það? Það er sá pólitíski vandi og sú pólitíska spurning sem menn standa frammi fyrir. Þær ræður sem ýmsir hv. núv. stjórnarsinnar, eins og hæstv. núv. fjmrh., hafa flutt um málefni dreifbýlisverslunarinnar á undanförnum árum eru eitthvað það allra ómerkilegasta sem fyrirfinnst hér í þingtíðindum og er þá langt til jafnað vegna þess að prentsvertan á þingtíðindum er satt að segja alveg ótrúleg afreksskepna hvað hún þolir miðað við hvað menn láta út úr sér í þessum stól. Staðreyndin er sú að það kemur auðvitað í ljós aftur og aftur að menn meina ekkert með þessum hlutum og hæstv. núv. fjmrh. mun aldrei flytja frv. um breytingar á kjörum dreibýlisverslunarinnar sem ég er að tala hér um af því að það stríðir gegn pólitískum grundvallarsjónarmiðum mannsins og það er ekki vegna þess að hann sé illa innrætt-

ur. Mér er prýðilega kunnugt um það. Þetta er hinn ágætasti drengur að mörgu leyti. (Gripið fram í.) Ég hef margt fyrir mér í því, hv. þm., og dettur ekki í hug að ræða það við hv. 2. þm. Vestf. En hitt veit ég að hæstv. núv. fjmrh. er auðvitað fangi ofstækisfullra markaðssjónarmiða sem ráða núv. ríkisstjórn og hann getur enga björg sér veitt. Hann er bundinn á höndum og fótum þannig að það er engin ástæða til þess að gera sér vonir um það, ekki glætu, að núv. hæstv. fjmrh. muni nokkurn tíma gera neitt af neinu tagi til að koma til móts við vanda dreifbýlisverslunarinnar.

Spurningin hins vegar um það lögfræðilega eða stjórnskipunarlega álitamál sem hér er, þ.e. hvort hægt er að hugsa sér að veita fjmrh. það vald sem gert er ráð fyrir í till. hv. 5. þm. Vestf., sem er afar fróðleg og afar merkileg. Ég held að menn þurfi nú endilega að vaxa upp úr því sem fyrst að horfa ekki á orðið fjármálaráðherra endilega þannig að það sé alltaf sá maður sem situr í stólnum þá og þá auk þess sem það liggur alveg tvímælalaust fyrir að svo getur farið að núv. hæstv. fjmrh. hætti því einhvern tíma og einhverjir aðrir taki við því embætti eins og gengur. Ég er ekkert að segja að það gerist á morgun en einhvern tíma gerist það. (**Gripið fram í:** Ertu alveg viss?) Að það gerist einhvern tíma? Já, ég er alveg viss um það. Þannig er það nú, hv. þm., að þetta á fyrir okkur öllum að liggja einhvern tíma á ævinni eins og gengur. Ég tel að það sé ekki æskilegt að fjmrh. hafi ívilnunarheimild og ég tel að það sé grundvallarmunur annars vegar á ívilnunarheimild og hins vegar álagningarheimild og hækkunarheimild. Í þeim hæstaréttardómum sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi var í báðum tilvikum um að ræða álagningar- eða hækkunarheimild. Í síðara tilvikinu sem hann nefndi var það þannig að hæstv. þáv. landbrh. fékk heimild til þess með setningu, ég hygg 1981 frekar en 1982, að leggja á kjarnfóðurgjald og hann ákvað samstundis að nota heimildina þannig að það var lagt á kjarnfóðurgjald ef ég man rétt í kringum 200% eða eitthvað þvíumlíkt. Ég man að mér þótti þetta að mörgu leyti mjög gott hjá páv. hæstv. landbrh., mjög gott. En formið er svo annað mál. (Gripið fram í.) Gjaldið fínt, já. Ég vona að hæstv. forseti hafi ekkert við það að athuga þó ég ræði hérna aðeins við þingmenn um kjarnfóður, ég er alveg til í það og ég vona að ég fái ekki neinar svona Mannlífsvítur frá núv. forseta fyrir það þó að ég spjalli aðeins um kjarnfóður.

En í þessu tilvikinu var það þannig að Hæstiréttur kveður upp dóm vegna þess að ráðherrann fær þarna framselt skattlagningarvald til að hækka skatt og leggja á skatt. Það sama gilti í raun og veru um þungaskattinn. Ég man ekki nákvæmlega hvernig sá dómur var en samkvæmt lögunum um Vegasjóðinn er það þannig að þungaskatt má leggja á með ákvörðun ráðherra eftir því hvernig byggingarvísitala hækkar. Ráðherra getur þess vegna, þegar byggingarvísitala hefur náð tilteknu stigi, ákveðið að hækka þungaskattinn upp að því marki frá fyrra stigi en hann getur ekki farið yfir það og það hygg ég að hafi gerst hjá hv. 1. þm. Vestf. að hann hafi farið yfir það mark sem byggingarvísitalan skammtaði. Og það er út af fyrir sig hlutur sem nátt-úrlega liggur alveg í augum uppi að gengur ekki þannig að auðvitað er skattheimtugræðgi ráðherra Sjálfstfl. alveg sérstaklega viðbrugðið því að þeir eru báðir í Sjálfstfl. þessir sem eru dæmdir af Hæstarétti fyrir það að ganga lengra í skattheimtu en nokkrir aðrir ráðherrar í sögu Íslands og er þá langt til jafnað. Það eru tveir ráðherrar í Íslandssögunni með hæstaréttardóm á bakinu fyrir ofboð í skattheimtu, þeir eru báðir úr Sjálfstfl., Pálmi Jónsson og Matthías Bjarnason. En látum það vera. Ég held að menn verði að þessu leytinu til að gera grundvallarmun á þeirri tillögu sem hv. 5. þm. Vestf. flytur annars vegar og þessum dómum hins vegar af því að þar er verið að fjalla um álagningu en hjá honum er tillaga um ívilnunarheimild til fjmrh.

Nú er það út af fyrir sig ekki einfalt mál að ákveða hvar mörkin eiga að liggja í þessu efni, við hvaða byggðarlög á að miða. Ég tel að það komi vel til greina að byrja á þessari viðmiðun sem hv. 5. þm. Vestf. leggur til þó að það gæti þýtt það að menn gætu við betri kjör snúið sér við í þessum efnum í Garðabæ eða Mosfellssveit eða jafnvel Seltjarnarnesi um skeið eftir að þetta væri orðið að lögum. Það er ekki aðalatriðið mínum huga. Aðalatriðið er að Alþingi þori að stíga svona skref. Ég tel að þetta væru kaflaskipti hér fyrir þróun dreifbýlisverslunarinnar í landinu en þó fyrst og fremst fyrir áherslur í byggðamálum almennt. Þorir Alþingi að mismuna starfsgreinum eða hópum eftir því hvar menn eru staddir á landinu? Það er grundvallaratriðið. Og það er það sem fyrir flm. vænt-anlega vakir í þessu efni.

Þess vegna held ég líka, virðulegi forseti, að í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan, komi fram mjög athyglisvert mismununaratriði sem ég hafði ekki hugsað út í satt að segja þar sem sveitarstjórnir hafa mismunandi heimildir til þess að leggja á fasteignagjöld eftir því hvar tiltekin hús eru. Það er með öðrum orðum heimilt að fella niður eða lækka fasteignagjöld á svokölluðum útihúsum í sveitum. Það þýðir með öðrum orðum að ekki er heimilt að fella þau niður eða lækka á sama hátt á útihúsum í þéttbýli. Það gilda aðrar reglur um þau útihús sem eru í Borgarnesi eða Hafnarfirði en þau útihús sem eru í Reykholtsdal, svo að ég nefni dæmi, eða Stafholtstungum eða jafnvel Þverárhlíð svo að ég teygi mig nú enn lengra í fæðingarsveit minni sem ég veit að hv. 2. þm. Vestf. þekkir afar vel. Þarna hefur löggjafinn í rauninni heimilað athyglisverða mismunun með þessa tilteknu tegund brúkshúsa sem eru notuð fyrir skepnur hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli. En það er heimilt af löggjafans hálfu að nálgast þetta með mismunandi hætti eftir því hvar þessi hús eru. Þannig hefur löggjafinn í þessu tilviki heimilað mismunandi álagningu með ívilnandi hætti. Og það er auðvitað grundvallaratriðið sem menn þurfa að skoða þegar þessi mál eru athuguð. Þess vegna segi ég fyrir mig þó að ég vilji leggja á það mikla áherslu að Alþingi vandi sig við afgreiðslu tillagna af þessu tagi, tillagna sem geta legið á mörkunum og eru umdeildar, að ég get með ágætlega góðri samvisku, bæði sem alþingismaður almennt en líka út

frá mínum pólitísku sjónarmiðum, stutt þá tillögu sem hér er flutt. Ég tel að ef menn hefðu kjark til að samþykkja tillögu af þessu tagi væru þeir að brjóta í blað og menn eiga ekki að neita sér um að gera svoleiðis hluti á þessum tímum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt best að segja álitið að hæstv. fjmrh. sæi ástæðu til þess að taka til máls einu sinni enn í þessu uppáhaldsmáli sínu og það var kannski fyrst og fremst þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs svo að umræðan lognaðist ekki út af án þess að hann hefði tækifæri til þess. Í öðru lagi vegna þess að þessi umræða hefur farið nokkuð víða. Hv. 9. þm. Reykv. flutti mikla ræðu um skattlagningu og skattheimtu almennt undanfarið og ég get ekki látið hjá líða að koma hér aðeins inn í þessa umræðu til viðbótar. Það er náttúrlega ekki sama hvernig skattar eru lagðir á. Og það er heldur ekki sama hvert umfang skattheimtu á hverjum er en að mínu mati er það grundvallaratriði að ríkisstjórn á hverjum tíma hafi kjark til þess að leggja á skatta á móti þeirri opinberu þjónustu sem Alþingi og almenningur í landinu vill að sé veitt. Undan því getur ríkisstjórn á hverjum tíma aldrei vikist að hafa forustu um, og Alþingi að sama skapi, að móta þær reglur sem um það eru settar.

Menn geta síðan endalaust deilt um hvar þessir skattar eigi að koma niður. En hitt er að mér sýnist að fjárlagaumræðan snúist núna einfaldlega um það að ekki er vilji í þjóðfélaginu til þess að draga verulega úr þeirri þjónustu sem ríkið veitir í dag. Um það snýst dæmið núna, um það snýst vinna meiri hluta fjárln. í umboði ríkisstjórnar, að menn eru að reyna að fela þá skattlagningu sem þarf á margvíslegan hátt, eins og ég rakti hér í fyrri ræðu minni í kvöld. Ég get hins vegar sagt það sem mína skoðun að kannski er eðlilegast að skattleggja í fyrsta lagi tekjurnar, launatekjur einstaklinganna, að einhverju marki en vissulega undanskilja það sem er til lágmarksframfæris. Í öðru lagi ber að skattleggja neysluna því að það sem skotið er undan tekjuskatti og öðru endar oft og tíðum í neyslu og þá hljótum við að skattleggja neysluna og síðan í þriðja lagi að skattleggja eignatekjur og undir það get ég tekið með hæstv. fjmrh. að það sé eðlilegt því að á endanum, ef fjármagnið skilar sér ekki í skattlagningunni með tekjuskattinum eða almennri neyslu, þá breytist það í eignir í einhverju formi og í dag festa menn ekki peninga sína annars staðar en í einhverjum eignum sem gefa arð og þá ber okkur að skattleggja þær eignatekjur. Ég vil taka það skýrt fram að hér er ég ekki að tala um að skattleggja almennan sparnað launamanna til þess að mæta óvæntum áföllum eða þær eignir sem felast í íbúðarhúsnæði.

En ef ég kem síðan að vanda dreifbýlisverslunarinnar þá vil ég einungis ítreka það sem ég sagði hér fyrr í kvöld. Sá vandi er miklu fjölþættari en svo að við náum yfir það með mismunandi beitingu þess skatts sem hér er til umræðu þó að það gæti vissulega verið hluti af lausninni ef menn teldu rétt að beita honum.

Ég vil einnig ítreka að ég ber ekki það traust til núv. ríkisstjórnar að ég vilji fela henni þetta vald í hendur. Það verður að koma annað og meira til en svo.

Ég sé ekki ástæðu til þess frá minni hálfu að lengja þessar umræðu frekar. En ég hafði, virðulegi forseti, eins og ég nefndi í upphafi míns máls átt von á því að hæstv. fjmrh. hefði viljað fá tækifæri til þess að eiga lokaorðin í 3. umr. um sitt eftirlætismál í gegnum tíðina hér í þingsölum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengi. Ég held að hún hafi verið gagnleg og góð. Hún hefur reyndar ekki eingöngu snúist um þennan skatt sem frv. boðar heldur um stöðu verslunarinnar og ég held að það sé ágætt að menn velti fyrir sér stöðu hennar.

Ég vil byrja á því að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans ræðu. Mér fannst hún ákaflega góð í alla staði. Hann spurðist fyrir um hvort ekki væri ástæða til þess að lækka virðisaukaskattinn og breikka stofninn. Ég er honum sammála að það sé aðferð sem við eigum að beita. Ég minni á varðandi vöruverð hér á landi og annars staðar að frá því að vöruverð var gefið frjálst þá hefur verð á vörum hér á landi sannanlega lækkað. Í nýútkomnu hefti af Vísbendingu frá 6. des. sést samkvæmt heimildum frá OECD að vöruverð á Íslandi er nokkru lægra heldur en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en umtalsvert hærra heldur en í Bretlandi, Írlandi, Bandaríkjunum og Spáni svo að dæmi séu tekin. Þetta skýrist auðvitað m.a. vegna skatta en einnig af öðrum ástæðum, til að mynda fjarlægð Íslands frá þeim löndum sem eru upprunalönd vörunnar og kostnaði vegna flutninga innan lands. Allt eru þetta atriði sem allir þekkja og hér hafa oft verið rædd.

Ég hef þegar rætt fyrirliggjandi tillögur og mitt sjónarmið hefur ekkert breyst. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér í langar lögfræðilegar bollaleggingar um fyrirliggjandi hugmynd um það hvort ráðherra hafi leyfi til þess að beita slíku valdi sem fram kemur í tillögunni. Ég vara þó menn við að jafna slíkri heimild fyrir ráðherra við heimild sveitarstjórna einfaldlega vegna þess að sveitarstjórnir ráðstafa sínum tekjum sjálfar. Meginskilyrðið er auðvitað alls staðar í skattlagningu að jafnræðissjónarmið gildi. Það er vissulega rétt að víða geta yfirvöld, bæði sveitarstjórnir og ríkisstjórnir gert vissar undanþágur en yfirleitt eru þær til bölvunar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Það er að mínu mati ekki stórmál að þessi heimild sé fyrir hendi. Það eru áreiðanlega önnur atriði sem mundu hjálpa versluninni betur. Ég ætla ekki heldur að ræða mikið um fjárlagafrv., um fjárlög og skatta almennt. Ég vil einungis segja það vegna fram kominna ummæla formanns Verslunarráðs Íslands þar sem hann tekur fram að það hafi ekki verið Verslunarráðið sem bað um herta tollgæslu að það er rétt. Það er óhætt að skýra frá því að fulltrúar smásala og heildsala fyrst og fremst höfðu samband við ríkisstjórnina, annars veg-

ar viðskrh. og hins vegar fjmrh. og báðu þá um að grípa í taumana með þeim aðferðum sem þeir höfðu. Í því skyni greip fjmrn. til þess ráðs að styrkja endurútgáfu tollstjórans á upplýsingabæklingum um það hve mikið mætti flytja inn í landið. Það var gert og þessi bæklingur liggur frammi hjá öllum ferðaskrifstofum og á flugvöllum. Hins vegar skrifaði fjmrn. utanrrn. bréf og með mjög vægum hætti var bent á að gjarnan mætti taka upp kerfisbundið eftirlit með utanlandsferðum eins og gert er víða um heim. Það vill nefnilega þannig til að tollgæslan á Keflavíkurflugvelli heyrir ekki undir fjmrn. heldur utanrrn. Ég hef hins vegar alveg látið vera að minnast á þetta því að ég held að mig muni ekkert um að taka við þessum skömmum þessa dagana og vil gjarnan taka það á mig ef menn hafa ánægju af að skamma mig fyrir að hafa beitt mér fyrir heldur hertari eftirliti. En það þýðir ekki að ég sé á móti því að fólk fari til útlanda og kaupi þar. Ég held að í því felist ágætt aðhald fyrir íslenska verslun. Það sem hins vegar skiptir máli er að fólk fari að lögum og sé ekki að flytja vörur inn í landið langt umfram heimildir án þess að borga af þeim aðflutningsgjöld því að það er auðvitað óheimilt með öllu og yfirvöldum ber að koma í veg fyrir það með öllum tiltækum ráðum.

Ég tel mig þannig hafa skýrt þetta atriði. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla hér um skatta og þjónustugjöld. Það vill nú svo til að uppsetning fjárlaga er með þeim hætti að sértekjur koma gjaldamegin, en það er ekkert sérstakt við gjöldin því að við megum ekki gleyma því að á sama hátt eru allar bótagreiðslur t.d. úr tekjuskattskerfinu færðar upp teknamegin þannig að fjárlög íslenska ríkisins eru sett upp með þeim hætti að það eru til tekjur gjaldamegin og gjöld teknamegin. Og menn mega ekki gleyma því, ef þeir vilja ræða þessi mál á bókhaldsvísu, að þetta gengur í báðar áttir. En þá umræðu ætla ég að geyma mér þangað til við ræðum saman um fjárlög íslenska ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

50. FUNDUR

fimmtudaginn 12. des.,
kl. 12 á hádegi.

Nauðungarsala, 3. umr.

Stjfrv., 62. mál. — Þskj. 63.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SHl, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EgJ, GB, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KE, MF, ÓÞÞ, SAÞ, StG, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 251).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að þetta frv. sem áður hefði sætt meðferð í deildum er hið fyrsta af því tagi sem Alþingi samþykkir sem lög eftir að það hóf starf í einni málstofu. Áður höfðum við samþykkt fjáraukalög fyrir 1991 en slík frumvörp voru áður rædd við þrjár umræður í sameinuðu þingi.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 61. mál. — Þskj. 62, nál. 229, brtt. 230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SHl, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (JGS, StG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GÁ, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónS, JVK, KSG, KE, MF, ÓÞÞ, SAÞ, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 230,1 samþ. með 40 shlj. atkv., 4 þm. greiddu ekki atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8.–11. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,2 (ný 12. gr.) samþ. án atkvgr.
13.–15. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,3 (ný 16. gr.) samþ. án atkvgr.
17.–27. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,4 samþ. án atkvgr.
28. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
29.–34. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,5 (ný 35. gr.) samþ. án atkvgr.
36.–37. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,6 (ný 38. gr.) samþ. án atkvgr.
39. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,7 samþ. án atkvgr.
40. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
41.–48. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,8 (ný 49. gr.) samþ. án atkvgr.
50.–101. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 230,9 samþ. án atkvgr.
102. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 230,10 (ný gr., verður 103. gr.) samþ. án atkvgr.

103.–105. gr. (verða 104.–106. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 230,11 samþ. án atkvgr.

106. gr. (verður 107. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

107. gr. (verður 108. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 230,12 samþ. án atkvgr.

108. gr. (verður 109. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 230,13 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 88. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 91, nál. 234, brtt. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 235 (ný 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (sektarúrskurðir). — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 44. mál. — Þskj. 45, brtt. 140, 156 og 221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 156 kölluð aftur.

Brtt. 140 kölluð aftur.

Brtt. 221 felld með 32:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, KHG, ÓRG, SHl, SvG, GHelg, HG.

nei: IBA, ISG, KSG, KÁ, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, GE, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, SalÞ.

11 þm. (IP, JGS, JHelg, JónK, EL, StG, AÓB, FI, GB, GÁ, JVK) greiddu ekki atkv.

13 þm. (JóhS, JBH, JónS, KE, MF, ÓÞÞ, SAÞ, StH, SJS, VS, ÁJ, HÁ, HBl) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessarar tillögu væri verið að færa skattlagningarvald frá Alþingi til framkvæmdarvalds en það tel ég vafasamt að sé heimilt eða rétt að gera. Í öðru lagi bendi ég á að hér er ívilnun til verslunar á svæðum sem standa höllum fæti. Ákvörðun um það er færð til ríkisstjórnarinnar og þar sem ég treysti ekki núv. hæstv. ríkisstjórn til þess að fara með það vald, þá sit ég hjá við þessa atkvæðagreiðslu án þess að ég taki á nokkurn annan hátt efnislega afstöðu til þess máls sem hér eru greidd atkvæði um.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni fúslega að verslun á landsbyggðinni á undir högg að sækja og sama gildir um verslunina hér í miðborg Reykjavíkur. En þar sem ég tel að með þessari tillögu sé verið að færa óeðlilegt og óæskilegt vald í hendur ráðherra þá segi ég nei.

Matthías Bjarnason:

Þar sem fjmrh. hefur lýst því yfir að hann muni ekki nota sér slíka heimild þó samþykkt yrði sé ég enga ástæðu til þess að vekja væntingar hjá fólki með samþykkt þessarar tillögu. Þar við bætist að fyrir liggur hátíðlegt loforð fjmrh. um að hann muni aldrei taka aftur upp þennan ósvífna skatt. Því segi ég nei.

Frv. samþ. með 37:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, GE, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HG, JÁ, KSG, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SHl, RG, SigG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, SalÞ.

nei: IBA, StG.

12 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, EL) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JónS, KE, ÓÞÞ, SAÞ, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið að því að afgreiða sem lög frá Alþingi fyrsta skattafrv. sem núv. hæstv. fjmrh., fjmrh. Sjálfstfl., leggur fram. Allir þingmenn Sjálfstfl. sem sitja í þessum sal lofuðu því í kosningabaráttunni að afnema þennan skatt við fyrsta tækifæri. (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) Það kemur í ljós að Egill Jónsson og Þorsteinn Pálsson eru einu mennirnir í salnum sem mótmæla því að hafa lofað því. (Gripið fram í.) Hv. þm. Árni Mathiesen þykist hafa lofað því í Hafnarfirði að skatturinn yrði áfram. Við könnumst ekki við það sem vorum í framboði með þingmanninum. Það er greinilegt að það er mikill óróleiki í hv.

þm. Sjálfstfl. yfir þeirri stundu sem hér er að líða og það er skiljanlegt vegna þess að þetta er fyrsta atkvæðagreiðslan af mörgum á næstu dögum þar sem þeir munu greiða atkvæði gegn því sem þeir lofuðu í kosningunum. Mörg skattafrv. liggja hér á borðum þingmanna, flutt af ríkisstjórninni, skattar sem Sjálfstfl. lofaði að leggja af. Það er ekki hollt fyrir lýðræðið í landinu að flokkarnir hafi eina skoðun fyrir kosningar og aðra skoðun eftir kosningar. Þá eru kosningar marklausar.

Alþb. hefur stutt þennan skatt um langan tíma og styður hann enn. Við breytum ekki afstöðu okkar þótt við séum nú í stjórnarandstöðu. Við fylgjum því í dag sem við sögðum í gær. Okkar afstaða er sjálfri sér samkvæm. Þótt hér sitji ríkisstjórn sem við treystum ekki og séum andvíg mörgu í hennar skattastefnu, þá hvikum við ekki frá því sem við höfum áður talið skynsamlegt. Þess vegna sýnum við samkvæmni í okkar afstöðu þótt Sjálfstfl. hafi hvorki manndóm né lýðræðisleg heilindi til að gera það. Ég segi já.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Svo illa er búið að þessari atvinnugrein í dag að hún þolir því miður ekki slíkar álögur sem hér er lagt til og því segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 254).

Fjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 232 og 238, brtt. 233 og 241.

Pálmi Jónsson (frh.):

Virðulegi forseti. Í þessu framhaldi ræðu minnar tel ég mér ókleift annað en byrja á því að segja það við hæstv. forseta og aðra þá sem semja um störf hér á hinu háa Alþingi að þótt ég hafi fullan skilning á því að það þurfi að semja á ýmsa lund um framgang mála, þá er það í fyrsta sinn nú sem ég man eftir, og hef nú setið hér nær aldarfjórðung, sem 2. umr. um fjárlög er klippt í sundur og látin fram fara á tveimur dögum. Ég ætla ekki að gera fleiri athugasemdir við þetta, en ég tel að þessi umræða sé svo þýðingarmikil að það sé ekki heppilegt fordæmi að taka upp þennan hátt á gangi þeirrar umræðu.

Í fyrri hluta ræðu minnar hafði ég lokið við að draga fram þýðingu þeirra aðgerða sem nú er stefnt að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins. Í stuttu máli sagði ég frá því að ný tök á fjármálum ríkisins hefðu það markmið að leggja grunn að endurreisn atvinnuveganna, lækkun vaxta, lægri verðbólgu, stöðugleika í efnahagsmálum og skynsamlegum kjarasamningum. Til þess að ná þessum árangri verður að ná árangri í ríkisfjármálum með sparnaði og niðurskurði.

Nú er það svo að heita má að allt sem nefnt er í þessum efnum hlýtur einhvers staðar gagnrýni. Það er ekki hægt að koma við sparnaði eða niðurskurði í fjármálum ríkisins án þess að einhverjum þyki miður. En þegar vandinn er svo hrikalegur sem raun ber nú vitni duga ekki lengur smáskammtalækningar eins og stundum hafa verið tíðkaðar í þessum efnum.

Löngum hefur það verið nærtækt hjá ýmsum ríkisstjórnum að skerða fjárfestingarframlög, þ.e. framlög til verklegra framkvæmda. Þetta var líka gert af núv. hæstv. ríkisstjórn í sumar og var það staðfest í fjáraukalögum hér á hinu háa Alþingi. Þessar aðgerðir núv. hæstv. ríkisstjórnar voru að ýmsu leyti þarfar þótt að mínum dómi komi ýmsar þeirra okkur í koll nú með þeim hætti að framlög til fjárfestinga þarf að taka upp að nýju í fjárlög sem nú eru á dagskrá. Þær höfðu það í för með sér ásamt frestun framkvæmda við álver og tengdum framkvæmdum að Þjóðhagsstofnun spáir því að fjárfesting minnki í þjóðfélaginu á þessu ári um 12% frá því sem var á fyrra ári. Enn er reiknað með því að fjárfesting á næsta ári verði minni en í ár og það er því ekki feitan gölt að flá í þessum lið í útgjöldum hins opinbera sem er fjárfestingin. Í raun og veru höfum við gengið götuna til enda. Við höfum farið alveg í botn með fjárfestingu þannig að það er ekki hægt að mínum dómi að ganga miklu lengra hvað það snertir en þær tillögur sem hér liggja fyrir gera ráð fyrir. Þannig er nú komið að ekki verður komist hjá því að ráðast að umfangi og rekstri ríkiskerfisins.

Mér er engin launung á því að þegar fjárlagafrv. var lagt fram þótti mér tæplega nógu langt gengið í þessum efnum. En með þeim tillögum sem nú liggja fyrir og snúa að meginhluta að þessu verkefni frá hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. er stigið verulegt skref í þessa átt, skref sem er óhjákvæmilegt að taka, ef nást á einhver árangur í þessum efnum.

Ég lýsti því í ræðu minni í gær að slík skref yrðu ekki stigin án þess að sárinda gætti og án þess að erfiðleikar yrðu á ýmsum sviðum og ég lýsti því að ég hefði fullan skilning á þessum efnum. Þó er alveg augljóst miðað við þá miklu erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir með fjármál ríkisins, þann geigvænlega vanda sem þar blasir við og afleiðingar þess að halda áfram í sama fari, að þessir erfiðleikar og þessi sárindi, sem vissulega hitta ýmsa, eru smáræði hjá þeirri ógn sem við blasir ef ekkert er að gert. Ég tel að ef haldið væri áfram í sama fari og áður og ríkissjóður rekinn með halla upp á 10–12 milljarða, eða kannski 8–12 milljarða svo að heldur vægar sé í sakir farið, og héldum áfram, eins og síðasta hæstv. ríkisstjórn gerði að ákveða gríðarleg útgjöld og fjárfestingu af ýmsu tagi og rekstur án þess að leggja fram peninga á fjárlögum værum við að stefna út í hreina ófæru. Því mundu fylgja efnahagslegar kollsteypur sem ekki þarf að lýsa hvaða afleiðingar hafa. Það er því nauðsynjaverk sem verið er að vinna með þeim tillögum sem fyrir eru lagðar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hálfu meiri hluta fjárln. Það er ekki sársaukalaust verk en það er nauðsynjaverk.

Nú liggur það vitaskuld fyrir að fulltrúar stjórnarandstöðunnar gagnrýna þessar tillögur og það er

kannski ekkert einkennilegt að þær hljóti gagnrýni í ýmsum efnum. Gagnrýni fulltrúa stjórnarandstöðunnar við umræðu í gær var þó nokkuð sín með hverju móti. Hv. 4. þm. Suðurl. deildi fast á ýmsa þætti þessara mála. En með sama hætti gætti viðurkenningar í orðum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Til að mynda fór hún viðurkenningarorðum um a.m.k. sumar þær sparnaðar- og niðurskurðartillögur sem meiri hluti fjvn. hefur lagt fram og ekki síður þær sem enn eru ekki komnar fram á þingskjali heldur hafa verið sendar ríkisstjórn.

Með sama hætti greindi talsmaður Alþb. í umræðunum í gær, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, frá þeirri skoðun sinni að lengri tíma þyrfti en gert er ráð fyrir í þessum tillögum til þess að ná árangri í skipulagsbreytingu sem hefði í för með sér sparnað í rekstri og launum. Slík sjónarmið er sjálfsagt að virða þótt staðan sé nú með þeim hætti að það er óhjákvæmilegt að ná skjótum árangri. Ég vil í þessu sambandi geta þess að meiri hluti fjárln. hefur sent hæstv. ríkisstjórn hugmyndir sínar um margs konar skipulagsbreytingar í ríkisrekstrinum sem þar eru til athugunar. Það er í samræmi við það sem fram kom í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að öllu því verður ekki náð fram í einni svipan. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum í þá ræðu sem vissulega fól í sér harða gagnrýni en einnig á þessum sviðum sem ég hef hér nefnt nokkur viðurkenningarorð. Hv. þm. viðurkenndi að við vanda væri að etja. Hún flutti mjög efnislega gagnrýni, að vísu án beinna tillagna um aðrar aðgerðir. Það má segja að í ræðu hv. þm. hafi komið fram viss hvatning til þess að tekið yrði á málum.

Ég verð því miður að segja að ræða hv. 1. þm. Norðurl. e., þess góða félaga okkar í fjárln., aðaltalsmanns stjórnarandstöðunnar og frsm. minni hluta nefndarinnar var með nokkuð öðrum hætti. Hann flutti hér mjög langa ræðu, hátt á annan klukkutíma, og þar var mestmegnis um að ræða gagnrýni og ekkert nema gagnrýni. Hv. þm. komst svo að orði að aðhaldi væri ekki mótmælt. Hann lét ekki þau orð falla að hann mælti með aðhaldi en hann sagði að aðhaldi væri ekki mótmælt. Í raun var það það næsta sem hann komst að því sem hæstv. ríkisstjórn og við í meiri hluta fjárln. erum að vinna að.

Síðar sagði hv. þm. hvað eftir annað að það væru ekki farnar réttar leiðir. Við viljum fara aðrar leiðir. Það er nauðsynlegt að leita leiða o.s.frv. Þetta sagði þessi hv. þm. sem er nýstiginn upp úr ráðherrastólnum. Ég hlustaði grannt eftir því hverjar þessar leiðir væru sem hv. þm. vildi fara, nýhorfinn úr síðustu hæstv. ríkisstjórn. Hann nefndi að vísu að hann vildi fá fram kerfisbreytingar en þær voru gersamlega óskilgreindar. Og hann nefndi eina tillögu og það var að leggja skatt á fjármagnstekjur. Þessi skattur hefur vissulega verið í umræðunni og ég ætla ekkert fyrir mitt leyti að útiloka hann. Það mundi þá bæta við skattaálögur í heild ef hann væri tekinn upp og það hefur verið reiknað út, a.m.k. miðað við eitt form á þeim skatti, að hann gæfi miklu minna heldur en menn ætla eða 200–300 millj. kr. Það hossar því ekki hátt í það að ráða bót á þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Hv. þm. fann að ýmsu í störfum meiri hluta fjárln. Hann komst m.a. svo að orði að það væri ámælisvert að mæta ekki óskum um aukin útgjöld í tilteknum atriðum. Í raun var ræða hans, þessi maraþonræða, alltaf annað veifið þess efnis að mæla með auknum útgjöldum, mæla með fleiri störfum hjá ríkinu, mæla með því sem hæstv. ríkisstjórn sem hann sat í tíðkaði, að fela útgjöld í heimildargrein eða með öðrum hætti. Hann nefndi sérstaklega í þessu tilliti heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Ég tel að ætla mætti af ræðu hv. þm. að hann teldi ástæðu til að allt héldi áfram í sama farinu. Hv. þm. var tíðrætt um nauðvörn einhvers tiltekins ráðherra í tilteknum málaflokki, tíðrætt um nauðvörn ráðherra. Mér fannst ræða þessa hv. þm. vera nauðvörn fyrir það sjónarmið að helst ætti ekkert að gera, nauðvörn fyrir úrræðaleysi og kjarkleysi, nauðvörn fyrir það sjónarmið að það væri ámælisvert að mæta ekki óskum um aukin útgjöld. Það leyndi sér ekki að þarna talaði þingmaður sem var ráðherra í síðustu ríkisstjórn.

Mér hlýtur að vera spurn hvort þessi hv. þm., og ég segi ágæti félagi okkar í starfi fjárln., geri sér ljósa grein fyrir þeim vanda sem við stöndum í. Ræða hans bar ekki vitni um það. Ég hlýt að lýsa því að ég varð fyrir vonbrigðum með að þar skyldi a.m.k. ekki koma viðurkenning á því að við vanda væri að etja.

Ég þarf ekki að fara mörgum fleiri orðum um það hvílíkur þessi vandi er. Ég hef svo margsinnis rakið hann. Ég hef margsinnis í þessum ræðustól á síðasta kjörtímabili sýnt fram á hvert stefndi og ég hef tekið það saman í tölum hversu gífurlegur þessi vandi er. Ég tók það saman í tölum við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Ég greindi frá því hvað eftir annað að fyrir þinglok sl. vor, þegar ríkisstjórnin hóf það sem kallað var af sumum ráðherrum þeirrar hæstv. ríkisstjórnar bögglauppboð, hvílíkum skuldbindingum hæstv. ríkisstjórn væri að bæta á herðar þjóðarinnar án þess að leggja til í einu orði hvar ætti að taka peninga til þess að borga allt þetta. Það er þessi vandi sem við stöndum núna frammi fyrir og verðum að ráðast að ef ekki á allt að fara um koll, ef við ætlum ekki að kollsigla ríkissjóð og ríkisreksturinn, ef við ætlum ekki að kollsigla efnahagskerfið og þar með atvinnulífið. Þess vegna beini ég því staðfastlega til þessa hv. þm. og annarra fulltrúa stjórnarandstöðunnar að þeir a.m.k. viðurkenni þennan vanda sem þeir eiga kannski ekki lítinn þátt í að hafi orðið til. Ef þeir gagnrýna allt það sem nú er lagt til eiga þeir að koma og benda á einhverjar leiðir aðrar sem þeir vilja fara. Ekki síst getur maður ætlast til þess að slíkar ábendingar og tillögur komi fram frá aðaltalsmanni minni hluta í fjárln. og það af þeim hv. þm. sem er búinn að sitja sem ráðherra síðustu hæstv. ríkisstjórn. Ég get ekki annað en látið þessi orð falla hér og það ekkert síður fyrir það að ég met þennan hv. þm. meira en svo að ég uni því að hann flytji ræður eins og hann flutti í gær án þess að gera athugasemdir við.

Hér hefur verið gagnrýndur hinn flati niðurskurð-

ur sem gert er ráð fyrir að verði beitt við launalið ríkisútgjalda og önnur rekstrargjöld. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason taldi hann óraunhæfan, notaði m.a. orðið óraunhæfur og hann sagði að þessi flati niðurskurður hefði til að mynda mistekist áður svo sem á árinu 1989 í þeirri hæstv. ríkisstjórn sem hann átti sæti í. Hann sagði þó að þar hefði tekist að ná nálægt því helmingi af þeim flata niðurskurði sem til var ætlast, um 450 millj. kr. af 800–1000 millj. Víst var það nokkur árangur og ber að þakka fyrir það þó að ákjósanlegt hefði verið að markmiðið hefði náðst sem stefnt var að. Ég held að engum ætti að blandast hugur um að ef við getum ekki tekið á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og launakostnaði, e.t.v. umfangi starfseminnar þannig að það minnki, er þess ekki að vænta að við náum nokkrum árangri. Það er best að gera sér það alveg ljóst. Það er búið að skera það mikið og búið að gera þær tilfærslur í öðrum liðum að ekki er von til þess að við náum neinum árangri að marki nema tekið sé á þessum liðum. Þetta verða menn hiklaust að gera sér ljóst hvað sem ýmsum þykir það sársaukafullt.

Nú liggur það fyrir að bein laun í ríkiskerfinu á næsta ári eru áætluð 33–34 milljarðar kr. og yfirvinna er um það bil ⅓ hluti þessarar fjárhæðar. Yfirvinnan er gríðarlega mikil í ríkiskerfinu en hún er misjöfn. Ýmsir starfsmenn ríkisins hafa jafnmiklar tekjur af yfirvinnu eins og föstum launum, ýmsir jafnvel meira. En að meðaltali, eins og ég sagði, er yfirvinnan um þriðjungur heildarlaunaútgjalda. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vakti á því athygli og taldi að það yrði tæplega hægt að ná yfirvinnunni niður um 15%. Ég skal ekki fullyrða hvort það tekst en það væri mikil þörf á því að geta hagrætt launakerfi ríkisins með þeim hætti að þetta væri mögulegt og að starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta væri hagað á þann veg að þessi mikli útgjaldaliður lækkaði. Ég tel ekki fráleitt að setja sér það mark að hann lækki um 15%. Það er dágóð fjárhæð. Það eru hvorki meira né minna en 1.650 millj. kr. miðað við það að yfirvinnan sé um 11 milljarðar.

Hér hefur verið gagnrýnt að einstakir ráðherrar hafi orðað það sem möguleika að takist ekki að ná launakostnaðinum nægilega mikið niður eins og hér er stefnt að þá verði að segja upp fólki. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason sagði 600 manns og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði um 300 ársverk eða stöðugildi og getur það svo sem allt farið saman ef þessir starfsmenn hætta á miðju ári að meðaltali. (**GB:** Þetta er úr minnisblaði frá hæstv. fjmrh.) Ég er ekki að mótmæla því. Ég sagði: Einstakir ráðherrar og einstakir þingmenn hafa nefnt þessa tölu, ég er ekki að mótmæla því. Nú skulum við horfa á málið eins og það liggur fyrir. Starfsmönnum ríkisins, þ.e. A-hluta ríkissjóðs, hefur fjölgað ár frá ári um 300–400 að meðaltali, sum árin 500, jafnvel 600, stundum minna en 300. Ég hygg 300–400 að meðaltali. Ég man eftir því í þrjú ár sem fráfarandi hæstv. ríkisstjórn starfaði, 1989–1991, fjölgaði starfsmönnum ríkisins um 1.100–1.200 manns. Ef við ætlum okkur að ná þeim árangri að hefta útþenslu ríkiskerfisins, ef við ætlum að ná þeim árangri að ná einhvers staðar sparnaði í útþenslunni og draga saman umfangið verður ekki hjá því komist að einhvers staðar fækki fólki. A.m.k. er nauðsynlegt að grípa til einhverra ráða til að hafa hemil á þessum mikla útgjaldalið fjárlaganna sem eru laun starfsmanna.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gagnrýndi að gert væri ráð fyrir því að það þyrfti að leggja nýjar ráðningar fyrir ríkisstjórnarfund og ég skal nú ekki fullyrða hvaða vinnulag hæstv. ríkisstjórn ætlar sér í þeim efnum. En ég tel að rétt sé að gera sér ljóst að þörf er á því að beita strangara aðhaldi en gert hefur verið við slíkar ráðningar. Það hefur verið orðað af hálfu fjmrn. að beita eins konar frystingu í þessum efnum þannig að þeir sem ráðnir eru til nýrra verka eða ráðnir í stað þeirra sem hætta séu einungis starfsmenn ríkisins sem teknir eru úr öðrum störfum. Það er býsna góð tillaga svo framarlega sem hún er framkvæmanleg. Ég tel til að mynda að tilefni sé til þess, og hef lengi talið, að starfsmenn ríkisins sem kallaðir eru verkefnaráðnir starfsmenn, séu ráðnir með þeim hætti að ráðningarsamningur greini ákveðið verkefni og ákveðin starfslok en svokallaðir verkefnaráðnir starfsmenn séu ekki ráðnir bara laust og bundið og festist síðan í kerfinu án þess að nokkurs staðar sé spyrnt við fótum. Það er mörg matarholan í öllu þessu kerfi sem hægt er að hnýsast í. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt og lofsvert af hæstv. ríkisstjórn að vilja takast á við þetta verkefni.

Gagnrýnt hefur verið í tengslum við þennan flata niðurskurð og það fyrirkomulag, sem boðað er hér m.a. bæði af hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að með þessu væri verið að draga fjárveitingavaldið frá Alþingi og það væri þörf á því að styrkja Alþingi fremur en hið gagnstæða. Hv. þm. Jóna Valgerður lét einnig þessa skoðun í ljós og það er nokkuð til í því. Þess vegna þarf að athuga framkvæmd á þessu fyrirkomulagi nánar og það er verið að móta um þetta reglur. Þar verður í fyrsta lagi greint frá skyldum einstakra hæstv. ráðherra til að taka faglega á þessum efnum. Ef safnað er saman í pott endurgreiðslum á þessum sparnaðarliðum í hverju ráðuneyti verður að krefjast þess að hæstv. ráðherrar taki faglega á því að endurgreiða það til baka til einstakra stofnana. Það verður fylgst með því af hálfu forsvarsmanna fjárln. í gegnum ríkisfjármálanefnd þar sem við gerum ráð fyrir því að formaður og varaformaður fjárln. fylgist með því, a.m.k. mánaðarlega, hvernig þessu vindur fram. Það kemur líka til álita, ég segi það kemur til álita, að leggja úthlutun á þessu fé úr hverju ráðuneyti fyrir fjárln. Um það vil ég ekki fullyrða en ég vil segja að sú gagnrýni sem komið hefur fram á þetta fyrirkomulag á nokkurn rétt á sér. Það verður þess vegna stefnt að því að mæta þeirri gagnrýni, sem er svo sem ekkert sem við vissum ekki fyrir, en mæta þessu fyrirkomulagi með nýjum eða afdráttarlausum reglum og vinnu sem verður unnin í tengslum við forustumenn úr fjárln.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vakti á því athygli, sem við sem að þessu stöndum höfðum einnig rætt og tekið eftir að sjálfsögðu, að ýmsar stofnanir ríkisins

munu eiga erfitt með að standast þennan sparnað vegna þess að innan veggja tiltekinna ráðuneyta eru margir tilfærsluliðir, stofnanir sem fá það sem kallað er tilfærslur á fjárlögum en framlagið skiptist ekki í laun og rekstrargjöld. Þessu hafa menn að sjálfsögðu tekið eftir og það verður skoðað hvort ástæða er til að veita heimild til þess að hluti af þessum sparnaði komi af launa- og rekstrarliðum slíkra tilfærslustofnana. Þetta er í athugun en ekkert frekar er um það að segja. En við höfðum að sjálfsögðu tekið eftir þessu eins og fram kom í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur.

Ég held að ég fari ekki fleiri orðum um þá gagnrýni sem fram hefur komið á þennan lið sem er afar veigamikill í þeim tillögum sem fyrir liggja. En það verður leitast við að nýta þá reynslu sem fengist hefur við slíkan niðurskurð áður, til að mynda frá fyrri ríkisstjórn sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason minntist á, og móta þær reglur sem ætlast verður til að dugi til að þessum sparnaði verði náð.

Ég hef á undanförnum árum hvatt til sparnaðar í ríkiskerfinu. Ég hef hvatt til þess að menn gerðu sér grein fyrir því hvert stefndi og hvatt til þess að það verði tekist á við vandann en ekki látið vaða svo á súðum sem raun hefur orðið á. Ég hef bent á að þessi vandi er orðinn svo stór að það verður eigi ráðið við hann án þess að draga saman umfangið, án þess að takast á við rekstrarliðina, án þess að takast á við starfsmannahald ríkisins og launakerfi. Ég hef sagt það og stend við það að ef þetta tekst ekki er ekki mögulegt að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er og óhjákvæmilegur í fjármálum ríkisins. Ég segi þetta enn til að leggja áherslu á þýðingu þessarar skoðunar minnar sem auðvitað er ekki einvörðungu mín skoðun heldur eru menn farnir að sjá hve þessi vandi er hrikalegur. En ég hef líka sagt að til þess að mögulegt sé að ná árangri í niðurskurði og sparnaði gegnum allt ríkiskerfið verði að byrja á æðstu stöðum. Ég hef sagt það á undanförnum árum. Og ég hef gagnrýnt það á undanförnum árum að í fjárlagagerðinni hefur að ýmsu leyti verið farið öfugt að. Alla jafna er það svo að þeir sem ráða ferðinni vilja vera góðir við sjálfa sig en ná meira af öðrum sem fjær standa og kannski geta illa borið hönd fyrir höfuð sér. Því miður hefur þetta einkennt þær sparnaðaraðgerðir sem t.d. hæstv. fyrri ríkisstjórn stóð að. Meira að segja var það svo að lög um Stjórnarráð Íslands og reglugerð við stjórnarráðslögin voru þverbrotin með því að hlaða pólitískum vildarmönnum í aðstoðarmannsstöður við jötuna.

Ég geri að sjálfsögðu kröfur til þeirrar ríkisstjórnar sem ég styð og hef gert það. Það er kannski eftirtektarvert að í tillögum meiri hluta fjárln. er fyrsta tillagan um niðurskurð og sparnað hjá Alþingi sjálfu. Sú tillaga er vissulega ekki stór og gæti verið tilefni til þess að hún væri hærri. Ég vek athygli á því að fyrir um það bil áratug var þingfararkaup milli 50 og 60% af útgjöldum Alþingis. En fyrir tveimur árum var þingfararkaup alþingismanna um 25% af heildarútgjöldum Alþingis. Að sjálfsögðu þarf að líta til þeirrar stofnunar sem við sjálfir störfum í ekki síður en annarra. Ég get farið viðurkenningarorðum um hæstv. ríkisstjórn fyrir það að hæstv. forsrh. hefur greint frá nýjum reglum um greiðslu dagpeninga, risnu og ferðakostnað þar sem dagpeningar eru skertir frá því sem áður hefur verið um 20% m.a. Ég tel þetta þakkarvert, ég tel eðlilegt að fara um þetta viðurkenningarorðum því þetta er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt þegar í miklar sparnaðaraðgerðir þarf að fara að byrja á æðstu stöðum. Með því eina móti getur hæstv. ríkisstjórn, hver sem hún er, haft burði til þess að takast á við þessi mál í gegnum allt heila kerfið. Vanræki hún að byrja heima hjá sér er alveg gefið mál að árangur fer úr böndunum. En með þessum hætti má ætla að hún nái þeim aga og þeirri virðingu að hún geti náð árangri í þeim stofnunum sem fjær liggja.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara yfir fleiri atriði þó að margt kæmi fram í umræðum hér í gær. Ég vil aðeins ítreka að þær aðgerðir sem verið er að grípa til hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulífið. Í raun leggja þær grunn að því að hægt sé að ætlast til að þar geti orðið um breytingar að ræða til hins betra. Þær leggja grunn að því með því að vextir lækka, með því að stöðugleiki verður í verðlagi. Verðlag á að geta lækkað frá því sem nú er í sumum greinum og verðlagshækkun er orðin mun hægari en hefur verið á þessu ári og hinu síðasta. Þetta eru nauðsynlegar aðgerðir til þess að ætlast megi til þess að hér geti tekist friður um hófsama kjarasamninga. Allt hefur þetta gríðarlega þýðingu fyrir atvinnulífið.

Ég sagði það margsinnis fyrir síðustu kosningar og ég hef sagt það síðan að viðamestu viðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar væru að fást við ríkisfjármálin annars vegar og atvinnumálin hins vegar. Ég tel að með þeim aðgerðum sem hér er verið að stefna að sé stigið mjög þýðingarmikið skref í þessum málaflokkum báðum. Til viðbótar hefur hæstv. ríkisstjórn greint frá aðgerðum sem þýða a.m.k. 1.700 millj. kr. bata fyrir sjávarútveginn frá því sem áður hefur verið þannig að hér er um veruleg skref í þá átt að bæta stöðu þessa þýðingarmikla atvinnuvegar okkar sem sannarlega hefur staðið á brauðfótum um langa hríð. Ég tel að þær aðgerðir, sem hér er verið að leggja til að samþykktar verði, séu vissulega, eins og áður segir, í mörgum greinum sársaukafullar, í mörgum greinum erfiðar, í mörgum greinum er auðvelt að gagnrýna þær en í heild eru þær nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir að við kollsiglum okkur, ekki einungis í ríkisfjármálum heldur einnig í atvinnumálum og kollsiglum þar með efnahagskerfi þjóðarinnar í heild. Það er það sem fyrir liggur og það er það sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að takast á við og það er auðvitað það verkefni sem hún tók að sér eftir viðskilnað fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson taldi það aðgerðum ríkisstjórnarinnar helst til tekna að hún væri að styrkja stöðu sjávarútvegsins. Það virðist hafa farið fram hjá hv. þm. að í fjárlagafrv. og fylgifrv. þess hér á Alþingi er verið að leggja 870 millj. kr. nýja skatta á sjávarútveginn. Á árinu 1992 munu sjávarútvegsfyrirtækin þurfa að greiða í ríkissjóð í gegnum

nýja skatta tæplega 1 milljarð umfram það sem þau greiða í ár. Þessi upphæð skiptist þannig að 525 millj. er skattlagning í ríkissjóð gegnum breytingar á Hagræðingarsjóði, 40 millj. er tvöföldun á veiðieftirlitsgjaldi, 180–200 millj. að minnsta kosti, sumir segja enn meir, vegna breytinga á sjómannafrádrætti, 50 millj. vegna hlutdeildar sjávarútvegsins í ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota og um 65 millj. er hlutur sjávarútvegsins vegna sérstaks álags á aflagjald. Það er þess vegna alveg ljóst að meginaðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnvart sjávarútveginum í jólamánuðinum er að leggja tæplega 900 millj. kr. í nýja skatta á sjávarútveginn.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði nú kunnað betur við að kalla athugasemd hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar svar og mitt innlegg andsvar, látum það vera. Mér er það vitaskuld ljóst að í þessum tillögum og þessum aðgerðum eru nokkrir liðir sem þrengja að sjávarútveginum eins og öllum öðrum í þjóðfélaginu. Það má líta svo á, eins og ég hef margtekið fram, að árangri verði ekki náð í þessum efnum í fjármálum ríkisins án þess að það komi einhvers staðar við. En hitt liggur einnig fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur, eins og ég greindi frá, boðað aðgerðir sem létta stöðu sjávarútvegsins beint um 1.700 millj. kr. á næsta ári með því að leggja niður framlag í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og með því að fresta afborgunum af lánum Atvinnutryggingarsjóðs. Þess er einnig vænst að bankar og sjóðir fylgi í kjölfarið þannig að þetta verði til að létta stöðu sjávarútvegsins um eigi minna en 2 milljarða. Eitt aðalatriðið í mínu máli var nauðsyn þessara aðgerða í ríkisfjármálum og að án þeirra væri ljóst að ekki yrði komið við neinum vörnum í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar. Ef haldið væri áfram í sama fari og gert var undir forustu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar mundum við stefna hér ekki einungis í algjöra kollsiglingu á fjármálum ríkisins heldur einnig atvinnuvegunum og þar með öllu efnahagskerfinu. Þetta gerðist ef áfram væri haldið að þenja út ríkisútgjöldin og safna skuldum og reyna svo á lánsfjármarkaðinn sem gerðist í tíð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Þá yrði ekki mögulegt annað en vextir hækkuðu, verðlag hækkaði, kjarasamningar á rólegum nótum mundu ekki nást og hagsmunir atvinnuveganna væru gjörsamlega fyrir borð bornir og við tæki kollsteypa í efnahagsmálum með gengisfellingum, okurvöxtum og óðaverðbólgu. Þetta er það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er að boða með óbreyttri stefnu áfram og þetta er það sem þjóðin stendur frammi fyrir ef ekki næst hér samstaða um að taka í taumana með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Tölur hv. þm. eru einfaldlega rangar. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin er að taka frá sjávarútveginum um 900 millj. kr. (**Gripið fram í:** Og vel það.) Hvað Atvinnutryggingarsjóðinn snertir er eingöngu um framlengingu, tímabundna frestun, á skuldum að ræða en ekki eftirgjöf þannig að sjávarútvegsfyrirtækin munu þurfa að greiða þessa upphæð engu að síður, þær 700 millj. sem þar er verið að tala um.

Hvað snertir inngreiðslurnar í Verðjöfnunarsjóðinn er þar um að ræða peninga sem sjávarútvegsfyrirtækin hefðu átt, jafnvel þótt þau hefðu borgað þá inn í Verðjöfnunarsjóðinn. Það er bara spurning um það hvar eign sjávarútvegsfyrirtækjanna lenti, hvort hún færi strax út í fyrirtækin eða hvort þau ættu hana inni í sjóðnum. Þess vegna er í aðgerðum ríkisstjórnarinnar ekki verið að veita sjávarútvegsfyrirtækjunum neitt nýtt fé eða neinn raunverulegan afslátt. Það er frestun á skuldagreiðslum í Atvinnuleysistryggingarsjóði og bókhaldslag tilfærsla á þeim peningum sem fyrirtækin eiga hvort sem er samkvæmt gildandi lögum inni í Verðjöfnunarsjóðnum.

Hins vegar er ríkisstjórnin með nýjum skattaálögum á sjávarútveginn að knýja hann á næsta ári til að greiða a.m.k. tæpar 900 millj. kr. í ríkissjóð beint í gegnum aukna skatta. Þegar allt er lagt saman er alveg ljóst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar fela í sér viðbótarbyrði fyrir sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi sem nemur tæpum 1 milljarði kr. Þetta, hv. þm., eru hinar tölulegu staðreyndir málsins.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson metur það einskis að sjávarútvegurinn sé losaður undan gjöldum á næsta ári er nema 1.700 millj. kr. og hann metur það einskis að því mun fylgja að reiknað er með nokkur hundruð millj. kr. sem sjávarútvegurinn verður losaður við að greiða til annarra sjóða og banka en hér hafa verið nefndir. (**Gripið fram í:** Losaður við það?) Þetta er auðvitað, eins og ég sagði í minni ræðu... (**ÓRG:** Hann er ekkert losaður við það, þetta er bara lán.) Þetta er skref í þá átt að bæta stöðu þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar. En hitt liggur líka fyrir að væri ekki horfið að því að takast á við þann vanda sem hv. þm. skildi eftir sig í fjármálum ríkisins og ef haldið væri áfram á þeirri sömu braut væri ekki um neinar slíkar aðgerðir að ræða sem gætu komið að gagni fyrir sjávarútveginn. Þá væri ekkert annað fram undan en gamla gengisfellingarleiðin, ekkert annað, með kollsteypum, óðaverðbólgu, okurvöxtum og efnahagslegri upplausn sem endaði með því að við glötuðum fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þetta virðist vera það sem hv. þm. vill hafa og metur ekki eða virðir að neinu það sem gert er ráð fyrir að takist með þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér var hafin umræða í gær um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992, 2. umr. Hér hafa talað fyrir hönd stjórnarliða þeir formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., og varaformaður, hv. 2. þm. Norðurl. v. Báðir höfðu í heitingum og börðu sér á brjóst og staðhæfðu að nú væru tímamót, það lá í þeirra orðum, nú væri loksins raunhæft fjárlagafrv. á ferðinni og þetta frv., sem hér er á ferðinni, ætti að endurreisa atvinnu-

vegina í landinu, lækka vexti, skapa stöðugleika í efnahagsmálum og væri forsendur fyrir skynsamlegum kjarasamningum. Þetta væri nú allt gott og blessað ef satt væri. En því miður ekki er allt sem sýnist. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hélt áfram. Hann sagði: „Smáskammtalækningar duga ekki." Smáskammtalækningar duga ekki, og síðan rakti hann tillögur ríkisstjórnarinnar, sem komu fram í gær, og eru að koma fram, illa grundaðar og illa undirbúnar og mun ég koma að þeim síðar.

Þeir félagar töluðu einnig um að málflutningur stjórnarandstöðunnar væri óábyrgur. Við hefðum ekki lagt til neitt sem mætti verða til að ná þeim markmiðum sem hv. 2. þm. Norðurl. v. setti fram í sinni ræðu og eru að sjálfsögðu góð markmið. Þetta er einfaldlega rangt. Þingmenn stjórnarandstöðunnar í fjárln. hafa tekið á málum af fullri ábyrgð. Við höfum ætíð, síðan fjárlagafrv. kom til umræðu, viðurkennt að það væri við vanda að etja. Við höfum sett okkar sjónarmið fram en að sjálfsögðu fara þau ekki saman við sjónarmið meiri hlutans í nefndinni sem hefur á margan hátt unnið afar óvenjulega að málum í undirbúningi þessarar umræðu. Svo ég endi þennan kafla um heitingar og svardaga þeirra félaga, hv. formanns og varaformanns nefndarinnar, þá sagði formaðurinn í sinni ræðu í gær eitthvað á þá leið og gerðist skáldlegur að nú ætti ekki að ferja kóngsins mann yfir Skerjafjörð, það á ekki að ferja kóngsins mann yfir Skerjafjörð í líki ófreskju óráðsfunnar. Gengur þetta svo? Ég er hræddur um ekki. Hér er nefnilega ekki allt sem sýnist.

Beðið hefur verið eftir þessu fjárlagafrv. með nokkurri eftirvæntingu. Ríkisstjórnin hefur kynnt þetta frv. á svipaðan hátt og hv. 2. þm. Norðurl. v. að þetta væri hryggurinn, þetta væri þungamiðjan í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, þetta væri grundvallaraðgerð fyrir atvinnuvegina í landinu sem eru illa staddir um þessar mundir. Einkum undirstöðuatvinnuvegirnir. Það hefur legið fyrir að við vanda er að etja í ríkisfjármálum. Það höfum við stjórnarandstæðingar aldrei dregið fjöður yfir og við drógum ekki fjöður yfir það fyrir kosningar að þar væri við vanda að etja. En hins vegar töluðu frambjóðendur Sjálfstfl. um það í sínum ræðum í vor, og margir þeirra eru nú orðnir þingmenn, að það væri hægt að lækka skatta í þessu þjóðfélagi. Vandinn var ekki meiri í þeirra augum en það. Hins vegar verð ég að segja það, hv. 2. þm. Norðurl. v. til hróss, að hann var þó það raunsær að hann sagði að það væri ekki hægt að lækka skatta. Hins vegar sagði hann í ræðu sinni í gær: Nú ætlum við að koma öllu í lag á tveimur árum og svo ætlum við að lækka skatta eftir tvö ár. En verður það svo? Ég held ekki. Ég held að það muni ekki allt komast í lag á tveimur árum með þessum aðferðum sem nú eru notaðar.

Einkenni þessa frv. og það sem er langhættulegast við það er að niðurskurður, sem þar er boðaður, liggur ekkert á borðinu. Hann er í nokkrum þáttum. Meiri hlutinn af efnahagsaðgerðum þessa frv. liggur í því að velta útgjöldum yfir á aðra aðila í þjóðfélaginu í staðinn fyrir að skera þau niður. Það er nú allur hetjuskapurinn sem þetta frv. hefur í för með sér. Það hefur verið til umræðu síðan í haust að hluta vandans ætti að setja yfir á námsmenn, hluta yfir á þá sem verða veikir. Nú er komið í ljós með nýjum aðgerðum að hluta af þessum vanda á að setja yfir á atvinnuvegina í landinu líka og þá atvinnuvegi sem standa höllustum fæti. Þannig að hér er alls ekki um þá efnahagsaðgerð að ræða. Óskhyggja hv. 2. þm. Norðurl. v. í þessu efni og hv. formanns fjárln., 6. þm. Reykn., er mikil. Ég er því miður viss um að þetta frv. verður ekki til að ná þessum göfugu markmiðum.

Auðvitað er þetta frv. tilraun til þess að sleppa frá loforðum um skattalækkanir í vor. Þessar tilfærslur eru auðvitað til þess að sleppa frá kosningaloforðum Sjálfstfl. í vor. Aðaleinkenni frv. eru tilraunir til að fela skattahækkanir undir öðrum liðum, undir öðrum nöfnum eins og þjónustugjöld og alls konar taxtahækkanir í þjóðfélaginu. Reynt er að láta í veðri vaka að þarna sé réttlæti á ferðinni og þeir eigi að borga þjónustuna sem njóta hennar eins og það heitir á máli frjálshyggjumanna. En hér er um svo víðtækar álögur að ræða að þær snerta hverja einustu fjölskyldu í landinu, þessi gjaldtaka er svo almenn. Fjárlagafrv. hefur þau megineinkenni að skattahækkanir eru dulbúnar í formi þjónustugjalda sem sum hver grafa mjög undan velferðarkerfinu í landinu.

Ég mun koma að nokkrum þáttum í þessu sambandi, hvernig gjöldum er velt yfir á aðra aðila og hvernig það hefur verið undirbúið og þau viðbrögð sem þegar hafa komið í ljós. Að öðru leyti hélt hv. 1. þm. Norðurl. e. ítarlega ræðu í gær og fór í gegnum efnisþætti frv.

Ætlunin er að sveitarfélögin í landinu taki yfir á sig 940 millj. kr. útgjöld vegna ríkisfjármála. Afar einkennilega er að þessu er staðið. Það er mjög gróft dæmi, ef svo má segja, um það litla samráð sem þessi ríkisstjórn vill hafa við aðila úti í þjóðfélaginu. Ég man eftir að þegar ég kom til starfa í stjórnmálum og inn á Alþingi fyrir nokkrum árum var ófriður á milli ríkis og sveitarfélaga, það linnti ekki upphringingum frá sveitarstjórnarmönnum sem voru að kvarta yfir sínum hlut, skerðingum á Jöfnunarsjóði o.s.frv. Ég veit að allir þeir hv. þm. sem hafa verið hér á Alþingi um nokkurt árabil muna vel eftir þessu ástandi. Hins vegar gengu stjórnvöld á sínum tíma í að laga þetta ástand í samvinnu við sveitarfélögin. Það voru samþykkt ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga og þessi verk voru unnin í náinni samvinnu við sveitarfélögin í landinu. Enda er það svo að síðan þessir tveir lagabálkar gengu í gildi og farið var að starfa eftir þeim hefur verið friður um þessi mál, það hefur verið friður milli ríkisvalds og sveitarfélaga þó að sjálfsögðu sé ýmislegt sem enn má laga.

Nú segja menn sem svo, og ég hef heyrt þær staðhæfingar, að sveitarfélögin verði auðvitað að taka þátt í að mæta efnahagserfiðleikum og vanda í ríkisfjármálum eins og aðrir aðilar í þjóðfélaginu. Forsvarsmenn sveitarfélaga hafa ekkert neitað þessu. Hins vegar finnst þeim að sjálfsögðu einkennilegt að víðtækar

ráðstafanir skuli vera ákveðnar án þess að nokkuð sé við þá talað. Ég get upplýst að í morgun komu til félmn. Alþingis tveir af forustumönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, formaður og framkvæmdastjóri, út af frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þeir upplýstu það, sem mér fannst athyglisvert og er í sjálfu sér þakkarvert að það hafði verið haft samband við þá á undirbúningsstigi þess frv., að þeir höfðu í góðri trú álitið að þær rúmlega 200 millj. sem það frv. felur í sér í aukin útgjöld fyrir sveitarfélagið væri þeirra framlag til að mæta vanda í ríkisfjármálum. Hins vegar sögðu þeir: „Síðan fengum við sendingu fyrir tveimur dögum og það gerir það að verkum að sjálfsögðu að þessi mál eru öll í uppnámi hvað okkur varðar." Hvaða sending var þetta sem þeir fengu fyrir nokkrum dögum? Þeir fengu tilkynningu um það frá ríkisstjórninni, það var ekki einu sinni haft samband við þá í síma á undirbúningsstigi, að það ætti að setja 400 millj. kr. útgjöld vegna fatlaðra yfir á sveitarfélögin. Það ætti að taka landsútsvar Áfengisverslunar ríkisins í ríkissjóð og hækka útsvarsstofn um 0,1% sem ætti að renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Hvað fatlaða varðar þá er þetta — og vil ég nú biðja hæstv. félmrh. að hlusta, því hún hefur staðhæft að þetta sé ekki brot á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég veit ekki hvað er brot á þeim lögum ef þetta er það ekki. Þetta gengur alveg þvert á þá hugmyndafræði sem lá til grundvallar verkaskiptingunni. Sú hugmyndafræði — ég ætla að rifja það upp með hæstv. félmrh. — gekk út á það að skipta ekki málaflokkum, tæta ekki málaflokka í sundur. Á þeim forsendum fóru öll heilbrigðismál yfir til ríkisvaldsins. Það var á þessum forsendum. Nú er það allt í einu brostið, á einum degi og án alls samráðs við aðila, og vaðið inn í þessa verkaskiptingu sem hæstv. félmrh. lagði mikla vinnu í á sínum tíma að ná saman. Ég skil ekkert í hvað hefur komið fyrir hæstv. félmrh., ég segi það satt. Hefur bardaginn við Seðlabankann út af húsbréfunum tekið svona mikinn tíma að hæstv. félmrh. hafi alveg gleymt verkaskiptingunni og hve viðkæm hún er? Enda hafa viðbrögðin verið hörð. Hér sendir Öryrkjabandalag Íslands bréf til ráðherra og alþingismanna dags. í gær, 11. des. Ég ætla til að spara tímann aðeins að lesa síðustu setninguna, með leyfi forseta: „Öryrkjabandalagið mótmælir þessum ógrunduðu hugmyndum harðlega og hvetur ríkisstjórn sem þingmenn til að sjá til þess að þær verði ekki að veruleika." Þroskahjálp — sem hefur þó verið til viðræðu um að færa eitthvað af þjónustu við fatlaða yfir til sveitarfélaga — segir í bréfi, sem er einnig dags. í gær, til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, með leyfi forseta: „Landssamtökin Þorskahjálp mótmæla harðlega þeim hugmyndum sem uppi eru í ríkisstjórn Íslands um að flytja viðamikinn þátt þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga án nokkurs samráðs við hagsmunasamtök fatlaðra og/eða sveitarfélögin." Hér segir síðar: „Landssamtökin Þroskahjálp vara við því að gera málefni fatlaðra að bitbeini mismunandi stjórnsýslustiga. Það mun fyrst og fremst bitna á fötluðum og aðstandendum þeirra og getur orðið til að ýta undir neikvæða umræðu um fatlaða og málefni þeirra." Og hér er lokasetningin, með leyfi forseta: „Að lokum vilja Landssamtökin Þroskahjálp minna á þann skýlausa rétt sem hagsmunasamtökum fatlaðra er tryggður í lögum um málefni fatlaðra að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni er varða hagsmuni þeirra t.d. setningu og framkvæmd laga og reglugerða." Undir þetta skrifa Ásta B. Þorsteinsdóttir, formaður Þroskahjálpar, og Lára Björnsdóttir framkvæmdastjóri. Undir bréfið frá Öryrkjabandalaginu rita varaformaður Öryrkjabandalags Íslands Ólöf Ríkharðsdóttir og framkvæmdastjóri Ásgerður Ingimarsdóttir.

Ég vil dvelja aðeins lengur við þennan málaflokk, samskiptin við sveitarfélögin, því þetta er dálítið merkilegt mál. Það er ekki nóg með það að lítið samráð er haft, heldur fá forsvarsmenn sveitarfélaga skeyti frá málgagni Sjálfstfl., sem er talið að vísu ópólitískt blað, en það er Morgunblaðið í dag. Þeir fá eftirfarandi skeyti þar sem rætt er um þessi mál, með leyfi forseta: „Á hinn bóginn fer ekki milli mála að litlar kröfru hafa verið gerðar á hendur sveitarfélaga um þátttöku í viðleitni til að skapa hér efnahagslegan stöðugleika." Þetta eru kveðjurnar sem sveitarfélögin fá.

Ég veit ekki hvort mönnum er það ljóst að miklar byrðar hafa verið lagðar á sveitarfélögin í landinu við að mæta erfiðleikum í atvinnulífi. Auðvitað þekkja menn það ekki hér í Reykjavík en þeir sem hafa komið út um land þekkja þetta mætavel. Ég hélt satt að segja í einfeldni minni að það væri nauðsynlegt núna við þær aðstæður sem eru í efnahagsmálum að sveitarfélögin í landinu hafi sterkan fjárhag og geti bæði haldið uppi þjónustu og stuðlað að því að atvinnulífið í einstökum sveitarfélögum fái að ganga. Ég ætla ekki að fara að rekja mörg dæmi. Þau hafa komið fram. Ég vil nefna þó eitt sveitarfélag, sem ég þekki vel, þar sem erfiðleikar hafa verið í sjávarútvegi og erfiðleikar hafa komið upp. Það er Seyðisfjörður. Seyðisfjörður er þó ekkert einsdæmi í þessum sambandi. En m.a. Seyðisfjörður og sveitarstjórnin þar fær þessar kveðjur frá stærsta málgagni landsins að það hafi verið litlar kröfur gerðar á hendur forsvarsmanna sveitarfélaga að skapa stöðugleika.

Það er óhjákvæmilegt að fara yfir þetta málefni vegna þess að hér er um svo hrópandi dæmi að ræða um lítið samráð sem er að vísu á miklu fleiri sviðum. Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga hélt fund á Hótel Sögu í Reykjavík þann 23. nóv. þar sem m.a. var rætt um skiptingu landsins í sveitarfélög. Þessi fundur sendi frá sér ályktun og tillögur og ein af þeim tillögum er þess efnis að komið verði á sérstakri samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaganna sem útfæri nánar tillögur um ný umdæmi sveitarfélaga sem taki eins og kostur er mið af leið tvö. Leið tvö er að stækka sveitarfélögin mjög mikið. Menn kunna að hafa ýmsar skoðanir á því. Og svo segir hér:

„Nefndin skal jafnhliða vinna tillögur að breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga."

Hér eru sveitarfélögin að bjóða upp á samstarf um þessi mál. Menn kunna að hafa margs konar skoðan-

ir á hvað sveitarfélög eigi að vera stór. Það er ekki til umræðu hér. Hér hefur gefist tilefni til að skoða verkaskiptinguna og forsvarsmenn sveitarfélaga stóðu í þeirri góðu trú að sömu vinnubrögð og hafa tíðkast á undanförnum árum ættu að vera frá ríkisstjórnarinnar hálfu. Ég fer í gegnum þetta mál til þess að spara tímann og get þá vísað til þess um samráð um aðra hluti því að þetta er módel fyrir öll önnur samskipti ríkisstjórnarinnar.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. var að hæla sér af því að meiri hluti fjárln. hefði gert tillögu um það til ríkisstjórnarinnar að skera kostnað við þinghaldið niður um 7 millj. að þar er afskaplega einkennilega að farið. Ég er ekki þar með að segja að ekki megi spara hér eitthvað innan dyra, langt í frá. Það á að skoða þessa stofnun með sparnað fyrir augum alveg eins og aðrar. En hins vegar er það undarlegt að meiri hluti fjárln. skuli vera að fjalla um þinghaldið á meirihlutafundum og senda um það einhverjar nótur til ríkisstjórnarinnar án þess að minni hluti fái þar að koma nálægt. Þetta er alveg í samræmi við annað um þinghaldið. Minni hluti virðist ekkert eiga að hafa um það að segja. Á undanförnum árum höfum við litið þannig á að Alþingi væri stofnun sem við öll sem sitjum hér inni ættum að ræða um reksturinn á í góðu samkomulagi. Það er ekki pólitík. Það er verið að skapa hér starfsumhverfi. Ég spyr: Hefur forsætisnefndin fjallað um þessar tillögur? Ég vil spyrja og beina því til hæstv. forseta. Þetta er eitt dæmi um hvernig að þessum málum er staðið. Þar með er ég ekkert að leggja neinn dóm á þessar tillögur en ég mótmæli harðlega þessum vinnubrögðum. Við í minni hluta nefndarinnar viljum fá að taka þátt í umræðum sem varða þá stofnun og það starfsumhverfi sem við vinnum hér í. Sá háttur hefur verið hafður á undanförnum árum og ég vil biðja hv. þm. og hv. meiri hluta fjárln. að taka upp betri siði í þessum efnum.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að í fjárlagafrv. eru fjölmörg ákvæði sem íþyngja atvinnuvegunum. Ég get ekki séð að sá háttur feli í sér mikinn sparnað fyrir ríkissjóð. Það er nú svo að auðvitað nærist ríkissjóður á því að atvinnuvegirnir í landinu hafi gott umhverfi og geti starfað og hafi einhverja afkomu. Það er undirstaðan. Þess vegna er aðferðin sem er höfð í þessu frv. einfaldlega röng. Vegna þessarar aðferðar er umræðan um ríkisfjármálin út og suður. Og það er erfitt að ræða þessi mál án þess að koma inn á ýmis hliðarfrv., eins og frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er m.a. gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi varðandi ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota. Þar er verið að færa útgjöld yfir á atvinnuvegina og í því frv. er miðað við að 0,2% af öllum launagreiðslum renni í sjóð til að mæta gjaldþrotum.

Við höfum aldrei haft á móti því eða mótmælt því að reglur um þennan sjóð þyrfti að endurskoða. Auðvitað hefur þeim verið breytt og þær hafa verið lagaðar, t.d. sett þak á þær launagreiðslur sem ríkið ábyrgist. Hér komu í morgun inn í félmn. þingsins umsagnir frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands um þessi mál. Þetta er ein af hliðargreinunum með fjárlagafrv. og varðar auðvitað fjárlagafrv., svo ég vil leyfa mér að vitna í þessar umsagnir hér því þær sýna svo ekki verður um villst hvað aðferðin er vitlaus sem beitt er, hvað hún er hættuleg og hvað hún mun leiða til lítils árangurs þegar upp er staðið. Hér segir í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands sem dagsett er í morgun:

„Frumvarpið miðar að 0,2% gjaldtöku af öllum launagreiðslum en versni ástandið í atvinnulífinu enn er gert ráð fyrir að þetta gjald geti hækkað. Þetta samhengi er augljóslega út í hött." — Hér segir síðar, með leyfi forseta: „Vinnuveitendasambandið mótmælir því eindregið þessum áformum að velta einum kostnaðarlið ríkisvaldsins af erfiðleikum í atvinnulífi yfir á atvinnureksturinn og er það sérstaklega fráleit opnun heimildar til hækkunar gjaldsins eftir því sem þarfirnar verða. Með vísan til alls þessa væntir Vinnuveitendasambandið þess að fallið verði frá umræddum áformum um álagningu nýs launaskatts."

ASÍ segir í sinni umsögn og vil ég leyfa mér að vitna í hana hér: „Þar sem fjárhæðin er takmörkuð við hámark 0,2% atvinnurekendagjald er óvissa um hver réttur fólks yrði. Það færi eftir umfangi gjaldþrota hve mikið rétturinn skerðist. Því verður ekki lengur um ábyrgð á ákveðnum rétti að ræða, ábyrgðin færi eftir greiðslugetu sjóðsins og ásókn í sjóðinn."

Síðar vitna þeir í það að þetta gjald geti verið á kostnað launahækkunarmöguleika í samningum. Aðilar vinnumarkaðarins eru sem sagt sammála um það að vara við þessu og þetta er ljóst dæmi um undirbúning þessara miklu aðgerða sem ríkisstjórnin kynnti fyrir tveimur dögum. Hún ætlaði ekki fjárln. að fjalla um þær enda kom það í ljós og vil ég þar víkja aðeins að vinnubrögðum. Ég vil eigi að síður byrja á því og hefði kannski átt að byrja ræðuna á því, en betra er seint en aldrei, að þakka samstarfið í nefndinni. Þó að deilt hafi verið þar á stundum um vinnubrögð og sitt hafi sýnst hverjum vil ég þakka stjórnarliðum og öllum nefndarmönnum fyrir samstarfið það sem komið er. Eins og er tekið fram í nál. þá er nú minnst við þá að sakast um þessi vinnubrögð. Þau stafa af vendingum ríkisstjórnarinnar í málinu. Það er minnst við meiri hlutann í nefndinni að sakast og vil ég þakka honum fyrir samstarfið sem er ekki búið því sannleikurinn er sá að óvenjulega stórum málum hefur verið vísað til 3. umr. og jafnvel meiri hlutinn af vinnunni við frv. er eftir. En við fórum fram á það þegar ráðstafanirnar komu frá ríkisstjórninni að fá aðila til viðtals um þessar miklu ákvarðanir, skrifuðum bréf, fórum fram á það formlega að fá aðila til viðtals. Við báðum ekki um frestun á umræðunni, stjórnarliðar frestuðu henni sjálfir þó að reynt hafi verið að láta í veðri vaka að það hafi verið fyrir okkur gert. Við vildum leggja á okkur að sitja og hlusta á þessa aðila og vinna á nóttinnni eins og gengur á þessum tíma. Þessari beiðni var neitað svo að minni hlutinn varð að ræða við þessa aðila sérstaklega. Við kölluðum í fulltrúa BSRB til þess að spyrja þá hver áhrif sá mikli launaniðurskurður hefur sem áætlaður er. Það er rétt að menn eigi þá það sem þeir eiga. Þar er um niðurskurð að ræða ef hann geng-

ur eftir. Það er rangt að við stjórnarandstæðingar höfum ekki verið tilbúnir til þess að ræða niðurskurð á rekstrarútgjöldum ríkisins. Auðvitað erum við tilbúnir til þess og höfum alltaf verið. En við erum ekki tilbúnir til að láta afhenda okkur svona pakka upp á 2.500 millj., tæpum sólarhring áður en afgreiða á þessi mál í 2. umr. án þess að vita nokkuð hvað við erum að gera. Fram kom í viðtölum við fulltrúa BSRB, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. rakti í sinni ræðu í gær, að þeir eru tilbúnir til viðræðu um niðurskurð á launum ríkisstarfsmanna. Þeir segja einfaldlega: Það verður að vera til langtímaplan eða plan til nokkurra ára. Ekki er hægt að ganga í þetta í einhverjum stórskömmtum eða undir yfirskriftinni sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði hér áðan: Smáskammtalækningar duga ekki.

Þetta er ekki forskrift til að vinna að málum eftir. Ljóslega kom fram hjá forráðamönnum BSRB að ef við þá er rætt vilja þeir vinna að þessum málum með sínu fólki. Menn kæra sig ekkert um að liggja undir því að tóm óráðsía sé á þeirra vinnustöðum og opinber rekstur sé óráðsíurekstur. Fólki svíður, sem vinnur sín störf af samviskusemi, að opinber umræða um starfsmenn og samviskusamt fólk úti í þjóðfélaginu sé öll í þá veru að hér sé um óráðsíu að ræða. Fólk vill vinna með stjórnvöldum að því að finna þær leiðir sem geta sparað fé. Það kom ljóslega fram á fundum okkar með forráðamönnum BSRB. Ef allar breytingar koma í tilskipunarformi til sveitarfélaganna, til BSRB, til stofnana, allt í tilskipunum að ofan, þá næst ekki samvinna um neitt. Hér er kominn listi frá fjmrn. um skiptingu þessarar flötu lækkunar á ráðuneyti. Þar kemur í ljós að menntmrn., svo að dæmi sé tekið, er ætlað að bera 455 millj. lækkun, nettóskerðingu, og endurráðstafað fé sem ráðherrann hefur til þess að jafna á milli eru 290 millj. Heilbr.- og trmrn. fær skerðing upp á 562 millj. Liðurinn sem á að endurráðstafa er upp á 358 millj. Þetta er að sjálfsögðu allt saman óundirbúið. Það væri fróðlegt að vita, ég veit ekki hvort hæstv. menntmrh. hlustar á mig, hvernig hann ætlar að ráðstafa þessum niðurskurði á þær stofnanir, þá skóla, sem heyra undir hans ráðuneyti. Hvernig á að koma þessu fyrir í menntmrn.? Upphæð upp á 455,8 millj. kr. Væri ekki betra að undirbúa slíka hluti, gefa sér einhvern tíma?

Hér eru staðhæfingar um að einstakir ráðherrar taki faglega á endurgreiðslunni og þeir félagar, hv. formaður og varaformaður fjárln., ætla að fylgjast með því að þessi faglegu vinnubrögð verði viðhöfð. Ég er ekkert að vantreysta því að þeir muni reyna það eftir bestu samvisku en hér er náttúrlega algjör kúvending á fjárveitingavaldinu, að taka hvorki meira né minna en 955,3 millj. til ráðstöfunar fyrir ráðuneyti, jafnvel þó að þeir verði nú kallaðir upp í Arnarhvol einu sinni í mánuði, þeir hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, og hv. 6. þm. Reykn., Karl Steinar Guðnason, til þess að líta á þetta. Vonandi gengur þetta eftir en þessi endurgreiðsla er auðvitað viðurkenning á því að hæstv. ríkisstjórn hefur vitað ósköp lítið hvað hún var að gera þegar hún setti fram þessar 1.700 millj. kr.

Ýmsir liðir í frv. eru óklárir, án þess ég fari nákvæmlega í það því hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði það í gær. Þó að 6. gr. sé ekki hér til umræðu og verði nánar rædd við 3. umr. má geta þess að þar er ætlunin að hafa 1 milljarð í tekjur af sölu eigna. Alveg er óútfært hvaða eignir það eiga að vera og við hvaða verði á að selja þær. Á að selja þær á hálfvirði eða hvað? Nægur tími gefst til að ræða það við 3. umr. málsins.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem er talsmaður minni hlutans og aðaltalsmaður í þessu máli, fór í gegnum þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir. Ég mun því stikla þar á stóru. Ég vil geta þess, ef hv. þm. hafa ekki tekið eftir því, að hér er komin breytingartillaga frá stjórnarliða um einn fjárfestingarlið. Forsagan að því er dálítið merkileg. Tillögum kjördæmisþingmanna til breytinga á ákveðnum fjárfestingarlið í heilbrigðismálum var hafnað, sem ég hugsa að sé einsdæmi, en að sjálfsögðu hefur nefndin vald til þess að hafna því og ég efast ekki um að það geti staðist. Þetta er ákaflega óvenjulegt þannig að þessum hv. þm., 3. þm. Austurl. Agli Jónssyni, er nóg boðið og hefur flutt þessa breytingartillögu. Ég ætla að öðru leyti ekki að hafa mörg orð um hana. Minni hlutinn hefur, þrátt fyrir allt talið um óráðsíu og lítinn vilja okkar til þess að ná utan um ríkisfjármálin, ekki flutt eina einustu tillögu til hækkunar á frv. Það höfum við ekki gert þrátt fyrir að hart sé deilt og þó að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi deilt mjög og ómaklega á ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. Hann bar honum m.a. á brýn að hann hefði engar tillögur haft um niðurskurð eða sparnað enda ekki von þar sem hann væri nýkominn úr fyrrv. ríkisstjórn þar sem slík viðleitni hefði ekki verið mikil. Mér finnst í meira lagi hæpið að halda slíku fram og mjög ómaklegt einmitt um þennan hv. þm., hæstv. fyrrv. heilbrrh., sem gerði í sínu ráðuneyti mjög miklar tilraunir til niðurskurðar sem báru árangur í mörgum tilfellum. Hann reyndi að hafa um það samráð við aðila. Það hlaut ekki góðar viðtökur hjá mörgum. Hann hafði hugmyndir um breytingu á almannatryggingalögum og breytingar á skipulagi lyfjamála sem hefðu leitt til verulegs sparnaðar í lyfjaútgjöldum. Ekki með því að velta því yfir á sjúklingana heldur með breytingum í skipulagi þessara mála. Hann hafði hugmyndir um verulegan sparnað. Þessir tveir liðir upp á um 600 millj. af kostnaði sérfræðiþjónustu voru hvorir tveggja stöðvaðir í fyrri ríkisstjórn af samstarfsflokki hæstv. fjmrh., Alþfl. Mér finnst heldur ómaklegt að ráðast að hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir að hann hafi haft frammi sérstaklega óábyrgan málflutning hér og verið óábyrgur í fyrri ríkisstjórn og ekki gert tilraunir til þess að spara. Ég vona að sá ágæti maður sem við höfum ágætt samstarf við að öðru leyti, hv. 2. þm. Norðurl. v., hafi sagt þetta í hita bardagans og dragi þetta til baka. Hann gæti gert það við þessa umræðu.

Það er nú svo að hér í upphafi umræðunnar hafa verið miklir svardagar um að þetta frv. væri góð efnahagsaðgerð og það mundi leiða til lækkunar vaxta og góðs umhverfis fyrir atvinnulífið í landinu. Ég held að þetta frv. leiði ekki til þess. Ég held nefnilega að þegar gjöldunum er velt yfir á aðra, velt yfir á atvinnulífið, yfir á sveitarfélögin, yfir á ýmsa aðila í þjóðfélag-

inu, þá eykst lánsfjárþörf þeirra aðila. Lánsfjárþörfin er færð frá hinu opinbera yfir á þá aðila. Sparnaðurinn er ekki raunverulegur, útgjöldin lifa áfram, það eru bara aðrir aðilar sem borga. Ætli sveitarfélögin í landinu hafi 120 millj. í vasanum til að byggja fyrir félagslegar íbúðir? Ætli sú upphæð fari ekki einhvers staðar út úr lánakerfinu? Ætli það þrýsti ekki á vextina? Þarna er verið að færa til og þetta er ekki sú efnahagsaðgerð sem fulltrúar stjórnarliða í þessari umræðu hafa lagt svo mikla áherslu á að sverja. Menn sverja hér í ræðustól að þetta sé hin besta efnahagsaðgerð. Það er ekki svo, því miður. Því miður er það mín reynsla eftir að hafa starfað í minni hlutanum síðan í haust að ég tel mig ekki hafa nógu góða yfirsýn yfir marga liði, margar beiðnir sem hefur verið synjað. Ég tel mig ekki hafa nógu góða yfirsýn yfir það hvernig þeir aðilar ætla að sjá sínum störfum farboða á næsta ári. Hvort það verður ekki svo að menn koma og segja þegar fer að líða á næsta ár: Við þurfum að fá hér heimildir á fjáraukalögum. Ég er því miður hræddur um að svo verði. En auðvitað er það gott ef menn geta náð fram sparnaði án þess að sá sparnaður brjóti niður velferðarkerfið í landinu. Við stjórnarandstæðingar erum alveg tilbúnir til að ræða slíkt, en við viljum vinna vel að málum og gera okkur grein fyrir hvernig á að veita þjónustuna, hvaða þjónustu á að fella niður, ef skorið er niður, en því miður er ég ekki nógu vel undirbúinn að þessu leyti eftir þessa vinnu — og hef ég þó reynt að vinna eftir bestu getu í nefndinni, ég hef mætt þar á hvern einasta fund og setið alla fundi þar sem minni hlutinn hefur verið boðaður á. En ef það á að hafna öllu eins og hefur verið gert, það hefur mjög mörgu hafnað og ég er ekkert að segja að það sé ekki réttmætt í einhverjum tilfellum, þá verður að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Og ég held að á það skorti mjög og ég held að það verði svo að þessir aðilar komi aftur á fund fjárln. þegar fer að líða á árið og biðji um leiðréttingu vegna óhjákvæmilegra starfa eða þjónustu. Því miður þó að formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., hafi verið skáldlegur í gær og ætli ekki að ferja „kóngsins mann yfir Skerjafjörð", eins og Ásbjörn Jóakimsson neitaði um forðum, þá býður mér í grun að einhverjar aukafjárveitingar verði ferjaðar yfir Skerjafjörð í óeiginlegri merkingu áður en næsta ári lýkur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt við þessa umræðu að taka fyrir ýmsa þætti fjárlaganna og ræða rækilega um þá. Það er vafalaust alveg rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. áðan að hætt er við því að margur maðurinn verði neyddur til þess áður en yfir lýkur að ferja kóngsins mann yfir Skerjafjörð þó svo hv. formaður fjárln. hafi haft aðrar skoðanir á hlutunum þegar hann greindi frá máli sínu hér í gær.

Ég ætla fyrst að víkja að einum málaflokki sem er mjög veigamikill í fjárlagafrv. og hefur einnig verið ræddur í sambandi við niðurskurð þann sem ríkisstjórnin boðar að kynntur verði við 3. umr., þ.e. málefni fatlaðra.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram munu hafa komið í fjárln., og greint hefur verið frá m.a. af hv. 2. þm. Austurl. hér áðan, er ætlunin að spara í málefnum fatlaðra um 400 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því að þessi sparnaður verði framkvæmdur þannig að allar stofnanir aðrar en sólarhringsstofnanir og sambýli verði, eins og það er orðað, fluttar yfir á sveitarfélögin.

Nú er það auðvitað svo að ef það væri veruleikinn væri að hægt að flytja allar þessar stofnanir yfir á sveitarfélögin horfði málið dálítið öðruvísi við. En staðreyndin er hins vegar sú að með því að setja þessar stofnanir út úr þjónustukerfi fatlaðra er verið að brjóta það niður í heild og sveitarfélögin munu ekki ráða við þessi verkefni. Þau hafa hvorki fjárhagslega né faglega burði til að taka þessi verkefni á sig. Ég tel satt að segja að alvarlegasti hluturinn sem frést hefur af í sambandi við meðferð fjárlaganna núna séu þessar fréttir um að það eigi að rústa málefni fatlaðra, þjónustukerfi fatlaðra sem byggt var upp af miklum myndarskap fyrir 10 árum eða svo, að núna eigi í raun og veru að breyta því í grundvallaratriðum. Hvaða stofnanir eru það, virðulegi forseti, sem á að henda út ef þetta verður raunin? Það er í fyrsta lagi dagvistun fatlaðra. Í öðru lagi verndaðir vinnustaðir, burt með þá. Þeir verða settir á sveitarfélögin samkvæmt þessum hugmyndum. Það eru í þriðja lagi svokölluð leikfangasöfn. Í fjórða lagi sumardvöl fatlaðra barna. Í fimmta lagi svokölluð verkstjórn. Í sjötta lagi vernduð vinnuhorn. Í sjöunda lagi atvinnuleit. Í áttunda lagi skammtímavistun og í níunda lagi endurhæfing. Talið er að allir þessir þættir sem hér er um að ræða kosti u.þ.b. 400 millj. kr. og eiga þeir að flytjast út úr þessu kerfi og yfir til sveitarfélaganna. Hvaða stofnanir eru það, virðulegi forseti, sem hér er um að ræða? Þetta er ekki bara lagaákvæði heldur er þetta líka lifandi veruleiki. Ef við lítum t.d. á Reykjavík þá er hér um að ræða Tæknivinnustofu Öryrkjabandalags Íslands, verndaðan vinnustað í Reykjavík, vinnustofu Blindrafélagsins, skammtímavistun Álfalandi 6 og fleiri dæmi mætti nefna. Og ég spyr: Hefur hæstv. félmrh. svo góða reynslu af afstöðu borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík til málefna fatlaðra að ástæða sé til þess eftir sambýlismálið hér á dögunum að ætla að borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík sýni þessum málaflokki sérstakan skilning? Ég vara við því, af þeim ástæðum og einnig öðrum, að gera tilraun til að standa svona að málum hér í þessu kjördæmi.

Ef við lítum á önnur kjördæmi og önnur byggðarlög þá er verið að tala t.d. um verndaðan vinnustað Örva í Reykjaneskjördæmi, leikfangasafnið í Keflavík, dagvistun í Keflavík, Hæfingastöð Bæjarhrauni 2, skammtímavistun í Reykjadal, gistiheimili jafnvel og e.t.v. fleiri aðilar. Á Vesturlandi er verið að tala um verndaðan vinnustað á Akranesi, leikfangasafn í Borgarnesi, leikfangasafn Ólafsvík, dagvistun Akranesi, skammtímavistun, sumarbúðir og atvinnuleit. Á Vestfjörðum er verið að tala um leikfangasafn á Ísafirði. Á Norðurl. v. er verið að tala um leikfangasafn á Siglufirði, leikfangasafn á Blönduósi, leikfangasafn á Sauðárkróki, dagvist á Siglufirði, sumardvöl Egilsá, at-

vinnuleit og verkstjórn. Á Norðurl. e. er einnig verið að tala um fjölmarga staði sem ég ætla ekki að telja upp hér og sömuleiðis á Austurlandi, þjónustu eins og leikfangasafn, atvinnuleit og fleira. Á Suðurlandi er einnig um að ræða verndaða vinnustaði, a.m.k. eina þrjá. Og ég spyr, virðulegur forseti, eru efnisleg rök til að taka þetta út úr? Eru efnisleg rök til þess, eru þrengingarnar svo miklar í efnahags- og atvinnulífi Íslendinga að efnisleg rök séu fyrir því að taka þessa þjónustu út úr og eyðileggja þannig þjónustuna við fatlaða eins og hún hefur verið byggð upp í þessu landi? Ég segi nei. Það eru engin efnisleg tök fyrir því, það eru ekki einu sinni fjárhagsleg rök fyrir því. Á meðan menn manna sig ekki upp í að leggja skatt á fjármagnstekjur eða taka upp hátekjuþrep í tekjuskatti þá eiga menn ekki að láta sér detta svona lagað í hug.

Þegar litið er á stærðirnar í þessu efni kemur fram að þeir staðir einir sem hér er um ræðir kosta á ári 353 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. en ekki 400 millj. kr. Gert er ráð fyrir að Reykjavík taki á sig 167,1 millj. kr., Reykjanes 68,2 millj. kr., Vesturland 21,8 millj. kr., Vestfirðir 1,1 millj. kr., Norðurland vestra 12,5 millj. kr., Norðurland eystra 34,7 millj. kr., Austfirðir 11,8 millj. kr., Suðurland 35,8 millj. kr. Og ég spyr: Hvaða sveitarfélög á Suðurlandi, á Austurlandi, á Vesturlandi, á Norðurlandi vestra, eru tilbúin til þess fjárhagslega að taka þetta á sig og hvaða sveitarfélög í þessum byggðarlögum eru tilbúin til að taka þetta á sig faglega? Hvaða fagleg geta er til þess á þessum stöðum að taka þessa þjónustu á sig? Ég tel því, virðulegi forseti, að hér sé í rauninni um að ræða einhverja allra ljótustu hugmyndina sem fram kemur í sambandi við niðurskurð á fjárlögum vegna fjárlagaársins 1992.

Hv. 2. þm. Austurl. vitnaði áðan í mótmæli sem borist hafa frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp. Ég ætla ekki að endurtaka það en ég ætla hins vegar að vísa til þess. Jafnvel þótt hæstv. félmrh. ætli að reyna að koma þessu áfram segi ég við ráðherrann og fjmrh.: Þetta er ekki hægt. Þetta er óheimilt samkvæmt lögum. Lögin eru alveg tvímælalaus í þessu efni að ríkið á að borga þessa þjónustu. Bæði lögin um málefni fatlaðra og lögin um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í lögunum um málefni fatlaðra kemur þetta mjög skýrt fram í 26. gr. og það er ítrekað í 1. gr. I. kafla laganna um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þannig að jafnvel þó að ríkisstjórnin ætli sér að vinna þetta verk, sem ég vil kalla óhæfuverk, þá stendur málið þannig að það er ekki hægt óðruvísi en að breyta lögum, bæði lögum um málefni fatlaðra og lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það verður hvort tveggja að koma til í þessu efni. Og ég segi við hæstv. félmrh., jafnvel þó það yrði reynt þá er útilokað að koma slíkri lagabreytingu í gegnum þingið fyrir hátíðarnar.

Ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegur forseti, að ég tel að hér sé í raun og veru um að ræða svo alvarlegt mál að það sé ekki hægt að bíða eftir 3. umr. fjárlagafrv. til að ræða það. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við gerum okkur grein fyrir því að hér er ekki bara um að ræða einhverjar stofnanir og einhverjar tölur og einhver lagaákvæði sem ekkert er á bak við. Hér er um að ræða þjónustu sem snertir þúsundir heimila í landinu, þúsundir heimila í landinu. Og ég tel að okkur sem hér sitjum sé skylt að láta þessi heimili vita og taka eftir því hér og nú hvað stendur til að gera gagnvart þessu fólki. Auðvitað skora ég í fyrsta lagi á hæstv. félmrh. að taka allar þessar tillögur til baka. Ég skora á hana að starfa í samræmi við upphafsár sitt á Alþingi þegar hún sjálf flutti frv. til laga um þjónustu við þroskahefta. Ég skora á hana að átta sig á því á hvaða forsendum hún var kosin inn á Alþingi Íslendinga, sem varaformaður í flokki sem kallar sig Jafnaðarmannaflokk Íslands.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. geri grein fyrir því núna hvort að það er rétt að hún hafi fallist á þessar tillögur á næturfundinum langa um síðustu helgi eða hvort hún telur að hér sé um mistök að ræða og hún sé tilbúin til að draga þetta til baka. Fyrir utan að hér er um að ræða atlögu að málaflokknum og þjónustu við fatlaða yfir höfuð verða menn líka að skoða hitt, sem ég er sannfærður um, að þegar til lengri tíma er litið mun kostnaður við þessa þjónustu vaxa ef þessi leið verður farin. Hún mun vaxa hjá ríkinu vegna þess að sveitarfélögin, sem ekki munu hafa efni á því og ekki getað borgað, munu sækjast eftir því að til verði sólarhringsstofnanir í stað þeirra stofnana sem hér er verið að tala um að setja yfir á sveitarfélögin og sveitarfélögin hafa enga burði til að taka við.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að strax við þessa umræðu, við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1992, verði tekið á þessu máli. Og það kemur a.m.k. ekki til greina af minni hálfu að taka þátt í umræðu um þessi mál og afgreiðslu þeirra rétt eins og ekkert hafi í skorist þó ég viti að þessar tillögur eru í farvatninu og undirbúningi hjá ríkisstjórninni. Þess vegna skora ég á hæstv. félmrh. að koma upp núna á eftir og segja: Þetta eru mistök. Ég hef ákveðið að draga þessar tillögur til baka. Ég hef ákveðið að standa vörð um málefni fatlaðra. Og ég veit að hæstv. félmrh. á stuðning í þeim efnum a.m.k. í mér og öðrum þingmönnum Alþb.

Ég vil þessu næst, virðulegur forseti, víkja aðeins að þeim þáttum fjárlagafrv. sem snerta heilbrrn. sérstaklega. Ég vil biðja um að hæstv. heilbrrh. verði látinn vita og hann beðinn um að koma hér í salinn.

Vandinn við umræðu um heilbrrn. er að vísu mjög sérkennilegur vegna þess að allar talnalegar forsendur þess kafla eru í uppnámi. Og þar eru menn ekki að tala um 2 millj. hér og ½ millj. þar. Þar eru menn að tala um milljarða og marga milljarða í hverju tilviki, hverri línu, hverri einustu tillögu sem lögð er fyrir. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um að heilbrrh. er ekki í húsinu. Ég hef gert ráðstafanir til að á hann verði kallað og hann komi hér strax.) Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að ég óskaði eftir því fyrir hönd okkar þingmanna Alþb. í gærkvöldi að allir ráðherrar yrðu beðnir um að vera við þá umræðu sem nú fer fram, þannig að hér er í rauninni ekki um nýja ósk að ræða eða ósanngjarna af okkar hálfu, heldur viljum við fá að

ræða þetta við ráðherrana. Ég geri þá hlé á þessu máli mínu. Ég hef ýmislegt að segja og ætlaði að víkja þessu næst að þeim þáttum sem snúa aðallega að menntmrn.

Þar ætla ég í fyrsta lagi að víkja að þessari svokölluðu flötu lækkun sem hv. 2. þm. Austurl. gat um hér áðan. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið í hendur og hv. 2. þm. Austurl. las upp áðan, er gert ráð fyrir því að skera rekstrargjöld menntmrn. niður á næsta ári, til viðbótar við allt annað sem menn eru búnir að sjá, um 455 millj. kr. nettó. Ég geri ráð fyrir því að hér séu menn að tala fyrst og fremst um vinnulaun af margvíslegu tagi. Ef menn eru að tala um 6–7% t.d. af umfangi skólanna í landinu er væntanlega verið að tala um t.d. 300–400 grunnskólakennara sem á að segja upp störfum. Auk þess 200–250 framhaldsskólakennara og fjölmarga starfsmenn háskóla. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvernig hann hyggst koma þessum niðurskurði fyrir vegna þess að auðvitað getur hann ekki — mér liggur við að segja sem betur fer — hróflað við skólaárinu 1991–1992. Allur þessi niðurskurður í menntmrn. verður því að koma niður haustið 1992 og á fyrri hluta ársins 1993, þ.e. á skólaárinu 1992–1993. Hér hlýtur auðvitað að vera um stórkostlegan samdrátt að ræða í kennslu á skólaárinu 1992–1993 sem menn eru með í huga.

Nú kunna menn að segja sem svo að það sé í raun mjög erfitt fyrir menntmrh. miðað við gildandi lög að skera kennslu svona mikið niður. Það er rétt. En hann er að breyta lögunum. Samkvæmt bandormsfrv., sem liggur hérna fyrir, er gert ráð fyrir því að afnema það lágmark sem nemendur í skólum á Íslandi eiga að hafa og afhenda menntmrh. reglugerðarvald í þeim efnum þannig að hann getur ákveðið að hver einasti nemandi fái kannski ekki nema 10–15 tíma á viku eða hvað það nú væri. Hér er auðvitað um að ræða óvenjulega tillögu um miðstýringu og náttúrlega ekki nýtt þegar Sjálfstfl. kemst í menntmrn., þá er miðstýring aðaláherslan, að einn maður við eitt borð eigi að geta skorið niður tímafjölda grunnskólanemenda í landinu með þeim hætti sem hann er hér að gera. Það er náttúrlega alveg kostulegt að Alþfl. skuli standa að þeirri miðstýringu og árás á grunnskólalögin sem hér er um að ræða. Ef allur þessi niðurskurður á að koma niður á árinu 1992–1993 þýðir það að menn ætla sér að skera væntanlega niður einar 800–900 millj. kr. á ársgrundvelli. Þar með eru menn komnir með 600–700 kennarastöður sem á að leggja niður í skólum á Íslandi haustið 1992, á skólaárinu 1992–1993. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvernig hann hugsar sér að framkvæma það.

Þessar hugmyndir um flata lækkun rekstrargjalda eru mjög sérkennilegar að því leytinu til að í fyrsta lagi á ráðuneytið að skera sig niður um 750 millj., síðan á það að fá til baka um 300 millj. og það er út af fyrir sig fróðlegt líka að inna ráðherrann og aðra fagráðherra eftir því hvernig þeir ætla sér að vinna þetta. Það er nokkuð athyglisvert og nýlunda, eða finnst mönnum það ekki í íslenskum stjórnmálum, að haga eigi hlutunum þannig að einstakir ráðherrar geti ráðstafað mörg hundruð milljónum hver hjá sér. Hver verður næsta tillaga? Verður hún sú að taka um það ákvörðun að Alþingi sé í raun óþarft og fjárlaganefnd í þessu efni og segja bara: Menntamálaráðherra 10 milljarðar, takk, heilbrigðisráðherra 40, o.s.frv.? Þetta er auðvitað óvenjulegt valdaframsal sem hér er um að ræða af hálfu Alþingis ef það verður þannig að menntmrh. fær opinn tékka upp á 300 millj. og heilbr.- og trmrh. upp á 360 millj. Það er óvenjulegt valdaframsal. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá það á hreint hvernig hæstv. menntmrh. hugsar sér að taka á þessum hlutum.

Ég vil einnig spyrja hann að því hvernig ætlunin sé að koma til móts við þann vanda sem blasir við án niðurskurðar hjá ýmsum grunnskólastofnunum og framhaldsskólastofnunum í landinu. Þá er ég t.d. að hugsa um vanda Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. En Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur stendur frammi fyrir gífurlegum vanda. Sá vandi stafar af því að við erum að ganga inn í breytt samfélag. Börnin búa við aðrar aðstæður en fyrr, þróunin hefur því miður haft það í för með sér, eða öfugþróunin, að við fáum börn í 1. bekk grunnskólans í Reykjavík, í þéttbýlinu, með mjög sérkennileg og alvarleg hegðunarvandamál sem voru algjörlega óþekkt áður. Hegðunarvandamál sem okkar sálfræðingar og sérfræðingar og aðrir aðilar hafa ekki kynnst fyrr. Við stöndum einnig frammi fyrir því í þessu byggðarlagi og víðar í þéttbýli að lítil börn, 7, 8 og 9 ára, fá ekki nema mjög takmarkaða skólavist, verða að sætta sig við að vera ein utan skóla mjög langan tíma á hverjum degi. Við höfum heyrt lýsingar á því hvernig nestispökkunum er komið fyrir á hurðarhúnum blokkanna. Það er þessi vandi sem Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur og Fræðsluskrifstofa Reykjaness, alveg sérstaklega, þurfa að takast á við. Ég tel það mikið ábyrgðarleysi að skapa ekki vinnuaðstæður til þess á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og Fræðsluskrifstofu Reykjaness að taka á þessum málum með skipulegum hætti. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Er hætta á því að þjónusta fræðsluskrifstofanna verði líka skorin niður? Kennslan í fyrsta lagi skorin niður þannig að börnin gangi sjálfala lengur en nú og þjónusta fræðsluskrifstofanna líka. Hvar er sú menntastefna og metnaður sem er á bak við þetta frv. af hálfu menntmrn.?

Ég vil einnig í þessu sambandi leyfa mér að benda á að bæði samtök foreldra og kennarafélaga hafa sent alþingismönnum og menntmrn. sérstakar athugasemdir út af fræðsluskrifstofunni. Ég bendi líka á að Skólastjórafélag Reykjavíkur sendi sérstakt bréf til allra þingmanna Reykjavíkur sem birtist 26. nóv. um þetta mál. Mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. vildi greina frá því með hvaða hætti hann hyggst efla Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur eða hvort hætta er á því að fræðsluskrifstofan, þrátt fyrir geigvænlegan félagslegan vanda hjá börnum í þessu byggðarlagi, verði fjárhagslega skorin niður líka.

Ég vil þessu næst víkja að öðrum þætti sem snertir menntmrn. Það eru skólagjöld. Mér þætti vænt um ef hingað væri kvaddur hv. þm. Össur Skarphéðins-

son, formaður þingflokks Alþfl. Hann hefur núna að undanförnu verið dálítið í fjölmiðlum varðandi það að ekki verði lögð á skólagjöld. Sagt hefur verið frá því að Alþfl. að hluta til, Alþýðuflokkurinn R eins og ég hef kallað það, Alþýðuflokkur revólúsjóneranna muni aldrei samþykkja skólagjöld. Í haust skrifaði ég nokkrar greinar í blöð þar sem ég sýndi fram á að það er óheimilt að innheimta skólagjöld í rekstur. Það er óheimilt samkvæmt framhaldsskólalögum eins og þau eru. Hæstv. menntmrh. sagði þá við undirritaðan í fjölmiðlum: Hann á að lesa betur, þessi þingmaður. Ég tók auðvitað mark á ráðherranum og las betur og niðurstaðan er alveg skýr í þessum efnum. Menntmrh. taldi það ekki nóg heldur ákvað hann að skipa nefnd til að skoða málið ásamt fulltrúum Alþfl. Tveir menn voru í nefndinni. Þessi tveggja manna nefnd hefur núna skilað áliti. Hvað stendur í hennar áliti? Það stendur nákvæmlega það sama í hennar áliti og birtist í blaðagrein eftir undirritaðan 10.–15. sept. sl., nákvæmlega það sama svo að ráðuneytið hefði getað sparað sér þann lögfræðikostnaðinn. Niðurstaða sérfræðinganna er sú að ekki sé heimilt að innheimta skólagjöld í rekstur framhaldsskólanna. Það er alveg skýr niðurstaða. Hv. formaður þingflokks Alþfl. kemur hér í 80. sinn í fjölmiðlum og ber sér á brjóst og segir: Ég er engilhreinn, ég stoppa þetta.

En það er engin tillaga um það hér. Hv. formaður fjárln. segir í ræðu sinni í gær, þar sem hann var að tala um Ásbjörn Jóakimsson m.a.: Það verður tekið á þessum málum við 3. umr. fjárlaga. Ég spyr: Hvernig? Hver talar fyrir ríkisstjórnina í þessu máli? Er það fjárlagafrv.? Hér eru skólagjöld. Er það hæstv. menntmrh. eða er það hv. þm. Össur Skarphéðinsson? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli?

Ég segi: Ef niðurstaðan er sú að fella út skólagjöldin, vonandi er það þannig, með hvaða hætti á það að gerast? Verða framlög til skólanna aukin sem því nemur eða hvað? Ég skora á hv. formann þingflokks Alþfl. að gera skýra grein fyrir því hér með hvaða hætti er ætlunin að fara með skólagjaldamálið hér á næstunni? Af hverju er ekki tekið á því við 2. umr. fjárlaga? Af hverju liggur ekki fyrir nein brtt. frá honum eða Alþfl. R núna strax við 2. umr. fjárlaga? Hvernig stendur á því að maður fréttir ekkert af málinu en formaður þingflokks Alþfl. kemur hér í fjölmiðla, þenur sig og segir: Ég er góður, ég er dýrlegur, blessaður gimsteinn, ég ætla að bjarga þessu? (**ÖS:** Þú ert eins og Ólafur Ragnar Grímsson.) Formaður þingflokksins er eitthvað pínulítið typpilsinna núna, blessaður, eitthvað svona pínulítið. En ég skora á hann að koma hingað og gera grein fyrir málinu. Ég er alveg viss um að sá hv. þm. sem formaðurinn nefndi hér er reiðubúinn til þess að veita honum lið í þessu efni og sömuleiðis undirritaður. Ég held að það sé hins vegar alveg nauðsynlegt að það komi fram við þessa umræðu hvernig Alþfl. hefur hugsað sér að afgreiða skólagjaldamálin. Það er í raun mjög nauðsynlegt en flókið að átta sig á því fyrir okkur sem þekkjum ekki til niðri í þingflokksherbergi Alþfl. og höfum ekki hugsað okkur að fara þangað. Aðrir væru hins vegar velkomnir upp í Hlaðbúð, eins og margoft hefur komið fram í þessum stól.

Formaður Alþfl. kallaði formann þingflokks Alþfl. kommúnista í tilefni af því að hann barðist gegn skólagjöldum og segir svo í tímaritinu Mannlífi, sem ég vona að mér leyfist að nefna, virðulegi forseti, það er nú dálítið erfitt kannski. (**Forseti:** Velkomið.) Ég hef leyfi forseta til að nefna Mannlíf, það er framför. Formaður Alþfl. segir í tímaritinu Mannlífi að enn eimi eftir af Alþb. í formanni þingflokks Alþfl. Það er alveg satt. Ég sé það á honum af og til. Það eru vissar rispur í honum sem mér þykir vænt um, því er ekki nokkur leið að neita. Ég ætla hins vegar að neita mér um að hæla honum mikið meira vegna þess að það gæti komið honum illa næst þegar hann mætir á fundi niðri í guðfræðideildinni, núverandi þingflokksherbergi Alþfl. Þar var áður guðfræðideild Háskólans — til skýringar. Ég skora bæði á hæstv. menntmrh. og hv. formann þingflokks Alþfl. að gera grein fyrir þessu skólagjaldamáli hér. (**Forseti:** Hv. þm. hefur óskað eftir því að gert verði hlé á fundinum meðan beðið er eftir að heilbrrh. komi og ég ætla að verða við þeirri ósk og geri stutt hlé á fundinum, ekki lengur en 10 mínútur og vona þá að hæstv. heilbrrh. verði kominn í hús.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég hafði í ræðu minni aðallega farið yfir málefni fatlaðra og lagt nokkrar spurningar fyrir félmrh. og varað við þeim hugmyndum sem þar eru um að skera niður þjónustu við fatlaða um mörg hundruð milljónir króna, flytja það verkefni yfir á vanmegna sveitarfélög og fullyrti að í rauninni væru menn þar að brjóta niður þjónustukerfi við fatlaða.

Ég hef síðan hugsað mér að víkja nokkrum orðum að heilbr.- og trmrn. Ég verð að byrja á að taka undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. fyrr í dag að í raun er nokkuð erfitt að átta sig á því hvaða tölur það eru sem þar liggja fyrir að því er það ráðuneyti varðar. Þar mun í fyrsta lagi vera um að ræða fjárlagafrv. sjálft þar sem gert var ráð fyrir tilteknum niðurskurði. Í öðru lagi breytingar á þeim niðurskurði samkvæmt bandormsfrumvarpinu. Í þriðja lagi breytingartillögur fjárln. og í fjórða lagi hugmyndir um flata lækkun ríkisútgjalda á árinu 1992.

Ef við byrjum á því síðastnefnda mun vera gert ráð fyrir því að heilbr.- og trmrn. skeri niður til viðbótar við tillögur fjárln. hátt í 1 milljarð króna af rekstrarútgjöldum, fái síðan endurráðstafað, eins og það er kallað, 360 millj. kr. Þá standi eftir nettóskerðing á heilbrrn. upp á 560 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvernig hann hugsar sér að framkvæma þessa skerðingu, þessa flötu skerðingu á rekstrarútgjöldum heilbrrn. eða hvort þetta er einungis tala á tillögustigi sem ekkert verður gert með. Stendur heilbrrn. að þessari tillögu og hvaða þættir eru þar sem skera á niður til viðbótar við annan niðurskurð sem heilbrrn. er búið að taka á sig?

Auðvitað er mjög sérkennilegt að standa svona að hlutum af hálfu ríkisstjórnarinnar, eins og hér er gert ráð fyrir að gera, ef niðurstaðan verður sú að heilbr.- og trmrh. geti að eigin geðþótta ráðstafað 360 millj.

kr., ákveðið hvernig þeim fjármunum verður dælt út en nettóskerðingin á það ráðuneyti er 562 millj. kr. Nettóskerðing á heilbrrn. er 562 millj. kr. Auðvitað er algjörlega óeðlilegt að gera ráð fyrir því að þessir hlutir fari svona losaralega frá Alþingi því þá mætti í raun alveg eins segja að Alþingi gerði ekkert annað en að ákveða einhverja tugi milljarða til heilbrrh. og segja það samkvæmt ákvörðun heilbrrh. Punktur. Hérna er stigið skref inn á þá braut upp á hálfan milljarð eða svo. Ég er hræddur um að formaður fjárveitinganefndar, sem einu sinni var, Sighvatur Björgvinsson, einn af þingmönnum Vestfjarða, hafi í því hlutverki þótt nokkuð skrýtið ef gerð hefði verið tillaga um að láta einstaka ráðherra ráðstafa upp í hálfum milljarði fríhendis. Það er í raun og veru mjög sérkennileg staða og sérkennilega að verki staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar ef þetta er rétt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hann hugsar sér að framkvæma þennan flata niðurskurð. Hvar er gert ráð fyrir því að hann komi niður? Hvaða sjúkrahús á að skera niður? Hvaða heilsugæslustöðvar eru það sem á að skera niður? Hvaða aðrir þættir eru það t.d. hjá lífeyristryggingunum, sjúkratryggingunum og slysatryggingunum sem á að skera niður?

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á Alþingi í haust var gert ráð fyrir því að tilteknir þættir í heilbrrn. gætu sparað um 2 milljarða kr. Í greinargerð með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er farið yfir þetta. Þar er gert ráð fyrir því að þessir liðir gefi ekki 2.000 millj. kr. heldur 1.275 millj. kr. Með öðrum orðum, sá niðurskurður sem lagt var af stað með er ekki talinn standast heldur verði hann um 700 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir í upphafi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann sammála greinargerð fjmrn., telur hann hana rétta í þessu efni?

Það kemur til dæmis fram í greinargerð fjmrn. að ráðuneytið telur að sá niðurskurður sem ætlaður var á ýmsum þáttum heilsugæslunnar muni skila 795 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. en samkvæmt núverandi gerð frv. 500 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. að því, er hann sammála þessari tölu? Ég ræddi við aðstoðarmann heilbrrh. í gærkvöldi. Bersýnilegt var að hann var ekki klár á því hvernig þessar tölur stóðu og ég tel að það sé lágmarkskurteisi við Alþingi að þær tölur sem fram eru reiddar af ráðuneytunum, hvort sem það er heilbrrn. eða fjmrn., beri nokkurn veginn saman þannig að það sé nokkurn veginn það sama sem ráðherrar eru að bera fyrir þingið.

Í greinargerð fjmrn. er líka farið nokkrum orðum um lyfjakostnað. Eins og kunnugt er hefur heilbrrh. hrósað sér af því að hafa breytt reglugerð um lyfjakostnað þannig að 800 millj. kr. muni sparast frá því sem áður hafi verið gert ráð fyrir á árinu 1992. Hann er búinn að þenja sig með það um alla fjölmiðla að hann hafi sparað 800 millj. kr. En hvað segir fjmrn.? Segir það 800 millj. kr.? Nei, fjmrn. segir að sú reynsla sem nú liggur fyrir af þegar orðnum breytingum bendi til þess að sparnaðurinn verði í reynd 400 millj. kr. Hvaða tala er rétt? Sú sem lögð var fram í fjárlagafrv. í haust, sú sem hæstv. heilbrrh. hefur verið með eða sú sem fjmrn. er með?

En þetta er ekki eini ágreiningurinn sem kemur fram á milli þessara ráðuneyta. Grundvallarágreiningur er í útreikningi á forsendum ráðstafana í ríkisfjármálum. Það kemur t.d. fram að fjmrn. telur að sá sparnaður sem gert var ráð fyrir í tannlæknakostnaði náist ekki vegna ákvæðis til bráðabirgða sem er í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Orðrétt segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Að áliti fjármálaráðuneytis munu umræddar 150 millj. kr. ekki sparast nema fallið verði frá bráðabirgðaákvæði því sem er að finna aftast í frumvarpinu um ráðstafanir í ríkisfjármálum.“

Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er það ætlun hans að halda við þetta ákvæði eða falla frá því? Ætlar hann að halda við þetta ákvæði? Hver er skoðun ríkisstjórnarinnar í þessu efni? Fjmrn. vill fella þetta ákvæði út, heilbrrn. vill hafa þetta ákvæði. Hver er skoðun ríkisstjórnarinnar? Hér skakkar litlum 150 millj. kr. í forsendum heilbrrn. annars vegar og fjmrn. hins vegar. Ég held að það sé ótvírætt að hæstv. heilbrrh. verður að svara því hver er ríkisstjórnin í málinu. Er það heilbrh. eða er það fjmrh.?

Í þessari greinargerð fjmrn. sem ég er að rekja er niðurstaðan sú að sá sparnaður, sem í fjárlagafrv. var talinn vera upp á 2.000 millj. kr., verði 1.275 millj. kr. Hvor talan er rétt, hæstv. heilbrrh.? Ég tel að það sé útilokað að afgreiða fjárlagafrv. og heilbrigðismálin öðruvísi en menn hafi alveg á hreinu hvað þarna er verið að tala um. Eru það 2.000 millj. eða 1.300 millj. eða hvað er það sem ber á milli og hverjar eru skýringarnar á því?

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja að tillögum meiri hluta fjárln. um breytingar á fjárlagafrv. Þar er t.d. gert ráð fyrir því að nokkur breyting verði á útgjöldum vegna lyfjakostnaðar. Virðulegi forseti. Þannig háttar til að ég er að leggja hérna spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég veit að hann er á heimsmælikvarða að vitsmunum og næmi. Hann á engan sinn líka að því leytinu til. En að hann geti tekið niður milli fimm og tíu spurningar um tölur rétt si svona og geti síðan skilað þeim öllum standandi í hliðarsal í viðræðum við embættismenn, það finnst mér satt að segja ganga kraftaverki næst. Ég mundi þá, ef það reynist vera svo, gera að tillögu minni að hann yrði útnefndur til Nóbelsverðlauna fyrir vitsmuni. Aldrei áður hefur spurst til þvílíks líms á einum heila. Ég óttast að hæstv. heilbrrh. sé ekkert að hlusta á það sem þingmaðurinn segir og telur sig sjálfsagt ekkert þurfa á því að halda. Það sem ég er að segja í stuttu máli er að öll tillögu- og talnamatreiðsla heilbrrn. í þessu efni sé vitlaus vegna þess að menn hafi í raun ekki vandað sig eins og þeir eiga að gera áður en þeir leggja mál sín fyrir Alþingi.

Í tillögum meiri hluta fjárln. er t.d. gert ráð fyrir því, virðulegi forseti, að hækka framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 150 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frv. Gott og vel. Hver eru rökin? Þau eru að talið er að atvinnuleysi verði meira á árinu 1992 en forsendur fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Með hversu miklu atvinnuleysi er

reiknað í forsendum meiri hluta fjárln.? Á hverju byggist sú tillaga sem hér er flutt, að hækka framlagið í Atvinnuleysistryggingasjóð um 150 millj. kr.?

Ég vil einnig í sambandi við breytingartillögu meiri hluta fjárln. minna sérstaklega á Hollustuvernd ríkisins. Það á að hækka sértekjur hjá henni á næsta ári um 10 millj. kr. Áður var búið að skera niður framlög til Hollustuverndarinnar verulega. Þetta er ein okkar mikilvægasta stofnun að því er varðar ýmsa þjónustu í landinu. Hvaða rök eru fyrir því að ætla að það hægt sé að skera Hollustuvernd ríkisins niður með þessum hætti? Hvaða rök eru fyrir því? Engin slík rök hafa komið fram, ekki frá formanni fjárln. eða neinum öðrum fulltrúa stjórnarliðsins hér.

Í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir því að breyta álagshlutfalli á launum á öllum spítölum í landinu. Engin rök hafa komið fram fyrir því af hverju þetta er gert. Ég tel að það sé ekki nokkur vafi á því að það verði að breyta álagshlutfallinu. En hvaða tölur eru á bak við þessa breytingu á álagshlutfallinu? Engar upplýsingar hafa komið fram um það við þessar umræður og þess vegna nauðsynlegt að fá upplýsingar um það.

Ég vil enn fremur spyrja vegna breytingartillögu meiri hlutans við lið 409 í heilbrrn., þar sem um er að ræða hjúkrunarheimilið Skjól. Þar er gert ráð fyrir hækkun á framlögum til þess um 17 millj. kr. vegna sambýlis við Alzheimer-sjúklinga. Nú vitum við að þannig háttar til í Skjóli að þar hefur verið tilbúin dagdeild fyrir aldraða í mörg missiri. Ég sé ekki að gert sé ráð fyrir því að sú dagdeild fari af stað á næsta ári. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Gerir heilbrrn. ráð fyrir því að dagdeildin í Skjóli verði áfram lokuð og hún bíði áfram tilbúin eftir því að taka við fólki sem ekki kemur þangað inn á næsta ári? Er það svo að engin ný starfsemi í þágu aldraðra komi inn í fjárlög ársins 1992, engin ný starfsemi, nema þessar 17 millj. sem eiga að ganga til sérstakrar þjónustu við Alzheimer-sjúklinga í Skjóli?

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur haldið um það talsverðar ræður að nú þurfi aldraðir að hafa forgang og hann hefur reynt að rökstyðja mál sitt t.d. að því er varðar St. Jósefsspítalann með því að aldraðir eigi að hafa forgang. Hann hefur reynt að rökstyðja mál sitt varðandi Landakot líka með því að aldraðir eigi að hafa forgang. Hvar birtist forgangur aldraðra í þessu fjárlagafrv. eða tillögum hæstv. heilbrrh.? Er ekki málið augljóslega þannig að á árinu 1992 verði um það að ræða að fleiri en ein og jafnvel fleiri en tvær deildir sem ella væru fyrir aldraða muni standa auðar af því að engin viðbótarfjárveiting fæst og vegna þess að það er ætlunin að skera niður framlög til spítala upp á 562 millj. kr. nettó eftir allan þann niðurskurð annan sem hér er verið að tala um? Það er bersýnilegt að ummæli hæstv. heilbr.- og trmrh. um það að aldraðir eigi að hafa forgang eru markleysa. Það er ekkert gert til þess að taka sérstaklega á málefnum aldraðra, ekkert.

Ég vil loks, í sambandi við sjálft fjárlagafrv., inna hæstv. heilbrrh. eftir því hvort gert er ráð fyrir því í þeirri reglugerð sem hann gaf út á föstudaginn var að taka gjöld af ungbarnaeftirliti og mæðravernd. Alveg er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari því hvort í þessari reglugerð sé gert er ráð fyrir því að taka gjald af ungbarnaeftirliti og mæðravernd og þær upplýsingar þurfa að koma fram hér. Einnig er nauðsynlegt að það komi fram við þessa umræðu, virðulegi forseti, hvort hæstv. félmrh. hefur kynnt sér hvað það þýðir fyrir fatlaða í þessu landi að lagt verður gjald á alla þá sem heimsækja heilsugæslustöðvar á Íslandi. Hefur hæstv. félmrh. kannað það mál sérstaklega? Er hún með upplýsingar um það hvernig þessi sérstaka gjaldtaka á heilsugæslustöðvum kemur við fatlaða til viðbótar við það að taka á 400 millj. af þjónustu við fatlaða og flytja yfir á sveitarfélögin? Það er lögbrot. Þá er verið að skattleggja þetta fólk sérstaklega undir forustu ríkisstjórnar sem Alþfl. á aðild að. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. svari því hvað hún telur að kostnaðurinn við heilsugæslu fyrir fatlaða aukist við þær breytingar sem hér er verið að tala um.

Það hefur að vísu einnig í sambandi við málaflokkinn aldraðir flogið fyrir að ætlunin sé að taka upp sérstakt sveitargjald á aldraða á stofnunum. Ég hef heyrt í fréttum að uppi séu hugmyndir um að sveitarfélög eigi að borga ákveðna upphæð á sólarhring fyrir hvern mann sem vistaður er utan viðkomandi sveitarfélags. Er það rétt að uppi séu tillögur um það af hálfu Alþfl., sem beitti sér fyrir alþýðutryggingunum á sínum tíma, að taka upp hreppaflutninga og uppboðskerfi á nýjan leik, að það sé ætlunin að leggja sérstök gjöld á gamalt fólk sem vistast á stofnunum utan sinnar heimabyggðar? Það mundi t.d. þýða, svo ég nefni dæmi, að vegna aldraðra Reykvíkinga sem búa allmargir í Kumbaravogi mundi sveitarfélagið greiða fjármuni. Ég er þá ekki að segja að það væri ofverkið Reykjavíkur að leysa það verkefni. Hitt er alveg ljóst að þarna væri verið að kippa hugmyndalegum grundvelli undan alþýðutryggingunum á Íslandi sem byggjast á því að menn eiga rétt á tiltekinni þjónustu og að ekki sé spurt að því fyrst: Hvaðan ertu og hvernig lítur veskið þitt út? — áður en menn fá þá þjónustu sem veitt er.

Ég hef, virðulegi forseti, lagt allmargar spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. og sömuleiðis hæstv. félmrh. Ég hef spurt um hinn almenna niðurskurð sem þarna á að framkvæma. Ég hef spurt um það hvernig stendur á því að upplýsingum heilbrn. og fjmrn. ber ekki saman þannig að það skakkar mörg hundruð milljónum króna. Ég hef einnig lagt fram viðamiklar spurningar til félmrh. varðandi málefni fatlaðra þar sem gert er ráð fyrir því að leggja niður á vegum ríkisins dagvistun fatlaðra, verndaða vinnustaði, leikfangasöfn, sumardvöl, atvinnuleit, skammtímavistun, endurhæfingu. Það hefur komið fram að hér er verið að velta yfir á sveitarfélögin 350–400 millj. kr., en ég segi: Það segir í raun ekki alla söguna af því að sveitarfélögin mörg eru vanmegna og ráða ekki við þetta verkefni. Bæði vanmegna fjárhagslega og ekki síður faglega.

Það er kannski rétt í leiðinni að spyrja hæstv. félmrh.: Hvar eru tillögurnar til tekjujöfnunar sem ríkisstjórnin samþykkti að teknar yrðu inn og voru forsendan fyrir því að hún styddi fjárlagafrv. í haust?

Hvar eru þær tillögur? Ég sé þær ekki. Ég sé hins vegar allt annað. Það er verið að flytja fjármuni frá fötluðum, frá öldruðum, frá sjúkum í þessu þjóðfélagi. Það er það sem er verið að gera. Það er því þveröfugt við það sem hæstv. félmrh. hélt fram þegar fjárlagafrv. var afgreitt í haust.

Ég hef einnig, virðulegi forseti, beint nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh. og ætla út af fyrir sig ekki að fara yfir þær sem lúta sérstaklega að niðurskurði í skólunum þar sem ég tel að menn séu að skera niður 600–700 kennarastöður á næsta hausti. Ég ætla ekki heldur að fara ítarlega út í skólagjöldin þar sem ég lagði spurningar fyrir formann þingflokks Alþfl. og spurði hann af hverju ekki væri gert ráð fyrir að fella skólagjöldin út. Ég hefði einnig getað hugsað mér að ræða við hæstv. menntmrh. um sérstaka þætti menningarstarfseminnar, einkum og sér í lagi leiklistina, og minni þar á ályktun leiklistarráðs frá fundi sem haldinn var 9. des. sl. Þar kemur fram að það er ljóst að Þjóðleikhúsið stendur frammi fyrir mjög verulegum vandræðum.

Ég ætla hins vegar ekki að fara út í þau mál frekar vegna þess, og ég segi alveg eins og er, að ég tel að sú atlaga að fötluðum sem virðist vera í uppsiglingu sé eitt það ljótasta sem ég hef séð frá hæstv. núv. ríkisstjórn og er þá langt til jafnað.

Ég ætla hins vegar að ljúka máli mínu með því, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. félmrh. um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Fram kom í ummælum hæstv. forsrh. í fjölmiðlum fyrir nokkrum dögum að gert var ráð fyrir því eða menn búa sig undir að svo geti farið að ríkisstjórnin verði að slaka nokkuð til í þeim efnum áður en frá kjarasamningum er gengið eða í tengslum við kjarasamninga. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort gert er ráð fyrir því að kaflinn um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sem er í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sé nægileg lagabreyting eða hvort ætlunin er að breyta lögum enn frekar.

Ég vil enn fremur, að lokum, úr því ég er að nefna lagabreytingar spyrja að því hvort það er ætlun félmrh. að halda áfram endurskoðun á lögunum um málefni fatlaðra sem hafin var. Ég vil spyrja hvernig henni miðar og hvort það er rétt sem heyrst hefur að Sjálfstfl. hafi sett fótinn fyrir þá endurskoðun sem farin var af stað og hæstv. félmrh. hafi tekið ákvörðun um að gefast upp fyrir Sjálfstfl. í þeim efnum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur nokkuð verið til umræðu nú við 2. umr. fjárlaga málefni fatlaðra og hlutur sveitarfélaganna við fjárlagagerðina. Ég vil vekja athygli á því að í þeim brtt. sem nú hafa verið lagðar fram við 2. umr. fjárlaga er engin tillaga til lækkunar á því framlagi sem fer í málefni fatlaðra. Þvert á móti hækka framlögin vegna vistunar geðfatlaðra um 35 millj. kr. og framlag til Sólheima hækkar um 4½ millj. kr.

Ég vek einnig athygli á því að 700 millj. kr. áformuð þátttaka sveitarfélaga til að tryggja stöðugleika og atvinnuöryggi og ná niður fjármagnskostnaði atvinnulífs einstaklinga og sveitarfélaga er heldur ekki inni nú við 2. umr. fjárlaga. Af hverju ekki? Vegna þess að ríkisstjórnin vildi fá tækifæri til að ræða við sveitarfélögin og heyra hvernig sveitarfélögin teldu að þau best gætu staðið að og lagt sitt af mörkum til að tryggja hér stöðugleika og áframhaldandi þjóðarsátt. Það er hagur sveitarfélaganna ekki síður en annarra í þjóðfélaginu að skapaðar séu forsendur fyrir áframhaldandi þjóðarsátt. Ég get nefnt sem dæmi að sveitarfélögin hafa grætt 1.000 millj. á þjóðarsáttinni. Sveitarfélögin hafa mikinn vaxtakostnað af sínum skuldbindingum. Sem dæmi má taka að skuldir sveitarsjóðanna eru nú liðlega 13 milljarðar kr. og hvert prósentustig sem við getum náð niður í vöxtum þýðir 134 millj. kr. lægri greiðslubyrði hjá sveitarfélögunum. Þess vegna er það hagur sveitarfélaganna að þau leggi einnig sitt af mörkum til þess að tryggja áframhaldandi stöðugleika á næsta ári.

Á síðustu dögum hafa farið fram viðræður við sveitarfélögin um það hvernig þau gætu tekið þátt í að ná þeim stöðugleika sem við viljum sjá. Og aðrar leiðir hafa verið ræddar. Líklegt er á þessari stundu að niðurstaðan verði önnur en þingmenn eyða löngum tíma í að gagnrýna.

Ég vil aðeins ræða hér fjármál sveitarfélaganna. Ég held að öllum sé ljóst að ávinningur sveitarfélaganna af verkaskiptingunni og breyttum lögum um tekjustofna og betra efnahagsumhverfi sé verulegur. Ég get sett fram tölur máli mínu til stuðnings. Tekjuafgangur hjá sveitarfélögunum hækkaði milli áranna 1989 og 1990 úr 4,2 milljörðum kr. í 6,8 milljarða kr. Fjárfestingar jukust þó á sama tíma úr 6,4 milljörðum kr. í 7,2 milljarða kr. Þrátt fyrir þessa auknu fjárfestingu sveitarfélaganna var halli hjá sveitarfélögunum á árinu 1990 400 millj. kr. í stað 2,1 milljarðs kr. á árinu 1989. Þessar tölur sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram sýna okkur ávinning sveitarfélaganna af verkaskiptamálunum, af breyttum lögum um tekjustofna og betra efnahagsumhverfi upp á 2 milljarða kr.

Einnig vil ég nefna að þær breytingar sem urðu með staðgreiðslunni skiluðu sveitarfélögunum líka ávinningi. Sveitarfélögin fá útsvar af hverri krónu en áður var hluti launatekna undanþeginn útsvari. Eftir staðgeiðsluna skila útsvarstekjurnar sér alveg til sveitarfélaganna en skilin voru áður á bilinu 75–90%, og ríkið tekur nú á sig öll vanskil í staðgreiðslu einstaklinga. Þetta eru þær breytingar sem orðið hafa á því umhverfi sem sveitarstjórnir starfa í. Vissulega er það svo að ekki er unnt að ræða um öll sveitarfélög sem eitt sveitarfélag vegna þess að þau hafa mismunandi fjárhagslega getu og staða þeirra er mjög misjöfn. Þetta sem ég hef verið að lýsa er samt heildarávinningur sveitarfélaganna milli áranna 1989 og 1990. Ég dreg þetta fram vegna þess að mér finnst hafa komið fram í umræðunni að sveitarfélögin séu ekki í stakk búin að taka þátt í því ásamt öðrum að innleiða hér nýja þjóðarsátt. Ef það á að takast verða allir aðilar, ríkið, einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög að taka á sameiginlega. Og sveitarfélögin geta ekki verið undanskilin í

því átaki. Spurningin er hvaða leiðir á að fara til þess að það komi sem best út fyrir sveitarfélögin, en ekki verður undan því vikist að sveitarfélögin taki einnig þátt í þessu átaki.

Fatlaðir hafa verið nefndir hér sérstaklega, einkum af síðasta ræðumanni. Ég hef nefnt það áður að verið væri að skoða aðrar leiðir en verið hafa í umræðunni. Og líklegt er að engar breytingar verði gerðar á tilfærslu verkefna í málaflokknum fatlaðir milli ríkis og sveitarfélaga. Öruggt er þó að engin tilfærsla verður á verkefnum í málaflokknum fatlaðir frá ríki til sveitarfélaga án undangengis samráðs við samtök fatlaðra um framkvæmd á henni.

Ég vil einnig nefna hér að það er mjög eðlileg þróun að sveitarfélögin taki að sér þennan málaflokk. Þróunin á hinum Norðurlöndum síðasta áratuginn hefur verið sú að flytja verkefni á þessu sviði frá ríki og ömtum til sveitarfélaganna. Í Noregi var þessi málaflokkur t.d. færður alfarið til sveitarfélaganna um síðustu áramót. Rökin eru fyrst og fremst að í kjölfar aukinnar áherslu á stoðþjónustu í stað stofnana er mikilvægt að framkvæmd þjónustunnar sé í eins mikilli nálægð við þá sem hennar eiga að njóta og kostur er. Undanfarin missiri hefur þeim viðhorfum vaxið mjög ásmegin að tímabært sé að stíga skref í þessa veru hér á landi og heildarsamtök fatlaðra hafa ályktað um það efni. Benda má jafnframt á að þetta sjónarmið kemur mjög sterklega fram í því frv. að nýjum lögum um málefni fatlaðra sem er til umfjöllunar nú og er væntanlegt inn í þingið fljótlega. (**GHelg:** Má ég spyrja ráðherrann að því hvað muni koma fljótlega?) Frv. um málefni fatlaðra.

Ég hygg að það sé einnig skoðun sveitarfélaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaga að þessi málaflokkur fari yfir til sveitarfélaganna og það sé sú þróun sem koma skal. Og af því að hv. þm. Svavar Gestsson spurði um það hvort frv. um málefni fatlaðra væri fast í þingflokki Sjálfstfl. og hvort ég væri að gefast upp við það verkefni, þá er svarið við því að þingflokkur Sjálfstfl. hefur í mjög stuttan tíma haft þetta frv. til umfjöllunar, sennilega um 1–2 vikur. Tel ég ekkert óeðlilegt að það sé skoðað á þeim tíma í þingflokki Sjálfstfl. og minni þingmenn jafnframt á að það voru ófá mál sem ég var með í síðustu ríkisstjórn sem tóku ekki vikur að fá umfjöllun í þingflokki Alþb. heldur marga mánuði. Og ég hef ekki gefist upp við þetta verkefni. Þetta frv. verður lagt fram.

Satt að segja finnst mér sá málatilbúnaður sem settur er fram nokkuð sérstæður. Ef sveitarfélögin fái verkefni í málaflokknum fatlaðir, verði stofnunum fatlaðra lokað og þjónustan muni minnka. Ég hef þann metnað fyrir hönd sveitarfélagnna í landinu að þau leggi allt kapp á að búa vel að þjónustu við fatlaða. Ég tel það vanvirðu við sveitarfélögin í landinu að stilla málum þannig upp að ef sveitarfélögin endurskoði einhverja þætti í sinni starfsemi, vegna þeirra aðstæðna sem við búum við í þjóðfélaginu, þá þurfi þeir að láta það fyrst bitna á fötluðum. Ég tel það vanvirðu við sveitarfélögin í landinu að setja málin fram með slíkum hætti. (**Gripið fram í:** Hver gerir það?) Auðvitað munu sveitarfélögin hafa metnað til þess að halda uppi góðri þjónustu við fatlaða.

Varðandi ríkisábyrgð á launum sem hér var spurt um, þá hefur komið fram hugmynd eða tillaga sem kynnt var við 1. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum varðandi ríkisábyrgð á launum. Ég hygg að sú tillaga sé til skoðunar í þeirri nefnd sem um málið fjallar og muni verða skoðuð sérstaklega milli 2. og 3. umr. Um er að ræða breytingu á ákvæðunum sem snerta ríkisábyrgð á launum sem kveður á um að skipa eigi sjóðstjórn, en í henni eigi sæti aðilar vinnumarkaðarins. Sjóðstjórninni verði veitt heimild til lántöku ef það gjald sem heimilt er að leggja á hrekkur ekki til. Gjaldið yrði 374 millj. kr. ef það verður lagt á að fullu. Lánið yrði svo endurgreitt með aukagjaldi í byrjun næsta almanaksárs. Einnig kom fram í þessari hugmynd að inn í frv. yrði bætt ákvæði sem mundi kveða á um lágmarksréttindi launafólks, en að öðru leyti væri sjóðstjórninni í sjálfsvald sett að gera tillögur um hvernig þessum málum yrði háttað.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það sem komið hefur fram í þessari umræðu. Ég vil ítreka það, virðulegi forseti, að í þeim brtt. sem verið er að fjalla um við 2. umr. eru ekki settar auknar álögur á sveitarfélögin hvað varðar fatlaða umfram það sem fjallað var um við 1. umr. Þvert á móti eru framlög þar aukin um tæplega 40 millj. kr.

Einnig vil ég nefna það vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson hefur áhyggjur af því að verið sé að færa verkefni á sveitarfélögin að þegar sami hv. þm. var ráðherra, hafði hann ekki áhyggjur af því þegar verið var að leggja stórauknar álögur á sveitarfélögin með grunnskólalögum og lögum um leikskóla. Vafðist þá ekki fyrir hv. þm. Svavari Geststsyni að knýja í gegn grunnskólalögin og leikskólalögin sem fela í sér hátt í 2 milljarða kr. árleg útgjöld á sveitarfélögin.

Hv. þm. gæti líka svarað hér einni samviskuspurningu. Voru aldrei uppi áform í síðustu ríkisstjórn um að skerða tekjur sveitarfélaga eða færa til þeirra verkefni án tekna á móti til að ná endum saman við fjárlagagerðina? Ég vildi líka segja það, hv. þm., að ég vildi að ég hefði átt stuðning hv. þm. Svavars Geststsonar í síðustu ríkisstjórn þegar páv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson var með niðurskurðaráform í málefnum fatlaðra. Eitt orð er unnt að nota um málflutning þingmannsins vegna málefna fatlaðra: Hræsni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara því orði sem hæstv. félmrh. í sárri reiði sinni og vanmætti varpaði á mig hér í lok ræðu sinnar. Ég veit að hún þekkir það hvernig ég hef unnið að þessum málum og það þekkja líka þúsundir þeirra einstaklinga sem hér um ræðir. Í ræðu minni var ég ekki að halda uppi neinum varnarkerfum, varnarávörpum og varnarhljóðum fyrir sveitarfélögin. Ég var að halda uppi varnarræðu fyrir málefnum fatlaðra. Það er munur á fötluðum og sveitarfélögum. Það er munur á manni og stofnun. Maður hefur tilfinningar. Hæstv. núv. félmrh. lagði til við ríkisstjórnina að þjónustukerfi fatlaðra yrði brotið á bak

aftur með því að flytja verkefni upp á 400 millj. kr. frá ríkinu og út úr þessu þjónustukerfi. Hæstv. félmrh. hefur nú ákveðið að bakka. En tillagan var slæm, hún er hættumerki. Hún sýnir að núv. hæstv. félmrh. er því miður á villigötum. Það er því miður nauðsynlegt að vera á vakt gagnvart henni og tillögum hennar þegar kemur að málefnum fatlaðra. Sú vakt verður staðin af okkar hálfu.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað má ræða lengi um þessi mál og það mun ég gera seinna. En í andsvari liggur að spyrja hæstv. ráðherra um meginatriði máls og satt að segja var óvenjulegt að hlusta á þessa ræðu, einkum þar sem hæstv. félmrh. á í hlut. Sú var tíðin að hún talaði á annan veg um málefni fatlaðra og fjárlög.

Ég vil spyrja hana vegna þess að ég þoli ekki að heyra fólk segja eitt í dag og annað á morgun. Hæstv. ráðherra segir að nýtt frv. sé á leiðinni um málefni fatlaðra þar sem ætlunin er að flytja meiri álögur yfir á sveitarfélögin. Spurning mín til hæstv. ráðherra er því þessi: Hvers vegna sneri hún sér þá til ríkisins þegar hún flutti tillöguna í fyrsta skipti? Hún er jú upphafsmaður að Framkvæmdasjóði fatlaðra sem þá hét Framkvæmdasjóður öryrkja, minnir mig. Þá datt hæstv. ráðherra auðvitað ekki í hug að ætlast til þess að lítil og fátæk sveitarfélög gætu séð fyrir þessum framkvæmdum. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum hefur hæstv. ráðherra skipt um skoðun á þessum tíu árum um að nú sé allt í lagi að fela sveitarstjórnunum að annast þessi mál?

Hún minntist einnig á að þær álögur sem hæstv. fyrrv. félmrh. lagði á sveitarfélögin og talaði um að það hefði verið nóg, en samt sem áður hyggst hún nú enn bæta við þær álögur. Allur þessi málflutningur er ekki raunhæfur og ekki bjóðandi hv. Alþingi. Sem sagt, megininntak máls míns er þetta: Hvað hefur gerst á tíu árum sem hefur gjörbreytt því viðhorfi hæstv. félmrh. að ríkið skuli ekki annast málefni fatlaðra heldur sveitarfélög?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi held ég að hv. þm. hafi misskilið mitt mál. Ég var ekki að tala um álögur síðustu ríkisstjórnar á sveitarfélögin, ég var að spyrja að því eingöngu hvort aldrei hefðu verið uppi hugmyndir í síðustu ríkisstjórn um að flytja verkefni yfir á sveitarfélögin eða láta þau taka þátt í þeim úrlausnum sem sú ríkisstjórn stóð að vegna fjárlaga.

Í annan stað, hvað hefur breyst á sl. tíu árum? Þetta er þróunin og hefur verið alls staðar að miklu eðlilegra sé að þessi verkefni séu hjá sveitarfélögunum. Það standi nær sveitarfélögunum að annast þennan málaflokk. (Gripið fram í.) Auðvitað er það þannig að þegar út í það er farið þá er það skoðað sérstaklega hvernig að því yrði staðið, en þetta er þróunin í öllum löndum í kringum okkur, hv. þm. Þetta er skoðun Sambands sveitarfélaga, það er einnig skoðun Samtaka fatlaðra að þetta skuli gert með þessum hætti.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. staðhæfir í ræðu sinni að málefnum fatlaðra sé vel fyrir komið í fjárlagafrv. eftir væntanlegar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Ég vil benda á það að í fjárlagafrv. eru 60 nýjar stöður vegna fatlaðra en niðurskurður rekstrarviðfangsefna og launa um 6,7% bitnar auðvitað á þessum málaflokki. Síðan stendur í minnisblaði frá fjmrh. til ríkisstjórnarinnar 3. des. að allar nýráðningar verði stöðvaðar. Ef þetta er ekki niðurskurður er merking þess orðs öðruvísi en í minni orðabók.

Síðan er gott að heyra að undanhaldið er byrjað, en ég vil mótmæla því að samráð hafi verið haft við sveitarfélögin um þessi mál. Hér stendur í yfirlýsingu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga síðan í gær, 11. des., með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin hefur nú einhliða og án alls samráðs við sveitarfélögin og samtök þeirra lagt fram tillögur um breytingar á tveimur veigamestu tekjustofnum sveitarfélaga, útsvari og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga." Síðan segir: „Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaganna né við Samband ísl. sveitarfélaga um þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram."

En nú á að fara að tala við menn eftir á og undanhaldið er byrjað og það er þó gott að sjá það að okkar málflutningur hefur þó borið einhvern árangur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Undanhaldið er ekki byrjað eins og hv. þm. sagði áðan. Það var ætlunin að taka upp viðræður við forsvarsmenn Sambands sveitarfélaga um þessi mál og hvaða leiðir þeir sæju fyrir sér að hægt væri að fara til þess að sveitarfélögin tækju einnig þátt í því að skapa hér forsendur fyrir þjóðarsátt. Þess vegna eru engar brtt. hér við 2. umr. málsins. Við erum að nýta tímann og höfum átt nokkra fundi með Sambandi sveitarfélaga um þessi mál og eins og ég sagði áðan: Það verða engin verkefni færð frá ríki til sveitarfélaga í málaflokkum fatlaðra nema að undangengnu samráði við Samtök fatlaðra. En eins og ég sagði þá er staðan sú núna að allar líkur eru á því að ekki verði farnar þær leiðir sem hafa verið uppi í umræðunni.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert undanhald byrjað, segir hæstv. félmrh. en ræða hæstv. félmrh. staðfesti að undanhaldið er byrjað. Það verða engir málaflokkar færðir nema með samráði. Auðvitað er þetta árangur af viðbrögðunum í þjóðfélaginu og það er mjög athyglisvert að fá það fram hér við þessa umræðu að hæstv. ráðherrar eru þó farnir að hrökkva til baka og veitir ekki af að bregðast hart við.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð vegna fullyrðinga og upplýsinga hæstv. félmrh. um

fjárhag sveitarfélaga og hag þeirra af verkaskiptalögunum og þjóðarsáttinni. Það var að því stefnt með verkaskiptalögunum að bæta hag sveitarfélaga. Á þeim tíma var staðan þannig að 9 af 30 kaupstöðum landsins höfðu ekki rekstrartekjur fyrir rekstrarútgjöldum. Þannig var það beinlínis markmið þessara aðgerða að bæta stöðu sveitarfélaganna og gera þeim kleift að sinna sínu hlutverki. Með þessum aðgerðum sem hér hafa verið boðaðar er verið að leggja á sveitarfélögin eða taka af tekjum fyrir samtals um 1.100 millj. kr. og það er býsna hart að taka allan ávinninginn af þeim á sama tíma og býsna mörg sveitarfélög á landsbyggðinni, einkum í sjávarplássum, verða að leggja tugi og hundruð milljóna í atvinnufyrirtæki í vetur. Með hvaða peningum eiga þau að borga þær skuldir, virðulegur forseti?

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var næsta átakanlegt að hlýða á hæstv. félmrh. áðan. Það er alveg ljóst að samviskan er eitthvað farin að rumska hjá hæstv. ráðherra miðað við þær tilfinningar sem komu fram í hennar máli. Mér finnst hins vegar ekki nóg að hæstv. ráðherra komi hér og segi: Ég er að falla frá þeim tillögum sem ég hef gert í málefnum fatlaðra, það eru aðrar tillögur sem eru komnar til skoðunar.

Ég geri kröfu til þess, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra upplýsi það hér við umræðuna hverjar þær tillögur eru sem nú eru til umræðu. Eigum við að ræða hér um fjárlög við 2. umr. og ráðherrarnir eru á hlaupum frá eigin tillögum án þess að upplýsa þingið um það hvað það er sem þeir eru að leggja til? Ráðherrar sem hafa í raun brotið lög, virðulegur forseti, í sambandi við skyldugt samráð við sveitarfélögin í landinu. En þeir eiga líka skyldur við þingið og þess vegna bið ég hæstv. félmrh. um að koma hér upp í stólinn og upplýsa okkur um í hverju undanhald hans er fólgið frá fyrri tillögum. Hvað það er sem ráðherrann er nú að leggja til til þess að hafa af sveitarfélögunum þann hlut sem leiðréttur var að nokkru með breytingu á verkaskiptingalögunum fyrir nokkrum árum?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það ekki vænlegt til þess að ná niðurstöðu í þessu máli að fara að upplýsa hér ýmsar leiðir sem eru til skoðunar með Sambandi sveitarfélaga og sveitarfélögunum um niðurstöðu í þessu máli. Eins og ég sagði, það eru ýmsar leiðir sem menn eru að skoða. Við höfum átt fundi með Sambandi sveitarfélaga og munum halda því áfram og það mun væntanlega skýrast fljótlega hvaða leiðir verða farnar í því máli.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er afar fróðlegt að heyra viðbrögð hæstv. ráðherra í sambandi við óskir um að fá upplýsingar um í hverju tillögur ráðherrans eru fólgnar. Hverjir eru það sem næst á að leggjast á þegar hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra fellur frá því að færa málefni fatlaðra yfir á sveitarfélögin? Eru það kannski aldraðir sem eiga næst að verða fyrir barðinu á tillögum ríkisstjórnarinnar?

Ég geri kröfur til þess að hæstv. ráðherra greini þinginu frá því hér við 2. umr. málsins um hvað er verið að ræða, því þó það sé gott og gilt að rætt sé við sveitarfélögin í landinu þá er það þó Alþingi sem á að taka ákvarðanir um mál. Ég held að það væri vænlegra fyrir hæstv. ríkisstjórn ef hún ætlar að koma fjárlögum ríkisins fram hér fyrir hátíðar, fyrir lok þessarar viku, eins og starfsáætlun þingsins gerir ráð fyrir, að koma hér og byrja að upplýsa um það í hverju undanhaldið er fólgið og hverjir það eru sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggjast á næst eftir að hún fellur frá því að taka á málefnum fatlaðra eins og kynnt hafði verið.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er að verða með hreinum eindæmum. Við erum hér í 2. umr. um fjárlög og á morgun er boðaður fundur í sameinaðri fjárln. Að þessu sinni fær stjórnarandstaðan að vera viðstödd. Ég hlýt að beina máli mínu til hæstv. forseta og spyrja hana hvort henni finnist við hæfi að hér sé verið að ræða um að nú sé hætt við ýmsar hugmyndir sem uppi voru um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en ekki látið uppi hverjar aðrar ráðstafanir séu fram undan eða á borðum hæstv. ríkisstjórnar.

Ég spyr og bendi um leið á að í dag er 12. des. Samkvæmt nýjum þingskapalögum skal 3. umr. fjárlaga hefjast eigi síðar en 15. des. Það er auðvitað lýðum ljóst að sú umræða hefst ekkert 15. des. og ég kann engin önnur ráð við því en að nauðsynlegt hljóti að vera að breyta þingskapalögum ef það tekst ekki. Nú kynnu mestu lögfræðingar á hv. Alþingi að kunna einhverjar leiðir, ég fæ ekki séð þær.

Ég held þess vegna að við, sem höfum verið kjörin til að sitja í fjárln. Alþingis, eigum rétt á því að vita hvað okkur er ætlað að gera næstu daga. Okkur kynni að langa til að vita hvar á að taka það fé sem við eigum að útdeila og mætti auðvitað nefna ótal dæmi um það þar sem allt stangast á, það sem við heyrum í fréttum, það sem við sjáum í brtt. meiri hluta fjárln. o.s.frv. Ég hlýt að biðja hæstv. forseta að upplýsa þingið um hvenær þessu gríni eigi að ljúka svo hægt sé að hefjast handa um að vinna að fjárlagagerð. Það hefur ekkert verið gert hingað til. Það vita allir þeir hv. þm. sem í fjárln. sitja.

Ég vil einnig spyrja: Hvenær er hugsunin að við ljúkum þingstörfum fyrir jól? Og ef við ljúkum ekki fjárlagagerð fyrir jól, hvenær er þá hugsað að kalla okkur saman eftir jól? Það er ekki hægt að sitja svona í lausu lofti viku eftir viku, slíkt er ekki hægt að bjóða hv. Alþingi. Ég held að það hljóti að vera komið að hæstv. forseta að upplýsa okkur um hvað menn séu að hugsa í hæstv. ríkisstjórn og hv. forsætisnefnd.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þessara orða hv. 14. þm. Reykv. vill forseti upplýsa um að það hafa verið samráðsfundir daglega

og fleiri en einn á dag milli þingflokksformanna og forseta þingsins um þingstörfin, eins og held ég að sé óhætt að segja að venja sé þegar komið er fram á þennan tíma í þingstörfum og nálgast lok áður en jólahlé hefst. Ég held að allir hv. þm. séu meðvitaðir um að það byggist á hvernig okkur gengur að vinna hér að þingstörfum, bæði í nefndum og á þingfundum, hversu hratt málin komast áfram. Öðruvísi getur forseti ekki svarað því. Varðandi það hvernig vinnan fer fram í fjárln. verður forseti að vísa til fjárlaganefndarmanna sjálfra. Væntanlega ræða þeir um þau mál sem snýr að þeirri nefnd sem hv. þm. nefndi hér áðan.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði: Telur hæstv. forseti að 3. umr. fjárlaga hefjist eigi síðar en 15. des., sem raunar verður að vera 14. þar sem 15. er sunnudagur? Getur 3. umr. fjárlaga hafist á laugardaginn kemur að mati hæstv. forseta? Ég vil fá svar við því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vildi gjarnan geta gefið beint svar við þessari spurningu. Samkvæmt þingsköpum á 3. umr. að hefjast í síðasta lagi 15. des. og á morgun er þess að vænta að atkvæðagreiðsla við 2. umr. um fjárlagafrv. fari fram.

Það eru til leiðir til að uppfylla þessi ákvæði í þingsköpum og það kemur væntanlega í ljós að hægt verður að leysa það vandamál án þess að breyta lögum um þingsköp fyrir laugardaginn næsta.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú bersýnilegt að það er mjög erfitt að koma þessu við með 3. umr. á laugardaginn. Það er mál sem greinilega þarf að fara betur yfir. Ég er alveg sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um það.

Hitt er einnig mjög mikið umhugsunarefni að hér hefur komið fram að ríkisstjórnin hefur verið að fjalla um fjárlögin að undanförnu og hefur lagt tilteknar forsendur fyrir fjárln. Hún hefur kynnt málin fyrir fjárln. M.a. var fjárln. sagt að það ætti að skera niður 400 millj. af þjónustu við fatlaða og fjárln. reiknaði með því og menn hafa haldið sínar ræður út frá því.

Nú verð ég að segja fyrir mig að þrátt fyrir undanhald hæstv. félmrh., sem ég fagna mjög, þá treysti ég því ekki að niðurstaðan verði ekki sú að eitthvað af þessu verði flutt yfir á sveitarfélögin þannig að nauðsynlegt er að halda áfram að passa félmrh. í þessu efni. Hitt er alvarlegra að hinar efnislegu forsendur fjárlagaumræðunnar eru allt aðrar en þær voru áðan. Allt aðrar. Og hæstv. félmrh. neitar áskorun frá hv. 4. þm. Austurl. um að greina frá því hvað verið sé að ræða við sveitarfélögin og ég spyr: Eiga alþingismenn ekki fyrst að ræða það á Alþingi sem verið er að ræða um við sveitarfélögin, eða a.m.k. við fjárln.?

Ég ætla út af fyrir sig ekki, virðulegi forseti, að óska eftir því að gert verði hlé á störfum þingsins og tekin fyrir einhver önnur mál vegna þess að aðstæðurnar til að ræða fjárlögin eru aðrar núna en þær voru fyrir klukkustund. En ég held að það hljóti að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir forsetann þegar staðan er orðin þannig að hæstv. félmrh. er blessunarlega flúin af hólmi með þessa tillögu sem hún flutti eftir næturfundinn góða í ráðherrabústaðnum um síðustu helgi, en er núna að reyna að finna einhverja aðra tillögu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. forseti og formenn þingflokkanna ræði þessi mál aðeins á eftir. En mér er kunnugt um að þau ætla að hittast til að fara yfir stöðuna því við erum að tala um fjárlögin við allt aðrar aðstæður en þegar umræðan hófst. Það er alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að um málin verði rætt mjög ítarlega og það fyrr en seinna vegna þess að það er auðvitað tóm vitleysa að halda umræðunni áfram með þeim hætti sem virðist vera að gerast núna því að ég er að gera mér vonir um það að ráðherrarnir hlaupi frá fleiri vitlausum tillögum en þessari einu, að það verði ein af annarri í þessari spilaborg sem hrynur hér á næstu klukkutímum.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að vera afar óskýr í framsetningu máls míns, en ég skal nú reyna að skýra það.

Það ber, lögum samkvæmt, að hefja 3. umr. fjárlaga eigi síðar en 15. des. og það er á sunnudaginn. Í dag er fimmtudagur. Við erum að ræða . . . (Gripið fram í.) Það virðist ekki vera að menn hafi gert sér ljóst að í dag er fimmtudagur, fimmtudagurinn 12. des. Hæstv. forseti talar um að það verði kannski hægt að hafa atkvæðagreiðslu til 3. umr. á morgun. Þá er kominn föstudagurinn 13. des. Svo mikið veit ég vegna starfa minna á Alþingi að starfslið þingsins þarf a.m.k. sólarhring til að vinna tæknivinnu svo að hægt sé að leggja fram frv. til 3. umr. þó að það viti hvað í því á að standa en þess utan veit það enginn. Og ég hlýt að spyrja: Til hvers eigum við hv. fjárlaganefndarmenn að koma saman í fyrramálið eftir umræðuna í dag? Hvers vegna má það ekki dragast fram yfir helgi vegna þess að þetta er útilokað og sér hver heilvita maður að þetta næst ekki. Ég er ekki að tala um hvernig unnið hefur verið að þessu eða ræða um pólitíska ágreining, heldur einfaldlega að benda á að þetta ekki hægt tæknilega séð. Satt best að segja er ekki mikil virðing sýnd hinu háa Alþingi með því að menn skuli enn þá tala um að þetta geti náðst. Hæstv. forseti, ég hlýt þá að spyrja: Hvernig á það að nást?

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef þá trú að í senn muni takast að uppfylla þau ákvæði þingskapalaga, sem hafa verið gerð að umtalsefni, og jafnframt tryggja það að mál nái fram með eðlilegum hætti. Samstarf hefur verið ákaflega gott undanfarna daga í þinginu. Formenn þingflokka hafa hist nánast upp á hvern einasta dag og náð saman um hvernig ætti að skipa þingstörfunum, undir stjórn forseta þingsins að sjálfsögðu. Stjórnarandstaðan bar fram þá ósk í gær að umræðunum, sem eru í miðjum klíðum, yrði frestað um einn dag þegar ákveðnir aðilar hefðu lokið máli sínu. Um það náðist

samkomulag en í staðinn voru tekin fyrir önnur mál í gærkvöldi sem voru síðan greidd atkvæði um í lok fundar. Ég held að það sé allt of snemmt hjá hv. 14. þm. Reykv. að gera því skóna að 3. umr. fjárlaga þurfi ekki að fara fram fyrr en í janúar. Ég tel satt að segja engar líkur á að svo þurfi að fara. Ef allir leggjast á eitt eins og gert hefur verið undanfarin dægur þá sýnist mér að þingstörfunum ætti að geta lokið um eða upp úr miðri næstu viku. En það byggist auðvitað á því að menn taki höndum saman. Vissulega er rétt að uppfylla þarf þetta ákvæði þingskapalaga um að 3. umr. fjárlaga hefjist eigi síðar en á laugardaginn. Það eru til leiðir til að uppfylla það ákvæði en auðvitað þarf að ná um það samkomulagi og ég vonast til að það mál verði rætt á fundinum sem hv. 9. þm. Reykv. minntist á að fram mundi fara síðar í dag.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Við höfum heyrt ráðherra og talsmenn ríkisstjórnarinnar segja á Alþingi undanfarna daga að nú séu tekin upp ný vinnubrögð í afgreiðslu fjárlaga og ýmsum fleiri málum. Undir þetta held ég að allir stjórnarandstæðingar hljóti að geta tekið. Því svo gjörsamlega ólík eru þau vinnubrögð sem við kynnumst nú, m.a. hér í dag, því sem við höfum átt að venjast þegar 2. umr. fjárlaga fer fram.

Hv. 8. þm. Reykv. lagði áherslu á að allir þingmenn þyrftu að taka saman höndum og vinna nú að framgangi mála. En fyrsta skilyrðið til að menn geti tekið saman höndum og unnið að málum er að sjálfsögðu það að vita að hverju menn eiga að vinna.

Hæstv. forsrh. sagði að vísu í útvarpi í gærkvöldi að nú væru allar tillögur komnar fram og nú væri ekkert annað eftir en að afgreiða þetta, einn tveir og þrír, á Alþingi á örfáum dögum. En svo kemur það í ljós hjá hæstv. félmrh. að þessu er á annan veg farið. Hún segir að það megi vænta þess að jafnvel ekkert af þeim tillögum sem áttu að fjalla um 400 millj. kr. niðurskurð á útgjöldum ríkisins muni sjá dagsins ljós þegar upp verður staðið. Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til að menn geti unnið að málum þegar svona er allt í lausu lofti? Minni hluti í fjárln. óskaði eftir að fá fulltrúa frá þeim samtökum og stofnunum sem tillögur hæstv. ríkisstjórnar náðu til í sambandi við breytingar á fjárlagafrv., til viðræðu áður en þessi umræða færi fram til þess að vita eitthvað frekar um hvað ætti að tala. En við því var ekki orðið. Þess vegna stöndum við og eigum að ræða þetta mál án þess — eins og nýlega hefur komið fram — að vita raunverulega hvað er verið að ræða um. Að vísu hafa komið fram svo margar hugmyndir og tillögur að það er af nógu að taka að ræða það þó ekki sé alveg ljóst hvað muni endanlega verða ofan á.

Hv. 6. þm. Reykn., frsm. meiri hluta fjárln., hóf ræðu sína á svipaðan hátt og hæstv. forsrh. hefur gert í allt haust, þ.e. að ræða um fortíðarvanda. Að vísu gekk hann lengra en ég hef nokkurn tímann heyrt hæstv. forsrh. gera þar sem hann fór allt aftur til 17. aldar, til fæðingar Jóns Hreggviðssonar, þegar hann var að fjalla um fjárlagafrv. Vissulega er von að það sé þung byrði að bera ef menn eiga að taka inn í það allan þann vanda sem síðan hefur dunið yfir íslenska þjóð.

En að sjálfsögðu skiptir það mestu máli sem er fram undan og það sem við erum að glíma við í dag. En hv. frsm., 6. þm. Reykn., tók hæstv. forsrh. líka til fyrirmyndar á fleiri vegu og ræddi í hörðum umvöndunartón um opinbera starfsmenn og hafði þar uppi hótanir. Ef þeir væru ekki góðu börnin þá yrðu þeir reknir. Ég held að mikil óvissa hljóti að vera í hugum margra opinberra starfsmanna eftir þessa ræðu og aðrar ræður núv. stjórnarflokksmanna. Til dæmis hefur nokkuð verið rætt um skólamál og þann niðurskurð sem á að koma til framkvæmda í útgjöldum skóla. Framsögumaðurinn sagði að fjárveitingarnar ættu að ákvarðast af *Alþingi og að sjálfsögðu er það rétt, en jafnframt* að fjárln. gerði sér best grein fyrir því hvaða þörf væri til fjármagns til reksturs hverrar stofnunar. Og ef forstöðumaðurinn færi síðan ekki eftir því þá yrði hann rekinn. Hvernig er t.d. með skólastjóra sem eiga að uppfylla skyldu sína samkvæmt lögum um kennslu og sjá fram á það að þeir geti ekki gert það ef þeir eiga að verða innan við mörk þess sem fjárlögin skammta þeim? Eiga þeir þá að segja af sér til að verða ekki reknir? Eða til hvaða ráða eiga þeir að grípa? Að vísu er það svo með þessa nýju skipan sem er að sjálfsögðu alveg nýtt fyrirbæri eins og margt fleira, skorin niður laun um ákveðna prósentu og síðan fær ráðherra í hendur skiptimynt, þ.e. allháar upphæðir til að skipta og bæta úr sárustu neyð. Þá kemur í hug það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér áðan, þ.e. um fjárveitingavaldið. Í umræðum í efh.- og viðskn. um brtt. hv. 5. þm. Vestf. við frv. um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var af starfsmönnum fjmrn. bent á að það væri vafasamt að Alþingi afsalaði sér fjárveitingavaldi í svo ríkum mæli að fela fjmrh. slíka undanþáguheimild. En hversu miklu lengra er ekki gengið hér þegar nærri því einum milljarði er úthlutað til ráðherra til að skipta eftir þeirra eigin geðþótta.

Um leið og hv. 6. þm. Reykn. hótaði opinberum starfsmönnum gaf hann þeim sem tækist ekki að standa við *þann nauma skammt sem Alþingi úthlutar heitið* sukkarar. (Gripið fram í.) Mun það gilda um alla þá sem hann telur að eyði meira en þörf er á. Ég vil ítreka að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gæta aðhalds og sparsemi í hvívetna. Það þarf að sjálfsögðu að leggja mikla áherslu á það. En ef mönnum er ætlað að gera ómögulega hluti þá er hart að fá slíkt viðurnefni. Hv. 6. þm. Reykn., sem jafnframt er 3. varaforseti Alþingis, virtist vera fljótur að koma auga á að ekki væri nú allt í lagi hjá hv. Alþingi og ætlar að taka þar til hendinni. Að vísu kom fram í máli hans að hann teldi að kjör þingmanna væri kannski það sem væri nú mest athugavert við.

Ég vonast til að hv. þm. hafi sagt þetta frekar í fljótfærni en að mjög vel yfirveguðu ráði. Eins og ég sagði í upphafi er að sjálfsögðu af mörgu að taka sem hægt er að ræða um við þessa umræðu. En það sem var efst í huga mínum eru nokkur atriði í sambandi við

landbúnaðarmál. Því miður er hæstv. landbrh. ekki viðstaddur umræðuna og hefur fjarvistarleyfi af lögmætum ástæðum. En þar sem ég veit að þær tillögur sem þarna koma fram frá hæstv. fjmrh. eru ekki samþykktar með ljúfu geði af hæstv. landbrh. þá hlýt ég að víkja að þeim og beina þeim fyrst og fremst til hæstv. fjmrh. þó svo það snerti óhjákvæmilega landbrh. En samkvæmt þeim brtt. sem liggja fyrir frá meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir því að upphæð sú sem ætluð er til beinna greiðslna til bænda verði lækkuð um 295 millj. kr. Fyrr á árinu gerði Stéttarsamband bænda samning við ríkisvaldið um framkvæmd búvörulaga næstu sex árin. Þar var að sjálfsögðu reynt að mætast á miðri leið og reynt að vega og meta hver ávinningur væri af samningnum fyrir báða aðila. Það var útreiknað að ríkið mundi á þessu tímabili spara sér mikil fjárframlög miðað við það að óbreytt lög og reglur hefðu gilt þann tíma. Á móti sömdu bændur um ýmis atriði sem þeir töldu sér vera mjög mikilvæg og réttlættu þá það að komið væri til móts við kröfur ríkisins. Einn mikilvægasti liðurinn í þessu var samningur um að sauðfjárbændur fengju helming afurðaverðsins greiddan beint til sín án þess að það kæmi inn í afurðaverðið og það kæmi í staðinn fyrir núverandi niðurgreiðslur. Í samningnum er kveðið á um að fyrirframgreiðslurnar skuli koma frá 1. mars og þangað til uppgjör hefur farið fram í desembermánuði. Samkvæmt samningnum var gert ráð fyrir að breyta þyrfti lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara í samræmi við samninginn. Dregist hefur að frv. verði lagt fram á Alþingi. Ég spurði hæstv. landbrh. að því fyrir rúmri viku hvenær þess væri að vænta. Lokaorð hans voru þessi, með leyfi forsta: „Með sama hætti tel ég það óhjákvæmilegt að hv. þm. hafi tíma til að kynna sér og fara rækilega yfir frv. eftir að það hefur verið lagt fram, sem ég vonast til að verði fyrir jólin þannig að það verði ekki afgreitt frá þinginu fyrr en á næsta ári, en þó nægilega snemma til þess að framkvæmd búvörusamningsins sé ekki í hættu."

Eins og ég sagði áðan eru beinu greiðslurnar eitt af mikilvægustu atriðum búvörusamningsins.

En svo gerist það því miður tveimur eða þremur dögum eftir að hæstv. landbrh. segir þau orð að hann vonist til að búvörusamningurinn þurfi ekki að vera í hættu eða fullyrðir það nærri því, að fram kemur tillaga um að fresta einum sjötta hluta af þessum greiðslum, sem áttu að koma á árinu 1992, til ársins 1993. Hér er um að ræða, miðað við þá samninga sem ríkið er búið að gera, sambærilega aðgerð og ákveðið væri að fresta launagreiðslum til allra starfsmanna ríkisins tveggja síðustu mánaða ársins fram yfir áramót. Það er verið að taka tveggja mánaða laun sem samkvæmt samningi átti að greiða á árinu 1992 og fresta útborgun þeirra fram yfir áramót.

Ég held ekki að nokkrum ráðherra hefði dottið í hug að koma svona fram við aðra, sem laun áttu að fá frá ríkinu, en bændur. Hér er því verið að taka eina stétt út út, sauðfjárbændur, og láta hana fá allt aðra meðferð í sambandi við þetta grundvallarkjaramál. Þessi ákvörðun staðfestir því miður það sem reyndar kemur fram á fleiri sviðum í aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar, a.m.k. eins og þær hafa verið kynntar, að aðgerðirnar ganga ekki jafnt yfir alla. Það er verið að taka einstaka hópa út úr og láta þá bera þyngri byrðar en aðra. Þarna er aðeins um að ræða að ríkið ætlar sér að fresta í tvo mánuði að greiða þetta, getum við sagt, eða kannski er það í sex ár. Því ef þessi regla verður tekin upp mundi það þýða að þessi greiðsla kæmi ekki fyrr en í lok samningstímans.

Því miður er það svo að það er á fleiri vegu sem bændur og landbúnaðurinn er sérstaklega tekinn út úr. Ég hef nýlega rætt um skerðingu á Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem á að byggja upp nýjar atvinnugreinar í stað þeirra sem skera verður niður og ég skal ekki endurtaka það að þessu sinni. En miðað við það sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan um að nú ætti að taka til endurskoðunar þær tillögur, sem ríkisstjórnin hafði lagt fram á málefnum félmrn., þá gefur það vonir um að mál verði tekin til endurskoðunar á fleiri sviðum. Ég vil sérstaklega víkja að þessu atriði hvernig farið er þarna með launalið bóndans. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann telji að þetta standist. Þegar ríkið hefur gert svona samning um greiðslu launa, er þá mögulegt fyrir ríkið að segja einhliða: Ég borga þetta bara ekki neitt á gjalddaga? Er ekki möguleiki fyrir bændur að sækja það með dómi ef ekki á að standa við það með öðru móti? Eða hefði hæstv. fjmrh. dottið í hug að koma svona fram við nokkra aðra stétt eða starfshópa?

Hér voru atvinnumál til umræðu fyrr í dag og hv. 2. þm. Norðurl. v., varaformaður fjárln., ræddi um að mikið ætti að gera fyrir sjávarútveginn. Það er athyglisvert að þau atriði, sem hann nefndi, voru ekki fjárveitingar, framlög eða tekjuaukning fyrir sjávarútveginn, eins og þegar hefur verið bent á m.a. af hv. 8. þm. Reykn., það var frestun á afborgunum lána, betri kjör á lánum. En það er athyglisvert að hv. 2. þm. Norðurl. v. skuli nú lofsyngja þá aðgerð eftir allar þær ræður sem hæstv. forsrh. hefur haft um fányti aðgerða fyrrv. ríkisstjórnar þegar skuldbreytingar áttu sér stað og lánakjör voru reyndar bætt. En það taldi hann hámark óráðsíunnar og vitleysunnar hjá fyrrv. ríkisstjórn þegar hún beitti sér fyrir slíkum aðgerðum. Nú er þetta annað dæmið sem hv. 2. þm. Norðurl. v. telur sig geta nefnt til að styðja sjávarútveginn. Hitt dæmið var að menn væru ekki skyldugir að greiða inn í sinn varasjóð sem vissulega bjargar mönnum í bili en eykur ekkert eignir fyrirtækisins. Síðan hefur líka verið bent á hvaða baggar eru svo settir á sjávarútveginn með þessu fjárlagafrv. Ég var að reyna að spyrja hæstv. forsrh. að því fyrir fáum dögum hversu mikla bagga ríkisstjórnin hefði sett á atvinnuvegina, reyndar á ríkissjóð líka, með vaxtahækkuninni á sl. vori. En ef við bætum þeim böggum við þá sem nú er verið að setja á atvinnuvegina með fjárlagafrv. þá er ég alveg viss um að sú upphæð er komin langt upp fyrir þær tölur sem hér eru tíndar fram vegna frestunar á greiðslum og hv. 2. þm. Norðurl. v. var að telja sem stuðning.

Því miður er það svo að staða atvinnuveganna hefur gjörbreyst svo núna á tæpu ári að ekki er hægt sam-

an að líkja. Það var satt að segja ánægjulegt þegar við frambjóðendur komum í fyrirtækin á afliðnum sl. vetri og heyrðum þá bjartsýni sem þar var víða ríkjandi. Þetta væri allt að lagast, afkoma síðasta ár hefði verið allt önnur heldur en áður og menn eygðu von um að nú biði betri tíð. Það var aðeins eitt sem menn óttuðust og það var ef Sjálfstfl. kæmist til valda. Það heyrðum við gjarnan í fyrirtækjunum. (**Gripið fram í:** Einkum meðal íhaldsmanna.) Já, hv. þm., og meira að segja *voru einu ádrepurnar eða aðaláðrepurnar sem við fengum* þær að við værum ekki nógu duglegir að hamra á þessu og berjast fyrir okkar flokk til að koma í veg fyrir það stórslys sem af því mundi hljótast ef Sjálfstfl. færi með forustu í ríkisstjórn að kosningum loknum. Því miður gerðist það og því miður hefur svartsýni þessara framsýnu manna ræst um þetta atriði. Það er því ekki að ástæðulausu sem mönnum verður tíðrætt um afkomu atvinnuveganna í sambandi við gerð fjárlagafrv. og annarra þeirra frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á Alþingi nú.

Ég skal ekki tefja tímann lengur nú vegna þess sem hér hefur nýlega komið fram að við vitum raunverulega lítið um hvað við erum að tala. Við verðum að lifa í voninni um að hæstv. ríkisstjórn komi fram með réttlátari og markvissari tillögur en okkur sýnist hafa birst í þeim hugmyndum, á þá kannski að segja, sem varpað hefur verið fram við 2. umr. fjárlagafrv. þannig að þegar kemur að 3. umr. geti menn verið sáttari við þá niðurstöðu sem þar fæst og sérstaklega horft fram á bjartari framtíð en því miður virðist vera nú á þessum dögum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns minna á að stjórnarandstaðan setti fram þá eðlilegu ósk sem forsendu þessarar umræðu að þeir ráðherrar, sem við þyrftum að tala við, væru viðstaddir umræðuna. Nú mun ég óska eftir því að fá að eiga viðræður við, auk fjmrh., hæstv. heilbrrh., hæstv. félmrh., hæstv. forsrh., hæstv. iðnrh. og hæstv. menntmrh. Og ég óska eftir því að stjórnarliðið hér á Alþingi standi við sinn hluta af samningnum og þessir ráðherrar verði viðstaddir a.m.k. þann hluta ræðu minnar sem að þeim snýr. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að forsrh. og hæstv. iðnrh. komi í þinghúsið en hæstv. heilbrrh. er hér í húsinu ásamt með félmrh. og hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. sem gengur í salinn.) Já, ég þakka fyrir það og óska eftir því að tryggt sé að þeir verði viðstaddir þann hluta ræðunnar sem að þeim beinist.

Í gær flutti formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, framsöguræðu fyrir meiri hluta nefndarinnar. Það vakti athygli að í ræðu hans var lítið sem ekkert vikið að þeim höfuðþáttum fjárlagagerðarinnar sem launafólkið í landinu og samtök þess hafa mótmælt. Nú gerist það í dag að okkur eru fluttar þær fréttir að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur ákveðið að segja af sér formennsku í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur með þeim orðum sem birt eru í Dagblaðinu í dag að hann hafi verið og verði hér á Alþingi talsmaður fyrir ýmsar aðgerðir sem ganga þvert á hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar og segir orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég get ekki látið félaga mína í verkalýðshreyfingunni líða fyrir það að ég er í forsvari fyrir ýmsum óvinsælum aðgerðum í fjárlaganefndinni. Þess vegna tók ég þá ákvörðun að gefa ekki kost á mér áfram sem formaður félagsins."

Ég vil segja það í upphafi ræðu minnar að mér finnst þessi ákvörðun þingmannsins drengileg, heiðarleg og sýna samkvæmni og karlmennsku sem er virðingarverð. Það gerist ekki oft í stjórnmálum okkar að þingmenn og forustumenn í stjórnmálum átti sig á því að það verður að vera trúnaðar, heilindi og samkvæmni í því sem þeir gera og segja. Ég hafði hugsað mér í dag að spyrja þennan hv. þm., sem um tveggja áratuga skeið hefur gegnt formennsku í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, hefur verið í miðstjórn Alþýðusambandsins og varaformaður Verkamannasambands Íslands um langt árabil, hvernig það væri hægt að vera hér á Alþingi talsmaður fyrir stórfelldri kjararýrnun og réttindasviptingu launafólks og halda áfram að óska eftir trúnaði launafólksins í landinu. Þingmaðurinn hefur sjálfur í verki veitt svör við þeim spurningum. Það tel ég virðingarvert og drengilegt og ætla þess vegna ekki að víkja neinum fleiri orðum að þeirri mótsögn og þeirri ósamkvæmni sem kynni að vera í því að vera forustumaður fyrir samtök launafólks, óska eftir trúnaði þess og stuðningi en standa síðan að því sem hér er lagt til af hæstv. ríkisstjórn á Alþingi.

En hins vegar, virðulegi forseti, er óhjákvæmilegt að fá hæstv. félmrh. hingað í salinn því ég er hættur að óska eftir því að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., sé í salnum, það þjónar engum tilgangi að óska eftir því. Auðvitað er eðlilegt þegar okkur berast þær fréttir að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur ákveðið að gegna ekki áfram formennsku í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur að spurt sé: Hvernig fær forusta Alþfl., þess flokks sem um áratugi var í senn Alþfl. og Alþýðusamband Íslands, það til að ganga upp að vera flutningsaðili og stuðningsflokkur ríkisstjórnar sem flytur þessar tillögur? Það er ekki hægt að halda þessari umræðu áfram án þess að a.m.k. hæstv. félmrh., varaformaður Alþfl., sé í salnum til þess að taka þátt í þessari umræðu. Launafólkið í landinu, kjósendur Alþfl., þeir sem veitt hafa Alþfl. trúnað, hljóta að spyrja sjálfa sig þeirrar spurningar hvernig þingmenn Alþfl. geta á Alþingi greitt atkvæði tillögum sem hafa orðið til þess að hv. þm. Karl Steinar Guðnason treystir sér ekki lengur til þess að vera formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og formaður í fjárln. Hvernig treystir hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, sér til þess að vera áfram félmrh. og bera meginhlutann af þeim verkum sem er verið að kvarta undan?

Það er kannski rétt að rifja upp að í septembermánuði gekk hæstv. félmrh. á fund forsrh. og tilkynnti honum að varaformaður Alþfl., hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir, treysti sér ekki til þess að standa

að því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu nema hún fengi tryggingu fyrir því að áður en frv. væri afgreitt yrðu samþykktar hér á Alþingi umfangsmiklar aðgerðir til lífskjarajöfnunar í þágu launafólks. Og nú er spurt: Hvar eru þessar aðgerðir? Hvar eru loforðin sem hæstv. félmrh. fékk í Stjórnarráðshúsinu á fundi með hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.? Hæstv. félmrh. ætti að horfa í kvöld á sjálfa sig á nýja sjónvarpsskerminum frá því í september segja við þjóðina þegar hún gekk út úr Stjórnarráðshúsinu: Ég hef ákveðið að standa að þessu fjárlagafrv. vegna þess að ég hef fengið tryggingu fyrir því — tryggingu fyrir því — að í afgreiðslu fjárlaganna komi til framkvæmda umfangsmiklar kjarajöfnunaraðgerðir, húsnæðisbætur, láglaunabætur og fjölmargt annað sem eykur kaupmátt og dregur úr lífskjarakostnaði láglaunafólksins í landinu. Ekkert af þessu er hér á dagskrá. Í staðinn er verið að safna í frumvörpum ríkisstjórnarinnar til kjaraskerðingar hjá barnafólki með lág laun sem nemur tugum þúsunda á ári. Í því frv. sem hæstv. fjmrh. hefur flutt er lagt til að kaupmáttur fólks, venjulegs launafólks, með þrjú börn lækki um 51 þús. kr. á ári. Það eru mánaðarlaun venjulegs verkafólks. Það eru lífskjarabæturnar. Það eru loforðin, að skerða kaupmátt barnafólks sem nemur einum mánaðarlaunum verkamanns, verkakonu og verkakarls.

Hæstv. forseti. Ég ítreka enn ósk mína um að hæstv. félmrh. þori að vera í salnum við þessa umræðu. Að hæstv. félmrh. sitji ekki í hliðarherbergjum eða á göngum þingsins eða loki sig inni í þingflokksherbergi Alþfl. heldur komi í salinn og þori að heyra að hennar eigin orð séu rifjuð upp, þori að heyra spurninguna: Hvar eru loforðin sem hún gaf launafólkinu í landinu og kjósendum Alþfl., á tröppum Stjórnarráðshússins loforðin sem hún sagði að væru skilyrði fyrir því að hún styddi það fjárlagafrv. sem hér er til umræðu? (**Forseti:** Forseti vill trufla hv. þm. með því að segja að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hæstv. félmrh. verði hér í fundarsalnum.)

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að spyrja hvaða ráðstafanir það eru. Ef hæstv. félmrh. vill vera ein með samvisku sinni, innilokuð í þingflokksherbergi Alþfl. í þessu húsi, þá skil ég það kannski vel. Vegna þess að enginn af forustumönnum Alþfl. hefur á þessu ári gefið launafólkinu í landinu jafnafdráttarlaus fyrirheit og hún. Enginn af forustumönnum Alþfl. hefur gefið því fólki sem hefur verst kjör í þessu landi jafnskilyrðislaus fyrirheit og hún. Það er gott að hæstv. félmrh. er komin hér í dyragættina, komin til þess að svara okkur og þjóðinni. Hvar eru þær aðgerðir til lífskjarajöfnunar sem hæstv. félmrh. lofaði launafólkinu á Íslandi, kjósendum Alþfl., á tröppum Stjórnarráðshússins þegar hún kom út af fundinum með forsrh. og hæstv. utanrrh.? Við munum öll myndina, hæstv. félmrh., í sjónvarpinu þegar hún sagði: Ég hef fengið tryggingar fyrir því að þegar fjárlagafrv. verður afgreitt á Alþingi verða um leið afgreiddar fjölmargar aðgerðir til lífskjarajöfnunar, húsnæðisbætur, láglaunabætur og fjölmargt annað sem má tryggja kaupmátt launafólksins í landinu. Í staðinn, hæstv. félmrh., er hér frv. frá ríkisstjórninni sem skerðir tekjur venjulegs launafólks með þrjú börn sem nemur einum mánaðarlaunum verkafólks. Kjaraskerðing, hæstv. félmrh., varaformaður Alþfl. (**Félmrh.:** Hverjar voru þínar tillögur um barnabætur þegar þú varst fjmrh.?) Ég skal koma að því á eftir, hæstv. félmrh., það kemur bara málinu ekki við. Jafnvel þótt það væri þannig sem ekki er, að ég hefði gert eitthvað annað en það sem ég sagði, þá er það engin réttlæting fyrir hæstv. félmrh. að hafa sagt þjóðinni ósatt. Ljóst er að það gerði hún í dag. Það er ljóst þegar við erum komin hér í 2. umr. fjárlaga og það eina sem liggur á borðinu eru tillögur um að skerða kaupmátt launafólksins í landinu sem nemur einum mánaðarlaunum og sérstaklega hjá láglaunafjölskyldum með börn. Svo ætlast hæstv. félmrh. til þess að hún sé tekin alvarlega sem samviska Alþfl.

Ég vék að því í byrjun minnar ræðu, hæstv. félmrh., að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefði sýnt þann manndóm og þann drengskap — greinilegt er að hæstv. félmrh. á erfitt með að vera í salnum. Ég sagði það áðan að ég skildi það vel að samviskan væri svo þungbær þessa dagana að best væri fyrir hæstv. félmrh. að halda sig fjarri þingsalnum. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur sýnt þann manndóm og drengskap að segja af sér sem formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna þess, eins og hann segir í Dagblaðinu í dag, það samrýmist ekki að standa að þeim aðgerðum sem eru gerðar gagnvart launafólkinu í landinu og vera trúnaðarmaður þess launafólks. Væri ekki drengskapur og manndómur í því fyrir hæstv. félmrh. að segja líka af sér sem ráðherra félagsmála, málefna launafólksins, málefna verkalýðshreyfingarinnar, málefna fatlaðra og málefna sveitarfélaganna eftir allt það sem hún hefur fengið á sig, í ljósi alls þess sem hún hefur sagt á undanförnum mánuðum og árum um það hvernig hún mundi standa vörð um hagsmuni launafólksins, hvernig hún mundi standa vörð um það að auka kaupmáttinn, hvernig hún hefði fengið tryggingu hjá hæstv. forsrh fyrir því að fjárlögin yrðu ekki afgreidd nema umtalsverðar bætur kæmu til launafólksins? Hvernig hún hefur lýst því yfir að hún mundi þróa og efla málefni fatlaðra, standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna. Það eina sem heyrist frá hæstv. félmrh. þessa dagana er að standa vörð um húsbréfin og skamma Seðlabankann, og hvað felst í því? Það er að standa vörð um það að þeir sem eiga peningana í landinu geti hér á verðbréfamörkuðum keypt bréfin og átt þau með 9–10% raunvöxtum skattfrjálst. Það eru einu hagsmunirnir sem hæstv. félmrh. er að verja af kappi þessa dagana. Það eru hagsmunir fjármagnseigendanna sem geta keypt húsbréfin á 9–10% raunvöxtum og haldið arðinum af þeim kaupum skattfrjálst. Hver hefði trúað því að hæstv. félmrh. ætti eftir að verða helsti vinur fjármagnseigendanna og standa í forsvari fyrir aðgerðir gegn láglaunafólkinu í landinu, gegn fötluðum, gegn hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar og gegn sveitarfélögunum? Það þýðir ekkert að hrista hausinn, hæstv. félmrh., því að svona er veruleikinn. (**GHelg:** Þú mátt ekki láta ráðherrann gjalda þess að enginn annar hafi samvisku í Alþfl.) Ég sýni hæstv.

ráðherra þá virðingu að tala við hana eins og fullburða stjórnmálamann, stjórnmálamann sem ég hef tekið alvarlega og fólkið í landinu hefur tekið alvarlega. Ég tem mér ekki sams konar viðhorf og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl. Ég hef kosið að umgangast hæstv. félmrh. eins og fullburða, myndugan og sterkan stjórnmálamann. Ég segi það vegna þess að ég var einn af þeim sem trúðu því í haust, þegar hæstv. félmrh. birtist eftir fundinn í Stjórnarráðinu, að hún segði satt, hún hefði fengið loforð, hún hefði eitthvað í höndunum. Vegna þess að dögum saman hafði hæstv. ráðherra sagt við þjóðina: Ég styð ekki þetta fjárlagafrv. nema ég fái þessar tryggingar. Þess vegna spyrjum við nú, launafólkið spyr nú, þjóðin spyr nú, Alþfl. spyr nú: Hvar eru þessar tryggingar, hæstv. félmrh.?

Ætlar hæstv. félmrh. að koma til barnafjölskyldnanna í landinu fyrir jól og segja: Það sem gert var var að skerða kaupmátt fólks með venjulegar launatekjur og þrjú börn sem nemur einum mánaðarlaunum, um 51 þús. kr. Hverju ætlar hæstv. félmrh. að svara þessu fólki? Það hefur verið til umræðu á undanförnum árum að tekjutengja barnabætur, hæstv. félmrh. Ég hef lagt það til. Sú tekjutenging byggðist á því að fólki sem hefur mörg hundruð þús. kr. í mánaðarlaun léti af sínu í þágu þeirra sem væru með venjuleg laun, laun félagsmanna Alþýðusambandsins og BSRB. En hér er verið að skerða barnabæturnar til stórs hluta félagsmanna BSRB og ASÍ sem nemur einum mánaðarlaunum þessa fólks. Hæstv félrmh., við höfum líka lagt til að lagt yrði á hátekjuþrep í tekjuskatti. Við værum ekki að framkvæma skattkerfisbreytingar þar sem hækkaðir væru skattar á barnafólki en ekki á hátekjufólki sem ætti engin börn. Að hækkaðir væru skattar á venjulegu barnafólki en ekki hækkaðir skattar á fjármagnseigendum sem eru með milljónir króna skattfrjálsar á mánuði. Er þetta efnahagsstefna hæstv. félmrh.? Þetta er á samvisku Alþfl. Eða er kannski hæstv. félmrh. genginn í sömu björg og hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh.? Það ætlast enginn til þess að hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. standi að einhverju öðru. En hv. þm. Karl Steinar Guðnason er samvisku sinni trúr. Hann segir: Það samrýmist því ekki að fylgja þessum málum hér á Alþingi og vera kjörinn trúnaðarmaður launafólksins á Suðurnesjum og þess vegna segi ég því starfi af mér.

Hæstv. félmrh. sagði það fyrr í dag að hún væri að ganga til viðræðna við sveitarfélögin um að breyta því að málefnum fatlaðra væri fórnað á þessu næturaltari ríkisstjórnarinnar þegar kaupin voru gerð á eyrinni. Þegar hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. gerðu þann samning við hæstv. félmrh. að þeir skyldu láta húsbréfin í friði ef hæstv. félmrh. væri reiðubúinn að ganga þessa göngu gegn sveitarfélögunum og gegn málefnum fatlaðra. (Gripið fram í.) Hvort sem það er rétt eða rangt samkvæmt orðunum sjálfum, hæstv. félmrh., þá er þetta hin pólitíska niðurstaða: Að ríkisstjórnin lætur húsbréfin í friði en hæstv. félmrh. tekur að sér að hræra í málefnum fatlaðra og leggja til orrustu við launafólkið í landinu og sveitarfélögin. Hæstv. félmrh. sagði það fyrr í dag að hún hefði kallað forsvarsmenn sveitarfélaganna á sinn fund og ætladi að taka til endurskoðunar tillögurnar um málefni fatlaðra. Það fer vel á því, hæstv. félmrh., en það verður að segja það skýrt hér í þingsalnum að það er búið að draga til baka þá tillögu að fórna málefnum fatlaðra á þessu kaupaltari ríkisstjórnarinnar. Það var ekki skýrt hér í salnum. Það var gefið í skyn en það var ekki skýrt. Samtök fatlaðra eins og Þroskahjálp, Öryrkjabandalagið og foreldrar og ættingjar hinna fötluðu og þeir sjálfir, sem hafa fyllst ótta og ugg síðustu daga þegar þeir fengu felmtri slegnir þessar fréttir, eiga kröfu á því að hæstv. félmrh. svari því þá alveg skýrt í dag hvort hún er hætt eða ekki hætt við þessar tillögur. Þessari umræðu má ekki ljúka, virðulegi forseti, fyrr en hæstv. félmrh. hefur veitt skýr svör við því að hún sé búin að draga til baka allar þær tillögur sem snerta málefni fatlaðra í þessu fjárlagafrv., þær tillögur sem forsrh. kynnti eftir næturfundinn fræga. Ég ætla ekki að lesa upp fyrir hæstv. félmrh. ummælin sem samtök fatlaðra hafa haft um þennan gjörning. Ég ætla ekki að endurtaka fyrir hæstv. félmrh. þau ummæli sem starfsfólkið í málefnum fatlaðra hefur haft um þennan gjörning. Ég ætla ekki að endurtaka fyrir hæstv. félmrh. það sem sagt er í svæðisstjórnum fatlaðra um þennan gjörning. Allt það getur hún kynnt sér sjálf.

Það væri illur endir á ágætu starfi hæstv. félmrh. í þágu málefna fatlaðra, góðu starfi, sem hún á heiður skilinn fyrir á undanförnum árum, ef hún léti þá sem ráða í þessari ríkisstjórn fara þannig með sig að hún taki þátt í því að ganga gegn öllum sem hafa látið málefni fatlaðra til sín taka á undanförnum árum. Það er alveg ljóst að öll sú fylking er að stilla sér upp á móti þessum gjörningi ríkisstjórnarinnar og segir: Það á ekki að fara með málefni fatlaðra með þessum hætti.

Hæstv. félmrh. kappkostaði, þegar ég sat með henni í ríkisstjórn, að gera ekkert sem samtök sveitarfélaga gætu ekki sætt sig við. Við stóðum að því í sameiningu fyrir ári síðan, í desember, í aðdraganda fjárlagaafgreiðslu þá að gera samkomulag við samtök sveitarfélaga um það hvernig á breyttum tekjuhlutföllum ríkis og sveitarfélaga skyldi tekið. Ég skil ekki hvernig það getur gerst að ráðherra, sem af mínum kynnum vildi vanda sig jafn vel í samskiptum við sveitarfélögin, lætur annað eins henda sig og gerðist á næturfundinum fræga. Yfirlýsingin sem samtök sveitarfélaga hafa sent frá sér er auðvitað slíkur dómur yfir þessari framkomu og þessum vinnubrögðum að það þarf ekki að endursegja hann hér. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er hún reiðubúin nú, eins og við gerðum fyrir ári síðan, að gera það á forsendu þess sem ákveðið verður í þessu fjárlagafrv., að hún og fjmrh. og samtök sveitarfélaga séu sátt við niðurstöðuna?

Hvað var það sem við gerðum í fyrra eftir viðræður við samtök sveitarfélaga og nú spyr ég: Eru hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. reiðubúnir að gera hið sama nú? Fara ekki inn í þetta fjárlagafrv. nema það sé í sátt við samtök sveitarfélaga? Ekki er hægt að ganga til atkvæða við 2. umr. þessara fjárlaga fyrr en það er ljóst. Ég segi það við stjórnendur þingsins að það gengur

ekki upp að ætla þinginu að greiða atkvæði við 2. umr. fjárlaga nema niðurstaðan sé komin í þessum efnum. Við unnum hratt og vel að því fyrir ári síðan og það er hægt að gera það aftur nú ef viljinn er fyrir hendi.

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. þoldi ekki að sitja lengi hér í salnum undir orðræðu um það hvað raunveruleg jafnaðarstefna felur í sér og það kemur svo sem engum á óvart. En hæstv. iðnrh. er hins vegar í forsvari fyrir iðnaðinn í landinu þó að hann sé ekki lengur í forsvari fyrir jafnaðarstefnuna og hefur kannski aldrei verið. Þess vegna er æskilegt að hann komi í salinn og veiti svör við því hvernig hann sem iðnrh. ætlar að réttlæta þá aðgerð sem mun skekkja samkeppnisstöðu sælgætisiðnaðarins á Íslandi allverulega.

Virðulegi forseti. Ég skil það vel að ráðherrar Alþfl. eigi erfitt með að vera hér í salnum en það er óhjákvæmilegt að sá maður sem ber stjórnarfarslega ábyrgð á málefnum íslensks iðnaðar komi í salinn og svari þeirri spurningu sem ég ætla að beina til hans. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnrh. verði við umræðuna.)

Virðulegi iðnrh. Ég gerði ekki kröfu til þess að hæstv. iðnrh. væri hér þegar fjallað væri um jafnaðarstefnuna vegna þess að við erum löngu hættir að ætlast til þess að hæstv. iðnrh. sé í einhverju forsvari fyrir hana á Alþingi. Hins vegar er óhjákvæmilegt að hæstv. iðnrh. sé hér þegar fjallað er um málefni iðnaðarins. Það vill svo til að eitt atriði í þessum næturaðgerðum ríkisstjórnarinnar snýr að iðnaðinum. Um það hefur Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, fellt sinn dóm. Hver er Ólafur Davíðsson, hæstv. iðnrh.? Hann er ekki aðeins framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda. Hann er formaður í þeirri efnahagsnefnd sem ríkisstjórnin setti upp sérstaklega til að veita sér ráð í sambandi við þessar aðgerðir. Sagt var hvað eftir annað í síðustu viku að þessi nefnd væri á stöðugum fundum að skila inn ráðleggingum til hæstv. ríkisstjórnar. Nú gerist það að í hópi fyrstu manna sem mótmæla aðgerðum ríkisstjórnarinnar er formaður þessarar efnahagsnefndar ríkisstjórnarinnar, Ólafur Davíðsson. Og hvað segir hann? Hann segir í Morgunblaðinu 11. desember: „Þarna er verið að fjalla um sparnaðarráðstafanir undir því yfirskyni að draga úr útgjöldum til landbúnaðar en allar afleiðingarnar bitna á þriðja aðila sem er sælgætisgerðin. Þetta mun leiða til hækkunar á innlendri sælgætisframleiðslu svo að nemur tugum prósenta."

Með öðrum orðum, sú grein iðnaðarins, sem kannski hefur staðið af sér hina alþjóðlegu samkeppni, er nú sett sérstaklega í miðju skotskífunnar til þess að hægt sé í leiðinni að draga nokkrar stoðir undan þeim öflugu fyrirtækjum sem hér hafa verið í landinu og framleitt innlendar sælgætisvörur. Hæstv. iðnrh., þegar Ólafur Davíðsson fordæmir þessar aðgerðir með þessum hætti, hver eru þá rökin? Getum við fengið að heyra þau hér, hæstv. iðnrh.? Eða er þetta bara gert til þess að fróa einhverri hvöt í Alþfl., að eitthvað sem tengt er orðunum landbúnaður sé inni í þessum aðgerðum, nánast alveg sama hvað það er, bara eitthvað svo að þessi óskiljanlega náttúra Alþfl., að mínus verði að vera einhvers staðar þar sem eitthvað er tengt orðinu landbúnaður, geti fengið fullnægingu? Hver eru rökin, hæstv. iðnrh.? Fyrst ríkisstjórnin hefur kosið að gera Ólaf Davíðsson að æðsta ráðgjafa sínum í efnahagsmálum, hvers vegna hlýðir hún ekki ráðgjöfum hans í þessu máli? Það er nauðsynlegt að fá svör við því áður en þessari umræðu lýkur.

Einnig neytendamál, hæstv. viðskrh. Ég ætla ekki að lesa upp ræðurnar sem hæstv. viðskrh. hefur flutt um mikilvægi neytendamála. Ég ætla ekki að lesa upp greinarnar sem hæstv. viðskrh. hefur skrifað um mikilvægi neytendamála vegna þess að það eru bara orð, hæstv. viðsrh. Verkin tala hins vegar í þeim tillögum sem hér liggja á borðinu og það er alveg sama hvað hæstv. viðskrh. flytur margar ræður og skrifar margar greinar um neytendamál. Verkin eru með þeim hætti að framlag til Neytendasamtakanna er skorið þannig niður að forustumenn Neytendasamtakanna hafa neyðst til þess að hefja nauðvörn utan þings.

Í Morgunblaðinu í gær skrifar Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, grein þar sem hann heitir á alþingismenn að þeir standi að því að tryggja að Neytendasamtökin fái fáeinar milljónir sem þau hafa haft til þessa svo að þau geti starfað með eðlilegum hætti. Það liggur ljóst fyrir að framlög hins opinbera hér til neytendamála samsvara rúmum 20 kr. á hvern íbúa á sama tíma og framlög á Norðurlöndum til neytendamála eru hátt á annað hundrað kr. á hvern íbúa. Nú ætlar hæstv. ríkisstjórn undir forustu viðskrh. að skera það framlag niður í 15 kr. á hvern íbúa. Ég spyr þingmenn Alþfl., sem hafa oft talað um það að Alþfl. vilji tryggja hag neytenda, hvar kemur fram í hinni nýju hugmyndafræði Alþfl. um markaðshyggju og félagslegar aðgerðir í okkar þjóðfélagi að hagsmunir neytenda séu tryggðir. Hver eru rökin fyrir því að skera þetta litla framlag, þessar fáeinu milljónir til Neytendasamtakanna, sem eru í þessu fjárlagafrv. nánast niður í ekki neitt? Hver eru rökin? Eru þau efnahagsleg? Það getur ekki verið. Þetta eru fjárlög, yfir 100 milljarðar. Verið er að auka útgjöld um 1½ milljarð í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. En að setja 3–4 millj. í viðbót í Neytendasamtökin til að verða við þeirri ósk að þau fái bara það sama og þau hafa haft í ár, ekki aukningu, bara óbreytta upphæð. Nei takk. Það á skera Neytendasamtökin niður, meira en flesta aðra. Hver eru rökin, hæstv. viðskrh., fyrir þessari aðför að Neytendasamtökunum? Rétt er að rifja upp að á sama tíma er líka verið að skera niður starfsemina á Verðlagsskrifstofunni. Maður hefði því haldið að um leið og starfsemin væri skorin niður á Verðlagsskrifstofunni væri þá rökrétt í samræmi við kenninguna að efla starfsemi Neytendasamtakanna sjálfra. Ef hinn nýi formaður þingflokks Alþfl. hefði dug til þess að sjást í þingsalnum væri auðvitað hægt að spyrja hann að því. Ætlar hann og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, svo að ég nefni nú bara tvo, annan fjárlaganefndarmann og hinn formann þingflokksins, að standa að því að Neytendasamtökin séu sérstaklega skorin niður í fjárlagafrv. umfram aðra?

Ég vil biðja hæstv. viðskrh. að lesa þessa grein eftir formann Neytendasamtakanna í Morgunblaðinu. Ég vil biðja þingmenn Alþfl. að svara í þessari umræðu áður en atkvæðagreiðslan hefst: Ætla þeir að standa vörð um óbreytt framlag til Neytendasamtakanna eða ekki? Ef Alþfl. stendur að því að skera Neytendasamtökin niður eru allar yfirlýsingarnar, allar ræðurnar, allar greinarnar og allar flokksþingssamþykktirnar fullkomlega marklausar, kjaftæði sem enginn getur tekið mark á. Þegar Alþfl. hefur valdið leggur hann sig í framkróka við að taka af Neytendasamtökunum örfáar milljónir kr. En EES-þýðingarnar fá tugi milljóna í viðbót. Iðnrn. er með um 80–90 millj., iðnrn. og viðskrn. í þessum liðum sem ráðherrann getur ráðstafað sjálfur að eigin geðþótta. Þar er ekki verið að skera. Þar er ekki verið að þrengja að. Þar verður ráðherrann að hafa áfram sitt vald, sitt sjálfstæði og sinn herradóm en Neytendasamtökin skulu skorin niður.

Hæstv. heilbrrh. Væri æskilegt að hann hefði líka dug til þess að sýna sig hér í salnum. Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. (**Forseti:** Forseti getur upplýst að hæstv. heilbrrh. er í húsinu og munu verða gerðar ráðstafanir til þess að kalla hann hingað í salinn.)

Hæstv. fjmrh. upplýsir það að hæstv. heilbrrh. sé í viðtali við fjölmiðlamenn. Það er, virðulegi forseti, í þriðja sinn á jafnmörgum dögum sem umræður verður að stöðva í Alþingi vegna þess að ráðherra í þeirri ríkisstjórn, sem átti að verða lítið í fjölmiðlum samkvæmt yfirlýsingum hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. í rauða sófanum sællar minningar á Viðeyjardeginum, getur ekki sinnt þingstörfum sínum vegna anna við fjölmiðlaviðtöl í hliðarsölum þingsins. (Gripið fram í.) Við, virðulegi forseti og hæstv. fjmrh., sáum um það að okkar fjölmiðlaviðtöl trufluðu ekki þingstörfin.

Hæstv. heilbrrh. hefur hlotið sérstakt hól formanns Alþfl. fyrir að vera geiglaus maður og skjótur til ákvarðana. Hæstv. heilbrrh. hefur hvað eftir annað í sumar og haust lýst því yfir að nú verði allir að sætta sig við að það verði að spara og skera niður. Hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir fyrir um það bil tveimur mánuðum síðan að nú hefði hann náð svo miklum árangri að sparast mundu um 800 millj. kr. í lyfjakostnaði á heilu ári og lagði fram fjárlagafrv. byggt á þeirri fullyrðingu. Hæstv. heilbrrh., það er ljóst að þau orð eru dregin til baka í reynd í þingsalnum vegna þess að sá niðurskurður, sem lagt var af stað með, stenst ekki. Eftir því er sérstaklega óskað að auknar séu upphæðirnar í fjárlagafrv. til lyfjamálanna.

Það er líka ljóst, hæstv. heilbrrh., að enn eru ekki komin hér inn í þingið þau frumvörp sem hæstv. ráðherra taldi sig þurfa til þess að breyta grundvallarskipan lyfsölumála í landinu, hvað þá heldur að búið sé að afgreiða þau vegna þess að hæstv. ráðherra sagði í sumar og haust: Ég get ekki gert þetta með öðrum hætti en þeim vonda sem ég og fólkið í landinu mótmælti vegna þess að ég hafði ekki lagaheimild frá Alþingi en ég mun í haust óska eftir þeim heimildum. Hvar eru þær óskir nú? Hvergi. (**Heilbrrh.:** M.a. í bandorminum.) M.a. í bandorminum, hæstv. heilbrrh. Þetta var svo aumingjalegt svar að jafnþingreyndur maður og fyrrv. formaður fjvn. á ekki að láta þetta frá sér standandi á gólfinu fyrir framan stól sinn, getur ekki einu sinni sest. Auðvitað er það alveg ljóst að hæstv. ráðherra er ekki enn þá kominn með neinar slíkar tillögur. Þær hafa ekki sést á Alþingi. Lagt er upp í nýtt ár og ný fjárlög án þess að ráðherrann hafi í hendi sér þau lagaákvæði sem hann sagði við þjóðina í dag að hann þyrfti að fá til þess að geta gert þetta með skynsamlegum hætti. Þess vegna, hæstv. heilbrrh., er spurt og beðið um svar í þessari umræðu: Hvernig ætlar hæstv. heilbrrh. að ná fram þeim tölum í lyfjamálum sem í frv. eru? Hann hefur ekki komið hér til þingsins og beðið um breytingar á lögunum fyrir áramót.

Í öðru lagi, hæstv. heilbrrh.: Hver eru rökin fyrir því að beðið er um hundruð milljóna í viðbót í lyfjakostnað í þessu frv.?

Hæstv. heilbrrh. hefur líka óskað eftir því að þingið veiti sér viðbótarupphæðir í heilbrigðismál í fjárlagafrv., ef ég man rétt, um rúmar 1.000 millj. kr., frá því að frv. var lagt fram og þar til það á að afgreiðast hér og nú. En á sama tíma og hæstv. ráðherra biður um 1.000 millj. í viðbót með þessari hendinni og ætlast til þess að þingið greiði um það atkvæði, þá er í einni lítilli tillögu farið fram á að af hæstv. ráðherra verði teknar rúmar 500 millj. á móti. Hvers konar skynsemi er þetta, hæstv. heilbrrh.? Hvað hefði hæstv. heilbrrh. sem formaður fjárlaganefndar sagt við fyrrv. heilbrrh. ef hann hefði beitt svona hundakúnstum. Og það sem meira er. Hæstv. heilbrrh. kemur til þingsins og segir: Ég bið um það að ég fái einnig í mitt ráðuneyti 358 millj. á næsta ári sem ég ræð einn hvernig ég ráðstafa. Ráðherrann einn á að fá að ráðstafa 358 millj. kr. í hvað sem er, hvaða stofnun sem er, hvaða launakostnað sem er, hvaða rekstrarkostnað sem er. Hann þarf ekki að spyrja neinn um það. Ég ætla ekki heldur frekar en ég hlífði hæstv. viðskrh. við að rifja upp textana hans í neytendamálum að rifja upp texta hæstv. heilbrrh. um ríkisfjármálin á sínum tíma, um það hvernig Alþingi yrði að segja klárt og kvitt í hvað hlutirnar færu. Efasemdir hæstv. heilbrrh., þegar hann var formaður fjárlaganefndar, um að það væri skynsamlegt að hver ráðherra hefði ráðstöfunarrétt á upphæðum sem voru taldar kannski 5 eða 6 millj. Það væri brot á allri eðlilegri þróun í ríkisfjármálum að veita ráðherrum sjálfdæmi til að ráðstafa innan sinna ráðuneyta stórum upphæðum. Þá var verið að tala um kannski 10, 15 eða 20 millj. Nú kemur þessi sami hv. þm., maðurinn sem var orðinn tákn orþódoxíunnar í ríkisfjármálum og ætlar að brjóta allar grundvallarreglur síðustu áratuga og biðja um að það sé innleidd sú nýjung, sem ekkert fordæmi er fyrir í íslenskri fjárlagasögu, að hann fái 358 millj. á einn lið í sitt ráðuneyti og ráði algerlega einn hvað hann gerir við það. Svona subbuskapur í ríkisfjármálum nær náttúrlega ekki nokkurri átt, hæstv. heilbrrh.

Ég byrja á því að segja þetta við hæstv. heilbrrh. þó að þetta eigi við alla hina ráðherrana líka vegna þess að ég taldi að hæstv. heilbrrh. hefði meint eitthvað með því þegar ég og hann á síðustu þremur árum höfðum

góða samvinnu um það að þróa ríkisfjármálin inn á eðlilegar brautir nútímaríkisfjármála. En svona afturhvarf til gamla kerfisins þar sem menn ráðstafa út og suður að eigin geðþótta í ráðuneytunum hundruð milljóna kr. án þess að spyrja kóng eða prest. Hvers konar er þetta eiginlega? Var það þá bara marklaust hjal á síðustu árum þegar hæstv. ráðherra flutti hér í þinginu, sem 1. flm. frv. ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni og öllum nefndarmönnum í fjárveitinganefnd á þeim tíma, sérstakt frv. þar sem setja átti ríkisfjármálin í svo fastar skorður að þetta gæti ekki gerst? Og hæstv. heilbrrh. stóð hér í þingsalnum hvað eftir annað ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni og krafðist þess að málið yrði afgreitt, flutti ágætar ræður um þær grundvallarreglur sem yrðu að ríkja í nútímaríkisfjármálum, samskiptum þings og framkvæmdarvalds. Og ég studdi þau sjónarmið og ég styð þau enn. En ég skil ekki hvernig á því stendur að hæstv. heilbrrh. er horfinn frá þessum sjónarmiðum í verki. Ég ætla að vona að hann hafi frumkvæði að því innan ríkisstjórnarinnar að menn dragi þessa vitleysu til baka. Það er fullkomlega óþarfi að fara þá leið að því að *ná 1.500 millj. kr. niðurskurði* að brjóta í leiðinni allar þær helstu grundvallarreglur sem við vorum sammála um að þyrftu að ríkja í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds hvað fjárveitingar snertir. Og ég skil ekki hvernig hæstv. forsrh., sem maður hélt að ætlaði nú að vera talsmaður nýmóðinsvinnubragða í þessum efnum, getur réttlætt að í fyrstu fjárlögunum, sem hans ríkisstjórn *biður um að séu samþykkt hér á Alþingi, sé* ráðherrunum einum og sér veittur ótakmarkaður umráðaréttur til að ráðstafa 1 milljarði kr. án þess að spyrja nokkurn að því hvernig þeir ráðstafa því.

Ég get sagt hæstv. núv. forsrh. það að í umræðunni á síðustu 2–3 árum um breytingar í ríkisfjármálum hefði sá maður, sem hefði lýst hugmyndum af þessu tagi, verið hleginn út úr þingsalnum. Svo var samstaðan *ríkt hér á síðustu árum um* það að taka nú upp ný vinnubrögð og þróa hlutina í rétta átt. Ég skil ekki af hverju menn eru að fara þessa krókaleið að því að ná þessum 1.500 millj. Fyrst eru allir launaliðirnir skornir niður um 2½ milljarð, 2.455 millj., og síðan eru 955 millj. teknar af þessari upphæð og settar á einn lið í hverju ráðuneyti og ráðherrann einn á að ráðstafa því.

Þegar ég fór fram á það á sínum tíma að um leið og aukafjárveitingarnar væru lagðar niður, hæstv. forsrh., og fjmrh. tók ákvörðun að þær yrðu ekki meir í fjmrn., þessi áratuga gamli en vondi siður, að fjmrh. skrifaði út tékkana á borðinu sínu án þess að spyrja þingið um það, yrði lagður niður — og það var samstaða um það hér í þinginu — þá var ákveðið að veita ráðherrunum í hverju ráðuneyti ráðstöfunarfé til að mæta uppáfallandi tilvikum sem voru ef ég man rétt á bilinu frá 3 millj. til 15 millj. og ekki meir, litlar upphæðir. Ef þessi regla verður innleidd hér og nú hvað er það þá sem stöðvar það að í næstu fjárlögum komi ríkisstjórn og segi: Ég ætla ekki að *ná 5%* niðurskurði í launum. Ég ætla að ná 10% niðurskurði í launum og sker fyrst niður alla launaliðina um 10%, setur svo 7% af því inn á sérstaka sjóði í ráðuneytunum til frjálsrar ráðstöfunar fyrir ráðherrana eins og hér er gert nú þannig að á næsta ári verði það 3 milljarðar sem ráðherrarnir hafi til frjálsrar ráðstöfunar í ráðuneytunum. Ef menn vilja fara í þennan 1.500 millj. kr. niðurskurð af hverju gera menn það ekki þannig að menn skeri bara hreint og klárt niður í hverju ráðuneyti fyrir sig í fjárlögunum þannig að menn geti þá deilt um hvort sá niðurskurður er skynsamlegur eða ekki en séu ekki að brjóta heilbrigðar grundvallarreglur í nútímaríkisfjármálum með þeirri aðferð sem menn velja? Hæstv. heilbrrh. fær samkvæmt þessari aðferð 358 millj. á næsta ári sem hann getur sett í þetta og hitt, dittinn og dattinn og þarf engan að spyrja. Hann getur bætt við fólki í stofnunum. *Hann getur terroriserað aðrar stofnanir með því* að láta þær ekki fá fjármuni. Hæstv. menntmrh. fær samkvæmt þessum tillögum 290 millj. Hvað hefði verið sagt ef ég hefði á síðustu árum lagt til að páv. hæstv. menntmrh. fengi 290 millj. til að ráðstafa einn og sér í menntmrn.? Það er sem ég sæi svipinn á hv. þm. þá og formanni fjárveitinganefndar, núv. hæstv. heilbrrh., ef ég hefði komið með þá tillögu til nefndarinnar, að *mér hefði dottið í hug* það snjallræði að páv. menntmrh. ætti að fá 290 millj. sem hann gæti bara ráðskast með eins og hann vildi í menntmrn. Auðvitað hefðu menn hafnað þeirri tillögu. Að sjálfsögðu og hefðu átt að gera það og eiga að gera það aftur nú.

Ég vil þess vegna biðja hæstv. ríkisstjórn áður en hér kemur til atkvæða við 2. umr. fjárlaganna, þar sem greiða á atkvæði um þessa tillögu, að breyta þessu, fara hreint og klárt og kvitt í þann 3% niðurskurð, sem er markmiðið, en vera ekki að fara krókaleið sem brýtur allar grundvallarreglur nútímaríkisfjármála. Ég vænti þess að núv. forsrh. hafi forgöngu um að það verði gert. Ég segi við hann að fenginni reynslu: Að fara í fyrsta sinn inn á þessa braut í niðurskurði er stórhættulegt hvað aðferðina snertir. Þá er ég ekki að tala um efnisatriði málsins. Það er allt annar handleggur.

Hæstv. forsrh. er eins og við vitum borgarfulltrúi í Reykjavík og ég heyrði hæstv. forsrh. játa það í fjölmiðlum í gærkvöldi að ef hann væri ekki forsrh. væri hann *sjálfsagt alveg sammála stjórn Sambands ísl.* sveitarfélaga. Ef einhver annar hefði gert það sem hann er að gera nú þegar hæstv. forsrh. var borgarstjóri hefði hann örugglega verið fremstur í flokki þeirra sem hefðu mótmælt og við sem áttum við hæstv. forsrh. hér á síðustu árum urðum rækilega varir við það að hann gat rækilega tekið til hendinni þegar honum fannst samskiptareglurnar vera brotnar. En nú er það þannig, hæstv forsrh., að öllum í borgarstjórn Reykjavíkur finnst samskiptareglurnar hafa verið brotnar, öllum nema kannski einum sem sagði þjóðinni í gær að ef tillagan kæmi til atkvæða mundi hann sitja hjá. Það var heiðarlegt svar. Hann treysti sér ekki einu sinni til að vera á móti heldur mundi sitja hjá.

Við höfum ýmsir sagt það á undanförnum árum að hér þyrftu að verða breytingar í tekjuskiptingarmálum ríkis og sveitarfélaga. Ég hef talað fyrir því og geri það enn. En ég skil ekki hvers vegna hæstv. ríkisstjórn kýs að fara nú inn á braut sem framkallar jafnhörð mótmæli og ásakanir um lagabrot, eins og fram koma í yf-

irlýsingu Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vil gjarnan inna hæstv. forsrh. eftir því hvort hann er reiðubúinn að lýsa því yfir hér og nú að hann muni ekki láta fjárlagafrv. koma til atkvæða hér á Alþingi fyrr en komin er sátt í samræðum ríkis og sveitarfélaga, félmrh. og fjmrh., við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vil rifja það upp að fyrir ári síðan kom upp deila milli mín og Sambands ísl. sveitarfélaga um hvað ætti að gera í fjárlögum yfirstandandi árs varðandi þessi mál. Þá leystum við þau mál, ég og hæstv. félmrh., í fullkominni sátt við forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Þar fóru fyrir í viðræðum Vilhjálmur Vilhjálmsson og Jón G. Tómasson. Niðurstaðan varð þannig að allir lýstu yfir ánægju sinni með hana. Ég spyr: Er það til of mikils mælst að það sama sé gert nú? Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann er ekki reiðubúinn til að lýsa því yfir hér við þessa umræðu að fjárlagafrv. muni ekki koma til endanlegrar afgreiðslu fyrr en þeirri sátt hefur verið náð.

Hæstv. heilbrrh. er nú á ný genginn úr salnum. (**Gripið fram í:** Er ekki nóg að heyra í ráðherranum? Þarf að horfa á hann líka?) Já, það er nauðsynlegt að horfa á hæstv. heilbrrh. undir þessari umræðu. Það er nú einu sinni þannig að svipbrigðin á honum segja oft meira en orðin.

Í þeirri till., sem er aftast á þskj. meiri hluta fjárln., er þingið beðið um að ákveða að hæstv. heilbrrh. eigi að skera niður launakostnað í sjúkrahúsum landsins og öðrum stofnunum sem undir heilbrrn. heyra um 562 millj. Hæstv. heilbrrh. hefur þegar heyrt þær lýsingar hjá fyrirrennara sínum að þegar glímt var við að ná fram samdrætti í útgjöldum ríkisins á árinu 1989 náðist ekki upphæð sem er mun minni en þessi á sjúkrahúsum landsins nema með því að loka deildum, senda aldrað fólk heim, framkvæma ekki aðgerðir og var þó verið að tala um minni upphæð en hér er lagt til. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann er reiðubúinn að lýsa því hér fyrir þinginu og þar með þjóðinni og starfsmönnum sjúkrahúsanna, yfirmönnum spítalastofnana, hvaða hugmyndir hann hefur um það hvernig hann ætlar að ná fram hálfum milljarði í niðurskurði á launa- og rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna í landinu. Ég veit að ég þarf ekki að rifja upp fyrir honum þær samræður sem við áttum á síðustu þremur árum um viðleitni til aðhalds og sparnaðar í heilbrigðiskerfinu og á ríkisspítölunum sérstaklega. Hæstv. ráðherra er fullkunnugt um hvað þarf af fjármunum í þá hluti. Þess vegna er það eðlileg krafa að áður en þingið gengur til atkvæða komi hæstv. heilbrrh. upp og útskýri hvaða aðferðir hann er með í huga. Eða ætlar hann virkilega að fara eftir því sem manni heyrðist hjá öðrum ráðherra í gær í viðtölum að það ætti bara að spyrja starfsfólkið á stofnununum hvað það vildi gera? Á virkilega að hafa þá aðferð, hæstv. heilbrrh., að láta starfsfólkið á spítölunum segja nei við sjúklingana? Á virkilega að fara þá leið að það séu forsvarsmenn sjúkrahúsanna sem ákveði að loka deildunum og senda hina öldruðu heim? Ætlar hæstv. heilbrrh. ekki að þora að standa sjálfur fyrir ákvörðunum, geiglaus og skjótur til ákvarðana, svo að vitnað sé í frægan texta?

Fólkið á spítölunum, sem bíður eftir því á nýju ári að fá að vita hvað það á að gera, á kröfu til þess, eins og þingið, að því sé svarað hér og nú. Hvernig í ósköpunum á að ná þessu fram án þess að það bitni með stóralvarlegum hætti á sjúklingunum? Við óskum svara við því.

Hæstv. menntmrh. á samkvæmt þessari skrá að skera niður launakostnaðinn í skólakerfinu um tæpan hálfan milljarð. En eins og hæstv. menntmrh. er kunnugt er skólaárið ekki það sama og fjárlagaárið þannig að hæstv. menntmrh. er í þeirri erfiðu stöðu að hann verður að ná þessum hálfa milljarði á fjórum mánuðum í upphafi næsta skólaárs, í september að hausti. Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. menntmrh. að ná inn á fjórum mánuðum tæpum hálfum milljarði í launakostnað í grunnskólana og framhaldsskólana án þess að umturna öllu skólakerfinu næsta haust? Eða er þetta bara marklaus tala? Er þetta bara eitthvað sem er sett á blað til þess að hæstv. fjmrh. geti haldið áru sinni eða til að hæstv. forsrh. geti komið alvarlegur á svipinn og sagt: Okkur tókst það. — Bara blöff, tala á blaði sem ekki á að standa við.

Hæstv. forsrh. sagði fyrir viku síðan — og væri nú æskilegt að hæstv. forsrh. kæmi hér í salinn á ný — í beinu viðtali í Ríkissjónvarpinu, sérstökum þætti, að ríkisstjórnin væri á lokaspretti að glíma við 11 milljarða gat. Nú er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að fá hæstv. forsrh. hingað í sal. (**Forseti:** Forseti gerir ráð fyrir því að hæstv. forsrh. sé skammt undan.) Já, ég þakka fyrir það. Ég var að rifja upp, hæstv. forsrh., að fyrir um það bil viku síðan sagði hæstv. forsrh. í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu í sérstökum þætti að ríkisstjórnin væri að glíma við 11 milljarða gat í fjárlagadæmi næsta árs. Og hæstv. forsrh. endurtók síðan þessa tölu næsta dag, 11 milljarða gat. 7 milljarðar til viðbótar við þá 4 sem í fjárlagafrv. voru þegar það var lagt fram. Síðan birtust tillögurnar eftir næturfund ríkisstjórnarinnar og þær voru ekki upp á 7 milljarða, hæstv. forsrh., þær voru upp á 3 milljarða. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. að hrista hausinn í þeim efnum. Hann getur komið hér upp í ræðustólinn og lagt þetta saman, en við sem höfum legið yfir þeim skjölum, sem frá ríkisstjórninni hafa komið og þeim ákvörðunum sem hún hefur tekið, höfum fundið það út að dæmið sem ríkisstjórnin skilaði frá sér felur í sér að útgjaldaauki, sem stefndi í tæpa 8 milljarða eða kannski 8,1 ef menn vilja vera alveg nákvæmir, var færður niður í tæplega 4. Ef hæstv. forsrh. vill hafa þann flöt í málinu, þá eru það 4. Segjum það, hæstv. forsrh., að það séu 4 milljarðar. En þá spyr ég: Hvar eru hinir 3? Ég tók hæstv. forsrh. alvarlega þegar hann sagði við þjóðina að vandinn væri 11 milljarðar, sérstaklega þegar hann endurtók það næsta dag. En þá hljótum við að spyrja hér og nú: Hvar eru hinir þrír eða fjórir eftir því hvaða tölu hæstv forsrh. vill hafa. Ég skal hafa þá lægri af því að það auðveldar dæmið fyrir honum. Er það kannski þannig að ríkisstjórnin hafi falið einhver útgjaldatilefni inni í ráðuneytunum vegna þess að henni hafi ekki tekist á næturfundinum að leysa það allt saman? Eða var yfirlýsing hæstv.

forsrh. ekki marktæk? Fór hann ekki með rétta tölu? Auðvitað fór hann með rétta tölu. Auðvitað veit hæstv. forsrh. um hvað hann er að tala og hann kinkar núna kolli og staðfestir að hann hafi farið með rétta tölu. Þess vegna spyrjum við nú þegar það hefur verið staðfest hér í þingsalnum með virðulegri höfuðhneigingu hæstv. forsrh.: Hvar eru þrír milljarðarnir? Eru þeir geymdir í skúffunum uppi í ráðuneytunum? Er kannski verið að koma með hér einhverja gerivlausn bara svo að hægt sé að blekkja m.a. formann Vinnuveitendasambandsins og aðra aðila sem hafa tekið ríkisstjórnina trúanlega? Og þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann er ekki reiðubúinn að útskýra fyrir okkur hér í ræðustól áður en þessari umræðu lýkur hvar þessir þrír milljarðar eru sem á vantar til að dæmið gangi upp.

Hæstv. sjútvrh. hefur gert mikið úr því síðustu vikur að hann sé að leysa vanda sjávarútvegsins og það hefur verið sett á svið nokkurt sjónarspil um þá baráttu hæstv. sjútvrh. við vondu öflin í ríkisstjórninni í þeim efnum. Nú liggur fyrir að það er þrennt sem verið er að gera.

Í fyrsta lagi. Það er verið að fresta greiðslum sjávarútvegsins í Atvinnutryggingarsjóð. Það er ekki eftirgjöf, það er ekkert sem verið er að gera fyrir sjávarútveginn þegar til lengdar lætur. Það er bara verið að segja: Þú átt að borga skuldir þínar tveimur árum síðar en þú áttir ella, þannig að þegar horft er á málið frá hagsmunahóli sjávarútvegsins, þá er það ekkert nettó honum í hag.

Í öðru lagi. Inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð. Er það eitthvað fyrir sjávarútveginn? Nei. Það eru peningar sem sjávarútvegurinn átti í Verðjöfnunarsjóðnum eða hefði átt ef gamla reglan hefði gilt vegna þess að lögin um Verðjöfnunarsjóð fela það í sér að það sem gengur í sjóðinn er þar geymt á reikningi hvers fyrirtækis þannig að það eina sem gert er í þeim efnum er að leyfa sjávarútveginum að taka eign sína og skrá hana hjá fyrirtækjunum sjálfum í stað þess að skrá hana hjá fyrirtækjunum inn í Verðjöfnunarsjóðnum þannig að það er alveg ljóst að þetta tvennt bætir nettó ekki með neinum hætti stöðu sjávarútvegsins.

Þá kemur að hinu þriðja, hæstv. sjútvrh., og hvað er hið þriðja? Hið þriðja er sérstök skattahækkun á sjávarútveginn á næsta ári sem nemur 870 millj. kr. Ríkisstjórnin er með fimm mismunandi frv. hér á Alþingi að auka skattbyrðar sjávarútvegsins sem nemur tæpum milljarði þannig að sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi eiga að greiða inn í ríkiskassann, hítina, sem stundum er sagt af talsmönnum Sjálfstfl., tæpum milljarði meira en þau gera í ár. Þegar lagt er saman það sem gert er fyrir sjávarútveginn í þessum aðgerðum er í reynd tekinn um það bil milljarður af sjávarútveginum og settur í ríkiskassann óafturkræft. 525 millj. til þess að fjármagna Hafrannsóknastofnun og annað í gegnum Hagræðingarsjóðinn, 40 millj. með því að tvöfalda veiðieftirlitsgjaldið, 200 millj. a.m.k. í gegnum sjómannafrádráttinn sem sjómennirnir munu sækja til útgerðarinnar ef ríkisstjórnin stendur við áform sín hér á þinginu, 50 millj. sem er áætlaður hluti sjávarútvegsins í ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota í því frv. sem hér er til umfjöllunar í þinginu og 65 millj. a.m.k. í sérstakt álag á aflagjald sem sjávarútvegurinn á að greiða. Samtals 870 millj. nýir skattar sem sjávarútvegurinn á að reiða fram á næsta ári. Þetta er niðurstaðan, þetta eru fjárlögin eins og þau liggja hér fyrir. Sjávarútvegurinn skuldar það sama og hann skuldaði áður. Hann fær að flytja eign sína frá einum sjóði og inn í fyrirtækin en síðan er hann krafinn um tæpan milljarð í ríkissjóðinn í nýjum sköttum. Er það þetta sem Sjálfstfl. ætlaði sér að gera fyrir sjávarútveginn?

Virðulegi forseti. Formaður Vinnuveitendasambandsins lýsir því yfir í Morgunblaðinu í gær að þessi næturvinna ríkisstjórnarinnar sé grundvöllur að samningum og 6% raunvaxtastigi á næsta ári. Það liggur við að maður slái á þráðinn til vinar síns Einars Odds og segi: Mikil er trú þín. Og mikil er nú hógværðin að taka við 870 millj. nýjum sköttum á sjávarútveginn og segja: Þetta er harla gott. Ég gæti rétt ímyndað mér hvað hefði verið sagt við mig ef ég hefði í desember í fyrra komið með 870 millj. nýja skatta á sjávarútveginn. Það hefði aldeilis verið gúmoren sem ég hefði fengið hjá Einari Oddi, Kristjáni Ragnarssyni og Þórarni V. sem allir eru hljóðir og hógværir menn um þessar mundir og láta það eina heyrast frá sér að þeir séu bara harla ánægðir. (**GHelg:** Þeir ættu kannski segja af sér eins og Karl Steinar?)

Nei, því miður er það þannig að þetta fjárlagafrv. verður ekki grundvöllur að kjarasamningum og það er heldur ekkert í þessu frv. sem mun færa raunvaxtastigið niður í 6% á næsta ári, því miður. Hvað þá heldur að eitthvað sé í þessu frv. sem framkalli þann veruleika sem hæstv. forsrh. lét hafa eftir sér í viðtölum, þegar hann kynnti aðgerðirnar og birt var með stóru letri á miðopnu Morgunblaðsins daginn eftir, að þetta fjárlagafrv. mundi leiða til verulegrar raunvaxtalækkunar í upphafi næsta árs. Ég vil nú segja í fullri vinsemd við virðulegan forsrh.: Trúir hann virkilega enn að það muni gerast? Hefði ekki verið skynsamlegra fyrir hæstv. forsrh. að segja sem minnst um raunvaxtalækkanir í upphafi næsta árs?

Ég held hins vegar að sú lýsing sem Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, gaf á þessu frv. sé miklu raunhæfari. Hann segir í viðtali í Morgunblaðinu í dag að þetta fjárlagafrv. sé ekki grundvöllur kjarasamninga nema því verði breytt. Og hann telur upp fjölmörg atriði sem hann vill fá breytt. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og einnig hæstv. félmrh., varaformann Alþfl.: Væri nú ekki skynsamlegt ef menn vilja í reynd ná kjarasamningum fljótlega að fara eftir þessum ráðleggingum forseta Alþýðusambandsins? Ég held að Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambandsins, hafi sýnt það á undanförnum árum að hann er reiðubúinn að vinna af fullum heilindum að gerð nýrra kjarasamninga hver svo sem sú ríkisstjórn er sem situr í landinu. Hann á sér það eina markmið að ná skynsamlegum kjarasamningum í þágu launafólks og efnahagslegs stöðugleika. Það vita allir sem þekkja forseta Alþýðusambandsins. Og þegar hann lýsir þeirri afstöðu sinni að þessu fjár-

lagafrv. verði að breyta ef það á að geta verið innlegg að skynsamlegum kjarasamningum þá er það skynsamlegt og hollt ráð til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að staldra við næstu daga, hugsa sig um yfir helgina og athuga hvort það væri ekki rétt að ganga til breytinga á þessum atriðum í fjárlagafrv. Halda þessir hæstv. ráðherrar virkilega að það verði friðsamlegt á vinnumarkaðnum í upphafi nýs árs ef ríkisstjórnin hefur að engu haft þær ábendingar sem koma frá samtökum launafólks í sambandi við þetta fjárlagafrv.? Halda hæstv. ráðherrar virkilega að það sé vænlegt veganesti fyrir nýja kjarasamninga að formaður Vinnuveitendasambands Íslands hæli fjárlagafrv. en forseti Alþýðusambands Íslands, formaður Verkamannasambandsins fordæmi fjölmörg atriði í fjárlagafrv. og segi: Ef þeim verður ekki breytt þá er það ekki grundvöllur að nýjum kjarasamningum? Finnst hæstv. ráðherrum það vera gæfulegt spor fyrir stöðugleika á nýju ári og nýjum kjarasamningum að formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur neyðist til að segja af sér eftir rúmlega 20 ára formennsku í félaginu vegna þess að það samrýmist með engu að greiða atkvæði með þessu fjárlagafrv. og vera einn af forustumönnum íslensks launafólks? Er þetta vænlegt veganesti í þeirri erfiðu för sem fram undan er, hæstv. forsrh., ef þjóðin á óumdeilanlega í miklum erfiðleikum? Væri ekki skynsamlegra að ganga til viðræðna við stjórnarandstöðuna, við samtök launafólks og ná þeirri breiðu sátt um þetta fjárlagafrv. sem við náðum í desember í fyrra um okkar verk, náðum árið þar áður líka um þau verk vegna þess að við lærðum af reynslunni að það er vonlaust verk fyrir ríkisstjórn að ná kjarasamningum við samtök launafólks í stríði. Það gengur ekki upp að fara í stríð við samtök launafólks. Og orðin sem forustumenn Alþýðusambandsins og Verkamannasambandsins hafa viðhaft á síðustu dögum eru ótvíræður vitnisburður um það að þeir menn sem gjarnan vilja ná árangri og ganga til samstarfs við ríkisstjórnina óttast að verði fjárlagafrv. með þeim hætti þá verði þeir skildir eftir.

Ég bið þess vegna hæstv. ríkisstjórn að athuga vel sinn gang. Ég tel að það væri skynsamlegt hjá hæstv. ríkisstjórn að fresta atkvæðagreiðslu við 2. umr. þessa fjárlagafrv. þar til eftir helgi. Ég teldi að það væri skynsamlegt hjá hæstv. ríkisstjórn að fara nú í viðræður við samtök launafólks og alla aðila launamarkaðarins og ná fram breytingum á fjárlagafrv. í víðtæku samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Það væru vinnubrögð af viti. En ef ríkisstjórnin ætlar að knýja fram atkvæðagreiðslu hér á morgun þá er það verknaður sem undirstrikar þá ákvörðun formanns fjárlaganefndar að segja af sér formennsku í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur vegna þess að það sé ekki hægt að vera kjörinn trúnaðarmaður launafólks á Íslandi og greiða atkvæði með þessu fjárlagafrv. á Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í gær í ræðu minni þá komu tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð og tekjuaukningu fram á síðustu stundu. Því var ekki mikill tími til að kynna sér ýmis þau mál sem þar var um að ræða. Síðan höfum við í fjárln. m.a. fengið upplýsingar um þann flata niðurskurð á launum sem ætlaður er með þessum ráðstöfunum og þar kemur m.a. fram að í menntmrn. á launaskerðingin að vera 719 millj. 761 þús. Síðan á að endurráðstafa 290 millj. 357 þús. þannig að skerðingin verði 455 millj. 873 þús. á launaliðum í menntmrn. Og í heilbrn.- og trmrn., svo að ég taki nú aðeins stærstu liðina, er skerðingin rúmar 836 millj. og þegar endurráðstafað verður 358 millj. á skerðingin nettó að vera rúmar 562 millj. Sú skerðing sem fyrirhuguð er í menntmrn. er að sjálfsögðu mjög óraunhæf. Það er búið að gera áætlun um skólaárið 1991–1992 og er því ekki hægt um vik að skera niður í launum á skólaárinu nú eftir áramótin. Þessi niðurskurður hlýtur því allur að eiga að koma á næsta skólaár og ef hann á að vera á þessu fjárlagaári þá kemur hann til framkvæmda á aðeins fjórum mánuðum. Til viðbótar eru öll þau nýmæli sem voru sett í nýtt grunnskólafrv. sem samþykkt var hér í fyrra og eru síðan skorin niður. Sá niðurskurður átti að gefa um 40 millj. í ríkiskassann. Það er að vísu ekki stór upphæð en með þeirri skerðingu var þó verið að fella út öll þau nýmæli sem þingmenn voru sammála um í fyrravetur að væru til mikilla bóta í skólakerfi landsins. Ég verð að segja að mér finnst skjóta nokkuð skökku við að nú skuli vera uppi áform í ríkisstjórninni um að skerða og taka út öll nýmæli í þessu frv. þó að það geti gefið ríkiskassanum 40 millj. Það er líka vitað að ef af þessu verður og einnig þessari skerðingu upp á 455 millj. mun það fyrst og fremst koma niður á svokölluðum aukagreinum en það eru gjarnan verkmenntagreinarnar sem hafa verið nefndar því nafni í skólakerfi landsins og sérstaklega í grunnskólanum, trúlega þó líka í framhaldsskólanum. En þær greinar hafa yfirleitt orðið út undan og lent í sparnaðaráðstöfunum þegar til þeirra hefur þurft að grípa.

Nú er það yfirlýst stefna í aðalnámsskrá grunnskóla að list- og verkgreinum skuli gert hærra undir höfði en verið hefur undanfarin ár í menntastefnu. Því til staðfestingar eru í nóvemberhefti Iðnaðarins, sem var að koma út, fréttir frá 44. iðnþingi Íslendinga þar sem talað er um uppbyggingu og hugarfarsbreytingu í menntakerfinu, þá eigi að byrja á fyrstu stigum skólakerfisins. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hérna aðeins upphafið að fréttinni:

„Í ávarpi sínu til iðnþings fjallaði Haraldur Sumarliðason, forseti Landssambands iðnaðarmanna, m.a. um nauðsyn þess að taka upp fjölbreyttari atvinnustefnu sem færi gæti íslensku þjóðina af einhæfum grunni náttúruauðlinda í efnahagsmálum. Haraldur sagði m.a.: „Slík heilbrigð uppbyggingarstefna þyrfti að vera mjög víðtæk og að fela í sér hugarfarsbreytingu meðal þjóðarinnar. Hún þyrfti að byrja á fyrstu stigum skólakerfisins þar sem börn fengju með eðlilegum og jákvæðum hætti að kynnast atvinnulífinu. Jafnframt þarf gjörbreytta stefnu í framhaldsmenntun. Horfið verði frá þeirri stefnu að þrýsta öllu ungu fólki í gegnum stúdentspróf, með misjöfnum árangri og burt séð frá vilja

þess og getu, en starfstengdu námi, verk- og tæknimenntun verði gert hærra undir höfði og það fært til betra samræmis við nútímaþarfir atvinnulífsins.""

Ég tel að sú stefna í skólamálum sem fram kemur í niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar nú beri ekki vott um að fyrirhuguð sé nein stefnubreyting í skólamálum, þaðan af síður að gera eigi verk- og listgreinum í skólakerfinu hærra undir höfði.

Þá má einnig nefna að rætt hefur verið um það innan skólakerfisins og í menntmrn. að koma á dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun. Það er að vísu inni í stefnumótun ríkisstjórnarinnar sem birtist í svokallaðri hvítbók en ég hef ekki orðið vör við að neitt fjármagn væri til þess í fjárlagafrv. og trúlega verður það skorið niður rétt eins og hvað annað ef einhvers staðar hefur verið smuga til þess. En mér hefur einnig borist í hendur í dag undirskriftalisti 99 skólamanna á Vestfjörðum og sendur frá Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis. Er fyrirsögn á þeim undirskriftalista svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hinn mikli kennaraskortur á Vestfjörðum og víðar á Íslandi er stórt byggðavandamál og löngu tímabært að gripið verði til raunhæfra aðgerða. Hjá Kennaraháskóla Íslands hefur verið unnið að tillögum um 90 eininga kennaranám með fjarkennslusniði og vitnað er í vinnuskjal frá 18. sept. 1991. Það yrði jafnframt síðasta 90 eininga kennaranámið frá Kennaraháskóla Íslands. Undirritaðir skólamenn styðja þessa hugmynd sem raunhæfan kost til lausnar kennaraskortinum og skora á hlutaðeigandi aðila hjá fjárveitinga- og framkvæmdarvaldi að gera Kennaraháskóla Íslands kleift að koma þessu kennaranámi í framkvæmd árið 1992." Undir þetta rita 99 skólamenn við ýmsa skóla á Vestfjörðum.

Það er hægt að halda áfram að telja upp fleira sem viðkemur menntamálunum í landinu, m.a. í sambandi við leiklistarmál. Aðalfundur leiklistarráðs hefur sent frá sér skjal þar sem mótmælt er öllum þeim samdrætti í framlögum til leiklistarstarfsemi hér á landi sem fram kemur í fjárlagafrv. Þetta er langt bréf svo það er kannski of mikið að lesa það allt en þeir tala þar um að þessi niðurskurður þýði aðeins eitt: „verulegan samdrátt í allri starfsemi og minna framboð af innlendri leiklist." Þeir telja upp starfsemi áhugaleikfélaga sem að vísu fengu 2 millj. kr. hækkun í breytingartillögu meiri hlutans sem hér kom fram í gær. Þeir telja upp Bandalag ísl. leikfélaga, sem aðeins fær 2,5 millj. til sinnar starfsemi í fjárlagafrv., starfsemi atvinnuleikhópa, Alþýðuleikhúsið, leiklistarráð og Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhús.

Þá er hægt að nefna breytingu á barnabótum sem fram kemur í tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar. Í Tímanum í fyrradag segir svo, með leyfi forseta: „Barnabótaauki verður skertur hjá hjónum sem hafa 2,1 millj. kr. í árstekjur og fellur alveg niður hjá hjónum sem hafa 2,4 millj. kr. í árstekjur." Eins og ég nefndi í ræðu minni í gær þá er það of lágt að miða árstekjur hjóna við 2,4 millj. kr. Sú tekjuviðmiðun er í raun allt of lág. Ég hefði getað fallist á að tekjutengingu væri komið á en með því skilyrði að hún væri fyrst og fremst til jöfnunar. Hún væri til að jafna þessar bætur út til þeirra sem virkilega þurfa á þeim að halda en ekki til þess að ná inn 500 millj. kr. tekjuauka í ríkissjóð.

Það er því miður oft þannig að reynt er að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Foreldrar sem þetta mun bitna á, bæði hjónafólk og einstæðir foreldrar, eru ekki hagsmunahópur sem hefur mikinn samtakamátt. Ekki er við því að búast að jafnkröftug mótmæli verði við skerðingu á barnabótum eins og eru nú þegar við skerðingu á sjómannaafslætti.

Líka má benda á að þetta eru ekki einu álögurnar á barnafólk eða fjölskyldur. Þær verða líka í formi skólagjalda og í formi gjalda fyrir þjónustu heilsugæslu sem getur kostað meðalfjölskylduna um 12–18 þús. kr. á ári, þ.e. gjöld fyrir þjónustu heilsugæslu.

Eins og ég sagði þá hef ég ekki eins miklar áhyggjur af þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á sjómannaafslætti og ég hef af þessari breytingu sem fyrirhuguð er á barnabótum. Ég vænti þess að það verði skoðað betur áður en kemur til afgreiðslu á því tekjufrumvarpi sem nú hefur nýlega verið lagt fram í Alþingi en er ekki enn komið til umræðu. Þó legg ég áherslu á það að með sjómannaafslættinum er verið að brjóta samninga og bendi á að það gekk nú talsvert á í fyrravetur vegna brots á samningum við BHMR. Enda á Alþingi ekki að leyfa sér að setja lög sem brjóta kjarasamninga.

Félmrh. hæstv. talaði áðan um þjóðarsátt og að sveitarfélögin ættu að taka þátt í þeirri þjóðarsátt. Mér finnst það skjóta skökku við — ég vona að félmrh. hæstv. heyri mál mitt — að tala um þjóðarsátt við sveitarfélögin þegar ekki er haft samráð við þau í upphafi áður en álögur eru settar á þau. Að vísu kom fram í kröftugum umræðum hér áðan að e.t.v. eigi eftir að endurskoða þetta en ég bendi á það að mér finnst ekki hægt að tala um þjóðarsátt um leið og verið er að setja á álögur sem ekki er haft samráð um. Því til sönnunar hafa verið að berast hingað mótmæli frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eins og kom hér fram í gær. Ég hef til viðbótar í dag fengið kröftugleg mótmæli frá bæjarstjórn Bolungarvíkur.

Ég minntist aðeins á frestun jarðganga á Vestfjörðum í gær. Þar er líka verið að brjóta samninga, að vísu ekki kjarasamninga, en samninga sem búið er að gera og fjmrh. hefur ekki upplýst það hvað það samningsbrot muni kosta ríkissjóð. Þannig að enn þá vitum við ekki hver sá sparnaður verður fyrir ríkissjóð sem á að felast í þeirri frestun. Í tilefni þessarar frestunar hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga sent mér í dag svohljóðandi bréf, með leyfi forseta: „Með þessu bréfi er send samþykkt stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þar sem mótmælt er áformi stjórnvalda um að fresta jarðgangagerð á Vestfjörðum við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1992. Vitneskjan um áform stjórnvalda að því er þetta varðar hefur kallað fram almenna mótmælaöldu hér á svæðinu enda óttast fólk að það hafi mjög alvarlegar afleiðingar ef kemur til frestunar á framkvæmdum samfara öðrum erfiðleikum sem fyrirsjáanlegir eru."

Hér kemur samþykktin:

„Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir harðlega því áformi stjórnvalda að fresta framkvæmdum við gerð jarðganga til Súgandafjarðar um eitt ár. Stjórnin lítur á jarðgangagerðina gegnum Breiðadals- og Botnsheiðar sem sameiginlegt mál allra íbúanna á Ísafjarðarsvæðinu. Með göngunum verði svæðið að einni félagslegri, samgöngulegri og atvinnulegri heild. Sérhver töf á að göngin verði tekin í notkun hafi alvarlegar afleiðingar á búsetu á svæðinu. Líta verði á frestunina, ef af verður, sem atlögu að svæðinu í heild sem bitni þó fyrst á Súgfirðingum sem um skeið hafa átt í vök að verjast atvinnulega séð. Um sé að ræða eins konar hnefahögg í andlit þeirra sem um þessar mundir standa fyrir atvinnuuppbyggingu á Suðureyri. Stjórnin telur að umrædd frestun jarðgangagerðarinnar komi þvert á hvatningu stjórnvalda að sameina sveitarfélög í þeim tilgangi að gera þau traustari stjórnsýslueiningar. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að breyting á tímaáætlun í verksamningi um jarðgangagerðina ásamt nauðsynlegum breytingum á stjórnun og verklagi leiði til þess að miklir fjármunir fari í súginn og því muni ekki nást sá sparnaður sem stjórnvöld telja sig sjá með frestun jarðgangagerðarinnar. Öll heilbrigð skynsemi virðist þar af leiðandi mæla með því að horfið verði frá áformi um frestun umræddra jarðganga.

Ísafirði, 10. des., fyrir hönd stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, Jóhann T. Bjarnason framkvæmdastjóri."

Það væri hægt að segja mörg fleiri orð um þetta en þar sem ég tók það sérstaklega fyrir í gær er þetta bréf í raun bara staðfesting á öllu því sem þar kom fram.

Ég ætla að minnast á áhrifin á sveitarfélögin í sambandi við álögur sem á þau á að bæta. Þar er gert ráð fyrir að þau taki við verkefnum fyrir fatlaða upp á 400 millj. kr. Jafnframt kemur fram í fjárlagafrv., eins og það var í upphafi, að þar átti að vinna alveg sérstaklega vel að málefnum fatlaðra. Í þeim niðurskurði sem nú er hugsaður í sambandi við launalið allra ráðuneyta er talað m.a. um þær aðferðir sem þar eigi að beita. Þar er m.a. talað um ráðningarstöðvun, þ.e. að ekki verði ráðið í ný störf eða ráðningu frestað. Ef við skyggnumst aðeins í fjárlagafrv. þá segir á bls. 326 í athugasemdum með frv. í kaflanum um málefni fatlaðra, með leyfi forseta: „Samtals er gert ráð fyrir að störfum fjölgi um 61, þar af 41,5 frá miðju ári." Í viðtali sem minni hluti fjárln. átti í fyrradag við fulltrúa frá fjmrn. kom það fram að vel gæti verið að sparnaður ríkisins í nýráðningum kæmi þarna niður. Að frestað yrði, eins og það heitir, að ráða í þessi nýju störf. Þar verður því um skerðingu að ræða til málefna fatlaðra. Auk þess er í bandorminum gert ráð fyrir því að þriðjungi af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði varið til viðhalds á stofnunum fatlaðra. Of snemmt var því að fagna því við 1. umr. fjárlaga að aukning yrði á framlögum til málefna fatlaðra. Sú aukning er tekin margföld til baka. Þar að auki, eins og ég gat um í gærkvöldi, eru verkefni upp á 400 millj. vegna fatlaðra færð til sveitarfélaganna sem mörg hver hafa ekki bolmagn til að framkvæma þau. Það er því fyrirsjáanlegt að þar sem undanfarnar vikur hefur verið unnið að skipulagningu á aukinni þjónustu við fatlaða á vegum svæðisstjórna mun ekki verða af framkvæmdum.

Ég átti samtal við framkvæmdastjóra svæðisstjórna á Vestfjörðum sem hringdi í mig út af þessu og spurði út í hvernig staðið yrði að þessum niðurskurði og upplýsti í leiðinni að frá því í haust hefði hún unnið að því að koma á ýmissi þjónustu við fatlaða á fleiri stöðum á Vestfjörðum en á Ísafirði. Sem kunnugt er er það eini staðurinn á Vestfjörðum þar sem einhver þjónusta er við fatlaða. Hún hafði verið að reyna að byggja upp í tengslum við þjónustu á Ísafirði þjónustu á Patreksfirði og Hólmavík. Hún spurði sem eðlilegt er: Hvað verður þá um það sem ég hef verið að byggja upp síðan í haust? Kemst það þá engan veginn í framkvæmd? Ég gat ekki gefið henni viðhlítandi svar en svaraði því til að það hlyti að upplýsast núna mjög fljótlega. Ég óttaðist þó að hún yrði látin nema staðar þar sem komið væri og að ekki yrði um neinar nýjar framkvæmdir að ræða.

Ég hef nokkuð komið inn á það að í þessu fjárlagafrv. og í þeim breytingartillögum sem við höfum fengið og eru sem óðast að koma fram, einnig þeim breytingum í sambandi við tekjuhlið frv. sem reyndar eftir er að ræða, kemur það víða fyrir að verið er að breyta lögum, annaðhvort til skamms tíma eða óákveðið eða fresta að þau taki gildi. Mér finnst það mjög ámælisvert að það sé sífellt verið að breyta lögum og gerðum samningum sem hafa mikil áhrif á líf fólks og raska öllum áætlunum sem fólk er búið að gera eða eins og einn ónefndur stjórnarþingmaður orðaði það: „Við förum nú létt með það að breyta lögum hér." Slíkt sjónarmið finnst mér að ætti ekki að heyrast hér í sölum Alþingis. Við hljótum að vera hér til að setja lög sem við ígrundum það rækilega og vel að ekki sé ástæða til að breyta þeim nema þá a.m.k. að vel athuguðu máli. Ég tala nú ekki um að undangengnu samráði við þá aðila sem breytingin snertir fyrst og fremst.

Hér hefur nokkuð í umræðum verið komið inn á eitt atriði sem á að keyra í gegn í atkvæðagreiðslu á morgun, þ.e. seinkun greiðslna til bænda. Stéttarsamband bænda hefur sent frá sér mótmæli vegna þessara áforma og telur þetta ekki vera í samræmi við þann búvörusamning sem gerður hefur verið. Þetta er 6. hluti af beinum greiðslum til sauðfjárbænda á næsta ári og samsvarar því seinkun á launagreiðslum til þeirra. Það er orðið nokkuð lélegt þegar ríkissjóður þarf að fá lánuð laun einstakra atvinnustétta í landinu til að fleyta sér yfir einhver áramót. Bændur hafa á undanförnum missirum og árum mátt búa við skerðingu á marga vegu sem kemur vitaskuld út sem tekjuskerðing til þeirra. Áreiðanlega kemur það illa niður á mörgum bændum að nú skuli eiga að seinka þessum greiðslum til þeirra á síðari hluta næsta árs.

Ég gæti svo sem haldið áfram að fara yfir fleira í þessu frv. en margt af því er komið fram fyrr enda menn hér yfirleitt málglaðari en ég. Samt sem áður fannst mér að ég hefði fengið í hendur margar þær upplýsingar í dag sem ég hafði ekki í gær og gat þar af

leiðandi ekki látið koma fram í minni ræðu þá.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur allmikið komið fram í umræðunni í dag að sérstaklega sé verið að ráðast að fötluðum. Ég vísa þessu alfarið á bug og taldi mig skýra það hér í dag. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns um verið væri að skerða margfalt fjármagn til rekstrar hjá fötluðum þá vísa ég því einnig á bug. Í fjárlagafrv. eru nú 85 millj. umfram verðlagsforsendur fjárlaga, nú við 2. umr. fjárlaga er bætt við 40 millj. kr. Við erum þannig að tala um 125 millj. kr. aukningu í þennan málaflokk. Félmrn. er gert að skera niður nettó 59 millj. kr. hjá öllum stofnunum. Hvernig sem á málið er litið er veruleg aukning í þessum málaflokki. Það er ekki verið að skerða þjónustuna. Þrátt fyrir þann niðurskurð, sem þarna er, er verið að auka þjónustuna fremur en hitt. Ef hægt er að ná þessum sparnaði, þessum 54 millj. kr., ef ég get það án þess að skerða nýráðningar, verða þær látnar gilda. Ég vil að þetta komi fram. Mér finnst alveg óþarfi að vera að hræða það fólk sem vinnur í þessum málaflokki vegna þess að tölur tala sínu máli. (Gripið fram í.)

Afbrigði um brtt. 258, sem var of seint fram komin, samþ. með 34 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég óska eftir að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræðuna og einnig vil ég biðja um að sá, sem gegnir starfi umhvrh., verði viðstaddur. Ég hef ekki upplýsingar um hvaða hæstv. ráðherra það er en ég sé að hæstv. menntmrh. er hér við umræðuna. Hann hefur setið nokkuð staðfastlega í sæti sínu í dag og á hrós skilið fyrir það a.m.k. miðað við ýmsa aðra hvað viðveru snertir við þessa umræðu. Hæstv. félmrh. er hér einnig og mun ég beina máli mínu til hennar að einhverju leyti, en ég sakna sérstaklega virðulegs formanns nefndarinnar — ég sé að hann er hér í þingsalnum og mun ég þá hefja mál mitt, virðulegur forseti.

Þessi umræða, 2. umr. fjárlaga, var hafin svo sem venjubundið er af formanni fjárln. sem flutti ræðu sína í gær. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerðist heimspekilegur í vangaveltum sínum í framsögu sinni og raunar einnig bókmenntasinnaður því að hann vitnaði hér í texta ágætra skáldverka og greip niður í Íslandsklukkunni til þess að koma því á framfæri undir hvaða merki meiri hluti fjárln. hefði starfað og með hvaða hugarfari. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið ástæðan fyrir þessum tilvitnunum hv. formanns. Hann brá sér niður í svartholið á Bessastöðum í texta Halldórs Laxness í Íslandsklukkunni og lagði sér í munn orð skáldsins þar sem hann vitnar til eins af þeim sem þar sátu, Ásbjörns Jóakimssonar, fanga af Seltjarnarnesi. Það ber vissulega að fagna því þegar þingmenn grípa niður í góðar bókmenntir máli sínu til stuðnings. Og í þessu tilviki ætlaði hv. formaður fjárln. að bregða fyrir sig skildi máli sínu til stuðnings og greip til Ásbjörns Jóakimssonar í Íslandsklukkunni.

Ég held að hv. þm. hefði átt að hugsa sig um betur áður en hann fór út í þennan bókmenntatexta. Hann vildi koma því á framfæri að meiri hluti fjárln. hefði verið jafnstaðfastur í störfum og Ásbjörn Jóakimsson, fangi í svartholinu á Bessastöðum, sem neitaði að ferja kóngsins mann yfir Skerjafjörð. Við hvern voru fangarnir í svartholinu á Bessastöðum að kljást? Við hvern voru þeir fulltrúar íslenskrar alþýðu, sem voru tugthúsaðir hjá kóngsvaldinu á Bessastöðum um aldamótin 1600–1700, í byrjun 17. aldar, að kljást? Það var ofríki konungsvaldsins, hins erlenda valds og handlangara þess, hér á landi.

En fyrir hvaða vald er meiri hluti fjárln. að vinna, hv. formaður fjárln. sem var að vitna til hins staðfasta Ásbjörns Jóakimssonar? Er það íslensk alþýða sem þeir eru fulltrúar fyrir og eru að bregða skildi fyrir í störfum sínum eða eru þeir að ganga erinda annars valds sem lætur sér heldur fátt um finnast aðstæður alþýðufólks í landinu? Ég held að þeir, sem eru komnir í hlutverk konungsvaldsins og handlangara þess, séu nær meiri hluta fjárln. að ekki sé nú talað um sjálfa ríkisstjórn landsins en við höfum kannski áttað okkur á fram undir þetta. En það er smám saman að skýrast.

Ég held að fulltrúar meiri hlutans, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sé hér ekki í hlutverk Ásbjörns Jóakimsssonar og ég held að hv. þm. Sturla Böðvarsson, sem er í þessum meiri hluta, sé ekki í hlutverki Halldórs Finnbogasonar af Mýrum sem skáldið setur í svartholið á Bessastöðum í þessu verki og ég held að hv. þm. Árni Johnsen fari ekki í föt Hólmfasts Guðmundssonar í þessu skáldverki. Það mætti kannski vera að við fyndum einhverja samsömun hjá þessum heiðursmönnum sem mynda meiri hluta fjárln. með Jóni Þeófílussyni að vestan og ætla ég þó ekki að fara að draga samasemmerki milli Einars K. Guðfinnssonar, fulltrúa Vestfirðinga í þessum meiri hluta, og Jóni Þeófílussyni sem reyndi að bregða fyrir sig kukli í kvenmannsraunum og brá fyrir sig vindgapa og nábrókarstaf. En það er í rauninni þess háttar kukl, svartigaldur, sem meiri hluti fjárln. hefur reynt að ástunda en með mjög takmörkuðum árangri, í rauninni ekkert betri en hjá Jóni Þeófílussyni og allir þekkja sem lesið hafa Íslandsklukkuna hvernig gekk þegar hann var kominn upp á þakið hjá stúlkunni og ætlaði að bregða upp vindgapanum. (**Gripið fram í:** Hvað gerðist?) Það svaf hjá henni maður, segir þar. Og við svo búið hrökklaðist Jón Þeófílusson frá. Og hann var kominn í svartholið á Bessastöðum í félagsskap með Jóni Hreggviðssyni og það átti að brenna hann. En það vafðist fyrir því að Þorskfirðingar synjuðu um hrísið. En ég er alveg viss um að þeir verða nógir til að leggja til hrís að því verki meiri hluta fjárln. sem liggur á borðum okkar og er hér til umræðu. Og ekki aðeins við sem stöndum á bak við þá sem flytja minnihlutaálit því að það liggur við að einstakir þingmenn stjórnarliðsins — og raunar kemur það berlega fram í flutningi tillagna sem liggja hér á borðum okkar frá stjórnarþingmönnum sem hlaupast undan merkjum, una ekki því oki sem þeim er ætlað að ganga undir svo ég er ekkert frá því að það verði einnig hægt að leita í skóg

til einstakra stjórnarþingmanna til að efna í þann köst sem þarf að efna í fyrir áramótin til þess að brenna þessi hugverk með verðugum hætti. Það gæti jafnvel verið að það fengist grein úr Eydalaskógi, ítökum Heydalakirkju, til þess að efna í þann bálköst sem sannarlega [illegible]fti til þess að brenna þá óværu sem hér er sam[illegible]nin í tillögum meiri hluta fjárln.

Þú verður áreiðanlega brendur," voru svör Jóns [illegible]eggviðssonar við kjökrinu í Jóni Þeófílussyni í Þýflissunni á Bessastöðum. Ég veit ekki hvort það verður miklu hærra risið á formanni fjárln. áður lýkur. Hann hefur nú brugðið á það ráð að hrökklast úr starfi hjá því verkalýðsfélagi þar sem hann hefur starfað í tvo áratugi vegna þess að hann getur ekki réttlætt fyrir samvisku sinni að standa í þeim sporum í ljósi þeirra tillagna sem hann ber fram sem alþingismaður.

Virðulegur forseti. Það voru vonir bundnar við þá vinnu að fjárlagagerð sem hófst í byrjun þessa þings og það voru vonir bundnar við þær breytingar á þingsköpum sem gerðar voru sl. vor sem gerðu ráð fyrir því að að fjárlagagerð yrði staðið með nýjum hætti, m.a. að fagnefndir þingsins kæmu þar til verka og það var gerð ákveðin atrenna að því máli í byrjun þessa þings, að vísu með ófullkomnari hætti en æskilegt hefði verið og nauðsynlegt er til þess að uppfylla anda nýrra þingskapa í sambandi við fjárlagagerð. Ég nefni þetta hér í upphafi ræðu minnar vegna þess að ég tel nauðsynlegt að þegar þingið verður búið að hrista af sér þau bönd sem núv. ríkisstjórn er að reyna að reyra það í, starf þess og starfshætti, þá tökum við upp vinnu við fjárlagagerð þingsins í samræmi við það sem ný þingsköp kveða á um og nýtum þá möguleika sem felast í breyttum starfsháttum þingsins. Við þurfum að sjálfsögðu að ná samfellu í fjárlagagerðinni nú þegar þingnefndir eiga að starfa allt árið. Þar þarf að verða breyting varðandi starf fjárln. sjálfrar og hlýtur að verða þannig að hún hefji störf sín ekki síðar en í byrjun hvers árs og sé í rauninni vel á veg komin með þau áður en vorþingi lýkur hverju sinni þannig að fagnefndir sem við köllum svo, aðrar nefndir þingsins en fjárln., geti haft gott ráðrúm til þess að vinna með fjárln. að því að fara yfir einstaka málaflokka hver á sínu sviði, nýta m.a. sumarhlé Alþingis til þess að vinna að einstökum málaflokkum. Það er að mínu mati sú tilhögun sem við ættum að taka upp fyrr en síðar. Raunar kann það að vera nauðsynlegt að byrja fjárlagagerð hvers árs fyrr heldur en þarna er gert ráð fyrir svipað og gerist hjá nágrönnum okkar þar sem menn eru ári á undan að verulegu leyti við mótun fjárlaga þarnæsta árs.

Ég held að sú litla atrenna sem gerð var af hálfu fagnefndanna til þess að leggja mat á fjárlagatillögur, hugmyndir og tillögur hæstv. fjmrh. samkvæmt fjárlagafrv. hafi verið til bóta þó að þar hefði mátt taka miklu betur á heldur en ráðrúm var til og heldur en vilji stóð til hjá forustu einstakra þingnefnda sem ég ætla þó ekki að lasta sérstaklega vegna þess að þetta var byrjun, þetta var atrenna að verki samkvæmt nýjum þingsköpum og ekki óeðlilegt að menn þurfi nokkurn aðlögunartíma.

Ég tók þátt í starfi menntmn. og umhvn. þingsins við þessa yfirferð og þessar nefndir skiluðu áliti. Ég mun síðar víkja að því nokkrum orðum en vil aðeins fara hér almennum orðum yfir nokkra þætti sem snerta gerð þessa frv. og vinnu að því bæði hvað varðar þing en alveg sérstaklega hlut ríkisstjórnar í þessu sambandi. Ég held að það sé hægt að taka undir fullum hálsi með minni hluta fjárln. þegar hann leggur mat á störf og starfsskilyrði fjárln. að þessu sinni, að vinnubrögðin hafi verið með miklum eindæmum og alveg sérstaklega að því er varðar hlut ríkisstjórnarinnar. Það hefur aldrei áður gerst degi fyrir framlagningu frv. úr nefnd að ríkisstjórn komi með breytingartillögur, eins og þær sem spruttu upp úr næturvinnu núv. ríkisstjórnar þann 9. des. sl. Þar gerir ríkisstjórnin sér lítið fyrir og leggur til nettóskerðingu fjárlaga upp á 1½ milljarð fyrst og fremst með því að ætla að skera niður laun hjá hinu opinbera, skerða laun upp á yfir 2 milljarða kr., 2.255 millj. kr., og endurráðstafa til ráðuneyta tæpum milljarði, eins og hér hefur komið fram við umræðuna, þannig að nettóskerðingin nemur um 1.500 millj.

Ekki hefur verið útlistað í einstökum atriðum og nánast sáralítið enn sem komið er með hverjum hætti þessi skerðing eigi að ganga fram. Það er þó alveg ljóst að láta á það í hendur ráðuneyta að verulegu leyti að ráðstafa eða leggja á þessa skerðingu innan sinna ráðuneyta, hjá stofnunum ríkisins og þeim sem þiggja laun hjá ríkinu. Hv. formaður fjvn. reyndi að milda þessa skerðingu með því að víkja að einhverri óreiðu sem hann taldi vera í launamálum hjá hinu opinbera. Hann dró það sérstaklega fram að þar væru menn of vel haldnir margir hverjir, þar væru um að ræða duldar greiðslur í ríkum mæli og hafði þar margt í flimtingum í þeim efnum.

Nú er það svo að vafalaust er hægt að haga ýmsu betur hjá ríkinu, jafnt í rekstri sem varðandi mannahald og launamál, en þær dylgjur sem uppi voru hafðar af hálfu formanns fjvn. í þessum efnum voru til þess gerðar augljóslega að draga fjöður yfir meginkjarna þessara skerðingartillagna sem auðvitað eiga og munu bitna á hinum breiða fjölda ríkisstarfsmanna, þeim sem þá verður ekki sagt upp eða reknir frá störfum. Tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir, sem kunnugt er, að fækka störfum innan ársins hjá hinu opinbera um hvorki meira né minna en 600 manns. Hér er ekki fyrir að fara tillitssemi við hinn breiða fjölda sem starfað hefur hjá hinu opinbera. Aðrir verða einnig fyrir svipu ríkisstjórnarinnar, eins og fram hefur komið. Þeir sem starfa við undirstöðustörf í þjóðfélaginu, eins og sjómannastéttin, þar sem gert er ráð fyrir því að skerða kjör hennar mjög verulega þannig að það er metið á fleiri hundruð millj. kr., jafnvel 400–500 millj. kr. ef tillögur ríkisstjórnarinnar um skerðingu sjómannafrádráttar ná fram að ganga.

Það hefur vissulega heyrst að hæstv. ríkisstjórn sé farin að hugsa sig um hvort henni sé stætt á því að bera þessar tillögur fram á þinginu og knýja þær fram í atkvæðagreiðslu. Hik er komið á marga stjórnarliða í ljósi þeirra víðtæku mótmæla, sem hafa komið frá

sjómönnum og þeim sem njóta sjómannafrádráttar víða um landið, gegn þessum tillögum. Við skulum vona að þær umræður sem hér fara fram og það ráðrúm sem fólki gefst til þess að bregðast við hugmyndum ríkisstjórnarinnar verði til þess að stjórnin hrekist til baka með þau óráð, með þær tillögur, sem hún er að bera fram á elleftu stundu við fjárlagagerðina og eru langt frá því að hafa réttlæti að leiðarljósi. Þvert á móti er víða ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, eins og fram hefur komið í hugmyndunum varðandi málefni fatlaðra og öryrkja, og mikið hefur verið rætt við þessa umræðu. (**Forseti:** Forseti vill beina því til hv. 4. þm. Austurl. að meiningin er að fresta fundinum um eða upp úr kl. 7 og vill spyrja hvort þannig standi á í ræðu hv. þm. að hann sé tilbúinn að hætta nú eða innan skamms.) Þingmaðurinn er reiðubúinn til þess. Ég er reiðubúinn til þess nú þegar, virðulegi forseti, og get tekið upp þráðinn að loknu kvöldmatarhléi. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég gerði hlé á máli mínu um sjöleytið þar sem ég ræddi um atlögu ríkisstjórnarinnar að einstökum þjóðfélagshópum, eins og kemur fram í niðurskurðartillögum, sem víðaðar hafa verið hér á þinginu og sýndar að hluta til, sumt þó í hálfkveðnum vísum. Ég hafði við upphaf míns máls óskað eftir því að hér yrðu nokkrir ráðherrar viðstaddir umræðuna auk hv. formanns fjárln. Enn er það hæstv. menntmrh. sem stendur vaktina einn, enn sem komið er, og nú inni ég virðulegan forseta eftir því hvort ekki sé þess að vænta að hæstv. ráðherrar með hæstv. fjmrh. í fararbroddi verði viðstaddir þessa umræðu í kvöld. Ég hafði sérstaklega óskað eftir nærveru hæstv. umhvrh. og vil biðja virðulegan forseta að hlutast til um að þeir verði hér viðstaddir þannig að ég geti flutt mál mitt. (**Forseti:** Forseti veit ekki annað en hæstv. ráðherrar séu rétt ókomnir til fundar. Þeir vita af því að þess er vænst að þeir séu viðstaddir þessa umræðu, bæði í dag og í kvöld. Þess er því að vænta að þeir komi hér innan tíðar.) Er ekki ráðlegt, virðulegur forseti, að fresta fundinum þar til hæstv. ráðherrar sem nefndir voru eru viðstaddir? (**Forseti:** Forseti heldur að hæstv. umhvrh. hafi fjarvist, hann er ekki hér á þingi svo að ekki er hægt að vænta þess að hann komi hér en aðrir hæstv. ráðherrar sem ekki eru með fjarvistir eða fjarverandi koma hér væntanlega innan tíðar.) Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir að einhver gegni starfi umhvrh. um þessar mundir og undrast ef sá hinn sami ekki gegnir sínum þingskyldum. Sé svo að hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason hafi tekið upp störf eftir fjarveru, þá geri ég ráð fyrir að hann hafi embættisskyldu sem ráðherra gagnvart þinginu. Ég bið virðulegan forseta að kanna það hið fyrsta hvort hann verður ekki viðstaddur umræðuna. Ég nefndi það óformlega utan þingsalar við formann þingflokks Alþfl. um það leyti sem við gerðum kvöldmatarhlé að ég óskaði eftir viðveru umhvrh., hver svo sem gegndi störfum umhvrh. En ég hefði talið skynsamlegt, virðulegur forseti, að gert yrði smáhlé á meðan hæstv. ráðherrar eru að skila sér til þingfundar. (**Forseti:** Ef hv. þm. vill ekki nýta tímann og tala í viðurvist hæstv. menntmrh. sem er nú þegar viðstaddur verður að fresta fundinum um sinn.) Já. Ég tel það skynsamlegt. – [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég sé að ræst hefur úr að því leyti að hæstv. fjmrh. er kominn til fundar og hæstv. félmrh. er hér á næsta leiti. En ég sé enn ekki hylla undir hæstv. umhvrh. og spyr virðulegan forseta hvort von sé á hæstv. ráðherra til þings. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. mun gegna störfum fyrir hæstv. umhvrh. og hann mun vera rétt ókominn í húsið.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir upplýsingarnar og mun halda áfram máli mínu í trausti þess að hæstv. umhvrh. verði fljótlega meðal vor.

Ég lauk þar máli mínu áður en hlé var gert fyrir kvöldmat að fjalla um það með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn hyggst dreifa byrðunum í sambandi við það aðhald og niðurskurð í ríkisfjármálum sem hún stendur fyrir og gerir tillögur um.

Það er eðlilegt og nauðsynlegt hverju sinni að halda þannig á ríkisfjármálum að ríkissjóður sé rekinn með sem minnstum halla hverju sinni. Þetta hefur verið markmið ríkisstjórna um langt skeið en það sem sker úr þegar við metum hvernig til tekst er það hvernig byrðunum er jafnað, hvaða tillögur það eru sem fram eru bornar í sambandi við aðhald í ríkisrekstri, hverjir það eru sem eiga að taka á sig byrðarnar og hverjum er sleppt við að axla byrðar í samfélagsins þágu.

Þær tillögur sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt og viðrað, sumt í hálfkveðnum vísum, eru þess eðlis að það er tiltölulega auðvelt að meta hvaða hug hæstv. ríkisstjórn ber til hinna einstöku hópa í samfélaginu, hverjir það eru sem hún ætlar að taki á sig þyngstar byrðar og hverjum er sleppt. Hæstv. ríkisstjórn og talsmenn hennar á þingi guma af því að þeir ætli ekki að hækka skatta. Það er þeirra markmið nr. eitt og tvö, engar skattahækkanir. Annað hefur þó komið í ljós, bæði við framlagningu fjárlagafrv. og enn frekar við þær tillögur sem fram eru bornar, að þetta markmið ríkisstjórnarinnar er fokið út í veður og vind. Ég átel það ekki út af fyrir sig þó að skattar séu hækkaðir í einhverjum mæli ef þar er réttlátlega að staðið og leitað að matarholum þar sem menn eru aflögufærir, fólk og fyrirtæki í landinu. Verk ríkisstjórnarinnar að þessu leyti sýna hvert hugurinn beinist. Það eru starfsstéttirnar í þjóðfélaginu, vinnustéttarnar í þjóðfélaginu, sem eiga að axla byrðarnar á meðan öðrum er sleppt sem sannarlega gætu tekið á sig auknar byrðar, þeir tekjuhæstu í þjóðfélaginu. Að ekki sé talað um þá sem sleppa við að greiða gjöld vegna beinna eða óbeinna undanbragða í sambandi við skattgreiðslur. Einnig er sá stóri og sístækkandi hópur sem makar krókinn á fjármagnstekjum sem eru óskertar og sem ekki eru skattlagðar hér eins og almennt gerist í nágrannalöndum og víðast hvar í Vestur-Evrópu. Það er þetta sem við stjórnarandstæðingar gagnrýnum þegar litið er til fjárlaganna og alveg sérstaklega þær hugmyndir sem nú eru fram bornar rétt fyrir 2. umr. fjárlaga og hér hafa verið drjúgt umræðuefni manna við umræðuna til þessa.

Það hefur komið fram við umræðuna að hæstv. ráðherrar eru orðnir hikandi og að því er virðist hræddir

vegna viðbragða almennings í landinu við þessum tillögum. Það hefur m.a. birst í máli hæstv. félmrh. við umræðuna í dag. Aldrei minnist ég þess að hafa séð slíka vanstillingu hjá nokkrum ráðherra við umræðu og er þó hæstv. félmrh. ekki meginábyrgðarmaður þess frv. sem hér er til umræðu. Ráðherrann hefur gripið inn í umræðuna margsinnis, vissulega með eðlilegum hætti, til þess að svara fyrirspurnum en einnig í andsvörum til þess að reyna að verja undanhald sitt. Vissulega er fagnaðarefni að þess sjáist merki að ráðherrann er kominn á fljúgandi ferð frá þeim tillögum sem hann stóð að og er það sannarlega fagnaðarefni ef ekki tekur annað og svipað við. Hæstv. ráðherra boðaði það hér í dag að annað skyldi taka við af álögum á fatlaða og ráðherrann var þó ófáanlegur til þess að greina þingheimi frá því hvað væri í pokanum. Við eigum því eftir að heyra það og ég skora enn á hæstv. ráðherra, því að greinilega þarf ekki mikið til að fá ráðherrann upp í ræðustól nú að loknu kvöldmatarhléi, að opinbera þingheimi hvað það er, hvaða aðgerðir það eru til tekjuöflunar sem ráðherrann hyggst beita sér fyrir og viðraði í dag að væru til kynningar við samtök sveitarstjórna og fulltrúa þeirra.

Varðandi skerðingu á sjómannaafslætti hafa ekki komið nein skýr viðbrögð frá ríkisstjórninni. Þó örlar á því að þar sé undanhaldið hafið og er það raunar mjög að vonum, svo skörp viðbrögð sem komið hafa fram af hálfu sjómannastéttarinnar og þeirra sem notið hafa þessa skattaafsláttar í sambandi við störf sín, hefðbundins afsláttar, sem síst er ástæða til að ráðast að nú þegar sjómannastéttin í landinu þarf vegna minnkandi afla að taka á sig mjög verulega rýrnun tekna á yfirstandandi ári og sýnilega enn frekar á komandi ári.

Viðbrögð öryrkja og þeirra sem þroskaheftir eru og þurfa á aðstoð að halda hafa ekki látið á sér standa og eiga tvímælalaust þátt í því undanhaldi sem hæstv. félmrh. hefur þegar kynnt og sem breytir þeirri mynd sem við höfðum við upphaf þessarar umræðu.

Ég get tekið undir þær áskoranir sem hér hafa komið fram að eðlilegt væri að fresta þessari umræðu á meðan hæstv. ríkisstjórn er að átta sig. Á meðan stjórnin er að búa sig undir það sjálfsagða verk að kynna þinginu hverjar eru hennar raunverulegu tillögur áður en frv. kemur til atkvæðagreiðslu við lok 2. umr. Það er í rauninni alls ekki sæmilegt að ætla okkur að taka afstöðu til frv., jafnóljóst og það er hverjar eru meginstillögur ríkisstjórnarinnar og hvar ríkisstjórnin ætlar að stöðva sig af í sambandi við þetta mál.

Ég nefndi það, virðulegur forseti, fyrr í minni ræðu að fagnefndir þingsins hefðu fjallað um einstaka þætti frv. Ég ætla að víkja að viðbrögðum menntmn. og sérstaklega minni hluta menntmn. við fjárlagafrv. eins og það lá fyrir. Það segir þó að sjálfsögðu ekki nema hálfa sögu vegna þess að við hefðum áreiðanlega þurft að bæta þar mörgu við ef við hefðum haft fyrir framan okkur þær tillögur sem nýkomnar eru á borð þingmanna, m.a. og ekki síst í sambandi við menntamálin í landinu og þá gífurlegu skerðingu sem þar er boðuð á launum og rekstrarliðum.

Minni hluti menntmn. skilaði áliti til fjárln. samkvæmt þingsköpum og varð ekki samstaða um álit í nefndinni. Meiri hluti menntmn. vildi sem minnst segja um málið á blaði þó að það væri vissulega ljóst að ýmsir sem í þeim hópi eru höfðu eðlilega ekki síður en við í minni hlutanum áhyggjur af því hvert stefndi varðandi fjárveitingar til menntamála og alls þess sem undir menntmrn. heyrir.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna hér til álits menntmn., sem er fylgiskjal með nefndaráliti meiri hluta fjárln., en þar segir, með leyfi forseta: „Frá því að börnum var gert skylt að sækja skóla í upphafi þessarar aldar hefur ríkt sú stefna í íslenskum menntamálum að það sé skylda samfélagsins að sjá til þess að allir fái notið þeirrar menntunar sem nauðsynleg er talin hverjum manni. Kostnaður við skólakerfið hefur verið greiddur úr sameiginlegum sjóðum okkar á öllum skólastigum. Einu undantekningarnar eru sérskólar og skólar sem reknir eru af einkaaðilum en þeir taka nokkur gjöld af nemendum sínum.

Nú bregður svo við að núverandi ríkisstjórn boðar afgerandi stefnubreytingu sem glöggt má sjá í því frv. til fjárlaga sem menntmn. hefur haft til athugunar að undanförnu. Fyrirhugað er að taka upp nemendaskatt á framhalds- og háskólastigi. Háskólanemar eiga að greiða allt að 17 þús. kr. en nemendur í framhaldsskólum allt að 8 þús. kr. Þar við bætist sú upphæð sem nemendur greiða til félagsstarfa sinna. Fjárveitingar til framhalds- og háskóla eru skornar niður og skólunum gert að mæta niðurskurðinum með nemendasköttum auk þess sem þeir eiga að hagræða og spara, m.a. með samdrætti í kennslu. Eins og kunnugt er streyma nemendur í framhaldsskóla og eru þeir flestir yfirfullir. Því mun skólunum reynast erfitt að skera niður kennslu og eiga því ekki annarra kosta völ en að innheimta skólagjöld til að standa undir rekstrinum sem þeir geta að vísu ekki að óbreyttum lögum.

Þeir nefndarmenn menntmn., sem undir þetta álit rita, eru alfarið á móti því að skólagjöld verði innheimt í ríkisskólum. Skólakerfið á að vinna að jöfnuði þegnanna og það þjónar velferð samfélagsins alls. Enginn á að þurfa að hverfa frá námi af þeirri ástæðu að hann geti ekki greitt fyrir nám sitt. Það er ekki sæmandi jafn vel stæðu samfélagi og okkar að ganga á vit fortíðar með þeim hætti sem ríkisstjórnin nú boðar. Hér er ekki um háar upphæðir að ræða fyrir ríkissjóð, en einstaklingana og fjölskyldurnar í landinu getur munað um þá peninga sem á að innheimta. Aðalatriðið er þó að nú á að hverfa frá þeirri jafnréttisstefnu sem ríkt hefur um árarаðir í íslensku skólakerfi og því er minni hluti nefndarinnar andvígur.

Á síðasta vetri voru samþykktar breytingar á grunnskólalögum svo og lög um leikskóla sem bæta mjög aðstöðu yngstu barnanna og stefna í þá átt að aðlaga skólakerfið breyttu þjóðfélagi. Í fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir að nokkrum þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar voru, verði frestað í sparnaðarskyni og er það mjög miður. Þá vill minni hluti nefndarinnar benda á að Námsgagnastofnun, sem á að þjóna öllum grunnskólanemendum landsins, fær enga aukningu á fjár-

veitingum og er allt of þröngur stakkur skorinn.

Þá má ekki láta hjá líða að nefna stöðu héraðsskólanna en frv. ber með sér algjört stefnuleysi í málefnum þeirra.

Enn einu sinni er boðaður samdráttur í íslensku efnahagslífi vegna minnkandi afla. Enn einu sinni stöndum við frammi fyrir þeirri nöturlegu staðreynd hve íslenskt atvinnulíf er einhæft. Á slíkum tímum erum við rækilaga minnt á hve nauðsynlegt er að efla rannsóknir og tilraunir sem gætu orðið til að auðga atvinnulíf og efla menningu. Ríkisstjórn sú, sem nú situr, er greinilega ekki þeirrar skoðunar að rannsóknir þurfi að auka því hún sker niður framlög til rannsóknastofnanna og gerir þeim skylt að afla aukinna sértekna. Þetta er að okkar dómi röng stefna og hættuleg og verður að leiðréttast. Í ýmsum tilfellum er um óraunhæfar sértekjuáætlanir að ræða svo sem á Tilraunastöðinni á Keldum og því hætt við að viðkomandi stofnanir lendi í fjárþröng á næsta ári.

Menningarlífið fer ekki varhluta af þeim niðurskurði sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir. Minni hluti nefndarinnar bendir sérstaklega á samdrátt í stuðningi ríkisins við listasöfn, en þar eru þess dæmi að fjárveitingar séu skornar niður um allt að 62%. Þar á í hlut listasafn Sigurjóns Ólafssonar en aðstandendur þess safns hafa lýst því yfir að safninu verði að loka fáist ekki út bætt." — Ég get þess hér að mig minnir að einhver smáleiðréttíng komi fram í tillögu meiri hluta fjárln. að þessu leyti. Mátti vissulega betur gera en þar er tillaga um. — „Fleiri söfn mætti nefna en minni hluti nefndarinnar vill vekja sérstaka athygli á vanda Þjóðminjasafnsins og Þjóðskjalasafnsins. Eins og kunnugt er hefur hús Þjóðminjasafnsins verið í niðurníðslu og safnið allt þarfnast algjörrar endurskipulagningar. Á fjárlögum næsta árs eru aðeins 10 millj. kr. til viðgerða á húsi Þjóðminjasafnsins og ljóst er að þar er verið að slá á frest vanda sem aðeins vex fyrir vikið. Þjóðskjalasafnið fékk fyrir nokkrum árum nýtt húsnæði sem gefur safninu nýja möguleika til varðveislu og skipulagningar skjalavörslu en allt of hægt gengur sökum naumra fjárveitinga að taka húsnæðið til fyrirhugaðra nota og koma skjalageymslum í horf. Þar er úrbóta þörf.

Af annarri menningarstarfsemi vill minni hluti nefndarinnar sérstaklega nefna hróplegan niðurskurð á fjárframlögum frjálsrar leiklistarstarfsemi í landinu og óraunhæf framlög til Þjóðleikhússins. Alþýðuleikhúsið, sem um árabil hefur fengið ákveðna fjárveitingu, er þurrkað út. Þá kemur niðurskurðurinn harkalaga niður á leikfélögum úti á landsbyggðinni en fátt er dreifðari byggð í landinu meira til stuðnings en öflug menningarstarfsemi."

Þetta er kjarninn í áliti menntmn. sem sent var til fjárln. 8. nóv. sl.

Undir þessu áliti standa nöfn þess sem hér talar, einnig Kristínar Ástgeirsdóttur og Valgerðar Sverrisdóttur.

Ég taldi ástæðu til kynna þau viðhorf sem hér koma fram í þessu áliti en þar með er raunar ekki hálf sagan sögð. Eins og ég gat um þá fela nýkomnar tillögur um flatan niðurskurð á launaliðum og rekstrarkostnaði í sér gífurlega skerðingu á framlögum til menntmrn. Þó að hluta af því eigi að endurgreiða til menntmrh., sem eins konar spilapeninga til að úthluta, e.t.v. eftir geðþótta hæstv. ráðherra, ég er ekki að ætla honum það sérstaklega heldur munu þær hugmyndir sem þar eru eiga við öll ráðuneytin, a.m.k. hefur ekkert verið kynnt hér um það eftir hvaða reglum eigi að úthluta þeim milljarði sem þar er á ferðinni og sem ráðuneytunum er ætlað að sjá fyrir. Þá er einnig ógetið í þessu samhengi þeirra tillagna sem koma fram í bandorminum sæla sem hér var til umræðu í sambandi við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 fyrir örfáum dögum síðan. Þar er að vísu um að ræða mjög óverulegan niðurskurð hvað snertir fjárveitingar en þeim mun harkalegar vegið að stefnumiðun í sambandi við íslensk skólamál sem er enn meira áhyggjuefni en þeir fáu tugir milljóna sem ætlað er í beinan niðurskurð samkvæmt því frumvarpi. Það mál er til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. þingsins og ætla ég ekki að gera það að umræðuefni frekar enda ræddi ég það allítarlega þegar það var til meðferðar.

Hins vegar vekur það athygli, virðulegur forseti, að við skulum vera að fjalla um mál sem snerta ríkisfjármálin 1992 sundurgreint, vegna þess að hugmyndir ríkisstjórnarinnar eru á tvist og bast. Þær eru ekki komnar nema að hluta inn í fjárlagafrv., sem við ræðum hér, og aðrir þættir eru í öðrum frv. eins og umræddu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er auðvitað mjög óheppilegt. Mér finnst það orka mjög tvímælis að um frumvörp af þessu tagi, sem varða ráðstafanir í ríkisfjármálum, skuli vera fjallað í annarri nefnd en fjárln. þingsins. Það verður enn til þess að auka á sundurvirknina í málsmeðferðinni og allt er óskýrar fyrir bragðið. Ég átta mig ekki á því hvaða viðhorf liggja til grundvallar þeirri málsmeðferð og hvet til þess að það verði endurmetið við fjárlagagerð ársins 1993 hvort ekki er skynsamlegt að láta alla þá þætti sem varða ríkisfjármálin ganga til fjárln., þar á meðal frv. til lánsfjárlaga eða a.m.k. verulega þætti þess máls. Fjárln. haldi þannig um þræðina og frá fjárln. sé málunum vísað til annarra nefnda þingsins til meðferðar og umfjöllunar með eðlilegum hætti eins og þingskapalög gera ráð fyrir.

Í áliti minni hluta menntmn. er lýst sérstökum áhyggjum vegna þess hvernig búið er að rannsóknum og þróunarstarfsemi í landinu. Það varðar fjárlagafrv. næsta árs. Það gerði ég að sérstöku umræðuefni þegar við ræddum frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég minni bara á hversu gersamlega ófullnægjandi það er og reyndar mjög í stíl við það svartnætti sem ríkir yfir ríkisstjórninni og gerðum hennar í sambandi við fjárlagagerðina því þar vantar allar stefnumarkandi áherslur sem geta verið til sóknar, til að afla sóknarfæra fyrir framtíðina, til að skjóta stoðum undir framleiðslustarfsemi í landinu á komandi árum og skal ekki meira um það sagt að sinni.

En fleiri þættir sem varða menntamálin og skólastarfsemi í landinu er ástæða til að gera að umræðuefni. Hér er komin til umræðu tillaga frá fjórum þing-

mönnum sem flutt er á þskj. 258. 1. flm. er hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og með henni Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Þar er að finna tillögur um að hnekkja þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað í sambandi við nemendaskatta í landinu á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Við skulum vona að þessi tillaga fái þann stuðning sem þarf til þess að a.m.k. þessi þáttur í óheillastefnu ríkisstjórnarinnar liggi ekki hér fyrir þegar málið kemur til 3. umr.

Það hefur komið fram að ýmsir stjórnarliðar telja sig albúna til að leggjast á sveif með stjórnarandstöðunni við að hnekkja þeirri stefnu sem þarna var mörkuð. Ýmsir stjórnarliðar hafa lýst vilja til þess að leggjast á sveif með stjórnarandstöðunni í þinginu til að hnekkja þessari stefnu varðandi nemendaskatta.

Ef litið er til æðstu stofnana í skólakerfinu, ef svo má segja þó að það sé kannski ekki það orðalag sem við munum endilega velja a.m.k. ekki hvað snertir mikilvægi en ég á við háskólastigið, þá er ljóst að mjög skortir á að þar sé staðið að málum eins og vert væri og þörf væri á m.a. vegna rannsókna og þróunarstarfsemi og þess sem snýr að nýsköpun í atvinnulífi í landinu. Þetta á við almennt um háskólastigið. Þetta á við um Tækniskóla Íslands, þetta á við um Háskólann á Akureyri og þetta á við um Háskóla Íslands svo nokkur dæmi séu nefnd.

Ég tel alveg sérstaka ástæðu til þess, virðulegur forseti, að við reynum að sameinast um það að efla þann vísi til háskólanáms sem kominn er á Akureyri. Ánægjulegt var að fá nýlega á fund menntmn. þingsins fulltrúa frá Háskólanum á Akureyri til að kynna hugmyndir um nýja vaxtarsprota við þann skóla. Við skulum vona að einhverjir þeirra fái náð fyrir augum fjárveitingavalds og stuðning eins og vert væri, m.a. kennaramenntun við þann skóla. Einnig tel ég að það ætti að leitast við að tengja við þann skóla ákveðna þætti sem snerta atvinnulífið. Sjávarútvegsmálefni hafa verið nefnd í því samhengi en margt fleira getur þar til greina komið.

Við skulum minnast þess að háskólastarfsemi þrífst ekki án rannsókna og tryggja þarf að Háskólinn á Akureyri geti staðið fyrir rannsóknastarfi og tengst nýmælum í atvinnulífi. Í skjóli hans og upp úr starfi hans ætti að spretta atvinnuþróun sem gjarnan má tengjast þeim landshluta þar sem skólinn er staðsettur og landsbyggðinni sérstaklega. Þó vil ég minna á að þetta er skóli fyrir landið allt, alveg eins og Háskóli Íslands hér í Reykjavík og á ekki að gjalda aðseturs síns að þessu leyti.

Háskóli Íslands er stór stofnun, stofnun í vexti, stofnun sem verðskuldar alla athygli okkar á Alþingi. Nýlega var menntmn. þingsins í heimsókn hjá Háskóla Íslands og þar var okkur gefið yfirlit yfir stöðu mála, sérstaklega að því er varðar fjárlagagerðina. Ég hlýt að nefna hér, virðulegur forseti, í nokkrum orðum það helsta sem blasir við þegar við lítum til fjárlagafrv.

Varðandi fjárveitingar til Háskóla Íslands þyrftu þær að nema á árinu 1992 tæpum 1.700 millj. kr. og til þess að halda í horfinu er það mat háskólamanna, forráðamanna Háskólans, að það skorti 162 millj. upp á að það megi takast. Þá eru ekki reiknaðar með 75 millj. kr. sem ríkisstjórnin ætlaði að afla til skólans með sérstökum nemendaskröttum eða skólagjöldum sem svöruðu til þessarar upphæðar, um 75 millj. kr. Það vantar sem sagt verulega á að það sé haldið í horfinu varðandi fjárveitingar til Háskólans. Fyrir utan þessa upphæð skortir á aukningu vegna fjölgunar nemenda við skólann. Það er ekki tekið tillit til þess, hvað þá til aukningar vegna æskilegra nýmæla og þróunar háskóladeilda sem Háskólinn hefur haft í undirbúningi svo og hækkun sem þyrfti að verða á framlögum til rannsóknasjóðs í sambandi við starfsemi skólans.

Þess ber að geta og við þurfum að hafa það í huga að fjárveitingar til Háskólans eru lægri en til sambærilegra háskóla erlendis. Fyrir því liggja skilmerkileg gögn sem styðja það viðhorf og þá fullyrðingu háskólamanna. Við þurfum að gæta að því að þessi skóli, eins og aðrir skólar á háskólastigi, á ekki síst að verða til þess að bæta aðstöðuna varðandi rannsóknir og þróun og það sem skilar sér inn í atvinnulíf í landinu. Einnig þarf að huga að þeim þáttum sem snúa að menningarlífi, menningarstarfsemi og hugvísindum því að maðurinn lifir enn ekki á brauði einu saman og mun seint gera. Í yfirliti sem við fengum frá Háskóla Íslands segir í niðurstöðum, ég leyfi mér að vitna til þess, virðulegur forseti:

„Háskóli Íslands hefur vaxið ört á liðnum árum vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í menntamálum á Íslandi og í nágrannalöndunum. Háskóli Íslands er og verður æðsta mennta- og vísindastofnun þjóðarinnar. Atvinnulífið krefst æ meiri verkaskiptingar, sérhæfingar og menntunar. Aukin menntun skilar sér í aukinni framleiðni og bættum hag alls þjóðfélagsins. Allar vestrænar þjóðir leggja mikið upp úr góðu skólakerfi og sérstaklega er varið miklum fjármunum til háskóla vegna kennslu og rannsókna. Svo virðist sem skilningur ríki á þessu sjónarmiði innan núv. ríkisstjórnar“ — segir þar og eru þeir þá að vitna til stefnuskrár — „því í stefnu- og starfsáætlun hennar segir orðrétt um háskólanám:

„Samkeppni á sviði mennta og rannsókna hefur aukist samhliða því að ljóst er orðið að afkoma þjóða ræðst í æ ríkari mæli af öflugu rannsókna- og þróunarstarfi, jafnt í undirstöðugreinum sem þjónustugreinum. Hugað verður sérstaklega að því að styrkja þau svið í kennslu og rannsóknum þar sem Íslendingar hafa möguleika á að skara fram úr á alþjóðavettvangi.“ Og enn fremur segir: „Sérstök áhersla verður lögð á að efla framhaldsnám og þjálfun rannsóknarmanna við Háskóla Íslands.““

Á þetta er bent í niðurstöðum frá Háskólanum sem settar eru fram 29. okt. sl. en því miður hefur þetta ekki gengið eftir í meðferð fjárlagafrv. og því skortir eins og hér hefur komið fram verulega á að halda megi í horfinu í sambandi við starfsemi Háskólans. Fjárveitingar til Háskólans hafa farið vaxandi á liðnum árum og það er nauðsynlegt að við gætum þess að þar sé eðlilega á haldið og alveg sérstaklega með tilliti til þess að skjóta rótum undir rannsóknir sem hagnýtar

geta talist fyrir utan eðlilega aðhlynningu að hugvísindaþáttum sem þar eru kenndir og stundaðir.

Ég mun þá víkja, virðulegur forseti, frá menntamálunum yfir til umhverfismálanna. Ég sá hæstv. starfandi umhvrh. áðan í sal en hann er horfinn á braut en ég vildi biðja um að honum væri gert viðvart að nærveru hans sé óskað.

Umhvn. Alþingis fjallaði eins og menntmn. um fjárlagafrv. og skilaði sameiginlegu áliti til fjárln. þann 7. nóv. sl. Í stuttu sameiginlegu áliti nefndarinnar segir:

„Nefndin telur að umfjöllun hennar um fjárlagafrv. hafi verið gagnlegt nýmæli og hyggst hún halda áfram á sömu braut á næsta þingi. Við skipulagningu starfsins næsta haust tekur nefndin mið af fenginni reynslu og mun hefja yfirferðina fyrr en nú var mögulegt.

Nefndin ákvað að gera ekki brtt. við einstaka liði þess hluta fjárlagafrv. sem að henni snýr. Eigi að síður vill nefndin vekja athygli á brýnni fjárþörf" — og enn bólar ekki á hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um að það er verið að kalla til hans og hér kemur hann.) Hér kemur hæstv. starfandi umhvrh. og jafnframt hæstv. iðnrh. og fer ekki illa á því því að svo vill nú til að umhvrn. hefur seilst til ýmissa þátta sem varða umhverfismál í landinu og heldur þar nokkuð fast á gagnvart ráðuneyti umhverfismála. En ég var, hæstv. ráðherra, að rekja hér stutt álit umhvn. þingsins varðandi fjárveitingar þar sem nefndin vill vekja athygli á brýnni fjárþörf „til verkefna á sviði umhvrn. eins og viðbótartillögur ráðuneytisins til fjárlaganefndar vitna um. Þá kom fram í gögnum sem Náttúruverndarráð lagði fram að fjölgun verkefna og stöðug eftirspurn eftir þjónustu ráðsins kalli á meiri fjárþörf af opinberu fé en verið hefur hingað til. Enn fremur vill nefndin minna á að umhvrn. er yngsta ráðuneytið innan Stjórnarráðsins og því er brýnt að við fjárveitingar til ráðuneytisins verði nægilegt tillit tekið til uppbyggingar þess. Þýðing umhverfismála á alþjóðavísu fer ört vaxandi og það endurspeglast m.a. í auknum fjárframlögum til þessa málaflokks í nágrannalöndum okkar."

Þetta er kjarninn úr umsögn umhvn. sem öll nefndin stendur að og undirritar fremstur formaður nefndarinnar, hv. þm. nú í forsetastól, Gunnlaugur Stefánsson. Ég tel alveg sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á þeirri mjög svo slæmu útreið sem þetta nýja ráðuneyti hefur fengið af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu fjárln. þingsins því að hún bætir þar sýnist mér lítt um betur. Og það ber alveg sérstaklega að draga þetta fram vegna þess að hér er um að ræða ráðuneyti sem hefur fengið þýðingarmikil verkefni í hendur. Að vísu er þar ekki allt til skila komið sem stefnt var að í upphafi hvað verkefni snertir, en þó er ljóst að ráðuneytið þarf, til þess að ná tökum á sínum málaflokki, allt aðra meðferð og allt annan skilning af hálfu fjárveitingavaldsins heldur en kemur fram í frv. til fjárlaga og þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Þær eru að mínu mati beinlínis aðför að þessu ráðuneyti umhverfismála sem þyrfti að geta tekið á sínum málum þannig að við vinnum okkur fram í þessum þýðingarmikla málaflokki og vinnum upp það sem vantað hefur á mörgum undanförnum árum að Stjórnarráðið tæki á þessum málum, umhverfismálunum, eins og brýn þörf er á. Þetta endurspeglast í athugasemdum og sérstöku bréfi ráðuneytisins sjálfs til fjárln. þingsins 23. okt. 1991. Þar leggur ráðuneytið fram óskir, skömmu eftir að fjárlagafrv. er lagt, um breytingar á frv. fyrir árið 1992. Þar er að finna tillögu um fjárveitingu til svonefndrar stafrænnar kortagerðar upp á 57 millj. kr. sem er afar brýnt undirstöðuverkefni og gerist ekki nema skilningur sé hér á Alþingi fyrir því. Þar er í öðru lagi tillaga um átak í sorphirðumálum, að til þess verði varið af ríkisins hálfu 125 millj. kr. Þetta er ósk frá hæstv. umhvrh. 23. okt. sl. Ég heyrði einhvern nefna hér töluna 5 millj. eða eitthvað í þá átt fyrir skemmstu sem von væri á að kæmi inn í þennan málaflokk — og nú er hv. formaður fjárln. á brautu. Maður hefur ekki við að reyna að tryggja að þeir, sem eru hér ábyrgðarmenn þessa máls sem við ræðum hér, séu viðlátnir. Og er þá hæstv. heilbrrh. kominn um alllangan veg að ég trúi og ber að fagna því að það hefur aðeins fjölgað þarna á vinstri væng.

Í þriðja lagi nefnir ráðuneytið alþjóðlega framkvæmdamiðstöð umhverfisrannsókna, upp á 12 millj., byggingarstaðlaráð upp á 4 millj., náttúruhús í Reykjavík, viðbót upp á 1½ millj. Ég sá ekki betur heldur en meiri hluti fjárln. væri að strika þann lið út og sýnir það nú naglaskapinn ásamt öðru hjá þessu liði eða réttara sagt hugmyndaauðgina sem að baki býr þar sem um er að ræða undirbúning vegna tillagna sem unnar voru fyrir umhvrn., áður menntmrn., og varðar það verkefni að koma upp hér á höfuðborgarsvæðinu sómasamlegu náttúruhúsi með safnaðstöðu og aðstöðu fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands. Og það sem er nýtt í því máli og skiptir máli í því samhengi er að það tókst eftir langa töf að fá höfuðborgina til liðs við þetta málefni sem samstarfsaðila svo og Háskóla Íslands til þess að taka þátt í þessu verkefni sem er þáttur í því, ásamt því frv. sem hæstv. umhvrh. hefur nýlega lagt hér fyrir varðandi Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur í landshlutunum að lyfta þessum þætti úr öskustó sem er einn af undirstöðuþáttum umhverfismála í landinu og málefna til aukins skilnings á náttúru landsins. Og þá kemur meiri hluti fjárln. og strikar út litla undirbúningsfjárveitingu upp á 3,5 millj. kr. sem er mótframlag á móti Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands til þess að undirbúa þetta verkefni.

Ég veit ekki, virðulegir alþm., hvort þið hafið hugleitt hvers konar aðstaða það er sem okkur er búin til þess að átta okkur á undirstöðuþáttum varðandi náttúru okkar lands. Og jafnhliða hvernig aðstaða ferðaþjónustunnar í landinu er búin til þess að taka á móti þeim sem sækja okkur heim og sem flestir eru að leita til Íslands til þess að skoða náttúru landsins og kynnast henni. Þar er að sjálfsögðu sæmilegt andlit, kynning á nútímalega vísu, einn af undirstöðuþáttunum og þar á auðvitað höfuðborg landsins að leggja því lið ásamt ríkisvaldinu. Þess vegna er það auðvitað afar jákvætt að það hefur tekist að efna til samstarfs höfuðborgar, Háskóla og að einhverju leyti ríkisins til þess að koma þessu verkefni áfram. En þetta er aðeins eitt lítið sýnishorn af því svartnætti sem grúfir yfir meiri

hluta fjárln., eitt lítið dæmi, einn lítill nagli af mörgum í þá glatkistu, sem þessi fjárln. er að smíða í sambandi við framfaramál í landinu.

Ég tel þó að ég sé baráttumaður fyrir hag landsbyggðarinnar að við verðum að hafa auga á því sem varðar landið allt og samstillingu kraftanna. Það hefur einmitt skort á að höfuðborg landsins tæki á málum með ríkisvaldinu og stæði skil á eðlilegum þáttum til starfsemi sem höfuðborgarbúar og næsta nágrenni hefur hag af öðrum fremur. Þess vegna var það samstarf sem hér var lagður grunnur að þeim mun meira ánægjuefni.

Þá er nefnt í tillögum umhvrn. gróðurkortagerð, fjárveiting upp á 2 millj. kr. Allt liggur þetta úti ef ekki útstrikað samkvæmt tillögu meiri hluta fjárln. Það var reitt fram sem skýring, virðulegur forseti og hæstv. umhvrh., á því að umhvrn. fór svo hraklega út úr fjárveitingum að það hefði ekki, sem ungt ráðuneyti og menn kannski ekki allt of kunnugir rangölum Stjórnarráðsins og undirbúningi fjárlagagerðar, náð sínum hlut. Hæstv. fjmrh. hafði sótt lagið það langt að ráðuneytinu gafst ekki einu sinni kostur til að lesa yfir tillögurnar áður en þær voru prentaðar í frv. hæstv. ráðherra. Og þykir mér heldur langt seilst í þeim málum.

Ég gæti flutt margt til rökstuðnings þeim orðum sem ég hef látið falla varðandi umhverfismálin. Ég gæti vitnað til fjárþarfar að því er snertir náttúruvernd víða um land og tillögur Náttúruverndarráðs þar að lútandi og athugasemdir við fjárlagagerð. Þar er staðan þannig hvað snertir eftirlit og úrbætur, m.a. á ferðamannastöðum í landinu að það er okkur til stórskammar. Það er þjóðinni til stórfellds vansa hvernig staðið er þar að málum og þó er þar um að ræða þann þátt í atvinnuþróun í landinu sem hefur skilað vexti, jafnvel meiri vexti á undanförnum árum heldur en landið þolir, sú auðlind sem við erum að gera út á með ferðamennskunni vegna þess hvernig við stöndum að málum. Ég tel hins vegar að ef eðlilega væri á málum haldið, eðlileg uppbygging væri, eftirlit og fræðsla tengd ferðamannastöðum á landinu og skipulag þannig að um eðlilega dreifingu ferðamanna væri að ræða þá gæti landið vel staðið undir þeim ferðamannastraumi innlendra og erlendra manna sem hér eru nú og jafnvel tekið við frekari vexti að þessu leyti. En ef fram heldur sem horfir í fjársvelti til þessara þátta, eins og hér er enn fram haldið og í verri mæli en áður, þá verðum við einnig að setja takmörk í sambandi við þessa atvinnustarfsemi, þ.e. ferðaþjónustuna, og er hún þó aðeins einn þáttur þess sjálfsagða verkefnis að standa vörð um náttúru landsins og gæta þess að hún spillist ekki. Það vantar ekki fögur orð í því sambandi, en það eru efndir sem á skortir. Það er sá skilningur sem þarf til verka og nauðsynlegra aðgerða. Hann reynist ekki vera til staðar.

Og það hefur ekki mikið ræst úr með þeim brtt. sem hér liggja fyrir frá hv. fjárln. og einnig sjálft Alþingi er þar undir öxinni. Þar er bætt við þann niðurskurð sem stjórn þingsins féllst á hálfnauðug á sl. sumri fyrir atbeina ríkisvaldsins, vegna þess að hæstv. forsrh. setti þinginu sérstakt erindi og óskaði eftir því, svo að ekki sé sagt krafðist þess, að skorið yrði niður til viðbótar við það sem gert var af forsætisnefnd þingsins á upphaflegum áætlunum embættismanna. Við þessu var orðið af meiri hluta í forsætisnefnd. Ég varaði við þeim vinnubrögðum að þingið færi að taka á málum sérstaklega eftir óskum frá ríkisstjórn. Alþingi á að meta sín mál óháð stjórnvöldum. Alþingi á sjálft að meta fjárþörfina hverju sinni. Enn kemur ríkisvaldið og hefur nú lagst á meiri hluta fjárln. sem skilar hér inn tillögu um 7 millj. kr. niðurskurð til viðbótar.

Það er nauðsynlegt, virðulegur forseti, fyrir þingið að gæta að sinni stöðu, ekki síst gagnvart óbilgjörnu ríkisvaldi, óbilgjörnum ráðherrum og ríkisvaldi, sem gengur fram gagnvart þinginu eins og raun ber vitni eins og menn sjá nú lýsandi dæmi um dag hvern í sambandi við fjárlagagerðina. En það er ekki eingöngu hér. Úti um landið eru stofnanir sem ekki fá náð fyrir augum ríkisvaldsins. Ég vil taka eitt dæmi um nýja starfshætti, ný vinnubrögð af hálfu meiri hlutans og ráðherra sem standa að baki meiri hluta fjárln. og gera kröfur til þeirra handlangara sem bera hér fram tillögur á þinginu. Dæmin, sem við okkur blasa, eru fjárveitingar og nú kem ég að einum þætti sem snýr að mínu kjördæmi. Ég hef ekki dvalið, virðulegi forseti, mikið við það en það eru heilsugæslumálin og hjúkrunarmálin í Austurlandskjördæmi sem um er að ræða. Þar er verkefni sem lengi hefur beðið og ekki fær neinar undirtektir hjá hæstv. heilbrrh. né heldur hjá meiri hluta fjárln. Um er að ræða hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði sem hefur verið í undirbúningi um langt skeið og knúið hefur verið á um vegna neyðarástands sem ríkir í þessari öflugu útgerðarstöð og þéttbýli á suðausturhorni landsins. Við alþingismenn Austurlands höfum fengið fjölda erinda, áskorana og beiðna frá fólki á þessu svæði, fólki sem gerir þá einu kröfu að unnið sé að úrbótum fyrir aldraða í Austur-Skaftafellssýslu og nágrenni. En það er ekki að finna krónu í þetta verkefni samkvæmt tillögum hæstv. heilbrrh. eða meiri hluta fjárln.

Mörg erindin hafa verið send hæstv. heilbrrh. um þetta efni. Ég leyfi mér að vitna í eitt hið síðasta sem ég hygg að ráðherrann hafi fengið. Það er frá 6. nóv. 1991 og er þó aðeins kafli úr bréfi frá heilsugæslulækni, bæjarstjóra og stjórn heilsugæslustöðvarinnar á Höfn þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í árslok 1990 voru íbúar Austur-Skaftafellssýslu 2.368 fyrir utan þá sem lögheimili áttu annars staðar. Íbúar 67 ára og eldri að meðtöldum vistmönnum Skjólgarðs voru 216 eða rúmlega 9% af heildaríbúatölunni. Samkvæmt bréfi dags. 4. nóv. sl. frá heilbrigðisfulltrúa Austur-Skaftafellssýslu uppfylla aðeins 5 af 18 herbergjum hjúkrunardeildar Skjólgarðs lágmarkskröfur um stærð. Auk þessa gerir hann aðrar athugasemdir, sérlega hvað varðar stærð og aðstöðu í eldhúsi sem og staðsetningu þvottahúss. Eldvarnareftirlit Austur-Skaftafellsýslu hefur einnig gert athugasemdir og telur húsið slysagildru. Í dag er 31 hjúkrunarsjúklingur á Skjólgarði. Af þessu má sjá að aðbúnaður vistmanna og starfsfólks er óviðunandi. Það eru mörg ár síðan farið var að ræða um byggingu hjúkrunardeild-

ar á Höfn. Reyndar var gert ráð fyrir slíkri deild í tengslum við heilsugæslustöðina á upprunalegum teikningum þeirrar byggingar. Hafa þessi mál verið endurskoðuð í tímans rás og liggja nú fyrir nýjar teikningar að hjúkrunarálmu sem gert er ráð fyrir að byggja í tveimur áföngum. Höfn er landfræðilega afskekkt byggðarlag þar sem 100 km eru í næsta kauptún, Djúpavog. Tæpir 500 km eru til sjúkrahúsanna í Reykjavík og um 300 km í Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Þetta er löng leið þegar verið er að tala um sjúkraflutninga hvort sem er í lofti eða á landi. Sjúkraflugþjónustan er innt af hendi frá Egilsstöðum eða Reykjavík, aðallega þó frá Egilsstöðum. Engin sjúkraflugvél er staðsett á Höfn. Samkvæmt fyrrnefndum teikningum, sem áður er lýst í bréfinu, að hjúkrunarálmunni er reiknað með 30 rúmum. Af þeim mundu 2–4 rúm nýtast til skammtímainnlagna, til að mynda hvíldarinnlagna og yfirvakninga eftir minni háttar slys sem annars þyrfti að sinna á sjúkrahúsi. Aðstaða væri til fæðingarhjálpar." Þetta eru aðalatriðin í þessu erindi sem Guðmundur Olgeirsson heilsugæslulæknir, Björn Grétar Sveinsson formaður stjórnar Skjólgarðs, Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri Höfn, og Unnur Garðarsdóttir, í stjórn Heilsugæslustöðvar á Höfn undirrita.

Undir þetta erindi er tekið af fjölmörgum sem beina ákalli til okkar þingmanna og ráðuneytis m.a. frá Læknafélagi Austurlands sem vel ætti að þekkja aðstæður og dregur fram hversu hörmulega þar er búið að vistmönnum nú hvað þá á næstu árum þegar margir hafa bæst við. Jafnvel þótt hafist væri handa strax, því raunar var veitt byrjunarfjárveiting á síðasta ári upp á að mig minnir 1 millj. kr. eða svo, þá dugar hún skammt.

Hér er illa að málum staðið. Það gengur ekki að standa þannig að varðandi þá öldruðu í þessu landi, fólk sem hefur byggt upp Ísland á liðnum áratugum með þeim myndarskap sem við búum að í dag. Við þingmenn Austurl. töldum okkur knúða til þess við yfirferð yfir þennan málaflokk að gera litla úrbót að því er snertir Höfn í Hornafirði með því að flytja fjármagn frá þremur stöðum, þó að enginn sé í raun aflögufær, til þess að það væri þó á blaði og hægt að hefjast handa við þetta verkefni. En einnig það var barið niður af ráðherra og meiri hluta fjárln. sem beygði sig undir hans ok. Þetta er einsdæmi í málsmeðferð á þeim tíma sem ég hef komið nærri fjárlagagerð sem þingmaður kjördæmis, að ekki sé tekið tillit til eindreginna óska þingmanna kjördæmisins jafnt úr stjórn sem stjórnarandstöðu. Viðbrögðin við þessu endurspeglast m.a. í því að hér liggur eðlilega fyrir breytingartillaga sem einn af þingmönnum Austurl. úr stjórnarliði flytur við þessa umræðu og vona ég sannarlega að sú tillaga fái jákvæðar undirtektir svo sem öll rök standa til.

Ég hlaut, virðulegur forseti, að nefna þetta mál, líti ð á heildarmælikvarða fjárlaga en stórt á mælikvarða þeirrar byggðar sem í hlut á og þess fólks sem horfir til úrlausnar og eðlilegs skilnings til Alþingis varðandi lágmarksþarfir.

Virðulegur forseti. Í upphafi máls míns gerði ég að umtalsefni þá heimspeki sem virðist svífa yfir vötnum meiri hluta fjárln. í tillögugerð hennar og þær rangtúlkanir og þær skrautfjaðrir sem þessi meiri hluti reynir að afla sér með því að telja sig vera vörslumann fyrir alþýðu í landinu með því að vitna til þeirra sem risu upp gegn kóngsins valdi fyrr á tíð. En þeir eru í raun aumir handlangarar þeirra sem nú eru komnir í stað þessa valds, aumir handlangarar þeirra og eiga ekki að skreyta sig með slíkum fjöðrum. Það duga þeim engir galdrastafir til þess að blekkja því að alþýða manna í landinu er að átta sig á því þessa dagana fyrir hvað þessi ríkisstjórn stendur, hvers konar svartagall það er sem hún er að byrla landsmönnum. Það er ekki bara hrafnsgall, það er svartagall sem þar er á ferðinni og er ég þá kominn að Jóni Þeófílussyni á ný sem reyndi að beita kunnáttu alþýðumannsins og var settur í svartholið á Bessastöðum af þeim sökum. Jón Hreggviðsson kallaði eftir því að þörf væri á að geta beitt galdri í svartholinu á Bessastöðum og hvernig væri að verða sér úti um vindgapa til þess að óskirnar næðu fram. Jón Þeófílusson svaraði, samkvæmt orðum skáldsins, að ekki væri hlaupið að því að koma sér upp þessum staf „til þess þurfti mun rýmri aðgáng að dýraríkinu og náttúrukröftunum en kostur var í þessum stað; vindgapi er letraður með hrafnsgalli á mórautt hundtíkarskinn holdrosamegin og borið síðan ofaní stafinn blóð úr svörtum fressketti sem óspjölluð mey hefur skorið á háls við fullu túngli.

Hvernig gastu fengið óspjallaða mey til að skera svartan fresskött? spurði Jón Hreggviðsson.

Hún systir mín gerði það, sagði maðurinn. Það tók okkur þrjú ár að útvega hrafnsgallið. En fyrstu nóttina sem ég hélt gapanum á lofti uppá svefnhúsi prestsdótturinnar og þuldi gapaldursstefnu var komið að mér, enda var þá kýrin dauð.

En stúlkan, spurði Jón Hreggviðsson.

Það svaf hjá henni maður, sagði Jón Þeófílusson grátandi.

Jón Hreggviðsson hristi höfuðið.

Meðal annarra orða, varstu ekki eitthvað að tala um nábrók: ég skil varla þú hafir þurft að vera á flæðiskeri staddur ef þú hefur átt nábrók, því mér er sagt það sé ævinlega í henni peningur ef vel er leitað. Ég var búinn að útvega mér nábrókarstafinn og stela peningnum frá ekkjunni til að láta í hana. En nábrókina sjálfa eignaðist ég aldrei, því maðurinn sem ég samdi við um að mega flá af honum húðina er ekki dauður enn og kominn þó fast að níræðu. Enda var alt um seinan því kýrin var dauð og folaldið komið oní pyttinn. Og skömmu síðar vitraðist Pokurinn honum Sigurði sáluga á banasænginni og vitnaði á móti mér.

Nú varð þögn um sinn, utan hvað galdramaðurnn heyrðist snökta í myrkrinu. Eftir drykklánga stund sagði Jón Hreggviðsson af hljóði:

Þú verður áreiðanlega brendur.

Galdramaðurinn hélt áfram að skæla."

Mín lokaorð eru þau: Sú ríkisstjórn sem ber hér fram þetta fjárlagafrv. til 2. umr. á ekkert annað fremur skilið heldur en að brenna upp á eigin verkum sem

fram eru borin með þessu frv. Það væru verðskulduð endalok og mér sýnist raunar að hún sé farin að safna eldi að höfði sér með þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. kenndi meiri hluta fjárln. við naglaskap og að naglaskapurinn kæmi helst fram í því að strika út svokallað náttúruhús. Ég undrast þá áherslu er hv. 4. þm. Austurl. lætur í ljós með því að gera náttúruhús að forgangsverkefni í umhverfismálum. Ég hélt að þessum hv. þm. væri betur kunnugt og betur ljóst en flestum öðrum þingmönnum hversu mikil nauðsyn er á að efla allar náttúrurannsóknir og náttúrustörf úti á landsbyggðinni. En þá vill þessi hv. þm. gera náttúruhús, stórbyggingu upp á 1 milljarð a.m.k. að forgangsverkefni. Það voru 550 millj. þegar hv. þm. var formaður nefndar er undirbjó byggingu þessa húss. Nú er talan orðin 850 millj. í undirbúningskostnað bara fyrir fyrsta áfanga en báðir áfangar eiga að nema 7.000 m^2. Að þetta sé forgangsverkefnið í umhverfismálum á Íslandi að mati hv. 4. þm. Austurl. kemur mér spánskt fyrir sjónir vegna þess að ég veit að engum er betur kunnugt um ástand mála á umhverfissviði landsins, sérstaklega úti á landi, en honum.

Hv. 4. þm. Austurl. taldi að meiri hluta fjárln. væri haldinn svartsýni. Ef þetta er ekki svartsýni, að steypa dýrmætum peningum ofan í Vatnsmýrina með slíkum hætti án þess að einu sinni sé búið að undirbúa málið nógu vel til þess að taka endanlega ákvörðun um hvar við ætlum að verja fjármunum til umhverfismála í framtíðinni, þá tel ég að það hefði verið góð tillaga að leggja til að við frestuðum um stund að byggja náttúruhús í Vatnsmýrinni í Reykjavík.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mjög eðlilegt og raunar ánægjulegt að einn af ábyrgðarmönnum meiri hluta fjárln. skyldi sjá ástæðu til þess að koma hér í stólinn og auglýsa sýn sína til mála með þeim hætti sem hér var gert.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að stíga í stól eftir jafnstórkostlega og söguríka ræðu og flutt var af hv. 4. þm. Austurl., afskaplega litrík og mikil ræða og verður allt fremur litlaust fyrst á eftir.

Fulltrúar Framsfl. í fjárln. hafa gert grein fyrir afstöðu þingflokks Framsfl. til fjárlagafrv. og skilmerkilega greint frá afstöðu framsóknarmanna. En ég get ekki látið hjá líða sem gamall sveitarstjórnarmaður að segja hér fáein orð því sjaldan og trúlega aldrei hefur verið vaðið yfir samninga milli ríkis og sveitarfélaga á jafnóprúttinn hátt eins og tillögur eru um í dag.

Eins og niðurstöður eftir kvöldfundinn í fjmrn. þann 18. des. sl. bera með sér er greinilegt að þar hafa verið á ferð menn sem Kvöldúlfur hefur verið kominn í, Kvöldúlfur er kominn í kerlinguna mína, eins og stendur einhvers staðar. Sá gagnkvæmi skilningur sem ríkt hefur milli ríkisvalds og sveitarfélaga allt til þessa kvölds kemur gleggst fram í vinnu að bandormsgerðinni svokölluðu en þar hafa sveitarstjórnarmenn samþykkt að færa á milli 200–300 millj. af ríki yfir á sveitarfélögin. Um þetta var fullt samkomulag.

Virðulegur félmrh., sem trúlega er einhvers staðar í salnum, sagði fyrr í dag að sveitarfélögin hafi grætt mikið við þjóðarsáttarsamningana, allt að 1 milljarði kr., sem er er náttúrlega alrangt. Rétta talan er 385 millj. sem sveitarfélögin högnuðust á þjóðarsáttarsamningunum en í staðinn komu 400 millj. sem sveitarfélögin þurftu að greiða í virðisaukaskatt, umfram gamla söluskattinn.

Auðvitað eiga ríki og sveitarfélög að vera eins og bræður í Kristi, það er ekki spurning, og leysa sinn vanda sameiginlega því auðvitað er skylt skeggið hökunni. En nú bregður svo við að mikill vill meira. Eftir að hafa komist að samkomulagi við sveitarfélögin, dettur hæstv. ríkisstjórn allt í einu í hug að hún geti tekið meira. Þarna virðir hún verkaskiptalögin að engu og ætlar nú að taka 700 millj. kr. í viðbót við þessar tæplega 300 millj. sem samkomulag varð áður um án alls samráðs og samvinnu við sveitarfélögin. Að vísu dró hæstv. félmrh. verulega í land í ræðu sinni áðan. Ég trúi ekki öðru en hæstv. félmrh., sem er ráðherra sveitarstjórnarmála í landinu, standi upp á eftir og dragi þetta allt til baka. Við bíðum eftir því að hæstv. félmrh. viðurkenni að þessar tillögur gangi einfaldlega ekki upp.

Hæstv. félmrh. sagði einnig hér í kvöld að framlög til málefna fatlaðra séu ekki skert. Hæstv. ráðherra getur eflaust fært rök fyrir því en ef á að færa málefni fatlaðra, án samkomulags og án þess að fjárhagslegur grunnur sé fyrir sveitarfélögin að taka þessi verkefni að sér, þá er ekki spurning að framlög til málefna fatlaðra eru skert. Auðvitað vilja allir hv. alþm. að fjárlög séu samþykkt með sem minnstum halla en það er ekki sama hvaða brögðum er beitt við það. Ekki er mikill vandi að koma saman fjárlögum sem eru hallalaus eða hallalítil ef skattinum er skellt yfir á sjúklinga, námsmenn, kjarasamningar við sjómenn þverbrotnir og samningar við bændur einnig brotnir. Ef þessi ráð duga ekki, eru tekjustofnar sveitarfélaga skertir um 300 millj. kr. Ef það dugar ekki, eru verkefnin flutt yfir á sveitarfélög. Nú eru tillögur um allt upp í 400 millj. og eru þá undanskildar þessar rúmlega 200 millj. sem samkomulag er um.

Ég hef oft hugsað um það þessa dagana að ekki væri mikill vandi að vera sveitarstjórnarmaður og gera fjárhagsáætlanir ef við getum bara hent yfir á ríkisvaldið öllu sem út af borðinu stendur og sagt: Við ráðum ekki við þetta, þetta tekur ríkisvaldið og þetta taka atvinnuvegirnir o.s.frv. o.s.frv. En sveitarfélögin búa ekki við það. Þetta er allt gert til þess að bjarga atvinnuvegunum, segir hæstv. ríkisstjórn, og betra væri að satt væri. En það er auðvitað sorglegur misskilningur. Ég trúi því ekki að þeir hv. alþm. sem koma núna glóðvolgir af sveitarstjórnarstólunum ætli að láta þetta yfir sig ganga. Og ég trúi ekki öðru en að þeir

mótmæli harðlega og hlusti ekki á tillögur sem útilokað er að framkvæma. Þessum tillögum sem fram hafa verið bornar má líkja við hryðjuverkastarfsemi í garð sveitarfélaganna.

Ekki eru nema fáeinar vikur síðan sex hæstv. ráðherrar sátu á samráðsfundi með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem fullur trúnaður virtist ríkja. Engar af þeim hugmyndum sem kynntar voru eftir kvöldfundinn 8. des. bar þarna á góma. Ekki er heldur langt síðan að tæplega 300 manna ráðstefna sveitarstjórnarmanna var haldin á Sögu. Það var núna 22. nóv. Á ráðstefnunni var fjallað um fjármál sveitarfélaganna. Þrír hæstv. ráðherrar héldu erindi á þessum fundi. Það voru hæstv. félmrh., forsrh. og fjmrh. og ræddu um störf og stefnu ríkisstjórnarinnar. Þeir sátu einnig fyrir svörum og hlýddu á vandamál sveitarfélaganna sem í auknum mæli eru að yfirtaka fyrirtækjarekstur, nauðug viljug, vegna erfiðrar rekstrarfjárstöðu í sjávarútvegi. Sveitarstjórnarmenn kröfðust svara varðandi aðgerðir sem komið gætu atvinnuvegunum á réttan kjöl. Hvað varðar efnahagsaðgerðir almennt fengu þeir engin svör. Engin svör. Þetta voru ráðalausir ráðherrar því miður.

En nú hefur fundist ráð. Vont ráð að vísu og óframkvæmanlegt sem gerir það að verkum að þær björgunaraðgerðir sem sveitarfélögin hafa verið að vinna gagnvart atvinnuvegunum eru lagðar í rúst. En þessar tillögur lækka fjármagnsþörf ríkisins. Það er mikið rétt. En þær auka fjármagnsþörf sveitarfélaganna, sá er munurinn. Ég sé því ekki hver mismunurinn er ef bjarga á atvinnuvegunum. Ég fæ kannski skýringu á því á eftir. Þetta bætir ekki stöðu atvinnuveganna, nema síður sé. Og ég mótmæli þessum hugmyndum harðlega og vona að hið gagnkvæma traust sem ríkt hefur milli ríkisvalds og sveitarfélaga að undanförnu verði byggt upp að nýju. Það er þjóðhagslega nauðsynlegt að það verði gert hið fyrsta. Og kannski ættum við að gera hlé á þingstörfum eins og margir hv. þm. hér á undan mér hafa gert tillögu um, á meðan hæstv. ríkisstjórn og sveitarfélögin koma sér saman um þessi mál. En ég bið hæstv. félmrh. að draga strax úr þeirri óvissu og þeim óróa sem þessar hugmyndir hafa valdið með því að draga þessar tillögur til baka skýrt og skorinort. Hún hefur ýjað að því en ekki á nógu skýran hátt.

Fleiru er stefnt í tvísýnu en málefnum sveitarfélaganna. Og það er alvarlegt að það skuli bitna á mjög viðkvæmum málaflokki. Málaflokknum málefni fatlaðra sem nú verður bitbein ríkis og sveitarfélaga. Málefni fatlaðra eru samkvæmt verkaskiptalögunum á hendi ríkisvaldsins en hugmyndirnar snúast um að hluti þessa málaflokks fari nú yfir á sveitarfélögin. Slíkur verkflutningur verður ekki gerður nema fjármagn fylgi með og að undangengnum samningum vegna þess að þetta kemur mjög mismunandi niður á sveitarfélögunum því að mjög er mismunandi hvernig þjónustan er byggð upp í þessum málaflokki og ríkið getur alls ekki vikist undan lögbundnum skyldum sínum með þessum hætti.

Á undanförnum árum hefur þessi málaflokkur verið að þróast og tekið stakkaskiptum til bóta. Þar hafa margar hendur komið að. Á 15 ára afmæli Þroskahjálpar nú í haust var sú saga rakin að nokkru og litið var til framtíðar. Í þessu afmælishófi flutti hæstv. félmrh. ávarp og talaði af miklum skilningi um mikilvægi málaflokksins. Hæstv. félmrh. var einnig gerður að sérstökum heiðursfélaga Þroskahjálpar fyrir að hafa staðið vörð um málefni fatlaðra. Ég vona að hún geti ævinlega borið heiðursmerkið með heiðri og sóma og láti sér ekki detta í hug að kasta þessu lögboðna verkefni ríkisins á jafnóundirbúinn hátt og nú er gert, með tillögum hæstv. ríkisstjórnar. Ég vona að hún sé með þetta merki í barminum núna og verði áfram. Á sama tíma og verið er að tala um að flytja verkefni til sveitarfélaga í stórum stíl, er líka verið að taka tekjur af sveitarfélögunum. Nú á að taka landsútsvar ÁTVR frá sveitarfélögunum sem nemur um 300 millj. kr. Þetta er einfaldlega of stór biti til að kyngja. Það getur enginn kokgleypt þennan bita. Þó að það sé kannski hægt að kokgleypa hluta bandormsins þá er ekki hægt að kokgleypa þennan bita. Og svo væri gaman að vita hvaða atvinnuvegi hæstv. ríkisstjórn skyldi vera að bjarga með þessum aðgerðum. Það er vandséð. Varla sjávarútveginum sem er verið að leggja stórfellda nýja skatta á.

Að lokum langar mig að segja eitt orð um þær tillögur að fella niður hluta af sjómannaafslættinum. Ég vil bara minna hv. alþm. á það og sérstaklega ríkisstjórnina að minnkandi afli kemur fyrst og fremst niður á afkomu sjómannastéttarinnar. Nú er alls ekki rétti tíminn til að hrófla við kjarasamningum sjómanna. Því þetta er að sjálfsögðu kjaramál. Og þetta er ekki traustvekjandi upphaf kjarasamninga að ætla að strika burtu samningsbundinn rétt einnar stéttar.

Þetta verða alvörufjárlög, segir hæstv. forsrh., þetta verða alvörufjárlög. En eins og tillögurnar líta út í dag er þetta versta sprengiefni sem kastað hefur verið út í þjóðfélagið um langan tíma og rýrir enn traust þjóðarinnar á hæstv. ríkisstjórn. Og var nú ekki úr háum söðli að detta. Í lokin langar mig til að beina einni spurningu til hæstv. forsrh., en hann er kannski hvergi nálægt. Hann heyrir kannski þessa spurningu seinna og svarar henni.

Þar gengur hæstv. forsrh. í salinn. Hann var í sjónvarpsviðtali á Stöð 2 11. des. og þá var hann spurður að því hvort hann hefði látið þessar tillögur sem nú eru uppi yfir sig ganga, ef hann hefði verið borgarstjóri, að láta sveitarfélögin borga þessar 700 millj. kr. Hann var einnig spurður að því hvort hann mundi greiða þessum tillögum atkvæði í borgarstjórn og sagðist hann mundu sitja hjá. Nú spyr ég: Þegar þessar tillögur verða bornar upp í ríkisstjórninni, mun hann líka sitja hjá þar? Ég vona að hann hafi skilið spurningu mína.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. svaraði ég spurningu um það í sjónvarpinu, á þessum tíma sem þingmaðurinn nefndi, hvort ég mundi ekki sem sveitarstjórnarmaður og verandi borgarstjóri

hafa mótmælt eins og aðrir sveitarstjórnarmenn hafa gert þeim tillögum sem nú eru til meðferðar hér á þinginu og leggja byrðar á sveitarfélögin. Ég svaraði því til, lítandi til baka, að það hefði ég ábyggilega gert og hvergi sparað það við mig. En ég bætti því við að sjálfsagt hefði ég orðið að kyngja niðurstöðunni, hvernig sem ég hefði látið.

Ég var jafnframt spurður að því með hvaða hætti ég mundi sem borgarfulltrúi greiða atkvæði í borgarstjórninni ef þessum hugmyndum ríkisstjórnarinnar yrði mótmælt. Ég svaraði því þá þannig til að mér fyndist ekki óviðeigandi að ég sæti hjá við þá atkvæðagreiðslu í borgarstjórn.

Varðandi málið hjá ríkisstjórninni eins og hv. þm. spurði um, þá hefur málið þegar verið afgreitt í ríkisstjórninni og ég sat ekki hjá þar.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara segja við hæstv. forsrh., ég vorkenni honum fyrir að vera svona tvöfaldur í roðinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Rétt er að ég greini frá því strax í upphafi máls míns að eins og fleiri mun ég óska eftir nærveru ákveðinna hæstv. ráðherra, en mér skilst að samið hafi verið um að þeir yrðu yfirleitt viðstaddir. Eru það einkum hæstv. forsrh., fjmrh. og sjútvrh. og í einum og sama manninum hæstv. landbrh. og samgrh.

Dálítið hefur verið farið með kveðskap hér í dag og vitnað í góðar bókmenntir. Má segja að það hafi nokkuð létt okkur þessa erfiðu umræðu, sem annars er um dapurleg málefni, að miðlað hefur verið lítillega af gullaldarbókmenntum okkar nýjum og jafnvel gömlum. Ég var að velta því fyrir mér þegar ég var á leiðinni upp í ræðustólinn hvaða kveðskap maður ætti nú helst að taka með sér ef maður hefði haft við höndina eitthvað sem væri við hæfi að lesa upp. Það var tvennt sem mér datt í hug að væri kannski viðeigandi. Hið fyrra var að mér var hugsað norður í land til þess gamla og merka sálmaskálds, séra Björns í Laufási, sem orti á síðari hluta síðustu aldar, um aldamót eða svo, mögnuð kvæði fyrir utan þá góðu sálma sem hann nestaði þjóðina með. Í einu kvæða Björns a.m.k. eru nokkuð magnaðar skammdegishendingar og það er hald manna að það hafi legið illa á gamla manninum þegar hann setti þetta saman eða eitthvað hafi orðið til að angra hann. Ef ég hefði við höndina kveðskap hans hefði verið við hæfi að lesa hann yfir mönnum en ef ég man rétt, þá koma þar m.a. fyrir hendingar eins og: „Dags lít ég deyjandi roða“ og „kvíðirðu komanda degi koldimma nótt eins og ég“. Það hefur greinilega verið beygur í þeim gamla við nóttina sem fram undan var þegar þetta var kveðið. Það er svo með fleiri þessa dagana að í þeim er beygur við það sem fram undan er og ættu þó aðstæður ekki að vera jafnþungbærar mönnum nú til dags á Íslandi eins og þær voru þegar séra Björn í Laufási var að yrkja sín kvæði.

Hitt sem mér datt í hug að gæti verið tilefni til að fara með væru einhverjar af gömlu öfugmælavísunum. Nú veit ég ekki hvort menn kunna mikið nú orðið af öfugmælavísum. Þær voru að mörgu leyti merkur kveðskapur og menn fengu kannski útrás í fáránleikanum og það lyfti mönnum yfir erfiðar raunir hversdagsins á sinni tíð. Aðrar voru græskulausari eins og þessi:

Fiskurinn hefur fögur hljóð,
finnst hann oft á heiðum.
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum.

Þarna var auðvitað fáránleikanum raðað saman í hendingar og því duttu mér í hug öfugmælavísurnar að margt er í öfugmælavísnastíl hjá hæstv. ríkisstjórn þessa dagana. Satt að segja er flest af því sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja til öfugmæli við þau ummæli og þær yfirlýsingar og þau fögru orð sem hæstv. ráðherrar hafa um þessa sömu hluti. Það er að leggja fram hlutina í öfugmælahætti. Fullyrt er t.d. af hæstv. ráðherrum, hverjum á fætur öðrum, að það sem þeir eru að gera sé af sérstakri elskusemi við velferðarkerfið í landinu, til þess gert að treysta stoðir velferðarkerfisins eins og hér hefur verið sagt af fleiri en einum og fleiri en tveimur hæstv. ráðherrum. Það eru öfugmælavísur sem þannig eru kveðnar. Órímaðar og ekki stuðlaðar og ekki í hendingum því að til þess brestur auðvitað hæstv. ríkisstjórn kunnáttu eins og til fleiri hluta.

Herra forseti. Ég ætlaði að eiga orðastað við þá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hvað varðar form og efni þeirra hluta sem við erum að ræða um við 2. umr. fjárlaga. Ég verð að segja alveg eins og fleiri hafa reyndar gert á undan mér í þessari umræðu og eru þó vaxandi tilefni til, að það er á engan hátt boðlegt hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst leggja sín mál fyrir þingið. Á ég þá ekki aðeins við ríkisfjármálin heldur og efnahagsmálin almennt eins og þau eru á Alþingi um þessar mundir. Á þessum dögum er það auðvitað á engan hátt brúklegt. Hér eru í tætlum, út og suður, í mörgum þingmálum, víðtækar ráðstafanir af ýmsu tagi. Í fleiri en einu og fleiri en tveimur frumvörpum hæstv. ríkisstjórnar eru þessir hlutir á tvist og bast. Það liggur ekkert heildstætt plagg fyrir, engin úttekt á þessum hlutum í heild sinni. Það er ekkert eitt nefndarálit eða ein greinargerð eða eitt skjal til um ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar. Fyrir liggur fjárlagafrv. með mörgum óútfylltum víxlum. Síðan kom inn bandormur sem er að mestu leyti fskj. við greinargerð fjárlagafrv. og á að nokkru leyti að stoppa upp í götin sem þar eru. Síðan er hér nýkomið inn frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er hluti af pakkanum á ferðinni. Í fjórða lagi er eitthvað af viðbótinni væntanlegt í brtt. við fjárlagafrv. í 3. umr. Og í fimmta og sjötta lagi eru fleiri hlutir væntanlegir í fylgifrumvörpum og einstökum frumvörpum. Mér skilst meira að segja að einhvern tíma eigi að leggja fyrir nýtt frv. til laga um eyðingu refa og minka. Það er fskj. með fjárlagafrv. því að það á að breyta útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári. (**ÓÞÞ:** Það er búið að flytja ræðuna.) Það er búið að flytja ræðuna, framsöguræðuna. Það er sennilega vinnuhagræðing hjá hæstv. forsrh. að flytja framsöguræðuna nokkrum vikum á undan frv.

Einhvern tíma seinna í vetur er væntanlegt frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna ef stjórnarflokkarnir geta komið sér saman um það. Það er frv. númer sex eða sjö. Margt fleira í þessum dúr gæti ég talið upp. Það er alveg ljóst að efnahags- og ríkisfjármálastefna hæstv. ríkisstjórnar er á þessum sólarhringum ekki til í einu heildstæðu plaggi. Hún er á rúi og stúi tvist og bast innan þings og utan í hinum og þessum málum. Og hvernig í ósköpunum eiga menn þá að henda reiður á því sem þar er á ferðinni? Ég þykist hafa reynt að vinna þessa hluti sæmilega undanfarna sólarhringa eftir því sem ég hef haft aðstæður til, þekkingu og tíma, m.a. með veru minni í efh.- og viðskn. og ég verð að játa að það vantar talsvert upp á að ég hafi náð að gera mér þá heildarmynd af þeim hlutum sem eru á ferðinni, eru sagðir eiga að vera á ferðinni eða koma á næstunni að ég treysti mér til að horfa heildstætt yfir það. Og ég leyfi mér þá að fullyrða að ýmsir aðrir hv. þm., með fullri virðingu fyrir þeim, sem ekki hafa haft sömu aðstöðu og við, t.d. nefndarmenn í efh.- og viðskn. og nefndarmenn í fjárln., eigi enn þá erfiðara með að átta sig á þeirri mynd sem hér á að heita á ferðinni eða raða á saman.

Ég gagnrýni það og ég mótmæli því, og mótmæli því sérstaklega að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa sig hér inn í þingsalinn, að Alþingi sé boðið upp á að vinna við þessar aðstæður. Hvers vegna er t.d. ekki reynt að stilla upp þó ekki væri nema einu skema þar sem menn sjá allar þessar ráðstafanir fyrir sér? Ég tel líka ámælisvert að málefni einstakra greina skuli ekki hafa verið tekin saman. Ég tel t.d. að útkoma sveitarfélaganna sem slíkra hefði átt að liggja fyrir núna í einu heildstæðu plaggi þannig að menn sæju það sem í boði er fyrir sveitarfélögin í landinu í allri þessari súpu sem ýmist er komin hér inn í þingið eða er væntanleg.

Ég tók mig til í gærmorgun á fundi sjútvn. og reyndi að átta mig á því hvað er hér í vændum fyrir sjávarútveginn og sjómenn í landinu. Ég tók saman á blað eftir minni eina níu töluliði sem allir hafa áhrif á hag sjávarútvegsins á næsta ári. Og það kom meira að segja sjálfum mér verulega á óvart hvað þar var á ferðinni. Þegar hæstv. sjútvrh. verður mættur til leiks sem ég, vel að merkja, virðulegur forseti, er að óska eftir að komi hér í húsið eða í salinn ... (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um það að hæstv. sjútvrh. er víst alveg rétt ókominn.) Mikið gleður það okkur, virðulegur forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli vera á leiðinni, þ.e. ekki að hann skuli vera ókominn heldur að hann skuli vera væntanlegur. Ég ætla að ljúka því af sem ég var að ræða og tel eðlilegt að beina til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Ég hef að vísu aldrei fengið nein svör við því sem ég bar upp fyrr á þinginu, hvort hæstv. forsrh. gegni sama hlutverki í þessari ríkisstjórn og forsætisráðherrar hafa gert í þeim sem ég hef þekkt til, unnið með eða verið í eða á móti undanfarin ár, þ.e. hvort hæstv. forsrh. landsins, hv. þm. Davíð Oddsson og hæstv. núv. forsrh., líti á sig sem samnefnara efnahagsmála í þessari ríkisstjórn eða ekki. Hann ætlar ekki að ráða efnahagsráðunaut heldur hermálasérfræðing, var upplýst fyrr í vetur og fleiri vísbendingar hafa bent til þess að forsrh. líti ekki sömu augum og forverar hans hafa gert á hlutverk sitt sem samnefnara efnahagsmála og efnahagsstefnu í landinu. Hins vegar er auðvitað erfitt að eiga orðastað við fjarstaddan manninn og væri mikið þénugra ef hæstv. forsrh. vildi gera svo vel að vera hér í salnum. (Gripið fram í.) Nei. Herra forseti. Þetta er auðvitað þannig að við erum að reyna að ræða þessi mál, efnahagsmál og ríkisfjármál, fullkomlega í lausu lofti. Það er ámælisvert að svo skuli að hlutunum staðið.

Ég spyr hæstv. fjmrh. að því eða hæstv. forsrh. ef hann vill t.d. sem ábyrgðaraðili bandormsins svara: Hvers vegna tók ekki hæstv. ríkisstjórn þann kost sem hefði verið þinglega eðlilegastur, að taka ekki á dagskrá gamla bandorminn um ráðstafanir í ríkisfjármálum, að flytja ekki við 2. umr. fjárlaga hluta af næturfundarákvörðunum sínum, heldur safna þessu saman í nýtt mál, eitt nýtt mál, sem hefði annars vegar birst sem nýtt frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og hins vegar sem heildstæðar brtt. og þess vegna með greinargerð við fjárlagafrv. Þá hefðu þingmenn haft í höndunum þingskjal eða þingskjöl þar sem heildaryfirlit hefði fengist yfir þá súpu sem hér er á ferðinni.

Ég ítreka mótmæli mín við þessum vinnubrögðum og átel þau og gagnrýni harðlega að svona skuli að hlutunum staðið. Og auðvitað er það þannig, virðulegur forseti, að vinnubrögðin síðustu sólarhringana hafa verið með þeim ósköpum og endemum að það er sama hvar borið er niður, hvort þetta er rætt frá sjónarhóli okkar alþingismanna eða þolendanna úti í þjóðfélaginu, þau eru öll með endemum og ósköpum. Ég varð var við að hæstv. fjmrh. var í fjölmiðlum um daginn spurður: Var haft samráð við þessa eða hina? Var haft samráð við sveitarfélögin? Og hverju svaraði hæstv. fjmrh. spurningu sem borin var fram vegna þess að velta átti yfir á sveitarfélögin mörg hundruð millj. kr., hátt í milljarði kr., að þeim forspurðum? Hæstv. fjmrh. sagði: Nei, það var að sjálfsögðu enginn tími til að ræða við sveitarfélögin á þessum næturfundi. Hins vegar var hann nógu góður til þess, næturfundurinn, að taka svona ákvörðun. Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hæstv. forsrh., staddur í hliðarsal? Svona vinna menn ekki að hlutunum. Hefur hæstv. ríkisstjórn ekki áttað sig á því, og er þó oddviti hennar fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, að sveitarfélögin í landinu eru sjálfstætt stjórnsýslustig, kjörið af fólkinu í landinu í hinum einstöku sveitarfélögum? Hvers konar framkoma er þetta af hálfu ríkisvaldsins við þetta stjórnsýslustig, sveitarfélögin, sem þarna birtist mönnum? Svona er ekki hægt að fara að hlutunum.

Ég sé ástæðu til að fordæma þessi vinnubrögð alveg sérstakega sem virðingarleysi við sveitarfélögin sem sjálfstætt stjórnsýslustig í landinu og auðvitað virðingarleysi við það fólk sem kýs sveitarstjórnarmenn sem sína forsvarsmenn í þessum málaflokki. Þarna hafa átt sér stað ámælisverðir hlutir og er ég þá ekki enn farinn að ræða innihaldið í þessum næturákvörðunum sem eðlilega og skiljanlega voru teknar í skjóli myrkurs. Það var mjög vel við hæfi að þessar ákvarðanir, eða tillögur sem voru afgreiddar þarna um

málefni fatlaðra og fleiri slíka hluti, væru teknar að næturlagi í skjóli myrkurs, nánast í svartasta skammdeginu. Það var ekki einu sinni snjór á jörð þannig að enn dekkra var yfir og fór vel á því.

Aðrir þingmenn og ræðumenn hafa fyrr í umræðunni tekið svo vel fyrir og rætt málefni sveitarfélaganna og útkomu þeirra í þessum efnum að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það og vísa til þess sem ég hef sagt þar, fyrst og fremst um framkomuna við þau. Eðlilega og skiljanlega hefur þessi framkoma vakið mjög hörð viðbrögð og mikil mótmæli, reiðiöldu og mótmælabylgju sem nú skellur á hæstv. ríkisstjórn, og síðan kemur í ljós á næstu dögum hvernig hæstv. ríkisstjórn bregst þar við. Þó er alveg ljóst að ef eitthvað er eru þær tölur sem enn hafa komið fram í dagsljósið og varða þá íþyngingu sem sveitarfélögin yrðu fyrir af þessum ráðstöfunum öllum, næðu þær fram að ganga, vanmetnar, að mínu mati, vegna þess að það vantar inn í útkomu sveitarfélaganna í dæminu þau óbeinu áhrif af ýmsum toga sem hlytu að enda hjá sveitarfélögunum ef illa fer í þessum efnum. Ég spyr t.d. hv. alþingismenn: Hvar lendir þrýstingurinn, þegar farið verður að skera niður launakostnaðinn í grunnskólunum, segja upp kennurum og fækka kennslustundum eða reka saman nemendur í bekki, annars staðar en á sveitarfélögunum? Ég spyr: Hvar lendir framfærslan, ef illa tekst til, þegar réttur aðila til atvinnuleysisbóta eða launa vegna gjaldþrota verður skertur og minnkaður? Hverjir sitja uppi með framfærsluna ef illa tekst til? Sveitarfélögin. Og svona mætti áfram telja. Það er alveg ljóst að til viðbótar þeim tölum upp á 700–1.000 millj. kr., sem auðvelt er að sýna fram á að verið er að velta yfir á sveitarfélögin, geta lagst óbein áhrif af ýmsum toga sem sveitarfélögin sitja óhjákvæmilega uppi með. Það eru auðvitað mjög alvarlegir hlutir svo ekki sé nú meira sagt.

Úr því að hæstv. sjútvrh. er enn á leið til fundar en hæstv. landbrh. og — nei, sé ég að hæstv. sjútvrh. er einnig mættur. Held ég mig því við þá upphaflegu röð sem ég ætlaði að hafa á hlutunum og ræði lítillega um sjávarútvegsmálin við hæstv. sjútvrh. Ég vænti þess, herra forseti, að skilaboð mín til hæstv. forsrh. og fjmrh. varðandi vinnubrögðin í þessum málum hafi komist til skila og ég vænti þess að þeir svari til um það hvers konar vinnulag þetta er hjá hæstv. ríkisstjórn og hvort við alþingismenn megum vænta þess á næstu dögum að þar verði úr bætt. Mín einfalda spurning — af því að ég hef lært það af samskiptum við hæstv. forsrh. að spurningar sem upp eru bornar við hann þurfa að vera alveg sérlega einfaldar til þess að hæstv. forsrh. nái þeim og leggi í að reyna að svara þeim. Þess vegna ber ég fram eina og alveg sérlega einfalda spurningu við hæstv. forsrh. Verður tekið saman, búið út og lagt fyrir þingmenn á allra næstu dögum — mér liggur við að segja klukkutímum en þá sólarhringum, ef þess þarf — eitt heildstætt skjal, ein greinargerð um heildaráhrifin af ráðstöfunum í fjárlögunum, í bandorminum, ákvörðunum næturfundarins og ákvæðum sérlaga sem ýmist eru komin eða eiga að koma inn í þingið og tengjast þessum ráðstöfunum, þannig að fyrir liggi á einum stað, í samantekt, töflum og greinargerð með rökstuðningi, heildaryfirlit yfir þennan hrærigraut allan saman, þessa naglasúpu hæstv. ríkisstjórnar? Þetta er spurningin.

Herra forseti. Ég hef fengið upp í hendurnar nýtt gagn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem sýnir fram á það með tölum, sem ég réttilega var að segja, að þær upphæðir sem áður höfðu verið nefndar um áhrif þessara breytinga á sveitarfélögin, 700–1.000 millj. kr., eru greinilega of lágar. Hið minnsta er hér á ferðinni 1,1 milljarður kr. í beinum áhrifum því að sjálfum láðist mér að taka inn í reikningana skattlagningu, t.d. á Lánasjóð sveitarfélaga, sem að sjálfsögðu mun íþyngja þeirri stofnun, og fleiri hlutir voru þarna vanmetnir.

Hæstv. sjútvrh. Sömuleiðis er ekki annað hægt en að gagnrýna það eða harma að enn skuli ekki hafa orðið til einhver heildarúttekt á því hvað sjávarútvegurinn á í vændum í gegnum fjárlög og aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar. Reyndar var það svo að á fundi sjútvn. í gærmorgun var samþykkt tillaga mín um það að sjútvn. skrifaði, ef ég man rétt, eða kæmi þeim formlegu skilaboðum einhvern veginn á framfæri við fjmrn. að sjútvn. Alþingis óski eftir því að fá slíka heildarúttekt gerða á málefnum sjávarútvegsins í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og allar þessar ráðstafanir og ákvarðanir. Þess vegna gef ég mér það að þegar sé í gangi vinna að þessari úttekt á málefnum sjávarútvegsins eins og þau leggjast í þessu sambandi. Ég hef þó verið að dunda mér við það undanfarinn sólarhring að líta aðeins á þetta sjálfur eftir því sem ég hef haft tíma til og hv. 8. þm. Reykn. gerði lítilega grein fyrir þessum sömu hlutum í ræðu fyrr í dag. Það er alveg ljóst og auðvelt að rekja þær upplýsingar að sjávarútvegurinn á í vændum á næsta ári í formi íþyngjandi aðgerða, sjávarútvegurinn og sjómenn sameiginlega, á annan milljarð kr. í þessum ráðstöfunum öllum þegar þær eru lagðar saman þar sem sjávarútveginum verður á árinu 1992 íþyngt umfram það sem er á þessu ári. Ég ætla að renna lítillega yfir þessa hluti mönnum til upplýsinga og eins og til að undirbúa menn undir þá greinargerð sem sjútvn. Alþingis mun fá á næstu klukkutímum eða sólarhringum og mun að sjálfsögðu dreifa til hv. alþingismanna.

Hæst ber að sjálfsögðu þá fénýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs sem boðuð er í frv. hæstv. sjútvrh. og liggur fyrir í þinginu. Þar er boðað að selja eigi 12 þús. tonna veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs á kvótaárinu 1992–1993 á fullu markaðsverði og reiknað er með að það verði 45 kr. á kg. Þessir fjármunir eiga að renna allir til að kosta rekstur opinberrar stofnunar sem ríkissjóður hefur áður fjármagnað. Og 45 sinnum 12.000 gera 525 millj. kr. sem sjávarútvegurinn á að borga fyrir að fá þessar veiðiheimildir á kvótaárinu 1992–1993.

Á næsta ári á í öðru lagi að tvöfalda veiðieftirlitsgjaldið og mun þá sjávarútvegurinn einn standa að fullu undir veiðieftirlitinu. Kostnaður verður yfir 80 millj. kr. af starfrækslu veiðieftirlitsins á næsta ári og þar með bætast yfir 40 millj. kr. við hjá sjávarútveginum í þessum lið.

Í þriðja lagi á að afnema sjómannafrádrátt sem nemur líklega 350–400 millj. kr. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er talað um 180 eða 200 millj. en reikningsglöggir menn sjá á augabragði að það er vanáætlun á áhrifum þess að gera þá breytingu að einungis úthaldsdagar sjómanna fáist metnir til sjómannafrádráttar. Menn þekkja þá ekki mikið til útgerðarhátta í landinu ef þeir láta sér detta í hug að áhrifin á þennan frádrátt sem er ígildi um 1.500 millj. kr. í verðmæti fyrir sjómenn verði ekki meiri en þetta. Eða vita menn ekki að fjöldinn allur af sjómönnum, og gjarnan á tekjuhærri skipum, er ekki nema rétt rúmlega hálft árið úti á sjó? Og þess vegna mundi þeirra frádráttur skerðast í mörgum tilvikum um tvo fimmtu eða allt að helmingi. Það þarf ekki flóknar reglur til þess að sjá að auðvitað er þarna um herfilegt vanmat að ræða. Þar með erum við komin með við skulum segja 350 millj. kr. í þessum lið til að vera nú ekki að ofáætla það og fara þarna mitt á milli ríkisstjórnarinnar og þess mats sem sjómenn sjálfir og Sjómannasambandið hefur lagt á þessa hluti.

Það er ljóst að ef af áformum um að ríkissjóður kippi að sér hendinni gagnvart greiðslum ábyrgðar á launum í gjaldþrotum verður hlýtur talsverður hluti þeirra greiðslna að lenda á sjávarútveginum eða sjómönnum og má einu gilda. Til að fara vægt í sakirnar met ég svo að það gætu orðið 50 millj kr., af þeim á milli 400 og 500 sem yrðu að koma inn í ábyrgðasjóðinn nýja í formi iðgjalda frá atvinnugreinunum eða launamönnum.

Það er ljóst að á næstu árum verður auðvitað að hækka iðgjaldið í Hagræðingarsjóð eigi hann að hafa bolmagn til þess að úrelda skip eftir að búið er að gelda hann og taka af honum tekjurnar, hæstv. sjútvrh. Það er spurning, herra forseti, hvort það væri hægt að gera sjútvrh. aðvart um að ég er að ræða hérna málefni sjávarútvegsins. (**Gripið fram í:** Hann heyrir það.) Og þó að það sé þunn hljóðhimnan í hæstv. sjútvrh. þá kann ég því betur að manni sé sýnd sú lágmarksviðleitni að gera það ekki of áberandi að hæstv. ráðherrar hafi engan áhuga á því sem verið er að tala um. Það eru ágætlega mjúkir stólarnir hérna sem voru meira að segja fluttir sérstaklega til í þingsölum fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn svo að þeir kæmust hérna upp að veggnum og ég sé ekkert að því að þeir séu notaðir af og til.

Ég met það svo að augljóslega gerist annað tveggja á næstu 2–3 árum, það verði að hækka iðgjaldið sem sjávarútvegurinn greiðir í Hagræðingarsjóð til þess að hann geti sinnt sínum verkefnum og fjármagnað úreldingu skipa eða að ekkert verði af þeirri hagræðingu. Í frv. hæstv. sjútvrh. er boðað að hækka greiðslur sjóðsins úr 10% af húftryggingarmati skipanna í 30%. Iðgjaldatekjur Hagræðingarsjóðs eru á ári 80 millj. kr. Hvað úrelda menn marga togara ef þeir eiga að borga 30% af tryggingaverðmæti þeirra með 80 millj. í höndunum? Hvað eru þeir margir á ári, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem ert fljótur að reikna? Það eru ekki margir togarar, 1½–2 eða eitthvað svoleiðis. Er það þá öll ósköpin sem þessi sjóður á að afreka? Nei, auðvitað rekur að því ef tekjurnar verða teknar af Hagræðingarsjóði að menn standa frammi fyrir öðru tveggja, hækka iðgjöldin í hann eða hann veldur ekki sínu verkefni. Ég ætla ekki að slá máli á þetta og ég set þess vegna núll á næsta ári í þetta því auðvitað geta menn byrjað á því að brenna upp eigið fé sjóðsins og það er væntanlega það sem hæstv. ríkisstjórn hyggst gera þá á næsta ári en sjóðurinn úreldir aldrei mörg skip á ári fyrir 80 millj. kr. iðgjaldatekjur. Og þess vegna segi ég: Líklega eru þarna í vændum auknar álögur á sjávarútveginn.

Í sjötta lagi nefni ég að augljóst er að á sjávarútveginum og þá á útgerðinni, skulum við segja, lendir hið nýja álag á aflagjald sem á ásamt vörugjöldum að afla Hafnamálastofnun 125 millj kr. tekna á næsta ári. Ef ég man þessa hluti rétt er aflatryggingagjaldið fast að helmingur af tekjustofnum hafnanna í landinu og þess vegna eru þar líklega um 65 millj. kr. á ferðinni sem sjávarútvegurinn aftur og enn á að borga í viðbót við nýja skatta á næsta ári. 65 millj. þar. Þá er ég kominn upp í milljarð og reyndar rúmlega það, 1.030 millj. kr., hvorki meira né minna, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. og allir hæstv. ráðherrar sem hér heiðra okkur með nærveru sinni. Þá hef ég ekki reiknað inn í dæmið enn þá, eins og ég sé að Samband ísl. sveitarfélaga gerir gagnvart útkomunni hjá sér, þá nýju skatta sem fjárfestingarlánasjóður sjávarútvegsins verður að sjálfsögðu að greiða eins og aðrir. Einhverjar milljónir þar. Þó það væri ekki nema svona eins og helmingurinn af því sem Lánasjóður sveitarfélaga á að greiða væru það 75 millj. kr. Þá er ég kominn yfir 1.100 millj. Þá er ég ekki farinn að skoða hvort aukin þjónustugjöld og auknar sértekjur aðila, sem boðaðar eru í fjárlagafrv. og sjávarútvegurinn eins og aðrir þarf að eiga viðskipti við í vissum tilvikum, hækkar þetta enn. En ef ég man rétt þá er einnig gert ráð fyrir því að aukinna sértekna verði aflað í vissum tilvikum hjá aðilum sem sjávarútvegurinn þarf að eiga viðskipti við. Og síðan er margt, margt fleira sem mér hefur ekki unnist tími til í hreinskilni sagt, herra forseti, að skoða ofan í kjölinn af því að ég hef verið dálítið upptekinn eins og fleiri undanfarna sólarhringa, en ef enginn verður til þess þá skal ég með glöðu geði leggja í það vinnu á næsta sólarhring að fullkomna þessa úttekt. Og ég bið menn þá að rengja hana og gera það með rökum ef þeir telja að ég sé að fara með eitthvert fleipur. Ég tel svo ekki vera. Í nokkrum tilvikum tek ég það fram að ég hef gert lauslega áætlun þar sem mjög erfitt er að meta hlut sjávarútvegsins eða sjómanna í einstökum liðum sem þarna eru á ferðinni. Húskarlar í fjmrn. gætu að sjálfsögðu gert þetta betur með t.d. aðstoð sérfræðinga á Þjóðhagsstofnun. En ég sem sagt fullyrði, herra forseti, og ég hef rökstutt það hér að hæstv. ríkisstjórn er að leggja á sjávarútveginn á annan milljarð kr. í nýjum álögum á næsta ári. Þessi súpa samanlögð þýðir það, hæstv. sjútvrh., og ég bið menn þá að koma og sýna fram á að ég hafi farið hér eitthvað skakkt með. Og fer nú að verða lítið úr þeim ráðstöfunum sem hæstv. sjútvrh. hefur tekist að nudda í gegnum ríkisstjórnina þá sjaldan hann hefur fengið sín

mál tekin fyrir, þá sjaldan þau fást tekin á dagskrá þar, vegna þess að við vitum að þær duga ekki einu sinni til þess að vega upp á móti aflasamdrætti og taprekstri sem þegar er í gangi. Þó að hæstv. forsrh. hafi dottið ofan á það snjallráð að samþykkja tillögu sjútvrh. um að nota sukksjóðina og lengingu lána í þeim til þess að bjarga sjávarútveginum, — það sem mest hann varast vann, varð þó að koma yfir hann, — að nota stjórntæki gömlu ríkisstjórnarinnar til aðstoðar sjávarútveginum þá er það því miður þannig að þær ráðstafanir duga ekki einu sinni til þess að jafna áhrifin af aflasamdrættinum og því rekstrartapi sem þegar er fyrir.

Til viðbótar þessu er afurðaverðið farið að lækka, því miður, og blokkirnar lækkuðu fyrir vestan núna fyrir nokkrum dögum síðan. Og því miður eru líka alvarlegar fréttir af fleiri mörkuðum. Dollarinn kominn niður í ekki neitt, 57 kr., og allt leggst þar því miður á sömu sveif eða flest og hef ég þá ekki nefnt þær einstöku ógæftir og aflaleysi sem hefur hrjáð menn alveg frá sl. hausti. Og er það þá einhver furða þó að það sé þungt í sjómönnum og útvegsmönnum við þær kveðjur sem þeir fá núna frá hæstv. ríkisstjórn? Ég verð nú að segja að ég hef gengið þessa möl í pólitík á Íslandi bráðum í fimmtán ár og þar af hartnær níu hér á Alþingi og ég hef aldrei heyrt önnur eins hljóð í forsvarsmönnum atvinnulífsins og þessa dagana. Og ég efast um að nokkurn tíma hafi borist fleiri símtöl eða fleiri skeyti til ríkisstjórnar og inn á þing heldur en einmitt núna frá bálreiðum sjómönnum og útvegsmönnum og það er skiljanlegt.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín um sjávarútveginn fleiri. Það gefast fleiri tækifæri til að ræða þá hluti ítarlegar þegar þau mál koma á dagskrá sem lúta að sjávarútveginum beint, en ég ætla að vekja athygli hv. alþm. á einu litlu þingskjali sem hér er komið inn á þingið. Það er 205. mál á þskj. 236. Ég ætla að vekja sérstaka athygli manna á greinargerðinni með þessu frv. Þetta er frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er hvorki meira né minna en hátt í fjögurra blaðsíðna ritgerð um sjómannafrádráttinn. Ég hvet hv. alþm. til að grafa upp skjalið og líta í það, þessa kostulegu ritsmíð og ég spyr hæstv. — Herra forseti, þetta er fullkomlega óþolandi, að vera að reyna að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. og hann er stanslaust á fundum hér í hliðarherbergi við aðra ráðherra eða þingmenn og maður sér ekki einu sinni framan í hann, jafnmikil ánægja og er nú jafnan af því. Ég fer fram á það að menn tolli hér inni í salnum til að hlýða á umræður. Það þótti lágmarkskurteisi þegar ég var ráðherra og ég vænti þess að svo sé enn.

Ég ætla að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann sé höfundur að ritgerðinni sem birtist í greinargerðinni með frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt um sjómannafrádráttinn. Hann ber að sjálfsögðu, hæstv. ráðherrann, fulla höfundarábyrgð á þessu ritverki því að hann leggur málið fram og ráðherra á að sjálfsögðu ekki að láta annað frá sér fara í sínum þingmálum en það sem hann tekur ábyrgð á. Það er að vísu ekki rétt að hann leggi málið fram en hann er fagráðherra þessa málaflokks og sú var verkaskiptingarregla í þeirri ríkisstjórn ég sat í að hlutir af þessu tagi voru jafnan bornir undir þá ráðherra sem þeir tilheyrðu. A.m.k. var það þannig til að mynda um einstaka málaflokka fjárlagafrv. að fagráðherrar höfðu aðstöðu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi þann texta sem vék að þeirra málum.

Þessi ritgerð er að mörgu leyti svo kostuleg að það er fullkomin ástæða til þess að vekja athygli á henni. Ég ætla ekki að lesa hana hér, ég ætla ekki að taka tímann í það en ég hef undirstrikað margt gullkornið í henni og ég bendi mönnum alveg eindregið á þessa snilld. (**Gripið fram í:** Á hvaða blaðsíðu er þetta?) Þetta er á bls. 10, 11 og 12. Og hér eru auðvitað svo kostulegir hlutir sagðir um þennan rétt sjómanna að engu tali tekur auðvitað. (**Gripið fram í:** Láttu okkur heyra.) Ja, ég veit ekki hvar ég ætti á að bera niður því að þetta er allt saman slík gersemi að það þarf helst að lesa þð frá orði til orðs. (**Gripið fram í:** Eitt gullkornið.) Ja, það á reyna það úr því að eindregnar óskir koma fram um það. T.d. segir hér á bls. 11:

„Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er" — en áður var greint frá því að forsendur væru ekki lengur fyrir hendi til þess að halda í þennan frádrátt — „að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga, sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum." Það er ekkert meira eða minna en það. Óeðlileg afskipti af kjarasamningum, mismuna launþegum og fyrirtækjum. Þetta er meiri svívirðan. Hér er ekki verið að segja neitt litla hluti um þetta óbermi, þennan sjómannafrádrátt.

Svo segir: „Þá er þess að geta að framkvæmd þessara skattaívilnana eru og hafa í vaxandi mæli verið rýmri en lagabókstafurinn segir til um. Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþágan elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um það hvar eigi að draga línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna." Þarna er það komið, þetta gamla góða orðalag „sem eru jafnari en aðrir". Við vitum hver er höfundurinn að þessu. „Það er einnig athyglisvert að í því reiptogi er varpað fyrir róða þeim forsendum og rökum sem í upphafi voru notuð fyrir undanþágurnar. Sýnir það vel takmarkað gildi þessara forsendna og það að hagsmunaaðilarnir meta þær ekki mikils, enda er í reynd einfaldlega um það að ræða að andstæðar fylkingar hagsmunaaðila sameinast í sókn á hendur þriðja aðila og tekst að velta yfir á hann kostnaðinum af ávinningi sínum. Kemur það í þessu tilviki að sjálfsögðu fram í því að þriðji aðilinn, þ.e. skattborgarar, greiðir hærri skatta en ella væri." Þvílík svívirða allt saman. Ég tel ástæðu til að endurskoða tilnefningar Íslands til helstu rithöfundavegsemda á erlendum vettvangi á næsta ári í ljósi þessa texta sem hér er fram kominn.

Síðan segir: „Sjómannaafsláttinn ætti fremur að skoða sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði en sem ívilnun til sjómanna", það er fín setning. Enn fremur

segir: „Því má reikna með að niðurfelling sjómannaafsláttar muni auka launakostnað útgerðar nokkuð. Ástand á vinnumarkaði sjómennsku og almennt bendir þó til að sú hækkun kunni að verða minni en fjárhæð afsláttarins gæti bent til.“ Einmitt. „Í því sambandi er þróun launakjara sjómanna á síðustu árum athyglisverð.“ Hvar er formaður Sjómannafélags Reykjavíkur? Hann heiðrar okkur kannski ekki með nærveru sinni hér í dag. Hann hefur verið eitthvað gugginn síðustu daga. Síðan segir enn fremur:

„Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða.“ Þversögn í því. Enn fremur segir: „Sjómannaafslátturinn mismunar einnig launþegum og hefur sú mismunun farið vaxandi bæði vegna breyttra starfshátta í útgerð og fiskvinnslu og vegna breytinga á framkvæmd, sem m.a. stafar af þeirri tilhneigingu að útvíkka sífellt undanþágur. Sem dæmi um þessa mismunun má nefna að beitingarmenn sem ekki fara á sjó fá afslátt meðan annað landverkafólk nýtur hans ekki. Sjómenn, sem geta verið í landi eru að jafnaði heima hjá sér á næturlagi ...“ Þvílíkt hneyskli. Þeir eru heima hjá sér á nóttinni mennirnir. Þetta er mjög alvarlegt mál. (**Gripið fram í:** Er það litið á það sem sérstök ...?) Já, mér skilst það. Ég skal lesa þetta aftur svo að fundarmenn glöggvi sig á þessu: „Sjómenn, sem geta verið í landi og eru að jafnaði heima hjá sér að næturlagi, njóta afsláttar en ekki t.d. langferðabílstjórar“.

Þetta er mjög alvarlegt sem hér er upplýst. (**Gripið fram í:** Ráðherrarnir eru vel yfir kvótanum.) Herra forseti. Þetta eru náttúrlega alvörumál sem hér eru til umræðu. Enn fremur segir: „Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins en njóta samt afsláttar eins og sjósókn og fjarvistir frá heimili væru alla daga ársins. Vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veitir rétt til afsláttar en sömu störf í frystihúsi á mikið lægri launum ekki. Viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum er að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Það er í eðli sínu í beinni andstöðu við þessa grundvallarreglu að ívilna einni starfsstétt umfram aðra með sérstökum skattaafslætti sem þessum.“ Enn fremur segir og dregur þá að lokum:

„Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða sem hann á að þjóna eru torfundin.“ Hlutlæg tengsl. Ég nam nú kennslu- og uppeldisfræði og heimspeki í Háskólanum en er samt algerlega í vandræðum með þennan texta. (Gripið fram í.) Ja, það er nú það, spurningin um þau.

En svo kemur auðvitað rúsínan í pylsuendanum því hvaða málflutningur hefur þarna farið fram á þremur blaðsíðum annar en sá að sjómannafrádrátturinn sé óalandi og óferjandi, óþolandi mismunun, brjóti jafnræðisregluna, í honum séu þversagnir o.s.frv. o.s.frv. Þvílík úthúðun á einu máli á þremur síðum í þingskjali frá hæstv. ríkisstjórn. Ég hef sjaldan lesið annað eins. Við skyldum ætla að eftir allan þennan rökstuðning og þennan málflutning væri niðurstaðan klár. Út með þetta óréttlæti og svínarí. Nei, en svo kemur rúsínan í pylsuendanum:

„Þrátt fyrir þau rök sem færa má fram gegn sjómannaafslætti er ekki í frv. gert ráð fyrir að fella hann niður.“ Þetta er það albesta. (**Gripið fram í:** Þarna eru hlutlæg tengsl á milli.) Svo segir að vísu: „Tilvist hans er veigamikið atriði sem snertir kjör sjómanna og hag útgerðar sem ekki er unnt að taka burtu án fyrirvara.“ Og þá er ég kominn að spurningunni, hæstv. sjútvrh., sem ég kýs að beina til hæsv. sjútvrh. ekkert síður en hæstv. fjmrh.: Er verið að boða að það sem hér er á ferðinni sé bara rétt upphafið að því að fella þennan frádrátt niður með öllu? Málflutningurinn hefur svo sannarlega farið fram. Það er svo sannarlega búið að fordæma og bannfæra þennan frádrátt með þessum málflutningi hæstv. ríkisstjórnar sem hlýtur að standa hér sem hin ábyrga afstaða stjórnarinnar í þessu þingskjali. Þetta er stjfrv. Ég sá ástæðu til þess í lokin á umfjöllun minni um málefni sjávarútvegsins og sjómanna, virðulegur forseti, að vekja sérstaka athygli á þessu og bendi mönnum á að lesa allt skjalið í heild sinni og ég teldi ástæðu til þess að þeir sem hafa á því tök að koma þessu plaggi til sjómanna á næstu dögum geri það. Mér þætti ekki ólíklegt að það skap sé eftir í ýmsum íslenskum sjómönnum að þeim þyki þessi kveðjan verri en sú sem felst í hugmyndum um 180 millj. kr. tekjuskerðingu á næsta ári. Þvílíkur skilningur á högum íslensku sjómannastéttarinnar. Þvílík leiftrandi samúð með því erfiða hlutskipti og mikilvæga sem hún gegnir í íslenskum þjóðarbúskap.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að snúa máli mínu lítillega að hæstv. samgrh. Því miður, verð ég að segja, neyðist ég til þess að eiga hér nokkurn orðastað við hann vegna ákvæða sem í fjárlagafrv. eru og hér eru til umræðu og satt best að segja verð ég að ítreka og undirstrika að ég harma að þurfa að gera. Þar á ég við þá útreið sem ákveðnar framkvæmdir í vegamálum eiga að fá samkvæmt nýjustu ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar á næsta ári. Ég hef kosið að leiða hjá mér umræður það sem af er þessu ári um fyrri ákvarðanir og aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum, þar á meðal þann niðurskurð sem hæstv. ríkisstjórn greip til á sl. vori í vegamálum. Ég taldi eftir atvikum ekki rétt að gagnrýna það þar sem hæstv. ríkisstjórn mat það svo að við mjög erfiðar aðstæður yrði hún að draga nokkuð úr vegaframkvæmdum á þessu ári. Þau merku tíðindi gerðust að ég sagði í sjónvarpsviðtali að ég ætlaði ekki að gera lítið úr viðleitni hæstv. ríkisstjórnar til þess að draga úr útgjöldum og skyldi þar ekki undanskilja vegamál þó að mér þætti sárt að sjá þau skorin niður og að einhver fyrstu embættisverk arftaka míns í samgrn. væru að draga úr vegaframkvæmdum.

Ég hefði sömuleiðis ekki rokið í ræðustólinn á Alþingi og ásakað hæstv. samgrh. t.d. um það að raska forsendum gildandi vegáætlunar innan framkvæmdaárs án þess að afla til þess nýrra heimilda á Alþingi. Þegar ég var samgrh. var líka erfitt í ári og það var

gripið til þess óyndisúrræðis, sem það auðvitað er, að ætla að lækka vegaframkvæmdir á árinu 1989 um 33 millj. kr. Talið var að tiltölulega auðvelt væri að fella niður ýmsar smáframkvæmdir og draga úr framkvæmdahraða nokkurra verka þannig að af um 4.000 millj. kr. fjárveitingum til vegagerðarinnar yrði 33 frestað. Þá risu upp á Alþingi fleiri en einn og fleiri en tveir hv. þm., sérstaklega úr Sjálfstfl. og gerðu úr því geysimikið mál. Þetta væri ósvinna sem hæstv. samgrh. væri að beita sér fyrir að hrófla við gildandi vegáætlun með þessum hætti á miðju ári. Slíkt væri óheimilt. Það yrði að afla samþykkis Alþingis fyrir fram áður en hægt væri að breyta þeirri vegáætlun sem afgreidd hefði verið vorið áður. Eftir allsnörp átök um þetta mál var horfið frá því að fresta þessum framkvæmdum, en reyndar náðist sambærilegur árangur varðandi niðurskurð og útgjöld vegna þess að minni snjómoksturskostnaður hafði orðið en reiknað hafði verið með.

Mér er það mjög í minni þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. kom ræðustól og rakti alveg sérstaklega að slíkur hefði skepnuskapur samgrh. verið að hann hefði fundið vegarspotta í Húnavatnssýslum, afleggjara heim að bæ þar sem byggi hjartveikur bóndi. Sérstök áhersla hefði verið lögð á það að leggja þennan veg til að þessi hjartveiki bóndi byggi við meira öryggi um líf sitt og valdi ekki skepnan samgrh. akkúrat þennan vegarspotta til þess að láta bitna á honum ólögmætan niðurskurð. Svona væri nú innrætið í þessum nýja samgrh. Og hv. 2. þm. Norðurl. v. hélt um þetta mikla ræðu og flokksbræður hans fleiri ruku í ræðustólinn og tóku undir þetta. Ég hef ekki haldið slíkar ræður á þinginu fram að þessu. Ég hef þagað þunnu hljóði yfir því að vegaframkvæmdir voru í byrjun árs skornar niður um 350 millj. kr. svo að segja nokkrum vikum eftir að vegáætlun var afgreidd án þess að tala við kóng eða prest, rætt við þingmenn kjördæmanna eða með nokkrum öðrum venjulegum vinnubrögðum leitað samþykkis eins og hefð hefur verið fyrir á þinginu. Ég hef t.d. ekki enn gagnrýnt hæstv. samgrh. fyrir það sem ég ætla þó nú að gera. Því miður neyðist ég til þess þegar svo er komið að hann hefur ákveðið að brjóta það samkomulag og hafa að engu þá ákvörðun Alþingis sem lá til grundvallar því að hraða framkvæmdum við jarðgangagerð á Vestfjörðum og vinna hana á styttri tíma en áður var áætlað. Það er eins og hæstv. samgrh. hafi gleymt því að samþykkt Alþingis liggur fyrir í þessu máli sem ekki hefur verið breytt og það er ekki seinna vænna en hv. alþm. sjálfir fari að átta sig á því að á sínum tíma var lögð fram till. til þál. um þetta mál flutt af mér, till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Þetta var 509. mál á 112. löggjafarþingi og þessi ályktun var samþykkt á þinginu. Með þingsályktun 5. maí 1990 ákvað Alþingi ekki aðeins að ráðast í þessar framkvæmdir heldur einnig að flýta þeim, hefja þær fyrr og vinna þær hraðar. Þessi þingsályktun stendur. Hún kveður á um það hvernig skuli ráðast í þetta verk, hvernig eigi að vinna það og hvernig eigi að fjármagna það. Henni hefur ekki verið breytt. Það hefur ekki verið aflað samþykkis Alþingis fyrir því að breyta þessari framkvæmdaáætlun. Nú er væntanlega ætlunin að leggja til að svo verði gert og er ekki seinna vænna fyrir hæstv. ríkisstjórn ef hún ætlar ekki að vanvirða með þessu gildar og mætar ákvarðanir Alþingis.

Þarna var kveðið á um það að um helmingur af framkvæmdakostnaðinum á því fjögurra ára tímabili sem framkvæmdir stæðu yfir, skyldi tekinn að láni og að ríkissjóður — ekki Vegasjóður — skyldi greiða lántöku- og vaxtakostnað, Vegasjóður endurgreiða lánið síðar verðbætt, stofninn. Þetta ákvað ríkisstjórnin að hafa að engu þegar ákveðið var að hverfa frá lántökunum en fjármagna framkvæmdakostnaðinn að fullu af vegafé. Með því móti var auðvitað skert hið almenna framkvæmdafé Vegagerðarinnar um 300–350 millj. kr. á ári, á næsta ári og áfram ef svo heldur áfram sem það horfir. Þetta er að því leyti alvarlegt að til grundvallar ákvörðuninni og afgreiðslu vegáætlunar á sínum tíma lá mikil vinna og ágæt samstaða um það með hvaða hætti skyldi ráðist í þetta verk. Þingmenn annarra kjördæma sættust á það að fara svona í þetta og sýndu sérstöðu Vestfirðinga með þessu mikinn skilning. Nú virðist eitthvað vera að bresta í þessum efnum, eða hvað?

Margir voru undrandi vestur á fjörðum að þessi skrýtni fugl, Steingrímur J. Sigfússon af Norðausturlandi, skyldi vera að brjóta sig í stykki fyrir jarðgangagerð á Vestfjörðum. Þessi maður væri ekki mjög gáfaður, ekki fengi hann mörg atkvæði á Vestfjörðum, í framboði á Norðurl. e. og menn fóru jafnvel að gera því skóna að ég ætlaði að flytja mig í framboð fyrir vestan o.s.frv. En það varð nú svo að ég og þingmenn allir urðum sammála um það að þetta væri svo sérstakt verkefni og svo sérstakar aðstæður að full ástæða væri til að taka það alveg út fyrir sviga og vinna að því með sérstökum hætti. Þessi samstaða varð og var og er — ef hún er þá enn fyrir hendi — mjög mikilvæg eins og önnur samstaða sem oft hefur tekist um vegamál á Alþingi. Þess vegna hlýt ég að harma það mjög og átelja hvernig hæstv. ríkisstjórn gengur nú fram í málinu.

Ég er þá kominn að því sem verst er og vitlausast í þessu öllu þar sem er nýjasta ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að brjóta þá samninga sem búið er að gera um þetta verk og ákveðið hefur verið að ráðast í. Og ég segi það alveg eins og er, virðulegur forseti, að ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin eyrum þegar ég heyrði það að mönnum dytti slíkt í hug. Hafa menn ekki áttað sig á því hvað hér er á ferðinni? Vita menn ekki hvernig var unnið að undirbúningi þessa verks? Þá ætla ég að upplýsa aðeins um það.

Hér var á ferðinni alþjóðlegt útboð, það stærsta sem nokkurn tíma hefur verið ráðist í af Vegagerð ríkisins og er þá langt til jafnað. Það var lagður metnaður í það af hálfu samgrn. og Vegagerðarinnar að standa með fullkomlega myndugum hætti að þessu fyrsta stóra og alþjóðlega útboði Vegagerðarinnar. Hvað þýðir það fyrir orðstír Íslands í þessum efnum? Það hefur ákveðna hluti í för með sér að hér var á ferðinni alþjóðlegt útboð og það var gengið til samninga í kjöl-

far þess við lægstbjóðanda sem eru að hluta til erlendir aðilar, erlend stórfyrirtæki með herskara af erlendum lögfræðingum á sínum snærum. Síðan ákveður ríkisstjórn Íslands það á næturfundi að rifta þessum samningi að hluta til, að mér skilst að mestu leyti að Vegagerðinni forspurðri sem er samningshafinn í reynd og í framkvæmd og sá sem glímir við þessa verktaka, á við þá um aukaverk og uppákomur í verkinu. Hvernig má svona gerast? Hvers konar vinnubrögð eru þetta, segi ég aftur og spyr. Svona er ekki hægt að standa að hlutunum. Það er augljóst mál að ef hér færi á versta veg gæti Vegagerðin og íslenska ríkið orðið stórlega skaðabótaskylt og það sem er verra er að Vegagerðin lendir í þessu sambandi í óþolandi aðstöðu gagnvart verktökunum því að menn skulu átta sig á því að þessi samskipti eru ekki bara að skrifa undir samning. Þau lúta að stanslausum samningum út og gegnum verkið þar sem hvers konar frávik eru tekin og metin og reiknuð til verðs og iðulega þarf að semja um uppákomur og breytingar og fráviksatriði sem koma upp í framkvæmdinni. Hvernig halda menn að samningsstaða Vegagerðar ríkisins verði með svona framkomu við verktaka sem fær þarna allt í sína hendi með þessu? Ég stórefa það að af þessu hljótist mjög mikill sparnaður fyrir íslenska ríkið. Þvert á móti óttast ég það ef hér fer á versta veg að af því hljótist mikill skaði, bæði í þessu verki og jafnvel í öðrum þar sem orðstír Íslands á alþjóðlegum útboðsmarkaði bíður hnekki. Ég er ekki alveg viss um það að hæstv. ríkisstjórn hafi á næturfundum sínum kveikt á því að hún gæti hér átt í höggi við jafnvel harðsnúna erlenda lögfræðinga stórfyrirtækja sem kunna ýmislegt fyrir sér í þessum efnum.

Síðan er þetta að mínu mati ákaflega ógæfusöm og ógeðfelld ákvörðun gagnvart því fólki sem mætir henni vestur á fjörðum. Og ég verð að segja það alveg eins og er að ég hlýt að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hvers á Suðureyri við Súgandafjörð að gjalda? Hefur Suðureyri við Súgandafjörð gert hæstv. ríkisstjórn eitthvað? Á ríkisstjórnin alveg sérstakar óuppgerðar sakir við þessar 300 rúmlega hræður sem þar þrauka enn þá? Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það með miklum endemum hvernig fram er komið við þetta fólk. Þetta er svo vitlaus ákvörðun, herra forseti, að engu tali tekur.

Ég ætla að spyrja hæstv. samgrh.: Hvernig hefur hann séð fyrir sér samgöngurnar við Suðureyri við Súgandafjörð veturinn sem jarðgöng verða komin frá Ísafirði yfir í Önundarfjörð og ekki þarf að moka heiðar lengur vegna þeirra samgangna? Hyggst hann þá halda heiðunum eftir sem áður opnum með kostnaði upp á 30 millj. kr. eða svo bara fyrir íbúana á Suðureyri við Súgandafjörð? (**Gripið fram í:** Til að spara 250 millj.) Það verður heldur merkilegur sparnaður sem fólginn verður í þeirri frestun á afleggjaranum út í Súgandafjörð þennan eina vetur. Ótal slíkir hlutir hljóta að koma upp ef menn skoða þessa misheppnuðu ákvörðun og ég skora nú á hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn að fara aftur yfir þetta mál og draga til baka þær breytingar sem lúta að fjármunum Vegagerðar ríkisins og íhuga aðeins sinn gang.

Ég segi það svo að lokum að hæstv. ríkisstjórn átti auðvitað annan og miklu geðfelldari leik í málinu ef hún vildi draga úr útgjöldum vegna framkvæmdanna á þessum stað. Það var einfaldlega að láta á það reyna með viðræðum að siðaðra manna hætti hvort samningsaðili Vegagerðarinnar og ríkisins í málinu væri tilbúinn til að fallast á að það yrði hægt á greiðslum inn á verkið á næsta ári svo sem um einhver hundruð millj. kr. Sjá menn ekki í hendi sér að þar með er allt önnur staða uppi í málinu? Hvernig stendur á því að hæstv. ríkisstjórn skuli aldrei geta talað við menn heldur þurfi að ákveða allt einhliða og fyrir fram í þjösnaskap? Ég hefði talið það gegna allt öðru máli og hefði sennilega ekki flutt ræðu yfir vini mínum samgrh. nema vegna þess að ég neyðist til þess ef hann hefði ekki verið svo heillum horfinn að standa svona að málum og hæstv. ríkisstjórn. Hefði staðið inni í frv. „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir viðræðum við samningsaðila sína í þessu verki að hægja á greiðslum inn á verkið á næsta ári ef kostur er, svo sem eins og um 200 millj. kr.“, hefði gegnt allt öðru máli um þetta allt saman. (**Landbrh.:** Þetta væri nú ljót tillaga.) Þetta er samt veruleikinn, hæstv. ráðherra. Ef menn gera samning og annar aðilinn hefur áhuga á því að fá fram breytingar á þeim samningi, hvernig hegða menn sér þá venjulega í þeim tilvikum? Hvernig hegða siðaðir menn sér svona venjulega? Þeir hafa samband við gagnaðilann, biðja um viðræður við hann og óska eftir því að ná fram breytingum. Flóknara er málið ekki en það. Að lokum er það svo þannig að til að kóróna vitleysuna bendir ríkisstjórnin á ákveðinn verkþátt sem er afleggjarinn til Suðureyrar sem er það vitlausasta af öllu saman. Auðvitað átti þá ekki að skilgreina það hvar í verkinu yrði hægt á framkvæmdum á næsta ári, heldur láta verktakanum það eftir að gera það sem honum væri hagfelldast. Það ógeðfellda er að með þessu greiðir ríkisstjórnin byggðinni á Suðureyri alveg sérstakt högg sem er ástæðulaust, óþarft og vitlaust fyrir utan þá siðferðislegu hlið sem er á því að ríkisstjórn Íslands skuli þar sjá þann andstæðing sem hún telur vel að því kominn að troða stanslaust illsakir við þar sem er byggðin á Suðureyri við Súgandafjörð. Það er svo sannarlega ekki ráðist á garðinn þar sem hann er hæstur í byggðalegu tilliti í þessu máli.

Nei, því miður er það svo að nái þetta allt saman fram að ganga þá er hæstv. samgrh. að afreka það á einu ári með þremur ákvörðunum að skera verulega mikið og alvarlega niður framkvæmdafé til vegamála og hlýtur allur þingheimur að harma það mjög. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég ætlaði hæstv. ráðherranum betri hlut í þessum efnum en að þurfa að halda yfir honum þessa ræðu.

Ég mun ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, herra forseti, en ég vona að mér hafi tekist að gera aðeins grein fyrir afstöðu minni til þessara hluta og kannski upplýsa nokkra hv. alþm. um það, sem því miður eru harla fáir og enginn ráðherra tollir í salnum augnablik nema hæstv. iðnrh. sem situr og les Dagblaðið, að hér er verið að brjóta ákvörðun og samþykkt Alþingis í

þessu máli. Hér er ekki bara um þá stöðu að ræða að ríkisstjórnin geti að eigin geðþótta hegðað sér eins og henni sýnist í þessu máli. Er Alþingi Íslendinga enn þá þeirrar skoðunar að það eigi að hraða þessum jarðgangaframkvæmdum og standa að því með sama hætti og ákveðið var á Alþingi 5. maí 1990 eða ekki? Hefur Alþingi snúist hugur? Við skulum fá það fram áður en lengra er haldið í málinu.

Um landbúnaðarmál ætlaði ég lítillega að nefna við hæstv. landbrh. að þar er honum því miður að daprast flugið svo að ekki sé meira sagt. Hæstv. landbrh. tók þá mjög svo skynsamlegu ákvörðun af nokkrum myndugleik á sl. vori að verja og virða samninginn við bændur um skipulag búvöruframleiðslunnar í landinu næstu sjö árin. Þeirri ákvörðun fagnaði ég sérstaklega og reyndi að styðja hæstv. landbrh. eftir föngum í þeirri viðleitni að verja sig áföllum innan ríkisstjórnarinnar vegna þeirrar afstöðu sinnar. Hann var að sjálfsögðu nagaður neðan til og aftan frá af ýmsum samstarfsmönnum sínum en hæstv. landbrh. stóð þetta þó af sér fram eftir sumri og fram á haust og menn voru farnir að binda við það nokkrar vonir að hæstv. landbrh. mundi verða ofan á og standa upp úr í málinu. En því miður slapp jafnvel ekki þetta við ákvarðanir á hinum illræmda næturfundi og hæstv. ríkisstjórn ákvað aftur að rifta samningi einhliða sem hún hafði gert og virða ekki þau ákvæði búvörusamningsins sem lúta að uppgjöri greiðslna við bændur. Og hér er það á ferð enn og aftur að hæstv. ríkisstjórn stendur með þessum sérkennilega og ógeðfellda hætti að samningi sem hún hefur gert að því er ég best veit án viðræðna við gagnaðila sinn eða samningsaðilann. Nú er það auðvitað þannig að rétt eins og hið alþjóðlega útboð, samningurinn um jarðgangaframkvæmdir á Vestfjörðum er ekki bara eitthvert plagg, skrifað á klósettpappír úti í bæ, sem ríkisstjórnin getur farið með eins og henni sýnist og notað til þeirra þarfa sem henni finnast brúklegastar, þá er búvörusamningurinn heldur ekki bara einskis nýtt plagg, hann er löggjörningur rétt eins og samningurinn um Vestfjarðagöngin er löggjörningur. Það eru dómstólar í þessu landi og ég hlýt að spyrja hæstv. landbrh.: Hefur hann hugleitt það hver staða ríkisvaldsins væri í dómsmáli um þessi réttindi bænda? Það þarf ekki að fara í grafgötur með það hver yrði vitnisburður fyrrv. landbrh. sem hér talar gagnvart þeim ákvæðum búvörusamningsins sem þarna standur til að rifta. Ég mun að sjálfsögðu bera fyrir rétti, ef til kemur, að það lá í málinu frá upphafi að tilhögun greiðslna til bænda og uppgjör þeirra yrði með sama hætti og ekki lakari gagnvart bændum heldur en ákvæði gildandi búvörusamnings sem þýðir að uppgjörinu skyldi ljúka fyrir 15. des. ár hvert.

Með þeim tillögum, sem hæstv. ríkisstjórn leggur til og eru í brtt. meiri hlutans við fjárlagafrv. í 2. umr., yrði þetta brotið. Og aftur er unnið hér að hlutunum með sama hætti, samningsaðilinn er ekki virtur viðlits, það er ekki leitað eftir því fyrst hvort unnt sé að ná fram lagfæringum eða breytingum með góðu og þekki ég þó bændur að því að vera ákaflega góða viðureignar í slíkum efnum, vera mjög samningsfúsa og viljuga til þess að reyna að ná samstöðu um hlutina og ekki síst þá forsvarsmenn þeirra sem þar ráða fyrir nú. Þeir hafa reynst mjög viljugir til þess að reyna að skapa frið um sín mál og hafa um þau samstöðu. Þeir hafa tekið á sig og sína félagsmenn byrðar á undanförnum árum sem ég held að fáar aðrar stéttir í landinu hefðu gert með sama hætti. Þeir tóku á sig til að mynda 5% kjaraskerðingu umfram aðrar stéttir í landinu eða einir stétta í reynd þegar þjóðarsáttin var gerð. Þeir hafa gengið í það að draga saman framleiðslu og veltu í sinni atvinnugrein af meiri hörku, held ég, en nokkur önnur íslensk stétt getur státað af á seinni árum. Þeir hafa reynst fúsir til að gera samninga við ríkisvaldið um slíka hluti sem hafa verið þeim og þeirra forsvarsmönnum mjög erfiðir. Það vil ég segja við þig, hæstv. landbrh., það sem mér finnst verst í þessu efni er ekki í sjálfu sér sú kjaraskerðing bændastéttarinnar eða sauðfjárbænda sem þarna er á ferðinni heldur framkoman við forsvarsmenn Stéttarsambands bænda sem skrifuðu undir samninginn við ríkisvaldið. Það er ómaklega aftan að þeim komið með þessum aðgerðum vegna þess að þeir voru á sínum tíma talsvert gagnrýndir fyrir það í röðum sinna félagsmanna að það sem mundi bresta í þessu máli eins og oft áður væri að ríkisvaldið mundi svíkja. Þeir mundu að sjálfsögðu eins og venjulega standa við sitt og það hafa bændur gert og staðið í sársaukafullum aðgerðum innan sinnar stéttar gagnvart sinni atvinnugrein á þessu ári. Því miður er hæstv. ríkisstjórn með þessum aðgerðum að leggja þeim rök og vopn í hendur sem gagnrýndu samningsaðilann, gagnaðilann í málinu, bændasamtökin og forustu þeirra fyrir að treysta ríkisvaldinu. Og það finnst mér verst í þessu máli að þetta er lúaleg og ómakleg framkoma við þá forustumenn bændastéttarinnar sem sýndu að mínu mati mikinn kjark og dugnað þegar þeir gengu í þær erfiðu og sársaukafullu aðgerðir sem fylgdu gerð búvörusamningsins gagnvart bændastéttinni og í raun byggðinni í strjálbýli landsins. Þeim er þar ekki launað sem skyldi með þessum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar. Vonandi sér hæstv. ríkisstjórn að sér og dregur til baka þessa mislukkuðu og vondu hugmynd. Lágmark væri að láta fyrst á það reyna hvort bændur landsins kynnu að vera tilbúnir til samninga um það að létta eitthvað undir með ríkisvaldinu við þessar erfiðu aðstæður ef það er mat manna að bændur séu betur aflögufærir en ríkissjóður í þessu tilliti.

Hér er auðvitað rétt, að lokum, að benda á að með þessari breytingu nær ríkissjóður að sjálfsögðu ekki neinum varanlegum sparnaði, hér eru einungis fluttar til yfir áramót greiðslur sem eftir sem áður þarf að inna af hendi.

Ég ætla tímans vegna ekki að fjölyrða meira um málefni landbúnaðarins en verð þó að segja að ég harma þá útreið sem málefni landgræðslu og skógræktar fá samkvæmt næturákvörðun ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Er ekki búið að breyta því?) Kannski er búið að lagfæra það og það væri betur að svo væri, en ef það gengi eftir þá sé ég ekki betur en jafnvel væri í vændum enn eitt samningsrofið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar t.d. með því að niðurskurður á fjár-

veitingum til Fljótsdalsáætlunar mundi stofna í hættu samningum ríkisvaldsins og bænda um nytjaskógrækt á því svæði. Það eru samningar, það eru löggjörningar, rétt eins og aðrir sem ég hef hér rætt um og enn yrði ríkisstjórnin ber að því með slíku athæfi að virða þá að vettugi og það ætla ég að lokum lítillega að ræða um, virðulegur forseti. Það er sú furðulega framganga þessarar ríkisstjórnar, sem tollir illa hér inni í þingsalnum, hæstv. ríkisstjórnin, t.d. alls ekki hæstv. forsrh. og sjaldan hæstv. fjmrh. og hef ég þó grun um það að það sé hann sem flytji þetta mál, a.m.k. hefur það verið svoleiðis að í ríkisstjórnum undanfarið á Íslandi hefur fjmrh. flutt fjárlagafrv. Það er að vísu alls ekki víst að það sé eins í þessari stjórn því þar er margt skrýtið. En það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að hæstv. ríkisstjórn er með þessum ákvörðunum og fleirum sem í vændum eru að brjóta hvern samninginn á fætur öðrum sem hún hefur gert við hina ýmsu og óskyldustu aðila úti í þjóðfélaginu. Ég spyr að því, hvernig er það í þessari hæstv. ríkisstjórn, telur hún sig hafa það vald á hendi að gera það sem henni sýnist við samninga við hina óskyldustu aðila, löggjörninga sem jafnvel byggja á sérstökum ályktunum Alþingis eða sérstökum lagaheimildum? Þannig er um samninginn um jarðgangaframkvæmdir á Vestfjörðum. Hann er löggjörningur á grundvelli alþjóðlegs útboðs og byggir á sérstakri þál. Alþingis. Hann er virtur að vettugi. Þannig er um búvörusamninginn. Hann er löggjörningur, hann byggir á heimild í gildandi búvörulögum og hann öðlaðist sérstaka lagastoð með ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu lánsfjárlaga á síðasta vori. Hann er að sjálfsögðu á löggiltum skjalapappír, undirritaður af tveimur ráðherrum í fyrrv. ríkisstjórn. Er það ekki nóg fyrir hæstv. ríkisstjórn? Er það ekki nógu gilt? Ég spyr: Hvernig þarf að gera samninga úr garði til þess að ríkisstjórnin sem nú situr í landinu taki mark á þeim? (**ÓRG:** Egill Jónsson kallaði fram í að hann væri gildur, samningurinn.)

Í þriðja lagi ætla ég að nefna dæmi um samning sem ríkisstjórnin hefur virt að vettugi og brotið einhliða. Milli sveitarfélaganna og ríkisins var í maímánuði 1990 gerður samningur um hina sameiginlegu innheimtu þessara aðila á staðgreiðslusköttum, útsvari og tekjuskatti. Þessum samningi er ríkisstjórnin að rifta einhliða eða breyta með frv. til laga um tryggingagjald sem berst hér inn í þingið án þess að talað hafi verið við sveitarfélögin sem eru gagnaðilinn og samningsaðilinn við ríkið um þessa sömu sameiginlegu innheimtu sem þarna á að breyta. Þriðji samningurinn af þessu tagi sem ríkisstjórnin virðir einskis, brýtur eða virðir að vettugi.

Ég nefni í fjórða lagi, þó þar sé ekki í eiginlegu formi um samning að ræða, það samkomulag sem í gildi hefur verið milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og auðvitað er hefð fyrir að breyta ekki með einhliða ákvörðunum. Í reynd er þetta sáttmáli um samskipti ríkisvaldsins og sveitarfélaganna í landinu sem er bundinn af ákvæðum margra laga svo sem laga um verkefni sveitarfélaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga, auk fjölda ákvæða í sérlögum um einstök málefni, málefni fatlaðra, heilbrigðismál, skólamál o.s.frv. Þennan sáttmála, í fjórða lagi, um samskipti ríkisvaldsins og sveitarfélaganna virðir ríkisstjórnin að vettugi og hefur að engu með gerræðislegum einhliða ákvörðunum á næturfundi í skjóli myrkurs.

Í fimmta lagi gæti ég nefnt það sem niðurskurðurinn á fjárveitingum til skógræktarátaksins á Fljótsdalshéraði mundi hafa í för með sér, þar gæti sömuleiðis orðið um riftun á lögmætum samningum að ræða vegna þess að í landinu eru í gildi lög um þetta skógræktarátak og í þeim lögum stendur að það beri að gera samninga við bændur um þátttöku þeirra í verkefninu sem tryggir þeim ákveðinn rétt og ákveðnar skyldur. Þessa samninga mundi ríkisstjórnin með niðurskurði sínum, ef ekki brjóta strax, a.m.k. stofna í hættu.

Þetta eru fimm dæmi, sem ég eftir minni og upp úr mér hér rétt undir miðnættið, dauðþreyttur, man eftir til að rekja um framferði ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og þau eru örugglega fleiri sem við getum rifjað upp á næstu sólarhringum ef þörf krefur.

Hvers konar framkoma er þetta? Hvað á þetta að þýða? mundu menn spyrja á einfaldri íslensku. Af hverju standa menn svona að hlutunum? Er það sjálfsagt mál að ríkisstjórnin hegði sér að vild í þessum efnum? Eru þetta einhverjir reykvískir stjórnunarhættir sem við erum að kynnast hér alveg í nýju tilliti á hinu háa Alþingi, eða hvað? Síðan hvenær fór það að verða verklagsregla í stjórnsýslu í landinu að æðsta stjórnsýslustigið, ríkisvaldið, virði að vettugi löggjörninga hist og her í þjóðfélaginu, stofni sér hikstalaust í skaðabótaskylda aðstöðu, ef svo ber undir, utan lands og innan. Það er von að spurt sé.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að taka undir það sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi hér um lítið mál sem mönnum finnst kannski hlálegt að fara að nefna í þessu stóra samhengi þar sem er undirbúningur eða hönnun á náttúrufræðihúsi Íslendinga. Hér kom upp maður, einnig þingmaður fyrir austan, og talaði sig í hita yfir því hvað þetta væri mikið snjallræði að skera niður framlag ríkisins í þetta hönnunarverkefni, 3,5 millj. kr. og kemur mér þá í huga að þar er enn einn samningurinn á ferð milli ríkisvaldsins, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um að reisa þetta hús. Nú liggur fyrir að bæði borgin og Háskólinn eru tilbúin með sitt framlag en ríkisstjórnin ætlar einhliða að rjúfa þetta samkomulag, þessa samstöðu um framkvæmdina, og skera niður sinn hlut. Ég tel þetta mjög ámælisvert og harma að ekki skuli enn komist af stað með þetta langþráða verkefni að hýsa náttúrugersemar Íslendinga, til að gera skólanemendum landsins fært að kynnast safnmunum okkar á þessu sviði og nota sér þá til kennslu og lærdóms, þar sem átti að gefa ferðamönnum kost á kynnast náttúru Íslands í þessu tilliti, þar sem átti að framkvæma rannsóknir af því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson nefndi þær, því Náttúrufræðistofnun á að fá inni í þessari byggingu, náttúrufræðihúsi. Loksins hafði tekist samkomulag milli þessara aðila, Háskólans, Reykjavíkurborgar og ríkisins, um að ráðast í þessa

framkvæmd en því er nú fórnað með þessum lágkúrulega hætti. Ég býðst til þess að leita að 3,5 millj. kr. fyrir hæstv. ríkisstjórn í gervöllu fjárlagafrv. og finna þær einhvers staðar og leggja til að þær verði frekar skornar niður eða teknar á öðrum stað en þessum. Ég býðst til þess. Ég er alveg viss um að við getum fundið þann stað og að við Íslendingar höfum efni á því að hefja nú undirbúning að þessari framkvæmd.

Herra forseti. Ég hef hér talað nokkuð mál og sjálfsagt finnst ýmsum mikið til um það að ég hef líklega talað upp undir eina og hálfa klukkustund. Mér verður örugglega lagt það mjög til lasts að hafa spillt svo stórlega störfum þingsins með því að taka þennan tíma af ýmsum. (**Gripið fram í:** Styttra en Pálmi samt.) Já, hér er það upplýst að ég hafi talað skemur en hv. 2. þm. Norðurl. v. og er það þá gott og vel. En það er nú svo að ég skammast mín ekki fyrir þau efni sem ég hef hér hreyft og tel þau hafa verið þörf og harma það eitt að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa tollað svona illa í salnum sem að vísu er af skiljanlegum ástæðum, þeim er mjög órótt, blessuðum mönnunum, og að mörgu leyti eðlilegt að þeir forðist nú dagsljósið sem heitan eldinn og jafnvel þessi daufa lýsing, sem hér er í þingsalnum á þessum kvöldfundi, er of björt fyrir þá. Það er blánóttin í svartasta skammdeginu sem er núna vinnutími hæstv. ríkisstjórnar af skiljanlegum ástæðum því að næturstundirnar hæfa nefnilega innihaldi ákvarðananna. Kannski ættum við stjórnarandstæðingar að gera ríkisstjórninni það til geðs að snúa sólarhringnum við og funda á nóttunni en sofa á daginn, þannig að þetta væri allt saman betur í samhengi við svarta skammdegið og efnið sem þar er til umræðu.

Nei, herra forseti, satt best að segja er það allt saman heldur dapurlegt. Það er að vísu svo sem við mátti búast að hæstv. ríkisstjórn er komin á flótta með þessa hluti og er það auðvitað vel. Að lokum fögnum við auðvitað því, jafnvel þó í litlu verði, sem hæstv. ríkisstjórn verður að láta undan síga með þessa hluti. Auðvitað gleðjumst við alþingismenn yfir því að þessi viðkvæmi málaflokkur, málefni fatlaðra, skuli ekki vera skotspónn sem menn kasta af hendi sér til í stjórnsýslunni eins og hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að gera. Það eru ekki mál til þess að meðhöndla þannig, hæstv. forsrh., svoleiðis eiga menn ekki að umgangast viðkvæma hluti af því tagi, þar sem eru málefni fatlaðra. Auðvitað mundum við fagna því ef ríkisstjórnin léti undan síga og flóttinn yrði rekinn lengra vegna andstöðu innan veggja Alþingis, bæði í röðum stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna og vegna þrýstings utan að úr þjóðfélaginu, því þjóðin vill ekki þessa hluti. Það er alveg morgunljóst, eins og ónefndur embættismaður ríkisins mundi orða það. Þjóðin vill standa vörð um íslenska velferðarkerfið og íslenska þjóðin telur sig ekki svo fátæka að hún þurfi að ganga jafnnærri viðkvæmum hlutum, eins og hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera, m.a. vegna þess að öll þjóðin horfir upp á það að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki kjark og þó sennilega ekki frekar pólitískan vilja til þess að afla fjármunanna þar sem þeir eru í þessu þjóðfélagi.

Þetta er nú mergurinn málsins því auðvitað eru hér heilmiklir fjármunir og fjöldi fólks sem hefur mikið handa á milli sem væri mun betur í stakk búið til þess, mun betur í færum til þess að borga þessa hluti heldur en þeir sem hæstv. ríkisstjórn fer í vasana á. Það er t.d. ekki þannig að það eigi að hlífa því hátekjufólki sem ekki á börn umfram það hátekjufólk sem á börn. Ein af breytingum hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum er sú að þyngja skattana á öllu barnafólki með tæplega miðlungstekjur og þar yfir, á öllum fjölskyldum sem eiga börn með tæplega miðlungstekjur og þar yfir, en sleppa þeim hátekjufjölskyldum þar sem ekki eru börn. Eru þetta jöfnunaraðgerðir, er þetta skynsamlegt? Nei, þetta stríðir gegn réttlætiskennd manna og augljósri skynsemi. Svona gæti ég rakið dæmin og það hefur reyndar verið gert hér af ýmsum.

Við skulum vona, herra forseti, svo að allri alvöru sé haldið til haga að sem mest af þessum ógeðfelldu áformum hæstv. ríkisstjórnar verði brotið á bak aftur á næstu sólarhringum og að næturákvörðununum verði hrundið. Að lokum verða það svo orð mín síðust í þessari ræðu minni, ef ég verð ekki knúinn til að tala aftur, að íslenska þjóðin eignist sem fyrst á nýjan leik ríkisstjórn sem getur tekið ákvarðanir sínar í björtu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að fara þess á leit við forseta að hann freisti þess að kveðja hv. 8. þm. Reykn. í salinn. Ég vil reyna að svara nokkrum spurningum og athugasemdum sem þingmaðurinn beindi til mín.

En áður en ég kem að því vil ég víkja að máli þeirra hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Austurl. Og meðan við bíðum eftir hv. 8. þm. Reykn. nefni ég að mér fannst vera hálfgerður skammdegistónn í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann var að leita sér að hæfilegum kveðskap við þetta tækifæri og mig langar til þess að hjálpa honum með það og vitna í skammdegisvísur skaftfellska bóndans Eiríks Guðmundssonar sem orti bara tvær vísur um ævina. Og þær eru svona:

Mikaels frá messu degi
miðrar góu til
í Syðra-Firði sólin eigi
sést það tímabil.

Lengi að þreyja í þessum skugga
þykir mörgum hart.
Samt er á mínum sálarglugga
sæmilega bjart.

Og ég vona nú að senn fari að birta á sálarglugga hv. 4. þm. Norðurl. e. (Gripið fram í.) Það er og, hv. 9. þm. Reykv. (Gripið fram í.) Þær voru tvær vísurnar.

Þá kem ég að því sem þessir ágætu þingmenn viku nokkuð að í sínu máli. Þeir gerðu hér að umtalsefni fjárveitingar til umhvrn. og víst get ég tekið undir það með hv. 4. þm. Austurl. að þar er meiri fjárþörf en verið hefur og það er brýnt að efla hið unga umhvrn.

Það er líka rétt sem kom fram í máli beggja þingmannanna að það væri auðvitað ákaflega æskilegt að við eignuðumst gott hús til að varðveita og kynna ýmsar náttúrugersemar Íslands til þess að gera þær aðgengilegar, bæði fyrir skólafólk og ferðamenn. Um staðinn fyrir slíkt hús ætla ég ekki að fjölyrða. En auðvitað eru þetta áform sem við verðum að skoða í ljósi fjárhagsaðstæðna og gæta þess að reisa okkur ekki hurðarás um öxl með því að fara þar ógætilega af stað. Sannleikurinn er náttúrlega sá að eins er það með umhvrn. og aðra góða hluti að nú verðum við vegna fjárhagsaðstæðna að sætta okkur við það að það vaxi fram hægt en örugglega eins og margar lífseigar og langlífar plöntur gera.

Þá ætla ég að koma nokkuð að máli hv. 8. þm. Reykn. sem nú er genginn í salinn. Hann beindi til mín nokkrum spurningum og athugasemdum. Mér finnst við hæfi, virðulegi forseti, að víkja nokkuð að því í upphafi — og er ærin ástæða til þess að vekja athygli á því — að þessi sjálfskipaði talsmaður nýmóðins vinnubragða í fjármálum eins og hann lýsti sér sjálfur áðan hefur nú í veigamiklum atriðum snúið gersamlega við blaðinu frá því hann bar ábyrgð á ríkisfjármálunum í fyrri ríkisstjórn. Þetta kom mjög glöggt fram í ræðu hans hér fyrr í dag. Mig langar af því tilefni, virðulegi forseti, að rifja upp ýmislegt af því sem fram kom við fjárlagaumræðuna í fyrra frá hans hendi. Sem fjmrh. sagði hann í ræðu sinni við 1. umr. um frv. til fjárlaga í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta, þetta er bein tilvitnun:

„Það er ljóst að það eru skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og ríkiskerfinu sjálfu sem eru lykillinn að því að halda megi aftur af auknum ríkisútgjöldum á næstu árum. Fyrirtæki, rekstraraðilar og aðrir viðskiptamenn standi í auknum mæli undir kostnaði af opinberri þjónustu sem ríkið sér um í þeirra þágu."

Svo mörg voru þau orð. Nú gagnrýnir hv. 8. þm. Reykn. hins vegar harðlega allar tillögur um það að láta þjónustugjöld í auknum mæli standa undir opinberri þjónustu og kallar þetta gersamlega andstætt allri jafnaðarstefnu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, sagði hann í þessari ræðu í fyrra, með leyfi forseta:

„Sjálfstæði stofnana verði aukið, m.a. varðandi ráðstöfun fjárveitinga. Stofnanir fái rýmri heimildir til að fjármagna sig með sértekjum og til að ráðstafa þeim sértekjum."

Nú mótmælir hv. 8. þm. Reykn. öllum hugmyndum um sértekjur harðlega.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, sagði hv. 8. þm. Reykn. í þessari ræðu:

„Betra jafnvægi komist á tekju- og útgjaldaskiptingu ríkisins og stærstu sveitarfélaganna og aukið verði svigrúm ríkisins til að jafna aðstöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni."

Þetta þýðir á mannamáli tilfærslu fjár frá sveitarfélögunum til ríkis. En nú slær þessi sjálfskipaði talsmaður sveitarfélaganna sér á brjóst og mótmælir öllu slíku. Hafi einhver borið kápuna á báðum öxlum, komið fram í tveimur gervum í fjármálunum, þá er það hv. 8. þm. Reykn. Afstaða hans nú þegar mikill vandi er á höndum í þjóðarbúskap okkar og í ríkisfjármálum er í hrópandi mótsögn við ræður hans sem hann flutti í fyrra og reyndar fyrr á þessu ári.

Ég kem þá, virðulegi forseti, að þeim tveimur beinu athugasemdum og spurningum sem varða einstaka fjárlagaliði og hv. þm. beindi til mín. Sú fyrri varðar niðurgreiðslur á mjólkur- og undanrennudufti til sælgætisiðnaðarins. Í tillögum meiri hluta fjárln. er lagt til að þessar niðurgreiðslur lækki um 100 millj. kr. Ég segi, þótt fyrr hefði verið. Þessar niðurgreiðslur hafa lengi verið hreinasta hneyksli en ekki hefur verið unnt að taka á þeim fyrr m.a. vegna afstöðu Alþýðubandalagsráðherra í síðustu ríkisstjórn sem ávallt gættu hagsmuna hins úrelta kerfis í framleiðslu, vinnslu og sölu landbúnaðarafurða.

Þurrmjólk kostar nú á Íslandi rúmar 600 kr. kg en 60 kr. á heimsmarkaði. Til þess að skapa sælgætisiðnaði okkar sambærileg starfsskilyrði og keppinautum hans hefur hún verið niðurgreidd úr ríkissjóði um 540 kr. á hvert kg. Í nágrannalöndum okkar, einkum í Skandinavíu, þar sem menn kalla ekki allt ömmu sína í styrkjum til landbúnaðarins, er verðið á þurrmjólkinni námunda við 200 kr. á kg. Þar leggja menn reyndar jöfnunargjöld á innflutt sælgæti til þess að jafna muninn á heimamarkaðsverðinu og heimsmarkaðsverðinu á þurrmjólkinni. Einokunarfyrirtækin hér í mjólkurvinnslunni höfðu engar áhyggjur af þessu verði á þurrmjólk heldur hækkuðu hana bara alveg purkunarlaust með einhvers konar framreikningum og fengu það stimplað af einhverri nefndinni í kerfinu. Hér var hvergi um snertingu við eðlilegan markað að ræða heldur var eingöngu gert út á ríkissjóð. Því miður verðum við að játa það, hv. 8. þm. Reykn. og sá sem hér stendur, að við létum þetta viðgangast of lengi. Þessa vitleysu verður að stoppa og nú verður það gert. Við munum þá leyfa innflutning á þurrmjólk til þess að sinna þörfum sælgætisiðnaðarins og veita okkar innlendu framleiðslu samkeppni og væntanlega taka upp um leið sambærilegt verðjöfnunarkerfi og notað er í öðrum ríkjum EFTA. En þeir sem framleiða þurrmjólk fyrir 600 kr. á kg verða annaðhvort að lækka hana niður í eðlilegt verð eða nota hana sjálfir. Þetta eru staðreyndirnar í þessu máli. Að sjálfsögðu verður hagsmuna iðnaðarins gætt með eðlilegum hætti og honum alls ekki fórnað í þessu máli.

Hitt er rétt að þarna þarf sannarlega að taka í taumana. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin hefur fjallað um þetta mál, já. (**ÓRG:** Ég spurði hvort hún hefði tekið ákvörðun.) Ríkisstjórnin hefur fjallað um þetta mál, virðulegi þm. Ég skil það vel að þetta snerti viðkvæma taug hjá hv. þm. sem bar ábyrgð sjálfur á þessu sóunarkerfi. Það er eðlilegt að hann bregðist við með þessum hætti. Og ég beini því til forseta að hann stöðvi þessi framm íköll mannsins.

Næst spurði hv. þm. um styrkinn til Neytendasamtakanna. (Gripið fram í.) Ég svaraði þegar. (**ÓRG:** Nei.) Við munum leyfa innflutning á þurrmjólk og taka upp jöfnunargjöld. Um það hefur verið tekin ákvörðun. (**Gripið fram í:** Í ríkisstjórninni?) Ég svaraði þeg-

ar. (**Gripið fram í:** Þú svaraðir ekkert þegar.)

Þá kem ég að því sem hv. þm. spurði um Neytendasamtökin. Það er rétt að neytendamálin eru vissulega mikilvægur málaflokkur. Ég hef á síðustu fjórum árum beitt mér fyrir margvíslegum aðgerðum til þess að styrkja réttarstöðu neytenda með nýrri löggjöf og auknu samstarfi við nágrannaríki okkar ásamt því að stuðningurinn við Neytendasamtökin hefur verið aukinn ár frá ári. Nú er því miður óhjákvæmilegur afturkippur í ríkisframlaginu til samtakanna. En á móti vil ég benda hv. þm. á það að félagafjöldi samtakanna hefur sem betur fer á því skeiði sem það hefur notið fósturstyrks frá ríkinu margfaldast. Ég tel að við þær aðstæður sem nú eru uppi verði þeir að taka inn meira af sínum tekjum með félagsgjöldum en áður hefur verið. Baráttan fyrir hagsmunum neytenda á að sjálfsögðu að koma frá grasrótinni en ekki með styrkjum að ofan þó að sjálfsögðu eigi ríkið að leggja þar til sanngjarnar leikreglur og réttlátt eftirlit með þeim til þess að tryggja stöðu neytendanna á markaðnum.

Ég verð að játa það að mér þykir málflutningur hv. 8. þm. Reykn. í þessu máli lýsa vanmati hans á almennum og heilbrigðum skilningi almennings á fjármálunum. Fyrir níu eða tíu mánuðum, í febrúar á þessu ári, stóð hv. þm. þá sem fjmrh. fyrir ráðstefnu og útgáfu bæklings með heitinu „Norræna velferðarsamfélagið á aðhaldstímum". Þar er fjallað um leiðir til þess að hemja vöxt opinberra útgjalda og koma í veg fyrir hallarekstur hins opinbera. Þar eru ræddar og reifaðar hugmyndir eins og að leggja niður ýmsa opinbera starfsemi, selja ríkisfyrirtæki, bjóða út þjónustuverkefni, hverfa frá ríkisábyrgðum, endurskipuleggja ríkiskerfið, einkavæða ríkisreksturinn o.s.frv. Þetta taldi hv. 8. þm. Reykn. þá mikilsverðar nýjungar í fjármálastjórn og í því starfi sem fram undan væri í endurbótum á ríkjandi fjármálastjórn. Nú leyfir þessi hv. þm. sér að ráðast á ríkisstjórnina fyrir að halda þessu starfi áfram þótt íslenska velferðarsamfélagið lifi nú ekki aðeins aðhaldstíma heldur búi við alvarlegt andstreymi í efnahagsmálum. Hafi fyrr verið talin þörf þá er nú nauðsyn á því að halda þeim umbótum áfram.

Nei, hv. 8. þm. Reykn. Þingmaðurinn virðist vera af þeirri tegund stjórnmálamanna sem þykjast vera einlægir umbótasinnar, hlynntir umbótunum, en eru svo á móti sérhverri breytingu sem þarf að framkvæma til þess að koma þeim á. Það er til á íslensku orð yfir þetta og það er stutt og laggott. Það er hræsni. Og hv. 8. þm. Reykn. leyfði sér við umræðuna hér fyrr í dag að ráðast að hæstv. félmrh. með ósvífnum og ófyrirleitnum hætti. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur. Mig langar til þess að rifja upp fyrir hv. 8. þm. Reykn. þegar hann var í gervi hins ábyrga nýmóðins fjmrh. eins og hann vildi láta líta á sig, þá sagði hann og ég vitna enn til fjárlagaræðu hans frá því í fyrra, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú skoðun er ríkjandi að traust fjármálastjórn sé undirstaða framfara og í raun sé fjármálastjórnin helsta verkfæri jafnréttisviðhorfa."

Þetta var rétt skoðun þá og hún er enn rétt. Heldur hv. 8. þm. Reykn. virkilega að fólkið í landinu sé í einhverjum vafa um það hvort þeirra hafi unnið betur þeim í samfélaginu sem þurfa á samhjálp að halda, hv. 8. þm. Reykn. eða hæstv. félmrh.?

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. og viðskrh. sagði hér: „Við munum leggja til innflutning á þurrmjólk." Hann var spurður að því hvort ákvörðun hefði verið tekin í ríkisstjórninni en skaut sér undan því að svara. Það er alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram hér í þessari umræðu frá hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. hvort þeir eru sammála þeirri skoðun hæstv. viðskrh. að það eigi að leyfa innflutning á þurrmjólk. Ég vil því sambandi vekja athygli á því að skv. 41. gr. búvörulaganna er það alveg skýrt að sá innflutningur er ekki heimill nema Framleiðsluráð staðfesti hann. Þess vegna er það ljóst að samkvæmt gildandi lögum hefur hvorki hæstv. viðskrh. né ríkisstjórnin heimild til þess að ákveða þetta ein og sér og dugir þess vegna ekkert hvað hún ákveður í þeim efnum nema það eigi kannski líka að brjóta lögin í þessu eins og mörgu. Þess vegna vil ég spyrja: Á að flytja hér brtt. um búvörulögin á Alþingi?

Í öðru lagi er það athyglisvert að þegar kom að því að réttlæta niðurgreiðslurnar á þurrmjólkinni voru Norðurlöndin góð fyrirmynd. En þegar kom að því að reyna að verja hinn hneykslanlega niðurskurð til neytendamála þá voru Norðurlöndin ekki lengur fyrirmynd. Þá skaut hæstv. viðskrh. sér algerlega undan því að nefna Norðurlöndin þar sem aðstoð ríkisins við neytendasmálin nemur hátt á annað hundrað kr. pr. íbúa en verður samkvæmt fjárlagafrv. hér á Íslandi 15 kr. pr. íbúa, virðulegi viðskrh. Ef hæstv. viðskrh. vill vera sjálfum sér samkvæmur ætti hann líka að þola samanburð við Norðurlöndin á sviði neytendamála, en það þolir hann ekki.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í andsvari hv. 8. þm. Reykn. kom enn fram hvað hann skammast sín mikið fyrir að hafa staðið að þessum fráleitu niðurgreiðslum á þurrmjólkina meðan hann var fjmrh. Það er von. Nú er lag að breyta því og þá verður það líka gert.

Um neytendamálefnin vil ég ósköp blátt áfram benda honum á það að þótt það sé margt sem vel er gert í Svíþjóð þá er það ekki svo einfalt að það sé allt það besta og okkar frjálsu félagasamtök hafa sýnt það á mörgum sviðum að þau geta sinnt ýmsu því sem falið er ríkinu á Norðurlöndum. Þetta er ákaflega einfalt mál og ég hélt að hv. 8. þm. Reykn. væri þetta löngu ljóst.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skiptir litlu máli hvað hæstv. viðskrh. segir um að niðurgreiðslum á þurrmjólk verði breytt vegna þess að samkvæmt búvörulögunum, gildandi landslögum, getur hæstv. viðskrh. ekki breytt þessu. Það þarf þess vegna annaðhvort samþykki Fram-

leiðsluráðs landbúnaðarins eða ef það fæst ekki, þá þarf hæstv landbrh. að flytja hér lagafrv. til að breyta þessum lögum. Það er því alveg ljóst að hér er komið upp mikið ágreiningsmál, enn eitt innan ríkisstjórnarinnar og stækkar nú safnið klukkustund frá klukkustund.

Hvað snertir Norðurlöndin, þá er það ekki bara Svíþjóð, heldur fleiri lönd sem eru með margfalt, margfalt meiri aðstoð við neytendasamtök en lagt er til hér í þessu frv. og mér finnst það aumt af hæstv. viðskrh. að vera að reyna að verja það að hann leggur á sig sérstakan krók til þess að taka fáeinar milljónir af Neytendasamtökunum sem ég þó hélt að ættu það inni hjá ríkisstjórninni að reyna að stuðla að lágu vöruverði og hagkvæmni fyrir neytendur í landinu með því að starfsemi þeirra sé efld.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er viðskrh. Íslands með 20 milljarða hallann sem hefur verið hvað kokhraustastur í ræðustól og telur að nú sé tími til kominn að hann geristlífvörður hæstv. félmrh. En það vil ég segja hæstv. viðskrh. að svo er komið hjá íslenskri þjóð að það er mjög ólík staða hæstv. félmrh. og hæstv. viðskrh. Þrátt fyrir árásir flokksformanns Alþfl., þrátt fyrir árásir Seðlabankans og þrátt fyrir árásir fjmrh. er félmrh. ekki í neinni hættu en guð hjálpi hæstv. viðskrh. ef hann álpast í framboð á Reykjanesi í næstu kosningum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. verður ekki að ósk sinni. En ég held að ég þurfi ekki að segja nema eitt þegar ég kem hér í stólinn til þess að svara andsvari virðulegs 2. þm. Vestfirðinga, Ólafs Þórarins Þórðarsonar, og það er þetta: Fyrri umferðin var rétt hjá þér, Ólafur.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í andsvari aðeins upplýsa frekar um það sem rætt hefur verið í framhaldi af furðulegum ummælum hæstv. viðskrh. og það er sú gildandi skipan mála að ákvarðanir um innflutningsmál búvara í landinu heyra undir hæstv. landbrh. Samkvæmt ótvíræðum ákvæðum búvörulaga lýtur allur sá varningur sem samkvæmt skilgreiningu telst búvara á Íslandi ákvæðum búvörulaganna og landbrh. fer með þau mál í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins hvað það snertir að meta hvort innlend framleiðsla fullnægi þörf. Það er þess vegna þannig að hæstv. viðskrh., hversu mikið sem hann langar til þess og hefur lengi langað að rústa íslenskum landbúnaði, hefur sem betur fer ekki tök á því eða vald á því í þessu tilviki. Og enn frekar tryggja þau lög sem í gildi eru um skipan búvöruframleiðslunnar ótvíræðan forgang innlendra framleiðenda að þessum markaði svo lengi sem þeir leggja til vöruna í nægjanlegu magni og nægjanlega góða þannig að hæstv. viðskrh. verður sem betur fer ekki að ósk sinni í þessum efnum. Og sem betur fer hefur það slys ekki enn hent á Íslandi að þessi málefni kæmust í hendur Alþfl. nema stutta stund að vísu.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég hefði að vísu kosið að ræða allítarlega um svokallaðar efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar en það er afar erfitt. Við höfum aðeins séð eitt og eitt brot af þessum ráðstöfunum. Við höfum aðeins séð hluti eins og að leyfa innflutning á mjólkurdufti og hætta þeirri aðstoð sem veitt hefur verið íslenskum iðnaði og íslenskum landbúnaði. Við höfum reyndar heyrt síðan að sumt af því sem hefur verið sýnt er dregið til baka. Félmrh. hefur tjáð okkur og hefur tilkynnt þjóðinni að flutningur á verkefnum yfir til sveitarfélaga verði að öllum líkindum dreginn til baka og ég vil fagna því, því þar var tvímælalaust um lögbrot að ræða. Það er mjög skýrt tekið fram í lögum að um slík málefni skuli hafa samráð við sveitarfélögin.

Við höfum ekki enn þá séð hvað verður um sjómannafrádráttinn og þannig gæti ég haldið áfram að tala. Ítarleg umræða um efnahagsmálin svokölluðu, efnahagsráðstafanir verður því að mestu leyti að bíða 3. umr. en ég vil þó taka undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem hann sagði um beinar greiðslur til bænda. Hann tók að mínu mati alls ekki of djúpt í árinni. Þar er um eitthvert siðlausasta brot á samningi sem ég hef séð að ræða.

Þessi samningur var afar erfiður fyrir bændur. Hann tók langan tíma, mikil fundahöld og var reyndar mjög harðlega gagnrýndur af sumum, t.d. hv. sjálfstæðismönnum fyrir að þar væri allt of nálægt bændum gengið. Þeim er gert að leggja þar í afar vandasama og erfiða búháttarbreytingu, en það sem þeir fengu helst í staðinn var að flytja ýmsar niðurgreiðslur og útflutningsbætur í beinar greiðslur til bænda. Og ég leyfi mér að fullyrða að það atriði hafi ráðið hvað mestu um að forusta landbúnaðarins gekk í það að sannfæra bændur landsins um að það væri rétt að ganga að samningnum. Þannig var undir samninginn ritað.

Ég trúi því ekki satt að segja að hæstv. landbrh. láti slíkt viðgangast. Ég hef alltaf skilið hæstv. landbrh. þegar hann hefur talað á undanförnum árum svo að hann legði afar mikla áherslu á drengskap og að standa við sín orð. Ég trúi því ekki að nú þegar hann er orðinn hæstv. landbrh., gangi hann gegn eigin orðum sínum. Ég vil sem sagt undirstrika það sem kom hér fram frá fyrrv. landbrh. sem stóð í þessum samningum. Að ætla með lögum að færa tveggja mánaða laun yfir áramót er náttúrlega ekkert annað en svik. Hæstv. ríkisstjórn getur vel fjármagnað slíkt með stuttu láni, sá er vandinn allur og það hefur oft verið gert að fjármagna greiðslu sem talið hefur verið rétt að inna af hendi fyrir áramót með stuttu láni.

Ég ætla fyrst og fremst að ræða dálítið um nokkur grundvallaratriði framtíðarþróunar þessa þjóðfélags og vildi þar gjarnan vísa til ræðu hæstv. iðnrh. sem hann flutti 6. des. Hann er víst genginn úr salnum en það skiptir ekki öllu máli. Sú ræða var slétt og felld að vísu að mestu leyti en í seinni hluta ræðunnar kom hann inn á ýmis grundvallaratriði sem ég vil taka und-

ir með hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra benti þar á ýmsan vaxtarbrodd í þjóðfélaginu og gerði það vel. Hann benti jafnframt á að ríkisvaldið gæti og ætti að koma þar til liðsinnis. Mér er víst ekki heimilt að vísa beint í ræðuna, en efnislega sagði hann m.a., og ræddi þá um hin ýmsu verkefni hins opinbera og taldi það meðal mikilvægari verkefna hins opinbera á sviði atvinnulífsins að auka menntun, starfsmenntun, endurmenntun, ráðgjöf, tækni og rannsóknaþjónustu og fjárhagslega aðstoð vegna þróunarstarfs. Þetta er hárrétt. Það er einmitt hið stóra verkefni hins opinbera að auka slíka aðstoð og það var í því skyni sem síðasta hæstv. ríkisstjórn og menntmrh. fyrir hennar hönd flutti á Alþingi áætlun um rannsókna- og þróunastarfsemi þar sem gert er ráð fyrir því að hún verði aukin um 10% á ári. Nú spyr ég hæstv. menntmrh. sem hér situr: Hvar er slíka aukningu að finna í því frv. til fjárlaga sem hérna liggur fyrir? Ég finn hana hvergi. Ég vek t.d. athygli á að Rannsóknasjóðurinn, sem að mati þeirra sem að vísindum vinna hefur í raun lyft hér grettistaki og komið fjölmörgu góðu til leiðar, stendur í stað.

Ég viðurkenni fyrstur manna að Rannsóknasjóðurinn hefur ekki verið aukinn frá ári til árs eins og t.d. ég hefði viljað en þó var alltaf bætt einhverju við hann. Það var bætt við hann í fyrra, a.m.k. þannig að hann héldist vel við verðlagsþróun. Og ég veit að hv. þm. hafa fengið bréf frá Rannsóknaráði ríkisins sem er þess virði að lesa og fá skráð í þingtíðindi. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þetta bréf. Þetta bréf er dags. 18. nóv. og fjallar um rannsókna- og hagþróun á Íslandi, fjárveitingar til rannsókna. Þar segir:

„Samkvæmt 13. gr. laga nr. 48/1987, um vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, er Rannsóknaráð ríkisins ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis um allt er varðar hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til þeirrar starfsemi. Þótt ekki hafi veri leitað umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins í þessu efni við núverandi fjárlagaundirbúning telur ráðið rétt að koma athugasemdum sínum við frv. á framfæri. Er það gert að gefnu tilefni. Annars vegar var á sl. vetri samþykkt í ríkisstjórn og lögð fram á Alþingi stefna í málum vísinda og tækni þar sem m.a. var áformað að auka skyldi framlög til þeirra mála um 10% af raunvirði. Hins vegar standa Íslendingar nú frammi fyrir efnahagsvanda sem leiðir af samdrætti í sjávarútvegi og einhæfu efnahagslífi um leið og samið er um aðgang að Evrópsku efnahagssvæði sem gera mun mjög aukna kröfu til íslenskra fyrirtækja. Við þessi skilyrði er enn minnt á nauðsyn þess að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar. Enn kemur í ljós að Íslendingar leggja of lítið í nauðsynlegt undirbúningsstarf til að nýsköpun verði nægilega öflug og takist farsællega.

Augun hafa beinst að nýtingu orkulindanna en árangur í uppbyggingu orkufreks iðnaðar skilar sér hægar en vonir hafa staðið til, fyrst og fremst vegna erfiðari markaðsskilyrða í orkufrekum iðngreinum. Olíu- og gasleit hafa skilað góðum árangri víða í Asíu að undanförnu og vinnsla á svæðum sem áður voru utan viðskiptasviðs Vesturlanda er að hefjast. Vaxandi útflutningur áls og málmblendis frá austantjaldslöndum dregur verulega úr líkum á nýrri aukinni orkufrekri iðnaðarframleiðslu hér á landi á næstunni.

Fátt bendir til þess að samkeppnisskilyrði íslenskra orkulinda fari verulega batnandi alveg á næstu árum þótt sjálfsagt sé að halda áfram leit að mörkuðum og aðferðum til að nýta þær af hagkvæmni. Ástæða er til að huga að ýmsum smærri kostum í því sambandi.

Rannsóknaráð ríkisins vill minna á að Íslendingar hafa á undanförnum árum verið að eignast fjölmargt vel menntað ungt fólk á ýmsum sviðum sem náð hefur góðum árangri í háskólum og við vísindastofnanir erlendis. Þessi auðlind hefur hins vegar ekki nýst okkur til framfara enn sem komið er aðallega vegna þess hve tregir landsmenn hafa verið til að nýta þekkingu þess í rannsóknum og nýskapandi þróunarstarfi og veita til þess nægilegum fjármunum.

Á hinn bóginn hafa Íslendingar á undanförnum árum reynst afar fljótir til stórfelldra fjárfestinga í tækjum og búnaði og framkvæmdum sem litlum eða engum arði skila. Þetta á bæði við um fjárfestingu í hefðbundnum atvinnuvegum sem ekki geta aukið framleiðslu sína vegna minnkandi sjávarafla eða markaðstakmarkana, en ekkert síður í raforkuverum, verslunarhúsnæði langt umfram þarfir markaðar að ekki sé talað um lítt undirbúin fjárfestingarævintýri, loðdýrarækt og fiskeldi. Og opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar bera ábyrgð í þessum efnum.

Það er skoðun Rannsóknaráðs ríkisins að nú þurfi að taka ákvörðun um áherslubreytingu. Leggja þarf mun meira en nú er gert af fjármagni og atorku í rannsókna- og þróunarstarf og tengt markaðsstarf með góðum fyrirvara áður en lagt er í fjárfestingu. Ákvarðanir þarf að undirbúa mun betur en tíðkast hefur og mun fleiri kostir þurfa að vera til svo að nægilegur fjöldi þeirra geti skilað arði til samfélagsins. Óhjákvæmilega verður að gera ráð fyrir að einungis hluti nýrra hugmynda verði að raunveruleika í framleiðslu og verðmætasköpun. Stórfé í fáar tækifærisgreinar sem skila eiga skjótfengnum gróða er of mikil áhætta fyrir svo lítið þjóðfélag.

Starf Rannsóknaráðs ríkisins og reynsla af Rannsóknasjóði að undanförnu hefur reyndar leitt í ljós að enginn skortur er á áhugaverðum viðfangsefnum sem eintakir vísindamenn, rannsóknastofnanir, fyrirtæki og sjálfstæðir einstaklingar vilja vinna að og eru grundvallaðar á sérhæfðri þekkingu. Hins vegar er skortur á fé til nauðsynlegra rannsókna og undirbúningsstarfs. Oftast tekur slíkt starf meiri tíma og kostnaður verður meiri en hugmyndasmiðirnir búast við í upphafi og þá skortir oft bolmagn til að leiða þróunarverkefni til lykta, hversu góðar sem hugmyndirnar annars eru. Smáfyrirtækjum á Íslandi, sem lagt hafa út á þá braut, hefur reynst þróunarstarf þungt í skauti, dýrt og tímafrekt. Það gerir miklar kröfur til starfsliðs og stjórnenda. Íslendingar eru að sjálfsögðu ekki einir á báti í þessu efni. Hins vegar er reynslan líka sú að smáfyrirtæki geta verið mjög skapandi og flest ný störf verða til í smáum og meðalstórum fyrirtækjum um allan

heim. Í öllum iðnvæddum löndum lögð mikil áhersla á að skapa þeim hagstæð þróunarskilyrði. Að þessu hefur ekki verið nægilega hugað hér á landi.

Í rannsókna- og þróunarstarf þarf verulegt áhættufé og framlög án fyrir fram kröfu um ávöxtun og tryggingar þótt vonir séu um góðan arð. Ekki er hægt að uppfylla fyrir fram þær kröfur um arðsemi og tryggingar sem bankar og venjulegir fjárfestingarsjóðir þurfa að gera. Það hafa flestar aðrar vestrænar þjóðir skilið og hafa stóraukið framlög til rannsókna, jafnvel mest þegar stöðnun virtist blasa við. Þetta þykir almennt hafa skilað sér vel eins og komið hefur fram í nýlegri athugun á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD í svonefndri TEP-athugun. Þær niðurstöður birtast í ályktunum OECD-ráðsins og stefnumarkandi gögnum frá stofnuninni m.a. í ritinu Science Policy Outlook sem er að koma út. Þar kemur m.a. í ljós að þær þjóðir sem notið hafa mests efnahagsvaxtar eru síðustu tíu árin einmitt þær sem hafa aukið hlutdeild framlaga til rannsókna og þróunar umfram þjóðartekjur. Það má nefna Norðurlönd önnur en Ísland, Spán, Ítalíu og Portúgal, Þýskaland, Frakkland og Japan. Umhugsunarvert er líka að Spánn og Portúgal, sem lengi lágu langt fyrir neðan Ísland í framlögum til rannsókna, eru nú að fara fram úr okkur.

Rannsóknaráð fær ekki séð að Íslendingar geti náð efnahagslegum árangri og breikkað undirstöður efnahagslífsins án þess að gera slíkt hið sama. Ljóst er að nýsköpun verður ekki byggð á hugviti eins og mikið er talað um án þess að leggja verulegt fé í öflun þekkingar, ræktun hugvits og könnun á nýjum hugmyndum sem aukin þekking og tækifæri markaðarins leiða í ljós. Rannsóknaráð ríkisins bendir á að fyrirliggjandi fjárlagafrv. felur í sér áframhaldandi stöðnun í rannsóknum og nýsköpun. Það er ekki í samræmi við markaða stefnu í vísindum og tækni. Það er í andstöðu við brýnar þarfir þjóðarbúsins ef ætlun ríkisstjórnarinnar er að skapa sér efnahagslegan stöðugleika og hagvöxt á breiðari grunni en verið hefur og búa atvinnulífið undir þátttöku í sameiginlegum markaði innan Evrópu sem nú hefur verið samið um. Rannsóknaráð gerir á þessu stigi ekki athugasemdir við einstakar tillögur í fjárlagafrv. til næsta árs um framlög til rannsókna en telur að gera þurfi á því verulegar breytingar ef þekkingarauður þjóðarinnar á að nýtast til framfara á næstu árum. Fylgja þarf eftir þeirri stefnu sem lögð var fram á síðasta Alþingi. Virkja þarf alla skapandi krafta í atvinnulífi og hjá opinberum stofnunum sem veitt geta mikilvæga aðstoð við framfarir hjá atvinnuvegunum. Rannsóknaráð leggur til að fram fari umræður um leiðir til að auka framlög til þessa málaflokks og samræmt átak til að styrkja stoðir atvinnulífsins við þessi breyttu umhverfisskilyrði. Ráðið býður fram aðstoð við skipulag og framkvæmd þess í samvinnu við samtök atvinnulífsins og aðrar stofnanir sem að því þurfa að standa. Nauðsynlegt er þó að fram komi ásetningur ríkisvaldsins til að standa við áður kynnta stefnu í vísindum og tækni áður en lagt er í slíkt átak."

Mér er að vísu löngu orðið ljóst að flestir ráðherrar hafa yfirgefið salinn nema hæstv. sjútvrh. og mig grunar að þeim hafi ekki liðið sérstaklega vel undir lestrinum. Að vísu er hæstv. menntmrh. kominn aftur en ég vil gjarnan að hæstv. forsrh., sem fjallar um efnahagsmálin, birtist og ég ætla aðeins að gera smáhlé á máli mínu því að mig langar til að leggja dálítið út af þessu athyglisverða bréfi Rannsóknaráðs ríkisins. Mundi forseti vilja athuga það fyrir mig hvar hæstv. forsrh. er? — Þarna birtist hæstv. forsrh. Ég sagði, hæstv. forsrh., að ég léti mér í léttu rúmi liggja þótt hæstv. forsrh. yfirgæfi salinn meðan ég las bréf Rannsóknaráðs ríkisins. Hann hefur eflaust fengið það og við skulum vona að hæstv. forsrh. hafi kynnt sér efni þess. Hins vegar vildi ég gjarnan að hæstv. forsrh. og menntmrh. alveg sérstaklega væru viðstaddir því að ég ætla að leyfa mér að leggja út af nokkrum orðum í þessu bréfi. Af mjög mörgu er að taka. Í fyrsta lagi er afar athyglisvert að þrátt fyrir lög var ekki haft samráð, samkvæmt þessu bréfi, við Rannsóknaráð ríkisins þegar framlag á fjárlögum var ákveðið og er vitanlega illt. Það er enn eitt dæmi um að hæstv. ríkisstjórn hirðir ekki um lög í þessu sambandi. Upplýst er að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki hirt um að hafa samráð við sveitarfélögin. Einnig er upplýst að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki hirt um að hafa samráð við Stéttarsamband bænda. Ekkert var við þá rætt áður en svo alvarleg ákvörðun var tekin, sem vonandi verður hnekkt, að brjóta þann samning sem við Stéttarsamband bænda hefur verið gerður.

Það er einnig upplýst að ekkert samráð var haft við samtök fatlaðra þegar ákveðið var að flytja það verkefni, sem hefði a.m.k. verið, þó að það sé ekki lagaskylda, af kurteisi einni sjálfsagt. Á þessu mikilvæga sviði rannsókna- og þróunarstarfsemi, sem hæstv. iðnrh. lagði svo fallega áherslu á í ræðu sinni 6. des., hefur heldur ekkert samráð verið haft við þann aðila sem lögum samkvæmt á að fjalla um þau mál.

Í þessu bréfi er m.a. vakin athygli á því að tengjumst við Evrópsku efnahagssvæði verða gerðar mjög miklar og vaxandi kröfur til íslensks iðnaðar. Á þessu er ekki nokkur minnsti vafi. Ég ætla ekki að fjalla um það hér hvort við eigum að tengjast efnahagssvæðinu eða ekki en ég vil leyfa mér að fullyrða að það er vonlaust og reyndar dauðadómur yfir íslenskum iðnaði ef við tengjumst Evrópsku efnahagssvæði með íslenskan iðnað og nýsköpun í atvinnulífi svo veikburða eins og þau eru nú. Vonlaust er að taka þátt í því starfi nema við höfum a.m.k. fármagn til rannsókna svipað og þær þjóðir hafa. Við erum hér á landi með innan við 1% þjóðartekna til rannsókna. Í þessum löndum er slíkt framlag yfir 2% og sums staðar upp í 3%. Það var lengi vel svo, þegar ég gegndi starfi framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að við gátum bent á að lönd eins og Portúgal og Spánn voru töluvert fyrir neðan okkur. Nú munu þau vera farin fram úr okkur. Engin lönd nema þróunarlönd verja orðið svo litlu fjármagni til rannsókna. Það hefur alls staðar aukist.

Alveg sérstaklega í ljósi þessara nýju viðhorfa, þessarar nátengingar við Evrópu, hvernig sem hún verður, það endurtek ég og undirstrika, þá er okkur

lífsspursmál að auka menntun, styrkja okkar menntun og framlag til rannsókna. Í fjárlagafrv. er engan staf um slíkt að finna. Þvert á móti er áætlað að kasta út ýmsum merkum nýmælum í menntun sem hér hefur að sjálfsögðu mikið verið rætt um og ég vil taka undir gagnrýni á það. Oft er ekki um stórar fjárfúlgur að ræða en það er um alvarleg málefni að ræða.

En að sjálfsögðu kemur svo fleira til. Auka þarf nýsköpun í atvinnulífinu. Við erum nú að ganga í gegnum það sem venjulega er kallað kreppa. Staðreyndin er sú að þessi kreppa er þó þannig að við fáum hærra verð fyrir fiskinn okkar erlendis nú en nokkru sinni fyrr, 176 kr. á kg fyrir þorsk í Bretlandi og loðnuverð hækkar. Þó að þessi kreppa í sjávarútvegi sé vissulega nokkur er samdráttur í þorskveiðum langtum minni en t.d. 1967 og 1968 og mætti nefna fleiri ár í því sambandi. Það sem er mikilvægast í þessu og alvarlegast að sjálfsögðu þegar til framtíðar er litið er að við fullnýtum nokkurn veginn þessa auðlind okkar, fiskimiðin. Við getum eflaust aukið þar hagkvæmni og hagræðingu og kannski er langhala einhvers staðar að finna ef við afhendum hann ekki erlendum aðilum og einhverjar aðrar fisktegundir en að mestu höfum við samt nýtt þær. Einmitt við þessar aðstæður er mikilvægast að hefja nýtingu á þeim náttúruauðlindum sem við eigum enn þá ónýttar. Þær eru vitanlega orkulindir en þær eru líka umhverfi landsins, náttúra þess, víðáttan, hugvitið sem í mönnunum býr. Það eru þessir vaxtarbroddar sem hæstv. iðnrh. minntist lítillega á og telur réttilega að ríkisstjórnin verði að styðja. Sem betur fer er vöxtur hér í ferðaþjónustu. Alls konar útivist, eins og hestaferðir um landið, hefur tvöfaldast ár frá ári. Verið er að stofna hér félög sem hyggjast fara í sérhæfða heilbrigðisþjónustu undir handleiðslu okkar frábæru lækna. Hugvitið er að hasla sér völl erlendis í hugbúnaði. Þar hafa nokkur fyrirtæki náð sölu og önnur virðast geta náð þar mjög góðum árangri en staðreyndin er að allt þetta má drepa með afskiptaleysi stjórnvalda því að þetta er veikur vaxtabroddur. Hann þolir t.d. ekki okurvexti, hann þolir ekki fjármagnskostnað eins og nú er boðið upp á og við höfum rætt hér ítarlega, og hann þarf alveg tvímælalaust opinberan stuðning einmitt í rannsókna- og þróunarstarfinu. Mig langar til að vita hvort afskiptaleysi stjórnvalda, þessi opinbera stefna stjórnvalda, nær einnig til þess. Nær hún einnig til slíks grundvallaratriðis í framtíðarþróun þessa þjóðfélags?

Því miður hefur hæstv. ríkisstjórn alið á svartsýni. Þess vegna fannst mér þessi ræða hæstv. iðnrh. vera, eins og skáldið sagði, gimsteinn í mannsorpinu. Mér fannst þar brydda á athyglisverðum hugmyndum, og það er slæmt að hann skuli ekki vera hér til þess að heyra hól mitt, annars er ég alltaf að hæla honum svo kannski er óþarfi að kalla hann til. En það er leitt ef maður sér ekki neitt í verki og ég vil gjarnan spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann hafi ekki skoðað þessi mál og hvort ekki sé að vænta frá hæstv. menntmrh. yfirlýsingar um að fjárframlag til þessara mikilvægu þátta, grundvallarþátta, í framtíð þessa þjóðfélags verði nú aukið.

Ég vil taka undir það sem segir í þessu bréfi um smáfyrirtækin. Við Íslendingar höfum gjarnan lagt áherslu á stóru happdrættisvinningana, eins og álver. Ég vil taka það skýrt fram að í þessari stöðu hef ég talið sjálfsagt að styðja byggingu álvers og er leitt að sjá hér það mat, sem ég hef stundum leyft mér að ýja að, að framtíð álframleiðslunnar sé ekki eins björt og sumir hafa talið. Náttúrlega er staðreynd að alls staðar þar sem hagvöxtur hefur orðið jafn og stöðugur eru það smáfyrirtæki sem halda honum uppi. Í landi eins og Sviss, sem hefur haft hæstar þjóðartekjur á hvern mann árum saman, halda smáfyrirtækin uppi þessum vexti fyrst og fremst. Athyglisvert er að fá lönd leggja meira til rannsókna- og þróunarstarfsemi af hálfu hins opinbera en einmitt Sviss. Þess vegna ber alveg sérstaklega að slá nú á þetta svartsýnisraus og setja inn myndarlega fúlgu til þess að styðja við stofnun og þróun þessara smáfyrirtækja sem geta verið um land allt eins og nú er ástatt og nýta þessa náttúruauðlind sem er svo mikil hér og sem betur fer, þegar við þurfum á henni að halda, að miklu leyti ónýtt enn þá.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja þessar umræður mikið og er eiginlega ekki vanur því eins og ég held að flestir hér viti. En mér finnst það alvarlegt mál að verða vitni að þeim svartsýnistón sem kemur fram í fjárlagafrv. einmitt í þessu að grundvallaratriði allrar framþróunar hér eru svo stórkostlega vanrækt eins og þar kemur fram. Ég ætla ekki að tala um aðra þætti sem þar eru, það hafa aðrir gert. Ég vil enn ítreka þá einlægu von mína að úr þessu verði bætt við 3. umr. málsins.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykn. vék að rannsóknarmálum sem eru vitaskuld eitt af stærri viðfangsefnum þessa þjóðfélags. Ég hygg að hann hafi komist einhvern veginn þannig að orði að í fjárlagafrv. væri ekki stafkrók að finna um nýjar áherslur í rannsóknum. Hv. þm. hefur greinilega ekki lesið fjárlagafrv. gaumgæfilega því að í því er að finna ákveðni um nýtt, mjög stórt rannsóknarverkefni, eitt stærsta nýja rannsóknarverkefnið sem við höfum tekist á við um langan tíma. Hafrannsóknastofnun er gefið tækifæri á því að ráðast í fjölstofnaverkefni sem hún hefur lengi barist fyrir. Hún fær 65 millj. kr. á næsta ári til nýrra rannsóknarverkefna umfram þau rannsóknarverkefni sem hún hefur unnið að á undanförnum árum. Hér er um að ræða mjög stórt verkefni og er þess vegna rangt að halda því fram að ekki séu nýjar rannsóknaráherslur í þessu frv.

Það er alveg ljóst að við núverandi aðstæður þurfa menn að raða verkefnum í forgangsröð. Á sviði vísinda og rannsókna er það, frá mínum bæjardyrum séð, alveg augljóst að rannsóknarverkefni á sviði hafrannsókna hljóta að vera fremst í forgangsröð verkefna í þágu atvinnulífsins í landinu. Í þessu fjárlagafrv. er mælt fyrir um nýtt stórt átak á þessu sviði rannsókna.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal viðurkenna að ég átti ekki

von á þessari athugasemd frá hæstv. sjútvrh. sem hefur gert sér lítið fyrir og lagt niður einhvern mikilvægasta sjóðinn sem ætlaður var til hagræðingar í sjávarútvegi eða ætlar að gera það, Hagræðingarsjóðinn. Hann leggur á sjávarútveginn að fjármagna rannsóknastofnun, mjög mikilvæga rannsóknastofnun að stórum hluta. En Hagræðingarsjóðnum var ætlað að takast á við mikilvæg verkefni, þ.e. að hagræða íslenskum sjávarútvegi, stórkostleg verkefni. Hvernig á þá að sinna því? Ef litið er á rannsókna- og þróunarstarfsemina saman, því að hagræðing er að stórum hluta þróunarstarf, grunar mig að um verulegan samdrátt sé að ræða á þessu mjög stóra sviði.

Það er alveg rétt að Hafrannsóknastofnun ber að efla. Hún er langöflugasta rannsóknastofnun í dag og hana ber að efla. Engu að síður vil ég halda því fram að ekki sé síður mikilvægt að hlúa að ýmsum nýjum greinum í þessu þjóðfélagi, nýsköpun í atvinnulífinu, renna fleiri stoðum, eins og oft er sagt, undir íslenskt atvinnulíf. Menn segja kannski: Það er slitin plata. En aldrei hefur verið meiri þörf á því en í dag því staðreyndin er sú að það er bæði nauðsynlegt og hollt fyrir sjávarútveginn að íslenskt efnahagslíf hvíli ekki svo einhliða á þeirri grein. Einhver aukning getur orðið þar og verður vonandi. Þar þyrfti að verða umtalsverð hagræðing sem því miður er að verulegu leyti kippt fótum undan en auka ber fjármagn í sjóð eins og Rannsóknasjóð og það verulega, til Rannsóknaráðs og til annarra stofnana sem leita að nýjum greinum í íslensku þróunar- og rannsóknastarfi.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti.

Þörf er á varúð víðar en margur skeytir,
víxlspor eitt oft öllu lífi breytir.
Þá áhættu samt allir verða að taka,
og enginn tekur mistök sín til baka

sagði eitt ágætt skáld þessarar aldar. Mér er hugsað til allra þeirra ráðherra sem hafa stigið sín víxlspor, gert sín mistök sem ekki verða tekin til baka, sem ekki verða máð burtu úr hugum þeirra sem særðir ganga um um þessar mundir, sem rétt fyrir jólahátíðina miklu hafa verið hrekktir, smáðir og hæddir með því að samkomulag við þá hefur verið rofið. Það hefur verið komið aftan að þeim. Þeir munu minnast þessara velgerðamanna sinna þó að þeir séu nú á flótta margir hverjir undan eigin ákvörðunum, að reyna að leiðrétta, að reyna að breyta, þá hafa þeir stigið víxlspor sem ekki verða tekin til baka. Þau munu lifa í minni lítillar þjóðar, vakna upp í huga fólksins aftur og aftur og gera það að verkum að ákveðið fólk í þessum sal hefur misst tiltrú, jafnvel svo að það glatar eigin hamingju, verður að forða sér frá þeim verkefnum sem því sjálfu var kannski kærast. Við sjáum þessar sorgir og uppákomur í blöðunum dag hvern.

Við skulum taka sem dæmi hv. formann fjárlaganefndarinnar nýju, sem nú er horfinn af vettvangi, er ekki með okkur lengur hér í nótt að mér sýnist. Hann hefur látið leika sig þannig, stigið þau víxlspor, að hann á ekki afturkvæmt í hóp félaga sinna í harðri lífsbaráttu þeirra manna sem nú er fastast og harðast sótt að í samfélaginu af ríkisstjórn sem reynist óvinveitt þeim sem best hafa dugað þessu samfélagi um langt skeið og kannski eru grunnurinn og undirstaðan að velgengni þjóðarinnar.

Ég hef vissulega samúð með hæstv. félmrh. sem vafrar hér um gólf upp úr miðnætti, full af iðrun og hefur reynt að bera til baka þau óhæfuverk sem áttu sér stað í bústaðnum við Tjörnina eitt desemberkvöld þegar samið var um svikráðin. Þegar ráðherrarnir voru beittir ofbeldi til þess að gangast undir kvaðir sem þeim voru ekki kærar. Það er kannski eðlilegt að hún gangi á fund prestsins í flokki sínum sem hér er staddur á meðal okkar og kann að veita iðrandi börnum fyrirgefningu á slíkri stundu. Það er ekki óeðlilegt og er kannski nauðsynlegt í flokkum stjórnarinnar að þar sé sálusorgari og sem betur fer vill svo til að Alþfl. hefur sinn sálusorgara, séra Gunnlaug af Heydölum austur. Ég veit að þessi hæstv. ráðherra sem hefur misst trúna hjá fólkinu á mikið undir því að séra Gunnlaugur huggi hana á sorgarstundu.

Mér væri það líka kært af því að mér þykir vænt um hv. formann fjárln. — og ég sé að hann er vaknaður og kominn á fundinn á nýjan leik — sem hefur orðið að segja af sér þeim störfum sem hann hefur lagt líf sitt við, að berjast fyrir verkalýðinn, berjast fyrir sjómennina, berjast fyrir þann veika og smáa. En nú hefur þessi hv. þm. úr Keflavík verið færður í önnur föt, honum hafa verið haldnar dýrlegar veislur í herberginu stóra og honum sagt að íslenskt samfélag væri þá á framfaravegi ef sá sterki fengi að dafna, ef sá veiki yrði að láta af sínum kröfum. Honum hafa verið kenndar nýjar lexíur. Það er sorgaratburður, sem dagblöðin hafa birt fréttir um í dag, í lífshlaupi þessa ágæta þingmanns.

Ágætu þingmenn. Hér er til umræðu fjárlagafrv. sem hvorki er fugl né fiskur. Það er kannski hart, hæstv. forseti, að þurfa að eyða næturfundi í slíkt mál. Ég sé að forseti kinkar kolli mér til samþykkis, þannig að ekki þætti mér ólíklegt að þessi ágæti vinur minn gerði mér þann greiða að ég fengi að ljúka ræðu minni og fundi yrði frestað.

Þá sit ég uppi með það, hæstv. forseti, að verða að tala um alvarlegasta málið sem hefur komið upp í þessu þjóðfélagi um langt skeið. Ég hygg að þeir elstu menn sem muna þingsöguna muni ekki slíka uppákomu sem er nú og hefur verið rædd í dag. Við stöndum uppi með fjárlagafrv. sem hvorki er fugl né fiskur, frv. sem ekki stenst. Ríkisstjórnin er á flótta. Allar forsendur frv. eru brostnar. Í upphafi gerðum við, stjórnarandstaðan, hæstv. ríkisstjórn grein fyrir að í upphaflegu frv. væru innbyggðar villur, draumórar, áætlanir sem ekki mundu standast. Við áttum að vísu ekki von á að það gerðist fyrir þessi jól að sannleikurinn sem við töluðum um í haust yrði lýðum ljós, að þeir yrðu að viðurkenna í þessum sal að svo hefði verið. Það hefðu verið draumórar, ekki hugsjónamanna, heldur hagfræðinga, manna þar sem stjórnmálamaðurinn hefur ekki komist í gegnum hagfræðinginn en hefur þó ráðið lögum og lofum í þessari ríkisstjórn.

Frv. byggði á áætlunum um álver, áætlunum um virkjanir o.s.frv. Spilaborg hæstv. iðnrh. er hrunin. Blekkingarvefurinn er öllum augljós og auðvitað spyrja menn: Stafar það af því að hæstv. iðnrh. kann ekki tunguna erlendu svo vel? Nú mun svo vera að hann er vel mæltur og talar tungum þegar því skiptir og betri íslensku en flestir í þessum sal. Eigi að síður sjá allir sem sjá vilja að það er barnalegt hvernig þessum hæstv. ráðherra hefur tekist að blekkja þetta þing, leiða þessa þjóð í gönur, láta hana horfa til himins í væntingum um að eitt álver mundi bjarga þessu þjóðfélagi þegar spilaborgin er hrunin. Þegar ekki voru einu sinni forsendur í heiminum til að slíkt gæti gerst höfðu menn haft vit á því að lesa og spyrja.

Ríkisstjórnin ætlast til þess að Alþingi láti hafa sig að því háði að afgreiða fjárlög sem ekki standast, fjárlög sem eru óframkvæmanleg. Í taugastríðinu hefur ríkisstjórnin lamið saman nýjan lygavef í líki bandormsins, talið sjálfri sér trú um að hinar og þessar áætlanir um nýja skatta og niðurskurð í útgjöldum næðust fram en við sjáum þær völtu áætlanir hrynja hver af annarri á þessum degi. Umræðan í þinginu og andstaðan úti í þjóðfélaginu blæs áformunum um koll. Ráðherrarnir þola illa mótmæli stjórnarandstöðunnar, þeir standast engan veginn skeytin sem berast utan úr þjóðfélaginu og mótmælin. Þeir standast enn síður það sem er að gerast, að þeirra eigin menn eru að átta sig.

Sem betur fer er gæfan sú að í þessum flokkum báðum sem ríkisstjórninni ráða eru menn sem ekki beygja sig endalaust í duftið, sem ekki krjúpa fyrir lyginni, sem ekki taka þátt í skrípaleiknum áfram. Þá menn ber að virða. Þeir munu lifa áfram. Þeir munu verða virtir þegar tjaldið að lokum fellur. Það er nefnilega alveg ljóst að stjórnin sjálf er sjúk innan frá. Það er að byrja að gera um sig hið innra með henni. — Ég sé að glaðnar yfir prestinum, býst við jarðarför fram undan. Er það mjög við hæfi að náinn vinur framkvæmi það verk. Þrátt fyrir það ofbeldi, sem einstakir ráðherrar hafa verið beittir, bila þeir eins og ég hef áður sagt.

Hér hefur verið farið yfir það í þessari ...(**Forseti:** Ég vil biðja ræðumann að halda áfram ræðu sinni.) Hæstv. forseti, ég þakka það en mér er mikilvægt að hafa hljóð meðan ég tala. Það hefur verið farið yfir það í þessari umræðu í dag hvernig hæstv. félmrh. hefur verið leikinn í þessari baráttu, misst tiltrú þeirra fötluðu, sveitarstjórnarmannanna sem töldu hana baráttukonu, þess sterka stjórnunarstigs í íslensku þjóðfélagi. Ætlunarverkið var á einni nóttu hjá þessari ríkisstjórn að færa heilan milljarð segjandi við sveitarfélögin á Íslandi: Þið hafið grætt svo mikið á þjóðarsáttinni að nú tökum við heilan milljarð og látum ykkur hafa til að bera. Þið hafið burði til þess. Ég hef ekki heyrt það fyrr að Sjálfstfl. bæri svo mikla virðingu fyrir þjóðarsáttinni sem náðist eða viðurkenndi að svo mikill gróði hefði myndast af henni. Þessi aðför ríkisstjórnarinnar sést best á því að 18. nóv. sl. var haldinn samráðsfundur með sveitarstjórnarmönnum. Þar var ekki orði minnst á hvað í vændum var og á árlegri ráðstefnu Sambands sveitarfélaga eru sex glaðbeittir ráðherrar komnir til starfa á Hótel Sögu, halda þar myndarlegar ræður og taka þátt í störfum þess fundar. 22. nóv. á þetta sér stað. Þar brostu þeir við hverjum manni en enginn þeirra sagði frá áformunum, að ætlunin væri að rústa veigamestu tekjustofna sveitarfélaganna. Samt sem áður gerðist það að nokkrum nóttum síðar stóðu þeir að þessum svikráðum. Þá átti það sér stað að ríkisstjórn landsins lagði virkilega til atlögu við sveitarstjórnirnar á Íslandi til þess að færa þessar drápsklyfjar yfir til þeirra án þess að þær fengju tekjustofna á móti. Þetta eru svik sem munu geymd en ekki gleymd.

Þegar 2. umr. um fjárlög fer fram í þinginu, þá er öllum ljóst að uppgjöf og ráðleysi ríkisstjórnarinnar í fjármálum er algert. Eftir þetta stutta haustþing er stjórnin rúin trausti. Mótmælin dynja yfir, verkföllin eru hafin. Það sem mann undrar þó mest og ég hef hér fyrr minnst á er hvernig margir góðir drengir eru fjötraðir í heljarböndum.

Ég sagði að verkföllin væru hafin og það eru alltaf alvarleg tíðindi á Íslandi þegar verkföll eru hafin. Nú er einn aðili sem á sök á því. Það eru ráðherrarnir á Íslandi, ríkisstjórnin með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi. Þessi ríkisstjórn vegur hvergi að rótum vandans. Hún vafrar um, telur sjálfri sér trú um að hún nái áttum. Spilin eru stokkuð og gefin upp á nýtt en jókerunum fjölgar í lönguvitleysu ríkisstjórnarinnar. Af því að stefnan er röng, af því að ekkert er reynt til þess að ná saman heildstæðri áætlun á nokkru sviði.

Eins og ég gat hér um á dögunum, þá var það síðasta sunnudag sem helgihugvekja ritstjóra Morgunblaðsins snerist um það, með leyfi hæstv. forseta, að hið íslenska Titanic mundi senn rekast á ísjakann og sökkva. Ég hygg að sá hv. ritstjóri hafi þar verið að vitna til þess og haft í líkingum að íslenska þjóðfélagið væri eins og Titanic, væri að aðvara skipstjórann um að jakinn væri fram undan, kannski ekki jakinn í þeirri eiginlegri merkingu sem við sjáum út við bensínstöðvarnar heldur jaki í eilífum átökum, stríð á milli stéttanna, barátta sem mundi rústa þetta samfélag. (**Gripið fram í:** Var þetta í Morgunblaðinu?) Þetta var, hv. þm., í Morgunblaðinu undir leiðaranum síðasta sunnudag. Ég skal játa að það er fyrsta lesefni mitt á hverjum sunnudagsmorgni því að þar talar samviska sem ekki er frosin, sem ekki er samofin því valdakerfi sem nú stjórnar þessum dökkleita flokki, Sjálfstfl. Þar er ritstjóri sem enn er frjáls, yrkir á góðum stundum og skilur íslenskt mannlíf, er ekki í heljarböndum eins og svo margir ágætir drengir um þessar mundir.

Þetta frv. boðar um 4 milljarða kr. halla. Ég er sannfærður um að eins og frv. er lagt upp á sú upphæð eftir að tvöfaldast. Við sjáum á öllum sviðum undanhaldið. Viðskiptahallinn við útlönd eykst, atvinnuleysið er að aukast. Þúsund Íslendingar fá nú reisupassann frá atvinnufyrirtækjunum. Þeir eru á leið heim til sín til að halda heilög jól við þær aðstæður að vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar er vinnan fokin. Gjaldþrotunum fjölgar, það er ótti og uppgjöf, hv. þm. Egill á Seljavöllum. Ekki í hv. þingmanni því að enn eigum við einhverja von. (Gripið fram í.)

Klukkan er um það bil að verða eitt og hæstv. heilbrrh. sem ég hélt að hefði fyrir löngu tekið á sig náðir, að hætti forfeðranna, er mættur. Þá hef ég nú haft það fyrir sið að tala við hann undir björtum himni þegar dagsljósið skín.

En við höfum farið yfir það hér, og eðlilegt er að gera það undir fjárlagaumræðunni, að ríkisstjórnin hefur ekkert heildstætt borið á borð fyrir þessa þjóð. Hún hrekst undan. Fjárlagafrv. er hrunið. Efnahagsaðgerðirnar láta á sér standa. Hún ræður því að vonleysið brýst út. Hvert fyrirtækið á fætur öðru veikist vegna þessa vonleysis. Þar á stærsta sök efnahagsumgjörðin sem fyrirtækjunum er búin. Haldið þið að tekjur ríkissjóðs aukist þegar þúsundir Íslendinga hætta að fá launin sín? Haldið þið að tekjur ríkissjóðs aukist, þegar tugir fyrirtækja loka? (Gripið fram í.) Þegar þúsundir Íslendinga verða atvinnulausir mun það koma enn frekar niður á þeim fjárlögum sem eru í smíðum.

Ég hef tekið eftir því hvað tekjuöflunina varðar að þar eru hæstv. ráðherrar á flótta. Hæstv. fjmrh., sem er ekki í salnum um þessar mundir og skiptir litlu máli því að ég veit ekki hvort hann heyrir lengur eða sér en ég hef þó séð að þær byrðar eru þungar sem hann ber. Það hygg ég að séu skeytin frá íslenskum sjómönnum, sem kannski í allt of ríkum mæli hafa trúað á flokk hans, að vara hann við. Ég spái því að þar muni í ýmsum tekjuáformum verða undanhald einnig. Það verður ekki bara hæstv. félmrh. sem rekur þessa ríkisstjórn á flóttanum, snýr henni við í vitlausustu málunum. Einstakir þingmenn munu segja: Með sjómannastéttina verður ekki farið með þessum hætti. Þeir munu skilja áður en lýkur að þeir verða að snúa við á mörgum þeim brautum sem þeir hafa markað.

Ég hef haldið því fram að fjárlagagerðin á þessu einkennilega hausti sé með þeim hætti að það er eins og menn séu að salta í botnlausa tunnu eða hripleka. Þeir bræðurnir frá Bakka í Svarfaðardal stöldruðu þó við við svipaðar aðstæður og sögðu: Gísli, Eiríkur, Helgi. Botninn er suður í Borgarfirði. Þeir fundu orsökina fyrir lekanum en það er meira en sagt verður um ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Þeir segja ekki: Davíð, Friðrik, Sighvatur, þetta er okkur að kenna. Snúum við, stöðvum þessa fjárlagagerð. Reynum að ná mönnum að verki við að smíða eitthvað sem vitrænt er. Tengjum þetta þjóðarsátt, nýrri áætlun, tölum við stjórnarandstöðuna. Hún er öll af vilja gerð, ber meiri ást til íslenskrar þjóðar en það að hún láti sér standa á sama. Hún er tilbúin að draga ykkur að landi og snúa ofan af vitleysunni með ykkur. Því segi ég það og tek undir með hv. 8. þm. Reykn. að það væri vitið meir að snúa sér að því verkefni að segja: Við erum komnir í hnút með þetta, við erum sjálfir að fara á taugum. Við ráðum ekki við verkefnið. Við erum að smíða fjárlög sem ekki standast. Við skulum fara heim, fá vinnufrið, ná samstöðu við stjórnarandstöðuna um þetta og fá hana til liðs með okkur, fá atvinnurekendurna og launafólkið til að setjast niður og gera þjóðarsátt og fjárlög sem geta staðist.

Ég er sannfærður um að mörgu þarf breyta í íslensku samfélagi og ekki hefur hvarflað að mér sú hugsun að þessir hæstv. ráðherrar og þessi hæstv. ríkisstjórn eigi sök á öllu því sem að er í íslensku samfélagi. Það er mikið, mikið langt frá því. Þingið á sína sök, fyrrv. ríkisstjórnir eiga sína sök, þjóðin sjálf á sína sök. En einhvers staðar verðum við að staldra við og reyna að hugsa af verulegri alvöru með hvaða hætti við getum stöðvað verðbólgu, haldið niðri vöxtum, skapað hér betri lífskjör. Að þessu vildi ég vinna með hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Þetta er líka hans eina von til þess að verða endurreistur í musterinu í Keflavík. Þeir munu brjóta myndina af stallinum vegna þess að hv. þm. er genginn í björg með ríkisstjórn sem er á rangri leið, er að vinna óhæfuverk á mörgum sviðum, nýtur ekki trausts verkalýðsins. Hv. þm. á von en þá verður hann að hafa kjark til þess að snúa sér að því að stöðva ríkisstjórnina, ná sátt um að þingið fari heim og menn rífi upp þessa fjárlagagerð og tengi einni allsherjar þjóðarsátt um íslenskt þjóðfélag næstu þrjú til fjögur árin eins og til stóð hjá þeim mönnum sem stýrðu fyrrv. ríkisstjórn.

Ég er sannfærður um að auðvitað má spara á mörgum sviðum. Ég sé að hæstv. menntmrh. er ekki sofnaður enn þá. Hann stýrir stórum flokki, dýrum flokki peningamála og menntamálin eru fjárfrek. Ég hef t.d. lengi verið þeirrar skoðunar að við séum á rangri leið í menntamálum og með breyttu kerfi gætum við þar sparað mikið. Ég er hér um bil viss um að gamla kerfið, sem hér ríkti í skólum, var miklu betra fyrir nemendurna, skilaði framtíðinni hæfari einstaklingum og var ódýrara í rekstri. Ég er sannfærður um að því metnaðarlitla skólakerfi, sem við því miður rekum nú, mætti breyta vegna þess að kerfið er vitlaust. Ég held að öllum sé hollara, hvort sem það er í leik eða starfi, að kapp ríki, að fólki sé tamið að sýna árangur í verki, skila góðum prófum. Ég er sannfærður um það t.d. hvað bekkina varðar að í sumum bekkjum er fólk sem nær mjög miklum árangri með lítilli fyrirhöfn og svo aftur fólk sem hefur kannski af metnaðarleysi eða áhyggjuleysi dregist aftur úr. Þarna er öllum haldið niðri í meðalmennsku. Ég tel æskilegt að menn tækju upp kerfi þar sem þeir duglegustu fengju að halda áfram sína braut, þeir sem veikari eru væri haldið saman og þeir fóðraðir sérstaklega. Ég man eftir því að í lambhúsunum heima hjá mér var það góður siður ef einhver lömbin fóru að étast úr voru þau sett á sérstakt fóður, fengu sérstaka umhyggju sem gerði það að verkum að þau féllu hvorki fyrir jól né á þorra. Þetta kerfi gæti sparað stórkostlega peninga ef við snerum frá þessu villukerfi sem við höfum ratað í. Ég er líka sannfærður um að ástæðulaust er að kenna öll þau fög sem nú eru kennd í skólum landsins. Þar er búið að búa til mikla flatneskju sem mætti endurskoða. Ég er þeirrar skoðunar að á mörgum sviðum megi spara.

Hæstv. forseti. Ég ætla að minnast örlítið á landbúnaðarmál og ég tala helst ekki um landbúnaðarmál nema hv. þm. Egill Jónsson sé viðstaddur. (**Gripið fram í:** Hann er hérna.) Nú, hann er staddur hér. Alvarlegir hlutir eru að gerast. Því miður hafa miklar vonir verið bundnar við að hæstv. landbrh. hefði hrygg sem ekki bognaði undan ætlunarverki Alþfl. Ég vil fá

að vita það hér hjá hæstv. landbrh. hvort hann hefur fallist á að rjúfa búvörulögin með því að hér verði flutt inn ótæpilegt mjólkurduft eins og hæstv. iðnrh. boðaði fyrir stuttu. (Gripið fram í.) Hefur hæstv. iðnrh. fengið samþykki hæstv. landbrh. og Framleiðsluráðs fyrir slíkri aðgerð? Þetta verðum við að fá fram.

Svik eru víðar og hér hefur verið minnst á það að ein af sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar er að svíkja íslenska bændur um gerðan búvörusamning. Það á að spara 293 millj. og ég sé að blóðið þýtur til höfuðs Agli, hv. þm., yfir slíkum svikráðum. 293 millj. skulu sparaðar, launin skulu færð fram yfir þar næstu áramót. *Hér var rakið í ágætri ræðu hv. 7. þm. Reykn.* hvað þessi samningur var sársaukafullur, hvað menn fórnuðu miklu og lögðu mikið á sig til þess að koma til móts við ríkisstjórnina. En menn töldu sig líka hafa fengið, og þökkuðu hæstv. fyrrv. landbrh. fyrir, tiltölulega góðan samning. Þess vegna undu þeir honum en þó var það samningur sem gekk út á það að á einu ári skyldu af þessari stétt hafðar 500 millj. kr. í launatekjur. 500 millj. í launatekjur voru með þeim samningi hafðar af íslenskri bændastétt.

Nú gerist það að bæta á við 293 millj. í viðbót þannig að þetta eru alvarleg tíðindi og skýlaust brot á búvörulögum. Ég vil vænta þess og ekki trúa öðru en hæstv. landbrh. muni standa fast í fæturna og verja hagsmuni þessarar stéttar sem svo miklu hefur fórnað á síðustu árum og þolir ekki slíkan skell sem þarna er boðaður. Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hefur hann fallist á þessar tillögur ríkisstjórnarinnar? Hafa þessar tlllögur verið ræddar við Stéttarsamband bænda og hvert er viðhorf ráðherrans til þeirra?

En fleira er að gerast og við höfum orðið vitni að því í landbn. síðustu daga hvernig svikin ganga á einn veg, ekki síst gegn einni stétt, bændastéttinni. Þar hefur verið tekist á um jarðræktarlögin. Þar hefur það gerst að ríkisstjórnarflokkarnir eða Sjálfstfl. hefur klofnað í afstöðu sinni. Þar hafa mætt þingmenn sem þora, menn sem standa á sinni sannfæringu og láta ekki bjóða sér hvað sem er. Ég er ekki viss um að þeir bognuðu þó að farið yrði með þá í ráðherrabústaðinn eins og ráðherrana á dögunum.

Við urðum vitni að því í landbn. að formaður nefndarinnar, hv. þm. Egill Jónsson, stóð þar fast og leiddi baráttuna gegn þessari ætlan ríkisstjórnarinnar. Við urðum líka vitni að því að þar mætti varamaður, hv. þm. Ingi Björn Albertsson. Hann var ekkert deigari á þessum fundi en hv. þm. Egill Jónsson. Hann var ekki hlynntur því að fram færu samningsrof, svik á gjörðum Alþingis enda hafa þessir þingmenn og auðvitað nokkrir í viðbót í þessum þingflokki þorað að vera menn, þorað að reisa sig gegn þessu nýja valdi í flokknum. Segja má um þá eins og skáldið sagði um ágæta menn forðum:

> Það þarf meiri kjark til að segja satt en ljúga,
> sjálfstraust til að efast er aðrir trúa,
> djörfung til að mæla gegn múgsins boðum,
> manndóm til að hafa eigin skoðun.

Það þarf nefnilega manndóm til að hafa eigin skoðun. Það var eins og hv. þm. Egill á Seljavöllum sagði við félaga sína í morgun: Ég er ekki eins og tófan sem skiptir um lit. Því miður hendir það of margan að vera eins og tófan og breyta um lit, vera ljúfir og spakir og fljótir að sættast á vitlausar tillögur. Þeir hafa auðvitað ekki fallist á þá breytingu sem er að verða á flokki þeirra undir nýrri forustu og eru tilbúnir að vera áfram menn, berjast fyrir fólkið sitt og þjóðina sína.

Ég gerði mér til dundurs og væri kannski fróðlegt undir þessu tungli að fá að lesa nokkrar kvöldsögur. Þær eru mjög við lýði nú, kvöldsögurnar, og þar sem *ég sat áðan í sæti mínu þá tók ég hina nýju jólabók*, bókina um breytinguna á Sjálfstfl., mér til lestrar. Undir þeim lestri skildi ég hvers vegna þar eru að fæðast menn, kannski hálfgerð jólabörn, sem þora að rísa gegn hinu nýja valdi, menn sem hafa áttað sig á því að hin nýja forusta var ekki kölluð til þess í einum vorleik að skella hv. þm. Þorsteini Pálssyni af baki gæðingsins mikla, sjálfstæðisfáksins sem svo vel hafði riðið hér um grundir. Þetta var ekki bara spurning um að drepa einn mann. Þetta var spurning um völd í íslensku samfélagi. Þetta var spurning um að koma breytingunum til framkvæmda sem þeim eru mikilvægar. Þeir trúðu því og þeir vissu það að hv. 1. þm. Suðurl. og núv. sjútvrh. hafði hlotið gott uppeldi sem landsbyggðarþingmaður um skamma hríð. Hann hafði öðlast skilning á því að íslenskt atvinnulíf þarf að dafna, að hér má ekki færa allt yfir á fáa. Þess vegna *var hann tilbúinn til baráttu fyrir eðlilegu efnahagsumhverfi* og heilbrigðu atvinnulífi. En því fór nú sem fór. En í þessum kvöldsögum, í bókinni Á slóð kolkrabbans, segir, með leyfi forseta:

„Ég á erindi við þig, drengur minn, segir Nóri. Ég ætlaði að fara að slá á þráðinn til þín. Ég vil bjóða þér samvinnu. Að hjálpa mér við að setja saman bók. Hvaða bók er það? spyr ég. Um mesta áhrifavaldinn í íslensku þjóðlífi í dag, segir hann. Hver er það? spyr ég. Kolkrabbinn, svaraði Nóri.

Hann er glerfínn upp á gamla móðinn. Þótt hann sé í þykkum ullarfrakka og með trefil um hálsinn er Nóri þannig að hver maður finnur á sér að undir frakkanum muni hann vera í jakkafötum, vesti og með axlabönd. Í menntaskóla man ég aldrei eftir honum án hálsbindis. Þessi maður er bókaður í síðum bómullarnærbuxum með sokkabönd. Hann er auðvitað í skóhlífum.

Andskoti er hann nú alltaf karlalegur, hugsa ég. En átta mig svo á því að eiginlega er hann ekkert eldri að sjá en þegar hann var um þrítugt. Nú er Nóri loks að nálgast að líta út fyrir að vera á þeim aldri sem hann er.

Hann sér að ég er ekki sérlega spenntur fyrir því dýri, sem hann nefnir kolkrabba, og segir: Þú færð áhugann þegar þú kynnist honum betur. Hann er mjög mennskur. Stjórnast af græðgi. Óseðjandi græðgi.

Um hvað ertu eiginlega að tala? spyr ég. Þeir voru tveir, krabbarnir. Þar til nú fyrir skemmstu að hinn varð lasinn og fór að veslast upp. Það tryggði smádýrunum örlítinn frið að stóru skrímslin tvö voru síupp-

tekin við slagsmál sín á milli. Þannig komst eitt og eitt minna dýr á legg án þess að stigið væri ofan á það. En eftir að hinn krabbinn missti heilsuna, var sá friður úti.

Og nú er veisla hjá Krabbanum," segir í þessari jólabók. „Fæðið er fjölbreytt. Það eru étin lítil þjónustufyrirtæki, þróunarfélög og annað smælki í forrétt, í aðalrétt eru borin fram skipafélög og flugfélög hvunndags en bankar eru étnir á sunnudögum. Í eftirrétt er gælt við góm með sneiðum af vátryggingafélögum, fjárfestingarfélögum og verðbréfamörkuðum. Á hátíðum og tyllidögum er boðið upp á örlítinn bita af olíufélagi eða smámola af hermangsfyrirtæki með kaffinu. Kallað gullmolakaffi.

Brauðpokarnir eru orðnir tómir og börnin farin að ókyrrast. Þau horfðu kímileit á þennan furðufugl sem þau höfðu ekki séð áður. Hann var orðinn enn rauðari í framan af allri mælskunni. Það varð úr að ég sendi börnin heimleiðis svo að Nóri gæti haldið áfram að fræða mig um leyndardóma viðskiptalífsins.

Hvaða skepna er þessi Kolkrabbi? spyr ég. Glúrinn er Nóri. Ég sé strax á augnatilliti hans að hann skilur, um leið og ég sjálfur, að spurning mín markar straumhvörf í samtali okkar þennan skítkalda, reykvíska sunnudagsmorgun. Áhuginn er vakinn og hann getur slakað á.

Kolkrabbinn er mafía í munni þeirra sem ekki fá að setjast að krásunum en kjölfesta íslensks efnahagslífs samkvæmt kenningum þeirra sem tilheyra útvalda hópnum eða fá að kroppa í það sem hrýtur af veisluborðinu.

Er þetta þá ekki bara Guðs útvalda hjörð, Nóri minn, spyr ég. Nei, blessaður vertu. Þeir treysta ekki Guði til að velja. Þeir gera það sjálfir."

Þannig er það nú, ágætu þingmenn, að þetta er jólabókin í ár. Þetta er kannski bókin sem opnar augu íslenskra alþýðu fyrir því sem er að gerast í samfélaginu, að banki alþýðunnar er étinn í sunnudagsforrétt af örfáum mönnum. (**Gripið fram í:** Hvernig gengur meltingin?) Ég hygg að meltingin, hv. þm., muni ekki ganga sem best því hvaða líf verður í þessu landi þegar hér verða örfáir sem eiga allt, hinir verða flúnir, dánir eða horfnir á braut.

Ég ætla nú svona hvað líður að ljúka þessum ræðuhöldum og fresta frekari upplestri á kvöldsögunni. En ég átti aðeins eftir að minnast á landbúnaðarmálin örlítið frekar og þá deilu sem þar er komin upp. Ég lagði áherslu á kvöldsöguna vegna þess að þessir tveir þingmenn og fleiri gera sér grein fyrir því að það gengur ekkert upp að láta örfáa menn éta banka í sunnudagsmat, skipafélög á mánudögum o.s.frv. Hér verður að ríkja lýðræði. Því vil ég spyrja hæstv. landbrh. um það hvort honum sé það ljóst að hér er verið að rjúfa samkomulag sem tókst um jarðræktarlög.

Svo að ég stytti mál mitt, því ekki hef ég hugsað mér að halda mönnum andvaka yfir svo litlu efni sem þessi fjárlög eru að mínum dómi, en það er svo að ríkisstjórnin ætlar í 4. gr. bandormsins að taka jarðræktarlögin úr gildi. Það eru alvarleg tíðindi og þau tíðindi hafa valdið því að nú er hv. landbn. klofin í fyrsta sinn í áratugi. Og þeim mun alvarlegra er þetta þar sem það hefur gerst að samkomulag náðist fyrir þremur árum og menn töldu að þeir byggju við það samkomulag áfram. Og að auki gerðu menn sér grein fyrir því að þeir hefðu tekið þátt í stórkostlegum sparnaði því að þessi framlög hafa markvisst minnkað eins og sést á þessu súluriti sem hér er sýnt. Voru 1984 yfir 500 millj. en hafa smátt og smátt minnkað, voru árið 1990 95 millj., áætluð 70–75 millj. á þessu ári. En þetta eru alvarleg tíðindi og ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort það sé með hans samþykki að slík afstaða hefur verið tekin í ríkisstjórninni.

Ég hef það sem mín lokaorð að ég hvet ríkisstjórnina eftir þennan kvöldfund til að halda heim í jólafrí og rífa fjárlagafrv. enn á ný upp, fá til samráðs við sig stjórnarandstöðuna, aðila vinnumarkaðarins og sem flesta í þessu þjóðfélagi til þess að ná hér nýrri sáttargjörð. Það er þeirra eina von til þess að þeir megi áfram sitja sem ráðherrar því ég er sannfærður um það að ef svo fer fram sem horfir þá verður engri ríkisstjórn stætt á því stefnuleysi sem hér ríkir nema rétt út þennan vetur. Þess vegna eru það heillaráð manns sem þykir heldur vænt um þennan stóra hóp ráðherra að þeir endurskoði afstöðu sína þjóðarinnar vegna.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 5. þm. Suðurl. er nauðsynlegt að taka fram að innflutningur á mjólkurdufti hefur ekki verið ræddur í ríkisstjórninni og ég hef ekki tekið ákvörðun um að leyfa hann.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég færi hæstv. landbrh. kærar þakkir fyrir hans svar. Hér er ljóst, eins og ég sagði áðan, að enn býr í honum karlmenni. En hitt er enn þá alvarlegri hlutur að hæstv. iðnrh. hefur skrökvað, svo að ég noti ekki stærri orð, hér fyrr í kvöld. Það er hart að hann skuli ekki vera í salnum þegar það er staðfest af jafnsannsöglum manni sem hæstv. landbrh. er að hann fór hér með dylgjur og rangt mál fyrir stuttu síðan.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í andsvari fara fram á að hæstv. viðskrh. verði kallaður aftur til þessarar umræðu í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið sem ég vel að merkja þakka hæstv. landbrh. fyrir að gefa. Helst vildi ég heyra hann taka af öll tvímæli um að hann hyggist ekki leyfa þann innflutning sem hæstv. viðskrh. boðaði og skýrði þannig frá ef menn máttu rétt nema hans mál, að ríkisstjórnin hefði ákveðið einhverja hluti í þessu máli. Og það er ekki við það búandi að umræðan haldi þannig áfram að fullkomlega misvísandi upplýsingar komi fram frá tveimur hæstv. ráðherrum og ekki fáist á því viðhlítandi skýringar hvað þarna hefur gerst. Ég óska því eftir að hæstv. viðskrh. verði kallaður til umræðunnar á nýjan leik.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnrh. komi hér í fundarsalinn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka þá beiðni að hæstv. viðskrh. verði kallaður í salinn þannig að það megi skýrast hvað hér er á ferð. Ég hafði sannast að segja undirbúið allmyndarlega ræðu en þar sem orðið er álitið nætur mun ég reyna að stytta mjög mál mitt. Mér eru skólamálin mjög hugleikin og ég hef tækifæri til þess að taka þau upp þegar bandormurinn svokallaði kemur hér til umræðu á nýjan leik þannig að ég ætla, eins og ég sagði, að reyna að stytta mál mitt eins og kostur er.

En ég vil byrja á því að kynna brtt. sem ég flyt ásamt þremur öðrum þingmönnum og eru þessir þingmenn allir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í menntmn. en þeir eru auk mín Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Þessi tillaga okkar, sem er í 27 liðum, gengur einfaldlega út á það að þau skólagjöld, sem ríkisstjórnin áformar að leggja á nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi, verði felld niður. Ég tel nauðsynlegt að skýra þessa brtt. ögn nánar en eins og kunnugt er þá áformaði ríkisstjórnin að leggja á skólagjöld í framhaldsskólum að hámarki 8 þús. kr. og í skólum á háskólastigi allt að 17 þús. kr. Það sem við gerum hér í þessari brtt. er í fyrsta lagi að leggja til að sérstakur liður þar sem gert er ráð fyrir skólagjöldum í dagskólum framhaldsskólanna falli brott.

Í öðru lagi leggjum við til að þar sem skólagjöld eru innheimt og stóð til að hækka þau gjöld sem nemendur öldungadeilda greiði lækki til þess horfs sem eðlilegt hefði talist áður en þessi skólagjaldaumræða kom til. Og í þriðja lagi leggjum við til að skólagjöld verði ekki innheimt í skólum á háskólastigi og reiknum þá upphæð, þ.e. sértekjur skólanna á háskólastigi þannig að þar sé bara um eðlilega innheimtu að ræða. Eins og mál standa nú fær t.d. Háskóli Íslands 2.000 kr. af þeim 7.700 sem innheimt eru í gjöld í þeim skóla, en afgangurinn rennur til félagsstarfsemi stúdenta. Ég vona að með þessu hafi ég skýrt hvað hér er á ferð.

Þessi brtt. þýðir að sjálfsögðu að skólarnir munu hafa minna til ráðstöfunar. Það er gert ráð fyrir því að skólarnir innheimti þessar sértekjur og við getum að sjálfsögðu ekki sætt okkur við að skólarnir búi við þrengri kost en þeir gera nú. Þar af leiðandi boða ég það hér með að við munum flytja tillögu um tekjuöflun til þess að mæta þessum niðurskurði. Annað getur ekki talist eðlilegt.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að fjárlögunum eins og þau líta út núna. Eins og málin standa þá er enn margt óljóst varðandi fjárlögin og það má eiginlega segja að með hverri mínútunni sem líður breytist þau stöðugt. Nú síðast er tekist á annars vegar um yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um innflutning á mjólkurdufti og hins vegar yfirlýsingu hæstv. landbrh. um að slíkur innflutningur hafi ekki verið ræddur í ríkisstjórninni. Það verður að segjast eins og er að enn er allt í upplausn, enn vitum við ekki hvað verður um málefni fatlaðra og það eru ýmis önnur mál af þeim sem kynnt hafa verið á undanförnum dögum sem ráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem ekki sér fyrir endann á.

Við 1. umr. fjárlaga bentum við á að ýmislegt í þeim forsendum sem ríkisstjórnin gaf sér gæti ekki staðist og við kvennalistakonur bentum á hve rangt væri að reikna álverið inn í forsendur fjárlaganna. Það kom síðan í ljós að ekkert yrði af álversframkvæmdum að sinni sem leiddi til þess að menn hafa orðið að reikna upp allar forsendur að nýju og búa sig undir enn frekari samdrátt en spáð hafði verið. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið með þeim hætti að hún boðar niðurskurð, hún boðar að hluta kostnaðar við þá þjónustu, sem ríkið veitir, verði velt yfir á fjölskyldurnar í landinu, þar á meðal námsmenn og sjúklinga. Hún ætlar að afla sér sértekna með ýmsu móti og þar tel ég að margir liðir séu ofáætlaðir. Hún leyfir sér að taka lögboðnar tekjur ýmissa stofnana og verja þeim til annarra hluta en mælt er fyrir um í lögum. Það á að setja lög á sjómenn sem þýðir auðvitað ekkert annað en kjaraskerðingu sjómanna. Það á að skerða barnabætur fólks með meðaltekjur og þaðan af hærri. Það á að velta gjöldum yfir á sveitarfélögin og það er boðað að vaxtabætur verði skertar.

Þessar tillögur eru að sjálfsögðu mismunandi alvarlegar en það sem er kannski það alvarlegasta í þessu er aðferðin sem ríkisstjórnin beitir, hvernig boðaðar eru ýmsar aðgerðir og síðan kemur í ljós að ekki hefur verið talað við einn einasta aðila, ekkert samráð verið haft og þar með er öllu hleypt í bál og brand í þjóðfélaginu. Við upplifðum það t.d. í efh.- og viðskn. að þangað komu fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga til að ræða ákveðin mál við nefndina og þeir voru varla viðræðuhæfir sökum bræði, enda var því máli hreinlega frestað og þeir vinsamlegast beðnir að ræða saman, fulltrúar fjmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Það vakna margar spurningar varðandi þessar ráðstafanir og þá ekki síst hvað þessi mikla kjaraskerðing, sem ríkisstjórnin boðar með sínum aðgerðum, muni þýða fyrir fólk í landinu og hvaða áhrif þetta muni hafa á þá kjarasamninga sem fram undan eru. Hér hafa menn minnst á áframhaldandi þjóðarsátt en ég held að það gefi auga leið að þessar ráðstafanir muni einfaldlega þýða að hér verður ekkert úr neinni þjóðarsátt heldur er hér verið að bjóða heim miklum átökum á vinnumarkaði.

Þá vaknar spurningin: Hvað hefði átt að gera í staðinn? Og ég vil enn og aftur ítreka þá skoðun mína að ég get ekki fellt mig við eða samþykkt þennan niðurskurð á meðan ríkisstjórnin nýtir sér ekki þá tekjuöflunarmöguleika sem ég tel vera fyrir hendi og þá er ég að tala um skatt á fjármagnstekjur, hátekjuskattþrep, lúxusskatta, bætta innheimtu og að tekið verði á þeim svartamarkaði sem hér þrífst og þýðir auðvitað að ríkið verður af allmiklum virðisaukaskatti.

Ég ætla aðeins að víkja að einstökum tillögum í þeim brtt. sem lagðar hafa verið fram. Þá vekur auðvitað athygli að öll ráðuneytin fá hækkun á þeim lið sem heitir Yfirstjórn. Það vekur auðvitað þá spurningu hvort ekki hefði verið nær að ráðuneytin litu sér nær og reyndu að ganga á undan með góðu fordæmi og spara í sínum stjórnunarkostnaði.

Í 4. tölulið tillagnanna er fjallað um almenna framhaldsskóla. — Forseti. Mér þykir hæstv. landbrh. hafa hátt hér í hliðarsal, væri hægt að beina því til hans að hann hafi hljótt um sig. (**Forseti:** Forseti reynir að sjá til þess að hljóð sé í salnum og hliðarsölum einnig.) Takk fyrir. — Í 4. lið kemur fram að kostnaður við byggingarframkvæmdir er skorinn niður — þetta er að vísu ekki mikill niðurskurður en ég þykist vita að þetta muni koma niður á þeim nýja framhaldsskóla sem stendur til að byggja hér í Reykjavík og það er mjög miður því það er alveg ljóst að það vantar heilan framhaldsskóla hér í borginni. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort þetta sé ekki rétt skilið.

Ég vil aðeins víkja að þeim kafla þessara tillagna sem snýr að listasöfnunum og fagna því að þar hafa nokkrar stofnanir fengið örlitla hækkun sem vonandi fleytir þeim yfir erfitt ár en það hefur komið fram í umræðum áður að þar er um að ræða söfn sem lýstu því yfir að þau yrðu að loka ef ekki fengjust úrbætur. Eitt mál er mér ákaflega hugleikið. Það er Húsafriðunarsjóður. Hann fær nokkra hækkun í þessum tillögum en því miður alls ekki nægja og ég vil enn einu sinni ítreka að nokkrar af okkar gömlu menningarbyggingum, og þá er ég sérstaklega að hugsa um gömlu torfbæina, eru illa á sig komnar. Þetta eru byggingar sem þurfa stöðugt viðhald sem hefur verið vanrækt á undanförnum árum og ég vil beina því alveg sérstaklega til alþingismanna að huga að þessu máli því að það er ekki aðeins að þarna séu mikil menningarverðmæti í húfi heldur hefur það mikið að segja fyrir ferðamannastrauminn í landinu að við höfum einfaldlega upp á eitthvað að bjóða og sýna.

Í þessum tillögum er að finna nokkrar af þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin boðaði og þar vil ég sérstaklega nefna greiðslur vegna búvöruframleiðslu. Beinum greiðslum til bænda á að fresta um tvo mánuði að því er fram hefur komið í fjölmiðlum og er þetta auðvitað brot á nýgerðum búvörusamningi. Ég lýsti þeirri skoðun minni í vor og ég stend við hana, að það hafi ekki verið rétt að ganga frá búvörusamningnum svo skömmu fyrir kosningar heldur hefði ný ríkisstjórn átt að koma frjáls og óháð að því máli, en þessi samningur var gerður og við hann á að standa. Ef menn vilja gera breytingar sem þessa, á jarðræktarlögunum eða öðru því sem samningar eða lög kveða á um, þá á að gera þær með eðlilegum hætti, taka upp samninga við viðkomandi aðila, taka upp lögin og endurskoða þau. En þessar pennastriksaðferðir sem hér er ítrekað beitt eru að mínum dómi algerlega óþolandi og lagasetning sem ekki á að líðast en ég veit að hér eru allir flokkar, nema að sjálfsögðu Kvennalistinn, sekir um slík vinnubrögð.

Ég vil líka nefna 21. lið brtt. Þar er um að ræða lið sem heyrir undir sjútvrn. og heitir Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi. Þessi liður var lækkaður í fjárlögunum og hann er enn lækkaður hér og finnst mér þetta vera dæmi um mjög sorglegar áherslur á tímum þegar virkilega reynir á að menn finni leiðir til þróunar, tilrauna og markaðsöflunar í stað þess að skera niður með þessum hætti.

Þá má líka nefna í framhaldi af því liðinn Starfsmenntun í atvinnulífinu sem er lækkaður um 10 millj. Einnig þar er um að ræða mjög mikið nauðsynjamál, ekki síst á tímum þegar atvinnuleysi er vaxandi og ekki veitir af að fólk fái endurmenntun og geti leitað nýrra möguleika.

Það er ekki allt vont í þessum tillögum og ég vil sérstaklega nefna að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er hækkað. Það kemur auðvitað til af illri nauðsyn en það er þó gott að menn horfast í augu við staðreyndirnar.

Ég ætla ekki að tína mikið meira til heldur ætla ég að stökkva yfir í síðustu liðina af þessum tillögum og nefna sérstaklega 105. lið þar sem um er að ræða niðurgreiðslur á vöruverði. Þarna er náttúrlega um það að ræða að verið er að varpa ákveðnum kostnaði út í samfélagið. Þarna er komið, ef ég man rétt, hið margumrædda mjólkurduft og ég ítreka að við viljum gjarnan fá skýringu frá hæstv. viðskrh. Hér kom hæstv. landbrh. og lýsti því yfir að þetta mál hefði ekki verið rætt í ríkisstjórninni og ég óska þess að viðskrh. upplýsi okkur um það hvort þetta sé rétt.

Að lokum vil ég nefna síðasta liðinn, 110. lið, Launaliðir. Þar er hinn flati niðurskurður um 6,7%. Mér er það algerlega hulin ráðgáta hvernig ráðuneytin ætla að ná því markmiði að lækka launaliði um 6,7% og tengist þetta auðvitað ummælum hv. formanns fjárln. í ræðu hans um opinbera starfsmenn sem fulltrúar BSRB og BHMR voru að mótmæla í fjölmiðlum í kvöld, en í ræðu hans var gert mikið úr því hve opinberir starfsmenn hefðu greiðan aðgang að ógreiddri yfirvinnu og ekki annað að skilja en í ríkiskerfinu væri mikið launasukk. Það kann að vera að dæmi séu til um slíkt en hins vegar er það svo að stærstu hópar opinberra starfsmanna, þar nefni ég t.d. kennara og starfsfólk heilbrigðiskerfisins, vinna sína vinnu. Þar er að vísu gífurleg yfirvinna, allt of mikil yfirvinna en hún er öll unnin. Þar er ekki um að ræða neinar sporslur þar sem ekki liggur vinna að baki, alla vega eftir því sem ég veit best. Ég þekki náttúrlega best til í skólakerfinu og þar er ekki um neitt slíkt að ræða, enda vinnuálag gífurlega mikið þannig að ég vil mótmæla þessum ummælum hv. formanns fjárln.

Að lokum langar mig að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvernig hann hyggst ná þessum kostnaði niður í sínu ráðuneyti vegna þess að langsamlega stærsti hópur launþega sem undir hann heyrir eru einmitt kennarar. Ég sé að það eru auðvitað til ýmsar leiðir en þær geta ekki þýtt annað en niðurskurð á kennslu. Og við stöndum frammi fyrir því að kennsla er að mínum dómi of lítil í grunnskólanum. Hún er lögbundin í framhaldsskólanum. Þar verða nemendur einfaldlega að taka ákveðinn fjölda eininga og ég ætla rétt að vona að hér séu ekki komnar á kreik einhverjar hugmyndir um að skerða það nám sem þarf til stúdentsprófs. Mér þætti afar fróðlegt að fá að heyra það frá hæstv. menntmrh. hvernig hann hugsar sér að ná þessum niðurskurði sem fyrirskipaður er samkvæmt þessari tillögu.

Ég hef, virðulegi forseti, stytt mjög mikið mál mitt

og hefði viljað fjalla sérstaklega hér um skólamálin, eins og ég nefndi í upphafi, en að lokum vil ég segja að sú mynd sem við höfum nú af fjárlögum þessarar ríkisstjórnar er afar dökk og boðar mjög erfiða tíma sem ég held að væri hægt að milda ef menn hefðu viljað og ef menn hefðu verið reiðubúnir til þess að beita til þess nauðsynlegum aðgerðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna spurninga, sem hv. 18. þm. Reykv. beindi til mín, vil ég láta það koma fram að niðurgreiðsla á mjólkurdufti og áhrif þeirrar breytingar að leggja hana niður hafa ítrekað verið rædd á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Nefnd hefur verið að störfum til þess að gera tillögur um það hvernig því ætti að fylgja eftir að niðurgreiðslurnar væru teknar af mjólkurdufti og undanrennudufti til sælgætisiðnaðarins. Þetta þýðir, ef af verður og það er tillagan, að taka þyrfti upp jöfnunargjöld og leyfa innflutning að einhverju marki eins og þegar hefur komið fram í þessum umræðum. Ég endurtek: Þetta mál hefur ítrekað verið rætt innan ríkisstjórnarinnar og nefnd að störfum á vegum ráðuneytanna og með þátttöku fulltrúa iðnaðarins, þ.e. bæði mjólkuriðnaðarins og sælgætisiðnaðarins. Ég vænti þess að þær tillögur muni senn koma fram.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. sagði að hæstv. viðskrh. hefði sagt að í ríkisstjórninni hefði verið samþykkt að leyfa innflutning á mjólkurdufti. Hæstv. viðskrh. kom sér undan því að svara hvar sú samþykkt hefði farið fram. Þingmenn vissu ekki annað stjórnvald æðra en ríkisstjórnina en það er upplýst að það er eitthvert stjórnvald sem er enn æðra, eitthvert yfirstjórnvald yfir ríkisstjórninni. Þar hefur þetta verið samþykkt eins og kom fram í máli hæstv. viðskrh. hér fyrr í kvöld og þýðir ekki nú að halda fram einhverjum blekkingum þar um. Þar kom fram í hans máli að hæstv. viðskrh. hefði ákveðið að þetta yrði gert og hann talaði um betri tíð núna heldur en hefði verið í seinustu ríkisstjórn því að nú væri hægt að gera þetta. Hér liggur það alveg ljóst fyrir að hæstv. viðskrh. er búinn að hafa þingið að fíflí í kvöld. Hann er búinn að skýra alrangt frá hlutum. Hæstv. landbrh. er búinn að upplýsa um stöðu málsins og það er ekki nokkur maður í vafa um það hvor segir satt í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirrar spurningar sem hv. 18. þm. Reykv. bar hér fram og vegna þess að endurteknar voru hér, og nú af hæstv. viðskrh. á nýjan leik, fullyrðingar sem stangast gjörsamlega á við það sem hæstv. landbrh. hafði nokkru fyrr í umræðunni upplýst um stöðu þessa máls í ríkisstjórninni er það algjörlega óhjákvæmilegt að skýrt verði hver staða þessa máls er í reynd í ríkisstjórninni. Ég spyr hæstv. forseta: Er hægt að ætlast til þess að við alþingismenn höldum áfram umræðum við þær aðstæður að ráðherrar hvor úr sínum stjórnarflokknum hlaupa í ræðustólinn með fullkomlega misvísandi fullyrðingar þannig að málflutningur þeirra fær engan veginn samrýmst? Að mínu mati er óhjákvæmilegt að hæstv. landbrh. fari á nýjan leik yfir og skýri ítarlegar frá því sem hann ræddi fyrr í umræðunni og gengið verði úr skugga um það hver fer með rétt mál. Ef ekki vill betur verður auðvitað að sækja hæstv. forsrh. og fá úr því skorið, þegar ágreiningur af þessu tagi kemur upp milli tveggja hæstv. ráðherra, hver sé hin eiginlega afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu máli, hvað sé rétt og hvað sé rangt með farið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af ummælum hv. 18. þm. Reykv. um innflutning af mjólkurdufti vil ég aðeins láta það koma fram, sem allir vita auðvitað, að um margra ára skeið hefur mikið magn af erlendu mjólkurdufti verið flutt inn til landsins. Erlent mjólkurduft er uppistaðan í því mikla magni erlends sælgætis sem flutt er til landsins og í súpu, bæði þurrsúpu og blautsúpu. Einn aðalinnflytjandi erlends mjólkurdufts í þessu formi er fyrirtæki í eigu samvinnuhreyfingarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Við héldum fyrir röskri klukkustund, eftir að hæstv. landbrh. hafði veitt skýrt og afdráttarlaust svar hér í þingsalnum, að þessu máli væri lokið og það þyrfti ekki að tefja umræður meira. Hæstv. landbrh. sagði skýrt að ekki hefði verið rætt í ríkisstjórninni að leyfa innflutning á mjólkurdufti og það yrði ekki gert vegna þess að málið væri á hans forræði.

Nú kemur hæstv. viðskrh. aftur á móti enn á ný og endurtekur hér í ræðustólnum fyrri fullyrðingar sínar sem við þingmenn töldum að hefðu verið bornar til baka. Það er afar leitt, virðulegi forseti, að tveir ráðherrar hafa flutt svo ólíkar lýsingar á því hvað hafi verið rætt í ríkisstjórn og hver sé afstaða í þessu máli. Ég minni á að í málinu liggur fyrir tillaga sem ætlunin var að afgreiða við 2. umr. fjárlaga. Óhjákvæmilegt er, áður en þessi umræða heldur áfram og til að greiða fyrir henni, að hæstv. ráðherrar, sérstaklega hæstv. landbrh. og reyndar einnig hæstv. forsrh., lýsi í stuttu máli, kannski jafnstuttu og hæstv. landbrh. notaði fyrr í kvöld, hver er staða málsins. Ég beini því þess vegna til hæstv. ráðherra að þeir kveðji sér hljóðs og fái orðið til þess að gera í örstuttu máli grein fyrir afstöðu sinni. Ég tel að það muni greiða fyrir umræðum, virðulegi forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að víkja nokkrum orðum að ýmsum atriðum sem fram hafa komið í þessari umræðu og varða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og heilbrrn. og svara þá fyrst nokkrum hv. þm. sem hafa spurt út í lyfjakostnaðinn og áhrif hans, áhrif þeirrar reglugerðar sem sett var á þessu ári til lækkunar á lyfjakostnaði og hvað fyrirhugað er að gera á næsta ári. Sumt af

því sem ég segi í því sambandi hef ég sagt áður en ég verð þá að endurtaka það samhengisins vegna.

Í fyrsta lagi minni ég á að gert var ráð fyrir því í fjárlagafrv. fráfarandi ríkisstjórnar og fjárlögum sem afgreidd voru á Alþingi að lækka lyfjakostnað um 500 millj. á árinu. Það voru nefndar til sérstaklega í athugasemdunum þrjár aðferðir til að gera það, þ.e. með breyttum álagningarreglum, breyttum lögum um lyfjadreifingu og lyfsölu og breyttri hlutdeild neytenda í verði lyfja. Í maímánuði var áætlað í heilbrrn. að kostnaður vegna lyfjagreiðslna frá sjúkratryggingum á því ári sem nú er að ljúka mundi verða um 2,9–3 milljarðar kr. eða á því bili. Í lok júní var þegar búið að greiða fyrir fyrstu sex mánuðina 1½ milljarð kr. af þessari fjárhæð og miðað við reynslu fyrri ára reiknuðu menn með því að að öllu óbreyttu stefndi kostnaðurinn í 2,9–3 milljarða kr.

Við þessar aðstæður var reglugerðin sett þegar ljóst var að farið yrði fram úr áætlunum fjárlaga um 600–700 millj. kr. Við þær aðstæður var reglugerðin sett og menn gerðu ráð fyrir að árangur af setningu hennar gæti e.t.v. orðið sá að á heilu ári, 12 mánuðum, væri hægt að gera ráð fyrir að kostnaður sjúkratrygginga mundi lækka um 300 millj. kr. eða um 25–30 millj. kr. á mánuði. Niðurstaðan hefur orðið sú og komið okkur nokkuð á óvart að kostnaðaráhrifin eru miklu meiri hvað varðar útgjöld sjúkratrygginga og útgjöld vegna lyfjakostnaðar í heild. Sem dæmi um það hef ég getið þess og ítreka það nú að í lok októbermánaðar sl. var búið að greiða 1 milljarð 850 millj. úr sjúkratryggingum vegna lyfjakostnaðar til móts við 1½ milljarð í endaðan júní þannig að kostnaðurinn í júlí, ágúst, september og október, eftir að lyfjareglugerðin hafði verið í gildi í þessa fjóra mánuði, nam aðeins 350 millj. kr., samanlagt. Við teljum í heilbrrn. að það stefni í að þessi kostnaður verði 2,3–2,4 milljarðar kr. á árinu öllu eða því sem næst það sem áætlað af fyrrv. ríkisstjórn var að hann mundi verða, vegna ráðstafana sem hún svo ekki gerði, þannig að hægt er að áætla að kostnaðurinn sé nokkurn veginn í samræmi við það sem fjárlög gera ráð fyrir. Þetta þýðir að kostnaðaráhrif lyfjareglugerðarinnar til lækkunar á útgjöldum sjúkratrygginga hafa verið mest 80 millj. á mánuði og eru í kringum 40–45 millj. síðustu mánuði sem við höfum tölur fyrir. Með öðrum orðum eru kostnaðaráhrifin til lækkunar mun meiri en við gerðum ráð fyrir.

Menn hafa komið fram með ýmsar spurningar í því sambandi, svo sem: Eru menn þá búnir að reikna áhrif lyfjakortanna með? Er ekki eitthvað vantalið þar af auknum útgjöldum á móti þessum lækkaða tilkostnaði? Svarið við því er mjög einfalt. Kostnaðaráhrifin vegna lyfjakortanna eru inni í þessari tölu þannig að hér er um nettókostnaðaráhrif að ræða. Þá hefur líka verið spurt: Eru menn þá ekki bara að borga meira út úr einhverjum öðrum vasa, svo sem af heimildargreiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar? Þar er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrisþegar geti sótt um sérstakar heimildarbætur sem geta hæst verið nokkuð á áttunda þúsund krónur á mánuði, ef ég man rétt, og menn hafa sagt sem svo: Er þá ekki skýringarinnar að leita í því að á þessum lista hefur fjölgað svo mikið, þ.e. lista þess gamla fólks sem nýtur heimildarbóta hjá lífeyristryggingum? Ég vil aðeins í því sambandi vísa til þess að ég hef nýlega svarað skriflega fyrirspurn frá hv. þm. Svavari Gestssyni einmitt um þetta mál og þar kemur það í ljós að ekki er um að ræða neina slíka fjölgun bótaþega sem njóta sérstakra heimildarbóta hjá almannatryggingum á þessu ári. Þar er um að ræða minni fjölgun bótaþega á tímabilinu frá því um mitt ár þar til í nóvemberlok en var frá upphafi ársins til miðs árs þannig að ekki er heldur nein skýring í þessu máli að útgjöld trygginga vegna heimildarbóta vegna lyfjakostnaðar hafi aukist svo neinu nemi. Því eru engar ástæður til að ætla að þetta séu ekki nettóáhrif sem hér hefur verið lýst. Menn geta séð það, eins og ég segi, af þeim kostnaðartölum sem við höfum frá sjúkratryggingum í Tryggingastofnun ríkisins og þær kostnaðartölur standa náttúrlega fyrir sínu. Þar eru lyfjakortin reiknuð með og á borðum þingmanna liggur svar frá mér til hv. þm. Svavars Gestssonar um greiðslu heimildarbóta. Þar geta menn gengið úr skugga um það sjálfir að þar er ekki heldur ástæða til að fullyrða af því að niðurstaðan hafi orðið sú að út úr öðrum vasa ríkissjóðs hafi farið það sem sparast hafi af lyfjaútgjöldunum. Það er einfaldlega ekki rétt.

Menn hafa spurt um og vakið athygli á að misræmi er á milli þeirra talna sem koma fram í fjárlagafrv. annars vegar og þeim áætlunum sem gerðar eru um þennan kostnað í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 hvað næsta ár varðar. Ég skal skýra það nokkuð.

Gert var ráð fyrir að á þessu ári væru sparaðar um 500 millj. kr. í lyfjum með aðgerðum stjórnvalda. Það hefur tekist. Ég tók að mér að reyna að framkvæma viðbótarniðurskurð á næsta ári sem væri 300 millj. kr. meiri en tækist að ná í ár eða samtals 800 millj. kr., 500 millj. og 300 millj. þar að auki. Ef ekkert hefði verið að gert hefði lyfjakostnaðurinn á næsta ári, og er þá búið að taka inn í áætlun um nokkra lækkun innflutningsverðs á lyfjum vegna hagstæðrar gengisþróunar, verið áætlaður um 3 milljarðar kr. eða svipuð fjárhæð og áætlað var á þessu ári án aðgerða í maílok. Síðan var gert ráð fyrir, og ég hafði tekið það að mér, að lækka þennan kostnað um 300 millj. kr. umfram það sem kostnaðarlækkunin mundi verða á árinu 1991 þannig að þá breyttist þessi tala úr 3 milljörðum niður í 2,7. Síðan urðu þau mistök, því miður, að 800 millj. kr. talan, þ.e. samanlagður sparnaðurinn, var dregin frá og þannig fengu menn 1,9 milljarða kr. sem niðurstöðu. Þessu áttuðu menn sig ekki á fyrr en of seint þannig að inni í þessari 1,9 milljarða kr. niðurstöðu eru þessar 300 millj. kr. sem ég gat um tvítaldar. Þá breytingu verða menn því að gera og hækka grunntöluna úr 1,9 milljörðum í 2,2 eins og mig minnir að sé í frv. Við viljum hafa heldur borð fyrir báru, en enn er óbreytt sú fyrirætlan að lækka lyfjakostnaðinn á næsta ári um 300 millj. kr. til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir á þessu ári eða samtals 800 millj.

kr. frá því sem verða mundi ef ekkert yrði að gert.

Þá hefur einnig verið spurt um það að hve miklu leyti sú lækkun sem fram er komin á lyfjakostnaði á árinu 1991 stafi af aðgerðum fyrri ríkisstjórnar, þ.e. þeim aðgerðum fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem hann hratt í framkvæmd, að lækka álagningu, bæði heildsöluálagningu og smásöluálagningu, og semja við stærri lyfjaverslanir um afslátt. Því er til að svara að þegar áætlunin var gerð um mitt þetta ár um hver kostnaðurinn mundi verða til ársloka voru áhrif þessara aðgerða þegar komin fram þannig að í áætluninni um að útgjöldin mundu stefna á þessu ári í um 2,9–3 milljarða kr. á árinu í heild var þegar búið að taka tilllit til þeirrar lækkunar sem orðið hafði fyrir tilverknað hæstv. fyrrv. heilbrrh. Þau kostnaðaráhrif voru þegar komin fram og voru komin fram í þeim kostnaði sem var búið að greiða fyrir fyrri helming ársins. Við höfum hins vegar reynt að meta það, ef ekkert hefði verið að gert, hvorki af hálfu núv. ríkisstjórnar né fyrrv., hver lyfjakostnaðurinn hefði þá orðið á árinu 1991. Sú áætlun bendir til þess að ef ekkert hefði verið aðhafst, hvorki af hálfu núv. ríkisstjórnar né af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar til þess að ná lækkun á lyfjaverði, hefði lyfjakostnaður á þessu ári verið rétt rúmlega 700 millj. kr. meiri en hann reynist vera. Áhrif af aðgerðum fyrrv. ríkisstjórnar til lækkunar af þessari fjárhæð eru metnar rétt rösklega 200 millj. kr. og áhrif þeirra aðgerða sem gerðar voru um mitt árið til lækkunar á útgjöldum ársins 1991 eru metnar á um 500 millj. kr. og skal tekið fram að þá er annars vegar um að ræða heils árs áhrif aðgerða fyrrv. ríkisstjórnar og hins vegar hálfs árs áhrif reglugerðarbreytingarinnar. Auðvitað skal það einnig fram tekið að áhrif reglugerðarbreytingarinnar urðu mest í fyrstu. Þau urðu mest fyrsta mánuðinn, júlímánuð, 80 millj. kr., en virðast nú vera að jafnast út þessa síðustu mánuði með um 40 millj. lækkunaráhrif nettó. Miðað við óbreytt verð á næsta ári mætti því reikna með að ef ekki hefðu komið til þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til og verður gripið til mundi lyfjakostnaður sjúkratrygginga á næsta ári vera um 1 milljarði meiri en við gerum ráð fyrir að hann verði.

Spurt er: Hvað er ráðgert frekar en þegar er komið fram með lyfjareglugerðinni? Ég tek það fram að ég hef aldrei haldið því fram, hvorki fyrr né síðar, að það sé aðeins lyfjareglugerðin sem megni það að lækka kostnaðinn á næsta ári um 800 millj. kr. Við getum í besta falli gert ráð fyrir að áhrif reglugerðarinnar til kostnaðarlækkunar á næsta ári verði eitthvað á milli 450 og 480 millj. kr. Því er auðvitað alveg ljóst að fleira verður að koma til. Og menn hafa spurt: Hvað er það fleira sem er í aðsigi? Ein veruleg breyting er boðuð í c-lið 16. gr., að í stað fastagjaldsins sem nú er notað til að tryggja kostnaðarþátttöku neytenda verði komið upp hlutfallsgjaldi. Neytendur lyfja munu ekki greiða fast gjald eins og nú heldur verður greiðsluþátttaka þeirra bundin hlutfallsreglu eins og gert var ráð fyrir í frv. fyrrv. hæstv. heilbrrh. Ég held að við séum báðir sammála um það, ég og hann, enda kom það fram í máli hans fyrr í umræðunum að vænta megi verulegra áhrifa til kostnaðarlækkunar af þeirri breytingu.

Í annan stað er ég búinn að gera þá breytingu einnig, sem ekki hefur vakið verðskuldaða athygli að heimila stóru sjúkrahúsunum að selja lyf út úr lyfjabúrum sínum með aðeins 15% álagningu til sjúklinga, sem njóta göngudeildarþjónustu eða fá heimfararleyfi, í stað þeirrar álagningar sem almennt er í lyfjabúðum og er, eins og menn vita, samanlögð álagning í smásölu og heildsölu, um 85%. Þar að auki standa nú fyrir dyrum, ef af aðild Íslendinga að Evrópsku efnahagssvæði verður, miklar breytingar á lyfsöluumhverfi okkar, fyrst og fremst innflutningi lyfja. Þær breytingar eru á þá lund að einkaumboðsmannakerfið mun leggjast af sem gerir það að verkum að Íslendingar geta flutt inn lyf öðruvísi en gegnum einkaumboðsmannakerfið sem nú er við lýði. Það er aðeins eftir í það, ef af verður, rúmlega eitt ár að slíkar breytingar taki gildi. Með þeim breytingum verða mjög miklar breytingar á aðstöðu Íslendinga til þess að færa sér í nyt tilboðsmarkaði á lyfjum víðs vegar um heim. Eins og menn eflaust vita verðleggja lyfjaframleiðslufyrirtækin lyfin sín talsvert eftir því stigi lífsgæða sem þær þjóðir standa á sem hugmyndin er að selja lyfið til. Sama lyfið er t.d. miklu ódýrara á lyfjamörkuðum í Suður-Evrópu en í Norður-Evrópu þó að það sé í sömu pakkningu, framleitt af sama framleiðanda og með nákvæmlega sömu skilmálum. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki fram á næsta ári en hins vegar er í undirbúningi á vegum heilbrrn. aðgerðir til þess að reyna að tryggja að við getum notið einhvers þess hagræðis sem felst í því að eitt af samstarfslöndum okkar í Norðurlandaráði er jafnframt aðili að Evrópubandalaginu og getur því notið þeirrar fyrirgreiðslu sem Evrópubandalagsaðildin veitir til þess að flytja inn lyf án þess einkaumboðskerfis sem nú er í gildi.

Þá er þess einnig að geta að ég á von á og átti reyndar von á því að vera búinn að fá tillögur frá nefnd sem ég skipaði til þess að endurskoða lög um lyfsölu. Ég er ekki búinn að fá þær enn en á von á að fá þær innan mjög skamms tíma. Þar mun nefndin leggja til þrjár aðferðir til þess að auka frjálsræði í lyfjaverslun og lækka álagningu. Þar að auki hafa forsvarsmenn Apótekarafélags Íslands komið að máli við mig og lagt fram hugmyndir sínar um aðgerðir sem þeir sjálfir eru tilbúnir til að standa að verði því kerfi sem við búum við í lyfjaverslun ekki breytt. Þar er um að ræða mjög athyglisverðar hugmyndir og tilboð sem fela m.a. í sér enn frekari lækkun álagningar og enn frekari afslætti en gefnir hafa verið. Það virðast því vera að skapast nýir möguleikar, meira að segja innan óbreytts kerfis, m.a. vegna þess árangurs sem við höfum náð með þeim breytingum sem gerðar hafa verið og vegna þess að mönnum er ljóst að mjög miklar breytingar á lyfjaversluninni eru í aðsigi eftir skamman tíma.

Einnig var nokkuð rætt um tannlæknamálin. Ég skal reyna að gefa þær upplýsingar sem ég get um þau á þessari stundu. Það er fyrst um þau að segja, sem menn auðvitað vita, að í gildandi lögum er gert ráð

fyrir því að fólk sem fer í tannréttingar geti fengið ákveðinn hluta kostnaðar endurgreiddan af hinu opinbera. Ekki hefur tekist að tryggja þessu fólki rétt sinn sakir þess að tannréttingalæknar hafa hingað til neitað að leggja fram hjá Tryggingastofnun ríkisins þær upplýsingar um unnin verk sem gera það að verkum að hægt sé að koma endurgreiðslukröfunni fram. Fjölmargir sjúklingar sem hafa verið til meðferðar hjá tannréttingalæknum eða ættu að hafa hafið þá meðferð hafa ekki getað komið endurgreiðslukröfu sinni fram á þessu ári. Því má segja að það séu verulegar fjárupphæðir sem ættu að hafa fallið á ríkissjóð á þessu ári eða sjúkratryggingarnar vegna tannréttinga sem ekki eru komnar fram. Þær bíða í kerfinu vegna þess að fólk, sem á rétt samkvæmt lögum til að fá þessar greiðslur, hefur lagt út fyrir þeim en ekki fengið þær endurgreiddar. Þarna má því segja að séu útgjöld sem hefðu átt að koma fram á þessu ári en koma ekki fram fyrr en síðar.

Í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir því að á þessu sé tekið. Nú eru ýmsar líkur á því að það geti gengið hraðar og fyrr en ég átti e.t.v. von á því að mér var sagt í kvöld að tannréttingalæknar hafi látið af andstöðu sinni við að ganga frá reikningum með þeim hætti sem þeir eiga að gera til þess að fólk komi endurkröfurétti sínum fram. Mér er einnig tjáð að þeir hafi gengið á fund landlæknis og sagt landlækni það núna síðdegis að þeir muni virða allar ákvarðanir og fyrirmæli sem kjarasamningurinn, sem raunar er ekki í gildi í dag, og reglugerð og lög gerðu ráð fyrir og þau fyrirmæli sem fyrrv. heilbrrh. gaf í sambandi við gerð eyðublaðs og fleira sem þeir eiga að útfylla. Ég veit því ekki betur en endurgreiðslur geti nú farið að hefjast og þessari deilu sé vonandi lokið að mestu eða öllu leyti. Mér er sagt að þegar séu farnir að berast eðlilegir og löglegir reikningar til Tryggingastofnunar ríkisins, hafi borist í dag, þannig að þessar endurgreiðslur geta farið fram. Hitt er að sjálfsögðu ljóst að þetta þýðir að fólk sem á lagalegan rétt á endurgreiðslum vegna verks sem búið er að vinna mun ekki nema að takmörkuðu leyti geta náð fram rétti sínum á þessu ári. Kostnaður af þeim ástæðum mun hins vegar falla á næsta ár þannig að sá sparnaður sem er ráðgerður í frv. mun ekki lækka kostnaðinn á næsta ári þegar tillit er tekið til þeirra fjárkrafna á ríkissjóð sem munu nú koma fram frá því fólki sem á lagalegan rétt á endurgreiðslu. Hins vegar munu þessar aðgerðir að sjálfsögðu verða til þess að lækka og draga úr útgjöldum vegna tannlæknakostnaðar sem ella mundi þurfa eða hafa þurft að leggja í að óbreyttum lögum. Áætlanir og áform um það hafa ekki breyst.

Spurt var um hvort mæðra- og ungbarnaeftirlit sé undanþegið gjaldtöku á heilsugæslustöðvum. Sérstakt ákvæði er í reglugerðinni, sem var gefin út fyrir tveimur dögum, þar sem það er skýrt tekið fram.

Þá var spurt um annan viðbótarkostnað sjúkratryggginga. Ég var búinn að skýra 300 millj. af þeim 600 millj. sem bætast á sjúkratryggingarnar í frv. þessu um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Skýringin á því að þar koma 300 millj. kr. til viðbótar er sú að upplýsingar bárust um það, að mig minnir 5. des., frá Tryggingastofnun ríkisins að ákveðnir kostnaðarliðir á þessu ári hefðu farið langt fram úr þeim áætlunum sem menn höfðu gert. Einkum og sér lagi var þar um að ræða tvo kostnaðarliði. Annars vegar kostnað vegna hjálpartækjakaupa. Sá kostnaður virðist vaxa í stórum fjárhæðum ár frá ári. Hinn kostnaðarþátturinn var vegna röntgengreiningar á sjúkrahúsum. Sá kostnaður er í nóvemberlok, svo að maður taki dæmi af ríkisspítölum, 80% meiri en hann var á öllu árinu í fyrra. Auðvitað þarf að skoða þau mál vegna þess að þetta hlýtur að hafa þau áhrif að sértekjur spítalans hafi hækkað að sama skapi og er ástæða til þess að skoða hvort verið getur að menn séu með þessum hætti að afla sér viðbótarsértekna til ráðstöfunar t.d. til tækjakaupa á vegum sjúkrahúsa þegar menn þurfa að lifa við mjög þröngar fjárveitingar eins og ákveðið var af fyrrv. þingmeirihluta í fjárlögum ársins 1991.

Virðulegi forseti. Þetta eru örfá svör við þeim spurningum sem fram hafa komið og mér er ljúft að gefa þau. Ég held að hyggilegra væri að leita þeirra svara utan ræðustóls því að ég er fús að gefa þingmönnum þær upplýsingar sem við höfum án þess að þurfa að tefja afgreiðslutíma þingsins með ræðum úr ræðustól þingsins.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh., og misnota þannig andsvarstímann, fyrir þau svör sem hann gaf. Enn fremur benda á að það féllu þarna í ræðu hans 150 millj. sem fjmrn. segir í sinni greinargerð að sé hin mesta ósvinna að þurfi að gefa eftir. Það er bersýnilegt að þessi ræðustóll kostaði ríkissjóð 150 millj. að mati fjmrn. samkvæmt þeirri greinargerð sem þar liggur fyrir. Í ræðu sem ég flutti hér fyrr í dag spurði ég eftir því hvernig hæstv. heilbr.- og trmrh. hugsaði sér að spara á lífeyristryggingunum upp á 250 millj. kr., ef ég man rétt, hvort það er með stóraukinni tekjutengingu sem Alþfl. var á móti í síðustu ríkisstjórn. Mér þætti vænt um ef ráðherrann sæi af svo sem hálfri mínútu til þess að svara þessari spurningu líka.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt að í ræðu minni áðan hafi skapast tilefni til viðbótarútgjalda fyrir ríkissjóð upp á 150 millj. einfaldlega vegna þess að um er að ræða endurgreiðslurétt sem fólk á samkvæmt lögum. Það hefði ekki staðist stjórnarskrá að fella afturvirkt úr gildi réttindi. Þetta eru réttindi sem fólkið á, að fá greitt úr ríkissjóði ef það framvísar réttum reikningum frá tannlæknum, og frá því máli verður ekkert hlaupið. Það er því ekki rétt að ræða mín hafi verið ákvörðun um viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð að fjárhæð 150 millj. kr.

Um ellilífeyrinn er það að segja að við erum að athuga þar útfærslu eftir þremur leiðum. Auðvitað er um að ræða lækkun á bótum. Menn geta hugsað sér að gera það annaðhvort með breytingu á bótakerfinu, en

þar koma mjög margar leiðir til greina eða, eins og hv. þm. sagði, með atvinnutekna- eða teknaskerðingu eða með eignaskerðingu. Við erum að skoða þessi mál. Af minni hálfu verður gert allt sem hægt er til að leggja fyrir þingið frv. um þessi mál áður en 3. umr. fjárlaga fer fram.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fróðlegt verður að sjá þær tillögur og hvernig þær munu birtast. Það er einfaldlega rétt að frá sjónarmiði fjmrn. kostaði næst síðasta ræða heilbrrh. 150 millj. því að í greinargerð fjmrn. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum segir svo, með leyfi forseta:

„Að áliti fjmrn. munu umræddar 150 millj. kr. ekki sparast nema fallið verði frá bráðabirgðaákvæði því sem er að finna aftast í frv. þessu, enda var ekki gert ráð fyrir því ákvæði þegar fjárlagafrv. var samið."

Það er augljóst mál að þessi ræðuferð kostaði um 150 millj. sem er auðvitað lítið miðað við ræðu félmrh. fyrr í dag sem kostaði 400 millj.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil, eins og hv. 9. þm. Reykv., þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir sín svör hér áðan. Mín athugasemd er við fyrri ræðu ráðherrans og það eru kannski fyrst og fremst spurningar. Svar sem hæstv. ráðherra gefur hv. þm. Svavari Getssyni á þskj. 191, þar sem hann spyrst fyrir um uppbætur á lífeyri, er því miður ógreinilegt af þeirri ástæðu að í heimildarbótunum 3. mgr. 19. gr. laganna eru tíndir til þeir bótaþegar sem fá greiðslur. Það segir í raun ekkert um hvort útgjöldin hafi aukist. Bótaþegum hefur auðvitað ekki fjölgað. Þetta eru fyrst og fremst bótaþegar sem hafa fengið hækkun vegna aukins lyfjakostnaðar og það er það sem þarf að hafa í huga.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig skýrir hann það að hlutdeild einstaklings í lyfjakostnaði frá því í júní á þessu ári hefur lækkað úr um það bil 38% niður í 25% sem er reyndar staðreynd. Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Á grundvelli hvaða reglna hyggst hann nú endurgreiða tannréttingar þar sem tannréttingasérfræðingar hafa látið af sinni andstöðu? Spurningin er sú, hvort eru það reglurnar sem ekki náðist samkomulag um sem endurgreitt verður eftir eða fyrri reglur. Það getur auðvitað skipt sköpum fyrir útgjöldin hvor leiðin verður valin. Það er rétt sem fram kom að verði ekki fallið frá þessu bráðabirgðaákvæði sem í bandorminum er þá munu þessi útgjaldatilefni myndast sem hv. þm. Svavar Gestssonar hefur minnst á. En það er loforð fyrri ráðherra, fyrri formanns tryggingaráðs, núv. formanns tryggingaráðs og ítrekaðar yfirlýsingar núv. hæstv. heilbrrh. að þetta skuli endurgreitt og auðvitað verður við það að standa.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir orð hv. 11. þm. Reykv. eins og hann lýsti þessu tannréttingauppgjörsmáli í lok ræðu sinnar. Búið að tilkynna þeim sjúklingum, sem leita þessarar læknishjálpar eða eiga rétt á að leita læknishjálpar, bæði af heilbrrn. og Tryggingastofnun hvaða endurkröfurétt þetta fólk hefur. Það væri ekki hægt, jafnvel þótt það væri talið skynsamlegt, að rjúfa þau heit. Það er einfaldlega ekki hægt því að fólkið á þessa kröfu hvort sem menn eru viljugir til að standa við yfirlýsingarnar eða ekki. Það er kjarni málsins. Engu breytir hvað ég segi um það mál úr þessum ræðustól. Samkvæmt auglýsingum Tryggingastofnunar og heilbrrn. á fólkið þennan rétt.

Í annan stað spurði hv. þm. eftir hvaða reglum ég hygðist endurgreiða nú. Sé það rétt, sem mér var tjáð nú síðdegis, að tannréttingalæknar hafi látið af andstöðu sinni tel ég að þeir séu þar með að tilkynna að þeir ætli sér að gangast undir þann samning sem stéttarfélag þeirra hafði gert um endurgreiðslu fyrir tannréttingar og öll þau ákvæði sem í þeim samningi eru. Hann sé því í gildi fyrir þá eins og aðra tannlækna fram til marsloka. Ég hef sagt þeim samningi upp. Honum lýkur eða gildistíma hans lýkur í marslok. Ég get ekki gefið fullnægjandi svar um þetta nú því að ég á eftir að kynna mér betur hvers eðlis afstaða tannréttingalæknanna er. Ef hún er svona eru það náttúrlega ákvæðin í samningnum sem gilda.

Í annan stað og að lokum, virðulegi forseti, er það rétt að ekki kemur annað fram í svari Tryggingastofnunar ríkisins en það að heimildarbótaþegum hefur ekki fjölgað eins og menn voru að segja að verið gæti og þó að það komi ekki fram í svarinu get ég upplýst það hér að fjárhæð heimildarbótagreiðslna hefur heldur ekki hækkað umfram það sem eðlilegt getur talist þrátt fyrir lyfjareglugerðina.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Eins og frægt er átti hæstv. ríkisstjórn Íslands vökunótt. Þar gerðust svo margir sérstæðir hlutir og fór af stað svo mikið rugl að margir af stjórnarþingmönnum hafa haft fullt að gera síðan við að reyna að snúa ofan af því sem þá var samþykkt.

Nú hefur það gerst í kvöld að hið sama ástand er að skapast í ríkisstjórninni, að misvísandi yfirlýsingar hafa gengið. Ég vil ekki, vegna þess að mér er vel við marga hv. stjórnarþingmenn, skapa þeim þá vinnu sem af því gæti hlotist ef þeir þyrftu að fara að leiðrétta margar stórar yfirlýsingar á næstu dögum sem gætu komið í framhaldi af vöku hæstv. ríkisstjórnar. Þess vegna hef ég ákveðið að falla frá orðinu en ég var hér á mælendaskrá.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virulegi forseti. Það hefur gerst hér í kvöld að tveir hæstv. ráðherrar núv. ríkisstjórnar hafa gefið yfirlýsingar sem ganga þvert hvor á aðra og þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að úr því sé skorið hvor hafi þar rétt fyrir sér hefur ekkert fengist upp.

Það sem gerðist og ég sá út undan mér var að hæstv. forsrh. fór með viðkomandi ráðherra í hliðarherbergi og þeir hafa ekki sést síðan. Ég held að þetta sé fullkomin ástæða til að hér sé rætt um þingsköp og

ég held meira að segja, virðulegi forseti, að það hljóti hæstv. forsrh. að skilja. Ég beini því til hæstv. forsrh. að hann geri hreint fyrir dyrum ríkisstjórnarinnar og úr því verði skorið hvor fór með rétt mál varðandi innflutning á mjólkurdufti, hæstv. landbrh. eða hæstv. viðskrh.

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að um er að ræða málefni sem er til umfjöllunar í brtt. meiri hluta fjvn., í lið 105. Það er algjörlega óviðunandi að við höldum þessari umræðu áfram öðruvísi en að hæstv. forsrh. komi annaðhvort með yfirlýsingu sjálfur eða sjái til þess að viðkomandi ráðherrar geri hreint fyrir sínum dyrum.

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Stefnurit hæstv. ríkisstjórnar er kallað hvítbók. Það frv. sem hér er til umræðu sýnir betur en flest annað hvað sú nafngift er fráleit. Nær hefði verið að binda það ritverk í mórautt því að stefnan sem birtist í fjárlagafrv. er líkari Móra aftan úr öldum en nútímanum.

Það var tíðkanlegt á öldum áður og háttur stórbokka og valdamanna að plaga sem verða mátti alþýðu manna. Ekki verður annað séð en að núverandi stjórnvöld ætli sér svipaða hluti. Kjörorð þeirra, velferð á varanlegum grunni, er líkast til dulnefni fyrir stefnu er kallast velferð og völd til fárra. Á seinni tímum hefur það ekki tíðkast að höggva vegna þess að einhver liggur vel við höggi. Nú eru þeir siðir upp teknir að nýju. Sækja skal t.d. hundruð milljóna í vasa þeirra sem leita þurfa læknishjálpar og nota þurfa lyf. Ein af þeim illu skattheimtum sem á döfinni eru hjá ríkisstjórninni eru þær 500 millj. sem sækja á til barnafólks. Barnabætur og barnabótaauki hafa í raun gegnt hlutverki sínu allvel, því hlutverki að létta nokkuð undir með barnafólki, að ógleymdum skólagjöldum og svo mætti áfram telja. Annars er það svolítið sérkennilegt og broslegt að allar þær auknu álögur sem þessi ríkisstjórn beitir sér fyrir á allan almenning í landinu mega ekki heita skattar heldur sértekjur, þjónustugjöld o.s.frv.

Eitt af loforðum frá síðustu kosningum var að hækka ekki skatta, helst lækka. Þvílíkur tepruskapur. Allt er þetta gert undir því fororði að öll þjóðin þurfi að taka á til að komast út úr þeim vanda er ríkissjóður á í. Mikið rétt. Það hefur sýnt sig að það þarf ekki að efa að þjóðin er reiðubúin til að vinna sig út úr þessum vanda sem öðrum ef byrðinni er dreift á réttlátan hátt, þeir beri meira sem meira mega sín, og ef haft er samráð og samvinna við hagsmunaaðila við úrlausn þeirra mála sem þá varða og ríkisvaldið stendur við gerða samninga. Það er brot á samningum að dreifa beinum greiðslum til bænda á 12 mánuði í stað 10. Þetta samningsbrot þýðir í raun að bændur fá hátt í 20% af launum ársins 1992 á árinu 1993. Þessi frestun er náttúrlega fádæma ósvífni. Laun hafa haft og eiga að hafa ákveðinn forgang. Það er næsta víst að hvaða stétt sem er teldi slíkt fyrirkomulag óviðunandi þótt bændur séu ýmsu vanir í þeim efnum. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, formaður fjárln., fór yfir það í gær í sinni ræðu að ekki gæti talist tilætlunarsemi að menn færu að lögum. Þar er ég hjartanlega sammála hv. þm.

Hér ætla ég aðeins að koma inn á þennan búvörusamning sem var gerður í vor á milli ríkisvaldsins og Stéttarsambands bænda og grípa hér niður í lið 5.2 um greiðslur ríkissjóðs, með leyfi forseta. Þar segir í lið 5.2.1 í 2. mgr.:

„Tilhögun beinna greiðslna skal tryggja framleiðendum áþekka fjármögnun og verið hefur. Fullnaðaruppgjör til framleiðenda fari fram ekki síðar en 15. des. þar sem tekið verði tillit til gæðaflokkunar framleiðslunnar. Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega. Greiddar verði fastar mánaðarlegar upphæðir frá 1. mars, í fyrsta sinn 1. mars 1992."

Til viðbótar má benda á að í sjálfu sér er refsiákvæði fyrir bændur í þessum sama lið, að „heimilt er að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef framleiðandi verður uppvís að ólöglegri sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé". Það er ekkert refsiákvæði fyrir stjórnvöld ef þau standa ekki við sitt. Líklega hafa menn staðið í þeirri barnalegu trú að þau mundu kannski standa við gerðan samning.

Borin var upp fyrirspurn til hæstv. landbrh. 3. des. 1991. Mig langar til að vitna í hana, með leyfi forseta. Þar spyr Jón Helgason hæstv. landbrh. hvenær hann ætli að leggja fram „frv. með nauðsynlegum lagabreytingum til að ríkisstjórnin geti staðið við búvörusamninginn sem gerður var fyrr á þessu ári við Stéttarsamband bænda. Samkvæmt samningnum eiga bændur að byrja að fá beinar greiðslur úr ríkissjóði í stað niðurgreiðslna á búvöru fljótlega eftir áramót, en engin lagaákvæði eru fyrir hendi um það enn þá. Hæstv. núv. landbrh. hefur þegar samið við bændur um stórfelldan niðurskurð á sauðfé í samræmi við ákvæði samningsins. Þá er spurningin: Er ljóst hvaða afleiðingar það hefði í för með sér fyrir bændur og ríkissjóð ef ekki væri unnt að standa við framhald hans?" Hæstv. landbrh. svarar á þessa leið:

„Í búvörusamningi eru mörg lögfræðileg álitaefni sem nauðsynlegt var að athuga rækilega og ýmis önnur flókin atriði sem ekki hafði verið hugsað fyrir við gerð búvörusamnings. Þess vegna tók samning frv. lengri tíma en ég hafði ætlað. Það liggur hins vegar fyrir í þeirri gerð sem gengið hefur verið frá því í landbrn. en er til athugunar í ríkisstjórninni. Ég geri mér vonir um að hægt verði að leggja það fram nú fyrir jól, en það á ekki að verða til þess að torvelda að staðið verði við búvörusamninginn vegna þess að unnt er að hefja smíði reglugerðar þegar í stað þegar tími vinnst til."

Þessi fyrirspurn er lögð fyrir ráðherra 3. des. 1991 og það vekur athygli að fullyrt er að staðið verði við þennan búvörusamning svo að það er ýmislegt sem hefur gerst á þessu umrædda næturfundi.

Það er svolítið sérstakt að ekki hefur verið lagt fram frv. til laga með nauðsynlegum lagabreytingum til þess að hægt sé að hefja þessar beinu greiðslur þegar byrjað er að ráðast að þeirri aðgerð.

Nokkur orð vil ég hafa til viðbótar út af hugleið-

ingum um þá stöðu sem bændur eru í hvað snertir niðurgreiðslu á ull. Hér var stofnað nýtt ullarfyrirtæki, Ístex, og það getur engan samning gert við umboðsmenn um kaup á ull af bændum af því að það hefur engan samning til að gera. Ekki hefur verið samið við þetta fyrirtæki. Þetta er stór hluti af verðlagsgrundvellinum þannig að það kemur sér til viðbótar ákaflega illa að svona sé að verki staðið.

Í þessum tillögum til niðurskurðar eru sértækar aðgerðir sem beinast að tveimur framleiðslugreinum sem báðar hafa mátt þola mikla tekjurýrnun vegna skerðingar á kvóta. Þar á ég við sjómenn sem hafa sætt samdrætti í veiðum og bændur sem búa við stöðugt minnkandi framleiðslurétt.

Það sem stendur upp úr í stefnu hæstv. ríkisstjórnar er að aðgerðir hennar skulu beinast sem harðast að landsbyggðinni og svo auðvitað þeim sem vel liggja við höggi.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram í sambandi við búvörusamning að það er vitaskuld rétt að eins og tillögur liggja fyrir er gert ráð fyrir að fresta tveimur greiðslum fram yfir áramót 1992 og auðvitað er það rétt að það er ekki í samræmi við búvörusamninginn. Hins vegar er fullmikið að segja að hann sé brotinn á bak aftur. Ég hef gert formanni sauðfjárbænda og formanni Stéttarsambands bænda grein fyrir þessum tillögum og þeim rökum sem liggja á bak við þær og jafnframt höfum við stefnt að því eftir áramót að hittast til þess að reyna að glöggva okkur á því hvernig staðið verði að beinum greiðslum til bænda, en beina leiðbeiningu um það er ekki að finna í sjálfum búvörusamningnum eins og hann liggur fyrir prentaður.

Í annan stað tek ég alveg skýrt fram vegna mikilla umræðna út af stuttri ræðu áðan að þegar ég sagði að ekki hefði verið rætt um innflutning á mjólkurdufti var ég beinlínis að tala um þá ákvörðun sem nú er tekin um að taka upp jöfnunargjald á sælgæti og í tengslum við það var ekki rætt um innflutning á mjólkurdufti. Á hinn bóginn hygg ég að bæði í þessari ríkisstjórn og hinni síðustu hafi verið rætt um þá samninga sem við höfum staðið í í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði og einnig hefur verið rætt ítarlega um GATT-samningana. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir Íslendinga að gera sér grein fyrir með hvaða hætti þeir vilji standa að jöfnunargjöldum ef og þegar til meiri innflutnings á landbúnaðarvörum kemur en nú er.

Ég vil í þessu sambandi taka fram að þó að tækist í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði að ná því fram að ekki yrði leyfður innflutningur á Smjörva og Léttu og laggóðu litu þau mál ekki allt of vel út við stjórnarskiptin. Eins er það nú í GATT-samningunum að fyrirsjáanlegt virðist vera að einhver opnun verður á innflutningi á landbúnaðarvörum og þá er auðvitað nauðsynlegt að fara að huga að því hvernig rétt sé að standa að jöfnunargjöldum eða þá tollum. Nefnd er að vinna að þessu á vegum ríkisstjórnarinnar, að reyna að glöggva sig á þessum atriðum og afla upplýsinga erlendis frá um hvernig staðið sé að þessum málum. Ég taldi á hinn bóginn að umræðan hefði einungis snúist um þann þátt þessara mála sem beinlínis snýr að sjálfum fjárlögunum og óhjákvæmilegt er að skilja ummæli mín þeim þrönga skilningi. (Gripið fram í.) Ég hef áður, a.m.k. í viðræðum við bændur, þrásinnis rætt erfiðleikana við það að koma við jöfnunargjöldum og það er meira að segja svo að reynt hefur verið að meta hver fjarlægðarvernd okkar Íslendinga er, t.d. í sambandi við grænmeti, þannig að öll þessi mál hafa vitaskuld komið meira og minna til umræðu og er ástæðulaust að draga einhverjar rangar ályktanir af því. Þetta eru einungis hluti af því umhverfi sem við lifum nú í, að þjóðirnar eru að ýta burt þröskuldum í viðskiptum landa á milli með landbúnaðarvörur, hafa verið að því, og þessi mál eru búin að vera hér í umræðum lengi og öllum flötum í þeim verið velt upp.

Ég ítreka að í tengslum við þá fjárlagaafgreiðslu sem nú er, þegar ákveðið var að taka upp jöfnunargjald á sælgæti, var ekki rætt um almennan innflutning á mjólkurdufti.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér flutti hæstv. landbrh. afar sérstaka ræðu og þar tel ég mig reyndar taka vægt til orða. Þar hrærði hann öllu saman, GATT-samningunum sem ekki hafa verið gerðir, búvörusamningunum og búvörulögunum sem eru það sem er í gildi núna og ber að fara eftir og hæstv. landbrh. ber að framfylgja.

Ég vil líka vekja athygli á því að hann sagði: Þó að takist að ná því fram í viðræðum um EES að koma í veg fyrir innflutning á Smjörva og Léttu og laggóðu. Þetta stangast algerlega á við þær fréttir sem hæstv. utanrrh. og aðrir hæstv. ráðherrar núv. ríkisstjórnar færðu okkur er þeir komu og sögðu að búið væri að ganga frá samningi um EES og m.a. þannig að ekki væri leyfður innflutningur á búvörum. Ég býst við því að á næstu dögum eigum við eftir hafa langa umræðu um GATT-samningana og þá er ég tilbúinn til þess að ræða við hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar um hvað kynni að felast í þeim. En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að í dag er ekkert í gildi um innflutning búvara annað en búvörulögin frá 1985 og sá búvörusamningur sem nú er í gildi. Það eru þau ákvæði sem hæstv. landbrh. ber að framfylgja og hæstv. ráðherra getur á engan hátt drepið málinu á dreif með tilvitnun í alþjóðasamning um tollamál sem e.t.v. verður einhvern tíma gerður.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er öldungis rétt skilið hjá hv. þm. að óhjákvæmilegt er að ræða þessi mál í heild og ekki hægt að taka einn lið út úr.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ræða landbrh., varðandi það atriði sem hefur verið til umræðu í kvöld, vera alveg skýr. Hæstv. landbrh. staðfesti um það mál sem ég tók til umræðu, þ.e. 100 millj. kr. afnám á niðurgreiðslum á mjólkurdufti og mótmæli iðnrekenda við

þeirri ákvörðun, að það hefði ekki verið rætt í ríkisstjórninni í tengslum við þá ákvörðun að heimila innflutning á mjólkurdufti. Það er því alveg ljóst að ítrekuð lýsing hæstv. viðskrh. í umræðunum er röng. Er nú illt í efni að Alþfl. skuli vera á neyðarþingflokksfundi kl. 3 að nóttu til, lokaður inni, gervallur Alþfl., búinn að vera í þrjú korter í þingflokksherberginu. Veit nú enginn hver vegur annan á þeim fundi en hér hefur ekki sést alþýðuflokksmaður í salnum hátt í klukkustund. Það er alveg ljóst að í þessum efnum tók hæstv. landbrh. af skarið þótt hann kysi svo af einhverjum diplómatískum ástæðum, kannski af tillitssemi við forsrh., að fara út um víðan völl með algerlega óskyld mál sem tilheyra í framtíðinni.

Hitt er óljósara hjá hæstv. landbrh. hvernig hann ætlar að fara með brotið á búvörusamningnum varðandi beinar greiðslur til bænda. Mér heyrðist hann segja að hann ætlaði að taka upp viðræður við forsvarsmenn bændasamtakanna eftir áramót. Það dugir engan veginn, hæstv. landbrh. Niðurstaða þarf að fást í viðræðum við bændasamtökin áður en þessi tillaga kemur til atkvæða á Alþingi með nákvæmlega sama hætti og félmrh. hefur hafið viðræður við sveitarfélögin um það sem að þeim snýr. Það er því krafa okkar að hæstv. landbrh. skili niðurstöðum í viðræðum sínum við bændasamtökin um þetti atriði áður en greitt verður atkvæði um það á Alþingi.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fullt samkomulag milli mín og bændasamtakanna um að við tökum okkur góðan tíma til þess að undirbúa framkvæmd búvörusamningsins eftir áramót. Í því felst að sjálfsögðu ekki samþykki þeirra við því að þeim greiðslum sé frestað fram yfir áramótin 1992. Ég vil ekki að neinn maður skilji orð mín svo. En það er rétt sem hér var rifjað upp áðan að ýmis atriði í tengslum við búvörusamninginn eru flóknari en virðist í fljótu hasti og það er ástæðan fyrir því að þetta mál hefur dregist.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh sagði hér áðan að það væri ekki í samræmi við búvörusamninginn að fresta greiðslum til bænda um tvo mánuði en hins vegar væri ekki verið að brjóta hann á bak aftur. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvað hann telji að þetta eigi að heita. Ég held það hljóti að heita samningsbrot. Ég vil þá spyrja hann í leiðinni hvað hann telji sérstaklega réttlæta það að þessi eina stétt skuli sæta slíkri frestun á samningsbundnum greiðslum og hvort e.t.v. megi eiga von á því að fleiri stéttir í þjóðfélaginu fái sams konar meðhöndlun. Ef svo er ekki, að þess megi ekki vænta að fleiri stéttir fái slíka meðhöndlun, hvernig réttlætir hann það gagnvart bændasamtökunum að bændur séu með þessum hætti sérstaklega teknir út úr?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að réttlæta eitt né neitt. Það sem ég sagði áðan var að efnahagsástæður hljóta að koma misþungt niður á þorra landsmanna og vitaskuld er rétt að þetta var hvorki auðveld né skemmtileg ákvörðun. Á hinn bóginn veit ég að hv. þm. skilur það jafn vel og ég að nauðsynlegt er, eins og nú standa sakir, að herða að ríkissjóði á öllum sviðum og sem mest í von um að með þeim hætti takist að ná raunvöxtum verulega niður á næsta ári sem auðvitað mun létta verulega á bændastéttinni. Ég held að okkur báðum sé það jafnljóst að einmitt fyrir þann atvinnurekstur, sauðfjárbúskapinn, kemur sér betur en flest annað að hægt sé að halda vöxtum niðri.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Við höfum óskað eftir því, bæði hér í ræðustól og eins á fundum með formönnum þingflokka og forsetum, að til þess að greiða fyrir lokum þessarar umræðu svari þeir hæstv. ráðherrar, sem hér hafa verið spurðir, áður en einstakir þingmenn sem til þeirra hafa beint spurningum fara að tala á nýjan leik. Ég vil nefna það t.d. að hæstv. menntmrh. hefur verið spurður ýmissa spurninga. (**Menntmrh.**: Hann er búinn að biðja um orðið.) Það er ánægjulegt. Ég vil nefna að hæstv. félmrh. var spurður margra spurninga. Hæstv. félmrh. hefur ekki enn beðið um orðið en það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. félmrh. svari því sem til hennar hefur verið beint.

Ég vil einnig vekja athygli hæstv. samgrh. á því að samgrh. hefur ekki svarað þeim spurningum sem til hans var beint þótt landbrh. hafi verið að gera tilraunir til þess áðan. Hæstv. samgrh. á eftir að svara þeim spurningum sem til hans var beint og væntanlega gerir hæstv. samgrh. það vegna þess að það voru mjög alvarlegar spurningar sem til hans var beint.

Ég vil einnig vekja athygli á því að ég beindi nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. og ég vænti þess að hæstv. forsrh. svari þeim einnig. Við höfum áhuga á því að ljúka þessari umræðu á skikkanlegum tíma. En við ítrekum rétt okkar og ósk að hæstv. ráðherrar svari og ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hann veitti hér. Þau voru skýr, þjónuðu því að umræðan gæti haldið áfram. Ég vil jafnframt þakka hæstv. landbrh. fyrir tilraun hans til þess að veita svör hér áðan. Það hefur komið í ljós að þetta er hægt, virðulegi forseti, að ráðherrar taki þátt í umræðunni með eðlilegum hætti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Vegna þessara orða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vil ég taka fram að ég ætlaði ekki að koma mér undan því að svara spurningum sem til mín hafði verið beint. En ég hafði hugsað mér að ráða því sjálfur hvenær ég talaði. Mér þótti ekki óeðlilegt að ég biði þangað til líða færi á umræðuna en hafði ekki fylgst nægjanlega vel með hversu margir væru eftir á mælendaskrá. Ég vona að þessi skýring nægi.

Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum, auk þess sem ýmislegt hefur verið sagt hér sem gefur tilefni til þess að tjá sig, en ég ætla að reyna að stytta

mál mitt þar sem mjög er liðið á nóttina. Við eigum eina umræðu eftir og getum þá talað á heppilegri tíma sólarhringsins en núna.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umtalsefni þann flata niðurskurð sem talað er um að eigi sér stað og verður væntanlega um 455 millj. í menntmrn. Hv. þm. spurði hvernig ætti að koma þessum niðurskurði fyrir. Hv. þm. er það kunnugur í menntmrn. að hann veit auðvitað að ég get ekki svarað þessari spurningu í smáatriðum á þessari stundu. Að sjálfsögðu verður farið í það nú þegar í ráðuneytinu að kanna hvar og hvernig megi koma þessu fyrir. Alveg er ljóst að það verður erfitt mál og það er líka alveg ljóst að mest af þessu hlýtur að verða á haustmissiri 1992. Þannig er auðvitað búið að skipuleggja skólastarfið á þessu skólaári. Ég vil aðeins nefna að það hlýtur að verða athugað hvort og þá hve mikið er unnt að draga úr kennslu og þá er ég sérstaklega að tala um grunnskólann. Á framhaldsskólastigi hlýtur að verða athugað hvort hægt er að draga úr námsframboði. Ég nefni þar sérstaklega ýmsar valgreinar sem nú er gefinn kostur á, sérhæft nám og fleira. Auðvitað verður athugað líka hvort hægt er að draga eitthvað saman í vikulegum kennslustundafjölda, skoða þar viðmiðunarstundaskrá. Ræða þarf við stjórnendur skólanna. Það þarf að ræða sérstaklega við háskólastigið. Sparnaði hlýtur að vera hægt að koma við að einhverju leyti á fyrri hluta árs 1992 en höfuðþunginn hlýtur að koma á haustið. En ýmsa viðspyrnu má vafalaust hafa og það munum við að sjálfsögðu reyna.

Hv. þm. spurði hvort fræðsluskrifstofurnar yrðu sérstaklega teknar fyrir og skornar niður. Engar sérstakar aðgerðir eru fyrirhugaðar þar. Þingmaðurinn spurði sérstaklega um Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Ég svara því svo að engar sérstakar aðgerðir eru á döfinni gagnvart henni og ég held að ég muni það rétt, án þess að ég hafi gögn hér við höndina, að Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur sé hlutfallslega best mönnuð af fræðsluskrifstofunum í landinu.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi um skólagjöldin á framhaldsskólastigi og vísaði til greinargerðar sem Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Sigurbjörn Magnússon hafa látið frá sér fara. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að þingmaðurinn sagði að óheimilt væri að innheimta skólagjöld á framhaldsskólastigi. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að þingmaðurinn hafi orðað þetta svo. Það er einfaldlega rangt hjá hv. þm. að óheimilt sé að innheimta skólagjöld og ekki er hægt að lesa það út úr greinargerð þeirra Gísla Gunnlaugssonar og Sigurbjörns Magnússonar. Það segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í þessari álitsgerð:

„Samkvæmt framhaldsskólalögum hafa skólanefndir heimild til að ákveða upphæð gjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Í 8. gr. laganna er ekki um tæmandi talningu að ræða á gjöldum þessum."

Í sjálfu sér kemur ekkert nýtt fram í þessari álitsgerð. Við höfum fleiri álitsgerðir við að styðjast. Hér segir áfram:

„Ákvæði framhaldsskólalaganna sem fjalla um rekstur skólanna gera ráð fyrir að ríkissjóður greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna og girða fyrir að nemendum sé með þessum hætti gert að greiða launakostnað."

Það hefur alltaf verið vitað að óheimilt væri að innheimta skólagjöld til þess að greiða launakostnað. Og þeir segja hér áfram: „Og sömuleiðis virðist útilokað að láta nemendur greiða ótiltekinn rekstrarkostnað skólanna." Hins vegar hefur ekki verið sett reglugerð um þessi efni þannig að það hefur ekki verið skilgreint í reglugerð hvað það er sem innheimta má með skólagjöldum til þess að greiða hluta rekstrarkostnaðar skólanna. Hér segir enn áfram:

„Heimildin til handa skólanefndum, sem vissulega er fyrir hendi, virðist eingöngu ná til sérgreinds rekstrarkostnaðar skólanna enda geri skólanefnd grein fyrir því hvaða kostnaðarliði um er að ræða hverju sinni og þeir falli undir upptalningu 8. gr. eða séu sambærilegir við þá liði sem þar eru taldir."

Ég vil í þessu sambandi vísa til annarrar greinargerðar sem til er í menntmrn. og er dags. 14. jan. 1991 og er frá Arnmundi Backman hæstaréttarlögmanni. Fyrir hann voru lagðar af ráðuneytisins hálfu ákveðnar spurningar. Þær voru þessar: Er það ótvírætt skylda nemenda í framhaldsskólum að greiða skólagjöld sbr. lög um framhaldsskóla nr. 57/1988, með áorðnum breytingum? Hann svarar svo: „Ég tel að það sé ótvírætt skylda nemenda í framhaldsskólum að greiða skólagjöld." Hann fer síðan nokkrum orðum um þetta sem ég sé ekki ástæðu til að rekja nánar. Fleiri álitsgerðir eru svo sem til. Ég ætla ekki að eyða tíma í að fara í gegnum þær álitsgerðir. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt að þessi heimild er í lögunum og hún hefur verið notuð.

Ég hef spurt hv. þm. við annað tækifæri úr þessum ræðustól hvað hann hafi verið að gera í menntmrn. þegar skólagjöld voru innheimt í stórum stíl í fjölmörgum framhaldsskólum upp á milljónatugi króna. Ég finn ekkert í gögnum ráðuneytisins um að hann hafi mótmælt þeirri innheimtu, enda alveg ástæðulaust.

Í þessu sambandi vil ég nefna orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sem mælti fyrir brtt. á þskj. 258. Sú brtt. felur það í sér að tillögur í fjárlagafrv. um að innheimta skólagjöld, bæði á framhaldsskólastigi, háskólastigi og við öldungadeildir, verði felldar. Hvað þýðir þetta ef sú brtt. verður samþykkt? Það þýðir einfaldlega það að við stöndum í sömu sporum og í dag. Skólarnir hafa heimild samkvæmt gildandi lögum til þess að innheimta skólagjöld en það er ekkert þak sett á það eins og gert er með þessum tillögum í fjárlagafrv.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvað 4. liður í brtt. fjárln. þýddi. Það er lækkun á liðnum Byggingarframkvæmdir, fyrir 305 millj. koma 299,5 millj. Þetta þýðir lækkun á fyrstu fjárveitingu til nýs skóla í Reykjavík eins og kemur fram á þessu þskj. Sú fjárveiting er þá komin niður í 42,5 millj. Það má vel vera að sú fjárhæð sé of lítil en ég bendi á að hönnun þessa skóla er ekki hafin en það er enginn vafi á að það er

mikil þörf fyrir nýjan skóla í Reykjavík. Það er alveg vafalaust. En það standa yfir athuganir í ráðuneytinu um hvernig megi leysa þetta mál, og kannski með skjótari hætti en hefja byggingu nýs skóla næsta ári. Þær athugnir eru sem sagt þegar hafnar.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði einnig að umtalsefni Húsafriðunarsjóð sem fær hér nokkra hækkun í brtt. fjárln. Þar hefðu sjálfsagt allir þingmenn viljað sjá hærri upphæðir. Málefni Húsafriðunarsjóðsins eru líka til athugunar í ráðuneytinu. Þar er sérstakt erindi frá húsafriðunarnefnd þar sem greint er frá hinum brýnu viðfangsefnum sem Húsafriðunarsjóðurinn hefur með höndum og þar hafa þeir lagt fram ákveðna tillögu sem felur í sér lántöku upp á einar 60 millj. og er það líka sérstaklega til athugunar.

Ég gleymdi hér einu atriði í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar þar sem hann talaði um ályktanir eða eina ályktun af nokkrum frá aukafundi leiklistarráðs sem haldinn var þann 9. des. og beindist að Þjóðleikhúsinu. Það er vissulega rétt að fjárveitingin til Þjóðleikhússins, þótt hún hækki við brtt. fjárln. um 27,5 millj. kr., dugar ekki að mati stjórnenda Þjóðleikhússins. En það er nú einu sinni svo að Þjóðleikhúsið verður eins og aðrir við þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar að taka til hjá sér og draga saman seglin. Þegar eru hafnar viðræður við stjórnendur Þjóðleikhússins um það hvernig þetta megi verða.

Ég get ekki stillt mig um að nefna, fyrst hv. þm. Svavar Gestsson gerði ályktun leiklistarráðsins að umtalsefni, að ráðið bendir sérstaklega á að umtalsverður samdráttur hafi átt sér stað í fjárveitingum til þessara liða, þeir hafa verið taldir upp áður, á árunum 1990 og 1991 og nú sé mál að linni. En því miður þá treysti ég mér ekki í þessari þröngu stöðu að leggja til hærri fjárveitingar en þetta. Þarna var átt við starfsemi atvinnuleikhópa og til leiklistarráðs þannig ekki er verið að hæla fyrri ríkisstjórn í þessum ályktunum leiklistarráðs.

Ég held að ég sé ekki að tefja tímann með því að ræða atriði sem komu fram í máli manna sem eru ekki lengur á fundinum. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna aðeins það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson kom inn á þar sem hann talaði um erindi frá Rannsóknaráði ríkisins og talaði um Rannsóknasjóðinn. Það er vissulega rétt að það hefur ekki verið hægt að verða við þeim áætlunum sem uppi voru um 10% aukningu á ári eins og markmiðin stóðu til. Þetta er aðeins eitt af mörgu sem verður að bíða. Hækkunin var áformuð, þessi 10% hækkun var í fyrstu tillögum menntmrn. en því miður urðum við að taka hana til baka í þessum aukna niðurskurði.

Mér finnst stundum eins og mönnum þyki sem allt sé að hrynja yfir okkur vegna þess að við höfum ekki úr meiru að spila en raun ber vitni. Sannleikurinn er þó sá að við erum á flestum sviðum að veita viðnám, halda í horfinu og halda okkur við svipaðar fjárveitingar eins og eru á fjárlögum yfirstandandi árs. Þannig er það t.d. með Rannsóknasjóðinn. Þetta er sama upphæð og er á fjárlögum yfirstandandi árs.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson talaði um að einmitt í svona ástandi eins og við búum við í dag, ætti að setja inn myndarlegar fúlgur, eins og hv. þm. orðaði það. Vissulega væri gott að geta sett inn myndarlegar fúlgur í Rannsóknasjóðinn en þetta er nú kannski ekki svo fjarri þeirri fjármálapólitík sem rekin var í ríkisstjórn hans, að setja inn myndarlegar fúlgur þó ekki væru peningar til staðar, bara taka lán. Það ætlar þessi ríkisstjórn ekki að gera. (**ÓÞÞ:** Er ekki gert ráð fyrir halla á fjárlögunum?) Jú, en það er verið að reyna að draga úr þeim halla sem er á þessu ári, það veit hv. þm. Ólafur Þórðarson. (**ÓÞÞ:** Þarf þá ekki að taka lán?) Ríkissjóður hafði sett sér það markmið að hafa hallann ekki meiri en 4 milljarða kr. Jú, það þarf enn að taka lán. Við höfum aldrei sagt að við mundum losa okkur út úr þessum vanda á einu ári eða í einu vetfangi. Það höfum við aldrei sagt. (**ÓÞÞ:** Ráðherrann fullyrti að það ætti ekki að taka lán.) Ég sagði í þessu samhengi, þá tökum við ekki lán. Við tökum ekki lán til þess að bæta við Rannsóknasjóðinn. Við höldum okkur við sömu upphæð og er á fjárlögum yfirstandandi árs. Svo einfalt er það. Við hefðum gjarnan viljað hækka þetta en við getum það ekki við þessar aðstæður.

Ég ætla svo aðeins að nefna það sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar í gær. Hann spurði um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna vegna erindis sem hafði komið til fjárln. frá Lánasjóðnum og hann spyr hvort eigi að grípa til enn frekari niðurskurðar en gert var á sl. sumri. Svarið við þeirri spurningu er að ég geri mér vonir um að geta lagt fram frv. til nýrra laga um Lánasjóð ísl. námsmanna nú fyrir jólaleyfi. Ég er ekki að gera mér vonir um að það verði afgreitt fyrir jól, ég tek það fram, en hef mikinn áhuga á því að það kæmist til nefndar og verði það frv. að lögum á að vera hægt að ná tökum á vandamálum lánasjóðsins. Það er stefnt að því í þessu frv. að koma málum þannig fyrir að grunnlífeyririnn verði ekki lækkaður. En það þarf hins vegar að breyta ýmsu í úthlutunarreglum sem verður upplýst þegar sú vinna er lengra komin.

Ég held að ég láti þetta nægja, herra forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. vék að þeim tillögum sem uppi eru um fjárveitingar til rannsókna. Hv. 7. þm. Reykn. hafði vitnað í ræðu hæstv. iðnrh. sem hann flutti hér á dögunum. Þar segir svo m.a.:

„Í fjórða lagi nefni ég, og það er í dag ákaflega mikilvægt, að ríkissjóði er nú brýn nauðsyn að losa fé sem bundið er í ýmsum atvinnufyrirtækjum sem hann á eða á hluta í. Ég tel að hluta af þessu fé sem þannig losnar eigi að leggja í rannsóknir og þróunarstarfsemi sem er grundvöllur nýsköpunar í íslensku atvinnulífi."

Hv. 7. þm. Reykn. virðist hafa orðið hált á því að trúa hæstv. iðnrh. eins og fleirum en hæstv. menntmrh. virðist ekki heldur hafa trúað hæstv. iðnrh.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að hér hefur staðið um nokkurt skeið umræða um fjárlög íslenska rík-

isins fyrir árið 1992 og ráðherrar hafa verið beðnir um að svara ýmsum spurningum. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur svarað þeim spurningum sem til hans var beint og þannig greitt fyrir málum og er núna í þeim skilningi sjálfstæður maður í samræmi við það rit sem hann hefur í hendinni. Aftur á móti eru ýmsir ráðherrar sem ekki hafa látið svo lítið að svara fyrirspurnum. Það á ekki við um hæstv. menntmrh. og ekki heldur hæstv. fjmrh. Það á hins vegar við um hæstv. samgrh., hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh. sem var t.d. spurður nokkurra spurninga um þá skatta sem verið er að leggja á sjávarútveginn. Ég vildi mælast til þess við virðulegan forseta að hann sæi til þess meðan ég lýk ræðu minni sem ég hef núna fljótlega eftir að hafa lokið athugasemdum við þingsköp, að meðan ég flyt þá ræðu þá hvetji hann sem óðast þessa ráðherra alla til að svara þeim fyrirspurnum sem fyrir þá hafa verið lagðar hér í dag. (**Gripið fram í:** Og hæstv. félmrh.) Sömuleiðis var nokkrum atriðum beint til hæstv. félmrh. hér fyrr í dag sem er mjög nauðsynlegt að verði svarað vegna þess að í ræðu hennar komu fram fjölmörg atriði og yfirlýsingar sem nauðsynlegt er að skoða aðeins nánar í ljósi þeirra svara sem hún hugsanlega gefur. Þess vegna vil ég í allri vinsemd fara fram á það við forseta okkar að hann geri nú gangskör að því að ræsa ráðherrana þannig að þeir geti svarað sem óðast þeim spurningum sem fram hafa verið lagðar þegar ég hef lokið ræðu minni sem ég mun flytja eftir að hafa rætt gæslu þingskapa sérstaklega sem nú er lokið af minni hálfu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram að hann mun eftir föngum koma þessum skilaboðum til hæstv. ráðherra sem eru hér í húsinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði í sjálfu sér ekki hugsað mér að fara mörgum orðum um þessi mál í þetta skiptið. Ég kvaddi mér hljóðs fyrir nokkrum klukkutímum. Hins vegar gaf ræða hæstv. menntmrh. tilefni til að ég tel mig nauðbeygðan til að staldra nokkuð við og fjalla aðeins um þær upplýsingar sem fram komu í hans ræðu. Út af fyrir sig mætti hugsa sér að ég staldraði við það eitt sem fram kom í hans máli núna en ræddi ekki um ráðuneytið að öðru leyti og enn fremur mætti auðvitað hugsa sér að ég sleppti því að fara yfir málefni annarra ráðuneyta sem er þó full ástæða til, sérstaklega vegna þess, virðulegi forseti, að nú búum við við þær aðstæður í fyrsta sinn að allar fagnefndir senda frá sér ábendingar um einstök atriði fjárlaganna. Það væri fróðlegt fyrir hv. þm. að lesa yfir greinargerðir fagnefndanna og bera þær síðan saman við niðurstöður fjárln. Og það gæti verið fróðlegt fyrir þingheim að velta því fyrir sér að hvaða notum hin nýju þingsköp hafa komið. Hefur verið tekið mark á fagnefndunum í vinnu fjárln.? Það er mjög alvarlegur hlutur þegar maður les í gegn öll nefndarálitin eins og ég hef gert hér í kvöld að sjá það að í rauninni hafa menn ekki tekið minnsta mark á fagnefndunum, ekki einu sinni athugasemdum sem fram hafa komið frá fagnefndunum samhljóða. Gleggsta dæmið um það er t.d. nefndarálit iðnn. þar sem fram kemur það mat iðnn. að óeðlilegt sé að iðnrh. sé með opin ein fimm, sex eða sjö tékkhefti sem heita ólíkum nöfnum í iðnrn. án þess að nokkur aðili fjalli um það í rauninni. Og iðnn. segir: Hinir ómerktu liðir iðnrn. eru óeðlilegir. Þetta segir iðnn. samhljóða undir forustu formanns þingflokks Alþfl. Hvað gerir fjárln. við þessa tillögu? Ekki neitt. Auðvitað geta menn sagt sem svo: Iðnrh. eða iðnrn. hefur lengi haft þetta svona, og ég viðurkenni það að hann hefur lengi haft þetta svona, þann tíma sem ég þekki til líka. Manni var hins vegar oft tregt tungu að hræra sitjandi við ríkisstjórnarborð með iðnrh. um mál af þessu tagi eins og menn geta skilið. Hins vegar er alveg ljóst að peningalegt svigrúm iðnrh. af öllum þessum ávísanareikningum sínum er óeðlilegt miðað við það sem aðrir ráðherrar hafa venjulega haft eins og t.d. hæstv. menntmrh. að ég tali nú ekki um hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh. og þá er ég ekki að tala um þennan milljarð sem þeir ætla að hafa í hinum vasanum samkvæmt nýju tillögunum um flata niðurskurðinn.

Þetta er auðvitað nokkurt umhugsunarefni, virðulegi forseti. Menn eru búnir að setja ný þingsköp, leggja mikla vinnu í að semja ný þingsköp og tala mikið um ný vinnubrögð í þinginu, fjárln. sendi frá sér kaflana til fagnefndanna. Fagnefndirnar sitja yfir þessu lon og don, skoða texta fjárlagafrv. út og suður, vanda sig við þetta þessi lifandis ósköp og gera allt sem mögulegt er til að ná t.d. samkomulagi í nefndum. Niðurstaðan er svo sú að það er ekkert mark tekið á þessu. Það er auðvitað hálfgert kjaftshögg á þessi nýju þingsköp og anda þeirra hvernig þessir hlutir eru afgreiddir. Ég get ómögulega neitað mér um það þótt það sér orðið nokkuð árla morguns, virðulegi forseti, að minna á þessi atriði vegna þess að þau skipta mig máli af því að ég lagði alvarlega vinnu í afgreiðslu nýju þingskapanna sl. vor. Mér sýnist að fagnefndavinnan að því er fjárlögin varðar sé að engu höfð.

Hæstv. menntmrh. vék hér að nokkrum spurningum sem fyrir hann voru lagðar og ég ætla aðeins að fara yfir þau atriði. Í fyrsta lagi spurði ég hann um flata niðurskurðinn, hvernig eigi að framkvæma hann í menntmrn. Hver er flati niðurskurðurinn sem á að framkvæma í menntmrn.? Hann er 455 millj. Hvenær er hægt að gera það? Það er hægt að koma þeim niðurskurði við í grófum dráttum frá september til desember á næsta ári. Að öðru leyti hefur menntmrn. sáralítið svigrúm í þessu efni. Útgjöld menntmrn. til meginkennsluþátta eru t.d. þannig að um 2 milljarðar á ári eru til háskólastigsins, 4 milljarðar til framhaldsskólastigsins og 5,4 til grunnskólastigsins. Það er alveg augljóst mál að ef taka á þessar 450 millj., segjum að ¾ haustið 1992, þá verður að fella niður kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum í landinu sem samsvarar fækkun kennara í landinu um 600–700. Það var tala sem ég lét frá mér fara í umræðunum fyrr í dag og hæstv. menntmrh. gerði ekki athugasemdir við hana, enda skil ég það út af fyrir sig vel að hann hafi ekki forsendur til að slá mál á þetta í einstökum atriðum, en

ég er sannfærður um að talan liggur nokkurn veginn þarna. Og þetta gera menn með því, eins og hæstv. menntmrh. sagði, hann sagði það fullum fetum, þetta gerist með því að draga úr kennslumagni í grunnskóla. Þetta gerist með því að fækka stundum. Með öðrum orðum það verður fækkað kennslutímum í grunnskólum á Íslandi haustið 1992 á sama tíma og allar þróaðar menningarþjóðir eru að styrkja og bæta sína grunnskóla. Hvað er Bertel Haarder menntamálaráðherra Dana, að gera þessa dagana? Er hann að fækka stundum í sínum skólum? Nei, hann er að fjölga stundum. Í hvaða flokki er hann? Er hann í einhverjum ótíndum vinstri flokki eins og við hér sumir? Ónei, hann er í Venstre sem er íhaldsflokkur í Danmörku og álíka langt til hægri og Sjálfstfl. á Íslandi, ef ekki lengra. Allar þjóðir sem vilja undirbyggja góð lífskjör inn í framtíðina hafa auðvitað skilning á því að það þarf að bæta skóla. Skólinn er undirstaða góðra lífskjara, framfara í efnahags- og atvinnumálum og það skilja allir nema ríkisstjórn Íslands í dag.

Það kom einnig fram í ræðu hæstv. menntmrh. að það er ætlunin að draga úr námsframboði í framhaldsskólum. Það var mjög athyglisverð yfirlýsing. Það kom einnig fram í ræðu hans að ætlunin er að breyta viðmiðunarstundaskrá grunnskólanna. Hvað á að taka þar út? Hvað á að strika þar út? Eru það verk- og raungreinar? Er það íslenska? Hvað á að taka þar út? Hvar erum við svo birgir af þekkingu í grunnskólanum að það sé ástæða til að slá striki yfir tilteknar greinar? Það er auðvitað rosalegur hlutur, virðulegi forseti, að horfast í augu við það að hér sé verið að skera niður með þessum hætti og það skuli vera gert undir umræðu um ríkisfjármál, fyrst og fremst, án þess að menntmrh. hafi gert grein fyrir því að hann hafi út af fyrir sig einhverja stefnu í skólamálum. Ég held að það vanti menntmrh. Ég held að við þurfum ekki fleiri aðstoðarfjmrh. Okkur vantar menntmrh., okkur vantar heilbrrh. og okkur vantar félmrh. Okkur vantar fagráðherra sem þora að halda uppi málstað þeirra greina og þess fólks sem þeirra ráðuneyti eiga að starfa með. Það þarf ekki fleiri aðstoðarmenn í fjmrn.

Hæstv. menntmrh. vék síðan að skólagjöldunum. Ég verð að segja alveg eins og er að það var heldur dapur texti. Skólagjöld hafa verið innheimt lengi. Sá sem hér stendur bar ábyrgð á því að skólagjöld voru innheimt um skeið og hefur sjálfsagt einhvern tíma gert sig sekan um að borga skólagjöld. Hvað kemur það málinu við? Ég hygg að það sé erfitt að finna mörg dæmi um svo algert rökþrotabú og núv. hæstv. menntmrh. þegar hann ætlar sér að skjóta sér á bak við skólagjöld sem hafa verið innheimt á undanförnum árum í samanburði við þau skólagjöld sem hann er að tala um að taka til almenns rekstrar skólanna. Á því er grundvallarmunur. (**Menntmrh.:** Til hvers hafa þau verið notuð sem hafa verið inni?) Þessi skólagjöld hafa verið notuð af yfirgnæfandi meiri hluta fyrir skólafélögin sjálf og einnig í verknámsgreinum. (**Menntmrh.:** Það eru dæmi um 8 þús. kr. í skóla.) Það eru dæmi um miklu hærri tölur, hæstv. ráðherra. Það eru dæmi um 18 þús. kr. í verknámsgjald í Verkmenntaskólanum á Akureyri, í matreiðslubraut og það eru dæmi um 40 þús. kr. í Verslunarskólanum sem þið talið aldrei um. Og ef það á að liggja mér á hálsi fyrir eitthvað í þessum efnum þá er það að líða Verslunarskólanum að skattleggja fólk með þeim hætti. En auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að hér er verið að fara inn á algerlega nýja braut í grundvallaratriðum. Það á að innheimta nemendaskatta til þess að standa undir rekstrarkostnaði skólanna fyrir utan laun og það er það sem ég hef sagt að sé ólöglegt, það er það sem greinargerðin segir að sé ólöglegt. Hvaðan hef ég það? Hef ég séð greinargerðina? Nei. En ég vitna í hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem hefur sagt það fullum fetum að í greinargerðinni standi að þetta sé ólöglegt. Og ég segi við hæstv. menntmrh., ef það er ætlunin að innheimta skólagjöld á annað borð, nemendaskatta í viðbót við hin gömlu skólagjöld, þá verður að breyta lögunum því að annars gengur innheimtan ekki. Hverjir verða að samþykkja skólagjöld samkvæmt gildandi lögum? Það eru skólanefndirnar. Munu skólanefndirnar samþykkja nemendaskatta, menntmrh.? Nei, þær munu ekki gera það. (**Gripið fram í:** Þá verða þau auðvitað ekki tekin.) Það er alveg ljóst og þá verða þau ekki innheimt. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það er nefnilega kjarni málsins þannig að hæstv. menntmrh. viðurkennir að þetta sé í höndum skólanefndanna. (**Menntmrh.:** Þetta er heimild.) Og í höndum skólanefndanna og ráðherrann er að tala um 8. gr. Já, þá er málið leyst. Þá verða engir nemendaskattir lagðir á. Það er skínandi gott og þá er hæstv. ráðherra búinn að viðurkenna að hér hafi auðvitað verið um frumhlaup að ræða vegna þess að það eru skólanefndirnar einar sem geta gert þetta og þær munu aldrei, segi ég, fallast á að taka hærri gjöld en þau sem í grófum drættum hafa verið tekin á undanförnum árum. Ég get út af fyrir sig komið til móts við hæstv. menntmrh. og sagt sem svo: Reglurnar um þessi efni hafa ekki verið nógu góðar og lög um þetta voru fyrst sett árið 1988 og undirbúningur að reglusetningu í þessum efnum hefur staðið yfir um nokkurt skeið, eins og hann veit, þannig að þar hefur ekki verið nægilega vel á málum haldið. En það er alveg ljóst að ef hann ætlar að leggja þetta í hendur skólanefndanna þá er hann um leið að segja, það verða engin skólagjöld innheimt, og ég þakka fyrir það.

Hæstv. menntmrh. vék aðeins að því að þessi ríkisstjórn væri betri en sú fyrri á flestum sviðum. T.d. ætlaði hún ekki að taka lán. Og þá kem ég að atriði sem ég hefði aðeins viljað nefna við hæstv. félmrh. til ítrekunar á því sem ég kom að hér fyrr í dag. Ætli hæstv. félmrh. sé enn þá á fótum, hæstv. forseti? (**Forseti:** Ráðherrann er hér.) Ráðherrann er hér já, skínandi.

Ég nefndi það í ræðu minni fyrr í dag að ætlunin væri að breyta fyrirkomulagi á ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og ég lagði tilteknar spurningar fyrir hæstv. félmrh. Hæstv. ráðherra lét það koma fram í ræðu sinni, ef ég skildi hana rétt, að það væri ætlunin að fjármagna þessa ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot að einhverju leyti með lántökum ef tekjuöflun þess

sjóðs sem gert er ráð fyrir í frv. hrykki ekki til. Ef ég hef skilið hæstv. félmrh. rétt, þá er með öðrum orðum ætlunin að greiða laun samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot með lántökum. Mér þætti vænt um að hæstv. félmrh. útskýrði þetta aðeins nánar því að ég gat ekki betur skilið en það væri meiningin að sá sjóður sem þarna er um að ræða ætti að standa að lántökum ef tekjuöflun sjóðsins dygði ekki til. Og það væri fróðlegt að fá á þessu nánari útskýringar frá hæstv. ráðherra og ég vil ítreka þá spurningu til ráðherrans. Er það meiningin að knýja þetta ákvæði í gegnum þingið fyrir jól í fullkomnu stríði við verkalýðshreyfinguna í landinu?

Hæstv. forsrh. sagði frá því núna fyrir nokkrum vikum í fjölmiðlum, í sjónvarpinu, að ríkisstjórnin gæti út af fyrir sig verið til viðtals um að taka til endurskoðunar áform sín um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot í tengslum við kjarasamninga. Og ég vil inna hæstv. forsrh. og félmrh. eftir því hvort ekki er hugsanlegt að ríkisstjórnin fallist á að fresta þessu máli a.m.k. eitthvað fram yfir áramót því það er náttúrlega ekki gott innlegg í kjarasamningana ef menn ætla sér að knýja þetta í gegnum þingið núna á þessum skammdegisdögum. Um leið og ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. félmrh. þá skora ég á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin taki þetta ákvæði út úr bandorminum vegna þess að þetta er slæmt ákvæði fyrir þann anda sem þarf að ríkja í viðtölum ríkisstjórnarinnar við launafólk í landinu.

Ég vil aðeins að lokum í þessari tölu víkja að því, virðulegi forseti, sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. varðandi Þjóðleikhúsið. Hæstv. menntmrh. sagði orðrétt: „Þjóðleikhúsið verður eins og aðrir að taka til hjá sér". Þjóðleikhúsið hefur verið að taka til hjá sér. Staðreyndin er sú að beiðni Þjóðleikhússins fyrir árið 1992 er í raun og veru um lækkun á raunframlagi frá því sem var t.d. á árinu 1989 þannig að það er auðvitað augljóst mál að Þjóðleikhúsið er ekki að gera kröfur umfram aðra. Ef framlagið til Þjóðleikhússins væri t.d. reiknað upp frá árinu 1989, eins og hjá öðrum stofnunum ríkisins, þá er ég sannfærður um að Þjóðleikhúsið ætti í raun og veru að fá talsvert hærri tölu og hefur dregist aftur úr. Ég held að það sé nokkuð alvarlegt mál fyrir okkur ef það er saumað svo mikið að Þjóðleikhúsinu að þar verði ekki hægt að halda uppi eðlilegri starfsemi. Ég er ekkert að mótmæla því að Þjóðleikhúsið taki til hjá sér. Ég kom að rekstri Þjóðleikhússins sem menntmrh. haustið 1988 þannig að þar var nú ekki beint þrifalegt alls staðar. Og ég veita að þeir sem þekkja til í fjármálum ríkisins, eins og hv. fyrrv. formaður fjárveitinganefndar, vita að það var tekið til í hinum almenna rekstri hússins. Það er alveg á hreinu að þar var tekið til. En ég óttast að sú afgreiðsla, sem Þjóðleikhúsið fær í fjárlagafrv. núna, sé hættulega tæp enda þótt ég viðurkenni að ég hafi ekki sett mig niður í tölurnar í ýtrustu smáatriðum, en mér sýnist hún vera hættulega tæp, að þarna muni um það bil 15 árslaunum eða svo. Það er auðvitað veruleg breyting frá því sem Þjóðleikhúsið sjálft fór fram á sem voru ekki ýtrustu óskir hússins heldur einungis framreikningur á þeim veruleika sem húsið bjó við á árinu 1989 og þá taldi það, ég man vel eftir því, að því væri heldur naumt skammtað.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þeirri ósk var beint til forsetadæmisins áður en síðasta ræða hófst að forsetadæmið tryggði að þeir ráðherrar sem eiga eftir að svara spurningum hér, og þeir eru m.a. hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh., hæstv. félmrh. og hæstv. samgrh., svöruðu spurningum svo að umræðunni gæti lokið með eðlilegum hætti. Það hafa aðrir ráðherrar gert og reynslan af því hefur sýnt að það hefur verið fyllilega eðlilegt og greitt fyrir umræðunni. Það er hins vegar ekki líðandi að við þurfum að koma hér upp í ræðustólinn hvað eftir annað til þess að inna eftir því hvað líði ákvörðunum ráðherra um að veita hér svör. Forsetadæmið tók það að sér, virðulegi forseti, að ganga úr skugga um að þessir hæstv. ráðherrar, sem ég hef hér nefnt, bæðu um orðið. Það þýðir ekkert fyrir þann forseta sem hér situr að hrista hausinn vegna þess að forsetadæmið er nú sem betur fer fleiri en hann. Forsetadæmið tók þetta að sér og um það munu þingtíðindin bera vitni. Ég inni því virðulegan forseta eftir því hvert svarið er við þeirri beiðni sem hér var sett fram því ef áframhaldandi erfiðleikar verða á að fá hæstv. ráðherra til að svara þá getur vel komið til greina að við óskum eftir hléi til að fá nánari skýringar á því hvort ráðherrarnir ætla virkilega, þessir sem enn hafa ekki svarað, að koma fram við þingið með þessum hætti. Ég bið þá að hugleiða það. Þeir ráðherrar sem hafa veitt svör hafa gert það skjótt og vel og greinilega og viðbrögð þingmanna hafa sýnt að það er með fullkomlega eðlilegum hætti.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er nú nokkuð liðið á nóttu og þessi umræða hefur auðvitað tekið langan tíma, og ekki að undra því að hér er stórt mál á ferðinni og þó auðvitað enn þá stærra í þeim skilningi að á síðustu stundu, eins og hér er margsinnis búið að ræða, hafa komið fram hugmyndir og tillögur frá hæstv. ríkisstjórn um aðgerðir sem hafa áhrif, ekki bara á fjárlagadæmið heldur auðvitað fjölmarga þætti í þjóðlífinu, í hinum opinbera rekstri. Þess vegna er ekki að undra þó að umræðan taki langan tíma og er þess sé óskað að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir og taki þátt í umræðunni, að þeir veiti svör við þeim spurningum sem beint er til þeirra. Þannig hljótum við stjórnarandstæðingar að verða að reyna að fá upplýsingar um það sem hér er á ferðinni, ekki síst vegna þess að þetta er svo seint fram komið. Þessar hugmyndir eða tillögur koma fram með svo stuttum fyrirvara fyrir þessa umræðu að við stjórnarandstæðingar töldum hana ekki tímabæra, lýstum því yfir í okkar nál. og svo hefur það auðvitað verið að sannast í umræðunni í allan dag. Umræðan var auðvitað ekki tímabær því að hugmyndirnar voru ekki mótaðar. Þær voru svo lítið þróaðar að

stjórnarþingmenn ýmsir hafa verið að lýsa andstöðu sinni við þær allt frá upphafi, þessa 2–3 daga sem liðnir eru. Í dag eru hæstv. ráðherrar sjálfir farnir að lýsa því yfir að sennilega verði ekkert úr þessari hugmyndinni og sennilega verði ekkert af hinni hugmyndinni. Sennilega þurfi að leita að einhverjum nýjum leiðum.

Ég tel mig samt hafa fengið nokkur viðbrögð frá hæstv. ráðherrum við þeim spurningum sem ég setti fram í fyrri ræðu minni í þessari umræðu. Ég vil t.d. þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa setið vel yfir þessari umræðu, fylgst með henni og verið viðstaddur í sal og svarað spurningu minni um málefni lánasjóðsins þó að ég hafi kannski ekki verið fyllilega ánægður með svarið. Mér fannst það segja ákaflega lítið, það eitt að næstu daga vonaðist ráðherrann til þess að geta lagt fram frv. um breytingar á lögum um lánasjóðinn sem gerðu það að verkum að á næsta ári væri hægt að reyna að standa við þær fjárveitingar sem eru í fjárlagafrv. eins og það liggur hér fyrir. Raunar svaraði hæstv. ráðherra engu um hvernig hægt er að glíma við þessar 600 millj. kr. sem stjórnendur sjóðsins telja sig vanta þrátt fyrir þær aðgerðir sem gripið var til á yfirstandandi ári. Þrátt fyrir nýjar tillögur eða hugmyndir, sem væntanlegar eru og stjórn LÍN hefur unnið að og menntmrh. hefur boðað að hann mundi beita sér fyrir, þá segir hér í bréfi Lánasjóðs ísl. námsmanna til hv. fjárln., með leyfi forseta:

„Stjórn LÍN vinnur nú að tillögum um breytingar á úthlutunarreglum námslána og styrkja. Menntmrh. hefur einnig boðað að hann muni beita sér fyrir því að lögum um LÍN verði breytt á yfirstandandi þingi. Í því sambandi verður að minna á og undirstrika að breytingar á úthlutunarreglum, sem taka eiga gildi í upphafi næsta skólaárs, hafa einungis tiltölulega lítil áhrif á fjárþörf sjóðsins á fjárlagaárinu.“

Ég leyfi mér að endurtaka þetta: „Í því sambandi verður að minna á og undirstrika að breytingar á úthlutunarreglum, sem taka eiga gildi í upphafi næsta skólaárs, hafa einungis tiltölulega lítil áhrif á fjárþörf sjóðsins á fjárlagaárinu.“ Af þessu bréfi má ráða að stjórnin telur nauðsynlegt að fá þessar 600 millj. kr. til þess að geta rekið starfsemina í líkingu við það sem a.m.k. lánþegar hafa gert sér vonir um og ráðherra reyndar, ef ég skildi hann rétt, lýsti yfir í lok sinnar ræðu að hann vonaðist til þess að þetta mundi ekki þurfa að koma harkalega niður á þörfum námsmanna, þ.e. þessar hugmyndir sem hann er þó að setja fram.

En nóg um það. Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni í dag, reyndar er búið að rekja það áður og ætla ég því ekki að eyða löngum tíma í það, en vil árétta að hæstv. félmrh. sagði að engar brtt. til lækkunar málefna fatlaðra hefðu verið lagðar fram við 2. umr. fjárlaga. Þetta er því miður rangt, ef rétt er að segja því miður, því það hafa auðvitað verið lagðar fram brtt. sem verulega draga úr, skera niður þessa þjónustu og mig undrar það ef hæstv. félmrh. hefur ekki haft hugmynd um eða vitað hvað þarna var á ferðinni. Ég vona sannarlega að einhverjar þær hugmyndir sem hæstv. ríkisstjórn hefur um aðhald og sparnað í ríkisútgjöldum nái fram að ganga. Hins vegar er mjög hastarlegt ef það bitnar á þjónustunni á þann hátt að hreinlega verði að skera hana niður, draga úr henni með því að loka stofnunum eða með því að fækka vistfólki á stofnunum fyrir fatlaða og í sambýlum eins og hætt er við að gerist, ef þetta verður sem hér er boðað án þess að það komi fram einhverjar nýjar hugmyndir um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst standa að því að ná þessum markmiðum. Ég ætla að koma aðeins nánar að þessu síðar, virðulegi forseti, en ég vil árétta þetta. Ef hæstv. félmrh. hefur ekki áttað sig á því hvað hér er á ferðinni þá er það auðvitað hin almenna, flata niðurskurðarregla á launum um 6,7% sem er ekki lítil tala, 2 milljarðar 255 millj. kr., sem á að sparast á launalið fjárlaganna. Í þeim hugmyndum sem fjmrn. hefur látið frá sér fara er m.a. sagt að allar nýráðningar verði stöðvaðar og nauðsynleg störf mönnuð með tilfærslu innan kerfisins. Ég ætla að láta þetta duga um málið en vil árétta að það er ljóst að verið er að leggja til róttækar breytingar.

Hæstv. heilbrrh. svaraði nokkrum spurningum áðan. Ég hefði gjarnan viljað að heilbrrh. væri hér viðstaddur. Ég ætla ekki að bæta við spurningum til hans, hann þarf ekki endilega að koma þess vegna upp aftur. Ég vil þakka honum fyrir hans mál áðan. Ég sé að hæstv. ráðherra kemur hér í dyrnar og ég ætla að segja við hann að ég þakka honum fyrir þau svör sem hann gaf áðan og ég ætla ekki að óska eftir því að hann komi í ræðustól mín vegna í þessari umræðu. Mig langar þó til þess að gera athugasemdir við það sem hann sagði áðan um lyfjamálin í fyrsta lagi. Tímans vegna ætla ég ekki að fara í langan talnaleik eða rekja það sem hér hefur verið sagt og hann rakti ítarlega í sínum svörum. Ég vil þó segja að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég þykist hafa undir höndum er áætlaður ársparnaður af þeim aðgerðum sem fyrrv. ríkisstjórn var búin að grípa til í lyfjamálunum a.m.k 300 millj. kr. á ári, sem hæstv. ráðherra nefndi að væru ekki nema rétt um 200 millj., sagði reyndar rösklega 200 millj. kr. Þetta skiptir ekki öllu máli en hitt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra var að í maímánuði sl. þegar ný ríkisstjórn tók við hafi verið útlit fyrir að lyfjaútgjöldin yrðu um 3 milljarðar kr. á árinu eða a.m.k. 2,9 og 1. júní hafi verið búið að greiða 1½ milljarð. (Gripið fram í.) 1. júlí. Það munar að vísu nokkru og hugsanlegt er að ég hafi tekið skakkt eftir eða skrifað rangt niður. Ég hafði skrifað að 1. júní hafi verið búið að greiða 1½ milljarð og í októberlok 1.850 millj. sem þýðir að aðeins 350 millj. hafi verið greiddar í júlí, ágúst, september og október, 87 millj. kr. á mánuði. Samkvæmt þessum upplýsingum ráðherra hef ég annaðhvort misheyrt eða misskilið hann eða honum orðið á mismæli varðandi þessa dagsetningu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég var með fyrir framan mig þá var búið að greiða frá Tryggingastofnuninni á tímabilinu frá 1. jan. til 31. júlí 1.463 millj. kr., sem er nokkurn veginn sama tala og hæstv. ráðherra nefndi, eða 209 millj. kr. á mánuði.

Í ágústmánuði bætast við þessa tölu 144 millj., í septembermánuði bætast við 157 millj., í októbermán-

uði 171 millj. og í nóvembermánuði er mér sagt, samkvæmt upplýsingum úr heilbrrn., þó kann að vera að ekki sé alveg um endanlega tölu að ræða, að útgjöldin hafi verið rétt um 200 millj. kr. Í nóvember eru útgjöldin því búin að ná aftur sömu meðaltölu eins og fyrstu sjö mánuði ársins.

Þetta vil ég láta koma fram vegna þess að mér fannst a.m.k. eins og ég hafði skráð að nokkru munaði en samkvæmt þessu er ljóst að útgjöldin eru að nálgast það sem var áður. Vonandi tekst hæstv. ráðherra að standa við þau fyrirheit sem gefin eru um enn frekari lækkun á lyfjaútgjöldunum og ég vonast til þess fyrst og fremst að það gerist með kerfisbreytingum. Hann boðaði það að nýjar hugmyndir væru komnar fram, m.a. tillögur frá apótekurum sjálfum og það er vel. Ég hef haldið því fram að nauðsynlegt væri að grípa til slíkra skipulags- eða kerfisbreytinga fremur en þeirrar aðferðar sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn greip til, þ.e. að hækka fyrst og fremst greiðslur einstaklinganna og ná kostnaðinum niður með því móti. Ég vil óska ráðherra til hamingju með að hafa leyst deiluna eða að deilunni við tannréttingalæknana skuli vera lokið ef svo er. Þar voru mál komin í virkilega erfiða stöðu eins og hefur komið fram í umræðum áður. Mig langar að spyrja ráðherrann í framhaldi af því. Hann þarf ekki að svara því nú, eins og ég sagði áðan, vegna þess að það kemur auðvitað upp aftur í sambandi við umræður um bandorminn svokallaða eða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar koma fram hugmyndir hæstv. ráðherra um breytingar á lögum um almannatryggingar, hvernig eigi að standa að greiðslum fyrir tannlækningar og tannréttingar, hvort sú niðurstaða að þessi deila skuli vera leyst muni hafa áhrif á þær hugmyndir sem þar voru settar fram.

Ég lýsti því yfir í umræðu um það frv. að ég teldi að 15. gr. í því frv. væri nokkuð þröng og takmörkuð og vil láta þá skoðun mína koma hér aftur í ljós að ég tel að endurskoða þurfi þær hugmyndir sem þar voru settar fram og e.t.v. í nýju ljósi í sambandi við lausn þessarar deilu.

Að lokum langar mig að spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann svaraði því ekki hér — reyndar var hann ekki heldur við umræðuna í gær þegar ég ætlaði að beina til hans spurningum um skipulagsbreytingar á sjúkrahúsunum í Reykjavík. Þá vitnaði ég til skýrslu sem erlendir sérfræðingar hafa unnið fyrir ríkisspítalana. Þar eru lagðar til allt aðrar aðferðir við þessar skipulagsbreytingar heldur en þær sem hæstv. ráherra hefur boðað. Ég bað um álit hans á þessari skýrslu og hvort það væri ekki bæði eðlilegt og sjálfsagt að draga þær fyrirhuguðu breytingar sem eru á borði ráðherra og skoða niðurstöður þessarar skýrslu betur. Þau mál eiga auðvitað einnig eftir að koma aftur upp í 3. umr. og þá gefst á ný tóm til að ræða það mál frekar við hæstv. ráðherra.

Þá langar mig, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, sem hann flutti í dag. Mér þykir reyndar leitt að hv. þm. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. Hann er varaformaður fjárln. en ég ætla ekki að gera kröfu til þess að hann verði ræstur seint á nóttu til þess að koma hér og hlýða á þessa umræðu. Ég lýsi hins vegar yfir undrun minni með það að hann skuli ekki vera hér og hlýða á umræðuna alla, ekki síst eftir það sem hann sagði í dag. Hann eyddi æði löngum tíma af ræðu sinni í að gagnrýna það sem ég setti fram í gær, notaði reyndar mestallan sinn ræðutíma til þess að gera lítið úr máli manna. Hann hefði gjarnan þurft a.m.k. að hlusta á nokkrar athugasemdir við þeirri ræðu af minni hálfu. Ég vona að hann virði það við mig þó að ég láti þær athugasemdir koma fram núna að honum fjarstöddum ef ég hlífi honum við því að láta vekja hann til að koma hingað og hlusta á þær. Hann talaði m.a. um það í ræðu sinni, sem hann eyddi einkum á þann sem hér stendur, að ég hefði haldið mikla maraþonræðu í gær. Meira að segja hef ég heyrt í þingsölum að það sé undarlegt ef ég er orðinn aðalmálþófsmaðurinn hér á þingi. Ég hef ekki lagt það fyrir mig að jafnaði. En hv. þm. Pálmi Jónsson talaði í rúma klukkustund, klukkustund og 4 eða 5 mínútur samkvæmt tímaskráningu hæstv. forseta. Sá sem hér stendur talaði hins vegar frá kl. 15.23 til kl. 16.54 eða í eina klukkustund 31 mínútu. Það var nú maraþonræðan. Það var meira að segja samdægurs hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Samtals rúmur klukkutími. Hann talaði í dag í 50 mínútur, hann talaði í gær í rúmar 10, svo að öllu sé til skila haldið. Ég á líklega nokkurn tíma inni hjá hv. þm. og hæstv. fjmrh. að tala dálítið yfir þingheimi. (**Gripið fram í:** Láttu það nú ekki bitna á okkur.) Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla að reyna að vera ekki mjög langorður að þessu sinni, hæstv. fjmrh. Það sem kom fram m.a. í ræðu hv. þm. var að honum fannst við stjórnarandstæðingar ekki gera nóg af því að hæla hæstv. ríkisstjórn og þótti mér mjög undarlegt að hann skyldi helst eiga von á því frá okkur. Þeir hafa ekki gert mikið af því stjórnarliðarnir, að koma í ræðustól og hæla hæstv. ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Hann átti von á því að það kæmi héðan. A.m.k. var það alveg auðheyrt á ræðu hans og hann fann sér það til huggunar og málsbóta að hv. 4. þm. Suðurl., sem þó hefði deilt fast á ýmsa þætti ríkisfjármálanna í meðförum hæstv. ríkisstjórnar, hefði samt látið einhver viðurkenningarorð falla eða það hefði gætt viðurkenningar í orðum hv. þm. Hv. 4. þm. Suðurl. hefði jafnframt lýst þeirri skoðun sinni að lengri tíma þyrfti en gert væri ráð fyrir í þessum tillögum, sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram, til róttækra skipulagsbreytinga. Slík sjónarmið væri auðvitað sjálfsagt að virða en þó ekki meira en hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að gera. Þessi tími sem hún ætlar sér að nota núna eru tveir eða þrír dagar milli 2. og 3. umr. til þess að knýja þessar hugmyndir sínar fram. En viðurkenningarorð voru þó nokkur í þessu að mati hv. þm. Hann taldi hins vegar að ræða þess sem hér stendur hafi verið með nokkuð öðrum hætti. Hún hefði mestmegnis verið gagnrýni og nánast ekkert nema gagnrýni. Þá verð ég að segja það aftur að ég veit ekki hvort hv. þm. gat dottið í hug að ég færi að eyða mínum ræðutíma í það að hæla sérstaklega hæstv. ríkisstjórn og hennar vinnubrögðum. Ég hlaut fyrst og fremst að nota minn tíma hér til að

láta koma fram það sem ég tel gagnrýnisvert og það sem ég tel ámælisvert og það sem ég tel að sé ekki rétt í þessum vinnubrögðum og í þessum tillögum sem fyrir liggja.

Ég lét þau orð falla í sambandi við umræðurnar um bandorminn, svo að ég vitni til þess aftur, að þar væru nokkur atriði sem ég gæti stutt og reyndar lýsti ég stuðningi mínum við í þeirri umræðu. Auðvitað er það svo að eitthvað af þeim tillögum sem hér liggja fyrir kunna að verða samþykktar af stjórnarandstæðingum. Ég ætla ekki að lýsa því yfir hér og nú að það komi ekki til greina. Við eigum auðvitað eftir að fjalla um þetta mál í 3. umr. Sjálfsagt getur ýmislegt skýrst á þeim tíma eins og reyndar hefur verið að gerast hér í dag. Þrátt fyrir allt hefur ýmislegt verið að skýrast í dag.

Hv. þm. gerði það líka að umræðuefni að ég hefði sagt eitthvað í þá veru að aðhaldi væri ekki mótmælt og taldi þetta einkennilegt orðalag að ég skyldi ekki frekar lýsa stuðningi við aðhaldið. Vissulega má vera rétt hjá hv. þm. að ég hafi ekki notað þarna alveg rétt orðalag. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherrar og hv. þm. væni mig ekki um það að vera á móti því að aðhaldi sé beitt þó að ég hafi e.t.v. ekki hagað orðum mínum þarna eins og æskilegast hefði verið. Ég get þá gert það hér og nú að lýsa stuðningi við allar skynsamlegar aðgerðir og aðferðir til þess að gæta aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstrinum. Ég tel mig reyndar sjálfan hafa reynt að sýna það og hafa haft nokkra tilburði til þess á meðan ég var í ráðherrastóli. Þetta finnst mér nær því að vera orðhengilsháttur hjá hv. þm. að gera mál úr svona hlutum.

En áfram hélt hv. þm. og sagði að ég hefði einkum talað um að ekki væru farnar réttar leiðir og við stjórnarandstæðingar og/eða framsóknarmenn, sem ég var að tala fyrir líka þó að ég mælti auðvitað fyrir munn stjórnarandstæðinga í fjárln. og mælti fyrir nál. stjórnarandstöðunnar, hefðum viljað fara aðrar leiðir. Ég hefði ekki bent á neitt annað í ræðu minni en eina tillögu, þ.e. skatta á fjármagnstekjur. Reyndar var það ekki alveg rétt hjá hv. þm. Ég nefndi fleira og ég rakti líka það sem hafði verið á döfinni varðandi kerfis- og skipulagsbreytingar í þeim málaflokki sem ég fór með. Ég hafði lagt til nýtt frv. um almannatryggingar sem átti að spara allnokkra fjármuni. Ég hafði lagt til og lagt fram í þinginu nýtt frv. um lyfjamál. En svo vill til að það voru einmitt þingmenn Alþfl. sem stöðvuðu bæði þessi mál, voru á móti þeim og stöðvuðu þau. Ég hafði líka verið með bæði í ráðuneyti og í þingi breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og skipulagsbreytingar varðandi rekstur sjúkrahúsa í Reykjavík. Þar gætti nú tregðunnar og andstöðunnar kannski fyrst og fremst í flokki hv. þm., þ.e. hjá Reykjavíkuríhaldinu, sem reyndi að beita sér fyrir hugmyndum um breytingar þar.

Ég nefndi vissulega skattinn á fjármagnstekjur. Ég nefndi líka að það mætti hugsa sér að endurskoða það sjónarmið hvort ekki bæri að taka upp hátekjuskatt eða tvö skattþrep þegar við horfum fram á það að launamunurinn í landinu er orðinn eins og raun ber vitni. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að það mundi auðvitað bæta við skattálögurnar sem er auðvitað rétt. Ég sagði það líka í minni ræðu að ég teldi að þeir ættu að bera skattana sem hefðu til þess tekjur. En hæstv. ríkisstjórn hefur valið aðra aðferð við skattálagninguna. Hún hefur valið þá aðferð að láta þá sem eru að ganga í skóla eða þá sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda, og þá trúlega einkum og eingöngu þá sem sjúkir eru, bera skattana. Það er ekki svo að engar skattahækkanir séu hjá hæstv. ríkisstjórn. Auðvitað er fullt af þeim og mest ber á þessum svokölluðu þjónustugjöldum sem eru auðvitað feluskattar.

Þá fann hv. þm. mjög að því að ég hefði talað um að eitthvað sem meiri hluti fjárln. hefði verið að aðhafast og lagt til hér í sínum brtt. væri ámælisvert og kannski öllu frekar ámælisvert það sem þeir gerðu ekki, þ.e. að verða ekki að einhverju leyti við óskum um aukin útgjöld. Ég tel reyndar, taldi í gær og taldi í vinnu fjárln. og tel enn að það hefði verið nauðsynlegt í sumum tilfellum að skoða þær óskir sem bárust nefndinni í tveggja mánaða viðtölum samtals við fulltrúa ýmissa opinberra stofnana og félagasamtaka. Ég tel að það hefði verið nauðsynlegt að skoða vissa þætti og það væri ámælisvert að hafa rutt því út af borðinu án athugunar og segja bara núll, núll. Það voru afgreiðslur og tillögur meiri hlutans í flestum tilvikum. Það sem ég tel ámælisvert, og ég gat reyndar sérstaklega um í gær, eru þeir þættir sem varða öryggismál. Ég nefndi í því sambandi bæði meðferðina á lögreglustjóranum í Reykjavík og Landhelgisgæslunni, ekki síst eftir umræður um störf og hlutverk Landhelgisgæslunnar á undanförnum vikum hér í hv. þingi. Ég ætla að bæta við einni stofnun enn í þessu sambandi. Það er lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli sem fær þá meðferð í fjárlagafrv. að starfsemi hans, eða stofnunar hans er skorin niður a.m.k. um helming. Ég hef ekki tölurnar fyrir framan mig, virðulegi forseti, eins og er, en ég þykist muna rétt að það sé um helmingur og þá þarf auðvitað að gerbreyta rekstri þeirrar stofnunar. Ég er ekki að fortaka það og fullyrða að ekki sé hægt og ekki þurfi að gera þar skipulagsbreytingar eins og víðar. Menn þurfa þá að átta sig á því hvað þeir ætla að gera og hvaða afleiðingar það muni hafa. Ef menn ætla að leggja niður tollgæsluna, þá er það sjónarmið út af fyrir sig. En ekki virtist það vera nákvæmlega ljóst á fundi fjárln. þegar fulltrúar utanrrn., því að það vill svo til að þessi stofnun heyrir undir utanrrn., og fulltrúar lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli komu til fundar við nefndina. Þar voru í raun engar tillögur og ráðuneytið hafði ekki sett fram neinar skýrar hugmyndir um hvað þar ætti að gera.

Þessar þrjár stofnanir vil ég nefna sérstaklega sem dæmi um það sem ég taldi að væri ámælisvert. Ég get auðvitað nefnt fleiri, ætla þó ekki að nefna nema eina til viðbótar, Hjúkrunarheimili Sjálfsbjargar hér í Reykjavík. Sjálfsbjörg hefur lagt fyrir nefndina óskir um verulegar fjárhæðir í viðbót við það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Svar nefndarinnar er auðvitað einfalt eins og við öðru. Tillaga meiri hlutans er núll. Hvað skyldi það nú vera sem þeir Sjálfsbjargarmenn

eða forsvarsmenn þessara samtaka eru að biðja um? Þeir hafa óskað eftir því að þar yrði fjölgað stöðugildum um 8, úr tæplega 100 sem þau eru nú. Þeir höfðu reyndar óskað eftir því í upphafi að fjölgað yrði um 17 stöðugildi. Þeir hafa skorið sínar óskir niður í 8 stöðugildi til þess að draga úr þessum beiðnum og telja mjög nauðsynlegt eða brýnt að fá einhverja úrlausn. En svar ríkisstjórnarinnar er að skera þennan launalið niður um 6,7% sem þýðir auðvitað að stöðugildum fækkar um 6–7 á þessari stofnun sem þjónar fötluðum einstaklingum sem eru ósjálfbjarga, þurfa mikla aðhlynningu sumir hverjir og þurfa næturvörslu. Þetta er þungt heimili í þeim skilningi að sú þjónusta sem þar er veitt er vandasöm og þarf að vera stöðug allan sólarhringinn.

Annar liður í umsókn Sjálfsbjargar var að bæta örlitlum fjármunum við viðhaldsupphæðina. Ég ætla að segja frá því að nýlega varð tjón í vatnsveðri á húsinu. Þar lekur þak og sá þakleki hafði þau áhrif að brunavarnarkerfi skemmdist og er að hluta til óvirkt. Það er óvirkt enn í dag og verður það meðan þeir fá ekki fjármuni til að gera við það, meðan þeir fá ekki fjármuni til þess að sjá um sómasamlegt viðhald á þessu húsi. Öryggismálin eru þar líka í ólestri. Svona hluti á ég við þegar ég tala um að vinnubrögð meiri hlutans í hv. nefnd séu ámælisverð.

Síðan talaði þingmaðurinn um að ég hefði lagt til að taka hluta af fjárfestingarliðum inn á 6. gr. fjárlagafrv. til þess að fela þá í útkomu fjárlaganna þannig að hægt væri að greiða þá eftir öðrum leiðum og þeir sæjust þá ekki í útgjaldahliðinni undir fjárfestingarliðnum. Ég verð því miður að segja um þessi ummæli hv. þm., þótt að hann sé fjarstaddur, að þetta er alrangt. Það mun ég auðvitað ræða við hann á fundum sem við eigum væntanlega eftir að sitja saman í fjárln. Ég tók það sérstaklega fram að auðvitað ættu fjárfestingarliðir að vera inni í frv. sjálfu. Ég bendi hins vegar á að í ár hefðu fjárfestingar við heilsugæsluna í Reykjavík verið inni á 6. gr. af því að þar var um að ræða hugmyndir um húsnæðiskaup og heimildir til að fjárfesta í húsnæði. Það hefur verið algengt á undanförnum árum að hafa heimildir til slíkra húsakaupa inni á 6. gr. Nú stendur hins vegar fyrir dyrum að innrétta þetta húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Mjódd í Breiðholti. Þá er sjálfsagt og eðlilegt að sú fjárfesting komi inn í fjárlagafrv. af gjaldalið sem til þess er ætlaður. Það tók ég reyndar fram þannig að þessi ummæli hv. þm. eru röng.

Ég var hins vegar að benda á að það að taka 50 millj. kr. af þessum lið í fjárfestinguna í höfuðborginni þýddi að óbreytt krónutala á þessum fjárlagalið fæli í sér að minna væri til fjárfestingar í þeim viðfangsefnum sem í gangi hefðu verið á seinustu árum. Það voru mín ummæli í gær, virðulegi forseti.

Ég fer að ljúka þessum tilvitnunum í ræðu hv. þm. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að gera það að honum fjarstöddum en ég gat þó ekki látið hjá líða að gera við hana athugasemdir. Tvö eða þrjú atriði eru eftir enn, eins og það að mér hafi orðið tíðrætt um nauðvörn einhvers tiltekins ráðherra í tilteknum málaflokki. Það sem ég sagði um nauðvörn í minni ræðu í gær var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nú er í nauðvörn og úrræðaleysi síðustu daga fjárlagaafgreiðslunnar, gripið til þeirrar leiðar, segja má á elleftu stundu, að fara leið hins flata niðurskurðar.“

Auðvitað er öll ríkisstjórnin komin í þessa nauðvörn, komin í þá nauðvörn að grípa til aðgerða sem t.d. hæstv. heilbrrh. lýsti yfir fyrir örfáum dögum síðan að væru óframkvæmanlegar. Ég las þetta upp tvisvar í gær og ég held að ég verði að gera það einu sinni enn. Þetta er ekki löng málsgrein en hún er samt dálítið merkileg fyrir þeirra hluta sakir að þarna er hæstv. heilbrrh. að dæma þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú gripið til. Þetta var í umræðum utan dagskrár um málefni St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 15. okt. sl. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hæstv. fyrrv. heilbrrh. gerði ítrekaðar tilraunir í þessum efnum, m.a. með því að leggja til svokallaðan flatan niðurskurð til sjúkrahúsa víðs vegar um land. Þá risu menn upp til harkalegrar gagnrýni, stjórnendur sjúkrahúsa, og sögðu við hæstv. fyrrv. heilbrrh. að slíkar tillögur væru ástæðulausar, slíkar tillögur væri ekki hægt að framkvæma. Menn yrðu að manna sig upp í það að hafa kjark til að benda á tiltekin viðfangsefni sem yrði að breyta. Það erum við nú að gera,“ sagði síðan hæstv. heilbrrh.

Þess vegna kallaði ég það nauðvörn í ræðu minni í gær að nú ætlar hæstv. ríkisstjórn, þar með talinn þessi hæstv. ráðherra, þó að ég væri ekkert sérstaklega að vitna til hans eða vandamála hans sem ég veit að verða svo mikil í sambandi við þetta verkefni sem liggur fyrir honum núna, að grípa til þessara aðgerða. Hann sagði það reyndar í gær sjálfur, greip fram í fyrir mér þegar ég las þetta fyrir hann að hann kviði fyrir því verkefni. Það skil ég vel.

Ég sagði líka í ræðu minni í gær að áður hefði verið gripið til svona aðgerða. Við höfum gert það árið 1989, sú ríkisstjórn sem þá sat. Ég sagði einnig að áður hefði verið gripið til svona aðferða og þær hefðu ekki alltaf gefist vel, stundum mistekist. Það kannski má segja að aðgerðin 1989 hafi ekki algerlega mistekist. Hún skilaði þó nokkru þótt hún skilaði ekki öllu sem að var stefnt. Nokkuð var öðruvísi að henni staðið en nú vegna þess að það var gert ráð fyrir þessu við fjárlagagerðina sjálfa. Við gerðum ráð fyrir því þegar fjárlagafrv. var sett saman haustið 1989 og það er gerð grein fyrir því í greinargerð frv. þannig að það kom engum á óvart. Allir vissu hvað til stóð. Stjórnendur stofnananna vissu að þetta var í farvatninu og ég tók þetta mál alvarlega og lagði mig fram um að reyna að ná fram þessum sparnaði. Ég hélt marga fundi með stjórnendum stofnana. Ég boðaði stjórnendur allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á landinu til fundar eða ráðstefnu um þessi mál til að gera þeim grein fyrir því hvað stæði í þessu fjárlagafrv. og hvernig fjárlögin væru upp byggð. Ég ætla ekki að liggja undir því, eins og hv. þm. gat um hér í ræðu sinni, að ræða mín hafi verið nauðvörn fyrir úrræðaleysi og kjarkleysi.

Að lokum, virðulegi forseti, nefndi hv. þm. það í

ræðu sinni að starfsmönnum ríkisins hefði fjölgað óvenjulega mikið síðustu þrjú ár, á starfstíma síðustu ríkisstjórnar, um 1100–1200 manns. Annaðhvort nefndi hann ekki eða mundi ekki að á þessum tíma átti sér stað vel undirbúin verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga sem varð samkomulag um. Það var ekki ákvörðun sem var gripið til á einni nóttu og hent framan í sveitarfélögin í landinu heldur var unnið að því lengi. Niðurstaðan varð m.a. sú að ríkið tæki yfir rekstur allrar heilbrigðisþjónustunnar í landinu, líka þau verkefni sem sveitarfélögin höfðu haft áður. Við þetta fluttust frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins um 500 starfsmenn, við þessa aðgerð eina.

Þá ætla ég að láta þessu lokið, virðulegi forseti, og þar með styttist ræða mín, orðin heldur lengri en ég ætlaði í upphafi. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi hennar að umræðan í gær og í dag hefur sýnt og sannað það, sem við sögðum í okkar nefndaráliti, að hún væri ekki tímabær. Hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðið hefði þurft að vinna heimavinnuna sína betur og koma síðan með tillögur sem a.m.k. hún væri sammála um. Það sýnir sig náttúrlega í dag að hún er það ekki og stjórnarliðarnir eru það ekki. Þeir standa ekki sumir hverjir að þeim hugmyndum og tillögum sem settar eru fram og boðaðar eru. Meðan svo er er auðvitað hastarlegt að þurfa að eyða miklum tíma í þetta mál. Við skulum hins vegar gefa okkur þann tíma sem þarf eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. fyrr í kvöld eða nótt. Hæstv. ríkisstjórn verður að vinna betur sitt verk, senda það síðan til umfjöllunar í fjárln. þannig að við fáum tíma til að vinna það þar. Við stjórnarandstæðingar fórum fram á það að fá nokkra aðila til viðtals og viðræðu í nefndinni um þessar hugmyndir sem boðaðar voru. Því var hafnað, sem eru mjög óvenjuleg vinnubrögð í nefndarstörfum þingsins, að hafna því að fá menn til viðtals. Ég vænti þess að við getum notað þann tíma sem líður til 3. umr. til þess að fá betri upplýsingar um það sem hér er á döfinni, svo ég tali ekki um upplýsingar um það sem hæstv. ráðherrar, t.d. hæstv. félmrh., eru að boða í dag, að það verði alls ekki gripið til þeirra hugmynda sem búið er að segja okkur frá heldur einhverra allt annarra.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður eru orðnar æði langar sem vonlegt er, kannski lengri en stundum áður við 2. umr. um fjárlög. Það helgast auðvitað af því að fjárlagafrv. er í nokkuð annarri mynd nú en iðulega í annan tíma. Hér er um að ræða sérstakt aðhalds- og niðurskurðarfrv. að fjárlögum sem mótast af þeim aðstæðum sem eru í þjóðfélaginu. Ég tel að þeir fagráðherrar, sem þegar hafa talað, hafi svarað mjög mörgum spurningum sem beint var til þeirra og mín sameiginlega og ekki sé í sjálfu sér efni til þess fyrir mig að fara yfir það á nýjan leik. Þó eru nokkur atriði sem ég vildi fá að nefna hér.

Hv. 8. þm. Reykn. fjallaði sérstaklega um þennan flata niðurskurð og með hvaða hætti hluti þess niðurskurðar er færður á nýjan leik til ráðuneyta til þess að milda niðurskurðinn eða auðvelda hann. Hv. þm. taldi, ef ég skildi hann rétt, að þar væri um hættulega aðferð að ræða stjórnskipulega. Ég er honum ekki sammála. Eins og fram hefur komið, þá hefur áður verið reynt með misjöfnum árangri, bæði hér og annars staðar, að fara að hluta til í sparnaði svokallaða flata niðurskurðarleið. Eins og ég sagði, hefur það verið gert með æði misjöfnum árangri. Auðvitað hefur það ekki verið með öllu árangurslaust, fjarri því. Iðulega þó með minni árangri en þeir hafa vænst sem fyrir slíkum niðurskurði hafa staðið.

Rétt eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh. sem vitnaði til þess að fyrrum fjmrh. hefði haft þær hugmyndir að eðlilegt og skynsamlegt væri við ráðstöfun af þessu tagi að óbein verðlaunaveiting eða aukið svigrúm, getum við frekar sagt, stjórnenda ráðuneyta ætti sér stað samhliða niðurskurðinum. Líklegra væri að niðurskurður af þessu tagi heppnaðist og hefði virkari stuðning stjórnenda ráðuneyta en ella. Ég tel að þingið, löggjafinn, fjárveitingavaldið í þessu tilviki, hafi mjög glögga mynd af því til hvaða meginþátta hinn flati niðurskurður á að ná. Löggjafinn hafi glögga mynd af því hvert umfang þess niðurskurðar er. Því sé ekkert óeðlilegt að ráðuneytið hafi það svigrúm, sem í endurgreiðslunni felst, til þess að stuðla að því að niðurskurðaráformunum megi ná.

Annars vegar var rætt um að ég hafi haft orð á því, og ég hygg nú reyndar fleiri ráðherrar þegar vinna stóð yfir af hálfu ríkisstjórnar fyrir þessa umræðu, að vandinn sem við væri að etja væri ekki lengur sá að fjárlagafrv. væri með 4 milljarða kr. halla heldur væru menn að horfa í stærri tölur. Menn töluðu þá um 10–11 milljarða kr. sem væri verið að vinna úr. Ég hygg að þær tölur hafi verið réttar. Í fyrsta lagi voru menn þá að fjalla um tölur sem höfðu farið umfram þann ramma sem settur hafði verið. Í annan stað voru menn að fjalla um tölur þar sem stofnanir, undirstofnanir iðulegast, höfðu lagt fram óskir og ábendingar um útgjöld töluvert umfram það sem ráðuneytin höfðu áður lagt til. Í þriðja lagi voru menn að tala um það tap ríkissjóðs sem leiðir af frestun álvers og lakari viðskiptakjörum í framhaldi af því. Og í fjórða lagi voru menn að tala um óafgreidda þætti sem snúa að tekjuöflun. Ég hygg að þegar allt þetta er lagt saman hafi þessar tölur verið mjög á því reiki og róli sem ég og reyndar fleiri ráðherrar, einnig formaður Alþfl. hygg ég, nefndum opinberlega.

Í þriðja lagi var vikið að því með hvaða hætti samráð yrði haft við sveitarfélögin vegna þeirra byrða sem á þau eru lagðar í tengslum við afgreiðslu þessa máls. Og þá gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu forráðamanna Sambands sveitarfélaga og reyndar einstakra sveitarfélaga, til að mynda eins og hefur verið nefnt, Reykjavíkurborgar, á þau áform sem þingmeirihluti ríkisstjórnarinnar hefur haft uppi varðandi sveitarfélögin. Fundur verður með forustumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga eftir tvo og hálfan tíma eða svo. Þar munu þrír ráðherrar eiga viðræður við forráðamenn Sambands sveitarfélaga. Þá verður tekið á þeim þáttum sem lúta að þeirri gagnrýni sem fram hefur komið af þeirra hálfu á síðustu dögum. Sú gagnrýni

er í fleiri en einum þætti. Að sjálfsögðu gera sveitarfélögin, sem hvorki er ótrúlegt né óeðlilegt í sjálfu sér, athugasemdir við það að ríkisvaldið vilji beina hluta byrðanna með þessum hætti yfir á þau. En í annan stað hefur verið töluvert hörð gagnrýni af hálfu sveitarfélaganna eða forráðamanna þeirra að ríkisvaldið vilji með þeim hætti sem kynnt var blanda sér inn í meðhöndlun á tekjustofnum sveitarfélaga. Eins og komið hefur fram í ályktunum þeirra leggja þau ríka áherslu á að þeirri aðferð verði síst beitt þegar til slíkra aðgerða er gripið. Þá hefur jafnvel komið fram gagnrýni á verkefnatilfærsluna eins og hún var kynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Alla þessa þætti ætla þessir ráðherrar að ræða, af hálfu ríkisstjórnarinnar, við forráðamenn sveitarfélaganna. En ég vil taka það fram að ekki er áformað af hálfu ríkisstjórnarinnar að draga úr þeim hluta byrðanna sem á sveitarfélögin eru settar þótt fyrirkomulag og hvernig að því verður staðið hljóti að geta komið til endurskoðunar. Um það verður haft samráð við sveitarfélögin. Ekki er hægt eins og hv. 8. þm. Reykn. spurði um að lýsa því yfir eða lofa því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar að þessu leyti til væru bundnar samþykki sveitarfélaganna. Engin ríkisstjórn, hvorki fyrr eða síðar, hefur viljað gefa slíkar skuldbindandi yfirlýsingu og það gerir þessi ríkisstjórn auðvitað ekki heldur.

Þetta eru nú þeir meginþættir sem að mér var vikið sérstaklega og aðrir ráðherrar hafa ekki svarað. Og ég hygg að ég láti þessi orð um þetta leyti nægja af minni hálfu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þau skýrðu málin að nokkru leyti. Hins vegar er ljóst af lýsingu hæstv. forsrh. að á borðum ríkisstjórnarinnar liggja enn útgjaldatilefni upp á 3 milljarða kr. sem ríkisstjórnin ákvað að sýna ekki þegar fjárlög voru lögð fram. Þess vegna er ljóst að raunhæfni þessara fjárlaga er nú ekki eins traust eins og ráðherrar hafa viljað vera láta. Kemur það okkur í sjálfu sér ekki á óvart.

Hvað verður um þessa 3 milljarða sem ríkisstjórnin ákvað að geyma sér mun örugglega koma í ljós á fyrri hluta næsta árs. En betra hefði nú verið fyrir ríkisstjórnina að reyna að leysa dæmið allt.

Hvað snertir þessa sérstöku aðferð við niðurskurðinn vil ég biðja hæstv. forsrh. að skoða það mál nánar. Vegna þess að engin sérstök rök eru fyrir því að afhenda t.d. menntmrh. 290 millj. sem hann getur ráðstafað að eigin vild og eigin geðþótta í sínu ráðuneyti til þess að ná þessum 1.500 millj. kr. sparnaði. Þetta er óeðlileg aðferð og ég tel nauðsynlegt að ríkisstjórnin ræði þetta mál á næstu dögum, bæði sín á milli og við ýmsa embættismenn, til þess að glöggva sig betur á þessu atriði. Mér þykir leitt að hæstv. forsrh. treystir sér ekki til þess að lýsa því yfir að markmið ríkisstjórnarinnar sé hið sama og okkar í desember 1990. Að ná samkomulagi við sveitarfélögin um það hvernig sameiginleg málefni yrðu afgreidd í fjárlagafrv. Þá náðist samkomulag. Og það hefði verið æskilegt að hæstv. forsrh. hefði getað staðfest að það væri markmið ríkisstjórnarinnar.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fram hefur komið í ræðum hv. þm. fyrr í þessari umræðu að sú leið sem menn kalla flatan niðurskurð hefur áður verið farin. Í fjárlögum árið 1989 var þessi leið farin, reyndar í mun smærri stíl en nú er stefnt að.

Í heilbrigðismálunum varð niðurstaðan sú að á þremur sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu þ.e. bara í Reykjavík, kom þessi niðurskurður þannig niður að jafnmörg rúm voru tekin úr notkun á tveimur sjúkrahúsum, á Landspítalanum og Borgarspítalanum, og voru í notkun á Landakotsspítala. Hvað þjónustu varðar hefði mátt loka þeim spítala en reka hina með fullum afköstum. Þetta verður auðvitað líka sú leið sem nú verður farin vegna þess að hún er einföldust fyrir stjórnendur sjúkrahúsanna. Með því er verið að segja: Það á að draga stórkostlega úr þjónustunni á sjúkrahúsunum. Og því spyr ég forsrh., af því að hann lét að því liggja í ræðu sinni áðan að það yrði hægt að tryggja að þetta kæmi með þeim hætti niður að þjónusta yrði tryggð, hvernig ríkisstjórnin hafi í hyggju að tryggja að ekki verði dregið úr heilbrigðisþjónustunni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég hafi ekki haft nein orð um það í ræðu minni hér áðan að þjónusta hjá ríkinu yrði óskert að öllu leyti við þennan niðurskurð. Hygg ég að ég hafi ekki haft nein orð um það. Auðvitað er viss hætta á því, og ekki nema eðlilegt, þegar dregið er úr framlögum af hálfu ríkisins t.d. til launaþáttar eins og gert hefur verið í þessu tilviki, þá hljóti þjónusta að dragast saman. Ella verður að ályktað sem svo að sú þjónusta sem veitt hefur verið fyrir þessa fjármuni hafi verið lítils virði.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Leitt er að ég hef misskilið forsrh. og biðst ég afsökunar á því. En svar hans við mínu andsvari var mjög skýrt og ekki hægt að hafa það skýrara. Það stendur sem sagt til að draga úr þjónustunni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkuð er áliðið nætur en á einu atriði í máli hæstv. forsrh. langar mig til að fá nánari skýringu. Það snertir þær álögur sem fluttar eru af ríkinu og yfir á sveitarfélög. Í fjárlagafrv. eða þeim tillögum sem því fylgja er talað um 700 millj. kr. Fulltrúar sveitarfélaganna segja sjálfir að það sé einn milljarður. Nú vil ég vekja athygli hæstv. forsrh. á því að markmið hæstv. ríkisstjórnar með niðurskurði ríkisútgjalda var að skapa svigrúm fyrir atvinnulífið, svigrúm fyrir vaxtalækkun með minnkandi spennu á lánamarkaði. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh., því að ég skil það engan veginn: Hvernig getur það skapað svigrúm á lánamarkaði að flytja milljarð frá ríkinu og

dregið úr spennu til þess að lækka vexti? Ég vek athygli á því að stærsta sveitarfélag landsins hefur verið að safna stórauknum yfirdrætti á bankareikning sinn. Og ég fæ þetta dæmi ekki til að ganga upp öðruvísi en svo að þessi tilfærsla verði bara til að auka lántökur sveitarfélaganna. Ég býst við að hv. 1. þm. Vesturl., vanur sveitarstjórnarmaður, geti staðfest það að staða meginþorra sveitarfélaga landsins er þannig að þessar byrðar verða ekki færðar yfir á þau öðruvísi en það komi fram í aukinni lántöku af þeirra hálfu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt mun vera að þær byrðar sem lagðar eru á sveitarfélögin munu vera rúmlega 900 millj. kr., 700 millj. í þessum sérstöku aðgerðum og nálægt 200 millj. eða svo í þeim aðgerðum sem tengjast bandorminum. Ég vek jafnframt athygli á því, að þegar ríkið dregur saman þetta stórar fjárhæðir hjá sér þá er auðvitað ætlast til þess að sveitarfélögin geri það einnig þegar þau fá þessa byrði yfir á sig, en taki ekki fjármuni inn með auknum skattheimtum eða auknum lántökum.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um yfirdrátt Reykjavíkurborgar, af vissum ástæðum þekki ég það afskaplega vel, þá er yfirdráttur borgarinnar þannig að hann verður yfirleitt afskaplega hár á tímabilinu september til desember en nálgast síðan núllið á tímabilinu mars til maí eða júní. Þetta er tiltölulega óveruleg þjónusta sem borgin fær miðað við þá miklu veltu sem hún og hennar fyrirtæki hafa. Yfirdrátturinn hefur verið í hærra lagi hjá borginni nú og helgast af því að innheimta tekna hefur verið lakari en áður. Í annan stað fékk borgin ekki þau lán frá Húsnæðisstofnun sem eiga að fylgja byggingum fyrir aldraða, sem verið er að reisa á Skúlagötunni og gert var ráð fyrir í áætlunum. Og í þriðja lagi komu lægri fjárhæðir inn fyrir sölu eigna vegna þess að borgin ákvað þrátt fyrir það sem var inni í fjárhagsáætlun að selja ekki um sinn húsnæði sem hún keypti á sínum tíma af Sláturfélagi Suðurlands meðan Sláturfélagið er að byggja sig upp. Þessir þrír þættir hafa skapað þennan yfirdrátt. Hann veikir í raun ekki stöðu borgarinnar því að hún tók ekki lán og hún seldi ekki eignir eins og til stóð.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú verð ég að segja að ég var í miklu vafa hvort það var hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem hér var að flytja svar við andsvari eða hvort það var borgarfulltrúinn Davíð Oddsson. Ég vil minna hæstv. forseta á að á nýliðnu ári var samið við ríkið um skil á réttum milljarði sem samkvæmt mínum heimildum var seldur. Þau skuldabréf voru seld. Þó að við tökum tímapunktinn frá ári til árs, hefur yfirdráttur borgarinnar stórlega aukist.

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst og fremst koma að því sem hæstv. forsrh. sagði áðan. Þeir ætlast til þess af sveitarfélögunum sem þeir hafa sjálfir gefist upp við að framkvæma á eigin vegum, þ.e. á vegum ríkisins. Þeir ætlast til þess að sveitarfélögin mæti þessu með því að draga saman eftir að hæstv. ríkistjórn hefur heykst á því að mæta fjárlagavandanum með því að draga saman seglin.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar gengið var til samkomulags um það í nótt að ljúka þessari umræðu með eðlilegum hætti og stjórnarandstaðan féllst á að greiða fyrir þeim lokum og ýmsir þingmenn stjórnarandstöðunnar tóku sig út af mælendaskrá þá var það gert í trausti þess að hæstv. ráðherrar svöruðu þeim spurningum sem beint hafði verið til þeirra og það er ítrekað hér í ræðustólnum búið að óska eftir því. Það er eingöngu hæstv. forsrh. sem hefur orðið við þeim óskum. Hæstv. félmrh. hefur ekki orðið við þeim óskum þrátt fyrir að þingmenn hafi beðið hér til klukkan fimm um morguninn eftir að fá að heyra svör hæstv. félmrh. við þeim spurningum sem til hennar hefur verið beint í þessari umræðu. Ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. félmrh., formenn þingflokka stjórnarflokkanna, ætli að láta þessari umræðu lokið með þeim hætti að hæstv. félmrh. svari engu af því sem til hennar hefur verið beint. Hæstv. samgrh. stendur hér í dyrunum og til hans var beint mjög alvarlegum spurningum og athugasemdum um samningsrof og hvernig hæstv. samgrh. ætli að bregðast við hugsanlegum málaferlum vegna þeirra ákvarðana sem ríkisstjórnin tilkynnti eftir sinn næturfund. Hæstv. samgrh. hefur ekki svarað því neinu. Ég skil satt að segja ekki hvers vegna þessir tveir ráðherrar og einnig hæstv. sjútvrh. sem hér situr enn hafa ekki treyst sér að taka hér til máls og segja eitt einasta orð. Til hæstv. sjútvrh. hefur verið beint spurningu um aukna skatta til sjávarútvegsins í þessu fjárlagafrv. og fylgifrv. þess sem nema, eftir samantekt hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, hátt í annan milljarð. Það hefur verið óskað eftir því ítrekað að hæstv. sjútvrh. mundi tjá sig um þetta. Ég tel að fordæmin í umræðunni frá hæstv. forsrh., hæstv. menntmrh. og hæstv. heilbrrh. hafi verið á þann veg að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi sýnt það að þeir kunna að meta þau svör og það greiddi fyrir lokum umræðunnar. En við sættum okkur ekki við að þessari umræðu ljúki og ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru um að þeir ráðherrar sem hefðu fengið spurningar hér í umræðunni svöruðu þeim að einhverju leyti eða a.m.k. gerðu tilraun til þess.

Þess vegna enn á ný, virðulegi forseti, fer ég fram á það hér að þessir þrír ráðherrar sem enn hafa ekki virt þingið þess að svara geri það svo við getum öll farið heim í trausti þess að við það samkomulag, sem gert var, hafi verið staðið.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég var einn af þeim stjórnarandstöðuþingmönnum sem var á mælendaskrá í kvöld og til mín var komið og sagt að menn hefðu náð samstöðu um að ljúka þinghaldinu á skikkanlegum tíma og þess vegna var farið fram á annað hvort, ef ég sæi mér fært, að ég tæki mig út af mælendaskrá eða ég stytti mál mitt verulega hér í þessari umræðu. Eftir að hafa hlýtt á heilbrrh. sá ég það á svörum hans við þeim

spurningum sem fram höfðu komið að ég hefði verulega getað stytt mál mitt og eftir að hafa heyrt þær spurningar fram bornar hér af öðrum þingmönnum í kvöld og í dag til hæstv. félmrh., þá dró ég mig út af mælendaskrá í trausti þess að hæstv. félmrh. kæmi upp og svaraði þessum spurningum. Það hefði ég ekki gert annars. Það hlýtur að vera krafa okkar nú, ef um það hefur verið samið milli þingflokksformanna og forseta þingsins, að við það verði staðið að ráðherrar komi hér upp og svari spurningum.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti lýsti því yfir að umræðunni væri lokið en með hliðsjón af þessum tilmælum þingmanna og með hliðsjón af því samkomulagi sem gert hefur verið á milli þingflokka þá gefur forseti hæstv. fjmrh. orðið. (**ÓRG:** Það var enginn að biðja um að hann talaði.)

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Nei, það er rétt sem hér var kallað frammí áður en ég hóf ræðu mína, að það hefur enginn beint fyrirspurnum til mín. Ég gerði reyndar við 1. umr. málsins glögga grein fyrir því frv. sem hér er til umræðu og ég hef einnig, sem ég tel skylt að láta koma hér fram, gert fjárln. mjög ítarlega grein fyrir því hvað gerðist á næturfundi ríkisstjórnarinnar, skýrt hv. fjárln. mjög rækilega í öllum atriðum hvernig málin stóðu eftir þann fund, þannig að ég taldi mig hafa gert þá skyldu mína að koma mjög greinilega til skila þeim upplýsingum sem mér bar strax sl. mánudag til að greiða fyrir því að þessi umræða gæti farið fram í dag.

Það eru kannski tvö atriði sem mér finnst ástæða til að taka fram. Hið fyrra er um hinn flata niðurskurð svokallaða. Ég er sammála þeim sem hér hafa talað að þetta er vandmeðfarið mál en alls ekki óyfirstíganlegt. Ég er sammála því jafnframt að það þarf að setja reglur um það hvernig endurdreifing fjármunanna verður og mér finnst ekki óeðlilegt að þær verði bundnar við þá útgjaldaliði í fjárlögum sem af er tekið, þ.e. liðina Laun og Önnur rekstrargjöld, en þessir liðir í fjárlagafrv. eru tæpur helmingur útgjalda frv.

Það er rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu að hugsanlega þarf að draga úr þjónustu að einhverju leyti og kem ég þá að hinu efnisatriðinu sem ég kýs að nefna hér, því flest önnur atriði sem snerta fjárlagafrv. er hægt að ræða síðar, bæði í 3. umr. og eins er hægt að ræða þau þegar kemur að tekjufrumvörpunum sem verða á dagskrá næst, þ.e. síðar í dag.

Seinna atriðið sem mig langar til að ræða í örstuttu máli eru svokallaðar notendagreiðslur, sem sumir hv. þm., aðallega þó 1. þm. Norðurl. e., kalla feluskatta. Ég tel nauðsynlegt að rifja það upp að teknamegin í frv. eru ýmis útgjöld sem lækka tekjur. Þar á meðal ýmsar bótagreiðslur, endurgreiðslur og afslættir í sköttum, en gjaldamegin eru einnig tekjur, ýmsar sértekjur og þjónustugjöld sem lækka gjöld, þannig að menn mega ekki halda því fram að tekjur gjaldamegin séu feluskattar nema þá í sama orðinu að viðurkenna að bætur teknamegin og endurgreiðslur séu á sama hátt gjöld og vissulega væri hægt að færa fjárlögin upp með þeim hætti. Það hefur hins vegar ekki verið gert.

Það sem mig langaði til að segja varðandi notendagreiðslurnar er að í þessari bók sem ég hef á milli handanna og gefin var út af fjmrn. snemma á þessu ári að tilhlutan forvera míns, hv. 8. þm. Reykn., er fjallað um norræna velferðarsamfélagið á aðhaldstímum. Norrænu velferðarsamfélögin hafa reyndar gengið í gegnum ýmsa erfiðleika að undanförnu ekkert ósvipuðum þeim sem við eigum við að stríða. Þau hafa gripið til ýmissa aðgerða í opinberum fjármálum og hv. 8. þm. Reykn. brá á það ráð að láta gefa þessa bók út og hélt reyndar ágæta ráðstefnu í Borgartúni 6 um það sem kemur fram í þessari bók og hlotnaðist mér sá heiður á sínum tíma að vera einn af ræðumönnum á þessari ágætu ráðstefnu. Meginboðskapurinn í þessari bók er að fara þá leið sem víðast hefur verið farin, þ.e. að reyna að koma markaðskerfinu sem mest fyrir í hinni opinberu þjónustu. Víða í þessari bók, ég ætla nú ekki að tíunda það allt saman, þar á meðal í formála ráðuneytisstjórans og síðar í mörgum köflum, er fjallað um nauðsyn þess að koma á svokölluðum notendagreiðslum. Eða eins og hér segir t.d. á bls. 82: „Notendagreiðslur eru annars vegar hugsaðar til að létta skattbyrði og hins vegar til að hafa áhrif á eftirspurn eftir opinberri þjónustu." Þetta getur ekki staðið skýrar að notendagreiðslum er ætlað að létta skattbyrði. Þá vandast nú málið fyrir þá sem tala um að hér séu á ferðinni feluskattar. Staðreyndin er sú, og ef við látum alla pólitík til hliðar, að það er viðurkennt á Norðurlöndum, jafnvel hjá þeim flokkum sem eru lengst til vinstri, eins og í Danmörku, að notendagreiðslur geti komið að verulegu gagni til þess að ná tökum á ríkisfjármálunum. Þetta vildi ég að kæmi fram, ég ætla ekki að fara frekari orðum um þessi atriði hér, til þess gefast tækifæri síðar.

Virðulegi forseti. Hin nýju þingsköp sem við nú störfum eftir setja okkur nokkuð þrengri skorður en þau eldri. Ég man eftir því margsinnis af sérstökum ástæðum að 2. umr. um fjárlög færi fram 15. og 16. des. samkvæmt gömlu þingsköpunum. Ég tel einnig að það hafi ekkert óvenjulegt gerst í vinnubrögðum til undirbúnings fjárlagagerð og núna þessari umræðu. Ég rakti það fyrr í minni ræðu hvernig fjárln. fékk allar upplýsingar sl. mánudag. Nú er liðið talsvert á vikuna. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka fjárln. fyrir það mikla starf sem hún hefur lagt af mörkum til að koma þessu frv. áfram. Einnig stjórnarandstöðunni fyrir að taka þátt í umræðunni með málefnalegum hætti sem hefur gerst hér í dag og nótt, í gær og fyrradag reyndar líka. Þessi umræða hefur verið miklu lengri en umræður hafa verið venjulega. Hér hafa verið fluttar ræður í yfir 20 klukkutíma. Þeir sem hafa setið á þingi fyrr en á þessu kjörtímabili vita það vafalaust að a.m.k. síðustu 15 árin eða svo hefur 2. umr. um fjárlög farið fram á einum degi, oftast verið kvöldfundur og stundum fundur fram eftir nóttu þó yfirleitt ekki lengur en til tvö eða þrjú. Ef við hefðum nú starfað eftir gömlu þingsköpunum og byrjað kl. 2 þá þýða þessar 20 klukkustunda umræður, og rúmlega það, að umræðum hefði lokið kl. rúmlega 10 að morgni. Svo lengi hafa

þessar umræður staðið. Þær hafa verið gagnlegar og öðruvísi heldur en umræður áður vegna þess að ráðherrar hafa komið og svarað greiðlega fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint og það er nýmæli. Ég vil þakka samráðherrum mínum fyrir að koma hér og veita þær upplýsingar sem er mjög óvenjulegt að gert hafi verið að undanförnu og fagna því hvernig þessi umræða hefur breyst. Ég bið menn um að virða það. Ég tel að þessi umræða, þótt hún sé löng, hafi verið gagnleg og hún ætti að gefa okkur tækifæri til þess að stytta umræðuna sem fer fram um tekjufrv. Margt hefur verið sagt um það sem þar hefur komið fram og einnig hygg ég að við höfum tekið hér forskot á sæluna og getum þá stytt umræðuna við 3. umr. málsins. (**Gripið fram í:** Heim á morgun?)

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið, en ég verð að kvelja hv. framm*íkallanda* með því að líklega kemst hann ekki heim til sín, norður yfir heiðar, fyrr en í næstu viku.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. beindi til mín spurningum um ríkisábyrgð á laun í annað sinn í dag. Ég taldi mig hafa svarað hv. þm. Um er að ræða að komið hefur fram athugasemd, m.a. frá forseta ASÍ, um það frv. sem fjallar um ábyrgðasjóð launa við gjaldþrot og er til meðferðar í þinginu. Hans athugasemdir hafa beinst að því að verið sé að skerða réttindi fólks og verði það frv. samþykkt geti það farið á þann veg að fjármagn sé ekki nægilegt í sjóðnum til að halda uppi ríkisábyrgð á launum. Ég nefndi í máli mínu í dag að fram hefðu komið hugmyndir til að koma til móts við þessi sjónarmið sem ég vænti að nefnd, sem fjallar um það mál, muni skoða áður en málið verði afgreitt til 3. umr. Um það er að ræða að stjórn ábyrgðasjóðsins, verði frv. samþykkt, skuli gera tillögur um þau réttindi varðandi ríkisábyrgðina og að í frv. verði kveðið á um lágmarksréttindi launafólks en að öðru leyti geti stjórnin sjálf gert tillögur um þau réttindi. Í hinn staðinn er talað um að rétt væri að skoða hvort til viðbótar því gjaldi, sem kveðið er á um í frv., komi ákvæði þess efnis að ef sjóðurinn geti ekki staðið við sínar skuldbindingar verði lántaka heimiluð og að lánið skuli endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári. Þetta voru hugmyndir sem ég ræddi um hér í dag og höfðu reyndar áður komið fram við umræðu um frv. um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Ég vona að þetta sé nægjanlega skýrt. Það að atvinnureksturinn standi undir ábyrgð vegna launa við gjaldþrot er algengt í löndunum í kringum okkur og lagt er til af hálfu ríkisstjórnarinnar að sú leið verði tekin upp hér einnig.

Ég vil í lokin nefna það út af því sem fram kom í máli l. þm. Norðurl. e. að það væri verið að skera niður þjónustu við fatlaða og jafnvel loka sambýlum vegna þess að ráðuneytum væri gert að skera niður 5% í launa- og rekstrarkostnaði. Ég vil fullvissa hv. þm. um að það er ekki verið að skera niður þjónustu við fatlaða frá því sem nú er, komist þessar tillögur til framkvæmda og það þarf ekki að loka sambýlum, eins og hv. þm. nefndi, jafnvel þó að þessar tillögur kæmust til framkvæmda.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin þá held ég að svörin hafi einfaldlega staðfest það sem kom hér fram fyrr í kvöld eða nótt í athugasemdum mínum, en hæstv. félmrh. komst þannig að orði að ef ábyrgðasjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar yrði heimiluð lántaka. Það liggur því auðvitað alveg fyrir hvað þarna er á ferðinni. Þarna eru menn auðvitað að ræða um lántökur í tengslum við þessi mál.

Ég vil hins vegar jafnframt leggja á það áherslu sem fram kom hér í fyrri ræðu minni í nótt að hæstv. forsrh. hefur opnað fyrir þann möguleika í yfirlýsingum í fjölmiðlum að þetta mál verði skoðað sérstaklega við afgreiðslu kjarasamninga þegar þar að kemur. Ég vil þess vegna endurskoða áskorun mína til hæstv. ríkisstjórnar um að hún falli frá þessari sérstöku tillögu um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot vegna þess að það er vafalaust að afgreiðsla hennar mun spilla fyrir frágangi kjarasamninga ef hún verður afgreidd eins og hún liggur fyrir.

Ég vil svo í þessu andsvari leyfa mér að nota tækifærið til þess að nefna það sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. og segja: Í rauninni er ekkert merkilegt við það þó að þessi umræða taki alllangan tíma. Hér er um afbrigðilegt fjárlagafrv. að ræða. Hér er verið að leggja inn á braut sem er í grundvallaratriðum allt öðruvísi pólitískt en Alþingi Íslendinga hefur nokkurn tíma áður séð. Það er ekki vegna þess að hér séu fyrst og fremst uppi svo erfiðar ytri aðstæður heldur vegna þess að verið er að reyna að framkvæma hér í þessu fjárlagafrv. pólitík, stjórnmálastefnu, sem hefur sem betur fer til þessa verið framandi Alþingi Íslendinga.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. þetta svar. Ég var hins vegar að vonast til að hæstv. félmrh. mundi upplýsa það nú við lok 2. umr. um fjárlögin um hvað hefði verið samið milli hæstv. félmrh. og forsrh. hér fyrr í haust þegar hæstv. félmrh. tilkynnti að hann gæti staðið að því fjárlagafrv. sem ríkisstjórnin legði fram þar sem sérstaklega hefði verið samið um ákveðnar kjarajöfnunaraðgerðir í fjárlagafrv. Og það fer nú að verða kominn tími til að þingið fái a.m.k. að vita hverjar þessar kjarajöfnunaraðgerðir eru sem hæstv. félmrh. samdi um við forsrh.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er rétt sem hér kom fram að það hefur verið rætt að styrkja stöðu ríkissjóðs með því að draga úr fjárveitingum til Vestfjarðaganga á næsta ári. Þetta mál hefur verið rætt milli Vegagerðar og verktaka í miklu bróðerni og vinskap og mikill misskiln-

ingur ef menn halda að það sé málarekstur í uppsiglingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

51. FUNDUR

föstudaginn 13. des.,
kl. 11 árdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þessum fundi verður nú frestað til kl. 1 í dag, en hér hafa menn beðið um orðið um gæslu þingskapa.

Um þingsköp.
Tilhögun þingfundar.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Það kemur mjög á óvart að hér eigi að fara að fresta fundi sem boðaður er kl. 11 og 1. mál á dagskrá er atkvæðagreiðsla um fjárlög eftir 2. umr. Ég vissi ekki annað en að þetta væri þaulskipulagt í samræmi við starfsáætlun þingsins sem kveður á um það að ljúka störfum Alþingis á morgun, síðasti starfsdagur þingsins fyrir jól er á morgun samkvæmt þeirri starfsáætlun sem út hefur verið gefin og ég hef ekki neina aðra áætlun í höndum eða neitt erindi frá forsætisnefnd þingsins um að það eigi að breyta þar til um. Hér stóð fundur fram undir morgun og það var áhersluatriði af hálfu okkar í stjórnarandstöðu að menn fengju ráðrúm til þess að undirbúa þátttöku í þessari atkvæðagreiðslu þannig að hún yrði síðar í dag. Við það var ekki komandi af hálfu stjórnarliðsins og settur niður fundur með atkvæðagreiðslu kl. 11. Ég verð að segja að ég hef ærið að starfa þessa daga fram að jólum í sambandi við þingstörfin og undirbúning mála og ég hef búið mig undir það að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu sem margir líta eðlilega á sem þýðingarmikla. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvernig stendur á því að svona er farið með tíma alþingismanna og svo er háttað dagskrá að setja hér upp atkvæðagreiðslu um fjárlög kl. 11 og síðan á að fresta fundi til kl. 13 eftir því sem hæstv. forseti greindi okkur einmitt frá núna.

Ég óska eindregið eftir skýringum af hálfu virðulegs forseta þingsins hvað valdi þessu. Hverjir eru það sem óska eftir frestun fundar? Og hvar er stjórnarliðið sem kveður hér til fundar? Hvar eru þingmenn Sjálfstfl., svo dæmi sé tekið? Hvar er ráðherrabekkurinn? Hann er heldur þunnskipaður. Hvað veldur þessari tilhögun á þinghaldi með þessum hætti? Ég óska eftir skýringum og ég hugsa að það séu fleiri sem vilja vita ástæður.

Guðmundur Bjarnason:
Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, og spyrja í raun hverju þetta sæti. Við sátum hér til kl. að ganga sex í morgun og var samkvæmt samkomulagi reynt að greiða fyrir þingstörfum. Sumir hv. þm. sem töldu sig hafa ærna ástæðu til þess að fjalla hér um það mál sem þá var á dagskrá, fjárlög fyrir næsta ár, féllu frá ræðum sínum, sumir styttu þær mjög, aðrir féllu alveg frá orðinu til þess að geta mætt til þingfundar í morgun kl. 11 til þess að greiða atkvæði um frv. Reyndar fengu ekki allir frið til kl. 11 því að fjárlaganefndarmenn voru boðaðir til fundar kl. 8.30 í morgun, (**Gripið fram í:** Fleiri nefndir.) og fleiri nefndir, er hér upplýst, til þess að sjálfsögðu að fjalla um þingmál. Til dæmis voru í fjárln. tekin fyrir mál sem á að fjalla um við 3. umr., B-hluta stofnanir, og ekki smáar stofnanir, stofnanir eins og Póstur og sími, Húsnæðisstofnun ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins. Við höfðum reyndar ekki lokið við að fjalla um nema eina af þessum stofnunum, Póst og síma, þegar boðað var til þingflokksfunda til að undirbúa þessa atkvæðagreiðslu því að auðvitað þurfa þingflokkarnir einhvern tíma til þess, virðulegi foseti, að undirbúa atkvæðagreiðsluna og það höfum við gert. Við höfum setið á fundi núna frá 10 og fram að fundi þessum til þess að vera tilbúnir, og erum það, fyrir þessa atkvæðagreiðslu.

Ég verð að lýsa undrun minni á þessum vinnubrögðum. Ég veit reyndar ekki hvort fundur í fjárln. hefur haldið áfram eftir að við stjórnarandstæðingar þurftum frá að hverfa til þess að fara á þingflokksfundi. Hafi svo verið, þá a.m.k. er alveg ljóst að við munum krefjast þess að fá forstöðumenn þessara stofnana aftur til viðræðu á fund þannig að við stjórnarandstæðingarnir í nefndinni getum rætt við fulltrúa Húsnæðisstofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Kannski hefur fundinum verið frestað, ég veit það ekki, virðulegur forseti, hvernig það hefur farið fram. En því miður hefur það þó komið fyrir áður á fundi í fjárln. að beiðni okkar um að fá til viðtals þá aðila sem við höfum beðið um að fá til viðtals hefur verið hafnað og ég vona a.m.k. að það endurtaki sig ekki, að það fari svo nú að þeirri ósk okkar yrði hafnað að fá þessar stofnanir aftur — og vil reyndar nota tækifærið og láta vita af því að við munum auðvitað ítreka þá ósk okkar — vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar sem boðaðar voru og við vildum fá að ræða á fundum fjárln., að fá þá fulltrúa til fundar við nefndina, þar sem nú er ljóst að þær boðuðu aðgerðir eru meira og minna í vindinum. Hæstv félmrh. lýsti því hér yfir í gær að það væru allt aðrar hugmyndir uppi nú varðandi verkaskiptinguna heldur en þær sem þá voru boðaðar. Því við hljótum að verða að fá að taka okkur tíma í hv. nefnd til þess að ræða þau mál.

En á þessu stigi, virðulegi forseti, var það nú fyrst og fremst það sem hér er að gerast núna sem við erum undrandi á eftir að hafa verið hér mestalla nóttina,

mætt síðan hér til vinnufunda í hinum ýmsu nefndum stax í morgun og verið á þingflokksfundum til þess að vera tilbúnir til atkvæðagreiðslu nú. Það hefði verið öllu betra fyrir öll vinnubrögð og allt samkomulag og samstarf í þinginu að þetta hefði legið fyrir fyrr en nú þegar við stjórnarandstæðingar erum mættir til þessa fundar. Það virðast reyndar vera fáir aðrir en þeir, örfáir, tveir til fjórir fulltrúar stjórnarliða sem hér eru mættir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessi ákvörðun um að fresta fundinum nú er gerð í fullu samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það var gert samkomulag um það í nótt eða morgun eftir því sem forseti best veit og hefur verið rætt á milli þingflokksformanna stjórnar og stjórnarandstöðu, á nokkrum fundum á sl. sólarhring hvernig málum vindi fram hér. Síðan er það að ósk stjórnarliða að atkvæðagreiðslunni verður frestað nú frá kl. 11 til kl. 1. Þetta er það svar sem forseti gefur hér.

Nú sýnist forseta að næstum allir þingmenn hafi kvatt sér hljóðs, væntanlega til þess að tala um gæslu þingskapa, og þá gef ég fyrst orðið hv. 8. þm. Reykv. sem talar um gæslu þingskapa.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að upplýsa eftirfarandi í sambandi við þetta mál og staðfesta það sem forseti segir að það var að ósk okkar þingflokksformanna stjórnarflokkanna sem um það var beðið seint í nótt að þessari atkvæðagreiðslu yrði frestað fram eftir degi. Síðan varð það að samkomulagi eftir samtöl milli þingflokksformanna að fundinum sjálfum yrði þá frestað til kl. 1. Mér er það að sjálfsögðu ljóst að þetta kann að valda einhverjum þingmönnum óþægindum, en það er ástæðulaust að fara neitt í felur með það að þetta er að frumkvæði og að ósk okkar þingflokksformanna stjórnarflokkanna. Ég sé ástæðu til þess að þakka þeim sem tóku þátt í samtölum um þetta við okkur í nótt fyrir þær undirtektir sem þessi ósk fékk frá þeim þannig að við máttum standa í þeirri trú að um þetta væri þokkalegt samkomulag þó svo maður skilji það að sjálfsögðu að ekki séu allir jafnánægðir með það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski rétt að rifja það upp að gefnu tilefni að í gærkvöld fóru fram býsna langdregnar samningaviðræður um ýmis mál eins og gengur. Í sjálfu sér er ekkert merkilegt við það að öðru leyti en því að við lögðum á það áherslu, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, að atkvæðagreiðsla eftir 2. umr. fjárlaga færi ekki fram fyrr en síðdegis í dag. Stjórnarflokkarnir töldu aftur á móti óhjákvæmilegt að hún færi fram kl. 11. Síðan af einhverjum ástæðum snerist stjórnarflokkunum hugur og þeir óskuðu eftir því að atkvæðagreiðslunni yrði frestað frá kl. 11. Við óskuðum þá eftir því eða ég fyrir mitt leyti að fundinum yrði þá jafnframt frestað þannig að ekki yrðu hér fundahöld fyrr en eftir hádegið fyrst menn treystu sér ekki í atkvæðagreiðslu og tíminn fyrir atkvæðagreiðsluna yrði svo ákveðinn síðar. Hér er því bersýnilega um að ræða, eins og fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv., ósk stjórnarflokkanna sem er ástæðan til þess að atkvæðagreiðslunni er frestað. Hins vegar verða menn að skilja það, og þar á meðal formenn þingflokka stjórnarflokkanna, að það var auðvitað ekkert ráðrúm til þess eftir kl. 5 í morgun að hafa samráð við alla þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna um þennan veruleika sem nú blasir við. En niðurstaðan er sem sagt þessi og ég tel eftir atvikum að það sé lítið annað fyrir stjórnarandstöðuna að gera en að fallast á þá ósk stjórnarflokkanna að atkvæðagreiðslu um fjárlögin verði frestað.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Um kl. 5 í morgun var ég hér á vaktinni en starfandi formaður þingflokks Framsfl. var þá horfinn af fundi. Ég heyrði það fljúga fyrir að hugsanlegt væri að beðið yrði um frestun á atkvæðagreiðslu. Mér flaug ekki í hug að ekki yrði boðað til samráðsfundar forseta í morgun til þess þá að afboða þennan fund núna, en ég tek undir með hv. 9. þm. Reykv. að úr því að stjórnarliðið fer eindregið fram á þessa frestun á umræðunni þá tel ég að við eigum að fallast á það. Að öðru leyti lýsi ég furðu minni á því að ekki skuli hafa verið boðað til formlegs samráðsfundar strax í morgun til þess að koma orðsendingum til þingmanna um þessa breytingu. Það var að sjálfsögðu ekki hægt að boða til neins slíks fundar í nótt um kl. 5.30 og koma því til þingmanna með neinum formlegum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að það verður að sjálfsögðu haft samráð við formenn þingflokka, nú þegar þessum fundi hefur verið frestað og áður en hann hefst að nýju, um það hvenær atkvæðagreiðslan um fjárlagafrv. muni hefjast. Það finnst forseta vera eðlilegt. En forseti skilur það að þetta hefur komið sér illa fyrir hv. þm. sem ekki hafa vitað af þessu, en verður að viðurkenna að hún hafði gert ráð fyrir því að hv. þm. vissu almennt um þessa frestun þegar komið væri til þessa fundar kl. 11. Ef það hefur farist fyrir, þá biður forseti velvirðingar á því. En nú liggur fyrir að gera hlé á fundinum og fresta honum til kl. 1 og ég vænti þess að nú hafi hv. þm. upplýsingar um það hvernig fyrirkomulagið verður. Þegar komið verður hér til fundar liggi það fyrir og allir hv. þm. viti hvenær atkvæðagreiðslan um fjárlagafrv. fer fram.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt. Ég vil láta það koma fram að það eru fleiri en þessir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem ekki vissu um þessa frestun því að einhvern grun hafði hv. formaður fjárln. um það að rætt hefði verið um hugsanlega frestun, gat þess um tíuleytið þegar við vorum að fara á þingflokksfund okkar að það væri ekki þingfundur kl. 11 svo að ég bað starfsmenn þingsins í Austurstræti að hringja hingað út — þeir höfðu nú ekki heyrt neitt um þetta, starfs-

mennirnir þar. Þeir hringdu á símaborðið og þar hafði enginn hugmynd um að það stæði til að fresta þessum fundi. Starfsmaðurinn í Austurstæti, en ég hlustaði á þessi samtöl því að ég stóð við borðið hjá viðkomandi, hringdi í þingverði á göngum hér og spurði þá um það. Þeir höfðu ekki hugmynd um annað en að hér væri þingfundur að hefjast kl. 11. Eitthvað hefur því verið undarlega staðið að þessu. Þá hringdi ég í formann þingflokks Framsfl. rétt upp úr kl. 10 til þess að spyrja hvort frestað hefði verið þingflokksfundi. Þá hefði formaður þingflokksins ekki haft neina hugmynd um það að fresta ætti atkvæðagreiðslu og ekkert heyrt það orðað eða nefnt fyrr, að það væri frestun á þessum fundi, virðulegi forseti. Ég vildi bara að þetta kæmi hér fram og væri alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Hvenær verður atkvæðagreiðslan? Spurðu um það hvenær atkvæðagreiðslan sé.) Ja, er hún ekki kl. 1? (**Gripið fram í:** Nei. Það er ekkert samkomulag um það.) Ég hef ekkert heyrt um það, virðulegur forseti, og hef ekki um það að segja á þessu stigi frekar en ég hélt að það ætti að vera kl. 1 sem þessi atkvæðagreiðsla færi þá fram. En ég er út af fyrir sig ekki að gera neina athugasemd um það að fundinum sé nú frestað. Við höfum ekkert lagst gegn því. Við erum fyrst og fremst að lýsa undrun okkar á því hvernig hefur gengið til með þessi boð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur greinilega ekki talað nógu skýrt hér áðan og ætlar þá að reyna að tala skýrar. Hún lýsti því yfir að það yrði talað við formenn þingflokka þegar þessum fundi hefði verið frestað og rætt við þá um það hvenær atkvæðagreiðslan gæti farið fram eftir að fundur hefst að nýju kl. 1. Vonar forseti nú að þetta liggi ljóst fyrir, að það er fyrirhugað að ræða við formenn þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu og komast að samkomulagi um það hvort atkvæðagreiðslan fer fram kl. 1 eða síðar. — [Fundarhlé.]

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að atkvæðagreiðsla um 6. dagskrárliðinn, fjárlög 1992, fer fram kl. 2.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Í grg. kemur fram að hugmyndir svipaðar þeim sem fram koma í þessu frv. hafa verið lagðar fram áður og rökin fyrir því að menn vilja nú gera hina ýmsu fjárfestingarlánasjóði skattskylda eru þau samkvæmt grg. að þessir sjóðir búi við ákveðin forréttindi umfram aðrar útlánastofnanir.

Nú er ég er ekki reiðubúin til þess að gera upp hug minn um þetta mál. Ég á sæti í efh.- og viðskn. og þar munum við að sjálfsögðu athuga þetta mál rækilega. En þær spurningar sem ég er fyrst og fremst að velta fyrir mér eru þær hvort skynsamlegt sé að leggja tekju- og eignarskatt á sjóði sem eiga að sinna ákveðnum lögbundnum verkefnum. Ef þessir sjóðir fara að greiða tekjuskatt og eignarskatt þýðir það
væntanlega að þeir hafa minna fé til þess að lána þeim sem þeir eiga að þjóna. Ef maður tekur dæmi af slíkum sjóði, þá get ég nefnt Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem gegnir því hlutverki m.a. að ýta undir nýsköpun í landbúnaði og er til þess ætlaður að mæta þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað í landbúnaðinum og aðstoða bændur við að skapa vinnu í stað þess samdráttar sem nú á sér stað í landbúnaðinum. Það má taka annað dæmi af Útflutningslánasjóði sem er lítill en vel rekinn sjóður. Hvað þýðir svona skattlagning fyrir þessa sjóði?

Það er önnur spurning sem vaknar og varðar 2. gr. þessa frv. sem kveður á um hvaða sjóðir eigi að vera undanskildir sem auðvitað getur orkað tvímælis.

Mér hefur borist í hendur bréf eða álit frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum út af Lánasjóði sveitarfélaga. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þetta álit því að ég hygg að í því komi fram þau álitamál sem fylgja þessu frv. Álitið hljóðar svo:

„Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga mótmælir harðlega því ákvæði frv. er leiðir til skattskyldu Lánasjóðs sveitarfélaga. Lagt er til að Lánasjóði sveitarfélaga verði bætt í upptalningu þeirra sjóða sem undanþegnir verða skattskyldu skv. 2. gr. frv.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur eingöngu lánað til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar. Lengst af hafa lánin runnið til framkvæmda við lögskyld verkefni sveitarfélaganna eins og til vatnsveitna, skólabygginga, gatna- og holræsagerðar o.s.frv. Á þessu og síðasta ári hefur þó meira en helmingur af ráðstöfunarfé sjóðsins farið til skuldbreytinga á óhagstæðum lánum skuldugra sveitarfélaga. Sú ákvörðun var tekin af sjóðstjórninni fyrir frumkvæði félmrh. sem skipar formann sjóðstjórnarinnar. Lánasjóðurinn hefur þannig reynst hinum minni og fátækari sveitarfélögum mikil hjálparhella og allar skerðingar á ráðstöfunarfé hans mundu fyrst og fremst bitna á þeim.

Miðað við ársuppgjör sjóðsins fyrir árið 1990 hefði fyrirliggjandi frv. leitt til eftirfarandi skattskyldu sjóðsins:

Tekjuskattur af hagnaði 1990, 45%, yrði 87,1 millj. kr. Eignarskattur af hreinni eign í árslok 1990, 1,2%, 31,7 millj. kr. Samtals 118,8 millj. kr.

Áætlaðar skattgreiðslur vegna ársins 1991 næmu um 140–150 millj. kr. Slík skattlagning hefði mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsemi Lána-

sjóðsins og viðleitni hans til að gegna þjónustuhlutverki sínu við sveitarfélögin í landinu, sérstaklega hin fámennari. Hún er líka mjög óeðlileg vegna marghátt-aðrar sérstöðu hans m.a.

Lánasjóðurinn er ekki hreinn fjárfestingarlánasjóður heldur lánar hann einnig til skuldbreytinga og hefur rúmur helmingur af ráðstöfunarfé hans að undanförnu runnið til skuldbreytinga hjá illa stæðum sveitarfélögum. Lánasjóðurinn er eign sveitarfélaganna sem hvorki greiða skatt af tekjum né eignum. Lánasjóðurinn hefur að undanförnu eingöngu lánað út eigið fé en ekki haft milligöngu um endurlán. Lánasjóðurinn hefur leitast við að halda rekstrarkostnaði í algeru lágmarki og deilir rekstrarkostnaði með öðrum til að geta þjónað sveitarfélögunum betur. Lánasjóðnum er nú ætlað stórt hlutverk í fyrirgreiðslu við minni sveitarfélög til að þau geti orðið við nýjum og stórauknum kröfum ríkisvaldsins varðandi umhverfismál. Skattlagning sjóðsins er bein skattlagning á sveitarfélögin, sérstaklega þau sem verst eru stödd fjárhagslega.

Í ljósi ofangreindra ábendinga er vonast til að horfið verði frá skattlagningu Lánasjóðs sveitarfélaga og að frv. verði breytt þannig að hún komi ekki til framkvæmda."

Þetta bréf er undirritað af Þórði Skúlasyni framkvæmdastjóra.

Hér er sem sagt komið enn eitt dæmið þar sem verið er að leggja álögur á sveitarfélögin ef þetta frv., eins og það lítur út nú, verður samþykkt. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að þarna eru ákveðin álitamál á ferðinni. En ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Hvað áætlar ríkið að þessi lagasetning skili miklum tekjum? Ég leitaði upplýsinga hjá starfsmanni fjmrn. sem fletti þessu upp og sagði mér að það væri reiknað með að þetta frv., ef að lögum yrði, mundi skila um 150 millj. kr. Hér segir Samband ísl. sveitarfélaga að bara skattlagningin á Lánasjóð sveitarfélaga muni skila 118,8 millj. kr. samkvæmt uppgjöri 1990 og 140–150 millj. kr. fyrir það ár sem nú er að líða þannig að eitthvað ber hér í milli og ég spyr fjmrh.: Hvað eiga þessi lög að skila ríkinu miklum tekjum?

Eins og ég nefndi áðan munum við í efh.- og viðskn. kanna þetta mál mjög rækilega og þegar þar að kemur mun koma í ljós hvaða afstöðu við kvennalistakonur tökum í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð um liðið síðan ég flutti framsöguræðu fyrir þessu máli. Þetta er gamall kunningi. Þetta frv. hefur verið flutt áður og þá sem hluti af stærra frv. Þau ákvæði sem er að finna í þessu frv. nú urðu viðskila við sjálft frv. í Ed. á sínum tíma. Frv. er auðvitað flutt til samræmingar þannig að fjárfestingarlánasjóðir greiði sams konar gjöld og til að mynda veðdeildir bankanna. Og af því að hv. síðasti ræðumaður minntist á að þetta gæti gengið á útlán sjóðanna þá er það alveg rétt nema sérstök gjaldtaka komi fyrir sem auðvitað er til staðar hjá mörgum þessara sjóða.

Varðandi Lánasjóð sveitarfélaga hins vegar vil ég segja það að árið 1990 og reyndar árið 1991 líka voru hagstæð ár í rekstri sjóðsins og skilaði sjóðurinn óvenjulega miklum hagnaði. Það er rétt að fjmrn. hefur giskað á að tekjur af sjóðnum á næsta ári, sem er þá fyrirframgreiðsla fimm mánaða, gæti skilað 150 millj. kr. Þessi fyrirframgreiðsla er 20% en ég hygg að þeir sem skrifa bréfið séu að miða við greiðslu allt árið og þess vegna geta þessar tölur staðist þegar þær eru bornar saman, annars vegar á hálfs árs grundvelli og hins vegar heils árs.

En ég vil taka það fram að í morgun áttum samtöl við fyrirliða sveitarstjórnarsambandsins, hæstv. forsrh., félmrh. og ég, og þar ræddum við um samskipti ríkis og sveitarfélaga og með hverjum hætti ætti að skipa málum við fjárlagagerðina nú. Eitt af því sem þar var rætt var einmitt það frv. sem hér er á ferðinni. Ég vil gjarnan láta það koma fram að niðurstaða þeirra viðræðna varð með þeim hætti að ég tel að ástæða sé til þess af hálfu hv. nefndar að kalla til sín fulltrúa sveitarfélaganna og af hálfu ríkisstjórnarinnar kemur það vel til greina að fella Lánasjóð sveitarfélaga út úr þessu frv. með því að færa þann sjóð yfir í 2. gr. en þar er tæmandi talning á þeim fjárfestingarlánasjóðum sem ekki eiga að skattleggjast.

Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi að fjalla frekar um samtal okkar og sveitarstjórnarmanna. Það mun að sjálfsögðu koma í ljós síðar, ég hygg síðar í dag. En þetta atriði bar á góma og af því tilefni vil ég að það komi fram að ég álít að nefndin eigi að kanna þetta mál rækilega í tengslum við niðurstöu fundarins sem haldinn var í morgun.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Á þskj. 220 er frv. til laga um breyting á lögum um skattskyldu innlánsstofnana sem er eitt af nýjum skattafrv. núv. hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. fjmrh. hefur að vísu þegar komið hér og gefið til kynna að þetta frv. þurfi að taka til endurskoðunar og breytinga og þannig að hverfa að einhverju leyti frá þeim hugmyndum sem í því eru.

Hæstv. ráðherra benti á það að á sínum tíma var lagt fram frv. í Ed. um skattlagningu innlánsstofnana þar sem þeir sjóðir sem hér eru upp taldir, flestir hverjir a.m.k., voru með. Það frv. var lagt fram án skuldbindinga af þáv. stjórnarflokkum, a.m.k. Framsfl og af þeim sökum var sú breyting gerð á frv. í Ed. sem hæstv. ráðherra gat um.

Rökin sem hæstv. ráðherra notar fyrir því að nú skuli þessi breyting gerð eru þau að færa eigi þessa sjóði til samræmis við veðdeildir bankanna. En ég hygg að það megi segja um alla þessa sjóði að þeir eigi nokkurn annan uppruna og starfsgrundvöll. Ég hygg að þeir hafi allir verið stofnaðir sem þróunar- og uppbyggingarsjóðir við veikburða atvinnugreinar þá. Auk þess að vera ætlað að útvega fjármagn, þá var þeim jafnframt falið að gera það með hagkvæmum kjörum og þannig að stuðla að uppbyggingu og framförum. Því miður er það svo enn — eða kannski sem betur fer þurfum við enn á slíku hlutverki að halda að

byggja upp og búa í haginn fyrir framtíðina og þess vegna er þetta hlutverk í fullu gildi enn. Það að auki er fjármagnsöflun þessara sjóða margra hverra á annan veg varið. Þeir fá framlög eftir ýmsum leiðum til viðbótar þeim tekjum sem þeir hafa af sínum útlánum.

Ef ég aðeins nefni nokkra sjóði, þá er það þannig með Framleiðnisjóð landbúnaðarins að samkvæmt lögum er honum ætlað að fá ákveðið framlag á fjárlögum sem haldið hefur hingað til þó kannski sé komin þar nokkur spurning upp. Ef farið væri að skattleggja þessar tekjur, þá væri ríkið beinlínis að kippa til baka stórum hluta af hinu lögbundna framlagi og þá að sjálfsögðu ráðstöfunarfénu og er það þá til viðbótar þeirri skerðingu sem fram kemur í fjárlagafrv. nú og ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að sjóðurinn verði fyrir á næsta ári.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á sér langa sögu að baki. Til hennar hafa runnið tekjustofnar af afurðaverði, en á móti hefur hún lánað út á mjög lágum vöxtum sem hefur bæði stuðlað að því að jafna kjör bænda og líka að halda niðri vöruverði því ef reikna þyrfti hæstu vexti við uppbyggingu og endurnýjun fjárfestinga í landbúnaði, þá mundi framleiðslukostnaðurinn að sjálfsögðu hækka mjög mikið.

Við þekkjum öll hvernig ástandið er í ferðamálum okkar. Það er sagður einn af álitlegustu vaxtarbroddum okkar atvinnulífs og kannski það eina sem sumir telja að nú séu sæmilegar horfur fram undan í. Þar hefur á hverju ári verið skorið niður hluti af því framlagi sem lög kveða á um að ríkið skuli leggja til Ferðamálasjóðs og það væri því hart ef ofan á þá skerðingu kæmi síðan skattlagning. En ég hygg að flestir sem til þekkja séu sammála um að það fjármagn sem veitt er til ferðamála á Íslandi skilar sér fljótt margfaldlega aftur. Við höfum nokkrir hv. þm. flutt þáltill., sem reyndar hefur ekki enn komist til umræðu eða til nefndar, um að gerð verði sérstök úttekt á því hvernig hægt væri að nýta sem best þá fjárfestingu sem fyrir er í ferðamálum með því að lagfæra þá þröskulda eða flöskuhálsa sem eru í ferðamálakerfi okkar. Að sjálfsögðu þarf nokkurt fjármagn til þess þó að það gæti verið um mjög hagkvæman hlut að ræða og því fjarri lagi að vera að skerða þennan veikburða sjóð sem óhætt er að segja miðað við þau verkefni sem hann hefur. Samkvæmt lögum um Ferðamálasjóð er heimild til þess að sjóðurinn leggi fram óafturkræft framlag til þeirra verkefna sem talin eru brýnust. En vegna lítils fjármagns hefur sjóðurinn ekki treyst sér til að gera það nema með sérstökum viðbótarfjárveitingum frá Alþingi en getan yrði auðvitað enn þá minni ef þarna yrði farið að skattleggja.

Þannig væri hægt að halda áfram að benda á að um þessa sjóði gilda önnur viðhorf heldur en um hina almennu bankastarfsemi og því ákaflega hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að ætla sér við þær aðstæður sem núna eru í okkar íslenska atvinnulífi að leggja þarna skatt á og draga úr því fjármagni sem við höfum til nýsköpunar og uppbyggingar og þróunar í atvinnulífinu.

Það er vissulega ánægjulegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra að hann telji vel koma til greina að færa Lánasjóð sveitarfélaga yfir í 2. gr. frv., sem sagt undanþágugreinina, og sýnir það að ef málin eru rædd og sýnt fram á sanngjörn rök, þá eru þau tekin til greina. Vonast ég til að þannig verði með fleiri atriði í þessu frv. þegar það kemur til nefndar og ég vonast til þess að það verði ekki eingöngu fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem þangað verði kvaddir heldur fulltrúar frá öllum þessum sjóðum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh., hæstv. samgrh. og einnig formaður þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Geir Haarde, verði viðstaddir þessa umræðu, a.m.k. ræðu mína, og einnig óska eftir því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem hér er í hliðarsal, megi hlýða á umræðuna. Ég væri þess vegna þakklátur að hæstv. samgrh. vildi vera hér viðstaddur mína ræðu og enn fremur hv. þm. Geir Haarde og hæstv. forsrh.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan að þetta frv. væri gamall kunningi, svo ég noti hans óbreyttu orð, og hæstv. fjmrh. sagði einnig að þeir þættir sem væru í þessu frv. hefðu orðið viðskila, það voru hans óbreyttu orð, við frv. sem var afgreitt hér árið 1988. (**Gripið fram í:** Það er fortíðarvandinn.) Allt er þetta rétt hjá hæstv. fjmrh. En það hefði verið nokkuð skemmtilegt svona í skammdeginu ef hæstv. fjmrh. hefði sagt alla söguna, ef hæstv. fjmrh. hefði sagt okkur frá því hvað sjálfstæðisflokksþingmennirnir sögðu á sínum tíma um þetta frv. og hvernig stóð á því að það sem hér er flutt sem frv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar varð viðskila í afgreiðslu þingsins á frv. sem ég flutti haustið 1988.

Ég verð að víkja nokkrum orðum að þessu því að ég ætla að bera hér fram þá spurningu og mun gera það við hæstv. forsrh.: Hvenær skipti Sjálfstfl. um skoðun í þessu máli?

Það var þannig í desember 1988 að Sjálfstfl. neitaði að láta afgreiða fjárlagafrv. nema ég drægi til baka öll þessi ákvæði sem Sjálfstfl. leggur nú til að verði samþykkt. Slík var harka Sjálfstfl. á móti þessu sem hann er núna að biðja þingið að samþykkja, að hér stóð í næturstappi og daglöngum þrætum vegna þess að hv. þáv. þm. Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson, þáv. formaður Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson og fleiri neituðu algjörlega að greiða fyrir því að afgreiðsla fjárlaga gæti haldið áfram nema ríkisstjórnin drægi alla skattlagningu sjóðanna til baka.

Ég verð að segja eins og er að stundum hefur maður orðið hissa á þessum haust- og vetrardögum, en þegar lagt var fyrir framan mig á borðið þessi gamli kunningi, svo ég noti nú orðalag hæstv. fjmrh., frv. til laga um skattlagningu innlánsstofnana, nánast óbreytt og orðrétt (**Gripið fram í:** Hvað með höfundarréttinn?) eins og ég lagði það fram á sínum tíma þá var ég að velta því fyrir mér hvort ég hefði sofnað og mig væri að dreyma þingið 1988. Nei, nei, ég var alveg glaðvakandi. Þetta var desember 1991, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, góðan daginn, að leggja fyrir þingið,

ekkert útvarp Matthildur í gangi heldur raunveruleikinn sjálfur, gamla frv. sem Sjálfstfl. ærðist svo á móti að hann neitaði að afgreiða fjárlögin nema það væri dregið til baka. Nú kemur Sjálfstfl. og segir: Það er skilyrði okkar fyrir því að fjárlögin séu afgreidd að þetta mál sé samþykkt á þinginu. Og meira að segja gengur Sjálfstfl. svo langt að hann hefur krafist þess nú að þetta mál fari til nefndar fyrir helgi, það er svo brýnt. Ja, skjótt skipast veður í lofti, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Ég hugsa að hv. þm. hafi farið líkt og mér þegar hann sá þetta þingskjal fyrir framan sig á borðinu og hann hafi velt því fyrir sér hvort hann væri hér í vöku eða draumi, vöku eða martröð.

Hvað sögðu sjálfstæðismenn á þingi um þetta frv. á sínum tíma? Nú vil ég óska eftir því að hæstv. samgrh. sé hér í salnum. (**Gripið fram í:** Það er nóg að landbrh. sé við.) Já, eða hæstv. landbrh. Halldór Blöndal. Mér þykir nú illt i efni ef hann hefur ekki kjark og þor til þess að vera viðstaddur þessa umræðu því að það er nauðsynlegt að leggja fyrir hann nokkrar spurningar.

Hv. þm. Halldór Blöndal stóð í ræðustól efri deildar 7. des. 1988 og færði rök að því hvers konar fásinna það væri að ætla sér að skattleggja Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Orkusjóð, Hafnabótasjóð og fleira af því sem hér er lagt til að verði skattlagt. Og ekkert var nú fordæmingin á skattlagningu þessara sjóða hjá því að það ætti að undanþiggja Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina þessari skattlagningu. Og hneykslunin yfir því að mönnum skyldi hafa dottið það í hug að skattleggja Framleiðnisjóð landbúnaðarins á sama tíma og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina slyppi við skattlagninguna var mjög dramatísk og skýr.

Síðan lýsir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson um það bil tveimur vikum síðar, 22. des. atganginum í þessu máli og segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er orðin hálfgerð kómedía á pörtum, en að vísu hitnaði í gærkvöldi og fram eftir nóttu alla vega svolítið í sumum út af þessu."

Hv. þm. Halldór Blöndal segir alveg skýrt: Það er ekkert eðlilegt í sambandi við þessa skattlagningu.

Síðan segir þingmaðurinn Halldór Blöndal, talsmaður Sjálfstfl. í þessari umræðu, með leyfi hæstv. forseta: „... ég hef jafnan verið andvígur því og ekki skilið þegar hugmyndir hafa komið fram um að skattleggja fjárfestingarlánasjóði sem eru í eðli sínu stofnanir en ekki viðskiptafyrirtæki ..."

Og síðan segir þingmaðurinn enn fremur að engir af þeim sjóðum sem tilgreindir eru í frv. og hér er aftur að finna í þessu frv. geti talist eiginlegir sjóðir sem beri að skattleggja, og fer síðan út í langar útlistanir á því hvernig eigi að skilgreina grundvallarhugtök.

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að hæstv. forsrh. sé viðstaddur umræðuna og ég hlýt að óska eftir því að hv. þm. Geir Haarde sé viðstaddur umræðuna og ég hef óskað eftir því að hæstv. samgrh. sé viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hann hefur gert ráðstafanir til þess að kalla eftir þessum hv. þm. í salinn og við skulum vona að það líði ekki langur tími þar til þeir verða hér við.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir það en vek athygli á því að hæstv. samgrh. Halldór Blöndal var hér en hljóp síðan út þegar hann komst að raun um það hvað var hér á dagskrá. Kom til mín hér, stóð við ræðustólinn og fékk að kíkja á það hvaða frv. ég var að tala um og strunsaði síðan beint út úr salnum, forðaði sér. Er það virkilega þannig að forusta Sjálfstfl. þori ekki að vera í salnum þegar þetta frv. er rætt? Hér eru tveir þingmenn frá Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. sem hefur tekið að sér að flytja þetta hér inn á þingið, og síðan höfuðandstæðingur málsins 1988, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. (**EKJ:** Við Friðrik reddum þessu.) Við Friðrik reddum þessu, segir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það verður væntanlega sams konar redding og síðast, hv. þm., þ.e. að henda frv. (**Fjmrh.:** Vertu ekki svona sár.) Ég er ekkert sár, hv. þm. Það er mikill misskilningur. Ég er bara ekki enn þá kominn að því að hæla ráðherranum fyrir að flytja frv. Ég hef ekkert skipt um skoðun, hæstv. fjmrh., og er þess vegna ekkert sár, þvert á móti. Það er í mér fögnuður, en mig langar til að vita hverjum ég á það að þakka að Sjálfstfl. hefur skipt um skoðun. Og ég vil fá að vita hvenær þeir þingmenn Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson og Geir Haarde, sem hér fóru með mjög afdráttarlausar yfirlýsingar í garð þessa máls á þinginu 1988, skiptu um skoðun. Og mig langar til þess að vita það frá hæstv. forsrh., formanni Sjálfstfl., hvenær Sjálfstfl. skipti um skoðun á þessum málum. Því að þetta var það frv. sem Sjálfstfl. sagði um við mig: Fjárlögin verða ekki afgreidd ef þetta fer áfram. Svo stórt var það. Nú er það hér saklaust frv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Hv. þm. Geir Haarde sagði á sínum tíma, hæstv. fjmrh., ég ætla að rifja það upp:

„Það er hins vegar í samræmi við annan málatilbúnað hæstv. ríkisstjórnar að hún skuli — taka þarna inn ýmsa þá sjóði sem ríkið leggur nú til meiri part síns fjármagns en þannig kom þetta frv. fram í upphafi í efri deild, en hefur nú sem betur fer verið breytt."

Og hv. þm. Geir Haarde segir einnig í desember 1988 að „vafist hefði fyrir færustu lögfræðingum að gera út um það hvaða sjóðir væru þess eðlis að unnt væri að skattleggja þá með sama hætti og aðrar lánastofnanir." Og gerir síðan mikið grín að því að það hafi ekki fundist neinn lögfræðingur sem gat skilgreint þetta með sómasamlegum hætti. Það er þess vegna eðlilegt að ég spyrji: Hvar eru þeir lögfræðingar sem núna hafa skilgreint þetta þannig að hv. þm. Geir Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl., telji viðunandi? Það er auðvitað fullkomlega óviðunandi að forusta Sjálfstfl. þori ekki að sýna sig hér í salnum. Þetta er hinn mikli dagur atkvæðagreiðslu við 2. umr. um fyrsta fjárlagafrv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Það er ekki hægt, virðulegi forseti, að una því að við séum að ræða hér stjfrv. þar sem fyrir liggur í þingskjölum algjör og afdráttarlaus andstaða Sjálfstfl. við málið og við fáum engar skýringar frá forustu Sjálfstfl. hvað valdi. Hæstv. fjmrh. gaf engar skýringar á því hvers vegna Sjálfstfl. hefði skipt um skoðun, hvorki í framsöguræðu sinni né í þeirri sakleysislegu

ræðu sem hann flutti hér áðan þar sem hann góðlátlega talaði um frv. sem gamlan kunningja sem hefði orðið út undan með saklausum hætti í efri deild á sínum tíma.

Hv. þm. Geir Haarde sagði 22. des. 1988:

„Ég vek hins vegar athygli á því að frv., eins og það var lagt fram, var illa undirbúið af hálfu fjmrn. ... Í því voru ákvæði sem ekki var búið að kanna til hlítar hvort fengju staðist."

Nú vill svo til að það frv. sem hér er lagt fram er nánast alveg það sama. Og er þá ekki eðlilegt, hæstv. forseti, að ég vilji gjarnan fá að spyrja núv. formann þingflokks Sjálfstfl., sem ber ábyrgð á því að þingflokkur Sjálfstfl. samþykki að frv. sé lagt fram vegna þess að það er ekkert stjórnarfrv. lagt fram á Alþingi nema þingflokkar stjórnarflokkanna samþykki það, að ég spyrji þennan hv. þm.: Hvað nú? Hann fordæmdi frv. 22. des. 1988 á þeim forsendum að það væri illa undirbúið og í því væru ákvæði sem gætu ekki staðist. Hefur hv. þm. Geir Haarde skipt um skoðun?

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég óska eftir því að þessari umræðu sé frestað, ég fái að gera hlé á ræðu minni og þessari umræðu sé frestað. Ég læt ekki bjóða okkur það að þegar við sitjum hér til kl. 5.30 í morgun til þess að greiða fyrir því að ríkisstjórnin komi sínum málum áfram, mætum svo til nefndarfunda sum okkar kl. 8 og kl. 9 í morgun, komum svo hér til fundar kl. 11, reiðubúin að fara í atkvæðagreiðslu, en ríkisstjórnin kýs síðan að fresta henni, að þegar við setjum fram þá frómu ósk að örfáir af forustumönnum Sjálfstfl. geti verið hér í salnum í eins og 10 mínútur til þess að við getum rætt þessi mál, þá sé ekki orðið við þeirri ósk. Og ég fer formlega fram á það við forseta að ég fái að gera hlé á ræðu minni og umræðunni verði frestað þangað til þessir forustumenn Sjálfstfl. sem við viljum fá að tala við hér í salnum og hæstv. ráðherrar láta svo lítið að koma hingað, þó ekki sé nema í 10–15 mínútur. Það er enginn að biðja um það að þeir séu hér langdvölum en við viljum fá fáeinar mínútur til þess að tala við þá. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram að hann hefur þegar gert ráðstafanir til þess að hv. þm. og hæstv. ráðherrar sem tilgreindir hafa verið komi í salinn, en hér er hæstv. fjmrh. reiðubúinn til þess að svara því sem spurt er einkum og sérstaklega um varðandi þetta frv. En áfram er sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess að tilteknir hv. þm. komi hingað í salinn. Það er eðlilegt.)

Virðulegi forseti. Áður en ég held áfram ræðu minni, þá þarf ég að tala við þessa hv. þm. í nokkrar mínútur. Mér þykir mjög leitt að ég verð að endurtaka það sem ég hef verið að reyna að segja hér. Ég hélt að þeir væru á leiðinni í salinn og hélt þess vegna áfram ræðu minni. En hæstv. samgrh. fór nú út og ég ítreka þess vegna þá ósk mína að ég fái að gera hlé á ræðu minni þangað til þessir hæstv. ráðherrar og þingmenn geta verið viðstaddir í svona 10–15 mínútur. Ég skal lofa því að halda þeim ekki lengur. En mér finnst fullkomlega óeðlilegt að ég sé þvingaður til þess að halda áfram ræðu minni við þessar aðstæður þegar við gerum nánast allt sem hægt er til þess að greiða fyrir því að ríkisstjórnin geti komið sínum málum áfram. (**Forseti:** Forseti ítrekar það að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að hv. þm. séu hér í salnum, en vill eindregið óska eftir því að ræðumaður haldi áfram sinni ræðu svo að mál geti gengið hér fram með eðlilegum hætti.) Virðulegi forseti. Það er bara ekki sanngjarnt að rökstyðja ósk forseta með því „til þess að mál geti gengið áfram með eðlilegum hætti". Ég ætlaði ekkert að tala langt mál um þetta frv. En ég hef orðið að lengja ræðu mína núna í 15–20 mínútur meðan ég hef verið að bíða eftir því að þessir þingmenn og ráðherrar kæmu í salinn. Það er fullkomlega óeðlilegt að fara að setja nú á mig þá þvingu að nú skuli ég halda áfram og eyða þar með mínum tíma og tækifærum, tala hér lengur en ég ætlaði mér, þegar ég er að biðja um það að umræðunni sé frestað þangað til þessir hv. þm. geta komið í salinn. Það er fullkomlega eðlileg ósk, hæstv. forseti. Það er enginn að tala um það að tefja þessar umræður. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að það er ekki um það að ræða að umræður séu tafðar en ef hv. þm. gæti sætt sig við það að gera hlé á ræðu sinni og gefa öðrum þingmönnum tækifæri til þess að taka til máls, þá mundi forseti gera það ef þingmaðurinn fellst á það.) Já, ég get gert það.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög brýnt að það sé upplýst hverjir hafi fjarvistarleyfi hér í dag. Hér hefur verið mikil vinnuskylda á þingmönnum og menn hafa reynt að mæta. Menn litu á það sem takmarkaðan húmor af hálfu stjórnarsinna að vekja mann í morgun og tilkynna svo að það yrði hlé. Ef staðan er nú orðin sú að ráðherrarnir telja að ríkisstjórnin sé komin í svo sterka stöðu að það sé óþarfi að vera í þingsalnum lengur, þá sýnist mér gamanið vera farið að grána miðað við þó þann húmor sem var í því sem gert var í morgun.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um skattskyldu innlánsstofnana. Þar er gert ráð fyrir því að skattleggja fleiri fjármálastofnanir í landinu heldur en hingað til hefur tíðkast. Nú er það öllum ljóst að ríkissjóður er í miklum vanda og þeir sem að því máli koma eru að sjálfsögðu með allmikil vandamál á sínu borði að ná þar endum saman með skikkanlegum hætti. Það verður hins vegar að gæta þess þegar leitað er að aðilum sem rétt er að skattleggja að sú skattlagning hafi eðlileg efnahagsleg áhrif, verði ekki eingöngu til þess að færa úr einum vasanum yfir í annan án þess að draga nokkuð úr þenslu í efnahagslífinu.

Lengi vel voru innlánsstofnanir ekki skattlagðar og greiddu enga skatta til ríkisins, þ.e. ekki tekjuskatt og ekki eignarskatt en mörgum fannst að það væri eðlilegt að bankar og sparisjóðir greiddu skatta eins og önnur fyrirtæki í landinu. Þetta eru í sjálfu sér ekki óeðlileg sjónarmið en það er enginn vafi á því að sú

þróun sem orðið hefur með skattlagningu innlánsstofnana hefur orðið til þess að hækka þjónustugjöld þessara stofnana og hækka fjármagnskostnað og hefur þess vegna í mjög mörgum tilvikum lagt meiri skuldbindingar á atvinnulífið. Jafnframt hefur sá siður verið tekinn upp að skattleggja Seðlabanka Íslands sem hefur í sjálfu sér enga þýðingu vegna þess að ríkissjóður á Seðlabankann og hvort einhverjir peningar eru færðir frá Seðlabankanum yfir til ríkissjóðs hefur afar takmarkaða þýðingu að því er varðar fjárlagahallann.

Það má með sama hætti segja að það eigi jafnframt við um þær fjármálastofnanir sem eru í eigu ríkisins nema þá að viðkomandi skattlagning verði til þess að hækka þjónustugjöld og ná þar með meira fjármagni af atvinnulífinu og almenningi. Þetta frv. verður samt að skoðast í aðeins víðara samhengi vegna þess að hér er verið að tala um flestalla þá sjóði sem ríkissjóður á aðild að með einum eða öðrum hætti og ekkert tillit tekið til þess að ríkisvaldið hefur oft og tíðum lagt ýmsar skuldbindingar á viðkomandi sjóði til þess að standa undir útgjöldum eins og til rannsókna og annarra framfaramála í landinu. Það er t.d. ekki mjög langt síðan Iðnlánasjóður fékk allmikið fjármagn frá ríkissjóði til þess að standa að margvíslegri uppbyggingu í iðnaðinum og ég minnist þess að hæstv. núv. fjmrh. var mjög ákveðinn fylgismaður þess á sínum tíma meðan hann gegndi starfi iðnrh. að Iðnlánasjóður fengi stuðning frá ríkinu. Það hefur t.d. verið upplýst að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi mikinn áhuga á því að standa við bakið á skipasmíðaiðnaðinum í landinu. Hér hafa verið fluttar alllangar ræður um það hversu illa hafi þar verið staðið að málum hér áður fyrr og hverjir hafi þar sérstaklega staðið í vegi. En ég býst við því að Iðnlánasjóður verði lítt hæfur til að leggja eitthvað af mörkum þegar hann þarf að greiða skatta til ríkisins með sambærilegum hætti og önnur fyrirtæki.

Hér er jafnframt minnst á Iðnþróunarsjóð en sá sjóður nýtur þeirrar sérstöðu að honum var komið upp á sínum tíma með aðild Norðurlandanna og ég býst við því að mörgum þyki undarlegt að nú skuli standa til að skattleggja þennan sjóð, enda var hér um skuldbindingar að ræða milli Norðurlandanna. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það sé í anda þess stofnsamnings sem þá var gerður að taka upp skattlagningu á sjóðinn.

Ég sagði að þetta yrði líka að skoðast í víðara samhengi vegna þess að í nál. sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur skilað er gert ráð fyrir því að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum nokkurra sjóða, þ.e. Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs frá og með 1. jan. 1992. Það kemur jafnframt fram í þessu nál. að þessi breyting sé undirbúningur þess að gera þessa sjóði að hlutafélögum. Það er að verða nokkuð sérkennileg regla hér á Alþingi og hjá núv. ríkisstjórn að það er tilkynnt við hitt og þetta tækifæri hvað eigi að gera við einstakar fjármálastofnanir í landinu. T.d. tilkynnti hæstv. núv. fjmrh. það í útvarpi, ef ég man rétt, að það ætti að selja Búnaðarbankann en tók það jafnframt fram að það ætti að selja hann ódýrt, það ætti að selja hann á hálfvirði, ef ég man rétt, og það átti náttúrlega ekki að selja hann á hálfvirði til þeirra sem áttu lítið heldur átti eingöngu að selja hann á hálfvirði til þeirra sem áttu peninga. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. skilji orð mín því að auðvitað verða hlutirnir vart seldir til annarra en þeirra sem hafa fjármagn undir höndum. Eftir því sem menn eiga meiri peninga, þeim mun meiri hags geta menn vænst af því að kaupa væntanleg hlutabréf í Búnaðarbankanum. Þarna er mjög sérkennilega á málum haldið að tilkynna svona lauslega hvað eigi að gera við einstakar fjármálastofnanir í landinu.

Nú hefur það verið tilkynnt með þessu frv. að ákveðnar fjármálastofnanir í eigu ríkisins skuli skattlagðar með svipuðum hætti og bankarnir en það er jafnframt tilkynnt í nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. að það eigi að gera þessa sjóði að hlutafélögum. Ég býst ekki við því að þetta sé til þess að efla traust á þessum stofnunum og ég býst ekki við því að þetta sé til þess að efla traust þeirra aðila sem lána fjármagn til Íslendinga. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir sjóðir sem hér eiga hlut að máli, t.d. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og margir aðrir sjóðir, eru að taka lán erlendis og þeir sem lána það fé gera það með tilliti til þeirra reikninga sem þá liggja fyrir. Þeir eru líka að lána það fé með tilliti til þess að þessir sjóðir eru í eigu ríkisins. Og það er ekkert mál til að hafa í flimtingum að vera að tilkynna um það út og suður hvað eigi að gera við þessa sjóði. Það eigi að breyta þeim í hlutafélög, síðan eigi að selja þá ódýrt á markaðnum eða þá jafnvel að gefa þá. Og ég vil mótmæla því að með þessum hætti sé höndlað með mikilvægar eignir ríkisins þótt ég sé engan veginn að útiloka það að ekki megi breyta um form þessara stofnana. Form er í sjálfu sér ekkert annað en skipulag viðkomandi stofnunar og hvort það heitir hlutafélag eða sjóður skiptir ekki ávallt máli heldur það sem að baki býr og að þeir sem skipta við viðkomandi stofnun geti treyst því að þar eigi í hlut aðili sem hægt er að eiga viðskipti við með eðlilegum hætti og eigandi viðkomandi stofnunar sé trúverðugur. En mér sýnist nú að þeir mörgu aðilar sem hafa lánað þessum sjóðum á undanförnum árum geti vart lengur treyst því að eigandi sjóðanna sé mjög trúverðugur. Og mér er nær að halda að í sumum tilvikum sé málum þannig fyrir komið að þeir sem eiga hjá þessum aðilum geti sagt upp lánssamningum ef svo býr undir.

Virðulegur forseti. Áður en ég held áfram ræðu minni — ég veit að hér er kominn allmikill óróleiki í salinn. Ég minnist þess að það mun hafa verið ákveðið að hér ætti að fara fram atkvæðagreiðsla kl. 2 og ég vildi fá upplýst hvort ég eigi að halda áfram ræðu minni eða hvort ég eigi að gera hlé á henni. (**Forseti:** Það væri æskilegt að hv. þm. gerði hlé á ræðu sinni ef vel stendur á.) Já, ég get gert það núna, virðulegur forseti.

Umræðu frestað.

Fjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 232 og 238, brtt. 233, 241 og 258.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þessarar atkvæðagreiðslu gera grein fyrir eftirfarandi:

Til viðbótar þeim brtt. sem samkomulag er um milli allra flokka að draga til baka til 3. umr. vil ég árétta að af hálfu ríkisstjórnarinnar koma nokkur mál ekki til efnislegrar afgreiðslu við 2. umr. Þetta eru fjármál framhaldsskóla og háskóla, tillögur um hagræðingu í sjúkrahúsrekstri á höfuðborgarsvæðinu og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þessi mál bíða því frekari umfjöllunar milli stjórnarflokkanna og lokaafgreiðslu við 3. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég skildi ekki alveg hvað hæstv. forsrh. var að segja hér áðan. Þess vegna vil ég bera fram þá ósk að hæstv. forsrh. endurtaki það sem hann sagði og fari kannski aðeins hægar með textann svo við getum numið hin raunverulegu efnisatriði. Það er afar óvenjulegt að forsrh. kveðji sér hljóðs í upphafi atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga — ég held að það hafi aldrei gerst áður — og flytji einhvers konar pólitíska skýringu ríkisstjórnarinnar á atkvæðagreiðslunni.

Til þess að við sem erum ekki alveg innvígðir í skilning ríkisstjórnarinnar á eigin stöðu og eigin verkum vitum hvað er hér í raun og veru að gerast og getum þá hagað okkur í samræmi við það, þá vil ég óska eftir því að hæstv. forsrh. í fyrsta lagi endurtaki aðeins hægar það sem hann sagði hér í ræðustólnum og kannski skýrði aðeins nánar hvað hann átti við.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég veit að mér hættir til að tala töluvert hratt, þá finnst mér sjálfsagt að verða við beiðni hv. þm. og skal lesa þetta miklu hægar heldur en ég gerði síðast.

Ég gat þess að ég vildi við upphaf atkvæðagreiðslunnar láta eftirfarandi koma fram:

Til viðbótar þeim brtt. sem samkomulag er um milli allra flokka að draga til baka til 3. umr. vil ég árétta að af hálfu ríkisstjórnarinnar koma nokkur mál ekki til efnislegrar afgreiðslu við 2. umr. Þetta eru fjármál framhaldsskóla og háskóla, tillögur um hagræðingu í sjúkrahúsrekstri á höfuðborgarsvæðinu og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þessi mál bíða því frekari umfjöllunar milli stjórnarflokkanna og lokaafgreiðslu við 3. umr.

Ég tel nú að þegar ég hef farið svona hægt og varlega yfir þetta, þá skýrist málið allvel sjálft.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa lesið þetta aftur og hægar og gat ég nú numið textann. Hann var hins vegar nokkuð sérkennilegur. Ber að skilja þetta svo, hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin ætli ekki að láta koma hér til atkvæða þær greinar frv. sem snúa að framhaldsskólum og grunnskólum? Ætli ekki að láta koma til atkvæða þær greinar sem snúa að hagræðingu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu? Ég held að það sé nokkuð ljóst fyrir okkur þingmenn hvaða greinar þetta eru. Síðan nefndi hæstv. forsrh. að í þriðja lagi mundi ekki koma til raunverulegra atkvæða hvað efnisafstöðu snertir þær greinar sem snerta fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga. Mér er ekki alveg ljóst hvaða greinar það eru. Ég tek hins vegar eftir því að þessi þrenning sem hér var lesin í hinum skrifaða texta forsrh. er hin pólitíska vandræðaþrenning Alþfl. Er það kannski þannig að skýringin fyrir heimastílnum sem hæstv. forsrh. fór með hér sé sú að enn þá sé allt logandi í deilum í stjórnarflokkunum um þetta þrennt, framhaldsskóla, grunnskóla, sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu, þar með talinn St. Jósefsspítala, og fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga? Er hin raunverulega pólitíska skýring á þeim texta sem forsrh. fór með, skrifuðum texta sem greinilega var einhvers konar samkomulagstexti, að það sé slíkur ágreiningur í stjórnarliðinu þrátt fyrir það að atkvæðagreiðslunni hafi verið frestað að ríkisstjórnin treysti sér ekki enn til þess að láta raunverulega atkvæðagreiðslu um fjárlögin við 2. umr. fara fram? Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur að vita það vegna þess að hér eru brtt. frá þingmönnum, m.a. um framhaldsskólann, sem liggja fyrir til atkvæða og þingmennirnir flytja þær tillögur í mikilli alvöru. Við þurfum því að fá að vita hvað þetta merkir í reynd sem forsrh. var að fara hér með.

Mér þætti vænt um ef einhver forustumaður Alþfl. vildi skýra það hvað þetta þýðir frá sjónarhóli Alþfl.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og þingheimur tók eftir þá var ég fyrst og fremst að árétta þær yfirlýsingar sem komu fram af hálfu formanns fjárln. í upphafi umræðunnar. Ég áréttaði þau sjónarmið. Auðvitað koma þær tillögur sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa flutt varðandi skólahald til atkvæðagreiðslu með eðlilegum hætti. Það gefur auga leið. Við höfum ekki forræði þess máls. Við köllum ekki til baka annarra manna tillögur. Það er ekki á okkar færi og að sjálfsögðu ekki okkar vilji. En það er út af fyrir sig ekkert launungarmál að stjórnarflokkarnir hafa ekki enn fullkomlega náð saman varðandi þætti sem snerta skólagjöld. Það er ekkert launungarmál.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi foresti. Það kemur auðvitað skýrt fram nú við þetta sögulega og furðulega upphaf atkvæðagreiðslu hér í dag við 2. umr. um fjárlögin að umræðan var ekki tímabær. Það sögðum við stjórnarandstæðingar í okkar nál. í gær. Það kom margsinnis fram í

umræðunum, bæði hjá okkur og auðvitað einnig hjá stjórnarliðum og hæstv. ráðherrum, að umræðan og þá auðvitað þar með þessi atkvæðagreiðsla var ekki tímabær því að menn eru ekki sammála um það hvernig eigi að standa hér að veigamestu málum.

Það hafði komið fram hjá hv. stjórnarliðum að afgreiðslu á málefnum sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu væri frestað til 3. umr. Það lá fyrir og það er alveg skýrt og ekkert við því að segja ef svoleiðis ákvörðun er tekin af hálfu stjórnarliða. Samkvæmt venju eru ýmsir aðrir þættir frv. geymdir hvað efnisumfjöllun varðar eins og tekjuhliðin og B-hlutinn. En það sem hér er að gerast er auðvitað að ágreiningurinn hjá stjórnarliðum um skólagjöldin er að kristallast og því er nú bætt við inn í fyrirvarann að enn eigi eftir að fjalla um skólamálin. Þá á eftir að fjalla um nánast stærstu útgjaldaliði þessa fjárlagafrv., menntamálin og heilbrigðismálin. Og ef það segir okkur ekki að þessi umræða sé ótímabær þá veit ég ekki hvernig er hægt að fá betri vitnisburð um í því sambandi.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst það nokkuð sérkennileg staða sem upp er komin. Hérna höfum við verið á löngum fundum, samningafundum um þinghaldið, tilhögun atkvæðagreiðslu í einstökum atriðum og framgang mála o.s.frv. Loksins þegar málið kemur hér til atkvæðagreiðslu, þá kemur forsrh. upp og lýsir því yfir að það séu fyrirvarar við enn þá fleiri þætti fjárlagafrv. en áður hafði verið talið. Þetta er auðvitað mjög sérkennilegt.

Stjórnarandstaðan féllst í morgun á þá ósk stjórnarliðsins að fresta atkvæðagreiðslu um málið þar til nú og ég vil taka það fram af minni hálfu án þess að ég tali í umboði nokkurs annars manns að ég tel sjálfsagt að verða við því ef stjórnarliðið vantar meiri frest. Ég geri ráð fyrir því að stjórnarandstaðan mundi taka því vel ef stjórnarliðið bæði um enn þá lengri frest ef þetta er svona óskaplega erfitt. Alla vega er ljóst að það er ekki fullburða atkvæðagreiðsla eftir 2. umr. fjárlaga sem hér á að fara fram og þess vegna hljóta menn að velta því fyrir sér hvort það er ekki óhjákvæmilegt að menn geri hlé á störfum þingsins núna í nokkrar mínútur til þess að fara yfir stöðuna, án þess að ég sé að bera fram neina sérstaka formlega ósk um það. En þegar búið er að taka undan afgreiðslunni menntamálin og heilbrigðismálin, það eru svona 50 milljarðar, þá er nú voða lítið eftir, staðreyndin er sú, fyrir nú utan það að þetta eru einhverjir merkustu málaflokkar fjárlaganna. Ég held því að menn verði að velta því mjög alvarlega fyrir er hvar við stöndum. Þessi yfirlýsing forsrh. er undirstrikun á því að stjórnin er ekki að leggja hér fram fullburða fjárlagafrv. við 2. umr. málsins, þetta er viðurkenning á því.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við höfum reynt að kappkosta það hér á síðasta sólarhring að sýna ríkisstjórninni ákveðinn skilning, hún ætti í miklum erfiðleikum. Við samþykktum það að koma aftur til fundar kl. 11 í morgun og við samþykktum að fresta atkvæðagreiðslunni þá. Fundur formanna þingflokka og forseta var haldinn fyrir tæpri klukkustund síðan og okkur bárust engar fréttir af þeim fundi að í upphafi þessarar atkvæðagreiðslu mundi forsrh. flytja yfirlýsingu af því tagi sem hann flutti hér. Okkur var ekki greint neitt frá því. Ég tel þess vegna að það sé alveg óhjákvæmilegt að stjórnarandstöðuflokkarnir fái eitthvert tóm til þess að meta atkvæðagreiðsluna í ljósi þessarar afar óvæntu — nei, það er kannski ekki rétt, ekki óvæntu — en afar óvenjulegu yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. flutti hér.

Það er ekki hægt að ætlast til þess af þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þeir taki þátt í atkvæðagreiðslunni án þess að hafa tækifæri til að ræða það í sínum hóp hvernig skuli bregðast við yfirlýsingu þar sem forsrh. í reynd ómerkir atkvæðagreiðslu um veigamestu þættina í fjárlagafrv.

Ég vil því, virðulegi forseti, óska eftir því að gert verði hlé í hálftíma eða svo og þingflokkar stjórnarandstöðunnar fái tækifæri til þess að ræða hvernig þeir meta þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. bar hér fram og fái einnig tækifæri til þess að ræða við forustumenn stjórnarliðsins utan þingsalarins um framhaldið. Ég er ekki að tefja hér mál með neinum hætti en ég tel að þetta sé bæði sanngjörn og eðlileg ósk.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ef það er mat forseta að gera hlé í nokkrar mínútur til þess að skýra þessi mál þá ætla ég ekki að leggjast gegn því. En ég ætla að taka það fram að þeir sem hlustuðu á ræðu hv. formanns fjárln. hlutu að heyra það, því hann las hana mjög hægt, að hann sagði þá að meiri hluti nefndarinnar óskaði eftir því að fresta til 3. umr. þeim málum sem hér hefur verið áréttað að ríkisstjórnin vilji fresta til 3. umr. Um þetta mál hefur því verið vitað í a.m.k. tvo sólarhringa. En ef örfáar mínútur í viðbót gætu hjálpað mönnum til að skilja textann betur, þá ætla ég ekki að leggjast gegn því ef forseti úrskurðar svo.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil árétta það sem ég sagði í framsöguræðu minni í upphafi 2. umr. að þeim málum sem hér voru talin upp var ætlun meiri hluta fjárln. að fresta til 3. umr. og það er nákvæmlega sama málsmeðferð og forsrh. greindi frá hér áðan. Ég hélt að það væri samkomulag um þessa hluti milli stjórnar og stjórnarandstöðu eftir langt tal manna um meðferð mála. Og ég hélt að það kæmi mönnum ekki á óvart þótt forsrh. áréttaði þessi efnisatriði nú. Ég vil mælast til þess að það taki ekki langan tíma að ræða um það sem var löngu vitað fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur verið óskað eftir því af hv. 8. þm. Reykn. að þessum fundi verði frestað um stund og mun þá forseti verða við þeirri ósk og fresta þessum fundi í 15 mínútur. — [Fundarhlé.]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd stjórnarandstöðunnar vil ég lýsa því yfir að sú yfirlýsing sem hér var kynnt áðan þar sem verið er að taka stóran hluta af fjárlagadæminu út, upp á tugi milljarða, skólamál og heilbrigðismál sem skipta miklu máli, sýnir hvílík uppgjöf og ágreiningur ríkir innan stjórnarliðsins. Við teljum að sú atkvæðagreiðsla sem hér á að fara fram sé ótímabær.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, ÓRG, StH) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, GE, EKG, EKJ, SalÞ.

27 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, EL, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB) greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þetta er fyrsta atkvæðagreiðslan um gjaldahlið þessa frv. Það hefur komið fram í yfirlýsingu hæstv. forsrh. að upphæðir sem nema hátt á annan tug milljarða kr. eru efnislega undanskildar í þessari atkvæðagreiðslu af hálfu ríkisstjórnarinnar og engin afstaða tekin til þeirra. Það er afar óvenjuleg og sérkennileg staða sem hér er komin upp og vegna þess að þar með er atkvæðagreiðslan í reynd efnislega orðin næsta marklítil þá greiði ég ekki atkvæði.

3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 233,1 samþ. með 35 shlj. atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum að greiða hér atkvæði um 1. brtt. meiri hluta fjvn. um niðurskurð á fjárveitingum til Alþingis. Ég tel rétt að það komi fram af minni hálfu að ég tel að meðferð þessa máls frá upphafi eða nánast frá upphafi hafi verið með óeðlilegum hætti að því er varðar fjárveitingar til þingsins. Í fyrstu var þó eðlilega að þessu staðið með því að embættismenn þingsins undirbjuggu fjárlagatillögur og kynntu þær forsætisnefnd sem tók til þeirra afstöðu. Hins vegar gerðist það hinn 12. júlí 1991 að hæstv. forsrh. skrifaði forseta Alþingis bréf og fór þess á leit að Alþingi endurskoði fjárlagatillögur sínar í ljósi þeirra markmiða ríkisstjórnarinnar að draga úr uggvænlegum fjárlagahalla, svo ég reki það efnislega, en orðrétt sagði í þessu erindi forsrh., með leyfi forseta:

„Hér með er þess óskað að Alþingi endurskoði fjárlagatillögur sínar í ljósi ofangreinds markmiðs ríkisstjórnarinnar við undirbúning fjárlagafrv. Hjálagt fylgir yfirlit fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem fram kemur hlutdeild einstakra stofnana æðstu stjórnar í útgjöldum.

Vert er að hafa í huga að svigrúm til niðurskurðar er í sumum tilvikum ekkert, t.d. eru útgjöld vegna Hæstaréttar bundin við laun dómara. Er því óhjákvæmilegt að óska þess að Alþingi leiti leiða til þess að axla sem allra mestan hluta nauðsynlegs sparnaðar innan æðstu stjórnar ríkisins."

Þetta er hluti af bréfi forsrh. til forsætisnefndar þingsins. Það varð niðurstaða í forsætisnefndinni að taka málið upp og forseti lagði fram tillögu um frekari niðurskurð á fjárlagatillögum Alþingis upp á 13,8 millj. kr. Ég tók ekki þátt í þessari afgreiðslu vegna þess að ég tel óeðlilegt að framkvæmdarvaldið og ráðuneyti, í þessu tilviki hæstv. forsrh., séu að hlutast til um fjárlaga- og fjárveitingamál Alþingis á undirbúningsstigi eins og hér var gert.

Síðan gerist það að meiri hluti fjárln. kemur með tillögu um frekari niðurskurð og var þó málið unnið á sl. sumri í samráði við formann fjárln. Hér kemur viðbótartillaga um 7 millj. kr. niðurskurð á fjárveitingum til þingsins. Mér skilst að þessi niðurskurður hafi ekki verið ræddur eða kynntur forsætisnefnd þingsins en hef þó ekki um það skjalfestar upplýsingar.

Ég vildi gera grein fyrir því hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Mér finnst þetta mjög óeðlilegt og alveg óljóst hvernig á að taka á fjárveitingamálum þingsins. Á sama tíma kemur ríkisstjórnin með tillögur um það að ráðuneytið fái til endurráðstöfunar fjárveitingar upp á 1 milljarð kr. eða svo.

Ég mun ekki taka afstöðu til þessrar tillögu. Ég mun ekki greiða henni atkvæði en vildi að þetta lægi fyrir við atkvæðagreiðslu.

Brtt. 233,2 kölluð aftur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur verið óskað eftir að upp væri borinn sérstaklega liður 01-171, Byggðastofnun, í 4. gr. frv.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að það tefji nokkuð fyrir þessari atkvæðagreiðslu að við erum þeirrar skoðunar að þessi atkvæðagreiðsla sé ekki tímabær og því í reynd erfitt að móta afstöðu til málsins. En ég vil gera grein fyrir því hér að við þingmenn Framsfl. teljum að það framlag sem gert er ráð fyrir til Byggðastofnunar sé ófullnægjandi miðað við þær aðstæður sem nú eru í atvinnu- og byggðamálum í landinu og miðað við það hlutverk sem þessari stofnun er ætlað.

Ég vek athygli á því að samkvæmt frv. til laga um

breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð er vísað til þess að eðlilegt sé að Byggðastofnun fari með það hlutverk sem honum var ætlað. En með því að brtt. meiri hluta fjárln. hefur nú verið dregin til baka væntum við þess að ráðrúm gefist til þess að fara betur ofan í málefni Byggðastofnunar og taka þar raunhæft á málum miðað við þann almenna vilja að auka atvinnu úti um allt land. Við munum ekki taka afstöðu til málsins að öðru leyti á þessu stigi en munum gera nánari grein fyrir henni við 3. umr.

Liður 01-171 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 233,3 samþ. með 36 shlj. atkv., 27 þm. greiddu ekki atkv.

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa til yfirlýsingar formanns fjárln. í framsögu við 2. umr. fjárlaga og til staðfestingar forsrh. við upphaf atkvæðagreiðslu hér í dag. Hjá þeim kom fram af hálfu ríkisstjórnar og stjórnarflokka að fjármál framhaldsskóla og háskóla koma ekki til endanlegrar afgreiðslu nú við 2. umr. Þær tillögur bíða frekari umfjöllunar stjórnarflokkanna og koma til lokaafgreiðslu við 3. umr. Því munum við nokkrir þingmenn Alþfl. sitja hjá við afgreiðslu á fram komnum brtt. um skólagjöld við þessa atkvæðagreiðslu.

Við áskiljum okkur hins vegar allan rétt til að flytja og fylgja brtt. við liði sem varða skólagjöld við lokaafgreiðslu málsins við 3. umr.

Brtt. 258,1–7 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, EL, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, SalÞ.

5 þm. (ÖS, GE, GunnS, RG, SigG) greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Allt frá því í september í haust hafa farið fram miklar opinberar umræður um skólagjöld. Nokkrir þingmenn Alþfl. hafa undir forustu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar lýst því yfir að þeir mundu aldrei fallast á það að skólagjöld yrðu lögð á. Allt til síðustu stundar gerðum við okkur vonir um það að þessir hv. þm. stæðu við yfirlýsingar sínar. Okkur er niðurstaða þeirra nú og flótti mikil vonbrigði. Hér er verið að leggja til í þessari tillögu að heimildin til skólagjaldatöku verði felld niður. Þess vegna mun ég segja já við tillögunni. Hv. þm. var gefinn kostur á því að styðja þá stefnu sem þeir í orði kveðnu hafa haft uppi á undanförnum mánuðum. Þeir brugðust þeim vonum sem fjöldi fólks í landinu öllu gerði sér um afstöðu þeirra. Þeir eiga að vísu enn kost á að bæta um betur og það verður enn eftir því gengið að þeir sýni að í þessum mönnum sé eitthvað af því sem hét drengskapur í fornum íslenskum bókmenntum.

Virðulegi forseti. Ég segi já en ég harma þann tvískinnung sem hefur birst okkur síðustu stundirnar.

Brtt. 233,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

1 þm. (HÁ) fjarstaddur.

Brtt. 258,8–27 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, EL, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB.

nei: HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, SalÞ.

5 þm. (GunnS, RG, SigG, ÖS, GE) greiddu ekki atkv.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Enn reynir hér á þá sem hafa látið hátt það sem af er þingi um það að þeir ætli að koma í veg fyrir að lögð verði skólagjöld, í þessu tilviki á framhaldsskólanema, í landinu. Þeir hafa enn möguleika til að styðja þessa tillögu með atkvæði sínu. Ég er sannfærður um það að eftir því verður tekið hvernig þessi atkvæði falla. En það er rétt sem fram kom við síðustu atkvæðagreiðslu að það er enn möguleiki fyrir þessa hv. þm. og aðra þingmenn sem standa að tillögu meiri hluta fjárln. og fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir að bæta ráð sitt. Við skulum ekki gefa upp alla von þó að þessi tillaga verði felld en best væri þó að hún fengist samþykkt og við vonum að það komi annað hljóð úr barka þeirra fimm sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna áðan. (**Forseti:** Hvað segir hv. þm.?) Þingmaðurinn segir já.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er nú að koma æ skýrar fram í þessari atkvæðagreiðslu hvers vegna hæstv. forsrh. gaf þá uppgjafaryfirlýsingu sem hann gerði hér í upphafi atkvæðagreiðslunnar. Það er afar óvenjulegt að ríkisstjórn mæti til fyrstu atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. sitt með þeim hætti sem hér er að gerast í dag og staðfestir auðvitað mjög djúpstæðan ágreining innan ríkisstjórnarinnar.

Í fyrri atkvæðagreiðslunni um skólagjöld lá það ljóst fyrir þegar tölur birtust að þeir þingmenn Alþfl. sem hafa lýst því yfir að sannfæring þeirra bjóði þeim að vera á móti skólagjöldum hefðu haft afl atkvæða með

okkur hinum til að fella skólagjöldin. Tölurnar sýna að ef þessir fimm hefðu greitt atkvæði með okkur í stað þess að sitja hjá þá voru skólagjöldin fallin. Það er mikil ábyrgð sem þeir þingmenn taka á sig, þessir fimm þingmenn Alþfl. að ætla sér að bíða eftir 3. umr. og láta þá reyna á það hvort þeim tekst — eða er verið að fara hér þá leið að bíða þar til hæstv. umhvrh. kemur inn í þingið í staðinn fyrir varamann sinn þannig að þessum fimm fækki í fjóra og þar með séu skólagjöldin í höfn ef hæstv. félmrh. heldur áfram að greiða atkvæði með ríkisstjórninni en á móti þeim sem hafa sannfæringu á móti skólagjöldum?

Það sem hér er verið að sviðsetja af hálfu þessara fimm þingmanna Alþfl. er því aðferð til þess að þvo samvisku sína við 3. umr. en stefna skólagjöldunum ekki í hættu. Það væri ljótur leikur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að gera þannig samning við hæstv. forsrh. og utanrrh., að fá leyfi til að sitja hjá við þessa umræðu og fá leyfi til að sitja hjá við 3. umr. vegna þess að þá verður umhvrh. kominn til þess að treysta og tryggja það að skólagjöldin séu í höfn. (Gripið fram í.) Já, eða fara þá leið að greiða atkvæði á móti skólagjöldunum við 3. umr. þannig að sjónarspilið sé fullkomnað, að þykjast hafa fylgt samvisku sinni en gera það ekki á þeirri stundu þegar atkvæðið gat skipt sköpum. Við erum reiðubúin áfram til að styðja þessa félaga okkar innan Alþfl. í baráttunni gegn skólagjöldum. En við ætlumst til heilinda í þeirri baráttu. Við ætlumst til þess að menn fylgi samvisku sinni en séu ekki að gera um miðja nótt, eins og virtist hafa verið gert hér milli kl. 4 og 5 í nótt, leynisamkomulag sem birtist hér með þessum hætti. Ég vona að það verði ekki niðurstaðan af þessu að skólagjöldin verði lögð á því að ill væri þá hin fyrsta ganga, hæstv. fóstri. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Áður en haninn galar tvisvar muntu afneita mér þrisvar var nú dýrasta kennslustund sem ákveðinn klettur fékk á sinni ævi. Reyndar reis hann undir því seinna og var nógu stór til að skilja sín mistök. Við lifum það hér í þingsalnum að lömbin eru þögnuð, eins og gott ritverk og fræg kvikmynd minnir á. En hér er verið að takast á um eitt grundvallaratriði í hugsjónum í stjórnmálum, hvert er viðhorfið til þeirrar æsku sem er að vaxa upp og Nóbelsskáldið lýsti svo að það væri til lítils að veita ellistyrki ef ekki væru veittir bernskustyrkir. Mér eru það vonbrigði hve mörgum hefur orðið það á að láta velta sér upp úr dufti þó að það sé ekki upp úr mjólkurdufti í þessu þingsal, en ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er að sönnu ákaflega dapurleg atkvæðagreiðsla sem hér fer fram vegna þeirrar miklu og döpru niðurlægingar sem ákveðnir hv. þm., um það bil fimm að tölu, framkvæma á sjálfum sér, ef svo má að orði komast. Það er rétt að vekja athygli á því að þessi hluti brtt. lýtur að því að leggja á skólagjöld í hinum almennu framhaldsskólum, fjölbrautaskólum og verkmenntaskólum vítt og breitt um landið. Þar eiga gjarnan í hlut þeir skólanemendur af landsbyggðinni sem eru á því skólastigi sem ekki nýtur námslána og þar sem búseta manna mismunar mönnum hvað mest varðandi aðstöðu til náms í landinu. Það er þess vegna sorglegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að heyra hér þá þingmenn, sem hafa gumað af því í allt haust að þeir væru sú brjóstvörn sem mundi hnekkja því að skólagjöld væri innleidd með þessum hætti í íslenska skólakerfinu, nú bila og undirbúa það að gengið verði yfir þá við 3. og síðustu afgreiðslu málsins.

Eins og hér var réttilega bent á er einn af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar ekki inni á þingi þessa dagana með atkvæðisrétt heldur varamaður hans sem við höfum heyrt í þessari atkvæðagreiðslu birtast í hópi fimmmenninganna sem kjósa að hafa enga skoðun akkúrat núna þessa stundina á skólagjaldamálinu. Ég hygg að enginn fari í grafgötur um það hvar afstaða hæstv. umhvrh. muni liggja þegar hann kemur til með að bjarga lífi sínu og ríkisstjórnarinnar með því að styðja skólagjöldin við 3. umr. þegar þar að kemur eða ef. Þá verður of seint að gráta og iðrast beisklega fyrir þá sem nú hafa þegar heyrt hanann gala tvisvar. (**Forseti:** Og hvað segir hv. þm.?) Þingmaðurinn styður að sjálfsögðu tillöguna og segir já.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir samkvæmt yfirlýsingum sem gefnar hafa verið að meiri hluti þess þings sem nú er að fjalla um skólagjöld er á móti skólagjöldum. 27 þingmenn stjórnarandstöðunnar og 5 þingmenn Alþfl. Alþýðuflokksþingmennirnir hafa kosið að beita ekki þessum meiri hluta, en það blasir við að eftir nokkra daga getur staðan orðið sú að þessi meiri hluti sé ekki lengur til heldur verði andstæðingar skólagjalda í minni hluta á Alþingi. Getur það verið að hér sé verið að leika þann ljóta leik að blekkja vísvitandi þingið og þjóðina, stjórnarandstöðu og aðra þingmenn með þeim hætti sem fram fer hér í dag? Getur það verið? Satt að segja tel ég að það væri svo ljótur leikur að ég trúi því ekki einu sinni upp á þá menn sem hafa kosið að sitja hjá af hálfu Alþfl. hér í dag. Ég trúi því ekki. Ég trúi ekki öðru en þeir hafi naglföst loforð í hendi sinni um það að skólagjöld verði ekki lögð á. Annars er afstaða þeirra dapurlegasta magalending íslenskrar stjórnmálasögu. — Virðulegi forseti. Ég segi já.

Tómas Ingi Olrich *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að það er af fullkomnum ókunnugleika mínum um það hvernig hefðir hafa skapast hér á þessu þingi að ég vil spyrjast fyrir um það hvort það er eðlilegur framgangur málsins að þegar þingmenn óska eftir að gera grein fyrir atkvæði sínu, þá komi þeir hér upp, gleymi að gera grein fyrir sínu atkvæði en geri ríkulega og í alllöngu máli grein fyrir atkvæðum annarra manna, í þessu tilfelli nokkurra þingmanna Alþfl.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurði að því hvort þær hefðir hefðu skapast hér á þinginu að menn héldu ræður um efni máls um leið og þeir gerðu grein fyrir atkvæði sínu. Ég vil ráðleggja hv. 5. þm. Norðurl. e. að snúa sér til hv. 2. þm. Norðurl. e., núv. hæstv. landbrh. og samgrh., til að kynna sér hvaða hefðir hafa skapast í nafnaköllum hér í þessari virðulegu stofnun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur verið óskað eftir því að liður 02-603, Héraðsskólinn Reykjanesi, verði borinn upp sérstaklega.

Matthías Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Forseti tilkynnti að óskað hefði verið eftir því að liður 02-603, Héraðsskólinn Reykjanesi, væri borinn upp sérstaklega. Ég minnist þess ekki að þingmenn hafi lagt inn slíkar pantanir hjá forseta fyrr en nú. Yfirleitt hefur þetta verið gert bara úr sal ef þingmenn hafa óskað eftir slíkri atkvæðagreiðslu. Því langar mig að spyrja eða fá upplýst hver hefur beðið um þetta.

En svo er annað mál sem mig skiptir miklu. Það er ósk til fjárln. að þessi liður, 02-603, verði athugaður á milli umræðna eða fyrir 3. umr. og gefin skýring á tilurð þeirra talna sem þar eru og hvaða hugmyndir eru uppi í sambandi við rekstur þessa skóla. Það tel ég að þurfi að liggja ljóst fyrir og þess vegna kem ég því hér á framfæri.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er nokkur vandi á höndum. Hér er komið til atkvæða enn eitt sprengiefnið innan hæstv. ríkisstjórnar. Við sem höfum fylgst með atburðarás í haust höfum auðvitað fylgst með hörðum deilum hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, við hæstv. menntmrh. um þetta mál. Er nú ljóst enn á ný hve ótímabær þessi atkvæðagreiðsla er vegna þess að ríkisstjórnarliðið getur ekki mætt til þessarar atkvæðagreiðslu með sæmilega heila brú.

Hæstv. forsrh. las hér upp yfirlýsingu áður en atkvæðagreiðslan hófst þar sem hann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lýsti því yfir að ekki færi fram efnisleg afgreiðsla við 2. umr. á fjármálum framhaldsskóla og háskóla ásamt tillögum um hagræðingu í sjúkrahúsrekstri á höfuðborgarsvæðinu og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þetta þýðir á mæltu máli að ágreiningi um skólamál við Alþfl. er frestað, ágreiningi um St. Jósefsspítala við Alþfl. er frestað og ágreiningi út og suður við sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn um málefni sveitarfélaga er frestað. Forsrh. gerði hins vegar engan fyrirvara um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi þannig að samkvæmt þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. flutti hlýtur sá liður að koma hér til efnislegrar afgreiðslu. Ég heyrði hins vegar að formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, kallaði fram í að tillagan væri dregin til baka, þ.e. ef ég skil rétt, tillagan sem er í fjárlagafrv. sjálfu. Það er nú ekki hægt, virðulegur þingmaður Karl Steinar Guðnason, að draga til baka, hversu fegin sem ríkisstjórnin vildi, liði sem eru í sjálfu fjárlagafrv. (**Gripið fram í:** Draga frv. til baka.) Já, það er kannski best að draga frv. til baka, hv. formaður fjárln. Það væri einfaldast í atkvæðagreiðslunni.

Hv. þm. Matthías Bjarnason spurði um það hvað liði umfjöllun fjárln. á þeim erindum sem henni hefðu borist varðandi þetta mál. Það hafa engin svör komið við því, og við sem unnum skólahaldi á Vestfjörðum og við erum nokkrir hér í salnum og einstaka menn í ríkisstjórninni sem greinilega eru hættir að unna skólamálum á Vestfjörðum, viljum gjarnan fá að vita hvað þessi atkvæðagreiðsla sem hér á að fara fram merkir. Væri æskilegt ef formaður fjárln. gæti svarað 1. þm. Vestf. svo að ljóst sé hvar ágreiningsmálið er á vegi statt.

Karl Steinar Guðnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins upplýsa það að fjárln. mun kanna þetta mál milli 2. og 3. umr. og verða því við ósk hv. 1. þm. Vestf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 1. þm. Vestf. spurði hver hefði beðið um að greidd yrðu sérstaklega atkvæði um þennan lið. Sú beiðni kom frá hv. 1. þm. Norðurl. e., oddamanni stjórnarandstöðunnar í fjárln.

Guðmundur Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þessari fyrirspurn og skýringu hæstv. forseta, þá vil ég láta það koma fram að á þessu atkvæðagreiðsluskjali eru nokkrir liðir sem komið hafa fram óskir frá stjórnarandstæðingum um að greidd yrðu atkvæði um sérstaklega, þó ekki væru brtt. á ferðinni. Þetta er reyndar ekki nýtt, þetta hefur gerst áður við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. en í samráði við hæstv. forseta og starfsfólk þingsins var talið betra allra aðila vegna, kannski einkum vegna framkvæmdar málsins, að þessi háttur væri hafður á. En það var ekki sérstaklega að okkar ósk að þessi háttur væri hafður á. Það er auðvitað hægt að biðja um það hverju sinni að fá að greiða atkvæði um einstök efnisatriði frv. þó þau séu ekki hér á þessu atkvæðagreiðsluskjali.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta láðist að láta þess getið sem hv. 1. þm. Norðurl. e. skýrði frá að það var til þess að greiða fyrir þessari atkvæðagreiðslu, til að flýta henni, að því var komið á framfæri við þingflokkana að ef þeir hefðu einhverjar slíkar óskir, þá væri gott að fá þær fyrir fram til þess að auðvelda öllum atkvæðagreiðsluna hér í dag. Þá verða greidd atkvæði um þennan lið, 02-603.

Matthías Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég á bágt með að skilja það að menn vilji fá atkvæðagreiðslu um lið sem búið er að óska eftir að tekinn verði til meðferðar í fjárln. og formaður fjárln. hefur lýst yfir að verði gert á milli umræðna. Ef menn halda fast við það þá ætla ég ekki að

greiða atkvæði um þennan lið. Ég vil fyrst fá að vita hver eru áformin. Og fyrst formaður fjárln. hefur tekið vinsamlega í mín tilmæli þá tel ég sjálfgefið að það fari ekki fram nein atkvæðagreiðsla hér um þennan lið fyrr en við 3. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bjóða hv. þm. Matthías Bjarnason velkominn í okkar hóp sem viljum gjarnan fá að vita svörin áður en gengið er til efnislegrar atkvæðagreiðslu. En það er einmitt það sem gerðist hér í dag að hæstv. forsrh. lýsti því yfir í upphafi atkvæðagreiðslunnar að ríkisstjórnin væri ekki tilbúin með svörin og það er þess vegna sem við m.a., þingmenn stjórnarandstöðunnar, höfum setið hjá við atkvæðagreiðslu um þorrann af þeim liðum sem hér er verið að bera upp. Ég skil þess vegna mætavel afstöðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að hann vilji gjarnan fá að vita hver áformin eru og hver niðurstaða ríkisstjórnarinnar er, ríkisstjórnar sem er svo sundurþykk að hún kemst ekki nema haltrandi hér í gegnum atkvæðagreiðsluna vegna innri ágreinings. Hins vegar verður að greiða atkvæði um þennan lið formsins vegna ef einhver hv. þm. óskar eftir því. Það er ekkert annað að gera í því. Ég vil því styðja þá ósk að atkvæðagreiðsla um liðinn fari fram. Það er sjálfsögð kurteisi við þá sem þess óska, en skil hins vegar mætavel afstöðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að honum sé nú ofboðið hvernig ríkisstjórnin heldur á málum hér í þinginu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér hefur orðið mikið fjaðrafok út af beiðni minni, en það skal upplýst hér að það var að beiðni minni sem var beðið um sérstaka atkvæðagreiðslu um þennan lið. Það var á grundvelli þess að á sl. hausti tók menntmrh. þá ákvörðun að ekki skyldi verða kennt í Reykjanesskólanum í vetur þrátt fyrir að skólinn væri á fjárlögum þessa árs. Ég leit svo á að það væri ekki endanleg ákvörðun um að leggja niður skólann heldur aðeins þetta skólaár.

Mér sýnist á frv. að ekki eigi að starfrækja skólann næsta vetur þar sem mjög lítið fjármagn er veitt til skólans. Ég leit svo á að það væri ekki endanleg ákvörðun og framtíðarhlutverk skólans þyrfti að marka með öðrum hætti en væri gefið til kynna í fjárlagafrv. Þetta var orsök þess að ég bað um sérstaka atkvæðagreiðslu um þennan lið, en þar sem hér hefur verið upplýst að hv. formaður fjárln. býðst til þess að þetta mál verði skoðað sérstaklega á milli 2. og 3. umr. þá fell ég hér með frá því að biðja um sérstaka atkvæðagreiðslu um þennan lið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Mér eru tveir kostir fyrir höndum. Annar er sá að taka þessa tillögu upp og fara nákvæmlega að þingsköpum. Hinn er sá að brjóta þingsköpin en fara betur með tíma þingsins. Ég ætla að láta á það reyna hvort mér líðst það síðarnefnda en ég vildi koma á framfæri þakklæti til hv. formanns fjárln. fyrir að hafa sýnt það hér í verki að hann hafi áhuga á því að skoða þetta mál og gekk svo langt að hann vildi afturkalla greinina en hefði orðið að afturkalla allt fjárlagafrv. til þess að ná þeim vilja sínum fram og ég hef skilning á því að hann ræðst ekki í svo viðamikið verk, enda ekki forráðamaður frv. En ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir þetta og minna hann á það að Alþingi Íslendinga samþykkti þáltill. á seinasta vetri sem skapar skóla eins og þessum meiri verkefni, ekki aðeins eins og hann hefur pláss fyrir heldur margfalt meiri ef það er vilji hæstv. menntmrh. að fara að vilja Alþingis með framkvæmd þeirrar þáltill.

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að mér virðist að hér sé misskilningur um formlegt gildi atkvæðagreiðslu. Að sjálfsögðu er það nákvæmlega sama hvort borinn er upp einn eða fleiri liðir undir eins undir atkvæði, það hefur sama gildi við að vísa máli áfram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 6. þm. Vestf. hefur fallið frá ósk um að þessi liður verði borinn upp sérstaklega.

Brtt. 233,5a samþ. með 29 shlj. atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 233,5b kölluð aftur.

Liður 02-872 samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, GE, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

26 þm. (VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, EL, SHl, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

1 þm. (StH) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Í umræðum um þetta mál, Lánasjóð ísl. námsmanna, í fyrradag, í gær og í nótt var það ítrekað og kom fram að fyrir fjárln. liggja óskir um viðbótarfjárþörf sjóðsins til þess að geta staðið við þær útlánareglur sem nú eru í gildi. Samkvæmt bréfi stjórnenda sjóðsins hljóðar sú ósk upp á 607 millj. kr. Þar kemur fram að viðbótarfjárþörf til námsaðstoðar í heild er 867 millj., þar af fjárveitingaþörf 607 millj. umfram þær tölur sem eru í fjárlagafrv. eins og það lítur út núna. Það kemur einnig fram í þessari beiðni sjóðsins að þær breytingar sem gerðar voru á úthlutunarreglunum sl. vor hafa a.m.k. 750 millj. kr. lækkun útgjalda í för með sér á næsta fjárlagaári þannig að það er gert ráð fyrir því að þeim niðurskurði verði að sjálfsögðu haldið áfram, þær breyttu úthlutunarreglur gildi áfram og munu leiða til 750 millj kr. sparnaðar. Í viðbót við það þarf sjóðurinn, til að geta staðið við úthlutunar-

reglurnar eins og þær eru nú, 607 millj.

Ef ekkert á að verða við þessum óskum, þá er ljóst að enn þarf að gera róttækar breytingar á lánasjóðnum og úthlutunarreglum hans sem að sjálfsögðu hlýtur að bitna hart á þeim einstaklingum sem njóta framlaga frá sjóðnum í formi lána eða styrkja. Við stjórnarandstæðingar höfum óskað eftir því og vonum að þetta mál verði skoðað nánar. Reyndar hefur það fengið litlar undirtektir en við munum láta á það reyna á milli umræðna og sitjum því hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Ég greiði ekki atkvæði.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir því að Lánasjóður ísl. námsmanna fái 2 milljarða og 220 þús. kr. Það má öllum ljóst vera að sú upphæð dugar hvergi nærri fyrir þörfum sjóðsins og honum er vísað út á lánamarkaðinn enn eitt árið. Þar við bætist að boðað hefur verið nýtt frv. um sjóðinn og á þessari stundu má segja að margt sé óljóst um framtíð hans. Því greiði ég ekki atkvæði á þessari stundu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér áðan ákvað stór hluti þingsins að halda við þá fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að leggja á skólagjöld á næsta ári upp á 250 millj. kr. Ákveðið hafði verið að skera niður þjónustu Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu ári um u.þ.b. 700 millj. kr. Fyrir stendur að bæta enn við 600 millj. á næsta ári samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í athugasemdum hv. 1. þm. Norðurl. e. Hér er með öðrum orðum um það að ræða að nemendur í landinu eiga að taka á sig kjaraskerðingu samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1992 upp á 1,5 milljarða kr. Virðulegi forseti. Það er útilokað að sætta sig við þessa niðurstöðu og þess vegna hljótum við að gera kröfu til þess að málið verði tekið til meðferðar, endurskoðunar og athugunar við 3. umr. Hér er bersýnilega í uppsiglingu enn ein atlagan að jöfnunar- og velferðarkerfi landsmanna. Við þessar aðstæður, virðulegi forseti, greiði ég ekki atkvæði en við munum beita okkur fyrir því að knýja fram breytingu á þessum lið við 3. umr. fjárlaga.

Brtt. 233,6–14 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, GÁ, HG, JGS, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, JóhS, KHG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða brtt. við nokkra safnliði og minni háttar brtt. í raun en þetta eru liðir sem varða ýmsa starfsemi í landinu, félagasamtök og söfn, byggðasöfn, íþróttafélög og fleiri. Fjárln. tók öll þátt í þeirri vinnu að undirbúa þessar brtt. Fulltrúar minni hlutans áttu aðild að undirnefndum sem þessa vinnu önnuðust og munu því taka þátt í þessari afgreiðslu á þann hátt að greiða atkvæði með þessum brtt. sem hér eru lagðar til.

Við höfum valið þann kostinn, eins og fram kom í nál., að sitja hjá við atkvæðagreiðslur um flestar þessar brtt. Við lýstum þar afstöðu okkar til málsins í heild og höfum því valið það að sitja hjá við aðrar brtt. sem hér hafa verið bornar fram af því að það hlýtur að vera rökrétt framhald af afstöðu okkar til málsins. En þar sem við tókum þátt í þessari vinnu sérstaklega sem fellur undir þær brtt. sem nú á að greiða atkvæði um þá munum við greiða atkvæði með þeim.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fallið hefur verið frá ósk um að liður 02-999.193 verði tekinn sérstaklega til atkvæðagreiðslu, en í stað þess er óskað eftir að greiða sérstaklega atkvæði um lið 03-101.130, Upplýsinga- og kynningarstarfsemi utanríkisráðuneytisins.

Liður 03-101.130 samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, GE, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, SalÞ.

29 þm. (SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, EL) greiddu ekki atkv.

1 þm. (VE) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég býst við því að af þessum lið verði greidd svokölluð kynning á fyrirhuguðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem ég tel mjög mikilvægt að verði gert og því þykir mér eðlilegt að á fjárlögum verði tekið frá ákveðið fjármagn í því skyni. Mér finnst hins vegar óeðlilegt ef nota á þennan sjóð sérstaklega fyrir formann Alþfl. til þess að reka pólitíska áróður eins og hann hefur gert í því sem hann hefur kallað kynningu á fyrirhuguðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það sem ekkert liggur fyrir um það hvernig verja á þessum peningum, þ.e. hvort eingöngu á að nota þá til að greiða ferðir hæstv. utanrrh. og ekki annars, þá get ég ekki greitt þessum lið atkvæði. Ég greiði ekki atkvæði.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég sé að þessar þýðingar eru á víð og dreif um sléttuna í fjárlagafrv., í flestum ráðuneytum þó að hæsta upphæðin sé þarna. Mér hefur skilist að ríkissjóður eigi nóg með sig og ég vil ekki íþyngja honum og greiði því ekki atkvæði.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sá liður sem hér er um að ræða er upp á 6,5 millj. Sú skýring sem er gefin á tilvist hans er þessi, með leyfi forseta: „Þá er fjárveiting vegna kvikmynda, myndbanda og landkynningar sameinuð fjárveitingu á viðfangsefninu upplýsinga- og kynningarstarfsemi."

Í trausti þess að sú landkynning sem hér er verið að leggja til verði landinu til sóma og í trausti þess að hæstv. utanrrh. geri greinarmun á áróðri og kynningarstarfsemi greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 233,15–16 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EgJ, GHelg, HÁ, JVK, KHG, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Liður 04-201 samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: MF.

25 þm. (AÓB, EgJ, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GHelg, KHG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á það að í áliti landbn. sem hún sendi hv. fjárln. við afgreiðslu þessa máls kemur eftirfarandi fram — og ég vil taka það fram að landbn. stóð einhuga að afgreiðslu þessa máls til fjárln. — en þar kemur fram um lið 04-201, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur farið fram endurskoðun á starfsemi Búnaðarfélags Íslands vegna breyttra aðstæðna í landbúnaði. Aukinn var hlutur bænda í greiðslum til félagsins með tilliti til þeirra verkefna sem sérstaklega tengjast hinum félagslega þætti landbúnaðarins. Hlutdeild ríkissjóðs í rekstri Búnaðarfélagsins voru sett skýrari mörk er miðuðust við 31 stöðugildi og nauðsynleg rekstrargjöld. Þessi kostnaður nemur samkvæmt tilvitnuðu samkomulagi 88 millj. 815 þús. fært til verðlags fjárlagafrv. Fjárlagatillögur Búnaðarfélagsins voru í samræmi við þetta samkomulag. Tillögur landbrn. tóku meira mið af áherslum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda en þær nema 78,5 millj. kr. Er það svipað og var í fjárlögum þessa árs að krónutölu."

Virðulegi forseti. Um leið og nefndin áréttaði þetta samkomulag þá benti hún á að réttara væri að setja liðinn öðruvísi upp í fjárlagafrv. Í öðru lagi benti landbn. á það að í þessu frv. var ekki tekið á óútkljáðu deilumáli Búnaðarfélagsins og fjmrn. um lífeyrisgreiðslur starfsmanna Búnaðarfélagsins.

Á þetta vil ég benda við þessa atkvæðagreiðslu, virðulegi forseti, að meiri hluti fjárln. tók ekkert tillit til þessarar samróma niðurstöðu hv. landbn. Með tilliti til þessa hafa þingmenn Framsfl. ákveðið að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 233,17 samþ. með 40 shlj. atkv., 18 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 233,18 kölluð aftur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er óskað eftir að greiða sérstaklega atkvæði um lið 04-291, Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Fjárveiting til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er samkvæmt breytingu sem gerð var á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum árið 1987. Byggðist sú breyting á þeim búvörusamningi sem þáv. ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. gerði við Stéttarsamband bænda og er árið 1992 síðasta árið sem kveður á um slíka greiðslu samkvæmt núgildandi lögum.

Í fyrsta skipti er talan í fjárlagafrv. ekki í samræmi við ákvæði laganna, eða innan við helming þess. Hér er því um að ræða eina af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar við gerð fjárlagafrv. sem ekki er í samræmi við gerða samninga eins og fram kemur í áliti landbn. til fjárln.

Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að draga nokkrar slíkar tillögur sem fram voru komnar til baka til 3. umr., eins og við höfum m.a. orðið vitni að hér í dag, til þess að tóm gefist til að endurskoða þær fram að þeim tíma. Vil ég vona að það verði einnig gert við þessa tillögu og því taka þingmenn Framsfl. ekki þátt í þessari atkvæðagreiðslu.

Liður 04-291 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EgJ, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GHall, GHelg, JónK, KHG, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,19–20 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, KSG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, FI, GÁ, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JVK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GHelg, JBH, JónS, KHG, VE) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Óskað hefur verið eftir að greiða sérstaklega atkvæði um lið 05-202 4, Hafrannsóknastofnun, Sértekjur.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða sértekjur Hafrannsóknastofnunar sem leiða af því að hér í þinginu er frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð. Ef það frv. verður að lögum þá er verið að útiloka tímabundna aðstoð við byggðarlög sem missa aflaréttindi sín. Það er jafnframt verið að draga úr því fjármagni sem hægt er að verja til úreldingar fiskiskipa og þar með að draga úr möguleikum til hagræðingar í sjávarútveginum. Í þriðja lagi er verið að skapa mikinn pólitískan ágreining um þá fiskveiðistefnu sem nú er í framkvæmd og ég vænti þess að núv. ríkisstjórn dragi þessi áform sín til baka. Þetta er að mínu mati ein allra alvarlegasta brtt. við núv. fjárlagafrv. Þótt ýmislegt standi í núv. ríkisstjórn og stuðningsmönnum hennar virðist ekki standa neitt í þeim að auka álögur á sjávarútveginn með þessum hætti og standa í vegi fyrir því að hann fái eðlilegar aðstæður til hagræðingar á erfiðum tímum. Í ljósi þessa munum við þingmenn Framsfl. greiða atkvæði gegn þessum áformum.

Liður 05-202 4 samþ. með 35:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, GE, EKG, EKJ, FrS, GHH, SalÞ.

nei: GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, EL, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI.

2 þm. (KHG, VE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var rakið hér ítarlega í umræðunum sem stóðu í gærkvöldi og í nótt að núv. hæstv. ríkisstjórn er að leggja nýja skatta á sjávarútveginn á Íslandi sem nema líklegast þegar allt er talið töluvert yfir 1 milljarði kr. Hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. sjútvrh. treystu sér til þess að mótmæla því í umræðunum í gær og í nótt að þessi áform væru fyrir hendi og lýsingin á samtölunni, rúmlega 1.000 millj. í nýja skatta í sjávarútveginn á næsta ári, væri rétt.

Það er því í hrópandi mótsögn við það að þykjast vera að greiða úr vanda sjávarútvegsins við þær erfiðu aðstæður sem nú eru í okkar þjóðfélagi að hefja stórfellda nýja skattlagningu á sjávarútvegsfyrirtækin í landinu þannig að á árinu 1992 muni íslenskur sjávarútvegur verða skattlagður meira en hann hefur verið um langt, langt árabil. Er ekki nóg komið í skattlagningarstefnu þessarar ríkisstjórnar þó að hún fari ekki að auka skattlagninguna á grundvallaratvinnuveg íslensku þjóðarinnar, sem nú berst i bökkum, um rúmlega 1 milljarð með afgreiðslu þessa frv. og fylgifrv. sem hér eru til umræðu? Hvernig ætla þeir þingmenn Sjálfstfl. úr sjávarútvegsplássunum allt í kringum landið að réttlæta það að greiða atkvæði með slíkri skattlagningu?

Þessi skattlagning á að gerast í gegnum breytingar á Hagræðingarsjóði. Það liggur ekkert fyrir um að það frv. verði samþykkt hér á hv. Alþingi. Og verði svo að þingið fari heim fyrir lok þessa árs án þess að það frv. verði samþykkt, þá er alveg ljóst að þá vantar efnislegu forsendurnar fyrir því að þessi tala sé raunhæf sem verið er að setja hér inn í fjárlögin af hálfu fjárln. og ríkisstjórnarinnar.

Þess vegna væri auðvitað skynsamlegast og réttast fyrir hæstv. ríkisstjórn að draga þessa tillögu til baka, eins og ýmsilegt annað sem hún hefur dregið hér til baka, en vera ekki að halda því til streitu að sú tillaga sem hún vill „absolútt" fá afgreidda hér sé skattlagning á sjávarútveginn, í þessari einu tillögu upp á rúmar 500 millj. kr. Ég segi því nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni eitthvert allra alvarlegasta ákvæði fjárlaganna þar sem hæstv. ríkisstjórn er að breyta þannig ákvæðum um Hagræðingarsjóð að allar veiðiheimildir hans á kvótaárinu 1992–1993 á að selja sjávarútveginum í landinu fyrir 525 millj. kr. Þessi fénýting veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs er þó ekki nema tæpur helmingur af beinum nýjum álögum á sjávarútveginn í landinu á næsta fjárlagaári. Allir hagsmunaaðilar og öll samtök sjávarútvegsins sem enn hafa tjáð sig um þetta mál og komið hafa á fund sjútvn. Alþingis hafa verið því algerlega andvígir. Það hefur enginn einasti stuðningsmaður fundist fyrir málinu utan hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna hér á þingi.

Það hefur komið fram og ég tek undir það að þessi breyting er að því leyti alvarleg fyrir utan upphæðirnar sem í henni felast og leggjast á sjávarútveginn á næsta ári, að hún skapar enn meiri átök og enn meiri óánægju um þá fiskveiðistefnu sem í gildi er og nú er til endurskoðunar. Þess vegna er það með öllu óverjandi að afgreiða fjárlagafrv. eins og hér er gert ráð fyrir þegar við bætist að fylgifrv. er í fullkominni óvissu og óafgreitt úr nefnd.

Ég segi því nei, hæstv. forseti og vona, hver sem niðurstaðan verður nú við þessa afgreiðslu málsins við 2. umr., að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn skoði hug sinn vandlega áður en til 3. umr. fjárlaga og afgreiðslu kemur.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á þessum fjárlagalið er verið að mæla fyrir um stóraukin rannsóknaumsvif Hafrannsóknastofnunar sem stjórnarandstaðan virðist öll ætla að greiða atkvæði gegn. Hér er verið að kveða á um mjög mikilsverðar rannsóknir í þágu höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar. Það er rétt að þær eru kostaðar með nýjum hætti, ekki með nýju álögum á sjávarútveginn, því

að hér eru notaðar aflaheimildir sem fyrri ríkisstjórn ákvað að setja á sjávarútveginn. Þær eru nú fluttar frá verkefnum sem áður voru ákveðin til þessara nýju verkefna. Það er þess vegna rangt að hér sé um að ræða nýjar álögur á sjávarútveginn. En það er verið að tryggja Hafrannsóknastofnun stóraukin rannsóknaumsvif. Því segi ég já.

Brtt. 233,21–23 kallaðar aftur.

Brtt. 233,24–31a samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (FI, GÁ, GHelg, HG, JÁ, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, KHG, StH, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða liði sem nefndarmenn minni hluta fjárln. hafa tekið þátt í á undirbúningsstigi að móta. Ég mun því greiða atkvæði með þessum lið.

Brtt. 233,31b kölluð aftur.

Brtt. 233,32–35 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DO, KHG, StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,36 kölluð aftur.

Brtt. 233,37–39 samþ. með 36 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 241 kölluð aftur.

Undirliðir a. 12–14 í brtt. 233,40b samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EgJ, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (GHelg, StH, VE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég bað um atkvæðagreiðslu um þennan stofnkostnaðarlið vegna þess að sá háttur var hafður á að þingmönnum Austurl. var sendur þessi liður til yfirferðar og tilfærslu eins og venja er til. Við komum með ákveðna tillögu. Meiri hluti þingmanna Austurl. gerði ákveðna tillögu um skiptingu en þeirri tillögu var hafnað af meiri hluta fjárln. Þetta er mjög óvenjulegt, svo ekki sé meira sagt. Ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þennan lið en áskilja mér rétt til þess að taka málið upp í formi tillögugerðar við 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um fjárveitingar vegna heilsugæsumála á Austurlandi. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram vegna þessarar atkvæðagreiðslu að það var ekki farið að tillögu okkar, meiri hluta þingmanna Austurl., sem gerðum um það tillögu til fjárln. að veitt yrði fé til heilsugæslustöðvar á Höfn í Hornafirði með því að færa til af öðrum liðum. Við vorum ekki svo stórtækir að standa að brtt. á þessu stigi máls en ætluðum að færa til fjármagn sem við töldum að okkur stæði góður réttur til og komum þeim sjónarmiðum og tillögu okkar á framfæri við fjárln. Hún hafnaði hins vegar að taka tillit til þessa og því miður var einn þingmaður úr hópnum, hv. 5. þm. Austurl., sem tók undir með meiri hlutanum að þessu leyti og stóð ekki að okkar brtt. Ég tel að hér sé um einsdæmi að ræða, að ekki sé orðið við tilmælum þingmanna kjördæmis varðandi ráðstöfun fjár sem hefð er fyrir að bera undir þingmannahópa. Þessu vil ég mótmæla sérstaklega en ég mun ekki greiða atkvæði um þessa tillögu frekar en aðra liði undir þessum lið.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég held að ég muni það rétt að það hafi verið sl. mánudag sem þingmenn Austurl., að undanskildum fyrsta þingmanni kjördæmisins sem var erlendis, fjölluðu um skiptingu á einstökum verkefnum í kjördæminu. Á þeim fundi var algjör samstaða um að gera tilfærslur á þremur liðum í sjúkrahúsaþættinum á Austurlandi og færa til dvalarheimilis á Höfn 5 millj. kr. sem var í samræmi við óskir heimamanna og hefði fullnægt því að þar væri hægt að hefjast handa og ná tilteknum árangri á næsta ári.

Þrátt fyrir þessa sameiginlegu niðurstöðu sem fékkst á þessum fundi, en á fundi morguninn eftir vorum við þrír þingmennirnir og þá að sjálfsögðu enn sammála og fórum þá reyndar frekar yfir ýmislegt annað í þessari fjárlagagerð, þrátt fyrir þessi skýru og afdráttarlausu tilmæli þá gerðist sá einstæði atburður að fjárln. Alþingis fór ekki að tillögum þingmanna Austurl.

Ég hef af þessu tilefni lagt fram sérstaka tillögu hér í þinginu sem ég ákvað að ekki yrði tekin til umræðu fyrr en við 3. umr. Reyndar eru það fleiri mál sem ég hef fulla ástæðu til þess að tala um við fjárln. og sérstaklega forustu þeirrar nefndar sem gæti þá vel komið inn í þá umræðu ef vel liggur á mér. Ég hlýt að mótmæla þessum einstæðu vinnubrögðum sem eru nátt-

úrlega á vissan hátt ofbeldi gagnvart þingmönnum Austurlandskjördæmis.

Af þessari ástæðu tek ég ekki þátt í afgreiðslunni um Austurlandsliðina núna en ég vek enn athygli á því að umræðan um mína tillögu bíður 3. umr. og þá mun ég skýra þetta mál enn betur.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég minnist þess ekki meðan ég hef setið hér á Alþingi sem þingmaður Austurl. að fjvn. og nú fjárln. þingsins hafi ekki tekið tillit til þess ef þingmenn kjördæmisins hafa óskað eftir því að lítils háttar breytingar yrðu á milli liða. Ég vil því spyrja hv. þm. Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn., formann fjárln., hverju það sæti að ekki sé tekið tillit til þessa eins og venja hefur verið og vil minna á það, ef það er ástæðan að hér sé um nýja framkvæmd að ræða, að hér er um stofnun að ræða sem er starfandi og jafnframt um ...Ég get gert hlé á máli mínu. Ég beini tilmælum mínum til formanns fjárln. en ég sé að (Gripið fram í.) Ég ætlast nú samt til þess að hann hlusti, þótt heilbrrh. sé órólegur undir þessu. Ég hef heyrt það að hæstv. heilbrrh. hafi sagt hér við menn að ef þetta komi inn, þá skuli hann sjá til þess að ekkert fari af stað í þessu kjördæmi. Það er náttúrlega ekki hægt að þola svona vinnubrögð, hæstv. heilbrrh. Og ég minni á að áður hefur komið fjárveiting til þessarar framkvæmdar og ég vil beina því til fjárln. að hún taki þetta mál fyrir með eðlilegum hætti og láti sér í engu varða hótanir ráðherra í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. þm. Austurl. hefur óskað eftir að bera af sér sakir og verður honum leyft það.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni ummæla hv. þm. Egils Jónssonar um að sá einstæði atburður hefði gerst að ekki hefði náðst samstaða í þingmannahópi Austurlands um skiptingu á þessum lið, (**EgJ:** Ég sagði þetta ekki.) þá vil ég taka það fram að eftir það lágu fyrir skýrar upplýsingar um að ef þessir liðir yrðu flattir út til þess að safna saman í 5 millj. kr. fjárveitingu til að byggja hjúkrunarheimilið á Höfn, sem er mikil þörf og mikil nauðsyn á, þá væru verk á Seyðisfirði, á Djúpavogi og á Eskifirði í slíku uppnámi að þar væri ekki um fulla framkvæmdaráfanga að ræða. Þá væri óvissa um að í nokkrar framkvæmdir yrði farið á næsta ári og jafnvel ekki að sjúkrahúsið á Seyðisfirði yrði opnað eftir alllangan byggingartíma, nema þá til þess ráðs yrði gripið að leggja það sem upp á vantar, þessar 5 millj. á sveitarfélögin á Austurlandi. Ég sé ekki að það sé á bætandi miðað við þær aðstæður sem ríkja hér víða.

Mér þykir slæmt að ekki skuli nást samstaða um þetta mál — vegna þess að það er þörf á samstöðu — með hv. þm. Agli Jónssyni og öðrum þingmönnum kjördæmisins. Ég stóð að þessari tillögu meiri hluta fjárln. og ég mun gera það hér líka af því að ég tel að það sé best fyrir Austurlandskjördæmi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 3. þm. Austurl. vill bera af sér sakir.

Egill Jónsson:

Það er nú ekki, virðulegur forseti, vanþörf á því að ég beri af mér sakir því ég geri varla ráð fyrir því að nokkur prestur á Íslandi hafi fyrr snúið hlutunum jafnskýrlega við og Heydalaklerkur gerði hér áðan.

Í fyrsta lagi sagði hann að ég hefði sagt það hér í minni fyrri ræðu að sá einstæði atburður hefði gerst að þingmenn Austurl. hefðu ekki orðið sammála. Ég sagði að þingmenn Austurl. hefðu verið sammála um þessa afgreiðslu. Ég hef farið yfir það bæði með Jóni Kristjánssyni, hv. 2. þm. Austurl., og hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, hvað fór fram í Þórshamri þegar þessi mál voru afgreidd. Satt að segja fannst mér framkoma hv. 5. þm. Austurl. vera með þeim hætti að ég treysti ekki á minni mitt. En þeir staðfestu það í þessu samtali sem ég átti við þá að við hefðum verið sammála um þessa afgreiðslu, þingmenn Austurl. Það er grundvallaratriði í þessum efnum. Auðvitað hef ég ekki rofið samstöðu vegna þess að við höfum verið algerlega sammála um þetta mál þingmenn kjördæmisins og ekki verið þar nokkur ágreiningur, hvorki við þessa afgreiðslu né endranær.

Það gerðist svo aftur á þriðjudagsmorgun, ef ég man rétt, að 5. þm. Austurl. mætti þá ekki til fundar við okkur hina þingmennina, en að því að mér er sagt lýsti síðan ágreiningi úti í fjárln. án þess að koma til fundar við okkur og ræða þann ágreining innan þingmannahópsins. Þessi vinnubrögð eru alveg ný í þingmannahópi Austurl. og ég vonast satt að segja til þess að svona verknaður eigi ekki eftir að endurtaka sig. (**GunnS:** Ég vil bera af mér sakir.) (**EgJ:** Það þýðir ekkert fyrir þig.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef hv. þm. telur að menn geti ekki rætt þessi mál utan ræðustóls og hv. 5. þm. Austurl. þurfi að bera af sér sakir enn á ný, þá getur forseti ekki meinað honum um það samkvæmt þingsköpum og tekur hann þá til máls.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega ástæða til að bera af sér sakir, enda þungum sökum sem ég er borinn hér af hv. þm. Agli Jónssyni. Ég vil segja það aftur að þegar við ræddum þetta á fyrsta fundi, og þeim eina fundi sem ég tók þátt í og var boðaður á á réttum tíma, þá ákváðum við að fresta málinu þar. Hv. þm. Egill Jónsson lagði þar til ákveðna skiptingu og við ræddum hana saman en við ákváðum að fresta málinu og afgreiddum það ekki þá. Það var ákveðið að halda fund aftur seinna og sá fundur var ekki einu sinni tímasettur á þessum fundi. Síðan öfluðum við okkur upplýsinga, nánari upplýsinga um það hvaða afleiðingar þessi skipting kynni að hafa. Og hv. 2. þm. Austurl. getur staðfest það hér af því að hann tók þátt í viðræðum með mér við hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. strax að loknum fundi þingmanna Austurl. þar

sem var verið að leita upplýsinga um þetta mál. Og þá tilkynnti ég forustumanni þingmanna í kjördæminu, hv. 2. þm. Austurl., strax þann sama dag að ég mundi standa að afgreiðslu meiri hluta fjárln. Ég tilkynnti honum það formlega, og það getur hv. 2. þm. Austurl. staðfest, strax eftir að þessar upplýsingar sem ég lýsti hér áðan lágu fyrir. Ég óska eftir því að hv. þm. Egill Jónsson hafi nú það sem sannara reynist.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina því til hv. þm. hvort ekki er hægt að halda áfram atkvæðagreiðslu og þeir leysi þessi mál sín á milli. — Forseti þakkar hv. 3. þm. Austurl. fyrir að taka þessa beiðni til greina.

Brtt. 233,40 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, IP, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, EL, FI, GÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SHl, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, GB, GHelg, HÁ, HBl, ÓÞÞ, StH, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,41a samþ. með 33:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, IP*, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, StG, SJS, SvG, VS.

11 þm. (EL, FI, GB, GÁ, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, SHl) greiddu ekki atkv.

4 þm. (HBl, StH, VE, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að taka fram að hún studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi liður, 41a, fjallar um það að lækka styrk til Krabbameinsfélags Íslands vegna kostnaðar við krabbameinsleit og er fólginn í því að komugjald eigi að hækka, þ.e. konur eigi að greiða hærra fyrir krabbameinsleitina. Ég tel þetta alls ekki koma til greina og í andstöðu við fyrirbyggjandi aðgerðir og munum við þingkonur Kvennalistans greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Við teljum eðlilegt að frekar eigi að lækka gjald vegna krabbameinsleitar en að hækka það.

Brtt. 233,41b–c og 233,42 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, EL, HÁ, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG) greiddu ekki atkv.

3 þm. (JGS, StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,43–100 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, HBl, JónK, StH, VE) fjarstaddir.

Jón Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það hefur farið fram hjá virðulegum forseta, en ég bað um sératkvæðagreiðslu um lið 98 sem er Hafnamál og hafnamannvirki. Ég vil því fara fram á það að þessi atkvæðagreiðsla verði endurtekin. Undirnefnd vann þessi hafnamál og var samkomulag um afgreiðslu þeirra og þess vegna hef ég hug á því að fá atkvæðagreiðslu um þau sérstaklega og einnig um lið 100, Sjóvarnargarðar. Ég fer því fram á það að atkvæðagreiðslan verði endurtekin ef það er mögulegt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef ekki koma fram athugasemdir þá mun forseti verða við beiðni hv. 2. þm. Austurl. um að taka upp atkvæðagreiðsla um liði 98–100. Atkvæðagreiðslu um þá liði var lokið en það er óskað eftir að hún verði endurtekin og ef ekki koma fram athugasemdir mun forseti verða við þessari ósk.

Brtt. 233,98–100 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JVK, KHG, KE, SHl, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (JóhS, JBH, StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,101 kölluð aftur.

Brtt. 233,102–104 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓRG, StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,105 kölluð aftur.

Brtt. 233,107b kölluð aftur.

Brtt. 233,106–107a og 233,108–109 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 233,110 kölluð aftur.

4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP.

31 þm. (AÓB, EL, FI, GE, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÖS) greiddi ekki atkv.

2 þm. (StH, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu nokkurra þingmanna Alþfl. við upphaf þessarar atkvæðagreiðslu. Með tilvísun til þeirrar afstöðu sem þá kom fram greiðum við ekki atkvæði nú um 4. gr.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur gerst sá einstæði atburður að fimm þingmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa lýst því yfir að þeir sitji hjá við atkvæðagreiðslu um megingrein fjárlagafrv. — 4. gr. fjárlaganna er sjálfur kjarni fjárlagafrv.

Ég man ekki nokkurt dæmi þess að hópur stjórnarþingmanna ákveði að sitja hjá við megingrein fjárlagafrv. Þær tölur sem hér birtust eftir atkvæðagreiðsluna báru það með sér að það var minni hluti, hæstv. forsrh., þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni sem studdi 4. gr. fjárlagafrv. Í öllum venjulegum lýðræðisríkjum, virðulegi forsrh., eru aðeins ein viðbrögð til af hálfu forsrh. við slíkri niðurstöðu og það er að biðjast þegar í stað lausnar fyrir ríkisstjórn sína.

Virðulegi forsrh. Ég skil vel að forsrh. sé upptekinn af viðræðum við formann Alþfl., hæstv. utanrrh., því hér hefur það gerst að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur minni hluta þingsins á bak við sig í afgreiðslu á meginhluta fjárlagafrv. Þar með er komið í ljós að þessa hæstv. ríkisstjórn skortir þingmeirihluta til þess að standa að afgreiðslu fjárlaganna með þeim hætti að meiri hluti þingmanna treysti sér til þess að greiða megingrein fjárlagafrv. atkvæði. Hafi hæstv. forsrh. einhverja sómatilfinningu, sé hæstv. forsrh. annt um lýðræðislegar leikreglur, sé stjórnarflokkunum annt um það að landið fái trausta ríkisstjórn, þá eru í siðmenntuðum lýðræðisríkjum aðeins til ein viðbrögð, virðulegi forseti og hæstv. forsrh., þ.e. að gera nú hlé á þessari atkvæðagreiðslu, ljúka henni ekki og að hæstv. forsrh. dragi rétta ályktun af þeim stjórnmálaatburði sem hér hefur gerst.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. (**ÓÞÞ:** Það var búið að loka mælendaskránni.) (**Forseti:** Ekki um athugasemdir við atkvæðagreiðslu.) (**Gripið fram í:** Jú.) Virðulegi forseti. Ég ætla mér að taka undir orð síðasta ræðumanns og mæla með því að við gerum hlé á fundinum. Það hlýtur að vera óhætt innan þingskapa að gera það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta skildist að hæstv. forsrh. og hv. 8. þm. Reykn. væru sammála um að gera nú stutt hlé á þessum fundi áður en atkvæðagreiðslu lýkur, en hér er eftir að greiða atkvæði um 5. og 6. gr. frv. Forseti verður að sjálfsögðu við því og verður nú gert 10 mínútna hlé á þessum fundi. — [Fundarhlé.]

5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (JóhS, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

2 þm. (StH, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Í ljósi þess sem hér hefur gerst og augljóst er að ríkisstjórnin er ekki tilbúin til þess að hefja hér umræðu um mikilvægustu þætti fjárlagafrv. tel ég mjög mikilvægt áður en málinu er vísað til 3. umr. að fá það upplýst hvenær ríkisstjórnin er tilbúin til þess að láta 3. umr. fara fram. Mér er það ljóst að hún verður að hefjast á morgun samkvæmt þingsköpum og gert er ráð fyrir því að svo verði eftir því sem um hefur verið talað, en ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. forsrh. upplýsi hér áður en málinu er vísað til 3. umr. hvenær hans ríkisstjórn er tilbúin til þess að 3. umr. fari fram. Svo virðist sem ríkisstjórnin þurfi alllangan tíma til að koma sér saman um einstök mál og undirbúa þau og það er afar þýðingarmikið að það verði upplýst áður en þessi atkvæðagreiðsla fer fram.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er gert ráð fyrir því að 3. umr. komi með formlegum hætti á dagskrá á laugardag. Síðan lít ég þannig til að stjórn og stjórnarandstaða þurfi að semja um það með hvaða hætti hin efnislega umræða fari fram. Ég tel að hún geti átt sér stað af hálfu ríkisstjórnarinnar í miðri næstu viku.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér er upplýst af hæstv. forsrh. að ríkisstjórn Íslands verði væntanlega tilbúin til þess að hin eiginlega 3. umr. fari fram um miðja næstu viku. Það yrði þá í fyrsta lagi á miðvikudag, jafnvel fimmtudag því annað eins hefur nú gerst síðustu daga að umræða um mál dragist um einhverja daga. Þá er spurningin hvort það er orðinn tími til að afgreiða fjárlagafrv. fyrir jólaleyfi. Það er alveg ljóst að þingmenn stjórnarandstöðunnar þurfa að setja sig inn í málin eftir að afstaða ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans hér á Alþingi liggur fyrir. Hér er um viðamestu mál fjárlagafrv. að ræða og mér þykir fremur ólíklegt að það muni geta gengið upp að ljúka þinghaldinu fyrir helgi ef afstaða ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans verður fyrst ljós um miðja næstu viku. Hins vegar er mikilvægt að þetta hefur nú verið upplýst en setur þinghaldið að mínu mati í allmikið uppnám.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér skiljanlegt að hæstv. forsrh. láti í ljósi þá frómu ósk hér að hann telji sig hugsanlega vera tilbúinn með sína ríkisstjórn um miðja næstu viku. Það veit nú enginn á þessari stundu.

Það hefur komið fram í dag að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki meiri hluta í atkvæðagreiðslum til þess að lýsa yfir afdráttarlausum stuðningi við meginhluta fjárlagafrv. Það eru auðvitað stóru tíðindi dagsins og ég ætla ekki að gera kröfu til þess til hæstv. forsrh. að hann fari hér og nú að svara því hvernig hann hyggst bregðast við þeirri stöðu. Hann er auðvitað mjög alvarlegur fyrir tiltölulega nýjan forsrh. og nýja ríkisstjórn, sá veikleiki sem hér hefur komið fram.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. noti helgina til þess að íhuga þetta mál og stöðuna í heild sinni og komi síðan eftir helgina og ræði þær niðurstöður og þær ályktanir sem hann hefur dregið af því sem hér hefur gerst í þingsalnum í dag. Ég vakti athygli á þessu fyrir um það bil hálfri stundu síðan eftir að hin einstæða atkvæðagreiðsla um 4. gr. fjárlagafrv. hafði farið fram. Þá tók hæstv. forsrh. undir þá ósk að gera hlé á fundinum vegna þess sem hér hafði gerst og hún var skiljanleg. En ég ætla ekki að knýja hæstv. forsrh. hér og nú til þess að fá fram þá alvarlegu ályktanir sem hann hlýtur sem forsrh. með sjálfsvirðingu að draga af því sem hér hefur gerst.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst reyndar í fyrri ræðunni hér fyrir stundu hv. þm. og stjórnmálaprófessor skjóta mjög yfir markið með kröfum sínum um að ríkisstjórnin segði af sér vegna þess að tillaga hefði ekki verið samþykkt með meiri hluta atkvæða. Mér fannst það vera fráleitt og afar sérkennilegt og þingmaðurinn í rauninni verða sér dálítið til skammar, bæði sem þingmaður og fræðimaður. Honum vil ég því segja það að ég hef engar áhyggjur af þessari atkvæðagreiðslu. Það er traustur meiri hluti fyrir fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar eins og hefur sýnt sig í þeim atkvæðagreiðslum sem hér hafa átt sér stað og það mun sýna sig einnig við afgreiðslu fjárlaganna.

Vegna þess sem hv. 1. þm. Austurl. sagði, þá stendur ekki á okkur að hraða þessari vinnu og gera þetta jafnvel fyrr heldur en ég nefndi áður, sem yrði þá í síðasta lagi. Ég vænti þess að við getum átt gott samkomulag og sátt um þá vinnuaðferð og málatilbúnað allan.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það hefur kannski verið ofætlun til hæstv. forsrh. að hann hefði manndóm til þess að snúa því sem hér hefur gerst í dag ekki í strákskap. Það er auðvitað alveg ljóst að þessi ríkisstjórn var mynduð á grundvelli þess að hún hefði traustan þingmeirihluta á Alþingi. Það voru meginrökin sem formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., flutti þjóðinni til skýringar á því hvers vegna hann hefði ákveðið að mynda þessa ríkisstjórn. Landið þyrfti á að halda ríkisstjórn með traustan þingmeirihluta, það væri hornsteinn þessarar ríkisstjórnar. Hún gæti afgreitt erfið mál í þinginu vegna þess að hún hefði til þess fylgi. Ég held að það sé ekkert fordæmi fyrir því hér um margra áratuga skeið að ríkisstjórn fái ekki meiri hluta þingmanna til þess að greiða 4. gr. fjárlagafrv. atkvæði þannig að meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni treysti sér ekki til þess að greiða megingrein fjárlagafrv. atkvæði. Ég ætla ekki að fara í neitt strákslegt orðaskak við hæstv. forsrh. Hann verður auðvitað hugleiða í einveru og ró hvað hér hefur gerst. Ef hann vill leggja í þá för að halda áfram að reyna að stjórna íslenskri þjóð á miklu erfiðleikatímabili með það bakland sem hér hefur komið í ljós, þá það. En í sérhverju siðmenntuðu lýðræðislandi hefði forsætisráðherra og forustumenn stjórnarflokkanna tekið sér alvarlegan umhugsunarfrest þegar í ljós hefði komið að þeir hefðu ekki stuðning meiri hluta þingsins í annarri atkvæðagreiðslu fjárlaga við það sem er burðarás fjárlagafrv.

Við munum hins vegar sjá hvað gerist hér eftir helgi en það er eindregin skoðun mín að ríkisstjórn, sem reynist ekki hafa stuðning meiri hluta þingmanna fyrir meginhluta fjárlagafrv., á engan annan kost en að segja af sér. Hvort hún getur tekið sér nokkra daga í viðbót til þess að láta á það reyna hvort hún nær í slíkan meiri hluta það er svo annað mál. En það er alveg ljóst að á þessum degi, hæstv. forsrh., hefur komið fram í formlegri atkvæðagreiðslu á Alþingi að þú hefur ekki þann meiri hluta.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, JGS, KHG, ÓRG, SHl, StG, SvG) greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓÞÞ, StH, VE) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Um það hafði verið talað að gera stutt hlé á fundinum eftir að atkvæðagreiðslu lyki. Að vísu er nýbúið að gera stutt hlé á fundinum, en forseti hefur grun um að hv. þm. mundu þiggja það að fá eins og 20 mínútna hlé.

Um þingsköp.
Framhald þingfundar.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Hér hefur nú staðið yfir atkvæðagreiðsla um frv. til fjárlaga í nokkra klukkutíma við mjög óvenjulegar aðstæður. Niðurstaðan er sú að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar nýtur ekki lengur meirihlutastuðnings á Alþingi. Minnihlutastjórn Davíðs Oddssonar starfar enn þá, hversu lengi sem það verður. Þetta eru auðvitað afar sérkennilegar og athyglisverðar aðstæður, enda dró hæstv. forsrh. skynsamlega ályktun af málinu þegar hann sagði hér áðan að framhaldið næstu daga mundi ráðast af því hversu tækist til um samninga milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þannig talar auðvitað af auðmýkt sá maður sem er forsrh. í minnihlutastjórn.

Hitt sem ég ætlaði að nefna, virðulegi forseti, er það að hér stóðu fundir í morgun til kl. hálfsex. Þá höfðu staðið yfir umræður í mjög langan tíma og samtals var umræðan um fjárlögin þá orðin um 20 klukkustundir. Nú hefur staðið yfir atkvæðagreiðsla mjög lengi og ég segi það í fullri alvöru: Er ekki komið nóg af fundahöldum í bili þannig að menn geti hafið fundi á morgun eins og um hafði verið talað? Mér er kunnugt um að um það hefur verið rætt á milli forustumanna flokkanna að hér yrði haldið áfram að ræða mál til kl. 7. Þá gerðu menn ekki ráð fyrir því að hér færi fram atkvæðagreiðsla þar sem af hálfu ríkisstjórnar hefur allt gengið á afturfótunum. Þess vegna vil ég mælast til þess fyrir mitt leyti að þinghléið núna í 20 mínútur eða svo verði notað til þess að ræða það hvort ekki er hægt að sameinast um að ljúka þessu þinghaldi hér í dag eins og það stendur nú og hefja síðan umræðu á morgun. Ég tel að það sé í rauninni algerlega út í hött að fara að hefja núna eftir 20–25 mínútur umræðu um skattamál ofan á alla þá umræðu og atkvæðagreiðslu sem hér hafa staðið yfir.

Geir H. Haarde:
Virðulegi forseti. Það hafði verið talað um það eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns að halda hér áfram til kl. 7. Ég sé ekki að menn séu svo móðir eða sárir eftir þá atkvæðagreiðslu sem hér hefur farið fram að þeir ættu ekki að geta haldið áfram og rætt skattamál í þann klukkutíma sem þá yrði til ráðstöfunar eftir að þessu hléi lýkur sem talað hefur verið um að gera. Ég mælist til þess, forseti, að við höldum okkur við upprunalega áætlun í því efni. — [Fundarhlé.]

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

Halldór Ásgrímsson (frh.):
Virðulegur forseti. Ég var hér að ræða um frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana og var að fjalla um það hversu mikilvægt það væri og hversu réttlátt það væri almennt að skattleggja fjármálastofnanir í landinu umfram ýmsa aðra þjónustuaðila. Ég fór yfir það að ákveðið hefði verið fyrir alllöngu síðan að skattleggja viðskiptabankana og þá starfsemi sem áreiðanlega hefur leitt til þess að þjónusta þeirra hefur orðið dýrari og eins og í mörgum öðrum tilvikum er það almenningur og atvinnuvegirnir sem greiða þá skattheimtu. Það er mikill misskilningur hjá mörgum að halda að stofnanir greiði þessa skatta án þess að velta þeim út í verðlagið, án þess að reyna að innheimta þann kostnað sem á þær leggst af þeim aðilum sem við þær skipta. Aðrar stofnanir sem hafa síðan verið skattlagðar er fyrst og fremst Seðlabanki Íslands, sem hefur afar litla þýðingu þar sem Seðlabanki Íslands er hluti af ríkisheildinni. Hann er í eign ríkisins og það hefur lítið upp á sig að færa til tekna á fjárlögum ríkisins slíkar tekjur og má segja að efnahagslega komi það út á eitt.

Það sem hér er hins vegar verið að gera og hefur verið rætt áður — það er alveg rétt að hér hafa komið fram frumvörp svipaðs eðlis frá fyrri ríkisstjórnum. Þau frumvörp hafa verið misjafnlega vel undirbúin. Í þessu frv., þótt það eigi sér alllangan aðdraganda eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson kom hér inn á, virðist sem ýmislegt af því sem gagnrýnt var í frumvörpum, sem áður höfðu verið lögð fram um þetta efni, hafi lítt eða ekki verið tekið til greina. Hér er sem sagt gengið hreint til verks og gengið út frá því að allar þessar fjármálastofnanir skuli skattlagðar nema Byggðasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður Íslands, Framkvæmdasjóður fatlaðra og Framkvæmdasjóður aldraðra.

Það er í reynd nokkuð erfitt að átta sig á því hvaða skil það eru sem ráða því að sumir sjóðir lenda utan við þessa skattlagningu en aðrir verða fyrir henni. Þannig má segja að Lánasjóður ísl. sveitarfélaga sé byggður upp á framlögum sveitarfélaganna til hans. Nú eru sveitarfélögin skattfrjálsir aðilar í landinu og ekki hefur tíðkast hingað til að skattleggja stofnanir sveit-

arfélaganna eða jafnvel atvinnurekstur sem þessi sveitarfélög hafa haft með höndum.

Það má segja að það eigi eins við um Lánasjóð ísl. sveitarfélaga. Ég get nefnt dæmi um atvinnustarfsemi sem sveitarfélögin hafa haft með höndum og ekki hefur verið skattlögð. Sveitarfélögin hafa t.d. staðið í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Sveitarfélögin standa fyrir rekstri orkufyrirtækja og margvíslegra annarra þjónustustofnana. Og þegar er verið að taka ákvarðanir um það að taka ákveðnar stofnanir út fyrir, þá hefur mér oft fundist eitthvað skorta heildarsýn og nauðsynlegt sé að undirbúa málið betur og ná fram meiri samræmingu í skattlagningu á íslenskum atvinnurekstri. Það er t.d. alveg ljóst að orkufyrirtæki eru ekki skattlögð. Hreinar tekjur þeirra bera ekki tekjuskatt, eignir þeirra bera ekki eignarskatt og spyrja má hver sé munurinn á því að sveitarfélag reki slíkar stofnanir með hagnaði eða sveitarfélögin í landinu taki sig saman um það að reka lánasjóð. Þessi lánasjóður er byggður upp á framlögum frá sveitarfélögunum og skattskyldar tekjur viðkomandi sjóðs verða þeim mun meiri eftir því sem framlög sveitarfélaganna eru meiri. Og það er eðli málsins samkvæmt ljóst að það mun þá draga úr sveitarfélögunum að leggja peninga af mörkum til slíkra verkefna ef þau geta átt von á því að slík starfsemi sé sérstaklega skattlögð.

Það má einnig geta þess að margir þeirra sjóða sem hér eiga hlut að máli, t.d. Iðnlánasjóður, hafa styrkt margvíslega nýsköpun og lagt peninga fram til að hrinda í framkvæmd ákveðnum málum sem skipta iðnaðinn máli. Og ég tel, hæstv. forseti, að það sé afar mikilvægt.

Ég hafði hugsað mér að eiga hér nokkurn orðastað við hæstv. iðnrh., m.a. út af ummælum sem hann hefur látið falla fyrr í þessari viku um mál sem varða iðnaðinn og reyndar hafði ég hugsað mér að eiga einnig orðastað við þingflokksformann Alþfl. út af þeim málum. Ég vildi því leita upplýsinga um það hvort hæstv. iðnrh. er hér í húsinu og hvort þingflokksformaður Alþfl. er viðlátinn þannig að ég geti vænst þess að geta átt við þá orðastað, a.m.k. einhvern síðar í ræðu minni. (**Forseti:** Samkvæmt viðveruskrá eru þeir báðir hér í húsinu og hafa verið gerðar ráðstafanir til að upplýsa þá um ósk þingmannsins.) Já, þá vænti ég þess að því verði komið á framfæri og mun fresta þeim hluta máls míns þar til þeir sjá sér fært að vera hér.

Eins og ég skil þetta mál er líka gert ráð fyrir að sjóður eins og Framleiðnisjóður landbúnaðarins muni verða skattskyldur og það kemur skýrt fram í greinargerð að hann er dæmi um slíkan sjóð. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvernig það mál er hugsað af hans hálfu. Hann mun e.t.v. verða hér einhvern tíma síðar svo að ég vildi þá snúa máli mínu að hæstv. iðnrh.

Hér er gert ráð fyrir því, hæstv. iðnrh., að Iðnlánasjóður Íslands verði skattskyldur eins og aðrar fjármálastofnanir. Að sjálfsögðu mæla með því ákveðin rök að samræmis sé gætt í skattlagningu fjármálastofnana en það er hins vegar svo að Iðnlánasjóður hefur getað gegnt því hlutverki að styðja við bakið á ýmsum þróunarverkefnum íslensks iðnaðar, m.a. vegna þess að hann hefur ekki þurft að greiða skatt af sínum tekjum. Það má reyndar segja það sama um Fiskveiðasjóð sem hefur heimild til að verja ákveðnum hluta tekna sinna eða hagnaðar síns í Þróunarsjóð til þess að styðja við bakið á ýmsum verkefnum í sjávarútveginum. Því er eðlilegt að spurt sé: Hvaða áhrif mun þetta hafa á starfsemi t.d. Iðnlánasjóðs? Í framhaldi af því vil ég jafnframt spyrjast fyrir um það hvort það sé í samræmi við skuldbindingar Íslendinga þegar Iðnþróunarsjóður var stofnsetur á sínum tíma að taka nú upp þá nýbreytni að skattleggja hann samkvæmt íslenskum skattalögum. Hér er í reynd um samnorræna stofnun að ræða sem að vísu mun taka breytingum eftir ákveðinn tíma, en ég hef ekki upplýsingar um það hvort slíkt fái staðist en ég vænti þess að þetta sé ekki sett á blað öðruvísi en svo sé.

Nú hefur Iðnlánasjóður greitt fyrir ýmsum verkefnum og hér hafa á undanförnum dögum sérstaklega komið til umræðu í þinginu málefni skipasmíðaiðnaðarins þar sem hæstv. iðnrh. hefur viðhaft ýmis ummæli sem mér finnast nokkuð undarleg og hv. þingflokksformaður Alþfl. hefur viðhaft enn þá furðulegri ummæli og má vel vera að þau séu að einhverju leyti undir áhrifum frá hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Ég er nú ekkert frá því, hv. þingflokksformaður, að menn geti verið undir áhrifum skoðana annarra og það má vel vera að þingflokksformaður Alþfl. sé þannig gerður að skoðanir annarra hafi engin áhrif á hann, það eru óvenjuleg karaktereinkenni, en það má vel vera að svo sé. En væntanlega hefur hann tekið a.m.k. einhverri tilsögn í sínu langa og ágæta námi þó að hann sé ekki undir neinum áhrifum skoðana iðnrh. Hæstv. forseti. Ég hafði vænst þess að fá hér bærilegt hljóð þannig að ég gæti farið yfir þessi mál með hæstv. iðnrh. og þingflokksformanni Alþfl. en þetta varðar í reynd það sem hefur komið fram að undanförnu um stöðu skipasmíðaiðnaðarins og ég tala um það m.a. út frá möguleikum Iðnlánasjóðs til þess að hjálpa til við þau verkefni sem þar hafa verið í gangi. Ég veit ekki nákvæmlega hvað Iðnlánasjóður hefur komið þar sterkt að verki en þó held ég að það sé ljóst að hann hefur gert það. Er það ekki rétt, hæstv. iðnrh.? (**Viðskrh.:** Jú, jú.) Ég minnist þess jafnframt að settir voru í það ákveðnir fjármunir af ríkinu á sínum tíma til þess að styrkja þessi verkefni þannig að betur mætti ganga. Það var þannig, hæstv. iðnrh., að fyrrv. ríkisstjórn hafði sérstakt fjármagn til umráða um tíma þar til það var upp urið. Það var eins með þá fjármuni og aðra að það gengur á það sem af er tekið og ég man ekki betur en það verkefni sem lýtur að íslenskum skipasmíðaiðnaði hafi fengið nokkurt fjármagn af þessum lið til þess að styðja við bakið á iðnaðinum. Og ég minnist þess að við vorum um það sammála, ég og hæstv. iðnrh. Þetta skiptir að sjálfsögðu máli að það sé hægt að styðja við bakið á slíkum verkefnum. Það er hins vegar mjög mikilvægt að menn tali um það sem máli skiptir í þessu sambandi en geri ekki allt of mikið úr hlutum sem hér hafa komið fram að undanförnu og tali ekki eins og það muni leysa vanda íslensks skipasmíðaiðnaðar.

Hér hefur komið til umræðu undanfarna daga frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Og eftir að ég hef lesið yfir ræður iðnrh. og þingflokksformanns Alþfl. þá er að skilja svo á þeim að breytingar á þessari löggjöf muni skipta sköpum og tregða annarra, þar á meðal þess sem hér stendur, hafi orðið til þess að skaða íslenskan skipasmíðaiðnað sérstaklega í þessu máli.

Það er gott að finna einhverja til þess að kenna um og leita rótanna í fortíðinni. Það hefur núv. ríkisstjórn lagt sig sérstaklega fram við. En ég átti satt best að segja ekki von á því frá hendi núv. hæstv. iðnrh. að hann mundi taka svo mjög þátt í þeim leik. En hvað um það, það gefur ástæðu til þess að yfir málið sé farið þannig að sem minnstur misskilningur sé þar uppi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði við umræðu 3. des., með leyfi hæstv. forseta: „Nú eigum við eftir að sjá hvort hann" — hann var reyndar að vísa þar til ákveðins þingmanns Framsfl. — „muni aðstoða okkur líka til þess að brjóta á bak aftur afturhaldssemi framsóknarforustunnar í ýmsum öðrum málum sem lúta að sjávarútvegi eins og t.d. kvótakerfinu." En áður var hann búinn að segja það að þetta mál hefði ekki náð fram vegna andstöðu forustu Framsfl. hin síðustu ár. Hv. þm. tilgreinir það að vísu ekki nánar en ég vænti þess að hann eigi þar a.m.k. við þann sem hér stendur því á þeim árum gegndi hann embætti sjútvrh. og bar því nokkra ábyrgð á meðferð þessa máls.

Það má segja að hæstv. viðskrh. hafi á margan átt tekið undir þennan málatilbúnað í ræðu sem hann flutti 10. des. hér í þinginu þar sem hann leggur á það mikla áherslu að hann hafi ítrekað, eins og hann orðar það oft, lagt fram tillögur til breytinga á þessu máli.

Hér er um að ræða mikilvægt ákvæði í lögum um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands frá 1922 þar sem lagt er bann við því að skip landi hér nema sérstakt leyfi sé gefið til þess. Þetta ákvæði er í sjálfu sér orðið úrelt en það var hins vegar mikilvægt að standa þannig að breytingum á því að slíkt væri með eðlilegum hætti. Við stóðum um þær mundir í viðræðum við EFTA-þjóðirnar um það hvernig fríverslun með fisk skyldi skilgreind og eitt af þeim ákvæðum sem þar skipti máli var löndunarréttur skipa EFTA-þjóðanna hver hjá annarri. Við Íslendingar börðumst fyrir þeirri skilgreiningu að ríkja skyldi frjálsræði í slíkum löndunum enda hefði verið samið um þá fiskstofna á milli þjóða. Ég þekki ekki eitt einsta dæmi þess að erlendu skipi hafi verið meinað að landa hér eða koma hér að landi til að fá þjónustu ef um það hefur verið að ræða að samið hafi verið um skiptingu sameiginlegra stofna. Ég minni á það að grænlenski flotinn hafði allar heimildir til að landa hér, jafnvel þótt þar hefði ekki verið samið um þann stofn, þ.e. rækjustofninn.

Ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. iðnrh. taka undir það að tregða hafi verið í því að veita skipum annarra þjóða sem eru að veiða úr sameiginlegum stofni sem ekki hefur verið samið um, þá er það rétt. Og ef þeir eru með ásakanir um það að því hafi verið hafnað, þá er rétt að taka það fram að menn voru á móti því. Menn t.d. höfnuðu því að japönsk skip fengju að athafna sig frá Íslandi til að veiða úr karfastofninum við Austur-Grænland. Því var líka hafnað að þýsk skip fengju að athafna sig frá Íslandi til að veiða úr sameiginlegum karfastofni Íslendinga og Grænlendinga við austurströnd Grænlands. Og ef hagsmunir verkstæða og okkar ágæta skipasmíðaiðnaðar eiga að ganga fram yfir þessa hagsmuni, ja, þá er rétt að deila um það. Og þá er rétt að þeir menn, sem hér hafa haldið uppi svo orðhvassri gagnrýni, sérstaklega hv. þingflokksformaður Alþfl., án áhrifa frá hæstv. iðnrh. eins og hann hefur tekið hér fram, segi það.

Þannig er mál með vexti að Grænlendingar hafa framselt fiskveiðiréttindi til Evrópubandalagsins við austurströnd Grænlands þannig að Evrópubandalagið hefur haft heimild til að veiða þar um það bil 50 þús. tonn af karfa en hafa verið að veiða um það bil 5 þús. tonn. Auðvitað hefur Evrópubandalaginu gengið illa að ná þessum karfa enda er erfitt að stunda fiskveiðar frá austurströnd Grænlands. Það er miklu auðveldara að stunda þær fiskveiðar frá vesturströnd Íslands. Ef menn hefðu viljað láta hagsmuni Hafnarfjarðarhafnar hafa forgang, þá hefðu menn að sjálfsögðu leyft þetta. Og svo vildi til að Grænlendingar veittu Japönum líka rétt til að veiða úr þessum sama karfastofni og ef menn hefðu látið hagsmuni Hafnarfjarðarhafnar eða einhverra annarra hafna sem voru uppi með kröfur um það að þetta yrði allt saman frjálst, sitja í fyrirrúmi, þá hefði það verið leyft. En það var ekki gert vegna þess að hér var um að ræða svo mikilvæga hagsmuni Íslendinga að það réttlætti það alls ekki að setja þar á oddinn hagsmuni einstakra þjónustuaðila á Íslandi.

Það má vel vera að þeir séu einhverjir til sem gagnrýna þessa framkvæmd mála. En ég veit að t.d. ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson höfum verið um þetta sammála og talið það vera forsendu fyrir því að hægt væri að létta á þessum ákvæðum að samningar mundu nást milli Íslendinga og annarra þjóða um skiptingu þessara stofna, um það ætti að semja og þetta ætti að vera samningsatriði. Ef menn vilja hins vegar byrja á því að gefa þetta allt saman fyrir fram erum við í allt annarri samningsstöðu. Þetta er afturhaldssemi Framsóknarforustunnar, hv. þingflokksformaður Alþfl. Og ef þú kallar þetta afturhaldssemi verður að hafa það.

Ég tek jafnframt eftir því í þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað að hæstv. iðnrh. telur að það muni skipta skipasmíðaiðnaðinn miklu máli hvert sé lánshlutfall Fiskveiðasjóðs. Það muni t.d. skipta afar miklu máli að Fiskveiðasjóður hafi lækkað sitt lánshlutfall gagnvart innflutningi erlendra skipa sem muni verða mjög til þess að styrkja stöðu innlends skipasmíðaiðnaðar og hann lætur í það skína, segir það beint í sinni ræðu að það hafi verið eitt af því sem hann hafi alltaf verið að gera tillögur um, ítrekað, og lítt verið hlustað á og ekki verið rætt við stjórn Fiskveiðasjóðs. Nú er það nú svo að alltaf hafa menn verið að ræða þessi mál í tíma og ótíma, þennan vanda íslensks skipasmíðaiðnaðar, en það skal fúslega viðurkennt að ég hef ekki verið þeirrar skoðunar að það mundi bjarga íslenskum skipasmíðaiðnaði að koma með fyrirskipanir um það hvað skyldi vera nákvæmt lánshlutfall einstakra fjár-

festingarlánasjóða. Og mig undrar nokkuð sú sterka miðstýringarhvöt sem þarna er allt í einu komin upp á sama tíma og maður er að lesa það í bókum núv. ríkisstjórnar að allar þessar vondu miðstýringarhvatir fortíðarinnar ættu að hverfa og allt slíkt ætti að leggja niður. En nú eru þeir allt i einu orðnir trúaðir á það að með því að hafa misjafnt lánahlutfall milli innlendra og erlendra skipasmíðastöðva í Fiskveiðasjóði þá muni það skipta miklu máli. Ég ætla mér ekkert að gera lítið úr því að það geti skipt einhverju máli, en ég vil minna hæstv. viðskrh. á að það er fleira sem þar kemur til. Það eru fleiri sem lána peninga en Fiskveiðasjóður. Það eru til aðrar lánastofnanir á Íslandi og það hefur líka verið hægt að fá erlend lán. Það sem ég hef fyrst og fremst verið andvígur er að bæta við nýjum skipum í íslenska fiskiskipaflotann hvort sem þau væru smíðuð á Íslandi eða erlendis. Ég var t.d. mjög andvígur því að Slippstöðin á Akureyri færi að smíða ný skip á lager, enda hefur komið í ljós að það var mikið feigðarflan.

Það er nefnilega ekki nóg að smíða fiskiskip. Það verður að vera markaður fyrir þau, það verður að vera hægt að reka þau og það verður að vera hægt að borga lánin til baka. Og ég hélt satt best að segja að ég og núv. iðnrh. værum sammála um það og ég hélt að við værum líka sammála um það að atvinnugreinar sem eiga að starfa á erlendum alþjóðlegum mörkuðum verða að geta fengið aðföng sín á lægsta verði. (**Forseti:** Forseti vildi vekja athygli ræðumanns á að hæstv. landbrh. er kominn að hans ósk í húsið.) Já, ég þakka hæstv. landbrh. og þykir miður ef ég er að kalla hann til í erindisleysu. Ég á nokkuð eftir af ræðu minni, en ég sé það hér, hæstv. forseti, sem ég vissi ekki um, ég hef fengið miða þar um, að gerðir hafa verið um það samningar að 2. og 3. dagskrármálum verði lokið hér í dag. Ég vil ekki með ræðu minni spilla því samkomulagi sem ég vissi ekki um þegar ég fór í ræðustól og vil því spyrja hæstv. forseta hvort óskað sé eftir því að ég fresti máli mínu á meðan það er gert eða hvort ég eigi að halda áfram. (**Forseti:** Það fer eftir því hvort hv. þm. á eftir langt mál á sinni ræðu.) Ég á nú eftir nokkurt mál, já. (**Forseti:** Þá væri ágætt ef hv. þm. vildi fresta ræðunni um sinn og svo sjáum við til.) Já.

Umræðu frestað.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 61. mál. — Þskj. 252.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 88. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 253.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

Halldór Ásgrímsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að hér væri um svo fljótafgreidd mál að ræða en það er af hinu góða. Ég var þar kominn máli að ég var að tala um möguleika lðnlánasjóðs til þess að standa við bakið á þróunarverkefnum íslensks skipasmíðaiðnaðar og hafði nokkuð farið yfir þá villu sem mér finnst koma fram í málflutningi hér að breyting á lögum um veiðar í efnahagslögsögu Íslendinga muni þar miklu breyta um nema það standi þá til að falla frá þeim sjónarmiðum sem þarna hafa verið uppi og heimila þeim skipum sem veiða úr sameiginlegum karfastofni milli Íslands og Grænlands að nota hafnir og þjónustu hér á Íslandi. Stendur það til? Stendur það til að heimila þeim skipum sem eru á mörkum okkar lögsögu hér úti á Reykjaneshrygg að veiða úthafskarfa, aðallega austantjaldsþjóðir, Rússar, Austur-Þjóðverjar, jafnvel Búlgarar, Pólverjar, að þau fái alla þjónustu hér við land á sama tíma og við viljum sækja á um það að ná betri tökum á þessum stofni? Þessi stofn er trúlega mun verðmætari en við áður héldum og íslensk fiskiskip eru að byrja að sækja í hann af nokkrum krafti og hafa skapað sér þar allverulegar tekjur. Er það ætlunin að opna fyrir það til þess að hjálpa til í sambandi við íslenskan skipasmíðaiðnað? Ég vil taka það skýrt fram að ég er andvígur því og tel það allt of dýru verði keypt því að hér er um mjög mikilvægan stofn að ræða sem við þurfum að sækja á um á alþjóðlegum vettvangi að semja um skiptingu á og það er okkur mikilvægast að auka okkar eigin veiðar úr þessum stofni en hjálpa ekki sérstaklega til við að greiða fyrir öðrum í því sambandi.

Þetta eru þau sjónarmið sem hafa verið gildandi í þessu efni og ég hef ekki trú á því að breytingar á lögum í þessu sambandi muni nokkru máli skipta nema þá að víkja eigi frá þessum grundvallarsjónarmiðum. Ég get sagt það sem mína skoðun að ég tel ekki heppilegt að hér geti ríkt of mikið frjálsræði í heimildum til ráðherra til þess að veita undanþágur þar frá og mér sýnist að ef eitthvað er, þá sé gengið fulllangt í sambandi við frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Annað er það mál sem ég vék líka að. Það eru lánakjör Fiskveiðasjóðs Íslands og hvernig það hefur oft og tíðum gerst að menn hafa getað keypt fiskiskip án þess

að hafa til þess nægilega mikið eigið fé. Það er alveg ljóst að ef bankar og lánastofnanir hefðu túlkað ákvæðið um eigið fé með eðlilegum hætti eins og öll efni stóðu til þá hefðu mun færri fiskiskip verið keypt til landsins. Það hefðu hins vegar ekki miklu fleiri fiskiskip verið smíðuð hér á Íslandi, því miður, og aðalástæðan er sú að niðurgreiðslur annarra þjóða hafa verið svo miklar að það hefur verið illt að ráða við það. Má þá sérstaklega geta þess að norska ríkið greiðir sem samsvarar öllum launakostnaði norskra skipasmíðastöðva. Þeir sem kaupa fiskiskip eða önnur skip af norskum skipasmíðaiðnaði eru að kaupa af iðnaði sem borgar ekki launin sjálfur heldur norska ríkið. Við þetta verður ekki ráðið nema þá að leggja jöfnunartolla eða „dumping"-tolla á innflutning slíkra þjóða. Ég hélt satt best að segja að hæstv. núv. og fyrrv. iðnrh. gerði sér þetta afar vel ljóst og væði ekki í þeirri villu að halda að breytingar á þessum lánshlutföllum muni skipta sköpum nema hann hafi fengið einhverjar alveg nýjar miðstýringarhugmyndir í því sem ég fæ ekki skilið. Ég fæ ekki almennilega skilið hans mál því að ég veit að hann veit að það sem þarna hefur skipt sköpum oft og tíðum eru lán annarra aðila, t.d. bankanna eða erlend lán í gegnum viðskrn. á sínum tíma þegar langlánanefnd var starfandi og margt fleira. Hann veit það jafn vel og ég að t.d. var það skilningur bankanna þegar þess var krafist að 40% væru eigið fé og það vottað til stjórnar Fiskveiðasjóðs, þá voru lán tryggingafélaga, olíufélaga og ýmissa annarra túlkuð sem eigið fé. Og hverjum gat eiginlega dottið það í hug að íslenskar bankastofnanir færu að túlka lán frá tryggingafélögum og olíufélögum sem eigið fé? Ég hafði a.m.k. ekki hugmyndaflug til þess. En það er hins vegar sannleikur að þessar kröfur voru of litlar. Og það má segja að þær kröfur sem stjórn Fiskveiðasjóðs setti jafnframt í þessu máli voru of litlar og á ekki að leysa þá undan ábyrgð í því. Hitt er svo annað mál að ábyrgð á þessum málum verður ekki komið fyrir á einum stað. Hún getur aðeins skapast með eðlilegum hætti, að það sé fyrir hendi heilbrigt fjármálalíf og efnahagslíf í landinu og það er aðalatriðið.

En að halda því fram að nú sé bjart fram undan hjá íslenskum skipasmíðaiðnaði vegna þess að það eigi að fara að breyta löggjöf um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og breyta, væntanlega með handafli, lánshlutföllum Fiskveiðasjóðs, að þá muni verða bjartari tíð hjá skipasmíðaiðnaðinum, það á ekki að vera að gefa undir fótinn með þessum hætti. Það á ekki að telja mönnum trú um það að þarna liggi vandinn. Og það á ekki að halda því fram að einhverjir aðrir menn með einhverjar annarlegar hvatir hafi komið í veg fyrir það að þetta hafi getað átt sér stað. Mér finnst það ekki sæma núv. hv. iðnrh. og viðskrh. að gefa slíkt í skyn.

Hér er einfaldlega um það að ræða að því miður er okkar ágæti skipasmíðaiðnaður ekki samkeppnisfær á vissum sviðum en það er jafnframt afar nauðsynlegt að varðveita möguleika hans og verkþekkingu til að veita íslenskum sjávarútvegi og íslenskum kaupskipaflota ákveðna þjónustu. Og það á að leita allra færra leiða til að gera það. En að verður að vera með þeim hætti að það sé byggt á réttum grundvelli. Hæstv. viðskrh. sagði hér 6. nóv. 1989, og ég man mjög vel eftir því, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þurfum að reyna að finna lausn á þessu vandamáli sem er að viðhalda góðri skipaþjónustu í landinu fyrir okkar fiskiskipaflota án þess að grípa til styrkja eða ríkisforsjár í greininni..." Hann sagði jafnframt: Og án þess „að það sé gert að takmarka með einum eða öðrum hætti aðgang íslenskra útgerðarmanna, íslenskra útgerða að erlendum skipasmíðastöðvum." Og jafnframt sagði hann: „Við höfum engin efni á því að íþyngja okkar sjávarútvegi með því að skylda hann til þess að notfæra sér eingöngu þjónustu innlendra skipasmíðastöðva."

Þetta eru eðlileg og heilbrigð sjónarmið og ég var þessum sjónarmiðum sammála og taldi satt best að segja að um það hefði ríkt samstaða okkar í milli og varð því nokkuð undrandi að lesa það sem hæstv. núv. iðnrh. sagði um hluti eins og þá að hann hefði gert tillögur um það að skipasmíðaiðnaðurinn fengi aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands. Það er alveg rétt að hann gerði tillögu um það. En heldur hæstv. iðnrh. að það hefði breytt miklu? Og heldur hæstv. iðnrh. að það hafi verið auðvelt að ná um það bærilegri samstöðu við sjávarútveginn? Það var náttúrlega alveg ljóst að það hefði ekki verið gert nema í fullkominni andstöðu við hann og það mál var kannað. Og spurningin er þá sú: Er það þess virði að búa til slíkan ágreining ef það leysir ekki þau viðfangsefni sem menn eiga við að stríða? (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að nú er klukkan 7 og þá var ætlunin, samkvæmt samkomulagi sem áður var vísað til hér við umræðuna, að gera hlé á þessum fundi. Forseti vildi mælast til þess við hv. ræðumann að hann gerði nú hlé á ræðu sinni og tæki upp þráðinn á ný þegar þetta mál kemur að nýju á dagskrá.)

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við þeirri ósk og mun gera hlé á máli mínu. (**Forseti:** Forseti þakkar hv. þm. undirtektir hans.)

Umræðu frestað.

52. FUNDUR

laugardaginn 14. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Fjárlög 1992, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 264.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Málið er tekið fyrir skv. ákvæði lokamálsliðar 2. mgr. 25. gr. þingskapa er segir að 3. umr. um frv. til fjárlaga skuli hefjast eigi síðar en 15. des. Svo stend-

ur á að nál. og brtt. liggja ekki fyrir og er umræðu því frestað.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Fyrsta dagskrármálinu, sem er tekið fyrir á þessum fundi, hefur nú aftur verið frestað og því óska ég að fá að segja örfá orð um gæslu þingskapa.

Það er ljóst að mál hafa þróast þannig seinustu daganna að ekki hefur verið hægt að standa við ákvæði 25. gr. laga nr. 55 frá 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, og þá sögu þurfum við ekki að rekja í löngu máli. Umræða um fjárlög hefur staðið yfir seinustu daga í þinginu og reyndar má líka segja seinustu nætur. Seinustu sólarhringar hafa farið í þessa umræðu og hefur hún auðvitað gengið hægar fyrir sig en ella hefði verið ef undirbúningurinn hefði verið með öðrum hætti, tillögur ríkisstjórnar hefðu legið fyrr fyrir fjárln. til umfjöllunar þar þannig að hægt hefði verið að ganga í þá umræðu með öðrum hætti en gert var auk þess sem það kom auðvitað fram við umræðuna sjálfa að þær tillögur voru þannig undirbúnar að ekki var samstaða um þær hjá hæstv. ríkisstjórn og hjá stjórnarliðum og hafa verið boðaðar ýmiss konar breytingar á þeim fyrirhuguðu aðgerðum í umræðunni. Þannig sýnist okkur ýmislegt vera enn í lausu lofti hvað þessa umræðu varðar og enn þá algerlega óljóst hvenær 3. umr. getur í raun farið fram þó að hún sé nú hafin samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis og hafi nú þegar verið frestað.

Í svari hæstv. forsrh. í gær við fyrirspurn frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni um það hvenær hugsanlegt væri að 3. umr. færi fram kom fram hjá hæstv. forsrh. ef ég skildi hann rétt að ríkisstjórnin gæti verið tilbúin með sínar tillögur og hugmyndir um miðja næstu viku, hvernig ætti að taka á þeim málum sem boðuð hafa verið. Þá sýnist mér að fjárln. muni þurfa tíma til að fjalla um þau mál ef þau verða ekki tilbúin til þess að koma þangað inn fyrr en um miðja viku. Ég vil gera þann fyrirvara á aftur sem ég gerði reyndar í umræðunum í fyrrinótt að ég vænti þess að ef stjórnarandstæðingum þykir þá nauðsynlegt vegna upplýsinga um mál að fá aðila til viðtals við nefndina vegna þeirra breytinga sem þá kunna að verða fyrirhugaðar, þá verði stjórnarandstæðingum ekki meinað það eins og gerðist með mjög stuttum fyrirvara fyrir 2. umr. Þetta vil ég setja fram í fullri vinsemd og bara árétta þann fyrirvara sem ég setti fram í umræðunum áður. Þetta verður auðvitað að skýrast þegar við sjáum hverjar fyrirhugaðar aðgerðir eða ráðstafanir verða. Við vitum það ekki í dag en það er þó talað um að falla frá hugmyndum um breytingar á málefnum fatlaðra. Það er hins vegar talað um það nú að taka upp nýjan og afar veigamikinn málaflokka og færa yfir á sveitarfélögin, þ.e. löggæsluna í landinu. Og af því að tveir hæstv. ráðherrar eru mættir til fundar nefni ég þetta því ég tel að þar sé ekki síður um veigamiklar breytingar að ræða á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem verður þá að gefa sér tíma til að huga að.

Í öðru lagi vil ég nefna það, hæstv. forseti, að í tilvitnaðri 25. gr. þingskapalaga segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Efnahags- og viðskiptanefnd skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umræðu."

Nú vitum við það að 5. liðurinn á dagskrá er tekjuskattur og eignarskattur sem er auðvitað veigamikið mál sem á núna að fjalla um í þinginu. Það er ekki enn komið til hv. efh.- og viðskn. sem á algerlega eftir að fjalla um það og fleiri tekjufrumvörp fyrir 3. umr. fjárlaga og fyrir þá umræðu verður þessi hv. nefnd að hafa skilað sínum álitum til fjárln. sem þá á auðvitað eftir að fjalla um tekjuhlið frv.

Þetta vildi ég láta koma fram hér, virðulegi forseti, vegna þess að hin formlega umræða getur ekki hafist eins og þingsköp kveða á um.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í lok 2. mgr. 25. gr. þingskapa segir að 3. umr. fjárlaga skuli hefjast eigi síðar en 15. des. Hún hefur ekki hafist í dag og það er 15. des. á morgun. Þegar þetta var sett inn í þingsköpin á síðasta þingi var það einmitt gert til þess að umræðan mundi hefjast ekki síðar en 15. des. Sú var ástæðan fyrir því að þetta var sett inn og mikil áhersla var lögð á það til þess að hægt væri að skipuleggja þinghaldið með einhverjum hætti. Ef það er eins auðvelt og forseti virðist telja að það sé ekki annað en að setja 3. umr. fjárlaga á dagskrá og fresta henni síðan, þá er að mínu mati farið mjög á svig við þingsköpin. Ég tel að ekki sé hægt að gera þetta með þessum hætti.

Ég vil hins vegar benda á að í 90. gr. þingskapa að stendur að bregða megi út af þingsköpum ef tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja það en þá leið virðist ekki eiga að fara. Hæstv. forsrh. upplýsti í umræðunni í gær að hugsanlegt væri að ríkisstjórnin væri tilbúin með tillögur sínar um miðja næstu viku þannig að við erum auðvitað alveg í lausu lofti. Þá er jafngott að fella þetta ákvæði út úr þingsköpum ef svona á að fara með það og ég vil lýsa því hér að ég tel ekki farið að þingsköpum.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að taka undir með síðasta ræðumanni að hér sýnist vera farið fram hjá öllum þingsköpum. Eins og þegar hefur komið fram er ákvæði í 25. gr. þingskapa um að efh.- og viðskn. skuli gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Það má segja að hún hafi gert að nokkru marki.

Ég er hér með í höndunum tvö bréf sem skrifuð eru 12. des. frá Verslunarráði Íslands, undirrituð af einum nefndarmanni í efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, þar sem hann lýsir andstöðu við tvö dagskrármál þessa dags. Ég á tæplega von á því að hann muni greiða þeim atkvæði þegar þau koma til hans eigin nefndar. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Eigum við von á að upp hefjist sams konar grín og átti sér stað hér í gær þegar þessi tvö mál koma til umræðu og af-

greiðslu? Þetta er auðvitað óviðunandi.

Eftir alla þá vinnu sem fram hefur farið í þinginu er boðaður fundur í fjárln. í dag kl. 5 þar sem ræða á sjúkrahúsmál sem tekin voru út úr 2. umr. fjárlaga. Mér sýnist að það muni vera frumumræða um þau mál. Það hlýtur auðvitað að vera krafa Alþingis að ríkisstjórnin taki sér hlé til þess að komast að einhverri niðurstöðu um hvað við erum eiginlega að fjalla um. Þessi tvö bréf frá Verslunarráði Íslands koma manni satt að segja ankannalega fyrir sjónir og ekki að vænta að hv. efh.- og viðskn. taki undir þau mál sem hæstv. ríkisstjórn er nú að bera fram. Við hljótum að eiga einhvern rétt á að vita til hvers við erum að sitja hér dag eftir dag þar sem öll lög um lágmarkshvíldartíma eru brotin daglega og ég vil fara fram á það að reynt verði að greiða úr þessum vandræðum áður en lengra er haldið. Ég tek undir með hv. 1. þm. Norðurl. e. að það getur varla verið verkefni okkar að sitja hér og fylgjast með farsa eins og átti sér stað í gær.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að verið sé að hártoga ákvæði þingskapa á leiðinlegan hátt þar sem segir að 3. umr. fjárlaga skuli hefjast fyrir 15. des. Ég held að ekki hefði verið hreyft neinum mótmælum við því að umræðan hæfist í dag þó að nál. væru ekki komin en að mínum skilningi hefði hún hlotið að hefjast þannig að formaður og frsm. meiri hluta fjárln. hefði komið hér og gert þingheimi í örstuttu máli grein fyrir því hvernig málin stæðu og af hverju nauðsynlegt væri að fresta umræðunni. Þá held ég að enginn hefði gert athugasemd við það. En úr því að búið er að taka málið á dagskrá, þá vildi ég nú koma með þá ábendingu hvort hæstv. forseti vildi ekki leysa úr þessum hnút með því að setja nýjan fund og taka málið inn á dagskrá og gefa formanni fjárln. tækifæri til þess að gera þetta þannig að hægt væri að segja að umræðan væri hafin og hann síðan frestaði sinni ræðu og málinu væri frestað.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa gagnrýnt málsmeðferð af hálfu forsætisnefndar þingsins og hæstv. forseta að standa þannig að máli að það er í rauninni gengið gegn ákvæðum 25. gr. þingskapa, varðandi 3. umr. fjárlaga. Það er auðvitað ekki boðlegt að ætla að túlka þingsköpin þannig að með því að taka 3. umr. fjárlaga á dagskrá og fresta henni síðan sé búið að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í 25. gr. þingskapalaga. Satt að segja er hörmulegt að verða vitni að því, ekki aðeins einu sinni heldur iðulega, að stjórn þingsins virðir ekki þingsköpin meira en svo að menn reyna hér að fara á svig við þau með einum og öðrum hætti. Þetta er síðasta dæmið og það er mjög eðlilegt að því sé mótmælt harðlega af hálfu okkar þingmanna.

Ég nefndi það í gær að dagurinn í dag er samkvæmt starfsáætlun þingsins ætlaður sem síðasti starfsdagur þingsins fyrir jólahlé og við þingmenn höfum ekki fengið neina nýja endurskoðaða starfsáætlun af hálfu forsætisnefndar þingsins og það hefur ekki orðið vart við það í rauninni að forusta þingsins hafi haft viðleitni til þess að uppfylla þá starfsáætlun sem kynnt var hv. þm. í upphafi þings. Ég hlýt í þessu sambandi að minna á það að varað var við því í forsætisnefnd sl. sumar að það væri verið að setja upp áætlun með þeim hætti sem þá var gert, þ.e. að leysa upp fundi þingsins í vikutíma eftir þriggja eða fjögurra vikna starfstíma, þ.e. í lok október eins og gert var í rauninni algerlega að ástæðulausu og setja þannig það markmið í hættu sem var miklu meiri ástæða að leitast við að standa við, að þingið lyki störfum á skaplegum tíma fyrir jólahald. En þetta hefur ekki verið gert og það hefur ekki verið haft fyrir því að senda þingmönnum nýja starfsáætlun um breytingar og það hefur enginn lokadagur verið nefndur af forustu þingsins. Til hvers er að vera að setja upp áætlanir af þessu tagi, virðulegur forseti, þegar ekki er viðleitni til þess að standa við þær? Ástæðurnar fyrir þessu eru auðvitað þær að forusta ríkisstjórnarinnar og starfslið hennar hér og þinglið hennar á Alþingi leggur ekki fram málin. Það hagar ekki vinnu í nefndum þannig að það sé í raun staðið við þær áætlanir sem fram hafa verið lagðar. Ég vísa þar að sjálfsögðu til hvernig haldið hefur verið á undirbúningi fjárlagagerðar og það má vel vera að frívikan í lok október hafi tafið vinnu fjárln. Ég geri ráð fyrir því að það hafi verið að einhverju leyti og það er langt síðan slakað var út í þessu efni með því að seinka 2. umr. fjárlaga og blasti auðvitað við að ekki yrði staðið við ákvæði laga um það að hefja hér 3. umr. svo marktækt væri á tilsettum degi samkvæmt þingskapalögum.

Þetta er mjög alvarlegt. Það er mjög alvarlegt að finna að ekki er ekki haldið þannig á málum af forustu þingsins, forustu ríkisstjórnarliðsins í þinginu að viðleitni sé til þess að standa við það sem sett var fram í byrjun þings sem voru ágæt markmið út af fyrir sig þó að þar væri teflt á tæpasta hvað snertir starfstíma að mati okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í forsætisnefnd meðan við áttum þar sæti. Þetta vil ég að komi fram um leið og ég gagnrýni það hvernig gengið er á svig og gengið er gegn 25. gr. þingskapalaga með þeirri tilhögun sem viðhöfð er í sambandi við 25. gr. og 3. umr. fjárlaganna.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að ýmis mál eru enn óafgreidd í fjárln. og var frestað til 3. umr. er ekki fært að hefja þá umræðu á tilsettum tíma. Það er öllum hv. þm. ljóst og því óskaði ég eftir því við forseta að umræðunni yrði frestað. Það má deila um formið á því hvernig að því var staðið en ég á von á því að mönnum ætti að vera ljóst hvað þar er á ferðinni.

Ég vil hins vegar upplýsa vegna þess að menn tala oft eins og hlutirnir séu að gerast í fyrsta sinn og heimur versnandi fari á hverju ári að við afgreiðslu síðustu fjárlaga kom fram að fjöldamörgum málum var frestað til 3. umr. og fleiri og viðameiri en núna. Það kemur fram í ræðu hv. fjárveitingarnefndarformanns frá því í

fyrra að hafnarmálum var þá frestað og síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Einnig er ástæðan sú að í fjárlfrv. boðaði ríkisstjórnin ýmsar breytingar á tekjuhlið sem tengjast einnig gjaldahliðinni. Þessar breytingar eru enn ekki fram komnar og bíða 3. umr. að skoða hvernig með skuli fara. Þá bíða einnig 3. umr. málefni byggingarsjóðanna, málefni Þjóðleikhúss, bæði rekstur og óskir um viðbótarfé til framkvæmda, málefni Þjóðarbókhlöðu og Bessastaða, þyrlukaup, jarðræktarframlög, sérstakar greiðslur til Framleiðnisjóðs vegna viðbótarkostnaðar, vegna riðuveikiniðurskurðar og nokkur fleiri mál."

Síðan er getið um stærsta málið, þ.e. málefni Tryggingastofnunar en þau mál afgreiddum við í gær. Við vorum að reikna það saman áðan í fjárhæðum hverju hefði verið frestað og það var mat okkar að frestað hefði verið upphæðum sem nema nálægt 30 milljörðum en hafa verið um 40 milljarðar í fyrra.

Ég vil líka geta þess að óskir komu fram frá stjórnarandstöðunni um frestun ýmissa liða sem við höfðum verið reiðubúnir til að afgreiða en þó situr það eftir að mál hafa ekki gengið hraðar fyrir sig. Það er þó alveg ljóst að vinnan í fjárln. hefur gengið vel og ég vænti þess að undirbúningur fyrir 3. umr. muni líka ganga vel og við verðum tilbúnir svo fljótt sem unnt er, líklega á miðvikudag eða fimmtudag, þó sennilega frekar fimmtudag.

Mér finnst í lagi að upplýsa um mál sem einnig kom fram í gær. Mikið mál var gert út af því að það var minni hluti þingmanna sem samþykkti 4. gr. og hér var sagt í stólnum að þetta væri einsdæmi, allt að því heimssögulegur viðburður. Það er nú reyndar ekki svo því að árið 1988 var 4. gr. fjárlaga samþykkt með 31 atkv. eða með minni hluta atkvæða. Þá var fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en bið menn að skilja það að svona standa mál. Þetta eru sameiginlegir erfðleikar alls þinsins á þessum stutta tíma. Auðvitað má freista þess að gera betur. Við teljum okkur vera að vinna að því og það verður gert í framtíðinni en ég vænti þess að ekki verði langar ræður til þess að rífast um þetta formsatriði sem menn vita að ekki er hægt að uppfylla vegna sérstakra aðstæðna.

Pálmi Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er gagnrýnt að 3. umr. um fjárlög skuli eigi fara fram í dag. Hún er á dagskrá samkvæmt þingskapalögum og má segja að hún hefjist í dag en henni er þar með frestað vegna þess að eigi er unnt að ljúka afgreiðslu fjárlaga við 3. umr. eins og nú standa sakir.

Út af fyrir sig geta menn gagnrýnt þetta. En í raun vita menn betur að aðstæður eru þannig og það er engin nýlunda að ekki sé hægt að ljúka afgreiðslu fjárlaga á þessum tíma. Ég vil minna á það að við meðferð þingskapalaganna gagnrýndi ég það og taldi mjög vafasamt að setja í lög ákvæði um hvenær 3. umr. fjárlaga skyldi fara fram. Þessar efasemdir mínar áttu auðvitað rætur sínar í þeirri reynslu sem ég hef af því að sýsla við umfjöllun um fjárlagafrv. og hvernig hefur til tekist á undanförnum árum. Ég er nú búinn að sitja í því verki nærfellt tvo áratugi.

Ég vil svo aðeins undirstrika það sem fram kom hjá hv. formanni fjárln. að ekki er um neina nýlundu í vinnubrögðum að ræða. Þó að m.a. hafi hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fyrrv. fjmrh., talað með þeim hætti að fjárlagafrv. væri í rauninni ekki hæft til 2. umr. er ekkert sem gerist nú eða gerðist við 2. umr. sem er ekki í líkingu við það sem gerst hefur áður. Það var einkum gagnrýnt að geymdir væru til 3. umr. liðir eins og rekstur framhaldsskóla, rekstur háskólastofnana, ríkisspítalar og sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kölluðu menn höfuðþætti fjárlagafrv. Vissulega eru þetta stórir liðir en samtals nema þessir liðir ásamt uppgjörsmálunum um 16–16½ milljarði kr. Af þessum liðum er í raun ekki verið að fást við afgreiðslu á nema nokkrum hluta, nokkrum smærri undirliðum í þessum málaflokkum.

Eins og fram kom hjá hv. formanni fjárln. beið við afgreiðslu fjárlaga í fyrra til að mynda einn liður sem í útgjöldum nam 25 milljörðum kr. Sá liður hefur verið afgreiddur nú. Þetta er Tryggingastofnun ríkisins. Ýmsir aðrir liðir biðu þá og stundum hafa við fyrri fjárlagagerð beðið liðir ásamt Tryggingastofnun ríkisins svo sem ríkisspítalar sem eyða um 6 milljörðum kr. miðað við núverandi áætlun og margir útgjaldafrekir liðir sem hafa valdið því að það sem beðið hefur 3. umr. hefur kostað miklu meira í útgjöldum en það sem nú bíður 3. umr. Þetta bið ég menn að hafa í huga. Þetta er auðvitað hægt að taka saman ef menn kjósa og ef þeir sem staðið hafa fyrir málum á fyrri árum tala með einhverjum geislabaug eins og nú sé verið að vinna með allt öðrum hætti heldur en áður hefur gerst. Það er bara tal fyrir þá sem ekki eru kunnugir, tal fyrir fjölmiðlamenn sem líta svo á að einhver nýlunda sé á ferðinni.

Gagnrýnt hefur verið að starfsáætlun þingsins er ekki fylgt. Ég man eftir því á síðasta þingi að 2. umr. fjárlaga fór ekki fram í samræmi við starfsáætlun þingsins og 3. umr. fór heldur ekki fram í samræmi við starfsáætlun þingsins og ég gerði sem oddamaður í stjórnarandstöðu enga athugasemd við það. Ég tók þátt í því starfi sem var verið að vinna og gerði ekki ágreining þó að ég sæi fyrir fram að áætlunin gat ekki staðist.

Ég skal, virðulegi forseti, ljúka máli mínu en það er ekki nýlunda að ríkisstjórn hafi þurft tíma til þess að undirbúa sín mál eins og nú er. Og það er ekki síst á fyrsta ári ríkisstjórnar sem það hefur gerst margsinnis að þurft hefur að bíða nokkuð í sambandi við afgreiðslu fjárlaga eftir að mál kæmu frá ríkisstjórninni og það er í samræmi við það sem margsinnis hefur gerst áður.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með nokkrum hv. þm. sem hér hafa talað að þegar það ákvæði var sett inn í þingskapalögin að 3. umr. skyldi ekki hefjast síðar en 15. des., var hugsunin náttúrlega sú að

raunveruleg umræða hæfist ekki síðar en þann dag. En nú háttar þannig til að við stöndum frammi fyrir þeim vanda að hún getur ekki hafist í raun í dag. Þess vegna varð það að samkomulagi á samráðsfundi þingflokkanna með forseta þingsins að þessi háttur yrði hafður á, málið yrði tekið hér á dagskrá en því strax frestað og það var túlkun embættismanna hv. Alþingis að það yrði meðhöndlað á þann hátt að þegar málið kemur næst á dagskrá, þá héti það framhald 3. umr. og það nægði til þess að uppfylla skilyrði þessarar greinar þingskapalaga. Enda gerði hv. 1. þm. Norðurl. e. ekki athugasemd við það í sínu máli áðan að sá háttur yrði hafður á að málinu yrði strax frestað. Þetta vildi ég bara að kæmi hér fram að full samstaða var um þessa meðferð málsins á meðal þingflokksformanna og hæstv. forseta þingsins.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur gert grein fyrir samkomulagi sem varð milli þingflokka um þessa umræðu í dag og ég þarf því ekki að endurtaka það. Hv. 2. þm. Suðurl. hefur bent á leiðir til þess að forminu sé fullnægt og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það, enda var það ekki ástæðan til þess að ég kem hér upp, heldur eru það ræður formanns fjvn., hv. 6. þm. Reykn., og varaformanns, hv. 2. þm. Norðurl. v., sem eru vel lesnir í fortíðinni eins og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eru yfirleitt því að þeir virðast hugsa mest um fortíðina. Þær ræður eru ástæða þess að ég kem hér upp.

Það hafa aldrei verið neinar deilur um það, ekki í fjárln. og við fulltrúar Framsfl. í nefndinni, hv. 1. þm. Norðurl. e. og sá sem hér stendur, tókum það báðir fram ef ég man rétt í ræðum okkar við 2. umr. að það væri engin nýlunda að málum væri frestað til 3. umr. Það hefur aldrei verið deilt um það. Það er alveg óþarfi að liggja í fortíðarrannsóknum þess vegna. En eitt er nýlunda í þessari umræðu. Það eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem koma þvert ofan í 2. umr. málsins. Þar er verið að taka upp mjög stóra málaflokka eins og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á að gilda til frambúðar. Það er frábrugðið ákvörðunum um rekstur Þjóðleikhússins eða einstakar ákvarðanir sem varða 4. gr. Það er engin nýlunda að því sé frestað til 3. umr. En verkaskipting ríkis og sveitarfélaga á að gilda til frambúðar. Það er ekki nóg að það sé einn afmarkaður þáttur, *málefni fatlaðra sem var kynnt að ætti* að fara til sveitarfélaganna, heldur er það kynnt við 2. umr. að það standi til að bjóða þeim einhverja aðra þætti. Nú er það komið upp að taka á upp löggæslumálin í landinu sem eru afar stór málaflokkur og breyta honum til frambúðar. Það er þetta sem er nýlunda og það er þess vegna sem þessar umræður eru og það er þess vegna sem minni hluti fjárln. þarf að hafa tíma til að vinna. Það verður kannski komið til okkar næstu daga og okkur kynnt það að sveitarfélögin eigi að taka yfir löggæsluna í landinu að stórum hluta. Við viljum þá að sjálfsögðu gjarnan kalla í forsvarsmenn lögreglunnar og vita hvernig þetta kemur við þá og gera okkur grein fyrir hvaða áhrif þetta hefur á þann málaflokk. Það er þetta sem er nýlundan. En það er engin nýlunda í sjálfu sér að frestað sé ýmsum veigamiklum málaflokkum til 3. umr. Ég ætla að biðja menn að vera ekki að deila um það en það eru þessar stóru kerfisbreytingar sem eru nýlunda í umræðunni og svona seint fram komnar.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerði Sverrisdóttur, fyrir frásögn hennar af því sem fram fór þegar afgreiðslan var undirbúin sem átti sér stað hér í morgun að því er varðar 3. umr. fjárl. Frásögn hennar af þessu var nákvæmlega rétt. Þetta var nákvæmlega eins og hún lýsti því og ég vil þakka henni fyrir þann drengskap að standa upp og segja frá því.

Það var jafnframt um það rætt á fundi þingflokksformanna að ekki væri þess að vænta að um þetta atriði yrðu þingskapaumræður og ég vil taka það sérstaklega fram að ég lít ekki svo á að ræða hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar sem hóf umræðu um þingsköp hafi verið um hina formlegu afgreiðslu málsins heldur framhald umræðu þegar hún getur hafist og ýmis atriði sem því tengjast. En það er því miður ekki hægt að segja það sama um ýmsa aðra sem hafa staðið upp og gagnrýnt þessa formlegu afgreiðslu þrátt fyrir það samkomlag sem búið var að gera.

Hvað sem því líður, virðulegi forseti, vil ég jafnframt að það komi fram að ég tel ekki að forsrh. hafi sagt hér í gær að ríkisstjórnin yrði tilbúin með sín mál um miðja næstu viku heldur að 3. umr. fjárlaga gæti hafist um miðja næstu viku þannig að það á ekki að vera neitt í veginum fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar ef mál vinnast að öðru leyti með þeim hætti hér í þinginu að það geti orðið þannig.

Að öðru leyti vildi ég biðja menn að geyma sér hina efnislegu umræðu um fjárlagafrv. þar til 3. umr. þess fer fram og eyða ekki meiri tíma í dag í að ræða efnisatriði frv. sem fjárln. á auðvitað eftir að fjalla um og veitir ekki af sínum tíma til þess að sinna.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég segi það fyrir mitt leyti að ég tel að forseti hafi engan kost átt annan en þann, miðað við gildandi lög í landinu, að setja 3. umr. fjárlaganna á dagskrá í dag. Það mál liggur nú svo einfaldlega þannig að það er skrifað niður í lögum landsins. Hitt er alveg ljóst að undirbúningur málsins af hálfu forsrh. og ríkisstjórnarinnar er auðvitað með eindæmum og það sem kemur fram í þeim efnum og skiptir máli núna við þessa umræðu er fyrst og fremst það að efh.- og viðskn. þingsins á að skila áliti á skattaþætti fjárlaganna á tilteknum tíma. Það hefur hún ekki gert. Það eina sem frá efnahagsnefnd þingsins hefur frést í þessu efni er það að einn nefndarmanna hennar hefur hótað að kæra ríkisstjórnina fyrir álagningu jöfnunargjalds.

Núna í vikunni skrifar Verslunarráð Íslands bréf til formanns efh.- og viðskn. Alþingis Matthíasar Bjarnasonar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Verslunarráð Íslands sér ekki að greiðendur jöfnunargjalds eigi önnur úrræði, verði gjaldið enn framlengt, en að leita réttar síns fyrir dómstólum og láta reyna á það hvaða réttarstöðu fríverslunarsamningarnir veita. Verslunarráð Íslands mun veita félögum sínum aðstoð í þessu skyni."

Og undir þetta ritar — hver? Það stendur nafnið Vilhjálmur Egilsson undir þessu, framkvæmdastjóri, hann er líklega í vinnu þar, en svo stendur það nafn nefnilega líka hér á þessu blaði: Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v. Þingmenn Sjálfstfl. eru því farnir að skrifa hver öðrum innan nefnda. Þingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v. hótar að kæra ríkisstjórnina og skrifar hv. 1. þm. Vestf. þetta bréf. Og þessi veruleiki er sú staðreynd sem gerir fjárlagaafgreiðsluna hér afbrigðilega. Og það gildir einu hversu margar tölur hv. 2. þm. Norðurl. v. reynir að leggja saman og bera saman við fyrri ár. Það gildir einu. Hinn pólitíski veruleiki er sá að ríkisstjórnarliðið hefur verið sundrað í þessum málum. Þess vegna hafa menn ekki lent hlutunum með eðlilegum hætti og það er þess vegna sem veigamiklum málum, pólitískum málum, var frestað frá 2. umr. til 3. umr. Það er auðvitað sá grundvallarvandi sem ríkisstjórnin bersýnilega stendur frammi fyrir. Þess vegna ber að gagnrýna fyrst og fremst verkstjórnarleysi forsrh. í þessum málum öllum, í því hvernig hann hefur haldið á málum að undanförnu og ekki tekist að halda á málum með eðlilegum hætti. Það er gagnrýnivert fyrst og fremst.

Ég tel í sjálfu sér að sú staðreynd hafi komið ákaflega skýrt fram hér í gær þegar minni hluti Alþingis afgreiddi 4. gr. fjárlaganna. Það var mjög athyglisvert, sérstaklega þegar um er að ræða ríkisstjórn sem sagðist hafa meiri hluta við 36–37 menn þegar lagt var af stað sl. vor. Það er mjög athyglisvert, svo og þetta bréf hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Að ég tali nú ekki um hitt bréfið sama dag, undirritað af sama Vilhjálmi Egilssyni þar sem ráðist er að öðrum greinum frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem hver er að flytja? Ríkisstjórnin. Og hver er ríkisstjórnin? Hann sjálfur er ríkisstjórnin svo lengi sem hann ekki segir sig frá henni. Það er þessi sérkennilega staðreynd sem blasir við Alþingi og menn eru að gagnrýna og spyrja: Hvernig í ósköpunum eigum við að taka á málum hér á Alþingi með eðlilegum hætti þegar þingmenn eru að skrifa sjálfum sér hótunarbréf um það að kæra sjálfa sig fyrir æðstu dómstólum landsins. Það er vissulega nýlunda, virðulegi forseti, hvað sem öðru líður hér.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að ég hafi verið að fara í ræðustól áðan til að fá einhvern geislabaug í kringum mig eins og mér fannst hv. 2. þm. Norðurl. v. telja. Erindi mitt var aðeins það að koma með vinsamlega ábendingu til hæstv. forseta um framkvæmd þess atriðis sem vissulega var búið að ná samkomulagi um.

Ég var spurður að því í þingflokki framsóknarmanna hvort ég gerði athugasemd við það ásamt öðrum þingmönnum þó að farið yrði að þingsköpum og 3. umr. fjárlaga yrði sett á dagskrá. Eins og hér kom fram átti hæstv. forseti auðvitað ekki annars úrkosti en að gera það. En það sem ég var að gera var að koma með ábendingu sem ég taldi að væri leið til að framkvæma þetta samkomulag þannig að ekki yrði um algera hártogun á þingsköpum að ræða með því að umræðan væri hafin, formaður fjárln. segði einhver orð, hvort sem þau væru mörg eða fá, því mundi hann ráða, til þess að gera grein fyrir þessari stöðu. Þannig fannst mér að væri hægt að framkvæma þetta án þess að til leiðinda kæmi.

Hér ræddi hv. 2. þm. Norðurl. v. um að atkvæðagreiðslan í gær og málsmeðferð hefði ekkert verið óvanaleg eða afbrigðileg. Það sem eftir stendur hjá mér eftir þá umræðu, sem er fyrst og fremst óvanalegt, er í fyrsta lagi yfirlýsing hæstv. forsrh. áður en hún byrjaði að menn skyldu ekki taka of mikið mark á atkvæðagreiðslum um ákveðna kafla frv. Ég man ekki eftir slíku. Og síðan hitt atriðið þegar hæstv. forsrh. hleypur hér upp í ræðustól og óskar eftir frestun á atkvæðagreiðslu eftir að aðalgrein frv. hafði verið samþykkt lögformlega og á réttan hátt þó að vissulega væri niðurstaðan eða útkoman athyglisverð eins og fyrr hefur verið sagt.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þetta er sannarlega nokkuð óvenjuleg aðstaða sem hér er uppi. Ég tek það fram fyrir mitt leyti að ég held að það sé ekki við hæstv. forseta að sakast sem hér er að reyna að bjarga í horn, ef svo má að orði komast, í erfiðri stöðu vegna þeirra aðstæðna sem hæstv. forseti þingsins ber auðvitað ekki fyrst og fremst ábyrgð á heldur hæstv. forsrh.

Það má segja að þetta snúist um tvennt, form og efni. Í hvorugu tilliti hefur jafn vel til tekist og æskilegt væri. Því miður er það dapurleg niðurstaða þessara aðstæðna sem við stöndum hér frammi fyrir að ný áform um skipan þingsins og starfs þess hafa ekki gengið eftir sem skyldi. Það hefur ekki skilað betri stöðu um miðbik desembermánaðar að hefja þinghaldið tíu dögum fyrr en áður var og hin nýju ákvæði laga, sem áttu auðvitað fyrst og fremst að setja þrýsting á hæstv. ríkisstjórn eða ríkisstjórnir að haga þannig málatilbúnaði sínum að störf gætu gengið fyrr fram á Alþingi í desembermánuði en áður var, hafa ekki náð að skila sér. Vegna hvers? Vegna þess að hæstv. ríkisstjórn með samstöðuleysi sínu og vegna bágrar verkstjórnar tefur nú störf þingsins. Það er sú staðreynd, virðulegur forseti, sem gerði það að verkum að ég sá mig knúinn til að koma hér upp í ræðustól í umræðu um þingsköp til að vekja athygli á þeirri staðreynd að sá hinn sami maður, hæstv. forsrh., sem fyrir nokkru síðan réðst með ómálefnalegum og ómaklegum hætti að stofnuninni Alþingi Íslendinga og hafði uppi hörð orð um léleg vinnubrögð hér stendur núna ábyrgur fyrir því að þingið tefst og getur ekki lokið störfum með eðlilegum hætti á tilsettum tíma samkvæmt ákvæðum laga. Ég vil þess vegna leyfa mér að lokum að benda hæstv. forsrh. á það að hann á nú ágætt tækifæri til þess og væri vel til fundið að hann bæðist afsökunar á þeim ummælum sem hann hafði um Alþingi í ljósi

þess að hann var bersýnilega að kasta steinum úr glerhúsi sem verkstjóri ríkisstjórnarinnar.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það skiptir afar miklu að þingsköp Alþingis séu ekki eitthvert pappírsgagn sem við getum umgengist með þeim hætti sem hér er verið að gera og þess vegna er það afar eðlilegt að það sé gagnrýnt að hér sé frv. til fjárlaga aðeins að formi til tekið á dagskrá til 3. umr. Það er miklu eðlilegra að þingið breyti þingsköpum ef það ekki getur framkvæmt þingsköp eftir orðanna hljóðan og að innihaldi til því það blasir auðvitað við öllum að þetta ákvæði kveður á um að 3. umr. skuli fara fram eigi síðar en 15. dag desembermánaðar. Það er eingöngu að nota krókaleiðir til þess að þurfa ekki að breyta þingskapalögunum að fara með málið eins og hér er gert. Ég er ekkert að fullyrða hvort það stenst að ýtrasta formi til. En það er ekki formið, það er innihaldið, ætlunin, sem menn hafa með því að setja þetta í lög, sem skiptir máli.

Hér hafa menn komið upp til þess að reyna að krafsa yfir það sem gerðist við atkvæðagreiðslu í sambandi við frv. til fjárlaga í gær. Hv. formaður fjárln. kom hér til þess að gera yfirbót fyrir hönd ríkisstjórnarliðsins þegar minni hluti þeirra sem þátt tóku í atkvæðagreiðslu greiddi atkvæði með 4. gr., aðalgrein, fjárlagafrv. Hv. þm. leitaði fanga aftur í tímann, til afgreiðslu fjárlaga við 2. umr. 1988 og hann fór ekki betur með það en svo að hann lét í það skína að það hefðu verið hliðstæð niðurstaða. En hvað er það sem gerðist þann 17. des. 1988 við afgreiðslu á 4. gr. fjárlagafrv.? Það fer fram nafnakall um 4. gr. og hún er þannig samþykkt með 31 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli en 26 þingmenn greiða ekki atkvæði, fjarstaddir eru atkvæðagreiðslu, ég hef ekki kannað hvort það er með fjarvistarleyfi eða hvernig það lá fyrir, ég hef ekki haft aðstöðu til að kanna það á skömmum tíma, sex þingmenn. Fjarstaddir eru sex þingmenn þar af einn stjórnarstuðningsmaður ríkisstjórnarinnar á þeim tíma, en ríkisstjórn hafði þá 32 þingmenn á bak við sig í Alþingi. Þetta er borið hér fram til þess að reyna að krafsa yfir þá stöðu sem kom upp í ríkisstjórnarliðinu í gær. Það má segja að það er langt seilst í þeim efnum.

Hér hefur eðlilega verið bent á að á dagskrá fundarins í dag eru mál þar sem stjórnarliðar hafa sent þinginu formleg erindi og hótað lögsókn ef lögleidd verði mál sem hér eru á dagskránni. Það er svona til að skreyta þetta erindi sem hér hefur verið nefnt og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stendur undir, jöfnunargjald, og það er ekki talið annað fært en leita réttar fyrir dómstólum til þess að fella það ákvæði úr gildi ef lögleitt verður. En svona er staðan á mörgum sviðum hjá hæstv. ríkisstjórn og stuðningsliði hennar hér á þessum degi.

Margrét Frímannsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki hingað komin til þess að ræða um 2. umr. fjárlaga eða atkvæðagreiðsluna sem fór fram í gær. Ég ætla að geyma mér það þangað til framhald verður á 3. umr. um fjárlög. En aðeins til að staðfesta það að við stóðum að því samkomulagi sem gert var og töldum reyndar að forsetinn ætti einskis annars úrkosti ef ekki ætti að breyta þingskapalögum en að fara þá leið sem hér er farin.

Auðvitað er það að fara í kringum þingsköpin en við formenn þingflokka vorum sammála um að þetta ákvæði væri það mikils virði að við vildum halda því inni. Það er verið að reyna þetta í fyrsta sinn og við lærum heilmikið á þessu og stöndum okkur betur næst. Það var ástæðan fyrir því að við féllumst á það samkomulag sem hér var gert.

Umræðu frestað.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 61. mál. — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JHelg, JónK, KSG, KHG, KE, MF, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS

2 þm. (GHelg*, ÓRG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EH, EL, EKJ, FrS, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að taka fram að hún studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 266).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 88. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, MF, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EH, EL, EKJ, FrS, HBl, IP, JóhS, JGS, JBH, JónS, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 267).

Skolphreinsun, fyrri umr.

Þáltill. GE og RG, 194. mál. — Þskj. 214.

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál sem flyt er hluti af þeim málum sem eru talin hvað mikilvægust meðal þjóðarinnar. 86% af þjóðinni greiddu því atkvæði að þetta væri það sem bæri að leggja mesta áherslu á, þ.e. umhverfismál. Tillagan lýtur að skolphreinsun og hún er svona:

„Alþingi ályktar að skipaður skuli samstarfshópur til að hanna skolphreinsibúnað sem hæfi íslenskum aðstæðum. Starfshópnum verði einnig falið að gera kostnaðaráætlun fyrir skolphreinsibúnaðinn og kanna möguleika íslensks fyrirtækis til að framleiða slíkan búnað í mismunandi stærðum sem henti sveitarfélögum og iðnfyrirtækjum á Íslandi þar sem úrgangur fer í einhverjum mæli í holræsakerfið og þaðan út í umhverfið."

Í greinargerðinni er tekið á nokkrum atriðum sem ég vil gjarnan leggja meiri áherslu á með því að aðeins hafa orð á þeim. Þessi ályktun er flutt til að koma því til leiðar að búnaður sem hæfi íslenskum aðstæðum verði hannaður af Íslendingum og hann geti einnig nýst þeim sem búa við lík skilyrði og við í nágrannalöndum okkar, t.d. Grænlendingum, Færeyingum og Norðmönnum. Seinna í greinargerðinni kemur fram að flm. telja nauðsyn bera til að hraða þessu og þörf á að kanna bestu kosti í þessum málaflokki og ná árangri með sem minnstum tilkostnði. Yfirleitt er umræðu um þessi mál drepið á dreif með ótímabærum fullyrðingum um að hreinsun skolps sé of kostnaðarsöm. Þetta er atriði sem ég vil að sé skoðað.

Hæstv. forseti. Þessi ályktun sem hér er lögð fram er viðleitni í þá átt að koma hreyfingu á framkvæmdir í málaflokknum sem hér er fjallað um. Það er mismunur milli sveitarfélaga í því í hversu góðu ástandi þessi mál eru, en e.t.v. er réttara að segja að ástandið sé yfirleitt mjög slæmt. Það þarf varla að lýsa því að íslensk sjávarpláss hafa þróast út frá höfnum og byggðin teygst eftir strandlengju út eða inn með fjörðum. Venjulega liggur aðalgata í gegnum byggðina, meginholræsin í aðalgötunni og þvergötur í þorpum og bæjum eru flestar stuttar og holræsin liggja stystu leið til sjávar og í fæstum tilvikum ná úthlaup út fyrir stórstraumsfjöruborð. Útkoman er bæði sjáanleg mengun og mælanleg í formi mikils gerlamagns.

Íslendingar eru matvælaframleiðendur, bæði í fisk- og kjötiðnaði. Frá þessari vinnslu berst mikil mengun og á mörgum stöðum þarf að gera miklar úrbætur. Reikna má með að 20–30 tonn af vatni þurfi til vinnslu á einu tonni af slægðum bolfiski í hefðbundinni vinnslu. Hátt hundraðshlutfall roðs og fisktægja o.fl. rennur í mörgum tilvikum beint í sjó fram. E.t.v. er unnt að lýsa því þannig að í sjávarþorpi þar sem framleitt er úr 4.000 tonnum af fiski fari um það bil 200 tonn af úrgangi til sjávar. Oft er þessi úrgangur mjög klórmengaður þannig að nauðsyn er einnig á að athuga minnkun vatnsnotkunar og þar með klórnotkunar í fiskvinnslu. Þá má enn fremur athuga möguleika þess að nota útfjólublátt ljós í stað klórs.

Mengun við strendur landsins og í ám og vötnum vegna frárennslis er meiri en menn hafa gert sér ljóst en eru að vakna til vitundar um nú á allra síðustu árum. Þessi skýring tel ég að verði að fylgja með þessari ályktun.

Ályktunin sem hér er lögð fyrir Alþingi tengist reglugerð nr. 386/1989. Mjög hefur verið fjallað um þessi mál víða um land og menn hafa því miður ýtt því frá sér með fullyrðingum um að kostnaður við úrbætur sé óyfirstíganlegur. Þessum fullyrðingum vil ég mæta með rökum og freista þess að hrekja þær.

Með þessari ályktun er ekki verið að leggja til að finna upp hjólið. Verið er að leggja til að hafin sé vinna að því að leysa þetta stórmál á grundvelli þekktra aðferða sem skilað hafa góðum árangri víða um heim. Það er verið að leggja til að hannaður verði skolphreinsibúnaður fyrir íslenskar aðstæður og notuð til þess sú þekking sem er til staðar hér á landi. Fjölmargar verkfræðistofur hafa fengist við þessi mál. T.d. er búnaður í smíðum á lokastigi í vistvæna bænum Hvolsvelli sem margir telja að muni skila fullnægjandi árangri jafnvel þó að aðeins sé notaður helmingur þess mannvirkis sem áætlað er að byggja og innan við helmingur þeirra fjármuna sem í heild eru áætlaðir til verksins.

Mér er kunnugt að hægt er að nota skolphreinsi við stöðuga hreinsun eða við tímabundna hreinsun, jafnvel tengt árstíðum. Unnt er að smíða svona búnað sem miðast við 30 íbúa eða færri upp í 70–100 þúsund manna byggðir. Nauðsyn þess að framleiða svona búnað er ótvíræð.

Að leggja skolplagnir út fyrir stórstraumsfjöruborð er víða óframkvæmanlegt á Íslandi vegna hafróts, sandfyllingar og tilfærslu efnis á grunnsævi. Þetta eru ríkar ástæður til að útbúa hreinsibúnað á landi og leiða síðan meinlaust skolp í fjöruborð á auðveldan hátt. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein eftir Aðalstein Þórðarson efnafræðing sem er er í 3. tölublaði Sveitarstjórnarmála 1991. Þar segir svo:

„Skolphreinsi er hægt að nota stöðugt og til frambúðar eða árstíðabundið. Hann er heppilegur þar sem búast má við mikilli og skyndilegri aukningu skolprennslis. Hönnun skolphreinsis leyfir uppsetningu til bráðabirgða þar sem síðan er hægt að flytja kerfið og setja upp á nýjum stað.

Þar sem skolp er hvorki eitrað né mengað hættulegum efnum má auk þess koma skolphreinsi fyrir í fráveitukerfi ýmiss konar starfsemi. Sem dæmi má nefna mjólkurbú og sláturhús, matvæla- og niðursuðuverksmiðjur, fiskverkunar- og frystihús, fiskimjölsverksmiðjur, fiskeldisstöðvar, bændabýli og gróðurhús, orlofsbúðir og sumarbústaðahverfi, tjald- og hjólhýsasvæði, iðnaðarhverfi o.s.frv."

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að kafa djúpt í tæknilýsingar eða efnabreytiferli við meðhöndlun skolps í umræddum búnaði heldur að hvetja til þess að okkar færustu mönnum, t.d. frá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, verði falið að

leysa þennan vanda á skjótan og viðráðanlegan hátt. Mér er kunnugt að fyrirtækið Sérsteypan, sem er dótturfyrirtæki Sementsverksmiðjunnar, framleiðir steypueiningar sem eru sýru- og seltuvarðar sem mundu henta mjög vel til þessa.

Hugsanir manna í þessum málum hafa hingað til mest tengst því að lausn sé að finna með rotþróm og grófhreinsun eða dælingu á haf út. Rétt er að vara við að rasa um ráð fram því að ef menn fara í lausnir sem eru dýrar en ekki varanlegar er verr af stað farið en heima setið. Lífræn lausn sem hér er fjallað um er varanleg og líklega besti kosturinn. Flm. telja að það verði að vinna skipulega og markvisst að þessum málum. Eftir að hafa rætt við allmarga sveitarstjórnarmenn er lagt til að fjármögnun frumaðgerða eigi að takast af óskiptum Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna, sbr. greinargerð ályktunar.

Flm. leggja til að umhvrh., umhvn. og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga verði fengin þessi ályktun til vinnslu því að brýna nauðsyn ber til að marka þessu málefni ákveðna stefnu þannig að sveitarfélög lendi ekki í basli með mismunandi hagkvæmar lausnir.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að flytja þetta mál. Máli mínu er hér með lokið. Að sjálfsögðu vísa ég þessu máli á hefðbundinn hátt til síðari umr. og umhvn.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli og brennandi máli í sjálfu sér fyrir sveitarstjórnir og ég vil þakka 1. flm. fyrir að hafa hreyft þessu góða máli hér á Alþingi og er mér mikil ánægja að því að vera meðflm. að því.

Þrátt fyrir það að frárennslismálin séu mjög brennandi fyrir sveitarstjórnir og mjög dýr og mikill málaflokkur í þeirra fjárhagsáætlanagerð er það svo að þau fá ekki mjög mikla umfjöllun og eru ekki þau mál sem er haldið mest á lofti í kosningabaráttu eða við kosningaundirbúning þó að vissulega þekkist það að þau séu sett fram og mikilvægi þeirra tíundað. Þróunin í þeim málum sem hér er hreyft, hreinsibúnaði, hefur verið mjög hægfara hér á landi þó að það hafi í einhverjum mæli verið tekið upp hjá sveitarfélögum að koma fyrir slíkum stöðvum. Þótt átak hafi verið gert í sjálfum frárennslismálum sveitarfélaga hefur allt of lítið verið um að hreinsistöðvar komi inn í þann þátt, en það er mjög mikilvægt þegar verið er að vinna að áætlanagerð og skipulagi í frárennslismálum sveitarfélaga að gera sér grein fyrir því fyrir fram hvort hreinsistöðvar, því að þær eru dýr þáttur, komi inn í frárennslismálin eða hvort verið er að vinna að frárennslismálunum á hefðbundinn hátt. Og ég segi þetta þar sem ég hef komið að slíku máli því að ekki eru mörg ár síðan í Kópavogi var unnin tíu ára áætlun í frárennslismálum. Ég verð að upplýsa það hér að sennilega kom það flestum okkar á óvart hversu mjög dýr þáttur og þungur í fjárhagsáætlun næstu ára sá hluti varð. Þar var miðað að því að taka og endurvinna skolpfrálagnir meðfram nesinu, Kársnesinu, beggja vegna, og veita því síðan út fyrir stórstraumsfjöru. Þetta verk er langt komið en á þeim tíma sem það var unnið voru hreinsistöðvar skoðaðar. Bæði höfðum við tækifæri til að kanna það í vinabæ okkar, Norrköping, og einnig var farið ofan í þetta mál frá mörgum hliðum og kannað hjá þeim sem með þessi mál vinna hér heima.

Hreinsistöðvar geta, eins og kom fram í máli framsögumanns, verið allt frá miklum grófhreinsistöðvum og upp í lífrænar stöðvar, en það er alveg ljóst að jafnframt þessu verða að vera litlar stöðvar við verksmiðjur og þar sem efnaskolp kemur út í frárennslið. Þetta er mikið notað erlendis og ekki síst í innborgum og bæjum þar sem ekki er auðvelt að koma skolpinu til sjávar. Við höfum búið þannig að okkar þéttbýliskjarnar eru gjarnan meðfram ströndinni og það hefur verið einfalt og auðvelt mál fyrir okkur að veita skolpinu til hafs.

Í umfjöllun undangenginna ára um umhverfismál og mikilvægi þessara mála og þeirra efna sem hleypt er til hafs höfum við hins vegar öll orðið mjög meðvituð um það að okkur er ekki sama um á hvern veg skolpinu er skilað til sjávar. Þess vegna er það mjög mikilvægt fyrir okkur að kannað sé hvernig þessum málum verði best fyrir komið á sem einfaldastan og ódýrastan hátt þannig að sveitarstjórnir taki þetta mál sem sjálfsagðan hlut í sinni áætlanagerð og skoði hugsanlega hreinsistöð meðfram í upphafi áður en þessi mál eru unnin vegna þess að þetta eru svo dýr mál, bæði frárennslismálin og líka skolphreinsistöðvarnar, að ef farið er í upphafi út í hefðbundna þáttinn og hin sveru rör er oft kominn svo mikill kostnaður að fólk bætir ekki hreinsistöðvunum við. Það eru fáir sem gera sér grein fyrir hvað munar miklu að mjókka rörin.

Ég mátti til að koma hér upp og bæta aðeins í þessa umræðu og þakka 1. flm. fyrir þetta góða mál.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka flutningsmanni fyrir að hafa komið fram með þessa þáltill. Hún er gott innlegg í umhverfismálaumræðuna í þjóðfélaginu og var, eins og hann gat um í sínu máli hér áðan, eitt stærsta mál þjóðarinnar í nýlegri skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar umhverfismálin. Því miður höfum við Íslendingar ekki verið mjög vakandi í þeim málaflokki á síðustu árum. Höfum við raunar lítið annað gert en að hæla okkur af því að okkar land væri svo hreint og ómengað að við þyrftum nánast ekkert að hugsa um þann málaflokk. Við erum auðvitað svo heppin að það er að nokkru leyti rétt, þ.e. við erum enn þá með tiltölulega hreint og ómengað land, a.m.k. að ytra útliti, en þegar nánar hefur verið farið ofan í þau mál hefur ýmislegt grunsamlegt komið í ljós eins og ég veit að þingmenn vita sem hafa fylgst eitthvað með eða lesið um þau mál á síðustu árum. Þetta verður mjög stórt mál hjá sveitarfélögum í næstu framtíð og það hefur komið fram á fundum meðal þeirra að það muni verða einn stærsti málaflokkur sem þau þurfa að fást við á næstu árum.

Í fjárlagafrv. til næsta árs eru 5 millj. kr. inni hjá umhvrn. til að fást við þennan málaflokk, þ.e. sorp- og

frárennslismál sveitarfélaga. Það er lítil upphæð en kannski viðleitni, fyrsta viðleitni, vegna þess að raunverulega er þarna um málefni sveitarfélaga að ræða en ekki ráðuneytis. Hins vegar held ég að ég verði að taka undir það sem hefur komið fram hjá sveitarfélögunum um að þetta er svo stór málaflokkur að ekkert eitt sveitarfélög og ekki einu sinni þau sameinuð muni ráða við hann heldur verði þetta að vera að einhverju leyti forgangsmál hjá umhvrn.

Því hefur líka lengi verið haldið á lofti hér, af því að við búum á eyju úti á Atlantshafi, að sjórinn taki lengi við. Það sé allt í lagi að láta skolpið bara út fyrir landsteinana. Það er líka nokkuð sem við ættum að fara að gera okkur grein fyrir að gengur ekki vegna þess að við búum við mikinn sjógang og það er oft mjög erfitt að koma þessu út fyrir stórstraumsfjöru og jafnvel dugar það ekki vegna þess brims og hafróts sem hér er oft í kringum landið.

Í raun og veru er með eindæmum hversu við Íslendingar og þá ekki síst sveitarstjórnarmenn, sem hafa náttúrlega haft þetta á sínu sviði, að hugsa um þessi mál, höfum verið sofandi fyrir þessum málaflokki. Ég minni á að það er mjög langt síðan kvennasamtök yfirleitt hafa farið að benda á þennan málaflokk og ég minnist þess líka að í þeim kvennasamtökum sem ég hef starfað í eru áreiðanlega komin um 25 ár þar sem við höfum ítrekað gert samþykktir um þessi mál og sent þau frá okkur til stjórnvalda og bent á að við værum þarna að fljóta sofandi að feigðarósi ef menn færu ekki að vakna.

Við erum sem sagt, eins og ég sagði, langt á eftir öðrum þjóðum í umhverfismálum og ekki síst í fráveitumálum og við munum þurfa að hugsa mikið fyrir þeim, leggja mikið fjármagn í þau á næstu árum. Nauðsynlegt er að gera það til að við getum haldið áfram að byggja upp þann atvinnuveg sem þó hefur verið í vexti hjá okkur, þ.e. ferðaþjónustan. Ef við getum ekki haldið áfram að hæla okkur af því að landið okkar sé ómengað og hreint þá verður okkur erfiðara um vik að efla okkar ferðaþjónustu því að ég er alveg sannfærð um að það verður eftirsóttara eftir því sem árin líða að heimsækja og ferðast um land eins og okkar þar sem náttúran er svo óspjölluð sem hún þó er. Ef við förum ekki að gera eitthvað róttækt í þessum málum erum við á hættulegri braut. Ég vil því þakka fyrir að tillagan skuli vera komin fram og vænti þess að hún fái góða umfjöllun í þinginu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka flm. þáltill. fyrir að hafa flutt hana hér. Það er, eins og hefur komið fram, full ástæða til að taka á þessum málum. Þarna er verið að taka á einum þætti málsins og ég tel fulla ástæðu til að gera það með líkum hætti og hér er lagt til.

Það er vonandi að það sé rétt, og ég er svo sem ekkert að efast um það, að skilningur manna sé að vakna á þessum málum, en hann hefur verið ótrúlega lítill í mörg ár og alveg fram á þennan dag. Það er hægt að segja að sveitarfélög, og fólkið í bæjum og þorpum víðs vegar um landið, hafi ekki haft skilning á að setja þá fjármuni í fráveitur og skolphreinsun sem hefði þurft að gera. Menn hafa tekið fram yfir aðrar framkvæmdir, göturnar í bæjunum og önnur umhverfismál sem kannski sjást meira en hafa raunverulega ekki jafnmikla þýðingu fyrir heilsufar eða umhverfisvernd og þau mál sem eru til umræðu núna. Það er satt að segja hægt að benda á alveg ótrúlega hörmulega hluti sem hafa gerst. Við höfum séð skolpræsi — úldinn úrgang frá fiskiðjuverum við hliðina á þeirri matvælaframleiðslu sem við erum með í landinu og ég hef sjálfur séð hluti sem var mjög ótrúlegt í raun og veru að ekki skuli hafa verið stöðvaðir af yfirvöldum. Og þar kem ég að þeim þætti málsins sem mér finnst að hafi verið vanræktur mjög og það er að fylgja eftir þeim reglum sem eru í gildi. Ég tel að það sé ekki bara um það að ræða að nú séum við að byrja á einhverju nýju verki, heldur á ríkið að fylgja eftir þeim reglum sem eru í gildi og það er hægt að gera margt til að draga úr mengun sem ekki hefur verið gert.

Ég bendi t.d. á það að því er ekki fylgt eftir hjá fiskvinnslustöðvum að sigta úrganginn frá vinnslunni. Það er ekki kostnaðarsamt. Það eru til mjög hagkvæmar lausnir á því og það þarf ekki að skipa neinar samstarfsnefndir til þess að útbúa þær lausnir. En það þarf að fylgja því eftir að fiskvinnslufyrirtækin geri þetta. Úrgangurinn frá fiskvinnslustöðvunum er ein aðalástæðan fyrir því hvað mikið er af fuglsvargi hér í landinu. Og þó að ég sé ekkert á móti fuglum þá tel ég að það sé óþarfi að sjá til þess að mávastofninn haldist svo stór sem hann nú er svo og aðrir vargfuglar.

Þessu vildi ég koma að, að það er margt sem er hægt að gera án þess að því fylgi gífurlegur kostnaður. Það eigum við auðvitað að gera fyrst og fremst á meðan við erum svo að fylgja eftir þeim breytingum sem þurfa að verða hjá sveitarfélögunum sjálfum og þar tek ég undir að einhverri skipan verður að koma á þannig að sveitarfélögin sem verða fyrir mjög miklum kostnaði vegna þessara framkvæmda hafi möguleika á að fjármagna þær með löngum lánum og sameiginlega að einhverju leyti. Það verður ekki hægt að láta sum sveitarfélög bera þann kostnað sem fellur til á þeim stað einfaldlega vegna þess að þá erum við bara að fresta málinu. Þá verður ekkert gert því að þau ráða ekki við þann vanda sem er hjá þeim og það á auðvitað við um miklu fleira en bara skolphreinsunina. Það á auðvitað við um annan úrgang og sorphirðu. Það þarf að taka á þeim málum öllum sameiginlega. En fyrst og fremst þarf auðvitað að efla skilninginn á þessum málum. Ég tel t.d. að þetta sem ég var að ræða um áðan, þ.e. að menn hafa ekki haft neinn skilning á að það þyrfti að koma alls kyns lífrænum úrgangi fyrir með neinum sérstökum hætti. Það þarf að efla skilning manna á því að þetta sé óleyfilegt, menn verði að taka á þessu. Ég bendi á eitt fyrirtæki sem hefur verið til umræðu hér á hv. Alþingi, Sementsverksmiðju ríkisins. Hún heldur árlega margar veislur fyrir allan fuglsvarginn hér á Faxaflóanum. Þegar verið er að dæla upp sandi fyrir verksmiðjuna þá kemur mikið

magn af fiski með og í þennan fisk sækir þessi fuglsvargur mjög mikið. Og ég sé ekki annað en það verði að fylgja því eftir gagnvart þessu fyrirtæki að það taki á þessu máli. Fram að þessu hafa menn ekki lagt í það að hreinsa þennan úrgang í burtu.

Þannig er um margt annað og ég endurtek og ítreka það að ég tel að það eigi að fylgja þessu mjög eftir gagnvart fiskvinnslufyrirtækjunum. Það er ekki sá kostnaður að það geti kollvarpað þeim og auk þess er ekki eftir neinu að bíða lengur með þann lið.

Ég trúi því að í mörgum sveitarfélögum sé hægt að leysa málin betur. Aðstæður eru mjög mismunandi hjá sveitarfélögum. Sums staðar þarf ekki að fara mjög dýrar leiðir og ég tel mjög mikilvægt að menn fylgi því eftir að ráðist verði í þær framkvæmdir sem hagkvæmastar eru og ódýrastar á hverjum stað sem allra fyrst. Það kann vel að vera að dýrustu og erfiðustu málin verði að bíða eitthvað meðan verið er að undirbúa stærra átak en mér finnst að umhvrn. eigi að reyna að standa fyrir því að farið verði að hefjast handa þar sem lausnirnar liggja raunverulega fyrir og það sé ekki látið dragast. Þess vegna ítreka ég það enn og aftur, hvort sem það á nú að vera umhvrn. eða aðrir aðilar í þjóðfélaginu, að þeir byrji á því að fylgja eftir þeim reglum sem eru í gildi og er hægt að framfylgja í dag.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. þm. Gísla S. Einarssonar um að hafa forustu fyrir því að flytja þessa merku till. til þál. Tillagan sem slík fjallar um það að skipa samstarfshóp sem hanni skolphreinsibúnað sem hæfi íslenskum aðstæðum og svo í öðru lagi að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir slíkan skolphreinsibúnað.

Ég vil vekja athygli á nokkrum atriðum sem koma fram í greinargerðinni er fylgja þessari þáltill. en það er sú brýna nauðsyn að gerð verði úttekt á núverandi ástandi þessara málefna og að sérstaklega verði hugað að fjármagnsþættinum andspænis litlu sveitarfélögunum. Ég held að hérna sé hreyft brýnu máli að fram fari gaumgæfileg úttekt á ástandi þessara mála hjá sveitarfélögum um landið allt og að samtök sveitarfélaga megi ásamt ríkisvaldinu, umhverfisráðuneytinu, hafa forustu í góðri samvinnu um að þessi úttekt verði gerð. Ég held að brýnast sé að slíkt skref verði stigið fyrst og að fjármunir verði tryggðir til þess að þetta megi gera. Mér segir svo hugur að ástandið í þessum efnum sé víða mjög slæmt og það þurfi að gera gangskör að því strax að gripið verði til úrbóta.

Þetta leiðir hugann líka að ástandinu í sorpmálunum, en það er ekki síður mikill vandi sem blasir við þessari þjóð að uppfylla ákvæði mengunarvarnareglugerðar er kveður á um ströng skilyrði í þessum efnum en setur um leið fjárhagsklafa á sveitarfélögin af því að þau standa ekki undir svo ströngum en nauðsynlegum reglum.

Ég vil aftur þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Þetta verður tekið til nákvæmrar skoðunar í umhvn. Það verður lögð áhersla á samráð við samtök sveitarfélaga í landinu og þannig reynt eftir því sem aðstæður allar leyfa að koma þessum málum betur fyrir en verið hefur fram að þessu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EKG, EL, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EKG, EL, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Fráveitumál sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. SHl og MF, 180. mál. — Þskj. 198.

Flm. (Sigurður Hlöðvesson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 198 um fráveitumál sveitarfélaga. Flm. ásamt mér er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera úttekt á stöðu fráveitumála hjá sveitarfélögum í landinu, meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um hvernig sveitarfélögum verði auðveldað að standa undir kostnaði við úrbætur."

Virðulegi forseti. Sjávarútvegur og fiskveiðar eru og verða undirstaða undir afkomu þjóðarinnar. Um 70–80% útflutningstekna koma beint af sjávarafurðum. Möguleikar okkar liggja fyrst og fremst í gæðum og hreinleika afurðanna, vandaðri vinnslu og meðferð. Það er því mjög brýnt að staða mengunarmála verði skoðuð gaumgæfilega þannig að við stöndum ekki áður en við vitum af á kafi upp fyrir haus í mengun.

Ísland hefur gefið sig út fyrir að vera hreint og ómengað matvælaframleiðsluland þar sem við framleiðum úrvalsvörur unnar úr hráefni í hreinu og ómenguðu umhverfi. Möguleikar okkar liggja fyrst og fremst í að framleiða hágæðavörur. Til þess að svo geti verið verðum við að gera verulegar úrbætur í umhverfismálum þannig að við getum haldið þeirri ímynd sem tekist hefur að skapa, að Ísland sé hreint og ómengað matvælaframleiðsluland. Ástand sorphirðu og fráveitumála sveitarfélaga er víða í miklum ólestri. Að

undanförnu hefur á vegum umhvrn. verið unnið markvisst að úttekt á sorphirðumálum og tillögur gerðar um úrbætur. Einnig hafa verið mótaðar hugmyndir um fjármögnun á kostnaði við úrbætur.

Eins og áður sagði eru fráveitumál sveitarfélaga í miklum ólestri. Þar þurfa að koma til verulegar úrbætur nú þegar. Skolp frá íbúðarbyggð og frárennsli frá fiskvinnslustöðvum og öðrum atvinnurekstri rennur víða óhreinsað til sjávar eða í næsta vatnsfall. Mengun af völdum frárennslis er því víða langt yfir þeim mörkum sem sett hafa verið í nýrri mengunarvarnareglugerð. Í mengunarvarnareglugerðinni sem tók gildi 1. jan. 1990 eru mjög hertar kröfur um hreinsun og hámarksgerlamengun skolps sem leitt er í sjó. Til að gera raunhæfar úrbætur þarf að gera ítarlega faglega úttekt á stöðu mála. Lausnir þarf að finna sem hvort tveggja í senn uppfylla nauðsynlegar umhverfiskröfur og tryggja hagkvæmni og hámarksnýtingu fjármagns.

Stofnkostnaður við úrbætur í fráveitumálum er mjög mikill en ef vel tekst til eru þær ódýrar í rekstri. Ætla má að kostnaður hvers sveitarfélags skipti tugum milljóna. Alls má ætla að heildarkostnaður sveitarfélaga í landinu sé töluvert á annan milljarð. Hér er um svo mikla fjármuni að ræða að nauðsynlegt er á skipulegan hátt að leita að hagkvæmri og fullnægjandi lausn. Lausnir munu verða mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað.

Á þessum málum er engin patentlausn. Aðstæður eru mjög misjafnar þannig að á sumum stöðum hentar að sameina útrásir og hreinsa skolpið en á öðrum stöðum er kostnaðarlega ekki hagkvæmt að sameina útrásir heldur verður að lengja þær til að tryggja þynningu og til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Til að tryggja góðar, faglegar og hagkvæmar lausnir verður umhvrn. að hafa faglega forgöngu í málinu.

Það er ljóst að kostnaðarsamt er að gera viðeigandi úrbætur til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Eins og áður sagði eru lausnir í fráveitumálum sveitarfélaga mjög mismunandi eftir aðstæðum. Í sumum, sennilega í flestum sjávarplássum úti á landsbyggðinni liggja margar skolprásir beint út í höfnina. Skolpmengun safnast því saman í höfnina, þar sem þynning og endurnýjun er mjög lítil. Víða þarf því að koma til mjög kostnaðarsöm framkvæmd við safnlögn eða sniðræsi til að sameina útrásir og eftir aðstæðum þarf jafnvel að koma til dælingar.

Til að uppfylla kröfur þarf annaðhvort að hreinsa skolpið eða leiða það út úr hafnarsvæði þar sem nægjanleg þynning og endurnýjun er. Í sumum sveitarfélögum þarf enn fremur miklar endurbætur á eldri skolplögnum. Kostnaður sveitarfélaga við úrbætur getur því verið mjög mismikill. Fjárhagur sveitarfélaga er mjög misjafn. Ef vera á hægt að framkvæma úrbætur á skömmum tíma verða að koma til auknar tekjur, styrkir til stofnframkvæmda eða ódýrt lánsfjármagn. Flest sveitarfélög fullnýta tekjustofna sína og duga tekjur þó ekki til að leysa þau verkefni og þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Til þess að sveitarfélögin geti ráðist í nauðsynlegar úrbætur í fráveitumálum þannig að þau uppfylli kröfur mengunarvarnareglugerðarinnar þurfa þau að fá aukið fjármagn. Þar þarf að koma til aðstoð við fjármögnun stofnkostnaðar. Leita verður leiða til þess að létta sveitarfélögunum þá fjármögnun.

Virðulegi forseti. Mikilvægi umhverfismála eykst með hverju ári. Hreint land, ómengað haf og heilnæmt loft eru verðmæti sem við Íslendingar megum ekki glata. Þess vegna verðum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja að við glötum ekki þessum verðmætum.

Þáltill. þessi er flutt með það að markmiði að kannað verði ástand fráveitumála sveitarfélaga þannig að hægt sé að meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um leiðir til að létta sveitarfélögunum fjármögnun á nauðsynlegum úrbótum.

Virðulegi forseti. Að lokinni fyrri umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og umhvn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að flytja þessa þáltill. Mér finnst að þessi mál — þetta er að vísu mjög skylt því máli sem við voru að ræða rétt áðan — séu öll mjög þörf til að fylgja því eftir að eitthvað fari að gerast í mengunarmálum okkar. Þannig er og menn verða að gera sér grein fyrir því hér á hv. Alþingi að sveitarstjórnir víða um landið bíða átekta vegna þess að í umræðunni hefur verið að komið yrði til móts við sveitarfélög í landinu í sambandi við kostnað. Meðan það hangir í lausu lofti hvernig verður tekið á þeim málum munu ýmsar sveitarstjórnir bíða átekta. Þær munu kannski reyna að gera sér grein fyrir með hvaða hætti eigi að leysa sín mál en þær munu ekki hefja framkvæmdir. Þess vegna er það mjög þarft og full ástæða til að Alþingi geri sér sem fyrst grein fyrir og taki ákvarðanir í framhaldi af því til þess að sveitarstjórnir í landinu séu ekki að bíða eftir einhverjum nýjum ákvörðunum heldur verði komið á einhverju endanlegu kerfi eða menn viti hvar þeir standa, hvaða aðstoð þeir geta fengið, hvers konar fjármagnsfyrirgreiðslu og allt annað sem tengist þessum málum.

Ég stóð fyrst og fremst upp til þess að þakka þessa tillögu og til að vekja athygli á því að hv. Alþingi þarf að hreinsa loftið svo að þessi mál tefjist ekki meira en nauðsynlegt er.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð til að þakka flm. bæði þessa máls hér og reyndar þess sem næst á undan var á dagskrá og taka undir það sem hér hefur verið sagt að það er að mínu mati mjög brýnt að Alþingi og stjórnvöld taki með samræmdum hætti á þessum málum. Ég hef orðið þess mjög var á undanförnu hausti, bæði í yfirferðum um mitt kjördæmi með öðrum þingmönnum Norðurl. e. en einnig í heimsóknum víðar, að forsvarsmenn sveitarfélaga vítt og breitt um landið hugsa af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum mikið um þessi mál og ég óttast að talsvert sé um tvíverknað ef ekki margverknað, ef svo má að orði komast, í gangi í þessu efni.

Ég spurðist fyrir um það á fleiri en einum stað þar

sem í stærri sveitarfélögum var í gangi vinna og sums staðar kostnaðarsöm vinna við að skoða þessi málefni, hvort ekki hefði komið til tals t.d. að Samband sveitarfélaga tæki að sér að samræma vinnu sveitarfélaganna á þessu sviði en svo virtist ekki vera. Það má til sanns vegar færa að það standi nær stjórnvöldum, sem sett hafa reglur um þessi efni og lög nýlega, að beita sér fyrir að slíkt starf fari af stað. Það er í mínum huga enginn vafi á því að ná mætti fram miklum sparnaði og flýta fyrir úrbótum á þessu sviði ef lagt væri í vissan undirbúnings- og rannsóknarkostnað sameiginlega fyrir sveitarfélögin í landinu. Þótt aðstæður séu að sjálfsögðu mismunandi og að einhverju marki sé óhjákvæmilegt að taka mið af því þegar hönnuð eru mannvirki og áætlanir gerðar um úrbætur í þessum efnum er engu að síður svo að margt er sameiginlegt og sveitarfélögin sem eru af svipaðri stærð og þurfa að leysa þarna svipað verkefni skipta tugum og jafnvel hundruðum. Ég legg því eindregið til að þessi mál sem hér hefur verið hreyft af mönnum sem vel þekkja til fái skjóta meðhöndlun í nefnd þingsins og athugað verði hvort ekki sé unnt að sameina þau í eina ályktun þingsins þar sem tekið er á þessum málum og með samræmdum hætti undirbúið að hrinda af stað úrbótum með sem allra hagkvæmustum hætti því að á því er sannanlega full þörf.

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég kem aðeins hér upp til að vekja athygli á því að þessar tillögur sem hér hafa verið ræddar falla mjög vel saman. Ég tel ástæðu til að farið sé með þetta á þann hátt að umhvn. Alþingis hafi um það forustu hvernig þetta megi fara saman. Ég þakka flm., hv. þm. Sigurði Hlöðvessyni, fyrir þetta mál og ég tel brýna nauðsyn bera til að Alþingi Íslendinga móti forustu í þessu máli því að einstök sveitarfélög munu eiga í erfiðleikum með að fara af stað og það er hætt við að sóun verði og allt of miklir fjármunir settir í það ef ekki verður haldið utan um þetta á einni hendi. Um leið og ég segi þetta þakka ég fyrir þá umfjöllun sem bæði sú tillaga sem ég flutti og sú sem nú er flutt hefur fengið hjá Alþingi.

Flm. (Sigurður Hlöðvesson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umfjöllun sem þáltill. mín hefur hlotið hér á Alþingi og ég tek undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan, að það er full ástæða til að skoða saman þessa þáltill. og þáltill. sem hv. þm. Gísli S. Einarsson flutti hér fyrr á fundinum. Þetta eru náskyld mál og má kannski segja að þessar tillögur hefðu átt að fara saman í einni. Ég lýsi yfir miklum stuðningi við það að þessar tvær þáltill. séu skoðaðar saman og úr þeim jafnvel gerð í umhvn. ein þáltill. sem lögð verði fyrir Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EKG, EL, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónS, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EKG, EL, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu, síðari umr.

Stjtill., 147. mál. — Þskj. 158, nál. 227.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti utanrmn. um till. til þál. um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda samning um takmörkun vígbúnaðar á sviði hefðbundinna vopna í Evrópu sem undirritaður var í París 19. nóv. 1990. Samningurinn tekur gildi tíu dögum eftir að öll aðildarríki samningsins hafa fullgilt hann. Að nefndaráliti utanrmn. standa allir nefndarmenn, níu talsins.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Gunnar Pálsson sendiherra og Arnór Sigurjónsson varnarmálaráðunaut og gerðu þeir m.a. grein fyrir skuldbindingum íslenskra stjórnvalda varðandi eftirlit með framkvæmd samningsins á Íslandi.

Nefndin mælir með að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda samninginn, enda má segja að hann marki tímamót í öryggismálum Evrópu. Samningurinn er fyrsti samningur um takmörkun vígbúnaðar á sviði hefðbundinna vopna frá heimsstyrjöldinni síðari. Markmið hans er að skapa jafnvægi á sviði hefðbundinna vopna á meginlandi Evrópu en misvægi á þessu sviði hefur verið ein helsta ögrunin við frið og stöðugleika í álfunni á undanförnum fjórum áratugum. Til þess að ná þessu markmiði kveður samningurinn á um stórfelldari niðurskurð vopna en dæmi eru til um. Flest þessara vopna eru í eigu þeirra ríkja sem áður voru í Varsjárbandalaginu, en samningurinn byggist á þeirri meginreglu að sá aðili sem yfirburða nýtur skuli skera niður hlutfallslega meiri vopn en hinn aðilinn.

Einnig tryggir samningurinn að ekkert eitt ríki geti haft undir höndum meira en um það bil þriðjung samningsbundins vígbúnaðar í hverjum flokki innan samningssvæðisins, þ.e. Evrópu. Mikilvægi samningsins helgast þó ekki einvörðungu af fjölda vopna þeirra sem útrýmt verður eða þeim skorðum sem einstökum ríkj-

um eru settar með tilliti til hernaðaruppbyggingar. Með samningnum er lagður nýr hornsteinn að skipan öryggismála Evrópu þar sem samkeppni á hernaðarsviðinu víkur fyrir öryggispólitískri samvinnu ríkja í álfunni. Samningurinn hefur jafnframt mikla pólitíska þýðingu fyrir nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu. Samningurinn bannar m.a. aðildarríkjunum að hafa herlið í öðrum aðildarríkjum án samþykkis þeirra sjálfra.

Gagnkvæm og ítarleg skipan á öryggismálum um herbúnað aðildarríkjanna ásamt nákvæmum ákvæðum um tilkynningarskyldu og eftirlit eru órofa hluti af samningnum. Vonir eru því við það bundnar að traust og opinská upplýsingamiðlun muni útrýma til langframa þeirri tortryggni og leynd sem lengst af einkenndi hernaðarleg samskipti aðildarríkja Atlantshafsbandaslagsins og Varsjárbandalagsins og ríkjanna sex sem áður voru í Varsjárbandalaginu sérstaklega.

Ár er nú liðið frá því að samningurinn var undirritaður í París. Tafir á staðfestingu samningsins í aðildarríkjunum eiga einkum rætur að rekja til ágreinings sem upp kom skömmu eftir undirritun hans um túlkun talningarreglna í 3. gr. samningsins. Einnig skapaðist óvissa um samningsbundnar skuldbindingar Sovétríkjanna eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt á sl. sumri. Bæði vandamálin hafa nú verið farsællega til lykta leidd.

Ef litið er til áhrifa samningsins á Íslandi er hér á landi aðeins ein vopnategund sem samningurinn tekur til, þ.e. F-15 orrustuflugvélar í eigu Bandaríkjamanna sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli. Munu eftirlitsákvæði samningsins ná til þeirra. Skuldbindingar Íslands eru fyrst og fremst þær að annast vissar tilkynningar samkvæmt samningnum, t.d. um eftirlitssvæði, komu- og brottfararstaði eftirlitsmanna, og þar blandast Flugstöð Leifs Eiríkssonar inn í, og taka á móti eftirlitsmönnum óski eitthvert fyrrum aðildarríki Atlantshafsbandalagsins að koma í eftirlitsferðir til Íslands. Hópurinn gæti dvalist á Íslandi allt að 10 daga í hvert sinn. Íslensk stjórnvöld mundu bera kostnað af ferðum, fjarskiptum og gistingu þeirra eftirlitsmanna sem hingað koma auk íslenskra fylgdarmanna. Samkvæmt samningnum er Íslandi einnig heimilt að framkvæma eða taka þátt í eftirlitsferðum í fyrrverandi aðildarríkjum Varsjárbandalagsins.

Samningurinn kveður á um að eftirlitsmenn og flugáhafnir skuli njóta friðhelgi á sama hátt og sendierindrekar samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband frá 1961. Utanrrn. annast framkvæmd eftirlits í samræmi við ákvæði samningsins á Íslandi í samvinnu við varnarliðið og bandarísk stjórnvöld.

Í nál. er á það bent að samningurinn sé í samræmi við þá stefnu sem Íslendingar hafa markað í afvopnunarmálum, sbr. ályktun Alþingis þar að lútandi frá 23. maí 1985, en það var ályktun sem hér var samþykkt einróma og er í 7 liðum og er þá í þessu tilliti sérstaklega átt við næstsíðasta lið þeirrar merku ályktunar þar sem segir:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanrmn. að kanna í samráði við utanrrh. hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefnd um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985."

Eins og ég gat um áðan fjallaði Alþingi mikið og lengi um þessar mundir um sameiginlega stefnu í afvopnunarmálum og öryggismálum almennt og komst að þeirri ánægjulegu niðurstöðu sem raun ber vitni. Ég hygg að þá hafi orðið til hugtakið „frá Grænlandsströndum til Úralfjalla" sem var síðan hugtak forustumanna í þessum löndum, m.a. á merkum fundi hér í Reykjavík sem þarf ekki frekar að fara orðum um.

Ég held að Íslendingar hafi staðið við það sem þeir ályktuðu um fyrir tæpum sjö árum, sú stefna hafi verið mjög víðsýn, skulum við segja, hún hafi verið raunsæ engu að síður og það sé Íslendingum til sóma að geta áréttað þá stefnu með því að sameinast um að afgreiða þetta mál og gjarnan að gera það mjög fljótt. Það er lögð á það áhersla að helst líði ekki mjög margir dagar þangað til þessi ályktun verður væntanlega einróma afgreidd og ég legg áherslu á að það er mikilvægt vegna stjórnmálaþróunar í Sovétríkjunum t.d. Það er mikilvægt að takast megi að ljúka fullgildingu samningsins í öllum aðildarríkjum hans meðan fyrir hendi er í Sovétríkjunum miðstjórnarvald sem getur átt aðild að fullgildingu samningsins. Við þetta tækifæri ætla ég þó ekki að fara lengra út í þá stóratburði sem nú eru að gerast í Austur-Evrópu og við hljótum að fagna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Alltaf ber að fagna því þegar dregið er úr herafla einhvers staðar í heiminum og ég þakka auðvitað formanni utanrmn., hv. 4. þm. Reykv., fyrir að mál þetta er nú komið hér í þingsali. Því verður hins vegar ekki neitað að þetta mál er einhvern veginn orðið dálítið úrelt svo ekki sé meira sagt.

Það kemur reyndar fram í athugasemdum með tillögunni, þáltill. til fullgildingar samningsins, að dregist hafi að staðfesta undirrituna. Segir hér á bls. 3, með leyfi hæstv. forseta:

„Ár er nú liðið frá því að samningurinn var undirritaður í París. Tafir á staðfestingu samningsins í aðildarríkjunum eiga einkum rætur að rekja til ágreinings sem upp kom skömmu eftir undirritun hans um túlkun talningarreglna í 3. gr. samningsins. Einnig skapaðist óvissa um samningsbundnar skuldbindingar Sovétríkjanna eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt á síðastliðnu sumri. Bæði vandamálin hafa nú verið farsællega til lykta leidd."

Aðalatriðið er auðvitað að þarna er um að ræða samning milli tveggja hernaðarbandalaga, Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Töluvert atriði í því er að Varsjárbandalagið er ekki lengur til og þannig kann það kannski að hljóma svolítið kostulega að vera nú að fullgilda þennan samning án þess að ég

hafi svo sem nokkurn skapaðan hlut á móti því, en hann var undirritaður í París 19. nóv. 1990 eða fyrir rúmu ári. Það sem maður saknar hins vegar í þessum samningi er að, eins og sagt er í athugasemdunum, hann nær einvörðungu til landherja á meginlandi Evrópu. Það sem snertir Íslendinga er að stöðva umferð hergagna um höfin í kringum Ísland og í þessum samningi er ekkert, að mér skilst, sem tekur til þess. Okkar bíður því verulegt verk við að reyna að fá samkomulag um að ekki sé verið að sigla í kringum landið okkar og um fiskimiðin okkar með kjarnorkubúna kafbáta og önnur slík tól sem við kærum okkur lítt um.

Í athugasemdunum segir: „Áhrif samningsins á Íslandi". Ég held að rétt sé, af því að ég á ekki von á að menn hafi lagt mikið á sig við að lesa þetta, að ég fái að lesa smákafla, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Á Íslandi er aðeins ein vopnategund sem samningurinn tekur til, þ.e. F-15 orrustuflugvélar í eigu Bandaríkjanna sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli. Munu eftirlitsákvæði samningsins ná til þeirra. Skuldbindingar Íslands eru fyrst og fremst þær að annast vissar tilkynningar samkvæmt samningnum, t.d. um eftirlitssvæði, komu- og brottfararstaði eftirlitsmanna (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) og taka á móti eftirlitsmönnum, óski eitthvert fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins að koma í eftirlitsferðir til Íslands. Loks hefur samningurinn vissan kostnað í för með sér, en sameiginlegu samráðsnefndinni er m.a. ætlað að fjalla um skiptingu hans, t.d. vegna ráðstefna sem haldnar verða skv. 21. gr. og eftirlitsferða skv. 14. gr. Eftirlitsmenn geta verið allt að 9 og flugáhöfn allt að 10 manns. Hópurinn gæti dvalið á Íslandi í allt að 10 daga í hvert sinn. Íslensk stjórnvöld munu bera kostnað af ferðum, fjarskiptum og gistingu þeirra eftirlitsmanna sem hingað koma, auk íslenskra fylgdarmanna. Samkvæmt samningnum er Íslandi einnig heimilt að framkvæma eða taka þátt í eftirlitsferðum í fyrrverandi aðildarríkjum Varsjárbandalagsins."

Nú er það svo sem alltaf gaman að fá gesti. En það er dálítið erfitt að sjá hvað við eigum að gera með eftirlitsmannahópa með landherjum Evrópuríkja hér í Keflavík með fríðu föruneyti og kosta uppihald þeirra og gistingu. Allt þykir mér þetta dálítið út í bláinn ef ég mætti leyfa mér að segja það. En aldrei skal það henda mig að hafa á móti nokkrum þeim samningi sem dregur úr herafla á þessari jörð sem við eigum þrátt fyrir allt sameiginlega. Ég vil auðvitað þakka fyrir það að loksins er komið að því að fullgilda þennan samning. Vænt þætti mér um að næst þegar hæstv. ríkisstjórn undirritar samninga um að draga úr herafla verði hann jafnframt látinn taka til herafla sem flækist hér um höfin í kringum okkur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Forseti. Segja má að hratt snúist tímans hjól í utanríkismálum. Athyglisvert er það þegar hv. 4. þm. Reykv. vekur athygli á því að nú þurfi að hafa hraðar hendur og ná undirskrift Sovétríkjanna á meðan þar sé miðstjórnarvald. Skynjar maður nú gjörla að sá skilningur fer mjög vaxandi hvaða afleiðingar geta fylgt því þegar heimsveldi riðlast eða hrynja. Ég er hjartanlega sammála skilningi hv. 4. þm. Reykv. í þessum efnum.

Hins vegar er mjög bagalegt að hér í salnum skuli ekki vera utanrrh. Það fer að verða á því vaxandi skilningur að hæstv. utanrrh. hafi sagt satt þegar hann lýsir því yfir í viðtali við Mannlíf að sér leiðist þingið. (Gripið fram í.) Það er nú svo að ekki er sama hvernig að málum er staðið. Þess vegna, að gefnu tilefni, tel ég núna einmitt tímann til að ræða þessa stöðu.

Utanrrh. hefur látið að því liggja, og raunverulega aðeins verið að færa okkur fréttir frá Evrópu, að Efnahagsbandalagið vilji stofna þar sameiginlegan her og þeir vilja bjóða öðrum þátttöku. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að það sé ákaflega óheppilegt að svona hugmyndir komi fram án þess að ráðherra geri grein fyrir sinni afstöðu hér í þinginu, þannig að þjóðin átti sig á því hver er hans stefna, að hverju er verið að vinna og hvaða hugmyndir eru þar á bak við. Ég tel að þetta sé þeim mun nauðsynlegra þar sem núv. utanrrh. er skjótur til orðs og áræðis, sennilega með þeim hraðvirkustu mönnum sem við höfum haft í því embætti og gæti þess vegna verið búinn að rissa upp uppkast á morgun að nýjum hugmyndum um hvernig hann vill standa að þessum málum.

Ég játa að ég held að Íslendingar þurfi verulega að gá að sér í því dálæti sem þeir hafa á Evrópu umfram önnur svæði jarðar. Landfræðilega séð tilheyrir hálft Ísland Ameríku, ekki Evrópu, samkvæmt kenningunni um rek meginlandanna. Það fer ekkert á milli mála, sé það skoðað á út frá sögulegri staðreynd, í átökum okkar við ríki Evrópu, t.d. Breta, að þá voru það viðskiptin við Bandaríkin og Sovétríkin sem björguðu því að við héldum velli sem sjálfstæð þjóð. Það verður að segjast eins og er að nú er stöðugt meiri og meiri dýrkun á því að halla sér að nýlenduveldunum fornu. Á sama tíma og blekið er varla þornað af skjölunum þar sem þeir voru að gefa eftir yfirráð sín í öðrum heimsveldum hafa þeir hafið nýja sókn til þess að koma þessum þjóðum á kné með því að beita aðferðum viðskipta, þ.e. að reyna að þrýsta þeim stöðugt niður á það stig að þær séu fyrst og fremst hráefnisútflytjendur. Þessi aðferð er ekkert ný, hún er grundvallaratriði í allri sögunni ef við skoðum nýlendustefnuna. Evrópa hefur ekkert slakað á í þessum efnum. Hún er með heila herdeild hagfræðinga sem hafa beitt þessum leikreglum, annars vegar með tollum, að þrýsta þjóðunum á þennan hátt niður á frumframleiðslustigið, hins vegar með því að niðurgreiða vörur innan lands í Evrópu. Það er önnur aðferð til að tryggja að innflutningur á vöru verði á lægra verði frá hinum fátækari þjóðum heims en eðlilegt getur talist. Ég hef áður sagt í þessum ræðustól að ég tel að mesta hernaðarhætta heimsins stafi af því að menn vilja með viðskiptum koma í veg fyrir það að eðlileg framþróun á jafnréttisgrundvelli eigi sér stað í heiminum.

Ég fagna að sjálfsögðu því að þeir risar, Varsjárbandalagið og Atlantshafsbandalagið, ég segi risar í þessu tilfelli um þá báða, því báðir hafa yfir þeim kjarnorkuvopnum að ráða að ekki þyrfti um að binda á þessari jörð ef þeim vopnum væri beitt. Ekki fer á

milli mála að auðvitað fögnum við því að slíkir samningar séu komnir á að við trúum því í dag að styrjöld milli þessara aðila muni ekki eiga sér stað. Hins vegar eru þjóðernisátökin að magnast í heiminum. Fram hjá því þýðir ekki að horfa. Satt best að segja hafa menn verið furðu brattir að ýta undir þá kenningu að sérhvert þjóðarbrot eigi tvímælalaust að berjast fyrir því að rísa upp sem sjálfstæð fullvalda þjóð og sýna svo enn þá smærri þjóðarbrotum í sama samfélagi fulla hörku, og neita þeim um full mannréttindi. Það er sú *þróun sem við blasir*. Þessi *þróun er náttúrlega í skörpustu* mynd sinni í Ísrael þar sem blasir við að nútímaþrælahald er rekið á Palestínuaröbunum. Þeir eru geymdir þar í þeirri stöðu að ef þeir ætla að selja einhverja vöru úr landi verða þeir fyrst að selja Ísraelsmanni vöruna og hann selur hana svo úr landi. Þetta þýðir að það er gjörsamlega lokað fyrir nokkra efnahagslega möguleika þessarar þjóðar. Ég kalla þetta nútímaþrælahald. Á þessu bera Íslendingar fulla ábyrgð. Eru meira að segja einir af höfundum þess að koma þessu á. Ég játa vissulega að það var gert við erfiðar kringumstæður og menn voru hikandi hvernig ætti að leysa mál í stöðunni eftir heimsstyrjöldina síðari. En það breytir ekki því að við tókum þátt í að koma þessu á og þetta sár er í dag hættulegasta meinsemdin í friði á þessari jörð. Það veit enginn nema þetta sár geti kostað þriðju heimsstyrjöldina ef ekki tekst um að binda.

Ég minnist þess að þegar ég las á sínum tíma mannkynssögu Evrópu þá var því stöðugt að manni haldið að Balkanskaginn væri púðurtunna Evrópu. Satt best að segja gleypti maður þetta hrátt og tók ekki alvarlega að þetta stæði þarna. En í ljósi þess sem nú er að gerast blasir það við og þýðir ekkert að blekkja sig að Efnahagsbandalag hefur reynst algerlega ófært um að skakka leikinn og tryggja þar frið, gjörsamlega ófært um það. Ég segi ekki að Prúðuleikararnir hefðu staðið sig betur en það má líkja þessu við það. Áranguriinn er svipaður. Þess vegna verða menn að hugleiða það í fullri alvöru hvort í sumum kringumstæðum sé nú ekki skynsamlegra að stuðla að því að ríki með vissa miðstýringu fái staðist, sem tryggi öllum minnihlutahópum sama rétt, heldur en allt brotni í sundur, deilurnar magnist og þessi ófriður haldi áfram að berast til annarra landa. Ég segi þetta hér og nú vegna þess að mér sýnist að Evrópa standi á vissan hátt frammi fyrir sömu hættumerkjum í dag og hún stóð frammi fyrir þegar Rómarveldi riðaði til falls og hrundi seinna. Það getur vel verið að mönnum hafi þótt miðstýring þess ríkis of mikil. En menningarlegt hrun sem fylgdi á eftir og hinar myrku miðaldir Evrópu eru þó ærið umhugsunarefni hverjum þeim manni sem vill skoða söguna í réttu ljósi.

Það þýðir ekkert að blekkja sig með því að hrun Sovétríkjanna mun þýða stórkostlega styrkingu fyrir múhameðstrúarríki heimsins. Það mun líka þýða stórkostlega styrkingu fyrir þau ríki Asíu sem í dag eru í hvað mestum uppgangi. Það er náttúrlega draumsýn vestrænna manna ef þeir trúa því að sú heimsmynd sem við höfum búið við, þ.e. algjörir yfirburðir hins hvíta kynstofns í völdum á þessari jörð, ef við trúum því að þetta þurfi að vera endanlegt og varanlegt. Auðvitað getum við stjórnað á það vitlausan hátt að hér verði hrun, hér verði menningarhrun. Ég segi það fyrir mig að ég hef aldrei getað skilið þá menn sem hafa talið að það væri áhættulaust ef þróunin yrði sú að Sovétríkin liðuðust í sundur og það mikla magn kjarnorkuvopna sem er dreift bæði með kafbátum, einnig með járnbrautarvögnum um öll Sovétríkin, það mikla kjarnorkumagn sem þarna er um að ræða, gæti lent að *hluta til í höndum múhameðstrúarmanna*. Ég segi þetta hér og nú vegna þess að við skulum gera okkur grein fyrir því að Ísraelsríki hefur komið þeirri skoðun á í öllum Arabalöndum að Bandaríkjamenn séu hið illa. Þeir eru búnir að ræna Bandaríkjamenn verulega ærunni á þessu landsvæði heimsins. Ég tel að það sé ekkert skrítið, það sem þau eru að gera í dag sé raunverulega eitt það skynsamlegasta sem Bandaríkin hafa gert á seinni árum. Bush er nánast að neyða Ísrael að samningaborðinu til að láta á það reyna hvort hægt er að stöðva það ástand sem er í Palestínu. Auðvitað er honum ljóst að það þýðir ekkert hjá Sameinuðu þjóðunum að hafa einhverjar mannréttindareglur sem eigi að gilda alls staðar nema þar sem Ísraelsmenn drottna yfir sínum landsvæðum. Þar eigi að vera sérreglur.

Ég hef farið dálítið vítt um þetta svið vegna þess að ég tel að það sé ekki rétt að láta það grassera lengi í umræðu hér á landi hvort við eigum að fara að gjörbreyta okkar stefnu í varnarmálum og fara í eitthvert samband við Evrópuþjóðirnar sérstaklega. Persónulega er ég sannfærður um að miklu breiðara samstarf þarf hjá þeim þjóðum heimsins þar sem lýðræði er og þar sem lýðræði fer vaxandi. Hjá þeim þjóðum þarf að vera samstarf um varnir en ef það er farið að búta það niður í viss svæði og vissar einingar þá fylgir því sú hætta að það geti orðið til þess að þessar einingar fari að takast á. Þess vegna vil ég segja að um leið og ég fagna því að þessi samningur er hér, og mun að sjálfsögðu styðja það að við munum fullgilda hann, sýnist mér að það séu hættumerki á lofti, veruleg hættumerki í þessum heimi og einnig hitt að ég óttast það beinlínis að gáleysislegt tal, þessi mikla múgsefjun sem gengur á Íslandi að við eigum heima í fangi nýlenduþjóða Evrópu, geti skaðað okkur bæði í varnarmálum og í efnahagsmálum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef ræðu mína varðandi þau efnisatriði sem mig langar til að ræða hér er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við það að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu. Satt að segja er stórfurðulegt að stjórn þingsins skuli hefja þessa umræðu án þess að hæstv. utanrrh. sé viðstaddur.

Nú var það þannig að samkvæmt ósk hæstv. utanrrh. féllumst við á það, þingflokkarnir, að leyfa honum að flytja hér framsöguræðu í þessu máli án þess að um það yrði nokkur umræða. Það var gert til þess að greiða fyrir því að málið gæti komið til umfjöllunar í utanrmn. og til að greiða fyrir utanferðum hæstv. utanrrh. Nú er það þannig, eins og fram hefur komið í

þessari umræðu og þarf reyndar ekki að taka það fram, að við erum að fjalla um einhvern mikilvægasta samning sem gerður hefur verið í Evrópu um þessar mundir. Ég ætla ekki að útskýra það með neinum sérstökum hætti, það er svo augljós staðreynd að það vita allir. Hins vegar hefur það gerst, síðan þessi samningur var gerður eins og hér hefur verið rakið í nokkru máli, að aðstæður í okkar heimshluta hafa breyst með þeim hætti að annað af tveimur meginríkjum, sem samninginn gerði ásamt mörgum öðrum, Sovétríkin, er ekki lengur til. Satt að segja skil ég ekki hvernig það hvarflar að hæstv. utanrrh. að bjóða þjóðþinginu upp á að ræða þennan samning hér án þess að vera viðstaddur. (**Forseti:** Forseti vill gjarnan skjóta hér inn upplýsingum til hv. þm., sem frsm. utanrmn. var að veita forseta, að hæstv. utanrrh. hafði spurt hv. 4. þm. Reykv. hvort ráðherrann óskaði eftir að hann væri viðstaddur þessa umræðu. Hv. 4. þm. Reykv. tjáði mér að hann hefði sagt hæstv. utanrrh. að sín vegna þyrfti hann ekki að vera viðstaddur. Hins vegar tók forseti eftir því að hæstv. utanrrh. var farinn hér úr húsinu þegar umræðan hófst. Forseti hefur óskað eftir því að haft verði samband við hæstv. utanrrh. og hann látinn vita af því að forseti óskar eftir því að hann sé viðstaddur.) Já, virðulegi forseti, þetta er merkileg lýsing. Hæstv. utanrrh. er orðinn slíkur kerfiskarl að hann lætur sér það duga að spyrja formann utanrmn. (Gripið fram í.) Hann talaði ekki einu sinni við hann, hann sendi bara boð, það hefur sem sagt bara verið einn af embættismönnunum sem talaði við formann utanrmn. Hvílík kerfismennska. (**EKJ:** Mín er sökin.) Það er engin sök hjá hv. þm. vegna þess að það er sjálfsagt hjá honum að veita það svar að hvað hann snertir, hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, þurfi utanrrh. ekki að vera hér, en það eru bara 62 aðrir þingmenn á þinginu. Hvað sem líður kerfismennskunni í utanrrn. þá er hér þjóðþing. Það hefur að vísu komið fram í viðtali í tímariti sem hæstv. forseti hefur bannað mér að nefna hér í ræðustólnum, ef ég leyfði mér að vitna í hæstv. utanrrh. í því tímariti. Forsetinn hefur ekki dregið þau fyrirmæli sín til baka þannig að ég þori ekki að minnast á ummæli utanrrh. í þessu tímariti aftur meðan sú yfirlýsing forsetans stendur óafturkölluð að a.m.k. ég megi ekki vitna í tímaritið Mannlíf. Allir aðrir þingmenn hafa á undanförnum dögum mátt vitna í það tímarit út og suður þannig að þetta bann á greinilega bara við 8. þm. Reykn. Ég mun auðvitað hlýða forsetanum þar til bannið hefur verið tekið aftur en því miður er það þannig að í þessu tímariti eru ummæli sem hefði legið beint við að vitna í núna ef ég hefði til þess heimild. (**GHelg:** Þingmaðurinn hefur málfrelsi.) Já, ég hef málfrelsi, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, en þegar ég hugðist notfæra mér það til þess að lesa orðrétt tilvitnanir í hæstv. utanrrh. um íslensk stjórnmál þá hringdi hæstv. forseti bjöllunni og stóð upp nokkrum sinnum og bannaði mér að vitna í þessi orð. Ég óskaði síðan eftir því að fá úrskurð forsetans um það hvort þetta væri leyft eða ekki leyft og bannið dregið til baka eða ekki, en það hefur ekki verið dregið til baka svo a.m.k. hvað mig snertir þá er þetta tímaritsviðtal tabú í ræðustólnum. (Gripið fram í.) Ja, ég hef alltaf sýnt forsetaembættinu virðingu. A.m.k. hér í ræðustólnum hef ég gert það. (**Forseti:** Forseti ætti kannski að skjóta hér inn nokkrum orðum aftur í tilraunaskyni, en málið er að þessi tillaga er að koma úr nefnd og forseta var tjáð að það væri samkomulag, væntanlega þingsins alls, að afgreiða þetta mál í dag. Rík áhersla hefur verið lögð á að það verði að komast úr þinginu í dag til þess að það komist í tæka tíð þangað sem tillagan þarf væntanlega að fara. Þess vegna tók forseti þetta fyrir, það var ekki gert ráð fyrir að hér yrði löng umræða en auðvitað veit hvorki forseti né aðrir fyrir fram hvort svo verður. Forseti getur því lítið gert annað en að biðja hv. þm. um að halda áfram máli sínu þrátt fyrir það að hæstv. utanrrh. sé ekki hér. Það er hv. formaður nefndarinnar sem mælti fyrir þessari tillögu og eins og forseti sagði áðan og ítrekaði aftur, hefur hann nú þegar gert ráðstafanir til þess að það verði haft samband við ráðherrann og hann látinn vita af því að forseti óskar eftir því að hann sé hér.) Virðulegi forseti, það er bara engan veginn nóg. Jafnvel þótt hæstv. utanrrh. hafi sagt við þingið: Þingið verður að afgreiða þetta í dag, en ég nenni ekki að mæta því mér leiðist hérna í þinginu, þá er það ekki boðlegt við þingið. Þetta er ekkert smámál, virðulegi forseti, þetta er stærsta málið sem hæstv. utanrrh. hefur komið með til þessa þings í þingskjali í nokkuð mörg ár. Það vill nú svo til að hæstv. utanrrh. var að lýsa yfir í Ríkissjónvarpinu í gærkvöldi í tvígang að hann teldi rétt að Íslendingar gerðust aukaaðilar að Vestur-Evrópubandalaginu og það tengist auðvitað þessu máli en kannski er það þannig að það megi ekki heldur vitna í það sem hæstv. utanrrh. segir í Ríkissjónvarpinu, þannig að yfir höfuð sé bannað í ræðustól þingsins að vitna í hæstv. utanrrh. utan þings. Þá fer þetta að verða dálítið erfitt, hæstv. forseti, vegna þess að hann er aldrei hérna til að hægt sé að tala við hann. Hann er búinn að hafa fjarvistarleyfi alla þessa viku og kom í atkvæðagreiðsluna í gær en hefur aldrei verið hér í þinginu þannig að hægt sé að tala við hann. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann vilji fresta ræðu sinni og umræðunni verði þá frestað þar til fyrir liggur hvenær hæstv. utanrrh. er væntanlegur hér á fundinn.) Já, hæstv. forseti, ég mun þiggja það boð að fresta ræðu minni þar til hæstv. utanrrh. kemur.

Umræðu frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

Halldór Ásgrímsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég hef rætt þetta mál með nokkrum hléum en um er að ræða stórt mál sem snertir allmarga ráðherra ríkisstjórnarinnar. Það er flutt af hæstv. fjmrh. sem ég veit að er kominn í húsið og er

nauðsynlegt að hann sé viðstaddur þessa umræðu. Það er jafnframt svo að þetta mál snertir marga sjóði sem eru á ábyrgð hæstv. landb.- og samgrh. Þetta mál snertir jafnframt a.m.k. einn sjóð sem er á ábyrgð hæstv. félmrh. og jafnframt snertir þetta mál lánasjóð sem er á ábyrgð hæstv. sjútvrh. Það er því nauðsynlegt að þeir ráðherrar sem eru ábyrgir fyrir þeim sjóðum sem frv. þetta snertir séu viðstaddir umræðuna. Ég hafði ætlað mér að koma inn á mál einstakra sjóða en hef fram til þessa fyrst og fremst komið inn á málefni Iðnlánasjóðs. Það mál snertir hæstv. iðnrh. sem var viðstaddur umræðuna í gær og ég vænti þess að hann verði viðstaddur umræðuna í dag því ég hafði ekki lokið máli mínu að því er varðaði þá sjóði sem hann ber ábyrgð á, en þar eru fleiri sjóðir, a.m.k. einn sem ég hafði ekki komið inn á.

Ég hef fram til þessa fyrst og fremst talað um innlánsstofnanir almennt og hvers vegna það sé réttlætanlegt að skattleggja innlánsstofnanir og það er jafnframt ljóst að þar er erfitt að setja ákveðin skil. Það er sagt í frumvarpinu að í því felist að opinberir fjárfestingarlánasjóðir, þar með taldir stofnlánasjóðir, verði með ákveðnum takmörkunum skattskyldir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ég sé nú á frumvarpi þessu að það er nánast efnislega það sama og fyrri ríkisstjórn flutti á Alþingi en ég hafði þá fyrirvara um málið og þingflokkur Framsfl. hafði fyrirvara á málinu um að það tæki breytingum í þinginu. Sannleikurinn var sá að það mál var afar illa undirbúið og bar hæstv. fyrrv. fjmrh. í reynd ábyrgð á þeim undirbúningi, en það vill oft verða svo rétt fyrir jólin að margvísleg frumvörp koma sem eru illa undirbúin og lítið rædd við þá ráðherra sem málið snýr að og þannig var það því miður einhvern tímann í fyrri ríkisstjórn og ég er ekki grunlaus um það að það hafi stundum komið fyrir áður. En það sem kemur nokkuð á óvart í þessu máli er að það mál gekk til nefndar og þá komu í ljós margvíslegir ágallar á því sem hæstv. fyrrv. fjmrh. skildi og vildi taka tillit til og það endaði í reynd með því að engin leið var að afgreiða málið hér í þinginu. Ekki síst vegna þess hversu illa það var undirbúið. Hæstv. fyrrv. fjmrh. viðurkenndi það í reynd, ef ég man rétt, (Gripið fram í.) og sá að sér. Það er nú mjög mikilvægt fyrir hvern og einn því alltaf getur það komið fyrir bestu menn að þeir geri einhvern tímann einhver mistök og mikilvægt að mistökin séu viðurkennd. En það þarf líka að læra af þeim. Það þarf að læra af mistökunum og þess vegna kemur mér það nokkuð á óvart að hæstv. núv. fjmrh. sem var þá á Alþingi og tók þátt í störfum þingsins skuli taka þetta frv. nokkurn veginn óbreytt og kasta því inn í þingið.

Ég hef skilið það svo að núv. ríkisstjórn hafi lagt sig mjög fram um það að læra af fortíðinni og hefur mjög haldið því fram í málflutningi. (Gripið fram í.) En ég hef e.t.v. misskilið þetta algjörlega, hv. 3. þm. Austurl., og má vera að ég hafi tekið þennan málflutning of alvarlega. En hæstv. núv. forsrh. hefur verið sérstakur sérfræðingur í því að tala um allan þennan fortíðarvanda. Hann hefur talað um það hér að þingmenn væru allmargir reynslulausir og má vel vera að það sé þá líka reynsluleysi af hans hálfu að hafa verið að ræða allan þennan fortíðarvanda. En ég hef tekið þetta nokkuð alvarlega og mótmælt mörgu af því sem hæstv. núv. forsrh. hefur sagt í þessum efnum. En ég sé það að hæstv. núv. fjmrh. tekur þetta frv. hreinlega eins og það var lagt fyrir þingið á sínum tíma, með öllum þess ágöllum og illa undirbúið, og setur það inn á Alþingi nánast óbreytt. Þar að auki hafði hæstv. núv. fjmrh. og ýmsir flokksmenn hans mótmælt þessu frv. harðlega og tekið þátt í því nefnd að reyna að gera einhverjar úrbætur á því. Ég man ekki betur en hæstv. núv. landb.- og samgrh. hafi þar komið inn á ýmsa ágalla þess og því kemur það mér á óvart að hann skuli hafa samþykkt að þetta frv. væri lagt fram með þessum hætti og hann skyldi ekki muna eftir þeirri reynslu sem hann fékk af frumvarpinu þegar það var til umræðu í þinginu. En svona er þetta nú, það er e.t.v. meira í orði sem þessir ráðherrar hafa kafað ofan í fortíðina og betur að koma í ljós að í reynd hafa þeir e.t.v. ekki gert það.

En þá ætla ég, vegna þess að nú er hæstv. núv. landbrh. kominn í salinn, að koma nokkuð inn á mál sem eru á ábyrgðarsviði hans. Ég hef komið inn á það áður að það er ekki einfalt mál að skilgreina það hvað felst í orðinu opinber fjárfestingarlánasjóður. Það er t.d. tekið fram að sjóður eins og Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður fatlaðra séu ekki slíkir sjóðir og ekki eigi að skattleggja þá. Sama má segja um Lánasjóð ísl. námsmanna þó það sé ekki beinlínis tekið fram í lögunum þá kemur það fram í greinargerð að það sé ekki litið á hann sem opinberan fjárfestingarlánasjóð. Nú er það hins vegar ljóst að Lánasjóður ísl. námsmanna er að því leytinu til fjárfestingarlánasjóður að hann er að fjárfesta í menntun landsmanna og gert er ráð fyrir því að það fólk sem nýtur þessara lána og leggur í kostnað við að mennta sig, greiði fjármagnið til baka. En ég býst við því að allir geti verið sammála um að það sé til lítils að vera að skattleggja síðan slíkan sjóð sem byggir starfsemi sína eingöngu á fjárframlögum ríkisins. Þess vegna er ég sammála því að það sé ekki rétt að starfsemi slíks fjárfestingarlánasjóðs heyri undir lögin um tekjuskatt og eignarskatt.

Hins vegar er gert ráð fyrir því að t.d. sjóður sem heyrir undir ábyrgðasvið núv. landb.- og samgrh., eins og Hafnabótasjóður, Ferðamálasjóður, Fiskræktarsjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Landflutningasjóður, verði skattskyldir í samræmi við lögin um tekjuskatt og eignarskatt og greiði bæði tekjuskatt og eignarskatt. Því hlýtur maður að spyrja: Er um að ræða sjóði sem eðlilegt getur talist að heyri undir slíka skattlagningu og hvaða áhrif mun skattlagningin hafa á starfsemi sjóðanna?

Ég skal játa það að ég er ekki nægilega vel að mér um starfsemi sjóðanna til að dæma um áhrifin og því er mér nokkuð í mun að heyra það frá hæstv. landb.- og samgrh. hvaða áhrif þetta geti haft. Ég veit ekki betur en að starfsemi Hafnabótasjóðs sé með þeim

hætti að hann byggi tekjur sínar fyrst og fremst á fjárframlögum ríkisins. Hafnabótasjóður greiðir styrki til ýmissa hafna í landinu til að greiða fyrir hafnarframkvæmdum. Sérstaklega á það við um tekjulitlar hafnir þar sem ekki er talið að hafnargjöld geti staðið undir kostnaði. Nú má vel vera að núv. ríkisstjórn hafi uppi áform um það að stórauka tekjur hafnanna og leggja á hærri gjöld, ekki síst á fiskiskipaflotann. Það kæmi ekki á óvart. En ég hef samt ekki trú á því, jafnvel þótt ráðist yrði í slíka framkvæmd við erfiðar aðstæður, að það muni duga til þess að hægt sé að draga mikið úr starfsemi Hafnabótasjóðs. Ég veit eiginlega ekki hvaða tilgangi það þjónar að gera slíkan styrktarsjóð skattskyldan, sjóð sem er háður framlögum ríkisins en ef svo skyldi nú fara að öllu fé sjóðsins yrði ekki ráðstafað og eitthvað af því geymt til síðari tíma, sem er af hinu góða, þá ætti viðkomandi sjóður að borga tekjuskatt. Ef hann á eitthvert eigið fé þá eigi hann að borga eignarskatt. Það hlýtur að kalla á meiri framlög ríkisins til viðkomandi sjóðs, þannig að hér er um sýndarmennsku að ræða og ég hygg að þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. flutti þetta frv. á sínum tíma á hv. Alþingi hafi menn verið búnir að gera sér þetta ljóst.

Næsti sjóður sem má telja upp og heyrir undir samgrn. er Ferðamálasjóður. Ferðamálasjóður er vissulega lánasjóður, en Ferðamálasjóður hefur jafnframt verið með styrki til einstakra framkvæmda í landinu. Ég veit ekki betur en Ferðamálasjóður hafi fengið beinar fjárveitingar frá ríkinu til þess að endurskipuleggja fjárhag ýmissa gistihúsa í landinu, en því miður hefur þurft að fá opinbera styrki til uppbyggingar í ferðamálum víða um landið og jafnvel í veitingahúsarekstri. Það er ekki eingöngu í Reykjavík að slíkur rekstur er háður að nokkru leyti jákvæðum hug opinberra aðila þó það sé að vísu með öllu óeðlilegt að ríkisvaldið og hið opinbera sé að blanda sér mikið í veitingahúsarekstur í landinu. En eins og öllum er kunnugt hefur borgarstjórnin í Reykjavík og meiri hluti hennar lagt sérstaka áherslu á slíkan rekstur á vegum borgarinnar. En í öðrum tilvikum úti um land hefur það verið þannig að miklir erfiðleikar hafa komið upp og þess vegna hefur Ferðamálasjóður lengt lán og jafnvel afskrifað lán til þess að tryggja áframhaldandi rekstur. Það hefur jafnframt verið svo að mjög hefur verið gagnrýnt hversu lítið fé hefur komið frá opinberum aðilum til þess að standa við bakið á sameiginlegri starfsemi í ferðamálum og einkum hefur það verið gagnrýnt hversu lítið fé hefur komið frá Fríhöfninni í Keflavík. Með því að skattleggja Ferðamálasjóð sérstaklega er ljóst að sá sjóður hefur minni möguleika til að standa við skuldbindingar sínar og standa við það hlutverk sitt að vera bakhjarl uppbyggingar ferðamála á Íslandi. Því er eðlilegt að spurt sé: Hvaða áhrif mun þetta hafa á stöðu sjóðsins og hvaða áhrif mun það hafa á uppbyggingu ferðamála í landinu?

Næsti sjóður sem heyrir undir hæstv. landb.- og samgrh. er Fiskræktarsjóður sem mun ekki vera stór að vöxtum en er eftir því sem ég best veit styrktarsjóður fiskeldis í landinu og hefur getað staðið eitthvað við bakið á rannsóknastarfsemi. Mér er ekki fullkunnugt um það hvernig tekjum þessa sjóðs er háttað en það er næsta undarlegt ef þarna er um sjóð að ræða sem getur í reynd talist opinber fjárfestingarlánasjóður.

Þá er komið að Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem var stofnaður til þess að styðja við bakið á bændum sem vildu fara í annan atvinnurekstur en hefðbundinn landbúnað. Sjóðurinn fékk til umráða allverulegt fé sem kemur úr ríkissjóði. Nú er það með þann sjóð, eins og marga aðra, að þótt fjármagn komi frá ríkinu er ekki alveg víst að því sé öllu ráðstafað strax. Það er í reynd ekki æskilegt að vera að ráðstafa fé bara til að ráðstafa því, heldur er mikilvægast að því sé ráðstafað til mikilvægra og uppbyggilegra verkefna. Sjóðurinn er algjörlega háður framlögum úr ríkissjóði og ég sé ekki hvaða tilgangi það á að þjóna að fara að krefja hann um tekjuskatt ef einhverju yrði óráðstafað af peningum um áramótin. Ég skil það núna af hverju hæstv. 3. þm. Austurl. hefur ekki allt of mikla trú á því sem verið er að gera því ég veit að hann þekkir þetta mál miklu betur en ég. Ég hefði næstum því haldið að hann hefði getað séð til þess að benda á þetta þegar fjallað hefur verið um málið í hans þingflokki. Kemur mér í reynd á óvart (Gripið fram í.) að þetta skyldi hafa farið fram hjá honum. En þá staðfestist það sem ég sagði áðan að þetta mál hefur verið illa undirbúið þar eins og áður var. Í reynd hafa menn þá ekkert lært af reynslunni. Það er ekki gott að menn skuli læra svona lítið af reynslunni.

Ég veit ekki hvernig hæstv. núv. landbrh. hefur hugsað sér það að skattlagning sjóðsins fari fram. Ég kem ekki auga á það hvaða reikningsskilavenjum á að beita í sambandi við þá framkvæmd, en hæstv. landbrh. mun áreiðanlega upplýsa það hér á eftir.

Þá er komið að Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar er vissulega um að ræða opinberan fjárfestingarlánasjóð. Hins vegar hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins þá sérstöðu að lánasjóðurinn er nokkuð háður framlögum. Áður fyrr lagði hið opinbera verulegt fé til starfsemi sjóðsins en nú mun það vera þannig að allmikið framlag kemur inn í sjóðinn. Það eru gjöld sem greidd eru af tekjum bænda en eins og allir vita er verðlagningu landbúnaðarvara þannig háttað að mjög verulegt fjármagn af því sem rennur til bændanna kemur af framlögum ríkisins í gegnum niðurgreiðslur og í gegnum útflutningsbætur. Á næsta ári er hugmyndin að hefja þar nýja skipan sem byggist á beinum greiðslum til bænda. Þannig er málum jafnframt háttað í þessum sjóði að vextir eru borgaðir mjög mikið niður og sjóðurinn lánar út á mun betri kjörum en þau lán sem hann tekur gefa tilefni til.

Þetta má vissulega gagnrýna þótt því fylgi nokkrir kostir, en takmörk eru fyrir því að mínu mati hversu rétt það er að skuldlitlir bændur með lítið umleikis leggi af mörkum til þess að borga niður lán þeirra sem ráðast í miklar fjárfestingar.

Ég held að það fari ekki fram hjá neinum að skattlagning Stofnlánadeildar landbúnaðarins mun hafa mikil áhrif á uppbyggingu sjóðsins og hlýtur að kalla á endurskoðun laganna um Stofnlánadeildina. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. hvaða áhrif þetta muni hafa á

starfsemi sjóðsins, hvort þess sé að vænta að lagt verði í það að breyta lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og hvort það muni ekki hafa veruleg áhrif á starfsemi sjóðsins að öðru leyti.

Þá er að lokum sjóður sem mun snerta ábyrgðarsvið hæstv. samgrh. Það er Landflutningasjóður sem er trúlega fjárfestingarlánasjóður sem lánar m.a. til flutningatækja á landi og ég hygg að hann beri nafnið fjárfestingarlánasjóður betur en ýmsir þeir sjóðir sem ég hef áður nefnt.

Ég ætla þá ekki að hafa lengra mál um þessa sjóði, hæstv. landbrh., en ég tel mjög mikilvægt að það verði betur upplýst við 1. umr. hvað menn hafa í huga því það fer náttúrlega ekki hjá því að það mun taka nokkurn tíma að ræða við þá aðila um þá miklu skipulagsbreytingu, sem hér er fyrirhuguð, við umfjöllun málsins í nefnd.

Ég vil þá, vegna þess að hæstv. sjútvrh. er hér, aðeins koma inn á málefni Fiskveiðasjóðs, en það er gert ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður heyri undir þessa skipan mála, þ.e. hreinar tekjur hans yrðu þá skattskyldar og eignir hans jafnframt. Ég geri mér grein fyrir því að Fiskveiðasjóður Íslands er opinber fjárfestingarlánasjóður. Það hafa margir gagnrýnt að hann falli ekki undir lögin um tekjuskatt og eignarskatt á sama tíma og innlánsstofnanir sem eru að lána til sambærilegra verkefna þurfi að greiða slíka skatta. Ég skil alveg þau rök sem þar búa að baki en hér hefur m.a. verið haldið fram að það sé mikilvægt að Fiskveiðasjóður geti lánað meira til innlendra skipasmíða en til erlendra. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að það beri að lána sem allra minnst til skipasmíða og helst ekki neitt því að okkur vantar engin fiskiskip. Það er nóg til af þeim. Það er ekki það sem vantar í íslenskt þjóðarbú. Þar af leiðandi er ekki mikil ástæða til þess í sjálfu sér að greiða mjög fyrir skipasmíði. En ekki verður við allt ráðið og við búum við athafnafrelsi í landinu, sem betur fer, og opinber yfirvöld geta ekki sagt fyrir nákvæmlega um það hvað einstaklingar og fyrirtæki gera, sem betur fer. Því verða menn oft að sætta sig við það að ýmislegt sé gert í landinu sem stjórnmálamönnum og almenningi þykir ekki skynsamlegt að gert sé. En auðvitað getur þeim skjátlast eins og öðrum. En það fer ekki hjá því að þetta mun hafa nokkur áhrif á starfsemi Fiskveiðasjóðs. Þar hefur sú skipan mála verið tekin upp að Fiskveiðasjóður hefur fengið heimild til þess að verja ákveðnum hluta tekna sinna til rannsóknar- og þróunarstarfs. Ég held að það sé alveg ljóst að þegar sú skipan mála hefur verið tekin upp þá mun Fiskveiðasjóður ekki geta sinnt því hlutverki. Mér finnst ekki óeðlilegt að Fiskveiðasjóður Íslands láti hluta af tekjum sínum renna til slíkrar starfsemi og það er mjög brýnt um þessar mundir að hann gegni því hlutverki sínu, en það er jafnljóst að þegar nýja skipanin verður tekin upp, þá mun ekki ein einasta króna renna til þess háttar starfsemi. Þetta er ekki síður bagalegt vegna þess að nú er þannig háttað að mikil þörf er á því að gera meiri verðmæti úr þeim afla sem á land kemur og það er ekki nægilegt fjármagn til rannsókn- ar- og þróunarstarfs. T.d. liggur það alveg fyrir að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins býr við mikið fjársvelti og getur ekki sinnt margvíslegum framfaramálum sem snerta íslenskan sjávarútveg. Ég á ekki von á því að hægt verði að bæta úr því í meðferð fjárlaga en þessi nýja skipan dregur enn úr þeim möguleikum sem eru til framfarasóknar á því sviði. Þótt ég skilji mjög vel að afla þurfi ríkissjóði tekna við þessar aðstæður og það þurfi að draga úr útgjöldum þá mega menn ekki ganga svo langt að dregið sé úr möguleikum til verðmætasköpunar því það er nú þrátt fyrir allt það sem við þurfum mest á að halda nú um þessar mundir, þ.e. að framleiðslan vaxi og arðsemi atvinnulífsins verði meiri þannig að hagvöxtur verði einhver hér á landi. En ef það á að gelda alla þá aðila sem geta sinnt því hlutverki að auka hagvöxt á Íslandi fer illa fyrir ríkissjóði eins og landinu í heild. Ríkissjóði verður ekki bjargað með því að draga úr allri viðleitni til aukinnar framleiðslu, framfara og aukins hagvaxtar.

Þá er ég kominn að Lánasjóði sveitarfélaga sem mér skilst að eigi að skattleggja í samræmi við lögin um tekjuskatt og eignarskatt. — Virðulegi forseti. Ég vildi spyrjast fyrir um það hvort núv. félmrh. sé í húsinu eða iðnrh. Ég get tekið það í þeirri röð sem henta þykir. (**EgJ:** Það er vissara að fá þá alla.) Ekki væri það verra. — Lánasjóður sveitarfélaga gegnir þýðingarmiklu hlutverki fyrir sveitarfélögin í landinu og sá sjóður lánar til margvíslegra uppbyggingarmála sveitarfélaganna. Eftir því sem ég best veit þarf hann ekki síst að sinna ýmsum þeim málum sem hér var m.a. hreyft í morgun og varða sorpmál, frárennslismál og skolpmál. Hér töluðu nokkrir þingmenn á þessum morgni um mikilvægi þess að fara í umfangsmiklar umbætur á þessu sviði.

Ég get vel skilið þessar þarfir og ég skil jafnframt að ekki er mögulegt að skattleggja starfsemi sveitarfélaga með sama hætti og annan rekstur í landinu. Vandinn er fyrst og fremst þessi: Hvenær eru stofnanir og atvinnurekstur á vegum sveitarfélaga þess eðlis að rétt sé að skattleggja þau? Ég tel eðlilegt ef sveitarfélög reka fyrirtæki að þá sé rekstur þeirra fyrirtækja skattlagður. Ég tel það jafnframt koma til mála ef sveitarfélög sjá um ýmsan atvinnurekstur eins og rekstur orkufyrirtækja að litið sé á rekstur þessara orkufyrirtækja með sambærilegum hætti og önnur atvinnufyrirtæki. Nú er alveg ljóst að ef Hitaveita Reykjavíkur eða Rafmagnsveita Reykjavíkur væru hlutafélög eða Rafmagnsveitur ríkisins væru hlutafélag, þá væru þessi fyrirtæki skattskyld eins og önnur fyrirtæki. Ef fyrirtækinu Landsvirkjun yrði breytt í hlutafélag mundi það koma til skattlagningar. Ég teldi miklu eðlilegra sem fyrsta skref að jafna þessar aðstæður og skattleggja rekstur þessara fyrirtækja áður en menn ganga lengra í því að breyta þeim í hlutafélög. Hlutafélag er ekkert annað en form og það hentar ekki í öllum tilvikum þótt það kunni að vera ágætt í mjög mörgum. Það er ekki hugmyndin hér, hæstv. félmrh., að skattleggja starfsemi þessara fyrirtækja á vegum sveitarfélaga. Það er hins vegar hugmyndin að skattleggja Lánasjóð sveitarfélaga. Hann á þá að greiða tekjuskatt og eignarskatt sem hljóta að vera verulegar fjárhæðir. Þá kemur upp

spurningin: Af hverju telja menn að Lánasjóður sveitarfélaga skuli borga tekjuskatt og eignarskatt frekar en t.d. Byggingarsjóður ríkisins? Hver er munurinn á þessum sjóðum? Annars vegar er Byggingarsjóður ríkisins sem lánar til húsbygginga í landinu, fjárfestingarsjóður húsnæðismálanna, byggir afkomu sína að verulegu leyti á framlögum ríkisins, sérstaklega frá fyrri tíð, og ég held að það mundi þjóna litlum tilgangi að fara að láta hann borga tekjuskatt og eignarskatt. Lánasjóður sveitarfélaga er hins vegar þannig byggður upp að hann byggir á framlögum sveitarfélaganna en ekki ríkisins, en byggir afkomu sína á tekjum frá opinberum aðilum. Þess vegna hlýt ég að spyrja af hverju fjárfestingarlánasjóður er skilgreindur sem skattskyldur aðili vegna þess að hann byggir afkomu sína á framlögum sveitarfélaganna en ef hann byggði afkomu sína á framlögum frá ríkinu, eins og byggingarsjóður, þá á ekki að skattleggja hann. Hvaða hugmyndafræði liggur þarna að baki? Jafnvel þótt þessi hugmyndafræði sé komin frá fyrrv. fjmrh., hvers vegna í ósköpunum tók þá núv. fjmrh. upp þessa hugmyndafræði? Ég trúi því nú vart að embættismennirnir í fjmrn. — vegna þess að ég sé þá í hliðarsal — séu svo áhrifamiklir að það sé þeirra hugmyndafræði sem þarna ræður ferðinni. Ég hefði þá talið að rétt hefði verið fyrir þessa ágætu embættismenn að lesa yfir umræðurnar sem urðu hér á þingi áður en þeir slógu þessu frv. saman í flýti eftir nóttina löngu þegar allt var ákveðið og menn vöknuðu glaðir eftir stuttan svefn og héldu að öll mál væru leyst. Verið gæti að þetta mál væri einn af ávöxtunum og mér sýnist á öllu að nokkuð sé farið að slá í þessa ávexti sem hér liggja á borðunum.

Þá vil ég að lokum koma að Iðnlánasjóði og Orkusjóði sem heyra undir hæstv. núv. iðnrh., en ég hafði, og vildi óska eftir því að hann væri hér viðstaddur, nánast lokið umfjöllun um Iðnlánasjóð en komst ekki hjá því að ræða nokkuð um það hlutverk sem Iðnlánasjóður hefur einkum sinnt og e.t.v. ætlunin að hann sinni mjög á næstunni og það er aðstoð við endurskipulagningu og þróun þeirra fyrirtækja sem stundað hafa skipasmíðar hér á landi. Ég held að menn verði að gera sér það alveg ljóst að skipasmíðar í hefðbundnum stíl munu ekki verða mjög miklar hér á landi á næstu árum. Við eigum nóg af fiskiskipum og það er mikil sjálfsblekking að halda að farið verði í það að skapa skipasmíðastöðvum nægileg verkefni við uppbyggingu fiskiskipaflotans. Hitt er svo annað mál að það er líka eðlilegt að líta til þess að fleiri skip eru í landinu en fiskiskip og íslenskur skipasmíðaiðnaður og þjónustuiðnaður hefur haft sáralítil verkefni frá íslenskum kaupskipaflota. En það er svo undarlegt með það að þegar rætt er um möguleika skipasmíðanna hér í landinu tala menn nær eingöngu um fiskiskipaflotann. Menn hneykslast gjarnan á því að verkefni, sem hægt er að leysa af hendi hér á landi, séu leyst af hendi erlendis og ekkert nema eðlilegt við það að sú umræða sé sterk og menn reyni að halda sem mestum verkefnum í landinu. Fulltrúar íslenska skipasmíðaiðnaðarins minnast afar sjaldan á það að íslensk kaupskipaútgerð notar mjög lítið þjónustu hér á landi. Og það er eins og það þyki sjálfsagt að fraktskipin fái sína þjónustu meira og minna erlendis og hafi engar skyldur við íslenska atvinnuvegi. Ég held að það sé eitt af mikilvægu verkefnunum fyrir þennan iðnað að það takist að þróa hann þannig að hann geti sinnt kaupskipaflotanum betur. Þess vegna hlýtur maður nú að spyrja hvort þessi nýja skattlagning Iðnlánasjóðs muni ekki verða til þess að leggja verði slík verkefni á hilluna því að Iðnlánasjóður hefur væntanlega ekki þá möguleika sem hann hafði til þess að standa við bakið á slíkum þróunarverkefnum sem ég held að séu mikilvægust fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað og núv. og fyrrv. iðnrh., núv. hæstv. fjmrh., settu af stað. Þetta eru verkefni sem taka langan tíma en ég tel að þeir hafi verið á réttri braut í sambandi við það mál og allt sem þar hefur verið gert hafi verið virðingarvert.

Ég hef hins vegar varað við því þegar haldið er fram að það muni leysa vanda íslensks skipamsíðaiðnaðar að fá hér í viðskipti togara sem veiða úti á Reykjaneshryggnum, einkum frá Austur-Evrópu. Það hefur verið mikið baráttumál t.d. hafnaryfirvalda í Hafnarfirði að fá viðskipti við þessi skip. Það hefur mátt lesa út úr orðum hæstv. núv. iðnrh. að menn hafi staðið gegn þessu. Það er rétt. Formaður þingflokks Alþfl. vitnaði sérstaklega til þess að færa mætti margháttaða þjónustu við þessi skip inn í landið og vitnaði til þess að jafnvel Japanstogarar gætu komið hér til viðgerða. Nú er það alveg rétt að auðvitað eiga þessi skip leið um heimshöfin og er sjálfsagt að reyna að þjónusta þau. En það á ekki að gera kleift að Ísland verði útgerðarstöð þessara aðila til þess að veiða á mörkum landhelginnar og til þess að veiða úr sameiginlegum stofnum Íslendinga og annarra þjóða nema um þessa stofna hafi verið samið. Þetta er mikið grundvallaratriði og þeir hagsmunir eru miklu meiri en hagsmunir einstakra þjónustuaðila í þessu sambandi. Ef fórna á þessum miklu hagsmunum fyrir hagsmuni einstakra þjónustuaðila er þar á ferðinni mjög alvarlegt mál. Ég hef legið undir ámælum fyrir það að hafa staðið gegn því og hefur því verið líkt við afturhaldsöfl. En það þýðir lítið að ætla sér að lagfæra stöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins með einhverjum sjónhverfingum og halda að lagfært verði með því að breyta lögum með þeim hætti sem hefur verið haldið fram. Það getur vel verið að lifa megi á slíkum sjónhverfingum í einhvern tíma. En ég sit a.m.k. ekki undir því sem hæstv. núv. iðnrh. hefur látið í skína í sínum ræðum í þessu sambandi. Ég vil benda honum á að styrkja fremur stöðu Iðnlánasjóðs til þess að sinna þessu hlutverki.

Herra forseti. Ég hef þá farið yfir stöðu þessara sjóða en vil jafnframt benda á að þessi mál koma inn á endurskipulag starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að hér gerir hann tillögu um að allir þessir sjóðir verði skattskyldir. — Herra forseti. Ég ætla að spyrja að lokum hæstv. fjmrh. nokkurra spurninga, ef hann mætti vera að því að hlusta, varðandi þessa sjóði.

Eins og hæstv. ráðherra veit hefur lengi verið í umræðunni að endurskipuleggja starfsemi sjóðanna, sam-

eina þá og færa í nýtt form. Margar skýrslur hafa verið skrifaðar um þessi mál og þar koma fram margvísleg sjónarmið. Hæstv. núv. fjmrh. hefur, eins og kunnugt er, boðað það að breyta Búnaðarbankanum í hlutafélag, og ég hef áður gert það að umræðuefni hér, selja hann fyrir lítið. En síðan kemur í ljós að meiri hluti efh.- og viðskn. tilkynnir það í nál. að hugmyndin sé að fella niður ríkisábyrgð á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs og bætir svo við: Þessi breyting er undirbúningur þess að gera þessa sjóði að hlutafélögum. (Gripið fram í.) Þá vita menn að það á líka að gera þessa sjóði að hlutfélögum og ég spyr: Hvenær á það að gerast? Á það líka að gerast í upphafi næsta árs um leið og Búnaðarbankinn verður hlutafélag? Það hlýtur a.m.k. að verða að koma fram frv. um það og ég spyr því: Hvenær eru þessi frumvörp væntanleg og á líka að selja þessa sjóði fyrir lítið? Hver á að fá peningana því að deilt er um það í dag hver á t.d. Iðnlánasjóð? Samtök iðnaðarins halda því fram að þau eigi sjóðinn og mótmæla því eindregið að ríkið eigi hann. (**ÓÞP:** Það verða auðvitað málaferli.) Það er alveg ljóst að út úr því geta orðið málaferli. Það er rétt til getið hjá hv. 2. þm. Vestf. að hætta er á því að málaferli verði. Ekki er því víst að fjmrh. geti selt þetta fyrir lítið þótt hann í gjafmildi sinni vildi láta ýmsa aðila samfélagsins, sem eiga peninga, fá þessi hlutabréf á tombóluprís. Þá er líka, hæstv. fjmrh., þegar búið verður að selja þetta allt fyrir lítið, eignarskatturinn lagður á í samærmi við kaupverðið. Þá fá menn ekki eignarskatt af raunverulegum verðmætum heldur af kaupverðinu. Með því að selja fyrir lítið er hæstv. fjmrh. ekki aðeins að missa af fjármagni fyrir eignir ríkisins heldur líka af skatttekjum í framtíðinni.

Ég get líka skilið þá viðleitni að draga úr ríkisábyrgðum í gegnum þessa sjóði. Ég tek undir það sem segir í skýrslu Seðlabanka Íslands, sem ég vildi vitna til, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir m.a.:

„Ljóst er að þessi mikla notkun ríkisábyrgða er rótgróinn þáttur í skipulagi lánamarkaðarins hér á landi og breytingar hljóta því að taka langan tíma og gerast í áföngum."

Það er alveg rétt að allt of mikið er af erlendum skuldum Íslendinga með ríkisábyrgð með einum eða öðrum hætti. Mér er nær að halda að það geti nálgast 80%. Ég held að það sé líka rétt, sem kemur fram í þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir:

„Enginn vafi er á því að svo víðtæk notkun ríkisábyrgða dregur úr aðhaldi og aðgætni í útlánastarfsemi og leiðir til þess að útlánaaukning verður meiri en ella og arðsemi ræður minna en skyldi um útlánaákvarðanir."

Að sjálfsögðu er mjög eðlilegt að líta á hlutverk fjárfestingarlánasjóðanna í þessu ljósi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, hæstv. fjmrh., og vil spyrja um þína skoðun í því sambandi, að sú ríkisábyrgð, sem á að byrja á að afnema og við ráðum ekkert við, sé ríkisábyrgðin á húsbréfum. Það hlýtur hver einasti maður að sjá, ef ríkið er að taka á sig ábyrgðir af húsbréfum upp á eina 15–20 milljarða á ári hverju, að slíkt hlýtur að enda með skelfingu.

Hér í bænum er rekinn opinber kontór þar sem greiðslugeta hvers einstaklings er metin 25 ár fram í tímann. Þar sitja kontóristar og fara yfir skattframtöl manna aftur í tímann og segja til um það hvort þeir geti borgað niður 3 millj., 8 millj. eða 10 millj. næstu 25 árin. Þeir skrifa spekingslegar skýrslur um þetta og dæma um það hvort Jón Jónsson sé hæfur til þess að borga 8 millj. næstu 25 árin eða 3 millj. Þeir líta m.a. til þess hvort maðurinn býr í Reykjavík, austur á landi eða vestur á fjörðum. Ef hann býr austur á landi eða vestur á fjörðum þykir hann ekki jafnlíklegur til þess að geta borgað þetta til baka. Þar séu þannig staðir að það megi vara sig á því að lána til slíkra aðila sem eru að snudda í fiski.

Hafa menn trú á því að þessir ágætu kontóristar, með mikilli virðingu fyrir kontóristum því að þeir eru nauðsynlegir eins og annað fólk, hafi framsýni til þess að segja til um það hvað Jón Jónsson getur borgað næstu 25 árin, jafnvel þótt þeir hafi umboð til þess frá núv. hæstv. félmrh.? Hvað ætla menn að gera ef forsendur breytast í þessum efnum? Á þá að setja nýja fortíðarnefnd í málið?

Aðstæður hafa breyst í útflutningsatvinnuvegunum og nú eru þeir ekki jafnhæfir til að borga lánin til baka. Menn hafa rannsakað það mjög vel og eru með ásakanir um það að þarna hafi ekki verið rétt staðið að málum. En það er alveg ljóst að þegar þjóðartekjur minnka og atvinnuleysi vex munu allar greiðsluáætlanir þessara ágætu kontórista fara út í veður og vind. Þá verður ekkert að marka þetta. Eina leiðin til þess að byggja upp eðlilegt aðhald í þessu verður að hver og einn geri sér grein fyrir því hvers hann er megnugur næstu 25 árin en ekki opinber skrifstofa í bænum. Ef einhver sósíalismi hefur verið tekinn upp hér á landi, sem ekki er ástæða til að bera mikla virðingu fyrir, þá er það þessi skrifstofa sem metur greiðslugetu hvers einstaklings í landinu.

Ég veit að núv. hæstv. félmrh. er mikill baráttumaður fyrir því að halda þessum kontór opnum. Ég skal vel taka á mig ábyrgð á því að hafa staðið að því að hleypa þessu af stað. En ég hafði alltaf efasemdir, bað um að farið yrði gætilega og reiknaði með því að fjmrn. gæti staðið þarna á bremsunum og komið í veg fyrir að þetta færi algerlega úr böndum. Því miður fór þetta úr böndum og ég er helst á því að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi ekki staðið nægilega vel þarna á bremsunum heldur. Ég sé ekki að það hafi skánað nokkurn skapaðan hlut við það að skipta um fjmrh. Ég held að það hafi heldur versnað. (**Gripið fram í:** Já, heldur versnað.) Heldur versnað og var þó slæmt fyrir. Ég skil ekki þessa hrifningu á þessum sósíalisma. Ég hefði betur getað skilið það þegar jafnaðarmaðurinn var fjmrh. Nú eru tveir flokkar hér á landi orðnir jafnaðarmannaflokkar sem eiga sér náttúrlega sósíalískan uppruna, báðir þessir flokkar, og byggja á sósíalisma sem er nú ekki merkileg hugmyndafræði, hefur aldrei verið og síst af öllu í dag. Ég trúi því ekki að hæstv. núv. fjmrh. sé farinn að aðhyllast þessar kenningar. Ég vil því

spyrja hann um það hvenær við megum vænta þess að þessum kontór sem metur greiðslugetu sérhvers einstaklings í landinu verði lokað og menn felli niður ríkisábyrgð á láni til hvers einasta íbúðarhúss í landinu. Þetta væri eðlilegur undirbúningur ef við værum að taka upp Sovétkerfið. Þá væri þetta á vissan hátt eðlilegur aðdragandi, ef við ætluðum að fara að taka upp slíkt kerfi þar sem menn skipta sér af sérhverjum húsbyggjanda og einstaklingi í landinu og ég mæli ekki með því. Ég held að menn ættu að læra af reynslunni í þeim efnum eins og öðrum og ég vænti þess að hæstv. núv. fjmrh. verði maður til að standa fyrir slíkum breytingum.

Ég vil svo að lokum segja að ég tel þetta frv. illa undirbúið. Ég efast um að margir hafi lesið það. Ég efast um að margir geri sér grein fyrir því inn á hvaða braut er verið að fara. Ég efast um að menn geri sér grein fyrir því hvaða áhrif það mun hafa á fjármagnsmarkaðinn og ég efast um að menn geri sér grein fyrir því hvort hér er um eitthvert framlag að ræða til endurskipulagningar fjárfestingarlánasjóðanna. Þetta er náttúrlega ekkert framlag inn í þá umræðu, eykur óvissu, dregur úr því trausti sem þessir fjárfestingarlánasjóðir hafa erlendis og ég gæti vel trúað því að ýmsir þeir aðilar, sem hafa lánað Íslendingum á undanförnum árum, segi lánunum einfaldlega upp þegar þeir lesa þetta frv., vegna þess að hér eru komnar gerbreyttar forsendur. Er það nú það sem menn þurfa sérstaklega á að halda um þessar mundir? Ætli menn þurfi ekki á því að halda að auka lánstraust Íslendinga erlendis? Ég óttast að það hafi nokkuð rýrnað vegna þeirra aðstæðna sem hér hafa skapast og minnkandi útflutningstekna. Það er viðkvæmt ástand sem þarf að fjalla um af mikilli nærgætni.

Fjármálaráðherra Íslands á að sjálfsögðu að vara sig á því að kasta hér inn illa sömdu frv. sem hefur verið undirbúið af fyrrv. fjmrh. og unnið að í þinginu og flestir komist ... (Gripið fram í.) En ekki vissi ég að það ætti sér svona langan aðdraganda en ég kannast við krógann, ég hef sé hann áður. Mér þótti hann alltaf heldur dapurlegur þótt ég viðurkenni að ég hafi ekki tjáð mig jafnrækilega um hann og núna. Vænti ég þess að það verði til þess að menn læri eitthvað af reynslunni og fari þá almennilega í málið. Í reynd er þetta mál þannig undirbúið, hæstv. forseti, að það ætti að taka það af dagskrá og senda það til ríksstjórnarinnar aftur þannig að hún fái a.m.k. tækifæri til að lesa það yfir og undirbúa betur í framhaldi af því. Þess vegna er ekki skynsamlegt að vera að eyða tíma þingsins í þetta frv.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki víkjast undan því að svara hv. þm. nokkrum orðum á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða. Það er svo um suma þá sjóði sem hann nefndi, Ferðamálasjóð t.d. sem er eingöngu lánastofnun og hefur ekki heimild til að veita styrki, að þeir styrkir sem hafa verið veittir í gegnum hann hafa verið veittir með sérstakri samþykkt Alþingis og samkvæmt fyrirmælum fjárveitinganefndar. Ég veit ekki betur en það sé rétt en stjórnin hefur á hinn bóginn ekki tekið ákvörðun um það. Má vera að þessi háttur á ríkisframlögum í gegnum einstaka sjóði sé hæpinn en það felst í því að Ferðamálasjóður hefur breytt lánum sínum í hlutafé en auðvitað haft af þessu tjón og skaða í sambandi við það að vaxtagreiðslur hafa fallið niður til sjóðsins sem hefur verið nettótap sjóðsins á þessum viðskiptum við fjárveitinganefnd.

Um Hafnabótasjóð og Framleiðnisjóð er það að segja að auðvitað er tilgangur laganna um skattskyldu innlánsstofnana sá að skattleggja lánarekstur. Þessir sjóðir báðir eru að hluta til fjárfestingarlánasjóðir og að því leyti, sem kemur inn á þann rekstur sjóðanna, má segja að rétt sé að þeir sitji við sama borð og aðrir fjárfestingarlánasjóðir. Á hinn bóginn er auðvitað ekki hugmyndin sú að löggjöfin sé með þeim hætti að hún sé eyðsluhvetjandi fyrir stjórnir sjóðanna og verður það atriði sérstaklega athugað í nefnd.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst fagna þeirri umhyggju og þeim stuðningi sem hv. 1. þm. Austurl. hefur í sinni ræðu sýnt Iðnlánasjóði og skipaiðnaðinum og áhuga hans á því að fundnar verði leiðir til þess að fjármagna með öruggum hætti þróunarverk vegna hans. Það er rétt hjá hv. þm. að saman stóðum við að styrkjum til markaðsátaks og framleiðniátaks í íslenskum skipaiðnaði. Það var verk sem hafið hafði verið af hæstv. núv. fjmrh. Reyndar varð það svo nokkru meira með hönnunarstyrkjum til nýsmíðaverkefna hjá nokkrum stöðvum og á því verður framhald. En ég vil láta það koma fram að skattskylda Iðnlánasjóðs mun ekki að mínu áliti skerða möguleika hans til að halda þessu verki áfram. Hann nýtur nú iðnlánasjóðsgjalds, sem m.a. stendur undir markaðs- og vöruþróunardeild sjóðsins, og eitt af því sem verður vandasamt í útfærslunni á skattskyldu sjóðsins, sem hér er gerð tillaga um, er að sjálfsögðu hvernig skattmeðferðin á iðnlánasjóðsgjaldinu verður. Við því hef ég ekki endanlegt svar en auðvitað fer geta hans til þess að standa undir verkum af því tagi sem hv. 1. þm. Austurl. bar svo mjög fyrir brjósti eftir því hvernig með það verður farið. Þetta vil ég láta koma fram.

En vegna þess að hv. 1. þm. Austurl. vakti hér upp umræður um önnur mál, m.a. frv. sem er fyrir hv. Alþingi um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og um lánareglur Fiskveiðasjóðs og aðgang innlendra skipasmíðastöðva að lánsfé yfirleitt, vil ég láta það koma fram að því máli og tillögum mínum um það í fyrri ríkisstjórn voru gerð mjög ítarleg skil í skýrslu sem lögð var fyrir þingið í desember 1989 á 112. löggjafarþingi, 258. mál, þskj. 457 á því þingi.

Þar kemur mjög greinilega fram að ég gerði ítrekað tillögur um það að aukinn yrði munur á lánum eftir því hvort nýsmíði skipa í Fiskveiðasjóði væri keypt innan lands eða frá öðrum löndum, að aðgangur iðnaðarins að stjórn þessa lánasjóðs væri aukinn og heimildir rýmkaðar fyrir erlend skip að þiggja hér viðgerðarþjónustu og aðra þjónustu. Samstaða um það mál

náðist ekki í fyrri stjórn. Það tel ég að hafi ekki verið vel ráðið. Ég þekki og met rökin sem hv. 1. þm. Austurl. færði fram fyrir því að fara þurfi með gát í því að leyfa aðgang að íslenskum höfnum ef það kynni að verða til þess að auðvelda nytjar okkur í óhag á fiskstofnum á Íslandsmiðum. Nú er hins vegar komið fram frv. um málið sem nýtur víðtæks stuðnings í þinginu frá þingmönnum allra flokka, að ég hygg, og væntanlega fæst þá lausn á málinu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við lifum dálítið merkilega tíma þessa stundina. Svo er komið að farið er að bera á því að hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hóti hver öðrum málaferlum verði af skattlagningu á þessu eða hinu hér í landinu — og er nú horfinn úr salnum sá sem djarfast hefur gengið fram í þessum efnum. Ég veit ekki hvað hv. formaður fjh.- og viðskn. hinnar nýju í þinginu þolir mikið af stefnum af hendi stjórnarsinna áður en hann snýst til varnar og fer að gagnstefna mönnum. Þetta geta því orðið mjög fjörleg málaferli. Við trúðum því að til valda væru komnir menn á Íslandi sem sögðu fyrir kosningar að þeir ætluðu að afnema vinristristjórnarskattana, en þeir hafa nú leitað með ryksugu og græjum í fjmrn. að frumvörpum sem ekki var búið að koma í gegn, að nýjum sköttum sem vinstri stjórnin hafði ekki komið á. Hvar var þetta í bláu bókinni, loforðalistanum stóra? Og hvað er mikið eftir? Nú er ráð að fulltrúi Morgunblaðsins bóki: Hvað er mikið eftir af svona frumvörpum í ráðuneytinu sem við eigum von á að fá í hendurnar fyrir jól? Það er nefnilega alveg makalaust ástand að hér komi menn með frumvörp inn í þingið sem mestu mælskumenn Sjálfstfl. á Alþingi Íslendinga og fjármálasérí rökkuðu niður þegar annar ráðherra flutti þau inn í þingið. Það getur vel verið að sumir séu orðnir svo fölir af vöku að það komi ekki til að blóðið renni fram í kinnarnar á þeim þannig að það sjáist ekki lengur hvort þeir verði rauðir undir athugasemdum.

En hver er staðan að dómi ritstjóra Dagblaðsins? Leiðarinn er athyglisverður í Dagblaðinu þar sem þetta er tekið fyrir. „Marklausir með lífsstíl", með leyfi forseta, heitir texti dagsins og er umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra að átta sig á stöðunni.

„Þegar illa árar, reynir mest á forustuna. Þá er gott að hafa stjórnskörunga á borð við Winston Churchill sem rísa hæst þegar þrautirnar eru mestar og hrífa fólk með sér til sameiginlegra átaka gegn aðsteðjandi erfiðleikum. Slíka vantar okkur núna í kreppunni.

Við höfum hins vegar fjármálaráðherra sem er búinn að setja um bílafríðindi ráðherra nýja reglugerð er felur í sér frávik frá því sem gildir um aðra forstjóra í þjóðfélaginu og leiðir til að ráðherrar borga ekki nema fjórðung af því sem ríkisskattstjóri taldi rétt.

Þegar þessi sami fjármálaráðherra kemur með mæðusvip í sjónvarp og segir ástandið svo alvarlegt að allir hópar þjóðfélagsins þurfi að leggja sitt af mörkum er ekki ljóst hvort réttar sé að hlæja eða gráta." (**GHelg:** Hvaða blað er þetta, þm.?) Þetta er það rit sem mestir frelsisvindar hafa blásið um, hv. 14. þm. Reykv., DV er það sem ég er að lesa upp úr. Þetta er sko ekki það útþvælda blað Þjóðviljinn. Ég vil að menn geri sér grein fyrir því. „Þarna er á ferð marklaus maður með marklausa predikun" stendur í þessum texta.

„Það er einmitt einkenni núv. ríkisstjórnar að hún sáir ekki trausti í hjörtu fólks. Hún er ekki skipuð stjórnskörungum sem geta fengið þjóðina til að taka möglunarlítið á sig nýjar byrðar. Hún er skipuð eiginhagsmunastrákum sem ekki njóta virðingar."

Herra forseti. Ekki veit ég hvers félmrh. á að gjalda í þessum texta.

„Hinn einkennisgalli ríkisstjórnarinnar er að ráðherrar virðast telja starf sitt vera léttara en það er í raun. Þeir virðast fremur líta á ráðherratignina sem eftirsóttan lífsstíl en sem verkefni sem þurfi að fást við. Þeir eru að leika ráðherra en ekki að starfa sem ráðherrar.

Þetta lýsir sér í að verk ríkisstjórnarinnar reynast illa unnin þegar þau koma fyrir Alþingi. Hún leggur fram bandorm, tillagna um álögur út og suður og niðurskurð út og suður án þess að hafa rætt málin við þá aðila sem helst eiga að sæta álögum og niðurskurði.

Þegar virðingarlítil ríkisstjórn vinnur verk sín illa mætir hún andófi og uppreisn utan þings og innan. Hennar eigin þingmenn hlaupa í allar áttir undan ábyrgðinni af verkum hennar. Afleiðingin er að bandormur hennar um álögur og niðurskurð fer út um þúfur.

Ráðherrar verða að láta undan síga og falla frá hverju málinu á fætur öðru; falla frá tilfærslu kostnaðar af málum fatlaðra til sveitarfélaga, falla frá auknum skólagjöldum, falla frá frestun jarðganga á Vestfjörðum, falla frá verulegum hluta af minnkun sjómannaafsláttar.

Það hriktir í flestum þáttum bandormsins nema niðurskurði barnabóta af því að barnafólk á sér ekki málsvara á borð við þá sem berjast gegn álögum og niðurskurði á öðrum sviðum. Hvert á fætur öðru bila áform ríkisstjórnarinnar um minni taprekstur ríkisins.

Komið hefur í ljós að ráðherrarnir hafa meira eða minna látið hjá líða að tryggja málunum stuðning eða hlutleysi. Sveitarstjórnir og samtök þeirra höfðu ekki hugmynd um ráðagerðir ríkisstjórnarinnar á þeirra sviði fyrr en þær birtust í margumræddum bandormi.

Þannig fer tvennt saman hjá ríkisstjórninni. Hún vinnur ekki verk sín af nauðsynlegri kostgæfni til að tryggja þeim brautargengi. Og hún nýtur ekki þeirrar virðingar innan og utan þings að menn víki úr vegi til að auðvelda henni að koma málum sínum fram.

Svona fer fyrir strákum með lífsstíl. Svona fer fyrir þeim sem gæta þess vendilega að leggja ekki niður dagpeningakerfi sem er ferðahvetjandi fyrir ráðherra af því að þeir vilja ekki draga úr lífsstíl sínum. Þeir halda lífsstíl sínum en glata trausti og virðingu annarra.

Verst er að ráðherrarnir virðast sáttir við þá stöðu að þeir séu að leika ráðherra án þess að mark sé tekið á þeim svo framarlega að þeir fái bara að leika sér."

Þetta er texti dagsins úr því blaði Íslands sem færði þessari ríkisstjórn það fylgi sem dugði til þess að hún

náði kjöri á Alþingi. Það er ekki skrýtið þó að umhvrh. sé í órólegu skapi þegar hann labbar fyrir púltið og áttar sig á því að það er brostin vörnin í blaðaheimi landsins fyrir ríkisstjórnina. Það er merkileg staða að mælskumenn þingsins á borð við hæstv. landbrh. sem yfirleitt kom á framfæri skoðunum sínum að menn mættu vita hver væri hans vilji, hann býr við það að maður verður að fara að lesa hans fyrri ræður til að átta sig á því hverjar séu skoðanir hans á hinum ýmsu málaflokkum. Hvað segir svo þessi hæstv. ráðherra, hvað segir hann um það frumvarp sem er til umræðu? Hann segir svo, með leyfi forseta, 7. des. 1988, um skattlánsskyldu innlánsstofnana. Þetta er í dálki 1518 í Alþingistíðindum:

„Ég er á hinn bóginn sammála því, herra forseti, að eðlilegt sé að skattlagning sé sambærileg á sambærilegan rekstur. Ég er fullkomlega sammála því að veðdeildir bankanna eigi að skattleggjast með sama hætti og önnur bankastarfsemi í landinu, en ég vil ítreka hitt sjónarmið mitt að enn er ýmis starfsemi í landinu sem er algerlega út í hött að skattleggja á sama tíma og ríkisvaldið sér sérstaka ástæðu til þess að veita fé á fjárlögum til þess að halda þeirri starfsemi uppi."

Svo mörg voru þau orð. Sá sami ráðherra gæti allt eins lagt til í dag að menn færu að skattleggja heilbrrn. og menntmrn. því að ríkið leggur þeim til fé á fjárlögum. Það gengur náttúrlega ekki upp að heill flokkur, stærsti stjórnmálaflokkur landsins, breytist í kamelljón í hvert skipti sem hann kemur í ríkisstjórn og aðeins örfáir þingmenn í hans röðum hafi þrek til að verja þær skoðanir sem þeir vörðu áður þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Þetta er málflutningur og stefna sem gengur ekki upp. Þetta hlýtur að þýða hrun fyrir þann stjórnmálaflokk sem þannig stendur að verki.

Ég hygg að það sé umhugsunarefni að minnast þess að mjög vinsæll breskur gamanmyndaþáttur var sýndur í Ríkissjónvarpinu. Hann bar nafnið „Já, ráðherra." Og nú upplifir Alþingi Íslendinga að tveir hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. sitja í ráðuneytum þar sem alþýðubandalagsráðherrar sátu áður og það verður ekki annað séð en það sé búið að tölvutengja þessa ráðherra þannig að þar komi bara „já, ráðherra" því að enn hefur ekkert það plagg sem þar hefur verið áður undirritað og notað ekki verið framlengt af þeim gömlu sem þar voru fyrir. Hins vegar hafa þeir komið með nýjar hugmyndir á sumum sviðum, það skal viðurkennt. En það er eins og gamli staflinn allur hafi verið tölvukeyrður inn og þær kvikmyndir sem sýna hvernig Kínverjar fara að því að heilaþvo menn sýna fornaldaraðferðir miðað við þá tækni sem virðist vera notuð í þeim tveimur ráðuneytum.

Ég hef hlustað á fleiri ræður um efnahagsmál eftir ákveðinn þingmann í þinginu en nokkurn annan. Hygg ég að á engan sé hallað þó að ég haldi því fram að af þeim þingmönnum sem nú hafa setið á Alþingi hefur trúlega enginn annar skrifað meira um efnahagsmál, flutt fleiri ræður um þau efni og komið mönnum til að hugleiða eitt og annað í því sambandi. Einnig verður að segja þessum þingmanni það til hróss að hann situr meira í þingsölum en margir aðrir þingmenn. Athyglisvert er að hið unga og nýja lið sem komið er í þingið áttar sig ekki á því að það er virðingarleysi við Alþingi Íslendinga hvað sumir verja litlum tíma í að sitja í þingsal og hlusta á mál manna. Þessi hv. þm., sem ég hygg að flestir viti hver er, án þess að ég hafi nafngreint hann, er hv. 4. þm. Reykv.

Hv. 4. þm. Reykv. flutti athyglisvert mál á sínum tíma þegar þessi mál voru til umræðu. (**EKJ:** Hvaða ár?) Það var árið 1988. Við munum eftir ástandinu 1988. Þá var að myndast kreppa í landinu. Þá var halli í undirstöðuatvinnuvegi okkar í iðnaði, þ.e. fiskvinnslunni, og menn spurðu sjálfa sig: Hvert stefnir? Í slíku andrúmslofti flytur hv. 4. þm. Reykv. ræðu um skattskyldu innlánsstofnana. Ég vil, með leyfi forseta, grípa nokkuð niður í þessa ræðu. Hann beinir orðum sínum til fjmrh. og segir svo, með leyfi forseta:

„Hæstv. ráðherra segir að vandi sjávarútvegsins nú, ef ég hef skilið hann rétt, þ.e. tapið, sé eitthvað svipaður eins og gróðinn eða umframkostnaður íslenska bankakerfisins, þ.e. tveir milljarðar. Vel má vera að það megi lækka kostnað íslenska bankakerfisins um 2 milljarða, ég skal það ekki draga það í efa, en að vandi íslenska sjávarútvegsins, frystihúsanna t.d. og atvinnuveganna yfirleitt, sé eitthvað á þessari breiddargráðu, það er náttúrlega algjörlega út í bláinn. Það vita allir menn, ekki bara þeir sem við atvinnurekstur fást, heldur líka fólkið í landinu.

Þennan vanda atvinnuveganna á nú að auka, að sjálfsögðu með því að ríki heimti enn meira í sinn hlut en nokkru sinni áður í sögunni. Mér telst svo til að þeir skattar sem nú er talað um að leggja á þjóðina og þar með auðvitað atvinnuvegina, vegna þess að féð sem þjóðin greiðir kemur hvergi annars staðar frá en frá atvinnuvegunum." Þetta hefur nú algjörlega farið fram hjá hæstv. fjmrh. og má nú merkilegt vera hvernig það hefur gerst.

„Það er að vísu rétt að um það bil þriðjungur af launatekjum í þjóðfélaginu er á vegum ríkis og sveitarfélaga en ⅔ allra launagreiðslna og útgjalda eru frá atvinnuvegunum þrátt fyrir allt. Ríkið hefur þann háttinn á að skattleggja fólkið og einhvers staðar verður fólkið að afla teknanna til þess að borga skattana, t.d. vörugjaldið sem nú á að leggja á o.s.frv. En ég ætla að endurtaka þetta. Ég er ekki viss um að menn hafi gert sér grein fyrir því að ⅔ af launagreiðslum í þessu landi eru þó enn á vegum atvinnulífsins, einstaklinga, félaga þeirra, samtaka og atvinnuveganna í heild sinni en þriðjungur hjá ríkinu. Þetta er ósköp þægilegt hjá ríkinu, segja þeir. Við getum bjargað okkur, við getum náð með sköttum í þennan þriðjung af launagreiðslunum og í gengisbreytingarnar því að útgjöld ríkisins þegar upp er staðið eru raunar ekkert annað en beinar og óbeinar launagreiðslur og svo gjaldeyrisnotkun. En þeir ætla núna að leggja á u.þ.b. 6 milljarða í nýjum sköttum til þess að komast hjá halla á fjárlögunum sem væntanlega verður í kringum 6 milljarðar núna eftir nýjustu upplýsingum. Þetta var raunverulega gert í fyrrahaust og þetta hefur verið gert margsinnis á liðnum áratugum eins og menn vita. Ríkið ætlaði að bjarga

sér með því að leggja á skatta og varðaði þá auðvitað ekkert um atvinnuvegina. Raunin hefur reyndar orðið sú að hallinn hefur farið vaxandi, eiginlega í réttu hlutfalli við aukna skattheimtu, einmitt af þeim sökum að gjaldahlið er nefnilega til á fjárlögum líka og ekki bara tekjuhlið. Það hefur enginn maður skýrt betur en einmitt hæstv. fjmrh. í utandagskrárumræðu nú fyrir skömmu í sameinuðu þingi þegar hann gerði grein fyrir stöðu ríkissjóðs. Þar sagði hann og lagði á það áherslu, sem var alveg rétt hjá honum: Gjöldin hafa hækkað miklu meira en við héldum og tekjurnar miklu minna og auðvitað hækka tekjurnar enn þá minna núna þegar þeim er að takast áform sitt sem er ekkert dulið. Þeir eru ekkert að dylja það að þeir ætli að koma á kreppu og atvinnuleysi. Það segja þeir í öðru hverju orði og ætla þar að auki að lækka kaupið þó að allir viti að verðlagið og allur kostnaður muni rjúka upp úr öllu valdi á næstu mánuðum. Það veit hvert einasta mannsbarn."

Ef menn hafa einhvern tíma verið að búa til kreppu þá eru þeir að búa hana til núna. Með því að setja atvinnuvegina í stöðugt erfiðari og þrengri stöðu eru þeir að minnka möguleika þeirra til kaupgreiðslna í landinu og þá eru þeir að minnka möguleikana á því að ríkið fái tekjur.

Þetta er kjarninn í því sem hv. 4 . þm. Reykv. var að segja í þessum texta. Það gengur ekki að æðsta stjórn landsins hafi ekki meira útsýni en það að þeir horfi bara á ríkiskassann en ekki samhliða á atvinnuvegina og á þróun sem er að eiga sér stað í landinu. Það skyggni er of lítið. Það leiðir til ófarnaðar. Það leiðir til atvinnuleysis og kreppu. Ég ætla, með leyfi forseta, að halda áfram lestrinum. Á öðrum stað segir: „Hitt er hins vegar óðs manns æði í kreppuástandi, sívaxandi, að fara að dengja öllum þessum sköttum yfir."

Ég hélt að sú hagfræði væri kunn, jafnvel þeim ungu sem nú ganga úr salnum, að í kreppuástandi leiðir það til þess að dýpka kreppuna ef ríkið eitt heimtar til sín. Það leiðir til þess að kreppan verður dýpri og enn þá alvarlegri. Það er merkilegur hlutur að það er eins og þessir herrar sem nú stjórna fyrir Sjálfstfl. hafi ekki lesið eitt einasta rit sem hv. 4. þm. Reykv. hefur skrifað, ekki eitt einasta. Ég efa það ekki að þeir séu vel lesnir í þeim fræðum sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur verið að dengja yfir þjóðina. Þeir mega svo meta það hvor skyldi vera nær því að þekkja íslenskt atvinnulíf og á hvorum bæri að taka meira mark. Það er alveg furðuleg staða að núna skuli menn láta sér detta það í hug að útgreiðslur úr ríkissjóði inn í sjóðakerfið sé merkasti skattstofninn sem þeir hafa undir höndum. Hafnabótasjóður, Orkusjóður og slíkir sjóðir.

Ég geri mér grein fyrir að við búum við nokkuð sérstæð vinnubrögð. Við búum við þau vinnubrögð að það sé eins og inn í þingið sé verið að leika sér að því að demba inn málum og svo eigi að láta á það reyna hvort e.t.v. sé þingmeirihluti fyrir þeim. Það breytir engu hjá þeim sem þetta verk vinna hvort þeir eru að setja hér inn í þingið mál sem þingmenn stjórnarinnar hafa áður gert grein fyrir afstöðu sinni til með svo skýrum hætti að þeir þurfa að standa hér upp, koma upp í ræðustól og segja: Því miður, allt sem ég hef sagt um þetta var vitleysa á sínum tíma. Ég játa vanþekkingu mína. Ég er reiðubúinn til að iðrast og biðjast fyrirgefningar. Er það þetta sem þeir eru að fara fram á við sína þingmenn sem hafa haft skoðanir í þessum efnum? Hver er tilgangurinn? Eða er það svo að þetta frumvarpafljóð sem hér er sett inn eigi að verða nokkurs konar viðskipti, gjaldmiðill milli stjórnarflokkanna í átökum um það á seinni stigum mála hvað verði gert að lögum hér í þinginu og hvað ekki? Er það e.t.v. skýringin, að þetta eigi að vera gjaldmiðill í hrossakaupum hjá hæstv. ríkisstjórn? Ég sé ekki tilganginn í svona vinnubrögðum. Og ég verð að segja það eins og er að þó að hæstv. landbrh. kæmi upp í pontu og kæmi með andsvar við ræðu hv. 1. þm. Austurl., þá vantaði eitt. Það vantaði það að hæstv. ráðherra tryði því sjálfur hvað hann var að segja. Hann las þetta upp eins og þulur í útvarpi les upp texta sem hann hefur engar skoðanir á. Þegar hann aftur á móti flutti sína ræðu á sínum tíma efaðist enginn um að þetta var skoðun hæstv. landbrh. þá og á þessu tvennu er meginmunur. Í öðru tilfellinu er um að ræða marklausa predikun sem enginn maður tekur mark á, hver einasti maður sér í gegnum og öllum er ljóst að er ekkert nema blekking. Undir hinum kringumstæðunum eru menn að segja meiningu sína.

Mér eru það hreint út sagt óskiljanleg fræði hvers vegna sjóðakerfi, sem ætlunin er að halda áfram að moka peningum í úr ríkissjóði, á að vera aflögufært til þess að hægt sé að skattleggja það. Hefði þá ekki verið jafnskynsamlegt að láta minni peninga fara í þetta sama sjóðakerfi, Hafnabótasjóðinn t.d.? Ef hann er svona ofhaldinn af peningum, af hverju koma menn þá ekki bara með hugmyndir um lægri framlög?

Ég minni líka á það, og það er kannski umhugsunarefni fyrir Alþfl., að hæstv. félmrh. lagði fram samning til samþykktar á Alþingi í fyrra sem fjallaði um sjálfstæði sveitarfélaga. Þetta var Evrópusamningur. Það eru margar athyglisverðar greinar í þessum samningi sem undirstrika það að ekki er ætlast til þess að ríkið fari eins og jarðýta yfir sveitarfélögin án þess að hafa þar samstarf og samráð. Þeir sem eru hér ungir í þinginu og hafa ekki kynnt sér þennan samning skaða sig hreint ekki á því að lesa hann yfir og átta sig á því hverjar hinar siðferðilegu skuldbindingar eru sem Alþingi Íslendinga var að taka á sig með því að samþykkja þennan samning.

Nei, það er merkileg staða sem hæstv. forsrh. er kominn í. Hann lýsir því yfir hér úr ræðustól að í innan við eins km fjarlægð frá þeim stað sem Alþingi Íslendinga stendur treysti hann sér ekki til að bera merki ríkisstjórnarinnar á sinni flaggstöng. Þar telur hann betra að mála yfir nafn og númer og sigla undir hlutlausum fána.

Þegar borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti mótmæli gegn því sem hér var verið að vinna lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hefði hann setið þar hefði hann ekki greitt atkvæði. Það er yfirlýsing um það að hann hefði

ekki þorað að sigla sínu skipi þar undir fána núv. ríkisstjórnar. Hann hefði viljað sigla því undir hlutlausum fána. Spurningin er: Ef hann hefði nú verið kominn nær þar sem hitinn var heitari í þeirri andstöðu sem er við núv. ríkisstjórn, hefði hann þá þorað að sigla undir hlutlausum fána eða hefði hann þurft að draga fána byltingarsinna á loft svo að hann þyrði að vera yfir höfuð á siglingu á sínu skipi? Það er ekki sterk staða ef hæstv. forsrh. sjálfur þorir ekki, í hvaða valdastofnun sem hann er staddur á hverjum stað og hvar sem er, að verja þá ríkisstjórn og hennar verk sem hann er að vinna að. Hver er staða slíkrar ríkisstjórnar? Hvernig getur slíkur hæstv. forsrh. farið fram á það að aðrir menn úti í þjóðfélaginu þori þá að bera merki stjórnarinnar og segja: Þetta er rétt, ef hæstv. forsrh. telur að nauðsynlegt sé að draga niður fánann og sigla undir fána hlutleysis?

Hvernig er komið fyrir hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni? Það er ekki nóg að honum dugi litir kameljónsins, að vera í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það duga ekki tveir litir, það verða að vera þrír litir. Við höfum kynnst litnum á því kameljóni hér inni i þingsölunum. Við kynnumst litnum á því kameljóni í Verslunarráðinu en við eigum eftir að kynnast litnum á því kameljóni ef það væri komið í stjórnarandstöðu. Þrír litir. Það dugar ekki minna. Þetta er merkileg staða. Og svo á hinn almenni stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar að hafa þrek til þess úti í samfélaginu að halda merkinu uppi og segja: Ég er stjórnarsinni, þegar þetta lið er komið á handahlaupum á flótta út um næstu dyr og þorir ekki að verja það sem hér er verið að leggja til. „Hvenær sigraði tvístraður her?" spurði Örn Arnar forðum. Halda menn að þessi tvístraði her sem nýtur svona forustu vinni einhverja sigra? Halda menn að það gangi upp að þegar hæstv. fjmrh. er kominn sem sjálfstæðismaður í fjmrn. taki hann upp frumvörpin, sem fulltrúi Alþb. á þingi barðist fyrir en Sjálfstfl. felldi og eyðilagði að hægt væri að koma í gegnum deildina, og fari að berjast fyrir þeim?

Það er ein skýring til á þessu öllu saman. Hún er sú, og ég þori varla að nefna hana, að það sé yfirráðherra yfir ríkisstjórninni sem skipi mönnum fyrir og þar sé staðan sú að kötturinn sé orðinn hræddur við músina. Þess vegna hafi þetta ástand skapast.

Við vitum að Sjálfstfl. fer ekki einn með völd á Íslandi í dag. Þetta er samsteypustjórn og yfirleitt er það svo að alþýða manns í landinu er ekkert hrædd við Alþfl. Hins vegar er hugsanlegt að þar innan borðs sé yfirráðherra, ekki neinn já-ráðherra heldur yfirráðherra, og eftir hans vísbendingum, tillögum og fyrirskipunum dansi bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. — og er þá orðið stórum verra ástand hjá þessum tveimur ráðherrum en í bresku gamanmyndaþáttunum þar sem þeir bjuggu þó aðeins við ofríki starfsfólksins í ráðuneytunum.

Ég fer nú að skilja að það hefur verið þreytusvipur á hæstv. fjmrh. og það verður að segjast eins og er að fölur sem lík hefur hæstv. ráðherra setið í sínum ráðherrastól og staðið sína plikt þrátt fyrir mikið álag á undanförnum dögum en gleðibragur enginn verið á hæstv. ráðherra. Ef skýringarnar liggja í því að fyrirskipanir yfirráðherrans séu slíkar að það valdi honum andvöku förum vð skilja, þessir óbreyttu. Það hefur ekki verið of mikill svefn að undanförnu og ef sá litli hvíldartími sem menn hafa haft hefur farið í andvökur vegna fyrirskipana frá yfirráðherranum fer maður að skilja hvernig stendur á þessu öllu saman.

Herra forseti. Ég tel að það sé í ófrjóan akur að sá að halda lengri ræðu um þetta málefni yfir hæstv. ráðherrum. Ég veit að þeir eru hér í salnum, að vísu skráðir stjórnarsinnar, sem hugsa sitt á þessari stundu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hugsað mér að geyma að ræða um efnislega hlið málsins þar til við lok umræðunnar, en það eru örfá atriði sem ég vil fá tækifæri til að leiðrétta strax. Það er að vísu nýmæli að hv. þm. Framsfl. telji leiðara DV vera eins konar biblíu fyrir þá, en svo kann að fara að í framtíðinni verði það þannig að þeir muni lesa úr þessum leiðara stefnuna í öllum málum, þar með töldum landbúnaðarmálum.

Varðandi bílamál ráðherra tek ég þetta fram: Ráðherrar hafa ekki greitt skatta af bílanotum sínum hingað til. Síðasta ríkisstjórn samþykkti á síðasta fundi sínum, eftir að þá lá fyrir greinargerð Guðmundar Skaftasonar, að beina þeim tilmælum til fjmrh. að leysa úr þessu máli á þann veg að ráðherrar greiddu skatta samkvæmt notkun þeirra á bifreiðunum. Nú hefur fjmrn. gefið út reglugerð og samkvæmt þeirri reglugerð er ráðherrum gert að greiða skatta og not þeirra á bifreiðum sem þeir hafa til umráða eru takmörkuð en ekki ótakmörkuð. Þessum málum hefur verið kippt í lag. Það er það sem hefur gerst. Ég get sagt hv. þm. að þeir hv. þm. Halldór Ásgrímsson og Steingrímur Hermannsson hafa ekki greitt skatta af bifreiðum sinum og það er alrangt ef menn halda, og lesa t.d. Pressuna og trúa því sem þar stendur, að það eigi við rök að styðjast og geti verið eðlilegt að hv. þm. Halldór Ásgrímsson skuldi á aðra milljón vegna notkunar á bifreið sem hann hafði til umráða.

Um dagpeningana bara þetta: Þeir voru hækkaðir í tíð síðustu ríkisstjórnar en hafa nú verið lækkaðir um 20%. Síðan skal ég gleðja hv. þm. með því að hann gladdi mig mjög mikið þegar hann flutti ádrepuna til hins tvístraða hers þannig að ég sef áreiðanlega betur næstu nótt eftir að hafa hlýtt á hann flytja þessa ádrepu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég játa það hreinskilnislega að ég er vinur ritfrelsis, frjálsrar hugsunar. Ég get einnig lýst því yfir að ég taldi ekki eðlilegt að ég færi að ritskoða þennan leiðara sem ég las hér upp eftir Jónas Kristjánsson. Mér fannst það bara ekki við hæfi. Auðvitað mat ég það fyrir mig hver voru aðalatriði þessa leiðara. Hafi þar eitthvað verið rangt og ókristilega að hæstv. fjmrh. vikið mannar hann sig að sjálfsögðu upp í það að skrifa grein og koma henni á framfæri. Það er hins vegar í sjálfu sér ekki andsvar við mig þó að hann

fari að lýsa gremju sinni yfir því að Jónas Kristjánsson viti ekki allt sem er að gerast í Stjórnarráðinu. Hitt tel ég fullkomlega eðlilegt að vakin sé athygli á því að blaðið sem sópaði atkvæðum fyrir núv. stjórnarflokka í seinustu kosningum til þeirra stuðningsmanna messar nú yfir ráðherrunum eins og þeir væru götustrákar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég var fjmrh. taldi ég það vera grundvallarreglu að fjmrh. hefði hvorki vald til né væri eðlilegt að hann væri að kynna sér skattframtöl einstakra borgara í þessu landi. Ég sagði það hvað eftir annað við ýmsa sem til mín komu að ég teldi hvorki vera siðferðilega né stjórnarfarslega rétt að fjmrh. væri að hnýsast í skattframtöl einstakra borgara og skipti þá engu máli hvaða stöðu þeir gegndu í landinu.

Nú hefur hæstv. fjmrh. endurtekið hér í ræðustól á Alþingi yfirlýsingu, sem ég heyrði hann flytja utan þings, satt að segja afar sérkennilega yfirlýsingu, þar sem hann fullyrti að enginn ráðherra í síðustu ríkisstjórn hefði borgað skatt af sínum bifreiðum. Nú ætla ég í sjálfu sér ekki að ræða það efnislega hér, en af þessu tilefni vil ég leggja spurningu fyrir hæstv. fjmrh.: Er það virkilega þannig að hæstv. fjmrh. hefur farið og kynnt sér skattframtöl þessara einstaklinga? Þá vil ég spyrja hann með hvaða rétti hann hafi gert það, á grundvelli hvaða lagagreinar og í krafti hvaða starfsvenju. Ég er ekki að nefna þetta ekki vegna þess að mér finnist það vera eitthvert feimnismál hvort ráðherrar borgi skatta af sínum bílahlunnindum, það er sjálfsagt að ræða það og tel ég það eðlilegt. Hitt er mjög alvarlegt ef fjmrh. íslenska ríkisins fer að gera það að málflutningsefni hvort einstakir ríkisborgarar greiða skatta með tilteknum hætti eða ekki þannig að hann hafi kynnt sér skattaframtöl þeirra.

Ég get sagt það hér að ég er ekkert viss um að þessi fullyrðing hæstv. fjmrh. sé rétt. (**Forseti:** Nú vill forseti beina því til hv. þm. að tala um gæslu þingskapa.) Já, ég ætlaði einmitt að koma að því, hæstv. forseti, því að mér finnst mjög óeðlilegt að undir liðnum andsvar hér á Alþingi fari hæstv. fjmrh. upp í ræðustólinn og gefi yfirlýsingu af þessu tagi. Þetta er að mínum dómi svo alvarlegt fordæmi að fjmrh. sé að gefa yfirlýsingar um skatta einstaklinga að það er hvorki hægt að gera það undir þessum lið, andsvar — þannig að enginn annar getur þá kvatt sér hljóðs en sá sem talaði áður — né heldur finnst mér þetta vera eðlilegt skref. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að segja þetta vegna bílamála ráðherra heldur bara gagnvart því fordæmi að pólitískur aðili telji sig geta verið að vasast í skattframtölum hinna og þessara borgara í landinu. Í Bandaríkjunum hefur þetta tíðkast, Nixon gerði þetta til dæmis, að siga skattyfirvöldunum á framtöl einstaklinga, pólitískra óvina sinna, og það var gagnrýnt mjög harkalega í því landi.

Ég vil þess vegna mælast til þess að fyrst hæstv. fjmrh. hefur gefið þessa yfirlýsingu hér þá verði hún rædd sérstaklega, ekki það sem snýr að bílamálum ráðherra, heldur sú braut sem hér er farið inn á. Nema hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn að lýsa því yfir að það hafi verið mistök af hans hálfu að gera þetta með þessum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir:

Forseti vill beina því til hv. þm., þegar þeir ræða um gæslu þingskapa, að reyna að halda sig við það efni.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Af því að á þessum vetri hafa verið lagðar á það hömlur upp úr hvaða ritum mætti lesa hér í ræðustól. Andsvar hæstv. fjmrh. gæti leitt til þess að óskað yrði eftir því að fá að lesa upp úr vanskilaskrám skatta þó að það séu ekki milljarðar sem menn skulda heldur milljónir. Þá yrði eðlilegt að spyrja að því hvort slíkt yrði leyft, að maður læsi hér upp úr vanskilaskrám skatta því að ég kynni því illa að vera rekinn úr pontu ef ég væri kominn með ritið í hendurnar hingað upp.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að í ræðu síðasta hv. ræðumanns var fjallað um bílamál ráðherra og skatta af þeim. Ég sá ekki betur en að ég hefði rétt til þess að veita andsvar við því efnisatriði sem þannig kom fram í málflutningi hv. ræðumanns. Ég taldi það jafnframt skyldu mína af því það var farið rangt með. Ég ætla ekki að gera það umtalsefni að sinni, tel það ekki við hæfi, en skal gera það hvenær sem er að ræða þessi mál, þar á meðal við hv. 8. þm. Reykn., jafnt um bílamál hans og annarra. Ég hef ekki lesið í skattskrár heldur hef ég þetta frá einstökum ráðherrum. Þar að auki liggur fyrir samþykkt þeirra ríkisstjórna, sem hv. þm. átti sæti í, um að breytingar yrðu gerðar á reglum til þess að skattmat breyttist af því að hv. þm., sem þá sátu í þeirri ríkisstjórn, sættu sig ekki við það skattmat sem þá lá fyrir. Þessu var beint til fjmrn. og fjmrh., sem auðvitað hlaut að vera næsti fjmrh.

Ég vil hins vegar taka fram að þeir, sem notuðu bíla ráðuneytisins og létu t.d. starfsmenn ráðuneytanna aka sér, greiddu að ég held, ekki skatt af þeim notum enda voru þau not eingöngu í þágu ráðuneytanna. Ég vil að þetta komi hér fram vegna þess að ranglega hefur verið sagt frá því í blöðum, og þar á meðal í því blaði sem lesið var upp úr, að menn hefðu greitt samkvæmt gamla skattmatinu. Ég veit um eitt dæmi þess og það skal koma hér fram. Það er að hæstv. fyrrv. dómsmrh. greiddi skatta samkvæmt því. Mér er kunnugt um það — ekki vegna þess að ég hafi lesið það í skattskrá heldur vegna þess að ég treysti orðum hans.

Vandamálið, og það er rétt að það komi fram fyrst menn eru að ræða þetta, er m.a. fólgið í því að skattumdæmin lögðu misjafnt mat á framtöl fyrrverandi ráðherra. Að meginreglu til greiddu þeir ekki skatt, þeir fengu frest til þess að eiga við málin á meðan fjmrn., að ósk ríkisstjórnarinnar, skoðaði málin. Nú er komið að því að þeir greiði skatta og þá auðvitað frá þeim tíma sem lagt var á samkvæmt þeim reglum sem við nú höfum sett.

Kjarni málsins er þessi: Nú eru þessi mál komin í lag og héðan í frá greiða menn skatt eftir notkun, einkanotkun, á viðkomandi bifreiðum. Þetta vil ég að komi fram og ég tel mig ekki einungis hafa rétt heldur beinlínis skyldu til þess í andsvari að leiðrétta hv. ræðumenn og ekkert síður ef þeir lesa úr gögnum annarra manna eða fjölmiðlum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Enn vill forseti minna þingmenn á að halda sig við málefnið, gæslu þingskapa, þegar beðið er um orðið undir þeim lið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forseti hlutist til um að þingmenn fái í hendur þau gögn sem hæstv. fjmrh. er að gera að umræðuefni. Ég tel annað gjörsamlega vonlaust. Hér er tekin upp umræða um skattamál ráðherra, skattaskuldir ráðherra og þessu er veifað yfir þingið. Ég hélt að það væru sýslumenn í þessu landi sem innheimtu skuldir, ef það væru skattaskuldir, og ég tel gjörsamlega vonlaust að búa við það, hæstv. forseti, að þessu sé dengt hér yfir án þess að óbreyttir þingmenn fái gögn.

Ólafur Ragnar Grímsson: *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði þá athugasemd við gæslu þingskapa og taldi mig rökstyðja það alveg nægilega vel, hæstv. forseti, að erfitt væri að ráðherrar létu frá sér yfirlýsingar af því tagi sem hæstv. fjmrh. gerði undir liðnum andsvar. Hins vegar fagna ég því að hæstv. fjmrh. hefur tekið af skarið hér og lýst því yfir að hann hafi ekki tekið upp þann sið, sem ég taldi ófrávíkjanlega reglu þegar ég var fjmrh., að fjmrh. væri ekki að skoða skattframtöl einstakra borgara. Hæstv. ráðherra tók skýrt fram að hann hefði ekki gert það og hann hefði þess vegna ekki kynnt sér skattframtöl fyrrverandi ráðherra heldur byggt á ummælum þeirra. Það eina sem ég var hér að fjalla um var þessi yfirlýsing ráðherrans hér úr ræðustólnum sem gaf til kynna að hann hefði kynnt sér skattframtölin. Ég tel þess vegna mjög gott að það hefur komið fram að hæstv. ráðherra hefur ekki breytt um siðvenju sem hefur ríkt í fjmrn. og ég vona að hann geri það ekki.

Umræðu frestað.

Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu, frh. síðari umr.

Stjtill., 147. mál. — Þskj. 158, nál. 227.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Í þeirri ræðu sem ég flutti fyrr í dag gerði ég þá athugasemd sem ég vil endurtaka við hæstv. utanrrh. Það er ekki eðlileg framkoma af hans hálfu við þingið að ætlast til þess að þjóðþingið taki til meðferðar þennan viðamikla samning sem hér er til umfjöllunar án þess að hæstv. utanrrh. nenni að vera við umræðuna. Við höfum að vísu lesið það í ákveðnu tímariti að hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að honum leiðist hér Alþingi og það má vel vera að það sé rétt. En það fylgja því ákveðnar þingræðislegar skyldur að vera utanrrh. í þingræðisríki. Það getur vel verið að hæstv. utanrrh. leiðist þær skyldur en þær eru nú einu sinni grundvallarþáttur í okkar stjórnskipan.

Það kom fram, að vísu í frammíkalli hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að einhver embættismaður úr ráðuneytinu muni hafa haft samband við Eyjólf Konráð Jónsson og spurt að því hvort hann gerði kröfu til þess að utanrrh. væri hér. Hann svaraði því að hann gerði það ekki. En það breytir litlu um það, hæstv. utanrrh., að þegar utanrrh. íslenska lýðveldisins óskar eftir því að þingið afgreiði jafnveigamikinn samning og hér er til umfjöllunar er það sjálfsögð og eðlileg þingræðisskylda ráðherrans að mæta, sérstaklega þegar þingið sýndi ráðherranum þá tillitssemi að hann fengi að mæla fyrir þessum samningi á þann hátt að engin umræða yrði svo að ráðherrann gæti komist til útlanda á sínum tíma. Þá var það nánast svo sjálfsagt að ráðherrann mundi koma hingað til að vera viðstaddur að það hvarflaði ekki að okkur að það þyrfti að nefna það. Eða er það virkilega þannig að hæstv. utanrrh. ætlar að hafa þann sið þegar hann leggur fyrir þjóðþing Íslendinga einhverja þá mikilvægustu samninga sem gerðir hafa verið í okkar heimshluta á síðari missirum og kannski um langt árabil þá óski hann í fyrsta lagi eftir því að fá að mæla fyrir samningnum án þess að umræða verði, því það var ósk hans á sínum tíma, og hirði svo ekki um að vera viðstaddur þegar samningurinn kemur til endanlegrar umræðu í þinginu?

Við höfum sýnt hæstv. utanrrh. mikla þolinmæði í þessu máli og öðrum. Við höfum t.d. ekki gert við það athugasemdir þó að hann væri fjarverandi frá þinginu vikum saman þótt nauðsynlegt væri að tala við hann því hann er nú einu sinni, enn þá a.m.k., formaður í Alþfl. Það er dálítið erfitt að hafa umræður í þinginu um ýmis mál án þess að oddviti annars stjórnarflokksins sé viðstaddur. Við erum hins vegar, hæstv. utanrrh., farin að sætta okkur við að það þýði lítið að tala við formann Alþfl. og erum þess vegna farin að snúa okkur að varaformanninum algjörlega í þessum málum. Ég get sagt hæstv. utanrrh. það og það dugir okkur ágætlega, hæstv. utanrrh. Við munum því ekkert sérstaklega vera að óska eftir því að formaður Alþfl. sé viðstaddur. En utanrrh. lýðveldisins verður þó að vera viðstaddur þegar ræða á þá samninga sem hann biður þjóðþingið að staðfesta. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en vona að hæstv. utanrrh. taki það til athugunar að fyrst hann vill vera utanrrh. í þingræðisríki ber honum að sinna þeim skyldum sem þingræðið grundvallast á. Frumskylda þess er að þingræðisleg ríkisstjórn sé á vettvangi þjóðþingsins til þess að þjóðþingið geti rætt við hana.

Sá samningur sem hér er til umræðu var gerður þegar valdahlutföllin í okkar heimshluta byggðust að verulegu leyti á því að tvö meginstórveldi, Bandaríkin og Sovétríkin, færu með ákveðna forustu. Þessi stór-

veldi hefðu búið til í kringum sig tvö hernaðarbandalög sem styddu hvort um sig þeirra stöðu. Nú er það þannig, eins og öllum er kunnugt, að Varsjárbandalagið hefur verið lagt niður fyrir nokkru síðan og frá því að utanrmn. fjallaði um þennan samning hefur það gerst að Sovétríkin eru ekki lengur til. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ræða nokkuð við 2. umr. þessa máls hvert er samhengi þess samnings, sem við erum hér að staðfesta, og þess veruleika að Sovétríkin eru ekki lengur til.

Þegar utanrmn. fjallaði um þennan samning var það nokkuð rætt í nefndinni, og m.a. flutt fram sem málsástæður af hálfu þeirra embættismanna sem málið kynntu frá utanrrn., að nauðsynlegt væri að ýmis aðildarríki samningsins, þar á meðal Ísland, lykju málinu af sinni hálfu áður en til upplausnar í Sovétríkjunum kæmi, upplausnar sem hefði í för með sér stjórnskipulega breytingu á Sovétríkjunum. Nú hefur það gerst að nokkur meginlýðveldi þess ríkjasambands, sem fyrrum voru Sovétríkin, hafa ákveðið að segja skilið við þau og mynda annars konar samband með allt öðru skipulagi, samband sem byggist, ef ég skil rétt, á sjálfstæði þessara lýðvelda í fullburðugum alþjóðlegum skilningi þess orðs. Hið nýja ríkjasamband er þannig ekki byggt upp með sama hætti og Sovétríkin voru áður, þar sem hið fullburða hlutverk ríkisins gagnvart umheiminum var í höndum Sovétstjórnarinnar sjálfrar, heldur verði það umboðsvald í höndum hverra hinna nýju ríkja fyrir sig, líkt og t.d. er innan Evrópubandalagsins.

Þessa dagana berast okkur þær fréttir að það geti gerst í dag, á morgun eða í næstu viku að sá maður sem borið hefur titilinn forseti Sovétríkjanna muni segja af sér því heiti vegna þess að bak við þann titil sé ekki lengur neitt. Þegar slík tíðindi gerast, hæstv. utanrrh., og ráðherrann óskar eftir því að Alþingi staðfesti á laugardagseftirmiðdegi þennan samning og þess er óskað að það gerist hér í dag, ef ég skil rétt, þá er alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra útskýri fyrir þinginu hvert er að hans áliti samhengi þess samnings við þann veruleika sem nú hefur birst þar sem áður voru Sovétríkin, sérstaklega í ljósi þess að sá veruleiki var ekki orðinn þegar utanrmn. skilaði áliti sínu. Mjög mikilvægt var að innan utanrmn. náðist algjör samstaða um að mæla með því að þessi samningur yrði staðfestur. Hins vegar komu fram nokkuð mismunandi sjónarmið í nefndinni um hver rökin ættu að vera fyrir því. Ég hugsa að ef utanrmn. hefði í umfjöllun sinni staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að annað af þeim stórveldum sem samningurinn byggist á er ekki lengur til þá hefðu nefndarmenn örugglega rætt ítarlegar og nánar um málið og einnig viljað fá svör og velta sjálfir fyrir sér ýmsu, sem í hugann kemur, þegar þessi afgerandi staðreynd blasir við.

Í þessu sambandi má spyrja: Eru líkur á því að hin nýju ríki, sem nú hafa tekið sér fullburða vald gagnvart umheiminum, muni vilja taka þennan samning og staðfesta hann? Getur hæstv. utanrrh. flutt þinginu einhverja lýsingu á því hvað að hans mati muni gerast af hálfu þessara ríkja? Ein af ástæðum þess að gagnlegt og nauðsynlegt er að velta því fyrir sér er að í samningnum tekur Ísland á sig ýmsar skyldur til þess að taka við eftirlitsaðilum frá aðildarríkjum samningsins. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir bar fram ýmsar spurningar um það efni, í fjarvist hæstv. ráðherra, sem hún gjarnan vildi fá svör við hér í umræðunni.

Ég vildi þess vegna óska eftir því að hæstv. utanrrh. greindi þinginu frá því hver er staða þessa máls nú þegar Sovétríkin eru ekki lengur til. Í öðru lagi vil ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. tjái sig um það hvað hann telur að muni gerast á næstu vikum og mánuðum varðandi afstöðu hinna nýju ríkja gagnvart þessum samningi. Hafa þau t.d. látið í ljós að þau séu reiðubúin að undirrita hann án frekari umfjöllunar? Eða munu þau óska eftir því að samningurinn verði að einhverju leyti tekinn upp? Erum við hér að fjalla um staðfestingu á skjali sem kann innan tíðar að verða úrelt? Það þætti mér slæmt. Ég vona að sú þróun verði að hin nýju ríki muni ganga að þessum samningi með sams konar hætti og Sovétríkin gerðu.

Ég vil einnig í þessu sambandi spyrja hæstv. utanrrh., sem nýkominn er af fundum innan Atlantshafsbandalagsins og hefur örugglega haft nánar fréttir af varnarmálaráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins sem haldinn var fyrir skömmu: Hefur það verið rætt með hvaða hætti þessi samningur veitir aðildarríkjum hans í Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum og nokkrum öðrum möguleika til þess að fara í eftirlitsferðir, sem kveðið er á um í samningnum, til þeirra ríkja sem nú búa yfir fyrrum kjarnorkuvopnum Sovétríkjanna? Eða er það þannig í dag að vegna þess að Sovétríkin eru ekki lengur til og aðildarríkin og fyrrum aðilar Sovétríkjanna, sem nú eru sjálfstæð ríki, eru ekki aðilar að þessum samningi sé ekki mögulegt fyrir önnur aðildarríki að framkvæma það gagnkvæma eftirlit með kjarnorkuheraflanum sem var talinn einn meginátangi þessa samnings?

Ærið mikið hefur verið um það fjallað á undanförnum vikum hver stjórni kjarnorkuherafla Sovétríkjanna í dag. Í sjálfu sér ætlast ég ekki til þess að hæstv. utanrrh. geti veitt okkur tæmandi svar við því. Það væri þó gagnlegt að við þessa umræðu kæmi fram, þó í stuttu máli sé, viðhorf ráðherrans gagnvart þessum þætti málsins. Hvað í bígerð sé til þess að forðast að ný ríki komi til sögunnar þar sem áður voru Sovétríkin, þessi ríki hafi í sínum fórum kjarnorkusprengjuforða og kjarnorkuvopnatæknibúnað Sovétríkjanna, tilraunastöðvar Sovétríkjanna, aðgang að þeim auðlindum Sovétríkjanna sem hafa gert mönnum kleift að búa til kjarnorkusprengjur, vegna þess að ekkert af þessum ríkjum hefur sem slíkt undirritað samninginn sem takmarkar útbreiðslu kjarnorkuvopna, hinn svokallaða Non-proliferation Treaty. Mér vitanlega liggur lítið fyrir um það hvort þau séu reiðubúin að staðfesta hann. Ég veit þó að einstakir ráðamenn Kazakstans og Rússlands eru þeirrar skoðunar að þessi ríki eigi að staðfesta þann samning.

Þetta eru nokkur af þeim atriðum sem óhjákvæmilegt er að vikið sé að við þessa umræðu. Það væri satt að segja ærið sérkennilegt að Alþingi Íslendinga stað-

festi þennan veigamikla samning án þess að nokkur umræða færi fram við 1. umr., en það var þó gert af greiðasemi við ráðherrann að haga málunum með þeim hætti, og án þess að eiginlega nokkur umræða færi fram heldur við 2. umr. í ljósi þess sem hefur gerst. Þess vegna hélt ég, hæstv. utanrrh., að ráðherrann hefði sjálfur áhuga á því að skýra þinginu, þótt í stuttu máli sé, frá viðhorfum sínum til þessara atburða og samningsins við 2. umr. málsins. Ég var satt að segja svo barnalegur að halda að ráðherrann mundi sjálfur hafa frumkvæði að því en það hvarflaði ekki að mér að hann nennti ekki að vera hérna til þess að taka þátt í umræðunni um þetta mikilvæga mál.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, víkja lítillega að því að í sjónvarpinu í gærkvöldi birtist viðtal við hæstv. utanrrh. um Vestur-Evrópubandalagið. Nú er það þannig, eins og flestir þingmenn vita, að Vestur-Evrópubandalagið hafði í langan tíma sofið svefninum væra. Það var að vísu til en hafði nánast enga starfsemi. Meira að segja ýmsir þeir sem gjörkunnugir voru málefnum Evrópu og afvopnunarmálum og vígbúnaðarmálum höfðu lítinn áhuga á þessu Vestur-Evrópubandalagi og vörðu ekki miklum tíma til þess að fjalla um það. Ég tók eftir því t.d. fyrir svona þremur eða fjórum áum síðan, þegar ég færði í tal við ýmsa kunnáttumenn hér á landi hugsanlega þróun Vestur-Evrópubandlagsins á næstu árum, að ekki voru margir, eðlilega, sem voru inni í því máli.

Nú hefur það hins vegar gerst á síðustu missirum að þessi svefnvera, ef ég má nota það orð, Vestur-Evrópubandalagið, hefur verið vakin til lífsins. Á leiðtogafundi Evrópubandalagsins fyrir örfáum dögum síðan er varpað fram þeirri hugmynd — mér vitanlega í fyrsta sinn með formlegum hætti — mér er ekki kunnugt um að það hafi fyrr gerst með formlegum hætti, að aðildarríki Vestur-Evrópubandalagsins lýsi því yfir að þau vilji bjóða þeim ríkjum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu sem ekki eru aðilar að Evrópubandalaginu að gerast aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu, fullir aðilar eða fá áheyrnaraðild. Ég veit ekki til þess að þetta mál hafi nokkurs staðar verið rætt innan íslenska stjórnkerfisins. Það var ekki rætt í tíð síðustu ríkisstjórnar, það hefur aldrei verið rætt í utanrmn. og mér þætti fróðlegt að vita hvort það hefur verið rætt innan núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort það hafi verið rætt innan núv. hæstv. ríkisstjórnar að Íslendingar gerðust aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu. Vegna þess að mér vitanlega hefur þetta ekki verið rætt, og alls ekki á vettvangi þingsins eða utanrmn., þá kom mér það mjög á óvart að hæstv. utanrrh. skyldi finnast tímabært að lýsa því yfir í gær, örfáum dögum eftir að þessi yfirlýsing kemur frá leiðtogafundi Evrópubandalagsins, að hann sé mjög jákvæður gagnvart þeirri hugmynd, svo ég noti nú vægt orðalag því ég er ekki með hér við höndina nákvæmlega það sem ráðherrann sagði. En ég veit að ýmsir skildu hann hins vegar þannig að hann væri ekki bara jávæður heldur teldi hann rétt að Íslendingar gerðust aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu. Ég ætla ekki að fullyrða það hér eftir minni, af því að ég hef ekki útskrift af ummælum ráðherrans við höndina, en hafi hann sagt að honum fyndist rétt að Íslendingar gerðust aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu vil ég lýsa undrun minni á slíkri yfirlýsingu. Jafnvel þótt stjórnmálamaðurinn Jón Baldvin Hannibalsson væri þeirrar skoðunar að slíkt væri rétt þá er það fullkomlega fáránlegt að utanrrh. íslensku þjóðarinnar skuli láta frá sér slíka yfirlýsingu án þess að málið hafi verið tekið á dagskrá í utanrmn. þingsins, og mér vitanlega ekki innan hæstv. ríkisstjórnar þó að ég sé nú eðlilega ekki kunnugur daglegum umræðuefnum þar.

Við skulum þess vegna vona að hæstv. utanrrh. hafi ekki lýst því yfir að honum fyndist rétt að Ísland gerðist aukaaðili að Vestur-Evrópubandalaginu. En jafnvel það eitt að lýsa því yfir að hann sé jákvæður gagnvart málinu er auðvitað vægast sagt mjög hæpið þegar engin umræða hefur farið fram milli stjórnmálaflokkanna í landinu, innan þjóðþingsins eða á vettvangi utanrmn. um það mál. Fréttamanninum, sem átti viðtalið við hæstv. utanrrh., fannst ráðherrann svo jákvæður og svo afgerandi í þeirri afstöðu sinni að Ísland ætti að gerast aðili að Vestur-Evrópubandalaginu að honum fannst ástæða til þess að spyrja: Verða þá Íslendingar kvaddir til þess að gegna herþjónustu á vegum Vestur-Evrópubandalagsins? Fréttamanninum fannst sú spurning tímabær í ljósi yfirlýsingar hæstv. utanrrh. Utanrrh. sagði að vísu að hann byggist kannski ekki við því, svo ég endursegi efnislega það sem hann sagði, að það yrði frekar í tengslum við aðildina að Vestur-Evrópubandalaginu en aðildina að Atlantshafsbandalaginu.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh.: Finnst ráðherranum eðlilegt að utanrrh. íslenska lýðveldisins sé að gefa slíkar yfirlýsingar um stórmál í utanríkismálum okkar litla lýðveldis án þess að hafa nokkurt samráð um það við neinn af fulltrúum flokkanna í utanrmn. og sjálfsagt án mikillar umræðu í ríkisstjórn Íslands?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hefur hann hugsað sér að halda á þessu máli um Vestur-Evrópubandalagið í framhaldi af hinni sérkennilegu yfirlýsingu í sjónvarpinu í gærkvöldi? Sú yfirlýsing hefur örugglega verið þýdd af þeim sendiráðum sem hér eru og send til aðildarríkjanna og höfuðstöðva bandalagsins.

Í þriðja lagi vil ég biðja hæstv. utanrrh. að lýsa fyrir þinginu í stuttu máli hvert er hernaðarlegt eðli Vestur-Evrópubandalagsins sem ráðherranum finnst tímabært að tilkynna þjóðinni að við eigum að gerast aðilar að.

Í sjálfu sér átti ég ekki von á því, virðulegi forseti, að þurfa að bera þessar spurningar upp í tengslum við þetta mál vegna þess að ég átti ekki von á því að hæstv. utanrrh. færi að gefa slíkar ótímabærar yfirlýsingar um Vestur-Evrópubandalagið aðeins fáeinum dögum eftir að leiðtogar Evrópubandalagsins hafa sent frá sér sína yfirlýsingu. Hins vegar er óhjákvæmilegt að spyrja að því við þessa umræðu, vegna þess að sá samningur sem hér er til umræðu hefur í eðli sínu byggt á því að hernaðarbandalögin tvö, Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, væru með ákveðn-

um hætti þeir bakhjarlar sem mótuðu meginaðdraganda þessa samnings sem þingið er hér beðið um að staðfesta.

Nú er Varsjárbandalagið ekki lengur til og hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að hann telji rétt, eða a.m.k. sé hann mjög jákvæður gagnvart því að Íslendingar gerist aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu. Það vekur auðvitað upp þær spurningar með hvaða hætti slík ákvörðun breytir stöðu Íslands gagnvart hernaðarumsvifum, vígbúnaði, hernaðareftirliti og herstöðvum í Evrópu. Í sjálfu sér, virðulegi forseti, ætlast ég ekki til neinnar tæmandi umræðu um það hér en þó er óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. greini þinginu nokkuð frá viðhorfum sínum í þessum efnum áður en við göngum til atkvæðagreiðslu um dagskrármálið.

Ég heyrði það úr hliðarherbergi, hæstv. forseti, að einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar var að gera neikvæðar athugasemdir við það að ég væri að taka tíma þingsins til þess að ræða þetta mál. Ég verð að segja eins og er að það finnst mér sérkennilegt viðhorf. Við erum að ræða samning sem þjóðþing allra aðildarríkjanna hafa tekið langan tíma til þess að fjalla um og allir viðurkenna að sé með mikilvægustu samningum sem gerðir hafa verið í okkar heimshluta um langt árabil. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt, virðulegi forseti, að maður leyfi sér að tala í tæpan hálftíma um þetta mál. Ef stjórnarliðið á Alþingi ætlar sér virkilega að fara að gera athugasemdir við það að maður leyfi sér að tala í hálftíma um mál af þessu tagi í ljósi þeirra atburða sem gerst hafa í veröldinni og tengjast þessum samningi beint þá veit ég nú satt að segja ekki hvar stjórnarliðið á Alþingi er statt. Ég mun a.m.k. láta þær athugasemdir sem vind um eyru þjóta vegna þess að ég tel þetta mál vera það stórt, ég hef varið það miklum tíma á síðari árum til þess að fjalla um mál þessu skyld og það verður þá bara að hafa það þótt einhverjum í stjórnarliðinu mislíki að við tökum smástund hér á Alþingi til þess að ræða þetta stórmál.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér finnst sjálfsagt eins og síðasta ræðumanni að við tökum okkur smástund hér á þessum degi til þess að ræða um þetta mikilvæga mál sem hér liggur fyrir, þennan CFE-samning svokallaðan, samninginn um takmörkun vígbúnaðar í Evrópu, samning sem gerður var á sínum tíma á milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins en hefur nú eðli málsins samkvæmt fengið aðra þýðingu en hann hafði þegar hann var undirritaður og þegar menn unnu að samningsgerðinni. Raunar má rekja þessa samningsgerð allt aftur til ársins 1973 þegar viðræðurnar um gagnkvæma takmörkun á hefðbundnum herafla í Evrópu hófust og stóðu þær linnulaust má segja allt þar til þessi samningur tókst og var undirritaður í París 19. nóv. 1990. Þá stóð að þeirri undirritun forseti Sovétríkjanna, Mikhail Gorbatsjov, meðal annarra en nú, eins og fram hefur komið hér í umræðunum, er hann orðinn valdalaus maður og spurning um það hvaða stöðu samningurinn kemur til með að hafa með hliðsjón af hruni Sovétríkjanna.

Það er ekki alveg rétt sem fram kom hér í ræðu hv. 8. þm. Reykn. að utanrmn. hafi ekki verið kunnugt um þá stöðu sem komin er upp í Sovétríkjunum þegar hún fjallaði um málið því að á fundi nefndarinnar sl. mánudag var drepið á þetta atriði og menn veltu því aðeins fyrir sér örstutta stund hvernig á þessu máli yrði tekið í hinum fyrrverandi Sovétríkjum, hvort það yrði kannski þannig að sameiginlegt þing Sovétríkjanna mundi gera það og hafa það sem eitt af sínum síðustu verkefnum að samþykkja þennan samning fyrir hönd allra lýðveldanna eða hvort hann kæmi til umræðu á þingum einstakra lýðvelda. Ég met stöðuna þannig eins og hún er nú að það muni ráðast nokkuð í ferð sem utanrrh. Bandaríkjanna, James Baker, fer í til Sovétríkjanna núna í næstu viku hvernig að þessari formlegu hlið verður staðið og það kom fram í fréttum síðast í gærkvöldi að Mikhail Gorbatsjov hefur lýst því yfir að hann ætli a.m.k. að gegna forsetaembætti í Sovétríkjunum fram yfir heimsókn James Bakers. Ég tel því að þar sé e.t.v. um það að ræða að reynt verði að ganga frá þessum samningi formlega áður en Sovétríkin liðast endanlega í sundur. En það eigum við eftir að sjá og atburðarásin í þessum heimshluta hefur verið með þeim hætti að þar hafa atburðir gerst hraðar og óvæntar heldur en menn óraði fyrir þannig að í því máli er ekkert öruggt. En mér sýnist svo að ætlunin sé að reyna að fá þennan samning staðfestan með einum eða öðrum hætti af Sovétríkjunum áður en þau liðast formlega í sundur og á það muni reyna þegar á næstu dögum. Þess vegna lít ég þannig á að það sé mikilvægt fyrir Alþingi Íslendinga að ganga formlega frá þessu af sinni hálfu og ég tel að okkur sé ekkert að vanbúnaði að gera það í dag með hliðsjón af þeim umræðum sem fram hafa farið í utanrmn. þótt óvissan sé vissulega mikil og allt rétt um það sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns.

Ég vil aðeins í örfáum orðum minna á um hvað þessi samningur snýst. Hann snýst í stuttu máli um það að verið er að takmarka fjölda hergagna, hefðbundinna vopna, í Evrópu. Hann snýst ekki um að verið sé að takmarka fjölda hermanna og hann snýst heldur ekki um kjarnorkuvopn. Það er mjög mikilvægt finnst mér að menn hafi það í huga að gildi samningsins snertir hergögn, fjölda hergagna, sem eru nánar skilgreind í samningnum sjálfum, og eins og fram hefur komið og kemur fram í grg. með þáltill., þá er hér á landi aðeins ein flugvélategund, F-15 orrustuþotur, sem fellur undir þennan samning en að öðru leyti eru ekki nein þau tæki hér á landi sem undir hann falla. Hins vegar kom það fram innan utanrmn., þegar um málið var rætt, að skyldur okkar til að taka á móti eftirlitsmönnum eru ótvíræðar og þar berum við ríkar skyldur til þess að veita þeim aðgang, ekki aðeins að varnarsvæðunum heldur einnig öllum svæðum á Íslandi, og þeir hafa rétt til þess að kynna sér mannvirki og allt það sem þeim dettur í hug samkvæmt þeim nákvæmu reglum sem í samningnum eru settar. Þannig að þótt að ekki falli nema ein vopnategund hér á landi undir samninginn hafa eftirlitsmenn, sem koma hingað á

grundvelli hans, rétt til þess að kynna sér aðstæður og fara hér inn í hús og byggingar samkvæmt þeim ákvæðum, sem eru í samningnum, utan varnarsvæðanna. Þetta kom fram í nefndinni í ágætri greinargerð sem Arnór Sigurjónsson varnarmálaráðunautur gaf nefndinni á fundi hennar eins og fram kemur í nál. En mér finnst mikilvægt að menn átti sig á því að þessi samningur snýst ekki um kjarnorkuherafla og hann snýst ekki heldur um fjölda hermanna.

Í þriðja lagi vildi ég aðeins minnast á það sem fram hefur komið varðandi spurninguna um tengsl okkar Íslendinga í öryggis- og varnarmálum við Evrópuþjóðirnar. Þetta er fyrsti afvopnunarsamningurinn sem gerður er á þeim forsendum sem hér er lýst með þátttöku jafnmargra ríkja og raun ber vitni um og ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma af ríkisstjórn Íslands að ákveða að Íslendingar yrðu aðilar að þessum samningi og tækju þátt í þessari samningsgerð og við værum meðal þeirra þjóða sem að samningnum stæðu. Þótt við ráðum að sjálfsögðu ekki sjálfir yfir vopnum eða hergögnum eða hermönnum eins og öllum er kunnugt um, þá tel ég að það hafi verið ákaflega skynsamlegt að Íslendingar væru aðilar að þessu og að við fengjum þannig tækifæri til þess, m.a. hér og í hv. utanrmn., að fjalla um þetta mikilvæga mál. Með þessu höfum við tengt okkur með nýjum hætti inn í þróun öryggis- og varnarmála í Evrópu og við eigum þegar fram líða stundir eftir að verða enn virkari aðilar að þeim umræðum sem þar fara fram um þær breytingar og það sem menn vilja gera til þess að tryggja áframhaldandi frið í Evrópu og tryggja þann stöðugleika sem einkennt hefur ástandið í Evrópu á undanförnum áratugum. Ég tel að þar séu að vísu margir hættuboðar með þeim breytingum sem hafa orðið við hrun á stjórnkerfi kommúnismans og við hrun Sovétríkjanna. Þær breytingar hafa sem betur fer gerst friðsamlega til þessa með einni mikilvægri undantekningu þó, í Júgóslavíu, eins og við öll vitum, en ég tel að ýmsir hættuboðar séu fram undan sem gefi til kynna að það kunni ekki allt að verða jafnfriðsamlegt þegar kemur að uppgjöri á milli einstakra lýðvelda eða einstakra þjóðarbrota í Sovétríkjunum. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að samningur sem þessi sé í gildi og nái til allra þeirra ríkja sem þar eiga hlut að máli. Það er lykilatriði varðandi þetta mál og framvindu þess að samningurinn verði staðfestur af öllum lýðveldum Sovétríkjanna og það verði með ótvíræðum hætti tekið af skarið um að þau séu skuldbundin af samningnum.

Rifjum aðeins upp að í einu ríki, sem nú er komið til sögunnar og kom til sögunnar 1. des. sl., Úkraínu, eru rúmlega 50 milljónir manna og ríkið ræður yfir 450–470 þús. manna herafla sem er meðal fjölmennari herafla í Evrópu, og í ríkinu eru kjarnorkuvopn eins og í þremur öðrum lýðveldum Sovétríkjanna. Það er ákaflega mikilvægt þó að þessi samningur nái ekki til kjarnorkuvopna að þessi ríki, kjarnorkuveldin sem eru að fæðast, verði aðilar að þessum samningi um takmörkun á hefðbundna heraflanum og það liggi alveg ljóst fyrir að þau séu skuldbundin eins og önnur ríki til þess að veita eftirlitsmönnum aðgang að sínum vopnabúrum og menn fái tækifæri til að skoða þau vígtól sem þar eru.

Nýr þáttur er einnig að koma til sögunnar þegar rætt er um öryggismál Evrópu og það er Vestur-Evrópubandalagið eða Vestur-Evrópusambandið, eins og ég hef kosið að kalla það, og spurningin um það hvernig við Íslendingar eigum að tengjast því. Ég hef verið þeirrar skoðunar um nokkurt skeið að það sé eðlilegt að við Íslendingar fylgjumst náið með því sem er að gerast í þessum samtökum og hef hreyft því, m.a. hér í þessum ræðustól í umræðum sem urðu sl. vor um samskipti okkar og Evrópuríkjanna, að eðlilegt væri að Íslendingar könnuðu hvort ekki væri rétt að við ættum áheyrnarfulltrúa hjá þessum samtökum og gætum fylgst með því sem er að gerast innan þessara samtaka og komið okkar sjónarmiðum á framfæri í samræmi við okkar hagsmuni. Ég tel það einnig ákaflega mikilvægt að Íslendingar komi þarna við sögu vegna þess að ég tel nauðsynlegt að þessi þróun í öryggismálum Evrópu taki einnig mið af hagsmunum okkar, ríkjanna sem eiga mikið undir því að stöðugleiki ríki á og við Atlantshaf. Ef þetta samband eða þetta samstarf þróaðist með þeim hætti að þau ríki innan Atlantshafsbandalagsins sem ekki eru aðilar að Evrópubandalaginu ættu þar enga aðild að og gætu ekki með nokkru móti komið sínum hagsmunum eða sínum sjónarmiðum á framfæri þá værum við og Norðmenn t.d., þær þjóðir sem eiga mjög mikið undir stöðugleika á Atlantshafinu, þar utan dyra. Ég tel mikilvægt að þetta Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum taki einnig mið af þróuninni á Atlantshafi og með þátttöku okkar gætum við stuðlað að því.

Þessi samningur, sem er um hefðbundinn herafla í Evrópu, eins og nafn hans ber með sér, nær einnig hingað til okkar með þátttöku okkar. Við erum hluti af Evrópu og eigum mikið undir því sem gerist í evrópskum öryggis- og varnarmálum og þess vegna tel ég öll rök hníga að því að við íhugum gaumgæfilega hvort við skulum ekki eiga einhverja aðild að þessu samstarfi Evrópuþjóðanna í varnarmálum og að mínu mati væri fyrsta skynsamlega skrefið það að kanna áheyrnaraðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti, ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel ákaflega mikilvægt að Alþingi Íslendinga taki afstöðu til þessa samnings innan þeirra tímamarka sem óskað hefur verið eftir. Það byggist á þeim miklu breytingum sem eru að verða og verður vonandi til þess að greiða fyrir því að sem flest ríki Evrópu og þau nýju ríki sem eru að koma til sögunnar verði einnig aðilar að samningnum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða og hér hafa verið fluttar um þetta mál tvær mjög efnislegar ræður sem eru þarfar og ég tel ekkert athugavert við það að við tökum okkur örlítinn tíma til að ræða þetta stórmál þó að mikið sé að gera hér í hv. Alþingi. Ég mun ekki hafa um þetta mjög mörg orð en eigi að síður eru nokkur efnisatriði sem ég vildi beina til ráðherra varðandi málið.

Þessi samningur, sem hér liggur fyrir, er mikið fagnaðarefni þó að atburðarásin í alþjóðamálum sé nú svo hröð að nokkur óvissa sé varðandi framkvæmd hans. En ég er að sjálfsögðu samþykkur samningnum og tel hann mikinn áfanga í þeirri jákvæðu þróun sem verið hefur í heimsmálum að undanförnu þó að óvissa sé fram undan, eins og þeir tveir hv. ræðumenn, sem hafa talað hér á undan, hafa rakið.

Það sem rak mig inn í þessa umræðu var yfirlýsing sem kom frá utanrrh. um að rétt væri, ef ég hef tekið rétt eftir, að Íslendingar gerðust aukaaðilar að Vestur-Evrópubandalaginu. Ég er einn af þeim sem hafa verið kjörnir af Alþingi í þingmannasamtök Norður-Atlantshafsbandalagsins og héldu þessi þingmannasamtök fund í Madrid á Spáni 21. okt. sl. Þar var rætt um framtíð Atlantshafsbandalagsins. Það var nú svo að undanfarið hafa verið áform um það meðal Frakka og Þjóðverja að sameina nokkrar herdeildir franska og þýska hersins undir merkjum Vestur-Evrópubandalagsins og efla þar með þessi samtök, sem, eins og hv. 8. þm. Reykn. sagði, hafa ekki verið með mjög háan status innan NATO hingað til. Þetta mál er viðkvæmt innan Atlantshafsbandalagsins og um það voru umræður á þessum fundi. Og það er það viðkvæmt að Manfreð Wörner, framkvæmdastjóri bandalagsins, sá ástæðu til að halda mikla og magnaða ræðu á fundinum og vara við því að efla önnur samtök innan Atlantshafsbandalagsins, sagði að framtíð Atlantshafsbandalagsins byggðist á því að menn stæðu sameinaðir eins og menn hafa gert innan þeirra samtaka. Í viðræðum við þingmenn frá Bretlandi og Bandaríkjunum og í afstöðu þeirra á þessum fundi kom það greinilega í ljós að þeir höfðu af þessu verulegar áhyggjur. Ég vil því spyrja utanrrh. um það, þó ég ætli í sjálfu sér ekkert að segja um það hvort þessi aukaaðild er æskileg eða ekki, mig skortir upplýsingar til þess að kveða upp úr með það, hvað þessi aukaaðild að Vestur-Evrópubandalaginu þýðir. Eru einhverjar nýjar upplýsingar um hvert þessi mál stefna? Eru einhverjar nýjar upplýsingar um áform um að efla þetta bandalag og að þjóðir Evrópu muni efla nýtt bandalag til hliðar við Atlantshafsbandalagið? Einnig er eðlilegt að spyrja hver sé afstaða stjórnvalda í Bretlandi og Bandaríkjunum til þessara mála nú, hvort utanrrh. hafi einhverjar nýjar upplýsingar um þau mál eða hvort ráðgast hafi verið við samstarfsþjóðir okkar í NATO um þessi mál.

Íslenska sendinefndin á þessum fundi, sem ég gerði að umtalsefni, var sammála um eins og ávallt áður að við ættum að hafa samstöðu um þessi mál beggja vegna Atlantshafsins og forðast aðgerðir sem leiddu til þess að Atlantshafsbandalagið klofni. Og ég hlýt að spyrja: Er hætta á því að þessi aukaaðild okkar og áform um að efla Vestur-Evrópubandalagið leiði til þess að bandalagið klofni? Ég vísa til ræðu Manfreðs Wörners á fundinum. Hún var með þeim hætti og hún var það áhrifamikil að það var ljóst að hann hafði af þessum málum verulegar áhyggjur.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ekki einn af þeim þingmönnum sem kem hér oft til að endurtaka ræðu mína en vegna þess að hæstv. utanrrh. var ekki staddur hér í morgun þá vil ég í örfáum orðum lýsa því sem ég lagði inn í umræðu um nál. sem hv. 4. þm. Reykv. mælti fyrir. Þá er þar fyrst til að taka að ég átta mig ekki alveg á hvort þessi samningur verður fullgiltur eða ekki. Hann er einfaldlega gerður á allt öðrum forsendum en nú eru fyrir hendi og nægir strax að nefna að meðal þeirra ríkja, sem eru talin upp í samningnum sjálfum, sem heitir samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu, eru Sovétríkin og þau eru einfaldlega ekki til þannig að ég átta mig ekki alveg á hvort slíkur samningur verður fullgiltur eða ekki.

Það er ljóst að það hefur dregist of lengi hjá okkur hér að fullgilda þennan samning vegna þess að hann er undirritaður í París 19. nóv. 1990 með fyrirvara um fullgildingu og er auðvitað byggður á samningi tveggja mikilvægra hernaðarbandalaga, Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, og nú eins og menn vita er Varsjárbandalagið heldur ekki til þannig að ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort hér sé raunverulega alvara á ferðum um að þessi samningur verði fullgiltur. Það er kannski vankunnátta mín og vanþekking en ég veit ekki einu sinni hvort Sovétríkin hafa fullgilt samninginn eða hvort búið er að samþykkja að hann verði fullgiltur. Ég veit ekki hvort við erum seinust af öllum að taka þá ákvörðun. (**ÓRG:** Það er ekki búið.) Það mun ekki vera búið, segir hv. 8. þm. Reykn., og þá veit ég ekki í hvers umboði eða hver ætlar í umboði Sovétríkjanna að fullgilda samninginn, þannig að þetta mál ber dálítið einkennilega að.

Ég lagði einmitt líka á það áherslu í morgun að það er ljóst að þessi samningur, og það vissi ég fyrir, fjallar ekki um kjarnorkuvopn né sjóheri heldur landheri og hergögn á meginlandi Evrópu. Þess vegna vil ég einnig spyrja hæstv. utanrrh. hvort ekki sé mál til komið að eitthvað verði gert til þess að tryggja okkur hér á Íslandi fyrir þeirri umferð kjarnorkuvopna sem við vitum að er í höfunum í kringum landið og væri það raunar meira hagsmunamál fyrir okkur heldur en þetta. En ég ítreka það auðvitað, og skal aldrei láta það henda mig að vera á móti neinum þeim samningi sem verður til þess að hergögnum fækki í heiminum en kyndugt er þetta mál óneitanlega og ber óvenjulega að.

Þá minntist ég aðeins á áhrif samningsins á Íslandi og það verður nú eiginlega næstum því dálítið fyndið. Eftir að AWACS-flugvélarnar voru fluttar til Persaflóa eru hér einungis F-15 orrustuflugvélar í eigu Bandaríkjanna sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli. Og í tilefni af því erum við háð eftirlitsákvæðum samkvæmt þessum samningi með þessum F-15 orrustuflugvélum þannig að við erum skuldbundin til þess að taka á móti heilum her af mönnum hvenær sem þeim svo sýnist sem ætla sér að horfa á þessar flugvélar og ekki veit ég einu sinni hve þær eru margar. En síðan kemur það fram í máli hv. 3. þm. Reykv. að þessi eftirlitsnefnd má beinlínis skoða hvað sem er og vaða inn í hvaða byggingu á Íslandi sem er, líklega til þess að leita að hergögnum. Við skuldbindum okkur til þess að halda því liði hér uppi, veita því gistingu og mat og

sjálfsagt flutninga og ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. hvort ekki væri nær að losa sig við þessar F-15 flugvélar og spara okkur þetta eftirlit nema þetta eftirlit eigi að ná til okkar allra og skiptir þá ekki máli hvort um hergögn sé að ræða eða ekki.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki tefja þetta mál en ég á að vísu dálítið erfitt með að skilja af hverju þetta er svona seint á ferðinni og af hverju liggur svona mikið á þessu einmitt í dag. En hvað um það, ekki skal ég koma í veg fyrir það. En mig langar að fá svar við þessum örfáu spurningum og þá fyrst og fremst þessari: Verður samningurinn yfirleitt fullgiltur? Ég kysi, hæstv. forseti, að hafa dálítið betri tíma til þess að ræða ofurlítið við hæstv. utanrrh. um framtíð Evrópu vegna þess að ótti minn er að það sé að myndast nýtt járntjald, ekki fyrir austan Vestur-Evrópu heldur fyrir sunnan alla Evrópu og þar verði komið upp járntjald milli suðurs og norðurs og um það mætti auðvitað hafa langt mál. Það mætti líka hafa langt mál um fundi sem við, fulltrúar í EFTA-nefnd þingsins, sóttum suður í Genf og í Strassborg nú fyrir viku þar sem allólíkar upplýsingar komu fram og allólíkir atburðir gerðust en þeir sem okkur hefur verið sagt frá hér uppi á Íslandi. En til þess gefst auðvitað ekki tími núna og verður enda gert seinna. En ég vænti þess að hæstv. utanrrh. fyrirgefi mér þó að ég hafi leyft mér að endurtaka þessar spurningar mínar þar sem hann ekki var viðstaddur í morgun.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að upplýsa hv. 14. þm. Reykv. um það að hún þarf ekki að óttast að fá heimsókn á Túngötuna frá þessari eftirlitsnefnd því að þeir mega ekki fara inn um dyr sem eru mjórri en tveir metrar. Hv. þm. er því nokkuð öruggur. (**GHelg:** Það eru þó fréttir.)

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um fullgildingu samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu, sem eins og fram hefur komið, var undirritaður í París 19. nóv. 1990. Fyrir aðeins örfáum vikum hefði okkur öllum þótt sjálfsagt að staðfesta þennan samning og höfum öll tekið undir það að inntak hans er af hinu góða, en sú þróun sem átt hefur sér stað í Austur-Evrópu á undanförnum vikum og dögum er þess eðlis að ýmsar spurningar hafa vaknað um gildi þessa samnings, hvort hann hafi einhverja þýðingu þegar á reynir. Þessi samningur gengur út á fækkun svokallaðra hefðbundinna vopna. Þeir sem fylgst hafa með umræðum um afvopnunarmál á undanförnum árum minnast þess að sú umræða hófst af krafti í kjölfar kólnandi sambúðar milli stórveldanna eftir innrásina í Afganistan 1979 og þeirra ákvarðana NATO-ríkjanna að staðsetja skammdrægar eldflaugar í ýmsum ríkjum Vestur-Evrópu. Almenningur vaknaði upp við vondan draum, hóf að kynna sér málið af krafti og til urðu friðarhreyfingar sem náðu því markmiði sínu að breyta almenningsálitinu í heiminum og tókst að auka mjög þrýsting á stjórnendur stórveldanna sem sáu sér ekki annan kost en að setjast við samningaborðið og reyna þar að ná samkomulagi um fækkun þeirra vopna sem þá voru mest í umræðunni, kjarnorkuvopn af ýmsu tagi.

Við höfum á undanförnum árum horft upp á þá ánægjulegu þróun að hver samningurinn á fætur öðrum hefur verið gerður um fækkun kjarnorkuvopna, en þar er þó mikið verk óunnið enn og vil ég sérstaklega nefna afvopnun á höfunum sem ég held að við, sem nú sitjum á Alþingi, séum öll sammála um að er afar nauðsynlegt og mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga.

Í öðru lagi á eftir að ná samkomulagi um bann við öllum tilraunum með kjarnorkuvopn sem hlýtur að verða næsta takmark okkar. Þegar þessir samningar, sem ég hef hér gert að umræðuefni, höfðu náðst tóku menn að beina sjónum enn frekar að hefðbundnum vopnum sem að sjálfsögðu voru gríðarlega mikil í allri Evrópu, ekki síst í eystri hluta Evrópu þó að menn geti deilt um gæði þeirra vopna. Þessi samningur sem hér er til umræðu er árangur þeirrar umræðu þar sem fjöldi ríkja lagðist á eitt um að semja um fækkun hefðbundinna vopna í Evrópu.

Á undanförnum vikum hafa átt sér stað miklar breytingar í Austur-Evrópu. Sovétríkin eru að leysast upp eins og hér hefur komið fram en það eru ekki eingöngu Sovétríkin heldur verðum við líka að horfa á þá atburði sem hafa verið að gerast í Júgóslavíu. Þar er annað ríki sem er að leysast upp og við skulum minnast þess að það ástand sem þar ríkti á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöldina var sú púðurtunna sem kveikti þá miklu og hörmulegu styrjöld. Það er því ekki eingöngu ástæða til þess að horfa á Sovétríkin heldur einnig það sem er að gerast í Júgóslavíu sem getur að sjálfsögðu haft áhrif á alla álfuna.

Þessi samningur snertir okkur Íslendinga að nokkru leyti og hlýtur að kveikja hér umræður um það hver staða Íslands á að vera í breyttri Evrópu þegar búið er að leggja niður Varsjárbandalagið og þjóðir Evrópubandalagsins hafa lýst því yfir að þau hyggist efla sína samvinnu hvað varðar öryggi álfunnar. Ég ligg ekkert á þeirri skoðun minni að ég tel að Íslendingar eigi að móta sér sjálfstæða stefnu í þessum málum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við Íslendingar ættum að taka upp þá stefnu sem hér var mótuð árið 1918, þess efnis að Íslendingar væru hlutlausir og ég tel að skilyrði fyrir því að við tökum aftur upp ævarandi hlutleysi Íslands séu að verða til staðar vegna þess að þær forsendur sem Atlantshafsbandalagið byggði á, þ.e. óvinurinn í austri, eru ekki lengur til staðar. Hin svokallaða þýðing Íslands í hernaðaruppbyggingu Atlantshafsbandalagsins hefur byggst á því að Ísland væri mikilvægur hlekkur í því að flytja vopn á milli Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu og einnig í því að fylgjast með því sem gerist á höfunum í kringum Ísland. Ég er þeirrar skoðunar að það sé orðið fyllilega tímabært að við tökum sjálf í okkar hendur þá öryggisgæslu sem við teljum nauðsynlega.

Við höfum þegar séð hér á landi áhrif þeirra breytinga sem orðið hafa í heiminum í þeim samdrætti sem orðið hefur á starfsemi hersins á Keflavíkurflugvelli. Ég er alveg sannfærð um það að sú þróun mun halda

áfram. Starfsmönnum þar mun fækka og e.t.v. kemur sú stund að herstöðinni þar verði lokað. Þetta eru mál sem við þurfum að ræða á Alþingi og almennt í þjóðfélaginu því að við vitum það öll að staðsetning bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli hefur haft gífurleg áhrif á okkar þjóðlíf, ekki síst á Suðurnesjunum, og menn verða einfaldlega að gera sér grein fyrir því og ræða það hvernig eigi að bregðast við þessum samdrætti. Hann er ánægjulegur, en hann þýðir auðvitað það að fólk missir vinnu sína og því miður hafa atvinnumál verið mjög vanrækt á Suðurnesjum og menn einblínt um of á herstöðina. Þetta eru allt saman mál sem við þurfum að ræða.

En í ljósi þeirrar umræðu, sem hér hefur átt sér stað í dag um þennan samning, vil ég ítreka þá spurningu sem hefur komið fram að hæstv. utanrrh. greini okkur frá því hvaða áhrif upplausnin í Sovétríkjunum mun hafa á gildi þessa samnings. Ég vildi gjarnan fá skýringu á því. Ég veit að hér eru margir fróðir menn um þennan samning og þróun mála í Austur-Evrópu. Mér er einfaldlega ekki kunnugt um hvers vegna það hefur dregist svo mjög að Sovétríkin hafi undirritað þennan samning. Það er alveg greinilegt að það er orðið of seint núna að hann verði undirritaður í nafni Sovétríkjanna. En ég fagna innihaldi þessa samnings og vona að hæstv. utanrrh. beiti sér til þess að áframhaldandi afvopnun eigi sér stað í Evrópu og að afvopnun hafanna komist á dagskrá. Jafnframt vil ég láta þá ósk í ljós að þróunin í Sovétríkjunum verði á þann veg að við getum áfram haldið þeirri göngu sem nú hefur staðið í nokkur ár og hefur orðið til þess að vekja vonir um það að friður muni haldast áfram í Evrópu sem heild og okkar hluta veraldarinnar en því miður er ástandið í ýmsum öðrum heimshlutum þess eðlis að þar er lítil von um frið og framþróun á meðan heimurinn skiptist jafnátakanlega milli ríkra þjóða og fátækra sem raun ber vitni.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því sem var sagt um árangur af baráttu friðarhreyfinganna láta það koma hér fram að það var þrátt fyrir stefnu þeirra um einhliða afvopnun að samningar náðust og það var ekki fyrr en Vesturlönd og Atlantshafsbandalagið hafði framkvæmt stefnu sína í kjarnorkumálunum varðandi Evrópukjarnorkuvopnin sem samningar tókust um gagnkvæma afvopnun á kjarnorkusviðinu í Evrópu. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram að ég er ósammála hinni sögulegu skýringu hv. ræðumanns varðandi gildi friðarhreyfinganna.

Í öðru lagi vil ég lýsa því yfir að mér finnst furðulegt að enn skuli haldið við það að hlutleysi sé besta stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum þegar þær þjóðir sem hafa verið hlutlausar eins og Svíar og Finnar eru að hverfa frá þeirri stefnu vegna þess einfaldlega að hlutleysi var á milli ákveðinna blokka í Evrópu. Nú hafa þessar blokkir horfið þannig að hlutleysishugtakið er raunverulega líka úr sögunni við þær miklu breytingar sem orðið hafa hér í okkar álfu.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það undarleg þráhyggja að geta ekki viðurkennt að þær friðarhreyfingar sem spruttu upp í Evrópu og Norður-Ameríku höfðu gífurleg áhrif á alla umræðu og alla þróun þessara mála. Þær voru af ýmsu tagi og lögðu ýmsar áherslur ýmist um einhliða afvopnun eða aðrar leiðir í þeim málum og ég er algerlega ósammála hv. síðasta ræðumanni um það að hlutleysi sé úr sögunni. Ég vona svo sannarlega að það geti öll ríki búið við hlutleysi, að það skapist það ástand að slík umræða og hernaðarbandalög séu algerlega óþörf.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að hæstv. utanrrh. kæmi hér upp í millitíðinni en hvað um það. Hér hafa komið fram ýmsir mjög athyglisverðir hlutir.

Út af fyrir sig geta menn deilt um það hvort friðarhreyfingar eða ákvarðanir stjórnenda Atlantshafsbandalagsins um stefnumörkun til þess að ná fram friðarsamningum séu ástæðan fyrir því að friðarsamningar hafi tekist. Menn geta deilt um þetta fram og til baka eins og þeir vilja. Hitt er aftur á móti söguleg staðreynd og verður ekki á móti mælt að hvorki friðarhreyfingar né stefna Atlantshafsbandalagsins gerðu það að verkum að til valda komst í Sovétríkjunum maður að nafni Gorbatsjov. Er nú vel að báðir aðilar kinka kolli til samþykkis um að þeim er ljós þessi staðreynd. Það þýðir ekki að blekkja sig á því að þessi maður hefur fengið friðarverðlaun Nóbels vegna þess að hans einlægi ásetningur, að stuðla að friði og draga úr vígbúnaðarkapphlaupinu, varð Vesturlandabúum ljós og þeim var ljóst að í Sovétríkjunum var kominn til valda maður sem þeir treystu. Þegar þjóðhöfðingjar risaveldanna fóru að treysta hver öðrum var kominn tími til að setjast að samningaborði og undirrita friðarsáttmála. Það er ánægjulegt að sá samningur sem nú liggur fyrir þessu þingi og fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og núv. utanrrh. og þáv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson undirrituðu í París 19. nóv. 1990.

Aftur á móti er kaldhæðni örlaganna að sá samningsaðili sem öllu máli skipti í þessu sambandi, Sovétríkin, er nú í þeirri upplausn að menn vita ekki hvort þau halda velli eða ekki. Það er kaldhæðni örlaganna. Það er alveg eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. að í því liggur hættan ef miðstjórnarvald allt hrynur á því svæði. Það kom líka fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að hættuboðarnir væru vegna hruns í Sovétríkjunum. Ég segi: ef af verður. Ef liðsmenn Djengis Khans eru komnir að Moskvu eftir nokkur ár, það hefur gerst áður og getur gerst enn. Hvar stöðvast ríki Mongóla ef þetta hrynur? Hvar stöðvast það? Það eru náttúrlega hreinir draumóramenn sem ekki skynja þá hættu sem er þessu samfara og halda að mannkynið sé eitthvað nær friði ef við stöndum frammi fyrir því að þeir aðilar sem sömdu friðinn verða báðir úr sögunni því nú eru jafnmiklar raddir komnar upp í Evrópu um að nú þurfi ekki lengur að byggja á þeirri sterku lýðræðislegu hefð sem hefur staðið á bak við Atlantshafs-

bandalagið sem m.a. er það sterk að menn hafa ekki farið með her inn í Júgóslavíu þó að þar sé barist. En hvað vildi Evrópa gera? Evrópa er reið yfir því að hafa ekki haft her til að senda inn í Júgóslavíu og nú vilja þeir fara að búa hann til, sérstakar sveitir Frakka og Þjóðverja, bardagavanra þjóða eins og mannkynssagan kennir okkur. Þeir ætla ekki að senda þennan her til Moskvu eða Eystrasaltslandanna, þess er ekki þörf. Hvað ætla þeir að gera við herinn? Og ég spyr: Er skynsamlegt hjá okkur Íslendingum að ætla að taka þátt í slíku? Ég segi nei, hreint nei. Ég vil frekar fylgja þeim armi sem tilheyrir þá Bretum og Bandaríkjunum komi til klofnings í afstöðu þessara þjóða. Og ég vil segja það að ég held að Evrópa fari ekki stærri sigurför í sáttargjörð í Júgóslavíu en Snorri Sturluson forðum þegar hann ætlaði að sætta Húnvetninga. Ég hygg að árangurinn verði svipaður. (**Gripið fram í:** Gekk ekki frekar illa hjá Snorra?) Það gekk illa hjá Snorra og væri fróðlegt fyrir hv. þm. að kynna sér þá frægðarför.

Það er nefnilega kaldhæðni örlaganna að þegar þessi stóru ríki, risavöxnu ríki, Sovétríkin og Bandaríkin, höfðu bæði eignast leiðtoga sem unnu að friði, tryggðu frið og komu sínum stefnumálum áfram í hverjum samningnum eftir annan í jákvæðri þróun fyrir heiminn skuli það gerast að hlutirnir splundrist e.t.v. á nýjan leik. Ég segi e.t.v. á nýjan leik því að ég held að nokkuð sé til í því sem Gorbatsjov sagði, að þau átök sem eiga sér stað í Króatíu, á þeim svæðum, eru eins og hver önnur skrýtla, miðað við það sem gæti gerst ef lýðveldi Sovétríkjanna lenda í blóðugri borgarastyrjöld.

Herra forseti, Ég hef ekki, vegna þess hve tíminn er hér knappur, ætlað mér að hafa langt mál um þetta, en ég vænti þess að hæstv. utanrrh. geri sér grein fyrir því að það er engin eining meðal Atlantshafsbandalagsríkjanna um þá stefnu að það eigi að fara að stofna einhvern Evrópuher úti í Frakklandi og Þýskalandi. Það er engin eining. Og ef það verða nú örlög vestrænna ríkja að lenda í sömu stöðu og Sovétríkin, að nú fari menn að splundrast, menn vilji koma upp léttum árásarsveitum, eins og þeir kalla þær, sem hægt sé að senda til að stilla til friðar, þá er spurning hvort Evrópa — sem hefur á þessari öld verið aðalkveikjan að öllum stærstu átökum í heiminum, að Vínarsamstríðinu undanskildu, sem þó er vissulega arfur frá Evrópu ef það er skoðað líka — ef Atlantshafsbandalagið brotnar nú niður vegna þess að menn vilja endilega fara að koma upp slíkum sveitum hefur mannkynið ekki færst nær friði á seinustu missirum, því miður, og þá virðist sú þróun sem var í átt til friðar vera stöðvuð í bili.

Um leið og ég segi þetta undirstrika ég það að ég er að sjálfsögðu stuðningsmaður þessa samnings sem hér er um að ræða og vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa komið með hann inn í þingið til þess að láta staðfesta hann.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. síðasti ræðumaður túlkaði höfuðhneigingu mína með ákveðnum hætti vil ég ekki láta undir höfuð leggjast að láta þá skoðun mína koma fram, sem ég hef lýst annars staðar, að ég tel að þróunin sem varð hér í Evrópu í kjarnorkumálunum í byrjun síðasta áratugar hafi skipt sköpum um þróun mála, ekki aðeins öryggismála í Evrópu heldur einnig þróun stjórnmála í Sovétríkjunum, og ég er þeirrar skoðunar að ef Sovétríkin hefðu sigrað í því áróðursstríði sem þá var háð hefðu líkindi fyrir því að Mikhail Gorbatsjov kæmist til valda í Sovétríkjunum verið mun minni en ella.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki hefja stórar deilur um það hvort áróðursstríðið hefði getað skilað öðrum manni til valda ef það hefði tapast, en ég fagna því að hér er það staðfest af hv. 3. þm. Reykv. að það varð vestrænni menningu til blessunar að Gorbatsjov komst til valda í Sovétríkjunum.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að tilkoma Gorbatsjovs hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á þróun mála. Sumir hafa sagt að hann hafi verið kraftaverk í sögunni. Ekki ætla ég að dæma um það. Ég vil hins vegar minna á það að friðarhreyfingarnar voru komnar til þó nokkru áður en Gorbatsjov komst til valda og þær voru ófáar sendinefndirnar sem héldu til Sovétríkjanna og reyndu þar að hafa áhrif á hugsunarhátt og gang mála í því ríki og hver veit nema þær hafi átt einhvern þátt í því að Gorbatsjov komst til valda.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek ekki undir aðfinnslur í garð hv. 8. þm. Reykn. þótt hann tali svo sem hálfa klukkustund hér um jafnmikilvægt mál á áhugasviði hans. Þvert á móti. Ég tel það til mikilla bóta þegar hv. 8. þm. Reykn. ræðir málefnalega um áhugamál sín í samanburði við þau ósköp sem við höfum mátt heyra á undanförnum dögum og vikum, nefnilega að hv. þm. eyðir tíma sínum og annarra í að skeyta skapi sínu á þingsköpum lon og don, og ég viðurkenni fúslega að sú iðja hans er bæði mér og öllum þorra hv. þm. bæði til ama og leiðinda þannig að málefnaleg umræða af hans hálfu er mér fagnaðarefni.

Virðulegi forseti. Í tilefni af athugasemdum um fjarveru utanrrh. í morgun er rétt að það komi fram að ég hafði gert ráðstafanir til að verða kvaddur hingað í húsið um leið og umræðan byrjaði. Það mun af einhverjum ástæðum hafa misfarist og biðst ég velvirðingar á því.

Hv. þm. hafa fyrst og fremst beint máli sínu og spurningum að því hverjar líkur eru á að þessi mikli og sögulegi afvopnunarsamningur nái fullgildingu og staðfestingu þjóðþinga og þá ekki síst hvaða horfur eru á að hann komi til framkvæmda í ljósi nýjustu atburða í Sovétríkjunum. Menn spyrja: Eru einhverjar líkur á því að hin nýju lýðveldi sem áður mynduðu Sovétríkin muni staðfesta samninginn? Eru líkur á því að þau geri kröfu til þess að hann verði að einhverju leyti tek-

inn upp að nýju? Eru líkur á því að hin aðildarríkin komi ekki við að gegna eftirlitshlutverki sínu? Það eru fyrst og fremst spurningar af þessu tagi sem hafa vakað í máli manna.

Ég vil, virðulegi forseti, rifja upp að þegar ég gerði grein fyrir samningnum í framsöguræðu 27. nóv. sl. var að þessu máli vikið. Þá var þegar ár liðið frá því að samningurinn var undirritaður í París og þá þegar, á því ári, hafði margt breyst frá því að hann var undirritaður. Menn hafa vakið upp spurningar um það hvort samningurinn væri að úreldast í ljósi breyttra aðstæðna. Nægir í því sambandi að nefna að annað bandalagið sem aðild á að samningnum, Varsjárbandalagið, er úr sögunni og að Eystrasaltslöndin þrjú, sem áður voru uppistaðan í svokölluðu Eystrasaltsherstjórnarsvæði Sovétríkjanna, hafa nú endurheimt fullt og óskorað sjálfstæði. Að þessu var vikið strax í framsöguræðu og þá sagt, með leyfi forseta:

„Óhætt er að fullyrða að þrátt fyrir slíka ófyrirsjáanlega atburði haldi samningurinn gildi sínu fullkomlega óskertu. Brotthvarf Varsjárbandalagsins breytir í grundvallaratriðum engu um þá staðreynd að framkvæmd niðurskurðar á grundvelli þeirra markmiða sem samkomulag varð um á milli bandalaganna tveggja er eftir sem áður á ábyrgð einstakra aðildarríkja samningsins. Sá vandi sem hlaust af sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna í tengslum við gildissvæði samningsins var enn fremur leystur með sérstakri lagalega bindandi yfirlýsingu sem tekur gildi um leið og samningurinn."

Þetta eru dæmi, virðulegi forseti, um það að samningurinn er þann veg gerður að unnt hefur verið á þessu ári að laga hann að breyttum aðstæðum þannig að hann lenti ekki ógöngum.

Að því er varðar upplausn Ráðstjórnarríkjanna var vikið að væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu sem þá var vitað að færi fram 1. des. varðandi sjálfstæði Úkraínu. Að því máli var vikið með þessum orðum, með leyfi forseta: „Lýsi stjórn Úkraínu lýðveldið sjálfstætt ríki í kjölfar atkvæðagreiðslunnar, eins og yfirgnæfandi líkur eru taldar á, er nánast óhugsandi að stjórnvöld í Kænugarði telji sig bundin af fullgildingarákvörðun sovéska þingsins. En stór hluti hefðbundins vígbúnaðar Sovétmanna sem fellur undir samninginn er [sem kunnugt er] staðsettur á landsvæði Úkraínu. Of snemmt er á þessu stigi að segja til um með vissu hvernig brugðist verður við þessum vanda en hugsanlegar lausnir eru m.a. til umræðu í sameiginlegri samráðsnefnd í Vínarborg sem sett var á stofn með samningnum.

Ekki er til að mynda ólíklegt að Úkraína verði krafin lagalega bindandi yfirlýsinga þess efnis að hún verði að virða í einu og öllu fyrri skuldbindingar Sovétríkjanna samkvæmt samningnum á úkraínsku landsvæði. Bendir raunar ekkert til þess að stjórnvöld í Úkraínu muni hreyfa andmælum við slíkri kröfu. Með hliðsjón af því ástandi sem við blasir í Sovétríkjunum er hins vegar ljóst að því lengur sem það dregst að aðilar samningsins fullgildi hann þeim mun erfiðara gæti það reynst að tryggja að samningurinn nái fram að ganga. Óhætt er að fullyrða að það sé áhætta sem enginn aðila samningsins vill taka. Ég vil því beina þeim tilmælum til hins háa Alþingis að það fullgildi þennan samning og sýni þannig í verki að Ísland vilji ekki láta sitt eftir liggja til að friður megi haldast í okkar heimshluta um fyrirsjáanlega framtíð."

Ég rifja þetta upp vegna þessara kjarnaspuringa hv. þm. sem allar beindust að þessu: Hvað gerist nú? Hver verða örlög þessa samnings þegar við nú stöndum frammi fyrir því að þrjú fyrrum aðildarríki Sovétríkjanna hafa lýst yfir sjálfstæði sínu og fleiri hafa lýst því yfir að þau muni ganga inn í hið nýja bandalag fullvalda ríkja?

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að nýafstaðnir atburðir í Sovétríkjunum muni ekki breyta neinu um nauðsyn þess að Alþingi fullgildi samninginn um hefðbundinn herafla nú þegar. Ég tel það þvert á móti brýnna en áður þar sem gildistaka samningsins er besta vörn sem á verður kosið fyrir Evrópu í heild, jafnt eldri ríki sem ný, andspænis þeirri miklu óvissu sem umrótið í austurhluta álfunnar hefur í för með sér. Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu er lagalega bindandi samningur sem tekur gildi 10 dögum eftir að öll aðildarríki hafa fullgilt hann. Á þessari stundu hefur nærri helmingur aðildarríkja fullgilt hann og þar liggur eftir hlutur ýmissa Vestur-Evrópuríkja t.d.

Úr því sem komið er eru auðvitað tormerki á því að sovéska þingið, sem enn er við lýði eftir því sem best er vitað, hafi umboð til að staðfesta samninginn fyrir hönd samveldisríkjanna þriggja og þá vaknar sú spurning með hvaða hætti komið verði í veg fyrir að samningurinn rati í blindgötu. Að vísu bendir allt til þess að ráðamenn í þessum þremur ríkjum hafi fullan hug á að gildistaka samningsins nái fram að ganga. Tæknilegar leiðir til að tryggja að samningurinn haldi eru um þessar mundir til umfjöllunar í sameiginlegu samráðsnefndinni í Vínarborg sem ég vék að áðan. Sú nefnd var sett á stofn í tengslum við samninginn og það er rétt að nefndin komist að sínum niðurstöðum um málið áður en við getum tjáð okkur um það með endanlegum hætti. En í grófum dráttum má hins vegar gera ráð fyrir að tvær leiðir komi öðrum fremur til greina.

Fyrri kosturinn er sá að sovéska þingið fullgildi samninginn á næstunni, en að samveldisríkin þrjú gefi út bindandi yfirlýsingar þess efnis að þau muni standa við þær skuldbindingar sem Sovétríkin tóku á sig varðandi samningsbundinn vígbúnað á landsvæði þeirra.

Hinn kosturinn væri í því fólginn að aðildarríkin tækju upp viðræður við samveldisríkin þrjú, og fleiri ef þeim fjölgar, um hugsanlega aðild að samningnum. Það eru að vísu vankantar á báðum þessum leiðum. Varðandi þann fyrri er ekki ljóst hvort samveldisríkin geti fallist á umboð sovéska þingsins. Seinni kosturinn gerir hins vegar ráð fyrir að öll önnur aðildarríki hafi viðurkennt samveldisríkin þrjú sem sjálfstæð ríki. Á því eru verulegar líkur en það mun hins vegar taka nokkurn tíma. Þrátt fyrir það að ekki sé um neinar einfaldar lausnir að ræða tel ég fyllstu ástæðu til að ætla að málið verði farsællega til lykta leitt og ég byggi það á reynslu. Ég bendi á að aðildarríkin hafa fyrr á þessu

ári ráðið bót á erfiðum úrlausnarefnum án þess að hróflað væri við sjálfum samningnum. Ég nefni sérstaklega ágreining um talningarreglur samningsins. Ég nefni ágreining um flutninga Sovétmanna á vígbúnaði austur fyrir Úralfjöll. Og ég nefni vandamál sem upp komu í framhaldi af sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Reynslan hefur þannig sýnt að ákvæði samningsins eru nægilega sveigjanleg til að gera aðildarríkjunum kleift að laga hana að breyttum aðstæðum. Þeim sem vilja kynna sér þessa hlið á samningnum er bent á 16. gr., um sameiginlegu samráðsnefndina, og 20. og 21. gr., um breytingar á samningnum og sérstaka ráðstefnu aðildarríkja sem kalla má saman ef óvenjulegar aðstæður skapast.

Ég tel mikilvægt að fram komi að lausn málsins ræðst ekki einvörðungu af afstöðu og aðgerðum samveldisríkjanna þriggja, heldur einnig af einurð og vilja annarra aðildarríkja samningsins. Öll hafa ríkin þrjú gefið til kynna að þau kjósi að eiga samleið með öðrum ríkjum Evrópu í öryggis- og afvopnunarmálum. Ég vil t.d. nefna að Úkraína hefur nú þegar óskað eftir því að *fá fulla aðild að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu* í Evrópu í janúar nk. Úkraína verður ekki fullgildur aðili að RÖSE, sem við köllum svo, nema því aðeins að fyrir liggi að hún taki á sig allar þessar skuldbindingar. Þess er að vænta að hin ríkin geri slíkt hið sama. Það er hins vegar lykilatriði að Úkraína og hin samveldin tvö gangi ekki að því gruflandi að þátttaka í ráðstefnunni er háð þessu skilyrði. Þess vegna er nauðsynlegt að þau skuldbindi sig hið fyrsta, með óyggjandi hætti, til að virða í hvívetna ákvæði samningsins um hefðbundinn herafla sem kallaður hefur verið hornsteinn nýrrar Evrópu. Þessum skilaboðum verður best komið áleiðis með því að önnur aðildarríki láti ekki standa upp á sig staðfestingu samningsins án tafar. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland megi undir engum kringumstæðum láta sinn hlut eftir liggja. Ég ítreka því fyrri óskir mínar um að hæstv. Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu við fyrsta tækifæri.

Virðulegi forseti. Auk þess var spurningum beint til mín um hugsanlega áheyrnarfulltrúa að aðild Íslands að hinu svokallaða Vestur-Evrópubandalagi, West-European Union. Menn spurðu um hver væri afstaða mín, hvort málið hefði verið rætt í ríkisstjórn og hvernig á málinu yrði haldið af hálfu ríkisstjórnar.

Enn fremur spurði hv. 2. þm. Austurl. hvort hætta væri á því að stofnun bandalagsins eða öllu heldur virkjun þess, gæti leitt til klofnings innan Atlantshafsbandalagsins og vitnaði í því efni til viðvörunarorða framkvæmdastjóra þess, Wörners. Um þetta mál er það að segja að það hefur vissulega borist í tal, verið á dagskrá og í umræðum milli utanrrh. Íslands og ýmissa utanríkisráðherra Evrópubandalagsins fyrr á tíð. Þannig minnist ég þess að nokkrir af utanríkisráðherrum Evrópubandalagsins hafa spurst fyrir um það, hvernig því yrði tekið af Íslands hálfu ef þetta tilboð yrði gert af hálfu leiðtoga Evrópubandalagsins. Það var gert með einna ákveðnustum hætti af utanríkisráðherra Ítalíu þegar hann var hér í opinberri heimsókn ásamt forseta Ítalíu. Þá áttum við allítarlegar umræður um þetta mál. Um það mál liggur fyrir fundargerð sem lögð var fram í ríkisstjórn. Þannig að málið hefur vissulega verið á dagskrá ríkisstjórnar. Ég skal taka það fram að ég tel að við eigum að taka jákvætt þeirri samþykkt sem nýlega var gerð á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Maastricht. Þar kemur fram að af hálfu þeirra stendur til boða að þau aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem ekki eru aðilar að Vestur-Evrópubandalaginu, West-European Union, þ.e. Ísland, Noregur og Tyrkland, geti fengið stöðu áheyrnarfulltrúa í Vestur-Evrópubandalaginu. Það tel ég jákvæðan hlut út frá hagsmunum Íslands.

Þá spyrja menn hvernig á því máli yrði haldið. Af minni hálfu yrði það mál tekið upp innan ríkisstjórnar og að sjálfsögðu haft samráð um það í utanrmn. áður en af framkvæmdum yrði. Mun þetta leiða til klofnings innan Atlantshafsbandalagsins? Auðvitað er mjög mikið mál að ræða samskipti Vestur-Evrópubandalagsins og Atlantshafsbandalagsins. Og ég þykist gera mér nokkra grein fyrir því hvaða sjónarmiðum Wörner, framkvæmdastjóri NATO, hefur haldið til haga í ræðu sinni á fundi þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins í Madrid. Það er ekkert launungarmál að talsmenn íslensku ríkisstjórnarinnar innan Atlantshafsbandalagsins hafa alla tíð lagt mikla áherslu á að varðveita hið nána samstarf lýðræðisríkja í Evrópu og Bandaríkjunum og Kanada og litið á sig sem helstu stuðningsmenn þeirra sjónarmiða. Þar sé að finna lífæð þessa bandalags sem skilað hefur mestum árangri allra varnarbandalaga sem sagan kann frá að greina. Þannig að við, fulltrúar stjórnvalda á Íslandi, erum ekki hlynntir neinum breytingum á því. Nú vil ég vekja athygli á því að hér er einungis á dagskrá spurning um áheyrnarfulltrúastatus að því er varðar Vestur-Evrópubandalagið. Það tel ég hyggilegt, m.a. til þess að tryggja að eðlilegt samráð sé við okkur haft. Hugsanlega *gæti einnig í því falist að áhrif þeirra* aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins sem eru skoðanalega sama sinnis og við, heyrist með afdrifaríkari hætti meðal þjóða meginlands Evrópu.

Vegna þess að hv. 14. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni að það væri þýðingarmest fyrir okkur að ná einhverjum árangri varðandi afvopnun á höfunum, vil ég minna hv. þm. á að einmitt á því sviði hefur náðst stórkostlegur árangur þótt hann sé ekki að finna í þessum samningi. Þá vísa ég til hinnar sögulegu ákvörðunar Bush Bandaríkjaforseta sem kynnt var fyrir allnokkru síðan og fól í sér þrennt:

1. Eyðingu á skammdrægum kjarnavopnum á landi sem og brottflutning kjarnavopna úr skipum og kafbátum og eyðingu þeirra að stórum hluta.

2. Að taka úr viðbragðsstöðu hinn langdræga *sprengjuflugvélaflota sem bundinn er kjarnavopnum.*

3. Bush lagði til að samið yrði um eyðingu fjölodda kjarnaflauga á landi. Gorbatsjov svaraði í meginatriðum í sömu mynt en lagði jafnframt til ýmsar frekari aðgerðir.

Atlantshafsbandalagið hefur þar að auki ákveðið verulega fækkun á kjarnavopnum flugvéla. Skamm-

drægum kjarnavopnum NATO í Evrópu hefur þar með fækkað þegar á heildina er litið um 80%. Það er hverju orði sannara að þessi ákvörðun var tekin einhliða af hálfu Bandaríkjaforseta en augljóslega að höfðu samráði við stjórnvöld í Sovétríkjunum. Þannig að niðurstaðan varð sú sama. Það var tryggt fyrir fram og þetta er til viðbótar þeim samningi sem við ræðum hér um einhver stórkostlegasti árangur sem náðst hefur. Hann tekur að hluta til einnig til hafanna og er þess vegna sérstaklega ánægjulegur í ljósi málflutnings íslenskra stjórnvalda að því er það mál varðar.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa málefnalegu umræðu og vil að lokum leyfa mér að hvetja eindregið til þess að þessi þýðingarmikli samningur verði staðfestur.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Aðeins fáein orð í tilefni af ræðu hæstv. utanrrh. Ég vil þakka honum fyrir hana. Það er vissulega ánægjulegt að hafa hann í salnum sem þátttakanda í umræðunni en frétta ekki bara af honum við og við í fjölmiðlunum. Þannig að sú ánægja er gagnkvæm sem fólgin er í því að heyra utanrrh. loksins mættan á þjóðþingið til þess að eiga við okkur orðastað um mikilvæg mál.

Ég vil þakka ráðherranum fyrir þá lýsingu sem hann gaf. Þau viðhorf sem þar komu fram voru á margan hátt fróðleg.

Hins kvaddi ég mér aðallega hljóðs út af tvennu. Í fyrsta lagi tel ég það ekki jafngilda því að aðild að Vestur-Evrópubandalaginu hafi verið tekin á dagskrá í ríkisstjórn Íslands þótt hæstv. utanrrh hafi dreift fundargerð frá viðræðufundi sínum og utanrrh. Ítalíu, þegar hann var hér í maímánuði, ef ég man rétt. Ég held að það sé a.m.k. ekki í samræmi við venjur sem ég kannast við frá störfum ríkisstjórna að þótt fundargerð af fundi ráðherra með öðrum ráðherra sé lögð fram í ríkisstjórn, hafi málin í þeirri fundargerð verið tekin á dagskrá í ríkisstjórninni. A.m.k. er það þannig að aðild að Vestur-Evrópubandalaginu er slíkt stórmál að það hlýtur að réttlæta það að vera sjálfstæður liður á dagskrá ríkisstjórnar, ef það er á annað borð til umræðu. Ég held því að það hljóti að vera einhver misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að telja að málið hafi verið á dagskrá ríkisstjórnar þótt á það sé minnst í fundargerð sem hann lagði fram í ríkisstjórninni.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en auðvitað væri fróðlegt að spyrjast fyrir um það hvort einhver ítarleg, efnisleg umræða hafi orðið innan núv. hæstv. ríkisstjórnar um aðildina að Vestur-Evrópubandalaginu. Það er kannski nauðsynlegt að fá það fram vegna þess að hæstv. utanrrh. lýsti því yfir á Alþingi líkt og hann gerði í gær í fjölmiðlum að hann teldi að taka ætti jákvætt í það tilboð að Ísland yrði áheyrnarfulltrúi að Vestur-Evrópubandalaginu. Það eru auðvitað merkileg tíðindi þegar utanrrh. Íslands lýsir slíku yfir og ég vil endurtaka það sjónarmið mitt að mér finnst óeðlilegt að utanrrh. skuli vera að lýsa þeirri afstöðu áður en málið er rætt ítarlega í ríkisstjórn og áður en það hefur verið (Gripið fram í.) já, ég ætla nú ekki að blanda mér í þær umræður sem fara fram í hliðarsölum milli utanrrh. og fyrrv. sjútvrh. hvort þetta Vestur-Evrópubandalag sé bandalag einhverra kristilegra framsóknarmanna eða sósíalista heldur var ég einfaldlega að víkja að því, virðulegi utanrrh., sem er nokkurt alvörumál að mér finnst óeðlilegt að hæstv. utanrrh. sé að lýsa afstöðu í slíku stórmáli áður en það hefur verið rætt í utanrmn. Alþingis eða rætt ítarlega innan ríkisstjórnar vegna þess að ég hugsa að málið hafi ekki verið rætt ítarlega innan núv. ríkisstjórnar.

Og hver er nú skýringin á því, hæstv. utanrrh., að mér finnst óeðlilegt að lýsa niðurstöðu ráðherrans í málinu áður en það er rætt á öðrum vettvangi? Jú, meginástæðan er sú að þar með er verið að lýsa afstöðu í því mikla stórmáli hver eigi að vera afstaða Íslands til hernaðarsamvinnunnar í Evrópu á næstu áratugum og stöðu Íslands gagnvart þeirri þróun sem margir telja að sé nú í gangi að Bandaríkin skilji sig frá Vestur-Evrópu í þessum efnum. En eins og kunnugt er, þá eru Íslendingar með tvíhliða samning við Bandaríkin um herstöðvar. Og við höfum, hæstv. utanrrh, þegar heyrt það í umræðunni úr hópi þingmanna sem stutt hafa aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu að þeir hafa ýmsar efasemdir um að þetta sé rétt skref. Þess vegna vildi ég ítreka þá afstöðu mína að mér finnst óeðlilegt að hæstv. utanrrh. sé að lýsa þessu svo snemma og skil nú ekki hvað lá á, því að varla erum við á leiðinni þarna inn. Vildi ég nú beina því til hæstv. utanrrh. að hann — virðulegi forseti, það er voðalega erfitt að reyna að ljúka umræðunni hér. Ráðherrarnir eru svo önnum kafnir á einhverjum hliðarfundum hér milli herbergja að nokkuð snúið er að ná eyrum þeirra. En ég ætlaði ekki að verða langorður. Ég veit að það er mikið að gera á vandræðaheimilinu um þessar mundir þannig að kannski er skiljanlegt að ráðherrar þurfi að bera saman bækur sínar í hliðarherbergjum. En ég vona að ég megi bera fram spurningar mínar og athugasemdir við utanrrh. og hann sé ótruflaður af forsrh. á meðan, sérstaklega vegna þess að nú kem ég að seinna atriðinu sem ég ætlaði að vekja athygli á.

Hæstv. utanrrh. vék að afvopnun á höfunum og sagði með réttu að það væri stórkostlegur árangur, sagði með réttu að það hefði átt sér stað söguleg yfirlýsing frá Bush og með réttu tengdi það þeirri baráttu sem hefur verið af hálfu Íslands fyrir afvopnun á höfunum. Ég geri enga athugasemd við neitt af þessu sem hæstv. utanrrh. sagði. En því miður er það þannig, hæstv. utanrrh., að við höfum lesið það í blöðunum að aðstoðarmaður forsrh. — væri nú hægt að fá hæstv. forsrh. hér í salinn? (**Forsrh.:** Hann heyrir.) Hann heyrir, já. Síðan aðstoðarmaður forsrh., Hreinn Loftsson, tók við embætti hefur hann skrifað að ég held eina grein í blöðin. Sú grein var skrifuð sérstaklega til þess að andmæla öllu því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um afvopnun á höfunum og yfirlýsingu Bush Bandaríkjaforseta og lýsa yfir algerri andstöðu við stefnu hæstv. utanrrh. í málefnum afvopnunar á höfunum. Ég hef hins vegar hlíft hæstv. forsrh. við að spyrja hann að því á Alþingi hvort hann sé sömu skoðunar og aðstoð-

armaður hans, Hreinn Loftsson, í þessum efnum og hvort hæstv. forsrh. finnist það eðlilegt að aðstoðarmaður forsrh. sé sérstaklega að ráðast á utanrrh. og andmæla lykilatriði í því sem utanrrh. hefur haldið fram, m.a. í ræðum fyrir Íslands hönd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég ætla ekki að taka það til umræðu hér og nú en auðvitað gefur þessi ágreiningur Hreins Loftssonar — og væntanlega þar með einnig Björns Bjarnasonar, því að hann hefur fylgt Hreini Loftssyni í öllum þessum málum — til kynna nokkuð alvarlegan ágreining innan ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Kannski kemur að því við annað tækifæri að við getum rætt við hæstv. forsrh. um hvaða afstöðu hann hefur vegna þess að það kann að vera mikilvægt í þessu máli.

Ég vil af þessu tilefni óska eftir því að hæstv. utanrrh. fari sér hægt í frekari yfirlýsingum varðandi aðild Íslands að Vestur-Evrópubandalaginu og við fáum tækifæri til þess í utanrmn. og á Alþingi að ræða það mál nokkuð ítarlega áður en lengra er haldið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins örfá orð af minni hálfu, ekki vegna þess að þetta dagskrármál sé ekki fullkomlega þess verðugt að það sé ítarlega rætt, heldur vegna hins að ég treysti því að tækifæri muni gefast til þess á Alþingi í vetur við aðrar og hagstæðari aðstæður og þegar rýmri tími er fyrir hendi að ræða stóra atburði á sviði utanríkismála og afvopnunarmála rækilega. Auðvitað er alveg ljóst að þingið þarf svo fljótt sem við verður komið að taka sér tíma til rækilegrar umfjöllunar um hina breyttu heimsmynd og stóratburði í alþjóðasamskiptum. Þar er að sjálfsögðu þessi samningur, sem við hér ræðum um fullgildingu á, eitt af því sem ástæða er til að fagna og gleðjast yfir.

Ég mun einnig geyma hugleiðingar, m.a. vegna ummæla hæstv. utanrrh. um Vestur-Evrópubandalagið eða samlagið eða hvað það nú heitir. Ég treysti því reyndar að málefni Evrópu muni koma til umræðu á þinginu innan skamms, m.a. af nýtilkomnu tilefni. Svo vill til, hæstv. forseti, að ég hef í höndunum fréttaskeyti frá Reuter-fréttastofunni, nokkurra mínútna gamalt, sem flytur fréttir sem ég held að hljóti að koma til umfjöllunar á þinginu fyrr en seinna. Þar er upplýst, og er heimildin Danmarks Radio, að í dag hafi Evrópudómstóllinn fellt þann úrskurð að samningur Evrópubandalagsins og EFTA um Evrópskt efnahagssvæði fái ekki staðist, sé „invalid", eins og þar segir á erlendu máli, og taka verði hann upp og endursemja um þau ákvæði þar sem hann fái ekki samrýmst grundvallarákvæðum Rómarsáttmálans, sérstaklega ekki það sem snýr að dómstólunum.

Það er kannski leyfilegt, hæstv. forseti, að lesa örfáar línur á erlendu máli ef hv. alþm. skilja betur með því (**Utanrrh.:** Þú þýðir þetta nú á móðurmálið.) hvað ég er að fara. Ég er að reyna að þýða þetta á móðurmálið, hæstv. utanrrh., og skiljanlega veit ég að hæstv. utanrrh. hefur áhuga á því að fá þetta á einhverja tungu sem hann skilur. Það stendur sem sagt í þessu fréttaskeyti:

„Evrópudómstóllinn í Lúxemborg felldi á laugardag [þ.e. í dag] þann úrskurð að samningur Evrópubandalagsins og EFTA væri ógildur og yrði að takast upp og endurgerast samkvæmt fréttum í danska útvarpinu. Danska útvarpið sagði dóminn hafa ákveðið að dómstólaákvæði samningsins eða hluti samningsins fengi ekki samrýmst grundvallarákvæðum Rómarsáttmálans. Enn fremur sagði danska útvarpið að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins mundi halda neyðarfund á morgun, á sunnudag, og utanríkisráðherrar Evrópubandalagsins mundu hittast strax á mánudaginn til að," eins og segir í skeytinu, „ræða hvernig hinum nýju samningaviðræðum yrði við komið."

Ég taldi óhjákvæmilegt að nefna þetta hér, úr því að umræður standa yfir, hæstv. forseti, um utanríkismál og m.a. hefur verið rætt dálítið um Vestur-Evrópusamlagið. Það er nú svo að ekki er alveg víst að þar sé allt jafnfast í hendi eins og hæstv. utanrrh. gæti gefið mönnum tilefni til að halda með ummælum sínum undanfarna daga. Við höfum af því nokkra reynslu, því miður, og hana heldur dapurlega, hv. alþm., að ýmislegt tekur breytingum sem okkur var áður sagt að væri ákveðið og frágengið. Þannig höfum við upplifað það að tegundin langhali breyttist í karfa á einni nóttu og margt fleira hefur farið úr böndunum sem hæstv. utanrrh. hefur talið frágengið og jafnvel hreykt sér af. Hér virðast stóratburðir vera að gerast sem ég tel óhjákvæmilegt að forusta þingsins, virðulegur forseti, og formenn þingflokka, hæstv. utanrrh. og utanrmn.-menn ræði þegar að loknum þessum fundi eða í framhaldinu hvernig með verði farið. Ég sé ekki að nokkur von sé til annars en að Alþingi verði að taka þessa nýjustu atburði til umfjöllunar með einhverjum hætti og skoða hvaða áhrif þeir hafi eða muni hafa hér á nefndarstörf og fundahöld á næstu sólarhringum.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu í trausti þess að að þessir atburðir verði teknir til umfjöllunar og okkur gefist næg tækifæri til þess á þinginu við hentugar aðstæður að ræða hina stóru atburði í utanríkis- og afvopnunarmálum eins og þörf er á.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það kom í hlut hv. 4. þm. Norðurl. e. að gerast hér boðberi válegra tíðinda. Rétt er að taka það fram að hann á enga sök á þeim válegu tíðindum sem hann flutti. (Gripið fram í.) Það þarf ekki rannsókn. Það sem hann fór hér með er fréttaskeyti frá Reuter sem hann hefur fengið frá fréttamönnum hér á ganginum. Efnislega fór hann rétt með, nefnilega að samkvæmt heimild danska útvarpsins sem Reuter-fréttastofan flytur er niðurstaða dómara Evrópubandalagsdómstólsins að EES-samningurinn á dómstólasviðinu sé, eins og það er orðað, ógildur og verði að takast upp aftur. Útvarpið sagði að dómstóllinn hefði ákveðið að dómstólakerfi sem stofnað væri samkvæmt samningnum væri ósamrýmanlegt Rómarsáttmálanum. Þetta er kjarni málsins og síðan eru boðaðir neyðarfundir framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherraráðs Evrópubandalagsins nk. sunnudag og mánudag.

Hvað merkja þessi tíðindi? Sem kunnugt er vísaði framkvæmdastjórnin þeim þætti málsins sem varðaði dómstólaskipunina og dómstólakerfið til umsagnar dómara í Evrópubandalagsdómstólnum. Það var reyndar gert áður en samningsniðurstaðan fékkst í Lúxemborg. Hins vegar hefur það dregist mjög lengi að dómararnir hafi skilað áliti. Kunnugt var um það að það átti að gerast á föstudag og síðan var áformað að framkvæmdastjórnin og ráðherraráðið tæki þær niðurstöður til umfjöllunar og ætluðu sér til þess um það bil 10 daga. Að venju hefur þessu öllu verið lekið út eins og við erum orðin vön í öllum samskiptum við Evrópubandalagið.

Sé rétt farið með það sem segir í þessum fréttaskeytum er það vissulega mikið mál að því er varðar spurningar sem vakna upp um framtíð samningsins. En spurningarnar eru margar. Það fyrsta sem um þetta er að segja er að sjálfsögðu það að hér er um að ræða innri vandamál Evrópubandalagsins. Við hverja sömdu EFTA-ríkin? EFTA-ríkin sömdu við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sem hafði til þess umboð frá ráðherraráðinu. EFTA-ríkin sömdu ekki við dómstól. EFTA-ríkin sömdu ekki við Evrópuþingið í Strassborg og EFTA-ríkin sömdu ekki við einstök aðildarríki heldur við framkvæmdastjórnina. Það sem nú hefur gerst er að ein stofnun innan bandalagsins segir að framkvæmdastjórnin hafi brotið Rómarsáttmálann og þar með náttúrlega farið fram yfir samningsumboð sitt. Hvað merkir það í ljósi umræðunnar sem hér hefur verið og reyndar meðal margra EFTA-þjóða um niðurstöðu samningsins? Því var haldið fram hér í síbylju að þessi samningur táknaði að EFTA-ríkin hefðu engin áhrif varðandi innri ákvarðanir EES og allt væri þetta algerlega á forræði Evrópubandalagsins og að þarna hefði átt sér stað mikið framsal á dómsvaldi EFTA-ríkjanna til bandalagsins o.s.frv. Það sem bandalagið er hér að segja, þ.e. dómararnir í Evrópubandalagsdómstólnum, er þvert á móti að EES-samningurinn tryggi EFTA-ríkjunum of mikil áhrif varðandi þetta lykilsvið samningsins sem varðar úrskurð í ágreiningsefnum og það þýðir eftirlitsstofnun og dómstóla. Það samrýmist ekki sjálfræði stofnana Evrópubandalagsins. Með öðrum orðum eru þeir hér að kveða upp úrskurð sem gengur þvert á það sem haldið hefur verið fram og beint að EFTA-ríkjunum undir formerkjum gagnrýni.

Á þessari stundu er það ekki mitt og ekki EFTA-ríkjanna að segja margt um það sem hér hefur skeð. Þetta er auðvitað fyrst og fremst vandamál Evrópubandalagsins. Þetta er vandamál sem staðfestir reyndar þá gagnrýni, sem ég hef leyft mér að flytja að fenginni reynslu af samningum við Evrópubandalagið, að þar sé erfitt að treysta orðum og niðurstöðu einnar stofnunar vegna þess að Evrópubandalagið virðist koma fram á mörgum stigum í slíkum samningum. Það er ekki í reynd við neinn einn aðila að ræða. Þótt formlega sé framkvæmdastjórnin með samningsumboðið höfum við haft af því reynslu áður að einstakar aðrar stofnanir, Evrópubandalagsþingið, einstök aðildarríki eða enn aðrar stofnanir, hagsmunaaðilar í einstökum aðildarríkjum hafa reynt að hnekkja því sem framkvæmdastjórnin hefur sagt í samningum. Þess vegna hefur framkvæmdastjórnin einatt staðið frammi fyrir því að geta ekki staðið við samningstilboð sín. Hér er með öðrum orðum komið upp vandamál sem Evrópubandalagsþjóðirnar verða að gera upp við sjálfar sig. Þær hljóta að gera það upp sín í milli hvort framkvæmdastjórnin hafi ekki haft samningsumboð, hvort hún hafi farið fram yfir samningsumboð sitt. Það er auðvitað fyrst og fremst vandi þess samningsaðilans sem er í þessum sporum að koma til EFTA-ríkjanna, ef þau gera það, með ósk um að samningarnir verði teknir upp á þessu samningssviði. Viðbrögð EFTA-ríkjanna eru einfaldlega þau að við höfum náð samningum sem réttir aðilar innan Evrópubandalagsins hafa lýst fullgilda. Sá aðili í slíkum samningum sem nú óskar af þessum ástæðum að taka samningana upp hlýtur að eiga það undir hinum samningsaðilanum. Um niðurstöðuna skal ekkert fullyrt. En ég legg á það áherslu að við lítum svo á að þetta sé innra vandamál Evrópubandalagsins. Við munum bíða átekta meðan þau eru að gera upp þennan innri ágreining sinn. Við munum að sjálfsögðu ráðgast um það í okkar hópi, vegna þess að okkur kemur þessi niðurstaða dómstólsins út af fyrir sig ekki á óvart, hvernig við munum bregðast við, hvort við munum gefa kost á því að þessi þáttur samningsins verði tekinn upp. Það er ekki hægt að fullyrða um það á þessu stigi málsins. Við verðum að heyra það nákvæmlega og nákvæmar en af fréttaskeytum hver þau lykilatriði í samningnum eru sem dómstóllinn telur að samrýmist ekki Rómarsáttmálanum. Þetta mun að sjálfsögðu hafa þau áhrif að draga enn á langinn að samningurinn verði fullfrágenginn, að hann verði áritaður hvað þá heldur undirritaður og staðfestur. Meira hef ég ekki um það mál að segja.

Tvennt annað bar á góma. Hið fyrra varðar spurninguna um hugsanlega áheyrnarfulltrúa að aðild Íslands að Vestur-Evrópubandalaginu. Ég segi það eitt um það mál að það mun bera að með réttum hætti. Það verður tekið upp í ríkisstjórn. Það verður að sjálfsögðu rætt í utanrmn. þannig að í það þarf ekki að eyða miklum tíma nú. Annað var að hv. boðberi válegra tíðinda, 4. þm. Norðurl. e., hafði uppi orð sem mér fyndist að hann ætti að biðjast velvirðingar á. Hann sagði að það hefði enn einu sinni gerst, og staðfesti eitthvað sem áður hefði gerst, að Alþingi hefði ekki verið veittar réttar upplýsingar um hluti. Þannig hefði ákveðin fisktegund breytt um eðli, langhali breyst í karfa o.s.frv. Að gefnu tilefni tek ég bara fram að búið er að færa á það sönnur, hafi menn skort eitthvað á þær sönnur, að ég og sjútvrh. skýrðum rétt og satt frá niðurstöðum samningsins. Við gáfum um það greinargerð í utanrmn. Það hefur verið farið yfir það af hljómböndum meira að segja, fengnar útskriftir og það er rétt með farið. Við höfðum uppi varnaðarorð um það. Það er rangt, sem hefur verið haldið fram, að nokkurn tíma hafi verið sagt að þessi samningur hafi verið fullfrágenginn. Hann var það ekki. Viðvörunarorðin voru höfð uppi þannig að það eru ósannindi að hvort heldur ég eða sjútvrh. hafi farið með rangt orð um það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum heyrt mikil tíðindi í salnum í dag. Það er ljóst að þau eiga eftir að hafa afgerandi áhrif á margt í okkar málefnum og í íslenskum stjórnmálum. Ég stóð upp til þess að koma þeirri frómu ósk á framfæri við hæstv. utanrrh. að hann færi sér hægt í túlkanirnar, biði bara rólegur án þess að vera að segja mikið á þessari stundu og gæfi okkur öllum tækifæri til þess að ræða saman um þessi mál áður en hann færi fram á völlinn til að lýsa hvað nú. Það er t.d. ekki rétt lýsing að segja að þetta sé bara vandamál Evrópubandalagsins nema afstaðan sé sú að EFTA ætli alls ekki að breyta samningnum. Sé það afstaða EFTA að segja skilyrðislaust: Við ætlum ekki að breyta samningnum er hægt að segja hér eins og utanrrh. sagði: Þetta er bara vandamál Evrópubandalagsins. Um leið og EFTA fer að ljá máls á því að breyta samningnum í samræmi við niðurstöðu Evrópudómstólsins verður málið vandamál EFTA. Og hvað er það sem hér er verið að tala um? Ef maður ræður að líkum þá er verið að tala um þá kröfu Evrópudómstólsins að fá fulla lögsögu, endanlega og afgerandi, yfir öllum þeim efnahagsmálum í EFTA-löndunum sem samið er um í Evrópsku efnahagssvæði. Þar með yrði Evrópudómstóllinn æðsta dómsvald Íslands á mjög stórum sviðum í okkar þjóðfélagi. Þess vegna held ég að skynsamlegast væri hjá öllum að vera ekki með miklar yfirlýsingar á þessu stigi. Ég vil koma þeirri ósk til hæstv. utanrrh. að nú bíði menn með hin stóru orðin og ræði saman um þá afstöðu sem tekin verður í framhaldi af þessum tíðindum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur nú í hlutarins eðli að erfitt er að veita andsvar við ræðu manns sem er rokinn burt úr fundarsalnum. Ég held að ég hljóti að fara fram á að hæstv. utanrrh. komi hér aftur. Honum var ljóst að ekki færri en þrír þingmenn höfðu beðið um að fá að veita andsvar við ræðu hans en tók samt strikið út úr salnum, henti tösku sinni í stól í hliðarbergi og hvarf á braut. (Gripið fram í.) Ég á ekkert vantalað við hæstv. forseta um þetta mál, ég hef ekkert út á fundarstjórn hæstv. forseta að setja. Það er hæstv. utanrrh. sem ég ætlaði að veita andsvar. Ég bíð því, vona að klukkan verði stillt á nýjan leik þegar hæstv. utanrrh. gengur í salinn þannig að ég geti komið mínu andsvari á framfæri, ekki nema ég eigi að ávarpa töskuna. Það er að vísu ljóst að töskur gegna mikilvægu hlutverki í lífi hæstv. utanrrh. og ýmislegt hendir þær, en ég held að þær hafi ekki enn fengið þann status að tala máli hans og hlýða á andsvör þingmanna nema þá fyrst nú. (Gripið fram í.) Það er fullt samkomulag milli forseta og ræðumanns um það að klukkan verði stillt upp á nýtt. (**Forseti:** Það er þegjandi samkomulag á milli hv. 4. þm. Norðurl. e. og forseta að bíða komu hæstv. utanrrh. svo að hann geti heyrt andsvarið sem hann á von á frá hv. þm.) — Hæstv. forseti. Ég vona að utanrrh. sé ekki kominn upp á Akranes eða annað lengra þannig að ég fái ekki verk í fæturna að bíða eftir honum. (**Gripið fram í**: Hann er á rauðu ljósi.) (**Forseti:** Þá er þetta þegjandi samkomulag forseta og hv. 4. þm. Norðurl. e. rofið með því að hv. 4. þm. Norðurl. e. veitir andsvar við ræðu hæstv. utanrrh.)

Já, það gleður mig stórlega, virðulegur forseti, að hæstv. utanrrh. skuli kominn í salinn á nýjan leik og ég vona að framvegis leiðist honum ekki svo mjög inni í þingsalnum að hann þurfi að taka strikið út þó svo að þrír hv. þm. hafi beðið um orðið og hyggist nota rétt sinn til að veita andsvar við ræðu hans.

Ég taldi sjálfsagt að hreyfa þessu máli úr því að þingið átti orðastað við hæstv. utanrrh. og óhjákvæmilegt var að mínu mati að nota þetta tækifæri til þess að taka málið upp og gera það heyrinkunnugt, en að sjálfsögðu eru engin tök á að ræða það efnislega fyrr en menn hafa haft fyllri fregnir af því sem er á ferðinni.

Að öðru leyti lýtur andsvar mitt að því að ég bið hæstv. utanrrh. nú sem endranær að hafa rétt eftir. Ég fullyrti ekkert um rangar upplýsingar sem sem veittar höfðu verið þinginu. Ég sagði að ekki hefði reynst það hald í hlutunum sem gefið hefði verið í skyn í hverju málinu á fætur öðru í sambandi við samningana. Ég var þar að vitna t.d. til niðurstöðu Lúxemborgarfundarins fyrri snemmsumars þegar komið var heim með lúðrablæstri og söng og mikill ávinningur og sigur básúnaður í hið fyrra sinnið, en síðan reyndust ekki innstæður fyrir því öllu sem þar hafði verið sagt.

Í annan stað komu menn aftur heim sigurreifir og gáfu fyllilega til kynna, sbr. ummæli og afstöðu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, að tiltekinn árangur hefði náðst í samningum. Það reyndist því miður ekki það hald í því efni eins og menn höfðu gefið í skyn og nú er í þriðja sinnið komin fram a.m.k. uppákoma af því tagi í samningaferlinu sem setur óumdeilanlega mikið strik í reikninginn. Ég forðaðist að láta efnislega afstöðu mína koma fram enda engin efni til að móta hana nú, hafandi eingöngu skyndifregnir af þessum atburðum. En ég mótmæli því að hæstv. utanrrh. rangfæri orð mín og snúi út úr þeim. Ég er ekki þar með að segja að ég hafi ekki innstæður til þess að taka dýpra í árinni en ég gerði.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek fram að ég tel leiðréttingar hv. þm. fyllilegar gildar.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal láta það vera að tala um fortíðina í þessu mikilvæga máli þó það væri vissulega ástæða til þess. Það sem getur orðið mikilvægast við þessi tíðindi sem nú eru komin og ef þau eru skoðuð í ljósi þeirrar staðreyndar að Evrópubandalagið hefur ákveðið að flýta því að hefja viðræður við ákveðnar EFTA-þjóðir um aðild að Evrópubandalaginu er að ekki er ólíklegt að fleiri EFTA-þjóðir muni ákveða að flýta sér sem mest til þeirra viðræðna, sérstaklega ef það liggur fyrir að dómstólaákvæðið verði með þeim hætti að það líkist því sem gildir innan Evrópubandalagsins sjálfs. Ég tel að það sé það versta við þessi tíðindi að sú staða getur áreiðanlega komið upp því að

það hefur heyrst að jafnvel þjóðir eins og Sviss hyggist nú sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Því er ekki ólíklegt að samningarnir um hið Evrópska efnahagssvæði muni renna út í sandinn í framhaldi af þessari uppákomu og því er mjög mikilvægt að vel sé haldið á málum frá EFTA-hliðinni. En það er óþolandi hvernig mál ber að í þessu alvarlega og mikilvæga máli. Það er nánast undantekningarlaust að þau komi inn á borð þingmanna í gegnum fjölmiðla. Ekki virðist vera hægt að byrja á því að ræða alvarleg mál í þessu sambandi í utanrmn. landsins, hvorki í þessu tilviki né í neinu öðru tilviki hvort sem það er Evrópubandalaginu að kenna eða ríkisstjórn Íslands. Annaðhvort kemur það beint í gegnum fréttir frá Evrópubandalaginu eða frá ríkisstjórn Íslands, beint í gegnum fréttir, en almennt ekki inn í utanrmn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki svar, öllu heldur áréttíng. Ég er sammála því sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði um alvöru þessa máls og ég vil undirstrika það sem hann sagði um það hvernig mál berast frá Evrópubandalaginu. Rétt er að ég upplýsi að það hafi með formlegum hætti verið tilkynnt fastafulltrúum EFTA-ríkjanna í Brussel að þeir voru beðnir um að vera í viðbragðsstöðu nk. sunnudag til þess að veita viðtöku niðurstöðum dómstólsins sem yrðu afhentar þá með formlegum hætti.

Það sem síðan hefur gerst er augljóslega það að einhvers staðar úr afkimum bandalagsins hefur niðurstöðunum verið lekið. Við skulum enn hafa fyrirvara á okkur um það hversu nákvæmur sá fréttaflutningur er því að oft hefur hann ekki reynst vera áreiðanlegur þegar farið er ofan í saumana á smáatriðum en þessu hefur verið lekið úr kerfinu þrátt fyrir það að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafði boðað formlega afhendingu á niðurstöðunum degi síðar. Þetta skýrir að sjálfsögðu það hvers vegna þetta er komið hér til fjölmiðla eins og annars staðar án þess að stjórnvöld í nokkru einasta EFTA-landi hafi fengið um það vísbendingu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætla ekki að gera þær fréttir sem hingað hafa verið bornar inn að umræðuefni. Ég held að málið þurfi miklu ítarlegri umræðu en hér getur farið fram undir þeim dagskrárlið sem þetta mál er rætt núna en mig langaði aðeins til þess að upplýsa það að í byrjun vikunnar vorum við nokkrir þingmenn frá Alþingi staddir á fundi með þingmönnum Evrópubandalagsins og síðan með þingmannanefnd EFTA. Þá kom fram á fundi með þingmannanefnd Evrópubandalagsins, og þar var m.a. staddur Cohen frá framkvæmdanefnd EB, að framkvæmdanefndin fengi niðurstöður frá dómstólnum þann 13. des. sem var í gær og ég held að öllum megi vera það ljóst á þeim tímum upplýsinga sem við lifum, þegar hlutir gerast hratt og upplýsingar breiðast fljótt að fréttir um þetta hlytu að fara út fyrr en á sunnudegi, þ.e. það líði þarna einn eða tveir sólarhringar án þess að nokkuð færi út um þær niðurstöður sem dómstóllinn komst að. Ég vil því lýsa því yfir að mér finnst dálítið sérkennilegt ef EFTA hefur ætlað að bíða rólegt fram til morgundagsins eftir niðurstöðum sem áttu að liggja fyrir frá dómstólnum í gær.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekkert um það að EFTA ætlaði að bíða rólegt. Það sem ég var að segja frá var að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafði tilkynnt með formlegum hætti að hún, framkvæmdastjórnin, ætlaði að afhenda niðurstöður dómstólsins með formlegum hætti á sunnudag. Það var allt og sumt sem ég sagði.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Það er mér ánægja að lýsa því yfir — og fá væntanlega að vera síðastur á mælendaskrá — að umræðan í dag hefur verið mjög ánægjuleg og málefnaleg. Það er auðvitað gleðiefni að við erum í meginatriðum sammála um þetta mál sem hefur verið til umræðu þó að ekki geti ég nú samþykkt allt sem hér var sagt eða hálfsagt, en ég held að við getum glaðist yfir sameiginlegu starfi okkar.

Hitt er annað mál að tíðindi hafa borist sem út af fyrir sig koma mér ekkert á óvart, að nýjar hræringar séu hjá þeim Evrópubandalagsmönnum sem muni leiða til þess, eins og hæstv. utanrrh. raunar sagði, að drátturur verði á framgangi mála og ekkert verði undirskrifað af einu tagi eða neinu og ég harma það ekki. Ég held að við þurfum meiri umhugsunarfrest og það sé af hinu góða að málinu sé frestað.

Það var beðið um fundi í utanrmn. Það vill svo vel til að hann hafði þegar verið boðaður út af öðru máli og verður haldinn nú þegar svigrúm gefst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HÁ, HBl, ISG, JBH, JHelg, JónS, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (JÁ, KHG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, EL, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HÁ, HBl, ISG, JBH, JHelg, JónS, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, EH, EKG, EL, FI, GuðjG, GB, GÁ,

GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JK JVK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 268).

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 205. mál (fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.fl.). — Þskj. 236.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í frv. sem ég mæli hér fyrir og er að finna á þskj. 236 eru lagðar til breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að draga nokkuð úr afsláttarliðum skattkerfisins og endurgreiðslum til tekjuhærri skattgreiðenda í þeim tilgangi að auka með því skil í ríkissjóð af beinum sköttum. Auk þessara breytinga eru í frv. fólgnar ýmsar breytingar á ákvæðum um skattlagningu lögaðila og einstaklinga sem ástæða er til að gera nú þó að áhrifa af þeim á tekjur ríkissjóðs gæti ekki fyrr en síðar.

Í framsögu þessari mun ég gera grein fyrir meginþáttum frv. en vísa til almennra athugasemda með því hvað varðar skýringar á einstökum greinum. Þau meginatriði sem ég mun geta eru breytingar á bóta- og endurgreiðsluliðum og breytingar á skattlagningu lögaðila. Þá mun ég drepa á önnur atriði sem frv. fjallar um.

Tekjuskattur einstaklinga hér á landi einkennist öðru fremur af einföldum álagningarreglum, fáum undanþágum frá skattskyldu, þegar frá eru taldar eignatekjur, og tiltölulega háum endurgreiðsluliðum. Samtals voru lagðir um 36,8 milljarðar kr. á tekjur einstaklinga árið 1990 áður en kom til sértækra afsláttarliða og bótagreiðslna sem voru alls um 8,2 milljarðar kr. Rúmlega 14 milljarðar kr. runnu til sveitarfélaga og lítið eitt hærri fjárhæð kom í hlut ríkissjóðs sem almennar tekjur.

Eins og að framan segir var nálægt 22% álagðra tekjuskatta endurgreitt með ýmsum hætti. Þar af eru barnabótaliðir stærstir eða samtals um 4,4 milljarðar kr. á árinu 1990. Lætur því nærri að með hverju barni til 16 ára aldurs hafi verið greiddar 69 þús. kr. að jafnaði. Um ¾ hlutar þeirra greiðslna, þ.e. barnabæturnar, eru ákveðnar án tillits til tekna og efnahags foreldranna en um fjórðungur, barnabótaaukinn, er tekju- og eignatengdur. Bætur tengdar öflun húsnæðis eru um 2,4 milljarðar kr. Meðalfjárhæð vaxtabóta var um 111 þús. kr. hjá hjónum, um 91 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum og um 66 þús. kr. hjá einhleypum. Þrátt fyrir tekju- og eignatengingu eru meðalbætur til fólks með tekjur yfir meðallagi nokkru hærri en til hinna tekjulægri. Stafar það af hærri vaxtagjöldum hinna fyrrnefndu. Húsnæðisbætur voru að jafnaði um 105 þús. kr. á hjón og um 61 þús. kr. á einstakling.

Að lokum er að nefna sjómannaafsláttinn, en hann var um 1,4 milljarðar kr. eða um 128 þús. kr. að jafnaði á tæplega 11.000 einstaklinga sem hans nutu. Hér er ég að tala um tölur frá 1990.

Í frv. er gert ráð fyrir að draga nokkuð úr þessum endurgreiðsluliðum. Verði það samþykkt lækka þeir um tæplega 700 millj. kr. en eftir sem áður yrðu um 20% af árlegum tekjusköttum varið til endurgreiðslna og bóta.

Þeir bóta- og endurgreiðsluliðir sem ráðgert er að lækka eru annars vegar greiðslur barnabóta til tekjuhárra foreldra og hins vegar sjómannaafsláttur með því að takmarka rétt til hans með því að miða eingöngu við þá daga sem sjósókn er stunduð.

Ég vík þá fyrst að barnabótum og barnabótaauka. Á árinu 1991 voru greiddir tæplega 3,7 milljarðar kr. í barnabætur. Barnabótaauki var um 1,1 milljarður kr. Tilgangur þessara bótaliða er tekjujöfnun, annars vegar með tilliti til framfærslubyrði og hins vegar með tilliti til tekna. Að sjálfsögðu er álitamál hvaða vægi á að gefa einstökum sjónarmiðum í þessu efni en frekari tekjutenging þessara liða í heild getur gert tekjujöfnun kerfisins í heild meiri en nú er og um leið sparað ríkissjóði nokkur útgjöld.

Í núverandi kerfi er heildarfjárhæð barnabótaliða háð fjölskyldugerð, fjölda barna, tekjum og eignum foreldra. Megineinkennum barnabótakerfisins er lýst í athugasemdum við frv.

Frv. gerir ráð fyrir þeim breytingum á barnabótakerfinu að flytja stærri hluta bótanna í hinn tekjutengda hluta þess. Er það gert með þeim hætti að grunntala barnabótaaukans er hækkuð um 30% eða 20.604 kr., þ.e úr 68.680 í 89.284 kr. á ári. Á móti þeirri hækkun eru barnabætur lækkaðar um 19.574 kr. með fyrsta barni en um 15.435 kr. með börnum umfram eitt. Er hér miðað við meðaltölur ársins 1991 en fjárhæðir þessar breytast eftir atvikum í samræmi við skattvísitölu og lánskjaravísitölu. Breytingar þessar leiða til þess að barnabætur munu í heild lækka um 1.150 millj. kr. en barnabótaauki hækka um rúmlega 630 millj. kr. þannig að útgjöld vegna þessara liða munu lækka um liðlega 500 millj. kr. Áhrif þessara breytinga eru í stórum dráttum þau að þeir aðilar sem hingað til hafa fengið barnabótaauka munu samkvæmt frv. frá svipaðar eða hærri bætur en þeir sem hafa tekjur ofan þeirra marka munu fá bætur sem eru skertar frá því sem nú er. Þetta þýðir m.a. að bótaliðir einstæðra foreldra í heild munu ekki skerðast eða jafnvel hækka lítið eitt. Í almennum athugasemdum með frv. er breytingum þessum og áhrifum þeirra gerð glögg skil.

Eins og vænta mátti af þeim viðbrögðum sem komu fram þegar hugmyndum um að breyta sjómannaafslættinum var fyrst komið á framfæri hefur þetta ákvæði frv. vakið mesta athygli. Það verður hins vegar að segjast að viðbrögðin eru í nokkru ósamræmi við efnið og væntanleg áhrif þessara breytinga. Í reynd er það svo að áhrif þeirra á hag þeirra sem þau snerta, þ.e. sjómanna og útgerðar, eru ekki meiri, nema síður sé, en þau áhrif sem fjölmargir verða fyrir af öðrum ákvæðum frv. og ýmsum þeim ráðstöfunum sem stjórnvöld verða nú að grípa til í þeim tilgangi að reisa við þjóðarhag. Þar getur enginn skorast undan. Allir verða

að leggja nokkuð af mörkum og allra helst þeir sem betur mega sín.

Sjómannafslátturinn er veigamikið atriði sem snertir kjör sjómanna og hag útgerðar og hann er ekki hægt að nema burtu án fyrirvara og samráðs við þessa aðila. Frv. gerir því ekki ráð fyrir að hann verði felldur niður heldur að reglum um hann verði breytt á þann veg að hann verði í hátt við þau sjónarmið sem ætla verður að höfð hafi verið í huga þegar honum var komið á, þ.e. að miða hann við störf á sjó úti með þeim fjarvistum frá heimili og fleiru sem því fylgir.

Í frekari útfærslu málsins þarf að hafa samband við samtök sjómanna. Aðalatriðið er að sjálfsögðu að sú upphæð sem um getur í frv. náist. Sé um hærri upphæð að ræða mun viðkomandi þingnefnd sem fær málið til meðferðar að sjálfsögðu laga reglurnar að upphæðinni.

Áætla má að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. muni þeim dögum sem veita rétt til sjómannaafsláttar fækka um nálægt 300 þús. Veittur sjómannaafsláttur mundi samkvæmt því eiga að lækka um 180–200 millj. kr. frá því sem hann var við álagingu á þessu ári.

Laun vegna sjómennsku samkvæmt skattaframtali á síðasta ári voru tæpir 18 milljarðar kr. Lækkun sjómannaafsláttar samkvæmt frv. mun því ekki valda stórlegri röskun á launum sjómanna. Lækkunin er ríflega 1% heildarlaunanna og er það svo dæmi sé tekið hlutfallslega minni breyting en lækkun barnabóta hjá þeim sem fyrir skerðingu þeirra verða. Þess skal getið að frá meðalsjómannakaupinu er reiknað með að skerðingin hafi áhrif sem svarar til 0,6% af þeim launum sem eru meðallaun sjómanna.

Varðandi endurgreiðslur úr skattakerfinu skal þess getið að samkomulag varð um það í ríkisstjórninni að stefna að því að draga nokkuð úr vaxtabótum, þó ekki fyrr en eftir næsta ár þar sem ástæða er til að gaumgæfa og undirbúa breytt fyrirkomulag vaxtabóta betur en unnt var á þeim tíma sem nú var til stefnu og var ákveðið að bíða með löggjöf um þetta atriði þar til síðar.

Þau atriði í frv. sem snerta skattlagningu lögaðila eru ákvæði um skattalega nýtingu á rekstrarlegu tapi og um frádrátt útborgaðs arðs frá tekjum lögaðila. Auk þess eru í frv. ákvæði er snerta skattlagningu á söluhagnaði lögaðila og einstaklinga og ákvæði til að tryggja samvinnufélögum sömu skattalegu meðferð hlutabréfa og hlutafélög hafa. Auk þessara breytinga eru nú í undirbúningi frekari breytingar á skattlagningu lögaðila sem ætlað er að verði lagðar fram á Alþingi síðar á þessu þingi. Er þar um að ræða tillögur sem fela í sér breikkun á skattstofninum með því að fella niður nokkrar frádráttarheimildir og jafnframt að lækka skatthlutfallið. Af ýmsum ástæðum þykir rétt og nauðsynlegt að gera nú þegar þær breytingar sem lagt er til í frv. að gerðar verði. Áhrifa af þeim gætir ekki fyrr en löngu eftir að þær taka gildi og þær kynnu að vera taldar fela í sér afturvirka skattlagningu ef þær bíða annarra áformaðra breytinga og ættu að gilda frá sama tíma. Þær breytingar, þ.e. lækkun skatthlutfallsins og fylgibreytingar, eru hins vegar að mestu ívilnandi fyrir félög og einstaklinga.

Álagður tekjuskattur á lögaðila árið 1991 var alls tæpir 4 milljarðar kr. Af um 9.400 lögaðilum greiða einungis tæplega 3.500 tekjuskatt. 3.400 lögaðilar, eða um 36% heildarinnar, töldu fram rekstrartap frá fyrri árum. Nam tapið hjá löðaðilum einum, framreiknað samkvæmt verðbreytingarstuðlum, samtals um 60 milljörðum kr. Skattaleg nýting þess alls svarar til þess tekjuskatts sem nú er greiddur af lögaðilum í 6–7 ár.

Ljóst þykir að uppsafnað tap sem nýst getur við skattlagningu er hærra en eðlilegt getur talist. Að sjálfsögðu stafar hluti þess af erfiðum rekstri og lélegri afkomu margra fyrirtækja á undanförnum árum. Fleira kemur þó til. Má þar m.a. nefna verðbólgu sem þrátt fyrir verðbreytingarkerfi skattalaganna hefur nokkur áhrif auk þess sem það tap sem fyrir var við upptöku þess kerfis var að sjálfsögðu með stórum verðbólguþætti sem hefur verið verðbættur æ síðan og hefur nýst skattalega. Enn fremur má nefna að útgreiddur arður er dreginn frá tekjum við skattalegt uppgjör og hefur því eftir atvikum safnast upp í rekstrartöpum.

Algengt er í nálægum löndum að heimild til nýtingar á rekstrartöpum sé takmörkuð hvað tíma varðar. Er algengt að sú takmörkun sé miðuð við fimm ár og er í frv. lagt til að sú regla verði tekin upp hér á landi. Ekki er ljóst hvaða áhrif þessi breyting hefur í bráð. Talið er að þau rekstartöp hjá lögaðilum sem nú eru fyrir hendi og eru eldri en fimm ára séu 10–15 milljarðar og munu þau ekki nýtast ef frv. verður samþykkt. Mun skattur af samsvarandi tekjum að einhverju leyti skila sér þegar til lengri tíma er litið. Eftir standa þá 45–50 milljarðar kr. þannig að óvíst er um bein tekjuáhrif á allra næstu árum. Auk þess að takmarka nýtingu uppsafnaðs taps, eins og að framan greinir, felur frv. í sér þrengingu á möguleikum til að nýta tap við sameiningu fyrirtækja. Í raun er þó aðeins um að ræða að herða á gildandi lagaákvæðum um þetta efni. Hér er hert á þeirri meginreglu sem nú er í 56. gr. laganna að nýting taps við sameiningu á einungis að vera möguleg þegar greiðsla fyrir það hlutafélag sem lagt er niður er að fullu gerð með hlutabréfum í því félagi sem áfram starfar. Til að tryggja þetta ákvæði er hér lagt til að við verði bætt því skilyrði að eigendur meiri hluta í því félagi sem slitið er við sameiningu skuli hafa átt hann í a.m.k. þrjú ár við slitin. Ætti ákvæði þetta að vera veruleg hindrun á að keypt séu félög með uppsafnað rekstrartap í þeim tilgangi einum að nýta það skattalega.

Sú sérstaða er hér á landi miðað við það sem algengast er í nágrannalöndum okkar að arður af rekstri lögaðila er að vissu marki undanþeginn skattgreiðslum, bæði hjá félaginu sem greiðir arðinn og hjá þeim einstaklingum sem fá hann greiddan. Í flestum löndum er arður skattlagður annaðhvort hjá fyrirtækinu eða hjá mótttakanda og í sumum löndum er reyndar um að ræða tvísköttun, þ.e. skattlagningu hjá báðum aðilum. Tvísköttun kemur fram hér á landi að því er varðar þann arð sem er umfram það hámark sem að framan greinir.

Á síðustu árum hefur það viðhorf verið ríkjandi í skattlagningu einstaklinga og félaga að skattleggja eigi allar tekjur með sama hætti og jafnframt að forðast beri tvísköttun. Í undirbúningi eru nú í fjmrn. breytingar á skattalögunum sem nauðsynlegar eru til að ná þessum markmiðum. Þær þarfnast verulegs undirbúnings og er talið ráðlegt að bíða með þær þar til gerðar verða þær breytingar sem ég drap á áðan og einnig eru í undirbúningi. Engu að síður þykir nú nauðsynlegt að taka skref í þá átt að skattleggja arð. Það skref er fólgið í því að afnema heimild til að draga útgreiddan arð frá tekjum fyrir skattlagningu. Sé þetta skref ekki tekið nú en látið bíða eftir öðrum þeim breytingum sem áformað er að gera kynni afnám þessarar heimildar að vera talin hafa í för með sér afturvirka skattheimtu. Auk þess má nefna að núverandi fyrirkomulag á þátt í þeirri óeðlilegu uppsöfnun rekstrartapa sem áður er vikið að.

Í framtölum fyrir árið 1990 töldu 9.398 hjón fram arð af hlutabréfum að fjárhæð 435 millj. kr. Þar af voru um 254 millj. kr. undanþegnar skattskyldu. 5.420 einstaklingar töldu fram arð að fjárhæð um 126 millj. kr. Þar af voru um 59 millj kr. undanþegnar skattskyldu. Framtalinn arður var því alls 561 millj. kr. Undanþágan nam alls um 313 millj. kr. en skattlagðar voru um 248 millj. kr.

Hinn undanþegni arður var frádráttarbær við skattlagningu viðkomandi hlutafélaga og hefur því verið skattfrjáls að fullu. Skattlagning hans hjá hlutafélaginu, skattskylda þeirra hjá einstaklingunum og heimild til að draga þann skatt sem fyrirtækið greiddi frá skattkröfu hefði aukið tekur ríkisins um u.þ.b. 125 millj. kr. Á móti hefði komið að fella niður tvísköttun á þeim 248 millj. kr. arðgreiðslum sem skattlagðar voru hjá einstaklingum. Hafa verður í huga að ekki er ljóst hvað sú tvísköttun er mikil þar sem þessi arður kann að vera skattlaus hjá félaginu, t.d. ef það er skattlaust vegna nýtingar á tapi frá fyrri árum. Ekki er því séð nú hver áhrifin á tekjur ríkisins verða þegar þar að kemur en ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á skattgreiðslur fyrr en við álagningu 1993.

Ég vil nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að biðja hv. nefnd sem fær málið til athugunar að kanna þessi atriði sérstaklega.

Aðrar breytingar í frv. snerta skattlagningu söluhagnaðar, skattlagningu samvinnuhlutafélaga og starfshætti ríkisskattanefnar. Í gildandi lögum er nú ákvæði þess efnis að sé hluti söluandvirðis, sem falið getur í sér skattskyldan söluhagnað, greiddur með skuldaviðurkenningu sé heimilt að telja söluhagnaðinn til tekna í hlutfalli við afborgunartíma þeirra. Þrátt fyrir þessa frestun er söluhagnaði sem þannig er frestað ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Meginregla tekjuskattlagningar er að tekjur séu skattlagðar þegar þær verða til, þ.e. þegar þær eru greiddar viðkomandi eða koma fram sem eignaaukning hjá honum. Af tæknilegum ástæðum er ekki talið unnt að fylgja þessari reglu í öllum tilvikum, svo sem við eignaaukningu sem oft kemur ekki fram fyrr en við sölu viðkomandi eignar. Forsendur núverandi ákvæðis um enn frekari frestun á skattlagningu byggðust á því að svo var litið á að greiðsla færi ekki fram fyrr en við innlausn skuldaviðurkenninga.

Nokkuð hefur verið óljóst hvaða greiðsluskuldbindingar á að fella undir hugtakið „skuldaviðurkenning" og hefur það m.a. orðið tilefni til ágreinings og með þeim breytingum, sem orðið hafa á fjármagnsmarkaði á síðustu árum, er orðið erfiðara en áður að greina á milli verðpappíra sem eru eða geta verið ígildi greiðslu með reiðufé og hinna sem fela í sér raunverulega frestun á greiðslu.

Þá hefur ákvæði þetta verið gagnrýnt fyrir þá ívilnun sem felst í því að söluhagnaðurinn hefur ekki tekið verðbreytingum. Af þessum ástæðum er í frv. lagt til að afnema núverandi frestunarheimild og að um söluhagnað gildi hin almenna regla, þ.e. að hann komi til skattlagningar við sölu óháð því í hvaða formi endurgjaldið er. Breyting þessi kemur fram í því að núverandi texti 27. gr. laganna er felldur út en í stað hans kemur ákvæði um samvinnuhlutabréf. Þetta atriði bið ég nefndina að sjálfsögðu að kanna rækilega, ekki síst með tilliti til þess að nú hefur vaxið fram hér á landi sæmilega virkur hlutabréfa- og verðbréfamarkaður sem gefur þeim sem eiga pappíra sæmilegt tækifæri til þess að fá peninga í stað pappíranna á tiltölulega skömmum tíma.

Ný lög um samvinnufélög taka gildi 1. jan. nk. en í þeim eru m.a. ákvæði um samvinnuhlutabréf. Ein af forsendum þeirrar lagasetningar var að með lögunum væri verið að skapa samvinnuhlutafélögum hliðstæð rekstrarskilyrði og almennum hlutafélögum, m.a. hvað skattalega meðferð varðar. Í þessu samhengi skipta máli ákvæði tekjuskattslaga um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf, svo og um frádrátt vegna kaupa á hlutabréfum. Í frv. er samræming að þessu leyti gerð með því að inn í lögin er tekin grein þess efnis að ákvæði laganna um jöfnunarhlutabréf, hlutabréf og kaup á hlutabréfum skuli einnig gilda um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á. En samvinnuhlutabréf eru bréf í B-deildum samvinnufélaganna og um þetta mál var fjallað á síðasta þingi eins og ég veit að hv. þm. muna.

Skipun ríkisskattanefndar hefur verið óbreytt frá árinu 1980. Í hana eru einungis skipaðir tveir menn sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi en auk þeirra starfa í nefndinni fjórir menn samhliða öðrum störfum. Ég sé ekki, virðulegi forseti, efni til að ræða það mál ítarlega. Það mál hefur komið áður fyrir þingið, var þá skilið frá frv., mjög svipað frv. og hér er verið að flytja. Lagt er til að fjölgað verði föstum starfsmönnum í ríkisskattanefnd. Jafnframt verði sú breyting gerð að staðgreiðslusektir verði ákvarðaðar af ríkisskattanefnd en ekki sérstakri nefnd eins og nú er í lögunum.

Þá vil ég að lokum geta þeirra breytinga að í frv. eru allar fjárhæðir laganna sem breytingum eiga að taka samkvæmt skattvísitölu endurskoðaðar og þeim breytt miðað við það að skattvísitala ársins 1992 verði ákveðin 100 stig, þ.e. að fjárhæðirnar taki ekki frekari breytingum á árinu öðrum en þeim sem breytast á miðju ári samkvæmt lánskjaravísitölu. Að frátöldum barnabótum og barnabótaauka sem þegar hefur verið fjallað um er í þessu efni miðað við að skatta- og bóta-

fjárhæðir haldi óbreyttu raungildi frá því sem er á yfirstandandi ári. Sum þeirra ákvæða sem í frv. eru, einkum þau sem lúta að skattlagningu fyrirtækja, hafa þann tilgang að einfalda skattkerfið og gera það skilvirkara. Má þarf nefna dæmi um breytingar á meðferð tapfrádráttar, afnám arðsfrádráttar og afnám frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Náin tengsl eru á milli skattlagningarreglna og skattaframkvæmdar og verður mikilvægi einfaldra skattareglna ekki of oft ítrekað.

Í framhaldi af þeirri einföldun á sköttum sem náðst hefur hér á landi á nokkrum síðustu árum, í tíð a.m.k. þriggja fyrrv. ráðherra hefur yfirstjórn skattamála í vaxandi mæli beint kröftum að framkvæmdahliðinni. Stefnt er að því að beina starfseminni frá úrvinnslu í framtölum einstaklinga í virkara eftirlit með skattframtölum lögaðila og eftirliti með virðisaukaskatti. Eru m.a. í undirbúningi breytingar á framtölum og nýtingu upplýsinga sem skattkerfið fær frá ýmsum aðilum þannig að skattskil einstaklinga verði einfölduð og unnin vélrænt að vissu marki. Mun það spara þeim og skattkerfinu tíma og kostnað og gera mögulegt að leggja enn meiri áherslu á þá þætti þar sem ætla má að bæta megi árangur skattheimtu. Ég nefni í þessu sambandi, eins og reyndar hefur komið fram hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni oftar en einu sinni, að það er sérkennilegt að sjá á skattaskýrslueyðublaðinu að þar eru færðar inn upplýsingar um hvað maður heitir, hvenær maður sé fæddur, ef maður á maka hver hann sé, ef maður á börn sem búa á heimilinu hver þau séu, en síðan fylgir inn í framtalsblaðinu allt um eignir manns og verðmæti þeirra frá fasteignamatinu en það á maður síðan að færa inn á framtalið jafnvel þótt þetta séu opinberar tölur og færðar þannig inn og síðan fylgjast skattstofurnar með því hvort maður færir rétt á milli þessara blaða. Auðvitað væri miklu einfaldara þar sem þetta eru allt véltækar opinberar upplýsingar að færa þær strax inn á eyðublaðið. Margt slíkt geta skattyfirvöld og aðilar sem heyra undir fjmrn. gert þannig að fólki sé gert auðveldara að vinna með skattskýrslueyðublaðið.

Á síðustu mánuðum hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fylgja þessum markmiðum eftir. Starfsskipulagi hjá embætti ríkisskattstjóra hefur verið breytt á þann veg að tvær deildir embættisins sem áður fjölluðu um skattlagningu einstaklinga hafa verið sameinaðar en ný deild var stofnuð til að sinna skattlagningu fyrirtækja sérstaklega. Á hún m.a. að samræma starf skattstofanna á þessu sviði og aðstoða þær við endurskoðun rekstrarframtala og undirbúa breytingar á framtölum lögaðila og úrvinnslu úr þeim. Enn fremur hefur embættið lagt áherslu á aukið eftirlit með skilum á skýrslum um virðisaukaskatt og endurskoðun þeirra. Gerðar hafa verið skipulagsbreytingar á skattstofunni í Reykjavík með hliðstæð markmið í huga.

Á öðrum skattstofum hefur starfsemin einnig verið endurskipulögð og þá er þess einnig að geta að hjá fjmrn. hefur eftirlit með innheimtu opinberra gjalda verið aukið. M.a. er verið að koma á kerfi sem veita á reglulegar upplýsingar um stöðu innheimtu í hverri gjaldategund og hjá hverju innheimtuembætti. Eins og fram kemur í grg. með frv. er m.a. ætlað að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs til samræmis við þær forsendur sem gefnar voru í frv. til fjárlaga fyrir 1992 og er það nú lagt fyrir Alþingi í samfloti með öðrum frumvörpum sem einnig er ætlað að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs 1992.

Þau ákvæði í þessu frv. sem áhrif hafa á tekjur ríkissjóðs á næsta ári eru breytingar á barnabótum og barnabótaauka sem áætlað er að skili um 500 millj. og breytingar á sjómannaafslætti sem gæti skilað um 180–200 millj. kr. Önnur ákvæði hafa ekki tekjuáhrif fyrr en síðar og þá eftir atvikum í tengslum við frekari breytingar sem áformaðar eru. Þó gæti breytingin um rekstrartapið haft einhver áhrif á næsta ári.

Virðulegi forseti. Frv. þetta felur í sér breytingar sem við teljum nauðsynlegar til að ná viðunandi árangri í ríkisfjármálum á næsta ári. Einnig felur það í sér mikilsvert skref á þeirri braut sem Alþingi hefur áður markað að gera skattkerfið einfaldara, réttlátara og skilvirkara.

Ég bið um það að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni 1. umr. sem hér hefst. Ég skil það vel að umræðan geti ekki klárast í dag en vísa til 2. mgr. 23. gr. þingskapa þar sem segir, með leyfi forseta:

„Áður en 1. umr. fer fram um stjórnarfrumvörp eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið.“

Með tilvísun í þessi ákvæði þingskapalaga leyfi ég mér að óska þess í nafni þingmanna Sjálfstfl. og reyndar þeirra hv. þm. sem skipa ríkisstjórnina að þetta mál ásamt öðrum tekjufrumvörpum sem liggja fyrir fái meðhöndlun í nefnd en án þess þó að málin verði með nokkrum hætti afgreidd úr nefndinni. Tilgangur ákvæðisins mun verða það að nefndir geti athugað mál sem eru tiltölulega flókin og í sumum atriðum þarf sjálfsagt að afla frekari gagna í málinu sérstaklega. Þess vegna óska ég eftir því að forseti ákveði í framhaldi af ræðu minni eða umræðu sem á sér stað í dag að heimila nefndinni að taka málið fyrir nk. mánudag.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. Áður en ég hverf úr ræðustól vil ég þó geta þess að í 18. gr. frv., in fine, er lagt til að ákveðin grein falli úr lögum nr. 9/1984, þ.e. að frádráttur vegna hlutabréfakaupa sé strikaður út. Ég vek athygli á því að þetta er ekki efnisbreyting heldur er ætlunin í framtíðinni að vísað sé til 30. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaganna þar sem sú grein er samhljóða og hún stendur að sjálfsögðu eftir sem áður.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, læt ég máli mínu lokið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þeirra tilmæla sem hæstv. fjmrh. beindi til forseta, og hann studdi við 23. gr. þinskapa, vill forseti benda hæstv. fjmrh. á að slík beiðni hefði þurft að koma fram áður en 1. umr. hófst. Það er alveg ljóst

eftir því sem forseti getur skilið það. (**Fjmrh.:** Nei, þetta er ekki rétt.) Nú vill forseti gera fimm mínútna hlé meðan hann kannar það, en forseti skilur þetta ákvæði á þennan veg án þess að hann vilji úrskurða það á þessu augnabliki og vill kynna sér það betur. Það verður þá gert. — [Fundarhlé.]

Varðandi þau tilmæli, sem forseta bárust í ræðu hæstv. fjmrh., um að forseti beiti heimildarákvæði í 2. mgr. 23. gr. þingskapalaga, mun forseti ekki taka afstöðu til þess máls nú að beita þessu heimildarákvæði. Hins vegar mun forseti koma til skila til nefndarinnar þeirri ósk sem hæstv. fjmrh. beindi til forseta að nefndin ræði þetta mál á næsta fundi sínum.

Umræðu frestað.

53. FUNDUR

mánudaginn 16. des.,
kl. 1 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 14. des. 1991:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir bréfið ritar Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Guðjón A. Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 209. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 255.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Frv. er flutt af heilbr.- og trn. hv. Alþingis. Í grg. með frv. segir svo:

„Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er reiknað með að frá og með næstu áramótum verði heilsugæslustarfi þannig háttað í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur einnig að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, með breytingu nr. 28/1957, verði óþörf og falli því úr gildi. Sérstök stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sem starfar samkvæmt gildandi bráðabirgðaákvæði og á, auk þess að annast rekstur stöðvarinnar, að gera tillögur um framtíðarhlutverk hennar, hefur skilað tillögum sem unnar voru í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæslustöðvanna í Reykjavík eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu. Þar sem nokkurn tíma tekur að koma þeim í endanlega gerð og til framkvæmda er nauðsynlegt að gefa stjórnendum tíma til þess að koma þeim í framkvæmd. Þess vegna er lagt til að veittur verði eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum."

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. en tel óþarft að vísa því til hv. heilbr.- og trn. þar sem nefndin flytur frv. og hefur því þegar fjallað um það. Það er brýnt að frv. verði að lögum fyrir áramót svo að stjórnun og rekstur heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík verði ekki í óvissu.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns heilbr.- og trn. varð samkomulag í nefndinni um að flytja þetta frv. Það er litið svo á að hér sé um algjöra bráðabirgðaráðstöfun að ræða að framlengja það fyrirkomulag sem verið hefur á heilbrigðis- og heilsugæslumálum í höfuðborginni í nokkurn tíma sem er reyndar algjört ófremdarástand. Þetta er gert í trausti þess að frv. sem nú er inni í heilbr.- og trn. fái þar faglega umfjöllun, um að heilsuverndin verði í framtíðinni án gjaldtöku af hálfu opinberra aðila eins og verið hefur. Það kemur reyndar fram í þeirri reglugerð sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur sett og kynnt fyrir fjölmiðlum, þó svo að einstakir nefndarmenn í heilbr.- og trn. og þingið hafi ekki fengið hana til skoðunar, að gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði ekki gjaldskyld þann tíma sem reglugerðin gildir. Hins vegar er það áhersluatriði af hálfu okkar framsóknarmanna í heilbr.- og trn. að í framtíðinni komi þetta ákvæði inn í almannatryggingalög.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið stendur heilbr.- og trn. öll að frv. sem hv. 7. þm. Norðurl. e., formaður hennar, mælti fyrir áðan. Þannig háttar til að snemma á þessu þingi var lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, flutt af hv. þm. Stefaníu Traustadóttur og fleiri þingmönnum Alþb. þar sem gert var ráð fyrir að ungbarnaeftirlit og mæðravernd yrði örugglega undanþegið gjaldtöku við heilsugæslustöðvar. Komið hafði í ljós að uppi væru áform um það af hálfu heilbrrn. að leggja gjald einnig á þessa þjónustu. Þessu frv. var mjög vel tekið í umræðum á Alþingi og því var vísað til heilbr.- og trn. og það hefur fengið þar nokkra meðferð. Niðurstaðan í nefndinni varð síðan sú, í framhaldi af útgáfu reglugerðar hæstv. heilbr.- og trmrh. um gjaldtöku á heilsugæslustöðvum þar sem heilsuverndarþátturinn er undanþeginn, að við ákváðum að flutt yrði frv. það sem hér liggur fyrir um framlengingu á sérstöku ákvæði gömlu heilsuverndarlaganna frá 1955, ákvæði sem í raun og veru snertir Reykjavík eina og hefur orðið að framlengja aftur og aftur, ég veit ekki hversu oft, satt að segja. Væri fróðlegt að fletta því upp í þingtíðindunum hversu oft þetta ákvæði hefur verið framlengt. Lengst af stafaði þetta auðvitað af því að andspyrna var af hálfu borgarstjórnarmeirihaldsins í Reykjavík við að framkvæma heilbrigðisþjónustulögin frá 1973 og 1978 og 1983 þó að aðrir landshlutar væru með sæmilega heilsugæslu og uppbyggingu heilsugæslustöðva í gangi.

Með samþykkt frv. sem hv. 7. þm. Norðurl. e. hefur mælt fyrir yrði heilsuverndarþátturinn varinn áfram á þessu svæði en jafnframt tek ég undir það sjónarmið, sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv., að nauðsynlegt er að festa þessi ákvæði í lögum til frambúðar sem er auðvitað skynsamlegast að gera. Það má þó

vel gera með breytingu á almannatryggingalögum og jafnvel mætti einnig hugsa sér aðrar aðferðir.

Ég þakka hv. formanni heilbr.- og trn. fyrir það hvernig hann hefur staðið að þessu máli og samstarfsmönnum okkar í heilbrigðisnefndinni, bæði meiri hluta og minni hluta. Þar hafa vinnuhefðir þróast með þeim hætti að það mætti vafalaust verða til einhverra nota fyrir aðrar þingnefndir að fylgjast með því hvernig þar er tekið á hlutum. Þar reyna menn að ræða sig í gegnum mál með eðlilegum hætti og reyna að komast að lýðræðislegri, sanngjarnri og málefnalegri niðurstöðu og fyrir það er full ástæða til að þakka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EGuðn, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GAK, GÁ, GunnS, HBl, HG, ISG, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 205. mál (fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.fl.). — Þskj. 236.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem gengur út á það að koma í framkvæmd þeim áformum sem ríkisstjórnin birti í fjárlagafrv. um hækkun á tekjuskatti og eignarskatti. Hér er um allverulega hækkun að ræða sem í fyrsta lagi snertir einstaklinga í landinu og í öðru lagi atvinnureksturinn.

Að því er varðar einstaklinga gaf ríkisstjórnin það til kynna í fjárlagafrv. að ekki yrði um almenna hækkun á skatthlutfalli að ræða heldur yrði fyrst og fremst hækkaður tekjuskattur á þeim sem nytu tiltekinna bóta eða tiltekins afsláttar í tekjuskatti. Þannig var nefnt til sögunnar sem dæmi sjómannaafsláttur, skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa, barnabætur, vaxtabætur og húsnæðisbætur. Niðurstaða þessarar umfjöllunar sem birtist í frv. er sú að tekjuskattur barnafjölskyldna skuli hækkaður sérstaklega, þ.e. þeirra barnafjölskyldna sem hafa hærri tekjur. Það er ekki gert ráð fyrir að hækka tekjuskatt þeirra sérstaklega sem hafa hærri tekjur heldur eingöngu ef um er að ræða einstaklinga sem eiga börn og hafa hærri tekjur en almennt gerist. Þeir einstaklingar sem ekki eiga börn fá ekki skattahækkun. Það er nokkuð sérkennilegur framgangsmáti en þannig er það.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að nokkur breyting verði á vaxtabótum og húsnæðisbótum og hækkun verði á skatti þeirra sem þeirra njóta. Í síðasta lagi er gert ráð fyrir að hækka tekjuskatt sjómanna sérstaklega. Það er sem sagt gert ráð fyrir að ein tiltekin stétt í landinu fái sérstakar skattahækkanir á sama tíma og aðrar stéttir munu ekki fá slíkan glaðning frá núv. ríkisstjórn.

Nú ætla ég ekki að gera þessi mál að frekara umtalsefni hér í upphafi en koma nánar að þeim síðar og vildi þá snúa mér að skattlagningu atvinnurekstrarins. Þar er gert ráð fyrir allnokkrum breytingum sem munu leiða til meiri skattlagningar á atvinnurekstur í landinu. Þetta er vissulega ekki eina málið þar sem slík áform koma fram. Ýmis önnur gjöld á atvinnurekstur hafa séð dagsins ljós og er þar um allverulegar skattahækkanir á atvinnureksturinn í landinu að ræða.

Nú vil ég ekki að orð mín skiljist svo að ég hafi ekki skilning á því að draga þurfi úr útgjöldum og breyta sköttum í hinu erfiða ástandi ríkisins, en það er að sjálfsögðu ekki sama hvernig að er staðið og má segja að allt gangi út á það hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að halda því fram að ekki sé verið að hækka skatta en hún er samt að því. Það má segja að allar skattahækkanir byggist á því að sem auðveldast sé að fela að um skattahækkanir sé að ræða. Ekki er mjög líklegt að mjög vel takist til í skattlagningu þegar þetta er gert að aðalatriði. Þá er nú betra að ganga hreint til verks og viðurkenna það sem liggur augljóslega fyrir að um skattahækkanir sé að ræða og leggja skatta á með eins réttlátum hætti og hugsast getur en ekki gera það að aðalatriði hversu þægilegt er að fela það að um skattahækkanir er að ræða. Skýringin á þessu er einfaldlega sú að núv. stjórnarflokkar lýstu því mjög ákaft yfir fyrir kosningar að ekki kæmi til greina að hækka skatta í landinu og þeir eru þess vegna múlbundnir við þessar yfirlýsingar sínar og þeir reyna allt hvað þeir geta til að halda því fram að skattar hækki ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er ekki staðreyndin, en þeir hafa valið það að hækka skatta á tilteknum hópum en ekki með almennum aðgerðum sem mér hefði fundist eðlilegra við þessar aðstæður.

Að því er varðar skattlagningu fyrirtækja, sem ég vildi koma næst að, er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að 57. gr. skattalaga, sem fjallar um rekstrartap, verði breytt í verulegum mæli. Það eru almenn viðhorf í skattamálum atvinnufyrirtækja að þau fái að draga frá allan rekstrarkostnað sem af því hlýst að afla tekna. Margir halda því fram að atvinnurekstur í landinu hafi marga óeðlilega frádráttarliði sem beri að afnema og eru oft tilteknir í því sambandi liðir eins og tap fyrri ára, afskriftir og jafnvel annar kostnaður. Sá kostnaður, sem er t.d. afskriftir, er ekkert annað en dreifing á kostnaði yfir tiltekinn árafjölda og það tap sem hlýst af atvinnurekstri er rekstrarkostnaður sem aldrei hefur verið dreginn frá og því verið talið eðlilegt að heimilt sé að draga þennan kostnað frá ef tekjur myndast síðar.

Það sem hefur orðið tilefni til mikillar umræðu um þessi mál er sameining fyrirtækja og sú staðreynd að þegar fyrirtæki eru sameinuð þá er hægt að sameina skyldur félaganna og réttindi, þar á meðal skattalegar skyldur og skattaleg réttindi. Það er alveg ljóst að ýmis

óeðlileg tilvik geta komið upp í þessu sambandi. Hins vegar má breyting á löggjöf ekki verða til þess að koma í veg fyrir hagræðingu eða draga úr þeirri tilhneigingu sem gætir í landinu að atvinnureksturinn skili sem mestum tekjum. Menn mega ekki horfa um of á einstök dæmi þótt þau kunni að reynast óeðlileg við fyrstu sýn því oft og tíðum eru önnur sem er líka mikilvægt að tryggja og því með öllu ósæmandi fyrir núv. hæstv. ríkisstjórn að fara að ræða skattamál út frá tilteknum fyrirtækjum eða jafnvel tilteknum einstaklingum í landinu. Það hefur núv. ríkisstjórn gert og valið ákveðið fyrirtæki á sunnanverðu landinu sem tekið hefur verið sem sérstakt dæmi um það að skattalögum skyldi breytt.

Nú ætla ég ekki að dæma um það en mjög fágætt að er ráðherrar ræði skattamál út frá einstökum fyrirtækjum og maður spyr hvort það sé næst á dagskrá að ræða skattamál út frá tilteknum nafngreindum einstaklingum. Þetta eiga menn aldrei að gera, en það er eins og svo margt annað sem núv. ríkisstjórn stendur fyrir að hún mætti hugsa um að segja heldur minna og reyna að koma meiru í framkvæmd. En yfirlýsingagleðin hefur gagntekið hæstv. ráðherra í allmiklum mæli.

Nú er komið fram frv. til breytinga um hvernig skuli farið með skattalegt tap fyrirtækja frá fyrri tíð. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Tap flyst ekki milli félaga þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum.“ Þetta ákvæði er í núgildandi lögum og hefur bærilega tekist til eftir því sem ég best veit að framkvæma það. Síðan er bætt við samkvæmt tillögu hæstv. fjmrh.: „Sameining félaganna verður og að vera gerð í rekstrarlegu hagræðingarskyni eða öðrum venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi.“ Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hver ætlar sér að túlka þessa grein? Hver er tilbúinn til að kveða upp úr um það þegar fyrirtæki eru sameinuð hvort þar sé verið að sameina í hagræðingarskyni eða ekki? Hver er tilbúinn að túlka það hvort um venjulegan og eðlilegan rekstrartilgang er að ræða? Ég tek eftir því að hjá Verslunarráði Íslands er einn hv. þm. á Alþingi starfsmaður, og hefur hann komið auga á þetta og kemur það í ljós í bréfi sem hann hefur ritað efh.- og viðskn. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Í 7. gr. frv. er þrengt mjög svigrúm til yfirfærslu rekstrartaps við sameiningu fyrirtækja. Ákvæði greinarinnar eru með mörgum skilyrðum og ýmsum svo óljósum en öðrum svo hörðum að ekki verður betur séð en að yfirfærsla rekstrartaps við sameiningu fyrirtækja sé ómöguleg. Með samþykkt slíkrar breytingar er verið að torvelda mjög eðlilega þróun atvinnulífs og fjölga gjaldþrotum í atvinnurekstri. Ljóst er að finna verður betri leiðir til að koma í veg fyrir misnotkun þessarar heimildar til yfirfræslu rekstrartaps en fram kemur í frumvarpinu.“ Undir þetta ritar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins.

Það er alveg ljóst að sá ágæti þingmaður og Verslunarráðið í heild hefur komið auga á að það sé verið að gera sameiningu fyrirtækja nánast ómögulega. Þeir koma auga á að verið sé að torvelda þróun atvinnulífsins og fjölga gjaldþrotum í atvinnurekstri.

Nú er mér kunnugt um að núv. ríkisstjórn hefur mjög aðhyllst þá stefnu sem við köllum gjaldþrotastefnu í atvinnulífinu. En mér var ekki ljóst að það yrði svo langt gengið að það yrði sérstaklega farið að breyta skattalögum til að greiða fyrir gjaldþrotum eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er að benda á. Ég hafði heldur ekki látið mér detta í hug að það stæði til að torvelda þróun atvinnulífsins eins og hér kemur fram. En jafnvel þótt að komi inn einhver ákveðin vandamál þá mega menn ekki ganga svo langt í að reyna að leysa vandamálin að þeir torveldi eðlilega þróun á öðrum sviðum. Ég er satt best að segja undrandi á því hvað hæstv. fjmrh. gengur langt í þessu efni. Þá er jafnframt tekið fram að ekki sé heimilt að flytja tap milli ára lengur en fimm ár. Nú getur það verið fullkomlega eðlilegt að tap sé frádráttarbært í lengri tíma. Ég bendi á að ýmsa útgjaldaliði skattalaga er skylt að færa til frádráttar samkvæmt lögum, t.d. má ekki fyrna tilteknar eignir á styttri tíma jafnvel þótt ljóst sé að endingartími þeirra er miklu lengri. Þannig getur verið að eign eins og fiskiskip endist í 30 ár, jafnvel þótt skylt sé að fyrna hana á 10 árum. Því er ekkert óeðlilegt í reynd þótt verulegt tap komi fram fyrstu 10 árin en hins vegar komi hagnaðurinn síðar þegar afskriftartímanum er lokið. Ef slík fimm ára regla er samþykkt þá væri verið að koma í veg fyrir að slíkt tiltekið fyrirtæki gæti dregið rekstrarkostnað frá tekjum sínum sem er fullkomlega óeðlilegt. Þannig að ég vil hvetja til þess að þessi grein sé tekin til endurskoðunar. Þar að auki segir í þessari grein, með leyfi forseta: „Eigendur meiri hluta eignarhluta þess félags sem niður er lagt skulu hafa átt eignarhluti sína í því félagi í a.m.k. þrjú ár á sameiningardegi og þeir skulu eftir sameiningu eiga hlutabréf eða eignarhlut í því félagi sem við tekur í samræmi við eignarhlutdeild sína í því félagi sem niður er lagt.“ Það er sem sagt nákvæmlega fyrir sagt um það hverjir megi eiga hið tiltekna félag. Ef hin minnsta breyting verður á því þá fellur réttur til yfirfærslutaps niður. Þetta hefði einhvern tímann verið kölluð miðstýringarstefna eða forsjárhyggja. Það vill nú svo til að menn hafa verið að reyna að þróa frelsi á verðbréfamarkaðnum. Ég hef skilið núv. hæstv. ríkisstjórn þannig að hún vildi auka það frelsi sem mest og menn gætu verslað með hlutabréf og verðbréf nokkurn veginn óheft. En þarna kemur fram allt önnur hugsun en áður hefur sést. Ég er ekki með þessum orðum að segja að ekki sé full ástæða til að líta á ákvæði 57. gr. og þrengja hana eitthvað en mér finnst eins og greinin sé samin út frá tilteknum afmörkuðum dæmum, jafnvel nafngreindra félaga, sem ráðherrar hafa staðið fyrir að varpa inn í umræðuna. Það er það sem er alvarlegt við það frv. sem hér er til umræðu.

Enginn hefur varpað því sérstaklega inn í umræðuna að t.d. tiltekinn banki sem ríkið seldi skuli hafa fengið miklar heimildir til yfirfæranlegs taps. Því hefur ekki verið varpað sérstaklega inn í umræðuna. En af því að tiltekið útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á suðurhluta landsins átti í miklum erfiðleikum og var að reyna að sjá fram úr þeim og koma á endurskipulagn-

ingu rekstrarins þótti ástæða til að taka málið sérstaklega upp. Það þótti ekki sérstök ástæða til þess út af nefndum banka. Nei, ekki aldeilis.

Ég vildi varpa því fram til hæstv. fjmrh. að hér er að sjálfsögðu um afturvirkt ákvæði að ræða. Hér er verið að ákveða það að tilteknir hlutir sem hafa verið frádráttarbærir samkvæmt lögum um langan tíma skuli ekki lengur vera frádráttarbærir. Og taka í burtu löglega myndaðan frádrátt hjá atvinnurekstrinum í landinu. Ég vil biðja hæstv. fjmrh., af því hann hefur mikið þurft að rifja upp sínar fyrri ræður í þinginu, sem margar hverjar hafa verið nokkuð langar, að athuga hvort hann finni ekki einhvers staðar einhvern kafla um afturvirk skattaákvæði. Ég er nokkurn veginn viss um að hann þyrfti ekki annað að gera en að biðja tölvudeildina að fletta upp orðunum afturvirkt skattaákvæði, þá mundi hann finna margar ræður, bæði eigin ræður og samflokksmanna um þessi mál. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um það en ég vísa til allra þeirra umræðna og bið hæstv. fjmrh. að rifja það upp. Ég vil líka biðja hann að rifja upp ræður um sveiflujöfnun í atvinnurekstri en bæði hann og aðrir sjálfstæðismenn hafa flutt margar og merkar ræður um það. Auðvitað er tapfrádráttur ekkert annað en sveiflujöfnun í atvinnurekstri, þ.e. að heimila atvinnurekstrinum að vinna til baka án skattlagningar þau skakkaföll sem hann hefur orðið fyrir.

Mikið hefur verið rætt um það í skattamálaumræðunni að rétt væri að snúa þessu við. Þ.e. að heimila fyrirtækjum að leggja til hliðar í góðæri til að mæta hugsanlegu tapi síðar meir. Tapfrádrátturinn yrði fluttur til þannig að heimilt væri að færa tapið til frádráttar áður en menn lentu í taprekstri. Og um þetta hefur hæstv. fjmrh. áreiðanlega haldið einhverjar ræður.

Ég hef ávallt litið svo á ef taka ætti tapfrádrátt fyrri tíma til endurskoðunar þá yrði það að gerast í tengslum við það að menn tækju upp heimild til að færa tap til frádráttar fyrir fram og það kæmi þó til skattlagningar síðar ef ekkert tap yrði í viðkomandi atvinnurekstri. Þetta er sú hugsun sem er á bak við sveiflujöfnun í atvinnurekstri. En með því að heimila ekki lengur þetta rekstrartap í lengri tíma en fimm ár er algerlega verið að snúa þessari hugsun við.

Í frv. eru ákvæði sem varða meðferð á arði, sem snertir vissulega atvinnureksturinn. Þar er gert ráð fyrir að arðsgreiðslur verði ekki lengur frádráttarbær hjá fyrirtækunum, en greiðslurnar verði algjörlega skattfrjálsar hjá móttakanda. Málið verður að skoða í ljósi þess að svo virðist vera að núv. ríkisstjórn hafi áform um að samræma skattlagningu eigna og eignatekna. En í fjárlagafrv. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Skattlagningu eigna og eignatekna þarf að samræma. Núverandi tilhögun einkennist af fjölda undanþágna og flóknum álagningarreglum. Aukið frjálsræði í viðskiptum með fjármagn kallar á samræmingu í átt til þess sem gildir í öðrum löndum. Þessi breyting er ekki sérstaklega ætluð til að skila ríkissjóði auknum tekjum heldur tryggja sanngjarna og samræmda skattheimtu."

Skattlagning fjármagnstekna og reglur um þá skattlagningu er orðin allgömul. Ákvæði laganna eru frá þeim tíma að vextir voru annaðhvort neikvæðir eða mjög lágir. Það hefur hins vegar orðið mikil breyting á síðustu árum og margir aðilar í þjóðfélaginu hafa mjög miklar fjármagnstekjur. Þær tekjur eru skattfrjálsar og ekki er nema eðlilegt að ýmsum launamanninum þyki óeðlilegt að tekjur af fjármagni skuli vera algerlega skattfrjálsar á sama tíma og hinar lægstu launatekjur bera verulegan skatt. Það er því mikilvægt verkefni að gæta samræmis í þessu efni þannig að tekjur af fjármagni komi að nokkru leyti til skattlagningar.

Mér þykir það vera allmerkilegt fyrsta skref í þessu sambandi að ákveða það að arður sem rennur til einstaklinga skuli í öllum tilvikum vera skattfrjáls. Þessar fjármagnstekjur eru sérstaklega gerðar skattfrjálsar hjá einstaklingunum og er ekki hægt að merkja af þessu fyrsta skrefi ríkisstjórnarinnar að það standi almennt til að fjármagnstekjur verði skattlagðar hjá einstaklingum. Á móti kemur að vísu að þessi arður yrði þá ekki lengur frádráttarbær hjá fyrirtækjunum sem er líka gallað. Ég vil í því sambandi benda á það sem m.a. Verslunarráð Íslands hefur fjallað um í því máli. Þetta hlýtur að hafa áhrif á hlutabréfamarkaðinn. Þetta hefur áhrif á verðgildi hlutabréfa. Þetta hefur áhrif á það hvort fólk vill kaupa hlutabréf eða ekki. Þetta hefur áhrif á það hvort fyrirtækin vilja greiða arð af hlutabréfunum. Þess vegna er enginn vafi á því að svona tillögur hafa strax áhrif á fjármagnsmarkaðinn. Um þessar mundir er atvinnulífið í lægð. Um þessar mundir er fallandi verð á hlutabréfum og það hefur sjaldan verið eins mikil þörf á því að auka áhuga almennings á nýjungum í atvinnulífinu og að fjárfesta í atvinnulífinu ef menn ætla sér að reyna að komast upp úr þeirri lægð sem við nú erum í. Því er afar óheppilegt að kasta inn lítt hugsuðum ákvæðum um breytingar á þessari skattmeðferð, en ég verð að reikna með því að hér sé um að ræða lítt hugsaða og lítt rædda tillögu, a.m.k. með tilliti til þess að ég skil það á því bréfi sem Verslunarráð Íslands skrifar að hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni hafi ekki verið þessar breytingar nægilega ljósar. Ég geng þá út frá því að ekki hafi unnist tími til að ræða þetta mál í þingflokki sjálfstæðismanna eða a.m.k. mjög lauslega. Og ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er mér sammála um að það er óheppilegt að vera að kasta inn í umræðuna tillögum, inn á jafnviðkvæman markað og hlutabréfamarkaðurinn er í dag, eins og hér er gert. Þetta ber ekki að skilja svo að ekki megi taka þessi mál til endurskoðunar, en eðlilegra væri að það væri gert í samhengi við aðra endurskoðun á eignum og eignatekjum til þess að þar væri gætt samræmis.

Ég tek einnig eftir því að svo virðist vera að á einhverju stigi máls hafi líka verið hugmyndin að fella niður heimild til að draga hlutabréfakaup frá tekjuskattsstofni einstaklinga. Í athugasemd á bls. 17 er tekið dæmi og sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sum þeirra ákvæða, sem í frv. þessu eru, einkum þau sem lúta að skattlagningu fyrirtækja, hafa þann tilgang að einfalda skattkerfið og gera það skilvirkara."

Ég get ekki séð að neitt sem varðar skattlagningu fyrirtækja einfaldi málið og geri það skilvirkara. Þetta eru orðaleppar sem menn grípa gjarnan til ef þeir eru í vandræðum með útskýra það sem þeir eru að gera. Þá eru þetta fræg orð, einföldun og skilvirkni. Það er mjög algengt um þessar mundir að við sjáum þessi orð frá núv. ríkisstjórn því að þar er allt á síðasta snúningi og enginn tími til að undirbúa tillögu því að tíminn hingað til hefur verið notaður til að kafa ofan í fortíðina og þegar á að fara að gera eitthvað sem varðar framtíðina er undirbúningur lítill sem enginn.

Enn fremur segir að nefna megi sem dæmi um þessa einföldun og nýju skilvirkni „breytingar á meðferð tapfrádráttar, afnám arðsfrádráttar og afnám frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri". Það hefur greinilega verið ætlunin að taka einn af þessum frádráttarliðum sem nefndur er í fjárlagafrv. Þar var nefnt á sínum tíma að eitt af því sem sé til umræðu sé skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa og hefur greinilega verið ætlunin að afnema hann algjörlega en einhverra hluta vegna hafi verið hætt við það á síðustu stundu en ekki unnist tími til að leiðrétta athugasemdirnar. Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. hvað þarna hafi verið á ferðinni eða hvort það sé rétt að í fyrstu hafi verið hugmyndin að afnema þennan frádrátt með öllu. Mér er alveg ljóst að hann hefur kostað ríkissjóð mjög verulegar tekjur, allt að 600 millj. kr., og ekki óeðlilegt að það sé rætt hvort ekki sé rétt að gera einhverjar breytingar þar á, en þar verður líka að hafa í huga viðkvæmni hlutabréfamarkaðarins um þessar mundir.

Þetta eru fyrst og fremst þau ákvæði sem varða atvinnureksturinn í landinu, en fyrir utan þessa skatta og skattbreytingar sem hér eru tilkynntar minni ég á að ýmis önnur skattheimta birtist á atvinnureksturinn. Ég minni á það sem sjávarútvegurinn á að greiða til hafrannsókna, aukna þátttöku hans í veiðieftirliti, skattlagningu atvinnuveganna til hafnanna í landinu, skattlagningu atvinnuveganna til að standa undir launakostnaði sem hlýst af gjaldþrotum og svo mætti lengi telja. Allar þessar skattahugmyndir munu því að sjálfsögðu hafa áhrif í okkar samfélagi, hafa t.d. áhrif á raungengi krónunnar og verða til þess að atvinnulífið muni eiga verr með að standa undir hlutverki sínu.

Ég minni í þessu sambandi á hversu mikilvægt það er að samræma skattlagningu íslenskra fyrirtækja við það sem gengur og gerist í öðrum löndum og spyr eftir áformum ríkisstjórnarinnar í þeim efnum, hvenær þess sé að vænta að einhver fyrstu skref verði stigin í því efni.

Núv. hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram tillögu um það að fyrsta lækkun aðstöðugjalds komi fram um næstu áramót en það væri mikilvægasta skrefið til samræmingar á skattlagningu atvinnurekstrarins hér á landi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvað hefur orðið um þá tillögu eða hvort enn þá sé vísað bara til sveitarfélaganna og hvort standi til að sveitarfélögin ráði þessu. Það vill nú svo til að aðstöðugjald er ákveðið með lögum og því verður ekki breytt nema með lögum og þetta er sá skattur sem mikilvægast er fyrir atvinnulífið að falli brott, enda á hann sér engan líka í neinu öðru landi. Í stað þess að birta einhver slík skref í skattamálum eru hins vegar settar fram fálmkenndar tillögur á grundvelli einhverra einstakra atvika sem gerst hafa í þjóðfélaginu og rugla alla umræðu um skattlagningu atvinnurekstrarins. Það er óþolandi fyrir atvinnureksturinn í landinu að búa við þessa óvissu í skattamálum og sú óvissa er mjög vel undirstrikuð í frv. sem hér liggur fyrir.

Að því er varðar framkvæmd skattamála er hér ein tillaga og hún gengur út á það að breyta skipan ríkisskattanefndar. Það kemur fram að það hafi orðið tafir á uppkvaðningu úrskurða, bæði af hálfu skattstjóra og ríkisskattanefndar og síðan segir: „Til að ráða bót á þessu ástandi þykir nauðsynlegt að gera skipulagsbreytingar á starfsháttum ríkisskattanefndar, svo og skipan hennar." Það er ekki nein tillaga um lagabreytingar að því er varðar ríkisskattstjóraembættið eða skattstjóraembættin í landinu, jafnvel þótt vísað sé til þess að vandinn liggi þar að einhverju leyti, heldur er hér gerð breytingartillaga um að starfsháttum ríkisskattanefndar og skipan hennar sé breytt.

Því er þannig varið með ríkisskattanefnd að tveir aðilar hennar eru fastir starfsmenn og í fullu starfi en aðrir aðilar að ríkisskattanefnd koma úr öðrum störfum í atvinnulífinu. Þar eru sérfróðir menn um skattamál, lögfræðingar og endurskoðendur, sem eru almennt viðurkenndir á sínu sviði. Í sjálfu sér má fullyrða að það er nokkuð óvenjuleg skipan á úrskurðarnefnd og dómstóli að hluti dómstólsins, eða úrskurðarnefndarinnar, skuli hafa fast starf að þeim málum en aðrir koma frá öðrum sviðum atvinnulífsins.

Á sínum tíma, þegar þessi skipan var tekin upp, var talið að þetta mundi verða ódýrara í framkvæmd og tryggja miklu meiri sérþekkingu á sviði skattamála. Það hefur því miður verið vandamál í okkar samfélagi að fá nægilega marga vel þjálfaða og reynda menn til þess að sinna þeim málum á vettvangi ríkisins. Þess vegna var farið út á þá braut að skipa ríkisskattanefnd með þessum hætti. Ég hef miklar efasemdir um að sú breyting sem hér er boðuð muni verða til bóta. Eitt er þó víst að hún mun verða dýrari og kosta ríkissjóð verulegar fjárhæðir og vildi ég spyrja hvort gert sé ráð fyrir því í fjárlögum ríkisins fyrir 1992. Hér er verið að tala um nýjar stöður og nýja skipan mála og ég get ekki séð nein rök fyrir því, sem koma fram í frv., hvað það sé sem geri endurskoðun á skipan nefndarinnar svo brýna eins og þar kemur fram. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hvað hér býr að baki en ég hef fullan fyrirvara um stuðning við þetta frumvarpsákvæði eins og frv. í heild.

Ég ætla þá að lokum að snúa mér að skattlagningu einstaklinga. Hér er í fyrsta lagi lagt til að tekjutenging barnabótanna verði aukin. Þessi tekjutenging var komin á áður og má að sjálfsögðu um það deila en ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög óheppilegt að auka þessa tekjutengingu nú. Ég fæ ekki séð að nein rök mæli með því við þessar aðstæður að hækka sérstaklega skatt á fjölskyldum sem eru barnmargar því að það er það sem er raunverulega verið að gera hvað svo

sem menn reyna nú að skýra þetta. Ég tel að í sjálfu sér þurfi ekkert að rökstyðja það. Ég tel að tekjutenging hinna ýmsu liða í skattalögum hafi gengið nægilega langt og það væri þá fremur ástæða til að taka upp aðra hluti til athugunar. Ég spyr t.d. í því sambandi hvort ekki hafi verið fyrirhugað að lækka eða breyta ellilífeyri hjá þeim sem hafa mjög miklar tekjur. Ég hef ekki séð neinar tillögur um það en eins og allir vita hafa þeir sem hafa t.d. miklar greiðslur úr lífeyrissjóðum einhverra hluta vegna fullan ellilífeyri.

Þessar breytingar hafa oft verið ræddar, og voru m.a. ræddar í síðustu ríkisstjórn, en þá var Alþfl. mótfallinn slíkum breytingum. Ég sé ekki betur en að gert hafi verið ráð fyrir því í fjárlagafrv. að þarna yrði eitthvað breytt til. Ég hef hins vegar ekki séð neitt frv. sem tekur á því máli og verður þá að álíta að þar sé um gat að ræða sem enn þá hafi ekki verið fyllt upp í með frv. hér á Alþingi. Langar mig því að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær fyrir jól mun það frv. verða flutt hér á Alþingi eða er það kannski eftir einhver jól, hvort sem það er eftir næstu jól eða hin jólin?

Síðan er gert ráð fyrir að draga mjög úr sjómannaafslætti og um sjómannaafslátt er löng greinargerð þar sem rakið er hvernig þessi sjómannaafsláttur verður til og honum fundið allt til foráttu og sagt að hér sé um „óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga“ að ræða og þessi óeðlilegu afskipti leiði til „óhagræðis í atvinnulífinu“ og mismuni „launþegum jafnt sem fyrirtækjum“. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvaða sérstakt óhagræði í atvinnulífinu hafi komið til út af þessum sjómannafrádrætti. Er það e.t.v. það að óþarflega margir séu við þessi störf, það hafi verið sótt svo í störfin að það hafi horft til vandræða? Síðan segir: „Sjómannaafsláttinn ætti fremur að skoða sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði en sem ívilnun til sjómanna þó hann geti óneitanlega haft áhrif á starfskör þeirra. Hann veldur í senn óeðlilegri mismunun milli atvinnugreina og milli einstaklinga.“ Og síðan segir: „Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri.“

Ég verð nú að segja eins og er að mér finnst skattamenn vera komnir út í óþarflega mikinn rökstuðning í þessu máli og ég skil ekki alveg hvað verið er að fara, enda er í grg. fyrst og fremst verið að tala um sjávarútveginn. Ég býst við að hæstv. fjmrh. geri sér ljósa grein fyrir því að sjómannafrádrátturinn er ekki eingöngu hjá fiskimönnum, hann er hjá farmönnum. Ekki er sérstaklega verið að tala þarna um fraktfélögin þegar verið er að vitna í niðurgreiðslu á kostnaði þeirra. Nei, hér er eins og fyrri daginn, að menn sjá ofsjónum yfir því að einhver afgangur kunni að vera í þessum grundvallaratvinnuvegi landsmanna sem kemur fram skipti eftir skipti að núverandi ráðamenn þjóðarinnar sjá ofsjónum yfir. Það er eins og þeir hafi alveg gleymt því að meginhluti útflutnings landsmanna kemur frá þessum atvinnuvegi. Þegar er nú farið að halda því fram að leggja þurfi niður sjómannaafslátt af því að hann hafi valdið mikilli dreifingu aflans um landið, og að landað hafi verið á allt of mörgum höfnum í landinu. Ef enginn sjómannaafsláttur hefði verið, hefði þetta verið miklu betra. Þá hefðu menn ekki verið að byggja alla þessa staði í landinu, og þá hefði gengið betur að grisja byggðina og flytja menn frá Vestfjörðum hingað suður eins og núverandi forsrh. hefur látið á sér skilja. Einnig er því haldið fram að þetta hafi orðið til þess að útgerðin hafi í heild orðið óarðbærari en ella.

Auðvitað fjallar þetta mál ekkert um það sem þarna er verið að tala um. Það fjallar um samning um tiltekinn frádrátt handa sjómönnum sem vissulega má deila um. En störf þessi hafa verið metin með þeim hætti og það réttlætt að þessi eina stétt í landinu nyti þessara sérstöku kjara og engin önnur.

Hins vegar er rétt að stundum hefur verið tilhneiging til þess að oftúlka þennan frádrátt og gengið hefur verið of langt, t.d. er varðar ferjur hér innan lands sem ég tel vera mjög umdeilanlegt hvort rétt var að gera. En þessi frádráttur, sérstaklega fiskimannanna, á sér svo langa hefð og svo lengi verið samþykktur af öllum öðrum stéttum landsins að það má ekki rjúfa þá hefð. Ég minni á að Alþýðusamband Íslands, sem gætir hagsmuna margra stétta í landinu, hefur eindregið stutt þennan frádrátt sjómanna. Af hverju hefur verið þetta mikil sátt um þennan frádráttarlið? Einfaldlega vegna þess að þetta starf er hættulegra en önnur störf og fjarvera meiri frá heimili. Þeir menn sem þessi störf stunda geta ekki sinnt heimilum sínum með sama hætti og margir aðrir sem eru fyrirvinna heimila. Maki þessara aðila á þannig óhægara um vik að vinna úti á vinnumarkaðinum. Makar eru í langflestum tilvikum konur, því mjög lítið er um að konur stundi sjómannsstörf. Þessar konur búa við aðrar aðstæður en almennt gerist í landinu. Þær eru bundnari heimilum og þurfa að hafa meira fyrir því en almennt gerist. Þetta eru ástæður sem hafa verið viðurkenndar fram að þessu og menn eiga ekki að hrófla við þeirri sátt sem ríkt hefur um sjómannafrádráttinn í langan tíma.

Virðulegur forseti. Ég hef nú farið í gegnum þetta frv. að mestu leyti. Ákvæði eru í því sem varða skattlagningu einstaklinga sem ég hef gert að umtalsefni. Það eru ákvæði í því er varða skattumhverfi atvinnurekstrarins og nokkur ákvæði er varða framkvæmd skattamála. Síðast en ekki síst eru í þessu frv. ýmsar breytingar á fjárupphæðum skattalaga sem eru í samræmi við verðlag og þessar fjárhæðir breytast með sambærilegum hætti og gengur og gerist í gegnum tíðina. Ég hef engar sérstakar athugasemdir við það. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fá frv. þetta til umfjöllunar og ég vænti þess að við getum gert okkur betri grein fyrir málinu þegar það kemur í nefnd. Ég vænti þess einnig að hæstv. fjmrh. sé opinn fyrir því að einhverjar breytingar verði gerðar á þessu frv. og minni sérstaklega á það að þegar eru farnar að berast margvíslegar athugasemdir við það sem hér er lagt fram. Og ég vænti þess að samkomulag geti náðst um það, a.m.k. að leiðrétta það versta í frv. þó ég eigi ekki von á því að hægt sé að lagfæra allt saman.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við tökum nú til við að ræða frv. sem breytir álagningu tekjuskatts og eignarskatts, eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt fyrir næsta skattaár. Það mun vera í dag 16. des. anno domini 1991, þannig að það er nokkuð seint að verið að taka til umfjöllunar breytingar sem sumar hverjar eru býsna viðamiklar eða afdrifaríkar í þessum skattlagningarmálum. Það er fullkomleg eftir öðru sem við megum búa við þessa síðustu daga á þinginu að ræða þetta við þessar aðstæður. Reyndar væri ástæða til þess að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur og upplýsti okkur um hvernig hæstv. ríkisstjórn er á vegi stödd í sambandi við vinnu sína að efnahags- og ríkisfjármálum. Satt best að segja er það með ólíkindum sem manni er boðið upp á þessa dagana í þeim efnum hvað vinnubrögð snertir. Við alþingismenn fáum gjarnan fréttir af því í gegnum fjölmiðla að ríkisstjórnin sé nú fallin frá þessu en tekin til við hitt o.s.frv. Og það eru ekkert minni sviptingar en þær að færa nokkur hundruð milljónir eða jafnvel hátt í milljarð til í ríkisfjármálakerfinu, velta því á milli málaflokka, henda því á milli ríkis og sveitarfélaga o.s.frv. o.s.frv.

Ég hlýt að nefna hér, hæstv. forseti, til þess að undirstrika hvað ég er að fara, þau tíðindi sem gerðust í efh.- og viðskn. Alþingis í morgun þegar allt í einu koma þar inn á borð nefndarinnar hugmyndir um brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar kemur algjörlega nýr flötur upp í málinu og ný efnisatriði þingmönnum áður ókunn, nema þá í gegnum fjölmiðla, og eru lögð á borð nefndarmanna í formi brtt. Ég er hér t.d. að nefna, eins og fram kom í fjölmiðlum um helgina og reyndar var orðið ljóst hér á Alþingi í síðustu viku, að hæstv. ríkisstjórn gafst upp við að velta málefnum fatlaðra yfir á sveitarfélögin í þeim mæli sem áformað var, upp á 400 millj. kr. Hugmyndir komu fram, og voru lauslega nefndar fyrir síðustu helgi, um að þess í stað skyldu sveitarfélögunum gert að taka á sig svo og svo mikil útgjöld vegna löggæslu í landinu.

Hvað um það. Síðan rennur mánudagurinn 16. des. upp og á fundi í efh.- og viðskn. birtast allt í einu brtt. við það frv. sem þar var til umræðu, ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem áformað er að velta 700 millj. kr. kostnaði við löggæslu í landinu yfir á sveitarfélögin. Þetta smáræði skýtur upp kollinum í brtt. á nefndarfundinum og allt í lagi með það. En auðvitað er verið að leggja til meiri háttar kerfisbreytingu og hér er stórpólitískt atriði á ferð sem meðal annarra hæstv. dómsmrh. hefur mótmælt í fjölmiðlum um helgina. Því að síðast í Morgunblaðinu í gær er haft eftir hæstv. dómsmrh. að hann sjái ýmislegt athugavert við þessa breytingu. Hann líti ekki á þetta sem verkefnatilfærslu því þetta sé alfarið á valdsviði dómsmrn. og verkefni ríkisins. Þar með sé þetta hreinn skattur sem þarna eigi að leggja á sveitarfélögin vegna löggæslunnar.

Það tekur því naumast að fara að rekja þær kúnstugu aðfarir sem menn hugsuðu sér í þessum brtt. að hafa við það að leggja á þennan skatt. Þær voru satt best að segja stórbrotnar, því þar átti að leggja um 2.500 kr. í nefskatt á hvern íbúa sveitarfélaga með yfir 300 íbúum, en eitthvað lægri upphæð, 1.700 kr., á íbúa í sveitarfélögum undir 300 íbúum. Í raun og veru er þannig komin fram ný útgáfa af hinum illræmda nefskatti og leggst misþungt á íbúa eftir því í hvað stórum sveitarfélögum þeir búa án nokkurra tengsla við viðkomandi verkefni, þ.e. löggæsluna í landinu. Þannig liggur það í hlutarins eðli að í mörgum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa eru lögregluþjónar býsna sjaldséðir. Og ég leyfi mér að fullyrða að til séu nokkur sveitarfélög þar sem slíkir hafa ekki sést jafnvel árum saman. Inn til dala í fámennum sveitarhreppum hafa menn að mestu leyti bjargað sér án lögreglu aðstoðar. En samt ætti að fara að leggja á íbúa slíkra sveitarfélaga sérstakan nefskatt til að kosta löggæslu. Ég er að rekja þetta hér, herra forseti, vegna þess að ég tel ástæðu til þess að hæstv. forsrh. komi hér og upplýsi okkur í þessari umræðu hvar hæstv. ríkisstjórn er á vegi stödd við að ná saman um einhverja hluti í þessum efnum. Við eyddum tíma okkar í síðustu viku í að ræða hugmyndir sem þá komu upp um að velta málefnum fatlaðra yfir á sveitarfélögin. Síðan hljóp ríkisstjórnin frá þeim hugmyndum, gafst upp við þær, og hæstv. félmrh. var sem betur fer rekinn algjörlega á flótta með það mál. Ég spyr: Til hvers að eyða tíma sínum í að ræða svona hluti sem ríkisstjórnin sjálf hefur ekki komið sér saman um og hendir einu fram í dag og öðru á morgun? Lesum við það kannski í Mogganum á morgun að hæstv. dómsmrh. hafi algjörlega aftekið þessa breytingu um löggæsluna og þess vegna sé ríkisstjórnin hætt við hana og hafi nú ákveðið að færa kirkjuna yfir á sveitarfélögin eða eitthvað því um líkt. (Gripið fram í.) Já, það væri það. Hver býður betur? Hvað verður næst í boði að henda yfir í sveitarfélögin? Hæstv. forseti, auðvitað er algjörlega ómögulegt að vinna við þessar aðstæður.

Það dengdust inn á borð okkar í efh.- og viðskn. fleiri nýmæli í morgun. Sum algjörlega óséð. Þar komu í fyrsta sinn efnislegar hugmyndir um útfærslu á álagningu sérstaks gjalds í höfnum, sem hefur greinilega tekið breytingum núna á síðustu sólarhringum frá því sem kynnt var í fjölmiðlum í síðustu viku. Þá var rætt um álag á bæði vörugjald og aflagjald. Nú virðist það hafa breyst yfir í 25% álag á vörugjald í höfnum landsins á annað en sjávarvörur. Ég spyr nú bara: Hvernig í ósköpunum ætla menn sér að útfæra slíkt? Þarna komu inn lagaákvæði um eyðingu refa og minka, nýjar hugmyndir um breytingu á þeim lögum sem forsrh. mælti fyrir í frægri ræðu, þó svo ákvæðin væru ekki í frv. En þau eru sem sagt komin þarna fram í dagsljósið. Þarna var enn fremur á ferðinni tillaga að því að skerða tekjur Vegasjóðs um 265 millj. kr. á næsta ári, sem áttu að renna í ríkissjóð. Þetta er til marks um aðstæðurnar og þær kringumstæður sem menn eru að reyna að vinna þessa hluti við. Hæstv. ríkisstjórn er á hlaupum í þessum efnum og ómögulegt er að giska á hvað komi frá henni að morgni hvers dags. Stórkostlegum breytingum af þessu tagi og stórpólitískum málum er bara hent á milli með þessum hætti.

Hæstv. forseti, með hliðsjón af m.a. þessu sem ég

hef rakið, þ.e. hvernig vinnuaðstæður okkar, sem eigum að taka við frv. því er hér er á dagskrá, tekju- og eignarskattslögum, eru þessa sólarhringana, óska ég eftir því að hæstv. forsrh. komi hér til umræðunnar og upplýsi okkur um það hvar hæstv. ríkisstjórn er á vegi stödd. Það er ómögulegt annað en að fara að fá einhvern botn í það hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að afgreiðslu þessara hluta, ef einhver von á að verða til þess að afgreiða fjárlög og tekjuöflunarfrumvörp með einhverju viti á tilskildum tíma. Eins og menn þekkja og ekki þarf að rekja fyrir hv. þingmönnum geymdi ríkisstjórnin stóran hluta af þessum málum og öll erfiðustu atriðin til 3. umr. Og hæstv. forsrh. lýsti því yfir með miklum tilþrifum að atkvæðagreiðsla á fjárlagafrv. eftir 2. umr. væri í raun og veru sýndarmennska og marklaus því að þar fælist engin afstaða til allra viðamestu málaflokka frv. Þeim væri svona bara vísað óséðum áfram án nokkurra skuldbindinga og án þess að nokkur afstaða væri tekin.

Auðvitað er ómögulegt að vinna þessa hluti þannig. Alla vega verður að segjast eins og er að það fer að verða tilhlökkunarefni að mæta á hinum ýmsu nefndarfundum í þinginu þessa spennandi daga. Því ómögulegt er að vita hvað kemur upp á borðin þar og hvað hæstv. ríkisstjórn hefur dottið í hug undangengna nótt. Það verður t.d. mjög spennandi að mæta til fundar á morgun eða fljótlega í efh.- og viðskn. og taka fyrir þetta frv. um tekjuskatt og eignarskatt og vita hvort ríkisstjórnin hefur ekki skipt um skoðun á einhverjum atriðum sem í frv. eru, t.d. ákveðið að hætta við sjómannafrádráttinn og leggja í staðinn á einhvern annan skatt eða breyta einhverju öðru. Það væri alveg eftir öllu. Það liggur jú fyrir að um sjómannafrádráttinn er ágreiningur og sögur ganga um það að brostinn sé á flótti í stuðningsmannalið ríkisstjórnarinnar gagnvart þessu atriði. Samkvæmt því bréfi sem lesið var upp er varaþingmaður fyrir hv. 1. þm. Vestfj., Matthías Bjarnason, væntanlegur hér inn á þingið í dag. Ég hef grun um að sá sé ekki heitur stuðningsmaður þess að skerða sjómannafrádráttinn og svo mætti áfram telja. Og fleiri hv. þm. stjórnarliðsins hafa gefið yfirlýsingar sem gefa mér fullt tilefni til að spyrja: Hæstv. forseti, er einhver meining í því t.d. að vera að eyða orku sinni í að ræða skerðingu sjómannafrádráttarins í frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt? Til hvers að eyða tíma sínum í það í þinginu, ef fer með þetta atriði eins og málefni fatlaðra að flótti bresti í liðið og um miðja vikuna verði kannski ljóst að ríkisstjórnin er búin að gefast upp? Allir hv. alþm. hljóta að skilja að við þessar aðstæður er nánast grín að ræða hér alvörumál ogýfa upp ágreiningsatriði eins og óhjákvæmilega hlýtur að verða þegar hróflað er við sjómannafrádrættinum við þessar aðstæður.

Ég óska eftir því formlega, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. komi hér því að mér finnst eðlilegra að snúa máli mínu til hans þó að ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta sé á verksviði hæstv. fjmrh. Mun ég þá í þriðja sinn bera fram þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstjórnar. Þangað til annað er upplýst hef ég gefið mér það að hæstv. forsrh. væri samnefnari efnahagsmálanna í ríkisstjórninni. Ég hef að vísu aldrei fengið svar við þeirri spurningu hvort að þetta sé svo eða einhvern veginn öðruvísi í ríkisstjórninni. Hæstv. forsrh. hefur aldrei komið upp og fullvissað mig um að hann væri samnefnari efnahagsmálanna heldur þagað þunnu hljóði þegar ég hef borið fram þá spurningu. Þess vegna er hún enn ítrekuð og er þetta þá væntanlega í þriðja sinn sem hún fer í þingtíðindin. Ég hef vakið athygli á þeirri staðreynd að hæstv. forsrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að ráða sér efnahagsráðgjafa eins og aðrir forsrh. hafa yfirleitt gert á undanförnum árum heldur réði hann sér sérstakan hermálafulltrúa. Á tímum afvopnunar var það nauðsynlegasta sem hæstv. forsrh. hafði að gera við stöðugildið að ráða hermálafulltrúa. Ég sé ekki nákvæmlega að hvaða gagni hann kemur hæstv. forsrh. þessa dagana þegar við erum að reyna að ræða viðkvæm ríkisfjármála- og efnahagsatriði á Íslandi. Ég tel þess vegna eðlilegt að beina þessari spurningu í aðalatriðum og í fyrsta lagi til hæstv. forsrh. en að sjálfsögðu eru allar upplýsingar vel þegnar ef hæstv. fjmrh. getur gefið okkur einhverjar vísbendingar um það hvar hæstv. ríkisstjórn er á vegi stödd í vinnu sinni í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Það voru einkum þrjú efnisatriði þessa frv. sem ég ætlaði að halda mig við. Hið fyrsta varðar skattlagningu lögaðila eða fyrirtækja. Ég get þó stytt mál mitt í þeim efnum og vísa til ágætrar ræðu sem hv. 1. þm. Austurl. flutti áðan um það atriði. Hann fór ítarlega yfir þau atriði frv. sem lúta að breytingum á skattlagningu fyrirtækja, einkum frádráttarliðum sem þar hafa verið fyrir hendi og lúta að nýtingu framreiknaðs rekstrartaps, heimilda til að draga arðgreiðslu frá tekjum áður en til skattlagningar kemur. Ég tel að ekkert sé við það að athuga að þessir liðir séu skoðaðir og t.d. hef ég verið stuðningsmaður þess að heimilt væri að yfirfæra tap milli fyrirtækja við sameiningu þeirra og að mjög væri vandað til skilgreininga á slíku ef það væri þá fyrir hendi. Ég tel að t.d. þær breytingar sem gerðar voru í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi tvímælalaust verið þar til mikilla bóta og í skynsemisátt. Um það má deila jafnvel hvort menn hefðu ekki þurft að ná því fram að skilgreina þar reglurnar með enn þrengri hætti. Hitt á svo auðvitað við hér eins og alls staðar annars staðar að þegar reglur hafa einu sinni verið í gildi um nokkurt árabil og lotið að skattlagningu af þessu tagi og fyrirtæki hafa tekið til við að hagræða í sínum rekstri og skipuleggja hann og haga fjárfestingum með hliðsjón af ákveðnum gildandi reglum í skattamálum að þá er viðkvæmt og vandasamt að breyta því með litlum fyrirvara. Þá þarf að gefa slíkum breytingum góðan aðlögunartíma og gæta þess að það komi ekki mjög ósanngjarnt út gagnvart fyrirtækjum sem eru í mismunandi stöðu hvað þetta snertir. Ég hef þess vegna fullan fyrirvara á um það að skoða t.d. aðlögunartíma í þessu sambandi og þau ákvæði um árafjölda og annað þvíumlíkt sem lýtur að nýtingu tapsins o.s.frv. Hér er ekki verið að velta til neinum smáupphæðum því það er upplýst að það skattalegt tap sem fyrir hendi sé og til frádráttar gæti komið á næstu árum sé um 60 milljarðar kr. ef ég hef lesið rétt. Þessi

atriði hlýtur hæstv. efh.- og viðskn. að reyna að skoða eftir sem nokkur kostur er við þær aðstæður sem henni eru búnar og lúta auðvitað að ákaflega þröngum tíma sem hún hefur til að fara yfir slíkt.

Svo er líka ástæða til þess að spyrja sig að því við þessar aðstæður hvort að atriði af þessu tagi, sem lúta að frádráttarliðum fyrirtækjanna, séu með því allra brýnasta sem við höfum til að vinna við á þinginu þessa dagana, ósköp einfaldlega vegna þess að þau eru nánast öll eðli sínu samkvæmt þannig að þau hafa engin bein áhrif á afkomu ríkissjóðs strax á næsta ári. Þetta eru nánast allt saman ákvæði sem koma til með að hafa áhrif smátt og smátt í framtíðinni. Þá má spyrja: Væri ekki ástæða til að velta því fyrir sér hvort ætti að fresta afgreiðslu þess hluta málsins og gefa færi á að skoða hann betur en afgreiða hann ekki nánast óséð í gegnum þingið á nokkrum sólarhringum? Þetta getur vissulega haft ákveðin áhrif á stöðu fyrirtækja og afkomu og er þó þar ekki af miklu að taka víða hvað snertir afkomu í atvinnurekstri í landinu við núverandi aðstæður.

Líka hefur borist bréf frá aðilum eins og Verslunarráði Íslands þar sem fjallað er um ýmis ákvæði sem lúta að skattlagningu fyrirtækja og sé ég ekki í fljótu bragði annað en að Verslunarráðið leggist gegn eða vari við einum þremur breytingum sem lúta að skattlagningu fyrirtækja. Það er t.d. sagt í bréfi Verslunarráðs að í 4. gr. frv. sé önnur af tveimur breytingum, sem þar er lögð til, varhugaverð. Með leyfi forseta segir að önnur breytingin felist í því að takmarka yfirfærslu rekstrartapa við fimm ár. Þetta mun koma afar illa við ýmis fyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi og stóriðjurekstri, en í þessum greinum hefur jafnan verið þrálátur taprekstur. Má því búast við enn fleiri gjaldþrotum í sjávarútvegi sem og öðrum atvinnugreinum verði þessi breyting gerð.

Herra forseti, þetta er nokkuð stór fullyrðing og ég tel fulla ástæðu til þess að staldra aðeins við þegar aðili eins og Verslunarráð Íslands fullyrðir að það beinlínis megi búast við stórkostlegri fjölgun gjaldþrota og sé þó af nógu að taka og ærinn fjöldi fyrir.

Síðan er vikið að því í bréfi Verslunarráðs að hin breytingin felist í því að frá og með næsta tekjuári megi ekki draga útgreiddan arð frá tekjum. Þar er að vísu á ferðinni breyting sem kemur til með að hafa áhrif strax á þau fyrirtæki sem greiða skatt í dag. — Og síðan eigi að leggja fram frv. til að koma í veg fyrir tvísköttun arðsins. Þetta atriði gæti vissulega haft áhrif á möguleika fyrirtækja til að afla viðbótarfjár. Það er augljóst að dregið getur úr áhuga manna á að fjárfesta í hlutabréfum ef arðgreiðslur verða ekki lengur frádráttarbærar frá skatti fyrirtækjanna. Það þýðir að hvort tveggja gerist, að minni hagnaður verður til að greiða arðinn og jafnframt verður vilji stjórnenda fyrirtækjanna til að greiða arð minni því að hann verður ekki frádráttarbær frá skatti. Þetta mun því að sjálfsögðu verka frá báðum hliðum. Algjörlega er vísað út í loftið með það hvernig reglur verði síðan útfærðar til þess að fyrirbyggja tvísköttun. Sú sérstaka regla hefur verið við lýði á Íslandi að arðurinn er frádráttarbær báðum megin undir vissu þaki, bæði hjá þeim sem hann fær og hinum sem hann greiðir. Þar með hefur að sjálfsögðu engin tvísköttun verið fyrir hendi a.m.k. á þeim hluta sem ekki er skattlagður. En þegar þetta breytist með þessum hætti verður augljóslega um miklu meiri hættu á tvísköttun að ræða og það er þekkt erlendis frá að býsna flókið er að tryggja að ekki komi til slíkrar tvísköttunar. Þar hafa menn á síðari árum að mér skilst farið út í það að taka upp svonefnda ígildisaðferð við skattlagningu. Hún er flókin og þarf án efa verulegan undirbúningstíma að því að innleiða slíka kerfisbreytingu í skattlagningu hér gagnvart arðgreiðslum fyrirtækja á báðum hliðum, þ.e. hjá greiðanda og móttakanda arðsins. Ég spyr þess vegna að því: Er hér á ferðinni svo brýnt og mikilvægt úrlausnarefni að nauðsynlegt sé að hasta því í gegnum þingið á einhverjum sólarhringum, gefandi augljóslega sáralítið tækifæri til að skoða málið?

Nú, síðan er að lokum í bréfi Verslunarráðs vikið að þrengingu þess svigrúms sem enn er fyrir hendi til að yfirfæra rekstrartap við sameiningu fyrirtækja. Þar sýnist mér gagnrýnin að vísu aðallega lúta að því að orðalag greinarinnar er óljóst og ýmis skilyrði fram sett, sem — ef þeim væri beitt til hins ýtrasta — gætu fljótt á litið gert það nánast ómögulegt að nýta tap sem til kæmi með sameiningu fyrirtækja. Þarna er augljóslega framkvæmdin og útfærsla skilyrðanna sem mestu máli skipta um það hvaða verkan breytingin hefur. Þar af leiðir er það sem Alþingi kæmi til með að afgreiða mjög óljóst. Ég er stuðningsmaður þess að reynt verði að gera reglurnar skýrari og afdráttarlausari þannig að í reynd sé þetta atriði ekki nýtanlegt nema um sannanlegan samruna fyrirtækja í skyldum rekstri og þar með hagræðingu sé að ræða. Þá finnst mér að sjálfsögðu réttlætanlegt og skynsamlegt að svona tap geti nýst því að það getur vissulega verið ein mikilsverðasta forsenda þess að auka vilja manna til að fara í slíkar breytingar. En hvort það næst fyrir það með skynsamlegum hætti með þeirri breytingu sem lögð er til í 7. gr. frv. treysti ég mér einfaldlega ekki til að segja mikið um á þessu stigi og tek að nokkru leyti undir þá athugasemd Verslunarráðs að orðalagið er nokkuð óljóst.

Enginn annar en hv. 5. þm. Norðurl. v., í gervi framkvæmdastjóra Verslunarráðs, undirritar þetta bréf dags. 12. des. 1991 sem okkur nefndarmönnum í efh.- og viðskn. hefur borist. Ég hygg reyndar að fleiri þingmenn hafi fengið a.m.k. afrit af því. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara að ræða hér — enda heyrir það til öðrum dagskrárlið — annað bréf sem borist hefur frá Verslunarráði og lýtur að jöfnunargjaldi en mér sýnist augljóst að það hljóti að verða mönnum nokkurt umræðuefni þegar það mál kemur á dagskrá. Vissulega er fagnaðarefni að Verslunarráð Íslands er vel vakandi stofnun og fylgist grannt með því sem fer fram á þinginu og sendir — jafnvel áður en umræður hefjast og mál ganga til nefnda — afstöðu sína inn til þingsins. Er það til fyrirmyndar því að þar með geta þingmenn strax í 1. umr. um viðkomandi mál tekið mið af sjónarmiði þessa mikilvæga aðila, Verslunar-

ráðs Íslands og framkvæmdastjóra þess.

Herra forseti. Ég læt þetta duga um þennan hluta frv. sem lýtur að skattlagningu fyrirtækja. Um þetta mætti að sjálfsögðu margt segja en ég hygg að þetta dugi á þessu stigi málsins um mína afstöðu til viðbótar því sem ég áðan sagði með því að vísa í ræðu hv. 1. þm. Austurl.

Í öðru lagi ætla ég að ræða þær breytingar sem lúta að greiðslu barnabóta og frv. tekur til. Þar eru á ferðinni breytingar sem eiga að færa ríkinu allverulegar tekjur á næsta ári eða 518 millj. kr. ef ég man rétt. Þær breytingar eru ósköp einfaldlega þannig að barnabæturnar sjálfar eru lækkaðar en tekjutengdur barnabótaauki hækkaður nokkuð á móti. Ríkið hefur upp úr breytingunum um rúmar 500 millj. kr. og breytingin leiðir til þess að ráðstöfunartekjur heimilanna í landinu lækka um 0,25% á næsta ári. Nú skal ég alls ekki gagnrýna það að einhver breyting á hlutföllum milli hins tekjutengda hluta og ótekjutengda í greiðslu barnabóta og barnabótaauka geti vel átt rétt á sér. Ég tel t.d. það að færa eitthvað af þessum bótum — meira en gert er í dag — yfir til einstæðra foreldra að mörgu leyti jákvæða breytingu. Ég gef mér að það sé frekar ástæða til þess að bæta í þeim megin í dæminu og draga úr hinum megin og það mundi frekar en hitt verða til launajöfnunar í landinu og almennt til að jafna aðstæður hópa. En að sjálfsögðu hefði ég viljað sjá slíkar breytingar gerast og skoða þær án þess að verið væri um leið skerða greiðslur ríkisins á þessu sviði. Því miður er það einmitt það sem hér er verið að gera og það um 518 millj. kr. Þetta er að sjálfsögðu ekkert annað en skattþyngning á barnafjölskyldum í landinu. Hér er verið að velja þá sérkennilegu leið að hækka skatta ríkisins með því að skerða frádráttarliði tiltekins hóps þeirra sem greiða tekjuskatt í landinu, sem sagt barnafjölskyldnanna. Ég held að menn eigi eftir að átta sig á því líka að sú útfærsla sem hér er valin fer það neðarlega í tekjumörkum að fjöldi fólks sem býr við takmörkuð fjárráð og hefur þunga greiðslubyrði fyrir, t.d. vegna öflunar íbúðarhúsnæðis, mun lenda í erfiðleikum af þessum sökum. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að þau laun sem tekin eru til viðmiðunar eru ekki það há. Hvernig lítur það dæmi nú út? Jú, það vill nú svo skemmtilega til, herra forseti, að launatekjur þeirra hjóna sem fara að fá skerðingu á greiðslur barnabóta og barnabótauka eru nákvæmlega þingfararkaupið í dag. Það kemur til skerðingar á barnabóta- og barnabótaaukagreiðslum hjóna með meiri tekjur en 175 þús. kr. á mánuði við þessar breytingar. Þetta segir náttúrlega sína sögu, bæði um launastigið í landinu og líka reyndar um þingfararkaupið — en það er ekki dagskrárefni hér — að það eru nákvæmlega þessi meðallaun fjölskyldna sem liggja á mörkum þingfararkaupsins.

Ef skoðað er hvernig þetta kemur við einstaka hópa þá er það breytilegt eftir barnafjölda hvar þessi tekjumörk liggja. Þannig er það t.d. að hjón með eitt barn verða fyrr fyrir skerðingunni en hjón með fleiri börn. Mér sýnist að það séu ekki tekjur nema upp á rétt rúmlega 2 millj. kr. þegar fjölskyldur með eitt barn fara að mæta skerðingu af þessum sökum samkvæmt þeim fínu línuritum sem fylgja með í skjölum frá fjmrn. Greiðslur barnabóta fjölskyldna með tvö börn skerðast við rúmlega 2,2 millj. kr. tekjur og hjá fjölskyldum með þrjú börn eða fleiri skerðast þær við um 2,3 millj. kr. tekjur. Þetta þýðir að umtalsverður hluti fjölskyldna í landinu, t.d. þeirra sem eiga eitt barn, lenda strax í því að barnabótagreiðslur þeirra lækka á næsta ári af þessum sökum.

Í fylgiskjölum eru birtar ákveðnar upplýsingar um dreifinguna í þessu sambandi, sem að vísu mættu vera betur upp settar að mínu mati til þess að auðvelt væri að átta sig á þeim. Þó er ljóst að þegar fjölskyldutekjur hjónafólks eru teknar sem dæmi að einungis 42,4% liggja undir 200 þús. kr. Með öðrum orðum: á bilinu 151–200 þús. kr. á mánuði eru 22,2% hjóna og undir þessum mörkum aðeins 20,2%. Sem sagt einungis fimmtungur hjóna liggur undir 150 þús. kr. á mánuði. Og ef við gefum okkur að dreifingin sé þarna nokkuð jöfn og drögum þá línu mitt á milli 150 og 200 þús. kr. í fjölda, sem eru jú viðmiðunarmörkin, 175 þús. kr. á mánuði, þá sýnist mega ætla að aðeins séu rétt rúm 30% barnafjölskyldna, hjóna, í landinu sem lenda undir þessum skerðingarmörkum. Með öðrum orðum 70% hjóna fá lægri greiðslur á næsta ári vegna þessara breytinga. Og auðvitað gefur það auga leið að einhvers staðar hlýtur þetta há tala, upp á rúmar 500 millj. kr., að koma við. Gagnvart einstæðum foreldrum er þetta þannig að þeir koma allir betur út úr þessum breytingum nema rétt allra tekjuhæsti hópurinn. Það eru eingöngu um 10% eða svo af einstæðum foreldrum sem lendir ofan við þessi viðmiðunarmörk og þannig má afgreiða þann hóp einfaldlega þannig að það er einungis þessi litli hluti sem verður fyrir íþyngjandi áhrifum af breytingunum. En hins vegar verða tæplega ¾ af öllu hjónafólki í landinu þarna fyrir íþyngingu og sumir verulegri íþyngingu vegna breytinganna eins og þær eru útfærðar.

Það mætti síðan, ef menn vilja vinna þetta mál betur, fara í upplýsingar eins og þær sem eru jafnan að finna í Fréttabréfi kjararannsóknanefndar og skoðað launadreifinguna, t.d. eftir hópum, og taka þá uppsöfnuð heildarmánaðarlaun sem birt eru í töflum í Fréttabréfi kjararannsóknanefndar. Þá mundu menn t.d. sjá að undir þessum mörkum liggja t.d. 13% iðnarmanna — þá er ég að vísu að tala um heildarmánaðarlaun einstaklinganna í þeirri stétt sem menn verða að hafa í huga þegar þegar þeir bera þetta saman við síðan fjölskyldutekjur — og 7% skrifstofukarla og tæp 2% skrifstofukvenna. Það er sem sagt með öðrum orðum ljóst að það eru einungis allra tekjuhæstu einstaklingarnir í þessum stéttum sem fara upp yfir þessi mörk. Ef við gefum okkur að t.d. í hópi skrifstofukarla sé allmikið um eina fyrirvinnu þá eru það einungis 7% í þeirri stétt sem næðu upp fyrir viðmiðunarmörkin, skerðingarmörkin. Allir aðrir heimilsfeður úr þeirri stétt, sem væru eina fyrirvinna fjölskyldunnar, mundu þá þar með sjálfkrafa lenda undir mörkunum. Þess vegna væri full ástæða til að fela ekki áhrif þessara breytinga eingöngu í heildartölum um allt hjónafólk í landinu held-

ur brjóta það eitthvað upp eftir stéttum og launabilum og skoða hvernig þetta kæmi þannig út. Ég er ansi hræddur um að út úr því gæti komið að við þessar breytingar á greiðslum barnabóta og barnabótaauka verði ýmsir hópar fyrir allverulegum tekjumissi á næsta ári. Ég leyfi mér sömuleiðis að halda því fram að þetta séu oft aðilar sem ekki megi við miklu. T.d. liggur það í hlutarins eðli að fjölskyldufólkið með börn á þeim aldri sem bótagreiðslur taka til er auðvitað sömuleiðis það fólk sem hefur nýlega ráðist í að leysa sín húsnæðismál og býr við mikla greiðsluáþján af þeim sökum. Það þarf jú ekki flókna röksemdafærslu við að bera saman t.d. stöðu aldurshópanna í þessu sambandi til að sjá að auðvitað er það fólk á aldrinum 25–40 ára, sem er uppistaðan í barnafjölskyldum landsins, sem fær þessar greiðslur og verður þarna fyrir samanlagt 518 millj. kr. kjaraskerðingu þó að hún dreifist að vísu að verulegum hluta á þann hóp þessa fólks sem hefur hærri tekjurnar. Því er ég að sjálfsögðu ekki að mótmæla. En ég held að útfærslan sé ákaflega vandasöm og ég óttast að í þessum breytingum lendi í talsverðum mæli fólk sem hefur fyrir mjög bága afkomu og þá er það sannarlega ekki fagnaðarefni að þar skuli enn höggvið í sama knérunn.

Að vísu gleður það mig að í þessu frv. eru ekki þær hugmyndir sem boðaðar höfðu verið um skerðingu á vaxtabótagreiðslum. Ég hef a.m.k. ekki fundið þær og vona að ríkisstjórninni detti það ekki í hug í nótt að taka þær inn. En það var búið að kynna að til greina kæmi að fara í slíkar breytingar. Ég gef mér að ef slíkt hefði orðið ofan á eða stæði til þá hlyti það að hafa komið með þessu frv. inn í þingið þar sem það væri hinn eðlilegi staður fyrir slíkar breytingar og úr því að svo sé ekki þá megum við gefa okkur að þessar hugmyndir hafi verið lagðar til hliðar.

Þá ætla ég, hæstv. forseti, lítillega að víkja að þriðja aðalerindinu sem ég á hér í ræðustólinn. Það er að ræða um breytingarnar á sjómannafrádrættinum. Ég batt satt best að segja vonir við það, herra forseti, að ríkisstjórnin mundi áður en við hæfum þessa umræðu vera þegar runnin á rassinn með það atriði. Ég gerði mér svona vissar vonir um að hún mundi ná sönsum í því efni yfir helgina og hætta við þessa vanhugsuðu og ólánlegu breytingu á sjómannafrádrættinum eða skerðingu á þeim lið. Það er jú svo að sjómannafrádrátturinn og þeir liðir sem á undan honum komu eiga sér býsna langa sögu og fullkomin ástæða væri til að fara yfir hana ef menn hefðu til þess sæmilegan tíma. Ég þykist hafa orðið var við svolítinn misskilning í því efni að þetta sé einhver nýtilkomin sporlsa til sjómannastéttarinnar í landinu en svo er ekki heldur á þetta sér mjög langan aðdraganda í gegnum ýmsa eldri liði sem tengdust bættum aðbúnaði og bættum hag sjómannastéttarinnar framan af öldinni. Það þarf að fara a.m.k. aftur fyrir miðbik aldarinnar til að finna fyrstu liðina af þessu tagi sem beinlínis voru festir í lög og lutu að bættum kjörum og aðbúnaði sjómanna. Reyndar voru fyrir hendi eldri hlutir sem voru meira bundnir hefðum um skiptingu afla og því um líkt sem voru vissulega líka til hagsbóta sjómönnum en með beinum hætti má segja að ívilnandi ákvæði komi inn í lög um miðbik aldarinnar. Þá voru það atriði eins og hlífðarfatafrádráttur, fæðisfrádráttur og því um líkir hlutir sem koma til sögunnar. Og þetta var umfram þau réttindi sem aðrir launþegar höfðu þegar á þessum tíma fyrir 40 árum síðan. Þannig að þegar menn tala svo um það eins og einhvern nýtilkominn hlut að sjómenn hafi haft sérstöðu í skattalegu tilliti í landinu þá er það rangt. Það er áratuga hefð að baki því að tekið sé með sérstökum hætti á skattalegum málum sjómannastéttarinnar.

Þetta tók síðan breytingum á árunum milli 1950 og 1960 og einnig upp úr 1970, mest þegar tekinn var upp sérstakur fiskimannafrádráttur sem upphaflega tók eingöngu til sjómanna á fiskiskipum. Það er svo ekki fyrr en fyrir nokkrum árum sem þessir liðir voru allir sameinaðir í þann eina sem nú heitir sjómannafrádráttur í dag. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn hafi þessa sögu í huga þegar þeir ræða um stöðu sjómannafrádráttarins og bera hann sérstaklega saman við kjör annarra stétta í þessu tilliti. Það er nefnilega, eins og ég þykist geta sýnt fram á, löng hefð og löng saga að baki því að sjómannastéttin njóti ákveðinnar sérstöðu sem er í raun viðurkenning löggjafans á eðli og mikilvægi þess starfs.

Þessum réttindum ætlar nú hæstv. ríkisstjórn að hrófla við og það heldur betur. Að mínu mati er það kannski hvað alvarlegast við þessa breytingu, eins og hana ber að þinginu, að bersýnilega eru miklar efasemdir uppi um farið sé rétt með um umfang þessara breytinga. Þannig er með ákaflega fátæklegum talnalegum rökstuðningi því haldið fram í athugasemdum með frv. að breytingin muni að líkindum leiða til lækkunar sjómannaafsláttar um 180–200 millj. kr. frá því sem hann var við álagningu þessa árs. Ég hefði talið, herra forseti, að höfundum frv. hefði verið það sæmra að reyna að rökstyðja þessa niðurstöðu sína í staðinn fyrir að ráðast á sjómannafrádráttinn með heilli ritgerð á þremur blaðsíðum þar sem er í raun og veru verið að úthúða þessum frádráttarlið, þessum sérstöku réttindum sjómannastéttarinnar í landinu, með orðalagi sem er auðvitað kostulegt á köflum og ég las lítillega upp úr hér á einum kvöldfundi fyrir nokkru síðan. Það væri auðvitað fullkomin ástæða til að lesa þetta frá orði til orðs og tæta niður en ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með því að endurtaka. Ég vísa til þess sem ég áður sagði. Þarna er auðvitað á ferðinni slíkur endemis málflutningur og grundvallarmisskilningur á tilkomu, eðli og hugsun á bak við þessi réttindi sjómanna að engu tali tekur og bersýnilega saminn af mönnum sem aldrei hafa migið í saltan sjó og vita sáralítið um hvað þeir eru að fjalla.

Þegar hins vegar kemur að þeirri hlið sem maður hefði búist við að höfundarnir, sérfræðingarnir, hefðu rökstutt sitt mál, sem lýtur að hinum tekjulegu áhrifum, þá er farið yfir málið í nokkrum línum og sagt að þetta muni að líkindum lækka sjómannafrádráttinn um 180–200 millj. kr. Og hvernig er það fundið út? Jú, það er sagt að þeir dagar sem veittu rétt til sjómannaafsláttar á árinu 1990 hafi verið um 2,3 millj. talsins.

Af þeim fjölda hafi lögskráðir dagar verið um 1,6 millj., aðrir dagar á sjó um 400 þús. og þess vegna megi ætla að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. muni þeim dögum sem veita rétt til sjómannaafsláttar fækka um nálega 300 þús. Síðan er 300 margfaldað upp með tölunni 6 hundruð og hvað það nú er á dag, og út fæst þessi tala, 180–200 millj. Meðal sjómanna komu strax fram efasemdir um að þessir reikningar gætu staðist. Ég sneri mér þess vegna til Sjómannasambandsins og óskaði eftir upplýsingum þaðan um það hvernig þeir litu á þetta mál og hvernig þeir rökstyddu sín ummæli um það að nær lagi væri að ætla að þetta yrði um hálfur milljarður kr. sem sjómannastéttin missti í tekjum á næsta ári ef af þessum breytingum yrði. Og það munar um minni skekkju. Það er munur á 180–200 millj. og 500 millj., bara umtalsverður munur, hæstv. umhvrh. Það er með ólíkindum að maður skuli fá málatilbúnað af þessu tagi hér inn í þingið þar sem nánast engir tilburðir eru hafðir til þess að rökstyðja hið tölulega mat en hins vegar er þriggja blaðsíðna ritgerð með pólitískum árásum á réttindi einnar stéttar í landinu. Ég segi það alveg eins og er að margt hefur maður kúnstugt séð í kansellístíl af þessu tagi en þetta er með því allra magnaðasta.

Svo vil ég í leiðinni, virðulegi forseti, gagnrýna uppsetningu frv., sem er fyrir neðan allar hellur. Þannig er að þessu unnið að það er sáralítið sagt í umsögn um einstakar greinar frv. Ef menn taka þingskjalið upp sjá þeir að umfjöllun um einstakar greinar er ein og hálf síða. Um sumar greinarnar er ekki neitt sagt þannig að maður þarf að hafa með sér mikla bunka af gögnum til þess að geta lesið í gegnum þetta. Það er t.d. vonlaust að átta sig á þessu nema hafa hér öll lögin um tekju- og eingarskatt við hendina og ræðupúltið er varla nógu stórt til að maður komi þessu fyrir.

Athugasemdir eru, t.d. um mörg af þessum atriðum, eins og 4. gr. frv., í örfáum línum þar er nánast ekki vísað í það hvaða lagákvæði tekjuskattslaganna er verið að breyta og ekki er vísað í það hvaða tölulið í viðkomandi lagagrein er verið að fjalla um heldur er sagt: Í þessari grein er annars vegar lagt til að gerð verði breyting á heimild. Og hins vegar er heimild til að draga frá tekjum. Það er ekki vísað í töluliðinn, það er ekki vísað í númer viðkomandi lagagreinar, hvað þá að þetta sé útskýrt eða útfært með einhverjum vandaðri hætti. Þetta er mjög bagaleg framsetning á málinu og ég fer fram á að næst verði þetta gert eins og þingvenja er, að sæmilega ítarlegar útskýringar í umsögnum um einstakar greinar frv. séu settar fram með þeim hætti en ekki faldar inni í einni almennri greinargerð með frv. eða einhverjum fskj., sem er ákaflega erfitt að átta sig á. Og þessi rökstuðningur allur sem boðið er upp á t.d. í sambandi við sjómannafrádráttinn er ekki boðlegur.

En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá hagfræðingum Sjómannasambands og Farmanna- og fiskimannasambands — og ég tek að vísu fram að er ekki nein fullbúin greinargerð af þeirra hálfu í því formi sem ég fékk það í hendur heldur fyrstu tilraunir þeirra til að átta sig á þessu og rökstyðja þá skoðun sína að hér sé um að ræða miklu hærri tölu en frv. gerir ráð fyrir. Þeir nálgast þetta þannig að þeir skipta sjómannafrádrættinum niður á daga á hina einstöku hópa sjómanna og gefa sér að með hliðsjón af því megi ætla að maður í fullu starfi til sjós sé að jafnaði lögskráður í um 240 daga úr ári. Og hann njóti því í raun sjómannafrádráttar í 365 daga samkvæmt þeim reglum sem um sjómannaafslátt gilda í dag. Þeir vísa líka í ýmsa úrskurði ríkisskattanefndar sem styðji þá túlkun þeirra og þá framkvæmd í reynd að það sé í raun ráðningatími sjómannsins sem ákveði þá daga eða þann fjölda daga sem sjómannaafslátturinn miðist við. Og þá erum við auðvitað um leið farin að tala um allt aðra hluti en höfundar frv. gefa sér í sínum útreikningum. Það þýðir að dagafjöldinn sem sjómannaafslátturinn tekur til hjá einstökum hópum er þá í grófum dráttum þannig að á kaupskipum, varðskipum og ferjum eru þetta um 300 þús. dagar, beitningamenn eru þarna með um 90 þús. daga þannig að þeir eru óverulegur hluti af þessu og nánast hverfandi. Ranglega hefur verið látið í það skína að þeir veltu miklu um í þessu dæmi en svo er auðvitað ekki samkvæmt upplýsingum frá Sjómannasambandinu. Sjómenn á bátum undir 12 brúttólestum séu þá með 300 þús. daga. En langstærsti hlutinn er sjómenn á öðrum fiskiskipum, það er nánast allur fiskiskipaflotinn eins og hann leggur sig í landinu, þar er dagfjöldinn um 1.660 þús. Það sem Sjómannasambandið er að segja er að þessi hópur hefur nánast allur haft sjómannafrádrátt alla daga ársins. Það er það sem þeir eru að segja í raun ef ég les rétt út úr þeirra gögnum.

Þeir segja síðan í framhaldinu: „Ætla má, ef sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir varðandi sjómannaafsláttinn nær fram að ganga, verði dagar til sjómannaafsláttar aðeins um 70% af ofangreindum dögum hjá þeim sem áfram munu njóta sjómannaafsláttar.“ Þetta mun því fækka dögunum niður í u.þ.b. 1.580 þús. Og þeir fullyrða það, þessir ágætu hagfræðingar Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins, að þeir fari vægt í sakirnar og ég hef ástæðu til að taka fullt mark á þeim. Ég tel að þeir séu þeir menn í landinu sem starfa sinna vegna þekkja þetta best, betur en aðrir menn og það sé full ástæða til þess að taka mark á því sem þeir segja hér um þetta efni.

Að lokum er þeirra niðurstaða sú: „Af framansögðu má vera ljóst að tæmandi upplýsingar liggja ekki fyrir um sum þeirra atriða sem hér er getið. Eigi að síður telja undirritaðir að áætlun um skerðingu sjómannaafsláttar upp á um 500 millj. kr. sé byggð á raunhæfu mati.“ Ég fer ekki ítarlegar ofan í þetta því að væntanlega gefst tími til að fara ofan í saumana á þessu máli, annaðhvort síðar í umræðunni eða í nefnd. Það er algjörlega óhjákvæmilegt. Það er ekki hægt að afgreiða mál af þessu tagi í gegnum þingið þar sem tilhlaupið, skekkjumörkin, eru eins og hér er boðið upp á. Það er ekki nokkur leið. Þetta er ekki boðleg framsetning mála. Svo fremi sem sérfræðingar fjmrn. og skattayfirvalda hrekja ekki mat sérfræðinga Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins á þessum hlutum tel ég að ekki sé nokkur leið að

afgreiða frv. með þessum hætti. Það verður að liggja fyrir hvaða kjaraskerðingu er verið að leiða yfir sjómenn í landinu á næsta ári, tilhlaup upp á 300–320 millj. kr. í þeim efnum er ekki nokkrum manni bjóðandi.

Það eru e.t.v. líka á þingi menn sem geta upplýst okkur frekar um þetta svo sem hv. 16. þm. Reykv., sem ég treysti að tali hér og er auðvitað nákunnugur þessum málum. Landkrabbi eins og ég ætla þar af leiðandi ekki að hafa um þetta fleiri orð. En ég tek fram að ég er í fyrsta lagi andvígur því að hrófla við stöðu sjómannastéttarinnar í þessu tilliti við ríkjandi aðstæður. Ég tel að því fari fjarri að hér sé með skynsamlegum eða réttmætum hætti reynt að lagfæra þessi atriði. Þeir ágallar sem menn hafa bent á í þessu sambandi eru ekki stórvægilegir borið saman við þýðingu þessara réttinda gagnvart þeim fjölda manna sem þeirra njóta. Það eru auðvitað engin rök að nota það endalaust sem réttlætingu þegar verið er að rífa af mönnum einhver réttindi af þessu tagi að það finnist einhverjir ágallar á viðkomandi skattheimtu. Engir skattar væru lagðir á í landinu ef menn gæfust ævinlega upp í fyrsta sinn sem þeir rækjust á einhver vandkvæði við þá skattlagningu og skattheimtu. Eða hvar er hinn fullkomni gallalausi skattur, hæstv. fjmrh.? Hvar fyrirfinnst hann? Ætli mætti ekki nota sömu rök til að henda ærið mörgum öðrum sköttum út en sjómannafrádrættinum eða skerða hann. E.t.v. má um það deila hvort einhverjir einstakir hópar, sárafáir einstaklingar reyndar borið saman við allan fjöldann, ættu að njóta þessara réttinda eða ekki. Það finnst mér í raun og veru smámál borið saman við hitt.

Herra forseti. Sjálfsagt er nóg komið af minni hálfu. Mönnum leiðast hér efnismiklar ræður og vilja hafa þetta í símskeytastíl og helst að menn segi ekki neitt og þegi bara um alla þessa súpu. Það er auðvitað vinsælast að menn séu svo vænir að opna ekki munninn um hlutina. Ég veit það vel en ég leyfi mér að efa að það hefði ekki einhvern tímann orðið tilefni til nokkuð snarpra og líflegra umræðna ef hér hefðu verið lagðir til hlutir af þessu tagi við ríkjandi aðstæður í sjávarútvegsmálum á Íslandi gagnvart sjávarútveginum og sjómönnum.

Ég hef farið yfir það í fyrri ræðum hvernig sjávarútvegurinn í heild sinni og sjómenn og sjómannastéttin er að fara út úr breytingum hæstv. ríkisstjórnar í heild sinni. Þar er auðvitað sífellt að bætast í sarpinn. Þar áttar maður sig á því að maður hefur sífellt vanreiknað sig því það koma upp nýir og nýir liðir sem þar eru áformaðir. Ég held að það sé þó ekki hægt að sleppa hæstv. ríkisstjórn sem gumar af að hún ætli ekki að hækka skatta og gaf um það loforð að hún mundi, ja ef ekki létta af öllum óráðsíusköttum hinnar vondu vinstri stjórnar þá að minnsta kosti ekki hækka þá og nota fyrsta tækifæri til að lækka þá. Er það ekki rétt munað að einhver hafi sagt þetta í kosningunum? Ég held það. En hvað hefur þetta frv. í för með sér ef við tökum niðurstöðu Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins sem rétta gagnvart sjómannaafslættinum? Þá er hér á ferðinni skattaíþynging á tvo hópa í landinu, barnafjölskyldur og sjómenn, upp á á annan milljarð króna. Augljós og borðleggjandi skattaíþynging gagnvart þessum aðilum. 518 millj. kr. gagnvart barnafjölskyldunum og 500 millj. kr. gagnvart sjómönnunum. Og svo koma menn hér heilagleikinn uppmálaður og segja að þeir séu ekki að hækka skatta. Þetta er nú einu sinni frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt eða er það ekki? Ég skyldi ætla það úr því að þetta er flutt sem frv. til breytinga á skattalögum og er auðvitað ekkert annað en skattaíþynging á þessum hópum í landinu. Það er auðvitað alveg augljóst mál að það er pólitískur heigulsháttur og loddaraskapur af hæstv. ríkisstjórn að hafa ekki frekar manndóm í sér til að hækka tekjuskattsprósentuna um það sem þessu nemur. Auðvitað væri það heiðarlegra og meiri manndómur í því fólgin, hæstv. fjmrh., að koma og viðurkenna það sem er staðreynd, að ríkisstjórnin ræður ekki við að loka fjárlagadæminu nema auka skattheimtu. Hún kýs því miður að gera það með þessum lágkúrulega og aumingjalega hætti af því að hún teystir sér ekki til að horfast í augu við veruleikann sem er auðvitað sá að verið er að auka skattheimtuna. Það hefði verið mun réttlátara að gera það ósköp einfaldlega með því að dreifa þeim byrðum jafnt á alla skattgreiðendur í landinu, að minnsta kosti frekar en velja úr einhverja sérstaka hópa sem ég held að menn séu yfirleitt sammála um að séu síst betur til þess fallnir að íþyngja þeim skattalega en aðrir þar sem eru barnafólkið og sjómennirnir. Fyrir liggur að sjómennirnir taki á sig 15–20% kjaraskerðingu á næsta ári bara vegna aflasamdráttar því auðvitað kemur hann beint niður á launum sjómanna og hvergi annars staðar.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, með tilliti til þess að ég reyni að stytta mál mitt sem mest að fara yfir á nýjan leik hvernig sjávarútvegurinn er að koma út úr þessu. Ég verð að segja eins og er að mig undrar að það atriði sem lýtur að stórfelldri skattlagningu á sjávarútveginn og sjómenn í landinu upp á mikið á annan milljarð króna skuli ekki vera meira umræðuefni í þjóðfélaginu en raun ber vitni. Hvað veldur því að menn eru meira og minna kjaftstungnir í þessum efnum? Hvar eru forsvarsmenn hagsmunasamtaka sjávarútvegsins og sjómanna í þessum greinum? Auðvitað róa sjómenn og sjávarútvegurinn saman í báti eins og venjulega. Það er síðan efni sem þeir eiga eftir að togast á um, hvor fær meira og hvor minna af byrðunum. Auðvitað kemur þetta niður á þessari grein og þeim sem í henni starfa með einum eða öðrum hætti að lokum. Það á við um alla þá nýju skattlagningu sem kunnug er orðin og ég hef gert grein fyrir, fénýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs, tvöföldun veiðieftirlitsgjalds, greiðslur í ábyrgðasjóð vegna launa í gjaldþrotum, iðgjöldin í Hagræðingarsjóð og álagningu aflagjaldsins eins og hún var áður áformuð. Þó getur verið að sjávarútvegurinn sleppi þar fyrir horn ef marka má þær hugmyndir sem sýndar voru í efh.- og viðskn. í morgun um að færa þá gjaldheimtu alla yfir á vörugjöldin og undanskilja sjávarvörur, hvernig í ósköpunum sem það á að gera.

Síðan er fleira í sigtinu eftir því sem við höfum heyrt, jafnvel höfum við heyrt um jöfnunargjald á olíu. Ástæða er síðan til þess að gleyma því ekki hvernig ýmis hagsmunamál sjávarútvegsins að öðru leyti eru leikin í þessu fjárlagafrv. og þessum ráðstöfunum öllum. Að vísu voru dregnar til baka til 3. umr. sérstakar breytingartillögur sem lutu að því að skerða fjárhag Landhelgisgæslunnar á næsta ári og við vitum í hvaða horfi málefni björgunarþyrlunnar eru. Þegar maður fer yfir þetta allt í huganum og leggur það saman þá kemst maður ekki hjá því að álykta sem svo að sjávarútvegurinn sé sérstakt olnbogabarn í þessari ríkisstjórn, sérstök ástæða sé til að þjösnast á honum nánast í öllum tilvikum þar sem hann á hagsmuna að gæta. Ég spyr hæstv. ríkisstjórn: Hvað veldur þessu? Af hverju er greinilega fjandskapast við sjávarútveginn á hverjum póstinum á fætur öðrum langt umfram það sem manni virðist vera gagnvart ýmsum öðrum aðilum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, og er þó af býsna skrautlegum hlutum að taka?

Ég sakna þess, virðulegur forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. Það væri auðvitað ærin ástæða til að hann, sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að láta sig málefni sjávarútvegsins og sjómannastéttarinnar nokkru varða og vissi mætavel að hér hlytu að verða umræður sérstaklega um þann lið sem lýtur að skattlagningu tekna sjómanna, skuli ekki treysta sér til að vera við umræðuna. Ég skal ekki gera kröfur um að hann mæti hér á meðan ég lýk þessari ræðu en ég beini vinsamlega tilmælum til hæstv. forseta að hæstv. sjútvrh. verði gert aðvart um að hér fari fram umræður sem ekki hvað síst snúist um sjómannafrádráttinn og útkomu sjávarútvegsins í þessu og kannað verði hvort hann geti ekki mætt til fundar. Ég ítreka óskir mínar um að hæstv. forsrh. komi og gefi okkur upplýsingar um stöðu mála hjá hæstv. ríkisstjórn hvað snertir vinnu almennt að þessum tekjuöflunarmálum og ríkisfjármálum og við fáum sem sagt eins fljótt og við verður komið einhverjar upplýsingar um það hvernig þeir hlutir allir saman standa hjá hæstv. ríkisstjórn.

Síðan er það, hæstv. forseti, að ég hef orðið mér úti um kvæði það sem ég kom ekki fyrir mig í umræðum á næturfundi um hliðstæð efni og er eftir Björn Halldórsson heitinn, sálmaskáld í Laufási norður. Þetta kvæði ætla ég að geyma, e.t.v. til síðari hluta umræðunnar. Það færi betur á að lesa það þegar kvöldsett er orðið því kvæðið heitir Sumarnótt. (Gripið fram í.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að utandagskrárumræður fara fram um orkusáttmála Evrópu kl. hálf fjögur. Það er vegna þess að ekki hefur unnist tími til að boða þessa utandagskrárumræðu eins og vera ber. Samkomulag hefur orðið á milli hæstv. ráðherra og forustumanna stjórnarandstöðunnar um að umræðan hefjist kl. hálf fjögur og mun hún standa í allt að 90 mínútur. Hver þingflokkur hefur því 18 mínútur til umráða í þeirri umræðu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á þessari stundu eru til meðferðar í þinginu allnokkur frv. sem spegla efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, áherslur hennar og forgangsröð. Nýlokið er 2. umr. um fjárlögin sem fela í sér gríðarlegan niðurskurð og gjaldtöku af almenningi í landinu fyrir þá þjónustu sem ríkið veitir. Lánsfjárlög fyrir árið 1992 eru á leið til 2. umr. svo og viðbót við lánsfjárlög ársins sem nú er að líða. Bæði frv. sýna mikla þörf ríkisins fyrir lánsfé þótt reynt verði að draga úr á næsta ári og frestun álversframkvæmda verði til þess að heildarlántaka þjóðarinnar verði mun minni en reiknað var með. Þá er hinn lillræmdi bandormur að skríða út úr efh.- og viðskn. Hann felur m.a. í sér upptöku ríkisins á lögboðnum tekjustofnum t.d. menningarstofnana, niðurskurð á framlögum og lagabreytingar sem gefa ráðherrum víðtæk völd til að ákveða gjaldskrár fyrir opinbera þjónustu. Auk þess er reynt að smygla í gegn lagabreytingum um skólamál sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við. Við kvennalistakonur munum beita okkur af alefli gegn þeim breytingum.

Þá er umdeilt frv. um sex mánaða framlengingu á vörugjaldi sem bíður meðferðar en hið vígreifa Verslunarráð, með þingmanninn Vilhjálm Egilsson í broddi fylkingar, telur að það frv. feli í sér lögbrot. Síðast en ekki síst er nú til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um tekjuskatt og eignarskatt sem boðar árás á kjör sjómanna og verulegan niðurskurð barnabóta sem kemur harðast niður á meðaltekjufólki sem að mínum dómi er ekki of sælt af sínum kjörum. Þá eru ótaldar aðrar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað svo sem niðurskurður á launum opinberra starfsmanna og fækkun starfa hjá ríkinu, tilfærsla á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga og auknar álögur á þau sem, eins og fram hefur komið, hafa verið ákveðnar án nokkurs samráðs við sveitarfélögin.

Ef reynt er að horfa á stefnu ríkisstjórnarinnar í heild þá þýðir hún einfaldlega stórfellda árás á lífskjörin í landinu. Ofan á þá skatta sem þegar eru greiddir leggjast þjónustugjöld, jafnframt því sem hluti barnafjölskyldna verður fyrir tekjumissi vegna lækkunar barnabóta. Sveitarfélögunum í landinu verður gert að taka á sig margvíslegan kostnað og þjónustu án þess að þeim sé tryggður nýr tekjustofn sem getur ekki þýtt annað en niðurskurð á öðrum sviðum. Á hverjum skyldi sá niðurskurður bitna?

Fram undan eru kjarasamningar allra stærstu stéttarfélaga landsins. Þegar er tekið að bóla á verkföllum og það er mikill urgur í opinberum starfsmönnum vegna hins fráleita tilboðs sem samninganefnd ríkisins lagði fram fyrir nokkru. Þá er þungt hljóð í sjómönnum vegna þeirra breytinga á sjómannaafslætti sem boðaður er í því frv. sem hér er til umræðu. Ríkisstjórnin kvakar um nauðsyn áframhaldandi þjóðarsáttar en er sjálf búin að kippa grundvellinum gjörsamlega undan nýrri þjóðarsátt, hversu réttlát sem hún svo er. Ríkisstjórnin er að kveikja elda úlfúðar og illdeilna með einhliða árásum á kjör launafólks í landinu sem geta ekki þýtt annað en átök á komandi mánuðum.

Ekki vegna þess að fólki sé ekki ljóst að við erfiðleika og samdrátt er að glíma heldur vegna þess að á meðan hver árásin á fætur annarri dynur á heimilum láglauna- og meðaltekjufólks, námsmönnum og þeim sem leita þurfa sér lækninga, lifa fjármagnseigendur og hátekjufólk í vellystingum pragtuglega. Ríkisstjórnin sker og sker í nafni hagræðingar og sparnaðar en nýtir sér ekki þá möguleika sem eru til tekjuöflunar meðal þeirra sem halda uppi eyðslu og lántökum til einkaneyslu ef marka má skýrslur Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka um þau efni.

Eins og margoft hefur komið fram er þetta efnahagsstefna í anda þess sem gert var í Bretlandi og Bandaríkjunum á dögum Reagans og Margrétar Thatcher sem blessunarlega eru bæði farin frá völdum. Stefnunni svipar einnig til þess sem gerst hefur á Nýja-Sjálandi að undanförnu og Morgunblaðið hefur dásamað hvað mest í Reykjavíkurbréfum. Samkvæmt blaðafregnum, m.a. Dagens Nyheter, er þegar búið að leggja velferðarkerfið á Nýja-Sjálandi í rúst svo minnir helst á ástand ýmissa þriðjaheimsríkja. Þessar fyrirmyndir eru ekki eftirsóknarverðar. En trúarbrögð markaðslögmála og einkavæðingar láta ekki að sér hæða. Það verður að koma í veg fyrir að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga svo hér verði ekki fjöldaatvinnuleysi, landflótti og enn meira misrétti en við nú horfum upp á.

Það frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er til umræðu, er hluti af þeirri stefnu sem ég hef lýst að framan. Í frv. er að finna nokkur eðlileg ákvæði þar sem upphæðir, sem miðað hefur verið við í skattlagningu, eru reiknaðar upp samkvæmt vísitölu og geri ég ekki athugasemdir við þau ákvæði. Ég ætla heldur ekki að gera að umtalsefni við þessa umræðu þær greinar frv., sem snerta hlutafjáreigendur og fyrirtæki, þótt margt sé þar að athuga heldur vil ég snúa mér að stórmálum þessa frv., barnabótunum og sjómannaafslættinum.

Virðulegi forseti. Fyrstu heildstæðu lögin um almannatryggingar voru sett hér á landi árið 1936 og náðu þau til slysa-, sjúkra-, elli- og örorkutrygginga. Árið 1946 voru gerðar verulegar endurbætur á tryggingalöggjöfinni í anda þeirra hugmynda sem kenndar hafa verið við hina svokölluðu Beveridge-áætlun sem sett var fram í Bretlandi á stríðsárunum. Hún var kynnt hér á landi í bókinni Traustir hornsteinar sem út kom 1943 og hafði mikil áhrif á mótun almannatrygginga hér. Í formála þeirrar bókar segir, með leyfi forseta:

„Hornsteina félagslegs öryggis telur Beveridge vera þessa:

1. Atvinnu.
2. Heilsu.
3. Sæmandi híbýli.
4. Þekkingu."

Þetta eru þau fjögur lóð er mynda mótvægið við þarfir mannsins, stilla metaskálarnar í jafnvægi, tryggja félagslegt öryggi. En þessi lóð eiga sér andstæður: Atvinnuleysi, heilsuleysi, mannskemmandi híbýli og lífsumhverfi og loks fáfræði. Allt eru þetta neikvæð lóð. Ef þau, eitt eða fleiri, koma á metaskálarnar í stað hinna sígur allt á ógæfuhlið. Þau eru hvert um sig risavaxið böl til þess fallin að opna undirdjúp fimmta bölsins sem er skorturinn. Baráttan fyrir félagslegu öryggi er því barátta gegn skorti og öllu því sem líklegt er til að hafa skort í för með sér. En skortur er það ef einhver getur ekki veitt sér brýnustu lífsnauðsynjar. Beveridge telur það skyldu þjóðfélagsins að sjá um að enginn líði skort í þessari merkingu, engum eigi að líðast að safna auði fyrr en búið er að uppfylla þessa þjóðfélagsskyldu. Að allir geti veitt sér brýnustu nauðsynjar og lífsgæði frá vöggu til grafar. Hér sé um almenn mannréttindi að ræða er allir skulu réttbornir til er vilja vinna."

Í framhaldi af þessu setti Beveridge fram hugmyndir um bótagreiðslur sem náðu frá vöggu til grafar, þar með taldar barnabætur. Þær hugmyndir sem gengið hefur verið út frá í íslenskri tryggingalöggjöf frá 1946 hafa haft það megininntak að tryggingar væru fyrir alla óháð tekjum, stétt og stöðu en ekki að um fátækrastyrk væri að ræða. Ýmsir tryggingaflokkar bættust við með árunum en stuðningur við barnafjölskyldur hefur verið með ýmsu móti.

Þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp var sá skattafsláttur, sem foreldrar nutu vegna þess kostnaðar sem fylgir barnauppeldi, afnuminn en barnabætur komu í staðinn. Síðan kom til sögunnar svokallaður barnabótaauki, ætlaður hinum lægst launuðu. Nú er boðuð hert stefna í því frv. sem hér er til umræðu. Nú á að tekjutengja barnabætur enn frekar en áður og eins og venjulega er viðmiðunin svo lág að meðaltekjufólk lendir úti í kuldanum. Hér vaknar sú spurning hver tilgangurinn er með barnabótum. Eiga þær að vera jöfnunartæki eða eiga þær að hvetja fólk til barneigna og gera foreldrum ungra barna auðveldara að ala önn fyrir þeim, kaupa barnagæslu og annað sem til þarf? Eiga barnabætur að gegna þeim tilgangi að gera konum auðveldara að sækja vinnu utan heimilis? Eins og við vitum sitja konur oftast uppi með ábyrgð á umönnun ungra barna sinna. Eiga barnabætur eingöngu að vera stuðningur samfélagsins við hina verst settu? Þessum spurningum verða menn að svara áður en slík árás er gerð á barnabæturnar. Reyndar eru barnbætur hér svo lágar að þær hvetja varla til barneigna en þær hjálpa þó til.

Á fyrstu áratugum þessarar aldar voru uppi hugmyndir um sérstakan refsiskatt á piparsveina og átti hann að hvetja þá til hjónabands svo að þeir sinntu þeirri þjóðfélagslegu skyldu sinni að fjölga Íslendingum. Þessi hugmynd komst ekki í framkvæmd en svo mikið er víst að hugmyndir ríkisstjórnarinnar um aukna tekjutengingu barnabóta virka í aðrar áttir og verða síst til að hvetja ungt fólk til barneigna, sérstaklega þá hópa sem hafa meðaltekjur og þurfa að kosta nokkru til við að afla sér þeirra tekna. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. félmrh. sem reyndar er ekki hér inni þessa stundina hvort henni finnist ekki ástæða til að styðja við bak barnafólks þó að það hafi meðaltekjur og hvort ekki sé fremur ástæða til að hvetja til barneigna hér á landi en að draga úr þeim. Ég vil taka það fram að mér finnst athugandi að tekjutengja barnabæt-

ur í ríkari mæli en nú er gert en sú viðmiðun sem hér blasir við er allt of lág og mun koma illa niður á mjög stórum hópi launafólks.

Þetta frv. sem hér er til umræðu felur í sér niðurskurð upp á 518 millj. Það felur í sér að barnabætur hjóna með einu barni lækka úr 28.917 kr. á ári í 8.886 kr. Bætur með börnum hjóna umfram eitt lækka úr 43.378 kr. í 27.591 kr. en hins vegar verður óbreytt upphæð bóta, sem leggst á þessar upphæðir, ef börnin eru yngri en sjö ára og verður áfram 28.917. Barnabótaauki hækkar þegar á heildina er litið en skerðing verður hjá fólki með ákveðnar tekjur. Barnabætur einstæðra foreldra skerðast um sömu krónutölu og bætur hjóna. Einstæðir foreldrar fá nú 86.755 kr. með fyrsta barni, hvort sem það er yngra en 7 ára eða ekki, og sú upphæð lækkar um 20.031 kr., í 66.725 kr. Barnabótaauki hækkar, eins og áður sagði, um 30% í 89.284 kr. Barnabótaaukinn er tekjutengdur og skerðist í hlutfalli við tekjur og barnafjölda. Samkvæmt upplýsingum fjmrn. byrjar barnabótaaukinn að skerðast við tekjur upp á 1 millj. 98 þús. kr. hjá hjónum á þessu ári og 732 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum. Skerðingarhlutfall barnabótaaukans er 7% fyrir fyrsta barn, 6% fyrir annað barn, 5% fyrir þriðja barn og 4% fyrir fjórða barn og fleiri. Samkvæmt því missa hjón með eitt barn barnabótaaukann á næsta ári við tekjur upp á 2,3 millj. kr. á ári. Hjón með tvö börn missa barnabótaaukann alveg við 2,5 millj. kr. og hjón með þrjú börn missa barnabótaaukann við 2,8 millj. kr. á þessu ári. Slíkar tölur mætti einnig tíunda hvað varðar einstæða foreldra.

Ég er auðvitað sammála þeirri áherslu, sem hér er lögð, að bæta aðstæður einstæðra foreldra og þeirra sem lægri hafa tekjurnar en niðurstaða mín er sú, virðulegi forseti, að þegar á heildina er litið sé hér um ranga stefnu að ræða og mun meiri ástæða sé til þess að styðja við bak barnafólks en skattleggja það sérstaklega með þessum hætti. Einnig er sú viðmiðun sem hér er gengið út frá allt of lág.

Ég ætla þá að víkja að sjómannaafslættinum. Með þessu frv. er einfaldlega verið að leggja til að sett verði lög á sjómenn, lög sem skerða kjör þeirra. Það fer ekki hjá því að mönnum verði hugsað til þeirra atburða sem gerðust þegar bráðabirgðalögin voru sett á BHMR og þeirrar umræðu sem varð á þingi þegar þau lög komu til umræðu en Sjálfstfl. beitti sér af miklu afli gegn þeim. Ég get ekki betur séð en hér sé á ferðinni sami hluturinn. Það er verið að setja lög sem skerða kjör sjómanna. (**Fjmrh.:** Það er munur á sköttum og ...) Þetta er einhliða ákvörðun ríkisins sem skerðir kjör sjómanna. Þetta er árás á eina stétt. Við getum auðvitað sett spurningar við réttmæti þessa afsláttar og sjómenn hafa sjálfir lýst því yfir að þeir séu tilbúnir til þess að endurskoða hann. Þeir hafa bent á að þeim hefur fjölgað mjög sem njóta þessa skattafsláttar og þeir eru tilbúnir til viðræðna. Það er auðvitað leiðin sem á að fara, hæstv. fjmrh. Það á að ræða við sjómenn um þetta mál og ná við þá samkomulagi. Þessi skattaívilnun sem þeir njóta er gamalt mál og þeir misstu m.a. eða fórnuðu sínum fæðispeningum í samningum þegar þessi afsláttur var ákveðinn. Þetta hefur verið samningamál og er enn samningamál. Hér er á ferðinni enn eitt dæmið um einhliða árás ríkisvaldsins á einstaka þjóðfélagshópa en við höfum séð mörg slík dæmi á undanförnum dögum.

Því má bæta við að sjómenn eru flestir það tekjuháir að þeir missa líka barnabætur og ofan á þessa tvöföldu kjaraskerðingu sjómanna bætist þriðja kjaraskerðingin sem felst í þeim aflasamdrætti sem fram undan er.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að mjög mikið ber á milli þeirra talna sem nefndar eru hér í frv. og þeirra útreikninga sem sjómenn sjálfir hafa gert. Í frv. segir að ríkið fái 180–200 millj. í sinn hlut af sjómannaafslættinum en samkvæmt því sem fram hefur komið hjá sjómönnum þá telja þeir að þarna sé um 500–800 millj. að ræða. Ég legg því til að þessi grein frv. verði einfaldlega dregin til baka og að ríkisstjórnin hefji viðræður við sjómenn.

Margt í greinargerðinni vekur athygli og sérkennileg rök sem þar koma fram. Við sem alin erum upp við sjávarsíðuna erum vön því að bera mikla virðingu fyrir sjómannastéttinni. Mér finnst þessi greinargerð spegla eitthvað allt annað. Hér er m.a. nefnt að þessi skattur spegli óeðlileg afskipti af gerð kjarasamninga en í okkar sögu höfum við mýmörg dæmi um ýmiss konar afskipti af kjarasamningum og dæmi um það að ríkisvaldið hafi beitt sér í þágu félagslegra réttinda og jafnvel forréttinda af ýmsu tagi því auðvitað eru þetta ákveðin forréttindi sem sjómenn njóta. En enn og aftur, virðulegi forseti. Ég lýsi hér með yfir andstöðu við þessi tvö mál sem ég hef aðallega gert að umræðuefni, breytingar á barnabótum og sjómannaafslættinum og legg til að ríkisstjórnin reyni að stuðla að friði í landinu með því að ræða við sjómenn og semja við þá.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlan mín að ræða þetta mál fyrr en í lok umræðunnar en ég neyðist til að eiga orðastað við hv. síðasta ræðumann og mótmæla því kröftuglega að hér sé með sama hætti vegið að sjómönnum og gert var með því að setja lög á kjarasamninga. Sannleikurinn er sá að framkvæmdin á sjómannaafslættinum hefur gerbreyst. Það má vel vera að það sé rétt að nokkru marki að sjómannaafslátturinn hafi komið í stað fæðispeninga á sjó en það sem verið er að leggja til er eingöngu að þrengja rétt sjómanna til að fá afslátt fyrir tíma sem þeir eru ekki úti á sjó heldur í landi. Sýnir það eitt og sér að það getur varla verið um að ræða að taka af þeim rétt sem hafi komið fyrir fæðispeninga á sjó. Ég nefni þetta vegna þess að mér finnst ansi langt til seilst að jafna því, þegar við erum að skerða þessi réttindi sem hafa farið svona úr böndum, við það að setja lög á kjarasamninga og ég mótmæli því harðlega hvernig það hefur verið gert af hálfu síðasta hv. ræðumanns. Að öðru leyti mun ég svara honum í lok umræðunnar.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja þetta að líku. Það er verið að setja lög sem skerða kjör sjómanna, lög sem eru hluti af samningum og ég ítreka að ég get ekki fellt mig við lagasetningar sem skerða kjör án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að eitthvað komi þar á móti. Þetta er einhliða kjaraskerðing.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram af þessu tilefni að að sjálfsögðu verður haft samráð við sjómenn um framkvæmd þessa máls. Það er ætlunin að sett verði reglugerð eins og kemur fram í frv. sjálfu. Ég vil einungis benda á að það hefur gerst upp á síðkastið að jafnvel menn, sem hafa verið í landi í tvö ár en á launum hjá útgerðinni, hafa fengið sjómannaafslátt samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar og öll framkvæmdin hefur breyst frá því sem upphaflega var hugsað. Það er einungis verið að breyta framkvæmdinni. Kannski mun það leiða til þess að treysta sjómannaafsláttinn í sessi. Ég mótmæli mjög kröftuglega því sem kom fram hjá hv. ræðumanni að leggja þetta frv. til breytinga á tekju- og eignarskattslögum að jöfnu við það að ríkisstjórnin setji lög, stundum bráðabirgðalög, á kjarasamninga. Ég hef staðið að hvoru tveggja en ég get ekki séð hvernig hægt er að jafna þessu saman. Þá skortir a.m.k. talsvert á að við skiljum þær athafnir eins, ég og hv. síðasti ræðumaður.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Orkusáttmáli Evrópu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú fer fram umræða utan dagskrár um orkusáttmála Evrópu. Þessi umræða fer fram að beiðni stjórnarandstöðunnar. Málshefjandi er hv. 7. þm. Reykn. Eins og forseti gat um áðan hefur orðið samkomulag um að þessi umræða standi allt að 90 mínútum og koma því 18 mínútur í hlut hvers þingflokks.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í orðum forseta hef ég óskað eftir þessari umræðu fyrir hönd stjórnarandstöðunnar. Ástæðan er sú að í fyrramálið hyggst iðnrh. rita undir það sem gjarnan hefur verið kallað pólitískur aðdragandi að orkusáttmála Evrópu eða það sem er nefnt pólitísk yfirlýsing. Þetta mál hefur nokkurn aðdraganda. Menn í iðnaðar- og utanríkisnefnd Alþingis fengu minnisblað um orkusáttmálann sent 11. nóv. Þá fylgdi því engin ósk um að málið yrði sérstaklega tekið fyrir í þessum nefndum. Aftur þann 11. des. bárust okkur í hendur drög að slíkum orkusáttmála. Ekki var heldur sérstaklega óskað eftir því að þetta yrði tekið fyrir af hálfu hæstv. ráðherra. Hins vegar var málið tekið fyrir í iðnn. Alþingis, að því er ég best veit að ósk hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, og sömuleiðis var það tekið fyrir í utanrmn. sl. laugardag að minni ósk. Á þann fund mætti hæstv. iðnrh.

Ástæðan fyrir því að ég taldi nauðsynlegt að ræða þessi mál utan dagskrár er sú að í þessum gögnum, sem við höfum fengið, eru ákvæði sem ég tel vera þess eðlis að Alþingi þurfi að gera sér fulla grein fyrir þeim. Þessi sáttmáli er um margt athyglisverður og vissulega um margt ágætur. Hann er gerður af 36 fullvalda ríkjum sem, eins og er undirstrikað í sáttmálanum, hafa full yfirráð yfir sínum orkulindum. Þessum samningi er ætlað að auka mjög frelsi í viðskiptum með orku og að koma í veg fyrir hindranir eins og t.d. þær að eitt land leyfi ekki flutning á orku um sitt orkunet. Í þessum samningi eru einnig önnur atriði. Það sem ég vil sérstaklega ræða hér er að í samningnum er gert ráð fyrir frjálsum aðgangi fyrirtækja innan þessara 36 ríkja að nýtingu orkulinda þeirra landa sem að samningnum standa.

Í fyrsta lagi kemur þetta fram á minnisblaðinu frá 11. nóv. þar sem segir með leyfi forseta:

„Rauði þráðurinn er sá að leita markaðslausna í orkumálum eftir fremsta megni og vinna að auknum viðskiptum með orku og orkuafurðir og að því að gera þau viðskipti eins frjáls og óhindruð og verða má og með frjálsum aðgangi að orkulindum, þó án þess að fullveldi ríkja yfir eigin orkulindum sé skert." Þetta kemur einnig fram í drögum sem ég nefndi áðan að sáttmálanum sjálfum sem svo eru kölluð. Því miður hefur mér ekki tekist að fá íslenska þýðingu á þessum drögum. Hér er kafli sem fjallar um framkvæmd samningsins og þá er sagt um atriði númer eitt: „Aðgangur að virkjun orkuauðlinda." Þetta verður að vera í svona fljótlegri þýðingu minni en þar segir svo m.a., með leyfi forseta:

Með tilliti til þess að hagkvæm nýting á orkuauðlindum er sýna hvað eru alger frumskilyrði til þess að ná markmiðum þessa sáttmála, þá skuldbinda undirritendur sig til þess að auðvelda þeim sem áhuga hafa á virkjun og aðgang að virkjun auðlinda. Í þessum tilgangi munu þau tryggja að reglur um könnun, virkjun og eignarhald á auðlindum séu aðgengilegar og augljósar. Löndin viðurkenna nauðsyn á að setja fram slíkar reglur þar sem þær eru ekki þegar í gildi og gera allt sem nauðsynlegt er til þess að samræma aðgerðir á þessu sviði í því skyni að auðvelda virkjun auðlinda. Þá heita undirritendur því að forðast að setja nokkrar reglur sem mismuna fyrirtækjum, þ.e. reglur sem varða eignarhald á auðlindum og innri starfsemi fyrirtækja og skatta. Loks hafa komið önnur drög eða svokallað „basic agreement" eða grundvallarsamkomulag sem er því miður það langt að ég hef ekki tækifæri til að fara yfir nema afar lítið af því.

Mig langar þó til að nefna tvö eða þrjú atriði og sérstaklega þar sem skilgreint er í fyrsta lagi hvað átt er við með fullveldi og fullum yfirráðum. Þar er, með leyfi forseta, fullveldi m.a. skilgreint þannig, ég þýði þetta ekki orðrétt til að stytta tíma minn, að í þessu felist m.a. heimild ríkis til að ákveða hvaða svæði skuli verða nýtt á hverjum tíma og hve hröð sú nýting skuli

verða. Einnig segir, þar sem skilgreint er það sem kallað er „non-discrimination", eða ekki-mismunun, að í því felist m.a. að ríkin skuldbindi sig til að veita þeim sem áhuga hafa á fjárfestingu heimild til að taka upp heimilisfestu í viðkomandi ríki og þegar sú heimilisfesta er fengin aðgang að auðlindinni.

Við þetta finnst mér ástæða til að gera töluverðar athugasemdir. Á það er að vísu lögð áhersla og m.a. kom fram í máli hæstv. iðnrh. þegar við ræddum málið á fundi utanrmn. að hann teldi þetta út af fyrir sig ekki boða neina hættu fyrir Íslendinga þar sem undirstrikað er í samningnum fullveldi ríkjanna og full yfirráð þeirra yfir sínum orkulindum. Ég er þessu ekki sammála, ekki síst með tilliti til þess sem ég hef nú rakið, hvernig þetta fullveldi er skilgreint, og í raun lít ég svo á að slík undirstrikun á fullveldi og fullum yfirráðum hljóti að liggja í hlutarins eðli því að önnur ríki geta ekki gert þennan samning, önnur ríki en þau sem eru fullvalda og hafa full yfirráð yfir sínum auðlindum. Hitt er svo annað mál að í samningnum er aftur og aftur, eins og ég hef bara lauslega nefnt, undirstrikað að ekki skuli mismuna löndum þrátt fyrir þetta fullveldi og þrátt fyrir full yfirráð yfir orkulindunum skuli ekki mismuna fyrirtækjum í hinum ýmsu löndum í því að fá heimild til að nýta þessar orkulindir, að vísu þar sem viðkomandi ríki ákveður og með þeim hraða sem viðkomandi ríki ákveður. M.ö.o., við getum sagt: Við heimilum ekki að virkja Gullfoss. En núna er t.d. búið að ákveða að virkja á Austfjörðum, reisa Fljótsdalsvirkjun, og ég skil þau drög sem hér liggja þannig að ef erlent fyrirtæki óskar eftir að taka upp heimili hér á landi verði því ekki meinað að virkja á Austfjörðum svo að ég taki bara dæmi til að skýra mál mitt. Það kemur hvergi fram í þeim drögum og pappírum sem ég hef hér að jafnvel sé heimild til að áskilja einkarétt hins opinbera til virkjana.

Ég gerði það því að tillögu minni á fundi í utanrmn. í morgun að staða okkar Íslendinga yrði gerð fullkomlega ljós með því að taka það fram í ræðu sem hæstv. iðnrh. hefur flutt, að því er mér skilst, eða er u.þ.b. að flytja, á þeim fundi sem nú er hafinn í Hollandi. Þar yrði skýrt tekið fram hvernig staðan er hér og hvernig við virkjum okkar fallvötn og síðan yrði tekið fram að íslenska ríkisstjórnin muni túlka forræði yfir orkulindum þannig að Íslendingum verði heimilt að halda þeim einkarétti opinberra aðila til virkjana orkulinda landsins sem við í raun búum við í dag. Því miður hefur iðnrrh. ekki fallist á að setja þetta ákvæði inn sem tæki þá af allan vafa og það er af þeirri ástæðu sem við töldum óhjákvæmilegt að fá að ræða þessi mál hér þótt stuttur tími sé.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil strax taka fram í upphafi míns máls að ég er fyllilega sáttur við þá túlkun sem hv. málshefjandi vildi hafa á varðandi okkar stöðu og hefði út af fyrir sig mjög vel getað fallist á að slík setning hefði verið inni í ræðu hæstv. iðnrrh. og ég tel í rauninni að það sé sá skilningur sem við eigum að hafa sameiginlega á þessum málum.

Ég tek einnig fram að þetta mál hefur verið unnið eðlilega innan þingsins. Málið var lagt fyrir ríkisstjórn í ágústmánuði og nokkrum sinnum síðar. Það var kynnt hv. iðnn. og utanrmn. fyrir um mánuði og var í minnisblaði hæstv. iðnrh. sérstaklega vakin athygli á þeim þætti sem við vildum tryggja varðandi forræði yfir okkar orkulindum við gerð þessarar stefnuyfirlýsingar sem hér er verið að vinna að. Í minnisblaðinu frá 11. nóv. sem iðnn. og utanrmn. er sent er sérstaklega tekið fram varðandi þetta atriði að hugmyndir um frjálsan aðgang að orkulindum, eins og hér segir, eru að sjálfsögðu ekki aðgengilegar af Íslands hálfu fremur en Norðmanna. Þetta var því strax tekið út úr af hálfu hæstv. iðnrh. þegar hann kynnti málið fyrir iðnn. og utanrmn.

Í annan stað tel ég mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir að menn eru á þessu stigi ekki að ræða samning. Grundvallarsamningurinn kemur í framhaldinu, að honum verður unnið á næstu mánuðum. Hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu, pólitíska stefnuyfirlýsingu sem er auðvitað ekki bindandi með lögformlegum hætti fyrir Íslendinga en hún segir með hvaða hætti við viljum vinna að gerð grundvallarplaggsins, sjálfs samningsins. Þá er áríðandi að menn viti og það komi glöggt fram af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar með hvaða skilningi við viljum vinna að gerð grundvallarsamningsins. Ég tók undir það í upphafi minnar tölu að ég gæti mjög vel fellt mig við þann skilning sem hv. málshefjandi las upp í lokin og hefði gjarnan viljað væri inni í ræðunni hjá hæstv. iðnrh. Ég tel engu að síður að ekkert af því sem hæstv. iðnrh. hefur lesið eða flutt í ræðu sinni hafi veikt okkar stöðu nema síður væri. Hitt hefði hins vegar mátt vera með og hefði hnykkt á í þessum efnum.

Við höfum af okkar hálfu, og þá auðvitað hæstv. iðnrh., sérstaklega unnið að því að eiga gott samstarf við Norðurlandaþjóðirnar um vinnu og undirbúning við gerð þessa sáttmála og stefnuyfirlýsingar. Ekki síst hefur iðnrh. þar lagt höfuðáherslu á að hér á landi getum við ekki sætt okkur við að dregið verði úr þeirri meginreglu sem við teljum gilda, að hvert land hafi forræði og stjórn á nýtingu sinna orkulinda. Þetta þýðir með öðrum orðum það að slíkt forræði verði ekki tryggt í samningnum sjálfum, sem er hið lögformlega grundvallarplagg, mundum við ekki vera aðilar að honum. Þetta hefur komið skýrt fram hjá hæstv. iðnrh.

Menn hafa í meginatriðum velt fyrir sér tveimur hugtökum sem eftir er að útfæra í samningnum, með hvaða hætti fullveldisréttur ríkjanna sem verða aðilar að samningnum verði tryggður. Við höfum lagt þann skilning í það mál, og önnur Norðurlönd einnig, að það hljóti að verða svo, að þau lönd sem aðilar verða að samningnum geti sjálf ákveðið með hvaða hætti orkulindir þeirra verði nýttar. Ég tel varðandi þau orð sem menn hafa fjallað um, sérstaklega varðandi „non-discrimination", að þar séu menn að tala um þann þátt að samningslöndunum, þegar til kemur, verður ekki heimilt á vettvangi þessa samnings að gera upp á milli einstakra landa sem aðild eiga að samningnum. Það þýðir hins vegar ekki og getur ekki þýtt að lönd-

in megi ekki gera upp á milli sjálfra sín annars vegar og einhvers af þeim löndum sem undirrita samninginn hins vegar. Þetta er meginatriði sem ég tel að liggi ljóst fyrir og muni liggja ljóst fyrir af hálfu okkar Íslendinga.

Ég vara við að menn tali svo að það sem nú er verið að undirrita sé hin eiginlega samningsgerð. Það mundi veikja okkar stöðu. Það er ekki okkar skoðun, hvorki iðnrn. né ríkisstjórnarinnar, og engin þjóð, sem undirritar þessa stefnuyfirlýsingu, hefur þá skoðun. Menn gera sér grein fyrir að hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu um það með hvaða hætti menn ætla að vinna að þessari samningsgerð í framtíðinni. Ég vek einnig athygli á að við höfum reyndar áður af Íslands hálfu, þegar við undirrituðum grundvallarsamninginn um RÖSE í París — það gerði einmitt málshefjandinn af okkar hálfu — lagt áherslu á að samningur af þessu tagi yrði gerður. Ég held því að ekki hafi þurft að koma nokkrum manni á óvart að að slíkum sáttmála sé unnið og að unnið sé að honum í því fari og með þeim hætti sem við gerum.

Ég ítreka að það er markmið ríkisstjórnarinnar að við endanlega gerð samningsins verði ákvörðunarréttur okkar sjálfra á samningssviðinu tryggður.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á ýmsan hátt er mjög eðlilegt að flestar þjóðir á meginlandi Evrópu hafi hag af að gera sáttmála af því tagi sem hér er verið að ræða. Hins vegar er mjög mikilvægt að við áttum okkur á því að sérstaða Íslands er afgerandi í þessum efnum. Hún felst í því að við erum um 260 þús. manna þjóð í landi sem á gífurlega miklar vannýttar orkulindir, orkulindir sem eiga eftir að verða mjög dýrmætar í framtíðinni þegar aðrar orkulindir hafa í för með sér vaxandi mengun. Sá sáttmáli sem hér er til umræðu felur í sér tilraun fulltrúa þessara ríkja til að ná ákveðinni málamiðlun, málamiðlun annars vegar milli þess sjónarmiðs að hver þjóð hafi forræði yfir sínum orkulindum og hins vegar þeirrar markaðskröfu að allar þjóðir eigi að hafa jafnan og frjálsan aðgang að orkulindum hver annarar. Við Íslendingar höfum allt frá sjálfstæðisbaráttu okkar talið það grundvallarþátt sem við mundum ekki víkja frá að við einir ættum í senn að hafa forræði og fullveldi yfir orkulindunum okkar og við einir ættum að hafa aðgang að því að virkja þær nema við kysum sjálfir að ákveða í einstökum tilvikum að hafa annan hátt á. Vandinn sem þessi sáttmáli, sem undirritaður verður á morgun, færir okkur í hendur felst fyrst og fremst í því að með undirrituninni er verið að gangast undir þá meginreglu að veita einnig öðrum þjóðum jafnan aðgang að nýtingu orkulindanna. Það kemur fram í erlendum blaðafrásögnum af þessari samningagerð að erfiðasti hnúturinn var að finna málamiðlun milli sjónarmiða sem við höfum hingað til talið að við ættum ekki að fara í neina málamiðlun um. Grundvallarreglan um frjálsan aðgang að orkulindum felur það í sér að þegar við værum búin að ákveða að byggja tiltekna virkjum hefðu útlendingar jafnan rétt á við okkur til að eiga virkjunina og reisa hana. Það er grundvallarsjónarmið sem við getum ekki fallist á. Við höfum verið sammála um það, allir hér á Alþingi, að útlendingar gætu ekki eignast rétt í okkar fiskimiðum í samningum um Evrópskt efnahagssvæði og við hljótum eins að fylgja þeirri grundvallarreglu að útlendingar geti aldrei fengið jafnan rétt á við okkur til að nýta orkulindirnar.

Það er rétt sem hér var sagt af hæstv. forsrh. að þetta er ekki lögformlegur samningur. Þetta er hins vegar sáttmáli um þær grundvallarreglur sem byggja á hinn lögformlega samning á. Ef það er undirritað án fyrirvara af Íslands hálfu hvað þetta snertir standa hinar þjóðirnar í góðri trú um það að við ætlum líka að fallast á grundvallarregluna um frjálsan markaðsaðgang að orkulindunum eins og kemur fram á bls. 4 í minnisblaði frá iðnrn. frá 11. nóv., sem sent var iðnn. og utanrmn., þar sem segir að rauði þráðurinn í þessari sáttmálagerð sé m.a. að veita frjálsan aðgang að orkulindunum.

Ég hef fengið í hendur texta af prótókoll sem þegar liggur fyrir í uppkasti og fylgja á þessum sáttmála sem lögformlegur gerningur. Í því uppkasti sem ég hef frá 6. sept. stendur að hvert aðildarríki skuldbindi sig til þess að sérhvert fyrirtæki, erlent sem innlent, hafi frjálsan aðgang að því að nýta orkulindirnar. Við töldum þess vegna mjög mikilvægt, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna á fundi utanrmn. á laugardag og í morgun, að það yrði gert alveg skýrt af Íslands hálfu að í fyrsta lagi ætluðum við okkur að sjálfsögðu fullt forræði og fullveldi yfir okkar orkulindum, og þarf í sjálfu sér ekki að taka það fram, en hins vegar áskildum við okkur líka rétt til að takmarka nýtingarréttinn á orkulindunum við Íslendinga eina. Það hefði verið mjög æskilegt að slíkur formlegur fyrirvari lægi skýrt fyrir, skrifaður, af hálfu Íslendinga við undirritun þessa sáttmála. Í þessum sáttmála og í samningagerðinni sem á að fylgja honum er verið að reyna að sætta sjónarmið þeirra ríkja sem eiga ekki orkulindir og hinna ríkjanna sem eiga orkulindir. Ríkin sem ekki eiga orkulindir vilja fá viðurkenningu á því að fyrirtæki frá þeim geti með frjálsum hætti fengið að nýta orkulindir hinna. Við Íslendingar getum ekki fallist á það frekar en við getum fallist á að erlendar þjóðir fái rétt og frjálsan aðgang til að nýta okkar fiskimið.

Ég tel þess vegna mjög gagnlegt að þessi umræða hefur farið fram. Ég tók eftir að hæstv. forsrh. lýsti sams konar skilningi á afstöðu Íslands og fram kom í upphafsræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Ég tel það af hinu góða vegna þess að ég tel það frumatriði í stjórnmálastarfi hér á Íslandi að við verðum áfram sammála um það, öll þjóðin, að við ætlum okkur ekki bara forræði yfir orkulindunum heldur ætlum okkur sjálfsagðan og ótakmarkaðan rétt til handa okkur einum til að nýta orkulindirnar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sú hugsun hvarflar að mér við að hlýða á þessa umræðu að kannski séu menn hér að búa til að óþörfu ágreining um mál sem enginn ágreiningur er um.

Fyrsta spurning væri þessi: Er iðnrh. að undirrita einhvern samning með skuldbindandi hætti á morgun án þess að málið hafi fengið eðlilega umfjöllun hér heima? Svar við því er nei. Iðnrh. er ekki að undirrita neinn samning. Hann er að undirrita pólitíska stefnuyfirlýsingu sem hefur átt sér alllangan aðdraganda. Orkusáttmáli Evrópu, þessi pólitíska stefnuyfirlýsing, á rætur að rekja til tillagna sem hollenski forsætisráðherrann hreyfði fyrstur manna, en það var í Parísaryfirlýsingu leiðtoga Evrópuríkja, þegar Parísarsáttmálinn var undirritaður, RÖSE svokallaður, sem leiðtogar Evrópu skoruðu á aðildarþjóðirnar að sameinast um slíkan sáttmála. Undir þessa Parísaryfirlýsingu ritaði þáv. hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og sá sem hér stendur, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Nú er það ekki annað en hvatning til þess að gera slíkan sáttmála og ég tek fram að það er auðvitað ekki með neinum skuldbindingum um það að taka hverju sem er í sáttmálanum. En aðalatriðið er þetta: Það er ekki verið að undirrita neinn samning. Það er sýnt að áður en að því kemur munu líða margir mánuðir, a.m.k. hálft ár, og nægur tími gefst til þess að fara ofan í saumana á öllum slíkum skuldbindingum.

Annað mál: Hafa stofnanir Alþingis verið sniðgengnar í málinu? Svarið við því er nei. Málið var kynnt með eðlilegum hætti og allítarlega, bæði fyrir iðnn. og utanrmn., 11. nóv. Það hefur reyndar komið á dagskrá í umræðum á Alþingi þótt það væri af öðru tilefni, þ.e. í orðræðum milli iðnrh. og hv. 4. þm. Austurl. *í tilefni af umræðum um jarðhitaréttindi.*

Þriðja spurning: Er þá, í þessari pólitísku stefnuyfirlýsingu, ágreiningur uppi um það hvaða fyrirvara við Íslendingar ættum að setja? Svarið við því er: Ég held ekki. Og ég segi það einlæglega: Ég held ekki eftir að *hafa hlýtt á rækilega umræðu um málið í utanrmn.* Og hvers vegna segi ég það? Ég segi það vegna þess að í þeirri ræðu sem iðnrh. hefur nú þegar flutt koma þessir fyrirvarar mjög rækilega til skila. Hann segir, í lauslegri íslenskri þýðingu minni, með leyfi forseta, á þessa leið: Við teljum fullveldi ríkisins og sjálfsforræði þess yfir orkulindunum vera hyrningarstein þess samstarfs milli þjóða um orkumál sem nú stendur fyrir dyrum. — Er hægt að kveða fastar að orði?

Þá er næsta spurning: Já, en er verið að opna fyrir frjálsan aðgang erlendra fyrirtækja að orkulindunum? Svarið við því er aftur: Nei, það er ekki verið að því. Hvernig má það vera? Jú, það liggur alveg fyrir, og það er nýlegt, að þessi regla um að ekki megi mismuna samningslöndunum, sem eru öll Evrópuríki fyrir utan páfastól og San Marínó — hvernig er hún túlkuð? Hún er túlkuð þannig að þetta þýði bestukjaraviðskiptakjör samkvæmt GATT-reglum varðandi viðskipti með orkumál og er fyrir þjóð sem horfir til framtíðar sem meiri háttar útflytjandi orku afar þýðingarmikil réttindaklásúla. Hvað þá með frjálsan aðgang að auðlindinni? Þar segir einfaldlega að þetta sé lágmarkskrafa. Síðan má semja um svokallað „national treatment" sem þýðir að það er á valdi íslenskra stjórnvalda ef við viljum stíga lengri skref, þ.e. taka mismununarregluna í næsta áfanga, að leyfa einhverju erlendu fyrirtæki að njóta sömu kjara og íslensk.

Það kom fram í máli hæstv. fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar að hann hefði óskað eftir því að iðnrh. léti koma mjög skýrt fram í ræðu sinni hver væri núverandi skipan mála í orkugeiranum hér á landi, þ.e. að það eru ríki og sveitarfélög, með fáeinum undantekningum, sem eiga orkulindirnar og nýtingarréttinn, og að ekki væru uppi áform um að breyta því. Þessum skilaboðum var komið áleiðis til hæstv. iðnrh. og hann breytti texta ræðu sinnar til að koma til móts við þessi sjónarmið. Hins vegar kom einnig fram í máli hv. þm. Steingríms Hermannssonar að hann taldi það ekki nægilega skýrt gert. En svona til þess að draga saman aðalatriðin: Ég held að um þetta mál sé enginn ágreiningur. Ég held það sé enginn ágreiningur um það að við ætlum okkur að halda alveg ótvíræðu forræði okkar yfir orkulindunum. Þessi samningur mun ekki breyta neinu um það. Og í annan stað: Við ætlum okkur að ráða því sjálfir hvort við göngum svo langt í samningum sem eru marga mánuði fram undan að gera einhverjar breytingar á núverandi skipan mála. Ég held að um þetta sé enginn ágreiningur.

Til að staðfesta það minni ég á að þann 19. nóv. fór fram umræða um þetta mál hér á hinu háa Alþingi vegna þess að hv. 4. þm. Austurl. spurði þá iðnrh. sérstaklega um stöðu þessa máls. Þá svaraði iðnrh. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ég vil líka taka það fram vegna þess sérstaka efnahagsatriðis sem þingmaðurinn nefndi að ég hef beitt mér fyrir því á vettvangi orkuráðherra Norðurlanda og sérstaklega með samstarfi við orkuráðherra Noregs, ... að Norðurlöndin stæðu saman um að gera mjög ákveðna kröfu um það að í þessari sáttmálayfirlýsingu, sem menn eru að stefna að að ljúka fyrir áramót, komi *fram mjög skýr ákvæði um fullveldi aðildarþjóða* yfir orkulindum sínum. Þessi fullveldisfyrirvari, sem ég kalla svo, hefur fengið góðan stuðning í röðum Norðurlandamanna. Áformað er að standa sameiginlega að því á þessum vettvangi. Hina hliðina á málinu, aðgang okkar að mörkuðum Evrópu fyrir orku og orkufrekar afurðir og þátttöku í orkurannsóknum á Evrópugrundvelli, tel ég ákaflega mikilvæga fyrir framtíðarþróun orkubúskapar á Íslandi. Reyndar getur þetta líka skipt miklu máli fyrir möguleika Íslendinga til að selja ráðgjöf og þekkingu í orkumálum til ríkjanna nýfrjálsu í Austur-Evrópu."

Að fengnum þessum svörum svarar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson á þessa leið, með leyfi forseta: „Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingar bæði varðandi frumvarpsgerð og orkusáttmála Evrópu. Ég vil geta þess að ég átti fund ásamt öðrum þingmanni úr efnahagsnefnd Norðurlandaráðs í Evrópuþinginu í Strassborg 24. okt. sl. um þennan orkusáttmála og viðhorf manna þar til þessa máls og hef í fórum mínum nokkur gögn sem tengjast þessu og gætu orðið til stuðnings fyrir þingnefnd við athugun málsins.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði og ég fagna því að hann nefnir sérstaklega fullveldisfyrirvara varðandi þetta efni. Því það er einmitt það atriði þessa

máls sem ég hef helst athugasemdir við að gera og nokkrar áhyggjur af, eins og textar hafa legið til þessa, og vakti athygli á því á orkuráðstefnu á Holmenkollen í Osló 13. og 14. okt. sl."

Virðulegi forseti. Ég held ég þurfi ekki að segja meira um þetta mál. Ég held að um þetta sé enginn ágreiningur.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Enn einu sinni er iðnrh. farinn til útlanda til að skrifa undir eins og allir vita að hann hefur sérstaklega gaman af. Í þetta sinn ætlar hann að skrifa undir pólitíska stefnuyfirlýsingu, eins og það hefur verið kallað, um orkusáttmála Evrópu. Það má vel vera að hægt sé að túlka það svo að enginn ágreiningur sé um þetta mál. Þó finnst mér, þegar ég les í gegnum þessa texta, að það sé ekki alveg með þeim hætti þó að auðvitað voni ég að það verði fært til betri vegar þannig að allir geti orðið sammála.

Því hefur verið haldið fram að eðlilegt samráð hafi verið haft hér á Alþingi varðandi þessi mál. Ég get ekki fallist á að það hafi verið alveg eðlilegt þó að það hafi auðvitað verið eitthvað. Þann 12. nóv. komu tilkynningar frá ráðuneytinu, þessi drög að sáttmála eða slitrur vil ég frekar kalla þau. Ef eitthvað eru slitrur, þá eru þetta slitrur því þetta var allt í fyrirvörum. Þetta voru margar greinar en eilífir fyrirvarar og verið að athuga þetta mál og hitt málið þannig að ómögulegt er að segja að það sem við fengum þá hafi verið endanlegt, enda var það sent nefndinni einungis til kynningar og okkur bent á að við gætum fengið afrit af þessum sáttmála ef okkur sýndist svo. Það útvegaði ég mér og ég fékk það þann 20. nóv. Síðan var það tekið fyrir á fundi iðnn. á miðvikudaginn var, 11. des. Þá mættu á fund nefndarinnar fulltrúar iðnrrn. og m.a. Jakob Björnsson sem hefur tekið þátt í undirbúningi þessa sáttmála. Á þeim fundi fengum við plagg sem átti að vera eitthvað meira unnið frá iðnrn., á ensku að vísu, þannig að við urðum auðvitað að hafa hraðar hendur við að lesa það sem þar kom fram og get ég ekki skilið að nokkur hafi ætlast til þess að iðnn. tæki afstöðu til þessa plaggs á þeim fundi, enda var ekkert farið fram á það.

Við sem þar vorum reyndum samt að krafsa okkur í gegnum þetta plagg og gerðum ýmsar athugasemdir. Það var m.a. gerð athugasemd og spurt um atriði eins og t.d. þetta sem ég vil fá að lesa hér, með leyfi forseta, þegar talað er um á hvaða grunni þetta eigi að byggjast: „Það er byggt á reglunni um jafnræði og verðmyndun á markaðsgrundvelli." Síðan segir: „Í þessu skyni og í samræmi við þessar grundvallarreglur munu þeir grípa til aðgerða á þeim sviðum sem hér segir," — og þegar talað er um „þá" eru það þeir sem að þessum samningi standa — „tryggja aðgang að orkulindum, könnun þeirra, virkjun og nýtingu á viðskiptalegum grundvelli."

Nú er því haldið hér fram að mismuna megi eftir þjóðerni. Síðar í þessum sama sáttmála segir hins vegar að þeir sem eru aðilar að honum takist á hendur að auðvelda þeim orkuframleiðendum sem áhuga hafa aðgang að orkulindum og virkjun þeirra. Í þessu skyni muni þeir tryggja að reglur um öflun eignarréttar á orkulindum, könnun þeirra og virkjun séu almennt tiltækar og gegnsæjar. — Síðar segir: „Í því augnamiði að auðvelda virkjun orkulinda og stuðla að margbreytni í vali á þeim takast undirskrifendur sáttmálans á hendur að forðast að setja reglur sem mismuna þeim sem reka orkumannvirki, sérstaklega reglur er lúta að eignarhaldi á orkulindum."

Ég veit ekki hvernig er hægt að lesa í þennan texta. Mín íslenska segir mér að það sem þarna stendur sé mjög skiljanlegt. Síðan fáum við í hendur texta þar sem því er haldið fram að hægt sé að skilja þetta svona og svona, en ég get ekki skilið þennan texta nema á einn veg. Ég fagna því að það er enginn ágreiningur hér uppi, ef það er rétt, en þá þarf líka að breyta þessum texta allverulega ef hægt á að vera að fallast á hann.

Það kom líka fram á fundi iðnn. um það sem segir í fyrsta kaflanum um markmið, að innan ramma fullveldisríkja og fullveldisréttar þeirra á orkulindum sínum o.s.frv. — það vefst að vísu fyrir mér að þýða það. Jakob Björnsson upplýsti að í upphafi verið talað um annan texta í þessu sambandi. Þá vildu þeir, hinir sem að þessum sáttmála ætluðu að standa, túlka þann texta á þann veg að þá væri ríkjum ekki heimilt að hafa einokun. Ég veit ekki betur en að við séum einmitt með ríkiseinokun hér á virkjun orkulinda og ef ekki verður hægt að fallast á það að setja þetta orðalag inn á þeim forsendum getur maður ekki skilið þennan texta öðruvísi en að okkur sé ekki heimilt að hafa það fyrirkomulag sem við höfum núna. Ég átta mig því ekki alveg á því hvar þetta mál er statt.

Ég er ósátt við ýmsa fleiri þætti í þessum sáttmála sem ég hef ekki komið á framfæri áður. T.d. finnst mér umhverfisþátturinn mjög veikur. Þess vegna er margt sem þarf að athuga í þessu máli áður en hægt er að undirrita þennan sáttmála. Ég túlka orð bæði hæstv. forsrh. og hæstv. umhvrh. á þann veg að þeir séu sammála þeim fyrirvörum sem við höfum nú gert og teljum að verði að vera mjög skýrir af okkar hálfu ef við eigum að geta undirritað samninginn. Ég vil mótmæla því sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. í Ríkisútvarpinu í gær þar sem hann segir að iðnn. þingsins hafi fjallað um þetta mál í vikunni — það er að vísu alveg rétt — og „hafi ekki gert athugasemdir við að við tækjum þátt í þessu með þeim hætti sem hann hafi lagt til og ríkisstjórnin hafi samþykkt." Þetta er orðrétt eftir honum haft, með leyfi forseta.

Mér þykir þetta mjög einkennileg túlkun hæstv. iðnrh. á umfjöllun iðnn. — hann var að vísu ekki viðstaddur þar sjálfur en einhvers staðar hefur hann fengið þær upplýsingar að við höfum fallist á þetta án athugasemda. Ég held að fleiri geti staðfest að margir höfðu uppi athugasemdir, ekki ég eingöngu og aðrir miklu meiri athugasemdir en ég. Það er því algjör rangtúlkun af hálfu hæstv. iðnrh. að segja að við höfum fallist á þennan sáttmála eins og hann liggur nú fyrir. Þess vegna koma yfirlýsingar hæstv. forsrh., um að hann geti mjög vel fallist á það sem kom fram í

máli hæstv. frummælanda, mjög mikið á óvart. Hins vegar fagna ég því mjög og ég er mjög ánægð að heyra það og reikna með að þessu verði breytt til betri vegar.

Í þessu sambandi bendi ég samt á að í sama viðtali við hæstv. iðnrh. í gærkvöldi spyr fréttamaðurinn, Ingimar Ingimarsson, með leyfi forseta: „En opnar þessi sáttmáli að einhverju leyti á möguleika erlendra aðila til þess að fjárfesta í orkufyrirtækjum á Íslandi?“ Jón Sigurðsson iðnrh. svarar: „Það má segja það að hann geri það.“ Það passar því ekki alveg við þær yfirlýsingar sem hér hafa komið. Ég vona að þá sé það ekki rétt hjá hæstv. iðnrh. sem hann segir í þessu viðtali.

Það sem mér finnst skipta máli er að haft sé eðlilegt samráð við þingið um þennan sáttmála því að það er alveg greinilegt að margt í honum orkar mjög tvímælis og þarf nánari athugunar við. Ég tel því eðlilegt að bæði iðnn. þingsins sem og utanrmn., sem lögum samkvæmt á að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, fjalli um þennan sáttmála og fari ofan í þau ákvæði hans og breyti þeim eða geri þá fyrirvara sem Íslendingar vilja gera til þess að þeir geti fallist á það sem í honum felst.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs sérstaklega vegna þeirra ummæla sem hæstv. iðnrrh. hefur látið frá sér fara varðandi iðnn. og umfjöllun hennar í þessu máli. Niðurstaða iðnn. var ósköp einfaldlega þessi, með leyfi forseta: Rætt var um hvort iðnn. mundi skila áliti til iðnrn. var niðurstaðan sú að svo yrði ekki. Iðnn. leit með öðum orðum þannig á að hér væri um að ræða verkefni utanrmn. en ekki iðnn. af því að hér er um að ræða alþjóðleg samskipti sem utanrmn. á að fjalla um.

Aðeins varðandi efni málsins að öðru leyti. Ég verð að segja að það er mjög sérkennilegt að heyra yfirlýsingar hæstv. forsrh. núna, sem ég þakka út af fyrir sig fyrir, miðað við það sem sagt var í iðnn. Þar var fullyrt af embættismönnum iðnrn. að ekki mætti mismuna á grundvelli þjóðernis í neinu tilviki, en forsrh. sagði að ekki mætti mismuna á milli manna af öðrum þjóðernum, en það mætti mismuna annars vegar á milli Íslands og hins vegar manna af öðrum þjóðernum.

Ég lít þannig á eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. að það sé hún sem standi, að Íslendingar geti út af fyrir sig ekki mismunað mönnum eða fyrirtækjum af öðrum þjóðernum, en þeir geti þrátt fyrir yfirlýsingarnar hér mismunað á milli Íslands og annarra þjóðerna. Ef þessum skilningi mínum verður ekki mótmælt lít ég svo á að yfirlýsing hæstv. forsrh. standi í þessu efni. Mjög mikilvægt er að það sé á hreinu vegna þess að þegar þessi sáttmáli var til meðferðar á sínum tíma lögðu fulltrúar Íslands og Noregs til breytingu á inngangskafla sáttmálans þar sem gert var ráð fyrir að inn kæmi orðið „varanlegur“ þannig að þessum málum væri svo og svo fyrirkomið á grundvelli „varanlegs“ fullveldis ríkja. En þetta orð, varanlegur, — „permanent“ — var strikað út í meðferð málsins og Íslendingar féllust á það (Gripið fram í.) og Noregur einnig. Því er í raun og veru óhjákvæmilegt að ræða málið hér vegna þess að þarna hafa Ísland og Noregur bersýnilega gefið eftir en ég skil það svo að forsrh. og utanrrh. séu á þessum fundi að ítreka að þrátt fyrir þessa eftirgjöf sé það skoðun íslenskra stjórnvalda að þessi viðhorf eigi að standa. Og af þessum ástæðum vil ég leyfa mér að leggja það til, virðulegi forseti, að utanrrh. sjái til þess að sú umræða sem hér fer fram í dag, ekki síst yfirlýsingar fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna og hæstv. forsrh., verði sendar utan og afhentar þeim þjóðum sem eru að skrifa undir þessi sáttmáladrög ásamt okkur. Og ef hæstv. utanrrh. á erfitt með að gera það þá er auðvitað velkomið að taka það að sér að koma þessu á framfæri með öðrum hætti við hæstv. iðnrh.

Ég tel ánægjulegt og nauðsynlegt að þessi umræða hefur farið fram. Það er satt að segja mjög nauðsynlegt. Það er mjög nauðsynlegt að koma þessu á framfæri. Það er auðvitað ekki nýtt að iðnrh. hafi gaman af því að skrifa undir. Undirskriftir hans hafa þann góða eiginleika, sem var kallaður löggublek í minni bernsku, að vilja gufa upp þegar líður á og verða þá kannski gagnsminni en margt annað. Sumir kalla þessar yfirlýsingar í seinni tíð undanrennuduft. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Aðalatriðið er að hér virðist vera breið pólitísk samstaða um það meginmál að Íslendingar eigi einir að ráða sínum orkulindum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða er afar þýðingarmikil. Hún er mikilvæg vegna þess að hér fær Alþingi fréttir af því sem stendur til í dag og er e.t.v. þegar afstaðið, að undirrita sérstakan sáttmála Evrópuríkja varðandi orkumál. Hún er einnig mikilvæg vegna þess að hér er Alþingi að skýra fyrir sjálfu sér afstöðu til þessa máls. Að vísu er þessi umræða nokkuð seint á ferðinni en hún er engu að síður þýðingarmikil.

Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað og lýst yfir ánægju með viðhorf hæstv. forsrh. og skilningi á eðli þessa máls. Ég segi þetta vegna þess að það var og er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af framvindu málsins. Þessi sáttmáli sem hæstv. ráðherra er að undirrita fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar, því hann gerir það ekki fyrir hönd Alþingis eða með staðfestingu þess, hefur að geyma ákvæði sem vel gætu leitt inn á farveg sem opni fyrir aðgang útlendinga að náttúruauðlindum Íslands, orkuauðlindum Íslands, ef reglurnar um að mismuna ekki einstaklingum og fyrirtækjum eftir þjóðerni færu í sama farveg og reynt er að gera varðandi fjölmargt innan Evrópsks efnahagssvæðis. Og það er í samhengi við það mál sem við þurfum að hafa í huga þegar við erum að skipta við Evrópuaðila, Evrópubandalagið ekki síst, í þessum efnum.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að ég hef nefnt þetta mál í umræðum á Alþingi áður og ég hef rætt þessi mál á norrænum vettvangi sem einnig hefur komið hér fram. Það vildi svo til að ég átti eintak af drögum af þessum sáttmála frá 18. júlí sl. sem ekki var í höndum annarra þar, rakti það mál og lýsti áhyggjum mínum yfir því efni. Þessi gögn, þessi sáttmáli er

runninn undan rifjum Evrópubandalagsins og framkvæmdastjórn þess hefur haft alveg sérstaka hönd í bagga þannig að við þurfum ekkert að vera undrandi þó að hér minni margt á ákvæði sem við þekkjum vel úr drögum að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það er það sem við þurfum að hafa auga á við frekari framvindu málsins. Hv. utanrmn. hefur fengið gögn sem varðar þetta og það hefur verið vitnað í þau í þessari umræðu og ég tek undir þær áhyggjur sem fram hafa komið í máli manna, frummælanda sem annarra, út af þessu máli. Alþingi og nefndir þingsins þurfa að fylgjast með framvindunni mjög náið því að þetta er aðeins upphafsskref að mörgum sem ætlunin er að stíga í framhaldi af undirritun þessa sáttmála sem á að geta af sér bindandi yfirlýsingar og ákvæði sem liggja þegar fyrir í drögum að nokkru leyti.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á — hér mun hafa verið samið um að flokkarnir fengju ákveðinn tíma, hvað hef ég langan tíma? (**Forseti:** Tvær mínútur, hv. þm.) Já, það hefur verið samið um það að ég skuli tala í tvær mínútur. Ég skal reyna það.

Ég er þá að hugsa um að sleppa umræðu um þennan ákveðna samning en benda hv. þm. á að það er vart að treysta því sem utanrrn. upplýsir hv. þm. um. Og ég ætla að sanna það mál mitt hér að þessu gefna tilefni.

Mér barst í hendur fréttatilkynning frá utanrrn. um ráðherrafund EFTA þar sem Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., sat fund og fundinum stýrði Pertti Salolainen utanríkisviðskiptaráðherra Finnlands. Ég sat ekki þann fund en hann fór fram 10. des. sl. og hann er áhugaverður vegna þess að þar er í yfirlýsingu ráðherra Fríverslunarsamtaka EFTA í Genf 10.–11. des. 1991 sagt í þriðja atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„EES gerir öllum EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í innri markaðinum frá upphafi. Óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutningar og atvinnu- og búseturéttindi auk styrkara og víðtækara samstarfs að jaðarmálefnum munu ekki einungis stuðla að jákvæðu framlagi til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, verndunar umhverfisins og hagsældar heldur einnig hlynna að samskiptum Evrópubúa og þannig efla evrópska samkennd."

Hæstv. forseti. Í 4. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherrarnir gerðu ráð fyrir að upplýsingaskiptum innan EB varðandi ákveðna lagaþætti innan EES-samningsins yrði lokið eins fljótt og mögulegt væri þannig að hægt yrði að undirrita samninginn fljótlega eins og frá honum var gengið með samkomulagi ráðherra í Lúxemborg og að hann geti tekið gildi 1. jan. 1993."

Daginn áður höfðum við, m.a. ég og þrír aðrir hv. þm., setið fund í Strassborg, daginn fyrir þessa bjartsýnisyfirlýsingu hæstv. ráðherra. Í 18. gr. er sagt svo frá þeim fundi, en það vill svo til að þann fund sat ég, með leyfi forseta:

„Ráðherrarnir áttu fund með þingmannanefnd EFTA," þ.e. meðal annars okkur, „og veittu athygli skýrslum um undirbúningsstarf hennar og hliðstæðrar nefndar Evrópuþingsins um framtíðarsamvinnu þeirra í sameiginlegri þingmannanefnd EES. Þeir fögnuðu hinni auknu samvinnu milli þingmannanefndar EFTA og þingmanna frá Ungverjalandi, Póllandi og Tékkóslóvakíu."

Það sem gerðist á þessum fundi var þetta: Sjálfur de Clercq opnaði fundinn með því að lýsa því yfir að hann hefði ýmislegt við 106. gr. samningsins að athuga og lagðist nú þögn yfir salinn. Sjálfur Pertti Salolainen, sem sat fundinn með hæstv. utanrrh. daginn eftir, lýsti því yfir að hann hefði þungar áhyggjur af að ekkert yrði af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það sagði hann daginn áður en fundur hæstv. utanrrh. var haldinn. Það er í stuttu máli, hæstv. forseti, ekki sannleikskorn í þessu bréfi frá hæstv. utanrrh. og ég segi að þessu gefna tilefni og í tilefni af ræðu hv. 15. þm. Reykv. — ég er sjálfsagt jafnilla læs og hún — ef jafnmikið er að marka þær upplýsingar sem við höfum fengið hér í dag og er að finna í þessari fréttatilkynningu upp á fimm síður, þá bið ég hv. þm. að vara sig.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan. Hann sagði mjög skýrt að hann fyrir sitt leyti gæti fallist á þann fyrirvara sem ég óskaði að yrði settur í ræðu hæstv. iðnrh. og ég lýsti í ræðu minni fyrr. Ég er þakklátur þessu og tel að enn þá sé hægt að bæta úr með því að gera þann fyrirvara skriflega við undirskriftina í fyrramálið og vil beina því til hæstv. forsrh. hvort hann vilji ekki koma þessu á framfæri til hæstv. iðnrh., þá væri málið leyst.

Ég get hins vegar ekki verið sammála túlkun hans á bestu meðferð, hygg ég að það sé kallað á íslensku, „most favoured treatment". Ég vek athygli á því að við Íslendingar höfum gert samninga um bestu meðferð í viðskiptum við fjölmargar þjóðir og það hefur ætíð verið túlkað svo að þá megum við ekki veita innlendum fyrirtækjum betri meðferð en erlendum. Ég vek athygli á því t.d. að það hafa verið deilur við Evrópubandalagið út af slíku og við höfum orðið að gæta okkur á því að setja ekki meiri gjöld á innflutning en á okkar eigin framleiðslu. Og ég lít svo á að með bestu meðferð séu þessar 36 þjóðir að undirgangast það að fyrirtæki fái í heimalandi hverrar þjóðar, þó að þessi fyrirtæki séu erlendis, eins góða meðferð eins og fyrirtæki í því sama landi.

Ég vil einnig þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa komið ósk minni á framfæri við hæstv. iðnrh. og eins og hann lýsti henni áðan þá er ég fullkomlega sáttur við hvernig hann hefur orðað þetta og ég reyndar hef litið svo á að hann væri sáttur við að hafa slíkan fyrirvara. Ég get hins vegar alls ekki lýst ánægju minni með það sem hæstv. iðnrh. hefur sett í sína ræðu og kom að nokkru fram í orðum hæstv. utanrrh. hér áðan. Iðnrh. lýsir að vísu hve mikilvægar þessar orkulindir séu Íslandi og hvað Ísland sé lítið, efnahagslíf landsins lítið o.s.frv. og með tilliti til þessa lýsir hann yfir ánægju sinni með fullveldisviðurkenninguna og þessum bestukjarasamningum. Það má að vísu segja að það

er alltaf gott að fá viðurkenningu á fullveldinu. Við getum þá væntanlega treyst því að þessar 35 þjóðir hirði ekki af okkur orkulindirnar með valdi. Þær eru búnar að undirstrika það að þær viðurkenni fullveldi Íslands og viðurkenni meira að segja forráð Íslands yfir orkulindunum. Ekki ætla ég að gera lítið úr þessu. Ég vil þakka það.

En ég hef allt annan skilning á því atriði þar sem lofað er að veita öðrum jafnan aðgang að þessum orkulindum alveg eins og með bestukjarasamningana sem við höfum svo mörg fordæmi fyrir. Og ég vek athygli á því að t.d. í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði, sem að vísu eru nú uppi í vindinum eða hvað við eigum að kallað það, þar var að sjálfsögðu ekki bara tekið fram að við Íslendingar áskildum okkur ætíð full yfirráð yfir sjávarútvegsauðlindum okkar, fiskimiðunum, heldur var líka tekið skýrt fram að við gætum ekki fallist á fjárfestingu erlendra aðila í þessum auðlindum og ég hef lýst ánægju minni með að hæstv. utanrrh. hefur náð þessu fram í þessum samningum. Það er ekki bara að þar séu yfirráðin viðurkennd heldur var talið nauðsynlegt af hæstv. utanrrh. að fá það staðfest að erlend fjárfesting væri ekki leyfð í þessum auðlindum. Hér er um mjög keimlík atriði að ræða og í raun og veru alveg samhljóða. Við höfum viðurkenningu á fullveldinu og forræði okkar yfir auðlindunum. Okkur vantar viðurkenningu á því að það sé á okkar valdi hverjir fjárfesti í þessum auðlindum. Ég hef þó teygt mig svo langt, sem ég er ekki alveg rólegur yfir, ég skal viðurkenna það, að þetta ákvörðunarvald okkar nái til þess að við getum haldið því sem nú er og áskilið okkur rétt til þess að ríki og sveitarfélög ein fái rétt til þess að fjárfesta í þessum orkulindum.

Sem sagt, ég hef sætt mig við að erlent fyrirtæki geti fengið að fjárfesta þar í ef hlutafélögum er á annað borð leyft það í trausti þess að við höldum þessu sem við höfum hingað til haft þrátt fyrir hvítu bók ríkisstjórnarinnar að í raun verði þetta einkaréttur ríkis og sveitarfélaga. Skárra væri að sjálfsögðu að hafa þann fyrirvara að við áskiljum okkur rétt til að ákveða að engir erlendir aðilar geti fjárfest í okkar orkulindum. Hins vegar má kannski ímynda sér að hér finnist einhvern tíma olía og þá kunni að koma til greina að veita erlendum olíufyrirtækjum heimild til þess að virkja þá orkulind.

Mér fannst satt að segja hæstv. utanrrh. gera óþarflega lítið úr undirskrift hæstv. iðnrh. í þessu sambandi. Ég tel hana afar mikilvæga þegar að baki liggur samþykkt ríkisstjórnar. Og hvort sem menn vilja kalla þetta pólitíska yfirlýsingu eða annað, þá er hún mikilvæg því að ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar er að undirskrifa pólitíska yfirlýsingu, stefnuyfirlýsingu í orkumálum sem felur það m.a. í sér, og er margtekið fram í því sem hér hefur verið farið yfir, að veita frjálsan aðgang að nýtingu þessara orkulinda. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherrar meti orð sín það mikils að mark beri að taka á þeim. Mark beri að taka á því sem hæstv. iðnrh. er að undirrita.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög og reyndar er tími minn að verða útrunninn. En hæstv. utanrrh. nefndi hygg ég áðan að í fyrstu gögnum sem við fengum frá 11. nóv. er tekið fram að Ísland og Noregur geti ekki fallist á frjálsa nýtingu orkulindanna. Þetta er mjög athyglisvert og reyndar tók ég eftir þessu strax og ég fékk þessi gögn og leit svo á að þar væri reyndar fyrirvari sem ég gæti sætt mig við. Hins vegar hef ég nú farið í gegnum öll gögnin, allt sem á eftir hefur komið og allt fram í það sem við fengum núna í hendurnar fyrir örfáum dögum og ég sé ekki að þessu hafi á nokkurn máta verið náð fram og alls ekki með því að viðurkenna fullveldi þjóðarinnar. Ég hef hugleitt það síðan og vísa til þess sem kom fram á fundi utanrmn. sl. laugardag, þar kom fram hjá þeim sérfræðingum eða embættismönnum, sem í þetta mál hafa verið valdir, að Norðmenn hafi ekki áhyggjur af sínu vatnsafli. Og það er skiljanlegt því að þeir hafa þegar nýtt hagkvæmasta vatnsaflið og gera ekki ráð fyrir að aðrir leiti í það. Hins vegar hafa þeir þegar veitt erlendum aðilum aðgang að olíulindunum. Það eru mörg stór olíufyrirtæki sem núna virkja olíulindir Norðmanna.

Ég tel hafa verið afar nauðsynlegt að fá fram þessar yfirlýsingar sem hér hafa komið, sérstaklega frá hæstv. forsrh. Ég vil hins vegar lýsa því að ef ekki fæst svona fyrirvari settur við undirritunina þá hlýt ég að leggja fram till. til þál. þar sem Alþingi er beðið að taka af skarið og lýsa vilja sínum í þessum málum.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Það er auðvitað alveg ljóst að hér er einungis á ferðinni pólitísk viljayfirlýsing, það er ekki verið að gera neina lagalega bindandi grunnsamninga. Það er líka ánægjulegt að í máli manna hér í dag hefur komið í ljós að ekki er um neinn ágreining að ræða. En varðandi þann þátt sem hér hefur verið ræddur um meðferð þingsins á þessu máli þá vil ég að það komi fram að það er með engu móti hægt að kvarta undan því að iðnrh. hafi ekki haft fullt samráð við nefndir.

Ég vil skýra frá því að við í iðnn. fengum send gögn strax 10. nóv. þar sem greint var frá þeirri vinnu sem þá hafi farið fram og þar var jafnframt plagg sent sem gerði grein fyrir helstu dráttum sem þá voru komnir fram. Og ríkáhersla var lögð á að hluti af þeim rauða þræði sem ætti að vefa í gegnum þennan samning væri m.a. það að fullveldi ríkja yfir eigin orkulindum væri á engan hátt skert. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að í iðnn. var ekki tekin nein afstaða. Formaður kaus, með samþykki allra nefndarmanna, að leggja þetta fram einungis til kynningar. Við fengum til ráðslags fjóra heiðursmenn sem svöruðu öllum þeim spurningum sem fram komu, að ég hugði, fullnægjandi fyrir alla aðila.

Ég vil að lokum ítreka það og tel það nauðsynlegt vegna ummæla hv. þm. Svavars Gestssonar, að með engu móti var hægt að segja að afstaða og úrskurður eða vinna iðnn. að þessu máli fæli í sér að verið væri að lýsa því yfir að utanrmn. ætti að vinna eitthvað sérstaklega að þessu máli. Það vildi ég sérstaklega að

kæmi fram vegna þess að ekki var orði á það eytt í nefndinni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eftir þessa umræðu held ég að við þurfum helst að skerpa skilning okkar á tveimur atriðum. Hið fyrra er: Er forræði okkar yfir orkulindunum tryggt eða ekki? Það heyrist stundum í máli þingmanna að þeim þykir valt að treysta orðum íslenskra ráðherra en þeir styrkjast stundum í trúnni ef þeir heyra það frá erlendum ráðherrum. Í minnisgrein frá iðnrn., þar sem lýst er samstarfinu innan Norðurlanda á þessum vettvangi, segir svo, með leyfi forseta: „Norræna embættismannanefndin um orkumál fjallaði um þetta 29. nóv. sl. og staðfestu fulltrúar allra landanna að sú lausn sem náðist í því máli væri vel viðunandi, þ.e. þar sem skýrt væri tekið fram að yfirráð ríkja yfir orkulindum sínum séu tryggð."

Þetta er sameiginlegur skilningur fulltrúa Norðurlanda á þessum sáttmála og geta menn þá náttúrlega valið hvort þeir telja að þessir aðilar fari allir með einhverjar vísvitandi blekkingar eða ekki.

Spurning númer tvö er þessi: Felst það í orkusáttmálanum að þar sé opnað fyrir frjálsan aðgang að orkulindum? Svarið við því er að það felst að sjálfsögðu ekki í þessari pólitísku yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. er að undirrita. Í henni felst engin pólitísk skuldbinding. En þá er spurningin sú — og þetta varðar seinna atriðið sem hv. 7. þm. Reykn. fjallaði um áðan: — Hvað merkir jafnræðisreglan eða ekki — mismunarreglan í þessum samningi?

Það vill svo til, og það er tiltölulega nýlegt, að búið er að upplýsa hvað hún merkir. Í skjali sem kynnt var í utanrmn. í morgun og er frá stofnun orkusáttmálans, þ.e. skrifstofu sem vinnur að þeim undirbúningi, segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar aðildarlandanna lýsa þeim skilningi sínum í samhengi Evrópska orkusáttmálans að reglan um ekki — mismunun, eða jafnræðisreglan, þýði bestu kjarakjör sem lágmark." — Bestu kjarakjör sem lágmark. — Hún þýðir með öðrum orðum ekki ótakmarkaðan aðgang erlendra aðila að auðlindum. Hún þýðir að milli hinna samningsaðilanna verðum við á gagnkvæmnisgrundvelli að bjóða bestu kjör. Við megum hins vegar mismuna aðilum sem ekki eru aðilar að þessum samningi.

Hins vegar segir hér í beinu framhaldi: „National treatment" — það vefst nú fyrir mér að þýða það nákvæmlega — „hana má semja um í fylgiskjölum við grunnsamninginn." En hvað þýðir hún? Hún þýðir að við getum tekið ákvörðun um það sjálf ef við á annað borð afnemum ríkisrekstur, einokun og heimilum stofnun einkafyrirtækis til að nýta okkur auðlindir. Þá getum við samið um það að heimila erlendum fyrirtækjum að keppa þar á jafnréttisgrundvelli. En kjarni málsins er þessi: Forræðið er alveg tryggt og það er á okkar valdi sjálfra hversu langt við göngum í þessum samningi, þ.e. hvort við opnum fyrir svokallað „national treatment".

Ekki er mikið meira um þetta að segja annað en það að við höfum ærinn tíma til þess að fara ofan í saumana á þessu máli. Það tekur a.m.k. hálft ár að undirbúa texta bindandi samninga svo ekki mun á það skorta, hér eftir fremur en hingað til, að nægur tími sé til að hafa nefndir með í ráðum enda hefur þess rækilega verið gætt.

Virðulegi forseti. Um annað mál óskylt, af því að hér kom upp í ræðustól hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, og reiddi nú mjög hátt til höggs. Hún hafði í höndum fréttatilkynningu frá utanrrn. um nýafstaðinn ráðherrafund EFTA-ríkjanna og þegar hún hafði velkst svolítið um með þann pappír sagði hún: Ekki eitt einasta satt orð. Engu að trúa. Ástæðan var sú að hún hafði setið fund með fulltrúum Evrópuþingsins þar sem þeir höfðu EES-samninginn á hornum sér, eins og venjulega, Willy De Clercq, sem hún kallar sjálfan Willy De Clercq, og nokkrir aðrir heiðursmenn.

Um þetta er það að segja að stundum þegar hátt er reitt til höggs þá geigar höggið hjá þeim sem fyrir á að verða. Þessi fréttatilkynning er fréttatilkynning frá EFTA (Gripið fram í.) að sjálfsögðu, að sjálfsögðu, en þegar um er að ræða ráðherrafund EFTA þá er fréttatilkynning gefin út á ábyrgð formennsku landsins. Og þetta er fréttatilkynning frá EFTA. Af sjálfu leiðir að við, þingmenn Evrópuþingsins, mundum ekki hafa fjallað neitt um þennan fund af þeirri einföldu ástæðu að utanrrh. var þar hvergi nærri. Og við gefum enga fréttatilkynningu út um það. Það kann þingmannanefndin að gera. En það sem hv. þm. var að segja var að engu orði væri að treysta af því sem formaður, sem ber ábyrgð á þessari fréttatilkynningu, og formennskulandið í EFTA segir. Það þykir mér heldur leiðinleg umsögn og ómakleg. — [Fundarhlé.]

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 205. mál (fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.fl.). — Þskj. 236.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég verð nú að biðjast afsökunar á því að ég tók ekki strax til máls eftir að mér var gefið orðið en ég hef það mér til afbötunar að við nýliðar á þinginu erum ekki vanir slíkum vinnubrögðum sem við höfum orðið að búa við þessa dagana. Við höfum verið á harðahlaupum í dag á nefndarfundi til þess að reyna að þoka málum áfram vegna þess að hér virðist allt vera á síðustu stundu sem gera þarf í þinginu vegna afgreiðslu fjárlaga. En hér er nú til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hafði ég hugsað mér að fara um það fáeinum orðum.

Ég var því miður ekki viðstaddur alla umræðuna sem fram fór í dag vegna þeirra mála sem ég var að nefna hér á undan og þess vegna kann vel að vera að ég endurtaki eitthvað af því sem þegar hefur komið

fram, en það verður þá að hafa það.

Fyrst ætla ég að bera niður í 4. gr. frv. þar sem segir: „Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári sem tapið myndaðist.“ Þessar breytingar, sem verið er að vísa til þarna, eru á margan hátt umræðuverðar. Ég er á sama máli með sum þau atriði sem þarna koma fram um breytingar á þessum hlutum.

Ég vil grípa hér niður annars staðar í þessum frv.: „Félag það sem við tekur skal hafa með höndum sams konar rekstur eða starfsemi“, þar er verið að útlista sérstaklega hvernig eigi að fara með þetta rekstrartap — „og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki á milli félaga þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir.“

Ég tel að rétt sé að þrengja verulega þau ákvæði sem hafa verið og fylgja þeim mun fastar eftir en gert hefur verið. Og að ekki sé bókstaflega verið að notfæra sér einhvers konar félög og fyrirtæki, sem löngu eru komin á höfuðið, til þess að koma eignum undan skatti. Þess vegna tel ég að margt af því sem þarna er verið að gera sé til bóta. Hins vegar höfum við séð og ég er hér með bréf frá Verslunarráði Íslands þar sem það tekur á þessu máli og setur fram sínar skoðanir. Ég ætla ekki að lesa það allt saman upp en þar er komið inn á sum atriði sem ég vil ræða hér aðeins nánar. Í fyrstu athugasemdinni er sagt, að í 4. gr. frv. séu gerðar tvær breytingar. Önnur breytingin felst í því að takmarka yfirfærslu rekstrartapa við fimm ár. Mun það koma afar illa við ýmis fyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi og stóriðjurekstri. En í þessum greinum hefur jafnan verið þrálátur taprekstur. Má því búast við enn fleiri gjaldþrotum í sjávarútvegi sem og öðrum atvinnugreinum, verði þessi breyting gerð, segja þeir hérna.

Það er stutt á milli lífs og dauða, ég verð nú bara að segja það. Ef mönnum er ekki gert kleift að nýta sér tap til afskrifta, fari þeir á höfuðið. Þeir, sem eru að græða, eru nú ekki líklegastir að fara á höfuðið. Það eru einhverjir aðrir sem fara væntanlega á höfuðið en þeir sem eru að græða. Þarna segir Verslunarráðið að búast megi við enn fleiri gjaldþrotum í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum ef menn fá ekki að afskrifa tapið. Eins og ég segi, held ég að þarna sé gert ráð fyrir því að styttra sé á milli lífs og dauða en er í raunveruleikanum.

Verslunarráðið varar sérstaklega við samþykkt breytinga af því tagi hvernig skattlagningu eigna og eignatekna í heild verði háttað. Og hefur áhyggjur af þeim breytingum sem verið er að gera með því að þrengja möguleika fyrirtækja til þess að afla sér eigin fjár og gera hlutafjáreign að enn þá lakari kosti, eins og sagt er. Þeir vilja fá að sjá útfærsluna. Ég tel að menn verði auðvitað að leggja það hreint á borðið hvernig útfærslan eigi að vera á þessum hlutum. Það þurfi kannski ekki að liggja fyrir núna og þess vegna sé rétt og eðlilegt að þrengja þá möguleika sem menn hafa séð í því að notfæra sér þetta rekstrartap.

Mjög er þrengt að svigrúmi til yfirfærslu rekstrartaps við sameiningu fyrirtækja. Það er að mínu viti vel. Ákvæði greinarinnar eru með mörgum skilyrðum og ýmsum svo óljósum, er sagt hér í bréfi Verslunarráðsins, en öðrum svo hörðum að ekki verður betur séð en yfirfærsla rekstrartaps við sameiningu fyrirtækja sé ómöguleg. Ekki veit ég það nú, en ég vildi að satt væri. Ég tel enga ástæðu til þess að menn geti yfirfært rekstrartap með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum. Engin ástæða til. Fram hefur komið, að menn telja að um 60 milljarðar séu af ónýttu rekstrartapi frá undanförnum árum hjá hinum ýmsu fyrirtækjum í landinu. Ég held að ef reikningar þessara fyrirtækja væru skoðaðir aftur í tímann yrði torfundinn þessi gróði, sem þessi sömu fyrirtæki ættu að hafa sýnt einhvern tímann ef þau ættu slíkt rekstrartap í fórum sínum.

Ef ég man rétt var talið að eitt sjávarútvegsfyrirtæki, Meitillinn hf. held ég að það heiti, ætti upp undir milljarð í rekstrartapi. Hvenær skyldi það fyrirtæki hafa sýnt þann gróða og þá góðu afkomu sem gefi mönnum raunverulega ástæðu til þess að halda að slíkt tap hefði átt sér stað síðar? Ég held það sé alveg hárrétt, að það sé full ástæða til þess að taka á málunum með því að þrengja þessi ákvæði. Og tel ég þessa fimm ára reglu mjög ásættanlega. Þess vegna mæli ég með því að tekið verði á þessum hlutum.

Ég ætla að geyma mér svolítið að fara yfir þann hluta frv. sem snýr að barnabótunum. Ég vil þó segja það strax að ég er ekki sammála hvernig á því máli er tekið. Ég tel að tekjutenging barnabóta komi mjög vel til greina en mér finnst, eins og málið er sett fram núna, að raunverulega sé verið að ofþyngja fólki sem á mörg börn. Eins og þetta kemur út núna er verið að lækka barnabætur með fyrsta barni um 19.574 kr. en um 15.435 með börnum umfram eitt. Þetta þýðir nátturlega lækkun um 30 þús. kr. rúmar fyrir fólk með tvö börn og 45 þús. fyrir fólk með þrjú börn. Mér finnst ekki rétt að málum staðið. Ég tel að frekar hefði átt að láta bæturnar falla út fyrr, þ.e. við tekjur á bilinu 2,5 millj. eða 2,5–3 millj. kr. með fyrsta barni og þær féllu þá alfarið út með öðru barni eftir að tekjur færu yfir 3 millj. Einhverja slíka möguleika hefði átt að skoða frekar og halda þessum barnabótum hjá fólki sem er með fleiri börn. Mér finnst að það hefði verið eðlilegra en að gera þetta svona því eins og þetta kemur út núna er verulega meiri skerðing á barnabótum til fólks sem á fleiri börn heldur en færri. Þegar heildartekjur fólks eru orðnar í kringum 2½–3 millj. kr. hverfur þetta út og eftir það eru allar barnabætur eins til fólks sama hvaða tekjur það hefur og ég hefði talið að þannig ætti það ekki að vera. Það ætti frekar að láta koma sólarlag í barnabæturnar við einhvert visst tekjumark og halda eins og ég segi frekar uppi barnabótum hjá fólki sem á fleiri börn. Út af fyrir sig er þetta ekki svo mikið hugsað af minni hálfu en mér finnst samt að þetta sé atriði sem hefði átt að gefa meiri gaum að.

Um þetta frv. að það að segja, eins og svo mörg önnur frv. sem við sjáum þessa dagana, að það er ekki mjög vel unnið og alveg er full ástæða til að gagnrýna

hvernig undirbúningur fjárlaga hefur verið. Við höfum séð það í hverju málinu á fætur öðru að allt of lítil vinna hefur verið lögð í málin. Ekki hefur verið haft samráð við þá aðila sem þessi mál skipta og komið hefur í ljós að menn hafa hreinlega ekki vitað um hvað þeir eru að fjalla. Ég ætla að taka dæmi úr þessu frv. í sambandi við sjómannafrádráttinn. Þeim frádrætti á að breyta og skerða verulega. Sjómannaafslátturinn er í raun hluti af kjörum allra sjómanna hvort sem þeir eru fiskimenn eða farmenn og það er verið að efna til mikils ófriðar með því að ráðast að kjörum þeirra með þessum hætti. Ég held þó að fátt muni gera sjómenn reiðari en það að lesa grg. sem fylgir þessu frv. Ég verð að segja eins og er að mig rak í rogastans þegar ég las grg. þar sem leitast er við að rökstyðja það að leggja þennan sjómannafrádrátt alfarið. Það er að vísu sagt að það sé ekki lagt til núna og látið er í það skína að það sé ekki hægt með litlum fyrirvara. Grg. ber það líka með sér að þeir aðilar sem hafa samið hana hafa ekki gert sér grein fyrir því hver aðalástæðan er fyrir því að sjómannaafsláttur er við lýði á Íslandi. Á einum stað í grg. segir: Að því leyti sem séð verður af tiltækum gögnum að þessir frádráttarliðir hafi verið rökstuddir sérstaklega, virðist fernt koma fram. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega. Í öðru lagi ívilnun til þeirra, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga."

Hér eru talin upp fern aðalrök í málinu en það er hvergi talið upp í þessum fjórum aðalrökum, að mati þess sem hefur samið þetta, aðalatriði málsins sem er að í mörg ár hefur verið litið á sjómannaafsláttinn sem einhvers konar viðurkenningu þjóðarinnar á sjómannsstarfinu. Einhvers konar bónus eða áhættuþóknun til sjómanna fyrir það starf sem þeir gegna. Það er hvergi nefnt í þessum texta. Í framhaldi af þessari upptalningu er sagt að þessi upphaflegu rök hafi rýrnað í tímans rás. Auðvitað segir þetta það að sá sem samdi þetta kemst að þeirri niðurstöðu að þessi fern aðalrök sem ég las upp áðan hafi verið fyrir sjómannafrádrættinum og þess vegna sé ekki lengur ástæða til að hafa hann.

Það er svo margt skrýtið í þessari grg. og í sjálfu sér mjög merkilegt, eftir að við höfum séð grg. með alls konar frv. upp á nokkrar línur, að við skulum fá hér þriggja blaðsíðna ritgerð um sjómannafrádráttinn þar sem tíndar eru til furðulegustu fullyrðingar sem fyrir sumum hverjum eru ekki mikil rök.

Ég ætla að tína til nokkrar sem segja svolítið um þann hugsunarhátt sem er á bak við það sem hér er sett á blað. „Hann veldur í senn óeðlilegri mismunun milli atvinnugreina og milli einstaklinga. Eðlilegt er að útgerðin beri þann launakostnað, sem leiðir af því að kjör sjómanna eftir greiðslu á tekjuskatti séu þannig að manna megi flotann í samkeppni á vinnumarkaði." Hvað þýðir þetta? Svo kemur framhaldið. „Því má reikna með að niðurfelling sjómannaafsláttar muni auka launakostnað útgerðar nokkuð. Ástand á vinnumarkaði sjómennsku og almennt bendir þó til að sú hækkun kunni að verða minni en fjárhæð afsláttarins gæti bent til. Í því sambandi er þróun launakjara sjómanna á síðustu árum athyglisverð."

Það sem þarna er verið að segja er nákvæmlega það að von sé til þess að sjómenn fái ekki í samningum við útgerðarmenn bætt það sem af þeim verður tekið. Það er nákvæmlega það sem þarna er verið að segja. Og vegna þess að þeir hafi notið eitthvað batnandi kjara á allra síðustu árum þá muni það tapast ef sjómannaafslátturinn verður tekinn af þeim. Svo er sagt hér áfram:

„Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða. Slíkum aðstæðum verður að bregðast við með hagræðingu, m.a. fækkun skipa og áhafna. Niðurgreiðsla á útgerðarkostnaði er engin lausn í því efni. Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri."

Í þessum texta er raunverulega verið að rökstyðja að sjómenn séu á of háum launum og að menn skuli snúa sér að því að lækka þau. Ég tel að ef eigi að gera breytingar á einhverjum líkum kjaraatriðum og hér er verið að fjalla um sem ríkið hefur tekið þátt í eða verið aðili að þá séu svona aðferðir ekki bjóðandi. Ég tel að ef á að hrófla við viðlíka kjaraatriði og þessu verði það að gerast með yfirlýsingu frá hendi ríkisstjórnar um að hún óski eftir því að þetta mál verði tekið upp í kjarasamningum. Hér er ekki aldeilis verið að því heldur er hreinlega verið að breyta þessum hlutum. Í framhaldi af því hljóta sjómannasamtökin að taka þetta upp í kjarasamningum en útgerðaraðilar verða þá þolendurnir í málinu að mínu viti. Ég tel ekki að sjómenn muni nokkurs staðar gefa eftir þann afslátt sem þeir hafa haft. Þeir munu líta á þetta sem kjaraskerðingu sem verði að ná til baka í samningum.

Síðan er því lýst að framkvæmdir á þessum sjómannaafslætti hafi farið út um víðan völl. Sem dæmi um það er tekin mismununin í því að beitningamenn sem ekki fara til sjós fái afslátt þegar annað landverkafólk nýtur hans ekki og framhaldið er mjög merkilegt. Þar er talað um að sjómenn sem geta verið í landi eða að jafnaði heima hjá sér að næturlagi njóti líka afsláttar. Allt lýsir þetta mjög vel hugsunarhættinum sem þarna er á bak við, sjómannsstarfið er einskis metið, en sú er einmitt ástæðan fyrir því að þessi sjómannaafsláttur er til. Bara það atriði, að sjómenn sumir hverjir geti sofið heima hjá sér á næturnar eigi að vera einhver rökstuðningur gegn því að sjómannaafslátturinn sé fyrir hendi, segir sína sögu. Þarna er líka samanburður við aðrar atvinnustéttir eins og langferðabílstjóra og aðra og segir það nákvæmlega það sama og ég var að segja áðan að, sá sem þetta samdi metur sjálft sjómannsstarfið einskis og telur að ekki beri að gera neinn mun á sjómennsku og öðrum atvinnugreinum. En þjóðin hefur fram að þessu verið á því að þarna ætti að gera mun á og það hefur verið

að mínu viti mikil samstaða um að eðlilegt sé að sjómannastéttin í landinu fái nokkra umbun fram yfir aðrar stéttir vegna síns starfs en ekki vegna einhvers annars.

Margar skemmtilegar setningar eru í þessum texta, enda er hann langur. Ein setningin er á þessa leið: „Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða, sem hann á að þjóna, eru torfundin." Þarna vantar aldeilis útskýringu á því hvað menn eru að fara. — Stafar af því að hlutlæg tengsl milli réttarins til afsláttarins og þeirra markmiða sem hann á að þjóna eru torfundin. — Ég skil að vísu vel að maður sem skilur ekki hvers vegna sjómannaafslátturinn er til sjái ekki þessi tengsl. En það segir bara sína sögu um það hverjir eru valdir til þess að semja texta og rökstuðning fyrir tillögum þessarar ríkisstjórnar. Hér er svo sagt:

„Þrátt fyrir þau rök sem færa má fram gegn sjómannaafslætti er ekki í frv. gert ráð fyrir að fella hann niður." En það má auðvitað skilja af þessu orðalagi að menn telji fulla ástæðu til að leggja hann niður því að framhaldið er svona: „Tilvist hans er veigamikið atriði sem snertir kjör sjómanna og hag útgerðar sem ekki er unnt að taka burt án fyrirvara." Það er akkúrat það. Þetta er sem sagt ekki lagt til vegna þess að það er ekki nægur fyrirvari en ekki vegna þess að ekki séu nægileg rök til að leggja hann niður.

Til marks um það og kannski til umhugsunar fyrir okkur þingmenn, vegna þess hvernig mál eru lögð hér fyrir okkur og hvert málið á fætur öðru er það illa undirbúið og það illa skoðað að menn vita raunverulega ekki hvað verið er að leggja til, þá er hér sagt um þetta atriði, þ.e. sjómannaafsláttinn í lok þessarar greinargerðar: „Áætla má að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. muni þeim dögum, sem veita rétt til sjómannaafsláttar, fækka um nálega 300 þús. Veittur sjómannaafsláttur mundi samkvæmt því eiga að lækka um 180–200 millj. kr. frá því sem hann var við álagningu á þessu ári." Þetta segir nú í plaggi ríkisstjórnarinnar.

Ég hef hér undir höndum mat manna hjá sjómannasamtökunum. Ég hef fengið minnisatriði í bréfi hjá þeim þar sem þeir hafa reynt að meta þennan sjómannaafslátt og ég ætla að lesa upp þessi minnisatriði. „Samkvæmt skattframtölum fengu sjómenn sjómannaafsláttí rúmlega 2,3 millj. daga á árinu 1990 og er sú tala ekki umdeild, m.a. hafa ekki verið gerðar leiðréttingar vegna kæra sem væntanlega fram hafa komið eftir álagningu. Engar tölur eru hins vegar til um það hvernig þessi tala skiptist á einstaka hópa sjómanna. Sjómenn á fiskiskipum, 12 brúttólestir og stærri, og kaupskipaflotanum eru lögskráðir. Sjómenn á bátum undir 12 brúttólestum og beitningamenn eru almennt ekki lögskráðir en þó eru dæmi þess að framangreindir menn séu lögskráðir.

Samkvæmt lögum og reglugerðum um sjómannaafslátt gildir sú höfuðregla að afslátturinn miðast við þá daga sem maður telst stunda sjómannsstörf og aldrei fleiri daga en hann er í þjónustu útgerðar. Dagar vegna sjómannsstarfa eru lögskráningardagar og aðrir dagar sem eru vegna orlofs, veikinda, viðgerða skips á útgerðartíma, skipta á veiðarfærum, hátíðardaga og frítúra samkvæmt kjarasamningum og fleiru. Með hliðsjón af þessu má ætla að maður sem er í fullu starfi til sjós sé að jafnaði lögskráður í um það bil 240 daga eða ⅔ úr ári. Hann nýtur sjómannaafsláttar í 365 daga samkvæmt þeim reglum sem um sjómannaafslátt gilda í dag. Einnig má geta þess að ýmsir úrskurðir ríkisskattanefndar styðja þá túlkun að ráðningartími sjómanns ákvarði fjölda daga sem sjómannaafslátturinn miðast við. Áætluð skipting daga sem veita sjómannaafslátt á einstaka hópa sjómanna er eftirfarandi: Kaupskip, varðskip og ferjur, 300 þús. dagar. Beitningamenn 90 þús. dagar, sjómenn á bátum undir 12 brúttólestum 300 þús. dagar, aðrir sjómenn á fiskiskipum 1.660 þús dagar. Samtals 2 millj. 350 þús. dagar.

Áætla má að sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir varðandi sjómannaafsláttinn, ef hún nær fram að ganga, verði dagar til sjómannaafsláttar aðeins 70% af ofangreindum dögum hjá þeim sem áfram munu njóta sjómannaafsláttar. Dögunum mun því fækka niður í um það bil 1.580 þús. Reyndar er farið varlega í þessu mati því að skilja má á frv. að sjómenn missi rétt til sjómannaafsláttar vegna bræludaga og samningsbundinna hafnafría. Því gæti skerðing á dögum samkvæmt frv. verið meiri en hér er gert ráð fyrir. Miðað við dæmið hér að ofan mundi dögum fækka úr 2.350 þús. í 1.580 þús. eða um 770 þús. daga. Skerðing sjómannaafsláttar yrði því um 500 millj. kr.

Af framansögðu má vera ljóst að tæmandi upplýsingar liggja ekki fyrir um sum þeirra atriða sem hér er getið. Eigi að síður telja undirritaðir að áætlun um skerðingu sjómannaafsláttar upp á 500 millj. kr. sé byggð á raunhæfu mati." Undir þetta rita Hólmgeir Jónsson, hagfræðingur Sjómannasambands Íslands, og Benedikt Valsson, hagfræðingur Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Þessir menn fullyrða það að þarna sé um að ræða 500 millj. kr. en í því frv. sem við erum að ræða hér um er gert ráð fyrir því að um 180 millj. kr. sé að ræða. Eins og ég sagði áðan er þetta ekki fyrsta frv. sem við sjáum hér eða fyrsta plaggið þar sem menn hafa orðið að fara til baka og reikna upp á nýtt. Ég hef þá tilhneigingu, a.m.k. í dag, að taka frekar gilt það sem þessir aðilar, sem ég var að lesa upp minnisatriðin frá áðan, eru búnir að reikna í þessu en það sem stendur í því plaggi sem hér liggur fyrir. Ég tel fulla ástæðu til þess að menn skoði reikninginn upp á nýtt. Ég tel full rök og fulla ástæðu til að þessar fyrirætlanir verði dregnar til baka. Ég ráðlegg mönnum það vegna þess að ég tel að sjómenn og útgerðarmenn muni lenda í miklum erfiðleikum við að koma þessum málum í höfn í samningum í framhaldi af því að Alþingi ákveði þessar breytingar. Það kann vel að vera að menn sjái ýmis rök í því að menn sem ekki stunda sjó eigi ekki að fá sjómannaafslátt, t.d. beitningamenn. En allir sem til þekkja vita að beitningamenn fá hann af því að margir þeirra eru ýmist á sjó eða á landi við beitningar. Þetta eru menn sem hafa verið að hoppa út

í skipin þegar farið hefur verið á þorskanet eða aðrar veiðar, troll, og farið í land að beita þegar stundaðar hafa verið línuveiðar. Sjómenn líta á þessa menn eins og aðra félaga sína, sem sjómenn þó að þeir séu ekki allt árið á sjó.

Við vitum það líka að sjómannaafslátturinn hefur ekki komið til nærri allra sem beita línu á Íslandi. Það er ekki nema mjög lítill hluti af mönnum sem eru við beitingar fyrir minni bátana sem fá sjómannaafslátt. Beitningar fyrir minni bátana hafa verið stundaðar miklu meira í akkorði. Þá eru menn ekki ráðnir og fá engan sjómannaafslátt. Ég vil benda mönnum á að kynna sér það að full ástæða er til að halda að verulega stór hluti af tekjum manna sem beita fyrir litlu bátana í landinu komi ekki til skatts, því miður. Þessar beitningar fyrir bátana undir 10 tonnum eru meira og minna í akkorði og ég hef séð og veit um dæmi þess að þær koma hvergi til skatts. Þetta eru menn í fastri vinnu annars staðar sem taka það að sér í frístundum og þeir vilja ekki sjá það ef þeir þurfa að borga af því skatt.

Það verður aldrei of oft sagt að undirbúningur fyrir málefni sem á að leggja fyrir Alþingi á að vera góður. Ég verð að segja vegna þeirra orða hæstv. forsrh. á sínum tíma að honum fyndist ekki vel staðið að málum hér á Alþingi og ekki nærri eins vel og gert var í borgarstjórn Reykjavíkur, að ég dreg í efa að borgarstjórinn í Reykjavík leggi fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir með þeim hætti sem fjárlagafrv. er lagt fyrir Alþingi. Ég efast um að svo sé og trúi því alls ekki. Ég held að það geti ekki verið að þannig sé staðið að málum hjá Reykjavíkurborg. Ég hef hvergi séð það í þeim fjárhagsáætlunum sem ég hef séð lagðar fram hjá bæjarstjórnum. Ég hef reyndar séð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar líka þegar hún hefur verið lögð fram og ég tel að búið hafi verið að vinna málin miklum mun betur þar heldur en við höfum séð hér. Þess vegna held ég að sú ríkisstjórn, sem nú situr, ætti að hugsa sig vel um. Ef hún skyldi sitja áfram, fram yfir afgreiðslu fjárlagafrv., sem mér finnst að hafi verið með endemum, þá gefi hún sér tíma til þess að undirbúa málin betur svo að hún þurfi ekki að hrökkva til baka með þau til þess að vinna þau þegar búið er að leggja málin fram í Alþingi til umræðu.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að beina því til fjmrh. að hann láti skoða sjómannaafsláttinn alveg upp á nýtt til þess að reikna aftur hvað kemur út úr dæminu og ekki síður með það fyrir augum að draga þetta alfarið til baka og ræða þá frekar málin við sjómenn og útgerðarmenn þegar samningar fara fram næst.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun hér öðru fremur fjalla um þau atriði í þessu frv. sem snúa að atvinnurekstrinum og stöðu atvinnulífsins. Menn hafa í þessum umræðum vitnað nokkuð til málflutnings hæstv. núv. fjmrh. frá fyrri tíð um þessi atriði. Ég mun ekki gera það enda finnst mér það mál í raun hætt að vera hlægilegt. Það var kannski hægt að skemmta sér aðeins yfir því í umræðunum um skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er nú komið langt út fyrir ramma þess sem hægt er að brosa að þegar núv. hæstv. fjmrh. þarf að bera á borð fyrir okkur nokkuð sem gengur þvert á það sem hann hefur haldið fram hér áður.

Ég ætla að byrja á því að lýsa ánægju minni yfir því að komið er inn í þetta frv. ákvæði um samvinnuhlutabréf og um leið lýsa ánægju minni yfir því að núv. hæstv. viðskrh. og reyndar fyrrv. viðskrh. líka í fyrri ríkisstjórn gekk ötullega fram í því að koma þeim breytingum á í lögum um samvinnufélög að samvinnufélög gætu kallað til sín eigin fé á líkan hátt og gert er í hlutafélögum.

Nú er þetta mál er þess eðlis að full ástæða hefði verið til þess að taka það til verulegrar efnislegrar umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. Það eru fleiri atriði en koma fram í þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frv. sem hefði verið full ástæða til þess að skoða en ég mun koma að þeim hér síðar.

Þá kem ég að því, virðulegi forseti, í hvert horf mál eru komin á þessu haustþingi. Nú þegar einungis eru eftir þrír eða fjórir dagar af þeim tíma sem að hámarki er til ráðstöfunar fram að jólum standa mál þannig að við þingmenn stjórnarandstöðunnar, og tala ég nú út frá sjónarhóli okkar sem erum í efh.- og viðskn., vitum ekkert enn þá hvað það er sem ríkisstjórnin ætlar að leggja til endanlega í skattamálum. Við höfum verið að fá mál til umfjöllunar sem taka miklum efnislegum breytingum í formi breytingatillagna sem birtast okkur inni á nefndarfundi. Þetta leiðir hugann að því, virðulegur forseti, að nú hafa mál skipast á þann veg að núv. hæstv. ríkisstjórn er búin að koma hlutunum þannig fyrir að sú tilraun sem menn vildu gera með breyttum þingsköpum, með Alþingi í einni málstofu, verður alls ekkert marktæk á þessu haustþingi. Eins og ég skildi það þá var meiningin að nefndirnar fengju rýmri tíma til þess að fjalla um mál og gætu að nokkru leyti starfað sjálfstætt. Nú segir sjálfsagt einhver að þetta sé engin breyting frá því sem var áður og það má sjálfsagt til sanns vegar færa. En það var stefnt að breytingu. Það var stefnt að því að mál kæmu þannig fyrir nefndir að þær hefðu betri tíma til umfjöllunar og í raun er forsenda þess að þingið starfi í einni málstofu að það gefist betra tóm til þess að fara yfir málin í nefndum.

Ég vil nefna það líka að samkvæmt nýju þingsköpunum er hugsanlegt að mál þurfi að koma aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. og hugsanlega að fara til aukaumfjöllunar eftir 3. umr. Við sjáum hvert svigrúm er til slíkra hluta eins og nú er komið.

Ég ætla aftur að hverfa að því málefni sem ég hóf mál mitt á, þ.e. breytingar á skattalögum sem tengjast þeim breytingum sem gerðar voru á samvinnulögum á síðasta þingi. Þær breytingar sem komnar eru fram núna virðast þess eðlis að ákvæði laganna um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf gildi einnig um samvinnuhlutabréf. Jafnframt skulu ákvæði um hlutabréf í lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri einnig gilda um samvinnuhlutabréfin. Það virðist vera komið til móts við þessi sjónarmið. Fleira væri ástæða til þess að taka

upp. Ég nefni að í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði um skattaréttarlegar skyldur og réttindi þegar hlutafélag sameinast hlutafélagi, samvinnufélag samvinnufélagi, sameignarfélag sameignarfélagi eða sameignarfélag hlutafélagi. Það hefði þá verið eðlilegt, að mínu mati, að sömu reglur mundu gilda að þessu leyti um sameiningu hlutafélags við samvinnufélag. Ég nefni að í nýsamþykktum lögum um samvinnufélög er möguleiki á því að hlutafélag sem er að 90% í eigu samvinnufélags geti sameinast hlutafélagi. Því hlýtur það að vera í hæsta máta eðlilegt að inn í lögin væri einnig tekið ákvæði þess eðis að við slíka sameiningu nytu samvinnufélögin sömu skattalegra réttinda og hin dæmin sem ég nefndi hér áður. Þetta er eitt af þeim atriðum, hæstv. fjmrh., sem ég hefði talið æskilegt að hv. efh.- og viðskn. hefði haft tóm til að athuga og hugsanlega taka upp. Það gerist þó ekki þannig að ég hef hugsað mér að bera fram breytingartillögu í þessa veru áður en þetta mál kemur til 2. umr.

Ég ætla næst að koma að þeirri umgjörð sem atvinnulífinu er búin í dag. Ég ætla að fara örfáum orðum um hlutabréfamarkaðinn sem hefur verið að byggjast upp á síðustu árum, að vísu veikburða, en nú er svo komið að þar er alger stöðnun og miklu meira en stöðnun, það er verðhrun af þeirri stærðargráðu að erlendis er því slegið upp sem kauphallarhruni ef hlutabréfavísitala lækkar á við það sem hún hefur gert hér á Íslandi síðustu vikurnar og mánuðina. Það tímabil sem fram undan er er afskaplega viðkvæmt og ekkert má út af bera ef á að takast að halda áfram þeirri þróun að fyrirtækin nái að byggja sitt eigið fé að einhverju leyti upp með sölu eða útgáfu hlutabréfa á almennum markaði. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. skilur eftir að hafa haldið um það margar og hjartnæmar ræður á þinginu og reyndar komið fram margvíslegum breytingum, ef ég man rétt, á lögum um hlutafélög og á skattalögum til þess að auðvelda þessa aðlögun.

Ég ætla þá að koma í framhaldi af því að einum afmörkuðum þætti þessa máls, þ.e. sölu ríkisfyrirtækja, að breyta þeim í hlutafélög og bjóða til sölu á almennum hlutafjármarkaði. Þar er ég sérstaklega með í huga afskaplega glannalegar yfirlýsingar hæstv. forsrh. á eftir næturfundinn margfræga í ráðherrabústaðnum. Ég man ekki hvort hæstv. fjmrh. gaf viðlíka yfirlýsingar. Ég vil reyndar ekki trúa því. Hæstv. forsrh. lýsti því sem einum af hornsteinum fyrirhugaðra efnahagsaðgerða að breyta Búnaðarbankanum í hlutafélag strax upp úr áramótum og bjóða til sölu á almennum markaði. Ég man að hæstv. fjmrh. hefur reyndar talað mjög gáleysislega um þessa sölu líka þar sem hafa verið yfirlýsingar hans um það að bjóða hlutabréfin á hálfvirði. Hægt væri að fara í langa rökræðu um hvað það gæti leitt af sér.

Menn tala um að breyta fleiri ríkisfyrirtækjum í hlutafélög og selja á frjálsum markaði. Nú er ég ekki að taka neina efnislega afstöðu til þess að ríkisstjórn áætli að selja einhver ríkisfyrirtæki. En ég vil leyfa mér að varpa þeirri spurningu fram til hæstv. fjmrh. og biðja hann að svara mér því hvaða afleiðingar hæstv. fjmrh. telur að það mundi hafa á hlutafjármarkaðinn í þeirri veiku stöðu, sem hann er í núna og verður fyrirsjáanlega í einhver næstu missirin, ef á að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og demba þeim út á hlutafjármarkaðinn. Það var efnislega það sem hæstv. forsrh. sagði þegar hann kynnti þennan þátt efnahagsaðgerða sinnar ríkisstjórnar. Er ekki, hæstv. fjmrh., ástæða til þess að stuðla frekar að því að byggja grunnatvinnuvegina upp á þann hátt að þeir eigi aðgang að því fjármagni sem verður í umferð á næstunni til kaupa á hlutabréfum í atvinnulífinu?

Ég vil taka fram í þessari umræðu hér og nú að varðandi ríkisbankana hef ég verið eilítið skotinn í þeirri hugmynd að skoða það hvort sparisjóðirnir hefðu bolmagn til þess að kaupa hluta af Búnaðarbankanum eða hann allan. Sparisjóðirnir starfa eftir ákveðnu lögformi sem í raun er í almenningseign.

Þetta beinir síðan huganum að þeirri hugmyndafræði sem hlýtur að vera á bak við það munstur sem menn vilja hafa í atvinnulífinu. Ég hef fylgst eilítið með átökum sem virðast vera í uppsiglingu í Evrópu núna í tengslum við sameiginlegan markað þar. Þar rekast saman annars vegar thatcherisminn breski, sem byggir á hreinni peningahyggju, og hins vegar sú hugmyndafræði sem hefur verið á bak við uppbyggingu atvinnulífsins víða á meginlandinu, kannski sérstaklega í Þýskalandi og Austurríki eftir stríð, sem byggir í raun á allt öðrum hlutum, á því að menn eru mjög íhaldssamir gagnvart eignaraðild í fyrirtækjum. Fyrirtækin eiga sér raunverulega eigendur sem bera velferð þeirra fyrir brjósti, ekki bara hvar þeir geta ávaxtað peningana best í augnablikinu. Bankarnir standa mjög ákveðið að baki atvinnulífinu og atvinnulífið tekur mikið tillit til vinnuþáttarins, framlags hins vinnandi manns, með þeim árangri að í þessum löndum eru vinnudeilur nánast óþekkt fyrirbæri á síðustu árum og hagvöxtur og lífskjör þau bestu sem þekkjast í heiminum. Ég var staddur í Austurríki í sumar og okkur var sagt að þar teldu menn verkföll, tapaðar vinnustundir á síðustu árum ekki í mánuðum og ekki í vikum, ekki einu sinni í dögum, varla í klukkutímum. Þeir héldu að það væri bara í mínútum. Meðan hin stefnan, hin hreina peningahyggja thatcherismans, hefur kostað mikil átök á vinnumarkaði og mikil þjóðfélagsátök að öðru leyti.

Ég er þess fullviss að sú stefna, sem hæstv. fjmrh. hefur viljað framfylgja með tillöguflutningi sínum á Alþingi á undanförnum árum, hefur tekið miklu meira mið af meginlandsstefnunni, þýsk-austurrísku stefnunni en af thatcherismanum. Í því sambandi er skylt að geta þess að angar þeirrar stefnu, þ.e. thatcherismans, ná vissulega hingað til lands eins og hann Nóri fræðir okkur um í nýútkominni bók. Þess vegna full ástæða til þess að skoða hvaða hagsmunum frv. að breytingum á skattalögunum, sem liggur frammi núna, þjónar í þessu tilliti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta frv. sé kolkrabbanum hans Nóra nokkuð þóknanlegt. Það muni, ef eitthvað er, gera það að verkum að hann geti bætt fleiri og öflugri fyrirtækjum á sinn matseðil en kom fram í ræðu hv. 5. þm. Suðurl. á næturfundi við

2. umr. fjárlaganna. Þetta getum við allt saman rætt frekar og við munum þurfa að taka okkur verulegan tíma í efh.- og viðskn. til þess að kalla til aðila vinnumarkaðarins og fá þeirra álit á þeim breytingum sem hér er verið að leggja til.

Ýmislegt hefur verið rætt hér um þær breytingar sem eru lagðar til gagnvart tekjuskatti einstaklinga. Ég ætla ekki í þessari umferð að fara mörgum orðum þar um en þó ætla ég að ræða eilítið um sjómannafrádráttinn. Ég er þeirrar skoðunar að ef einhver stétt í þessu landi eigi að njóta skattalegra fríðinda í því formi, sem þarna hefur verið um langt árabil, sé það sjómannastéttin. Það hefur verið reynt að halda því fram að með þessum breytingum sé í raun verið að reyna að tryggja að svo megi verða áfram. Hafi það verið hugsun hæstv. fjmrh. þegar farið var af stað með þessa hugmyndafræði hafa þeir hinir góðu menn, sem sömdu greinargerðina fyrir hann, aldrei fengið þau skilaboð. Það er búið að fjalla heilmikið um þá greinargerð hér þannig að ég ætla að hlífa hæstv. fjmrh. við að lesa upp úr henni frekar en þær síður eru hreint með eindæmum. Ég veit eiginlega ekki hvaða bakgrunn eða hugmyndafræði þeir aðilar hrærast í sem setja þau sjónarmið fram. Það er í raun mjög við hæfi að það skuli gerast nú, einmitt þegar þessi umræða er í gangi, að hér skuli sitja á Alþingi tveir af forustumönnum sjómannasamtaka í landinu. Þeir geta svarað fyrir þessi atriði og reyndar held ég að full ástæða væri til þess að þeir svöruðu fyrir fleiri atriði gagnvart sjómannastéttinni sem hafa komið fram á hinu háa Alþingi í haust. Ég kann ekki að nefna það hversu oft einstakir hv. þm. hafa staðið í ræðustóli í haust og farið þungum orðum um sjómannastéttina vegna þess að hún fleygði afla svo skipti tugum þúsunda tonna. Hundruð þúsunda eru hæstu tölur, sem hér hafa heyrst, að þeir fleygðu þeim fyrir borð. Ég hef áður sagt það hér að þetta samrýmist á engan hátt þeirri virðingu sem ég ber fyrir þessari ágætu stétt manna.

Virðulegi forseti. Ég vil leita eftir því hvað forseti ætlar að halda fundi lengi áfram hér í kvöld. (**Forseti:** Það var ætlunin að fresta fundi kl. 7 og byrja aftur kl. hálfníu. Ef hv. þm. á eftir langt mál væri kannski rétt að hann frestaði ræðunni. Ef ekki er langt eftir af ræðu hans væri í lagi að ljúka henni þó hún færi aðeins fram yfir kl. 7.) Virðulegi forseti. Ég á eftir eilítið af ræðu minni og það stendur þannig á að boðaður hefur verið fundur í hv. efh.- og viðskn. klukkan sjö þannig að (**Forseti:** Þá vill hv. þm. kannski fresta ræðunni núna?) þá mundi ég gjarnan fresta ræðunni. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Nú stendur þannig á að þegar fundi er fram haldið um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt að þá er hv. efh.- og viðskn., sú nefnd sem á að fjalla um málið, enn á fundi úti í Þórshamri og ekki fyrirséð hvenær honum lýkur. Þar var búið að kalla fyrir hóp af fólki frá einum þrem aðilum. Nefndarmenn höfðu reiknað með því að einhver tími gæfist í dag til nefndarstarfa en það fór þannig að kvöldmatartíminn var tekinn til þessara hluta. Þannig að, virðulegi forseti, ég get lokið minni ræðu, ég átti ekki mikið eftir. En ég held að það sé alveg ómögulegt að halda þessari umræðu áfram þegar kemur að þætti þingmanna sem ekki eru í hv. efh.- og viðskn. og geta ekki komið sínum sjónarmiðum á framfæri þar meðan nefndin er enn að störfum. Þetta, virðulegi forseti, segir mér í hvert óefni þingstörf eru komin. Eftir þennan fund í kvöld í efh.- og viðskn. er mér alveg lífsins ómögulegt að átta mig á því hvernig menn ætla að klára þingstörf á þessum fáu dögum sem eftir eru.

Ég vil nefna það, hæstv. fjmrh., af því ráðherra greip hér fram í, að á þeim fundi voru m.a. forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Þeir upplýstu okkur um framkvæmd mála hér gagnvart þeim og sá mikli þungi sem var í þeirra málflutningi gagnvart hæstv. ríkisstjórn er þess eðlis að mikið hlýtur að ganga á áður en þau mál ná öll sömul fram. Maður heyrir reyndar hér á göngum Alþingis að þær breytingar sem við fengum þar inn í morgun um lögguskattinn svonefnda hafi þá, þegar við fengum það í hv. efh.- og viðskn., nánast verið óræddar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Við heyrum það líka hér á göngunum að menn séu á harðahlaupum frá sjómannaafslættinum. Þær fréttir sem við fáum frá fjárln. eru þess eðlis að þar séu hin stóru mál, sem var frestað við 2. umr., óræddd. Þetta gerist allt, virðulegi forseti, á þeim tímum þegar við ætluðum að taka upp nýja siði með nýjum þingsköpum Alþingis í einni málstofu, sem átti að byggjast á því að mál væru unnin betur í nefndum en áður hafði verið. Það er þess vegna engin afsökun þó menn haldi því fram að mál hafi ekki komið fyrr fram á fyrri þingum. Það voru nýjar dagsetningar núna, m.a. með afgreiðslu fjárlaga, og þar af leiðandi hlutu þær nýju dagsetningar, hæstv. fjmrh., líka að gilda gagnvart framlagningu fylgifrumvarpanna, skattafrumvarpanna, sem við höfum í nefnd núna, hv. efh.- og viðskn. í því formi að við fáum þar inn breytingartillögur á breytingartillögur ofan frá ríkisstjórninni. Við fengum breytingartillögur við bandorminn í morgun. Fyrir fundi nefndarinnar áðan lágu viðbótarbreytingartillögur um sama atriði, sem var ábyrgðasjóður launa, sem í raun snýr þeim kafla öllum við.

Þetta eru slík vinnubrögð, miðað við það sem menn ætluðu sér með nýjum þingsköpum og nýjum vinnubrögðum á Alþingi, að það er algjörlega óviðunandi. Full ástæða hefði verið til þess, virðulegi forseti, en ég ætla ekki að gera kröfu til þess, að hér hefði hæstv. forsrh. verið kallaður til og þessi staða mála skoðuð í ljósi ummæla hans um Alþingi fyrir hálfum mánuði síðan. Það hefði verið full ástæða til þess. Við hefðum haft eilitla umræðu um það á hvers ábyrgð það er að þinghald er komið í það horf sem nú er. Það er ekki á ábyrgð nokkurs annars en hæstv. ríkisstjórnar, sem hefur ekki komið fram með mál sem þarf að fjalla um. Þegar þau loksins birtast er algjörlega óljóst hvað það er sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja fram, hvað það er sem samstaða er um. Ég hef af nógu að taka varðandi þessa stöðu mála þar til hv. efh.- og viðskn. kemur til fundar. En ég ætla að hætta hér þessum málflutningi. Ég ætla líka að segja það við hæstv. fjmrh. að ég sé engan tilgang í því að ræða frekar frv. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt meðan

ástandið er eins og það er núna. Reynslan sýnir okkur að ekkert er að marka hvað ríkisstjórnin leggur til í dag, miðað við þær tillögur sem koma fram á morgun. Það hefur verið reynsla síðustu daga.

Okkur var sagt hér undir morgun á föstudeginum að ríkisstjórnin væri að ganga til samninga við Samband ísl. sveitarfélaga kl. átta um morguninn um breytingar á þeim milljarði sem lagt var til að leggja á sveitarfélögin. Þeir samningar, hæstv. fjmrh., höfum við stjórnarandstæðingar upplýsingar um, fólust í því að þar var birt tilkynning, ný tilskipun, um að í stað þess að færa álögur, sem tengjast málefnum fatlaðra, yfir á sveitarfélögin og breytingar á landsútsvari og Jöfnunarsjóði hafi þar verið birt ný tilskipun. Hún felur í sér að 700 milljónir af kostnaði við löggæslu í landinu yrðu færðar yfir á sveitarfélögin í formi nefskatts, 2.850 kr. á íbúa í sveitarfélögum með fleiri 300 íbúa, 1.700 kr. í öðrum. Þetta er algjörlega óháð því hvernig viðkomandi sveitarfélög njóta þessarar löggæslu. Þau hafa ekkert forræði um það hvernig þessu fjármagni er varið. Það má benda á, hæstv. fjmrh., að að öllum líkindum er þetta brot á 116. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir skýrt að gagnvart allri verka- og kostnaðarskiptingu við sveitarfélögin í landinu beri að hafa samráð. Það getur vel verið að hæstv. núv. ríkisstjórn telji að samráð eigi að fara þannig fram að sá aðili sem telur sig vera sterkari í málinu gefi út tilskipanir. En það heitir ekki samráð í minni orðabók.

Virðulegi forseti. Ég lýk hér máli mínu. Ég ítreka það sem ég sagði áður í ræðu minni að ég held að það sé algjörlega útilokað að halda þessari umræðu áfram meðan hv. efh.- og viðskn. er enn á fundi. Það væri álíka og að hér væru menn við 2. umr. fjárlaga með fjárln. starfandi úti í Austurstræti. Það hefur væntanlega ekki nokkrum manni dottið í hug.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ég verð að taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði, að það er í rauninni algjörlega óviðunandi að eiga að taka þátt í þessari umræðu um breytingar á tekju- og eignarskatti með efh.- og viðskn. á fundi. Það hlýtur að vera markmið okkar sem erum að tala að hafa áhrif á þetta frv. sem hefur verið lagt fram og ná fram á því einhverjum breytingum. Þess vegna hlýtur að vera nokkuð mikilvægt fyrir efh.- og viðskn. að hlusta á þá umræðu sem hér fer fram þannig að þá sé tekið mið af því þegar farið er að vinna með málið í nefndinni. Ég geri mér svo sem enga grein fyrir því hvort hægt er að gera einhverja kröfu til þess að nefndarmenn sitji hér en mér finnst vægast sagt mjög óeðlilegt að tala án þess að þeir séu viðstaddir.

Því hefur auðvitað verið haldið fram að undanförnu, og það ekki að ósekju, að nú séu mjög erfiðir tímar og allir verði að taka á sig auknar byrðar. Maður er svo sem ekki óvanur því að heyra þessi rök, sérstaklega þegar að því kemur að gera kjarasamninga, og ýmist er skorað á láglaunafólk í þessu samfélagi eða launafólk að rétta af rangan kúrs í efnhagsmálum, eins og með þjóðarsátt, eða færa stórsóknarfórn fyrir verkalýðsforustuna eða ríkisstjórn, eftir atvikum, eins og gerðist árið 1983. Nú er enn einu sinni komið að því að biðja launafólk í landinu að færa fórnir svo að rétta megi af rangan kúrs. Reyndar er talað við fleiri. Máli forsrh. og ríkisstjórnar er beint til fleiri aðila og í Mbl. nú fyrir skömmu er haft eftir forsrh., með leyfi forseta:

„Það hefur verið viðhorfið við þessa tillögugerð [þ.e. tillögugerð hvað varðar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar] og það hljóta menn að sjá, ef þeir horfa á þær allar, að allir hljóta að verða að leggja sitt af mörkum til þess að þetta takist."

Hann talar um sveitarfélögin og segir:

„Vissulega kallar þetta á visst aðhald hjá þeim eins og hjá öllum öðrum, eins og hjá ríki, fyrirtækjum og einstaklingum. Sveitarfélögin eru því hluti af þessum stóra hópi sem tekur þátt í því að axla þennan vanda."

Ég fór að velta þessu fyrir mér um daginn. Hverjir eru það — ef við lítum á tillögur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og tillögur hennar í ríkisfjármálum — sem eiga að axla þennan vanda? Hverjir eru þessir allir? Fyrst er að telja sveitarfélögin. Yfir á þau er velt um 1,2 milljörðum samkvæmt fyrirliggjandi frv. um tekju- og eignarskatt og bandorminum og þeim tillögum sem enn hafa ekki verið útfærðar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er talað um niðurfellingu á sjómannaafslætti, það eru sem sagt sjómenn sem eiga að taka á sig hluta af þessum vanda. Þar er talað um tölur allt frá 200 upp í 400 millj. kr. Þær tölur virðast nokkuð á reiki. Námsmenn eiga að taka á sig hluta af vandanum í gegnum Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar er skorið niður um 500 millj. kr. og í burðarliðnum er frv. sem mun enn skerða kjör þeirra, ekki síst að námi loknu. Launafólk á að taka á sig hluta af byrðunum í gegnum hinn svokallaða ábyrgðasjóð launa og þar á að skera niður um 250 millj. kr.

Þá komum við að barnabótunum. Þar á að skera niður um 500 millj. kr. og það kemur auðvitað verst niður á barnafjölskyldum í landinu. Skólagjöld í framhaldsskólunum, þar á að taka 140 millj. kr. og hver ætli beri það aðrir en fjölskyldurnar í landinu? Það er líka talað um skólagjöld í Háskóla Íslands upp á 109 millj. kr. Það er talað um að fjölskyldurnar í landinu taki á sig auknar álögur vegna tannviðgerða barna upp á 280 millj. kr. Það á að taka sérstakan niðurskurð í grunnskólunum upp á 40 millj. kr., svo að ekki sé minnst á 5% flatan niðurskurð sem þar er boðaður eins og annars staðar en mundi í grunnskólanum líklega þýða um 220 millj. kr. niðurskurð.

Ef við tökum saman þessar álögur sem ég hef talið hér upp, sem varða bara launafólk og fjölskyldurnar í landinu — eða launafólk og barnafólk, getum við sagt — eru þetta auknar álögur upp 4,2–4,4 milljarða. Hæstv. forsrh. sagði sem sagt að allir ættu að bera auknar byrðar. Ég hlýt hins vegar að spyrja, eftir að hafa farið í gegnum þetta og eftir að hafa skoðað það frv. sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram um tekju- og eignarskatt: Hvar eru byrðarnar sem þeir eiga að bera sem eru tekjuháir, búnir að koma börnum af höndum sér, hafa eignast sín hús meðan verðbólgan át upp skuldirnar og hafa fé aukreitis til að fjárfesta og kaupa

pappíra? Hvar eru byrðarnar sem þeir eiga að bera, hæstv. fjmrh. og hæstv. form. fjárln.? Ég get ekki séð það í þeim tillögum sem hér hafa verið lagðar fram. Ég fæ ekki betur séð — svo að ég noti bara hin réttu orð yfir þetta — en að vel stæðir karlmenn, sem vel gætu verið í kunningjahópi hæstvirtra ráðherra, miðaldra karlmenn, eigi engar byrðar að bera samkvæmt þeim tillögum sem hér hafa verið lagðar fram. Tekjuháir, komnir með börn af höndum sér og hafa fé aukreitis; ég sé ekki að þeir eigi að bera neitt.

Hvar er hátekjuskatturinn sem Jafnaðarmannaflokkur Íslands hefur stundum talað um — eða a.m.k. einhverjir þar innan borðs? Hvar er skattur á fjármagnstekjur sem þessir sömu menn hafa líka stundum talað um? Er þetta það sem Jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem að vísu virðist vera fjarri góðu gamni, að undanskildum einum þingmanni, kallar jafnaðarstefnu? Er sú mynd sem birtist manni í tillögum ríkisstjórnarinnar jafnaðarstefna í framkvæmd?

Og ég hlýt að spyrja: Af hverju er sparað á barnabótum? Af hverju í ósköpunum er sparað á barnabótunum? Af hverju er ekki lækkaður persónufrádráttur allra? Af hverju er þetta ekki tekið af persónufrádrætti allra, jafnt barnafólks sem annarra? Eða skattprósentan hækkuð, af hverju er það ekki gert? Af hverju er farið í barnabæturnar?

Svarið við þessu er held ég afskaplega einfalt. Þessari ríkisstjórn finnst það pólitískt hættulegt að seilast í persónuafslátt allra eða hækka skattaprósentuna á öllum. Það er bannvara að hækka skatta, en lækkun barnabóta er auðvitað ekkert annað en skattahækkun á tilteknum þjóðfélagshópi. Það er ekkert annað þó að menn geti kallað það einhverjum öðrum nöfnum.

Það er skoðun mín að tímabært sé, og löngu tímabært, að breyta formi barnabóta þannig að það sé ekki verið að seilast í þessar bætur með jafneinföldum og auðveldum hætti og gert er núna. Það er tímabært að breyta þeim á þann veg að hverju barni fylgi persónuafsláttur sem sé fast hlutfall af persónuafslætti fullorðinna. Með öðrum orðum, þetta hlutfall breytist þá ekki nema krukkað sé í persónuafslátt allra þegna þessa lands, fullorðinna og barna þá jafnt. Mér finnst það í raun fáránlegt að þeirra framfærslukostnaður — við erum að líta á barnabætur sem mat eða einhvers konar viðurkenningu á því að það fylgi því framfærslukostnaður að vera með börn á sínum snærum — sé ofurseldur stöðugum breytingum og því að stjórnvöld séu að krukka í hann. Mér finnst það vanvirðing við börn og vanvirðing við framfærendur barna. Þess vegna ættu barnabætur að vera í því formi að persónuafsláttur fylgi börnum jafnt og fullorðnum, þó að barnaafsláttur sé þá ekki jafnhár heldur ákveðið hlutfall af persónuafslætti fullorðinna. Þar með ætti neikvæður tekjuskattur vegna barna að koma út til greiðslu sem barnabætur til hinna lægst launuðu. Þar fyrir utan væri hægt að vera með tekjutengt barnabótakerfi fyrir þá lægst launuðu, ef menn vilja gera enn betur, og ég tel það mjög eðlilegt að reynt sé að tengja þetta einhvern veginn við tekjur að vissu marki.

Ég ætlaði nú að benda ágætum kunningja mínum í Alþfl. á ýmislegt sem menn úr grasrótinni þar hafa verið að skrifa um þessa hluti og það væri kannski ekki úr vegi að kratarnir styngju nefinu ofan í grasrótina annað slagið og sæju hvað þar er að finna því að þar er vissulega margt markvert á ferðinni. Og mig langaði bara að benda á, fyrst að hér er staddur norðanmaður úr Alþfl., greinar sem Finnur Birgisson, arkitekt og jafnaðarmaður á Akureyri, hefur skrifað um þessi mál og eru mjög merkilegar.

Íslenska velferðarkerfið gerir ekkert sérstaklega vel við barnafólk þó að menn haldi það stundum. Barnabætur eru ekki sérlega háar eða merkilegar, og þó að þær séu það ekki verð ég að segja að öll þjónusta við barnafólk er enn verri en barnabæturnar. Það eru til ótal skýrslur um það hvernig þessum málum er fyrir komið hér á landi og hægt að bera það saman við stöðu barnafólks í nágrannalöndum okkar. Ég gerði einu sinni sjálf úttekt á tveimur skýrslum sem Hagstofa Íslands á hlutdeild í og þær varða fólk á Norðurlöndum og heita annars vegar „Familieydelser i Norden 1989" og „Social tryghed i de nordiske lande". Þar eru þessir hlutir á öllum Norðurlöndunum bornir saman.

Ef skoðaðar eru ráðstöfunartekjur barnafólks, og þá er ég að tala um launatekjur barnafólksins að viðbættum barnabótum og skattaívilnunum eða öðrum föstum tekjum sem tengjast börnum og veittar eru á Norðurlöndunum, þá kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Við getum tekið dæmi af einstæðri móður með 6 ára barn, annars vegar og útivinnandi hjónum með 6 og 9 ára börn hins vegar. Í báðum tilvikum er reiknað með meðaltekjum iðnverkakvenna og karla. Segja má að Ísland komi vel út úr samanburðinum þegar um einstæða móður er að ræða, en reiknað er með að um 24% af ráðstöfunartekjum hennar stafi af bótum af ýmsu tagi. Hlutfallið fyrir Danmörku er 18%, Finnland 22%, Noreg 24% og Svíþjóð 20%. Í þessu sambandi er hins vegar rétt að geta þess að ráðstöfunartekjur einstæðra mæðra í öllum þessum löndum eru engu að síður hærri en hér á landi, einfaldlega vegna þess að kaupið er hærra þar.

Þegar kemur að útivinnandi hjónum lítur dæmið ekki eins vel út fyrir Ísland eins og í hinu. Opinber framlög vegna barna eru aðeins um 4% af ráðstöfunartekjum hjóna hér á landi en 5% í Danmörku, 7% í Finnlandi og 8% í Noregi og Svíþjóð. Við erum því mun aftar á merinni hvað það varðar en önnur Norðurlönd.

Ef við skoðum svo útgjöld sem myndast hjá hinu opinbera vegna framlaga og þjónustu sem er beinlínis í þágu barnafólks er myndin sú að um 2,7% af vergri þjóðarframleiðslu á Íslandi en um 4,2% af vergri þjóðarframleiðslu í Svíþjóð eru útgjöld sem myndast hjá hinu opinbera vegna framlaga og þjónustu sem beinlínis er í þágu barnafjölskyldna. Þessar tölur eru ekki síst athyglisverðar í því ljósi að barnafjöldi er yfirleitt meiri í íslenskum fjölskyldum en sænskum. Þannig fæddust 17 börn á hverja 1.000 íbúa á Íslandi árið 1987 en aðeins 12,5 í Svíþjóð og samt erum við með lægra hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu í opin-

ber útgjöld til barnafólks og ættum í rauninni að vera með hærra hlutfall, miðað við barnafjölda á hverja 1.000 íbúa.

Mig minnir að það hafi verið í fyrra eða hittiðfyrra að sagt var frá því í fjölmiðlum að kannanir sýndu að íslenskar barnafjölskyldur væru mun óánægðari með kjör sín en slíkar fjölskyldur annars staðar á Norðurlöndum. Það kemur ekkert á óvart. Það þekkja allir sem standa í þeim sporum hversu erfitt það er og slítandi að vera með ung börn í íslensku samfélagi í dag.

Hins vegar er þessi óánægja sem kom fram í könnununum aðvörun og hún er áminning til stjórnvalda og hún ætti að vera þeim hvatning til að gera betur en þau hafa gert hingað til. En því miður ber frv. um tekju- og eignarskatt það með sér að það stendur alls ekki til að gera betur en hingað til, þvert á móti. Það stendur til að höggva enn í sama knérunn. Barnabætur eru nú lækkaðar samkvæmt frv. en þó þannig að það á að vera gert ráð fyrir aukinni tekjutengingu þannig að barnabótaaukinn hækki á hvert barn. Tekjutengingin er þó ekki meiri en svo, eða kemur ekki þeim lægst launuðu betur til góða en svo að einstæð tveggja barna móðir með 720 þús. kr. tekjur og eignarskattsstofn undir tilskildu lágmarki fær 10 þús. kr. hækkun á ári út úr þessum tilfærslum sem verið er að gera. Það eru nú öll ósköpin. Á móti verður auðvitað að líta á það að skerðingin, sem á að koma niður á þeim sem meiri tekjur hafa er slík að 67% allra hjóna með börn verða fyrir skerðingu.

Ef við lítum annars vegar á hvernig þetta kemur út fyrir hjón með tvö börn sem eru með um 1.100 þús. í tekjur og eignarskattsstofn undir 8 millj., þetta eru hjónin sem eru í algjöru lágmarki, þá hækka hjá þeim barnabætur og barnabótaauki samanlagt um 6.000 kr. á ári. Núllpunkturinn, þ.e. þegar það skiptir ekki máli hvort kerfið er, það gamla eða það nýja, er við 2,2 millj. kr. í árstekjur. Síðan byrjar skerðingin strax eftir það og hún er komin að fullu til framkvæmda við 2,4–2,5 millj. kr. í árstekjur. Skerðingin er svo brött að þegar fólkið er komið í 2,4 millj. kr. í árstekjur fær það sömu barnabætur og sömu skerðingu á sig og hin sem hafa 3,5 millj. í tekjur. Þessi skerðing er umtalsverð vegna þess að hún er 35,4%.

Ef við lítum svo á dæmi sem hvergi er gefið í þessum tölum, ef ég man rétt, um hjón með fjögur börn, er núllpunkturinn hjá þeim, þ.e. þegar það skiptir ekki máli hvort það er nýja kerfið eða gamla sem þau eru í, við 2,4 millj. kr. í árstekjur. Hvaða árstekjur eru það fyrir hjón með fjögur börn? Þau komast ekki af með minna ef þau eiga að framfleyta fjölskyldunni. Það er því algjört lágmark. Skerðingin hjá þessum hjónum, með fjögur börn, er komin fram að fullu við 2,7 millj. kr. í árstekjur, þ.e. núllpunkturinn er er 2,4 millj. kr. og skerðing að fullu við 2,7 millj.

Þetta finnst mér vera, eins og ég hef oft talað um hér, jöfnun niður á við. Það er verið að taka meðaltekjuhópana í þjóðfélaginu og reyna að ná einhverju af þeim til þess að jafna allt niður á við. Ég held að þetta sé mjög hættuleg stefna vegna þess að hún elur á óánægju meðaltekjufólks sem alltaf verður fyrir barðinu á tekjutengingunni. Það er þetta fólk sem kemst ekki í félagslega kerfið í húsnæðismálum. Það þykir vera of tekjuhátt þó að það sé kannski ekki með meiri tekjur en svo að það eigi í hreinu basli með afborganir í húsbréfakerfinu. Það lendir þarna á milli vita. Það nýtur ekki dagvistarþjónustu nema í mjög takmörkuðum mæli vegna þess að það er gift, það er hjónafólk, og það nýtur engrar þjónustu við börnin sín þegar þau eru komin á skólaldur umfram það sem skólakerfið býður upp á. Það er þetta fólk sem þarf að borga dagvistun á einkaheimilum dýrum dómum, eða fyrir um 25 þús. kr. á mánuði ef það kaupir fulla dagvistun á einkaheimili í dag. Og breyttar barnabætur, sem hæstv. fjmrh. er nú að boða, hrökkva fyrir einu og hálfu til tveimur daggjöldum hjá dagmóður á ári. Það eru nú öll ósköpin sem þetta fólk fær.

Ég mótmæli harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á barnabótum fyrir mína hönd og fyrir hönd Kvennalistans alls. Ég verð að segja það að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með það hversu linkulega viðbrögð hafa víða verið við þessum niðurskurðaráformum á barnabótunum. Við höfum tekið eftir að það er mjög sterk andstaða við skerðingu á sjómannafrádrætti úti í samfélaginu, enda eru þar mjög sterkir þrýstihópar að verki. Sjómenn eru sterkur hópur sem getur virkjað marga með sér og t.d. hefur Alþýðusamband Íslands tekið undir með sjómönnum. Ekki svo að skilja að ég skilji ekki vel þessa andstöðu sjómanna. Ég skil hana vel vegna þess að málið ber þannig að að það á að skerða þeirra kjör með tilskipun. Í þessu tilviki er stjórnað með tilskipunum eins og svo oft áður. Ég skil vel andstöðuna. Ég verð hins vegar að segja að ég er ósátt við það að sterk hagsmunasamtök úti í samfélaginu skuli ekki hafa verið jafnskelegg í andstöðu sinni við skerðingu barnabóta. Af hverju þykir mönnum það svo miklu frekar koma til álita en skerðing á sjómannaafslætti? Af hverju bregðast menn ekki jafnhart við þegar þessi hópur á í hlut? Þetta veldur vonbrigðum.

Ég ætla hins vegar ekki að hafa þetta mál mikið lengra. Ég kom hingað upp aðallega til að tala um barnabæturnar og ég mun gera mitt til þess að ná fram einhverjum breytingum á þessu þannig að það verði ekki höggvið í þennan knérunn. Ég ætla að biðja menn í ríkisstjórnarflokkunum um að hætta öllu hræsnisfullu tali um mikilvægi fjölskyldunnar á sama tíma og þeir standa að því að grafa undan henni — ekki bara þeir, ég er þá ekki að tala bara um ríkisstjórnarflokkana, heldur marga aðra — og gera líf barnafólks í þessu landi alveg óheyrilega erfitt. Og ég nenni ekki að hlusta í þingsalnum á hjal um velferð á varanlegum grunni þegar vegið er að sjálfum grunninum.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég veit best er fundur í efnahagsnefnd þingsins og mér finnst það nýlunda og eiginlega alveg ómögulegt að halda hér áfram umræðu um skattamál á sama tíma og efnhagsnefnd þingsins er á fundi. Ég vildi beina því til forseta hvort hann getur ekki látið kanna, áður en lengra er haldið,

hvort þessum fundi lýkur senn og ef honum lýkur ekki senn að umræðunni verði þá frestað þangað til efnahagsnefnd getur komið hingað til fundar til að hlýða á mál manna.

Það er engin nýlunda að einstakar nefndir séu á fundi meðan þingfundir eru, það eru mörg fordæmi fyrir því, en að þingnefnd, sem málið heyrir beint undir og á að fara til að lokinni umræðu, sé á fundi meðan málið er rætt finnst mér ekki mikil kurteisi við þá þingmenn sem tala hér. Ég verð að segja það. Ég ætla ekki að halda uppi neinni þingskapaumræðu. Ég bendi aðeins á þetta og fer þess á leit við forseta að hann láti kanna hvenær þessum efnahagsnefndarfundi lýkur. Ég reikna með að honum ljúki bráðlega.

Ég sé að þarna koma einstakir nefndarmenn en veit ekki hvort fundinum er lokið þannig að hægt sé að halda áfram með eðlilegum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar látið kanna það og gerði það fyrir nokkurri stundu og fékk þær upplýsingar að nefndin mundi ljúka störfum upp úr kl. níu. Forseta sýnist allt benda til þess að nefndin hafi nú þegar lokið störfum. Forseti vill jafnframt geta þess að það lá fyrir að nefndin ætlaði að funda á meðan hlé var gert á þingfundi og vissi því ekki annað en að þeim fundi væri lokið þó að það hafi eitthvað aðeins dregist fram yfir kl. hálfníu.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Ég þakka forseta upplýsingarnar og það er vel að hann hefur kannað þetta mál. Ég vildi aðeins benda á þetta. Þá geta þingstörf haldið áfram með eðlilegum hætti fyrst þessum fundi er lokið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Eins og þeir sem sátu hér í salnum urðu kannski varir við hóf ég ræðu mína á að lýsa yfir óánægju minni með það að hér væri ég látin tala á meðan efh.- og viðskn. væri á fundi og það sem ég væri að tala um væri fyrirliggjandi frv. um tekju- og eignarskatt sem nefndin ætti að fá til umfjöllunar. Og að sjálfsögðu væri ég að tala til að hafa áhrif á nefndina, til að reyna að ná fram einhverjum breytingum í þessari nefnd.

Ég verð að játa að ég er auðvitað óreyndur þingmaður og þekki ekki alveg minn rétt, en ég ætla að lýsa yfir óánægju minni með að forseti skyldi þá ekki gera hlé, fyrst ég bar þetta upp við hana bæði áður en ég fór í ræðustól og eins eftir að ég var komin í hann, og athuga það hvenær nefndin lyki störfum þannig að mér gæfist þá kostur á að sleppa því að tala eða við tækjum þá afstöðu til þess hvort við ættum að fresta fundi á meðan svona stæði. Ég er afskaplega ósátt við þetta. Ég verð að lýsa því yfir.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá hv. 10. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl. Ég bendi á að þegar málið er komið fram sem þingskjal frá hendi ríkisstjórnarinnar er það eftir það í höndum þingsins og fer að lokinni umræðu til nefndar. Því er eðlilegt og sjálfsagt sjónarmið að nefndin sé viðstödd umræðuna og mun frekar að hún sé það en hæstv. ráðherra sem er ekki hinn formlegi aðili málsins eftir að málið er komið til umræðu.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um þetta frv. Það er býsna margt sem hægt er að ræða um í nokkuð löngu máli og ítarlegu. Til að stytta mál mitt tek ég fram um barnabætur og þær breytingar sem áformað er að gera á þeim að ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram, m.a. hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og 3. þm. Vesturl., og nú síðast tek ég að verulegu leyti undir sjónarmið hv. 10. þm. Reykv.

Ég nefni fyrst ýmsar breytingar varðandi rekstur hlutafélaga. Hér er um að ræða að mörgu leyti mjög skrýtnar breytingar, sérstaklega í ljósi þess að að þeim standa flokkar sem hafa talið sig sérstaka talsmenn og málsvara atvinnurekstrar og sérstaklega hlutafélagaforms. Ég bendi á að í 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt er nákvæmlega skilgreint hvað það er sem er skylt og rétt að telja sem frádrátt frá rekstri í fyrirtækjum og þar er sérstaklega tekið fram að það sé kostnaður sem beri að færa til gjalda enda hafi menn talið rétt fram eins og vera ber. Það kemur því dálítið á óvart að sjá hluti eins og í 4. gr. frv. um rekstrartöp og meðferð á þeim. Satt að segja kemur mér þetta svolítið í opna skjöldu og ég hélt að menn hefðu ekki hugmyndaflug til að láta sér detta í hug breytingar af þessu tagi. Rekstrartap er í raun og veru ekkert annað en kostnaður og að ætla sér að láta þennan kostnað falla milli skips og bryggju að fimm árum liðnum er í raun og veru dálítið skondið, svo ekki sé meira sagt. Ég þykist skilja hvaða vandamál menn eru að reyna að ná utan um, sölu á rekstrartapi á milli félaga, en að mínu viti bera menn niður á röngum stað því að það tap sem myndast í félagi er í raun og veru tekið af höfuðstól og það eru skuldir á bak við það tap sem fyrirtækið verður að standa undir, greiða vexti af og síðar að borga. Ég tel óeðlilegt að ætla sér að höggva aftan af þessu tapi að loknum fimm árum hafi fyrirtækið ekki haft nægilegan hagnað fram að þeim tíma til að eyða því eða til að borga það upp.

Það er svo aftur annað mál með hvaða hætti menn eiga að leyfa flutning á tapi á milli félaga. Vandamálið sem menn glíma í raun og veru við er að fyrirtækið er að selja rekstrartap fyrir brot af upphæðinni þannig að kaupandinn hefur hagnað út úr kaupunum. Menn eru kannski að kaupa mikið rekstrartap fyrir 10% af upphæðinni og fá á móti 45% lækkun á tekjuskatti, þannig að hér er þá um að ræða 35% nettóskatt miðað við þetta kaupverð sem er ekki óalgengt. Ég tel eðlilegra að menn taki á málinu þarna með því að setja í lög einhverjar takmarkanir á sölu rekstrartaps á milli fyrirtækja. Mér sýnist að eðlilegasta leiðin væri kannski að setja reglur um það hámark sem menn mega nýta sér og það verði tengt við kaupverðið til að koma í veg fyrir þennan ágóða sem að mörgu leyti er ekki eðlilegur í hendi kaupanda.

Hvað varðar seinni liðinn í 4. gr., sem hefur það í

för með sér að greiðsla á arði af hlutabréfum verður skattskyld hjá fyrirtækinu sem greiðir út arðinn, þá tel ég þá breytingu mjög óeðlilega. Hún hefur í för með sér, eins og hér hefur verið nefnt, hættu á því að vilji fyrirtækis til að skila hagnaði og borga hann út minnki og vilji fólks til að eiga hlutabréf í fyrirtækjum minnki líka. Ég bendi á það að ef sá sem á hlutabréfin og fær arðinn er hlutafélag eru þær arðtekjur skattskyldar að fullu hjá móttakanda en greiðslan er ekki frádráttarbær hjá þeim sem lætur hana af hendi. Um er því að ræða óeðlilega mismunun þar sem hin eðlilega skattalega meðferð er að útgjöld á einum stað séu tekjur á öðrum.

Það blasir líka við í íslensku efnahagslífi, og sérstaklega í sjávarútvegi, nauðsyn á því að endurfjármagna mjög mörg fyrirtæki — ellegar stofna ný fyrirtæki sem taki við af hinum eldri. Til þess að það verði gert þarf fólk að leggja fram verulegt fé í einstökum byggðarlögum á landsbyggðinni, svo maður nefni afmörkuð dæmi sem eru mjög augljós. Það er þá frekar af hálfu löggjafarvaldsins að setja reglur sem auðvelda mönnum þessa uppbyggingu og endurfjármögnun og gerir það fýsilegri kost að setja fé sitt á þennan stað í stað þess að geyma það í banka eða velja aðra kosti. Íslensku þjóðfélagi verður ekki haldið uppi nema með því að sjávarútvegsfyrirtækin verði áfram fyrir hendi. Jafnvel þó að hagræðing í formi sameiningar fyrirtækja auðveldi málið að nokkru leyti er það fjarri því, að mínu viti, að duga nokkuð til þess að lækka skuldir í þessari atvinnugrein nægjanlega mikið, þannig að fyrirtækin geti borið sig, miðað við núverandi rekstrarskilyrði. Sá böggull fylgir nefnilega því skammrifi að sameina tvö stór og skuldug fyrirtæki að skuldirnar minnka ekkert við það heldur verða einfaldlega summan af skuldum fyrirtækjanna eins og þær voru áður. Raunverulegur ávinningur af sameiningu fyrirtækja næst ekki fram nema einhver aðili fáist til að kaupa þær eignir sem menn geta látið ganga af og minnkað skuldir með þeim hætti. Hins vegar er fjarri því að í öllum tilvikum sé til einhver aðili sem er reiðubúinn að kaupa slíkar eignir.

Varðandi fyrri liðinn, svo að ég víki aðeins aftur að honum, get ég nefnt sem dæmi að á árinu 1988, þegar fastgengi var, varð verulegt tap í sjávarútvegi af völdum fastgengisins eins. Það má deila um það hvað það sé há upphæð í krónutölu en ég hef áætlað að þetta liggi í dag á bilinu 8–10 milljarðar kr. þegar á tapið hefur verið bætt vaxtakostnaði í þennan tíma. Miðað við þær reglur sem menn eru að taka upp í a–lið 4. gr. ætti allt þetta tap í þessum fyrirtækjum að detta út af borðinu eftir tvö til þrjú ár þar sem þá væri komin fimm ára regla á þetta rekstrartap. Mér finnst það í sjálfu sér ekki mjög skynsamlegt. Menn verða einfaldlega að horfa framan í þann veruleika sem blasir við, að þetta mikla uppsafnaða rekstrartap í sjávarútvegi, upp á tugi milljarða króna, er í raun og veru hin hliðin á efnahagsstefnu stjórnvalda undanfarinna ára. Það er afleiðingin af vitlausri stefnu í gengismálum og vaxtamálum. Það er eins gott að menn taki á hinu raunverulega vandamáli sem er þess valdandi að þetta rekstrartap myndast í stað þess að fara að minnka uppsöfnuð rekstrartöp með beinum lagafyrirmælum. Staða fyrirtækjanna breytist ekkert við það til batnaðar. Ég tel því báða töluliði 4. gr. frv. slæma og hvet nefndina til að endurskoða greinina.

Í 2. gr. er lagt til að breyta ákvæðum í núgildandi skattalögum um dreifingu á söluhagnaði. Það er ákvæði sem að mínu viti er rétt að taka til endurskoðunar. Ýmislegt hefur breyst frá því að sú lagagrein var sett þar sem mönnum var heimilt að dreifa skattskyldum söluhagnaði á þau ár sem menn fengu hagnaðinn raunverulega greiddan. Hugsunin var einfaldlega sú að menn greiddu þá hagnaðinn nokkurn veginn jafnhliða því sem menn fengju söluandvirði greitt og er það ekki óeðlileg hugsun. Breytingin sem orðið hefur er sú að menn hafa í ríkara mæli nú en áður getað selt þær skuldaviðurkenningar sem eru á bak við söluna og tilefni dreifingar á skattskyldum hagnaði, söluhagnaði, og breytt því í reiðufé strax. Ég tel því rétt og eðlilegt að endurskoða þetta ákvæði þó svo að það sé að mínu viti ekki sjálfgefið að fella þessa heimild að fullu niður.

Í 7. gr. frv. er mjög merkileg samsuða sem hefur þann tilgang að vera regla um það hvenær má flytja uppsafnað rekstrartap á milli félaga. Eins og ég gat um áðan tel ég eðlilegt að menn hafi um þetta reglur og takmarkanir á því en ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að setja reglur sem draga úr þeim ávinningi af kaupum á rekstrartapi sem er í dag. Mér sýnist að þessi grein loki alveg fyrir það þannig að eins gott sé að segja bara að óheimilt sé að flytja rekstrartap á milli félaga og þá nái menn þeim markmiðum sem þeir eru að reyna að orða í 7. gr. með miklu einfaldari og skýrari hætti en þarna er gerð tillaga um.

Það eru nokkur atriði í 7. gr. sem ég vil fara yfir sérstaklega og leita svara við hjá hæstv. fjmrh. Það er í fyrsta lagi hvernig beri að skilja orðalagið: „í rekstrarlegu hagræðingaskyni eða öðrum venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi". Það var ekki einfalt að skilja þetta og enginn einhlítur skilningur á þessum orðum að mínu mati. Ég held ef menn ætla að hafa þessa klásúlu inni í greininni að þá þurfi frekari skýringu á tilgangi og meiningu þessara orða.

Gerð tillaga um að breyta orðalagi núgildandi 57. gr. á tveimur stöðum og ég tel ástæðu til þess að nefna það og fá skýringar frá hæstv. ráðherra. Í núgildandi lögum er orðalagið haft þannig, að til þess að flytja rekstrartap þurfi það félag sem við tekur að stunda skyldan rekstur. Hér er orðalaginu breytt í sams konar rekstur og ég spyr hvort hér sé einhver merkingarmunur. Síðan vil ég vekja athygli á breytingu, þar sem 57. gr. núgildandi laga segir, með leyfi forseta: „Sama gildir þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum". Þessi tvö skilyrði urðu að vera uppfyllt. En í frv. er þessu „og" breytt í „eða" þannig að hér verður um að ræða „óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum" sem þýðir í raun og veru að nægjanlegt sé að annað skilyrðið sé uppfyllt, þá sé flutningurinn óheimill eða þannig skil ég þessa breytingu.

Ég bendi líka á orðalagið „óverulegar eignir". Hvað

eru óverulegar eignir hjá félagi? Ef við tökum frystihús sem á eignir upp á 500 millj. sem allar eru veðsettar þannig að veðskuldir nema sömu upphæð þá er það í mínum skilningi félag sem á óverulegar eignir. Þá væri samkvæmt frv. óheimilt að sameina það fyrirtæki öðru fyrirtæki í því skyni að flytja frádrátt á milli.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það eigi að vera annar skilningur í orðinu „óverulegar eignir"? (**Gripið fram í:** Þetta er engin breyting á lögunum.) Nei, ég veit um það en samt þykir mér rétt að fá fram túlkun á þessu orðalagi, því það er að mínu viti alla vega ekki einhlítt hvernig beri að túlka „óverulegar eignir".

Hér er þó ein breyting í 7. gr. frv. sem ég tel vera til bóta og ná betur markmiðum greinarinnar. Það er þar sem stendur í 7. gr., með leyfi forseta: „Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur hafði með höndum." Það þýðir að ekki er lengur hægt að breyta samþykktum félagsins og láta það stunda annan rekstur en það hefur gert á undanförnum árum beinlínis til þess að sameina það einhverju félagi sem er tilbúið að kaupa eftir breytinguna á samþykktum félagsins, þannig að þetta tel ég vera til bóta. Það vekur upp spurninguna að hve miklu leyti — mér er nú illa við að trufla hæstv. ráðherra, forseti, þannig að ég geri þá bara hlé á máli mínu. — Varðandi setninguna, sem kveður á um það að hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í fyrirtæki í sams konar rekstri og það fyrirtæki er í sem kaupir, þá gat ég um það að ég teldi þetta ákvæði vera til bóta, en það vekur upp spurninguna að hve miklu leyti þetta yfirfærða tap verður að hafa myndast í þeim rekstri, að öllu leyti eða að meiri hluta til og þá ótímabundið aftur í tímann.

Síðasta ákvæðið sem ég geri hér að umræðuefni úr 7. gr. er lokamálsliðurinn. Það er dálítið kúnstugt ákvæði sem að mínum skilningi kveður á um að til þess að unnt sé að sameina fyrirtæki í því skyni að flytja rekstrartap á milli, þá þurfi eigendur meiri hluta hlutafjár í fyrirtækinu sem er selt að hafa verið eigendur í a.m.k. þrjú ár og að verða meirihlutaeigendur í því fyrirtæki sem við tekur. Þetta útilokar að mínu viti alveg allar forsendur fyrir sameiningu fyrirtækja ef það er hvatinn að sameiningu að nýta sér að einhverju leyti skattaleg réttindi.

Ég bendi hæstv. ráðherra mjög nýlegt á dæmi sem ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að þar sem stjórn Byggðastofnunar var að selja tvö fyrirtæki á Suðureyri til tveggja fyrirtækja, annars á Ísafirði og hins á Súðavík. Uppsafnað rekstrartap í þessum tveimur fyrirtækjum sem seld voru var, ef ég man rétt, 900 millj. kr. Var salan að frumkvæði, ekki bara með vitund og vilja heldur að frumkvæði, ríkisstjórnarflokkanna fyrir örskömmu síðan. Fleiri dæmi má nefna þó að þau séu ekki eins ný. Ég nefni, af því að hæstv. forsrh. hefur haft ákveðnar skoðanir á þessu, að þegar Ísbirninum var á sínum tíma bjargað yfir í annað fyrirtæki þá var rekstrartap hans selt sláturfélagi fyrir austan fjall.

Það eru ýmis dæmi um þessa hluti og í sjálfu sér ekki endilega slæm. Það er ekki endilega slæmt að menn geti selt rekstrartap fyrir einhverja peninga, enda rennur andvirði þess til að greiða upp skuldir í því fyrirtæki sem er að selja. Ég er með nýlegt dæmi vestan af fjörðum þar sem hlutafélag var selt og þar með rekstrartapið og það fé sem fékkst fyrir það rann til að greiða ákveðnum lánardrottnum í samráði við viðskiptabanka seljanda. Auðvitað er það hagur þeirra sem eiga skuldir hjá mjög skuldugum fyrirtækjum að geta fengið þær greiddar eða meiri líkur á því að það verði. Í mínum huga er það því ekki endilega mjög slæmt að þetta sé mögulegt en það sem mér finnst slæmt er hinn mikli hagnaður sem menn geta haft af þessu þar sem menn eru að kaupa þessi réttindi fyrir mjög lágt verð og fá verulegan afslátt af tekjuskatti á móti. Ég teldi að menn ættu fremur að fara þá leiðina að setja takmörk á það hversu mikinn hluta uppsafnaðs rekstrartaps menn mega flytja og það ráðist af kaupverði. Ég held að það sé nægjanleg takmörkun til að ná fram því sem menn eru að leitast við í 7. gr. frv. eins og ég skil hana og í raun miklu einfaldari leið líka því að ég þykist vita að það sé stefna a.m.k. þeirra flokka sem standa að þessari ríkisstjórn að hvatt sé til þess að hlutafélög séu öflug og að almenningur og fleiri leggi peninga sína í þau fyrirtæki og það sé líka hvatt til þess að þessi fyrirtæki a.m.k. í ákveðnum atvinnugreinum sameinist. Því finnst mér þessi 7. gr. vera miklu fremur hindrun í að ná fram þeim markmiðum en hún greiðir fyrir því. Þess vegna kemur hún mér mjög á óvart af því að hún kemur frá þessum flokkum.

Ég vil líka aðeins fjalla um 15. og 16. gr. frv. sem fjalla um breytingu á ríkisskattanefnd. Hv. 1. þm. Austurl. benti á varðandi þessar breytingar nauðsyn þess að þeir sem sætu í ríkisskattanefnd væru þjálfaðir úr atvinnulífinu, hefðu praxísinn, og það væri nauðsynlegt að inni í nefndinni væru menn sem hefðu þessa nauðsynlegu þjálfun. Ég tek alveg undir það sjónarmið en ég er líka á þeirri skoðun að það sé til verulegra bóta að þeir sem eru í nefndinni hafi þetta að aðalstarfi. Mér finnst vanta í 15. gr. ákvæði um að skipunartími sé tímabundinn í nefndina. Að öðru leyti tel ég að þessi breyting á ríkisskattanefnd verði til bóta og er sammála því markmiði sem er verið að leitast við að ná, að flýta fyrir úrskurðum nefndarinnar þannig að mál safnist ekki upp eins og nú er í mjög langan hala og biðtíminn er má segja á annað ár þrátt fyrir ákvæði laganna um sex mánuði og öll viðleitni í þá veru að stytta þann tíma, sem nefndin hefur mál til umfjöllunar, er af hinu góða.

Ég spyr hæstv. ráðherra varðandi eina breytingu sem lagt er til að gera varðandi formann nefndarinnar. Í núgildandi lögum er ákvæði um að hann verði að uppfylla skilyrði til þess að verða skipaður héraðsdómari. Þessu er breytt og verður almennt hæfnisskilyrði miðað við skattstjóra. Ég spyr um hvaða breytingar þetta eru á skilyrðum eða hæfni formanns.

Í síðustu mgr. 15. gr. frv. er tekið fram að einn af þeim þremur, sem eiga að úrskurða í hverju máli, skuli annaðhvort vera formaður eða varaformaður nefndarinnar og ætíð skuli einn löglærður nefndarmaður vera í þeim hópi. Er ekki nauðsynlegt líka að löggiltur end-

urskoðandi sé einn af þeim sem úrskurði í málum því að það er langur vegur frá því að vera löglærður og til þess að vera löggiltur endurskoðandi og þar eru um mjög ólík svið og ólíka hæfni að ræða?

Hvað varðar 16. gr. þá tel ég a-liðinn vera til bóta. Hann ætti að leiða til þess að ríkisskattanefnd kveði upp úrskurði í flestum ef ekki öllum kærumálum og gefur þeim sem kærir færi á að bæta úr ef á skortir í upplýsingum eða röksemdum. Í heild má segja að mér líst nokkuð vel á þær breytingar sem er verið að gera á ríkisskattanefnd. Ég velti því þó fyrir mér þar sem ríkisskattanefnd er innan framkvæmdarvaldsins og er úrskurðaraðlili innan þess, gefur í raun og veru upp álit framkvæmdarvalds á þeim málum sem það fjallar um, hvort það væri eðlilegra að ríkisskattanefndin væri undir dómsvaldinu og kæmi í stað héraðsdóms í þeim málum sem undir hana heyra. Það mundi að sumu leyti flýta fyrir endanlegri málsmeðferð í þeim málum sem fara alla leið til hæstaréttar. En ég hef nú ekki velt þessu fyrir mér til hlítar þannig að ég varpa þessu fram svona meira sem hugmynd á þessu stigi.

Ég vil líka, til þess að fá það afdráttarlaust, spyrja hæstv. ráðherra varðandi persónuafslátt og sjómannaafslátt, hver þeir verði á fyrri hluta næsta árs. Það er einn galli sem er á þessu frv., og reyndar ýmsum öðrum sem við höfum séð, hvað upplýsingar eru oft takmarkaðar um áhrif lagabreytinganna og hversu grg. er að mörgu leyti illa unnin. Það kemur hvergi fram í raun og veru í frv. eða grg. hver persónuafsláttur og sjómannaafsláttur yrði á fyrri hluta næsta árs ef þetta frv. verður óbreytt að lögum. En það mátti þó skilja á ráðherra í framsöguræðu að sjómannaafsláttur yrði óbreyttur í krónutölu og það sama gilti varðandi persónuafslátt. En mér sýnist á 8. gr. frv., sem fjallar um persónuafslátt, verða lækkun á mánaðarlegum persónuafslætti frá því sem nú er, úr 23.922 kr. niður í 23.755, ef ég skil ákvæði 8. gr. rétt. Það kemur mér á óvart ef það er meiningin að persónuafsláttur á fyrri hluta næsta árs verði í krónutölu um 170 kr. lægri en hann er á síðari hluta þessa árs og vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hver persónuafslátturinn verður á fyrri hluta næsta árs ef frv. nær fram að ganga, þannig að þetta sé ótvírætt.

Varðandi sjómannaafsláttinn þarf ekki að hafa mörg orð af minni hálfu. Aðrir ræðumenn hafa í raun og veru sagt mest af því sem ég hefði viljað segja um það mál. Ég vil þó segja varðandi þá grg. sem fylgir að mér finnst hún vera fyrir neðan allar hellur og ekki sæmandi ráðherra að leggja fram samsetningu af þessu tagi og vantar ekki mikið á að segja mætti að þessi grg. væri móðgun við sjómannastéttina. Ég er andvígur breytingum á sjómannaafslætti sem lagðar eru til í þessu frv. Ég er andvígur því að taka þessa fjárhæð út úr atvinnugreininni og færa hana til ríkissjóðs. Ég teldi það a.m.k. umræðuvert ef menn vildu færa til einhverjar fjárhæðir frá sjómönnum yfir á landverkafólk og líta á það meira sem atvinnugreinaafslátt fremur en sjómannaafslátt, en ég er ekki reiðubúinn að standa að breytingum af þessu tagi.

Ég bendi líka á það að þessi breyting á sjómannaafslætti er ekki tekjujafnandi. Hún er hið gagnstæða. Hún kemur þyngra niður á þeim sjómönnum sem hafa lágar tekjur en hinum sem hafa háar tekjur. Hún tekur stærri hlut af þeirra ráðstöfunartekjum en af hátekjusjómönnunum og verkar því öfugt við það meginmarkmið sem ég tel að stjórnmálaflokkarnir hafi haft, a.m.k. í orði, að jafna lífsins gæðum á milli manna.

Það væri svo sem hægt að hafa ítarlegra mál bæði um sjómannaafsláttinn og barnabæturnar en ég hef valið þann kostinn að fjalla meira um þá þætti frv. sem aðrir ræðumenn hafa lítið fjallað um og komið fram með þau sjónarmið sem mér finnst nauðsynlegt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar hafi til hliðsjónar í sínum störfum.

Eitt vil ég að lokum benda á varðandi húsnæðisbæturnar. Miðað við þær forsendur sem fjárlagafrv. er reist á, um verðbólgu og launabreytingar, sýnist mér að húsnæðisbætur á næsta ári verði um 3% lægri að raungildi en þær voru á þessu ári, þannig að það vanti um 3% til þess að halda sama raungildi þeirrar fjárhæðar á milli ára. Þá fá þeir sem eru með húsnæðisbætur ekkert upp í vaxtahækkunina sem orðið hefur á þessu tímabili þannig að hún er að öllu leyti óbætt hjá því fólki sem er náttúrlega mun lakari staða en hjá því fólki sem er með vaxtabætur og fær af eðlilegum ástæðum a.m.k. einhvern hluta vaxtahækkunarinnar bættan í vaxtabótum. Mér finnst þess vegna að þeir sem fá húsnæðisbætur, og þeir eru nokkur þúsund manns, fari býsna illa út úr þessum breytingum, nái frv. fram að ganga, miðað við aðra hópa og er ég þó ekki að segja að þeir séu of sælir af sínu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það kann að vera að bera í bakkafullan lækinn að gagnrýna skerðingu á sjómannaafslætti. Svo sterkar eru raddir forsvarsmanna þeirra, enda eru sjómenn nú í baráttu sem þeim er heilög, að halda mikilvægum hluta kjara sinna og missa ekki á einu bretti drjúgan hluta þess sem þeir skilgreina réttilega sem lögbundin kjör sín. En baráttan fyrir því að halda lögbundnum kjörum varðar alla. Ég tek heils hugar undir með þeim stöllum mínum úr hópi þingkvenna Kvennalistans sem benda á að skerðing barnabóta hittir hóp sem á sér formælendur fáa og raunar þann hóp sem síst skyldi, meðaltekjufólk sem ber mikinn kostnað vegna barna sinna, nýtur lítilla ívilnana samfélagsins og er með lúsarlaun því að meðaltekjur á Íslandi að frádregnum kostnaði eru smánarkjör. Með því er ég ekki að gera lítið úr því hversu erfið kjör láglaunahópa eru. Ég er bara að benda á að meðaltekjufólk býr einnig við alveg hreint óskaplega vond kjör.

Ég ætla að líta aðallega á sjómannaafsláttinn og byrja á því að gera grein fyrir furðulegum tvískinnungi sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. er hann gerði athugasemd við ræðu hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur. Þar neitaði hann því að hliðstæða væri á milli BHMR-deilnanna í fyrra og þessarar fyrirhuguðu lagasetningar vegna sjómannaafsláttar. Mig langar því að spyrja hæstv. fjmrh.: Hver er munurinn á því

að krukka í kjör fólks með lagasetningu og því að krukka í kjör fólks með lagasetningu? Ekki veit ég það.

Ég hef heyrt það sem eina skýlausustu röksemd fyrir því að þessi lagasetning, sem nú er fyrirhuguð, er siðlaus að sjómenn líti á sjómannaafsláttinn sem hluta af sínum kjörum. Þetta hef ég ekki heyrt hrakið með neinum almennilegum rökum og hyggst raunar færa sönnur á að það sé ekki hægt. Ég get eins og höfundar hinna makalausu athugasemda við þetta frv. litið aftur til ársins 1954 til að skýra hvað felst í raun í sjómannaafslættinum. Í byrjun ársins 1954 birtist athyglisverð grein í blaðinu Sjómanninum sem ber yfirskriftina „Á að manna íslensk skip með erlendum sjómönnum?" Í þessari grein er fyrst og fremst fjallað um þann vanda sem þá er kominn upp vegna lélegra kjara íslenskra sjómanna. En þar með var farið að knýja á um að erlendir sjómenn yrðu ráðnir á togara af því að Íslendingar fengust hreinlega ekki til að vinna fyrir því kaupi sem bauðst. Hér er því tvímælalaust um deilu um kjaramál að ræða. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég í þessa grein, en höfundur segir:

„Lítið virðist þó enn hafa orðið úr því að færeyskir sjómenn færu á togarana og mun það aðallega hafa strandað á andstöðu togarasjómannanna sjálfra sem hafa hótað að ganga af skipum ef úr yrði."

Virðulegi forseti. Ég vil vísa í athugasemd sem var gerð í þessu sambandi. Kemur fram það sjónarmið að ástæða þess hve illa gengi að manna íslensk skip væru bág kjör. Þetta hef ég úr ritgerð sem var skrifuð í viðskiptadeild fyrir ekki mjög löngu. En áfram held ég tilvitnuninni:

„Eins og áður hefur komið í ljós erum við fullvissir um að aðalástæðan til þess hve illa gengur að fá menn á togarana er sú hve kjörin eru léleg samanborið við það hvað menn bera úr býtum við almenna vinnu í landi þegar atvinna er næg. Ef kjör togarasjómanna yrðu verulega bætt, hætt yrði að umstafla á heimamiðum og betur að sjómönnum hlúð af hálfu þess opinbera, t.d. varðandi einhver skattfríðindi og lækkun álagningar á hlífðarföt, viljum við treysta því að íslenskir sjómenn fáist á togarana og væri innflutningur erlendra sjómanna því algjörlega óþarfur." Síðar í greininni kemur þetta fram: „Af hálfu Sjómannasamtakanna hefur þráfaldlega verið bent á það að tregða íslenskra sjómanna til starfa á fiskiskipin væri aðallega og jafnvel eingöngu vegna þess hve kjörin væru bág samanborið við það hvað menn bera úr býtum fyrir vinnu sína í landi þegar vinna er stöðug og næg og þá sérstaklega þegar borinn er saman vinnutími á sjó og í landi og launin reiknuð út frá því." Og niðurstaðan í þessari grein verður: „Stjórn félagsins þykist þess fullviss að ef kjör togarasjómanna yrðu verulega bætt og betur að sjómönnum hlúð af hálfu þess opinbera varðandi einhver skattfríðindi og lækkun álagningar á hlífðarföt mundu nægjanlega margir íslenskir menn fást á togarana og væri þá innflutningur erlendra sjómanna algjörlega óþarfur til starfa á þá og hefur því stjórnin synjað um leyfi til þess að ráða erlenda menn á togarana."

Það kemur raunar fram til skýringar að þetta upphaf sjómannaafsláttarins var ekki með fullkominni eiringu en það breytir ekki niðurstöðunni. Í framhaldi af þessu var síðan ákveðið að ríkisvaldið tæki að sér að bæta kjör sjómannna, án þess að útgerðinni væri íþyngt, með því að veita skattafslátt vegna fæðispeninga, hlífðarfata og fleira. Mig langar til að vitna til ræðu Eysteins Jónssonar, sem þá var fjmrh., í þessu sambandi, en hann segir m.a. á þingi veturinn 1953–1954, með leyfi forseta:

„Nú hefur verið talað um það í þessu sambandi við ýmis vandkvæði sem útgerðin á við að búa og mannkost á skipum að það mundi geta leyst þann vanda að einhverju verulegu leyti að breyta skattalögum."

Þetta er því beint í kjölfar þessarar umræðu. Hér er greinilega verið að tala um það að bæta kjör sjómannastéttarinnar. Þetta staðfestist í raun í athugasemd við frv. sem hér er til umræðu. Mig langar til að vitna til þess sem stendur á bls. 10, með leyfi forseta, en þar er þessi yfirlætislausa málsgrein: „Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga" og er þá vísað til þess hvernig frádráttarliðir eru rökstuddir sérstaklega. Þarna er verið að tala um lög nr. 49/1987 þannig að ekki er þessi kjarakafli neitt sem einungis tilheyrir forneskjunni. Á bls. 11 er þetta áréttað enn frekar og raunar með alveg dæmalausum hætti. Og enn langar mig að vísa í þessar athugasemdir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um ívilnanir þessar sem launauppbætur í tengslum við kjarasamninga er tvennt að segja. Annars vegar er að á sínum tíma voru ívilnanirnar rökstuddar með tilvísun til sérstaks tímabundins ástands, skorts á sjómönnum o.s.frv. Þær forsendur, sem þá voru í því efni, eru ekki lengur fyrir hendi og ætti því ekki að vera ástæða til að halda bótunum áfram. Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum."

Mér finnst raunar alveg dæmalaust hvað sagt er í þessum athugasemdum og lýsi furðu minni yfir því að hæstv. ríkisstjórn skuli láta sér detta í hug að hægt sé að viska því sem viðurkennt er að sé hluti af kjarabótum sjómanna út af borðinu eins og ekkert sé sjálfsagðara bara vegna þess að nú heldur hæstv. ríkisstjórn að hægt sé að manna flotann léttilega og því sé ekki ástæða til að halda bótunum áfram. Þvílíkt og annað eins. Og þvílík þversögn að segja í öðru orðinu að ríkið eigi ekki að hafa óeðlileg afskipti af gerð kjarasamninga, og vísa þá í samninga sem hafa verið gerðir, og ætla svo í hinu orðinu að hafa þau óeðlilegu afskipti af gerðum kjarasamningum að skerða viðurkennd kjör sjómanna um allt að 30% eins og ég hef heyrt. Ég skil ekki svona lagað.

Ég hef ákveðna meiningu um að ekki sé endilega ástæða til þess skilyrðislaust að ríkið greiði niður kjör einstakra stétta. En samningar eru samningar og þeim verður ekki rift nema með öðrum samningum, í þessu tilviki milli ríkisins, útgerðarinnar og sjómanna. Ég veit raunar ekki betur en að sjómenn séu fyllilega

reiðubúnir til slíkra viðræðna. Við vitum hins vegar öll hvernig útgerðin stendur nú, þ.e. sem atvinnugrein í heild, ekki einstök fyrirtæki, og því er ég raunar efins um að nú næðust samningar um slíkt. Án slíkra samninga er hins vegar siðlaust að krukka í kjör nokkurrar stéttar. Ég vísa því á bug að hér sé nokkuð annað á ferðinni en lög á kjarasamninga. Ég minni á orð hæstv. núv. sjútvrh. og dóms- og kirkjumrh. er hliðstæðar aðgerðir voru til umræðu, kjaraskerðing með lagasetningu, hér á Alþingi fyrir ekkert óskaplega löngu. Í það sinnið bitnaði hún á félagsmönnum BHMR, en ráðherra, sem þá var raunar óbreyttur þingmaður, sagði 11. des. 1990, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu falli er tekin til baka launahækkun sem hafði komið til framkvæmda. Í þessu falli eru sett lög sem afnema víxlverkunarákvæði í einum kjarasamningi en ekki öðrum. Þessi lagasetning er því um margt mjög sérstæð og einstök að því er varðar lagaíhlutun í gerð kjarasamninga."

Hvað annað er á ferðinni nú? En kannski er óeiningin innan hæstv. ríkisstjórnar slík að þessi sé skoðun hæstv. sjútvrh. og hæstv. dóms- og kirkjumrh. en ekki hæstv. fjmrh.?

Ég þykist hafa rökstutt hvers vegna mér finnst það varða alla launþega á Íslandi þegar lög eru sett á lögbundin kjör einnar stéttar, hvernig svo sem þau eru til komin. Við hverju megum við búast næst? Ég vil undir lokin taka undir það með stjórn og trúnaðarmannaráði Sjómannafélags Reykjavíkur sem sagt er í ályktun frá 12. des. sl., með leyfi forseta:

„Stjórn og trúnaðarmannaráð Sjómannafélags Reykjavíkur skorar á Alþingi að fella 9. gr. frv. vegna þeirrar tekjuskerðingar sem hún hefur í för með sér fyrir íslenska sjómannastétt um leið og minnt er á margra ára lausnir sjómannasamninga tengdra máli þessu."

Það er siðlaust að ráðast að kjörum einnar stéttar með lagasetningu. Nauðsynleg launajöfnun í landinu verður að fara fram með öðrum hætti. Við vitum ekki hver verður næst fyrir barðinu á slíkum aðgerðum. En vera má að áhyggjur mínar nú séu ástæðulausar og orð sjálfstæðismannsins Guðjóns A. Kristjánssonar, hv. 1. þm. Vestf., verði áhrínsorð en hann sagði í kvöldfréttum útvarpsins 10. des. sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er nú ekki viss um að það sé þingmeirihluti fyrir þessu í þinginu. Ég held nú að það sé mikið af skynsömum mönnum sem sjá kannski ekki ástæðu til þess að vera að efna til stórátaka við eina stétt um þessi mál."

Ég vona sannarlega að þetta verði áhrínsorð. Ég vona einnig að upp rísi jafnöflug andstaða gegn öðrum órétti þessa frv., svo sem skerðingu barnabóta. Ekki veitir af.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þessa dagana eru haldnir tíðir fundir í ýmsum þingnefndum Alþingis og í dag hefur það gerst að haldnir hafa verið tveir fundir í efh.- og viðskn. Þangað berast tillögur á tillögur ofan til breytinga á svokölluðum bandormi. Mér skilst að í fjárln. sé tekist á um heilbrigðismál en eins og við munum var stórum hlutum fjárlagafrv. vísað til 3. umr. það voru þeir þættir sem snúa að heilbrigðis-, tryggingga- og skólamálum sem eru engir smá málaflokkar, upp á tugi milljarða. Ég veit ekki hvað þetta á að ganga svona lengi og ég legg einfaldlega til, herra forseti, að hlé verði gert á þingstörfum þangað til ríkisstjórnarflokkarnir eru búnir að koma sér saman um hvað þeir vilja og hvað þeir ætla að gera. Það mun ekki standa á okkur stjórnarandstæðingum, reikna ég með, að veita ríkisstjórninni nauðsynlegar heimildir þannig að greiðslur úr ríkissjóði geti gengið með eðlilegum hætti eftir áramót, en þegar stjórnin verður búin koma sér saman erum við líka reiðubúin að mæta til þings til þess að halda áfram eðlilegri vinnu.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir orð hv. 18. þm. Reykv. Ástandið hér á hinu háa Alþingi er auðvitað orðið með hreinum ólíkindum. Við höfum setið á löngum fundi í hv. fjárln. þingins þar sem stóru máli var frestað til 3. umr. sem nú sýnist í algjöru uppnámi sem er samlagning tveggja sjúkrahúsa hér í borginni og er ljóst að úr því getur tæplega orðið þar sem báðir aðilar mótmæla harðlega að þetta verði látið fram ganga. Við þetta megum við búa, að ákvarðanir séu teknar á nokkurra klukkustunda festi um fjármuni sem skipta hundruðum milljóna. Síðan berast okkur í fjárln. hinar furðulegustu fréttir af því sem er að gerast í hv. efh.- og viðskn. þingsins. Ég hlýt að taka undir, hef enda varað við því fyrir þó nokkrum tíma síðan að það hljóti að vera harla vonlaust að ná fram afgreiðslu fjárlaga fyrir jól, þessa ábendingu hv. 18. þm. Reykv. Ég hygg að betur væri með tímann farið, hafi menn einhverjar vonir um að ljúka þessari vinnu fyrir jólahlé, ef gefið yrði hlé frá þingstörfum svo að hæstv. ríkisstjórn gæti sest niður og reynt að ræða sig gegnum þau mál sem okkur er ætlað að afgreiða fyrir jólahlé. Ég tek fram, herra forseti, að þetta er mælt í mestu vinsemd. Ég hygg að hæstv. forseti hafi nú þegar sjálfur séð hvert stefnir þar sem hann situr í hv. fjárln. þingsins og hefur fylgst þar með störfum eins og við öll. Ég bið því hæstv. forseta og forsætisnefnd þingsins í mestu vinsemd að nota heldur tímann, a.m.k. á kvöldin og um nætur, til að koma sér niður á til hvers er ætlast af okkur hv. þm. þessa dagana.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég þakka hv. þingmönnum ábendingar um hvernig hraða megi þingstörfum. Ég tel eðlilegt að þessar ábendingar verði teknar til umræðu á samráðsfundi forseta og formanna þingflokka, hvort þinginu verði frestað eða á því gert hlé á meðan ríkisstjórn kannar hvernig best sé að koma sínum málum fram hér í þinginu. Ég vona að hv. þm. taki undir með mér að þar sé skynsamlegur vettvangur til að ná samkomulagi um slíkt hlé ef fallist verður á það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í ræðu minni fyrr í kvöld, að ég sé ekki ástæðu til þess að halda áfram málefnalegri umfjöllun um frv. sem hér liggur fyrir einfaldlega vegna þess hvernig ástatt er í nefndum þingsins, þeim veigamestu, fjárln. og efh.- og viðskn. Þess vegna, virðulegi forseti, hlýt ég að lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að ég gat ekki skilið orð virðulegs forseta áðan öðruvísi en svo að hann væri að taka undir þau sjónarmið að ástæða væri til að hæstv. ríkisstjórn fengi ráðrúm til þess að setjast niður og koma fram með einhverjar þær tillögur sem séu það mótaðar að hv. fjárln. og efh.- og viðskn. hafi eitthvað til þess að taka afstöðu til, við séum ekki að fá brtt. að kvöldi við brtt. sem við fengum að morgni við sama málið og að við vitum eitthvað hvað það er sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að leggja fram og fá í gegnum þingið fyrir jólin.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þær vinsamlegu ábendingar sem hv. síðustu ræðumenn hafa fært fram og ég vil sömuleiðis taka undir og þakka viðbrögð forseta sem hefur heitið okkur því að þetta efni verði tekið fyrir á næsta reglulegum samráðsfundi. En ég hlýt að leyfa mér að bæta því við að ég tel auðvitað óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. sé tekinn inn í slíkar viðræður. Þær þjóna tæpast fullum tilgangi nema hæstv. forsrh., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, sé þar til samráðs við formenn þingflokka og forseta þingsins. Ég vil minna á, nota tækifærið til þess, ósk mína frá því fyrr í dag, í þessari umræðu, að hæstv. forsrh. komi til umræðunnar og gefi upplýsingar um stöðu þessara mála af vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ég bað um að gerðar yrðu ráðstafanir til að hæstv. forsrh. kæmi til fundarins. Ég óskaði ekki eftir að hann yrði endilega kallaður til meðan ég flytti mína ræðu en að hann kæmi sem sagt til umræðunnar og gæfi upplýsingar um hvernig vinnan að þessum efnahags- og ríkisfjármálatillögum á vegum hæstv. ríkisstjórnar stæði. Sömuleiðis óskaði ég eftir nærveru hæstv. sjútvrh. sem mér til ánægju hefur verið hér í kvöld og fylgst með umræðum.

Ég hlýt þess vegna að gera hvort tveggja, að taka undir þær óskir og ábendingar sem hér hafa verið settar fram og jafnframt ítreka ósk mína um að hæstv. forsrh. komi til okkar áður en þessari umræðu lýkur og geri okkur grein fyrir stöðu mála.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Vegna beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. um að hæstv. forsrh. verði hér viðstaddur mun ég spyrjast fyrir um það hvort á því séu tök núna í kvöld. Ég ítreka aftur það sem ég sagði áður, að ég tel eðlilegt að þessi ósk, þessi ábending, sem ég þakkaði fyrir, af því að ég veit að velvilji liggur að baki, um að hraða megi þingstörfum, verði tekin fyrir á samráðsfundi forseta og formanna þingflokka. Ég tel að það þjóni fremur þeim tilgangi sem við höfum öll í huga um að mega ná sem bestum árangri og flýta störfum hér eins og kostur er án þess að það bitni á þeim störfum sem við þurfum að sinna.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Þar sem í forsetastól situr þessa stundina sá af forsetum þingsins sem líklegastur er til vissrar sanngirni þykir mér eðlilegt að bera upp það mál sem mér finnst vera með hvað óeðlilegustum hætti hér í þinginu. Hér höfum við mátt þola það að umræður eru rofnar alveg miskunnarlaust með svo fádæma sérstæðum hætti að ég held að í þingsögunni sé ekki hægt að finna hliðstæður þess. Hæstv. forsrh. er með skýrslu um Byggðastofnun á dagskrá og skyldi maður ætla að hann nyti þeirrar „respektar" hér í þinginu að hans mál mættu ganga fram til jafns á við annað. Svo er ekki. Í staðinn fyrir að klára þá umræðu, sem vissulega var nokkuð heit og kannski ekki að ástæðulausu vegna þess að hér hafa verið uppi hugmyndir sem menn áttu alls ekki von á, er því máli frestað.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst kannski rétt að vitna til þess hvaða rétt og skyldur dómarar hafa. Það er gert ráð fyrir að eftir vitnaleiðslur megi ekki líða nema ákveðinn tími þar til dómari verði að dæma í máli. Eftir það sé honum umræðan ekki svo í fersku minni að hann sé fær um að gera það. Hvað telja þeir þá að hv. þm. geti hlustað á margar ræður og haft langt bil á milli í umræðu án þess að það sama gerist, að þingmönnum sé ekki svo í fersku minni það sem sagt hefur verið um málið að það valdi ruglingi?

Það er einfalt frá því að segja að ég er í miðri ræðu og það er klippt á og ætlast til þess, fyrirvaralaust upp á hvern einasta dag, að maður geti staðið frammi fyrir því að nú sé málið tekið á dagskrá. Ég verð að segja eins og er að ef þetta yrði geymt fram yfir áramót yrði ég bara að lesa allan textann upp á nýtt. Þess vegna vil ég eindregið mælast til þess að hæstv. forseti geri grein fyrir að þessi málsmeðferð sé óeðlileg. Ég er að sjálfsögðu ekki að pressa á þetta á þessu kvöldi á nokkurn hátt, heldur hitt að hæstv. forseti taki þetta mál upp með eðlilegum hætti á samráðsfundi og geri mönnum grein fyrir þessu: Svona gengur ekki að standa að afgreiðslu mála.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil upplýsa hv. 2. þm. Vestf. um að það mun verða gjört.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vildi gera nokkrar athugasemdir við 9. gr. frv. til laga um breyting á tekjuskatti og eignarskatti, en hún varðar sjómannaafsláttinn. Eins og kunnugt er er forsaga þessa máls nokkuð löng og lengri en frá 1954, en þá upp var tekinn og lögbundinn svokallaður hlífðarfatafrádráttur, en mörg árin þar áður höfðu sjómenn haft uppi kröfur varðandi þetta mál vegna sérstöðu sinnar sem almennt hefur verið og er viðurkennd af öðrum starfshópum. Má í því sambandi benda á samþykktir fjölmargra þinga ASÍ þar um.

Hvað varðar sjómannaafsláttinn og áform ríkis-

stjórnarinnar um skerðingu hans lýsi ég yfir andstöðu minni við þessa grein frv. Þegar litið er til athugasemda við 9. gr. í frv. um tekju- og eignarskatt verður ekki of sagt að lítill skilningur og algjört þekkingarleysi ríki hjá þeim aðila eða aðilum sem festu þessi orð á blað. Vík ég nú, með leyfi forseta, að athugasemdunum með nokkrum orðum.

Það er þá fyrst til að taka og vitna í þar sem segir: „Að því leyti sem séð verður af tiltækum gögnum að þessir frádráttarliðir hafi verið rökstuddir sérstaklega virðist fernt koma fram. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega. Í öðru lagi ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langrar fjarvista frá heimili. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga.

Þessi rök höfðu vafasamt gildi þegar í upphafi og hafa þau enn rýrnað í tímans rás. Kostnaður vegna vinnufata er eðlilegur hluti af kostnaði launþega við að sinna starfi sínu og er að jafnaði borinn af honum. Þegar störf gera kröfu um sérstakan hlífðar- eða öryggisfatnað er algengt að í samningum sé kveðið á um að vinnuveitandi leggi slíkan búnað til eða tekið sé tillit til þess í launum. Engin rök eru fyrir mismunandi skattalegri meðferð í þessu efni eftir því hvort þau störf sem sérstaks búnaðar krefjast séu í tengslum við sjósókn eða ekki. Með hliðsjón af því að algengast er að vinnuveitendur beri kostnað af sérstökum hlífðarfatnaði má eins líta á skattafrádrátt af þessum ástæðum sem ívilnun þeim til handa en ekki til handa sjómönnum."

Í umræðum hér og í athugasemdunum er einkum rætt um það sem að fiskimönnum snýr. Þeir fá greidda frá útgerð fatapeninga sem nú nema 2.151 kr. á mánuði og gerir það á 10 mánaða úthaldi rúmlega 21 þús. kr. Ég minnist á þetta sérstaklega vegna þess að í athugasemdunum koma fram upplýsingar um þau fatahlunnindi sem almennt eru á vinnumarkaðinum en eru ekki meðal sjómanna nema með þeim hætti sem ég gat um áðan. Vinnufatakostnaður sjómanns er eftirfarandi á ársgrundvelli:

Vinnuflotgalli kostar 23.000 með virðisaukaskatti, þrír gúmmívinnugallar sem kosta tæpar 6.000 kr. hver eða 17.400 kr., auk stígvéla á 12.200 kr. og vinnuvettlingar upp á 41 þús., samtals 93.950 kr. Mér kemur ákaflega spánskt fyrir sjónir að sá sem þessar athugasemdir hefur samið hefur ekki áttað sig á hver kjarasamningur sjómanna er, enda segir hann hér: „Að því leyti sem sjómönnum er nú látinn í té hlífðarfatnaður eru forsendur skattaívilnunarinnar fallnar."

Þá segir hér enn fremur:

„Rökunum vegna fjarveru frá heimili hefur að því leyti síðan þau voru fyrir hendi verið eytt, m.a. vegna þrýstings frá þeim sem þessarar ívilnunar hafa notið með því að teygja gildissvið hennar yfir á fjölda aðila án þess að um langtíma fjarveru frá heimili sé að ræða eða jafnvel nokkra fjarveru, sbr. hlutaráðna landmenn. Auk þess er að nefna að utan raða sjómanna er fjöldi launþega sem við slíka fjarveru búa án þess að það sé bætt með skattpeningum."

Það verður að segjast eins og er að hvað þetta áhrærir hafa sjómenn þá sérstöðu að hægt er að tala um langan vinnutíma, sem ég mun koma að síðar, og fjarveru frá heimili og einangrun í starfi sem var kveðið á um ekki fyrir löngu í kjaradeilu milli farmanna og útgerða kaupskipa. Það hefur líklega verið á árinu 1979 að sérstakur kjaradómur var settur til þess að vega og meta þennan þátt sjómennskunnar. Því miður fór nú svo að þessi ágæti dómur treysti sér ekki til þess að vega þetta og meta til fjár vegna þessarar sérstöðu. Svo mikil var hún í augum dómenda og segir það margt.

Þeir ágætu aðilar sem hafa samið þessar athugasemdir hafa heldur ekki haft í huga þá fórn sjómannsins, og sjómannskonunnar, sem liggur að baki þessu starfi þegar litið er til uppeldis barna og fjarveru frá heimili þó ekki sé litið nema til þess sem hann missir af hvað varðar uppeldi barna sinna og síðast en ekki síst fjölskyldulífið.

Hér segir enn fremur: „Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum.

Þá er þess að geta í að framkvæmd eru þessar skattaívilnanir og hafa í vaxandi mæli verið rýmri en lagabókstafur segir til um." Þetta hefur ekki verið að ósk sjómanna. Þeir hafa ekki óskað eftir því að lagabókstafurinn væri rýmkaður með þeim hætti sem hér er um getið og hefur orðið þess valdandi að þeir í fjmrn. hafa talið að í óefni væri komið. Ekki eru það sjómenn sem halda um lögin eða stýra þeim og ekki báðu þeir um að þeir aðilar sem sannanlega eru í öðrum störfum eða sinna ekki hinu eiginlega sjómannsstarfi hafi notið þessara ívilnana, ekki hefur það verið ósk sjómanna eða sjómannasamtakanna að þetta gengi út í þær öfgar sem raun ber hér vitni um.

Þó er rétt að geta þess að í upplýsingum sem hafa komið fram áður og eru frá sjómannasamtökunum, er það athyglisvert að horfa á það að sjómenn á bátum undir 12 brúttórúmlestum hafa notið sjómannaafsláttar í jafnmarga daga og allir farmenn, allir þeir sem eru á varðskipum ríkisins, hafrannsóknaskipum og sanddæluskipum. Það leiðir hugann að því sem hér var sagt í greinargerðinni í hvert óefni er komið.

Þá segir enn fremur: „Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþágan elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um það hvar eigi að draga línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna. Það er einnig athyglisvert að í því reiptogi er varpað fyrir róða þeim forsendum og rökum sem í upphafi voru notaðar fyrir undanþágurnar. Sýnir það vel takmarkað gildi þessara forsendna og það að hagsmunaaðilar meta þær ekki mikils, enda er í reynd einfaldlega um það að ræða að andstæðar fylkingar hagsmunaaðila sameinast í sókn á hendur þriðja aðila og tekst að velta yfir á hann kostnaðinum af ávinningi sínum."

Allar götur frá 1964 frá því að Tryggingastofnun ríkisins tók upp skráningu bótaskyldra slysa eru 25%

þeirra slysa, sem tilkynnt eru Tryggingastofnun ríkisins, slys á sjómönnum enda þótt á síðasta áratug séu sjómenn ekki nema um 5% þeirra sem eru á vinnumarkaðinum. Ég ætla ekki að gera að miklu máli hér dauðaslys meðal þessarar stéttar. Þar er uggvænlegt ástand, ekki síður en það sem ég gat um áðan varðandi slys á sjómönnum. Því hefur oft á tíðum verið haldið fram að eftir þær lagabreytingar sem voru gerðar varðandi greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins til útgerðar, þegar hún greiðir slösuðum sjómönnum staðgengilslaun, hafi skráningar orðið tíðari hjá Tryggingastofnun ríkisins en áður var. En ef skoðuð er sú þróun, sem ég gat hér um áðan hjá Tryggingastofnun ríkisins, er þetta ekki ástæðan. Ástæðan er ekki sú að slys séu tilkynnt betur en áður var heldur einfaldlega sú að við stöndum frammi fyrir þessari þróun í slysatíðni meðal sjómanna þrátt fyrir það að ágætlega hefur verið staðið að málum með slysavarnaskóla sjómanna. En það er hins vegar kapítuli út af fyrir sig hvort á réttum enda hafi verið byrjað, þ.e. að sýna og kenna mönnum hvernig þeir eigi að bjarga sér ef skip ferst. Það er spurning hvort ekki hefði verið eðlilegra að kenna mönnum verklega vinnu á vettvangi og leiða menn þar þann stiga sem mætti verða til þess að komast út úr þessu alvarlega ástandi slysatíðninnar meðal sjómanna.

Maður hlýtur að gagnrýna mat ríkisvaldsins og þjóðfélagsins á störfum sjómannsins. Er það mat manna í æðstu stöðum ráðuneyta að við Íslendingar lifum af því að raka og klippa hver annan? Er svo komið meðal þjóðar vorrar að störf sjómanna séu ekki meira metin en kemur fram í þessum texta?

Það er líka athyglisvert að sjá að talað er hér um að vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veiti rétt til afsláttar en ekki sömu störf í frystihúsi á miklu lægri launum. Eflaust hafa þessir ágætu menn ekki áttað sig á því að rannsóknir, sem fram hafa farið á störfum sjómanna, hafa leitt í ljós að það er staðreynd og mat lækna að þeir eyða 25% meiri orku við það að vinna til sjós og standa ölduna enda hafa sjómenn notið greiðslu úr lífeyrissjóði fyrr en aðrir. Þar hefur ríkisvaldið ekki komið til með greiðslur á móti enda þótt lög hafi verið sett á hinu háa Alþingi þar um. Þar hafa samningsaðilar sjálfir axlað þá byrði sem þó var ætlunin að ríkisvaldið gerði með því inngripi sem þá var inn í kjarasamninga. Menn hafa kannski ekki heldur áttað sig á því að á frystitogara er unnið a.m.k. 12 klukkustundir á sólarhring og meðalúthald á frystitogara er 24 dagar á mánuði. Það þýðir að menn skila a.m.k. 300 klukkustundum á þessum 24 dögum. Ef þetta er brotið niður í dagvinnustundir, eftirvinnu, næturvinnu, vaktaálag og helgidagakaup, sé ég ekki að launamunurinn sé eins mikill og menn vilja láta eða hafa menn yfirleitt hugsað það nokkuð?

Auk þess er rétt að benda á að á kaupskipum er 56 stunda vinnuvika og ef litið er til bátaflotans er þar a.m.k. 12 klukkustunda vinnuskylda. Eins og ég gat um áðan er það umhugsunarefni fyrir þá, sem halda því fram að menn hafi rótað upp tekjunum á þessum frystitogurum, hver launin eru þar í raun. Við höfum reyndar athugað það hjá sjómannasamtökunum en hins vegar ekki farið hátt með það að þegar hinn langi vinnudagur er brotinn upp, að ógleymdu vaktaálagi og öðru, þá er ekki svo feitan gölt að flá þegar upp er staðið.

Í þessari „ágætu" greinargerð kemur líka fram eftirfarandi: „Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða. Slíkum aðstæðum verður að bregðast við með hagræðingu, m.a. fækkun skipa og áhafna. Niðurgreiðsla á útgerðarkostnaði er engin lausn í því efni. Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri."

„Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða, sem hann á að þjóna, eru torfundin.

Þrátt fyrir þau rök, sem færa má fram gegn sjómannaafslætti, er ekki í frv. gert ráð fyrir að fella hann niður." Og síðan kemur rúsínan í pylsuendanum sem mér finnst taka af allt það sem áður hefur verið sagt í margnefndri greinargerð. „Tilvist hans er veigamikið atriði sem snertir kjör sjómanna og hag útgerðar sem ekki er unnt að taka burtu án fyrirvara." Ég held að sjómenn og samtök þeirra séu sammála þessu sem er síðast sagt.

Ég vil líka benda á það sem áður hefur komið fram að nú standa menn frammi fyrir því að á næsta ári verður enn samdráttur í afla og áætluð tekjuskerðing sjómanna um 17%. Ég hefði óskað þess að þetta mál hefði aldrei farið af stað öðruvísi en að við sjómannasamtökin væri rætt vegna þess að við erum sammála því að hér þarf auðvitað að taka á málum með þeim hætti að hinn eiginlegi sjómaður og starf sjómanns sem slíks njóti þess að sjómannaafslátturinn verði takmarkaður við hann einan. En ég veit það og ég trúi því að sú nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar og hæstv. fjmrh. muni taka þannig á þessu máli að lausn fáist, sættir verði um þetta mikilvæga kjara- og réttlætismál sjómanna svo allir geti vel við unað.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um sjómannaafsláttinn er ástæða til þess að fara um það mál nokkrum orðum og leggja áherslu á að sjómannaafsláttarinn er hefðbundinn þáttur í kjörum sjómanna sem verið er að tryggja. Tryggja ber sjómönnum fullan sjómannaafslátt en það þarf jafnframt að tryggja að aðrir njóti ekki þess afsláttar á kostnað sjómanna. Það þarf sem sagt að hafa hreint borð. Það er ljóst að sjómannaafsláttur er eins konar afsprengi tveggja þátta, sjómannafrádráttar sem er vegna fjarveru frá heimilum og fiskimannaafsláttar sem var kjaraþáttur.

Sjómannaafslátturinn í dag er auðvitað fyrst og

fremst viðurkenning á sérstöðu í starfi sjómannsins, sérstöðu þar sem hann er langdvölum fjarri heimili sínu, fjarri þjónustu, fjarri svokölluðu menningarlífi, fjarri ýmsum þáttum í samfélaginu sem er daglegt brauð fyrir hvern og einn landkrabba.

Margt er óljóst í framgangi sjómannaafsláttar og á síðustu dögum þegar menn hafa skoðað málin grannt, vegna tillögugreinar sem á að skerða sjómannaafslátt er lýtur að tekjuöflun ríkissjóðs, þá er jafnljóst að ýmislegt hefur komið mönnum á óvart. Það hefur til að mynda komið mönnum á óvart að talið var að 9 þús. menn eða þar um bil nytu sjómannaafsláttar en samkvæmt síðustu tölum eru það liðlega 11 þús. menn. Brögð eru að því að menn hafi fengið sjómannaafslátt í ríkari mæli en rök voru fyrir. Ég er sannfærður um að þegar gengið verður frá þessu máli og þeirri tillögugrein, sem varðar sjómannaafsláttinn, þá verði það fulltryggt að þeir sem í raun og veru eru sjómenn og hafa það starf að aðalatvinnu njóti til fullnustu sjómannaafsláttar. Ef eitthvað er, þá er ástæða til að hækka hann en ekki lækka. Þannig er ástæða til að hvetja til þess að menn taki á þessu jákvætt og ákveðið. Það er ástæða til þess að spúla dekkið í afgreiðslu á þessum mikilvæga þætti sjómanna, sjómannaafslætti. Ástæða er til þessa að tryggja að það séu sjómenn einir sem njóti þess réttar. Fiskimenn, farmenn, ferjumenn, sjómenn á rannsóknaskipum, varðskipum og öðrum slíkum sem tvímælalaust falla undir sjómennsku.

Sú upphæð sem rætt er um að skerða, 180 millj. eða þar um bil, mun að öllum líkindum ekki skipta máli þegar málið er gert upp með tilliti til þess að út verði tekið það sem ekki á heima í þessari afgreiðslu og tryggt að inni sé það sem er raunverulegur afsláttur sjómanna á hafi úti. Það er ástæða til í þessu sambandi að benda á þætti sem vert er að skoða og taka á. Til að mynda er ástæða til þess að hvetja til aukinnar lögskráningar, að lögskráning nái ekki eingöngu til báta sem eru 12 tonn og yfir heldur einnig til minni trillubáta. Ég býst við að hægt væri að miða við um það bil 6 metra langa báta. Það er verulegur hluti af hinum smærri trillubátum landsins. Þó að slík breyting mundi að öllum líkindum kosta réttindakröfur, pungapróf eða eitthvert slíkt nám, er full ástæða til þess að huga vel að því og framkvæma það á einhverju árabili því það er þáttur sem menn eiga að geta sinnt samhliða sinni vinnu á sjó og landi. Það er námskeiðahald sem menn eiga að geta ráðið við og mundi um leið kalla á aukið öryggi á hinum smærri bátum sem er mikil ástæða til þess að auka og treysta til að draga úr hinni hörmulegu slysatíðni sem við búum við.

Ég vil undirstrika mikilvægi þess að tryggja sjómönnum fullan sjómannafrádrátt en gæta þess jafnframt að þar séu ekki inni í sjóðum aðilar sem hafa ekki þann rétt og hafa ekki þá viðmiðun sem sjómenn eiga að hafa og við viljum viðurkenna og virða.

Ólafur P. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa þær kenningar verið settar fram að nú sé nauðsyn að smúla dekkið. Það bendir til þess að hæstv. félmrh. lét á sínum tíma samþykkja með aðstoð þingmanna þáltill. þar sem lagt var til að metið væri hversu mikil væru skattsvik á Íslandi. Hæstv. fjmrh. mun kannast við þessa tillögu. Þetta voru allmargir milljarðar sem hinir vísustu menn, sem yfir málið fóru, töldu að skattsvikin hljóðuðu upp á. Það virðist nú að risinn sé upp á meðal vor sá aðili sem vill ríða fram á hvítum hesti og heimtar réttlæti í þessum efnum. Mér sýnist þess vegna að eigi að smúla dekkið þurfi að taka á fleirum en sjómönnum.

Það er ærið umhugsunarefni að þessi þjóð býr við einhvern hæsta virðisaukaskatt sem þekkist. Samt dugar það ekki til þess að ná inn þeim tekjum sem við þurfum. Væri fróðlegt að bera saman skattkerfi ýmissa landa og fá úr því skorið hvort það vantar vopnin handa hæstv. fjmrh. til að ná sköttunum inn eða hvort undanskotin eru slík að það sé ástæðan. Það liggur nefnilega ljóst fyrir, og var ekki sagt hér af þeim sem þennan texta hafa ritað, að þegar menn skoðuðu þetta á sínum tíma og báru t.d. saman við iðnaðarmenn sem gjarnan liggja undir þeim sökum að „svört atvinnustarfsemi" eigi sér stað hjá, þá komust þeir að því að það væru ekki svo miklir möguleikar hjá sjómönnunum að fara fram hjá skattkerfinu. Ég held nefnilega að sá texti sem hér er ritaður sé dálítið einfaldaður. Ef menn telja sig hafa fundið hin breiðu bök sem beri að leggja á skatta, það séu þeir hlutaráðnu sjómenn sem eru kallaðir landmenn og að það þurfi sérstaklega í þeim aflasamdrætti sem nú gengur yfir að veita þessum hópi manna aðför, þá er kannski rétt að spyrja: Stenst þetta kenninguna um framboð og eftirspurn sem nú er hvað hæst haldið á lofti? Er offramboð á þessum mönnum í landinu? Ég held nú ekki. Kannski er líka rétt að spyrja: Er þá staðan sú, samkvæmt vistfræðinni sem hæstv. umhvrh. á að fylgjast með, að þetta veiðarfæri valdi því að menn eru hættir að þora að leggja til að hér verði sá þorskur dreginn á land sem dreginn hefur verið um áratugi og ekki komið að sök? En eftir að sérfræðingar eru settir í að leiðbeina er allt hrunið og þá má ekki veiða. Hvað er að? Það skyldi þó ekki vera að eitthvað af öðrum veiðarfærum séu ekki jafnvistvæn og línan? Það skyldi þó ekki vera að þau veiðarfæri dræpu kannski meira en kemur að landi? Ég held þess vegna að þessi sérstaka aðför í nafni réttlætisins á þeirri forsendu að nú eigi að smúla dekkið og sópa fyrir borð í þessu sjómannaafslættismáli þeim sem eru landmenn sé dálítið völt. En það virðist eins og þeir séu ansi margir sem eru til í það að hefjast handa undir þessum kringumstæðum og veita þessum hópi sérstaka aðför.

Það er nefnilega dálítið merkilegt að við erum með sérstætt launakerfi í landinu. Það er svo misjafnt að það er með ólíkindum. Ein stétt eins og sjómenn verður að taka á sig fullar skerðingar þegar á móti blæs og lítið veiðist. Vissulega njóta þeir þess þegar betur árar í veiðiskap. Samt er það svo að flestir verja aðeins broti af sinni starfsævi til þess að stunda sjó við strendur landsins, vegna þess að það reynir svo á þrek manna að þeir leita sér að öðrum léttari störfum. Mér finnst þess vegna nokkuð til í því sem hér kom fram. Er þá niðurstaðan orðin sú að skilningurinn á því á

hverju Íslendingar lifi sé gersamlega farinn fyrir borð?

Ég ætla að geta þess, þó að maður geri ekki mikið af því að vitna í viðtöl við einstaka menn, að á þessum vetri sagði mér maður, sem var landmaður á bát frá Akranesi á sínum yngri árum, að þeir hefðu farið yfir 50 róðra í röð án þess að nokkurn tíma hefði komið til landlegu. Tveir eldri menn unnu þá þessi störf ásamt þessum yngri. Það stórsá á þeim eftir vertíðina, sagði hann. Við þoldum það, strákarnir, en það stórsá á hinum. Ég veit fullkomlega hvaða vökur hafa fylgt þessum störfum. Hér finnst mönnum mikið ef vakað er á Alþingi Íslendinga af og til. Það liggur við að sumir telji að ef stjórnarandstaðan er það hörð að hún sé á móti einhverju máli og menn leggja það á sig að vaka nokkrar nætur sé það ekki eðlilegt, það sé svo afbrigðilegt ástand. Það hljóti að vera alveg snarvitlaust lið sem stendur þannig að. En þegar sjósókn er annars vegar hefur aldrei verið spurt að því. Sett voru vökulög hreinlega til að koma í veg fyrir það að menn væru drepnir, því skulu menn gera sér grein fyrir. Hreinlega til að koma í veg fyrir það, drepnir með þrældómi.

Ég verð að segja eins og er að í þeirri stöðu, þegar fyrirsjáanlegur er verulegur tekjusamdráttur hjá þessum mönnum, sé ég ekki rökin til að gera þetta miðað við þá stöðu sem skattamál Íslands eru í. Ég sé þau ekki. Mér finnst það nokkuð mikil kokhreysti að halda því fram að nú eigi að smúla dekkið. Það er nefnilega staðreynd hvort sem okkur líkar betur eða verr að fjmrn. íslenska vantar ekki lög til að ná inn tekjum. Það vantar ekki ný lög í þessu landi til þess að ná inn tekjum. Það vantar fyrst og fremst að framkvæmdarvaldið sinni því verki með eðlilegum hætti að ná inn þeim sköttum sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt. Það er engin lausn í þessari stöðu að hækka stöðugt kröfuna um aukna skatta á öllum sviðum. Dálítið merkilegt er þegar fjmrn. er að bera saman annars vegar hlunnindi úti á landi og hins vegar hlunnindi hér. Þá er eins og niðurstaðan sé ekki sú sama. Ætli fólk í frystihúsunum vildi ekki gjarnan sitja uppi með það að greiða þá fæðispeninga sem greiddir eru í ríkismötuneytunum á Íslandi? Ætli fólk mundi ekki vilja það? Hvernig er það reiknað út gagnvart sköttum? Hafa einhverjar forsendur verið settar þar upp? Hvernig var það með læknana sem máttu fara alla leið til Egyptalands í námsferðir? Hvernig var það reiknað gagnvart sköttum? Hvað er með þann sem ætlar að smúla? Er hann hættur að hugsa um skattamál og farinn að snúa sér að öðrum hlutum?

Þessi mál eru ekki á þann veg að menn geti staðið hér uppi og riðið hvítum fákum og sagt: Í nafni réttlætisins verður að breyta þessu. Það er ekki forsendan fyrir því að verið er að gera þetta. Forsendan er sú að þeir sem að þessu standa, það kerfislið sem leggur þetta til, vill ekki vega að öðrum hlunnindum sem ekki eru skattlögð í þessu landi. Það er málið. Þarna er fjarlægðin hæfileg frá vinnustaðnum sem þeir starfa á og þess vegna er sótt fram með þessum hætti.

Ég held að einnig sé nokkurt umhugsunarefni að hér eru settar inn nýjar leikreglur varðandi rekstrartap. Hvernig má það vera að sá flokkur einstaklingsfrelsis sem hér er, Sjálfstfl., flokkur sjálfstæðra atvinnurekenda, flokkur þeirra sem hafa sagt: Það má ekki leggja á afturvirk lög, ætlar að leggja á lög sem eru afturvirk meira en fimm ár aftur í tímann? Meira en fimm ár aftur í tímann ætlar hann að leggja á afturvirk lög? Ef menn hefðu selt þennan skattafrádrátt á sínum tíma væri hann þeim peningar í dag. Þeir seldu hann ekki. Þeir ætluðu að halda áfram að vinna sig út úr vandanum og þess vegna er hann tekinn burtu. Hvað eru afturvirk lög ef þetta eru ekki afturvirk lög? Hvar eru talsmenn þessa réttlætis í þingsal sem hafa sagt að ekki ætti að leggja á afturvirk lög? Þeir eru sumir að troða pappír í plastpoka. Það er verkefnið sem þeir hafa vegna þess að heilasellurnar þora ekki að koma nálægt þessu verkefni. Þannig er staðan. Það eru engin rök. Það verður ekki hlustað á það úr þessum ræðustól ef þessir sömu aðilar koma hér í nafni réttlætisins seinna meir og segja: Það á ekki að leggja á afturvirk lög, vegna þess að þessi lög eru afturvirk. Það veit hv. þm., sá sem hefur hvað heiðarlegust viðhorf til þessara mála, hv. 4. þm. Reykv. Honum er fullkomlega ljóst að hér er verið að brjóta þau prinsipp. Hér er verið að leggja á afturvirk lög. Ég verð að segja eins og er að ég átti ekki von á því að undir þessum kringumstæðum dytti mönnum í hug að það bæri að gera, að leggja á afturvirk lög. Ef menn vilja breyta þessu, þá þarf að breyta leikreglunum frá deginum í dag. Annað er ekki sæmandi. Hitt eru leikreglur sem ekki standast heiðarlega umfjöllun. Hvað með þá sem keyptu þessi töp kannski fyrir einu ári? Fimm ára töpin? Hvað með þá? Hvernig á að skattleggja það? Hvernig á að reikna það út? Það getur vel verið að sumir verði þorstlátir undir svona kringumstæðum en það er engin lausn á þessum vanda. Réttast væri að safna saman bunkanum sem til er þegar menn hafa kvartað yfir því að hér væri verið að leggja á afturvirk lög og lesa hann upp. Þannig yrði mönnum ljóst að tekist hefur verið á um það í þessum sölum hvort afturvirk lög ættu rétt á sér og þar hafa menn verið virkilega hörundsárir. Ég hef ekki verið hreykinn af því þegar Framsfl. hefur staðið að afturvirkri lagasetningu. En afturvirk lagasetning eins og hér er verið að tala um, þar er seilst lengra aftur en mönnum hefur nokkurn tíma dottið í hug áður, hæstv. umhvrh.

Ég sé það og heyri að lítið fer fyrir prinsippum. Það fer lítið fyrir því að sumir hv. þm. telji að það séu einhverjar leikreglur sem hinn vestræni heimur hefur mótað í þessum efnum. Lítið fer fyrir þeim skilningi að menn hafi viljað gera greinarmun á eignaupptöku annars vegar og skattlagningu hins vegar. Annars vegar að mönnum séu leikreglurnar ljósar sem þeir eiga að starfa eftir eða hins vegar að leikreglurnar séu settar eftir á og mætti þá gera ráð fyrir að hæstv. landbrh. hefði stundum verið rekinn út af í þingsölum áður fyrr ef sú regla hefði verið að menn settu leikreglurnar eftir á og tækju það fyrir sem hefði valdið hvað mestum usla. Menn hafa sett leikreglurnar fyrir fram og svo hafa menn spilað eftir þeim. Með því að taka ákvörðun eins og þessa er verið að setja leikreglurnar eftir á

og þá eru menn gersamlega varnarlausir í atvinnulífinu. Ég fæ ekki séð ef fyrirtæki hefur keypt tap, sem hefur myndast fyrir fimm eða tíu árum, varið til þess 50 eða 100 millj. að það tap yngist neitt upp þó að kominn sé nýr eigandi að tapinu. Það hlýtur að valda sínum aldri. En þá er búið að setja í lög á Íslandi að sá sem setti tapið eftir þeim leikreglum sem þá voru í gildi stendur frammi fyrir því að hann fleygði þeim peningum til einskis. (**Landbrh.:** Það er nú einkenni á tapinu að maður tapar.) Það er einkenni á tapinu að maður tapar. Kannski væri eðlilegt að hæstv. landbrh. kæmi þessum texta á framfæri hjá ríkisstjórninni og þar yrði látið reyna á skilninginn. Það er nefnilega ekki verið að skattleggja gróða. Það er kjarni málsins. Samstaða hefur verið um að skattleggja gróða en nú er komið svo að menn eru ákveðnir í því að snúa sér að því að skattleggja tapið. Það er niðurstaðan. Þetta er þess vegna skarplega athugað hjá hæstv. landbrh. Það er kjarni málsins.

Ég held að ekkert saki meðan þetta mál verður til skoðunar í nefnd að hæstv. ríkisstjórn komi sér saman um það hvort sú meginregla eigi að gilda á Íslandi að það sé gróðinn sem sé skattlagður eða menn ætli að græða á því að skattleggja töpin.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt í lok 1. umr. að segja nokkur orð. Það væri að vísu ástæða til þess að flytja langa ræðu um margt af því sem fram hefur komið en bæði er það að sumir hv. ræðumenn eiga sæti í nefndinni og geta þess vegna komið sínum sjónarmiðum á framfæri þar og fengið þær skýringar sem um er beðið og eins hitt að ég held að það verði að velja út þau aðalatriði sem komu fram til að okkur endist tími til þess að ljúka þessari umræðu og taka fyrir önnur mál.

Ég vil þakka hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni fyrir málefnalega ræðu. Hann á sæti í hv. nefnd og þekkir þessi mál mjög vel. Það er rétt, sem kom fram í máli hans og reyndar í máli hv. síðasta ræðumanns, að kannski má segja að varðandi rekstrartap sé um ákveðna afturvirkni ræða. Það er að vísu ekki einsdæmi að lög hafi verið sett með þeim hætti. Ég minnist þess að á undanförnum árum hefur það stöku sinnum gerst að sett hafa verið lög seint á því ári, seint á árinu og síðan hafi þau haft áhrif árið eftir og hefðu væntanlega getað haft þau áhrif að breytni fólks hefði verið öðruvísi ef það hefði vitað af lagabreytingunni fyrr. Þetta er auðvitað ekki góður siður. Í þessu máli er verið að setja lög um rekstrartap sem taka gildi í upphafi næsta árs þannig að breyting verður vegna svokallaðrar sölu á tapi sem hefur nokkuð verið til umræðu að undanförnu. Ég fellst á það sem hv. þm. Halldór Ágrímsson sagði, að auðvitað er spurning hve langan tíma lög eigi að heimila tapi að safnast upp eða hvort tap eigi að fyrnast á einhverjum tilteknum tíma. Ég tel að 5–7 ár sé hæfilegur tími. Á þeim tíma ætti að koma fram sú sveifla sem eðlileg er í rekstri fyrirtækja. Ég minni jafnframt á að í mörgum tilvikum er um bókhaldslegt tap að ræða sem verður til einfaldlega með bókhaldslegum hætti. Til að mynda hygg ég að útborgaður arður geti myndað tap og umfram það sem ellegar hefði gerst. Ég ætla ekki að ræða það frekar hér en fellst á það sem hann sagði að auðvitað er viss afturvirkni fólgin í þessari lagagrein en við teljum að það hafi tilgang að þrengja lagagreinina um heimild til þess að færa tap á milli fyrirtækja í ljósi þeirra atburða sem hafa átt sér stað á yfirstandandi ári.

Ég get ekki svarað því hér og nú hvernig á að skýra út hagræðingartilganginn og mér finnst eðlilegt að nefndin ræði það sérstaklega hvernig á að standa að því mati. Reyndar er í skattalögum í mörgum tilvikum um að ræða hugtök sem sem ekki eru ákaflega skýr en eru þá skýrari í reglum og skattmati.

Varðandi arðinn og fjármagnstekjur var ástæðan fyrir því að þetta ákvæði fór inn í lagafrv. nú, þótt það virki ekki á skatt fyrirtækja og einstaklinga fyrr en á árinu 1993, einmitt sú sem nefnd var varðandi tapið. Hún er sú að ástæða þykir til á þessari stundu að sýna við hvaða leikreglur fyrirtækin og einstaklingarnir, sem eiga fyrirtækin, þurfa að búa á næsta ári. Ég vil láta það koma skýrt fram að með þessu er verið að taka skref í þá átt að samræma lög hér á landi lögum nágrannalandanna og það er ekki tilgangur ríkisstjórnarinnar að um sé að ræða tvísköttun á arði. Aðalatriðið er að skattlagningin fari fram annaðhvort hjá fyrirtækinu eða hjá einstaklingum.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er ætlunin að flytja annað frv. á vorþinginu, ekki síst vegna þess að að því er unnið nú í fjmrn. að undirbúa skattalöggjöf okkar undir nánari samvinnu Evrópulandanna og opna efnahagslíf Íslendinga. Þess vegna er nauðsynlegt að finna leiðir til að gera íslensku fyrirtækin samkeppnishæfari og þess vegna þarf að breyta íslenskum skattalögum með tilliti til þeirra laga sem gilda í nágrannalöndunum.

Varðandi ríkisskattanefnd hygg ég að það sé ekki dýrara að ráða menn til starfa. Þeir sem hafa starfað að þessum málum hingað til eru löggiltir endurskoðendur eða lögfræðingar og hafa þeir ekki gert þetta í sjálfboðavinnu. Þeir hafa að sjálfsögðu tekið fyrir þetta laun og áætlað er að þrátt fyrir fjölgun í sjálfri nefndinni þurfi þar ekki að verða kostnaðarhækkun.

Hv. þm. spurði um það sem kemur fram í grg. með fjárlagafrv. en þar er getið um að ætlunin sé að ná niður útgjöldum í lífeyristryggingakerfinu upp á 330 millj. Varðandi það mál get ég sagt að við 2. umr. fjárlaga var þeirri upphæð breytt þannig að nú er um að ræða 250 millj. Ríkisstjórninni gefst ekki tækifæri nú fyrir jól að sýna frv. þess efnis en stjórnarflokkarnir ætla sér hins vegar að standa við það að ná sparnaði, hugsanlega með tekjutengingu greiðslna, en það mál verður að bíða þar til eftir áramótin enda ekki hægt að ætlast til þess að á þeim örfáu dögum sem eftir lifa til jóla sé tekið á slíku verkefni. En stefnan sem kemur fram í fjárlagafrv. er sú að það eigi að ná niður útgjöldum vegna lífeyristrygginga og ætlunin er að frv. þess efnis sjái dagsins ljós að loknu jólahléi.

Um sjómannaafsláttinn, sem margir hv. þm. ræddu og hv. þm. Halldór Ásgrímsson ræddi sérstaklega, vil

ég bæta við umræðuna sem kannski hefur ekki komið nægilega skýrt fram, að ein af ástæðunum fyrir því að sjómannaafslátturinn varð til var sú að ríkið hafði bein afskipti af kjörum sjómanna. Það gerðist með þeim hætti, þá er ég að tala um fiskimennina, að oddamaður í Verðlagsráði, fulltrúi ríkisins, hafði oft á tíðum áhrif á fiskverð og stundum með þeim hætti að það þótti hreint og beint ódýrara að bæta sjómönnum kjörin með því að fara þá leið að létta skatt af sjómönnum. Þetta var stundum notað til að réttlæta sjómannaafsláttinn. Nú hefur það hins vegar gerst að verð á fiski er frjálsara, nánast frjálst, og hefur breytt kjörum sjómanna heilmikið. Ég hygg að ég fari rétt með, og ég skal taka það fram að það er ekki sagt neinum til hnjóðs og er ekkert innlegg í þetta mál að öðru leyti, en ég held að á undanförnum tveimur til þremur árum hafi laun sjómanna batnað talsvert meira en laun annarra launþega. Það er hins vegar rétt að það slær í bakseglin á þessu fiskveiðiári vegna þess að búast má við samdrætti í afla og jafnvel lægra verði á fiski á erlendum mörkuðum.

Það er annað í þessu sambandi sem einnig verður að taka tillit til og það eru opinber afskipti, þar á meðal lög og samningar við hið opinbera, sem varða farmenn. Öllum er ljóst að í Evrópu, aðallega norðanverðri Evrópu, hafa skipafélög og sjómenn átt í nokkrum vandræðum að keppa við útgerðir sem gera út frá Panama og öðrum slíkum löndum þar sem reglur eru fábrotnari, einfaldari og þar sem sjómenn koma frá þjóðum sem hafa miklu lægri laun en sjómenn gera sér að góðu í norðanverðri Evrópu. Þessu vildi ég bæta við vegna þess að ekki hefur verið minnst á það í umræðunni um sjómannaafsláttinn.

Ég tek undir það með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það er auðvitað umdeilanlegt, það hefur reyndar komið fram í ræðum nokkurra hv. þingmanna, að ferjusjómenn og hafnsögumenn hafi sjómannaafslátt með sama hætti og aðrir þeir sem stunda sjó. Og það er sérkennilegt þegar haft er í huga að það er hugsanlegt að hafnsögumenn hafi hvort tveggja ökutækjastyrk og sjómannaafslátt á sama deginum. Menn verða að átta sig á því þegar þeir ræða þessi mál að framkvæmdin hefur farið úr skorðum, hún er allt önnur en upphaflega var ætlast til eins og reyndar kom mjög vel fram í máli hv. 16. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Suðurl.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði hvað lægi á út af arðinum. Ein af ástæðunum fyrir því að þetta er í frv. er, eins og ég hef sagt, að við viljum á þessu ári sýna hverjar leikreglurnar eiga að vera á því næsta. Mín vegna hefði verið í lagi að taka þetta mál upp með hugsanlegum lagabreytingum á vorþinginu en vegna þess að þetta atriði er íþyngjandi töldum við rétt að það kæmi fram í þessu frv. Vaxtabæturnar eru ekki hreyfðar að sinni. Það er tekið fram í grg. með frv. að ætlunin er að kanna það mál frekar en hugsanlegt er að þær breytist á þar næsta ári, ekki síst með það í huga að tekjutengja þær meira en gert er í dag og eignatengja þær jafnvel líka frekar en gert er því það er ljóst að mjög tekjuháir einstaklingar og jafnvel eignamiklir fá núna útborgaðar vaxtabætur. Ég tel að það eigi að sjálfsögðu að líta til þess máls eins og annarra bóta og útgreiðslna, gjalda, í tekjuskattskerfinu. Mér finnst að hv. þm. gleymi því stundum að við erum hér að tala um útgreiðslur úr tekjuskattskerfinu en ekki skattgreiðslur á aðrar tekjur eða launatekjur manna.

Ég vil segja það vegna margra orða sem féllu um sjómannaafsláttinn og því hefur verið haldið fram, þar á meðal af hv. þm. Steingrími Sigfússyni sem las reyndar upp álit sjómannasamtakanna, að það er ekki ætlunin að taka 500 millj. af sjómannafrádrættinum. Það er hugmyndin að taka 180–200 millj. og þessa dagana vinnum við að því að finna leiðir til að það geti gerst og vinnan felst að sjálfsögðu í því að ákveða hvað séu þessir svokallaðir sjódagar, dagar á sjó, og tengdir dagar. Þar koma auðvitað til álita svokallaðir bræludagar, veikindadagar o.s.frv. Það þarf að setja mörkin og að því verður að sjálfsögðu unnið í fullu samráði við sjómenn. Við skulum hins vegar átta okkur á því að við getum ekki ætlast til þess að sjómenn frekar en barnafólk hafi atkvæðagreiðslu um það og lýsi yfir stuðningi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Við getum ekkert ætlast til þess að menn láti af sínum kjörum með þeim hætti. Það er einu sinni hlutverk ríkisstjórnar og stjórnarsinna að takast á við þessi mál vegna þess að það eru slíkir hagsmunir í húfi að við þurfum á því að halda að skerða núgildandi kjör mjög margra þegna þjóðfélagsins.

Ég vil enn á ný bókstaflega harma það sem kom fram hjá hv. kvennalistaþingmönnum sem hér töluðu að þeir skyldu setja jafnaðarmerki á milli þess að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem getið er um afslætti til handa sjómönnum og laga á samninga sem gerðir eru á milli atvinnurekenda og launþega í landinu. Ég tel að það sé gjörsamlega ólíku saman að jafna. Ef það væri jafnaðarmerki þar á milli þá hygg ég að flest öll löggjöf sem við erum að fást við snerti með einhverjum hætti kjör fólks í landinu og það mætti með sömu rökum segja að við ættum að semja við alla þá sem málið snertir. Slík röksemd getur ekki gengið upp. Það er alveg útilokað að halda þessu fram.

Það er kannski athyglivert af því að fólk er að ræða um sjómannaafsláttinn og landverkafólk í því sambandi og það kom reyndar fram hjá sumum ræðumönnum, a.m.k. einum, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni en hann viðurkenndi að það væru viss rök fyrir því að beitningamenn, sem ekki eru á sjó, fengju ekki sjómannaafslátt. Ég er sammála honum. Það eru rök fyrir því vegna þess að þetta fólk það vinnur í landi við hliðina á fólki í sambærilegum störfum. Beitningamenn eru yfirleitt á tvenns konar kjörum, annars vegar á hlutaskiptum, og það eru þeir sem njóta sjómannaafsláttar, hins vegar á akkorði og þeir njóta ekki afsláttarins. Við skulum taka annað dæmi af frystitogurunum. Um borð í fyrstitogurum vinnur núna fólk nánast sömu störf og unnin eru í frystihúsunum auk sjómennskunnar. Síðan er í landi fólk sem vinnur við þar sams konar störf í fiskvinnslu og auðvitað hlýtur að rísa upp sú krafa meðal þess fólks að það eigi að njóta sams konar persónuafsláttar og þeir sem eru úti

á sjó og vinna nákvæmlega sömu störfin. Ekki síst þegar tekið er tillit til þess að sjómenn á frystitogurum njóta sjómannaafsláttarins á meðan þeir eru ráðnir þótt þeir séu í landi mikinn hluta þess tímabils. Þetta er breyting sem hefur orðið á högum sjómanna á undanförnum árum sem hefur leitt til þess að framkvæmdin á sjómannaafslættinum hefur tekið breytingum og er ekki eins og upphaflega stóð til að hún væri. Við skulum taka dæmi: Beitningamaður vinnur í landi og hefur 120 þús. kr. á mánuði og nýtur hann fulls sjómannaafsláttar. Við hliðina á honum vinnur annar maður og hefur líka 120 þús. kr. á mánuði. Sá sem nýtur sjómannaafsláttarins borgar 4.000 kr. í staðgreiðslu, hinn borgar 24.000 kr. Það er 20.000 kr. munur á þessum tveimur mönnum sem þarna vinna hlið við hlið. Auðvitað er hægt að færa einhver rök fyrir því að slíkt kerfi viðgangist en ég bið ykkur um að athuga það með okkur að það kann að vera að í jaðartilvikum þurfi að skoða þessi mál betur og ég held því fram að því fyrr sem við áttum okkur á því að framkvæmdin hefur orðið öðruvísi en upphaflega stóð til, þeim mun meiri líkur eru á því að við getum haft sjómannaafsláttinn með þeim hætti að sem mestur friður sé um hann meðal allra stétta. Mér finnst stundum eins og hv. þm. hafi ekki tekið nægilega mikið tillit til þess.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson ræddi reyndar um mörg önnur atriði en það sem kemur frv. við, þar á meðal um stöðu mála í þinginu. Ég vil einungis geta þess í þessu sambandi að nú er u.þ.b. vika síðan þessi tekjufrumvörp voru lögð fram og þau hafa enn ekki komið til nefndar. Ég hef látið kanna það mjög rækilega hvenær á undanförnum árum samsvarandi frumvörp hafa komið fram og þar er enginn munur á. Ég hef einnig kannað það hvenær 2. og 3. umr. hafa farið fram um fjárlög og ég man eftir því að 2. umr. um fjárlög fór fram 15. og 16. des. (Gripið fram í.) Jú, jú, þingið hófst fyrr núna og ég viðurkenni að það eru breytt þingsköp en ég bendi á að fyrst ætlunin er að nota þessa viku þá er þetta ekkert óvenjulegt miðað við það ástand sem fyrr hefur verið í þinginu en ég skildi hv. þm. að svo væri að hans viti. Það er ekkert heldur óvenjulegt á þessum síðustu dögum fyrir jól að tekjufrumvörp og fjárlagafrv. taki breytingum, stundum stórkostlegum breytingum.

Hv. þm. flutti ágæta ræðu um hlutabréfamarkaðinn og ég er um margt sammála honum og þeim viðhorfum sem komu fram hjá honum. Ég ætla ekki að eyða tíma manna í að lýsa viðhorfum mínum til einkavæðingar og sölu á hlutabréfum. Ég sló því fram á einum morgunfundi hjá Verslunarráðinu að það kæmi vel til greina, ekki síst ef ég væri einráður í þessu landi en ég er það nú ekki, þá fyndist mér koma til greina að selja hlutabréf Búnaðarbankans til allra. Ég sagði: Bjóða öllum landsmönnum. Og af því að þetta kom líka fram í ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þá sagði ég: Bjóða öllum landsmönnum á hálfvirði, og síðan: ef þeir hefðu ekki tök á eða vildu ekki eignast þennan hlut, þá yrði einhver afgangur sem yrði seldur hæstbjóðanda.

Helstu rökin, sem komu fram gegn þessu, m.a. frá þeim sem starfa við bankann, voru þau að bankinn væri miklu meira virði en hálfvirði. Ég hélt að allir vissu að hálfvirði segir ekkert um það hvers virði bankinn er. Hálfvirði segir einungis að það sé helmingurinn af því virði sem tiltekið er á markaðinum.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma. Það er hægt að gera það og gefst tækifæri til þess síðar.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði að því hverjir ættu að axla vandann og taldi síðan upp þá hópa sem nú yrðu fyrir búsifjum. Mér hefur kannski láðst að geta þess nægilega skýrt í mínu máli, nú sem fyrr, við hvaða vanda er að glíma. Það má gera ráð fyrir að á þessu ári verði hallinn á ríkissjóði, munurinn á tekjum og gjöldum, a.m.k. 10 milljarðar, líklega nær 10,5 milljörðum. Ég á heldur von á því. Þá er ljóst að á næsta ári falla á brott tekjur. Við erum núna að endurmeta tekjuspá fyrir næsta ár og við gerum ráð fyrir lægri tekjum af sköttum heldur en til stóð að ná í frv. umfram það sem skerðingin verður vegna frestunar á álverinu. Þetta gerist ofan í kaupin en allir muna að á sl. sumri var tekin ákvörðun um það að draga úr fiskveiðum á þessu fiskveiðiári og við álítum að tekjuskerðing ríkissjóðs einungis þess vegna sé 1.700–1.800 millj. kr. Þannig að þegar allt er tekið til, frestun álversins, ný staða í tekjuspá og samdráttur í afla og vegna lægra verðs, má gera ráð fyrir því að við töpum út 3,5 milljörðum. Það er einnig ljóst að nýir samningar, þar á meðal búvörusamningurinn og ný lög, kosta ríkissjóð á næsta ári u.þ.b. 3 milljarða. Einungis vegna þess vaxtar sem er í kerfinu vegna aldursbreytinga og vegna þeirra laga sem í gildi eru má sýna fram á að um 3 milljarða til viðbótar sé að ræða. Þetta er því ekkert lítið verkefni að fást við að skera niður og varpa byrðum á aðra, sveitarfélög, sjómenn, barnafólk og það má telja upp þá sem fá arð af hlutabréfum o.s.frv. En þegar við tölum um barnafólk og sjómenn megum við ekki gleyma því, af því að hv. þm. ræddi um það sérstaklega, að þar er um að ræða bætur, afslátt og útgreiðslu.

Þá kem ég að því að segja frá því að ef lagður væri skattur á allar tekjur og enginn afsláttur væri mundi staðgreiðslan líklega skila um 80 milljörðum kr. Ríkissjóður fær milli 12 og 13 milljarða til sín. Helmingurinn fer auðvitað vegna persónuafsláttarins, sveitarfélögin eiga hluta, eða um 14 milljarða, þá eru það sóknargjöld o.fl. En frádráttarliðirnir, endurgreiðsluliðirnir eru u.þ.b. 10 milljarðar. Auðvitað hlýtur maður að kanna í árferði eins og þessu hvort ástæða sé til þess að allir þeir sem fá endurgreiðslu eða afslátt eigi að fá slíka endurgreiðslu eða afslátt.

Vegna þess að nú er sagt að verið sé að hlífa öðrum en barnafólkinu megum við ekki heldur gleyma því að barnabætur eru að sjálfsögðu ekki skattskyldar og þeir sem eiga börn fá líka skattfrádrátt vegna barnanna. Við verðum þess vegna að skoða allt dæmið þegar við ræðum um þetta.

Það er að vísu eitt sem flækist dálítið fyrir okkur í þessari umræðu allri og ég held að ætti að vera umhugsunaratriði, ekki síst fyrir Kvennalistann, en það er að við höfum ekki gert það upp við okkur, Íslending-

ar — og kannski allra síst Kvennalistinn — hvort eigi að fara fjölskylduskattaleiðina eða einstaklingsskattaleiðina. Það hefur nefnilega verulega þýðingu fyrir okkur öll hvor leiðin er valin, ekki síst fyrir barnafólk. Vegna þess að okkar skattkerfi er þannig að það er sama hvort fólk á börn, er á þeim aldri sem fólk á börn, eða hvort fólk er fullorðið. Í báðum tilvikum er hægt að færa á milli hjóna 80% af ónýttum persónuafslætti. Þetta getur að sjálfsögðu komið barnafjölskyldum vel þar sem annað hjónanna er heima. Þá spyr maður sig að því: Er nauðsynlegt, ef við ætlum að hjálpa barnafólkinu með þessum hætti, að það komi líka hinum vel sem kannski eru skuldlaus og þar sem annað hjónanna þarf ekki að vinna úti af því að fólkið hefur dágóðar tekjur? Er þetta ekki of dýrt?

Ýmsar slíkar spurningar hljóta að vakna þegar maður skoðar þetta skattkerfi. Það er einfalt að ráðast á það, það er einfalt að segja að það eigi að gera eitthvað fyrir ákveðna hópa en vandinn er sá að takmarka sig þá við þá hópa sem maður ætlar að gera vel við. Ég segi þetta við hv. kvennalistaþingkonur vegna þess að á síðasta þingi og þingum áður komu fram tillögur frá þeim, mjög skiljanlegar, sem voru fjölskylduskattalegs eðlis þar sem um var að ræða að taka tillit til ónýtts afsláttar unglinga sem voru 17-20 ára gamlir, sérstaklega hjá einstæðum foreldrum, vegna þess að við 17 ára aldurstakmarkið gerist það að foreldrið eða foreldrarnir fá ekki lengur frádrátt vegna barnanna. En það er hins vegar mjög sjaldgæft að þessi börn hafi slíkar tekjur að þeim nýtist persónuafsláttur inn. Þetta nefni ég hér því að þessi atriði eiga fullt erindi inn í umræðu þar sem við erum að ræða barnabætur og afslætti í skattkerfinu og erum auðvitað að ræða um stefnur og strauma í skattamálum. Ég hef ekki neina slíka skoðun á þessu máli að hún sé mjög föst í hendi. Ég er tilbúinn til að skoða allar leiðir. En mér finnst stundum eins og við ætlum að ná öllu út úr þessu kerfi alveg hugsunarlaust, þannig að við gerum stundum breytingar til þess að koma til móts við einn hóp og svo er okkur sama þótt það nýtist kannski þeim hópi sem ekkert hefur við þetta að gera. Þetta skulum við kanna í sameiningu. Það tekur miklu lengri tíma en fram að jólum að kanna þetta. Ég tel að þessi sjónarmið sem ég hef lýst hérna eigi erindi til þess að skýra þau margþættu sjónarmið sem uppi eru þegar rætt er um breytingar á skattalögum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi hér af kunnáttu um rekstrartap og aðra þætti og ég ætla ekki að fjölyrða um margt af því sem hann ræddi. Það voru tæknileg atriði líkt og hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Vera má að of langt sé gengið í lokamálsliðunum um rekstrartapið, það loki of miklu, og ég vil eindregið hvetja nefndina til þess að kynna sér það. Ég minni á að það varð gerbreyting fyrir örfáum árum á þessum málum og þaðan er komið orðalagið sem hv. þm. vitnaði til, „óverulegar eignir", held ég það hafi verið. Þar var að vísu sagt „skyldur rekstur" en ekki „sams konar", sem nú er verið að þrengja þetta í. En ástæðan var m.a. sú að þá urðu miklar umræður á þingi um sölu á tapi tveggja fyrirtækja, það var Nútíminn annars vegar og Álafoss hins vegar. Í framhaldi af því var lögunum breytt. Ég ætla ekki að rifja þau mál upp hér en benda á að þá þótti mönnum mjög frjálslega farið með sölu á tapi. Það sem við erum auðvitað að reyna að ná utan um hér er að það sé ekki verið að selja það sem stundum er kallað „skel" í fyrirtækjum, það sé með öðrum orðum allt tekið innan úr fyrirtækinu, það skilið frá fyrirtækinu sjálfu, aðeins tapið situr eftir og svo sé það selt til þess að búa til peninga til að leggja í nýjan rekstur. Tapið er venjulega selt með verulegum afföllum, eðlilega og nýtist svo einhverjum fyrirtækjum sem sýna verulegan ágóða til þess að draga úr skattskyldum gróða eða skattskyldum tekjum fyrirtækisins.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að reyna að fóta sig á því hve gamalt tapið væri sem hefði verið selt með þessum hætti. Ég get ekki svarað því. Ég býst við að hv. þm. Halldór Ásgrímsson gæti svarað því betur en ég. En ég hygg að um leið og salan hefur átt sér stað sé það nýtt tap hjá því fyrirtæki sem hefur keypt tapið. Ég get ekki svarað því öðruvísi en ég sé reyndar á höfuðhreyfingum hv. þm. að hann er ekki sammála þessu. Ég veit að hann er mér færari í skattalögum þannig að ég ætla ekki að deila við hann.

Hv. þm. spurðist fyrir um ríkisskattanefndina og um hæfnisskilyrðin. Ég tel að það sé eðlilegt að gera sömu hæfniskröfur til ríkisskattanefndar og gerðar eru um skattstjóra. Það er auðvitað spurning hve langt eigi að ganga um skilyrði, t.d. hvort löggiltur endurskoðandi eigi alltaf að vera í ríkisskattanefndinni. En varðandi hitt hvort frekar eigi að treysta á skattadómstóla, sem sums staðar þekkist, þá hygg ég að það sé óþarfi. Ríkisskattanefnd er auðvitað úrskurðaraðili framkvæmdarvaldsins og niðurstöður ríkisskattanefndar eru í eðli sínu endanlegar hjá framkvæmdarvaldinu. Hins vegar, ef menn vilja ekki una þeirri niðurstöðu, geta þeir sótt rétt sinn hjá dómstólum því dómstólarnir eru auðvitað æðri framkvæmdarvaldinu. Ég tel að dómstólakerfið á Íslandi, sem er tiltölulega almennt, sé ágætt. Það skiptir sér ekki upp í einstaka dómstóla eins og víða er annars staðar gert þar sem sérstakir dómstólar eru fyrir ákveðin efni. Það er gott fyrir dómara að geta skipt sér af fleiri en einstökum efnum og svo er þar að auki hægt að kalla til meðdómendur sem líkja eftir þessum sérstöku dómstólum.

Ég tel mig hafa svarað hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson um það hver sé munurinn á að krukka í kjör með lagasetningu og að krukka í kjör með lagasetningu. Það er nefnilega munur á því hver kjörin eru. Ég vil nefna dæmi. Þegar við setjum skattalög þá snerta þau skattalög, alveg sama í hverju þau eru fólgin, kjör fólks. Ég hef aldrei fyrr heyrt að það sé ætlast til þess að um það sé samið. Þess vegna er mikill munur á því hvort krukkað er í kjör fólks með þeim hætti sem við gerum þegar við setjum skattalög eða hvort við erum að krukka í kjör sem eru samningsbundin kjör á milli launþega og atvinnurekenda. Ég geri mikinn mun á því. Um það hefur verið rætt heilmikið, hv. þm., í þessum umræðum.

Ég hef reynt að svara nokkrum af þeim fyrirspurn-

um sem til mín hefur verið beint. Ég hef reynt að vekja athygli á því að þetta mál er auðvitað margslungið. Ég hef einnig bent á að þetta er einungis 1. umr. málsins. Nefndin á eftir að koma saman og vinna í þessu máli. Þessa dagana er verið að vinna í sjómannaafslættinum og viðhorf sjómanna koma að sjálfsögðu þar til skjalanna og ég vænti þess að hv. nefnd fái tækifæri til þess að fara ofan í þetta frv. og skila því hingað til 2. umr. Þá gefst okkur að sjálfsögðu aftur tækifæri til þess að ræða þetta mál.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem aðallega upp til þess að upplýsa það að ég er engu nær um hug hæstv. fjmrh. í sambandi við það hvort hann gerir greinarmun á því að krukka í kjör fólks og krukka í kjör fólks. Það er varla von því það er enginn munur á því.

Ég hygg að þar sem hann upplýsti að viðhorf sjómanna yrðu könnuð á næstu dögum að þá munu sjómenn verða fullfærir um að upplýsa hæstv. fjmrh. um það að sjómannaafslátturinn er einmitt hluti af lögbundnum kjörum sjómanna rétt eins og kjarasamningar ganga. Þetta er þeirra skilgreining og ég hygg reyndar að til þess að stytta nú enn vegina þá gætu a.m.k. tveir flokksbræður hans úr hópi sjómannastéttarinnar fullvel útskýrt það fyrir honum. Þannig að ég ætla ekki að fara að hafa hér lengra mál. Að vísu kom þetta allt saman fram í ræðu minni áðan. En látum vera þó að menn séu orðnir þreyttir og lúnir og hlusti ekki nógu vel.

Hins vegar er annað sem mér finnst ástæða til þess að tala um og það er að mér brá við ræðu hæstv. fjmrh. er hann fór að tala um það sem röksemdir fyrir því að nú ætti að skerða kjör sjómanna að það þyrfti að jafna þau niður á við vegna þess að sjómenn á skipum skráðum í Panama og annars staðar hefðu svo lág laun. Þetta finnst mér mjög alvarlegt ef rétt er að þetta sé viðhorf hæstv. fjmrh. Þetta segir okkur, eða það gæti bent til þess að hann liti svo á, að ef samanburður í erlendu samstarfi, t.d. innan Evrópubandalags eða EES, ef einhvern tíma verður af því, gæti leitt til sömu niðurstöðu, að jafna þyrfti niður á við.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar hv. þm. breytir auðvitað engu um skoðun mína á þessu máli. Ég minni á að við erum einungis að breyta hér framkvæmd. Ég tel að einungis sé verið að breyta hér framkvæmd á sjómannaafslætti. Það hefði verið hægt að gera án lagabreytingar ef stæði ekki þannig á að það hefði gengið skattalegur úrskurður um það að menn sem hafa verið í landi jafnvel í tvö ár, en á hlutbundnum launum hjá útgerðinni, fengju sjómannaafslátt. Ég tel að með því hafi hann farið langt út fyrir það sem til stóð í upphafi.

Í öðru lagi nefndi ég Panama í þessu sambandi vegna þess að ein af rökunum fyrir sjómannaafslætti, sem er látin í té sjómönnum og styrkir þar með útgerðarinnar, er að skip eru gerð út frá Panama með þessum hætti. Þessu til styrktar vil ég nefna að frá norrænu sjómannasamtökunum hefur ríkisstjórninni borist bréf þar sem beðið er um styrk við útgerðarfyrirtækin íslensku til þess að mæta hinni erfiðu samkeppni frá þessum þjóðum. Það var það eina sem ég sagði, til þess að bæta við í pottinn um sjómannaafsláttinn. Tilgangurinn var ekki annar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. fjmrh. vildi ekki viðurkenna það í pontunni áðan að það væri skattahækkun sem fælist í því að draga úr barnabótum á fjölskyldufólk. Hann sagði: Þeir sem um það tala verða að gera sér grein fyrir því að verið er að ræða um annars vegar barnabætur og hins vegar sjómannaafslátt. Það er verið að ræða um bætur, það er verið að ræða um afslátt, það er verið að ræða um útgreiðslur sem er allt annar hlutur en skattar.

Ég skal fallast á það hvað varðar sjómannaafsláttinn að það er auðvitað ekki hægt að tala um hann sem skattlagningu. En hvað varðar barnabæturnar lít ég svo á, og ég held að menn hljóti að sjá það, að þarna er um ákveðna skattlagningu að ræða. Það er t.d. ljóst að þegar menn eru að meta jaðarskatt þá er þetta hlutur sem kemur þar inn, hversu hár jaðarskatturinn er og það eru barnabætur og lífeyrissjóðsiðgjöld sem eru tekin þar inn í myndina. Þannig að þarna er auðvitað um ákveðna skattlagningu að ræða.

Hæstv. fjmrh. sagði að í árferði sem þessu yrðu menn að athuga hvort allir sem eiga rétt á bótum ættu í raun að fá þær. Það er sem sagt með réttlætingu í ástandinu, eins og það er, sem ráðherrann segir þetta. Ég vil þá segja, og ég sagði þarna hérna fyrr í kvöld, að menn ættu í árferði sem þessu að athuga hvort ekki væri þá ástæða til að skoða hærri tekjuskatt, sem kæmi þá á alla, líka þá sem engin börn eiga og hafa ekki þá framfærslubyrði sem auðvitað fylgir börnum.

Hæstv. fjmrh. minntist á þann vanda sem Kvennalistinn ætti við að etja varðandi það hvort Kvennalistinn ætti að velja fjölskylduskattaleiðina eða einstaklingsskattaleiðina. Ég heyri að fjmrh. er vel inni í þeirri pólitísku umræðu sem fer fram í Kvennalistanum. Það er rétt, við höfum ekki gert þetta upp við okkur. En ég ætla að benda hæstv. fjmrh. á það að ef réttur barna er sjálfstæður, ef börn hafa ákveðinn hluta af persónuafslætti fullorðinna, skiptir engu máli hvor leiðin er valin, einstaklingsskattaleiðin eða fjölskylduskattaleiðin. Rétturinn er barnanna og auðvitað færist hann þá yfir á annað hvort foreldrið og það er þá sama hvort tilvikið er. (Forseti hringir.) Fyrirgefðu forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu.

Mig langaði líka að koma inn á þann skattaafslátt vegna barna sem ég heyrði ekki betur en fjmrh. segði að við barnafólkið hefðum. Ég hef ekki orðið vör við þennan skattaafslátt, ég verð að segja það. Ég held að fólk hafi ómældan kostnað við að sækja sér tekjur vegna barna. Það fær hann ekki frádráttarbæran frá skatti eins og fyrirtækin fá. Fyrirtækin fá frádráttarliði ýmsa út á kostnað sem þau hafa af því að afla sér

tekna. Það fær fjölskyldufólk ekki og eyðir þó ómældum peningum í slíka hluti.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru fáein atriði. Í fyrsta lagi, ég vek athygli á því að því er ekki mótmælt sem ég hélt fram að húsnæðisbætur rýrna um 3% á milli ára að verðgildi og hafa þeir sem þeirra njóta ekkert upp í aukna vexti á tímabilinu. Ég vil ítreka fyrirspurn til ráðherra, sem ég var með í minni ræðu, þar sem ég bað hann um að upplýsa hver persónuafsláttur og sjómannaafsláttur yrði á fyrri hluta árs í krónum talið. Mér þykir þegar ég ber saman frv. og framsöguræðu ekki alveg ljóst hverjar þær tölur eru.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Það var af því að mér hafði fyrr, virðulegi forseti, láðst í svörum mínum að greina frá þessu. Ég satt að segja hef ekki reiknað þetta út með þrjú prósentin, þannig að ég veit það ekki. Ég vil að það komi fram, það var ekki vegna þess að ég vildi ekki svara hv. þm.

Varðandi persónuafsláttinn er það ljóst og kemur reyndar fram í fjárlagafrv. að persónuafslátturinn breytist ekkert frá því sem nú er og fram á mitt ár. Það er vegna þeirrar lagabreytingar sem átti sér stað í árslok 1988, að halda skattbyrðinni óbreyttri hvort sem laun, raunlaun, hækki eða lækki. Upphaflega, og það er rétt að það komi fram, var gert ráð fyrir því í skattalögum að þegar raunlaunin lækkuðu að þá lækkaði skattbyrðin jafnframt. En á árinu 1988, um haustið, var þessu kippt úr sambandi og lánskjaravísitöluviðmiðunin er einungis miðuð við þá ákvörðun sem tekin er á miðju ári. Í raun hefði þurft að lækka persónuafsláttinn til þess að ná fram þeim markmiðum að skattbyrðin yrði jafnhá á næsta ári vegna þessa kerfis. Við létum við það sitja að hafa skattafsláttinn óbreyttan en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir, ef ég man rétt, að vegna lánskjaravísitölubreytingarinnar hækki afslátturinn á miðju næsta ári um 1,2%. Samkvæmt því er talið að skattleysismörkin hækki um tæplega 3% milli áranna 1991 og 1992 eða heldur meira en laun samkvæmt forsendum fjárlaga. Ég tel ástæðu til að þetta komi fram af því að ég hef orðið var við að það er misskilningur í gangi, ekki síst vegna fréttatilkynningar frá Alþýðusambandi Íslands.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kannaðist lítið við skýrslu sem forveri hans í starfi, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, skipaði að gera á sínum tíma. Sú skipun var gerð vegna þáltill. sem flutt var á Alþingi Íslendinga að frumkvæði Jóhönnu Sigurðardóttur. Það er greinilegt að hæstv. fjmrh. glímir meir við þá hugmynd að gefa banka á hálfvirði og telur að það sé ekki eins hættulegt mönnum í framvarðasveit Sjálfstfl. eins og að snúa sér að hinu, hvort undanskotin í skattamálum séu of mikil. Ég skil mjög vel hans afstöðu í þessum efnum, hún er í samræmi við sögulegar staðreyndir og þess vegna ekkert skrýtið þó að menn kjósi þá leið heldur.

Hins vegar kalla ég það furðulega hagspeki ef hæstv. fjmrh. telur að staðan sé sú að þeir sem ekki eiga peninga til að kaupa á hálfvirði hafi ekki vit á því að láta fjármagna fyrir sig þennan hlut og selja hann svo fullu verði á eftir. Hvernig hann gerir ráð fyrir því að það verði stórgróði hjá ríkinu af afganginum, eru mér torskilin fræði. Ég hélt að þessar fjármögnunarstofnanir sem væru til staðar mundu vinna það verk fyrir menn með skjótri og góðri þjónustu, að kaupa bréf á hálfvirði og selja þau á fullu verði og láta menn hafa eitthvað fyrir snúð sinn. En við skulum sleppa því.

Það er aftur á móti nauðsyn að minnast á þessi atriði hér vegna þess að í fyrrnefndri skýrslu eru atvinnustéttir flokkaðar í átta flokka eftir því hve mikil undanskot frá skatti er talið að séu viðhöfð í hinum ýmsu flokkum. Það kemur kannski ekkert á óvart að í þeim flokki, þar sem minnst er talið að sé stolið undan skatti, eru sjómenn og bændur. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. veit allt saman en fer bara svona dult með sína þekkingu af einskærri hógværð. En engu að síður held ég að það sé nauðsyn að minnast ögn á þetta vegna þess að ég vil taka af allan vafa um að mönnum sé ljóst að þessi skýrsla er unnin faglega af sérfræðingum sem um hana fjölluðu. Með leyfi forseta er óhjákvæmilegt annað en að lesa nokkur atriði upp úr þessari skýrslu.

„Með bréfi dags. 8. nóv. 1984 skipaði þáv. fjmrh., Albert Guðmundsson, starfshóp til að gera m.a. úttekt á umfangi skattsvika. Þetta var í samræmi við þál. sem samþykkt var á Alþingi 3. maí sama ár.

Verkefni hópsins var að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

„1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingum um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.

2. Hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina.

3. Umfang söluskattssvika hér á landi.

4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegar til úrbóta."

Í starfshópinn voru skipaðir Þröstur Ólafsson hagfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður hópsins, Eyjólfur Sverrisson, löggiltur endurskoðandi, Jónatan Þórmundsson prófessor, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri, Þórólfur Matthíasson hagfræðingur, sem jafnframt hefur starfað sem ritari starfshópsins.

Eins og dagsetning skipunarbréfsins ber með sér dróst skipun nefndarinnar nokkuð. Þáv. fjmrh. var strax skýrt frá því að nefndin gæti ekki hafið störf fyrr en í byrjun árs 1985 og myndi örugglega ekki geta skilað af sér á því sama ári. Nefndin hóf síðan störf um miðjan janúar.

Starfshópurinn hefur haldið alls 30 formlega fundi en auk þess hafa undirhópar starfað án þess að fundir þeirra hafi verið skrásettir.

Nefndin starfaði framan af náið með Garðari Valdi-

marssyni skattrannsóknarstjóra og Ævari Ísberg vararíkisskattstjóra.

Auk fyrrnefndra embættismanna hafa eftirtaldir menn mætt á fundum nefndarinnar: Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Atli Hauksson, löggiltur endurskoðandi og ráðgjafi hjá rannsóknarlögreglunni, Gunnar Jóhannsson, formaður ríkisskattanefndar, Gylfi Knudsen lögfræðingur, starfsmaður hjá ríkisskattanefnd, Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi, Stefán Svavarsson lektor, löggiltur endurskoðandi, Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri, dr. Þorkell Helgason prófessor og dr. Guðmundur Guðmundsson tölfræðingur.

Sú verkefnalýsing sem um getur í skipunarbréfi starfshópsins mótaði að mestu störf hans. Nefndarmenn eru þó sammála um að verklýsing þál. sé of þröng.

Þar er t.d. eingöngu minnst á skattsvik þótt þau séu hluti af stærri heild sem við höfum kosið að nefna einu nafni dulda efnahagsstarfsemi. Við töldum óhjákvæmilegt að gera því nokkur skil og er því einn kafli sem fjallar um það efni. En þar sem það var ekki meginmál verkefnis okkar var ekki lögð sérstök vinna í það viðfangsefni. Í kafla 2.1 er gefið nokkurt yfirlit yfir dulda efnahagsstarfsemi svo og einstök svið hennar og raktar helstu orsakir. Í kafla 2.4 eru síðan settar fram skilgreiningar á hugtakinu skattsvik. Í ályktun Alþingis segir einnig að leggja skuli mat á umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum m.a. og upplýsingum um framtaldar tekjur í skattframtölum.

Þetta er gert að því marki sem tiltæk gögn leyfðu, en okkur sem að þessu unnu fannst þetta ekki nægilega haldgóð tilraun og vorum sammála um að gera fleiri tilraunir til að nálgast þetta erfiða mat. Í því skyni kynntum við okkur sambærilegar tiltækar erlendar kannanir og er þeirra getið í þriðja hluta.

Í fjórða hluta er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er til að nálgast þetta frá fleiri en einni hlið og fá þannig fleiri niðurstöður.

Það vakti athygli okkar hve niðurstöður voru líkar þó mismunandi aðferðum væri beitt.

Það er rétt að geta þess að í viðauka með áliti þessu er greinargerð eftir þá dr. Þorkel Helgason prófessor og dr. Guðmund Guðmundsson tölfræðing um samanburð á eigna- og tekjumyndun starfstétta hér." — Þar lögðu þeir m.a. mat á það hvað sjálfstæðir atvinnurekendur hefðu haft meiri eignamyndun en aðrir miðað við sambærilegar tekjur og sambærilegan aldur. — „Nefndarmenn kynntu sér niðurstöður þessarar aðferðar. Þar er um athyglisverða tilraun að ræða sem við vitum ekki til að hafi verið reynd annars staðar.

Viljum við hér gera nokkra grein fyrir meginaðferðum og helstu niðurstöðum úr hverri aðferð fyrir sig:

Fyrsta aðferðin var sú sem þál. ætlaðist til að notuð væri. Aðferðin felst í því að bera saman niðurstöður svokallaðs framleiðsluuppgjörs þjóðhagsreikninga og ráðstöfunaruppgjör. Í kafla 4.2 er gert ráð fyrir forsendum og vankönturn þessarar aðferðar og öllum þeim óvissuþáttum sem haft geta áhrif á niðurstöður. Samkvæmt þessari aðferð virtist erfitt að rökstyðja að duldar tekjur hafi numið meira en 5–7% af vergri landsframleiðslu árin 1973–1982. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fengist hafa með hliðstæðum aðferðum í nokkrum nágrannalöndum, t.d. í Svíþjóð.

Í sama kafla er einnig gerð grein fyrir skattatapi hins opinbera miðað við ofangreindrar niðurstöðu.

Önnur aðferðin sem beitt var er svokölluð matsaðferð. Hún felst í því að reynt er að meta aðstöðu hverrar atvinnugreinar út frá möguleikum hverrar greinar fyrir sig til að dylja tekjur sínar. Þar var m.a. unnið úr upplýsingum sem snertu hugsanleg eftirlitskerfi skattyfirvalda, svo sem afurðamiðakerfi, upplýsingar um útflutning og verðmæti hans, launamiðakerfi o.s.frv. Einnig var stuðst við stærðardreifingu fyrirtækja í atvinnugreininni, hverjir væru kaupendur o.s.frv. Á grundvelli fyrrgreindra upplýsinga, svo og reynslu íslenskra skattrannsóknarmanna, var atvinnugreinum skipt í átta áhættuflokka og sett fram þrjú tilbúin dæmi um mögulegan tekjuundandrátt greinanna. Frekari grein fyrir forsendum og vinnubrögðum er gerð í kafla 4.3.

Niðurstaðan samkvæmt þessari aðferð er svipuð og samkvæmt þjóðhagsreikningaaðferðinni. Samkvæmt lægsta áhættutilviki gæti verið um að ræða að 2,2% vantaði á verga landsframleiðslu. Samkvæmt miðtilviki er niðurstaðan 4,2% af landsframleiðslu. En í hæstu tilvikum reynist þurfa að bæta 9,1% við verga landsframleiðslu.

Niðurstaða okkar er því sú að erfitt sé að rökstyðja að umfang dulinna viðskipta löglegrar starfsemi metin samkvæmt þessari aðferð hafi numið meira en 4–6% árið 1980 og nefndin notaði sem viðmiðunarár. Í lok þessa kafla er einnig reynt að flokka atvinnugreinar eftir möguleikum til dulinnar starfsemi (áhættuhópa) enda um það spurt í þál. hvort rekja megi skattsvik sérstaklega til ákveðinna starfsstétta.

Í þriðja lagi var gerð spurningakönnun. Úrtakið var 1.000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá. Heildarfráfall nam 20% þannig að niðurstöður byggja á svörum 800 einstaklinga.

Hér var um frumkönnun að ræða og verður að hafa það í huga, ekki síst þegar athugað er val þeirra 10 spurninga sem fyrir spyrjendur voru lagðar. Fróðlegt væri að framkvæma hliðstæða spurningakönnun árlega til að fylgjast með breytingum á svörum milli ára.

Taka verður strax fram og undirstrika vendilega að þeir spurðu voru einstaklingar en ekki fyrirtæki. Til að meta heildarumfang nótulausra viðskipta þarf því að meta hlut fyrirtækjanna sérstaklega."

Herra forseti. Ég hef tekið úr inngangi það sem ég tel aðalatriði málsins. Mér finnst óhjákvæmilegt að koma inn í niðurstöðurnar og fer inn á það svið sem ég minntist á áðan að þeir flokkuðu starfsstéttirnar niður í átta hópa. Ég tel eðlilegt að áður en ég fer í niðurstöðurnar lesi ég upp þau atriði sem þar koma inn.

„Minnstir möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Landbúnaður, fiskveiðar, starfsemi hins opinbera, rekstur rafveitna, hita- og vatnsveitna, þ.e.

greinar er bera atvinnugreinanúmer 1 og 4 samkvæmt alþjóðlegum staðli atvinnugreinaskiptingar (ISIC-staðall).

Nokkrir möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Peningastofnanir, tryggingar og þjónusta við atvinnureksturinn, samgöngur, póstur og sími, geymslustarfsemi. Þ.e. atvinnugreinar með ISIC-númer 7 og 8.

Allmiklir möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur. Þessar greinar hafa ISIC-númer 3 og 6.

Miklir möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, ýmiss konar persónuleg þjónustustarfsemi. Þessar greinar hafa ISIC-númer 5 og 9."

Nú er það svo að niðurstaðan í þessu, hvernig menn bregðast við þeirri áreitni sem hér á sér stað, er á þann veg að menn ráðast á þann hópinn sem talinn er hafa minnsta möguleikana. Ég held að það sé nauðsynlegt að lesa hér upp eina töflu þar sem það kemur: „Viðbót við hreinan hagnað eða launagreiðslur." Þar eru flokkarnir settir upp og niðurstaðan kynnt hvað þeir telja að þetta þýði.

1. flokkur. Það er 1%, lágt tilvik, meðaltilvik 1%, hátt tilvik 5%. — Það er nú ekki hærra sem þeir telja að þeir sem eru í 1. flokki hafi möguleika, sérfræðingarnir sem fóru yfir þetta.

2. flokkur. 2%, lágt tilvik, meðaltilvik 2%, hátt tilvik 10%. — (**Gripið fram í:** Það eru sérfræðingarnir). Nú verður hv. þm. að hafa mikla ró því að þetta er mikil fræðigrein.

Í 3. áhættuflokki eru 3% lágt tilvik, meðaltilvik 3% og hátt tilvik 15%.

Í 4. áhættuflokki. Þá er það lágt 5%, meðaltilvik 10% og hátt tilvik 20%.

Og svo kemur hér 5. áhættuflokkurinn. Það er 7% lágt tilvik, meðaltilvik 15%, hátt 25%.

Þá kemur 6. flokkur. Það er 9% lágt, 20% meðal og 30% hátt tilvik.

Svo kemur 7. flokkurinn. 11% lágt, 25% meðal, — meðaltalið 25%, það er nú rétt að fara að sperra eyrun. Hátt 40%.

Og hvað skyldu þeir þá gera við 8. flokkinn og þann hæsta, hæstv. fjmrh.? Það ætti að vera verkefni fjmrn. að skoða það, tækju þeir almennt mark á niðurstöðu skýrslunnar. 13% er lágt, 30% er meðal — 30% ekki talið fram, er meðaltalið talið þar, 50% hátt. Það er ekki skrýtið þó að menn í fjmrn. — eftir lestur þessarar skýrslu — hafi komist að því að nú bæri að veita sjómönnum aðför. Það er ekki skrýtið. Að ráðast á 1. flokkinn.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst að þegar Alþingi hefur kosið nefnd til að vinna ákveðið verk, fjmrh. hefur skipað í nefndina, og verkið liggur fyrir fullunnið, sé það alveg furðuleg niðurstaða að tillögugerð komi út úr fjmrn. um að ráðast á þá sérstaklega sem þeir telja að séu minnst í þessu undanskotum. Sá hópur skal tekinn fyrir og skattlagður vegna þess að hann telur rétt fram. Það er ekki hægt að eltast við hina, einfalt mál.

Fróðlegt væri fyrir hæstv. fjmrh. að minnast ögn á það sem dr. Þorkell Helgason segir þegar hann er að bera saman tekjurnar hjá opinberum starfsmönnum, öðrum launþegum og sjálfstæðum atvinnurekendum. Svo vill til að þessi ágæti dr. Þorkell Helgason er talinn fullkomlega nothæfur, í það minnsta í heilbrrn. Hvað segir hann? Hver er niðurstaðan?

„Reiknað er út hve mikið tekjur ríkissjóðs myndu hækka við ofangreinda hækkun á tekjum atvinnurekenda," — sem þeir reikna út að sé eðlileg hækkun miðað við eignir. — „Reynist sú upphæð nema um 160–170 millj. kr. í auknum tekjuskatti árið 1984, en þá var hann samtals 1.817 millj. kr. Samsvarandi hækkun útsvarstekna væri um 80 millj. kr. Ekki hafa verið gerðar sömu reikningar fyrir álagningaárið 1985 en ljóst er að þá væru upphæðir verulega hærri." Nánari lýsing á gögnum, tölfræðiaðferðum og niðurstöðum er í greininni „Tölfræðilegt samband eigna og tekna. Mat á vantöldum tekjum á skattframtölum einstaklinga" eftir Guðmund Guðmundsson og Þorkel Helgason svo og í viðauka við þá grein vegna skattársins 1984.

Svo leyfa menn sér að segja trekk í trekk að tekjuskatturinn sé tekjujöfnunarkerfi.

Mér er ljóst að hægt er að lesa alla skýrsluna upp og ég hef aðeins lesið örlítið brot. Ég hef yfir höfuð engan áhuga á því að standa í öllum þeim upplestri. Ég verð að segja eins og er að mér fyndist sú niðurstaða alveg furðuleg ef safnað væri saman tíu sakamönnum og væri gerð áætlun um hverjir væru nú sennilegastir að hafa gert þetta og þeim raðað í rétta röð og allir neituðu, þá væri sá sem minnstar líkur væru á að brotið hefði af sér tekinn sérstaklega fyrir og hýddur opinberlega fyrir afstöðu sína. Það væri talin skrýtin réttaraðferð í dómgæslukerfinu. En það virðist mér að hæstv. fjmrh. leggi til þegar sjómenn landsins eiga hlut að máli. Niðurstaða sérfræðinganna varð sú að þar væru minnst undanskot allra stétta á Íslandi en niðurstaða fjmrh. er sú að þeim skuli sérstaklega veita aðför í stöðunni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki tefja umræður lengi til viðbótar en ég sé ástæðu til að fara frekar í nokkur atriði. Það er í fyrsta lagi sameiginlegt áhugamál okkar hæstv. fjmrh., þ.e. starfsumhverfi atvinnulífsins, sem hann hefur árum saman bæði flutt um langar ræður og mál sem hafa náð fram að ganga eins og ég nefndi fyrr í dag. Ég ætla að taka sérstaklega fyrir eitt atriði af því mér fannst að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið það alveg ljóst eftir fyrri umferð umræðnanna. Það er 4. gr. frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, varðandi breytingar á 31. gr. laganna þar sem segir:

„7. tölul. orðist svo: Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári, framreiknaðar skv. ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist." Þetta er það tap sem er leyfilegt að draga frá.

Satt best að segja var ég mjög lengi að átta mig á því að þetta væri í alvöru inni í þessu frv. Því að, virðilegi forseti, ég held ég verði að leyfa mér að segja að þetta er svo víðáttuvitlaust ákvæði að þeir sem hafa sett það þarna inn hafa miklu minni skilning á atvinnulífinu og rekstrarumhverfinu en ég veit að hæstv. fjmrh. hefur. Ég hlýt eiginlega að spyrja: Hvað hefur rekið menn til þess að setja þetta þarna inn? Þetta breytir rekstrarumhverfinu í grundvallaratriðum. Við þurfum ekki að taka nema eitt atriði. Það er alls ekki víst að fyrirtæki geti fyrnt keyptar eignir eins hratt eins og skattalögin gera ráð fyrir á hverjum tíma. Þar hafa nú á stundum verið reglur um mjög hraða fyrningu. Þar með er tekinn af fyrirtækjunum sá möguleiki að geyma sér fyrninguna til seinni ára og þau verða nauðug viljug að gera tilraun til þess að koma þessu út í verðlagið í gegnum reksturinn á þeim tíma sem fyrningarlög segja til um á hverjum tíma. Það er biti sem getur orðið mörgu fyritækinu stærri en þau ráða við.

Líka er ljóst að þetta getur verið það sem skilur á milli feigs og ófeigs hjá fyrirtækjum sem eru að koma sér á legg, að ég tali nú ekki um þau sem eru að ryðja veginn í nýjum atvinnugreinum, hvort þeim leyfist að nýta sér tap fyrstu rekstrarára til frádráttar aftur þegar lengra er komið og getur skilið á milli hvort þau eru fær um að standa við þær skuldbindingar sem teknar voru í upphafi rekstrarins. Ég hef grun um að það sem gerst hafi sé að hæstv. forsrh. hafi verið skelfdur með einhverjum framreiknuðum tölum af samanlögðu tapi fyrri ára, sem alls ekki er víst að komi til frádráttar nokkurn tíma þó svo að reglum verði ekki breytt. Þetta er atriði sem ég held að við í efh.- og viðskn. hljótum að taka til gagngerrar athugunar. Sömuleiðis þær reglur sem hertar eru um sölu fyrirtækja og heimildir til að flytja þar tap á milli. Þetta eru atriði sem geta skipt afar miklu máli í þeirri baráttu sem er fram undan í atvinnulífinu hjá mörgum fyrirtækjum við að halda sér gangandi.

Hins vegar getur vel verið að þau ákvæði, eins og þau eru þarna fram sett, þjóni því markmiði, sem manni á stundum finnst vera markmið ríkisstjórnarinnar, að flýta fyrir gjaldþrotum og flýta fyrir endurskipulagningu atvinnulífsins á þann hátt. Vel getur verið að það séu aðilar í okkar þjóðfélagi sem finnist það vera sér þóknanlegt. En ég held, hæstv. fjmrh., að við þurfum ekkert sérstaklega að hlaða undir þá aðila sem hugsanlega mundu fitna á hraðari gjaldþrotum en eru nú um stundir og þykir þó mörgum nóg að gert.

Þá ætla ég að endurtaka spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. fjmrh. í ræðu minni fyrr í kvöld. Hæstv. fjmrh. gat þess í svörum sínum að ég hefði í einhverjum tilfellum farið út fyrir það mál sem var til umræðu, ekki skal ég fortaka að svo kunni að vera. En sú spurning sem ég spurði hann beint að var þó í beinu sambandi við það mál sem hér er til umfjöllunar, þar sem viðkemur starfsgrundvelli atvinnulífsins, uppbyggingu veikburða hlutafjármarkaðar og hvaða áhrif þetta frv. gæti haft þar á. Spurning mín varðaði þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. eftir næturfundinn fræga í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu þar sem hann sagði að einn liður í því að efnahagsaðgerðum núv. hæstv. ríkisstjórnar væri sá að strax eftir áramót yrði flutt frv. um það að breyta Búnaðarbankanum í hlutafélag og setja hlutabréf hins nýja hlutabréfabanka á almennan markað. Ég held að ég hafi þetta nokkurn veginn orðrétt eftir hæstv. forsrh. í þessu útvarpsviðtali.

Ég þurfti að spyrja hæstv. viðskrh. margsinnis um þetta atriði áður en hann fékkst til að svara. Það virðist ætla að fara eins með hæstv. fjmrh. því að ég spyr: Hvaða efnahagslegum markmiðum á þetta að þjóna í stöðunni eins og hún er núna? Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvaða áhrif mun þessi aðgerð hafa á veikburða hlutabréfamarkað sem á öðrum sviðum þarf á öllu því fjármagni að halda sem er á lausu til kaupa á hlutabréfum í vonandi arðvænlegum fyrirtækjum á næstu missirum? Er ekki um að ræða þær upphæðir að það mundi gleypa stóran hluta af því fjármagni sem til ráðstöfunar er og hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar gagnvart uppbyggingu hlutabréfamarkaðar jafnvel þótt þessu væri dreift á ein tvö ár? Ég vona að ég hafi borið þessa spurningu það skýrt fram að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara henni.

Örfá orð varðandi sjómannaafsláttinn. Ég hélt satt best að segja að hæstv. fjmrh. hefði lært um útgerð og fiskvinnslu vestur á fjörðum á sínum tíma þegar hann var þar í afleysingum á sumrin, ég held bæði í landi og úti á sjó. Það var e.t.v. fyrir daga frystitogaranna en ég hélt að hæstv. fjmrh. hefði lært þar meira en svo að hann segi að sjómenn um borð í frystitogurum séu að vinna sömu störf, eins og hann sagði orðrétt áðan, og landverkafólk sem er við fiskvinnslu í landi. Ég er ekki sjómaður en ég þykist þó vita það að sjómenn um borð í frystitogurunum gangi í öll almenn störf, þeir séu jafnt á dekki og aftur í skutrennu eins og niður í lest við fiskvinnslu. (**Gripið fram í:** Og vinnutíminn er hver?) Það hefur verið rakið af hv. 16. þm. Reykv., ef ég man rétt, hver vinnutíminn þarna er og hvert tímakaupið kann að vera ef þessu er deilt niður á dagvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. Þannig að ég vil nú biðja hæstv. fjmrh. að endurskoða aðeins þessi rök sín.

Að lokum kom hæstv. fjmrh. nokkuð að því sem ég ræddi um framgang þingstarfa og þingmála og taldi að þetta væri ekkert öðruvísi, ef þeir bæru saman við dagsetningar fyrri ára. Ég tók það skýrt fram, hæstv. fjmrh., að slíkur samanburður á ekki rétt á sér, vegna þess að við ætluðum okkur að vinna á allt annan hátt eftir að búið var að breyta þingsköpum Alþingis og Alþingi komið í eina deild. Við ætluðum okkur að standa þannig að málum að nefndirnar hefðu miklu rýmri tíma og gætu unnið sjálfstæðar vegna þess að deildin er bara orðin ein. Ég vil líka benda á það að menn settu inn nýjar dagsetningar, settu það inn að 3. umr. fjárlaga skyldi fara fram ekki seinna en 15. des. Með tilliti til þessa væntanlega var ákveðið að þing hefði störf 1. okt. í staðinn fyrir 10. okt. áður. Ég vil einnig minna hæstv. fjmrh. á það að samkvæmt þingsköpum þá á efh.- og viðskn. að vera búin að fara yfir tekjuhlið fjárlaganna áður en 3. umr. fer fram. Hæstv. fjmrh. hlýtur að skilja að miðað við þann tíma sem þessi frv.

voru lögð fram þá var það öldungis óframkvæmanlegt í vetur.

Ég hygg einnig, hæstv. fjmrh., að það muni þurfa að leita nokkuð langt til baka til þess að finna hliðstæðu þess sem nú er, að 3. umr. fjárlaga er boðuð nk. fimmtudag. Við fréttum úr hv. fjárln. að allir endar eru lausir enn, það er ekkert komið frá ríkisstjórninni um forgang hennar fyrir 3. umr. Stórir þættir sem búið er að fresta, eins og sjúkrahúsmálin, eru í upplausn. Þrátt fyrir þessa stöðu er ekki einu sinni boðaður fundur í fjárln. í fyrramálið en samkvæmt þingsköpum þurfa brtt. að vera komnar fram í síðasta lagi á miðvikudaginn, hinn daginn, ef ekki á að þurfa að taka þær allar fyrir með afbrigðum þegar 3. umr. hefst loksins í raun.

Ég held hæstv. fjmrh., að ég hafi rökstutt mál mitt nægjanlega og þurfi ekki að halda lengri ræðu þar um, að miðað við þær væntingar sem menn gerðu til nýrra þingskapa, miðað við þær nýju dagsetningar sem menn settu þar inn og miðað við stöðu mála eins og er núna í dag, 16. des., þá sé ekkert mikið þótt mönnum finnist að hér gangi hlutir ekki fram alveg eins og æskilegt hefði verið.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. ræddi hér nokkuð um hið alvarlega ástand ríkisfjármála. Ekki skal ég draga úr því og er mér fullkunnugt um það að hann fer þar áreiðanlega með rétt mál. Hins vegar virðist mér nú svo vera að hæstv. ríkisstjórn hafi þrátt fyrir allt ekki gert sér nægilega vel grein fyrir því við hvaða dæmi hún væri að eiga og það virðist vera að enn þann dag í dag sé að renna upp fyrir mönnum nýtt ljós. Þetta setur óneitanlega nokkurt mark á þingstörfin því það er athyglisvert þegar farið er að vinna að málum í nefndum hversu óviðbúnir hinir ýmsu aðilar hafa verið þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til. Þannig kom fram í samtölum við sveitarfélögin á fundi efh.- og viðskn. í kvöld að lítið sem ekkert samráð hafði verið haft við þau um þau atriði sem þar er verið að ræða um. Í viðtölum við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands kom fram að þar er mjög verulegur ágreiningur milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar.

Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál og má segja að hlutirnir séu í miklu uppnámi þegar fram kemur að ríkisstjórn Íslands á í miklum ágreiningi við aðila vinnumarkaðarins mitt í kjarasamningum og þegar það kemur fram hjá aðilum vinnumarkaðarins að verið sé að setja alla vinnu við gerð kjarasamninga í hættu. Þótt ég skilji viðleitni hæstv. fjmrh. til að ná saman endum í fjárlögunum þarf líka að ná saman þjóðhagsdæminu og skapa einhvern þann ramma um starfskjör í samfélaginu sem einhver friður verður um. Það er með ólíkindum að ekki skyldi hafa tekist betur í samskiptum við sveitarfélögin því þótt ýmsir þingmenn séu sakaðir um reynsluleysi þessa dagana áttum við satt best að segja ekki von á að forusta ríkisstjórnarinnar væri reynslulaus að því er varðaði samskipti við sveitarfélögin. Allt kemur þetta því á óvart og ég held að staða þingmála verði að skoðast í þessu ljósi, hæstv. fjmrh., hvað svo sem líður dagsetningum og samanburði við fyrri ár. Ég held að það sé alveg ljóst að staða þingmála að því er varðar fjárhagsmál ríkisins er almennt fremur slæm. Það er ekki þar með sagt að hafi aldrei verið sambærileg staða í þinginu, en þegar við bætist verulegur ágreiningur við mikilvægustu hagsmunasamtök og aðra opinbera aðila í landinu er augljóst að eitthvað mikið er að, fyrir utan það að illa virðist ganga að gera upp hin ýmsu mál innan stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar.

Ég ætlaði ekki að gera þetta að aðalumræðuefni heldur koma inn á nokkur þau atriði sem hæstv. fjmrh. kom inn á og varða frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þá vildi ég fyrst koma að skattlagningu atvinnurekstrarins og þeim umræðum sem hafa átt sér stað um tapfrádrátt. Hæstv. fjmrh. fór að rifja upp umræður og skattaleg atriði tiltekinna fyrirtækja sem höfðu komið til umræðu, en hann notaði orðin „bókhaldslegt tap". Það er afar undarlegt með hina mætustu menn að það er alltaf verið að láta í það skína að eitthvað sé til sem heiti „bókhaldslegt tap" og það sé allt annað en raunverulegt tap og stundum er á mönnum að skilja að bókhald sýni eitthvað allt annað en raunverulega mynd. Bókhald er ekkert annað en færsla á staðreyndum í rekstri fyrirtækja og sýnir raunverulega niðurstöðu. Ef arður hefur verið borgaður út þarf að sjálfsögðu að færa hann í reikninga fyrirtækja.

Hitt er svo annað mál hvort það er réttlætanlegt að útborgaður arður geti myndað yfirfæranlegt tap og mætti vel taka til athugunar að afnema það. Það er margt sem mælir á móti því. Það er eitt sem þeir aðilar sem við þessi mál eru að glíma þurfa að gera sér grein fyrir, að aðilar í atvinnurekstri munu alltaf gera ráðstafanir í samræmi við gildandi löggjöf. Og jafnvel þótt einhverjir ágætir menn hjá ríkisskattstjóra eða fjármálaráðuneytinu finni það út að ekki megi geyma yfirfæranlegt tap lengur en 5–7 ár vill svo til að það er áreiðanlega hægt að finna einhverjar leiðir til að komast fram hjá því eins og mörgu öðru því að menn hljóta að spyrja: Hvernig í ósköpunum stendur á því að fyrirtæki geta lifað það af að tapa samfleytt í 5–7 ár? Það er væntanlega m.a. vegna þess að eignir í fyrirtækinu eru meira virði en bókfært verð gefur til kynna. Þá er náttúrlega alveg augljóst að í slíkri stöðu hafa fyrirtækin tilhneigingu til að selja viðkomandi eignir og kaupa aðrar í staðinn og nota þá yfirfæranlegt rekstrartap á móti söluhagnaði, þannig að jafnvel þótt menn haldi stundum að verið sé að leysa hin merkilegustu mál er það saga reynslunnar að upp koma ný sjónarmið og nýjar leiðir til þess að starfa í samræmi við gildandi löggjöf og það vill oft verða svo að menn leysa ekki mikið.

Hitt er svo annað mál að að sjálfsögðu er mikilvægt að tryggja framkvæmd þannig að farið sé að þeim lögum sem í gildi eru. Og það er svo að skilja á hæstv. fjmrh. að málefni sjómannaafsláttarins hafi farið gjörsamlega úr skorðum og framkvæmdin hafi ekki verið með þeim hætti sem átti að vera. Það er áreiðanlega rétt að lögð hefur verið allt of mikil áhersla á það að vera alla tíð að breyta skattalögum. Það er alltaf ver-

ið að hringla með þetta aftur á bak og áfram, arður er skattskyldur þetta árið en ekki hitt árið, afskriftir eru svona þetta árið og aðrar hitt árið. Það er alltaf verið að hringla í þessum skattalögum. Aðalvandinn í þessu öllu saman er einfaldlega framkvæmd skattalaganna og það er m.a. verið að viðurkenna í þessu frv. Ef hugmyndin væri að lagfæra fyrst og fremst eitthvað sem hefði farið úrskeiðis, af hverju í ósköpunum fara menn þá í það mikla verk að skrifa þessa dæmalausu greinargerð um sjómannaafsláttinn upp á fjórar blaðsíður, eða fimm, sem öll gengur út á það að rökstyðja að sjómannaafslátturinn sé tóm vitleysa og það eigi að sjálfsögðu að afnema hann? Ef ætlunin hefði verið að breyta svona lítils háttar í framkvæmdinni, til hvers var þá að skrifa alla þessa greinargerð? Af hverju sögðu menn þá ekki einfaldlega: — Ja, þetta hefur nú farið dálítið úr skorðum á undanförnum árum og það þarf að laga þetta lítils háttar og það er ekki hægt að gera það með reglugerð og þess vegna þarf að breyta smávegis í lögunum. Mér skilst það á hæstv. fjmrh., að það sé það sem hann átti við. Þetta hafi bara allt verið misskilið. Af hverju í ósköpunum var þá verið að taka saman þessa dæmalausu greinargerð sem allir hafa gert að umtalsefni? Og er ekki eðlilegt að menn vantreysti þessu öllu saman eftir að hafa lesið þessi ósköp? Það stendur hér einhvers staðar sakleysislega að þetta eigi ekki að þýða nema svona 100–180 millj. kr., 180 millj. minnir mig að hæstv. fjmrh. hafi sagt, en sjómannasamtökin telja að þetta geti verið upp á fleiri hundruð milljónir. Það er greinilegt að þarna hefur verið skapað vantraust á milli aðila, eins og á mörgum öðrum sviðum.

Hvað um það. Ég vænti þess að við fáum betri skýringar á því í nefnd og getum þá tekið það til athugunar í ljósi þess sem hér hefur verið sagt. Auðvitað verður að taka það eins og það er og ég efast ekkert um að það er þörf á einhverjum lagfæringum í þessu með tilliti til reynslunnar og ástæðulaust að gera lítið úr því. Aðalatriðið er samt það að sjómenn haldi þeim rétti sem þeir hafa haft og telja í góðri trú að þeir búi við, en að sjálfsögðu er það þeim líka mikils virði að komið sé í veg fyrir misnotkun því öll misnotkun ákvæða verður að sjálfsögðu til þess að gera það líklegra að viðkomandi frádráttur fái ekki staðist.

Hæstv. fjmrh. heldur áfram að segja okkur að þetta með barnabæturnar sé ekki skattahækkun, það sé ekki ætlunin að hækka skatta á barnafólki. Það sé hins vegar ætlunin að draga úr útgreiðslum til barnafólks. Ég vildi þá spyrja hæstv. fjmrh.: Ef persónuafslátturinn væri lækkaður, væri það ekki skattahækkun? (Gripið fram í.) Þá væri bara verið að draga úr frádrætti frá útreiknuðum skatti sem er náttúrlega allt annað en skattahækkun. Það er alveg furðulegt að við skulum ekki skilja þetta, þingmenn stjórnarandstöðunnar. Ég hélt að aðalatriðið í þessu öllu saman væri ráðstöfunartekjur fólks. Er það ekki alveg ljóst, hæstv. fjmrh., að ráðstöfunartekjur barnafólks með allháar tekjur verða skertar? (**Fjmrh.:** Jú.) Er það ekki alveg ljóst? (**Fjmrh:** Alveg ljóst.) Hvort ráðstöfunartekjur þessa fólks verða skertar með því að draga úr barnabótunum eða með því að hækka skattinn er ekki það sem skiptir máli. Aðalatriðið er það að ráðstöfunartekjur þessa fólks verða skertar, en ráðstöfunartekjur tekjuhás fólks, sem ekki á börn, verða ekki skertar. Þetta er kjarni málsins. (**Gripið fram í:** Er þetta refsing, eða hvað?) Ja, ég vil nú ekki ganga svo langt að tala um að þetta sé refsing. Það er ekki rétta orðið í sambandi við skattpíningu því að það hafa ýmsir fleiri verið hrifnir af skattpíningu en hæstv. núv. fjmrh. Ég man aldrei eftir fjmrh. sem ekki hefur verið hrifinn af því að leggja á skatta, enda á það að sjálfsögðu að vera aðalsmerki fjmrh. á hverjum tíma að reyna að koma þessu ríkissjóðsdæmi saman þó að það sé mikilvægt að gera það sem mest með því að standa gegn hækkun útgjalda, sérstaklega við núverandi aðstæður. Mér finnst því að a.m.k. eigi hæstv. fjmrh. að viðurkenna að ráðstöfunartekjur þessa fólks verði skertar og svo geta menn út af fyrir sig rifist um það hvort á að kalla þetta skattahækkun eða ekki. Ég kalla það skattahækkun. Það er skattahækkun, og það er engin leið að skýra það neitt annað.

Svo aðeins að lokum. Það er þetta með að selja Búnaðarbankann á hálfvirði. Það sem ég gagnrýni hæstv. núv. fjmrh. fyrir er að slá þessu fram — hann sagðist hafa slegið þessu fram á morgunfundi, ef ég man rétt. Hann tók það nú ekki fram að hann hafi varla verið vaknaður, en það mátti svona skilja á honum að þetta hafi verið mjög snemma — hann var eiginlega, fannst mér, hálfpartinn að biðjast afsökunar á þessu. Það var manndómsbragur á því út af fyrir sig, en auðvitað á fjmrh. ekki að slá svona löguðu fram. Þetta er stórt fyrirtæki. Eigið fé þessa fyrirtækis er mikið. Ætli það sé ekki einir 4 milljarðar og það mundi vera ansi stór biti fyrir landsmenn að kaupa því að ég held að frjáls sparnaður landsmanna á næsta ári sé áætlaður 9 milljarðar eða svo sem er ekki mikið. Er það nú líklegt að menn keyptu hlutabréf í Búnaðarbankanum fyrir eins og helminginn af því ef menn ættu að kaupa þau á raunvirði? Kannski ef menn fengju þau á hálfvirði. Það er náttúrlega líklegra, en hins vegar eru ekkert allir sem hafa efni á því að kaupa hlutabréf í slíkum banka og ég tel að það eigi að fara gætilega í að selja mjög mikið af ríkiseignum við núverandi aðstæður. Hitt er svo annað mál að það eru ýmsar eignir sem má selja, eignir í ýmsum hlutafélögum, og það er ekki bara Búnaðarbankinn. Þar má nefna nokkur iðnfyrirtæki, eins og Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Er einhver ástæða fyrir ríkið að eiga hana, svo að ég nefni dæmi? Það fyrirtæki er hins vegar með mjög miklu tapi um þessar mundir og það er ekki mjög björgulegt að kaupa slík fyrirtæki. Þess vegna er trúlega ekki rétt að ganga hart fram í að selja það, nema reksturinn hafi verið lagaður því að það hefur aldrei verið gott að selja fyrirtæki sem er þannig ástatt um.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég tel það virðingarvert af hans hálfu að hann skuli leitast við að svara því sem til hans er beint og það hefur hann gert. Að því er varðaði lífeyristryggingakerfið sagði hann að það mundi koma eftir áramót. Ekki hafi gef-

ist tækifæri til að sýna frv. Ég skil þetta þannig að ekkert samkomulag sé um málið í ríkisstjórninni. Þetta var kurteislega orðað, að ekki væri hægt að fá Alþýðuflokkinn í að leysa þetta mál og það kemur mér ekkert á óvart. Ég skil hæstv. fjmrh. alveg í þeim efnum. Hitt er svo annað að þetta er mál sem er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. og hlýtur að vera alveg jafnbrýnt og ýmis önnur mál. Okkur er sagt í nefndum þingsins að hinum ýmsu málum verði að ljúka. Ég nefni þar sérstaklega Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Jafnvel þótt hann eigi ekki að gefa nokkrar tekjur í ríkissjóð fyrr en eftir 1. sept. á næsta ári er sagt: Það verður að klára það næstu daga og ekkert með það, jafnvel þótt þar sé um viðkvæmt atriði að ræða sem lítt eða ekkert samráð hefur verið haft um við hina ýmsu aðila í þjóðfélaginu sem er þó mikilvæg breyting á fiskveiðistefnunni. Það verður að klára eftir nokkra daga. Svo eru aftur önnur göt sem liggur ekkert á með. Ég er hins vegar fylgjandi því að þarna verði teknar upp tekjutengingar þannig að það er aldrei að vita nema hæstv. fjmrh. geti fengið einhvern stuðning annara hér í þinginu ef hann getur ekki átt við kratana í þessu efni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er alls ekki í mínum huga að lengja þessa umræðu mikið og ég mun, mér liggur við að segja af *tillitssemi* við guð og menn, ekki halda langa ræðu til viðbótar öllu því sem sagt hefur verið um þetta mál hér við 1. umr. Er ég þá síst að gera lítið úr mikilvægi þess að menn hafa farið hér sæmilega rækilega yfir þetta mál enda fullt tilefni til þó að ákveðin atriði hafi þar auðvitað orðið mönnum, ég segi ekki hugleiknari en önnur, en fyrirferðarmeiri í umræðum.

Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan, og reyndar hafa margir fleiri komið inn á það í þessari umræðu sem endranær á undanförnum sólarhringum, um það sem lýtur að aðstæðum í þessari vinnu að fjárlagagerðinni eða fjárlagaafgreiðslunni og tekjuöflunarfrumvörpum. Það eru harla óvenjulegar aðstæður. Það er ekki bara spurningin um það að líta á einfaldar dagsetningar í þeim efnum og fara út í samanburðarfræði af því tagi sem hæstv. fjmrh. gerði. Ég hygg að miklu meira máli skiptir hvers eðlis þau frv. eru og hver samstaða er um þau. Það er væntalega það sem mestu máli skiptir varðandi farsæla afgreiðslu þeirra. Þegar fyrir liggur bullandi ágreiningur á mörgum vígstöðvum í málinu, í fyrsta lagi auðvitað við stjórnarandstöðuna sem hefur boðað andstöðu sína við ýmislegt sem hér er á ferðinni, í öðru lagi við helstu hagsmunaaðila úti í þjóðfélaginu sem eiga að þola þessar breytingar, svo sem sveitarfélögin, aðila vinnumarkaðarins og marga fleiri, og í þriðja lagi innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar, þá liggur það í hlutarins eðli að hér er um harla óvenjulegar aðstæður að ræða.

Það verður auðvitað að harma það að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa valið þá leið sem ýmsir aðilar úti í þjóðfélaginu eru núna að kynnast þessa dagana en við hér á Alþingi máttum læra af biturri reynslu strax í haust, að keyra hlutina fram með offorsi, leita ekki samstöðu um málin, heldur velja aðferð nashyrningsins, liggur mér við að segja, að setja bara undir sig höfuðið og stanga það sem fyrir verður. Sú góða skepna, sem nú er í útrýmingarhættu, hefur ekki þroskast meira en svo á jarðvist sinni, þrátt fyrir þróunarkenninguna, en það að hún beitir enn þessari gömlu úreltu aðferð, enda lætur hún mjög undan síga í hörðum heimi. Þannig fer fyrir fleirum en nashyrningnum sem endalaust þráast við með þessa aðferð, að setja undir sig hausinn og keyra á allt sem fyrir verður, laust sem fast. Það er auðvitað það sem hæstv. ríkisstjórn er því miður að gera gagnvart fjölmörgum aðilum samtímis. Mönnum kann að finnast það léttvægt þó að hún með sinn trausta meiri hluta hér á þinginu gerði sér leik að því, liggur mér við að segja, í byrjun þings að labba hér yfir stjórnarandstöðuna, en ýmsum okkar þótti það ekki á gott vita og nú held ég að þeim fjölgi mjög hratt úti í þjóðfélaginu sem eru að upplifa með svipuðum hætti kynni sín af þessari ríkisstjórn.

Það var satt best að segja merkileg lífsreynsla að taka á móti öllum þeim fjölmörgu gestum sem efh.- og viðskn. *þingsins fékk á sinn fund í dag, á fundi bæði* í morgun og undir kvöldið, og nánast hver einasti aðili sem fyrir nefndina kom bar sig illa, svo ekki sé fastar að orði kveðið, undan samskiptunum við hæstv. ríkisstjórn. Það gerðu svo sannarlega aðilar vinnumarkaðarins sem höfðu hin hörðustu orð uppi um vinnubrögðin, t.d. gagnvart ábyrgð ríkisins á launum við gjaldþrot. Það gerðu forsvarsmenn sveitarfélaganna og hefur heldur versnað tónninn í þeim ef eitthvað er vegna samskiptanna síðustu sólarhringa og það gerðu fjölmargir fleiri aðilar. Þetta eru að mínu mati ekki nein léttvæg atriði þegar verið er að ræða um viðkvæm mál og erfið eins og uppi eru í þjóðfélaginu um þessar mundir, ekki bara gagnvart afgreiðslu fjárlaga og einhverjum tekjuöflunarfrumvörpum, heldur meina ég líka almennt þá stöðu í efnahags- og atvinnumálum sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Því miður er ekki hægt annað en að harma það að hæstv. ríkisstjórn skuli eftir atvikum, hvort sem menn vilja kalla það klaufaskap eða þjösnaskap, hafa komið hverju málinu á fætur öðru í hnút og í miklar deilur. Ég leyfi mér að fullyrða að margt af því sé ástæðulaust. Hægt hefði verið að vinna með allt öðrum hætti að mörgum þessara hluta og a.m.k. er það ævinlega til bóta að sýna þá lágmarksmannasiði í svona samskiptum að menn tali saman. Það er t.d. með ólíkindum að jafnlítil breyting og innheimta tryggingagjaldsins, sem menn ættu út af fyrir sig flestir að geta verið sammála um að ætti að vera til hagræðis, skuli þurfa að lenda í þessum hremmingum hjá hæstv. ríkisstjórn. Vegna hvers? Vegna þess að ekki eru sýndir þeir lágmarksmannasiðir í samskiptum, meira að segja samningsbundinna aðila eins og þar eiga hlut að máli, að tala saman. Ég er alveg viss um að sveitarfélögin hefðu verið tilbúin til að reyna að greiða fyrir slíkri breytingu sem þar er á ferðinni ef þeim hefði verið sýnd sú lágmarksvirðing að byrja á því að tala við þau — sem eru samningsbundin ríkinu um þessa innheimtu á stað-

greiðslugjöldunum. En það var ekki gert, því miður.

Virðulegur forseti. Ég lofaði að lengja ekki mjög ræður. Ég minni á það, sem ég hef reyndar ákveðið að falla frá, að ég óskaði eftir því að hæstv. forsrh. kæmi til umræðunnar í tvígang. Mér var sagt að það væri með miklum eftirgangi sem hæstv. forsrh. gæti komið, ef það væri bráðnauðsynlegt. Ég var spurður hvort ég teldi það alveg bráðnauðsynlegt og þegar ég hugsaði það mál betur var ég reyndar ekki viss um að svo væri vegna þess að ég hafði fyrir fram það miklar efasemdir um að við fengjum einhver svör sem eitthvað væri á að græða um stöðu efnahagsmálanna hjá hæstv. ríkisstjórn. En ég lýsi eftir því að t.d. á fundum á morgun reyni hæstv. ríkisstjórn, ef hún hefur einhverja döngun í sér og einhverjar hugmyndir um það að taka sig á, að manna sig upp í það að geta gefið einhverjar upplýsingar um stöðu mála og hvernig menn hugsa sér vinnubrögð og störf á næstu sólarhringum. Það er auðvitað með miklum endemum eins og það hefur borið að okkur í þinginu núna sitt hvorum megin við helgina að við eru að fá upplýsingar, sína úr hverri áttinni, sumt úr fjölmiðlum, annað inni á nefndarfundum, það þriðja kemur fram fyrir tilviljun í ræðum, og það virðist engin samræmd stjórn vera þar á nokkrum hlut. Það eru felldir niður fundir, allt í einu, af því að þá stendur á einhverju, ný illindi hafa brotist út út af einhverjum málum. Auðvitað getur það ekki gangið þannig til.

Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa setið undir allri þessari umræðu. Ég geri svo sem enga kröfu til að hann taki hér til máls ef hann finnur sig ekki knúinn til þess, en mér þykir gott að hæstv. sjútvrh. hefur verið hér og hlýtt á allar þær umræður sem farið hafa fram, ekki síst um málefni sjómanna í sambandi við efni þessa frv., og ég vona að hæstv. ríkisstjórn sé enn til viðtals um það mál, að reyna að bjarga sér í land út úr ófærunum gagnvart sjómannafrádrættinum. Ég segi það í fulli einurð og fullri alvöru að það er alveg stórvitlaus ákvörðun hjá hæstv. ríkisstjórn að stofna til átaka við sjómannastéttina í landinu út af þessu skitiríi sem þar er á ferðinni. Ef taka á mark á því að það eigi að breyta eða með einhverjum hætti taka alveg af skarið um það að það verði ekki farið dýpra ofan í vasa sjómanna en sem nemur 180–200 millj. kr. Hæstv. fjmrh. hafði þó einurð í sér til að viðurkenna að það ætti eftir að lenda því máli, með þeim orðum sem hann viðhafði: Það er verið að vinna í því að finna útfærslu sem tryggir að ekki verði tekið meira af sjómönnum en um 180–200 millj. kr.

Ég met það svo að hæstv. fjmrh. sé þá að láta vinna í því og sú vinna skili sér, ef ekki vill betur inn í efh.- og viðskn. Að sjálfsögðu munum við taka við því ef þau ákvæði sem hér eru á ferðinni og augljóslega eru í verulegri óvissu hvað varðar mat á kostnaðinum eða stærðargráðunni gagnvart kjaraskerðingu sjómanna verða betrumbætt þannig að í því verði eitthvert hald og óvissan hlaupi ekki hér á 320 millj. kr. eða hvað það nú er sem ber á milli útreikninga Sjómannasambandsins annars vegar og fjmrn. hins vegar. Þó að við gefum okkur að þetta liggi einhvers staðar mitt á milli eru það ansi rífleg skekkjumörk þegar verið er að ákvarða viðkvæm kjaraatriði, sem eru um 100%.

Reyndar verð ég að segja að hæstv. fjmrh. bætti svo sem ekkert fyrir sér né athugasemdunum með frv. þegar hann fór út á þann þunna ís að ræða um sambærileg störf manna sem ynnu í frystitogurum úti á sjó og fólks í frystihúsum í landi. Þau eru það auðvitað ekki, hæstv. fjmrh., því munurinn er sá að annar hópurinn er úti á sjó í löngum túrum, upp í 22 til 25 daga útilegum, og satt best að segja býr verulegur hluti af þeim mannskap ekki við þær aðstæður að hægt sé undir nokkrum kringumstæðum að segja að það séu sambærileg störf. Hefur t.d. hæstv. fjmrh. kynnt sér hvað eru margir í klefum á litlu frystiskipunum sem halda úti upp í 20 daga, 300–400 tonna dallar, með 20 manns í áhöfn, þrír, fjórir í klefa, og það er unnið þarna lágmark 12 tíma á sólarhring og meira stundum í þeim skipum sem eru með naumt mannaða áhöfn gagnvart vinnslunni sem fram fer um borð. Auðvitað taka þessir sjómenn þátt í fleiri störfum en vinnslustörfunum einum. Að því leyti sinna þeir áhættusömum störfum á dekki o.s.frv. til viðbótar fiskvinnslunni. Þetta er því ekki sambærilegt, hæstv. fjmrh., og ég held að málið batni ekkert með því að fara út í samanburðarfræði eða æfingar af því tagi sem athugasemdir frv., hin makalausa ritgerð um sjómannafrádráttinn sem mörgum hefur orðið tíðrætt um, fara út í.

Ýmsir aðrir hafa síðan farið myndarlega yfir þau mál, þar á meðal hv. 16. þm. Reykv. sem hélt hér skínandi góða ræðu um þetta efni sem fyllti verulega út í umræður um málefni sjómanna og sjómannafrádráttinn og þau störf sem þar liggja að baki og þann kostnað sem hann réttilega gerði grein fyrir að væri fyrir hendi. Þar kom fram að ekki er boðlegt að fjalla um þetta sem einhvern hreinan tekjuauka sjómanna. Það er auðvitað ekki boðlegt. Það er höfundi þessarar grg. bókstaflega sagt til skammar, og hef ég þó ekki mikið álit á þeim manni sem rithöfundi eða skattasérfræðingi út af fyrir sig sem þetta samdi, að stilla hlutunum upp eins og þarna er gert. (Gripið fram í.) Nei, mig varðar ekki um það. Það er að sjálfsögðu fjmrh. sem leggur þetta fram og hlýtur þá að bera á þessu aðalábyrgð.

Það er svolítill skaði líka að því að t.d. hv. 1. þm. Vestf. og fleiri menn sem vel þekkja til sjómennskustarfa skuli ekki hafa komið og tekið þátt í 1. umr. málsins. Ég hafði satt best að segja vonast til þess, úr því að sá maður er kominn inn á Alþingi sem þar á í hlut og númerast nú sem hv. 1. þm. Vestf. Að mínu mati hefði alla vega verið þarfara að hann hefði rætt málin en hv. 3. þm. Suðurl. sem satt best að segja bætti ekki orðstír sinn í mínum augum í þeirri ræðu sem hann flutti og var dapurlegt að hlusta á hann koma hér upp beint á eftir hv. 16. þm. Reykv. og formanni Sjómannasambands Reykjavíkur sem flutti ágæta ræðu og ætlar þó að standa með þeirri sannfæringu sinni að greiða ekki atkvæði með þessum auknu álögum á sjómenn.

Staðreyndin er auðvitað sú að hæstv. fjmrh. verður að gera betur í þessu máli en hann hefur gert gagnvart sjómannafrádrættinum vegna þess hvernig grg. frv.

er úr garði gerð. Hún boðar ekkert annað en það að leggja eigi sjómannafrádráttinn af með öllu. Á þremur blaðsíðum er þessum réttindum sjómanna úthúðað í frv. og það dugar auðvitað ekki að síðan komi veikluleg ummæli af því tagi að þetta séu lagfæringar sem eigi að fara í í þessari lotu af því að frv. boðar í raun og veru að þessi frádráttur sé óalandi og óferjandi og það beri að stefna að því að afnema hann. Hæstv. ríkisstjórn verður að gera hreint fyrir sínum dyrum í þeim efnum. Er þetta upphafið að því að leggja sjómannafrádráttinn niður með öllu, eins og maður hlýtur að ætla þegar maður les grg. frv., eða eiga einhverjar sakleysislegar lagfæringar að fara fram sem eingöngu eru til að festa þessi réttindi í sessi? Það er talsverður munur á þessum tveimur sjónarmiðum. Var hæstv. fjmrh. að segja að hann væri með orðum sínum nánast að ómerkja grg. frv., það bæri ekki að taka of mikið mark á þessum rökstuðningi sem þar er á mörgum blaðsíðum um að henda þessum frádrætti, heldur væri afstaða ríkisstjórnarinnar sú að þarna ættu eingöngu að fara fram tiltölulega léttvægar lagfæringar miðað við það að þessi réttur sjómanna yrði um aldur og ævi? Það þyrfti að koma miklu skýrar fram en hingað til.

Herra forseti. Ég ætla þá að ljúka máli mínu. Það hefur margt skemmtilegt blandast inn í þessa umræðu, sumt skylt eða tengt viðfangsefninu, annað kannski minna. Eðlilega hafa menn rætt um hluti eins og barnabæturnar og barnafrádráttinn og jafnvel farið að velta því fyrir sér hvort í þessu fælist einhver sérstök tyftun gagnvart þeim sem hygðu á barneignir á næstunni. Það hefur hæstv. ríkisstjórn borið af sér. Ég lét mér reyndar detta í hug, þegar þetta frv. birtist nokkrum dögum eftir að sló í harða brýnu með hv. þm. Inga Birni Albertssyni, 5. þm. Reykv., og ríkisstjórninni, að þetta væri af sérstakri meinbægni við þann hv. þm. sem mun eiga, að öðrum þingmönnum ólöstuðum, einna flest börn. (**Fjmrh.:** Hann er láglaunamaður.) Hann er kannski svo mikill láglaunamaður, eins og hæstv. fjmrh. upplýsir, að þessi breyting bitni ekki mjög þungt á honum, en alla vega hefur hann fyrir myndarlegum barnahópi að sjá og fljótt á litið gæti maður ímyndað sér að það væri a.m.k. ekki af neinum velvilja í hans garð sem þessar breytingar væru fram settar.

Eins duttu mér í hug önnur tengsl þegar ákveðnir hv. þingmenn og hæstv. fjmrh. voru að ræða um hlutabréfamarkaðinn og sölu Búnaðarbankans á hálfvirði, að þar stemmdi nokkuð saman þegar hæstv. fjmrh. missti þarna út úr sér í morgunrutlinu þessa vitleysu um að selja Búnaðarbankann á hálfvirði að um svipað leyti datt endanlega botninn úr hlutabréfamarkaðinum íslenska, gjörsamlega hætti að seljast nokkurt einasta bréf. Þar er auðvitað nærtæk skýring á, menn stungu krónunum strax undir koddann og ætla að bíða eftir nýársútsölu hæstv. fjmrh. á Búnaðarbankanum og þeir sem áttu eitthvað laust sáu auðvitað strax að þarna yrðu betri kjör í boði á næstunni. Það þýðir því lítið fyrir þá Flugleiðamenn eða aðra að ætla sér að selja bréf eitthvað á næstunni.

En, hæstv. forseti, af því er komið rúmlega miðnætti ætla ég að fara hérna með eina vísu eftir Björn Halldórsson, sálmaskáld í Laufási, sem ég hef leyft mér að vitna svolítið í. Það er dapurleg vísa og á kannski ágætlega við þann tíma sem nú er uppi og það getur vel farið svo að ég lesi meira úr þessu kvæði síðar í þessari viku á hinu háa Alþingi. En vísan sem ég byrja á er svona:

> Dags lít ég deyjandi roða
> drekkja sér norður í sæ,
> grátandi skýin það skoða,
> skuggaleg upp yfir bæ.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Nú er klukkan eitt eftir miðnætti og það er rétt að spyrja hæstv. forseta: Er forsrh. í húsinu? (**Forseti:** Já.) Þá óska ég eftir að forsrh. komi hér í salinn.

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur staðið lengi dags og nú er klukkan eitt eftir miðnætti. Hér hefur nokkuð oft í umræðunni verið óskað eftir því að hæstv. forsrh. gerði þinginu nokkra grein fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggst taka á þeim málum sem hún er að reyna að fá afgreidd í þinginu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti því að vísu yfir áðan að hann væri búinn að reyna svo ítrekað að knýja á um að hæstv. forsrh. veitti slík svör að hann væri í reynd búinn að gefast upp við þá tilraun og það er ósköp skiljanlegt vegna þess að það er mjög erfitt fyrir menn sem vinna hér daglangt og stundum næturlangt í umræðum og í efnahagsnefnd þingsins að taka það starf alvarlega og sinna því vel þegar svona ruglandi, eins og raun ber vitni, er á ríkisstjórninni í málatilbúnaði.

Það er rétt að hæstv. forsrh. hugleiði það að ríkisstjórnin eyddi hér í síðustu viku hátt í tveimur dögum af tíma þingsins í að láta ræða hugmyndir um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað snertir málefni fatlaðra, breytingar á Jöfnunarsjóði, og breytingar á landsútsvari. Við mörg hér á þingi tókum virkan þátt í þeirri umræðu, lögðum töluverða vinnu í það að reyna að kynna okkur þessar hugmyndir. Nokkrum dögum eftir að við höfum lagt þessa vinnu fram og tekið daga og jafnvel nætur í að ræða þessi mál þá kemur allt í einu tilkynning um að ríkisstjórnin sé hætt við þetta allt saman. Mikið hefði nú mátt spara af orku hér í þinginu og tíma og greiða jafnframt fyrir málum ef þetta hefði legið fyrir.

Þegar við komum til þings síðdegis í dag fréttum við það, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að nú sé ríkisstjórnin komin með alveg nýja hugmynd. Hún sé sú að láta sveitarfélögin taka þátt í kostnaðinum við löggæslu og leggja á sérstakan nefskatt. Mér skildist þegar ég var fjmrh. að það væri algjört tabú hjá Alþfl. og Sjálfstfl. að leggja á nefskatt. Það voru a.m.k. fluttar yfir mér miklar messur hér í salnum af hálfu forustumanna Sjálfstfl. um það hvers konar ósvinna það væri að leggja á nefskatt af þessu tagi. En þá berast okkur þær fréttir úr efnahagsnefnd þingsins síðdegis að nú sé komin tillaga frá ríkisstjórninni um að leggja á breytilegan nefskatt eftir stærð sveitarfélaga.

Menn reyna að taka þetta alvarlega og í kvöldmatartímanum er haldinn fundur í efnahagsnefnd og eins og hér hefur komið fram kom framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga á þann fund og lýsti því yfir að þessi skattlagning sé lögbrot gagnvart sveitarfélögunum. Það var hin formlega yfirlýsing framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og að þessari hugmynd verði mætt af fullri hörku af sveitarfélögunum. Er ætlunin að halda fast við þessa hugmynd eða eigum við líka að verja tíma okkar hér næstu sólarhringa við að ræða hugmynd sem fallið hefur verið frá?

Í dag hefur miklum tíma verið varið í að ræða sjómannafrádráttinn. Er það virkilega ætlun ríkisstjórnarinnar að halda fast við þessa tillögu? Það væri mjög nauðsynlegt að fá það fram hið fyrsta svo menn viti hvað er hér í vændum.

Hér á dagskrá þessa fundar, og sjálfsagt ætlun virðulegs forseta að taka til umræðu, eru síðan tvö önnur mál sem verulegur ágreiningur er um innan ríkisstjórnarliðsins. Annars vegar er frv. um skattlagningu innlánsstofnana sem okkur er ætlað að fara að ræða þegar klukkan fer að ganga tvö að nóttu. Ég hef heyrt það á skotspónum líka að innan ríkisstjórnarinnar sé orðin það mikil andstaða við þetta frv. að menn ætli að fara að breyta því. Það eigi t.d. að taka Lánasjóð sveitarfélaga út úr því. Það eigi að taka sjóði sem snerta landbúnaðinn út úr því. Er þetta rétt eða er ætlunin að við, sem erum á mælendaskrá um þetta frv., höldum áfram ræðum okkar á allt öðrum forsendum en ríkisstjórnin er núna að tala um málið? Eða á kannski yfir höfuð að láta þetta frv. bara liggja, eins og Sjálfstfl. vildi hér á þinginu 1988 og fékk því framgengt?

Mér skilst svo að það sé ósk hæstv. fjmrh. að fá að mæla fyrir frv. um jöfnunargjaldið einhvern tíma á milli klukkan 3 og 4 í nótt, a.m.k. vilji hann ekki að þessum fundi sé slitið nema hann fái að flytja framsöguræðu sína fyrir jöfnunargjaldinu. Ég skil kannski vel að hann vilji flytja þá framsöguræðu um hánótt, því að núv. aðalfulltrúi Sjálfstfl. í efnahagsnefnd hefur lýst því yfir að þetta frv. sé lögbrot. Er það virkilega þannig að hæstv. ríkisstjórn ætli að láta strekkja í það hér í þinginu að láta lögfesta þetta jöfnunargjald þó að einn af aðalfulltrúum Sjálfstfl. í efnahagsnefndinni sé búinn að skrifa þinginu og lýsa því yfir að þetta frv. sé lögbrot? Er það, virðulegi forsrh., verklagið sem á að hafa hér, að ræða að nóttu til frv. sem við höfum fengið skriflegar yfirlýsingar frá trúnaðarmönnum Sjálfstfl. í efnahagsnefnd að sé lögbrot?

Ég set fram þessar spurningar vegna þess að í sjálfu sér er það ekkert áhugamál okkar í stjórnarandstöðunni að ræða lon og don málefni sem ríkisstjórnin ætlar svo að hætta við. Við gerðum það í síðustu viku. Þá ræddum við lon og don málefni sem ríkisstjórnin er nú hætt við. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt að hæstv. forsrh. fari mjög fljótlega að gera okkur grein fyrir hvað það er sem ríkisstjórnin ætlar að gera. Okkur hafa líka borist fréttir af því að í fjárln. hafi það komið í ljós í dag og í kvöld að hugmyndir um sameiningu sjúkrahúsa og aðrar aðgerðir, sem okkur var tilkynnt um í síðustu viku að væri stefna ríkisstjórnarinnar, séu í fullkomnu uppnámi. Þannig eru þau meginmál, sem vísað var til 3. umr. í heilbrigðismálunum, í uppnámi. Nú, okkur berast síðan í kvöldfréttum tilkynningar frá Háskólanum um það að þeir muni ekki taka við nemendum á næsta skólaári vegna þess að fjárveitingar séu ekki nægar.

Hér var varpað fram í kvöld, hæstv. forsrh., af hálfu Kristínar Ástgeirsdóttur, og síðan tóku nokkrir þingmenn undir það sjónarmið m.a. hv. þm. Jóhannes Geir og Guðrún Helgadóttir en ég held að hæstv. forsrh. hafi ekki þá verið í salnum, að það væri mjög gagnlegt að fá á þessum sólarhring eða á morgun einhverja niðurstöðu í því hvað ríkisstjórnin ætlar sér og við séum ekki að þreyta þingið, starfsfólkið og þingmennina, á því að ræða hér fram eftir nóttu frv. sem ríkisstjórnin ætlar svo kannski ekki að knýja á um. Ég tel nauðsynlegt að fá svör við þessu hjá hæstv. forsrh. áður en þessari umræðu lýkur þannig að við vitum að einhverju leyti hug hans í þessum efnum m.a. vegna þess að forseti mun síðan ætla sér að taka á dagskrá tvö frv. um skattlagningu innlánsstofnana og jöfnunargjald sem bullandi ágreiningur er um innan stjórnarflokkanna sjálfra. Það væri mjög virðingarvert og mundi greiða hér fyrir framgangi mála og allri vinnu ef hæstv. forsrh. gæti að einhverju leyti upplýst hver viðhorf ríkisstjórnarinnar eru gagnvart þeim atriðum sem hér hefur verið velt upp.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Aðeins vegna ummæla og athugasemdar hv. 8. þm. Reykn. varðandi málatilbúnað af hálfu ríkisstjórnarinnar þá var því nú svarað hygg ég í fyrirspurn frá hv. 1. þm. Austurl., sem nú gekk í salinn, hér fyrir nokkru hvenær ríkisstjórnin fyrir sitt leyti mundi verða tilbúin með undirbúning fyrir 3. umr. fjárlaga. Það mun standa sem þá var sagt og hefur engin breyting orðið á því. En í sjálfu sér gefur það ekkert tilefni til sérstakra spurninga hér og nú.

Varðandi önnur þau atriði sem þingmaðurinn nefndi til að mynda þau að ríkisstjórnin hefði varið allt að tveimur dögum, eins og ég hygg að hann orðaði það, til að ræða atriði eins og verkaskipti ríkis og sveitarfélaga, tillögur um að hlutur sveitarfélaga í þessum aðgerðum kæmi annars vegar með vaxandi hlutdeild þeirra í þjónustu verkefna vegna fatlaðra og hins vegar með því að fellt yrði niður landsútsvar af Áfengisverslun ríkisins. Til að ræða þetta hefðu menn varið allt að tveimur dögum, eins og þingmaðurinn orðaði það, en auðvitað fór því fjarri að þessi einstöku atriði hefðu tekið svo langan tíma. En ég minni á að það sem var sérstaklega rætt í því sambandi var ekki síst að nauðsynlegt væri að hafa samráð og viðræður við forráðamenn Sambands sveitarfélaga um þessi atriði því það hefði komið mjög hávær gagnrýni frá þeim aðilum á þessar hugmyndir.

Ríkisstjórnin var í fyrsta lagi ákveðin í því að halda þessum hlut hjá sveitarfélögunum sem ákveðinn hafði verið og hún var í öðru lagi tilbúin til að ræða það við sveitarfélögin og forráðamenn þeirra hvort þessu mætti

ná fram með hagfelldari og einfaldari hætti fyrir þau. Og ég vil fullyrða að þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi vissulega haldið áfram að finna harkalega að því að svo stór upphæð væri tekin af þeirra fjárráðum til að vera hlutdeild í aðgerðum gagnvart þeim vanda sem við er að glíma þá fellur þeim þessi aðferðin mun betur heldur en sú hin fyrri sem ákveðin hafði verið. Í fyrri aðferðinni, eins og menn muna, var jafnframt gert ráð fyrir að 0,1% álag á útsvarsgrundvöll sveitarfélaga yrði lagt á og það fært sérstaklega inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að þessi breyting varðandi aflétttingu landsútvars af Áfengisverslun ríkisins mundi ekki bitna á Jöfnunarsjóðnum. Sveitarfélögin töldu það mjög alvarlegt og alvarlegasta þáttinn í þessu inngripi ef ríkisstjórnin og þá löggjafinn færi fram með þeim hætti að skipta sér af tekjustofnum sveitarfélaganna. Þeim fannst það illskárri kostur að annarri aðferð yrði beitt og menn fundu þá niðurstöðu. Það kemur að vísu á óvart að jafn vel vakandi maður og hv. 8. þm. Reykn. skyldi ekki hafa heyrt af þessari breytingu fyrr en nú í dag því að það kom fram þegar eftir viðræður okkar við forráðamenn sveitarfélaga strax að loknum fundi með þeim snemma morguns fyrir helgi að þessi hugmynd væri í gangi og því kemur á óvart að jafn vel upplýstur og vakandi þingmaður eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn. skyldi ekki hafa heyrt þetta fyrr en í dag. Ég á hreinlega bágt með að trúa því þó ég efist ekki um að þingmaðurinn segi satt eins og hann jafnan gerir eins og kunnugt er.

Í þessum efnum voru menn því að taka mið af sjálfsögðum óskum og áskorunum um að við þessa aðila yrði rætt og ég tel að þrátt fyrir að hv. 8. þm. Reykn. hafi sagt að talsmaður Sambands sveitarfélaga hafi komið fram formlegum mótmælum, eins og það var held ég orðað af honum, formlegri yfirlýsingu um að þessi aðferð væri lögbrot, þá hygg ég að hann sé naumast með því orðalagi, sé það rétt eftir haft, að tala fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga. Sveitarfélögin draga ekki í efa að Alþingi geti með lögum sett niður ákvörðun um þessa hlutdeild. Það verður ekki lögbrot í neinum skilningi nema sú ákvörðun brjóti í bága við stjórnarskrá. Sú ákvörðun þarf að brjóta í bága við stjórnarskrá til þess að lagasetning af Alþingis hálfu geti talist lögbrot og ég tel fráleitt að talsmenn sveitarfélaga, þó þeir séu vissulega ósáttir við þessa skerðingu á þeim fjármunum sem þeir hafa til ráðstöfunar, fullyrði að slíkt sé lögbrot.

Varðandi aðra þætti, sem ræddir hafa verið og þingmaðurinn gerði sérstaklega að álitaefni og athugasemdarefni, þá spurðist hann fyrir um hvort það væri enn markmið ríkisstjórarinnar að halda sig við að 180–200 millj. kr. fengjust með því að draga úr sjómannaafslætti. Það kom það glöggt fram áðan í svari hæstv. fjmrh. að engin breyting verður á því en hins vegar hefur það komið fram að menn eru að ræða með hvaða hætti það megi gerast vegna þess að fram hefur komið það viðhorf frá talsmönnum sjómannasamtakanna að sú formúla sem átti að verða til grundvallar þessari skerðingu á sjómannaafslætti mundi leiða til miklu hærri tekna fyrir ríkið eða minnkandi útgjalda í stærri stíl fyrir ríkið en kynnt hafði verið og að þetta kæmi því óréttlátt niður. Ég held að það sé vaxandi skilningur á því, bæði meðal sjómanna og meðal þjóðarinnar, að það er ekki í þágu sjómanna að þessi afsláttur sé útfærður þannig í framkvæmdinni að hann kalli á og veki tortryggni. Ég held að sjómenn vilji heiðarlega meðferð í þessum málum eins og öðrum og geri ekki kröfu til þess að hafi framkvæmdin farið úr böndum að þessu leyti til þá megi það ekki lagfærast. Menn eru að leita leiða til að gera það með þeim hætti að sem ásættanlegast geti verið fyrir þessi samtök og fyrir okkur öll. En sú hugmynd er óbreytt, fyrst þingmaðurinn spurði, að þessi fjárhæð, þessi tala, standi eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þá fann þingmaðurinn að því að menn hugsuðu sér að mæla fyrir frv. um það að jöfnunargjald stæði áfram í hálft ár þar sem hagsmunaaðilar hefðu skrifað bréf út af því máli og reyndar vakti hann sérstaka athygli á því að bréfritarinn og viðtakandinn væri einn og sami maðurinn sem er ákveðið hagræði í, ekki er hægt að neita því. Fráleitt er að álykta sem svo að það leiði til þess að fyrir málinu verði ekki mælt og það er ekkert sem bendir til annars en að það sé góður meiri hluti fyrir því máli án atbeina og stuðnings hv. 8. þm. Reykn., sem ég býst við að muni vera fylgjandi málinu. Hann hafði a.m.k. sótt það fast áður að beita mætti aðferð af þessu tagi.

Ég hygg þannig að þessi mál séu öll í mjög föstu formi og ég býst líka við að þessi málatilbúnaður af hálfu stjórnarandstöðunnar sé líka í allföstum skorðum, það er svo sem ekki mikill munur á því hver stjórnarandstaðan er eftir því sem ég best fæ skilið. Ég hjó reyndar eftir einni setningu hjá ræðumanni sem ég ætla að nefna vegna þess að einn starfsmaður hér hafði sagt fyrir nokkrum dögum: Mér finnst þingmenn verða hvað væmnastir þegar þeir fara að tala um það að ekki megi hafa næturfundi til þess að þreyta nú ekki starfsfólk. Taktu eftir því að þetta verður einhvern tíma sagt og þá gerast þeir væmnastir, þingmenn í þessu húsi — sagði þessi starfsmaður. Ég hafði ekki heyrt það fyrr en nú en ég heyrði þetta einmitt núna rétt í þessu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. tekst oftast annaðhvort að byrja eða enda ræður sínar á einhverjum óskyldum gullkornum sem gæfu fullt tilefni til orðaskipta við hann en satt best að segja nenni ég ekki slíku lengur. Því sem ég ætla að mótmæla er endursögn eða túlkun hæstv. forsrh. á samráði við sveitarfélögin. Það kom mér afar spánskt fyrir sjónir hvernig hæstv. forsrh. skýrði frá því, nýkominn af fundi í efh.- og viðskn. þar sem framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga lýsti því yfir að afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga væri alveg óbreytt sú sem birtist í yfirlýsingu þeirra frá sambandsstjórnarfundi frá því fyrir nokkru dögum. Andstaða þeirra væri algjörlega óbreytt við þessar álögur sem ríkisstjórnin ætlaði einhliða að færa yfir á sveitarfélögin. Þar kom ekki fram að þessi aðferð væri geðþekkari en aðrar aðferðir í þeim efnum.

Fyrir liggur sá skilningur hæstv. dómsmrh. að þátttaka í löggæslu, eins og hún er nú áformuð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, sé skattur á sveitarfélögin. Með leyfi forseta, segir í Morgunblaðinu í gær í viðtali við hæstv. dómsmrh.:

„Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra segir að þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við löggæslu til að létta á ríkissjóði sé skattur. „Löggæslumál heyra undir dómsmálaráðuneytið en ekki sveitarfélög," segir Þorsteinn í samtali við Morgunblaðið. „Ég lít á þetta ekki sem tilfærslu á verkefnum heldur sem skatt á sveitarfélögin, sem ber þá yfirskrift að eigi að fara til löggæslumála. Ég er alveg tilbúinn að ræða breytta verkaskiptingu á þessu sviði en það er miklu flóknara mál en svo að það verði afgreitt í einni svipan,"" sagði hæstv. dómsmrh. í gær. Er þá nema von að við hv. þm. spyrjum hvað er á bak við þessi áform hjá hæstv. ríkisstjórn þegar fagráðherra þessara mála lætur slíka yfirlýsingu frá sér fara. Ég get þess vegna með engu móti tekið undir þá lýsingu hæstv. forsrh. hér áðan að þetta sé allt í fínu lagi, allt í mjög föstum skorðum á þinginu núna, sagði hæstv. forsrh. Oft hef ég orðið hissa en sjaldan eins og á þessum tilteknu lýsingarorðum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandamálið er að ég var ekki viðstaddur þann fund sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var á og hann var ekki viðstaddur þann fund sem ég átti, ásamt tveimur öðrum ráðherrum, með formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga þannig að við höfum hvor sínar heimildirnar. Þessir þrír voru á fundi með okkur og það er enginn vafi á því að þessir aðilar munu staðfesta að þar kom fram, þrátt fyrir að upphæðinni væri auðvitað mótmælt, að þessi aðferð sem notuð er núna er miklu geðfelldari en sú fyrri.

Varðandi löggæsluna þá er auðvitað hárrétt hjá hæstv. dómsmrh. að löggæslan heyrir undir dómsmrh. En ég vek athygli á því að hér er um málaflokk að ræða sem hefur verið mjög tengdur sveitarfélögunum. Allt fram til 1972 heyrði þessi málaflokkur undir sveitarfélögin, þ.e. þau greiddu rekstrarkostnaðinn. Að vísu var það svo að þrátt fyrir að sveitarfélög greiddu því sem næst allan rekstrarkostnað, eins og til að mynda hér af lögreglunni í Reykjavík, þá laut lögreglustjórinn ekki stjórn sveitarfélagsins heldur dómsmrh.

Ég hef talið og lýst því yfir áður og mig minnir reyndar að hv. 8. þm. Reykn., þáv. fjmrh., hafi ekki talið það fráleitt að til greina kæmi í framtíðinni að þessari verkaskiptingu væri breytt á ný og það yrði horfið að því að sveitarfélögin kæmu inn í þennan rekstur á nýjan leik. Ef það yrði gert með fullum þunga yrðu tekjur auðvitað að koma á móti. En það er þess vegna ekki fráleitt að nota einmitt þennan málaflokk þegar með þessum hætti þarf að láta sveitarfélögin axla tilteknar byrðar af þeim vandamálum sem við er að glíma.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið, ef sveitarfélögin standa frammi fyrir því að þau komast ekki undan að taka á sig 700 millj. kr. í einhliða íþyngingu frá hálfu ríkisins, að þau hafi einhverjar skoðanir á því hvort sé betra að vera hengd eða skotin. Það getur vel verið. En það er ósköp svipað sem þau standa þarna frammi fyrir og fangi sem búið er að dæma til dauða og á velja um aðferðina. Það eru í raun og veru sambærilegir kostir sem þarna eru á ferðinni. Út af fyrir sig getur vel verið að það sé rétt að þeim séu sjálfir tekjustofnarnir það heilagir að þau vilji losna við fingur ríkisins af þeim og af þeim sökum velja af tveimur nokkurn veginn jafnvondum kostum, sem í boði eru af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þann sem þau þá telja illskárri. Hér er ekki um verkefnatilfærslu að ræða, hæstv. forsrh. Það nánast viðurkenndi hæstv. forsrh. sjálfur, því lýsir hæstv. dómsmrh. yfir. Þetta er einhliða nefskattur á sveitarfélögin í landinu sem rennur í ríkissjóð, að vísu merktur löggæslunni en er ekki á nokkurn hátt tengdur því viðfangsefni hvorki hvað áhrif á málaflokkinn snertir né heldur hvað kostnað við löggæslu í hinum einstöku sveitarfélögum snertir. Eða hvað halda menn að t.d. fámennir sveitarhreppar inn til dala á Norðurlandi vestra sjái í löggæslu sem svarar þeim 1.700 kr. sem þeir eiga að fara að greiða á hvern íbúa þar sem sést kannski lögreglumaður á tíu ára fresti, keyrir þá í gegn á bíl á 90 km hraða? Þetta er auðvitað þannig, hæstv. forsrh., að það borgar sig ekki einu sinni að hafa tilburði til að reyna að klæða þetta í þennan búning sem hér var gerð tilraun til. Það er langhreinlegast að viðhafa aðferð hæstv. dómsmrh. og viðurkenna að þetta er skattur, þetta er nefskattur á sveitarfélögin í landinu, óréttlátur og ekki í nokkru samhengi við það útgjaldatilefni sem hann er að nafninu til tengdur. Þar með er það líka auðvitað orðin ástæða í sjálfu sér að athuga hvort ekki sé verið að brjóta jafnræðisreglu skattalaga með því að leggja hann mismunandi þungt á eftir íbúafjölda sveitarfélaganna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að vekja athygli á því hér að hæstv. forsrh. leyfði sér áðan að fullyrða að framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga hafi á fundi efh.- og viðskn. í kvöld ekki talað í nafni Sambands ísl. sveitarfélaga. (**Forsrh.:** Þetta er hártogun.) Þetta er ekki hártogun, hæstv. forsrh., þetta munt þú geta lesið þegar þú færð þína ræðu skrifaða.

Í öðru lagi, varðandi lagalega túlkun á þessum gjörningi hæstv. ríkisstjórnar, þá kom það fram í máli framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga að í fyrsta lagi væri um að ræða brot á lögfestum samningi Sambands ísl. sveitarfélaga við ríkisvaldið. Í öðru lagi þá væri væntanlega um að ræða brot á 116. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um það að varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuli hafa samráð við sveitarfélögin. Hann upplýsti einnig að það samráð sem var haft varðandi breytingu á því hvernig ætti að leggja 700 millj. á hafi verið í því formi að forsvarsmönnum Sambands ísl. sveitarfélaga hafi verið tilkynnt að fallið hafi verið frá fyrri ákvörðunum og ákveðið að taka upp það form að færa á sveitarfélög-

in 700 millj. í formi nefskatts til þess að kosta löggæslu í landinu. Það var sem sagt, eins og aðrar aðgerðir þessarar hæstv. ríkisstjórnar síðustu daga, í tilskipunarformi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega áríðandi að mínu viti að virðulegir þingmenn geri mun á því, þegar menn ræða um samstarf sveitarfélaga og samstarfssáttmála sveitarfélaga, með hvaða hætti megi framkvæma tiltekna hluti án samráðs eða ekki án samráðs. Slíkir hlutir gilda ekki um lagasetningar frá Alþingi, almenn lög setja ekki löggjafarvaldinu ramma. Menn verða að marka og kunna skil á, ekki síst löggjafinn sjálfur, þingmenn hér á Alþingi, almennri löggjöf og stjórnarskrárbundinni löggjöf. Á því er reginmunur, munur sem þingmenn a.m.k. verða að þekkja.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. forsrh. að hann taldi að Íslendingar og þingið væru aðeins bundnir af stjórnarskrá varðandi lagasetningu til höfuðs sveitarfélögunum. Svo er ekki lengur vegna þess að við samþykktum 17. des. 1990 Evrópusáttmálann um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Þar segir í 9. gr. m.a. varðandi tekjustofna sveitarfélaga: „Sveitarstjórnum skulu tryggðir fullnægjandi tekjustofnar innan ramma hinnar opinberu fjármálastefnu og skal þeim frjálst að ráðstafa þeim að eigin vild innan valdssviðs síns."

Það fer ekki saman að skrifa undir svona samning, að sveitarfélögin hafi rétt til að ráðstafa fjármunum innan valdssviðs síns og ætla að koma svo með ríkiskrumluna ofan í vasann á þeim og taka peningana burtu með valdi. Þetta hlýtur hæstv. forsrh. að gera sér grein fyrir. Þess vegna skora ég á hæstv. ríkisstjórn að láta lögfræðinga meta það hvort þessar aðgerðir standast samkvæmt samningnum sem samþykktur var 17. des. 1990 og núv. félmrh. lagði áherslu á að yrði staðfestur hér á Alþingi Íslendinga.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa gert tilraun til að skýra málin. Það kom fram hjá honum að hann telur sig greinilega hafa fengið jákvæð viðbrögð eða a.m.k. jákvæðari viðbrögð frá forustu Sambands ísl. sveitarfélaga gagnvart þeirri leið sem ríkisstjórnin er nú að fara en hinni fyrri. Hæstv. forsrh. lýsir því hér yfir að annað hafi komið fram hjá forráðamönnum sveitarfélaga á fundi með þremur ráðherrum heldur en kom fram á fundi með efnahagsnefnd Alþingis. Við þessu er auðvitað einungis hægt að bregðast á þann hátt að efnahagsnefndin kalli Samband ísl. sveitarfélaga til sín á nýjan leik á morgun og annaðhvort hæstv. félmrh. eða hæstv. forsrh. verði viðstaddur þann fund svo við þurfum ekki að standa hér í þeim sporum að hæstv. forsrh. segi að þetta sé eitthvað allt annað en forustumenn sveitarfélaga sögðu við mig og tvo aðra ráðherra og þingið þurfi að velta því fyrir sér hver fari með rétt mál í þessum efnum. Ég vil taka undir með hæstv. forsrh. hvað það snertir að það er kannski ekki ástæða á þessu stigi að túlka orð hans á þann veg að hann sé að vefengja að framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga fari með rétt mál þótt að vissu leyti hefði mátt skilja orð hæstv. forsrh. á þann veg. Það er auðvitað alveg ljóst, áður en lengra er haldið, að efnahagsnefnd þingsins verður þá að fá forustu Sambands ísl. sveitarfélaga aftur á sinn fund og hafa einhvern ráðherra úr ríkisstjórninni viðstaddan til þess að þetta fari ekkert á milli mála.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. undraðist það að ég skyldi ekki hafa frétt af þessum áformum. Það er rétt hjá honum að ég er nokkuð vel vakandi þessa dagana. En ástæðan fyrir því að ég varð undrandi í dag var að í lok síðustu viku hafði ég lesið þær yfirlýsingar borgarstjórans í Reykjavík, eftirmanns hæstv. forsrh., og bæjarstjórans í Hafnarfirði, væntanlegs eftirmanns núv. utanrrh., þar sem að þeir sögðu báðir að þeir teldu útilokað að taka þátt í þessari aðgerð nema sveitarfélögin fengju áhrifarétt á löggæsluna á sínu svæði og túlkuðu málið þannig. Síðan las ég yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. að slíkt kæmi ekki til greina og af hálfu dómsmrn. væri eingöngu um að ræða almenna skattlagningu á sveitarfélögin. Þess vegna var ég undrandi þegar það kom fram í dag í frásögnum þingmanna í nefndum að nú væri búið að ákveða að hirða ekkert um skoðanir borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans í Hafnarfirði, láta þær skoðanir sem vind um eyrun þjóta, taka ekki mark á þessum forustumönnum Sjálfstfl. og Alþfl. en leggja í staðinn nefskatt á sveitarfélögin. Ég get sagt hæstv. forsrh. það að ef ég hefði komið inn í þingið í síðustu ríkisstjórn með nefskatt á sveitarfélögin þá hefði allt orðið vitlaust. Fyrstur manna hér á þingi til að mótmæla því hefði verið þáv. borgarstjóri Reykjavíkur Davíð Oddsson. Það vitum við báðir, ég og hæstv. forsrh., hann hefði ekki eirt hér í kringum þinghúsið fyrr en Sjálfstfl. væri búinn, í umræðum og jafnvel málþófi og nefndum í þinginu, að koma í veg fyrir þessi áform því það var túlkað sem algjört bannorð, eitt af því sem bara mætti ekki gera væri að leggja nefskatt á sveitarfélögin.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða það meira en það var gagnlegt að fá það hér fram að nokkuð ber á milli þess sem sagt hefur verið við ríkisstjórnina og sagt var við nefndina um þetta mál.

Hvað jöfnunargjaldið snertir þá var ég út af fyrir sig ekki að spyrjast fyrir um það hvers vegna menn vildu mæla fyrir frv. þó ég vilji segja við hæstv. fjmrh. að mér finnst pínulítið leitt að hann skuli fara að gera það að vana sínum að mæla fyrir öllum skattafrumvörpunum þannig að hann fer fram á að mæla fyrir þeim einhvern tíma síðla kvölds eða að nóttu til og svo sé umræðu frestað. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi enn sem komið er ekki mælt fyrir neinu tekjuöflunarfrumvarpi með venjulegum hætti þannig að umræða geti farið fram að lokinni framsöguræðu.

Spurningin var hins vegar um það, hvort ríkisstjórnin væri staðráðin í að lögfesta frumvarpið og ekki bara vegna þess, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson eða

einhver hagsmunaaðili telji það lögbrot heldur m.a. vegna þess, hæstv. forsrh., að ég sat í ríkisstjórn, þar sem núv. utanrrh. hélt því fram í heilt ár að væri lögbrot. Stóra málið í þessu er auðvitað það að við erum ærið margir í salnum sem sátum í ríkisstjórn þar sem sami maður og nú gegnir embætti utanrrh. hélt því fram í heilt ár og skrifaði síðan Evrópubandalaginu bréf því til staðfestingar frá ríkisstjórn Íslands að það væri lögbrot að framlengja gjaldið, hvað sem liði vilja einstakra fjármálaráðherra í þeim efnum. Hæstv. utanrrh. skuldar því a.m.k. mér og okkur sem sátum í síðustu ríkisstjórn skýringar á því, hvaða rök hann er nú kominn með í hendur fyrir því að það sem hann sagði í heilt ár formlega við ríkisstjórnarborðið að væri lögbrot, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir nú, getur nú verið stjórnarfrumvarp með eðlilegum hætti. En það ræðum við hins vegar þegar það mál kemur á dagskrá. Ég hélt kannski að hæstv. ríkisstjórn vildi spara sér tímann og fyrirhöfnina í þinginu með því að skoða málið í rólegheitum utan við umræðuna og vildi kannski komast hjá því að fá þessa umræðu í salinn. Nú, ef ríkisstjórnin vill fá þessa umræðu í salinn, tökum við auðvitað þátt í því, en þetta var vinsamleg ábending til ríkisstjórnarinnar um það að kannski væri ekki alveg skynsamlegt á þessu stigi að fara að ræða um jöfnunargjald. Mér finnst t.d. ekkert skemmtilegt, hæstv. forsrh., að þurfa að standa í þeim sporum hér að rekja það í þingsalnum hvernig hæstv. utanrrh. hélt því fram í síðustu ríkisstjórn að það væri lögbrot að framlengja jöfnunargjaldið því auðvitað verður sú umræða þýdd, auðvitað mun Evrópubandalagið og EFTA nota þá umræðu ef einhverjir í aðildarríkjum EFTA og EB kjósa að fara í mál vegna þess að það er ekki bara Verslunarráðið sem getur farið í mál. Það getur hvaða fyrirtæki innan Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna líka farið í mál. Ég hefði helst viljað komast hjá því að þurfa að rekja þær yfirlýsingar utanrrh. og knýja fram bréfaskipti hans til Evrópubandalagsins um þetta mál. Ef ríkisstjórnin vill endilega knýja þá umræðu fram hér þá það. En ég teldi skynsamlegra út frá hagsmunum Íslands og almennt séð að bíða með það.

Ég nefndi að vísu það mál einnig, hæstv. forsrh., sem mér skilst að forseti vilji ræða næst um skattlagningu innlánsstofnana. Þar greindi ég frá því að ég hef heyrt það hér á skotspónum að ríkisstjórnin væri að ræða það ákveðið að breyta því frv., taka út Lánasjóð íslenskra sveitarfélaga og taka út sjóðina sem snerta landbúnaðinn. Forsrh. vék ekkert að þessu þannig að þetta er kannski ekki alveg ákveðið, en það er auðvitað vont að vita ekki hvernig það frv. er í raun sem hæstv. ríkisstjórn vill endilega fá rætt hér um kl. 2 að nóttu til. Kannski kemur það í ljós ef umræðan hefst og hæstv. fjmrh. gerir okkur þá grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin hyggst breyta frv., því það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt, forseti, að vera að knýja okkur til þess að nóttu til, að ræða ítarlega frv. sem ríkisstjórnin er á kafi í að breyta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (SHl, StG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EH, EgJ, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JónS, JVK, KÁ, KE, MF, PJ, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðsk. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SHl, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

15 þm. (EH, EgJ, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JónS, JVK, KÁ, KE, MF, PJ, StH, SvG) fjarstaddir.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (inngreiðslur 1992). — Þskj. 193, nál. 244.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Nefndin fjallaði ítarlega um frv. og kvaddi á fund sinn fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands auk fulltrúa frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Frá því er skemmst að segja að nefndin mælir einróma með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (EH, EgJ, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JónS, JVK, KÁ, KE, MF, PJ, StH, SvG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (EH, EgJ, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JónS, JVK, KÁ, KE, MF, PJ, StH, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG,

EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (EH, EgJ, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JónS, JVK, KÁ, KE, MF, PJ, StH, SvG) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég frestaði ræðu minni eftir u.þ.b. 10 mín. þegar málið var fyrst til umræðu vegna þess að ég óskaði eftir því, að hæstv. samgrh., hæstv. forsrh. og hv. þm. Geir Haarde væru viðstaddir a.m.k. þann þátt umræðunnar sem að mínu máli snýr. Nú tók ég eftir því að hæstv. landb.- og samgrh. hafði sama hátt á og síðast þegar hann komst að því að ég ætlaði að ræða þetta mál, þá tók hann strikið út úr salnum. — Kemur hann nú aftur inn í salinn og veri hann velkominn.

Ástæðan fyrir því, hæstv. forsrh., að ég óskaði eftir því að forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu var að leita svara við því hvenær Sjálfstfl. hefði ákveðið að styðja þetta frv. Nú vill svo til að það er alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði þegar hann fjallaði um þetta frv. að á ferðinni væri gamall kunningi, svo ég noti óbreytt orð hæstv. fjmrh. Já, þetta er gamall kunningi sem hlaut þau örlög í desember 1988, hæstv. forsrh., að Sjálfstfl. neitaði að afgreiða fjárlögin í desember 1988 nema þetta frv. yrði dregið til baka. Slík var andstaða Sjálfstfl. við þessar hugmyndir að hann gerði það úrslitakröfu til að greiða fyrir afgreiðslu fjárlagafrv., að þáv. ríkisstjórn félli frá þessum áformum. Hæstv. fjmrh. orðaði það svo kurteislega í máli sínu að segja að það sem í frv. væri hefði orðið viðskila, svo ég noti hans óbreyttu orð, við það sem var síðan samþykkt á þinginu.

Nú get ég upplýst það að þegar ég kom í fjmrn. í mikilli skyndingu í september 1988 með viku fyrirvara, þá blasti við að leggja fram fjárlög og tekjuöflunarfrv. með skemmri fyrirvara en gert hafði verið um langt árabil m.a. vegna þess að fjárlagavinnan hafði ekki hafist í fjmrn. allt sumarið 1988. Í skúffunum í fjmrn. var þetta frv. sem mér var tjáð að fyrirrennari minn, Jón Baldvin Hannibalsson, hefði reynt að fara með inn í þá ríkisstjórn sem hann var fjmrh. í en við lítinn orðstír og enn minni árangur. Ég segi þá sögu alveg eins og hún gekk fyrir sig, að ég tók það síðan að mér fyrir góð orð ýmissa embættismanna, að fara með þetta inn í þingið og skoða hvernig gengi að fá þetta lögfest. Ég varð hins vegar reynslunni ríkari og ég segi það við hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að í ljósi þeirrar reynslu varð ég, þó vægt sé til orða tekið, ærið undrandi á því að sjá þetta hér á borðunum sem stjfrv. núv. hæstv. ríkisstjórnar nánast bara upp á punkt og prik, staf og kommu, það sama og ég skildi eftir í skúffum fjmrn. 1988 sem strandgóss frá desembermánuðinum 1988 og engum hafði dottið í hug að hreyfa í ráðuneytinu síðan. Ég dró þann lærdóm af reynslu minni að það væru slíkir erfiðleikar á því að festa í lög skattlagningu af þessu tagi, að það þyrfti ærið mikla viðbótarvinnu og viðbótarumræður áður en hægt væri að reyna það aftur. Ég lét ekki þá viðbótarvinnu og viðbótarumræður fara fram í minni tíð. Ég sé á þessu frv. að það a.m.k. bólar ekki mikið á þeirri viðbótarvinnu í frágangi þessa frv.

Hv. þm. Geir Haarde sagði t.d. um þetta frv., þetta sama frv. og við erum að tala um, á þingi 22. des. 1988, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vek hins vegar athygli á því að frv., eins og það var lagt fram, var illa undirbúið af hálfu fjmrn. og á ábyrgð fjmrh.“ — til að koma nú sökinni alveg af embættismönnunum, sem er innskot mitt. „Í því voru ákvæði sem ekki var búið að kanna til hlítar hvort fengjust staðist“. **(Gripið fram í:** Þetta er allt rétt). Allt rétt, segir hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Mér leikur nú nokkur forvitni á að vita hvort formaður þingflokks Sjálfstfl. sem felldi þennan dóm í desember 1988 um nákvæmlega sama texta og hér liggur fyrir hefur fengið sönnur á því hvort þetta frv. stenst í dag og hver hefur þá komið með þær sönnur og hvar eru þær skrifaðar, því að ekki eru þær í greinargerð með þessu frv.

Hv. þm. Geir Haarde sagði meira þennan sama dag, 22. des. 1988 um þetta frv. **(Gripið fram í:** Var enn þá þinghald þá?) 22. des.? Já, að sjálfsögðu var þá þinghald, enda hafði fjárlagafrv. ekki komið fram fyrr en í lok októbermánaðar en ekki 1. okt. eins og nú. **(Gripið fram í:** Gekk ykkur svona illa?) Gekk ykkur svona illa, sagði hv. þm. Halldór Blöndal. Hann ætti að lesa þingskjölin frá hæstv. ráðherra Halldóri Blöndal frá haustþinginu 1988 til að leita skýringa á því af hverju okkur gekk svona illa.

Hv. þm. Geir Haarde sagði 22. des. orðrétt að það hefði vafist fyrir færustu lögfræðingum að gera út um það hvaða sjóðir væru þess eðlis að unnt væri að skattleggja þá með sama hætti og aðrar lánastofnanir. „Það er hins vegar í samræmi við annan málatilbúning hæstv. ríkisstjórnar að hún skuli taka þarna inn ýmsa þá sjóði sem ríkið leggur til meiri part síns fjármagns en þannig kom þetta frv. fram í upphafi í hv. efri deild en, hefur nú sem betur fer verið breytt.“ — Það er rétt. Afgangurinn, sem ekki var breytt, er nú kominn hingað á okkar borð alveg eins og hann var í desember 1988 og var þá dæmt að væri í samræmi við annan málatilbúnað þáv. ríkisstjórnar og þótti ekki par fínt. En nú er það allt í einu orðið stórgott stjórnarfrumvarp sem meira að segja er lögð svo mikil áhersla á að afgreiða að við erum pínd til þess að vera hér klukkan tvö um nótt **(ÖS:** Búið að koma vitinu fyrir þá.), til þess að ræða þetta mál. Búið að koma vitinu fyrir þá, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það vita nú allir að hann hefur ekkert vit á þessu máli, þannig að það er einhvers staðar annars staðar, vitið í Alþfl. sem hefur verið reitt yfir til Sjálfstfl. í pokum í þessu máli. Ég

get fullyrt að það er ekki frá hæstv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni. (Gripið fram í.) Þá hefst leitin, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og mun nú verja nóttinni í það að leita hvaða vitmaður í Alþfl. hefur komið þessu í gegn.

En mér er þetta ekkert gamanmál. Menn halda það kannski í salnum, en svo er ekki, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að 1988 tók ég þátt í þeirri tilraun að fara með þetta í gegnum þingið og þá komu fram ýmis málefnaleg rök og athugasemdir við meðferð málsins. Ég hef ekki heyrt nein svör frá hæstv. fjmrh. um það hvers vegna Sjálfstfl. hefur skipt um skoðun. Ég ætla að vona að hæstv. fjmrh. fyrirgefi mér þó að ég segi að hann tók bara gömlu ræðuna mína og flutti hana hér. (Gripið fram í.) Og get gert það aftur, segir hæstv. fjmrh., en sá er munurinn á mér og honum að ég flutti hana ekki aftur 1988.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti þessum gangi máls 22. des. á þann veg, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta var orðin hálfgerð kómedía á pörtum, en að vísu hitnaði í gærkvöldi og fram eftir nóttu alla vega svolítið í sumum út af þessu og þar á meðal mér ...“

Ég vil spyrja hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson: Er þetta ekki lengur kómedía? Er það kannski orðið tragíkómískt að í þessu máli skuli Sjálfstfl. koma með þetta inn?

Hv. þáv. þm. Halldór Blöndal, núv. samgrh., var harður í andstöðunni gegn þessu frv. á sínum tíma, flutti lengstu ræðurnar og sótti harðast að frv. Þá varði hann löngu máli í Ed., t.d. 7. des., til að rökstyðja að ekki komi til greina að Framleiðnisjóður landbúnaðarins geti verið liður í slíkri skattlagningu. Hann tekur einnig Orkusjóð, Hafnabótasjóð og fjölmargt annað sem hann rekur mjög rækilega að geti ekki fallið undir eðlilega skattlagningu af þessu tagi.

Nú vona ég að þessir hv. þm. og ráðherrar Sjálfstfl. fyrirgefi mér þó að ég spyrji við þessa umræðu og skal ekki taka langan tíma til þess: Hver eru rökin fyrir því að Sjálfstfl. hefur núna kúvent svona gjörsamlega í þessu máli? Það er auðvitað ekki boðlegt í svona alvarlegu máli eins og skattlagningu fjármálastofnana að koma hér og segja: Af því bara. Eða fara í einhvern gamanleik um það að hæstv. núv. fjmrh. skemmti sér við að flytja gömlu ræðurnar mínar aftur á Alþingi. Við erum að tala um veigamikla þætti í fjármálakerfi landsins. Mín niðurstaða var sú að reyna þetta ekki aftur nema málið hefði hlotið miklu veigameiri vinnu af hálfu fjmrn. og annarra aðila sem málið snertir. Sú vinna hefur ekki farið fram, sýnist mér. Ég sé engin merki hennar í þessu frv. Ekki heldur í framsöguræðu hæstv. fjmrh. Er það virkilega ætlunin að taka á þessu máli með svo óvönduðum hætti að húrra því í gegn, knýja þingið til þess að samþykkja það án þess að fá nokkuð í hendur um að nú séu til örugg svör við því sem knúið var á um í desember 1988 og var ekki hægt að svara þá?

Ég ætla ekki að halda því fram að Sjálfstfl. hafi ekki meint orð af því sem hann sagði í des. 1988. Ég ætla ekki að gera það vegna þess að ég sannfærðist um það þegar ég var búinn að hlusta á þá og fara í gegnum þessa umræðu í desember 1988 að þeir höfðu tölu vert til síns máls. Niðurstaðan í Ed. var, eins og ég veit að hæstv. núv. umhvrh. man mjög rækilega, að gerð var sú málamiðlun að taka hluta út úr hinu upphaflega frv., sem allir gátu sæst á, en láta hitt liggja og það hefur legið síðan.

Ég vil einnig beina því til hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, ætlunin er að fella niður ríkisábyrgð á sumum af þessum sjóðum sem hér á að skattleggja. Látum það vera, menn geta haft þá afstöðu í sjálfu sér. Þá er tvennt sem verður að svara við meðferð málsins. Það fyrra er: Er það rétt sem sumir halda fram að ef ríkisábyrgðin er tekin af þeim sjóðum, sem hér eru taldir upp, gjaldfalli verulegur hluti þeirra lána sem sjóðirnir hafa tekið í heild sinni? Ástæðan er sú að í lántökuskilmálum sjóðanna hafi ríkisábyrgðin verið svo veigamikill þáttur að lánveitendurnir áskilji sér rétt til þess að gjaldfella lánin í heild sinni á sjóðina og þar með á íslenska ríkið ef ríkisábyrgðin er tekin af. Ef það yrði, yrði harla lítið orðið eftir í mörgum af þessum sjóðum til að skattleggja.

Hitt atriðið er: Hvaða áhrif hefur það á lántökukostnað íslenska ríkisins erlendis á alþjóðlegum mörkuðum ef farið er inn á þá braut að taka ríkisábyrgðina af þessum sjóðum og skattleggja þá með þessum hætti? Hvort tveggja í senn á sama árinu á sama þinginu. Er hugsanlegt, sem sumir halda fram, að þar með geti lánskjör íslenska ríkisins á alþjóðlegum mörkuðum versnað vegna þess að lánshæfnismat íslenska ríkisins verði neikvæðara að dómi þeirra alþjóðlegu fyrirtækja sem sérhæfa sig í því og hafa veruleg áhrif á hinum alþjóðlega markaði?

Mér finnst eiginlega ekki hægt að fara í gegnum 1. umr. um þetta alvarlega mál án þess að fá svör við þessum atriðum. Það er ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég frestaði ræðu minni á sínum tíma og óskaði eftir því að hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. og einnig hæstv. fjmrh. veittu svör við því sem hér hefur verið spurt um. Ég ætla í sjálfu sér ekki að óska eftir því að hv. þm. Geir Haarde og Eyjólfur Konráð Jónsson taki þátt í umræðunnni þó að mér þætti vænt um að fá að heyra hvort þeir hafa skipt um skoðun eða hvort þeir eru enn á sömu skoðun, sérstaklega vegna þess að ég veit að sjálfsagt er sú skipan eins í þessari ríkisstjórn og hinum fyrri að formaður þingflokksins gefur formlega grænt ljós á það að frumvörpin séu lögð fram sem stjórnarfrumvörp á Alþingi, a.m.k. hefur það verið síðvenja í þeim ríkisstjórnum sem ég þekki til að ekkert stjórnarfrumvarp er lagt fram nema formenn þingflokkanna hafi fyrir hönd þingflokkanna gefið grænt ljós á það.

Ég vona, virðulegi forseti, þó að hér sé nótt, að þessir hæstv. ráðherrar og jafnvel hv. þingmenn taki að nokkru þátt í þessari umræðu svo við getum betur áttað okkur á því hvað á að gera við það frv. sem við erum með í höndum og á sér þá skrautlegu sögu sem ég hef vikið hér að.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég mun hafa beðið um orðið fyrir nokkrum dögum um eitthvert mál væntanlega og það mun þá vera þetta. Ég ætla þá að venda mínu kvæði í kross og svara hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þeirri spurningu sem hann varpaði fram, hvort ég kannaðist við þessi orð mín frá því fyrir tveimur árum eða svo. Auðvitað kannast ég við þau og ég held hann hafi bara gott af því að lesa allt sem ég hef skrifað um þessi mál og ég hef ekki breytt um skoðun á einu eða neinu.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég hef haldið allítarlega ræðu um það mál sem hér er til umræðu. Mér finnst mjög mikilvægt að hæstv. fjmrh. svari því, áður en umræðan heldur lengra áfram, eða aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni, hvort það standi til að gera einhverjar breytingar á þessu frv. Það eru svo augljósir gallar á því að það getur vart verið að ríkisstjórninni sé alvara að málið fari til nefndar án þess að nokkuð sé sagt um það hvort taka skuli tillit til þess sem hefur komið fram í umræðunni. Ég hvet a.m.k. hæstv. fjmrh. til að upplýsa okkur eitthvað um það áður en umræðan heldur áfram.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ef það mætti verða til að stytta umræðuna, sem hefur staðið í allnokkra daga, skal ég gera tilraun til þess að svara því sem fram hefur komið í ræðu hv. síðustu ræðumanna.

Það er rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar í síðustu viku að um nokkurt skeið hefur staðið til að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög og þar með má búast við að ríkisábyrgð falli af þeim í tímans rás, ekki síst ef um eigendaskipti verður að ræða. Að vísu er það svo, eins og hv. þm. veit, að í lögum um Fiskveiðasjóð stendur að erlend lán sjóðsins séu ekki með ríkisábyrgð. Það er rétt líka að deilt er um það hver sé eigandi sumra þessara sjóða, einkum og sér í lagi Iðnlánasjóðs. Það vill svo til að ég þekki þetta mál nokkuð náið, var í nefnd á sínum tíma, þegar starfandi var ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., sem kannaði þessi mál allítarlega.

Tvennt hefur komið fram í umræðunni af hálfu ráðherra. Annars vegar að hugmyndin sé sú að Lánasjóður sveitarfélaga falli ekki undir almenna grein þessara laga heldur verði ákvæðið sett inn í 2. gr. um að lögin nái ekki til hans. Jafnframt hefur hæstv. samgrh. sagt frá því, sem undir hefur verið tekið, að hugmyndin sé að aðgreina hina eiginlegu lánastarfsemi sjóðanna frá annarri starfsemi eins og þeirri að taka við framlögum, til að mynda framlögum úr ríkissjóði, og koma þeim til skila með tilteknum hætti. Að þessu er unnið og ég vonast til að þegar hv. nefnd fær þetta mál til meðferðar verði tilbúinn texti sem hún getur litið á.

Hér hefur nokkuð verið lesið úr fyrri umræðum um þetta mál. Hv. 8. þm. Reykn., þáv. fjmrh., flutti ræðu 22. des., það voru ekki einungis einhverjir aðrir sem fluttu ræður þá, og honum mæltist svo m.a., með leyfi forseta.:

„Mér hefur verið tjáð að frv. af þessu tagi hafi verið í vinnslu og undirbúningi í fjmrn. þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson var fjmrh. og það hafi einnig verið í vinnslu og undirbúningi í fjmrn. þegar hæstv. utanrrh. var fjmrh. Mér finnst því ekkert óeðlilegt við það að alþingismenn fái tíma til þess í fjh.- og viðskn. þessarar deildar og hv. Ed. að velta fyrir sér þeim vandamálum sem a.m.k. tveir fyrirrennarar mínir og embættismenn veltu einnig fyrir sér nokkuð langan tíma og ætla ekki að þrýst málinu hér í gegnum þingið án þess að sú athugun geti farið fram. Þess vegna er algjörlega tilefnislaust að vera að draga einhverja þá ályktun að málið sé þess vegna illa undirbúið." — Lýkur hér tilvitnun í ræðu hv. 8. þm. Reykn. þegar hann var fjmrh. Auðvitað þarf að bæta einum fjmrh. við í röðina til að geta notað þennan ræðupart aftur. Það sem hins vegar skiptir máli er að ég tel að nefndin hafi núna tíma til þess að fara í þetta mál með þessum hætti. Málið er að því leytinu til lengra á veg komið að veðdeildir bankanna hafa verið skattlagðar. Einnig er ljóst að um leið, og ég held að menn hafi kannski ekki áttað sig á því, að um leið og sjóðirnir hætta að vera opinberir fjárfestingalánasjóðir og skipta um eigendur falla þeir að sjálfsögðu beint undir hina almennu löggjöf um skattskyldu.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta hafi skýrt málið. Ég sé ekki í fljótu bragði hvernig ríkisábyrgðin, ef hún er tekin af, hefur áhrif á umræðu um þetta tiltekna frv. því hér er ekki verið að gera tillögu í þessu frv. um að ríkisábyrgðin verði felld af þessum sjóðum. Hins vegar er rétt að í umræðunni um lánsfjárlög hefur verið rætt um það hvort skjóta eigi nokkrum sjóðum undan ríkisábyrgðakaflanum í lánsfjárlögum en það mál er til umræðu í hv. efh.- og viðskn. þingsins.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér hefur verið upplýst að ákveðið hafi verið að taka einn sjóð út úr þessari upptalningu, þ.e. Lánasjóð ísl. sveitarfélaga. Síðan sé verið að vinna að því að aðgreina tiltekinn hluta af starfsemi ákveðinna sjóða frá þannig að hægt verði að aðgreina hana frá annarri starfsemi sjóðanna.

Ég ætla ekki að spá fyrir um það hvernig það gengur. En hins vegar er alveg ljóst að þegar um er að ræða einn sjóð með sameiginlegt skrifstofuhald og sameiginlega starfsemi, þá er það ekki einfalt verk að ætla sér að skilgreina að tiltekinn hluti starfseminnar sé skattskyldur en tiltekinn hluti sé skattfrjáls. Það er nokkur nýlunda í íslenskri skattalöggjöf, svo ekki sé meira sagt, og væri fróðlegt að vita frá hæstv. fjmrh. hvað þessari vinnu miði. (**Gripið fram í:** Það eru mörg dæmi um þetta) Eru mörg dæmi um þetta? (**Gripið fram í:** T.d. í virðisaukaskattinum) Í virðisaukaskatti. Virðisaukaskattur er bara allt annað en tekjuskattur, hæstv. fjmrh. Í virðisaukaskatti er verið að tala um að aðgreina einhverjar tilteknar vörur eins og bækur og annað slíkt og gengur ekki alltaf nægilega vel. Ég gæti trúað því að menn vildu koma ýmislegu undir hugtakið bækur, jafnvel þótt það séu ekki mjög fagurfræðilegar bókmenntir. Mönnum mundi kannske detta í hug

sumum hverjum að koma svona pappírum, eins og þessum illa unnu frumvörpum, sem hér eru að koma jafnvel þó að margir fjmrh. hafi komið þar að, og kalla þetta allt í einu bækur, jafnvel bókaflokk, framhaldssögur, framhaldsbókmenntir. En ekki eru þær að sama skapi skemmtilegar.

Ég tek það þá svo að hæstv. fjmrh. sé í reynd að segja að hann reikni ekki með því að þetta frv. verði afgreitt fyrir jól. Ég held að honum geti ekki verið alvara með því. Hann er að segja að nefndin hafi góðan tíma til þess að fara í það og ég tel að hæstv. fjmrh. sé þá að segja að við getum tekið okkur allgóðan tíma í það og þess vegna liggi ekkert á. Ég veit ekki, satt best að segja, af hverju fjmrh. er að standa fyrir því að tala efnislega um þetta mál klukkan hálf þrjú að nóttu. Ekki nema hann hafi svo góðan tíma um þessar mundir og sé svo vel á sig kominn að hann hafi lítið annað að gera. Það er náttúrlega alveg ljóst að fara þarf í allverulega vinnu í þessu máli. Það þarf að tala við alla þessa sjóði, kalla þá alla fyrir, vinna þessa vinnu sem hæstv. fjmrh. var að tala um, sem ég held að sé ekki einföld. Þar að auki eru hér sjóðir eins og Orkusjóður, Hafnabótasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, sem hæstv. núv. landb.- og samgrh. hefur áður fært gild rök fyrir að eigi náttúrlega ekkert heima þarna. Ég á ekki von á því að hæstv. núv. landb.- og samgrh. hafi skipt um skoðun í þeim efnum því að hann hefur náttúrlega séð það þá, sem var rétt hjá honum, að þetta gengur ekki upp og auðvitað hefur engin breyting orðið þar á. Ég vildi því gjarnan biðja hæstv. fjmrh. um að segja okkur það hér á eftir að þetta sé eitt af þeim málum sem ekki þurfi að leggja mikla vinnu í fyrir jólin. Við getum tekið okkur einhvern tíma í það strax í janúar. Ég skil mjög vel að þetta mál má ekki dragast um of. Það má ekki ríkja mikil óvissa um starfsemi sjóðanna en hún er líka mjög slæm þessi aðferð núv. ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans að tilkynna um breytingar. Hæstv. núv. fjmrh. tilkynnir á morgunverðarfundi að það standi til að selja Búnaðarbankann fyrir lítið. Síðan kemur meiri hluti efh.- og viðskn. og tilkynnir það í nál. að þessi breyting á starfsemi sjóðanna sé undirbúningur þess að gera þá að hlutafélögum. Ég hef spurt hæstv. fjmrh. hvort það beri að taka alvarlega að breyta eigi öllum þessum sjóðum í hlutafélög. Hefur meiri hluti efh.- og viðskn. heimild til þess að tilkynna það í nál.? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Þetta eru mikilvægir sjóðir sem þjóna miklu hlutverki hér í landinu og það á ekki að fjalla um þá af einhverri léttúð sem mér finnst vera gert með sífelldum tilkynningum um stöðu þessara mikilvægu sjóða. Ég vil endurtaka að ég er ekki mótfallinn því að mál þessara sjóða séu tekin til endurskoðunar. Ég ætla ekki að fjölyrða hvort eigi að breyta þeim í hlutafélög. Það er mjög flókið mál, eins og ég veit að núv. hæstv. fjmrh. veit, enda hefur hann sagt það og þekkir þetta mál mjög vel. Það á ekki að vera að tilkynna um breytingar á stöðu þessara sjóða fyrr en niðurstaða er komin í málinu og undirbúningi þannig háttað að hægt sé að bera hana fram, en ekki með því formi eins og hér er gert. Ég vildi fyrst og fremst fá það staðfest hjá hæstv. fjmrh. hvort það sé ekki rétt skilið að við munum þá fara í þetta mál þegar þing kemur saman í janúar og þurfum ekki að eyða vinnu í það núna þessa fáu daga fram að jólum. Ég sé ekki að efh.- og viðskn. hafi nokkurt ráðrúm til þess.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér finnst eðlilegt að hv. nefnd, sem hefur nóg að gera þessa dagana, hafi ráðrúm til þess að skoða þetta mál yfir jólin og fram í janúar. Ég er hv. þm. afar þakklátur fyrir að hafa skilning á því að málið þarf að afgreiðast sem fyrst eftir jól, helst í janúar ef kostur er, einmitt vegna stöðu sjóðanna sem verða að fá að vita í hvaða umhverfi þeir eiga að starfa á næsta ári.

Þetta vildi ég láta koma fram í lok umræðna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var í sjálfu sér ágætt að hæstv. fjmrh. las þann kafla úr minni gömlu ræðu sem hann fór með hér áðan. Sá kafli gaf einmitt til kynna að ég hefði lagt málið þannig fyrir þingið að ég hefði vissar efasemdir um það að málið væri jafneinfalt og ýmsir vildu vera láta. Vandinn hefur bara verið sá fram að þessum næturfundi að hæstv. fjmrh. hefur ekki lagt málið þannig fyrir þingið fyrr en nú. Nú allt í einu kemur hann upp klukkan hálf þrjú um nótt og segir: Það liggur ekkert á þessu. Ég er að prófa hvernig nefndin tekur þessu. Þetta er æfing sem nefndin þarf að fara í gegnum, og vitnar í mig máli sínu til stuðnings. Gott og vel. Ef þetta er þannig, eins og gert var hér 1988 varðandi þann kafla, að þetta sé æfing fyrir nefndina, þá vil ég líka benda hæstv. fjmrh. á að ég reiknaði ekki með tekjum af þessari skattheimtu í fjárlögunum fyrir árið 1989. Það hlýtur þá að vera rökrétt, ef hæstv. fjmrh. vill fylgja þessu fordæmi til hlítar, að hann samþykki að þegar fjárlagafrv. verður afgreitt til 3. umr. verði dregið frá á tekjuhliðinni fyrir þessu. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt. Ekki er hæstv. fjmrh. búinn að segja svo lítið um að þetta verði að vera raunhæf og örugg og traust fjárlög sem verið er að samþykkja núna og síðan komi betri tíð og af sem áður var. Þess vegna fer hæstv. fjmrh. varla fram á það að tekjuhlið fjárlaganna sé byggð á frumvörpum sem eru í fullkominni óvissu. Ég tel því að þessi umræða, rúmur hálftími um miðja nótt, hafi þó skilað því að í fyrsta lagi þori hæstv. samgrh. ekki að segja orð um málið. Hann skammast sín greinilega fyrir að standa að þessu frv. nú. Í öðru lagi hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýst því yfir að hann sé á móti þessu frv. eins og hann var 1988. Í þriðja hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að hann vilji að nefndin taki sér góðan tíma í að skoða þetta og liggi ekkert á að taka það aftur til meðferðar fyrr en einhvern tíma í janúar. Þá hlýtur í fjórða lagi niðurstaðan af þessari umræðu að vera sú að fjárln. dragi frá þær nokkur hundruð milljónir — nú hristir hæstv. fjmrh. hausinn — það er nefnilega það. Það á sem sagt að fara að falsa tekjuhliðina í fjárlagafrv. með því að reikna þar með tekjum af skattlagningu þegar frumvörpin eru í fullkominni óvissu. Hæstv.

fjmrh. segir að þetta geti verið mjög flókið og erfitt mál sem nefndin eigi að skoða rækilega í þinginu. Ég trúi því bara ekki að þessi höfuðhristingur fjmrh. hafi í raun þýtt að hann meini það í alvöru að hann ætli að krefjast þess við 3. umr. að reiknað sé með tekjum inni í fjárlagafrv. af þessari skattlagningu. (Gripið fram í.) Það hefur aldrei verið gert, sagði hæstv. samgrh. og oft ratast kjöftugum satt orð á munn. Hæstv. samgrh. er kannski kominn í hlutverk barnsins í ævintýri H.C. Andersens. Þetta skrapp hins vegar þannig út úr ráðherranum að hann tók fyrir munninn og flýtti sér út úr salnum, því auðvitað sagði hann satt, hæstv. fjmrh. Og það var það sem við gerðum í desember 1988. Við reiknuðum ekki með tekjum af þessari skattlagningu inni í fjárlögunum fyrir árið 1989.

Ég ætla ekki að ganga meira á hæstv. fjmrh. um það atriði í þessari umræðu. Hann hlýtur að sjá það þegar hann hugleiðir málið betur og ræðir við sína samstarfsaðila, bæði embættismenn og ráðherra. Það gengur auðvitað ekki að krefjast þess að reiknað sé með tekjum af þessu í tekjuhlið fjárlagafrv. Það væri fáheyrt að bjóða þinginu það. Ég mun þess vegna ekki knýja á um það að hæstv. ráðherra komi aftur upp í stólinn. Hann hlýtur að sjá það þegar hann skoðar málið betur að það gengur ekki upp.

Það ber að þakka fyrir, þótt þessi umræða hafi ekki leitt neitt í ljós um hvers vegna Sjálfstfl. hefur skipt um skoðun sem flokkur og þótt einstakir þingmenn flokksins hafi ekki skipt um skoðun, að þá hefur hún þegar skilað þeim árangri að þetta frv. verður lagt í salt fram yfir hátíðar. Það verður í pækli og svo mun það bara skýrast einhvern tíma á nýju ári. (Gripið fram í.) Það er hugsanlegt en það mun koma í ljós einhvern tíma á nýju ári hvort örlög þess verða hin sömu og hjá hæstv. núv. sjútvrh., hæstv. núv. utanrrh., þeim sem hér stendur. Núv. hæstv. fjmrh. er hér með boðinn velkominn í klúbbinn, að vera fjórði fjmrh. sem reynir að fara í þessa för en daga uppi einhvers staðar á heiðunum í málinu og við ætlum ekki að gera mikið úr því. Það hafa fleiri hlotið þau örlög og lotið lögmálum skynseminnar í þessum efnum. Hins vegar verður gaman að vita hvort embættismenn fjmrn. prófa það á næsta fjmrh. að koma með þetta mál inn í þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald, 1 umr.

Stjfrv. 197. mál (gildistími). — Þskj. 218.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Ég hlýt að spyrja, hæstv. forseti, hvað vakir fyrir mönnum að fara að hefja umræðu um nýtt og stórt mál á þessum tíma nætur. Ég sé ekki tilgang með því nema menn ætli sér það af í verkum að ljúka umræðum um þetta mál. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að hefja umræðuna til þess eins að slíta hana sundur. Það liggur fyrir að efh.- og viðskn., sem væntanlega verður ætlað að taka við þessu frv., hefur meira en nóg af verkefnum á fundum sínum í fyrramálið og þess vegna á morgun og allan þann sólarhring. Í fljótu bragði fæ ég ekki séð hvað upp úr því hefst að halda mönnum hér lengur við umræður annað en það eitt að með því slitnar þessi umræða í sundur. Við höfum þegar mátt sæta því og reyndar fallist á það til að greiða fyrir hlutum og liðka fyrir hæstv. fjmrh. í þó nokkrum tilvikum að hann hafi þennan hátt á. En ég kem ómögulega auga á skynsamleg rök sem mæla með því að hafa það svona við þessar aðstæður.

Menn sögðu hér og m.a. hæstv. forsrh. að þingmenn gerðust væmnir og — ég man ekki hvaða orð hann viðhafði en það var alla vega eitthvað tengt væmni og það er verið að vorkenna starfsfólki þingsins. Það er allt í lagi að sleppa því þá. Ég ætla óskop einfaldlega að benda á við sem erum í efh.- og viðskn. erum búin að vera að stanslaust, án nokkurs hlés, síðan kl. 8.15 í morgun. Bæði sleppt hádegismat og kvöldmat, verið á stanslausum nefndarfundum. Það hefur ekki fallið mínúta úr af þaulskipulögðum fundahöldum allan þennan tíma fyrir okkur. Við eigum að sjálfsögðu að byrja kl. 8.15 í fyrramálið og ég geri ráð fyrir því að morgundagurinn verði með svipuðum hætti fram um miðnætti eða guð má vita hvað. Ég spyr þess vegna: Er ekki mál að linni í bili og hæstv. fjmrh. bíði einfaldlega með sína framsöguræðu þangað til við getum farið í þessa umræðu af alvöru? Hvað vinnst með því að slíta hana svona sundur? Mér hefur sjálfum oftboðið á undanförnum dögum hversu oft það hefur gerst að umræður hafa verið margtættar í sundur. Jafnvel fáheyrðir hlutir hafa gerst í þeim efnum eins og þegar menn hafa verið látnir fresta ræðu sinni í miðjum klíðum og aðrir þingmenn teknir fram fyrir sem er auðvitað mjög fátítt. Ég mundi satt best að segja ekki fordæmi fyrir slíku fyrr en ég sá að það gerðist í þessum umræðum. Því spyr ég í mikilli alvöru hvort ekki sé hægt að ná lendingu og hætta þessu og fara að sofa.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti tekur fram að hann var að taka málið af dagskrá í samræmi við samkomulag sem gert hafði verið með forustumönnum þingflokkanna og taldi sig ekki vera að gera neitt annað en það sem um hafði verið samið.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég lít á það sem ósk hv. síðasta ræðumanns að málið verði ekki tekið á dagskrá að sinni og framsöguræða ekki flutt. Ég get fyrir mitt leyti fallist á það og geri það að sjálfsögðu í þeirri von að okkur takist á morgun að koma málinu til nefndar með eðlilegum hraði enda er hér á ferð frv. sem ég hygg að flest allir þingmenn þekki mjög náið.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta og bendi honum á að að sjálfsögðu breytir ein örstutt framsöguræða hans núna nákvæmlega engu um möguleika okkar til

þess að koma þessu máli áfram á morgun. Það skiptir væntanlega litlu í samanburði við þær umræður sem hljóta að verða um málið að öðru leyti.

Umræðu frestað.

54. FUNDUR

þriðjudaginn 17. des.,
kl. 1 miðdegis.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 40 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (inngreiðslur 1992). — Þskj. 193.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FrS, GuðjG, GHelg, IBA, ISG, IP, JóhS, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓE, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, StH, VE) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 279).

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. , 209. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 255.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FrS, GuðjG, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KHG, KE, ÓE, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, StH, VE) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FrS, GuðjG, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, StH) fjarstaddir.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Um dagskrá.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Sá háttur hefur verið á hafður síðustu daga að þingflokksformenn hafa komist að samkomulagi ásamt forseta um hvaða mál séu tekin á dagskrá. Nú er það svo að þennan morgun höfum við ekkert komið saman, það var reyndar búið að tala um að það yrði fundur klukkan hálfellefu en síðan fengum við tilkynningu um að hann yrði hálftvö. Og eftir því sem við best vissum þá átti að taka á dagskrá í upphafi fundar 12. dagskrármálið, frv. um jöfnunargjald, þannig að við könnumst ekki við að það hafi verið samkomulag um að taka þau mál á dagskrá sem koma þarna á milli. Ég fer þess vegna fram á það við hæstv. forseta hvort það sé ekki réttara að hafa þann hátt á að taka 12. dagskrármálið á dagskrá eins og um hafði verið talað í gær og síðan getum við séð til um framhaldið eftir að þingflokksformenn og hæstv. forseti hafa komið saman núna klukkan hálftvö.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi það að þingflokksformenn hafa ekki komið saman á fund með forseta svo sem hafði verið ætlað klukkan hálfellefu er skýringin einföld. Það var ekki hægt að kalla þingflokksformenn á fund vegna þess að sumir þeirra voru uppteknir á nefndafundum og því varð að ráði að boða þennan fund jafnskjótt og hægt væri eftir að þingfundur væri hafinn og ræða um mál sem kæmu á dagskrá. Þess vegna er fundurinn ekki boðaður fyrr en hálftvö.

Forseti taldi að það gæti varla komið að sök þótt eitthvað af þessum málum, sem hér hafa nú verið afgreidd, og eins það að koma málum til nefnda og koma málum til 3. umr., mundi ekki koma að sök þar sem hér er einungis um samkomulagsmál að ræða. En ef gerðar eru strangar athugasemdir um að þessi háttur verði hafður á, og að forseti geti ekki ráðið því að

taka þessi mál fyrir sem hér bíða afgreiðslu, þá mun forseti að sjálfsögðu endurskoða það.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það eru auðvitað eðlilegar skýringar á því af hverju ekki tókst að hafa þennan fund með þingflokksformönnum í morgun. Ég vildi einungis vekja athygli á því að á dagskrá eru 4., 5., 6., 9. og 10., mál sem eru öll með samhljóða nál. þannig að ég hefði í sjálfu sér talið eðlilegt að það væri tekið á þessum málum núna. En ég ætla ekki að gera athugasemdir við það þótt forseti verði við bón Valgerðar. Ég hefði talið eðlilegt til þess að flýta gangi mála að ljúka þessum málum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þessara athugasemd hv. 3. þm. Norðurl. e. um gæslu þingskapa mun forseti taka fyrir 12. dagskrármálið, en fyrst verður forseti að gera hæstv. fjmrh. viðvart og biður hv. þm. að hafa biðlund á meðan. — [Fundarhlé.]

Jöfnunargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (gildistími). — Þskj. 218.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald, sbr. *lög nr. 108/1990. Á árinu 1978 voru samþykkt á* Alþingi lög um jöfnunargjald. Lögin voru tímabundin og var ætlað að gilda til 31. des. 1980. Jöfnunargjaldið var lagt á innflutning sams konar iðnaðarvara og framleiddar voru hér á landi í þeim tilgangi að vega upp á móti þeim söluskatti sem varð hluti framleiðslukostnaðar *þessara vara samkvæmt þágildandi söluskattslögum*. Gert var ráð fyrir því við setningu laganna um jöfnunargjald að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar sem stefnt skyldi að setningu laga um virðisaukaskatt í ársbyrjun 1981, en með upptöku virðisaukaskatts yrði eytt uppsöfnunaráhrifum þeim sem *fólgin voru í söluskattskerfinu og réttlættu jöfnunar*gjaldið.

Jöfnunargjaldinu var m.a. ætlað að jafna þá röskun sem þátttaka Íslands í fríverslun hafði óhjákvæmilega í för með sér, með minnkandi tollvernd á íslenskar iðnaðarvörur og því að virðisaukaskattur hafði verið tekinn upp í helstu viðskiptalöndum okkar.

Ekki varð af upptöku virðisaukaskatts á árinu 1981. Ríkisstjórnin lagði því til við Alþingi að ný lög um jöfnunargjald yrðu sett ótímabundið. Jafnframt var gildissvið gjaldsins aukið og það nú lagt á allar vörur sem tollar höfðu verið felldir niður af.

Á síðasta *þingi var gildistími jöfnunargjaldsins* framlengdur til ársloka 1991, en áður en það hafði verið gert hafði gjaldið verið hækkað úr 3% í 5% í tengslum við kjarasamninga enda stóð þá til eins og ætlað var að fella gjaldið niður þegar virðisaukaskattur yrði tekinn upp.

Í athugasemdum með frv. til laga um jöfnunargjald sem varð að lögum rétt fyrir síðustu áramót segir m.a. svo:

„Uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir enn í rekstrarkostnaði iðnaðar af þrem orsökum, þ.e. vegna fasteigna sem komu til fyrir upptöku virðisaukaskatts, vegna viðhalds og endurbóta véla og vegna flutningatækja. Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á hversu mikil þessi áhrif eru. Samkvæmt niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar er áætlað að uppsafnaður söluskattur hafi numið 5,6% af framreiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna í iðnaði í árslok 1989. Söluskattur í afskriftum í hlutfalli við rekstrarkostnað er áætlaður rúmlega 0,2%. Að teknu tilliti til 6% raunvaxta af söluskattshluta rekstrarfjármuna verður uppsafnaður söluskattur um 0,6% af rekstrarkostnaði iðnaðar. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun er endingartími þeirra fjármuna sem hér um ræðir allt frá örfáum árum til 25 ára. Mest munar þó um fasteignir sem hafa endingartíma á bilinu 12–25 ár, miðað við gefnar forsendur.

Ekki er með nákvæmni unnt að segja til um hvenær uppsöfnunaráhrifa af söluskatti hættir að gæta og ákvörðun um lokadag jöfnunargjalds getur því ekki verið einhlít."

Þetta kom fram í athugasemdum með frv. fyrir ári síðan en þá var samþykkt að framlengja gjaldið í eitt ár og var það ákveðið 4% til 1. sept. á þessu ári en 3% eftir það og félli síðan niður um áramótin næstu.

Þetta frv. sem hér er flutt miðar við það að gjaldið verði 3% eins og það lengst af var, þ.e. heldur lægra en *það hefur verið á undanförnum árum*, og að það haldist óbreytt til miðs næsta árs en þá falli það niður.

Á yfirstandandi ári má gera ráð fyrir að jöfnunargjaldið hafi skilað í ríkissjóð yfir 900 millj. kr. en á næsta ári er gert ráð fyrir að gjaldið skili á hálfu ári 350 *millj. kr. Ég tel, virðulegi* forseti, ekki ástæðu til að fjalla frekar um efni frv., það er í raun afar einfalt og auðskilið. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða eitt af þeim tekjuöflunarfrumvörpum sem snerta atvinnulífið í landinu. Þetta er út af fyrir sig kunnugt mál frá fyrri tíð og engin nýlunda að það sé framlengt. En það sem kemur á óvart nú er hvernig samráði við aðila vinnumarkaðarins *um skattlagningu atvinnulífsins* og skattlagningu launþega hefur verið háttað.

Við sem sitjum í efh.- og viðskn. höfum setið í allan morgun við að tala við hinu ýmsu aðila í þjóðfélaginu og orðið þess áskynja að svo virðist sem ekki hafi verið talað við nokkurn einasta mann um nokkurn skapaðan hlut. Það virðist vera að Vinnuveitendasamband Íslands viti ekkert um efnisatriði frumvarpa ríkisstjórnarinnar. Það virðist vera að Alþýðusambandi Íslands og öðrum launþegasamtökum komi á óvart það

sem verið er að leggja til. Og þetta gerist í þeim klíðum að umræður um kaup og kjör í landinu fara fram og ná þarf samstöðu á vinnumarkaði.

Þetta frv. er gott dæmi um það sambandsleysi sem virðist ríkja því að strax 12. des. kom umsögn um málið frá Verslunarráði Íslands án þess að það væri beðið sérstaklega um hana. Og þar segir m.a. að brostnar séu lagalegar forsendur fyrir gjaldinu og meira að segja fyrir löngu, er bætt við. Og síðan segir:

„Verslunarráð Íslands sér ekki að greiðendur jöfnunargjalds eigi önnur úrræði, verði gjaldið enn framlengt, en að leita réttar síns fyrir dómstólum og láta reyna á það hvaða réttarstöðu fríverslunarsamningar veita." Og síðan er bætt við: „Verslunarráð Íslands mun veita félögum sínum aðstoð í þessu skyni."

Það liggur þar með alveg ljóst fyrir að ef einhver kýs að fara í málaferli út af þessu máli þá á hann vísan stuðning Verslunarráðs Íslands og veit það fyrir fram að hann mun ekki þurfa að leggja í neinn kostnað í því sambandi. Framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, Vilhjálmur Egilsson, styður þessi áform en við, sem störfum í stjórnarandstöðu, vitum ekki betur en að hann sé einn helsti stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar. Og ef það er almennt að verða svo að hinir ýmsu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hugsi sér að fara annaðhvort beint í málaferli við hana eða styðja alla þá aðila sem upp á því taka með ráðum og dáð þá er ekki von að við áttum okkur almennilega á því hvað er að gerast á stjórnarheimilinu.

En þetta er því miður ekki eina málið sem svo háttar til um því að þegar við fjölluðum í morgun um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt komu aðilar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og fóru yfir frv. og létu okkur hafa skjal sem er merkilegt því það ber yfirskriftina: Aðför að atvinnurekstri. Ég býst við því að það sé fremur sjaldgæft í Íslandssögunni að Vinnuveitendasamband Íslands hafi séð sig knúið til þess að koma á fund þingnefndar og leggja þar fram skjal sem ber yfirskriftina: Aðför að atvinnurekstri. Þetta skjal endar á þessum orðum:

„Vinnuveitendasambandið varar því alvarlega við samþykkt þessarar tillögu og lítur á hana sem ógrundaða atlögu að atvinnurekstri, mistök sem ekki megi eiga sér stað."

Það voru látin falla þau orð að þetta væri það dæmalausasta rugl sem þeir hefðu nokkurn tíma séð. Það voru jafnframt látin falla þau orð að hér væri viðhafður beinn fjandskapur við atvinnulífið og jafnframt var sagt að þetta gengi ekki tæknilega upp. Ég hélt satt best að segja að það væri núv. ríkisstjórn nauðsynlegt a.m.k. að kynna helstu samtökum atvinnulífsins þau frv. sem hér eru að koma inn. Þeir héldu að nokkru leyti nokkuð til sömu ræðurnar og við fluttum hér í umræðum um málið nema þær voru miklu kjarnyrtari og beinskeyttari og það voru notuð miklu stærri orð, þannig að ræður stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi flokkast undir mikla hógværð miðað við það sem forsvarsmenn Vinnuveitendasambandsins sögðu. Svo var það undarlegt að þeir botnuðu eiginlega ekkert í því að þessi breyting skyldi verða í skattamálum á Íslandi við það að Sjálfstfl. kæmi inn í ríkisstjórn. Það kom þeim greinilega mjög á óvart þannig að þeir virðast líka vera illa upplýstir um stefnu Sjálfstfl.

Ég tel í sjálfu sér, virðulegur forseti, ekki ástæðu til að hafa mörg orð um það frv. sem hér er til umfjöllunar. Það var margrætt í fyrri ríkisstjórn og eitt af því sem tekist var á um hvort ætti að framlengja á árinu 1990. Þáv. utanrrh. hélt því fram að hér væri um mál að ræða sem yrði að taka enda, og gerði það með ákveðnum rökum, og virtist engin leið vera að að þoka honum í þeim efnum. Ég ætla ekki að rekja þá sögu það geta aðrir gert sem þekkja þar betur til, en það kemur vissulega á óvart að þetta skuli vera tekið upp nú, a.m.k. með þeim hætti að atvinnulífið skuli sjá sig knúið til þess að hóta þar sérstaklega málaferlum.

Það er alveg ljóst að fjárlagavandinn er mikill og e.t.v. meiri en hingað til hefur komið í ljós. En þessi vandi verður ekki leystur nema í bærilegu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Því að ef fjárlagavandinn verður fyrst og fremst leystur á kostnað atvinnuveganna og launþega með margvíslegum skattahækkunum þá mun það verða til þess að knúnar verða fram launahækkanir sem hleypa af stað verðbólgu sem við munum ekki geta ráðið við. Hæstv. ríkisstjórn leggur á það áherslu að við greiðum sem mest fyrir framgangi mála hér á Alþingi og störfum hér nótt og dag. Það er út af fyrir sig eðlilegt og ekkert við það að athuga og hefur oft verið gert áður. En það sem er fyrst og fremst athugavert er að hinir ýmsu aðilar sem eiga að búa við þessa löggjöf úti í þjóðfélaginu virðast koma eins og af fjöllum.

Og þetta eru því miður ekki einu málin. Það sama á við um atvinnurekendagjald sem á að leggja á vegna hugsanlegra gjaldþrota í atvinnurekstri vegna missis launamanna á launum sínum. Það er jafnframt gjald sem virðist koma atvinnulífinu á óvart.

Og síðast en ekki síst þá vorum við á fundi í sjútvn. þingsins til að fjalla um frv. til laga um Hagræðingarsjóð, þar sem er þó lagaskylda að hafa samráð við atvinnulífið og þá á ég fyrst og fremst við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Og þetta er lagaskylda sem þingmenn Sjálfstfl. knúðu fram hér á Alþingi á sínum tíma og það var sett inn ákvæði til bráðabirgða að ekki mætti endurskoða þessa löggjöf nema í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það er nú ekki nóg með að það hafi ekki verið gert heldur komu þeir jafnframt af fjöllum og svo virtist sem enginn hefði kynnt þeim þá löggjöf sem þar er verið að setja. (**Gripið fram í:** Var ekki verið að því í morgun?) Það er ekki hlutverk nefndarinnar að kynna mönnum þetta mál sérstaklega. Það er hlutverk ríkisstjórnarinnar og við hljótum að efast um það sem í stjórnarandstöðu störfum að það þýði mikið að halda áfram þingstörfum fyrr en ríkisstjórnin hefur gert betur grein fyrir því hvað hún hyggst gera í hinum ýmsu málum. Það er nánast uppnám í öllum málum í öllum nefndum og það virðist vera að menn viti ekki sitt rjúkandi ráð. Það hefði verið ástæða til að fleiri hæstv. ráðherrar væru viðstaddir en ég get út af fyrir sig skilið það að einhverjir verða að sinna því sem gera þarf og því sé eðlilegt að þeir séu ekki hér

við þingstörf að nokkru leyti þó við hljótum að gera kröfu um það að þeir komi hér síðar til fundar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, hæstv. forseti. Það liggur sjálfsagt fyrir því eins og öðrum tekjuöflunarmálum að vísa því til nefndar og þá kemur í ljós, eins og í öllum öðrum málum, að þar er allt í uppnámi og enginn veit hvað er að gerast. Aðilar atvinnulífsins hafa aldrei verið eins reiðir að sjá eins og þessa dagana og var á þeim að skilja að það mundi enginn geta staðist þessa skattalöggjöf á ýmsum sviðum, eins og þeir orðuðu það, nema þá helst eiturlyfjasalar. Það er nú orðið nokkuð langt gengið þegar forsvarsmenn atvinnulífsins í landinu eru farnir að taka sér slík orð í munn. Og það er kannski ekki furða þó að við þingmenn, sem höfum þó fylgst með þessum málum undanfarna daga, séum líka undrandi á ósköpunum. Við áttum þó von á því að það hefði eitthvað verið talað við þessa menn. Við áttum ekki von á því að þeir hefðu skrifað upp á þetta og lýst yfir hrifningu sinni með þessi mál og ánægju með þau. En að þeir vissu nánast ekkert um þau kom okkur mjög á óvart því að slík vinnubrögð held ég að hafi almennt ekki verið viðhöfð þó að ég ætli nú ekki að svara fyrir að það hafi aldrei komið fyrir áður. En það blæs a.m.k. ekki byrlega fyrir málum í þjóðfélaginu í slíku andrúmslofti. Og það blæs ekki byrlega fyrir því að núv. ríkisstjórn sé fær um að ná einhverri sátt um sæmilega niðurstöðu í fjárlagafrv.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og vildi beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til þess.

Virðulegi forseti. Ég þarf í raun ekki að halda mjög langa ræðu um þetta mál. Það hefur verið gert margsinnis áður, bæði á þessu þingi og eins á síðasta þingi. En til að rifja upp aðeins örfá atriði málsins þá var frá upphafi ráðgert að jöfnunargjaldið félli niður um leið og virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Ég minni á að jöfnunargjaldinu var ætlað að ganga til þess að efla iðnþróun og það hefur verið gert í gegnum tíðina með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til iðnfyrirtækja. Ég minni á að þegar virðisaukaskattur var lagður á var gert ráð fyrir því að hann næði til þess tekjutaps sem yrði ef jöfnunargjaldið væri fellt niður.

Ég vil einnig láta það koma fram að gerð var tilraun til þess að kalla fram bréfaskriftir sem farið hafa fram á vegum utanrrn. að því er talið er til EFTA og EB og jafnvel til breskra stjórnvalda vegna þess að þeir, sem gert hafa við okkur viðskiptasamninga, telja að jöfnunargjaldið brjóti nú í bága við viðskiptasamninga á milli Íslands og þeirra þjóða. Ástæðan er auðvitað sú að það er ekki heimilt. Það er ekki heimilt fyrir Ísland að leggja á slíkt jöfnunargjald eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp og samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna hefur breyst.

Virðulegi forseti, ég gæti haldið áfram. Þetta er lítið brot úr þeim ræðum sem núv. hæstv. fjmrh. flutti hér fyrir hönd Sjálfstfl. á síðasta þingi og næstsíðasta þingi. — Ég hef hafið ræðu mína hér með því að flytja orðrétt kjarnann úr því sem hæstv. fjmrh. og þáv. þm., Friðrik Sophusson, sagði hér á Alþingi þannig að upphaf minnar ræðu eru ekki mín orð, þau eru orð hv. þáv. þm. Friðriks Sophussonar. Kjarninn í hans málflutningi og gagnrýni var sá að það væri skylt að fella jöfnunargjaldið niður, það væri brot á viðskiptasamningum Íslands og EFTA og EB að halda því áfram og fráfarandi ríkisstjórn væri að ganga gegn þessum viðskiptasamningum og ganga gegn fyrirheitum sem hún hefði gefið með því að framlengja gjaldið árið 1990.

Hv. þáv. þm. Friðrik Sophusson, núv. hæstv. fjmrh., gekk svo langt í þessari baráttu sinni að hann lagði fram sérstakt frv. hér á Alþingi til þess að afnema jöfnunargjaldið. Og það segir í grg. með þessu frv. að tilgangurinn væri að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin gengi á bak orða sinna og haldi áfram innheimtu jöfnunargjalds í ríkissjóð.

Hv. þáv. þm. Friðrik Sophusson skrifaði síðan mjög harðar greinar í Morgunblaðið, ekki bara eina heldur tvær og jafnvel fleiri, þar sem hann réðst af gífurlegri hörku á þáv. ríkisstjórn fyrir það að fella ekki jöfnunargjaldið niður í árslok 1990, fyrir rúmu ári síðan. Og Morgunblaðið hafði svo mikið við þessa baráttu að það skrifaði sérstakan leiðara með fyrirsögninni: Orð skulu standa. Þar var lagst af öllum þunga Morgunblaðsins á sveif með hv. þáv. þm. Friðriki Sophussyni og þess krafist að jöfnunargjaldið yrði afnumið í árslok 1990.

Það er afrek hjá hæstv. núv. fjmrh. að koma svo hér upp og flytja, að vísu hikstandi, framsöguræðu fyrir þessu frv. og minnast ekki einu orði á þá staðreynd að það var hans helsta baráttumál þegar hann var í stjórnarandstöðu á árinu 1990 að leggja þetta gjald niður. Og hann barðist fyrir því hér í þingsölum að fá þetta frv. sitt tekið á dagskrá. Hann lagðist í víking í fjölmiðlunum til þess að halda því fram að það yrði að leggja þetta gjald niður í árslok 1990. Og hann sagði nákvæmlega það sama og hv. núv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir nú, að það væri brot á viðskiptasamningum Íslands og EB að halda þessu áfram. Það er afrek, hæstv. fjmrh., að vera svo búinn að gleyma allri sinni fortíð, öllum sínum orðum, öllum sínum frv., öllum sínum greinum, og treysta því að þingið sé líka búið að gleyma því. Morgunblaðið sé líka búið að gleyma leiðaranum: Orð skulu standa, að enginn muni rifja það hér upp.

Ég ákvað að hlífa ráðherranum og koma ekki með greinarnar úr Morgunblaðinu í ræðustólinn og lesa upp úr þeim ásakanirnar sem hann flutti í minn garð, stóryrðin sem hann færði fram í minn garð. Og Sjálfstfl. verðlaunaði hann með því að gera hann að fjmrh. Ég ákvað að hlífa honum og koma ekki með þær greinar hér upp og ég ákvað að hlífa líka Morgunblaðinu og þingfréttaritara Morgunblaðsins með því að lesa ekki hér upp úr leiðara Morgunblaðsins, Orð skulu standa. (**Fjmrh.:** Þú hlýtur að fá friðarverðlaunin fyrir.) — Friðarverðlaunin? Já, það getur vel verið að ég fái einhver góðmennskuverðlaun fyrir það að sýna hæstv. núv. fjmrh. þá tillitssemi að rifja ekki upp hans eigin orð. Rifja ekki upp það sem var hans helsta merki

vegna þess að á þinginu 1990 var hann í þeim sporum sem Vilhjálmur Egilsson er nú, að halda fram þeim rökum og málstað sem Vilhjálmur Egilsson flytur fram hér og nú.

Hitt er svo alveg sérstakur kafli að hæstv. utanrrh., sem vill láta taka sig alvarlega, a.m.k. í samskiptum við Evrópubandalagið og EFTA, hélt því fram í heilt ár þegar við sátum með honum í ríkisstjórn að það væri brot á viðskiptasamningum Íslands við EB og EFTA-ríkin að framlengja jöfnunargjaldið. Og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson gekk svo langt að hann skrifaði Evrópubandalaginu formlegt bréf í nafni Íslands þar sem hann tilkynnti Evrópubandalaginu þá ákvörðun að jöfnunargjaldið yrði lagt niður. Og þegar ég var að halda því fram að enn þá væru til uppsöfnunaráhrif í söluskatti sem gerði mönnum kleift að halda jöfnunargjaldinu áfram þá neitaði hæstv. núv. utanrrh. í heilt ár að samþykkja það og vísaði til bréfaskrifta sinna til Evrópubandalagsins og þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefði undirgengist. Og nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvernig stendur á því að það sem var tabú og bann og brot á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands er nú allt í einu orðið hægt? Var það þá bara allt markleysa sem hæstv. utanrrh. sagði í heilt ár? (**EgJ:** Það er búið að breyta kerfinu.) Búið að breyta kerfinu, segir hv. þm. Egill Jónsson. Hvaða kerfi er búið að breyta, hv. þm.? Er það forritinu í hæstv. utanrrh. sem búið er að breyta? Hverju er búið að breyta? Það hefur ekkert breyst nema lengri tími hefur liðið þannig að rökin, sem hæstv. utanrrh. var með árið 1990 og fyrri hluta árs 1991, eru auðvitað enn sterkari í dag. Og það verður fróðlegt fyrir okkur, sem sátum með hæstv. utanrrh. í ríkisstjórn, að heyra hvernig hann ætlar að rökstyðja það hér og nú að það sem hann sagði að kæmi ekki til mála og væri brot á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands er nú allt í lagi. Á einum næturfundi ríkisstjórnarinnar, næturfundinum fræga, gerist það að ríkisstjórnin kemur í morgunskímunni með það í farangrinum að jöfnunargjaldið verði framlengt. Ég hélt að það væri verið að segja mér brandara þegar ég heyrði lesið að ríkisstjórnin hefði ákveðið á næturfundinum að framlengja jöfnunargjaldið. Ég taldi í fyrstu að það hefði einhver húmoristi fundið upp að gera grín að núv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. En að þeir félagarnir skyldu sameinast um það að leggja fram á þinginu þetta háðsmerki yfir þeim sjálfum er auðvitað alveg stórkostleg pólitísk ganga. Eða var kastþröngin orðin svona mikil, hæstv. utanrrh.? Var nauðin í hinni ábyrgu og sterku ríkisstjórn orðin svo mikil að það eina sem hún gat gert var að taka upp gamalt frv., sem þið báðir hafið mælt manna mest gegn á síðustu eina og hálfu ári, og segja við þingið: nú skal það gert?

Það verður fróðlegt fyrir embættismennina í Brussel og embættismennina í Genf að lesa í þingtíðindunum það sem utanrrh. Íslands segir nú til skýringar á því hvers vegna þetta sé hægt. En ég segi alveg eins og er, af því að hæstv. utanrrh. var eitthvað að gera athugasemdir við það hér í gær að hv. þm. Guðrún Helgadóttir segði að ekkert væri að marka bréfin frá utanrrn., að það er auðvitað alveg augljóst mál að þeir sem fengu bréfið fyrir ári síðan í Brussel um skuldbindingu ríkisstjórnar Íslands muni segja í dag þegar ráðherrann stendur hér upp: Það er ekkert að marka sem þessi ráðherra segir.

Það er auðvitað hægt að segja gagnvart Evrópubandalaginu: kemur vel á vondan. Það sé svo sem allt í lagi vegna þess að þeir séu búnir að svíkja annað eins hvað okkur snertir. En það verður fróðlegt að heyra rökin, sérstaklega fyrir mig. Ég veit ekki hvað þeir voru margir fundirnir sem ég átti með hæstv. utanrrh. um þetta mál. Ég veit ekki hvað þeir voru margir fundirnir sem Már Guðmundsson, efnahagsráðgjafi fjmrh. þá, átti með embættismönnum utanrrn. um þetta mál. Alltaf var sama niðurstaðan: Kemur ekki til mála, sagði utanrrn. Kemur ekki til mála. Þannig að Vilhjálmur Egilsson getur auðvitað staðið hér upp og lesið bara upp úr pappírum utanrrn. og Jóns Baldvins Hannibalssonar ef hann fengi aðgang að þeim. Og þess vegna endurtek ég það sem Friðrik Sophusson sagði hér á þingi 21. des. 1990, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá vil ég láta það koma fram að gerð var tilraun til þess að kalla fram bréfaskriftir sem farið hafa fram á vegum utanrrn.“ Er ekki hæstv. utanrrh. reiðubúinn að leggja hér fram í þinginu þessar bréfaskriftir? Svo menn sjái nú, þingið og þjóðin, hvað er mikið að marka allt þetta Evrópubandalags- og EFTA-grín, hvað er mikið að marka það. Vegna þess að hæstv. utanrrh. er auðvitað sjálfur með verknaði sínum að lýsa því yfir að það er ekkert að marka það sem hann hefur sagt. Það á ekki að taka hann alvarlega þegar hann í heilt ár heldur því fram við fjmrn. og innan síðustu ríkisstjórnar að þetta megi ekki, þetta séu brot á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Ég var á annarri skoðun. Ég var tilbúinn að framlengja þetta jöfnunargjald. En mér var sagt að ég bara kynni mig ekki í þessum fína klúbbi.

Er hæstv. utanrrh. bara orðinn eins konar alþýðubandalagsframsóknarmaður í þessum málum og hættur að vera svona nýmóðins sósíaldemókrat sem telur hinar alþjóðlegu skuldbindingar EFTA og EB vera það sem öllu máli skiptir? Vegna þess að ég las það einhvers staðar eftir hæstv. utanrrh. eða einhverjum ungliða hjá honum í flokknum, sem skrifaði grein um það hvað það væri að vera jafnaðarmaður í dag. Það var að standa við skuldbindingar EFTA og EB. Sigurður Pétursson formaður Sambands ungra jafnaðarmanna skrifaði það í Alþýðublaðið og Morgunblaðið að það væri einn af prófsteinunum á því að vera nútímalegur jafnaðarmaður — sem ég stæðist auðvitað ekki — það væri að standa við skuldbindingar EFTA og EB. Nú er bara hæstv. utanrrh. fallinn á prófinu líka. Það er bara svona, hæstv. utanrrh. — Velkominn í klúbbinn.

Þetta er auðvitað alveg stórkostlegt að maður stendur hérna í nótt, klukkan þrjú að morgni þessa dags, og les upp það sem Sjálfstfl. sagði um skattlagningu innlánsstofnana, að það væri lögbrot, það væri vitleysa, það væri della og það væri kómedía, það kæmi ekki til mála. Hver maðurinn um annan þveran, Geir Haarde, Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð og Sjálfstfl. í des-

ember 1988 neitaði að afgreiða fjárlagafrv. nema frv. væri stoppað. Kemur með það líka aftur hérna inn í þingsalinn úr skúffunum í fjmrn. og segir: Gjörið þið svo vel, samþykkið það nú. Og fyrir alla muni talið ekki orð um það sem Sjálfstfl. sagði í stjórnarandstöðu. Og aftur kemur fjmrh., 8 klst. eftir að við stóðum hérna í nótt og ræddum hitt frv., hógvær maður og minnist ekki einu orði á það hvað hann hefur sagt um framlengingu jöfnunargjalds. Er það bara þannig að við eigum að samþykkja núna frá Sjálfstfl. og ríkisstjórninni allt það sem Sjálfstfl. var á móti? Skattlagningu innlánsstofnana, jöfnunargjaldið, ekknaskattinn og hvað eina? Það er nefnilega orðið þannig að ekkert atriði er orðið eftir sem Sjálfstfl. andmælti í skattamálum fráfarandi ríkisstjórnar sem hann er ekki að biðja þingið um að samþykkja nú. Ég þakka fyrir „komplímentið", hæstv. fjmrh. (**EgJ:** Það þarf að borga óreiðuna.) Borga óreiðuna, segir hv. þm. Egill Jónsson. (**Umhvrh.:** Auglýsingareikningana.) Auglýsingareikningana, segir hæstv. utanrrh., maðurinn sem fór um landið og kynnti sig ...(**Gripið fram í:** Það var umhverfisráðherra.) Var það umhverfisráðherra? Jæja já, og leit á hæstv. utanrrh., sem er nýbúinn að fara um landið með þjóðhetjunni til að kynna hinn mikla árangur í EES. Hvernig væri að fara aðra hringferð núna? Og nota 6 millj. sem Matthías Bjarnason og Eggert Haukdal treystu sér ekki til að greiða atkvæði með þegar greidd voru atkvæði um 2. gr. fjárlaganna? Við tókum eftir því að það voru þingmenn í Sjálfstfl. sem treystu sér ekki til að fela utanrrn. þessar 6 millj. í kynningarstarfsemi. — Borga óreiðuna, segir hv. þm. Egill Jónsson. Hvað er þá verið að borga á næsta ári? Er þetta komið í „soddan ordnung" hjá núv. hæstv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Stefnir í það.) Stefnir í það? Mikill húmoristi er þingmaðurinn að sitja hér á fremsta bekk í salnum og gera grín að sinni eigin ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Ná í jarðræktarlögin.) Ná í jarðræktarlögin, já. Skila séráliti með stjórnarandstöðunni í landbn., eini þingmaðurinn stjórnarliðsins sem hefur haft hugrekki til þess að standa með stjórnarandstöðunni gegn sinni eigin ríkisstjórn. Og situr hér á fremsta bekk og gerir púragrín að ráðherrunum. Er það nú ríkisstjórn, hæstv. utanrrh. (**Gripið fram í:** Ekki svona svekktur) Svekktur, segir hæstv. fjmrh. Hver er svekktur? Ekki nokkur maður hérna í salnum svekktur. Ég er bara að þakka „komplímentin". Að Sjálfstfl. skuli koma hér dag eftir dag og nótt eftir nótt og biðja þingið um að samþykkja allt það sem ég flutti hér áður og hann var alltaf á móti.

Ég spyr bara: Var nokkur þörf að skipta um fjmrh.? A.m.k. hefur það verið upplýst að Þórarinn V. Þórarinsson kom eins og þrumuský í efn.- og viðskn. þingsins í morgun og lýsti því yfir að Sjálfstfl. og Alþfl. væru nú búnir að hefja aðför að atvinnulífinu í skattamálum. Fyrirsögn minnisblaðs VSÍ, dómurinn um núv. ríkisstjórn. Og Þórarinn V. Þórarinsson segir að þeir einu menn í atvinnulífinu sem geti lifað af skattastefnu ríkisstjórnarinnar núverandi séu eiturlyfjaneytendur. — Þetta er ekki brandari frá mér sem þeir sem sitja hér uppi á svölunum geta farið með á skemmtistöðunum. Þetta er óbreytt tilvitnun í framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Þórarin V. Þórarinsson, gagnekta sjálfstæðismann, sem lýsti því yfir í efn.- og viðskn. Alþingis í morgun að þeir einu aðilar í atvinnulífi á íslandi sem gætu þolað skattastefnu Sjálfstfl. og Alþfl. væru eiturlyfjaneytendur. (**Gripið fram í:** Neytendur?) (**Gripið fram í:** Eiturlyfjasalar.) Það er rétt. Mér varð á að segja eiturlyfjaneytendur. Það er von að mér verði á það mismæli. (**Fjmrh.:** Fyrstu mistökin í lífinu.) Eiturlyfjasalar, auðvitað sagði framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins. Eiturlyfjasalar. Það er nefnilega svo komið að Vinnuveitendasambandið er líka farið að sakna síðustu ríkisstjórnar, það er svo komið. Það er ekki bara verkalýðshreyfingin sem lýsir yfir stuðningi við það sem við höfum sagt í skattamálum heldur er nú svo komið að Vinnuveitendasambandið biður Framsfl., Alþb. og Kvennalistann að bjarga sér frá þessari ríkisstjórn. Vinnuveitendasambandið biður fulltrúa Framsfl., Alþb. og Kvennalistans í efh. - viðskn. þingsins að taka upp baráttuna gegn þessari ríkisstjórn.

Hvernig ætla menn að stjórna þessu landi? Í andstöðu við verkalýðshreyfinguna sem lýsti því yfir í morgun að ríkisstjórnin væri að skerða tekjuskatta launafólks þannig að það jafngilti lækkun skattleysismarkanna? Ekki hækkun skattleysismarkanna, eins og Alþfl. lofaði, heldur lækkun skattleysismarkanna. Vinnuveitendasambandið ræðst á allt, ekki bara tekjuskattinn heldur Hagræðingarsjóðinn, skattlagningu innlánsstofnana, gjaldið til þess að standa undir bótunum til launafólks þegar fyrirtæki lenda í gjaldþroti. Það er ekki til það skattafrumvarp sem ríkisstjórnin hefur lagt fram hér á Alþingi sem atvinnulífið er ekki á móti. Það er ekki til, hæstv. fjmrh. Ég skora á þig að koma hér upp í stólinn og nefna eitt skattafrumvarp sem ríkisstjórnin hefur flutt á þessu þingi sem forsvarsmenn atvinnulífsins eru með. Það er ekki til. Og ég skora á hæstv. fjmrh. að koma hérna upp í stólinn og nefna eitt skattafrumvarp sem ríkisstjórnin hefur flutt á þessu þingi sem samtök launafólks eru með. Það er ekki til.

Hvernig ætla þessir menn að stjórna landinu? Í andstöðu við launafólk, í andstöðu við atvinnulífið? (**Umhvrh.:** Og án þín.) Án mín, segir hæstv. umhvrh. (**Gripið fram í:** Og lagði ræðumanni orð í munn.) Og lagði ræðumanni orð í munn. Já, það er ánægjulegt að hæstv. umhvrh. skuli þó sjá eitt ljós í myrkrinu. Ég hélt nú að Alþfl. ætti nóg með sitt þegar helmingurinn af þingflokknum er kominn í uppreisn gegn ríkisstjórninni og það eina sem verður ríkisstjórninni til bjargar er að umhvrh. reki varamann sinn út af þingi svo Alþfl. geti bjargað sér í horn með því að nota atkvæði ráðherranna í atkvæðagreiðslunni um fjárlögin.

Nei, virðulegi forseti, þetta er auðvitað orðið þannig að þjóðin veit ekki hvað hún á að gera við þessa ríkisstjórn. Hvaða aðilar í þessu samfélagi eru með þessari ríkisstjórn? (**Gripið fram í:** Ráðherrarnir.) Jú, það er að vísu rétt, ráðherrarnir. Mennirnir með lífsstílinn, eins og stendur í leiðara DV, eru að leika ráðherra án þess að vera það. Enda stóðu sumir þeirra sig vel í Herranótt um árið.

Hvað á gera við þessa ríkisstjórn, hæstv. utanrrh.? Ætlarðu að halda svona áfram? Heldurðu að það sé hægt að stjórna landinu í andstöðu við alla, bændur, launafólk, atvinnulífið, landsbyggðina, eigin flokka? Það er svo sem hægt að búa til þá dyggð að ef allir eru á móti manni sé maður á réttri braut, eins og aumingja Morgunblaðið sem sér það helst sér til bjargar að segja að úr því að allir séu á móti ríkisstjórninni þá hljóti hún að vera á réttri leið. En það var niðurstaða leiðara Morgunblaðsins fyrir skömmu og ríkisstjórn var hvött til að hörfa nú ekki í neinu máli. En viti menn, næsta dag var hún búin að hörfa í flestum málum. Þannig að það er meira að segja svo komið, hæstv. utanrrh., að Styrmir veit ekki einu sinni hvernig hann á að standa á bak við þessa ríkisstjórn. Hefur ekki hugmynd um það. Og sér það helst til ráða að skrifa um eitthvað annað í leiðurunum og gleyma öllu því sem hann hefur skrifað á umliðnum árum.

Virðulegi forseti, við munum auðvitað halda áfram að taka þátt í þessari kómedíu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gaf svo réttilega nafn í þingtíðindum á sínum tíma. Að Sjálfstfl. komi hér og flytji mál gegn eigin stefnu, gegn eigin orðum, í andstöðu við allt. Og við munum svo reyna það í stjórnarandstöðunni að flytja inn í þingsalina þau skynsemdarrök — þau skynsemdarrök, hæstv. utanrrh. — sem forustumenn í atvinnulífi og forustumenn í samtökum launafólks hafa sett fram.

Ég vil að lokum rifja það upp að um þetta leyti í fyrra stóð fráfarandi ríkisstjórn í þeim sporum að vera hér líka með skattafrumvörp inni í þinginu. Og það vill svo til að helstu stuðningsaðilar þeirra frv. voru samtök atvinnulífsins og samtök launafólks. Þegar Sjálfstfl. ætlaði að stoppa þau skattafrumvörp í þinginu í desember í fyrra þá komu þeir, forustumenn Vinnuveitendasambandsins og forustumenn launafólks, til að knýja sjálfstæðisflokksþingmenninna til að samþykkja það sem við vorum að leggja til. Nú koma þeir til að reyna að knýja á okkur til að koma í veg fyrir það sem Sjálfstfl. er að leggja til. (**Fjmrh.:** En hver er afstaða þingmannsins til frv.?) Já, nú spyr hæstv. fjmrh. örvæntingarfullur hvort ég ætli nú ekki að styðja þetta frv. hans. (**Gripið fram í:** Frumvarp þingmannsins.) Frumvarp þingmannsins, sagði hæstv. fjmrh. Ég þakka bara fyrir. Það er viðurkennt hér í salnum að hæstv. fjmrh. er bara að flytja gamla lummu frá mér og hv. þm. Egill Jónsson hlær og heldur áfram að hlæja að ríkisstjórninni og ráðherrunum. Er það nú stand á Goddastöðum! (Gripið fram í.) Ég hef alltaf viljað hafa jöfnunargjald, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Húrra!) Húrra, segir hæstv. fjmrh. og sér það sjálfum sér helst til bjargar að Alþb. fari nú að styðja hann hérna í salnum. Til hvers varstu að mynda þessa ríkisstjórn, hæstv. utanrrh., þegar fjmrh. er kominn í svo þrönga stöðu að hann hefur þann eina kost að biðja okkur í stjórnarandstöðunni um að liðsinna sér?

En það er aukaatriði í þessu máli, hæstv. fjmrh., vegna þess að það var nú svo að þrátt fyrir mína persónulegu skoðun þá tók ég málflutning hæstv. utanrrh. alvarlega í síðustu ríkisstjórn. Ég tók það alvarlega að hann hafði fyrir Íslands hönd skrifað formlegt bréf og tilkynnt að jöfnunargjaldið yrði lagt niður. Ég tók það alvarlega að hæstv. utanrrh. hafði í ræðum sínum á alþjóðlegum vettvangi kynnt þessa ákvörðun Íslands og ég beygði mig undir það að sú væri niðurstaðan.

En áður en ég tek afstöðu til þessa frv. formlega, hvað sem líður pólitískri afstöðu minni til jöfnunargjalds, hæstv. fjmrh., þá vil ég fá skýringar hæstv. utanrrh. á því hvers vegna bréfin voru marklaus, hvers vegna ræðurnar, sem hann flutti á vettvangi EFTA og EB, voru marklausar, hvers vegna afstaða utanrrn. í tíð síðustu ríkisstjórnar var marklaus — eða hvort hæstv. utanrrh. er kannski enn á sömu skoðun og hann var þá og sé orðinn bandamaður Vilhjálms Egilssonar hér í þingsalnum og þeir félagar í sameiningu koma í veg fyrir það að fjmrh. fremji brot á alþjóðlegum samningum. (**Fjmrh.:** Við stöndum þó alltaf saman?) Já.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald. Ég get tekið undir það með þeim sem hér hafa talað á undan mér að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið hérna undanfarna daga eru alveg dæmalaus og þarf kannski ekki að hafa mörg orð um það. Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin geti verið stolt af þeim vinnubrögðum sem hún hefur viðhaft hér í þinginu. En ég ætla ekki að nota ræðutíma minn til að ræða það frekar, það dæmir sig sjálft.

En ef horft er á þetta frv. um jöfnunargjald þá get ég út af fyrir sig alveg fallist á að lagt sé gjald á innfluttar vörur til þess að reyna að hafa jákvæð áhrif á innlenda framleiðslu, styðja innlenda framleiðslu. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum bundin ákveðnum samningum, alþjóðasamningum, og í þessu tilviki þá erum við í fríverslunarsamtökum. Við erum í EFTA og verðum að gangast undir þær skuldbindingar sem í því felst. Ég tel óþarfa að vera að rekja af hverju jöfnunargjaldið var sett á á sínum tíma. En það hlýtur öllum að vera ljóst að þær aðstæður sem þá voru eru ekki lengur til staðar.

Í grg. með þessu frv., og reyndar las hæstv. fjmrh. það upp, segir á bls. 2, með leyfi forseta:

„Þó eru sterk rök fyrir því að jöfnunargjald verði ekki afnumið í upphafi næsta árs."

Ég hef ekki heyrt þau sterku rök enn þá þannig að ég vildi gjarnan fá að vita hvaða sterku rök það eru sem réttlæta það að hafa áfram jöfnunargjald, ef rétt er, sem margoft hefur komið hér fram, að við séum skuldbundin vegna samninganna við EFTA til þess að fella þetta gjald niður. Ég er búin að hlusta á margar ræður hér undanfarin ár, m.a. úr munni hæstv. fjmrh., um það að þetta sé hrein lögleysa.

Það kemur einnig fram í bréfi sem undirritað er af Vilhjálmi Egilssyni, framkvæmdastjóra Verslunarráðs, og hefur verið lesið upp hér að talið er að þetta samrýmist á engan hátt fríverslunarsamningum og muni ekki standast gagnvart dómstólum. Mér þykja það mjög alvarlegar fréttir ef Verslunarráðið ætlar að veita

félögum sínum aðstoð við að leita réttar síns fyrir dómstólum og við verðum þá að gera okkur grein fyrir því hvað það mundi þýða. Það er talað um að afla ríkissjóði ákveðinna tekna með þessu 3% gjaldi en væru þær tekjur ekki fljótar að fara ef lögsókn mundi gera ríkissjóð skaðabótaskyldan gagnvart þeim aðilum sem hafa orðið að greiða þetta gjald. Það er þannig alls ekkert einfalt mál að setja svona gjald á. Ég get þess vegna ómögulega fallist á að þetta gjald sé sett á án þess að þetta verði athugað mjög gaumgæfilega.

Mér finnst mjög einkennilegt ef ríkisstjórnin heldur að þegar hún er búin að gangast undir alþjóðasamninga þá þurfi hún ekki að standa við það sem skrifað er undir. Það kemur mér ekki sérlega á óvart eftir að vera búin að fylgjast með samningum um Evrópskt efnahagssvæði nú um nokkurt skeið því að þar virðist sem hæstv. utanrrh., og væntanlega ríkisstjórnin öll, telji að hægt sé að gera ákveðna samninga og síðan getum við eingöngu tínt rúsínurnar úr kökunni og sagt að við þurfum ekkert að gangast undir þær kvaðir sem í samningum felast og allar þær skuldbindingar sem við tökum á okkur getum við breytt með innlendri löggjöf. Við höfum heyrt það margoft að þó að mjög skýrt og greinilega segi í samningum um Evrópskt efnahagssvæði að ekki megi mismuna eftir þjóðerni á svæðinu þá telur hæstv. utanrrh. ekkert því til fyrirstöðu að setja bara lög um hvað eina sem honum dettur í hug sem afnemi þær skyldur sem við tökum á okkur. Þetta stenst auðvitað engan veginn og það er það sama sem gildir um þetta. Ef við erum búin að taka þá ákvörðun að vera aðilar að EFTA, eins og við gerðum á sínum tíma, og gangast undir þær skyldur sem í því felst þá verðum við auðvitað að standa við þær.

Ég tek mark á því sem kemur fram í áliti Verslunarráðs Íslands og tel að hv. efh.- og viðskn. þurfi að kanna mjög vel og vandlega hvað þarna er á ferðinni. Ég kalla einnig eftir viðbrögðum hæstv. utanrrh. í þessu máli. Hvað meinar hann með því að segja á einum tíma að ekki megi setja á þetta gjald og skyndilega að það sé allt í lagi að setja það á? Þetta stenst engan veginn. Og ég kalla líka eftir skýringum á því sem fram kemur í athugasemdum með frv. á bls. 2 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ekki er með nákvæmni unnt að segja til um hvenær uppsöfnunaráhrifa af söluskatti hættir að gæta og ákvörðun um lokadag jöfnunargjalds getur því ekki verið einhlít."

Hvernig var þá fundið út að 1. júlí 1992 væri einmitt rétti tíminn? Var ekki alveg eins hægt að segja 31. des. 1992? Ef þetta er á annað borð löglegt því ekki þá að hafa skattinn áfram út árið vegna þess að mér skilst að ekki veiti ríkisstjórninni af að fá einhverjar tekjur því að að fyrirséð er að nokkur þeirra tekjuöflunarfrv. sem hún leggur fyrir eiga a.m.k. ekki auðvelda leið í gegnum þingið. Þetta finnst mér verða að koma fram við þessa umræðu áður en málið fer til efh.- og viðskn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Ég skil út af fyrir sig ákaflega vel hvers vegna hv. 8. þm. Reykn. er innan brjósts eins og auðheyrt var af ræðu hans hér áðan. Ég held að honum líði ósköp svipað og þeim skemmtikrafti sem horfir allt í einu á annan mann sem er búinn að stela rullunni hans í beinni útsendingu. Það sem hv. þm. var að segja var einfaldlega þetta: Þetta er mitt mál. Þetta er mitt jöfnunargjald, þetta er mín rulla, þetta er mitt númer. Látið þið þetta vera.

Það eina sem vantaði í þessa kómedíu var að sjálfsögðu að hv. þm. lyki ræðu sinni með því að lýsa því yfir að hann styddi málið að sjálfsögðu, eindregið og afdráttarlaust, enda væri þetta hans mál. Hann getur hneykslast á því sem hann á að fagna. Hann á auðvitað að fagna því að eftirmaður hans í embætti, sem hafði athugasemdir við það í stjórnarandstöðu, skuli taka upp mál fyrirrennara síns og gera það með svo myndarlegum hætti að það má segja að þetta sé frv. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er ekkert í þessu frv. sem er ekki nánast skrifað eigin hendi af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Athugasemdirnar eru skrifaðar frá orði til orðs af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni.

Rökin fyrir þessu máli eru einfaldlega þau hin sömu og hv. þm. notaði sem fjmrh., uppsöfnunaráhrifin, þetta er skrifað frá orði til orðs af hæstv. fyrrv. fjmrh. Það vantar bara eitt, þ.e. að fagna því að sjálfsögðu einlæglega að aðrir menn, sem ekki höfðu skilning á þessum rökum ráðherrans í tíð fyrri ríkisstjórnar, eru nú snúnir á band með honum — eða hvað?

Það eru tveir hv. þm. hér inni sem enginn vafi getur leikið á að styðja þetta mál og þeir eru báðir í núv. stjórnarandstöðu. Það eru hv. 8. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Austurl því að í tíð fyrri ríkisstjórnar var það hverju orði sannara, sem fram kom af máli hv. 8. þm. Reykn., að þeir voru einlægir, ódeigir og óhvikulir baráttumenn fyrir því að viðhalda jöfnunargjaldi. Nú er niðurstaðan sú að það er framlengt um hálft ár, með þeirra rökum, með þeirra eigin texta, með þeirra eigin orðalagi og það er ekkert sem vantar. Og hvers vegna fagna mennirnir ekki? Hvar er rökvísin, hv. 8. þm. Reykn.?

Það er hins vegar einn maður í stjórnarliðinu sem alveg afdráttarlaust hefur enga ástæðu til að fagna þessum málalokum, enga ástæðu til þess að fagna þeim þótt hann verði að bíta í það súra epli að una þeim. Það er t.d. sá sem hér stendur. Og hv. 8. þm. Reykn. spurði: Hvers vegna, hvernig stendur á því að núv. utanrrh. og sá sem var utanrrh. í fyrrv. ríkisstjórn unir því, lætur þetta yfir sig ganga, úr því hann hafði verið að beita sér gegn þessum tillögum hv. 8. þm. Reykn. í ríkisstjórn?

Já hvers vegna, hv. 8. þm. Reykn., hvers vegna? Kannast hv. þm. við að til sé í íslensku máli orðatiltækið að stundum brjóti nauðsyn lög? Veit hv. 8. þm. Reykn. hvað hefur gerst í íslensku þjóðfélagi frá því að stjórnarskiptin urðu? Hefur það farið fram hjá hv. þm. að við höfum nú orðið að taka á okkur afleiðingar af fimmtungs aflasamdrætti? Veit hv. þm. hvaða áhrif það hefur á afkomu ríkissjóðs? Veit hv. þm. hvaða áhrif það hefur á samdrátt íslenskra þjóðartekna og þjóðar-

framleiðslu? Hefur það farið fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að við höfum orðið að fresta áformum okkar um að byggja álver? Veit hv. þm. hvað það þýðir fyrir atvinnustig í landinu á næsta ári? Veit hv. þm. hvað það þýðir þegar fram líða stundir í tekjufalli fyrir þetta þjóðfélag?

Hefur það farið fram hjá hv. þm., eða er honum það kannski bara fagnaðarefni, að það er því sem næst búið að rifta samningum um EES sem var eina ljósglætan í þessu myrkri þar sem vonir okkar um ný tækifæri í undirstöðuatvinnuvegum byggðust á? Hefur það farið fram hjá hv. þm.?

Veit hv. þm. að nýjasta þjóðhagsspá kynnir það í fyrsta sinn í gervallri sögu lýðveldisáranna að nú rétt fyrir 3. umr. fjárlaga gerist það að við endurmat á tekjuspá er spáin lækkandi í fyrsta sinn á lýðveldistímanum? Veit hv. þm. að þetta þjóðfélag hefur orðið fyrir slíkum áföllum á þessu tæpa hálfa ári sem liðið er frá stjórnarskiptum að það má reikna í tugum milljarða?

Og svo spyr hv. þm.: Hvernig á að stjórna þessu landi í andstöðu við allt og alla? Þeir hafa uppi stóru orðin sín. Þeir vitna í atvinnurekendur sem segja að þetta sé aðför að atvinnulífinu í landinu. Var þetta sama skattafrv., sem er baráttumál hæstv. fyrrv. fjmrh., borið fram í fyrrv. ríkisstjórn, einhver aðför að atvinnulífinu, hv. þm.? — Nei, það var það ekki. (**ÓRG:** Það var ekki þetta mál sem var aðför að Alþingi. Þú bara veist ekki hvað það er sem ég er að segja þér.)

Ætli það sé svo að talsmenn atvinnulífsins, hv. 8. þm. Reykn., mundu segja þegar þessi ríkisstjórn kemur fram með frv. sitt um skattlagningu á fjármagnstekjur að það sé aðför að atvinnulífinu í landinu? Mundu samtök atvinnurekenda segja það þegar flutt er mál, að vísu ekki afturvirkt, boðað með árs fyrirvara um að við ætlum að hætta því, eina þjóðfélagið á Vesturlöndum, að arður, hvort heldur er inni í fyrirtækjum eða útgreiddum, skuli vera tvískattfrjáls? Eina þjóðfélagið á Vesturlöndum. Ætlar hv. þm., form. Alþb., að taka undir slík sjónarmið? Ætlar hann að segja að stjórnvöld á Íslandi eigi tvímælalaust að beygja sig fyrir slíkum rökum? Hvers vegna fagnar hann ekki sinnaskiptunum, ef hann telur þetta vera sinnaskipti hjá Sjálfstfl.? Hvers konar rökvísi er þetta eiginlega?

Það er með öðrum orðum einfalt svar við spurningu hv. þm. um það hvers vegna sá sem hér stendur hefur fallist á það, að vísu fremur nauðugur en viljugur, að framlengja þetta gjald. Svarið er að á þessu sl. tæpu hálfa ári hefur þjóðfélagið orðið fyrir þvílíkum áföllum að okkur er nauðsynlegt að gera það. Við verðum að beygja okkur fyrir þeirri nauðsyn vegna þess að það er ein höfuðnauðsyn við afgreiðslu fjárlaga nú. Og það svarar spurningu hv. þm. um það hvernig á að stjórna þessu landi. Sú höfuðnauðsyn er að draga úr þeirri sjálfvirkni útgjalda í ríkisbúskapnum og þeirri niðurstöðu í ríkisbúskapnum sem stefnir í 10 milljarða halla á yfirstandandi ári. Það verður að skera þann halla niður. Það verður að skila fjárlagafrv. sem er innan þeirra marka að því er varðar halla að það reynist vera trúverðugt í þessu þjóðfélagi. Það verður til þess að draga úr lánsfjárþörf ríkisins og opinberra aðila. Það verður að gera þetta til þess að draga úr verðbólgu. Það verður að gera þetta til að skapa forsendur fyrir lækkun vaxta. Það verður að gera þetta vegna þess að það er eina leiðin til að skapa forsendur fyrir nýjum kjarasamningum sem taka mið af þeim áföllum sem þjóðfélagið hefur orðið fyrir. Þetta eru rökin, hv. þm.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilega farið að hitna undir utanrrh. Það er nokkuð langt síðan hann hefur verið svona hérna í stólnum. Það er gott að það eru einhverjar glæður enn þá til, diplómatíið er ekki alveg búið að slökkva á þeim öllum.

Ég ætla fyrst að taka punktinn „Veit hv. þm.?“ — Já, það vill svo til að hv. þm. veit, hæstv. utanrrh., en ég er ekki viss um að ríkisstjórnin viti. Það vill svo til að hv. þm. veit að þjóðhagsspáin sem er að koma núna fyrir næsta ár sýnir einmitt stórkostlegt tekjufall miðað við forsendur fjárlaganna við 2. umr. Það vill svo til að ég veit, hæstv. utanrrh., að innheimtutölurnar fyrir virðisaukaskatt í nóvembermánuði sýndu einn milljarð í mínus frá upphaflegari áætlun. Einn milljarð í mínus á einum mánuði frá upphaflegri áætlun. Það vill svo til að ég veit, hæstv. ráðherra, að ríkisstjórnin verður nú að taka fjárlagafrv. upp á nýjan leik.

En fjmrh. hefur ekki sagt okkur frá því, hæstv. utanrrh. Ég stóð hér í nótt kl. 3 og spurði hæstv. forsrh. einmitt um þessi atriði en hæstv. forsrh. sagði okkur ekki frá því, hæstv. utanrrh. Kannski veit hann það ekki enn, hæstv. utanrrh., þó að við vitum það. Við vitum það nefnilega að eins og fjárlagafrv. stefnir núna við 3. umr., miðað við endurskoðaða tekjuspá í ljósi nýrra upplýsinga frá Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneyti og miðað við, — ég skil ósköp vel af hverju ráðherrann fer út úr salnum (**Utanrrh.:** Ég heyri enn til þín.) — það sem er að gerast í afgreiðslu fjárlaganna á útgjaldahlið í fjárln., þá er alveg ljóst að núna stefnir fjárlagafrv. í lágmark 7–8 milljarða halla á nýjan leik þannig að ríkisstjórnin þarf núna á næstu þremur til fjórum sólarhringum að koma með nýjar aðgerðir upp á a.m.k. 3–4 milljarða til að halda við sín upphaflegu áform um að fjárlagahallinn sé undir 4 milljörðum. Ég veit þetta, hæstv. ráðherra, (**Fjmrh.:** Gott.) Gott, segir hæstv. fjmrh. Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh., veit ríkisstjórnin þetta? (**Utanrrh.:** Já, já.) Og hvenær vissi hún þetta? Hvenær vissi hún þetta, hæstv. utanrrh.? (**Utanrrh.:** Hún veit þetta.) Hvenær vissi hún það? (**Utanrrh.:** Enda hefur hv. þm. upplýsingar sínar frá henni.) Frá ríkisstjórninni! Nei, nei, það er mesti misskilningur. Þær eru frá stofnununum í stjórnkerfinu en ekki ríkisstjórninni. Við stóðum hér eftir miðnættið í nótt og spurðum hæstv. forsrh. Það var alveg greinilegt að hann vissi ekki neitt vegna þess að hæstv. forsrh. sagði í nótt milli kl. 1 og 2 á þessum sólarhring, hæstv. utanrrh., að ríkisstjórnin stefndi enn að því, að afgreiða 3. umr. fjárlaga á morgun. Það sagði forsrh. hér milli kl. 1 og 2 í nótt og það er skiljanlegt að augabrýrnar lyftist á hæstv. utanrrh. við þau tíð-

indi. Forsrh. sagði það árla þessa sólarhrings en hæstv. utanrrh., sem verið hefur fjmrh., veit jafn vel og ég að það verður ekki. Þetta fjárlagafrv. verður ekki afgreitt hér á morgun og ekki hinn og ekki daginn þar á eftir og ekki í þessari viku. Það er alveg ljóst vegna þess að frv. er orðið þannig á vegi statt að í því er í dag raunverulegur halli sem er aldrei undir 7 milljörðum. Þannig að ef hæstv. utanrrh. vill fylgja fram þeirri línu sem hann var að tala fyrir þá stendur hann í þeim sporum að halda aftur næturfundi í ríkisstjórninni og koma aftur með aðgerðir upp á u.þ.b. 3 milljarða út úr þeim næturfundum núna á næstu tveimur til þremur sólarhringum nema hæstv. ríkisstjórnin vilji fara að þeim ráðum, sem við fluttum forsrh. í nótt, að taka hlé á þingstörfum meðan hæstv. ríkisstjórn áttaði sig á stöðunni.

Hver er staðan? Við skulum fara aðeins yfir þetta, hæstv. utanrrh., bara svona til að sýna þér að við vitum nokkuð hvernig mál eru á vegi stödd.

Í fyrsta lagi er Þjóðhagsstofnun að koma með endurskoðaða tekjuspá fyrir næsta ár og sem fjmrn. verður að beygja sig undir sem þýðir minni tekjur fyrir ríkið í fjárlögum næsta árs sem nema aldrei minna en 1–2 milljörðum frá því sem fjárlagafrv. stóð eftir 2. umr. Ég ætla ekki að segja töluna nákvæmlega en hún er aldrei undir rúmum 1 milljarði og jafnvel hátt upp í annan milljarð eða jafnvel yfir 2 eftir því hvar í skekkjumörkunum menn vilja vera.

Síðan sturtaði fjmrh. hér út í nótt nokkur hundruð millj. með því að ákveða að fresta frv. um skattlagningu innlánsstofnana þangað til eftir áramót, þannig að ekki er hægt að reikna með því í tekjuhlið fjárlaganna. Þá er alveg ljóst að þau önnur tekjufrv. sem hér eru inni fara auðvitað ekki í gegnum þingið alveg óbreytt miðað við það sem þau standa í dag og ég ætla nú að vera hógvær og segja að það fari kannski 100–200 millj. þar út. Það getur orðið miklu meira. Þá erum við á tekjuhliðinni lágmark komin í rúma 2 og upp í 2,5 milljarða sem eru núna að fara út af tekjuhlið fjárlaganna. Hvað er að gerast gjaldamegin? Jú, gjaldamegin er það að gerast að Össur Skarphéðinsson og félagar hrósa sigri í skólagjöldunum og ætti nú hæstv. utanrrh. að rifja það upp sem hann sagði í stefnuræðunni og stendur í þingtíðindunum, að þeir sem væru á móti skólagjöldum væru kommúnistar, orðrétt, hæstv. utanrrh. Það er Jafnaðarmannaflokkur Íslands, K-deildin, sem búin er að pína það fram að a.m.k. tæpar 200 millj. fari inn á gjaldahliðina þar.

Síðan er alveg ljóst að tillögurnar í sjúkrahúsmálunum á höfuðborgarsvæðinu og í heilbrigðiskerfinu eru allar upp í loft, þannig að það verður að bæta nokkur hundruð millj. þar inn bara til að geta haldið þeim forsendum sem heilbrrh. hefur sjálfur kynnt.

Í vegamálunum á eftir að knýja það fram að stjórnarliðarnir hér á Alþingi samþykki niðurskurð í vegamálum upp á 1.100 millj. á næsta ári. Það er verst að hv. þm. Egill Jónsson skuli vera farinn úr salnum og hættur að hlæja. Það má vel vera að ríkisstjórninni takist að pína stjórnarliðanna hér til að skera vegamálin niður um 1.100 millj. á næsta ári. Við skulum segja að það takist þannig að við skulum ekki bæta þar inn í á gjaldahliðinni.

Háskóli Íslands tilkynnti það í dag að hann muni loka fyrir nýnemendur á næsta ári ef hann fái ekki viðbótarfjármagn inn í fjárlögin.

St. Jósefsspítali er eftir. Ég sat á fundi þar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, núv. formaður efh.- og viðskn., lýsti því yfir í Hafnarfirði fyrir nokkrum dögum síðan að það yrði séð um það. Það yrði séð um að tryggja viðbótarfjármagn í St. Jósefsspítala. Á gjaldahliðinni er því aldrei undir svona 500–1.000 millj. bara miðað við þær ákvarðanir sem nú þegar er búið að taka sem verður að setja þar inn. Þannig að við erum með 3.000–3.500 millj. sem til viðbótar er fjárlagavandi ríkisstjórnarinnar milli 2. og 3. umr. í fjárlögunum, hæstv. utanrrh., og þetta vitum við. Ég er hins vegar nokkurn veginn viss um það, hæstv. utanrrh., að ríkisstjórnin gerir sér ekki grein fyrir því og ég hafði miklar efasemdir um það að hæstv. forsrh. hefði hugmynd um þetta í nótt því ég trúi því ekki að forsrh. hefði staðið hér saklaus í ræðustólnum í nótt og lýst því yfir að 3. umr. fjárlaga færi fram á morgun eða fimmtudaginn ef hann hefði vitað þessar staðreyndir. Það má vel vera að ríkisstjórninni hafi verið tilkynnt þetta í morgun á ríkisstjórnarfundinum. Ég veit ekkert um það, en það er alveg augljóst að forsrh. hafði ekki hugmynd um hvernig fjárlögin voru á vegi stödd hér í nótt.

Vörn hæstv. utanrrh. í ræðustólnum gagnvart því frv. sem hér var til umræðu var annars vegar að segja að ég ætti að fagna því að vera búinn að fá stuðningsmenn vegna þess að þetta frv. sem hér hefði verið flutt hefði verið mitt frv. Það er alveg rétt. Þetta er orðréttur sá texti sem unnið var að í fjmrn. í minni tíð en, hæstv. utanrrh., þá sagðir þú og þitt ráðuneyti að það væri brot á alþjóðasamningum Íslands við löndin í Evrópu að samþykkja slíkt frv. á Alþingi og ég tók eftir því, hæstv. utanrrh., að þú vékst ekki einu orði að því í þinni ræðu, ekki einu orði, hæstv. utanrrh. Við heyrðum engin rök af munni utanrrh. fyrir því hvers vegna nú væri hægt að brjóta alþjóðlega sáttmála og alþjóðlegar skuldbindingar en það var ekki hægt í árslok 1990 vegna þess að rökin um samdráttinn voru gild 1990. Hæstv. utanrrh. man fullvel hvað orðið hafði mikill samdráttur í hagkerfinu árið 1990, 1989 og 1988. Þannig að samdráttarrökin, ef það er það sem ráðherrann ætlar að fara með til EB, voru auðvitað í fullu gildi á árinu 1990. Nauðsyn þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum voru alveg jafnsterk rök árið 1990 og nú. Það eina sem kannski skiptir einhverju máli er þetta með EES. En það vill svo til að hæstv. ríkisstjórnin tók ákvörðun um að flytja þetta frv. áður en Evrópudómstóllinn kvað upp úrskurð sinn í EES-málinu þannig að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að flytja þetta frv. þegar hæstv. utanrrh. var að boða þjóðinni það að EES-samningarnir væru nánast í höfn þannig að það dæmi gengur ekki upp.

Við vorum satt að segja, hæstv. utanrrh., engu nær um það hvaða rök hæstv. utanrrh. ætlaði að fara með bréflega og í ræðum sínum til Brussel og Genfar í

þessu máli nema hæstv. utanrrh. sé kominn á þá skoðun, og það eru vissulega stórtíðindi, að það sé hægt að spila með alþjóðlegar skuldbindingar fram og aftur ef ríkisstjórnin viðkomandi lands telur á því vera efnahagslega nauðsyn. Nauðsyn brýtur lög, sagði hæstv. utanrrh., nauðsyn brýtur alþjóðlegar skuldbindingar og alþjóðlega samninga. Það er merkileg lína frá utanrrn. Hún var ekki í gildi þegar við vorum saman í ríkisstjórn, að hægt væri að slíta í sundur lögin og slíta í sundur alþjóðlega samninga bara af því að hart væri í ári. Er þá hægt að gera það fyrir Sjálfstfl. að slíta í sundur alþjóðlega samninga og alþjóðleg lög þegar það kom ekki til greina þegar við vorum í ríkisstjórn? Er það Sjálfstfl. sem gerir kröfu til að alþjóðasamningar og alþjóðaskuldbindingar séu slitin í sundur? Eða er utanrrn. og þar með hæstv. utanrrh. kominn með þá afstöðu að það sé bara „ad hoc" mat á hverjum tíma í ljósi efnahagsástandsins hvaða alþjóðlegu skuldbindingar haldi og hverjum sé rift? En það er alla vega ljóst að það er í engu samræmi við þá hugmyndafræði sem hæstv. utanrrh. hefur boðað íslenskri þjóð sl. þrjú ár vegna þess að kjarninn í þeirri hugmyndafræði hefur verið að Ísland ætti að gerast aðili að efnahagslegu samstarfi þar sem alþjóðlegir samningar haldi, séu grundvallaratriði hvað sem líður sveiflum í hagkerfum frá einu ári til annars.

Ég satt að segja hélt að vörn hæstv. utanrrh. yrði burðugri og efnismeiri en hér kom fram. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að ég hef verið fylgjandi þeirri stefnu að setja á jöfnunargjald, það er ekkert nýtt í því. En eins og ég sagði í minni fyrri ræðu: mér urðu á þau mistök að taka hæstv. utanrrh. alvarlega, taka rökin sem utanrrn. flutti alvarlega og taka þá viðleitni ráðherrans um að vilja standa við alþjóðlegar skuldbindingar alvarlega. Ég sé að það hafa bara verið mistök. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki mikið að gera ein mistök.) Utanrrh. er bara eins og lilli putti spillemann sem segir eitt í dag og annað á morgun hvað snertir alþjóðlegar skuldbindingar. Bréf fyrir ári síðan til Brussel um skuldbindingar íslensku ríkisstjórnarinnar og ræður sem þar voru fluttar og við sáum í fjmrn. að ráðherrann ætlaði að flytja, í dag allt annað. Það er gott að vita að þetta er línan, bara beygja og sveigja alþjóðlegar skuldbindingar eftir því sem hentar ríkisstjórninni á næturfundum við að koma saman fjárlögunum eða hefur þetta verið lengi í undirbúningi, hæstv. utanrrh., að leggja á þetta jöfnunargjald? Ekki var það í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram. Það var ekki þar. Þetta barst okkur ekki sem tíðindi fyrr en eftir næturfundinn. Er stjórnarfarið orðið þannig, hæstv. utanrrh., að menn bara slíta í sundur alþjóðlegar skuldbindingar á næturfundum í ríkisstjórninni? Er það til fyrirmyndar? Eru það stjórnarhættirnir sem eru í samræmi við þá nútímabreytingar sem hæstv. ráðherrann hefur talið sig vera fulltrúa fyrir og farið um allt landið og boðað að sé framtíðin, vegabréf inn í 21. öldina, gerið þið svo vel, slíta bara í sundur í alþjóðlegar skuldbindingar á næturfundum? Það er alveg ljóst að það verður að vera ein blaðsíða í því vegabréfi um rétt ríkisstjórna sem eru komnar í kastþröng á næturfundum sínum til að bjarga sjálfum sér til að hafa alþjóðlegar skuldbindingar að engu. Þessi hugmynd um að leggja á jöfnunargjaldið hefur greinilega bara orðið til einhvern tíma milli kl. 10 að kvöldi og kl. 6 að morgni. Og rökin sem hæstv. utanrrh. flutti hér eru auðvitað á engan hátt frambærileg.

Ég spurði hæstv. utanrrh.: Hvað um bréfið? Það voru meginrökin sem voru flutt þegar við vorum saman í ríkisstjórn að utanrrn. hefði skrifað formlegt bréf til Evrópubandalagsins. Ég óska eftir því, hæstv. utanrrh. að þú leggir það bréf fram hér á Alþingi. Þú leggir það bréf fram í efh.- og viðskn. þingsins svo það liggi alveg skjalfest fyrir hvað sagt var þá og það væri auðvitað æskilegt að hæstv. ráðherra hefði í sér manndóm í þingsalnum til þess víkja einhverjum orðum að þessu bréfi en tali bara ekki eins og allt það sem hann taldi áður höfuðatriði skipti í dag engu.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að forustumenn atvinnulífsins telja skattastefnu þessarar ríkisstjórnar aðför að atvinnulífinu svo notuð sé fyrirsögn á minnisblaði frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Það hefur komið fram að Verslunarráðið skipuleggur málaferli gegn ríkisstjórninni. Það má vel vera að þeir sem stjórna í dag telji að slíkir stjórnarhættir séu til fyrirmyndar, við gerum það ekki.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kemur æ betur í ljós með hverjum klukkutímanum sem líður og hverju málinu á fætur öðru, sem hér kemur fyrir, í hvers konar stöðu hæstv. ríkisstjórn er með sín mál, fjárlagafrv. og tekjuöflunarfrv. sem því tengjast, eitt af hverjum er hér til umræðu. Frv. til laga um að breyta og blása lífsanda í um sinn, enn á nýjan leik, ákvæðum um innheimtu jöfnunargjalds.

Það sem hefur e.t.v. komið skýrar fram núna á þessum síðasta sólarhring en áður er hversu hrikaleg vinnubrögð hæstv. ríkisstjórn hefur ástundað við undirbúning þessara mála, allan sinn málatilbúnað. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég hefði tæplega trúað á því að ég ætti eftir að upplifa það nánast á einum og sama deginum eða einum og sama sólarhringnum að fá til viðræðna á þingi öll helstu hagsmunasamtök og stærstu hagsmunaaðila þjóðfélagsins og úr hinum ólíku áttum, þar sem eru heildarsamtök launafólks í landinu, þar sem eru samtök atvinnurekenda, verslunar, sveitarfélaga, útgerðaraðila og sjávarútvegs, og fleiri mætti þarna til telja, og allir, hver einn og einasti þessara aðila, lýstu hörðum mótmælum og andstöðu við meira og minna allan málatilbúnað hæstv. ríkisstjórnar. Það er annað sem hefur auðvitað vakið sérstaka athygli, og ég held að sé alveg óhjákvæmilegt að rifja upp og fer vel á því í tengslum við þetta mál, sem þegar hefur orðið tilefni til málshótana, og það er að menn eru ekki, mér liggur við að segja, fyrst og fremst óánægðir með innihaldið, með efnisatriðin í ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar, djöfulleg sem þau nú eru upp til hópa, með leyfi að segja hæstv. forseti. Nei, það eru vinnubrögðin, það er framkoman sem hæstv.

ríkisstjórn sýnir sem menn eru í raun og veru reiðastir yfir. Það eru hlutir eins og þeir að ríkisstjórnin virðir unnvörpum að vettugi gerða samninga. Það duga ekki lengur fingur annarrar handar til að telja upp þá samninga og löggerninga sem ríkisstjórnin er bara með þessum ráðstöfunum þessa dagana að brjóta eða hafa að engu.

Ríkisstjórnin brýtur ákvæði um lögboðið samráð við aðila úti í þjóðfélaginu eins og við samtök sjávarútvegsins um endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun og við Samtök sveitarfélaga varðandi framkvæmd sveitarstjórnarlaga. Það er meira að segja svo langt gengið að vilyrði, sem gefin höfðu verið fyrir samráði við aðila um tiltekin atriði, eru síðan svikin eins og kom skýrt fram í morgun þegar fulltrúar hagsmunasamtaka lýstu því að þau hefðu haft einn fund á sl. hausti með fulltrúum ríkisstjórnar. Þar hefði verið lofað samráði um þeirra mál en síðan hefðu þeir ekki frá ríkisstjórninni heyrt fyrr en viðkomandi atriði birtist í formi frv. á þinginu og var þá mjög vegið að hagsmunum þessara tilgreindu aðila. Þannig að í hverju tilvikinu á fætur öðru af þessum toga hefur ríkisstjórnin ekki bara með stefnu sinni og áformum heldur ekki síður með vinnubrögðum skapað sér þá stöðu sem er orðin að — það liggur við að segja megi að þjóðfélagið logi stafnanna á milli af átökum og andstöðu við áform hæstv. ríkisstjórnar. Það er ekki hægt að bera á móti því að hæstv. ríkisstjórn kemst ekki hjá því að viðurkenna að hún treður nú illsakir við atvinnulífið í landinu.

Ríkisstjórnin treður beinlínis illsakir við atvinnulífið í landinu í hverju málinu á fætur öðru bæði hvað samskipti, vinnubrögð og innihald snertir. Fyrir liggur mjög hörð andstaða samtaka launamanna þar sem eiga í hlut ýmis viðkvæm félagsleg réttindi sem á að rífa í burtu, nýjar álögur á þeirra umbjóðendur og beinar kjaraskerðingar sem boðaðar eru eins og til að mynda í þeirri staðreynd — og kom skýrt fram í morgun með rökum sem ég hygg að verði ekkert hrakin — að persónufrádráttur tekur ekki hækkunum við þessi áramót eins og hann ætti að gera til að fylgja eftir verðlagi í landinu um 3,5% eða þar um bil sem svarar til rétt rúmum 2.000 kr. á mánuði vegna verðlagshækkana sem orðnar eru. Þannig að í hverju málinu á fætur öðru koma upp nýir hlutir þessa dagana. Þess vegna er það svo að uppákoma sem einhvern tímann hefði vakið fjaðrafok svo ekki sé meira sagt og sennilega orðið mönnum talsvert undrunarefni eins og það að þessi kunningi birtist hér, framlenging jöfnunargjaldsins, og síðan hin kostulegu viðbrögð Verslunarráðsins, ég meina kostuleg í þeim skilningi sem þau ber að hér í þinginu, að einn nefndarmanna í hv. efh.- og viðskn. neyðist til að skrifa sjálfum sér og hóta sjálfum sér óbeint lögsókn, þar sem svo vill til að þessi maður styður ríkisstjórnina, nái ósvinna þessi fram að ganga. Svo langt er gengið að jafnvel þetta veldur mönnum varla neinni undrun lengur. Slík eru þau ósköp sem búin eru að ganga á og birtast mönnum áður.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það stendur ekki steinn yfir steini í vinnunni að afgreiðslu þessara mála hér á þingi. Við stjórnarandstæðingar höfum ítrekað óskað eftir því á undanförnum sólarhringum að hæstv. ríkisstjórn reyndi að hysja upp um sig buxurnar, eins og einu sinni fyrir löngu var sagt héðan úr þessum ræðustóli, og ná hlutunum saman hjá sér. Þess vegna væri jafnvel skynsamlegt að gera hlé á fundum Alþingis í einn til tvo sólarhringa þannig að ríkisstjórnin fengi tíma, óskertan tíma, næstu einn til tvo sólarhringana til að reyna að ná saman um hlutina en væri ekki að reyna sólarhring eftir sólarhring að breyta því á nóttunni sem hún hefur siglt í strand daginn áður og bjóða svo upp á nýja hluti að morgni. Svoleiðis er þetta búið að vera, hæstv. forseti, undanfarna nokkra sólarhringa báðum megin við helgina. Það sem ríkisstjórnin strandar með á hverjum degi er tekið til meðhöndlunar að því er virðist af einhverjum næstkomandi kvöld eða næstkomandi nótt og svo er boðið upp í nýjan dans að morgni. Og auðvitað getur þetta ekki gengið svona öllu lengur. Jólaleyfi er að skella á og hæstv. ríkisstjórn hlýtur að vera það ljóst að ef hún ekki nær að gjörbreyta um vinnubrögð í þessum efnum þá er þetta búið spil. Við hljótum að þurfa innan skamms að taka til skoðunar hvort ekki er þá óhjákvæmilegt að afgreiða greiðsluheimildir með einhverjum hætti og setja upp algerlega nýja forgangsröð þar sem eingöngu er gert það sem óhjákvæmilegt er til að rekstur þjóðfélagsins geti gengið með skikkanlegum hætti næstu sólarhringana og vikurnar og menn haldi áfram við þessa vinnu þegar nýtt ár gengur í garð.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi svo sem ekki að fjölyrða meira um þessa hluti, þeir liggja fyrir og ástæðulaust er að hamra það járn meira, svo heitt sem það er þegar orðið í höndum hæstv. ráðherra. Ég beini þess í stað orðum mínum til þeirra í því skyni að þeir reyni að taka þau til alvarlegrar íhugunar og gefa okkur svo fljótt sem kostur er einhverjar upplýsingar um hvernig ætlunin er að standa að hlutunum.

Á undanförnum dögum hafa öll þau mál, sem yfir höfuð hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn og ekki hafa verið þess eðlis að logandi illdeilur hafi verið um þau í þjóðfélaginu, verið afgreidd nánast á færibandi. Við vorum hér síðast í dag að gera að lögum fyrir hæstv. sjútvrh. frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Hvernig var staðið að afgreiðslu þess frv.? Það var mjög takmörkuð umræða um það við 1. umr. þar sem menn lýstu skilningi sínum á þessari erfiðu stöðu og út af fyrir sig jákvæðum viðhorfum til þeirrar viðleitni, svo skammt sem hún nær hjá hæstv. sjútvrh., að greiða eitthvað götu sjávarútvegsins með slíku máli. Síðan var það tekið til 2. og 3. umr. á sama sólarhringnum nánast án þess að nokkur maður segði orð. Þarna var verið að reyna að greiða fyrir máli sem var eitt af þeim fáu sem hægt var að afgreiða og var þess eðlis að ekki var um það einhver logandi ófriður í þjóðfélaginu. En það stendur á hinu að öll stærstu málin, fjárlögin sjálf, tekjuöflunarfrv. sem og þeir fylgifiskar ókræsilegir, eins og bandormur og fleira sem þessu tengjast, eru föst og strand vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er sífellt að hringla með mikilvæg ákvæði í þessum málum.

Varðandi þetta frumvarp, hæstv. forseti, um framlengingu jöfnunargjaldsins, er auðvitað mjög nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn geri eitthvað betur í tilraunum sínum til að rökstyðja að það sé í lagi vegna fyrri fullyrðinga og reyndar nýrra um ólögmæti þess að halda áfram álagningu þessa gjalds — að hæstv. ríkisstjórn reyni að rökstyðja sinn málflutning. Hvað sem líður forsögu þessa máls þá verðum við auðvitað að gera kröfu til að það sé skoðað í ljósi ríkjandi aðstæðna og þess sem fram undan er á næsta ári. Það er alveg augljóst mál miðað við alla framsetningu á umræðum um þetta undanfarin ár að það hlýtur eðli málsins samkvæmt að verða erfiðara með hverjum mánuðinum, hverju missirinu, hverju árinu sem líður að rökstyðja áframhaldandi álagningu þessa gjalds því að deilur um það hafa fyrst og fremst staðið um það á undanförnu einu til tveimur árum hvort óhjákvæmilegt væri að afnema það án tafar. Eða að hægt væri að réttlæta með rökum einhverja framlengingu þess og þá gjarnan þannig að það mundi deyja út á tilteknum tíma og hverfa með því að urin væru upp þau uppsöfnunaráhrif eldra söluskattskerfis sem því var ætlað að mæta, að halda í jöfnunargjaldið eitthvað lengur en upptöku virðisaukaskatts nam. Var hér fluttur efnislegur rökstuðningur af hálfu hæstv. fjmrh. eða af hálfu hæstv. utanrrh. í þessu skyni? Svarið er því miður nei.

Hæstv. fjmrh. læddist upp í ræðustólinn, neyddist til þess í björtu af því að því varð ekki komið við í nótt eins og hann hafði þó hugsað sér, og flutti eins stutta og snautlega ræðu og nokkur kostur var og forðaðist eins og heitan eldinn að fara út í efnislega umfjöllun, efnislegan rökstuðning, svo maður tali nú ekki um réttlætingu þess að halda gjaldinu áfram. Það var ekki reynt að sýna með neinum frambærilegum talnalegum rökum fram á það sem hlýtur, miðað við fyrri málflutning, að vera hin eina efnislega röksemdafærsla manna, eins og hæstv. fjmrh., að enn væru fyrir hendi þau uppsöfnunaráhrif söluskattsins gamla, kostnaðaríþyngjandi fyrir samkeppnisgreinar í landinu, sem réttlættu að viðhalda innheimtu jöfnunargjalds eitthvað áfram. Sé svo ekki, ef slík áhrif finnast ekki í nægjanlegum mæli þá hefur það verið málflutningur manna að þar með værum við augljóslega sek um brot á fríverslunarskilmálum og berskjölduð fyrir málshöfðun af þeim sökum.

Enn síður kom fram efnislegur rökstuðningur í kostulegri ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan sem var nú bara æfing í skylmingum því hann kom hvergi nærri efni málsins og reyndi að bjarga sér með því að ræða um þátttöku eða aðild annarra manna í forsögu þessa máls. (Gripið fram í.) Hæstv. utanrrh., ég var nú að reyna að vekja athygli manna á því að í dag væri desember 1991 og fram undan væri árið 1992. Það fer senn að verða nokkuð um liðið að virðisaukaskattur leysti söluskatt af hólmi en það er eins og hæstv. ráðherrar forðist jafnvel frekar en heitan eldinn að ræða um efni þessa frumvarps og það skil ég út af fyrir sig vel. Maður hlýtur að gefa sér það ef engin rök koma hér fram að hæstv. ríkisstjórn hafi þau alls ekki undir höndum og það sé þvert á móti bara valinn sá kostur að þegja um þá hlið málsins gegnum þykkt og þunnt, dengja þessu jöfnunargjaldi á fram eftir næsta ári upp á von og óvon, sennilega helst í trausti þess að það verði hvergi vakin á því athygli né muni nokkrir láta á rétt sinn reyna gagnvart ákvæðum þess á næsta ári. Ef hæstv. ríkisstjórn er ekki að stóla upp á það, hvað vakir þá fyrir henni? spyr ég. Vegna þess að ef hæstv. ríkisstjórn reiknar með þeim möguleika að til málshöfðunar gæti komið vegna ákvæða frv. á næsta ári á hún að byggja upp rökstuðning fyrir því hér strax við afgreiðslu laganna. Augljóslega getur það haft réttaráhrif, verið lögskýringaratriði þegar eða ef til málaferla kemur hvernig hæstv. ríkisstjórn hagar hér málflutningi sínum og rökstuðningi fyrir málinu þegar hún afgreiðir það. Ég sé ekki annað í ljósi þess að þegar liggja fyrir hótanir um málshöfðun. En að hæstv. ríkisstjórn sé nánast fyrir fram að gefa það mál, fyrir fram að tapa því með því að reyna ekki að halda uppi rökstuðningi og efnislegum málflutningi við afgreiðslu málsins hér á þinginu, þetta er svo aumingjalegur málatilbúnaður, hæstv. forseti, að engu tali tekur. Því miður hlýtur maður að draga þá ályktun af honum að hæstv. ríkisstjórn hafi í raun og veru gefist upp gagnvart þeirri hlið málsins og sé að nota þetta ásamt með öðru til að reyna að ljúga hér saman fjárlögunum, krækja þeim einhvern veginn saman, klóra yfir gatið í fullkominni óvissu um áhrif þess að standa svona að málum hvað þetta frumvarp snertir.

Hvað mína afstöðu varðar er ljóst að við alþýðubandalagsmenn höfum verið tilbúnir til þess og viljað reyna standa vörð um hagsmuni íslenskra samkeppnisgreina eins og okkur var framast heimilt. Það er allt annar hlutur en sá að vera tilbúinn til að brjóta lög eða brjóta samninga. Það skal að vísu tekið fram hvað þann snertir sem hér talar að ég hef aldrei verið veikur fyrir rökum heilagleikamanna í þessum efnum, þeirra sem hafa viljað vera kaþólskari en páfinn og ævinlega lokað augunum fyrir því hvernig ýmsar aðrar þjóðir snúa málum sér í hag í þessum samskiptum og viljað vera heilagastir allra hvað þessa fríverslunarskilmála alla snertir. Ég fylli ekki þann hóp. Ég er alveg tilbúinn til að standa með þeim mönnum sem með rökum vilja reyna að sækja eins langt og hægt er innan ramma laga og samninga til að standa vörð um hagsmuni íslenskra samkeppnisgreina. En það er allt annað mál að ætla að ganga lengra. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi rökstuðning fyrir því að halda áfram þessari framlengingu jöfnunargjaldsins. Það er þó reynt í þeirri greinargerð gamla frumvarpsins sem hér var prentuð óbreytt. Þar er á ferðinni ákveðinn efnislegur rökstuðningur fyrir því að enn séu þrátt fyrir allt fyrir hendi ákveðin uppsöfnunaráhrif sem réttlæti það að halda áfram hluta af álagningu jöfnunargjaldsins á árinu 1991. Ég minni á að menn treystust ekki til þess þá að halda í það að fullu. Hér er ekki boðið upp á neitt slíkt. Hér er enginn rökstuðningur.

Nú er það auðvitað svo að hv. þm. er væntanlega öllum ljóst að þetta gjald er á útleið. Það er alveg ljóst að það er eingöngu tímaspursmál hvenær menn verða

að hætta að leggja á flatt og almennt gjald af þessu tagi. Reyndar boðar þetta frumvarp að það leggist niður um mitt næsta ár. Þess vegna finnst mér það mikið álitamál í svona veikri stöðu að velja þessa leið sem hæstv. ríkisstjórn gerir. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Af hverju var ekki frekar reynt að fara í þá vinnu, sem oft hefur verið rætt um og ljóst er að við höfum fullkomlega gildar heimildir til að gera, að leggja á sértæk jöfnunargjöld? Að fara í þá vinnu, sem að mínu mati hefur lengi verið trassað af hálfu skattyfirvalda á Íslandi, að útfæra og leggja á sértæk jöfnunargjöld á þau svið innflutts varnings sem er sannanlega niðurgreiddur erlendis frá og þar með er heimilt að leggja jöfnunargjöld á samkvæmt gildandi fríverslunarsamningum þeim sem við erum aðilar að. Hvers vegna er þetta ekki frekar gert? Því að í þessu getur verið framtíð og jafnvel tekjuöflun til handa ríkissjóði um árabil ef svo ber undir. Nærtæk dæmi eru ýmiss konar innflutt unnin matvæli sem flæða hér inn í landið, stórlega niðurgreidd, og keppa við innlenda framleiðslu með mjög ósanngjörnum hætti. Þarna væri hægt að afla ríkissjóði tekna með sértækum jöfnunargjöldum. Ef til vill eru það ekki mjög stórar upphæðir en það er alveg ljóst að í öllu falli brestur okkur ekki heimildirnar þarna.

Hæstv. iðnrh. er sérstakur stuðningsmaður og velgerðarmaður kökugerðar í landinu. Þegar hallaði á kökugerðina í samkeppni við innflutning þá skorti hæstv. iðnrh. ekki viljann til að beita ótæpilega heimildum til jöfnunargjalda og það eru lögð á svínhá jöfnunargjöld á innfluttar kökur til að ekki afleggist bakstur í landinu og ég er ánægður með. Það er fínt. En ég vil bara láta gera það á fleiri sviðum. Skoða það í raun og veru á öllum þeim sviðum öðrum þar sem íslenskar greinar búa við óréttláta samkeppnisaðstöðu hvað þetta snertir. Það hefur hins vegar því miður komið í ljós að hæstv. iðnrh. er t.d. ekki tilbúinn til að beita heimildum til jöfnunargjalda gagnvart innfluttum niðurgreiddum skipasmíðaiðnaði eða framleiðslu niðurgreidds erlends skipasmíðaiðnaðar. Þar er auðvitað annað svið á ferðinni svo dæmi sé tekið þar sem við höfum fullar heimildir til að leggja á jöfnunargjöld. Auðvitað getur verið umdeilt mál hvort þjóðhagslega skynsamlegt eða rétt sé gagnvart sjávarútvegi okkar að hækka eitthvað verðið á innfluttum skipum. Það er sjálfstætt mál hvort menn af pólitískum eða hagkvæmnisástæðum falla frá því að nýta sér slíkar heimildir en hún er þarna fyrir hendi.

Ég nefndi ýmsar vörur tengdar unnum matvælum. Mörg fleiri slík svið mætti nefna þar sem sannanlega er um að ræða niðurgreiðslur, styrki, útflutningsuppbætur eða aðra því um líka hluti sem framleiðslan nýtur í upprunalandinu, sem gefa heimild og rétt til að mæta því með jöfnunargjöldum eða tollum í innflutningslandi.

Ég tel og vil láta það koma fram sem afstöðu mína, herra forseti, að það hefði verið miklu málefnalegra og meiri reisn yfir því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar ef birst hefði á borðum þingmanna vel unnið og vandað frv. með sértækum jöfnunargjöldum á hinum ýmsu sviðum þar sem reynt væri að jafna samkeppnisstöðu þeirra greina sem þarna búa við óréttlæti, án þess að ég sé að útiloka eða falla frá þeim möguleika — ef menn finna fullnægjandi réttlætingu fyrir því — að halda áfram einhverri töku þessa jöfnunargjalds. Ég er þeirrar skoðunar að það sé enginn stórkostlegur skaði þó að við látum á það reyna. Annað eins er svo sem gert úti í heiminum. Ýmsar þjóðir vinna nánast samkvæmt þeirri reglu að hörfa aldrei með slíka hluti fyrr en þær eru nánast reknar til þess. Þannig hafa t.d. Japanar og Norðmenn verið alveg ófeimnir við það á undanförnum árum að standa á svona löguðu þangað til þeir eru reknir til baka með það. Menn geta skoðað þetta ef þeir t.d. fara yfir hvernig japanski rafeindaiðnaðurinn ver hagsmuni sína. Frægt er líka dæmi Norðmanna og deilur Norðmanna og Bandaríkjamanna, svonefnt eplastríð, sem snerist um nákvæmlega sams konar hluti. Ég fylli nú ekki, virðulegur forseti, flokk þeirra heilagleikamanna en það breytir ekki hinu að menn verða auðvitað að hafa einhverjar stoðir undir málatilbúnaði sínum og vera ekki bara marflatir hvað það snertir að fá á sig ásakanir um samningsrof og lögbrot.

Hæstv. utanrrh. gaf tilefni til þess að ræða dálítið við hann síðar um afrek hæstv. ríkisstjórnar í skattlagningu á fyrirtæki. Hann blandaði inn í umræður um málið væntanlegri skattlagningu arðgreiðslna fyrirtækja eða öllu heldur niðurfellingu undanþágu eða heimild til þess að draga arð frá tekjum áður en til skattgreiðslna kemur. Hann taldi þetta mikið framfaraspor þar sem Íslendingar hefðu einir þjóða haft skattfrjálsan arð báðum megin, þ.e. af hálfu greiðanda og viðtakanda. Í fyrsta lagi er þetta ekki nema hálfur sannleikur hjá hæstv. utanrrh., eins og hann ætti að vita ef hann er á annað borð að tjá sig um þessi mál því að þetta hefur verið undir tilteknum þökum. Í öðru lagi er það auðvitað svo að það skortir á samræmi þessara hluta og gerir það að verkum að aðilar vinnumarkaðarins og atvinnurekendur ráðast mjög hart gegn breytingunum. Það er m.a. sú staðreynd að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki mannað sig upp í að skattleggja þá á móti vaxtatekjur. Þá spyrja menn eðlilega: Hvers vegna á að skattleggja arð, arðgreiðslur fyrirtækja, en ekki þær tekjur sem aðrir geta haft af vöxtum? Slíkt hlýtur auðvitað að beina fjármagninu frá hlutabréfakaupum og yfir í aðra pappíra. Þar með eru komin þau rök sem vega kannski þyngst í þessu, að þetta yrði nánast samstundis banahögg á hinn vanþróaða íslenska hlutabréfamarkað. Það er auðvitað reisn yfir því að hæstv. fjmrh. og fyrrum framkvæmdastjóri Stjórnunarfélagsins, sem bar þessa hluti mjög fyrir brjósti hér á árum áður, verði sá sem greiði íslenska hlutabréfamarkaðinum banahöggið, þessum eymingja sem er í raun og veru vart búinn að slíta barnsskónum enn þá.

Virðulegi forseti. Ég held að tímans vegna geymi ég mér að ræða þetta frekar við hæstv. utanrrh. enda er væntanlega betra að hann sé þá viðstaddur því það eru þó frekar líkur á því að hann heyri eða skilji eitthvað af því sem við hann er sagt en þegar hann er fjarverandi. Ég ætlaði reyndar að spyrja hæstv. utanrrh., af því mér finnst það skipta máli í sambandi við þetta

atriði: Ætlar hann að verða við óskum hv. 8. þm. Reykn. um að birta okkur það bréf sem utanrrm. sendi Evrópubandalaginu um þetta efni? — Virðulegur forseti. Er hæstv. utanrrh. mjög vant við látinn? (**Forseti:** Forseti veit ekki betur en að hæstv. ráðherra sé í hliðarherbergi en ég skal gera honum viðvart.)

Já, ég vildi gjarnan fá að ítreka eina spurningu og bera fram aðra við hæstv. utanrrh., sem flutti auðvitað mjög merkilega ræðu og byggðist allur málflutningur hans á sérstökum neyðarrétti sem ég fékk ekki betur heyrt en hann væri að skilgreina í ræðustólnum. Hann gaf lönd og leið alla tilburði til að rökstyðja málið efnislega en vék að því að þvílík áföll hefðu dunið yfir íslensku þjóðina að hún ætti ekki annan kost en að grípa til neyðarréttar sem heimilaði henni að brjóta lög og samninga og halda áfram jöfnunargjaldinu. Þannig skildi ég málflutning hæstv. utanrrh. að svo væri komið á Íslandi í dag vegna þessara miklu áfalla, og nefndi hann þó ekki það sem stærst er og yfir þjóðina hefur dunið, sem er auðvitað að sitja uppi með hæstv. ríkisstjórn, að neyðarréttur Íslendinga væri orðinn virkur til þess að brjóta alþjóðlega samninga. Gaman væri að vita hvort hæstv. forsrh. er þessum málflutningi hæstv. utanrrh. sammála í ríkisstjórn hæstv. forsrh., að einhvers konar neyðarréttarákvæði þjóða séu orðin virk, sem hægt sé að grípa til þegar jafnmikil áföll hafi dunið yfir eins og nú hafa gengið yfir íslensku þjóðina. En hæstv. utanrrh. hélt því áðan fram að þetta neyðarástand, sem hæstv. utanrrh. lýsti yfir að væri gengið í garð á Íslandi, réttlætti þess vegna samningsrof og lögbrot af Íslands hálfu, og er merkilegt að ráðherra í hæstv. ríkisstjórn skuli gefa ástandinu þessa einkunn.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. utanrrh. að því en það má alveg eins bera þá spurningu upp við hæstv. forsrh., sem hlýtur að hafa kynnt sér þetta mál og náttúrlega hæstv. fjmrh., áður en ákveðið var að leggja þetta frv. fram um framlengingu jöfnunargjaldsins — og kemur nú hæstv. utanrrh. í salinn. Mín spurning er í fyrsta lagi ítrekuð spurning hv. 8. þm. Reykn.: Mun hæstv. utanrrh. senda þingmönnum og sjá okkur í efh.- og viðskn. Alþingis fyrir bréfi því sem hann sendi Evrópubandalaginu þar sem tilkynnt var um niðurfellingu jöfnunargjaldsins? Ég tek það svo að hæstv. utanrrh. hafi heyrt spurningu mína og ætli að svara henni. Mun bréfi þessu verða komið til skila til okkar nefndarmanna í efh.- og viðskn. og gert þess vegna opinbert í þinginu eftir atvikum?

Seinni spurning mín er svo afleidd og er svona: Mun hæstv. utanrrh. ekki — verði þetta frv. afgreitt hér — afturkalla bréfið til Evrópubandalagsins og senda nýtt þar sem tilkynnt verður um að fallið hafi verið frá áformum um að hætta töku jöfnunargjalds og þvert á móti verði það tekið fram á mitt næsta ár með sömu prósentu og var á síðari hluta þessa árs eða jafnvel allt þetta ár? Þetta eru tvær einfaldar, tiltölulega skýrar spurningar sem ættu ekki að vefjast fyrir reyndum manni eins og hæstv. utanrrh. að svara.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að samkomulag hefur orðið um að utandagskrárumræða fari fram um úrskurð Evrópudómstólsins um EES-samninginn. Þessi umræða hefst klukkan fjögur og stendur til klukkan sex eða rúmlega það. Umræðunnar er óskað af þingflokki Alþb. Málshefjandi er hv. 4. þm. Austurl.

Einnig hefur orðið samkomulag um að þessari umræðu verður frestað klukkan hálffjögur og þá verða tekin fyrir fjögur samkomulagsmál sem eru á dagskrá fundarins. Væntanlega verður umræðunni eða afgreiðslu lokið klukkan fjögur þegar utandagskrárumræðan hefst.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það sem skiptir að sjálfsögðu meginmáli í sambandi við frv. til laga um breyting á lögum um jöfnunargjald er sú spurning hvort enn séu fyrir hendi uppsöfnunaráhrif í íslenskum atvinnurekstri sem réttlæta að þetta gjald verði áfram lagt á. Það eru færð fyrir því rök í greinargerð frv. að svo sé enda er ekki langt síðan að söluskattur var lagður af hér á landi og virðisaukaskattur tekinn upp í hans stað og allar fjárfestingarvörur iðnaðarins eru að meira eða minna leyti keyptar með söluskatti. Það á ekki eingöngu við um fasteignir heldur að nokkru leyti um vélar og tæki þó að það hafi verið endurgreitt í einhverjum mæli áður fyrr.

En það eru fleiri uppsöfnunaráhrif en nefnd eru í greinargerðinni og má í því sambandi minna á hið margnefnda aðstöðugjald sem er sá opinberi skattur sem tíðkast ekki í samkeppnislöndum okkar og alveg ljóst að íslenskir atvinnuvegir þurfa að borga þann skatt umfram atvinnuvegi í helstu samkeppnislöndum okkar. Jafnframt eru fleiri skattar sem eru því marki brenndir að þeir eru ekki algengir í nágrannalöndum okkar. Ég hygg t.d. að sá skattur sem nú er verið að leggja á á atvinnureksturinn, sérstakur skattur til að leggja í sjóð vegna hugsanlegra gjaldþrota, 0,2%, sé ekki algengur skattur í helstu nágrannalöndum okkar þótt ég hafi ekki nákvæmar upplýsingar um það. Þannig má því færa fyrir því full rök að íslensk skattalöggjöf sé með þeim hætti og það vanti svo mikið upp á samræmingu við skattalöggjöf annarra landa, og þar að auki virðast ekki vera nein áform um það að hrinda slíkri vinnu af stað, að full rök séu með því að framlengja þetta gjald. Og e.t.v. séu enn þá meiri rök fyrir því nú en nokkru sinni fyrr, m.a. vegna þess hvað fram hefur komið frá núv. hæstv. ríkisstjórn. Þannig að það má vera að þrátt fyrir öll bréf sem send hafa verið og þrátt fyrir öll ummæli sem í málinu hafa fallið, hvort sem það er af núv. hæstv. utanrrh. eða öðrum, þá hafi ríkisstjórnin með stefnu sinni safnað í sarpinn til þess að rökstyðja málið gagnvart erlendum aðilum, samkeppnisaðilum okkar og samningsaðilum á öðrum mörkuðum.

Ég hygg að svo sé og þess vegna má spyrja hvers vegna menn eru að fella gjaldið niður 1. júlí 1992. Er ekki ástæða til að halda því út allt árið 1992 og draga frekar úr annarri skattheimtu sem engin leið er að styðja af atvinnulífinu? Ég hygg að þrátt fyrir allt séu

margir í íslensku atvinnulífi sem vilji þennan skatt fremur en marga aðra skatta sem núv. ríkisstjórn er með í töskum sínum og á borðum þingsins og jafnvel þótt full virðing sé borin fyrir skoðunum Verslunarráðs Íslands og væntanlegri málshöfðun þeirra undir forustu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Það er að sjálfsögðu hið alvarlegasta mál en ég hygg að ríkisstjórnin geti safnað nokkrum rökum til viðbótar í þá greinargerð sem hér liggur fyrir.

En ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um það sem hæstv. utanrrh. sagði um þá umræðu sem fram fór fyrr í dag um það sem Vinnuveitendasamband Íslands kallar aðför að atvinnurekstri í landinu og það sem menn kalla sérstaka óvild í garð atvinnurekstrar í landinu. Hann kom hér upp og taldi það vera mjög til bóta að breyta frádráttarreglum að því er varðar arð, og taldi að það hefði verið mikið afrek hjá Alþfl., þessum sósíalíska flokki, að berja það í gegn í samstarfi með sjálfstæðismönnum. Það væri mikið afrek og það gerði ekki mikið til þó að vinnuveitendurnir væru eitthvað að kvarta yfir því. Um væri að ræða framkvæmd sem ekki væri algeng í öðrum löndum.

Hæstv. utanrrh., því miður er málið ekki svo einfalt. Þannig vill nefnilega til að tekist hefur góð pólitísk samstaða um það hér á landi að það sé mikil þörf á því í íslensku atvinnulífi að efla áhuga einstaklinga til að fjárfesta í atvinnulífinu og taka þátt í því. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur m.a. gengið svo langt og haldið því fram að hér eigi að einkavæða í stórum stíl. Taka verkefni frá hinu opinbera, láta þau í hendur einstaklinga og hvetja einstaklingana til að fjárfesta í hinum ýmsu verkefnum samfélagsins. Menn hafa viljað taka þau áform hæstv. ríkisstjórnar öll með fyrirvara enda ekki verið þeim öllum sammála. En svo virðist vera að ríkisstjórnin hafi gleymt þeim áformum sínum þegar fjallað var um reglurnar.

Það var ákveðið í tíð síðustu ríkisstjórnar að hækka skattfrelsismörkin eða frádráttarregluna að því er varðar arð greiddan út úr atvinnurekstri úr 10% í 15% til samræmis við annan fjármagnskostnað á fjármagnsmarkaði. Vextir eru frádráttarbærir í atvinnurekstri. Ef menn meina eitthvað með því að auka eigið fé, hlutafé í íslenskum atvinnurekstri verður að líta á kostnaðinn af hlutafénu með sambærilegum hætti og vexti af öðru lánsfé eða eigin fé. Þetta er auðvitað kjarni málsins.

En ef nú á að taka ákvörðun um það að ekki megi draga frá kostnað atvinnurekstrarins af hlutafé þá er verið að stefna inn á þá braut á nýjan leik að hætta við að auka slíka eiginfjármögnun íslensks atvinnurekstrar og stefna honum í meira mæli inn á lánamarkaðinn. Svo einfalt er það. Það hefur jafnframt verið skoðun flestra að nauðsynlegt sé að auka þátttöku lífeyrissjóða landsins í atvinnurekstrinum. Þær tekjur sem lífeyrissjóðirnir fá eru ekki skattskyldar. En ef arður af hlutafé er ekki lengur frádráttarbær í atvinnurekstri, aðeins vextir af lánsfé, er alveg ljóst að lífeyrissjóðirnir munu ekki lengur vera tilbúnir að setja hlutafé inn í atvinnureksturinn heldur munu eingöngu vera tilbúnir til að setja lánsfé inn í atvinnureksturinn. Þetta er ekki flóknara en þetta. Það er mjög merkilegt að hæstv. núv. ríkisstjórn skuli ekki gera sér grein fyrir þessum einföldu staðreyndum. Í reynd er enn þá merkilegra að þær skuli ekki hafa verið ræddar við forsvarsmenn atvinnulífsins í landinu. Hér er um mikla skipulagsbreytingu að ræða, mikla skattalega breytingu sem varðar allan fjármagnsmarkaðinn. Það er því ekkert undarlegt þótt íslenskir atvinnurekendur kalli þessar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar aðför að íslensku atvinnulífi og sýni best skilningsleysi hæstv. ráðherra á því sem þeir eru sjálfir að tala um. Hvers vegna í ósköpunum eru þeir að skreyta sig með þessum orðum alla daga, að auka þurfi einkavæðingu og efla atvinnulífið, þegar þeir virðast ekki skilja nauðsyn þess að það sé samræmi í frádrætti fjármagnskostnaðar atvinnulífsins?

Ég vil líka minna hæstv. utanrrh. á að það hafa lengi verið uppi fyrirætlanir um að samræma skattlagningu á vaxtatekjum, samræma skattlagningu á fjármagnstekjum við það sem gengur og gerist um launatekjur. Flestir, sem eitthvað þekkja til skattamála, eru sammála um að það sé orðið óeðlilegt í íslensku samfélagi að einstaklingar geti haft fjármagnstekjur skattfrjálsar nánast í hið óendanlega en menn þurfi að greiða skatt af hinum minnstu launatekjum.

Ég hafði trúað því að hæstv. núverandi ríkisstjórn ætlaði að vinna að samræmingu þessara þátta en eftir að þessi áform eru komin fram verður því ekki lengur trúað. Hvaða vit er í því að hafa það sem fyrsta skref að arður verði í öllum tilvikum skattfrjáls hjá móttakanda? Í dag eru vaxtatekjur skattfrjálsar hjá móttakanda í langflestum tilvikum en ég hefði haldið að stefna bæri inn á þá braut að draga úr þessu skattfrelsi fjármagnsteknanna. Því er það ekki rétt skref, að mínu mati, að byrja á því að hafa skattfrelsi algjört hjá móttakanda af arði.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að arður er í dag skattfrjáls hjá móttakanda upp að vissum mörkum og mætti vel hugsa sér að endurskoða það. Um það hefur jafnframt verið allrík pólitísk samstaða í landinu að halda nokkru skattfrelsi af tekjum af arði til þess að auka og efla þátttöku almennings í atvinnurekstrinum. Nú á allt í einu að klippa á þetta, strika þetta út með einu pennastriki án þess að tala við atvinnulífið, án þess að tala við fjármagnsmarkaðinn. Það er svo sem ósköp eðliegt að mikið uppnám verði í atvinnulífinu, mikið uppnám á fjármagnsmarkaðnum, þegar menn henda þessu svona inn í fljótfærni án þess að vita almennilega hvað þeir eru að gera.

Það virðist því miður vera svo að hæstv. núv. ríkisstjórn viti allt of lítið um það sem hún er að gera og væri þess vegna mikilvægt að fresta nú þingfundum þannig að menn fengju svefn í eins og tvo sólarhringa og athuga hvort menn verða ekki betur fyrir kallaðir þegar þeir vakna að nýju.

Umræðu frestað.

Bókhald, 2. umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46, nál. 247.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. á þskj. 247 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Verslunarráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Nefndin mælir með samþykkt frv. og undir það skrifa allir fundarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, GH, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓRG, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 186. mál (skipting kostnaðar). — Þskj. 205, nál. 248.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. á þskj. 248 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Indriða Þorláksson og Snorra Olsen frá fjmrn.

Nefndin mælir með samþykkt frv. og skrifa allir nefndarmenn undir nefndarálitið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 209, nál. 274, brtt. 275.

Frsm. efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. á þskj. 274 um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund hennar komu Indriði H. Þorláksson, Snorri Olsen og Jón Ragnar Blöndal frá fjmrn. og Ari Edwald frá dómsmrn.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. Varða þær allar atriði sem áttu upphaflega að vera í frv. en höfðu fallið út á vinnslustigi þess. Veigamesta breytingin lýtur að því að við bætist ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að ákvæði frv., sem varða sýslumenn, skuli gilda um bæjar- og borgarfó-

geta fram til 1. júlí 1992 er lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ganga í gildi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn en Halldór Ásgrímsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhannes Geir Sigurgeirsson undirrita með fyrirvara.

Breytingartillögur nefndarinnar eru á þskj. 275 og eru eftirfarandi.

1. 2. málsl. 6. gr. falli brott.

2. Við 9. gr. Í stað orðsins „arfleiðsluskrá" í 2. mgr. komi: erfðaskrá.

3. Við 11. gr. Við 18. tölul. bætist nýr stafliður, er verði a-liður, og orðist svo:

a. til sex mánaða eða skemur kr. 20.000.

4. Við 14. gr. Á eftir 4. tölul. bætist nýr tölul. svohljóðandi:

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng kr. 2.000.

5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði þessara laga, er varða sýslumenn, gilda um bæjarfógeta og borgarfógeta eftir því sem við á til 1. júlí 1992.

Til útskýringar á 3. lið þá mun þetta vera gjald fyrir áfengisleyfi sem veitt er til sex mánaða eða skemur. Annað skýrir sig nokkurn veginn sjálft.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera lítillega grein fyrir þeim fyrirvara sem er á stuðningi mínum við þetta frv. og fram kemur í nál. Hann lýtur fyrst og fremst að tvennu. Annars vegar þeirri hækkun sem hér er gerð á ýmsum liðum og er kannski ekki ýkja vandlega rökstudd í ýmsum tilvikum. Það er samkvæmt fylgigögnum með frv., sem við öfluðum frá fjmrn., og koma ekki fram með skýrum hætti í frv. sjálfu á þskj. 209. En samkvæmt fylgigögnum sem við fengum og upplýsingum frá fjmrn. er ætlunin að tekjuauki ríkissjóðs af þeim hækkunum sem á ýmsum aukatekjum eða gjöldum verður með lögfestingu þessa frv. verði um 390 millj. kr. eða tæplega 400 millj. kr.

Hins vegar segir síðan að vegna hugsanlegra ofáætlana sé ekki rétt að reikna með því að allur sá tekjuauki skili sér og þess vegna mun í forsendum fjárlagafrv. vera miðað við að hækkunin á þessum liðum skili 350 millj. kr. í ríkissjóð.

Það er annars vegar sú tillaga að hækkunum í einstökum tilvikum, sem frv. gerir ráð fyrir og hlýtur fyrst og fremst að verða á ábyrgð þeirra sem frv. leggja fram og hafa unnið þær tillögur, sem veldur þeim fyrirvara sem á er um stuðning minn. Að öðru leyti er ekki nema eðlilegt að þessi gjöld séu tekin til skoðunar og hækkuð til samræmis við verðlag með einhverjum hætti eins og önnur.

Hitt lýtur að því að það er alveg ljóst að með þessu frv. er ekki á nokkurn hátt ráðin bót á því ástandi sem er varðandi tekjuöflun ríkissjóðs í þessum efnum þar sem eru álögur ýmiss konar og gjöld af mismunandi tagi svo sem eins og dómsmálagjöldin, gjöld fyrir aðfararaðgerðir, nauðungarsölu, þinglýsingar, skipti dánarbúa, en þó sérstaklega liðurinn Ökuskírteini, vegabréf og ýmis önnur gjöld. Hvað þá hlið mála snertir er í raun og veru fullkomin ringulreið, liggur mér við að segja, ríkjandi hvað varðar þennan hlut sem tekjuöflunarpóst fyrir ríkissjóð. Þá á ég auðvitað fyrst og fremst við að það er algjört misræmi ríkjandi milli upphæðarinnar sem greidd er í einstökum tilvikum og umfangi þeirrar þjónustu sem á móti kemur. Í sumum tilvikum er um að ræða býsna háar upphæðir, nánast fyrir það eitt að skrifa undir eitt blað þar sem er á ferðinni útgáfa leyfisbréfa af ýmsu tagi. Í öðrum tilvikum er um að ræða gjald þar sem umtalsverð þjónusta kemur á móti og ætla má að hið opinbera hafi haft allnokkurn kostnað af því að fullnægja viðkomandi skilyrðum. Þetta getur átt við þegar t.d. úttekt, ýmiss konar athugun eða umsvif af öðru tagi tengjast því, eru undanfari þess að tiltekið leyfi sé gefið út. Í öðrum tilvikum er það ekki. Þegar til að mynda um er að ræða útgáfu leyfisskírteina fyrir ýmsar starfsstéttir, sem þegar hafa lokið embættisprófi og þegar hafa fullnægt öðrum skilyrðum sem þarf til að öðlast löggildingu starfsheitis eða þau réttindi önnur sem eiga við í einstökum tilvikum, þá er oft á tíðum, að best verður séð, ekki um annað að ræða af hálfu ríkisins en að viðkomandi aðilum er gert að skila inn öllum gögnum sem þarf til þess að leggja mat á hvort þau fullnægi viðkomandi skilyrðum og ef svo er þá er gefið út skírteini á eitt blað, A 4, kannski á löggiltan skjalapappír, ef vel lætur, og skrifað undir það. Önnur er þjónusta ríkisins ekki í slíkum tilvikum. Þetta getur kostað 50–75 þúsund kr. eftir sem áður. Til samanburðar við t.d. ýmis leyfi til starfsemi þar sem á undan fer úttekt og mat á aðstæðum.

Hér er auðvitað fullkomin ringulreið á ferðinni og ég tel að það verði að ganga í þá vinnu fyrr en síðar að koma einhverju samræmi á hlutina. Það er einnig ljóst að einstakar starfsstéttir og hópar fara mjög misjafnlega út úr þessari gjaldtöku ríkisins, eins og hún hefur þróast á undanförnum árum, og það ber að taka fram að það er ekki eingöngu hæstv. núv. fjmrh. sem hefur verið duglegur við að hækka þessa hluti svona af og til. Ýmsir fleiri hafa spýtt myndarlega í þetta við og við og slumpungshækkanir hafa orðið af og til með nokkru árabili og satt best að segja ekki verið mjög mikil regla á því.

Auðvitað má líka velta því fyrir sér hvort menn eru kannski í sumum tilvikum komnir út í talsverða ofstjórn þar sem ýmsir hlutir eru leyfisbundnir. Það kostar jafnvel nokkrar fjárhæðir að fá skírteini eða löggildingu eða hvað það er í hverju tilviki. Þannig er t.d. spurning hvort ástæða er til þess skrifræðis og kostnaðar sem fylgir því að gefa út naglabyssuskírteini og kosta 5 þúsund krónum til í hverju tilviki. Hvort með einhverjum einfaldari hætti sé ekki hægt að tryggja það eftirlit eða öryggi eftir atvikum, sem væntanlega er mönnum efst í huga, án þess að fara þessa leið, að vera

með þetta leyfisbundið og gjaldið ákvarðað í sérstökum lögum.

Að lokum, hæstv. forseti, ætla ég í umfjöllun um þetta að minna á þáltill. sem liggur fyrir þinginu og tekur á þessum málum. Það er 201. mál á þskj. 224, till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Ég tel að þar sé hreyft við þessu máli með mjög athyglisverðum og málefnalegum hætti þar sem lagt er til að ríkisstjórninni verði falið að láta fara fram heildarendurskoðun á þessum aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana, sem er auðvitað náskylt mál. Og markmið þeirrar úttektar verði að samræma þessa hluti, að gera skýran greinarmun á annars vegar þjónustugjöldum og hins vegar sköttum eða beinni tekjuöflun án þess að viðkomandi þjónusta sé kostuð í þeim tilvikum. Því er auðvitað fullkomlega hrært saman í þessu máli, eins og það er útbúið í dag og hefur verið undanfarin ár, vel að merkja, ég er ekki að halda því fram að það sé að versna neitt við þessar breytingar. En það verður alla vega engin bót á þar með þessari afgreiðslu. Að lokum legg ég þess vegna á áherslu það að fyrirvari minn við frv. þetta tengist einnig því að farið verði í þetta verkefni, að endurskoða þessa hluti og koma þeim í betra horf. Að mínu mati er alveg nauðsynlegt að notendur þjónustu eða þeir sem kaupa tiltekna hluti af þessu tagi, hafi á hreinu hvað þeir eru að greiða fyrir. Í hvaða mæli þar er um að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna viðkomandi þjónustu og í hvaða mæli um er að ræða hreina skattlagningu í ríkissjóð. Ég bind vonir við að úttekt af því tagi sem hreyft er í þessari þáltill. á þskj. 224 gæti orðið fyrsta skrefið í því efni að koma reglu á þessa hluti.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla í örfáum orðum að gera grein fyrir því hvers vegna ég skrifaði með fyrirvara undir þetta frv. um aukatekjur ríkissjóðs. Tvær ástæður liggja þar aðallega að baki. Önnur er sú að í nokkrum tilvikum er um allverulega hækkun á gjöldum að ræða. Það var einhver sem reiknaði út að það væri allt að 5.000% hækkun á einu gjaldinu sem þarna væri um að ræða og benti á að enn væru þjóðarsáttartímar. Og það er eðlilegt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þessum hækkunum.

Í öðru lagi vil ég nefna að mér þykir skorta á innra samræmi í þessum gjöldum og þar nefni ég einkum til kaflann þar sem fjallað er um atvinnuleyfi. Ég tel að hann þurfi að endurskoða og samræma þau gjöld sem þar er kveðið á um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

2.–5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 275,1 samþ. með 36 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefur forseti ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli um þær atkvæðagreiðslur sem á eftir koma.

6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

7.–8. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 275,2 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

10. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 275,3 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

12.–13. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 275,4 samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

15.–20. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 275,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1991, 2. umr.

Stjfrv., 29. mál (erlend lántaka). — Þskj. 29, nál. 240 og 243.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 240 um frv. til laga um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991.

Nefndin fjallaði um frv. samhliða 30. þingmáli, frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992. Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjmrn. fjölluðu sérstaklega um þetta mál á fundi með nefndinni.

Við endurskoðun lánsfjárþarfar ríkissjóðs fyrir árið 1991 hefur komið í ljós að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður allmiklu meiri en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum fyrir 1991. Þá bætist við sá vandi að ekki mun takast að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs nema að hluta til á innlendum lánamarkaði. Með frv. er því sótt um heimild fyrir ríkissjóð til erlendrar lántöku að fjárhæð 12,8 milljarðar kr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga, en þrír nefndarmanna rita þó undir með fyrirvara.

Undir þetta rita Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Ingi Björn Albertsson og Geir H. Haarde án fyrirvara, og Jón Helgason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 243 sem undirritað er af mér og það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Frumvarpið felur í sér heimild til ríkisstjórnarinnar um erlenda lántöku upp á 12,8 milljarða kr. til viðbótar því sem heimilað var í lánsfjárlögum þeim sem samþykkt voru í mars sl. Það er ljóst að lánsfjárþörf ríkisins hefur farið mjög úr böndum og einnig kemur til að lántaka á innlendum markaði hefur ekki gengið eftir svo

sem áformað var. Slík fjármálastjórn kann ekki góðri lukku að stýra og sannar enn einu sinni að ár eftir ár reynast áætlanir ríkisins byggðar á afar veikum grunni.

Síðastliðinn vetur gagnrýndu þingkonur Kvennalistans áherslur í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 en í áliti 2. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar segir: „*Annar minni hluti lítur svo á að þau lánsfjárlög, sem hér um ræðir, byggist á óraunsæi um þróun á lánamarkaðinum og augum lokað fyrir yfirvofandi áföllum eins og hruni mastra á Vatnsendahæð, en skollaeyrum skellt við hógværum beiðnum og andmælum fulltrúa hinna mjúku mála.*"

Það má segja að þessi orð hafi ræst. Nefndarálit þetta var skrifað í desember 1990 en í óveðrinu mikla sem yfir gekk í febrúar hrundi langlínumastrið á Vatnsendahæð! Þá hefur ástandið á lánamarkaðinum þróast mjög til hins verra, með háum vöxtum og mikilli samkeppni um lánsfé sem ríkið á ekki hvað minnstan hlut í að skapa. Fulltrúar Kvennalistans sátu hjá við afgreiðslu lánsfjárlaga ársins 1991 og munu einnig gera það við afgreiðslu þessa viðbótarfrumvarps enda stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, KÁ, KE, ÓRG, SvG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HG, IBA, JGS, JHelg, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, ISG, IP, JÁ, KÁ, KE, ÓRG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EL, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, EKJ, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, PJ, SighB, SHl, SP, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Úrskurður Evrópudómstólsins um EES-samninginn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hafði áður skýrt frá þá fer nú fram utandagskrárumræða um úrskurð Evrópudómstólsins um EES-samninginn. Þessi utandagskrárumræða fer fram að beiðni þingflokks Alþb. Málshefjandi er hv. 4. þm. Austurl. Það hefur verið gert samkomulag milli þingflokka um að hver þingflokkur hafi allt að 22 mínútur til umráða en að auki hafi málshefjandi og hæstv. ráðherra 10 mínútur hvor ef á þarf að halda.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. EES-skútan svokallaða er á strandstað og að þessu sinni er með öllu óvíst hvort hún muni losna þaðan og komast á flot á ný. Um það ber nánast öllum saman sem um málið fjalla, blöðum vítt um Evrópu, talsmönnum Evrópubandalagsins og EFTA og þó að ekki séu allir á einu máli um túlkanir, þá er óvissan um framhaldið yfirgnæfandi.

Evrópudómstóllinn, EB-dómstóllinn, telur samningsdrögin ómerk og stangast á við Rómarsáttmálann. Samingsaðilar beggja megin við borðið virðast koma af fjöllum. Klögumálin ganga á víxl milli samningsaðila, engar skýrar hugmyndir liggja fyrir um framhald málsins, sumir tala um einfaldar, tæknilegar breytingar á samningnum eins og danski utanríkisráðherrann. Fyrstu viðbrögð aðaltalsmanns EFTA um þessar mundir, utanríkisviðskiptaráðherra Finna, Pertti Salolainen, voru þau að ekki komi til greina að samningaviðræður verði hafnar að nýju. Menn verði að líta á EES-samninginn, segir hann, sem eina heild og ekki verði unnt að breyta einstökum atriðum eins og skipan dómstóls án þess að endurskoða allan samninginn.

Það er auðvitað óhjákvæmilegt að ræða þessa stöðu hér á Alþingi, þótt miklar annir, séu áður en hlé verður gert á störfum þingsins. Utanríkisráðherra Íslands á að taka við forustu EFTA nú um áramótin og gegna henni á fyrri hluta næsta árs og þannig er vandi Íslands sem aðila að þessu máli meiri en ella væri. Það segir sig auðvitað sjálft að þar sem ráðherranum verður ætlað ef á reynir að halda utan um hagsmuni EFTA í heild þá er hann settur í vanda sem hann er kannski ekki alveg óvanur að sjá framan í þegar hann gegndi slíkri formennsku fyrr á árum, en nú mundi reyna enn frekar á í þessum efnum.

Fulltrúum þingflokka hér á Alþingi þarf auðvitað að gefast færi á að tjá sig um þetta stóra mál í þeirri stöðu sem það er nú. Ég mun hér lýsa mínum viðhorfum til málsins og okkar alþýðubandalagsmanna og bera fram nokkrar spurningar til utanrrh. um viðhorf hans til framvindu mála. Ég minni á að við alþýðubandalagsmenn höfum haft margt við þetta mál að athuga frá því að viðræður hófust um að mynda þetta efnahagssvæði í ársbyrjun 1989 og þingflokkur Alþb. hafði uppi skýra fyrirvara um málið. Ég get vísað til tveggja samþykkta landsfunda flokksins sem gagnrýndi harðlega ýmis efnisatriði þessa fyrirhugaða samnings og sló því ótvírætt föstu að Ísland ætti ekki að sækja um aðild að Evr-

ópubandalaginu. Á því leikur enginn vafi hvað snertir afstöðu Alþb.

Ég mun aðeins minna hér á þrjú atriði sem tengjast þessum samningi. EES-samningurinn með fjórfrelsið gerir Ísland háðara Evrópubandalaginu efnahagslega og pólitískt, háðara en samræmst getur hagsmunum okkar að mínu mati eins og í pottinn er búið. Evrópskt efnahagssvæði væri að líkindum aðeins stundarfyrirbæri og aðild að því auðveldar þeim leikinn sem geta hugsað sér aðild landsins að Evrópubandalaginu. Ísland á að hasla sér völl sem óháð og sjálfstætt ríki til frambúðar og aðild að Evrópubandalaginu á ekki að koma til álita. En nú liggur fyrir dómsniðurstaða Evrópudómstólsins sem skilaði skriflegu áliti eftir fundahöld sl. föstudag og þetta er einróma álit á 52 síðum undirritað af öllum 13 dómurum dómstólsins og eru svör við fyrirspurnum framkvæmdastjórnarinnar sem sendi dómstólnum fyrirspurnir þann 13. ágúst sl. í alllöngu máli og það eru viðbrögð við því sem fram kemur í þessu áliti dómstólsins. Það er réttarkerfið í þessum fyrirhugaða samningi sem dómstóllinn fjallar um og segir í sínu áliti að sé ósamrýmanlegt Rómarsáttmálanum.

Það væri freistandi, virðulegi forseti, að fjalla um ástæðurnar sem dómurinn hefur fyrir áliti sínu. Ég nefni hér fimm atriði í því sambandi.

Réttarkerfið samkvæmt samningnum brýtur að mati dómstólsins í bága við 164. gr. Rómarsamningsins þess efnis að EB-dómstóllinn eigi að tryggja að farið sé að lögum við túlkun og beitingu samnings þessa, þ.e. Rómarsáttmálans. Þetta er einhver allra stysta grein Rómarsáttmálans sem þarna er um að ræða. Hún er 1½ lína og það má segja að ef þetta er aðalfyrirstaðan þá veltir lítil þúfa oft þungu hlassi.

EES-dómstóllinn mun ekki verða bundinn af úrskurðum EB-dómstólsins að mati þeirra 13 dómaranna í Lúxemborg eftir undirskrift EES-samningsins. Samningurinn mun hafa áhrif á túlkun reglna um frjáls viðskipti innan Evrópubandalagsins í framtíðinni og því er réttarkerfi samningsins ekki í samræmi við umrædda 164. gr. Rómarsáttmálans.

Í þriðja lagi er sú tilhögun að EB-dómarar eigi sæti í EES-dómstól talin auka á hættuna fyrir réttarkerfi Evrópubandalagsins. Dómarar EB lenda í þeirri aðstöðu að þurfa að túlka sömu ákvæði eftir mismunandi forsendum og markmiðum eftir því hvort þeir sitja í EB- eða EES-dómstólnum. Með þessu skerðir EES-kerfið sjálfræði EB-dómstólsins.

Í fjórða lagi segir á þessum síðum að EB-dómstólnum sé ætlað að túlka hugtakið „samningsaðili" samkvæmt samningnum og það fer eftir eðli máls hvort samningsaðili af hálfu Evrópubandalagsins er bandalagið í heild sinni eða einstök aðildarríki þess. Þannig mun dómstóllinn geta kveðið á um verkaskiptingu milli Evrópubandalagsins sem heildar og aðildarríkja þess. Með því er sjálfræði EB stofnað í hættu en samkvæmt Rómarsáttmála má aðildarríki ekki vísa deilumálum til annarra en EB-dómstólsins.

Og í fimmta lagi, það síðasta sem ég nefni hér af málsástæðum þótt fleiri séu, að EES-samningurinn væri sem alþjóðasamningur hluti af réttarkerfi Evrópubandalagsins og úrskurðir EES-dómstóls samkvæmt honum væru bindandi fyrir Evrópubandalagið, einnig sjálfan Evrópudómstólinn.

Fleiri atriði eru nefnd í þessu áliti, m.a. ákvæði um forúrskurði sem EFTA-ríki hafa heimild til að leita eftir hjá EB-dómstólnum en án þess að slíkir úrskurðir, sem EB-dómstóllinn fellir, væru bindandi fyrir EFTA-ríkin eða EFTA-dómstóla.

Þá ætla ég að víkja aðeins að því sem hefur valdið mér nokkurri undran og það er hvers vegna álit dómstólsins kom mönnum í opna skjöldu. Ég hélt að það væri á allra vitorði að Evrópudómstóllinn vill vera óháður og á að vera það samkvæmt Rómarsáttmálanum. Hann tekur ekki við pólitískum fyrirmælum framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðs EB. Hann telur sig þurfa og eiga að vernda grundvöll Evrópubandalagsins og dæma út frá markmiðum Rómarsamningsins um samruna. Hann lítur á Evrópubandalagið, svo vitnað sé til orða í umsögninni, sem tæki til þess að koma á æ meiri einingu og það var einmitt skref í þá áttina sem verið var að stíga í Maastricht á dögunum með því að þróa Evrópubandalagið enn frekar í átt að ríkisheild. Hugmyndir stjórnmálamanna jafnt innan Evrópubandalagsins og EFTA í þá veru að þeir geti pantað niðurstöðu hjá Evrópudómstólnum ber vott um að þeir hafi ekki lesið sína heimalexíu, hvað þá biblíu Evrópubandalagsins.

Fyrri dómar Evrópudómstólsins, m.a. dómar í litlu máli frá 1977, gátu sagt mönnum hvað í vændum væri og auðvitað áttu samningamenn EFTA ekki síður að gera sér grein fyrir þessu en framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Menn verða að þekkja gagnaðila sinn í samningum. Það er EFTA en ekki Evrópubandalagið sem væntanlega telur sig eiga meira í húfi ef EES-samningurinn verður áfram á strandstað og þá á ég við þá sem bera þetta mál fyrir brjósti. Þessi niðurstaða Evrópudómstólsins ætti að vera mönnum, einnig hér á Alþingi, nokkur lexía um það hvers eðlis Evrópubandalagið er og muninn á stofnunum þess, markmiðum og vilja einstakra aðildarríkja. Raunar er vikið að þessu í grein á síðum Morgunblaðsins í dag. Í þessu samhengi vaknar spurningin um stöðu EES-samningsins gagnvart stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, grænu bókinni okkar. Hún er þunn í samanburði við hina stjórnarskrána.

Ég hef oft velt þeirri spurningu fyrir mér hvort þessi samningur standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og ég leyfði mér að benda á spurningar þar að lútandi í sérálíti þegar Evrópustefnunefnd skilaði áliti til Alþingis í skýrslu vorið 1990. Ég tel raunar knýjandi að Alþingi tryggi fyrr en seinna að þessi hlið málsins verði rækilega könnuð ef framhald verður á umfjöllun um EES-samning af Íslands hálfu. Ég vil leyfa mér, þótt tími sé hér naumur, að vitna aðeins til viðtals við þjóðréttarfræðing í Ríkisútvarpinu í útvarpsþætti 2. des. sl. Þar á ég við dr. Guðmund Alfreðsson sem starfar nú á mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf en hefur fjallað um alþjóðarétt, Evrópurétt og þjóðarrétt, m.a. í kennslu við Háskóla Íslands undan-

farin ár. Hann vekur rækilega athygli á því að mörgum spurningum er ósvarað í þessu efni og nefnir dæmi til umhugsunar. Hann segir þar:

„Í fyrsta lagi mælir stjórnarskráin um að löggjafarvaldið sé í höndum Alþingis og forseta og er það þá nóg í ljósi þessara ákvæða stjórnarskrárinnar að við förum með formlegt neitunarvald vegna nýrra reglna, viðbóta eða breytinga á þessu EES-sviði á meðan efnislega löggjafarvaldið verður að miklu í höndum annarra aðila, þar á meðal stofnana Evrópubandalagsins þar sem við erum ekki aðilar."

Þetta er ein spurning og fyrsta spurningin. Líka í öðru lagi í tengslum við löggjafarvaldið. Það segir í þessum EES-samningsdrögum, í 6. gr. að mig minnir, að dómum eða úrskurðum Evrópudómstólsins, þ.e. dómstóls EB, sem hafi verið kveðnir upp í gegnum árin eða áður en EES-samningurinn er undirskrifaður, skuli beitt við túlkun og notkun EES-samningsins. Þá er það spurning: Getur Alþingi samþykkt slíka tilvísun án þess að viðkomandi gögn séu lögð fram? Margt af þessum gögnum snýst um grundvallaratriði. Er það hægt stjórnskipunarlega að samþykkja þetta allt saman óséð og óskoðað og þetta er ein spurning?

Í þriðja lagi, og þá kannski til að ljúka upptalningunni þar, önnur spurning sem lýtur bæði að framkvæmdar- og dómsvaldinu og er kannski besta dæmið í þeirri upptalningu um hugsanlegt valdaafsal. Þessi spurning snýst um vald Eftirlitsstofnunar EFTA og EES-dómstólsins í sambandi við samkeppnisreglur samningsins. Þarna virðist útlent vald, hvort sem það er framkvæmdar- eða dómsvald hjá EFTA eða EES, fá heimild til að taka ákvarðanir sem þá gildi ekki bara að þjóðarrétti heldur líka að landsrétti. Og það eina sem kemur í hlut innlendra aðila er þá að fullnægja niðurstöðunni að utan og maður spyr: Er þetta hægt? Er þetta leyfilegt miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar um innlent framkvæmdar- og dómsvald?

Virðulegur forseti. Ég nem hér staðar í annars ítarlegra viðtali og ábendingum dr. Guðmundar Alfreðssonar sem varðar íslensku stjórnarskrána og ég minni jafnframt á að lögmaður, sem mikið hefur fjallað um þessi mál, rætt og ritað, prófessor Stefán Már Stefánsson, hefur ekkert fullyrt í þeim efnum, hann hefur ekki tekið af nein tvímæli um það að þessi samningsdrög standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessu, virðulegur forseti, og beini spurningu til hæstv. utanrrh. varðandi þetta mál. Þetta ætti líka að verða mönnum til hugsunar þegar fjallað er um samskipti okkar við Evrópubandalagið, ég tala nú ekki um fyrir þá sem gæla við þá hugsun að Ísland gæti átt heima í evrópska stórríkinu í framtíðinni. Ég er ekki í þeim hópi og sem betur fer ber ekki mikið á hugmyndum í þá átt í umræðunni þessa daga. Menn telja það væntanlega ekki skynsamlegt að viðra slíkar hugmyndir nú. Á þessu er þó undantekning sem satt að segja kom verulega á óvart.

Hv. 10. þm. Reykv. Ingibjörg Gísladóttir, þingmaður Kvennalistans, hefur verið óþreytandi undanfarna daga að nefna inngöngu í Evrópubandalagið sem kost fyrir Ísland sem sé, ef ég hef skilið þingmanninn rétt, skárri en aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Þessa speki endurtekur hv. þm. enn og aftur í viðtali við Morgunblaðið í dag og menn geta flett upp á því til þess að sjá hvernig hún orðar þessar hugmyndir. Ég hef hingað til skilið málflutning Kvennalistans þannig að þær teldu sig hvað eindregnasta andstæðinga aðildar jafnt að EES sem og EB. Því er fullt tilefni, finnst mér, til að fá það upplýst hvort Kvennalistinn hefur breytt um stefnu að því er varðar aðild að Evrópubandalaginu.

Engin nauður rekur Íslendinga til þess, virðulegi forseti, að ganga í Evrópskt efnahagssvæði hvað þá að afsala sér sjálfstæði okkar og ganga í gin Evrópubandalagsins. Efnahagslega kæmi slíkt sjálfsmorði næst til lengri tíma litið, að ekki sé talað um þjóðlegt sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt. Því væru það góð tíðindi ef hæstv. utanrrh. svaraði því hér afdráttarlaust að hann hefði ákveðið í ljósi síðustu atburða að leggja öll áform um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á hilluna.

Ég held að íslenska þjóðin sé smám saman að átta sig á því hvað er hér á ferðinni. Skoðanakönnun, sem gerð var af Félagsvísindastofnun á dögunum, sýndi niðurstöðu sem ég var satt að segja undrandi á, þ.e. um helmingur þeirra, sem svöruðu og höfðu gert upp hug sinn, lýsti andstöðu við þennan ráðgerða samning og það var áður en kom til þess atburðar sem sigldi þessu máli í strand nú um síðustu helgi.

Ég tel að við eigum ekki að bíða eftir því, virðulegur forseti, ekki að draga það stundinni lengur að kistuleggja áformin um það að mynda þetta Evrópska efnahagssvæði eins og málum er komið. Ég vísa til þess, sem fær nú sívaxandi undirtektir, að tvíhliða samningar milli Íslands og Evrópubandalagsins er það sem við eigum að undirbúa, greina okkar hagsmuni vandlega, taka okkur til þess tíma, leita samninga um endurbætur á annars góðum viðskiptasamningum við Evrópubandalagið nú á næstunni og taka þar upp samninga, ekki aðeins á viðskiptasviði heldur eins og er opið fyrir okkur á menningarsviði og á mörgum öðrum sviðum þar sem við höfum verið að gera tvíhliða samninga með góðum árangri á undanförnum missirum.

Ég sagði, virðulegur forseti, að hæstv. utanrrh. væri mikill vandi á höndum ef hann ætlar sér að stýra EFTA og jafnhliða hugsanlega að leiða frekari samningaviðræður um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vona sannarlega að til þess komi ekki að það reyni þannig á ráðherra. En við hljótum að leita svara frá hæstv. ráðherra hvernig hann ætlar að samræma þetta verkefni að gæta hagsmuna Íslands og jafnframt að passa upp á hagsmuni alls EFTA-hópsins, jafnsundurleitir og þeir hagsmunir eru. Þeir voru sundurleitir, þeir eru margfalt dreifðari nú en þeir hafa verið nokkru sinni áður að því er varðar hagsmuni þessara ríkja gagnvart Evrópubandalaginu.

Ég leyfi mér að lokum, virðulegi forseti, að leggja fyrir hæstv. ráðherra sex spurningar sem ég hef komið á framfæri við hann skriflega fyrir þessa umræðu:

1. Er utanrrh., í ljósi síðustu atburða, reiðubúinn til

að hverfa frá áformum um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og hefja þess í stað undirbúning að tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um framtíðarsamskipti Íslands við bandalagið?

2. Ef ráðherrann hefur enn ekki gefið samninga um EES upp á bátinn, hvaða breytingar telur hann líklegt að gera verði á samningnum sem EFTA, og Ísland í þeim hópi, geti staðið að?

3. Hversu langan tíma telur utanrrh. að EFTA-ríkin geti tekið sér til þess að fá niðurstöðu um hugsanlegan samning?

4. Hversu langt er komið undirbúningi að tvíhliða samningi um sjávarútvegsmál milli Íslands og Evrópubandalagsins og hvenær hefur verið gert ráð fyrir að hann lægi fyrir fullbúinn?

5. Telur utanrrh. að fyrirliggjandi samningsdrög um EES samræmist ákvæðum stjórnarskrár Íslands?

6. Telur utanrrh. það samrýmanlegt að taka að sér formennsku í EFTA frá áramótum til miðs árs 1992 og eiga á sama tíma að gæta íslenskra hagsmuna í samningaviðræðum um EES ef til kemur?

Ég vænti þess, virðulegur forseti, um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu, að hér eigi margt eftir að skýrast varðandi það stóra mál sem hér er til umræðu í raun á allt of þröngum tíma fyrir Alþingi en skiljanlegt að menn leiti samkomulags í önnum þingsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er sem kunnugt er sú staðreynd að dómstóll Evrópubandalagsins hefur kveðið upp þann úrskurð að sá kafli EES-samningsins sem fjallar um dómstóla og réttarkerfi samrýmist ekki Rómarsáttmálanum. Þetta þýðir að samningsaðili okkar, framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, getur ekki staðið við samninginn að sínum hluta. Samningsaðilarnir hafa með öðrum orðum klúðrað þessum samningi.

Þetta er að sjálfsögðu innra vandamál Evrópubandalagsins sjálfs og þeim væri sæmst að leysa það sjálfum og eiga þess út af fyrir sig kost með því að gera breytingar á þeirri grein Rómarsáttmálans, sem hv. þm. og fyrirspyrjandi vitnaði í, sem er stutt og auðvelt að breyta og fyrir því meiri rök af þeirri einföldu ástæðu að Evrópubandalagið er nú með það sem meginverkefni sitt að breyta þessum Rómarsáttmála af öðrum ástæðum.

Hitt liggur nú þegar fyrir að af hálfu samningsaðila, framkvæmdastjórnar í umboði ráðherraráðsins, verður þess óskað, af hálfu EFTA-ríkjanna, að taka til endurskoðunar umræddan dómskafla EES-samningsins. Þar kemur fram að samþykkt ráðherraráðs Evrópubandalagsins frá 16. des. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðið áréttaði sérstaklega pólitískan vilja bandalagsins og aðildarríkja þess til þess að finna lausn sem allra fyrst sem gæti gert það kleift að skrifa undir samninginn fyrir febrúarlok 1992 svo samningurinn geti gengið í gildi, eins og fyrirhugað var, 1. janúar 1993 eftir að hann hefur verið fullgiltur.

Jafnframt lagði ráðið áherslu á að allir aðrir kaflar samningsins sem þegar hefur verið samið um við EFTA-ríkin og ekki er minnst á í áliti dómstólsins teljist vera frágengnir af hálfu bandalagsins."

Að því er varðar þá spurningu eða það álit hv. 4. þm. Austurl. að hann lýsti furðu sinni á því að báðir aðilar hefðu látið þessa dómsniðurstöðu koma sér í opna skjöldu er mitt svar þetta: Menn geta gefið sér fyrir fram hvaða skoðun sem þeim sýnist á niðurstöðu dómstóls og út af fyrir sig er það ekki rétt að þetta hafi endilega komið öllum aðilum EFTA-megin í opna skjöldu. Við gerðum okkur grein fyrir því að þetta gat auðvitað farið á hvorn veginn sem var eins og er um hverja aðra dómsniðurstöðu. Það er þó ekki aðalatriði þessa máls heldur hitt að þetta er algjörlega á ábyrgð samningsaðilans. Það var ekki okkar heldur framkvæmdastjórnar að ganga úr skugga um þetta fyrir fram ef það var á þeirra færi. Það þóttust þeir reyndar hafa gert, ekki með því að panta dómsniðurstöðu, heldur með því að leita álits hjá forustu dómstólsins og reyndar gerðu þeir það með formlegum hætti því að þeir leituðu eftir áliti dómstólsins strax í ágústmánuði og höfðu tilkynnt okkur að það álit ætti að liggja fyrir í september sem gerðist reyndar ekki þannig að þeirra hugmynd var upphaflega að álitið lægi fyrir áður en til niðurstöðu samningsins kæmi.

Allt er þetta innra mál Evrópubandalagsins. Ég get sagt á einfaldasta máta að mér komi þetta ekki við að öðru leyti en því að niðurstaðan kemur okkur vissulega við en það er á ábyrgð samningsaðilans.

Þá skal ég víkja að spurningum hv. spyrjanda.

1. Er utanrrh., í ljósi síðustu atburða, reiðubúinn að hverfa frá áformum um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og hefja þess í stað undirbúning að tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið um framtíðarsamskipti Íslands við bandalagið? Svarið við þessu er mjög einfalt. Svarið er nei. Rökin eru þekkt og þarfnast ekki endurtekningar.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er út frá íslenskum þjóðarhagsmunum einhver hagstæðasti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa gert. Við Íslendingar erum í þeirri sérstöðu meðal EFTA-þjóðanna að við hugsum þennan samning út frá langtímahagsmunum, einfaldlega af þeirri ástæðu að við höfum ekki uppi nein áform um að leita eftir inngöngu í Evrópubandalagið við óbreyttar aðstæður. Það er viðhorf samningsaðilans og það er viðhorf EFTA-ríkjanna að við munum nú láta á það reyna hvort þeir aðilar, samningsaðilar okkar sem klúðruðu samningnum, séu reiðubúnir til þess að bæta fyrir það. Við munum einfaldlega bíða átekta og meta það hvort þeir geti gert það með svo skjótum hætti sem þeir boða.

Að því er varðar spurninguna um tvíhliða samninga hefur ævinlega legið fyrir að ef þessir samningar af einhverjum ástæðum færu forgörðum ættum við ekki annarra kosta völ en að leita eftir tvíhliða samningum. Að vísu er það svo, eins og hv. þm. er kunnugt, að við höfum staðið í tvíhliða viðræðum við þetta bandalag á ýmsum stigum og við höfum þegar gert drög að tvíhliða samningi sem er forsenda aðalsamningsins þannig að tvíhliða samskiptin eru ærin, en við förum ekki í

tvíhliða viðræður um helstu mál fyrr en það liggur fyrir að bandalagið getur ekki efnt þann geysihagstæða samning sem við höfðum þegar náð niðurstöðu um. Á það verður látið reyna fyrst til þrautar.

2. *Ef ráðherrann hefur enn ekki gefið samninga um* EES upp á bátinn, hvaða breytingar telur hann líklegt að gera verði á samningnum sem EFTA, og Ísland í þeim hópi, geti staðið að? Það liggur fyrir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar að sá kafli samningsins, sem þeir telja að þurfi að breyta, snertir dómstólinn. Og þá er spurningin um þetta: Í hvaða átt ættu þær breytingar að ganga? Í fljótu bragði séð gætu einhverjir álykta sem svo að ein leiðin væri sú að stíga skrefi lengra í þá átt að fela Evrópubandalagsdómstólnum úrskurðarréttinn varðandi ágreiningsmál. Svarið við þeirri skoðun er að það kemur ekki til álita, hvorki af hálfu EFTA-ríkjanna né af hálfu Evrópubandalagsins. Það leysir ekki málin. Hin leiðin er trúlega sú að draga úr vægi dómstólsins. Hvernig? Jú, jú. Það er auðvelt að benda á leiðir til þess. Ein leiðin er til í samningnum sjálfum þar sem er EES-nefndin sem er ábyrg fyrir framkvæmd samningsins nánast frá degi til dags. Þetta gæti þýtt það að ágreiningsmálum um túlkun samningsins milli aðildarríkjanna yrði vísað til þess ráðs. Með öðrum orðum, í staðinn fyrir dómsúrskurði og samræmda túlkun kæmi nánast pólitískt kerfi til lausnar á ágreiningsmálum sem gæti síðan styrkt sig með *því að semja um eldri tillögu* sem áður hafði verið vísað á bug, þ.e. með gerðardómi.

Á þessu stigi málsins er ekki hyggilegt af mér að tíunda þetta frekar. Reyndar er það ótímabært vegna þess að eðli málsins samkvæmt er það þess samningsaðilans sem getur ekki efnt samninginn, sem getur ekki staðið við þennan kafla samningsins, að gera grein fyrir því hvaða breytingar hann telji að þurfi að gera á þessu og leggja það fyrir okkur. Það er okkar að meta það hvort þær tillögur koma að einhverju gagni.

Út frá pólitískri umræðu er það ljóst að sú leið, sem ég hér hef nefnt sem hina líklegustu, er auðvitað pólitískt útlátalítil og ekki vandasöm fyrir EFTA-ríkin. Hún gæti einnig vel verið ásættanleg eða ekki frágangssök fyrir *þau EFTA-ríki sem stefna að inngöngu* í Evrópubandalagið innan fárra ára vegna þess að þá er hér um að ræða tímabil sem brúar bil nokkurra ára þar til þau eru öll komin undir forræði Evrópubandalagsdómstólsins að fullu og öllu. Þetta er hins vegar að sumu leyti vandasamara fyrir okkur Íslendinga sem höfum þá sérstöðu í hópi þessara landa að við stefnum ekki að inngöngu. Við hugsum þennan samning til frambúðar og okkur er það meira hagsmunamál en flestum öðrum þjóðum vegna fámennis þjóðar og veikburða efnahagslífs að eiga lausn ágreiningsmála, sem upp koma um túlkun samningsins, bæði milli ríkja og lögaðila, undir öruggum úrskurðaraðila.

Í þessu samhengi má bæta því við að þessi niðurstaða *dómstólsins, sem út af fyrir sig* þurfti ekki að koma neinum sérstaklega á óvart, enda var samningsaðilum EFTA að sjálfsögðu fullkunnugt um það fordæmi sem hv. þm. nefndi um umferðarflutninga á Rínarfljóti frá 1976, er auðvitað staðfesting á því sem talsmenn þessa samnings hafa haldið fram, að í honum fólst ekki neitt framsal á innlendu dómsvaldi. Það er einmitt kjarni þess máls sem dómstóllinn er að fara með. Hann segir að „þar sem EFTA-ríkin haldi að fullu og öllu fullveldi sínu til ákvörðunartöku" — og það á að sjálfsögðu bæði við um löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið en einnig á sviði dómsvaldsins — „geti það ekki samrýmst réttarkerfi EB". Hv. fyrirspyrjandi er í hópi þeirra manna sem hafa haldið öðru fram. Nú hentar það honum að gleyma því og leggja áherslu á önnur atriði, en þetta er nú kjarni málsins.

3. Hversu langan tíma telur utanrrh. að EFTA-ríkin geti tekið sér til þess að fá niðurstöðu um hugsanlegan samning? Mitt svar við því er: Skamman tíma ef upphafleg markmið eiga að standa um gildistöku samningsins og framkvæmd.

4. Hversu langt er komið undirbúningi að tvíhliða samningi um sjávarútvegsmál milli Íslands og Evrópubandalagsins *og hvenær hefur verið gert ráð fyrir* að hann lægi fyrir fullbúinn? Svarið við því er að hann er efnislega því sem næst tilbúinn og gæti þess vegna legið fyrir fljótlega. Ég geri hins vegar ráð fyrir að sá dráttur sem verður á málinu í framhaldi af klúðri bandalagsins muni einnig fresta því að frá þessum samningi verði gengið.

5. Telur utanrrh. fyrirliggjandi samningsdrög um EES samrýmast ákvæðum stjórnarskrár Íslands? Af þessu tilefni vitnaði hv. þm. í nokkrar spurningar og vangaveltur sem ungur íslenskur lögfræðingur hefur velt upp í útvarpsspjalli. Svarið við spurningunni er hins vegar það að hafið er yfir allan vafa, að mínu mati og annarra EFTA-þjóða og þeirra þjóðréttarfræðinga og lögfræðinga sem EFTA-ríkin *öll* sameiginlega hafa í sinni þjónustu, að þessi samningur stenst ákvæði stjórnarskrár. Það hef ég nú rökstutt svo oft og iðulega áður að ég ætla ekki á þessari stundu að lengja umræðuna þess vegna, en ekkert í vangaveltum lögfræðingsins fær breytt þeirri niðurstöðu.

6. Telur utanrrh. það samrýmanlegt að taka að sér formennsku í EFTA frá áramótum til miðs árs 1992 og eiga á sama tíma að gæta íslenskra hagsmuna í samningaviðræðum um EES ef til kemur? Svarið við því er stutt og laggott: Já. Það samrýmist íslenskum hgsmunum að neyta þeirrar aðstöðu, sem formennskan gefur okkur Íslendingum, til þess að tryggja það eftir fremsta megni að við samningsniðurstöðurnar frá Lúxemborg verði staðið vegna þess að það er einfaldlega mjög í þágu íslenskra þjóðarhagsmuna að það verði niðurstaðan.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég sagði áðan í svari við einni af þessum spurnigum að Íslendingar nytu þeirrar sérstöðu í hópi EFTA-ríkjanna að við eigum meira undir þessum samningi til lengri tíma litið en hin EFTA-ríkin af þeirri einföldu ástæðu að enginn hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar lýst áformum um inngöngu *í Evrópubandalagið* hvað svo sem kann að líða túlkun hv. þm. á ummælum hv. þm. Kvennalistans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um að það sé kostur sem Kvennalistinn kunni að velta fyrir sér. Það er einmitt þess vegna sem þessi samningur er okkur svona þýð-

ingarmikill og út frá bæjardyrum þeirra sem telja það ekki samrýmast íslenskum hagsmunum að leita eftir inngöngu í Evrópubandalagið væri það rökrétt niðurstaða að leggja mun meiri áherslu á að þessi samningur næðist vegna þess einfaldlega að með þessum samningi höfum við leyst til frambúðar öll brýnustu vandamál okkar á viðskiptasviði og í öðrum samskiptum við Evrópubandalagið. Ef þessi samningur stendur, nær framkvæmd, mun hann reynast íslensku atvinnulífi veruleg lyftistöng og hann mun þá létta af þrýstingi frá sjónarmiðum þeirra, hvort heldur eru fulltrúar atvinnulífs eða stjórnmálasamtaka, sem teldu að ella, án þessa samnings, ættum við ekki annarra kosta völ en leita eftir inngöngu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Í tilfinningaríkri ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti fyrr í dag og ég kýs að skoða sem eins konar efnahagsstefnu Alþfl., jafnaðarmannsins sjálfskipaða eða formanns þeirrar stefnu, lýsti hann ótrúlega mikilli svartsýni á þróun íslenskra atvinnu- og efnahagsmála, að mínu mati algerlega óþarfi, og lauk þeirri upptalningu á ýmsu sem á gengur og á bjátar með því að segja klökkri röddu: Og svo ætla þeir að eyðileggja fyrir okkur EES-samninginn.

Ég tel að vísu, eftir mikla vinnu og langa, ótrúlegt hvernig nú er komið fyrir þessum EES-samningi. Ég er hins vegar algjörlega ósammála því að jafnvel þótt ekkert verði úr honum stefni allt hér í hið endalausa öngþveiti.

Kreppan sem nú gengur yfir þjóðfélagið er alls ekkert meiri en hefur verið oft áður. Samdráttur í sjávarútveginum er ekki meiri. Ég nefni ár eins og 1967 og 1968 og gæti nefnt fleiri. Í þessari stöðu þurfum við Íslendingar fyrst og fremst að bretta upp ermarnar og hlúa að þeim vaxtarbroddum sem við eigum og þeir eru margir. Því miður ber afar lítið á því hjá hæstv. ríkisstjórn og harma ég það.

Ég held að jafnvel þótt ekki verði af EES-samningi getum við Íslendingar átt hér efnahagsþróun og mannlíf í okkar landi, miklu betra en nokkurt þeirra landa sem við erum að semja við í Evrópu. Sannarlega er sú staða sem upp hefur komið hins vegar þess eðlis að nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því hvaða kostir henta okkur best í okkar milliríkjaviðskiptum og ég ætla að nota tíma minn til þess að rekja það með nokkrum orðum.

Fyrsti kosturinn er að leggja áherslu á að fá endurskoðun á EES-samningnum sem þá samræmist þeirri afstöðu sem komið hefur fram hjá Evrópudómstólnum. Afstöðu Evrópudómstólsins var ítarlega lýst hér af frummælanda í þessari utandagskrárumræðu og ætla ég ekki að endurtaka það. En í raun og veru er afstaða dómstólsins afar einföld. Í þessari stuttu grein, 164. gr., sem er eins og fram kom afar stutt, segir einfaldlega: „Evrópudómstóllinn skal gæta þess að að lögum sé farið."

Stundum er það svo, eins og við höfum kynnst í Íslendingasögunum, að stundum segja stuttar setningar hvað mest. Þetta segir í raun og veru allt. Og dómstóllinn segir: Þessi samningur getur a.m.k. ef ekki örugglega komið í veg fyrir það að við getum gætt þess að að lögum sé farið innan Evrópubandalagsins. Þetta er svo einfalt. Hann telur síðan upp nokkur atriði máli sínu til stuðnings. Ég tel satt að segja í fljótu bragði afar ólíklegt að hægt sé að gera þær breytingar á EES-samkomulaginu sem fullnægi bæði kröfum dómstólsins og kröfum okkar. Ég fyrir mitt leyti og við í síðustu ríkisstjórn féllumst á það að samþykkja EES-dómstól, þótt sannarlega megi færa að því rök að sé yfirþjóðleg stofnun, vegna þess að við töldum að þar hefðum við aðgang að aðila sem gæti kveðið upp úrskurð í deilumálum okkar við EB og það væri betra fyrir smáþjóð, eins og oft hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., að hafa aðgang að slíkum aðila en hafa aðgang að engum. Ég efa stórlega að þær hugmyndir sem hæstv. utanrrh. hefur hreyft fullnægi þessum kröfum. Ég efa stórlega að gerðardómur t.d. fullnægi niðurstöðum Evrópudómstólsins. A.m.k. held ég að það liggi alveg ljóst fyrir að sá gerðardómur má ekki hafa áhrif á neitt það sem við kemur í raun EB og framkvæmd Rómarsáttmálans. Ég sé því ekki að önnur lausn geti orðið í þessu en að við föllumst á Evrópudómstólinn í deilumálum okkar og það vona ég að komi aldrei til greina. Að breyta Rómarsáttmálanum, líklega þá þessari grein, 164. gr., lengja hana með einhverjum skýringarorðum, sýnist mér vera gersamlega út úr myndinni.

Ég viðurkenni það að hér eru meira vangaveltur ólöglærðs manns. Eins og hæstv. utanrrh. benti þá er ég bara rafmagnsverkfræðingur, en samt sem áður held ég að ekki þurfi meira en bara venjulegan mann til að sjá að þarna er komin upp svo alvarleg staða gagnvart þessum sáttmála að ólíklegt er að úr því verði leyst. A.m.k. má ekki leysa þannig úr þessum deilumálum að sáttmálinn verði lakari fyrir okkur Íslendinga. Það hygg ég að allir geti verið sammála um. Þó að þetta tækist hlýt ég samt að spyrja: Hvar eru hin stóru atriðin sem hæstv. ríkisstjórn á eftir að sýna okkur áður en við getum tekið afstöðu til þessa samnings? Hvernig ætlar t.d. hæstv. ríkisstjórn að tryggja það að landakaup erlendra aðila hér verði ekki óheft? Með öðrum orðum, hvernig ætlar hún að tryggja það að við getum komið í veg fyrir að erlendir aðilar kaupi upp Ísland eða stóran hluta af Íslandi? Okkur hefur verið sagt að breyta eigi lögum til að koma í veg fyrir þetta en það hef ég ekki séð.

Sömuleiðis höfum við vakið athygli á að í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að einkavæða orkufyrirtækin. Þar með væri rutt úr vegi þeirri hindrun sem við höfum talið vera á því að erlendir aðilar gætu virkjað hér orkulindirnar og vitanlega vekur þetta mann til umhugsunar um þá umræðu sem hér var í gær, hvort fengist hafi sá fyrirvari sem lagður var til og reyndar bæði utanrrh. og forsrh. lýstu samþykki sínu við, þ.e. sá fyrirvari að í okkar skilningi á forræði yfir orkulindunum felist að við höfum heimild til þess að ákveða einir hvernig þær skuli virkjaðar. Þetta er sem sagt hvorki ljóst eftir því sem ég fæ nú séð gagnvart þeim EES-samningi sem hér er til umræðu

eða þeim orkusamningi eða pólitískri yfirlýsingu sem var verið að undirskrifa í gær og tengist orkusamningnum.

Hver er þá annar kostur fyrir okkur Íslendinga? Ég hélt ekki að ég þyrfti að eyða orðum að því að til greina kæmi að gerast aðili að Evrópubandalaginu. Þó að gagnrýna megi þennan EES-samning um margt lít ég hins vegar svo á að regindjúp sé á milli hans og aðildar að Evrópubandalaginu. Sérstaklega hélt ég að öllum mætti vera þetta augljóst í dag þegar litið er á það sem er að gerast og hefur verið að gerast í Hollandi núna nýlega. Evrópubandalagið stefnir að langtum meiru en það er í dag. Það stefnir að pólitískri einingu. Það er yfirlýst stefna í dag. Og þó að Bretarnir blessaðir hafi mótmælt voru þeir beygðir. Þeir fá leyfi til að halda sig eitthvað fyrir utan, en stefnan er yfirlýst pólitísk eining.

Aðeins til að skýra þetta mál langar mig til að hlaupa hér yfir það sem kemur fram í blaði Félags ísl. iðnrekenda „Evrópa á döfinni" og nefnist „Stiklað á stóru". Hér er talið upp það sem einkennir bæði EES og síðan EB og ég skal aðeins fara yfir það sem hér er talið upp og ekki felst í Evrópsku efnahagssvæði.

Í fyrsta lagi er það sameiginleg viðskiptastefna eða með öðrum orðum, þeir sem gerast aðilar fara inn fyrir tollmúrana og í þessu felst náttúrlega gífurleg breyting sem mundi binda hendur okkar, t.d. í öllum þeim viðskiptasamningum sem við kysum að gera við aðrar þjóðir.

Sameiginleg orkustefna. Ég leyfi mér að fullyrða að í þessu tilfelli duga engir slíkir fyrirvarar sem við höfum verið að nefna í sambandi við orkusamning Evrópu.

Sameiginleg þróunaraðstoð, sameiginleg byggðastefna. Það má kannski segja að miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. hefur gefið væri skárra fyrir okkur að gerast einhvers konar útjaðar Evrópu en að þola þá stefnu sem hér er boðuð í byggðamálum en ekki vil ég það þó.

Sameiginleg landbúnaðarstefna, sameiginleg sjávarútvegsstefna, samræming í skattamálum. Ég er ansi hræddur um að ýmislegt af því sem menn eru að ræða nú fyki út um gluggann ef við værum orðnir aðilar að EB og veit ég að margir mundu að vísu fagna því.

Sameiginleg tollskrá, sameiginleg utanríkisstefna, einn gjaldmiðill. Þetta er það sem hér er upp talið.

Vitanlega vita allir að þetta er bara byrjunin á því. Þetta er það sem legið hefur fyrir þegar þetta blað er skrifað fyrir allmörgum vikum, í nóvember 1991, og þarna er stefnt enn þá lengra. Ég vona því að allt tal um inngöngu í EB verði látið niður falla. Ég tel það alls ekki koma til greina og vona að það geri engir Íslendingar.

Hver er þá þriðji kosturinn? Þriðji kosturinn væri að láta þetta sigla lönd og leið og bara segja: Við erum með samning við EB sem er nokkuð góður. Við viljum að vísu bæta hann með tíð og tíma en við getum aukið hér frelsi í fjármagnsflutningum eins og við kjósum. Við getum aukið hér frelsi í þjónustuviðskiptum eins og við kjósum o.s.frv. Við getum haft þessi mál meira og minna á okkar eigin hendi. Ég vil alls ekki útiloka þennan kost. Ég segi enn að ef við brettum upp ermar og byggjum á því sem við höfum sem við þyrftum náttúrlega að ræða miklu betur, miðað við þá svartsýni sem lýsir sér í öllum ræðum hæstvirtra ráðherra, hygg ég að við eigum um mjög margt að velja, mjög mikinn vöxt í fjölmörgum iðngreinum á fjölmörgum sviðum sem við höfum ekkert notað til þessa. Ég tel ekki að við þurfum að gera orkusamning til þess að ásóknin í orkuna okkar verði mikil, t.d. þegar farið verður að takmarka langtum meira en gert er nú orkuframleiðslu með orkugjöfum sem spilla andrúmsloftinu sem er algjörlega á næsta leiti. Og ég vek athygli á ferðaþjónustunni, heilsurækinni og þannig gæti ég lengi talið. Ég vek athygli t.d. á hugbúnaðinum. Þar eru menn núna að hasla sér völl erlendis og ná ótrúlega miklum árangri, vissulega eftir nokkurra ára reynslutíma og miklar þrautir. Ef við snúum okkur að þessu, búum við þennan samning, leitum eftir einhverjum lagfæringum á honum og bara tökum svo á honum stóra okkar og byggjum það upp sem við höfum held ég að við þurfum satt að segja lítið að óttast.

Síðan er það fjórði kosturinn, að leggja meiri áherslu á sérstakan samning við Evrópubandalagið. Ég hygg reyndar að sá kostur kunni að vera eðlilegastur og það segi ég vegna þess að Evrópubandalagið er okkar langsamlega stærsti viðskiptaaðili. Þangað flytjum við hátt í 70% af okkar útflutningi og langmest af okkar sjávarafurðum. Sá markaður er góður, hann borgar vel og fyrirtæki okkar hafa byggt sig þar upp. Ég mæli því með þessum kosti þó að ég segi að þriðji kosturinn sem ég nefndi áðan sé alls ekki útilokaður og við þurfum ekkert að örvænta þótt við náum ekki sérstökum samningi.

Mér er að vísu ljóst að það mun verða verulega gagnrýnt, af t.d. sjávarútveginum, ef við þurfum að búa við lakari kjör en t.d. Norðmenn með okkar innflutning inn á svæði Evrópubandalagsins. Og kannski er það meginástæðan fyrir því að við þurfum að leita eftir sérstökum samningi. Sömuleiðis er mér fullkomlega ljóst að þrátt fyrir það að við höfum núna tollfrelsi fyrir iðnvarning inn á Evrópubandalagið njótum við ekki verndar gegn tæknilegum viðskiptahindrunum eins stundum er um talað og á að felast í þessum EES-samningi. Sömuleiðis getum við ekki varið okkur eins fyrir undirboðstollum og þess háttar. Ég tel því að öllu athuguðu réttast að hefja nú þegar að athuga vandlega á hvað við munum leggja áherslu í tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Mér er ljóst að eflaust yrði beiðni um slíkt ekki vel tekið nú á meðan Evrópubandalagið er að sleikja sárin eftir sín mistök. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að þetta eru ótrúleg afglöp hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, að það skuli ekki hafa leitað upplýsinga um afstöðu dómstólsins fyrr en þeir hafa gert. Þeir þurfa að fá nokkurn tíma til þess að átta sig á þessum málum.

Ég kemst ekki að því að ræða aðeins svör hæstv. utanrrh. enda má segja að þau þurfi að skoða töluvert betur. Ég óttast að hann verði í nokkrum vandræðum sem formaður EFTA. Hins vegar skil ég það mætavel

að hann á erfitt með að hafna því að taka við formennskunni. Ýmislegt var fleira í þessum svörum sem er verðugt að ræða þó að það verði þá síðar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir að hafa leyft þessa umræðu og málshefjanda að eiga frumkvæði að því að hún skuli fara fram. Það er að koma æ betur í ljós hve margir þættir í samningi um Evrópskt efnahagssvæði eru langt frá því að vera með þeim hætti að Íslendingar geti sætt sig við að gerast aðilar að efnahagssvæðinu. Álit EB-dómstólsins hefur sett málið í hnút sem óvíst er að verði leystur. Það var ljóst strax 22. nóv. þegar athugasemdir komu til framkvæmdastjórnar EB frá dómstólnum um að niðurstaðan yrði líklega sú sem nú er orðin. Dómstóllinn vill ekki framselja neitt af valdi sínu né láta skerða sjálfstæði sitt. Miðað við túlkanir og niðurstöður dómstólsins fram til þessa átti þessi niðurstaða dómstólsins ekki á neinn hátt að koma á óvart, allra síst hæstv. utanrrh. sem hefur haft þetta mál sem aðalatvinnu nú í nokkur ár.

Ég get ekki verið sammála hæstv. utanrrh. þegar hann segir að þetta sé bara pólitískt mál heldur er þetta spurningin um sjálfstæði EB-dómstólsins gagnvart framkvæmdastjórninni og ráðherraráðinu. Ef dómstóllinn segir að EES-samningur samræmist ekki ákvæðum Rómarsáttmálans þarf annaðhvort að breyta Rómarsáttmálanum eða EES-samningi ef halda á til streitu að hann verði að veruleika. Það er ekkert smámál sem hægt er að kippa í liðinn með smáorðalagsbreytingum.

Vitnað hefur verið til 144. gr. Rómarsáttmálans, þessarar stuttu greinar, þar sem segir að dómstóllinn eigi að tryggja að farið sé að lögum við túlkun og beitingu samnings þessa þannig að greinilegt er að dómstóllinn telur ekki að þarna sé farið að lögum.

Ef við gerum okkur í hugarlund hvort líklegt sé að Rómarsáttmálanum verði breytt held ég að mjög ólíklegt sé að það muni gerast. Nú er verið að gera breytingar í átt til meiri samruna og þess vegna er mjög ólíklegt að Evrópubandalagið muni samþykkja að gera breytingar á Rómarsáttmálanum sem eru í þá átt að rýra sjálfstæði Evrópudómstólsins. Það er því mjög ólíklegt, auk þess sem það mundi taka þó nokkuð marga mánuði að gera það því að samkvæmt ákvæðum Rómarsáttmálans þarf að kalla saman ríkjaráðstefnu EB og síðan þurfa þing allra ríkjanna að samþykkja hann. Þetta er ekkert sem gert er yfir eina nótt. Einnig verður að hafa það í huga að tvö EFTA-ríkin hafa þegar sótt um inngöngu í EB og e.t.v. fylgja fleiri á eftir. Það er því varla raunhæfur möguleiki að EB-ríkin breyti Rómarsáttmálanum. Ég reikna ekki með að þau telji að nokkur vegur sé að gera það.

Miðað við þær athugasemdir sem EB-dómstóllinn hefur gert við stofnanaþátt EES-samnings get ég ekki séð að þær breytingar geti orðið á honum með þeim hætti að það geti orðið ásættanlegt fyrir okkur. Samningsdrögin eru ótæk eins og þau eru nú og geta aðeins versnað. Þau eru þegar komin í mótsögn við ákvæði stjórnarskrárinnar og stofna efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði þjóðarinnar í mikla hættu. Ég get ómögulega fundið eða séð það neins staðar að EB-dómstóllinn hafi úrskurðað það að EFTA-löndin hafi ekki afsalað sér valdi. Ég hef að vísu ekki lesið þetta allt frá orði til orðs en það væri fróðlegt að fá ábendingar um það hvar í ósköpunum það stendur í þessum gögnum að það sé úrskurður EB-dómstólsins, að hægt sé að túlka samninginn á þann veg að EFTA-löndin hafi ekki afsalað sér valdi.

Það sem hæstv. utanrrh. hefur hér nefnt, að draga eigi úr vægi dómstólsins og auka vald EES-nefndarinnar, eins og hann sagði áðan, og síðan e.t.v. koma á gerðardómi get ég ekki séð að samrýmist neitt frekar því sem EB-dómstóllinn hefur sagt nú ef á að ganga út frá því að sömu lög og reglur eigi að gilda á öllu svæðinu og túlkun á þeim. En eitt af því sem þeir hafa bent á er einmitt að erfitt sé að halda sömu lögum og reglum á öllu svæðinu ef tveir mismunandi dómstólar eiga að skera þar úr. Þess vegna skil ég ekki að það sé möguleiki á, ef um er að ræða að mynda þetta Evrópska efnahagssvæði með þeim hætti sem hingað til hefur verið gengið út frá, að það muni verða samrýmanlegt niðurstöðu dómstólsins. EB-dómstóllinn vill fá að túlka lög og reglur EB án þess að taka mið af túlkunum annarra dómstóla og þeir verða ekkert ánægðir með það að einhverjir aðrir eigi að úrskurða um hvað lög og reglur eigi að gilda.

Að mínu mati er eina leiðin í þessu máli að stjórnvöld viðurkenni að það er komið í óefni. Við eigum ekkert erindi í áframhaldandi samflot með EFTA-ríkjunum sem eru að keppa um inngöngu í EB. Við eigum aðeins eina leið í þessari stöðu og það er ágætis leið að mínu mati. Við eigum góðra kosta völ í samskiptum við Evrópubandalagið og við eigum nú þegar að hætta öllum viðræðum, leggja yfirvegað mat á þjóðlega hagsmuni og leita eftir tvíhliða viðræðum við EB um endurbætur á gildandi fríverslunarsamningi og gagnkvæmum samskiptum á öðrum sviðum. Sú leið er farsælust fyrir land og þjóð fyrir alla framtíð. Við verðum að muna að við erum með sæmilega góða fríverslunarsamninga við Evrópubandalagið og við eigum auðvitað að leita að endurbótum á þeim.

Aðild að Evrópsku efnahagssvæði var slæmur kostur en sýnu verri væri innganga í Evrópubandalagið sem tók í Maastricht viðbótarskref að stórríki með sameiginlegri mynt, óháðum seðlabanka og pólitísku samstarfi í utanríkis- og öryggismálum. Inn í það stórríki eiga Íslendingar ekkert erindi og Kvennalistinn hefur ekkert breytt stefnu sinni að því er þetta atriði varðar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu. Einkum og sér í lagi fagna ég því að mér finnst minna bera á milli en menn hefðu kannski haldið í ræðum þeim sem fluttar hafa verið. Mér finnst að allir ræðumenn hafi gert sér grein fyrir að í jafnalvarlegu og mikilvægu máli og þetta er ríður á miklu að við reynum að ná sem bestri samstöðu og það virðist mér að muni geta tekist.

Fyrst langar mig að víkja aðeins að orkusáttmála

Evrópu sem var ræddur í utanrmn. á löngum fundi í gær og þar varð niðurstaðan sú að menn fólu hæstv. utanrrh. að ræða við viðskrh., sem er erlendis, væntanlega til að undirrita þennan samning eða setja á hann stafi sína. Gerðar voru breytingar á ræðu þeirri, sem hann hugðist flytja, í samráði við okkur og hafði hæstv. utanrrh. forustu um það að ósk nefndarinnar. Ég held að rétt sé að undirstrika hér og nú á þessum stað, í Alþingi sjálfu, að allir þingmenn í utanrmn., og væntanlega allir þingmenn, voru sammála um að það yrði að vera rækilegur fyrirvari um að við hygðumst aldrei afsala okkur fullveldisrétti yfir orkulindum okkar fremur en fiskimiðum. Og í ljósi þess vilja Alþingis eru ekki athugasemdir gerðar við að undirskrifa þennan sáttmála sem er í rauninni ekki annað en viljayfirlýsing enn þá og verður ekki annað fyrr en eftir hálft eða eitt ár eða lengri tíma þannig að það mál er þá örugglega á hreinu og enginn getur haldið því fram að við höfum ekki gert alla nauðsynlega fyrirvara um fullveldi okkar og eignarrétt.

Það fer auðvitað ekki á milli mála að þetta eru mikil tíðindi þegar Evrópubandalagið hefur klúðrað málum eins og hæstv. utanrrh. réttilega segir og kollega hans í Danmörku, Uffe Elleman, kallar hneyksli. Ég held að mér ætti að vera óhætt að taka mér þau orð í munn úr því að þeir gera það. Ég hef ekki þorað að segja þetta síðasta hálfa árið eða svo. Ég hef þó margsinnis bent á að það væri enginn samningur gerður og þetta væru ekki annað en drög og þau léleg í flestu tilliti. Það kom mér þess vegna ekkert á óvart að þetta klúður yrði opinbert. En það liggur sem sagt fyrir að þarna var um klúður að ræða og við hljótum auðvitað að gæta okkar í samskiptum við þá menn sem klúðra öllum hlutum sem geta varðað okkur lífið sjálft, líf þessarar þjóðar, og einnig það gera menn nú. Og ég er mjög þakklátur hæstv. utanrrh. einmitt fyrir að þora að segja hlutina, nefna þá réttum orðum og yfirleitt það sem hann sagði hér í sinni ræðu. Ég treysti honum eins og öðrum Íslendingum að standa á verði og við getum vel gert það. Við getum tryggt hagsmuni okkar og það eru engir aðrir sem geta tekið þá af okkur.

Við eigum t.d. miklu stærra svæði af yfirborði jarðar heldur en Evrópubandalagssvæðið allt saman er. Við höfum fjallað um það og við höfum undirbúið okkur vel með þessari bók, t.d. sem Evrópustefnunefnd gaf út og ég leyfi mér nú að auglýsa í jólabókaflóðinu. Hún kom út fyrir ári síðan en þetta er bók sem allir Íslendingar þyrftu helst að kynna sér. Hér er grundvöllurinn lagður af Evrópustefnunefnd sem var nefnd alþingismanna og á þessum grunni höfum við byggt. Við höfum raunar líka byggt okkar landhelgisbaráttu og þar með fullveldisbaráttu á gömlum merkum lögum frá 1922 og allt til þessa dags hefur það verið grundvöllurinn og við þurfum að gæta að okkur að hvika ekkert frá þeim grunni sem lagður hefur verið af feðrum okkar og mæðrum að sjálfsögðu.

Ég er ekki svo hræddur við það þó að við þurfum að fara í tvíhliða viðræður. Ég held að það geti verið af hinu góða og ég held að ég meti það rétt. Ég hef farið í þó nokkrar ferðir ýmist sem formaður Evrópustefnunefndar eða utanrmn. í heimsóknir til þessa ágæta fólks í Brussel eða öðrum stöðvum Evrópubandalagsins og það er enginn vafi í mínum huga að þetta fólk vill að við séum Evrópumenn og við fáum að vera það. Við viljum það sjálfir. Ég hef oft þegar ég hef þurft að flytja ávarp á einhverjum smásamkomum eða á fundum byrjað á að segja: Við erum Íslendingar og viljum vera Íslendingar og ráða okkar Íslandi og því sem hafréttarsáttmálinn og alþjóðalög tryggja okkur, þ.e. allt umhverfið, ekki bara 200 mílur heldur 350 á Reykjaneshrygg og með samvinnu við Breta 600 mílur suður í höfum. Þetta er allt á borðinu. Við höfum ekki sinnt því nægilega vel að koma þessu heim en það er allt saman á borðinu og engin fiskimið hér sem neinir aðrir mega nýta en við sjálfir, hvergi í okkar nágrenni. Það þarf þess vegna ekki að vera að tala um neina möguleika á því að gera við og þjónusta einhvern flota sem er að veiða hérna fyrir utan, flota sem ekki er íslenskur. Hann er auðvitað allur íslenskur og verður það bara hvenær sem við viljum framkvæma það. Þetta er okkar eign.

En að því er varðar Evrópubandalagið og Evrópskt efnahagssvæði þá langar mig að vitna hér aðeins í ummæli Hennings Christophersens, varaforseta framkvæmdastjórnar EB, sem hann viðhafði 18. sept. 1990 þegar Evrópustefnunefnd var á fundi hjá þessum heiðursmönnum. Hann sagði t.d.: „Vissulega hafa Íslendingar opnað markaði sína fyrir iðnvarning frá EB og án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir. Jafnvægi þarf að nást á þessu sviði."

Þetta er af minnisblaði frá þessum fundi sem við öll úr nefndinni vorum á. Þá kvaðst Christophersen telja að spurningar um fisk og fiskveiðiréttindi yrðu ekki þær erfiðustu í EES-viðræðum.

Spurt var um álit á ummælum Mitterands í Reykjavík sem hann hafði viðhaft nokkrum dögum á undan. Þetta eru ummæli sem Íslendingar allir þekkja, að það ætti að taka sérstakt tillit til hagsmuna Íslendinga, sérstaklega að því er varðar fiskveiðiréttindi, mjög vinsamleg ummæli. Christophersen kvaðst þekkja ummælin og telja að Mitterand hefði átt við að hann legði til að við Íslendingar tækjum upp tvíhliða viðræður við EB en ekki að þær kæmi í stað EES-samningaviðræðna, þ.e. hvort tveggja í senn eins og við höfum verið að gera og ég held að allir flokkar hafi meira og minna ályktað um, einmitt í sambandi við útgáfu þessarar bókar, að aðild að Evrópubandalaginu kæmi ekki til greina, væri ekki á dagskrá og ég vona að allir séu sammála um það, mér heyrist það. En hitt er annað mál að gjarnan má taka upp tvíhliða viðræður samhliða einhverjum viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég held að það væri mjög hyggilegt. Ég held að við höfum ekki misstigið okkur eitt eða neitt í þessu efni og munum sjálfsagt ekki fara að taka upp á því úr þessu.

Og síðan leggur Christophersen mikla áherslu á það að í Evrópubandalaginu sé það eitthvað sem á að koma fyrir eitthvað, ekki fiskveiðar í staðinn fyrir markað endilega, en það sé hægt að semja um alla slíka hluti.

Hann sagði t.d. líka, þegar spurt var um fríverslun

með fisk og fiskafurðir gegn veiðiheimildum og um styrki í sjávarútvegi, að nauðsynlegt væri að komast út úr þeim þrönga farvegi sem þessi umræða væri komin í. Framkvæmdastjórum væri nauðsynlegt að geta gefið svör við gagnrýni heima fyrir og það væri gott að geta bent á að í staðinn fyrir fríverslun með fisk hefði náðst aðgangur að mörkuðum.

Hann er sem sagt að ráðleggja okkur þarna, bæði á þessum formlega fundi og eins á eftir í fullkominni vináttu og það fór ekkert á milli mála að við eigum stuðning í þessum ríkjum og hann mjög mikinn. Það er þess vegna ánægjulegt að mér virðist að flestir eða allir hér í þessum sal séu sammála því að taka upp tvíhliða viðræður fljótlega eða undirbúa þær. Við þurfum ekkert endilega að loka fyrir að ræða áfram um Evrópskt efnahagssvæði. Það getur enginn sakað okkur um það sem hér hefur gerst. Það getur enginn haldið því fram núna að við höfum verið að reyna að splundra einhverju, jafnvel ekki ég, eða eyðileggja eitthvað fyrir samningaviðræðum, síður en svo. Við höfum haldið öllum samningum gangandi og óskað eftir að okkar rétti og okkar kröfu væri fullnægt sem ekki hefur verið gert. En það eru þeir sjálfir sem hafa klúðrað þessu að samanber orðalag utanríkisráðherra okkar og að þetta hafi verið hneyksli samanber orðalag danska utanríkisráðherrans.

Ég held að við getum verið ánægð með það sem hefur gerst og við skulum auðvitað vera vel á varðbergi en við fylgjum okkar rétti til hins ýtrasta. Það erum við öll sem erum sammála um og gerum það bara með hægðinni. Við höfum allt að vinna og engu að tapa ef við höldum rétt á málunum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ég ætlaði að nota þann takmarkaða tíma sem ég hef hér í pontunni til að ræða um það mál sem hér er til umfjöllunar, þ.e. skipbrotið í EES, við hæstv. utanrrh. en eins og þingheimur varð vitni að í upphafi umræðunnar átti sér stað svolítill pólitískur sjónleikur um afstöðu Kvennalistans í þessu máli og ég er að hugsa um að ganga frá því verki áður en ég tala við hæstv. utanrrh.

Það var hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson sem var sem sagt höfundur þessa sjónleiks og aðalleikari og ég verð að segja að ég fékk ekki betur séð en þessi hv. þm. væri illa sligaður af stalínískum arfi síns flokks í því sem hann sagði hér áðan. Hv. þm. sagði: Það kom á óvart — ég man ekki hvort hann tiltók mig sérstaklega — að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eða Kvennalistinn væri að gæla við þá hugmynd að Ísland eigi heima í evrópska stórríkinu. Og hann vitnaði í Morgunblaðið í dag sér til fulltingis og taldi sig hafa lesið það út úr orðum mínum þar. Þessi hv. ræðumaður sagði hér í umræðunni fyrr í dag að menn yrðu að þekkja sinn gagnaðila og beindi þeim orðum til hæstv. utanrrh. Ég verð að segja við þennan ágæta þingmann að menn verða líka að sjá skóginn fyrir trjám. Það er afskaplega mikilvægt.

Ég minnist hér á hinn stalíníska arf og ég ætla að halda mig við þá samlíkingu vegna þess að það hefur löngum viljað brenna við stalínismann að hann nærist á svikurum eins og púkinn á fjósbitanum nærist á blótsyrðum. Og mér fannst nú eins og hv. þm. fyndist hann hafa sett í feitt með tilvitnun í þessi blöð í dag. En ég verð að hryggja hann með því að það er ekki mjög feitan gölt að flá þar sem ég er annars vegar.

Þessi stalíníski arfur birtist gjarnan í því að menn fara að velta því fyrir sér hvern fjandann það fólk sé að læðast sem fer ekki eftir þröngri línu sem því er uppálögð. Slíkt fólk er auðvitað til alls líklegt og því miður er það svo að stalínistar þola ekkert verr en að atburðir, talsmáti og tilfinningar fái eðlilega framrás. Það var ósköp einfaldlega það sem átti sér stað í þessu viðtali Morgunblaðsins og viðtali útvarpsins við mig að mínar hugsanir fengu bara eðlilega framrás og þetta er eins og maður segir gjarnan „non issue“ því það er ekkert nýtt í þessu. Ég ætla að leyfa mönnum að heyra hvernig þetta hljómar og þá geta þeir lagt sjálfir mat á það hvað í orðanna hljóðan felst. Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær er ég spurð að því hvor kosturinn mér þætti betri ef við ættum aðeins tveggja kosta völ, þ.e. aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða að ganga í EB og þá segi ég, með leyfi forseta: „Mér finnst náttúrlega hvorugur þessara kosta góður en mér finnst í rauninni Evrópska efnahagssvæðið vera bara hálfgert skipulagslegt skrímsli og af tveimur vondum kostum kysi ég frekar inngöngu í EB, en þó verð ég auðvitað að gera þann fyrirvara að sjávarútvegsstefna bandalagsins er okkur mjög erfið. En eins og ég segi, ef ég stæði bara andspænis þessum tveimur vondu kostum. Ég hef alltaf viljað og við kvennalistakonur reyna að fara leið tvíhliða samninga og teljum að það væri heppilegast fyrir okkur.“

Nú í Morgunblaðinu í dag segir, með leyfi forseta: „Aðspurð sagði hún það sína skoðun að af tvennu illu væri skárra að vera í EB en EES ef undan væri skilin sjávarútvegsstefna bandalagsins. Það væri nánast vonlaust að koma einhverjum lýðræðislegum böndum á Evrópska efnahagssvæðið. Það tryggði mjög takmarkað áhrifavald þjóðkjörinna fulltrúa og möguleikarnar til að hafa áhrif á lagasetningu væru að auki mjög takmarkaðir. Hún vildi hins vegar taka skýrt fram að hún teldi þriðju leiðina vænlegasta fyrir Íslendinga, það væri leið tvíhliða samninga við EB.“ Þess vegna verð ég nú að segja að þessi uppákoma hv. þm. hér í pontunni áðan er afskaplega sérkennileg ef eftir orðanna hljóðan er farið og eins og ég segi, þarna finnst mér að sé afturgenginn mjög erfiður arfur.

En ég ætlaði í sjálfu sér ekki að eyða öllum tíma mínum í þetta mál. Ég ætlaði að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. og það sem hefur kannski komið mér mest á óvart í allri þessari umræðu — því að í sjálfu sér kom niðurstaða dómstólsins mér ekki á óvart — var að sjá hversu fimlega hæstv. utanrrh. er búinn að tileinka sér tilburði kattarins og reynir, eins og hann, ævinlega að koma niður á fótunum þó að með herkjum og erfiðismunum sé. Hann hefur útlistað þetta mál þannig og það hefur verið hans pólitíska analýsa á þessu máli að þarna sé um innra vandamál Evrópu-

bandalagsins sjálfs að ræða og þeir í Evrópubandalaginu eigi bara að leysa það sjálfir og hann sagði meira að segja hér í dag: „þeir gætu í sjálfu sér gert það með einföldum hætti. Þeir eiga þess kost með því að breyta Rómarsáttmálanum.“ Auðvitað er þetta mál ekki svona einfalt. Bæði tekur það langan tíma að gera þessa breytingu og þar fyrir utan er þetta ekki bara innra vandamál Evrópubandalagsins vegna þess að þessi niðurstaða dómstólsins hefur veruleg áhrif á EFTA. Hún hefur veruleg áhrif á stöðu EFTA og á stöðu þeirra aðila sem hafa verið að semja um þessi mál innan EFTA, á pólitíska stöðu þeirra í sínum heimalöndum þannig að þetta er ekki einfalt og þetta er ekki bara innra vandamál Evrópubandalagsins sjálfs. Ég er hrædd um að þetta sé vandamál þeirra manna sem hafa verið að semja um þetta við Evrópubandalagið.

Önnur söguleg eða pólitísk analýsa er á þá leið að þetta sanni það náttúrlega fyrir öllum mönnum að samningurinn hafi verið of góður fyrir EFTA og ríkin haldi fullveldi sínu. Það sé náttúrlega niðurstaða dómstólsins. En það er náttúrlega líka afskaplega einföld útskýring vegna þess að vandamálið er í hnotskurn að það átti að reyna að gefa Evrópska efnahagssvæðinu sjálfstætt líf. Og það öðlast ekki sjálfstætt líf nema það sé ákveðið líf gefið í það, bæði frá EB og frá EFTA-hlið, það sé ákveðið valdaframsal sem eigi sér stað bæði frá þessum sjö þjóðríkjum EFTA og frá Evrópubandalaginu. Það er m.a. það framsal sem dómstóllinn er í rauninni að mótmæla og hæstv. utanrrh. sagði hér, þegar hann svaraði spurningunum áðan, að það væri rétt að bíða átekta, kannski kæmi út úr þessu einhver pólitísk lausn sem væri m.a. sú að draga úr vægi dómstólsins og EES-nefndin fengi eitthvert úrskurðarvald í stað dómstólsins. Ég er hrædd um að þetta sé ekki svona einfalt vegna þess að það kom m.a. fram á fundi sem við sátum hér fjórir þingmenn á mánudaginn var með þingmönnum frá Evrópubandalaginu að menn höfðu miklar efasemdir um þingmannanefnd EES og höfðu miklar efasemdir við 106. gr. samningsins þar sem kveðið er á um þingmannanefndina og þeir höfðu líka miklar efasemdir um þessa EES-nefnd. Það hafði m.a. laganefnd Evrópubandalagsins og það var samdóma álit hennar að þar orkaði ýmislegt tvímælis.

Það sem hefur aðeins stungið mig líka í þessari umræðu er þegar hæstv. utanrrh. er svona hálft í hvoru að hæðast að því sem hann kallar hið heilaga sjálfstæði Evrópubandalagsins. Ég vildi sannarlega að hæstv. utanrrh. tæki okkar sjálfstæði kannski svolítið alvarlegar heldur en hann gerir. Ég er nú ekki gömul hér á þingi og hef fylgst með því hvernig lagasetning á sér stað hér á Alþingi og finnst það svolítið sérkennilegt þegar menn eru að semja lagatexta á hlaupum. Mér finnst að hæstv. utanrrh. sé kannski orðinn dálítið merktur af — þú fyrirgefur, forseti — lagasukkinu á Alþingi þegar hann segir svona hluti. Því að mér finnst hann ekki taka þessa hluti mjög alvarlega, sjálfstæði, fullveldi og dómstólinn.

Hæstv. utanrrh. svaraði því áðan að hann væri ekki tilbúinn til þess að undirbúa tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um framtíðarsamskipti Íslands við bandalagið. Hann er enn við það heygarðshorn að Evrópskt efnahagssvæði væri best, þetta væri langtímasamningur. Þá verð ég að segja það sem mína skoðun að ég er alveg sannfærð um það að Evrópska efnahagssvæðið getur ekki verið langtímasamningur. Það er alveg ljóst að þessi ríki sem við erum með í EFTA stefna flest inn í Evrópubandalagið. Það kom skýrt fram í máli þeirra þingmanna sem sátu fundinn sl. mánudag að þeir sögðu: Það er ýmislegt í samningnum sem við höfum við að athuga, það er ýmislegt sem við erum ekki sáttir við, en það skiptir ekki máli, við ætlum ekki að lifa við þetta.

Þannig er alveg ljóst að hagsmunir eru að mörgu leyti afskaplega ólíkir milli þeirra EFTA-þjóða sem eru að semja sig inn í Evrópubandalagið og milli þeirra EFTA-þjóða sem ætla að standa utan þess. Hagsmunirnir fara ekki saman og því get ég ekki ímyndað mér annað en að leiðir skilji milli þeirra EFTA-ríkja sem stefna inn í Evrópubandalagið og hinna sem ætla að standa utan við það og ég held að það væri vænlegast eins og mál standa núna.

Guðrún Helgadóttir:

Frú forseti. Ég skal reyna að stytta mjög mál mitt svo ég taki nú ekki lokaorð af hv. fyrsta fyrspyrjanda í þessu máli. Ég vil þakka fyrir að hafa fengið þessa umræðu og þakka hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni, fyrir að efna til hennar.

Ég hef engu við hans orð að bæta, hvorki flokkslega né skoðanalega séð, og þess vegna mun ég ekki eyða tíma í það. Ég ætla að ræða um form og það er engin tilviljun vegna þess að ég á sæti í EFTA-nefnd þingsins og þar ræða menn bara um form, einungis um form. Þar ræða menn nefnilega aldrei um innihald samningsins. Þeir tveir fundir sem ég hef setið hafa fjallað um ósköp einfalt mál sem virðist geta orðið afar flókið, þ.e. hvernig sú nefnd eigi að vera skipuð sem á að vera tengiliður Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna.

Það kom mér vitaskuld mjög á óvart þegar ég fór að sitja þessa fundi hversu lítið hafði borist inn í þingið frá þessu starfi. Um langt skeið eða allt síðasta kjörtímabil starfaði Evrópustefnunefnd sem gaf út þá merku bók sem hv. 4. þm. Reykv. minntist áðan á og ég ætla aðeins að lesa einn lítinn kafla úr á eftir. Evrópustefnunefnd vann ötullega. Á sama tíma voru tveir hv. þm. í eilífum ferðalögum suður í Evrópu, án þess að nokkur vissi eiginlega hvað þeir voru að gera og allra síst að mér skilst Evrópustefnunefndin. Þannig að sambandsleysið er mjög sérkennilegt.

Auðvitað er ekkert hægt að segja: Þetta er innra vandamál Evrópubandalagsins. Menn hafa einfaldlega ekki stundað heimanámið sitt. Það er ekkert nýtt að menn hafi haft efasemdir um að svona gæti farið, grun um að þetta gengi ekki upp. Hér í umræddri bók, sem hv. 4. þm. Reykv. var að sýna okkur áðan, stendur á bls. 217 — og hún kom út á síðasta ári, minnir mig, bara nokkuð snemma. (**Gripið fram í:** Desember í fyrra.) Já, desember í fyrra, það er a.m.k. heilt ár síð-

an. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, í kafla sem heitir Réttarreglur og stofnanir:

„Framkvæmdastjórnin hefur gert EFTA-ríkjunum það ljóst að þessi hugmynd gerði atriði vafasöm varðandi stofnanalegt fyrirkomulag bandalagsins og sjálfstæði þess til ákvarðanatöku vafasamt og fæli í sér breytingu frá Rómarsáttmálanum. Þetta yrði þar af leiðandi óviðunandi fyrir framkvæmdastjórnina."

Ég held að þetta geti ekki skýrara verið. Þegar suður í Evrópu er komið — þvert ofan í það sem hér hefur margsinnis verið stagast á, að um sé að ræða einhver skipti á jöfnu — þá dettur engum í hug að leyna því að allar ákvarðanir Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna, þ.e. svokallaðrar Joint Committee — sem nú á í framtíðinni bara að heita nefndin — allar ákvarðanir verða á forsendum EB. Þetta reynir enginn að breiða yfir. Það er alveg ljóst að EFTA-ríkin og EFTA-nefndirnar eru svona eins konar svona ráðgefandi aðilar, geta komið með ábendingar, en þegar kemur að ákvarðanatöku skipta þær engu máli.

Ég verð í þessum töluðum orðum að undrast það stórlega að hv. 5. þm. Norðurl. v. Vilhjálmur Egilsson skuli ekki vera í salnum. Hann er núna forseti EFTA-nefndarinnar, þ.e. allra ríkjanna. Ég vil taka fram að hann gerir það með miklum sóma og við höfum verið mjög hreykin af hans frammistöðu hvað sem líður skoðanaágreiningi. En að hann skuli ekki sitja undir þessari umræðu er náttúrlega alveg óskiljanlegt. Nú, ég nenni ekki að minnast enn einu sinni á þingmenn Sjálfstfl., þeir eru aldrei hér og það er ekkert við því að gera. En fyrir Vilhjálms hönd munum við Ingibjörg Sólrún reyna að halda uppi rykti nefndarinnar.

Auðvitað væri hægt að segja marga hluti frá þeim fundum sem við sátum um daginn. Og af því að menn minntust á Sovétríkin og stalínínska arfinn sé ég ekki betur en þegar eitt slíkt ríki losnar í sundur sé nýtt að myndast, því að kommissararnir — ég veit ekki hvernig þeir voru í Sovétríkjunum, ég hef aldrei komið þangað — leggja á borðið hjá okkur drög að fundargerð fyrir fundina sem við eigum eftir að halda þá reikar nú hugurinn austur í Sovét eða fyrrverandi Sovét. Þannig að ég sé ekki annað en að vinnubrögðin séu þar dálítið kommissaraleg og skipti litlu hvaða skoðanir menn hafa á hlutunum.

Nú er ég, frú forseti, orðin dauðhrædd um að ég sé að taka orðið endanlega af hv. 4. þm. Austurl. Ég get svo sem hætt hvenær sem er en ég ætlaði bara að segja að það leynir því enginn að þarna er ekki um að ræða skipti á jöfnu, það leynir því enginn að það skammast sín allir svolítið af því að menn unnu ekki heimavinnuna *sína, hvorki EES né Evrópubandalagið.* Við höfum sendiráð með fimm starfsmönnum suður í Genf — ég veit ekki nema það hefði kannski mátt líta svolítið betur í pappírana — og við höfum marga vitra menn í utanríkismálum. Auðvitað er þetta hneyksli, það er alveg rétt hjá Henning Christophersen eða hvaða hæstv. ráðherra sem sagði það.

Og að lokum, frú forseti, Salolainen, utanríkisviðskiptamálaráðherra Finnlands og núverandi forseti EFTA-ráðherraráðsins, hvað þetta heitir nú, maður les þetta náttúrlega alltaf á ensku, sagði á hverjum fundinum eftir annan: Ef ekki verður undirritaður samningur nú fyrir jólin eða í byrjun janúar þá verður enginn samningur. Og ég held að við eigum að fara að snúa okkur að því að horfast í augu við að það verður enginn samningur. Menn ættu að snúa sér að því að fara að huga að tvíhliða viðræðum sem allra fyrst og ekki eyða tímanum í draumінn um EES.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef raunar afar litlu við það að bæta sem ég sagði í fyrri umferð. Þá var tíma mínum lokið og ég nefndi að fróðlegt hefði verið að ræða um svör hæstv. utanrrh. Reyndar er aðeins eitt svar sem ég vil lauslega nefna Hæstv. utanrrh. lýsti þeirri skoðun sinni að samningurinn stangist á engan máta á við íslensku stjórnarskrána eða fullnægi ákvæðum hennar. Ég hef satt að segja líka verið þeirrar skoðunar að mér finnst ég geti ómögulega látið orð dr. Guðmundar Alfreðsssonar sem vind um eyru þjóta. Þar talar lögfróður maður og vekur athygli á nokkrum atriðum sem mér finnst mjög athyglisvert að lesa. Ég heyrði ekki þetta viðtal en hef síðan lesið það sem eftir honum er haft og reyndar það sem hann sagði í umræðunum. Ég held að til fyllsta öryggis væri ástæða til að leita álits lögfróðustu manna. Ef úr samningnum verður viljum við ekki lenda í sömu stöðu og ráðið í Brussel, vona ég. Ég held að við getum öll verið sammála um það.

Þetta vildi ég fyrst og fremst nefna. Hins vegar er mér ljóst að það kann að vera nokkuð erfitt að leita þessa álits á meðan samningurinn er í lausu lofti, getum við sagt og ekkert liggur fyrir hvernig honum verður breytt, ef honum verður á annað borð breytt. Þannig að það kann að vera að það sé ekki auðvelt á þessari stundu en ég vildi leggja til að hæstv. ríkisstjórn undirbyggi sig undir það að leita slíks álits og mætti þá gjarnan gera það í samráði við t.d. þær nefndir Alþingis sem um þetta mál fjalla.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns andmæla því sem fram kom í ræðu hv. 14. þm. Reykv. að þingmenn Sjálfstfl. væru lítið í þingsalnum eða sinntu þingstörfum með ámælisverðum hætti. Ég tel að þessi ummæli *eigi* ekki við rök að styðjast.

Varðandi það mál sem er til umræðu vil ég þakka þær umræður sem hafa farið fram. Það var fullt tilefni til þess að taka nokkurn tíma í það að ræða um stöðuna varðandi Evrópska efnahagssvæðið miðað við það sem gerðist þegar Evrópudómstóllinn svaraði framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og lét í ljós álit sitt á þeim atriðum sem framkvæmdastjórnin hafði beint til dómstólsins og þessir aðilar höfðu fjallað um.

Það var alveg hárrétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar að um þetta mál má segja hið sama og ef upp kæmi deila innan lands um það hvort samningurinn væri í andstöðu við íslensku stjórnarskrána að það yrði spurning um gildi hans. Ef slík deila kæmi upp hér á landi, sem ég tel að sé óþörf, ég tel að það hafi þegar verið fjallað um það með þeim

hætti að rök hnígi að því að samningurinn í sjálfu sér standist ekki á við íslensku stjórnarskrána, en ef um það væri deilt væri það ljóst að þar væri um innra vandamál okkar að ræða sem við yrðum að leysa úr og greiða úr með þeim hætti sem við teldum skynsamlegastan. Það er einmitt þetta sem blasir við Evrópubandalaginu eftir að þessi niðurstaða dómstólsins liggur fyrir að fyrst verður að taka ákvörðun um það innan bandalagsins hvernig úr málinu eigi að leysa.

Í máli hæstv. utanrrh. kom fram að ráðherraráð Evrópubandalagsins hefur ákveðið að gefa sér tíma fram í febrúar til þess að fjalla um málið og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til þess að Evrópska efnahagssvæðið komi til framkvæmda og það hefur jafnframt látið orð falla um að það komi til sögunnar 1. janúar 1993. Það er alls ekki í fyrsta sinn nú sem menn standa frammi fyrir spurningunni um það hvort EES-skútan hafi strandað, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson komst að orði, og hann velti fyrir sér að kannski hefði skútan núna strandað fyrir fullt og allt. Menn hafa oft í þessum ræðustóli fjallað um það að nú væri komið að endalokum í þessu máli og að tímabært væri fyrir Íslendinga að horfa á málið með öðrum augum og taka það öðrum tökum en gert hefur verið þar sem samningar tækjust hvort eð er ekki og málið kæmist aldrei á lokapunkt. Ég minnist þess að í sumar í lok júlí og byrjun ágúst gáfu margir hv. þm. yfirlýsingar þess efnis að þessu öllu væri lokið varðandi EES og nauðsynlegt fyrir Íslendinga að huga að nýjum leiðum og taka upp tvíhliða viðræður eins og menn segja nú. Munurinn er hins vegar sá núna að það liggur fyrir samningur sem var vísað til Evrópudómstólsins og Evrópudómstóllinn tók þessa afstöðu til þeirra þátta samningsins sem snerta dómstólakerfið og lögfræðilegu hliðina og snertir úrskurðaraðilana sem koma til sögunnar til þess að dæma um gildi athafna í samræmi við samninginn. Það sem á strandar er það, eins og fram hefur komið hér í umræðunum, að dómstóllinn leggur áherslu á það að hann eigi að fjalla um þau lög sem snerta Evrópubandalagið og þar eigi að gilda ein lög. Vandinn er nefnilega sá, eins og dómstóllinn bendir á í hinu langa svari til framkvæmdastjórnarinnar, að erfitt er fyrir dómstólinn að átta sig á EES-samningnum nema hann meti það svo að hugsanlega kunni einstök aðildarríki Evrópubandalagsins að skuldbinda sig samkvæmt samningnum til þess að lúta öðrum lögum en hinum einu evrópsku lögum sem Evrópubandalagið hefur sett sér. Um það snýst vandinn m.a. að dómstóllinn veltir því fyrir sér hvort að þessi eina heild bandalagsins hafi verið rofin með EES-samkomulaginu. Þetta er því alfarið innra vandamál bandalagsins, því getur enginn á móti mælt, sams konar vandamál og kæmi upp hér hjá okkur ef niðurstaðan væri sú að samningurinn bryti í bága við íslensku stjórnarskrána sem ég tel að vísu ekki vera. Ég tel að það vandamál komi ekki upp og ég tel raunar að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar hafi verið um þetta mál fjallað og á það hefur verið drepið í skýrslum sem utanrrh. lagði fram þegar hann gegndi ráðherrastörfum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Ljóst er að íslensk stjórnvöld hafa fjallað um þessa spurningu varðandi íslensku stjórnarskrána og gildi þessa samnings og tekið til hennar afstöðu.

Hvað bandalagið gerir er óvíst. Það ætlar sér að koma með niðurstöðu innan ákveðins frests. Það kann að geta leyst þetta mál sjálft heima fyrir, það kann að þurfa að taka upp málið í viðræðum við EFTA-ríkin á einhverjum þröngum forsendum. Hins vegar telja þeir svartsýnustu að málið kunni að vera úr sögunni með þessu. En ég lít ekki þannig á, ég lít þannig á að það eigi að skoða þetta eins og önnur vandræði sem upp hafa komið á hinu langa samningaferli, að greiða þurfi úr því og finna á því lausn og ég tel tvímælalaust að unnt sé að finna á þessu lausn ef menn vilja gera það á annað borð.

Vegna þeirra umræðna sem fram hafa farið út af ummælum hv. 10. þm. Reykv. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um það hverju það breytti ef það yrði niðurstaðan að með þessu áliti Evrópudómstólsins yrði allur samningurinn úr sögunni og við stæðum uppi samningslaus, þá er ég henni sammála um það að takist þessi samningur ekki eða nái hann ekki fram, réttara sagt, að þá muni þrýstingur á það að við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu aukast. Ég tel að það sé alveg hárrétt mat hjá hv. þm. að samningurinn dregur úr þrýstingi á það að við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu. Spurningin hefur komið upp oft í umræðum í þingi og menn hafa velt henni fyrir sér og ég held að það sé samdóma niðurstaða að með því að gera samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sé komið til móts við þau sjónarmið sem byggja á því að við þurfum að tengjast þessari þróun í Evrópu og að við gerum það náttúrlega með afdrifaríkustum hætti með aðild að Evrópubandalaginu en hér sé millistig sem víðtæk samstaða geti tekist um. Þannig að mér finnst að það sé ástæðulaust á þessu stigi málsins að líta þannig á að þetta samstarf sé úr sögunni og þess vegna ótímabært að huga að tvíhliða viðræðum við Evrópubandalagið. Það er mikils virði að halda þeirri góðu niðurstöðu sem fékkst efnislega í samningunum fyrir okkur Íslendinga og ég tel að við eigum ekki að hverfa frá henni eða hverfa frá vilja okkar til þess að framfylgja því sem við höfum þegar samið um fyrr en í fulla hnefana. Enn á eftir að reyna á það hvernig á þessu máli verður tekið innan Evrópubandalagsins, og eins og hæstv. utanrrh. hefur bent á er hér fyrst og fremst um innra vandamál bandalagsins að ræða.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um þetta mál. Ég tel að ýmislegt hafi komið fram sem varpi ljósi á stöðu þess. Þó að ég sé langt frá því að vera sammála hæstv. utanrrh. um stöðu málsins og hvernig á því ber að halda áfram vil ég þakka honum fyrir þátttöku í umræðunni og svör við þeim spurningum sem ég bar fram við ráðherrann.

Varðandi fyrstu spurninguna var svar ráðherrans afdráttarlaust nei og það fékk hér stuðning frá hv. þm. Birni Bjarnasyni rétt áðan, að tvíhliða viðræður væru ekki tímabærar, ekki undirbúningur slíkra viðræðna. Ég bendi á að þetta stangast á við það sem kom fram hjá

hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni í máli hans hér áðan, formanns utanrmn., þar sem hann einmitt lagði áherslu á tvíhliða viðræður, að þær væru æskilegar, þyrftu að vera í gangi og undirbúningi. Mér finnst að menn ræði dálítið á dreif um þessar tvíhliða viðræður og í hverju þær eigi að vera fólgnar.

Menn eru ekki að tala um það að þetta sé eitthvað sem eigi sér stað samhliða. Við erum í ýmsum viðræðum sem eiga að kallast tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið og höfum verið lengi. Spurningin er hvort við ætlum að leggja hugmyndina um Evrópskt efnahagssvæði á hilluna eða ekki og taka þess í stað upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um hagsmuni okkar og gagnkvæm samskiptamál. Það er sú leið sem Alþb. leggur áherslu á, og við höfum lengi vísað til að væri það sem við ættum öðru fremur að beita okkur að og ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé nú tímabært og nauðsynlegra en áður að fara inn á þá braut.

Hæstv. ráðherra sagði að látið yrði reyna á þennan samning til þrautar. Það fannst mér allt annar tónn en t.d. hefur komið fram hjá núv. formanni EFTA-ráðsins, utanríkisráðherra Finna, sem útilokaði samkvæmt blaðafréttum að samningar yrðu teknir upp á nýjan leik. Einhver smávegis lögfræðileg samræming kæmi til greina en alls ekki að taka samningana upp í heild sinni og þar með dómsþáttinn. Ég tel að mikið ósamræmi sé á málflutningi hæstv. ráðherra þegar hann er að vísa til þess að það eigi að reyna á þetta til þrautar. Hann er að vísa á lausnir — og það varðar aðra spurningu mína til ráðherrans — að við eigum að fara í frekari viðræður. Hann dregur upp möguleika sem hann í rauninni hefur þegar efnislega dæmt ótæka, þ.e. að veikja þennan dómsþátt samkvæmt samningnum. Hann hefur sagt það í fréttum undanfarið og sagði það í raun efnislega hér áðan, að hann teldi að það væri mjög slæmur kostur fyrir Ísland að veikja þennan dómsþátt samningsins eins og hann liggur fyrir.

Það var fleira sem kom fram hjá hæstv. ráðherra sem ástæða væri til að koma að en tími minn leyfir ekki langa umræðu um það. Ég tel að það sé mikill vandi sem ráðherrann verði staddur í ef hann þarf að leiða upptöku samninga á vegum EFTA og jafnframt að gæta íslenskra hagsmuna. Og ég öfunda hann ekki af því hlutskipti sem því mundi fylgja.

Hér hefur orðið umræða um stjórnarskrána og ég þakka hv. þm. Steingrími Hermannssyni fyrir þær undirtektir sem hann kom með varðandi þann þátt. Ég held að það hafi verið orð á réttum stað að við eigum að gæta þess að ganga ekki á svig við íslenska stjórnarskrá. Við eigum að vanda okkur í því efni og við eigum ekki að lenda í þeirri stöðu að standa uppi með samning sem verði dæmdur af sem ólögmætur. Því er full ástæða til þess að endurskoða, til að leggja mat á það og fá til þess sérfróða aðila, gjarnan á vegum Alþingis, til þess að leggja á þetta mat fyrir stjórnvöld og fyrir Alþingi. Ef framhald verður á þessum viðræðum mun ég vinna að því að Alþingi fjalli um tillögu þar að lútandi.

Ég vil aðeins nefna það vegna þess að ég beindi hér orðum mínum að hv. 10. þm. Reykv., fáum orðum, að mér fannst þingmaðurinn taka þetta dálítið óstinnt upp og ekki málefnalega. Ástæðan fyrir því að spurt var, virðulegur forseti, var það að ekki aðeins blaðaviðtal í Morgunblaðinu heldur ítrekuð ummæli í fréttum eftir að niðurstaða dómstólsins í Lúxemborg lá fyrir, og ég vitna til fjölmiðla, bæði sjónvarps og Ríkisútvarps á sunnudaginn var, 15. des., þar sem nákvæmlega þetta kom fram efnislega. Ég held að hv. þm. hefði notað tíma sinn betur með því að skýra efnislega hvað liggur að baki þessum áherslum, að innganga í Evrópubandalagið geti verið umræðuverður kostur fyrir Íslendinga. Það er þar sem við erum ósammála. Ég tel eðlilegt að menn skiptist á skoðunum á Alþingi um pólitískar áherslur og það er ágætt ef hv. þm. hefur skýrt málið fyrir sjálfum sér í þessari umræðu, en mér fannst það ekki mjög skýrt sem frá þingmanninum kom að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég vil ekki ganga á þann tíma sem um hefur verið samið. Ég er sannfærður um það að við þurfum að taka þessi mál hér til mjög ítarlegrar umræðu ef framhald verður á samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði, ef þetta mál er ekki dautt pólitískt séð. Mér finnst þetta miklu flóknara mál en hæstv. utanrrh. hefur látið að liggja í sínu máli, miklu vandasamara og flóknara mál og það munum við þurfa að ræða síðar ef ráðherrann setur á sig hattinn á nýjan leik og tekur upp ferðalög um Evrópu, þ.e. verður sér úti um nýjan hatt. Þá er nú ekki víst reyndar að við höfum oft færi á honum hér á Alþingi og þurfum þá að leita færis til þess að ræða við hæstv. ráðherra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ég hefði bara þurft að nýta mér rétt til andsvara en þar sem hann er ekki í þessari umræðu, ef ég veit rétt, þá kaus ég að taka svolítið af þeim tíma sem mér skilst að við eigum eftir til þess að árétta tvo hluti.

Í fyrsta lagi kom hér upp hv. þm. Björn Bjarnason og sagðist vera sammála því pólitíska mati mínu að ef ekki yrði af samningi um Evrópskt efnahagssvæði þá myndi þrýstingurinn aukast á inngöngu í Evrópubandalagið. Með öðrum orðum: Samningurinn drægi úr þrýstingi á það að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópubandalaginu.

Mín skoðun er sú — og ég hef sett hana fram og er væntanlega það sem Björn er að vitna til — er að ég tel að Evrópska efnahagssvæðið fresti þessum þrýstingi. Það tappar svona því mesta af honum og svo verður restin tekin á tveimur, þremur árum. Það sem er að gerast er að verið er að fara bakdyraleiðina í stað þess að fara beint inn um aðaldyrnar. Það sem mér finnst eðlilegt er að taka þennan slag strax um það hvort menn stefna inn í Evrópubandalagið eða hvort þeir stefna að því að standa utan við það með gerð tvíhliða samnings.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi mig hafa tekið óstinnt upp ummæli hans áðan og ég gerði það vegna þess að samkvæmt orðanna hljóðan sagði hann:

Hvernig stendur á því að þingmaðurinn er að gæla við inngöngu í stórríkið Evrópu? Og hann gat ekki fundið því stað í mínum ummælum (**HG:** Það sagði ég ekki.) Jú, við getum bara séð það þegar útskrift kemur af ræðu þinni. Hann sagði að hann hefði talið eðlilegt að ég gæfi svar við því hér hvernig á því stæði að EB gæti verið umræðuverður kostur. Þannig er mál með vexti, hv. þm., að ég var að því spurð, ef ég stæði andspænis þessum tveimur kostum hvorn ég veldi. Og ég segi: Þeir eru báðir vondir. Ég hefði auðvitað getað farið í kringum þessa spurningu eins og köttur í kringum heitan graut, það er náttúrlega pólitíkusa háttur, en ég sá ekki ástæðu til þess og svaraði henni. Og svarið ber að skilja samkvæmt orðanna hljóðan.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða gefur tilefni til að staldra stuttlega við tvennt. Annars vegar þær umvandanir hv. 10. þm. Reykv. að sá sem hér stendur taki að hennar mati fullveldi og sjálfstæði ekki nógu alvarlega. Hins vegar þær athugasemdir hv. 7. þm. Reykn., fram bornar af góðum hug, um það að menn megi ekki fyllast svartsýni heldur hafa í huga tækifæri og vaxtarmöguleika þjóðar okkar þótt eitthvað blási í móti.

Fullveldishugtakið hefur oft og iðulega verið dregið inn í þessa umræðu og þar hafa verið mörg stór orð látin falla um framsal fullveldis, um framsal á löggjafarvaldi, um framsal á framkvæmdarvaldi og framsal á dómsvaldi. Gamla sagan, gamla þulan um landsölu þegar kemur að samningum á jafnréttisgrundvelli við erlenda aðila. Ef slíkt mál er rætt við lögfræðinga þá ræða þeir gjarnan form, það er þeirra fræði, form fullveldis. Þeir mundu setja á ræðu um fullveldishugtak 19. aldar, um þá staðreynd að í vaxandi mæli eru ríki háð hvert öðru, hafa aukið með sér samstarf og alþjóðlegar skuldbindingar fela í sér að hluta til einhverja takmörkun á fullveldi en þá jafnframt rýmkun þess að sumu leyti vegna aukinna réttinda í staðinn. Þetta er svona hið lögfræðilega form.

Í mínum huga er fullveldishugtakið og umræðan um fullveldishugtakið takmörkuð ef hún er bara við hið lögfræðilega form, ég tala ekki um ef hún er bara svona steinn í hleðslu pólitískrar síbylju fordómafullrar umræðu um landsölu í hvert skipti sem rætt er um samskipti við útlendinga. Ég held að þetta tvennt fari nokkuð saman, spurningin um raunsætt mat á möguleikum þjóðarinnar, raunsætt mat á því hversu traust fullveldi okkar er í reynd og svo hins vegar spurningin um þessa samninga. Ef ég tæki alvarlega ábendingar hv. 7. þm. Reykn. um það að missa ekki sjónar á tækifærunum, auka ekki á svartsýnina, reyna að ýta undir bjartsýni og framfarahug að fornum og þjóðlegum sið, þá tek ég undir það að svo fremi að þetta sé á raunsæi byggt þá mundi það styrkja fullveldi okkar. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að þrátt fyrir þau áföll sem við höfum vissulega orðið fyrir — og það er reginmunur á því að segja: þú ert fullur af svartsýni eða að segja: þú hefur vissulega tíundað staðreyndir um versnandi ytri kringumstæður. Þetta tvennt er ólíkt. Við höfum orðið fyrir áföllum. Á tiltölulega mjög skömmum tíma. Til viðbótar við fjögurra ára stöðnunartímabil og reyndar hnignunartímabil blasir það nú við fram í tímann að sjá að afrakstursgeta fiskstofna fer minnkandi að mati fræðimanna. Það er vitað að þær vonir sem við bundum við nýtingu annarrar meginauðlindar okkar, orkunnar, þeim áformum hefur verið frestað. Það er vitað að mati Þjóðhagsstofnunar að frestun þeirra áforma þýðir minni þjóðarframleiðslu, minni þjóðartekjur á mann, lægra atvinnustig. Í því felst m.a. hætta á auknu atvinnuleysi.

Við vitum líka að ef þessir samningar, sem við erum hér að gera að umtalsefni, færu forgörðum hefði íslenska þjóðin einmitt núna strax misst af verulegum tækifærum sem ekkert fer á milli mála að samningurinn býður upp á. Samningurinn býður nefnilega upp á tækifæri til þess að gera meiri verðmæti úr minnkandi afla á sjávarútvegssviðinu, samningurinn býður upp á tækifæri til frekari fullvinnslu á okkar sjávarafla. Það þýðir fjölgun atvinnutækifæra, fjölgun starfa. Samningurinn býður upp á svo margvísleg tækifæri, ekki bara í sjávarútvegi heldur einnig á sviði fjármagnsmarkaðar og þjónustu, að það er ekki nokkur vafi á því að hann mundi renna sterkari stoðum undir fullveldi íslensku þjóðarinnar í reynd. En ég er einn af þeim sem í fúlustu alvöru og að mínu mati af raunsæi er farinn að hafa af því áhyggjur að fullveldið íslenska sé orðið skuggalega djúpt sokkið í skuldir og skuggalega mikið veðsett erlendum lánardrottnum. Sá maður sem lítur á það mál eingöngu út frá formsatriðum lögfræðingsins hefur ekki fjallað um það með viðhlítandi hætti. Og sá sem segir: Palli er einn í heiminum, eða: við getum nú samt sem áður bara unnið okkur út úr þessu — hann er ekki raunsær. En ef saman fer að samningur af þessu tagi gerir hvort tveggja, að bjóða þjóðinni einmitt í tæka tíð tækifæri til þess að nýta betur auðlindir sínar, til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, til þess að fjölga störfum, til þess að bæta lífskjör, þá er það samningur sem rennir sterkari stoðum undir hið raunverulega fullveldi íslensku þjóðarinnar.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson vék að spurningunni um hvort samningurinn samrýmdist stjórnarskránni. Og hann komst að orði eitthvað á þá leið að ekki skyldum við láta það henda okkur eins og Evrópubandalagið að vera gripnir í rúmínu með túlkun samningsins um svo þýðingarmikla spurningu. Ég er honum sammála um það. En eins og fram kom í ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, væri það jafnframt að sjálfsögðu, okkar eigið vandamál, og okkar eigið vandamál að leysa, ef svo væri. En þó að menn vilji lítt muna allar ræðurnar sem sumir fulltrúar stjórnarandstöðunnar settu á við fyrsta mat í þessari umræðu um það að þetta væri nú allt saman framsal, yfirleitt á öllu valdi, löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi — þær umræður eru margar og auðvelt að finna þær tilvitnanir — þá stoðar lítt að byggja það á vangaveltum ungs lögfræðings, sem varpar fram spurningum í útvarpsþætti en svarar engum. (**Gripið fram í:** Hvað er hann gamall?) Hann er ungur að aldri.

Vegna þess að spurningar hans voru bara spurningar sem er mjög eðlilegt að lögfræðingur velti fyrir sér.

Spurningar eins og þær: Hvernig er það með nýjar reglur samkvæmt þessum samningi sem kynnu að verða að frumkvæði Evrópubandalagsins og koma til athugunar síðar í framhaldi af samningnum? Þýðir þetta ekki það að efnislegt löggjafarvald sé í höndum annarra aðila?

Þessu er margsvarað. Enginn lögfræðingur mundi treysta sér til þess að renna einhverjum rökum undir svona skoðun. Þetta er allt í lagi og sjálfsagt að lögfræðingur varpi fram svona spurningum til þess að velta vöngum yfir fræðilega. En það er allt og sumt, af þeirri einföldu ástæðu að það er vitað, ef maðurinn þekkir samninginn, skv. 110. gr. samningsins gerist ekkert slíkt án samráðs við stjórnvöld EFTA-ríkjanna. Þannig að þau hafa sinn áhrifarétt á undirbúningsstigi á slíkar tillögur. Í þeim skilningi hafa EFTA-ríkin neitunarvald. Eins er það gagnvart stjórnarskránni. Það er enginn vafi á því að samningurinn er í samræmi við ákvæði hennar að því er þetta varðar vegna þess að skv. 114. gr. samningsins verða slíkar nýjar reglur aðeins bindandi fyrir Ísland að þær hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði að íslenskum lögum.

Ein spurningin var vegna 6. gr. samningsdraganna þar sem segir að dóma eða úrskurði Evrópudómstólsins, sem hafa verið kveðnir upp fyrr á tíð, skuli stuðst við túlkun og geti þá Alþingi samþykkt slíka tilvísun án þess að þessi gögn séu lögð fram í heild á íslensku. Ekki er þetta veigamikil athugasemd. Það liggur við að það mætti segja að það ætti ekki að leggja Alþingi til þau fræðirit sem kynnu að hafa áhrif á túlkun. Að halda því fram að þetta varði spurninguna um tengsl þessa samnings við stjórnarskrána er að sjálfsögðu ekki einu sinni alvöruspurning.

Vald eftirlitsstofnunar EFTA og EES-dómstólsins í sambandi við samkeppnisreglur virðast veita þessum stofnunum vald til þess að taka ákvarðanir sem ekki fái aðeins gildi sem þjóðarréttur heldur líka að landsrétti. Er letta leyfilegt miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar um innlent framkvæmdarvald og dómsvald? Svarið við því er það að þessi ákvæði gilda aðeins ef um er að ræða lögskipti sem hafa áhrif milli ríkja. Ef samningur fyrirtækis hefur aðeins áhrif innan lands á EES-samningurinn ekki við og það væri óeðlilegt að gera þá kröfu að aðeins dómstóll eins lands dæmdi í slíkum tilvikum. Og það er fjöldi fjöldi fordæma fyrir því að þetta sé svo. Ég nefni eitt dæmi hér. Það er norræni samningurinn um fullnustu dóma. Þannig að ég tek mönnum vara við því að hlaupa nú upp til handa og fóta jafnvel þótt í útvarpsþætti hafi verið varpað fram spurningum sem vissulega eru þess virði að spyrja að ætla að draga út frá því einhverjar meiri háttar ályktanir.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu miklu meira nema að einu leyti. Hv. 14. þm. Reykv. hefur í tvígang tekið þátt í þessum umræðum og í bæði skiptin valið þann kost að fara hér með aldeilis ótrúleg gífuryrði. Í umræðu í gær var því haldið fram af hennar hálfu að fréttatilkynning sem utanrrn. sendir frá sér og er fréttatilkynning EFTA um niðurstöður ráðherrafundar hafi verið lygi og falsanir. Nú eru höfð uppi stór orð um það að ýmsir aðilar hafi ekki unnið heimavinnuna sína og mér skildist af ummælum hennar að það væri sérstaklega átt við fastafulltrúa Íslands í Genf. Ræða hennar bar hins vegar öll merki þess að þótt hv. þm. sé kominn í nefnd þingmanna, þá hefur hún greinilega ekki setið þar lengi og á margt ólært. Hún þyrfti að læra af tveimur mönnum alveg sérstaklega um heimavinnuna sína. Hún gæti lært af hv. formanni nefndarinnar, Vilhjálmi Egilssyni en ekki síst af hv. 4. þm. Austurl. því hvað svo sem annars má segja um skoðanir hans, þá verður hann aldrei sakaður um það að hafa ekki unnið heimavinnuna sína.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég má til að koma aftur í stólinn eftir þessa ræðu hæstv. utanrrh. Það er eiginlega ótrúlegt hversu lítið hann gerir úr þeim lögfræðingi sem vitnað var til áðan, Guðmundi Alfreðssyni. Hann talar um „ungan lögfræðing" með mikilli lítilsvirðingu. Það er eins og þetta sé eini maðurinn sem hefur efast um að þarna sé um eitthvert valdaafsal að ræða. Ég vil benda hæstv. ráðherranum á það að Norðmenn eru ekki í nokkrum vafa um að verulegt valdaafsal felist í þessum samningi þannig að hann þarf ekkert að gera lítið úr þeim lögfræðingi sem þarna talaði. Það eru líka margir fleiri lögfræðingar hér á landi sem efast stórlega um að þau ákvæði sem felast í þessum samningi standist ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að hann þarf ekkert að gera lítið úr ummælum þessa manns.

Það er eins gott fyrir hann líka að fara varlega í að fullyrða allt of mikið í þessu máli, sérstaklega í ljósi þess að framkvæmdastjórnin taldi að þessi samningur stæðist stjórnarskrá EB, en það hefur komið í ljós að svo er ekki. Það má vel vera að Hæstiréttur Íslands komist að því að samningurinn standist ekki stjórnarskrána þannig að það er alveg óþarfi að vera með einhver gífuryrði í þessu máli.

Ég vil líka benda hæstv. ráðherranum á það að Íslendingar eru ekki sammála um að samningurinn sé svo góður eins og hann er að tala um. Hann segir að ef hann færi forgörðum, þá mundum við missa af miklum tækifærum og notaði tímann til að lýsa því að við mundum geta látið okkar fólk gera mikil verðmæti úr minnkandi afla og hann talar um að þetta sé ómetanlegt tækifæri. Ég vil benda honum á það að það eru margir sem efast stórlega um að svo sé. Aðilar í sjávarútvegi hafa talað um að það sé nú ekki eins mikið í þessum samningi eins og af er látið eftir sigurinn mikla 22. október. Það hefur ekki nokkur einasti maður talað um það að þó að af þessum samningi verði ekki, sem ég vona auðvitað að menn séu farnir að átta sig á að getur aldrei orðið, þá erum við ekki þar með að segja að við ætlum að einangra okkur hérna norður í Atlantshafi. Auðvitað ætlum við að hafa góð samskipti við aðrar þjóðir eins og við höfum alltaf gert. Það er ekki þar með sagt að við eigum að afsala okkur verulegu af völdum okkar í hendur yfirþjóðlegra stofnana. Við getum haft samskipti við aðrar þjóðir á allt öðrum forsendum og á allt annan hátt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það skal vera örstutt. Það er afbökun íslensks máls að segja að það sé sama sem lítilsvirðing að segja að maður sé ungur að aldri. Það er ekki lítilsvirðandi fyrir neinn, enda getur viðkomandi ekkert að því gert. Og að segja að ég hefði farið lítilsvirðingarorðum um vin minn Guðmund Alfreðsson er annaðhvort — ég ætla að vona að það hafi verið misheyrn en það voru engin lítilsvirðingarorð látin um hann falla. **(Gripið fram í:** Kannski í því að kalla hann vin þinn.)

Meðferð einkamála, 2. umr.

Stjfrv., 71. mál (heildarlög). — Þskj. 72, nál. 259.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. allshn. um frv. til laga um meðferð einkamála, sem er 71. mál þessa löggjafarþings, en nefndarmenn standa allir að þessu áliti. Með leyfi forseta mun ég nú gera grein fyrir þessu nefndaráliti:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar kom Markús Sigurbjörnsson prófessor. Einnig komu Hrafn Bragason, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Gestur Jónsson, formaður Lögmannafélags Íslands, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Garðar Gíslason, formaður Lögfræðingafélags Íslands, og Rúnar Guðjónsson, formaður Sýslumannafélags Íslands.

Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði. Því er einkum ætlað að koma í stað laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en byggir að meginstefnu til á núgildandi réttarfarsreglum þeirra laga og laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 85/1936 að frátöldum þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Með því að fella þegar komnar breytingar og breytingar, sem tillaga er gerð um í frumvarpinu, inn í nýtt heildarfrumvarp til laga um meðferð einkamála eru lögin gerð aðgengilegri. Framsetning laga um meðferð einkamála er og samræmd við lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með þessu frumvarpi. Helstu breytingar, sem frumvarpið hefur í för með sér, eru þessar:

Í 25. gr. frumvarpsins eru tvenn nýmæli. Annars vegar er sóknaraðila veitt heimild til að leita dóms um viðurkenningu á réttindum sínum þótt þannig standi á að hann geti gert kröfu um að skyldu gagnaðila hans verði fullnægt með aðför. Hins vegar er veitt heimild handa félögum og samtökum til þess að höfða mál í eigin nafni þegar þau ætla að leita dóms um viðurkenningu á réttindum félagsmanna sinna.

Í 37. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um svokallað neytendavarnarþing. Yrði heimildinni einkum beitt við málsókn neytanda á hendur seljanda vöru eða þjónustu.

Varðandi sönnun og sönnunargögn má nefna það nýmæli í frumvarpinu að gert er ráð fyrir heimild til að afla þeirra í gegnum síma eða önnur fjarskiptatæki. Einnig er veitt heimild til að leita eftir öflun sönnunargagna fyrir dómi án þess að mál hafi verið höfðað.

Lögð er til sú breyting í frumvarpinu að sóknaraðili greini einungis í stefnu sinni frá þeim atriðum sem áður var greint frá bæði í stefnu og greinargerð, en nokkuð hefur verið á reiki í framkvæmd hvaða atriði eigi að koma fram í hvoru skjali um sig.

Ein veigamesta breytingin, sem lögð er til í frumvarpinu, varðar útivistarmál. Lagt er til að sömu reglur gildi um áskorunarmál skv. XX. kafla laga nr. 85/1936 og um önnur útivistarmál. Mundi þá almenna reglan vera sú að þegar stefndi mætir ekki fyrir dóm getur dómari lokið máli með áritun á stefnu að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Enn fremur er lagt til að í stað málskots til Hæstaréttar eigi stefndi þess kost að fá endurupptöku útivistarmáls fyrir héraðsdómi eftir reglum sem greindar eru í frumvarpinu. Á slík endurupptaka útivistarmáls sér hliðstæðu í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í frumvarpinu er að finna nýmæli um svokallaða flýtimeðferð einkamála að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, en með henni er verið að opna leið til skjótari meðferðar en ella á málum sem varða athöfn eða ákvörðun stjórnvalds eða atriði í tengslum við vinnudeilur.

Loks eru í þessu frumvarpi reglur um málskot til Hæstaréttar. Er verið að hverfa að mestu frá þeirri stefnu laga nr. 75/1973 að reglur um málskotsheimildir komi þar fram ásamt heildarfyrirmælum um meðferð mála fyrir æðra dómi.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Össur Skarphéðinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson, þeir þrír síðastnefndu með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Frv. er fyrst og fremst ætlað að leysa af hólmi lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936. Á undanförnum áratugum hafa talsverðar breytingar orðið á þeim lögum. T.d. hafa verið felldir úr þeim heilir kaflar og öðrum bætt inn í staðinn án þess þó að upphaflegum númerum annarra greina hafi verið breytt. Mikið skortir því á að þau beri heildstæðan svip auk þess sem mörg ákvæði laganna eru orðin úrelt.

Breytingar á núgildandi einkamálalögum voru orðnar aðkallandi, m.a. til samræmis við löggjöf sem sett hefur verið á öllum öðrum sviðum íslensks réttarfars vegna fyrirhugaðs aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds *í héraði og tekur gildi 1. júlí á næsta ári.* Sá kostur var talinn ákjósanlegastur að gera frv. til nýrra heildarlaga um meðferð einkamála í stað þess að breyta núgildandi lögum enn einu sinni og þá um leið að færa til betri vegar ýmis atriði sem óhægt hefði verið að koma við í breytingalögum.

Frv. er einnig ætlað að leysa af hólmi ákvæði í lög-

um um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, þar sem í því er kveðið á um málskot einkamála til Hæstaréttar og að nokkru um meðferð máls fyrir réttinum. Ákvæði um þetta var í raun áður að finna í einkamálalögum allt fram til ársins 1962 en þá voru þau færð í lög um Hæstarétt.

Eins og ég lýsti áður bera núgildandi einkamálalög heitið „Lög um meðferð einkamála í héraði." Í frv. er hins vegar breytt heiti: Frv. til laga um meðferð einkamála. Þetta er m.a. lagt til í ljósi áðurgreindra breytinga um að ákvæði frv. taki ekki eingöngu til málsmeðferðar fyrir héraðsdómi heldur einnig til meðferðar kærumála í heild fyrir Hæstarétti. Að auki samrýmist heiti frv. betur heiti laganna um meðferð opinberra mála sem voru samþykkt sl. vor og taka gildi um leið og önnur ný réttarfarslög um mitt næsta ár. Þess má svo geta að efnisröð ákvæða í frv. er nokkuð breytt frá núgildandi einkamálalögum og er þá sérstaklega haft í huga samræmi við ákvæði áðurgreindra laga um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt nýjum réttarfarslögum verður leyst úr málum á báðum þessu sviðum fyrir sömu héraðsdómstólum. Hagkvæmt er að lagaákvæði beggja laganna og efnisuppbygging verði svo lík sem kostur er þótt að sjálfsögðu verði aldrei hægt að líta fram hjá umtalsverðum eðlismun sem er á einkamálum og opinberum málum.

Ég mun í stuttu máli benda á helstu nýmæli og breytingar sem frv. ráðgerir frá núgildandi löggjöf en það er einkum í eftirfarandi atriðum:

Þar má fyrst telja að orðalagi ákvæðis um hæfi héraðsdómara til að fara með mál hefur verið breytt til samræmis við inntak 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópuráðsins eins og henni hefur verið beitt í úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu. Á það ákvæði sáttmálans reyndi einmitt mikið við meðferð íslensks máls fyrir mannréttindanefnd Evrópu en það mál varð í raun einn helsti hvati þess að lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði voru samþykkt vorið 1989. Með breyttu orðalagi sem lagt er til í frv. er tekinn af allur vafi um að íslensk löggjöf sé í fullu samræmi við ákvæði mannréttindasáttmálans hvað þetta varðar.

Segja má að nú séu gerðar meiri kröfur um hæfi dómara en áður var og hin almenna vanhæfisregla í frv. í 5. gr. g-lið sé í eðlilegu framhaldi af dómi Hæstaréttar 9. janúar 1990 þegar grundvallarsjónarmiðum mannréttindasáttmálans var beitt í fyrsta sinn við mat á hæfi dómara. Rétt er að geta þess viðhorfs er fram kom í nefndinni að auknar hæfiskröfur feli það t.d. í sér að ef dómari væri í þröngum félags- eða hagsmunasamtökum þar sem sérstakt trúnaðarsamband ríkti milli félagsmana sem gæti með réttu dregið óhlutdrægni hans í efa yrði dómari talinn vanhæfur.

Fram til þessa hefur nokkur óvissa ríkt um hvernig fyrirsvari í dómsmálum skuli háttað þegar ríkisvaldið á í hlut. Þetta hefur leitt til þess að ósamræmi er í því hverjum er stefnt fyrir hönd ríkisins. Oftar en ekki er fjölda aðila stefnt með þessu markmiði, t.d. forstöðumanni opinberrar stofnunar í félagi með þeim ráðherra sem stofnunin heyrir undir og að auki fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Þetta er kannski ekki undarlegt í ljósi þess að engin ákveðin regla er um þessi efni í núgildandi einkamálalögum. Í lögum um málflytjendur er þó að finna ákvæði um fyrirsvar sem svarar þó hvergi hvernig því skuli vera háttað fyrir ríkið og hefur það verið túlkað á misjafnan veg. Í frv. er hins vegar reynt að taka af tvímæli um hvernig fyrirsvari fyrir ríkið skuli háttað.

Í frv. er að finna skýrari reglur en nú gilda um svokallaða samlagsaðild í einkamálum þegar fleiri en einn eru aðilar í einkamáli hvort heldur er sóknar- eða varnarmegin. Samkvæmt núgildandi lögum er slík samlagsaðild heimil ef dómkröfur eru af sömu rót eða samrættar en þetta orðalag hefur oft gefið tilefni til vafa um túlkun og jafnvel orðið til þess að dómkröfur tveggja aðila sem augljóslega eru sprottnar af sama atviki hefur ekki mátt sækja í einu lagi þótt augljóst hagræði sé af því vegna þess að þær hafa ekki verið byggðar á sömu lagaforsendu.

Í frv. er heimild til samlagsaðildar víkkuð út og orðað sérstaklega að fleiri en einum sé heimilt að sækja sama mál ef dómkröfur þeirra má rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með þessu orðalagi er tekinn af vafi um að það sé ekki skilyrði samrættra krafna að þær séu byggðar á sömu lagaforsendu. Þessi skilgreining á samrættum kröfum er síðan lögð til grundvallar víðar í frv., m.a. í ákvæðum um kröfu samlags þegar margar kröfur eru sóttar í einu máli og í reglum um gagnsök.

Eitt nýmæla sem frv. kveður á um er heimild til handa félögum eða samtökum til að reka í eigin nafni mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna. Eftir núgildandi lögum hefur þessi leið verið talin útilokuð. Hagsmunasamtök og stéttarfélög hafa þá gjarnan brugðist við með þeim hætti að þau fá einhvern félagsmanna sinna til að höfða mál um sína eigin hagsmuni til að fá fordæmi í dómsúrlausn um réttindi annarra félagsmanna. Nærtækt dæmi er BHMR-málið svokallaða þar sem einn félagsmanna höfðaði mál til að fá dómsúrlausn um gildi bráðabirgðalaga þótt niðurstaðan hefði almennt gildi fyrir alla innan vébanda stéttarfélagsins. Sú leið sem lögð er til í frv. að félagið sjálft geti höfðað mál hlýtur að vera ólíkt einfaldari og eðlilegri og má í erlendum rétti finna ýmis afbrigði af sambærilegum heimildum.

Nokkrar breytingar eru ráðgerðar í frv. á reglum um varnarþing. M.a. er þar tekinn af vafi í ýmsum atriðum sem varða heimilisvarnarþing en álitaefni hafa skapast um það í framkvæmd núgildandi laga. Neytendavarnarþing er nýmæli sem lagt er til í frv. en fyrirmyndir að því er að finna víða í erlendri löggjöf. Með neytendavarnarþingi er átt við að kaupandi geti höfðað mál vegna kaupa á vöru eða þjónustu á því varnarþingi þar sem höfða mætti mál gegn honum sjálfum sem yrði í flestum tilvikum í þeirri þinghá þar sem hann á sjálfur heimili. Ætla má að heimild þessi feli í sér sérstakt hagræði fyrir neytendur sem mundu nýta sér hana við málsókn á hendur seljanda vöru eða þjónustu. Heimildin er þó ekki bundin við neytendur heldur geta fyrirtæki og aðrir lögaðilar nýtt sér hana án

tillits til þess hvort vöru var aflað til eigin nota, til neyslu eða til endursölu.

Fram til þessa hefur ekki verið lögfest í íslenskri löggjöf að aðilar eigi rétt á milliliðalausri sönnunarfærslu í máli fyrir dómstólum. Með því er átt við að sönnunarfærsla eigi sér stað frammi fyrir sama dómara og þeim sem kemur til með að dæma í máli. Tilgangur reglunnar er að dómari geti með betra móti sett sig inn í og fylgst með öllum þáttum máls sem hann hefur til meðferðar, t.d. metið trúverðugleika vitna sem leidd eru fyrir dóm í máli. Þetta hefur verið talin ein af meginreglum nútímaréttarfars í öllum lýðræðisríkjum og við setningu núgildandi einkamálalaga frá árinu 1935 var vissulega gengið út frá að milliliðalaus sönnunarfærsla væri æskilegt markmið. Hins vegar var talið að ógerningur væri að leiða hana í lög vegna staðhátta hér á landi.

Með gerbreyttum staðháttum og byltingu í samgöngum á þeim áratugum sem liðnir eru síðan hefur reglan um milliliðalausa sönnunarfærslu þó fest sig í sessi í framkvæmd. Um árabil hefur aðalreglan því verið sú að sönnur séu færðar frammi fyrir dómaranum sem leysir síðan úr máli. Er því eðlilegt að hún verði nú lögboðin eins og frv. þetta ráðgerir. Reglunni er þó ætlað að vera sveigjanleg að því leyti að víkja má frá henni ef hún hefur í för með sér verulegan kostnað eða óhagræði en þá má dómari í máli verða við ósk aðila um að sönnunarfærslu sé leitað fyrir öðrum dómstóli.

Í frv. er að finna ýmis nýmæli og breytingar varðandi reglur um efni stefnu og stefnubirtingar. Sú tilhögun er afnumin að stefnandi leggi fram greinargerð um þingfestingu máls þar sem hann lýsir m.a. röksemdum sem hann byggir mál sitt á nánar en í stefnu. Frv. leggur hins vegar til að stefnanda sé gert skylt að skýra þessi atriði út með gagnorðum hætti strax í stefnunni sem er birt hinum stefnda. Það má ætla betri kost að stefnda sé þannig gert ljóst í upphafi um hvað málið snýst og á hverju stefnandi byggir kröfur sínar án þess að það þarfnist frekari skýringa í greinargerð stefnanda. Ný tilhögun sem frv. ráðgerir um stefnubirtingar felst einkum í því að nægilegt er að einn stefnuvottur birti stefnu í stað tveggja eins og nú er lögskylt og jafnframt er veittur valkostur um svokallaðar póstbirtingar. Það þýðir að hægt er að nýta þjónustu póstburðarmanna við stefnubirtingar fyrir stefndum með sambærilegum en þó nákvæmari hætti en notaðar eru í dag við útburð á ábyrgðarbréfum. Þetta getur verið mjög hagkvæmt, ekki síst vegna þess að slíkar stefnubirtingar yrðu væntanlega talsvert ódýrari en þær eru í dag. Jafnframt verður stefnubirtingin sem slík ólíkt einfaldari í sniðum en nú er og vera má að sú aðferð að nýta póstþjónustuna í þessu skyni í stað stefnuvotts sé óformlegri og um leið síður niðurlægjandi fyrir þann sem stefnan er birt fyrir eða beinist að. Loks er lögð til í frv. sú nýjung að það jafngildi stefnubirtingu að stefndi sjálfur eða lögmaður hans riti sjálfur undir yfirlýsingu á stefnu um að samrit hennar hafi verið afhent sér.

Ætla verður að ein mikilvægasta breytingin sem lögð er til í frv. lúti að því hvernig verður farið með svokölluð útivistarmál en það eru mál þar sem stefndi mætir ekki fyrir dóm við þingfestingu máls eða síðar þegar málið er tekið fyrir og það er því dæmt að honum fjarstöddum. Meira en níu af hverjum tíu einkamálum við dómstóla á landinu í dag eru útivistarmál. Eftir núgildandi reglum getur stefndi áfrýjað útivistardómi til Hæstaréttar en í raun er þó aðeins tekin afstaða til varna hans á einu dómsstigi þar sem Hæstiréttur endurskoðar þá ekki úrlausn héraðsdómara á sömu forsendum og hann hefði gert ef stefndi hefði tekið til varna fyrir héraðsdómi. Þetta er helsta ástæðan að baki þeirri tillögu í frv. að í stað þess að útivistarmálum verði skotið til Hæstaréttar geti stefndi komið fram endurupptöku fyrir héraðsdómi þar sem leyst verður úr máli á nýjan leik en þá með vörnum stefnda.

Reglurnar um endurupptöku útivistarmála fyrir héraðsdómi eru hliðstæðar reglum um sama efni í lögum um meðferð opinberra mála. Ætla má að þær feli í sér réttarbót fyrir þann sem fær á sig dóm í einkamáli án þess að hann hafi komið fram vörnum auk þess sem þær hljóta að einhverju leyti að létta álagið á Hæstarétti. Þess má geta að frestir til að krefjast endurupptöku máls eru hliðstæðar þeim sem nú gilda til áfrýjunar.

Önnur veigamikil breyting sem varðar útivistarmál er að þeim verði almennt hægt að ljúka með áritun dómara á stefnu. Samkvæmt núgildandi lögum verður aðeins svokölluðum áskorunarmálum lokið með áritun á þar til gerðar áskorunarstefnur. Þessi hugtök leggjast af ef frv. verður að lögum og gert er ráð fyrir víðtækari heimild til að ljúka útivistarmálum með slíkri áritun dómara. Þessi tilhögun hefur án efa í för með sér verulegan verksparnað fyrir dómara en réttur stefnda sem dæmdur er í útivistarmálum með þessum hætti er á hinn bóginn gerður tryggari með áðurgreindum heimildum til að krefjast endurupptöku á málinu fyrir héraðsdómi.

Með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði verður að fullu skilið á milli handhafa dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Sýslumenn verða eftir það eingöngu handhafar framkvæmdarvaldsins og algerlega óháðir því sem fram fer fyrir dómstólum. Í frv. er að finna það nýmæli að aðilar einkamáls geta lagt mál sitt fyrir sýslumann til sáttaumleitana af hans hálfu. Þessi heimild er lögð til í því skyni að aðilar geti átt þess kost að beina máli sínu til óháðs embættismanns sem getur tjáð sig opinskátt við þá um álit sitt á ágreiningsefninu. Slíkt getur dómari ekki gert þegar hann leitar sátta með aðilum einkamáls án þess að hæfi hans til þess að leysa úr ágreiningsefninu verði teflt í tvísýnu. Þetta er því ný leið sem hefur opnast fyrir aðilum en hana er eins og vænta má ekki hægt að fara á meðan dómsvald og framkvæmdarvald sameinast í sýslumönnum eins og samkvæmt núgildandi skipan.

Reglur frv. ráðgera að mál geti sætt sérstakri flýtimeðferð undir sérstökum kringumstæðum en slík heimild er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Tilgangur reglna um flýtimeðferð er að opna leið til skjótrar meðferðar á málum sem varða ákvörðun eða athöfn stjórnvalds eða ef um ræðir vinnudeilur en oft er brýn þörf

á skjótri úrlausn ágreinings vegna verkfalla eða verkfallsvörslu svo sem dæmi er um á síðustu árum. Það getur því verið mikið hagsmunamál að opna slíka leið en þeir málaflokkar sem eru sérstaklega tilgreindir í frv. um flýtimeðferð eru valdir með tilliti til þess að málsaðili getur almennt ekki leitað verndar á hagsmunum sínum í þessum tilvikum með lögbanni en tafir á því að fá dómsúrlausn geta hins vegar leitt til þess að þeir glatist.

Ákvæði frv. um gjafsókn fela í sér breytingar frá þeim reglum sem nú gilda um gjafsókn. Eru þær að nokkru leyti studdar við fyrirmyndir í V. kafla frv. til laga um opinbera réttaraðstoð sem var lagt fram á 113. löggjafarþingi. Frv. varð ekki útrætt en með því var stefnt að flutningi lagaákvæða um gjafsókn úr einkamálalögum í sérlög um opinbera réttaraðstoð. Helstu nýmæli sem frv. ráðgerir á gjafsóknarreglum er að dómsmrh. skipi nefnd þriggja lögfræðinga, svokallaða gjafsóknarnefnd, til að fjalla um umsóknir um gjafsókn. Samkv. reglum frv. eru mál þessi þannig borin undir sérfróða menn sem meta hvort skilyrði eru til gjafsóknar í stað eldri tilhögunar að dómsmrh. hafi einn ákvörðunarvald um hvort gjafsókn væri veitt. Ráðgert er að meðmæli nefndarinnar verði skilyrði þess að dómsmrh. geti veitt gjafsókn. Á hinn bóginn er ráðherra ekki bundinn af meðmælum nefndarinnar að því leyti að hann geti synjað um gjafsókn þótt nefndin mæli með henni.

Að lokum mun ég með fáum orðum reifa nokkrar breyttar reglur sem lagðar eru til í frv. um málskot til Hæstaréttar. Eins og ég rakti í upphafi ræðu minnar er gert ráð fyrir að málskotsreglur verði fluttar úr núgildandi lögum um Hæstarétt í lög um meðferð einkamála, enda samsvara þau reglum um málskot opinberra mála til Hæstaréttar í lögum um opinber mál. Tillögur frv. um málskot til réttarins ganga flestar í þá átt að þrengja heimildir til málskots. Brýn þörf er á að létta af Hæstarétti miklu álagi vegna málafjölda sem getur leitt til þess að meðferð mála fyrir réttinum taki óeðlilega langan tíma. Það stafar ekki síst af því að innan um mál, sem mikilvægt er að fá niðurstöðu Hæstaréttar um með skjótum hætti, er að finna fjölda minna mála sem vart eiga þangað nokkurt erindi, enda oft um smávægilega hagsmuni að ræða. M.a. til að ráða bót á þessu eru skilyrði til að skjóta máli til Hæstaréttar þrengd samkvæmt ákvæðum frv. Dæmi um það eru sérstakar takmarkanir sem gerðar eru á kæruheimildum eftir að aðalmeðferð einkamáls er hafin fyrir héraðsdómi en þetta leiðir að sjálfsögðu einnig til þess að tafir á málum í héraði minnka að sama skapi. Einnig er lagt til að strangari skilyrði verði sett fyrir áfrýjun mála til Hæstaréttar en gilda í dag, bæði hvað varðar fresti til áfrýjunar og þá lágmarkshagsmuni sem þurfa að vera í húfi í máli sbr. ákvæði 1. mgr. 152. gr. frv. sem setur það skilyrði að fjárkrafa í máli nemi a.m.k. 150 þús. kr. til þess að hægt sé að áfrýja því án sérstaks leyfis. Samhliða þessu er ráðgert að í stað þess að dómsmrh. veiti áfrýjunarleyfi þegar áfrýjunarfresturinn er liðinn flytjist slíkar leyfisveitingar til Hæstaréttar. Rétturinn metur þá sjálfur hvort leyfi til áfrýjunar verði veitt, hvort heldur í þeim tilvikum þar sem áfrýjunarfjárhæð er of lág eða frestir til áfrýjunar liðnir. Þessar breytingar á reglum um áfrýjun til Hæstréttar eru sambærilegar við þær sem voru lagðar til í breytingafrv. við lög um Hæstarétt sem var lagt fram undir lok 113. löggjafarþings og varð ekki útrætt.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að benda á helstu nýmæli og breytingar sem frv. það sem hér er mælt fyrir í áliti felur í sér miðað við núgildandi löggjöf. Ég vil nota þetta tækifæri að þakka hv. nefndarmönnum fyrir vel unnin störf í allshn. í máli þessu en það felur í sér miklar réttarbætur og er hluti af þeim miklu réttarfarsbreytingum sem taka munu gildi 1. júlí nk.

Allshn. hefur nú fjallað um þau þrjú meginframvörp sem eftir stóðu vegna fyrirhugaðs aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þ.e. frv. til laga um nauðungarsölu er varð að lögum hér á hinu háa Alþingi 12. des. sl. og frv. til laga um breytingar vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl. og loks það frv. sem hér um ræðir, þ.e. frv. til laga um meðferð einkamála sem nefndin mælir samhljóða með í áliti sínu að verði samþykkt óbreytt.

Ljóst er að svo víðtæk réttarfarsbreyting sem um ræðir þarf allnokkurn undirbúningstíma og því er það von mín að frv. það sem hér er mælt fyrir fái góða og skjóta meðferð á hinu háa Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkvæði.

25 þm. (EH, FI, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JGS, JónS, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RG, SigG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

2.–169. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkvæði.

23 þm. (EH, FI, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JGS, JónS, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RG, SigG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 172. mál (kostnaðarskipting o.fl.). — Þskj. 187, nál. 270, brtt. 271.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn.

um frv. til laga um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um það Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Árna Guðmundsson frá Lífeyrissjóði sjómanna og Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða. Þess skal getið að haft var samband við forráðamenn lífeyrissjóða Dagsbrúnar og Framsóknar. Þeir bentu á Hrafn Magnússon sem sinn talsmann.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu sem flutt er tillaga um á þskj. 271. Tildrög breytingarinnar eru að Samband almennra lífeyrissjóða hefur samþykkt að breyta í reglugerð sinni ákvæðum um stigagrundvöll lífeyrisréttinda frá og með 1. janúar 1992 á þann hátt að í stað þess að miða stigagrundvöll við grundvallarlaun, sem breytast með kaupgjaldsbreytingum, verða lífeyrisréttindi miðað við „grundvallarfjárhæð" sem breytist með lánskjaravísitölu. Þessi breyting verður tekin upp hjá langflestum lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða auk þess sem nokkrir aðrir lífeyrissjóðir hafa gert svipaðar breytingar á stigagrundvelli lífeyrisréttinda. Með tilliti til þess að þessir lífeyrissjóðir annast greiðslur á lífeyri þeirra sem njóta lífeyris samkvæmt lögum um eftirlaun aldraðra þykir rétt að breyta stigagrundvellinum í lögum um eftirlaun aldraðra til samræmis við ákvörðun Sambands almennra lífeyrissjóða. Ef ekki kæmi til slík breyting væri verið að beita tvenns konar reiknireglum við útreikning á lífeyri og gæti slíkt valdið misskilningi.

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Svavar Gestsson, Sólveig Pétursdóttir og Guðmundur Hallvarðsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 271,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (EH, FI, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JGS, JónS, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RG, SigG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 271,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (EH, FI, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JGS, JónS, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RG, SigG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (EH, FI, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, JGS, JónS, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SigG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VS, VE) fjarstaddir.

2.–10. gr. (verða 3.–11. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (EH, FI, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JGS, JónS, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (EH, EgJ, FI, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JGS, JónS, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RG, SHl, SP, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

Jöfnunargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (gildistími). — Þskj. 218.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tók til máls fyrr í dag um þetta sama mál og beindi þá nokkrum fyrirspurnum til hæstv. utanrrh. og hefði gjarnan viljað eiga einnig orðastað við hæstv. fjmrh.

Ég bað um orðið í umræðunni til að ræða þetta mál. Maður vill gjarna láta fram koma sín eigin sjónarmið sem og svör við þeim spurningum sem maður leggur fram, ekki síst til þess að þeir sem fjalla um málin, þ.e. fulltrúar í efh.- og viðskn. taki eitthvert mark á því sem maður segir og taki mið af því sem kemur fram í umræðunni. Það var talað um það að ekki mundi fara fram umræða um mál sem féllu undir efh.- og viðskn. á meðan hún væri á fundi. Nú veit ég ekki betur en hún sé farin á fund og getur því engan veginn tekið nokkurn skapaðan hlut mið af því sem ég mun hér spyrja eða því sem ég mun segja og þess vegna tel ég alveg út í bláinn að vera að eyða orðum á það að vera að ræða *þetta mál núna og mun því bara láta það ógert* og ég kem þá frekar fram við 2. umr. með þær fyrirspurnir sem ég hefði gjarnan viljað koma fram þannig að það fólk sem vinnur þetta mál mun þá væntanlega geta hlustað á það sem þingmenn hafa að segja.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að það var ætlun mín að taka til máls við lok þessarar umræðu Umræðan þróaðist reyndar með þeim hætti fyrr í dag að ýmis þau sjónarmið sem komu fram í fyrri hluta umræðunnar féllu í skuggann fyrir snörpum orðaskiptum hv. 8. þm. Reykn. og hæstv. utanrrh.

Hv. 15. þm. Reykv. flutti ræðu og spurðist fyrir um nokkur atriði og mér finnst ástæða til þess að nefna það þegar spurt er um rökin fyrir áframhaldandi gjaldtöku þá koma þau fyrir í greinargerðinni með frv. á bls. 2 en þar segir, með leyfi forseta:

„Uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir enn í rekstrarkostnaði iðnaðar af þrem orsökum, þ.e. vegna fasteigna sem komu til fyrir upptöku virðisaukaskatts, vegna viðhalds og endurbóta véla og vegna flutningatækja. Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á hversu mikil þessi áhrif eru. Samkvæmt niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar er áætlað að uppsafnaður söluskattur hafi numið 5,6% af framreiknuðu stofnverði rekstarfjármuna í iðnaði í árslok 1989. Söluskattur í afskriftum í hlutfalli við rekstrarkostnað er áætlaður rúmlega 0,2%. Að teknu tilliti til 6% raunvaxta af söluskattshluta til rekstrarfjármuna verður uppsafnaður söluskattur um 0,6% af rekstrarkostnaði iðnaðar. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun er endingartími þeirra fjármuna sem hér um ræðir allt frá örfáum árum til 25 ára. Mest munar þó um fasteignir sem hafa endingartíma á bilinu 12–25 ár, miðað við gefnar forsendur."

Það sem þetta þýðir — ég ætlaði nú að fara að segja á mæltu máli, ég held að það sé ágætlega skýrt — er það að það er álit Þjóðhagsstofnunar að í varanlegum eignum iðnfyrirtækja sé verulegur uppsafnaður söluskattur og hann sé þar til staðar í rekstrinum á meðan þessar eignir hafa ekki verið afskrifaðar að fullu í bókhaldi fyrirtækja. Þetta voru meginrök hv. þm., fyrrv. fjmrh., þegar frv. var lagt fram fyrir ári og þessi rök eiga jafnvel við enn því það tekur áreiðanlega nokkur ár að greiða fyrirtækjunum muninn með þessum hætti sem hér er minnst á. Ég skal hins vegar viðurkenna að þessi rök, jafngóð og þau eru, hafa verið umdeild og ýmsir töldu þau ekki nægja til þess að halda áfram að taka inn gjaldið. Þó hygg ég að þetta hafi verið úrslitaatriði fyrir ári þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að láta gjaldið lifa í eitt ár í viðbót þrátt fyrir mótmæli hæstv. utanrrh. en þau mál voru skýrð ágætlega vel í dag í viðræðum hv. 8. þm. Reykn. og hæstv. ráðherra.

Að öðru leyti má vísa til þess sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði um aðstöðugjaldið. Reyndar stóð aldrei til að leggja á jöfnunargjald vegna uppsöfnunaráhrifa í aðstöðugjaldinu, en það breytir hins vegar ekki því að aðstöðugjaldið hefur uppsöfnunaráhrif með svipuðum hætti og söluskatturinn hafði.

Þá kem ég að málshöfðun á Íslandi. Ég hef satt að segja ekki kannað það mál ofan í kjölinn en í fljótu bragði sýnist mér að fyrirtæki hér á landi sem flytja inn vörur, sem bera jöfnunargjald, verði að greiða jöfnunargjaldið möglunarlaust enda eru þetta íslensk lög. Þeir sem geta haft uppi mótmæli eru fyrst og fremst aðilar í samkeppnislöndunum innan EFTA og í þeim ríkjum sem við höfum gert viðskiptasamninga við og þeir geta þá gripið til þess ráðs að kæra Íslendinga fyrir brot á viðskiptasamningum og þá verða viðkomandi þjóðir að beita svokölluðum gagnráðstöfunum sem nokkurn tíma tekur að koma í gang. Þessum gagnráðstöfunum hefur ekki verið beitt gegn Íslendingum og það er trú ríkisstjórnarinnar að það verði ekki gert, m.a. af þeim rökum sem fram koma í greinargerðinni, ef ljóst er að gjaldið er aðeins sett á til bráðabirgða og hverfur um mitt ár.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta mál. Ég vil aðeins í lokin þakka þann víðtæka stuðning sem fram hefur komið við þetta frv. Ég verð þó að hryggja áköfustu stuðningsmenn jöfnunargjaldsins með því að ekki stendur til að framlengja gjaldið nema til 1. júlí nk.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði áðan einnig þeirrar spurningar ef í lagi væri að leggja þetta jöfnunargjald á til 1. júlí og það væri svo mikill skortur á fé í ríkissjóð, hvers vegna væri þá ekki í lagi að leggja þetta gjald á í heilt ár. Ég beindi þessari spurningu að vísu beinlínis til hæstv. utanrrh., en þar sem hann er ekki hér þá langar mig til þess að fá að beina henni til hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*: Virðulegi forseti. Ég hygg að það séu sömu rök sem geta leitt til þess að þetta gjald standi við allt árið. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstjórn ekki áhuga á því að nota þau rök til þess að framlengja gjaldið nema í þetta hálfa ár. Margir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eru áhugamenn um að gjaldið hverfi. Niðurstaðan hefur komið í ljós í því frv. sem hér er verið að ræða. Hún er sú að stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að styðja gjaldið í hálft ár með þó þeirri undantekningu, sem komið hefur fram í þessari umræðu og oft verið lýst, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur sérstöðu í málinu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eitt atriði sem átti eftir að fá svar við í þessari umræðu, það var hvenær Sjálfstfl. skipti um skoðun í þessu máli.

Það hefur verið rakið allrækilega í umræðunum hver hefur verið stefna Sjálfstfl. á síðustu tveimur árum í jöfnunargjaldsmálunum. Hún hefur verið önnur en okkar hinna. Nú er Sjálfstfl. kominn á okkar skoðun og hæstv. fjmrh. þakkar þann stuðning sem hann fær í salnum. Þá finnst mér sanngjarnt að við hinir fáum að vita hvenær Sjálfstfl. skipti um skoðun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Sjálfstfl. hefur þá skoðun sem hann hefur haft að þetta gjald beri að leggja niður og hefur samþykkt það að það verði á miðju næsta ári.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef lofað hæstv. fjmrh. nokkrum bindum í jólagjöf af fyrri ræðum hans og yfirlýsingum. Þingskjölin úa og grúa af ræðum og frumvörpum frá hæstv. núv. fjmrh. þar sem hann lýsti því yfir að það væri afdráttarlaus kvöð að leggja þetta jöfnunargjald niður í árslok 1990. Morgunblaðið skrifaði sérstakan leiðara um það að þau orð skyldu standa og hér situr kannski í salnum höfundur þess leiðara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

55. FUNDUR

miðvikudaginn 18. des.,
kl. 1 miðdegis.

Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 13 1987, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 1992 til 31. desember 1995. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Kosning fór þannig að Gaukur Jörundsson hlaut 47 atkv., 1 seðill var auður. Samkvæmt þessu er rétt kjörinn umboðsmaður Alþingis

Gaukur Jörundsson.

Um þingsköp.

Um dagskrá og vinnubrögð í nefndum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Allmikil dagskrá í 22 liðum liggur fyrir í dag og það eru ákveðin atriði varðandi þessa dagskrá sem ég vil leyfa mér að ræða við hæstv. forseta undir liðnum þingsköp.

Þar ber fyrst til að taka að ég sé að 21. liður dagskrárinnar er frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins ásamt nál. og brtt., tekið til 2. umr. samkvæmt dagskránni án afbrigða. Þ.e. það stendur ekki með frv. eins og ég hafði búist við, ef leyft verður, sbr. t.d. 16. dagskrármál, sem ætlunin er greinilega að taka fyrir með afbrigðum á fundinum ef þingheimur fellst á það. Þetta vekur mér nokkra undrun þar sem þannig háttar til að þetta mál var afgreitt úr sjútvn. u.þ.b. kl. 21.50 í gærkvöldi. Þannig stóð a.m.k. mitt úr þegar ég gekk af fundi. Ég hlýt þess vegna að óska upplýsinga um það hvernig þau undur hafa mátt gerast að þetta mál er samt sem áður komið á dagskrá þessa fundar án afbrigða. Vasklega hefur verið unnið. Ég sé að hér liggja fyrir allmikil nefndarálit, bæði frá meiri hluta sjútvn. og svo brtt. Sama á við um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þó er þar til að taka að þeim fundi lauk þar sem málið var afgreitt út úr nefnd um kl. 21.00. Mér er tjáð að hæstv. forseti hafi haldið útbýtingarfund í gærkvöldi, að mestu leyti einsömul, og að klukkutími hefur þá verið til stefnu til að ganga frá þingskjölum varðandi það mál. Það er að vísu vel að verki verið þar sem nál. er 20 prentaðar síður og hafa fulltrúar meiri hlutans unnið vel á þessum klukkutíma.

Ég spyr sem sagt í fyrsta lagi hvernig hátti til sérstaklega með Hagræðingarsjóð að hann skuli vera hér á dagskrá án þess að ætlunin sé að leita þar afbrigða. Í öðru lagi hlýt ég að vekja athygli á því að bæði þessi mál, frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 20. dagskrármálið, og frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, voru afgreidd út úr nefnd nánast umsvifalaust eftir að lauk viðtölum nefndarmanna við gesti, en þannig háttar til að ræðumaður á sæti í báðum þessum nefndum. Það gafst þar af leiðandi enginn tími til að ræða málin í framhaldinu í nefndum og þaðan af síður gafst tími til að undirbúa álit nefndanna, a.m.k. minni hlutanna í báðum þessum nefndum. Ég vil að það komi hér fram, herra forseti, að við fulltrúar minni hlutans bæði í sjútvn. og efh.- og viðskn. gerðum formönnum beggja nefnda skýra grein fyrir því að það væri óhjákvæmilegt þar sem um svo viðamikil ágreiningsmál væri um að ræða, bæði innan þings og úti í þjóðfélaginu að við fengjum allnokkurn tíma til að skila áliti okkar og niðurstöðum. Engu að síður eru bæði þessi mál á dagskrá og eins og áður sagði það án þess að reiknað sé með að leita afbrigða fyrir veru þeirra hér eða umfjöllun um þau hér.

Þá er líka rétt að upplýsa a.m.k. hvað nál. minni hlutans snertir varðandi ráðstafanir í ríkisfjármálum að það er ekki tilbúið og verður ekki fyrr en síðdegis í dag, það fer að vísu að einhverju leyti eftir afköstum skjaladeildar Alþingis, en það er óhjákvæmilegt að þetta verði athugað, hæstv. forseti, og rætt í hópi formanna þingflokka hvernig unnt er að haga dagskránni síðdegis í dag til að þessi mál geti komið fyrir með eðlilegum hætti þ.e. að fyrir liggi bæði nál. meiri hluta og minni hluta. En það þarf nokkurn undirbúning sem ég vona að skiljist. Þannig háttar einnig til að allmargir þingmenn sitja bæði í sjútvn. og í efh.- og viðskn.

Nú eru hvorki meira né minna en fimm stór mál á dagskrá þessa fundar sem öll snerta þessar tvær nefndir, þ.e. dagskrármál frá og með því 17., um Verðlagsráð sjávarútvegsins, til og með 21., um Hagræðingarsjóð. Þar á meðal eru lánsfjárlög. Það gefur auga leið að þessir nefndarmenn geta ekki gert allt í senn, tekið þátt í umræðum, talað fyrir nál. minni hluta og búið önnur nál. til á sömu klukkutímunum. Þannig er t.d. með ræðumann að hann er framsögumaður minni hluta um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992, hann tók að sér að semja nál. minni hluta varðandi ráðstafanir í ríkisfjármálum og hefur þar á ofan verið á stanslausum nefndafundum og þingflokksfundum nánast síðustu sól-

arhringa. Ég vil því óska eftir því, hæstv. forseti, og lýk nú máli mínu, að það verði athugað hvernig hægt er að skipuleggja vinnuna hér á næstu klukkustundum þannig að þetta geti gengið fyrir sig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi það að ekki er leitað afbrigða fyrir þessum málum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á og eru hér neðarlega á dagskrá fundarins þá er það einfaldlega vegna þess að það ber ekki að leita afbrigða fyrir málum þegar þingskjöl eru komin fram a.m.k. einni nóttu fyrir fund. Það var því ekki nauðsynlegt að leita afbrigða af þeim ástæðum. Það er ekki farið á svig við þingsköpin í þessum efnum.

Hins vegar skilur forseti vel að það er mikið annríki bæði hjá nefndum og hér á þingfundum og forseti vill gjarnan leita leiða til þess að menn fái tækifæri til að ljúka því að semja nál. áður en þessi mál koma á dagskrá hér síðar. Það er 20. og 21. dagskrármálið. Ef forseti skildi rétt þá voru það þau mál sem hann nefndi sérstaklega. En það er hægt að taka önnur mál sem ekki þarf að leita afbrigða við og byrja á þeim og reyna svo að gefa mönnum svigrúm til þess að ljúka við að semja nál. sem nefnd voru.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið að það er afar sérstakt að komin séu á dagskrá mál sem voru tekin út úr nefnd í gærkvöldi án þess að nefndarmönnum hafi gefist tækifæri til að fara ofan í alla þætti málsins og á ég þar sérstaklega við ráðstafanir í ríkisfjármálum. M.a. voru að koma fram nýjar upplýsingar á síðustu mínútu áður en málið var tekið út úr nefnd. Ég vil einnig benda á það, virðulegi forseti, að ég gerði grein fyrir því í ræðu þegar rætt var um frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt hver staða mála í nefndum væri og hver málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er. Það er nú því miður að koma fram núna í störfum þingsins. Ég vil, virðulegur forseti, vekja athygli á því að við í efh.- og viðskn. erum að fást við mjög stór og erfið mál eins og breytingar á tekjuskatti og eignarskatti sem eru í því formi þegar þegar mælt er fyrir þeim hér á þingi að þau gætu verið fyrsta vinnuskjal inni í ráðuneyti. Þau eru í því formi að við fáum frá hagsmunaaðilum utan úr þjóðfélaginu stórfelldar athugasemdir nánast við hverja einustu grein. Þannig að ég held, virðulegur forseti, að það verði að taka tillit til þessa. Við nefndarmenn í efh.- og viðskn. höfum unnið síðustu daga nánast nótt sem dag og tekið matarhléin til nefndarfunda. Því verður að gera þá kröfu að stjórnarandstöðunni gefist ráðrúm til að undirbúa sig undir umræðuna þegar þessi stóru mál koma hér inn aftur og ekki síst, virðulegi forseti, þar sem efnislegri meðferð í nefndum var í raun ekki lokið þannig að hún hlýtur þá eðli málsins samkvæmt að halda áfram hér inni í þingsal.

Ég vil að vísu taka það skýrt fram að ég hef ekkert upp á vinnubrögð formanns okkar nefndar að klaga, hún hefur stýrt þessu samkvæmt þeim tíma sem henni hefur verið ætlaður eins og best verður á kosið að mínu mati. En eftir stendur þetta að efnislegri meðferð er ekki lokið. Ég vil sérstaklega nefna eitt atriði sem er tilfærslan á kostnaði við löggæsluna. Þar voru að koma inn í nefndina á síðustu stundu, nokkrum mínútum áður en málið var tekið út í gærkvöldi, veigamiklir þættir sem snerta hvaða áhrif þetta hefur á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og í framhaldi af því þá jöfnun sem hann átti að veita smærri sveitarfélögum. Þar komu fram upplýsingar sem benda til þess að þetta þýði að þar komi þetta fram með tvöföldum þunga vegna þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa tækifæri til, fullnýti sína tekjustofna og fari inn á Jöfnunarsjóðinn af fullum þunga sem getur þýtt samkvæmt okkar upplýsingum allt að 30%–40% skerðingu á tekjujöfnunarframlaginu sem um verður beðið. Þetta eru svo stór mál, virðulegi forseti, að það er nánast ómögulegt að þau séu sett hér á dagskrá án þess að hægt sé að kynna sér þau frekar.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól vegna gagnrýni á það að út úr nefnd hafi komið strax í gærkvöld nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um ríkisfjármál. Ég tek alveg undir það með þingmönnum, sem hér hafa talað, að vissulega er erfitt að fjalla um stór og mikil mál á nefndarfundum og finna tíma í annríki þingsins í lokin undir jól. Það hefur mér fundist þau tvö haust sem ég hef verið á þingi og tel að á því sé lítil breyting nú þó aðrir menn séu nú við stjórnvölinn og aðrir sem gagnrýna vinnuálag og tímaleysi.

Örlítið um afgreiðslu mála úr minni nefnd. Hér hefur komið fram að mál hafi verið afgreidd án þess að menn færu almennilega ofan í þá þætti og þær nýju upplýsingar sem hafi verið beint inn í nefndina. Ég vísa þessu á bug. Það hefur vissulega verið erfitt að finna tíma fyrir fundi en ég þakka nefndarmönnum fyrir það að þeir hafa verið liprir við að mæta á þeim tímum sem hafa verið lausir. Það komu viðbótartillögur í ríkisfjármálum eftir þessa helgi og ég hef kallað alla þá aðila til fundar í nefndinni sem stjórnarandstaðan hefur óskað eftir og við höfum getað rætt mjög ítarlega við alla þá aðila.

Öllum þáttum, sem fólust í sjálfu frv. um ríkisfjármál í upphafi, var vísað til fagnefnda Alþingis og frá þeim komu til baka álit sem var farið ítarlega yfir og í sumum tilfellum, örfáum, tillögur. Það sem hér er bent á um nýjar upplýsingar frá því eftir helgi sem lúta að hafna-, vega- og löggæslumálum þá er eins með þær að við höfum farið ofan í þau mál og átt viðræður m.a. við sveitarfélögin. Hér var því haldið fram að löggæslumálin ein sér mundu hafa mjög mikil áhrif á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það má vissulega halda því fram, en algerlega óháð því hvort verið er að setja löggæslumál eða þátttöku í kostnaði löggæslumála til sveitarfélaganna þá er staðreyndin sú, og vita það allir sem hafa einhverja þekkingu á þessum málum og sveitarstjórnarmálunum, að sveitarfélög hér í þéttbýlinu hafa ekki fullnýtt sína tekjustofna og þar af leiðandi ekki fengið ákveðnar lögbundnar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sem þau annars gætu fengið. Þetta hef-

ur komið, þegar er ákveðin upphæð í Jöfnunarsjóði, hinum smærri sveitarfélögum góða. Það breytir því ekki að sveitarfélag – vel að merkja sem er undir meðaltalsmörkum í tekjum – getur ef það fullnýtir sína tekjustofna tekið stórar fjárhæðir út úr Jöfnunarsjóði samkvæmt lögum. Þetta er algerlega óháð því hvort verið er að setja þátttöku í löggæslumálum til sveitarfélaganna. Og þetta er umræða sem maður hefur heyrt hjá ýmsum sveitarstjórnarmönnum á þessu hausti, áður en slíkar umræður komu til, að staða þeirra væri þannig að þeir þyrftu margir hverjir að fara að huga að því hvort þáttur þeirra í Jöfnunarsjóði þyrfti að vera hærri. Hins vegar hafa margir skirrst við að hækka sína tekjustofna og það er alveg þekkt t.d. varðandi sveitarfélögin, sem eru hér næst höfuðborginni, að hún hefur stýrt mjög miklu í því hvað sveitarfélögin gera t.d. í útsvarsprósentu og öðru.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að skilja mátti orð hv. 6. þm. Norðurl. e. þannig að löggæslumálin ein og sér hefðu gífurleg áhrif á þátt sveitarfélaganna til framlags úr Jöfnunarsjóði.

Ég vil líka láta það koma fram að ég hef reynt að verða við óskum manna varðandi þessa erfiðu stöðu í nefndum. Í morgun átti að vera fundur kl. 9. Ég hafði hugsað mér að við héldum þann fund fram undir hádegi. Þegar ég kom í þinghúsið í gærkvöldi kom í ljós að stjórnarandstaðan hafði óskað eftir því að fá frí frá fundum kl. 10 í morgun vegna þingflokksfunda. Því var það svo og einnig vegna þess að mönnum hafði lítill tími gefist til að semja sín nál. varðandi ríkisfjármál að fundur í minni nefnd stóð einungis frá kl. 9–10 í morgun þótt vissulega hefði verið full ástæða til að við hefðum verið að fjalla um okkar mál lengur ef þannig hefði borið undir. Þetta vil ég að komi fram. Af því sagt var að 20 síðna nál. væri komið fram á einni klukkustund frá efh.- og viðskn. þá er það mjög áríðandi að það komi fram að megnið af þeim pappír eru að sjálfsögðu álitin frá nefndunum sem ég vék að áðan og strax í gærmorgun voru breytingartillögur nefndarinnar lagðar fram í nefndinni. Þannig að auðvitað lá þetta fyrir.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Síðasliðinn laugardag kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp og kom þeirri vinsamlegu ábendingu til ríkisstjórnarinnar — það sést nú hvorki tangur né tetur af henni þessa stundina en æskilegt væri að ráðherrar fylgdust með umræðum um vinnubrögð í þinginu og hvernig framgangi mála sem koma frá ríkisstjórninni er háttað. En ég kom með þá vinsamlegu ábendingu að tekið yrði þinghlé til að ríkisstjórnin gæti komið sér saman um hvað hún ætlaði að gera í þeim málum sem hún hefur lagt fyrir þingið. Hér hefur ekki verið gert neitt hlé heldur hefur sami gangur verið á öllum málatilbúnaði að tillögur streyma stöðugt til hinna ýmsu nefnda sem eru að vinna í málum.

Við sem sitjum í efh.- og viðskn. erum þessa stundina að fást við frv. um eignarskatt og tekjuskatt. Meðal þess sem þar er til umræðu er svokallaður sjómannaafsláttur. Það var upplýst af einum stjórnarþingmanni í sjónvarpinu í gærkvöldi að verið væri að vinna að breytingum á þessum afslætti. Og ég vil spyrja: Hvar er verið að vinna að breytingum á þessum afslætti? Þetta mál er til meðferðar hjá efh.- og viðskn., þangað hafa enn þá ekki komið neinar tillögur um breytingar á þessum sjómannaafslætti. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann? Það þarf að sækja fjmrh.) Ég vil gjarnan óska þess forseti, að viðkomandi ráðherrar séu hér til staðar. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til að óska eftir að hæstv. ráðherrar komi hér í salinn.) Á meðan vil ég beina spurningu til hæstv. forseta: Eins og hér kom fram áðan þá sat efh.- og viðskn. á fundi í gærkvöldi og ég fór hér út úr húsinu rétt fyrir hálfsjö, þá var hér í ræðustóli hv. þm. Sólveig Pétursdóttir. Við sátum á fundi til klukkan að verða hálfníu en þá fóru nokkrir nefndarmanna yfir á fund í sjútvn. Ég fór heim og hafði ekki hugmynd um að hér ætti að fara fram útbýtingarfundur. Það má kannski segja að minn þingflokksformaður hefði átt að vera á vaktinni og láta okkur vita. (**Forseti:** Forseti tilkynnti það í lok fundar í gær að það yrði útbýtingarfundur.) Það sem ég var að segja, hæstv. forseti, er að þá sat ég á fundi í efh.- og viðskn. og þeim boðum var ekki komið til okkar að þessi útbýtingarfundur ætti að fara fram. Ég tek þetta upp vegna þess að hér var dreift stórmáli, frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem að sjálfsögðu verður komið í umræðuna í dag úti í þjóðfélaginu meðal námsmanna. Við verðum auðvitað spurð álits á þessu máli og því miður hefur mér ekki gefist kostur á að kynna mér það þótt minn ágæti þingflokksformaður hafi reyndar gert sér sérstaka ferð heim til mín í gærkvöldi til að koma þessu til mín. En efh.- og viðskn. hefur haft forgang.

Hér eru sjútvrh. og forsrh. mættir. Ég varpaði fram þeirri spurningu: Hvar er verið að vinna að breytingum á sjómannaafslættinum? Er það rétt sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að verið væri að vinna að breytingum á honum? Málið er til meðferðar í efh.- viðskn. en þangað hafa enn þá ekki borist neinar breytingartillögur. Hvar er verið að vinna að þeim?

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Okkur sem störfum í efh.- og viðskn. var það í sjálfu sér ljóst í gær að það var ætlun meiri hluta nefndarinnar að taka svokallaðan bandorm út úr nefndinni. Hitt er svo annað mál að þar hafa verið að koma fram upplýsingar sem komu okkur á óvart. Og það er alveg ljóst að það sem kom mest á óvart eru þau áhrif sem svokallaður skattur vegna löggæslu mun hafa á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að þar er um veruleg áhrif að ræða. Það má vel vera að hæstv. ríkisstjórn og sá meiri hluti, sem stendur að baki hennar, hafi engan áhuga fyrir að kanna þau mál til hlítar og sé nánast alveg sama um hvaða áhrif þetta hefur á sveitarfélögin. En það vill svo til að við sem skipum minni hluta nefndarinnar höfðum áhuga fyrir því að kynna okkur þetta betur en til þess var enginn tími. Það varð að taka málið út og við

fengum nánast ekki ráðrúm til þess að ræða þetta til hlítar við fulltrúa sveitarfélaganna.

Nú er það að sjálfsögðu á valdi meiri hluta nefndarinnar hvernig vinnubrögðum er hagað. Það er alveg ljóst að við munum kalla eftir upplýsingum um þetta mál hér í umræðum um málið. Og ef það þykja hentugri vinnubrögð hér á Alþingi af hálfu forsetadæmisins og ríkisstjórnarinnar, þá gott og vel. Þá fer tími þingsins í það.

Síðan er rétt að geta þess, virðulegur forseti, að efh.- og viðskn. á eftir að fjalla um tekjugrein fjárlaganna. Það hefur ekki enn þá unnist tími til að fá Þjóðhagsstofnun til fundar til að fjalla um tekjugrein fjárlaganna og mér er ekki alveg kunnugt um hvernig því er háttað í hæstv. fjárln. Mér skilst að 3. umr. fjárlaga eigi að fara fram á morgun og það er alveg ljóst að efh.- og viðskn. verður að fá ráðrúm a.m.k. til að koma saman út af málinu. Og jafnvel þótt ekki sé tími til langra umræðna þar þá vænti ég þess að meiri hluti nefndarinnar muni a.m.k. ekki skila nál. nema kalla fund saman um það mál.

Síðan er það svo að frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt snertir að sjálfsögðu tekjuhlið fjárlaganna og það mál er allt í uppnámi. Það frv. er þannig unnið að það stenst ekki tæknilega. Það hefur komið fram. Ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins og alveg er ljóst að við höfum a.m.k. áhuga á því að flytja brtt. sem eru flóknar og ég treysti mér ekki til að ganga frá þeim nema fá sérfræðinga til fundar til að hjálpa við það. Ég veit ekkert hvaða sérfræðinga fjmrn. notar almennt til að hjálpa til við brtt. í fjárlagafrv. Maður heyrir það í sjónvarpinu að það séu einhverjir ákveðnir þingmenn hér sem eru hjálparkokkar í þeim efnum. Mér er ekki kunnugt um að þeir hafi sérfræðikunnáttu í þeim efnum og við hljótum að krefjast þess að þau mál séu a.m.k. kynnt í efh.- og viðskn. þó að ég viðurkenni að sjálfsögðu að hv. þm. sem er annt um mál hljóta að reyna að hafa áhrif á að þau séu færð til betri vegar. Það skil ég vel.

Síðast en ekki síst var tekið út úr nefnd í gærkvöldi frv. til laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það var gert skömmu fyrir klukkan tíu og ég spurði á þessum fundum hvernig menn hygðust haga störfum hér í dag. Hvort það yrði ráðrúm til að ræða þessi mál í dag út af öðrum málum. Það gekk mikið á að ljúka þeim. Ég talaði við aðra minnihlutamenn í örfáar mínútur og þegar ég kom inn á Alþingi til að ná í gögn var verið að slíta fundi sem væntanlega hefur verið þessi útbýtingarfundur sem þessu hefur verið deilt út á. En það hafa verið mjög snör handtök, svo ekki sé nú meira sagt. Það kom mér nokkuð á óvart því ekki var ljóst að verið væri að útbýta skjölum.

Svo er í annan stað, hæstv. forseti, þannig með þetta frv. að í lögum stendur í ákvæði til bráðabirgða II., eftirfarandi grein:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Nú er það ljóst að ekki hefur verið haft samráð við sjútvn. um þetta mál, en látum það vera, málið er í hennar höndum. En upplýst hefur verið í nefndinni að það hefur ekkert samráð verið haft við hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Telur forseti eðlilegt að taka hér fyrir mál þar sem Alþingi hefur lýst yfir vilja sínum að kröfu þingmanna á þeim tíma og þessi vilji er ekki virtur? Er hægt að taka þetta mál fyrir, hæstv. forseti, fyrr en vilji þingsins hefur verið virtur?

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það ber þá nýrra við ef stjórnarandstaðan og aðrir kvarta undan því að það séu vaskir menn til verka í sjútvn. Ég tel það gott fordæmi hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og öðrum að menn hafi snör handtök eins og hann kýs sjálfur að kalla þau vinnubrögð sem þar voru viðhöfð við þetta nál. Alveg hárrétt er að þar voru hafðar hraðar hendur. Ég skal fúslega viðurkenna að eftir að fundur hófst í sjútvn. klukkan átta bað ég starfsmann nefndarinnar að hefja undirbúning að þessu nál. og þegar fundi lauk, u.þ.b. 7 mínútur í tíu, gengum við endanlega frá því og nál. var síðan útbýtt hér á fundinum. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn þurftu ekki að velkjast í neinum vafa um hvað stæði til. Ég hafði sagt þeim með tveggja daga fyrirvara að ég hygðist afgreiða málið úr nefnd, þannig að það er ekki hægt að segja að þar hafi verið nein undirmál.

Það kom líka upp á fundi okkar í gær hvort þetta mál yrði rætt á þingi í dag. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson varpaði því fram í umræðu. Ég svaraði því svo til að ég hygðist beita mér fyrir því sem þingflokksformaður að þetta yrði tekið á dagskrá. Ég hygg að þessi afstaða mín sem starfandi formanns í nefndinni hafi átt að vera ljós. (Gripið fram í.) Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. kunni að lesa og hann hafi lesið þetta, a.m.k. las hann þetta fyrir mig tveimur sinnum á síðustu tveimur dögum. (**StG:** Og veitir ekki af.) Hins vegar er alveg ljóst og rétt að það komi fram að stjórnarandstaðan telur að hér sé um lögleysu að ræða. Um það má deila. Ég gerði það sem í mínu valdi stóð sem formaður nefndarinnar til þess að hún gæti undirstrikað þessa skoðun sína með því að kalla til fundar við nefndina að beiðni stjórnarandstöðunnar bæði svokallaða undirnefnd um mótun sjávarútvegsstefnu og yfirnefnd líka. Rétt er að það komi fram að ég átti samtöl við stjórnarandstöðuþingmenn í minni hlutanum þar sem það kom fram að þeir óskuðu sérstaklega eftir því að oddvitar hinnar tvíhöfða yfirnefndar kæmu til þess að hægt væri að fá það fram í nefndinni hvort haft hefði verið samráð við þá. Ég taldi alveg sjálfsagt að verða við þessum óskum til að þeir gætu þá komið fram með þessar skoðanir sínar eins og Halldór hefur raunverulega gert núna.

Hins vegar er það rétt, eins og ég ætlaði að segja áðan þegar ég var truflaður með frammíköllum þingmanna, að þetta eru auðvitað hröð vinnubrögð. Það kann vel að vera að þau séu ekki til eftirbreytni og ég geri mér alveg fyllilega ljóst að þarna var um mikið vinnuálag að ræða á nokkrum þingmönnum sem eru

bæði í efh.- og viðskn. annars vegar og hins vegar í sjútvn. Þeir höfðu ekki ráðrúm til þess að vinna sitt minnihlutaálit. Ég kýs að túlka orð Steingríms J. Sigfússonar, varaformanns Alþb., þannig að hann hafi í rauninni verið að óska eftir því að gert yrði stutt hlé á þessum fundum til að formenn þingflokka gætu hist ásamt forseta til þess að ræða það með hverjum hætti væri hægt að finna tíma til þess að vinna þetta minnihlutaálit og með hvaða hætti væri síðan hægt að haga umræðum um Hagræðingarsjóð.

Sem formaður þingflokks annars stjórnarflokksins tek ég undir þessa ósk varaformanns Alþb. Ég hygg að það væri viturlegt að við gerðum örstutt hlé þegar þessari þingskapaumræðu er lokið og formenn þingflokkanna og forseti ræddu um það hvernig best væri að haga umræðu um Hagræðingarsjóðinn þannig að minni hlutanum gæfist ráðrúm til að gefa þetta álit.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hafði lýst hér áður en þessi þingskapaumræða hófst er forseti tilbúinn að leita leiða til þess að tíma megi finna fyrir þá sem eiga eftir að skila nál. og annað það sem menn telja nauðsynlegt að gera áður en umræða getur hafist um þau mál sem hér hafa verið aðallega til umræðu. Forseti hefur hugsað sér að gera hlé á fundinum þegar þeir hafa lokið við að tala um gæslu þingskapa sem enn eru á mælendaskrá því forseti telur eðlilegt að þeir fái líka tækifæri til að koma með sín sjónarmið áður en hlé verður gert.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja örfá orð um starfið sem snýr að fjárln. Þar vorum við að vinna á fundi fram á nótt. Við höfum kvartað yfir því, minni hlutinn, að stórar ákvarðanir væru seint á ferðinni og gert við það stífar athugasemdir. Hins vegar hefur meiri hlutinn verið að tilkynna okkur um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans í þessum efnum og er út af fyrir sig ekkert um það að segja. Við komum til fundar í morgun og þar var byrjað á því að bera upp tekjuhlið frv. Við bentum á ákvæði þingskapa um að álit ætti að koma frá efnahagsnefnd þingsins á tekjuhliðinni fyrir 3. umr. fjárlaga. Formaður nefndarinnar varð strax vel við þessu og frestaði fundi, bar ekki tekjuhliðina upp og vil ég þakka það. Hann brást alveg hárrétt við því. En nú vil ég spyrja, af því að 1. þm. Austurl. upplýsir að þessi mál hafi lítið verið rædd í efnahagsnefnd. Þar hafi hvorki Þjóðhagsstofnun eða fjmrn. verið kallað fyrir út af tekjuhliðinni vegna þessara stóru mála. Vil ég þá spyrja formann nefndarinnar ef hann er hér staddur: Hvenær á þetta að fara fram? Hvenær á að kalla í sérfræðinga vegna tekjuhliðar fjárlaga og hvenær mun þetta nál. berast fjárln.? Og hvenær mun þá 3. umr. fjárlaga fara fram? Hún getur að sjálfsögðu ekki farið fram fyrr en búið er að skila nál. Mér er spurn: Hvenær eiga fjárlaganefndarmenn að semja sín nál. og undirbúa málflutning við 3. umr. sem verður gífurlega mikil því þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur kynnt varðandi heilbrigðismál og annað eru þess eðlis að þær hljóta að kalla á mjög mikla umræðu svo ekki sé meira sagt. Ég gæti talið upp mörg fleiri mál þannig að ég vildi fara fram á það að menn segðu eitthvað um það, bæði ríkisstjórn og forsetar þingsins og formaður efnahagsnefndar, hvenær niðurstaða af þessum störfum muni liggja fyrir og hvort þau séu einhverjar líkur til þess að 3. umr. fjárlaga fari fram á morgun.

Ég tel litlar líkur á því að það sé hægt með skikkanlegum hætti. Hér er verið að rífa mál út úr nefndum og menn undrast að viðbrögð séu hörð við því. Ég hef einu sinni gerst sekur um að rífa mál út úr nefnd með valdi og viðbrögðin hjá Sjálfstfl. voru þau að ég var kallaður ofbeldismaður tvisvar úr þessum ræðustóli og var þó málið búið að vera fyrir nefndinni í tvo mánuði og 60 aðilar búnir að koma fyrir nefndina. Þetta var mál sem var Sjálfstfl. ekki að skapi. Viðbrögðin voru svona. Hér er talið allt í lagi að rífa hvert málið af öðru með valdi út úr nefndum og halda að stjórnarandstaðan segi ekki neitt og þegi. Einn þingmaður talaði í átta klukkutíma og 20 mínútur um þetta mál þegar ég var búinn að rífa það út. Svona var nú þá.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er komin upp mjög alvarleg og sérkennileg staða í þinghaldinu. Á fundi í hádeginu tilkynntum við forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna formönnum þingflokka stjórnarliðsins og forseta Alþingis að það gæti ekki verið um neitt samstarf að ræða um þinghaldið við þær aðstæður sem nú eru. Ástæðurnar liggja í raun í augum uppi. Stjórnarandstaðan hefur síðustu daga reynt að gera allt sem hægt er til að greiða fyrir gangi þingmála. Hér voru afgreidd ýmist frá Alþingi eða á milli umræðna ellefu þingmál í gær. Við höfum hjálpað til við að fleyta málum á milli umræðna í atkvæðagreiðslum eins og kemur t.d. fram á skjali sem ég er með fyrir framan mig þar sem ljóst er að stjórnarsinnar eru minni hluti í atkvæðagreiðslum í þinginu hvað eftir annað. Stjórnarandstæðingar hafa orðið að hjálpa til við afgreiðslu á málum til að þoka þeim á milli umræðna. Stjórnarandstaðan hefur sýnt samvinnulipurð með þeim hætti og líka t.d. með þeim hætti að fallast á það fyrir sitt leyti að staðið yrði að upphafi 3. umr. fjárlaga eins og gert var á laugardaginn var. Sú ákvörðun orkaði tvímælis af einni ástæðu. Þeirri, að í þingsköpunum stendur alveg skýrt að álit efh.- og viðskn. á tekjuhlið fjárlaganna eigi að liggja fyrir áður en 3. umr. hefst. Það álit lá ekki fyrir frá efh.- og viðskn. Þess vegna bar auðvitað að leita afbrigða. Menn létu það yfir sig ganga að það var ekki gert. Þetta er ég að nefna til marks um það að stjórnarandstaðan hefur sýnt samvinnuvilja í verki.

Það er einnig ástæða til að benda á í þessu sambandi að stjórnarandstaðan hefur reynt að greiða fyrir málum þó að hlutirnir hafi verið mjög í lausu lofti af hálfu ríkisstjórnarinnar. Síðast í gærkvöld var heilbrigðiskafla fjárlagafrv. snúið við í grundvallaratriðum án þess að það fengist í raun rætt nokkurs staðar. Þrátt fyrir þennan samvinnuvilja stjórnarandstöðunnar

gerist það að haldinn er hér útbýtingarfundur í gærkvöldi klukkan tíu, það er tilkynnt hér á forsetastóli rétt fyrir klukkan sjö og við gerðum engar athugasemdir við það vegna þess að við gerðum ráð fyrir því að hér væri um hefðbundinn útbýtingarfund að ræða þar sem ekki væri verið að kasta inn ágreiningsmálum á tæpu vaði. Hvað gerist? Það birtist, virðulegi forseti, þetta nál. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 frá meiri hluta efh.- og viðskn. Nál. sem er hvorki meira né minna en 20 síður — klukkutíma eftir að nefndarfundinum lauk. Sömuleiðis birtast brtt., ekki ein, heldur fimmtán, við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, klukkutíma eftir að fundinum lauk. Síðan gerist það að dreift er nál. meiri hlutans um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og brtt. örfáum mínútum eftir að fundinum lauk í sjútvn. þannig að það er greinilegt að nál. og brtt. voru tilbúnar löngu áður en fundinum lauk í sjútvn. Með öðrum orðum: Fulltrúa stjórnarandstöðunnar, sem tóku þátt í fundi sjútvn. í gærkvöldi í góðri trú, var verið að draga á asnaeyrunum. Telja þeim trú um að þarna væri um eðlileg og þingræðisleg vinnubrögð að ræða. Þessi framkoma við stjórnarandstöðuna er algjörlega óþolandi. Af þeirri ástæðu lýstum við því yfir, forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna, áðan á fundi með forseta að ekkert samkomulag væri um þinghaldið að neinu leyti við þær aðstæður sem nú er um að ræða.

Á þessum fundi í gærkvöldi var líka dreift, eins og kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, frv. til laga um Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er enginn smápappír. Formenn þingflokka stjórnarliðsins hafa aldrei nefnt þann möguleika á fundum formanna þingflokkanna að þetta mál yrði sýnt eða tekið fyrir á þeim dögum sem eftir eru af þinginu, hvenær svo sem því lýkur.

Auðvitað getur stjórnarliðið gert það sem því sýnist. Auðvitað getur það ákveðið dagskrá eins og því sýnist. Auðvitað getur forsetadæmið ákveðið að setja 3. umr. fjárlaga á dagskrá á morgun ef því sýnist svo. Auðvitað er það þannig. Auðvitað ráðið þið þessu, forsetinn og ríkisstjórnin. En þá er það líka þannig að þið skuluð ekki vera að leita samstarfs við stjórnarandstöðuna þegar gengið er yfir hana með þessum grófa og óþingræðislega hætti sem hér gerðist í gærkvöld. Þessu hljótum við að mótmæla, virðulegi forseti, og ef hv. 17. þm. Reykv. vill gera hlé á fundum hér þá getur hann gert það mín vegna en hann er ekki að gera það að beiðni stjórnarandstöðunnar. Það skal vera skýrt.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða er um gæslu þingskapa, eins og nú er farið að kalla umræður um þingsköp, og ég held að það sé rétt að menn virði fyrir sér þá grein sem hér er verið að ræða um sem er 39. gr. þingskapanna, um 2. umr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu eða útbýtingu nefndarálits og skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær.“ — Þetta er textinn. Ég held að það sé rétt að menn hugleiði: Eru hér reglur uppfylltar að formi og að innihaldi?

Ég geri ráð fyrir því að menn telji að þetta geti staðist með formið. Hæstv. forseti kom með þá túlkun. Þó er það háð mjög rúmri túlkun á því hvað er nótt og hvað er dagur. Ég held það væri rétt að menn áttuðu sig á því, þar á meðal forseti þingsins virðulegur og forsætisnefnd, að í rauninni er þörf á því að skýra þingsköpin að þessu leyti. Er það eðlilegt að haldinn sé fundur, sem tilkynnt er um að kveldi, sem útbýtingarfundur og að fundi verði frestað? Þetta er gert á fundi þar sem sárafáir þingmenn voru enn til staðar, að ég held, þegar fundi var frestað. Síðan klukkan tíu er haldið áfram fundi og þá er útbýtt þessum pökkum frá ríkisstjórninni sem menn hafa verið að nefna hér. Nál. frá nefnd, sem var að ljúka störfum fimm mínútum fyrr, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og minni hluta auðvitað ekkert ráðrúm gefið til að skila sínu áliti, og nýju frv., sem hér liggur á borðum þingmanna, um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ég held að þetta sé allt á tæpasta vaði og í rauninni er hér komið fram á nótt miðað við það að við skiptum sólarhringnum í nótt og dag og viljum kannski halda tólf stundum hvorum megin.

Síðan er talað um nefndarálit. Hvað er nefndarálit? Er það bara álit meiri hlutans? Er ekki hluti af nál. einnig álit minni hlutans? Ég er alveg viss um að hægt er að vísa hér í hefðir um að hliðstætt hafi gerst, eins og hv. þm. Jón Kristjánsson minntist hér á og er ágætt að hann rifjaði upp tilefnið og það sem á eftir á fylgdi. Ég segi þetta hér vegna þess að þörf er á því að menn vandi sig gagnvart þingsköpunum að þessu leyti. Full ástæða gæti verið til þess að taka skýrar til orða í þingsköpum að þessu leyti, t.d. þetta: Hvað er nefndarálit?

Ég er þeirrar skoðunar að minni hluti í þingnefnd eigi ekki að hafa ótakmarkað ráðrúm til þess að tefja að mál komist á dagskrá. En hann á að hafa eðlilegt svigrúm til þess og í rauninni alveg lágmark að það sé sólarhringur eins og almennt er gert ráð fyrir varðandi þingmál að sé virt.

Síðan, virðulegur forseti, hefur komið fram hjá þingmönnum að ekki hefur gefist ráðrúm til að afla grundvallarupplýsinga eins og um nýja þætti af hálfu ríkisstjórnarinnar varðandi frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og þá nýbreytni að ætla að fara að leggja löggæslukostnað á sveitarfélögin. Menn greinir á, heyri ég, sem hafa nefnt það efnislega í þessari umræðu, hvað sé rétt og hvað sé rangt í því efni. Það er auðvitað ekki til sparnaðar varðandi umræður í þinginu að fá efnislega þætti málsins ekki fram í nefnd. Ég tek því undir með hv. 1. þm. Austurl. sem nefndi þetta alveg sérstaklega í sínu máli.

Svo vil ég segja, virðulegi forseti, að það er auðvitað ljóst í hvað stefnir hér. Ríkisstjórnin er með allt niður um sig í sambandi við undirbúning mála gagnvart þinginu. Það skortir mjög á að hér komi mál fram með eðlilegum hætti miðað við það að ljúka þinghaldi fyrir jól enda er hæstv. forsrh., ég hygg fyrstur af hálfu

ríkisstjórnarinnar og þingsins, til að nefna að trúlega þurfi að halda áfra störfum þingsins að loknum jólum, milli jóla og nýárs eða á nýju ári. Mér sýnist það blasa við, eins og málum vindur hér fram eða öllu heldur eins og staðið er að málum af hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart þinginu, að menn hljóti að halda hér áfram án þess að gera hefðbundið jólahlé. Mér sýnist stefna í það efni eins og forsrh. hefur þegar gefið til kynna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum hlutum. Í fyrsta lagi þá vil ég taka undir það með sitjandi formanni sjútvn. og formanni þingflokks Alþfl., hv. 17. þm. Reykv., að það má deila um hvort lögleysa fór fram í sjútvn. í gær. Mín skoðun á þessu er ákveðin. Ég vil líka taka undir það með honum að þetta er ekki til eftirbreytni. Svo ég skýri þetta nánar þá voru þarna mjög málefnalegar og efnislegar *umræður alveg fram á seinustu mínútu.* Á *seinustu* mínútum þessa fundar kom raunar fram að sennilega hafa sveitarfélög, þau sem treystu sér til að tjá sig um það frv. sem þarna var til umfjöllunar, gefið sína umsögn á fölskum forsendum og það er alvarlegt. Ég vil skýra það aðeins. Þau fengu gögn sem gátu bent til þess að verið væri að bæta þjónustu við sveitarfélög sem fara illa út úr kvótatapi. Þau fengu nefnilega gögn sem bentu til þess, og það er ekki minna mál en svo að þaulvanir og mjög góðir fréttaritarar útvarpsins misskildu málið á sömu lund og héldu að hér væri verið að stíga mikið framfaraskref. En það er nú eitthvað annað. Efnislega var þetta nákvæmlega öfugt. Því er von að sveitarfélögin hafi misskilið þetta eftir þeim gögnum sem þau fengu. Þetta eitt út af fyrir sig hefði átt að sannfæra hv. formann um að hér ætti ekki að fara að dreifa nál. sem mér skilst að hafi orðið til og verið prentað á örfáum mínútum. Að vísu upplýsti formaður þarna að hann hefði byrjað meðan við vorum að hlusta á röksemdir í málinu að útbúa nál. Það var alveg ljóst að hann ætlaði ekki að láta efnislega umfjöllun ráða niðurstöðu sinni í þessu máli og það er alvarlegt.

Vegna þess hvað þessi fundur dróst lengi fór ég hingað af tilviljun á útbýtingarfund, sem ég vissulega vissi um, en hafði ekki tilkynnt nokkrum í mínum þingflokki um vegna þess að ekki hafði verið kynnt með nokkrum hætti að hér yrðu jafneldfim mál til útbýtingar eins og var og með jafnundarlegum hætti. Ég axla þá ábyrgð og mér heyrist það á öllum öðrum þingflokksformönnum að þeir hafi ekki tilkynnt þetta réttilega og mér þótti það miður. Það var hrein hending að ég var hér. Það var hrein hending að mér gafst tækifæri til þess að láta fulltrúa okkar kvennalistakvenna í efh.- og viðskn. fá þau nauðsynlegu gögn sem hún þurfti. Það var slembilukka og ekkert annað.

Hér hefði ég getað óafvitandi brotið alvarlega á *þingmönnum Kvennalistans og ég geri slíkt ekki með* glöðu geði. Mér þætti gaman að vita hvort eitthvað slíkt hefur gerst þar sem aðrir þingflokksformenn virtust ekki heldur gera sér grein fyrir að slík útbýting mundi fara fram.

Ég vil jafnframt ítreka að ég sé í rauninni ekki að við stöndum frammi fyrir öðru en vandræðagangi af stjórnarinnar hálfu og ég lýsi fullri ábyrgð og tek undir með hv. formanni fjárln. þar sem hann kvartar undan því í Alþýðublaðinu í dag að mjög illa gangi að fá einhverjar skýrar línur í fjárlagaafgreiðslu frá stjórnvöldum. Þetta er alvarlegt. Hér höfum við setið á löngum fundum og ég held við höfum gert býsna margt til að greiða fyrir þingstörfum. Við fáum það síðan framan í okkur frá hæstv. forsrh., þegar farið er að tala um skynsamlegan vinnutíma fyrir starfsfólk þingsins, að það sé bara væmni. Ég vil segja það að margir hafa kvartað undan því við mig hve fundir eru orðnir miklir og ég hef spurt eftir þessa yfirlýsingu forsrh. hvort það sé ekki bara væmni. Eitthvað annað. Nei, fólki þykir það ekki væmni, fólki þykir það bara eðlileg krafa að ekki sé fundað hér allan sólarhringinn.

Fleira hef ég ekki að segja um þetta en ég tel að *það sem hef verið að tala um sé alvarlegt* og beri að taka til greina.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja það að forseti geti gert hlé á þessum fundi að beiðni hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar, formanns þingflokks Alþfl., til þess að ræða dagskrána í dag. Ég held að á þeim fundi sé mikilvægt að menn ræði um þinghaldið fram til jóla. Ég er einn af þeim sem annaðhvort hafa svikist um í gær eða misst af því þegar þessi útbýtingarfundur var tilkynntur. Mér þykir það hart af þeirri ástæðu að hér eru stórmál á ferðinni eins og komið hefur fram hjá hv. þm. í þessari umræðu. Hér er lagt fram á borð þingmanna frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Í öllum þeim pappírum sem ég hef séð um skipulag þinghaldsins til jóla hef ég hvergi rekist á að til stæði að taka þetta hitamál í gegnum þingið á þeim fáu dögum sem eftir eru fram til jóla. Því vil ég spyrja hæstv. forseta, af því að hæstv. menntmrh. er genginn úr salnum, hvort það sé virkilega meining ríkisstjórnarinnar og forseta þingsins að ýta þessu máli í gegn fyrir jólaleyfi þingmanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti svarar fyrir sig: Nei.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst þarft og gott að menn ræði saman sín á milli um framkvæmd og tilhögun þinghaldsins en mér finnst satt að segja að það þurfi líka að vera lágmarkstrúnaður á milli manna. Mér finnst líka að lágmarksvirðing þurfi að vera á milli manna. Ég tel að þrátt fyrir allt hafi það tekist í hópi okkar þingflokksformanna. En ég verð að segja að mig rekur í rogastans að hlusta á ræðu hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Ég verð að segja að mér þykir illt að *sitja undir því að fá á mig ásakanir um* að hafa, eins og ég skrifa orðrétt eftir henni, sent út röng gögn til þeirra aðila sem ég bað um umsagnir um þetta frv. Hún orðaði það svoleiðis. Því er rétt að það komi fram að það sem ég sendi út var frv. til laga, sem liggur fyrir, um

breytingar á Hagræðingarsjóðnum ásamt þeim brtt. sem fram höfðu komið í nefndinni. Það var það sem ég sendi út. Í greinargerð með því frv. eru dregnar skýrum línum þær breytingar sem eru á frv. frá fyrri lögum þannig að þeir sem hafa lesið það ættu ekki að velkjast í vafa um hvað þarna var að gerast. Mér finnst verulega slæmt að heyra hér frá félaga mínum úr sjútvn. og úr hópi þingflokksformanna, sem ég á marga fundi með á hverjum degi, ásakanir um að ég hafi sent út röng gögn. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Ég veit ekki á hvaða plani svona umræða er að verða, hv. þm. Anna Ólafsdóttir.

Hvað varðar þennan útbýtingarfund er rétt að það komi líka fram að hann var ræddur á fundi formanna þingflokkanna með forseta. Og ég held að það sé rétt að menn tali tæpitungulaust hérna og komi sér að efninu, því efni sem hv. þm. Finnur Ingólfsson vék að áðan: Hvenær ætlum við að ljúka þinghaldi fyrir jól?

Það hefur komið skýrt fram, bæði úr hópi stjórnarandstöðuþingmanna og eins frá hv. þm. stjórnar og jafnvel ráðherrum, að við erum ýmsir í þessum sölum e.t.v. lítið eitt bugaðir af reynsluleysi. Ég kann svo sem ekki þær hefðir sem menn vinna hér eftir. Ég er bara vanur því að ef menn eru að semja þá gera þeir það. Það var þess vegna sem ég beitti mér fyrir því eftir umræður í þingflokki Alþfl. að lagt var fram tilboð til stjórnarandstöðunnar, til formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar, um hvernig bæri að haga þinglokum fyrir jól og ég óskaði formlega eftir því í gær að þessu tilboði yrði svarað. Þetta tilboð var lagt fram, ef ég man rétt, síðasta laugardag. Ég óskaði formlega eftir því að þessu tilboði yrði svarað. Það svar hefur ekki komið enn þá. Þegar ég innti eftir því á fundi formanna þingflokkanna fyrr í dag, hvenær væri von á því og af hverju menn vildu ekki koma með gagntilboð, var því svarað að það væri erfitt því mörg mál væru á floti. Það er afstaða sem ber að virða, ég skil hana. Mér finnst líka að þá skuldi
a.m.k. þeir sem reyndari eru í hópi þingflokksformanna, reyndari en við nýsveinar sem erum mjög bugaðir af reynsluleysi, okkur það að segja okkur að allt sé á floti og þess vegna komi ekkert gagntilboð.

Málið er einfaldlega þetta: Við verðum að semja um það hvenær við ætlum að ljúka þessu og hvernig við ætlum að gera það. Í þeim samningum verða menn auðvitað, og ég lýsi því yfir fyrir hönd míns flokks, að slá af einhverjum hlutum en það verður að gerast á báða bóga. Ég lýsi því líka yfir að ég tel að rétt sé að við gerum hlé á þessum fundi og formenn þingflokkanna setjist niður og við förum yfir þessi mál, könnum hvort ekki sé rétt og mögulegt að fara að þeirri vingjarnlegu ábendingu hv. þm. Finns Ingólfssonar að menn komi sér saman um þinglok. Þingmaðurinn er yfirleitt tillögugóður og þetta er með betri tillögum sem hann hefur komið með langa hríð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er nú löngu komið fram yfir þá mælendaskrá sem forseti tilkynnti fyrir nokkru um að hann ætlaði að tæma til þess að heyra viðhorf allra. (Gripið fram í.) Forseti ætlar að fá að ljúka máli sínu áður en hann gefur hv. 9. þm. Reykn. leyfi til að bera af sér sakir. Forseti vill nú bera það undir hv. þm., sem hafa sumir óskað eftir því að taka til máls að nýju og aðrir í fyrsta sinn um gæslu þingskapa, hvort þeir telja ástæðu til þess að halda þessu áfram. Forseti er eiginlega að bíða eftir því að geta haldið þennan ágæta samráðsfund sem fyrirhugaður er með fulltrúum eða formönnum þingflokkanna. Forseti hefur alla tíð lagt á það áherslu að hann vill eiga gott samstarf við alla þingmenn, og formenn þingflokka þar með, og halda með þeim samráðsfundi eins oft og þurfa þykir. Það höfum við gert undanfarna daga og vikur. Við höfum haldið fundi og hist hvenær sem við höfum talið þörf á því, hvort sem það er að frumkvæði forseta eða formanna þingflokka og forseti mun ekki gefast upp á slíkum samráðsfundum. Hún mun halda áfram að leggja sig fram um að eiga þetta ágæta samstarf. Að því tilefni vill forseti minna á fundadaginn í gær. Hann gekk mjög vel fyrir sig og mjög gott samstarf var við alla hv. þm. Þá höfðu þingflokksformenn verið á fundi með forseta og við höfðum komið okkur saman um hvernig við ætluðum að vinna í gær. Við vorum með utandagskrárumræðu, við tókum mörg mál sem við afgreiddum og þetta gekk með miklum ágætum og stóð algjörlega heima eins og um var samið. Þetta vill forseti láta koma fram af því að hér hefur verið talað um að ekki sé gott samráð eða gott samstarf. Forseti vill gjarnan þakka fyrir það og telur að mjög gott og auðvelt sé að ná góðu samstarfi hér við alla þingflokksformenn. Þess vegna er forseti bjartsýnn á að það takist líka nú þegar við höldum þennan fund.

Nú vill hv. 9. þm. Reykn. bera af sér sakir eða taka aftur til máls og tala um gæslu þingskapa, hvort sem hafa vill, það er á hennar valdi. Forseti vill beina því til annarra sem hafa beðið um orðið að ef þeir falla frá orðinu er meiningin að gera hlé á þessum fundi um stund.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð eiginlega að biðja um að fá að gera hvort tveggja, að bera af sér sakir og tala um þingsköp, og vona að því verði ekki illa tekið. Ég þarf að bera af mér sakir og mig vantar hv. 17. þm. Reykv. inn í salinn svo hann heyri það. Það var hann sem bar mig sökum. En ég vil nota tækifærið og tala um þingsköp á meðan verið er að ná í hann sem ég vona að verði gert.

Varðandi þinghaldið almennt þá tel ég að það sé algjörlega í stjórnarinnar valdi hvernig framgangur mála er og það sé algerlega á hennar ábyrgð. Ég ítreka það og ég sé í rauninni ekki hvað við höfum meira um að tala þess vegna. En nú er hv. 17. þm. Reykv. mættur í salinn og mig langar að bera af mér sakir einkum þar sem hann sakaði mig um að vera með órökstuddar og ég held bara ósanngjarnar ásakanir á hann. Hann sakaði mig um að hafa sagt að hann hefði sent sveitarstjórnum röng gögn. Þessi ásökun á ekki að þurfa að koma honum neitt á óvart því þetta var nefnilega rætt á sjávarútvegsnefndarfundi í gær hvaða gögn hefðu

verið send til sveitarstjórna. (**ÖS:** Enginn sagði röng gögn.) Ég tek þá orðið aftur og vona að það sé gilt og segi: ófullnægjandi. Þar sem þau leiddu til rangrar niðurstöðu þá ályktaði ég að þau væru röng. En það er mín ályktun og ég ber ábyrgð á henni. Og ég vil ítreka að út frá nákvæmlega sömu gögnum og ég hef talað núna við fréttamann Ríkisútvarpsins þá dregur þaulvanur fréttamaður Ríkisútvarpsins nákvæmlega sömu ályktun og mér sýnist sveitarfélög hafa gert og þar af leiðandi eru þessi gögn ófullnægjandi. Ég get ekki, þar sem ég hef ekki haft tóm til að ræða við sveitarstjórnir, sannað það en ég get sagt að hvaða niðurstöðu fréttaritari Ríkisútvarpsins komst í morgun og það tel ég styðja mál mitt. Fréttaritarinn, sem heitir Guðrún Eyjólfsdóttir og er þaulvön að fjalla um sjávarútvegsmál, komst að þeirri niðurstöðu að með frv. um Hagræðingarsjóð væri verið að færa málin í það horf að sveitarstjórnir yrðu nú loksins studdar ef þær ættu í kröggum vegna kvótamála. Þetta er niðurstaðan af þeim sömu gögnum og hún hafði í höndum og sveitarstjórnir höfðu að nú væri verið að gera þá breytingu á þessu frv. að það ætti að styðja sveitarfélög í stað þess, sem er rétt, að nú er verið að taka það ákvæði úr umferð sem átti að vera til aðstoðar sveitarfélögum í kröggum. Það sem þeim er boðið upp á í staðinn er að í stað þess að eiga rétt á að fá kvóta úthlutað og fá þannig aðstoð er þeim boðið upp á að eiga kost á kvóta á markaðsverði. Það er ekki aðstoð við sveitarfélög í kröggum og það er hægt að kaupa kvóta annars staðar. Ég tel mikilvægt að þetta komi hér fram. Þetta var í 9-fréttum í morgun í útvarpinu. Þetta var leiðrétt að mér skilst að minni ósk og fleiri í hádegisfréttum og þetta er dálítið alvarlegt og bendir til mjög ófullnægjandi vinnu. Ég nota orðið ófullnægjandi og ég vona að það verði ekki tekið sem ásökun líka.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þar sem hér á að fara að halda samráðsfund um framkvæmd þingskapa eða þingmála þá langaði mig að koma því á framfæri að mér sýnist stefna í mjög mikið óefni með framkvæmd þingskapa miðað við þá umræðu sem fram fór þegar hin nýju lög voru sett. Rökin fyrir því að færa Alþingi úr tveimur deildum í eina voru fyrst og fremst þau að það ætti að breyta vinnubrögðum í nefndum. Nú skyldu nefndirnar fara að vinna mjög ítarlega og rækilega og undirbúa málin þannig að það kæmi ekki að sök þó ekki væri tvöföld umferð á lagafrumvörpum milli deilda. En í morgun hitti ég menn sem voru kallaðir á fund í nefnd Alþingis í gærkvöldi og að því er þeir sögðu til þess að þegja því tíminn væri svo naumur að þeir gætu ekki fengið tíma til að tjá sig. Og þá held ég að við séum komin út á ákaflega hættulega braut í framkvæmd þingskapa. Þessu atriði langaði mig að koma hér á framfæri áður en menn fara að ræða um vinnubrögðin hvort það á sem sagt að þurrka út alveg þennan megingrundvöll að breytingu þingskapanna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Forsetinn sagði hér fyrir skömmu síðan með réttu að fundarstörfin í gær hefðu gengið mjög vel við erfiðar aðstæður. En það er líka mjög mikilvægt að forsetinn geri sér þá skýra grein fyrir því hvers vegna þau ganga illa í dag. (Gripið fram í.) Og hæstv. forseti átti sig á því að það eru mistök stjórnarforustunnar og forseta þingsins sem valda því að allt er komið í uppnám á nýjan leik.

Stjórnarandstaðan greiddi þannig fyrir málum hér í gær að það var með atkvæðum stjórnarandstöðunnar sem fjölmörg mál voru afgreidd og jafnvel gerð að lögum vegna þess að það skorti fjölmarga þingmenn í stjórnarmeirihlutanum til þess að slíkt væri hægt. Síðan gerist það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skipuleggur að láta halda hér dreifingarfund og dreifa nefndaráliti nefndar sem örfáum mínútum áður var að ljúka störfum. Það eru undirmál, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og er byggt á reynsluleysi og ber að fyrirgefa vegna þess að hin eðlilegu vinnubrögð, og hv. þm. óskaði eftir leiðbeiningum um þau, eru að þegar nefndin lýkur störfum þá fái allir nefndarmenn eðlilegan tíma, sem getur verið nokkrar klukkustundir eða einn sólarhringur lágmark, til að ganga frá sínum nál. og þeim er dreift. Að dreifa prentuðu nál. örfáum mínútum eftir að nefndarfundi lýkur er auðvitað ekkert annað en að fara í kringum eðlileg vinnubrögð og er annaðhvort undirmál eða byggt á reynsluleysi.

Það eru líka mistök hjá hæstv. forseta að taka á dagskrá í dag 20. og 21. mál áður en nál. minni hlutanna liggja fyrir. Það eru aðeins nál. meiri hlutans sem liggja fyrir og það er ekki liðinn nema rétt rúmur hálfur sólarhringur, virðulegur forseti, frá því að nefndirnar luku störfum um þessi mál. Og það er fullkomlega óeðlilegt og eru engin fordæmi fyrir því að forseti hafi tekið á dagskrá mál sem minni hluti þingsins hefur ekki fengið nema rétt rúman hálfan sólarhring til að skila nál. í og hefur ekki gert það enn. Það eru því einfaldlega mistök hjá forseta þingsins að hafa tekið þetta á dagskrá og er hér upplýst að hv. þm. Össur Skarphéðinsson óskaði eftir því að þetta væri gert. Þess vegna tel ég eðlilegt að virðulegur forseti, til að greiða fyrir þingstörfum á nýjan leik, biðjist afsökunar á þessum mistökum með því að taka þessi tvö mál út af dagskránni, þau eiga ekki heima á dagskránni með eðlilegum hætti.

Síðan vil ég segja það að lokum, virðulegi forseti. Grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar er þingræði og forseta þingsins ber að vera aðalvarðmaður þess að þingræðið sé haldið. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er lagaskylda í gildandi lögum um tvennt sem hér hefur verið rætt. Í fyrsta lagi að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um það frv. sem hér er um Hagræðingarsjóð. Það er kannski hugsanlega túlkunaratriði hvort það samráð hefur verið haft en það er þó alveg ljóst að þeim vafa verður að eyða. Og það er forsetinn sem samkvæmt embætti sínu ber ábyrgð á því að Alþingi brjóti ekki lög. Það er enginn annar sem ber ábyrgð á því, hæstv. forseti. Í öðru lagi er það ótvírætt í lögum að efnahagsnefnd þingsins verður að skila áliti á tekjuhlið fjárlaganna áður en 3. umr. getur hafist. Og forseti hefur þess vegna enga heimild sam-

kvæmt gildandi lögum að setja 3. umr. fjárlaga á dagskrá fyrr en efnahagsnefnd hefur skilað formlegu áliti á tekjuhlið fjárlaganna. Og ég trúi því ekki að forseti inn fari að beita sér fyrir því að landslög séu brotin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa margir viljað gefa forseta góð ráð á þessum fundi og forseti hlustar á þau með athygli og tekur það til greina sem hann telur vera sett fram til leiðréttingar. En varðandi það að forseti hafi verið að brjóta þingsköp með því að setja mál hér á dagskrá er alger misskilningur. Forseti getur sett mál á dagskrá og það er ekkert einsdæmi, þótt minnihlutanefndarálit liggi ekki fyrir. Það er hins vegar annað mál hvort málin eru tekin til umræðu þótt þau séu sett á dagskrá og þar skulum við bíða og spyrja að leikslokum. Mál geta verið sett á dagskrá og sýnd þó að þau séu ekki tekin til umræðu á viðkomandi fundi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var rétt sem fram kom í máli forseta að hér gekk allt með miklum myndarbrag í gær en stjórnarþingmenn þoldu það illa og þeir voru ekki fyrr komnir hér út úr húsi en þeir hófu önnur vinnubrögð. En í máli mínu áðan beindi ég spurningu til ráðherra. Nú er hæstv. forsrh. ekki viðstaddur sýnist mér og er fátt hér um ráðherra. Þeim þykir greinilega ekki mikil nauðsyn á því að fylgjast með umræðu um stöðu mála. En ég spurði hvar væri verið að vinna að breytingum á sjómannaafslættinum fyrst ekki er verið að vinna að þeim í efh.- og viðskn. Hvar fer sú vinna fram? Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að það væri verið að vinna að þessum málum og ég vil fá það upplýst. Hvar er verið að vinna að þessu?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka langan tíma en hv. 17. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþfl. lýsti eftir því hvar mál væru þannig á floti að ekki væri hægt að semja um þingstörfin fram að jólum. Ég vil, virðulegur forseti, upplýsa hv. 17. þm. Reykv. um það að fyrir hv. efh.- og viðskn. liggur frv. að breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ég held að mér sé óhætt að segja það að ekki mun vera nokkur ágreiningur um það meðal nefndarmanna jafnt stjórnar og stjórnarandstöðu að það mál sé þess eðlis að ekki sé hægt að afgreiða út úr nefnd öðruvísi en að á því hafi verið gerðar gagngerar breytingar og endurbætur. Ef ég tek meira upp í mig en ég get staðið við þá vil ég biðja hv. nefndarmenn úr stjórnarmeirihlutanum að koma hér upp og bera þetta til baka. En ég get ekki, virðulegi forseti, skilið umræðurnar öðruvísi en svo að þar er um að ræða frv. sem er þannig unnið og hefur fengið svo harkaleg viðbrögð m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins að ómögulegt er að afgreiða það nema með gagngerðum breytingum. Og ég held reyndar, virðulegur forseti, að það væri mesti óleikur, og kannski ættum við að gera það, sem hægt væri að gera hæstv. ríkisstjórn að senda það frv. aftur inn í þingið í því formi sem það er núna. Málið er það umfangsmikið að þó við værum öll af vilja gerð þá sé ég ekki annað en við þurfum a.m.k. tvo daga til viðbótar til að vinna málið upp. Það þýðir samkvæmt þingsköpum að við getum ekki afgreitt umsögn okkar um tekjuhlið fjárlaganna fyrr en þessari vinnu er lokið. Á þetta vildi ég benda, virðulegur forseti, þar sem hv. 17. þm. Reykv. kaus að hefja máls á þessu á þennan hátt.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. E.t.v. er hyggilegast, eins og hér hefur komið fram, að gera nú hlé í nokkra stund á þessum fundi til að menn geti ráðið ráðum sínum. Ég lít svo á, þrátt fyrir yfirlýsingu varaformanns þingflokks Alþb. hér áðan sem reyndar hafði komið fram á fundi þingflokksformanna, um að frekari samtöl þingflokksformanna væru gagnslaus þá sé ástæða til að láta frekar á það reyna hvort samkomulag geti tekist hér um framgang þingmála í dag og næstu daga. Ég fullyrði að það er hægur vandi, ef allir aðilar vilja, að ljúka hér þingstörfum fyrir jól í þessari viku. Ég leyfi mér að fullyrða það en það er ekki víst að allir kæri sig um það. Þá hefur komið fram að það er auðvitað hægt að halda áfram eitthvað eftir jólin.

En það er óhjákvæmilegt að mótmæla nokkrum fullyrðingum sem hér hafa komið fram m.a. í máli hv. 8. þm. Reykn. sem hélt því fram að það væri algert einsdæmi að mál væru tekin á dagskrá þingfundar daginn eftir að þeim hefur verið útbýtt að kvöldlagi, þ.e. að það væri einsdæmi ef nál. væri útbýtt að kvöldi að það væri tekið fyrir daginn eftir. Ég verð að leyfa mér að mótmæla þessu. (**ÓRG:** Ég sagði þetta ekki.) Að það liði meira en hálfur sólarhringur. (**ÓRG:** Án þess að nokkurt nál. frá minni hlutanum væri komið fram.) Ég mótmæli því sem fram kemur fram í frammíkalli hv. þm. og því sem fram kom í ræðu hans áðan um þetta atriði. Það er kannski ekki eðlilegt að hann muni eftir því vegna þess að hann var þá ráðherra. En haustið 1988 þegar hann var fjmrh. kom það fyrir hvað eftir annað að minni hlutinn í efh.- og viðskn., sem þá hét fjárhags- og viðskiptanefnd, var settur í mikinn vanda einmitt vegna þess hve þrýst var á að nefndin afgreiddi hratt mál sem þáv. fjmrh. lagði fyrir þingið. Og það voru engin smámál, það voru meiri háttar skattalagabreytingar sem þá var boðið upp á. Ég minnist þess að frv. um tekjuskatt og eignarskatt var lagt fram 13. des. það ár og afgreitt sem lög frá Alþingi 22. des. Í því voru mjög miklar og umfangsmiklar breytingar á skattalögum. Og það urðu eins og kunnugt er miklar deilur um það mál. Og það voru fleiri frv. þarna um haustið fyrir þremur árum þar sem var beitt svipuðum vinnubrögðum varðandi afgreiðslu mála og nú hefur verið gert. Þetta er því alls ekki nýmæli og það er alls ekki nýmæli að þingmál hafi verið tekin út í miklum ágreiningi milli stjórnar og stjórnarandstöðu á síðustu dögum fyrir jól.

Að því er varðar síðan þá athugasemd sem fram hefur komið um að efh.- og viðskn. hafi borið að gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á fjárlög fyrir sl. laugardag, eins og hér kom fram hjá a.m.k. einum

ræðumanni áðan, þá er auðvitað erfitt að ætlast til þess af nefndinni að hún geti gert grein fyrir breytingum á fjárlög sem skattalagafrv. hafa væntanlega í för með sér áður en hún er búin að fá slík frv. til meðferðar. Svoleiðis að ég hygg að það hafi ekki verið hægt að ætlast til þess af nefndinni að hún hefði slíkt álit tilbúið á þeim tíma. (**Gripið fram í:** Hvað segja lögin?)

Síðan urðu hér nokkrar umræður sl. laugardag um það hvort réttilega hefði verið staðið að því að fresta 3. umr. fjárlaga. Það varð samkomulag um þá leið sem þá var farin. Og ég hygg að hún hafi m.a. haft það í för með sér að efh.- og viðskn. gæti skilað sínu áliti um þessar skattalagabreytingar áður en hin efnislega umræða fer fram. Ég vildi því að þetta kæmi fram nú og ég tel að það sé ómaklegt að gagnrýna nefndina eða forseta þingsins vegna þessa atriðis.

Ég vil síðan árétta það sem ég sagði í upphafi, virðulegi forseti, að það er e.t.v. skynsamlegast eins og nú standa sakir að gera hér hlé í einhverja stund til þess að menn geti ráðið ráðum sínum og síðan verði hægt að taka einhverjar ákvarðanir um framhaldið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka það að hann bíður eftir þessu tækifæri að gera hlé á fundinum. En af því að forseti var búinn að lofa því að leyfa öllum að tala um gæslu þingskapa sem þess óskuðu þá hefur ekki verið tækifæri til þess enn, og nú hafa tveir hv. þm. beðið um orðið um gæslu þingskapa.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefði kannski verið skynsamlegast, eins og hv. þm. Geir Haarde sagði hér, að taka hlé. Það var alla vega ekki skynsamlegt hjá honum að halda þessa ræðu sem hann flutti hér. Og ég skil satt að segja ekki hvernig stjórnarliðið hugsar sér að halda á þingstörfum ef formenn þingflokka stjórnarflokkanna taka þátt í umræðum með þeim hætti sem þeir hafa gert í dag, sérstaklega þessi síðasta ræða. Því auðvitað, virðulegi forseti, væri ástæða til þess eftir þær fullyrðingar sem þar voru settar fram að fara rækilega yfir málin, vegna þess að hv. þm. Geir Haarde sagði að það væru full fordæmi fyrir því sem hér væri að gerast. Ég bið hv. þm. að nefna eitt fordæmi frá haustinu og desember 1988 um það að stórmál, eins og ráðstafanir í ríkisfjármálum eða Hagræðingarsjóðurinn, hafi verið rætt í nefnd og síðan klukkutíma síðar í fyrra tilvikinu, 10 mínútum síðar í seinna tilvikinu, hafi verið haldinn útbýtingarfundur að kvöldi þar sem prentuðum nefndarálitum meiri hlutans hafi verið dreift. Getur þingmaðurinn fundið eitthvert fordæmi þess? — Nei, það getur hann ekki, vegna þess að á þeim tímum var stjórnarandstöðunni sýndur sá skilningur að hún fengi tíma til að undirbúa sinn málflutning. Vissulega gerði stjórnarandstaðan það með góðum vilja að taka þátt í afgreiðslu málsins eins og við höfum verið að sýna hér að við værum tilbúin til að gera en við tökum ekki þátt í undirmálum, það er alveg ljóst.

Ef forsetinn hefði gefið það til kynna hér á forsetastól, sem nú er verið að gefa í skyn, að það hafi ekki verið ætlunin að taka ráðstafanir í ríkisfjármálum eða Hagræðingarsjóðinn til umræðu í dag, þó að þau mál hafi verið sett á dagskrána, þá hefði enginn okkar gert athugasemd við það. Og þá hefði stjórnarliðið getað sparað sér þessar tvær klukkustundir sem hér hafa farið í þingskapaumræður. Algjörlega sparað sér það ef formenn þingflokka stjórnarflokkanna hefðu komið til okkar jafnvel utan fundar og lýst því yfir að það ætti ekki að ræða þessi mál hér í dag þó þau væru á dagskránni. Af hverju var það þá ekki gert? Af hverju vorum við látin standa í þeirri meiningu í tvær klukkustundir í þessari umræðu að ætlunin væri að ræða þessi mál í dag? Ef það er hins vegar þannig að þetta hafi bara verið sett á dagskrána til að sýna þetta hér í prentuðu formi en alls ekki verið ætlunin að taka þetta á dagskrá í dag, þá fögnum við því auðvitað. Því þá fær stjórnarandstaðan eðlilegan tíma til þess að undirbúa sín nefndarálit líkt og gert hefur verið á undanförnum þingum og það er farsæl niðurstaða þessa máls. Hitt þarf svo að ræða betur, hvort verið er að brjóta samráðsgreinar laganna um fiskveiðistefnu. Og það er rétt að forseti þingsins og aðrir ræði það hér utan þingsalarins vegna þess að Alþingi verður auðvitað að fara að lögum.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði beðið um orðið fyrr og hafði svo tekið mig út af mælendaskrá vegna tilmæla forseta. En síðan gaf hv. 8. þm. Reykv. tilefni til þess að mér fannst óhjákvæmilegt að fara hér upp í stólinn og það af tveimur efnislegum ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri að hann komst þannig að orði að það hefði orðið samkomulag um að hefja 3. umr. fjárlaga á laugardaginn var. Það er rangt tekið til orða. Staðreyndin er sú að í lögunum um þingsköp Alþingis er kveðið á um það hvenær þessi umræða skuli hefjast. Og hún hlýtur að hefjast með þessum hætti þó í skötulíki sé, burt séð frá því hvort einstakir þingmenn samþykkja það eða ekki. Það liggur þannig.

Í öðru lagi komst hv. þm. þannig að orði að það hefði ekki verið hægt að fjalla um tekjuáhrif skattafrumvarpanna í efh.- og viðskn. vegna þess að þau hafi ekki legið þar fyrir. Það er einnig rangt vegna þess að samkvæmt hinum nýju þingsköpum er það alveg augljóst mál að efh.- og viðskn. getur, ef hún svo ákveður, tekið frumvörp fyrir án þess að þeim hafi verið vísað til nefndar með beinum hætti. Í báðum þessum tilvikum er því um grundvallarmisskilning að ræða á þingsköpunum sem er í rauninni mjög alvarlegt vegna þess að eftir þeim eigum við að starfa og ber auðvitað að starfa eftir þeim sem nákvæmast og sýna þeim leikreglum fulla virðingu.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram áðan í máli hv. 18. þm. Reykv. Kristínar Ástgeirsdóttur að hún hafði hlustað á fjölmiðla í gærkvöldi, eins og sjálfsagt fleiri, og

ummæli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, að verið væri að vinna að nýjum tillögum í sambandi við ætlan ríkisstjórnar um að svipta sjómenn þeim kjörum sem þeir hafa haft og við höfum hér verið að tala um og nefnum sjómannafslátt. Hæstv. fjmrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að vera hér í dag fremur en margir aðrir ráðherrar til að fylgjast með málum og liðka fyrir þeim að þau megi ganga fram. En ég hef séð þennan þingmann af og til hér í salnum sem þessi ummæli hafði í fréttum í gær og langar þess vegna að spyrja um hvort ekki væri hægt að fá hann hingað í þennan ræðustól til þess að gefa okkur upplýsingar um það hvar og hver er að vinna að þessum málum. Ég veit að það er mikið rætt um þetta úti á hafi á meðal sjómannanna sjálfra. Eru það þær tillögur sem Guðmundur Hallvarðsson er að tala um? Eða er ríkisstjórnin í alvöru farin að gera sér grein fyrir því að hún kemur þessu máli hér ekki fram?

Virðulegi forseti, ég ætla ekki að tefja þessa umræðu en ég gæti sagt mörg orð í sambandi við Hagræðingarsjóðinn og hvernig þau mál gengu fram á fundi í gær, vegna þess að það var stuttlega vikið að þætti mínum þar í gærkvöldi en ég geymi mér það þangað til umræða um málið fer fram, en í mínum huga er enginn vafi að það er verið að brjóta lög. Það er verið að brjóta lög með því að setja þetta mál fram á þennan hátt. — [Fundarhlé.]

Bókhald, 3. umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um bókhald sem er í sjálfu sér alleinfalt frv. Það fjallar um reikningsskilaráð og góða reikningsskilavenju. Við 1. umr. þessa máls varð hér nokkur umræða en ég gagnrýndi fáein atriði í þessu frv., sem gerir ráð fyrir því að ráðherra skipi fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn sem nefnist reikningsskilaráð. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskiptadeild Háskóla Íslands, sá þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar.

Ég taldi það vera mjög eðlilegt að reikningsskilaráð yrði skipað en taldi varhugavert að ríkið tæki of mikla ábyrgð á því. Það væri viss hætta á því þegar dæmt er í málum sem varða góðar reikningsskilavenjur, að ef um er að ræða túlkanir sem koma frá slíkri nefnd og ríkið ber ábyrgð á, að þar geti verið um ábyrgð að ræða.

Nú er það mikilvægt að þessi mál séu vel skilgreind. Og það er eðlilegt að þau eigi sér einhverja stoð í lögum. Það kemur fram í umsögn frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, en þar segir m.a. að sú hefð hafi skapast hér á landi að grundvöllur að reikningsskilagerð sé sóttur í ákvæði laga. Það er hins vegar staðreynd að skipan mála hefur leitt til þess að fyrirmæli geta stundum stangast á við eðlilegar nýjungar í viðskiptaháttum og það tekur alllangan tíma að fá lögum breytt í samræmi við hina nýju viðskiptahætti. Þar af leiðandi getur löggjöfin sem slík ekki verið nægur grundvöllur til að skapa góða reikningsskilavenju, og oft á tíðum er löggjöfin beinlínis í andstöðu við góða reikningsskilavenju. Þannig kunna ákvæði skattalaga að stangast á við góða og gilda viðskiptahætti og það hefur oft komið fyrir að menn hafi kveðið upp úr um það að skipan skattalaga samrýmist ekki slíkum venjum. Það kann jafnframt að vera eðlilegt þar sem skattalög fjalla um það hvernig á að greiða skatt til ríkisins en ekki hvernig góðum reikningsskilavenjum skuli háttað. Því getur það verið fullkomlega eðlilegt að uppgjör samkvæmt góðum reikningsskilavenjum sé með öðrum hætti en skattauppgjör. Menn segja stundum í því sambandi að menn geri upp með tvennum hætti en það getur verið svo að það sé á allan hátt eðlilegt.

Auðvitað er þetta bagalegt og mikilvægt að málum sé þannig fyrir komið að sem mest samræmi sé í hlutunum. Það er því á margan hátt mjög gott að koma upp nefnd sem þessari sem hefur stoð í lögum og getur fjallað um ýmis almenn ákvæði í lögum og nýjar hefðir og gefið út úrskurði um það hvernig skilja beri góða reikningsskilavenju. Slík nefnd getur að sjálfsögðu brugðist miklu skjótar við en löggjafinn og það er óheppilegt að þurfa ávallt að breyta lögum með tilliti til þeirrar venju sem skapast. Jafnframt er það ljóst að oft á tíðum leitast menn við að skilgreina hlutina með einum of mikilli nákvæmni í íslenskri löggjöf. Það er löng reynsla fyrir því að menn vilja hafa löggjöf ítarlega og nákvæma þannig að hún segi fyrir í einstökum smáatriðum hvernig hlutir skuli vera. Það kallar á það að þróunin getur verið þannig að löggjöfin sé orðin gjörsamlega úrelt og Alþingi hefur ekki haft við að breyta löggjöf í samræmi við þróunina.

Hitt er svo annað mál að menn leitast nú mjög við að gera það hér á hv. Alþingi enda má segja að hér sé meira um löggjafarstörf en víða annars staðar í heiminum og má draga þá ályktun að við ætlum okkur oft um of í löggjafarstarfi. Þannig hefur t.d. komið í ljós í sambandi við þá umfjöllun sem nú á sér stað um skattalöggjöf að þar stendur til að taka á hinum ýmsu úrlausnarefnum sem komið hafa upp og leysa þau með breytingu á löggjöf. Hins vegar hefur komið fram í umfjöllun að mörg þessara atriða má rekja til þess að það skorti á að núgildandi löggjöf sé framkvæmd og því þurfi meira að leysa málin með sterkari framkvæmd laga en breytingu á löggjöfinni sjálfri.

Þetta á sérstaklega við um skattamál en á undanförnum þingum geta menn rakið það hversu algengt það er að breytt hafi verið hinum ýmsu atriðum skattalaga og má nánast halda því fram að stjórnvöld hafi lagt hina mestu áherslu á breytingu á löggjöf í skattamálum en þeim mun minni á rétta og skilvirka framkvæmd laganna.

Það má því segja að hér sé nokkur nýlunda að því leytinu til að það er viðurkennt að löggjöfin getur ekki

ráðið við að fylgja þeirri þróun sem á sér stað á sviði reikningshalds en það sé mikilvægt að þar sé fundinn upp fljótvirkari máti til þess að eiga við málin og hér er því gerð tillaga um það að sérstakt reikningsskilaráð hafi með þessi mál að gera.

Nefndin ákvað að taka þetta mál til skjótrar umfjöllunar en senda það nokkrum aðilum til umsagnar og það var nokkuð fjallað um það hvort rétt væri að breyta frv. Ég mælti með því að taka út þá skipan mála að ráðherra skipaði í þessa nefnd, það væru eingöngu aðilar sem kæmu að málinu og þá kannski ekki síst aðili frá lántakendum í landinu, þ.e. fjármálastofnunum, því að fjármálastofnanir eru meðal þeirra aðila sem mest nota reikningsskil.

Það má segja að bankarnir í landinu séu mjög háðir því að reikningsskil gefi glögga mynd af afkomu og stöðu fyrirtækja og því er mikilvægt að sjónarmið bankanna í þessu starfi komi fram. Á þetta var ekki fallist í störfum nefndarinnar og þótti ekki rétt að taka nýja aðila þarna inn eða að taka ráðherraskipaðan mann út. Ég tel það ekki hafa verið rétt ráðið en hitt er svo annað mál að það mun ekki valda því að ég treysti mér ekki til að styðja þetta mál.

Það kom fram í sambandi við undirbúning málsins — og vitna ég þar til greinargerðar sem barst nefndinni, dags. 29. nóv. 1991, með leyfi hæstv. forseta, en þar kom fram m.a.:

„Til þess að frv. um reikningsskilaráð nái markmiði sínu þurfa að veljast til setu í ráðinu fulltrúar sem einvörðungu hafa fagleg reikningshaldsleg vinnubrögð að leiðarljósi, eins og fram kemur í athugasemdum með frv. Það er nokkuð algeng skoðun hér á landi að tengja saman reikningsskil og skattamál. Nefndin vill leggja sérstaka áherslu á að það gæti stofnað markmiðum frv. í hættu ef skattaleg sjónarmið eða önnur þröng hagsmunasjónarmið væru ráðandi við mótun góðrar reikningsskilavenju."

Af þessum orðum má vera ljóst það sem ég sagði áður að það er ekki rétt að skattaleg sjónarmið verði ráðandi við mótun reikningsskilavenju. Þannig tel ég það vera beinlínis rangt að málum staðið að fulltrúar skattyfirvalda séu aðilar að þessari reikningsskilanefnd. Og ég tel það ekki eðlilegt að ráðherra skipi fulltrúa skattyfirvalda landsins til forustu í nefnd sem þessari. Þar eru önnur sjónarmið sem ráða ríkjum. Það vill nú oft verða svo að skattyfirvöld telja það vera sitt hlutverk að ná sem mestum sköttum af skattþegnunum og koma því til leiðar að uppgjör þeirra séu þannig að sem mestir skattar séu greiddir.

Það má líka nefna það að oft á tíðum þegar löggjöf er sett hefur hv. Alþingi haft tilhneigingu til þess að túlka mál mjög þröngt, þannig að t.d. sé ekki hægt að afskrifa eignir rekstraraðila með eðlilegum hætti. (**Forseti:** Forseti vill aðeins fá að trufla hv. þm. í ræðu og spyrja hvort hann eigi langt mál eftir af sinni ræðu.) Já, virðulegi forseti, ég á alllangt mál eftir. En ég get gert hlé á ræðunni. (**Forseti:** Forseta þætti vænt um ef hv. þm. vildi gera hlé á ræðu sinni. Það hefur orðið samkomulag um að taka fyrir 16. dagskrármálið sem er Samstarfssamningur Norðurlanda og forseti hefði gjarnan viljað að það mál yrði þá tekið áður en hv. þm. lýkur ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Samstarfssamningur Norðurlanda, fyrri umr.

Stjtill., 213. mál. — Þskj. 283.

Of skammt var liðið frá útb. þskj. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda þannig að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Hinn 21. ágúst 1991 var undirritað í Tammerfors samkomulag um breytingar á 51., 52., 54., 56., 57. og 58. gr. samningsins. Eiður Guðnason umhvrh. undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd. Samkomulagið er birt sem fskj. með tillögu þessari.

Að lokinni umræðu leyfi ég mér, virðulegi forseti, að mæla með að málinu verði vísað til hv. utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú till. til þál. sem hér er flutt af ríkisstjórninni um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda, Helsinki-samkomulaginu svonefnda, er mál sem hefur verið til umræðu undanfarið ár á vettvangi Norðurlandaráðs. Um það er samstaða á þeim vettvangi að breyta Helsinki-sáttmálanum með þeim hætti sem hér er lagt til. Ísland gerði fyrirvara við þá tilhögun sem tillögur voru um fyrir Norðurlandaráðsþingi í fyrravetur, að ganga frá breytingum á samstarfssamningnum. Ástæðan var sú að íslenska þingmannanefndin í Norðurlandaráði taldi að það væri verið að ganga á hlut Íslands innan Norðurlandaráðs með óeðlilegum hætti og þá m.a. þannig að Íslendingar yrðu sviptir því sem hefur verið viðurkennt nú um langt skeið, að fá eðlilegan hlut í sambandi við störf ráðsins og forustu á vettvangi þess, t.d. í því formi að veita forustu í þingnefndum, í einni af nefndum Norðurlandaráðs.

Það andóf sem tekið var upp af hálfu fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði leiddi til þess, eins og hér kemur fram ef menn kynna sér þessi málsgögn, að vísu ekki formlega inn í breytingu á Helsinki-sáttmálanum heldur í sambandi við starfsreglur Norðurlandaráðs, að þar verði frá því gengið að hvert land hafi hið minnsta einn fulltrúa sem formann í nefndum ráðsins. Þetta er sjálfsögð sanngirniskrafa af Íslands hálfu og ég saknaði þess að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hér að þetta er í rauninni viss undirstaða undir það að fallist er á það af hálfu Íslands — ég vænti þess að það sé staðfastur skilningur ríkisstjórnar sem ber málið fram

að þessi háttur verði viðhafður og starfsreglum ráðsins breytt með þessum hætti. Þannig að hlutur okkar á þessum mikilvæga vettvangi, sem Norðurlandaráð hefur verið og vonandi verður áfram, verði tryggður.

Það hefur verið mikil tilhneiging í þá átt innan Norðurlandaráðs, eins og víðar á alþjóðavettvangi þar sem við erum þátttakendur, að rýra hlut þjóðlandanna eins og frá þeim málum var gengið þegar upp var lagt í norrænu samstarfi og gera hlut svokallaðra flokkahópa meiri í störfum Norðurlandaráðs. Þessa þróun þekkja allir þeir þingmenn sem hafa starfað í Norðurlandaráði og menn þekkja það úr störfum annarra alþjóðasamtaka eða samtaka þar sem margar þjóðir koma við sögu. Ég hygg að þetta sé með svipuðum hætti í Evrópuráðinu og jafnvel í Alþjóðaþingmannasambandinu, en þann vettvang þekki ég minna, að það séu flokkahópar eða kannski eru það á þeim vettvangi svæðishópar sem bera saman bækur sínar. En í Norðurlandaráði er þetta mjög áberandi og kemur inn í allar kosningar og skipti á störfum og nánast knýr menn til þátttöku ef þeir ætla að eiga aðild að nefndum og alveg sérstaklega ef þeir ætla að komast þar í trúnaðarstöður að þurfa þá að taka þátt í slíkum flokkahópum, jafnvel þó að menn telji sig ekki endilega vera þar sama sinnis í ýmsum málum, smáum og stórum.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, nefna nú þegar þetta mál kemur hér til 1. umr. en ég tek það fram að ég styð þær breytingar sem hér er verið að gera, með þeim áherslum sem ég vona að tryggt sé að teknar verði upp í samþykktir sem fylgja sáttmálanum eða tengjast með tryggum hætti starfi Norðurlandaráðs. Í ríkisstjórninni eru ráðherrar, fyrir utan samstarfsráðherra Norðurlanda, hæstv. umhvrh., sem eru gjörkunnugir störfum á vettvangi Norðurlandaráðs, eins og hæstv. menntmrh. Hann hefur verið mikill baráttumaður fyrir því að hlutur landanna væri ekki fyrir borð borinn á þeim vettvangi, og hefur sumum þótt, kannski utan íslensku sendinefndarinnar, meira en hófi gegnir. En ekki ætla ég að lasta hans framgöngu heldur þvert á móti tel ég að hann hafi þar haldið vel á hlut Íslands.

En hér er verið að gera breytingar sem m.a. opna fyrir fjölgun í stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, forsætisnefndinni, að þar verði fjölgað þannig að flokkahópar sem hafa yfir ákveðna tölu þingmanna á bak við sig fái aðild að forsætisnefndinni. Og það er breyting sem ég hef eindregið stutt enda á sá flokkahópur í hlut, eins og málum er núna háttað, sem ég starfa í innan Norðurlandaráðs og mikil þörf á því að sem flestir flokkahópar hafi fulltrúa í stjórnarnefnd Norðurlandaráðs eða „praesidium", eins og starfsháttum ráðsins er háttað. Virðulegur forseti, það er nánast með hliðstæðum hætti, finnst mér, ég leyfi mér að nefna það hér, með hliðstæðum hætti og í forsætisnefnd Alþingis. Þörf er á því, til þess að hlutirnir gangi fyrir sig með eðlilegu samráði og góðum hætti, að þar séu tengsl við þá hópa og flokka sem eru starfandi og ég held að menn mættu einnig af þessu læra hér innan veggja Alþingis að gæta slíkra sjónarmiða.

Það væri þörf á því, virðulegur forseti, og hefði verið ástæða af tilefni þessa máls, að ræða margt sem snýr að störfum Norðurlandaráðs og hefja umræðu um breytingar á störfum ráðsins og starfsháttum, sem tengjast breytingum í Evrópu og eru eitt aðalumræðuefnið á vettvangi Norðurlandaráðs. Ég minni á það aukaþing sem haldið var á Álandseyjum í nóvembermánuði sl. þar sem þetta var eitt aðalumræðuefnið, þ.e. Norðurlandaráð í breyttri Evrópu, og ég vil nefna það áður en ég lýk máli mínu, sem verður senn, virðulegur forseti, því að ég vil ekki verða til að þetta mál tefjist í meðförum þingsins, að ég vil leggja áherslu á að það er full ástæða til þess fyrir Íslendinga að gefa gaum að þeirri þróun sem þarna er í gangi og hættunni á að norrænt samstarf bíði hnekki. Ekki síst vegna þess hvernig ráðgert hefur verið að standa að málum í sambandi við svonefnt Evrópskt efnahagssvæði og að flytja samstarf sem hefur verið innan vébanda Norðurlandaráðs yfir í samstarf innan hins evrópska efnahagssvæðis, alveg sérstaklega yfir í EFTA, að því er Ísland varðar, sem aðila að hinu evrópska efnahagssvæði. Um þetta geta menn lesið m.a. í fylgiriti með tímaritinu Nordisk Kontakt, sem hefur verið gefið út í sérprentun, þar eru hugmyndir um gjörbreytingu á þessu samstarfi sem alveg ótvírætt yrði til þess að mínu mati, ef þetta yrði niðurstaðan, að veikja með mjög alvarlegum hætti norrænt samstarf.

Ég vænti þess að það verði ráðrúm í tilefni af þessu máli eða af öðru tilefni að ræða það fyrr en seinna því að á því tel ég vera mikla nauðsyn. Ísland hefur haft mikla hagsmuni, það hefur mikilla hagsmuna að gæta af norrænu samstarfi og notið norræns samstarfs. Ég vil ekkert fara í samjöfnuð við aðrar þjóðir, en við höfum notið þess og við eigum að leggja áherslu á það og við eigum að reyna að haga okkar málum þannig að þetta samstarf sé varðveitt, að það verði frekar treyst heldur en veikt, og vænti að við beitum okkur þannig en því miður er margt sem veldur áhyggjum í þessu efni, virðulegur forseti. — [Fundarhlé.]

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Það eru nokkrir dagar síðan þessi tillaga kom til umræðu innan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, að það þyrfti að staðfesta þær breytingar sem þyrfti að gera á Helsingfors-samningnum til þess að hann gæti tekið gildi fyrir þingið sem verður í byrjun mars nk.

Eins og kemur fram í því bréfi sem var sent öllum formönnum þingflokka var búið að taka þetta fyrir óformlega í öllum þingflokkum og það var líka tekið fyrir í þingflokki Kvennalistans og teljum við rétt að standa að þessu. En ég vil þó, virðulegur forseti, geta þess að ég hef nýlega verið kjörin í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og var þar af leiðandi ekki viðstödd þegar þessar breytingar voru ræddar og þegar þær voru teknar fyrir á sínum tíma. En miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið frá þeim sem unnu þetta mál get ég alveg fallist á það sem hér kemur fram.

Ég verð þó að viðurkenna það að eftir þennan eina fund sem ég hef sótt í Norðurlandaráði fannst mér mjög mikil áhersla og raunar óþarflega mikil áhersla lögð á starf flokkahópanna en minni áhersla lögð á gildi landsdeildanna. Þetta þykir mér frekar miður en geri mér þó grein fyrir því að það sem íslenska sendinefndin eða deildin hafði þó fram með þessum breytingum sem hafa verið gerðar núna var það að landadeildirnar, og þá Ísland, eiga að hafa meiri áhrif heldur en gert var ráð fyrir áður. Að því leyti til þá líst mér betur á það sem hér kemur fram en það sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Það er kannski sérstaklega erfitt fyrir þingflokk eins og Kvennalistann, hóp eins og okkur, þegar áhersla er lögð á starf í flokkahópum, þar sem við eigum — ja, hvergi heima, ef þannig má að orði komast. Við erum þannig í nokkrum vanda t.d. þegar verið að skipta í nefndir og undirhópa og vinnuhópa, þá virðist sem málum sé þannig fyrir komið að við komum varla til greina, þ.e. að ég komi varla til greina í því sambandi. Það þykir mér mjög miður og hefði gjarnan viljað fara aðeins betur ofan í þetta, þó ég telji varla tímabært að ég geri það á þessu stigi. Og þá er spurning hvort Íslandsdeildin mundi hugsanlega geta breytt á einhvern hátt sínum starfsháttum, þ.e. um tilnefningar í nefndir og ráð. Þetta er það sem ég vildi segja við þessa umræðu, virðulegur forseti, en það þýðir ekki að þingflokkur Kvennalistans ætli á nokkurn hátt að koma í veg fyrir að þetta verði samþykkt því að ég tel að það sem þó er hér sé viðunandi.

Mig langar líka, virðulegur forseti, að geta þess að á þessum fundi sem við sóttum á Álandseyjum var verið að ræða framtíð norrænnar samvinnu, þar sem flestir sem komu héðan frá Alþingi tóku til máls. Ég verð að viðurkenna það að ég hef vissar áhyggjur af framtíð norrænnar samvinnu vegna þess hve stíft Norðurlöndin, sum hver, horfa til Evrópubandalagsins. Ef flest Norðurlönd, nema þá e.t.v. Ísland og vonandi einhver fleiri, ákveða að standa utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem kannski er e.t.v. sjálfgert, og Evrópubandalagsins, þá getur verið mjög erfitt um norræna samvinnu. Ég verð að viðurkenna það að ég hef verulegar áhyggjur af norrænni samvinnu ef það verður að veruleika, sem nú lítur helst út fyrir, að Svíar gangi í Evrópubandalagið og Finnar e.t.v. líka. Eftir þær umræður sem þarna urðu finnst mér að menn séu jafnvel haldnir þeirri trú að ef öll Norðurlöndin gangi í Evrópubandalagið þá muni það verða til þess að Norðurlöndin muni geta starfað þar saman og að það muni þýða að Norðurlandasamstarfið muni blómstra. Ég er ekki sömu skoðunar og tel að það muni geta haft í för með sér að öll norræn samvinna mundi líða undir lok. Það þætti mér mjög miður því að ég tel að Norðurlandaráð sé mjög mikilvægur samstarfsvettvangur Norðurlanda.

Það er auðvitað augljóst að ekki getur orðið mikið um efnahagssamstarf ef löndin ganga sum hver í Evrópubandalagið og önnur ekki, en á öðrum sviðum hef ég trú á að það eigi að auka samstarf og auðvitað vona ég að norræn samvinna blómstri í framtíðinni, eflist og aukist en ekki að samstarfið fari niður á við eins og ég óttast því miður einmitt nú.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mál þetta hefur verið kynnt í hv. utanrmn. án þess að það hafi formlega verið sent til hennar. Ég veit ekki betur en að nefndarmenn séu á einu máli um það að eðlilegt sé að samþykkja tillöguna. Ég hef fengið leyfi hæstv. forseta til að athuga það í kvöld eða þá strax í byrjun fundar á morgun hvort ekki sé hægt að ganga frá málinni í nefndinni á þann hátt að mæla með því.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. gerði í framsögu grein fyrir efni og þýðingu þessarar þáltill. og ætla ég ekki að rekja það frekar né heldur ætla ég að hefja hér almennar umræður um hina norrænu samvinnu. Það væri vissulega áhugavert en til þess er kannski hvorki staður né stund í þessum jólaföstuönnum þingsins, en til þess þurfa að gefast góð tækifæri áður en langt um líður. Þau munu gefast þegar skýrsla um þau mál verður lögð fram á þinginu. Ég mun sem samstarfsráðherra núna fljótlega eftir áramótin óska eftir fundi með Íslandsdeild Norðurlandaráðs einmitt til að ræða stöðu norrænnar samvinnu og þau tímamót eða þær krossgötur sem menn eru komnir þar að.

Ég vil aðeins staðfesta það að sá skilningur, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsti hér áðan á því að tryggð sé eðlileg hlutdeild Íslendinga í trúnaðarstöðum í starfaskiptingu í Norðurlandaráði, er réttur. Ákvæði um þetta er að finna í starfsreglum kjörnefndar Norðurlandaráðs þar sem ég raunar hygg að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eigi sæti.

Ég fagna því að hér skuli vera um algjört samkomulagsmál allra þingflokka að ræða, fagna sömuleiðis þeirri yfirlýsingu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, formanns utanrmn., um að nefndin muni afgreiða þetta mál fljótt. En þannig háttar til að formsins vegna, til þess að þessar breytingar geti tekið gildi á réttum tíma og samtímis alls staðar, þarf Alþingi Íslendinga að samþykkja tillögu um þessar breytingar nú fyrir áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, brtt. 263 og 286.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Okkur nefndarmönnum í efh.- og viðskn. er nokkur vandi á höndum. Við höfum starfað í nefndinni meira og minna óslitið síðan í morgun fyrir utan þann tíma sem við höfum þurft að verja hér til setu á þingfundum. Við höfum líka starfað í nefndinni á þeim fundi á þeim tíma sem ætlaður var til þing-

flokksfunda. Nú er það svo að við þurfum jafnframt að skila nefndarálitum. Við höfum lagt í það nokkra vinnu að skila nefndaráliti í því máli sem nú er verið að taka til umfjöllunar. Ég hef verið að vinna að nefndaráliti um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og þarf nokkurn tíma til að ljúka því. En í dag var nefndin að vinna í tekjugrein fjárlaganna og okkur er sagt að fjárln. liggi mjög á að fá álit nefndarinnar um þá grein. Nú hefur mér skilist að meiri hluti nefndarinnar hafi gengið frá sínu áliti. Okkur hefur ekki unnist tími til þess að ganga frá áliti minni hlutans og það er nú svo, hæstv. forseti, að það er engin leið fyrir okkur að vera jafnframt í málum á okkar málasviði hér í umræðu í deildinni og vinna í því að koma fram nefndarálitum. Eitthvað verður því að víkja í þessu sambandi, nema þá að hægt sé að taka fyrir mál hér á Alþingi sem ekki snerta okkar málasvið þannig að við getum notað kvöldið til að ljúka okkar störfum.

En með því að nú er hugmyndin að taka til umræðu í þetta mál sem verulegur ágreiningur er um þá er alveg ljóst að við getum ekki skilað okkar áliti til fjárln. í sambandi við tekjugrein fjárlaganna. Ég skal hins vegar viðurkenna það að okkur er nokkur vandi á höndum að skila áliti í málinu vegna þess að það er margt enn þá óljóst í tekjufrumvörpum ríkisstjórnarinnar. En við getum a.m.k. skilað áliti um það sem ljóst er í tekjugrein fjárlaganna þó að margt sé enn óljóst, og við höfum hugsað okkur að gera það.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns. Síðasta fundi í efh.- og viðskn. lauk rétt fyrir kl. hálfsjö og þá gengu af þeim fundi fulltrúar úr fjmrn. sem voru að fara með okkur í gegnum tekjuhlið fjárlagafrv. Og eins og fram kom þá bíður fjárln. eftir þessu áliti. Minni hlutinn hefur ekki einu sinni náð því að setjast niður til þess að ganga frá því hvernig þetta álit eigi að vera, þannig að ég vil eindregið fara þess á leit að þessu máli sem nú átti að taka á dagskrá verði frestað um sinn. Það þarf ekki að vera mjög lengi en þó um sinn.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Austurl. og hv. 18. þm. Reykv. að hér er komin upp nokkuð flókin staða. Ég tel að í málinu séu í raun og veru ekki nema tveir kostir. Annar er sá að í kvöld verði tekin fyrir þau mál sem ekki eru á málasviði þeirra þingmanna sem hér um ræðir þannig að þeir fái kvöldið til að vinna í nefndarálitum. Hinn kosturinn er auðvitað sá að þessum nefndarálitum verði ekki skilað fyrr en t.d. um hádegi á morgun eða svo og þar með verði því frestað fram eftir degi á morgun að taka málið út úr fjárln. Ég held satt að segja að sá kostur væri skynsamlegastur í stöðunni því að ég sé ekki betur en að við höfum nóg að vinna hér í þeim málum, nefndarálitum og öðrum málum sem hér liggja fyrir. Því vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. forseta að hún kveði upp úr með það hvorn kostinn hún frekar velur. Ég tel að síðari kosturinn sé skynsamlegri þannig að menn hafi fyrri hluta dags á morgun til þess að ganga frá þessum nefndarálitum. Ef ríkisstjórnin leggur áherslu á að frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum nái fram að ganga, þá er bersýnilegt að það er skynsamlegra að ræða það í kvöld úr því að nefndarálitin eru tilbúin. Það er ekki þannig, virðulegi forseti, að ég sé sérstaklega að reka á eftir þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, ég tel að það megi í öllum meginatriðum missa sig, alveg. En mér hefur skilist á ríkisstjórninni að hún hafi einhvern áhuga á því að ljúka málinu og því hefði ég talið að þessi kostur sem ég nefndi í síðara lagi væri skynsamlegri í stöðunni. En það er alveg ljóst að það er ekki hægt að halda áfram þessum umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum núna og ætlast um leið til þess að þessir þingmenn gangi frá nefndaráliti í viðamiklu máli eins og því að meta skattbreytingaráhrifin á fjárlagafrv.

Ég verð að segja það alveg eins og er að þann tíma sem ég hef verið hér á Alþingi, og hef ég verið hér með mörgum miklum höfuðsnillingum, finnst mér meiri hluti efh.- og viðskn. skipa sér mjög framarlega í þann flokk að hafa núna á nokkrum stundarfjórðungum metið tekjuáhrif skattalagabreytingarinnar á fjárlagafrv., tekjuáhrif skattalagabreytingar sem liggja ekki fyrir. Hérna hljóta menn að hafa rýnt í einhverjar grænar kúlur og stuðst við einhvern óhlutlægan veruleika en ekki raunveruleikann. Vegna þess að ríkisstjórnin er, að því er ég best veit, ekki búin að ganga frá því í einstökum atriðum hvernig þessum tekjumálum verður skipað. Það má því heita að það sé mikið afreksfólk sem skipar meiri hluta efh.- og viðskn. og hefur metið tekjuforsendur fjárlaganna núna á örfáum stundarfjórðungum.

Og ég verð að segja það líka að ég tel það einkar almennilegt af minni hlutanum í efh.- og viðskn. að láta það yfir sig ganga að þannig sé á málum haldið. Mér skildist á hv. 1. þm. Austurl. það búið væri að taka þetta mál út úr nefndinni af meiri hlutanum, eða ljúka umfjöllun þess í nefndinni sem er náttúrlega alveg kostulegt. Ég veit ekki til þess að það séu neinar efnislegar forsendur til þess að meta tekjuáhrif skattalagabreytingafrumvarpanna að fullu. Hér er því afskaplega sérkennilega að verki staðið af meiri hlutanum og er að vísu í samræmi við það sem við höfum mátt kynnast, m.a. í sjútvn. og efh.- og viðskn. í gær og í fleiri tilvikum.

En ég beini því til virðulegs forseta að hún ákveði með hvaða hætti menn eiga að vinna því það er augljóst mál að það fer ekki saman að ganga frá veigamiklum nefndarálitum og mati á tekjubreytingu skattalagafrumvarpanna og því að taka þátt hér í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður hv. 11. þm. Reykv. velvirðingar á því að hún tók ekki eftir að hann hafði einnig beðið um orðið um gæslu þingskapa á undan þeim sem hafa talað. En nú ætlar forseti að fresta því í tvo tíma að taka þetta mál til umræðu. Forseti hefur fengið upplýsingar um að það mundi duga til þess að ljúka því sem

þingmenn telja sig þurfa að vinna til þess að málið geti komið til umræðu. Þess vegna verður umræðu um þetta dagskrármál frestað til kl. 11 í kvöld.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar Alþingi tók þá ákvörðun að leggja niður deildir og starfa í einni málstofu þá var það kjarni þeirra breytinga að störf nefnda Alþingis yrðu efnismeiri og markvissari. Sjálfsagt höfum við öll haft þann vilja að rækja okkar störf vel, en mér sýnist á síðasta sólarhring og hér í kvöld að núv. hæstv. ríkisstjórn stefni í skrípaleik, skrípaleik þar sem nefndarstörf eru fullkomlega marklaus og út í hött. (Gripið fram í.) Til málamynda kemur meiri hlutinn í efh.- og viðskn. saman örskotsstund um kvöldmatarhlé til að meta tekjuhlið fjárlaga og þykist hafa lokið verkinu við aðstæður þar sem okkur berast fréttir frá opinberum stofnunum sem sýna það að slíkt hlýtur að vera mikið vandaverk. Ég vil bara nefna örfáar staðreyndir sem hafa verið að koma í ljós síðustu 24 klukkustundir þessu til staðfestingar.

Í kvöldfréttum nú var verið að greina frá því að innflutningurinn í nóvembermánuði hefði hrapað. Engu að síður er í síðustu útgáfu af tekjuáætlun fjárlaga næsta árs reiknað með meiri tekjum af innflutningi heldur en gert var þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Ætlar meiri hluti efh.- og viðskn. virkilega að standa að mati á tekjuhlið fjárlagafrv. þegar við höfum í höndum tölur sem sýna hrap á innflutningi en forsendur frv. nú gera ráð fyrir auknum tekjum af innflutningi á næsta ári?

Við fengum í gær fréttir af því að næsta ár verði mesta samdráttarár í íslensku hagkerfi í eina fjóra áratugi. Engu að síður er í endurskoðuðum tekjuforsendum fyrir fjárlagafrv. næsta ár reiknað með hærri tekjum af tekjuskatti einstaklinga en þegar frv. var lagt fram. Ég vil spyrja: Stafar það af því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. sé að stórauka skattbyrðina í tekjuskatti? Svarið við því hjá fjmrh. er nei. Ríkisstjórnin er ekki að auka skattbyrðina í tekjuskatti. Hvernig fer þá efh.- og viðskn. að því að fá það út þegar Þjóðhagsstofnun segir: Hér er að verða mesta samdráttarár í fjóra áratugi og forsrh. var í sjónvarpinu í kvöld og líkti ástandinu næsta ár við hið fræga hrun 1967–1968? En meiri hluti efh.- og viðskn. virðist engu að síður enga athugasemd ætla að gera við þessa tekjuáætlun frv. Er það virkilega ætlun hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að vera í forsæti fyrir einhverjum skrípaleik, þar sem menn taka hvorki landslög né sjálfa sig alvarlega heldur eru bara að skrifa upp á einhverja pappíra sem augljóslega eru settir saman út í bæ? Augljóslega eru ekki settir saman af þingmönnum sjálfum, augljóslega eru ekki unnir hér innan þingsins heldur einhvers staðar annars staðar. Var það ætlunin, virðulegur forseti, með þessari breytingu íslenska þingræðisins í eina málstofu að breyta nefndarstörfunum í skrípaleik þar sem ekkert efnislegt innihald væri fyrir hendi? Efh.- og viðskn. þingsins, fjh.- og viðskn. fyrri ára, hefur ekki í nokkra áratugi staðið fyrir jafnvandasömu verki eins og að meta tekjuhlið fjárlagafrv. nú. Og þá er því lokið í kvöldmatnum án nokkurrar athugunar. Ég skil vel að hæstv. fjmrh. hlægi vegna þess að hann þolir nú manna síst að þessi tekjuhlið frv. sé skoðuð. En við mótmælum því að nefndastörf þingsins, sem ætlað var að fá raunverulegt innihald með breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins þannig að þingið yrði ein málstofa, snúist yfir í þennan skrípaleik sem greinilega er í uppsiglingu.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það sé út í hött að gera hér tveggja tíma hlé á kvöldfundi til þess að minni hluti efh.- og viðskn. geti lokið störfum sínum. Þetta er eitt mikilvægasta verkið sem hér þarf að vinna á þessum sókarhringum, að meta þessa tekjuhlið, og það verður nú að gefast fyrir nefndarfólkið a.m.k. birta af degi til að geta lokið þeim störfum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var nú að upplýsa það hér rétt áðan að frestað yrði í tvo tíma að taka þetta mál fyrir og vill endurtaka það. Á meðan hefur forseti hugsað sér að taka fyrir 9. dagskrármálið sem er heilbrigðisþjónusta.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir það að taka á tillit til þess að við getum unnið þau störf sem okkur eru ætluð. Ég mun þá hefja störf að því ásamt öðrum. Ég get því miður ekki fullyrt hvað við þurfum langan tíma til þess en vel má vera að það hjálpi til í því að margt er svo óljóst enn í þessu sambandi að erfitt er að gera það upp þó að ég telji það nú ekki mikla hjálp. En auðvitað getum við ekki tjáð okkur mikið um það sem ekki liggur fyrir. Hitt er svo annað mál að við höfum alloft rætt það í nefndinni í haust að nauðsynlegt væri að fara ofan í þessi mál, en það verður að segjast alveg eins og er að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki verið tilbúin til að fjalla um tekjuhlið fjárlaganna fyrr en nú. Ég vil ekki ásaka meðnefndarmenn mína í hv. efh.- og viðskn. í þessu sambandi. Það er hart pressað á meiri hluta nefndarinnar að skila áliti og þau reyna að gera sitt besta í því. Það verður jafnframt að taka tillit til þess að formaður nefndarinnar þurfti að fara frá vegna veikinda þannig að það er ekki alls kostar maklegt að ásaka meiri hluta nefndarinnar aðallega í þessu máli heldur fyrst og fremst að málin hafa ekki verið tilbúin. Það er fyrst núna sem hægt er að fjalla um þessi mál af einhverri alvöru, þó ekki nema að litlu leyti. Þá verður að gefast tími til þess og það erum við að fara fram á. Ég ætla ekki að eyða hér frekari tíma, hæstv. forseti, og mun þá snúa mér að þessum störfum. Ég get ekki fullyrt að við munum hafa lokið því eftir tvo klukkutíma. En ég tel að við höfum sýnt það í dag að við höfum ekkert skorast undan störfum eins og dæmin sanna. Og við munum gera okkar besta í því og það verður að koma í ljós hversu langt verki okkar hefur miðað kl. 11.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp úr þingskapalögum, það sem þar stendur um meðferð efh.- og viðskn. á málefnum sem tengjast fjár-

lögunum. Þar segir, með leyfi forseta, **(Gripið fram í:** Úr hvaða grein?) þetta er í 25. gr.: „Til efh.- og viðskn. vísar fjárln. frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps. Nefndirnar skila fjárln. áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárln. ákveður. Efh.- og viðskn. skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Álit og tillögur nefndarinnar skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárln. eða meiri hluta hennar." — Síðan að lokum: „3. umr. um frv. til fjárlaga skal hefjast eigi síðar en 15. desember."

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að benda á það að ég tel að þau vinnubrögð sem viðhöfð eru um meðferð fjárlaga á þessu haustþingi hljóti að vera fordæmisskapandi fyrir komandi tíð. Þess vegna er mjög alvarlegt þegar þannig er staðið að málum að í raun er eyðilögð sú breyting sem var ætlast til með nýjum þingsköpum að yrði á störfum þingsins. Ég vil taka það skýrt fram að eins og ég skil þessa grein, og hún hljóðar í raun þannig, þá hlýtur að vera átt við það að efh.- og viðskn. hafi lokið umfjöllun um tekjuöflunarfrumvörpin áður en hún gefur sitt álit. Að öðrum kosti er álit efh.- og viðskn. markleysa. Og ég vil benda á það, virðulegi forseti, að við komum á fund efh.- og viðskn. í dag, sem var boðaður ofan í fastan þingflokksfundatíma, sem gerði það m.a. að verkum að ég valdi það að sitja frekar þingflokksfund í mínum þingflokki þar sem verið var að fara yfir brtt. við fjárlögin heldur en að sitja á nefndarfundi efh.- og viðskn. Þetta eitt út af fyrir sig, virðulegi forseti, eru náttúrlega forkastanleg vinnubrögð.

En ég vil minna á að í upphafi fundarins lá fyrir bréf frá efh.- og viðskn. til hv. fjárln. varðandi það málefni sem átti að fara að fjalla um á viðkomandi fundi. Þar voru m.a. tekjutölur frumvarpa sem ekki hafa verið tekin fyrir í nefndinni. Ekki einu sinni verið ákveðið hvert á að senda til umsagnar. Þetta er það veganesti sem efh.- og viðskn. sendi frá sér núna til fjárln. Þetta, virðulegi forseti, er það fordæmi sem við erum að gefa varðandi vinnubrögð þessarar nefndar í framtíðinni.

Ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram áður að þetta er ekki hægt að skrifa á meiri hluta hv. efh.- og viðskn. Þetta skrifast alfarið á hæstv. ríkisstjórn sem leggur mál svo seint fram að nefndirnar geta ekki tekið þau til efnislegrar umfjöllunar. Þetta hef ég margítrekað bent forseta á síðustu daga. Það hefur verið sagt á móti, m.a. af ráðherrum hæstv. núv. ríkisstjórnar, að þetta sé engin nýlunda. Það kann að vera rétt. En, virðulegi forseti, við ætluðum okkur að standa öðruvísi að málum með nýjum þingsköpum. Ég held að það sé mjög þarft fyrir þingheim að við skoðum stöðu mála núna, við skoðum þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í ljósi ummæla hæstv. forsrh., sem forðar sér alltaf af vettvangi þegar farið er að ræða hér um stöðu mála á Alþingi, við skoðum þessa stöðu mála í ljósi ummæla hæstv. forsrh. í margfrægu viðtali í morgunútvarpi. Þetta er því miður, virðulegi forseti, sú mynd sem við höfum af þingstörfum núna.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við orð hv. 8. þm. Reykn. Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann hefur ekki átt sæti í þeirri nefnd sem ég hef tekið að mér að veita forstöðu en ég vil bara upplýsa hann um að ég tek sjálfa mig alvarlega og eflaust alvarlegar en margir aðrir í þessum sal.

Það hefur verið gagnrýnt hér úr þessum ræðustóli, og það kemur mér á óvart miðað við það sem var upplýst í nefndinni, að fundur hafi verið boðaður kl. 4 í dag á hefðbundnum þingflokksfundatíma. Ég boðaði fund strax og þingfrestun yrði í dag kl. 3. Mér barst ósk frá stjórnarandstöðunni um frest til kl. 4 vegna þess að þingflokksfundir væru hafnir hjá þeim. Ég var búin að kalla fólk á fund nefndarinnar en ég varð strax við þessari ósk. Þá kom í ljós að það var einhver misskilningur í þessu máli. Ég upplýsti þetta mjög vel á fundinum í dag og þess vegna finnst mér fremur ómaklegt að það sé verið að draga það fram að fundur hafi verið boðaður kl. 4 og lögð í það — ja, það má leggja í það einhverja sérstaka meiningu. Ég vil bara upplýsa þetta: Það var misskilningur, ég taldi mig vera að verða við ósk og menn hefðu flýtt þingflokksfundum sínum til kl. 3, ég var sjálf komin yfir í Þórshamar.

Á fundi sem hófst kl. 4, en flestir nefndarmenn voru svo vinsamlegir að sitja fundi þrátt fyrir þessa stöðu sem kom upp, fengum við nefndarmenn mjög góða yfirferð Þjóðhagsstofnunar um forsendur tekna og við fengum umfjöllun fulltrúa fjmrn. á tekjugrein fjárlaganna. Fyrr í haust hafði formaður nefndarinnar, hv. þm. Matthías Bjarnason, í tvígang kallað fagfólk á fund nefndar um forsendur fjárlaga. (Gripið fram í.)

Hér hefur verið lesin upp 25. gr. þingskapa og gagnrýnt að formaður nefndar hafi verið með í höndunum drög að bréfi og fyrir mér voru það drög að bréfi, enda tók það breytingum. Ég vil vekja athygli á þessari setningu í þingsköpunum á bls. 13 í 25. gr.: „Efh.- og viðskn. skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr." Þetta er það sem hún á að gera grein fyrir auk þess sem hún fær tekjugreinina til sín. Þetta reyndum við að gera. Ég ætla öðrum að leggja mat á það álit sem við sendum miðað við aðstæður nú í dag.

Þetta er fyrsta haustið sem verið er að þróa nefndarstörf á þann veg að vísað er til nefndanna fjárlagaþáttum. Ég á sæti í nokkrum nefndum hér á Alþingi og í haust voru allir nefndarmenn í öðrum nefndum sammála um að þetta starf þyrfti að þróa og í fæstum tilfellum gerðu fagnefndir athugasemdir við fjárlög. Ég geri mér fulla grein fyrir stöðu efh.- og viðskn. í þessu efni. Ef ég yrði formaður þessarar nefndar áfram, sem ég er að sjálfsögðu ekki, þá mundi ég leggja mikla áherslu á það byrja þessa vinnu fyrr. Ég hef reynt að standa eins vel að málum og ég hef getað miðað við aðstæður og vildi bara upplýsa þetta hér.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það gerist ekki á hverju kvöldi að ég neyðist til að bera blak af ríkisstjórninni. **(Gripið fram**

í: Þá er kominn tími til.) Ríkisstjórn Íslands verður aldrei sökuð um það með réttu að hún hafi það vald að nefndir afgreiði mál illa undirbúin út úr nefndum. Það fær ekki staðist. Ríkisstjórn Íslands hefur engar heimildir til að kalla mál úr nefndum. Engar. Nákvæmlega engar. Forseti þingsins hefur heimild til að kalla mál úr nefndum. Þannig að það er gjörsamlega út í hött að sakfella ríkisstjórnina fyrir léleg störf í nefndum, gjörsamlega út í hött.

Hins vegar er það mjög alvarlegt mál, þó ekki sé meira sagt, ef fullyrðingar hv. 9. þm. Reykv. eru sannar. Það er mjög alvarlegt mál. Það er svo alvarlegt mál að þingheimur getur ekki unað því. Eru menn að reikna reikningsdæmi úti í efh.- og viðskn. án þess að hafa þær upplýsingar undir höndum sem þeir þurfa að hafa til þess að geta reiknað dæmið? Er það rétt? Ef svo er, herra forseti, er þetta orðið að skrípaleik, þessi nefndarstörf í þinginu, algjörum skrípaleik. Og sá formaður, og þó að hann sé varaformaður, á að biðja þingið afsökunar á slíkum vinnubrögðum. Hann á að koma upp og biðjast afsökunar á því ef þetta hefur verið gert.

Fari aftur á móti hv. 9. þm. Reykv. með rangt mál á hann að koma í pontu og biðjast afsökunar. Alþingi Íslendinga getur ekki liðið það að nefndarstörf séu unnin á þann hátt að ekki sé hægt að treysta því að menn hafi haft grundvallargögnin undir höndum þegar afstaða er tekin. Og að menn láti álit fara út úr nefndunum unnin á þann hátt að það sé glápt í grænar kúlur, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði að hlyti að vera aðalupplýsingagjafinn. Hér verða menn að gera sér grein fyrir því að Alþingi Íslendinga er ekki kosið til þess að vera einhver afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn. Alþingi Íslendinga er kosið til að setja lög fyrir landið. Undan þeirri ábyrgð getur Alþingi Íslendinga ekki komið sér með því að segja að ríkisstjórnin hafi ekki gert hitt eða þetta á réttum tíma. Það er engin afsökun og getur aldrei verið afsökun fyrir slíkum vinnubrögðum.

Ég tek því þess vegna ekki ef það er rétt, að sú nefnd sem hefur um árarаðir notið virðingar fyrir það að menn hafa trúað því að þar væri unnið faglega, ef hún er orðin á þann hátt að ekki megi treysta því að menn hafi grunngögnin undir höndum þegar þeir eru að afgreiða út úr nefndinni, ef það er rétt að menn hafi ekki undir höndum þau gögn sem vísað er til í útreikningunum. Ég vil fá þetta mál á hreint, herra forseti. Ég óska eftir því að starfandi formaður nefndarinnar geri grein fyrir því hvort þessar ásakanir eru réttar. Létu menn mál fara út úr nefndinni sem þeir höfðu ekki upplýsingar um til að taka afstöðu til? Það er gjörsamlega óverjandi hafi það verið gert.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Til að skýra aðeins nánar hvernig þetta hefur gengið fyrir sig í dag og vegna orða hv. formanns efh.- og viðskn. er rétt að upphaflega var hugmyndin að kveðja efh.- og viðskn. saman klukkan þrjú í dag við þær aðstæður að hálfgert upplausnarástand ríkti í þinginu. Þar rak sig hvað á annars horn og tíma manna varð ósköp einfaldlega ekki ráðstafað þannig að þeir væru á tveimur til þremur stöðum samtímis. Þá var alls ekki ljóst hvernig framhald funda yrði hér. Það mun vera sá sem hér talar sem gæti átt nokkra sök á því að formaður nefndarinnar tók þá ákvörðun að fresta fundinum um klukkustund vegna þess að ég sendi þau skilaboð með starfsmanni efh.- og viðskn. að fengist klukkutíma hlé þá myndi takast að ganga frá nál. minni hluta efh.- og viðskn. í bandormsfrumvarpinu, hvað og var gert. Sú ákvörðun kom því þó til leiðar að það nál. komst í vélritun og fjölföldun í þinginu og liggur nú hér fyrir og er forsenda þess, hæstv. forseti, að unnt er að taka það mál á dagskrá. Þannig að ég held að við eigum ekki að sýta það að þetta tókst.

Hins vegar er ekki þar með sagt að menn væru að biðja um eða samþykkja að efh.- og viðskn. fundaði á hefðbundnum þingflokksfundartíma enda er það afar sjaldgæft að gripið sé til þess ráðs að setja nefndarfundi eða annað starf í þinginu ofan í hina föstu fundatíma þingflokka.

Í öðru lagi varðandi þá yfirferð á tekjuhlið fjárlagafrv., sem fram fór á fundi efh.- og viðskn. síðar í dag við afar knappar aðstæður, þá tek ég undir með starfandi formanni nefndarinnar að svo langt sem það náði var það ágæt yfirferð. Við fengum nokkuð greinargóða lýsingu hjá formanni Þjóðhagsstofnunar, forseta eða framkvæmdastjóra eða hvað hann heitir, og síðan starfsmönnum fjmrn. En ég ætla þá líka að lýsa í hverju þetta fólst: Í því eingöngu að þessir menn renndu yfir töflur, sem við höfðum fyrir framan okkur og okkur gafst kostur á að spyrja þá út úr eftir því sem við á staðnum og stundinni gátum glöggvað okkur á hlutum og borið fram slíkar spurningar. Umsvifalaust, er þeirri yfirferð var lokið, — sem út af fyrir sig var ágætt — var tilkynnt að nú yrði að taka málið út úr nefnd og skila nál. Ég þarf ekki að segja meira, virðulegur forseti, þetta segir í raun og veru allt sem segja þarf um þær aðstæður sem okkur voru þarna skapaðar. Það verður auðvitað að segjast eins og er að þetta er sorgleg niðurstaða framkvæmdar þeirra lagaákvæða í þingsköpum sem eru í 25. gr. og ég ætla að leyfa mér að lesa, forseti. Þau eru svona:

„Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps“ — þ.e. 3. gr. fjárlagafrv. — „Nefndirnar skila fjárlaganefnd áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður. Efnahags- og viðskiptanefnd skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárlaganefndar eða meiri hluta hennar við 3. umr. ...“

Það sem hér hefur síðan gerst er að þrátt fyrir ítrekaðar óskir hefur ekki unnist tími fyrr en í dag að hefja þessa vinnu við að skoða tekjugrein fjárlagafrv. Ég hef á undanförnum dögum og vikum, líklega í þrígang ef ekki fjórum sinnum, spurst um það, fyrst formann nefndarinnar og síðan starfandi formann, hvenær

nefndinni gefist tími til að hefja þessa vinnu. Það tókst ekki eða var ekki sett á dagskrá fyrr en í dag. Þetta leiddi til þess, hæstv. forseti, að þessi vinna lá ekki fyrir við 2. umr. fjárlaga eins og á að vera samkvæmt lögum. Því miður mun sennilega hafa láðst að leita afbrigða fyrir því að 2. umr. fjárlaga gæti farið fram af því að þessari lagaskyldu var ekki fullnægt. Þá hef ég að sjálfsögðu litið svo á að betra væri seint en aldrei og það væri þá skárra en ekki að þessi vinna færi fram fyrir 3. umr. Í því ljósi verður auðvitað efh.- og viðskn. ekki aðeins að skila áliti um áhrif skattalagabreytinga heldur og um alla tekjugreinina, 3. gr. Og það er þetta nál. sem minni hlutinn hefur beðið um tíma til að fá að vinna í kvöld eða nótt.

Það að vísa til yfirferðarinnar, sem fram fór í nefndinni 15. okt., nær ekki máli vegna þess að allir hv. alþingismenn vita hversu gerbreyttar forsendur eru nú á grundvelli nýrrar þjóðhagsspár og stórra tíðinda í okkar efnahags- og atvinnumálum eins og þeim að ekki verður af byggingu álvers og ýmsu fleira. (Forseti hringir.)

Að lokum, hæstv. forseti, eru róleg orð hér, ég held að þetta sé einfaldlega þannig að allir séu að reyna að gera sitt besta við erfiðar aðstæður. Ein staðreynd verður auðvitað að vera hér öllum ljós og hún er þessi — sem undirritaður hefur oft upplifað: Það má reyna að vera á tveimur stöðum í einu en það tekst aldrei að vera á þremur.

Umræðu frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 209. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 255.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umfjöllunar er flutt af heilbr.- og trn. þingsins. Um þetta mál var samkomulag í nefndinni en ástæðan fyrir því að ég tek til máls við 3. umr. frv., eftir að málið hafði farið í gegnum 1. og 2. umr. án mikillar umræðu, er að nú hafa komið fram nýjar upplýsingar inn í þingið í skýrslu sem dreift var á borð okkar þingmanna í dag og fjallar um sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala og þær tillögur sem þar hafa verið lagðar fram.

Í þessari skýrslu segir, með leyfi forseta, að gert sé „ráð fyrir að hinn sameinaði spítali hafi til afnota það húsnæði sem Heilsugæslustöðin í Fossvogi hefur nú.“ Nái þessi tillaga skýrsluhöfunda fram að ganga þá er alveg ljóst að heilsuverndar- og heilsugæslustarf í höfuðborginni er sett í mikið uppnám. Því er útilokað annað við 3. umr. þessa máls en að gera nokkuð rækilega grein fyrir því hvaða áhrif þessi tillaga, sem þarna er lögð fram, getur haft á allt heilsuverndarstarf í Reykjavík og starfsemi heilsugæslustöðvanna. Ekki síst þegar það er haft í huga — og sem ég hef heyrt — að fjárln. hafi ekki gert tillögu um að breyta fjárlagafrv. í þá veru að taka inn í 6. gr. fjárlaganna það heimildarákvæði sem nú er búið að setja út en verið hefur í fjárlögum undanfarin ár. Ákvæði sem gerir ráð fyrir því í 6. gr. fjárlaga að fjmrh. hafi heimild til þess að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

U.þ.b. 13.000 Reykvíkingar njóta ekki heilsugæsluþjónustu eða þjónustu heimilislækna. Það er því alveg útilokað að geta látið það fara fram hjá sér í þessari umræðu að slík tillaga berist inn á borð þingmanna að loka eigi einni heilsugæslustöð og einni þeirri fjölmennustu sem hér er starfandi í borginni án þess að segja neitt um málið. Það þýðir auðvitað ekki að ég sé að hlaupa frá stuðningi mínum við þetta frv. sem hæstv. heilbr.- og trn. lagði inn í þingið og formaður hennar mælti fyrir, síður en svo. Ég ætla að styðja það og vonast til að það komist hér hratt og fljótt í gegn. Ég ætla þó að segja nokkur orð um heilsuverndarstarfið í borginni og starfsemi heilsugæslustöðvanna sem ég tel vera óhjákvæmilegt.

1. gr. frv. er tvískipt. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955 skuli haldast óbreytt til ársloka 1992 en þá skuli heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það. Þetta ákvæði gildir einvörðungu fyrir Reykjavík en sú hefð hefur skapast í gegnum árin að allt heilsuverndarstarf í landinu hefur notið þess, þ.e. það hefur ekki verið tekið gjald fyrir þá þjónustu sem heilsugæslustöðvarnar veita víða um land og byggt á þessu ákvæði heilsuverndarlaganna þrátt fyrir að það nái ekki nema til Reykjavíkur.

Hinn hlutinn er sá — og það er seinni hluti þessarar lagagreinar — að þar er gert ráð fyrir því að sérstök þriggja manna stjórn verði skipuð af heilbr.- og trmrh. og hún starfi í umboði hans og annist rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og vinni að endanlegri gerð áætlunar um framtíðarhlutverk stöðvarinnar. Það er gert ráð fyrir því í lagagreininni að í stjórninni skuli eiga sæti einn fulltrúi ráðherra, og sá skuli jafnframt vera formaður, einn skuli skipaður samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar og einn skipaður samkvæmt tilnefningu tryggingaráðs. Hlutverk þessarar stjórnar er að koma í framkvæmd þeim tillögum sem nefnd sú sem nú hefur skilað af sér til heilbr.- og trmrh. Þær tillögur snerta framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar og það stjórnarfyrirkomulag sem þar á að vera.

Árið 1946 skipaði bæjarstjórn Reykjavíkur fimm manna nefnd til að gera tillögur um stærð og fyrirkomulag Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Í þá nefnd voru kjörnir á þeim tíma Jóhann Hafstein bæjarráðsmaður, Jóhann Sæmundsson prófessor, Katrín Thoroddsen læknir, Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona og Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir, síðar landlæknir. Hann var formaður þessarar nefndar.

Nefnd þessi vann fljótt og vel og skilaði tillögum að mjög skömmum tíma liðnum. Tillögur nefndarinnar fólust í því að starfssvið Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur skiptist í 15 meginsvið. Það er í fyrsta lagi heilbrigðiseftirlit, í öðru lagi mæðravernd, ungbarna-

vernd, smábarnavernd og heilsuvernd í skólum. Það eru þessi fjögur síðasttöldu sem eru í auknum mæli að færast inn á starfsemi og inn á svið heilsugæslustöðvanna. Alls staðar um land hafa heilsuverndarstöðvar verið lagðar niður og við starfsemi þeirra hafa tekið heilsugæslustöðvar.

Það er stefnt að því markvisst að draga úr þessari miðstýrðu þjónustu sem Heilsuverndarstöðin veitir hér í borginni og færa hana smátt og smátt á heilsugæslustöðvarnar í næsta nágrenni við fólkið sem býr í borgarhverfunum þar sem heilsugæslustöðvarnar hafa verið að rísa á undanförnum árum. Þó vantar mikið á að þeirri þörf sé enn fullnægt sem fyrir heilsugæslu og uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík er.

Það er hins vegar svo að Sjálfstfl. hefur staðið í vegi fyrir því að þessi uppbygging geti átt sér stað. Þegar ég segi Sjálfstfl. á ég við borgarstjórnaríhald Sjálfstfl. hér í Reykjavík með páv. borgarstjóra og núv. hæstv. forsrh. í broddi fylkingar. Ekki alls fyrir löngu, ég held það sé rétt munað hjá mér að það hafi verið 5. des. sl., samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur tillögu frá einum varaborgarfulltrúa Sjálfstfl. sem gerði ráð fyrir því að þessu miðstýrða fyrirkomulagi skyldi enn haldið áfram. En þó — á þessum fundi var einnig samþykkt að stuðla að því og skora á ríkisstjórnina að koma inn í 6. gr. fjárlaga heimild sem væri hægt að byggja á til að byggja upp heilsugæslustöðvar í Reykjavík sem er hlutverk ríkisins í dag.

Einnig var gert ráð fyrir því í þessum upphaflegu tillögum að verksvið Heilsuverndarstöðvarinnar yrði eftirlit með íþróttamönnum, berklavarnir, sóttvarnir, þrifadeild, vinnuvernd, manneldisrannsóknir, geðvernd, tannvernd, ljósaböð og ýmiss konar fræðslustarfsemi. Einnig var gert ráð fyrir því að borgarlæknir eða héraðslæknirinn í Reykjavík, sem svo heitir nú, hefði aðsetur í Heilsuverndarstöðinni. Það er dálítið merkilegt að flestallt af því sem þarna var lagt til árið 1946 er við lýði enn í dag og Heilsuverndarstöðin sinnir þessum verkefnum að stórum hluta þrátt fyrir að hún hafi ekki tekið til starfa fyrr en nokkuð mörgum árum seinna eða árið 1957 og var formlega vígð það ár.

Eins og ég sagði áðan hefur þessari þjónustu í Reykjavík enn ekki verið komið út á heilsugæslustöðvarnar til fólksins. Aftur á móti hafa Reykvíkingar þurft að sækja þessa þjónustu á einn stað sem í sjálfu sér er kannski viðunandi ef menn gera ekki meiri kröfur en þær að upp á þjónustuna sé boðið. Það hefur, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst staðið á sjálfstæðismeirihlutanum í Reykjavík að leita eftir fjárveitingum til uppbyggingar heilsugæslustöðva og hann hefur viljað halda hér í tvö kerfi, þ.e. annars vegar kerfi sjálfstætt starfandi heimilislækna, sem veita mjög takmarkaða þjónustu, og hins vegar kerfi heilsugæslustöðva. Það er náttúrlega öfugnefni að kalla sjálfstætt starfandi heimilslækna „sjálfstætt starfandi" af þeirri ástæðu að þeir fá hverja einustu krónu, sem fer í rekstur læknastofa þeirra sem þeir reka, greidda frá ríkinu. Þeir fá launagreiðslur beint frá ríkinu, líkt og heilsugæslulæknar, sem eru á föstum launum hjá heilsugæslustöðvunum eða hjá ríkinu, þeir fá greitt fyrir hvert verk sem þeir vinna, líkt og heilsugæslulæknar sem starfandi eru á heilsugæslustöðvunum. Ríkið ber nú allan rekstrarkostnað heilsugæslustöðvanna, Tryggingastofnun ríkisins greiðir allan rekstrarkostnað þeirra stofa, sem sjálfstætt starfandi heimilislæknar reka, með svokallaðri c-liðar greiðslu. Þessu til viðbótar fá þeir einnig greidd ein mánaðarlaun fyrir ritara sem starfandi er á þessum læknastofum hjá þeim. Þannig er í raun og veru enginn munur á þessu fyrirkomulagi, þessu tvöfalda fyrirkomulagi, sem rekið er hér í Reykjavík að öðru leyti en því að sjálfstætt starfandi heimilislæknar veita takmarkaðri þjónustu en heilsugæslustöðvarnar bjóða upp á. Af því að þetta tvöfalda kerfi hefur verið rekið hér í borginni hefur ekki verið hægt að leggja af það heilsuverndarstarf sem er á Heilsuverndarstöðinni og er þaðan miðstýrt.

Það er hins vegar svo að nefndinni, sem ég minntist á fyrr að gert væri ráð fyrir að skipuð yrði, ef þetta frv. til laga um heilbrigðisþjónustu fer í gegn, er ætlað að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem nefnd sú sem nú er að láta af störfum hefur lagt fyrir heilbrrh. Ég gerði reyndar athugasemd við það strax í nefndarstarfi heilbr.- og trn., án þess að ég vildi vera að gera ágreining í nefndinni, að mér fyndist óeðlilegt að það þyrfti að endurskipa þessa nefnd sem hefur farið þetta ár með stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar og séð um tillögugerðina. Ég skil í raun og veru ekki alveg hver er ástæðan fyrir því en það mun auðvitað koma í ljós þegar fram líða stundir hvort hæstv. heilbrrh. kemur til með að endurskipa nefndina eða ekki og þá hvaða ástæður þar hafa legið að baki. Ég tel að í þessari nefnd hafi verið prýðisfólk og starfað af miklum heilindum, enda sýni tillögurnar það. En það er rétt að taka það fram að þeir sem nefndina skipuðu voru Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbr.- og trmrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Guðrún Guðmundsdóttir, sem tilnefnd var af tryggingaráði og er læknir, og Ólafur F. Magnússon, sérstakur ráðgjafi og hugmyndafræðingur Sjálfstfl. í Reykjavík í heilbrigðismálum og var hann tilnefndur af borgarstjórn.

Ég ætla að gera hér lítillega grein fyrir þeim tillögum sem þessi stjórn hefur lagt fyrir heilbrrh. því ég tel, eins og ég hef sagt áður, að þær séu býsna merkilegar. Ég tel það mikið framfaraspor ef ríkisstjórninni og hæstv. heilbrrh. tekst að hrinda þeim í framkvæmd, því ber að fagna auðvitað sérstaklega. Með þessum tillögum er gert ráð fyrir því að draga úr miðstýringu þjónustunnar, sem nú er veitt á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, en að færa þeirri stofnun víðtækara og í raun miklu merkilegra hlutverk heldur en hún hefur í dag og hefur haft og er það þó ærið merkilegt sem sú stofnun hefur verið að gera á undanförnum árum. Ég held ég verði, með leyfi forseta, þetta er ekki langt, að fá hér að vitna í tillögur nefndarinnar, en þar segir:

„Samstaða er um í stjórninni að leggja til að áfram verði starfrækt heilsuvernd í húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Leggur stjórnin til að hafist verði handa um að gera áætlun um að flytja sjúkradeild úr húsinu og að því verði lokið fyrir árslok 1993. Að árið 1992 verði eins konar millibilsár þar sem unnið verði

að nauðsynlegum breytingum og flutningi en að frá ársbyrjun 1993 haldi rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar áfram með nýju og víðtækara hlutverki."

Síðan er því lýst. Í fyrsta lagi heilsuverndarþjónusta samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því að úr verkefnum þeim, sem Heilsuverndarstöðin hefur haft og sérstaklega snúa að Reykjavík, verði dregið og þau heilsuverndarverkefni flutt út á heilsugæslustöðvarnar en hún fái yfirumsjónarhlutverk, samræmingar- og skipulagshlutverk, í allri heilsuverndarstarfsemi í landinu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir yfirstjórn með heilsuverndarstarfi í landinu og samræmingu þeirra verkefna og þróun heilsuverndarstarfs á heilsugæslustövunum. Rannsóknir og kennsla heilbrigðisstétta á sviði heilsuverndar verði aukin og það verði hlutverk þessarar stofnunar.

Síðan er gert ráð fyrir því að verksvið einstakra starfsþátta, sem þarna verða framkvæmdir verði inni á Heilsuverndarstöðinni. Í upphafi er gert ráð fyrir því að þarna verði barna- og unglingadeild, mæðradeild, skólaheilsugæsludeild, vímuefnadeild, kynfræðsludeild og heimahjúkrunardeild til að byrja með sem sérstaklega sinni verkefnum Reykjavíkur. Þegar heilsugæslustöðvarnar hafa risið mun það verða eitt af þeirra hlutverkum að sinna heimahjúkrunarstarfinu. Atvinnu- og umhverfisdeild, tóbaksvarna- og lungnadeild, slysavarna- og íþróttadeild, manneldisdeild, Cindy-verkefnið, tannverndardeild, fræðslu- og námsefnisdeild, bókasafn, almenn skrifstofa og upplýsingaþjónusta.

Þarna er í raun og veru verið að flytja mjög mikið af þeim verkefnum sem núna eru í heilbr.- og trmrn. út til þessarar stofnunar. Þarna er verið að leggja til að byggð verði upp í landinu raunveruleg forvarnastofnun. Þau verkefni, sem flytjast út, eru manneldismálin, sem hafa verið til skamms tíma sérstök deild í ráðuneytinu, Cindy-verkefnið, sem er sérstakt alþjóðlegt verkefni á sviði slysavarna, tannverndardeild, sem sérstaklega er starfandi í heilbr.- og trmrn. nú, fræðslu- og námsefnisdeild og það bókasafn, sá litli vísir að bókasafni sem er til í heilbrrn. flyst yfir á þá forvarnastofnun sem þarna er gert ráð fyrir.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að starfsemin skiptist í tvö meginsvið. Annars vegar fjölskyldusvið, þar sem verða fjölskylduheilsuverndin, og hins vegar samfélagssvið, sem sé hin samfélagslega heilsuvernd. Síðan skiptir stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar þessum verkþáttum upp í þessi svið. Þá falla undir fjölskyldu- og heilsuverndarsviðið barna- og unglingadeild, mæðradeild, vímuefnadeild, skólaheilsugæsludeild, kynfræðsludeild og heimahjúkrunardeildin á meðan hún er starfandi.

Á samfélagssviðinu verða atvinnu- og umhverfisdeild, tóbaksvarna- og lungnadeild, slysavarna- og íþróttadeild, manneldisdeild, tannverndardeild, Cindy-verkefnið og síðan eru auðvitað sameiginleg verkefni sem undir forstjóra heyra.

Ég vil ekki, virðulegi forseti, tefja umræðuna með því að gera nákvæma grein fyrir því hvað hvoru sviði um sig er ætlað að gera og hverri deild innan sviðsins er samkvæmt þessum tillögum ætlað sem hlutverk. Ég legg áherslu á það að með þessum tillögum sem þarna hafa verið mótaðar er verið að breyta nokkuð því hlutverki sem Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hefur haft og fá henni, eins og ég sagði áðan, merkilegra og mikilvægara hlutverk en hún hefur þó haft.

Þá kunna menn auðvitað að spyrja: Af hverju að taka þetta upp við þessar aðstæður þegar menn þurfa að hraða sínum störfum og þá undir þessum lið um frv. til laga um heilbrigðisþjónustu? Ástæðan er sú að ég er að leggja áherslu á að það er verið að breyta hlutverki Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Ástæðan fyrir því að ég tek þetta hér til umræðu er sú að tillaga þeirrar nefndar, sem fjallaði um sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala, gerir ráð fyrir því að loka einni heilsugæslustöðinni í Reykjavík á næsta ári. Ég er að sýna fram á að það er útilokað að ætlast til þess af Heilsuverndarstöðinni að hún taki við þeim verkefnum sem þessi heilsugæslustöð, sem gert er ráð fyrir að loka, eigi að hafa með höndum. Þar að auki er beinlínis ekki gert ráð fyrir því í 6. gr. heimildinni á fjárlögum að hægt sé að taka á leigu eða kaupa húsnæði undir heilsugæslustöðvar í Reykjavík. Með þessu eru menn því miður, ef þær tillögur sameiningarnefndar þessara tveggja sjúkrahúsa ná fram að ganga, að setja heilsugæslumálin í Reykjavík í enn erfiðari aðstöðu en þau eru þó í í dag. Enn vantar 13.000 Reykvíkinga að komast inn hjá heimilis- og heilsugæslulæknum í borginni.

Í júlí á þessu ári óskaði hæstv. heilbr.- og trmrh., Sighvatur Björgvinsson, eftir því við samstarfsráð heilsugæslustöðvanna í Reykjavík að það gerði tillögur um það með hvaða hætti og hvernig skuli staðið að því að byggja upp heilsugæsluna í Reykjavík. Samstarfsráð þetta er nokkuð umdeilt og íhaldið í borgarstjórn Reykjavíkur hefur sérstaklega horn í síðu þessa samstarfsráðs af því hvernig það er skipað, ekki af því hvaða hlutverk það hefur, heldur af því hvernig það er skipað. — (**Gripið fram í:** Er það ekki ágætlega skipað?) Það er ákaflega vel skipað. Það er skipað einvala framsóknarmönnum eftir því sem ég best veit, a.m.k. voru þeir það allir þegar ég síðast vissi, að frátöldum héraðslækninum í Reykjavík sem er ef ég man rétt formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur. Hann á reyndar stutt eftir, vonast ég til, yfir á réttan kjöl í réttan flokk, og svo formanni Heilsuverndarstöðvarinnar sem ég ætla ekki að gerast svo djarfur að staðsetja nákvæmlega í stjórnmálaflokki hér, en hann er skrifstofustjóri í heilbr.- og trmrn.

Þetta er einmitt meginverkefni þessa samstarfsráðs heilsugæslustöðva í Reykjavík, að vera samráðs- og samstarfsvettvangur heilsugæsluumdæmanna sem nú eru orðin fjögur. Það var því ærið verkefni sem hæstv. heilbrrh. fól þessu ágæta samstarfsráði. Þann 25. okt. skilaði samstarfsráðið af sér þeim tillögum sem það hafði í samvinnu við stjórnir allra umdæmanna komist að samkomulagi um að væri eðlileg uppbygging á heilsugæslustöðvum í Reykjavík.

Nú verð ég, með leyfi forseta, að gera örlitla grein fyrir því hvernig þetta samstarfsráð í samvinnu við

stjórnir heilsugæsluumdæmanna komst að því að eðlilegast væri að standa að þessari uppbyggingu. Í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er í fyrsta skipti gert ráð fyrir því að í Reykjavík séu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi. Með þessum lögum og reyndar nokkru áður, með þeirri breytingu sem gerð var á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var öll heilsugæslan í landinu færð yfir á ábyrgð og umsjón ríkisvaldsins frá sveitarfélögunum. Það má endalaust deila um það hvort þarna hafi verið rétt að verki staðið. Ég er sannfærður um það að þarna var rétt spor stigið. Ég er sannfærður um að svo sé þegar ég sé í hvaða farveg heilsugæslumálin í höfuðborginni hafa farið eftir að losað var um kverkatak íhaldsins á þeim málaflokki hér í Reykjavík.

Á meðan Sjálfstfl. réð heilsugæslumálunum í Reykjavík voru fáar heilsugæslustöðvar starfandi. Yfir þeim var ein stjórn sem hét heilbrigðismálaráð Reykjavíkur. Þetta heilbrigðismálaráð gat í raun og veru engar ákvarðanir tekið einfaldlega vegna þess að allar þær ákvarðanir þess varð að bera undir borgarstjórann í Reykjavík og borgarráð áður en þær tóku gildi. Ég held að þeir sem þekkja hvernig þetta var upp byggt sjái hversu ofboðsleg miðstýring fólst í þessu. En sú breyting sem gerð var á verkaskiptalögunum, heilsugæslan færð yfir til ríkisins, og síðan þeim breytingum sem gerðar voru á heilbrigðisþjónustulögunum árið 1990, þar sem borginni var skipt upp í fjögur heilsugæsluumdæmi, varð einnig til þess að völd og verkefni, sem áður voru inni í heilbrrn. og inni á borði borgarstjórans í Reykjavík, voru nú á einu bretti færð út til stjórna sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva. Ákvarðanir um mannaráðningar, sem áður voru í heilbrigðismálaráðinu og öðluðust ekki gildi fyrr en borgarstjórinn fyrrverandi, hæstv. núv. forsrh. Davíð Oddsson, hafði lagt stimpil sinn á hvern einasta ráðningarsamning. Nú er þetta hjá stjórn viðkomandi stöðva. Ákvarðanir um öll tækjakaup, hversu smá eða stór þau voru, gátu ekki farið fram fyrr en borgarstjórinn hafði veitt samþykki sitt með því að stimpla fundargerðina frá heilbrigðismálaráðinu og þannig mætti lengi telja.

Þarna verður sem sagt veruleg breyting á. Þessi fjögur umdæmi sem borginni var skipt upp í um heilsugæsluna bera nú ekki sérstaklega falleg nöfn og segja kannski ákaflega lítið um það hvar þau eru starfandi, en ég vil þó nefna að þessi umdæmi heita: Vesturbæjarumdæmi, Miðbæjarumdæmi og síðan er hins vegar Austurbæjarumdæmi skipt í tvo svæði, Austurbæjarumdæmi nyrðra og syðra. Í Vesturbæjarumdæmi eru starfandi tvær heilsugæslustöðvar, Heilsugæslustöð Miðbæjar að Vesturgötu 7. Á því svæði eru íbúar 13.000 og rúmlega það. Það er tiltölulega ný stöð og að henni er mjög vel búið. Í Vesturbæjarumdæmi er einnig starfandi Heilsugæslustöð Hlíðasvæðis í Drápuhlíð 14. Á því svæði eru 9.822 íbúar. Sú stöð er í algjörlega óviðunandi húsnæði. Húsnæði sem borgin á og var algjörlega til bráðabirgða fyrir starfsemina enda hefur héraðslæknirinn í Reykjavík gefið út vottorð um að húsnæði stöðvarinnar sé heilsuspillandi og því ekki forsvaranlegt að flytja ungbarnaeftirlitið og mæðraskoðunina frá Heilsuverndarstöðinni inn í þetta húsnæði. Þarna er ljóst að nauðsynlegt er að flytja starfsemina. Það er merkilegt að þetta er kannski það umdæmi borgarinnar sem best er að búið, þrátt fyrir að önnur stöðin á svæðinu sé í heilsuspillandi húsnæði.

Í Miðbæjarumdæmi eru nú tvær heilsugæslustöðvar, Heilsugæslustöðin í Fossvogi, sem er í 300 fermetra húsnæði og nefnd sú sem heilbrrh. skipaði, um sameiningu sjúkrahúsa, leggur til að verði rekin þaðan út. Á þessu svæði eru rúmlega 11.000 íbúar. Heilsugæslustöðin býr við algjörlega óviðunandi húsakost og það liggur beint við að flytja þarf stöðina út úr þessu húsnæði. En það verða þá auðvitað að vera til úrræði í lögum til þess að hægt sé að koma stöðinni fyrir annars staðar. Og þessi ríkisstjórn og fjárln., ef ég veit rétt og hef þær upplýsingar sem ég treysti, gerir ekki ráð fyrir því í 6. gr. að opna fyrir þann möguleika að hægt sé að taka á leigu eða kaupa húsnæði undir þessa starfsemi. Er þá í raun verið að reka stöðina út án þess að möguleiki sé á að koma henni inn annars staðar.

Heilsugæslustöðin í Laugarnesi er staðsett í Álftamýri 5. Hún er alveg ný og tók til starfa um síðustu áramót og er að því leyti merkileg — og sýnir að þeir sem þurft hafa á undanförnum árum að starfa í því kerfi sem Reykjavíkurborg hefur viljað hafa í heilsugæslumálum, þessu kerfi sjálfstætt starfandi heimilislækna, eru uppgefnir á að starfa í þessu þjónustusnauða heilsuverndarkerfi sem sjálfstætt starfandi heimilislæknar hafa þurft að starfa í. Vegna þess að þetta hét áður Heilsugæslan í Álftamýri. Um leið og þeir losnuðu úr þeirri pressu sem því fylgdi að starfa undir þeim járnaga og því þunga aðhaldi sem heilbrigðisráð Reykjavíkur veitti óskuðu þeir sjálfir eftir því að þeirri starfsemi, sem þeir ráku og flokkuðu sig undir sjálfstætt starfandi heimilislækna, yrði breytt í heilsugæslustöð. Og það var gert um síðustu áramót. Það sem er merkilegt við það er að með þeirri breytingu og þeim samningi sem þar var gerður var algjörlega farið inn á nýjar brautir og tilraun gerð með nýtt rekstrarfyrirkomulag í heilsugæslunni í Reykjavík. Ríkið gerði sérstakan samning við starfsfólk þessarar stöðvar um kaup á tækjum og búnaði og því húsnæði sem stöðin var starfandi í. Og síðan gerði ríkið sérstakan þjónustusamning sem gerði ráð fyrir því að þeir aðilar, sem starfa á stöðinni, tækju að sér að veita þjónustu á sviði heilsuverndar og heilsugæslu og fengju fyrir það ákveðna krónutölu á ári hverju. Með þessu er verið að reyna nýtt rekstrarfyrirkomulag og eftir því sem ég best veit þá hefur það tekist mjög vel.

Þriðja heilsugæsluumdæmið hér í borginni er Austurbæjarumdæmi syðra. Þar er gert ráð fyrir að starfandi séu tvær heilsugæslustöðvar. Heilsugæslustöðin í Efra-Breiðholti, sem er í alveg nýju húsnæði og á því svæði eru rúmlega 10.500 íbúar, og Heilsugæslustöðin í Mjódd sem tók til starfa um mitt þetta ár. Þar gildir það sama og með Heilsugæsluna í Álftamýri að þeir læknar sem starfandi voru uppi Mjódd voru guðs lifandi fegnir að losna úr því kverkataki sem íhaldið hefur haft á heilsugæslunni í Reykjavík. Þeir komu einnig og óskuðu eftir því að þeirra starfsemi yrði breytt í

heilsuverndar- og heilsugæslustarfsemi. Það var gert með sérstökum samningi og um leið var 6. gr. ákvæðið nýtt, sem þá hafði verið undanfarin tvö ár inni í fjárlögum, og keypt var húsnæði undir þá starfsemi sem þar á að verða í framtíðinni.

Eftir því sem ég veit best er gert ráð fyrir því að í fjárlagafrv. fyrir árið 1992 og kom hér fram við 2. umr., séu 50 millj. kr. áætlaðar á fjárfestingarlið í heilsugæslu- og læknisbústöðum frv. til þess að innrétta og koma af stað starfsemi í þessu húsi. Og því ber auðvitað að fagna alveg sérstaklega.

En þetta sýnir, svo ekki verður um villst, að þegar óskirnar koma frá fólkinu sem starfandi er við þessa starfsemi hefur verið búið að þrengja hér verulega að.

Síðan er það Austurbæjarumdæmi nyrðra en þar eiga að vera starfandi tvær heilsugæslustöðvar. Það umdæmi er langverst sett af öllum umdæmunum í borginni. Ein heilsugæslustöð er í Árbæ í 600 fermetra húsnæði á tveimur hæðum og íbúafjöldi í Árbæ eru 8.000. Stöðin hefur reynt að þjóna Grafarvogi en þar eru íbúar orðnir um 5.000. Núna hefur orðið að loka fyrir nýskráningar inn á heilsugæslustöðina af því hversu illa er að búið á þessu svæði. Gert er ráð fyrir því að starfandi verði heilsugæslustöð í Grafarvogi. Hins vegar er það svo að síðan í júní hefur legið fyrir ósk frá samstarfsráðinu og stjórn heilsugæsluumdæmisins um að fá að taka á leigu húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Grafarvogi. Núna fyrst fyrir tveimur dögum, þegar stjórn þess umdæmis átti fund með hæstv. heilbr.- og trmrh., fékkst úr því skorið að fyrir áramót — og ég vonast til að það verði fyrir áramót — verði tekið á leigu húsnæði sem í boði hefur verið og þannig verði vonandi hægt að sinna þörfum Grafarvogsbúa á næsta ári hvað þetta snertir.

En þá kem ég að tillögunum sem samstarfsráðið lagði fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. 25. okt. Það kemur mér því mjög á óvart að ekki skuli hafa komið inn við 2. umr. fjárlaga þetta ákvæði í 6. gr. að haldið skyldi áfram samkvæmt því að byggja upp heilsugæsluna í höfuðborginni. En tillögurnar hljóðuðu þannig:

Í fyrsta lagi er lögð á það áhersla að strax verði heimilað að taka á leigu húsnæði til bráðabirgða að Hverafold 1 undir rekstur heilsugæslustöðvar í Grafarvogi þannig að hægt sé að hefja starfsemi þar í janúar 1992. Áhersla er lögð á að erindi um þetta sé í athugun í heilbr.- og trmrn.

Í öðru lagi að kannaðir verði möguleikar á staðsetningu heilsugæslustöðvar á efri hæð verslanahússins Grímsbæjar við Bústaðaveg sem gæti tekið til starfa í upphafi árs 1993.

Í þriðja lagi að hafinn verði undirbúningur að því að flytja heilsugæsluna, sem nú er til húsa í Drápuhlíð 14, í nýtt húsnæði. Til greina kemur að fá á leigu eða til kaups húsnæði að Háteigsvegi 1. Ég gerði grein fyrir því hér áðan að heilsugæslustöðin í Drápuhlíð 14 er í heilsuspillandi húsnæði og vottorð um það hefur héraðslæknirinn í Reykjavík gefið út.

Í fjórða lagi er lögð áhersla á að gengið verði til samninga um uppbyggingu á nýrri heilsugæslustöð fyrir Árbæjar- og Selás- og Ártúnsholtshverfi. Lóð er til staðar en það sem skiptir þó mestu er að húsnæði það sem heilsugæslan er nú í er í algjörlega ófullnægjandi húsnæði.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því í þessum tillögum að hafinn verði undirbúningur að hönnun nýrrar heilsugæslustöðvar fyrir Grafarvogs- og Borgarholtshverfi sem gæti tekið til starfa eftir því sem hverfin byggjast upp í Grafarvogi. En það er nú svo merkilegt að nú þegar er orðin í kringum 5.000 manna byggð í Grafarvogi. Og engin heilsugæslustöð er þar starfandi og engin áform eru uppi um að byggja þar upp nokkurn skapaðan hlut — nema þá að þessi leigusamningur fáist, staðfestur af fjmrn., sem ég vitnaði í áðan og fyrirheit eru um af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. að komi til framkvæmda.

Í sjötta og síðasta lagi er lögð áhersla á að hafinn verði undirbúningur að hönnun heilsugæslustöðvar fyrir Voga- og Heimahverfi sem tæki til starfa árið 2000. Þannig eru þessar tillögur samstarfsráðsins tímasettar. Þeim er raðað upp í forgangsröð og geta ekki verið skýrari fyrir ríkisstjórn og hæstv. heilbr.- og trmrh. Og það sem meira er er að um þessar tillögur er algjör samstaða. Ekki er aðeins samstaða í þessu pólitískt skipaða samstarfsráði, eins og íhaldsmeirihlutinn í Reykjavík lætur liggja að, heldur líka í stjórnum allra heilsugæslustöðvanna, þar sem borgarstjórn Reykjavíkur á meiri hluta af öllum stjórnarmönnum. Þrír af hverjum fimm stjórnarmönnum í stjórnum heilsugæslustöðvanna eru tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í 3. umr. um heilbrigðisþjónustu gert ítarlega grein fyrir þeirri áherslu sem lögð er á í uppbyggingu heilsugæslu hér í borginni. Eins og ég sagði áðan er ástæðan fyrir því að ég vel að gera þetta hér og nú sú að þessi tillaga, sem hér er gerð af þeirri nefnd sem á að hafa það hlutverk að sameina sjúkrahúsin í Reykjavík um að reka Borgarspítala eða Heilsugæslustöðina í Fossvogi út úr Borgarspítalanum, mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir heilsugæslustarfið í Reykjavík. Nú kann vel að vera að mönnum finnist ástæðulaust að fjalla sérstaklega um heilsugæslu og heilsuverndarstarf í Reykjavík. Ég þykist viss um að það hefur ekki tíðkast eða viðgengist í umræðu á undanförnum árum að þingmaður eða þingmenn Reykvíkinga standi hér upp og tali sérstaklega fyrir uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík. En ég tel þó nauðsynlegt að taka þann tíma sem ég hef gert í þessa umræðu og ég tel það ekki minna virði fyrir þingið og þá sem hér sitja að vita að það eru ýmsir erfiðleikar í heilbrigðismálum í Reykjavík. Það eru 13.000 Reykvíkingar sem ekki komast inn eða geta skráð sig hjá heimilislæknum eða komist inn á heilsugæslustöðvar. Það eru 260–300 Reykvíkingar sem bíða eftir því að komast inn á hjúkrunarheimili í borginni. Þetta er lengsti biðlisti í nokkru kjördæmi. Í þessu fjárlagafrv. bólar ekki á neinum tillögum um úrlausn fyrir þennan hóp. Og ég vonast til þess, hæstv. forseti, að hér sé ekki verr farið með tíma þingsins í umræðum um vandamál Reykvíkinga og það af stjórnarandstöðuþingmanni, en bara af hv. stjórnarþingmönnum. (**Grip-**

ið fram í: Hvar er ráðherrann?) Ég hef ekki hugmynd um hvar ráðherrann er enda skiptir það engu máli. Hv. þm. er með allar þessar tillögur í höndunum og ef vilji er fyrir hendi á hann að geta framkvæmt þær. Og ég trúi því að það sé vilji af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. að ýta þessu í framkvæmd. Ég veit hins vegar að hann er í samstarfi við þannig flokk og er auðvitað beygður af íhaldinu í þessu máli og treystir sér þess vegna ekki til að leggja það til að í 6. gr. fjárlaga komi heimild til þess að byggja upp hér í Reykjavík. En ég vonast til, hæstv. forseti, eins og ég sagði, að þessum dýrmæta tíma sem við höfum nú hér fram til jóla, sé ekki verr varið í umræður um vandamál Reykjavíkur en vandamál þau sem blasa við austur á Höfn í Hornafirði og stjórnarliðar innbyrðis tóku sér drjúgan tíma í að rífast um hvernig ætti að meðhöndla brtt. við fjárlagafrv. frá hv. þm. Agli Jónssyni. Ég vonast þannig til þess, virðulegi forseti, að ekki verði litið svo á að hér sé um eitthvert málþóf af hálfu stjórnarandstöðunnar að ræða, þó svo að þingmaður Reykvíkinga standi hér upp við 3. umr. og geri örlítið grein fyrir vandamálum Reykjavíkur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að taka hér undir síðustu orð hv. 11. þm. Reykv., Finns Ingólfssonar. Hann sagði að ekki væri minna virði og ekki síður mikilvægt að ræða hér á Alþingi um ástand mála í Reykjavík, ekki síst í heilbrigðismálum, en ýmislegt sem varðar landsbyggðina. Þó ég ætli ekki að draga úr mikilvægi þess að ræða þá hluti sem lansbyggðina varðar, er ekki síður mikilvægt að ræða ýmislegt sem Reykjavík varðar. Af því að ég hef setið í borgarstjórn Reykjavíkur verð ég að segja að mér fannst stundum meðan ég var þar eins og Reykjavík ætti afskaplega fáa þingmenn. Þingmenn Reykjavíkur væru eiginlega eins og landskjörnir þingmenn og aðrir þingmenn væru kjördæmaþingmenn. Því miður finnst manni eins og málefni sem brenna sérstaklega á Reykvíkingum fái oft og tíðum lítinn tíma á Alþingi. Ég veit að ég er ekki ein með þá skoðun af því fólki sem setið hefur í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi einhvern tímann látið eitthvað svipað sér um munn fara.

Það frv. sem er hér til 3. umr. er árviss atburður. Það er líklega álíka árvisst og það að það koma jól og áramót og páskar, því að þetta gerist alltaf á Alþingi rétt fyrir jól og hefur líklega gerst allt frá árinu 1983 að lagt er fram frv. um að fresta tilteknum ákvæðum í lögum um heilbrigðisþjónustu hvað Reykjavík varðar. Að þessu sinni stendur öll heilbr.- og trn. að þessu frv. og á jafnt við um stjórnar- sem stjórnarandstöðuþingmenn og þar af leiðandi stend ég að því líka. Ástæðan er auðvitað sú að við verðum að taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti. Reykjavík er ekki í stakk búin til þess að starfa af fullum krafti eftir lögum um heilbrigðisþjónustu eins og þau eru. En þótt maður verði að taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti er engin ástæða til þess að gera það umyrðalaust. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að nota tækifærið til þess að vekja athygli á því hvernig mál standa í Reykjavík.

Lögin um heilbrigðisþjónustu, sem er verið að fresta gildistöku á að hluta til í Reykjavík, eru að stofni til frá 1983 og hafa aldrei tekið að fullu gildi í höfuðborginni. Með þessu móti hefur réttur Reykvíkinga verið skertur. Hann hefur verið skertur og þar er við ýmsa að sakast, ekki neinn einn einstakan. Ríkisvaldið hefur verið afskaplega spart í fjárveitingum sínum til uppbyggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík. En líka er við hringlandahátt í heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar að sakast og ekki síst hringlandahátt í borgarstjórn Reykjavíkur en meiri hlutinn þar hefur aldrei vitað í hvorn fótinn hann ætti að stíga í heilsugæslumálum og hafi hann sett aðra löppina fram þá hefur hann dregið hina. Þar af leiðandi hefur aldrei verið beitt fullum þunga af hálfu borgarstjórnar Reykjavíkur við ráðuneytið og við heilbrrh. Margar nefndir hafa verið settar í málin í Reykjavík sem áttu að skoða önnur rekstrarform, aðra valkosti, aðrar leiðir. Nefndirnar hafa í rauninni engu skilað nema frestun á málinu og frestunin hefur komið verst niður á Reykvíkingum sjálfum. Þar af leiðandi hlýt ég að segja að meiri hlutinn í borgarstjórn hefur ekki gætt hagsmuna Reykvíkinga í þessu máli. Nú þykir mér auðvitað miður að hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík skuli ekki vera hér til þess að verja hendur sínar því það er ekki síst á hans ábyrgð að svona hefur farið þar.

Ástæðan fyrir því að þeir vildu setja nefndir til að kanna aðrar leiðir og önnur rekstrarform er sú að þeir hafa trúað mjög stíft á samkeppni í heilbrigðismálum eins og öðru og það væri mikilvægt að geta borið saman ólíkar rekstrarleiðir. Það var, eins og Finnur Ingólfsson drap á, reynt að setja á stofn heilsugæslu í Álftamýri með sjálfstætt starfandi læknum sem gerðu sérstakan rekstrarsamning við borgina en nú hafa þessir læknar sem sagt kosið að fara inn í það kerfi sem viðgengst annars staðar, þ.e. að gerast heilsugæslulæknar á heilsugæslustöð.

Af því að ég er að tala um samkeppni í þessum málum þá rakst ég á athyglisverða grein í Morgunblaðinu í gær eftir Sigurbjörn Sveinsson sem er formaður Félags íslenskra heimilislækna. Þar er hann einmitt að fjalla um samkeppnina og fjölbreytnina og bendir réttilega á, og mig langar til að lesa örlítinn kafla úr grein hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Sagt hefur verið að fjölbreytnin sé dyggð. Þetta á vel við í heilsugæslunni. Heilsugæslustöðvunum er sett sama mark í lögum. Þær standa á sama grunni faglega. Hins vegar hefur starfsfólk hverrar og einnar heilsugæslustöðvar fullt frelsi til að þróa þjónustuna eins og þeim þykir henta til að mæta þörfum skjólstæðinga sinna. Starfsfólk heilsugæslustöðvanna ber mjög saman bækur sínar og skiptist á skoðunum um fagleg efni. Það er ljóst að nú þegar ríkir umtalsverð samkeppni milli stöðvanna, sem rís á heilbrigðum, faglegum metnaði. Fellur það vel að þeim hugmyndum um opinberan rekstur, sem nú ráða í þjóðfélaginu. Þetta mun vonandi skila borgurunum betri þjónustu þegar til lengri tíma er litið."

Með öðrum orðum er verið að segja þarna að það

er hægt að koma upp heilbrigðri, faglegri samkeppni í heilbrigðisþjónustunni án þess að verið sé sífellt að hringla með rekstrarform eða án einhverrar ofurtrúar á mátt einkavæðingar og einkareksturs.

En eins og ég sagði hefur hringlandaháttur ríkt í þessum málum í Reykjavík og orðið er mjög brýnt að taka í taumana. Ég vona svo sannarlega að nýr heilbrrh. gerist eins kraftmikill í þeim málum og hann hefur verið á ýmsum öðrum vígstöðvum og þó þar hafi hann stundum farið, eins og ég hef áður sagt, eins og um væri að ræða fíl í glervöruverslun, þá vona ég að hann fari með mildari hætti í heilsugæslumálunum.

Við erum að fresta því að ákveðin ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu taki gildi. Þetta eru lög sem Alþingi hefur samþykkt og hefur mótað stefnu í þessum málum. Framkvæmdarvaldinu ber að framfylgja þeirri stefnu og þess vegna ber því að flýta uppbyggingu heilsugæslu í Reykjavíkurborg. Það er ekki hægt að kenna því um núna að sveitarfélag og ríkisvald hendi málinu á milli sín því að nú er þetta mál á einni hendi, þ.e. það er á hendi ríkisvaldsins og það ætti auðvitað að einfalda framkvæmdina til mikilla muna. Sá þingmaður sem talaði á undan mér vék lítillega að ástandi mála í Reykjavík. Ég ætla að fylgja í kjölfar hans og ræða aðeins um þau mál vegna þess að ég held að það skipti miklu að gera sér grein fyrir því hvernig staðan er í Reykjavík í heilsugæslumálum.

Í Reykjavík eru reknar átta heilsugæslustöðvar og það hefur því nokkuð þokast þó að mikið vanti á enn þá. Einungis tvær af þessum átta heilsugæslustöðvum geta sinnt þeim íbúafjölda sem þeim ber, þ.e. hafa aðstöðu og læknafjölda til þess að sinna því svæði sem undir stöðina heyrir og þetta eru heilsugæslan í Hraunbergi og heilsugæslan á Seltjarnarnesi sem er rekin í samstarfi við Seltjarnarnesbæ. Í öðrum heilsugæslustövðum er ástandið mun lakara. Þar er fyrst til að taka heilsugæslustöðina í Mjódd sem er í afskaplega lélegu bráðabirgðahúsnæði og hún á bæði að þjóna Breiðholti I og II. Ég sá mér til ánægju að það á gera bragarbót þarna á í fjárlögum og eru áætlaðar 50,5 millj. kr. í þessa heilsugæslustöð þannig að þess má vænta að eitthvað vænkist hagur hennar.

Þá er það heilsugæslustöðin í Fossvogi. Miðað við aðstöðu og læknafjölda getur hún í hæsta lagi þjónað 400–500 manns en á starfssvæði stöðvarinnar búa um 12.000 manns. Ef heilbrrh. hefði verið hér hefði verið gaman fyrir hann að gera sér grein fyrir því að þrengslin þar inni eru svo mikil að varla verður hægt að koma fyrir peningakassa til að innheimta það 600 kr. gjald sem nú á að leggja á í heilsugæslustöðvum. Það mun a.m.k. verða erfitt að finna skot fyrir kassann.

Þá er það heilsugæslustöðin í Drápuhlíð. Hún var hönnuð og ætluð fyrir 3.400 manna hverfi og getur þjónað þeim fjölda, en síðar var bætt við hana um 5.000 manns og þess vegna getur hún alls ekki sinnt öllum þeim verkefnum sem henni ber. Þar er ekki síst að nefna barnaverndina sem heilsugæslustöðin í Drápuhlíð á afskaplega erfitt með að sinna.

Í vesturbænum er ný stöð í Garðastræti. Hún var upphaflega hönnuð fyrir 6.000 manns og átti að þjóna gamla vesturbænum, en var sameinuð heilsugæslustöðinni sem var í miðbænum, sem einnig var ætluð fyrir 6.000 manns, og á stöðin nú að þjóna 12.000 manna svæði sem nær frá Snorrabraut og vestur að sjó.

Þetta eru bara nokkur dæmi um það hvernig búið er að þessum stöðvum, hversu mun fleiri íbúum þær eiga nú að þjóna heldur en gert var ráð fyrir í upphafi. Það hefur gert það að verkum að miklum erfiðleikum er bundið að sinna heilsuvernd í þessu stöðvum, ekki síst mæðraskoðun og ungbarnaeftirliti. Á þessu sviði gegnir Heilsuverndarstöð Reykjavíkur lykilhlutverki í dag og þess vegna skiptir miklu máli að gera sér grein fyrir því hver verður framtíð þeirrar stöðvar og gefa henni einhvern formlegan status inni í heilbrigðiskerfinu. Ég held að miðað við þær aðstæður sem eru í dag sé alls ekki hægt að leggja þá starfsemi af sem þar fer fram, ekki síst í heilsuvernd.

En það eru ekki allir sem komast inn í heilsugæslustöð. Í dag þjóna um 33 læknar á heilsugæslustöðvum og undir þá heyra um 49.000 manns, þ.e. þeir sem eru skráðir á heilsugæslustöð. Þar fyrir utan er annað kerfi sem er svokallað númeralæknakerfi og þar starfa 30 læknar og þjóna um 39.000 manns hér í Reykjavík. Fyrir utan þetta eru svo um 9.000 einstaklingar sem eru alveg án heimilislæknis. Þetta þýðir með öðrum orðum að það eru mörg kerfi í gangi í Reykjavík. Það er heilsugæslustöðvakerfi, það er númeralæknakerfi og það er kerfi þar sem fólk hefur engan formlegan aðgang að lækni og síðan tilvísanakerfið var lagt af er margt af þessu fólki sem sækir sér beint þjónustu sérfræðinga sem er mjög dýr, bæði dýrari fyrir viðkomandi aðila og dýrari fyrir samfélagið. Þess vegna er þetta mjög óskynsamleg meðferð á fjármunum sem endurspeglast í skipulagi heilsugæslunnar í Reykjavík.

Á undanförnum árum hefur um 10% af heildarfjárframlögum til heilsugæslu farið til Reykjavíkur. Það segir sig náttúrlega sjálft að þetta er lítill hlutur miðað við þann íbúafjölda sem í borginni er. Stór hverfi hafa enn enga heilsugæslustöð og ekki er sjáanlegt að það breytist alveg á næstunni. Þar má t.d. nefna Voga- og Heimahverfi en ástæða þess að ég nefni það fremur en t.d. Grafarvoginn er sú að þar býr mikill fjöldi aldraðra og það er einmitt sá hópur sem þarf helst að hafa heilsugæslustöð nærri sér og á erfiðara með að sækja til læknis um langan veg.

Það að heilsugæslustöðvar skuli vanta í hverfum eins og Voga- og Heimahverfi er líka mjög bagalegt ef litið er á þjónustu við aldraða vegna þess að það hefur reynst mjög erfitt að skipuleggja og samhæfa heimaþjónustu við aldraða af þessum sökum.

Í máli Finns Ingólfssonar kom fram að um 200–300 Reykvíkingar væru í raun á neyðarlista eftir hjúkrunarplássi, þ.e. hefðu sótt um hjúkrunarpláss og væru mjög þurfandi og í mikilli neyð. Þetta er eitt af þeim málum sem er hvað alvarlegast og til hvað mestrar hneisu í heilbrigðisþjónustu í Reykjavík. Allir sem kynnst hafa þessum málaflokki, t.d. hjá Reykjavíkurborg í gegnum Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, vita hvað neyð þessa fólks og ættingja þeirra er mik-

il. Þá eru stórir hópar af öldruðum sem eru á biðlista eftir vistheimilisplássi. Ég hef þá tölu ekki handbæra en það er allstór hópur sem er á biðlista eftir vistheimilisplássi. Hugsanlega mætti þjóna nokkuð stórum hluta þessa fólks ef góð og samhæfð heimaþjónusta væri í Reykjavík. Tilraunir hafa verið gerðar til þess að skipuleggja hana og koma sæmilegri þjónustu við aldraða á koppinn í hverfum borgarinnar, en það hefur gengið verr en úti á landi vegna þess að heilsugæslustöðvar vantar þar sem hægt væri m.a. að staðsetja heimahjúkrun í hverfunum sem væri þá í starfrænum tengslum við heimilishjálp. Úr þessu þarf að bæta hið fyrsta.

Á Alþingi og í fjölmiðlum hafa að undanförnu orðið miklar umræður um skipulag sjúkrahúsaþjónustu í Reykjavík og almennt um útgjöld í heilbrigðismálum, þó sérstaklega með tilliti til sjúkrahúsanna. Sú umræða er vissulega mikilvæg en í skuggann fellur hins vegar umræða sem er kannski enn brýnni og það er umræða um heilsuvernd. Ef við viljum ná niður kostnaði í heilbrigðisþjónustunni til langframa verður það gert með bestum og virkustum hætti með því að byggja upp öfluga heilsuvernd í landinu öllu. Það er hin eina sanna sparnaðarleið í heilbrigðisþjónustunni. Þess vegna þarf að móta heilbrigðisstefnu ekki síður en sjúkraþjónustustefnu.

Borgarlæknirinn í Reykjavík hefur skrifað talsvert um þessi mál og er óþreytandi við að benda á þetta. Mig langar aðeins til þess að vitna í grein sem hann skrifaði sem heitir Ný viðhorf í heilbrigðismálum, og var birt í Morgunblaðinu fyrir allnokkrum árum, en það skiptir ekki máli, hún heldur fyllilega gildi sínu. Þar segir hann m.a. að „frá því að um miðja þessa öld hafi sjúkraþjónustustefnan orðið meira áberandi en heilbrigðisstefnan samfara byltingum á sviði lækna- og líffræðivísinda og hinn mikli vöxtur í heilbrigðismálum landsmanna frá þessum tíma hefur að mestu leyti átt sér stað undir merkjum sjúkraþjónustustefnunnar. Heilbrigðisstefnan fór halloka gagnvart tæknibyltingu sjúkraþjónustustefnunnar og eina fræðigreinin innan læknisfræðinnar, heilbrigðisfræðin, sem telja mátti fulltrúa heilbrigðisstefnunnar varð stöðnun að bráð. Örlög heilbrigðisfræðinnar í læknadeild Háskóla Íslands og í skipan heilbrigðismála hér á landi er fróðlegt athugunarefni í ljósi þeirrar þróunar heilsufarsmála sem lýst er í grein þessari." — Þetta eru lokaorð í alllangri grein um þessi mál.

Hann bendir réttilega á að sjúkraþjónustustefnan fækkar ekki þeim sem verða sjúkir, enda er það ekki markmið hennar. Verkefni hennar hefst ekki fyrr en sjúkdómurinn er staðreynd og einkennin komin fram. Það sem skiptir auðvitað máli er að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma og koma í veg fyrir sjúkdómseinkenni. Þannig má spara umtalsvert fé í heilbrigðiskerfinu og í því sambandi þjóna heilsugæslustöðvar lykilhlutverki.

Í þessari grein, sem er skrifuð 1986, nefnir Skúli Johnsen m.a. tölur um kostnað af heilbrigðisþjónustu sem Reykvíkingar fengu, og tekur hann áratuginn 1970–1980. Þegar þær tölur eru skoðaðar kemur í ljós að kostnaður við sjúkrahúsaþjónustu óx á þessu árabili um 163% en kostnaður við heilsuvernd stóð í stað.

Síðan getur vel verið að heilsuverndin hafi eitthvað aukið hlut sinn en þó dreg ég það stórlega í efa. Ég dreg það stórlega í efa að hún hafi aukið hlut sinn ef miðað er við sjúkrahúsaþjónustuna og framlagið til hennar.

En eins og ég segi er mikilvægt að hraða málum í heilsugæslumálum í Reykjavík og reyna að vinda bráðan bug að því að gera þá þjónustu sem best úr garði þannig að við þurfum ekki að samþykkja frv. eins og þetta eina ferðina enn á Alþingi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega tímabært að ræða dálítið um heilbrigðisþjónustuna í Reykjavík. Staðreyndin er sú að á undanförnum tveimur áratugum hefur hún verið dálítið olnbogabarn í þróun heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Til þess liggja fyrst og fremst pólitískar ástæður. Meðan sveitarfélög annars staðar á landinu lögðu gífurlegt kapp á að byggja upp heilsugæslu og heilsugæslustöðvar bæði í nýju húsnæði og í eldra húsnæði þráðist Reykjavíkurborg við. Staðan var vissulega orðin þannig að almenn heilsugæsla var lakari í Reykjavík en víðast hvar annars staðar á landinu. Til þessa lágu þær pólitísku ástæður sem hafa verið raktar prýðilega af hv. 10. og 11. þm. Reykv. hér á undan mér. Sjálfstfl. réð hér ríkjum og kaus að hanga á hinni gömlu heimilislæknaþjónustu, hinu gamla númeralæknakerfi, eins og hundur á roði löngu eftir að þessi þróun var farin af stað í öðrum byggðarlögum. Fyrir vikið sitjum við Reykvíkingar uppi með það núna að staða heilbrigðismálanna almennt er að mörgu leyti mikið lakari hér en víðast hvar annar staðar. Vil ég færa fyrir því nokkur rök og byrja á að spyrja mig: Hver er sú heilbrigðisþjónusta sem við viljum keppa að að sé til? Það er það sem ég kalla samfelld félags- og heilbrigðisþjónusta. Heilbrigðisþjónusta, þar sem skipulagið tekur mið af félagslegri þjónustu, þar sem maður getur rakið sig frá hinni félagslegu þjónustu, heimilisþjónustu, til heilsugæslu og hjúkrunarheimila aldraðra og loks til sjúkrahúsa. Þvert á þetta liggur síðan endurhæfing af margvíslegu tagi. Staðreyndin er hins vegar sú að borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur vanrækt þessa þætti í raun og veru alla. Á sama tíma t.d. og byggð hafa verið upp heimili fyrir aldraðra úti um landið, þó þau vanti mjög tilfinnanlega víða eins og t.d. á Höfn í Hornafirði, er staðreyndin engu að síður sú að plúss fyrir aldraða úti á landi er mikið meira, yfirleitt um tvisvar sinnum meira miðað við mannfjölda, en er í Reykjavík. Við stöndum núna frammi fyrir því, eftir ítarlega faglega úttekt tveggja öldrunarlækna sem starfa hér í Reykjavík, að á eins konar neyðarbiðlistum eru á milli 260 og 270 aldraðir Reykvíkingar. Það er ekki fólk sem væri hægt að sinna í heimilisþjónustu, það er allt fólk sem þarf á samfelldri stofnanaþjónustu að halda eins og heilsufari þess er háttað. Menn geta velt því fyrir sér hvort það er líklegt að Reykjavíkurborg ráðist í framkvæmdir af þessu tagi. Hún hefur neitað því á undanförnum

árum, þó að hún hafi haft nóga peninga, vegna þess að menn hafa verið að byggja ráðhús úti í Tjörninni og veitingahús uppi á hitaveitutönkunum. Núna hins vegar blasir það við að Reykjavík verður á næsta ári, samkvæmt tillögum hæstv. forsrh., að greiða sennilega um 400 millj. kr. í aukaskatta til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, um 400 millj. kr. Það er augljóst að það verður notað til þess að neita sálfsagðri uppbyggingu þjónustu við aldraða hér í þessum bæ.

Staðreyndin er auðvitað sú, virðulegur forseti, að eftir að núv. ríkisstjórn tók við þá kastaði fyrst tólfunum í heilbrigðismálum Reykvíkinga. Heilbrrh. óð hér um akurinn, sérstaklega spítalana, eins og fíll í glervöruverslun og niðurstaðan er sú að sjúkrahúsin í Reykjavík, sjúkrahúsaþjónustan, starfslið sjúkrahúsanna, þetta er allt í uppnámi. Hver eru rökin fyrir þessari atlögu að sjúkrahúsunum í Reykjavík sem hæstv. heilbrrh. og núv. ríkisstjórn hafa beitt sér fyrir? Að spara. Það eru rökin. Rökin eru þau að það eigi að spara og það náist sparnaður með því að sameina Borgarspítalann og Landakotsspítalann. Samt liggur það fyrir, eins og ég rakti hér í ræðu við 1. umr. fjárlaganna, í skýrslu frá Ernst og Young sem unnin var fyrir Ríkisspítalana að sameining Borgarspítalans og Landakotsspítalans er dýrasta aðferð sem hugsast getur. Skynsamlegasta samvinnan væri á milli Borgarspítalans og Landsspítalans. Í þessari skýrslu Ernst og Young, sem hv. 14. þm. Reykv. lét dreifa hér í þinginu í dag, þar kemur t.d. fram, með leyfi forseta: „Borgarspítali og Landakotsspítali munu sameiginlega hafa 40–60% markaðshlutdeild í mörgum sérgreinum. Kostnaður mun hækka (sóun verður í hámarki) og gæði munu minnka." Kostnaður hækkar, sóun verður í hámarki og gæði munu minnka. Þannig að það liggur fyrir frá þessu erlenda ráðgjafarfyrirtæki að þetta er tóm vitleysa frá fjárhagslegu sjónarmiði séð.

Hæstv. heilbrrh. skipaði svo nefnd til að skoða þetta sérstaka mál í október sl. Í henn voru Árni Sigfússon, formaður stjórnar Borgarspítalans, sem mér er ekki kunnugt um að sé aðili að stjórnarandstöðuflokkunum, Jóhannes Pálmason, framkvæmdastjóri Borgarspítalans, Jóhannes M. Gunnarsson yfirlæknir, Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarforstjóri, Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri og Ólafur Örn Arnarson yfirlæknir, sem lengi hefur verið formaður heilbrigðismálanefndar Sjálfstfl., Rakel Valdimarsdóttir hjúkrunarforstjóri, Höskuldur Ólafsson, formaður St. Jósefsspítalans. Svo kemur þarna Haraldur Ólafsson, sem mun vera framsóknarmaður, Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, þannig að nefndin var undir forustu ráðherrans í raun og veru. Hver er niðurstaða þessarar nefndar? Jafnvel hún kemst að niðurstöðu sem segir: Þetta brölt er of dýrt. Jafnvel þessi nefnd kemst að þeirri niðurstöðu. Hvað segir þessi nefnd, sem er í raun og veru handvalin af ráðherranum, hvað segir hún? Hún segir að rekstur eftir breytingar á hinu sameinaða sjúkrahúsi mundi kosta 3,5 millj. kr. sem kosti í dag 3,7 millj. kr., sparnaðurinn sé 0,2–0,3 millj. kr. af öllu þessu brölti þó án þess að tekið sé tillit til lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna Borgarspítalans. Þegar þær eru komnar inn er það augljóst að það sparast ekki króna við þetta brölt, ekki króna.

Það er út af fyrir sig ekki furðulegt þó að einum þingmanni vestan af fjörðum, hæstv. heilbrrh., detti í hug að fara að grauta svona í spítölunum í þessu kjördæmi. En það er furðulegt að í ríkisstjórninni skuli þingmenn Reykvíkinga í hrönnum, eins og hæstv. félmrh., flokkssystir hæstv. heilbrh., ekki stoppa þessa vitleysu sem augljóslega gat ekki skilað einu sinni þeim kostnaði sem lagt hefur verið í við að standa í þessum athugunum. Öllum þessum skýrslum, nefndum, ráðum og veseni og pappírshaugum sem þessu máli fylgja. Til viðbótar við þennan rekstrarkostnað, virðulegur forseti, kemur hitt að kostnaðurinn við breytingar á stofnunum er upp á 1.000 millj. kr. að mati þessarar nefndar sem heilbrrh. sjálfur skipaði. Það þarf að byrja á að henda út 1.000 millj. kr. til að geta sparað 0 kr. í besta falli á sameiningu Borgarspítalans og Landakotsspítalans. Þetta er satt að segja svo vitlaust, virðulegi forseti, og að það skuli einn ráðherra enn, mér liggur við að segja komast upp með að halda fram endileysu af þessu tagi í fjölmiðlum daginn inn og daginn út og hér í þinginu líka. Það liggur þegar fyrir að bæði ráðgjafarfyrirtækið og nefnd, sem ráðherrann valdi fólkið í, segja að ekki sparist túkall með gati af þessu brölti öllu saman. Það kostar auk þess 1 milljarð í stofnkostnað í breytingum á Borgarspítalanum og Landakotsspítalanum að komast inn í þennan sparnað sem er ekki neitt.

Ég hélt satt að segja, virðulegi forseti, að það væri nóg fyrir Reykvíkinga í heilbrigðismálum að þurfa að þola yfirstjórn Sjálfstfl., eins og hún hefur verið vitlaus á undanförnum árum í þessum málum. En þá tók nú steininn úr þegar hæstv. núv. heilbrrh. tók við og fór að sprella með spítalana í Reykjavík, ákveðinn í að leggja þá niður, þessa spítala reyndar sem Sjálfstfl. þóttist vilja verja. Sjálfstfl. þóttist vilja verja þessar stofnanir. Formaður heilbrigðisnefndar Sjálfstfl., Ólafur Örn Arnarson læknir þóttist vilja verja Landakotsspítalann. Formaður vinafélags Borgarspítalans, núv. seðlabankastjóri Birgir Ísl. Gunnarsson, sagðist vilja verja Borgarspítalann. En hver er niðurstaðan? Hún er sú að það er ekki orð að marka sem þessir menn hafa verið að segja á undanförnum árum við starfsmenn spítalanna, Borgarspítalans og Landakotsspítalans og Reykvíkinga yfirleitt. Ekki orð að marka það. Auðvitað er sama, virðulegur forseti, hvar er drepið niður í málefnum ef maður skoðar orð og ákvarðanir og ummæli Sjálfstfl. um einstök mál hvort sem það er í skattamálum, heilbrigðismálum eða menntamálum eða hvað það nú er á undanförnum árum. Sjálfstfl. hefur snúið við blaðinu á öllum sviðum. Það stendur ekki steinn yfir steini og sérstaklega ekki í heilbrigðismálum. Það er kannski einna alvarlegast í heilbrigðismálum að menn skuli haga sér með þeim hætti sem Sjálfstfl. hefur gert.

Vissulega má segja að Sjálfstfl. hafi ekki einungis

á þessu sviði sýnt fádæma tilþrif í aulaskap og afturhaldsstefnu. Það er hægt að viðurkenn að hann hafi sýnt ámóta afturhaldstilþrif á öðrum sviðum líka, sérstaklega í menntamálum. Sem kunnugt er eru framhaldsskólarnir í Reykjavík sprungnir allir og enginn áhugi á því af hálfu borgarstjórnaríhaldsins í Reykjavík að gera neitt í því máli heldur. Borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík hefur í raun og veru verið þröskuldur í vegi framfara hvort sem er í menntamálum, menningarmálum eða heilbrigðismálum í þessari borg. Vissulega er nauðsynlegt þess vegna, virðulegur forseti, að ræða þessi mál rækilega hér, þannig að Alþingi Íslendinga geri sér grein fyrir því að vandinn sem blasir við Reykvíkingum er verulegur. Er það ekki þannig að á milli 10–15 þús. Reykvíkingar eru utan við þjónustu heilsugæslustöðva? Ég hygg að það þætti undur og stórmerki ef það gerðist t.d. einn daginn að öllum Akureyringum væri vísað á númerakerfið. Það er ámóta fjöldi, eitt stykki Akureyri, sem hefur ekki aðgang að heilsugæslustöð í Reykjavík. Ég held að það væri æskilegt að menn gerðu sér grein fyrir því hvernig hefur verið búið að þessu og hver það er sem ber ábyrgðina. Það er Sjálfstfl.

Ég held að vegna þess hvernig á þessum málum hefur verið haldið þá geti það hafa verið til góðs að flytja þau yfir til ríkisins að einhverju eða öllu leyti eins og var gert á síðasta kjörtímabili. Þó er það líka vandmeðfarið mál, það er ekkert einfalt mál, hvorki fyrir Reykvíkinga eða aðra að þessir hlutir séu í raun allir á forræði ríkisins. Ég dreg það mjög í efa. Staðreyndin var auðvitað sú að sveitarfélögin vildu endilega koma þessu af sér, troða þessu upp á ríkið vegna þess að þetta var orðið svo erfitt fyrir sveitarfélögin. Þá sagði ríkið við sveitarfélögin: Þið verðið að taka eitthvað annað í staðinn. Og sveitarfélögin ákváðu að taka barnaheimili og tónlistarskóla í staðinn sem var auðvitað vitleysa eins og að þessu var staðið. Þetta voru ófagleg hrossakaup sem áttu sér stað þarna á milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Ég gæti margt fleira um það sagt enda sé ég ekki betur en að menn séu að súpa seyðið af þessari reglustikupólitík í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þessa dagana og séu meira að segja farnir að tala um að versla með lögguna. Jafnvel var einhver að tala um það hér í ræðustól í fyrradag að fara að versla með prestana. Best væri að koma prestunum yfir á sveitarfélögin sem mér finnst út af fyrir sig athugandi hugmynd og athyglisverð þó að ég hafi ekki flokkslegt umboð til að segja það hér. Ég viðurkenni það en það er mín persónulega skoðun. Gæti verið sniðugt að hafa prestana hjá sveitarfélögunum. Tala ég nú trútt úr þeim garði vegna þess að ég sé að ýmsir þingmenn eru að renna til mín tortryggnisauga. Ég tek það fram að ég er fullmektugur fulltrúi flokks míns í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar þannig að ég hef velt þessum málum verulega fyrir mér.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er flutt af heilbr.- og trmn. er varnarleikur. Varnarleikur hjá okkur þingmönnum Reykv. sem að þessu stöndum og erum í heilbrn. Alþingis, varnarleikur til að verja heilsuverndina í Reykjavík fyrir þeirri stefnu sem nú er fylgt af núv. hæstv. heilbrrh. Þess vegna fögnum við þessu frv. og erum þakklát meiri hlutanum í nefndinni fyrir að hafa staðið með okkur í þessu máli. Þakklát formanni nefndarinnar fyrir það hvernig hann hefur haldið á því og stuðlað að samkomulagi í málinu. En það breytir ekki því, niðurstaðan liggur fyrir. Vandi Reykvíkinga í heilbrigðismálum er meiri en annarra landsmanna að mörgu leyti sem stafar af því að við höfum haft hér misvitra pólitíska forustu. Á grundvelli þess hvað við höfum haft misvitra pólitíska forustu í Reykjavík er það alveg lífsnauðsyn að Alþingi samþykki þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég veit að vísu að t.d. hv. þm. Sjálfstfl., einn og einn, kunna að samþykkja þetta frv. kannski af einhverjum öðrum ástæðum. En ég lít svo á að þeir séu með stuðningi sínum við frv. í raun að hjálpa okkur stjórnarandstæðingum í höfuðborginni við að viðurkenna það í verki að við þurfum betri heilbrigðisþjónustu í þessum bæ. Ég kann þeim sjálfstæðismönnum sem kunna þannig að styðja okkur hin þakkir fyrir þann góða stuðning sem þegar liggur fyrir.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en ég vil taka undir allt það sem hér hefur fram komið og lýsi að sjálfsögðu stuðningi við þetta frv. sem liggur fyrir. Við höfum orðið að grípa til þessa frv. á ári hverju nú sl. a.m.k. 7–8 ár ef ekki lengur vegna þess að Reykjavíkurborg vildi ekki ganga inn í hið almenna heilsugæslukerfi í landinu. Vegna þess að hér var aðeins komið inn á önnur heilbrigðismál í Reykjavík, sem eru sjúkrahúsmálin, þá fannst mér að mér væri skylt að skýra hvers vegna ég lét dreifa í dag miklum bálki sem er niðurstaða ráðgjafarfyrirtækisins Ernst og Young sem fengið var til að gera úttekt á Landspítalanum, þ.e. ríkisspítölunum. Þetta er virt fyrirtæki og, eins og má lesa í skýrslunni, menn með mikla reynslu af að hagræða í heilbrigðiskerfum um allan heim. Þeir unnu sitt verk skjótt og vel en komust að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að í svo litlu samfélagi sem okkar væri auðvitað tómt mál að gera úttekt og ráðleggja hagræðingu í einu sjúkrahúsa svo lítillar borgar og svo lítils lands án þess að taka tillit til annarra sjúkrastofnana sem eru á staðnum. Engum hefði þurft að koma á óvart að þeir komust að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að óeðlilegt væri að tveir stórspítalar, þar af annar háskólaspítali, væru í samkeppni um heilbrigðisþjónustu. Þeir bentu á að á mörgum sviðum væri miklu eðlilegra að þessir stóru spítalar lytu einni stjórn þannig að hátæknistofnun á borð við Landspítalann, og raunar Borgarspítalann líka, væri kennsluspítali boðlegur í hvaða landi sem væri og nytu þannig þeirra krafta sem fyrir hendi eru.

Hvað gerist svo? Einhverjum — og ég ætla ekki að fara að rekja það hér, en það er auðvitað fólk sem á hagsmuna að gæta — þóknast ekki sú niðurstaða og með áhrifum sínum í stjórnmálaflokkunum og þá auðvitað í Sjálfstfl. fær það fram að skýrslunni er einfaldlega stungið undir stól. Þegar hæstv. heilbrrh. tilkynn-

ir fjárln. með þriggja daga fyrirvara að hann ætli að leggja saman Borgarspítala og Landakotsspítala skal nú enginn lá nokkrum nefndarmönnum þó að þeir óskuðu eftir að fá t.d. að sjá skýrslurnar. Nú vildi svo til að ég hafði þær undir höndum en spurði fjárlaganefndarmenn hvort þeir hefðu lesið skýrslurnar. Það höfðu þeir að sjálfsögðu ekki gert enda aldrei fengið þær. Hæstv. ráðherra kom á fund nefndarinnar og ég spurði um hvort hann mundi sjá til þess að alþingismenn fengju skýrslurnar og svarið var að ég gæti séð um það sjálf — og það gerði ég svo.

En þetta leiðir auðvitað hugann að því hvers konar aðferðafræði er viðhöfð hér. Hvar eru ákvarðanir teknar? Á fjárln. Alþingis, sem er aðeins ein af nefndum þingsins, að samþykkja og leggja fram tillögu um að tvö af sjúkrahúsum Reykjavíkurborgar verði lögð saman? Að ekki sé nú minnst á að svo vill til að St. Jósefssystur sem stofnuðu spítalann og ráku hann af miklum myndarskap um áratuga skeið og unnu þar ólaunaða vinnu eins og allir vita og þegar þær seldu stofnunina var það skilyrði í sölusamningnum að stofnuninni verði haldið í þeirri mynd sem þær höfðu byggt upp og ekki megi breyta fyrirkomulagi þar án samþykkis þeirra og jafnframt lá fyrir að þær voru á móti því að svo yrði gert. Aðspurður taldi þó hæstv. heilbrrh. að það væri allt í lagi því að þær mundu skipta um skoðun. Hann útskýrði í sjónvarpinu í kvöld hvernig hann ætlaði að fara að því. Hann sker niður framlög til sjúkrahússins þannig að spítalanum er auðvitað gjörsamlega ómögulegt að starfa á sama hátt og hann hefur gert og ráðherra leyfir sér að lýsa því yfir í fjölmiðli að beri systurnar þessa stofnun fyrir brjósti og vilji veg hennar sem mestan eigi þær tvo kosti: Að láta að vilja ráðherrans eða fjármagn verði skorið niður.

Grínið var ekki búið því þá var rætt við einn af læknaráðsmönnum spítalans sem segir að nefndin, sem ég hef áður nefnt, hafi ekki unnið sitt verk eins og skyldi enda undirritaði Rakel Valdimarsdóttir hjúkrunarforstjóri ekki álitið og skilaði ítarlegu séráliti þar sem hún er á öndverðum meiði. Til þess er síðan gripið þegar ljóst er að mikil óánægja er með þetta meðal starfsfólks Landakotsspítala að nú stendur til að skipa nýja nefnd. Ég er þakklát fyrir það, því að það er þá a.m.k. gálgafrestur á vitleysunni, en eftir stendur að það er búið að skera niður rekstrarfé til sjúkrahússins og gefst tími til að fjalla um það síðar.

En inntak máls míns er þetta: Aðferðirnar við að breyta veigamiklum þáttum í þjóðfélaginu með einhverjum pennastrikum inni í fjárln., mál sem aðrir hv. þm. sem ekki sitja þar hafa aldrei séð og vita ekki skapaðan hlut um eru afleitar.

Annað dæmi get ég nefnt, og ég vona að hæstv. forseti fyrirgefi mér þó ég fari kannski út fyrir það efni sem er á dagskrá. Sem nýliði í hv. fjárln. sé ég það þegar menn koma á fund nefndarinnar og kynna að verið sé að gjörbylta fjarskiptakerfinu í landinu og Háskólinn sé að vinna þar umtalsvert verkefni sem hæglega getur orðið hugbúnaður sem seldur verður dýrum dómum um víða veröld þar sem hér er um færustu menn á því sviði að ræða, ekki bara á Íslandi heldur áreiðanlega á heimsmælikvarða. En ég spurði vegna þess að ég hafði af því áhyggjur að ég vissi einfaldlega ekkert um þetta, og þar sem ég þykist fylgjast allvel með málum sem koma fram í þinginu kom þetta mér allnokkuð á óvart, svo ég spurði hvernig þetta mál hefði borið að, hvort þetta hefði verið þingsályktun eða lög, nú bara kæmi ég af fjöllum. Málið hefur aldrei komið hér inn í sal. Það komu menn að máli við hv. fjárln. sem veittu síðan einhverjum milljónum í þetta, sem betur fer. En þetta er auðvitað ekki leiðin til þess að þjóðþrifamál fari af stað, hversu góð sem þau eru. Því að vitaskuld er það þingið sem ákveður hvað skuli gert og síðan er fjárln. til þess að deila fé til þeirra verkefna sem þingið hefur ákveðið ef ég hef ekki illilega misskilið til hvers þjóðþing er.

Þetta sjúkrahúsamál sem ég hef gert að umræðuefni er auðvitað sams konar hneyksli og annað eins og það má ekki koma fyrir á nýjan leik. Ég á von á að um þetta verði veruleg umræða þegar fjárlagafrv. kemur til 3. umr., ef það gerist yfirleitt þar sem allnokkru verki var ólokið þegar ég yfirgaf þá góðu fjárln. fyrir klukkutíma síðan. Ég held að hv. þm. ættu að hyggja að því, og ekki síst með tilliti til þess að við erum að hefja nýja göngu þingsins samkvæmt nýjum þingskapalögum sem einmitt áttu að efla þingið innan frá, styrkja það gagnvart framkvæmdarvaldinu og gera það öflugra og lýðræðislegra og þingræðislegra, að við látum það ekki drabbast niður á þann hátt sem átt hefur sér stað síðustu daga. Ég bið menn að huga að þessu og vil taka undir orð hv. 2. þm. Suðurl. sem gerði einmitt þetta að umræðuefni í dag og kannski ekki einkennilegt að þetta sé honum nokkurt áhugaefni þar sem við unnum að þeirri vinnu sameiginlega. En það má auðvitað ekki gerast að framkvæmdarvaldið ausi yfir þingið hverju stórmálinu á fætur öðru og ætlist til þess að þingmenn afgreiði þetta eins og maskínur á einum eða tveimur dögum. Þetta er ekki hið nýja Alþingi sem við ætluðum að búa til, það er langt í frá. Ég bið menn að huga að því að þetta verði stöðvað áður en verra hlýst af.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að til heilbrigðisþjónustu verjum við Íslendingar meira fjármagni en til nokkurs annars. Það er þó nokkurt umhugsunarefni að hér skuli það gerast að ríkasta sveitarfélag landsins hefur þau tök á Alþingi Íslendinga að vilji það ekki framkvæma ákveðna hluti þá er þeim frestað. Það er ekki spurt um fjárhaginn hjá þessum fátæku sveitarfélögum þegar tilskipanirnar koma og sagt er að það eigi að gera þetta og hitt. Þá er ekki spurt um hver fjárhagurinn sé. Þetta leiðir náttúrlega hugann að því að það er orðinn slíkur styrkleikamunur á sveitarfélögum í landinu að ekki er hægt að una því að löggjöfin skuli vera á þann veg að í þessu mesta útgjaldamáli þjóðarinnar skuli stærsta sveitarfélagið geta haft þá stöðu að ýta út af borðinu þeim verkefnum sem aðrir sitja nauðugir uppi með.

Forvarnastarf í heilsugæslu er af öllum viðurkenndur sem langmikilvægasti og ódýrasti þátturinn til að ná

niður heildarkostnaði við þennan málaflokk. Þegar stjórn heilsugæslumála og sjúkrahússmála er komin á það stig að hæstv. heilbrrh. stillir mönnum upp eins og *ónefnd hreyfing* þar sem mönnum eru gerð tilboð sem þeir geta ekki hafnað fer maður að hugsa til hvers þessi þjóð sé að kaupa dýra ráðgjöf sérfræðinga. Það er umhugsunarefni ef skoðuð er skýrsla sem afhent hefur verið þingmönnum til lestrar þar sem fjallað er um aðra starfsemi á bls. 25 og vikið er að sjúkrahúsmálum, þá telur sérfræðingurinn, sem þetta vinnur, með leyfi forseta: „Ákvarðanir skyldu ekki teknar hærra í stjórnkerfinu en brýn nauðsyn krefur. Skynsamlegt gæti verið að gera breytingar stjórnkerfinu í því skyni: Breyta mætti stjórnarnefndinni úr framkvæmdastjórn í stefnumarkandi stjórn; það þýðir að stjórnarnefndin ætti að veita forstjóranum meiri völd.

Forstjórinn veiti sviðsstjórum meiri völd.

Sviðsstjórar veita deildarstjórum meiri völd til ákvarðana.

Aðstoðarfólki við stjórnun verði dreift á deildir til að styrkja stjórnun þar á lægsta mögulega stigi. Þessir starfsmenn heyri þá undir sinn faglega yfirmann, þ.e. framkvæmdastjóra stjórnunarsviðs."

Ég ætla ekki að lesa meira en ég vil vekja athygli á því að grundvallaratriði í plagginu er að færa völdin niður. En hvað er að gerast í landinu? Heilbrrh. virðist vera að draga til sín alla tauma stjórnunar spítalanna inn í ráðuneytið. Það er verið að vinna algjörlega öfugt við það sem talið er að eigi að vera stefnumarkandi. Ég verð bara að segja eins og er að ef þetta er ekki miðstýring valdsins þegar maður hlustar á fréttir eins og í kvöld þar sem boðað er að af umhyggju fyrir starfsfólki sé útlit fyrir það að nunnurnar muni samþykkja það sem lagt verði til svo að menn verði ekki allir reknir, það er ekki hægt að skilja það á annan veg, að þá er verið að tala um það að þetta sé ekki miðstýringarstjórn sem er yfir landinu. Ég hef aldrei vitað hvað miðstýring er ef þetta er ekki sú mesta miðstýring sem mönnum dettur í hug að koma með. Auðvitað hlýtur það að vera þá sama sem maður spyr sjálfan sig að. Við drögum úr forvörnunum, við frestum því að koma upp heilsugæslustöðvum en við aukum miðstýringuna á yfirstjórn spítalanna á þann hátt að þeir sem þingið hefur þó ætlast til þess að stjórni þessu eru gerðir óvirkir og hæstv. heilbrrh. er látinn hafa þetta eins og spurningu með skafmiða eða getraunaútfyllingu á kvöldstund, hvernig eigi að ráðskast með þessa hluti og tilboðin eru send út.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst ekki skrýtið þó að hv. 14. þm. Reykv. spyrji hvert við stefnum í þessum efnum. Engan skyldi undra þó að þingmenn Reykvíkinga telji sig þurfa að ræða þau mál þegar slíkur vopnaburður er við hafður.

Ég verð líka að taka undir það sem kemur fram í skýrslunni, sem ætla ekki að þreyta þingheim með að lesa, að þó að ákveðnir prófessorar hafi kennsluskyldu við Háskólann og séu vafalaust miklir fræðimenn og hæfir til þess að stjórna sinni kennslu þá er það mikil spurning hvort þeir henta jafnframt sem stjórnendur á spítalanum. Allt leiðir þetta að sömu niðurstöðu: Stefnubreyting í heilbrigðismálum verður að eiga sér stað þar sem valdið er fært niður og það gengur ekki að hæstv. heilbrrh. hagi sér í þeim efnum eins og hann sé einn í heiminum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Framhald umræðu um skýrslu Byggðastofnunar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vakti á því athygli þegar hv. 5. þm. Austurl. var í forsetastól að umræðu um skýrslu Byggðastofnunar er ekki lokið og ég var í miðri ræðu þegar þeirri umræðu var frestað. Ég mæltist til þess við hæstv. forseta að það mál yrði tekið upp í forsætisnefnd þingsins og gefin yrðu svör við því úr forsetastól hver ætlunin væri í þeim efnum. Ég tel mjög óviðeigandi að geyma mál á þennan hátt og enn þá fráleitara að geyma menn í miðjum ræðum um málefni. Ég vitnaði í að það er ætlast til þess með dómara að eftir ákveðinn tíma verði þeir aftur að yfirheyra vitni ef þeir ætla að dæma í máli. Það er talið að umræðan sé þeim ekki nægilega í fersku minni ella og það er mjög óþægilegt að sú regla verði hér upp tekin að menn þurfi að lesa allar umræður upp á nýtt til þess að geta fylgt eftir því sem þeir hafa verið að fjalla um.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, brtt. 268 og 286.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 285 um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 og jafnframt fyrir brtt. á þskj. 286 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá meiri hl. efh.- og viðskn.

Við upphaf umfjöllunar um þetta frv., sem felur í sér breytingu á allmörgum lögum sem eru á forræði ýmissa ráðuneyta, var ákveðið að vísa einstökum hlutum þess til umsagnar annarra fastanefnda þingsins ef þau vörðuðu málefnasvið þeirra. Þannig fóru viðkomandi þættir til umsagnar menntmn., landbn., sjútvn., allshn., félmn., heilbr.- og trn. og iðnn. Einnig var óskað umsagnar samgöngunefndar um tillögur, er síðar komu fram, um breytingar á ákvæðum hafnalaga og laga um fjáröflun til vegagerðar. Þær umsagnir, sem efnahags- og viðskiptanefnd bárust, eru birtar sem fylgiskjöl með þessu nál. Ég mun ekki fara yfir þau fskj. en vísa til þeirra um afstöðu nefndanna. Meiri hluti efh.- og viðskn. hefur tekið upp í brtt. sínar þær tillögur sem allshn. og heilbr.- og trn. lögðu til við nefndina að gerðar yrðu á frv.

Á fund efh.- og viðskn. komu Indriði H. Þorláksson og Snorri Olsen frá fjmrn., Ásmundur Stefánsson og Lára V. Júlíusdóttir frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Gunnar Ottósson frá umhvrn., Arnór Sigfússon frá embætti veiðistjóra, Svend Richter, Jón Ásgeir Sigurðsson og Börkur Thoroddsen frá Tannlæknafélagi Íslands, Hannes Valdimarsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Ari Edwald frá dómsmrn., Helgi Hallgrímsson frá Vegagerð ríkisins, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Haukur Halldórsson frá Stéttarsambandi bænda.

Meiri hluti efh.- og viðskn. gerir eftirfarandi tillögur til breytinga á frv.:

1. Felldir eru niður tveir stafliðir í 1. gr. frv. Þeir varða annars vegar grunnskólaráð og hins vegar ráðningu aðstoðarskólastjóra. Í frv. var lögð til frestun á að þau ákvæði kæmu til framkvæmda en ákvæðum laganna að því er þessi tvö atriði varðar verður því ekki frestað.

2. Síðasti málsliður 2. gr. fellur brott þar sem ákvæðið er óþarft. Síðasti málsliður 2. gr. er: „Um kostnað við tæki og búnað, svo og rekstur, fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu."

3. Ákvæði 6.–8. gr., um breytingu á kosningalögum, falli brott þar sem allsherjarnefnd telur ekki brýnt að lögfesta þessi ákvæði nú en lýsir sig reiðubúna til að athuga málið í tengslum við endurskoðun á kosningalögum.

4. Lagt er til að við frv. bætist ný grein sem heimilar félmrh. að ákveða með reglugerð hvaða vinnulaunakröfur og hversu háar njóti ábyrgðar hins nýja ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota sem gerð er tillaga um í 9. og 10. gr. frv. Í 2. mgr. hinnar nýju greinar, er verður 8. gr., eru sett meginefnisatriði reglugerðar að því er varðar lágmarksrétt launþega við gjaldþrot. Í 3. mgr. greinarinnar eru ákvæði um hvernig bregðast eigi við ef sjóðinn skortir fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota er ætlað að leysa af hólmi beina ríkisábyrgð á launum frá og með 1. mars 1992. Er ákvæðum 9. og 10. gr. frv., ásamt greininni sem gerð er tillaga um í 4. tölul. brtt., ætlað að koma í stað þessara greina. 5.–15. gr. laga nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum, munu standa að efni óbreyttar, en frá 1. mars 1992 kemur ábyrgðasjóður í stað ríkissjóðs þar sem við á í lögunum og jafnframt verður fyrirsögn laganna breytt.

5. Samkvæmt tillögum heilbr.- og trn. er lagt til að heilbr.- og trmrh. geti ákveðið að gjald sem sjúklingar greiða fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa, við komu til sérfræðings, vegna lyfjakostnaðar og röntgengreiningar skuli vera hlutfallsgjald. Einnig það nýmæli að tiltaka megi hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Hámarkið getur hvort sem er tekið til einstakra læknisverka eða lyfjaafgreiðslna eða til heildargreiðslna yfir tiltekið tímabil. Er heimildin sameinuð í brtt., en í frv. er kveðið á um hana varðandi hvern einstakan þátt.

6. Lagt er til að 17. gr. verði breytt til samræmis við tillögu heilbr.- og trn. Sjúkratryggingar munu samkvæmt tillögunni að fullu greiða skoðun og fyrirbyggjandi tannlækningar barna og unglinga, en greiða 85% í öðrum almennum tannlækningum þessa hóps. Heilbr.- og trmrh. er ætlað að setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar sem miðuð verði við raunverulegan kostnað við þær. Lögð er til efnisbreyting á því ákvæði frv. að ekki skuli greiddur tannlæknakostnaður barna og unglinga hjá öðrum en skólatannlæknum þegar slík þjónusta stendur til boða. Þetta ákvæði á samkvæmt brtt. einungis við skoðun og fyrirbyggjandi aðgerðir. Aftur á móti er nú annar almennur tannlæknakostnaður endurgreiddur enda þótt leitað sé til annarra tannlækna en skólatannlækna. Í þeim tilvikum skal þó einungis endurgreitt samkvæmt ámóta gjaldskrá og gildir um skólatannlækningar.

7. Samkvæmt tillögu heilbr.- og trn. er lagt til að heilbr.- og trmrh. hafi samráð við þær stofnanir sem hlut eiga að máli þegar ákveðin eru daggjöld sjúkrahúsa sem ekki eru á föstum fjárlögum.

8. Vegna þeirra breytinga sem lagt er til að verði á 17. gr. frv. á 2. efnismálslið 19. gr. þess ekki lengur við og því er lagt til að hann falli brott. Það eru samningar um tiltekna þjónustu í framhaldi af útboði.

9. Samkvæmt 9. tölul. brtt. er lagt til að tekið verði svokallað sérstakt vörugjald og skal það renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Skal gjaldið vera sem sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald. Þessu fé á að verja til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir.

10. Lagt er til að nýrri grein verði bætt við lög nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Samkvæmt greininni þurfa sveitarfélögin að senda sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við veiðar fyrir septemberlok sama ár og veiðarnar fara fram. Eins og nú háttar er sveitarfélögunum gert að skila skýrslum og reikningum um veiðarnar fyrir lok janúar ár hvert vegna veiða næsta árs á undan. Eftir þá breytingu á 13. gr. laga um eyðingu refa og minka, sem hér er lögð til, verður ljóst í upphafi árs hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar í endurgreiðslu á hlut ríkissjóðs í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu. Endurgreiðsla á að berast sveitarfélögum sama ár og veiðarnar fara fram. Veiðistjóra er ætlað að úrskurða reikninga í stað sýslumanna, en gera má ráð fyrir að hann sé betur í stakk búinn en sýslumenn til að meta reikningana heildstætt. Kostnaðarhlutur ríkissjóðs lækkar úr þremur fjórðu hlutum í helming af kostnaði við veiðarnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipulagi veiðanna verði breytt þannig að þær verði markvissari og kostnaðarminni fyrir sveitarfélögin. Þó er ljóst að þessi breyting á hlut ríkissjóðs í kostnaði við refa- og minkaveiðar mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir þau sveitarfélög þar sem ekki verður breyting á skipulagi veiðanna. Þessi aukakostnaður er áætlaður um 4 millj. kr. samanlagður og mun líklega leggjast á um 30 sveitarfélög. Þótt greiðsla berist fyrr en áður þykir rétt að ríkissjóður greiði hærra hlutfall af kostnaði við veiðarnar í þessum tilfellum sbr. síðasta málslið greinarinnar.

11. Í 44. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögbundið fram-

lag ríkisjóðs til skipulagsmála verði með öllu skert en hér er lagt til að framlagið verði 4.500 þús.kr.

12. Gerð er tillaga um að þrjár nýjar greinar bætist við II. kafla frumvarpsins.

a. Lagt er til að 265 millj. kr. af innheimtuðum mörkuðum tekjum, sbr. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, renni í ríkissjóð á næsta ári en verði ekki varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

b. Tjón af völdum refa og minka er mismikið eftir svæðum. Því er talið heppilegra að draga úr útgjöldum til þessa viðfangsefnis með því að heimila umhverfisráðherra, í samráði við veiðistjóra, að taka ekki þátt í kostnaði við eyðingu þeirra á svæðum þar sem þeir valda minnstum usla, fremur en að lækka hlutfall endurgreiðslu umfram það sem gert er ráð fyrir í næstsíðasta málslið nýrrar greinar í frv. þessu. Meðal þeirra svæða, þar sem til greina kemur að hætta grenjaleit eru miðhálendið, þjóðgarðar og friðlönd. Rétt þykir að létta af sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga kvöð um grenja- og minkaleitir á þeim svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar.

c. Gerð er tillaga um að sveitarfélög greiði hluta kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 þannig að sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.850 kr. á hvern íbúa en minni sveitarfélög greiði 1.700 kr. á hvern íbúa.

13. Gerð er grein fyrir þessum brtt. þar sem fjallað er um 4. lið þeirra hér að framan.

14. Að tillögu heilbr.- og trn. er lagt til að c-, d-, og e-liðir 1. tölul. 17. gr. frv. taki ekki gildi fyrr en 1. mars 1992. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistökunni til 1. sept. 1992.

15. Tillagan varðar skil eldri laga og yngri um meðferð krafna sem til álita koma gagnvart ábyrgð á launum vegna gjaldþrots.

Ég hefði viljað lesa yfir þessar tvær síðustu tillögur, númer 14 og 15, vegna þess að ég tel að ekki sé ástæða til fyrir mig að fylgja brtt. frekar úr hlaði en ég geri með því að fara yfir þetta nál. þar sem þeim er gerð mjög ítarlega skil. En 14. tillagan á þskj. 286 hljóðar svo:

„Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, I, er orðist svo:

Þrátt fyrir 51. gr. laga þessara öðlast c-, d- og e-liður 1. tölul. 17. gr. gildi 1. mars 1992. Fram til 1. mars 1992 skal hlutdeild sjúkratrygginga miðast við gildandi gjaldskrá tannlækna. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistöku c-, d- og e-liða 17. gr. fram til 1. sept. 1992."

15. tillagan hljóðar svo:

„Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, er orðist svo:

Ákvæði 8. gr. laga þessara gilda um kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar."

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Ingi Björn Albertsson undirritar nál. með fyrirvara.

Þeir sem undirrita álitið eru Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón A. Kristjánsson og eins og fyrr segir, Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. efh.- og viðskn. sem skilar sameiginlegu nál. á þskj. 299. Þetta mál, herra forseti, er flutt af hæstv. forsrh. eins og venja er og eðlilegt þar sem um safnfrumvarp eða bandorm er að ræða, en það breytir auðvitað ekki hinu að hinir einstöku kaflar þess lúta að málefnum fagráðherranna. Þess vegna er það mín fyrsta ósk, herra forseti, að þeir fagráðherrar sem hér eiga mál undir, sýni okkur þá tillitssemi að vera viðstaddir þessa umræðu eftir því sem nokkur kostur er. Ég bendi á að ég mun taka hlutina fyrir í þeirri röð sem kaflar frv. og brtt. meiri hluta gefa tilefni til þannig að einstakir ráðherrar geta þess vegna svolítið skipulagt það hvenær viðvera þeirra í hverju tilviki er æskileg. Ég mun ekki gera óskir um það að ráðherrar séu viðstaddir nema á meðan þeirra málaflokkur er gerður að umtalsefni. Þetta finnst mér, herra forseti, svo sanngjörn ósk og réttmæt að ég veit að ég þarf ekki að fjölyrða um það frekar og hún verður að sjálfsögðu virt og uppfyllt.

Við sem hér störfum núna nánast sólarhringunum saman hljótum að gera þá kröfu til þess að ýmsir aðrir, þar á meðal hæstv. ráðherrar, sem þrátt fyrir allt hafa sennilega á vissan hátt meiri stjórn á sínum tíma nákvæmlega þessa sólarhringa en t.d. við nefndarmenn í efh.- og viðskn., hjálpi til í þessum efnum.

Ég þarf ekki að rekja það hvaða ráðherrar þetta eru, en það byrjar á hæstv. menntmrh., sem vel að merkja er viðstaddur. Síðan koma þeir hver á fætur öðrum. — Forseti, ef ég gæti fengið eitt eintak af þingskjalinu sjálfu og brtt. meiri hluta í ræðustól þá væri það vel þegið, ég er eingöngu með nál. því miður. Mér láðist að taka önnur þingskjöl með. Hér hefur mér borist aðstoð frá hv. þm. Vesturlands, formanni hafnasambands sveitarfélaga og fór nú vel á því að hann legði þessu máli lið og greiddi götu þess í gegnum þingið.

En auðvitað er það fyrst og fremst hæstv. forsrh. sem ég beini máli mínu til í almennum dráttum sem hlýtur að vera viðstaddur. Ég ætlaði lítillega áður en ég fer að rekja nál. sjálft og afstöðu minni hluta að ræða um vinnubrögð og segja um þau efni nokkur almenn orð og þá hefði mér þótt vænt um að hæstv. forsrh. væri í salnum og sömuleiðis hæstv. félmrh. Hér eru málefni sem lúta mjög að samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna og þar hafa hlutir þróast með þeim hætti, virðulegur forseti, að ég held að það hljóti að vera fleirum áhyggjuefni en ræðumanni hvernig andrúmsloftið hefur þróast í samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna síðustu sólarhringana og vikurnar. Ég óska því eftir því að hæstv. félmrh. verði sömuleiðis viðstaddur þegar ég ræði um þau efni ásamt hæstv. forsrh.

Herra forseti. Efh.- og viðskn. hefur á þeim skamma tíma sem henni gafst reynt eftir föngum að kanna efni þessa frv. Það var sem betur fer fallist á þá tillögu

stjórnarandstöðunnar við 1. umr. málsins að vísa helstu efnisköflum þessa safnfrumvarps eða bandorms til viðkomandi fagnefnda. Þess vegna mun ég hér í álitinu þegar ég rek afstöðu minni hlutans iðulega vísa í álit nefndanna í heild sinni eða meiri hluta þeirra eins og t.d. landbn. eða minni hluta eftir atvikum. Ég tel að sú málsmeðferð hafi verið þeim mun mikilvægari sem frv. er þannig upp byggt að þar ægir saman hreinum faglegum atriðum sem og hinum fjármálalegu. Ég tel líka t.d. að í tveimur tilvikum, í heilbr.- og trn. og allshn. þar sem náðist full samstaða, hafi þessi vinnubrögð sýnt og sannað gildi sitt, að þrátt fyrir allt gátu menn í einstökum nefndum þar sem þannig var að málum staðið náð samkomulagi um meðferð og afgreiðslur á þeim köflum sem til þeirra heyrðu. Að sjálfsögðu ber að fagna slíku.

En síðan, áður en ég rek þetta frekar, er mér óhjákvæmilegt, herra forseti, að fjalla nokkuð um vinnuaðstæður sem efh.- og viðskn. voru skapaðar. Þar ber auðvitað hæst þá staðreynd að hæstv. ríkisstjórnin sjálf hafði ekki þegar frv. var tekið fyrir komið sér saman um mjög veigamikla þætti efnahags- og ríkisfjármálanna og reyndar leikur vafi á því að svo sé enn. Þetta leiddi til þess eins og alkunnugt er að fullkomin óvissa ríkti á þingi um stöðu veigamikilla mála. Frv. sjálft eins og það var fram lagt fól í raun og veru einungis í sér útfærslu á þeim sparnaðarráðstöfunum og niðurskurði þeim sem boðaður var þegar í byrjun októbermánaðar með greinargerð fjárlagafrv. Þannig var það auðvitað ljóst að þegar það birtist í þinginu var það orðið úrelt og er svo enn frekar nú. Síðan bjuggum við við það á meðan við vorum í fyrsta lagi að ræða þetta frv. í þinginu og í öðru lagi að vinna við það í efh.- og viðskn. að ákvarðanir um viðbótarniðurskurð eða aðrar ráðstafanir bárust þingmönnum gegnum fjölmiðla, gjarnan eftir næturfundi og tóku síðan breytingum eða jafnvel gufuðu upp og urðu að engu á næstu sólarhringum. Þannig fór t.d. mikill tími í það í síðustu viku eins og menn þekkja að ræða einhliða ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um að velta yfir á sveitarfélögin verkefnum á sviðum málefnum fatlaðra með tilheyrandi kostnaði upp á 400 millj. kr. auk 300 millj. kr. upptöku á tekjustofnum sveitarfélaga. Eftir mjög hörð viðbrögð gaf ríkisstjórnin þau áform upp á bátinn. Í stað þessa fóru síðan um síðustu helgi að kvisast fréttir af því að nú hygðist ríkisstjórnin láta leggja á nefskatt sem til málamynda yrði merktur útgjöldum ríkisins vegna löggæslu — til málamynda að sjálfsögðu þar sem ekki stendur til að tengja það verkefni við sveitarfélögin hvað framkvæmdina eða forræði snertir. Þessi áform ásamt fleirum birtust svo nefndarmönnum stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. í formi brtt. frá meiri hlutanum á mánudagsmorgun, þ.e. fyrir rúmum tveimur sólarhringum og gefur þá auga leið hver hefur verið aðstaða hv. þm. til að skoða þessi mál. Þetta þýðir að þeir hv. þm. sem voru ekki á hinum fræga útbýtingarfundi þar sem forseti átti eintal við sjálfan sig í gærkvöldi og mættu hér til fundar á venjulegum tíma í dag klukkan eitt, sáu þá í fyrsta sinn í formi brtt. meiri hlutans þau afdrifaríku og umdeildu atriði sem lúta t.d. að málefnum sveitarfélaganna í þessu frv. Þannig að hv. alþingismenn, sem eru hér að taka þátt í 2. og næstsíðustu umræðu um þetta mál á þinginu, hafa haft fáeinar klukkustundir til að skoða þessi afdrifaríku mál þar sem m.a. er verið að velta yfir á sveitarfélögin í landinu í formi fráleitrar, óréttlátrar og í raun óréttmætrar skattlagningar 700 millj. kr. útgjöldum. Þetta segir auðvitað allt sem segja þarf um þær aðstæður sem mönnum eru hér búnar til að taka vitibornar ákvarðanir um vandasöm málefni.

Þessi upptalning, sem ég hef flutt, ásamt þeirri augljósu og algeru upplausn sem ríkt hefur á stjórnarheimilinu undanfarna sólarhringa og birst allri þjóðinni þannig að enginn velkist í neinum vafa um það hvernig þar er ástatt, ætti að nægja til að gefa mönnum hugmynd um þær óviðunandi aðstæður sem efh.- og viðskn. voru skapaðar.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að gera að umtalsefni — og verð þá að spyrja hæstv. forseta hvað líði nærveru hæstv. félmrh. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að ráðherra komi.) Það væri mjög æskilegt, hæstv. forseti, ef hægt væri að upplýsa hvort það gæti orðið fljótlega því ég ætlaði að koma hér að þeim hluta máls míns sem lýtur að viðskiptum og vinnubrögðum gagnvart aðilum eins og sveitarfélögum. Ég tel óhjákvæmilegt annað en að félmrh., sem til að mynda setur þau lög sem ég held hér á og heita sveitarstjórnarlög og birtust í Stjórnartíðindum og eru nr. 8/1986, það eintak sem ég held á. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt, Alþingi setur lögin.) Nei, ég ætlaði að segja að undir hann heyra þessi lög, hv. þm. Ég var alveg búinn með setninguna. Mín meining var sú að vekja á því athygli að undir félmrh. — sem hér gengur í salinn — heyra sveitarstjórnarlög og að hæstv. félmrh. verði einnig viðstödd þegar ég ræði þetta atriði sem ég nú kem að. Það er að gagnrýna þau vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessum málum öllum sem eru einkennandi, því miður, að hunsa í raun allt eðlilegt samráð og gefa samskiptavenjur, sem við lýði hafa verið milli ríkisvaldsins og samtaka og hagsmunaaðila út í þjóðfélaginu, upp á bátinn. Öllum bar saman um það sem komu til fundar við efh.- og viðskn., sveitarfélögunum, aðilum vinnumarkaðarins, hagsmunasamtökum ýmsum og einstökum hópum, að ekkert hefði verið við þá talað um þessi efni, sem þá vörðuðu, og jafnvel lögboðið samráð einskis virt eins og á við um skyldur ríkisvaldsins til samráðs við sveitarfélögin.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh.: Hvernig má það gerast að þeir atburðir verði í samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna sem nú hafa orðið, í ljósi 116 gr. sveitarstjórnarlaga en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta. Það er XI. kafli laganna og ber yfirskriftina Samskipti ríkis og sveitarfélaga: „Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.“ Þar með endar sú grein. Hér eru margir hv. alþm. inni sem

hafa kynni af sveitarstjórnarmálum, hafa jafnvel sumir setið í sveitarstjórnum og bera hag þess stjórnsýslustigs í landinu fyrir brjósti. Ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. hvernig þau útskýra framgöngu ríkisvaldsins gagnvart sveitarfélögunum og fjölmörgum fleiri aðilum undanfarna sólarhringa í ljósi þessa afdráttalausa lagaákvæðis. Afdráttarlausa lagaákvæðis. Það er ekki samráð við sveitarfélögin að ákveða einhliða að þeim fjarstöddum og forspurðum að rifta ákvæðum um verkaskiptingu þá sem við lýði er, eins og ákvörðun næturfundarins um málefni fatlaðra og Jöfnunarsjóð var. Og það er ekki samráð, sem fullnægir ákvæðum 116. gr. sveitarstjórnarlaga, að tilkynna sveitarfélögunum á fundi að ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um að leggja á þau yfir 700 millj. kr. byrðar vegna meintrar löggæslu í landinu. Það er ekki samráð. Það eru einhliða ákvarðanir. Það eru einhliða tilkynningar.

Hæstv. forsrh. sagði hér á þingi fyrir stuttu síðan að menn yrðu að skilja það að Alþingi hefði löggjafarvaldið og gæti sett þau lög sem því sýndist með þeim hætti sem það kysi ef það bryti ekki í bága við stjórnarskrána, en þá gilda önnur ákvæði eins og kunnugt er um lagasetningu. (**ÓÞÞ:** Stundum er þingið bundið af samningum sem það hefur gert.) Einmitt, hv. 2. þm. Vestf., en það er nefnilega rétt hjá hæstv. forsrh. að Alþingi hefur löggjafarvaldið og Alþingi hefur sett lög, hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., um samráð við sveitarfélögin. Ef hæstv. forsrh. mætti vera að því að veita mér athygli, af því að hæstv. forsrh. ítrekaði og upplýsti okkur þingmenn um að Alþingi hefði löggjafarvaldið þá er ég sammála því og Alþingi hefur sett lög um skyldu til samráðs við sveitarfélögin í landinu. Þau lög eru alveg jafngild öðrum sem hv. Alþingi setur. Þess vegna er mikill þungi á bak við mína spurningu til hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh.: Hvernig gátu þeir atburðir gerst í samskiptum sveitarfélaga og ríkisins sem orðið hafa, í ljósi ótvíræðra ákvæða 116. gr. sveitarstjórnarlaga? Ég vona að þessi spurning hafi komist til skila.

Margt fleira, herra forseti, varðandi vinnubrögðin væri ástæða til að fara hér rækilega yfir, eins og það að hæstv. ríkisstjórn virðist hafa tekið á síðustu vikum upp þá vinnureglu að virða að vettugi gjörða samninga ef því er að skipta. Ég hef vakið athygli á þessu áður, taldi þá upp nokkur tilvik sem ég mundi án þess að hafa þar nokkuð á blaði fyrir framan mig. Þetta syndaregistur hef ég ekki tekið saman á vönduðu rituðu formi en ég hugsa að minni mitt dugi til að bæta allmörgum liðum við sem ég hef á undanförnum dögum rifjað upp. En það er alveg borðleggjandi að hæstv. ríkisstjórn er að gera sig seka um það í fjölmörgum tilvikum, þar á meðal í þessu frv. og ákvæðum þess ef að lögum verða eða brtt. við það, að rifta einhliða samningum. Þar er munur á, hæstv. forsrh., að setja ný lög sem Alþingi getur að sjálfsögðu alltaf gert en Alþingi getur ekki rift lögmætum samningum og löggjörningum sem ríkisstjórn eða framkvæmdarvald hefur gert nema það grípi þá til neyðarréttar og hann sé virkur ella halda slíkir löggjörningar. Ríkisstjórn eða framkvæmdarvald eftir atvikum verður skaðabótaskylt og þá eru það dómstólar landsins, sem á grundvelli þrískiptingar stjórnsýslunnar, fara með þá hluti. Alþingi getur ekki tekið upp, án þess að stofna til hættu á skaðabótaskyldu, löggjörning á lögmæta gjörninga sem það hefur gert. Þess vegna er það augljóst mál, borðleggjandi, að ríkisstjórnin er með málatilbúningi sínum þessa dagana á þingi að stofna í hættu fjölmörgum samningum af þessu tagi. Þar á í hlut búvörusamningurinn gamli, sá sáttmáli ríkisvalds og bænda sem kom til með setningu búvörulaganna 1985 og samningur á grundvelli þeirra laga. Skerðingin á Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sem er kveðið á um í þessu frv., er brot á þeim sáttmála. Það er augljóst mál að bændasamtökin og forsvarsmenn bænda eftir atvikum eða einstakir bændur gætu látið á slíkt reyna.

Í öðru lagi er augljóst brot á ferðinni, hvað nýja búvörusamninginn snertir, þar sem eru ákvæði og fyrirhuguð áform um að fresta greiðslum til bænda og færa tveggja mánaða greiðslur yfir áramót.

Í þriðja lagi er augljóslega stofnað til hættunnar á því að samningur verði brotinn hvað varðar framkvæmdir við jarðgangagerð á Vestfjörðum. Nema að samkomulag takist við samningsaðilann sem er auðvitað ekki útilokað um breytingu á þeim samningi og þá er það gott og vel. Þannig á auðvitað að vinna að hlutunum að láta það liggja fyrir fyrst.

Í fjórða lagi er ljóst, að ef frv. ríkisstjórnarinnar um innheimtu tryggingagjalds yrði að lögum, er þar á ferðinni augljóst brot á samningi ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um innheimtu staðgreiðslugjalda. Þar er í gild fullgildur samningur milli þessara aðila um þetta verkefni frá því í maí 1990. Afgreiðsla frv. um innheimtu tryggingagjalds í andstöðu við sveitarfélögin er brot á þeim samningi. Þetta er fjórða tilvikið.

Fimmta tilvikið væri t.d. ef sá niðurskurður gengi fram, sem áformaður hefur verið, gagnvart Fljótsdalsáætlun sem byggir á sérstökum lögum sem Alþingi afgreiddi og gera ráð fyrir samningum við bændur um þátttöku í verkefninu. Það eru löggjörningar, yfirleitt útbúnir á löggiltan skjalapappír og margir þeirra þinglýstir af því þeir kveða á um réttindi og skyldur bændanna um þátttöku í þessu verkefni. Ríkið gæti augljóslega komið sér þar í vanda með einhliða riftun slíkra samninga fyrir það að standa ekki við sinn hluta skuldbindinganna.

Í sjötta lagi hefur því verið haldið fram, og tek ég enga afstöðu til þess, að framlenging jöfnunargjaldsins, ef að lögum verður, verði lögbrot og a.m.k. samningsbrot gagnvart fríverslunarskuldbindingum okkar.

Í sjöunda lagi tel ég að framgangan gagnvart sveitarfélögum í landinu sé brot á sáttmála ríkisvalds og sveitarfélaga um verkaskiptingu og samskipti þessara aðila. Að þar sé á ferðinni brot í þeim efnum.

Í áttunda lagi má nefna samninginn um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem Alþingi fullgilti að tillögu félmrh. fyrir nokkru síðan. Það má örugglega halda því fram að framganga ríkisstjórnarinnar nú gagnvart sveitarfélögunum valdi því að ríkisstjórnin stofni í hættu frammistöðu sinni gagnvart því að virða þann sátt-

mála. Tímans og aðstæðna vegna ætla ég ekki að lengja þessa tölu, hæstv. forseti, en ég er hér að ræða alvarlega hluti. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn taki það eins og það er meint sem ábendingar til hæstv. ríkisstjórnar um að athuga sinn gang í þessum efnum.

Að lokum mætti svo nefna auðvitað þær almennu aðstæður sem nefndin hefur búið við hvað tíma snertir til að vinna sín störf og hafa verið mjög erfiðar. Þar er ekki sérstaklega við nefndarformann eða nefndina sem slíka að sakast heldur fyrst og fremst þær kringumstæður sem tíminn og bág frammistaða hæstv. ríkisstjórnar hafa skapað.

Það er auðvitað þannig, herra forseti, að ég get ekki annað en minnst einu sinni enn á þau skeyti sem hæstv. forsrh. sendi Alþingi á dögunum í ljósi þess sem síðar hefur gerst, ég get ekki annað. Það skal fúslega viðurkennt að þeim, sem hér talar, sárnaði. Mér fannst hæstv. forsrh. innleiða nýja og heldur hvimleiða siði þegar hann með öllum þunga síns embættis, hæstv. forsrh. þjóðarinnar, réðist að Alþingi Íslendigna. Í raun gerði hann það því miður. Veittist að því og viðhafði særandi ummæli um vinnubrögð á þinginu. Síðan hefur það verið svo að hv. þm. hafa hér upp til hópa unnið dagfari og náttfari að störfum sínum á þingi. Þannig er t.d. um alla nefndarmenn í fjárln. og efh.- og viðskn. bæði meiri hluta og minni hluta. Ég hlýt að spyrja t.d. fulltrúa meiri hlutans í þessum nefndum og aðra slíka sem unnið hafa við sambærilegar aðstæður í nefndum þingsins. Mér er fyrir sjónum hv. 3. þm. Austurl. Það er eins og mig minni að hann hafi stundum stundum upplifað slíkar aðstæður. Sárnaði engum fleirum en mér þessi ummæli? Telja engir fleiri þau hafa verið ómakleg af hálfu hæstv. forsrh. sem nú hefur haldið sýnikennslu í nokkra sólarhringa hvað varðar stjórnina á sínum her, hæstv. ríkisstjórn? Er hún þannig sú sýnikennsla að hún geri það að verkum að við sættumst á það að þar hafi sá talað sem hafði til þess stöðu? Eða þar hafi sá kastað steininum sem bjó í húsi með nógu þykkum og massífum og ógegnsæjum veggjum til að gera það? Ég held ekki, hæstv. félmrh., sem á hér leið fram hjá ræðustólnum. Ég ítreka enn einu sinni ósk mína til hæstv. forsrh. um að hann íhugi sinn gang og athugi hvort hann sjái ekki ástæðu til þess að velta þessum ummælum fyrir sér á nýjan leik og íhuga að draga þau til baka. Eða vill hæstv. forsrh., Davíð Oddsson 1. þm. Reykv., fara á spjöld sögunnar, ég fullyrði sem fyrsti forsrh. íslenska lýðveldisins, sem veitist með þeim hætti að Alþingi Íslendinga sem hann gerði. Ég kann þess ekki dæmi. Sé svo að fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík og núv. hæstv. forsrh. vilji merkja sig á spjöld sögunnar með þeim hætti að hafa viðhaft þessi meiðandi ummæli um stofnunina Alþingi Íslendinga vil ég minna á að fyrrv. meginforseti sameinaðs Alþingis innleiddi m.a. þá nýbreytni á Alþingi að prenta á þingskjöl, hvert eitt og einasta, hversu mörg ár væru liðin frá stofnun Alþingis. Það var alveg ljóst hvað vakti fyrir hæstv. forseta sameinaðs Alþingis á þeim tíma í þessu skyni. Hann taldi að þörf væri á því og það væri rétt að minna þingmenn og þjóð á það jafnan að hér ætti í hlut elsta og virðulegasta stofnun landsins, eldri en kirkjan. Jafngömul miðstjórnarvaldi á Íslandi, jafngömul skipulögðu þjóðríki á Íslandi. Það var einmitt þessi stofnun sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson taldi sig umkominn að veitast að.

Þannig háttar til að minni hlutinn, herra forseti, skilar hér sameiginlegu nál. en samkvæmt venju er það þó þannig að fulltrúar einstakra flokka munu gera nánari grein fyrir afstöðu sinni og sinna flokka í þessum umræðum og þeir áskilja sér jafnframt rétt til að flytja eða fylgja einstökum brtt.

Ég vík þá að 1. kafla frv. Mun þá gleðjast hæstv. menntmrh. því ef hann gerist syfjaður eftir að ég hef lokið yfirferð minni um 1.–3. gr. frv. mun það af minni hálfu ekki verða átalið þó hann hverfi til rekkju. (**Gripið fram í:** Ekki af þinni hálfu.) Ekki af minni hálfu af því mér er annt um heilsu og krafta hæstv. menntmrh. svo lengi sem hann notar slíkt til góðra verka og vonandi sér hann að sér á næstunni.

En það er skemmst frá því að segja, herra forseti, að minni hlutinn er andvígur þeim breytingum sem 1.–3. gr. frv. gera ráð fyrir á lögum um grunnskóla og við mótmælum því sérstaklega að grundvallarbreytingum í skólamálum sé lætt með í þessu frv. í skjóli af ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Þessar breytingar hafa sannanlega óveruleg kostnaðaráhrif í för með sér og þeim fylgir í reynd mjög lítill sparnaður, sérstaklega hvað snertir útgjöld á næsta ári, umfram það sem hvort eð er væri hægt að ná fram á grundvelli heimilda sem fyrir hendi eru. Ýmsum öðrum ákvæðum er og breytt sem alls ekki snerta útgjöld ríkisins og varða eingöngu aðra en ríkið, þ.e. sveitarfélögin og svo kannski kennara og nemendur.

Það er alveg öruggt, herra forseti, og fyrir því eru gögn sbr. fylgiskjal 1 með þessu nál., að það er mat allra uppeldis- og kennslustétta í landinu sem og minni hlutans að í þessum breytingum felist afturför í skólamálum. Ég vísa í umsögn minni hluta menntmn. og tvö bréf frá Kennarasambandi Íslands og eitt frá Kennarafélagi Reykjavíkur. Minni hlutinn leggur þess vegna til að þessum hluta frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar þaðan sem hann kom. Hæstv. menntmrh. getur þá tekið það með ef hann hyggst flytja hér, eins og myndugum menntmrh. sæmir, frv. til laga um breytingar á lögum um grunnskóla. Væri meiri reisn yfir því ef þetta fyrsta skólamálafrv. hæstv. menntmrh. væri á hans eigin vegum, flutt af honum sjálfum og fyrir því mælt með einhverjum gildum rökum.

Það skal nefnt að þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til við 1. gr. frv. eru að stafliðir b og c falli brott og þannig fái ákvæðin um grunnskólaráð og heimild til ráðningar aðstoðarskólastjóra að vera í friði í grunnskólalögunum. Þessar breytingar eru vissulega til bóta en þær ná því miður svo skammt að engu breytir um kaflann í heild og andstöðu minni hlutans við hann.

Tímans vegna fer ég hér hratt yfir sögu, herra forseti, og reyni að stytta mál mitt sem mest og fjölyrði því ekki meira um þessi ákvæði grunnskólalaganna sem í frv. er hreyft við. Ég veit að þau eru mörgum hér mjög hugleikin og þess vegna gæti vel farið svo að

aðrir hv. þm. sem eru betur að sér um þessi efni, til að mynda nefndarmenn í menntmn. þingsins, sæju ástæðu til að fylla betur inn í umræður um frv. hvað þetta snertir.

Ég ætla þess vegna ekki að fara að blaða í fylgigögnum þeim sem eru birt sem fylgiskjal I með frv. þessu. Það er rétt að vekja athygli hv. þm. á því hvernig nál. þetta er upp byggt, líka með hliðsjón af því að það hefur ekki enn borist prentað sem þskj. heldur er einungis fjölfaldað eða ljósritað. Fylgiskjölin eru númeruð og er fylgiskjal I umsögn minni hluta menntmn. um þennan kafla frv. og þessar greinar ásamt bréfum frá kennarafélögum Íslands, Kennarafélagi Reykjavíkur og Kennarasambandi Íslands.

Ég kem þá að 2. lið nál. sem fjallar um breytinguna á jarðræktarlögum, nr. 56/1987, sem er jafnframt 4. gr. þessa frv. Þar vísar minni hlutinn til umsagnar landbn. en meiri hluti landbn., skipaður þeim Agli Jónssyni, hv. 3. þm. Austurl., Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Guðna Ágústssyni og Sigurði Hlöðvessyni, leggur til að þessi 4. gr. frv. verði ekki lögfest. Í því ljósi leggur minni hlutinn til að þessum hluta frv. verði og vísað til ríkisstjórnarinnar. Hér hefur meiri hluti landbn. orðið sammála um þetta atriði, leiddur af formanni landbn., sem því miður er genginn út úr þingsalnum en er hér ekki langt í burtu. Að sjálfsögðu hefur það mikið vægi að þessi virti sérfræðingur Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum, sem jafnframt nýtur þess trúnaðar Sjálfstæðisflokksins að vera formaður landbn., sem leggur þetta til. Ég geri satt best að segja miklu meira með það sem í áliti meiri hluta landbn. felst en það sem minni hlutinn á þeim bæ leggur til, með fullri virðingu fyrir honum. Ég leyfi mér að gera mannamun á hv. 3. þm. Austurl., vegna reynslu hans og bakgrunns í íslenskum landbúnaði, og þeim hv. nefndarmönnum meiri hlutans, þ.e. stjórnarmeirihlutans öðrum, sem þarna lentu í minni hluta í landbn. og eru engir aðrir en hv. þm. Geir H. Haarde, Árni Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Sigbjörn Gunnarsson. Ég tek það fram að það er með fullri virðingu fyrir þeim og djúpstæðri þekkingu þeirra á landbúnaðarmálum sem ég segi þetta. Ég hef tilhneigingu til að gera þar vissan mannamun hvað afstöðu til landbúnaðarmála snertir þegar í hlut á, á móti þeim, hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson.

Ég fjölyrði þá ekki meira um þennan hluta frv., kaflann um jarðræktarlögin. Ég tel að úr því að svona tókst til í nefndarstarfi landbn. væri það farsælt ráð að vísa þessu máli á nýjan leik til hæstv. ríkisstjórnar og biðja hana vinsamlegast um að vinna það betur og koma með það í öðrum og geðfelldari búningi inn í þingið þannig að betri samstaða gæti tekist um afgreiðslu þess.

Í þriðja lagi — ég tek það fram að vegna þess hvernig mál raðast upp í frv., herra forseti, er ég ekki búinn að fjalla um landbúnaðarmál vegna þess að þau koma aftur á dagskrá í síðari kafla frv. Ég bið því hæstv. landbrh. að hafa veður af þessu, item þar sem hann gegnir embætti samgrh., en þau mál koma hér víðar fyrir á eftir.

Ég kem þá að ákvæði frv. sem er 3. tölusetti liður nál. og lýtur að breytingum á lögum nr. 38 frá 1990, um stjórn fiskveiða. Þessi 5. gr. frv. felur það í sér, ef að lögum verður, að svonefnt veiðieftirlitsgjald verður tvöfaldað og mun þá standa að fullu undir veiðieftirliti sjútvrn. Þetta hefur í för með sér að um 40 millj. kr. útgjaldaauki færist yfir á herðar sjávarútvegsins. Hér er því miður enn á ferðinni tillaga um aukin útgjöld og auknar álögur á sjávarútveginn og atvinnulífið. Nú munu einhverjir segja að ekki sé þar baggamunur þar sem eru skitnar 40 millj. sem íslenskur sjávarútvegur þurfi þarna að axla. Þess vegna segir í nál. að við venjulegar aðstæður mundi breyting af þessu tagi ekki teljast stórvægilegt mál fyrir greinina sjávarútveg.

Herra forseti. Það er spurning hvort hæstv. sjútvrh. er víðs fjarri við þessa umræðu. (**Forseti:** Ráðherrann er ekki víðs fjarri. Það er verið að nálgast hann.) Einnig er það auðvitað spurning hvort hæstv. forsrh. getur sýnt okkur þann skilning að vera hér viðstaddur, svona að breyttu breytanda, þar sem hann er forsjármaður þessa frv. Við teljum í minni hlutanum að við þær aðstæður sem íslenskur sjávarútvegur býr við í dag og einkennast af miklum taprekstri og með hliðsjón af stórauknum álögum á sjávarútveginn og sjómenn, sem ríkisstjórnin er með á prjónunum, þá sé ekki rétt að íþyngja enn, þó ekki sé í miklu, sjávarútveginum með þessari tillögu. Maður hlýtur að spyrja hæstv. ríkisstjórn að því stundum við svona aðstæður hvað vaki fyrir mönnum með, mér liggur við að segja, nánasarhætti af þessu tagi. Hvers vegna er núna valið að skella öllu veiðieftirlitinu yfir á sjávarútveginn við þær aðstæður að hann er að taka á sig gífurlegan aflasamdrátt? Hann býr við bullandi taprekstur, honum eru ætlaðar stórauknar álögur á næsta ári eins og þær að greiða 525 millj. kr. fyrir veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs sem sjávarútvegurinn nýtur sem atvinnugrein ókeypis á þessu ári og hæstv. sjútvrh. ætlar að úthluta ókeypis fyrir yfirstandandi kvótaár. Er það ekki nóg, hæstv. sjútvrh., að ætla að rífa út úr sjávarútveginum 525 millj. kr. á síðari hluta næsta árs fyrir veiðiheimildir sem greinin hefur hingað til að breyttu breytanda haft til ókeypis afraksturs? Af hverju er ekki reynt að sýna sanngirni og draga þennan tittlingaskít til baka af því að hann pirrar menn. Það er nánasarlegt, satt best að segja, að vera að raska með þessum hætti hlutum sem samkomulag tókst um á síðasta ári og á undangengnum árum að hafa með tilteknum hætti, að menn deildu þarna til helminga með sér byrðunum af eftirlitinu, atvinnugreinin og hinn sameiginlegi stóri sjóður okkar landsmanna, ríkissjóður. Þess vegna leggjum við sem sagt til að þessu máli verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar. Það mundi ekki breyta miklu í dæminu hjá hæstv. ríkisstjórn þó að sýnd yrði sanngirni í þessu efni. En það verður auðvitað að lokum að vera mál hæstv. ríkisstjórnar eða meiri hlutans hvernig þau vilja með þetta fara. Það verð ég að segja að ekki sýnist mér það skynsamleg pólitík og herstjórnarlist hjá hæstv. ríkisstjórn að vera að nudda með svona núningsfleti á atvinnulífinu og

sjávarútveginum eins og andrúmsloftið hefur verið að þróast þar undanfarna daga og vikur. Þeir hafa sennilega ekki heyrt í mörgum sjómönnum eða forsvarsmönnum lítilla sjávarútvegsfyrirtækja úti á landi undanfarna daga, hæstv. ráðherrar, eða hvað? Það verður a.m.k. ekki ráðið af viðbrögðum þeirra hvað þessi mál snertir.

Í fjórða lagi, herra forseti, kemur mjög kostulegur hluti þessa frv. sem hefur verið eins og ljós í myrkrinu fyrir undirritaðan því hann hefur ævinlega komið mér í gott skap þegar ég hef séð hann. Það er hvorki meira né minna en 6.–8. gr. frv. og um hana er fjallað í 4. tölusetta lið í nál. minni hlutans. Þetta var fyrirhuguð breyting, sem hæstv. ríkisstjórn lagði til, á lögunum um kosningar til Alþingis. Glaðnar nú yfir sjútvrh. og öðrum viðstöddum mönnum. (**Gripið fram í:** Dómsmrh.) Hæstv. dómsmrh. og hæstv. sjútvrh. En hvar er hæstv. forsrh., ég ætlaði nefnilega að eiga við hann smá viðræður um þetta mál áður en við kveðjum það alveg og það fellur út úr umræðunni sem e.t.v. gerist við atkvæðagreiðslu að lokinni 2. umr. Þannig segir í nál. minni hlutans, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, að meiri hlutinn leggi til í brtt. sínum að greinar 6.–8., sem snerta auglýsingakostnað í tengslum við alþingiskosningar, falli brott. Minni hlutinn er samþykkur þessari brtt. en telur það athyglisvert að frá ríkisstjórninni sjálfri skyldu koma hugmyndir um að draga úr ríkisútgjöldum á næsta ári með því að breyta framkvæmdaatriðum varðandi alþingiskosningar. Það var að sjálfsögðu stórskemmtileg uppákoma að hæstv. ríkisstjórn skyldi í sparnaðarfrv. sínu leggja til að kæmi til alþingiskosninga á næsta ári yrði auglýsingakostnaður minni en að óbreyttu. Við hljótum að hafa gaman að því, hv. alþm. og ekki síst stjórnarandstæðingar, að velta vöngum yfir þeim óhjákvæmilegu hugrenningartengslum sem þarna verða við það að hæstv. ríkisstjórn hafi, þegar hún setti þetta á blað, séð fyrir sér verulegar líkur á alþingiskosningum á næsta ári. Þess vegna var ákveðið í sparnaðarkastinu að óþarfi væri að vera að auglýsa í þessum kjördæmisblöðum og landsmálablöðum eins og Eystrahorni. Það væri ástæðulaust að sá snepill fengi að birta framboðslistann með hv. 3. þm. Austurl. á ef hann hyggst bjóða sig fram aftur. Það væri sko nóg fyrir þá í Hornafirði ... (**Gripið fram í:** Hvað á þetta „ef" að þýða?) Það er náttúrlega ástæðulaust að vera með ef í þessu sambandi enda hafa ítrekaðar stjórnarskrárbreytingar ekki náð að koma, hv. 3. þm. Austurl., út af þingi eins og alkunnugt er.

Þeir í Hornafirði geta lesið um framboð hv. 3. þm. Austurl. í Lögbirtingarblaðinu og það er ástæðulaust að vera að styrkja útgáfu Eystrahorns með fokdýrum auglýsingum. Það sama á að sjálfsögðu við um Víkurblaðið á Húsavík o.s.frv. Þetta var stórsnjallt ráð og stórmannlegt, eða hitt þó heldur, hjá hæstv. ríkisstjórn og þeim vel samboðið sem þetta settu fram.

Þá er ekkert annað eftir en að nefna þá djörfu sparnaðarákvörðun hæstv. fjmrh., að segja upp einu áskrift fjmrn. að Víkurblaðinu á Húsavík sem gripið var til í septembermánuði nánar tiltekið. Þau miklu tíðindi bárust norður yfir heiðar til Húsvíkinga að fjmrn. hefði í sparnaðarskyni sagt upp einu áskriftinni að Víkurblaðinu. Tóku sig þá saman velviljaðir menn og góðhjartaðir á Húsavík og slógu saman fyrir áskriftinni og gefa nú fjmrn. áskrift að Víkurblaðinu. (Gripið fram í.) Ég tel ástæðu til að koma því hér á framfæri og ítreka að þessu er nú svo háttað með Víkurblaðið og áskrift þess til fjmrn. að hún er greidd af sæmdarhjónum norður á Húsavík. (Gripið fram í.) Víkurblaðið er gefið út af ágætum ritstjóra, Jóhannesi Sigurjónssyni á Húsavík, og er myndarlegt framtak hans og manna sem á bak við hann standa að þessari útgáfu og stutt dyggilega af íbúum kaupstaðarins og nágrannasveita. Það fer inn á svo til hvert heimili á þessu svæði og er þar af leiðandi auðvitað langöflugasti fjölmiðill sem til er á viðkomandi svæði og að mínu mati er brotinn réttur, svo ég tali í fullri alvöru um þetta mál í smástund, á íbúum þessa byggðarlags. Að íbúarnir skuli ekki í sínum fjölmiðli fá þá þjónustu að framboðslistar við alþingiskosningar séu þar birtir eins og annars staðar. Það er auðvitað lítilsvirðing við þessi mikilvægu málgögn sem eru landsmálablöðin og héraðsfrétta- og kjördæmablöðin skuli ekki njóta jafnréttis við aðra fjölmiðla í landinu í þessu efni. Það er nánasarlegt, það er ekki stórmannlegt og satt best að segja veldur manni vonbrigðum það skilningsleysi sem í slíkum hugsunarhætti birtist. En kannski taka sig saman góðir menn og gera bót á vegna þessarar yfirsjónar, fallast á tillögu meiri hlutans sem er studd af minni hlutanum um að þetta falli út úr frv. Það þýðir ekki að við í minni hlutanum gerum ekki alveg eins ráð fyrir því að alþingiskosningar geti orðið á næsta ári og einhver útgjöld hljótist af því. En það verður þá bara að hafa það. Við komum hreint fram og segjum alveg eins og er. Það verður bara að hafa það þó að alþingiskosningarnar, hvort sem þær verða í mars, apríl eða maí á næsta vori, kosti nokkur hundruð þúsund eða 1–2 millj. kr. meira. Upp úr því hefst þó það að auglýsingin um framboð hv. 3. þm. Austurl. birtist í Eystrahorni. Er þá ekki til einskis okkar stríð á þinginu ef við komum því fram.

Í fimmta lagi, herra forseti, ræðum við í nál. minni hlutans um 9. og 10. gr. frv. og þær greinar í brtt. meiri hlutans sem að því máli snúa, þ.e. hugmyndunum um svonefndan ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Ég vek athygli hv. þingmanna á því að í brtt. meiri hlutans eru enn fremur ákvæði sem lúta að þessum hluta frv., þ.e. ákveðnar viðbætur og frekari útfærslur á því hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst fara með þessi mál. Í frv. sjálfu, eins og það var upp sett og birt hér fyrir þingið, var gert ráð fyrir því að sett yrðu sjálfstæð lagaákvæði eða lög um nýjan ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Af uppsetningu frv. verður hins vegar ekkert ráðið um það hvernig samspil þessa nýja sjóðs og gildandi laga um ríkisábyrgð á launum átti að vera. Ástæða væri til að spyrja hæstv. ráðherra, sem mundi vera félmrh. og ber ábyrgð á lögum um ríkisábyrgð launa vegna gjaldþrota, hvernig í ósköpunum þetta var hugsað. Ástæða væri e.t.v. til að spyrja hæstv. forsrh. — og fer nú að fara í taugarnar á mér, herra forseti, að ekki einn einasti hæstv. ráðherra skuli geta

tollað hér í þingsalnum meðan þessi mál eru rædd. Ég er meira en reiðubúinn, herra forseti, ef þessu heldur svona áfram að gera hlé á máli mínu og bíða þess að þeir hæstv. ráðherrar sem ég hef óskað eftir að séu viðstaddir sýni okkur, sem höfum verið að vinna hér sólarhringunum saman, þá lágmarkstillitssemi að tolla í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Ertu ekki búinn að gefa menntmrh. frí hér?) Ég er að tala um mál sem heyrir undir félmrh. og frv. er flutt af hæstv. forsrh. Ég hef formlega úr ræðustóli gefið hæstv. menntmrh. leyfi til að ganga til sængur fyrir mitt leyti. En af sömu alvöru óska ég eftir því að aðrir hæstv. ráðherrar, sem ég er hér að eiga orðastað við, tolli í þingsalnum. (**Forseti:** Forseti vill láta þess getið vegna óska hv. þm. að hann hefur reynt að fara að þeim óskum sem hv. þm. hafði í frammi í upphafi að kalla til ráðherra, þegar hann kemur að þeim köflum í ræðu sinni, sem málin falla undir — og hér er kominn hæstv. félmrh. Forseti mun halda áfram að gera þetta um leið og hv. ræðumanni þóknast að koma að þessum köflum í ræðu sinni.) Þá er fullkomin sátt milli ræðumanns og forseta um tilhögun í þessum efnum.

Þannig háttar til, að ég er að ræða núna kaflann um ríkisábyrgð launa í gjaldþrotum. Síðan kemur að kafla um málefni fatlaðra og síðan að kafla um Húsnæðisstofnun og almannatryggingar og heilbrigðismál. Hæstv. félmrh. er einmitt sá sem hér þarf að vera staddur á næstunni. (**Gripið fram í:** En landbúnaðarmál?) Það kemur svo á nýjan leik á dagskrá aftar í frv. Auk þess vona ég auðvitað að hæstv. forsrh. sjái sér fært að vera hérna sem mest undir umræðunni. Því er ég að rekja þetta að framsetning málsins í frv. var engan veginn boðleg. Það verður ekki ráðið af uppsetningu frv., eins og ég segi, hvernig þessi ákvæði um hinn nýja ábyrgðasjóð launa áttu að falla að gildandi lagaákvæðum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Það stendur heldur hvergi í frv. né í bráðabirgðaákvæðum að fella hafi átt þau lög úr gildi. Hér er auðvitað enn eitt dæmið á ferðinni, herra forseti, sem ég rak mig á þegar ég fór að vinna þetta mál betur, lesa það ofan í kjölinn og ganga frá mínu nál. þar sem framsetning málsins er engan veginn tæk. Auðvitað varð að gera með einhverjum hætti ljóst og þá í þessum lagagreinum eða með bráðabirgðaákvæðum hvernig átti að fara með lögin um ríkisábyrgð á launum. Nú ber að taka fram, og er ánægjulegt að geta gert það, að meiri hlutinn hyggst bæta úr þessum vanköntum með því að setja inn í sínar brtt. til viðbótar ákvæði um það hvaða hlutar laganna um ríkisábyrgð á launum skuli falla út og hvenær og hverjar skuli síðan halda gildi sínu. Þannig verða við lýði tvenns konar lagaákvæði ef þetta verður allt samþykkt um meðferð launa þegar gjaldþrot eiga sér stað. Annars vegar eru lagaákvæðin í bandorminum um hinn nýja ábyrgðasjóð og hins vegar verður í gildi áfram hluti af lögunum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Nú er augljóst mál að þetta er ekki mjög skemmtileg uppsetning en hún gengur svona. Auðvitað þyrfti, ef þetta verður að veruleika, að vinda bráðan bug að því að endurskoða þessi mál og búa til eitt heilsteypt frv. um þessi efni. Þetta er vinsamleg ábending til manna en þó vona ég auðvitað að ekki komi til þess vegna þess að það er eindregin afstaða okkar að það beri að hafna þessari breytingu. Við erum sem sagt algjörlega andvíg því að þessi breyting eigi sér stað og tökum undir mjög hörð mótmæli aðila vinnumarkaðarins í því efni.

Það verður auðvitað að segja það alveg eins og það er, herra forseti, og væri gott að geta sagt það við hæstv. forsrh., að það kemur úr hörðustu átt að sjálf ríkisstjórnin, sem hefur gert gjaldþrot að aðalsmerki efnahagsstefnu sinnar, skuli um leið og hún framfylgir þessari stefnu gjaldþrotanna ætla að ráðast á þau réttindi sem launafólki eru tryggð þegar slíkar aðstæður skapast. Búast má við því að holskefla gjaldþrota gangi yfir í þjóðfélaginu á næstu mánuðum og næsta ári. Því er ósköp einfaldlega spáð, t.d. af þeim sem eru að gera þjóðhagsáætlanir um þessar mundir. Það er ljóst að atvinnuleysi fer mjög vaxandi og verður, því miður, væntanlega á næsta ári hið mesta um áratuga skeið.

Við þær aðstæður, einmitt þessar aðstæður, ætlar hæstv. ríkisstjórn, hæstv. félmrh., að ráðast á réttindi launafólks sem eru fyrir hendi nú vegna launagreiðslna ef fyrirtæki sem það starfar hjá verða gjaldþrota. Hvernig líður hæstv. félmrh. Alþfl. að standa að slíkum breytingum við þessar aðstæður? Liðin er sú tíð að Alþfl. hreyki sér af því að vera oddviti félagslegra réttinda, almannatrygginga og öryggis launafólks í landinu. Hvar er nú flokkurinn staddur sem miklast af því að hafa fyrr á árum átt aðild að því að setja t.d. löggjöf um almannatryggingar og fleira því um líkt? Hann er á bólakafi í því að stórskerða réttindi launafólks sem verður fyrir þeim hremmingum að missa atvinnuna og eiga inni ógreidd laun þegar vinnuveitandi þess verður gjaldþrota. Í þessum ákvæðum frv. felst ekki aðeins að útgjöldunum af þessu verkefni sé velt yfir á aðila vinnumarkaðarins svo nemur væntanlega 400–500 millj. kr. hið minnsta á næsta ári, heldur felst líka í því stórfelld réttindaskerðing launamanna. Stórfelld réttindaskerðing launamanna er boðuð í þessu frv. Það er alveg ljóst að það verður sú eðlisbreyting á að þau réttindi sem menn áttu áður og voru tryggð með skýlausum lagaákvæðum verða núna óviss og ráðast af útgjöldunum og því hvaða fé verður til skipta. Að vísu er ákvæði í þessum tillögum sem gefa heimild til þess að setja á aukagjöld og hækka enn álögurnar á atvinnurekstrinn og atvinnulífið ef gjaldþrotin verða svo mörg og útgjöldin svo mikil að það vanti meiri pening. Einungis með þeirri aðferð verður unnt að tryggja réttindi launafólks. Þessari breytingu er minni hlutinn algjörlega andvígur.

Ég ætla að leyfa mér að vísa í fylgiskjöl. Í fyrsta lagi umsögn minni hluta félmn. um þetta efni. Í öðru lagi umsögn eða bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands þar sem með óvenju hörðum hætti er mótmælt þessum breytingum hæstv. ríkisstjórnar. Þar er að sjálfsögðu að venju gagnrýnt að ríkisstjórnin hafði ekki hið minnsta samráð við aðila vinnumarkaðarins um þessa breytingu. Hér er því miður eins og venjulega um enn eina gerræðislega ákvörðun, einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ræða. Vinnuveitendasambandið segir

ýmislegt býsna kjarnyrt í þessari umsögn sinni, hæstv. forsrh., um áformin um breytingar á ríkisábyrgð launa við gjaldþrot. Vinnuveitendasambandið segir, með leyfi forseta, og ég er að vitna hér í fylgiskjal III með nál. þessu:

„VSÍ er um það kunnugt að ýmislegt mætti betur fara í framkvæmd ríkisábyrgðar á laun og að tilefni er til endurskoðunar einstakra þátta þar um gildandi reglna. Sú tillaga sem í frv. felst, að fela höfuðsamtökum vinnumarkaðarins nokkra ábyrgð á framkvæmd, er því til bóta og líkleg til að skerpa og bæta framkvæmd. Að því er varðar fjármögnun þeirrar ábyrgðar á launum og skyldum kröfum við gjaldþrot fyrirtækja, hefur hingað til verið talið eðlilegt að samfélagið axlaði þær byrðar sameiginlega fyrir milligöngu ríkissjóðs". Þetta hljómar nú eins og félagshyggjumenn hafi gengið frá þessari umsögn VSÍ og væri hvaða félagshyggjupostuli sem er fullsæmdur af þessu orðalagi, „að samfélagið axlaði þær byrðar sameiginlega fyrir milligöngu ríkissjóðs, sem lög mæltu fyrir að létt skuli af þeim sem fyrir tjóni verða. Það fyrirkomulag að jafna tjóninu af gjaldþrotum í atvinnurekstri á „eftirlifandi" fyrirtæki", segir VSÍ, „eftirlifandi fyrirtæki er nálegt", nálegt ég endurtek, hvort þar er átt við naumt eða dauðalegt skal ekki fullyrt um hér. Hvort tveggja getur líklega gengið samkvæmt málvenju en nálegt er það, segir VSÍ „og til þess fallið að auka á erfiðleika í atvinnulífinu. Erfiðleikum í atvinnulífi fylgja að öðru jöfnu fjölgun gjaldþrota og það hlýtur a.m.k. að vera vafasöm hagfræði að auka á erfiðleika annarra í atvinnurekstrinum með auknum álögum af þessum toga. Frv. miðar við 0,2% gjaldtöku af öllum launagreiðslum en versni ástandið í atvinnulífinu enn er ráð fyrir því gert að þetta gjald geti enn hækkað. Þetta samhengi er augljóslega út í hött", segir Vinnuveitendasambandið.

Hann mun heita Þórarinn V. Þórarinsson sem þetta skrifar og ég hef heyrt um það að hann hafi komið nálægt Sjálfstæðisflokknum einhvern tíma á sinni lífsleið. Svo segir og er það nú kannske einna alvarlegast af þessu máli: „Vinnuveitendasambandið leitar um þessar mundir eftir framlengingu almennra kjarasamninga án launahækkana." — Þá er á því byggt að gengisskráning krónunnar breytist ekki o.s.frv. — „Við þessar aðstæður er þess engin von að fyrirtækin geti tekið á sig hækkun launa og sama gildir um hækkun launatengdra gjalda. Vinnuveitendasambandið mótmælir því eindregið þessum áformum um að velta einum kostnaðarlið ríkisvaldsins af erfiðleikum í atvinnulífinu yfir á atvinnurekstrinn og er þar sérstaklega fráleit opnun heimildar til hækkunar gjaldsins eftir því sem „þarfirnar" verða."

Vinnuveitendasambandið bendir sérstaklega á og undirstrikar það ákvæði frv., sem er galopin heimild til þess að velta auknum byrðum og aftur auknum byrðum yfir á atvinnureksturinn, eftirlifandi fyrirtæki svo notuð séu þeirra orð, ef gjaldþrotunum fjölgar og ábyrgðargreiðslurnar vaxa.

Þetta, hæstv. forsrh. ríkisstjórnar, sem hefur gert gjaldþrotin að aðalsmerki efnahagsstefnu sinnar, eru alvarleg og þung orð sem hér falla. Auk þess bendir Vinnuveitendasambandið á þá augljósu staðreynd að með því að þetta hækkar tilkostnað atvinnulífsins er í raun um hækkun á raungengi íslensku krónunnar að ræða sem gengur þvert á þau markmið að lækka raungengið með minni kostnaðarhækkunum hér á landi en í samkeppnislöndunum. Það hefur átt að vera helsta haldreipi efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar fyrir utan gjaldþrotin að með því að verðbólga á Íslandi yrði minni en í nálægum löndum myndi raungengi krónunnar lækka af þeim sökum. Ef verðbólgan yrði 4% hér en 8% í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi mundi raungengi krónunnar að breyttu breytanda lækka um 4% á ári fyrir Íslendinga gagnvart þessum mörkuðum. Hér er haldið í þveröfuga átt. Hér er raungengi krónunnar hækkað með auknum tilkostnaði í atvinnulífinu. Og hver segir það? Er það einhver félagsfundur í Alþýðubandalagsfélaginu í Reykjavík sem segir það? Nei. Er það Framsóknarflokkurinn? Nei. Það er ekki einu sinni Kvennalistinn sem fullyrðir það. Það er Vinnuveitendasambandið sem sendir ríkisstjórninni þetta skeyti. Að lokum ítrekar Vinnuveitendasambandið hörð mótmæli sín við þessari breytingu og er það að vonum enda þykist ég mega fullyrða að Vinnuveitendasambandið hafi í þessu bréfi rökstutt sitt mál býsna vel. Er það ekki það, hv. alþm., sem málið snýst um, að menn ræðist á með rökum og reyni að sannfæra menn um réttlæti síns málstaðar?

Vinnuveitendasambandið og Alþýðusamband Íslands og önnur samtök á vinnumarkaði eru eindregið andvíg þessu frv. Þau standa í kjarasamningum við þær aðstæður sem allir þekkja. Auðvitað er, herra forseti, ekki heil brú í því hjá hæstv. ríkisstjórn að troða illsakir við þessa aðila með þessum hætti. Mig furðar á því að við skulum sitja uppi með ríkisstjórn í landinu sem er svona heillum horfin. Ég sat í ríkisstjórn sem reyndi að gera það að aðalsmerki sínu, ekki að fjölga gjaldþrotum, heldur reyna að eiga gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Hún reyndi að framkvæma hlutina í sátt við aðila vinnumarkaðarins og ná þeim inn í víðtækt samflot um að leysa kjaramál, efnahagsmál og önnur atriði með farsælum hætti.

Ég vísa í ítarlegt álit Alþýðusambands Íslands um þessi efni þar sem með mjög ræki legum hætti er undirstrikað frá þeirra hlið hversu óæskilegar þessar breytingar á ríkisábyrgðum launa við gjaldþrot eru. Þá er sérstaklega bent á að þessar álögur vegi að grundvallarréttindum launafólks, þær dragi úr launagreiðslugetu atvinnulífsins og minnki þar með líkurnar á kjarabótum eða auki líkurnar á kjaraskerðingu til handa launafólki. Þeir benda á að verði þessar breytingar að veruleika takmarkast tímabilið sem ábyrgðin nær til, nánar tiltekið styttist það úr sex mánuðum í þrjá. Maður sem missir vinnuna og á inni margra mánaða laun þegar fyrirtækið verður gjaldþrota fær einungis þrjá greidda, situr uppi atvinnulaus með launaskuld sem ríkið hættir að ábyrgjast. Á tímum vaxandi atvinnuleysis og fjölgandi gjaldþrota eru þetta ótrúlegir hlutir sem hér eru að gerast. Það er hætt að greiða innlánsvexti á bæturnar. Fellt er niður að greiða iðgjöld í lífeyris-

sjóði af þeim launum sem þarna eiga í hlut. Hvað þýðir það, hæstv. félmrh.? Það veikir stöðu almennu lífeyrissjóðanna og eykur enn á mismunun milli þeirra og hinna opinberu starfsmanna sem njóta ríkistryggðra lífeyrisréttinda. Það er mat forráðamanna lífeyrissjóðanna og verkalýðshreyfingarinnar að þetta verði þeim sem tilheyra Sambandi almennra lífeyrissjóða þungt högg vegna þess að þeir standa frammi fyrir neyðarkostum í þessu efni. Annaðhvort verða þeir að skerða réttindi fólksins vegna þess að ekki voru greidd inn í lífeyrissjóðina iðgjöld vegna þeirra launa sem þarna áttu í hlut eða taka á sig óbætt útgjöld af þessum sökum sem mundi enn veikja þeirra stöðu. Þetta er stóralvarlegur hluti af þessu máli, hæstv. félmrh. Ég spyr: Vissi hæstv. félmrh. um þetta ákvæði frv.? Satt best að segja trúi ég því varla að svo hafi verið. Samt birtist þetta frv. án athugasemda frá hæstv. félmrh. Það er ákveðið að skerða greiðslur vegna kostnaðar við innheimtu launanna o.s.frv. Auðvitað er ljóst að hér er verið að stórskerða þessi réttindi, velta ábyrgðinni yfir á atvinnulífið. Launafólkið tekur við óvissunni við erfiðar aðstæður í atvinnumálum. Á tímum vaxandi gjaldþrota og vaxandi atvinnuleysis eru því boðuð skert réttindi.

Að lokum um þetta efni, herra forseti: Það ákvæði, sem Alþýðusambandið bendir á í sinni umsögn, að af Íslands hálfu er um þessar mundir verið að fara yfir drög að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skuldbindingar þjóða til að tryggja launafólk vegna gjaldþrota fyrirtækja, þessi samþykkt verður afgreidd sem samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að líkindum á þingi þess næsta sumar. Það er lyginni líkast, segir Alþýðusambandið og ég tek undir það, að við þessar aðstæður skulum við á sama tíma vera að ræða tillögur frá ríkisstjórn Íslands um að hlaupast frá ábyrgð sinni á þessu sviði sem aðrar þjóðir eru með alþjóðasamninga um að reyna að festa enn betur í sessi. Þvílík ríkisstjórn og þvílíkur Alþýðuflokkur, þvílíkur Jafnaðarmannaflokkur Íslands sem þjóðin á, sem stendur í þessum verkefnum. (**Gripið fram í:** Hv. þm. misskilur frv.) Ég er ekki viss um, hæstv. forseti, að hv. þm. misskilji frv. mikið. Ef hann gerir það eru þeir örugglega fleiri, t.d. hlýtur Alþýðusamband Íslands og lögfræðingur og hagfræðingur þess að gera það líka, Lára V. Júlíusdóttir, sem einhvern tíma starfaði með hæstv. félmrh. en gafst upp á því. Ég var nefnilega að lesa hér upp úr áliti Alþýðusambandsins, hæstv. félmrh., ekki öðru. Þetta voru ekki mín orð en ég tek undir þau.

Enn fremur er minnt á það að innan Evrópubandalagsins og í viðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði er kveðið á um það að EFTA-löndin skuli samræma reglur sínar því sem gerist í Evrópubandalaginu að þessu leyti. Skýrar reglur eru í gildi í Evrópubandalaginu um að launafólki skuli tryggð laun vegna launamissis við gjaldþrot fyrirtækja sbr. tilskipun Evrópuráðsins frá 20. okt. 1980. Í nýgengnum dómi vegna máls sem höfðað var á Ítalíu er því slegið föstu að sú ábyrgð hvíli á stjórnvöldum að bæta launafólki tjón vegna gjaldþrota, hvort sem stjórnvöld í viðkomandi landi hafa sett um það löggjöf eða ekki. Af því að þannig stendur á að sumir forustumenn Alþfl. virðast vera veikari fyrir rökum sem koma að utan en að innan og taka mikið mark á þeim þarna úti í Evrópu er það nú mitt síðasta haldreipi að e.t.v. hlusti Alþfl. á þetta. Ég leyfi mér að beina máli mínu til hans af því að það er líka hæstv. félmrh. Alþfl. sem ber ábyrgð á þessum málum. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera ef hæstv. utanrrh. verður að ósk sinni og hann fær að skrifa undir einhvern pappír á næstu mánuðum sem hæstv. ríkisstjórn Íslands ætlar síðan að fullgilda? Í honum gæti staðið ákvæði um það að þvert á móti þurfum við tryggja betur þessi réttindi launafólks en ekki rýra þau eins og hér er lagt til.

Herra forseti, ég hef tímans vegna ekki aðstöðu til fara ítarlegar yfir þetta því það er margt fleira sem ég vil ræða nokkuð vandlega. Ég vísa þess vegna frekar í fylgiskjöl með nál. og bið hv. alþm. að kynna sér þessi ákvæði. Hafa þeir haft til þess tíma að fara yfir þessa hluti? Satt best að segja trúi ég því ekki að hæstv. félmrh. ætli að standa að þessum hlutum í stríði við aðila vinnumarkaðarins, að Alþfl. skuli vera orðinn svo heillum horfinn og kominn svo óralangt frá uppruna sínum og nafni að hann leggi þessum breytingum lið og að einstakir hv. þm. Sjálfstfl., sem sumir hverjir hafa þóst hafa skilning á og samstöðu t.d. með samtökum launafólks og gefið sig út sem flokk allra stétta, að engar efasemdir skuli vera í þeirra huga um þessi efni. Mig undrar það satt best að segja. Það var ekki einu sinni ljéð máls á minni háttar lagfæringum í þessum efnum.

Ég veit að þeir tveir hv. þm. Sjálfstfl. sem heiðra okkur með nærveru sinni núna fyrir utan hæstv. forseta eiga svo sem ekkert sökótt í þessum efnum umfram aðra en það vill svo til að þeir eru staddir hér. Úr því að aðrir tolla ekki í þingsalnum fyrir hönd Sjálfstfl. beini ég máli mínu til þeirra. Er það virkilega svo í þingflokki Sjálfstfl. að menn séu ekkert hikandi við þetta eftir umsögn Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins? Eftir þær yfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins að þetta torveldi gerð kjarasamninga og eftir þær hrikalegu þjóðhagshorfur sem birtust í gær og í fyrradag, spár um stórkostlega aukningu gjaldþrota og vaxandi atvinnuleysi, sem Þjóðhagsstofnun metur að sé örugglega vanmetið, ef eitthvað er? Það eru nokkur tíðindi, herra forseti, verð ég að segja. Sennilega er búið að berja menn svo rækilega niður í anda hinnar nýju stjórnarhátta, sem munu vera ættaðir úr borgarstjórn Reykjavíkur, að það þorir enginn kjaftur að segja múkk. Menn bara kyngja því sem að þeim er rétt. Ég segi eins og er að ég hefði talið að fyrir a.m.k. nokkrum árum síðan hefði verið það geð í einstaka þingmanni Sjálfstfl. að hann hefði ekki látið bjóða sér þessa hluti þegjandi. Ég er sannfærður um að hefði t.d. hv. þm. Karvel Pálmason, sem sat á þingi fyrir Alþfl. í eina tíð, verið hér hefði hann ekki staðið að þessum breytingum. Þeir hafa verið að senda honum kveðjurnar, foringjarnir, vestur á firði, heldur svona geðslegar.

Í sjötta lagi, herra forseti, er í okkar nál. vikið að

kaflanum um málefni fatlaðra og það er stutt og laggott sem þar segir: „Ekki vannst tími til að taka fyrir málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra sérstaklega. Minni hlutinn treystir sér því ekki til að bera ábyrgð á áhrifum þeirra breytingum sem lagðar eru til í 11. gr. frv. á fjárhag og framkvæmdagetu sjóðsins.

Hins vegar mæla ýmis rök með því að skynsamlegt geti verið að ráðstafa meira fé til viðhalds og meiri háttar endurbóta og því mun minni hlutinn ekki leggjast gegn afgreiðslu þessara breytinga." Eftir atvikum munu þeir styðja hana ef svo býður við horfa hjá einstökum þingmönnum. Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en ég bendi á að þannig tökum við málefnalega afstöðu til hluta þessa frv. og ýmist leggjumst ekki gegn því að ákveðnir þættir þess, þeir sem við teljum ásættanlega, nái fram að ganga eða styðjum aðra ef við teljum þá horfa til bóta. (**Gripið fram í:** Þó að nú væri.) Þó að nú væri, hv. þm. Stundum er ekki unnið með þeim hætti að hlutunum. Hér er ekki valin sú óábyrga og ómálefnalega afstaða að vísa öllu málinu frá, leggjast alfarið gegn því vegna þess að í því sé eitthvert eitt ákvæði sem við erum óánægð með. Farið er yfir málið lið fyrir lið og tínt út það sem við erum á móti og hitt sem við getum sætt okkur við eða jafnvel stutt. Ég tel ástæðu til að vekja athygli hv. alþm. á því hvernig þetta er upp byggt.

Í sjöunda lagi fjallar okkar nál. um breytingu á lögum nr. 86 frá 1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum. Þar vísum við í álit minni hluta félmn., sem er fylgiskjal III, en þar kemur fram að á ferðinni eru breytingar, þar sem lagðar eru því miður enn og aftur auknar álögur á sveitarfélögin í landinu. Byggingar félagslegra íbúða eru auðvitað mikið hagsmunamál og áhugamál sveitarfélaganna og þess vegna hefði mátt ætla að sveitarfélögin tækju ekki illa í viðræður um aukna hlutdeild og þátttöku í þessum málaflokki ef eftir slíku hefði verið leitað með eðlilegum hætti og sveitarfélögin boðuðu til viðræðna um slíkt. Hér eru í fyrsta lagi um einhliða aðgerðir ríkisvaldsins til íþyngingar sveitarfélögunum að ræða og ekkert var við þau rætt í öðru lagi. Ríkisstjórnin er með á prjónunum margar aðrar aðgerðir sem fela í sér stórfelldan útgjaldaauka. Minni hlutinn leggur til að þessu máli verði einnig vísað til ríkisstjórnarinnar. Við teljum eðlilegast að það eigi við um húsnæðismálakaflann allan, einnig 14. gr.

Í grg. með frv. er kostuleg setning, sem ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á, af því að þar er sagt að húsbréfakerfið hafi fyllilega leyst af hólmi almennar lánveitingar til húsnæðismála sem tíðkuðust úr Byggingarsjóði ríkisins og ráði við það verkefni. Þetta er auðvitað stórskemmtilegt orðalag sem ástæða er til að vekja athygli hv. þm. á, m.a. í ljósi umfjöllunar Seðlabanka Íslands á dögunum um húsbréf og orðaskipta hæstv. félmrh. við þá stofnun. Hér segir á bls. 12 í grg. í umsögn um 14. gr., að húsbréfakerfið hafi þegar sýnt að það leysi fyllilega af hólmi lánveitingar til íbúðarbygginga á Íslandi sem áður tíðkuðust úr Byggingarsjóði ríkisins. Ég legg til að hæstv. ríkisstjórn ræði þetta nánar. Þess vegna er eðlilegt og skynsamlegt að vísa þessu máli til ríkisstjórnar, þaðan sem það er ættað.

Næst kemur í áttunda lagi að greinunum um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971, og að greinum sem lúta að lögum nr. 97 frá 1990, um heilbrigðisþjónustu. Varðandi ákvæði um þetta hvort tveggja vísar minni hlutinn í álit heilbr.- og trn. Þetta eru 15. til og með 21. gr. frv. Minni hlutinn leggst ekki gegn því að þessir hlutar frv. verði samþykktir að því tilskildu að brtt. sem heilbr.- og trn. sameiginlega náði saman um nái fram að ganga. Að vísu telur minni hlutinn að þær tillögur frv. sem snúa að tannréttingum gangi of langt og þarfnist endurskoðunar og á þessum stuðningi er því sá fyrirvari. Við metum það mikils að hv. heilbr.- og trn. náði samstöðu um málið og teljum það fagnaðarefni og nokkurt ljós í myrkri þeirrar ósamstöðu og átaka sem hér ríkja því miður um allt of mörg mál.

Í níunda lagi tökum við fyrir 22.–24. gr. frv., sem varða lög um eiturefni og hættuleg efni, um skráningu og mat fasteigna og lög um Iðnlánasjóð. Um þetta er einfalt að segja að minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þessi ákvæði frv. en verður að benda á að sáralítill tími vannst til að huga að þessum ákvæðum.

Þá hef ég farið, herra forseti, yfir þau ákvæði frv. sem eru í fyrri kafla þess og allt aftur að II. kaflanum, sem byrjar á grein 25. og inniheldur svonefnd „þrátt-fyrir-ákvæði" sem stundum eru kölluð. Þar inn á milli kemur kannski meginefni þessa máls þar sem eru brtt. meiri hlutans. Ég bendi því hv. þm., þeim sem hafa sinnu í sér enn til þess að fylgjast með umræðunni og þessari yfirferð, sem ég held að gæti verið mönnum hjálpleg til að glöggva sig á efni þessa frv., jafnvel pínulítið umfram hina knöppu framsöguræðu, sem hér var flutt, og hefði ekki upplýst undirritaðan giska mikið, ef ég hefði komið algjörlega ókunnugur að málinu. Það er auðvitað bara mitt mat og kannski hefur það verið fullkomlega nóg til að skýra alla þætti þessa máls fyrir öðrum. Í brtt. meiri hlutans á þskj. 286 kem ég fyrst að 8. tölulið brtt. en það er 10. tölusetti liðurinn í nál. okkar sem ég sé reyndar að er orðinn 9. tölulið þessa þskj. væntanlega vegna þess að hæstv. meiri hluti hefur séð sig knúinn til að gera á brtt. breytingar frá því að við sáum þær síðast í minni hlutanum. Ég númeraði að sjálfsögðu brtt. meiri hlutans á grundvelli þeirra tillagna og þess skjals sem við höfðum undir höndum. Ég er því að tala um 9. tölulið brtt. meiri hlutans á þskj. 286. Hann lýtur að breytingu á hafnalögum nr. 69 frá 1984. Með þeim breytingum, sem eru í fjórum stafliðum, er lagt til að sérstakt álag komi ofan á vörugjald sem hingað til hefur runnið til hafnanna sjálfra og hafnanna eingöngu í landinu. Þetta gjald verði í formi 25% álags á allar vörur og renni í Hafnabótasjóð. Framlög ríkisins til hafnarmála eiga að sjálfsögðu að lækka að sama skapi og er sú upphæð áætluð 125 millj. kr. á næsta ári. Enn verður því miður að segja sömu söguna, sömu dapurlegu söguna, að ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um vinnslu málsins.

Herra forseti. Ég ætla að gera hlé á máli mínu,

þangað til þeir hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh. ganga í salinn. Ég trúi því ekki að þeim sé vandara um en ræðumanni að halda sig innan þessara fjögurra veggja. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli á því að hæstv. samgrh. er genginn í salinn). Já, ég þakka það, mér er nærvera hans ætíð kærkomin. Þá er það spurningin með hæstv. forsrh. sem einnig stendur í dyrum. Ég segi að þeim viðstöddum, hæstv. ráðherrum, forsrh. og samgrh., að enn verður því miður að segja sömu sögu. Við sveitarfélögin var ekkert eiginlegt samráð haft við vinnslu þessa máls. Það slæma er að nánast öllum spurningum er enn ósvarað um tæknilega útfærslu málsins, um innheimtuaðferðina t.d. Vitað er að vandkvæði geta orðið á þessari innheimtu. Ég vona að hæstv. samgrh. hafi haft fyrir því að kynna sér framkvæmd þessara mála nóg til þess að vita að á því geta verið mikil vandkvæði að koma þessari innheimtu við. Ég tel mig bæran um að fullyrða þetta þar sem ég gekk sjálfur í gegnum það að kanna til þrautar hvort koma mætti við með sanngjörnum og réttlátum hætti einhverri gjaldtöku af þessu tagi sem gæti í fyllingu tímans orðið burðugur tekjustofn til að auka hafnaframkvæmdir í landinu. Á þeim er vissulega mikil þörf. Því miður varð niðurstaða mín, samgrn. og tekju- og tolladeildar fjmrn. sú, eftir mikla vinnu í þessum efnum, að gefast upp. Hvers vegna gerðum við það? Við beygðum okkur fyrir skynsamlegum rökum um þau vandkvæði sem væru á sanngjarnri innheimtu þessa gjalds. Þar kemur fyrst og fremst til að í því felast óhjákvæmilega veruleg uppsöfnunaráhrif. Það má segja að það gerist nú þegar í vörugjöldum hafnanna en þó er sá munur á að þau eru sjálfstæðir tekjustofnar hverrar hafnar fyrir sig. Þegar ríkið tekur til við að leggja á skatta af þessu tagi er það illræmt í öllum siðuðum löndum að í honum séu uppsöfnunaráhrif. Ég þarf ekki að útskýra þau fyrir hv. þingmönnum sem muna umræður um uppsöfnunaráhrif söluskattsins og vita að ein meginröksemd fyrir upptöku virðisaukaskatts voru þau að losna við þessi uppsöfnunaráhrif — að skattur legðist á skatt. Hér mun það óhjákvæmilega gerast að hið nýja vörugjaldsálag leggst ofan á vörugjaldsálag 2,5 sinnum eða 3 sinnum, ef illa tekst til. Í fyrsta lagi þegar varan kemur inn í hafnir, t.d. frá útlöndum. Fari hún í skemmur í Reykjavík og færist á milli farmbréfa tekur hún á sig nýtt hafnagjald þegar hún fer út úr Reykjavíkurhöfn á nýjan leik. Að vísu aðeins hálft, ef rétt er með hlutina farið, og þá leggur varan af stað í vegferð sína út á land, kemur þar í nýja höfn og tekur enn á sig hafnagjald og að þessu sinni fullt á nýjan leik. Þarna leggjast gjöld ofan á gjöld, skattur ofan á skatt og uppsöfnunaráhrif verða umtalsverð. Þau koma að sjálfsögðu fram í vöruverði á landsbyggðinni með margföldum þunga á við það sem gerist hér þar sem það er sjaldgæfara að vara hafi farið milli margra hafna þegar hún birtist hér á suðvesturhorni landsins.

Mér er ekki kunnugt um að í gildi sé eða einu sinni í burðarliðnum sé samningur milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um innheimtu þessa álags. Nú eru hér menn sem vita vel að innheimtutækin sjálf eru í höndum sveitarfélaganna og ég spyr hæstv. samgrh.: Ætlar hann að neyða því upp á sveitarfélögin og hafnirnar að innheimta þetta gjald eða er ætlunin að innheimtumenn ríkissjóðs, hringinn í kringum landið fari í það púlsverk að reikna 25% álag ofan á öll vörugjöld í landinu í höfnum og innheimta þau með harðri hendi? Þeir fá nóg að gera, segi ég bara, ef þeir ætla ekki að gera það í gegnum innheimtukerfi sveitarfélaganna. Ef ætlunin er hins vegar, sem auðvitað er eina skynsamlega vitið, að nota innheimtukerfi sveitarfélaganna þarf að semja um það fyrst við sveitarfélögin, hæstv. samgrh. Þess vegna tekur engu tali, í þessu tilviki frekar en öðrum, að ekki skuli vera byrjað á því að ræða við sveitarfélögin, Hafnasamband sveitarfélaga og aðra bæra aðila á þessu sviði. Það var m.a. fyrir andstöðu eða ábendingar Hafnasambands sveitarfélaga sem fyrri ríkisstjórn féll frá þessari gjaldtöku eða sambærilegri. Við sáum auðvitað að það var óðs manns æði að ætla að láta sér detta í hug að gera þetta í andstöðu við sveitarfélögin og hafnasamband þeirra.

Það er auðvitað ljóst að allar upplýsingar vantar um þetta mál, öll gögn. Ekkert liggur fyrir um áhrif þessa á vöruverð á landsbyggðinni eða t.d. á afkomu sjávarútvegsins. Auðvitað tekur varningur sjávarútvegsins, þegar hann umbreytist úr afla í vöru, á sig þetta gjald. Hjá því verður ekki komist. Þar með lenda byrðar á sjávarútveginum, á útflutningsatvinnuvegunum, sem mun að sjálfsögðu hafa áhrif á afkomu þeirra.

Við í minni hlutanum vísum að lokum, auk þess sem við leggjum til að þessu verði á nýjan leik vísað til ríkisstjórnarinnar, í álit minni hluta samgn. og í álit Hafnasambands sveitarfélaga og Reykjavíkurhafnar. Fleiri aðilar hafa ekki, svo mér sé kunnugt um, komið saman til að senda frá sér álit í þessum efnum. Ég veit og fer ekki í neinar grafgötur um álit hafnarstjórna og sveitarfélaga vítt og breitt um landið og er þá allra síst að efast um afstöðu minnstu hafnanna vegna þess að ljóst er að þar yrðu mestu vandkvæðin á innheimtunni. Þar er innheimtan ekki jafnuppbyggð og þróuð eins og hjá hinum stærri höfnum sem velta milljónatugum eða milljónahundruðum eins og Reykjavíkurhöfn og nokkrar stærstu hafnir landsins aðrar gera. Því miður er hér enn á ferðinni óbrúklegur málatilbúnaður af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og ber að harma það.

Hæstv. samgrh. verður, ef hann vill ekki standa berskjaldaður gagnvart þessum ónýta málatilbúnaði, að gjöra svo vel og reyna að leggja leið sína í ræðustólinn og lýsa fyrir hv. þm. eitthvað inn í þann frumskóg sem er væntanleg framkvæmd þessa atriðis. Ég hvet aðra hv. viðstadda þingmenn til þess að muna það með mér að spyrja hæstv. samgrh. um þetta. Því svo kann að fara síðar á þessum sólarhring eða hinum næsta að minni mitt verði reikult og ég gleymi að hlýða á svör hæstv. samgrh. Ég bið þá aðra um aðstoð í þeim efnum.

Þetta er auðvitað stórmál fyrir mörg hin minni sveitarfélög þar sem rekstur hafnarinnar er kannski langstærsta einstaka atriðið á verksviði viðkomandi sveitarfélags, fyrir utan e.t.v. grunnskólann. Þannig er auðvitað um fjölmörg sjávarpláss hringinn í kringum

landið. Hlutfallslega er rekstur hafnarinnar geysilega stór póstur hjá þeim. Menn þurfa að muna, landkrabbarnir hér á hafnlausri ströndinni þar sem hafnir eru með höppum og glöppum að þetta er ekki alls staðar svona. Þvert á móti er það þannig að hafnirnar eru miðpunktur, upphaf og endir, og lífæð allra hluta í fjölmörgum byggðarlögum hringinn í kringum landið.

Herra forseti. Í ellefta lagi þá kem ég að 9. tölulið brtt. meiri hlutans sem eru breytingar á lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Þar er því til að svara að minni hlutinn hafði sáralítinn tíma til að athuga þær upplýsingar sem nefndinni bárust varðandi þetta efni. Að ósk okkar komu á lokastigi vinnslu nefndarinnar til viðtals fulltrúar umhvrn. og veiðistjóraembættis og sveitarfélaga og lögðu fram þær upplýsingar sem þeir höfðu og reyndu að svara eftir bestu getu þeim spurningum sem við bárum fram. Ég met það að sjálfsögðu og tel að við höfum fengið fullnægjandi gögn í hendur í málinu. En gallinn var sá að við höfðum því miður sáralítinn tíma til að vinna úr þeim í kjölfarið. Ég vísa í þau gögn og hvet þá sem það vilja að kynna sér þau. Þau er hægt að fá hjá starfsmanni nefndarinnar og eflaust einnig hjá hæstv. umhvrh. eða umhvrn.

Við leggjum þó engu að síður til, annars vegar með hliðsjón af því að við teljum okkur ekki hafa haft aðstæður til að kynna okkur þessar upplýsingar þannig að við höfum sannfærst um að þessar breytingar væru skynsamlegar, og hins vegar vegna þess að við óttumst bæði af þessum ástæðum og öðrum um hag hinna minni sveitarfélaga í öllum þessum breytingum, að þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar. Af minni hálfu er þetta ekki lagt til vegna þess að ég sé að taka afstöðu alfarið gegn þessum breytingum. Mér er ljóst að þörf er á því að taka á þessum málum og koma þarna á fastari skipan. Okkar afstaða verður að vera sú, meðan ekki er skýrt hvernig þessar breytingar koma t.d. við hin fámennu veikburða sveitarfélög í sveitahreppunum sem til viðbótar eru í þessu frv. og þessum breytingum að fá á sig stóraukna álögur vegna nefskattsins sem ég kem að síðar og e.t.v. skerðingu á Jöfnunarsjóði, að þetta gangi til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar.

Í tólfta lagi kem ég hér því miður að dapurlegum lið, herra forseti, sem er reyndar 12., samkvæmt nýrri númeringu, stafliður brtt. meiri hluta nefndarinnar. Það er a-liður 12. brtt., sem lýtur að breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Eru mér það mikil vonbrigði að þurfa að ræða um þetta í því ljósi sem hér er varpað á hlutina, herra forseti. Þessi breyting meiri hlutans felur það í sér að tekjur Vegasjóðs verða skertar enn og nú um 265 millj. kr. á næsta ári, ef fram gengur, og rennur það fé í ríkissjóð. Þetta eru okkur auðvitað mikil vonbrigði. (**EgJ:** Þú gerðir þetta nú líka.) Það er rétt, hv. þm. Sá sem hér talar hefur því miður einu sinni átt þátt í því að taka hluta af tekjum Vegasjóðs í ríkissjóð. En þá er líka rétt, hv. þm., að við förum yfir það við hvaða aðstæður það var gert. (**EgJ:** Eru það ekki svipaðar aðstæður og núna?) Nei, hv. þm., bíddu aðeins rólegur. Þannig var að haustið 1988, eða nánar tiltekið rétt fyrir jól, voru bensíngjald og þungaskattur hækkuð verulega vegna þess að á undangengnum missirum hafði mikill slaki myndast í þessa innheimtu og tilhlaupið nam tugum prósenta sem ekki var nýtt til að afla Vegasjóði tekna með álagningu bensíngjalds og þungaskatts. Enda höfðu vegaframkvæmdir dregist saman sem þessu nam. Þess vegna fór ég strax að skoða hvernig unnt væri að ná fram samstöðu um að hækka til mikilla muna þessa tekjuöflun og styrkja þannig tekjuforsendur vegamálanna til frambúðar. Og með hliðsjón af miklum erfiðleikum í atvinnumálum og ríkisfjármálum haustið 1988 þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. hafði hrökklast frá völdum, var samkomulag gert um það að þessir tekjustofnar yrðu hækkaðir nokkurn veginn í botn á tilteknum tíma en tekjuaukinn að hluta til á einu ári látinn renna í ríkissjóð. Við þetta samkomulag, sem ég gerði við aðra ráðherra í þeirri ríkisstjórn og þá sem að meiri hlutanum stóðu, lét undirrita og færa inn í fundargerðarbækur ríkisstjórnarinnar til þess að það væri nú örugglega statt, var staðið, hv. þm. Þetta leiddi síðan til þess að strax á árinu 1989 — og reyndar enn frekar á árunum 1990 og 1991 — voru tekjuforsendur Vegasjóðs allt aðrar og betri en undangengin ár. Með öðrum orðum, með þessu náðist samstaða um að taka inn slakann á innheimtu þessara gjalda og þess njótum við í dag, hv. þm. (**EgJ:** Það kom nú annar slaki út þá aftur.) Það kom að vísu minni háttar slaki á aftur en hann er þó ekki nema um þriðjungur af því sem hann var á þessum tíma og hefur reyndar að hluta til náðst inn á nýjan leik, eins og áætlað var við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári og að lokinni þjóðarsátt yrði reynt að ná inn einhverjum þeim prósentum sem út af stæðu í þessum efnum.

Ég fer nú yfir þetta hér til þess að hafa forsöguna á hreinu í þessum efnum og vissulega viðurkenni ég að það er rétt að eitt fordæmi er fyrir þeirri ráðstöfun á síðustu árum að taka hluta af tekjum Vegasjóðs í ríkissjóð en það var gert við sérstakar aðstæður.

Með þessari ráðstöfun er því miður enn aukin skerðing framkvæmdafjár Vegagerðarinnar og þannig verður það, herra forseti, að skerðing vegafjár verður samtals 766 millj. kr. frá því sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir. Því miður hefur smávægileg reikningsskekkja slæðst inn í nál. því þar standa 765 millj. kr. En þegar ég fór yfir þessa útreikninga áðan, eftir að till. til þál. um breyt. á vegáætlun hafði verið dreift, og lagði allar tölur saman á nýjan leik sá ég að ég hafði gert þarna minni háttar reikningsskekkju, eða upp á 1 millj. kr. og vona ég að það fyrirgefist. En niðurstaðan er svo borðleggjandi að ég held ég þurfi ekki að rökstyðja hana neitt frekar. Að framkvæmdafé Vegagerðar verður skert um 766 millj. kr. á næsta ári miðað við það sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Ef maður tekur fram uppreiknaða upphæð vegáætlunarinnar eins og hún stendur og miðað við 8% breytingu verðlags milli ára, er skerðingin að sjálfsögðu meiri eða 1.003 millj. kr. Vegáætlunin gerði ráð fyrir 8% verðlagsbreytingum eða hækkun á vegavísitölu milli ára. Þess vegna var niðurstöðutala vegáætlunarinnar á árinu 1992 áætluð verða 6.318 millj. Um 250 millj. kr. lántaka

vegna Vestfjarðaganga átti að bætast við sem hefði leitt til þess að framkvæmdafé til vegagerðar hefði orðið 6.568 millj. á næsta ári. Nú er áformað að það verði 5.565 millj. og munurinn á þessum tveimur tölum eru 1.003 millj. kr. Báðar tölurnar hafa verið í gangi undanfarna daga. Hæstv. forseti, í góðsemi minni er ég þess vegna að fara yfir þetta og þykist kunna það sæmilega, ef það má verða einhverjum til betri skilnings á þessu. Þannig er rétt að báðar tölurnar eiga sér stoð í veruleikanum eftir því við hvað er miðað, 1.003 millj. miðað við 8% verðlagsbreytingum á vegáætlun á milli ára og 766 millj. miðað við núgildandi framreikning Vegagerðar sem gerir ekki ráð fyrir nema 4% verðlagsbreytingum á milli ára.

Þessar tölur sjá menn líka ef þeir fara í fskj. með þáltill. um vegáætlun sem hér hefur verið dreift og leggja við þær 6.081 millj. sem vegáætlunin er framreiknuð með 4% hækkun. 250 millj. kr. áttu að koma til viðbótar þessu samkvæmt sjálfstæðri ákvörðun Alþingis í formi lántöku vegna hröðunar framkvæmda við Vestfjarðagöng. Þá hefði framkvæmdaféð framreiknað orðið 6.331 millj. og frá því dregnar 5.565 millj. sem gera þessar 766 millj. kr. Þannig er það óhrekjanlegt að í vændum er skerðing vegáætlunar að raungildi miðað við endurmetnar verðlagsforsendur upp á 766 millj.

Ég vona að ég þurfi ekki að koma hér upp og hlusta á vefengingu á þessu en fari svo, þá er ég tilbúinn til að útlista þetta enn frekar þannig að enginn maður geti um það deilt.

Vissulega er það svo rétt, til að allri sanngirni sé nú haldið til haga, að vegna lakari tekjustöðu Vegasjóðs hefði orðið vöntun á vegatekjum til að fullnægja þessari framkvæmdatölu. Hefði þá annaðhvort þurft að koma til yfirdráttur hjá Vegasjóði, fjárveiting úr ríkissjóði, eða minni framkvæmdir, en það hefur iðulega gerst áður og oft verið leyst án þess að til skerðingar á vegafé kæmi.

Þetta hef ég nú rakið nokkuð ræki lega, herra forseti, til þess að ekki verði um þetta deilur. Hér er að sjálfsögðu ósköp einföld pólitísk ákvörðun á ferðinni. Vilja menn skera niður vegaframkvæmdirnar svona mikið á næsta ári? Telja menn það skynsamlegt? Ég segi nei. Ég tel það óskynsamlegt og minni hlutinn gerir það ekki síst af tveimur þungavigtarástæðum: Annars vegar með tilliti til ástands vegamála og samgöngumála í landinu sem mjög brýn þörf er á að bæta. Hins vegar með tilliti til atvinnuástands og framkvæmdastigs í landinu eins og nú horfir. Vegaframkvæmdir eru mjög atvinnuskapandi. Þær halda uppi vissum umsvifum í byggðarlögunum vítt og breitt um landið og eru betur fallnar til þess en margt annað að halda uppi umsvifum og fleyta okkur yfir miklar lægðir í atvinnumálum og efnahagsmálum.

Framkvæmdir í samgöngmálum eru líka viðurkenndar að vera einhverjar þær arðbærustu sem um getur í þjóðfélaginu. Í minni tíð í samgrn. var reiknað út að mjög gjarnan væri fullkomlega óhætt að reikna með 10% innri arðsemi í framkvæmdum í vegamálum. Ég hygg að þeir hv. alþm. og aðrir sem áttu sæti í nefnd er vann að gerð langtímaáætlunar í vegamálum kannist eitthvað við þessa hluti. Og því miður er það þannig að ekki eru víða í boði fjárfestingarkostir í landinu sem bjóða upp á jafnmikla arðsemi og samgöngubæturnar gera. Þess vegna er það hikstalaust mín skoðun að þrátt fyrir erfiðleika í efnahagsmálum sé réttlætanlegt að reyna að halda uppi eins miklum framkvæmdum í samgöngumálum og nokkur kostur er. Tímans vegna ætla ég ekki að fjölyrða um þann sérstæða kafla sem tengist þessu máli, að með ákvörðun ríkisstjórnarinnar að draga úr framkvæmdum við Vestfjarðagöng er Vegagerðin sett í þá hættu að brjóta samning á grundvelli alþjóðlegs útboðs, enda hef ég gert það að umræðuefni áður.

Í þrettánda lagi, herra forseti, og fer ég nú senn að komast í gegnum þessa úttekt mína á efni frv. og afstöðu minni hlutans, kem ég að 12. tölul. brtt. meiri hlutans, c-lið. Það er nefskattur vegna löggæslukostnaðar. Þá má hæstv. samgrh. fara í kaffi en hæstv. landbrh. verður hins vegar að koma hingað á nýjan leik, herra forseti, þegar ég kem að síðasta atriði nál. sem lýtur að „þrátt-fyrir" kaflanum og Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Hæstv. landbrh., eftir um það bil 15 mín. verður það tímabært. Segi menn svo að ég sé ekki að reyna að vera liðlegur við hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Það er hér með vottfest af hæstv. umhvrh. og ég vona að framíkallið hafi heyrst og komi í þingtíðindin.

12. tölul. brtt. meiri hlutans, c-liður, fjallar sem sagt um þennan kostulega nefskatt sem hæstv. ríkisstjórn ákvað í vandræðum sínum að leggja á sveitarfélögin í landinu, reiknaðan út með tilliti til íbúafjölda þeirra og merkja löggæslukostnaði. — Ég endurtek, merkja löggæslukostnaði, til málamynda, hreinna málamynda. Með þessum sakleysislega lið yrði nefskatti skellt á sveitarfélögin sem næmi mismunandi upphæðum á hvern íbúa þeirra eftir íbúafjölda sveitarfélaganna. Þessi tillaga leit dagsins ljós í fyrsta sinn í efh.- og viðskn. fyrir tveimur og hálfum sólarhring, á mánudagsmorgun. Hún leit dagsins ljós hér í þingsölum gagnvart óbreyttum þingmönnum hv. í fyrsta sinn í gærkvöldi, eða reyndar í dag, þegar þeir komu til fundar, þeir sem ekki hlýddu á einræðu Starkarðar hér í gærkvöldi, þ.e. á útbýtingarfund hæstv. forseta. Það er auðvitað kostulegt að svona stórpólitískt mál, átakamál, skuli bera svona að á Alþingi Íslendinga. Í nefndinni hefur að sjálfsögðu komið fram að ekkert samband var haft við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Og ekkert samráð haft við þá frekar en áður um þetta atriði, nema það sé kallað samráð, hæstv. forseti, að kalla í nokkra forsvarsmenn Samtaka sveitarfélaganna í landinu og tilkynna þeim ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ef það er samráð þá bið ég um orðabók Menningarsjóðs og ætla að fletta upp á því hvað stendur þar um orðið samráð. Ég hef ekki áttað mig á að það héti samkvæmt málvenju í íslensku samráð — hæstv. dómsmrh., og fagna ég nú hingað komu yðvarri því ég er að ræða hér um dómsmálamálefni — að hóa í forsvarsmenn sveitarfélaganna og tilkynna þeim að það eigi að skella á þá rúmlega 700 millj. kr. útgjöldum á

næsta ári og merkja það til málamynda löggæslukostnaði í landinu. Enda ítrekuðu forsvarsmenn sveitarfélaganna það á fundi með efh.- og viðskn. að mótmæli þeirra, samanber samþykkt Sambands ísl. sveitarstjórna frá 11. des., og sjá fskj. VI. í þessu nál., eru enn í fullu gildi. Það var svo eftir öðru að ekki gafst kostur á að fá tæmandi upplýsingar um áhrif þessarar gjaldtöku á afkomu sveitarfélaganna fyrr en eftir að nefndin lauk störfum um þetta mál. Ljóst er, og ég get sýnt fram á það með útreikningum og tölum hér á eftir, að í mjög mörgum tilvikum liggja væntanleg útgjöld sveitarfélaganna í landinu vegna nefskattsins eins á bilinu 2–5% af bráttótekjum, 1,5–4% í mörgum tilvikum, af heildartekjum sveitarfélaganna. Það liggur nú þegar fyrir, herra forseti, að mörg sveitarfélaganna — væri æskilegt að hæstv. félmrh., forsrh. og dómsmrh. gætu gert okkur þann greiða að vera viðstödd þennan hluta umræðunnar — ætla sér að hækka álagningu útsvars á næsta ári í tengslum við þessa ákvörðun og tvö þeirra hafa þegar gert það. Mosfellsbær og Hafnarfjörður hafa þegar tekið ákvörðun um að hækka sínar álögur á íbúana á næsta ári.

Þetta mun síðan leiða til þess, ef þau og fleiri sveitarfélög fullnýta tekjustofna sína, að þau öðlast rétt til greiðslna úr Jöfnunarsjóði. Sveitarfélög sem ekki hafa áður átt þess kost vegna þess að þau hafa ekki fullnýtt tekjustofna og þar með fyrirgert rétti sínum til greiðslna úr Jöfnunarsjóði. Af þessum sökum getur niðurstaðan orðið sú að þessar álögur bitni með tvöföldum eða margföldum þunga á ýmsum verst stöddu sveitarfélögum landsins sem mestrar tekjujöfnunar hafa notið hingað til úr Jöfnunarsjóði.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa dómsmrn. sem mætti á fund nefndarinnar lítur dómsmrn. ekki á nokkurn hátt á þessa breytingu sem verkefnatilfærslu, enda tæki það langan tíma, kannski eitt ár, kannski tvö. Auk þess er umdeilt hvort það sé farsæl breyting að færa þetta á nýjan leik eða að einhverju leyti yfir á verksvið eða forræði sveitarfélaga. Hér er því um hreina og beina og klára skatttöku að ræða án nokkurs samhengis við viðkomandi verkefni og án þess að nokkurt forræði fylgi með í viðkomandi málaflokki.

Það er áætlað, herra forseti, að þessi löggæsluskattur, þessi lögguskattur, löggunefskattur eða hvað maður á að kalla hann, kosti sveitarfélögin rúmlega 700 millj. kr. á næsta ári og er reyndar auðreiknað miðað við íbúafjölda í landinu. Því þennan skatt á að leggja á hvern einasta Íslending frá vöggu til grafar, hvern einasta uppistandandi Íslending (Gripið fram í.) og í þessum skilningi uppistandandi. Þá eru alveg ný tíðindi komin í álagningu nefskatta í landinu því fram að þessu hafa jafnvel hinir illræmdustu nefskattar verið undanskildir í tilvikinu gamalmenni og börn. En ekki hér. Nei, öll sveitarfélögin skulu skila þessum skatti til ríkisins á næsta ári upp á hvert einasta mannsbarn sem lífsandann dregur í þeirra sveitarfélögum, án tillits til tekna. Án tillits til stöðu sveitarfélaganna að öðru leyti og fullkomlega og algjörlega án tillits til þess hvort þar sést nokkurn tímann löggæslumaður eða ekki. Auðvitað er augljóst mál að þessi skattlagning er með slíkum endemum og svo hrópandi að engu tali tekur. Hafa menn t.d. farið yfir það, hæstv. dómsmrh., hvernig þetta kemur út fyrir sveitarfélag með 299 íbúa? Það borgar þá 299 sinnum 1700 kr. sem eru 508.300 kr. En svo fæðist lítið barn eða gamalmenni kemur heim með lögheimilið og íbúunum fjölgar upp í 300. Hvað gerist þá? Þá tekur þetta sveitarfélag til við að greiða 300 sinnum 2.850 kr. sem gera 855.000 kr. Þrjúhundruðasti íbúinn sem bætist við sveitarfélagið verður því dýr fyrir sveitarfélagið. Þetta litla barn eða þetta gamalmenni. Hvað kostar það, hv. þm.? Svo vill til að ræðumaður hefur reiknað það út. Það að þetta litla barn fæðist eða gamalmenni flytur heim og íbúatalan fer upp í 300 manns kostar 346.700 kr. fyrir þetta litla fátæka sveitarfélag. Ja, dýr er sá gestur. Ekki er hægt að útiloka að einn og einn maður verði litinn hornauga í svona sveitarfélagi sem færir íbúatöluna upp fyrir þessi viðmiðunarmörk.

Auðvitað er alveg augljóst að álitamál, og reyndar ekkert álitamál að mínu mati, hlýtur að vera hvort þessi skattlagning þverbrýtur ekki svonefnda jafnræðisreglu í skattamálum. Vegna þess að hér er í fyrsta lagi um skattlagningu að ræða, hæstv. dómsmrh., og þar er ég hæstv. dómsmrh. sammála. Hann gaf tímamótayfirlýsingu um það í Morgunblaðinu á sunnudaginn að hér væri hreinn og klár skattur á ferð. Starfsmenn hans í dómsmrn. staðfestu þetta á fundum með efh.- og viðskn. þar sem þeir sögðu að engin verkefnatilfærsla né forræðistilfærsla væri fyrirhuguð í tengslum við þetta mál. Ergo, skattheimta. Þá spyr ég hæstv. dómsmrh. og aðra hæstv. ráðherra sem ættu að vera hér, t.d. hæstv. félmrh.: Erum við þá ekki komin á þunnan ís varðandi jafnræðisregluna í skattalegu tilliti? Að mismuna svo berlega íbúum landsins með þeim hætti hvað skattgreiðslur til sameiginlegs sjóðs varðar. Því hér er ekki á ferðinni skattur til sveitarfélags, hér er ekki á ferðinni þjónustugjald eða kostnaður vegna þjónustu sem sveitarfélögin fá, því þar er ekkert samhengi á milli. Ég óska eftir því, herra forseti, að Alþingi afgreiði ekki þetta mál fyrr en lögfræðiálit liggur fyrir um þetta atriði. Ég bið um að okkur berist greinargerð frá fjmrn., ríkislögmanni vini mínum, eða Lagastofnun Háskólans, t.d. virtum prófessorum þar, um það hvort þetta sé nú ekki ærið hæpið með tilliti til jafnræðisreglu gagnvart skattalögum. Fyrir nú utan öll þau ósköp sem ástæða væri til að fara út í. En hér væri gaman að hafa t.d. hv. 6. þm. Reykv. Sólveigu Pétursdóttur og hv. 5. þm. Norðurl. v. Vilhjálm Egilsson við umræðuna því þessir ágætu þingmenn fluttu heitar ræður um það í efh.- og viðskn. að sakleysisleg brtt. um undanþægt heimildarákvæði sem hv. 5. þm. Vestf. flutti og varðaði skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði væri tvímælalaust brot á jafnræðisreglunni. Þessir hv. þingmenn urðu svo heilagir í framan að ef ég hefði einhvern tímann séð Jesú Krist þá hefði ég örugglega haldið að þetta væri hann sem væri þarna fyrir framan mig. Þetta væri alveg tvímælalaust brot á jafnræðisreglunni. Sú ósvinna að ætla að láta fjmrh. hafa heimild til þess að fella niður skattinn gagnvart sumum landsmönnum en öðrum ekki. En

hvað er þá þetta, herra forseti? Ég verð að segja það alveg eins og er að ég gef ekki mikið fyrir málflutning af þessu tagi og virðing mín fyrir þessum hv. þingmönnum dvínar stórlega ef þeir verða svo litlir karlar eða kerlingar, eftir málvenju, að samþykkja þetta möglunarlaust. Ég verð að segja það alveg eins og er. Fyrir svo utan allt annað sem þessu máli tengist, framkomunni við sveitarfélögin o.s.frv.

Við í minni hlutanum höfum valið að birta nýstaðfestan Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga með tilliti til þessa máls og hann er síðasta fskj. með þessu litla nál. sem ég er hér að mæla fyrir. Þar eru býsna afdráttarlaus ákvæði um þær skuldbindingar sem viðkomandi ríkisstjórn er að undirgangast gagnvart sjálfstæði sveitarfélaganna og tekjustofnum þeirra. Hvers konar útreið er þetta sem sveitarfélögin fá í þessum samskiptum og hvers eiga þau að gjalda sem fara t.d. verst út úr þessum hlutum? Ég vil vísa í fskj. um þetta mál. Ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, fskj. VI. frá 11. des. ef ég man rétt, er óvenju harðort. Þar segir sambandsstjórnin að ríkisstjórnin hafi nú með einhliða ákvörðunum og án alls samráðs við sveitarfélögin og samtök þeirra lagt fram tillögur um breytingar á tveimur veigamestu tekjustofnum sveitarfélaga, útsvari og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt felist í þessu stórfelldar nýjar álögur á sveitarfélögin. Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaga, segir þarna, um þessa tillögu. Þrátt fyrir skýr ákvæði samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga um samráð þessara aðila varðandi sameiginleg hagsmunamál og ákvæði 116. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, en þar segir — og svo kemur það sem ég las upp hér í byrjun ræðu minnar, að ríkisstjórnin skuli hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkskiptingu og um önnur samskipti þessara aðila.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga undir forustu sjálfstæðismannsins Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar segir: „Samningsbundið og lögformlegt samstarf er þannig rofið og það er einskis virt af ríkisstjórninni."

Þetta eru óvenjulega þung orð, herra forseti, sem maður neyðist til að lesa hér upp frá hverjum hagsmunasamtökunum og aðilunum á fætur öðrum úti í þjóðfélaginu. Frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, frá aðilum vinnumarkaðarins, frá sjómönnum, frá hagsmunasamtökum í sjávarútvegi o.s.frv. o.s.frv.

Enn fremur segir í þessari samþykkt: „Slík vinnubrögð leiða til alvarlegs trúnaðarbrests milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins ...Mörg sveitarfélög standa nú frammi fyrir miklum fjárhagsvanda. Gerðar eru kröfur á hendur þeirra hringinn í kringum landið um fjárhagslega þátttöku í atvinnulífinu" — segir þar. „Einnig hefur ríkisvaldið að undanförnu aukið fjárhagslegar skyldur sveitarfélaganna með lögbindingu nýrra verkefna og hertum reglugerðarákvæðum."

Þessi samþykkt stendur, segir framkvæmdastjóri og formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Hún er í fullu gildi þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn hafi ákveðið að leggja á nefskattinn í staðinn fyrir að henda málefnum fatlaðra í sveitarfélögin, jafngeðslegt og það nú var. Það er með ólíkindum, herra forseti, það sem maður upplifir þessa dagana og t.d. hæstv. félmrh. leggur nafn sitt við í þessum efnum. Eins og er um ákvæðin um ábyrgð launa við gjaldþrot og eins og var um þá furðulegu ákvörðun næturfundarins að henda í sveitarfélögin málefnum fatlaðra með einhliða ákvörðun og tilheyrandi kostnaði upp á 400 millj. kr. eins og málefni fatlaðra í landinu væri eitthvað til að kasta á milli. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mig furðar á því að menn skuli lenda í slíkum ógöngum eins og þarna hefur gerst.

Varðandi lögreglunefskattinn koma auðvitað út kostulegir hlutir þegar hann er skoðaður nánar. Ég tel að skatttaka með þessum hætti gangi ekki og vonandi kemur álit lögfræðinga á því á næstunni. Ef við t.d. lítum á það hver fjöldi löggæslumanna í hinum einstöku sýslum er í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna kemur ýmislegt kostulegt í ljós. Í Strandasýslu eru t.d. 1.066 íbúar á hvern lögregluþjón og mun það sennilega stafa af því að lögregluþjónar eru ekki margir í Árneshreppi á Ströndum. Þar eru menn friðsamir og hafa að mestu leyti komist af án blessunar löggæslunnar. Á Siglufirði eru hins vegar aðeins 303 íbúar á bak við hvern lögregluþjón. Í Norður-Múlasýslu búa þeir vel að lögreglu eða hitt þó heldur því að þar eru sömuleiðis 1.066 íbúar á bak við hvern lögregluþjón. En í Keflavík og Grindavík hljóta þeir að vera ódælir því að þar eru þeir 399 á bak við hverja löggu. Verst af öllum sýslum landsins fer þó Vestur-Skaftafellssýsla út úr þessu, sýsla hv. 2. þm. Suðurl., og segir það auðvitað sína sögu um friðsemd og spekt þeirra Vestur-Skaftfellinga að þeir komast af með einn lögregluþjón á 1.209 manns. Sem sagt er nóg að hafa eina löggu til að passa upp á hverja 1.209 Vestur-Skaftfellinga og gengur samt allt vel þar.

Auðvitað liggur í hlutarins eðli að bókstaflega fáránlegir hlutir koma út ef menn fara að burðast við að tengja þetta við íbúatölu sveitarfélaganna. Ég held að menn ættu því betur að láta það ógert og vera jafnhreinskiptnir og hæstv. dómsmrh. að ósköp einfaldlega viðurkenna að þetta er bara skattur, holt og bolt skattur á landsmenn, innheimtur í gegnum sveitarfélögin í tveimur þrepum með þessum hætti.

Rétt til að gefa mönnum hugmyndir um stærðargráðuna sem er á ferðinni er rétt að taka það fram að Reykjavíkurborg mun greiða í þennan löggunefnskatt á næsta ári 278 millj. kr. og Akureyri 40 millj. kr. Svo vill til að ræðumaður þekkir svolítið málefni þess sveitarfélags og veit að þetta er t.d. býsna umtalsverður hluti af lausu framkvæmdafé Akureyrarbæjar, því miður er það svo. Og það vill svo til að ég man fríhendis, ef svo má að orði komast, nokkurn veginn þær upphæðir sem Akureyrarbær hefur getað lagt í sinni framkvæmdasjóð undanfarin ár og þær eru mjög sambærilegar þessari tölu. Ég held ég muni það rétt að þar hafi verið á ferðinni stærðargráðan 50–70 millj. kr. á undanförnum árum. Þetta eru því miður stóralvarlegir hlutir.

Nesjahreppur, sem hv. þm. Agli Jónssyni þykir vænt um. (**Gripið fram í:** Þér líka.) Og mér líka auð-

vitað, þetta er fallegur hreppur. Þar býr 301 maður þannig að öllu óheppnari gátu þeir ekki orðið þarna í Nesjahreppi, nema þessi mörk hafi verið valin af sérstökum kvikindisskap við Nesjahrepp, og væri það eftir öðru — kannski í hefndarskyni fyrir álit landbn. (**Gripið fram í:** Það skapar hættuástand.) Ég gef mér það auðvitað að nú reyni forsvarsmenn Nesjahrepps að semja við tvo íbúa að flytja sem skjótast á brott. (**Gripið fram í:** Nei, þetta er nú ekki rétt hjá þér.) Ja, einhverjum kynni að detta það í hug. Það má borga þeim stórfé, þeim tveimur sem væru svo vinsamlegir að skrá heimilisfang sitt annars staðar. Það má borga 200 þúsund á kjaft eða eitthvað svoleiðis.

Fleiri svona kostuleg dæmi get ég nefnt. Vita menn t.d að litli Grímseyjarhreppur norður við heimskautsbaug mun þurfa að borga 205.700 kr. á næsta ári í löggæslunefskattinn? Hafa menn hugleitt hversu oft lögregluþjónn sést í Grímsey? Annar bláfátækur lítill hreppur í mínu kjördæmi inn til dala á Tröllaskaga með 55 íbúa, rétt yfir hinum lífvænlegu mörkum samkvæmt lögum á að borga á næsta ári 93.500 kr. í þennan nýja skatt. Ég get tekið enn hroðalegri dæmi eins og Norðfjarðarhrepp og ef menn fara síðan í fylgiskjöl þar sem jafnframt eru upplýsingar um álögð gjöld á síðasta ári sjá menn að Norðfjarðarhreppur á að borga í þennan skatt með sínum 85 íbúum 144.500 kr. en heildartekjur sveitarfélagsins eru 3.489 þús. kr. Þetta þýðir að af brúttótekjum Norðfjarðarhrepps fara á næsta ári á fimmta prósent í þennan skatt. Þetta er að vísu einn af tekjulægstu hreppum landsins. En þar með er líka verið að segja að hann gæti verið einn af þeim sem missti hvað mest við skerðingu á greiðslugetu Jöfnunarsjóðs hvað jöfnunargjöldin snertir.

Herra forseti, ég gæti farið með mörg fleiri slík dæmi upp úr þessum fylgiskjölum. Ég hvet hv. alþm. til þess að kynna sér þau og ég fullyrði að hér eru reidd fram gögn sem gefa mönnum möguleika á því að glöggva sig tiltölulega vel á þessu máli.

Því er alveg ljóst að við í minni hluta efh.- og viðskn. leggjum eindregið til að þetta mál verði ekki lögfest. Því verði vísað til ríkisstjórnarinnar þaðan sem það kom og ekki sýnt okkur aftur, a.m.k. ekki í þeim búningi sem hér er á ferðinni.

Að lokum, herra forseti, kem ég að II. kafla frv. Þar var því miður umfjöllun sama marki brennd og vinnan að öðru leyti, að sáralítill tími gafst til að fara yfir þau atriði. Efni barst frá nokkrum aðilum inn í nefndina og auk þess komu á fund okkar forsvarsmenn bænda, Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda og Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri.

Ég ætla hér að lokum að gera svo að umtalsefni 34. gr. frv. og var þá búinn að nefna það við hæstv. landbrh. að gaman væri að hafa hann viðstaddan og nú er u.þ.b. sá stundarfjórðungur liðinn sem ég gaf honum upp að myndi líða áður en að þessum hluta málsins kæmi. En 34. gr. frv. er sú grein í svonefndum „þrátt fyrir" kafla þar sem ákveðið er í fyrsta sinn að skerða tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 1992 um ríflega helming þannig að þær verði einungis 340 þús. kr. á því ári. Nú geri ég hlé á máli mínu þangað til hæstv. landbrh. birtist því að alvara málsins kemur í næstu setningu minni og höfð eftir formanni Stéttarsambands bænda.

Hæstv. landbrh., á fundi efh.- og viðskn. komu þeir Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda og Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri. Aðspurðir um skerðingu lögboðinna framlaga ríkisins til Framleiðnisjóðs bænda, sem jafnframt eru — eins og okkur er öllum kunnugt — hluti af samningi ríkisvaldsins og bænda um skipan búvöruframleiðslunnar á grundvelli laganna frá 1985, gamla búvörusamningsins, getum við kallað það, upplýstu þeir — og sérstaklega var það formaður Stéttarsambandsins sem tók það fram — að þessi skerðing, ef hún næði fram að ganga, væri að sínu mati — og ég reyndi að taka niður hans óbreytt orð — fyrstu eiginlegu vanefndir ríkisins á samningum þess við bændur frá 1985, ef frá væru talin minni háttar framkvæmdaatriði sem leyst hefðu verið með samkomulagi fram að þessu.

Þetta er því miður alvara málsins, hæstv. landbrh. Vegna þess að nýr langtímasamningur er í gildi milli ríkisvalds og bændasamtakanna. Miklu varðar að það traust sem þrátt fyrir allt hefur skapast milli þessara aðila á undanförnum árum rofni ekki. Menn hafa þurft að sæta ýmsu í þessum efnum undanfarin ár og mörg snúin viðfangsefni hafa komið upp í samskiptum þessara aðila en það hefur sem betur fer hingað til tekist að leysa þau þannig að formaður Stéttarsambandsins lýsir því yfir að hann telji þar ekki vera um eiginlegar vanefndir að ræða sem orð sé á gerandi. Það sé þá fyrst nú, ef þessi skerðing nái fram að ganga, sem um alvarlegar vanefndir og fyrstu eiginlegu vanefndirnar sé að ræða á samningnum frá 1985. Báðir viðmælendur nefndarinnar tóku svo fram að skerðing Framleiðnisjóðs kæmi á alversta tíma fyrir landbúnaðinn og sveitir landsins þegar menn eru að mæta áhrifum af nýjum samdrætti framleiðslunnar og reyna að aðlaga framleiðsluhætti sína og búskap að nýjum aðstæðum. Þetta er því miður hin alvarlega staða þessa máls og ég fjölyrði ekki um það frekar enda er það stundum svo að færri orð eru áhrifaríkari en fleiri. Ég minni síðan aftur á það sem boðað er í fjárlagafrv. og lýtur að hinum nýja samningi.

Nál. lýkur svo á því að fulltrúi Kvennalistans hefur óskað að taka fram ákveðin atriði varðandi lagasetningu af því tagi sem er á ferðinni og nefnast gjarnan bandormar. Af málvöndunarástæðum býð ég upp á nýyrðið safnfrumvörp ef mönnum þykir það brúklegt í framtíðinni. Það er öllu geðfelldara orð en bandormur af vissum ástæðum og mér finnst orðið safnfrumvarp ágætlega lýsandi fyrir það sem er á ferðinni, þ.e. að safnað er saman í eitt frv. efni óskyldra lagaákvæða. Gott er fyrir valdamann í þinginu eins og hv. formann þingflokks Alþfl. að heyra þessa uppástungu mína. (**Gripið fram í:** Ég styð þig, ég styð þig.) Það er mér ljóst.

Að lokum vill svo minni hluti efh.- og viðskn. undirstrika og ítreka, því miður að gefnu tilefni, ítreka mótmæli sín gegn þeim vinnubrögðum sem ríkisstjórnin hefur beitt í þessu máli. Við hljótum að lýsa

miklum áhyggjum yfir þeim ólýðræðislegu starfs- og samskiptaháttum sem nýir stjórnarherrar hafa innleitt gagnvart Alþingi og þjóð. Það er þannig, hv. þm. og hæstv. ráðherrar, að það er ekki hægt að horfa fram hjá því að andrúmsloftið hefur stórversnað í samskiptum ríkisvalds og fjölmargra aðila innan þings og utan. Auðvitað eru tíðindi að til viðræðna við eina þingnefnd skuli koma fjölmargir mismunandi aðilar og nánast hver einn og einasti hafi sömu sögu að segja. Byrji ræður sínar á hörðum mótmælum gegn þeim vinnubrögðum sem þeir hafa mátt sæta af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er ósköp einfaldlega svona, hv. formaður þingflokks Alþfl., ég veit að þingmanninum er þetta ljóst. Ef hann trúir mér ekki þá ætti hann að taka nóttina í að blaða í gegnum fskj. með þessu nál. og mundi hann þá ekki gera af sér annað óþarfara á meðan. Þetta er gegnumpakkað af bréfum, greinargerðum, álitsgerðum frá sveitarfélögunum, samtökum þeirra, frá Hafnasambandinu, frá Alþýðusambandinu, frá Vinnuveitendasambandinu, frá Verslunarráðinu, frá Sjómannasambandinu, frá LÍÚ und so weiter, eins og sagt er á þýðverskri tungu. Og allir þessir aðilar eru því miður að mótmæla vinnubrögðum og framkomu ríkisstjórnarinnar við sig. Þetta er auðvitað leiðinlegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Ég vil svo að lokum taka undir það að hér er á ferðinni í formi lagasetningar umtalsverður sóðaskapur og eru menn þó ýmsu vanir hér í svona safnfrumvörpum eða bandormum. En hér er því við að bæta að til viðbótar fjármálalegum atriðum er blandað inn í fagleg um hlutum sem ekki varða útgjöld ríkisins og koma þeim jafnvel ekki við. Það finnst mér vera viðbótarsóðaskapur í lagasetningu af þessu tagi og gerir málið hvorki betra né áferðarfallegra fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. siðapostulann, forsrh., sem hefur talið sig þess umkominn að vanda um við aðra menn í þessum efnum.

Herra forseti, ég lýk nú framsöguræðu minn enda nokkuð þreyttur orðinn og feginn því að geta látið þennan ágæta ræðustól öðrum eftir. En ég hef gert ósköp einfaldlega mitt besta í því að fara ítarlega yfir efni þessa frv. og gera nokkuð rækilega grein fyrir þessu nál. sem mér var falið af minni hlutanum að tala fyrir og rökstyðja okkar afstöðu eins málefnalega og vel og mér er á þessum stutta tíma mögulegt. Ég vona einnig að mér hafi tekist að upplýsa ýmis atriði fyrir hv. alþm. með ræðu minni og út af fyrir sig einnig með því nál. sem við í minni hlutanum höfum tekið saman og er auðvitað til muna fyllra og geymir meiri gögn um þetta mál en það sem barst frá meiri hlutanum. Það er til gamans allt í lagi að upplýsa það að vinna við þetta nál. hófst rétt um kl. hálfsjö í morgun og hefur nú meira og minna staðið yfir sleitulaust síðan. Ég tel að þetta sé eftir atvikum þokkalegur afrakstur á þeim tíma og vona að hv. alþm. minnist þess þegar rætt er um vinnubrögð og afköst manna hér að menn reyna að leggja nótt við dag og skila góðu verki eftir því sem kostur er við erfiðar aðstæður, eins og stundum er sagt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 307, sem var of seint fram komin, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EL, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, ÓÞÞ, RG, SalÞ, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP.

2 þm. (GHelg, ÖS) greiddu ekki atkv.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EKJ, GAK, GB, GHall, GunnS, HG, ISG, IP, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Kl. 12.06 í nótt var dreift á borð þingmanna brtt. á þskj. 300, brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992. Kl. 12.04 var dreift þskj. 294, brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992. Og kl. 12.02 var dreift brtt. á þskj. 295 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Í 29. gr. þingskapa segir svo, með leyfi forseta:

„Eigi má taka málið til umræðu fyrr en a.m.k. einni nóttu síðar en áliti nefndar eða meiri hluta hennar var útbýtt."

Síðar í þingsköpunum, í 51. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Brtt. við lagafrv. og þáltill. skulu prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en einni nóttu áður en þær koma til umræðu."

Með öðrum orðum er það ljóst að eigi 3. umr. fjárlaga að fara fram á þeim degi sem nú er nýlega hafinn þá gerist það ekki öðruvísi en að Alþingi samþykki það með afbrigðilegum hætti, þ.e. með tveimur þriðju hlutum. Þetta er nauðsynlegt að sé skýrt nú þegar, virðulegi forseti, með hliðsjón af þeim umræðum sem eiga eftir að fara fram hér í dag eða nótt um það mál sem er á dagskrá. Það er sem sé ljóst að útilokað er að hefja 3. umr. fjárlaga öðruvísi en að um það takist víðtækt samkomulag tveggja þriðju hlutum þingsins. Það samkomulag liggur ekki fyrir eins og sakir standa, virðulegi forseti. Það hefur ekkert samkomulag verið gert um það. Þessu vildi ég slá föstu á þessari stundu, herra forseti og bæta því við að tilkynningin um útbýtingu þessara mála var ekki lesin af forsetastóli fyrr en núna, kl. 1.50 eða svo. Það er því augljóst mál að það verður að leita afbrigða, það verður að ná samstöðu stjórnar og stjórnarandstöðu ef 3. umr. fjárlaganna á að hefjast á þessum sólarhring á annað borð.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að mótmæla þegar í stað þeirri túlkun sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég held satt að segja að þingið hafi margt annað þarfara að gera en að deila um það hvað telst nótt og hvað ekki. Ótal fordæmi eru fyrir því að þskj. hafi verið útbýtt þegar liðið er eitthvað á nóttina og málin tekin til umræðu daginn eftir án athugasemda eða sérstakra afbrigða. Það gerðist í síðustu viku þegar hér var síðast kvöldfundur eða næturfundur ef ég man rétt. Ég tel nauðsynlegt að mótmæla þessu á þess-

ari stundu og óska eftir því að forseti og starfslið þingsins gangi tryggilega úr skugga um hvernig þessum málum hefur áður verið fyrir komið og hvernig þeim er réttast hagað.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki þetta sem hv. 9. þm. Reykv. benti á, sem ég ætlaði að ræða hér undir liðnum þingsköp, heldur staðan í GATT-málinu. Hvernig tengist hún þingsköpum? Jú, á þann hátt að fyrir u.þ.b. hálfum mánuði síðan óskaði þingflokkur Framsfl. eftir umræðu um stöðuna í GATT-málinu, sérstaklega það sem snertir landbúnaðinn. Hæstv. landbrh. óskaði eftir því að það færi frekar fram á þann veg að hann gæfi þinginu skýrslu heldur en að utandagskrárumræða færi fram. Nokkru síðar vísaði hæstv. landbrh. málinu frá sér til hæstv. utanrrh. þar sem málið heyrði undir hann. Síðan segir utanrrh. að hann sé að vinna að skýrslu um þetta mál sem muni verða dreift hér í þinginu. Í dag er henni dreift án þess að vera þingskjal, þannig að ekki er hægt að óska eftir því að hún komi á dagskrá. Það er greinilegt að hæstv. ráðherrar þora ekki að ræða þetta mál hér í þinginu.

Síðan gerðist það kl. 11 í gærkvöldi að frestur rann út til þess að gera athugasemdir við GATT-samninginn. Þess vegna kveð ég mér hér hljóðs vegna þessa máls, undir liðnum þingsköp, að þingheimur fékk ekki tækifæri til þess að tala um það áður en frestur rann út til þess að gera athugasemdir.

Ég býst við að ég í hlutverki formanns þingflokks Framsfl. hafi kannski ekki verið nægilega hörð á því að krefjast þess að utandagskrárumræða færi fram um þetta mál. En það er nú svona. Maður vill ekki láta bera það upp á sig að maður sé hér með endalausar kröfur. Þess vegna hef ég ekki gert kröfur um það heldur hafði trú á því — ekki síst vegna þess að formaður þingflokks Alþfl. flutti þau skilaboð frá hæstv. utanrrh. að það væri ekkert sérstakt að gerast í þessum málum og engin ný stefna. Samt sem áður vitum við að Kanadamenn leituðu eftir stuðningi annarra þjóða við þá tillögu sína að þær þjóðir sem eru með kvótakerfi heima fyrir og eru að reyna að miðað framleiðslu sína við innanlandsmarkað fengju að beita kvóta líka á innflutning. Svo vildi til að Íslendingar treystu sér ekki til þess að styðja þá kröfu Kanadamanna. Það gerðu t.d. Norðmenn og þeir gerðu athugasemdir við það, höfðu samband við íslensku bændasamtökin hvernig á því stæði að Íslendingar styddu ekki slíkar óskir. En hæstv. ríkisstjórn treysti sér ekki til þess.

Ég kveð mér hér hljóðs, hæstv. forseti, undir liðnum þingsköp vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í þessu máli.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða hv. 9. þm. Reykv. að hér hefði þingskjölum verið dreift eftir miðnætti þá veit ég ekki á hvaða klukku hann hefur horft. Þegar þskj. 295 var dreift sat ég hér í sæti mínu og horfði á þá klukku sem er hér á svalaveggnum fyrir ofan og hún var ekki orðin 12 á miðnætti. Hún átti að vísu ekki margar mínútur eftir en hún var ekki orðin 12. Þetta vildi ég að kæmi fram hér.

Svo held ég sé rétt að skoða hvaða háttur hefur verið hafður á í þessum efnum áður. Ef hv. 9. þm. Reykv. skoðar fyrri tilvik þar sem svipað hefur háttað til þá hygg ég að hann muni sjá að þau séu allnokkur. Hann er þingreyndur maður og mun auðvitað skoða það sem gerst hefur hér í kvöld því áreiðanlega var klukkan orðin einhverjar mínútur yfir 12 þegar sumum þeirra þingskjala, sem hann nefndi, var dreift. Ég ítreka og legg áherslu á að klukkan hér á veggnum var ekki orðin 12 þegar dreifing þessara þingskjala hófst.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að hæstv. umhvrh. sé sérstaklega góður að horfa á klukkuna. Þó ég sé farinn að sjá heldur illa frá mér þá sé ég alla leið á þessa klukku enda er það kannski ekki úrslitapunktur í málinu. Hinn formlegi punktur í málinu er auðvitað sú stund þegar forseti tilkynnir að þingskjölum hafi verið útbýtt vegna þess að ekki er skráð tímasetning á dreifingu þingskjala. Það verður kannski að taka það upp vegna núv. ríkisstjórnar en það hefur aldrei verið gert.

Skjölunum var dreift upp úr klukkan tólf, að mínu mati, og ég skráði það vandlega hjá mér og las það upp hér af stólnum áðan. Jafnframt er það þannig að forseti tilkynnti útbýtingu ekki fyrr en klukkan var tíu mínútur fyrir tvö, forseti tilkynnti útbýtingu á þessum skjölum tíu múnútum fyrir tvö. Forseti gat auðvitað vel, ef hann hefði viljað, beðið hv. 4. þm. Norðurl. e. um að gera hlé á ræðu sinni meðan hann tilkynnti útbýtinguna en það gerði forseti ekki, þannig að það er ljóst.

Í öðru lagi er það þannig, virðulegi forseti, að þegar mál hafa komið upp með hliðstæðum hætti á Alþingi hefur verið samkomulag um meðferð mála sem er ekki núna. (**Gripið fram í:** Ekki einu sinni samkomulag um klukkuna.) Meira að segja deila menn um þetta fræga tæki, klukkuna. Það er augljóst að hér standa hlutirnir þannig. Þeir gera það a.m.k. af minni hálfu, og ég tel sem þingreyndur maður og hafandi verið hér lengi, að ef það á að knýja fram 3. umr. fjárlaga á morgun þá verði að ganga um það atkvæðagreiðsla um afbrigði. Nú er ég ekkert að útiloka að það geti tekist að ná um það einhverju samkomulagi. Mér finnst það satt að segja hart að hv. 8. þm. Reykv. skuli strax byrja á því að hafa í hótunum í þessu máli, byrja á því að hafa í hótunum, í raun og veru áður en nokkur efnisleg ástæða er til þess. Auðvitað er það í góðu samræmi við hans vinnubrögð hér að undanförnu að hann skuli hafa í hótunum án þess að nokkurt tilefni hafi gefist til slíks. Ég hélt að það væri hlutverk þingflokksformanna stjórnarflokkanna að reyna að ná samtöðu um málin, að reyna að greiða fyrir því að lending næðist. Það er bersýnilega enginn vilji er til þess. Það kemur mér ekki á óvart. En það er athyglisvert að menn skuli reyna að hnýta enn að þessu máli eins og hv. þm. Geir Haarde gerði hér áðan. Ég tel að

það sé alveg hafið yfir allan vafa að ef 3. umr. á að hefjast á þessum sólarhring verður að leita til þess afbrigða. Ætli forsetadæmið og formenn þingflokkanna að gera það öðruvísi eru þeir að mínu mati að brjóta þau lög sem þingsköpin hvíla á. Aðrir þingmenn ráða því auðvitað hvort þeir taka undir þessa skoðun mína en það er algjörlega ljóst að hér er um að ræða brot á þeim lögum sem Alþingi setti samhljóða í vor. Ég skora á forsetadæmið að sýna þingsköpunum þá lágmarksvirðingu að fara vandlega yfir þessi mál og reyna að leita sátta fremur en að hafa í heitingum og hótunum um illindi, eins og hv. 8. þm. Reykv. gerði áðan.

Forseti (Björn Bjarnason):

Ef það má verða þingmanni til leiðbeiningar í þessum umræðum um þingsköpin vill forseti upplýsa að embættismenn þingsins hafa tilkynnt honum að fyrir því eru ótal fordæmi að þannig hafi verið staðið að málum að þingskjölum hafi verið dreift á þessum tíma sólarhrings og síðan tekin fyrir næsta dag. Fyrir því eru ótal fordæmi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er nú upplýst að tímagæsla heyrir undir umhvrn. og verður að segjast eins og er að þar eru fleiri málaflokkar en við almennt áttum von á. Sjálfsagt er þetta rétt því að tímatalningin byggist á himintunglum, eins og menn vita, og þess vegna um rökrétta niðurröðun verkefna að ræða.

Ég hygg aftur á móti að hæstv. forseti þingsins komist ekki undan því að viðurkenna þá staðreynd að þar sem þingmenn fá skjöl á sitt borð á misjöfnum tíma fer ekki á milli mála, þegar hann tilkynnir af forsetastóli hvenær skjalinu hefur verið dreift, að þær upplýsingar eru tímasettar og ákaflega erfitt að miða við nokkurn annan tíma. Það getur t.d. verið að það sé byrjað á hæstv. umhvrh. og hann líti á klukkuna og svo sé endað á hæstv. landbrh. og hann líti þá á klukkuna og allt er orðið misvísandi.

Ég held satt best að segja að sú röksemdafærsla að ætla að halda því fram að skjölum hafi áður verið dreift og mál hafi áður verið tekin til umræðu geti verið hárrétt, að þetta hafi allt saman gerst með þessum hætti. Það breytir þó engu hinum skrifaða texta og bókstafurinn blífur. Ég er ekki búinn að sjá að hæstv. dómsmrh. mundi samþykkja það, ef sú röksemdafærsla yrði tekin upp sem vörn í málum, að þetta hefði áður gerst og ekkert hefði verið gert til þess að rengja það. Í það minnsta vildi ég gjarnan mega nota þetta ef lögreglan yrði til þess að stöðva mig fyrir of hraðan akstur, eins og þeir gerðu á Kjalarnesinu á seinastliðnu ári, og taldi ég mig vera á sómasamlegri ferð miðað við þann tíma dagsins sem þetta var. Ég hef verið þeirrar skoðunar að þá sé of mikil löggæsla í landinu ef þeir eru komnir fyrir klukkan tíu upp á Kjalarnes. Ég er ekkert viss um að það dugi og í það minnsta dugði það ekki gagnvart því atriði að ég borgaði mína sekt.

Ég held að hæstv. ríkisstjórn sitji uppi með það að verða að leita afbrigða. Hins vegar finnst mér óþarflega mikill skjálfti í hennar herbúðum ef hún slær því föstu að svo sé ástand í þinginu að menn styðji ekki afbrigði. Mér finnst það fullmikill skjálfti því að meginreglan hefur náttúrlega verið sú að menn hafa samþykkt afbrigði. Ég hefði talið að menn ættu að halda ró sinni og gera sér grein fyrir því að þingmenn hafa löngum haft þá skoðun að eðlilegt sé að samþykkja afbrigði, nema eitthvað sérstaklega standi á, og ég held þess vegna að glímuskjálftinn út af þessu sé fullmikill í þinginu.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega alveg ljóst að hér er nokkur vandi á höndum varðandi framkvæmd hinna nýju þingskapa. Komið hefur í ljós á síðustu dögum að menn hafa e.t.v. ekki sett sig nægilega vel inn í þau og ekki gætt þess að fara eftir þeim í einu og öllu. Þannig var t.d. alveg ljóst að það hafði ekki verið virt nægilega að efh.- og viðskn. færi yfir áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 2. umr. fjárlaga og fyrir 3. umr. fjárlaga. Nú má vel vera að sumir vilji taka þetta nokkuð léttilega. En það var ekki meiningin með setningu hinna nýja þingskapalaga.

Ég gerði grein fyrir því áður í kvöld að okkur í minni hlutanum hefði ekki unnist tími til að skila áliti til fjárln. Það vorum við nú að gera tíu mínútur yfir tvö, svo rétt sé farið með, eftir þeirri klukku sem ég horfi á. Ég veit ekki til þess að annað tímatal sé annars staðar í húsinu. Ég hef ekki séð nál. frá hæstv. fjárln. Það má vel vera að því hafi verið dreift en það hefur ekki komið á mitt borð. Mér er heldur ekki ljóst hvernig hæstv. fjárln. fer að því að dreifa nál. fyrr en efh.- og viðskn. hefur skilað sínum álitum til hennar því að það stendur hér í þingsköpunum: „Efh.- og viðskn. skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nál. fjárln. eða meiri hluta hennar“ o.s.frv.

Ég ætla ekki að segja neitt um það klukkan hvað þessum brtt. var útbýtt. Ég fylgdist ekki með því. En aðalatriðið er það að ég vil gera grein fyrir því að okkur hefur auðnast að skila þessu áliti og það ber að prenta sem fylgiskjal með nál. fjárln. Því hefur enn ekki verið dreift enda gerði ég ekki ráð fyrir að því yrði dreift fyrr en efh.- og viðskn. hafi skilað sínum álitum. Þannig stendur málið og ég tel að skoða verði það í því ljósi miðað við gildandi þingsköp sem hér eru, hvernig svo sem menn líta á málið.

Ég vil jafnframt minna á að auðvitað hefur oft komið fyrir áður að leitað sé afbrigða. Ég veit ekki betur en að leitað hafi verið afbrigða áðan út af brtt. Það er því ekki nýtt í sögu þingsins að leitað sé afbrigða, sérstaklega síðustu daga fyrir jól og síðustu daga áður en þingi lýkur. Það er algengt og ég býst við að það hafi oft komið fyrir að leitað hafi verið afbrigða í fjárlagaumræðu.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti, mér finnst að hér hafi komið fram nokkuð athyglisverðar upplýsingar í ræðu hv. 1. þm.

Austurl. Nál. minni hluta efh.- og viðskn. um skattahlið fjárlagafrv. er nýlega tilbúið. Hafi verið dreift einhverjum pappír sem heitir álit meiri hluta fjárln. um fjárlögin fyrir árið 1992 er það ógildur pappír. Það er ljóst, og nauðsynlegt fyrir forseta þingsins að taka það til athugunar, svo ég kveði nú ekki fastar að orði.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hljómar eins og brandari þegar hv. 9. þm. Reykv. sakar aðra menn hér um að vera með hótanir og stofna til illinda. Ég vil frábiðja mér það ég hafi verið með einhverjar hótanir í minni ræðu. Ég vakti hins vegar athygli á því, þegar ég svaraði hans kenningu um að ekki yrði unnt að halda 3. umr. fjárlaga á morgun nema með afbrigðum þar eð þingskjöl hefðu ekki borist á borð þingmanna fyrr en eftir miðnætti, að fyrir slíku væri áralöng hefð í þinginu og gömul venja að túlka þingsköpin með þessum hætti enda var þessu ákvæði ekkert breytt við endurskoðun þingskapalaga nú síðast. Það hefur því ekkert breyst í þessu efni. Auðvitað veit ég að allir þingmenn, sem hafa verið hér jafnlengi og hv. 9. þm. Reykv., vita þetta mætavel.

Hann telur sér hins vegar henta núna, væntanlega til þess að geta talað um þingsköp á morgun, að halda því fram á þessari stundu að þetta sé eitthvað breytt og nú beri að samþykkja afbrigði ef þingskjölum er dreift eftir miðnætti. Ég vil vekja athygli hans og annarra þingmanna á því að sl. mánudagskvöld stóð hér þingfundur til kl. 2.40 aðfaranótt þriðjudags. Á þessum fundi var útbýtt í það minnsta þremur þingskjölum sem sett voru á dagskrá fundar daginn eftir án þess að leitað væri afbrigða og að sjálfsögðu engin athugasemd gerð við það. (**ÓÞÞ:** Þá voru það mistök forseta.) Það eru engin mistök forseta. (**ÓÞÞ:** Ástæðulaust að skamma þá eftir miðnætti.) Það voru þrjú þingskjöl sem ég hef aflað mér upplýsinga um sem þá var útbýtt eftir miðnætti og tekin á dagskrá með fullkomlega eðlilegum hætti. Það hefur alltaf verið svo, það veit ég að hv. 2. þm. Vestf. veit mætavel, búinn að sitja hér á þingi sl. 12 ár. Að vísu allan tímann í stjórnaraðstöðu, þannig að hann hefur kannski ekki fylgst jafnglöggt með þessu og hann er nú byrjaður að gera. En þetta vita auðvitað allir. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er alltaf í stjórnarandstöðu.) Einhver fótur mun vera fyrir þessari athugasemd. En ég held að þetta sé svona.

Að því er varðar það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. vil ég leyfa mér að efast um að hv. minni hluti efh.- og viðskn. geti sett meiri hlutanum í fjárln. með þeim hætti stólinn fyrir dyrnar, að sá meiri hluti geti ekki gengið frá sínu nál. fyrr en álit minni hlutans í efh.- og viðskn. hefur borist. Ég leyfi mér að vitna til þeirrar umræðu sem fór fram í dag þegar mönnum hentaði að ræða þingsköp í tvo klukkutíma. Það er auðvitað algengt að mál séu tekin á dagskrá þótt einungis sé komið meirihlutaálit í viðkomandi máli. Enda væri það furðulegt lýðræði ef minni hlutinn gæti með því einu að skila ekki áliti komið í veg fyrir að mál kæmust á dagskrá. Það væri furðulegt lýðræði sem þannig væri skipulagt. Auðvitað er það fjarstæða sem hér var verið að halda fram í dag, að ekki megi taka mál á dagskrá nema álit bæði meiri hluta og minni hluta séu komin fram. Ég rakti dæmi um það í dag, og hef fengið þau dæmi staðfest og skjalfest síðan, að fyrir því eru fordæmi og það mörg. Þetta er að þessu leyti svipað því að minni hlutinn í nefnd getur ekki sett meiri hluta þingsins eða meiri hluta í annarri nefnd stólinn fyrir dyrnar með því einu að draga útbýtingu eða framlagninu á nál. Nú hefur ekki verið um það ræða í þessu tilfelli að sérstök töf hafi verið af hálfu þessa minni hluta efh.- og viðskn. að ganga frá sínu áliti. Þvert á móti, ég veit að þar hafa menn lagt sig alla fram á þessum kvöldfundi í hléi, sem hér var gefið, til að vinna að því minnihlutaáliti. En ég tel ekki að það í sjálfu sér geti komið í veg fyrir að meiri hlutinn í fjárln. vinni að sínu nál. eða gangi frá því ef þeim meiri hluta hentar að gera svo. Meiri hlutinn í fjárln. er nefnilega ekki skuldbundinn til þess að fara að tillögum eða áliti minni hlutans í efh.- og viðskn. þótt sá minni hluti vildi eflaust gjarnan hafa það svo.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég er mjög undrandi á þessari umræðu og ummælum hv. 8. þm. Reykv. Ég var einfaldlega að gera grein fyrir því hver staða þessa máls væri. Hann kemur hér upp og spyr: Er það nú eðlilegt að einhver minni hluti á Alþingi geti sett meiri hlutanum stólinn fyrir dyrnar? — Hver var að tala um það, hv. þm.? Hann ítrekaði það og skýrði þingheimi frá því að meiri hlutinn væri ekki skyldugur að fara eftir einhverjum minni hluta. Við höfum orðið vör við það, hv. 8. þm. Reykv., í vetur hvernig meiri hluti Alþingis lítur á minni hlutann. Það hefur komið mjög skýrt fram. Mjög skýrt hefur komið fram að meiri hlutinn á Alþingi telur að minni hlutinn hafi ekki mikið að segja. Það sé hægt að tala við hann með þeim hætti sem hv. þm. gerði og láta menn vita af því að minni hlutinn setji ekki meiri hlutanum stólinn fyrir dyrnar.

Menn hafa verið að tala hér um hótanir. Ekki veit ég almennilega hvað þeir eiga við með því. Mér finnst þetta óþarfa tal í þingflokksformönnum og forsætisnefndarmönnum sem eiga að gæta þess að þinghald fari fram með sem eðlilegustum hætti.

Ég vil hins vegar ítreka við hv. 8. þm. Reykv. að það stendur í þingsköpunum: „Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nál. fjárln.“ Ég lít svo á að hér sé átt við álit bæði meiri hluta og minni hluta. Ef menn líta svo á að álit minni hluta á Alþingi skipti engu máli, það séu bara svona málamyndaplögg, þá það. En auðvitað ber mönnum skylda til þess að skila álitum og ég vil ítreka það að við höfum gætt þess að vinna að þessu áliti sem mest má vera í dag og við höfum unnið að málum á þingflokksfundartímum. Það er algjör óþarfi af hv. 8. þm. Reykv. að koma hér upp með þessum hætti og einu sinni enn að tala með þessum vandlætingartón til minni hlutans hér á Alþingi.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér bara hljóðs núna til þess að taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. 1. þm. Austurl. varðandi það hvað telst gilt nál. fjárln. Mjög mikilvægt er að það liggi fyrir að afstaða okkar í þessu efni er alveg skýr og algjörlega samhljóða.

Ég vil einnig þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir þennan fyrirlestur um lýðræði sem hann flutti hér áðan. Hann var mjög merkilegur, ekki síst fyrir mann af lýðræðiskynslóðinni sem er formaður í þingflokki Sjálfstfl. Með öðrum orðum: Hv. 8. þm. Reykv. hefur tjáð þingheimi það að meiri hlutinn ráði á Alþingi. Það er nefnilega það. Meiri hlutinn ræður í nefndunum. Meiri hlutinn skilar áliti. Minni hlutinn skilar áliti, jú hann getur gert það, en það skiptir bara engu máli. Minni hlutinn er aukaatriði, í rauninni má sleppa minni hlutanum. Í raun er minni hlutinn óþarfi og ástæðulaust að hlusta neitt á hann af því að meiri hlutinn ræður. Það er hann sem hefur valdið og stjórnar valtaranum sem er verið að rúlla yfir þingmenn þessa dagana.

Þessi athyglisverði lýðræðisfyrirlestur hv. þm. Geirs Haarde hefur að vísu stundum heyrst áður, aðallega í stofnun sem heitir borgarstjórn Reykjavíkur. Þessi lýðræðisfyrirlestur hefur aldrei áður verið fluttur á Alþingi Íslendinga, þessi meirihlutahroki sem birtist hjá hv. 8. þm. Reykv. Ég harma að þessi fyrirlestur skuli hafa verið fluttur hér. Hann er dapurleg heimild um það sálarástand sem ríkir í innstu hugarfylgsnum forustumanna stjórnarflokkanna. Og staðfestir auðvitað einnig af hverju illa gengur á Alþingi. Það er af því að það er viðhorf þessara manna að berja eigi á minni hlutanum. Það sé réttlætanlegt að berja á minni hlutanum og það sé beinlínis rangt að sýna minni hlutanum tillitssemi. Ég er ósammála þessum viðhorfum. En það er gott að þau fengu að koma fram í þessum stól í nótt vegna þess að þau sýna og skýra af hverju þinghaldið er í því ástandi sem menn sjá á þessari nóttu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um ræðu hv. 8. þm. Reykv. hér áðan. Ég ætla ekki að hafa hana langa en ég ætla í örfáum orðum að lýsa fyrir honum vinnu hv. efh.- og viðskn. í dag og biðja hann að skoða hana í ljósi sinna ummæla fyrr í kvöld um að það sé óþolandi að minni hluti tefji fyrir málum með því að draga að skila áliti.

Við byrjuðum hér kl. níu í morgun að vinna á fyrstu törn. Við gerðum að vísu hlé meðan þingflokksfundir voru frá kl. tíu. Síðan gerist það að við erum kölluð fyrirvaralaust á fund á miðjum degi vegna þess að meiri hlutanum var þóknanlegt að ganga frá áliti efh.- og viðskn. um tekjuþátt fjárlagafrv. á u.þ.b. hálftíma fundi úti í Þórshamri seinni partinn. Þar fórst fundarboðun fyrir þannig að við fulltrúar Framsfl., sem mættum kl. þrjú, vorum gerðir afturreka þar sem meiri hluti hv. nefndar var þar sestur á fund með hæstv. fjmrh. og nokkrum starfsmönnum fjmrn. Okkur var sagt að fundur ætti að vera kl. fjögur sem er reglulegur fundartími þingflokksfunda og er fáheyrt að slíkt sé gert. Aðrir nefndarmenn létu sig hafa að sitja þann fund þar, aðrir en sá sem hér stendur sem kaus frekar að sitja þingflokksfund í sínum flokki á reglulegum þingflokksfundartíma.

Þessum fundi lauk síðan klukkan hálfsjö, ef ég man rétt. Þá settumst við niður fulltrúar minni hlutans og sátum við það til klukkan hálfátta að ganga frá nál. um það mál sem hér er nú til umræðu í nótt til að hægt væri að taka það til umræðu hér í kvöld. Við sátum við það fram undir klukkan átta. Strax að því loknu, virðulegi þingmaður, hófst vinna okkar við það að ganga frá nál. um tekjuhlið fjárlaga. Í það verk fór hv. 1. þm. Austurl. Við samþykktum klukkan ellefu umyrðalaust að þá yrði hafin umræða um bandorminn þrátt fyrir að þeirri vinnu væri ekki lokið. Við vorum að því að ganga frá því nál. samhliða því að taka hér þátt í umræðum þangað til fyrir rúmum hálftíma síðan. Þetta er, virðulegi þingmaður, gangur þessa máls og þetta — og það ítrekaði ég — er það tilefni sem hv. þm. fann sér til þess að segja hér úr þessum stól að minni hluti nefndar væri að tefja fyrir framgangi mála hér í jólavikunni, (**GHH:** Ég sagði það nú ekki reyndar.) með því að draga framlagningu nál. Þetta er svo yfirgengilegt, virðulegi forseti, að ég veit ekki hver okkar viðbrögð eiga að vera við þessu. Ég get ekkert gert annað en að fara fram á það við hv. 8. þm. Reykv. að hann komi hér upp. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Nú verð ég að segja það að ég átta mig ekki á því hvað það var sem varð þess valdandi að forseti barði í bjölluna af þessum krafti. (**Forseti:** Tíminn er útrunninn.) Tíminn er útrunninn, já. Þá skal ég ljúka mínu máli og það er orð að sönnu: Tíminn er að renna út. Það er eitt sem víst er.

Ég vil þá að lokum, virðulegi forseti, fara þess á leit við 8. þm. Reykv. að hann komi hér upp og segi álit sitt á því hvort það hafi virkilega verið svo að minni hluti hv. efh.- og viðskn. hafi verið að tefja hér framgang mála.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að kenna hv. þingheimi, þeim sem ekki hafa þegar lært það, að þingnefnd er allir nefndarmenn. Hvort hún skilar einu nál., tveimur, þremur eða fjórum, eftir því sem verkast vill, þá eru öll nál. nefndar jafngild. Ég kann þess engin dæmi að hæstv. forseti hafi ekki beðið eftir nál. allra nefndarmanna, hafi verið talað um að þau kæmu. Fyrir kom að nál. kom ekki, en þá tilkynnti minni hluti eða hluti af minni hluta að það mundi ekki koma nál. En ég er ansi hrædd um að núv. hæstv. landbrh. hefði tekið stór skref hér í ræðustól ef til hefði staðið að fara að ræða mál á meðan beðið væri eftir nál. frá einhverjum hluta nefndar. Þetta held ég að sé alveg ljóst að menn skilji, að það er enginn nefndarmaður öðrum æðri í þingnefnd. Til þess eru þingnefndir að láta í ljós skoðun sína á þingmálum. Því er þessi umræða svo fáránleg að það er næstum því ástæða til að fyrirverða sig fyrir að þurfa að vera lesa svo sjálfsagða hluti yfir hv. þingheimi.

En vegna þess að ég er hingað komin þá vil ég

vekja athygli á því að nú klukkan hálf þrjú að nóttu á allur þorri þingmanna eftir að lesa það sem ég held hér á, sem eru hluti af fjárlagafrv. íslenska ríkisins fyrir árið 1992. Nál. minni hluta efh.- og viðskn. er þessi bunki hér, að mér sýnist mjög vandað og vel unnið plagg sem ég held að væri mjög nauðsynlegt að þingheimur læsi. Álit meiri hluta nefndarinnar er fljótlesnara. Síðan eru hér veigamiklar brtt. sem eru alveg nýkomnar á borð hv. þm. (**Gripið fram í:** Þetta er um ráðstafanir í ríkisfjármálum.) Þá hef ég tekið vitlaust plagg og bið ég afsökunar á því, ég skal sækja það rétta. Síðan eru hér brtt. frá samgn. og ítarlegt nál. um flóabáta og annað slíkt, fólks- og vöruflutninga og brtt. sem eru þetta plagg hér. Og ég spyr: Hvenær ætlar hv. þingheimur að lesa þetta til að vita eitthvað um hvað á að ræða hér á morgun ef til stendur að ræða fjárlög?

Þetta vildi ég benda á. Hins vegar svona til gamans, af því að menn eru orðnir syfjaðir og þreyttir, þá afgreiddum við hér áðan afbrigði til að mál mættu koma hér á dagskrá og var nokkurn veginn svipuð tala stjórnar og stjórnarandstöðu sem samþykkti það, en það vekur athygli að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er hér skráður: Eftirfarandi þingmenn greiddu ekki atkvæði: Guðrún Helgadóttir, Össur Skarphéðinsson. — Og sækja nú saman gamlir félagar.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það hafa svo sannarlega orðið umskipti hér í Alþingi. Við vorum fyrir tæpu ári síðan að samþykkja breytingar á stjórnarskránni og breyta Alþingi þannig að það yrði í einni deild. Við vorum mjög bjartsýn á að þetta mundi verða þinginu til framdráttar, þetta mundi verða gott þing núna og þetta var allt gert í góðu samkomulagi. Síðan voru samþykkt ný þingsköp í vor og enn þá var allt í góðu samkomulagi og fór vel af stað. Nú er orðin breyting á og vinnubrögðin núna síðustu dagana satt að segja alveg ólýsanleg. Ástæðan er sú sem ég heyrði þegar ég kom hér upp stigann því að ég var að semja nál. til að koma áfram þingstörfum því auðvitað verðum við að nota nóttina til þess. Þá er verið að tala um að það minni hlutinn hafi ekkert að segja hér í þinginu og nál. frá minni hlutanum séu einskis virði. Það eru tíðindi að heyra þetta. Ég var í góðri trú að semja kafla í minnihlutaálit fjárln. og ég sé að vinna mín síðan um miðnætti er einskis virði og það ætlar enginn að líta á hana. Ég held það sé eins gott fyrir mig að fara heim að sofa því að formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur verið að tala um að minni hlutinn sé einskis virði í þinginu þegar búið er að berja saman meiri hlutann. Það getur vel verið að nú sé búið loksins að berja saman stjórnarmeirihlutann og þá sé kominn sá tímapunktur að minni hlutinn sé einskis virði og hægt að valtra yfir menn, eins og menn hafa verið að hér undanfarna daga. Hér hefur hvert málið á fætur öðru verið rifið út úr nefndum og ekki einu sinni beðið eftir því að líta á álit minni hlutans. Það var ekki spurt eftir því úti í fjárln. í kvöld þegar álit meiri hluta efnahagsnefndar um tekjuhlið fjárlaga var komið. Það var talið ærið nóg. Það var ekki einu sinni spurt eftir því hvort álit minni hlutans væri á leiðinni, áður en málið var tekið út.

Ég held að þessar hefðir sem eru að skapast hér á þessu fyrsta þingi okkar séu mjög alvarlegt umhugsunarefni og ég ætla að enda á því að beina því til hæstv. forseta að hann fresti þessum fundi og menn fari heim og komi síðan hingað í fyrramálið og haldi hér almennilega samráðsfundi þar sem verður komið einhverju skikk á þessi þingstörf. Þessi yfirgangur meiri hlutans er þinginu til skammar. Það er mál til komið að koma hér á skikk og ég vil skora á hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að ríkisstjórn, formenn þingflokka og forsætisnefnd hafi samráð og reyni að koma hér skikk á þinghaldið.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ummæli síðasta ræðumanns. Ég er hér næst á mælendaskrá og það fara auðvitað að renna á mann tvær grímur ef því er lýst hér yfir að nál. minni hluta skipti engu máli, þá hlýtur náttúrlega sama að gilda hér um ræður þingmanna. Hér eru náttúrlega að gerast mjög alvarlegir hlutir. Þetta er mjög einkennileg umræða sem hér á sér stað þar sem slíkar yfirlýsingar koma frá meiri hlutanum. Ég veit ekki hvað hv. 8. þm. Reykv. er eiginlega að kalla yfir sig og sinn meiri hluta. Ég vil taka undir það með hv. þm. Jóni Kristjánssyni að menn setjist niður, ekki núna heldur í fyrramálið, og reyni að átta sig á því hvernig framgangur mála á að vera hér. Það styttist óðum til jóla og auðvitað reynir á það á næstu dögum hvað gerist, hverju tekst að koma hér í gegn. Ég tek undir það að mér finnst eiginlega nóg komið. Mér er nóg boðið. Ég legg til að þessum fundi sé frestað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég tel það alveg rétt metið hjá forseta að við höldum áfram og að þeir sextán sem eru á mælendaskrá og þeir sem bætast við eftir að þeir sextán hafa talað, fái að gera grein fyrir máli sínu. Það er nefnilega svo að þegar þeir verða búnir að tala og næstu sextán þar á eftir þá er hugsanlegt að formaður þingflokks Sjálfstfl. átti sig þó á því að það er líka minni hluti á þingi hvort sem hann hefur eitthvað að segja eða ekki. Hér vilja menn hafa viss viðbrögð og það er sjálfsagður hlutur að tefla þetta tafl áfram og tefla það af þeirri festu að mönnum sé ljóst að það gengur ekki að hafa hér frv. um ríkisfjármál, eins og verið er að ræða í kvöld, sem er með allt annað innihald en nafnið ber með sér. Þess vegna er nauðsyn að umræðan haldi áfram og ég mun ekki láta nokkurn mann semja það málfrelsi af mér að gera menntmrh. grein fyrir því hvað hann er að gera með þeim hugmyndum sem hann er með í þessum bandormi.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég heyri að hér margir eru á mælendaskrá og það er að sjálfsögðu allt í lagi að halda áfram hér í alla nótt fyrst það eru sextán manns á mælendaskrá og ég heyri að hæstv. forseti ætlar ekki að þiggja þau ráð að gera nú hlé og hafa samráð. Ég var

svo sem ekkert bjartsýnn um það. Þessi yfirgangur heldur áfram og ég var alveg steinhissa, satt að segja, þegar ég frétti það að hæstv. forsrh. hefði mætt á einn samráðsfund síðan einhvern tímann í haust hér með forsætisnefnd og formönnum þingflokka. (**Gripið fram í:** Þó það.) Hann hefur þó mætt á einn. Þetta er náttúrlega nokkuð sem er algjörlega nýlunda hér í Alþingi. En meðan svo er að stjórnarliðar vilja ekki tala neitt um vinnubrögð hér og framgang mála þá heldur þetta að sjálfsögðu áfram. Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að það er minni hluti hér í þinginu þótt meiri hlutinn vilji helst ekki vita af honum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða það mál sem kallast ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það er kannski ágætt að minna á það hvaða mál er hér til umræðu eftir þetta hlé sem hér varð. Ég er fulltrúi í efh.- og viðskn. og hef þar af leiðandi verið að vinna í þessu máli. Þessa daga sem við höfum verið að fara í gegnum það hefur mér oft orðið hugsað til þess hvert hlutverk Alþingis sé og hvernig menn fara hér með löggjafarvaldið. Hér uppi á vegg hangir mynd af Jóni Sigurðssyni sem var einn þeirra sem barðist hvað ötullegast fyrir því að Íslendingar fengju löggjafarvald í sínar hendur frá Dönum og menn ætluðu Alþingi stóra hluti. En sá lagaóskapnaður sem hér er til umræðu er þannig að manni blöskrar. Í þessu frv. er blandað saman alls konar óskyldum málum og þar er gengið þvert á þau lög sem Alþingi hefur samþykkt og þetta frv. er með þeim hætti að það er ekki annað hægt en að gera að umtalsefni þessa aðferð sem hér er beitt. Í því nál. sem minni hluti efh.- og viðskn. skilaði er bókun frá fulltrúa Kvennalistans vegna þessa máls en hún er svohljóðandi:

„Lagasetning af því tagi sem hér um ræðir, þar sem blandað er saman alls óskyldum málum og tækifærið notað til að koma í gegnum þingið lagabreytingum sem koma „ráðstöfunum í ríkisfjármálum" ekkert við, er algjör óhæfa og óvirðing við löggjafarhlutverk Alþingis. Þá er tíðkað að gera „eyrnamerkta" lögbundna tekjustofna upptæka að hluta til eða að fullu. Þar með er gengið þvert á fyrri samþykktir Alþingis og komið í veg fyrir að brýn mál nái fram að ganga. Lög á að virða en Alþingi þarf einnig að vanda sig betur og samþykkja ekki lög nema ljóst sé hvaða kostnað þau hafa í för með sér."

Ég minntist hér á Jón Sigurðsson og hans baráttu og mig langar til að rifja upp fyrir þingheimi það sem Jón Sigurðsson skrifaði árið 1841 þegar hann þrítugur að aldri gekk um götur Kaupmannahafnar og hugleiddi stöðu Íslands. Hann skrifaði grein sem er hluti af greinarflokki og mig langar að lesa hér, með leyfi forseta, örlítið brot af sjöttu grein, sem heitir „Um ætlunarverk alþingis" og þessi grein er svohljóðandi:

„Þegar alþing skal setja, þá ríður einna mest á að gjöra sér ljósa grein fyrir, til hvors það sé ætlað, og hvors af því sé væntanda, því ef menn hafa eigi ljósa hugmynd um það frá upphafi, þá er uggvænt, ef alþing verður ekki við hugarburði sérhvers eins, að þá muni hverjum þykja lítið í það varið, og fá leiða á því, en þá er en mesta hætta búin að allt ónýtist.

Eigi er ólíklegt að sumir kunni að ímynda sér, að létta muni sköttum, eða að hverr maður fái meira frelsi enn áður, af því allir sem mæla fram með alþingi eru að hæla frelsinu; sumir munu aptur verða hræddir við stjórnleysi eður óstjórn, og þykir hvorttveggja nóg einsog nú er, og verða því mótfallnir alþingi. Hvorugt þetta er rétt skoðað: ef að velmegan jykist í landinu þá mundi enginn kvarta þótt skattarnir yxi að tiltölu, því ekki eru þeir í raun og veru annað, eða eiga að vera, enn styrktargjald frá öllum, sem þess eru megnugir, til þarfa landsins eða þjóðarinnar, og þær eru nú eigi allfáar á Íslandi; en þó einhverr fengi frjálsræði meira enn nú er, það er til nytsemda horfir, þarf ekki að óttast að úr því verði stjórnleysi, þegar embættismenn gæta skyldu sinnar.

Þegar vér skoðum ætlunarverk alþingis, þá er það ákveðið í úrskurði konungs 20. Maí í fyrra, að það skuli vera hið sama og þinganna í Danmörku: það á að vera til þess, að útvega konungi áreiðanlega vissu um þjóðvilja Íslendínga, um álit hinna skynsömustu manna um sérhvað sem laga þyrfti, og hversu að því skyldi fara til þess það mætti verða til sem mestrar nytsemdar."

Þetta skrifaði Jón Sigurðsson árið 1841 um hlutverk Alþingis. Í framhaldi af því langar mig til þess að vitna í ritverk Ólafs Jóhannessonar prófessors, „Stjórnskipun Íslands", en þar er fjallað um hlutverk Alþingis, ríkisvaldsins, löggjafarvaldsins og þar koma fram hlutir sem koma þessari umræðu við, herra forseti, og ég vil leyfa mér að lesa hér kafla úr Stjórnskipun Íslands til þess að skýra það sem ég er að fjalla um.

„Í 2. gr. stjskr. eru nánari fyrirmæli um megindrætti stjórnskipulagsins. Er hún byggð á kenningunni um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þáttu: löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Kenning þessi um þrígreiningu ríkisvaldsins á einkum rætur að rekja til rits franska stjórnvitringsins Montesquieu, „De l'Esprit des lois", er út kom árið 1748. Montesquieu hafði tæpum 20 árum áður dvalizt um skeið í Englandi og kynnt sér enska stjórnarháttu. En innanlandsátök þau, sem áttu sér stað á Englandi á sautjándu öld leiddu til valdaskiptingar á milli konungs og Parlamentsins, og valdi Parlamentsins var síðan skipt á milli neðri og efri deildar. Montesquieu dáði mjög hina ensku stjórnarháttu. Einn kaflinn í áðurnefndu riti var sérstaklega helgaður ensku stjórnarfyrirkomulagi. Lýsti Montesquieu þar enskum stjórnarháttum, en setti jafnframt fram sjálfstæða kenningu um þrískiptingu ríkisvaldsins. Samkvæmt kenningu Montesquieu skyldi sinn aðili fara með hverja grein ríkisvaldsins. Hver þeirra um sig átti að tempra eða takmarka vald hins. Ef allt ríkisvald er á einni hendi eða í höndum einnar stofnunar er að áliti Montesquieu hætt við ofríki og kúgun. Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja sjálfstæðra valdhafa á að koma í veg fyrir, að nokkur þeirra verði svo sterkur, að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og að eigin geðþótta.

En þessi kenning Montesquieu varð ein af kenni-

setningum franskra stjórnbyltingarmanna. Þaðan barst hún síðan víða um lönd. Hefur þessi kenning haft mikil áhrif á stjórnskipun frjálsra þjóða. Þó hafa ríki gengið mjög mislangt í þessu efni. Og óvíða hefur valdaskiptingarkenningu Montesquieu verið fylgt út í yztu æsar. Einna róttækust er greiningin í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Sviss og í ýmsum ríkjum í Suður-Ameríku.

Valdgreiningarinnar gætir mjög í íslenzkri stjórnskipun, þótt hún sé þar enganveginn alger. Í 2. gr. stjskr. er byggt á því, að hið sameinaða þjóðfélagsvald sé þríþætt, þ.e. skiptist í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þessi skipting getur staðizt, ef litið er á framkvæmdarvaldið sem einskonar samnefnara þeirra athafna ríkisvaldsins, sem hvorki verða taldar til löggjafarvalds né dómsathafna. Þá verða athafnir ríkisvaldsins jafnan heimfærðar undir eitt af þessu þrennu. En þá ber jafnan að hafa í huga, að athafnir þær, sem taldar eru til framkvæmdarvalds eru mjög margvíslegar. Í stjórnarskránni er hins vegar vikið frá kenningum Montesquieu um þrískiptingu ríkisvaldsins að því leyti, að hverjum aðila hefur ekki verið fenginn sinn þáttur ríkisvaldsins til meðferðar. Það sjónarmið er þó greinilega haft í huga. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskránni og landslögum fara með framkvæmdarvaldið og dómendur fara með dómsvaldið. Alþingið er að vísu aðalaðili löggjafarvaldsins, en það er ekki einkahandhafi þess. Samkvæmt 2. gr. stjskr. á framkvæmdarvaldið að vera í höndum forseta og annarra stjórnarvalda, en af öðrum stjórnarskrárákvæðum og stjórnskipunarvenjum leiðir, að Alþingi hefur mikil skipti af meðferð framkvæmdarvaldsins ...

Þó að byggt sé á þrígreiningu ríkisvaldsins í íslenzku stjórnarskránni, er í reyndinni engan veginn jafnræði á milli aðalhandhafa ríkisvaldsins. Alþingi er ótvírætt valdamesta stofnunin. Það byggist auk löggjafarvaldsins á fjárstjórnarvaldi þingsins og þingræðisvenjunni."

Herra forseti. Þetta var kafli úr bók Ólafs Jóhannessonar um stjórnskipun Íslands sem ég held að veiti ekki af að rifja upp fyrir þingmönnum því að ég fæ ekki betur séð en að hér á Alþingi hafi hlutirnir gjörsamlega snúist við og að það sé framkvæmdarvaldið sem skipi Alþingi fyrir en ekki öfugt. Það er Alþingi sem hefur valdið, það er Alþingi sem á að samþykkja lög og ég vildi óska þess að þingmenn væru meira vakandi fyrir virðingu Alþingis og því valdi sem það hefur í raun og veru.

Ég ætla þá að snúa mér að því frv., sem hér er til umræðu, hinum svokallaða bandormi eða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem eins og ég hef nefnt, er algjör lagaóskapnaður. Það kom fram hér í umræðu í gær að hér væri stundað lagasukk, ég bið forseta að afsaka þetta orðaval, það er ekki fagurt, en það er ekki hægt að lýsa þessu öðruvísi. Þetta er lagasukk og Alþingi til lítillar virðingar að standa svona að málum. En við stöndum frammi fyrir því að verða að taka frv. sem þetta til meðferðar og ég ætla að byrja á því, herra forseti, að fara hér í gegnum það.

I. kafli frv. fjallar um breytingar á lögum um grunnskóla. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að þessi kafli eigi alls ekki heima í þessum lögum. Hér er fyrst og fremst um að ræða efnisbreytingar. Þetta eru breytingar sem hafa ákaflega lítið að segja fyrir ástand ríkisfjármála. Það hefur verið metið svo að þetta sé kostnaður upp á 20–40 millj. sem auðvitað er sáralítið brot af fjárlögum íslenska ríkisins en hér er um að ræða mikið framfaramál. Síðastliðið vor voru samþykkt ný lög um grunnskóla og inn í þau voru teknar margar breytingar sem höfðu beðið ákaflega lengi, baráttumál foreldra og skólamanna. — Virðulegi forseti. Ég var þar komin í ræðu minni að nefna það að sl. vor voru samþykkt lög um grunnskóla sem fólu í sér marghátt-aðar breytingar sem beðið hafði verið eftir mjög lengi. Þar má upp telja atriði eins og samfelldan skóladag, máltíðir í skólum og fleira í þá átt. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að grunnskólinn íslenski, eins og hann er í dag, er því miður afar gamaldags og langt í frá að hann sé í takt við tímann. Við vitum að allur þorri foreldra ungra barna vinnur utan heimilis. Báðir foreldrar vinna utan heimilis og það jafnvel langan vinnudag. Við vitum það líka að hér á Íslandi er hvað hæst slysatíðni á ungum börnum og það á ekki síst rætur að rekja til þess, að þau eru umhyggjulaus hluta úr degi og þurfa m.a. að koma sér til og frá skóla. Þess vegna var kveðið á um það í lögunum að komið skuli upp skólaathvörfum í skólunum til þess að börnin eigi athvarf þann tíma frá því að skóladegi lýkur og þangað til foreldrar hafa lokið sínum vinnudegi. Nú má auðvitað segja að það sé allt of langur tími fyrir lítil börn að vera í skóla eða skólaathvörfum 8, 9 og jafnvel 10 tíma á dag, en því miður er ástandið þannig í okkar þjóðfélagið, að vinnudagur er langur og hvað er mikilvægara en að koma til móts við börnin? Hvað er mikilvægara en að sjá til þess að börn búi við gott atlæti? En í þessu frv. sem hér er til umræðu er m.a. lagt til að þetta ákvæði sé tekið út.

Ég vil nefna annað dæmi um lagagrein sem verið er að fresta í lögum um grunnskóla, en það snýr að skólaráðgjöf. Það hefur komið í ljós að 20–30% barna og unglinga, jafnvel hærra hlutfall, það er mjög erfitt að meta þetta, en það er allstór hluti skólanemenda í grunnskólum sem á við verulega erfiðleika að stríða, bæði andlega erfiðleika og það sem við getum kallað erfiðleika í námi og það er einmitt hlutverk námsráðgjafa að aðstoða þessa nemendur, reyna að leiða þá áfram.

Í framhaldsskólunum starfa námsráðgjafar og ég þekki það af eigin reynslu sem kennari að námsráðgjafar geta gegnt mjög mikilvægu hlutverki. Þeir geta hjálpað nemendum yfir erfiðleika, leiðbeint þeim í námi og einnig í persónulegum erfiðleikum. Ég held því miður að þá sé ástandið orðið þannig í okkar þjóðfélagi að það sé veruleg þörf á slíkri ráðgjöf í grunnskólunum. Það er bara staðreynd. Það hefur svo margt breyst og hér ber meira og meira á því sem við getum kallað stórborgareinkenni og þetta er því fyrirbyggjandi aðgerð. Það er fyrirbyggjandi aðgerð að í skól-

unum starfi fólk sem getur tekið á persónulegum vandamálum nemenda. En — nei, þessu skal frestað.

Það er ýmislegt fleira hér á ferð. Í kaflanum um grunnskólana eru atriði sem snerta sveitarfélögin. Það má vel vera að þar skorti á að reglugerð hafi verið samin um framkvæmd. Reyndar er þetta á valdi sveitarfélaganna, t.d. máltíðir í skólum, það er algjörlega á þeirra valdi og hvað er ríkisstjórnin þá að skipta sér af því? Hvað þarf að vera að fresta þessu mikilvæga ákvæði? Það eru sveitarstjórnirnar sem hafa tíma til að aðlagast þessu og það er þeirra að leysa þetta. Það má kannski reyndar segja að þarna sé enn eitt dæmið um það, sem ég nefndi hérna áðan, þar sem Alþingi er að samþykkja lög án þess að taka með í dæmið að verið er að leggja kostnað á sveitarfélögin eða að leggja út í breytingar sem kalla á mikinn kostnað. Það eru sem betur fer nokkrir hugsjónamenn hér á Alþingi sem vilja breyta og bæta en því miður þá gleymist oft að gera ráð fyrir því hvað hlutirnir kosta.

Annað dæmið um slíkt er auðvitað lögin um framhaldsskóla, sem reyndar koma nú ekki inn í þetta frv. hér, en þar er annað dæmi um samþykktir Alþingis sem kannski mætti fella undir lagasukk, þar sem verið er að samþykkja frv. án þess að framhaldsskólakerfinu sé á nokkurn hátt gert kleift að framfylgja lögunum. Þetta eru auðvitað starfshættir sem eru ekki sæmandi Alþingi.

Í menntmn. þar sem við fórum rækilega í gegnum þennan kafla var það eitt atriði sem vafðist alveg sérstaklega fyrir okkur. Það er síðasta setningin í 3. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Menntmrn. setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma.“ Í þessu felst að verið er að gefa menntmrn. býsna mikið vald og náttúrlega sér það hver maður að þessi setning kemur ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við. Að vísu ef maður svona vill sýna svolítinn illvilja þá má auðvitað túlka þetta svo, að menntmrn. ætli að taka sér vald til að skera niður kennslustundir í grunnskólum. En ég ætla rétt að vona að engin slík áform séu uppi. Svokölluð viðmiðunarstundarskrá sem menntmrn. hefur samþykkt hefur verið í gangi en hér er menntmrn. að taka sér vald til að setja í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma. Mér finnst að þarna sé um atriði að ræða sem þurfi miklu meiri skoðunar við og raunar furðulegt að setja inn í frv. sem þetta. Það hefur verið boðað að nýtt grunnskólafrv. komi fram í vetur og þar er auðvitað tækifæri til þess að taka upp atriði eins og þetta. En hvers vegna í ósköpunum að vera með slíkt inni í ráðstöfunum í ríkisfjármálum? Að mínum dómi er hér verið að lauma í gegn ýmsum ákvæðum, sem hæstv. menntmrh. er af einhverjum ástæðum í nöp við eða einhverjir hafa þrýst á að tekin yrðu út úr lögunum. Auðvitað þarf að láta á það reyna hvernig þessi lög gagnast og, eins og ég hef áður sagt, þarna er um mikið framfaramál að ræða og ég legg til að þessi kafli verði einfaldlega tekinn út úr frv. því hann á alls ekki heima þar.

Ég held að ég láti þetta nægja um I. kafla frv. og ætla þá að snúa mér að jarðræktarlögunum. Landbn. sendi frá sér álit varðandi þennan kafla og þar gerðist það að nýr meiri hluti myndaðist í landbn. þar sem í hlut áttu fulltrúar stjórnarandstöðunnar og hv. þm. Egill Jónsson, sem lýsti því yfir að hann skipti ekki lit eins og tófan heldur stæði við það sem hann hefði áður sagt. Nú veit ég ekki hversu vel þessi fullyrðing hans um tófuna stenst en meiningin er skýr.

Ég vil taka það fram að ég hef aldrei lagt blessun mína yfir svokölluð jarðræktarlög og tel að þau þurfi endurskoðunar við. En hvernig sem á málið er litið þá var gert samkomulag við bændur. Fulltrúar bænda, sem komu á fund efh.- og viðskn. til þess að ræða þennan kafla en fengu því miður lítinn tíma til þess að kynna sín mál, nefndu það einmitt að þarna hefði verið um samkomulag að ræða. Eins og kemur fram í þeim gögnum, sem fylgja áliti landbn. hefur orðið mikill niðurskurður á fé til jarðræktarframkvæmda, þannig að bændur hafa þar verulega dregið saman seglin. Því er auðvitað ekki að leyna að þeir eiga að fá styrk eða að fá greitt fyrir sínar framkvæmdir. Ef menn vilja koma í veg fyrir slíkan straum út úr ríkissjóði verður auðvitað að breyta lögunum en það á ekki að gera með þeim hætti sem hér er gert, einhliða breyting án samráðs við bændur. Það einkennir allt þetta frv. að hér er verið að taka einhliða ákvarðanir sem koma mjög illa við ýmsa hópa þjóðfélagsins og ýmsa starfsemi sem hér fer fram. Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni að ég tel að margt þurfi að endurskoða í landbúnaði og þróa okkar landbúnaðarkerfi í samræmi við breytta tíma. En standa á við gerða samninga og samkomulag sem menn hafa gert. Ef menn vilja breyta þá á að gera það með samráði.

Næsti kafli laganna fjallar um stjórn fiskveiða og þar er um það að ræða, herra forseti, að verið er að leggja á sjávarútveginn ákveðin gjöld. Þetta er auðvitað í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um það að atvinnulífið eigi að standa undir rannsóknum, fólk eigi að borga hluta af þeim kostnaði sem fylgir hvers konar þjónustu ef ekki alla þjónustuna. Í sjálfu sér þarf ekki að vera neitt athugavert við svona aðgerðir. En á tímum eins og þessum, þegar við horfum fram á aflasamdrátt og mikla erfiðleika útgerðar í landinu, er þetta auðvitað ekki ásættanlegt. Það er ekki ásættanlegt að leggja á svona gjöld. Þetta tengist því að jafnframt því að ríkisvaldið er að draga saman seglin og samdráttur á sér stað í atvinnulífinu er verið að leggja alls konar gjöld á atvinnulífið sem munu gera því enn erfiðara fyrir og valda enn meiri samdrætti, enn meira atvinnuleysi. Ég vil nefna það hér að ég óttast að sú svarta spá sem Þjóðhagsstofnun hefur birt og sem kann kannski að vera ansi dökk í ýmsum efnum vegna þess að kjarasamningar eru fram undan, ég óttast að ríkisstjórnin sé að setja af stað mikla keðjuverkun samdráttar með sínum aðgerðum. Ég þarf ekki að nefna það hér að ég tel þetta vera kolranga stefnu. Á tímum eins og þessum má ríkisvaldið ekki draga saman seglin í jafnríkum mæli og boðað er í öllum þessum frv. sem við erum að fjalla um þessa dagana.

Næsti kafli frv. fjallar um kosningar til Alþingis. Brtt. liggur fyrir um þennan kafla frá allshn. sem leggur til að hann verði dreginn til baka. Ég er innilega sammála því að þarna er eitt dæmið um atriði sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við. Þessi kafli er algjörlega óskiljanlegur nema, eins og hér hefur verið bent á, að ríkisstjórnin eigi jafnvel von á kosningum á næsta ári og verði það sem fyrst. En þennan kafla á að fella út.

Þá kem ég að einu stórmáli þessa frv. sem er ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Lagðar eru til allnokkrar breytingar á 9. og 10. gr. enda kom náttúrlega í ljós að eins og þessar greinar voru í frv. voru þær algjörlega ófullnægjandi þannig að setja varð þennan lagabálk algjörlega upp á nýtt. Ég lýsi yfir andstöðu minni við þennan kafla frv. eins og reyndar frv. í heild. Ég þarf varla að taka það fram. Hér er á ferðinni býsna alvarlegt mál sem hefur verið harðlega mótmælt bæði af fulltrúum samtaka launafólks í landinu, atvinnurekendum og sveitarfélögunum. Þessar greinar fela í sér að það á að stofna sérstakan sjóð, ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, og í hann eiga að greiða ríkisvaldið, sveitarfélög og atvinnurekendur. Hann á að standa undir greiðslum til þeirra sem missa vinnu sína vegna gjaldþrota. Það sem gerist er að réttindi sem launafólk nú hefur munu verulega skerðast. Enn og aftur verður að benda á að á þessum samdráttartímum er þetta enn eitt dæmið þar sem verið er að leggja byrðar á atvinnulífið og sveitarfélögin, eitt af mýmörgum dæmum. Hamingjan má vita hversu þung sú byrði verður á endanum, ég hef ekki tekið það saman hvað þetta er í heild. Þessum sjóði hefur verið harðlega mótmælt af verkalýðshreyfingunni og vinnuveitendum. Það er ekki oft sem þessir aðilar sameinast í baráttu en það gerist í þessu tilviki vegna þess að þetta þýðir þrengingar fyrir launafólk og byrðar fyrir atvinnulífið sem hæstv. forsrh. lýsti í stefnuræðu sinni að væri undir áhrifum eiturlyfja, dælt hefði verið eiturlyfjum í atvinnulífið.

Þá kemur að kaflanum um málefni fatlaðra og um hann er lítið að segja. Þarna er um það að ræða að heimilt verði að verja allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhalds. Ég held að ekki sé mikið við þetta að athuga því að þær stofnanir sem þegar hafa verið byggðar þarfnast auðvitað viðhalds. Það er víst einum of mikið að biðja um að þessi sjóður fái meira en hann nú hefur.

Þá verða næst fyrir mér breytingarnar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég get einungis endurtekið það sem ég sagði við 1. umr. Hér er verið að leggja ákveðnar álögur á sveitarfélögin. Þau eiga að leggja fram 3,5% óafturkræft framlag við byggingu á félagslegu húsnæði. Fyrir aðeins tveimur árum voru ákvæði um óafturkræft framlag sveitarfélaganna tekin út úr lögunum í því skyni að ýta undir það að sveitarfélögin færu út í byggingu á félagslegu húsnæði. Víða er mikil þörf á félagslegu húsnæði en mörgum sveitarfélögum var einfaldlega ofviða að leggja fram þau 10% af láninu sem þau áttu að leggja fram. Þau áttu að leggja fram 10% af því láni sem veitt var úr Byggingarsjóði verkamanna. Það var ástæðan fyrir því að þetta var afnumið. Hér er aftur byrjað á þessu og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það að sveitarfélögin leggi eitthvað á móti ríkinu. Við þær aðstæður sem nú ríkja og allan þann pakka sem verið er að troða yfir á sveitarfélögin er einfaldlega ekki hægt að fallast á þetta.

Ég vil nefna það hér að minni hluti efh.- og viðskn. og stjórnarandstaðan í ýmsum nefndum Alþingis var að mestu leyti sammála um þau atriði sem er að finna í þessu frv. Spurningunni um það hvort loka ætti algjörlega húsnæðiskerfinu frá 1986 var hins vegar svarað á ýmsan hátt af fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Þetta er enn þá svolítið viðkvæmt mál í hugum sumra sem stóðu að því að koma þessu kerfi á fót. Skoðun okkar kvennalistakvenna er sú að það eigi að loka þessu kerfi og hefði átt að vera búið að því fyrir löngu vegna þess að það skapar mikla erfiðleika og er mjög óeðlilegt að vera með mörg kerfi í gangi. 1986-kerfið var einfaldlega komið í þrot og menn verða að horfast í augu við það. Mín skoðun er sú að fyrst og fremst eigi að vinna að endurbótum á húsbréfakerfinu. Ég ætla ekki að fara út í það mál hér, herra forseti. Ástandið í húsbréfakerfinu er stórt og mikið mál, en það á örugglega eftir að koma hér á dagskrá síðar í vetur.

Næsti kafli fjallar um breytingar á almannatryggingunum. Í ljós kom, þegar málinu hafði verið vísað til heilbr.- og trn. og fólk fór þar að skoða þessi mál, að þarna var brussugangurinn úr heilbr.- og trmrn. lifandi kominn. Það kom í ljós að þessar tillögur voru mjög illa unnar og stóðust engan veginn. Heilbr.- og trn. varð að gjöra svo vel að setjast niður og semja brtt. við þetta frv. sem öll nefndin stendur að og við tökum að sjálfsögðu undir. Þær breytingar varða skólatannlækningar. Þó verður að geta þess, herra forseti, að við í efh.- og viðskn. fengum fulltrúa Tannlæknafélagsins á okkar fund því okkur þótti sjálfsagt að hlusta á þeirra sjónarmið. Ég verð að segja það að mér fannst heldur leiðinlegt að upplifa það hversu sjónarmið voru gjörsamlega ósættanleg. Það myndaðist ákveðin spenna milli nefndarmanna og fulltrúa tannlæknanna. Auðvitað vitum við að þarna er dæmi um hóp sem hefur ákaflega sterka stöðu í þjóðfélaginu en er mjög ósáttur við það sem er verið að gera í þessu frv.

Í frv. er gert ráð fyrir því að þar sem ekki er um skólatannlækningar að ræða, sem er víða úti á landi, verði gripið til útboða. Tannlækningar verði hreinlega boðnar út. Eins og við vitum er þetta í miklu uppáhaldi hjá ríkisstjórninni að bjóða út hvers kyns þjónustu. Það er ekki alltaf hægt að sjá að það verði til góðs þó að stundum geti það vissulega skilað árangri. Það kom mjög greinilega fram hjá tannlæknunum að þeir ætla ekki að taka þátt í þessum útboðum. Þeir ætla algjörlega að hunsa þessi útboð. Ef svo fer er það náttúrlega meira og minna ónýtt sem verið er að gera í þessu frv. Með þeim tillögum sem hér er verið að kynna er auðvitað verið að ná niður miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu, kostnaði sem mörgum hefur þótt heldur óeðlilegur og jafnvel vera eins konar sjálftaka.

Þarna er um heila stétt að ræða og auðvitað verður að nást einhver samvinna við tannlæknana.

Minni hluti heilbr.- og trn. er þeirrar skoðunar, og við tökum undir það í efh.- og viðskn., að þær tillögur sem hér eru um tannréttingar gangi heldur langt. Mjög þröng skilyrði eru sett fyrir því að tannréttingar fáist endurgreiddar. Vissulega er hægt að taka undir það að þar hefur verið um mikinn kostnað að ræða fyrir Tryggingastofnun ríkisins, sem sjálfsagt er að taka á, en má auðvitað ekki verða til þess að þau börn og unglingar, sem nauðsynlega þurfa á tannréttingum að halda, gjaldi þess hversu gríðarlega „vinsælar" tannréttingar hafa verið.

Hér er ákvæði um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um að ráðherra sé heimilt að leita útboða um rekstur heilbrigðisþjónustu, samkvæmt lögum þessum. Þetta er, eins og ég nefndi áðan, hluti af trúarbrögðum ríkisstjórnarinnar og það verður að koma í ljós hvernig gengur. Menn hafa mjög gagnrýnt útboð í heilbrigðisþjónustu og hér hafa verið rakin dæmi um það að þegar átti að reyna útboð á ríkisspítölunum, kom í ljós að sú þjónusta sem þar var fyrir reyndist mun hagkvæmari. Menn þurfa því að skoða þetta verulega vel áður en lagt er út á þessa braut. Það getur falist mikið aðhald í útboðum en þau geta líka leitt menn út í ógöngur.

Um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni er ekki mikið að segja. Ég get tekið undir þau atriði og sama gildir um skráningu og mat fasteigna. Þar er um að ræða nýja gjaldskrá og þarna finnst mér vera um þjónustu að ræða sem sjálfsagt er að taka gjald fyrir. Ég geri ekki sérstaka athugasemd um það og heldur ekki um lðnlánasjóð en framlög ríkisins til hans hafa verið felld niður árum saman.

Þá kem ég að hafnamálunum. Það var eitt þeirra mála sem allt í einu skaut upp kollinum í nefndinni og er ein af þessum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gripið til, til að reyna að ná í tekjur og vega upp á móti halla ríkissjóðs og samdrætti í tekjum. Merkilegt var að upplifa viðbrögð sveitarstjórnarmanna, sem komu á fund nefndarinnar. Þeim er best að lýsa þannig að þeir voru einfaldlega rasandi, ekki eingöngu yfir þessu gjaldi og því að þarna væri verið að seilast í tekjustofna sveitarfélaganna, heldur kannski enn frekar vegna þeirrar framkomu sem sveitarfélögunum var sýnd. Þessi ráðstöfun var tilkynnt einhliða án þess að nokkurt samráð hefði verið haft við sveitarfélögin og var náttúrlega hluti af þessum pakka sem boðaður hefur verið og felur í sér álögur á sveitarfélögin upp á meira en milljarð.

Þessi aðgerð sem gripið er til felur í sér 25% gjald ofan á þau vörugjöld sem innheimt eru í höfnum landsins. Í ljós kom við nánari athugun að menn hafa ekki hugmynd um það hvernig á að framkvæma þetta. En það gefur auga leið að þarna er um kostnað að ræða sem hlýtur að verða velt út í verðlagið sem þýðir þá hækkun á útgjöldum fjölskyldnanna í landinu.

Þá birtust líka í nefndinni tillögur um eyðingu refa og minka sem maður hefði haldið í fljótu bragði að kæmi ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki mikið við. Þessar tillögur fela fyrst og fremst í sér tvennt. Það að sveitarstjórnirnar eiga að greiða helming af útlögðum kostnaði við eyðingu refa og minka og hins vegar tekur ríkisvaldið sér það vald að taka ekki þátt í kostnaði við eyðingu refa og minka á ákveðnum svæðum.

Nú verð ég að lýsa því yfir, herra forseti, að ég er mikill vinur refsins og mér verður sannast að segja alltaf órótt þegar ég sé svona greinar um eyðingu refa. Mér er nú alveg sama um minkinn, hann er leiðindakvikindi, en refurinn er íslenskt dýr. Hann er landnemi á Íslandi og mér finnst að hann eigi sinn rétt. Ég vil hvetja hæstv. umhvrh., sem hér situr, til þess að stuðla að því að refurinn eignist griðland á Íslandi. Ég þykist vita að hann sé mér sammála í þessu efni. Refurinn þarf að eignast griðland á Íslandi. Ég sting upp á því að það verði á Hornströndum þar sem byggð hefur eyðst og refurinn fær nokkurn frið. Mér brá mjög í brún þegar fréttist, gott ef það var ekki í sumar, af mönnum sem voru á skytterí á Ströndum og voru að eltast þar við refinn. Mér finnst að hann megi vera þar í friði og ég vil að hann fái að vera í friði. En það er nú reyndar annað mál en þetta því að hér er verið að leggja ákveðinn kostnað á sveitarfélögin. Það vill svo til að refurinn, ef ég hugsa um hann, heldur sig gjarnan fjarri mannabyggðum og þá frekar í fámennum sveitarfélögum þó að hann komi svo sem víða við. Þetta gæti komið við ýmsar sveitarstjórnir og leggst við þann stóra reikning sem þær eiga að greiða ríkisstjórninni ef þetta frv. verður samþykkt sem ég vona reyndar að verði ekki.

Þá er ég komin að hinum svokölluðu „þrátt-fyrir-greinum" og reyndar á ég eftir tvö stórmál í lokin, vegagerðina og lögregluna. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um hin svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæði" vegna þess að hér er dæmi um það hvernig farið er með lög sem Alþingi hefur samþykkt. Það hafa verið fundnir ákveðnir tekjustofnar í mörgum tilvikum sem eiga að styðja við ákveðin verkefni, sérstaklega menningarverkefni og ríkið leyfir sér ár eftir ár að taka þessa tekjustofna og nýta þá í eitthvað annað. Ég verð að segja, herra forseti, að þetta segir mér að það sem kallað er eyrnamerktir tekjustofnar er eitthvað sem virðist ekki ganga í lagasetningu hér á landi. Þetta er ekki virt. Löggjafinn sjálfur virðir ekki þessa lagasetningu. Menn leyfa sér að taka þessa peninga og nota þá í eitthvað allt annað en þeir eiga að fara í. Hér má nefna hverja stofnunina á fætur annarri sem fær að líða fyrir þetta. Þar er fyrst að nefna Ríkisútvarpið. Á þessu ári eru teknar 200 millj. af mörkuðum tekjustofni Ríkisútvarpsins og þeir peningar látnir renna í ríkissjóð en stofnunin, Ríkisútvarpið, líður fyrir. Það dregst að endurnýja dreifikerfi útvarpsins, sem mjög hefur verið kvartað yfir, og Ríkisútvarpið, útvarpsráð, hefur sent frá sér harðorðar yfirlýsingar vegna þessa. Þetta ætti hæstv. umhvrh. að kannast við sem lengi sat í útvarpsráði og þekkir innviði þeirrar stofnunar mætavel.

Á Listskreytingarsjóðinn er sett ákveðið þak en eins og þingmönnum mun vera kunnugt er ætlast til þess að ákveðin prósenta af byggingarkostnaði renni til skreytinga á byggingum. Ekki veitir af að fegra umhverfið en

í svona liði er verið að krukka í þessari miklu leit ríkisstjórnarinnar að peningum. Hún er alltaf að leita í vitlausum hirslum. Hún leitar ekki þar sem peninga er von.

Þá kem ég næst að mínu mikla og stóra áhugamáli sem ég gæti talað um til morguns, ef ég kysi svo, en það er Húsafriðunarsjóður. Ég beini því enn og aftur til alþingismanna að breyta þessu ákvæði og hækka framlagið til Húsafriðunarsjóðs. Hann er skorinn niður um 24,5 millj., fær einungis í sinn hlut ef ég man rétt 10,5 millj. sem er allt of lítið ef hann á að geta sinnt sínum verkefnum. Enn og aftur minni ég á það að hér er verið að tala um gömlu torfbæina, elstu húsin á Íslandi, sem við eigum að varðveita og eru hluti af okkar menningararfi en menn óttast mjög að séu að grotna niður. Af því að ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem er þingmaður Norðurlandskjördæmis vestra, situr hér í salnum vona ég að hann viti að safnvörðurinn sem m.a. hefur Glaumbæ í Skagafirði í sinni umsjá hefur miklar áhyggjur af þeim bæ. Ég ætla ekki að lýsa því hvílíkur skaði það yrði ef sá bær yrði fyrir verulegu tjóni. Þessir gömlu bæir eru þannig gerðir að þeir skekkjast og síga saman og þarfnast stöðugrar endurnýjunar. Þeir þurfa stöðugt viðhald. Fjársvelti, eins og þetta, bitnar illa á þessum verkefnum og þetta er þjóðinni og Alþingi til skammar. Ég nefni þetta í þeirri von að þingmaðurinn leggi mér lið í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ég hef gert það.) Þakka þér fyrir.

Kvikmyndasjóður er skorinn niður að þessu sinni um 21,5 millj. en hann fær þó allþokkalegt framlag miðað við ýmsa aðra. Þetta er ung listgrein hér á landi og þarfnast mikils stuðnings. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um Kvikmyndasjóð því eins og ég nefni fara margir verr út úr þessu frv. en hann þó að ég óski kvikmyndagerð alls góðs.

Menningarsjóður verður mjög illa úti í þessu frv. Það hefur margoft komið fram í máli stjórnarsinna að þeir ætla sér að breyta lögunum um Menningarsjóð og þar með í rauninni að hunsa hlutverk hans. Af því að ég sé að hér sitja allnokkrir framsóknarmenn í salnum ætti þetta að vera þeim mikið hjartans mál því, ef ég man rétt, er þetta eitt af börnum Jónasar frá Hriflu. (**Gripið fram í:** Þeir eru búnir að gleyma honum.) Þeir mega minnast hans og ættu að kynna sér hans verk. Þetta er eitt af hans börnum og nú er íhaldið komið til valda og ætlar að ráðast á barnið. (Gripið fram í.) Þetta er allt á niðurleið, því miður. En Menningarsjóður er ákaflega merkileg stofnun og var ætlað mikið hlutverk á sínum tíma. Hann hefur vissulega gegnt merkilegu hlutverki því hann hefur gefið út ýmsar bækur, sögulegar og fræðilegar bækur og ekki síst eftir alþýðufræðimenn, bækur og þýðingar, þeir hafa gefið út töluvert mikið af þýðingum. Þetta eru bækur sem oft hefur gengið erfiðlega að fá útgefnar og ég óttast því að það þrengi að fræðimönnum ef þessum sjóð verður nánast lokað. En vissulega er rétt, sem komið hefur fram, að sjóðurinn hefur safnað skuldum og situr uppi með töluverðan lager af bókum. Ég held að þeir ættu að taka sig til og halda góða útsölu og sjá hvort þeir geti ekki rétt fjárhaginn svolítið við.

Þá er ég komin að Þjóðarbókhlöðunni og um hana er ekki mikið að segja sem betur fer að þessu sinni því loksins tók ríkisstjórnin sig til og hækkaði framlagið eða réttara sagt stal ekki eins miklu af framlaginu og oft áður. Það skortir aðeins 30 millj. upp á að Þjóðarbókhlaðan fái allan skattinn í sinn hlut, en þetta er vel ásættanlegt, því að 30 millj. renna til framkvæmda á Bessastöðum. Og eins og ég segi, þetta er vel hægt að sætta sig við.

Þá kemur að nokkrum atriðum sem snerta bændur. Eins og ég hef áður nefnt verða bændur ansi illa úti í þessu frv. Þetta eru greinar sem snerta Stofnlánadeild landbúnaðarins, forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, flokkun og mat á gærum og ull og síðan framlagi til Framleiðnisjóðs. Þegar við lítum á þessar greinar frv. í landbn. fullvissaði formaður nefndarinnar, hv. þm. Egill Jónsson, okkur um að þessi þrjú fyrstu ákvæði væru bændum ekki til mikils skaða því hægt væri að bjarga þessu á annan hátt. Ég ætla að treysta því að formaður landbn. fari þar með rétt mál. Ég veit að hann gætir mjög vel hagsmuna bænda. (**Gripið fram í:** Það er engu að treysta í þessu.) Engu að treysta, þannig að við skulum kannski athuga þetta betur í 3. umr. En hins vegar er því ekki að leyna, að sú grein frv. þar sem fjallað er um framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs er verulega alvarlegt mál. Þetta er verulega alvarlegt mál. Framlagið til Framleiðnisjóðs er skorið niður um hvorki meira né minna en 340 millj. sem þýðir að verði Framleiðnisjóður við beiðni ríkisins um framlög til ákveðinna verkefna, sem landbrn. vill að Framleiðnisjóður fjármagni, hefur sjóðurinn aðeins 60 millj. til að sinna lögboðnum verkefnum, 60 millj. til lögboðinna verkefna. Það er alveg ljóst að það er allt of lítið ef einhver veruleg nýsköpun á að eiga sér stað. Ég get rifjað það hér upp að hlutverk Framleiðnisjóðs er ekki síst að styðja við nýsköpun í landbúnaði. Það kom fram þegar fulltrúar Framleiðnisjóðs heimsóttu landbn. í haust að þeim hefur tekist þetta hlutverk allvel því að þeir hafa skapað allmörg störf. Ég þori ekki að fara með töluna svona um miðja nótt.

Síðan eru hér nokkrir sjóðir sem verið er að skerða verulega eða framlög eru jafnvel skorin algjörlega niður. Ég vil sérstaklega nefna kirkjugarðsgjaldið, sem skorið er niður um 79 millj., en hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur lofað því að þetta verði aldrei aftur gert. En ég tek undir þau orð sem voru sögð í salnum rétt áðan, að það er auðvitað engu að treysta. Þarna er einmitt dæmi um nefskatt sem kirkjunni var ætlaður og hefur komið kirkjunni að miklum notum við uppbyggingu og endurbyggingu. Auðvitað er ekki að spyrja að því þegar eitthvað er farið að ganga vel seilist ríkið í það með sínum klóm.

Ég vil líka nefna sérstaklega Bjargráðasjóð sem er ætlað það hlutverk að styðja bændur sem verða fyrir einhverjum skakkaföllum. Á fundi í efh.- og viðskn. kom fram að bændur á Suðurlandi hafa orðið fyrir miklum áföllum vegna skemmda á kartöflum vegna kartöflusjúkdóms sem þar herjar, en þá er Bjargráðasjóður nánast tómur. Og hvernig ætlar ríkisstjórnin að

bregðast við þessum vanda? Hvernig er hægt að tæma sjóðinn með þessum hætti? Ég veit reyndar að það hefur verið til umræðu að leggja þennan sjóð niður og hér er framlagið skorið niður um 65,6 millj. En þarna er auðvitað verið að skapa nýjan vanda í staðinn.

Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni þá sjóði sem hér eru eftir. Nokkrir eru gamlir í hettunni og skipta ekki meginmáli í þessari umræðu en ég vil þó minnast aðeins á Ferðamálasjóð sem verður fyrir verulegri skerðingu enn eitt árið. Hann er skorinn niður um hvorki meira né minna en 116 millj. og þarna er verið að ráðast á vaxtarbrodd í atvinnulífinu. Þarna er verið að skerða möguleika til atvinnusköpunar og framfara í ferðamálum en þar veitir svo sannarlega ekki af að taka til hendi. Ég harma að þessi sjóður skuli verða fyrir slíkri skerðingu af því að við þurfum að bregðast við því ástandi sem blasir við okkur. Við þurfum að nýta alla þá möguleika sem finnast til atvinnusköpunar og hvað á þá að þýða að ráðast á vaxtarbroddana, að skera niður vaxtarbroddana? Hvers konar pólitík er þetta?

Herra forseti. Ég á aðeins eftir að nefna tvö atriði í þessari umræðu. Annars vegar þann niðurskurð sem Vegagerðin verður fyrir og hins vegar lögregluskattinn. Meiningin er að skera niður framlög til Vegagerðarinnar og sá ræðumaður sem talaði hér á undan mér fór mjög ítarlega í þetta mál. Ætla ég ekki að flagga mörgum tölum. Að mínum dómi á ríkisvaldið að efna til opinberra framkvæmda á tímum eins og þessum. Það á að reyna að draga úr kreppunni eða dýfunni sem við sjáum fram undan með því að efna til opinberra framkvæmda. Og samgöngur eru verkefni sem kemur allri þjóðinni til góða og eru arðbærar framkvæmdir. Þetta eru arðbærar framkvæmdir. Þess vegna tel ég mjög bagalegt að fé til vegagerðar skuli vera skorið niður með þessum hætti. Ég ítreka enn og aftur þá skoðun mína að ég tel það réttlætanlegt, þrátt fyrir slæma skuldastöðu þjóðarinnar, að taka erlend lán eða nýta það lánsfé sem áætlað var að taka fyrir Landsvirkjun og nýta það til opinberra framkvæmda til þess að reyna að draga úr því atvinnuleysi sem spáð er á næsta ári. Þetta er nú mín skoðun á þessu máli en ég heyri og sé á öllu sem ríkisstjórnin boðar og er að gera að hún er á þveröfugri skoðun. Hún trúir því að markaðurinn muni laga þetta allt saman þó að sú kenning hafi verið rækilega afsönnuð í heimskreppunni miklu.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að fara nokkrum orðum um lögregluskattinn sem að mínum dómi er alveg dæmalaus aðgerð. (Gripið fram í.) Já, en þá verð ég nú að nefna að þó ríkisstjórnin sé mjög hugmyndarík, þá er nú einn af þingmönnum Framsfl. enn hugmyndaríkari. Ég ætla að leyfa mér að koma hugmynd hans hér á framfæri þó hér sé aðeins einn ráðherra og málið heyri ekki undir hann. En þessi ágæti þingmaður furðaði sig á því að ríkisstjórninni skyldi ekki hafa dottið í hug að taka upp innritunargjöld í fangelsunum í samræmi við þá trú ríkisstjórnarinnar að framboð og eftirspurn ráði gangi mála. Og eins og við vitum, þá er meiri eftirspurn eftir plássi í fangelsunum heldur en framboð — ég bið afsökunar, herra forseti. Ef ríkisstjórnin vill stjórna eftirspurninni, hefur hún þann möguleika að taka upp innritunargjald. En sú hugmynd er nú ekki til umræðu hér heldur lögregluskatturinn. Hann felst í því að leggja á ákveðin gjöld á íbúa sveitarfélaganna eftir stærð þeirra. Þetta þýðir að í sveitarfélögum þar sem íbúar eru 300 eða fleiri skal greiða 2.850 kr. á hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa eiga að greiða 1700 kr. á hvern íbúa. Ég veit að margir þingmenn munu taka þetta upp í umræðunni því að þetta eru býsna þungar greiðslur fyrir lítil sveitarfélög. Og ég sem þingmaður Reykjavíkur hlýt að mótmæla þessu því hér er um að ræða hvorki meira né minna en 270 millj. fyrir Reykjavíkurborg og það munar um minna. Þetta er mikil gjaldtaka af sveitarfélögunum í landinu sem á að renna til löggæslu.

Auðvitað má skoða það hvernig þessum málum skuli háttað og spurning hvort sveitarfélögin ættu að taka á sig hluta löggæslunnar og skipuleggja hana eins og reyndar ýmis önnur mál sem kannski er eðlilegra að sveitarfélögin annist. En þá verða líka tekjustofnar að koma á móti. (Gripið fram í.) Fangelsisgjaldið? (**Gripið fram í:** Já.) Það er spurningin. Þetta hefur ekki verið reiknað út. Við þurfum að setja þetta í athugun. En það yrðu náttúrlega fangarnir sem mundu greiða, þetta er þjónustugjald samkvæmt skilningi ríkisstjórnarinnar.

Ég ætla nú að fara að stytta mál mitt, herra forseti. Ég mótmæli þessum skatti harðlega og ég mótmæli þeim álögum sem verið er að leggja á sveitarfélögin. Að lokum langar mig til þess að draga aðeins saman það sem við erum að upplifa þessa dagana. Eftir því sem málin komast á dagskrá og fá nánari skoðun, verður efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar æ skýrari. Hún felst í því að við erum að upplifa meiri háttar niðurskurð á ríkisútgjöldum. Við erum að upplifa að verið er að taka upp meiri háttar gjaldtöku af almenningi fyrir veitta þjónustu ríkisins, þjónustu sem hingað til hefur verið greidd af sköttum okkar allra. Nú eiga þeir sem nota þjónustuna að fara að borga. Við erum einmitt að fjalla um sjúklingagjöld í þessu frv., eða hvað við eigum nú að kalla þau gjöld sem fólk þarf að greiða sem leitar til læknis. Á morgun koma skólagjöldin væntanlega til umræðu enn einu sinni, ef fjárlögin komast til 3. umr. Við erum að upplifa stórfelldar álögur á sveitarfélögin í landinu. Við erum að upplifa að lögboðnir tekjustofnar eru teknir traustataki enn einu sinni. Við erum að upplifa skatta sem jafnvel eru taldir vera orðnir ólöglegir eins og jöfnunargjaldið. Við horfum upp á það að barnbætur eru lækkaðar. Þá mætti kannski rifja það upp að þegar matarskatturinn var settur á á sínum tíma voru barnabætur einmitt hækkaðar til mótvægis. Nú er verið að lækka þessar barnabætur en það bólar lítið á lækkun matvæla. Sjómannaafslátturinn er skorinn niður. Eins og komið hefur fram verður hluti sjómanna fyrir þrefaldri kjaraskerðingu með þessum lagabreytingum sem hér eru fram undan. Það á að skera niður laun opinberra starfsmanna. Ýmiss konar gjöld verða lögð á atvinnulífið og gera því erfiðara fyrir. Og ein af forsendum fjárlagafrv. er hið dularfulla ákvæði, sala á ríkiseignum upp á rúmlega milljarð, sem eng-

inn veit hvort skilar nokkrum sköpuðum hlut. Þetta eru býsna ný tíðindi í íslenskum stjórnmálum og hérna er ákveðin stefnubreyting að eiga sér stað sem ég lýsi mig algerlega andvíga.

Þessi ríkisstjórn sem nú starfar boðaði í vor að hún ætlaði að koma á hér því sem hún kallaði „sáttargjörð um sanngjörn kjör." En ég fæ ekki betur séð en að með þeim aðgerðum sem boðaðar hafa verið og felast í þeim lagafrv. sem við höfum til meðferðar, sé einfaldlega verið að lýsa yfir styrjöld í landinu. Verið er að segja launafólki og atvinnulífinu stríð á hendur. Ég held að á þeim tímum sem fram undan eru þurfum við á allt öðru að halda en átökum og leiðindum í þjóðfélaginu. Við þurfum á samstöðu og bjartsýni að halda og því að bretta upp ermar og reyna að átta okkur á því hvaða möguleika við höfum til þess að bregðast við þessu samdrætti og vandræðum. En allt sem ríkisstjórnin er að gera boðar ófrið og erfiðleika fyrir fjölskyldurnar í landinu. Og ég segi það enn og aftur, ég mótmæli þessu harðlega og mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hv. frsm. minni hluta efh.- og viðskn. gerði ítarlega grein fyrir afstöðu minnihlutaflokkanna til þessa frv. og rakti einstök atriði þess. Ætla ég ekki að fara í slíka yfirferð. Ég ætla aðeins að minnast á tvö atriði. Hið fyrra snertir landbúnaðinn og vildi ég því mælast til þess að hæstv. landbrh. og reyndar einnig hæstv. utanrrh. gætu verið hér þar sem mig langaði að bera fram spurningar til þeirra. (**Forseti:** Hæstv. landbrh. er kominn.) Já, ég vonast þá til þess að hæstv. utanrrh. komi síðar.

Ég ætlaði að fjalla um 34. gr. frv. þar sem kveðið er á um skerðingu á framlagi ríkisins til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 1992. Við 1. umr. málsins rakti ég nokkuð aðdragandann að stofnun þessa sjóðs og hvernig það var gert með víðtæku samkomulagi. Eins og hv. frsm. minni hlutans benti á er það mat forráðamanna Stéttarsambands bænda að nú sé í fyrsta skipti framið alvarlegt brot á samkomulagi sem byggt hefur á lögunum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru. En eins og hér hefur verið drepið á af síðustu ræðumönnum, er þörfin fyrir þennan sjóð mjög mikil nú vegna hins nýja samnings sem gerður var á sl. vetri við sauðfjárframleiðendur um gríðarmikinn samdrátt á bústofni og þar af leiðandi tekjurýrnun. Því er aldrei brýnna en nú að einhver stuðningur komi til þess að byggja upp nýjar atvinnugreinar og atvinnu í stað þeirrar sem þarna hverfur.

Til viðbótar því sem áður hefur verið rakið um þetta mál, vildi ég víkja að einu nýju atriði. Samningaumræður hafa staðið yfir nú, reyndar síðustu árin, en með nýrri lotu á síðari hluta þessa árs í svonefndum GATT-viðræðum. Eftir að þær viðræður höfðu siglt í strand fyrir um það bil ári hófust þær að nýju á sl. sumri og tóku þá nokkuð aðra stefnu en gengið hafði verið út frá a.m.k. af Íslands hálfu á sl. ári. Þessar viðræður þróuðust þannig að í byrjun þessa mánaðar voru aðalatriði þeirra hugmynda sem þá lágu fyrir dregin saman af Stéttarsambandi bænda eftir þeim upplýsingum sem það hafði þá bestar. Þetta er aðeins ein blaðsíða og ég vildi lesa hana hér, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Aðildarlöndin verða að sanna á vísindalegum grunni að innflutningur vöru geti haft smithættu í för með sér. Þetta kann að draga úr möguleikum Íslendinga til þess að beita heilbrigðisreglum til þess að takmarka innflutning og hugsanlega yrðu það einungis ferskar og frystar kjötvörur og egg sem hægt væri að beita slíkum takmörkunum gegn.

2. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að innflutningur búvara verði frjáls en heimilt að leggja á tolla sem nemi mismun á cif-verði innfluttrar vöru og verði innlendrar vöru. Vakin er athygli á að viðmiðunin er cif-verð þannig að fjarlægðarverndin hverfur að því er varðar flestar vörur.

3. Gert er ráð fyrir að tollar lækki um u.þ.b. 30% að meðaltali á 5 árum.

4. Auk hinnar almennu reglu um að innflutningur búvara verði frjáls er gert ráð fyrir að samið verði um lágmarksmarkaðsaðgang 3–5% af hverri vörutegund auk þess sem ríkjandi markaðsaðgangur haldist miðað við viðmiðunarár. Gert er ráð fyrir að tollar af þessum innflutningi verði lágir eða jafnvel engir. Þetta ákvæði snertir einkum vörur sem ekki hefur verið leyfður innflutningur á til Íslands svo sem mjólk, mjólkurvörur og ýmsar kjötvörur. Nefna má smjör, osta, jógúrt og soðnar kjötvörur.

5. Varðandi ríkjandi markaðsaðgang má gera ráð fyrir að um hann gildi svipaðar reglur og lágmarksaðgang og þær tollareglur sem um hana hafa gilt eigi að gilda áfram. Þetta þýðir að óheimilt yrði að auka tollaálögur á innflutta pítsu og pastarétti frá því sem nú er a.m.k. á það magn sem flutt var inn á því ári sem tekið var til viðmiðunar.

6. Gert er ráð fyrir að aðildarlöndin skuldbindi sig til niðurskurðar á stuðningi við landbúnað innan lands um u.þ.b. 30% á fimm árum. Markaðstruflandi stuðningur er kallaður gular greiðslur í þessum viðræðum. Innlendan stuðning á að reikna samkvæmt AMS-reglum, þ.e. sá stuðningur sem fólginn er í markaðsvernd og sá stuðningur sem veittur er innan lands með greiðslum af fjárlögum.

7. Innanlandsstuðningur sem ekki hefur bein áhrif á verðmyndun búvara verður áfram heimill en reglur um hann mjög þrengdar frá fyrstu hugmyndum. Það er nefnt grænn stuðningur. Slíkur stuðningur er bundinn greiðslum af fjárlögum ríkisins og má ekki fela í sér verðstuðning. Stuðninginn má ekki tengja beint framleiðslu tiltekinnar vöru eða bústofni. Veita má almennan stuðning, svo sem til rannsókna og leiðbeininga, afkomutryggingu vegna náttúruhamfara og stuðning til aðila sem hætta búskap eða taka land úr ræktun. Veita má stuðning sem tengist umhverfisvernd og veita má byggðastuðning að því marki sem framleiðslukostnaður á hverju svæði er hærri en þar sem hagkvæmast er að framleiða í viðkomandi landi.

8. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr stuðningi við

útflutning, annaðhvort með magntakmörkunum eða með minni fjárframlögum. Rætt er um 30% samdrátt á aðlögunartímanum.

9. Rætt er um að GATT-samningur taki gildi 1. janúar 1993 og aðlögunartími verði fimm ár."

Eins og ég sagði áður þá er hér um mikla breytingu á hugmyndum að ræða frá því að upp úr slitnaði á sl. ári þegar íslenska ríkisstjórnin hafði gert tilboð um lágmarksinnflutning á ákveðnum vörutegundum til þess að koma til móts við þessa kröfu. Þar var um að ræða um 3% að hámarki en það sem skipti mestu máli var að þá var gengið út frá því að leggja mætti á jöfnunargjöld til þess að vega upp lægra verð á innfluttri vöru og á innlendri framleiðslu. Með tilliti til þess hvað við teljum íslenskar landbúnaðarvörur góðar að öllu leyti, bæði hvað bragð snertir og ekki síður hollustu, þar sem hér er ómenguð náttúra og mjög lítið notað af hvers konar lyfjum, þá væntum við þess að íslenskir neytendur mundu ekki hugsa sig um og kjósa heldur hina innlendu framleiðslu ef verðið væri hið sama.

En nú gerist það að hér er komið allt annað upp á teningnum með ískyggilegum horfum fyrir margar þjóðir. Stéttarsamband bænda setti því niður á blað nokkur atriði sem það taldi alveg nauðsynlegt að leggja mikla áherslu á fyrir Íslands hönd í þeim samningaviðræðum sem voru komnar á lokastig að ætlað var nú fjórða þessa mánaðar. Þau atriði, sem þarna eru nefnd, eru eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: Að heimilt verði að beita magntakmörkunum á innflutning vegna öryggissjónarmiða, þ.e. að innlendur hluti matvælaþarfa þjóðarinnar verði ávallt yfir tilteknum mörkum. Að sérstakt tillit verði tekið til þess samdráttar í útflutningsbótum, sem þegar hefur verið samið um hér á landi. Að þjóðirnar geti valið viðmiðunarár innan vissra marka á bilinu 1986–1988. Að heimilt verði að taka tillit til og leiðrétta vegna verðbólguþróunar frá viðmiðunarárum þegar reiknuð eru tollaígildi. Að leggja megi tolla á allan innflutning matvæla umfram tilskilinn lágmarksinnflutning, þ.e. að heimilt verði að taka upp tolla á núverandi innflutning, m.a. á tilbúnum réttum. Að þjóðirnar fái sem frjálsastar hendur um fyrirkomulag grænna greiðslna sem viðurkennt er að ekki séu markaðstruflandi. Að heilbrigðisreglur, kröfur einstakra landa, gildi gagnvart innfluttri vöru þannig að hægt sé að hindra innflutning á vörum sem framleiddar eru við lakari heilbrigðisskilyrði en innlend vara og vörum sem framleiddar eru með aðstoð hjálparefna sem óheimilt er að nota hér á landi. Heimilt verði að beita mun víðtækari innflutningshömlum þar sem þjóðir eru að aðlaga framleiðslu að innanlandsmarkaði, kvótakerfi, með það að markmiði að draga úr útflutningsbótum. Að íslenskum landbúnaði sé á aðlögunartímanum sköpuð sem líkust rekstrarskilyrði og landbúnaður í nálægum löndum hefur, svo sem varðandi hvers konar skattlagningu, aðstöðugjald og verðáfanga.

Þetta eru þau atriði sem Stéttarsamband bænda kom á framfæri við landbrn. og vænti að landbrn. mundi leggja áherslu á að koma á framfæri við íslensku samninganefndina og koma þeim áfram inn í viðræðurnar. Að sumu leyti var þess að vænta að þarna mundi nást verulegur árangur vegna þess að um sama leyti, það var nú í byrjun mánaðarins, kom bréf frá fulltrúum Kanada þar sem þeir vekja athygli á því að nauðsynlegt sé að gera ítarlegri og nákvæmari þau atriði samningsins, þ.e. hina svokölluðu 11. gr. samningsdraganna sem ég hef nú ekki séð því að þetta virðist fara allt heldur leynt. Efni þessarar greinar er að það sé heimilt og rétt að takmarka innflutning í þeim löndum og á þeim vörum þar sem framleiðslutakmörkunum er beitt. Þær fréttir komu að fleiri þjóðir legðu mikla áherlsu á þetta svo sem Svisslendingar, Japanar og Suður-Kóreumenn. Kanadamenn fylgdu þessu eftir með því að leggja fram bókun eða skilaboð þar sem lögð var áhersla á þetta atriði. Þetta mun hafa verið á fundum nefndarinnar um miðjan þennan mánuð.

Þá gerist það undarlega að Íslendingar vilja ekki standa að þessari tillögu. Eða eins og segir í fréttaskeyti sem kom frá Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, forstöðumanni upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, sem fór til Genfar til þess að reyna að fylgjast með þessum umræðum og tókst að verða sér úti um ýmsar upplýsingar þó að, eins og ég sagði áður, viðræðurnar væru mjög lokaðar. En hún segir svo, með leyfi forseta:

„Hvað snertir áframhaldandi innflutningsvernd á grundvelli 11. gr. þá kom á daginn í gær að aðeins fimm þjóðir studdu tillögu eða skilaboð Kanadamanna beint. Mér skilst að Ísland hafi ekki verið þar á meðal."

Nú vil ég spyrja hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh.: Af hverju studdu Íslendingar, sem hafa sett upp mjög strangt kvótakerfi í tveimur stærstu búgreinum íslensks landbúnaðar, ekki þessa bókun? Mér er það algerlega óskiljanlegt. Það var reyndar nágrönnum okkar Norðmönnum líka því að framkvæmdastjóri norsku bændasamtakanna hringdi til starfsbræðra hér á landi og spurði hverju það sætti að Ísland vildi ekki standa þarna með Norðmönnum og gæta þannig hagsmuna okkar Íslendinga á þennan hátt.

Norðurlandaþjóðirnar hafa haft mjög náið samstarf í þessum viðræðum og um það var samið að fulltrúi Finna væri talsmaður þessa hóps. En þrátt fyrir það hafa Norðmenn talið það sjálfsagt að standa að þessari tillögu Kanadamanna því að það kom fram í blaðaviðtölum í lok síðasta mánaðar að Norðmenn töldu að ef þær hugmyndir gengju fram, sem þá voru efstar á blaði, væri ekki lengur að tala um norska landbúnaðarstefnu og þróun norsks landbúnaðar á þann hátt sem þar hefur verið talið nauðsynlegt. Að mínu viti er það því algerlega óskiljanlegt að íslensk stjórnvöld, sem eiga að gæta þessa, ég vil segja, fjöreggs þjóðarinnar sem íslenskur landbúnaður er, skuli algerlega sofa á verðinum og ekki sinna því að fylgja þeim þjóðum sem eru þó að reyna að berjast fyrir sömu hagsmunum og við eigum þarna svo mikið í húfi að verði gætt.

Það er verið að tala um það nú og mjög haldið á lofti af ríkisstjórninni að þjóðartekjur, þjóðarframleiðsla muni dragast mikið saman og þess vegna sé voðinn vís eða mjög svartar horfur fyrir íslenskt þjóð-

félag. Þeim mun óskiljanlegra er það að sömu ráðherrar og sama ríkisstjórn skuli ekki telja að það sé sitt hlutverk að gæta hagsmuna íslensks landbúnaðar, íslenskrar framleiðslu og fylgja þar þeim þjóðum, nágrönnum okkar og fleirum, sem telja sér það bráðnauðsynlegt. En í minnispunktum sem komu frá norsku bændasamtökunum um þessar viðræður fyrir skömmu segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Möguleikar fyrir sérhvert land að gera fyrirvara gegn eða neita að samþykkja einhvern áfanga í GATT-viðræðunum eru fólgnir í tvennu. Í fyrsta lagi að gera fyrirvara eða setja skilyrði, í öðru lagi að leggja fram greinargerð um einstaka liði. Fyrirvari verður að koma fram áður en viðræðurnar eru afstaðnar. Það hefði í för með sér að gerður væri afdráttarlaus fyrirvari gegn því að þurfa að samþykkja einstök atriði samningsins." Og svo síðar: „Pólitískt séð væri það óverjandi og ómögulegt að gera afdráttarlausa fyrirvara í lokaviðræðum án þess að hafa gert grein fyrir þeim í undirhópum viðræðunefndarinnar áður." En því legg ég áherslu á þetta nú að samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá forstöðumanni upplýsingaþjónustu landbúnaðarins nú í kvöld eða gærkvöldi, má orðið segja um þetta leyti nætur, þá sagði hún að síðasta tækifæri til þess að gera skriflegan fyrirvara við þessi drög að samningi, sem nú liggur fyrir, hefði runnið út í gærkvöldi og því geri ég þetta nú sérstaklega að umræðuefni hér. Einnig vegna þess að fyrir nærri hálfum mánuði fór ég fram á það við hæstv. landbrh. að hann flytti munnlega skýrslu um þessar viðræður hér á Alþingi til þess að við gætu fengið sem gleggstar hugmyndir um það hvernig staðan væri og hvert væri viðhorf íslensku ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra tók vel í að athuga það en síðan gerðist það að hann, hæstv. landbrh., taldi að það væri frekar á verksviði hæstv. utanrrh. að gefa slíkt yfirlit eða skýrslu og hann mundi gera það. Svo kom svar frá hæstv. utanrrh. um að hann ætlaði að gefa skriflega skýrslu og sennilega hefur hann talið sig vera að uppfylla það fyrirheit með plaggi sem útdeilt var hér til þingmnna í dag.

Í fyrsta lagi er það ekki þingskjal þannig að það mun ekki vera skýrsla í eiginlegri merkingu sem þingmenn geti krafist umræðu um. En það sem er þó enn þá verra er að ég tel efni þessa plaggs vera móðgun við hv. alþm., að senda þetta plagg á þessari stundu þegar frestur til að skila skriflegum athugasemdum er að renna út, plagg sem aðeins inniheldur sagnfræði mest frá liðnum tíma og gögn sem við höfðum fengið í hendur þegar í byrjun þessa mánaðar. Í engu er þar vikið að vinnubrögðum og afstöðu ríkisstjórnarinnar á síðustu dögum sem geta orðið okkur örlagaríkir.

Ég vil því einnig spyrja hæstv. ráðherra landbúnaðar og utanríkismála: Af hverju var ekki gerður skriflegur fyrirvari vegna þessa mikilvæga máls þegar aðstæður eru svo gerbreyttar eða hugmyndir, eins og ég reyndi að rekja í stuttu máli, um það hvernig samningurinn á að vera frá því sem var á sl. ári þegar páv. hæstv. ríkisstjórn sendi sínar hugmyndir?

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég tel þetta vera mikilvægustu atriðin í sambandi við þessar samningaviðræður og gæti orðið ákaflega örlagaríkt fyrir okkur hvernig þarna tekst til.

Ef ég vík aftur að Framleiðnisjóðnum hefur það gerst síðan 1. umr. þessa máls fór fram að lagt var fram frv. um skattlagningu fjárfestingarlánasjóða og þar er upp talinn Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Það kæmi því til viðbótar við þá skerðingu, sem ætlað er að sjóðurinn verði fyrir á næsta ári, að farið verði að skattleggja framlagið frá ríkissjóði sem eftir stendur og reyna þannig að ná til baka inn í ríkissjóð kannski nærri helmingnum af því.

Ég ætla þá að láta lokið máli mínu um landbúnaðinn en vil aðeins víkja að öðru atriði. Þá vil ég gjarnan að hér séu staddir hæstv. dómsmrh. og hæstv. félmrh. ásamt frsm. meiri hluta og starfandi formanni efh.- og viðskn. Ég ætlaði ekki að tala langt mál en mér er tjáð að hv. formaður sé ekki í húsinu og mér er heldur illa við að tala um þetta að henni fjarstaddri. (Gripið fram í.) Ég held að það sé ekki hægt að ná í hana en ég verð þá að beina máli mínu til hæstv. félmrh. og hæstv. dómsmrh. og spyrja: Eru þá allir fulltrúar meiri hlutans í efh.- og viðskn. farnir á braut? (Gripið fram í.) En er hæstv. dómsmrh. ekki í húsinu? (**Forseti:** Það skal upplýst að hæstv. dómsmrh. er ekki í húsinu.) Þá neyðist ég til þess að ræða þessi mál að þeim fjarstöddum og vænti þess að flokksbræður þeirra muni flytja orð mín. Það sem ég ætlaði að víkja að er brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem á að verða 50. gr. þessa frv. Það er hið svonefnda löggugjald sem minnst var á af fyrri ræðumönnum.

Það sem ég ætlaði að spyrja frsm. meiri hlutans að var það hvort hún og meiri hlutinn, sem flytur þessa tillögu, gerði sér virkilega grein fyrir því hvaða tillögu þau eru að flytja. Ég get ekki trúað því að þau geri það, að þeirra samviska sé svo sveifð að þau flytji svona tillögu. Ég skal reyna að skýra þetta með einföldu dæmi.

Á fund okkar þingmanna Suðurl. kom í gær oddviti míns sveitarfélags og skýrði frá því hvernig væri hér verið að vinna. Hér er gert ráð fyrir því að leggja 2.850 kr. á hvern íbúa í þessu sveitarfélagi. Við vorum svo óheppin í þessu tilviki að fyrir rúmu ári síðan voru fimm sveitarfélög sameinuð og gerð að einu. Þessi fimm sveitarfélög voru áður með öll innan við 300 íbúa. Þau hefðu því fengið lægra gjaldið, ekki þessar 2.850 kr. heldur aðeins 1.700. Hér er því verið að refsa þeim sem í góðri trú töldu að það væri ávinningur á flestan hátt eða jafnvel allan að sameinast í eina heild. Vissulega hefur reynslan af því verið góð þangað til nú allt í einu að ríkisstjórnin eða meiri hluti efh.- og viðskn. kemur með þessa tillögu.

Það má geta þess að í þessu sveitarfélagi eru 20% íbúanna ellilífeyrisþegar. Á þá er líka lagt þetta gjald eins og alla aðra. En það sem er kannski aðalatriðið er að til viðbótar þeim tæpu 2 millj. kr., sem þetta sveitarfélag á að greiða beint í ríkissjóð, munu tekjur þess til viðbótar lækka um 5–6 millj. vegna þessarar brtt. Það er af ástæðu sem hæstv. félmrh. skýrði í sjónvarpsviðtali í gærkvöldi þar sem hæstv. ráðherra sagði að vegna þess að stóru sveitarfélögin í Reykjaneskjör-

dæmi, fyrst og fremst, væru knúin af þessari tillögu til að hækka sitt útsvarshlutfall svo að þau fengju framlag úr Jöfnunarsjóði, þá þyrfti Jöfnunarsjóðurinn að hækka úr 500 millj. í 750 millj. ef það ætti ekki að koma fram sem skerðing á þau sveitarfélög sem hingað til hafa notið framlagsins. Þetta þýðir að Jöfnunarsjóðsframlag míns sveitarfélags lækkar um 5–6 millj. Samtals munu þetta verða um 7 millj. kr. sem þetta strjálbýla sveitarfélag verður að gjalda fyrir þessa tillögu. Það mun þurfa að gjalda fjórfalt meira en Reykjavík. Einnig verður að borga fyrir Hafnarfjörð. Ég vil ekki ætla hv. formanni efh.- og viðskn. að hún hafi verið að standa að þessari tillögu af því að hún sá að stóru sveitarfélögin í sínu kjördæmi láta minni sveitarfélögin borga brúsann fyrir sig því að, eins og hæstv. félmrh. sagði, er skatturinn á Hafnarfirði, löggu-skatturinn, mig minnir 43 eða 45 millj. Hins vegar mun Hafnarfjörður fá milli 40 og 50 millj. úr Jöfnunarsjóði sem minni sveitarfélögin eiga að gjalda fyrir. Ég trúi því ekki að hv. þm. séu að leggja svona fram til þess að verja sína. Ég held að það sé af því að fólkið veit ekki hvað það er að gera.

Því má svo bæta við að í þessu sveitarfélagi, sem ég tala um, mínu sveitarfélagi, lifa langflestir íbúar á sauðfjárrækt. Við sáum við 2. umr. fjárlaga tillögu þar sem lagt er til að umsamið kaup, sem ríkið hefur tekið að sér að greiða sauðfjárbændum, skuli skert um einn sjötta hluta, þ.e. meginþorri íbúa á þessu svæði á ekki að fá laun tvo síðustu mánuði ársins. Það sem ég vildi segja með þessu er að ég trúi ekki að þeir sem að þessu standa telji að þetta sé réttlæti. Það er svo fjarri mínum hugmyndum um skattlagningu. Ég ætlaði að að skora á starfandi formann efh.- og viðskn. að taka þetta frv. eða tillögu til athugunar og sýna í verki að svona vinnubrögð eru ekki ásetningur. Ég vonaðist til þess að hún yrði hér og gæti lýst því yfir þegar við þessa umræðu þannig að hægt væri að eyða öllum vafa.

Hér var vitnað til orða núv. ríkisstjórnar að hún vildi gera sáttargjörð um sanngjörn kjör. Er hennar *sanngirni svona að níðast á þeim sem lakasta hafa aðstöðuna*, eins og á við um íbúa í strjálbýlum héruðum fjarri öllum hafnarstöðum, með einhæfan atvinnuveg?

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum heyrt það í nótt, eins og reyndar áður, að lítið mark ætti að taka á orðum okkar. Þrátt fyrir það get ég ekki annað en lagt áherslu á þetta atriði. Ég get ekki annað næstu daga og ef með þarf vikur en gert það sem í mínu valdi stendur til að berjast gegn svona ranglæti. Ég gæti ekki varið það, hvorki fyrir sjálfum mér né þeim sem hafa falið mér að vera hér á hv. Alþingi, að gefast upp fyrir *hrokafullum hótunum oddvita stjórnarliðsins* og leggja árar í bát. Ég vil því vonast til þess að þeir fáu fulltrúar stjórnarliðsins sem hér eru staddir taki þetta til athugunar, færi þetta efni til efh.- og viðskn. og sýni að þeirra réttlæti er ekki svona.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að staða Uruguay-viðræðna í GATT er ekki á dagskrá á þessum þingfundi. Þar fyrir utan er hægt að vísa til þess að á borðum þingmanna liggur ítarleg skýrsla, bæði um stöðu þeirra viðræðna almennt og sérstaklega að því er varðar landbúnaðarmál. Þá er þess að geta að í þessum viðræðum hefur ekkert það gerst sem gefur tilefni til sérstakrar umræðu á þessu stigi málsins. Ég vil leyfa mér að vísa hv. þm. á þessar skýrslur þar sem eru veittar þær upplýsingar sem málið varða, stöðu þess nú.

Að því er varðar spurningu sem hefur verið beint til mín og hæstv. landbrh. um svokallað erindi Japans, Kanada, Kóreu og tveggja annarra þjóða, þá er þetta að segja: Af hálfu Íslands var ekki talin ástæða til að slást í þann hóp af mjög einfaldri ástæðu. Hún er sú að ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að það tilboð sem lagt var fram af Íslands hálfu í nóvember sl. í þessum viðræðum væri í fullu gildi. Í því tilboði var áskilinn réttur til þess að viðhalda magntakmörkunum. Því var jafnframt yfir lýst af hálfu Finnlands fyrir hönd Norðurlanda fyrir tveimur dögum að öll Norðurlöndin hefðu í tilboðum sínum áskilið sér þann rétt, þannig að hann hefur verið áréttaður. Að öðru leyti var ekki ástæða til að taka tillit til þessa erindrekstrar Kanada. Það er ekki ástæða til að ætla að um þetta sé nokkur ágreiningur því að þetta tilboð sem lagt var fram af Íslands hálfu í nóvember sl. naut stuðnings þriggja stjórnarflokka þá, þ.e. Framsfl., Alþb. og Alþfl. og nú hefur núv. ríkisstjórn áréttað að það tilboð sé í fullu gildi. Væntanlega er því um það full samstaða.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir vonbrigðum með viðbrögð hæstv. utanrrh. Hæstv. ráðherra sagði að í plagginu sem dreift var í dag væru allar upplýsingar um þetta mál. Af hverju er þá ekkert minnst þar á þetta erindi sem hann gat hér um og ég ræddi um sem Kanada beitti sér fyrir? Það segir sína sögu.

Í öðru lagi: Af hverju töldu fulltrúar Noregs að það væri sterkari leikur að vera aðili að þessu erindi þó að þeir hefðu lýst yfir sínum fyrirvara áður? Af hverju gildir eitthvað annað um Ísland en um Noreg að koma þessum viðhorfum á framfæri? Svo vil ég árétta það sem ég reyndi að segja að þær hugmyndir sem núna eru á blaði eru gerólíkar þeim sem gengið var út frá fyrir ári síðan.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni skal áréttað að stefna Íslendinga í þessum viðræðum er ekki mótuð af stjórnvöldum í Noregi heldur af íslenskum stjórnvöldum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það komi fram að milli íslenska landbrn. og hins norska hefur verið mjög náin samvinna í sambandi við undirbúning

GATT-viðræðna og í höfuðdráttum er stefna beggja þessara landa hin sama. Því var lýst yfir fyrir tveim dögum eða þrem af fulltrúa Finna að Norðurlönd stæðu efnislega að því tilboði eða tillögu sem Kanadamenn hafa gert enda rúmast það innan þeirrar stefnu sem ríkisstjórn Íslands hefur markað.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. landbrh. að hann vill ekki afneita alveg samvinnu við Noreg og ég er þakklátur fyrir það því að hagsmunir, a.m.k. hluta bænda í Noregi, eru held ég mjög álíka og hagsmunir íslenskra bænda. En enn þá frekar vaknar þessi spurning: Úr því að hæstv. landbrh. segir og staðfestir að þarna sé mjög náið samstarf á milli, af hverju vildu Íslendingar þá ekki árétta það með því að standa með Norðmönnum að þessari bókun?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem fulltrúi Finnlands tók fram var að Norðurlöndin öll, í samræmi við fyrri tilboð sín, áskildu sér rétt til þess að beita magntakmörkunum. Ekkert Norðurlandanna fylgdi hinum kanadíska erindrekstri nema Noregur, þ.e. ekki Finnland, ekki Svíþjóð, ekki Ísland og ekki Danmörk.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alveg er ljóst að íslenska ríkisstjórnin styður það og það er hennar stefna að magntakmarkanir séu í sambandi við landbúnaðarafurðir. Í tillögum Kanadamanna fólst að magntakmarkanir skyldu vera sérstaklega í þeim vörutegundum sem nú er framleiðslustýring á sem vitaskuld er í samræmi við yfirlýsingu og stefnu ríkisstjórnarinnar sem gefin hefur verið á Alþingi oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Þess vegna stendur það sem ég sagði að efnislega er ekki ágreiningur milli íslensku ríkisstjórnarinnar og þess að nauðsynlegt sé að leggja áherslu á það í sambandi við GATT-viðræðurnar að þetta náist fram. Það hefur ekki orðið nein breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er orðinn dálítið ruglaður í þessum þingsköpum þar sem ráðherrarnir tala á víxl. Ég er ekkert að lasta það þó að þeir telji sig þurfa að leiðrétta hvor annan. En það sem ég vildi sérstaklega segja er að ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir afdráttarlausa yfirlýsingu hans um það hvað hann vill og ég vil skora á hann að fylgja því sem fastast eftir og reyna að leita sér bandamanna, bæði okkar nágranna og annarra, til þess að fá stuðning við það.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hafa farið fram nokkrar umræður um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég hafði hugsað mér að taka hér til máls þó fulltrúi Kvennalistans í efh.- og viðskn. hafi talað hér og gert grein fyrir meginsjónarmiðum okkar kvennalistakvenna til þessa máls. Ég ætla að leggja megináherslu á fyrstu þrjár greinar þessa frv. sem eru um breytingar á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla. Ég hafði hugsað mér að beina máli mínu þar af leiðandi fyrst og fremst til hæstv. menntmrh. og vænti ég að hann sé hér í húsinu og vil ég óska eftir því við forseta að honum verði gert viðvart um að ég óski eftir að ræða þennan kafla. Ég hefði gjarnan vilja eiga orðaskipti við hann. (**Forseti:** Forseti verður því miður að upplýsa að hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu.) Það er mjög sérkennilegt að hér skuli haldinn fundur til að ræða þetta mikilvæga mál, að því er virðist, af hálfu ríkisstjórnarinnar sem við höfum heilmikið um að segja ef fulltrúi menntamála í Stjórnarráðinu getur ekki séð sér fært að vera viðstaddur umræðuna. En ég ætla ekki að beita þvílíkri harðneskju að ætlast til þess að hann verði vakinn upp af sínum væra svefni sem hann hefur þá vonandi getað fengið. En þá er spurning hvort einhverjir fulltrúar meiri hlutans í hv. efh.- og viðskn., sem flytja heilmiklar brtt., séu viðstaddir eða hvort það eru einungis fulltrúar minni hlutans sem hér eru staddir. (**Forseti:** Forseti vill kanna það hvaða fulltrúar úr efh.- og viðskn. eru í húsinu ef þingmaðurinn vil gera örstutt hlé á ræðu sinni á meðan.)

Virðulegur forseti. Ég vil ekki tefja tímann allt of mikið með því að standa þegjandi. Ég tel því rétt að ég skýri aðeins hvaða áherslur ég ætla að leggja. Eins og ég sagði ætlaði ég að ræða um 1., 2. og 3. gr. til að byrja með. Ég sé mér til mikillar ánægju að a.m.k. einn fulltrúi meiri hlutans í efh.- og viðskn. er mættur. Ég veit ekki hvort fleiri eru hér en ég hef tekið eftir því að þessi fulltrúi skrifar undir nál. meiri hlutans með fyrirvara. Við höfum ekki heyrt í hverju hans fyrirvarar eru fólgnir en við megum kannski hlýða á það hér síðar í nótt eða kvöld eða hvað sem má kalla þetta í dag. Hann hlýtur að vera ágætis fulltrúi en hv. þm. Ingi Björn Albertsson ætlar þá væntanlega að færa meiri hluta hv. efh.- og viðskn. þær ábendingar sem ég vil fram færa.

Þegar þetta frv. er lesið nákvæmlega kemur mjög á óvart hversu mikið er þar inni sem ekki hefur neitt með ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 að gera að því er virðist í fljótu bragði. Þegar farið var að skoða þetta nánar komu alltaf fleiri og fleiri atriði í ljós sem ekki áttu þar heima að mínu mati. Það var kannski síðasta mgr. í 3. gr. sem kom mér til að fara betur ofan í það sem hér var á ferðinni en sú málsgrein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntmrn. setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma."

Þetta þótti mér mjög einkennilegt. Hvað hefur þetta með ráðstafanir í ríkisfjármálum að gera? Þetta er stórmál sem þarna er á ferðinni og getur varla fallið undir ráðstafanir í ríkisfjármálum nema menntmrn. eigi að beita þessari heimild eða þessari reglugerð á þann hátt að skorið verði verulega niður í grunnskólum. Það var

ekki síst það sem ég hefði viljað beina til menntmrh. og e.t.v. getur hv. þm. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv., upplýst um þetta. Auðvitað hljóta menn í meiri hluta efh.- og viðskn. að hafa farið ofan í þetta, því að minni hlutinn gat ekki upplýst það hvað þarna væri á ferðinni.

En ef ég sný mér að 1. gr., a-lið, og skoða hverju er verið að breyta, hvað er verið að fella út? Þar segir að 3. mgr. 4. gr. falli út en hún hljómar svo mjög stutt, ein lína, með leyfi forseta:

„Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma."

Þetta var eitt mikilvægasta málið sem fékkst fram á 113. löggjafarþingi þegar hér voru samþykkt lög um grunnskóla. Ef ég tek um leið d-liðinn sem er 1. og 6. mgr. 46. gr. og skoða hvar þar er á ferðinni þá sér maður e.t.v. tenginguna á milli þessa liðar, þ.e. d-liðar 1. gr. og síðustu málsgreinar 3. gr. sem ég las hér áðan. 46. gr. grunnskólalaganna fjallar um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla, sem á að vera að lágmarki ákveðinn, sem er síðan talið upp í þessari grein. Síðasta efnisgr. í 51. gr., sem líka á að fella niður, fjallar um skólaathvörf. Hún hljóðar svo:

„Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla þar sem þörf er á þar sem nemendur geta dvalist utan kennslutíma. Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra."

Samkvæmt þessari grein bendi ég á að þarna má taka gjald fyrir. Kannanir sem farið hafa fram í grunnskólum og þá sérstaklega hérna í Reykjavík meðal foreldra grunnskólabarna leiða í ljós að þeir eru mjög fylgjandi því að nemendur geti fengið að vera í skólaathvörfum eftir að skóla lýkur og telja sig flestallir geta staðið undir því að greiða fyrir þessa þjónustu ef kalla má það því nafni. Ég skil því ekki hvers vegna þetta er talinn vera svo mikill kostnaður að það þurfi að fella þessa grein niður eða hún komi ekki til framkvæmda 1992. Það sem mér þykir miklu alvarlegra er sú grein sem segir að menntmrn. geti ákveðið vikulegan kennslutíma vegna þess að ég get ekki betur séð en þarna verði felld niður ákvæði 46. gr. um hve langur tími hver nemandi á að fá í grunnskóla og að menntmrn. geti skorið þetta niður að geðþótta.

Ég hef sérstaklega áhyggjur af þessu ákvæði vegna þess að samkvæmt niðurskurðaráformum almennt hefur verið talað um flatan niðurskurð og þá hefur verið rætt um, samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið, að það eigi að taka af grunnskólanum yfir 400 millj., og þá væntanlega með því að fækka störfum. Ég get ekki betur séð en þarna ætli menntmrn. að notfæra sér þessar heimildir til að skera niður vikulegan kennslutíma. Þetta finnst mér það alvarlegt mál að ég get alls ekki sætt mig við að fá ekki svör við því hvernig í ósköpunum stendur á því að þetta á að setja inn í lögin.

Ég sé að á brtt. á þskj. 286 frá meiri hluta efh.- og viðskn. hefur verið fallið frá að fresta ákvæðum í 9. og 32. gr. sem fjalla um grunnskólaráð og aðstoðarskólastjóra. Mér þótti mjög einkennilegt að sjá í frv. að fella ætti þetta niður því að ekki var hægt að sjá að þessu fylgdi neinn aukakostnaður. T.d. varðandi aðstoðarskólastjóra þá var einungis um heimild að ræða í lögunum en ekki neina skyldu þannig að menntmrn. var heimilt að ráða aðstoðarskólastjóra en alls ekki skylt að gera það og þess vegna hefur það enga þýðingu að fella þetta ákvæði út úr lögunum og því eðlilegt að komið hafi fram brtt. af hálfu meiri hlutans og það lagt til að þetta verði fellt út úr þessu frv.

Ég hefði gjarnan viljað fá skýringu á ákvæðum 2. gr. en þar segir, með leyfi forseta: „Þar sem að mati sveitarstjórna er nauðsynlegt að ætla sérstakt húsnæði í skóla fyrir heilsugæslu og/eða tannlækningar telst byggingarkostnaður húsnæðis til stofnkostnaðar viðkomandi skóla."

Ég velti því fyrir mér hvernig þetta muni koma út. Þarna er gert ráð fyrir að húsnæði fyrir tannlækningar teljist til byggingarkostnaðar og nú er það á forræði sveitarfélaganna að byggja skólahúsnæði og hlýtur þá þessi kostnaður að koma á sveitarfélögin. Ég veit að hér í Reykjavík eru víða tannlæknastofur inni í skólunum en svo er alls ekki úti um land, þannig að ég velti því fyrir mér hvort einmitt þetta atriði tengist á einhvern hátt ákvæðum frv. þar sem fjallað er um breytingar á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, þar sem gert er ráð fyrir að meiri hluti af tannlækningum skólabarna verði hjá skólatannlæknum og hvort þarna sé ríkissjóður að velta einhverjum hluta af skólatannlækningum eða stofnkostnaði yfir á sveitarfélögin. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða sparnaður felst í þessu og hefði gjarnan viljað fá skýringar á þessu ákvæði en það hlýtur að vera markmiðið með þessu frv. að þarna náist fram verulegur sparnaður.

Ef litið er á 3. gr. frv. þá er þar um verulegar breytingar að ræða á ákvæðum til bráðabirgða sem að mestu leyti á að fella niður í lögunum en ný ákvæði eiga að koma inn, að vísu bara tvö ný. Það ákvæði sem m.a. á að fella niður er þar sem segir, með leyfi forseta: „Ákvæði 46. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemanda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara."

Í stað núgildandi ákvæðis á ákvörðunin eingöngu að vera í höndum ráðherra sem ég tel alls ekki viðunandi en bendi þó á, og veit ekki hversu mikið mark maður á að taka á, að í 1. gr. segir að þessi ákvæði laganna eigi ekki að koma til framkvæmda á árinu 1992 en ákvæði 3. gr., þetta með að menntmrn. ákveði vikulegan kennslutíma, hafa engin tímamörk. Þau eiga að gilda áfram. Það er svolítið skrýtið að hugsa sér hvernig eigi að framkvæma þetta.

Síðan eru ákvæði til bráðabirgða um hámarksfjölda í bekk og að það eigi einungis að miðast við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 29 í 3.–10. bekk. Það vita auðvitað allir sem vilja vita að 29 nemendur í bekk er allt of mikið og mjög erfitt fyrir kennara að komast yfir að kenna svo mörgum nemendum svo viðunandi sé, sérstaklega með tilliti til þess að bekkir eru blandaðir þannig að nemendur hafa mjög mismikla getu og erfitt fyrir þá að fylgjast að og vera allir á sama stað í

náminu. Þess vegna var ákveðið á 113. löggjafarþingi að gera breytingar á grunnskólalögunum. Ég hélt að allir flokkar hefðu verið algjörlega sammála um þær breytingar og ég man ekki betur en það hafi náðst samstaða hér á hv. Alþingi um þetta atriði. Enda hafa kennarasamböndin lýst miklum áhyggjum vegna þessa frv. og í ályktun Kennarasambands Íslands frá 3. des. segir, með leyfi forseta, m.a., þegar búið er að lýsa því hvað í þessum breytingum felst og lýsa því hversu mikilvæg menntun þjóðarinnar er o.s.frv.:

„Við slíkt ábyrgðarleysi verður ekki unað. Kennarasamband Íslands mótmælir því harðlega að lagaákvæði, sem samþykkt hafa verið og kynnt foreldrum og kennurum, skuli gerð marklaus á þann hátt sem nú er ráðgert.

Kennarasamband Íslands heitir á alþingismenn að standa vörð um þær breytingar á grunnskólalögum sem allir þingflokkar voru sammála um á sl. vori og tryggja skólastarfinu fjárveitingar í samræmi við lög um grunnskóla frá 1991." — Bréfið er undirritað af Svanhildi Kaaber og Birnu Sigurjónsdóttur, fyrir hönd Kennarasambandsins. Þannig að kennarar hafa þarna verulegar áhyggjur.

Þann 13. des. sendi Kennarasambandið líka ályktun, bréf til alþingismanna, þar sem var ályktað um niðurskurð í ríkisfjármálum. Ég ætla einungis að vitna til þess hluta sem fjallar um breytingar á grunnskólalögunum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Mjög hæpið er að þær tillögur sem fyrir liggja verði til sparnaðar í skólakerfinu þegar á heildina er litið, hættara er við að þær muni kalla á kostnaðarsamar hliðarráðstafanir auk þess sem þær vega gróflega að hagsmunum nemenda og foreldra þeirra og gera skólunum enn erfiðara en nú er að sinna lögboðnum skyldum sínum."

Síðan kemur áskorun til okkar um að standa vörð um þær samþykktir sem gerðar voru hér sl. vor.

Kennarafélag Reykjavíkur sendir einnig frá sér ályktun á svipuðum nótum þar sem talað er um að nýju grunnskólalögin sem samþykkt voru sl. vor. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kennarar fögnuðu því að ný grunnskólalög voru samþykkt í vor en í þeim er einmitt tekið tillit til breytts þjóðfélags og stefnt að lengingu skóladags nemenda, skólamáltíðum, skólaathvarfi og fækkun nemenda í bekkjardeildum."

Þetta er aðeins örstutt brot úr þeim ályktunum sem komið hafa frá Kennarasambandi Íslands og Kennarafélagi Reykjavíkur og eru í samræmi við þær miklu áhyggjur sem fólk í þjóðfélaginu, kennarar og foreldrar sérstaklega, hafa varðandi þetta atriði. Auðvitað eru miklu fleiri atriði í ráðstöfunum í ríkisfjármálum sem fólk úti í þjóðfélaginu hefur áhyggjur af en þetta snertir okkur öll og það er því mjög alvarlegt að ríkisstjórnin skuli ætla sér að vega þannig að grunnskólanum með þessum hætti og kalla það ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég vil benda á það, virðulegur forseti, að svo virðist sem þessum kafla frv. sé ætlað að skila, eftir því fram hefur komið 20–40 millj. í ríkissjóð. Það er nokkuð á reiki eftir þeim upplýsingum sem fengist hafa en ég held að þessi svokallaði sparnaður sé í raun enginn sparnaður heldur verði þetta miklu dýrara þegar upp er staðið og tel það raunar alveg víst.

Eins og ég sagði áðan var mikil samstaða hér á síðasta þingi um setningu grunnskólalaga, þeirra sem nú eru í gildi, og studdum við þingkonur Kvennalistans, sem þá áttum sæti á Alþingi, það frv. dyggilega og kannski ekki að undra þar sem flutt hafði verið af hálfu Kvennalistans í efri deild, sem þá var, fyrst á 110. löggjafarþingi í febrúar 1988 og síðar á 111. löggjafarþingi í nóv. 1988, frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla þar sem lögð var áhersla á samfelldan skóladag, lengri skóladag sérstaklega fyrir yngri nemendur, skólamáltíðir, skólaathvörf og fleira sem hefur síðan komið inn í núgildandi lög. Við vildum að vísu á 113. löggjafarþingi ganga heldur lengra en í grunnskólafrv., sem þá var til umræðu. Samkvæmt okkar tillögum hefðu lögin litið eilítið öðruvísi út en við töldum þó að þetta væri ásættanlegt sem fyrsta skref og studdum þar af leiðandi það frv.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í þær tillögur sem fram komu af hálfu Kvennalistans á sínum tíma varðandi þetta frv. en ég get aðeins drepið á og langar til að vitna hér aðeins í upphafi greinargerðarinnar, en flm. frv. voru Guðrún Agnarsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir. Mig langar, með leyfi forseta, að fá að taka hér örfáar línur, en þar segir:

„Brýn þörf er á því að samræma betur vinnudag barna og foreldra hérlendis. Gera þarf vinnudag barna í skóla samfelldan, lengja kennslutíma yngstu árganganna og öll börn verða að hafa tækifæri til að matast í skólanum. Enn fremur er nauðsynlegt að börn eigi þess kost að dveljast í skólanum utan kennslustunda og njóta þar umsjár kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun. Grunnskólar þurfa að vera einsetnir heilsdagsskólar þar sem vinnutími og viðvera bæði nemenda og kennara er samfelld. Nauðsynlegt er að fækka nemendum í hverjum bekk þannig að nám og kennsla komi að sem bestum notum. Það er einkum mikilvægt í yngstu bekkjunum. Einnig þarf að gæta þess að skólar verði ekki of stórir eða fjölmennir."

Síðan er í þessu frv. lagt til að lögbundin verði fræðsluskylda 6 ára barna sem nú er orðið að lögum og síðan eru rakin í ekki mjög miklu máli, en þó nokkru, álit ýmissa manna um mikilvægi þess að lengja skóladaginn og koma á skólamáltíðum og þess háttar og bent á að Ísland er eitt fárra ríkja í hinum vestræna heimi sem hefur svo stuttan skóladag yngstu nemendanna.

Ég vil, virðulegi forseti, ekki eyða allt of miklum tíma með því að fara í gegnum grg. en mig langar þó aðeins að minnast á eitt atriði sem bent er á í henni um mikilvægi þess að lengja skóladag og að skóladagur sé samfelldur vegna þess hve slys á börnum eru algeng hér á landi. Það er að í könnun Bjarna Torfasonar læknis, sem gerð var árið 1979, kom í ljós að slys á gangandi vegfarendum voru algengust meðal barna og unglinga. Þetta er auðvitað mjög slæmt og því miður hefur lítil breyting orðið til batnaðar í þessum málum.

Ég tel þess vegna að það geti alls ekki gengið að við stöndum fyrir því nú með lagasetningu af því tagi sem gert er ráð fyrir í þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum að taka allan þennan mikilvæga kafla laganna burtu. Ég tel að það komi bara alls ekki til greina og ég veit að það þarf ekkert að lýsa því fyrir hv. þm. hér í smáatriðum hversu mikilvægt þetta er því svo mikið hefur verið rætt um það á fyrri þingum. Það er því stórfurðulegt að það skuli vera lagt til hér, ekki aðeins að koma með einhverjar sparnaðaraðgerðir í grunnskólunum, heldur að gera verulegar breytingar á grunnskólalögunum. Ég óttast að þetta eigi ekki einungis að gilda árið 1992 heldur mun þetta vera fordæmi um það sem koma skal og er þá illt í efni.

Það eru ekki bara kvennalistakonur, sem hafa lagt fram frv. til breytinga á grunnskólalögum þar sem lögð er áhersla á þessi atriði, heldur kom líka fram á 111. löggjafarþingi frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum og flm. voru Ragnhildur Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarssonar og Þorsteinn Pálsson. Þar eru mjög mörg svipuð atriði og lögð áhersla á það sama. Mér þótti merkilegt að sjá að þar sem ráðuneyti menntamála er í höndum Sjálfstfl. sem hefur lagt áherslu á að skóladagur lengist og að nemendur fái mat í skólanum. Í fyrrnefndu frv. er vitnað m.a. til þess að í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem birt var um haustið 1987, var mjög ítarlega fjallað um fjölskyldu- og jafnréttismál. Í ágúst 1987 skipaði Þorsteinn Pálsson, sem þá var forsrh., samstarfsnefnd sem í áttu sæti Inga Jóna Þórðardóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Bessí Jóhannsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir, Þrúður Helgadóttir og Sigríður Snævarr. Skýrsla nefndarinnar var mjög löng en mig langar að taka upp örfá atriði. Það er vitnað í þessa skýrslu í frv. þessu, sem ég minntist á, sem flutt var af þingmönnum Sjálfstfl. sem þá voru. Með leyfi forseta ætla ég að taka örfá atriði:

„Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skólavistar a.m.k. sex klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum, þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundir á viku í 30–36 stundir á viku." — Síðan er vitnað í kafla, það á að gera þetta á ákveðnum tíma og miðað við að þetta eigi að taka gildi á þessu ári, árinu 1991–1992.

Síðan segir líka: „Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda." Þ.e. gert er ráð fyrir að koma á skólaathvörfum en þetta frv., sem við erum að fjalla um, gerir einmitt ráð fyrir að það verði allt saman fellt niður. Síðan er talað um að lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi árið 1989–1990.

Nú gæti maður kannski ímyndað sér að núv. ríkisstjórn segði að auðvitað væri þetta allt saman fyrri ríkisstjórn að kenna vegna þess að ekki var haldið þannig á málum að hægt væri að framkvæma þessi áform. Þau voru að vísu ekki í lögum þá og Sjálfstfl. var ekki í menntmrn. En nú er Sjálfstfl. kominn í menntmrn. og hefði þá mátt ætla að þeir mundu drífa sig í að framkvæma þessa stefnu sem þeir eru búnir að hafa, að því að sagt er, í fjölda ára. En það er öðru nær. Það á ekki einu sinni að reyna að halda í horfinu heldur á að skera verulega niður.

Ég sagði frá því áðan að við hefðum rætt á 113. löggjafarþingi frv. til laga um grunnskóla. Hið ágætasta mál sem hér náðist síðan breið samstaða um eftir að gerðar voru á því nokkrar breytingar, sem Kvennalistinn taldi að vísu ekki vera til bóta, en það var samt sem áður niðurstaðan.

Í nál. fulltrúa Sjálfstfl., Sólveigar Pétursdóttur og Ragnhildar Helgadóttur kom fram að þeim fannst rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Það var ekki vegna þess að þær teldu að þetta frv. væri ekki nógu metnaðarfullt heldur töldu þær auðvitað, eins og svo margir aðrir, að þarna þyrfti endilega að koma á samfelldum skóladegi, skólamáltíðum og fleira en þær töldu að það þyrfti að sjá betur fyrir fjármálahlið málsins og það hljóta allir að vera sammála um. En það getur varla verið að með þessu áliti hafi þær ætlast til þess að um leið og Sjálfstfl. fengi menntmrn. mundi öllum áformum svipt til hliðar.

Í umræðum um þetta mál, sem stóðu yfir í samtals fjórar vikur, voru haldnar miklar og langar ræður og sérstaklega af hálfu hv. þm. Sjálfstfl. Það eru aðeins nokkur atriði í þeim ræðum sem ég vil taka út. Mér dettur ekki í hug að lesa það allt saman upp vegna þess að þá dygði ekki þessi nótt né heldur allur næsti dagur því svo mikið töluðu sjálfstæðismenn í þeirri umræðu. Það er ekki síst vegna þess að ég treysti mér ekki til að lesa mikið upp úr þessum ræðum að þær eru yfirleitt mjög líkar vegna þess að þetta var eiginlega alltaf sama ræðan aftur og aftur. Þegar farið er að lesa þetta, ég ætlaði mér að reyna að ná í einhver gullkorn þarna, sá ég að þau voru kannski ekki svo mörg vegna þess að þetta var meira og minna endurtekning á því sem sagt hafði verið áður. (Gripið fram í.) Já, það hafði ég einmitt hugsað mér, en ég ætla samt ekki að fara úr þessum ræðustól öðruvísi en að minnast á fáein atriði, af því að ég veit að hv. þm., sem hér greip fram í, hv. þm. Stefán Guðmundsson, hefur mikinn áhuga á þessum ræðum. Ég sat hérna mestmegnis undir því á sínum tíma en þetta er bara sýnishorn af því sem talað var. Það sem e.t.v. vekur athygli þegar farið er í gegnum þetta er að hörð gagnrýni hv. þm. Sjálfstfl. kemur fram á að ekki skuli vera haft nægilegt samráð við sveitarfélögin. Mig langar til að grípa niður þar sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir er að tala, þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Aðfinnsluverð er sú forræðishyggja gagnvart sveitarfélögunum sem gengur eins og rauður þráður í gegnum frv." — Síðan er talað um það aftur og aftur og hv. þm. Pálmi Jónsson talar um af mikilli vandlætingu hvernig vaðið er yfir sveitarfélögin og ætlast til þess að þau taki þátt í því að lagðar séu álögur á sveitarfélögin sem felist í þessu. Mig langar til að vitna hér í smá kafla af ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar þar sem hann segir, með leyfi forseta: „Og ég hlýt að endurtaka þá spurningu mína" — hann var búinn að spyrja nokkrum sinnum áður — „treysta hv. þm. stjórnarliðsins sér til

þess að samþykkja slíkt mál án þess að fulltrúar sveitarfélaganna í landinu treysti sér til þess að mæla með því að það verði samþykkt? Ég held að þá sé farið að fara mjög aftan að siðum ef á þann veg á að ganga fram með lagasetningu hér á hinu háa Alþingi."

Þetta er ein megingagnrýni Sjálfstfl. á þetta frv. og gengur eins og rauður þráður í gegnum allar þær ræður sem hér voru haldnar, að verið sé að vaða þarna yfir sveitarfélögin og vandlætingin er alveg gífurleg. Þetta vildi ég gera að umræðuefni í þessari ræðu minni, en eins og hv. þm. benti á gæti ég í seinni ræðu minni talað nánar um það sem hér kemur fram.

Ég vil taka það fram að hv. þm. Sjálfstfl. á þessum tíma voru ekki á móti því að gerðar yrðu þessar breytingar á grunnskólalögunum. Það sem kemur fram er að mikilvægt sé að þessi mál séu sett á forgangslista stjórnvalda, eins og kemur fram í ræðu Sólveigar Pétursdóttur, sem segir svo, með leyfi forseta: „Ég mun fyrir mitt leyti reyna að stuðla að því ef Sjálfstfl. á aðild að næstu ríkisstjórn og ef ég verð í aðstöðu til þess." — Hún vill stuðla að því að þetta verði sett á forgangslista.

Ég get ekki séð að með þessu frv. sé verið að setja þetta mál á forgangslista. Það er svo langt í frá. En vegna þess að rauður þráður í gegnum allar ræður sjálfstæðismanna er vandlæting á því að ekki megi samþykkja þetta frv. vegna þess að Samband ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögin í landinu treysti sér ekki til að samþykkja það óbreytt, þá vil ég benda á að ekkert samráð var haft við Samband ísl. sveitarfélaga eftir því sem þeir segja í yfirlýsingum sínum áður en þetta frv. var lagt fram þrátt fyrir lagaboð þar um eða, eins og segir í þeirra yfirlýsingu: „Samningsbundið og lögformlegt samstarf er einnig rofið og það einskis virt af ríkisstjórninni."

Þrátt fyrir langar og miklar ræður á 113. löggjafarþingi, sem tóku yfir sex fundi og voru í fjórar vikur, virðist ekki að sjálfstæðismenn, sem núna sitja á þingi og ráða ferðinni, taki nokkurt mark á þeim sem þarna voru. Ég gerði mér ekki grein fyrir að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir hefði svo lítið að segja innan þingflokks Sjálfstfl.

Ég hef einungis lagt áherslu á 1. hluta þessa frv. í ræðu minni og tel það alveg nauðsynlegt að hann verði felldur út í heilu lagi, eins og gert er ráð fyrir í áliti minni hluta hv. efh.- og viðskn. og einnig í áliti minni hluta hv. menntmn. sem komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að þessi kafli félli út úr frv.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta frv. á þessu stigi málsins. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast aðeins á 4. tölul. brtt. á þskj. 286 þar sem gerð er tillaga um að bæta við ákvæði um ábyrgðasjóð launa. Þau ákvæði voru ekki tekin fyrir í félmn. og skil ég ekki hvernig stendur á því að það kemur hér allt í einu án þess að félmn. hafi verið falið að fjalla um það mál.

Ég vil líka lýsa því að ég tel rétt og ætla mér að styðja brtt. um að 43. gr. þessa frv. falli brott og mun gera frekari grein fyrir því síðar í þessari umræðu. Ég ætla mér, virðulegur forseti, ekki að hafa þetta lengra að svo komnu máli þar sem ég tel að ég hafi gert sæmilega grein fyrir því af hverju ég tel ekki koma til álita að 1. hluti þessa frv. verði að lögum. Ég get raunar tekið fram að það eru fleiri atriði hér sem ég tel ótækt að verði að lögum en þessi kafli finnst mér einna mikilvægast að falli brott.

Umræðu frestað.

56. FUNDUR

fimmtudaginn 19. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.
Framhald 3. umr. fjárlaga.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Er von á hæstv. forsrh. hingað í salinn? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er samkvæmt töflunni ekki kominn í húsið en forseti mun athuga það. — Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hún vilji fresta sinni athugasemd við gæslu þingskapa og hleypa að hv. 1. þm. Austurl. sem einnig vill gera athugasemdir við gæslu á meðan.) Nei, ég ætla einnig að eiga orðastað við 8. þm. Reykv. svo að ég er að hugsa um að byrja.

Virðulegi forseti. Í nótt var okkur sagt það af hv. 8. þm. Reykv., þingflokksformanni sjálfstæðismanna hér á Alþingi, að nefndarálit minni hlutans skiptu engu máli, það þyrfti ekki að bíða eftir þeim. Í Ríkisútvarpinu í hádeginu, og kannski var sú frétt flutt einnig í morgun, fylgdi hæstv. forsrh. þessum ummælum eftir og sagði að það væri alveg sama hvað stjórnarandstæðingar töluðu hér, það væri búið að ná meiri hlutanum saman og engu yrði breytt. Með þessum ummælum er hæstv. forsrh. einfaldlega að segja að það sé alveg nákvæmlega sama hvaða rök komi fram hér á hinu háa Alþingi í þeim málum sem hér eru til umræðu, þar verði engu breytt.

Að mínum dómi sýna þessi ummæli viðhorf til löggjafarhlutverks Alþingis sem ég tel algera óhæfu. Og ég vil beina spurningu til þingflokksformanns sjálfstæðismanna í fjarveru hæstv. forsrh.: Er það t.d. meiningin að keyra hér í gegn það frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem nú er til umræðu í hv. efh.- og viðskn. þrátt fyrir hörð mótmæli vinnuveitenda, verkalýðshreyfingar og sjómanna? Á ekki að hlusta á nein þau rök sem fram koma í málinu? Ég tel að með þessum ummælum hafi hæstv. forsrh. nú kastað stríðshanskanum og verði honum að góðu.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Í nótt varð nokkur umræða um gæslu þingskapa eins og það heitir þar sem við gerðum athugasemdir við þau vinnubrögð sem voru við-

höfð og töldum þau ekki samrýmast anda þingskapanna. Ég hélt því ekki beinlínis fram að það væri fordæmislaust að taka frv. á dagskrá daginn eftir eða sama dag, eftir að þingmenn hefðu farið heim að sofa, og nál. hefði verið útbýtt. En ég gerði hins vegar athugasemdir við vinnubrögð og er þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að taka fjárlög hér á dagskrá til 3. umr. nema með afbrigðum. Hins vegar tel ég sjálfsagt að veita þau afbrigði.

Ég vil benda á að í 25. gr. þingskapa stendur að efh.- og viðskn. skuli gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr., álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fskj. með nál. fjárln. eða meiri hluta hennar. Þessu nál., sem skylt er að útbýta, var útbýtt hér á Alþingi í nótt milli kl. 4 og 5 eftir að þingskapaumræða hafði farið fram. Ég geri ekki athugasemdir við það en ég geri athugasemdir við að fjárln. tók þetta álit ekki fyrir á formlegum fundi og það er ekki andi þingskapanna að þetta skuli aðeins vera eitthvert formsatriði. Andi þingskapanna er sá að efh.- og viðskn. skuli fjalla um tekjuhlið fjárlaga og síðan skuli fjárln. taka það mál fyrir á formlegum fundi og síðan skila sínu áliti. Þessara atriða hefur ekki verið gætt.

Ég tel jafnframt, virðulegur forseti, að það ákvæði 29. gr. þingskapalaga að ein nótt skuli líða frá því að nál. er útbýtt þar til taka má málið til umræðu eigi að túlka þannig að nótt skuli líða. Það er rétt að það mun ekki vera fordæmislaust að slíkt hafi gerst, ég hef gengið úr skugga um það. Það verður hins vegar að hafa það í huga að við erum að starfa hér samkvæmt nýjum þingsköpum, nýrri skipan mála þar sem andi þingskapanna er sá að þingmenn hafi meira svigrúm til að fara í gegnum mál. Það er þessi andi þingskapanna sem ber að virða og það ber að skoða þau í því ljósi. Og það ber jafnframt að skoða þau í því ljósi að í þessu tilviki var fjárln. skylt að skila nál. en áður, samkvæmt gömlum þingsköpum, var fjárln. ekki skylt að skila nál. til 3. umr. Það eru þessi atriði, virðulegi forseti, sem ég geri athugasemdir við og tel að andi þingskapanna hafi alls ekki verið virtur við meðhöndlun þessa máls sem ég tel mjög alvarlegt.

Að öðru leyti vil ég taka fram að efh.- og viðskn. hefur fjallað mjög um skattamál á undanförnum dögum og virðist eiga mjög mikið starf eftir. Það liggur ekkert fyrir um að hvar þetta samkomulag stjórnarflokkanna er, a.m.k. á þeim vettvangi og væri nú mjög fróðlegt að fá það frá hæstv. forsrh. hvar samkomulag stjórnarflokkanna í sambandi við tekjuskatt og eignarskatt er því að hver einasta grein þess frv. er með þeim hætti að ómögulegt er að samþykkja frv. eins og það er. Því er harðlega mótmælt af atvinnulífinu í landinu.

Ef hæstv. forsrh. vill greiða hér fyrir þingstörfum, þá væri lágmark að nefndarmenn í efh.- og viðskn. fengju samkomulag stjórnarflokkanna um skattamál í sínar hendur. Ég tek eftir því að eitthvað hlýtur að hafa gerst í málinu því að Alþýðublaðið lýsir því yfir í morgun að hér sé um hörmuleg mistök að ræða og endar sinn leiðara með þeim hætti: að verði hið nýja frv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að lögum hefur VSÍ rétt fyrir sér, það yrðu hörmuleg mistök. Ber að skilja þessa yfirlýsingu Alþýðublaðsins þannig, hæstv. forsrh., að þetta frv. hafi hér með verið dregið til baka? Það tel ég rétta niðurstöðu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar brtt. við fjárlagafrv. var dreift hér í nótt vakti ég athygli á þeirri staðreynd ekki væri unnt að fullnægja ákvæðum þingskapa með því að láta 3. umr. um fjárlögin fara fram í dag. Og í þeim umræðum kvaddi sér einnig hljóðs hv. 8. þm. Reykv., formaður þingflokks Sjálfstfl., og mótmælti þessari túlkun. Ég vil hins vegar, vegna þess að hér eru fjölmargir þingmenn staddir svo og hæstv. forseti sem ekki voru hér í nótt, endurtaka þær röksemdir sem ég flutti þá og vísa í því sambandi í 29. gr. þingskapa þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Eigi má taka málið til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en áliti nefndar eða meiri hluta hennar var útbýtt."

Og ég vil í þessu sambandi einnig vitna í 51. gr. þingskapa, með leyfi forseta:

„Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en einni nóttu áður en þær koma til umræðu."

Ég er þeirrar skoðunar og það er afstaða þingflokks Alþb. að til þess að fullnægja þessu ákvæði, ef menn ætla sér að taka fjárlagafrv. hér fyrir í dag, þá eigi að leita afbrigða. Og ég útiloka það ekkert, eins og fram kom í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, að við mundum fallast á að afbrigðin yrðu veitt. Aðalatriðið fyrir okkur er það að menn framkvæmi þingsköpin í samræmi við anda þeirra. Þetta vil ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, vegna þess að það er óhjákvæmilegt að á þetta verði látið reyna í dag í framhaldi af þeim umræðum sem urðu um þetta sama mál hér í nótt.

Ég vil einnig leyfa mér að taka undir þá fyrirspurn sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. Hvar er samkomulagið? Hvar er samkomulag stjórnarflokkanna? Við höfum ekki séð það hér á Alþingi síðustu sólarhringana. Hvar er niðurstaðan? Hún birtist a.m.k. ekki í þeim málum sem snúa að hv. efh.- og viðskn., þ.e. tekjuskatti og eignarskatti. Það er nauðsynlegt að við fáum um það upplýsingar hér úr ræðustól í Alþingi. Við látum okkur það ekki nægja að vera ávarpaðir í fjölmiðlum. Við teljum að það sé nauðsynlegt að Alþingi sem lýðræðislegur vettvangur fái að fjalla um yfirlýsingar forsrh. á viðkvæmum stundum eins og þær sem komu fram í dag.

Okkur er sagt að einhver hópur úti í þjóðfélaginu sé t.d. að breyta ákvæðum frv. um sjómannafrádráttinn. Við höfum ekki frétt neitt af því. Er það rétt? Er verið að því? Okkur er sagt að einhvers staðar úti í þjóðfélaginu sé verið að breyta eða gera tillögur um breytingar á ákvæðum um hlutabréf og hlutafjárhagnað. Hvar eru þær tillögur? Eru þær að koma? Er samstaða um það mál í Sjálfstfl. að afnema t.d. íslenskan hlutabréfamarkað? Þessa hluti þurfum við að fá hér í upphafi þessa fundar í dag til að geta haldið umræðum

áfram. Það er hins vegar bersýnilegt, bæði af ummælum hæstv. forsrh. og hv. 8. þm. Reykv., að þeir starfa hér í anda meirihlutahugmyndafræðinnar. Þeir eru staðráðnir í að hafa ráð minni hlutans að engu. Það er sama hvort um er að ræða minni hluta í nefndum eða minni hluta hér á Alþingi yfir höfuð. Það á ekki að hlusta á það sem kemur fram frá minni hlutanum. Sé það einnig skoðun forsetadæmisins, forsætisnefndar Alþingis, að það sé svo að ekki beri að hafa hliðsjón af því sem minni hlutinn segir á hverjum tíma, þá verður það auðvitað að vera þeirra uppgjör. Þannig hefur þetta birst okkur núna á undanförnum sólarhringum af hálfu meiri hlutans að menn virðast staðráðnir í því að hafa að engu það sem frá minni hlutanum kemur og það er nýlunda hér á Alþingi, virðulegi forseti, og ástæða til þess að óska forsetanum til hamingju með að túlka hin nýju þingsköp einingarinnar með þeim hætti sem nú er gert af forsetanum og hæstv. ríkisstjórn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram að undanförnu í umræðum um gæslu þingskapa að vinnubrögð sem viðgengist hafa séu ekki til sóma fyrir Alþingi. Forseti getur heils hugar tekið undir að þau vinnubrögð, sem viðgengist hafa á mestu annatímum þingsins, eru ekki alltaf til sérstaks sóma fyrir Alþingi eða eftirbreytni og engan veginn til að auðvelda störf forseta. Forseti hefur þess vegna mikinn hug á að skapa samstöðu meðal þingmanna um að breyta þeim vinnubrögðum sem allt of mikið hafa sett svip sinn á störf Alþingis síðustu daga. Það gerist hins vegar ekki án samstöðu allra hv. þm. Forseti telur það skyldu sína að sjá til þess að í þessum önnum og flýti séu ekki brotnar þær starfsvenjur og hefðir sem hér ríkja bæði skráðar og óskráðar. Forseti hefur lagt sig fram um að starfa eftir þingsköpum og þeim siðum og starfsvenjum sem hafa verið viðhafðar á hv. Alþingi.

Í nýju þingsköpunum er í sumum tilvikum um nýmæli að ræða en í öðrum voru ekki gerðar breytingar frá fyrri þingsköpum. Þetta á t.d. við um útbýtingarfrestinn á brtt. og nefndarálitum skv. 29. og 51. gr. þingskapalaganna. Vel má vera að ástæða hefði verið til að breyta þessum ákvæðum, lengja frestinn og skilgreina ákvæðin betur. En það var ekki gert. Forseti telur því eðlilegt að þessi ákvæði ásamt fleiri atriðum þingskapalaganna verði tekin til endurskoðunar og er tilbúinn að beita sér fyrir því.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með forseta að full ástæða sé til þess að hér náist samstaða allra þingmanna um betri vinnubrögð. En ég vil þá spyrja forseta varðandi ummæli hæstv. forsrh. í útvarpi í hádeginu þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Í sjálfu sér getur stjórnarandstaðan talað eins lengi og hún vill og við líka því að við erum búnir að ná landi í því sem við þurfum að ná landi í og erum tilbúnir að afgreiða það og málþóf breytir engu um niðurstöðuna."

Virðulegi forseti, ég spyr hvort forseta finnist að þetta sé sá sáttatónn sem þurfi að koma frá þeim manni, frá hæstv. forsrh., sem ætti að sitja samráðsfundi til þess að reyna að ná samkomulagi. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forsrh. og ítreka það sem fram hefur komið: Hver er sú lausn í einu af þeim meginmálum sem við erum búnir að ná landi í? Ég túlka það sem eitt af meginmálum varðandi arðgreiðslur atvinnulífsins, frádrátt af arði af hlutfé sem aðilar atvinnulífsins segja að sé bein atlaga við sig. Nú skora ég á hæstv. forsrh. að koma upp og kynna fyrir okkur þá lausn. Við vinnum við þetta nótt og dag í efh.- og viðskn. en við höfum ekkert séð þar.

Til viðbótar, virðulegi forseti, vil ég segja og ítreka það sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði hér í nótt að meðan inni í tillögum hæstv. ríkisstjórnar, sem hún hefur lagt fyrir Alþingi, eru ákvæði eins og lögregluskatturinn munum við halda uppi málefnalegri andstöðu svo lengi sem þurfa þykir til þess að berjast á móti þessu. Þetta er að mínu mati einhver ósvífnasta atlaga að minna megandi sveitarfélögum sem gerð hefur verið. Ég vil benda hæstv. forsrh. á það, ef hann veit það ekki, að ég hef dæmi um það að ef ég tek þær upplýsingar sem hæstv félmrh. gaf um áhrif lögregluskattsins á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þá veit ég um sveitarfélög sem verða að greiða 13 þús. kr. á næsta ári á íbúa sem mundi þýða fyrir Reykjavíkurborg, ef hún fengi samsvarandi skatt, 1,3 milljarða. Þetta er þvílíkt ranglæti sem bitnar helst á landsbyggðinni þar sem hvert mál ríkisstjórnarinnar á fætur öðru heggur í sama knérunn. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telur að málefnaleg barátta gegn þessu flokkist undir málþóf.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir að staðfesta það, sem ég hélt hér fram í nótt, að mörg fordæmi væru fyrir því að mál hefðu komið á dagskrá þó að nál. og brtt. hefði verið útbýtt eftir miðnætti nóttina áður. Ég hélt þessu fram í nótt, aflaði mér þegar í stað dæma um það og þetta vita auðvitað allir, sem hér hafa setið einhvern tíma, að hefur tíðkast. Eins og fram kom bæði í nótt og hér fyrir skömmu hjá forseta hafa engar breytingar orðið á þingsköpum að því er þetta varðar. Ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir að staðfesta þetta. En mér kemur hins vegar eilítið á óvart að hv. þm. Svavar Gestsson skuli enn halda þessu til streitu þegar búið er að sýna fram á það með ótvíræðum hætti að hér er engin breyting á ferð frá því sem áður hefur verið.

Ég vil, virðulegi forseti, af því að ég hef nú í höndunum ummæli mín frá því í nótt sem einhver þingmaður hefur verið svo vinsamlegur að dreifa hér til annarra þingmanna, láta þess getið að ég gat mér rétt til þegar ég spáði því að hér yrði einhver umræða um þingsköp í upphafi fundar. Það var talað um þingsköp í tvo klukkutíma í eftirmiðdaginn í gær. Það var talað um þingsköp í einn klukkutíma í gærkvöldi og það var talað um þingsköp í einn klukkutíma í nótt, milli kl. 2 og 3. Auk þess bar það við í gærkvöldi að þrír hv. þm., sem allir eiga sæti í heilbr.- og trn. og hafa flutt

þar frv. sem nefndin flytur sameiginlega um heilbrigðisþjónustu og hefur verið árlegt frv. í nokkur ár, tóku sig til og fluttu ítarlegar ræður við 3. umr. um málið þó svo þeir hefðu ekki séð ástæðu til þess að taka áður til máls, hvorki við 1. né 2. umr.

Ég tel, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) Ég er hér að veita ákveðnar upplýsingar og mér kemur á óvart ef menn taka það illa upp. Ég er að segja það, virðulegi forseti, að hér hefur miklum tíma undanfarinn sólarhring verið varið til einskis. Ég vil mælast til þess að menn láti af þessu togi um vinnubrögð og annað þess háttar, setjist niður í alvöru og reyni að koma sér saman um það hvernig eigi að ljúka þessu þinghaldi fyrir jólin. Ég hef áður haldið því fram, virðulegi forseti, síðast í nótt, að það væri unnt að gera það á næstu sólarhringum ef vilji stendur til þess. Ég tel að það sé enn þá hægt en ég tel því miður ekki að sá vilji hafi komið fram í þeim umræðum sem ég vitnaði til í máli mínu.

Ég vil svo að lokum svara þeirri spurningu sem hv. 18. þm. Reykv. beindi til mín áður en forsrh. gekk í salinn. Mér er ekki kunnugt um annað en að það sé fullur ásetningur stjórnarflokkanna að beita sér fyrir því, eins og fram hefur komið, að frv. um tekjuskatt og eignarskatt verði að lögum.

Vegna þeirra frammíkalla sem hér hafa verið vil ég láta í ljós undrun mína á því að stjórnarandstaðan telji að hún geti einokað umræður og menn megi ekki taka hér til varna eða veita þær upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegt að fram komi til þess að skýra mál. Ég vil ítreka að ég tel rétt að menn tali nú saman og einbeiti sér að því að vinna þau störf sem þingið á að vinna fyrir jólin, ljúka þeim verkum sem þarf að vinna, því löggjafarstarfi sem þjóðin ætlast til af þessu þingi.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessa þingskapaumræðu að öðru leyti en því að fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl. með nokkrum alvöruþunga að fjárln. hefði vangert í sínum störfum að taka eigi fyrir álit minni hluta efh.- og viðskn. um tekjuhlið fjárlaga. Ég vil geta þess að fjárln. gerði hlé á fundum sínum í marga klukkutíma í gær meðan beðið var eftir áliti efh.- og viðskn. um tekjuhlið fjárlaga. Síðan kom nál. frá meiri hluta nefndarinnar og eftir að það var fengið var það tekið fyrir á formlegum fundi og tekjuhlið afgreidd. Ekki var gerð athugasemd við það á fundi nefndarinnar að þessi háttur væri viðhafður. Hins vegar var greint frá því sem var sjálfsagt mál, að ef álit kæmi frá minni hluta efh.- og viðskn. yrði það prentað sem fylgiskjal með framhaldsáliti nefndarinnar. Þetta var gert.

Ég vek í fyrsta lagi athygli á því að engin vissa gat legið fyrir um það hvort minni hluti efh.- og viðskn. skilaði áliti frá sér um þetta mál enda er það ekki skylt. Hvergi er skylt í þingsköpum að það sé gert.

Í öðru lagi stendur hvergi í þingsköpum að það sé skylt af hálfu fjárln. að taka minnihlutaálit fyrir á fundi en það stendur í þingsköpum að það sé skylt, ef álit koma fram þá séu þau prentuð með sem fylgiskjöl og það er gert. Ég tel því aðfinnslur hv. 1. þm. Austurl. um þetta efni algerlega tilefnislausar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það urðu mér mikil vonbrigði þegar upplýst var af hv. 8. þm. Reykv. að þingmenn gætu ekki treyst þeirri dagskrá sem lögð væri fram í Alþingi Íslendinga. Þeir gætu ekki treyst því að sú dagskrá væri unnin af þeirri samviskusemi, að skrifstofustjóri þingsins uppálegði sínum starfsmönnum að semja dagskrána nákvæmlega í samræmi við þau þingsköp sem eru í gildi. Mér satt best að segja brá. Ég ætlaði ekki að trúa því að þetta væri rétt. En nú er það upplýst af tveimur þingmönnum í salnum að þetta sé staðreynd. Sú röksemdafærsla er uppi höfð að af því að 29. gr. þingskapa hafi verið brotin sé heimilt að halda áfram að brjóta hana. Sem sagt hefðin sé búin að brjóta greinina. Þetta er svo forkostuleg röksemdafærsla að hún er móðgun við heilbrigða skynsemi. Með leyfi forseta, vil ég lesa 29. gr. þannig að það fari ekkert á milli mála hvað þar stendur:

„Þá er nefnd hefur lokið athugun máls og kosið framsögumann fyrir það, sbr. þó fyrri málsl. 27. gr., lætur hún uppi álit sitt er skal prentað og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Ef nefnd er ekki einhuga um afgreiðslu máls og hver hluti hennar skilar áliti skal hann tilnefna framsögumann. Eigi má taka málið til umræðu fyrr en a.m.k. einni nóttu síðar en áliti nefndar eða meiri hluta hennar var útbýtt.

Fái nefnd mál til umfjöllunar á nýjan leik eftir útgáfu nefndarálits getur hún gefið út framhaldsnefndarálit."

Ef hægt væri að standa hér upp og segja: Af því að þessi þingsköp voru brotin á undanförnum árum, án þess að mönnum hafi það verið ljóst, m.a. mér, er hægt að brjóta þau áfram af því að greinin hljóðar eins, þá vil ég spyrja: Hvernig hefði sá texti átt að hljóða sem hefði getað leitt það í ljós að Alþingi gæti staðfest vilja sinn sem væri innihald þessarar greinar? Hvernig hefði þá sá texti átt að hljóða í greininni? Þessi ósvífni að reyna að smygla málum áfram með þessum hætti, og að skrifstofa þingsins skuli vera ber að þeim vinnubrögðum að gera það, er fáheyrð ósvífni í ljósi þess að Alþingi Íslendinga hefur ekki, svo að ég muni eftir, fellt það að samþykkja afbrigði. Ég minnist þess ekki að Alþingi hafi fellt það að samþykkja afbrigði. Að reyna þá, þrátt fyrir það, að virða ekki þingsköpin hvað þetta atriði snertir og reyna að taka síurnar burtu úr þinginu sem eru þó ekki of miklar, skil ég ekki. Ég skil ekki hver tilgangurinn er nema það skuli vera hin nýja stefna að nú eigi að storka þingmönnum sem mest.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að að sjálfsögðu ræður meiri hlutinn niðurstöðu atkvæðagreiðslu í málum. Það efar enginn. En þessi þingsköp eru jafnrétthá fyrir meiri hluta og minni hluta og vilji hæstv. forseti hafa frið verða þingmenn að geta treyst því að þegar stendur: „Ef leyft verður", þá hafi það verið skrifað alls staðar á dagskrána þar sem það á að vera. Þeir verða líka að geta treyst því að ekki sé verið að reyna að fara

í kringum það þannig að hver og einn þingmaður þurfi að vera eins og spæjari að fylgjast með klukkinni hvort þingsköpin hafa verið virt eða ekki. Það er eftirlitsstarf skrifstofunnar að sjá um að þetta sé í lagi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur það ekki nærri sér þó að þingmenn gagnrýni störf og stjórn forseta og reynir að hlusta með athygli á slíka gagnrýni, taka hana til greina og læra af henni ef ástæða er til. En það að gagnrýna störf þeirra embættismanna og starfsmanna sem leggja sig fram um að þjóna hverjum einasta þingmanni dag og nótt árið út og árið inn getur forseti ekki sætt sig við og vísar slíkri gagnrýni á bug. Hún er ósanngjörn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að forseti Alþingis standi frammi fyrir miklu og erfiðu vandamáli þar sem er hin flókna pólitíska staða sem er í kringum núv. ríkisstjórn. Ég held að það sé mikil einföldun á hlutunum að setja dæmið þannig upp að aðeins einn hópur hér í salnum hafi rangt fyrir sér. Hv. þm. Geir Haarde hélt þannig ræðu áðan að í raun og veru væri allt fullkomið í fari stjórnarliðsins, ríkisstjórnarinnar og forsetaembættisins. Hann flutti ekki vísuna „Ég er gull og gersemi" eftir Sölva Helgason. En það skein út úr ræðunni að í rauninni væri það þannig að ríkisstjórnin og meiri hlutinn og formenn þingflokka stjórnarliðsins og forsetadæmið væri í raun ævinlega með hina fullkomnu, endanlega réttu niðurstöðu í öllum málum.

Hv. þm. gagnrýndi t.d. stjórnarandstöðuna fyrir umræður um þingsköp. Er það ekki hugsanlegt að það sé að einhverju leyti því að kenna hvernig haldið er á stjórn mála? Er útilokað að það sé eitthvað til í ranni hans heilagleika Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., sem hafi haft það í för með sér að menn hafi talið sig knúna til þess af réttlætanlegum og sanngjörnum ástæðum að krefjast umræðna um þingsköp? Er það algerlega óhugsandi að það sé kusk á þessum kraga eða hvað? Er það þannig að ástæða sé til að ráðast á stjórnarandstöðuna af heift fyrir að hún leyfir sér að ræða um heilbrigðismál í Reykjavík? Ég veit að þau standa mjög illa. Ég veit að það er mjög viðkvæmt mál fyrir Sjálfstfl. En að gera það að sérstöku árásarefni á stjórnarandstöðuna í heild, eins og hv. þm. Geir Haarde gerði áðan, er einkar athyglisvert og bendir reyndar til þess að hann telji að allt sem frá stjórnarandstöðunni kemur sé af hinu illa en stjórnarliðið hafi sprota fullkomnunarinnar í hendi sér. Þegar menn eru uppfullir af valdhroka af þessu tagi leysa þeir engin mál og þá hrekkur skammt að segja héðan úr stólnum: Ég vil setjast niður þegar niðurstaðan er sú, þegar menn setjast niður, að það birtist enginn, enginn samkomulagsvilji.

Ég held að vandi þingsins sé ekki síst sá núna, virðulegi forseti, að menn eru oft að blanda saman gömlum og nýjum þingsköpum. Hv. þm. Pálmi Jónsson talar hér ævinlega eins og gömlu þingsköpin séu enn í gildi. Það er eins og ekkert hafi gerst þegar Alþingi sjálfu var breytt í eina málstofu, þegar samþykkt voru samhljóða ný þingsköp sl. vor, það er eins og ekkert hafi gerst. Hv. þm. Pálmi Jónsson er greinilega að vinna eftir gömlu þingsköpunum sem voru felld úr gildi með lögum og breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands fyrir löngu. Þegar hv. þm. Pálmi Jónsson segir, sem réttlætingu fyrir sínum vinnubrögðum, að ekki sé skylt að taka fyrir álit minni hlutans, þá er hann auðvitað að segja að hann hafi ekki skilið þann lýðræðislega og þingræðislega anda sem nýju þingsköpin byggjast á og aftur og aftur var undirstrikaður í ræðum manna þegar nýju þingsköpin voru rædd, m.a. í ræðum núv. hæstv. menntmrh. Það er greinilega einn meginvandi þingsins, fyrir utan ríkisstjórnina, að hér eru þingmenn sem lifa enn þá í þingsköpum sem er fyrir löngu búið að fella úr gildi og það er slæmt. En hitt er þó sýnu verra ef forsetaembættið ætlar að lifa í gömlum þingsköpum og að túlka nýju þingsköpin á grundvelli hefða sem sköpuðust í anda gömlu þingskapanna. Það sýnist mér að sé að gerast aftur og aftur af hálfu forsetaembættisins að menn túlka nýju þingsköpin á grundvelli hefða sem sköpuðust á grundvelli allt annarra laga en þeirra sem gilda í dag. Það er alvarlegt umhugsunarefni og ég skora á forsetann, formenn þingflokkanna og ríkisstjórnina að velta því fyrir sér eitt augnablik: Getur það ekki verið að þessum aðilum hafi einhvers staðar, einhvern tíma verið mislagðar hendur?

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa mér að taka til máls og það er ekki um það sem hefur verið til umræðu heldur þykir mér nauðsynlegt að upplýsa hv. þingheim um það sem mér hefur borist frá efnahagsskrifstofu fjmrn.

Hér höfum við verið að ræða hvort ástæða væri til og hvort unnt væri að ræða fjárlagafrv. við 3. umr. án þess að minni hlutanum gæfist tími til þess að skila nál. og það mál er í raun óútrætt. En mér var að berast í hendur svohljóðandi tilkynning, með leyfi hæstv. forseta:

„Minnisblað um þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði. Við endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaga fyrir 3. umr., sem kynnt hefur verið í fjárln. og efh.- og viðskn. Alþingis, var miðað við að þátttaka sveitarfélaga i löggæslukostnaði yrði dregin af staðgreiðsluskilum útsvars. Það var sú útfærsla sem lá fyrir á þeim tíma. Þessi áform hafa breyst á þann veg að um verður að ræða sérstakt framlag í formi fastrar krónutölu á hvern íbúa frá sveitarfélögum til ríkis, undirstrikað, án tengingar við útsvarstekjur. Þessi breyting veldur tilfærslu milli einstakra tekjuliða í 3. gr. frv. í samræmi við gildandi reglur ríkisbókhalds, þannig að tekjuskattur einstaklinga lækkar um 700 millj. kr. en ýmsar tekjur hækka að sama skapi um 700 millj. kr."

Hæstv. forseti. Þessu fylgir breyting á tekjuhlið fjárlaga 1992. Ég skal játa að þótt ég notaði það vit sem guð gaf mér á þessum 10 mínútum sem ég hef haft þetta undir höndum er ég ekki alveg búin að átta mig á hvað þetta í raun og veru þýðir. (Gripið fram í.) Hv. 2. þm. Vestf. bendir á að engin brtt. hafi borist, auð-

vitað ekki. Hér hlýtur það að gerast að nú komi brtt. frá meiri hluta hæstv. ríkisstjórnar, ég geri mér ekki alveg grein fyrir því, eða meiri hluta fjárln. Eitt er víst að hv. fjárln. hlýtur að verða kölluð saman og tekin afstaða til þess hvað þetta eiginlega er. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Er ætlast til að hér fari fram eins og ekkert hafi í skorist 3. umr. fjárlaga? Ég held að með besta vilja komi það ekki til greina.

Ég ætla ekki að leggja annað inn í þær umræður sem hér hafa farið fram en það að það er auðvitað niðurlægjandi og ósæmilegt að vera að ræða hér um hlutverk forseta þingsins. Þeirra hlutverk er auðvitað að gæta þess að hvorki meiri hluti né minni hluti misnoti rétt sinn hér á hinu háa Alþingi en mál nái hins vegar fram að ganga með samræðum milli þessara aðila. En ég vil fá álit og fer fram á álit hæstv. forseta, sem ég vænti að hafi vitað um þetta, hvernig við þessu verður brugðist.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði boðað að hann mundi fresta fundinum í 15 mínútur. Svo virðist sem menn séu ósáttir við það að komast ekki strax að með að gera fleiri athugasemdir við þingsköp svo að þá er best að halda umræðunni áfram.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég bið um orðið um gæslu þingskapa vegna orða hv. þm. Geirs H. Haarde áðan vegna þeirra ummæla að stjórnarandstaðan í heilbr.- og trn. hafi staðið hér fyrir málþófi í gærkvöldi. Ég tel að við höfum, eða a.m.k. ég, gert mjög rækilega grein fyrir því í upphafi míns máls hver væri ástæðan fyrir því að ég bað um orðið við 3. umr. við afgreiðslu þessa máls. Það var vegna þess að komið höfðu fram nýjar upplýsingar á borð þingmanna frá því er 1. og 2. umr. um þetta mál fóru fram. Það fólst í því að tillögur höfðu komið frá nefnd sem átti að hafa það hlutverk að sameina Landakot og Borgarspítalann. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því að einni heilsugæslustöð hér í borginni, sem hefur með heilsuverndarstarfið í borginni að gera og skiptir því gríðarlega miklu máli þegar menn eru að ræða um heilsuverndarstarf, verði lokað. Á sama tíma leggur meiri hluti fjárln. til að út úr fjárlagafrv. sé tekið 6. gr. ákvæðið sem nýtt hefur verið til uppbyggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík. Það eru 13 þús. Reykvíkingar sem ekki hafa heilsugæslulækni í dag eða möguleika á að komast inn á heilsugæslustöð. Með þessu á að fjölga þeim, það á að loka einni stöð. Það var þetta sem ég var í mínu máli í gær að gera grein fyrir. Þess vegna mótmæli ég því, sem kom fram í máli hv. þm. Geirs H. Haarde, að um málþóf hafi verið að ræða.

En það er dálítið merkilegt ef þessi þingmaður Reykv. telur að ef þingmenn Reykv. taka hér til máls um brýn hagsmunamál Reykvíkinga, og það vill svo til að í minni hluta í heilbr.- og trn. eru flestir þingmenn Reykvíkinga, að þá sé um málþóf að ræða. Fyrir nokkrum dögum síðan þegar var verið að ganga frá atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. við 2. umr. þá rifust hér tveir stjórnarþingmenn eins og hundur og köttur um mál í Austurlandskjördæmi út af hagsmunum Hornfirðinga. Það er merkilegt ef þessi þingmaður Reykv., Geir H. Haarde, telur að ef rætt er um brýn hagsmunamál Reykvíkinga á Alþingi, sé verið að fara illa með tímann og þetta eru merkilegar upplýsingar fyrir Reykv. að heyra þetta úr munni þessa þingmanns.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um gæslu þingskapa í framhaldi af þeim umræðum sem hafist hafa vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. sl. nótt þar sem hann taldi að ekki væri ástæða til þess að taka mikið tillit til nál. minni hluta. Ég minnist þess í störfum mínum sem forseti að ég reyndi alltaf að taka tillit til nefndarálits frá minni hluta nefnda. Oft var frestað fundi meðan beðið var eftir að fá þau fram því að eðli málsins samkvæmt voru þau oft seinna á ferðinni. Það var ekki verið að ásaka minni hlutann um einhvern sérstakan drátt þó að það henti þar sem þeir áttu erfitt með að fara að vinna að sínu nál. fyrr en afstaða meiri hlutans lá fyrir. Ég tel þetta því furðulegan málflutning hjá hv. 8. þm. Reykv. en reyndar í samræmi við það sem við höfum heyrt frá hæstv. forsrh.

En ég minnist þess líka að oft stöðvuðust umræður vegna þess að ráðherrar eða flm. tillagna voru ekki viðstaddir þegar mál var til umræðu. Hins vegar gerðist það í nótt að ég ásamt hv. 15. þm. Reykv. héldum áfram máli okkar þó að þeir sem þar áttu hlut að máli væru ekki mættir. Ég segi fyrir mig, ég vildi ekki tefja fund með því að fara að bíða eftir því að þeir væru sóttir eða gera þeim það ónæði. En ekki hefur alltaf verið hafður sá háttur á.

Aðeins í lokin um þingsköpin. Ég hef nokkrum sinnum komið upp nú á þessum vetri með ábendingar þar sem ég hef talið að ekki væri að fullu tekið tillit til þeirra breytinga sem gerðar voru á þingsköpum og nú síðast fyrir fáum dögum um að nefndum hafi ekki verið gefið það tóm til starfa sem var grundvöllur að færslu Alþingis í eina málstofu. En því miður hefur ekki að öllu, einu sinni, verið haldið gömlum hefðum. Þar minnist ég síðast fyrir fáum dögum þegar varaforseti leyfði þingmanni að fresta sinni ræðu án þess að málinu væri frestað heldur til þess að annar þingmaður gæti tekið til máls. Þar tel ég algerlega vera farið á svig við gamla hefð og ákvæði þingskapa um að hver megi aðeins tala tvisvar og þá í mesta lagi aftur að bera af sér sakir. En ef á að taka upp þann sið að leyfa mönnum að fresta sinni ræðu til þess að annar komist að, þá sé ég ekki hvernig í ósköpunum á að stjórna hér fundahaldi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég taldi óhjákvæmilegt að fá að tala um gæslu þingskapa áður en til hlés kæmi. Það er stundum sagt að þögn sé sama og samþykki en ég gagnrýni harðlega þau ummæli hv. 8. þm. Reykv., formanns þingflokks Sjálfstfl., að við séum að eyða tíma okkar til einskis þegar við erum að hlusta á það þegar stjórnarandstaðan kýs að tala. Ég trúi því ekki og

get ekki ímyndað mér að forseti allra alþingismanna gæti tekið undir slíkt. Ég spyr: Hvers konar samstarfsgrundvöllur er þetta?

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla að þessu sinni ekki að gera að umræðuefni hrokafull ummæli hæstv. forsrh. í hádegisútvarpi þar sem hann lýsir viðhorfi sínu til Alþingis, til stjórnarandstöðu og stjórnarþingmanna. En vegna þeirrar umræðu, sem hér hefur orðið um þingsköp, er rétt að hafa það grundvallaratriði í huga að ef þingi er stjórnað óaðfinnanlega, þá er engin ástæða til að gera athugasemd um þingsköp. Ef hlutir ganga eðlilega fyrir sig, ef hlutir ganga fyrir sig með venjubundnum hætti og með eðlilegum hætti hefur enginn ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs um þingsköp.

Ef einhver kveður sér þrátt fyrir það hljóðs um þingsköp og flytur mál sitt hér úr ræðustóli og úrskurðir forseta eru skynsamlegir og sanngjarnir, þá dettur þingskapaumræðan auðvitað niður. Þetta er rétt að menn hafi í huga þegar umræður um þingsköp lengjast eins og hér gerist.

Enginn vafi er á því að það er heimilt að taka mál til umræðu þó að ekki hafi liðið tilskilinn frestur enda sé þá leitað afbrigða en það er auðvitað sjálfsagður hlutur að leita afbrigða. Annað er gagnstætt venjum og gagnstætt þingsköpum. Náttúrlega er verið að brjóta þingsköp ef þingskjölum er dreift síðari hluta nætur og það túlkað á þann máta að þá megi taka málið athugasemdalaust til umræðu daginn eftir. Ég hef enga trú á því og þekki held ég ekki dæmi þess að afbrigðum hafi verið neitað. Þar af leiðandi er náttúrlega engin áhætta fyrir meiri hluta að bera mál undir afbrigði.

Varðandi nefndastörf var hugmynd manna, sem stóðu að breytingu á þingsköpum og breytingu á þinginu í eina deild, að nefndastörf yrðu markvissari og árangursríkari en þau voru samkvæmt gömlu þingsköpunum og reynslan hafði sýnt. Því miður virðist þetta hafa mistekist, þ.e. við höfum hvert dæmið eftir annað undanfarna daga þar sem nefndastörf hafa farið úrskeiðis vegna þess að forustumenn nefndanna hafa ekki gætt þess að vinna með eðlilegum hætti. Samkvæmt þingsköpum á t.d. efh.- og viðskn. að fjalla um tekjuhlið fjárlaga og það er tekið sérstaklega fram að hún skuli hafa tíma fram að 3. umr. til þess að fjalla um þessa tekjuhlið. Það liggur náttúrlega í augum uppi og er ómögulegt að lesa þingsköpin á annan hátt en þann að niðurstaða eða niðurstöður meiri og minni hluta, það kann að vera að efh.- og viðskn. komist að einni niðurstöðu, það kann að vera að hún komist að tveim eða fleiri, þau málsgögn hljóta að verða rædd með formlegum hætti í fjárln. Annars væri engin ástæða til þess að vera að vísa þessu til fagnefnda ef fjárln. á ekki að taka tillit til þess sem fagnefndir láta frá sér fara. Til frekari áréttingar og til tryggingar því að áliti fagnefnda eða minnihlutaálitum fagnefnda verði ekki stungið undir stól er skylda að prenta það með nál. fjárln.

Þessa virðist ekki hafa verið gætt í þessu tilfelli. Að sjálfsögðu má ekki afgreiða mál úr nefnd fyrr en öll gögn málsins liggja fyrir. Því miður virðist svo sem fjárln. hafi ekki öll gögn mála fyrir sér þegar hún afgreiðir málið og það verður að skrifast á forustu fjárln. að hún sé ekki starfi sínu vaxin. Að sjálfsögðu má ekki gera þetta úr neinni nefnd meðan óskir koma fram um frekari upplýsingar heldur verður auðvitað að reyna að verða við þeim og nefnd má ekki sleppa frá sér máli fyrr en hún hefur unnið það til fullnustu. (Forseti hringir.) Frú forseti, hvaða hljóð var þetta? (**Forseti:** Tíminn er liðinn, hv. 1. þm. Norðurl. v.)

Ég ætla, frú forseti, að ljúka máli mínu með því að láta það í ljósi að nefndarformenn stjórnarliðsins hér á Alþingi hafa ekki gætt skyldu sinnar. Meiri hluti á að sjálfsögðu að ráða, það er eðli þingræðisins, en réttur minni hlutans er að koma skoðun sinni á framfæri. Ríkisstjórnin hefur staðið illa að verki. Hún hefur ekki undirbúið mál sín með eðlilegum hætti. Það er eins og ráðherrarnir séu á einhverju flippi hver með öðrum, kanna ekki stöðu málanna eða stuðning við þau í þingflokkum sínum, athuga ekki hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra hafa, rjúka svo til að breyta á klukkutíma fresti ákvörðunum eða tillögum sem þeir kunna að taka. Ég tel að ekki sé tímabært með tilliti til þessa að taka fjárlögin til 3. umr. og ég hef þá tillögu fram að færa að þingfundum verði frestað fram yfir áramót þannig að ríkisstjórninni gefist færi á því að undirbúa sinn málatilbúnað með eðlilegum hætti. Þeir ættu að geta notað helgidagana í það, rætt við hagsmunaaðila, rætt við sína eigin stuðningsmenn og síðan getum við komið hér saman eftir áramót eða þegar ríkisstjórnin hefur undirbúið málin þannig að þau séu boðleg þinginu og afgreitt þá frv. til fjárlaga við 3. umr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt þingsköpum má þingmaður tala um gæslu þingskapa í allt að fimm mínútur í hvert sinn. Þetta er sagt að gefnu tilefni.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að spurt sé: Af hverju er talað um þingsköp? Það er talað um þingsköp vegna þess að okkur finnst mörgum að ekki sé starfað hér á Alþingi um þessar mundir í anda þingskapa og það er talað um þingsköp vegna þess að meiri hluti Alþingis sýnir minni hlutanum afar litla virðingu svo að ekki sé nú meira sagt og gefur lítið fyrir það sem frá honum kemur og gefur lítið fyrir það að fara í nokkru eftir því sem hann biður um og bendir á, meira að segja að því er varðar þingsköpin.

Í nótt þegar ég stóð upp fullyrti ég ekkert um að það mætti alls ekki taka fjárlögin fyrir í dag. Ég benti hins vegar á að ég hefði verið að dreifa áliti minni hluta efh.- og viðskn. kl. 2.10 og það væri ekki hægt að skila nál. fjárln. fyrr en það væri komið og ég benti á að það nál. væri ekki komið, enda var það ekki komið. Þá stendur hv. 8. þm. Reykv. upp og segir að það væri nú skrýtið. Orðrétt sagði hann: Minni hluti í nefnd getur ekki sett meiri hluta þingsins eða meiri hluta í annarri nefnd stólinn fyrir dyrnar með því einu að draga útbýtingu eða framlagningu á áliti. Hann sagði

að vísu síðar að hann teldi að við hefðum ekki verið að gera það en hann gaf sterklega til kynna að það skipti ekki máli þótt þetta nál. væri að koma fram kl. 2.10 um nóttina. Síðan kemur hv. þm. Pálmi Jónsson hér og segir að sjálfsögðu allt rangt sem sagt er, allt rangt. Það er það sem menn venjast hér. En hvað segir í þingsköpunum? Það segir: „Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nál. fjárln. eða meiri hluta hennar." Og það segir líka: „Nefndirnar skila fjárln. áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárln. ákveður."

Ég lít svo á að fjárln. geti sett frest í máli sem þessu. Fjárln. gerði það ekki. Nú koma fulltrúar fjárln. og segja með vandlætingu: Við gátum ekkert átt von á því að það kæmi neitt álit frá þessum mönnum. Við reiknuðum ekkert frekar með því. Leituðu þeir upplýsinga um það? Gæti ekki verið að fundurinn í efh.- og viðskn. hafi í reynd verið formsatriði til þess að uppfylla skilyrði þingskapanna í þrengstu merkingu, enda haldinn í miklum flýti. Er nema eðlilegt að menn tali um gæslu þingskapa þegar slíkur hroki kemur fram hjá meiri hlutanum að ekkert er viðurkennt? En ég vil þá benda á að ég kynnti mér þessi mál í morgun og fékk það staðfest að það er ekki fordæmislaust að mál séu tekin fyrir daginn eftir að álitum er útbýtt seint á nóttu, en það er alveg á mörkunum. Kl. 4 eða 5 að nóttu er hjá sumum kallaður morgunn. Ég get fallist á að það er ekki fordæmislaust, en ég tel hins vegar að andi nýju þingskapanna segi annað og þessu eigi að breyta. Það er mín skoðun og þess vegna tel ég að það eigi að leita afbrigða. En það ber að sjálfsögðu að viðurkenna það sem rétt er, að þetta mun ekki vera fordæmislaust.

Ég heyri að hæstv. forsrh. ætlar ekki að svara okkur um samkomulag stjórnarflokkanna eða ráðherrarnir almennt. Þeir eru í öðrum störfum. Gott og vel. Ég fer a.m.k. fram á það að okkur sé svarað á vettvangi efh.- og viðskn. Ég get út af fyrir sig fallist á að það sé gert en það er lágmark að það sé gert.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður sem hér hafa verið um ræður sem fluttar voru í nótt, enda var ég ekki viðstaddur þær umræður. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs eru þær upplýsingar sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti hér í þingsalinn. Það hefur nefnilega gerst að til nefndarmanna í fjárln. hefur komið greinargerð frá fjmrn. þar sem fjmrn. leggur formlega til að breyting sé gerð á því atriði sem hefur valdið einna mestum deilum í tekjuhlið fjárlaganna. Þetta gerist eftir að fjárln. hefur lokið störfum og eftir að efnahagsnefnd hefur skilað áliti og eftir að forsrh. hefur sagt hér í nótt að nú sé komin niðurstaða í öllu hjá ríkisstjórninni. En ég ætla nú ekki að stríða hæstv. forsrh. á því að fjmrn. hafi verið fyrsti aðilinn til að gera hann að ómerkingi þegar dagaði að morgni. Hitt er alvara málsins, virðulegi forseti, að nú hefur komið fram frá fjmrn. formleg brtt. til fjárlaganefndarmanna um viðkvæmasta atriðið í tekjuhlið fjárlaganna, 700 millj. sem sveitarfélögunum er ætlað að greiða. Fjmrn. telur að ekki sé hægt að afgreiða það atriði með þeim hætti sem fjárln. leggur til. Það er einstakur atburður að fjmrn. leggi fram formlega tillögu um breytingar á viðkvæmasta og heitasta deilumálinu í tekjuhlið fjárlaga eftir að fjárln. hefur skilað áliti sínu formlega og brtt. um tekjuhlið til þingsins.

Þess vegna er það þannig, virðulegi forseti, að hvað sem líður umræðum um þingsköp er alveg ljóst hvað ber að gera eftir þessa greinargerð fjmrn. Í fyrsta lagi verður fjárln. að koma saman að nýju. Í öðru lagi verður efnahagsnefnd að koma saman að nýju. Efnahagsnefnd verður að skila nýju áliti um tekjuhlið fjárlaga samkvæmt þingsköpum í ljósi þeirra breytinga sem fjmrn. hefur nú gert tillögu um. Þá fyrst þegar fjárln. hefur fengið álit efnahagsnefndar á þessari nýju tillögu fjmrn. getur fjárln. skilað áliti til þingsins um það hvort hún ætlar að fara eftir þessari tillögu fjmrn. eða ekki. Ég vek athygli á því að orðalagið í þeirri greinargerð sem fylgir frá fjmrn. er algerlega ótvírætt. Þar segir að í samræmi við gildandi reglur ríkisbókhaldsins verði að lækka tekjuskatt einstaklinga í tillögum fjárln. um 700 millj. en hækka aðrar tekjur að sama skapi.

Að sjálfsögðu getur virðulegur forseti verið fjmrn. þakklát fyrir það að fjmrn. skyldi með þessum hætti höggva hér á hnútinn þó að það sé auðvitað gert með þeim hætti að það er forsrh. til háðungar, forsrh. sem sagði þjóðinni í nótt og í morgun að nú væri öllum málum lokið. Nú verður að taka viðkvæmasta málið í fjárlagafrv. upp. Þess vegna tel ég skynsamlegt, virðulegi forseti, að forsetaembættið beiti sér fyrir því í ljósi þessara nýju málskjala frá fjmrn. að nú þegar verði ákveðið að það sé tilgangslaust að taka fjárlagafrv. til umræðu á þessum sólarhring. Í stað þess beiti forsetaembættið sér fyrir því að fjárln. og efh.- og viðskn. fái tíma til að ræða um þá róttæku breytingu sem fjmrn. leggur til að verði gerð á tekjuhlið fjárlagafrv.

Samstarfssamningur Norðurlanda, frh. fyrri umr.

Stjtill., 213. mál. — Þskj. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FrS, GB, HBl, IP, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, PJ, SAÞ, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG,

EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KSG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GB, HG, ISG, IP, JónK, JónS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, PJ, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 209. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KSG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GB, IP, JónK, JónS, JVK, KHG, KE, MF, PJ, SAÞ, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 317).

Lánsfjárlög 1991, 3. umr.

Stjfrv., 29. mál (erlend lántaka). — Þskj. 29.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, KÁ, ÓRG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GB, IP, JónK, JónS, JVK, KHG, KE, MF, PJ, StG, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 318).

Fjáraukalög 1990, 2. umr.

Stjfrv., 79. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 81, nál. 292, brtt. 293.

Frsm. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Fjárln. hefur yfirfarið frv. til fjáraukalaga 1990 og verður það að segjast eins og er að mjög langt er síðan frv. var lagt fyrir. Það var lagt fyrir á síðasta vorþingi og aftur núna og fyrst nú kemur það til 2. umr. og afgreiðslu.

Fjárln. gerir aðeins eina brtt. og varðar hún Verðjöfnunarsjóð. Tillaga þessi á rætur að rekja til laga nr. 39 frá 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Samkvæmt þeim var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins m.a. lagður niður. Í ákv. til brb. í nefndum lögum er kveðið á um að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Meðal skulda sem ríkissjóður yfirtók var yfirdráttur á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1.458.283. þús. kr.

Þann 1. nóv. 1990 undirritaði þáv. fjmrh. skuldabréf til handa Seðlabanka Íslands að sömu fjárhæð til greiðslu á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá bankanum. Fjárln. telur rétt að gera þessa brtt. til þess að sýna rétta stöðu og leggur einhuga til að tillagan verði samþykkt ásamt frv.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. mega sjá skrifuðum við hv. 3. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, og ég undir þetta nál. með fyrirvara. Ástæðan er einmitt það atriði sem hv. frsm. gerði að umtali hér að ríkisábyrgð vegna niðurlagningar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins er sett inn í frv. Nú væri það í sjálfu sér ekkert óeðlilegt ef þeirri reglu væri almennt fylgt. En ég gerði það t.d. að umræðu í hv. fjárln. að fyrir liggur að ríkissjóður verður að taka ábyrgð á kaupum Njarðvíkurhrepps á jörðinni Flekkuvík, sem kostaði 108 millj. kr. Kaupsamningur gerði ráð fyrir því að ríkið yfirtæki þetta kaupverð ef ekki yrði af byggingu álvers. Nú er ljóst að svo verður ekki og þar með hefur ríkið tekið þetta að sér. Ég spurði hv. form. fjárln. hvar þetta væri sýnilegt í fjárlögum. Þar er það auðvitað ekki vegna þess að um þetta er engin heildarregla. Það fé mun verða tekið af einhverjum heildarsjóði til að mæta slíkum áföllum sem er ótilgreindur í iðnrn.

Þetta finnst okkur óeðlilegt, æskilegt væri að allar slíkar greiðslur væru sýnilegar í ríkisreikningi og í fjárlögum og heimild væri fyrir því öllu. En okkur fannst óeðlilegt að þarna væri ekki sami hátturinn hafður á svo að við skrifuðum undir nál. með fyrirvara.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa ákveðnar deilur verið milli ýmissa sérfræðinga um ríkisreikninga og ríkisfjármál um hvernig bæri að færa upp bæði ríkisreikning og einnig að ganga frá frv. til fjárlaga og fjáraukalögum. Sumir hafa viljað halda því fram að inn í fjárlög hvers árs ætti að færa ábyrgðir eða skuldbindingar sem útgjaldalið er ríkið tæki á sig á því ári, þótt ekki kæmi ein einasta króna til útgreiðslu úr ríkissjóði það árið vegna þessara skuldbindinga. Við höfum ýmsir bent á að verði þessi regla tekin upp sé í reynd verið að rugla algjörlega hið hefðbundna hallahugtak fjárlaganna.

Hið hefðbundna hallahugtak fjárlaganna er niðurstaðan þegar búið er að gera grein fyrir útgjöldum sem fara sannanlega út úr ríkissjóði á því ári og þeim tekjum sem sannanlega koma inn í ríkissjóðinn á því ári. Nú er hér tillaga, sem ekki er samstöðutillaga um í fjárln., og er farið inn á þá braut — vegna þess að hv. þm. Pálmi Jónsson hefur af því pólitíska hagsmuni — að fara að bókfæra sem útgjaldalið á fjáraukalögum ársins 1990 skuldbindingu sem yfirtekin var á því ári án þess að ein einasta króna færi út úr ríkissjóði vegna þessarar skuldbindingar á því ári.

Ég vil spyrja af þessu tilefni: Er það ætlun meiri hlutans í fjárln. að beita sér fyrir því í fjáraukalögum fyrir árið 1992 að verði frv. um að leggja niður Framkvæmdasjóð Íslands samþykkt hér þá verði yfirtakan á tapi Framkvæmdasjóðs Íslands færð sem útgjaldalið í heild sinni í fjáraukalögum fyrir árið 1992? Ég vil spyrja að því hér og ég óska eftir því, virðulegi forseti, að endanlegri afgreiðslu á þessu máli verði frestað þar til skýr svör hafa fengist við þeirri spurningu. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að gera þetta við sumar skuldbindingar en ekki aðrar, og þá sérstaklega við þær skuldbindingar þar sem einstakir fjárlaganefndarmenn hafa haldið einhverjar maraþonræður af því að það hentaði þeim í pólitískri baráttu á síðasta kjörtímabili að vilja láta bókfæra þessa yfirtöku á því ári sem hún var ákveðin.

Við skulum segja t.d. að ríkissjóður yfirtæki ýmsar þær skuldbindingar sem aðilar hafa tekist á hendur eða ákveði að gera ráð fyrir því að endurgreiða skuldir með samningum. Og ég skal taka dæmi. Ég gerði samning við þáv. borgarstjórann í Reykjavík um hvernig ætti að greiða þær skuldir í vegamálum gagnvart Reykjavík sem Albert Guðmundsson, þáv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, þáv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. fjmrh., höfðu stofnað til. Með svipuðum rökum má halda því fram að ég hafi með þeim samningi staðfest skuldbindingar ríkisins til þess að greiða þessar skuldir. Er þá ætlun meiri hluta fjárln. að færa þennan samning sem útgjaldalið í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir árið 1991, þó að ekki komi króna til útgreiðslu á því ári?

Við skulum segja, með öðru dæmi, að Alþingi samþykkti að yfirtaka ákveðna lífeyrissjóði vegna þess að það væri liður í almennum aðgerðum til þess að stokka upp lífeyrissjóðakerfið, og hægt er að færa fyrir því rök að slík tilvik geti komið upp. Væri þá ætlunin að bókfæra sem útgjöld á því ári allar framtíðarskuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóða og gjörbreyta þannig hallatölu fjárlaganna? Með því að horfa á nokkur slík dæmi sjá menn hvers konar endaleysa þessi aðferð er. Ég veit hins vegar að ýmsir svokallaðir réttrúnaðarmenn í bókhaldsfræðum færa fyrir því ýmis kenningarleg rök að þetta eigi að gera svona þó að ýmsir aðrir sérfræðingar í bókhaldsfræðum segi að það sé mesta vitleysa. Ég tel mjög varasamt fyrir þingið að fara í ágreiningi á þinginu að gera þetta með þessum hætti, og skil eiginlega ekki nauðsynina á því.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir benti á, að vilji menn endilega vera sjálfum sér samkvæmir í þessu þá er til mikill lager af slíkum fjárskuldbindingum sem hafa ekki verið færðar á neitt einstakt ár. Af hverju eru þær ekki teknar hérna upp, af hverju er það ekki gert? Er skuldbindingin sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti maraþonræðurnar um bara tekin svo að hann geti komið eftir að búið er að samþykkja fjáraukalögin og sagt: Ja, sjáið þið ekki, ég hafði alltaf rétt fyrir mér? Bara pólitísk leikfimi og farið að beita og breyta bókhaldsreglum ríkisfjármálanna til þess að þjóna einhverjum tímabundnum og persónubundnum pólitískum hagsmunum.

Meiri hlutinn á þinginu getur gert það ef hann vill. Það er svo sem í takt við annað að menn hringli með færslukerfi ríkisfjármálanna með þessum hætti. En ég tel það mjög alvarlegt ef þeir embættismenn og yfirmenn þingsins sem hér eiga að bera ábyrgð á málum láta þetta viðgangast. Ég nefni þetta vegna þess að mér er kunnugt um að einstakir starfsmenn hjá Ríkisendurskoðun hafa haft það að metnaðarmáli, m.a. í deilum sínum við aðra lærða endurskoðendur að ná þessu fram. Svo þeir geti sagt í einhverjum kaffiklúbbi endurskoðenda: Sjáið þið, þingið skrifaði upp á mína túlkun.

Nú vill svo til að forseti þingsins er æðsti yfirmaður Ríkisendurskoðunar. Og þessi tillaga er ágætt dæmi um það hvernig „bírókratískar" deilur Ríkisendurskoðunar við aðrar stofnanir í kerfinu eru færðar með pólitísku valdi inn í þingsalinn. Og á hvers konar braut er Ríkisendurskoðun og forsetadæmið og meiri hlutinn á Alþingi þegar hann lætur slíkt gerast? Ég vil benda forsetadæminu á að eftir að Ríkisendurskoðun var færð til þingsins fer forsetadæmið með ráðherravald yfir Ríkisendurskoðun. Á að beita því ráðherravaldi með þessum hætti?

Ég veit ekki hvort það þjónar miklum tilgangi að vera að ræða þetta hér vegna þess að ég sé alveg að hv. þm. Pálmi Jónsson hefur gert það að pólitísku metnaðarmáli sínu og hefur greinilega platað félaga sína í meiri hluta fjárln. sem ekki þekkja sögu þessa máls eða eru inni í þeim deilum innan stjórnkerfisins sem ríkt hafa um þetta atriði. Og nú hlær hann og glottir. Auðvitað hlær hann og glottir, vegna þess að hann er búinn að fá nýgræðingana í fjárln. til þess að fylgja sér í þessari för. En þá er eins gott að menn geri sér grein fyrir því að eftirleikurinn verður sá að öllum grundvallarreglum um það hvernig þingið hefur afgreitt fjáraukalög og ríkisreikninga er bara hent upp í loft. Vilja menn það endilega? Ég skil satt að segja ekki hvaða tilgangi það á að þjóna.

Auðvitað breytir það engu, það breytir engu um ríkisfjármálin hvar þetta er bókfært. Það er bara pólitískt metnaðarmál manns, sem stóð í deilum við síðustu ríkisstjórn um efnahagsaðgerðir hennar, hvernig hann bókfærir þetta. Og ef hann er kominn inn á þá braut að menn séu farnir að rífa reglur og venjur ríkisbókhaldsins og ríkisfjármálanna og afgreiðslu fjárlaga hér uppi á þinginu til þess að þjóna pólitískum metnaði sínum, þá erum við auðvitað komin inn á mjög alvarlega braut.

Hvað ætla menn að gera með Framkvæmdasjóð Ís-

lands? Ætlar núv. hæstv. fjmrh. — verst er að hann skuli ekki vera í salnum — ætlar hann að samþykkja það að í fjáraukalögum fyrir 1992 verði rúmur milljarður í yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs færður sem útgjaldaliður á árinu 1992, þó að ríkið borgi ekki krónu vegna þess? Það væri fróðlegt að heyra það. Og æskilegt, virðulegi forseti, að núv. hæstv. fjmrh. svaraði þessari spurningu. Ég verð að láta það í ljós af því mér finnst núv. fjmrh. harla léttlyndur að vera ekki viðstaddur þessa umræðu. Hann hlýtur að vita af þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið, m.a. innan fjmrn., við þær röksemdir sem færðar voru fyrir þessu á sínum tíma. Að vísu er maður nú undrandi á mörgu í fari núv. stjórnarmeirihluta og hæfileikar meiri hlutans til þess að koma mönnum á óvart eru alveg ótakmarkaðir. (**Gripið fram í:** Það er embættismaður hérna frammi.) Nei, ég ætla ekki að draga embættismenn fjmrn. inn í þetta. Ég er búinn að hlusta á þá svo oft og lengi segja sínar skoðanir á þessu máli, ég þarf ekkert að spyrja þá að því. Ég veit þær.

En ég harma það að nýliðarnir í fjárln. skuli hafa látið gamla refinn, Pálma Jónsson, plata sig til þess að fara með þetta mál hingað inn. (**Gripið fram í:** Háttvirtan.) Háttvirtan gamlan ref, Pálma Jónsson, plata sig til þess að flytja þetta mál hingað inn. (Gripið fram í.) Já, ég geri það af virðingu vegna þess að ég veit að þeir eru vandir að virðingu sinni en hafa greinilega ekki kynnt sér sögu þessa máls áður en þeir samþykktu að taka þetta hér inn. Heldur hafa látið Sigurð Þórðarson og Pálma Jónsson plata sig í þessu máli. Því að auðvitað hefur þetta verið jafnmikið metnaðarmál fyrir vararíkisendurskoðanda, Sigurð Þórðarson, eins og það hefur verið pólitískt metnaðarmál fyrir þingmanninn Pálma Jónsson. Vegna þess að vararíkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, hefur staðið í deilum innan kerfisins um það hvort túlkun hans væri rétt eða röng. Og auðvitað mun Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi notfæra sér það ef hinn pólitíski meiri hluti hér á þinginu skrifar upp á hans túlkun, jafnvitlaus og hún er. Og ég bið bara hv. þm. að velta því fyrir sér hvernig það samrýmist þeirra heilbrigðu skynsemi, því oft er nú gott að vitna bara til gömlu og góðu heilbrigðu skynseminnar í þessum málum.

Ef ákveðið er að taka lán upp á 6 milljarða og það eigi að greiða fyrstu afborgun af láninu — það er verst að hv. þm. Árni Mathiesen skuli vera farinn út úr salnum því að ég vildi gjarnan að hann væri hérna og heyrði þetta. — Ákveðið væri að taka lán upp á 6 milljarða og síðan ætti ekki að borga fyrstu afborgun af því fyrr en eftir fimm ár. Þá væri samkvæmt þessari kennisetningu öll lántakan, 6 milljarðar, færð sem útgjöld, hrein útgjöld eins og rekstur sjúkrahúsa eða kennaralaun í skólakerfinu eða laun alþingismanna, hrein útgjöld á því ári sem lánið er tekið. En alls ekki færð sem útgjöld á þeim árum þegar borgað er af láninu, nei alls ekki.

Ef þessi kenning væri við lýði hefði lánið vegna flugstöðvarinnar, sem tekið var á sínum tíma, í utanríkisráðherratíð Matthíasar Á. Mathiesen, verið færð sem nettóútgjöld, hrein útgjöld á því ári sem lánið var tekið en alls ekki fært sem útgjöld á árinu 2020 þegar fyrsta afborgun á að fara fram samkvæmt því láni sem tekið var. Ég er alveg klár á því að hæstv. fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen, þáv. utanrrh., hefði ekki verið par ánægður með það ef þáv. meiri hluti á þingi eða einhverjir kerfissnillingar innan Ríkisendurskoðunar hefðu fundið það upp að nú ætti að bókfæra sem útgjöld á árinu 1987 allt lánið sem tekið var vegna flugstöðvarinnar. En auðvitað hefði átt að gera það. (**Gripið fram í:** Það hefði þá kannski verið staðið öðruvísi að framkvæmdum.) Ég dreg nú fyllilega í efa að staðið hefði verið öðruvísi að framkvæmdum vegna þess, ég skal ekkert um það segja. Það getur enginn okkar sannað.

Ég er bara að benda á söguna í þessum efnum. Það er ekki enn þá búið að færa lánið vegna flugstöðvarinar sem útgjöld. Það er ekki búið að því enn. Vegna þess að það er ekki byrjað að borga af því enn. En hér kemur allt í einu stjórnarmeirihlutinn á Alþingi og vill fara að færa þetta lán sem útgjöld, þó ekki sé byrjað að borga af því enn, eða a.m.k. mjög lítið, þá á að færa það allt sem útgjöld. En lánin vegna flugstöðvarinnar mega alveg liggja án þess að vera bókfærð sem útgjöld þó að það hafi verið fyrsta mál sem fortíðarnefndin tók yfir og gaf skýrslu um eftir að núv. ríkisstjórn tók við.

Hvers konar system er þetta eiginlega? Er leikaraskapurinn orðinn svo mikill að það eru engin takmörk? Bara sum lán sem ríkið hefur tekið eru færð sem útgjöld á þessu ári en öll hin súpan, hún má bara liggja. — Af því að það þjónar ekki pólitískum hagsmunum meiri hlutans að færa lánin vegna flugstöðvarinnar sem útgjöld en það þjónar pólitískum metnaði hv. þm. Pálma Jónssonar og kerfismetnaði vararíkisendurskoðanda að færa þetta svona. Og ég hika ekkert við að nefna vararíkisendurskoðanda hér vegna þess að mér finnst engin þörf á því að leyna því hver það er innan kerfisins sem sérstaklega hefur háð þessa baráttu.

Það er auðvitað mjög vont þegar embættislegur metnaður einstakra manna og pólitískur stríðsdans einstakra þingmanna er notaður til þess að hræra svona fram og aftur með þær venjur og reglur sem hafa gilt hér, vegna þess að það þýðir það að allur samanburður milli ára um ríkisfjármálin er marklaus, fullkomlega marklaus.

Ég get t.d. alveg sagt það hér, þótt að núv. hæstv. fjmrh. neyðist til þess — til þess að þjóna pólitískum skapsmunum hv. þm. Pálma Jónssonar — að færa yfirtökuna á skuldbindingum á Framkvæmdasjóð Íslands sem útgjöld á næsta ári þá ætla ég ekki að fara að saka núv. hæstv. fjmrh. um að þar með sé hallinn á ríkissjóði orðinn rúmum milljarði hærri, ég ætla ekki að gera það vegna þess að það væri ómerkilegur málflutningur. Jafnómerkilegur málflutningur og það sem gengur hv. þm. Pálma Jónssyni til í þessum efnum. Hann er bara að hræra með hallatölu fjárlaganna fram og aftur til að þjóna pólitískum metnaði sínum. Nú, meiri hlutinn getur gert það ef hann vill, hann má eyði-

leggja alla umræðu, samanburðarumræðu um ríkisfjármál ef hann vill. En að við látum þetta ganga fram þegjandi og hljóðalaust, án þess að rekja hvað hér er verið að gera, það nær ekki nokkurri átt.

Ég tel auðvitað að forsetinn beri vissa ábyrgð á því hvað hér er verið að gera vegna þess að Ríkisendurskoðun heyrir undir forsetadæmið. En það er kannski mikið að gera hjá forsetadæminu þessa dagana og þess vegna hefur mönnum yfirsést hvað hér er verið að gera. En það er hins vegar alveg orðið ljóst.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta vera hið versta ráð og teldi réttast að fjárln. endurskoðaði afstöðu sína í þessum efnum, a.m.k. flytti hún, þ.e. formaður nefndarinnar — ef hún ætlar að halda þessu til streitu — myndarlega ræðu um það að frá og með þessum degi verði þetta þá gert við allar skuldbindingar. Og þá spyr ég: Hvenær á að færa lánin vegna flugstöðvarinnar inn sem útgjöld? Ég spyr formann fjárln. að því eða er þetta bara selektívt? Eða ætlar formaður fjárln. ekki að svara því?

Ég tel þetta mál ekki vera flokkpólitískt deilumál hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Það er það ekki.) Ja, það var það af hálfu hv. þm. Pálma Jónssonar hér á síðasta kjörtímabili, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, það var það. Alveg skýrt flokkpólitískt deilumál á síðasta kjörtímabili vegna þess að hv. þm. Pálmi Jónsson valdi bara þessa skuldbindingu eina út úr af mörgum sem til greina komu. Og það sem fjárln. hefur gert núna er að velja bara þessa skuldbindingu eina út úr, af því að það hentar pólitískt. Það eru óvönduð vinnubrögð, þau eru þinginu ekki til sóma og mjög hættuleg braut fyrir meiri hluta fjárln. og meiri hluta þingsins að láta draga sig — ég segi það hreint út — á asnaeyrunum, hvað þetta snertir.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. 14. þm. Reykv., nefndarmaður í fjárln., greindi frá því í hverju fyrirvari hennar og hv. 4. þm. Suðurl. væri fólginn varðandi þá brtt. sem hér er flutt við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Hún gerði samanburð á því að ríkissjóður á árinu 1990 yfirtók lausaskuldir í Seðlabankanum, lausaskuldir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og tók til þess nýtt lán, sem hér hefur verið gert að umtalsefni af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, annars vegar og hins vegar á því að það gæti farið svo að ábyrgðir falli á ríkissjóð vegna kaupa á jörðinni Flekkuvík á Reykjanesi.

Ég áleit að ég hefði nú komið öllu sem máli skipti til skila við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur varðandi þetta mál. Hún sagði að hvergi mundi sjást í fjárlögum ef þessi skuld, 108 millj. kr., væri yfirtekin eða félli á ríkissjóð og það mundi verða tekið út úr einhverjum óskilgreindum sjóði í iðnrn.

Þetta er misskilningur eins og ég hafði sagt hv. þm. Hér er um ríkisábyrgð að ræða og í fjárlögunum er ætlað fé til að standa straum af ríkisábyrgðum sem falla á ríkissjóð á næsta ári. (**GHelg:** Ótilgreindum.) Ótilgreint vegna þess að fyrir fram, hv. þm., er ekki hægt að vita hvaða ríkisábyrgðir kunna að falla á ríkissjóð á einhverju tilteknu ári. (**Gripið fram í:** ...núna í þessu tilviki.) Það lítur þannig út að þessi ríkisábyrgð falli á ríkissjóð á næsta ári, um 108 millj. kr., en í fjárlagalið 09 971 undir fjmrn. — ekki einhverjum óskilgreindum sjóði iðrnrn. — eru ætlaðar 550 millj. kr. til þess að standa straum af ríkisábyrgðum sem falla kunna á ríkissjóð á því ári. Það er ætlað fyrir þessum útgjöldum í fjárlögunum og meira til. Og þetta er allt annars eðlis heldur en þegar um er að ræða nýja lántöku umfram það sem heimildir fjárlaga greina. Ég held að þetta hljóti að vera fullskýrt.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja langt mál út af ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Við höfum rætt þessi mál áður. Hann fór hér ýmsum orðum um mig persónulega. Það er honum frjálst. Hann má nefna mig þeim orðum sem hann kýs hér í þessum ræðustól. Ég er hér og get þá svarað fyrir mig. Hann má sem sagt gera það að vild sinni. Hann kom með alveg nýtt hugtak í pólitík. Hann fjallaði um pólitíska skapsmuni Pálma Jónssonar og pólitíska hagsmuni mína, eins og ég hefði einhverja pólitíska eða persónulega hagsmuni af því hvernig yfirtaka ríkissjóðs á lausaskuldum úti í Seðlabanka vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er færð. Þvættingsræða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar hér áðan var hreint með ólíkindum.

Hitt er verra þegar hv. þm. leyfir sér að fara að draga nafngreinda einstaka menn úr embættismannakerfinu og ríkiskerfinu hér sem sökudólga í þessum ræðustól. Hann á að hafa þá kurteisi til að bera, þessi hv. þm., og viðhafa þau vinnubrögð að ef hann vill tala til einhverrar stofnunar þá á hann að nefna þá stofnun en ekki vera að draga út úr einstaka starfsmenn þeirrar stofnunar þegar álit stofnunarinnar er eitt og hið sama. Það er stofnunin sem stendur að baki því áliti sem um er að ræða.

Ég ætla ekki að fara um þessi orð mörgum orðum. Ég vil aðeins segja að það sem skilur á milli okkar hv. þm. Ólafs Ragnar Grímssonar er þetta: Fjárlög og fjáraukalög eiga að mínum dómi að sýna sem gleggsta mynd af útgjöldum og afkomu ríkissjóðs hverju sinni, sem gleggsta mynd. Þau eiga að vera að mínum dómi sem næst því að þar komi sambærileg útkoma úr tekjum og gjöldum og afkomu og síðar birtist í ríkisreikningi. Með því að þetta sjónarmið sé viðhaft þá þarf að taka inn á fjárlög eða fjáraukalög ýmsar lántökur ríkissjóðs, ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs sem koma til útgjalda í ríkisreikningi þegar hann er gerður upp. Þetta sjónarmið hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ekki viljað viðurkenna og það sýnir sig m.a. í því að í ríkisreikningi fyrir árið 1989, ef ég man rétt, sem lagður hefur verið fyrir Alþingi, þá sést mismunur á útkomu á gjaldahlið ríkisreiknings og útkomu á gjaldahlið fjárlaga og fjáraukalaga fyrir það ár sem munar ekki milljörðum heldur tugum milljarða.

Þó að þar sé auðvitað um mjög afbrigðilegt dæmi að ræða þá er það samt svo að það væri ákjósanlegt til þess að auðvelda skilning almennings, og meira að segja hv. alþm., á þessum málum að þetta verði fært í það horf að samræmi sé á milli fjárlaga og fjáraukalaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar. Ef það

er ekki þá opnar það leið fyrir fjmrh. hverju sinni, svo sem var í tíð þessa hv. þm. þegar hann var fjmrh., að halda leyndum, hafa utan við kerfi fjárlaga og fjáraukalaga ýmsar skuldbindingar, ýmis raunveruleg útgjöld ríkissjóðs sem ekki eiga að sjást hér á Alþingi fyrr en ríkisreikningur er lagður fram mörgum árum síðar. Það er þetta verklag sem þessi hv. þm. vill viðhafa og um þetta stendur sú deila sem verið hefur á milli okkar um þetta efni.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þessi ræða sannaði akkúrat það sem ég sagði hér um málflutning Pálma Jónssonar í þessu máli. Hann hefur aldrei getað haldið sér í þessu máli við eðlilega, faglega og fræðilega umræðu um það hvernig eigi að setja upp ríkisreikning heldur ávallt notað þessa umræðu í pólitískum skylmingum, pólitískum metnaði hv. þm. Pálma Jónssonar. Nú fór hann að saka mig um það að ég hefði verið að fela eitthvað. Hvílíkur furðulegur málflutningur.

Hver var það sem ákvað að láta færa upp margra áratuga gamla vanrækslu af fyrri skuldbindingum í ríkisreikningi annar en sá sem hér stendur? Hver var það, sem beitti sér fyrir því eftir að Sjálfstfl. hafði stýrt fjmrn. í fjögur ár að flytja hér inn í þingið öll fjáraukalögin sem Sjálfstfl. vanrækti að flytja hér inn í þingið, annar en sá sem hér stendur? Hver var það, sem dró út úr skúffu fjmrn. það sem Sjálfstfl. vildi fela þar frá allri sinni fjármálaráðherratíð og kom aldrei með inn í þingið, annar en sá sem hér stendur?

Það er broslegt að þingmenn Sjálfstfl. séu að setja sig á háan hest og rugla um fyrir almenningi og þingmönnum sem vita ekki um hvað málið snýst. Þessir tugir milljarða, sem hv. þm. var að tala hér um og tengdi við árið 1989 og hefði verið eitthvað sem ég hefði viljað fela, hvað var það? Það var verið að færa upp á einn stað allar skuldbindingar ríkisins, meira að segja lífeyrissjóðaskuldbindingar frá síðustu 20–30 árum. Þá á það að vera gert að einhverjum sérstökum dularfullum gerningi frá minni fjármálaráðherratíð. Þetta er auðvitað ágætis sýnishorn af því hvernig hv. þm. Pálmi Jónsson og hugmyndafræðingur hans, Sigurður Þórðarson, kjósa að haga sér í þessu máli og ég hika ekkert við að nefna vararíkisendurskoðanda, Sigurð Þórðarson, því að hann verður auðvitað að þola það eins og aðrir í þessu þjóðfélagi að embættisfærslur hans og sjónarmið séu gerð að umtalsefni hér á Alþingi. Því að við lifum í lýðræðislegu ríki þar sem þingmenn hafa fullan rétt og málfrelsi til þess að ræða um það sem sýnist.

Svo sagði hv. þm. að ágreiningurinn milli mín og hans stæði um það hvort það ætti að færa skuldbindingarnar eða ekki. Hvílík fjarstæða. Ágreiningurinn snýst ekkert um það. Ég hef aldrei haldið því fram að það ætti ekki að færa skuldbindingarnar, bara aldrei. Ef þm. hv. Pálmi Jónsson er að tala með betri vitund þá er auðvitað alveg ljóst að hann hefur bara ekki skilið neitt í þessu máli á undanförnum árum, þannig að hann hlýtur að vera að tala gegn betri vitund og vera að falsa hlutina með þessum hætti. Ágreiningurinn hefur alls ekki snúist um það að færa skuldbindingarnar. Ágreiningurinn hefur snúist um það hvort öll skuldbindingin væri færð sem útgjöld á því ári sem skuldbindingin er ákveðin — eða hvort útgjöldin vegna þessara skuldbindinga eru færð á þeim árum þegar um raunverulegar greiðslur úr ríkissjóði er að ræða eða ekki. (**Gripið fram í:** Fortíðarvandi. Þannig verður fortíðarvandi til.)

Það er það sem ég hef sagt, að útgjöld eru útgjöld. Útgjöld er það sem reitt er fram úr ríkissjóði. Og það er þess vegna sem ég vitnaði í heilbrigða skynsemi hér áðan. Hv. þm. sagði að fjárlögin og fjáraukalögin og ríkisreikningurinn ættu að gefa sem gleggsta mynd af útgjöldunum. Ég er alveg sammála því. En þessi skuldbinding — henni voru ekki samfara nein útgjöld á árinu 1990, ekki króna. Það var ekki króna í útgjöld á árinu 1990 vegna þessarar skuldbindingar. Og menn geta bara velt því fyrir sér hvort sé eðlilegra og meira í samræmi við eðlilegan skilning almennings í landinu að þegar við tökum lán, t.d. persónulega til að kaupa bíl þá færum við lánið sem útgjöld í heimilisbókhaldinu á þeim árum þegar við borgum af láninu. En við færum lánið ekki sem útgjöld í heimilisbókhaldinu á árinu sem það var tekið — en alls ekki sem útgjöld á því ári sem við borgum af láninu.

Við skulum taka dæmi af Pálma Jónssyni, segjum að hann keypti sér bíl. (Gripið fram í.) Og hann tæki 2 millj. kr. lán núna fyrir áramótin til þess að borga bílinn. Samkvæmt kenningu hans ætti að færa þessar 2 millj. sem útgjöld í heimilsbókhaldi hv. þm. Pálma Jónssonar á Akri þótt hann hafi ekki borgað krónu af því í ár. En þegar hann á að borga af láninu á næsta ári og árinu 1994 þá myndi hvergi sjást í heimilisbókhaldinu hjá hv. þm. að hann hefði borgað af láninu. Þá væru þær afborganir ekki til í heimilisbókhaldinu. Þeir sem læsu heimilisbókhaldið hjá hv. þm. myndu komast að raun um að hann hefði ekki haft nein útgjöld af þessum bílakaupum á árunum 1993 og 1994. Menn sjá auðvitað hve fjarstæðukennt þetta er.

Og það sem er nú öllu fjarstæðukenndara en flest annað er að fara að gera svona tæknileg atriði í útfærslu ríkisreikninga að pólitísku metnaðarmáli. En við sáum það í ræðu hv. þm. að þannig er þessi liður vaxinn. Ég tók eftir því að hv. þm. sagði ekki orð um það sem ég spurði að hérna áðan: Á að færa yfirtöku skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands sem nettóútgjöld á árinu 1992, verði frv. ríkisstjórnarinnar samþykkt? Þannig að hallinn hjá núv. fjmrh. Friðriki Sophussyni verði hærri sem þessu nemur. Á ég t.d. að koma hingað um mitt næsta ár, þegar hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson segir: Ja, hallinn er 5 milljarðar, — á ég þá að koma upp og segja: Nei, nei, hallinn er 6,5 milljarðar af því að þú yfirtókst skuldbindingar vegna Framkvæmdasjóðs Íslands sem ekki á að greiða af fyrr en eftir þrjú eða fjögur ár.

Ef ég veldi síðari kostinn þá væri ég að haga mér eins og hv. þm. Pálmi Jónsson. En auðvitað væri það fullkomlega ósanngjarnt gagnvart núv. hæstv. fjmrh. og ég ætla ekki að gera það. Ég ætla ekki að temja mér svona ósanngjarnan málflutning eins og hv. þm. Pálmi

Jónsson hefur tamið sér í þessu máli, ætla bara ekki að gera það.

En hv. þm. Pálmi Jónsson verður auðvitað, ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur, að beita sér fyrir því í fjáraukalögum fyrir árið 1992 að yfirtaka skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands verði færð sem nettóútgjöld hjá núv. hæstv. fjmrh. Það verður gaman að fylgjast með því þegar hv. þm. fer að gera það. Eða kannski verður með það eins og annað hjá Sjálfstfl., þá verði komin allt önnur skoðun, af því þá hentar ekki pólitískt fyrir Sjálfstfl. að gera það. Þá hentar það ekki fyrir fjmrh. og forustu Sjálfstfl. að gera það. Vegna þess að það er ekki nein samkvæmni í því sem Sjálfstfl. segir.

Hann heimtar að jöfnunargjald sé lagt niður í tvö ár. Krefst þess í dag að það sé lagt á. Hann heimtar að innlánsstofnanir séu ekki skattlagðar. Krefst þess í dag að þær séu skattlagðar. Hann heimtar að sérstakur eignaskattur, svokallaður ekknaskattur sé lagður niður. Krefst þess í dag eftir nokkra daga að hann verði lagður á. Hann heimtar að tekjuskattur sé lækkaður. Krefst þess í dag að hann verði hækkaður. Og þannig koll af kolli. Þetta er nú stefna Sjálfstfl. í framkvæmd. Þetta er nú samkvæmnin í stefnunni. Og nú er meira að segja gengið svo langt að menn ætla að fara að hringla með bókhaldsreglur ríkisfjármálanna til þess að þjóna tímabundnum pólitískum metnaði og hagsmunum Sjálfstfl.

Vertu velkominn, hæstv. fjmrh., þú hefur örugglega áhuga á að heyra svarið. Ég spyr hv. þm. Pálma Jónsson: Hvernig ætlar hann að láta færa yfirtöku ríkissjóðs á fjárskuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands verði frv. ríkisstjórnarinnar samþykkt hér á Alþingi? Á að færa það sem nettóútgjöld á næsta ári þó ekki verði króna borguð vegna þeirra skuldbindinga? (Gripið fram í.) Hvað sagði þingmaðurinn? (**Gripið fram í:** Það bíður síns tíma.) Það bíður síns tíma, sagði þingmaðurinn, akkúrat. Þarna sannaðist nefnilega mitt mál. Það á bara að meta það af tækifærismennskunni þá hvað hentar. Ég þakka þingmanninum kærlega fyrir hreinskilnina. (**Gripið fram í:** Það verður skoðað.) Það verður skoðað, sagði þingmaður, já, en svarið er ekki klárt. Auðvitað er svarið klárt ef á að samþykkja það sem þingmaður leggur til. En nú hefur hann sagt hér í frammíkalli: Það er bara ekkert klárt. Það bara bíður síns tíma og verður skoðað.

Er Sjálfstfl. alveg sama hvað hann segir? Skiptir bara ekki nokkru máli hvað sagt er í dag og hvað á morgun? Er allt byggt undir einhverja pólitíska áróðurshagsmuni frá degi til dags? Er ekkert rétt eða rangt í sjálfu sér, aðeins spurning um það hvað þjónar hagsmunum Sjálfstfl.? Ég þakka hv. þm. fyrir það að hann er nú búinn að upplýsa að meiri hlutinn á Alþingi er ekki að beita sér fyrir neinni kerfisbreytingu í færslu ríkisbókhalds eða skuldbindinga ríkissjóðs. Nei takk. Hann er bara að þjóna stríðshagsmunum hv. þm. Pálma Jónssonar, því hann þorir ekki og leggur ekki í að svara spurningunni um Framkvæmdasjóð Íslands. Er það nú kjarkur, hv. þm.

Eru engin takmörk fyrir því hvað þingmenn Sjálfstfl. láta nota sig í hérna í salnum? Ég skil vel af hverju núv. hæstv. fjmrh. fór út. Hann er auðvitað búinn að ganga frá því við hv. þm. Pálma Jónsson að skuldbindingar um Framkvæmdasjóð verði alls ekki færðar sem útgjöld í fjárlögum næsta árs. Eigum við ekki að taka það inn í fjárlagafrv., hv. þm., — núna? Eigum við ekki að vera sjálfum okkur samkvæmir? Því ef þetta fjáraukalagafrv. verður samþykkt hérna núna er alveg ljóst að flytja verður brtt. um að auka hallann á fjárlagafrv. næsta árs um 1,5 milljarða vegna frv. ríkisstjórnarinnar um Framkvæmdasjóð. Við getum m.a.s. samþykkt frv. um Framkvæmdasjóð núna fyrir jólin. Ríkisstjórnin biður um það, það er á forgangslistanum, við skulum gera það. En þá er auðvitað alveg ljóst, virðulegi forseti, að samkvæmt því sem meiri hluti fjárln. er að leggja til — og ég bið formann fjárln. að hlusta vel (**Gripið fram í:** Hann gerir það, sperrir eyrun.) þá verður fjárln. að flytja brtt. hér um að útgjaldahlið fjárlaganna sé aukin um rúman milljarð. Því það er ekki hægt, hv. þm. Karl Steinar Guðnason að leggja til að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sé færður sem útgjöld í fjáraukalögin fyrir árið 1990 en leggja ekki til við þingið að yfirtaka skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands verði færð sem útgjöld í fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Svona einfalt er þetta nú.

Við skulum sjá hvað gerist. Hvort minn málflutningur verður sannaður hér í þingsalnum, að þetta sé bara pólitískur leikaraskapur hjá hv. þm. Pálma Jónssyni og meiri hluta þingsins. Eða hvort ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur og færa Framkvæmdasjóðinn til þess að auka útgjöldin og þar með láta hallann vaxa úr tæpum 4 milljörðum í rúma 5? Á ég kannski að flytja brtt. fyrir þingmanninn, Pálma Jónsson? Til þess að lofa honum að vera sjálfum sér samkvæmur hér í þingsalnum? Kannski ég hugleiði það. Ef þetta fjáraukalagafrv. fyrir árið 1990 verður samþykkt með þessari breytingu þá mun ég hugleiða það að flytja hér brtt. varðandi Framkvæmdasjóð Íslands. Og hún hlýtur þá að verða samþykkt á útgjaldahlið.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að ræða þetta mál mikið lengur. Öll höfuðatriði þess hafa nú komið fram. Og á síðustu mínútunum hefur þetta mál skýrst mjög vel. Við skulum sjá hvað verður gert hér í reynd. Ég bið hins vegar um það, virðulegi forseti, að atkvæðagreiðslu um þetta mál verði frestað þar til gefist hefur færi á því að skoða nánar hvernig meiri hluti ríkisstjórnarinnar ætlar að fara með yfirtöku skuldbindinga vegna Framkvæmdasjóðs Íslands í fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Það er þess vegna formleg ósk frá mér að þótt þessari umræðu ljúki verði atkvæðagreiðslu frestað þar til að við höfum tækifæri til þess að skoða samhengi þessarar afgreiðslu, fjáraukalaga fyrir árið 1990, við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46.

Halldór Ásgrímsson (frh.):

Herra forseti. Ég hafði gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls í nokkrum orðum. Ég tel að um verulega bót sé að ræða að koma upp slíku reikningsskilaráði sem hér er gert ráð fyrir. Ég hafði gert athugasemdir við skipan ráðsins og taldi að það hefði mátt koma því betur fyrir og óæskilegt væri að ráðherra skipaði mann í slíka nefnd, m.a. vegna þess að ekki væri æskilegt að ríkisvaldið tæki of mikla ábyrgð á slíkum úrskurðum. Hér er um það að ræða að kveða upp um hvað sé góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Góð reikningsskilavenja kemur að sjálfsögðu fram í lögum um bókhald, hlutafélög, samvinnufélög og í ýmsum venjum sem hafa viðgengist í gegnum tíðina og ýmsum úrskurðum sem hafa verið settir fram af ýmsum samtökum eins og t.d Samtökum endurskoðenda. Síðast en ekki síst verður að telja að góð reikningsskilavenja sé framgangsmáti sem kunnáttumenn á sviði reikningshalds halda í heiðri. Það er nú samt svo að þeir geta ekki verið alveg frjálsir að því hvernig þeir túlka góða reikningsskilavenju, þeir verða að fara að þeim venjum og lögum sem gilda.

Ég gat þess að nauðsynlegt væri að hafa einhvern til að dæma þarna um því að oft á tíðum væri góð reikningsskilavenja önnur en kæmi fram í gildandi löggjöf. Gildandi löggjöf fylgdi ekki þróuninni og þar af leiðandi væri nauðsynlegt að hafa slíkan úrskurðaraðila.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa langt mál um þetta frv. Tekist hefur samkomulag um að mæla með því í efh.- og viðskn. Ég var að vísu fjarstaddur þá afgreiðslu. Ég hafði óskað eftir því að frv. yrði breytt og tekið tillit til athugasemda sem höfðu komið fram og einnig athugasemda sem ég hafði gert við það. Um það náðist ekki samstaða en ég tel það ekki vera slíkt grundvallarmál að það réttlæti að mál þetta stöðvist af þeim sökum.

Ýmsir aðilar létu í té umsögn um málið, Félag löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóri, viðskipta- og hagfræðideild, Verslunarráð Íslands, Ríkisendurskoðun o.s.frv. Ég hefði talið eðlilegt að aðili frá lánastofnunum kæmi inn í þessa nefnd. Ég hef líka lagt áherslu á að ég tel ekki ástæðu til að fulltrúi skattyfirvalda sitji í nefnd sem þessari. Og vil ég fyrst og fremst leggja áherslu á að ég tel fjmrh. ekki eiga að gæta hagsmuna skattyfirvalda á þessu sviði, heldur á öðrum sviðum. Þannig er að ekki fer alltaf saman það sem rétt er samkvæmt skattalegum túlkunum og samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta annars merka mál mikið lengri ræðu, þótt full ástæða væri til þess. Og ég vildi lýsa þeirri afstöðu minni að ég mun greiða atkvæði með frv. þó ég hefði kosið að nokkrar breytingar væru gerðar á því. Ég hefði viljað beina því til hæstv. fjmrh., sem ekki er nú viðstaddur en ég veit að hann les ræður manna um þau mál sem hann snerta, og ég ætlast ekki til þess að hann sé viðstaddur. Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur mikið að gera við að reyna að ná einhverju samkomulagi um lögin — um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, jafnvel þó að hæstv. forsrh. hafi nú haldið því fram að því sé öllu saman lokið, þá er okkur sem störfum í efh.- og viðskn. fullkomlega ljóst að svo er alls ekki. Ég tel að hæstv. fjmrh. þurfi að fá tíma til þess að ná áttum í því máli. Því það frv. er svo dæmalaust að það eru eiginlega merk tímamót í sögu Sjálfstfl. að hann skuli leggja slík ósköp fram. Enda hefur allt atvinnulífið risið upp og lýst því yfir að hér sé um aðför að atvinnulífinu að ræða.

Þótt það sé mikilvægt fyrir atvinnulífið að geta fært gott bókhald og það séu reglur sem gilda um það og reglur sem þarf að hafa í heiðri, þá er það mikilvægara um þessar mundir að koma á þeirri skipan mála að atvinnulífið geti borið sig og staðið undir atvinnu í landinu. En hæstv. ríkisstjórn virðist ekki telja að svo eigi að vera. Það eigi að reyna að ná sem mestu af atvinnulífinu og ég býst við að þar séu komin sjónarmið Alþfl. í hnotskurn sem telur að nauðsynlegt sé að skattleggja atvinnulífið og þá sérstaklega sjávarútveginn og berst fyrir því í hvaða ríkisstjórn sem Alþfl. situr í að skattleggja þá atvinnugrein sem mest. Ég hafði haldið að Sjálfstfl. gæti staðið gegn því. Nú hefur Alþfl. tekist að gera tillögur um það að breyta þannig skilyrðum á hlutabréfamarkaði á Íslandi að þar verður ekki hægt að starfa framar. Menn höfðu vonast til þess að lífeyrissjóðirnir gætu keypt eitthvað af hlutabréfum á markaði og komið inn í atvinnulífið en samkvæmt þeim tillögum sem nú hafa komið frá ríkisstjórninni um tekjuskatt og eignarskatt liggur alveg ljóst fyrir að hlutabréfamarkaður á Íslandi heyrir fortíðinni til.

Þetta er það verkefni sem efh.- og viðskn. er nú að glíma við og veit ekki hvernig á að taka á og veit ekkert um hvers konar samkomulag er um það mál milli stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, enda liggur það sjálfsagt ekki fyrir og því er eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé ekki viðstaddur þessa umræðu og ég geri ekki kröfu um það. En ég legg á það áherslu að síðar í dag verði staðið við það eins og gert var ráð fyrir að haldinn verði fundur í efh.- og viðskn. og þau mál tekin fyrir þannig að við vitum betur hvað þar gengur á og hvað er hæft í þeim fullyrðingum forsrh. að niðurstaða sé fengin. Samkvæmt því sem hann hefur sagt var sú niðurstaða fegin í gær, en á fundi efh.- og viðskn. í morgun kom ekkert það fram sem benti til þess að slík niðurstaða væri komin. En hvað um það, það er mikilvægt að atvinnulífið búi við góðar starfsvenjur, að reikningsskil séu þannig frá atvinnufyrirtækjum í landinu að þeim sé hægt að treysta að lánastofnanir geti treyst reikningum sem koma inn á borð þeirra, að þeir aðilar sem vilja kaupa hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum geti treyst reikningsskilum fyrirtækjanna og ég vænti þess að þær breytingar verði gerðar á nýjan leik og komið verði í veg fyrir það að menn geti eyðilagt þennan markað. Það hafði náðst um það góð pólitísk samstaða að efla íslenskan hlutabréfamarkað og auka þátttöku almennings í atvinnulífinu. Það er mikilvægt mál en ein af forsendum þess að almenningur geti gerst

aðili að atvinnulífinu er að það liggi fyrir góð reikningsskil sem gefi glögga mynd af rekstri þeirra fyrirtækja sem þar eiga hlut að máli. Það hefur stundum borið við að svo hefur ekki verið og eru dæmi um að atriði sem hafa valdið deilum hafa komið til úrskurðar dómstóla og má nefna ýmis mál í því sambandi. Síðast var á ferðinni mál sem tengdist fyrirtæki sem varð gjaldþrota og hét Hafskip en þar fjölluðu dómstólar m.a. um hvort reikningsskil þess fyrirtækis hefðu verið með eðlilegum hætti. Í slíku tilviki leita menn eftir því hvað sé góð reikningsskilavenja, hvað sé skylt samkvæmt lögum en það kom mjög vel í ljós í því máli að ekki var nægilegt að hafa upplýsingar um það hvernig ganga skyldi frá málum lögum samkvæmt heldur þurftu þeir sem í málinu dæmdu að átta sig sem best á því hvað væru góðar og gildar venjur. Ég býst ekki við því að þeir sem lesa þá dóma séu allir sammála um niðurstöðurnar en það er þó alveg ljóst samkvæmt þeim dómi að það er mikil þörf á því að ganga tryggilegar frá málum og koma upp úrskurðaraðila sem hægt er að leita til í ýmsum ágreiningsmálum er varða góða reikningsskilavenju. En aðalatriðið er þó það að þeir sem starfa að þessum málum hafi þá þekkingu sem til þarf til að góð reikningsskilavenja geti ávallt verið í framkvæmd. En svo slysalega vill til að þeir sem að þessum málum starfa eru ekki alltaf sammála um hvernig beri að standa að málum og hefur það oft komið í ljós og kemur það einmitt fram í grg. með þessu frv. að það er ein af ástæðum þess að þetta frv. er flutt að ýmsir þeir aðilar sem ganga frá reikningsskilum telja sig ekki vera bundna af því sem kemur fram í túlkun t.d. Félags löggiltra endurskoðenda eða túlkun frá alþjóðlegum reikningsskilanefndum eða reikningsskilanefnd endurskoðenda. Það er að sjálfsögðu aðalástæðan fyrir því að menn hafa tekið upp þetta mál og flutt frv. þess efnis.

Það fer að sjálfsögðu mikið eftir framkvæmd mála eins og á öðrum sviðum hvernig til tekst en aðalatriði er að þeir menn, sem í slíka nefnd eru kvaddir og skipaðir, hafi til að bera þekkingu á málum og geti leiðbeint öðrum inn á þær brautir sem þykja bestar í þessum efnum. Ég tel að þar sé yfirleitt vel skipað en vitna til þeirra athugasemda sem ég hef áður komið hér á framfæri í sambandi við mál þetta.

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala lengur í þessu máli en vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri og endurtek að ég mun styðja þetta frv. þótt ég hefði kosið að gera á því lítils háttar breytingar. En ég vænti þess að það muni fljótlega koma til endurskoðunar í ljósi reynslunnar og þá má gera þær breytingar sem ég hef hér bent á og ég á von á því að menn munu fljótt sjá að það er ekki að ástæðulausu að bent er á það. Ég tel að ríkisvaldið og ráðherrar eigi ekki að vera að taka ábyrgð á fleiri málaflokkum en nauðsynlegt er og mér finnst að ráðherrar taki óþarflega mikla ábyrgð á þessu máli með því að skipa mann í nefndina. Ég veit ekki af hverju menn vilja ekki breyta því. Ég held að það sé óskynsamleg afstaða af hálfu viðkomandi ráðherra en því má að sjálfsögðu breyta þegar fram líða stundir. Ef ráðherra velur það hæfan mann sem er vel inni í þessum málum, þá er það að sjálfsögðu aðalatriðið.

Umræðu frestað.

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Stjfrv., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 207.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um brunavarnir og brunamál. Í kjölfar stórbrunans að Réttarhálsi 2 skipaði ég starfshóp til að gera heildarúttekt á stöðu brunamála á Íslandi. Starfshópur þessi skilaði skýrslu sinni til mín haustið 1989. Í þessari skýrslu komst starfshópurinn m.a. að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allgóða löggjöf um brunavarnir og brunamál þegar á heildina væri litið væru víða veilur í skipulagi brunamála og þá sérstaklega skipulagi eldvarnaeftirlits á vegum sveitarfélaga. Athugasemdum og kröfum um úrbætur væri lítt fylgt eftir og upplýsingar um helstu brunatjón væru ófullnægjandi.

Meginniðurstöður og tillögur þessa starfshóps lutu að auknu forvarnastarfi á hönnunarstigi byggingartíma mannvirkja, hertu eldvarnaeftirliti eftir að hús hafa verið tekin í notkun svo og áframhaldandi heildarúttekt á mannvirkjum þar sem ætla mætti að brunaáhætta væri mest í landinu þar sem mjög ríkt yrði gengið eftir því að kröfum um lagfæringar og úrbætur yrði sinnt undanbragðalaust.

Hinn 29. jan. 1990 fól ég síðan nefnd að undirbúa framkvæmd á þeim tillögum er fram koma í áðurnefndri skýrslu og semja nýtt frv. til laga um brunavarnir og brunamál. Í nefnd þessa voru skipuð Magnús H. Magnússon, fyrrv. ráðherra, formaður, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður, Hákon Ólafsson byggingarverkfræðingur og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félmrn. Starfsmaður nefndarinnar var Þórir Hilmarsson verkfræðingur.

Nefnd þessi skilaði mér á síðasta vetri frv. til laga um brunavarnir og brunamál sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Í sumar var því ákveðið að senda frv. til umsagnar fjölmargra hagsmunaaðila í brunamálum og bárust ýmsar athugasemdir. Ég fól því nefndinni að taka frv. til endurskoðunar með tilliti til þeirra athugasemda sem borist höfðu og liggur það frv. nú hér fyrir.

Helstu nýmæli þessa frv. eru þau að lagt er til að tekin verði af tvímæli þess efnis að Brunamálastofnun ríkisins fari með yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu og beri ábyrgð á þeim gagnvart félmrh. Lagt er til að stjórn Brunamálastofnunar ríkisins verði æðsta stjórnvald hennar en ákvæði núgildandi laga eru óskýr í þeim efnum. Þess vegna er lagt til að stjórnin verði styrkt faglega og skipulagslega með því að fjölgað verði fulltrúum í stjórninni. Þeir verði fimm í stað þriggja eins og nú er. Annar þessara nýju fulltrúa verði skipaður samkvæmt sam-

eiginlegri tilnefningu Arkitektafélags Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands og hinn verði skipaður af félmrh. án tilnefningar.

Önnur sjónarmið komu fram varðandi skipan á stjórn Brunamálastofnunar, svo sem að stjórnin yrði kosin beint af Alþingi og vænti ég þess að nefndin sem fær þetta mál til meðferðar skoði það sérstaklega. Lagt er til að félmrh. skipi brunamálastjóra tímabundið til sex ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins. Þetta ákvæði tekur þó ekki til núverandi brunamálastjóra. Í frv. er gert ráð fyrir því að brunamálastjóri annist daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnar.

Lagt er til að ábyrgð eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis verði aukin varðandi brunavarnir og eftirlit með þeim. Brýna nauðsyn ber til að setja reglur um skyldur eigenda húsa og annarra mannvirkja í landinu varðandi þetta atriði og í 19. gr. frv. er að finna ýmis nýmæli og ítarleg ákvæði um brunavarnir bygginga, bæði nýbygginga og eldri mannvirkja. Jafnframt vil ég í þessu sambandi geta þess að nú þegar liggja fyrir í félmrn. drög að reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði sem hafa að geyma enn frekari ákvæði um þetta. Lagt er til að eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna verði eflt frá því sem nú er með því m.a. að gera byggingarnefndir sveitarfélaganna virkari og efna til samvinnu hinna opinberu eftirlita. Annars vegar eldvarnaeftirlits sveitarfélaga og hins vegar rafmagns- og vinnueftirlits ríkisins. Drög að reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga eru nú fyrirliggjandi í félmrn. Auk þess er lagt til það nýmæli að vátryggingarfélögum verði heimilt að setja álag á iðgjöld brunatrygginga húsa og mannvirkja, þegar og á meðan ekki er sinnt kröfum um úrbætur í brunavörnum.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir að dagsektir sem heimild er til að leggja á, ef ekki er sinnt úrbótum í brunavörnum, renni til hlutaðeigandi sveitarsjóðs í stað ríkissjóðs eins og nú er. Lagt er til að Rannsóknarlögregla ríkisins í stað lögreglustjóra annist lögregluranns6kn eftir brunatjón og kveðji til sérfróða menn eftir þörfum. Rannsóknin skal beinast að fleiri þáttum en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum um brunavarnir og brunamál. Brunamálastofnun og rafmagnseftirlit ríkisins hafa eftir sem áður heimild til að rannsaka bruna á eigin vegum, þó að höfðu samráði við rannsóknaraðila ef lögregluranns6kn er í gangi. Þá er lagt til að árlega megi verja allt að 5% af brunavarnagjaldi skv. a-lið 24. gr. frv. til að styrkja slökkviliðsmenn, eldvarnaeftirlitsmenn og aðra þá sem starfa að brunavörnum til náms á sviði brunamála. Í frv. er gert ráð fyrir því að félmrh. ákveði hversu hátt hlutfall þetta megi vera hverju sinni og jafnframt að nánari ákvæði um þessar styrkveitingar skuli sett í reglugerð.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. en mælist til þess að því verði vísað til hv. félmn. að lokinni 1. umr.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega svo að brunavarnir eru með þeim mikilvægustu málaflokkum sem sveitarstjórnir sinna ásamt Brunamálastofnun og ég vil láta það koma fram að ég tel það mikið þarfaverk að leggja þetta frv. fram og vekja upp umræður um þessi mál.

Eins og fram kom í framsögu hæstv. ráðherra hefur verið brotalöm á eldvarnaeftirlitsmálum og því miður hafa komið upp slæmir brunar sem hafa orðið til þess að menn settust niður til að reyna að finna betri leið og bæta úr frá því sem nú er.

Þetta hefur verið framkvæmt með sérstökum fulltrúa í hverju sveitarfélagi. Mér hefur fundist nokkuð á skorta að þeir aðilar, sem eiga að reka þessi mál þar, hafi haft nægjanlega góða stöðu til að fylgja eftir sínum ábendingum og athugasemdum og sér í lagi hefur mér fundist gæta þess í fámennari byggðarlögum. Þar kemur til þessi mannlegi þáttur, samskipti manna í litlu samfélagi sem verður til þess að það er heldur erfiðara en ella að ganga hart fram í að framfylgja reglum og menn leiðast út í að veita undanþágur jafnvel um lengri tíma en nauðsynlegt er. Ég hef því miður dæmi um slíkt af nokkuð stórum vinnustað úti á landi sem er að mati brunamálafulltrúa mjög áfátt í öryggismálum, en menn hafa ekki lagt út í að grípa til lokunar til að fylgja eftir skýrslum, athugasemdum og öðru slíku. Ég velti því fyrir mér hvort menn geti fundið betri leið til að komast fram hjá þessu vandamáli sem við verðum að taka tillit til og er að ég held ekki hægt að leggja til hliðar. Í grg. með frv. á bls. 8 segir, með leyfi forseta: „Í úttektarskýrslunni frá 7. nóv. 1989 kom fram að mikil brotalöm þótti vera á sviði eldvarnaeftirlits sveitarfélaganna sem berlegast kom í ljós þegar skoðaðar voru 10 stærstu brunar hérlendis sl. 10 ár. Þessi brotalöm var einkum fólgin í því að illa gekk að fylgja eftir kröfum um úrbætur þegar eigendur mannvirkja fóru ekki að settum reglum eða hreinlega sniðgengu þær. Til að bæta úr þessu var lagt til í úttektarskýrslunni að nýr tæknimenntaður aðili, brunavarnafulltrúi, kæmi hér til skjalanna til að sinna, á vegum sveitarfélaganna, sérstaklega þessum þætti. Í þessu skyni var því gert ráð fyrir að skipta landinu upp í eldvarnaeftirlitsdæmi sem væru miðuð við það sem brunavarnafulltrúi í fullu starfi gæti sinnt, að sveitarfélögin mynduðu byggðasamlög um brunavarnir og gjald sem samsvaraði launum brunavarnafulltrúans væri innheimt með almennu brunavarnagjaldi en sveitarfélögin stæðu sjálf undir öðrum kostnaði."

Þarna er sett fram sjónarmið sem mér finnst mjög athyglisvert, einkum út frá þeim vandkvæðum sem ég rakti og hef orðið áhorfandi að í mínu starfi á undanförnum árum og ég tel að enn ættu að íhuga það mjög vandlega hvort einmitt þessi kostur væri ekki skynsamlegur. Það má færa fyrir því nokkur rök sem ég vil hreyfa í þessari umræðu. Það er í fyrsta lagi nauðsynlegt að sá aðili sem gegnir þessu starfi sé vel hæfur til þess, þjálfaður og menntaður í sínum fræðum og geti sinnt því í fullu starfi og þurfi ekki að hafa annað starf að aðalstarfi þar sem jafnvel gætu komið upp hagsmunaárekstrar á milli þess starfs og brunavarnaeftirlitsins. Í þriðja lagi mundi það gerast, ef nokkur sveit-

arfélög tækju sig saman um þetta verkefni, að meiri fjarlægð væri milli eftirlitsmannsins og viðkomandi vinnustaða eða bygginga sem þarf að hafa afskipti af.

Ég tel í fjórða lagi að það sem styður að gefa þessu sjónarmiði frekari gaum og sé hið almenna viðhorf sem bæði ég og fleiri höfum um framtíðarskipulag sveitarfélaga, þ.e. að æskilegt sé að stefna að því að þeim fækki og þau verði fjölmennari og öflugri einingar. Til að það geti gerst er nauðsynlegt að koma á samstarfi milli sveitarfélaga um ýmis verkefni. Það er ekki hægt að ákveða það einhliða með lögum að skikka sveitarfélögin til að sameinast eða að breyta þeim. Það er í reynd óframkvæmanlegt nema vilji sé til þess hjá viðkomandi sveitarstjórnum og íbúum byggðarlaganna. Það er eðlilegt að vinna að málunum með þeim hætti að stuðla að því að aðilarnir öðlist þennan skilning smátt og smátt og þá skoðun að þetta sé heppilegt fyrirkomulag og öðlist traust hver á öðrum þvert á sveitarfélög.

Kannski hefur einn þáttur helst dregið úr því að menn hafi stuðlað að því að efla sveitarfélögin fram til þessa er að samskipti manna stjórnsýslulega séð yfir sveitarfélög hafa ekki verið mjög mikil og þess hefur gætt stöku sinnum, skulum við segja, að það ákveðin tortryggni og togstreita væri á milli sveitarstjórna þar sem menn hafa jafnvel verið að deila um verkefni og stofnanir sem ríkisvaldið er að setja upp og togast á um það hver hreppi hnossið. Því tel ég það skynsamlega leið að ræða við sveitarfélögin um það hvort ekki séu einhver tiltekin mál og málaflokkar sem aðilum finnist ákjósanleg samvinnuverkefni og hefja viðræður við sveitarstjórnir um það hvort ekki væri heppilegt að hafa fyrirkomulagið þannig, t.d. í þessum málaflokki, að þróa samstarf á þessu sviði. Síðan mætti bæta fleiri málaflokkum við og þannig laða menn til samstarfs og eyða smátt og smátt þeirri tortryggni sem stundum gætir í samskiptum sveitarfélaga. Ég tel því þessa hugmynd mjög áhugaverða og væri nauðsynlegt að ræða það í nefndinni hvort mönnum fyndist þetta ekki vera áskjósanlegt mál til þess að brydda upp á í samskiptum sveitarfélaga.

Við höfum rætt fleiri mál af þessum toga í vetur sem einmitt geta verið heppileg til að ná þessu markmiði og ég hygg að flestir alþingismenn séu sammála um að beri að stefna að þó að áherslurnar séu kannski mismunandi um það hvaða leið eigi að fara að þessu markmiði. Ég bendi t.d. í þessu sambandi á að mér fyndist ekki óheppilegt að menn reyndu að koma þessu verkefni fyrir hjá héraðsnefndum sem er búið að koma á fót nánast um allt land. Þær eru að byrja að fóta sig á þessum samstarfsvelli, eru að vísu mismunandi langt komnar en allar þó eitthvað farnar af stað. Ég held einmitt að það vanti frá hendi löggjafans og framkvæmdarvaldsins að þeim sé ýtt betur af stað og þeim færð bæði verkefni og fjármunir sem leiði til að þær taki kipp fram á við. Og þegar menn eru byrjaðir að vinna saman í einu máli eða tveimur kemur hitt stundum að nokkru leyti af sjálfu sér.

Eitt vil ég nefna sem ég hef stundum nefnt áður og vil halda á lofti því sjónarmiði, einmitt með sama hugarfari og ég nefndi áðan til að efla landsbyggðina, að stofnanir þurfi ekki endilega að vera í Reykjavík. Nú er það svo með þessa stofnun, Brunamálastofnun ríkisins, að hún hefur aðalbækistöðvar í Reykjavík. Eftir því sem ég best veit eru þar ekki mjög margir starfsmenn. Ég skal ekki fullyrða hvað þeir eru margir en eftir því sem mig minnir eru þeir átta eða þar um bil. Mér finnst því rétt að nefna það að ég tel vel mögulegt án mikilla erfiðleika að flytja þessa stofnun frá Reykjavíkursvæðinu og eitthvert út á land. Ég skal ekki tiltaka hvert. Það er út af fyrir sig ekki aðalatriðið heldur hitt að menn venji sig við þá hugsun að það er ekkert sjálfgefið að ríkisstofnanir séu staðsettar í Reykjavík. Ég spurðist dálítið fyrir um starfsemi þessarar stofnunar fyrir nokkru einmitt í því skyni að átta mig á hvort einhverjir hnökrar, tæknilegir eða af öðrum toga væru á því að stofnunin gæti sinnt sínu verki ef hún væri staðsett annars staðar. Það merkilega kom á daginn að svo er í raun og veru ekki. Starfsemin er þannig að mikið af henni felst í því að líta yfir teikningar og yfirfara slíka hluti, senda skjöl á milli staða og það eru menn farnir að gera í mjög ríkum mæli í gegnum tæknibúnað, myndsenda og slíkan búnað og þegar svo er komið skiptir ekki lengur eins miklu máli hvar stofnunin er. Ég vil því eindregið draga fram það sjónarmið hér að það er vel mögulegt að flytja þessa stofnun frá Reykjavík og ég hef að athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að það er ekki erfitt mál og tel að menn ættu að stefna að því. Það væri í raun og veru mikill sigur, kannski ekki í störfum eða fé sem flyttist þá á milli staða heldur fyrst og fremst varðandi hugarfar því að það sem okkur vantar fyrst og fremst er að breyta því ríkjandi hugarfari sem er að sumu leyti hugarfar vanans. Menn hafa vanist því að allt þurfi að vera í höfuðborginni sama hvaða nafni það nefnist. Meira að segja merkileg stofnun eins og Byggðastofnun má hvergi vera nema hér við Rauðarárstíginn. (**Gripið fram í:** Það er góður staður.) Það er út af fyrir sig góður staður en það er ekki einu sinni á þarna lengur við Rauðarárstíginn. Ég tel að eitt mesta stjórnskipulega vandamál sem við glímum við í dag og ein af ástæðunum fyrir fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins er það að afl höfuðborgarsvæðisins er allt of mikið. Hér eru saman komnar allt of margar stofnanir og fagþekking svo aðrir landshlutar verða allt of veikir. Þeir megna ekki að halda í sitt fólk í ýmsum störfum af því að tækifærin og möguleikarnar eru hér en ekki á landsbyggðinni eða síður. Þannig þurfum við ekki bara að efla landsbyggðina með því að fækka sveitarfélögum og auka innri styrk sveitarfélaganna eða héraðanna. Við þurfum jafnhliða að draga úr styrk höfuðborgarsvæðisins. Óhjákvæmilegt er að það fari saman því að að öðrum kosti er sameining sveitarfélaga á landsbyggðinni ekkert annað en varnarleikur í nánast tapaðri stöðu, frestun, kannski um einhvern tíma án þess að hafa myndað afl til að snúa þróuninni við. Það er í raun og veru kjarnaatriði að hið háa Alþingi komist á þá skoðun að það sé nauðsynlegt að flytja eitthvað af stofnunum frá þessu svæði yfir til einhvers annars svæðis.

Mér er auðvitað ljóst, eins og ég tók fram áðan, að Brunamálstofnun ríkisins vegur ekki þungt í þeim efnum ein og sér. En ef það yrði samþykkt að flytja stofnunina væri sú breyting, sá árangur að koma þessu viðhorfi í gegn það sem skipti sköpum, sem opnaði leiðina og umræðuna um aðrar stofnanir í eigu ríkisins.

Þessu vildi ég, virðulegi forseti, koma á framfæri um leið og ég ítreka að ég fagna þessu frv. og tel það mjög til bóta að hæstv. félmrh. skuli beita sér fyrir því að hefja umræðu hér á Alþingi um þennan mikilvæga málaflokk. Ég tel að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar eigi að fara vandlega yfir frv., m.a. í ljósi þess sem fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra um tilefni þess að menn settust niður og ákváðu að þörf væri á að semja nýtt frv. Sú nefnd ræddi einmitt ítarlega það sjónarmið sem ég hef viðrað varðandi landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið.

Það er margt í þessu frv. sem mér sýnist vera til verulegra bóta og vil ég nefna fáein atriði. Það er t.d. að mínu viti verulega til bóta og að festa í sessi það viðhorf að rétt sé að ráða æðstu embættismenn ríkisvaldsins tímabundið. Hér er lagt til að svo verði og það er mjög til bóta að hafa það fyrirkomulag varðandi svo háttsetta opinbera starfsmenn. Ég er líka sammála því eins og segir, að gera skýrari og markvissari ákvæði um verkefni Brunamálastofnunar. Mér sýnist á yfirlestri frv. að með ýmsum atriðum sé þessu markmiði náð og eru þar af leiðandi til verulegra bóta. Ég er líka sammála því að auka ábyrgð eigenda eða forráðamanna atvinnuhúsnæðis varðandi brunavarnir og eftirlit. Ég held að það sé nauðsynlegt til þess að opinber eftirlitsaðili hafi betri stöðu til að fylgja eftir ákvæðum laga og reglugerða að aukin sé ábyrgð og skylda þeirra sem eiga eða ráða yfir viðkomandi húsnæði.

Ég er líka sammála því markmiði sem hér kemur fram, að efla eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna. Ég hef gert grein fyrir þeirri skoðun hvernig ég tel heppilegast að gera það. Hinu er ég þó ekki ósammála að byggingarnefndir sveitarfélaga verði virkari í þessu efni. Ég tel líka nauðsynlegt í þessu sambandi að gæta að því hvernig sveitarfélög eru á vegi stödd með slökkvilið og þann þátt öryggismálsins. Þetta er með breytilegum hætti eftir sveitarfélögum og slökkviliðsþátturinn er eitt af því sem ég tel að menn ættu að skoða í samvinnu sveitarfélaga. Þetta er alveg til fyrirmyndar í sumum sveitarfélögum, annars staðar er hann miður og ræðst oft af því hvort einhverjir einstaklingar eru í viðkomandi sveitarfélagi sem hafa áhuga á þessu og eru tilbúnir að leggja sig fram því að hér er meira og minna um að ræða ólaunuð skylduverk sem menn eru að sinna utan eiginlegrar vinnu.

Þá vil ég láta það koma fram líka að ég tel það til bóta sem hér kemur fram að unnt verði að styrkja menn til starfa við þennan málaflokk til náms hvort heldur er hérlendis eða erlendis. Ég teldi mjög til bóta ef hægt væri að efla samskipti á milli landa í þessum málaflokki og að menn sem við þetta starfa eigi kost á að kynna sér þessi störf t.d. á Norðurlöndunum og tileinka sér þar það besta sem menn leggja fyrir sig.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa ítarlegt mál um þetta frv. Ég hef í fáeinum orðum rakið viðhorf mitt og sett fram þau sjónarmið sem ég tel að eigi erindi inn í umræðuna og vænti þess að hv. þm. geti verið sammála því sjónarmiði sem ég setti fram að þetta væri heppilegt samstarfsverkefni milli sveitarfélaga a.m.k. að verulegu leyti og um sé að ræða stofnun sem er einmitt vel til þess fallin að að menn brjóti þann ís og komist yfir þann skoðanaþröskuld að ekki sé unnt að flytja ríkisstofnanir út á land.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa stuðningi mínum við málið. Hér er að mínum dómi ákaflega gott mál á ferðinni og sannarlega tími til kominn að tekið verði á brunamálum af alvöru og festu. Eins og við vitum hafa orðið margir mjög alvarlegir brunar hér á landi sem bæði hafa snert fyrirtæki og einstaklinga og það má alveg ljóst vera að brunavörnum hefur verið mjög ábótavant.

Það kemur fram í athugasemdum við það frv. sem hér er til umræðu að eftir stórbrunann að Réttarhálsi 2 í Reykjavík var skipuð nefnd til þess að gera heildarúttekt á stöðu brunamála á Íslandi. M.a. kom fram í niðurstöðu nefndarinnar að þegar á heildina væri litið væri víða að finna veilur í skipulagi brunamála og sérstaklega eldvarnareftirlitið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að athugasemdum og kröfum um úrbætur væri lítt fylgt eftir og upplýsingar um helstu brunatjón væru ófullnægjandi. Þá hafi lokaúttektir á byggingum almennt ekki farið fram. Niðurstaðan sýnir náttúrlega hvað best hve þessi mál eru á alvarlegu stigi. Ég hef sjálf unnið undanfarin ár sem kennari í mjög gömlu húsi í Reykjavík sem er að vísu steinsteypt. Það er eitt af fyrstu steinsteyptu húsum borgarinnar en eins og í mörgum þeirra húsa eru timburgólf á milli hæða. Ég er hér að tala um Kvennaskólann í Reyjavík en eins og menn kannski muna varð einmitt bruni í því húsi. Það var íkveikja sem enn þann dag í dag hefur ekki verið upplýst. En sem betur fer tókst að bjarga þar miklu.

Það sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi er það að allan þann tíma sem ég vann í því húsi varð ég aldrei vör við að þangað kæmu brunayfirvöld, ég varð aldrei vör við neins konar æfingu eða að það kæmu fram leiðbeiningar um það hvernig ætti að bregðast við ef þarna yrði bruni. Hér er ég að tala um tiltölulega lítið hús með þröngum stigum þar sem fjöldi manns er innan dyra á hverjum einasta degi þannig að bara þetta eina dæmi úr skóla hér í borg segir mér að brunavarnir eru ekki í nógu góðu horfi. Þess vegna fagna ég því að þetta frv. skuli nú komið fram.

Mig langar aðeins til að renna í gegnum þær nýjungar sem koma fram í frv. og sem greint er frá á bls. 9 í frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi brunamálastjóra tímabundið, að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins."

Ég vil sérstaklega fagna þessu. Ég held að þarna sé félmrh. á réttri braut. Það á að innleiða sem allra víð-

ast að embættum þessum sé skipt á milli manna og að sé tiltölulega auðvelt að endurnýja í slíkum stöðum.

Þá er líka lagt til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í stjórn Brunamálastofnunar ríkisins svo að þeir verði fimm í stað þriggja, og annar þessara fulltrúa á að vera tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands, Tæknifræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands. Þessu vil ég líka fagna. Mér finnst mjög gott að kalla til stéttir tæknimanna sem náttúrlega þekkja mjög vel til í þessum geira þar sem nýbyggingar og teikningar bygginga og skipulag bygginga og viðhald bygginga eiga í hlut. Ég efa ekki að slíkur fulltrúi geti komið með margar góðar ábendingar og einmitt í ljósi þess að eftirliti með byggingum er ekki sinnt og úttektir á byggingum fara ekki fram þá skortir greinilega á tengsl milli brunayfirvalda og tæknistétta í samfélaginu.

Líka er lagt til að ábyrgð eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis verði aukið varðandi brunavarnir og eftirlit með þeim. Þetta held ég að sé líka mjög gott ákvæði því að auðvitað verða að vera sem ríkastir hagsmunir eigenda húsnæðis að halda því við og sjá til þess að það verði ekki fyrir tjóni. Það er náttúrlega svo augljóst hvílíkir hagsmunir eru þarna um að ræða þannig að ég fagna þessu líka.

Hjá mér vöknuðu nokkrar spurningar undir umræðunni sem mig langar til þess að beina til hæstv. félmrh. og ég vil tengja það því að ég saknaði þess í greinargerðinni sem fylgir þessu frv. og reyndar finnst mér það koma fram í mörgum frumvörpum að þar sé að finna tölulegar upplýsingar. Ég er ekki búin að fletta því upp og ég geri mér ekki grein fyrir því hver er kostnaður við brunavarnir. Er þetta þungur baggi á sveitarfélögunum? Mig langar að fá nánari upplýsingar um það hvernig brunavarnaeftirlitið er núna undir það búið að fylgjast með brunavörnum, hverju er þar helst ábótavant og mig langar líka til þess að fá upplýsingar um það ef félmrh. hefði þær innan handar hvort brunar eru algengari hér en annars staðar. Er til einhver samanburður á því? Þetta er bara forvitni af minni hálfu en reyndar mjög eðlileg spurning því að það segir okkur auðvitað mikið hvort eftirliti er hér mjög ábótavant eður ei.

Síðasti ræðumaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, gerði að umræðuefni hvort stofnun eins og Brunamálastofnun ætti að vera staðsett í Reykjavík og að landsbyggðarmenn vilji auðvitað gjarnan sjá opinberar stofnanir úti á landi. Ég verð að segja að það gefur auga leið að stofnun eins og Brunamálastofnun sem á að sinna eftirliti þyrfti að vera á höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað þarf mest eftirlit að fara fram í þéttbýlinu þar sem hús eru hvað flest þannig að ég held að það hljóti að vera augljóst að það felst ákveðinn sparnaður í því að þessi stofnun sé á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil að lokum taka það fram að ég lýsi yfir fylgi mínu við þetta frv. Ég fagna því mjög að það skuli komið fram og ég vona svo sannarlega að það fái skjótan framgang í þinginu og það megi verða til þess að brunavarnir og brunaeftirlit verði aukið og bætt hér á landi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður fagna því að þetta frv. er komið fram. Ég hef nokkuð fylgst með framgangi þess með því að hafa samband við forustumenn brunamála í mínu héraði og hef í gegnum það skynjað að mikil þörf er á því að taka þennan málaflokk til gagngerðrar endurskoðunar. Það er mjög ánægjulegt að m.a. Landssamband brunaliðsmanna hefur tekið mjög virkan þátt í því að koma hreyfingu á þessi mál.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Það hefði út af fyrir sig verið gott að þessi mál hefði borið upp á annan tíma en einmitt um jólaannirnar þegar þannig stendur á að ef þingmaður talar lengur en fimm mínútur er það hugsanlega túlkað sem málþóf. En ég vil þó segja að ég vil leggja áherslu á það þegar þetta verður tekið til umfjöllunar í nefnd að þótt þarna séu tekin af öll tvímæli um það að Brunamálastofnun fari með yfirstjórn þessa málaflokks verði samt leitað eftir því að eftirlitið heima fyrir verði eflt og gert sem virkast því að ekkert landseftirlit kemur í staðinn fyrir það. Það eina raunverulega virka eftirlit sem getur orðið, og þá á ég við sem er virkt frá degi til dags og er á vettvangi, er það eftirlit sem er í hverju sveitarfélagi fyrir sig þó svo Brunamálastofnun samræmi allar reglur og hægt sé að leita til hennar í stærri málum. Eins og hér er sagt, hún geti haft þar ákveðið frumkvæði.

Ég lýsi einnig ánægju minni með það að lagt er til að ábyrgð eigenda og/eða forráðamanna atvinnuhúsnæðis verði aukin varðandi brunavarnir og eftirlit með þeim. Ég held nefnilega að oft og tíðum hafi það gert eftirlitsmönnum og ákvörðunarmönnum um brunavarnir erfitt fyrir að þeim hefur fundist að ábyrgð þeirra væri svo mikil og því er ekki að neita að maður þekkir dæmi þess að gerðar hafa verið kröfur sem maður hefur ekki nokkur rök fyrir eða skilið hvers vegna voru settar fram nema þá þannig að viðkomandi eftirlitsmenn væru að tryggja sig fyrir hugsanlegum skakkaföllum þó svo á hinn bóginn, hæstv. félmrh., að líka séu dæmi um það að um vítaverða vanrækslu hafi verið að ræða. Ég legg því áherslu á að það sé jákvætt að ábyrgð eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis verði aukin.

Ég tel einnig jákvætt að það skref er þarna stigið að enginn vafi leikur á að stjórn Brunamálastofnunar fari með málefni stofnunarinnar eða eins og hér er sagt um 3. gr.: „Lagt er til að stjórn Brunamálastofnunar verði æðsta stjórnvald hennar en á því leikur vafi samkvæmt núgildandi ákvæði þar sem segir að stjórnin „skuli hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar". Í þessu skyni er stjórnin styrkt faglega og skipulagslega. Í stað þriggja stjórnarmanna sem nú er skal skipa fimm manna stjórn. Til að styrkja tengslin við ráðuneytið beint skal ráðherra skipa formann stjórnar án tilnefningar." — Þetta tel ég allt saman jákvætt.

Að lokum, virðulegi forseti, ítreka ég ánægju mína með að þetta frv. komi fram og það muni fá vandaða þinglega meðferð í nefnd og geti síðan orðið brunavörnum í landinu til heilla þegar fram líða stundir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna vissulega þeirri umræðu sem hefur farið fram um þetta frv. til laga um brunavarnir og brunamál og þær góðu undirtektir sem það hefur hér fengið. Það er alveg ljóst að mikill skilningur ríkir nú á því að það þarf að gera gangskör í því að efla allt forvarnastarf og eldvarnaeftirlit í landinu og skerpa á ýmsum lagaákvæðum þar að lútandi. Þess vegna vænti ég þess að breið samstaða geti tekist um að þetta mál verði í höfn áður en þinginu verður slitið í vor.

Ég vil geta þess vegna fyrirspurnar sem fram kom hjá hv. 18. þm. Reykv. að undanfari þess að þetta frv. var samið var ítarleg úttekt sem gerð var á stöðu brunamála hér á landi og eins og fram kemur í athugasemdum við þetta frv. að ýmsum atriðum í forvörnum okkar og eldvarnaeftirliti væri verulega ábótavant. Í skýrslunni koma fram ýmsar fróðlegar upplýsingar um stöðu brunamála, kostnað við brunavarnir, brunatjón o.s.frv. Því miður er ég nú ekki með þessa skýrslu við höndina en henni var dreift á sínum tíma og væntanlega mun sú nefnd fá hana til meðferðar sem fær þetta mál til umfjöllunar ásamt þeim reglugerðum. Ég tel einnig nauðsynlegt að nefndin fái þær reglugerðir til skoðunar sem eru tilbúnar eða drög að þeim um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga og hins vegar reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum atvinnuhúsnæðis sem ég tel mjög mikilvægt.

Ég vil taka undir þær áherslur sem hafa komið fram í umræðunni og verið dregnar fram. Varðandi kostnaðinn við brunavarnir í landinu er ljóst að þar eins og víða annars staðar í þjóðfélaginu þyrfti að vera meira fjármagn til staðar til að hægt sé að sinna þessum mikilvæga málaflokki betur. Þó er alveg ljóst að á umliðnum árum hafa orðið verulegar breytingar að því er varðar tekjustofna Brunamálastofnunar sem hafa margfaldast og gert Brunamálastofnun þar af leiðandi kleift að sinna þessu verkefni miklu betur. En ég vil geta þess að mjög gott starf hefur verið unnið á vegum Brunamálastofnunar og brunamálastjóra. Á undanförnum árum hafa úttektir á skólahúsnæði, atvinnuhúsnæði og stofnunum fatlaðra verið gerðar svo dæmi séu tekin. Skýrslurnar liggja allar fyrir og það verður að segjast eins og er að víða er brotalöm. Fyrir liggja úttektir um ýmsar af þessum stofnunum og hvað þarf að gera til að bæta úr. Því miður er það svo að oft er brotalöm á framkvæmdinni. Ég tel að þau ákvæði sem hér eru gefi tilefni til að ætla að hægt sé að herða verulega á. Kostnaður við brunatjón hefur vaxið mjög á undanförnum árum og sú skýrsla sem ég nefndi dregur upp tölur því til staðfestingar. Ég vil hvetja þingmenn til að skoða þá skýrslu á meðan þetta mál er til meðferðar í þinginu. Á umliðnum árum hafa orðið nokkrir stórir brunar sem hafa hleypt verulega upp kostnaði hér á landi.

En ég vil ítreka það, virðulegur forseti, að ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta mál og mér finnst þær vekja vonir um að náðst geti breið og góð samstaða og hér í þingsölum sé virkilegur skilningur á því að bæta verulega úr í þessum mikilvæga málaflokki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 186. mál (skipting kostnaðar). — Þskj. 205.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlaun til aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 172. mál (kostnaðarskipting o.fl.). — Þskj. 290.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 280.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði hugsað mér að taka til máls við 2. umr. málsins en vegna þess að við þurftum að sinna nefndarstörfum á sama tíma og hún fór fram varð ekki af því. Mig langar til að koma að fáeinum atriðum í sambandi við þetta frv. Ég ætla ekki að setja út á það að hér skuli vera brugðið á það ráð að setja lög um þessar tekjur. Hins vegar vil ég ræða annað atriði og það er hvernig að því er staðið að ákveða hve hátt endurgjald viðskiptavinir hins opinbera eiga að greiða fyrir þá þjónustu sem hið opinbera lætur í té. Ég tel að á því sé ýmis misbrestur að menn fái þá þjónustu sem greitt er fyrir og ég tel ekki vansalaust frá hendi ríkisins að bjóða upp á það að menn borgi háar fjárhæðir fyrir alls konar leyfi, skírteini og annað því um líkt sem eru útlátalítil eða útlátalaus fyrir hið opinbera en fyrir þetta eru greiddar töluvert háar fjárhæðir. Einnig er mér forvitni á því hvernig menn finna út hvaða munur eigi nú að vera á greiðslu fyrir viðkomandi leyfi eða þjónustu sem veitt er. Mér er t.d. hulin ráðgáta hvaða kostnaðarmunur er á því fyrir ríkið að gefa út leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti eða gefa út leyfi til tæknifræðinga eða verkfræðinga, arkitekta, lyfjafræðinga eða viðskiptafræðinga eða hagfræðinga? Þarna er samt 50.000 kr. munur á eftir því hverjir eiga þar í hlut. Sveinsbréf kosta 5.000 kr. samkvæmt þessari gjaldskrá. Eins og ég sagði áðan kostar leyfi fyrir tæknifræðinga 25.000 kr., einkaflug-

mannsskírteini kostar 6.000 kr., og atvinnuskírteini skipstjórnarmanna kostar svo aftur 13.000 kr. Við getum borið víða niður í þessu og ég segi fyrir mig að ég á erfitt með að sjá nokkur tengsl á milli þess hve upphæðirnar eru mismunandi háar og því hvaða þjónusta kemur á móti af hendi ríkisins.

Því er ég nú að tala um þetta? Það er vegna þess að í öllum almennum viðskiptum í landinu milli almennra borgara er ætlast til að menn láti af hendi þjónustu á móti því gjaldi sem þeir taka fyrir. Ég held að ríkið eigið eigi að ganga á undan og hið opinbera, það eigi að ganga á undan þannig að ævinlega sé veitt þjónusta þegar greitt er fyrir það sem kallað er þjónusta. Svo er allt annað mál ef hið opinbera kýs svo að leggja skatt á einhverja ákveðna starfsemi, þá skal það líka heita skattur og fyrir því gera grein.

Þetta er mjög mikilvægt að mínu viti. Ég hef oft átt viðræður við fólk sem er mjög undrandi og vonsvikið yfir að hafa þurft að borga mjög háar fjárhæðir til ríkisins fyrir þjónustu, stimpilgjöld eða annað því um líkt sem það sér ekki nein rök fyrir að ríkið innheimti. Þess vegna er hef ég lagt fram í þinginu till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtökur ríkisstofnana. Þar legg ég reyndar til að fram fari endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Ekki er síður ástæða til að skoða þessi mál núna þegar menn færa sig svo hratt upp á skaftið eins og sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr gerir með því að færa fjáröflun sína yfir í aukatekjur sem allra mest. Þá er mjög mikilvægt að mínu viti að menn umgangist fólkið í landinu eins og viðskiptavini. Að menn geri fólki grein fyrir því fyrir hvað það er að borga. Ég tel að það eigi að gera með því að á reikningum sem fólk greiðir fyrir þjónustu hins opinbera komi fram hvað það er sem menn eru að borga. Hvort er það 100% greiðsla fyrir þá þjónustu sem veitt er, hvort ríkið tekur einhvern þátt í henni eða hvort fólk er að greiða hærri fjárhæð heldur en sú þjónusta sem veitt er kostar. Mér finnst það aldeilis með ólíkindum að ríkið ætlist til þess af fólkinu í landinu bæði í samningum við samningsaðila sína og í öllu atferli að það rökstyðji kröfur sínar í kjarasamningum, það skuli vera látin þjónusta á móti því sem um er samið á öllum hlutum en ríkið geti svo í einhvers konar aukatekjum eins og við erum að tala um hér, í stimpilgjöldum eða einhvers konar leyfisveitinum ákveðið upphæðir sem eru ekki í neinu samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Á þessu tel ég að þurfi að taka og í sjálfu sér á það að vera mjög auðvelt mál. Það á að geta verið samkomulag um það hvað séu skattar og hvað sé þjónusta. En auðvitað þarf að meta það og ríkið þarf að vera einn af viðskiptavinum fólks sem gerir fulla grein fyrir því hvað það er sem verið er að innheimta á hverjum tíma. Þannig vilja menn að viðskiptin fari fram.

Þetta hefur verið þannig að reglugerðarákvæði hafa verið til sem menn hafa nýtt sér til að ákveða ýmis gjöld. Ég man eftir miklum umræðum um hækkanir sem urðu ekki fyrir löngu á gjöldum. Þá varð ég var við að fólk ræddi þetta á þeim nótum sem ég hef gert. Það er náttúrlega ekki vansalaust að hið opinbera skuli ganga á undan í því að innheimta til sín fjármuni án þess að gera fyrir því fulla grein hvaða þjónusta er lögð á móti.

Svo ég taki nú einn þáttinn, sem reyndar er ekki inni í þessu lagafrv., það eru stimpilgjöld sem fólk þarf að greiða ef það þarf að þinglýsa lánum eða öðru slíku sem eru mjög há. Það kann að vera að á sínum tíma, þegar fólk borgaði ekki til baka andvirði þeirra peninga sem það fékk að láni, hafi kannski verið hægt að rökstyðja há stimpilgjöld vegna lántöku með einhverjum móti. En í dag er þetta aldeilis fáránlegt og hittir þá oft og tíðum verst fyrir sem veikast standa, þá sem eru að taka lán vegna húsakaupa eða vegna fjárhagserfiðleika og annarra aðstæðna. Ég tel að endurskoða eigi þessi mál öll sömul með það fyrir augum að þarna sé greint alveg skýrt og greinilega á milli annars vegar skattheimtu og hins vegar þjónustu sem ríkið lætur af hendi og að það sé virt almennt viðskiptaviðhorf milli manna í þjóðfélaginu. Þessu finnst mér mjög mikilvægt að koma á framfæri vegna þess að verið er að lögfesta ákveðna gjaldskrá sem er hugsuð sem grunngjaldskrá og eigi svo að framlengja með einhvers konar verðlagsútreikningum. Mér finnst að taka þurfi öll þessi mál til skoðunar með það grundvallarmarkmið í huga sem ég hef verið að reyna að lýsa að menn fái þá þjónustu sem seld er. Og að menn láti það heita skatta sem eru skattar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Við fórum nokkuð vel yfir málið og fengum þar margar og mjög gagnlegar upplýsingar. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða verulegan tekjustofn. Hér er um að ræða tekjustofn sem gefur ríkinu 765 millj. kr. í tekjur á ársgrundvelli. Samkvæmt gögnum sem við fengum við meðferð málsins er reiknað með að með þeim breytingum sem yrðu samþykktar ef þetta frv. yrði að lögum sé um að ræða hækkun upp á 350 millj. kr. Það er því mjög eðlilegt að menn skoði hvernig þessi skattur verður til. Það leiðir reyndar hugann líka að skatttekjum og skattlagningu ríkisins almennt.

Þegar farið er yfir tekjuhlið fjárlaga kemur ýmislegt mjög skondið upp. Hér er m.a. í Ýmis gjöld á innflutningi eitthvað sem heitir kartöflugjald og kemur væntanlega einhverjum spánskt fyrir sjónir. En það vill þannig til að ég þekkti nokkuð forsögu málsins. Þetta var innflutningsgjald á franskar kartöflur sem var sett fyrir nokkrum árum til að gera tilraun til að verja innlenda framleiðslu sem nú er sáralítið eftir af. Á fyrstu árunum var endurgreitt af þessu til innlendra framleiðenda. Því var hætt eftir þrjú ár ef ég man rétt og ég geri í sjálfu sér engar athugasemdir við það. Eftir stendur kartöflugjald sem tekjuliður í fjárlögum upp á 110 millj. kr. Þennan skatt borga menn þegar þeir steikja sér franskar kartöflur innfluttar, þó ég kjósi nú enn frekar að nota þær innlendu. Ég veit að þennan skatt borga menn í hvert einasta skipti sem þeir kaupa franskar kartöflur á skyndibitastöðum. Þetta leiðir hugann að því að eflaust er ástæða til að fara rækilega yfir

tekjur ríkissjóðs sem hæstv. núv. ríkisstjórn virðist að vísu hafa gefist upp við þrátt fyrir góð fyrirheit og hefur farið þá leið að lappa upp á tekjuhliðina með því að grafa upp gömul frv. sem hæstv. fjmrh. hefur fundið í skúffum í fjmrn. Því miður er sumt af því ekki allt of vel unnið eins og við höfum verið að súpa seyðið af í efh.- og viðskn. síðustu daga. Þetta er sú staða sem við stöndum frammi fyrir núna og þar m.a. var gripið til þess ráðs að hækka aukatekjurnar til að ná 350 millj. kr.

Það er ýmislegt fleira sem maður getur bent á í tekjuhlið fjárlagafrv. Það er til að mynda miðagjald upp á 11,5 millj. Þetta skilst mér að sé skattur sem þeir greiða sem kjósa að horfa á kvikmyndir í kvikmyndahúsum, sem munu að verulegu leyti vera börn og unglingar. Hæstv. fjmrh. hefur hins vegar enga ástæðu séð til að skattleggja þá sem horfa á kvikmyndir heima hjá sér og taka á leigu myndbandspólur án þess að ég sá á nokkurn hátt að mæla með að sá skattur verði tekinn upp. Svona er í sjálfu sér hægt að benda á ýmsa þætti í tekjuhlið fjárlagafrv. sem eru verulega mikið á skjön við þann veruleika sem við búum við í dag.

Hér er líka áætlað jöfnunargjald upp á 360 millj. kr. sem ég hygg að meiri hluti hv. þm. núv. stjórnarmeirihluta telji í raun að sé ólöglegt og hafa gripið til þess ráðs að leggja gjaldið á einungis fram á mitt ár, líklegast vegna þess að þeir hafa álitið að það væri minna lögbrot að leggja jöfnunargjald á hálft árið heldur en allt. Það má benda á það að ef ríkisstjórnin hefði nú mannað sig upp af því að hún á annað borð gerði þetta að leggja jöfnunargjaldið á allt árið þá hefði verið kominn tekjustofn til að fella niður helminginn af löggregluskattinum illræmda. Þetta sýnir nú í hverjar ógöngur hæstv. núv. ríkisstjórn er komin varðandi tekjuöflun ríkissjóðs.

Það er ýmislegt síðan merkilegt í þeirri upptalningu sem hér er yfir gjaldtöku af þessu tagi. Hér er til að mynda leyfi til að stunda almennar tannlækningar upp á 50.000 kr., leyfi til að stunda sérfræðilækningar upp á 75.000 kr., leyfi til að stunda almennar lækningar er einungis 5.000 kr. Síðan koma leyfi til tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta, lyfjafræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga upp á 25.000 kr. Hagfræðingar segja okkur að vísu að þeir viti ekki hvaða hagfræðingi dytti í hug að sækja um löggildingu og borga fyrir það 25.000 kr. Í það minnsta segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Verslunarráðs, að sér hafi aldrei dottið í hug að fara að greiða 25.000 kr. til að fá að titla sig sem hagfræðing. Það er að vísu önnur spurning hvers vegna hagfræðimenntunin er ekki hærra metin en þetta og við því hef ég í sjálfu sér engin svör fengið.

Hér er ýmislegt inni, m.a. liður nr. 27 í Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda sem er naglabyssuskírteini. Menn þurfa að borga 5.000 kr. fyrir að fá leyfi til að fara með naglabyssu. Reyndar hér nr. 28 skírteini fyrir suðumenn upp á 5.000 kr. Ég skil það nú reyndar þannig að þetta sé leyfi til að fara með logsuðu eða rafsuðu, það hljóti að vera slík suða ekki leyfi til að suða eins og menn gera nú stundum hér úr þessum stól og ég er kannski að gera þessa stundina. Síðan liður nr. 29 sem er önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Hér er leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi. Smásöluleyfi 50.000 kr., lausaverslunarleyfi 50.000 kr., leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki 100.000 kr., leyfi til verðbréfamiðlunar 50.000 kr., bráðabirgðaleyfi til verðbréfaverslunar 10.000 kr., leyfi til fasteignasölu 100.000 kr., leyfi til starfrækslu uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla 50.000 kr. og svona mætti halda áfram lengi, leyfi fyrir gistiheimili, veitingaleyfi, greiðasöluleyfi 20.000 kr., leyfi til tækifærisveitinga 3.000 kr., ég veit ekki hvað er átt við með þessu, ég hef ekki séð neitt um það hvort nokkur hefur sótt um leyfi til tækifærisveitinga. (**Gripið fram í:** Það eru ráðherrar.) Því er varpað hvort það séu ráðherrar. Ef einhver ráðherra væri hérna þá hefði ég spurt hann að því hvort hann hefði leyfi til tækifærisveitinga. (**Gripið fram í:** Þeir hafa ekki tækifæri til þess.) Nei, þeir hafa ekki tækifæri til þess þessa daga, það er alveg rétt. En það er ekki alveg út í hött sem ég hef lesið — þar er kominn hæstv. menntmrh. og það væri nú æskilegt að spyrja hann að því hvort hann hafi samkvæmt lögum um aukatekjur leyfi til tækifærisveitinga en samkvæmt þessu frv. þarf hver sá sem veitir slíkar veitingar að hafa til þess leyfi og borga fyrir það 3.000 kr. En (**Gripið fram í:** Kannski naglabyssuleyfi?) ég býst nú ekki við því, vegna frammíkalls utan úr sal, að ráðherrar þurfi naglabyssuskírteini sem kostar 5.000 kr. Því síður að þeir þurfi skírteini sem suðumenn. En það er ekki alveg út í hött að ég hef lesið þessar tölur upp því ég geri það með skírskotun til máls hv. 3. þm. Vesturl., sem nefndi að það hlyti að vera æskilegt að eitthvert samræmi sé á milli þess kostnaðar sem ríkið hefur af veitingu slíkra leyfa og þeirri þjónustu sem kringum það er og gjaldtökunnar. Það var okkur bent á í okkar nefndarstarfi og á það vil ég benda hv. 3. þm. Vesturl., að slíkt samhengi liggur ekki alltaf í augum uppi. Því oft og tíðum er um annað og meira að ræða en gefa stimpil á leyfisbréf í upphafi. Oft og tíðum fylgir þessu kvöð á ríkið um að sinna ákveðinni eftirlitsskyldu og þess vegna æskilegt að gjaldið sé hærra. Og þess vegna held ég að t.d. í lið nr. 20 lið fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi, leyfi til framleiðslu áfengra drykkja upp á 100.000 kr., sé gjaldið svo hátt meðal annars vegna þess að ríkið þarf að leggja í nokkurn kostnað við að hafa eftirlit með þeim sem hafa slík leyfi.

Síðan er langur kafli um dómsmálagjöld. Það eru kannski þau leyfi sem gefa mestar tekjurnar. Þar eru nokkur nýmæli og m.a. segir í 5. gr.: „Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en 9.000 kr. eða meira en 30.000 kr. Þegar

beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds." Þetta er nýmæli sem gerir það að verkum að lögfræðingar sem stunda innheimtustörf verða að greiða gjaldið fyrir fram. Nú hef ég kannski enga sérstaka samúð með lögfræðingum og rekstri þeirra fyrirtækja, ég held yfirleitt að lögfræðingum gangi nokkuð vel að láta enda ná saman þannig að út frá því sjónarmiði geri ég enga athugasemd við þetta, en hvort þetta hefur hins vegar einhver áhrif á innheimtu að öðru leyti og vilja lögfræðinga til að taka sík mál að sér hef ég ekki metið og við gerðum ekki sérstaklega í nefndinni. Þetta er það helsta sem ég hefði viljað koma hér á framfæri við þessa umræðu. Ég geri enga sérstaka kröfu til þess að sá hæstv. ráðherra sem hér er viðstaddur og ég beindi fyrirspurn til svari henni. Vissulega væri það nú skemmtilegt af því að nú stendur þannig á, virðulegur forseti, að allt í einu liggur ekkert á í þingstörfum og við erum að verða búin að afgreiða af dagskránni þau minni mál sem þar voru. Þannig að eftir stendur þá ekkert nema lögin um ríkisfjármálin eða bandormurinn og fjárlögin. Það stendur að vísu ekkert á okkur stjórnarandstæðingum að taka þátt í umræðu um bandorminn sem frestað var í nótt. Það væri kannski ágætt tækifæri til að hæstv. ráðherra gæti svarað þessari fyrirspurn.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það ríkir friður í þingsölum þessa stundina. Þess vegna langar mig að nota tækifærið og eiga hér orðastað við forseta því hér situr nú á forsetastóli sá sem tekur ábendingum mjög vinsamlega. (**Gripið fram í:** Á friðarstóli.) Já, á friðarstóli. Mig langar að beina spurningu til hæstv. forseta. Fyrir nokkrum dögum var lögð mikil áhersla á að afgreiða eitt ákveðið mál út úr efh.- og viðskn., þ.e. um svokallað tryggingagjald. Svo ég skýri nú málið fyrir hæstv. forseta, þá gengur það út á að lögð er til einföldun á innheimtu tryggingagjalds. Við í minni hluta í efh.- og viðskn. komumst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið staðið að undirbúningi málsins með eðlilegum hætti og lögðum til að málinu yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar vegna þess að við töldum eðlilegra að fyrir lægi samkomulag við sveitarfélögin áður en málið yrði að lögum. En nú vil ég beina þeirri spurningu til forseta: Hefur stjórn þingsins orðið við þessum tilmælum efh.- og viðskn. eða hver er skýringin á því að þetta mál sem lögð var svona mikil áhersla á að yrði afgreitt út úr nefndinni birtist ekki á dagskrám þingsins? (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um það í framhaldi af fyrirspurn hennar að mér er þetta mál sjálfum ókunnugt. Ég mun kanna það í þaula strax og mér gefst tækifæri til og upplýsa hv. þm. um niðurstöður þeirrar könnunar.) Þakka þér fyrir.

Menntamálaráðherra (Ólafur Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningu. Eins og mönnum er sjálfsagt kunnugt þá er löng saga aukatekna ríkissjóðs. Varðandi leyfi til tækifærisveitinga er mér ekki kunnugt að ráðuneyti hafi þurft að sækja um slíkt leyfi. Í þessari grein frv. er ekki verið að breyta neinu. Ég held ég viti það líka rétt að þarna er yfirleitt ekki heldur um hækkun að ræða, þannig að ég hlýt að svara fyrirspurninni svo að þarna verður engin breyting á frá því sem verið hefur.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Í umræðum um annað tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstjórnar gerði ég athugasemd sem ég sé að hæstv. efh.- og viðskn. hefur ekki séð sér fært að taka til greina í sambandi við frv. um aukatekjur ríkissjóðs. Þessi athugasemd var gerð út af tvennu. Í fyrsta lagi vegna þess að þarna taldi ég að væri lag til að ná inn einhverjum frekari tekjum í ríkissjóð án þess að sú tekjuöflun bitnaði hart á barnafólki eða einhverjum öðrum sem nú er verið að ganga að og svo hins vegar og ekki síður vegna þess að þarna var um að ræða ákveðna fyrirbyggjandi starfsemi í sambandi við áfengisvarnamál. Ég vil að það komi aftur fram við 3. umr. að mér finnst full ástæða til þess að hærri leyfisgjöld séu greidd fyrir vínveitingastaði þegar þeir eru settir á stofn. Mér finnst ekki eðlilegt að ekki sé krafist hærri gjalda en frá 20.000 kr. og upp í 100.000 kr. fyrir leyfi fyrir áfengisveitingastað. Jafnframt finnst mér að almenn skemmtanaleyfi þurfi einnig að hækka og það af sömu ástæðu. Þetta var mín ábending og ég hlýt að harma að hún var ekki tekin til greina. Ekki svo að skilja að ég haldi að þetta hefði skipt sköpum fyrir afkomu ríkissjóðs en ég held þó að núna þegar verið er að klípa hverja krónuna hvar sem hún fæst, eina og tvær milljónir frá ljómandi góðum verkefnum, sé full ástæða til að taka tillit til slíkra ábendigna. En ekki síður vegna þess forvarnastarfs sem með þessu væri unnið. Fram hefur komið á fundum sem við höfum verið á nokkrir þingmenn sem tengiliðir þingflokkanna við áfengisvarnaráð, að þeim sem hafa starfað í og með áfengisvarnaráði þykir að ekki sé um nógu há gjöld að ræða og ég tel að við eigum að taka mið af síkum ábendingum. Jafnframt telja þeir að þarna þurfi meira fé til forvarnastarfa og e.t.v. mætti hugsa sér — þótt ég sé nú ekki að mæla sérstaklega með sérmerktum tekjum — að einhver hluti af aukinni skattheimtu rynni til forvarnastarfa. Því það gefur auga leið að til lengri tíma er það langbesta sem hægt er að gera fyrir fjárhag ríkissjóðs að leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir. Ekki síður áfengisvarnamálum en öðrum. Ég sé þó að í nál. frá meiri hluta fjárln., frhnál. sem ég hef í höndum, er verið að fjalla um áfengismál að nokkru leyti í áliti minni hlutans sem birtur er með því. Vil ég grípa niður hér á síðu 13 í þessu frhnál. og með leyfi hæstv. forseta lesa lið sem er merktur nr. 5, Skattar af einkasöluvörum. „Ekki er gert ráð fyrir því að vörur ÁTVR verði hækkaðar umfram almennt verðlag. Við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu er ekki óeðlilegt að þessar vörur verði hækkaðar sérstaklega. Það

mikilvægasta af öllu er að koma í veg fyrir hækkun helstu nauðsynjavara og verja ráðstöfunartekjur láglaunafólks. Ef þessar vörur væru hækkaðar sérstaklega um 6% mundi það skila ríkissjóði 400 millj. kr. í tekjur á árinu 1992."

Ég get ekki annað en vakið athygli á þessu jafnframt vegna athugasemdar minnar í umræðunni um aukatekjur ríkissjóðs vegna þess að jafnframt er verið að taka undir sjónarmið sem áfengisvarnaráð hefur komið á framfæri og raunar hefur verið komið á framfæri við okkur þingmenn upplýsingum um það að því hærra verð sem sé á áfengi þeim mun meiri líkur séu á að hægt sé að draga úr neyslu. Auðvitað er ekki þarna um það að ræða nákvæmlega að neyslan stórminnki eftir því sem verðið er hærra en það eru bein tengsl þarna á milli. Þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að þessi ábending sé tekin til greina. Hins vegar höfum við í rauninni enga sérstaka stefnu til að fara eftir í þessum málum í þeirri umræðu sem verið hefur í fjáröflun ríkissjóðs og útgjöldum. Mér þykir hart að ekki skuli meiri gaumur hafa verið gefinn að þessum málum og þeirri ábendingu sem ég kom á framfæri. Ég held að full ástæða væri til þess þegar tekjur og útgjöld ríkisins verða tekin fyrir næst á Alþingi og það má vel vera að sú umræða verði áframhaldandi. Mér sýnist full ástæða til þess og varla hægt að búast við því að frá öllum hnútum verði gengið nú fyrir hátíðarnar. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem nauðsynlegt væri að líta á vegna tekna ríkissjóðs og ekki síður vegna þess fyrirbyggjandi þáttar og þess forvarnastarfs sem þar gæti fylgt með.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þetta frv. er í sjálfu sér sárasaklaust. Það fjallar ekki um nýja skatta, að því er sagt er, það fjallar um aukatekjur ríkissjóðs og fljótt á litið gætu menn látið sér detta í hug eftir nafninu að dæma að þessar aukatekjur kæmu af himnum ofan, væru aðsendar og væru ekki skattheimta á nokkurn mann. Og kannski er þarna verið að fjalla um þá blindgötu sem Sjálfstfl. er kominn í, að hafa boðað það miskunnarlaust að þeir ætluðu hvorki að leggja á nýja skatta eða hækka skatta, það sé stefna núv. ríkisstjórnar að gera þetta ekki, en í framkvæmd er það svo að það er eins og þegar kemur að ríkinu, þá sé gersamlega vonlaust að búa við verðbólgulaust þjóðfélag, það sé gersamlega vonlaust. Þá dugi ekkert nema nýjar og nýjar hækkanir á öllum sviðum. Það er sláandi þegar menn fara yfir skýringarnar á greinunum að í sumum tilfellum virðist beinlínis stefnt að því að hafa textann ógreinilegan, hafa textann þannig að sá sem les skýringarnar viti örugglega ekki of mikið eftir að hafa lesið þær. Og ég vil, með leyfi forseta, vekja athygli á því að skattlagningin sem hér er verið að leggja til er hreinlega ævintýralega mikil í sumum tilfellum. Ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta skýringar á 10. gr.

„Í þessu ákvæði er kveðið á um gjöld fyrir veitingu ýmissa atvinnuréttinda eða tengdra réttinda. Fjárhæðir gjalda eru að mestu óbreyttar frá því sem var í reglugerð 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs. Þó er í 8. tölul. hækkuð verulega leyfi til verkfræðinga, arkitekta o.fl. Er sú hækkun gerð í þeim tilgangi að samræma gjaldtöku samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð var í áðurnefndri reglugerð varðandi gjöld fyrir atvinnuréttindi."

Sem sagt, fyrst taka ráðherrar sig til og setja reglugerð. Svo leggja þeir til að gerðar verði breytingar á lögum sem taki mið af reglugerðinni og virðist nú nokkuð sérstæð uppsetningin á vinnubrögðunum. En, með leyfi forseta, vil ég hér halda áfram:

„Í 29. tölul. greinarinnar er kveðið á um gjaldtöku fyrir atvinnuréttindi önnur en kveðið er á um í 1.–28. tölul. Hækkar það gjald úr 1.500 kr., eins og það er nú samkvæmt reglugerðinni, í 5.000 kr. Undir þetta ákvæði falla t.d. leyfi til sálfræðinga, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðinga, kennara. Ekki eru tæmandi talin þau leyfi sem undir þennan tölulið falla. Hækkun er gerð til þess að samræmis sé gætt varðandi gjaldtöku fyrir einstök atvinnuréttindi."

Það er náttúrlega slík haugalygi að láta sér detta það í hug að það sé einhver samræmingarástæða sem valdi því að rigna þurfi þessum hækkunum yfir þjóðina. Auðvitað á þetta ekkert skylt við samræmingu. Hér eru menn einungis á fínu máli að fara í kringum hlutina, forða sér frá því að nefna þá réttum nöfnum. Þetta er skattheimta, þetta er skattheimta og aftur skattheimta. Og þessi leyfi sem alls staðar er verið að setja á, — hvað er þetta annað en stöðugt meiri og meiri skerðing á frelsi manna til atvinnuréttinda? Og hvað er þetta annað en bænarskjölin fornu, framhald af þeim, þar sem menn þurftu stöðugt að senda bænarskrár til kóngsins að gera þetta eða hitt? Hér nægir mönnum það ekki að afla sér ákveðinna prófa til að mega vinna ákveðin verk, nei. Hér skal séð til þess að leyfisgjaldið til ríkisins hækki t.d. úr 1.500 kr. í 5.000 kr. Og það væri fróðlegt að sjá hvernig færi fyrir þessu landi ef allir þeir aðilar sem stæðu í einkarekstri þyrftu að hækka sína taxta jafnævintýralega mikið fyrir unna þjónustu því að það fer ekki á milli mála að þegar þessi gjöld eru sett á í upphafi þá er hugsunin fyrst og fremst sú að embættismennirnir sem vinni verkin þurfi ekki að fá aukagreiðslur úr ríkissjóði fyrir að vinna þetta verk. Tekjurnar af leyfunum nægi sem greiðslur til þeirra fyrir verkið.

Ég verð að segja eins og er að hér er ákaflega skemmtilegur texti sem sýnir vel hvað er að gerast. Það er skýringin á 8. gr.: „Samkvæmt þessu ákvæði hækkar gjald fyrir þinglýsingu úr 600 kr. í 1.000 kr. En gjald þetta hefur verið óbreytt síðan í ársbyrjun 1990." Manni hefði brugðið ef staðið í textanum, síðan 1970, 1950 eða 1980. En hér kemur tilkynningin: Gjaldið hefur verið óbreytt síðan 1990. Og hvað þarf að hækka? Úr 400 í 1.000. Það er ekki skrýtið að flokkurinn sem hefur reynt að fá þá ásýnd hjá almenningi að hann sé yfir höfuð á móti öllum sköttum, sérstaklega á móti vinstri sköttum, þurfi að koma í dulargervi til þjóðarinnar þegar hann er að ná sköttum af henni. (**Gripið fram í:** Úr 600 í 1.000.) Úr 600 í 1.000. Hafi mér orðið á mismæli þá biðst ég afsökunar á því. Úr 600 í 1.000.

Ég hygg að það þyrfti að vera rannsóknarverkefni fyrir sálfræðinga hvernig andleg líðan er hjá þeim mönnum sem telja sér nauðsyn á að falsa staðreyndir með þessum hætti, falsa staðreyndir stöðugt, segja frá hlutunum með öðrum nöfnum en gefa til kynna það sem raunverulega er að gerast.

Ég minnist þess sem góðs dæmis um fölsun staðreynda að þegar Austurstræti var lokað fyrir bílaumferð á sínum tíma bárust þær fréttir að búið væri að opna Austurstræti fyrir umferð gangandi fólks. Núna þegar þessu er breytt í fyrra form hefði maður gert ráð fyrir að textinn hljóðaði á þá leið að nú væri búið að loka Austurstræti fyrir umferð gangandi fólks. Svo er nú ekki. Nú berast fréttirnar að það sé verið að opna Austurstræti fyrir bílaumferð þannig að það virðist alveg sama hvort verið er að loka strætinu eða opna strætið fyrir bílaumferð, það er ávallt notaður sami texti: Það er verið að opna strætið. Og í þessum skýringum sem hér fylgja er fróðlegt að skoða fleiri fjárhæðir sem verið er að leggja til hækkanir á og kemur fram í skráningu á atvinnustarfsemi af ýmsu tagi. Það er 13. gr. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir: 1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags 100 þús. kr. 2. Skráning erlendra félaga 50 þús. kr."

Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann að það borgi sig að láta senda skeyti frá Kaupmannahöfn og heim, um að skrá eigi erlent félag til þess að losna við að borga 50 þúsund kall. Og mér er spurn: Hvaða stórglæpamenn eru það á Íslandi sem eru að fara út í atvinnurekstur þegar vaxandi kreppa er í landinu sem beri að leggja á þessar kvaðir? Hver er tilgangurinn?

Lesi maður hér áfram, þá kemur: „Skráning firma eins manns 40 þús. kr. Skráning firma tveggja manna eða fleiri 50 þús. kr." En ef þessir, sem eru nú búnir að starfa, taka sig nú til og breyta hjá sér, það eru kannski þessir stóru sem gætu nú e.t.v. borgað, þá kemur hér: Aukatilkynning og skráning breytinga 1.000 kr.

Ég hnýt hér um það að lögskráning sjómanna er upp á 500 kr. Það verður ekki af textanum ráðið hvort það eigi að vera 500 kr. fyrir hvern sjómann eða hvort verið sé að tala um að það eigi að borga sama gjald ef það er 30 tonna bátur sem lætur lögskrá eða að það sé togari eða heilt flutningaskip. Það hlýtur nú að vera dálítill munur á vinnu hvort heldur verið er að skrá þrjá eða fjóra á bátinn eða allan hópinn. En hér stendur: Lögskráning sjómanna 500 kr. og enginn greinarmunur gerður á því hvort eigi að lögskrá tvo eða þrjá eða þúsund stykki. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þessi uppsetning um margt merkileg.

Hér kemur einn kafli sem er ærið umhugsunarefni. Það er ekki merkileg þjónusta sem þar er veitt en það eru ljósrit og endurrit, 15. gr. „Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyrir hverja vélritaða síðu" stendur hér. „Fyrir staðfestingu dómsgerðar skal greiða 1000 kr. Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum." Það getur vel verið að ef menn eru að ljósrita eina og eina síðu að hugsanlegt sé að menn taki 100 kr. fyrir síðuna. En það er ansi vel í lagt ef menn þurfa að láta ljósrita fyrir sig nokkuð margar síður ef 100 kr. eru fyrir síðuna. Auðvitað er hér verið að tryggja að það er ekki verið að taka þjónustugjald heldur skatt. Það er verið að leggja á skatta og það er nefnilega tímanna tákn að þegar þessi ríkisstjórn leggur á skatta þá þorir ekki nema einn sjálfstæðismaður fyrir utan hæstv. forseta að vera í salnum. Það þorir ekki nema einn sjálfstæðismaður fyrir utan hæstv. forseta að vera í salnum þegar verið er að leggja á skatta. Og þó að hæstv. heilbrrh. sé hér á vappi þá stafar það ekki af því að hann bæti hlut sjálfstæðismanna í þessum efnum, hann er eins og allir vita tilheyrandi öðrum stjórnarflokki. Ég hygg nú að hæstv. heilbrrh. mundi gera grein fyrir því ef þar yrði á breyting.

Nú er það svo að menn leita gjarnan réttar síns af illri nauðsyn. Menn leita réttar síns fyrir dómstólum og menn leita eftir ýmsum þjónustuatriðum. Og fljótt á litið spyr maður sjálfan sig, getur ekki verið sátt um að greidd sé sanngjörn þóknun sem er greiðsla fyrir þann kostnað sem þetta kostar? Það getur maður litið á sem eðlilegan hlut. Hitt hlýtur að vera skattheimta. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að þessi gjaldheimta, sem hér er verið að hækka verulega, beri keim af því að núv. ríkisstjórn hefur ekki þrek til að segja þjóðinni að það þurfi að innheimta skatta. Hún vill aftur á móti reyna að fara í kringum þetta með því að hækka gjöld sem hafa verið viðurkennd sem þjónustugjöld, hækka þau það mikið að í raun eru þau orðin að sköttum. Með leyfi forseta vil ég lesa hér úr frhnál. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 frá meiri hluta fjárln. Þar segir svo í 6. lið:

„Aðrir skattar. Ekki er ástæða til að gera sérstaklega að umtalsefni aðra skatta en benda má á að aukatekjur ríkissjóðs hækka verulega en minni hluti nefndarinnar studdi þær hækkanir í ljósi þeirrar stöðu sem nú er í ríkisfjármálum."

Þarna djúpt inni í þessu nál. er viðurkennt að um skattheimtu sé að ræða — (**Gripið fram í:** Af minni hluta.) — af minni hluta. Og meiri hlutinn telur það samt svo mikils virði að fá stuðninginn að hann kyngir því að játa að það sé skattheimta og það er nú svo að ég hygg nú að það dyljist ekki nefndarmönnum meiri hlutans í þeirri hv. nefnd sem þetta mál var til meðferðar að hér er ekki um neitt annað en skattheimtu að ræða. En það þreytir mig hvers vegna menn vilja þá stöðugt reyna að koma sér undan því að segja sannleikann í þessum efnum.

Ég hef legið undir því mestan þann tíma sem ég hef setið á Alþingi Íslendinga að ríkisstjórn sé að leggja á skatta og við höfum orðið að standa upp og segja: Vissulega er starfandi ríkisstjórn að leggja á skatta vegna þess að við þurfum tekjur. Hér er hráskinnsleikurinn sá að menn koma sér undan því að játa staðreyndum. Þetta heitir frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs, fallegt nafn. Ég efa að fagurkeri í bókmenntum hefði komið öllu hlutlausara og prúðara nafni á þennan texta. En að þessar aukatekjur séu skattar, það er af og frá. Þetta er ekki virðisaukaskattur eða eitthvað slíkt. Hvergi í textanum er minnst á að þetta sé skattur. Þetta eru bara tekjur.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Eins og kemur fram í nál. 274 um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs undirritaði ég það nál. með fyrirvara. Það er jafnframt rétt, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að í nál. um tekjuhlið fjárlaganna tökum við fulltrúar minni hlutans í efh.- og viðskn. fram að við styðjum það að aukatekjur ríkisins séu hækkaðar þótt við höfum haft fyrirvara um einstaka liði.

Þegar gjaldskrá eins og þessi er sett er ýmislegt þar sem mætti vera með öðrum hætti og er álitamál. T.d. er mikið álitamál hvað einstakar atvinnustéttir skuli greiða fyrir veitingu atvinnuréttinda enda er það í mörgum tilvikum að menn sækjast ekki eftir þeim skírteinum frá ríkisvaldinu og láta sér nægja skólaskírteini sín í því sambandi. Hins vegar hefur verið mikið um að atvinnuréttindi séu varin með lögum. Þar af leiðandi er það svo í einstaka tilvikum að menn komast ekki hjá því að hafa þessi skírteini. Þessi gjaldskrá er mjög misjöfn en gefur nokkrar tekjur. Það er alveg ljóst að sú gjaldskrá er eitthvað hærri en kostnaði við veitingu leyfanna nemur. Því má segja að það sé rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að þar er um skattlagningu að ræða á slíka aðila. Hins vegar er ekkert óeðlilegt að þeir sem slíka þjónustu fá greiði þann kostnað sem af henni hlýst enda sé það ekki þjónusta sem menn telja að eigi að vera sameiginleg eins og t.d. heilbrigðisþjónusta, sjúkrahúsþjónusta, þjónusta menntastofnana þar sem almennt er viðurkennt að samfélagið allt skuli standa undir slíkri þjónustu án tillits til þess hvernig ástatt er fyrir einstaklingunum. Það þykir mörgum, og ekki síst þeim sem í mínum flokki starfa, óeðlilegt að menn greiði fyrir margvíslega heilbrigðisþjónustu með tilliti til þess hvernig líkamlegu ástandi er varið. Það er viðurkennt að í slíkum tilvikum eigi það ekki að ráða.

Öðru máli gegnir um ýmis önnur atriði. Það sem kemur fram í þessu frv. og er einkum hækkað eru ýmis gjöld sem snerta þjónustu fyrir dómstólum og ýmsum stofnunum framkvæmdarvaldsins, þjónusta sem menn fá við búskipti, fullnustugerðir og margt fleira. Það er alveg ljóst að ýmsar aðgerðir af hálfu yfirvalda hafa farið vaxandi vegna þess að gjaldþrotum hefur fjölgað, innheimtuaðgerðum með aðstoð opinberra aðila, ef svo má að orði komast, hefur jafnframt fjölgað. Þar af leiðandi hefur kostnaður við þessi atriði vaxið mjög á undanförnum árum. Þessi kostnaður hefur lagst í vaxandi mæli á ríkissjóð og það er ekki óeðlilegt að við sé brugðist með því að hækka gjöld á þá sem þessa þjónustu nota. Þannig er meginhluti þeirra hækkana, sem koma fram í þessu frv., tengdur I. kafla frv. sem fjallar um dómsmálagjöld, II. kafla, um fullnustuaðgerð og búskipti, og III. kafla, um þinglýsinga- og lögbókandagerðir og um atvinnuréttindi og ýmislegt fleira. Hér er í mörgum tilvikum um samræmingu að ræða og nauðsynlega endurskoðun. Þetta kemur sér jafnframt vel í þeim mikla samdrætti sem nú er í ríkistekjum og ekki óeðlilegt að þetta sé tekið til athugunar og endurskoðunar. Við sem störfum í minni hluta efh.- og viðskn. viðurkennum þessa nauðsyn og því höfum við fallist á það að þessi gjöld hækki. Við höfum þó fyrirvara um að hér kunni ýmislegt að vera sem mætti teljast óeðlilegt en það má þá endurskoða það síðar eftir því sem reynslan kennir mönnum. Engin leið var að fara svo ofan í hvert einasta atriði í þessu frv. og meta sérhvern lið sem þar er. Til þess hefði nefndin þurft langan tíma og verður að treysta framkvæmdarvaldinu til þess að meta það eðlilega þótt reynslan kenni mönnum nú að því getur skjátlast eins og öðru valdi.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að hafa fleiri orð um þetta mál enda ber mér að mæta á fund í efh.- og viðskn. um þessar mundir og læt þetta nægja. Ég vil lýsa stuðningi við málið og hef gert grein fyrir fyrirvara mínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Fyrirkomulag dagskrár.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þótt ég geti að sjálfsögðu ekki fullyrt um það hversu lengi fundur efh.- og viðskn. verður held ég að það sé alveg ljóst að hann mun verða lengri en sem nemur hálfri klukkustund. Það er því engin von á því að við, sem þar sitjum, komum til fundar fyrr en að honum loknum. Ég vænti þess að á meðan fundurinn varir verði ekki tekin fyrir mál hér sem snerta okkar málasvið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti veit af því að fyrirhugaður er fundur í efh.- og viðskn. kl. 6 og hafði reyndar gert ráð fyrir því að hér yrði ekki fundur milli kl. 6 og 7. Þar sem forseti veit ekki hvernig framhaldið verður þótti öruggara að fresta fundinum aðeins um hálftíma. Forseti mun láta skilaboð berast um framhaldið þannig að nefndin á að geta setið að störfum óáreitt þótt fundarstörf verði tekin upp aftur kl. 6.30 til þess að greina frá framhaldinu.

Forseti varð vör við að hv. 18. þm. Reykv. var með fyrirspurn til forseta fyrr á fundinum undir liðnum um gæslu þingskapa um tryggingagjald. Forseti vill upplýsa að samkomulag hefur orðið við sveitarfélögin um að þetta mál fari ekki áfram og þess vegna er það tekið af dagskrá. — [Fundarhlé.]

Forseti vill upplýsa um fyrirkomulag dagskrár í kvöld. Gert er ráð fyrir því að taka fyrst til atkvæðagreiðslu fimm dagskrármál sem lokið var umræðu um fyrr í dag og taka síðan að nýju til við 18. dagskrármálið, ráðstafanir í ríkisfjármálum. Umræða um fjárlögin fer ekki fram fyrr en á morgun. Þetta vildi forseti segja til upplýsingar fyrir hv. þm.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 186. mál (skipting kostnaðar). — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GHall, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, VE, ÖS.
29 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EGuðn, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 336).

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, VE, ÖS.
2 þm. (KHG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, LMR, RA, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 337).

Eftirlaun til aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 172. mál (kostnaðarskipting o.fl.). — Þskj. 290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, VE, ÖS.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, LMR, RA, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 338).

Brunavarnir og brunamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, VE, ÖS.
24 þm. (ÁMM, EH, EgJ, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, LMR, RA, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Frv. vísað til félmn. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (EH, EgJ, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, LMR, RA, StG, StH, StB, TIO, VS) fjarstaddur.

Fjáraukalög 1990, frh. 2. umr.

Stjfrv., 79. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 81, nál. 292, brtt. 293.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því í dag að atkvæðagreiðsla um þetta mál færi ekki fram fyrr en við sæjum skýrar hvernig yrði með afgreiðslu einstakra mála í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Ég rökstuddi það og sé í sjálfu sér enga brýna þörf á því að afgreiða þetta hér og nú. Hér liggur fyrir brtt. frá meiri hluta fjárln. og ef það á að vera samfella í því sem hún er að leggja til er nauðsynlegt að hún leggi einnig til að það bætist rúmur milljarður gjaldamegin inn í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Ég óskaði þess vegna eftir því að atkvæðagreiðslunni yrði frestað. Aðalforseti var að vísu ekki þá í stólnum en ég hélt að sá forseti sem gegndi fyrir hana hefði komið þessari ósk á framfæri. Það kemur mér nokkuð á óvart að þessi atkvæðagreiðsla eigi að fara fram nú og endurtek ósk mína um það að henni verði frestað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, brtt. 263, 286 og 307.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns, til þess að flýta fyrir málsmeðferð, láta í ljós þá ósk mína að hæstv. félmrh. verði hér í salnum a.m.k. meðan á hluta ræðu minnar stendur. Síðan vil ég, virðulegi forseti, benda á það að þrátt fyrir að við stjórnarandstæðingar sýndum ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar mikið umburðarlyndi í nótt varðandi setu þeirra í þingsölum meðan fjallað var um þetta mál og lengst af nætur var stóll hæstv. forsrh. auður, þá vil ég mælast til þess að hæstv. forsrh. fylgist með þessari umræðu í kvöld. (**Forseti:** Forseti vill láta hv. þm. vita af því að hann mun koma skilaboðum til hæstv. félmrh. Samkvæmt töflu mun hún ekki vera komin í húsið enn þá en er væntanleg á hverri stundu.) Ég þakka forseta fyrir. Til viðbótar vil ég fara fram á það að hæstv. dómsmrh. verði viðstaddur þessa stund á meðan ég flyt mína ræðu.

Nú er það svo að ég hafði gert mig kláran til þess að taka hér til máls kl. 6 í morgun. Allnokkur tími er liðinn síðan þannig að ég þarf kannski eilitla stund til að átta mig á hvernig ég tek á þessu máli nú. Ýmislegt hefur breyst frá þeirri stundu. Það sem ég ætla að koma að í upphafi minnar ræðu eru áhrif þessa frv., ráðstafana ríkisstjórnarinnar, og þess sem liggur fyrir m.a. í fjárlagafrv. núna á byggðamál. Ég nefni þar fyrst lögregluskattinn margfræga sem ég mun að vísu geyma mér að fjalla um frekar þar til hæstv. félmrh. verður kominn í salinn.

Virðulegi forseti. Nú getur farið svo, þar sem við höfum unnið nánast nótt sem dag alla þessa viku í efh.- og viðskn., fjallað þar um ýmis skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem tengjast síðan fjárlagafrv., tekjuhlið fjárlaga og öðrum ráðstöfunum í efnahagsmálum sem eru í gangi þessar vikurnar og dagana, að ég verði að biðja hæstv. forseta að virða mér það til betri vegar ef ég kann ekki að greina alfarið á milli hvað af þessu er í bandorminum margfræga, sem nú er til umræðu, og hvað í öðrum málum sem við höfum verið að fjalla um.

Ég ætla næst að koma að Byggðastofnun. Samkvæmt fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að framlög til Byggðastofnunar á fjárlögum séu skert frá því sem áður hefur verið og þótti eflaust mörgum að ekki hefði verið í of mikið lagt áður. Kannski væri ekkert við þetta að athuga ef menn ætluðu Byggðastofnun minni verkefni en verið hefur fram til þessa. Ég vil benda hæstv. forsrh. á að ég get hér og nú bent á tvennt í ráðstöfunum ríkisstjórnar, í frumvörpum sem liggja fyrir Alþingi, þar sem Byggðastofnun er ætlað að taka á sig ný og aukin verkefni á sama tíma og dregið er úr fjárframlögum til hennar. Ég nefni tvennt. Í greinargerð með frv. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem liggur fyrir Alþingi núna segir að það sé miklu eðlilegra að ætla Byggðastofnun það hlutverk í byggðalegu tilliti sem Hagræðingarsjóði var ætlað áður. Ég spyr því hæstv. forsrh. hvernig það samræmist því að framlög til Byggðastofnunar séu lækkuð.

Ég nefni annað atriði þar sem meiri hluti Alþingis leggur til að Byggðastofnun taki að sér ný verkefni. Í fjárlagafrv. því sem liggur fyrir Alþingi núna er felld niður fjárveiting til iðnráðgjafa á landsbyggðinni sem ýmsir hefðu kannski haldið að veitti ekkert af að störfuðu áfram. Þar er, ef ég man rétt, tekið fram að þetta sé verkefni sem sé miklu æskilegra að Byggðastofnun sinni. Aftur kem ég að því að í tillögum ríkisstjórnarinnar, sem síðan endurspeglast í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna, eru skornar niður fjárveitingar til Byggðastofnunar.

Þetta eru þau tvö dæmi sem ég man eftir og hef núna á hraðbergi. Ekki kæmi mér á óvart þótt þau fyndust fleiri í tillögum hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta á þingi þar sem Byggðastofnun eru ætluð ný og stærri verkefni á sama tíma og dregið er úr fjárframlögum til hennar.

Þá ætla ég að koma að næsta atriði sem tengist landsbyggðinni í þeim ráðstöfunum sem eru til umfjöllunar í ríkisfjármálum. Það er frestun á beinum greiðslum til sauðfjárbænda. Þarna er erfitt, eins og ég skil þetta, að tala um mikinn beinan sparnað því einungis er rætt um að fresta þessu um einhverja mánuði fram yfir áramót. Einhvern tíma hefðu menn leyst slíkt með láni. Það er ekki það, hæstv. forsrh., sem ég tel alvarlegt í þessu máli, heldur hitt að í aðgerðum til að leysa vanda ríkissjóðs, sem ég vissulega viðurkenni að er mikill, skuli vera gripið til sértækra aðgerða sem beinast að stétt, sem er langur vegur frá að hægt sé að tala um sem eina af þeim sem breiðust bökin hafa í okkar þjóðfélagi. Auk þess er þarna brotinn nýgerður og undirritaður samningur við sauðfjárbændur. Ég vil, hæstv. forsrh., að ráðherra skoði þetta í því ljósi að bændur á Íslandi hafa á umliðnum árum sýnt meiri samstarfsvilja, meiri sveigjanleika til þess að laga sig að breyttum aðstæðum en, þori ég að fullyrða, að dæmi eru til um varðandi bændastétt í nálægum löndum. Því til staðfestingar vil ég nefna að sauðfjárframleiðslan hefur dregist saman um þriðjung á til þess að gera fáum árum. Bændur hafa sýnt mikið raunsæi eftir að hafa horfst í augu við þær staðreyndir sem þar hafa blasað við því að vissulega viðurkenni ég að það þýðir ekkert að framleiða meira en það sem markaðurinn tekur við. Í ljósi þessara staðreynda, hæstv. forsrh., finnst mér þessar brigður á samningnum þeim mun alvarlegri. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að draga þessar tillögur til baka í þeirri törn sem við stöndum nú í síðustu dagana fyrir jól. Ég fullyrði að hæstv. ríkisstjórn yrði álitin meiri að eftir en áður.

Þá ætla ég að koma að atriði sem er nú klárlega í frv. um bandorminn. Það birtist okkur í brtt. á síðustu stundu sem er vörugjaldið eða hafnaskatturinn. Það er þannig að á hafnagjöldin er lagt álag. Aflagjöldin eru undanþegin, þ.e. það eitt að landa sjávarafla er undanþegið en á öll önnur hafnagjöld er lagt 25% álag til

þess að skapa ríkissjóði 125 millj. kr. viðbótartekjur sem mætir sömu upphæð sem er til aukningar á framkvæmdum við hafnir. Það er út af fyrir sig jákvætt. Það sem hins vegar er neikvætt við þetta er í fyrsta lagi það að samkvæmt reglum og lögum um hafnir er óheimilt að innheimta þessi gjöld til annars en rekstrar og uppbyggingar viðkomandi hafnar. Að vísu er sjálfsagt rétt, eins og hæstv. forsrh. minnti mig á í umræðum einhverja nóttina, að lög taka af önnur lög. Ég vil minna hæstv. forsrh. á að í þeirri umræðu, þegar ég talaði um að lög hefðu verið brotin, var ég ekki að tala um að lög núv. hæstv. ríkisstjórnar gætu ekki tekið af ákvæði í sveitarstjórnarlögum og ákvæði um samráð sveitarstjórna við ríkið. Ég var einungis að segja að þetta bryti í bága við lög um samráð, sem kveða á um samráð sveitarfélaga og ríkisins.

En ég var að ræða um löndunargjaldið, hafnagjaldið. Þessi skattur er þess eðlis að hann leggst þyngra á landsbyggðina en höfuðborgarsvæðið vegna þess að mjög mikill hluti af þeim vörum sem til landsins koma fara fyrst um höfn hér á höfuðborgarsvæðinu, taka þar fullt gjald og taka aftur á sig gjald þegar þeim er landað á viðkomuhöfn úti á landi. Þetta er þar með enn einn gjörningur núv. ríkisstjórnar sem bitnar þyngra á landsbyggð en höfuðborgarsvæði.

Ég vil nefna til viðbótar þessu, og það er að vísu ákvæði sem einungis er í fjárlögunum, að þar er ekki króna ætluð til reksturs Skipaútgerðar ríkisins. Það er þvert á móti ákvæði þess efnis að Skipaútgerðin sé lögð niður og seld og andvirði útgerðarinnar verði notað til þess að standa undir rekstri hennar þrjá fyrstu mánuði ársins ef ég man rétt. Þar er hins vegar ekkert, ekki króna til að styrkja sjóflutninga til þeirra hafna sem hafa þurft á þessari þjónustu að halda. Nú ætla ég úr þessum stól ekkert að leggja mat á það hvort sá styrkur hefði átt að vera í því formi að Skipaútgerðin hefði verið rekin áfram eða í því formi að áætluð hefði verið fjárveiting til þess að styrkja starfandi skipafélög til þess að taka við þessari þjónustu. Vissulega er álitamál hvort það hefði ekki getað verið æskilegt. Ég ætla ekki að leggja mat á það hér.

Þá kem ég næst að Vegagerðinni. Í fjárlagafrv. og fylgifrumvörpum þess er lagt til að framkvæmdafé til vegagerðar í landinu verði skorið niður um tæpar 700 millj. Þeir sem hæstar tölur nefna, nefna 1,1 milljarð. Þá eru þeir að vísu að tala um vegáætlun frá síðasta ári sem miðaðist við aðra verðlagsþróun, þannig að ég mun halda mig við töluna, tæpar 800 millj. Þetta er samdráttur sem kemur langþyngst niður á landsbyggðinni.

Ég hef reyndar ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni flutt þáltill., sem ekki hefur verið tekin til umræðu, um það hvort ekki geti verið eitt mesta framfaramál okkar þjóðar við núverandi aðstæður, að leggja peninga í að ljúka hringveginum og nota það tækifæri sem nú býðst. Vegna þess að í landinu eru öflugir verktakar með góðan tækjakost sem fyrirsjáanlegt er, miðað við stefnu núv. ríkisstjórnar, að muni á næstu árum annaðhvort úreldast án þess að koma nokkrum að gagni eða vera seldur úr landi fyrir slikk. Ég held að færa megi að því rök og vísa til þess sem aðrar þjóðir hafa gert, að góðar samgöngur milli landshluta séu svo mikilvægar fyrir atvinnulífið, fyrir viðskipti og uppbyggingu atvinnulífsins, að þær krónur sem í það eru lagðar skili sér margfalt til baka, jafnvel þó það þurfi að taka þær að láni erlendis frá að einhverju leyti.

Ég nefni aðeins eitt dæmi, „átóbanana" þýsku, sem kannski öðru fremur lögðu grunninn að endurbyggingu Þýskalands eftir seinni heimsstyrjöldina. Þannig höfðu þeir þetta fullkomna samgöngukerfi sem greitt gat fyrir öllum viðskiptum og þróun atvinnulífsins. Ég óttast það eilítið, hæstv. forsrh., að með þeirri áherslu sem nú er lögð á gangagerð, án þess að ég vilji nokkuð draga úr því, sitji önnur vegagerð eftir. Og farið geti svo, að eftir jarðgangatímabilið, ef svo má kalla, sem stæði í einn til tvo áratugi, stæðum við uppi með samgöngukerfi sem að öðru leyti væri orðið áratugum á eftir því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég mun gera það þegar ég mæli fyrir þessari þáltill., virðulegi forseti, sem ég vonast til að geti orðið fljótlega eftir að þing kemur saman aftur.

Ég kem nú að öðru atriði varðandi landbúnað, sem eru jarðræktarframlögin. Ef ég man rétt voru þau 94 milljónir að verðgildi á síðasta ári og höfðu þá lækkað úr 540 millj. frá árinu 1984. Margar ástæður eru að vísu fyrir því og m.a. sú stærst, að bændur á Íslandi brugðust mjög vel við tilmælum um að draga úr framkvæmdum og aðlaga sig þannig breyttum aðstæðum. En ég vil minna á það, virðulegi forseti, og tengja það þeim umræðum sem nú eru í gangi innan Alþjóðatollabandalagsins eða GATT og snúast m.a. um viðskipti með búvörur. Samkvæmt þeim heimildum sem ég hef, ég mun að vísu koma að því hér næst í ræðu minni, standa umræðurnar þannig, að á morgun mun formaður GATT, Arthur Dunkel, leggja fram tillögu að samkomulagi í landbúnaðarmálum. Eins og mér skilst, eftir að hafa rætt við þá fulltrúa Íslendinga sem komu heim frá Brussel í gærkvöldi, er tillagan að öllum líkindum þess eðlis, að hann mun leggja hana fram í því formi, að henni verður annaðhvort hafnað eða henni tekið. Það verða ekki fleiri umræður nema e.t.v. um einhverja útfærsluþætti. En í stuttu máli er grunnurinn að því samkomulagi sá, að greiðslur sambærilegar við jarðræktarframlögin okkar, sem eru tengdar landi eða ræktun eða einstökum landsvæðum, séu leyfðar á meðan að framleiðslutengdar greiðslur leyfast ekki.

Ég vil nota tækifærið á meðan ég ræði um þennan kafla án þess að ég fari að kalla hér til hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. Ég mun láta nægja að ræða þetta við hæstv. forsrh. og vekja athygli hans á því, að í þessari viku, gerðist það að íslenska sendinefndin neitaði að skrifa undir bókun nokkurra þjóða, þar sem Kanadamenn stóðu í fararbroddi. Hún fólst í því að þær þjóðir sem búa við kvótakerfi í landbúnaði, sem miðar að því að hætta eða skerða verulega útflutning og eru þá ekki með niðurgreiddar vörur á mörkuðum annarra landa, njóti einhverrar undanþágu varðandi innflutning á búvöru, sem þessi samningur gengur annars út frá. Eftir viðræður við fulltrúa landbrn. sem var

á þessum samningafundum — það er að vísu embættismaður og embættismenn gefa sjaldan mjög ákveðnar yfirlýsingar — skil ég stöðu málsins þannig, að íslenska utanrrn. hafi gefið íslensku sendinefndinni fyrirmæli um að skrifa ekki þarna undir. Og ég vil nú biðja hæstv. forsrh. að ganga úr skugga um þetta í ríkisstjórninni og upplýsa síðan Alþingi um það, því að miklu máli skiptir að við fáum um þetta vitneskju.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að kalla hér á hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. Þeir voru leiddir saman um þetta mál á Alþingi í nótt og þar gengu yfirlýsingar þvert hver á aðra. Það var svolítið mjólkurduftsbragð af þeirri umræðu, hæstv. viðskrh. En að öðru leyti vil ég segja það um GATT-viðræðurnar að þar eru menn núna að tala að verulegu leyti um aðra hluti en voru í íslenska tilboðinu fyrir ári þannig að út frá þeim forsendum hefði að mínu mati verið sjálfsagt að íslenska ríkisstjórnin hefði skrifað undir þann fyrirvara sem Kanadamenn höfðu þarna forustu um að leggja fram.

Ég vil taka það skýrt fram hér, að ég sé ekki einungis sorta í GATT-samningunum. Ég held að það sé jákvætt fyrir viðskipti með landbúnaðarvörur í heiminum að verð á þeim endurspegli betur en það gerir í dag raunverulegan framleiðslukostnað. Og það minnir mig á að ég heyrði hæstv. viðskrh. segja það fyrir nokkrum dögum í umræðunni um mjólkurduftsmálið að íslenska verðið, þessar 550 kr., væri reiknað verð og endurspeglaði markaðinn á engan hátt. Ég man nú ekki, hæstv. viðskrh., hvort þetta er orðrétt haft eftir, en ég man hins vegar að í sömu andránni nefndi hæstv. viðskrh. 50 kr. fyrir kílóið af innfluttu mjólkurdufti. Hann sagði hins vegar ekkert um að það verð, þessar 50 kr., endurspeglar á engan hátt heldur markaðinn eða framleiðslukostnað. Ef innlenda verðið, 550 kr., er reiknað verð þá er 50 kr. verðið á innflutningnum heldur betur reiknað. Því það byggist ekki á raunverulegum framleiðslukostnaði og flutningskostnaði til Íslands heldur er þetta stórlega niðurgreitt verð á heimsmarkaði núna, sem m.a. hefur hrapað svo tugum prósenta skiptir ef ekki hundruðum prósenta, ég kann ekki að fara með þá tölu, eftir að viðskiptabyltingin varð þegar austurblokkin opnaðist. Það þekki ég ósköp vel þar sem ég er vel kunnugur því verði sem fengist hefur fyrir þessa vöru ef hún hefur verið flutt út frá Íslandi.

Ég vil biðja hæstv. viðskrh. að hafa þetta í huga þegar hann talar um reiknað verð á landbúnaðarvörum á næstunni. Mér segist nefnilega svo hugur, að nú sé miklu meira samræmi á milli framleiðslukostnaðar og verðs á markaði á mörgum íslenskum landbúnaðarvörum heldur en gerist og gengur í þeim nágrannalöndum okkar, sem hæstv. viðskrh. er mjög tamt að bera okkur saman við.

Til viðbótar þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar gagnvart landsbyggðinni ætla ég að nefna hvernig búið er að atvinnulífinu, að frumframleiðslugreinunum og þá kannski fyrst og fremst sjávarútveginum, sem er eins og við vitum fyrst og fremst úti um land. Hann býr enn, þó að sú staðreynd hafi drukknað eilítið í annarri umræðu síðustu daga, við drápsvexti. Og ég vil leyfa mér, hæstv. forsrh. að taka svona stórt upp í mig, því það að borga allt að 20% raunvexti eins og verið hefur á undanförnum vikum, og verður væntanlega núna á þriggja til fjögurra mánaða tímabili þar sem raunvextir yfir heildartímabilið á óverðtryggðu innlendu fjármagni eru í kringum 15%, eru náttúrlega þvílíkir vextir að það eitt að þurfa að standa undir slíku ríður mörgu veikburða fyrirtæki að fullu. Og ég veit að hæstv. sjútvrh., sem situr í hliðarsal, gæti komið hingað upp og staðfest þetta með mér. Skora ég á hann að gera það á eftir. *Ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur komið fram með tillögur í ríkisstjórninni sem m.a. gengu út á það að færa raunvexti mjög ákveðið niður.* Undir þær tillögur hefur ekki verið tekið enn svo ég viti og ég skora því á hæstv. sjútvrh. að koma nú upp og segja okkur frá því hvað hann hyggist gera á næstunni til þess að laga þennan þátt rekstrarskilyrða grunnatvinnuveganna úti á landi. En eins og ég sagði áðan, eru þau þannig núna að fyrirtækin hafa þurft að búa við þessa vexti nú um nokkurra mánaða skeið og í mörgum tilvikum standa þau alls ekki undir því.

Þetta leiðir síðan hugann að skattastefnu ríkisstjórnarinnar, sem að mínu mati er vægast sagt afar sérstök. Á síðustu vikum mun hún hafa verið að reyna að brúa fjárlagabilið. Þá hafa, eins og ég sagði áður, komið fram tillögur um mjög sértækar aðgerðir, álögur á einstakar stéttir, á sauðfjárbændur, á barnafjölskyldur með miðlungstekjur og þar yfir og áætlaðar álögur á sjómenn svo eitthvað sé til tekið. Til viðbótar þessu hafa verið dregin fram frv. Og bendir allt til þess að hæstv. fjmrh. hafi fundið þau í skúffum í ráðuneytinu. Sum hver eru gamlir kunningjar og búið að fara margsinnis yfir þau hér og lesa upp úr ræðum hv. þm. Sjálfstfl. þegar þeir börðust á móti þeim á sínum tíma. Og því miður hefur komið í ljós að í hæstv. efh.- og viðskn. eru þau þannig unnin að þau væru kannski boðleg sem fyrsta vinnuplagg í ráðuneyti. Þannig er með frv. um tekju- og eignarskatt, sem nú er til meðferðar í efh.- og viðskn. Ég skildi ummæli hæstv. forsrh. í hádegisútvarpi þannig að búið væri að leysa ágreiningsmál sem snerta það frv. En á fundi efh.- og viðskn. í kvöld fór samt þannig, þegar kom að því að taka á þessum þáttum, að við í minni hlutanum vorum beðin að víkja af fundi eilitla stund á meðan meiri hlutinn og starfsmenn fjmrn. ráðfærðu sig um hugsanlegar brtt. En samt fór nú svo að eftir hálftíma var okkur tilkynnt að málin væru öll óleyst. Ekkert væri vitað hvenær hægt væri að boða nefndina saman aftur til þess að ganga frá þessu. Þar hygg ég að vegi þyngst ágreiningur um frádrátt á arði hlutabréfa í atvinnurekstri. (**Forsrh.:** Það er búið að leysa þetta allt saman). Það er búið að leysa þetta allt saman, segir hæstv. forsrh. Og þá, hæstv. forsrh., endurtek ég ósk mína frá því í dag. Við fengum ekki að sjá þessa lausn. Við sátum klukkutímum saman í efh.- og viðskn. í dag. *Þessi lausn var aldrei* borin á borð fyrir okkur, þannig að nú, virðulegi forseti, fer ég fram á það við hæstv. forsrh. að hann komi upp að lokinni ræðu minni og kynni okkur þessa lausn. Við nefndarmenn í efh.- og viðskn. þurfum þá ekki að sitja klukkutímum saman úti í Þórshamri ef forsrh.

upplýsir hér, þó hann vilji ekki kynna það frekar, að búið sé að leysa öll þessi mál. Því fer ég fram á það að hæstv. forsrh. komi upp og kynni okkur þessa lausn. Ég hygg reyndar að ég viti, en ég ætla ekkert að fara með það hér af því sem ég hef heyrt hér á göngunum í dag og gærkvöldi í hverju sú lausn er fólgin. En ég veit hins vegar að langur vegur er frá því að um samstöðu meðal stjórnarliða í efh.- og viðskn. sé að ræða. Ég veit reyndar líka að sú lausn er þess eðlis að aðilar vinnumarkaðarins telja hana gjörsamlega óviðunandi og einnig að hún er þess eðlis að sá veikburða hlutabréfamarkaður sem nú er verður enn veikburðari á næstunni.

Og af því að talið hefur borist að þessu vil ég líka minnast á það við hæstv. forsrh., sem ég hef bæði rætt við fjmrh. og viðskrh., þ.e. áform ríkisstjórnarinnar um að selja ríkisfyrirtæki, breyta Búnaðarbankanum og fleiri fyrirtækjum í hlutafélög og setja á innlendan hlutabréfamarkað. Og ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvaða áhrif hann telji að það hafi á veikburða hlutabréfamarkað ef ekki verður nema 1 milljarður og 75 millj., eins og áætlað er í tekjur í fjárlagafrv., sett inn á þann markað af hlutabréfum af ríkisfyrirtækjum á næsta ári. Ég geng lengra, ef ætti að ná þessum peningum, væri það einungis Búnaðarbankinn sem mundi seljast af þeim fyrirtækjum sem nefnd hafa verið. Ég veit líka, að lífeyrissjóðirnir og fleiri aðilar mundu gleypa við þeim hlutabréfum. Þarna er um að ræða mjög stöndugt og vel rekið fyrirtæki sem á engan hátt þarf að breyta. Ef ég man rétt, þá er talið að árleg fjárfesting á síðasta ári í heild í hlutabréfum hafi verið 3 milljarðar. Þarna er um að ræða 33% á markaði sem er hættur að hreyfast. Ég get upplýst hæstv. forsrh. um að framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, tilvonandi ráðuneytisstjóri í forsrn. — Ég geri hlé á þessu augnablik. Ég næ þræðinum aftur.

Virðulegi forseti. Ég get upplýst hæstv. viðskrh. um að ég er að spyrja hæstv. forsrh. sömu spurningar og ég spurði hann að fyrir nokkrum dögum þ.e. hvaða áhrif hann telji að það að setja 1 milljarð og 75 millj. af hlutafé í ríkisfyrirtækjum, væntanlega Búnaðarbankanum eins og áætlað er í fjárlagafrv., út á okkar veikburða hlutabréfamarkað í dag hafi. Það er nefnilega svo komið að það eru fulltrúar minni hlutans í efh.- og viðskn. sem berjast fyrir því nótt og dag, hæstv. viðskrh., að til þess verði séð að skilyrði, sem eru fyrir hinn veikburða hlutabréfamarkað sem hér er og reynt hefur verið að byggja upp á síðustu árum, verði ekki skert. Ég veit að hæstv. viðskrh. hefur unnið ötullega að því að styrkja hann. En það eru fulltrúar minni hlutans sem berjast gegn því á þingi þessa dagana að þar verði hlutirnir skertir svo að ekki verði úr bætt.

Virðulegi forseti. Ég doka augnablik við eftir hæstv. forsrh. sem hefur veitt mér þann heiður að sitja hér nánast óslitið undir ræðu minni.

Ég ætla á meðan að koma að einum þætti þessa máls sem ég hef ekki getið um fram að þessu. Það er ábyrgðasjóður launa. Áform ríkisstjórnarinnar, þegar fyrirsjáanleg eru stóraukin gjaldþrot, eru þau að skerða stórlega réttindi launafólks þegar að slíku kemur. Ég vil ekki segja að þar hefði ekki mátt neinu breyta. En sem dæmi um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig þessa dagana fengum við þetta inn í nefndina í frv., þar sem það var í því formi, að lögin um ábyrgðasjóð launa væru felld brott en í staðinn kæmu þrjár greinar í bandorminum sem leystu þetta af hólmi. Þau kvæðu á um stofnun nýs sjóðs m.a. með 0,2% greiðslu af launum frá atvinnurekendum. Síðan kom allt í einu í ljós, hæstv. viðskrh. — af því viðskrh. er eini ráðherrann sem hér situr núna — að í 5.–15. gr. í lögunum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota voru tæknileg atriði sem var alveg bráðnauðsynlegt að væru í gildi áfram. Við fengum brtt. þar sem öllu var snúið við, fyrri lög látin halda sér, en skipt út þremur fyrstu greinunum. Þetta var að vísu nokkuð snyrtilega unnið. Við fengum þetta í klippimyndaformi þar sem búið var að skeyta og líma saman þessi lög og ljósrita.

Virðulegi forseti. Þá held ég áfram þar sem ég hvarf frá áðan er ég var að ræða um það við hæstv. forsrh. hver áhrif hugsanleg sala á 1 milljarði og 75 millj. af hlutabréfum í fyrirtækjum sem ríkið breytti í hlutafélög hefði. Ég sagði að ég sæi ekki á þeim lista, sem þar hefur verið nefndur, að það sé annað en Búnaðarbankinn sem gæti gefið þetta í ríkissjóð á næsta ári. Ég var að spyrja hæstv. forsrh. hvaða áhrif hann teldi að þetta hefði á hlutabréfamarkaðinn sem nú er í þvílíkri lægð og verðhrun verið slíkt á síðustu vikum að hefði það gerst á erlendum hlutabréfamarkaði væri það heimsfrétt.

Ég var einnig að segja honum það, að á fundi efh.- og viðskn. mætti formaður eða framkvæmdastjóri Íslenskra iðnrekenda. Sá maður er, ef ég man rétt og segi rétt frá, ég er að vísu orðinn nokkuð vansvefta og minnið er aðeins að bila, en mig minnir nú samt, nýráðinn ráðuneytisstjóri (**Gripið fram í:** Það er ekki búið að því). Nú, það er ekki búið að því. (**Gripið fram í:** En það stendur til). Það stendur til og ég þakka fyrir leiðréttinguna. Það er a.m.k. búið að tilkynna að það standi til. Hann er einn af okkar reyndustu mönnum varðandi atvinnulífið og ég spurði hann einmitt þeirrar spurningar hvaða áhrif þetta hefði á fjármagnsmarkaðinn. Maðurinn er mikill diplómat og hefur e.t.v. haft í huga tilvonandi stöðu sína þegar hann svaraði mér á þann hátt að hvaðeina sem gert væri til þess að torvelda eða hindra eðlilega sölu hlutafjár á almennum markaði mundi mjög torvelda þessi markmið. Þetta bið ég hæstv. forsrh. að skoða í ljósi áformanna um að fella niður ákvæðið um að leyfilegt sé að draga útgreiddan arð frá skattskyldum tekjum í fyrirtækjum. Ég vil minna hæstv. forsrh. á að greiddur arður er alveg hliðstæður við greidda vexti í fyrirtækjunum. Á meðan öll meðferð vaxta er skattfrjáls er það náttúrlega, eins og framkvæmdastjóri VSÍ sagði, víðáttuvitlaust að ætla að taka það upp eitt og sér að skattleggja í fyrirtækjum útgreiddan arð.

Aftur er annað mál að þegar að því kemur að allar fjármagnstekjur verða skattlagðar hljóta menn að skoða þetta. En ég vek athygli á því að í hugmyndum um skattlagningu fjármagnstekna hef ég aldrei heyrt um

annað en að þær yrðu skattlagðar hjá viðtakanda. Þannig er þegar menn ræða um skattlagningu á vaxtatekjunum. Það væri þá alveg út í hött að setja nú ákvæði um að skattleggja arðgreiðslurnar í fyrirtækinu og mundi riðla því veikburða jafnvægi sem þarna er. Ég vek athygli á því að verulegar takmarkanir eru á þeim skattfrjálsu arðgreiðslum sem nú eru við lýði.

Ég vil reyndar leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort hann, með alla sína reynslu af fjármagnsmarkaðinum og af efnahagsmálum, telji rétt að staðið að skattleggja arðgreiðslurnar með þeim hætti sem hér er lagt til.

Að lokum varðandi skattastefnu og það sem ég nefndi áðan um tilburði ríkisstjórnarinnar í skattamálum núna, m.a. með því að draga hvert frv. af öðru upp úr skúffum í fjmrn., vil ég benda á að að mínu mati er mjög brýnt og eitt brýnasta verkefni í efnahagsmálum okkar að endurskoða skattastefnuna frá grunni. Við eigum ekki að vera með inni í tekjuhlið fjárlagafrv. liði eins og kartöflugjald upp á 110 millj., sem þeir borga sem kaupa sér franskar kartöflur á skyndibitastöðum m.a., og þannig mætti áfram telja. Að mínu mati hlýtur skattastefnan að byggjast á fernu. Í fyrsta lagi hóflegum tekjuskatti. Í öðru lagi aðflutningsgjöldum, eins og okkur leyfist miðað við þær alþjóðasamþykktir sem við höfum skrifað undir á hverjum tíma. Í þriðja lagi skatta á neyslu með vissum undantekningum. Í fjórða lagi skatta á fjármagnstekjur vegna þess að ef efnahagslífið er í eðlilegu jafnvægi að öðru leyti, þá endar fjármagnið alltaf annaðhvort í neyslu eða að fjárfest er fyrir það. Þeir sem fjárfesta ætlast vonandi til þess að þeir séu að fjárfesta í arðbærum eignum, arðbærum rekstri eða þeir leggja fé í banka og fá þannig fjármagnstekjur. Með þessu móti náum við yfir þá tekjustofna sem við teljum eðlilegt að skattleggja.

Virðulegi forseti. Nú er komið að lokakafla ræðunnar, þar sem ég hafði óskað eftir því að hæstv. félmrh. og hæstv. dómsmrh. væru viðstaddir. Ég veit að þau voru mætt til þess að fylgjast með ræðu minni þannig væntanlega verður ekki erfitt að kalla þau til.

Virðulegi forseti. Ég sé að dómsmrh. er kominn en félmrh. væntanlegur. Ég sé að hæstv. dómsmrh. er sestur í kunnuglegt sæti. Ég man ekki betur en þarna sæti hann í stjórnarandstöðu fyrir tveimur árum í því sæti sem hann hefur sest í núna. Ég vona að þetta viti ekki á svo gott að hann telji sig vera á leiðinni í stjórnarandstöðu aftur á næstunni. Ég sé að hæstv. félmrh. er genginn í salinn þannig að ég get lokið ræðu minni.

Ég ætla hér að lokum að fara örfáum orðum um lögguskattinn sem hæstv. dómsmrh. segir að vísu að sé enginn lögregluskattur. Þetta sé bara nefskattur sem ríkisstjórnin leggi á sveitarfélög í landinu. Það er að vísu rétt svo langt sem það nær. Hér í brtt., sem lagðar voru fyrir efh.- og viðskn., stendur: „Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, skulu sveitarfélög greiða hluta kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 sem hér segir: Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.850 kr. á hvern íbúa, sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.700 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. des. 1991. Framlög sveitarfélaga skulu greidd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð." Það er því, hæstv. dómsmrh., ekkert undarlegt þó að þetta sé kallaður lögregluskatturinn þar sem þetta er tengt „þrátt-fyrir-ákvæði" í bandorminum, ekki lánsfjárlögum eins og verið hefur fram að þessu, sem kveður á um að þetta tengist lögum um lögreglumenn.

Nú ætla ég að koma að fyrsta atriðinu sem við rekum augun í. Þessi skipting að íbúar sveitarfélaga, hæstv. félmrh., með innan við 300 íbúa borgi 1.700 kr. og íbúar stærri sveitarfélaga borgi 2.850 kr. gengur þvert á þau markmið hæstv. félmrh. að stuðla að sameiningu sveitarfélaga og kemur í raun fram sem refsing við þau sveitarfélög sem nýlega hafa sameinast og við það farið upp fyrir 300 íbúa viðmiðunina. Þetta er nú ekki það versta því að ég vil, hæstv. félmrh., ekki ætla ráðherra það og reyndar ekki hæstv. dómsmrh. heldur að þau hafi séð fyrir afleitar afleiðingar þessarar skattheimtu. Í fyrsta lagi eru vinnubrögðin við hvernig þetta ber að þegar fyrst er tilkynnt að málaflokkur fatlaðra verði færður yfir á sveitarfélögin og það skapi 400 millj. kr. tekjur og álög samsvarandi á sveitarfélögin. Dregnar verði 300 millj. af landsútsvari ÁTVR, það jafnað út yfir útsvarsgreiðslur á Jöfnunarsjóð þannig að sveitarfélögin bæru þar í raun 700 millj. Þetta mætti mjög harðri andstöðu og hæstv. félmrh. tilkynnti fyrir nákvæmlega viku síðan, á fimmtudegi fyrir viku, að þetta mundi e.t.v. ekki ganga fram og upp yrðu teknar viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga um breytingar á þessu. Þær viðræður eru boðaðar að morgni föstudags. Samkvæmt heimildum okkar í efh.- og viðskn. frá framkvæmdastjóra og formanni Sambands ísl. sveitarfélaga fóru þær fram á þann veg að þeir ásamt varaformanni voru boðaðir á fund þriggja ráðherra þar sem ekki var farið í samningaviðræður heldur var þeim tilkynnt, hæstv. félmrh., að hætt hefði verið við fyrri áform en ákveðið að taka þess í stað upp þann 700 millj. kr. skatt, lögregluskattinn, sem ég hef nefnt. Þetta kallaði formaður Sambands ísl. sveitarfélaga að ríkisstjórnin hefði verið að slíta friðinn við sveitarfélögin, hæstv. félmrh. Þetta er mun alvarlegra vegna þess að samskiptin við sveitarfélögin á síðustu árum hafa verið á þann veg að þar hefur verið að byggjast upp trúnaður, trúnaðartraust milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna, og hafi hæstv. félmrh. þökk fyrir það. Á þessum trúnaði byggðist m.a. sá vilji sveitarfélaganna í landinu til sameiningar. Það mál, hæstv. félmrh., er allt í uppnámi núna. Ég trúi því ekki fyrr en hæstv. félmrh. segir það úr þessum stól, að það hafi verið hans vilji, hæstv. félmrh., að standa svona að málum. Þetta hefur ekki einungis slitið friðinn milli ríkisstjórnar og sveitarfélaganna heldur er þetta á góðri leið með að slíta friðinn innbyrðis milli sveitarfélaganna. Ég er sannfærður um það að gangi þetta fram er þetta mesta óheillaskref í löggjöf og stjórnsýslu sem hafi verið stigið á Íslandi um langt árabil. Auk þess, eins og ég mun nú koma að, kemur þessi aðgerð mjög misjafnlega niður á sveitarfélögum. Öll þurfa þau að borga þennan skatt beint en ég ætla að koma að afleiðingunum.

Hæstv. félmrh. sagði í sjónvarpi í fyrrakvöld, ég er að vísu nánast hættur að vita hvort það er nótt eða dagur, hvað var í gær og hvað er í dag, en ég held að það hafi verið í fyrrakvöld, að þetta þýddi eftir að tvö stór sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Mosfellsbær og Hafnarfjörður og væntanlega fylgja einhver í kjölfarið hafa brugðist við þessu með því að hækka útsvarsprósentu sína upp í 7,5% og öðlast þannig rétt til framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í stað þess að, eins og er á þessu ári að kröfurnar á tekjujöfnunarframlögum sveitarfélaga eru rúmlega 500 millj., 520 ef ég man rétt, og framlagið er 500 millj. þannig að hægt var að verða við nánast öllum beiðnum, þýðir þetta samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh. að kröfurnar verða 750 millj., sem er 33% rýrnun fyrir þau sveitarfélög sem fá tekjujöfnunarframlag úr Jöfnunarsjóði. Það byggist á því að þeim eru bættar upp tekjur að meðaltekjum sveitarfélaga í sama stærðarflokki og þau eru.

Þetta hefur þær afleiðingar að sveitarfélög sem hafa getað hækkað útsvarsálagningu sína og fengið þar með tekjujöfnunarframlag hafa eftir þessa aðgerð hærri ráðstöfunartekjur á næsta ári en verið hefði. Þau geta velt hluta af þessari skattlagningu af sér og út til einstaklinganna aftur sem ég hélt að hefði verið markmið með þessari aðgerð hjá ríkisstjórninni að koma í veg fyrir. Ég get nefnt eitt dæmi hvað þetta þýðir, og reikna bara út frá forsendum hæstv. félmrh., af sveitarfélagi sem mér er vel kunnugt um norður í landi. Það er 1000 manna sveitarfélag og þarf að borga sínar 2.850 á íbúa, tæpar 3 millj. Það fékk á síðasta ári tæpar 30 millj. úr jöfnunargjaldinu vegna þess að meðaltekjur voru frekar lágar. Þetta þýðir 13 millj. minni ráðstöfunartekjur á næsta ári en í ár, 13% samdrátt, því þarna eru tölur svo skemmtilegar til að reikna með að tekjurnar eru rétt um 100 millj. og 13 þús. á íbúa. Væru samsvarandi álögur lagðar á Reykjavíkurborg væru þetta 1,3 milljarðar, hæstv. félmrh., á þessu ári. Þetta er svona einfalt og þetta byggist ekki á neinu öðru en skattinum, eins og hann er í frv., og á þeim tölum sem hæstv. félmrh. gaf upp í fjölmiðlum.

Hér er um að ræða þvílíkan ójöfnuð að ég ítreka það — og nú tala ég bæði til hæstv. dómsmrh. og hæstv. félmrh., en ég ber mikið traust til beggja — ég ítreka það að hér mun stjórnarandstaðan halda uppi harðri málefnalegri gagnrýni þar til annaðhvort verður látið á það reyna að hægt sé að hnekkja þessu eða hitt að í ljós komi að hæstv. ríkisstjórn ætli að keyra þetta í gegn hvað sem raular og tautar. Ég bið hæstv. félmrh. að koma nú hér upp og upplýsa okkur um það hvort hún hafi séð þessar afleiðingar fyrir og hvort hún ætli að standa að því með hæstv. ríkisstjórn að keyra þetta í gegn í þessu formi sem ég veit að er þvert á þann anda sem hæstv. félmrh. hefur viljað viðhafa.

Þetta vil ég hafa mín lokaorð í þessari ræðu og benda á að hér er ég kominn með enn eitt atriðið í aðgerðum hæstv. núv. ríkisstjórnar, hæstv. dómsmrh. og landsbyggðarþingmaður, sem gengur á freklegan hátt á sveitarfélög og íbúa landsbyggðarinnar. Þetta eru í sumum tilfellum sveitarfélög sem byggja mikið á sauðfjárrækt sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að svipta tveggja mánaða launum á næsta ári. Mér er mikil alvara, hæstv. dómsmrh., og ég vil fara þess mjög ákveðið á leit við hæstv. dómsmrh. að hann ásamt hæstv. félmrh. komi hér upp og upplýsi okkur um það hvort þessir hæstv. ráðherrar hafi séð þessar afleiðingar fyrir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í því þingmáli sem hér er til umræðu er komið allvíða við þannig að það er auðvitað eðlilegt að umræðurnar berist um víðan völl án þess að kannski sé hægt að kvarta sérstaklega undan því. Menn hafa haldið sig við efnahagsmálin í meginatriðum. Það er auðvitað ljóst að þessar umræður hljóta að verða sérstaklega ítarlegar vegna þess að það gengur heldur erfiðlega hjá ríkisstjórninni að koma hlutunum saman hjá sér og málin eru þar meira og minna upp í loft og í uppnámi.

Ríkisstjórnin birtir reglulega fréttir um það að hún sé að viðurkenna ýmsa í heiminum. Hins vegar hafa engar fréttir borist um það enn þá að ríkisstjórnin hafi hugsað sér að viðurkenna stjórnarandstöðuna og taka upp við hana stjórnmálasamband. Það væri athyglisvert að taka það til sérstakrar umræðu, af því að hér er t.d. staddur hv. formaður utanrmn., hvort ekki mætti kanna það að ríkisstjórnin tæki upp stjórnmálasamband við stjórnarandstöðuna eða a.m.k. kannaði möguleikana á því að eiga við hana óformlegar viðræður um diplómatískt samband þó síðar yrði. Ég er þá ekki að tala um þetta almanaksár og ekki það næsta heldur kannski það þar næsta. Við búum við afar sérkennilegar aðstæður að þessu leyti í þessari virðulegu stofnun og þau 10–12 ár sem ég hef verið hér man ég satt að segja aldrei eftir öðrum eins vinnubrögðum af hálfu ríkisstjórnar og þeim sem nú blasa við.

Ég átti því láni að fagna að eiga t.d. ágæt samskipti við formann þingflokks Sjálfstfl. á árunum 1983–1987. Hann hefur nú forframast nokkuð, ef svo má segja. Hann situr nú í menntmrn., sem er eitt allra þýðingarmesta ráðuneyti þjóðarinnar eins og allir vita. Honum tókst oft með undarlegri lagni að þoka málum áleiðis við hinar flóknustu aðstæður. Því miður hefur hæstv. ráðherra ekki skilið neinar leiðbeiningar eftir handa eftirmönnum sínum eða þá að þeir eru ekki læsir á þær. Ég hugsa að það sé kannske það síðarnefnda, að þeir kunni ekki að lesa í þann texta, sem fyrrv. hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. starfaði eftir.

Það sem ég ætlaði mér að ræða hér, virðulegi forseti, voru nokkrir þættir þessara mála og í fyrsta lagi ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Það er mál sem ég hefði viljað ræða við hæstv. félmrh. og fagna því mjög að hún er hér viðstödd, sýnir okkur þann heiður og þá virðingu að vera viðstödd þessa umræðu. Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot var tekin upp með lögum á árunum 1971–1974. Sá maður sem fyrstur flutti það mál inn í þingið var hv. þm. Björn Jónsson. Hann flutti það sem stjórnarandstæðingur iðulega á viðreisnarárunum, á árunum fram undir 1970. Þegar hann tók við starfi félmrh. á þeim tíma, 1971–1972, og þáv. hæstv.

ráðherra reyndar líka, Hannibal Valdimarsson, var tekið upp óbreytt þingmannafrv. frá hv. þm. Birni Jónssyni, síðar forseta Alþýðusambands Íslands, óbreytt þingmannafrv. sem hann hafði flutt aftur og aftur á viðreisnarárunum. Þetta frv. varð að lögum undir hans forustu og Hannbals Valdimarssonar á þeim tíma. Á þeim tíma sem liðinn er frá árunum 1971–1972 hefur það ekki gerst fyrr en nú að Alþfl. og Sjálfstfl. ná saman aftur einir í ríkisstjórn. Það gerist núna. Það næst að Sjálfstfl. og Alþfl. ná meiri hluta til að mynda ríkisstjórn. Það er eins og við manninn mælt að á fyrsta þinginu eftir að þessi ríkisstjórn er mynduð, Alþfl. og Sjálfstfl. í fyrsta sinn sem þessir flokkar ná saman einir í stjórn eftir 1971, er byrjað á því að eyðileggja þessi handaverk Björns Jónssonar og Hannibals Valdimarssonar, lögin um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Þetta er gert með ótrúlega ósvífnum hætti og í rauninni algjörlega án þess að hafa hið minnsta samráð við verkalýðshreyfinguna í landinu. Ég vil segja við hæstv. félmrh. að ég er sannfærður um það að ef hún hefði lagt á sig svo sem eins og tvo eða þrjá hvað þá fjóra, fimm fundi með verkalýðshreyfingunni um þessi mál hefði tekist að ná samkomulagi við verkalýðshreyfinguna um fyrirkomulag á þessu máli sem hefði tekið niður kostnaðinn á ársgrundvelli um 20–25%. Það er ekki of seint enn að ganga í þetta verk. Ég skora á hæstv. félmrh. að ganga í það verk að ræða við forustumenn Alþýðusambands Íslands þegar í stað og verkalýðssamtakanna um það að breyta þessum frumvarpsákvæðum þannig að um þau náist sátt við samtök launafólks og að kostnaðurinn minnki.

Mér er vitaskuld ljóst að Alþýðusambandið mun aldrei fallast á það fyrir sitt leyti að þetta verði fjármagnað með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Það er ekki sá þáttur sem ég er að ræða heldur bótaþáttur málsins, bótaþátturinn. Ég er algjörlega viss um, ég þekki það, að það hefði verið unnt að ná um það samkomulagi við Alþýðusambandið ef hæstv. félmrh. hefði látið svo lítið að yrða á það fólk sem þar er nú í störfum, eftirmenn Björns Jónssonar og Hannibals Valdimarssonar.

Mér þætti fróðlegt að vita í þessu sambandi, virðulegi forseti, hversu oft hæstv. félmrh. hefur rætt við forustumenn Alþýðusambands Íslands um þessi mál síðustu dagana eða vikurnar. (**Gripið fram í:** Svarið er já). Svarið er já, ég sagði hversu oft. Já er ekki töluorð. Mér er kunnugt um það að engar alvarlegar samningaviðræður hafa farið fram. Hæstv. félmrh. hefur verið ófáanlegur til þess að hefja eðlilegar samningaviðræður við Alþýðusamband Íslands um þetta mál. Í staðinn er farið í það, sem má segja að sé rökrétt pólitískt framhald af viðreisnarstjórninni, að eyðileggja þessi lög.

Þegar málið er lagt hér fyrir í upphafi kemur fram í þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum að þar eru tvær greinar sem heita Um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Í frumvarpstextanum kemur hvergi fram hvernig þessi ákvæði eru tengd lögunum um ríkisábyrgð á laun við gjaldþrot. Þetta er auðvitað þvílíkt fúsk í vinnubrögðum í félmrn. eða forsrn., nema hvort tveggja sé, að það tekur engu tali. Að menn skuli ekki einu sinni hafa rænu á því í prófarkalestri málsins að hengja á einhver lög þessa texta um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Síðar við meðferð málsins á Alþingi og í hv. efh.- og viðskn. taka menn sig til og reyna aðeins að laga hlutina. Settar eru upp nýjar greinar inni í lögunum sem væntanleg eru, ef ríkisstjórnin fær að ráða þessu sem hún gerir auðvitað, inni í lögunum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þá er gert ráð fyrir því að sett verði í leiðinni sérlög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og þau verði prentuð með sjálfstæðum hætti í lagasafninu. Lög nr. 13/1979, um efnahagsmál og fleira, hafa lengi sætt mikilli gagnrýni lögfræðinga og stjórnmálamanna fyrir það að þar séu menn í sama lagatextanum að grauta saman alls konar óskyldum ákvæðum. Þessi lög, kölluð Ólafslög, voru sett í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978–1979, og m.a. skrifuð af núv. hæstv. iðnrh.

Hér er hins vegar um algjöra nýjung í lagasetningu að ræða vegna þess að í þessu sulli — sem kallað er bandormur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi kalla safnlög. Einhver vildi kalla þetta langhala og sumir snarpa langhala — er tekin upp sú nýlunda í frv. um þennan langhala, að sett er inn ákvæði í nál. og tillögu nefndar þar sem segir, að þetta eigi að gefa út sérstaklega undir fyrirsögninni Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Ég ætla að lesa nokkur dæmi, virðulegi forseti, um það ótrúlega fúsk sem kemur fram í þessari tilraun til lagasetningar. Það er t.d. í 13. brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þar sem stendur, með leyfi forseta: „Í stað orðsins „ríkissjóður" í 5.–7. gr., ... komi (í viðeigandi beygingarföllum): ábyrgðasjóður." Þetta er einkar athyglisvert við lagasetningu og víst að hæstv. menntmrh. ætti að kynna sér hvort þetta er ekki sérstaklega til eftirbreytni eða hitt þó heldur, að segja í stað orðsins „ríkissjóður" í þessum tilteknu lögum komi orðið „ábyrgðasjóður" í viðeigandi beygingarföllum. Þetta eru auðvitað afleiðingar af þessari nefnifallssýki sem gengur yfir í landinu, eins og kunnugt er, þar sem menn eru hættir að geta beygt nokkurn skapaðan hlut. Þeir hafa helst alla hluti í nefnifalli af því að tölvan hefur það þannig. Ég er alveg sannfærður um það, þó að þetta sé gagnrýnivert, að þetta sé brautryðjendastarf hjá hæstv. félmrh. Það hefur enginn ráðherra fyrr eða síðar í sögunni látið sér detta í hug að smella inn brtt. og hafa svo í sviga á eftir „í viðeigandi beygingarföllum". Það er eins gott að menn séu klárir á fallbeygingunum og ekki verði ágreiningur um það í ríkisstjórninni hvort það eigi að vera þolfall eða þágufall. (**Gripið fram í:** Er nokkur langhali í þessu?) Eða ranghali, nema það væri ranghali, hv. þm.

Síðan segir í þessum furðulega texta frá hæstv. félmrh. eða embættismönnum hennar — ég veit ekki hvort er, ég trúi því ekki að hún hafi gert þetta — að sé gert ráð fyrir verulegum breytingum á lögunum t.d. með því að fella úr gildi 1. til og með 4. gr. laganna um ríkisábyrgð á launum. Hvorki meira né minna en allar þessar fyrstu greinar. Það er gert hérna með pínulitlum innskotsbrtt. frá efh.- og viðskn., í viðeigandi

beygingarföllum að vísu. Þar kemur fram hvað á að gera og er það tíundað rækilega t.d. í nál. meiri hlutans hvað á að gera. Er launafólki sagt frá því hvað á að gera? En er það er nefnilega fólk sem hér er um að ræða. Það er nefnilega fólk sem vinnur hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota. Það er lifandi fólk, það er fólk sem hefur kaup fyrir að selja vinnuafl sitt og á ekkert annað og þegar fyrirtækið verður gjaldþrota er auðvitað eðlilegt að það eigi lögvarinn rétt á að halda sínum launum fyrir þá vinnu sem það hefur innt af hendi. Þetta er auðvitað svo sjálfsagður hluti mannréttinda og jafnaðarþjóðfélags að það ætti ekki að þurfa að ræða um það. En ríkisstjórnin, sem er að framlengja arf viðreisnarstjórnarinnar hingað inn og eyðileggja handaverk þeirra Björns Jónssonar og Hannibals Valdimarssonar, er annarrar skoðunar. Í nál. meiri hlutans um þetta mál er engin skýring gefin á því að verið sé að brjóta þessa réttindalöggjöf svo að segja á bak aftur. Það er engin skýring gefin á því. Og hvað er það sem er fellt niður? Í fyrsta lagi þá er kröfutíminn styttur úr sex mánuðum í þrjá. Breytir þetta miklu fyrir ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot? Svarið er nei, það breytir ekki miklu. Samkvæmt úttekt sem gerð hefur verið á þessum greiðslum á undanförnum árum er hér um sárafá tilvik að ræða en þeir eru til sem lenda í því að þurfa að vinna hjá gjaldþrota fyrirtæki lengur en í þrjá mánuði án þess að til gjaldþrotsins hafi komið. Þannig að hér er í rauninni ekki verið að spara mjög mikið fyrir ríkissjóð eða þetta kerfi yfir höfuð. Það er verið að henda þessu af ríkissjóði. Það eru í raun og veru engin efnisleg rök fyrir því að stytta þetta úr sex mánuðum í þrjá mánuði. Það eru engin efnisleg rök fyrir því, ekki nokkur. En látum það vera því það er ekki lakasti þátturinn af þessu og ef þetta væri það eina þá mundi ég ekki segja margt um þetta frv. hér.

En það eru fleiri þættir í þessu frv. sem verið er að breyta mjög mikið. Það er verið að fella út kröfugerðir lífeyrissjóðanna í þessu sambandi og það er verið að fella út vaxtaákvæði laga. En í lögunum segir að ábyrgð taki til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur og síðan eru þær taldar upp og hér eru m.a. dráttarvextir af kröfunum, sem á undan eru taldar, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félmrh. ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði. Þetta ákvæði um vexti og dráttarvexti á kröfunni er fellt út. Það er fellt út og ég spyr hæstv. félmrh., eru þetta kannski mistök? Eða hvernig hefur hæstv. félmrh. hugsað sér að þessi þáttur verði leystur að því er vextina varðar? Það er aldeilis óhjákvæmilegt að fá svar við því. Einnig var það þannig í gömlu lögunum eða þeim lögum, sem enn þá gilda, að kröfurnar, þ.e. ábyrgðin náði til kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar. Um þetta er ekki orð í þessum brtt. og það er ekki orð um þetta í skýringunum heldur í nefndarálitinu, hv. þm., ekki orð. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að hæstv. félmrh. geri grein fyrir þessu máli hér og svari því, hvernig á því stendur að þessi réttarákvæði eru felld niður.

Alþýðusamband Íslands hefur sent bréf um þetta mál til þingsins þar sem þessu er mótmælt mjög ákveðið með mjög gildum rökum og þó alveg sérstaklega kerfinu sem verið er að taka upp. Kerfið byggir á því að stofnaður verði sjóður, í hann verði borgað 0,2% gjald atvinnurekenda af greiddum vinnulaunum og þannig eru launamenn í raun sjálfir að kosta þennan sjóð af því að það er ljóst að ella gætu þeir sótt hærri laun fyrir sig ef þessi aðferð væri ekki valin. Það er þessi leið sem Alþýðusambandið gagnrýnir mjög ákveðið.

Ég sé að Samtök lífeyrissjóðanna hafa einnig mótmælt þessu frv. Ég hef í höndum upplýsingar um hvernig greiðsludreifing hefur verið á kostnaði við þennan sjóð á þessu ári. Það kemur fram að í Reykjavík eru þetta um 215 millj. kr. sem borgaðar hafa verið á fyrstu 11 mánuðum ársins, á Austurlandi t.d. 129 þús. kr. á Norðurlandi eystra 32 millj., á Vestfjörðum 9,9 millj., á Vesturlandi 14,9 millj., á Reykjanesi 118 millj. og á Suðurlandi 11,6 millj. Og það eru mörg mörg hundruð launamanna hér á bak við, sennilega telja þeir þúsundir ef eitthvað er og af þessum ástæðum, virðulegi forseti, vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan. Ég skora á hæstv. félmrh., að hefja þegar í stað viðræður við Alþýðusamband Íslands um fyrirkomulag þessa máls. Og ég endurtek líka það sem ég sagði hér áðan, að ég er sannfærður um að hægt er að ná samkomulagi við Alþýðusambandið um breytt fyrirkomulag sem gæti sparað fjármuni í þessu efni, algjörlega sannfærður um það. Ég hef rökstuddan grun um að svo sé og rökstuddan grun um að hæstv. félmrh. hafi vanrækt að eiga eðlileg viðtöl við Alþýðusamband Íslands um þennan kafla.

Hér er auðvitað um að ræða mikilvægt réttindamál og þess vegna er eðlilegt að það sé tekið til rækilegrar umræðu hér. Í brtt. stendur m.a., með leyfi forseta: „Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerð skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal útvega það fé sem sjóðinn vantar og skal það gert með láni eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni. Lánið skal endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári." Hvað þýðir þetta á mannamáli, virðulegi forseti, hvað þýðir þetta nú? Það þýðir að ef mikið verður um gjaldþrot og margir þurfa að fá greidd vinnulaun í gegnum þetta kerfi þá er of lítið til í sjóðnum og þá þarf að leggja á hærra gjald. Með öðrum orðum, eftir því sem atvinnurekstrinn er meira á hausnum eftir því á hann að borga meira í þennan sjóð. Þetta er auðvitað algjörlega öfugt að hlutunum farið.

Ég heyrði það ekki í máli hv. frsm. efh.- og viðskn. né hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, hvernig hefði nákvæmlega verið farið í þetta mál í efh.- og viðskn. né heldur í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. En það er auðvitað spurning hvort hugsanlegt er að efh.- og viðskn. taki þetta mál sérstaklega fyrir núna milli 2. og 3. umr. Ég skora á ríkisstjórnina ef hún nær ekki að semja um þetta mál við verkalýðssamtökin

næstu daga að strika þetta út úr þessum langhala hér, strika þetta út eða fresta því að minnsta kosti. Ég sé reyndar, virðulegi forseti, í frv. að það er hvort eð er ekki gert ráð fyrir að þetta taki gildi fyrr en 1. mars 1992 þannig að þá er komið talsvert inn á næsta ár og menn hafa væntanlega löngu hafið störf hér að nýju eftir áramót. Þess vegna eru auðvitað full rök fyrir því að þessu verði frestað og ég heiti á hæstv. félmrh. að fara í það af fullri alvöru að ræða við verkalýðssamtökin. Ég heiti á efh.- og viðskn. að gera það líka og að halda þannig á málum að ekki verði farið af stað með þetta öðruvísi en að þær viðræður hafi átt sér stað. Með þeim rökum líka að það liggur ekkert á og ríkisstjórnin er sjálf búin að viðurkenna að það liggur ekkert á í þessu og við skulum bara fara í þetta mál hér bak jólum þegar menn koma hingað hressir og endurnærðir að afloknu jólaleyfi.

Það er líka svoddan fljótaskrift á þessu, hæstv. félmrh. Menn eiga að vanda sig við svona. Lagasetning er alvarlegt mál. Þetta er ekki eins og að henda saman einni kjallaragrein að setja lög. Lagasetning er alvarlegt mál og menn eiga að vanda sig við lagasetningu. Því hafa menn algjörlega gleymt þegar þeir voru að undirbúa þessi ósköp þar sem menn gleymdu því meira að segja að nefna lagatilvísanir í upphaflega frumvarpstextanum og létu sér ekki detta það í hug að hengja frumvarpsgreinarnar á einhver lög sem eru til í landinu. Nei, nei, það gleymdist. Það getur verið alvarleg gleymska, sérstaklega fyrir þá sem eiga að búa við lögin ef stjórnvöld fúska við lagasetningu. Ég get út af fyrir sig nefnt mörg dæmi um lagafúsk sem hefur komið fólki í koll m.a. úr félmrn.

Virðulegi forseti. Ég endurtek þá áskorun mína til hæstv. félmrh., að sjá svo til að annaðhvort verði þessu breytt í samkomulagi við verkalýðssamtökin eða þessu verði bara frestað, strikað út úr frv. Það er algjörlega ástæðulaust finnst mér fyrir stjórnarandstöðuna að líða það að mál af þessu tagi sé afgreitt svo að segja alveg fyrirhafnarlaust. Það eru engin rök sem mæla með því, það er ekkert sem mælir með því, að þetta verði afgreitt svona, ekki neitt af neinu tagi.

Virðulegi forseti. Ég vík þá að næsta kafla ræðu minnar þar sem ég ætla aðeins að fara yfir menntamálaþátt frv. og ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að vera viðstaddur umræðuna. Í nál. minni hluta efh.- og viðskn. er farið yfir þetta mál nokkuð rækilega, en þarna eru þrjár greinar sem fjalla um menntamál sérstaklega, um skólamál og grunnskólann alveg sérstaklega. Ég ætla að byrja á því að skora á hæstv. menntmrh. að sjá til þess að þessi kafli verði strikaður út. Hann á ekki heima hérna, burt séð frá efni málsins. Það eru engin rök fyrir því að hafa þetta inni í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, engin rök, því að það er ekkert hérna sem er með þeim hætti að það hafi í för með sér sparnað fyrir ríkissjóð frá og með næstu áramótum, ekkert, ekki króna. Auk þess sem hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að hann ætli að flytja eftir áramótin frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum og þar er auðvitað eðlilegt að vera með svona mál. Það leggst of lítið fyrir hæstv. menntmrh. að vera að reyna að smygla þessu hér inn í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það er fullkomlega skothelt. Það eru engin rök fyrir því. Hvaða rök ætli séu fyrir því að ætla t.d. að afnema grunnskólaráð í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það væri fróðlegt að vita hvaða efnahagslega þýðingu grunnskólaráð muni hafa — að þau muni ráða úrslitum um þróun efnahagsmála á Íslandi á næsta ári, ákvæðin um grunnskólaráð eða aðstoðarskólastjóra. Ókunnugur maður sem kæmi að þessum texta og þekkti ekki til á Íslandi gæti ímyndað sér að aðstoðarskólastjórar væru alveg sérstakir melir og vandamál í ríkisfjármálum á Íslandi, að þeir væru í rauninni á við verðbólguna, okurvextina og atvinnuleysið samanlagt, — aðstoðarskólastjórar — af því að hér er þessu smyglað inn í frv., að að heimild til að ráða aðstoðarskólastjórar verði felld út. Það var ekki eins og það væri skylda heldur var það heimild.

Í nál. minni hluta menntmn. um þennan kafla er farið mjög rækilega ofan í saumana á þessum málum. Ég ætla aðeins að staldra þar við. Í fyrsta lagi er það sem fram kemur í a-lið 1. gr., þar sem segir að 3. mgr. 4. gr. eigi að falla út. Hvað kemur það ríkisfjármálunum við, hæstv. menntmrh.? Þetta ákvæði kveður á um málsverði á skólatíma sem kemur í hlut sveitarfélaga en er ekki ríkisins að sjá um og sveitarfélögin hafa auðvitað samkvæmt ákvæðum laganna, eins og þau eru, frelsi til þess að haga þessu eins og háttar á hverjum stað þannig að það eru engin rök fyrir því að taka þetta hérna inn, ekki nokkur rök.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að í meginatriðum verði 9. gr. laganna um grunnskóla felld út. Hvað er í henni? Hún er um grunnskólaráð og það er auðvitað algjörlega út í hött að fella hana niður, enda ákváðu menn að hætta við það og tillagan um að fella niður ákvæði um grunnskólaráð úr grunnskólalögunum hefur verið dregin til baka af ríkisstjórninn og er það út af fyrir sig þakkarvert.

Í þriðja lagi var ákvæðið um aðstoðarskólastjóra og ríkisstjórnin hefur líka ákveðið að draga það ákvæði til baka ef ég skil brtt. meiri hlutans rétt.

Í síðasta lagi er í 1. gr. gert ráð fyrir því að 1. og 6. mgr. 46. gr. komi ekki til framkvæmda á árinu 1992. Hvað er þar? Þar er verið að fjalla um vikulegan kennslutíma á nemanda í grunnskólum og skólaathvörf fyrir nemendur utan kennslutíma, eins og segir hér í áliti minni hluta menntmn. Þetta ákvæði er í raun og veru algjörlega fráleitt í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þess að menntmrh. hafði heimildir til að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir í þessu efni á þeim forsendum sem hann taldi faglega eða fjárhagslega skynsamlegt. Því eru engin rök fyrir því, virðulegi forseti, að hafa þetta hér í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir sem byggja skólahúsnæði eigi að kosta aðstöðu fyrir heilsugæslu og tannlækningar. Ég heyrði það hér á einhverjum hv. þm. í gær eða fyrradag að þetta væri kannski alveg sérstaklega vafasamt fyrir landsbyggðina að fá þetta framan í sig en það mál liggur ekki þannig. Þetta er góð tillaga hjá hæstv. menntmrh., hún á hins vegar

ekkert að vera í þessum lögum. Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að borgarstjórn Reykjavíkur neyðist til að hafa heilsugæsluaðstöðu í grunnskólum. Það er skynsamleg tillaga en hún á ekki heima í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þess að hér er um að ræða almennt lagaákvæði sem á ekkert erindi í þetta frv.

Í 3. gr. eru gerðar miklar breytingar á bráðabirgðaákvæðum grunnskólalaga og eru þær eftirfarandi: Í fyrsta lagi er frestað fækkun nemenda í neðstu bekkjum grunnskólans og þar kemur sparnaður. Hann er talinn nema 20 millj. á árinu 1992 og hans fer að gæta frá og með haustinu 1992. Það er ekkert sem gerist á fyrri hluta næsta árs sem leiðir til sparnaðar af þessum ákvæðum.

Í öðru lagi er fellt niður ákvæðið um námsráðgjafa við grunnskóla sem átti að koma til framkvæmda á fimm árum og þetta er líka algjör óþarfi. Menntmrh. gat ákveðið þetta sjálfur, hann þurfti í raun og veru engar sérstakar nýjar lagaheimildir ef hann hefði talið nauðsynlegt að seinka því átaki í námsráðgjöf sem hefur verið í gangi í grunnskólum. Hann þurfti þess ekki, það er ekkert sem segir til um það.

Þá er gert ráð fyrir því að fella niður ákvæði 3. gr. grunnskólalaga um einsetinn skóla sem eiga að fullu koma til framkvæmda, ekki á næsta ári heldur á tíu árum, árið 2001. Þá verður að vísu þessi ríkisstjórn löngu, löngu hætt. Út af fyrir sig geta menn kannski huggað sig við það en það er algjör fjarstæða að hafa þetta hér inni í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna ársins 1992. Þetta er ekki frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001. Þetta eru ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Algjörlega út í hött að seilast inn í næstu öld eftir lagabreytingu. Það er naumast að ríkisstjórnin er allt í einu forsjál á einu sviði að negla inn í næstu öld að ekki verði framfarir í skólamálum á Íslandi. En sem betur fer verður þá búið að breyta um ýmsa hluti þannig að ekki er víst að þetta verði svona allan þann tíma.

Síðan er sett inn ákvæði í 3. gr., þar stendur: „Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma."

Áður er búið að gera ráð fyrir afnámi þeirra lagaákvæða sem kveða á um tiltekinn lágmarkstíma í bekkjum þannig að verið er að segja í fyrsta sinn frá því að grunnskólalögin voru sett 1974, og þá auðvitað í fullri andstöðu við íhaldið, að börn í landinu skuli ekki hafa neina tryggingu, neitt lágmark í tímum, að menntmrh. geti við skrifborð sitt skorið niður tímana hjá hverju einasta barni í grunnskólum í landinu með reglugerð.

Ég er hræddur um að aðrir þjóðfélagshópar en börn mundu rísa upp og láta til sín taka ef væri verið að skerða kjör þeirra eins og hér er verið að hóta að skerða kjör barna. Hér er verið að skerða kjör barna og foreldra í landinu og þar með framtíðar landsins. En eins er auðvitað með þetta, virðulegi forseti, engin ástæða er til að setja þetta inn í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þess að þetta sparar ekki neitt á næsta ári fyrr en þá næsta haust, sem er svo allt annað mál.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, ástæðu til þess að beina þeirri áskorun eða beiðni, ef menn vilja, til hæstv. menntmrh. að hann losi þingið við að afgreiða þennan kafla úr frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og felli hann niður. Það eru engin rök fyrir því að hafa þetta þarna inni. Auðvitað kemur fram í þessu, virðulegi forseti, tiltekin grundvallarafstaða til skólamála í landinu. Það er rétt eins og hver önnur almenn efnahagsleg aukageta, þetta skóladrasl í landinu, bara vesen og kostar peninga og kennarar sem heimta kaup og krakkar sem heimta bækur og guð veit hvað. Það er ekki nægur skilningurinn á þeim veruleika sem blasir auðvitað við í hverju nútímaþjóðfélagi að gott menntakerfi er undirstaða góðra lífskjara. Þjóð sem vanrækir menntakerfi sitt, hvort sem það eru leikskólar, grunnskólar eða aðrir skólar er að brjóta niður þann meginlífskjaragrunn sem allar þróaðar þjóðir hafa lagt áherslu á á undanförnum árum og áratugum. (**Gripið fram í:** Einkaskólarnir bjarga þessu.) Og einkaskólarnir bjarga þessu ekki. Þeir gera það ekki. (**ISG:** Þeir eru á jötunni líka.) Auk þess er þetta ríkisrekinn kapítalismi. Þeir eru á jötunni líka, eins og hv. 10. þm. Reykv. bendir á.

Ég held, virðulegi forseti, að þessi ákvæði um grunnskólann séu til marks um tiltekið virðingarleysi fyrir skólum í ríkisstjórninni og ég harma að það er svo. En ég vona að hæstv. menntmrh. geti a.m.k. útskýrt af hverju þetta er þarna inni, af því að þetta heitir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Ég hef ekki heyrt þær útskýringar né heldur séð þær því að ég las grannt þær ræður sem hann flutti um þetta mál við 1. umr. málsins þegar hún fór fram á sínum tíma.

Í annan stað, virðulegi forseti, að því er varðar menntmrn. sérstaklega langar mig til að víkja að öðru atriði. Í síðari hluta frv. eru svokölluð „þrátt-fyrir-ákvæði" og ég ætla ekki að ræða þau í einstökum atriðum nema ég ætla að víkja að 28. gr. Mig langar til að ræða það augnablik við hæstv. menntmrh. Þannig er að á fyrri hluta ársins var tekin um það ákvörðun að Íslendingar yrðu aðilar að norrænu kvikmyndaverkefni og í fjáraukalögum ársins 1991 er ákveði um að greiða 14 millj. úr ríkissjóði í verkefnið á árinu. Hins vegar byggðist þetta verkefni á því í heild að það yrði fjármagnað á nokkurra ára bili og annar hluti framlags Íslands kæmi inn á árinu 1992. Í frv. til fjárlaga og þessum texta er ekki gert ráð fyrir því að þessar 14 millj. verði greiddar inn í norrænt kvikmyndaverkefni. Var þetta kannski eitt af þeim fjölmörgu loforðum sem fyrrv. hæstv. ríkisstjórn gaf, menntmrh. og fjmrh. sem voru í þeirri stjórn, þeir skúrkar báðir? Út af fyrir sig komu þeir báðir að málinu, en það gerðu fleiri. Upp á þetta fyrirheit um samnorræna kvikmyndaverkefnið skrifaði þáverandi formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, núv. hæstv. dómsmrh., hann skrifaði upp á þetta fyrirheit. Þáverandi og ennverandi formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, auk þess fulltrúar og forustu-

menn annarra flokka. Kvikmyndasjóður Íslands og þeir sem að honum standa voru því í góðri trú um að það væri breið heildarsamstaða á bak við þetta mál á Alþingi Íslendinga, hverjir svo sem væru í stjórn. Og það var á þeim forsendum sem norræna kvikmyndaverkefnið samþykkti aðild Íslands sem kæmi til greiðslu á nokkurra ára bili. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að hækka þess vegna þá tölu sem gert er ráð fyrir til Kvikmyndasjóðs eða að sérmerkja fjármuni í þessu skyni á fjárlögum nema við viljum að þetta verkefni og aðild okkar að því hrynji. Mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. veitti orðum mínum athygli í þessu efni vegna þess að ég er sannfærður um að ef ekkert verður gert í málinu núna er vá fyrir dyrum hjá stórum fjölda kvikmyndagerðarmanna okkar og fyrirtækja sem oft hafa verið stofnuð á afar veikum grunni satt að segja í kringum framleiðslu kvikmynda hér.

Ég vil þessu næst ... (**Forseti:** Eins og forseti hefur bent hv. ræðumanni á er ætlunin að gera hlé á fundinum núna klukkan hálfellefu í hálfa klukkustund vegna nefndarfundar. Áður en það hlé er gert, ef hv. ræðumaður samþykkir að gera hlé á máli sínu, þá hefur verið útbýtt á fundinum og vill forseti lesa um þær útbýtingar.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Í frv. því sem hér um ræðir er komið víða við og ég hafði fjallað fyrr í kvöld um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og um I. kafla frv. Ég ætla aðeins að víkja lauslega að þeim kafla frv. sem fjallar um breytingar á lögum um almannatryggingar með síðari breytingum. Eins og fram hefur komið náði heilbr.- og trn. samstöðu um róttækar breytingar á þeim kafla og ég tel mjög mikilvægt að ríkisstjórnin hefur fallist á þau sjónarmið sem urðu ofan á í hv. heilbr.- trn. þannig að ástæðulaust er að fara miklu fleiri orðum um þann kafla að öðru leyti en því að í frv. er tekið sérstaklega á tannréttingamálum og um þann þátt flytjum við stjórnarandstæðingar í hv. heilbr.- og trn. sérstakar brtt. sem gerð hefur verið grein fyrir fyrr í umræðunum sl. nótt, m.a. af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur.

Auðvitað eru ýmsir fleiri þættir í frv. sem væri ástæða til að staldra við, t.d. það að tekin er um það ákvörðun að fella endanlega niður úr lögum ákvæði um framlög í Iðnlánasjóð, en Iðnlánasjóður hefur verið afgreiddur þannig á undanförnum árum að framlag til hans hefur verið fellt niður frá ári til árs, en nú er gert ráð fyrir því að fella niður framlög til Iðnlánasjóðs með varanlegum hætti. Við sem erum fulltrúar stjórnarandstöðunnar í hv. iðnn. töldum að það væri eftir atvikum ástæðulaust að leggjast sérstaklega gegn þessari tillögu með hliðsjón af þeirri sterku stöðu sem Iðnlánasjóður hefur og hefur verið að þróast á undanförnum árum.

En áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, tel ég óhjákvæmilegt af því við vorum að tala hér aðeins um grunnskólann áðan að víkja sérstaklega að þeirri spurningu sem komið hefur upp í tengslum við umræður um fjárlagafrv. og ekki er víst að gefist tími til að ræða þá, en það er spurningin um svokallaðan flatan niðurskurð. Ég held að mjög æskilegt sé að velta því fyrir sér, virðulegi forseti, hvernig þessi flati niðurskurður kemur við skólana. Ég hef út af fyrir sig ekki haft aðstöðu til að meta þetta í einstökum tilvikum en þó hef ég kannað þetta sérstaklega að því er varðar grunnskólann og þar koma mjög uggvænlegir hlutir fram ef maður skoðar þær tölur sem liggja fyrir.

Eins og kunnugt er þá er gert ráð fyrir því að bruttóniðurskurður á launum hjá ríkinu og þar með menntmrn. verði 6,7%. Nú er gert ráð fyrir því að menntmrh. hafi hluta af þessum niðurskurði til baka til svokallaðra endurráðstöfunar og það er aftur á móti mál sem við vitum í raun og veru ekkert um. Við vitum ekki hvernig þessari endurráðstöfun verður háttað og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki gert Alþingi grein fyrir því hvernig endurráðstöfun fjármuna verður hagað samkvæmt þeim tillögum sem liggja nú fyrir hjá hv. meiri hl. fjárln. Alþingis.

En ef við skoðum hinn flata niðurskurð einvörðungu, burt séð frá endurráðstöfun fjármuna, er rétt að byrja á að minna á að kostnaður menntmrn. og ríkisins vegna grunnskóla núna er eiginlega eingöngu launakostnaður. Ríkið greiðir engan annan kostnað við grunnskólana nú orðið, hitt liggur á sveitarfélögunum. Launakostnaður við grunnskóla er liðlega þriðjungur af heildarlaunagreiðslum á vegum menntmrn., um 35%. Og ef heildarniðurskurður á launum í menntmrn. á að vera 720 millj. eins og mér sýnist þetta vera fyrir endurráðstöfun fjármuna þá er hlutur grunnskólanna um 250 millj. kr. ef ég kann að lesa þessar tölur rétt miðað við að 35% af heildarlaunagreiðslum á vegum ráðuneytisins eru til grunnskólanna. Það eru býsna margar kennarastöður, virðulegi forseti, sem væru þar með felldar niður. Hversu mörgum stöðugildum samsvarar það? Þessar 252 millj. kr. samsvara 190 stöðugildum sem þarna væri hugsanlega um að ræða. Hins vegar er gert ráð fyrir því að allur niðurskurðurinn komi til framkvæmda á síðari hluta næsta árs, þ.e. frá ágúst, september næsta ár og út það ár. Ef svo verður að málum staðið væri ekki um að ræða 190 stöðugildi heldur 380 stöðugildi. Ef við dreifum 380 stöðugildum hlutfallslega jafnt á fræðsluumdæmi kemur býsna fróðleg niðurstaða út. Það kemur út að þá væri fækkað um 100 stöðugildi kennara í Reykjavík einni, virðulegi forseti. Hverju samsvarar það? Það samsvarar því að loka bæði Fellaskóla og Seljaskóla í Reykjavík. Ef við skoðum Reykjanes samsvarar þetta um 80 stöðugildum í Reykjanesfræðsluumdæmi. Hverju samsvarar það í skólum á Reykjanesi? Það samsvarar því að loka grunnskólunum í Keflavík og Grindavík eins og þeir leggja sig. Og af því að forsetinn hér, hinn virðulegi forseti, hv. 1. þm. Vesturl. og formaður Hafnasambands Íslands, er hér, þá er kannski vert að velta því fyrir sér hvað þetta þýðir á Vesturlandi. Þetta þýðir það leggja niður 28 kennarastöður á Vesturlandi. Ég hef ekki tekið saman hvað það þýðir í eins stórum skólum á Vesturlandi, ég get ímyndað mér t.d. og þykist reyndar vera alveg viss um að þetta jafngildir því að leggja niður verulegan hluta af skólahaldi í dreifbýlis-

hreppum Vesturlands. Þetta jafngildir því t.d. að leggja niður allt skólahald í Dalasýslu svo ég nefni dæmi um svæði þar sem ég er prýðilega kunnugur og reyndar mun meira. 28 stöðugildi á Vesturlandi. Og á Vestfjörðum, 20 stöðugildi kennara. Í Strandasýslu eru margir litlir grunnskólar. Þar er um að ræða skóla sem eru með niður í eina eða tvær stöðuheimildir. Skóla eins og í Broddanesi, skóla eins og á Drangsnesi þar sem eru líklega fjórar stöðuheimildir, skóla eins og í Árneshreppi. Það er alveg augljóst mál að það er ekki hægt að fækka um 20 stöðuheimildir á Vestfjörðum fyrir kennara öðruvísi en að leggja niður fjöldann allan af þeim litlu skólum sem þar eru til, væntanlega með svipuðum aðferðum og beitt hefur verið við Héraðsskólann í Reykjanesi. Á Vestfjörðum er fjöldi lítilla skóla. Í raun og veru er aðeins einn skóli sem telst til stærri skóla á Vestfjörðum. Þessi ákvörðun um fækkun á kennurum og flatan niðurskurð á fjármunum til kennslulauna þýðir að það verða lagðir niður mjög margir barnaskólar á Vestfjörðum. Á Norðurlandi vestra mundi þetta þýða fækkun um 22 kennara. Á Norðurlandi eystra þýðir þessi niðurskurður fækkun um 44 kennara. Hvað þýðir það? Það samsvarar því að loka bæði Lundaskóla og grunnskólahaldinu í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Það samsvarar því að loka tveimur grunnskólum á Akureyri. Eða ætli það samsvari kannski því alveg eins, virðulegi forseti, að leggja niður skólahald í Norður-Þingeyjarsýslu og ríflega það.

Þetta er ég að segja til þess að hv. þm. og menntmrh. átti sig á því hvað við stöndum frammi fyrir hrikalega erfiðum hlutum. Vissulega er menntmrh. engan veginn öfundsverður af því verkefni sem við honum blasir samkvæmt þessu ákvæði fjárlagafrv. Vissulega er það líka þannig að eitthvað af endurráðstöfunarfénu getur hann notað til þess að draga úr þessum sviða. En stefnan er þessi. Og ég endurtek að ég er sannfærður um að það er útilokað að ná þessu markmiði öðruvísi en að skera niður og fækka verulega skólum, í dreifbýlinu alveg sérstaklega.

Ég er hræddur um að það verði margt Reykjanesið, virðulegi forseti, í skólamálum á Íslandi sumarið 1992 ef þetta gengur eftir. Það verði margur Reykjanesskólinn og það verði margur kjördæmisþingmaðurinn sem kveinkar sér undan þeim ákvörðunum sem menntmrh. verður neyddur til að taka því hann gerir það örugglega ekki með glöðu geði ef þessi ákvæði fjárlagafrv. og tillögur meiri hluta fjárln. ná fram að ganga.

Ég efast um að hv. formaður fjárln. geri sér grein fyrir því að tillögurnar jafngilda því að leggja niður skóla í Keflavík og Grindavík. Ég dreg ekki í efa og er reyndar alveg viss um að hv. varaformaður fjárln., hv. þm. Pálmi Jónsson, gerir sér ekki grein fyrir því að þetta jafngildir því að leggja niður skólahald á stórum flákum á Norðurlandi vestra. Ég er líka viss um að hv. 2. þm. Norðurl. e., hæstv. landbrh., gerir sér ekki grein fyrir því að þessi flati niðurskurður í skólum þýðir það að lagðir verða niður eða lokað tveimur skólum á Akureyri, bæði Lundaskóla og Gagnfræðaskólanum, því grunnskólastarfi sem þar fer fram, eða jafngildir því að leggja niður allt skólastarf í Norður-Þingeyjarsýslu. En það er þetta sem ríkisstjórnin er að segja menntmrh. að gera. Ég efast líka um það að hv. 1. þm. Suðurl. geri sér grein fyrir því að í þessum ákvörðunum er gert ráð fyrir því að leggja niður 38 kennarastöður á Suðurlandi sem jafngildir því að leggja niður t.d. verulegan hluta af þeim skólum sem nú eru starfræktir í Árnessýslu, eða jafngildir því að leggja niður flestalla skóla í dreifbýli á Suðurlandi. Ég efast um að hv. 1. þm. Suðurl. hafi gert sér grein fyrir þessu. Ég segi við virðulegan forseta að það verkefni sem verið er að setja hæstv. menntmrh. í með þessum ákvörðunum um flatan niðurskurð er algjörlega óvinnandi vegur því með þessu móti væri verið að brjóta niður allt grunnskólahald í landinu. Verið getur að það vaxi ekki mönnum í augum rétt fyrir jól á Alþingi, þegar menn líta hér út á Austurvöllinn, að það eigi að leggja niður kennarastöður á Vestfjörðum. Mönnum þyki það bara smámál að leggja niður 20 kennarastöður á Vestfjörðum sem jafngildir því t.d. að loka skólum í þorpunum, byggðarlögunum, í kringum Ísafjörð. Það getur vel verið að mönnum þyki þetta smámál. En ég fullyrði þá það, virðulegi forseti, sem er kannski það alvarlegasta í þessu — ég segi enginn í meiri hlutanum hefur gert sér grein fyrir því hvaða verkefni er verið að leggja hér á hendur menntmrh. Það þýðir auðvitað ekki það, herra forseti, að það eigi að fyrirgefa þeim af því að þeir vita ekki hvað þeir gjöra. Það liggur ekki þannig. En það á auðvitað að gefa þeim kost á því að leiðrétta þessar hugmyndir vegna þess að þær eru óframkvæmanlegar nema menn séu vísvitandi að taka ákvörðun um að leggja niður skólahald í landinu.

Auðvitað má setja þetta líka þannig upp að niðurskurðurinn samsvari því að minnka kennslu allra nemenda í grunnskólum um fjórar stundir á viku frá næsta hausti, eða hann samsvari því að öll stærðfræðikennsla yrði strikuð út í grunnskólanum. Það er svipuð upphæð sem þarna er um að ræða, eða hann samsvari því að engin sex eða sjö ára börn kæmu í grunnskólann næsta haust. Það er auðvitað þessi hrikalegi veruleiki, virðulegi forseti, sem verið er að segja við hæstv. menntmrh. að hann eigi að framkvæma.

Á hliðstæðan hátt er hæstv. heilbrrh. sagt að loka heilu sjúkrahúsunum. Ég hef því miður ekki, herra forseti, haft aðstöðu til þess að útfæra þessa þætti á einstök sjúkrahús yfir landið eða hverju niðurskurðurinn nemur af því er heilbrrn. varðar. En þar er um gríðarlegar tölur að ræða. Ég er ansi hræddur um það, þegar kemur fram á árið 1992, og hæstv. ráðherrar þurfa að loka spítalanum á Selfossi eða skólum í dreibýlinu á Suðurlandi þá muni hv. 3. þm. Suðurl., sá ágæti formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins og stórvinur minn, ekki ganga brosandi hér um sali. Það er hætt við því að það verði margur Matthías Bjarnason í þingliði Sjálfstfl. sumarið 1992. Og margt Reykjanesið.

Ég óttast, virðulegi forseti, að fulltrúar stjórnarflokkanna geri sér enga grein fyrir hvað er á ferðinni og hv. þm. Árni Johnsen er reyndar tillögumaður um þennan flata niðurskurð. Ég segi í fullri alvöru: Ég óttast að við stöndum frammi fyrir algjörlega nýjum veru-

leika í skólamálum á Íslandi og í velferðarþjónustu yfirleitt.

Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, að mikill vandi blasir við Alþingi þessa dagana? Hvernig stendur á því að hér fara fram ítarlegar umræður um ráðstafanir í ríkisfjármálum? Hvernig stendur á því að það fara fram ítarlegar umræður um fjárlög fyrir árið 1992? Hvernig stendur á því að þinghaldið er í uppnámi? Hvernig stendur á því?

Hv. þm. Geir Haarde og hæstv. forsrh. hafa auðvitað á því sínar skýringar. Skýringarnar eru þær að þeir þurfa enn þá að vera að burðast með minni hluta, stjórnarandstöðuna. Það er seinlegt og vesen að vera með lýðræði. Það sá Stalín snemma, eins og kunnugt er. En við erum sem betur fer með lýðræði og þingræði í landinu. Af hverju er það sem umræðurnar taka einhvern smá tíma? Hver er munurinn á þessum umræðum og umræðum sem hafa farið fram um fjárlög á undanförnum árum og áratugum? Hann er sá að það er verið að brjóta niður velferðarþjóðfélagið og sáttina um velferðarþjóðfélagið. Það hefur verið sátt um íslenska velferðarþjóðfélagið. Það hefur verið sátt um tiltekinn lágmarkssamnefnara fyrir velferðarþjóðfélagið á Íslandi. Núna er verið að rjúfa þá sátt. Það er verið að slíta í sundur friðinn á Íslandi í dag. Ekki aðeins við samtök launafólks heldur einnig við skóla, heilbrigðisstofnanir og hina félagslegu þjónustu og sveitarfélögin í landinu. Það er verið að slíta í sundur friðinn sem er forsenda þess að þessi fámenna þjóð norður við ysta haf fái að lifa og dafna í landinu. Að menn nái sátt um grundvallaratriði, mannúðarstefnu í framkvæmd. Stjórnin beitir sér fyrir því með beinum hætti að brjóta þá mannúðarstefnu á bak aftur og það er kostulegt að fylgjast með því hvernig forustumenn hagsmunasamtaka sem hafa gengið fram galvaskir til að berjast fyrir ýmsum málum á undanförnum árum, eru núna allt í einu komnir í band, eins og hv. formaður Hafnasambands sveitarfélaga. Ber er hver að baki nema sér bróður eigi. (**ÓÞÞ:** Það eru ljótu bréfaskriftirnar sem fara á milli.) Það eru kostuleg bréfin sem hv. 1. þm. Vesturl. fær frá formanni Hafnasambands sveitarfélaga og það væri auðvitað sálfræðilegt rannsóknarefni að stúdera innan í þá suma, þessa þingmenn stjórnarliðsins um þessar mundir. Það væri fróðlegt fyrir sálfræðinga, starfsmenn hæstv. menntmrh., að skoða innan í þá, sálartetrin í þeim sumum um þessar mundir. Ekki bara formann Hafnasambands sveitarfélaga. (**PJ:** Hefur þingmaðurinn skoðað inn í sálfræðinga?) Nei, en ég held það væri ástæða fyrir sálfræðinga að skoða innan í hv. þm. Pálma Jónsson — og nú skal ég rökstyðja það ef hv. þm. vildi gjöra svo vel og fá sér sæti augnablik vegna þess að ég held það sé betra að taka við þessu sitjandi en standandi.

Þannig háttar til að hv. þm. Pálmi Jónsson er varaformaður í fjárln. Hann er að leggja það til að leggja niður 22 kennarastöður á Norðurlandi vestra næsta haust. (**Gripið fram í:** Það verður ekki kennt þar meira.) Það verður ekki kennt þar meira, segir þingmaðurinn glaðhlakkalega, og það er kannski stefnan. — Hæstv. forseti, það er spurning hvort það væri hægt að biðja hv. varaformann fjárln. að staldra við augnablik. Hann er lagður á flótta. Það er kannski verið að skoða innan í hann einhvers staðar þarna frammi. Auðvitað skammast þeir sín þessir menn — og kemur ekki framkvæmdastjóri Verslunarráðsins í dyrnar í staðinn. Sá sem er búinn að skrifa sjálfum sér bréf og hótaði að stefna sér fyrir dómstóla. (**Gripið fram í:** Strax fyrir jól.) Og helst fyrir jól. Skrifa sjálfum sér bréf og væri fróðlegt að vita hvert hann sendir stefnuna á sjálfan sig. Það er væntanlega ekki mikill frímerkjakostnaður þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er að taka við kærunum frá framkvæmdastjóra Verslunarráðsins. Það er auðvitað alveg kostulegt að sjá til þessara manna og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, hins mikla jafnaðarmannaleiðtoga (**ÖS:** Var þetta ekki vatn í glasinu sem ég gaf þér?), sem nú er að leggja það til að loka tveimur skólum í Reykjavík næsta haust — og hann hleypur úr dyrunum líka. Og það er athyglisvert, virðulegi forseti, að þessir höfuðsnillingar sem eru að senda sjálfum sér hótunarbréf daginn út og daginn inn, haldast ekki við hér í salnum. Ég er hræddur um að þeir verði ekki flissandi mikinn hér næsta sumar þegar verður farið að loka „Reykjanesskólunum" allt í kringum landið. En ég held það væri vissara fyrir þá að athuga sinn gang núna vegna þess að það getur orðið of seint fyrir sálfræðingana að skoða vandamál þeirra þegar kemur fram á sumarið 1992. Ég held það yrði ódýrara að tryggja þeim meðferð strax í dag, virðulegi forseti.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hér í upphafi ætla ég að byrja á því að mæla fyrir brtt. sem er á þskj. 307 við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992. Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur á tillögu þessari eru hv. þm. Svavar Gestsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ingibjörg Pálmadóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 17. gr. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. bætist við nýr töluliður svohljóðandi: Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar hjá börnum og unglingum 16 ára og yngri samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn sem útfyllt er af viðkomandi tannlækni samkvæmt ósk Tryggingastofnunar og samþykki sjúkratrygginga."

Hv. heilbr.- og trn. fékk bandorminn margumræddu til umsagnar og þær greinar sem sneru sérstaklega að heilbrigðis- og tryggingamálum, sendan frá efh.- og viðskn. Þar voru margar mjög víðtækar breytingar sem til stóð að gera á almannatryggingalögum. Með góðum vilja og samstarfi í nefndinni, sem ég vil þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir, tókst að ná mjög víðtæku samkomulagi um breytingar á lagafrv. og senda þær til efh.- og viðskn. sem ég sé í brtt. hennar að hafa náð inn í þingsalinn aftur til 2. umr. Ég ætla ekki að gera þær brtt. að umræðuefni hér og nú svona í upphafi, heldur gera frekar grein fyrir þessari brtt. sem ég er hér að mæla fyrir. En ég vil þó, af því ég var búinn að

þakka hv. formanni heilbr.- og trn. fyrir gott samstarf, þakka auðvitað öðrum nefndarmönnum bæði í meiri hluta og minni hluta fyrir gott samstarf í nefndinni. Það er dálítið merkilegt að við flest þau mál sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar í haust og hafa komið aftur til 2. umr. hefur nefndin gert mjög víðtækar breytingar og í raun og veru umbylt þeim þannig að þau eru þegar þau koma hingað inn til 2. umr., flutt af nefndinni og ekki lengur stjfrv. En því miður náðist ekki samkomulag í nefndinni um tannréttingarnar, og því er þessi brtt. á þskj. 307 flutt af okkur minni hlutanum í heilbr.- og trn.

Síðan í desember 1989 hafa staðið yfir miklar deilur við tannréttingasérfræðinga. Þær deilur enduðu með því að þegar samkomulag hafði tekist á milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands sögðu 12 tannréttingasérfræðingar sig undan þeim samningi og þar af leiðandi gátu þeir sem þeirra þjónustu nutu ekki fengið endurgreiddan þann kostnað sem þeir höfðu af tannréttingaþjónustunni.

Fyrri heilbrrh. átti í hörkulegum deilum við þessa aðila sem og núv. heilbrrh. og það sem verst er auðvitað í þessu er að núv. hæstv. heilbrrh. hefur gefist upp. Hann hefur gefist upp í þessari baráttu og uppgjöfin lýsir sér í því að hann leggur til í þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 að hætt verði að greiða fyrir allar tannréttingar. Allar tannréttingar verði teknar út úr almannatryggingalögunum og einstaklingarnir þurfi að öllu leyti að bera þann kostnað sjálfir sem af því hlýst.

Nú ber að líta á það að tannréttingar geta verið afskaplega mikilvægar fyrir þá sem á þeim þurfa að halda. Þær eru kannski ekki misnotaðar en það er tilhneiging hjá tannréttingasérfræðingum hér á landi að rétta tennur í hverjum einasta einstakling. Þar er auðvitað of langt gengið. Hins vegar voru uppi hugmyndir um það og vilji Alþingis kom skýrt fram í lögum sem samþykkt voru hér í desember 1989 að það átti að flokka þessar tannréttingar eftir mikilvægi. Tryggingarnar áttu að endurgreiða einstaklingunum í hlutfalli við það mikilvægi sem tryggingatannlæknir hafði lagt á tannskekkjuna og endurgreiðslan átti að vera í samræmi við það.

Nú er frá þessu horfið og tannréttingarnar algerlega teknar út úr almannatryggingalöggjöfinni. Þetta finnst okkur vera uppgjöf. Uppgjöfin lýsir sér í því að nú á að láta fólkið borga. Það finnst okkur vera hart að velta þannig uppgjöf ráðherrans í þessari deilu yfir á einstaklingana í stórkostlega auknum útgjöldum sem eru á ári hverju ekki undir 150 millj. kr. í heild. Af því að ekki náðist samkomulag í heilbr.- og trn. um að þetta ákvæði kæmi inn í brtt. nefndarinnar í heild flytur minni hlutinn þessa brtt. sem ég tel mig hafa mælt fyrir. Fjárlögin og þessar ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér eru til umræðu eru að mati ríkisstjórnarinnar, og það hefur margoft komið fram bæði hjá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., grunnplöggin og grunnatriðin í efnahagsstjórninni í landinu. Þegar rætt er um að grípa þurfi til sérstakra efnahagsaðgerða er því oftast borið við af hálfu þessara hæstv. ráðherra að engra sérstakra aðgerða sé þörf heldur verði grundvöllurinn að efnahagsaðgerðunum lagður sérstaklega í fjárlagafrv. Þetta er auðvitað rétt að því leyti og svo langt sem það nær.

Hæstv. ráðherrar hafa sagt að þetta frv. eigi að tryggja stöðugleika. Það eigi að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum, það eigi að tryggja fulla atvinnu fyrir fólkið í landinu og það eigi að bæta starfsskilyrði atvinnulífsins. Hvernig birtist þetta frv., fjárlagafrv. og þessi bandormur sem hér er? Er hann í raun og veru í samræmi við þau fyrirheit og nær hann þeim markmiðum sem í fjárlagafrv. og þessu fylgifrv., sem með því er, er haldið fram? Nást þau markmið sem þarna er haldið fram? Ég segi hiklaust nei.

Gagnvart atvinnuvegunum heldur ríkisstjórnin þeirri stefnu sem hefur svo glögglega birst og er yfirlýst stefna hennar. Það er gjaldþrotastefna þar sem stefnt er að því að fækka fyrirtækjum, fækka atvinnutækifærum og ná þannig betri stjórn á efnahagsmálunum og atvinnumálunum með því að stýra með atvinnuleysi. Þetta er auðvitað leið til að halda niðri kjörum. Það er náttúrlega megintilgangurinn og þannig er sjónarspilið sett upp í dag. Í kjaramálum er síðan sagt: Okkur kemur þetta ekkert við. Það erum ekki við sem eigum að semja um kjörin, það eru aðilar vinnumarkaðarins. Okkur kemur ekkert við um hvað þið semjið. Í ríkisfjármálunum, þar sem bandormurinn skiptir höfuðmáli að mati ríkisstjórnarinnar og fjárlagafrv., er grunntónninn að skattleggja eigi sjúklingana og gefa banka en bara þeim sem eiga peninga. Af því að hæstv. félmrh. hefur svo margoft ítrekað það að undanförnu og taldi sig hafa náð alveg tímamótasamningum við hæstv. forsrh., þegar verið var að ganga frá þessu fjárlagafrv., um að í fjárlögunum þegar þau yrðu endanlega samþykkt frá Alþingi yrðu mjög miklar tekjujöfnunaraðgerðir. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar margra þingmanna úr þessum ræðustól til hæstv. félmrh. um hvar í fjárlagafrv. eða í þessu fylgifrv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sé að finna þessar kjarajöfnunaraðgerðir hafa því miður engin svör borist. Einfaldlega vegna þess að það er ekkert í þessu fjárlagafrv. sem er til kjarajöfnunar heldur hið gagnstæða. Það er ekkert í þessu fjárlagafrv. sem tryggir stöðugleika, sem tryggir jafnvægi, sem tryggir atvinnu. Það er ekkert í því sem gefur tilefni til að vextir muni lækka á næstunni. Það er ekkert í því sem tryggir starfsskilyrði atvinnulífsins. Niðurstaðan verður auðvitað sú að í hefðbundinni skýrslu Ríkisendurskoðunar í september á næsta ári um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1992 verður halli fjárlaga ekki 4 milljarðar, hann verður 8 milljarðar. Lántökurnar verða langt umfram innheimtu á ríkisskuldabréfum. Aðhaldsaðgerðirnar sem grípa átti til í ráðuneytunum til að spara 1.500 millj. munu allar hafa brugðist eða að langstærstum hluta til. Þetta verður því miður niðurstaðan af þessu stórmerkilega frjárlagafrv., sem hæstv. ráðherrar hafa haldið fram, og þessum bandormi, sem hér fylgir með, til að tryggja það — eða er tilraun til að tryggja það fjárlögin standist. Því miður mun ekkert af því sem ríkisstjórnin hafði að markmiði takast.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins í byrjun júní á

þessu ári var því haldið fram að prófsteinninn á þessa ríkisstjórn væri það hvernig henni tækist til í fjárlagagerðinni. Prófsteinninn væri fjárlagafrv. sem lagt yrði fram á fyrstu dögum þingsins, í byrjun október. Þá spyr maður sig auðvitað þegar maður lítur yfir hvaða væntingar Morgunblaðið hafi gert sér um hvernig þetta fjárlagafrv. liti út. Það hafði gert sér væntingar um að það yrði veruleg uppstokkun á ýmsum sviðum. Það yrðu grundvallarbreytingar, eins og þeir orðuðu það í Reykjavíkurbréfinu. Að þessi ríkisstjórn yrði ekki bara eins og ríkisstjórnir undanfarinna ára, einhver afgreiðsluríkisstjórn, þetta yrði alvöruríkisstjórn eins og viðreisnarstjórnin gamla hafði verið. (**Gripið fram í:** Að þeirra sögn.) Að þeirra sögn. Síðan kemur þetta fjárlagafrv. hér í þingið og hvað er í því? Það er auðvitað halli upp á 4 milljarða tæpa. (**Gripið fram í:** Fjöldaatvinnuleysi.) Það er fjöldaatvinnuleysi, það er óstöðugleiki og það er ekkert af því sem Morgunblaðið gerði sér væntingar um að yrði í þessu fjárlagafrv., það er ekkert af því. Enn þá er verið að klípa af fjárfestingunni, enn þá er verið að klípa af viðhaldinu, enn þá er verið með flata niðurskurðinn. Það eru öll sömu gömlu úrræðin og fyrri ríkisstjórnir hafa verið með við fjárlagagerðina. (**Gripið fram í:** Framsóknarríkisstjórnirnar.) Framsóknarríkisstjórnirnar, sjálfstæðisríkisstjórnirnar, en kratarnir hafa hangið aftan í og verið með og þeir hanga enn þá aftan í og hafa lítið til málanna að leggja. (**Gripið fram í:** Þeir þora ekki að hreyfa sig núna.) Staðreyndin er sú, og það sem er verra við þetta fjárlagafrv. en mörg þau fyrri, að nú þegar ekki eru nema kannski tveir dagar eftir af þinginu hefur ríkisstjórnin enn ekki komið sér saman um grundvallaratriðin sem þurfa að vera til staðar, að tekjurnar séu tryggðar þannig að hallinn sem spáð er verði á bilinu 4 milljarðar en auðvitað verður hann í raun 8 milljarðar kr.

En úrræðin eru þessi: Það er hvergi tekið á. Lagðir eru skattar á sjúklinga. Skattur á þá sjúklinga, sem sækja þjónustu sérfræðinga, og þeir þurfa að borga á árinu 1992 675 millj. kr. 675 millj. kr. munu sjúklingar þurfa að borga fyrir þjónustu sérfræðinga. Sjúklingar sem sækja heilsugæslustöðvarnar munu þurfa að borga 375 millj. kr. fyrir þá þjónustu. Skatturinn á þá sem nota lyfin sem Árni Johnsen gengur hér með um sali og gefur þingmönnum og ég þigg ekki, þakka þér fyrir hv. þm., mun verða 1 milljarður kr. sem lyfjaskatturinn einn og sér mun verða orðinn 1992. Þeir sem þurfa að nota lyf munu þurfa að borga fyrir þau 1 milljarð kr.

Uppgjöfin hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. við tannréttingasérfræðingana mun kosta það fólk 150 millj. kr. Flati sparnaðurinn upp á 1,5 milljarða mun auðvitað ekki nást en hann mun koma við buddu launþeganna sem starfandi eru hjá ríkinu, það fólk sem er á lægstu launum, vinnur inni á sjúkrahúsunum, inni á hjúkrunarheimilunum, ræstingarkonurnar á sjúkrahúsunum. Það er þetta fólk sem verður fyrir niðurskurði. Þannig verður reynt að ná þessum 1,5 milljörðum króna í flötum niðurskurði. Gamla fólkið sem rekið verður út af hjúkrunarheimilunum og spítölunum á miðju sumri þegar deildunum verður lokað mun finna fyrir þessum flata niðurskurði.

Þessi ríkisstjórn hafði að markmiði þegar hún fór af stað að hækka ekki skatta. Nú hefur það verið viðurkennt, þó við lítum ekki á þá skatta sem ég var að lýsa hér áðan og ríkisstjórnin vill kalla þjónustugjöld, þá er lagt til á síðustu dögum þingsins að lagður verið á sérstakur nefskattur eða svokallaður lögregluskattur. Það er að sögn hæstv. dómsmrh. bein hækkun á tekjuskatti og kemur dómsmrn. ekkert við vegna þess að það er ekki verið að breyta neinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í lögreglumálum. Það er bara verið að leggja skatt á sveitarfélögin sem þau síðan velta yfir á fólkið sem þar býr.

Virðulegi forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort hæstv. félmrh. er í húsinu eða ekki. Ef svo væri þá þætti mér ágætt að fá hann í salinn. (**Forseti:** Ráðherrann er í húsinu.) Er hún þarna í hliðarsal? (**Gripið fram í:** Hún hlustar á þig í hátölurum.) Það þykir mér afskaplega gott að heyra. (**Gripið fram í:** Viltu fá hana í salinn?) Nei, ég vil ekki vera að — ég veit að ráðherrann er lúinn. Það voru margar vökunætur hjá henni — þannig að ég er feginn ef hún heyrir. (**Félmrh.:** Ég heyri ágætlega í þingmanninum.) Það er gott að heyra. (**Gripið fram í:** Þú talar skýrt.) Hún er skilningsrík þannig að ég veit hún skilur. Ég sé að hún er komin. Þakka þér fyrir, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að hafa náð í samflokksmann þinn í hliðarherbergi. Ég heyrði það, hæstv. ráðherra, í kvöldfréttum í kvöld að borgarstjórninn í Reykjavík, Markús Örn Antonsson, sagði okkur Reykvíkingum sem og öðrum sem á kvöldfréttirnar hlýddum að það væri ákveðið að Reykjavíkurborg ætlaði ekki að hækka útsvarið á næsta ári þrátt fyrir að borgin þyrfti auðvitað, eins og önnur sveitarfélög, að standa straum af lögregluskattinum. Það sem mér þótti slæmt að heyra og trúi varla fyrr en ég fæ það staðfest af ráðherranum á eftir, voru þau orð borgarstjórans að auðvitað kæmi ekkert á óvart þótt sveitarfélögin hér allt í kring og sveitarfélögin almennt í landinu færu þá leið að hækka útsvarið vegna þess að félmrh. hefði hvatt til þess. (**Félmrh.:** Varla trúir þingmaðurinn þessu?) Ég trúi því varla upp á hæstv. félmrh. að hún hafi nokkurn tímann látið sér detta um munn fara eða hvatt til þess arna. En ég er nokkuð efins vegna þess að ég trúi því varla að borgarstjórinn ljúgi þessu framan í alþjóð. (**ÓÞÞ:** Er hugsanlegt að hann hafi átti við forsrh.?) Nei, það var alveg skýrt í hans máli að þarna átti hann við hæstv. félmrh. (**ÓÞÞ:** Það skýrir málið.) Það er rétt, hv. þingmaður. En þessa spurningu vil ég bera fram við hæstv. félmrh., hvort hér sé ekki einhver misskilningur á ferð. (**Félmrh.:** Svarið er nei strax.) Svarið er nei. Er ekki erfitt, hæstv. félmrh., að sitja undir slíkum ásökunum frá þeim aðilum sem eru samstarfsaðilar þínir í ríkisstjórn? (**Félmrh.:** Borgarstjórinn?) Borgarstjórinn hefur verið sjálfstæðismaður fram undir þetta en það getur vel gerst að það hafi breyst á síðustu sólarhringum. Hann hefur talist vera sjálfstæðismaður og forustumaður Sjálfstfl. í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Og forsrh.) Forsrh. núv. var áður borgarstjóri. (**StG:** Og er borgarfulltrúi.) Er

borgarfulltrúi. Það er rétt hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, hann er enn þá borgarfulltrúi. Það væri nú fróðlegt að vita hvernig hann mætir á þeim vettvangi. (Gripið fram í.) Hann væri betur geymdur þar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að bera fram fleiri spurningar við hæstv. félmrh. og mín vegna má ráðherrann fara hér í hliðarsalinn. En þá ætla ég aðeins, virðulegur forseti, að fara ofan í brtt. og ætla einvörðungu, til að spara tíma í umræðunni, að halda mig við þau atriði brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem snúa að heilbrigðis- og tryggingamálum.

Í 5. lið þessarar brtt., sem liggur fyrir hér, og er við 16. gr., er verður 14. gr., stendur:

„a. Orðin „Heimilt er að ákveða með reglugerð að gjaldið skuli vera hlutfallsgjald" í a-lið greinarinnar falli brott.

b. Orðin „og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald" í b- og c-lið greinarinnar falli brott.

c. Á eftir 1. málslið d-liðar greinarinnar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-lið skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða."

Þarna er lögð til mjög veigamikil breyting á þeim hugmyndum sem fram komu í upphaflega frv. Ég lýsti því við 1. umr. að ég tæki undir það að breyta þessu fyrirkomulagi á hlutfallsgjaldi sjúklinga í endurgreiðslum til sérfræðinga, lyfsala og almennra lækna úr föstu gjaldi yfir í hlutfallsgjald til auka kostnaðarmeðvitundina eins og þessi ríkisstjórn leggur höfuðáherslu á. En til þess að hægt sé að standa að slíkri breytingu er nauðsynlegt að svokallað þak komi á þessar greiðslur. Að ráðherra hafi ótvíræða heimild til að tiltaka í reglugerð að á hverju 12 mánaða tímabili skuli enginn einstaklingur greiða meira en tiltekna upphæð sem ákveðin er í reglugerðinni.

Þetta var till. hv. heilbr.- og trn. og um hana var alger samstaða. Ég fagna því að hv. efh.- og viðskn. skuli hafa tekið hana hér upp óbreytta og komið henni inn í brtt. í þinginu.

Við 17. gr., er verður 15. gr., 1. og 2. tölul. 1. mgr. eru líka gerðar verulegar breytingar. Þegar frv. kom hér fyrst fram var gert ráð fyrir því að allar tannréttingar féllu út og því miður náðist ekki samkomulag um að koma þeim aftur inn. Því höfum við minnihlutamenn í heilbr.- og trn., eins og ég lýsti áðan flutt brtt. varðandi tannréttingar. Það var einnig gert ráð fyrir því að varðandi skólatannlækningar að sá hluti þeirra sem hefur verið hjá almennum tannlæknum skyldi færður yfir til skólatannlækna. Ég ætlaði reyndar ekki að trúa mínum eigin augum þegar ég las þetta frv. í upphafi eftir að hafa sinnt þessum málaflokki nokkuð á meðan ég starfaði í heilbr.- og trmrn. og eftir að hafa átt nokkur samskipti við íhaldið hér í Reykjavík um þessa hluti. Gerðar voru nokkrar tilraunir til þess að koma þar á valfrelsi, að menn gætu valið að fara til almennra tannlækna og til skólatannlækna. Menn vildu draga úr því að fólk sækti til hinna almennu tannlækna vegna þess að þeir hafa talið, þótt nokkur ágreiningur sé um það, að sú þjónusta sé miklu dýrari.

Þegar þetta frv. hins vegar birtist í upphafi var algerlega girt fyrir að fólk gæti sótt neitt annað en til skólatannlækna. Á þessu var gerð breyting í meðförum heilbr.- og trn. og um leið var hlutur þeirra sem þjónustunnar njóta í skólatannlækningunum, og það er nýmæli, hækkaður úr 10% í 15% þannig að greiðsluþátttaka almannatrygginga samkvæmt brtt. eins og hún liggur núna fyrir er 85% en var í upphaflegu frv. 90%. Af hverju skyldi minni hlutinn í hv. heilbr.- og trn. hafa staðið að slíkri breytingu? Af þeirri ástæðu að það náðist inn mjög merkilegt ákvæði í þetta frv. sem er að öll fyrirbyggjandi þjónusta, þ.e. tannfræðslan, tannhreinsun, flúorvernd tanna og skorufyllur, yrði ókeypis. Þetta eru allt þættir sem eru gríðarlega kostnaðarsamir, skipta tugum ef ekki hundruðum milljóna, gætu verið á bilinu 120–150 millj. kr. Það var ákveðið og ég sé að það birtist hér í brtt. efh.- og viðskn. að þessir hlutir skyldu verða gjaldfríir. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að börn yngri en 5 ára hafa fengið endurgreitt 75% af þessum kostnaði en börn á aldrinum 6–15 ára hafa fengið allar tannlækningar ókeypis. Nú er sú breyting gerð á að allir 15 ára og yngri skulu greiða 15%, kostnaðarhluturinn skuli verða 15% og gildir þá einu hver aldurinn er. Það er auðvitað nokkuð erfitt þegar slíkar breytingar eru gerðar og samkomulagið er að því leyti ekki alveg eins og minni hlutinn hefði helst kosið en sættir sig þó við og ég trúi að hann muni styðja þessa brtt. í atkvæðagreiðslu. Ekki er endilega víst að þeir einstaklingar sem óska að sækja til almennra tannlækna fái greitt til baka 85% af þeim kostnaði er þeir verða leggja út fyrir hjá almennum tannlæknum heldur verði þeim endurgreidd 85% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá sem gert er ráð fyrir að hæstv. heilbr.- og trmrh. setji. Ástæðan er sú að talið er að þjónusta skólatannlækna sé ódýrari en þjónusta almennra tannlækna. Staðreyndin er hins vegar sú að um þetta eru mjög skiptar skoðanir og mér finnst alveg nauðsynlegt, virðulegur forseti, að í umræðunni komi fram sjónarmið Tannlæknafélags Íslands, athugasemdir sem þeir hafa sent hv. heilbr.- og trn. og hv. efh.- og viðskn. Í bréfi sem þeir rituðu þingmönnum þessara nefnda 9. des. 1991 byrja þeir á að taka fram að þeir geti stutt aukna kostnaðarhlutdeild einstaklinganna í þessari þjónustu. Þeir lýsa yfir stuðningi við 90% regluna, sem þarna hafði verið mótuð, og segja að kostnaðarhlutdeild sjúklinganna gæti hugsanlega verið meiri. Þar segir, með leyfi forseta, þegar þessu sleppir í bréfinu:

„Því miður eru önnur atriði frv. ekki eins skynsamleg. Þar er ætlunin að breyta lögum almannatrygginga þannig að einungis skuli endurgreitt fari tannlækningar skólabarna fram á ríkisreknum tannlækningastofum. Embættismenn trúa því að rekstur skólatannlækninga sé hagkvæmari en rekstur sjálfstætt starfandi tannlækna. Heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar hefur þó ekki getað fært sönnur á að svo sé. Það er rétt að hafa í huga að í stofnunum þar sem samsíða er rekin margs konar starfsemi hefur löngum gengið treglega að deila

af viti ýmsum sameiginlegum kostnaðarliðum við uppgjör. Oft er þar einfaldleikanum sleppt."

Síðan gera þeir nokkurn samanburð á þessum kostnaði og raunar fullyrða að þær upplýsingar sem nefndin hafði með höndum séu kolrangar. Þeir vitna í upplýsingar í bréfi, sem berst daginn eftir, frá tryggingatannlækni, Magnúsi R. Gíslasyni. Þeir segja að hann hafi sent frá sér fyrir nokkru síðan allt aðra mynd af því hversu stór hópur sæki almennar tannlækningar og hversu stór hópur sæki til skólatannlækna. Niðurstaðan af þessu öllu, þegar upp var staðið, má eiginlega segja að hafi verið sú að nefndarmenn hafi ekki með nokkru móti getað áttað sig á því hvað var rétt og hvað var rangt. Því verður að viðurkennast, virðulegur forseti, að þessi reglugerð, sem gert er ráð fyrir að hæstv. heilbr.- og trmrh. setji sem verðskrá fyrir þjónustu almennra tannlækna og um endurgreiðslur fyrir tannlækningar skólabarna, er á mjög veikum grunni reist. Í raun er hörmulegt til þess að vita að ekki skuli liggja fyrir frekari upplýsingar en raun ber vitni um hvernig þessi þjónusta er veitt og hve margir sækja hana.

Eins og ég sagði áðan þá kom mér mjög á óvart þegar ég sá það í frv. hvaða leið átti að fara í þessum tannlæknamálum. Það kom mér á óvart vegna þess að ég hef staðið í þeirri meiningu að Sjálfstfl. gæti ekki með nokkru móti sætt sig við að færa alla tannlæknaþjónustuna við skólabörn frá hinum sjálfstætt starfandi tannlæknum út í bæ inn á ríkisreknar skólatannlæknastofur. (Gripið fram í.) Það kom auðvitað fleirum en mér á óvart. Í Dagblaðinu í síðustu viku skrifar Börkur Thoroddsen, sjálfstætt starfandi tannlæknir í Reykjavík, fyrrv. formaður Tannlæknafélags Íslands, grein sem hann kallar „Miðstýring og forsjárhyggja" og, með leyfi virðulegs forseta, verð ég að fá að grípa niður í greinina á einum stað. Hún ber millifyrirsögnina Seinheppnir þingmenn.

„Það er ótrúlegt að Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl., flokks einstaklingsfrelsis og frjálshyggju, skuli mæla fyrir slíkum tillögum á Alþingi. Það er alveg makalaust hvað þingmenn þessa flokks geta verið seinheppnir að þurfa að éta ofan í sig hvert kosningaloforðið eftir annað. Aukin ríkisumsvif voru svo sannarlega ekki á stefnuskrá Sjálfstfl. fyrir kosningar."

Auðséð er þessi ágæti maður hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum. Það skyldi þó ekki vera að þessi virðulegi tannlæknir hér í Reykjavík, fyrrv. formaður Tannlæknafélags Íslands, hafi, eins og mjög margir aðrir í alþingiskosningunum í vor, haldið að eitthvað stæði að baki þeim loforðum sem Sjálfstfl. gaf í kosningabaráttunni. Hann hafi haldið að það væri eitthvað bitastætt í því að flokkurinn kæmist í ríkisstjórn og hægt væri að treysta loforðum þeim sem þá voru gefin. Þetta kemur okkur auðvitað ekki á óvart sem erum á Alþingi og höfum fylgst með umræðunni undanfarna daga en ekki veit ég hvert sálarástand þessa ágæta tannlæknis væri hefði hann fylgst með umræðunni að undanförnu þegar Sjálfstfl. hefur snúist við í hverju einasta máli, flutt óbreyttar tillögur fyrri ríkisstjórnar, allar skattatillögurnar. Ég ætla ekki að eyða tímanum, virðulegi forseti, í það að telja þær allar upp, það er búið að gera það svo oft. Þetta er bara eitt dæmi um að það stendur ekkert að baki því sem þessi flokkur lofaði fyrir síðustu kosningar og ég tala nú ekki um Alþfl. Ég ætla þó af því að ég er farinn að ræða þetta að minnast hér á nokkur atriði.

Það man kannski enginn hverju hann lofaði fyrir kosningar en ég hygg að margir muni þegar hæstv. utanrrh. stóð bísperrtur fyrir framan sjónvarpsmyndavélarnar og var að réttlæta fyrir þjóðinni hvers vegna hann hefði farið í þessa ríkisstjórn með Sjálfstfl. Það var vegna hins sterka þingmeirihluta sem ríkisstjórnin varð að hafa á Alþingi á þessum erfiðu tímum. Svo kom í ljós á Alþingi í síðustu viku að megingrein fjárlagafrv. var samþykkt með minni hluta atkvæða. Þetta var nú þessi sterki þingmeirihluti sem hæstv. utanrrh. hafði valið sér að starfa með ásamt hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni.

Í landbúnaðarmálum ætluðu þeir skólabræður og vinir, hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh., að standa í haust yfir fjöldagröfum þegar átti að drepa sauðfé í stórum stíl og draga stórkostlega úr útgjöldum til landbúnaðarmála. Sem betur fer hefur hæstv. utanrrh. ekki tekist þessi fyrirætlun sín en það eru auðvitað jafnmikil vonbrigði fyrir hann eins og flest annað sem stóð til að gera. (Gripið fram í.) Það virðist vera því þetta er bara upphafið á upptalningunni sem ég ætla hér að fara yfir.

Í sjávarútvegsmálunum átti að bylta kerfinu, skapa nýja sjávarútvegsstefnu þar sem gjaldtakan og skattlagningin fyrir veiðileyfið átti að vera aðalsmerkið. Komið hefur í ljós að hæstv. sjútvrh. mun aldrei nokkurn tíma koma slíkri stefnu í framkvæmd og ekkert skref í þá átt mun verða stigið í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Í fjórða lagi átti að gera stórsamning um álver í kjördæmi hæstv. iðnrh. Þá var auðvitað ekki hægt, eins og ráðherrann sagði, að treysta á einhverja hjörleifa með nauman þingmeirihluta. Það þurfti ekki að treysta á neinn í þeim efnum því að ráðherra klúðraði samningunum algerlega sjálfur. Aðaltrompið var samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og þar var ekki heldur hægt að treysta á neina hjörleifa og allir þekkja þá sögu og sennilega verður aldrei af þeim samningi. Allt það sem hæstv. utanrrh. var að réttlæta til að mynda þessa ríkisstjórn hefur ekki og mun aldrei nokkurn tíma verða að veruleika.

Virðulegi forseti. Þá þarf ég að minnast á nokkur atriði sem ekki eru beinlínis í brtt. efh.- og viðskn. heldur snerta frv. eins og það var lagt fyrir þingið í upphafi. Þá er það fyrst lyfjakostnaðurinn. Það er kannski sá málaflokkur þar sem einna skýrast kemur í ljós sá grundvallarmunur sem er á stefnu þessarar ríkisstjórnar og stefnu fyrri ríkisstjórnar. Eins og ég lýsti áðan mun á árinu 1992 vera ætlast til þess, af hæstv. heilbr.- og trmrh., að þeir sem þurfa að nota lyf muni borga 1 milljarð kr. eða um 25% af öllum lyfjakostnaði í landinu. Fyrri ríkisstjórn og fyrri heilbrrh. lagði höfuðáherslu á að breyta skipulagi lyfjamálanna, lækka álagninguna í smásölunni, lækka álagninguna í heild-

sölunni, láta stóru apótekin veita afslátt til Tryggingastofnunar ríkisins og koma uppp svokölluðum bestukaupalista þar sem læknar ávísuðu á ódýrustu lyfin. Allt þetta var gert. Í tíð fyrrv. heilbrrh. var álagningin lækkuð úr 68% í smásölu niður í 59%. Í heildsölu var hún lækkuð úr 17% niður í 13,5%. Stóru apótekin veittu afslátt er nam 80 millj. kr. á ári. Bestukaupalistinn skilaði árangri. Sparnaður af þessu á einu ári var 350–400 millj. kr. Hefðu menn haldið áfram á sömu braut og farið með álagninguna úr 59% niður í 40% og heildsöluálagninguna úr 13,5% niður í 10% hefðu sparast 533 millj. Þetta treysti hæstv. heilbr.- og trmrh. sér ekki til að gera. Þetta treysti ríkisstjórnin sér ekki til að gera. En hún treysti sér til þess og nú stæra menn sig af því að láta gamla fólkið, ellilífeyrisþegana, öryrkjana og barnmörgu fjölskyldurnar greiða 400 millj. kr. á hálfu ári fyrir lyfin sín. Auðvitað mátti ekki hrófla við apótekarakerfinu. Það var alveg heilagt af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Þannig mætti auðvitða nefna mýmörg dæmi.

Heilbrrh. hefur lýst því yfir að hann hyggist flytja hér á Alþingi frv. til breytinga á lyfjalögum þar sem tekið verði á þessum skipulagsmálum. Hann fór reyndar strax í vor að lofa slíku þegar að honum var sótt út af auknum lyfjakostnaði. Það bólar ekkert á því enn og ég á eftir að sjá að hann nái einhverri samstöðu við Sjálfstfl. í þessum efnum. Þeir tala nefnilega um frjálsræðið en þeir vilja ekki sjá það. Það fyrirkomulag sem nú er á lyfjadreifingunni í landinu er þannig að ekki er hægt að hugsa sér miðstýrðara kerfi en það sem þar viðgengst og það er það kerfi sem Sjálfstfl. vill standa vörð um.

Kostnaður við sérfræðilæknishjálp er annað dæmið og skýrt dæmi um hver er munurinn á núv. ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórn. Þá var ákveðið að brjóta upp samninginn sem var í gildi milli sérfræðinganna og Tryggingastofnunar ríkisins. Kostnaður í sérfræðilæknishjálp hafði á föstu verðlagi, ef við miðum við verðlag í júní 1990, hækkað úr 440 millj. kr. árið 1984 í 979 millj. árið 1988, tvöfaldast og rúmlega það. Hverjir skyldu hafa farið með heilbrigðis- og tryggingamálin á þessum tíma? Ég hygg að flestir muni það. Það voru tveir ráðherrar Sjálfstfl. Það var ekkert gert til að spyrna við fótum enda er staðreyndin sú að á hverjum þeim tíma sem Sjálfstfl. er í ríkisstjórn aukast ríkisútgjöldin þrátt fyrir sífelld loforð um að skera niður. En um áramótin 1988/1989 var skrifað undir nýjan samning við sérfræðinga sem gerði ráð fyrir að kostnaðurinn drægist saman um 135 millj. kr. og það tókst og á föstu verðlagi árið 1989 hafði þessi kostnaður lækkað úr 979 millj. 1988 í 844 millj. 1989 og síðan hélt hann áfram að lækka 1990 um 35 millj. kr. á milli áranna 1989 og 1990. Þetta er auðvitað hægt ef menn vilja ekki gefast upp en það er núv. ríkisstjórn er að gera. Hún gefst upp við að taka á þessum vandamálum og flytur þau yfir á fólkið sem hún vill láta borga. Og nú er meiningin sú að láta þá sem þurfa á sérfræðilæknishjálp að halda á næsta ári greiða 635 millj. kr. eða hækka komugjaldið til sérfræðings úr 900 kr. í 1.500 kr. sem er 260 millj. kr. aukning bara á milli ára.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég veit eða ég býst við, maður veit reyndar fátt hér og ýmislegt getur gerst þannig að ég þori ekki nákvæmlega eða ætla a.m.k. ekki að hafa stór orð uppi um það, en ég býst við því að mælt verði fyrir brtt. við frv. til fjárlaga við 3. umr. á morgun og þá hef ég í huga að taka til máls um sjúkrahúsin í Reykjavík. Mér finnst ekki, virðulegur forseti, að það eigi beint við inn í þessa umræðu hér um ráðstafanir í ríkisfjármálum þannig að ég ætla að láta það bíða til 3. umr. fjárlaga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 er heiti þess máls sem hér er á dagskrá. Það merkilega við þetta frv. er að það tekur yfir tímabilið frá 1992–2002 og ber þó þetta sakleysislega nafn. Ég held að þeim, sem væri að fletta lagasafni og sæi þennan texta, mundi aldrei detta í hug að gá hvort breytingar væru á grunnskólalögum í þessu frv. Hann mundi telja að þetta væri frv. fjallaði aðeins um ríkisfjármál 1992. Nú er mér að vísu ljóst að trúlega verður texti þessa frv., ef að lögum verður, tölvukeyrður þannig að menn setji þetta á réttan stað inn í lagasafnið í framtíðinni. En það hlýtur engu að síður að vera umhugsunarefni hvaða ástæður liggja á bak við að menn geri sér lítið fyrir og taki grunnskólalög með þeim hætti sem hér er gert inn í þetta frv.

Ég vil vekja athygli á því að hæstv. menntmrh. er með þeirri tillögugerð sem hér er að leggja til grundvallarbreytingar í grunnskólalögunum hvað það varðar að tímafjöldi, sem börnum er ætlað að stunda nám, verður ekki lengur ákveðinn í lögunum sjálfum heldur í reglugerð. Þetta þýðir það að þó að Alþingi Íslendinga hafi skoðanir á því hvernig eigi að standa að skólahaldi og eigi sér einskis ills von í þeim efnum þá getur ráðherra hvenær sem er breytt þessum ákvæðum í reglugerðinni. Hann getur eins tekið ákvörðun um að það verði kennt fimm tíma á viku ef honum sýnist svo. Vald til reglugerðarsetningar í þessum efnum er ótakmarkað. Það er ótakmarkað og ef hæstv. menntmrh. heldur að hann sé að draga sér vald með þessu móti til frambúðar þá er rétt að hæstv. menntmrh. gefi sér tíma til að fletta spjöldum sögunnar og átta sig á því að þó að hátt sigli hann í dag gæti annar verið kominn í þennan stól á morgun. Sá gæti allt eins tekið ákvörðun um það að tvöfalda tímann sem krakkarnir ættu að vera í skóla. Þetta þýðir í reynd að Alþingi Íslendinga er að afsala sér valdi sem það hefur til framkvæmdarvaldsins með ófyrirséðum afleiðingum. Hæstv. menntmrh. getur þess vegna verið farinn úr stólnum um áramót og annar kominn í staðinn. En verði þetta samþykkt þá hefur hann komið því til leiðar að enginn veit hvaða kennsla verður í grunnskólum landsins.

Ég held að það sé líka umhugsunarefni að það ákvæði, sem sett var inn í grunnskólalögin í fyrra og var ætlað að veita með aðlögunartíma sveitarfélögum það aðhald að skólinn skyldi verða einsetinn á tíu ára tímabili, er tekið út. Sem sagt, tíu ár fram í tímann á þetta frv. að hafa áhrif á grunnskólalögin í landinu, með þessari fyrirsögn og það vekur virkilega undrun.

Þetta er eins og að fæðingarvottorð og dánarvottorð *væru sett í sama texta og gefin út sem fæðingarvottorð.*

Ég ætla ekki að dvelja lengur við einsetna skólann en það sækir á huga minn þótt þetta sé sett inn fyrst og fremst til að storka þinginu. Og nú verður það að segjast eins og er að Alþfl., flokkur jafnaðarmanna eins og þeir kynna sjálfa sig, hlýtur að verða að svara því hvers vegna skrifa þeir upp á þetta. Hvers vegna ætla þeir að standa að því að breyta grunnskólalögunum með þessum hætti? Hvar á Norðurlöndum hefur mönnum dottið þetta í hug — eða Þýskalandi eða Frakklandi? Svarið er: Hvergi.

Ég ætla að hafa hér örlítið innskot í þessa umræðu. Það var ákveði í þessum bandormi á þann veg að menn vildu breyta kosningalögunum og taka burtu ákvæði um hvernig ætti að auglýsa framboð. Það merkilega gerðist í allshn. að heilbrigð skynsemi varð ofan á og það er m.a. að þakka þeim hæstv. forseta sem hér situr. Honum varð einfaldlega ljóst ásamt meiri hluta nefndarinnar að þetta átti ekkert skylt við fjárlög 1992 nema þá ef ríkisstjórnin væri búin að ákveða að hafa kosningar á því ári. Þessi brtt. fór þess vegna frá allshn. inn í efh.- og viðskn. Og viti menn, efh.- og viðskn. virti þetta þannig að ég verð að segja eins og er að ég tel að þeir stjórnarsinnar sem stóðu að þeirri breytingu séu menn að meiri því að þeir litu ekki á þetta sem heilagt plagg sem bæri að afgreiða. Þeir litu á þetta sem frv. sem bæri að fara yfir og meta hvort skynsamlegt væri að gera að lögum eða ekki.

Eitt atriði er það í grunnskólalögunum, svo að ég haldi áfram með þau, sem ég tel að Íslendingar hefðu þurft að vera búnir að lögbinda fyrir löngu og það er það ákvæði að börn eigi rétt á því að fá skólamáltíðir. Hvernig gengur það upp hjá þessari þjóð, sem er sjöunda í röðinni samkvæmt skýrslu OECD um þjóðartekjur á mann, að halda því fram að það sé eðlilegt að kennararnir fari í mat en krakkarnir fái ekkert? Hvernig gengur það upp? Við skulum fara örlítið yfir sögulegar staðreyndir. Mér er ljóst að um 1850 voru menn skyldaðir til þess af sveitarstjórnum Íslands að standa að vegavinnu. Það voru lagðar kvaðir á bæi að vinna svo og svo mörg dagsverk til þess að greiða fyrir samgöngubótum og það var ákvæði um að menn skyldu nesta sig sjálfir, menn skyldu koma með nesti sitt sjálfir. Hreppurinn ætlaði ekki að skaffa þeim mat. Hvernig er þetta í dag? Fá þeir sem eru í vegavinnu *mat eða verða þeir að nesta sig sjálfir?* Það er löngu búið að leysa þetta mál. Það er talið eðlilegt að þar séu mötuneyti sem sinni því að menn fái mat á sínum matmálstímum.

Mér er líka ljóst að herskyldan var þannig. Það var herskylda og hermennirnir voru skyldugir ef þeir voru í heimavarnarliðssveitum að nesta sig sjálfir. Það var kvöð. Þeir skyldu koma með nesti með sér. Hvernig er þetta í dag? Það er búið að breyta þessu. Það er búið að breyta þessu um alla Evrópu. Ég er viss um að það er enginn í þessu þingi sem getur bent á her sem er þannig útbúinn að menn eigi að hafa nesti með sér að heiman. Og hvernig stendur þetta þá með skólana um Evrópu? Jú, íslenska menntmrn. leyfir sér að senda bréf inn til nefndadeildar þingsins og segja nánast ekkert af viti um þetta mál. Það er skrúfað fyrir upplýsingastreymi inn til þingsins um upplýsingar frá næstu þjóðum. Látið að vísu í það skína að ýmsir einstaklingar í menntmrn. viti nú dálítið um hvernig þetta sé, einn hjá þessu landi, annar hjá hinu. En að þeir svari nefndadeild þingsins sem á að vera upplýsingagjafi fyrir þingmenn í þessum efnum, gefi þeim heiðarleg svör það er af og frá. Ráðuneytið treystir sér ekki einu sinni til að svara því sómasamlega hvernig staðið er að þessum málum hér á landi. Þeir treysta sér ekki einu sinni til þess að svara því, segjast þurfa lengri tíma. Viðurkenna þó að mjög víða hefur sú þróun orðið þar sem heimavistarskólarnir voru og heimanaksturssskólarnir eru í dag að þar eru mötuneyti. Þar eru rekin mötuneyti.

Ég minnist þess að á þeim árum sem ég var skólastjóri vestur á fjörðum var það föst regla í því litla sjávarþorpi þar sem ég var skólastjóri að við gerðum hlé kl. 12 til þess að börnin kæmust heim og hefðu möguleika á að borða hádegisverð eins og fullorðna fólkið. Mér brá þegar ég ferðaðist um Vestfirði og áttaði mig á því að það var ekki alls staðar sem þetta var við lýði lengur. Krakkarnir voru að koma heim úr skólanum um kl. 2, sjö, átta og níu ára krakkar, foreldrarnir í sumum tilfellum báðir útivinnandi. Vafalaust hefur verið reynt að hafa eitthvað til. Engu að síður er það staðreynd að það er tíu ára skólaskylda í þessu landi. Tíu ár sem íslenska ríkið var að taka ákvörðun um að börnin eigi ekki að fá eðlilegar máltíðir. Svo kenna menn heilsufræði í skólanum, heilsufræði þar sem lagt er upp úr því að menn eigi að borða hollan og góðan mat. Hvar er nú rökrétt samhengi í þessari hringavitleysu, hvar er það rökrétta samhengi? Eða manneldisstefnan, sem var samþykkt af Alþingi Íslendinga, ég einn af fáum sem þorði ekki að greiða atkvæði með henni af því að *mér var ekki ljóst hvernig* hún væri hugsuð í framkvæmd.

Það er Íslendingum ekki til mikils sóma að horfa á þá staðreynd að þegar viðreisnin fór frá var þetta land í 12. sæti í þjóðartekjum á mann, í 12. sæti samkvæmt OECD. *Þegar framsóknarmenn voru búnir að stjórna* landinu í 10 ár eftir það ásamt öðrum flokkum vorum við komnir í 4. sæti í þjóðartekjum á mann samkvæmt sömu skýrslugjöfum og eftir 20 ár vorum við í 6. sæti. Svo segja menn: Það er bara ekki hægt að leggja það á íslenska þjóð að sjá til þess að börnin fái mat í skólanum. Það er slík rosaleg kvöð að sveitarstjórnarmenn fyllast heilagri vandlætingu ef á að sjá til þess að krakkarnir fái mat í skólanum. Eru það snauðustu sveitarfélög á Íslandi sem gera uppreisnina? Nei. Það er kannski kaldhæðni örlaganna að það eru sveitarfélögin sem hafa verið að leika sér með þá peninga sem þau hafa undir höndum, hafa verið í gæluverkefnum, byggja veglega minnisvarða um borgarstjóra þannig að á koparspjaldi utan á stórbyggingunum verði skráð eftir 100 ár hver var borgarstjórinn sem byggði slíkt eins og með píramídana í Egyptalandi. En að tryggja það að íslensk börn fái skólamáltíðir eins og er í Noregi, Sví-

þjóð, Danmörku, Þýskalandi, Finnlandi og Frakklandi. Hver einasti maður í menntmrn. veit að þannig er þetta. (**Gripið fram í:** Og Bretlandi.) Og Bretlandi, ríki Thatcher. Hún þótti hörð, járnfrúin. Það hvarflaði ekki að henni að taka þau réttindi af að börnin fengju mat í skólanum.

En í rykföllnum plöggum Reykjavíkurborgar er skýrsla þar sem gerð var könnun á því hvort öll börn í höfuðborg Íslands vær vel nærð. Það vantaði 10% upp á. Það minnir á það að Vilhjálmur frá Skáholti orti ljóð utangarðs. Það er enn stefnt að því að utangarðsmenn skuli vera í þessari borg. Vissulega getur verið að það stafi af því sama og var hans meinsemd. Hann sagðist hafa vanrækt að vinna fyrir Ólaf Thors og Co. En hvað um það. Er það sanngjarnt hjá þessari þjóð að hopa nú frá þessari samþykkt en taka í staðinn ákvörðun um að það þurfi bara að auka löggæsluna í landinu? Ég tel að það verði smánarblettur á Alþingi Íslendinga sem ekki verði þveginn af því á næstu áratugum ef menn á kvöldstund fyrir jól taka ákvörðun um að taka þetta atriði út úr grunnskólalögunum. Það á ekki erindi inn í þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, það á að taka þetta út. Það á ekkert erindi þarna inni. Því er smyglað þarna inn. Það er viðurkennt af hæstv. menntmrh. og ég vona að ég móðgi engan þó að ég biðji hæstv. menntmrh. ekki að vera viðstaddur. Ég held að það breyti engu. Ég held að hæstv. menntmrh. sé gersamlega rökþéttur í þessu máli. Sama hvaða rök væru notuð, hversu lengi væri talað og hversu mikið væri sagt og hversu mikið af gögnum væri lagt fyrir hann. Hæstv. menntmrh. er í þessu máli að því er virðist eins og grammófónsplata þar sem nálin er orðin föst í ákveðnum hring.

En hæstv. menntmrh. ætlar að leggja fram virðulegt frv. að nýjum grunnskólalögum. Það ætlar hann að gera með hækkandi sól. Þar eiga að vera falleg ákvæði skulum við gera ráð fyrir. Þar hentar ekki að setja inn að lagt hafi verið til að íslensk börn ættu ekki rétt á skólamáltíðum. Slíku frv. verður slegið upp í Morgunblaðinu og það verður kynnt. Þar hentar ekki að það sé verið að benda á að menn séu að taka svona lagað upp. Það verður gert í allt öðru frv. (**Gripið fram í:** ... blekkingaleikur.) Þessi blekkingaleikur er augljós hverjum manni sem vill hugsa, hverjum manni sem vill hugsa er þessi blekkingaleikur augljós. En það sem mér er gersamlega óskiljanlegt er hvers vegna íslenskir jafnaðarmenn í Alþfl. ætla að færa börnunum á Íslandi þessa jólagjöf. Hvers vegna ætla þeir að færa börnunum á Íslandi þessa jólagjöf? Ég býst ekki við að hæstv. utanrrh. lækki svo flugið að hann brjóti heilann um grunnskóla á Íslandi. Ég býst ekki við því að hæstv. iðnrh. brjóti heilann um grunnskóla á Íslandi. Og ég býst ekki við því að hæstv. umhvrh. brjóti heilann um grunnskóla á Íslandi En ég spyr sjálfan mig þeirrar spurningar: Fær það staðist að hæstv. félmrh. telji það ekki falla undir félagslegt réttlæti hvort börn eigi kost á skólamáltíðum eða ekki? Fær það staðist að hæstv. félmrh. telji að eðlilegt sé að hér sé skólaskylda, herskylda á íslensk börn að mæta, en þetta séu þeir þegnar sem sitji uppi með skylduna en ekki réttinn. Það er merkilegt ef hæstv. félmrh. telur að þetta sé það sem eigi að færa börnunum sem jólagjöf á þessum jólum.

Menn geta svo leitt hugann að því að í frétt sem barst í gegnum Morgunblaðið í fyrra til þegna þessa lands kom það fram að breskur dómari dæmdi óknyttastrák til þess að borða venjulegan mat, hann skyldi borða venjulegan breskan mat. Það sem fréttamönnunum þótti merkilegt var sú niðurstaða að eftir að strákur sat uppi með það að fá eðlilegan breskan mat lét hann af óknyttunum. Það skyldi þó ekki vera að þeir séu margir sem vegna vanlíðunar stunda óknytti sem þeir mundu láta af ef líkamleg líðan væri eðlileg. (Gripið fram í.) Það er nú einu sinni svo, hv. 8. þm. Reykn., að þótt menn vilji í daglegu tali aðgreina líðan sálar og líkama er það einfalt mál fái maður sér naglbít og klípi í stóru tána á einhverjum manni er eins og ástandið á sálinni versni líka, það er ekki bara líkaminn sem taki kvalirnar. (**ÓRG:** Ræðumaður hefur alveg gleymt að tala um heilbrrh.) Hæstv. heilbrrh. hefur margt að glíma við og ég efa að hann lúti að þessu máli. (Gripið fram í.) Það segir nú kannski sitt um þessa hluti að hæstv. félmrh. lýsti því yfir að sumir virtust hafa kok til að gleypa hvað sem er. Ráðherrann sagðist ekki hafa slíkt kok og við minnumst þess að á flokksþingi Alþfl. sló í brýnu á milli þessa ráðherra og núv. formanns. Núv. formaður virðist hafa orðið það sár að hann þurfti í blaðaviðtali að rétta sinn hlut eftir vopnaviðskiptin, svo barinn var hæstv. utanrrh. Þess vegna er mín spurning til hæstv. félmrh.: Lítur ráðherrann svo á að það sé aðeins innan síns ráðuneytis sem ráðherrann eigi að hafa áhrif á félagslegt réttlæti í þessu landi eða telur hæstv. félmrh. að það sé eðlilegt að hann skipti sér af félagslegu réttlæti í hvaða ráðuneyti á Íslandi sem er? Það vill nefnilega svo til að umhvrh. virðist líta svo á að hann eigi að skipta sér af umhverfismálum í öllum málaflokkum. — Nú hef ég orðið til þess að vekja hæstv. menntmrh. af værum blundi og þykir mér það miður því að ég ætlaði alls ekki að verða til þess að trufla hæstv. menntmrh.

Ég geri mér grein fyrir því að menn vilja helst fá að vera í friði með svona frumvörp, vilja helst ekki þurfa að hlusta á neinar athugasemdir. En það væri mikil kaldhæðni ef örlögin yrðu á þann veg hjá hæstv. menntmrh. Segjum nú að ákvæðið um að setja þetta inn í reglugerð yrði samþykkt og svo yrði alþýðubandalagsmaður menntmrh. mánuði seinna. Þá væri hæstv. menntmrh., sem er löggiltur sjálfstæðismaður í bak og fyrir, búinn að koma því til leiðar að Alþingi Íslendinga hefði afhent Alþb. alræðisvald um það hversu marga tíma ætti að hafa í kennslu í hverjum bekk. Það væri skemmtilegt að standa upp frá borðinu eftir slíka afgreiðslu. En svo miklir draumóramenn eru íslenskir ráðherrar að þeir trúa því að vald þeirra standi svo lengi að það eigi að semja lögin eftir því hver sé ráðherra yfir hverjum málaflokki á hverjum tíma. Það er skrýtin lagasetning að tarna ef gengið væri út frá því að miðað væri við ákveðna menn. Það yrði sett inn í bandorminn, með leyfi hæstv. forseta, að svo lengi sem ákveðinn þingmaður er ráðherra skuli reglugerðarvald-

ið vera til staðar, annars falli það út. Þá væri náttúrlega séð við þessum leka.

Herra forseti. Ég hljóp á því og get eiginlega ekki orða bundist af því að ég met það svo að sá jarðvegur sé það ófrjór að ekki sé vert að eyða lengri tíma í að tala um grunnskólann. Ég hugðist víkja svolítið að þeirri miklu sérþekkingu sem er í hv. fjh.- og viðskn. á refa- og minkaveiðum í landinu. Það vill svo til að Íslendingar búa við það að þessi tvö dýr valda stundum meiri usla í náttúru landsins og á búpeningi landsmanna en góðu hófi gegnir. Ekki fer á milli mála að minkurinn hefur orðið til þess að draga úr fuglalífi *mjög víða og ég hygg að þeir sem vilja friða minkinn* og tófuna á vissum landssvæðum séu þá jafnframt að leggja til að á viðkomandi svæði megi gjarnan fækka öðrum villtum dýrum. Hér eru menn að gera því skóna að ákveðin svæði eigi að vera friðhelg og sveitarfélögin í næsta nágrenni eigi aftur á móti að bera kostnað af veiðum í sínu sveitarfélagi.

Með leyfi forseta langar mig að segja frá því að fyrir nokkrum árum gekk ég upp á Göltinn, sem er fjall við Súgandafjörð, og var með sjónauka með mér. Ég var að kíkja af fjallsbrúninni niður í hvilft sem var þar fyrir neðan og mér til stórrar undrunar sá ég ekki betur en yrðlingar, sem voru þar að leik hjá móður *sinni, væru allir komnir með lambamerki í eyrað*. Þóttu mér það undur og stórmerki, vissi ekki til að farið væri að marka yrðlingana eða merkja þá. En með vissu þess manns sem taldi sig ekki sjá neinar ofsjónir hætti ég á að færa það í tal við menn þegar ég kom til byggða hvort hugsanlegt væri, ég þorði ekki að kveða fastar að orði, að yrðlingar væru komnir með lambamerki í eyrað. Ég fékk það svar að í nafni vísindanna hefði ágætur Íslendingur, sem er nú yfirmaður þessara mála, farið fram á það við tófuskyttu svæðisins að merkja þessa yrðlinga til þess að átta sig á því þegar þeir yrðu felldir hvert væri það svæði sem tófan færi um.

Niðurstaðan var þó nokkuð merkileg. Þetta svæði sem þeir ólust upp á er nánast á milli Súgandafjarðar og Bolungarvíkur. Tvær tófur voru drepnar í Holti í Önundarfirði, í varpinu þar, sem höfðu verið merktar og ein var drepin í botni Dýrafjarðar. Þá er fjarlægðin orðin meiri en 70 km. Ef menn tækju sig til og friðuðu ákveðin svæði, og tófan er nokkuð skynsöm, ég hygg kannski að hún sé greindari en hæstv. umhvrh. gerir sér grein fyrir, mundi tófan fljótlega átta sig á því að þessi ákveðnu griðlönd væru náttúrlega besti staðurinn til að dvelja á meðan hún væri að koma upp yrðlingunum. Þar fengju grenin að vera í friði. En hún mundi líka gera sér grein fyrir því að það mundi vera betra að leita sér fanga svolítið fyrir utan svæðið því að sú kenning hefur lengi verið á lofti að tófan drepi yfirleitt ekki nálægt greninu. Eitt var það sem kom í ljós varðandi þessar tófur sem voru merktar að ein þeirra átti greni í Súgandafirði í 7 km fjarlægð frá þessum stað en sótti engu að síður til fanga í varpinu í Holti í Önundarfirði. Niðurstaðan yrði kannski sú að þeir sem ættu að sjá um grenjavinnsluna í nágrenni við þjóðgarðana sætu uppi með það að ríkið æli upp refinn en þeir yrðu að borga kostnaðinn af því að fella hann og þætti það nokkuð grátt gaman jafnvel þó að ríkið tæki þátt í því með þeim. Ég verð þess vegna að segja eins og er að það þarf ögn merkilegri texta en hér er á bls. 3 í nál. til þess að sannfæra mig um að menn séu búnir að finna lausn á þessu máli. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt er gert ráð fyrir að skipulagi veiðanna verði breytt þannig að þær verði markvissari og kostnaðarminni fyrir sveitarfélögin."

Þetta með að verða markvissari taldi ég að ég skildi, þ.e. það ættu að vera betri skyttur sem önnuðust þetta en verið hafa. Hvernig þær ættu að verða kostnaðarminni *var mér ekki alveg ljóst eftir að þessi nýja aðferð væri upp tekin* að hafa sérstök vaxtarsvæði fyrir tófuna og önnur svæði þar sem ætti að slátra henni. Það verður að segjast eins og er að ekki er að undra þó að venjulegum mönnum vaxi það dálítið í augum að hafa ekki komist á fund í nefndinni til þess að verða þess aðnjótandi að átta sig á því hvernig þetta er hugsað.

Hér er samt fullyrt á öðrum stað svolítið neðar, með leyfi forseta: „Tjón af völdum refa og minka er mismikið eftirt svæðum. Því er talið heppilegra að draga úr útgjöldum til þessa viðfangsefnis með því að heimila umhvrh., í samráði við veiðistjóra, að taka ekki þátt *í kostnaði við eyðingu þeirra á svæðum þar sem þeir valda minnstum usla* ..."

Nú er vitað að það er enginn búskapur í þjóðgarðinum t.d. á Þingvöllum, ekki ein einasta rolla sem hv. þjóðgarðsvörður hefur og lambadauði þess vegna enginn af völdum tófunnar. Það yrði þess vegna sjálfgefið uppeldissvæði. Hitt er svo spurning hvort karlarnir í Grímsnesinu þyrftu að borga kostnaðinn við að slátra ef tófan yrði með bústað í öllum þeim grenjum sem hafa verið á hinu víðáttumikla svæði þjóðgarðsins. Kannski er þetta hugsað á þann veg, sem ég tel mig hafa veður af, að ágætur þingmaður í salnum sé að hugleiða að það verði þjóðgarðsnefndin sjálf sem verði send á skytterí í Grímsnesiu til þess að minnka kostnaðinn hjá sveitarfélaginu þar.

Ég leyfði mér að flytja eina brtt. við orminn langa eins og mér finnst eðlilegt nafn á þessum bandormi. Ég sé að ég hef orðið til þess að vekja karlmennskuþrá stjórnarmanna í þjóðgarðsnefndinni og þeir eru farnir að hugsa til veiðitúra í Grímsnesinu. Hitt er svo spurning hvort þeir yrðu til þess að skjóta hver á annan eins og stundum hefur komið fyrir þegar tvær tófuskyttur *hafa verið að læðast á svipuðu svæði og ekki áttað sig* gjörla á því hvað var refurinn eða sýnilegir hlutar af hinni skyttunni. En við skulum vona að þeir standi tæknilega að þessu, þessir heiðursmenn og þarna verði engin mistök.

Ég leyfði mér, herra forseti, að leggja til eina brtt. á skerðingarákvæðunum sem eru hér á ýmsum framlögum til ýmissa málaflokka. Í 43. gr. er gert ráð fyrir því að fjárframlag til Ferðamálaráðs nemi ekki hærri upphæð en 68 millj. á árinu 1992. Nú er þessu ráði ætlaður viss hluti af þeim tekjustofni sem Fríhöfnin skilar til ríkissjóðs. Í ljósi þess að hér stefnir í atvinnuleysi og í ljósi þess að tekjur Íslendinga af ferða-

málum hafa verið um 11 milljarðar á seinasta ári og vaxið mjög ört, eina atvinnugreinin sem er í mikilli sókn, þá tel ég að íslenska ríkið sé ekki að afla sér fjár með því að skerða þetta framlag heldur sé íslenska ríkið að tapa tekjum með því að skerða þetta framlag. Það sé að koma í veg fyrir það að við fáum jafnmarga ferðamenn til landsins og það sé að koma í veg fyrir það að jafnmargir Íslendingar ferðist um eigið land og þeir mundu gera ef við sinntum því betur að taka á móti ferðamönnum.

Mér er það veruleg raun að horfa á þá staðreynd að ýmsir fagrir staðir búa við slíkt aðstöðuleysi að ferðafólk sem þangað kemur á ekki einu sinni kost á eðlilegri salernisaðstöðu og það er ekki til að hrópa húrra fyrir að skoða afleiðingarnar af þessu. Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn getur litið svo á að hægt sé að fjölga ferðamönnum á ýmsum stöðum án þess að menn kosti einhverju til til þess að hægt sé að taka á móti þeim. Nú skulum við skoða hver er munurinn á því ef Íslendingur ferðast um þetta land, eyðir 100 þús. hér innan lands eða fari hann til útlanda og eyði 100 þús. þar. Í ljós kemur nefnilega að hann borgar flugvallargjaldið, skattinn á Keflavíkurflugvelli, hann borgar farmiðann til útlanda og heim og hann borgar far með rútu eða leigubíl eða gjald af bensíni á leiðinni til Keflavíkur. Örlítið brot af þessum upphæðum renna vissulega í ríkissjóð, örlítið brot.

En hvað gerist ef hann ferðast um sitt eigið land? Þá blasir við að mjög stór hluti, 30–40%, hvorki meira né minna af þessum 100 þús. kr. fara í ríkissjóð. Skyldi það ekki skipta einhverju máli í öðrum tekjustofnum hjá ríkinu hvort við stuðlum að því að fólk geti ferðast um landið eða hvort við stöndum þannig að málum að ekki sé hægt að taka á móti ferðamannastraumnum inn á þau svæði þar sem menn vilja vera? Ég er þess vegna sannfærður um að íslenska ríkið skapar sér ekki tekjur með því að spara á þessu sviði. Það skaðar sínar tekjur, það skaðar sínar heildartekjur. Það vill svo til að í forsetastól situr þessa stundina hv. 1. þm. Vesturl. sem veit þó nokkuð mikið um þessi mál. Stykkishólmur hefur vaxandi tekjur af umferð ferðamanna og ég er sannfærður um að hv. 5. þm. Vesturl. vill að sú starfsemi blómstri og geri sér grein fyrir því að það skiptir máli að fólk fái þau störf sem þessu fylgja yfir sumartímann. Þetta eru kannski þær einu síldveiðar sem við höfum í dag. Margir ættu ekki kost á vinnu ef þetta félli út. Hvers vegna skyldi þessi þjóð ekki laga sig að þeirri staðreynd og leggja fjármuni í það að hægt sé að tryggja umferð ferðamanna um landið án þess að við sköðum það, sköpum atvinnu með þessu móti, aukum gjaldeyristekjur okkar og aukum tekjur ríkissjóðs. Það er kolvitlaus stefna að skerða þennan stofn eins og hér er verið að leggja til. Það skaðar ríkið, það eykur ekki tekjur ríkisins.

Það er dálítið merkilegt að þessi bandormur sem hér er til umræðu gengur svo þvert í reynd á nefndir þingsins að segja má sem svo að fjh.- og viðskn. hafi verið ætlað að hafa allt sérfræðilegt vit sem nefndirnar hafa verið að reyna að skapa möguleika á að væru til staðar með því að skipta störfum þingsins niður í marga málefnahópa. Við höfum ekki áður horft á frv. sem grípur til jafnmargra laga og hér. Nú er það svo að við breyttum t.d. jarðræktarlögunum verulega 1987 og Alþingi Íslendinga hefur raunverulega allt vald á þeim útgjöldum. Það er vissulega hægt að leiða rök að því í dag að verslunaraðstaða til þess að selja landbúnaðarvörur í heiminum er í slíkum fjötrum að við eigum ekki mikla möguleika á sölu landbúnaðarvara til útlanda. Samt liggur það fyrir sem staðreynd, hæstv. forseti, að FAO gerir ráð fyrir því að á næstu tíu árum muni þörf mannkynsins fyrir matvæli vaxa helmingi hraðar en landbúnaðarframleiðslan í heiminum og stór landssvæði, sem áður voru akurlendi, eru ekki herfuð í dag vegna þess að þau hafa orðið að eyðimörkum eða þá vegna þess að ef haldið yrði áfram að herfa þau og plægja mundi sá jarðvegur fjúka burt og verða á stuttum tíma ófrjór. Þetta er staðan. Í mjög góðri ræðu um þessi mál sem íslenski utanrrh. núverandi, að vísu í annarri ríkisstjórn þá, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, flutti á þingi Sameinuðu þjóðanna gerði hann grein fyrir þessu. Þess vegna verð ég að segja eins og er að mér finnst sú breyting, sem hér er lögð til á jarðræktarlögunum, ekki vera framsýn og mér finnst hún ekki leysa neinn vanda í fjárlögum þessa árs. Það má vel vera að menn vilji horfa lengra fram í tímann.

Nú hafa margir ræðumenn talað um þennan bandorm og ég hef ekki hugsað mér að taka allar greinar hans til efnislegrar umfjöllunar þó að ég hefði kannski áhuga á því að ræða þær margar hverjar. Ég vil minna Alþingi Íslendinga á þá ábyrgð sem fylgir löggjafarsetningunni og þeim gamla draumi að menn hafa alið þá von í brjósti að okkur miðaði fram á við en ekki aftur á bak. „Það er svo bágt að standa í stað", var einu sinni kveðið og þess vegna vil ég hvetja þá hina mörgu ungu þingmenn sem eru komnir hér til starfa að hugleiða það hvort ekki sé verið að vinna skemmdarverk á grunnskólalöggjöfinni með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Umræðu frestað.

57. FUNDUR

föstudaginn 20. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Samstarfssamningur Norðurlanda, síðari umr.

Stjtill., 213. mál. — Þskj. 283, nál. 321.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):
Hæstv. forseti. Hv. utanrmn. hefur rætt þetta mál og

leggur einróma til að þáltill. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 63. mál (frjálst fiskverð). — Þskj. 64, nál. 278.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Sjútvn. hefur fjallað um þetta frv. sem felur í sér að dregið verði í áföngum úr hlutverki Verðlagsráðs sjávarútvegsins og að sama skapi verði aukið frjálsræði við ákvarðanir á verði fersks sjávarafla. Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila til viðræðna vegna frv. Umsagnir liggja fyrir um það frá Fiskifélagi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda, Vélstjórafélagi Íslands og Íslenskum sjávarafurðum hf. Allir umsagnaraðilar tóku jákvæða afstöðu til frv. að einum undanskildum, þ.e. Íslenskum sjávarafurðum hf.

Frá því er skemmst að segja, virðulegi forseti, að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsti því við fyrri umræðu um þetta mál að ég væri í meginatriðum samþykkur því sem frv. felur í sér. Ég vakti þó athygli á að til þess að aðilar geti átt milli sín samninga um kaup er nauðsynlegt að þeir standi nokkuð jafnfætis í þeim viðskiptum og vissulega vantar verulega mikið á í þeim efnum þó það sé breytilegt eftir greinum sjávarútvegsins. Meðan menn hafa það stjórnunarkerfi sem bindur veiðiheimildir við skip er augljóst mál að útgerðarmenn hafa mun sterkari samningsstöðu en fiskkaupendur hér innan lands og það þarf ekki að rýna mikið í gögn til að sjá einmitt að þessi staða hefur berlega komið í ljós, m.a. í þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár í útflutningi á óunnum fiski.

Það er samt vissulega nokkur hemill á þessari yfirburðastöðu útgerðarmanna í botnfiskvinnslu að eignarhald á fiskiskipaflotanum er í verulegum mæli á hendi sama aðila og í landfrystingu. Engu að síður er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þeirri þróun sem verið hefur undanfarin 3–4 ár þar sem þrátt fyrir þá stöðu sem ég nefndi hefur orðið mikil aukning bæði á útflutningi á óunnum botnfiski og á því að færa vinnslu á botnfiski frá landfrystingu og í sjófrystingu. Þetta er staða sem menn verða að gefa alvarlega gaum þegar menn ákvarða leikreglur í samskiptum aðila. Ég hef efasemdir um að staða landfrystihúsanna sé nægilega tryggð undir þessu skipulagi þó svo ég muni ekki leggjast gegn frv.

Ég vakti og athygli á því að að sumu leyti er staðan mjög ójöfn líka í rækjuvinnslu. Hún er að vísu dálítið flóknari eftir því hvort menn eru að tala um úthafsrækju eða innfjarðarækju. Hjá úthafsrækjuflotanum er staða vinnslunnar til þess að eiga kaup við seljendur afar erfið og seljendur hafa nýtt sér yfirburðastöðu sína í mjög ríkum mæli, eins og dæmi eru um, þar sem menn hafa knúið fram hæsta verð fyrir allan afla án tillits til stærðar og samsetningar og jafnvel hafa menn komist svo langt að geta samið um það að vinnslan í landi í rækjuvinnslu greiði ýmsan útgerðarkostnað auk verðsins fyrir rækjuna. Það er afar alvarlegt mál sem er þarna á ferðinni, sérstaklega með hliðsjón af því hvernig rækjuvinnslur standa hér á landi, og við höfum heyrt á undanförnum vikum hálfgert neyðaróp frá rækjuvinnslunni í landinu.

Ég bíð eftir að heyra viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessari stöðu í rækjuvinnslunni. Það er alveg ljóst að þetta frv. mun á engan hátt bæta stöðu rækjuvinnslunnar, fremur hitt, gera hana erfiðari. Ein ástæðan fyrir því að rækjuvinnslan í landi er í svo erfiðri stöðu umfram botnfiskvinnslu í landi er að eignarhaldið er mjög aðskilið í þessari atvinnugrein á skipum.

Ég óska eftir, virðulegur forseti, að hæstv. sjútvrh. mæti til fundar því ég hef hugsað mér að leggja fyrir hann spurningar um hvað ríkisstjórnin hyggist gera í málefnum rækjuvinnslunnar. — Virðulegi forseti, er ráðherrann í húsinu? (**Forseti:** Forseti mun kanna hvort hæstv. sjútvrh. er kominn í húsið.) Ég mundi þá gera hlé á ræðu minni ef forseti óskar þess.

Virðulegi forseti. Ég á ekki miklu ólokið af minni ræðu öðru en að leggja fram fyrirspurnir og óska svara frá hæstv. ráðherra. (**Forseti:** Forseti er að láta kanna hvort ráðherrann er ekki rétt ókominn í húsið. Þingmaðurinn vill kannski gera hlé á ræðu sinni á meðan?) — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég var að mestu leyti búinn að koma á framfæri þeim sjónarmiðum sem ég hef í þessu máli og rakti í ræðu minni við 1. umr. þessa máls og ég var þar kominn að ég hugsaði mér að leggja fyrirspurnir fyrir hæstv. sjútvrh. vegna þess vanda sem rækjuvinnslan stendur frammi fyrir og hefur blasað við allt þetta ár. Það er ljóst að frv., sem hér er lagt til að afgreiða, og ég hef lýst yfir að ég muni ekki leggjast gegn og styðji í meginatriðum þá hugsun sem er í því, mun ekki bæta stöðu rækjuvinnslunnar. Aðstaða hennar til að eiga kaup við seljendur rækju mun áfram verða mjög erfið þar sem seljendur hafa yfirburðastöðu í samningum eins og fram hefur komið í því verði sem rækjuvinnslan hefur þurft að greiða fyrir hráefnið og annan kostnað sem hún hefur stundum þurft að taka á sig líka fyrir utan hráefnisverðið.

Það er ljóst að ef menn ætla að hafa þetta samskiptakerfi, sem út af fyrir sig er ekki óeðlilegt, verða að fylgja í kjölfarið einhverjar þær breytingar sem jafna stöðu manna á þessu sviði.

Ég vildi í fyrsta lagi spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi áform uppi um að hafa áfram kvótakerfi á úthafsrækju. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef um áætlaða stofnstærð á úthafsrækju og það magn sem menn hafa verið að veiða á undanförnum missirum sé

ég ekki sannfærandi rök fyrir því að viðhalda kvótakerfinu og í raun og veru vekur það upp aðra spurningu, þ.e. hvort það sé markmiðið með kvótakerfinu að vernda fiskistofnana, vernda stofninn, takmarka sókn í stofninn, eða hvort markmiðið er að skapa hagræðingu í greininni með framseljanlegum kvótum. Það kemur greinilega fram í litlu kveri, sem var dreift til okkar þingmanna fyrir fáeinum dögum frá Stofnun Jóns Þorlákssonar, kveri um kvótakerfið, í þeim greinum sem þar eru, sem eru greinar eftir menn sem telja að kvótakerfið sé hið eina rétta til að ná hámarksarði út úr atvinnugreininni, kemur skýrt fram að það kerfi er ekki hugsað til að vernda fiskistofnana, það sé í raun og veru annað mál.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það áform hans að viðhalda kvótakerfi á skip sem veiða úthafsrækju?

Í öðru lagi: Ef svo er, hefur hann hugsað sér að stækka þann kvóta?

Í þriðja lagi vil ég spyrja: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera núna eða á næstu vikum til að bæta stöðu rækjuvinnslunnar í landinu?

Ég tel óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur nokkuð um áform ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Staðan er ákaflega erfið, eins og menn þekkja, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Ég býst við að hæstv. ráðherra sé kunnugt um þá erfiðu stöðu, t.d. á Ísafirði, þannig að ég legg þessar spurningar fyrir hæstv. ráðherra, virðulegur forseti.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 5. þm. Vestf. vék að sérstökum vanda í sjávarútvegi. Það er ljóst að rækjuiðnaðurinn hefur búið við mjög erfið rekstrarskilyrði um nokkurt skeið og að sumu leyti má segja að vandi rækjuframleiðslunnar í landinu sé meiri en annarra greina innan sjávarútvegsins. Á sama tíma og við höfum búið við mjög hátt almennt verðlag á sjávarafurðum, með því hæsta sem verið hefur, hefur verð lækkað á rækju. Þetta hefur ofan á annan vanda skapað rækjuframleiðslunni þá stöðu sem hún er nú í.

Ég átti viðræðufund með forustumönnum rækjuframleiðenda fyrir skömmu og í morgun áttu fulltrúar þeirra og sjútvrn. viðræðufund um þessa sérstöku stöðu. Það er ljóst að það eru einkum tvö atriði sem þarf að horfa til í þessu sambandi. Að öðru þeirra vék hv. þm. sérstaklega í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls, þ.e. spurningunni um jafnvægi á milli veiða og vinnslu í greininni. Það er almennt mjög brýnt að tryggja eðlilegt jafnvægi á milli veiða og vinnslu þannig að verðmyndun geti verið eðlileg og það á ekki hvað síst við að því er varðar viðskipti milli kaupenda og seljenda rækju. Þetta er eitt af þeim atriðum sem eru til umræðu og umfjöllunar milli forustumanna rækjuframleiðenda og ráðuneytisins.

Það er líka rétt að minna á að ein af ástæðunum fyrir því að rétt þótti að viðhalda í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins möguleikunum á því að verðleggja ákveðnar tegundir var sú staðreynd að menn þóttust ekki fullvissir um að þau skilyrði væru fyrir hendi að eðlilegt jafnvægi gæti skapast á frjálsum markaði á þessu sviði. Þess vegna eru þessi sjónarmið að mínu mati kórrétt og það er nú verið að fjalla um þessi mál í viðræðum milli ráðuneytisins og forustumanna rækjuframleiðenda.

Hitt atriðið sem miklu skiptir í þessu efni er markaðsstaða rækjunnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið hefur verð ekki lækkað á neytendamarkaði, a.m.k. ekki að sama skapi og verðfallið sem framleiðendur hafa þurft að mæta. Þetta gefur okkur tilefni til að líta sérstaklega á markaðssetningu og markaðsmál rækjuframleiðslunnar og það er annað atriði sem nú er til umfjöllunar á milli ráðuneytisins og framleiðenda og var sérstakt umræðuefni á ráðstefnu rækjuframleiðenda fyrir skömmu þar sem ráðuneytið lýsti því að það væri fúst til samstarfs við framleiðendur á þessu sviði í þeim tilgangi að styrkja markaðsstöðu þeirra og leita leiða í því efni.

Að því er varðar rækjukvótann er nú að vænta tillagna frá Hafrannsóknastofnun næstu daga í því efni. Það hefur farið fram endurmat á stofnstærðinni og ráðuneytið á von á nýjum tillögum frá Hafrannsóknastofnun *alveg næstu daga. Á þessu stigi er ekki hægt* að segja til um hver niðurstaðan verður, en vonandi verður hún á þann veg að unnt verði að auka rækjukvótann eitthvað.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur á þskj. 278 í nál. frá sjútvn. undirrita ég þetta nál. með fyrirvara. Ég vil gera grein fyrir sjónarmiðum mínum í sambandi við þetta mál þótt ég geti út af fyrir sig stutt þá ákvörðun sem felst í frv.

Það má segja að hlutverk Verðlagsráðs sjávarútvegsins hafi verið að breytast með þeirri þróun sem hefur átt sér stað í landinu. Það hefur gætt meira og meira frjálsræðis í verðlagningu sjávarafla og þessi þróun hefur átt sér alllangan aðdraganda, en það má segja að mikil breyting hafi orðið í þessum efnum þegar uppboðsmarkaðir tóku til starfa hér á landi. Áður höfðu íslensk fiskiskip selt afla sinn erlendis og sú sala hafði jafnframt áhrif á verðákvarðanir hér innan lands. Það fer hins vegar ekki hjá því að það mun alltaf verða umdeilt hvaða verð skuli greiða fyrir sjávarafla og það er nánast sama hvaða skipulag verður haft á þeim hlutum, að deilur verða uppi og menn þurfa að komast að niðurstöðu.

Það er mikill misskilningur að í orðunum „frjálst verð" felist endanleg lausn. Orðin „frjálst verð" þýða ekkert annað en það að menn vilja láta markaðinn um að leysa þau verðlagningarvandamál sem upp kunna að koma. Það liggja að mínu mati heilbrigð sjónarmið þar að baki og á að vera meginregla í viðskiptum. Það má hins vegar ekki gleyma því að seljendur sjávarafla hafa um þessar mundir og hafa haft á undanförnum árum betri stöðu á þessum markaði en kaupendur. Það er ýmislegt sem hefur orðið til þess að styrkja stöðu seljenda. Stjórn fiskveiða hefur m.a. átt þátt í því og jafnframt hefur verið afar mikil samkeppni milli vinnsluaðila í landinu til að ná í hráefni. Fiskvinnslustöðvar eru of margar og á þeim markaði eru margir að berj-

ast fyrir lífi sínu. Hið háa verð verður til þess að þessi hópur vinnsluaðila grisjast eitthvað og erfitt er að koma í veg fyrir það, en það er alveg ljóst að samkeppnin er mjög hörð um hráefnið. Það hefur lengi verið ljóst í íslenskum sjávarútvegi að þar eru uppi margvísleg tekjuskiptingarvandamál milli þeirra sem eiga fiskiskipin, þeirra sem vinnsluna stunda, sjómanna og landverkafólks og það má segja að slíkt tekjuskiptingarvandamál sé ríkjandi í þjóðfélaginu öllu.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur þjónað þeim tilgangi að vera sáttasemjari á þessum vettvangi. Það er mikill misskilningur þegar því er haldið fram að þar hafi verið beitt verulegum opinberum afskiptum. Ég minni á að oddamaður í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins er skipaður samkvæmt lögum. Hann er ekki skipaður sem sérstakur fulltrúi ríkisvaldsins heldur er hann skipaður sem sáttaaðili og er alveg ákveðið í lögunum hver það skuli vera. Það er forstjóri Þjóðhagsstofnunar og hann hefur þær skyldur að sætta þar sjónarmið en ekki að þjóna sjónarmiðum ríkisvaldsins. Hann ber hins vegar almenna ábyrgð og honum ber að taka tillit til verðlagningar og markaðsverðs á sjávarafurðum. Það hefur hins vegar verið nokkuð algeng skoðun að oddamaður væri nokkurs konar starfsmaður ríkisvaldsins og bæri að hlíta fyrirskipunum þaðan. Þessi skilningur kemur mjög víða fram, jafnvel hjá ýmsum sem skrifa um íslenskt þjóðfélag og halda ræður um það sem er að gerast á markaði í landinu. Þannig hef ég t.d. séð slík sjónarmið koma fram af hálfu stofnunar eins og Seðlabanka Íslands. Þarna hefur verið nokkuð ríkur misskilningur á ferðinni.

Oddamaður hlustar á sjónarmið kaupanda og hann hlustar á sjónarmið seljanda. Hann reynir að samræma þessi sjónarmið, en að lokum verður hann oft að taka afstöðu með öðrum aðilanum og það hefur gerst í gegnum tíðina.

Á árinu 1985 var lögunum breytt þannig að Verðlagsráð sjávarútvegsins gat ákveðið að gefa verðlagningu frjálsa á tilteknum fisktegundum, enda næðist um það einróma samkomulag í ráðinu. Ástæðan fyrir því að ekki var gengið lengra í breytingum var einfaldlega sú að tekjuskiptingarvandamálið var viðurkennt og það var ekki alveg séð hvað skyldi koma í staðinn. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að þessi mál hafa lent í hendur manna á einstökum stöðum og hver og einn kaupandi hefur í ríkara mæli þurft að taka eigin ákvarðanir með tilliti til framboðs og eftirspurnar. Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur hvorki getað né viljað koma í veg fyrir þessa þróun. Það verð sem þar er ákveðið er eingöngu lágmarksverð og það er enginn sem bannar aðilum að koma sér saman um hærra verð. Það var hins vegar talið lengst af í íslenskum sjávarútvegi að það væri til bóta að til væri vettvangur þar sem hægt væri að skiptast á skoðunum og ráða ráðum sínum um það hvað gera skyldi og þá e.t.v. taka ákvarðanir um að verðlagningin skyldi verða algjörlega frjáls. Það var jafnframt talið til bóta að það væri til lágmarksverð, ákveðin viðmiðun til að fara eftir í ljósi þeirra staðreynda að víða háttar þannig til að tiltölulega fá fiskiskip eru í einu byggðarlagi, jafnvel eitt, og fáir kaupendur og jafnvel aðeins einn kaupandi. Það getur því háttað þannig til að það sé aðeins einn kaupandi í einu byggðarlagi og einn seljandi. Það vill oft þannig til að þessi atvinnutæki eru í eigu eins og sama aðilans. Í slíkum tilvikum eru tekjuskiptingarvandamálin augljós. Sjómenn á viðkomandi stað vilja að sjálfsögðu miða kaup og kjör við það sem gengur og gerist á almennum markaði en lögmál hins frjálsa markaðar fá að sjálfsögðu ekki að njóta sín í slíkum tilvikum. Það er staðreynd sem ekki verður gengið fram hjá að í litlu samfélagi þar sem byggð er dreifð, eins og hér á Íslandi, háttar einfaldlega þannig til að lögmál markaðarins geta ekki notið sín. Það eru ekki sömu skilyrði til þess og þar sem fjölmenni er mikið og margir búa á litlu svæði.

Það má segja að auðvitað gætu þessi lögmál notið sín betur ef Íslendingar byggju á tiltölulega litlu svæði á landinu. Það er hins vegar ekki okkar markmið. Ég tel að það séu a.m.k. mjög fáir stjórnmálamenn sem telja æskilegt að íslenskt samfélag líti þannig út. Það er almennt talið og viðurkennt af stjórnmálamönnum að mikilvægt sé að viðhalda byggð sem víðast í landinu og vera trúr þeim stöðum og landsvæðum sem forfeður okkar hafa byggt upp. Það er ekki þar með sagt að þar eigi ekkert að breytast og engu eigi að hreyfa. En til þess að halda þessu jafnvægi verða að vera til staðar í landinu einhverjar þær stofnanir sem geta miðlað málum að því er varðar mikilvægar vörur og mikilvæga þjónustu landsmanna.

Menn tala oft um að það megi ekki hafa nein afskipti af neinu tagi af verðlagningu. Þetta sjónarmið er ekki ríkjandi almennt í heiminum. Ég minni t.d. á að það eru afar mikil afskipti af verðbréfamarkaði í Bandaríkjunum þó þau séu talin vagga hinna frjálsu viðskipta. Verðbréf eru sú vara sem mest er höndlað með í því merkilega ríki. Viðskipti með verðbréf eru meiri þar en á nokkru öðru sviði. Það þykir nauðsynlegt í því annars tiltölulega frjálsa ríki að hið opinbera hafi veruleg afskipti af þessum markaði og það séu settar reglur um hvernig þessi viðskipti skuli fara fram.

Það liggur fyrir að fiskur og viðskipti með fisk eru eitt af því mikilvægasta og trúlega það mikilvægasta, a.m.k. er það mín skoðun að það sé það mikilvægasta. Ég veit ekki hvort um það er full samstaða í landinu en þessi viðskipti eru afar þýðingarmikil. Það vill þannig til að aðgangur að þessari auðlind er takmarkaður og rétturinn til að veiða hefur verið látinn í hendur ákveðinna aðila. Með tilliti til þess er ekki óeðlilegt að þarna séu ákveðnar samskiptareglur. Þessar samskiptareglur hafa fyrst og fremst komið fram innan Verðlagsráðsins og ég hef verið þeirrar skoðunar að áður en breyting yrði þar á þyrfti að liggja betur fyrir hvað ætti að taka við. Það má segja að slíkir hlutir geti verið hluti af mörkun stefnu á þessum sviðum. Auðvitað er í gangi stefnumörkun á hverju einasta ári á sviði sjávarútvegsins og það er mikilvægt að stíga þar hvert skref varlega og átta sig sem best á því hvað tekur við.

Ég get því viðurkennt að ég hef haft vissa tregðu í frammi við að samþykkja að Verðlagsráðið verði lagt niður eða yfirnefnd þess. Sú tregða hefur fyrst og

fremst byggt á því að ég hef ekki alveg áttað mig á því hvað við mundi taka. Mér þótti eðlilegt að um það væri sem best samstaða og því væri ekki óeðlilegt að allir aðilar þyrftu að koma sér saman um aðra skipan mála. Hins vegar verður að viðurkennast að það hefur dregið úr mikilvægi Verðlagsráðs smátt og smátt hvort sem mönnum líkar það betur eða verr og því má segja að það væru minni umskipti ef það væri lagt niður nú en fyrir nokkrum árum. Þó eru alltaf uppi einhverjar deilur sem almennt eru leystar í Verðlagsráðinu án þess að því sé skotið til yfirnefndar, en þó er ekki hægt að útiloka að þar verði þær alls ekki leystar. Það mun þá gerast þannig, af því ég heyrði að það var verið að tala um rækju þegar ég gekk í salinn, að ef ekki næst samkomulag á milli aðila, hvort sem það er á Bíldudal eða Blönduósi eða einhverjum þeim stöðum þar sem rækja er mikilvæg mannlífi á staðnum, að reyna mun á menn á viðkomandi stað að leysa þann ágreining. Það er að sjálfsögðu af hinu góða að menn geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og þurfi að takast á við það verkefni. Auðvitað má ekki ganga svo langt að menn séu gjörsamlega undanskildir að þurfa að takast á við það.

Þessar deilur eru oft mjög hatrammar og illleysanlegar. Þá hefur oft og tíðum verið til bóta að til væri vettvangur sem er aðeins fjarri stöðunum og að hægt væri að taka þessar deilur inn á þann vettvang til að forða návíginu. Hitt er svo annað mál að jafnvel þó að deilurnar hafi verið leystar á vettvangi yfirnefndar hefur það ekki komið í veg fyrir að návígið kæmi upp jafnframt því að stundum sætta menn sig ekkert við þær niðurstöður sem eru teknar á vettvangi yfirnefndar og halda áfram að deila um þessa skiptingu. Það hefur hins vegar verið málinu til styrktar að niðurstaða hafi fengist á vettvangi yfirnefndar og orðið til þess að erfiðara hefur verið að brjóta það upp á viðkomandi stað.

Virðulegur forseti. Það var ekki hugmyndin að hafa um þetta mál mjög langa ræðu. Ég geri mér grein fyrir að um það er almenn samstaða innan sjávarútvegsins að gera þessa breytingu, fara út í þessa skipan mála þó að einstakir aðilar hafi um það fyrirvara og geri sér ekki alveg grein fyrir hvað taka skuli við. Það er mikilvægast að sjávarútvegurinn sjálfur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni í málinu og eðlilegt að stjórnvöld taki fullt tillit til þess vilja sem þar ríkir. Ég viðurkenni þeirra rétt til þess og löggjafarvaldinu ber að taka mið tillit til hans. Í ljósi þess get ég stutt frv., en vildi gera grein fyrir þessum sjónarmiðum við umræðu málsins þannig að ljóst sé að með þessari breytingu verða áfram átök. Það kemur ekkert í veg fyrir að þessi átök muni verða og það er viss ótti margra við að staða seljendanna sé einum of sterk. Ég get tekið undir þau sjónarmið, en hins vegar er ekki auðleyst hvernig hægt er að koma meira jafnvægi á. Það jafnvægi mun sjálfsagt skapast í meira mæli þegar sá tími kemur að fiskvinnslustöðvum hefur fækkað í eðlilegu hlutfalli við það framboð sem er á markaði. Það verður sársaukafull aðlögun. Það er mikilvægt að reynt sé að hafa einhver áhrif á þá aðlögun þannig að hún hafi ekki mjög slæm áhrif á byggðirnar í landinu því að hér er ekki um neitt einkamál þeirra að ræða sem eiga þessar stöðvar eða eiga skipin. Hún snertir hvert einasta mannsbarn í viðkomandi byggðarlögum og í reynd snertir hún þjóðfélagið í heild sinni. Hins vegar ber að viðurkenna þetta aðlögunarvandamál og skyldu stjórnvalda til að taka þátt í þeirri þróun sem þar á sér stað og viðurkenna að hún á ekki að gerast skipulagslaust og án afskipta opinberra aðila. Það eru svo miklir almannahagsmunir í húfi að hið opinbera getur ekki komið fram og sagt að því komi það ekkert við.

Með því að ég hef komið þessum sjónarmiðum á framfæri, herra forseti, tek ég fram að ég mun greiða atkvæði með frv.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér engin þörf á að orðlengja umræðu um svo sjálfsagt og eðlilegt mál. Hér er verið að leggja til breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, fullkomlega í samræmi við þá breytingu sem hefur átt sér stað á verðlagningu sjávarafurða á síðustu árum. Sú var að vísu tíðin, fyrir ekki mörgum árum, að nokkrum sinnum á ári settust vísir menn niður í því skyni að reyna að móta fiskverð. Þeir dagar sem þá fóru í hönd voru miklir spennudagar almennt í þjóðfélaginu og menn ræddu fram og til baka hvort ýsan hækkaði um prósentunni meira eða minna og þorskurinn um prósentunni meira eða minna o.s.frv. Síðan voru hlutirnir stilltir í þjóðfélaginu eftir þessari merku ákvörðun og afkoma greinarinnar í heild réðst af heildarákvörðun Verðlagsráðsins. Þetta var þannig fyrir nokkrum árum, en síðan hafa hlutirnir breyst.

Í dag hefur Verðlagsráð ekki lengur sama hlutverk og það hafði. Ákvarðanir um fiskverð, jafnvel þó þær séu teknar formlega á vettvangi Verðlagsráðsins, hafa sáralitla þýðingu. Í dag, eins og fram hefur komið, er ákvörðun um fiskverð almennt tekin úti um allt land. Ég fullyrði að fiskverð í einstökum fiskvinnslustöðvum er hvergi alveg eins. Sannleikurinn er einfaldlega sá að menn reyna að koma sér saman um það, hver með sínum hætti, hver áhöfn við sinn fiskkaupanda, hver útgerð við sinn fiskkaupanda, hvernig eigi að skipa fiskverðinu hverju sinni. Sums staðar fara menn þá leið að hækka þorskinn örlítið meira, annars staðar einhverja aðra tegund, allt eftir eðli málsins á hverjum og einstökum stað. Jafnvel þó að Verðlagsráð starfi eftir bestu vitund og þátttakendur í Verðlagsráði reyni sitt besta til að endurspegla fiskverðsþróun í landinu er hún einfaldlega svo margbreytileg að því verður ekki komið við með því að ákvarða fiskverð á einum stað með einum almennum hætti. Sú staða er úr sögunni og frá því verður ekki horfið.

Það er hins vegar eðlilegt, eins og hv. 1. þm. Austurl. gerði, að velta fyrir sér hvað muni taka við. Ég hygg að það sé einfaldlega komið í ljós vegna þess að atburðarásin hefur tekið af löggjafanum völdin og sú þróun sem verður á næstu árum hefur þegar hafist. Fiskverðið verður ákvarðað út um allt land með frjálsum samningum sjómanna og útvegsmanna og fiskkaupenda.

Hér hefur nokkuð verið komið inn á afkomu rækjunnar og stöðu rækjuvinnslunnar í landinu sem vissulega er afar alvarleg. Hér er ekki um að ræða eitthvað sem er að koma upp á borðið rétt í þessu. Það hefur verið að síga á ógæfuhliðina fyrir þessari þýðingarmiklu atvinnugrein á undanförnum mánuðum og missirum og hefur verið afskaplega erfitt að bregðast við. Meginástæðan fyrir því hvað þarna hefur verið að gerast er sú að rækjuverðið til framleiðendanna hefur hrapað. Menn töldu á sl. vori að það hefði lækkað um 25% ef tekið væri tillit til þess að útborganir úr Verðjöfnunarsjóði væru líka hættar. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að verðaðlögunin á hráefninu hefur ekki tekist. Menn hafa einfaldlega ekki viljað viðurkenna þá staðreynd að tekjur greinarinnar hafa minnkað um fjórðung. Menn hafa ekki viljað viðurkenna þá staðreynd með því að lækka útgjöld hennar með sama hætti. Þetta hefur gerst þrátt fyrir það að á þessum tíma hafi verðlag rækjunnar verið ákvarðað innan Verðlagsráðsins. Þar hafa menn ekki talið sér fært að viðurkenna þá verðþróun sem orðið hefur. Vitaskuld er ósköp eðlilegt að þeir sem eru að selja rækjuna reyni eftir bestu föngum að halda verðinu jafnháu og þeim er frekast unnt og eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Vestf. hefur það jafnan verið svo að útvegurinn hefur haft yfirhöndina vegna þess að hann er handhafi kvótans.

Þó að það sé ekki ástæða til að fjalla almennt um fiskveiðistjórnunina vil ég ekki hverfa frá þessu máli öðruvísi en að segja að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það standi sérstaklega á um kvótann gagnvart rækjunni. Það var þannig á sínum tíma þegar menn voru að afla sér reynslu í rækjuveiðum að rækjuvinnslurnar útbjuggu skipin, rækjuvinnslurnar gerðu út skipin og rækjuvinnslurnar báru alla fjárhagslega og útgerðarlega ábyrgð á rekstri skipanna. Ég er þeirrar skoðunar að þær hafi átt svo mikinn þátt í því að afla reynslu fyrir útgerðirnar að það hefði verið eðlilegast að úthluta þeim einhverjum hluta a.m.k. af heildarkvóta rækjunnar þannig að þær stæðu betur í lappirnar í samningum við rækjuútgerðirnar.

Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. hefur tekið með ákveðnum og afgerandi hætti á málum rækjuvinnslunnar. Það er hins vegar ekki auðleyst. Sannleikurinn er sá, staðreyndirnar blasa þannig við okkur, að rækjuvinnslan stendur ekki undir neinum skuldum. Það má gott heita ef hún getur núna greitt af breytilegum kostnaði, en eins og afkoman er í þessari grein, sérstaklega varðandi vinnslu ákveðinnar stærðar rækju, er staðreynd að hún stendur ekki undir neinum skuldum. Í þeirri stöðu eru ekki margar leiðir færar hvað snertir almennar stjórnvaldsaðgerðir, en ástæða er til að fagna því að verið sé að reyna að finna aðrar leiðir til að leysa rækjuvinnsluna út úr þessum mikla vanda.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ánægjulegt að hann upplýsir að viðræður eigi sér stað milli ráðuneytisins og talsmanna rækjuverksmiðja. Það segir manni að ráðuneytið álíti að því sé bæði skylt og rétt að fylgjast með þessu máli og að koma fram með tillögur til að verja þessa atvinnugrein. Það er að sumu leyti athyglisvert í ljósi yfirlýsinga sumra annarra ráðherra um að ríkisvaldið ætli sér ekki að skipta sér af málum sem þessum. Ég fagna þeirri afstöðu hæstv. sjútvrh. að gangast við ábyrgð stjórnvalda á atvinnumálum.

Annað kom mér mjög á óvart í hans máli, sem ég vissi reyndar ekki, og það er að verð á rækju á mörkuðum erlendis hefur lækkað minna en verð á seldri rækju héðan. Þetta er merkilegt og er full ástæða til að fá skýringar á því hvernig á þessu stendur og hvort þeir sem standa í sölumálum þurfi að taka sér tak, en það er sú ályktun sem maður dregur af þessum upplýsingum, alla vega í svipinn.

Ég bendi líka á að í fréttabréfi Samtaka fiskvinnslustöðva frá 30. sept. sl. kemur fram á bls. 8, með leyfi forseta:

„Það sem einkum hefur sett svip sinn á rækjuvinnslu á árinu er mikið verðfall á mörkuðum fyrir pillaða, frysta rækju og er verðið nú rúmlega 20% lægra en fyrir rúmu ári."

Í þessu fréttabréfi koma upplýsingar ekki fram frá þessum aðilum sem hefðu náttúrlega átt að hafa þær undir höndum á þessum tíma. Þetta kemur mér verulega á óvart og er að sumu leyti slæmt, en að öðru leyti þó betra að það sé dregið fram því við ættum að hafa betri tök á að bæta þarna úr en í mörgum öðrum vandamálum sem við er að glíma í sjávarútvegi.

Það er að mörgu leyti skiljanlegt að hæstv. ráðherra vilji ekki upplýsa neitt frekar um hvaða ráðstafanir eru á döfinni eða til umræðu og ég kref hann ekkert um það á þessu stigi, en vil hvetja hann til að líta á þetta mál af mikilli alvöru.

Eins og fram hefur komið í ræðum manna sem hér hafa tekið til máls er þetta sérstaklega alvarlegt mál í þeim byggðarlögum þar sem rækjuvinnsla er stunduð. Þau eru í sjálfu sér ekki mjög mörg á landinu, en á þeim stöðum er þetta mjög þýðingarmikill þáttur í atvinnulífi og yrði verulegt áfall ef eitthvað brygði út af í þeim efnum.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki hafa fleiri orð um frv. Það væri út af fyrir sig hægt að ræða frekar stöðu rækjuvinnslunnar og þessarar atvinnugreinar, en ég hef komið á framfæri mínum sjónarmiðum í þeim efnum þannig að ég tel ekki þörf á að ræða þau mál frekar á þessu stigi. En ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að það verði teknar upp umræður um stöðu þessarar atvinnugreinar strax og þing kemur saman í janúar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 171. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 186, nál. 319, brtt. 320.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 319 um

frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Ingimar Sigurðsson frá heilbr.- og trmrn., Helga Seljan og Gísla Helgason frá Öryrkjabandalaginu og Skúla Jónsson og Þorstein Ólafsson frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í brtt. er lagt til að ákvæði um styrk, sem veittur er framfærendum fatlaðra og sjúkra barna sem dveljast í heimahúsi (barnaörorkustyrkur), verði áfram í lögum um almannatryggingar. Jafnframt er gert ráð fyrir að óbreytt haldist það ákvæði frv. að kveðið verði á um umönnunarbætur í lögum um almannatryggingar í stað laga um málefni fatlaðra. Varðandi styrkina er gert ráð fyrir að um framkvæmdina fari eins og verið hefur að því frátöldu að lagt er til að svæðisstjórnir um málefni fatlaðra geri tillögur um bæði styrkina og umönnunarbæturnar. Upphæð styrkja og umönnunarbóta tekur mið af þeirri hámarksupphæð sem greidd er um þessar mundir. Í brtt. nefndarinnar felst að umönnunarbætur komi í stað styrks ef þjónusta við barn er yfir 40 klst. á mánuði og er það í samræmi við gildandi framkvæmd. Þá er lagt til að hægt verði við sérstakar aðstæður að hækka greiðslur umönnunarbóta í allt að 200 klst., en samtök fatlaðra hafa bent á nauðsyn þess að slíkt heimildarákvæði sé fyrir hendi. Nefndin telur ekki ástæðu til að dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerði styrk, enda hefur slíkt ekki tíðkast. Hins vegar hafa umönnunarbætur verið skertar við slíka þjónustu og mun það gilda áfram samkvæmt brtt.

Undir nál. rita Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Svavar Gestsson, Sólveig Pétursdóttir, Finnur Ingólfsson, Sigríður Anna Þórðardóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á þskj. 320.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar fjallar í stuttu máli um það að setja upp svokallað reikningsskilaráð og lögbinda það. Þetta ráð skuli stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju, eins og segir í lagatextanum, „með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila". Enn fremur á ráðið að gefa álit á því hvað telst vera góð reikningsskilavenja á hverjum tíma.

Þetta þýðir að hér er verið að taka upp einhvern vettvang eða aðila sem hefur það hlutverk að samræma, ef kostur er, reikningsskil og bókhald í úrlausnarmálum sem eru flókin og ekki einsýnt hvernig eigi að meðhöndla.

Ég tel, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, vera til bóta að slíkur vettvangur sé til, en ítreka vissar efasemdir við að lögbinda þennan vettvang og gefa honum „átoritet" til að gefa nánast út fyrirmæli um meðferð mála í þeim málum sem ráðið tekur fyrir. Ég er almennt ekki sannfærður um að í þessum málaflokki, eins og mörgum öðrum, sé það besta leiðin til að taka á málum að lögbinda einhvern aðila og færa honum vald til að afgreiða slík mál. Ég held að að sumu leyti hafi það verið ágæt þróun á undanförnum árum þar sem endurskoðendur hafa með samstarfi, með frjálsum hætti oft komist að skynsamlegri niðurstöðu sem flestir ef ekki allir hafa getað sameinast um.

Þessum fyrirvara mínum geri ég þó ekki svo mikið úr varðandi frv. að ég muni leggjast gegn því. Ég mun greiða því atkvæði þó ég hafi þessar efasemdir um nauðsyn á því að lögbinda hlutina.

Það er hins vegar alveg laukrétt að nauðsynlegt er að hafa einhvern farveg til að taka á þeim álitamálum sem upp koma í reikningsskilum. Þau eru býsna mörg og geta skipt verulegu máli, bæði fyrir framteljandann og fyrir þjóðina í heild sinni. Ég nefni sem dæmi um álitamál sem eru uppi í þessum efnum hvernig eigi að fara með aflaheimildir sem fyrirtæki hefur keypt á undanförnum árum eða hefur fengið úthlutað frá sjútvrn. Það hefur komið fram á undanförnum vikum að hér er um að ræða verulegt álitamál, hvernig með eigi að fara, og t.d. ber ekki saman ríkisskattstjóra í þeim efnum og löggiltum endurskoðendum sem tjá sig um þetta mál í Morgunblaðinu sl. miðvikudag.

Eins og fram hefur komið í svari við fsp. frá mér um skattalega meðferð á aflakvóta er það afstaða ríkisskattstjóra að eignfæra beri keyptan kvóta og afskrifa um 8% á ári. Það er hins vegar afstaða tveggja löggiltra endurskoðenda, sem rætt er við í greininni sem ég vitnaði til áðan, að það beri að afskrifa þessi kaup um 20% á ári. Þarna ber verulega á milli, hvort menn afskrifa kaupin á fimm árum eða tólf. Það hefur mikil áhrif á útgerðarkostnað hvor leiðin valin er og í ljósi þeirra tillagna sem fyrir liggja í frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, þar sem lagt er til að rekstrartap megi ekki verða eldra en fimm ára gamalt, þá detti það út af borðinu, getur þetta þýtt verulegar breytingar á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og orðið þess valdandi að þau fyrirtæki verði að greiða skatta af engu öðru en tapi. Hve þeir skattar verða miklir eða hvort þeir verða fer eftir því hvort menn ætla að afskrifa þetta á tólf árum eða fimm. Hér er um verulegan mun að ræða ef maður lítur á þetta mál eingöngu frá þessum sjónarhóli.

Skattaleg meðferð á kvóta er út af fyrir sig ekki mál sem ég ætla að gera að umtalsefni ellegar yfir höfuð meðferðin á kvótanum, en ég bendi á þetta þar sem augljóst er að áliti færustu manna ber ekki saman í svo veigamiklu máli og það styður nauðsyn þess að menn reyni að koma sér saman um afstöðu. Það er ljóst að í þessu máli gengur það ekki þannig að þá erum við komnir að hinni niðurstöðunni sem er sú að menn eiga

að ganga frá lögum eins skýrum og hægt er og með því móti verða álitamálin færri. Það er að mínu viti það ráð sem best dugar til að greiða úr og fækka álitamálum og ágreiningsefnum í reikningsskilum að löggjafinn gangi frá skýrari lögum. Lagasetning hefur ekki ætíð verið nægilega skýr og það hefur gefið tilefni til þess að menn hafa haft uppi mismunandi álit á reikningsskilum og meðferð í bókhaldinu.

Ég nefni sem dæmi að svo virðulegur aðili sem Ríkisendurskoðun komst á skömmum tíma að ólíkri niðurstöðu í sama máli. Ég fylgdist með endurskoðun Ríkisendurskoðunar á einni stofnun ríkisins og þar gerðist það sama, að afstaða Ríkisendurskoðunar breyttist mjög á skömmum tíma, þannig að ljóst er að hægt er að túlka lög með nokkuð rúmum hætti og mun rýmri hætti en eðlilegt væri í þessum málaflokki.

Ég vil því, virðulegi forseti, draga það saman að ég tel að besta ráðið til þess sé að semja skýrari lög og í öðru lagi er ég á þeirri skoðun að samráðsvettvangur þurfi að vera fyrir hendi til að gefa út sameiginlegt álit í álitaefnum sem verða þó alltaf uppi, en ég hef efasemdir um hvort það væri rétt að lögbinda þann vettvang og afstöðu þeirra sem sitja í þessu ráði. Ég hef vissar efasemdir um það þó ég muni ekki leggjast gegn frv. sem hér er til umræðu.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er tekið til 3. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um bókhald og e.t.v. er nú komið flest fram sem þarf að koma fram. Ég tók til máls við 1. umr. um þetta mál og tel eins og ég sagði þá að það muni verða til bóta að koma á slíku ráði þó e.t.v. megi deila um hvort lögbinda eigi það eða ekki. Einnig tel ég vera í rétta átt að það séu löggiltir endurskoðendur, Háskólinn, Verslunarráðið og Ríkisendurskoðun sem um eiga að fjalla. En ég hef haft vissar efasemdir um hvort fimmti maðurinn, sem er skipaður án tilnefningar og ráðherra skipar síðan formann, sé það rétta í þessu. Ég endurtek þær efasemdir mínar. Ég hef ekki séð enn þá að það sé rétta leiðin í þessu. Það er ágætt, finnst mér, að setja fram ákveðið markmið um hvernig eigi að túlka góða reikningsskilavenju. Það er nauðsynlegt að einhver sé til staðar sem hefur það hlutverk. Þær deilur sem geta orðið um túlkun á því atriði hafa jafnvel getað orðið til málaferla. Þess vegna er ég á því að þetta sé rétta leiðin að mörgu leyti.

En ég vil koma inn á eitt atriði sem ég hef ekki heyrt um í þessum umræðum. Þ.e. hvort ekki ætti að koma til umræðu í sambandi við bókhald, og vegna þess að bókhaldsgögn skal geyma í sjö ár samkvæmt reglum, hvort ekki væri æskilegt að koma þar á meira af pappírslausum viðskiptum. Sá pappírsflaumur sem dynur á fólki sem fæst við bókhaldsvinnu er orðinn alveg óskaplegur, tekur mikið pláss og er umhverfisskemmandi. Það er verið að ganga á skóglendi jarðar sem ekki er of mikið af í heiminum. Ég tel að það þurfi að ræða í tengslum við bókhaldslög hvort ekki þyrfti að breyta þeim með það í huga að koma á meiri tölvuvæðingu með pappírslausum viðskiptum sem nú er verið að taka í notkun á sumum öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Ég held að það verði þróunin á næstu árum og þurfi að skoða vel. Vitaskuld erum við á Alþingi til að reyna að hafa áhrif til framtíðar og á það sem muni geta horft til bóta í þessu sem öðru. Og ég held að það verði hagræðing að því og fyrirkomulag pappírslausra viðskipta geti alveg eins tekið mið af góðri reikningsskilavenju og uppfyllt sams konar efnislegar kröfur um viðskipti og gerðar eru þar sem pappírar eru viðhafðir.

Þessu vildi ég koma á framfæri í þessum umræðum. En annars er ég að mestu leyti sammála frv. að öðru leyti en því sem ég tók fram í upphafi, að ég hef vissar efasemdir um fimmta nefndarmanninn sem skipaður er án tilnefningar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 189, nál. 306.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 306 um frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta sem felur í sér endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um vatnsveitur og holræsi. Nefndin fékk umsögn um frv. frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og mælir stjórn sambandsins með samþykkt þess. Jafnframt bárust nefndinni drög að reglugerð er sett yrði eftir samþykkt frv. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félmrn., Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en vill jafnframt lýsa þeirri skoðun sinni að skilja beri ákvæði 2. mgr. 1. gr. frv. þannig að hreppsnefnd sé einungis heimilt að leggja í framkvæmdir við gerð vatnsveitu að fyrir liggi gögn er sýni að hagkvæmt þyki að leggja veituna og reka hana, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Í tilefni af því að nefndin setur fram þessa skoðun sína í nál. vil ég, virðulegur forseti, leyfa mér að lesa umsögn í frv. um 1. gr. og hún hljóðar svo:

„Í þessari grein kemur fram sú meginregla að bæjarstjórnum á öllu landinu er skylt, eftir því sem kostur er, að starfrækja vatnsveitur til að geta fullnægt vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í núgildandi vatnalögum, 20. gr., er hins vegar kveðið á um heimild bæjarstjórna til að starfrækja vatnsveitur. Með hliðsjón af þjóðfélagsþróun er talið eðlilegt að breyta þessu á þann veg að meginreglan verði sú að starfræksla vatnsveitna verði eitt af skylduverkefnum bæjarstjórna eftir því sem staðhættir leyfa hverju sinni.

Ákvæði þetta kemur því í stað núgildandi 20. gr. vatnalaga.

Aftur á móti er ekki talið unnt að leggja sömu skyldu á hreppsnefndir og er þá fyrst og fremst haft mið af því hve byggðin er dreifð í mörgum hreppanna og kostnaður við vatnsveitur gæti þar af leiðandi orðið gífurlegur. Þó er það svo að nú þegar starfrækja í kringum 50 hreppar eigin vatnsveitu og í þeim tilvikum eiga öll ákvæði þessa frv. jafnt við um þær sem og vatnsveitur kaupstaða og bæja. Í þeim hreppum þar sem ekki hefur verið lögð vatnsveita er hins vegar einungis heimilt að leggja í stofnkostnað að gögn liggi fyrir sem sýni að hagkvæmt þyki að leggja veituna og reka hana. Er þetta ákvæði í samræmi við 77. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en þar er kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að leita umsagnar sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun þegar sveitarstjórn hyggst ráðast í stórframkvæmdir sem gætu stofnað fjárhag sveitarfélags í óefni ef illa tækist til. Ákvæði þetta kemur í stað ákvæðis 28. gr. vatnalaga."

Þessa skoðun setur sem sagt nefndin fram í nál.

Undir nál. rita allir nefndarmenn og Kristinn H. Gunnarsson setur fyrirvara við sína undirskrift.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og kemur fram á nál. skrifar fulltrúi Kvennalistans í félmn. undir nál. svo við munum styðja frv.

Ég er sammála því frv. sem hér er til umræðu. Hins vegar benti ég á nokkur atriði við 1. umr. málsins þar sem ég taldi að í frv. væri ekki tekið á nægilega mörgum þáttum. Hér er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir sjái þegnum sínum fyrir vatni. Í 7. gr. er talað um ákveðinn kostnað sem af þessu hlýst og hvað mikið gjald megi taka fyrir vatnið. Það eru ákveðnar reglur sem þar eiga að gilda.

Virðulegur forseti. Ég hafði ætlað að beina spurningum til formanns nefndarinnar vegna þess sem ég minntist á — hún var hér rétt áðan og ég hélt að hún mundi verða hér — en ég benti á ákveðna þætti sem ég vildi kanna hvort hefðu verið teknir til athugunar.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði mér ekki að tala mjög lengi, ég ætlaði einungis að beina nokkrum spurningum til formanns nefndarinnar. Það er erfitt fyrir mig að halda áfram ræðu minni nema formaðurinn sé í salnum. (**Gripið fram í:** Er ekki tilefni til málþófs?) Alls ekki. Ég get ekki talað svo mikið um þetta mál. Ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega nema mjög ákveðin atriði. (Gripið fram í.) Þakka þér fyrir.

Ég ætlaði að beina nokkrum fyrirspurnum til formanns nefndarinnar. Við 1. umr. þessa máls benti ég á að ég teldi að það þyrfti að taka fleiri þætti inn í frv., þ.e. að það yrði að tryggja umhverfisþáttinn. Þegar talað er um að sveitarstjórnir skuli sjá um að koma upp vatnsveitum er t.d. talað um að sveitarstjórn sem hefur lagt vatnsveitu hafi einkarétt á vatnsveitunni, sölu á vatni o.s.frv. En ég sakna þess mjög að ekki sé tekinn inn í þetta umhverfisþátturinn, þ.e. að skylda þá aðila sem reka vatnsveitur til að sjá um að brunnar séu byrgðir og það sé ekki hætta á því t.d. að vatnið mengist. Það hafa verið nokkur brögð að því að í vatnið komist skepnur. Það getur verið mjög hættulegt fyrir þá sem neyta vatnsins ef um er að ræða að í það komist bakteríur eða annað. Ég minni t.d. á það sem var lengi mikið vandamál á Akranesi þar sem í vatnsbólin drituðu fuglar og eyðilögðu þar af leiðandi vatnið eða skemmdu verulega og hef ég ákveðnar áhyggjur af því.

Ég vildi spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, formann nefndarinnar, hvort eitthvað hafi verið rætt um það mál eða hvort það sé meiningin, ég sé það ekki í nál., að fara út í það mál, umhverfisþáttinn, vegna þess að mér finnst hann skipta miklu máli.

Annar þáttur sem ég einnig minntist á við 1. umr. og sem ég hefði gjarnan viljað minnast á nú eru rannsóknir á grunnvatnskerfum. Grunnvatninu, sem er yfirleitt notað þegar verið er að afla ferskvatns, hefur verið allt of lítið sinnt hér á landi. Ég velti því fyrir mér hvort ein sveitarstjórn sem ákveður að bora eftir vatni minnkar möguleika næsta sveitarfélags til að ná í vatn. Þetta er svo samtengt. Ég flutti till. fyrir nokkrum þingum um rannsóknir á þessum sviði sem ég síðan hef ekki endurflutt, en þegar ég var að kynna mér málin þá kom í ljós að þetta var verulegt vandamál. Ég vildi þess vegna spyrja hvort þetta hefði eitthvað komið til umræðu og þá kannski ekki síst í viðræðum við sveitarstjórnarmenn. Ég sakna þess örlítið að það skuli ekki a.m.k. vera vísað til þess í nál. að þetta hefði þurft að kanna í framhaldi af samþykkt frv. eins og þessa.

Síðan vildi ég spyrja um eitt atriði í viðbót og það er í 7. gr. þar sem talað er um vatnsgjaldið, rétt sveitarstjórna til að ákveða vatnsgjald og taka fyrir vatnið sem mér þykir mjög eðlilegt. Þar er miðað við að það sé ákveðinn markaðsstuðull, að álagningarstofninn miðist við markaðsstuðul fasteigna í Reykjavík. Mér finnst sérkennilegt að þetta skuli vera þannig og velti því þá fyrir mér hvernig þetta mundi koma út fyrir vatnsveitur úti á landi, sérstaklega í litlum sveitarfélögum þar sem víða er mjög erfitt að afla vatns. Ef þeirra möguleikar til að verðleggja vatnið eins og þarf eru litlir hvort það sé ekki erfitt fyrir þær að starfa undir 7. gr. Ég vildi einnig spyrja um hvort við þetta hefði ekki komið nein athugasemd frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hvort nefndin hafi eitthvað kannað þetta nánar.

Það voru nokkur fleiri atriði sem mér fundust umhugsunarverð, ekki þannig að ég hefði endilega mjög mikið á móti því sem stæði í frv. heldur kannski fyrst og fremst að ég saknaði mjög margra þátta í frv.

Svo vildi ég fá frekari skýringu á 7. gr., hvernig með á að fara ef sveitarstjórnir ná ekki nægilega miklu fé inn til að reka sínar eigin vatnsveitur, hvort þá sé jafnvel gert ráð fyrir styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða hvernig með á að fara í framhaldinu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, hefur verið rætt nokkuð í nefnd og almennt get ég sagt um frv. að ég tel verulega til bóta í meginatriðum að lögfesta með sérlögum þennan málaflokk í verkefnum sveitarfélaga.

Ég bendi þó á að það er ekki svo að það sé einungis heimildarákvæði í núgildandi vatnalögum til handa kaupstöðum og þorpum að reka vatnsveitur heldur er kveðið á um það í sveitarstjórnarlögum í 6. gr. þar sem talin eru upp þau verkefni sem sveitarfélögum er skylt að annast. Þar með talið er bygging og viðhald mannvirkja, þar á meðal gatna, vega, torga og veitukerfa eins og það heitir. Reyndar er einnig kveðið á um þetta verkefni í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þannig er það með vissum hætti, má segja, nú þegar lögbundið verkefni og þess vegna er ég ekki fyllilega sammála því, sem fram hefur komið og mig minnir að standi í grg., að meginmarkmiðið með 1. gr. sé að setja verkefni sem skyldu í stað heimildar. Það breytir þó ekki neinu um efnisatriði og ég tel ákjósanlegt að mörgu leyti að setja um þetta sérstök lög og hafa samræmda reglugerð í þessum málaflokki yfir öll sveitarfélög.

Þessi stefnumörkun vekur upp þær ábendingar að menn eru þá búnir að marka þá braut sem er eðlilegt að fara í öðrum málaflokkum sem ekki eru nú þegar með samræmda reglugerð yfir sveitarfélögin og jafnvel í þeim málum væri nauðsynlegt líka að setja sérlög. Ég tel að það komi vel til álita.

Ég tek undir það sem kom fram áðan hjá hv. 15. þm. Reykv., sem vakti athygli á umhverfisþættinum, og tel að menn verði í ríkari mæli að muna eftir þeim málaflokki þegar verið er að skrifa upp lagatexta.

Eins og fram kemur í nál. skrifa ég undir þetta með fyrirvara og mér þykir rétt að gera grein fyrir þeim atriðum sem ég vildi vekja athygli á við umræðu málsins þó svo að þau leiði ekki endilega til þess að ég sé málinu andvígur. Ég tel þau þó svo mikilvæg að nauðsynlegt sé að benda á þau við umræðu málsins.

Þar vil ég fyrst fara yfir tekjuhlið frv. Reyndar höfðum við í nefndinni fengið frá hæstv. félmrh. drög að reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga sem áform eru um að setja, verði frv. að lögum. Ég læt koma fram að það tel ég mjög til bóta og málinu til framdráttar að nefndarmenn hafi þessa reglugerð í sinni vinnu þegar þeir fara yfir frv.

Það fyrsta sem ég vildi nefna er tekjuþátturinn í frv. og reglugerðinni. Eins og fram kemur í frv. sjálfu, 7. gr. þess, er aðaltekjustofn vatnsveitu svokallað vatnsgjald sem nú heitir vatnsskattur. Það segir í 1. málsl. fyrri mgr. að þetta vatnsgjald sé lagt á til þess að standa straum af kostnaði við rekstur vatnsveitu. Það ákvæði skil ég þannig að vatnsgjaldið eigi að leggjast á og ákvarðast þannig að tekjurnar sem inn komi dugi fyrir almennum útgjöldum en ekki umfram það. Það sé meginstefnan af hálfu löggjafarvaldsins að hér sé um að ræða gjald, enda heitir þetta gjald en ekki almennur skattur eins og nú er, vatnsskattur. Þessi nafnabreyting hefur þá þýðingu, sem ég var að draga upp, að almennt hlutverk vatnsgjaldsins er að afla tekna á móti almennum kostnaði við rekstur vatnsveitu. Þetta vil ég undirstrika.

Síðan eru umfram þetta gjald önnur gjöld sem heimilt er að innheimta. Það er í fyrsta lagi svokallað aukavatnsgjald, sbr. 8. gr., sem miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Það kemur ekki nægjanlega fram í 8. gr. hvaða kostnaði þetta aukavatnsgjald á að mæta. Og þar sem það er ekki afmarkað við tiltekið verkefni eða tiltekinn kostnað þýðir það að mínu mati að sveitarfélög eða sveitarstjórnir geti ákvarðað aukavatnsgjaldið þannig að þau hafi af því verulegar tekjur umfram útgjöld. Það er mér kunnugt um í nokkrum tilvikum í sveitarfélögum að sambærilegt gjald, sem heitir aukavatnsskattur, er í reyndinni þó nokkur tekjuöflun fyrir viðkomandi sveitarfélög og skaffar því tekjur umfram útgjöld vegna þess sem því líklega er ætlað að mæta. Mér finnst að nokkru leyti vanta inn í 8. gr. að menn skilgreini hvaða kostnaði aukavatnsgjald á að mæta. Sérstaklega af því að menn breyta nafninu og þar með eðli álagningarinnar úr því að vera skattur yfir í það að vera gjald og gjald er eðli málsins samkvæmt tekjur til að mæta tilteknum útgjöldum.

Í þriðja lagi bendi ég á að heimilt er að setja upp vatnsmæla til að mæla rúmmetrana sem ákvarða aukavatnsgjaldið. Vatnsmælagjaldið er heldur ekki skilgreint, hvað það megi vera hátt eða nákvæmlega hvaða kostnaði það á að mæta. Þetta mælagjald, virðulegi forseti, er í reglugerð en ekki í lögunum svo ég leiðrétti mig. Þetta er í 11. gr. draganna að reglugerð. Þar er heimild gefin til sveitarstjórna að innheimta leigugjald fyrir mælinn.

Síðan er líka fjórða gjaldið, sem er annars eðlis en þau þrjú sem ég hef talið upp, og það er heimæðagjald. Það er hins vegar annars eðlis eins og ég gat um. Það er til að mæta stofnkostnaði en ekki rekstrarkostnaði og er ætlað að mæta kostnaði við lagningu heimæðar frá götu. Ég skil 6. gr. frv. þannig að heimæðagjaldið eigi að miðast við að það sé hin almenna regla að menn fari a.m.k. ekki yfir kostnaðinn í tekjuöflun og þá ekki endilega pr. hús eða götu heldur í einhverri heild, í einu hverfi eða slíkt, þannig að innkomnar tekjur af heimæðagjaldi væru ekki hærri eða kostnaðurinn við að leggja viðkomandi æðar, það sé það hámark sem löggjafinn heimili sveitarstjórnum til að ákvarða gjaldið.

Hér var fyrir nokkrum vikum umræða um skattlagningu í framhaldi af brtt. sem ég flutti við frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og þá var einmitt rætt, bæði hér og í nefnd, nokkuð um framsal skattlagningarvaldsins, og komu fram efasemdir um hvað menn gætu leyft sér mikið í þeim efnum, virðulegi forseti, og til hverra. Enn fremur var því hreyft að það væri óeðlilegt að framsal skattlagningarvaldsins væri með þeim hætti að það væru ekki takmörk á álagningunni hjá þeim aðila sem fékk heimildina. Það er að nokkru leyti í frv., sem ég bendi hér með á, skortur á nægilegum takmörkunum á skattlagningunni hjá þessum sveitarfélögum. Ég hefði talið betra ef menn hefðu getað gefið sér tíma til að ræða einmitt þetta atriði og athuga hvort ekki væri rétt að festa frekar en nú er í frv. einmitt hámark á skattlagningu sveitarfélaga í þessu skyni. Það er nefnilega mjög mismunandi eftir sveitarfélögum hvernig núverandi tekjustofnar vatnsveitu duga því öll þau gjöld sem eru talin upp í frv. eiga sér fyrirrennara í núgildandi álagningarkerfi, en það eru býsna margar vatnsveitur sem ég

þekki til sem eru reknar með verulegum tekjuafgangi og mynda að því leyti til tekjustofn fyrir viðkomandi sveitarfélag. Hins vegar veit ég að það er mjög breytilegt eftir sveitarfélögum hvað þau þurfa að leggja út í mikinn kostnað við að afla vatns fyrir íbúana, þannig að það er ekki mjög einfalt að vera með stífar takmarkanir í þessu efni, en ég hefði þó talið betra að setja tiltekin hámörk á þessi gjöld öll eins og reyndar er gert um vatnsgjaldið í 7. gr., en þar er sett ákveðið hámark á það hvað vatnsgjaldið má vera eða 0,3% af álagningarstofni. Ég geri engan ágreining eða athugasemdir við þá grein.

Hvað varðar mælagjaldið má segja að það eru einna síst rök fyrir því að það þurfi að vera hámark á því, en ég hefði talið skynsamlegt að setja einhverjar takmarkanir á aukavatnsgjaldið sérstaklega. Mér finnst helst að bæta hefði mátt við einhverri klásúlu um hámark á það aukavatnsgjald eða þá setja frekari ákvæði í lagagreinina sem afmarka til hvers þetta gjald er þannig að það takmarkaðist af því.

En það sem ég vek athygli á og er kannski meginástæðan fyrir mínum fyrirvara er sú breyting sem verður á álagningarstofni. Eins og segir í 7. gr. frv. verður álagningarstofninn afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins í stað þess að vera fasteignamat. Hér er um að ræða verulega breytingu sem engar upplýsingar komu fram um tölulega og nefndarmenn hafa því ekki getað glöggvað sig á. Hins vegar hef ég reynt að afla mér upplýsinga um hvað þetta getur verið mikil breyting hjá Fasteignamati ríkisins, en því miður höfðu þeir ekki tiltækar þær upplýsingar sem ég þurfti til að leggja heildarmat á þetta, gögn þeirra eru í vinnslu einmitt þessa dagana, þannig að ég varð að láta mér duga að fá nokkrar „stikkprufur", taka út nokkra kaupstaði á landinu og reyna að glöggva mig á því hversu mikill munur er á þessum tveimur álagningarstofnum.

Ég hygg að ég megi segja að á höfuðborgarsvæðinu eða alla vega í Reykjavík sé ekki umtalsverður munur á þessu, ef nokkur. Hins vegar eru þessir tveir álagningarstofnar mismunandi víða í kaupstöðum á landsbyggðinni. Þannig er ég með yfirlit yfir Akranes og þar kemur fram að álagningarstofn samkvæmt frv. er 51% hærri en fasteignamat. Ef ég tek íbúðarhús og bílskúra út úr sérstaklega er hækkunin meiri en það eða um 60%. Ég er líka með upplýsingar um Ísafjörð og þar kemur fram að heildarálagningarstofn samkvæmt frv. yrði 31% hærri en fasteignamatið. Heildarálagningarstofninn í Bolungarvík yrði um 52% hærri en samkvæmt *núgildandi fasteignamati* eða álagningarstofni. Á Húsavík er munurinn 33% og á Egilsstöðum er munurinn 57%. Á Selfossi er munurinn 40%. Þannig er um að ræða — allt ént í þessum kaupstöðum og ég hygg að megi fullyrða í flestum ef ekki öllum kaupstöðum utan höfuðborgarsvæðisins, jafnvel á Suðurnesjum, þó þekki ég það ekki, virðulegi forseti — verulega hækkun á álagningarstofni svo nemur tugum prósenta.

Þetta þýðir að ef sveitarfélögin hafa óbreytta álagningarprósentu á vatnsgjaldi frá því sem er nú á vatnsskatti munu þessi gjöld hækka sem þessu nemur. Þar sem mig vantar þessi gögn frá Fasteignamati ríkisins hef ég ekki getað gert mér grein fyrir því hvað hér er um að ræða miklar fjárhæðir ef öll sveitarfélög hefðu sömu álagningarprósentu en breyttu um álagningargrunn, en til að gefa mönnum einhverja vísbendingu um að hér er um að ræða umtalsverðar upphæðir bendi ég á að þessi álagningarstofn er sá sami og er nú notaður við álagningu fasteignaskatts. Fasteignaskatturinn var á síðasta ári, ef ég man rétt, 4,2 milljarðar kr. Þannig leiðir af sjálfu sér að um er að ræða að sveitarfélög geti að óbreyttu hækkað tekjur sínar til vatnsveitna verulega nema ef væru í lögunum einhverjar þær takmarkanir sem afmörkuðu þessa skattstofna við þessi tilteknu verkefni með almennum hætti. Þá væri það líklegt til að halda aftur af því að menn sæki sér auknar tekjur ofan í vasa launþega og annarra íbúðaeigenda á þessum stöðum.

Þetta er það sem ég vildi nefna sérstaklega sem ástæðu fyrir mínum fyrirvara. Ég sé þá hættu fram undan að gjöldin muni hækka verulega og hef raunar fyrir mér þróunina með fasteignaskattinn. Þegar farið var úr fasteignamatinu yfir í afskrifað endurstofnverð hækkaði álagningargrunnurinn geysilega mikið og sveitarfélögin mættu því að hluta með því að lækka álagningarprósentuna, en fjarri því að öllu leyti, og sóttu sér verulegar tekjur í gegnum þann tekjustofn. Það var hins vegar mun eðlilegra því fasteignaskatturinn er almenn tekjuöflun sveitarfélags, en í þessu tilviki, með vatnsgjaldið, skil ég vatnsgjaldið þannig, eins og ég hef greint frá, að um er að ræða gjald en ekki skatt og gjald sem afla á tekna á móti tilgreindum verkefnum.

Ef sveitarstjórnir gá ekki að sér getur verið um að ræða verulega skattahækkun í allmörgum sveitarfélögum. Yfirleitt er það þannig hjá kaupstöðum að menn ganga frá álagningarstofnum í desember þannig að það kæmi mér ekki á óvart ef margir af kaupstöðunum 30 væru þegar búnir að ákvarða sína álagningarprósentu sem mundi þá framkalla þessa hækkun að óbreyttu. Ég tel að til þess að mæta mínu sjónarmiði og reyndar almennt allra vegna væri rétt að vekja sérstaka athygli á þessari afleiðingu af lagasetningunni og beina því til viðkomandi kaupstaða að þeir breyti *sínum* álagningarstuðli þannig að ekki verði um að ræða aukningu tekna á þessu sviði umfram það sem hægt er að rökstyðja sem skort á tekjum til að standa undir rekstri af vatnsveitunni sjálfri. Ég teldi það óeðlilegt ef sveitarfélögin gengju lengra í þeim efnum þrátt fyrir þá erfiðleika sem að *þeim* steðja um þessar mundir og allir þekkja þar sem verið er að sækja á þau að borga ákveðin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Virðulegur forseti. Ég hef í fáeinum orðum gert grein fyrir þeim atriðum sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á við umræðu þessa máls og gert grein fyrir *mínum* fyrirvara um frv. Hins vegar legg ég áherslu á það sem almenna afstöðu mína til frv. að ég tel það vera til bóta og mun greiða frv. atkvæði, en hafa þó þann fyrirvara að ég legg mikla áherslu á að

hér verði ekki um að ræða leið til að skattleggja íbúðaeigendur í kaupstöðum á landsbyggðinni umfram það sem tíðkast hefur.

Virðulegi forseti. Með þessum orðum skal ég ljúka máli mínu í umfjöllun um frv.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs þar sem hv. 15. þm. Reykv. beindi til mín ákveðnum spurningum og ætla ég að leitast við að svara þeim.

Fyrst ætla ég að leyfa mér að koma inn á athugasemd við 7. gr. um álagningu vatnsgjalds. Ég tók það svo að það væri fyrst og fremst áhyggjuefni að margfeldisstuðull væri notaður miðaður við fasteignir í Reykjavík, ef ég hef skilið það rétt. Ég ætla að leyfa mér að vitna í umsögn um 7. gr. þar sem segir: „Til þess að jafna heimildina og gera hana samanburðarhæfa milli vatnsveitna sveitarfélaga er gert ráð fyrir að áður en til álagningar kemur verði stofninn margfaldaður með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík á sama hátt og kveðið er á um í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, varðandi fasteignaskatta. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Upphæð vatnsgjaldsins má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Er hér um að ræða svipað hundraðshlutfall og vatnsveitur hafa haft í reglugerðum sínum, en einstaka vatnsveitur hafa haft heimild til að innheimta hærra hundraðshlutfall."

Ég held ég fari rétt með að það er þannig að viðmiðun fasteignamats er mjög oft notuð varðandi gjöld í sambandi við eignir í sveitarfélögum, en það hefur verið erfitt fyrir mörg sveitarfélög þar sem fasteignamat er lágt að þeim eru oft ætlaðir sömu tekjustofnar, en þeir nýtast þeim á mjög ólíkan hátt miðað við t.d. fasteignamat. Þar ber kannski hæst fasteignaskattinn sjálfan. Ef ég man rétt var tekið á þessu fyrir u.þ.b. tveimur árum með því að nota einhvers konar viðmiðunarstuðul fyrir sveitarfélög þannig að þau væru ekki svo bundin með tekjustofna sína af fasteignamatinu í sveitarfélaginu, líka vegna þess að sum hafa fengið endurmat og önnur ekki. Hins vegar verð ég að viðurkenna að ég er ekki alveg viss um þetta mál, reyndar vék ég úr sal áðan af því ég vissi af félmrh. í húsinu og fannst æskilegt, ef það yrðu umræður um málið, að ráðherrann yrði hér, en ég tel samt að ég hafi eitthvað fyrir mér í þessu. Aðalmálið í 7. gr. og varðandi þessi 0,3% er að verið er að setja hámark og það er þá að mínu mati verið að reyna að tryggja að það sé nokkuð líkt farið með það hámarksgjald, sem sett er á sveitarfélögin, óháð matinu af því að verkefnið sem slíkt er væntanlega fremur líkt.

Hins vegar er það svo að frv., og þá tengist það hinni spurningunni sem snýr að umhverfisþættinum, er fremur tæknifrumvarp, þ.e. að verið er að setja lög um tækniþáttinn og gjaldtökuna, og þá vil ég t.d. nefna að það er verið að leggja þá skyldu á sveitarfélög að starfrækja vatnsveitur, en það þýðir ekki að þau eigi að vera með sína eigin uppsprettu. Ég get tekið sem dæmi bæjarfélagið mitt, þar sem ég hef starfað í sveitarstjórn, sem kaupir vatnið frá Reykjavíkurborg, en starfrækir vatnsveituna og sér að öðru leyti samkvæmt viðlíka lögum og þessum um miðlun í sínu sveitarfélagi. Það starfrækir vatnsveituna undir þeim lögum sem ég tel að hafi verið vatnalögin fram að þessu.

Ég tek undir mikilvægi þess að sinnt sé umhverfisþættinum við allar slíkar framkvæmdir sveitarfélaga, en ég er ekki alveg viss um að ákvæði um slíkt eigi að vera í lögum eins og þessum. Þá er ég að vísa til þess að þetta er verkefnaframkvæmd á hendi tæknideildar sveitarfélaganna eða þeirra þátta eftir því hver störf þeirra eru. Umhverfisþátturinn er hins vegar mjög víða kominn undir sérstakar stjórnir og starfar eftir sérstökum lögum. Það má segja að þar sem farið er að sinna umhverfisþætti styrki hann eftirlitsþátt umhverfismálanna gagnvart framkvæmdarvaldinu í sveitarfélögunum. Það er mitt mat að það sé vænlegra að umhverfisþættinum og umönnun hans sé sinnt samkvæmt einhverjum slíkum umhverfislögum. Ég undirstrika að ég tek mjög undir mikilvægi þessa þáttar. Við fylgdum því ekki eftir með því að koma með ábendingu um að ákvæði um þetta ætti að koma inn í lögin og ég er að tala fyrir mig, enda enginn annar, ef ég man rétt, sem tók þetta upp. En þetta er það sjónarmið sem ég hef.

Ég hef hins vegar áhuga á að nefna það varðandi athugasemdir um lagafrv. og af því mér finnst það skipta máli að nefndinni sem vann frv. var falið að endurskoða gildandi lagaákvæði um vatnsveitur og holræsi. Með endurskoðun skyldi stefnt að því að einfalda framkvæmd þessara mála, t.d. með því að athuga hvort ekki mætti komast af með eina reglugerð fyrir allar vatnsveitur og aðra fyrir holræsi í stað reglugerða og gjaldskráa í hverju sveitarfélagi eins og nú er. Það kemur fram að nefndin kynnti sér sérstaklega ákvæði III. kafla vatnalaga, um notkun vatns til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án vatnsorkunota, og X. kafla sömu laga, um holræsi, lög og aðstoð til vatnsveitna o.s.frv. og kynnti sér fjölmargar reglugerðir sem sveitarstjórnir hafa sett um vatnsveitur á grundvelli vatnalaga og laga um aðstoð til vatnsveitna. Loks aflaði nefndin sér upplýsinga frá öðrum Norðurlöndum um hvernig málum þessi væri háttað þar.

Nefndin varð sammála um að endurskoða þurfi ákvæði vatnalaga um holræsi, en telur hins vegar að sú endurskoðun krefjist víðtæks samráðs við önnur ráðuneyti svo sem umhvrn. og iðnrn. Nefndin mun leggja til við ráðherra áður en hafist verður handa við að endurskoða þau ákvæði að tekið verði upp formlegt samstarf við þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli varðandi þennan þátt.

Ég held að það sé kjarninn í málinu að umhverfisþátturinn komi líka inn í þá meðferð vatnalaganna. Fyrirspyrjandi veit það e.t.v. betur, en ég hef talið að rannsókn á grunnvatnskerfum hljóti að vera þáttur í vatnalögunum sem slíkum en ekki þessu tæknifrumvarpi um vatnsveiturnar.

Ég hef eflaust svarað þessu ófullnægjandi en gert mitt besta. Ég tek aftur undir umhverfisþáttinn, en ég hef fjallað um frv. eins og það birtist mér sem frv. um samræmingu gjaldskrár og framkvæmdina á vatns-

veitu, ekki endilega þannig að uppsprettan sé hjá sveitarfélaginu, og vek athygli á því að nefndinni barst reglugerð sem þegar var búið að semja og að það er mikið hagsmunamál sveitarfélaganna að samræmi sé í þessum þáttum vegna eðlis framkvæmdarinnar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Kjarninn í spurningu minni varðandi 7. gr. var hvað ætti að gera ef það hámarksgjald sem mætti taka dygði ekki til. Það kom fram, ef ég man rétt, á þeim fundi sem ég mætti á í félmn. að einhverjar vatnsveitur þyrftu að lækka sitt gjald, þ.e. þær hafa tekið hærra gjald en þær hafa heimild til ef þetta verður að lögum. Þá velti ég því fyrir mér og spurði reyndar áðan hvað gerðist þá. Verður það Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem mundi koma þarna inn í eða hvað gerist ef vatnsveiturnar ráða ekki við að reka vatnsveiturnar og gjaldið sem þær mega taka dugar ekki til samkvæmt heimildum sem eru veittar í frv. því það er mjög mismunandi hvað kostar mikið að sjá fyrir vatni? Það var fyrst og fremst þetta sem ég hafði áhyggjur af varðandi þær heimildir sem hér eru og mér finnst nauðsynlegt að fá við því viðhlítandi svar hvað verður gert ef vatnsveiturnar geta ekki fullnægt þeim skyldum sem á þeirra herðar eru lagðar.

Ég get fallist á að það sé allt í lagi að umhverfisþátturinn sé í öðrum lögum og rannsóknir á grunnvatnskerfum séu ekki beinlínis settar inn í þetta samhengi, en það verður þó að hafa í huga að það sé ekki skilið eftir, sett alveg til hliðar, vegna þess að það er mikilvægur þáttur í þessu máli. Það er þess vegna sem ég er að leggja áherslu á þetta.

En spurningin er þá fyrst og fremst: Hvað á að gera ef vatnsveiturnar geta ekki, með þeim gjöldum sem hér eru, fullnægt þessari skyldu sinni? Er það þá Jöfnunarsjóður eða ríkissjóður sem kemur inn í málið? Það var fyrst og fremst það sem ég saknaði úr svörum 11. þm. Reykn. sem ég þakka annars fyrir.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. E.t.v. hefði verið betra, í stað þess að hlaupa í salinn, að ég hefði fylgt því eftir, sem ég ætlaði að gera, að leita eftir því að ráðherra kæmi hér því vissulega væri betra, ef efasemdir eru um frv. og ákveðnum þáttum ekki fylgt nægjanlega eftir í nefnd, að viðkomandi ráðherra gæti svarað fyrir það, en ég skal gera mitt besta í að svara. Það kemur fram í grg. að nokkur sveitarfélög hafa þurft að hafa eitthvað hærra gjald en þessi viðmiðun nær til. Nú er líka lögð mikil áhersla á og eins í nál. að það sé ekki farið í framkvæmdir hjá sveitarfélagi, og vísa ég í sveitarstjórnarlög, öðruvísi en fyrir liggi að viðkomandi sveitarfélag ráði við framkvæmdina og reksturinn á eftir. Og hvað gerist ef sveitarfélag ræður ekki við framkvæmd sem þegar er gerð? Það held ég að sé framkvæmd sem byggir á sveitarstjórnarlögunum því auðvitað getur það komið til að sveitarfélög hafi stofnað til verkefna hjá sér sem á einhverjum tíma reynast því um megn. Það hlýtur að vera þannig að það sé þá heimildarákvæði eða eitthvað slíkt í sveitarstjórnarlögum til að taka á því. Ég treysti mér ekki til að svara hvað verður gert, ef slíkt frv. er orðið að lögum, og eitthvert sveitarfélag hefur farið í framkvæmd á vatnsveitu sem reynist svo dýr í rekstri að gjaldið dugir ekki og tel að það væri æskilegra að ráðherra sveitarstjórnarmála svaraði því. Ég get ekki svarað þessu betur.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þrennt sem ég vildi koma á framfæri. — Er nú hv. 11. þm. Reykn. horfinn á braut? Það er vont þegar maður veitir andsvar við ræðu hv. þm. og hann hleypur út. Ég óska eftir því að sá ágæti hv. þm. doki aðeins við meðan ég veiti andsvar. (**Forseti:** Þingmaðurinn er kominn.) Ég þakka fyrir, virðulegi forseti.

Það var aðeins þrennt sem ég vildi nefna í andsvari við ræðu hv. 11. þm. Reykn. Í fyrsta lagi: Ég vildi spyrja hv. þm. að því sem frsm. nefndarinnar hver skilningur þingmannsins væri á heimild í 8. gr. um aukavatnsgjald, hvort í þessu felist að takmörk séu fyrir því hvað þetta gjald má vera hátt, þannig að það liggi fyrir afstaða frsm. um þetta mál.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að frv. var ekki sent út til sveitarfélaga til umsagnar. Það er samið af nefnd á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga — held ég að ég fari rétt með. Það er út af fyrir sig ágætis stofnun en er ekki það sama og sveitarfélögin.

Í þriðja lagi vil ég nefna varðandi Jöfnunarsjóðinn að ég hafði uppi ábendingar um að það væri nauðsynlegt að tryggja betur en nú er ákveði í lögum um Jöfnunarsjóðinn, þ.e. það sem rennur til vatnsveituframkvæmda, fyrst menn væru að herða á skilyrðum bæjarstjórna til að reka vatnsveitur. Ég vil nefna, virðulegur forseti, að úr Jöfnunarsjóðnum voru lánaðar til vatnsveituframkvæmda 1988 62 millj., 1989 43 millj. og á síðasta ári, 1990, 17 millj., þannig að greinilegt er að mjög minnkandi er það fé sem varið er í þennan málaflokk úr Jöfnunarsjóðnum.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var beint til mín spurningum um hvort ég hefði skoðun á því hvað sérstakt aukavatnsgjald sem heimilt er að leggja á samkvæmt 8. gr. mætti vera. Í 8. gr. frv. segir:

„Af þeim fasteignum, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal sveitarstjórn auk vatnsgjalds, sbr. 7. gr., heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum."

Ég hef ekki skoðun á þessu. Ég þykist vita að gjaldskrá taki mið af rúmmetrum, en ég hef ekki ákveðna skoðun í þessu efni.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að samkvæmt svari frsm. hv. félmn. er ekki sett fram skoðun á því hvort í 8. gr. séu einhver takmörk fyrir því

hvað aukavatnsgjald má vera hátt. Samkvæmt þeirri uppsetningu sem er í frv. er gert ráð fyrir að ráðherra ákvarði þetta gjald í reglugerð og samkvæmt drögum sem liggja fyrir er það ákvarðað 15 kr. á rúmmetra, en ef þetta liggur ekki ljóst fyrir og verður túlkað þannig að lagaheimildin veiti ráðherra opna heimild er hægt að ákvarða gjaldið svo hátt sem menn kjósa. Ég tel þetta alvarlegt mál, ég tel að löggjafarvaldið, þegar það er að framselja skattlagningarvald til annars aðila, eigi að hafa takmörk á því hvað það gjald, eða skattur, má vera hátt.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Sem fulltrúi í félmn. Alþingis stend ég að því sameiginlega nál. sem nefndin hefur sent frá sér um þetta mál og geri það án fyrirvara. Engu að síður finnst mér ástæða til að vekja athygli á spurningum sem upp komu í nefndinni og ekki fengust fullnægjandi svör við. Auðvitað hefði ég kosið að félmrh. væri hér og gæti svarað þeim spurningum þar sem nefndarmenn í félmn. vissu ekki um útfærslu þess máls sem ég ætla að gera sérstaklega að umtalsefni, en ég sætti mig út af fyrir sig við að hún sé ekki í salnum en hefði þá kosið að formaður félmn. væri a.m.k. á staðnum þannig að hún gæti tekið boð til ráðherrans um þetta mál. Ég sé í sjálfu sér afskaplega lítinn tilgang í því að vera að spyrja spurninga ef enginn er til svara. (Gripið fram í.) Ég er ekki alveg viss um að þingflokksformaður Alþfl. kunni svörin við þessu þó hann kunni ýmis svör. Ég vil þá, herra forseti, a.m.k. bíða þangað til formaður félmn. kemur í salinn. (**ÖS:** Formaðurinn fór að borða.) Formaðurinn fór að borða. Það eru nú ýmsir, svo maður noti óvirðuleg orð, óétnir hér inni og formaður ætti að geta setið hér eins og aðrir. (**ÖS:** Menn verða nú að fá að taka til matar síns.) Já, það sést nú á sumum að þeir taka hraustlega til matar síns. (**Forseti:** Ég held að forseti verði að fresta umræðum um þetta mál ef hv. þm. getur ekki lokið máli sínu.) Ja, ég hef sagt að ég sé afskaplega lítinn tilgang í að varpa fram spurningum ef enginn er til andsvara, hvorki ráðherra né formaður félmn., þannig að ég kýs þá að þessu verði frestað.

Umræðu frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, brtt. 263, 286 og 307.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er um viðamikið frumvarp að ræða, en ég hef ákveðið að taka aðeins fyrir einn einstakan þátt þess þótt full ástæða væri til að fjalla um allt þetta frumvarp eins miklum deilum og það eða einstök ákvæði þess hafa valdið í samfélaginu.

Það er alltaf eins og þegar á reyni verði menn að gera upp hug sinn og raða því í forgangsröð sem þeim þykir skipta mestu máli. Í mínum huga er enginn vafi á að fyrstu þrjár greinar frv. geta, ef að lögum verða, valdið gífurlegum breytingum á högum skólabarna hér á landi og þar yrði um alveg feikilega afturför að ræða ef af yrði. Það var með sæmilega metnaðarfullum hætti staðið að setningu grunnskólalaga í vor, en þetta frv. gerir ekki aðeins það að krukka í þau lög og taka aftur þann góða ásetning sem þar var þó fram settur heldur er í þessum ákvæðum um skref aftur á bak að ræða og það er mjög alvarlegt mál. Því mun ég takmarka mál mitt við þetta.

Ég hef orðið vör við, og þykir raunar bæði slæmt og jafnvel dálítið undarlegt, að það eru ekki allir sem hafa gert sér grein fyrir hvað felst í þessum fyrstu greinum frv. Mér er ljóst að það hafa verið teknir út tveir litlir liðir í meðförum nefndar úr 1. gr. laganna. En það sem eftir stendur er það sem mestu máli skiptir og það sem mestu varðar. Frv. lætur kannski ekki mikið yfir sér en þegar það er borið saman við grunnskólalögin er eiginlega verið að taka allt þar sem mestu máli skiptir. Það er verið að gangast fyrir því að skólamáltíðir sem upp á að taka á næstu árum verði ekki teknar upp um fyrirsjáanlegan tíma með frestun. Það er verið að krukka í lengd kennslutíma sem er e.t.v. eitt það alalvarlegasta. Það er verið að fjalla um skólaathvörf og það er verið að fella út mikilvæg ákvæði um námsráðgjafa og auk þess, og kannski er það eitt af því sem mér þykir erfiðast að kyngja, er verið að færa hæstv. menntmrh. vald sem ég held að hann yrði ekki öfundsverður af að hafa. Og ég held að þar sem nú gilda ákveðin lög og ákveðin viðmiðunarstundaskrá hefur verið sett fram og ákveðin markmið í því sambandi sé ekkert sem skiptir meira máli en að halda sig við það sem menn hafa á annað borð samþykkt með lagasetningu í stað þess að setja embættismann þjóðarinnar menntmrh., mann framkvæmdarvaldsins, í þann vanda að þurfa að fjalla með reglugerðum um það sem hefur þegar verið fest í lög. Um þetta snýst málið ekki síst.

En mig langar til skýringar að lesa þær greinar grunnskólalaga sem eiga ekki að koma til framkvæmda eða breytast því það kemur á óvart hversu hljótt þetta hefur farið. Það hafa að vísu verið hjá þeim sem þekkja gerst til málanna mjög hávær mótmæli, en hér er sem sagt skv. 1. gr. — *og ég mun aðeins stikla á* því alstærsta, alls ekki rekja þetta lið fyrir lið — enn talað um að ekki komi til framkvæmda á árinu 1992 3. mgr. 4. gr. grunnskólalaga en 3. mgr. 4. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.“ — Það er ekki smávegis sem þarna er verið að taka til baka.

Samkvæmt d-lið 1. gr. í bandorminum er talað um að 1. og 6. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla eigi ekki að koma til framkvæmda heldur á árinu 1992. Það er ekki löng lesning. Með leyfi forseta get ég rakið hvað þar er um að ræða:

1. mgr. 46. gr. grunnskólalaga fjallar um vikuleg-

an kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla og þar er sett lágmark. Ég ætla ekki að lesa upp þann lista en þetta lágmark er sú sátt sem um þetta mál hefur náðst. Ég veit að það eru margir og m.a. við kvennalistakonur sem hefðu jafnvel viljað ganga lengra í þessum efnum. Þetta á að fella út.

6. mgr. 46. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geta dvalist utan kennslustunda. Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra."

Þetta er það sem núna er verið að taka út af borðinu. Þetta eru ákvæði sem margir hafa lengi beðið eftir. En þetta er ekki hægt að skoða nema í samhengi við 3. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem sagt er að í stað 1.–6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi þrjár nýjar málsgreinar. Og mig langar fyrst til að fara í ákvæði til bráðabirgða og geta þess að þar er í fyrsta lagi talað um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemanda sem eigi að koma til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laganna. Með því að taka þetta úr lögunum og setja það orðalag sem ég rek á eftir, sem í rauninni setur allt vald í hendur ráðherra, er verið að breyta því sem er fast markmið í eitthvað sem við í rauninni vitum ekkert ávísun á hvað er. Í öðru lagi er verið að taka þarna út ákvæði um hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk og síðan fjölda nemenda í 1.–3. bekk þannig að hér er allt undir.

Þarna eru markmið sem eru sett ár frá ári og þetta eru markmið sem mér er kunnugt um að kennarar hafa lagt gífurlega áherslu á að yrði ekki hróflað við. Þetta hefur verið mikið baráttumál. Sífellt er verið að leggja meiri byrðar á herðar kennurum. Þeim er ætlað að sinna bæði kennslu og að vissu leyti einnig andlegum þörfum nemenda. Við getum alltaf deilt um hvort það sé sanngjarnt að leggja þessar byrðar á herðar kennara, en við getum ekki deilt um að þess er þörf að koma til móts við þær óskir kennara sem þeir setja fram miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Einnig felst í þessu ákvæði til bráðabirgða ákvæði um námsráðgjafa og því er einnig breytt. Þá er í þessu ákvæði hvorki meira né minna en ákvæði um einsetinn skóla. Ég veit ekki til þess að neinn flokkur eða stjórnmálasamtök, hagsmunafélög eða aðrir hafi annað en tekið undir að hér bæri að stefna að einsetnum skóla. Loksins þegar það gerist er þessu ákvæði kippt út og ákveðið að reyna einhverja aðra leið. Því miður eru þau ákvæði sem í staðinn koma allsendis ófullnægjandi.

Hér er einnig enn og aftur ákvæði um málsverði á skólatíma. Það er sem sagt tvítekið út þannig að það sé öruggt að ekki sé hægt að hrinda þessu í framkvæmd.

6. mgr. í ákvæði til bráðabirgða fjallar um sérskóla vegna fatlaðra barna. Þar er annað ákvæði sem kemur inn. En ég held að það hafi ekki verið hróflað við greininni efnislega.

En í staðinn fyrir öll þessi verðugu og merkilegu markmið á að koma þetta orðalag, með leyfi forseta, úr 3. gr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og vil ég lesa þetta svo fari ekkert á milli mála um hvað ég er að tala:

„Greiðslur ríkissjóðs, sbr. 75. gr., skulu miðast við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 29 nemendur í 3.–10. bekk.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar) vera reknir áfram á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Menntmrn. setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með talið valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma."

Það er ekki síst þessi síðasta málsgrein 3. gr. sem ég tel að sé stórháskaleg. Ekki vegna þess að ég vilji ætla hæstv. menntmrh. eða nokkrum menntmrh. illan ásetning heldur vegna þess að ég held að við verðum að skoða þetta í ljósi annars sem blasir við á þessum vetrardögum þegar við erum að fjalla um mjög mikla uppstokkun í ríkisfjármálum.

Þá mun ég rekja hvers vegna ég hef svo miklar áhyggjur af nákvæmlega þessum ákvæðum. Það er nefnilega ekki að ástæðulausu að við kvennalistakonur rísum nú upp gegn gjörsamlega óþörfum breytingum á nýlegum grunnskólalögum, lögum sem eru ekki fullkomin en hins vegar stórt skref í rétta átt. Allar þær breytingar, sem lagðar eru til um grunnskólalögin í bandorminum, eins smekklegt sem það nafn nú er á frv., eru til hins verra að okkar mati.

Frestun á upptöku skólamáltíða eru alvarleg tíðindi. Við búum í samfélagi þar sem vinnuálag er meira en víðast annars staðar og mun ég nánar fjalla lítillega um að á eftir. Meira en 80% giftra kvenna eru nú útivinnandi. Flestar eru þessar konur með börn. Til samanburðar má geta þess að 20% giftra kvenna voru útivinnandi árið 1960. Vissulega er mjög misjafnt á hvaða aldri þessi börn eru, en þó má nefna að hér á landi er samanborið við nágrannalöndin þjóðin mjög ung, það er mikið af börnum hér á grunnskólaaldri. Það held ég að enginn velkist í vafa um. Ekki þarf að fjölyrða um einstæða foreldra, þeir eru nánast allir útivinnandi og aðstæður þeirra ekki á þann veg að þar sé heldur forsvaranlegt að krukka í neitt af þeim bótum á skólakerfi sem orðið hefur. Það er nefnilega mikið atriði fyrir útivinnandi foreldra og raunar mannréttindi barna heimavinnandi foreldra líka að skólastarf sé í mjög góðu horfi. Þess vegna er í rauninni óhjákvæmilegt annað en bæði að taka tillit til þessa langa vinnudags og einnig þess um hvað skólastarf á að snúast.

Langur vinnudagur merkir jafnframt að allt of fáir foreldrar, a.m.k. í stærri byggðarlögum, hafa nokkur tök á að vera t.d. heima með heitan mat í hádeginu eins og mér heyrist stundum að þeir haldi sem standa að lagasetningu á Alþingi. Það er raunar stórundarlegt, en enn heyrir maður að í rauninni eigi bara hver og einn að bjarga þessum málum og helst að hafa mjög mikla sektarkennd ef börnin fá ekki þá þjónustu sem allir mundu vilja að þau fengju og þetta á að vera

einkamál foreldra — foreldra sem leggja samfélaginu mikið af mörkum með vinnuframlagi sínu. Samfélagið er reiðubúið að taka við þessu vinnuframlagi en ekki að laga sig að þessum aðstæðum.

Jafnframt þessu, miðað við núverandi ástand og það ástand sem mér sýnist að eigi að viðhalda, verði þessi ákvæði bandormsins að lögum, þyrfti þar að auki foreldri sem ætlaði að fara heim og elda mat handa börnunum sínum að hafa matartíma u.þ.b. frá kl. 11 á morgnana til kl. 3 á daginn ef miða ætti við núgildandi stundaskrár. Það er nefnilega allt á huldu um hvort nokkurn tímann hefur verið tekin bein afstaða til þess að það væri fastur og samræmdur matartími. Ekki er það mín reynsla af stundaskrám barnanna minna alla vega. Og á ég þó ekki nema tvö. Ég sé því í rauninni ekki hvernig þetta er hugsað. En ég get þessa vegna þess að slík viðhorf heyrast enn þá. Og hvort sem hér er um einhverja upphafna draumsýn að ræða, sem felur í sér að hér séu einhverjir yfirburðaforeldrar sem eigi að gera allt og geta allt, eða eitthvað annað, einhver gömul rómantík á ferðinni, þá er þetta mjög skaðlegt fyrir alla umræðu. Ég held að við verðum að miða umræðuna við þann veruleika sem við búum við hvort sem við erum sátt við hann eða ekki.

Það er vitað mál að allmörg börn eru vannærð að mati skólahjúkrunarfræðinga og það sýnir að ekki eru fullnægjandi úrræði til fyrir börn sem hafa með sér nesti eða *lifa á sjoppufæði og skyldi raunar engan undra.* Þetta er einfaldlega engin lausn og þetta eru engar fréttir. Það þykir eðlilegt á flestum vinnustöðum að þar geti menn fengið hollt og næringarríkt fæði, sums staðar er það frítt eins og hefur þegar komið fram í ræðum nokkurra. Einkum þótti mér athyglisvert að heyra hver þróun mála hefur verið hjá vegavinnuflokkum þar sem menn þurftu áður að hafa með sér nesti en fá nú allt frítt. Mér er vel kunnugt að þar er boðið upp á frítt fæði. Þetta er eðlileg þróun, ég held að enginn efist um það. En af hverju hefur ekki það sama gerst í sambandi við börnin okkar? Hvernig stendur á því að það hefur ekki þessi eðlilega þróun orðið hjá þeim sem eru að vaxa úr grasi og þurfa mest á þessu að halda?

Ég minni á umræður og upplýsingar sem fram komu er hér var á Alþingi til umræðu till. til þál. um skólamáltíðir. En flm. till. voru Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson og Stefán Guðmundsson. Man ég ekki betur en að sú till. hafi verið til umfjöllunar a.m.k. á tveimur þingum. En mig langar að taka undir það sem þar kemur fram í greinargerð þó ég taki aðeins lítinn kafla fyrir. Mér finnst þar nákvæmlega tekið í sama streng og ég er að reyna og það var viðurkennt með samþykkt grunnskólalaganna í vor að þá stefnu bæri að taka. En í greinargerðinni stendur, með leyfi forseta:

„Vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu hefur skipan máltíða í vaxandi mæli riðlast á heimilum á síðustu árum. Sífaukinn fjöldi mæðra vinnur utan heimilis. Fjöldi barna á grunnskólaaldri gengur sjálfala mikinn hluta dagsins.

Mörg börn fá í hendur fjármuni í stað fæðu og fæðuval og neysluvenjur mótast um of af framboði söluskála í grennd við skóla. Oft er þar aðallega á boðstólum sælgæti, sætabrauð og gosdrykkir. Fæðan verður því vítamínsnauð og sykurneysla úr hófi, margfalt hærri en þekkist meðal grannþjóða okkar. Miklar tannskemmdir íslenskra barna eiga m.a. rætur að rekja til rangs mataræðis.

Of algengt er að börn borði ekki áður en þau fara í skóla á morgnana, og fá síðan ekki viðunandi máltíð í hádeginu. Fyrir börn og unglinga á vaxtarskeiði er ein máltíð á dag engan veginn nægjanleg. Talið er að börn þurfi auk morgunverðar tvær aðalmáltíðir á dag. Rétt fæðuval er sérstaklega mikilvægt fyrstu 15 árin, en næringin hefur áhrif bæði á andlegan og líkamlegan þroska.

Skólinn er vinnustaður barnanna. Foreldrar fá í auknum mæli hádegisverð á vinnustað en börnin eru ekki alltaf tilleiðanleg að taka með sér nesti í skólann. Helst eru það yngstu börnin, sem varla eru nema hálfan daginn í skóla, ýmist fyrir eða eftir hádegi, sem hafa með sér smánesti, en skólarnir hafa þá gjarnan á boðstólum til sölu ýmiss konar drykkjarvörur og jógúrt. Spurningin er hvort þessir nemendur fái góðan hádegisverð þegar heim kemur.

Tvísetning eykur enn meir á óreglu matmálstíma á heimilum barnanna, en Ísland hefur nokkra sérstöðu hvað þetta snertir."

Ég lýk þessari tilvitnun og tek undir hvert einasta orð.

Þessu hefði maður haldið að væri nú búið að reyna að gera einhverja bragarbót á. Þetta er það sem við vorum að fjalla um þegar grunnskólalögin voru sett í vor og þetta voru þau markmið sem við settum okkur. Og mér þykir hart að það skuli eiga að hverfa frá því.

Þetta er hins vegar ekki allt og sumt því þótt það sé alvarlegt að fresta nú því að gera úrbætur og bjóða upp á skólamáltíðir er eins og ég gat um áðan jafnvel enn alvarlegra að nú er stefnt í hættu nauðsynlegri fækkun nemenda í bekkjum og í algera óvissu upp á hve mikla kennslu verður boðið næsta vetur. Ég held að við getum ekki litið fram hjá því að þegar við erum að fjalla um að það geti hugsanlega orðið einhver skerðing verður hún ekki núna á vorönn heldur kemur hún öll, og þá með tvöföldum þunga væntanlega, fram á síðari hluta næsta árs, þ.e. næsta skólaár. Sú ákvörðun, að ákvörðun um stundafjölda er vísað til ráðherra, er það sem ég er einna hræddust við. Og ég ítreka að ég efa ekki að ráðherra er góður og grandvar maður og vill börnum þessa lands ekkert illt. Hins vegar er honum eftir ítarlega umræðu í fjárln. gert að skera niður í sínu ráðuneyti á næsta ári um slíkar svimandi upphæðir að það er augljóst að hann verður að grípa til mjög harkalegra aðgerða. Honum er gert að skera niður launakostnað í ráðuneyti sínu um 6,7% og rekstrarkostnað einnig um lægri upphæð. Þetta er feikileg skerðing.

Það má ekki gleyma því hve mikill hluti af launakostnaði á vegum ríkisins er í grunnskólunum. Það er því engin tilviljun að það var mat Svanhildar Kaaber,

formanns Kennarasambands Íslands, samkvæmt kvöldfréttum í sjónvarpinu í gærkvöld, að þetta jafngilti því t.d. að það yrði að hætta allri kennslu 6 og 7 ára barna á næsta hausti, loka öllum skólum í ýmsum stórum bæjarfélögum sem þar voru tilgreind, t.d. yrði samkvæmt þessari skerðingu að loka skólum í Keflavík, á Akureyri og fleiri stórum stöðum, ekki bara einhverjum þessara staða heldur öllum, eða að skera niður um 380 stöðugildi í grunnskólum landsins. Og ég held að við velkjumst ekkert í vafa um að við þurfum á hverju einasta stöðugildi kennara að halda og gott betur ef vel á að vera. Við þurfum ekki á niðurskurði á 380 stöðugildum að halda.

Ég spyr: Hvað mun þetta frv. merkja? Hvaða kosti setur það okkur? Hvað felst í þessum sakleysislegu ákvæðum sem ég hef rakið? Nákvæmlega það sem verstu grunsemdir segja manni. Ætli hæstv. menntmrh. að framfylgja boðskap fjárlaganna verður hann að standa fyrir stórfelldasta niðurskurði á kennslu hjá grunnskólabörnum sem um getur, alla vega í þeirri tíð sem mitt minni nær til og ég er æði hrædd um að jafnvel enginn sem á sæti á Alþingi hafi minni til þess að þekkja til annars eins stökks niður á við. Þess vegna er mjög mikilvægt að hæstv. menntmrh. verði ekki settur í þessa hræðilegu aðstöðu heldur fái að framfylgja gildandi lögum. Það ætti ekki að vera ofrausn að gefa fagráðherra leyfi til að fá að framfylgja þeim lögum sem honum er ætlað að starfa eftir.

Það er alveg áreiðanlegt að annar sparnaður, sem hæstv. menntmrh. er ætlað að ná, getur einnig bitnað á góðum málum eins og samfelldum og lengdum skóladegi þó auðvitað sé hægt að hafa samfelldan stuttan skóladag. Ég þykist hafa bent á að lengdur skóladagur kemur varla til greina ef á að fækka kennurum um 380 eða leggja niður kennslu í e.t.v. tveimur árgöngum. Það er fráleitt að tala um slíkt nema það eigi að taka einhverja gríðarstóra hópa í umsjá eins og eins kennara, ég geri ekki ráð fyrir að svo langt verði gengið. Hér er í rauninni verið að mála sig út í horn. Það er ekki hægt að fara á þennan veg með þau lög sem við búum við. Það er ekki hægt að kippa jafnveigamiklum ákvæðum beinlínis úr umferð. Og það er ekki hægt að bjóða okkur heldur upp á þær röksemdir að þetta eigi að vera einhver smáfrestun í stuttan tíma. Það að setja allt skólastarf úr skorðum, þó ekki væri nema eitt skólaár, mundi í fyrsta lagi þýða að hér léki allt á reiðiskjálfi, hér færi allt á fleygiferð í sambandi við vinnu fólks, aðbúnað barna, félagsleg mál og eitt og annað. Ég trúi ekki að það sé ætlan stjórnvalda að leysa atvinnumál þjóðarinnar með því að setja alla í úlfakreppu. Að neyða þá til að fara heim vegna þess að atvinnustefna ríkisstjórnarinnar veiti atvinnuvegunum svo slæman aðbúnað að atvinna lamist á mörgum stöðum og þá sé búist við að fólk sem er án atvinnu og úrræða taki að sér að leysa það hlutverk sem grunnskólum hefur fram til þessa verið ætlað. Ég bara trúi ekki að það sé ætlun stjórnvalda.

Ég held hreinlega að þessi hugsun hafi ekki verið hugsuð til enda. Ég held að það geti varla annað verið. Þar af leiðandi held ég að langeðlilegast og skynsamlegast væri að taka fyrstu þrjár greinarnar úr bandorminum og helst að gleyma því að þær hafi nokkurn tíman verið settar þarna, en alla vega að fara ekki að svo vanhugsuðu máli í gang með einhverja slíka framkvæmd.

Ég held að þessi stóri og merkilegi málaflokkur ætti skilið að það væri staðið af ábyrgð að málum. Við höfum ekki séð neinar útfærslur. Við vitum að einum menntmrh. er ætlað það sem í rauninni er ekki hægt, að lama nánast starf grunnskólans. Og honum er ætlað það með því að setja í hans hendur reglugerðarvald sem honum er síðan ekki gert að framfylgja sómasamlega miðað við annað það sem við höfum séð nú þegar. Ég held að það sé sanngjarnt að taka þennan kaleik af hæstv. menntmrh. (**Forseti:** Forseti hafði verið búinn að samþykkja að fresta fundi milli kl. 2 og 2.30 og ef hv. þm. á mikið eftir af sinni ræðu væri gott að fresta henni þar til við hentugt tækifæri.) Ég er reiðubúin að gera það. Ég er á kaflaskilum núna og er reiðubúin að gera hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var þar komin í ræðu minni að mig langaði til að gera lítillega grein fyrir þeim áherslum sem samtök foreldra og kennara hér á landi hafa einkum lagt og það styður svo ekki verður um villst að þau ákvæði grunnskólalaganna sem við öll viljum standa vörð um trúi ég, alla vega innst í okkar hjarta, eru þau áherslumál sem skipta langsamlega mestu máli. Foreldrafélögin í Reykjavík létu gera könnun fyrir ekki löngu síðan og þar áttu foreldrar að raða í forgangsröð hver væru helstu baráttumálin og gefa því einkunn hvað skipti þau mestu máli. Skemmst er frá því að segja að langsamlega mesta áherslu lögðu foreldrar á einsetinn skóla og samfelldan, lengdan skóladag, nákvæmlega þau mál sem ég hef verið hér með til umfjöllunar. Og ekki löngu seinna kom önnur aðstaða, skólamáltíðir sem bar m.a. mjög hátt og var með því sem einnig var lögð langmest áhersla á. Það er ekki nokkurt vafamál að þetta eru atriði sem þorri allra foreldra vill að við stöndum vörð um. Við eigum að reyna að hafa okkar stefnu á þann veg að það sé hægt. Það stendur í könnun sem birt var á vegum Samfoks, sem er samband foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík, í bæklingi sem var útbýtt í efh.- og viðskn. í gær, að þetta séu ekki bara orðin tóm heldur hafi aðilar innan þessara samtaka áhuga á að beita sér í þessum málum. Með leyfi forseta langar mig, svo enginn misskilji nú orð mín, að segja þetta hreint út með orðum forsvarsmanna Samfoks:

„Mesta áherslu fá mál sem mikið er verið að fjalla um, ekki bara í foreldrafélögum heldur meðal almennings og stjórnmálamanna, svo sem einsetinn skóli, samfelldur skóladagur og mál sem tengjast því. Þau mál snerta beint eða óbeint hvert heimili í landinu. Það er fagnaðarefni fyrir foreldra að í orði skuli ríkja almenn pólitísk eining um þessi mál. Þessi könnun staðfestir vilja foreldra í Reykjavík um að yfirvöld láti ekki sitja við orðin tóm. Því mun Samfok fylgja þessari niðurstöðu fast eftir við rétta aðila."

Og það er engin tilviljun að á fundi í efh.- og viðskn. í gær, sem ég sat í fjarveru eins fulltrúa okkar

kvennalistakvenna, þar sem forsvarsmenn þessara samtaka komu, var að vísu fjallað um allt önnur mál, en þetta var nánast það eina sem foreldrar vildu koma á framfæri: Ekki skerða skólatíma. Ekki standa á móti lengingu skólatíma. Standið vörð um einsetningu skóla og samfelldan skóladag. Skólamáltíðirnar voru einnig nefndar mjög framarlega í forgangi. Þannig erum við að tala um mál sem eru geipilega mikilvæg fyrir þorra fólks. Ég held að það sé hægt að segja að það sé varla til sú fjölskylda hér á landi sem hefur ekki af einhverjum grunnskólabörnum að segja. Ég get ekki ímyndað mér annað en að ef þessi stóri hópur væri jafn vel skipulagður þrýstihópur og t.d. hópur sjómanna væri þar stærsti og öflugasti hópur í öllu landinu og málsvarar þeirra sem virkilega þurfa á því að halda.

Eins og ég hef rakið er þessu í raun öllu stefnt í hættu ef I. kafli frv. verður að lögum, þ.e. fyrstu þrjár greinarnar. Og foreldrar og kennarar gera sér grein fyrir þessum staðreyndum. Þeir tengja einmitt þetta frv., bandorminn, við það hvort unnt verður að ná þeim markmiðum sem við höfum sett og við höfum samþykkt að framfylgja eða ekki. Það er þess vegna sem ég vildi orða það sem svo áðan, og ítreka það nú þar sem hæstv. menntmrh. er kominn inn, að við eigum að sjálfsögðu að standa vörð um þau lög sem samþykkt voru í vor og taka þann kaleik frá hæstv. menntmrh. að hann þurfi að krukka í lög með því að hafa heimild til þess eða í rauninni skyldu til að úrskurða um lengd skólatíma t.d. með reglugerð. Þennan kaleik verðum við að taka frá menntmrh. vegna þess að nógur er þrýstingurinn á hann annars staðar frá. Það er öllum stuðningur að hafa a.m.k. lög til að styðjast við, ekki veikara en það. Við höfum ekki efni á því í þessu samfélagi að velja neinar leiðir sem bitna á þeim sem minnst mega sín, börnunum.

Af því að ég orðaði það svo og ætla ekki að gera það órökstutt að foreldrar tengdu beinlínis ákvæði í bandorminum svokallaða við hvort af verður að hægt verði að framfylgja þessum markmiðum eða ekki langar mig til að vísa í það sem liggur fyrir í umsögnum um þennan bandorm eftir að hann var í umfjöllun í hæstv. menntmn. og það eru fylgiskjöl sem voru með þeirri greinargerð sem menntmn. sendi til hæstv. efh.- og viðskn. Það er svo sem af nógu að taka, en ég held að ég byrji á að vísa í nál. frá minni hluti efh.- og viðskn. og geri það ekki síst vegna þess að þar er í rauninni sú stefnumörkun sem ég vil taka undir. En þar stendur um 1.–3. gr. bandormsins, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn er andvígur þessum breytingum og mótmælir því að slíkum grundvallarbreytingum í skólamálum sé lætt með í skjóli ráðstafana í ríkisfjármálum. Þessar breytingar hafa óveruleg kostnaðaráhrif og fylgir þeim í reynd lítill sparnaður umfram það sem hvort eð er væri hægt að ná fram á grundvelli heimilda. Ýmis önnur atriði, sem lagt er til að frestað verði eða felld niður með öllu, snerta aðra en ríkið.

Minni hlutinn telur að í þessum breytingum felist afturför í skólamálum og vísar í því sambandi til umsagnar minni hluta menntmn. og bréfs frá Kennarasambandi Íslands og Kennarafélagi Reykjavíkur.“ — Og þar er vísað í fylgiskjal I.

Minni hlutinn lagði til að þessum hluta frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þarna er í rauninni verið að segja hvað felst í orðanna hljóðan og tek ég undir það. Það ætti að vera útlátalaust svo langt sem þetta frv. nær að taka þessar greinar út.

Hins vegar, og mér er það ekkert launungarmál, værum við jafnframt að halda okkur á þeim nótum sem ég trúi að flestir í hjarta sínu fylgi og sennilega bæði í orði og á borði, að ef menntmrh. eins og öðrum verði gert að ná niðurskurði, sem ég veit að margir efast um að væri hægt í því ráðuneyti þar sem mjög víða hefur verið hagrætt og sparað gífurlega mikið, ekki síst í skólastarfi, þá verði það alla vega ekki ekki þannig að það nái til skólanna. Ég held að með því móti værum við í rauninni búin að leggja þá línu, ef þetta væri komið út úr frv. sem við erum með til athugunar.

Ég held að það væri heiðarlegast af Alþingi að taka af skarið um þetta mál. Ég mundi styðja hæstv. menntmrh. í því að hann fengi meira svigrúm en aðrir til að taka á sig flatan niðurskurð. Auðvitað höfum við mótmælt flötum niðurskurði víða, en ég held — og ég hef raunar heyrt það á máli fólks sem ég met mikils — að sums staðar sé hægt að ná þessum niðurskurði. En ég hef líka heyrt marga segja að það sé afskaplega erfitt fyrir menntmrh. að ná þessum flata niðurskurði nema draga verulega úr þjónustu í grunnskólakerfinu og skólakerfinu almennt og ég hef alltaf varað við að slíkar heildar- og allsherjarlausnir geti snert einstaka málaflokka mjög illa þar sem kannski er hægt að gera skynsamlega annars staðar. Ég minni á það, sem ég gat lítillega um í máli mínu í öðru máli í gær, að við sem tilheyrum minni hluta á Alþingi höfum sýnt þá ábyrgð að benda á ýmsar leiðir sem hægt væri að fara til að ná endum saman, t.d. sem nemur því bili sem þyrfti að brúa í þessum efnum. Við vitum að hæstv. ríkisstjórn hlýtur að líta á það eins og aðra möguleika með jákvæðu hugarfari. Við skiljum vel þann vanda sem ríkissjóður er í, við viljum bara að sparnaðurinn bitni ekki á þeim sem síst skyldi og ég held að það eigi enginn að þurfa að velkjast í vafa um að börnin eru okkur mjög mikilvæg og það atlæti sem þau fá. Við verðum að viðurkenna þá staðreynd að skólinn er mjög stór hluti af tilveru þess aldurshóps sem sækir skóla nú.

Ég ætla ekki að hætta mér út í miklar umræður um tilhögun skólastarfs og þær hugmyndir sem hafa verið um einkavæðingu í skólakerfinu. Það er annar málaflokkur og ég tel ekki sanngjarnt að færa mig út í þær umræður í þessu tilliti þó að það sé skýrt í mínum huga að auðvitað er það hluti af heild og alltaf á að taka fyrir alla þá þætti sem varða mál.

Ég hef allmargar umsagnir undir höndum. Í fyrsta lagi almenna umsögn minni hluta menntmn. um I. kafla frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum eins og ég gat um áðan. Ég er ekki beinlínis að vitna í þá umsögn að öðru leyti en því að minna á að minni hluti menntmn. taldi í rauninni engin frambærileg rök fyrir að breyta áformum um framkvæmd grunnskólalaga í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum og benti á að

þetta væri ekki rétti staðurinn til að fjalla um grunnskólamál almennt.

Í öðru lagi er hér bréf frá Kennarafélagi Reykjavíkur og þar er örstuttur kafli sem mér þætti vænt um að fá, með leyfi forseta, að vitna í þar sem upplýsingar koma fram:

„Kennarar fögnuðu því að ný grunnskólalög voru samþykkt í vor, en í þeim er einmitt tekið tillit til breytts þjóðfélags og stefnt að lengingu skóladags nemenda, skólamáltíða, skólaathvarfs og fækkunar nemenda í bekkjardeildum. Þegar fjallað er um fjölda nemenda í bekkjardeildum er yfirleitt talað um meðaltal sem er mjög villandi. Þó meðaltal nemenda í bekk í Reykjavík hafi lækkað um 0,43 nemendur eru nú 132 bekkjardeildir með yfir 25 nemendur en voru 92 á skólaárinu 1990–1991."

Ég held að það sé ekki nóg með að við þurfum að vera vel á verði miðað við núverandi ástand heldur þurfum við að sækja fram í stað þess að veita möguleika á að draga úr þjónustu við börn. Ég hef áður fært rök fyrir því hvers vegna ég tel svo mikilvægt að það sé hlustað á raddir kennara sem biðja um fækkun í bekkjardeildum. Þeirra hlutverk, eins og ég gat um áður, verður sífellt margbrotnara og við getum ekki lokað augum fyrir staðreyndum. Ef það á að sinna þörfum þeirra einstaklinga sem nemendur eru, því nemendur eru ekki bara tölur á blaði, nemendur eru fólk, nemendur eru börn og börnin eru líka fólk, eins og margt gott fólk hefur sagt, verðum við að sjá til þess að kennari hafi möguleika á því að veita hverjum og einum nemenda sínum þá athygli og umönnun sem hægt er.

Ég vek athygli á því að Alþingi hefur samþykkt m.a. að gera átak gegn einelti sem var tillaga okkar kvennalistakvenna. Ég veit að það hefur tekist mjög vel í þeim skólum sem reynt hefur verið að sporna við þessum vanda, sem hefur verið í ýmsum skólum. Þetta útheimtir m.a. að bekkjardeildir séu ekki of stórar, kennarar séu ekki of störfum hlaðnir og ekki sé of mikið þrengt að skólatíma. Ef við ætlum okkur að láta börnum okkar líða vel, börnum alls þessa lands, verðum við m.a. að huga að þessum þörfum þeirra. Vinnuþjáðir kennarar geta lítið gert þar sem aftur kennarar sem hafa hóflegan fjölda í bekk og ekki of mikið vinnuálag — ég ætla ekki að fara út í umræðu um launamál núna — kennarar sem búa við þolanlegar aðstæður geta ýmislegt gert. Þarna erum við að tala um það sem e.t.v. seinna og e.t.v. mjög fljótlega mun jafnframt verða sparnaður í samfélaginu. Ég mæli ekki líðan fólks í peningum, en ég veit að það eru mjög dýrar lausnir þegar verið er að takast á við alvarleg vandamál eftir á.

Ég vil jafnframt benda á það að lengd skólatíma skiptir máli og fjöldi í bekkjardeildum þegar verið er að tala um skólastefnu almennt. Þá vil ég ekki síst vísa til þess að það hefur verið bent á það með réttu, að ég held af forsvarsmönnum allra flokka á Alþingi, að að mörgu leyti séum við með rangar og vitlausar áherslur í skólastarfi þar sem ofurkapp hefur alltaf verið lagt á bóknám, en list- og verkmenntagreinum hefur ekki verið gert jafnhátt undir höfði.

Samkvæmt skýrslu sem við kvennalistakonur fengum um stöðu lista- og verkmenntagreina kom í ljós að stundafjöldi í list- og verkmenntagreinum hjá grunnskólanemendum er frá tveimur stundum og upp í fjórar til fimm þegar best gerist á grunnskólatíma. En í 9. bekk, sem nú er orðinn 10., er um val að ræða. Þetta þýðir í rauninni að þessar áherslur í skólastarfi eru ekki skýrar. Það er ekki jafnmikið val fyrir börn sem frekar mundu vilja fara út í að læra í iðnskólum, á verkmenntabrautum fjölbrautaskóla eða annars staðar eins og þeim sem ætla í bóknám. Við höfum alltaf verið mikið fyrir bókina og ég tek undir virðingu fyrir bóknámi, en mér finnst að börn eigi rétt á fjölbreyttara skólastarfi.

Ég held að það sé bein tenging á milli þeirrar miklu ásóknar sem er í Háskóla Íslands núna — og bið nú hæstv. menntmrh. þegar hann hefur tíma að hlusta sérstaklega á þetta þar sem ég veit að hann hefur miklar áhyggjur af Háskólanum — ég held að það sé engin tilviljun heldur hrein stýring sem hefur falist í því að börnum hefur meira og minna verið beint yfir á bóknámsbrautir leynt eða ljóst vegna þess að það hefur verið lítið svigrúm vegna takmarkaðs stundafjölda og mikils fjölda í bekkjum að halda uppi öflugri hand- og myndmenntakennslu að ég tali nú ekki um aðrar verkmenntir og íþróttakennslu. Þarna kemur ýmislegt inn í og ég held að við mundum e.t.v. leysa á miklu farsælli hátt þann vanda eða opna þá blindgötu sem við erum nú komin í, að beina allt of mörgum í bóknám og þá háskólanám, ef við viðurkenndum að á fyrri skólastigum þyrfti að standa öðruvísi að skólastarfi. Ég minnist þess að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir vitnaði, að ég held í umræðu í fyrravor, í langri og ítarlegri og að mörgu leyti mjög fróðlegri ræðu um grunnskólalögin sem við samþykktum þá, til ályktunar, 29. landsfundar Sjálfstfl., þar sem einmitt var verið að leggja áherslu á að nemendur þyrftu að eiga kost á fjölbreyttu námi sem væri við hæfi allra. Ég tel mig því eiga skoðanasystur og vonandi mörg skoðanasystkini hér þegar ég ræði sérstaklega um mikilvægi þess að leggja rækt við list- og verkmenntagreinar hér á landi.

Það er sama hvort við erum að hugsa um andlega velferð barnanna eða hvort við erum að hugsa um hagsýni og hagfræðileg rök, þetta hlýtur að koma vel út.

Ég veit að það er margt í frv. sem ég þyrfti að fjalla um ef ég ætti að vera sjálfri mér samkvæm og uppfylla þá kröfu samvisku minnar, allt sem mér finnst máli skipta og ætti að fjalla um, en ég valdi að taka skólamálin sérstaklega út. Ég held að það sé vegna þess að ég get ekki hugsað til þess að það verði hróflað við þeirri skólastefnu sem við höfum þó náð fram. Ég vil sjá miklu metnaðarfyllri og betri skólastefnu en við höfum, en það er þó lágmark að halda í það sem við höfum og því er stefnt í voða með því frv. sem við höfum fyrir framan okkur. Ég ítreka þetta ekki kannski síst vegna þess að það er annar þrýstingur í þjóðfélaginu, þrýstingur flats niðurskurðar og sparnaðar, og við eigum ekki að láta undan slíkum þrýstingi.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met málefnalega ræðu hv. þm. um málefni grunnskólans og ekki síður umhyggju hennar fyrir fullnægjandi fjárveitingum til þessa málaflokks. En sparnaður þarf að eiga sér stað þar líka og ég biðst ekki vægðar í sambandi við þann vanda sem er samfara niðurskurði í þessum málaflokki.

Til þess að ná fyrirhuguðum sparnaði þarf menntmrh. heimildir frá Alþingi og þær tel ég mig ekki hafa í gildandi lögum. Satt að segja hef ég efasemdir um að þær heimildir sem farið er fram á í frv. nægi til að ná settu marki, en það gefst hins vegar tími síðar á þinginu til að ræða þetta allt saman frekar og þá ekki síður áherslur í skólamálum sem ekki er tími eða tækifæri til að ræða í þessari umræðu.

Ég veit ekki hvort ég misskildi hv. þm. þegar hún ræddi um breytingar sem væru samfara grunnskólalögunum samkvæmt frv. þar sem rætt var um bæði einsetinn skóla sem er í 3. gr. gildandi laga og að nemendur ættu kost á málsverði á skólatíma sem er í 4. gr. gildandi laga. Ég legg áherslu á að það er ekki verið að nema þessi ákvæði úr gildi heldur aðeins að fresta því að þau komi til framkvæmda á árinu 1992 eins og segir í 1. gr. frv. Þær heimildir sem felast í 4. mgr. 3. gr. frv., þar sem menntmrn. fær heimild til að setja reglugerð um vikulegan kennslutíma, eru nauðsynlegar ef ná á fram þeim markmiðum sem sett eru um sparnað. Eins og ég sagði áðan hef ég efasemdir um að þær heimildir dugi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til skýringar verð ég að taka fram að ég las nákvæmlega þessi stuttu ákvæði úr grunnskólalögunum og frv. þannig að það fór ekkert á milli mála og ég gerði mér grein fyrir að hér var um frestun að ræða. Mér fannst í rauninni ekki sanngjarnt að gera þá kröfu að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur fyrri hluta ræðu minnar í dag. En þar benti ég sérstaklega á að þessi frestun væri jafnframt í raun fráhvarf frá stefnu sem mörkuð hefur verið og við höfum oft orðið vör við að frestun verður býsna löng stundum þegar hart er í ári og við vitum að það þarf að draga saman. Ég viðurkenni að hjarta mitt tók kipp þegar ég heyrði að það þyrfti jafnvel að gera enn meira og því ítreka ég að ég lít svo á að með þessari frestun og með því að setja þær byrðar á herðar hæstv. menntmrh. að verða að skerða skólatíma eins og hann einmitt tengdi mjög réttilega í sínu máli séum við að snúa til baka og ég óttast að þetta muni ekki bara verða eitt ár heldur varanleg og alvarleg skerðing. Ég held að við séum að tala sama tungumál og um sömu hluti og ég skil mjög vel hæstv. menntmrh. að vilja ekki víkjast undan því fyrir sitt leyti að taka sinn hluta af ábyrgðinni, en ég held að við verðum að undanskilja grunnskólann í þessum efnum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, en forsrh. mælti fyrir máli þessu til 1. umr. þann 6. des. sl. þannig að mál þetta hefur verið til umfjöllunar á Alþingi í u.þ.b. hálfan mánuð. Hæstv. forsrh., sem ekki er viðstaddur en ég vænti muni verða það síðar, mælti fyrir þessu máli í alllöngu máli og gerði þá efnahagsmál almennt í landinu að umræðuefni og fór yfir þá stöðu sem nú er uppi. Hann minntist sérstaklega á í upphafi sinnar ræðu að ekki hefði getað orðið úr fyrirhuguðum álverksmiðjuframkvæmdum á Keilisnesi, en ríkisstjórnin hafði í öllum áætlunum sem hún hafði gert fram til þess tíma gert ráð fyrir að úr byggingu álvers yrði. Þessar hugmyndir ríkisstjórnarinnar voru gagnrýndar af Vinnuveitendasambandinu á sínum tíma. Vinnuveitendasambandið taldi að það væri ekki rétt að gera ráð fyrir að af byggingu álvers gæti orðið. Það væri hins vegar betra að taka það inn í myndina síðar meir ef það gerðist því að staða samninga væri með þeim hætti að ekki væri hægt að gera ráð fyrir að það væri öruggt. Auðvitað hefði verið varlegra af hæstv. ríkisstjórn að áætla þjóðartekjur og þjóðarútgjöld með tilliti til þess og fara að ráðum Vinnuveitendasambands Íslands. Það var ekki gert og má segja að vegna þess að ekki gat af því orðið þurfti að taka allar hliðar þjóðarbúskaparins til athugunar því að þessi niðurstaða hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á fjárlög og alla áætlanagerð að því er varðar framtíðina.

Hæstv. forsrh. gerði stöðu ríkissjóðs að umræðuefni, en hann gerði líka stöðu atvinnulífsins að umræðuefni. Hann gat þess að samkeppnisstaða atvinnuveganna væri ekki nægilega góð, að skattlagning atvinnurekstrar hér á landi hefði mikil áhrif á samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum keppinautum. Hann gerði að umtalsefni að uppi hefði verið kröfugerð um að afnema svokallað aðstöðugjald. Undir þau sjónarmið stjórnarandstöðunnar hefur m.a. hæstv. sjútvrh. tekið. En hæstv. forsrh. taldi að ekki væri nóg að lýsa því yfir að tilteknir skattar verði afnumdir — og, með leyfi hæstv. forseta, orðaði hann það þannig: „Breytingar af þessu tagi verður að undirbúa vel.“ Og hann bætti við: „Skattbreytingar þarf því að undirbúa þannig að þær raski ekki mikilvægustu markmiðum í efnahagsmálum.“ Þetta eru orð að sönnu hjá hæstv. forsrh. og hefði mátt telja að þann 6. des. sl. stæði til að taka hlutina rólega. Ég held að hann hafi orðað það þannig að nú þyrftu menn að sýna stillingu eða rósemi og ekki stæði til að grípa til skyndiákvarðana í sambandi við skattlagningu atvinnulífsins.

En það fór samt svo að hæstv. ríkisstjórn lagði fram frv. um skattlagningu einstaklinga og atvinnulífsins þar sem greinilegt var að skyndiákvarðanir höfðu verið teknar og ræðan frá 6. des., sem var haldin hálfum mánuði fyrr, var týnd og tröllum gefin. Ekki veit ég hvort nálægð jólanna hefur haft einhver áhrif á hæstv. ríkisstjórn, en ég er helst á því að næturfundurinn frægi, þar sem helstu ákvarðanir voru teknar af hæstv. ríkisstjórn, hafi orðið afdrifaríkur í þessu sambandi og ráðherrar sem áttu að bera ábyrgð á stöðu atvinnulífsins hafi þar samþykkt ýmislegt sem þeir hafi ekki ígrundað vel.

Það er mjög merkilegt í þessu sambandi, miðað við

þessi orð hæstv. forsrh., að við skulum upplifa á Alþingi og í þjóðfélaginu að aðeins 10 dögum síðar, eftir að forsrh. segir að nú þurfi menn að athuga hlutina vel og taka sér góðan tíma í að skoða skattamál atvinnurekstrarins, skuli Vinnuveitendasamband Íslands sjá sig knúið til að senda frá sér yfirlýsingu undir heitinu „Aðför að atvinnurekstri".

Það eru merkileg tímamót í sögu íslensks atvinnurekstrar að hann hafi með svo afdráttarlausum hætti þurft að lýsa því yfir að hann byggi við fjandsamlegt ríkisvald. Ég vil í því sambandi minna á að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram frv. til laga um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti þar sem m.a. er gert ráð fyrir að grundvallarbreyting verði gerð á meðferð skattlagningar arðs í íslensku þjóðfélagi. Þessi breyting gengur út á að arður skuli vera skattfrjáls hjá móttakanda en ekki frádráttarbær hjá greiðanda. Þessari breytingu er kastað fram að lítt yfirveguðu máli og meira að segja kemur fram í röksemdum með því frv. sem þar var lagt fram að hér sé fyrst og fremst um að ræða að tryggja að hugsanlegar breytingar á næstunni geri ekki að verkum að um afturvirkni verði að ræða. Ég skil út af fyrir sig vel að hæstv. núv. fjmrh. sé hræddur við afturvirkni skattalaga. Hann hefur haldið um það margar mætar ræður á Alþingi ásamt ýmsum öðrum alþingismönnum úr hans flokki og telur af því vonda reynslu undir stjórn fyrri ríkisstjórna að þannig sé farið að málum. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. fjmrh. að vel má vera að þar hafi oft verið heldur langt gengið og ekki er það til fyrirmyndar. Hins vegar er það nokkur nýlunda að menn telji ástæðu til að boða breytingar á þessum málum með löggjöf og vera svo hræddir við afturvirkni að þurfa að taka slíkt út úr og setja um það sérstök lög. Það var t.d. ekki gert ráð fyrir að þessi breyting á skattalögunum mundi fela í sér einhverjar tekjur fyrir ríkissjóð. Hér virtist eingöngu vera um varúðargrein að ræða. Á sama tíma var lögð fram tillaga um að tap fyrri ára, ef það væri eldra en fimm ára gamalt, væri ekki frádráttarbært. Það er alveg ljóst að þar er um afturvirkni að ræða og því í fullu ósamræmi við það mikla varúðarsjónarmið sem kemur fram hjá hæstv. ríkisstjórn í greininni sem varðar arð frá atvinnulífinu.

Þetta mál hefur verið mikið rætt í efh.- og viðskn. og aðilar atvinnulífsins kallaðir til sem allir hafa skýrt frá því að hér væri um mikið hættuspor að ræða, íslenski hlutabréfamarkaðurinn væri mjög viðkvæmur á þessu stigi, þar hefði farið fram mikið uppbyggingarstarf á undanförnum árum og stjórnvöld skilið þau sjónarmið sem þar liggja að baki og gert sér grein fyrir að mikilvægt væri fyrir íslenskt atvinnulíf að fá meira eigið fé inn í sinn rekstur. Jafnvel aðilar sem hafa talið sig vera á vinstri kanti í íslenskum stjórnmálum, eins og fyrrv. hæstv. fjmrh., hafa skilið þessi sjónarmið. Hann beitti sér m.a. fyrir því að á síðasta ári, ef ég man rétt, var prósentan sem heimilt er að draga frá að því er arð varðar hækkuð úr 10% í 15%. (**Fjmrh.:** Það var núverandi sem gerði það.) Ég hygg að sú löggjöf hafi verið sett í tíð hæstv. fyrrv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Það var þingmannafrumvarp.) Já, það má vel vera að hæstv. núv. fjmrh. hafi komið mjög að því máli, enda hefur hann verið áhugamaður um þessi mál, haft á þeim mikinn skilning. Þeim mun óskiljanlegra er hvers vegna hann vill rífa niður sín góðu verk frá fyrri tíð.

Það er áreiðanlega rétt hjá hæstv. fjmrh. að hann hafði mjög mikil áhrif í þessu sambandi á hæstv. fyrrv. fjmrh. En það hlýtur að teljast mikilvægt að hans dómi að allir íslenskir stjórnmálaflokkar skuli hafa staðið að því og skilið að það væri hvað mikilvægast fyrir íslenskt atvinnulíf að eiginfjárstaða þess væri bætt. En hvað svo sem því líður, hæstv. fjmrh., hefur atvinnulífið sent frá sér þessa yfirlýsingu um aðför að atvinnurekstrinum, hvað svo sem líður fyrri ágætum verkum þáv. hv. þm. Friðriks Sophussonar. Ég vil ekki vanmeta þau og það starf sem hann hafði uppi á Alþingi í þessu sambandi. Þau er hægt að meta með því að lesa hans ræður. En það er nú er því miður svo að þær eru ekki alveg í samræmi við það sem fram kemur í dag.

Flestir hafa viðurkennt að þetta ákvæði, sem sett er fram í lögunum um tekju- og eignarskatt, sé algerlega óþarft og engin ástæða til að lögfesta það. Það hefur meira að segja gengið svo langt að menn eru að tala um að hæstv. ríkisstjórn ætli að lögfesta lélegan brandara. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta eigi eitthvað skylt við brandara, þetta er hið alvarlegasta mál. Hæstv. ríkisstjórn hefur í reynd viðurkennt að þetta ákvæði skipti nánast engu máli tekjulega séð og aðeins haldið því fram að þetta sé gert í varúðarskyni. Síðan koma þeir aðilar sem best þekkja til á íslenskum hlutabréfamarkaði og halda því fram að þetta geti nánast eyðilagt það mikla uppbyggingarstarf sem þarna hefur átt sér stað, m.a. að frumkvæði hæstv. núv. fjmrh. eins og hann réttilega tók fram í frammíkalli sínu. Ég tel mikilvægt að hann hefur bent á það á Alþingi. En alveg sama. Það skal samt gert. Og á fundi sem við áttum fyrir skömmu með fulltrúum atvinnulífsins var þetta enn áréttað af þeim.

Virðulegur forseti. Ég hafði hugsað mér að vitna til þess sem kom fram í þeirra máli. Ég tel í sjálfu sér mikilvægt að hæstv. fjmrh., sem ekki hefur haft möguleika á að taka þátt í því starfi undanfarna daga, geri sér ljóst hvað menn hafi þar sagt. Án þess að ég vitni þar sérstaklega í ákveðna menn kom skýrt fram að menn töldu þetta tilefnislaust og tilgangslaust og bera vott um að menn taki ekki rökum og hvort það gæti virkilega verið að menn vilji hafa á blaði einhvern fjandskap í garð atvinnulífsins. Þetta eru ekki mín orð, hæstv. ráðherra, þetta eru orð forsvarsmanna atvinnulífsins í landinu. Og hvers vegna í ósköpunum eru menn svo fljótir að gleyma að hæstv. forsrh. heldur hér ræðu um það fyrir aðeins hálfum mánuði að nú þurfi að halda ró og undirbúa mál vandlega, sérstaklega að því er varðar skattlagningu, það sé sérstök ástæða til að taka hlutina með ró í sambandi við skattlagningu atvinnulífsins?

Þeir menn sem best þekkja til á íslenska hlutabréfamarkaðnum sögðu að hér væri ekki um málefni neinna sérstakra aðila að ræða. Þetta væri spurningin um all-

an atvinnureksturinn í landinu. Það væri lífsspursmál fyrir atvinnulífið á Íslandi að það væri ekki mismunun á kostnaði, sem hlýst af því að fyrirtæki fá hlutafé inn í sinn rekstur, og því lánsfé sem fyrirtækin þurfa að taka.

Nú er t.d. mikill áhugi fyrir því hjá lífeyrissjóðunum í landinu að auka þátttöku í atvinnulífinu og það vill svo til að á vegum þessara sjóða er stærsti hluti sparnaðar landsmanna. Meiri sparnaður á sér stað í gegnum lífeyrissjóðina en hinum almenna sparnaði nemur og lífeyrissjóðirnir geyma og varðveita langstærstan hluta af sparifé landsmanna. Það er lífsspursmál fyrir íslenskt atvinnulíf að lífeyrissjóðirnir verji meira fé til uppbyggingar þess, ekki síst núna þegar lægð er í íslensku efnahagslífi, þegar við þurfum á að halda að auka framleiðsluna, auka framleiðni, auka hagræðingu í atvinnulífinu, en þar er e.t.v. að sækja mestu möguleika til framfara eins og nú stendur. Menn hafa orðið fyrir vonbrigðum að því er varðar uppbyggingu stóriðju hér á landi og þar hefur verið byggt á heldur mikilli bjartsýni. Nú hefur það ekki orðið að veruleika og því þurft að endurskoða allar forsendur í þjóðarbúskap Íslendinga. Ætli það sé þá ekki ástæða til að menn hlúi vel að atvinnulífinu og geri ráðstafanir til þess að það geti sótt fram á veg ekki síst þegar er upplýst að afkoma atvinnuveganna á næsta ári mun trúlega versna um eina 6 milljarða a.m.k.

Þótt það sé mikill skilningur á því hjá þeim sem hér stendur að það þurfi að tryggja afkomu ríkissjóðs verður afkoma ríkissjóðs ekki tryggð með því að atvinnulífinu blæði út. Ríkissjóður mun tapa á því og halli á ríkissjóði mun aukast og er alveg ljóst að eins og nú standa sakir er mikil hætta á að atvinnuleysi aukist. Þess vegna er það enn þá óskiljanlegra hvernig í ósköpunum stendur á því að menn halda fastatökum við þetta ákvæði sem engu máli skiptir. Hvað getur legið þar að baki? Er þetta einhver pólitík, eins og einn af forsvarsmönnum atvinnulífsins orðaði það? Er þetta einhver þráhyggja í einhverjum sem skilur ekki þarfir íslensks atvinnulífs? Getur það verið að einhverjir hæstv. ráðherrar taki ekki sönsum í þessu máli? Og getur verið að þessari vitleysu, sem er óheppileg og óheilbrigð, eigi að halda svo til streitu að atvinnulífi Íslendinga þurfi að blæða? Er nú ekki nóg að menn haldi áfram að hafa allt of mikið framboð af húsbréfum á íslenska verðbréfamarkaðnum til skaða fyrir atvinnulífið þó menn bæti því ekki við að hlutabréfamarkaðurinn verði eyðilagður? Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Getur verið að það sé eitthvert samband þarna á milli? Ég spyr hvort það geti verið að sama skilningsleysið komi þarna fram.

Ég á bágt með að trúa því að einhverjir hæstv. ráðherrar geti verið svo skilningslausir á þarfir íslensks efnahagslífs og atvinnulífsins sérstaklega að þeir ætli sér einfaldlega að koma því til leiðar að verðbréfamarkaðurinn fari í fyrsta lagi á hliðina með þeim afleiðingum að vextir rjúka upp og þar með fari atvinnulífið á hliðina og ætli svo að bæta því við að nú skuli hlutabréfamarkaðurinn líka fara á hliðina. Eru menn ekki farnir að meta hæstv. núv. ríkisstjórn heldur mikils ef þeir ætla að leggja þetta hvoru tveggja á sig? Gæti ekki verið, hæstv. forsrh., að það væri rétt að fara að orðum þínum 6. des. þegar þú sagðir í framsöguræðu þinni um þetta mál að nú skyldu menn taka hlutina rólega og gæta að því hvað væri verið að gera og undirbúa allar breytingar í skattamálum vel? Þá varst þú, hæstv. forsrh., sérstaklega að vitna til þess að menn væru uppi með ótímabærar kröfur, eins og ég skildi ræðu þína, um að fella niður aðstöðugjald. Ég skildi ræðu þína þannig að það væri rétt að undirbúa það mál sérstaklega vel. En aðeins nokkrum dögum síðar er lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti sem verður að kallast fjandsamlegt atvinnulífinu. Og atvinnulífið hefur séð ástæðu til að birta mjög sterkar yfirlýsingar um það og er nú svo komið að menn botna ekkert í því sem þar er að gerast. Þar ætla menn að halda inni ákvæði sem engum er til gagns og menn hafa haft sterk orð um. Rökstuðningurinn sem við fáum í hv. efh.- og viðskn. er þess eðlis að menn ætli sér að gera breytingar á skattlagningu fjármagnstekna í framtíðinni. Það sé ætlun núverandi ríkisstjórnar. Það hafði ríkisstjórnin tekið fram í sínum — sennilega ekki stjórnarsáttmála heldur í Viðeyjarkverinu hvíta, sem nýlega kom út og menn, a.m.k. sumir hverjir, vilja taka eitthvað af því sem þar stendur trúanlegt. Að vísu hafa sumir hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar ekkert viljað við það kannast og er nú svo komið að einhverjir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar gefa ekki meira fyrir það sem þar stendur en að þeir vilja fá hluta af því sérstaklega fest í löggjöf, þeir vilja fá það fest í löggjöf að það eigi að taka upp skattlagningu á fjármagnstekjur og það eigi síðan að fresta þessu máli, þ.e. skattfrelsi arðsins, þar til þar að kemur.

Nú er út af fyrir sig full samstaða um það á Alþingi að rétt sé að taka upp skattlagningu á fjármagnstekjur og það er atriði sem ég hef skilið svo að allir íslenskir stjórnmálaflokkar séu sammála um og þá vænti ég þess að hv. núv. stjórnarflokkar séu um það sammála, það standi ekki þarna og þeir séu samt um það ósammála. Að vísu hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir í fjárlagafrv. að þessi skattlagning eigi ekki að hafa í för með sér neinar nýjar tekjur fyrir ríkissjóð og það sé betra að ná þessum nýju tekjum með því að skattleggja barnafólk sérstaklega eins og hann hefur gert tillögur um og ég hef oft áður sagt hæstv. fjmrh. og ég þarf ekki að endurtaka ræður mínar í því sambandi.

Um þetta er fullkomin samstaða, en ef á að skattleggja fjármagnstekjur í einhverjum mæli gengur það í þveröfuga átt við það ákvæði sem er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og því hefur það ekkert með það að gera. En er tiltrúin svona lítil á samkomulagi núv. hæstv. ríkisstjórnar að það þurfi að lögfesta einstök atriði þessa samkomulags? Getur verið að það ríki slíkt vantraust milli ráðherra í núv. ríkisstjórn að það sé krafa um að það sem menn koma sér saman um skuli sett í lög? Það er algjör nýlunda í samstarfi stjórnarflokka á Íslandi, ég hef aldrei heyrt það fyrr, og gæti kannski verið að það verði næsta skref þegar menn gera stjórnarsáttmála sín í milli að það sé kom-

ið með hann í heilu lagi til Alþingis og hann settur sem löggjöf. Það væri nýlunda í íslenskri löggjöf. (**Fjmrh.:** Það var gert 1979.) Það er út af fyrir sig alveg rétt, hæstv. fjmrh., það voru sett lög í apríl 1979, ætli þau hafi ekki verið númer 10 eða svo, sem fjölluðu um margvíslega hluti í efnahagsmálum. (Gripið fram í.) Það var alla vega einhvers staðar undir 10, gæti hafa verið númer 3 eins og mér heyrist að hér sé sagt, en ætli það geti ekki verið að þau séu frá 10. apríl 1979. Eitthvað var um 10 í þessari löggjöf. En þá er það upplýst að þetta voru lög nr. 3 10. apríl 1979 sem hæstv. fjmrh. er að vitna til. Það var á margan hátt allt öðruvísi löggjöf — og ég hygg að núv. hæstv. viðskrh. kannist við þá lagasmíð því hann kom nokkuð að því — og sú löggjöf hefur verið gagnrýnd með ýmsum hætti. Ég er ekki að segja að allt sem þar standi sé til mikillar fyrirmyndar, en í þeirri löggjöf var m.a. ákveðið að innleiða verðtryggingu á Íslandi. (**Fjmrh.:** Þau voru númer 13.) Það er sem sagt 10 plús 3. Ég er ekki orðinn nógu minnugur á tölur, hæstv. fjmrh. En það er mikilvægur kostur þegar menn þurfa að sýsla um fjármál að muna tölur, eins og ég veit að hæstv. fjmrh. hefur áreiðanlega komið til góða í starfi hans. En þannig er með mig að ég er farinn að vera heldur gleyminn á tölur. (**Fjmrh.:** Þetta kemur með aldrinum.) Já, já, þetta er allt saman skiljanlegt.

En í þessari löggjöf var ákveðið að taka upp verðtryggingu hér á landi. Og gæti ekki verið að það hafi skipt máli fyrir íslenskan fjármagnsmarkað að þessi verðtrygging var tekin upp? Það gæti hugsast, þó að ýmsir gallar hafi verið á þessu máli, að það hafi verið til bóta miðað við þær aðstæður því sparnaður landsmanna hafði farið mjög minnkandi um langt skeið og þótti nauðsynlegt að setja verðtryggingarákvæði í lög til að tryggja að sparnaður Íslendinga ykist á nýjan leik.

Þessi ákvæði hafa vissulega orðið til þess að fjármagnskostnaður atvinnulífsins hefur hækkað mikið, en það hefur líka lagt þær skyldur á stjórnvöld að reyna að fara varlega á fjármagnsmarkaðnum. Má vissulega segja að íslensk stjórnvöld hafa ekki verið nógu gætin í því sambandi. Halli á ríkissjóði hefur verið of mikill og útgáfa á ýmsum ríkispappírum verið úr hófi fram. Það sem hefur sett fjármagnsmarkaðinn á hliðina að undanförnu er ekki eingöngu hallinn á ríkissjóði heldur jafnframt sú mikla útgáfa á húsbréfum, sem eru ríkistryggðir pappírar, sem hefur verið að undanförnu. Þetta verður að lagfæra og þýðir ekkert annað en draga úr þessari útgáfu um stundarsakir ef menn meina eitthvað með því að ætla að auka atvinnu hér á landi og gefa atvinnulífinu tækifæri til að byggja upp sem er mikilvægast um þessar mundir. Það er vissulega mikilvægt að landsmenn geti eignast eigið húsnæði. En það er til lítils að vera skuldugur í eigin húsnæði atvinnulaus. Ég er hræddur um að það muni gagnast unga fólkinu í skamman tíma. Ef menn halda að það leysi íslenskt efnahagslíf eru menn á villigötum. En látum vera að það náist ekki samstaða um að taka rökum í því máli. Það er margrætt á Alþingi og virðist ekki ganga hjá hæstv. núv. ríkisstjórn frekar en þeirri fyrri. En þegar á svo að bæta því við að rífa niður allt það uppbyggingarstarf sem hefur verið á íslenskum hlutabréfamarkaði eru menn hættir að skilja. Ég trúi því vart að menn ætli að skilja svo við þetta mál og láta sér standa á sama um orð þeirra manna sem hafa hvað besta þekkingu á þessu máli.

Ég minni t.d. á varfærnisleg orð fulltrúa Seðlabankans í þessu máli. Hann sagði sem svo að það væri fullkomlega eðlilegt að taka upp skattlagningu fjármagnstekna. Það kom honum á óvart að þetta framtak núv. ríkisstjórnar væri fyrsta skrefið og er nú varlega til orða tekið að það hafi komið honum á óvart. Hann bætti við: Er þetta nauðsynlegt?

Og hann sagði líka: Þessi tillaga hefur nú þegar truflað og fælt fólk frá hlutabréfakaupum. Það kom jafnframt fram að hlutabréfamarkaðurinn er á viðkvæmu uppbyggingarstigi. Það er ekkert gamanmál að rífa niður þetta starf og þess vegna hélt ég að hæstv. núv. stjórnarliðar mundu taka þetta ákvæði út í stað þess að taka málið út úr nefnd eins og nú hefur verið gert og ákveða að lögfesta þetta óeðlilega og óþarfa ákvæði.

Menn halda því sjálfsagt fram að við sem nú störfum í stjórnarandstöðu séum með málþóf. Það verður sjálfsagt það sem einhverjir munu segja, að sá sem hér stendur haldi uppi málþófi í málum á Alþingi. Ég skal játa að ég hef sjaldan talað lengi þó ég hafi bráðum verið hér í 17 ár. En ég tel það mikilvægt hlutverk mitt sem stjórnarandstæðings að reyna að koma vitinu fyrir núv. ríkisstjórn og hv. stjórnarliða. Ég tel að stjórnarandstaðan hafi oft á árum áður komið vitinu fyrir stjórnvöld, því þetta er ekki fyrsta ríkisstjórnin sem lætur sér detta í hug eitthvað sem ekki er rétt að gera, það hefur því miður komið fyrir í öllum ríkisstjórnum sem starfað hafa á Íslandi frá upphafi lýðveldisins. Þar hafa verið ráðin misvitur ráð og verða alltaf misvitur ráð. Það hlýtur að vera eðlilegt hlutverk stjórnarandstöðu á hverjum tíma að benda á það sem úrskeiðis fer, kalla til þá aðila í samfélaginu sem þekkja best til og hlusta á rök þeirra og færa þau fram. En þegar rökin eru ekki lengur tekin gild vegna einhverrar þráhyggju sem enginn skilur hljóta menn að grípa til þess að tala á Alþingi í þeirri von að það sé tekið alvarlega.

Það er ekki hægt að fara með það sem einhverja léttavöru þegar fulltrúar sem starfa á þessum markaði halda þessu fram og segja að helstu væntingarnar til framfara á næstunni séu hagræðing í atvinnulífinu og vilji einstaklinganna í landinu til að taka þátt í þeirri endurskipulagningu sem þurfi að eiga sér stað og vilji sameiginlegra sjóða landsmanna, sem fyrst og fremst eru geymdir í lífeyrissjóðum okkar, til að taka þátt í þessu. — Nei, það er ekkert hlustað á þetta.

Lífeyrissjóðirnir hafa sagt sem svo: Við viljum gjarnan halda áfram að kaupa hlutabréf í íslenskum atvinnurekstri, en það gefur auga leið að við munum hætta að gera það þegar arður af hlutabréfum er ekki lengur frádráttarbær í atvinnurekstrinum en vextir af lánsfé eru frádráttarbærir. Þá munu lífeyrissjóðirnir að sjálfsögðu fremur vilja lána íslenskum atvinnuvegum. En það er ekki það sem íslenskt atvinnulíf þarfnast.

Það vill fá meira eigið fé og það vill hafa skilyrði til þess.

Og lífeyrissjóðirnir bæta við: Hæstv. núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að opna verðbréfamarkaðinn, opna hlutabréfamarkaðinn þannig að Íslendingar geti farið að kaupa verðbréf í öðrum löndum og erlendir aðilar geti farið að kaupa verðbréf á Íslandi. Menn hafa meira að segja gengið svo langt að það er farið að selja húsbréfin í útlöndum. Hvað ætli það gangi lengi að selja þá pappíra með ríkisábyrgð á erlendum verðbréfamörkuðum á sama tíma og helsta vandamál Íslendinga er allt of mikill viðskiptahalli? Það getur sérhver skynsamur maður séð, sem hugsar til framtíðar, að þetta gengur ekki upp. En það skal samt gert í nafni einhvers sem enginn fær skilið og nú lýsa lífeyrissjóðirnir því yfir að það sé trúlega það helsta sem þeir geti gert að kaupa hlutabréf í erlendum fyrirtækjum vegna þess að þar séu reglur aðrar og nú hafi þeir fullar heimildir til að kaupa hlutabréf í helstu auðhringum heimsins og væntanlegum samkeppnisaðilum Íslendinga á mörkuðum. Er það nú það sem íslenskt atvinnulíf þarf á að halda, að íslenskir lífeyrissjóðir fari að kaupa hlutabréf í erlendum fyrirtækjum og ríkissjóður að selja húsbréf með ríkisábyrgð á erlendum verðbréfamörkuðum? Er þetta framtíðin sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar boðar? Væri ekki rétt að hún læsi leiðara Alþýðublaðsins frá í gær og tæki hann til greina? (**Gripið fram í:** Er hann ekki illa skrifaður eins og venjulega?) Það var upplýst, hv. þm., að sá leiðari væri skrifaður samkvæmt útboði og er það nýlunda að það sé jafnvel farið að bjóða út leiðaraskrif stjórnarblaðanna, flokksmálgagnanna. (Gripið fram í.) Ég bið þig um að fá það upplýst hjá hæstv. utanrrh. sem er formaður Alþfl. Ég hygg að hann viti meira um starfsemi Alþýðublaðsins en sá sem hér stendur þó ég telji að hæstv. utanrrh. hafi ekki talið sig bera nokkra ábyrgð á þessum leiðara. En ég hefði talið hæstv. utanrrh. meiri mann að því ef hann hefði gengist við honum því hann var ágætlega skrifaður og meira að segja Morgunblaðið endurtók hann í dag. Mér þótti gott hjá Morgunblaðinu að endurbirta þennan annars ágæta leiðara. (**Gripið fram í:** Ertu ekki með hann?) Nei, ég er ekki með hann, en ég hefði vænst þess að þessi skrif stuðningsblaða ríkisstjórnarinnar, fyrst hins ágæta Alþýðublaðs sem að vísu er ekki stórt að vöxtum, en síðan endurprentað í Morgunblaðinu sem er með miklu meiri útbreiðslu, ættu að verða nægilegt til að koma vitinu fyrir hæstv. ráðherra. En svo virðist ekki vera.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að ég hef e.t.v. gert nokkuð mikið mál úr því sem ég hef verið að tala um, þ.e. skattlagningu atvinnulífsins, en ég geri það að umtalsefni vegna þess að hæstv. forsrh. gerði það að sérstöku umtalsefni í framsögu með þessu máli og því átti ég von á því, miðað við það sem hann sagði 6. des. sl., að efndirnar yrðu með svipuðum hætti. En það kemur í ljós í þessu máli eins og mörgum öðrum að það ber ekki að taka hæstv. ríkisstjórn alvarlega og alls ekki það plagg sem er niðurstaða Viðeyjarfundanna. — Hæstv. fjmrh. Ég skil að þú þurfir að eiga orðastað við hæstv. félmrh. út af þessu máli því hæstv. félmrh. ber stóra ábyrgð í þessu máli. Lífeyrissjóðir landsmanna eru m.a. á ábyrgð hæstv. félmrh. og því ætti það að liggja fyrir að ráðherra með svo mikið ábyrgðarsvið hefði skilning á þessu máli.

En í þessu plaggi eru mikil áform og sérstakur kafli um nokkuð sem heitir „einkavæðing opinberrar starfsemi". Ég veit að hæstv. núv. fjmrh. hefur verið mikill áhugamaður um þessa einkavæðingu. Hann hefur oft haldið ræður hér á þingi áður en hann varð fjmrh. um hversu nauðsynlegt væri að taka upp meiri einkavæðingu hér á landi. En hver er dómur atvinnulífsins um þessi áform eftir þau ósköp sem hafa birst frá hæstv. ríkisstjórn? Atvinnurekendur segja einfaldlega: Það þýðir lítið að tala um að einkavæða í opinberri starfsemi þegar búið er að rústa íslenskan hlutabréfamarkað. — Eða á hverju byggist einkavæðing? Byggist hún á því að afhenda eignir ríkisins til tiltekinna manna? Byggist hún á því að selja eignir ríkisins fyrir lítið eða ekki neitt? Eru það hugmyndirnar sem liggja á bak við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar? Ég hefði haldið og tekið það alvarlega að það stæði til að tryggja að hér á landi væri sterkur hlutabréfamarkaður sem gæti m.a. annað því að smátt og smátt yrðu verkefni, sem ríkið og sveitarfélögin hafa nú með höndum, færð yfir til einkaaðila í landinu.

Það er margt sem mælir með því að ákveðin verkefni, sem nú eru í höndum opinberra aðila og ríkisins, séu færð yfir til einstaklinga. Það er út af fyrir sig eðlileg þróun íslensks þjóðfélags að þar verði breytingar. Það er ekki langt síðan við fengum okkar sjálfstæði og við höfum þurft að reka margt í okkar samfélagi með sameiginlegum sjóðum og það ber að sjálfsögðu að endurskoða og taka til endurmats. Það er t.d. að mínu mati ekkert sem mælir með því að bæjarfélög í landinu séu að stússast í veitingahúsarekstri, það eru engin rök með því og auðvitað á að fela það einkaaðilum. Sveitarfélög eiga ekki að eiga veitingahús. Það eru mistök. Það er margt annað sem sveitarfélögin hafa með höndum. Þau eru með malbikunarstöðvar og þau eru með vélaverkstæði og margt fleira sem er miklu betur komið í höndum einstaklinga.

Sum sveitarfélög eru í útgerð og fiskvinnslu. Það er t.d. ekki langt síðan stærsta sveitarfélag landsins, Reykjavíkurborg, var að stússast í útgerð og verka fisk. Það var ákveðið að selja þessa starfsemi, sem ég taldi mjög rétta ákvörðun, og koma henni í hendur aðila sem kunnu þar betur til verka. Það hefur komið í ljós að það fyrirtæki gengur miklu betur eftir að dugmiklir einstaklingar fóru að reka það. Að vísu er að hluta til hægt að þakka þá velgengni því að menn höfðu manndóm í sér til að gera skipulagsbreytingar í íslenskum sjávarútvegi sem gerði að verkum að þetta fyrirtæki gat notið þess sem menn gátu að vísu ekki séð fyrir þegar það var selt og höfðu ekki trú á. En virði þess fyrirtækis er mun meira en það var þá og hefði kannski getað verið meira virði í höndum fyrri eiganda.

Ríkið á atvinnufyrirtæki eins og t.d. Síldarverksmiðjur ríkisins sem var rétt að fara út í á þeim tíma,

en í dag er sjálfsagt að færa það í hendur einstaklinga og selja slíka starfsemi vegna þess að það er ekki og á ekki að vera markmið ríkisins að stússast í atvinnurekstri. Þess vegna get ég tekið undir að það á ekki að gera nema í undantekningartilvikum, sérstaklega sé það réttlætanlegt að ríkið hafi hönd í bagga ef um einokunaraðstöðu er að ræða.

Eitt af því sem stendur til að gera er að selja ríkisfyrirtæki. Getur það verið að menn átti sig ekki á því að til þess að geta selt fyrirtæki á einhverju verði þurfi að vera starfandi hlutabréfamarkaður í landinu? Halda menn að það sé vænlegt að setja fyrirtæki á hlutabréfamarkað sem er allur í rúst? Það stendur nú einhvers staðar í þessu kveri, ég hef lagt á mig að lesa það — já, ég er meira að segja búinn að finna það, það er á bls. 7 — þar stendur þessi ágæta setning sem ég er sammála: „Þess verður gætt að einkafyrirtækjum verði ekki afhent einokunaraðstaða á markaði." — Þess verður gætt sérstaklega.

En hvað er það sem menn eru að hugsa um að selja? Það er kominn listi yfir það. Það er Bifreiðaskoðun Íslands hf. — Gæti verið að það fyrirtæki hefði einokunaraðstöðu hér á markaði? Mér er nær að halda að það sé ekki mikil samkeppni í bílaskoðun í landinu. Mér er a.m.k. ekki kunnugt um það, nema þá að það verði opnað fyrir að bílar í Reykjavík megi fá skoðun á Egilsstöðum og bílar á Egilsstöðum geti fengið skoðun í bílaskoðuninni í Reykjavík. Þannig væri hægt að byggja upp einhverja samkeppni. En það kostar mikið að keyra á milli staða þannig að ég fæ ekki séð að það sé mjög líklegt að þarna verði virk samkeppni á markaði. En þetta á að selja samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í fjárlagafrv. Ég sé ekki betur en þetta stangist algjörlega á við það sem segir á bls. 7 í kverinu og er nema von að menn séu undrandi á því sem þar stendur og taki það e.t.v. lítt alvarlega.

Það er fleira sem á að selja. Það á að selja Endurvinnsluna hf. Það er fyrirtæki sem er inni við Súðarvog og tekur á móti tómum dósum og pressar þær saman og tekur líka á móti tómum flöskum. Ekki veit ég hvað þeir gera við þær. Brjóta þær? Þetta á að selja. Hvernig ætla menn að skapa samkeppni í þessu? Hvaða fyrirtæki á að keppa við Endurvinnsluna? Ég geri mér ekki grein fyrir því. (**Forseti:** Forseti vill aðeins trufla hv. þm.) Það þykir mér leitt, en ég tek því afar vel, hæstv. forseti. (**Forseti:** Já, það veit ég, en ástæðan er sú að það er meiningin að taka fyrir annað dagskrármál. Á hv. þm. langt mál eftir eða vill hann fresta ræðunni á meðan annað mál á dagskrá er tekið fyrir? Það er hægt að bíða nokkra stund enn, en ef hv. þm. á langt mál eftir mundi ég vilja óska eftir því að hann frestaði ræðunni.) Til að vera hreinskilinn, hæstv. forseti, þá hefur upphaf ræðu minnar tekið miklu lengri tíma en ég átti von á og ég er því miður rétt að byrja. En ég er alveg viss um að ég get komið öllu því sem liggur á hjarta mínu á framfæri síðar og ég sætti mig við það og mun því fresta ræðu minni. (**Forseti:** Forseti þakkar hv. 1. þm. Austurl. fyrir tillitssemina.)

Umræðu frestað.

Fjárlög 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 264, frhnál. 301 og 323, nál. 304 (samgn.), brtt. 265, 281, 294, 295, 300, 302, 303, 305, 308, 309, 312, 314, 322, 324, 325, 326, 327, 328, 329, 330, 331, 332, 333, 334 og 335.

Frsm. meiri hl. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Fjárln. hefur nú lokið störfum fyrir 3. umr. fjárl. fyrir árið 1992. Allmargar tillögur voru kallaðar til baka við 2. umr. og fjallaði nefndin um þær að nýju ásamt hinum hefðbundnu verkefnum sem lúta að 3. umr. Þrátt fyrir ýmis nýmæli í þingsköpum og mikinn vilja til þess að láta afgreiðslu ganga fyrir sig án þess að lenda í tímapressu hefur það ekki tekist. E.t.v. er það vegna þess að við óvenjumikla erfiðleika er að stríða í efnahagsmálum um þessar mundir. Ekki ætla ég að fullyrða um það. Hins vegar er mikil nauðsyn á að mál gangi greiðar fyrir sig en raun hefur orðið á. Tímapressa og mikið vinnuálag hefur fylgt störfum fjárveitinganefndar, nú fjárlaganefndar, svo lengi sem elstu menn muna.

Fjárln. hefur reyndar fyrir nokkru lokið störfum sínum vegna þeirrar frestunar sem hefur orðið á þingsköpum, en ég vil geta þess að það er ætíð mikil vinna að ganga frá ýmsum afgreiðslum, skýringum, undirbúningi að prentun þingskjala og fleiru.

Ég vil geta þess að svo langt gekk það á sínum tíma hvað tímapressu varðaði að árið 1988 lauk síðasta fundi fjárveitinganefndar aðeins 30 mínútum áður en 3. umr. hófst.

Eins og tíðkast hefur mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar til viðræðu við nefndina fyrir 3. umr. frv. og gerðu þar grein fyrir efnahagshorfunum. Þar kom fram að í júlíbyrjun, þegar ríkisstjórnin markaði þá stefnu að fjárlagahalli ársins 1992 yrði ekki meiri en 4 milljarðar kr., lá fyrir spá Þjóðhagsstofnunar um að þjóðartekjur mundu dragast saman um 1,8% á næsta ári. Helstu ástæður þessa samdráttar voru þá minnkandi afli, erfiðleikar í útflutningsiðnaði og versnandi viðskiptakjör. Forsendur fjárlagafrv. voru heldur lakari þar sem þá var gert ráð fyrir 3% minnkun þjóðartekna árið 1992.

Í kjölfar frestunar álversframkvæmda og lakari viðskiptakjara hafa efnahagshorfurnar enn versnað. Samkvæmt þeirri þjóðhagsspá, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að þjóðartekjur minnki um allt að 6,1% á næsta ári eða rúmlega þrisvar sinnum meira en í júlí-spánni.

Þessi nýja þjóðhagsspá boðar meiri samdrátt í efnahagslífinu á næsta ári en reiknað var með í fjárlagafrv. og þrengir það enn frekar svigrúmið við fjárlagagerð. Þannig er fyrirsjáanlegt að útgjöld heimilanna dragast verulega saman á næsta ári sem aftur þýðir minni tekjur hjá ríkissjóði. Þá má reikna með að minni tekjubreytingar og aukið atvinnuleysi hafi sömu áhrif. Að öllu samanlögðu er talið að þessi samdráttur skerði tekjur ríkissjóðs um 3–3½ milljarð kr. á næsta ári. Þessu til viðbótar hefur virðisaukaskattur innheimst verr á yfirstandandi ári en áætlað var á fjárlögum, sér-

staklega á allra síðustu mánuðum, en það hefur aftur áhrif á áætlun næsta árs.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. hefur nú verið endurskoðuð í ljósi aukins efnahagssamdráttar á næsta ári og fyrirsjáanlegs tekjusamdráttar á árinu 1991. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári lækki um rúmlega 1 milljarð kr. frá fjárlagafrv. eða úr 106,4 milljörðum kr. í 105,4 milljarða. Skatttekjur lækka svipað eða úr 98,9 milljörðum í 97,8 milljarða kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða skatttekjur ríkissjóðs sem næst óbreyttar að raungildi á næsta ári frá því í ár, en skatthlutfallið hækkar hins vegar vegna mikils samdráttar í landsframleiðslu. Samdrátturinn í landsframleiðslu sést m.a. af því að heildarfjárhæðin lækkar í krónum talið um 4½ milljarð á næsta ári en að raungildi nemur samdrátturinn 15 milljörðum kr.

Helstu frávik frá fjárlagafrv. skýrast af fyrirsjáanlegri skerðingu tekna vegna versnandi þjóðhagshorfa á árinu 1992 og endurskoðun á tekjugrunni 1991, en þetta tvennt er metið á nálægt 2 milljarða kr. til lækkunar. Á móti vega sérstakar aðgerðir til tekjuöflunar sem samanlagt eru taldar skila 1 milljarði kr. umfram áætlun frv.

Halli á fjárlögum verður, ef brtt. meiri hluta nefndarinnar verða samþykktar, 4 milljarðar 82 millj. Tekjur verða 105 milljarðar 388 millj., gjöld verða 109 milljarðar 470 millj.

Í fjárlagafrv. hefur verið fylgt mjög aðhaldssamri stefnu í útgjöldum stofnana. Þess utan hefur nú verið ákveðið að lækka rekstrarútgjöld stofnana um 2,5 milljarða kr. með jafnri skerðingu. Þetta hefur í för með sér að launagjöld lækka um 6,7% eða 2,3 milljarða kr. og önnur gjöld um 0,2 milljarða kr. sem einkum skal mætt með lækkun ferða- og risnukostnaðar og aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Á móti þessu er ákveðið að skilja eftir óráðstafað hjá ráðuneytum 1 milljarð kr. til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum ráðuneyta og stofnana þeirra.

Til að ná markmiðum um lækkun ríkisútgjalda hefur verið unnið að útfærslu á tillögum um hvernig að framkvæmdinni og eftirlitinu skuli staðið. Annars vegar beinast þær að því hvernig skerðingin verður útfærð og hins vegar að því hvernig eftirliti með útgjöldum ríkisins verður fylgt eftir innan ársins. Til að fylgja eftir ákvörðunum um lækkun rekstrargjalda er ljóst að taka þarf erfiðar ákvarðanir nú í upphafi árs um niðurskurð á þjónustu.

Þjóðarbúið hefur ekki fyrr frá því að lýðveldið var stofnað orðið fyrir öðru eins áfalli og nú er spáð. Samdrátturinn, tekjufallið varð mest áður árið 1968 og var þá 6%. Nú verður það sem fyrr segir 6,1% miðað við spá Þjóðhagsstofnunar. Samdráttur þjóðartekna fimmta árið í röð hlýtur að skapa geigvænlega erfiðleika fyrir alla þjóðina. Heimilin í landinu, hver einasti einstaklingur mun finna fyrir því sem fram undan er ef spár reynast réttar.

Það er við slíkar aðstæður sem mikil nauðsyn er á að taka fast á málum, viðurkenna vandann og einbeita sér að því að bregðast við honum með trúverðugum aðgerðum. Það er ekki vafi á að mikil nauðsyn er á að það skapist sem mest samstaða meðal þjóðarinnar í þessum efnum. Ábyrgðarlaust tal um að allt sé í lagi, eina vandamálið sé hverjir stjórna, er hættulegt og getur skaðað þá þjóðarsamstöðu sem nú er nauðsynleg. Það er deginum ljósara að það eru ekki einungis lífskjörin sem eru í hættu heldur og sjálfstæði þjóðarinnar.

Tillögur meiri hluta fjárln. við þessa fjárlagagerð eru að því leyti sérstakar að þetta er í fyrsta sinn í a.m.k. 30 ár sem þær fela í sér lækkun útgjalda. Tillögurnar bera þess merki að það er ásetningur nefndarinnar að taka fast á málum, leggja sig fram um að ná árangri. Vitneskjan um að slíkt er fórn fyrir betri framtíð, björgunaraðgerðir til varnar hruni heimilanna og atvinnuveganna hefur verið haft að leiðarljósi varðandi ákvörðunartöku.

Áður en tekið er til við að gera grein fyrir einstökum brtt. meiri hluta fjárln. vil ég í örfáum orðum endurtaka þakkir mínar, sem ég viðhafði við 2. umr., í garð samstarfsnefndar samnefndarmanna minna í fjárln., bæði meirihlutamanna og fulltrúa stjórnarandstöðu. Samstarfið í fjárln. hefur verið gott og fundarstörf gengið greiðlega. Einnig vil ég enn þakka ritara nefndarinnar, starfsfólki Ríkisendurskoðunar, fjmrn., starfsfólki í Austurstræti 14 og í Alþingishúsinu. En allt þetta fólk, sem unnið hefur með fjárln., hefur lagt sig fram um að veita nefndarmönnum aðstoð og greiða götu þeirra.

Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni við 2. umr. fjárlaga hefur menntmrn. upplýst eftirfarandi: Á fundi með fjórum af sex þingmönnum Vestfjarða þann 1. ágúst sl., sem menntmrh. boðaði til, voru rædd málefni Héraðsskólans í Reykjanesi. Ráðherrann gerði þar grein fyrir að útlit væri fyrir að skólinn yrði ekki starfræktur lengur þar sem nemendur væru svo fáir. Ákvörðun var svo tekin síðar um að skólinn yrði lagður niður svo sem kunnugt er. Á nefndum fundi lýsti ráðherra þeim vilja sínum að sem nánust samvinna yrði milli ráðuneytis heimamanna þegar rædd yrði framtíð staðarins. Ráðherra lýsir þeirri skoðun sinni að litlar líkur séu til að skólahald verði vakið upp að nýju með sama hætti og það var fram að sl. vori. Hugmynd ráðherra er að sett verði á fót nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig unnt er að kveikja nýtt líf á staðnum, nýta hús og annað sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Ráðherrann mun hafa forgöngu á næstunni um skipan nefndarinnar og óska samstarfs við þingmenn kjördæmisins og tilnefningar fulltrúa frá heimamönnum. Ráðherra hefur og tjáð mér að hann muni óska eftir því við nefndina að hún skili áliti fyrir maílok.

Svo að ég víki að öðru máli var fjárln. sammála um að fela Vegagerð ríkisins að kanna þær leiðir sem koma til greina við að tryggja vatnsleiðsluna til Vestmannaeyja yfir Markarfljót og hlutast til um að gömlu brúnni verði haldið við til að bera leiðsluna meðan ekki hefur verið gripið til annarra leiða. Vegagerðinni er falið að gera tillögur um hagkvæmustu leiðina til að tryggja sem frekast er kostur öryggi vatnsleiðslunnar

yfir Markarfljót og leggja lausnina fyrir fjárln. sem fyrst.

Gerð gróðurkorta hefur verið eitt af verkefnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á undanförnum árum. Nú er unnið að því að endurskipuleggja gróðurkortagerðina með það fyrir augum að koma þessum *kortum í stafrænt form og auka gildi þeirra fyrir áætl*anagerð og skipulagsvinnu. Þessi endurskipulagning er hluti af tilraunaverkefni í stafrænni kortagerð sem unnið er í samstarfi margra stofnana ríkisins á vegum umhvrn. og er Rannsóknastofnun landbúnaðarins formlegur aðili að verkinu. Til þess er ætlast að stofnunin haldi þessu verkefni áfram og greiði kostnað af rekstrarfé sínu árið 1992 til þessa verkefnis.

Í fjárlagafrv. er 13 millj. kr. óskipt framlag til Skálholtsstaðar á fjárlagalið 06-790 Kirkjumál, ýmis kostnaður. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á þeirri fjárveitingu, en starfandi er nefnd á vegum dóms- og kirkjumálaráðherra sem kannar málefni Skálholtsstaðar, þar með talið málefni Skálholtsskóla. Fyrir liggja drög að frv. til nýrra laga um Skálholtsskóla og drög að samningi um þátttöku ríkissjóðs í rekstri skólans. Ef frv. um Skálholtsskóla verður samþykkt sem lög er gert ráð fyrir að taka fé til rekstrar skólans af þeim 13 millj. sem eru á lið dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Rekstrarframlag til skólans verður þá samkvæmt fyrrgreindum samningi sem undirritaður yrði af dómskirkjumrh., menntmrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs.

Til nefndarinnar barst erindi frá Dimmuborgaráði þar sem m.a. var farið fram á fjárveitingu til að stöðva sandfok sem náttúru Dimmuborga stafar mikil hætta af. Stöðvun sandfoks er verkefni Landgræðslu ríkisins. Nefndin vill beina þeim eindregnu tilmælum til stofnunarinnar að horfa til þess sérstaka verkefnis við ráðstöfun á fé sem ætlað er til verkefna á uppblástursvæðum á fjárlögum.

Er þá komið að því að fjalla um þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til varðandi fjárveitingar til sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Fyrst skal þá nefna St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Lagt er til að fjárveiting til hans hækki um 60 millj. kr. frá ákvæðum frv. þannig að heildarfjárveiting verði um 175 millj. kr. Þrátt fyrir þessa hækkun lækkar fjárveiting til hans frá þessu ári sem svarar 60 millj. kr. Tillaga þessi er gerð á grundvelli samkomulags sem ráðherra gerði við stjórn og aðra yfirmenn spítalans þann 17. des. sl. þar sem hann féllst á tillögu stjórnar spítalans um aðgerðir til sparnaðar sem fram höfðu verið lagðar fyrr í mánuðinum. Jafnframt mun stjórnin gera frekari sparnaðartillögur þannig að sjúkrahúsið geti starfað við þær fjárveitingar sem hér eru lagðar til. Uppi eru áform um að taka upp svokallaðar fimm daga deildir og að auka sértekjur. Enn fremur lýsir stjórn spítalans sig fúsa til viðræðna um endurskipulagningu sjúkraþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Þess er vænst að með þessari fjárveitingu og umræddum samningi náist það tvíþætta markmið að hagræða og draga úr kostnaði jafnframt því sem St. Jósefsspítalinn geti haldið áfram að vera mikilvægur hlekkur í heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði og nágrannabyggðum.

Varðandi fjárveitingar til Borgarspítala og St. Jósefsspítala að Landakoti eru lagðar til umtalsverðar breytingar á fjárlagafrv. Eins og þingmönnum er kunnugt eru fjárveitingar til þessara stofnana sameinaðar í fjárlagafrv., enda var því lýst yfir að stefnt væri að sameiningu þessara sjúkrahúsa. Viðræður hafa staðið *yfir undanfarna mánuði milli ráðamanna sjúkrahús*anna undir forustu heilbrrn. um slíka sameiningu. Fjárlaganefnd var greint frá skýrslu frá þessum viðræðuhópi. Í skýrslunni er lagt til að sameiningunni verði hrundið í framkvæmd og lagðar fram ítarlegar tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir, svo og útreikningar á þeim ávinningi sem af sameiningu gæti leitt. Síðan gerðist það að stór hluti starfsfólks lýsti sig andvígan þessum sameiningaráformum og St. Jósefssystur tóku undir þetta sjónarmið. Með vísun til anda samnings ríkisins um kaup á sjúkrahúsinu frá 1976 hefur ráðherra lýst því yfir að ekki verði gengið þvert á sjónarmið nunnanna, enda hafa þær innt af hendi mikið starf í þágu sjúkra á Íslandi. Vegna þessarar stöðu er augljóst að sameining spítalanna nær ekki fram að ganga í bráð. Því er nauðsynlegt að skipta nú fjárveitingunni milli sjúkrahúsanna tveggja og endurvekja sérstaka fjárveitingaliði þeirra. Gerir meiri hluti nefndarinnar tillögu þar að lútandi.

Samkvæmt þessum tillögum hækkar heildarfjárveitingin til þessa málaflokks um 80 millj. kr. frá fjárlagafrv. Engu að síður er um umtalsverða lækkun að ræða miðað við fjárveitingar þessa árs. Nemur heildarlækkunin um 250 millj. kr. Skipting fjárveitingarinnar er í anda fyrrgreindrar skýrslu um hugsanlega verkaskiptingu spítalanna, en þar er gert ráð fyrir að flytja hluta starfseminnar yfir á Borgarspítalann, m.a. með því að leggja af bráðavaktir á Landakoti. Fjárveitingin til Borgarspítalans verður samkvæmt tillögu meiri hluta nefndarinnar ámóta og á þessu ári að undanskilinni nokkurri hækkun vegna yfirtöku fæðingarheimilisins við Eiríksgötu eins og síðar verður vikið að.

Hvað Landakot varðar er um verulega lækkun að ræða. Má ætla að fjárveiting til þessa sjúkrahúss lækki um 380 millj. kr. frá því sem óbreytt starfsemi gæfi tilefni til eða allt að ⅓. Því verður stjórn spítalans að grípa til allróttækra aðgerða í rekstri hans. Velflestir læknar spítalans hafa gefið út viljayfirlýsingu um áframhaldandi samninga við Borgarspítalann og heilbrrn. um samstarf og verkaskiptingu með sameiningu í huga og að þeim viðræðum verði lokið innan þriggja mánaða. Er því treyst að nunnurnar verði sáttar við þessi áform. Í ljósi þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til að fjárveitingalið á samheitinu Sjúkrahús í Reykjavík, sem ætlaður var til framkvæmda eða annars kostnaðar í samruna sjúkrahúsanna, verði ekki skipt upp að sinni heldur viðhaldið að mestu. Er þar um 195,5 millj. kr. að ræða sem verður ráðstafað samkvæmt tillögu ráðherra að höfðu samráði við fjárln. þegar fyrir liggja niðurstöður úr fyrrgreindum viðræðum.

Þá er lagt til ákvæði í 6. gr. sem heimilar fjmrh. að ganga til áframhaldandi samninga við Reykjavíkurborg og sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala um stofn-

un nýs sjúkrahúss. Slíkur samningur yrði, ef af verður, háður samþykki heilbrrh. og fjárln. Þá hefur komið fram að náðst hafi samkomulag milli stjórnenda ríkisspítalanna og Borgarspítala um að þeir fyrrnefndu yfirtaki rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkur við Eiríksgötu. Þetta kallar þó ekki á neinar breytingar á fjárlagafrv. þar sem þegar hafði verið gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi við gerð frv. Meiri hluti fjárln. vill leggja áherslu á að samstarf eða samruni fyrrgreindra sjúkrahúsa verður að leiða til raunverulegs sparnaðar í rekstri sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu án þess að til skerðingar á þjónustu komi. Í raun þarf þjónusta að batna, einkum hvað varðar hjúkrun aldraðra þar sem nú ríkir hið mesta ófremdarástand. Sameiningu þessara sjúkrahúsa verður að skoða í heildarsamhengi. Þannig verður samhliða sameiningunni að koma á skýrri verkaskiptingu milli hins hugsanlega sameinaða sjúkrahúss og ríkisspítalanna. Tryggja verður að sjúkrahúsin sérhæfi sig í auknum mæli og ekki verði komið upp dýrri hátæknideildarstöðu á þeim báðum þar sem ein mundi nægja.

Þá er þess að geta að liðurinn Sértekjur undir sameiginlegum fjárveitingum til sjúkrahúsa í Reykjavík lækkar samkv. till. meiri hluta nefndarinnar um 40 millj. kr. Sá liður geymir ýmsan sparnað sem ætlað er að ná fram í sjúkrahúsrekstrinum en ekki eru enn tök á að skipta á milli þeirra. Hér er einkum haft í huga að ná fram lækkun lyfjakostnaðar með útboði. Enn fremur flytur liðurinn í sér sparnað sem ná skal með því að draga úr ferðakostnaði lækna. Nú er talið að ekki náist að fullu sá sparnaður sem að var stefnt í fjárlagafrv. hvað það varðar. Því er umrædd breyting gerð.

Vil ég nú víkja að einstökum þáttum þessara brtt.

1. tillagan á þskj. 302 varðar forsrn. Þar er lagt til að liðurinn Ýmis verkefni hækki um 1,5 millj. kr. Um er að ræða framlag til Þróunarfélags Reykjavíkur.

2. tillaga varðar Byggðastofnun, en þar er gert ráð fyrir lækkun rekstrarkostnaðar um 20 millj. kr. sem kemur til vegna samdráttar í starfseminni.

3. tillagan varðar framhaldsskóla almennt. Þar er gert ráð fyrir að liðurinn Rekstrarhagræðing í skólum verði felldur niður í kjölfar ákvörðunar um að fallið verði frá hækkun skólagjalda.

4. tillagan snýr að Héraðsskólanum í Reykholti. Þar er gert ráð fyrir að framlag til skólans hækki um 8,7 millj. kr. vegna ákvörðunar um áframhaldandi rekstur.

5. tillagan varðar grunnskóla almennt, en þar er gert ráð fyrir að óskipt framlag lækki um 10 millj. kr.

6. tillagan varðar Þjóðleikhúsið. Um er að ræða 12 millj. kr. framlag vegna kostnaðar við frágang á sviðslyftu og fatahengi og ljósabúnaði, en þetta er m.a. til þess að verða við öryggiskröfum sem komið hafa fram.

7. tillagan snýr að framlögum til lista. Þar er um að ræða að lækka fjárveitingu til Leikfélags Reykjavíkur um 14 millj. kr. og hækka fjárveitingu til Íslensku óperunnar um 15 millj. kr. Þetta er í samræmi við væntanlegan samning menntmrh. og fjmrh. við Íslensku óperuna.

8. tillagan varðar ýmislegt á sviði menntamála. Annars vegar er um að ræða 400 þús. kr. hækkun á framlagi til Kvenfélagasambands Íslands. Hins vegar er um að ræða uppgjör á kostnaði vegna undirbúnings að byggingu handboltahallar. Af 30 millj. kr. fjárveitingu renna 20 millj. til HSÍ og 10 millj. til Kópavogskaupstaðar.

9. tillagan varðar aðalskrifstofu utanrrn. Þar er lagt til að 7,5 millj. kr. verði fluttar frá Útflutningsráði til viðskiptaskrifstofu vegna umsvifa í tengslum við EES-samningana.

10. tillagan varðar Búnaðarfélag Íslands. Þar er lagt til að framlag hækki um 5 millj. kr. til að mæta greiðslum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Búnaðarfélagsins.

11. tillaga varðar sérstakar greiðslur í landbúnaði. Þar er lagt til að framlög vegna nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurða hækki um 30 millj. kr.

12. tillagan lýtur að greiðslu vegna búvöruframleiðslu. Annars vegar er um að ræða 40 millj. kr. lækkun á framlagi vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir vegna endurskoðunar sölu- og birgðaáætlana. Hins vegar snýr tillagan að beinum greiðslum til bænda. Þar er lagt til að beinar greiðslur til bænda vegna afurða lækki um 295 millj. kr. vegna þess að gert er ráð fyrir að greiðslum verði dreift á 12 mánuði, tímabilið 1. mars 1992 til 1. febrúar 1993, en komi ekki öll á næsta ári eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessi ráðstöfun er í samræmi við ráðstöfun búvörusamnings, nánar tiltekið grein 5.2.1. þar sem kveðið er á um tilhögun greiðslna til bænda. Þar kemur skýrt fram að beinar greiðslur skuli greiðast mánaðarlega frá 1. mars. Í greininni kemur fram að fullnaðaruppgjör skuli fara fram 15. des. vegna framleiðsluársins þar sem tekið sé tillit til gæðaflokkunar framleiðslunnar. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að fullnaðaruppgjör og fullnaðargreiðsla af hálfu ríkissjóðs færu saman, en hér er horfið frá þeirri forsendu m.a. á grundvelli ákvæðanna um að greiðslurnar skuli inntar af hendi mánaðarlega. Rétt er að vekja athygli á því að 29. gr. búvörulaganna, nr. 46/1985, stendur óhögguð, þess efnis að fullnaðargreiðsla afurðastöðva skuli fara fram eigi síðar en 15. desember.

13. tillagan varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þar er lagt til að sameina þrjú viðfangsefni í eitt og fella þannig brott viðfangsefnin Rannsóknavið og Útibú. Þetta hefur ekki kostnaðarauka í för með sér en hefur þann tilgang að auka svigrúm og frjálsræði stofnunarinnar til ákvarðana innan marka heildarfjárveitingar.

14. tillagan snýr að veiðieftirliti. Þar er gert ráð fyrir að framlag hækki um 3,9 millj. kr.

15. tillagan varðar lögreglustjórann í Reykjavík. Þar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður vegna almennrar löggæslu lækki um 10 millj. kr.

16. tillagan varðar Landhelgisgæslu Íslands. Þar er lagt til að fjárveiting til reksturs varðskipa lækki samtals um 31 millj. kr. og fjárveiting til reksturs flugvéla lækki um 19 millj. kr.

17. tillagan varðar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar er

gert ráð fyrir að framlag hækki um 27 millj. kr. Samkvæmt tekjuáætlun ríkissjóðs 1992, sem nú liggur fyrir, má ætla að framlag til Jöfnunarsjóðsins, sem er 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs, nemi 1.370 millj. kr. á árinu 1992. Til viðbótar koma 27 millj. kr. vegna vantalins framlags á árinu 1991 í samræmi við endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár.

18. tillagan varðar ýmsa starfsemi á sviði félagsmála. Þar er lagt til að framlag til starfsmenntunar í atvinnulífinu lækki um 10 millj. kr. Þá er einnig lagt til að framlag til Kvennaathvarfs hækki um 700 þús. kr. og framlag til Stígamóta hækki um 500 þús. kr.

19. tillagan varðar Tryggingastofnun ríkisins. Þar er gert ráð fyrir að framlag til sjúkratrygginga lækki um 246,4 millj. kr. sem færist á aðra liði. Annars vegar er framlag til Tannverndarsjóðs að upphæð 10 millj. kr. fært á nýtt viðfangsefni og framlag til Náttúrulækningafélagsins að upphæð 236,4 millj. kr., en framlög til félagsins verða greidd af föstum fjárlögum á fjárlagalið 08-431 og verður nánar vikið að því síðar.

20. tillagan snýr að Hollustuvernd ríkisins. Þar er lagt til að framlag til heilbrigðiseftirlits lækki um 5 millj. kr. og framlag til rannsóknarstofa lækki um 5 millj. kr. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir 10 millj. kr. hækkun á sértekjum stofnunarinnar.

21. tillagan snýr að fjárlagaliðnum Sjúkrahús í Reykjavík. Þar er annars vegar um að ræða lækkun á sértekjum að fjárhæð 40 millj. kr. vegna þess að áform í fjárlagafrv. um sparnað í ferðakostnaði lækna náðist ekki að fullu. Hins vegar fellur brott liðurinn Kostnaður vegna endurskipulagningar, að fjárhæð 204 millj. kr. sem er skipt á milli Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti eins og fram kemur hér á eftir. Loks er tekið upp nýtt viðfangsefni, Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar, að fjárhæð 195,5 millj. kr.

22. tillagan varðar ríkisspítala. Þar er annars vegar um að ræða 36 millj. kr. hækkun vegna sérkjarasamninga við aðstoðarlækna og hins vegar tilflutning á 10 millj. kr. frá liðnum Stjórnarnefnd — stofnkostnaður til liðarins Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni vegna viðkvæmrar stöðu byggingarmála.

23.–25. tillaga varða skiptingu fjárveitinga á fjárlagalið 08-374 á milli Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti. Koma báðir spítalarnir inn sem nýir liðir en liðurinn 08-374 fellur brott. Þá kemur einnig fjárveiting af liðnum 08-370 eins og getið er um hér að framan. Heildarkostnaður við Borgarspítalann er áætlaður 2.589 millj. kr., en heildarkostnaður við St. Jósefsspítala er áætlaður 847,6 millj. kr. Viðbótarútgjöld umfram frv. nema 80 millj. kr.

26. tillagan varðar sjúkrahús og læknisbústaði. Þar er gert ráð fyrir að framlag til St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi hækki um 15 millj. kr.

27. tillagan varðar nýjan lið, Tannverndarsjóð. Framlag til hans nemur 10 millj. kr. Hér er ekki um viðbótarútgjöld að ræða þar sem þessi kostnaður var áður greiddur af sjúkratryggingum og lækkar sá liður um sömu fjárhæð.

28. tillagan varðar St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Annars vegar er gert ráð fyrir hækkun launa og rekstrargjalda að fjárhæð 76 millj. kr. og hins vegar hækkun sértekna að fjárhæð 16 millj. kr. Viðbótarútgjöld vegna þessa nema því 60 millj. kr.

29. og 30. tillagan varða breytingu á fjárlaganúmerum. Liðurinn 08-430, Vistun geðsjúkra afbrotamanna, verður 08-490, en liðurinn 08-410, Sjálfsbjörg, hjúkrunar- endurhæfingarstofnun, verður 08-430.

31. tillagan varðar nýjan lið, Náttúrulækningafélag Íslands, sem skiptist í tvö viðfangsefni, endurhæfingardeild 186,4 millj. kr. og heilsuhælisdeild 50 millj. kr. Þetta hefur ekki kostnaðarauka í för með sér þar sem þessi kostnaður var áður greiddur af sjúkratryggingum og lækkar því sá liður um 236,4 millj. kr.

32. tillagan varðar heilsugæslustöðvar almennt. Þar er lögð til hækkun að fjárhæð 10 millj. kr. þar sem áform í fjárlagafrv. um lækkun á ferðakostnaði lækna náðist ekki að fullu.

33. tillagan varðar Vegagerð ríkisins. Þar er lagt til að hætt verði framkvæmd við Vestfjarðagöng á næsta ári og er áætlað að spara með því móti 250 millj. kr.

34. tillagan snýr að hafnamálum. Gert er ráð fyrir að leggja á sérstakt vörugjald sem renni í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Gjaldið verður sem svarar 25% álagi á vörugjöld samkvæmt hafnalögum önnur en vörugjöld af sjávarafla. Þessu fé á að verja til að standa straum af framvæmdum við almennar hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert.

35. tillagan varðar Flugmálastjórn. Þar er lögð til hækkun að fjárhæð 12,5 millj. kr. til Alþjóðaflugþjónustunnar.

36. tillagan varðar ýmis framlög á sviði samgrn. Þar er tekinn inn nýr liður, GPS-staðsetningarkerfið. Líklegt er að þetta kerfi komi í stað Loran C-kerfisins. Aðeins er rúmt ár þar til það kerfi kemst í fullan rekstur. Í samgrn. er í undirbúningi starf sem lýtur að því að tryggja sem besta þjónustu þessa kerfis eftir að það tekur til starfa. Koma þarf upp tilraunakerfi, m.a. til að staðfesta hæfni þess. Gert er ráð fyrir 6 millj. kr. til þessa verkefnis.

37. tillagan varðar Iðntæknistofnun Íslands. Þar er lagt til að fjárveiting lækki um 2,5 millj. kr.

38. tillagan varðar Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Þar er lagt til að fjárveiting lækki um 1,5 millj. kr.

39. tillagan varðar iðnaðarrannsóknir. Þar er lagt til að fjárveiting lækki um 12,5 millj. kr.

40. tillagan varðar iðju og iðnað. Þar er gert ráð fyrir að framlag til Evreka lækki um 5 millj. kr. og framlag til iðnþróunar- og markaðsmála lækki um 2,5 millj. kr.

41. tillaga snýr að Orkustofnun. Þar er lagt til að framlag lækki um 6 millj. kr.

42. tillagan varðar niðurgreiðslur á vöruverði. Hér er að stærstum hluta um lækkun á niðurgreiðslum á mjólkurdufti að ræða. Gert er ráð fyrir að við niðurgreiðslur á mjólk sem notuð er sem hráefni í þurrmjólk verði miðað við að hráefnið kosti það sama og á öðrum Norðurlöndum. Jafnframt er við það miðað að framleiðendur mjólkurdufts lækki verð sitt á mjólkurdufti niður í það sem gerist á Norðurlöndum. Með

því móti mun verð framleiðenda taka fyrst og fremst mið af hráefnisverði.

43. tillagan varðar ýmis verkefni á sviði umhvrn. Tekinn er inn nýr liður, Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum, og eru 3 millj. kr. ætlaðar í þann lið. Þá er einnig lagt til að framkvæmdum við nýtt náttúruhús í Reykjavík verði frestað.

44. tillagan varðar Landmælingar Íslands. Lagt er til að framlag til stafrænnar kortagerðar hækki um 8 millj. kr. og að sértekjur lækki um 4,3 millj. kr.

45. tillaga snýr að almennum sparnaði í rekstri ríkisins. Með skipulögðum aðgerðum er stefnt að því að ná fram um 1,5 milljarða kr. lækkun á rekstrarkostnaði ríkisstofnana eða sem svarar til 5% af heildarkostnaði þeirra. Launagjöld allra stofnana ríkisins eru lækkuð um 6,7% frá því sem þau ella hefðu orðið eða um 2,3 milljarða kr. Annar rekstrarkostnaður er lækkaður um 1,3% eða um 200 millj. kr. Til móts við þessa lækkun verður ⅔ hlutum lækkunarinnar, um 1 milljarði kr., ráðstafað hlutfallslega á sérstakan fjárlagalið í hlutaðeigandi ráðuneyti.

Rétt er að árétta að fjárln. mun fylgjast grannt með framkvæmd þessarar tillögu og má í því sambandi benda á ákvæði 6. gr., lið 6.11, þar sem gert er ráð fyrir því að leita þurfi samþykkis fjárln. um það hvernig dregið verður úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta, og lið 6.22 þar sem hafa ber samráð við fjárln. um ráðstöfun áðurnefndra ⅔ hluta.

Þá er á þskj. 302 gerð grein fyrir tilfærslum frá einstökum stofnunum innan ráðuneyta á fjárlagalið 950 til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað í viðkomandi ráðuneyti. Alls nema þessar tilfærslur 161,7 millj. kr.

Þá kem ég að brtt. sem nefndin hefur flutt og varða Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu og er hún á sérstöku þingskjali. Það fjallar um kaup ríkissjóðs á loðdýrahúsum og lausafé á jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Árnessýslu. Hér er um að ræða sérstakt mál sem nefndin telur sér skylt að taka upp. Málið snýst um það að 20. mars sl. voru undirritaðir tveir kaupsamningar milli landbrh. og ábúenda tveggja ríkisjarða um kaup ríkissjóðs á loðdýrahúsum á jörðunum ásamt búrum, aðstöðu og kössum tilheyrandi þeim rekstri. Kaupverð er samtals um 47 millj. kr. sem greiðist að stærstum hluta með yfirtöku lána hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Landsbanka Íslands og Byggðastofnun. Í báðum samningum er ákvæði þess efnis að ábúandi haldi ábúðarrétti sínum á jörðinni auk þess sem hann muni áfram eiga önnur mannvirki með sama hætti og áður.

Fjmrn. fellst ekki á greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt þessum samningum þar sem þeir séu gerðir án lagaheimildar og vísar ráðuneytið í því sambandi til greinargerðar ríkislögmanns um málið sem hefur verið dreift hér í þingsalnum með tillögunni. Niðurstaða ríkislögmanns er í stuttu máli sú að með samningunum hafi verið stofnað til skuldbindingar ríkissjóðs án lagaheimildar. Í framhaldi af því óskar landbrn. eftir heimild Alþingis og hefur m.a. þær skýringar fram að færa um gerð þessara samninga að við ákvörðun um kaupin hafi verið höfð hliðsjón af ákvæðum ábúðarlaga um kaupskyldu landsdrottins á húsum og umbótum á jörð er leiguliði hverfur af jörðinni. Ef ríkissjóður hefði ekki með þessu móti leyst aðkallandi fjárhagsvanda ábúanda væri líklegt að hann hrektist af jörðinni og ríkissjóður hefði þá þurft að innleysa öll mannvirki og ræktun sem ábúandi ætti á jörðinni. Kaupin séu því nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi búsetu á jörðunum og til að forða frekari útgjöldum ríkisins vegna ábúðarloka ábúanda.

Röksemdafærsla af þessu tagi getur ekki réttlætt þá tvo samninga sem um ræðir. Í fyrsta lagi verða ákvæði ábúðarlaga um kaupskyldu landsdrottins ekki virk nema leiguliði hverfi af jörð. Þá er landsdrottni skylt að kaupa tilteknar eignir fráfarandi leiguliða samkvæmt mati úttektarmanna og greiða fyrir með ákveðnum hætti. Samkvæmt samningunum var ákvörðun um kaup á húsunum ekki byggð á úttekt matsmanna og því ekki vitað hvort eða hvaða verði ríkissjóður hefði þurft að leysa til sín þessar eignir við ábúðarlok. Í öðru lagi er ólíklegt að þessir samningar forði frekari útgjöldum ríkissjóðs vegna ábúðarloka ábúanda, a.m.k. ef horft er til lítið eitt lengri tíma.

Í samningunum felst m.a. kaup á lausafé sem engin kaupskylda stendur til. Fyrir liggur einnig að þessir sömu ábúendur muni búa áfram á jörðunum og eiga áfram ýmis mannvirki sem líklegt er að ríkið þurfi að leysa til sín þegar ábúð þessara manna lýkur einhvern tíma í framtíðinni.

Ég ætla ekki að rekja frekar lagaleg og fjárhagsleg rök sem mæla gegn þessum samningum en vísa til greinargerðar embættis ríkislögmanns í því efni. Það sem máli skiptir nú er að fá botn í málið þannig að því megi ljúka annaðhvort með staðfestingu eða riftun þessara samninga. Ríkislögmaður kemst að þeirri niðurstöðu að til að geta efnt samningana á löglegan hátt beri landbrn. að leita heimildar Alþingis. Sé vilji landbrh. hins vegar sá að rifta samningunum vaknar spurningin um réttarstöðu viðsemjenda landbrh. gagnvart ríkissjóði og hugsanlega um bótarétt. Um það segir í greinargerð ríkislögmanns, með leyfi forseta:

„Í því tilviki að Alþingi synjaði um heimild kynni landbrh. að vera heimilt að lýsa sig óbundinn af samningunum þar sem lagaforsenda fyrir endanlegu skuldbindingargildi þeirra hefur þá brugðist."

Það er með öðrum orðum ekki ljós hugsanleg bótaskylda ríkissjóðs ef Alþingi synjar um heimild. Í því efni verður að fá úrskurð dómstóla. Ef ekki er leitað heimildar Alþingis virðist hins vegar bótaskylda ríkissjóðs vera nokkuð ótvíræð. Um það segir ríkislögmaður, með leyfi forseta:

„En ekki kemur að okkar mati til álita að landbrn. geti bótalaust lýst sig óbundið af samningunum á þessu stigi. Það getur komið til álita eftir að ráðuneytið hefur árangurslaust leitað lagaheimildar Alþingis."

Að teknu tilliti til þessara atriða telur fjárln. sér skylt að taka málið upp til ákvörðunar þingsins. Það er álit einstakra nefndarmanna að þessir samningar séu skýlaust lögbrot og staðfesting þeirra feli í sér slæmt fordæmi sem líklega leiði til fjölmargra óska á hend-

ur ríkissjóði um samsvarandi samninga til að leysa úr fjárhagslegum erfiðleikum einstakra bænda eða búgreina.

Ég vil geta þess hér að þrátt fyrir að nefndarmenn hafa allir skrifað upp á tillöguna eru skoðanir mjög skiptar um hana. Nefndarmenn hafa skrifað upp á tillöguna vegna þess að þeir hafa talið sig skuldbundna að flytja tillöguna að ósk landbrh. og bréfi ráðherra hefur verið dreift og ég hef skýrt frá því hvers vegna við teljum nauðsynlegt að verða við þessum óskum. En nefndarmenn fjárln. eru allir óbundnir af því hvernig þeir greiða atkvæði í þessu máli. Menn eru mjög skiptra skoðana um það. En ég vil lýsa því hér að ég tel að hér sé um lögbrot að ræða.

Þær breytingar sem gerð er tillaga um vegna B-hluta fjárlagafrv. eru einkum af þrennum toga:

Í fyrsta lagi er um að ræða breyttar áætlanir vegna nýrra og áreiðanlegri upplýsinga um rekstrarniðurstöðu líðandi árs sem hefur áhrif á afkomu á árinu 1992.

Í öðru lagi er um að ræða endurskoðun áætlana vegna breytinga á horfum í efnahagsmálum á næsta ári frá því sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv.

Í þriðja lagi hefur áætlunum verið breytt til samræmis við útfærslu ríkisstjórnar og ráðherra á aðgerðum sem boðaðar voru um viðkomandi fyrirtæki og stofnanir í fjárlagafrv.

Alls er gerð tillaga um breytingar á áætlunum 11 fyrirtækja og sjóða í B-hluta.

Vakin er sérstök athygli á að þessar breytingar hafa ekki í för með sér nein áform um breytingar á gjaldskrám umfram það sem gerð var grein fyrir í fjárlagafrv. Ég mun hér á eftir rekja skýringar á þeim breytingum sem gerð er tillaga um við 3. umr. frv.

Þjóðleikhús, á fjárlagalið 22-973. Framlag úr ríkissjóði hækkar um 27,5 millj. kr. og er við það miðað að stofnunin dragi saman reksturinn og hagræði sem nemur um 55 millj. kr. miðað við upphaflega áætlun hennar. Launagjöld hækka um 11 millj., eigin tekjur Þjóðleikhússins lækka um 11,5 millj. kr. og rekstrargjöld hækka um 5 millj. kr. Hækkun framlags úr ríkissjóði var tekin inn við 2. umr., en ekki var gerð brtt. vegna B-hluta við það tækifæri.

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur. Ákvörðun liggur ekki fyrir hjá utanrrn. um framtíðarskipan rekstursins þannig að rekstrarjafnvægi verði tryggt til frambúðar. Ráðuneytið mun á næstu mánuðum gera tillögur til ríkisstjórnar um framtíðarskipan rekstursins.

Fjárvöntun fyrirtækisins samkvæmt fjárlagafrv. nemur um 23 millj. kr. Þá er einungis reiknað með að fyrirtækið standi í skilum með vaxtagreiðslur af föstum lánum. Lagt er til að innritunargjald, sem er leigugjald Flugleiða fyrir aðstöðu í flugstöðinni, verði hækkað úr u.þ.b. 300 kr. í tæpar 400 kr. eða úr 5 dollurum í 6,5 dollara á hvern innritaðan farþega til þess að ná endum saman við reksturinn miðað við framangreindar forsendur.

Síldarverksmiðjur ríkisins. Áætlunum um breytingu á fyrirtækinu í hlutafélag hefur seinkað og er ekki á þessu stigi gert ráð fyrir að af því geti orðið fyrr en um mitt næsta ár. Því þarf að setja fyrirtækið aftur í fjárlög. Forsendur áætlunarinnar eru að loðnuveiði verði um 600 þús. tonn og að fjórðungur þess magns verði unninn í verksmiðjum fyrirtækisins. Þá er gert ráð fyrir að fyrirtækið fái skuldbreytt afborgunum af áhvílandi lánum.

Hvað varðar Byggingarsjóð ríkisins er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir jafnvægi milli út- og innstreymis vegna skyldusparnaðar. Að mati stjórnenda Húsnæðisstofnunar ríkisins og í ljósi reynslu síðustu ára er talið að útstreymi umfram innstreymi vegna skyldusparnaðar verði 220 millj. kr. Lagt er til að tekið verði tillit til þessa og lántökur hækkaðar sem því nemur.

Hvað varðar Atvinnuleysistryggingasjóð er áætlað að atvinnuleysi á næsta ári verði talsvert meira en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. Reiknað er með að kostnaðarauki Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þessa nemi um 195 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Til að mæta þessum kostnaðarauka hækkar framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 150 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að 45 millj. kr. af áætluðu 400 millj. kr. framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs til Eftirlaunasjóðs aldraðra í fjárlagafrv. geti runnið til atvinnuleysisbóta þar sem nýjar áætlanir gera ráð fyrir að þessar greiðslur til sjóðsins verði ekki hærri en 355 millj. kr. Svigrúm Atvinnuleysistryggingasjóðs til greiðslu atvinnuleysisbóta á næsta ári nemur því tæplega 1.270 millj. kr.

Hvað varðar Lánasýslu ríkisins, 29-971, eru áætluð launagjöld hennar lækkuð um 16,5 millj. kr., en önnur rekstrargjöld hækkuð um sömu fjárhæð. Þetta er gert vegna þess að laun starfsmanna Ríkisábyrgðasjóðs eru greidd af Seðlabanka Íslands. Lánasýsla ríkisins endurgreiðir síðan Seðlabankanum þennan kostnað sem aðkeypta þjónustu.

Póst- og símamálastofnun, 30-101. Endurskoðuð áætlun fyrirtækisins gerir ráð fyrir betri afkomu sem nemur 80 millj. kr. Skýrist það einkum af því að greiðsluafgangur á þessu ári verður meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Ætlunin er að þessu fé verði varið til fjárfestingar í tveimur jarðstöðvum fyrir fjarskiptasamband við Grænland og Færeyjar fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO). Þessi fjarskipti hafa fram til þessa farið um svokallað NARS-kerfi sem bandarískir herinn hyggst leggja niður á fyrri hluta næsta árs. ICAO mun endurgreiða Pósti og síma þessa fjárveitingu með vöxtum á næstu 10 árum.

Hvað varðar Skipaútgerð ríkisins er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði lagt niður á næsta ári og öðrum aðilum falið að sinna nauðsynlegri þjónustu eftir því sem stjórnvöld telja nauðsynlegt og ásættanlegt. Miðað er við að fyrirtækið verði í rekstri einhvern tíma á fyrri hluta næsta árs en starfsemi muni síðan lögð af og eignir seldar.

Hafnabótasjóður. Samkvæmt breytingum á frv. ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984, er gert ráð fyrir sérstöku 25% álagi á vörugjöld, önnur en vörugjald á sjávarafla. Áætlað er að gjald þetta nemi 125 millj. kr. á næsta ári og að það renni í sérstaka

deild við Hafnabótasjóð. Skal fé úr deildinni varið til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir eftir því sem segir í lögum og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Því er gerð tillaga um að tekjuáætlun Hafnabótasjóðs hækki um 125 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. og að þetta fé renni síðan til fyrrgreindra verkefna og færist sem sértekjur á Hafnaframkvæmdalið í A-hluta ríkissjóðs.

Hvað varðar Sementsverksmiðju ríkisins er gert ráð fyrir 15% samdrætti í sementssölu miðað við áætlun fjárlagafrv. Þetta þýðir að afkoma Sementsverksmiðjunnar verður lakari sem nemur 29 millj. kr. Ætlunin er að mæta því með skuldbreytingu sem feli í sér frestun á hluta afborgana af viðskiptaskuldum fyrirtækisins.

Hvað varðar Rafmagnsveitur ríkisins segir að endurskoðuð rekstraráætlun fyrirtækisins geri ráð fyrir nokkurri aukningu í orkusölu miðað við forsendur fjárlagafrv. sem gefur svigrúm til 64 millj. kr. hækkunar áætlunar um fjárfestingu á næsta ári. Þannig geti Rarik að einhverju leyti fjármagnað nauðsynlega fjárfestingu í sveitarafvæðingu sem undanfarin ár hefur verið kostuð af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hluta nefndarinnar við fjárlagafrv. ársins 1992 við 3. umr. Ég legg til að frv. verði samþykkt að þeim breytingum gerðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 340, 341, 342 og 343. — *Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.* og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EH, EKJ, FI, FrS, GHall, HBl, JÁ, JóhS, JHelg, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, StG, StH, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er nú komið til 3. umr. í hv. Alþingi. Minni hluti fjárln. flytur frhnál. á þskj. 323 og mun ég nú reyna að gera nokkra grein fyrir því.

Þegar frv. var tekið til 2. umr. var það gert í ljósi nýframkominna tillagna frá hæstv. ríkisstjórn. Þessar tillögur voru þess eðlis að þær sköpuðu mikla óeiningu í þjóðfélaginu um ýmis mál sem þar var hreyft og ljóst þá þegar að það væri einnig mikil óeining um málið innan hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna, enda hefur komið í ljós að ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þeim tillögum sem þá voru boðaðar og jafnvel er enn verið að möndla með ýmsa þætti þeirra tillagna og ekki ljóst hver afdrif verða nokkurra atriða sem þar voru lögð til.

Fundahöld í hv. fjárln. hafa auðvitað tekið nokkurt mið af þessu og verið með þeim hætti síðan 2. umr. fór fram að nýjar tilkynningar og nýjar tillögur hafa verið að berast frá ríkisstjórninni og allt fram á síðustu stundu, jafnvel svo að hæstv. fjmrh. verður að flytja eina brtt. enn sjálfur eftir að þskj. hafa verið lögð fram frá meiri hluta fjárln. og allar brtt. frá meiri hlutanum eru komnar inn á þing. Þá er enn verið að gera breytingar á hugmyndum um hvernig staðið skuli að þeim tillögum sem boðaðar hafa verið og hæstv. fjmrh. flytur sérstaka brtt. við tekjugrein frv. á þskj. 322.

Í nál. minni hluta við 2. umr kom fram það álit okkar sem að því stóðum að umræða sú væri ekki tímabær, málið væri ekki nægjanlega vel undirbúið og við boðuðum því frhnál.

Eins og ég sagði áðan voru tillögur frá ríkisstjórn og hugmyndir um breytingar að berast allt fram á síðustu stundu og því var það svo að nál. okkar var ekki tilbúið í gær þegar fyrirhugað var að hefja 3. umr. Ég get út af fyrir sig beðist afsökunar á því að svo skyldi vera og hafi það tafið framgang málsins er það leitt, en á því eru þær skýringar að á fund sem haldinn var kvöldið áður komu fram nýjar upplýsingar sem var nauðsynlegt að taka inn í nál. Sá fundur stóð til kl. 11 í fyrrakvöld í hv. fjárln. og þá stóðu þingfundir hér í Alþingi þar sem rætt var um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem auðvitað er mál sem varðar fjárlaganefndarmenn, og vorum við fulltrúar minni hlutans í fjárln. viðstaddir þá umræðu allt fram undir morgun þá nótt og því var nál. ekki til fyrr en síðdegis í gær. Nú er hins vegar ljóst að það hefur ekki tafið mál sérstaklega vegna þess að umræðan hefur ekki getað hafist í allan dag því að ekki hefur verið ljóst með framgang þingmála.

Ég rek þessa sögu hér til að benda á þau vinnubrögð sem nú eru uppi í hv. þingi og jafnframt til að koma á framfæri því sjónarmiði og gera reyndar athugasemdir við það hvaða möguleika stjórnarandstaðan hefur til að undirbúa sín mál við þessar aðstæður þegar tíminn er mjög knappur og þegar upplýsingar og athugasemdir um brtt. eru að berast fram á síðustu stund. Og kannski spyr maður líka, virðulegur forseti: Hvers vegna er stjórnarandstaðan að eyða tíma í þetta? Hvers vegna er stjórnarandstaðan að mæta á nefndarfundi? Hvers vegna er stjórnarandstaðan að eyða tíma í að reyna að leggja þar fram hugmyndir og tillögur og fá mál rædd? Hvers vegna er stjórnarandstaðan að leggja á sig mikinn tíma við að undirbúa nál. og jafnvel á stundum að taka þátt í þeim umræðum sem síðan fara fram? Þetta segi ég vegna þess að okkur hefur fundist umræða og málsmeðferð í þinginu, og kannski má segja utan þingsins líka, vera þess eðlis að svona spurningar hljóti að vakna.

Í viðtali sem Ríkisútvarpið átti við hæstv. forsrh. í gærmorgun kemur einmitt þetta sjónarmið rækilega fram. Hæstv. forsrh. svarar þar spurningum fréttamanns og segir m.a. að stjórnarliðarnir hafi nýtt vel þann tíma sem stjórnarandstaðan hafi notað í þinginu til málþófs. Ég fullyrði að hér hafi ekki verið um neitt málþóf að ræða heldur hafi menn rætt málefnalega um þau atriði, þau mál sem hafa verið á dagskrá. E.t.v. hafa ræður á stundum verið nokkuð langar eins og

gengur, en umræðan hefur öll verið málefnaleg og til þess gerð að reyna þrátt fyrir allt að koma málum á framfæri, sjónarmiðum og skoðunum stjórnarandstöðunnar. Í þessu viðtali sem ég vitnaði til og vil leyfa mér að gera orðrétt, með leyfi forseta, segir hæstv. forsrh. svo:

„Þannig í sjálfu sér getur stjórnarandstaðan talað eins lengi og hún vill og við líka því við erum búin að ná í land í því sem við þurfum að ná í land og erum tilbúin til að afgreiða það og málþóf breytir engu um niðurstöðuna."

Þetta hlýtur að leiða til þess að nokkrar umræður verða í þingi um þingsköp og um það hvaða tilgang það hefur fyrir stjórnarandstöðu að taka yfirleitt þátt í þessum störfum ef það er viðhorf stjórnarmeirihlutans að þannig skuli mál fram ganga að ekkert og aldrei þurfi að taka tillit til sjónarmiða minni hlutans. Ég leyfi mér nú að álíta að þetta sé að hluta til viðhorf hæstv. forsrh. frá hans fyrri vinnustað og þar hafi hann getað leyft sér að haga sér á þennan hátt, en það er ekki hægt að haga sér svo gagnvart löggjafarsamkomu þjóðarinnar og ég vænti þess að hæstv. forsrh. taki upp ný vinnubrögð og ný viðhorf hvað stjórnarandstöðuna og sjónarmið hennar varðar.

Í frhnál., sem flutt er á þskj. 323, byrjum við á því að ræða nokkuð á ný um tillögur ríkisstjórnarinnar eins og þær hafa legið fyrir síðustu dagana og þær hugmyndir sem þar eru uppi. Í fyrri tillögum var boðuð róttæk breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en síðan hefur verið fallið frá þeim hugmyndum vegna gífurlegrar andstöðu í þjóðfélaginu, bæði hjá sveitarstjórnarfulltrúum og Sambandi ísl. sveitarfélaga, svo og hjá fulltrúum sem láta sig málefni fatlaðra varða og vilja ekki að höndlað sé með þeirra málefni eins og þar var hugmyndin. Ekki það að sveitarfélögin geti ekki verið fullfær um að annast málefni fatlaðra, jafnvel kannski betur en ríkið, heldur vegna þess að það er ekki hægt að kasta til höndum í svo viðkvæmum málaflokkum eins og þar eru á ferðinni með þeim hætti sem fyrirhugað var, enda er horfið frá því út af fyrir sig en haldið við það að velta verulegum byrðum yfir á sveitarfélögin og atvinnulífið. Þær hugmyndir standa enn.

Reyndar er það nú svo að nokkur andstaða hefur verið uppi í stjórnarliðinu sjálfu um þessar hugmyndir og tillögur og vissulega er atkvæðagreiðslan öll eftir þannig að við vitum svo sem ekki hvernig mál kunna að skipast eða hvernig þeim kann að miða fram.

Í nál. okkar við 2. umr. var lítið rætt um efnisatriði sjálfs frv., en hins vegar fjölluðu fulltrúar minni hlutans eða stjórnarandstöðunnar ítarlega um hina ýmsu málaflokka í framsöguræðum sínum og í framsöguræðu við nál. og í ræðum sínum um málið. Í frhnál. nú koma betur fram viðhorf stjórnarandstöðunnar til efnisþátta þess frv. sem hér er til umræðu.

Niðurstöðutölur frv. eins og þær liggja nú fyrir eru þær að tekjuhliðin er upp á 105,4 milljarða kr. en gjöldin upp á 109,5 milljarða. Hallinn virðist því vera um það bil 4,1 milljarður kr. Þetta eru nokkuð svipaðar tölur og voru í upphaflegu frv., hallinn þó nokkru hærri sem nemur 300–400 millj. kr. Það er kannski ekki aðalatriðið eins og mál standa nú, gott ef satt væri og gott ef það stæðist að hallinn yrði ekki meiri en það viðmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér. Staðreyndin er hins vegar sú að frv. er að þessu leytinu til óraunhæft. Tekjur eru ofáætlaðar að okkar áliti a.m.k. um 1 milljarð kr. fyrir utan það að ýmsir þættir um tekjuöflun eru óvissir sem ég kem nánar að á eftir. Gjöldin eru einnig vanáætluð. Það er erfiðara að meta hversu mikið þar er um að ræða. Þó munar þar mest um flatan niðurskurð upp á 1½ milljarð kr. sem ég er sannfærður um að erfitt verður að ná fram. Þá er fjöldi stofnana með vanáætlaðar fjárveitingar sem þeim verður einnig erfitt að una við til að halda sínum rekstri gangandi og álítum við því að vanáætlun á gjaldahlið kunni að vera 1–2 milljarðar kr. Hallinn á frv. sé því 2–3 milljörðum kr. meiri en niðurstöðutölur þær sýna sem ég las upp aðan. Halli fjárlaga næsta árs gæti þess vegna verið 6–7 milljarðar í staðinn fyrir 4,1 eins og hér er gert ráð fyrir. Þetta mun að sjálfsögðu koma í ljós áður en langt líður á næsta ár, en ég óttast því miður að svona sé staðan í raun.

Þetta eru vissulega ekki nýjar fullyrðingar. Stjórnarandstaðan hefur frá upphafi lýst því yfir að frv. væri ekki raunhæft og andmælt þeim fullyrðingum sem fram koma í grg. frv. og hafa komið fram í ræðum hæstv. fjmrh. og hv. stjórnarliða að hér sé um raunhæft frv. að ræða, ný vinnubrögð sem hafi verið notuð við frumvarpsgerðina eigi að leiða til þess. Stjórnarandstaðan hefur margsinnis bent á þetta, bæði í ræðum í hv. Alþingi og eins í vinnu hv. fjárln.

Fullyrðingar í frv. um samdrátt í ríkisútgjöldum eru einnig rangar. Þar er reynt að nota þá aðferð að fela skatta gjaldamegin í frv., þ.e. þjónustugjöldin. Þau skekkja myndina þegar þau eru dregin frá gjaldahlið frv. í stað þess að láta þau koma fram tekjumegin, þessa svokölluðu „feluskatta" eins og ég hef margsinnis bent á áður í umræðum um málið og önnur skyld mál hér í hv. þingi. Ef þessum skatttekjum, sem kallaðar eru þjónustugjöld, er bætt við tekjuhlið frv. kemur í ljós að viðbótarskattheimtan er um það bil 2 milljarðar kr. Og ef þjónustugjöldin eru lögð saman við skatttekjurnar eins og þær koma fram í frv. er heildarskattbyrðin því orðin 99,8 milljarðar og hefur aukist um 5,9 milljarða eða 6,3% miðað við árið 1991. Er því heildarskattbyrðin orðin 27% af vergri landsframleiðslu borið saman við 25,4% í ár samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjmrn. sem dags. er 17. des. 1991.

Nú er það raunar svo að spá Þjóðhagsstofnunar um framvindu efnahagsmála á næsta ári hefur stöðugt verið að breytast og fyrir okkur hafa verið lagðar nýjar spár sem hafa sýnt nýjar tölur þó að ekki líði nema fáar vikur á milli.

Álögur á atvinnuvegina eru einnig stórauknar í frv. og er atvinnulífinu gert að taka á sig stórar upphæðir, svo sem 525 millj. kr. vegna reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar og 278 millj. kr. vegna nýrra hugmynda um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota svo að einhver dæmi séu nefnd.

Þó að e.t.v. megi færa viss rök fyrir því að atvinnuvegirnir greiði í auknum mæli fyrir þá þjónustu

sem hið opinbera veitir þeim er jafnljóst að nú er ekki rétti tíminn fyrir auknar álögur á atvinnulífið í landinu. Þvert á móti þyrftu stjórnvöld að leita allra leiða til að létta af því álögum og aðstoða það við að fleyta sér yfir þá örðugleika sem nú er vissulega við að glíma, en ríkisstjórnin heldur sig fast við „kemur-mér-ekki-við"-stefnu hæstv. forsrh. og bætir stöðugt á klyfjarnar.

Vissulega er við mikla erfiðleika að glíma í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Skal ekki gert lítið úr því og munar þar mest um aflasamdráttinn sem boðaður er og fyrirsjáanlegur er á næsta ári, svo og það að stóriðjuframkvæmdir sem áætlaðar voru eru nú ekki lengur í augsýn. Við vitum reyndar ekki í hversu mikilli fjarlægð þær eru, en því miður er ekkert sem bendir til þess eins og sakir standa að okkar þjóðarbú geti vænst nýrra tekna af sölu orkulindanna okkar eða rafmagnsins þaðan eða að líklegt sé að stóriðjuframkvæmdir hefjist á næstunni. En það er auðvitað aflasamdrátturinn sem hér munar mest um og þegar það gerist fimmta árið í röð að við þurfum að horfa fram á samdrátt í þjóðartekjum er vissulega alvarlegt útlit og erfitt fram undan. Ég reyndar gat þessa nokkuð í 2. umr. um fjárlagafrv. og nefni það nú hér vegna þess að ég fékk, ef ég man rétt, athugasemdir frá hv. þm. Pálma Jónssyni um það að ég hefði lítið rætt um þá erfiðleika og lítið gert úr því sem þar væri fram undan, en ég bið hann þá að líta í ræðu mína þegar hún kemur prentuð aftur í þingtíðindum og sannreyna að vissulega er okkur stjórnarandstæðingum þetta fyllilega ljóst.

Það er erfið staðan í atvinnulífinu og það er samdráttur í þjóðartekjunum, einhver sá mesti frá stríðslokum. Það leiðir til þess að hætta er á vaxandi atvinnuleysi. Það leiðir til þess að atvinnulífið á í miklum erfiðleikum og jafnvel gæti atvinnuleysið orðið meira en spár gera nú ráð fyrir. Það hygg ég að sé m.a. hægt að rekja til þeirrar gjaldþrotastefnu sem hæstv. ríkisstjórn rekur. Má kannski segja að gjaldþrotastefnan sé hornsteinn í efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og sé sú hagstjórnaraðferð sem hæstv. ríkisstjórn metur einna mest. Sú hagstjórnaraðferð mun leiða af sér aukið atvinnuleysi og þær staðreyndir ásamt erfiðleikum atvinnulífsins valda efasemdum stjórnarandstöðunnar varðandi traustleika tekjuhliðar frv.

Og það eru vissulega fleiri en stjórnarandstæðingar sem eru með efasemdir um tekjuhliðina. Í minnisblaði sem dreift var í fjárln. frá fjmrn. þegar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar fyrir 2. umr. voru kynntar segir m.a., með leyfi forseta, þegar gerð er grein fyrir versnandi horfum upp á 1½ milljarð kr. sem m.a. er talið stafa af því sem ég gat um áðan:

„Auk þess hefur innheimta tekna síðustu vikurnar verið heldur lakari en reiknað var með sem aftur gæti haft áhrif á næsta ár til lækkunar, en ekki er reiknað með því í þessum tölum" sem þar voru lagðar fram.

Á fundi með fulltrúum fjmrn. og Þjóðhagsstofnunarinnar um tekjuhlið frv., sem haldinn var 17. des., eru þessar efasemdir einnig áréttaðar. Þar kom t.d. fram að áætlaðar tekjur af sölu ríkisfyrirtækja upp á 1 milljarð kr. eru í hreinni óvissu. Það hafa ekki verið lagðar fram neinar nánari hugmyndir eða tillögur um hvernig staðið skuli að því og hvort líklegt er að þær tekjur muni skila sér.

Í öðru lagi var gerð grein fyrir því að slaki hafi verið á innheimtu á undanförnum vikum eða innheimtan hafi slaknað. Sjálfsagt er það nú að hluta til vegna ástandsins í atvinnu- og efnahagslífinu og reyndar kemur fram í þeim texta sem ég vitnaði til áðan á minnisblaði frá fjmrn.

Í þriðja lagi kom fram að forsendur um tekjur af veltusköttum væru í bjartsýnasta kantinum.

Varðandi virðisaukann er að vísu gert ráð fyrir því að hann lækki nokkuð á næsta ári, reyndar verulega, það verði minni tekjur af innheimtu virðisaukaskatts en áður var ráð fyrir gert upp á rúmlega 2½ milljarð kr., en hins vegar er gert ráð fyrir auknum tekjum bæði af innflutningsgjöldum, af tryggingagjaldi og af tekju- og eignarskatti einstaklinga. Hér er um að ræða upphæðir sem nema mörg hundruð millj. kr. Er gert ráð fyrir að innflutningsgjöldin skili 330 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., að tryggingagjaldið skili 250 millj. kr. og að tekju- og eignarskattur einstaklinga skili 515 millj. kr. meiri tekjum. Það hljóta að vera vafasamar spár sem hér eru settar fram miðað við það efnahagsástand sem við horfumst nú í augu við og líklega varlegt að tala um ofáætlun upp á 1 milljarð kr. eins og ég nefndi áðan.

Þetta kemur reyndar allt saman einnig fram í áliti því sem minni hluti efh.- og viðskn. sendi fjárln. þó að seint væri og reyndar eftir að hún hafði lokið fundum sínum og þess vegna var það álit aldrei tekið þar til umræðu eða umfjöllunar en er prentað með sem fskj. í nál. frá meiri hluta fjárln. svo sem þingsköp gera ráð fyrir. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að ræða um það mál sérstaklega. Það var rætt í þingskapaumræðum í gær hvernig þau mál hefðu þróast. Auðvitað verð ég að segja að það var leitt að ekki skyldi vera hægt að bíða eftir því nál. minni hluta efh.- og viðskn. og ræða það sérstaklega í fjárln., en við stjórnarandstæðingar gerðum ekki kröfu til þess að fundi yrði frestað og það nál. tekið sérstaklega til umræðu á nýjum fundi, enda kom fram að það yrði prentað með nál. meiri hlutans svo sem raun varð á. Hluti þessa álits er endurprentaður í okkar áliti þar sem bent er á leiðir til frekari tekjuöflunar. Þar er m.a. bent á þann möguleika að innheimta jöfnunargjald allt næsta ár en ekki hálft árið eins og gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Það mundi gefa 350–360 millj. kr. tekjuauka á næsta ári. Þar er einnig bent á að hækka álagningu á vörum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem mundi geta gefið verulegar upphæðir eftir því hvað sá varningur yrði hækkaður um mörg prósent, og einnig er bent á nauðsyn þess að herða á innheimtu skatta, sérstaklega virðisaukaskattsins.

Mig langar að ræða örlítið sérstaklega um einn póst í tekjuáætlun meiri hlutans og hæstv. ríkisstjórnar þó að sá liður sé reyndar ekki mjög stór, þó 150 millj. kr., og á ég þar við svokallaðar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja.

Á lokamínútum síðasta fundar nefndarinnar voru kynntar nýjar reglur um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja og talið nægjanlegt að þær reglur væru staðfestar af Alþingi ásamt samþykkt á tekjugrein frv. Arðgreiðslur þessar eiga að skila 150 millj. kr. í ríkissjóð. Minni hlutinn telur vafasamt að hægt sé að ákveða arðgreiðslur í ríkissjóð með þessum hætti og bendir m.a. á að bankastofnanir greiða að sjálfsögðu skatt samkvæmt lögum um skatt á innlánsstofnanir og arðgreiðslur hlutafélaga eru ákveðnar á aðalfundum félaganna samkvæmt tillögum stjórnar. Þá má einnig benda á að ríkið er minnihlutaeignaraðili í ýmsum þeim fyrirtækjum sem hér er gert ráð fyrir að skili arði í ríkissjóð. Þessar hugmyndir koma fram í brtt. á þskj. 295 sem flutt er af meiri hluta fjárln. og er þar liður nr. 2 og ber yfirskriftina „Reglur um útreikning arðgreiðslna ríkisfyrirtækja". Við þetta geri ég ekki aðra athugasemd en þá að vekja til umhugsunar hvort rétt sé að málum staðið og bendi m.a. á að þar er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, greiði arð allt að 20% af meðalhagnaði þriggja undanfarinna ára í ríkissjóð. Reyndar veit ég ekki hvort Ríkisútvarpið hefur nokkurn tíma haft hagnað og spurning hvort það er eðlilegt að það þurfi þá að hækka sín gjöld til að geta síðan skilað hluta af þeim aftur í ríkissjóð. Einnig eru tínd til fyrirtæki sem ríkið er ekki eignaraðili að nema að 20–40%, svo sem eins og Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða. Þá eru taldir upp bankar sem eiga að greiða 2% arð í ríkissjóð og að lokum nokkur hlutafélög sem eiga að greiða allt að 10% arð og í sumum þeirra á ríkið ekki nema 18% eins og t.d. í Endurvinnslunni hf. þar sem ríkið er 18% eignaraðili. Þetta finnst okkur að þurfi að skoða nánar, en sannleikurinn er sá að það er eins með þetta og sumt annað sem hefur verið til meðhöndlunar og umræðu í hv. Alþingi seinustu dagana að það hefur lítill tími gefist til ítarlegrar umfjöllunar eða til nánari upplýsingaöflunar.

Það væri full ástæða til þess, virðulegi forseti, að ræða ítarlega um innheimtu virðisaukaskattsins. Fjárln. hefur borist sérstakt minnisblað um innheimtu skattsins í ár og á næsta ári frá fjmrn. þar sem bent er á hugsanlegar orsakir þess að skatturinn virðist nú innheimtast verr en ráð var fyrir gert og nauðsyn þess að taka þar á ýmsum þáttum. Því miður er ekki tími til að fjalla ítarlega um það við þessa umræðu, en það verður auðvitað að reyna að tryggja betri skattaskil og þarf einnig að huga sérstaklega að þeim reglum sem gilda um endurgreiðslu virðisaukaskattsins af aðföngum því að í þessu minnisblaði er sérstaklega bent á að endurgreiðslurnar hafi farið langt umfram áætlanir ráðuneytisins. Þetta er verkefni skattyfirvalda að skoða og koma með tillögur um og síðar löggjafans að fjalla nánar um málið.

Ef ég sný mér þá aðeins að umfjöllun um gjaldahliðina er ljóst að það er hinn flati niðurskurður sem er stóra aðgerðin til að leita nýrra leiða í sparnaði og er gert ráð fyrir að hann skili 1½ milljarði kr. Þetta sýnist okkur stjórnarandstæðingum óvarlegt og ólíklegt að muni ganga eftir miðað við að ýmsar stofnanir eru með vanáætlaðar fjárveitingar. Þar að auki er þetta erfitt í framkvæmd svo sem reynslan sýnir og hefur ekki skilað því sem ætlast hefur verið til þegar þetta hefur verið reynt áður. Það má auðvitað hugsa sér að slíka aðgerð væri hægt að framkvæma öðru hverju með margra ára millibili, kannski 10 ára millibili, til að taka á í ýmsum ríkisstofnunum og leita leiða til sparnaðar en ekki líklegt að það muni takast að fá mikið út úr slíkum sparnaði þegar hann er framkvæmdur annað eða þriðja hvert ár eða þessi aðferð við að leita sparnaðarleiða. Ég álít því að það muni nú leiða til samdráttar í þjónustu opinberra stofnana ef eins hart verður haldið utan um fjárveitingarnar og fjárlögin gera ráð fyrir.

Þá er einnig gert ráð fyrir verulegri fækkun opinberra starfsmanna eins og þessar hugmyndir hljóða og liggja fyrir nú. Mig langar til að lesa upp úr skjali sem barst fjárln. frá fjmrn., m.a. vegna þess að í 2. umr. um frv. virtist koma fram misræmi í málflutningi fulltrúa stjórnarandstöðunnar og var á það bent af öðrum ræðumönnum í þeim umræðum. Það segir í þessu skjali, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um ráðningastöðvun:

„Allar nýráðningar verði stöðvaðar og nauðsynleg störf mönnuð með tilfærslu innan kerfisins. Óhjákvæmilegar nýráðningar verða bornar undir ríkisstjórn áður en til ráðningarsamnings kemur. Miðað við forsendur fjárlagarfrv. verði starfsmönnum ríkisins fækkað um 600 á árinu sem svarar 300 ársverkum. Áætlaður sparnaður er 510 millj. kr. Samkvæmt fjárlagafrv. hefði heildarfjöldi starfa hjá ríkinu orðið 16.968 árið 1992. Áreiðanlegar tölur um breytingar milli ára liggja ekki fyrir, en ljóst er að fjölgun hefði orðið að óbreyttu fjárlagafrv." Innan sviga er síðan sett 100–200 störf og spurningarmerki þar fyrir aftan.

Ég hygg að það misræmi sem virtist koma fram í umræðum áður hafi verið þegar talað er annars vegar um að starfsmönnum verði fækkað um 600 á árinu sem svari 300 ársverkum, en hvort tveggja er sem sagt tekið upp úr þessu skjali fjmrn.

Sú skerðing sem hér er ráðgerð og boðuð kemur fram m.a. á tveimur töflum sem sýndar eru í nál. frá minni hlutanum. Fyrst eru sýnd áhrif þessarar flötu lækkunar rekstrargjalda á ráðuneytin öll og kemur það harðast niður á menntmrn. og heilbrrn., en af þeim 2.455 millj. kr. sem þessi sparnaður á að gefa er gert ráð fyrir að menntmrn. þurfi að spara 764 millj. kr. og heilbr.- og trmrn. 921 millj. Hér er um mjög háar upphæðir að ræða og ef litið er á hvernig þetta kemur út fyrir nokkrar stærstu eða útgjaldasömustu ríkisstofnanirnar, sem einnig er sett fram í töflu í nál., kemur í ljós að það eru einnig heilbrigðis- og menntastofnanirnar sem harðast verða úti. Ríkisspítalarnir t.d. einir sér þurfa að spara á fjórða hundrað millj. kr., 308 millj. 227 þús. kr. svo að nákvæmlega sé talið, og Háskóli Íslands nær 93 millj. kr. Svo að dæmi sé tekið af smærri stofnunum, sem hlýtur þó að muna verulega um þetta, má nefna t.d. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem á samkvæmt þessum tillögum að spara 56 millj. kr. Ég fullyrði að það verður erfitt verk að ná þessu

fram og ef marka má fréttir frá þeim stofnunum sem standa frammi fyrir því að leita leiða er ljóst að þær verða ekki sársaukalausar. Ég leyfi mér reyndar að fullyrða að þetta sé óframkvæmanlegt, a.m.k. í þeim mæli sem hér er ráðgert.

Að vísu eru hér tillögur um að af þessum nær því 2½ milljarði sem á að spara sé gert ráð fyrir að ⅗ hlutum sé aftur endurráðstafað eftir ákveðnum vinnureglum sem þó hafa ekki verið skýrðar nákvæmlega út enn sem komið er. Það má líka geta þess að aðferðirnar við að endurráðstafa þessu fjármagni eru þær að ekki er ljóst að það séu einmitt þessar sömu stofnanir sem fá fjármunina, enda þyrfti þá ekki að skerða nema um ⅗ hluta af því sem áætlað er og láta þar við sitja, en nú á að ráðstafa þessum upphæðum beint úr ráðuneytunum sjálfum og þá að láta það ráðast þar hverjar stofnanir fá viðbótarfjárveitingar og hverjar ekki.

Mig rámar í að hér á hv. Alþingi hafi verið umræður, líklega á síðasta þingi, þar sem fjallað var um frjálslyndi í ráðstöfunum ríkisfjármuna og gott ef það var ekki einmitt núv. hæstv. heilbrrh., sem þá var formaður fjárln., sem hvað stærst orð hafði um að þannig væri ekki hægt að standa að málum. Þetta var frv. sem fjallaði um greiðslur úr ríkissjóði og var þar m.a. fjallað um aukafjárveitingar sem nú hafa nær lagst af með því að flytja fjáraukalög oftar en áður var tíðkað, en hér er hins vegar gerð tillaga um að ráðuneytin fái 1 milljarð kr. eða fast að því til svo til frjálsrar ráðstöfunar. Hvar er þá fjárveitingavaldið? má kannski spyrja þegar svona er staðið að málum.

Við höfum að vísu séð hugmyndir um hvernig hugsanlegt sé að standa að eftirliti með framkvæmd þessa ákvæðis og gert ráð fyrir að fjárln. eða fulltrúar hennar fylgist með úthlutun þessa fjár, en fjárveitingavaldið er að sjálfsögðu þá komið allnokkuð frá Alþingi sjálfu sem hingað til hefur ákveðið fjárveitingar til einstakra stofnana.

Vonandi er hægt að finna leiðir til aukinnar hagræðingar og meiri sparnaðar en hingað til hefur tekist. Ég hef t.d. margrætt þau mál við fulltrúa, stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana meðan ég sat sem heilbr.- og trmrh., kem kannski aðeins nánar að því máli síðar, en ég óttast að það verði erfitt að knýja þar dyra um svo stórar upphæðir sem hér er gert ráð fyrir.

Sama er auðvitað um menntamálin og þessa stóru kostnaðarsömu málaflokka því að þeir eru jafnframt afar viðkvæmir og við alþingismenn höfum fengið upplýsingar um að þessi boðaði niðurskurður í menntamálum geti samsvarað því að nær 7.000 grunnskólanemar fengju enga kennslu á næsta ári, nær 7.000 grunnskólanemar. Þetta sýnir okkur aðeins hvers konar upphæðir hér eru á ferðinni og hvernig verður að takast á við verkefnið. Auk þess hlýtur þetta að hafa veruleg áhrif á málaflokkinn málefni fatlaðra þó svo að hæstv. félmrh. hafi reynt að verjast við 2. umr. um frv. og álitið að þetta mundi lítt eða ekki koma niður á þeim málaflokki. Ég veit og þekki af reynslu að hæstv. félmrh. er fimur að verjast og verst af mikilli hörku, en ég óttast samt að henni muni ekki takast að komast undan því að taka þátt í þessum sparnaði og auðvitað hljóti hann að bitna á þessum málaflokki eins og öðrum.

Í þessu frv. og tillögum sem lagðar hafa verið fram síðar sem breytingar við frv. er gert ráð fyrir verulegum nýjum álögum á sveitarfélögin. Þar má t.d. minna á það sem áður hefur komið fram og er boðað í frv., kemur fram í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, álögur til húsnæðismála, ábyrgðasjóð launa, greiðslur til Fasteignamats ríkisins o.fl., og þó að fallið hafi verið frá róttækum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er hér gert ráð fyrir nýjum skatti, sem hefur nú fengið heitið lögregluskattur, sem að auki leiðir til röskunar á úthlutunum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga svo sem rakið hefur verið hér í þingi við önnur tækifæri og ég ætla ekki að eyða tíma í núna. En talið er að í ýmsum tilvikum sé hér um verulega fjármuni að ræða sem hafi áhrif á stöðu sveitarfélaga, einkum hinna minni, og eru jafnvel dæmi um að tekjur minni sveitarfélaga muni skerðast um allt að 20–30%.

Mig langar að rekja eitt dæmi sem ég þekki vel til og hef fengið upplýsingar um. Það er í mínum heimabæ, Húsavík, þar sem búa nú 2.503 íbúar. Þegar þar hefur verið tekið tillit til áhrifa þessara nýju gjalda og álaga — ábyrgðasjóðs launa, húsnæðismálanna eins og þau eru hugsuð í því sveitarfélagi á næsta ári — og þau miðuð við þær umsóknir sem sveitarfélagið hefur nú sent eða beiðnir um að byggja félagslegar íbúðir, þann fjölda íbúða sem fyrirhugað er að byggja, fasteignamatsálagninguna og lögregluskattinn svokallaða og áætluð áhrif hans á jöfnunarsjóðsframlögin, þá er hér um að ræða útgjöld þessa sveitarfélags með 2.500 íbúa upp á 11,1 millj. kr. sem eru 4,4% af heildarveltu þessa sveitarfélags. Ef hins vegar er litið á ráðstöfunarfé sveitarfélagsins eða eignabreytingafé í ár, árið 1991, var það samtals 61,7 millj. kr. og þýða þá þessi nýju gjöld sveitarfélagsins til ríkisins 18% af þessu eignabreytingafé. Í þessu sveitarfélagi eins og mörgum öðrum úti á landsbyggðinni hafa verið erfiðleikar og áföll í atvinnulífinu sem því miður hafa auðvitað bitnað á sveitarfélaginu í einhverjum tilvikum. Það mun leiða til þess að sveitarfélagið hefur enn minni upphæðir til eignabreytinga á næsta ári, m.a. vegna hærri skatta, hærri vaxtaútgjalda og björgunaraðgerða sem sveitarfélagið hefur orðið að taka þátt í og er nú áætlað samkvæmt drögum að fjárhagsáætlun Húsavíkurkaupstaðar fyrir árið 1992 að eignabreytingafé verði aðeins 45,4 millj. kr. Og nú blasir við að sveitarfélagið þurfi að greiða rúmar 11 millj. kr. af þessu til ríkisins eða 24,5%, nær fjórðung af eignabreytingafé sem það missir nú og þarf að greiða til ríkisins. Eftir standa þá til ráðstöfunar til eignabreytinga, til allra framkvæmda í sveitarfélaginu 34,3 millj. kr.

Virðulegur forseti. Aðrir fulltrúar minni hlutans í fjárln. munu fara ítarlega yfir ýmsa þessa efnisþætti og þau áhrif sem frv. og aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa á efnahags- og atvinnumálin í landinu. Ég mun því fara hratt yfir sögu hvað þessa þætti varðar en langar til að fjalla nokkuð í viðbót um einstaka þætti heilbrigðis- og

tryggingamálanna af því að ég þekki þar nokkuð vel til. Því var það sem ég óskaði eftir því að þegar til þess kæmi yrði hæstv. heilbrrh. einhvers staðar í kallfæri. Ég lýsi ánægju minni með að hann skuli vera staddur í þingsal. Það má hins vegar benda á að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur 3. umr. um fjárlagafrv. og verður það að teljast nokkuð óvenjulegt. Kannski má segja að það sé ekki ásættanlegt, en mér er kunnugt um að hann er upptekinn annars staðar á þessu augnabliki og geri því ekki kröfu um að hann komi í þingsal, en bendi á að þetta hlýtur að verða að teljast bæði óvenjulegt og óeðlilegt og ekki gott að þinghaldi skuli vera hagað með þessu móti.

Það sem ég hafði hugsað mér að taka til umræðu næst var að fjalla ofurlítið nánar um heilbrigðismálin og þá kannski einkum um sjúkrahúsin og málefni sjúkrahúsanna, en þau mál hafa verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu og í fjölmiðlum seinustu dagana og þá ekki síst hugmyndir og aðgerðir hæstv. heilbrrh. Fyrst langar mig þó að fara örfáum orðum um málefni Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. ræðumanns á því að ætlunin er að fresta fundi kl. 19.30. Ef það kæmi sér vel fyrir ræðumann vegna kaflaskipta í ræðu hans að gera hlé á ræðu sinni nú mundi forseti heimila það.) Já, virðulegi forseti, ég hugsa að það væri rétt og kæmi sér vel. Að vísu var leitt að vera búinn að ómaka hæstv. heilbrrh. að koma sér sérstaklega til að hlýða á mál mitt og gera þá einmitt hlé þegar komið er að því, en ég lýk því alls ekki á 5 mínútum eða svo þannig að ég get þá fallist á það að gera hlé hér. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég var kominn þar máli mínu að ég ætlaði að fjalla næst um heilbrigðismálin og fara ofurlítið yfir stöðuna í þessum umræðum um sameiningu eða samstarf sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu og aðra þætti er varða heilbrigðis- og tryggingamál í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992, en mér þykir að sjálfsögðu mjög miður að heilbrrh. skyldi ekki geta verið hér áfram. Hann var í salnum áðan þegar ræðu minni var frestað og var hér að minni beiðni en getur ekki verið hér í kvöld af ástæðum sem ég virði og geri ekki kröfu til þess að hann komi hér. Mér finnst hins vegar að þau mál sem eru til umfjöllunar í þjóðfélaginu varðandi rekstur heilbrigðisstofnana séu svo mikilvæg að það sé full ástæða til að ræða þau við ráðherra í hv. þingi og ég verð líka að lýsa sérstakri óánægju minni með það aftur að hæstv. fjmrh. skuli ekki treysta sér til að vera við 3. umr. fjárlaga, lokaumræðu fjárlaga fyrir næsta ár. Ég sagði fyrr í ræðu minni fyrir kvöldverðarhlé að út af fyrir sig væri ég ekki að gera kröfu til þess þá að hann kæmi hér þegar umræðan var að hefjast, en mér finnst það vart ásættanlegt að þessi umræða haldi áfram, a.m.k. ekki til enda, án þess að hæstv. fjmrh. sé við. Þá verð ég að segja að ef ljóst er að hann getur það ekki er það orðið á ábyrgð stjórnenda þingsins að haga málum svo til að hér sé verið að ræða mál einstakra ráðherra sem ekki geta verið á staðnum.

En ég ætla að halda áfram umfjöllun minni um heilbrigðismálin og til þess að einhver sem málið varðar hlýði á það fyndist mér rétt að formaður eða varaformaður fjárln. væru í salnum, en það er ekki einu sinni svo að þeir séu hér staddir. (**Forseti:** Forseti vill trufla hv. þm. með því að segja honum að forseti mun gera þær ráðstafanir sem unnt er til þess að þeir hv. þm. sem nefndir voru verði viðstaddir.) Já, ég þakka hæstv. forseta fyrir það. Út af fyrir sig eiga þessi mál, sem ég ætla mér að ræða hér, ekkert sérstaklega erindi til formanns eða varaformanns umfram aðra hv. þm., sem ég tel að þessi mál varði mikið og þeim beri að kynna sér vel og átta sig á hvert stefnir og hvað er verið að gera varðandi rekstur og sameiningu sjúkrahúsa og samstarf þeirra í höfuðborginni, en þeir eru þó fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjárln. og bera þá auðvitað nokkra ábyrgð á hvernig þessi mál þróast og gætu verið málsvarar ríkisstjórnar við þessa umræðu þó svo að hæstv. heilbrrh. sé forfallaður og geti ekki verið í þinginu.

Nú er mér ljóst að það vill svo til að hæstv. forseti sem situr nú í forsetastóli er fulltrúi í fjárln. og hefur unnið þar samviskusamlega og ég veit að hann mun hlýða á þetta mál og vonandi taka eitthvert tillit til þess sem mig langar til að koma á framfæri.

Fyrst ætla ég samt að byrja á að ræða ofurlítið um málefni Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, og kannski örfá önnur atriði áður en ég sný mér að málefnum sjúkrahúsanna.

Eins og þingheimur væntanlega veit rekur Sjálfsbjörg bæði vinnu- og dvalarheimili, svo og hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun hér í Reykjavík auk þess að vera landssamband félaga sem starfa um allt land. Það eru 16 félög sem starfa á hinum ýmsu stöðum um landið þannig að Sjálfsbjörg rekur mikið og öflugt félagsstarf þar sem eru rúmlega 3 þús. meðlimir. Sambandið rekur þessar mikilvægu stofnanir, sem ég gat um áðan, sem eru stofnanir sem þjóna fötluðum einstaklingum, sumum hverjum alvarlega fötluðum sem þurfa mikla umönnun, og þess vegna er mikilvægt að starf landssambands fatlaðra, Sjálfsbjargar, sé virkt og það sé hlúð að því starfi eins og reyndar störfum ýmissa annarra frjálsra félagasamtaka sem starfa í landinu og hafa tekið sér það sem verkefni að vinna að málum sem mætti segja að tilheyrðu hinu opinbera, ríki eða sveitarfélögum eftir atvikum, og hafa leyst af hendi ómetanlegt starf í því sambandi og ég tel Sjálfsbjörgu tvímælalaust vera í þeim hópi.

Vissulega hefur Sjálfsbjörg fengið ofurlítinn stuðning frá ríkinu til sinnar félagastarfsemi þó að það séu ekki háar upphæðir. Ef ég man rétt, ég hef það nú ekki skjalfest fyrir framan mig, munu það hafa verið einar 2 millj. kr. eða svo í félagsstyrk á því ári sem nú er að líða og svo að sjálfsögðu daggjöld til reksturs þessara stofnana eins og daggjaldaákvarðanir hafa verið á hverjum tíma af daggjaldanefnd. En nú ber svo við að Sjálfsbjörg á í verulegum rekstrarörðugleikum og þau húsakynni sem samtökin reka sína starfsemi í þurfa mikið viðhald og miklar lagfæringar. Meira að segja er nú svo komið að öryggismálum er stefnt í hættu ef ekki tekst að ráða þar bót á. Þess vegna hefur landssambandið sent Alþingi og fjárln. erindi þar sem þeir

biðja um stuðning við sína starfsemi. Með leyfi forseta langar mig til að lesa eina málsgrein eða svo úr bréfi frá Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra, en þar segir svo:

„Þann 20. júní sl. tók daggjaldanefnd ákvörðun um að hætta að viðurkenna húsaleigugjöld sem hluta af rekstrargjöldum vinnu- og dvalarheimilisins Sjálfsbjargar. Þessi ákvörðun þýðir beint tekjutap Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, upp á um það bil 14 millj. kr. Tekjutap Sjálfsbjargar á næsta ári vegna þessa er fyrirsjáanlegt á sautjándu milljón kr. Verði Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra, ekki bætt þetta tekjutap er ljóst að skera verður verulega niður þjónustu. Hér er rétt að benda á að ofangreind skerðing er um það bil 31,2% af áætluðum tekjum Sjálfsbjargar fyrir árið 1992."

Þá er trúlega átt við þær tekjur sem landssamtökin sjálf hafa til þess að standa undir rekstri sambandsins og þeirra eigna sem landssambandinu ber að sjá um.

Í erindi þessu er að öðru leyti fjallað ítarlega um starfsemi sambandsins og segir síðar í þessu erindi, þar sem aðrar fjárveitingabeiðnir eru skilgreindar nánar, að nú við fjárlagagerð fyrir 1992 sé gert ráð fyrir að þessar stofnanir verði settar á það sem við köllum í daglegu tali föst fjárlög, þ.e. þau eru ekki lengur rekin með daggjaldaákvörðun heldur fái fasta fjárveitingu á fjárlögum til að reka starfsemina. Og þar segir í bréfinu, með leyfi forseta, svo:

„Stofnunin hefur átt í viðræðum við heilbr.- og trmrn. varðandi fjárlagatillögur hennar. Það er ljóst að ráðuneytið hefur að mestu viðurkennt tillögur stofnunarinnar, en út af stendur að ekki er viðurkennd ein einasta ný staða við dvalarheimilið þrátt fyrir óskir um 14,66 ný stöðugildi."

Nú er það svo að samtökunum hefur verið ljóst að þau fengju ekki sínar ýtrustu óskir uppfylltar og hafa gert ráð fyrir að fækka stöðugildum ef þau fengju ekki svo mörg stöðugildi. Ýtrasta ósk þeirra nú er 8,86 ný stöðugildi sem þeir telja mjög brýnt að fá og áætlað er að muni kosta um 17 millj. kr. Einnig er farið fram á smáupphæð til eignakaupa og svo síðast en ekki síst, virðulegur forseti, fram á fjárveitingu vegna nauðsynlegs meiri háttar viðhalds á húsnæðinu eins og ég nefndi áðan. En gert er ráð fyrir að nauðsynlegar framkvæmdir sem þarf að leggja í kosti rúmar 40 millj. kr.

Þeir gera ráð fyrir í erindi sínu að hægt sé að skipta þessari framkvæmd og þar með auðvitað líka fjárveitingunni á tvö eða jafnvel fleiri ár þó að verkefnið sé orðið mjög brýnt og munu einnig senda umsóknir til Framkvæmdasjóðs fatlaðra til að mæta þessum brýnu þörfum og vonandi verður hægt að verða við því að einhverju leyti þar. En það sem ég tel einna erfiðast í þessu sambandi er að öryggismálum er ekki sinnt nægjanlega vel og samkvæmt fréttum sem ég hef fengið af ástandi mála í þessum húsakynnum fór í vatnsveðri hér á dögunum úr sambandi brunavarnakerfi sem þýðir það að hluti af brunavarnakerfi er ekki í sambandi, viðvaranir þess ekki virkar. Þá sjá menn hvers kyns ástand getur komið upp ef voða ber að höndum þar sem fatlaðir einstaklingar búa.

Erindi þessu var því miður ekki hægt að sinna og það sem mér finnst enn furðulegra og þó það skipti ekki máli upp á fjárveitingarnar sem brýnast er að leysa, þá finnst mér miður að hafa ekkert svar fengið frá ráðuneyti heilbrigðismála um það hvernig ráðuneytið lítur til þessarar stofnunar og hvaða lausnir það sér á vanda samtakanna. Það var ítrekað gengið eftir því að fá slíkt álit til fjárln. en án árangurs. A.m.k. hefur það ekki borist mér sem gekk þó fastast eftir því að fá þessar upplýsingar.

Ég ætla ekki að eyða tíma í að rekja mikið fleiri mál einstakra stofnana þó vissulega væri ástæða til, þó ekki væri nema kannski rétt aðeins að nefna málefni St. Jósefssjúkrahússins í Hafnarfirði. Þau voru töluvert til umræðu í þinginu fyrr í haust og menn voru þar stóryrtir mjög og höfðu í frammi heitstrengingar um að það skyldi ekki fara fram með þeim hætti, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, að gerbreyta starfsemi þessa sjúkrahúss. Niðurstaðan er nú sú að af mikilli náð hafa hæstv. ríkisstjórn og hæstv. heilbrrh. lofað að draga úr skerðingunni sem áætluð var um helming þannig að það á ekki að taka af stofnuninni nema 60 millj. miðað við 120 millj. sem áætlað var í upphafi, enda hefði það lagt núverandi starfsemi þessarar stofnunar í rúst og reyndar sýnist mér að 60 millj. kr. skerðing hljóti að hafa afgerandi áhrif á það hvernig þessi stofnun getur starfað. En um þetta hefur að lokum náðst samkomulag við stjórnendur stofnunarinnar. Óttast ég þó að það samkomulag sé gert undir ákveðnum þrýstingi og mönnum hafi kannski verið sagt að þeir mættu þykjast góðir að fá þó þetta og skyldu vel við una, en um það ætla ég ekki að hafa fleiri orð. Um það er flutt brtt. af meiri hluta nefndarinnar að laga hér nokkuð til þó að vafalaust muni sjúkrahúsið í Hafnarfirði eiga við alvarlega rekstrarerfiðleika að stríða eftir sem áður miðað við hvernig fjárveitingin verður að þessari brtt. samþykktri.

Þá langar mig aðeins áður en ég sný mér að sjúkrahúsunum að nefna annan flokk sem heyrir undir heilbr.- og trmrn., en það eru fjárveitingar til lífeyristrygginga. Samkvæmt fjárlagafrv. var ráðgert að skerða þær um 330 millj. kr. Að vísu hefur verið flutt brtt. og samþykkt um að sú skerðing sé ekki nema 250 millj. Við 2. umr. fjárlaga var bætt á þennan fjárlagalið 80 millj., en eftir sem áður á að skera niður um 250 millj. kr. og engin skýring hefur fengist á því hvernig þeim sparnaði skuli náð þrátt fyrir óskir um upplýsingar um það hvað sé yfir höfuð í gangi, hvaða áætlanir séu uppi. Í fyrri ríkisstjórn voru uppi hugmyndir um að tekjutengja grunnlífeyri og spara þannig verulega í útgjöldum lífeyristrygginga, en þær náðu ekki fram að ganga. Og það var fyrst og fremst vegna andstöðu þingflokks Alþfl. Nú hefur þessi ágæti þingflokkur hæstv. heilbrrh. innan sinna raða, og það er væntanlega hæstv. heilbrrh. sem gerir þessa tillögu, og ef það viðhorf sem var á seinasta þingi gagnvart þessum hugmyndum um tekjutengingu grunnlífeyris er óbreytt hjá þingflokki Alþfl. er ekki hægt að láta sér detta annað í hug en að hér eigi hreinlega að lækka lífeyrisbætur til öryrkja og aldraða til að ná fram þessum sparnaði eða

a.m.k. væri fróðlegt að fá að heyra hvaða aðrar hugmyndir kunna að vera þar á ferðinni.

Mikið hefur verið rætt um málefni sjúkratryggingganna, bæði í umræðum um fjárlagafrv. og reyndar við ýmis önnur tækifæri, og ég ætla því ekki að eyða miklum tíma í það núna, en árétta andstöðu minni hlutans við fyrirhugaða gjaldtöku fyrir komu á heilsugæslustöðvar. Eins og þingheimi er væntanlega kunnugt er nú fyrirhugað að taka á ný upp gjald fyrir komu á heilsugæslustöð sem fellt var niður fyrir tveimur árum og var liður í þeirri stefnu að leggja áherslu á hvers konar forvarnastarf og fyrirbyggjandi störf í heilbrigðisþjónustunni. Nú virðist eiga að hverfa frá þessu og við andmælum þeim hugmyndum.

Þá ætla ég að snúa mér að því að ræða málefni sjúkrahúsanna og þá einkum stóru sjúkrahúsanna þriggja í höfuðborginni sem hafa verið mikið til umræðu á undanförnum dögum og vikum. Það hefur reynst erfitt að fá setta niður á blað endanlega afstöðu heilbr.- og trmrn. til málefna ríkisspítalanna og þá á ég við það til að skýra mál mitt nánar að ríkisspítalar sendu fjárln. beiðni um leiðréttingu á fyrirhuguðum fjárveitingum eins og þær koma fram í fjárlagafrv. upp á 300–500 millj. kr. og bilið má rekja til þess hve mikið væri veitt til nauðsynlegra viðhaldsframkvæmda. Til lagfæringa á rekstrinum voru um það bil 300 millj. af þessum upphæðum og þar af leiðréttíng á launalið upp á 134 millj. kr. miðað við óbreytt rekstrarumfang frá því sem er í ár. Hæstv. heilbrrh. kom á fund fjárln. og ræddi við nefndina um málefni ríkisspítalanna og gerði grein fyrir stöðunni og miðaði þá umfang hennar og rekstrarform við það sem var á árinu 1990. Nú er ljóst að eftir verulegan niðurskurð og aðhald á árinu 1989 hefur ýmislegt breyst, ný verkefni og ný viðfangsefni komið inn til ríkisspítalanna. Má t.d. nefna þar, þó ekki sé tínt til nema eitt atriði, að hjartaskurðaðgerðum hefur fjölgað og auðvitað hlýtur það að þýða aukin rekstrarútgjöld þannig að viðmiðun við 1990, og þá algerlega gengið fram hjá því sem hefur gerst á árinu 1991, hlýtur að þýða misræmi í tölum. Hæstv. ráðherra lofaði sjálfur að sjá til þess að send yrði skrifleg greinargerð um samanburð á þessum tölum til fjárln. Sú greinargerð hefur ekki komið fram þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um það. Nú er ég ekki með þessu að væna hæstv. heilbrrh. eða ráðuneytið um að reyna að leyna upplýsingum eða fela tölur, síður en svo, af því að ráðherra gerði grein fyrir því að hann væri að miða við árið 1990, en ósk mín var sú að fá að sjá þetta til samanburðar af því að hér er um að ræða flókin mál. Þó að maður leggi sig fram nær maður kannski ekki öllum upplýsingum niður á minnisblöð á stuttum fundi og bað ég um að fá þessar upplýsingar þess vegna skjalfestar til að bera þær saman við óskir ríkisspítalanna og sjá hvað hér kynni að bera á milli og hvað það væri þá sem ætti að skera niður af þeim verkefnum sem eru unnin í dag.

Ef það er t.d. hugmyndin að fækka aftur hjartaskurðaðgerðum er líka nauðsynlegt að vita það. Það er fróðlegt fyrir þingheim að fá að vita ef það er afstaða og ráðlegging hæstv. heilbrrh. til ríkisspítalanna að gera það. Nú er vitað að aðgerðir þessar eru ódýrari hér heima á Íslandi en úti í London, en eins og við vitum höfum við sent marga sjúklinga sem þurfa í slíkar aðgerðir til London. Við vitum líka að við eigum á að skipa mjög færum sérfræðingum á þessu sviði þannig að við þurfum ekki að leita eftir þessum aðgerðum til útlanda þess vegna. Og síðast en ekki síst er árangur hér betri en erlendis oft og tíðum og t.d. er sýkingarhætta eftir slíkar aðgerðir miklu fátíðari hér heima á Íslandi en eftir þær aðgerðir sem gerðar eru erlendis. Þess vegna tel ég að það yrði mikil afturför ef þeim aðgerðum yrði aftur fækkað og bendi á þá hugmynd, sem reyndar hefur verið skoðuð áður og alveg fullkomin ástæða til að fara nánar ofan í saumana á henni, að bera saman kostnað við þessar aðgerðir hér heima og erlendis og færa þá til fjármuni frá Tryggingastofnun ríkisins ef aðgerðum á að fækka, ef það er stefnan, þannig að ríkisspítalar geti haldið áfram svipuðum aðgerðafjölda en draga þá frekar úr því að senda Íslendinga erlendis sem þó hlýtur að vera neyðarkostur vegna þess að við þessar aðgerðir er biðlisti og við vitum því miður að það hafa orðið afföll af þeim biðlista sem er sárt til að vita ef þar er um að ræða einstaklinga sem hefði verið hægt að koma til hjálpar.

Varðandi Borgarspítalann, þá hefur stjórnendum hans tekist að halda rekstri innan fjárveitinga undanfarin ár en nú stefnir í að halli þessa árs verði um það bil 100 millj. kr. samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra sjúkrahússins sem komu fram á fundi í fjárln. Benti hann m.a. á að svokölluð álagsprósenta, sem er álag á föst laun og stafar af vaktakerfi, yfirvinnu og því vinnufyrirkomulagi sem óhjákvæmilegt er að hafa á sjúkrahúsunum, væri nú 79% á Borgarspítalanum, en í forsendum fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir nema 71% svo að hér ber verulega í milli, en ekki er eftir því sem best er séð vitað hvernig eigi að mæta þessum mismun ef á að fara eins með Borgarspítalann og Landspítalann, að miða hans fjárveitingar á næsta ári við það umfang sem var á árinu 1990 og taka ekki tillit til rekstrarstöðunnar í ár þar sem blasir við að sjúkrahúsið fari 100 millj. fram yfir fjárveitingar.

Síðast en ekki síst langar mig síðan til að ræða þær hugmyndir sem nú eru uppi um sameiningu Borgarspítalans og Landakots, en á undanförnum árum hafa verið uppi hugmyndir um sparnað í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og hafa þær byggst á aukinni hagræðingu með samstarfi eða sameiningu stóru sjúkrahúsanna þriggja. Slíkar breytingar taka því miður langan tíma og þarf að undirbúa þær vel þannig að þær skili tilætluðum árangri og ekki líklegt að hægt sé að ná fram sparnaði á þessu sviði með einhverjum skyndiákvörðunum.

Með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem samþykkt voru hér á Alþingi fyrir um það bil ári, nánar tiltekið 21. des. 1990, var stofnað svokallað samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík. Hlutverk þessa ráðs er m.a. að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu þessara sjúkrahúsa, starfssvið þeirra, gera þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla að sem hagkvæmastri verkaskiptingu. Vissulega hefði verið æskilegt að þessi

lagabreyting, sem framkvæmd var fyrir ári, hefði verið með þeim hætti að þetta samstarfsráð hefði haft meiri völd en raun ber vitni, hefði getað skipað fyrir um verkaskiptingu milli þessara sjúkrahúsa og haft meira ákvörðunarvald en texti laganna hljóðar nú, en þó var hér um að ræða mikilvægt skref í að nálgast það að koma á nokkurs konar yfirstjórn yfir þessi sjúkrahús sem gæti sagt fyrir um það og til um það hvernig rekstrinum væri best háttað.

Í stað þess að þróa málin áfram eftir þessum farvegi hefur hæstv. núv. heilbrrh. ákveðið — ég segi ákveðið — að skynsamlegasta leiðin til þess að ná fram skjótum sparnaði, jafnvel svo hundruðum millj. kr. skiptir, sé að sameina Borgarspítala og St. Jósefsspítalann að Landakoti í eina stofnun. Og ég segi ákveðið vegna þess að þetta er lagt til í frumvarpsgerðinni sjálfri, greinargerð frv., og síðan það var lagt fram hefur verið unnið að þessu og sérstök nefnd verið að störfum sem hefur haft það markmið og verkefni fyrst og fremst, að sögn einstakra nefndarmanna sem hafa komið til viðtals við fjárln., að kanna hvort þetta væri mögulegt. Þess vegna virðist hafa verið ákveðið fyrst að þetta skyldi gert og síðan sett nefnd í að kanna hvernig að því skyldi staðið. Niðurstaða nefndarinnar, sem kemur fram á síðustu stundu rétt fyrir afgreiðslu fjárlaganna, er í stuttu máli á þessa leið, ef ég má lesa orðrétt upp úr áliti nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Nefndin telur mögulegt að sameina rekstur Borgarspítala og St. Jósefsspítala undir eina stjórn og telur líklegt að það leiði til sparnaðar ef til lengri tíma er litið og aukinnar skilvirkni í þjónustu. Það skipulag sem hér er sett fram er algerlega háð því að tryggt verði fé til þeirra framkvæmda sem gerð er grein fyrir í skýrslunni."

Hér er t.d. sagt að það sé mögulegt að sameina rekstur þessara stofnana — það hefði líklega vart þurft mikil fundahöld eða miklar „spekúlasjónir" til að komast að þeirri niðurstöðu einni og sér — og svo það að það sé líklegt að það geti leitt til einhvers sparnaðar. Ekki er nú tekið dýpra í árinni en þetta, virðulegur forseti, og til að leiða nú fram einhvern hugsanlegan sparnað af þessu er nauðsynlegt að fá verulega fjármuni til að hrinda nauðsynlegum breytingum í framkvæmd. Það segir nefnilega síðar í þessu nál. að nauðsynlegar framkvæmdir, sem þarf að ráðast í árið 1992, muni kosta a.m.k. 400 millj. kr. og jafnframt er sagt, orðrétt úr skýrslunni, með leyfi forseta:

„Þar sem mestur hluti ársins 1992 mun fara í almennan undirbúning og í stofnframkvæmdir sem eru forsenda fyrir tilfærslu verkefna yfirleitt er vart hægt að gera ráð fyrir sparnaði í rekstri á árinu 1992."

Það er sem sagt alls ekki gert ráð fyrir að þetta leiði til neins sparnaðar. Það er varlega tekið til orða. Það segir: er vart hægt að gera ráð fyrir því, en aðspurðir segja nefndarmenn að það komi ekki til greina, það verði enginn sparnaður af þessum breytingum á næsta ári. Hins vegar muni þessi sameining kalla á verulegar viðbótarfjárveitingar.

Heildarkostnaður við sameiningu þessara sjúkrahúsa er áætlaður í skýrslunni 1 milljarður 10 millj. kr. Vissulega er þar um að ræða hluti sem eru margir hverjir í gangi og hafa verið lengi og gengið of hægt eins og t.d. bygging B-álmu Borgarspítalans og kann það að vera skýring að einhverju leyti á áhuga manna á að koma þessari sameiningu á ef hún getur leitt til þess og flýtt fyrir því að framkvæmdir gangi hraðar og fjárveitingar fáist til verksins. En það kom hins vegar fram á fundi fjárln. hjá einum nefndarmanna, Loga Guðbrandssyni, framkvæmdastjóra St. Jósefsspítalans á Landakoti, að áætlanir um lagfæringar á Landakotsspítala væru mjög grófar og ekki byggðar á traustum grunni og hann meira að segja gekk svo langt að segja að við þessa áætlanagerð hefði verið viðhöfð „ráðhússaðferðin" sem menn þekkja vel hver er. Hún er, eins og einhver lýsti því, að reka puttann upp í loftið. Ég man ekki hvort það var þáv. borgarstjóri, núv. hæstv. forsrh., eða einhver annar háttsettur maður hjá borginni sem taldi að áætlanir um kostnað við byggingu ráðhúss Reykjavíkurborgar hafi verið viðhafðar með þeim hætti og þá er nú ekki grunnurinn traustur ef það hefur verið sama aðferðin sem notuð hefur verið við þessa áætlanagerð, enda höfum við séð aðra áætlun um kostnað við þessar fyrirhuguðu breytingar sem hljóðar upp á rúma 2 milljarða kr. og er kannski ekkert fjær lagi en hin sem hljóðar upp á 1 milljarð.

Ég teldi rétt að hv. Alþingi hefði hugleitt þessi mál mjög vandlega áður en framkvæmt er samkvæmt svona tillögum vegna þess að vissulega höfum við vítin til að varast. Má þar nefna breytingar á Þjóðleikhúsinu sem hafa farið langt fram yfir áætlanir og reyndar á Bessastöðum líka og sjálfsagt víðar. Það þýðir ekki að það hafi ekki verið nauðsynlegar framkvæmdir í sjálfu sér, en það hefði líka verið nauðsynlegt að viðhafa betri áætlanagerð þannig að menn vissu fyrir fram út í hvað verið væri að fara og það er það sem þarf að gera í þessu efni líka. Ég tel að menn þurfi að gæta sín mjög vel, það þurfi hv. Alþingi að gera áður en það tekur afdrifaríkar ákvarðanir í þessu sambandi.

Þetta var um kostnaðarútreikningana, en í áliti nefndarinnar er einnig fjallað ofurlítið nánar um hugsanlegan sparnað af þessari sameiningu og þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin gerir ráð fyrir að sameining spítalanna tveggja taki a.m.k. þrjú ár. Þar sem mestur hluti ársins 1992 mun fara í almennan undirbúning og í stofnframkvæmdir, sem eru forsenda fyrir tilfærslum verkefna yfirleitt, er vart hægt að gera ráð fyrir sparnaði í rekstri á árinu 1992. Sparnaður getur orðið að einhverju leyti á árinu 1993, eftir því hve stofnframkvæmdum og verkefnatilfærslum miðar hratt, og að fullu á árinu 1994. Því má búast við að hinn sameinaði spítali þurfi álíka há fjárframlög til rekstrar næstu tvö ár og spítalarnir tveir hafa til samans á þessu ári."

Og síðar segir svo: „Nái sameiningin fram að ganga með þeim hætti sem hér að framan greinir má gera ráð fyrir milli 290 og 310 millj. kr. sparnaði í rekstri á ári þegar stofnframkvæmdum og verkefnatilfærslum er lokið."

Nú eru 200–300 millj. kr. töluverðir fjármunir og

ekki skal ég gera lítið úr því, en við höfum líka fyrir okkur aðra áætlun sem unnin er af starfsfólki Landakotsspítala og þær vangaveltur hafa verið sendar hæstv. heilbr.- og trmrh. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hugsanlegur sparnaður í rekstri við að sameina spítalana yrði sennilega nokkrir tugir milljóna kr. á ári vegna sameiningar vakta og tækjakaupa og ýmissa þjónustudeilda."

Hér virðist nú ekki vera samræmi í hlutunum frekar en varðandi kostnaðaráætlunina.

Nú ætla ég ekki að gerast neinn dómari í þessu rekstraruppgjöri og vissulega má gera ráð fyrir að eitthvað sé hægt að spara með því að reka þessar tvær stofnanir með öðrum hætti en gert er eða sameina þær. En það er nauðsynlegt að horfa lengra en á það eitt. Við verðum að horfa á hver sé líkleg þróun með tvo álíka stóra spítala sem fljótlega mundu lenda í harðri samkeppni sín á milli um takmarkaða fjármuni. Þá álít ég að við stöndum fyrst frammi fyrir útgjaldaaukningunni og að sóunin hefjist fyrir alvöru.

Það er skoðun fjölmargra aðila innan heilbrigðiskerfisins að sameining Borgarspítala og Landakots muni aldrei geta leitt til sparnaðar þegar litið er til lengri tíma ef menn líta á heilbrigðisþjónustuna í heild. Það er jafnframt fullyrt að sameining af þessu tagi muni leiða til stóraukinna útgjalda og þar með kostnaðar og tjóns fyrir alla aðila þegar fram í sækir. Þessi skoðun er studd af áliti erlendra rekstrarráðgjafa, Moret Ernst & Young, sem unnu að hagræðingarstörfum fyrir ríkisspítala fyrr á þessu ári. Í skýrslu þeirra, sem birtist í september sl., kemur m.a. fram það álit að sameina beri ríkisspítala og Borgarspítala. Það sé skynsamlegasta leiðin og áhrifaríkust til að ná fram hagræðingu og sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna. Jafnframt kemur fram það álit að fyrirhuguð sameining Borgarspítala og Landakots sé óskynsamleg því að þá verði tvöföldunin mest og kostnaðurinn muni hækka, sóunin verða í hámarki.

Þetta eru alvarlegir dómar, virðulegur forseti, ef það er rétt og það er ótrúlegt ef hæstv. heilbrrh. og hv. Alþingi ætla að leggja af stað í svona för án þess að skoða málin mikið betur, gefa sér tíma til að skoða ítarlega þær hugmyndir sem settar eru fram af virtum aðilum sem hafa unnið mikið við að skipuleggja og gera tillögur um rekstur heilbrigðisþjónustu víða um lönd, ekki bara hjá okkur.

Til þess að fá nánari upplýsingar um þetta fékk fjárln. á sinn fund fulltrúa frá ríkisspítölunum til að ræða við. Þeir sem mættir voru til fundarins voru Davíð Á. Gunnarsson, forstjóri ríkisspítalanna, Þorvaldur Veigar Guðmundsson, formaður læknaráðs, Þórður Harðarson prófessor, fyrrv. forseti læknadeildar Háskóla Íslands, og Ragnheiður Haraldsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri. Mig langar til að vitna aðeins til minnispunkta sem ég skrifaði eftir þessu ágæta fólki þegar það ræddi við okkur.

Þórður Harðarson lét þau orð falla að það sem hér væri verið að stefna mönnum út í væri hörð samkeppni milli tveggja álíka stórra stofnana og ókostir samkeppninnar í þessu tilviki væru þeir að það yrði um að ræða óþarflega margt starfslið til að fást við verkefnin. Sérstaklega yrði yfirmönnun hvað lækna varðar. Allur tækjabúnaður þyrfti að vera í báðum þessum stofnunum, þjónustunni yrði spillt þar sem ekki fengist nægjanleg sérhæfing miðað við ef verkefnin væru unnin aðeins á einni stofnun en ekki skipt á báðar eins og hann óttaðist að yrði. Rannsóknar- og kennsluþættinum yrði einnig spillt með því að eyða kröftunum og það yrði rekin í meira mæli en nú er tvöföld þjónusta á hinum ýmsu sviðum og sameining Borgarspítala og Landakots gengi þvert á þau sjónarmið að reyna að sameina þjónustuþættina.

Þá benti hann einnig á að stofnkostnaðarframkvæmdir nú, sem kostuðu verulega fjármuni, hlytu að bitna á nauðsynlegri fjárþörf til rekstrar og það væri ekki það brýnasta sem menn þyrftu að leggja í nú að bæta við stofnkostnaðinn heldur að fá fjárveitingar til rekstrarins. Þetta sagði hann að væri reynsla annarra þjóða einnig. Þar væri vandamálið að hörð samkeppni milli stofnana yrði kostnaðarsöm og þyddi í raun meiri eyðslu. Til að koma í veg fyrir það væri eina leiðin sú að sameina sjúkrahúsin stjórnunarlega.

Þorvaldur Veigar Guðmundsson, formaður læknaráðs, lét m.a. þau orð falla að honum fyndist nauðsynlegt að skoða þessi mál mikið betur, m.a. líta nánar á skýrslu þessara erlendu ráðgjafa og það að skera nú enn niður fjárveitingar til rekstrarins til að setja þær í stofnkostnaðarframkvæmdir hlyti að þýða að biðlistarnir lengdust vegna þess að bráðveiku fólki væri ekki úthýst að sjúkrahúsunum. Biðlistarnir mundu lengjast og erfiðleikar heilbrigðisþjónustunnar magnast.

Ragnheiður benti á að allir sem hefðu komið að þessum málum og velt þessu fyrir sér teldu nauðsynlegt að skoða þetta í víðara samhengi en þær hugmyndir sem nú eru uppi um sameiningu Landakots og Borgarspítalans og það hefði verið að sjálfsögðu líka niðurstaða þessara erlendu ráðgjafa. Auk þess benti hún á að það yrði erfitt að manna Landakot eftir fyrirhugaðar breytingar þar sem það væri yfir höfuð erfitt að manna nú öldrunarþjónustustofnanir, það væri erfitt að fá starfsfólk á slíkar stofnanir og það yrði ekki auðveldara að fá fólk til að vinna á stofnun eins og Landakoti þegar það hefði ekkert annað verk en veita þessa öldrunarþjónustu.

Þá benti hún einnig á það sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar um sameiningu þessara tveggja umræddu sjúkrahúsa, en þar sem segir, með leyfi forseta: „Hinn sameinaði spítali þyrfti á aukinni aðstöðu að halda til kennslu og rannsókna og gera þarf honum kleift að fjármagna akademískar stöður og starfsemi á móti Háskólanum" — og benti á að þetta hefði aukinn kostnað í för með sér og mundi tvöfalda þjónustu á þessu sviði í staðinn fyrir að reyna að sameina kraftana sem mest hvað varðar rannsóknir og kennsluaðstöðu. Allt virðist þetta því bera að sama brunni.

Þorvaldur Veigar setti einnig fram þær hugmyndir að fá þá aðila sem fjárln. og Alþingi hefur til ráðgjafar um hin ýmsu málefni til að skoða þetta nánar, eins og t.d. Ríkisendurskoðun, og við í fjárln. settum síð-

an fram þær óskir að Ríkisendurskoðun yrði látin líta á þetta þótt tíminn væri naumur og einnig væri æskilegt að fá einhverja afstöðu eða skoðun fjmrn. á málinu, en hvorugt þetta hefur tekist á þessum skamma tíma þegar svo mikill hraði hefur verið á afgreiðslu mála og tillögurnar koma svo seint fram.

Vissulega væri hægt að taka ótal fleiri dæmi til þess að vitna til og ræða við fleiri aðila, fá fram skoðanir þeirra og væri auðvitað hægt að vitna til margra ágætra blaðagreina þar sem fjallað hefur verið um þessi mál. Ég hef þegar vitnað til blaðagreinar í Morgunblaðinu 10. sept. sl. sem Ásmundur Brekkan ritaði og ætla ekki að eyða tíma nú í að lesa hana upp. Sama má segja um nýlega blaðagrein, í Morgunblaðinu 17. des., eftir Árna Björnsson og reyndar einnig í DV fyrir nokkru, 28. nóv., eftir Guðmund G. Þórarinsson sem er stjórnarformaður ríkisspítalanna. Allir hafa þessir menn velt þessu fyrir sér og skoðað þessi mál og allir komist að þeirri niðurstöðu að það sem nú væri stefnt að væri ekki rétt. — Þar sem hæstv. fjmrh. er kominn til fundar bið ég hann að huga vel að þessu máli. Ég tel að það sé svo stórt mál hér á ferðinni og afdrifaríkt fyrir útgreiðslu úr ríkissjóði að hæstv. fjmrh. þurfi að gefa þessu gætur. Ég þykist reyndar viss um að hann hafi sem fyrrv. fulltrúi og reyndar formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna velt þessu fyrir sér og hafi á þessu skoðanir og ég bið hann að líta vel til málanna.

Minni hluti nefndarinnar varar því við hugmyndum af þessu tagi og lýsir undrun sinni á vinnubrögðum hæstv. heilbrrh. er hann nánast neyðir fulltrúa St. Jósefsspítala til að samþykkja áframhaldandi samningagerð af þessu tagi með því að skerða framlag til spítalans um nær 400 millj. kr. eins og nú er gerð tillaga um, úr 1.214 millj. kr. miðað við óbreyttan rekstur í 831 millj. kr. eins og brtt. meiri hlutans hljóða nú upp á. Ég álít að hér hafi menn verið settir nánast upp við vegg og svipuð aðferð hafi verið viðhöfð og við St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði, að menn ættu ekki annarra kosta völ en að setjast niður aftur og skoða þetta dæmi. Auðvitað sjá allir að það að skerða fjárveitingu St. Jósefsspítala um 400 millj. kr. er nánast það sama og leggja starfsemi þess sjúkrahúss í rúst eða a.m.k. lama hana verulega.

Hinir erlendu ráðgjafar benda einnig á það í skýrslu sinni að minni sjúkrahús eigi fullkomlega rétt á sér og geti verið mjög hagkvæmur kostur til að sinna ýmsum sérverkefnum við hliðina á einu stóru meginsjúkrahúsi sem yrði til með sameiningu Landspítalans og Borgarspítalans. Minni hluti nefndarinnar leggur því til að samstarfsráði sjúkrahúsanna í Reykjavík ásamt fulltrúum heilbrrn. og fjmrn. verði falið að taka þessa skýrslu erlendu rekstrarráðgjafanna til ítarlegrar umfjöllunar og leita allra leiða til að ná fram hagræðingu og sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna. Ég er sannfærður um að það er hægt og menn eiga að reyna að vinna það verk vel og reyna að ná því fram og hafa þá þessar fram komnu tillögur til hliðsjónar.

Ég hef leyft mér, virðulegur forseti, að flytja brtt. við brtt. meiri hlutans sem varða þetta mál, en meiri hlutinn flytur brtt. við 6. gr. frv. þar sem lagt er til að áfram verði haldið samningagerð um stofnun nýs sjúkrahúss sem sé byggt á starfsemi Borgarspítalans og St. Jósefsspítalans að Landakoti. Mín brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala um nánara samstarf og/eða sameiningu ríkisspítala, Borgarspítalans og St. Jósefsspítala, að Landakoti. Samningsgerðin verði í höndum heilbrrh. og Samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík, auk fjmrh. Samningurinn er háður samþykki fjárln."

Þetta er brtt. við breytingu sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Mín hugmynd er sú að inn í þessa vinnu komi einnig fulltrúar frá ríkisspítölunum í gegnum samstarfsráðið sem er hinn eðlilegi vettvangur fyrir samningagerð af þessu tagi og með því að það sé heimild fjmrh. að ganga til slíkrar samningagerðar ásamt heilbrrh. eða hans fulltrúum held ég að hér ættu að geta komið að málinu allir þeir aðilar sem málið varðar.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Auðvitað er leitt að hæstv. heilbrrh. skyldi ekki hafa verið viðstaddur, en mér var kunnugt um hans erfiðleika til að vera við á þessum tíma og gerði því ekki kröfu til þess. Ég vil aðeins segja að lokum að af því sem hér hefur verið sagt og af því sem fram kemur í nál. minni hlutans er ljóst að fjárlagafrv. fyrir 1992 var óraunhæft í upphafi svo sem við höfum haldið fram í máli okkar og frv. er það enn. Frv. er illa unnið og ýmis stefnumál sem sett eru fram í grg. með frv. um nýja útgjaldastefnu og takmörkuð ríkisumsvif eru ekki á rökum reist eins og ég hef rakið í máli mínu. Tillögur frá ríkisstjórninni seinustu dagana hafa skapað ringulreið í þjóðfélaginu á ýmsum sviðum og þar að auki hafa þessar tillögur verið að breytast dag frá degi þannig að menn hafa í raun ekkert vitað hvert stefndi. Ógerningur hefur verið að átta sig á til hvers þær leiddu og ég tel reyndar að þær hafi ekki fengist nægjanlega ítarlega ræddar í fjárln. eins og nauðsynlegt hefði verið. Ósk minni hlutans um að fá nokkra aðila til viðtals við nefndina til að ræða þessar tillögur þegar þær komu fram rétt fyrir 2. umr. var hafnað og tel ég að það muni vera fátítt í störfum nefnda þingsins að beita þannig meirihlutavaldi gegn óskum minni hlutans um eðlilegt upplýsingastreymi. En það er í takt við annað sem er að gerast í þinginu seinustu klukkustundir. Röksemdir um tímaskort geta ekki átt við þegar rætt er um slíka málaflokka og í svo veigamiklum og mikilvægum málum og fjárlagafrv. og tillögur til breytinga á fjárlagafrv. hljóta að verða verðum við að telja að nauðsynlegra sé að vanda vinnubrögð og gefa sér meiri tíma til þessa verks.

Minni hluti nefndarinnar flytur ekki sameiginlegar brtt. við frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Undir þetta nefndarálit, sem ég hef verið að gera grein fyrir, virðulegur forseti, rita auk mín hv. alþm. Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að þakka enn einu sinni öllu því starfsfólki sem unnið hefur með og fyrir fjárln. Ég geri ráð fyrir að oft áður hafi reynt á þolinmæði þessa fólks, en þó líklega aldrei eins og nú. Það var erfitt fyrir nefndarmenn, a.m.k. okkur í minni hluta fjárln., að henda reiður á öllum þeim breytingum sem gerðar voru á frv. frá degi til dags, hvað þá fyrir það starfsfólk sem þurfti að vinna úr breytingunum og setja þær á blað í tillögu- eða tilkynningaformi.

Þegar 2. umr. um fjárlög fór fram fyrir rúmri viku ræddum við í minni hluta fjárln. um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við gerð fjárlaga, enda voru þau með endemum. Þá lágu fyrir rúmlega sólarhrings gamlar tillögur sem gerbyltu bæði tekju- og gjaldahlið frv. Nefndinni og hv. þm. öllum var gert að afgreiða þær tillögur á nokkrum klukkutímum. Ekkert svigrúm mátti gefa til að athuga hvað lægi að baki tilskipunum sem komu frá ríkisstjórninni. Minni hluti nefndarinnar hafði farið fram á að fá til viðtals ýmsa þá aðila sem tillögurnar snertu beint. Við því var ekki orðið. Ég býst við að ekki sé um að kenna viljaleysi formanns nefndarinnar til að verða við óskum okkar heldur tímapressu og seinagangi ríkisstjórnarinnar og þá fyrst og fremst hæstv. forsrh. Á honum hvílir sú skylda að verkstýra og það verður að segjast eins og er að sú verkstjórn hefur verið í mesta ólestri.

Þegar farið var til 2. umr. um það frv. til fjárlaga sem lagt var fram í byrjun október lá fyrir nýleg spá Þjóðhagsstofnunar sem gerð var eftir að draumsýn um álver steytti á skeri. Þessi spá Þjóðhagsstofnunar gerði ráð fyrir mun dekkri horfum en sú spá sem frv. byggði á. Nú, aðeins rúmri viku seinna, kemur enn eitt álit Þjóðhagsstofnunar og enn dekkra en áður. Og hvað með forsendur þess frv. sem áttu, ef marka mátti ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1992, að vera eitthvert það trúverðugasta plagg sem lagt hafi verið fram á Alþingi? Forsendurnar sem frv. var byggt á eru týndar og tröllum gefnar. Öll vinnan sem fagráðuneytin lögðu í ramma sína er fyrir bí. Varla verða starfsmenn ráðuneyta eða forstöðumenn stofnana eins viljugir til þess að gera raunhæfar áætlanir að ári eftir þá meðferð sem ráðuneytin og einstakar stofnanir hafa nú fengið. Reyndar var frá upphafi arfavitlaust að reisa fjárlagagerðina að hluta til á hugsanlegri byggingu álvers, því líkurnar á því að álverið yrði reist minnkuðu dag frá degi, áður en gengið var endanlega frá frv. og nú sitja menn ráðalausir í ráðuneytum og stofnunum og velta fyrir sér útfærslum á flötum og hugmyndasnauðum tillögum ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu á fund fjárln. til að fjalla um nýjustu þjóðhagshorfur og efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Það fór ekki fram hjá nokkrum manni að þeim fannst trúverðugleikinn ekki afskaplega mikill. Í það minnsta settu þeir fyrirvara við flest það sem sagt var með vísun til þess að tillögurnar væru sífellt að breytast þessa dagana. Það lá við að ég fyndi til með þeim að eiga að reikna einhverja vitræna niðurstöðu út úr vitleysunni.

En hver er þá stefnan sem birtist í frv. eins og það liggur fyrir og á líklega að vera í endanlegri mynd? Frv. einkennist af úrræðaleysi, skattheimtu og afsali á samfélagslegri ábyrgð. Úrræðaleysið birtist í þeim brtt. sem hæstv. ríkisstjórn gerir við frv. Flatur niðurskurður, tilfærsla á verkefnum yfir til sveitarfélaganna og almenningur og fyrirtæki eiga að borga meira en áður fyrir þá þjónustu sem veitt er.

5% flatur niðurskurður á laun og önnur gjöld sem nemur tæpum 2½ milljarði kr. skal framkvæmdur á einu ári. Auk þess á að fækka störfum hjá ríkinu um 600. Það er alls ekki um að ræða að dreifa þessum flata niðurskurði jafnt á allar stofnanir ríkisins. Þær stofnanir sem þurfa greiðslur úr ríkissjóði í formi tilfærslna sleppa flestar við niðurskurð. Ég nefndi þetta í ræðu minni við 2. umr. fjárlaga og rakti þó nokkur dæmi þessu til staðfestingar. Þá bar ég m.a. saman stofnanir í landbrn. og menntmrn. og þar var ólíku saman að jafna. Menntmrn., heilbr.- og trmrn. og félmrn. að því er tekur til málefna fatlaðra fá niðurskurðinn af fullum þunga á flestar sínar stofnanir ólíkt sumum öðrum ráðuneytum. Með öðrum orðum sagt: Það er mest skorið niður hjá þeim ráðuneytum sem fara með afar mikilvæg og viðkvæm samfélagsleg verkefni.

Ýmsir tóku undir það í ræðum við 2. umr. um frv. að þessu þyrfti að breyta, nauðsynlegt væri að dreifa niðurskurðinum jafnar á stofnanir og ráðuneyti en ríkisstjórnin ætlaði að gera. Milli 2. og 3. umr. birtist tillaga hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum og þar kemur fram, eins og hv. þm. geta séð í brtt. meiri hluta fjárln., sem varð auðvitað að gera þessa tilskipun ríkisstjórnarinnar að sinni, að taka á nokkrar tilfærslustofnanir með í niðurskurðinn. Hér er þó ekki um að ræða hluta af upphaflegum niðurskurðarpakka heldur tilfærslur upp á rúmlega 164 millj. kr. Ég segi tilfærslur vegna þess að þessir tilteknu fjárlagaliðir lækka um samtals 164 millj., en sú upphæð rennur beint í pott ríkisstjórnarinnar, fjárlagalið 950, sem ráðherrar eiga að fá til eigin ráðstöfunar.

Þær stofnanir sem þarna ræðir um eru ekki valdar af handahófi. Nei, þær eru í stíl við annan niðurskurð hæstv. ríkisstjórnar. Flestar eru þær í heilbr.- og trmrn., í félmrn. og menntmrn. Ekki er tekið á ýmsum stofnunum sem árum saman hafa fengið framlög úr ríkissjóði í formi tilfærslna og hefði þó ef til vill verið full þörf á að draga úr framlögum til sumra þeirra og knýja á um endurskoðun á hlutverki og starfsemi. Ég nefni sem dæmi að samfara breyttum búskaparháttum og almennum samdrætti í landbúnaði væri engin goðgá að endurskoða Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Skógrækt ríkisins og endurskipuleggja þessar stofnanir. Reyndar gildir það sama um rannsóknastofnanir atvinnuveganna í heild sinni og sjóðakerfi þeirra allt saman.

Þetta er ekki sagt í þeirri meiningu að þessar stofnanir eða sjóðir atvinnuveganna vinni ekki eða hafi ekki unnið gagn heldur vegna þess að ég held að veruleg þörf sé til að endurmeta og endurskipuleggja hlutverk

og starfsemi ýmissa stofnana sem ríkið rekur í dag svo þær verði ekki eins og nátttröll í íslensku þjóðfélagi.

Ég er líka viss um að til lengri tíma litið skilar slíkt endurmat og endurskipulagning raunhæfari sparnaði en sú leið sem nú er valin og heitir að skera flatt. Þessi flati niðurskurður bitnar helst á þeim stofnunum ríkisins sem þó hafa þróast eðlilega í tímans rás, eins og skólarnir okkar og heilbrigðisþjónustan. Það má eflaust spara með betri skipulagningu, en það er alveg ljóst að ekki næst árangur með þeim aðgerðum sem nú á að beita ef markmiðið er að hagræða og spara jafnframt því að veita góða þjónustu sem það hlýtur að vera. Skynsamleg og eðlileg vinnubrögð væru að endurskoða og hagræða áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð eða aukin framlög. Það krefst þó þess að stjórnendur, þ.e. ráðherrar, leggi á sig vinnu. Það var ekki gert núna.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um flatan niðurskurð var tekin á einni nóttu. Vinnan við útfærsluna á að fara fram síðar á vegum ráðuneyta og stofnananna sjálfra og ekki virðist skipta máli hvort niðurskurður á viðkomandi stofnun er skynsamlegur eða æskilegur. Í tilskipunum um flatan niðurskurð eins og þeim sem ríkisstjórnin hyggst framkvæma felst óhjákvæmilega að ákvarðanir um einstakar stofnanir eru teknar með bundið fyrir bæði augun.

Við skulum minnast þess að þær stofnanir sem nú þurfa að útfæra tilskipanir ríkisstjórnarinnar um sparnað eru þær sömu og tóku þátt í að undirbúa þær raunhæfu tillögur sem hæstv. fjmrh. kynnti við 1. umr. um fjárlögin. Nú fá forráðamenn þessara stofnana kaldar kveðjur. Það er ekki eingöngu um að ræða að búið sé að gerbreyta tillögum þeirra um rekstur stofnana á næsta ári. Það verður heldur ekki hlutverk forstöðumanna að ráða nýtt starfsfólk í þær stöður sem losna eða taka ákvörðun um hvort manna á þær eða ekki. Nei, það ætlar ríkisstjórnin að sjá um sjálf. Þar á bæ hafa verið teknir upp stjórnarhættir sem ég hélt að forusta Sjálfstfl. og formaður Alþfl. hefðu fordæmt, en það hlýtur að vera misskilningur. Þessa stjórnarhætti er nú verið að leggja af þar sem þeir hafa verið viðhafðir og það er áreiðanlega ekki víða í heiminum sem verið er að reisa þá við.

Ríkisstjórnin ætlar að gera hvort tveggja, fara með starfsmannahald hinna ýmsu stofnana og færa í auknum mæli fjárveitingavaldið frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins, taka að sér fjármálastjórnina. — Það er þó varla hægt að hrósa þeim þætti í fyrra starfi hæstv. forsrh. Það er öllum landslýð orðið ljóst að fjármálastjórn er ekki hans sterka hlið.

Við 2. umr. lágu fyrir tillögur ríkisstjórnarinnar um að færa ákveðin verkefni í málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þarna var um að ræða tilfærslur á verkefnum upp á 400 millj. kr. Stjórnarandstaðan mótmælti þessu strax harðlega og fljótlega eftir að þessar tillögur birtust mótmæltu samtök fatlaðra og sveitarstjórnarmenn. Ekkert samráð hafði verið haft við þessa aðila sem eiga þó beinan hlut að máli. Þetta er alveg dæmigert fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar.

Það er vissulega við erfiðleika að stríða. Það er samdráttarskeið í íslensku þjóðfélagi og þeir erfiðleikar sem því fylgja hafa komið niður á öllum, ekki bara í ríkisrekstrinum heldur í flestum þáttum þjóðfélagsins. Það virðist hins vegar ekki hvarfla að ráðamönnum í þessari ríkisstjórn að fleiri geti átt bágt en ríkissjóður. Þeir bara valta yfir allt og alla og velta vandamálunum ýmist á undan sér eða frá sér yfir á aðra. Og það eru ekki bara ráðamenn þessarar ríkisstjórnar því flestir þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl. fylgja hlýðnir eftir. Einn og einn hv. þm. ríkisstjórnarinnar reynir að mögla, en á þá er ekki hlustað. Hæstv. forsrh. álítur að málflutningur þeirra sé fljótfærni eða bernskubrek, alls ekki pólitík. Staðreyndin er hins vegar sú að hið eina sem lýsir fljótfærni eða bernskubrekum í pólitík eru ákvarðanir sem teknar hafa verið af stjórn hæstv. forsrh. Þannig var það um tillöguna um að færa málefni fatlaðra eða hluta þeirra til sveitarfélaganna. Hún var vanhugsuð og ríkisstjórnin varð að hætta við að framkvæma hana, sem betur fer.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Ríkisstjórnin er greinilega staðráðin í að láta sveitarfélögin taka á sig stóran hluta af vanda ríkissjóðs sem þjáist af samdráttarverkjum. Nú er það löggæslan. Sveitarfélögin eiga að taka þátt í að greiða fyrir löggæsluna, 700 millj. Þær skulu koma í þeirra hlut á næsta ári. Og eins og áður var ekkert samráð haft við þá sem hlut eiga að máli. Yfirlýsing Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ég las upp við 2. umr. og hæstv. fjmrh. man áreiðanlega og kann vel, er enn í fullu gildi. Þar átelur sambandið ríkisstjórnina harðlega fyrir að brjóta samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti. Mótmæli hafa líka borist til þingmanna undanfarinn sólarhring frá ýmsum sveitarfélögum um land allt þegar ljóst var orðið að ríkisstjórnin ætlaði að gera alvöru úr þessari tillögu sinni og keyra hana í gegnum nefndir þingsins hvað sem tautar og raular.

Fyrst var tilkynnt að þessi skatttekja ríkisins yrði með þeim hætti að þátttaka sveitarfélaga í löggæslukostnaði yrði dregin af staðgreiðsluskilum útsvars. En það var fyrir hádegi í gær. Síðdegis í gær kom tilkynning frá hæstv. fjmrh. um að þessi innheimtuáform hefðu breyst. Nú á að innheimta sérstakan nefskatt sem verður ákveðin krónutala á hvern íbúa án tengingar við útsvarstekjur viðkomandi sveitarfélags og skal hann renna beint til ríkisins. Þessi vinnubrögð eru alveg í takt við annað sem frá stjórninni hefur komið og ég er reyndar viss um að í ræðu hv. formanns fjárln. leynast enn atriði sem ekki hefur alveg verið gengið frá.

Þessi skattlagning á sveitarfélögin snertir mörg þeirra afar illa, minni og tekjulítil sveitarfélög þó verst. Þau hafa flest nýtt tekjustofna sína að fullu og þess utan þurft á framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að halda. Þrátt fyrir það reynist þeim þó erfitt að veita þá þjónustu sem þeim er skylt að annast samkvæmt lögum og reglum. Jöfnunarsjóður hefur um 500 millj. kr. til ráðstöfunar vegna tekjujöfnunar.

Til þess að eiga rétt á framlagi úr sjóðnum verða sveitarfélögin að fullnýta tekjustofna sína. Það hafa stóru sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu ekki gert. Nú liggja hins vegar fyrir yfirlýsingar frá tveim-

ur þeirra a.m.k. um að þau muni vegna þessa nýja skatts ríkisins á sveitarfélögin fullnýta útsvarsstofninn og þannig öðlast rétt á framlagi úr Jöfnunarsjóði. Þetta mun gera það að verkum að úthlutun til minni sveitarfélaga, sem eru mun verr í stakk búin til að sinna lögboðinni þjónustu, mun verða verulega minni en áður og veldur samdrætti í þjónustu við íbúana. Hæstv. félmrh. hefur margstaðfest þetta í viðtölum við fjölmiðla á undanförnum sólarhring og talið að skerðingin nemi allt að 40%.

Ég hef í fórum mínun gögn sem staðfesta þetta. Nefskatturinn og fyrirsjáanleg skerðing á úthlutun úr Jöfnunarsjóði getur þýtt allt að 20–40% skerðingu hjá viðkomandi sveitarfélagi. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar er óskiljanleg þegar hugsað er til þess að stöðugt er verið að gera meiri kröfur til sveitarfélaganna og þeirrar þjónustu sem þau eiga að veita án þess þó að tryggja um leið að nýir tekjustofnar fylgi með. Þetta er líka óskiljanlegt í ljósi þess samdráttarskeiðs sem nú hefur varað í nokkuð langan tíma og ekki sér fyrir endann á og hefur bitnað á rekstri sveitarfélaga ekki síður en á rekstri ríkisins.

Í mörgum sveitarfélögum víðs vegar um landið þar sem staðan er þannig að atvinnulífið hefur byggt á einu eða tveimur stórum fyrirtækjum blasir við hrun í dag. Fyrirtækin ramba á barmi gjaldþrots eða eru rekin áfram með tapi í von um bata í bættri tíð með blóm í haga. Sumir kalla slík fyrirtæki félagsmálastofnanir vegna þess að atvinnulíf heilla sveitarfélaga byggir allt sitt á tilurð þeirra. Og sjóðasukk er nefnt þeir peningar sem hafa farið í að halda slíkum fyrirtækjum gangandi. Sérstaklega á þetta við um fyrirtæki í sjávarútvegi. Slíkur málflutningur lýsir mikilli vanþekkingu á atvinnulífinu í landinu og þróun þess og væri efni í heila ræðu.

Nú liggur fyrir það álit hæstv. forsrh. að það eigi ekki að hjálpa eða lappa upp á gjaldþrota fyrirtæki sem eiga í rekstrarerfiðleikum. Ekki gerir það horfurnar í rekstri margra sveitarfélaga glæstari.

Nefna mætti ýmsar aðrar tillögur ríkisvaldsins í þessu frv. til fjárlaga sem illu heilli verður líklega að lögum eftir nokkra klukkutíma, tillögur sem koma sveitarfélögunum um landið mjög illa. Niðurskurður á allri samfélagslegri þjónustu og flatur niðurskurður á laun og rekstrargjöld opinberra stofnana mun til dæmis snerta íbúa sveitarfélaga á landsbyggðinni mun verr en íbúa höfuðborgarsvæðisins þótt þeir fái vissulega sinn skerf. Það er á mörgum sviðum mun dýrara að búa úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og allur niðurskurður á opinberri þjónustu samfara auknigu á innheimtu þjónustugjalda mun gera þann mun enn meiri en hann er núna og þykir þó mörgum nóg um.

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um framlög til einstakra ráðuneyta, stofnana eða um einstaka fjárlagaliði. Það var gert rækilega við 2. umr. í ræðum fulltrúa minni hluta fjárln. og hefur staðan lítið breyst síðan þá. Sú pólitíska stefna sem birtist í frv. er öllum ljós, þar er frjálshyggjan alls ráðandi og samkvæmt hennar boðskap er dregið úr samfélagslegri þjónustu hvar sem því verður við komið. Skiptir þar litlu hvort viðkomandi hæstv. ráðherra kallar sig íslenskan jafnaðarmann eða fulltrúa Sjálfstfl., flokks frjálshyggju. Þar er ómögulegt að greina á milli.

Tekjujöfnun fyrirfinnst ekki í frv. eða þeim brtt. sem fyrir liggja þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar hæstv. félmrh. á haustdögum. Þvert á móti er ekkert verið að fara í felur með þá stefnu sem frv. boðar, versnandi kjör og afar slæma stöðu láglaunafólks í landinu. Sá sem ekki sér það er blindur eða vill ekki sjá.

Skattheimtan hefur aldrei verið meiri en nú. Samt eru ekki allir skattarnir sýnilegir, a.m.k. ekki tekjumegin í frv. Aukin skattheimta er færð sem sértekjur á einstaka stofnanir og kölluð þjónustugjöld. Ríkisstjórnin neitar opinberlega að verið sé að auka skattheimtu, en hvað er hún að gera? Á bls. 244 í greinargerð með frv. til fjárlaga útskýrir ríkisstjórnin þjónustugjöldin og hvers vegna hún fór akkúrat þá leið til þess að auka tekjur ríkissjóðs, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þjónustugjöld í stað skatta. Ríkisstjórnin stóð frammi fyrir vali milli þriggja kosta til að bregðast við vaxandi rekstrarhalla ríkissjóðs. Í fyrsta lagi að hækka skatta. Annar möguleiki var að beita hefðbundnum niðurskurði og skerða þjónustu til dæmis með því að loka í stórum stíl sjúkrahúsdeildum og skólum. Þriðji möguleikinn var að fjármagna hluta starfseminnar með þjónustugjöldum.

Í fjárlagafrv. er lögð aukin áhersla á þjónustugjöld. Munurinn á sköttum og þjónustugjöldum er sá, að skattar eru lagðir á almenna skattstofna eins og tekjur, eignir, vörur og þjónustu. Þjónustugjöld eru hins vegar greiðslur þeirra sem nota tiltekna þjónustu ríkisins. Þau eru til þess fallin að efla kostnaðarvitund þeirra sem njóta þjónustunnar svo og hinna sem hana veita og stuðla þannig að sparnaði og betri meðferð á almannafé."

Eins og segir í upphafi 1. mgr. taldi ríkisstjórnin sig standa frammi fyrir þrem valkostum, að leggja á aukin þjónustugjöld, að hækka skattana eða að beita hefðbundnum niðurskurði og skerða þjónustu til dæmis skóla og sjúkrahúsdeilda. Ja, svei! Ríkisstjórnin hefur ekki getað valið á milli. Það er auðséð því frv. til fjárlaga felur allt þetta í sér. Þjónustugjöld eru stórhækkuð, skattar eru stórhækkaðir og öll opinber þjónusta er stórskert. Svona sýndarmennskuskrif eru til einskis þegar staðreyndirnar tala sínu máli.

Undanfarið hefur borið á því að einn og einn hv. þm. ríkisstjórnarinnar hefur hlaupið út undan sér, liðið illa, samviskan aðeins bært á sér, og gagnrýnt gerðir og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. sagði reyndar í gær og í dag og kannski í fyrradag að búið væri að koma öllum slíkum málum í lag. Tryggur meiri hluti væri fyrir öllum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. En það á nú eftir að koma í ljós. Og ég á eftir að sjá marga hv. þm. Alþfl. greiða atkvæði tillögum sem beinlínis skerða kjör þeirra sem minnst hafa, að þeir segi já við slíkum tillögum.

En áfram með þjónustugjöldin. Ég ætla til gamans

að rifja upp kafla úr ræðu núverandi varaformanns fjárln., hv. þm. Pálma Jónssonar, sem hann flutti við 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1990. Þar fjallaði hann sérstaklega um þjónustugjöld og þær fjárhæðir sem stofnunum eins og Pósti og síma væri gert að skila í ríkissjóð. Allt væru þetta auknir skattar á landsmenn. En hv. þm. Pálmi Jónsson sagði þá, með leyfi forseta:

„En hæstv. ríkisstjórn hefur fleiri járn í eldinum. Gerðar eru í fjárlagafrv. mjög harðar kröfur á hendur ýmissa stofnana ríkisins um að afla sértekna, sem þýðir það að þær selja þjónustu sína mun hærra verði en áður hefur tíðkast. Það er viðurkennt að sumar þessara stofnana verða beinlínis að velja sér viðskiptamenn eftir því hvort þeir geta borgað eða ekki. Þannig er það t.d. um rannsóknastofnanir og aðrar stofnanir sem eiga að þjóna atvinnulífinu, að það getur ráðið úrslitum um hvort þjónustan er veitt eða ekki, hvort litið sé svo á að atvinnufyrirtækin hafi bolmagn til þess að borga. Hinir, sem eru verr staddir, verða settir hjá. Þessi stefna hæstv. ríkisstjórnar gengur svo langt að nokkrar stofnanir í A-hluta ríkissjóðs eiga að innheimta meira fyrir þjónustu sína en þær þurfa á að halda og skila sem tekjum í ríkissjóð. Þessar stofnanir á sem sagt að nota sem innheimtumenn fyrir ríkissjóð beint til þess að afla skatta. Þannig er það með stofnanir eins og Húsameistara ríkisins, Brunamálastofnun, Vinnueftirlit, lyfjamál og Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Allar þessar stofnanir eiga að innheimta af landslýðnum meira fé heldur en þarf til þess að standa undir rekstri þeirra og skila sem skatttekjum í ríkissjóð samtals 58,8 millj. kr."

Og áfram heldur hv. þm. Pálmi Jónsson:

„Ýmsar stofnanir B-hlutans eru undir sömu sök seldar. Þannig á t.d. Póstur og sími að innheimta með hækkuðum póstburðargjöldum og símgjöldum um 350 millj. kr. umfram það sem stofnunin þarf sjálf á að halda. Símgjöldin og póstburðargjöldin eru þannig notuð til þess að ná sköttum af fólkinu í landinu beint í ríkissjóð."

Þegar ég las þetta fyrir skömmu velti ég því fyrir mér hvort hv. þm. væri enn sömu skoðunar og hvort vænta mætti álíka orða um stóraukna skattheimtu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þar voru menn þó búnir að lofa skattalækkunum. Að vísu hefur hv. þm. Pálmi Jónsson ekki staðið að slíkum fyrirheitum og því ekki um svik að ræða af hans hálfu. En hann styður þau. Ef ég spyr hann nú vegna fyrri yfirlýsinga um Póst og síma: Hvað nú, hv. þm. Pálmi Jónsson, hvar sem þú ert í húsinu, þegar Póstur og sími á að skila yfir 900 millj. kr. í ríkissjóð? Og svari síðan landsmenn allir: Hvað er skattur? Hvað eru þjónustugjöld? Ég sé ekki mun á þessu, ég geri ekki greinarmun á því frekar en hv. þm. Pálmi Jónsson gerði á sínum tíma.

Auðvitað eru þjónustugjöld skattar og auðvitað er þátttaka sveitarfélaga í löggæslu skattur og auðvitað þýðir lækkun barnabóta og lækkun skattaafsláttar sjómanna aukna skattheimtu. Og því til viðbótar er ekki orðið við óskum um eðlilega hækkun á skattleysismörkum. Allt eru þetta auknir skattar, auknar álögur. Leiðin sem valin var af ríkisstjórninni var sú að auka skattheimtu á einstaklingum án tillits til tekna. Þvert á móti munu þessir óbeinu skattar, eða feluskattar eins og þeir eru stundum kallaðir, bitna hvað verst á þeim sem minnst hafa. Eðlilegra hefði mér fundist að fara aðrar leiðir í tekjuöflun fyrir ríkissjóð, t.d. að hafa jöfnunargjaldið á allt árið, að hækka skil Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í ríkissjóð og að skattleggja fjármagnstekjur.

Afkoma ríkissjóðs er vissulega alvarlegt áhyggjuefni, en það á einnig við um afkomu sveitarfélaganna og heimilanna í landinu. Í frv. til fjárlaga hefði mátt taka á þessum vanda ef menn hefðu gefið sér tíma og lagt í það vinnu. En það var ekki gert og ég held, því miður, að þessar hroðvirknislegu tillögur, sem hér eru lagðar fram í formi frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og flestar þær brtt. sem frá ríkisstjórninni hafa komið, bæti síður en svo ástandið. Niðurskurðar- og sparnaðartillögurnar munu að stórum hluta reynast óframkvæmanlegar.

Heildarskattbyrðin, þar með talin þjónustugjöldin, mun reynast heimilunum í landinu ofviða, sérstaklega þegar spáð er nú rýrnandi kaupmætti, stóraukna atvinnuleysi og samdrætti í félagslegri þjónustu og ríkið hefur í ofanálag í hótunum um að nú skuli samið um núll sem þýðir 5,5% kjararýrnun. Sveitarfélögin, sem mörg hver eru illa stödd, munu ekki geta tekið á sig auknar álögur án þess að fá aukna tekjustofna og ef það gerist ekki munu þau draga enn frekar úr framkvæmdum og rekstrarkostnaði sem eðlilega hefur í för með sér aukið atvinnuleysi og þar af leiðandi enn þá minni tekjur sveitarfélagsins. Fyrirtækin í landinu hafa einnig orðið fyrir barðinu á samdrætti í þjóðarbúskapnum og afkoma þeirra farið síversnandi af þeim sökum og svar ríkisstjórnarinnar er að auka skatta á atvinnuvegina verulega. Samtök atvinnurekenda í landinu hafa mótmælt þessu kröftuglega. En verður tekið mark á því?

Svo virðist vera að ríkisstjórnin hafi ekki og ætli ekki að hafa samráð um eitt eða neitt. Allar aðgerðir hennar, tillögur og ákvarðanir valda úlfúð og usla hvar sem er í þjóðfélaginu. Það er ekki annað hægt en að harma slík vinnubrögð, sérstaklega með tilliti til þeirra væntinga sem menn gerðu sér eftir þjóðarsáttarsamningana svokölluðu. Vonir hafa verið bundnar við að samvinna á svipuðum nótum næðist aftur. En eftir því sem fleiri tillögur og tilskipanir ríkisstjórnarinnar sjá dagsins ljós þeim mun minni verður vonin.

Virðulegi forseti. Það þjónar litlum tilgangi að gagnrýna eða meta á annan hátt hvern lið frv. fyrir sig. Þar rekur sig flest hvað á annars horn. Til að mynda er gert ráð fyrir að sum fyrirtæki ríkisins verði seld og andvirði þeirra renni í ríkiskassann. Sum þessara fyrirtækja eiga á næsta ári jafnframt að greiða arð af rekstri sínum í ríkissjóð, sama árið og til stendur að selja þau. Og hver ætli vilji svo kaupa hlutabréf ríkissjóðs í ýmsum fyrirtækjum þess þegar fulltrúar hlutafjármarkaðarins fullyrða að ríkisstjórnin sé með aðgerðum sínum að kæfa þann markað í fæðingu? Nei, hvar sem borið er niður bera tillögurnar merki um hroðvirkni og óvönduð vinnubrögð.

Þegar fjárln. var breytt sl. vor í heilsársnefnd veit ég að margir gerðu sér, eins og ég, vonir um að nú yrði af þingsins hálfu lögð meiri og betri vinna í frv. til fjárlaga en áður hefur verið gert. Ég hélt að markmiðið með breytingunni væri m.a. að gefa nefndum þingsins betri tíma til vinnu. Hvað varðar umfjöllun um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 var það ekki gert. Þar er þó ekki við nefndina að sakast eða forustu hennar heldur við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sjálfrar, en e.t.v. helst við sjálfan verkstjóra hennar, hæstv. forsrh. Hann virðist eftir ýmsum ummælum hans að dæma ekki hafa mikið álit á hv. þm. eða vinnu þeirra.

Ég er þess fullviss að nefndarmenn í fjárln. hefðu viljað fá meiri tíma til þessarar vinnu. Og ég er þess einnig fullviss að ef sá tími hefði verið gefinn væri útkoman önnur og betri fyrir íslenskt þjóðfélag en raun ber vitni.

Ég kæri mig ekki um að eyða meiri tíma en ég hef nú þegar gert í umfjöllun um frv. en ætla í lok ræðu minnar að nefna brtt. sem ég hef flutt, þá einu sem ég flyt við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992, því að ég tel að það sé ekki rétt að hræra mikið í þeim graut sem frv. er og best að leyfa honum að brenna við. En brtt. er við 4. gr. undir umhvrn., þ.e. um að við liðinn 14-190, Ýmis verkefni, bætist nýr liður, a. 130. Til undirbúnings byggingar Náttúruhúss fari 500 þús. kr. Til þess að mæta þessum kostnaði legg ég til breytingar á lið 690, Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir, að í staðinn fyrir 15 millj. verði þar framlag 14,5 millj. Ástæðan fyrir því að ég flyt þessa brtt. er sú að meiri hluti fjárln. leggur til að liðurinn 691, Náttúruhús í Reykjavík, verði felldur út. Ég tel hins vegar rétt að það komi þarna inn í staðinn nýr liður sem verði að upphæð 500 þús. til að halda megi áfram undirbúningsvinnu vegna þessa máls. Hér er um að ræða samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, umhvrn. og menntmrn.

Í ársbyrjun 1991 var komið á fót samstarfshópi ofangreindra aðila til að vinna að undirbúningi þess að byggt verði náttúruhús í samvinnu þessara aðila. Í samstarfshópinn voru skipaðir þeir Sveinbjörn Björnsson, núv. rektor Háskóla Íslands, og Örn Helgason af hálfu Háskólans, Þórður Þorbjarnarson og Hjörleifur B. Kvaran af hálfu Reykjavíkurborgar, Kristinn Helgason, sem var formaður nefndarinnar, og Sveinn Jakobsson af hálfu umhvrn. og Álfheiður Ingadóttir var fulltrúi menntmrn. Á þessu ári hefur verið unnið að forathugun og að undirbúningi að byggingu slíks húss og nýlega hefur komið út skýrsla samstarfshópsins um niðurstöðurnar. Á næsta ári var ráðgert að vinna enn betur einstaka þætti í undirbúningsvinnunni þannig að vanda megi til þessa máls. Í framkvæmdaáætlun þeirri sem samstarfshópurinn hefur lagt fyrir aðstandendur verkefnisins er gert ráð fyrir að undirbúningsvinnan muni taka næstu þrjú ár áður en til endanlegrar ákvörðunar verður gengið um hvenær og hvort ráðist verði í þetta verkefni. Hér er því verið að horfa til mjög langs tíma og gert er ráð fyrir að tiltölulega lítil fjárhæð muni duga til þess að halda megi áfram með málið.

Sú varfærna áætlun sem lögð er til grundvallar þessu verkefni tekur ríkt tillit til þeirrar erfiðu stöðu sem ríkisfjármálin eru í núna. Hinu má þó ekki gleyma að það verkefni sem hér um ræðir hefur verið lengi á dagskrá og hafa margir lagt þar hönd á plóginn. Það skiptir líka veigamiklu máli að gott samstarf hefur tekist á milli ríkis, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um samvinnu á þessu sviði.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, þakka nefndarmönnum samstarfið og ítreka þakklæti minn til allra þeirra sem unnu með okkur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þá hefur endanleg útfærsla fjárlaga til 3. umr. litið dagsins ljós. Fæðingarhríðir við að koma króganum fullsköpuðum út úr nefndum og af borði ríkisstjórnarinnar hafa verið erfiðar. Í upphafi var vitað að það var ekki gert ráð fyrir eðlilegri meðgöngu og þaðan af síður fæðingu á fullsköpuðu afkvæmi.

Í sumar byrjaði ríkisstjórnin feril sinn með yfirlýsingum um niðurskurð hér og niðurskurð þar. Þannig fékk þetta afkvæmi ekki eðlilegt fæðuval á meðgöngu til að ná þroska til fæðingar. Þegar frv. svo fæddist í byrjun þings komu áhrif hinnar erfiðu meðgöngu í ljós og ekki tók betra við fyrstu lífdagana. Og raunar var það ekki vitað frá degi til dags hvernig bæta ætti augljósa vankanta sem komu æ betur í ljós. Hinir ýmsu kerfislæknar voru til kallaðir og reyndu þeir að bæta sköpunarverk ríkisstjórnarinnar.

Fjárln. tók svo að sér umönnun og aðhlynningu afkvæmis þessa samkvæmt tilskipun og tókst á síðasta sólarhring að koma því á kreik. Samkvæmt lögum verður það svo að taka sína eldskírn út í lífið í gegnum 3. umr. sem nú er hafin. Fyrr fær það ekki sitt rétta nafn né telst vera fullburða. En búast má við því að það eigi enn eftir að mæta allmörgum áföllum á því ári sem því er ætlað að lifa meðal þjóðarinnar.

Frá því að frv. þetta var lagt fram til 1. umr. hefur það komið æ betur í ljós sem við kvennalistakonur vöruðum við. Forsendur fjárlaga voru byggðar á veikum grunni og gátu fyrirsjáanlega ekki staðist. Það hefur enda komið fram nú þegar. Þjóðhagsstofnun lagði fram nýja spá 17. des. sl. um horfur í efnahagsmálum á næsta ári. Þar er spáð enn meiri samdrætti en í nóvemberspá stofnunarinnar, þjóðartekjur muni dragast saman um 6,1% frá fyrra ári og landsframleiðslan um 4,1%. Viðskiptajöfnuðurinn er óhagstæður um 4,1%. Rekstrarafkoma fyrirtækjanna versnar því um 6–8 milljarða frá fyrra ári og kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkar um 5,5% frá fyrra ári en þjóðhagsáætlun gerði í upphafi ráð fyrir 3,3% samdrætti.

Hvað segja þessar tölur okkur? Þær segja að fram undan sé kreppa í efnahagsmálum, mesta lægð sem komið hafi síðan 1950, segja þessir spámenn okkar. En ef við skoðum framtíðina í ljósi þess sem fortíðin segir okkur er það ekkert einsdæmi að sveiflur séu í efnahagslífi okkar Íslendinga. Atvinnuvegir okkar eru nú einu sinni mjög sveiflukenndir og árferði og aflahorfur hafa mikið að segja. Þannig hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna áður rýrnað meira en Þjóðhagsstofnun

spáir að hann muni gera á næsta ári. Árið 1983 var það um 13,5% og árið 1989 rýrnaði hann aftur um 7,9%.

Það sem er alvarlegast í dæminu er það sem vitað hefur verið frá því að skýrsla Hafrannsóknastofnunar kom út í sumar og í framhaldi af því ákvörðun hæstv. sjútvrh. um leyfilegan heildarafla á næsta fiskveiðaári því þar var farið svo til algerlega að tillögum fiskifræðinga og aflaheimildir skertar mjög frá fyrra ári, sérstaklega í þorski, en þar á aflinn að minnka um nálægt 50 þús. tonn á milli ára. Það hljóta því að verða minnkandi þjóðartekjur á næsta ári og það er það sem málið snýst um og eins gott að fólk almennt fari að gera sér ljóst samhengið þarna á milli. Það er nefnilega ekki þannig að við getum lifað á því að selja hvort öðru vörur og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Við lifum á fiski og því fer efnahagur þjóðfélagsins eftir þeim arði sem við fáum úr þessari stærstu auðlind okkar. Við getum svo endalaust rætt um það hvernig við förum með þann arð og verðum trúlega aldrei sammála. Við getum fengið meira fyrir aflann með bættri nýtingu og meiri úrvinnslu ef við leggjum fé í þróunar- og rannsóknarstörf, en mér sýnist þessi ríkisstjórn ekki leggja mikið upp úr því þar sem framlög til allrar rannsóknarstarfsemi verði skorin við nögl meira en margt annað og skerðing á framlögum til rannsóknastofnana í sjávarútvegi er 51% á milli ára.

Atvinnuleysi mun aukast á næsta ári úr 1,5% nú í 2,6% og nú hefur dæmið algerlega snúist við frá því í september þegar vantaði 650 manns á vinnumarkaðinn samkvæmt könnun sem gerð var þá. Nú vilja atvinnurekendur fækka störfum um 300 manns. Og nú getur farið að koma fram krafa um að þeim erlendu verkamönnum sem hér eru verði vísað frá vinnumarkaðnum.

Eins og ég sagði áðan er spáð 2,6% atvinnuleysi á næsta ári. Það getur þýtt 1.800 millj. í atvinnuleysisbætur, auk þess sem ríkissjóður og sveitarfélög verða af skatttekjum þessa fólks sem gengur þá um atvinnulaust.

Ef við snúum okkur að því að ræða þær álögur sem boðaðar eru á sveitarfélög samkvæmt nýjustu áformum ríkisstjórnarinnar er þar um að ræða 700 millj. sem fara eiga til að greiða löggæslu. Nú virðist vera hætt við að færa framkvæmd á lögum um málefni fatlaðra til sveitarfélaganna, enda mætti það mikilli mótspyrnu hvaðanæva að. Hins vegar kemur það nú að innheimta á ákveðið gjald pr. íbúa og fer það eftir íbúafjölda sveitarfélagsins hve hátt þetta gjald er. Upphæðin getur verið frá 1.700–2.800. En sveitarfélögin eru nú sem óðast að bregðast við þessu og hvernig? Jú, þau hækka auðvitað útsvarsprósentuna, þau sem ekki hafa þegar fullnýtt hana, og það eru stærstu sveitarfélögin sem eiga þar ónýttan tekjustofn sem þau hafa hingað til ekki þurft að fullnýta. Þau hafa komist af með að gera það ekki hingað til. En með þessu komast þau líka í þann hóp sem getur átt rétt á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

En hvernig bregðast minni sveitarfélögin við og þau sem átt hafa í erfiðleikum, hafa jafnvel þurft að hjálpa atvinnurekstrinum svo að ekki yrði algert hrun í byggðarlaginu? Þau geta ekki hækkað prósentuna. Hún er fullnýtt fyrir. Og þau geta jafnvel átt von á að þau fái skert framlag úr Jöfnunarsjóði vegna þess að þau sveitarfélög sem bætast nú í hóp þeirra sem eiga rétt á framlagi þar skerða möguleika sjóðsins til að standa við bakið á hinum sem þar eru fyrir. Þá hafa sveitarfélögin aðeins um tvær leiðir að velja. Að leita út á lánamarkaðinn eða draga saman. Ef við höldum áfram með dæmið, þá þýðir samdráttur skerta þjónustu, minni framkvæmdir — með öðrum orðum: Sveitarfélögin verða að hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir og þar með minnkar atvinna. Skert þjónustustig veldur óánægju íbúanna sem þá flytja sig um set og leita í stærri sveitarfélögin þar sem ekki þarf að skerða þjónustu.

Þessar tilfærslur ríkisins til sveitarfélaga eru sagðar vera til þess að draga saman útgjöld og minnka halla ríkisins sem á að koma landsmönnum til góða í minni eftirspurn ríkisins eftir lánsfé og þar með lækkandi vaxtastigi. En er það ekki sama hvort það er ríkið eða sveitarfélögin sem leita út á markaðinn? Eftirspurnin er sú sama. Þessi yfirlýsti tilgangur ríkisstjórnarinnar stenst því ekki.

Aftur á móti getur allt þetta orðið til enn frekari byggðarröskunar, gert litlu sveitarfélögunum erfiðara um vik að sinna sínu hlutverki. Er það kannski hinn duldi tilgangur þessara aðgerða alveg á sama hátt og gjaldþrotastefna ríkisstjórnarinnar á að vera til að hagræða í rekstri fyrirtækja? Eða hefur ríkisstjórnin ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þess að ráðast með þessum hætti á fjárhag sveitarfélaganna?

Eins og ég sagði eru sveitarfélögin sem óðast að bregðast við þessu. Þau hafa varla haft ráðrúm til þess því að yfirlýsingarnar breytast frá degi til dags. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp bréf frá einu sveitarfélagi á Vestfjörðum sem ég held að sé dæmigert fyrir mörg sveitarfélög úti um allt land og það er frá hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps. En í ályktun hreppsnefndar, sem dags. er 18. des., segir svo:

„Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps mótmælir harðlega áformum ríkisvaldsins um að velta hluta af rekstrarvanda ríkissjóðs yfir á sveitarfélögin. Hreppsnefndin bendir á að sveitarfélögin í landinu verði engu síður en ríkissjóður fyrir verulegum tekjumissi vegna samdráttar í atvinnulífinu. Minnkandi atvinnutekjur leiða til lækkunar útsvarstekna og samdráttur í rekstri fyrirtækja kemur fram í lækkuðum aðstöðugjöldum. Sveitarfélögin geta með engu móti velt þeim rekstrarvanda sem af þessu leiðir yfir á ríkissjóð né aðra aðila í þjóðfélaginu.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps telur það óþolandi gerræði af hálfu ríkisvaldsins að velta stórum útgjaldaliðum yfir á sveitarfélögin á sama tíma og tekjur þeirra dragast verulega saman. Í þessu sambandi vill hreppsnefndin sérstaklega benda á hugmyndir um þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði, en þessi eini liður mundi kosta Hólmavíkurhrepp tæplega 1,4 millj. kr. á ári ef núverandi hugmyndir verða að veruleika við afgreiðslu fjárlaga. Einnig mótmælir hreppsnefndin harðlega hugmyndum um að krefja sveitarfélög á nýj-

an leik um framlag til félagslegra íbúðarbygginga. Þá bendir hreppsnefndin á að skerðing á framlögum ríkisins til eyðingar refa og minka mun bitna langharðast á sveitarfélögum í dreifbýli, en snertir fjölmennustu sveitarfélögin lítið sem ekkert.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps varar sérstaklega við hugmyndum um að sækja áformuð framlög sveitarfélaga til ríkisins í staðgreiðslufé sveitarfélaganna. Þetta gengur þvert á það samkomulag sem staðgreiðslukerfið byggist á."

Svo sem kunnugt er hafa nú þessi áform sem staðfest eru fyrir rúmum sólarhring breyst vegna þess að nú er áformað að taka nefskatt. En eins og ég segi: sveitarfélögin hafa tæplega við að bregðast við nýjum og nýjum tilskipunum eða tilkynningum. En svo að ég haldi áfram með þessa samþykkt hljóðar hún svo áfram:

„Í ársbyrjun 1990 tóku gildi ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þessi lög byggðust á samkomulagi þessara aðila í kjölfar langrar samvinnu um málið. Með lögunum voru sveitarfélögunum tryggðar auknar tekjur til að takast á við ný verkefni og til að bæta úr bágri fjárhagslegri stöðu. Nú virðist ríkisvaldið ætla að hafa þetta samkomulag að engu. Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaga þrátt fyrir ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um og samstarfssáttmála ríkis og sveitarfeaga. Með þessu bregst ríkisvaldið trausti sveitarfélaganna og bindur enda á farsælt samstarf síðustu ára. Vandséð er hvernig samstaða á að geta náðst um sameiningu sveitarfélaga og önnur þau sameiginleg verkefni sem nú liggja fyrir. Og sveitarfélögin mega sífellt vænta þess að ríkið snúi baki við gerðum samningum strax og staðið er upp frá samningaborðinu.

Víða um land eru nú gerðar miklar kröfur á hendur sveitarfélaga um fjárhagslega þátttöku í atvinnulífinu. Því til viðbótar hefur ríkisvaldið aukið fjárhagslega skyldu sveitarfélaganna að undanförnu með nýjum lögum og reglugerðum. Ef núverandi hugmyndir verða þar að auki að veruleika við afgreiðslu fjárlaga er ljóst að sum sveitarfélögin neyðast til að hækka álögur á íbúana með einhverju móti. Ef ríkisstjórnin hefur gefist upp á að reka ríkissjóð án skattahækkana ber henni að viðurkenna það og hækka skatta sjálf í stað þess að hvítþvo sig af vandanum og neyða sveitarfélög til skattahækkana.

Eins og þegar hefur komið fram mun slíkt auk alls annars leiða til þess að nokkur af stærstu sveitarfélögum landsins seilast í auknum mæli í fé Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá verður minna til skiptanna fyrir smærri sveitarfélögin sem mörg hver búa við afar erfiðan fjárhag og miklar kröfur um aukna þjónustu."

Þannig hljóðar bréf þessarar hreppsnefndar og ég hef fengið fleiri sem eru í svipuðum dúr. Sum þeirra benda jafnvel á að það séu ekki nema rétt tvö ár frá því að ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga tóku gildi og um þau lög hafi verið full samstaða og ítreka að þarna sé ríkisstjórn Íslands að brjóta gert samkomulag.

Framlag til hafnamála er eitt af því fáa þar sem farið er eftir samþykktum áætlunum, þ.e. framlagið er nokkuð nálægt því sem hafnaáætlun fyrir árið 1992 gerir ráð fyrir en það var 818 millj. samkvæmt tillögum Hafnamálastofnunar í febrúar á þessu ári. Framlagið er í fjárlagafrv. 810 millj. kr., en ekki er þó allt sem sýnist því að raunverulega er um að ræða 687 millj. kr. en Hafnasambandi sveitarfélaga gert að innheimta 125 millj. kr. með álagi á vörugjöld í höfnum. Hafnasamband sveitarfélaga hefur mótmælt því með ályktun frá 17 des. — Ég verð að biðja forseta afsökunar á að ég hef bréfið ekki meðferðis en reyndar mun það vera að finna í nál. meiri hlutans — Þessi álagning mun verða til að auka misréttið í vöruverði milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þar sem 25% álag á vörugjald mun hafa áhrif til hækkunar á ýmsa nauðsynjavöru en það eru fyrst og fremst þær vörutegundir sem fluttar eru með skipum. Þar verða margfeldisáhrif sem felast í því að gjaldið kemur tvöfalt á vörur út á land og síðan koma þau áhrif fram í álagningu og virðisaukaskatti.

Í fjárlagafrv. við 1. umr. sagði hæstv. fjmrh. að þrátt fyrir samdrátt í heildarútgjöldum ríkissjóðs hækkuðu framlög til samgöngumála. Ég hef leitað með logandi ljósi að þessu hækkaða framlagi en ekki fundið. Ég vil því biðja hæstv. fjmrh. að hjálpa mér að leita. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að sjá að framlagið til vegamála er skert allverulega frá því sem samþykkt vegáætlun gerir ráð fyrir. Er þar um 25% skerðingu að ræða a.m.k. og fer það nokkuð eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Upphafleg vegáætlun gerði ráð fyrir 6,3 milljörðum til vegamála en endurskoðuð vegáætlun var upp á 6 milljarða og 80 þús. kr. Í fjárlagafrv. var sett talan 5 milljarðar og 830 þús. og var þar komin skerðing upp á 250 millj. Þar næst er svo ákveðið að draga 265 millj. kr. af tekjum Vegasjóðs og leggja í ríkissjóð. Til viðbótar er hætt við lántöku vegna Vestfjarðaganga upp á 250 millj. Þarna hlýtur því að vera um a.m.k. 765 millj. kr. skerðingu til framkvæmda að ræða og mun það bitna á nýframkvæmdum. Ríkisstjórnin hefur gefið út að hægt verði á framkvæmdum við Vestfjarðagöng, jafnvel frestað að gera göngin til Súgandafjarðar, um eitt ár. Forsvarsmenn Vegagerðarinnar hafa í fjölmiðlum gefið í skyn að þeir hyggist leita leiða til að halda megi áfram eins og fyrirhugað hefur verið samkvæmt undirskrifuðum samningum. Endanlegur frágangur tefjist þó um eitt ár. Þetta hefur ekki fengist inn á borð fjárln. sem ítrekað hefur beðið um útfærslu á þeirri skerðingu sem fyrirhuguð er. Ég sé þó að nú er komin fram þáltill. um breytingu á vegáætlun en hún hefur ekki enn verið rædd hér og ekki heldur komið inn til samgn., þannig að hún á algerlega eftir að fá venjulega umfjöllun í þinginu.

Það er því enn þá allt í lausu lofti um það hvernig staðið verður að málum. En ég ítreka það, sem ég sagði við 2. umr. um þetta frv., að í þessu máli öllu er ríkisstjórnin að brjóta samninga sem búið er að samþykkja. Enginn þorir að nefna tölur varðandi kostnað við það samningsbrot. Þá er þetta enn ein aðför að raunverulegri byggðastefnu sem felst í því að bæta samgöngur og stækka þjónustusvæði. Í mínum huga og

margra annarra eru bættar samgöngur númer eitt, tvö og þrjú þegar rætt er um byggðamál.

Þetta frv. mun reynast erfitt fyrir fjölskyldufólk og liggja til þess margar ástæður. Barnabætur á að skerða um 500 millj. kr. Þar er verið, eins og svo oft áður, að leggja auknar byrðar á herðar þeirra sem eiga börn og hafa meðaltekjur en ekki er hreyft við þeim barnlausu. Þeirra tekjur eru ekki skertar. Hækkun þjónustugjalda til heilsugæslu og aukinn lyfjakostnaður kemur harðast niður á barnafólki og lasburða fólki sem oft þarf að leita læknis. Skólagjöld og hertar reglur Lánasjóðs ísl. námsmanna munu auka útgjöld ungs fólks sem er að leita sér menntunar eða hefur nýlokið námi. Breytingu á grunnskólalögum, sem koma á til framkvæmda á næsta ári, er frestað. Sú breyting hefði haft það í för með sér að bætt væri aðstaða barna og foreldra. Breyting á kostnaði fyrir tannlæknaþjónustu eykur kostnað foreldra vegna barna og niðurfelling á greiðslum fyrir tannréttingar, nema í einhverjum sérstökum tilfellum, gerir það sömuleiðis. Allt þetta er aðför að fjölskyldunum í landinu og barnafólkinu sérstaklega. Þar teljum við kvennalistakonur að verið sé að byrja á öfugum enda við að afla fjár. Hvað með skatt á fjármagnstekjur? Eða tvö skattþrep? Hvers vegna ekki að hækka vörur eins og áfengi og tóbak til að afla tekna? Ég ætla þó ekki að fara nánar út í útlistun á þessum málaflokki þar sem við höfum skipt því nokkuð með okkur kvennalistakonur og aðrar munu taka það hér fyrir.

Mennta- og menningarmál eru kafli út af fyrir sig. Þar er skerðingin allmikil. Í nál. sem minni hlutinn hefur sent frá sér segir svo, með leyfi forseta:

„Í frv. til fjárlaga er boðuð afgerandi stefnubreyting í skólamálum með álagningu skólagjalda. Þótt boðað hafi verið að tillögur um skólagjöld á framhaldsskólastigi verði að mestu dregnar til baka er enn fyrirhugað að taka upp nemendaskatt á háskólastigi og í öldungadeildum framhaldsskólanna. Eiga háskólanemar nú að greiða allt að 17.000 kr. til viðbótar þeirri upphæð sem nemendur greiða nú til félagsstarfa sinna.

Þeir nefndarmenn, sem undir þetta rita," — en það er minni hluti fjárln. — „eru alfarið á móti því að skólagjöld séu innheimt í ríkisskólum og telja það brjóta í bága við þá grundvallarreglu um jafnrétti til náms sem ríkt hefur í íslensku skólakerfi. Þá bendum við á að slíkt kallar á aukin námslán. Verra er þó að framlög til Háskóla Íslands eru skert verulega sem getur haft í för með sér að takmarka verður inntöku nýrra nemenda í skólann.

Sama gildir um framlög til framhaldsskóla. Þau eru einnig skert þrátt fyrir mikla aukningu nemenda og ekki séð hvernig hægt er að mæta því nema með því að vísa nemendum frá. Ekki er bætt úr brýnni þörf iðnmenntunar í landinu þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um að verk- og listgreinar þurfi að efla sem forsendur fyrir þróun íslensks iðnaðar á mörgum sviðum. Þeir framhaldsskólar, sem hyggjast auka framboð verkmenntagreina, geta það ekki sökum fjárskorts. Og ekki bólar á framkvæmdafé til uppbyggingar dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar í landinu. Þá er ekki í frv. mótuð nein stefna í málefnum héraðsskólanna, heldur er það alfarið undir ráðherra komið hver framtíð þeirra verður."

Ég vil minna á að við 2. umr. um fjárlagafrv. urðu hér allmiklar umræður um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi. Þá var það upplýst að það yrði skoðað sérstaklega fyrir 3. umr. Við heyrðum síðan í framsöguræðu hv. formanns fjárln. í kvöld hvernig leysa á það mál með skipun nefndar eftir áramót sem eigi að skoða hvert hlutverk skólinn geti haft í framtíðinni. Það var í raun og veru það eina sem út úr því máli fékkst. Verð ég að segja að ég veit ekki hvort sú nefnd muni geta framkvæmt margt þegar ekkert fjármagn er til þeirra hluta sem henni er ætlað að gera.

Ég vil benda á að á Alþingi í fyrra, þ.e. á 113. þingi, var samþykkt þál. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla. Hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verði skipaður fulltrúum tilnefndum af dómsmála-, félagsmála-, menntamála-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991."

Nú mundi ég vilja spyrja — ég veit ekki hvort það ætti að vera fjmrh., líklega ætti það helst að vera hæstv. forsrh., sem ekki hefur séð sér fært að sitja og hlusta á þessa umræðu í kvöld — en ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstjórnar að hún svaraði því hvort þessi samstarfshópur hafi verið skipaður og hvort hann muni skila tillögum fyrir árslok og er ekki langt eftir í það. Þessi þál. var samþykkt á Alþingi 12. mars 1991. Ég mundi vilja benda á, vegna þess að ég var að ræða málefni héraðsskólanna og Reykjanesskólans sérstaklega, að þarna finnst mér hægt að hugsa sér að hlutverk Reykjanesskólans gæti e.t.v. verið í tengslum við þessa þál. Þarna er greinilega mikið vandamál á ferðinni sem Alþingi samþykkti í fyrra að skoða nánar. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. ríkisstjórnar að sá samstarfshópur, sem hér er talað um, muni skoða málefni Reykjanesskólans í tengslum við þessa tillögu og athuga hvort ekki sé hægt að sameina þau úrræði sem þar hugsanlega finnast.

Í samþykkt minni hluta fjárln. um mennta- og menningarmál segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að fresta að framkvæma breytingar á grunnskólalögum sem samþykktar voru á sl. vetri." — Höfum við heyrt miklar umræður um það í sambandi við umræðurnar í dag um ríkisfjármálin og undanfarna daga. — „Það teljum við mjög óeðlilegt þar sem hér er ekki um verulega fjármuni að ræða í heildarpakka fjárlaga en hins vegar mundu þessar breytingar horfa mjög til bóta fyrir allt skólastarf í grunnskólum. Einnig er í frv. verið að skerða lög-

bundinn tekjustofn Ríkisútvarpsins og stofnuninni þar með gert ókleift að sinna lögboðnu hutverki sínu svo vel sé. Sömu sögu er að segja um Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn, byggðasöfnin og flestar aðrar menningarstofnanir í landinu. Menningarminjar verða einnig illa úti og virðast lítils virtar.

Ástæða væri til að gera áhugaleikfélögunum sérstök skil því að í engri listgrein í landinu er jafnalmenn þátttaka og víða eru leikfélögin uppistaða menningar- og félagslífs í hinum dreifðu byggðum landsins. Þessa starfsemi hefur ríkisstjórnin kosið að verðlauna með ónógum fjárveitingum til Bandalags íslenskra leikfélaga.

Tónlist og myndlist eru hvorki forgangsviðfangsefni þessarar ríkisstjórnar né meiri hluta fjárln. Fé til kynningar á íslenskri list erlendis er lítið og seinlegt verk að sannfæra stjórnvöld um að list og menning þjóðar geti verið arðbær í beinhörðum peningum ef rétt er á málum haldið.

Mikilvægur þáttur í kynningu á íslenskri menningu er ferðaþjónusta í landinu. Í fjárlagafrv. er hún skorin niður að því marki að erfitt er að sjá hvað um það verk verður sem þegar hefur verið unnið.

Framlag til rannsóknastofnana" — eins og ég gat um áðan — „er skert verulega og þeim gert að afla sér aukinna sértekna sem alls óvíst er að takist. Það mun verða til að draga úr nauðsynlegri tilrauna- og þróunarstarfsemi."

Ég ætla ekki að rekja fleiri einstaka málaflokka í gjaldahlið fjárlagafrv. Ég verð að segja að mér finnst það ekki þjóna miklum tilgangi þar sem allflestir hv. þm. sjá sér ekki fært að sitja og hlusta á þetta. Þannig að það mun einungis verða til þess að hafa þetta skráð í þingtíðindum að þingmenn standa hér og flytja mál sem þeim eru hugleikin í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

En svo ég víki lítils háttar að tekjuhliðinni þá hefur hún nú verið endurskoðuð, m.a. í ljósi efnahagssamdráttar eins og segir í vinnuskjali frá fjmrn. 17. des. sl. Þar er því lýst að heildartekjur ríkisins muni lækka um rúmlega milljarð frá fjárlagafrv. eða í 105,4 milljarða. Skatttekjur lækka svipað eða úr 98,9 milljörðum í 97,8 milljarða. Skattheimta sem hlutfall af landsframleiðslu eykst og verður nú 28,5%. Hefur skatthlutfallið aldrei verið jafnhátt. Aukningin jafngildir því að skattbyrði hverrar fjögurra manna fjölskyldu aukist um 24.000 kr. Þá eru ekki meðtaldir „feluskattarnir", þ.e. þjónustugjöldin svokölluðu sem auka enn á þessa byrði. Hækkun gjalda á heilsugæslustöðvum er talin nema 12–15 þús. kr. fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Þá erum við farin að tala um 35–40 þús. kr. hækkun skattbyrði þessarar sömu fjölskyldu.

Ríkisstjórnin hefur ítrekað það að við séum á leið inn í enn frekara samdráttarskeið en verið hefur. Ég dreg ekki í efa að ástandið er erfitt og ekki er spáð bata í þjóðhagshorfum á næsta ári. Á fundi í fjárln. hinn 17. des. sl. þar sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar lagði fram nýja þjóðhagsspá kemur það fram að efnahagsdýfan muni verða enn dýpri en spáin í nóvember gerði ráð fyrir. En ég vil benda á að hér er um spá að ræða. Venjulega er tilhneiging hjá stjórnvöldum að setja fram eins dökka spá og mögulegt er þegar erfitt reynist að koma saman fjárlögum. Mikil skerðing er fyrirhuguð og þar að auki eru samningar lausir. Allt þetta býður upp á það að setja fram eins dökka þjóðhagsspá og frekast er hægt. Ég endurtek það að hér er um spá að ræða en ekki staðreynd sem orðin er. Það er þó ekki hægt að segja annað en að þörf sé á einhverju öðru en svartsýnisrausi við þær aðstæður sem nú eru. Þegar erfiðleikar eru í þjóðfélaginu ættu stjórnvöld að gera sitt til að auka hóflega bjartsýni meðal þegna sinna. Í því skyni verður að benda á að ekki eru öll sund lokuð fyrir okkur þó ekki komi álver í bráð og jafnvel verði ekki af samningum um EES. Þetta tvennt hefur á undanförnum árum átt að leysa allan vanda í efnahagsmálum okkar. Stjórnvöld hafa einblínt á þessa kosti og ekki skoðað aðra í neinni alvöru. Við kvennalistakonur höfum alltaf viljað fara þá leið að leita tvíhliða samninga við EB og við höfum varað við að sjá ekki aðra leið en álver til að auka þjóðartekjur. Þess í stað höfum við bent á að efla beri ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein, ekki síst í dreifbýlinu. En aukning í greininni hefur aðallega komið þar fram. Núv. ríkisstjórn hyggst hins vegar skerða framlög til ferðamála. Við höfum ítrekað bent á að gera þurfi svæðisbundnar auðlindakannanir og taka síðan ákvarðanir í framhaldi af þeim, með nýtingu þeirra auðlinda í huga sem þar kunna að finnast. Við höfum bent á möguleika íslensku ullarinnar ef rétt er að málum staðið. Og við höfum hvatt til eflingar menntunar og rannsóknarstarfsemi sem hlýtur að verða grundvöllur nýrrar atvinnuuppbyggingar.

Ég gæti talað langt mál um áhrif þessa fjárlagafrv. og þeirra frv. sem því fylgja á hag fjölskyldna hér á landi. Þar sem við kvennalistakonur höfum ákveðið að skipta því nokkuð á milli okkar að ræða einstök mál mun ég ekki ræða þetta frekar nú. En ég vara við þeirri stefnubreytngu sem fram kemur í þessu fjárlagafrv. þar sem eru auknar álögur á launafólk sem ekki hefur úr miklu að spila. Það mun valda ómældum erfiðleikum hjá mörgum fjölskyldum. Þetta frv. þrengir hag sveitarfélaga og atvinnuveganna meira en þörf er á og þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin viðhefur, og sér í lagi einstakir ráðherrar hennar, er til þess fallið að auka á sundrungu og það kallar á hörð viðbrögð þeirra sem fyrir því verða og umbjóðenda þeirra.

Svo ég víki aftur að upphafi ræðu minnar á ég ekki von á því að þetta ófullburða afkvæmi ríkisstjórnarinnar eigi eftir að taka út eðlilegan þroska. Þvert á móti mun það verða fyrir bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum áföllum sem engir kerfislæknar munu geta bætt en ríkisstjórnin situr uppi með óskapnaðinn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1992 er nú komið til 3. umr. Það fékk allítarlega umræðu við 2. umr. þótt ófullburða væri. En þar sem það er nú komið til lokaumræðu í hv. Alþingi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir heildaráhrifum þess á lífskjör og lífs-

skilyrði í landinu. Það er nú svo að enginn gerningur á Alþingi hefur jafnmikil áhrif á líf hvers einasta manns, enginn gerningur er jafnvíðtækur sem við höfum til umræðu í hv. Alþingi. Því þarf að vanda vel til og því þarf að gera sér grein fyrir afleiðingum þessa frv., hvaða áhrif það hefur á þjóðlífið í landinu á næsta ári og um næstu framtíð.

Ég nefni þetta í upphafi vegna þess að undirbúningur þessa máls er með sérstæðum hætti. Undirbúningi frv. hefur verið ábótavant af ríkisstjórnarinnar hálfu. Hún hefur kosið þann kost að kasta ýmsum stórvægilegum aðgerðum í ríkisfjármálum, ýmsum lagabreytingum og kerfisbreytingum inn í miðja fjárlagaumræðuna og vegna þess er þetta þinghald allt komið úr böndum. Við erum að ræða fjárlög þegar komið er fast að jólum. Að vísu hefur það oft verið svo á undanförnum árum en aldrei hafa óvissuatriðin verið jafnmörg og nú. Þess vegna er þetta frv. marklítið. Stórum málum er ýtt til hliðar og stórum málum er kastað yfir á næsta ár til ákvörðunar þá.

Nefna má mál eins og málefni Háskóla Íslands. Málefni Háskólans eru afgreidd þannig í frv. að háskólarektor sjálfur kom fram í fjölmiðlum fyrir nokkrum dögum og sagði að ef þessi mál verði afgreidd, eins og nú er útlit fyrir að ríkisstjórnin ætli að knýja í gegn á síðustu klukkutímunum fyrir jól, verði engir nýnemar innritaðir í Háskólann á næsta ári. Þetta er ekki lítið mál.

Lánasjóðurinn er óklár. Komið er fram viðamikið frv. um lánasjóðinn sem á að taka til umræðu eftir áramót og það er ekki séð hvernig þeirri umræðu lyktar.

Stórar ákvarðanir í heilbrigðismálum eru óklárar. Sjúkrahúsunum í Reykjavík hefur verið stillt upp við vegg og sagt: Við tökum af ykkur fjárveitingarnar á næsta ári þannig að þið getið ekki haldið uppi starfseminni nema þið semjið á ákveðnum nótum eins og heilbrrh. vill. Þetta eru fádæma vinnubrögð og fyrrv. heilbrrh. rakti þau ítarlega í sinni ræðu hér á undan svo að ég þarf ekki að koma nánar að þeim. En það er mikil lífsreynsla að verða vitni að slíkum aðgerðum eins og hér hafa orðið síðustu daga í heilbrigðismálum í Reykjavík.

Vegna niðurskurðar er allt óvíst um framhald skólastarfs í framhaldsskólum og grunnskólum á næsta ári og með leyfi forseta, ætla ég að vitna í bréf frá Kennarasambandi Íslands sem barst í dag, 20. des., en þar segir svo:

„Kennarasamband Íslands vekur athygli þína á að ef fyrirhugaður niðurskurður til menntamála verður samþykktur jafngildir það því að

2.400 grunnskólanemendum í Reykjavík,
1.750 grunnskólanemendum á Reykjanesi,
450 grunnskólanemendum á Vesturlandi,
300 grunnskólanemendum á Vestfjörðum,
350 grunnskólanemendum á Norðurlandi vestra,
700 grunnskólanemendum á Norðurlandi eystra,
400 grunnskólanemendum á Austurlandi og
600 grunnskólanemendum á Suðurlandi yrði ekki kennt næsta skólaár."

Síðan fylgja bestu jólaóskir til þingmanna og óskir um farsæld á komandi ári á eftir þessari upptalningu.

Þetta fjárlagafrv. sýnir svo ekki verður um villst mikla stefnubreytingu í þjóðfélaginu. Það ver hina betur settu í þjóðfélaginu, ekki er gengið að þeim. Ekki er gengið að þeim sem eiga fjármagnið í þjóðfélaginu. Það er stefna Sjálfstfl. sem þar er að verki en það eykur vanda og útgjöld þeirra sem verr eru settir. Þetta eru stórar fullyrðingar en það má renna undir þær stoðum. Frv. gerir ráð fyrir að velta gjöldum yfir á almenning. Það gerir ráð fyrir því að tekin séu upp skólagjöld. Það gerir ráð fyrir því að tekin séu upp gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu og það gerir ráð fyrir því að tekin séu upp hvers konar gjöld sem bitna á almenningi í landinu. Hverri einustu fjölskyldu. Þess vegna hafa verið miklar umræður um þetta frv. Það er vegna þess sem hv. þm. hafa haft um þetta frv. mörg orð í 2. umr. Hér er nefnilega mikil stefnubreyting á ferðinni sem ekki er ástæða til að hv. þm. stjórnarandstöðunnar láti yfir sig ganga án þess að hafa uppi nokkurt andóf.

Minni hluti fjárln. hefur skilað ítarlegu framhaldsnefndaráliti vegna þess að frv. var ekki með þeim hætti við 2. umr. að fært væri að skila um það fullkomnu áliti. Þess vegna er álit nefndarinnar við 3. umr. ítarlegra en oft hefur verið og skiptist í nokkra kafla um almennar horfur, atvinnulífið í landinu, kjara- og byggðamál, mennta- og menningarmál og heilbrigðismál. Tekið hefur verið fram af þeim hv. ræðumönnum, sem hafa talað á undan mér, að það er ekki deilt um það að almennar efnahagsforsendur í landinu eru ekki bjartar sem stendur. Það setur sitt mark á fjárlagafrv. og viðurkennt er af stjórnarandstöðunni að horfur eru slæmar í ýmsum greinum.

Þjóðhagsstofnun spáir 6,1% samdrætti þjóðartekna. Það er mesti samdráttur frá stríðslokum. 1968 drógust þjóðartekjur saman um 6% þannig að enginn deilir um það að við höfum orðið fyrir alvarlegu áfalli og fjárlagafrv. hlýtur að taka mið af því. Það er ekki deilumál. Spáð er 2,6% atvinnuleysi á næsta ári sem er mikið atvinnuleysi miðað við það sem íslenska þjóðin er vön að búa við. Þetta eru alvarlegar stærðir í efnahagslífinu. En hvernig er brugðist við þessum vanda með fjárlagafrv. sem við erum að ræða nú? Að mínum dómi og að dómi minni hluta fjárln. er brugðist þannig við því að hætta er á kreppuástandi. Frv. gerir ráð fyrir því að þrengt sé að atvinnufyrirtækjunum og þrengt sé að sveitarfélögunum í landinu. Gert er ráð fyrir samdrætti í ríkisútgjöldum. Nú er það gott efnahagslegt markmið í sjálfu sér að halda utan um ríkisútgjöld og ekki skal ég draga úr nauðsyn þess. En hitt er umdeilanlegt hvort réttlætanlegt er við þessar aðstæður að gera það í þeim mæli sem þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Hvort það er réttlætanlegt að þrengja að á öllum vígstöðvum, þrengja að í opinberum umsvifum, þrengja að atvinnulífinu í landinu og þrengja að sveitarfélögunum í landinu. Þessir aðilar eiga þó að skapa þegnunum bærilegt umhverfi og bærileg lífskjör og gera þeim lífið þolanlegt.

Ég vil fara nokkrum orðum um atvinnustefnu þessa frv. því ég er þeirrar skoðunar að sú atvinnustefna sem

boðuð er í frv., ef atvinnustefnu skyldi kalla, sé varasöm, svo ekki sé meira sagt.

Minni hluti fjárln. telur að fjárlög eigi að stuðla að því að hjólin snúist í atvinnulífi landsmanna. Þau eiga að stuðla að því að haldið sé uppi fullri atvinnu í landinu og að atvinnustig sé bærilegt. Það er vert að velta því fyrir sér hvernig þetta frv. þjónar því markmiði.

Í ítarlegu nál. sem minni hluti fjárln. hefur sent frá sér er rætt um málefni atvinnuveganna. Þar er rætt um þær alvarlegu horfur sem eru í sjávarútvegi landsmanna. Horfurnar eru þannig að aflaheimildir fyrir yfirstandandi kvótaár hafa verið skornar niður um 17–20% í bolfiski, miðað við tímabilið frá 1. jan. 1990 til 31. des. sama ár. Sé miðað við þetta tímabil er samdrátturinn 17–20% í undirstöðunni, bolfiskaflanum. Þetta væri kannski hægt að berjast við ef vandi annarra greina væri ekki svo mikill sem hann er. Við eigum við erfiðleika að etja á öllum öðrum sviðum í sjávarútvegi. Aflabrestur hefur verið á loðnuveiðum, það hefur verið við markaðsörðugleika að etja í sambandi við sölu á síld og við verðfall að etja í útgerð á rækju. (**ÖS:** Það er enginn framsóknarmaður í salnum.) Það eru verðandi framsóknarmenn sem hlusta, hv. þingflokksformaður. (**ÖS:** Mér þykir þetta ekki mikil hollusta af þínu fólki.)

Við þessar aðstæður þykir ríkisstjórninni það helst til ráðs að þrengja að sjávarútveginum á alla kanta. Gert er ráð fyrir að þær aflaheimildir sem Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hefur til umráða og nema 12.000 þorskígildum verði nýttar í þágu ríkissjóðs og andvirðið gangi til hafrannsókna eða 525 millj. kr. samkvæmt frv. Nú dreg ég ekki úr því að nauðsyn sé að efla hafrannsóknir, ég styð það eindregið, en þessi aðgerð á þessum tíma er út í hött.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hafði tvenns konar hlutverk. Í fyrsta lagi: Hans hlutverk var að stuðla að hagræðingu í sjávarútvegi eins og nafnið bendir til og felur í sér. Auðvitað er full þörf á því við þessar aðstæður að hagræða í sjávarútvegi, sameina fyrirtæki í sjávarútvegi og fækka skipum í flotanum. Þetta var hlutverk þessa sjóðs m.a.

Í öðru lagi hafði sjóðurinn hlutverk í byggðamálum. Hann hafði það hlutverk að vera öryggisnet fyrir einstök byggðarlög þannig að þau misstu ekki veiðiheimildir frá sér. Þessu öryggisneti er svipt burt. Þetta er einn alvarlegasti gerningurinn sem núv. ríkisstjórn hefur fundið upp við þessa fjárlagagerð. Auðvitað er þessu harðlega mótmælt. Það er gert ráð fyrir að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Ríkismat sjávarafurða hækki gjaldskrá til að standa undir útgjöldum. Þetta þýðir álögur á sjávarútveginn sem nemur hundruðum milljóna króna og einnig fellur niður ríkisframlag til Veiðieftirlits ríkisins og sértekjur þeirrar stofnunar eiga að nema 80,7 millj. kr. Þessu var gert ráð fyrir þegar fjárlög voru lögð fram í haust en ríkisstjórninni þótti ekki nóg að gert og bar fram tillögur um viðbótarálögur á sjávarútveginn. Þar var gert ráð fyrir að innheimta 125 millj. í Hafnasjóð með vörugjaldi sem leggst m.a. á fiskvinnsluna, þá grein sem á erfiðast í sjávarútveginum um þessar mundir. Það var gert ráð fyrir því að lækka framlag til starfsmenntunar í sjávarútvegi. Ríkisstjórnin fann það ráð að spara heilar 10 millj. kr. með þessu, að draga það af starfsmenntun í sjávarútvegi sem mér er kunnugt um að hefur mælst afar vel fyrir. Fiskvinnslufólk hefur sótt í stórum stíl námskeið í sjávarútvegi og fiskvinnslu, bæði sér til upplyftingar og fróðleiks. Það er eiginlega dæmalaust að láta sér detta í hug að spara 10 millj. á því að klípa af þessari nauðsynlegu starfsemi. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja 1 milljarð í auknum gjöldum á sjávarútveginn með ýmiss konar aðgerðum.

Minni hlutinn er að sjálfsögðu andvígur þessum álögum vegna þess að þær rýra starfsskilyrði sjávarútvegsins stórlega og draga úr möguleikum hans til að varðveita lífskjörin og atvinnuöryggi, að efla atvinnulífið í landinu og auka útflutningstekjurnar og þar með tekjur ríkissjóðs. En það er einmitt það sem við þurfum á að halda um þessar mundir frekar en að reyra allt í fjötra kreppuástands eins og þetta frv. stefnir að. Sama stefnan er uppi í landbúnaðarmálum? Þar hafa miklar breytingar gengið yfir á síðustu árum. Þar er við markaðsörðugleika að etja, bændur þurfa á því að halda að breyta framleiðslu sinni, draga hana saman og miða hana við innanlandsmarkað. Þeir þurfa að auka fjölbreytni framleiðslunnar, þeir þurfa á því að halda að auka hagkvæmni í framleiðslu. Mörg járn eru í eldinum í landbúnaðinum. Bændur hafa lýst sig reiðubúna til að taka á þessum verkefnum og vinna að þessum miklu skipulagsbreytingum. Hvernig tekur fjárlagafrv., sem við erum nú að ræða, á þessum málum? Það tekur þannig á þeim að skera niður Framleiðnisjóð landbúnaðarins um 300 millj., sjóð sem á einmitt að vinna að slíkum verkefnum: Auka þróunarstörf í landbúnaði, efla nýja atvinnustarfsemi í sveitum og gera landbúnaðinum mögulegt að laga sig að breyttum aðstæðum.

Þessi sjóður er skorinn niður og honum er með því gert ókleift að sinna þeim verkefnum sem er þó svo nauðsynlegt að hann vinni að. Það er ekki nóg að gert með þessu heldur kemur hæstv. ríkisstjórn á síðustu dögum þegar verið er að ræða fjárlagafrv. og ákveður af miklum höfðingsskap að bændum skuli ekki greidd út laun tvo síðustu mánuðina á næsta ári. Því skuli velt yfir á árið 1993. Með þessari efnahagsaðgerð á að draga úr halla ríkissjóðs sem verður til þess að sögn að ríkissjóður verður ekki eins fyrirferðarmikill á lánamarkaðnum og vextirnir snarlækka og efnahagsumhverfið verður allt annað en áður. Þetta væri nú gott og blessað ef satt væri. En skyldi þetta vera mikil efnahagsaðgerð? Að fresta þessum greiðslum þannig að auðvitað fara þeir sem eru launalausir yfir á lánamarkaðinn tvo síðustu mánuði ársins því maður skyldi ætla að menn hætti ekki að lifa þó að þeim sé ekki borgað úr kaup.

Síðan koma skuldbindingar á ríkissjóð á árinu 1993. Með þessum sjónhverfingum segir ríkisstjórnin að ríkissjóðshallin hafi verið lækkaður um 295 millj. Mér er sem ég sjái upplitið á núv. hæstv. fjmrh. og hans flokksbræðrum ef fyrrv. fjmrh. hefði haft svona sjónhverfingar í frammi. Það hefðu áreiðanlega verið nokk-

uð langar ræður úr þessum ræðustól um slíkan gerning.

Hvað iðnaðinn í landinu varðar hef ég alltaf talið að það væri undirstaða öflugs iðnaðar í landinu að efla menntun og efla rannsóknir. Hvernig skyldi þetta fjárlagafrv. taka á og bregðast við slíkum verkefnum? Ég var búinn að minnast á Háskóla Íslands, málefni hans, hvernig með þau er farið í þessu frv. og þarf ekki að bæta við mörgum orðum um það. Svipað er að segja um verkmenntun í landinu sem er auðvitað undirstaða þeirrar verkkunnáttu sem leiðir til öflugrar iðnaðarframleiðslu ásamt rannsóknunum sem bera mjög skarðan hlut í frv. Þar með er ég ekki að segja, þó að ég hafi þessa upptalningu, að það sé hægt að gera allt fyrir alla. En hins vegar verða menn, stjórnmálamenn og hæstv. ríkisstjórn, þegar árar eins og nú að veita ákveðnum hlutum forgang. Ég held að við þessa fjárlagagerð verði þeir hlutir að hafa forgang sem efla atvinnulífið í landinu, auka tekjurnar og auka þar með það sem menn hafa úr að spila. Öðruvísi gengur þetta ekki. En því miður gengur þetta fjárlagafrv. í þveröfuga átt. Mér er ofarlega í huga hvernig þetta frv. tekur á byggðamálum. Eitt af því hættulegasta við þetta fjárlagafrv. er að það stóreykur hættuna á byggðaröskun í landinu.

Varðandi Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins stendur það í greinargerð um Hagræðingarsjóðinn, þegar verið er að taka fjármuni hans til annarra verkefna, að hlutverk Hagræðingarsjóðsins í byggðamálum eigi Byggðastofnun að taka að sér. Varðandi iðnaðaruppbyggingu á landsbyggðinni hafa verið starfandi þar iðnráðgjafar um margra ára skeið til að aðstoða fólk, sem hefur einhverjar hugmyndir, við að koma upp iðnaði og vinna að slíkum verkefnum. Byggðastofnun á nú að taka að sér að launa þessa iðnráðgjafa. En hvernig skyldi Byggðastofnun svo vera í stakk búin til að taka að sér þessi verkefni? Það hefur verið þjarmað að henni á undanförnum mánuðum og áform eru um enn stórfelldari samdrátt í starfsemi hennar. Í fjárlagafrv. er beinn niðurskurður um 70 millj. á starfsemi Byggðastofnunar og þeim fjármunum sem til hennar eru veittir. Þannig á Byggðastofnun að taka að sér þessi miklu verkefni, þessar 180 millj., sem til hennar eru veittar, í stað 250 á síðasta ári. Með þessum fjármunum á hún að takast á við þetta tröllaukna verkefni.

Ein undirstaða byggðamála í landinu eru samgöngumálin og hvernig að þeim er staðið. Hvernig skyldi vera tekið á samgöngumálum í þessu frv.? Hafnamálin í landinu er að vísu einn af þessum málaflokkum sem fer skást úr út málinu en eigi að síður er stórfelldur niðurskurður til vegagerðar. Tekið hefur verið til bragðs að leggja á stórfelldar álögur, leggja á vörugjald og hafnagjald til að afla fjár í Hafnasjóð. Þetta gjald leggst á fiskvinnsluna og þetta gjald er eitthvert það versta sem hugsast getur fyrir landsbyggðina. Það er nú svo að á vöru, sem kemur á land í Reykjavík, leggst vörugjald þegar hún kemur hér á land, á hana leggst vörugjald þegar hún fer út á land aftur í gegnum Reykjavíkurhöfn, á hana leggst vörugjald þegar hún kemur út á land, síðan kemur álagning og virðisaukaskattur ofan á það allt saman. Þá er ríkisvaldið búið að skattleggja þessa vöru fjórum sinnum. Þetta er allnokkuð. En það er ekki nóg að gert heldur eru áform um það í þessu frv. að afnema þann stuðning sem ríkisvaldið hefur haft og ríkisvaldið hefur veitt því flutningafyrirtæki sem sér um flutninga á vörum út um landsbyggðina. Leggja á það fyrirtæki niður, Skipaútgerð ríkisins. Hún á að starfa næstu þrjá mánuði og þá þrjá mánuði á að nota til að selja eignir hennar og síðan á að leggja fyrirtækið niður án þess að það sé með nokkru móti séð fyrir því þjónustuhlutverki sem Skipaútgerðin hefur haft. Þetta mun alveg fortakslaust leiða til þess að flutningsgjöld út á land hækka ofan á þessa skattlagningu alla. Þannig er séð fyrir þessum málaflokki.

Í vegagerð er gert ráð fyrir því að heildarframlög til vegagerðar séu skorin niður úr 6.080 millj. kr. í 5.565 millj. kr. sem þýðir 20% niðurskurð á nýframkvæmdum í vegamálum eða niðurskurð um ⅓. Þannig er staðið að vegamálunum í þessu frv.

Þá er komið að þeim kafla í þessari fjárlagagerð sem er kannski einkennilegastur og það eru samskiptin við sveitarfélögin í landinu. Þar kom ríkisstjórnin ofan í 2. umr. fjárlaga, reyndar þegar 2. umr. var rétt að byrja og fjárln. var búin að starfa í eina þrjá mánuði. Þá kom hún með það snilldarúrræði að kljúfa málefni fatlaðra upp í tvennt og kasta þeim yfir á sveitarfélögin í landinu. Það hlaut hörð viðbrögð bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu þannig að það liðu ekki nema tveir dagar þangað til hæstv. ríkisstjórn hörfaði með þessi áform og hörfaði í annað vígi og fann upp nefskatt til að kosta lögregluna í landinu en þann nefskatt eiga sveitarfélögin í landinu að leggja á en ekki ríkið. Það gæti nú verið að hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. hafi hugsað til Bretlands í þessu sambandi því að í Bretlandi var kona, sem var fyrirferðarmikil eins og hæstv. félmrh. er stundum, og henni datt það í hug, þeirri ágætu konu sem ég veit að hv. þm. Björn Bjarnason kannast við, að leggja á nefskatt. Hann hlaut hörð viðbrögð í þjóðfélaginu, ekki síður en málefni fatlaðra hér. Það endaði með því að sú kona, sem hafði þó bein í nefinu, jafnvel jaðrar við að hún hafi haft eins mikið bein í nefinu og hæstv félmrh., hrökklaðist frá völdum. Það er kannski þess vegna sem ríkisvaldið vill ekki leggja á þennan nefskatt en biður sveitarfélögin að taka af sér ómakið og leggja hann á — Það er leiðinlegt að hæstv. félmrh. heyrir ekki til mín því að ég þyrfti að tala örlítið við þann ráðherra sem ég hef haft töluvert samstarf við í gegnum tíðina. Ég ætla ekki að trufla hæstv. ráðherra á þessu stigi og ætla ekki að láta kalla í hana vegna þess að búið er að lýsa því yfir að orð stjórnarandstöðunnar skipti engu máli, niðurstaða sé fengin og við getum talað að vild því ekki þurfi að hlusta á minni hlutann hér. Þó að ég og aðrir hv. fjárlaganefndarmenn séum í minni hluta teljum við okkur skylt að koma sjónarmiðum okkar á framfæri úr þessum ræðustól.

Þessi áform um nefskattinn, um þennan lögguskatt sem kallaður er, brjóta algerlega í bága við þau áform sem hæstv. félmrh. hefur haft um breytta verkaskipt-

ingu og sameiningu sveitarfélaga. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól, varðandi sameiningu sveitarfélaga, að það er hugmyndafræðin að saman fari vald og fjárhagsleg ábyrgð. Í þessu fer það alls ekkert saman. Sveitarfélögin eiga að leggja á skatt til að kosta lögregluna en þau hafa ekkert um það að segja hvernig þessum lögreglumálum er háttað. Þau hafa ekkert um skipulag þessara mála að segja og hve dýr þessi þjónusta er eða hvernig henni er háttað yfirleitt. Þetta brýtur algerlega í bága við þá hugmyndafræði sem liggur að baki verkaskiptingunni. Það brýtur líka í bága, hæstv. félmrh., sem nú er kominn í salinn, að leggja á nefskatt í sveitarfélögunum og hafa þann skatt mishán, það brýtur algerlega í bága við þau áform sem eru uppi um sameiningu sveitarfélaga. Og það að koma málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í uppnám brýtur algerlega í bága við þau áform félmrh. að vinna að sameiningu og stækkun sveitarfélaga. (**Félmrh.:** Sveitarfélögin fá mikla peninga úr Jöfnunarsjóði þegar þau sameinast.) Þau fá ekki mikla peninga úr Jöfnunarsjóðnum þegar búið er að koma málum þannig fyrir að öll stærstu sveitarfélögin eru farin að fá mikla peninga úr Jöfnunarsjóði. Það er algjör breyting frá því sem áður var og þá verður þröngt fyrir dyrum — það veit hæstv. félmrh. Ég skil ekki þessi áform og ég skil ekki þá aðgerð að kasta þessum málum fram hér á viðkvæmasta stigi í hv. Alþingi án samráðs við sveitarfélögin. Því ég veit það af viðræðum við sveitarfélögin og forustumenn þeirra að ef samráð hefði verið haft við þá í upphafi hefði verið hægt að fá sveitarfélögin til að leggja eitthvað til í þeim erfiðleikum sem eru nú í ríkisfjármálum og allir viðurkenna.

Ég er alveg samþykkur því að auðvitað verða allir að leggja þar eitthvað af mörkum. En þetta er kolröng aðferð og brýtur algjörlega í bága við þá hugmyndafræði og þær aðgerðir sem hingað til hafa verið gerðar í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. (**Félmrh.:** Hvaða leið hefði þingmaðurinn viljað fara?) Það eru ýmsar leiðir í þessu, hæstv. félmrh. Ef samið hefði verið við sveitarfélögin um að taka að sér einhverja ákveðna málaflokka, hafa þar hreina verkaskiptingu, t.d. einhverja ákveðna þætti heilbrigðismála, en því miður var gengið illa frá þeim málum við verkaskiptinguna, þá eru fjölmargar leiðir sem hefði mátt fara í þessu efni ef aðeins hefði verið samið við sveitarstjórnarmenn og gengið frá því með samkomulagi að sveitarfélögin legðu eitthvað af mörkum.

Mér þykir slæmt að hæstv. félmrh. er farin en nú er hún komin aftur þannig að ég get kannski endurtekið með einni setningu ef hún hefur ekki heyrt kafla minn um nefskattinn. Ég vil vara hana við að nefskattur er óvinsæll og hörkukona í Bretlandi hrökklaðist frá völdum þegar hún hafði lagt á nefskatt. Ég hef reyndar ekkert á móti því að hæstv. félmrh. fari frá völdum að sinni en það getur vel verið, ef hæstv. félmrh. væri í betri félagsskap, að hún mundi sjá að sér. En á það verður að reyna síðar.

Ég segi nú skilið við sveitarstjórnarmálin að sinni og kem að því hvernig þetta frv. fjallar um launa- og kjaramál. Hver eru áhrif þessa frv. á andrúmsloftið á vinnumarkaðnum sem er mjög viðkvæmt um þessar mundir þar sem allar starfsstéttir eiga samninga lausa og samningar standa yfir á vinnumarkaði? Það er reyndar með hreinum ólíkindum hvað verkalýðshreyfingin hefur tekið þessum aðgerðum með mikilli ró hingað til. En ég hef trú á að þegar afleiðingar þessa frv. fara að koma í ljós, þegar öll þau gjöld sem hafa verið lögð á samkvæmt þessu frv. fara að koma á með fullum þunga þá sé það eins og olía í eld á vinnumarkaðnum. Það er sprengja bak við hornið. Áhrif þessa frv. eru ekki komin í ljós og þau koma ekki í ljós fyrr en fer að líða á næsta ár.

Ég vil vitna í það sem fólk hefur kannski ekki gert sér ljóst að samkvæmt bréfi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem öllum þingmönnum barst í dag, 19. des., er bent á að nú hafi borist fréttir um að ofan á allar aðrar aðgerðir hækki persónuafsláttur ekki 1. jan. nk. þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða. Með þessu eru skattleysimörk í raun hækkuð um næstu áramót. Þetta er aðeins eitt atriði af mörgum. Í frv. úir og grúir af alls konar gjöldum sem lögð eru á almenning í landinu. Almenningur í landinu verður smám saman var við þessi gjöld um leið og hann fer að borga þau og þau koma fram með vaxandi þunga eftir því sem líður á næsta ár. Og þá bið ég fyrir ríkisstjórninni ef samningar verða lausir og ekki verður búið að ganga frá kjarasamningum þegar þessi áhrif koma að fullu fram. Verðbólgutölur eru ekki mjög háar núna og auðvitað er það arfur frá fyrri ríkisstjórn og þeim friði sem hún náði á vinnumarkaðnum. En ef allt fer í bál og brand þar er auðvitað hætta á því að verðbólga fari upp á ný.

Ég mun nú aðeins snúa að einstökum málefnum í þessu frv. en ég fer þar tiltölulega hratt yfir sögu. Sú stefna hefur verið varðandi þetta frv. að ýta sem flestum málum út af borðinu og gagnrýndi ég það við 2. umr. hvernig að þeim málum var staðið og ekki er ástæða til að fara ítarlega yfir einstaka þætti. En ég vil þó minnast á einn þátt sem mig hefur alltaf furðað hversu lítill gaumur er gefinn, og sá þáttur snertir líka atvinnumálin í landinu og nýsköpun í atvinnulífi, en það eru ferðamálin. Í þessu frv. eru eins og áður skerðingarákvæði, ferðamálin fá ekki sinn hluta af tekjum Fríhafnarinnar. Ég lýsti því við 2. umr. að ég hef ætíð verið á móti þessu þó að ég hafi beygt mig undir þetta ákvæði en þetta heldur áfram þrátt fyrir það ástand sem nú blasir við í atvinnumálum landsmanna. Svona er ekki hægt að halda áfram endalaust, þó að — eins og ég hef áður tekið fram — fyrri ríkisstjórnir hafi síður en svo verið saklausar í þessum efnum.

Úti um allt land er mikill áhugi fyrir að byggja upp ferðaþjónustu og áhugamenn hafa verið að reyna að byggja upp leiðbeiningastarfsemi í ferðaþjónustu, sem full þörf er á því við erum að ýmsu leyti vanþróuð á þessu sviði, eins og ég veit að hv. 14. þm. Reykv. tekur undir með mér. Í öllum landshlutum eru til samtök sem heita Ferðamálasamtök landshlutanna. Þessi samtök hafa af veikum mætti verið að reyna að ráða sér starfsfólk til leiðbeiningar, til að sjá um að leiðbeina fólki sem vill vinna á þessu sviði en það er ótrúlegur

fjöldi fólks sem vinnur að þessum málum. Satt að segja hefur þessu starfi verið afar lítill gaumur gefinn og afskaplega litlir fjármunir renna til þessarar starfsemi af opinberri hálfu. Og það er svo einnig nú. Ég hef þráfaldlega spurt um það á hverjum einasta fundi í fjárln. hvernig meiri hluti fjárln. og ríkisstjórnin hugsi sér að sjá þessum málum farborða á næsta ári með minnkandi tekjum Ferðamálaráðs. En ég hef engin svör fengið þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni. Ég hef ekki einu sinni fengið greinargerð um það hvernig þessi samtök eiga að fá framlög á næsta ári og ég vil nú enn einu sinni úr þessum ræðustól spyrja — og vona að það komist til formanns og varaformanns fjárln. — hvernig eigi að skipta fjármunum til þessara samtaka.

Ég hef áður aðeins minnst á áhrif frv. á lánamarkaðinn í landinu. Og ríkisstjórnin hefur haldið því fram að þetta frv. væri afdrifaríkasta efnahagsaðgerðin — þetta er mesta efnahagsaðgerðin sem þessi ríkisstjórn fer út í og aðrar hafa ekki verið boðaðar. Frv. á að lækka vextina og það á að veita atvinnuvegunum bærilegt rekstrarumhverfi. Það mundi sjálfsagt vera svo ef hér væri um raunverulegan niðurskurð að ræða. Hins vegar er hann ekki eins mikill og ríkisstjórnin vill vera láta. Hér er verið að velta útgjöldum yfir á aðra, velta ríkisútgjöldum yfir á sveitarfélögin með sjónhverfingum varðandi landbúnaðinn, færa til frá sjávarútveginum og kosta starfsemi, sem áður hefur verið kostuð af opinberri hálfu, af sjávarútveginum o.s.frv. Ég er því ekkert viss um að þetta frv. verði eins mikill hvati til vaxtalækkunar og ríkisstjórnin vill vera láta og reyndar viss um að svo verður ekki.

Skyldi allt vera með felldu í erlendum lántökum og í lántökum ríkisins yfirleitt? Hér hefur húsbréfamarkaðnum verið sleppt gjörsamlega lausum eins og hér hefur verið rakið í dag af hv. 1. þm. Austurl. Menn taka lán erlendis með því að selja húsbréf. Skyldi það vera skynsamleg efnahagsaðgerð? Það kom reyndar fram hjá fulltrúum Þjóðhagsstofnunar, sem komu til viðtals við fjárln., að þetta er sú alvitlausasta aðferð til erlendrar lántöku sem hugsast getur og miklu dýrari en að taka lán beint með venjulegum hætti. Hæstv. félmrh. er nú orðinn uppgefinn að hlusta á mig en þessar fréttir þyrftu að komast til ráðherrans enn einu sinni. Og auðvitað þarf að ná utan um þessa húsbréfaútgáfu því að það var aldrei meiningin að hún færi svona úr böndunum eins og hún hefur gert.

Það hefur einnig komið fram í viðræðum við sérfræðinga hjá fjárln. að sem afleiðing af þessu frv. sem hér er um að ræða — þó að allt gangi eftir, allar áætlanir standist, allar áætlanir um tekjur og gjöld og allt fari eins og ríkisstjórnin vill að það fari, hallinn fari ekki yfir fjóra milljarða — þá byrja vextir ekki að lækka fyrr en í fyrsta lagi eftir sex mánuði. Þannig að atvinnulífið í landinu þarf að þrauka veturinn af ef ekkert verður að gert, án nokkurra aðgerða sem um munar. Ég hef grun um að þetta verði langur vetur og erfiður.

Það hefur komið fram að núna er samdráttur í þjóðfélaginu og því miður gæti svo verið að þessi samdráttur yrði til þess að tekjuáætlun fjárlaga stæðist ekki. Virðisaukaskattur eða innheimta hans hefur dregist mjög saman í nóvembermánuði vegna minnkandi veltu í þjóðfélaginu. Þetta rennir stoðum undir það að þetta frv., ef rétt hefði verið að staðið, hefði þurft að koma hjólum atvinnulífsins í gang aftur. En það er ekki svo. Það kreppuástand sem þetta frv. hefur í för með sér verður til þess að samdráttur eykst og tekjur minnka. Þar að auki eru fleiri atriði í tekjuhliðinni sem eru óljós. Þar eru forsendur óvissar að mati þeirra embættismanna og sérfræðinga sem um frv. hafa fjallað. Það er gert ráð fyrir einum milljarði króna í sölu ríkiseigna. Og þegar spurt er: hvaða ríkiseignir eru það sem á að selja? þá eru hlutabréf efst á listanum. En meðan ríkisstjórnin ætlar að selja hlutabréf þá er hún með hinni hendinni að þrengja að skattalegri meðferð arðs af þessum hlutabréfum þannig að hætta er á því að enginn vilji kaupa þessi hlutabréf á næsta ári. Auðvitað er ástandið í þjóðfélaginu, miðað við þann samdrátt sem nú er og óvissar horfur í atvinnulífi, ekki með þeim hætti að það ári til að selja ríkiseignir á bærilegu verði.

Ég held að það eigi að selja ríkiseignir og eigi að breyta í einkavæðingu, það er alveg réttlætanlegt í mörgum tilfellum en það ætti að gera það í öðruvísi efnahagsástandi en nú er ef menn ætla yfirleitt að selja eigur ríkisins á sannvirði. Hins vegar ef menn ætla að gefa þær eða selja þær á hálfvirði þá er allt í lagi að hefjast handa í því efnahagsástandi sem núna er.

Við í minni hlutanum höfum nefnt ýmsar leiðir til tekjuöflunar. Við höfum nefnt að það ætti að leggja skatta á fjármagnstekjur og við höfum nefnt að það væri við þessar aðstæður réttlætanlegt að framlengja jöfnunargjaldið í eitt ár og fleiri tekjuöflunarleiðir eru til. Þannig að það er óþarfi að þjarma svo að í öllum greinum eins og frv. gerir ráð fyrir og það er hættulegt við núverandi aðstæður.

Ég ætla ekki að fara mjög náið út í B-hluta fjárlaga eða þau ýmsu fyrirtæki sem heyra undir hann. Farið hefur verið ítarlega yfir þessi mál hér á undan og umræðu er ekki lokið þannig að ég hef tækifæri til að koma upp aftur ef mér býður svo við að horfa. Ég get þó ekki annað en bent á varðandi Rafmagnsveitur ríkisins að dreifikerfi þeirra er að hrynja víða um land og rafmagnsveiturnar hafa orðið fyrir miklum áföllum. Afskriftir í þessu dreifikerfi eru 240–270 millj. á ári og það þyrfti að framkvæma eitthvað nálægt því ef vel ætti að vera og ef dreifikerfið ætti ekki að drabbast niður. Í upphafi lagði ríkisstjórnin til að settar yrðu 18 milljónir í þetta verkefni. En þeir sáu sig að vísu um hönd varðandi fjárlagagerðina og við endurskoðun rekstraráætlunar fékkst svigrúm sem nemur 64 millj. kr. til að setja í þetta. En eigi að síður losar þetta um 80 millj. kr. Þetta er mjög mikið áhyggjuefni því að ef dreifikerfið hrynur verða afleiðingarnar náttúrlega miklu dýrari en ef því væri haldið við jafnóðum. Það er svona svipað og með opinberar byggingar, menn hafa hina herfilegustu reynslu af að láta þær drabbast niður.

Ég minntist á Skipaútgerð ríkisins áðan en í 6. gr. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að selja eignir Skipaút-

gerðarinnar og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður. Ég hef rakið hverjar afleiðingar þetta hefur fyrir landsbyggðina og af þessu hafa landsbyggðarmenn, sérstaklega á Vestfjörðum og Austurlandi, þeim landshlutum sem fjærst liggja, mjög miklar áhyggjur svo ekki sé meira sagt því að menn eru mjög háðir þessum siglingum. Og það skýtur skökku við vegna þess að aðrar siglingar með ferjum, sem eru víða, á Vesturlandi, á Suðurlandi og víðar, reiknað er með að halda þeim ríkisstyrktum áfram. En það litið er með allt öðrum hætti á þetta fyrirtæki sem hefur þjónustuskyldu eins og ferjurnar en það er svo langt í frá að ég sé að draga neitt úr mikilvægi þeirra. Það er einkennilegt hvað þetta fyrirtæki, Skipaútgerð ríkisins, hefur ætíð verið pólitískt bitbein. Og það er örugglega ekki neitt fyrirtæki í landinu sem hefur gengið undir jafnmargar úttektir af jafnmörgum sérfræðingum eins og þetta fyrirtæki, Skipaútgerð ríkisins. Og að sjálfsögðu er þessum aðgerðum mótmælt harðlega. Það mætti lengi halda áfram að ræða um þetta frv. en ég fer nú að ljúka máli mínu að sinni.

Ég sagði það í upphafi að minni hluti fjárln. hefði skilað bráðabirgðanál. við 2. umr. þar sem mál voru svo óljós að ekki var í rauninni hægt að taka neina vitræna afstöðu til frv. en skoðun okkar hefur lítið breyst. Frv. er óraunhæft, það er óraunhæft bæði hvað varðar tekju- og gjaldahlið og þess vegna höfum við í minni hluta fjárln. sparað okkur það að flytja mikið af brtt. við þetta frv. Það er ekki þess virði að gera það.

Við viðurkennum að það er við erfiðleika að etja og það þarf að halda utan um ríkisútgjöld. En ég hef verið að reyna að koma því á framfæri við þessa umræðu að í því efnahagsástandi og í þeim samdrætti sem nú er þá er frv. hættulegt og stefnir í þveröfuga átt og getur leitt hér til kreppuástands í þjóðfélaginu ef þessi áform öll, sem ríkisstjórnin hefur, ná fram að ganga.

Við stjórnarandstæðingar höfum haft um þetta frv. nokkuð mörg orð til að reyna að leiða ríkisstjórninni þetta fyrir sjónir og stjórnarliðum — og kannski höfum við nokkur orð enn þá. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér. Hins vegar munum við sitja hjá í atkvæðagreiðslu um þetta frv. sem heild en auðvitað taka afstöðu til einstakra brtt., sem einstakir þingmenn hafa flutt, eftir efni þeirra.

Að lokum vil ég til þess að spara tímann mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 343, að við 6. gr. bætist nýr liður, til kaupa á húsnæði fyrir tollgæslu á Seyðisfirði og taka til þess nauðsynleg lán. Ég vil skýra þetta með örfáum orðum. Þessi heimild var inni í fjárlagafrv. á sl. ári en er núna felld niður. Fjmrn. óskar ekki eftir að endurnýja þessa heimild og gerir þá grein fyrir þeirri afstöðu sinni að flutningsaðilar eigi að leggja tollgæslu til húsnæði. Það sem þarna um ræðir er að taka þátt í húsnæði sem eina fyrirtækið, sem flytur inn farþega í stærri stíl sjóleiðina, hefur en þetta er Austfari á Seyðisfirði sem sér um afgreiðslu fyrir farþegaferjuna Norrænu. Ég hef þráfaldlega spurst fyrir um það í fjárln. með hvaða hætti flutningsaðilar, sem flytja inn farþega, greiða húsnæði fyrir tollgæslu. Ég hef spurt um þetta á hverjum einasta fundi núna í seinni tíð, eins og t.d. hv. 14. þm. Reykv. veit og getur staðfest. En svo einkennilegt er að við svona einfaldri spurningu er ekki hægt að fá svör. Því flyt ég þessa tillögu og óska eftir, ef svör eru komin um með hvaða hætti þessi mál eru, að fá þau. Ég óska auðvitað eftir því að það verði eitthvert jafnræði í þessum efnum og þessi hógværa ósk verði samþykkt af hv. þm. og legg hana þess vegna fyrir Alþingi. Þetta er eina brtt. sem ég flyt við þetta frv. en ég mun síðan taka afstöðu til brtt. sem aðrir hv. þm. flytja eftir efni þeirra. Formaður og varaformaður þingflokks Framsfl. hafa flutt ákveðnar brtt. um nokkur stór mál sem verða kynntar hér síðar við þessa umræðu og ég mun styðja þær. Þær fjalla um nokkur meginmál og gera ráð fyrir tekjuöflun á móti þessum þáttum, eins og ég tel að nauðsynlegt sé við núverandi aðstæður.

Þetta munu verða mín lokaorð og ég endurtek eina setningu í lokin: Þetta frv. stefnir í þveröfuga átt við núverandi aðstæður. Það er hættulegt atvinnulífinu í landinu, það er hættulegt byggðamálum, hefur þveröfug efnahagsáhrif við það sem þarf nú um þessar mundir.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er líkast til einsdæmi í sögu þessa þings að við sitjum hér þriðju nóttina í röð og gefur auga leið að þingmenn eru orðnir harla illa úthvíldir. En við teljum það að sjálfsögðu ekki eftir okkur.

En vegna þess að því hefur verið haldið hér fram hvað eftir annað að stjórnarandstaðan sé að tala til þess að tefja mál, hún sé með málþóf og annað slíkt, þá er nauðsynlegt að fólk skilji að hér fer fram málefnaleg umræða sem er haldið uppi til þess að berjast gegn því sem þessi ríkisstjórn hyggst nú gera með þessari þýðingarmestu lagasetningu hvers árs. Og ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl., sem hér talaði síðastur, að þetta eru hættuleg lög sem við eigum sjálfsagt því miður eftir að sjá samþykkt hér innan tíðar.

En áður en ég hef mál mitt langar mig að ræða aðeins um störf hv. fjárln. Þegar við fyrrverandi forsetar þingsins lögðum drög að því að færa Alþingi Íslendinga í eina málstofu, var megintilgangur þess að styrkja innviði þingsins, efla þingið og gera það sjálfstæðara og óháðara framkvæmdarvaldinu. Nefndir urðu helmingi færri og áttu þess vegna að geta lagt meiri tíma í sína vinnu, unnið mál betur og til styrkingar fjárln. þingsins var sett inn ákvæði um að senda mætti beiðni um álit til fagnefnda þingsins. Þetta eru að mínu mati mjög æskileg vinnubrögð.

Það hefur hins vegar verið langt frá því að unnið hafi verið á þennan hátt í hv. fjárln. Þau vinnubrögð eru satt að segja varla til frásagnar en nauðsynlegt að taka á því máli þegar í upphafi á þessu fyrsta þingi þegar unnið er eftir nýjum þingskapalögum. Fjárln. hefur þá sérkennilegu afstöðu að skipta sér strax í meiri hluta og minni hluta sem ekki gerist á fyrstu stigum máls í öðrum nefndum. Nefndarmenn ræða sam-

an, líta svo á að allir nefndarmenn hafi jafnan rétt til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, en þegar í upphafi fjárlagavinnunnar var það gjörsamlega gert skýrt að stjórnarandstaðan væri þarna nú eiginlega bara svona formsins vegna, eins og einu sinni var sagt.

Vinna var heldur ruglingsleg og ekki var þar alveg við fjárln. að sakast vegna þess að ríkisstjórnin, sem var að senda nefndinni fjárlagafrv. sitt í smábútum og síbreytandi því allan tímann sem vinnan stóð, gerði nefndinni auðvitað afar erfitt um vik þannig að sjálfstæði nefndarinnar varð svo sem ekki neitt. Og endirinn á leiksýningunni varð þegar loksins hafði verið gengið frá fjárlagafrv. og búið að leggja það hér fram til 3. umr. að þá kom enn beiðni um að breyta nú svolitlu í uppsetningu á frv.

Þessi vinnubrögð ná auðvitað ekki nokkurri átt. Og það gerðist í fyrsta skipti í langan tíma, alla vega síðan ég kom hér til þings fyrir tólf árum, að stjórnarandstaðan gafst upp við að gefa út nákvæmt nál. um frv. við 2. umr., eins og venjan er vegna þess að það var ekki haus eða hali á frv. Tekjuhliðin var í upplausn og ríkisstjórnin skipaði meiri hluta fjárln. að draga út úr frv. veigamikla þætti þess þannig að 2. umr. um frv. varð auðvitað meira og minna á röngum forsendum byggð.

Ég harma að þurfa að segja þetta en tel að það sé alveg nauðsynlegt vegna þess að þetta má ekki gerast aftur. Engin lög í landinu hafa meiri áhrif á líf fólksins í landinu en fjárlög hvers árs og til þeirra verður að vanda. Og það er verkefni okkar, sem kjörin hafa verið í fjárln. Alþingis, að vinna þessa vinnu öll saman og reyna að leita þeirra lausna sem við getum sem mest sætt okkur öll við. Við eigum ekki að vera handbendi neinnar ríkisstjórnar. Og hafi þetta ekki skilist með nýjum þingskapalögum þá held ég að við séum á afar rangri braut.

Það var einnig vilji þingmanna þegar nýju þingskapalögin voru samin að efh.- og viðskn. þingsins fengi meira vægi og yrði til ráðgjafar og aðstoðar fjárln. og fagnefndirnar einnig. En það verður að segjast eins og er að álitin sem komu frá fagnefndunum jöðruðu við að vera móðgun við fjárln. vegna þess að í mörgum þeirra stóð beinlínis í stuttu bréfi að eiginlega væri ekki ástæða til að hafa neinar skoðanir á umræddu frv. Ég vil biðja hv. þm. að hugsa vandlega um þetta þar til næsta fjárlagagerð fer fram vegna þess að ég held að við þetta verði ekki unað og skiptir þá engu hvort um stjórnarandstæðinga eða stjórnarþingmenn er að ræða, þetta er ekki rétta leiðin til þess að setja landinu fjárlög. Og ég vil minna á að í öðrum þjóðþingum hér í kringum okkur, sem við mörg okkar erum harla kunnug, er fjárln. í raun og veru eins konar lokaafgreiðsluaðili að vinnu allra nefnda þjóðþinganna við gerð fjárlaga. Verkefni fjárln. er að safna saman og vinna síðustu gerð frv. áður en það er lagt fyrir þjóðþingið en þá eru allir þingmenn búnir að koma nálægt þessari vinnu. En ég skal ekki eyða meiri tíma í þetta, ég harma mjög að svona skyldi fara og held að þarna hafi verið illa að verki staðið og vona að það gerist ekki aftur.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. fór ég allítarlega yfir heildarstöðu frv. þá — hún er að vísu verulega breytt síðan þá — og geri það þess vegna ekki núna. Hv. 1. þm. Norðurl. e., hv. 4. þm. Suðurl., hv. 2. þm. Austurl. og hv. 6. þm. Vestf. hafa farið vel yfir frv., eins og það er nú, enda öll í hv. fjárln. þingisns. Ég ætla því ekki að fara yfir heildarstöðu málsins en ég kemst auðvitað ekki hjá því að fara yfir einstaka þætti og þá helst þá sem hv. 3. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, tók ekki sérstaklega fyrir.

Oft vill brenna við, þegar talað er um fjárlög ríkisins, að þær umræður verði harla langt frá öllu lifandi fólki. Menn tala um afkomu þjóðarbúsins, þjóðhagsspár og annað slíkt. Á fundi í fjárln., einum af mörgum, voru þeir Þjóðhagsstofnunarmenn spurðir hvernig spá þeirra hefði reynst á síðasta ári. Það kom raunar í ljós að nokkrar sveiflur urðu þar eins og annars staðar í þjóðfélaginu því þar skeikaði um 1% þjóðartekna. Það er kannski til þess að gefa okkur örlítinn vonarbjarma að ekki sé alveg að marka þær hrakspár sem fyrir okkur eru lagðar núna. Það er ekkert nýtt að við lifum í þjóðfélagi sem er afar sveiflukennt og við höfum áður orðið að bregðast við óvæntum atburðum, hvort sem það hafa verið náttúruhamfarir eða aflabrestur, og venjulega höfum við lifað það sæmilega af. Það svartagallsraus, sem yfir okkur er hellt núna, er nú kannski ofurlítið ýkt, ríkisstjórninni til aðstoðar.

Vissulega verðum við að vera raunsæ og það er ljóst að með minnkandi afla eru erfiðleikar fram undan sem við verðum að vinna bug á. Til þess erum við hér. Það verk verðum við auðvitað að vera saman um öll og leitast við, eins og unnt er, að vinna okkur fram úr þeim vanda.

Í fjárlagaræðu sinni, sagði hæstv. fjmrh., sem augljóslega er svo að þrotum kominn að hann getur ekki lagt á sig að sitja og hlýða á ræðumenn hér, en hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef í máli mínu lagt áherslu á fjögur lykilatriði sem móta stefnu og aðgerðir þessa fjárlagafrv. Þau eru: Að draga úr ríkisumsvifum og hleypa þannig nýjum þrótti í efnahagslíf þjóðarinnar. Að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu. Að renna styrkum stoðum undir velferðarkerfið. Að byggja traustan grunn fyrir komandi kjarasamninga."

Þetta er eiginlega eins og tekið upp úr þáttum Ragnars okkar Reykáss því allt er þetta auðvitað eintómt bull.

Það er ekkert sjálfgefið að það hleypi nýjum þrótti í efnahagslíf þjóðarinnar að draga úr ríkisumsvifum. Ég gæti átt langa samræðu við hæstv. fjmrh. um það og ég held það þurfi ekki að fara lengra en til nágranna okkar Breta til þess að sjá hvernig þeir fóru út úr því að einkavæða járnbrautirnar og fleiri fyrirtæki sem hrunið hafa niður síðan sú ágæta einkavæðing fór fram og hafa menn skrifað um það margar bækur.

Að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu er sjálfsögð setning sem ég held að hafi verið í öllum fjárlagaræðum fyrr og síðar.

Síðan vogar ráðherrann sér að segja að hann ætli að renna styrkum stoðum undir velferðarkerfið. Allt sem

lagt er til í þessu ágæta frv. er til þess eins að draga úr styrk velferðarkerfisins.

Að byggja traustan grunn fyrir komandi kjarasamninga — ekki einu sinni hafa þessir menn, hæstv. ríkisstjórn, haft rænu eða vit á því að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna um nokkurn skapaðan hlut. Beraðist það í sjónvarpi í kvöld þegar rætt var um margumræddan sjómannaafslátt, sem nú á náttúrlega að rýra, það þarf að fara að rýra tekjur sjómanna, þeir eiga það þá helst skilið. Eftir að hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, forustumaður í þeirra röðum, var búinn að marglýsa því yfir að fullt samkomulag væri um þessa hluti koma auðvitað sjómannasamtökin og segja að það sé ekki sannleikskorn í því. Hv. þm. varð að gjöra svo vel að biðja næstum því afsökunar í sjónvarpinu í kvöld.

Allt er þetta raunar á eina bókina lært og varla hefur svo verið flutt stjfrv. á þinginu í vetur að ekki hafi risið upp einn þingmaður, stundum tveir, úr stjórnarliðinu og mótmælt því harðlega og jafnvel hótað mönnum réttarhöldum ef umrædd frv. yrðu samþykkt. Þannig að þessi vinnubrögð öll eru náttúrlega satt best að segja ekki nokkrum manni bjóðandi.

Það er nefnilega eitt sem hv. þm. verða að vita og það er að ekkert vit er í að setja óréttmæt lög. Til þess að lög séu einhvers virði verður þjóðin að sætta sig við þau. Þetta eru gömul og ný sannindi, einfaldlega vegna þess að fólk fer ekki eftir óréttlátum lögum. Það vill svo til að samband er milli umbjóðenda okkar og okkar hér í þessu húsi. Þetta er ákaflega mikilvægt og ég mun koma að því seinna. Þá mun ég gera grein fyrir lögum sem fólk hefur verið sátt við og þess vegna hafa þau unnið vel.

Ef við lítum á, hæstv. forseti, hvað er í þessu fjárlagafrv. og þá er ég að hugsa um það sem snýr að lifandi fólki í þessu landi, að fjölskyldunum, börnunum, gamla fólkinu, sjúklingunum, fatlaða fólkinu, verkafólkinu okkar, sjómönnunum okkar, — hver er þá upptalningin? Það á að skerða barnabætur sem svo sannarlega margt ungt fólk munar um að fá. Skera á niður laun uppeldisstéttanna, opinberu starfsmannanna, fóstranna, kennaranna, hjúkrunarfólksins, umönnunarstéttanna o.s.frv. Nemendur í Háskóla Íslands eiga að greiða 17 þúsund krónur — eða guð má vita hver talan verður — fyrir það eitt að fá að fara í skólann. Hér hafa sem sagt verið tekin upp skólagjöld sem auðvitað eru endileysa vegna þess að óhjákvæmilegt verður að Lánasjóður ísl. námsmanna bregðist við þessu. Það á að stórskerða kjör námsmanna. Það á að pína sveitarfélögin til þess að hækka útsvar. Það á að draga þau hlunnindi sem sjómenn hafa haft með sjómannaafslætti, það eru verðlaunin til þeirra manna sem afla stærsta hluta þeirra tekna sem við lifum af. Atvinnulífið skal reyna að rústa eins og unnt er með því að taka upp auðlindaskatt, þrískatta sömu peningana með því að fara að leggja skatt á arð, útgreiddan arð. Búið er að bjarga því að barnaörorkustyrkur verði tekinn af og heldur er búið að laga ákvæði um þátttöku ríkisins í tannlækningum barna.

Þetta er aðeins yfirlitsupptalning og kann vel að vera að ég hafi gleymt einhverju. Við skulum byrja á mikilvægum þætti í þjóðlífinu sem er Lánasjóður ísl. námsmanna. Með lögum nr. 72/1982 um Lánasjóð ísl. námsmanna, mig minnir að lögin heiti Lög um námslán og styrki, var jafnrétti íslenskra ungmenna til náms tryggt. Frá upphafi var ljóst að verulegt fjármagn þyrfti að koma til frá ríkinu fyrstu árin en síðan yrði sjóðurinn sjálfum sér nógur þegar endurgreiðslur tækju að skila sér. Á sl. áratug hefur ríkisframlag sveiflast frá 50% til 90% og þess vegna hefur verið gripið til lántöku sem aldrei skyldi verið hafa. Mikill vaxtamunur er á námslánum sem einungis eru verðtryggð og lánum sem bera vexti og það hefur auðvitað skaðað sjóðinn verulega. Nú er talið að 66% af námsaðstoðinni á næsta ári þurfi að koma frá ríkinu og því vantar enn 600 milljónir í fjárlögum svo að ekki þurfi að koma til frekari lána. Verði þessari lántöku haldið áfram verður sjóðurinn kominn í algjöra blindgötu eftir örfá ár.

Það er mjög mikilvægt að tala ekki um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og hann sé einhver þurfalingur. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu sjóðsins frá því í apríl 1991 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis, miðað við 6% ávöxtunarkröfu, verður útkoman 3 milljarðar kr."

Núgildandi lög um námslán og námsstyrki eru nefnilega dæmi um lög sem nokkur friður hefur verið um. Námsmenn hafa verið sáttir við lögin, endurgreiðslur sýna það því að þær nema nú um 60%. Þær eru tekjutengdar og því greiða menn skuldir sínar við sjóðinn betur en almennt gerist og skil af gjaldföllnum skuldum eru 91% sem ég hygg að sé mjög há prósentutala af slíkum skuldum. Þessi sjóður þarfnast verulegra ríkisframlaga örfá næstu ár. En þegar sjóðurinn er kominn í jafnvægi og farinn að standa undir sér sjálfur er ég sannfærð um að við höfum byggt upp eitt besta námslánakerfi sem finnst í heiminum.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fram á Alþingi frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvers vegna — af hverju má það ekki vera í friði sem er vel gert? Ef það verður að lögum eru kjör íslenskra námsmanna skert verulega enda er sagt beinlínis í frv. og gefið í skyn að það sé von flytjenda að það dragi úr eftirspurn eftir námslánum. Það væri gaman að heyra frá hæstv. menntmrh., sem sýnist vera mjög þreyttur líka og af honum dregið eins og hann vill að fari fyrir námslánasjóðnum, hvort hann eigi við það að hann vilji að námsmönnum fækki, hvort hann vilji draga úr menntunarstigi í landinu. Hér hefur um árabil verið talað um að framtíð þjóðarinnar sé falin í auknu rannsóknarstarfi á öllum sviðum, bæði fyrir atvinnuvegina og fyrir þjóðfélagið allt og land og lýð. Er þá ráð að draga úr framlögum til námsmanna? Það held ég að geti ekki staðist. Stjórnarandstaðan mun

náttúrlega verja miklum tíma í að standa vörð um Lánasjóð ísl. námsmanna, annað er ekki við hæfi.

Það er ein meginhugsun sem er afgerandi röng þegar menn tala um Lánasjóð ísl. námsmanna. Menn leggja til jafns fjárfestingarlán og framfærslulán lánasjóðsins. Menn sem fá lán til húsnæðiskaupa eiga sitt hús og það er áþreifanleg eign. Menn sem leggja það á sig að læra, stunda langt nám, geta ekki unnið fyrir tekjum á meðan, eru ekki að fjárfesta í neinu nema menntun sinni og hún er ekki einkamál. Hún er fjárfesting samfélagsins alls. Námslán eru ósköp einfaldlega til þess að gera mönnum kleift að hafa þak yfir höfuðið og eitthvað að borða á meðan þeir stunda nám. Þeir eru ekki bara að því fyrir sig, þeir eru að gera það í þágu samfélagsins alls. Þetta er sú grundvallarhugsun sem mér finnst stundum að menn ekki skilji.

Aðförin að lánasjóðnum er auðvitað ekkert mikið öðruvísi en aðförin að öllu mennta- og menningarlífi í landinu. Það stendur til að skera það allt niður. Það er kannski eitthvað það aumingjalegasta sem ég hef lengi séð í fjárlögum að eftir að Þjóðarbókhlaðan hefur orðið fyrir þeirri meðferð sem hún hefur fengið, eftir að skattar sem fólk greiddi beinlínis til þess að hún yrði byggð voru af henni aftur teknir, á nú enn að finna tekjulind þar því að taka á svolítið frá Þjóðarbókhlöðunni vegna framkvæmda á Bessastöðum. Þjóðin virðist ekki hafa ráð á því, hvorki að byggja yfir forseta sinn né halda staðnum í sæmilegu lagi, nema taka það af Þjóðarbókhlöðunni, af öllum stofnunum. Þvílíkur dómadags aumingjaskapur.

Ég byrjaði á efri endanum á menntuninni í landinu en ég get alveg eins fært mig niður stigann. Því hefur verið bjargað að framhaldsskólanemendur þurfi einnig að fara að greiða skólagjöld og vonandi sjáum við þá tillögu ekki meir. En það stendur auðvitað til að draga úr fjárveitingum til allra skóla í landinu. Á síðasta þingi samþykktum við, og vorum harla ánægð með það, lög um leikskóla og lög um grunnskóla. Það fyrsta sem þessi hæstv. ríkisstjórn gerir er auðvitað að fresta framkvæmd þeirra. Ég get ekki stillt mig — því miður er hæstv. forseti þessa þings, Salome Þorkelsdóttir, ekki í salnum — en hún ásamt mér og fleirum flutti ár eftir ár tillögur hér í þinginu um samfelldan skólatíma og um skólamáltíðir. Við skyldum vænta að hæstv. forsetinn gæti haft veruleg áhrif á þessi mál en hæstv. ríkisstjórn virðist virða vilja hennar í þessum efnum að vettugi.

Ástandið í uppeldismálum okkar hér er orðið þannig að það er full ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af. Þjóðfélagið krefst þess að báðir foreldrar vinni úti frá ungum börnum, fólk þvælist með litlu börnin milli dagmæðra og leikskóla og eyðir stórfé í barnagæslu, stundum svo að erfitt er að sjá hvernig heimilin komast af. E.t.v. tekur þó verra við þegar börnin byrja skólagöngu vegna þess að enn verra ástand er varðandi gæslu barna sem byrjuð eru í skóla og eru þar kannski örfáa tíma á dag. Það er undarlegt að hv. þm. skuli ekki hafa af því meiri áhyggjur að íslensk börn eru alein heima, sérstaklega hér í stóru bæjunum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, obbann af deginum. 7, 8 og 9 ára börn ráða auðvitað ekkert við þetta. Þau geta ekki brugðist við neinu óvenjulegu sem kynni að koma upp. Auðvitað er þetta stórhættulegt og hafa auðvitað orðið, því miður, slys á þessum börnum.

Umferðarslys á íslenskum börnum eru verulega hærri, eins og skýrslur sýna, heldur en annars staðar gerist vegna þess að í löndunum hér í kringum okkur eru börn á þessum aldri alls ekkert látin vera ein á ferli. Ég tala ekki um hér uppi á Íslandi þar sem myrkrið er meira og lengri hluta ársins. Kennarar í grunnskólum berja á því í blaðagrein eftir blaðagrein hvernig ástandið er að verða með málþroska íslenskra barna. Í Mbl. 24. nóv. skrifar Ragnheiður Briem, sem er doktor í kennslufræði og kennari í íslenskum málvísindum við Menntaskólann í Reykjavík, langa grein og reyndar skrifaði hún aðra nokkru seinna þar sem hún segir satt að segja skelfilega hluti um málþroska bana. Svo ég taki örstuttar setningar úr því, hæstv. forseti, þá segir Ragnheiður Briem, með leyfi hæstv. forseta:

„Móðurmálskunnáttu Íslendinga, einkum ungu kynslóðarinnar, er áfátt. Þetta lýsir sér þannig að (ungt) fólk á æ erfiðara með að tjá hugsanir sínar bæði munnlega og skriflega. Orðaforði hefur rýrnað mjög svo að nú skilja nemendur ekki mál sem lá ljóst fyrir jafnöldrum þeirra fyrir tveimur áratugum. Þetta veldur m.a. því að kennarar þurfa að eyða dýrmætum tíma í að „þýða" ósköp venjulegar námsbækur á hálfgert barnamál ef efni þeirra á að komast til skila."

Þannig er ástandið að mati dr. Ragnheiðar á sama tíma og Námsgagnastofnun, sú stofnun sem á að útbúa námsefni fyrir íslenska skólanema, er svelt ár eftir ár og hefur alls ekki það fé sem til þarf. Það er eins og menn haldi að það geti ekkert komið fyrir Íslendinga, Íslendingar séu svo sterkir og sjálfstæðir og gáfaðir að á þeim hríni ekkert. Því miður er þetta ekki svo. Það tekur raunar ekki nema eina kynslóð að veikja þjóð menningarlega mjög alvarlega.

Í þessari grein Ragnheiðar segir hún að það sé algengt að börn svari sér á ensku ef hún yrði á þau í skólabekk. Ef börnin missa eitthvað á gólfið, lýsir hún hér, þá segja þau „thank you". Ef hún segir: Á ég að rétta þér þetta? Þá segja þau „yes please". Nú er ég ekkert að hafa á móti því að börn kunni ensku, það er svo sem allt í lagi. En grunur minn er sá að þessi kunnátta byggist á því að börnin hanga yfir sjónvarpstækjum eða myndböndum hálfu og heilu dagana og horfa á efni sem þau hafa auðvitað enga möguleika til að skilja og því síður nokkra manneskju til að leita til ef eitthvað veldur þeim ama eða áhyggjum.

Þetta getur ekki verið það líf sem við viljum búa börnunum okkar. Ég trúi því ekki. Satt að segja sýnist mér að kjör ungra fjölskyldna, sem eru að hefja búskap, séu slæm, samfélagið sé satt að segja afskaplega óvinsamlegt þeim hér á landi. Ég hygg að margt af námsfólkinu okkar, sem kemur frá t.d. Norðurlöndunum, verði illilega vart við þetta. Það er ætlast til að þetta unga fólk kaupi sér íbúð því leigumarkaðurinn er ekki nokkrum manni bjóðandi. Ef fólk skyldi vera svo lítið út undir sig að vera gift hvort öðru eru dagheim-

ilin svo til lokuð og algjörlega lokuð. Dagmóðir handa einu barni kostar líklega hátt í 30 þús., hygg ég, 26–27 þús. kr. Ef fólk skyldi nú eiga tvö börn þá geta menn lagt saman. Þá fer að verða lítið eftir af launum fólks og óskiljanlegt hvernig því er ætlað að greiða háar upphæðir af launum sínum. En þetta er svo sem búið að segja svo oft og helst sitja hér og hlýða þeir hv. þm. sem hafa haldið sömu töluna aftur og aftur. Kannski er það rétt mat hjá hæstv. forsrh. að við séum bara að tala hvert við annað hér í stjórnarandstöðunni og litlu máli skipti hvað við erum að segja.

Ég hygg að fyrr eða síðar verði hið háa Alþingi neytt til þess, af illri nauðsyn, að bregðast við þessu ástandi. Ég hygg að við þetta verði ekki búið. Við erum því miður að sjá fyrstu merki þessa ófremdarástands í uppeldi barna á Íslandi. Það vill svo til að ekki er með öllu illt að vera hér um nætur. Það varð til þess að ég átti leið um miðbæinn heim úr vinnunni eitt kvöldið og ég verð að segja það alveg eins og er að ég hélt að ég þekkti nokkuð Reykjavíkurborg og lífið í henni. En mig rak í rogastans að sjá unga fólkið í miðbænum. Það munu hafa verið prófalok í framhaldsskólunum og ég held að engan hv. þm. langi til að sjá þetta ástand meðal ungs fólks. Auðvitað er þetta ekki allur hópurinn en það var ekki fallegt það sem á ferli var. Þessi tala hefur verið haldin svo oft að kannski er mál að linni enda telur hæstv. ríkisstjórn ekki áhugavert að hlýða á það mál.

Í menningarmálunum er ráðist í þessu frv. að svo til öllu sem til mennta og menningar verður talið. Einn er sá þáttur íslenskrar menningar sem ég hygg að flestir Íslendingar hafi gleði og gagn af og taki þátt í en það eru áhugaleikfélögin á Íslandi sem eru í raun og veru dálítið sérstakt fyrirbæri. Á erlendum vettvangi hefur fólk ekki trúað manni þegar maður hefur lýst þessari starfsemi þar sem í minnstu samfélögum á Íslandi eyða menn frístundum sínum í að leika klassísk verk eins og ekkert sé. Má fara nærri um hvert gagn og hvert menningaratriði þetta er á hverjum stað. Þessi vaxtarbroddur skal auðvitað kyrktur. Bandalag íslenskra leikfélaga er að sjálfsögðu skorið niður við trog. Þannig er vegið að öllu því sem má til menningar verða.

Einn er sá þáttur, og þar tek ég undir með hv. 2. þm. Austurl., sem við leyfðum okkur að setja í menningarkaflann í nál. minni hluta fjárln. en það eru ferðamálin vegna þess að ekkert kynnir kannski betur íslenska menningu en skynsamleg ferðamálastefna. Nú er það svo að það hefur sýnt sig að sú atvinnugrein hefur verið að rísa og auðvelt í raun og veru að efla hana. En hvað gerist þá? Þá kemur hæstv. ríkisstjórn og sker verulega niður fjárframlög til ferðamála. Byggðasöfn, Þjóðminjasafn, Þjóðleikhús, Þjóðarbókhlaðan fékk einhverja peninga en þó þarf hún að verða til þess að hjálpa Bessastöðum um smáupphæð. En allt er þetta skorið niður við trog. Þess vegna höfum við alþýðubandalagsmenn á þskj. 327 lagt fram brtt., sem við erum svo sem ekki bjartsýn um að hafi mikið að segja. Við leggjum til að við 4. gr., 02-919 Söfn, ýmis framlög, 112 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar komi: Í stað 4.500 þús. komi 7.500 þús. kr. Þarna hefur ekkja Sigurjóns Ólafssonar komið upp á heimili þeirra hjóna einhverju fallegasta safni hér í borg, meira og minna ein og sjálf. Í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar var reynt að hjálpa til við þetta verkefni. Við leggjum það enn til og fyrsti flm. er Svavar Gestsson og aðrir eru Ragnar Arnalds og Guðrún Helgadóttir. Aðra brtt. leggjum við einnig fram við 4. gr., við liðinn 02-973 101 Þjóðleikhús. Í stað 254.500 þús. komi 277.500 þús. Það liggur ljóst fyrir að leikhúsið getur ekki starfað eins og því ber eðlilegan tíma nema það fái lágmarksrekstrarfé. Þá er á þskj. 327 3. till. við 4. gr. 02-982 Listir, framlög. 128 Kynning á íslenskri list erlendis. Þar leggjum við til að fyrir 9.000 þús. komi 20.000 þús.

Það eru alþýðubandalagsmenn sem hafa klifað á því um árabil og reynt að fá hið háa Alþingi til að skilja að list getur verið arðbær. Meira að segja er hægt að græða á list ef menn hlúa að henni og gera það vel og skynsamlega. Menn eru alltaf að tala um minjagripagerð og annað slíkt. Er til nokkuð betra sem minjagripur en góð bók á því tungumáli sem ferðamaðurinn getur lesið? Eða útlendingurinn sem kaupir bókina. Ég hygg að við séum æðimörg sem lítum við í bókabúð þegar við erum á ferð erlendis og festum kaup á þarlendri bók. Við eigum mikið af listafólki sem gæti svo hæglega verið gagnlegt við gerð minjagripa og mætti reisa þá iðn mjög verulega með því að láta í það peninga og kynna þessa list erlendis einnig.

Á þskj. 324 hefur hv. þm. Svavar Gestsson einnig lagt fram veigamiklar brtt. Hann mun gera grein fyrir þeim síðar. Aðrir hv. þm. Alþb. munu eflaust kynna sínar brtt. svo ég mun ekki eyða tíma hv. þm. í það en vek enn athygli á fleiri till. sem fluttar hafa verið um menningarmál. Þá vil ég sérstaklega geta brtt. á þskj. 325, sem er einnig við 4. gr., 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Ekki höfðum við farið þá leið að biðja um allt það sem sjóðurinn þyrfti að fá en við leggjum til að í staðinn fyrir 2.220.000 þús. komi 2.500.000 þús. sem mundi minnka nauðsynlega lántöku.

Hæstv. forseti. Það er erfitt að vera stuttorður þegar þetta frv. er annars vegar. Menn hafa fylgst með þeim farsa sem átt hefur sér stað hér í borginni varðandi sjúkrahús borgarinnar. Er satt að segja með hreinum ólíkindum hvernig að því máli var staðið. Hæstv. heilbrrh. kom á fund hv. fjárln. á föstudagskvöldi og kynnti að hann mundi leggja saman í eina stofnun Landakotsspítala og Borgarspítala. Aðspurður upplýsti hann að þetta skyldum við samþykkja næstkomandi þriðjudag. Við athugun á málinu kom í ljós að — og við vorum mörg sem það vissum — fyrir nokkru höfðu verið fengnir hingað mjög færir sérfræðingar í rekstri sjúkrahúsa til að gera úttekt á ríkisspítölunum. Höfðu menn þá fyrst og fremst í huga að bæta rekstur Landspítalans. Þessir menn, sem hafa mikla reynslu, fyrirtækið Ernst og Young, komu auðvitað auga á að í litlu samfélagi eins og okkar er óhjákvæmilegt að skoða önnur sjúkrahús um leið og eitt er skoðað. Þess vegna þótti þeim erfitt að vinna að stefnumörkun eins sjúkrahúss án tillits til annarra. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skal stjórnarnefnd ríkisspítalanna gera

þróunar- og rekstraráætlun a.m.k. fjögur ár fram í tímann. Að þessu sinni var sem sagt ákveðið að þetta fyrirtæki skyldi gera þessa úttekt. Það varð úr að þessir sérfræðingar skoðuðu þá kosti sem fyrir eru í Reykjavík og komust að þeirri niðurstöðu að óeðlilegt væri að leggja saman Landakotsspítala og Borgarspítala, það yrði einungis til að hér í borginni yrðu tvö stór sjúkrahús, svokölluð sérhæfð eða hátæknisjúkrahús, sem kepptu hvort við annað. Þar sem Landspítalinn væri einnig kennslustofnun, háskólasjúkrahús, væri eðlilegra að gera þessar tvær stofnanir, Borgarspítalann og Landspítalann að einni og koma þá upp fyrsta flokks háskólasjúkrahúsi og það varð niðurstaða sérfræðinganna. Þeir segja hér:

„Þjónusta sem krefst þverfaglegrar þekkingar, mikillar sérhæfni í einstökum greinum, dýrra tækja og þar sem sjúkratilfelli eru fremur fá, sérhæfð þjónusta verði sameinuð á einum stað, eða endurskipulögð á tveimur stöðum. Það mundi bæði leiða til aukinnar hagkvæmni og meiri gæða þjónustunnar m.a. vegna betri nýtingar, sérhæfðs starfsfólks og dýrra tækja, meiri reynslu við meðferð sjaldgæfra tilfella, betri möguleika á kennslu og rannsóknum og minni stjórnunarkostnaði." — Ég bið hæstv. forseta afsökunar á því að mér láðist að biðja um leyfi forseta til að lesa þetta úr skýrslunni. Þeir segja einnig hér, með leyfi forseta:

„Samruni ríkisspítalanna og Borgarspítalans með staðsetningu á tveimur stöðum; skipst verður á starfsemi og meðferð í því skyni að hafa samræmda starfsemi á hvorum stað; ríkisspítalarnir og Borgarspítalinn bæta hvor annan upp þannig að samvirkni og hagkvæmni yrði veruleg." Síðan yrði unnt að dreifa almennri þjónustu. Æskilegt væri að sameinaður Landspítali og Borgarspítali skipti við Landakot á bráðaþjónustu og annarri starfsemi sem dreift verður frá ríkisspítala að Borgarspítala. Hins vegar segja þeir:

„Samruni Borgarspítala og Landakots. Þannig yrðu til tvö sjúkrahús af svipaðri stærð, annars vegar ríkisspítalar og hins vegar Borgarspítali–Landakot. Hörð samkeppni yrði milli þeirra um fjármagn og starfsfólk. Bæði sjúkrahúsin mundu keppast við að verða leiðandi í sem flestum greinum sérhæfðrar læknisþjónustu. Þetta mundi leiða til meiri kostnaðar vegna verri nýtingar sérhæfðs starfsfólks og dýrra tækja og minni gæða vegna þess að sérfræðingar í undirsérgreinum fengju ekki tækifæri til að viðhalda hagnýtri reynslu. Með tilliti til fólksfæðar og takmarkaðs fjármagns til heilbrigðismála er því ekki réttlætanlegt að hafa mjög sérhæfða þjónustu á tveimur stöðum."

En stjórnvöld létu sig hvergi. Því er þannig farið að Landakotsspítalinn, sem byggður var af St. Jósefssystrum, var seldur fyrir nokkrum árum með þeim skilyrðum af systranna hálfu að honum yrði ekki breytt í veigamiklum atriðum nema með leyfi þeirra. Það hefur ekki einu sinni verið gengið úr skugga um það hvort þær væru hlynntar þessari sameiningu heldur var vaðið áfram og þá fyrst farið að tala við þær, ef það er þá búið, þegar einhver rifjaði þetta ákvæði upp. Að standa þannig að málum er auðvitað mikið meira en fyrir neðan allar hellur. Fjárln. kallaði báða aðila á sinn fund og varð allundrandi þegar í ljós kom að báðir aðilar voru heldur á móti því að gera þetta í miklum hasti. Þannig héldum við að það mál væri leyst. En það var ekki aldeilis, enn var tilkynnt að um þessa sameiningu væri að ræða. Síðan hefur það farið svo að til bjarga sér út úr þessum vanda hefur hæstv. ráðherra ákveðið að fresta málinu aðeins og búa til nýja nefnd.

Hæstv. forseti. Ég sé að hv. þm. eru orðnir dálítið óþolinmóðir að komast að hér og ég sé að ég mun vera búin að tala í næstum klukkutíma. (Gripið fram í.) Nei, ekki svo lengi? Hv. þm. bera sig ekki nærri eins illa og mér sýndist að þeir gerðu svo að ég mun eyða hér ofurlítið meiri tíma.

Þetta sjúkrahúsmál er náttúrlega eitt af þessum dæmum og eitt af stóru dæmunum um slík vinnubrögð. Það er hreint óskiljanlegt hvað hægt er að standa illa að hlutum. Á þessum fundi spurði ég hæstv. heilbrrh. hvort þingmenn gætu ekki fengið niðurstöður Ernsts og Youngs sem er mikið plagg. Ráðherra gaf lítið út á það svo ég upplýsti að ég hefði þetta undir höndum og hvort ráðuneytið vildi ekki dreifa þessu til þingmanna sem gætu þá kynnt sér málið. Þá svaraði hæstv. ráðherra því að ég gæti svo sem gert það sjálf og það gerði ég raunar. Á síðustu stundu kom skýrsla frá nefnd sem skipuð hafði verið til að athuga þennan samruna Borgarspítala og Landakots. Þeirri nefnd tókst ekki að vera sammála því hjúkrunarforstjórinn í hópnum skilar séráliti og lýsir algjörri andstöðu við málið. Sú skýrsla er reyndar heldur fátæklegt plagg og lítið að byggja á, svo vægt sé til orða tekið, því þar stendur að mögulegt sé að þessi samruni hafi sparnað í för með sér en gerir samt ráð fyrir því að formleg sameining spítalanna tveggja eigi sér stað fyrir áramótin 1991 og 1992. Þetta eru náttúrlega slík vinnubrögð að maður trúir ekki sínum eigin augum. Í kafla hér um kostnað stofnframkvæmda — ég tek það fram að þetta átti að vera sparnaðaraðgerð — heildarkostnaður við framkvæmdirnar er álitinn 1 milljarður. Þar af eru 700 millj. kr. til komnar vegna lúkningar framkvæmda sem þegar eru í gangi, þ.e. verklok við B-álmu og endurnýjun skurðstofu á Borgarspítala. Þannig er það afar erfitt að fá einhvern minnsta botn í hvað hér er verið að gera og verða nú hv. þm. að treysta því að þetta mál eigi sér ekki lengri lífdaga.

Ég veit satt að segja ekki af hverju ég á að taka til viðbótar. Sem betur fer hefur tekist að bjarga því að örorkustyrkur barna yrði tekinn úr heilbrigðiskerfinu. Það datt hæstv. ríkisstjórn í hug. Látum það vera, að færa ákvæði 10. gr. í lögum um málefni fatlaðra, sem er aðstoð við fólk sem getur ekki unnið vegna fötlunar barna, yfir í almannatryggingalögin og ég er ekkert á móti því. En þar með átti barnaörorkustyrkurinn að falla niður. Þetta er slíkt þekkingarleysi á eðlismuninum á þessum tveimur bótaflokkum að þetta hlýtur einhver að hafa samið sem veit ekkert um hvað málið snýst. Örorkustyrkur er greiddur vegna bæklunar eða vanþroska barna yngri en 16 ára sem hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og mikla umönnun. Þessi styrkur er greiddur á þremur stigum og er tiltölulega lágur. Ég má segja að lægsta greiðslan er kringum 6.000 kr.

og líklega hæsta upp í 12.000 eða 14.000 kr. Bætur skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra er allt annars eðlis vegna þess að þar er um að ræða börn sem eru í hjólastólum, börn sem verða að hafa manneskjuna með sér. Sú greiðsla er milli 40.000 og 50.000 kr. á mánuði enda verður annað hvort þeirra foreldra, sem fá fullan slíkan styrk, að vera með barninu. Síðan er styrkurinn skertur að nokkru leyti ef foreldri tekst að vinna einhvern hluta úr degi, t.d. ef börnin eru á sérhæfðum stofnunum eins og Öskjuhlíðarskóla eða einhverju slíku. Það kostulega var að þessi sparnaðarráðstöfun var dálítið skrýtin vegna þess að ef eitthvað af þeim börnum sem hafa haft barnaörorkustyrk yrðu færð upp í 10. gr. bæturnar þá er það að sjálfsögðu stór hækkun á útgjöldum. Þannig að það bar nú vott um að einhver hefði ekki vitað það sem hann átti að vita. En sem betur fer mun stjórnarandstöðuþingmönnum hafa tekist að fá menn ofan af þessari vitleysu í þingnefnd, annaðhvort í gær eða í dag.

Ekki er látið nægja að reyna að hafa af sjómönnum þessi skattfríðindi margumrædd sem kölluð hafa verið sjómannaafsláttur. Hér hafa menn flutt tillögur um að sæmilega verði séð fyrir björgunarmálum sjómanna og við höfum nokkur beitt okkur dálítið í því máli að keypt yrði nothæf og sæmandi björgunarþyrla til þess, hvort heldur er, að bjarga mönnum sem í sjávarháska lenda og ekkert síður eru slíkar þyrlur að flytja fólk á landi frá dreifðum byggðum þessa lands okkar. Látið er nægja að hafa einhverja heimild í 6. gr. svona rétt til þess að róa líklega hv. þm. Inga Björn Albertsson, en ekki hefur honum tekist enn að fá að mæla fyrir frv. sem hann hefur flutt um sama mál, til að tryggja að þetta verði virkilega gert. Að þessi kaup fari fram. Vitanlega eru engir peningar látnir í þetta og vitanlega verður engin þyrla keypt samkvæmt fjárlögunum eins og þau eru núna.

Enn er vikið að þessum aðalútvegi okkar þjóðar. Boð bárust til fjárln. að breyta liðnum Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Honum hafði verið skipt upp áður í almennan rekstur, yfirstjórn, rannsóknasvið og ekki síst útibú. Nú á þetta allt að koma í einn lið sem heitir Almenn starfsemi og ein upphæð látin í stofnunina. Það er því algjörlega í höndum ráðherra að leggja niður útibú ef til þess kæmi eða að stjórna þessu eins og hann einn vill. Þannig að vinna sjómanna er ekki mikils metin í þessu frv. sem við erum hér að ræða. Virðist ekki skipta miklu máli þó að Farmanna- og fiskimannasambandið sendi okkur tilkynningar öðru hverju. Varðandi þyrlumálin er í samþykktum frá 35. þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, 1. mál um öryggismál, og ég ætla að leyfa mér að lesa það, hæstv. forseti:

„35. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldið í Reykjavík 12.–15. nóv. 1991 skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja lög um kaup á öflugri björgunarþyrlu. Gengið verði frá kaupum á slíkri þyrlu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en á fyrri hluta árs 1992."

Hæstv. forseti. Það yrði sennilega of langt mál að fara ofan í alla þá liði í þessu frv. sem ástæða væri til. Ég trúi því satt að segja ekki — og mun þess vegna ekki gera það að megininntaki máls míns, enda gerði hv. 3. þm. Suðurl. það hér áðan — að sveitarfélög landsins verði svo fjársvelt með auknum álögum með þessari nýju kvöð að þurfa að sjá um löggæslu, ég vona að til þess komi ekki. En það segir sig auðvitað sjálft að það bitnar ekki á neinum nema íbúunum á þessum stöðum vegna þess að það er ljóst að án aukinna álaga er þetta ekki gerlegt. Enda til þess ætlast að íþyngja því fólki sem síst skyldi og er þá ekki langt frá þessari stefnu sem hér er höfð uppi í byggðamálum.

Eitthvað virðist hæstv. ríkisstjórn hafa verið óörugg um þetta, samanber minnisblað það frá fjmrn. sem kom eftir að búið var að prenta og leggja fram til 3. umr. fjárlagafrv. og vakti nokkra athygli.

Þá ætla ég að koma aðeins að skrýtnu máli sem liggur fyrir á þskj. 308 frá fjárln. og við tókum öll þátt í að skrifa upp á það, en það er nýr liður um að kaupa loðdýrahús og fylgifé þeirra á jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi í Árnessýslu.

Það er mikið haft við þessa tillögu sem ætti auðvitað að vera bara ósköp venjuleg brtt. við 6. gr., tvær, þrjár línur, eða þó þær væru fleiri, en hér leggur öll nefndin fram þessa tillögu á sérstöku þskj. og var mikil áhersla á það lögð. Nú skal ég fallast á að almennt er ég algjörlega hlynnt því að í sem allra mestum mæli eigi hæstv. ráðherrar að leita heimilda fyrir sem allra mestu af þeim greiðslum sem þeir bera ábyrgð á og þess vegna er sjálfsagt að leita heimildar til að greiða þetta. En það skondna í þessu máli er að auðvitað hafa margar slíkar greiðslur farið fram í því sama hæstv. landbrn. og ég óskaði að sjálfsögðu eftir því í nefndinni að fá lista yfir slík kaup á síðustu 10 árum og ef þetta var svona sérstakt í tíð hæstv. fyrrv. landbrh., Steingríms Sigfússonar, þá gat nú ekki verið mikið mál að gefa lista yfir það. En starfsmanni þingsins tókst ekki að fá þennan lista og ekki heldur lögfræðilegt álit lögfræðings ráðuneytisins sem ég vissi að var til og hæstv. fyrrv. landbrh. vissi einnig að var til. Þegar ljóst var að þetta kæmi ekki þá hringdi ég sjálf í ráðuneytið og las umræddum lögfræðingi smápistil um rétt alþingismanns til að biðja um slíkar upplýsingar. Hann var greinilega í vandræðum, var mjög svo kurteis, eins og honum bar, og lofaði að athuga þetta mjög gaumgæfilega. En það var ósköp auðfundið hvað var að. Ráðherrann meinaði manninum að gefa mér þessar upplýsingar. Það er auðvitað stóralvarlegt mál. En þannig er nú afstaða þessarar hæstv. ríkisstjórnar til alþingismanna.

Annað er að slíkar heimildir eru auðvitað ekki nærri alltaf sýnilegar og nægir að nefna þau dæmalausu jarðakaup sem áttu sér stað á jörðinni Flekkuvík, sem átti að fara undir álverksmiðju. Fasteignamat jarðarinnar var 285 þús. kr., ef vel var leitað, því einhver hluti jarðarinnar hafði ekki einu sinni verið metinn til fasteigna yfirleitt. Einhver holt og móar og ill yfirferðar. Þessi eign er keypt í tilefni af nýju álveri fyrir 106 millj. kr. og verður að segja að þetta dómadags örreytiskot sem Flekkuvíkin hefur alltaf verið, því ég

er allkunnug þarna á Ströndinni, varð skyndilega verðmætt. Dæmalausast af öllu er þó að sjá að fasteignamat eignanna var 10 millj. Nú vill svo til að ég veit nákvæmlega hvaða eignir eru þarna. Það er ein brunarúst af sumarbústað og stendur ekkert uppi nema gamall arinleggur. Það er ekkert eftir af bústaðnum, hann brann til grunna. Það er hús sem allt hefur verið rifið innan úr og ofan af og hlaðið mársteinum til viðbótar og átti þar með að stækka húsið. Hvorki er hægt að búa þar eða vera að sjálfsögðu og þykir mér það nokkuð mikið verðmæti að þetta skuli geta kostað 10 millj. Það segi ég satt að aldrei hefði ég trúað því að ég óskaði mér að ég hefði átt Flekkuvíkina því þar hefur satt að segja ekkert nokkurn tímann þrifist. Þetta þótti afar ill jörð til búskapar og útræði var þarna ekkert sérstaklega gott, eins og það er nú víða gott á Ströndinni og engan einasta mann hefði órað fyrir því að þessi jörð yrði nokkurn tímann verðmæt. En nú liggur ljóst fyrir að ríkið kemur til með að borga Njarðvíkurbæ, sem gerði þessi kaup, 108 millj. vegna þess að í kaupsamningnum er einfaldlega ákvæði um það. (Gripið fram í.) — 106 millj. voru það, það er rétt. (Gripið fram í.) Já, Vatnsleysustrandahreppur keypti þetta, Vogarnir þar með. (**Gripið fram í:** Hvað á að gera við jörðina?) Ríkið verður ósköp einfaldlega að borga þessa jörð sem nú þarf ekki að nota. Og legg ég nú til að hv. þm. geri sér ferð einhvern fallegan sunnudag og skoði Flekkuvík.

Ég spurði að sjálfsögðu: Af hverju þarf ekki að leita heimilda til þessa? Nei, það er nefnilega til sjóður í iðnrn. upp á hálfan milljarð, nógir peningar í honum, og hann er notaður til þess að bæta svona áföll, var mér sagt. En hann er alveg ótilgreindur og ég veit ekkert hvað annað en Flekkuvíkin verður greidd af því fé. Þess vegna þykir mér dæmalaust mikið haft við Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu að heilt þingskjal þurfi til og meira segja með greinargerð.

En á þessu vildi ég vekja athygli vegna þess að ég er alveg sammála fyrrv. hæstv. fjmrh., sem talaði um þetta mál í gær eða fyrradag, eða hvort það var í fyrrinótt, maður er alveg hættur að greina daga og nætur. Annaðhvort er að hafa þennan sið eða hafa hann ekki. Auðvitað er fráleitt að menn leiki hér einhvern pólitískan leik af því það kemur einhverjum hv. þm. kannski illa, þeir eru alla vega að vona það, að koma með svona tillögur á meðan menn hirða ekkert um önnur slík kaup sem auðvitað hafa farið fram. Einn hv. fjárlaganefndarþingmaður upplýsti að hann gæti nefnt mér dæmi. Hann liti bara svo á að það væri trúnaðarmál og ég var ekkert að pína sannheilagan manninn til þess að bregðast trúnaði. En sá hv. þm. er eini guðsmaðurinn hér á hinu háa Alþingi og til slíkra verður að gera sérstakar kröfur.

Það stendur heldur hvergi að á þessum erfiðu tímum í menningarmálum og lista var af miklum myndarskap keypt hús Sláturfélags Suðurlands á síðasta ári til þess að koma listaskólum landsins undir eitt þak. Glæsilegt hús og þetta var myndarlega gert. Nú liggur fyrir að það fær að standa þar sem það er, ónotað og hálf innréttað. Á meðan er t.d. Handíða- og myndlistarskólinn í Stórholti 1, Skipholti 25, í tveimur húsum eða jafnvel fleirum. Ég hef nú komið þarna og skoðað þarna árlega sýningu. Þetta eru hús sem hefur verið heldur illa haldið við, þetta eru að vísu 3.000 m^2 sem gefið er upp að skólinn leigi af einstaklingi hér í bæ, en það liggur ljóst fyrir og ég hef orð skólastjórans fyrir því að stór hluti þess er undir súð og óhæfur nema sem geymslur. Og ég bar þetta undir einn fyrrverandi nemanda skólans, hv. 9. þm. Reykn., Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem var þarna árum saman og staðfesti hún að það væri einungis lítill hluti af skólahúsnæðinu nothæfur. Hvað heldur hæstv. forseti að greitt sé fyrir þetta í mánaðarleigu? Og það skal tekið fram að skólinn hefur sjálfur, eða ríkið, haldið húsinu við. Það eru hvorki meira né minna en 1.687 þús. kr. á mánuði og mun þetta vera dýrasta húsaleiga alla vega hér á landi og ef ekki bara í heimskristninni.

Þeir sem hafa komið þarna sjá að þetta hús er ekki æskilegt til slíks en þó vildi skólastjóri taka það fram, ef ég færi að hafa orð á þessu hér sem ég sagði honum að ég mundi gera, einfaldlega vegna þess að ég sagði að það væri nær að nota þessa peninga til að innrétta SS-húsið fyrir skólann, að eigandi hússins sem lést á síðasta ári, þannig að þarna hafa orðið eigendaskipti, hafi ævinlega verið liðlegur og þægilegur við skólann og ég skal koma því hér með til skila. En auðvitað viðurkenndi skólastjóri að þessi húsaleiga væri út úr öllu korti. Við þetta hafa aldrei verið gerðar nokkrar athugasemdir, það veit þetta enginn, það er bara ausið fé í vasa manns í bænum og á meðan þetta glæsilega hús Sláturfélags Suðurlands stendur autt og ónotað þá er áætlað að húsaleiga þessara hjalla þarna uppi í Skipholti verði 28 millj. á árinu 1992.

Hæstv. forseti. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það er ekkert vit í þessu og maður fer að spyrja sjálfan sig þegar maður kemst fyrir einhverja tilviljun í svona vitleysu: Er þetta víða svona? Er þetta allt svona? Er ekkert vit í því sem verið er að gera? Það var alveg fullkomin tilviljun að ég fór að hugsa um þetta — vegna þess að ég fór að hafa orð á þessu Sláturfélagshúsi að mér varð hugsað þarna upp í Skipholt. Ég hugsaði: Hvað skyldi nú annars vera borgað fyrir þetta? og bað um að fjmrn. segði mér það og ég fékk þetta faxað, þessa húsaleigusamninga. Þeir gætu verið í haugum álíka, ef ekki verri, ég skal ekki fullyrða neitt um það. En þetta er ekki rétt og góð meðferð á peningum, svo mikið veit ég.

Hæstv. forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt þó af nógu sé að taka og vænti ég að hv. þm. sem eftir eiga að tala fylli upp í mjög svo kannski slitróttan málflutning minn en það var búið að fara vandlega yfir þetta frv. í heild. Þingmenn Alþb. munu síðan mæla fyrir tillögum. En ég vil að lokum taka fram að af þeirri litlu reynslu þann stutta tíma sem ég hef átt sæti í fjárln. hefur það verið næstum undantekningarlítið, hafi maður reynt að fara að setja sig inn í einhver mál, komast að einhverju sem maður taldi að betur gæti farið, þá var það alveg ljóst að það gat betur farið. Ég held, satt best að segja að það þyrfti að gera hreinsun, stórhreingerningu í ríkisfjármálum landsins. Það er eitt-

hvert kæruleysi sem skelfir mann í þessum málum.

Hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson fór að kanna húsaleigu af embættismannabústöðum. Auðvitað kom í ljós að ekkert vit var í því. Allt í skötulíki. Og af hverju? Það er bara af því að einhvern tímann var það þannig og það hefur ekki nokkrum lifandi manni dottið í hug að laga það eða bara skipta sér af því almennt og yfirleitt. Ég hef orðið fyrir alveg sömu reynslu að hvenær sem maður fer að hugsa um af hverju eitthvað er ekki svolítið betur rekið, þá kemur í ljós að það er enn þá verr rekið en mann óraði fyrir.

Ég vona að eftir þessa skelfilegu reynslu sem við höfum átt og þessa heldur dapurlegu sambúð sem við höfum átt í fjárln. hingað til, hún er ekki löng og getur batnað, að þá eigum við eftir að bera gæfu til að taka svolítið á þessum málum vegna þess að nú hefur það breyst í starfsemi fjárln. að við eigum að starfa allt árið. Þessi lota er bara byrjunin. Þegar fjárlög hafa verið afgreidd þá höfum við góðan tíma til þess að fara ofan í ríkisfjármálin og fara að vinna rétt eins og manneskjur og ég vona svo sannarlega að við munum gera það.

Ég sé að hv. formaður nefndarinnar er löngu orðinn leiður á mér, hann hefur verið það lengi, þannig að ég lýk máli mínu hæstv. forseti. (Gripið fram í.) — Nei, hann sýnist ekki vera mjög leiður. — En ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. að þetta frv. er ekki grínmál þó það sé hlaupinn í mann galsi hér á þriðja næturfundi í röð, heldur eru þessi fjárlög hættuleg og þau eru hættuleg fyrir fólkið í þessu landi. Fjárlög eru nefnilega ekki bara tölur á blaði og einhverjir dálkar sem eiga að ganga upp, þau fjalla um lífið í þessu landi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi fjárlög sem við nú erum að ræða í 3. umr. eru þess eðlis að það hefði þurft að stokka þau öll upp og gera á þeim fjölmargar breytingar, breyta forgangsröðinni og leggja á allt aðrar áherslur en í þeim kemur fram. Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., hefur gert ágæta grein fyrir skoðunum okkar kvennalistakvenna á þessu frv. fyrr í umræðunni og þarf ég auðvitað ekki að endurtaka það en það er slæmt til þess að vita að í þessu fjárlagafrv. skuli koma fram þær áherslur sem hér hefur verið gerð grein fyrir, m.a. af henni. En það má segja að frv. höggvi að rótum velferðarkerfisins og að tilraun sé gerð til að leggja það í rúst. Í stað þess að taka upp allt fjárlagafrv., gera á því róttækar breytingar eins og hefði verið best, þá kusum við að leggja fram örfáar brtt. þar sem ekki var vinnandi vegur að gera allar þær breytingar sem maður hefði gjarnan kosið á þeim stutta tíma sem okkur var ætlaður. Við vonuðum að í fjárln. væri hægt að hafa einhver áhrif á þetta frv. en því miður var raunin sú að ekki var hlustað nægjanlega á raddir minni hlutans og ábendingar sem komu frá fulltrúa okkar þar svo að þjóðin verður væntanlega að sitja uppi með slæm fjárlög á næsta ári. En við teljum að röngu áherslurnar komi ekki eingöngu fram á gjaldahliðinni því þær koma ekki síður fram á tekjuhliðinni þar sem áhersla er fyrst og fremst lögð á að skattleggja þá sem minna mega sín en þeir sem peningana hafa sleppa meira eða minna. Ekki kemur fram frv. um skatt á fjármagnstekjur sem þó hefur verið talað um lengi en í staðinn er lagt til að skattleggja barnafjölskyldur sérstaklega svo dæmi sé tekið.

Ég ætla að gera grein fyrir brtt. sem við þingkonur Kvennalistans flytjum. Þær eru á þskj. 309 og eru í fimm liðum. Þær eru allar við 4. gr. en 1. brtt. er við lið 01-171 Byggðastofnun. Við leggjum til að þar komi nýr liður: Byggðastofnun, framlag til atvinnuþróunar fyrir konur á landsbyggðinni 50 millj. kr.

Þetta er ekki há upphæð og er sama upphæð og við lögðum til að sett yrði á fjárlög þessa árs en því miður var sú tillaga okkar, sem við fluttum við síðasta frv. til fjárlaga, ekki samþykkt. Eins og þingmönnum er eflaust kunnugt fluttu þingkonur Kvennalistans sem sátu í neðri deild á 113. löggjafarþingi frv. til laga um breytingar á lögum um Byggðastofnun. Fyrsti flm. þess frv. var Málmfríður Sigurðardóttir og í því frv. var gert ráð fyrir að við Byggðastofnun starfaði deild sem hefði það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Eins og segir í 1. gr. frv., með leyfi forseta: „Til starfsemi deildarinnar skulu renna a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar og skal þeim varið til reksturs deildarinnar, ráðgjafar, lána, styrkja og annarrar fyrirgreiðslu vegna atvinnustarfsemi kvenna."

Atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar einhæft. Sums staðar stendur byggðarlagið og fellur með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki. Það þarf ekkert að lýsa því fyrir hv. þm. hversu algengt þetta er á landsbyggðinni og eru mörg dæmi um það að þegar eitt fyrirtæki verður gjaldþrota þá leggur það byggðarlagið nánast í rúst. Þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsháttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilisins. Er löngu orðið tímabært að taka mið af þeirri staðreynd. Hér á landi hefur mjög lítið verið gert af því að leggja áherslu á að skapa störf fyrir konur. Aðaláherslan hefur verið lögð á karla og þar get ég nefnt sem dæmi það álver sem hér átti að byggja því það var í raun fyrst og fremst miðað við karla, því að konur eru ekki mjög áfjáðar í að vinna í verksmiðjum eins og álverum hvorki hér á landi né annars staðar. Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa áttað sig á því hversu nauðsynlegt það er að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um búsetuþróun. Þar eins og hér bitnar aukið atvinnuleysi og skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Hefur því víða verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu atvinnu með tilliti til hugmynda og aðstæðna kvenna. Ég get nefnt sem dæmi að í Noregi, sérstaklega í norður hluta Noregs hefur sérstök áhersla verið lögð á uppbyggingu atvinnutækifæra fyrir kon-

ur og — ekki vil ég endilega orða það með góðum árangri en með sæmilega góðum árangri.

Árið 1986 var atvinnuþátttaka kvenna hér á landi 90,1%. Þátttaka giftra kvenna í atvinnu utan heimilis hefur aukist úr 20% árið 1960 í 84% árið 1986. Nú fer atvinnuleysi hins vegar vaxandi og kemur harðar niður á konum en körlum. Skráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla en þar að auki er vitað mál að dulið eða óskráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, einkum í dreifbýli. Það má benda á að 40% lögbýla í landinu bera aðeins eitt ársverk eða minna. Allt ber því að sama brunni, það vantar ný störf fyrir konur.

Ætla mætti að einhverjir ráðamenn hafi komið auga á fyrrnefndar staðreyndir, samanber eftirfarandi setningu í málefnasamningi fyrrv. ríkisstjórnar þar sem stóð að sérstakt átak yrði gert til að auka fjölbreytni í atvinnulífi kvenna á landsbyggðinni. Það er ekki mjög mikið um þetta atriði í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar en vert er þó að geta þess að í fjárlögum ársins 1991 er í lið undir félmrn. gert ráð fyrir fjármunum sérstaklega til þess að efla atvinnu kvenna á landsbyggðinni og einnig er eilítið fjármagn, 15 millj., í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992. Það er ekki há upphæð og teljum við hana raunar vera í lægri kantinum en teljum að eðlilegra sé að verja 50 millj. til Byggðastofnunar í sérstakt framlag til atvinnuþróunar fyrir konur þannig að það fari í gegnum hana.

Það var skoðun okkar, sem fluttum þetta frv. á sínum tíma, að eðlilegt væri að þetta fé sem þarna færi til Byggðastofnunar yrði varið til að stofnuð yrði sérstök kvennadeild innan Byggðastofnunar og að þessi kvennadeild yrði staðsett á Akureyri. Okkur fannst við hæfi að hún starfaði úti á landi en ekki í Reykjavík enda er útibú Byggðastofnunar á Akureyri og því ekkert því til fyrirstöðu að þessi kvennadeild yrði staðsett þar.

Við töldum einnig á sínum tíma og teljum reyndar enn ef af þessu getur orðið að einungis konur starfi við þessa deild sem hafi reynslu í jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf.

Átak til eflingar atvinnu fyrir konur í dreifbýli getur vissulega fallið undir almenna starfsemi Byggðastofnunar en reynslan hefur þó sýnt að hætt er við að önnur verkefni fái sjálfkrafa forgang. Þess vegna þarf að marka kvennadeild sérstakan sess með lögum og þess vegna var það frv. flutt hér á 113. löggjafarþingi um að eðlilegt væri að Byggðastofnun setti á stofn sérstaka kvennadeild. En þetta var ekki eina tillagan sem lögð var fram af hálfu Kvennalistans sem lagði áherslu á mikilvægi þess að auka atvinnu fyrir konur á landsbyggðinni. Að frumkvæði kvennalistakvenna var samþykkt tillaga hér á Alþingi þann 19. mars árið 1990 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu — og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu ... (**Gripið fram í:** Ekki lesa alveg svona hratt ég næ því ekki að fylgjast með.) Nú, er ég farin að taka hæstv. forsrh. mér til fyrirmyndar? Ég er nefnilega sama marki brennd og hann að tala of hratt. Ég skal reyna að lesa mjög hægt, ég er að lesa þáltill., með leyfi forseta, um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni með áherslu á fjarvinnu. Hún var samþykkt á Alþingi 19. mars 1990 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta, svo og hvernig auka megi tölvufræðslu.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna."

Fyrsti flm. tillögunnar var Danfríður Skarphéðinsdóttir en atvmn. Sþ. samþykkti að mæla með henni og var hún samþykkt eins og ég sagði áðan 19. mars 1990.

Þetta er annað verkefni þar sem við getum tekið nágrannalönd okkar til fyrirmyndar en í flestum nágrannalöndunum hefur verið reynt að flytja verkefni frá stofnunum á höfuðborgarsvæðum og svæðum sem eru mjög þéttbýl til dreifbýlisins, m.a. með svokölluðum fjarvinnustofum. Það er hægt að gera á tiltölulega auðveldan hátt ef notuð er nútímatækni þannig að störf fyrir konur sérstaklega eru oft auðveldari á svona stofum en ýmis önnur atvinnutækfæri eins og í stóriðju og þess háttar fyrirtækjum.

Þá lögðum við einnig til að sett yrði á stofn starf heimilisiðnaðarráðgjafa. Sú tillaga var einnig samþykkt en fyrsti flm. þeirrar tillögu var Snjólaug Guðmundsdóttir, varaþingmaður Kvennalistans á síðasta kjörtímabili. Þáltill. gekk fyrst og fremst út á það að Alþingi ályktaði að fela forsrh. að kanna möguleikana á því að setja á stofn stöðu heimilisiðnaðarráðgjafa sem sæi sérstaklega um heimilisiðnað og minjagripagerð á landsbyggðinni. Ég veit því miður ekki hversu langt þetta mál er komið en vonast til þess að stjórnvöld noti öll þau tækifæri sem Alþingi hefur bent á að væru til staðar til þess að auka atvinnu á landsbyggðinni og auka fjölbreytni. Það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er að nota þann kraft sem til staðar er víða um land en ekki að drepa niður allan áhuga og vilja og trú fólks á sjálft sig, landið og þjóðina, eins og mér finnst bera á meira og minna núna í orðum stjórnvalda. Allt er málað svart og fólk getur varla trúað að hægt sé að vinna sig út úr því svartnætti og þeim öldudal sem stjórnvöld lýsa að við séum í. Ég tel það vera mjög hættulegt. Það á frekar að reyna að laða fólk til samstarfs, benda á hvaða möguleikar eru fyrir hendi, hlusta á hvað fólkið hefur að segja og reyna síðan að vinna okkur út úr þeim erfiðleikum sem við erum í en vera ekki með þetta svartagallsraus sem mér finnst allt of mikið vera um þessa dagana. Það er enginn að segja að við séum ekki í erfiðleikum en ef allir hjálpast að er hægt að vinna sig út úr erfiðleikunum en ekki með þeim aðferðum sem ríkisstjórnin virðist ætla að nota, þ.e. að láta þá sem minna mega sín bera stærstu byrð-

arnar, en þeir sem meira hafa eiga að njóta þess sem þeir hafa notið hingað til. Það á ekki að skerða á nokkurn hátt rétt þeirra og möguleika til að skapa sér enn meira fjármagn.

Þetta var örlítið til að skýra 1. tölul. brtt. á þskj. 309. Auðvitað væri hægt að hafa miklu lengra mál um þennan lið en ég læt þetta duga á þessari nóttu.

Í öðru lagi leggjum við til að við 4. gr. framlag til Kvennasögusafns hækki úr 1 millj. kr. í 1,5 millj. kr. Þetta er mjög hógvær tillaga. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 1,5 millj. kr. til Kvennasögusafnsins þannig að frv. gerir ráð fyrir lækkun frá því sem nú er. Af mikilli hógværð gerum við ráð fyrir að krónutalan verði sú sama á fjárlögum þessa árs.

Kvennasögusafnið er mjög merkilegt safn. Það var stofnað árið 1975 á kvennaáratugnum og það var dr. Anna Sigurðardóttir sem stofnaði þetta safn og hefur starfað þar að mestu ein. Hún hefur rekið þetta safn með miklum myndarskap og fengið alltof lítinn stuðning til þessa merkilega starfs. Þar er safnað bókum, tímaritum, blaðaúrklippum og fleiru um konur. Safnið hefur einnig gefið út bækur, t.d. Vinna kvenna í 1000 ár og Allt var með öðrum dóm áður í páfadóm, svo ég nefni tvær mjög merkilegar bækur sem safnið hefur gefið út og ættu þingmenn að kynna sér þær sérstaklega. Ég á von á því að ekki verði erfitt fyrir þingheim að samþykkja þessa brtt. svo hógvær sem hún er og svo nauðsynlegt sem þetta mál er fyrir þjóðina. En skemmst er frá því að segja að saga kvenna hefur langt frá því verið gerð sú skil sem þarf og þarna er verið að vinna merkilegt starf.

Þriðja brtt. er við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, um að við bætist nýr liður: 162 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM. Við leggjum til að þessi liður verði 10 millj. kr.

Á fjárlögum þessa árs er sérstakur liður sem heitir þessu sama nafni þar sem gert var ráð fyrir 1.100 þús.kr. til UNIFEM. Nú er gert ráð fyrir því að utanrrn. ákveði hversu mikið fer til UNIFEM og samkvæmt mínum upplýsingum er gert ráð fyrir að þar komi 1.200 þús. kr. í ár. Það er auðvitað allt of lítið. UNIFEM er sjóður til hjálpar konum í þróunarlöndum Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og Kyrrahafseyjum. Ég ætla að lesa örlítið um sjóðinn og það sem ég les er upp úr fréttabréfi UNIFEM á Íslandi sem er gefið út í júní 1991, þar sem segir í stuttu máli frá því hvað sjóðurinn er og hverju hann stendur fyrir. Þingmönnum til glöggvunar tel ég nauðsynlegt að gera það til þess að menn sjái að þessar 10 millj. kr. eru langt frá því að vera of há upphæð. Með leyfi forseta ætla ég að lesa örlítið upp úr þessu fréttabréfi:

„Sjóðurinn var stofnaður 1976 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Fyrst í stað hét hann Samskotasjóður Sameinuðu þjóðanna vegna kvennaáratugarins. Árið 1985, að áratugnum loknum, fékk hann svo nafnið UNIFEM. UNIFEM er sjálfstæður sjóður en í tengslum við UNDP sem er Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna. UNIFEM hefur tvö meginmarkmið:

Að styðja konur í þróunarlöndunum bæði fjárhagslega og tæknilega til ýmissa verkefna. Stuðningurinn er tímabundinn, mest í tvö ár.

Að gæta þess að konur ekki síður en karlar fái notið þeirrar þróunaraðstoðar sem UNDP veitir.

Verkefni UNIFEM eru margvísleg. Þau eru á sviði matvælaframleiðslu, aðstoð við að ná í hreint vatn og eldsneyti, tengd heilsugæslu og framleiðsla á ýmsum varningi að ógleymdum störfum að umhverfisvernd, en umhverfisspjöll eru iðulega fylgifiskar fáfræði og fátæktar. Mikil áhersla er lögð á að gera konur sjálfbjarga. Einnig er þess gætt að aðstoðin henti þeim, reynslu þeirra og menningu. Nú þegar hefur konum í 104 löndum verið veitt margvísleg hjálp. Þegar þörf þykir er leitað aðstoðar annarra deilda Sameinuðu þjóðanna. Þannig hefur verið hægt að takmarka yfirbyggingu sjóðsins, enda er hann talinn einn besti rekni sjóður Sameinuðu þjóðanna og til fyrirmyndar öðrum sem standa að þróunaraðstoð.

Peningarnir sem sjóðnum berast þykja hafa nýst vel í starfinu. Það á ekki einungis skýringu sína í því hve yfirbyggingin er lítil heldur einnig í því að þau verkefni sem UNIFEM hefur valið sér eru yfirleitt ekki fjárfrek. Það hefur raunar einkennt alla þróunaraðstoð konum til handa að verkefnin eru smærri í sniðum en lukkast þá að sama skapi oft betur en mörg dýrari verkefni.

UNIFEM fær ekki föst fjárframlög frá Sameinuðu þjóðunum heldur frjáls framlög frá aðildarlöndunum og frá UNIFEM-félögunum sem nú eru 13 talsins. Þá greiða ýmis félög eins og Soroptimistar og heildarsamtök Zonta drjúga upphæð til UNIFEM árlega."

Það er kannski rétt, virðulegi forseti, að leggja áherslu á að UNIFEM fær ekki föst fjárframlög frá Sameinuðu þjóðunum. Ég les áfram úr fréttabréfinu:

„Íslendingar eru þekktir fyrir að gefa lítið til þróunaraðstoðar eða um 1/10 af því sem ríki Sameinuðu þjóðanna ákváðu sem lágmarksviðmiðun. Ég þekki ekki ástæðuna en að hluta til gæti hún verið vantrú á að peningarnir skiluðu sér. Þegar UNIFEM á Íslandi hefur greitt nægilega mikið í sjóðinn til að geta staðið undir einhverju verkefni getum við fylgst með framvindu þess og þannig fundið að peningarnir hafa komið að notum.

Á þingi UNIFEM-félaganna sem haldið var í Torino á Ítalíu dagana 21.–24. apríl sl. kom fram að ríkisstjórnir flestra landa styrkja UNIFEM-félögin með einhverjum hætti. Sums staðar er þeim séð fyrir rekstrarkostnaði, annars staðar greiðir ríkið allt að 40% af kostnaði við verkefni sem UNIFEM-félagið tekur að sér. Það er góður kostur fyrir ríkið að taka þátt í verkefnum með þessum hætti því þá fær það að fylgjast með gangi þeirra en hin almenna regla er að alþjóðlegir sjóðir gera ekki grein fyrir því til hvaða verkefna framlög einstakra ríkja renna.

Á þinginu kom einnig fram að meginhlutverk UNIFEM-félaganna væri kynning á starfinu og að gæta þess að stjórnir landanna hækki fremur en felli niður stuðning við UNIFEM. Til þess að fá sérverkefni þurfum við að safna fé og allar hugmyndir um aðferðir til þess eru vel þegnar.

Það er samdóma álit okkar sem þingið sátu að áríðandi væri að koma því á framfæri á Vesturlöndum að konurnar í þróunarlöndunum eru ekki einvörðungu þiggjendur heldur búa þær yfir mikilli þekkingu og eru bæði skapandi og hafa frumkvæði. Aðstæður þeirra eru hins vegar oft afar slæmar þannig að langur starfsdagur fer í allra brýnustu verk og hrekkur jafnvel ekki til. Okkar hlutverk er að létta undir með þeim þannig að þeim gefst tími og afgangs orka til skapandi og gefandi starfa."

Ég er sannfærð um það að ef Alþingi ákveður að styrkja UNIFEM með myndarlegri hætti en gert er ráð fyrir í þessu frv., mun þróunaraðstoð, sem við leggjum til, koma að mjög góðum notum. Varla þarf að segja þingmönnum frá því að konur í þróunarlöndum bera uppi meira og minna alla matvælaframleiðslu, þær sjá um heimilið og þær stjórna að meira eða minna leyti því sem fram fer í þjóðfélaginu. Karlarnir eru miklu meira í burtu frá heimilunum þannig að sú þróunaraðstoð sem best kemur er aðstoð sem fer til kvennanna því að þær eru fjárhaldsmennirnir, það eru þær sem sjá um að halda uppi þjóðfélaginu að meira eða minna leyti.

Í tilefni af framlagningu þess frv. sem við nú ræðum sendi UNIFEM alþingismönnum bréf til að hvetja þá til að styðja UNIFEM og langar mig til að lesa nokkrar línur úr því bréfi, með leyfi forseta:

„Meginviðfangsefni UNIFEM er að gera konum í þróunarlöndum kleift að afla sér þekkingar og útvega konum lán, tæki og áhöld til að létta þeim störfin. UNIFEM byggir starfsemi sína á frjálsum framlögum sem koma frá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og styrktarfélögum UNIFEM. Verkefni þróunarsjóðsins eru mörg og fjölbreytt en yfirleitt einföld og kostnaðarlítil sem slík. Verkefnin felast gjarnan í því að konum eru veitt víkjandi lán til að standa straum af kostnaði við atvinnuuppbyggingu og markaðssetningu. Aðstoðin beinist að konum þar sem meiri hluti þeirrar vinnu sem fer fram í þróunarlöndunum er unninn af þeim. Jafnframt hafa konur ekki jafngreiðan aðgang að fjármagni eins og karlar. Bein þróunaraðstoð við konur skilar sér til fjölskyldna þeirra með einum eða öðrum hætti."

Bréfið er nokkuð lengra, ég býst við að þingmenn hafi almennt fengið bréfið svo að ég ætla ekki að verja tíma þessarar nætur í að lesa meira af því sem þar kemur fram, en ég tel að sú upphæð sem við leggjum til í 3. tölul. brtt. á þskj. 309 sé algjör lágmarksupphæð og er þar ákaflega lítil hækkun sem við leggjum til frá því það sem við lögðum til í fyrra. Þá lögðum við til að það yrðu 9,6 millj. kr. sem færu í þetta en við leggjum einungis til 10 millj. kr. núna. En til samanburðar á því sem við erum hér með get ég nefnt að til Atlantshafsbandalagsins borgum við 29 millj. ef ég man rétt.

Ég vil einnig minna á það, virðulegur forseti, að í fjárlögunum núna eru mjög margir liðir sem eru alþjóðastofnanir. Þar er m.a. Atlantshafbandalagið, þar er EFTA og þar eru fleiri og fleiri liðir sem eru meira og minna skylduframlög. Eftir því sem mér skilst og ég veit best er okkar hlutur oft reiknaður í erlendum krónum og svo yfirfærður yfir í íslenska peninga. Mikið af því er örlítið í hærri kantinum vegna óvissrar gengisþróunar eftir því sem mér skilst. Það þýðir að það er ekkert ólíklegt að einhver afgangur verði af þessum liðum. Mér finnst mjög eðlilegt að sá afgangur fari til UNIFEM. Ég hef upplýsingar um að liðurinn sem er til EFTA-skrifstofunnar er liðlega 40 millj., ég man ekki tölurnar því ég hafði ekki frv. með hér í stólinn. Þá má ætla að það sé ofáætlað um u.þ.b. 2,4 millj. Það þýðir að hægt væri að taka af þeim lið og setja yfir í UNIFEM. — Þetta er undir Alþjóðastofnanir, eins og ég sagði áðan, liðurinn heitir það, 03-401. Ég vil því beina því til hæstv. utanrrh. sem að vísu er ekki hér en ég vænti þess að hann muni geta lesið það sem ég hef hér fram fært. Það eru 47,6 millj. sem fara til EFTA og ef það verður aukapeningur þar sem allt útlit er fyrir, upp á 2,2–2,4 millj., þá verði það sett í UNIFEM sem og aðrir liðir hér undir Alþjóðastofnanir. Því nú er heimilt að flytja á milli liða innan fjárlaganna, þannig að heimildirnar til þess að flytja milli liða eru miklu rýmri en áður.

Í fjórða lagi leggjum við til að liður 140, undir fjárlagalið 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi, Kvennaathvarf í Reykjavík, hækki örlítið.

Í frv. er gert ráð fyrir að Kvennaathvarfið í Reykjavík fái 11,8 millj. en við leggjum til að það hækki upp í 15 millj. Kvennaathvarfið sækir um 15 millj. og við teljum að það sé alveg lágmark að verða við því. Ég vil minna á að Kvennaathvarfið hefur alltaf verið mjög raunsætt í öllum áætlunum. Það hefur aldrei sótt um nema akkúrat það sem þarf til þess að geta rekið sína starfsemi og þegar Alþingi hefur skorið við nögl, veitt minna en áætlað hefur verið þá hafa alltaf hlotist vandræði. Þannig að 15 millj. tel ég að sé alveg raunhæf tala.

Meiri hluti fjárln. leggur til örlitla hækkun á þessum lið og auðvitað munum við styðja þá brtt., ef þessi brtt. sem við leggjum til verður ekki samþykkt, sem ég auðvitað vona. Og ég trúi ekki öðru en þegar þingmenn athuga aðeins málið sjái þeir að ekkert veitir af að setja þessa peninga í Kvennaathvarfið.

Því miður hefur ofbeldi enn færst í vöxt og verð ég að hryggja þingmenn með því að á fyrstu sex mánuðum þessa árs voru dvalardagar kvenna í Kvennaathvarfinu yfir 1.000. Ef við tökum fyrstu sex mánuði sl. árs til samanburðar voru þeir 382, þannig að þetta er veruleg aukning. Dvalardagar barna voru 2.030, fyrstu sex mánuði þessa árs en á fyrstu sex mánuðum ársins 1990 voru þeir 648, þannig að, það er ömurlegt að þurfa að segja þetta, því miður er þetta veruleg aukning.

Til Kvennaathvarfsins leita konur af öllu landinu. Þær hringja líka, leita ráðgjafar og fleira og fleira. Það eru ekki eingöngu konur hér á þessu svæði sem leita eftir aðstoð heldur konur víða að. Ég held að áætlað sé að a.m.k. um 30% þeirra sem koma séu frá öðrum byggðarlögum en höfuðborgarsvæðinu.

Samtök um kvennaathvarf hafa sótt um styrk til ríkisins á hverju ári sem nemur um 70% af rekstrarkostn-

aði. 30% kemur frá sveitarfélögum, frjálsum framlögum einstaklinga o.fl. Það er einungis sótt um styrk til rekstursins, launa, launatengdra gjalda, matarkaupa, hita, rafmagns, síma og annað. En dvalarkonur sjá sjálfar um húshald, matseld, þvotta og þrif.

Hús athvarfsins er keypt fyrir frjáls framlög almennings, fyrirtækja og félagasamtaka og sama gildir um viðhald. En húsið er gamalt, það var byggt skömmu eftir aldamótin.

Ég held að við verðum að styðja við þessa starfsemi með myndarlegum hætti svo ömurlegt sem það er að hér þurfi að vera starfandi kvennaathvarf. Og þar sem fjárhagsáætlun Kvennaathvarfsins er mjög hógvær, hefur alltaf verið það, held ég að öllum ætti að vera ljóst að sú upphæð sem gert er ráð fyrir á fjárlögum dugar alls ekki til. Ég óttast að sú hækkun frá meiri hluta fjárln., sem ég vissulega fagna, muni því miður heldur ekki duga. Þess vegna leggjum við til að fjárveiting verði 15 millj.

Við leggjum einnig til að Stígamót fái eilitla hækkun. Á fjárlögum er gert ráð fyrir að Stígamót fái 5 millj., en við höfum gert tillögu um að sú upphæð hækki upp í 7 millj. Það sama gildir um Stígamót og Kvennaathvarfið að meiri hluti fjárln. hefur gert tillögu um örlitla hækkun, en við teljum að hún þurfi að vera heldur meiri. Að vísu sækja Stígamót um verulega mikið hærri upphæð en í ljósi þrenginga teljum við að eðlilegt væri að veita hærri upphæð en hér er gert ráð fyrir þó við treystum okkur ekki, að svo komnu máli, til þess að gera tillögur um allt sem beðið er um, sem er 17 millj. kr.

Mig langar, virðulegi forseti, að lesa örlítið upp úr erindi sem Stígamót sendi fjárln. Alþingis til þess að skýra hvað þar fer fram. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þrjár eða fjórar efnisgreinar:

„Stígamót, miðstöð fyrir konur og börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi, og Vinnuhópur gegn sifjaspellum hafa starfað undir sama þaki frá opnun Stígamóta 8. mars 1990. Verkefni þessara tveggja eininga voru mjög lík og skarast verulega. Til einföldunar og hagræðingar var rekstur Vinnuhóps gegn sifjaspellum sameinaður rekstri Stígamóta þann 1. maí sl. Eftir sameiningu Stígamóta og Vinnuhóps gegn sifjaspellum eru starfskonur í 2,75 stöðugildum. Starfskonur hafa ekki undan að sinna nema mest aðkallandi verkefnum og því brýnt að tryggja fjármagn til að hægt verði að ráða fleiri konur til starfa. Mjög mikilvæg verkefni eru óunnin hvað varðar fræðslu, gerð fræðsluefnis, útgáfustarfsemi og annað fyrirbyggjandi starf.

Á fyrsta starfsári Stígamóta voru tekin 503 viðtöl við þolendur kynferðislegs ofbeldis og aðstandendur þeirra. Á fyrstu tæpu átta mánuðum yfirstandandi árs hafa verið tekin um 650 viðtöl sem sýnir að eftirspurn eftir þjónustunni hefur aukist verulega.

Fyrr á þessu ári voru gefin út meðfylgjandi flugurit sem fylgdu með til fjárln. um kynferðislegt ofbeldi og starfsemi Stígamóta. Verið er að vinna að ítarlegri bæklingum um helstu tegundir kynferðislegs ofbeldis og er ljóst að það verður bæði tímafrekt í vinnu og kostnaðarsamt í útgáfu og dreifingu. Um er að ræða handbækur sem einkum eru ætlaðar þeim sem í starfi sínu þurfa að taka á málum sem snerta kynferðislegt ofbeldi sem og öllum almenningi."

Fleira ætla ég ekki að lesa upp úr þessu bréfi, virðulegi forseti. En það er hægt að kynna sér það bæði með því að tala við fulltrúa Stígamóta sem og að fá þau erindi sem fjárln. hefur fengið frá Stígamótum. En sem betur fer hafa viðtöl þeirra við fjárln. haft einhver áhrif þar sem það er lagt til af meiri hlutanum að þessi upphæð hækki örlítið. En ég vonast til þess að þingmenn treysti sér til að hækka hana örlítið meira heldur en þar er gert ráð fyrir og fallist á brtt. okkar.

Síðasta brtt. sem við leggjum til er að það bætist við nýr liður númer 102, Fæðingarheimili Reykjavíkur. Þetta er brtt. við brtt. 23 á þskj. 302 frá meiri hluta fjárln. við liðinn um Borgarspítalann. Við leggjum til að Fæðingarheimili Reykjavíkur fái 50 millj. kr. Það hefur mikið verið talað um, bæði í þessum ræðustól og annars staðar, sameiningu sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu. Ekki ætla ég að fara að endurtaka það allt saman svo vel sem gerð hefur verið grein fyrir því, en liður í því er að Fæðingarheimili Reykjavíkur verði ekki lengur rekið með Borgarspítalanum heldur sem hluti af Landspítalanum. Um leið og þetta verður gert hefur verið talað um að breyta Fæðingarheimilinu úr því að vera fæðingarheimili og vera einungis legustofnun fyrir konur, þ.e. konur sem eru veikar á meðgöngu. Þannig að það verði ekki lengur fæðingarstofnun.

Fæðingarheimilið var sett á laggirnar m.a. vegna sérstaks áhuga kvenna á að komið yrði upp vistlegu fæðingarheimili sem sniðið væri að þörfum kvenna sem vænta máttu eðlilegra fæðinga. Það hefur verið rekið í samræmi við starfsaðferðir og umhverfi sem gerir það að verkum að verðandi mæður og feður hafa átt kost á annars konar þjónustu en á Landspítalanum. Þetta hefur fjöldi kvenna nýtt sér. Heimilið var stofnað 1960 og stækkað árið 1974. Um 1980 var það aftur minnkað, m.a. vegna fækkunar fæðinga í borginni og nágrenni. Árið 1983 var skurðstofan sett á laggirnar. Hún var í fyrstu nær eingöngu nýtt vegna kvensjúkdómalækninga. Síðustu árin hefur hún hins vegar verið nýtt fyrir ýmsar minni háttar aðgerðir sem hægt er að gera utan sjúkrahúsa. Afar brýnt er að hægt sé að sinna þeim áfram. Á sama tíma og kostur fæðandi kvenna hefur verið svo mjög þrengdur eins og raun ber vitni hefur fæðingum fjölgað um 32% frá árinu 1986. Á síðasta ári voru 316 fæðingar á Fæðingarheimilinu og 2.800 á Landspítalanum. Að áliti þeirra sem best þekkja til er þessi fjöldi í raun ofviða þessum tveimur stofnunum ef fyllsta öryggis á að vera gætt. Fæðingardeildin getur t.d. ekki með góðu móti annað nema 2.200 fæðingum. Mæðraverndinni eða barnaverndinni megum við heldur ekki gleyma. Skoðanir og hjartalínurit á meðgöngu hafa aukist svo gífurlega að á milli áranna 1986 og 1987 var aukningin um 76%. Er það auðvitað til hagsbóta fyrir konur og ófædd börn. Mæðravernd hefur því í raun bæst við án sérstakra aðgerða svo sem fjölgunar starfsfólks, bara bæst við si svona.

Hvað eru svo yfirvöld að gera á sama tíma í málinu? Er verið að bæta aðstöðuna, fjölga starfsfólki og rúmum fyrir sængurkonur? Nei, þvert á móti. Legutíminn hefur verið styttur og konum þarf nánast að moka út af fæðingarstofnunum. Og það eina sem þeim dettur í hug er að leggja til að Fæðingarheimilið verði lagt niður. Þetta er ótrúleg skammsýni og öfugþróun og ekki mikið verið að hugsa um konur.

Á landsfundi Kvennalistans, sem haldinn var á Seltjarnarnesi 15.–17. nóv. sl., var eftirfarandi ályktun samþykkt, með leyfi forseta:

„Fæðingarheimili Reykjavíkur hefur talsverða sérstöðu í þjónustu við fæðandi konur. Sú sérstaða birtist m.a. í viðhorfum til fæðingarhjálpar og því að þar eru aðstæður heimilislegri en á stórum sjúkrahúsum. Þetta gerir það að verkum að konur vilja viðhalda starfsemi Fæðingarheimilisins til þess að geta áfram átt val um mismunandi kosti í fæðingarþjónustu. Við minnum einnig á að það voru konur sem gáfu konum Fæðingarheimilið á sínum tíma. Við teljum okkur ekki þurfa að vera í stöðugri varnarbaráttu vegna endurtekinna tilrauna karla um að leggja það niður.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til Borgarspítalans til reksturs Fæðingarheimilisins. Þess í stað er gert ráð fyrir að ríkisspítalar taki yfir starfsemina. Þessu mótmælir landsfundur Kvennalistans og skorar á heilbrigðisráðherra að hætta við þessi áform og tryggja áframhaldandi starfsemi Fæðingarheimilisins sem konur þekkja af góðri raun. Fæðingarheimili Reykjavíkur á skilið að fá að dafna og halda áfram sínu mikilvæga þjónustustarfi í þágu kvenna." (Gripið fram í.) Það er mjög mikilvægt, hv. þm. Pálmi Jónsson.

Síðan er nokkur greinargerð með þessari ályktun sem ég ætla ekki að lesa hér þó það væri auðvitað mjög hollt fyrir þingmenn að hlusta á það og hæstv. forseta ekki síst.

Það sem hér er verið er að gera tel ég mikla afturför. Það er búið að vinna að því að gera Fæðingarheimilið vistlegt. Ekki er langt síðan, ég held það hafi verið á síðasta ári, að Reykjavíkurborg lagði þó nokkurt fé í að endurbæta efstu hæðina á Fæðingarheimilinu. Eitthvað í kringum 12 millj., ef ég man rétt, þannig að þar er orðið mjög heimilislegt og huggulegt og síðan á að leggja þetta allt saman niður. Eftir því sem ljósmóðir á Fæðingarheimilinu upplýsti er fjöldi fæðinga á þessu ári orðinn tæplega 500, en allt árið í fyrra voru þær rúmlega 500.

Með þessum aðgerðum er verið að svipta konur möguleika á að velja á milli þess að fæða á Fæðingarheimilinu eða Landspítalanum. Það eru ólíkar fæðingarstofnanir og eins og ég sagði áðan er þetta mikil afturför.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur ekkert samráð verið haft við starfsfólk Fæðingarheimilisins eða yfirlækni þess varðandi þessa ráðstöfun. Með þessari ráðstöfun er verið að vísa fæðandi konum út á ganga fæðingardeildarinnar og færa þjónustuna aftur í það horf sem þótti óviðunandi fyrir 25–30 árum.

Með þessari brtt. leggjum við því til að Fæðingarheimili Reykjavíkur fái 50 millj. sem mundu duga til að halda starfsemi óbreyttri og leggjum áherslu á að svo verði og þær breytingar sem nú virðast vera á döfinni nái ekki fram að ganga.

Virðulegur forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir þeim brtt. sem Kvennalistinn hefur lagt fram á þskj. 309. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að þetta eru einungis örfáar tillögur, sex tillögur. Við hefðum svo gjarnan viljað taka þetta frv. til fjárlaga allt saman og snúa því til betri vegar, en því miður reynist það ekki vera möguleiki svo þessar örfáu brtt. verða að duga. En í staðinn vonumst við til þess að þingmenn sjái sér fært að samþykkja þær.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það finnst ekki tónn af þjóðarsátt í þessu fjárlagafrv. sem nú er til 3. umr. Þetta frv. er ögrun. Þetta er ögrun við allan almenning í landinu. Hér er verið að segja upp lögbundnum samningum við bændur, hér er verið að segja upp lögbundnum samningum við sjómenn. Það er verið að segja upp samningum við sjómenn einmitt á þeim tíma þegar afli minnkar. Þetta er ögrun við barnafjölskyldur í landinu og ég vil í því sambandi lesa bréf sem við þingmenn fengum sent fyrir fáeinum dögum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þar eru þeir að lýsa því að meðaltekjufólk, sem er með þrjú börn, skaðast um 4.000 kr. á mánuði við þessa miklu breytingu. Þetta er ögrun við atvinnulífið í landinu.

Við höfum hér fyrir framan okkur bréf frá Vinnuveitendasambandinu þar sem það lýsir því nákvæmlega hvað hér er að gerast. Það er stórkostlega verið að auka skatta og skyldur á fyrirtæki og síðast en ekki síst er verið að leggja skatta á sjúklinga og það er verið að leggja skatta á skólafólk. En þetta dugar ekki til. Það þarf meira til. Og nú er verið að þverbrjóta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er verið að þverbrjóta hana. Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort félmrh. er hér í húsinu en ég vil gjarnan ræða við hæstv. félmrh. og rifja upp það sem hún sagði við 2. umr. fjárlaga 12. des. sl. Þá taldi hæstv. félmrh. að nauðsynlegt væri að ná samkomulagi við sveitarfélögin í landinu og það yrði ekkert gert nema með samkomulagi. Við erum með bréf hér upp á það að ekkert samkomulag er um það sem er verið að gera núna. Ofan á þær 300 millj. sem var búið að ákveða að leggja á sveitarfélögin er verið að leggja nýjar 700 millj. Um þetta vildi ég gjarnan eiga orðastað við hæstv. félmrh. því að við teljum nauðsynlegt að haft sé samráð.

Einhvers staðar stendur að við séum sköpuð til samstarfs eins og fæturnir, hendurnar og augnalokin. Ég tala nú ekki um efri og neðri tanngarður. En þegar við tölum um ríki og sveitarfélög má tala um það eins og efri og neðri tanngarð því svo nauðsynlegt er að þessir aðilar séu með samstarf. Það er gagnstætt eðli náttúrunnar að vinna hvert gegn öðru og leiðir til rauna og ófarsælda. En það er einmitt það sem er að gerast á hinu háa Alþingi, það er ekki samkomulag um eitt eða neitt. Það leiðir auðvitað til ófarsældar ef menn ná ekki

saman. Ekki er skrýtið þó að menn nái ekki saman ef valdamiklir aðilar í þjóðfélaginu halda að það sé hægt að valta yfir hv. þm. bara eins og einhverjar hrúkur úti í horni. Ég verð að segja að mér finnst það nokkuð merkilegt, eins og sveitarstjórnarmenn eru margir á hinu háa Alþingi, að þeir ætli að láta bjóða sér það að rústa fjárhag sveitarfélaga eins og mér sýnist ætla að gerast. — Virðulegi forseti. Er félmrh. á leiðinni eða eru einhverjir fréttir af félmrh.? (**Forseti:** Forseti getur upplýst ræðumann um að verið er að kanna hvort félmrh. getur komið til fundarins. Ég held að ráðherrann sé á öðrum fundum í húsinu en það er verið að athuga málið.) Ég vona að hún fái fréttir af því að hér er verið að rifja upp það sem hæstv. félmrh. sagði á fundi 12. des. sl. þegar fjárlög voru til 2. umr. Þá var verið að tala um að að leggja á sveitarfélögin að taka að sér algerlega málefni fatlaðra, sem varð nú ekki sem betur fer, kannski vegna andstöðu stjórnarandstöðunnar. Þá sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég vek einnig athygli á því að 700 millj. kr. áformuð þátttaka sveitarfélaga til að tryggja stöðugleika og atvinnuöryggi og ná niður fjármagnskostnaði atvinnulífs, einstaklinga og sveitarfélaga er heldur ekki inni nú við 2. umr. fjárlaga. Af hverju ekki? Vegna þess að ríkisstjórnin vildi fá tækifæri til að ræða við sveitarfélögin og heyra hvernig sveitarfélögin teldu að þau best gætu staðið að og lagt sitt af mörkum til að tryggja hér stöðugleika og áframhaldandi þjóðarsátt. Það er hagur sveitarfélaganna ekki síður en annarra í þjóðfélaginu að skapaðar séu forsendur fyrir áframhaldandi þjóðarsátt." — Nú gengur hæstv. félmrh. í salinn og ég var einmitt að rifja upp ræðu ráðherra við 2. umr. fjárlaga þar sem ráðherra taldi mjög mikilvægt að eiga samkomulag við sveitarfélögin í landinu og taldi að ekki kæmi til greina að gera neitt nema í samkomulagi við þau. (Gripið fram í.) Ég var að lesa nákvæmlega upp ræðu ráðherrans. Þetta er í beinu framhaldi af því þegar málefni fatlaðra áttu að fara yfir á sveitarfélögin. Þá sagði hæstv. ráðherra:

„Ég vek einnig athygli á því að 700 millj. kr. áformuð þátttaka sveitarfélaga til að tryggja stöðugleika og atvinnuöryggi og ná niður fjármagnskostnaði atvinnulífs einstaklinga og sveitarfélaga er heldur ekki inni nú við 2. umr. fjárlaga. Af hverju ekki? Vegna þess að ríkisstjórnin vildi fá tækifæri til að ræða við sveitarfélögin og heyra hvernig sveitarfélögin teldu að þau best gætu staðið að og lagt sitt af mörkum til að tryggja hér stöðugleika og áframhaldandi þjóðarsátt."

Ég tel að með þessum orðum hafi hæstv. ráðherra ætlað að komast að samkomulagi við sveitarfélögin. (Gripið fram í.) Út frá þessum orðum tel ég að flestir hv. alþm. hafi hugsað sem svo: Þarna hefur ráðherra talað mjög óskýrt og hefur kannski verið að meina að hún hafi alls ekki ætlað að ná neinu samkomulagi við sveitarfélögin. Það finnst mér merkilegast af öllu ef hæstv. ráðherra trúir því virkilega að það að leggja á sveitarfélögin svo stóran pinkil, sem hér er verið að gera án samráðs og samvinnu við þau og leggja fjárhag þeirra margra algerlega í rúst, geti bjargað atvinnuvegunum í landinu. Það getur ekki bjargað atvinnuvegunum í landinu vegna þess að einmitt þessi landsbyggðarsveitarfélög hafa þurft að taka á sig mjög aukna ábyrgð í atvinnulífinu almennt og síðan kemur þetta ofan á. Ég vil gjarnan í beinu framhaldi af þessu lesa upp bréf sem mér hefur borist frá bæjarstjórn Akraness, sem er bara smámynd af því hvað er að gerast í sveitarfélögum ef þetta nær fram að ganga. Ég treysti því, hæstv. félmrh., að þetta komi ekki til greina. Ég veit að hún hefur staðið vörð um sveitarfélögin í landinu og ég trúi því ekki að hún ætli að bregðast þeim núna. En bréf bæjarstjórnar Akraness er svohljóðandi frá 19. des.:

„Bæjarstjórn Akraness ítrekar fyrri mótmæli gegn fyrirhugaðri skattlagningu ríkisins á sveitarfélög. Bæjarráð bendir á að fyrirsjáanlegur samdráttur í atvinnulífi þjóðarinnar hefur sömu áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins og ríkisins."

Auðvitað er þetta mál samofið. Þetta er náttúrlega ekkert einkamál ríkisins, þessir erfiðleikar í þjóðfélaginu. Við viljum axla þessa ábyrgð saman en með einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar er ekki hægt að taka svona skref eins og áætlað er að gera. Um það verður aldrei sátt.

Svo ég haldi áfram, með leyfi forseta, að lesa upp úr þessu bréfi frá bæjarstjórninni á Akranesi:

„Fyrirhugaður nefskattur ríkisins nemur 3,5% af áætluðum tekjum bæjarsjóðs."

Þetta er myndin almennt af þessum sveitarfélögum á Vesturlandi. Bæjarstjórn Akraness hefur fullnýtt tekjustofna sína og getur því ekki aukið álögur eins og sveitarfélög á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Eins og hv. alþm. er kunnugt eru sveitarfélög á Reykjavíkursvæðinu sem ekki hafa fullnýtt sinn útsvarsstofn og eru núna að leggja á 7,5%. Þar með komast þau inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem náttúrlega eyðileggur Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem slíkan. Þarna kemur ofan á að sveitarfélögin muni ekki fá að óbreyttu úr Jöfnunarsjóði það sem þau fengu á sl. ári. Svo að ég haldi áfram með bréfið, þá segir hér:

„Við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs stendur bæjarstjórn frammi fyrir eftirfarandi vanda: Minnkandi tekjur um 2–3%, skattlagningu ríkisins um 3,5%, skerðingu Jöfnunarsjóðs því sveitarfélög á Stór-Reykjavíkursvæðinu taka mest til sín, hærri framlög til atvinnurekstrar. Þegar allt er talið gæti hér verið um að ræða 14% skerðingu á ráðstöfunarfé bæjarsjóðs Akraness. Augljóst er að þessi vandi er margfaldur miðað við vanda ríkissjóðs og fyrirhuguð skattheimta því gersamlega óraunhæf." — Ég veit að sá forseti sem nú var að setjast í stólinn þekkir þennan vanda sem sveitarstjóri í bæjarfélagi fyrir vestan, Stykkishólmi. Ég trúi því ekki að hann eða aðrir alþingismenn sem koma beint úr sveitarstjórnargeiranum ætli að verða þær tuskur að samþykkja þetta og eyðileggja þar með fjárhagslegan grunn sveitarfélaga. Ég trúi því ekki og ég trúi ekki öðru en það sé hægt að komast að samkomulagi.

Hæstv. ráðherra veit að það hafa verið viðraðar ýmsar hugmyndir til þess að komast hjá þessum skatti. Ef hæstv. ráðherra veit ekki um það held ég að það sé kominn tími til að menn setjist niður og tali saman.

Það sýnir kannski best sambandsleysi á milli stjórnar og stjórnarandstöðu ef það hefur ekki náð eyrum hæstv. ráðherra.

Ég segi bara enn og aftur að ég vona að alþingismenn beri gæfu til þess að leggja þennan skatt ekki á sveitarfélögin því að sveitarfélögin eru auðvitað grunnurinn að velferð þjóðarinnar. Við verðum að axla þessa ábyrgð saman en það verður aldrei gert nema með samkomulagi og samvinnu, nákvæmlega eins og efri og neðri tanngarður verða að vinna saman. Ég heiti því á hæstv. ráðherra að hún hefjist strax handa, enda er hæstv. ráðherra gengin úr salnum. Nú er ég viss um að hún mun ræsa stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og semja við þá. Ég treysti henni til þess. Þar með ætla ég ekki að halda lengri ræðu en ég treysti ráðherra til að ganga í þetta mál ekki síðar en núna.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því við þessa umræðu, sem er 3. umr. fjárlaga, stærsta mál þingsins sem við höfum tekið fyrir á þessu hausti, að enginn ráðherra utan hæstv. menntmrh., sem er að koma inn núna og hæstv. félmrh. sem hlýddi á umræður en stakk sér svo út um dyrnar, hefur séð ástæðu til að hlýða á þessa umræðu. Við höfum verið mjög mildir í þessu efni. Ég hélt nokkra tölu í kvöld, ekki langa að vísu, en enginn hæstv. ráðherra sá ástæðu til að hlusta á þá ræðu nema hæstv. félmrh., sem kom hér til að kalla fram í örstutta stund. Ég er þó fulltrúi minni hlutans í fjárln. Mér finnst þetta ekki mikil kurteisi við þingmenn enda er þetta kannski í samræmi við yfirlýsingar hæstv. forsrh. í fjölmiðlum sem segir að ekki þurfi að hlusta á minni hlutann í þinginu. Þetta er sú stefna í framkvæmd.

Ég vil vekja athygli á þessu og vona að hæstv. forsrh. sjái til þess að ríkisstjórnin verði kölluð til þessarar umræðu og sýni þinginu þá lágmarkskurteisi að hlusta á orð þingmanna um þetta alvarlega mál sem hér er til umræðu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að flestir ráðherranna eru hér í þinghúsinu og ef þess er sérstaklega óskað er sjálfsagt að kalla þá til svo öruggt sé að þeir hlýði á orð hv. þm.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Á þskj. 340 flytjum við Valgerður Sverrisdóttir sjö brtt. Með þessum brtt. leggjum við til að tekjur ríkissjóðs á árinu 1992 hækki um 1.260 millj. en gjöldin um 1.000 millj.

Í 1. tölul., sem er brtt. við þskj. 295, þ.e. tekjuskattur einstaklinga, nettó, að fyrir 14 milljarða 750 millj. komi 14 milljarðar 50 millj. Þessi tillaga felur það í sér að tekjuskattur einstaklinga lækki um 700 millj. kr. og sveitarfélög greiði ekki hluta kostnaðar við löggæslu eins og gert er ráð fyrir í brtt. meiri hluta fjárln.

Hér hefur í dag staðið mikil umræða milli manna út af hinum svokallaða lögguskatti. Við teljum að þar sé gengið freklega á hlut sveitarfélaganna og það sem verra er, eftir því sem okkur sýnist, muni þessi útgjöld koma mjög ómaklega niður. Þau koma einstaklega hart niður á minnstu sveitarfélögunum. Við höfum ekki séð útfærslu á þessum skatti sem geti gert hann viðunandi og leggjum því til að hann verði ekki innheimtur af sveitarfélögunum.

2. tölul. brtt. á þskj. 340 er um jöfnunargjaldið og okkar tillaga er sú að í staðinn fyrir að ætla því að gefa 360 millj. verði það látið gefa 720 millj., þ.e. að jöfnunargjaldið gildi út árið 1992. Þetta teljum við mjög eðlilegt og reyndar óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli afsala sér þessum tekjustofni sem kæmi sér ábyggilega vel í þeim fjárhagsþrengingum sem ríkissjóður óneitanlega er í. Því má bæta við að forsvarsmenn iðnaðarins eru mjög á því að þetta sé skynsamlegt og telja að hagsmunum iðnaðarins sé það mjög mikilvægt að þetta gjald verði ekki afnumið eins og ríkisstjórnin hefur hugsað sér að gera. Sú mótbára hefur heyrst að þetta gjald brjóti í bága við þá fríverslunarsamninga sem við erum aðilar að. Sumir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa haldið því fram í alllangan tíma. Við lítum svo á að það sé afsakanlegt að framlengja þetta gjald út árið með tilliti til hinnar þröngu stöðu okkar og vegna þess að við eigum í miklum efnahagsþrengingum og höfum halla á utanríkisviðskiptum.

Þriðja brtt. er um virðisaukaskattinn þar sem við leggjum til að hert verði og bætt innheimta á virðisaukaskatti þannig að hann skili ríkissjóði 500 millj. kr. meiri tekjum en brtt. meiri hluta fjárln. gera ráð fyrir. Það er enginn vafi á því að með bættri innheimtu virðisaukaskatts og traustara eftirliti með innheimtunni er unnt að ná verulegum fjármunum í ríkissjóð. Það er nokkurt áhyggjuefni að eftir því sem tímar líða komast menn upp á lag með að finna göt á virðisaukaskattskerfinu og notfæra sér þau.

Við leggjum til í 4. brtt. að Byggðastofnun fái 250 millj. í staðinn fyrir 200 millj. Við lítum svo á að hið geysimikilvæga hlutverk Byggðastofnunar sé með engu móti unnt að rækja með því að ætla henni einungis 200 millj. kr. Þær umræður sem farið hafa fram á Alþingi á haustþinginu um Byggðastofnun og byggðapólitík hafa leitt það mjög glögglega í ljós að hæstv. ríkisstjórn hefur horn í síðu Byggðastofnunar og raunar hefur hún gert aðför að henni. Ef þær hugmyndir ná fram að ganga, sem ég ætla að vona að ekki verði og okkur takist að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn, ef þær tillögur ná fram að ganga þá yrði um að ræða svo mikla skerðingu á starfsmöguleikum Byggðastofnunar að hún væri lítilsmegandi apparat eftir þá meðferð.

Við leggjum til í 5. brtt. að í samræmi við brtt. við 25. gr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992, nái hún fram að ganga, skuli tekjur af aðflutningsgjöldum af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins á árinu 1992 í samræmi við 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985. Áætlað er að þessar tekjur nemi 200 millj. á árinu 1992. Það er ekki vansalaust hvernig útvarpsmálum okkar er háttað. Það er algerlega ómögulegt að búa við það að Íslendingar eigi ekki rétt

og jafna möguleika á því að njóta þessara fjölmiðla. Svo er mál með vexti, þó að sumum hv. alþm. sé það ekki kunnugt, að nokkur hluti landsmanna hefur ekki tök á því að hlusta á Ríkisútvarpið og á nokkrum stöðum, sem betur fer ekki mörgum, næst ekki sjónvarp. Þetta er mjög mikilvægt réttlætismál og er sjálfsagt að vinna sem snarast að því að bæta þar úr.

6. brtt. fjallar um að auka tekjur af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hækka útsöluverð áfengis og tóbaks þannig að það gefi 400 millj. kr. meira í ríkissjóðs en samkvæmt brtt. meiri hluta fjárln.

Þá er í lokatillögunni lagt til að ríkissjóður leggi fram 50 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins til að mæta hluta af rekstrarfjárþörf fyrirtækisins og greiða fyrir skipulagsbreytingum í rekstri þess. Það er með ólíkindum hvernig hæstv. samgrh. hefur lagt þessa stofnun í einelti, mjög mikilvæga stofnun í okkar þjóðfélagi, sem veitir þjónustu sem ekki verður rækt með öðrum hætti. Við viljum ekki horfa upp á hvernig sú stofnun er meðhöndluð og við viljum ekki stuðla að þeirri einokun í flutningum á sjó, sem hæstv. samgrh. stendur fyrir, þ.e. að sölsa undir Eimskipafélagið leynt og ljóst flutningana. Við teljum að eðlileg samkeppni sé forsenda þess að þjónusta verði viðunandi.

Það væri sérmál og freistandi að ræða um útþenslu Eimskipafélags Íslands og hvernig það félag leggur undir sig æ fleiri og gildari þætti í okkar þjóðfélagi. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um það en vera kann að síðar gefist tækifæri til þess við þessa 3. umr. eða ég telji það nauðsynlegt að fjalla ítarlegar um þessa brtt. svo og aðrar. En til þess að greiða nú fyrir þingstörfum sem mest ég má mun ég, herra forseti, láta máli mínu lokið.

Steingrímur Hermannsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hvort unnt er að fá forseta þingsins í forsetastól. Þó að ég treysti herra forseta fullkomlega þá er mér ljóst að hann fer ekki í skó forseta þingsins. Ég tel mig hafa þá ósk fram að færa hér sem forseti þingsins þarf að hlusta á. Einnig vil ég óska eftir því að ráðherrarnir, sem eru í húsinu, mæti hér allir. (**Forseti:** Já, forseti telur ástæðu til að verða við ósk hv. þm. og mun gera ráðstafanir til þess.) — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að biðja um orðið um gæslu þingskapa. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem ég geri það. Ég tek yfirleitt ekki þátt í þeim umræðum ef ég get forðast það. En svo lengi má brýna deigt járn að bíti og mér þykir nú svo komið að ég hlýt að ræða um gæslu þingskapa og lýsa þá sérstaklega vonbrigðum mínum með að sú tilraun, sem ég hygg að þingheimur allur þekki, til sátta um þinglok nú fyrir hátíðarnar hefur mistekist. Ég held að það sé óvenjulegt, ég man ekki eftir því, að stjórnarandstaðan hafi gert formlegt tilboð um samkomulag og það varla verið tekið til umræðu. Ég er ekki að segja að ekki hafi komið gagntilboð, það var vissulega svo, og ég vil meta það sem hefur komið fram. En það er mjög fjarri því sem stjórnarandstaðan getur sætt sig við. Raunar hefur stjórnarandstaðan farið fram á það eitt að dregið verði úr nokkrum mjög alvarlegum atriðum í fjáröflunarhugmyndum ríkisstjórnarinnar sem ekki bara stjórnarandstaðan telur varhugaverðar hugmyndir heldur hygg ég að stór hluti þjóðarinnar sætti sig illa við. Þetta hefur, eins og ég sagði, mistekist og ég kveð mér því hljóðs og ræði gæslu þingskapa.

Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að þetta mun vera fimmta kvöldið sem fundir eru haldnir á hinu háa Alþingi og fjórða kvöldið sem næturfundir eru haldnir. Það verður alls ekki sagt að stjórnarandstaðan hafi tafið þingstörfin. T.d. verður alls ekki sagt að stjórnarandstaðan hafi staðið í vegi fyrir því að mál væru tekin út úr nefndum. Ég hygg að öllum sé ljóst að fyrst og fremst hefur óeining innan stjórnarflokkanna valdið því að tafir hafa þar á orðið. Reyndar hefur stjórnarandstaðan látið það yfir sig ganga að mál hafa verið tekin út úr nefndum á mjög óvenjulegan máta svo vægt sé til orða tekið. Stjórnarandstaðan hefur látið það yfir sig ganga að halda fjórar nætur fundi hér á hinu háa Alþingi.

Ég hef nokkra reynslu af að eiga við þessi mál og ég minnist þess aldrei í þeirri tíð sem ég leiddi ríkisstjórn að slíkt væri þolað af stjórnarandstöðu. Varla tvær nætur í röð hvað þá þrjár í röð og fjórar í þessari viku. Ég hlýt því að standa hér upp og óska eftir því, þar sem þessi tilraun hefur nú mistekist, að þessum fundi verði lokið. Reyndar hygg ég að það megi fremur takast að afgreiða einhver mikilvæg mál ríkisstjórnarinnar fyrir jólahátíð ef við slítum nú fundi og leyfum þingmönnum að fá nokkra hvíld áður en fundur hefst eins og gert er ráð fyrir á morgun. Það er mín eindregin ósk til virðulegs forseta að þingfundi verði nú slitið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Enn þá eru 11 hv. þm. á mælendaskrá í því máli sem hér hefur verið á dagskrá í kvöld. Erfitt er að sjá hvernig hægt verður að ljúka umræðu um þetta mál en við ætlum að reyna að halda áfram og ná því að ljúka afgreiðslu fyrir jólahlé. Forseti getur ekki orðið við því að fresta fundinum á þessari stundu heldur mun hann freista þess að halda honum áfram eitthvað fram eftir til að reyna að hreinsa út af mælendaskránni og gefa hv. þm. tækifæri til að tjá sig um það mál sem er á dagskrá.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er satt að segja mjög sérkennilegt fyrir nýliða á Alþingi eins og mig að verða vitni fyrsta sinni að þeim vinnubrögðum sem tíðkast við fjárlagagerð. Menn hafa gjarnan í þessari pontu gripið til sjómannalíkinga í málfari. Það virðist vera mjög vinsælt á hinu háa Alþingi og virðist fylgja því sérstök vellíðan að nota slíkt málfar.

Ekki verður annað sagt en að það hafi gefið á bátinn hér á Alþingi á undanförnum dögum og vikum. Hér hafa miklir lagabrotsjóir riðið yfir, mikið pappírsfár fylgt þessu öllu saman. Þáltill. hafa komið fram á síðustu stundu og þykk nál. komið á borð þingmanna. Allt þetta eiga þeir auðvitað að lesa og kynna sér og

gera mál upp við sína samvisku og samþykkja fjárlög í samræmi við það.

Ég fæ ekki betur séð en þeir sem hafa verið í skipsrúmi árum og jafnvel áratugum saman eigi fullt í fangi með að stíga ölduna hér á Alþingi svo ekki sé talað um þá sem eru nýmunstraðir á þessa skútu. Ég hef kallað þetta áður lagasukk og bið forseta velvirðingar á því að ég skuli nota það orð en geri það samt. Hér eru lagatextar skrifaðir á hlaupum og hér eru brtt. við lög sífellt að koma fram á síðustu stundu. Við þetta má þjóðin búa. Þess vegna er sífellt verið að breyta lögum á Alþingi að textar eru skrifaðir með þessum hætti og lög eru sett með þessum hætti. Satt að segja minna ráðherrar og stjórnarþingmenn mig á börn sem hafa komist í dótakistu annarra barna. Þeir sjást ekki fyrir, þeir róta og tæta, þeir brjóta og týna.

Í borgarstjórn fannst mér mottó fyrrv. borgarstjóra og núv. hæstv. forsrh. vera það að betra væri illt að gera en ekki neitt. Því miður verð ég að segja það eftir reynslu mína á þingi undanfarnar vikur að þetta virðist vera sameiginlegur kvilli margra valdsmanna. Hæstv. heilbrrh. — sem því miður er ekki í salnum í kvöld enda mun hann hafa lagt út í þá hetjudáð að leggjast undir hníf lækna þessa dagana og getur því ekki verið með okkur hér í kvöld — virðist t.d. hafa fengið þá flugu í höfuðið að honum bæri að stjórna með offorsi.

Nýlega birtist grein í Morgunblaðinu eftir Árna Björnsson, yfirlækni lýtalækningadeildar Landspítalans. Þar sem mér finnst hún vera nokkuð lýsandi um það hvernig mál hafa gengið fyrir sig langar mig til að vitna í hana hér, með leyfi forseta. Árni segir svo:

„Í „Bókinni um veginn" eftir spekinginn Lao-Tse segir svo um hinn duglega herforingja:

„Duglegur herforingi lætur ekki ófriðlega. Sá sem vopnfimastur er, gengur ekki berserksgang. Mikill sigurvegari er ekki áleitinn. Góður foringi kemur sínu fram með hægð."" — Mættu nú ýmsir af ráðherrum okkar taka þetta til fyrirmyndar.

„Þessi lýsing á hinum góða og duglega herforingja hefur ekki glatað gildi sínu í aldanna rás. Á tímum spekingsins hafa væntanlega verið til annars konar herforingjar sem létu ófriðlega, börðu bumbur, þeyttu lúðra og bitu í skjaldarrendur til að hræða þegna sína til hlýðni og óvinina til undanhalds. Tímarnir hafa breyst en mennirnir ekki. Foringjar haga sér á svipaðan hátt og þeir hafa gert í gegnum aldirnar. Hinn öruggi og dugmikli foringi sem þekkir markmið sín fer sér hægt og beitir valdi sínu af hógværð. Foringinn sem ekki þekkir markmið sín og er óöruggur með sjálfan sig, en vill láta liðsmenn sína og andstæðinga óttast sig, lætur enn ófriðlega, en í stað þess að láta blása í lúðra og berja bumbur, safnar hann að sér fjölmiðaliði, sem tíundar fyrir lýðnum allt það sem foringinn ætlar að gera og í stað þess að bíta í skjaldarrendur, birtist hann á sjónvarpsskjánum daglega og stundum oft á dag, horfir frá num sjónum á liðsmenn og andstæðinga og sendir út tilskipanir.

Því eru ummæli spekingsins Lao-Tse rifjuð upp hér," segir Árni, „að heilbrigðisstéttir og þeir sem njóta þjónustu þeirra, hafa nýlega eignast foringja. Sá tilheyrir þeim flokki sem heitir Jafnaðarmannaflokkur Íslands og gekk á liðnu vori fram fyrir kjósendur, undir kjörorðunum: Jöfnun lífskjara og efling velferðarkerfisins." — Ég verð að segja það að þessi orð Árna Björnssonar finnst mér eiga kannski aldrei betur við en akkúrat hér í kvöld.

En ástæða þess að ég fór að vitna í þessa grein og tók hana með mér voru auðvitað ekki atburðir þessa kvölds, því þá gat ég ekki séð fyrir, heldur stjórnstíll hæstv. heilbrrh. Hann hefur að undanförnu hrært svo hraustlega í heilbrigðispottinum að allt virðist þar komið í einn graut. Engar útlínur verða lengur greindar, engar grundvallarskoðanir, engin stefna nema þá helst sú að skera niður, ekki bara núna, helst í gær. Hann lagði upp með þá hugmynd að sameina Landakotsspítala og Borgarspítala og skera sameiginlega fjárveitingu til þeirra niður um 310 millj. kr. Hann sagði í sjónvarpinu að þetta væri einföld og ódýr aðgerð. Á fjárlögum var fjárveiting vegna sameiningar 204 millj. kr. Þessar 204 millj. kr. áttu að greiða fyrir rekstri þeirra í tengslum við verkefnatilflutninginn og að auki voru 107 millj. kr. til að mæta kostnaði við sjálfan verkefnatilflutninginn. En auðvitað var þetta ekki einfalt og ódýrt mál. Kostnaður við breytingar á sjúkrahúsunum, þ.e. Borgarspítala og Landakoti, er nú varlega áætlaður einn milljarður kr. Svartsýnir menn segja lágmark tveir milljarðar. Reynslan hefur kennt mér að hægt sé að fara bil beggja og þess vegna megi áætla að kostnaðurinn verði um 1,5 milljarðar.

Ég er hrædd um að margir hafi talið að fjárvana ríkissjóður gæti nýtt þetta fé í annað en þetta ævintýri. Það væri kannski í lagi að setja 1,5 milljarða í slíka sameiningu ef fyrir hefði legið að þetta væri rakinn sparnaður og hagræði í framtíðinni. En ekkert lá fyrir um það og enn liggur ekkert fyrir um það. En þegar karlmenn vilja ólmir í ævintýri er gott að eiga góðar og staðfastar konur. Í þessu tilviki reyndust guðhræddar konur á elliheimili í Garðabæ betri en engin. Þær settu hæstv. ráðherra stólinn fyrir dyrnar. Og við það hefur nú fengist frestur sem mikilvægt er að nota skynsamlega og skoða alla kosti yfirvegað og með rósemi hugans ef hana er þá að finna hjá hæstv. heilbrrh. eða nokkrum öðrum ráðherra.

Sér í lagi virðist heilbrrh. hafa heldur suðrænt geðslag. Hann verður nú að fá sína „vendettu", fá sína hefnd. Hann fyrirhugar nú að skera niður á Landakoti 400 millj. kr. ef miðað er við fjárveitingu á fjárlögum ársins 1991. Með öðrum orðum á að skera fjárveitinguna til spítalans úr 1.263 millj. í 831 millj. kr. Engu að síður á spítalinn að afla sér sömu sértekna og á síðasta ári eða 152 millj. kr. þrátt fyrir að verulega þurfi að draga úr starfsemi spítalans. Það má því segja að starfsemi spítalans sé stillt upp andspænis sömu valkostunum og sveitarfélögunum. Eða með öðrum orðum: Spítalinn getur valið um það hvort það á að hengja eða skjóta en líflát skal það vera.

Borgarspítalinn virðist hafa verið heldur samvinnuþýðari en Landakot enda stærri og kannski til meira að vinna fyrir hann og ekki hefur verið skorið eins harka-

lega niður rekstrarframlagið þar. En þó hefur það verið skorið talsvert niður eða úr 2,8 milljörðum kr. á fjárlögum ársins 1991 í 2,5 milljarða kr. árið 1992. Þetta er með öðrum orðum 324 millj. kr. niðurskurður en á móti kemur að ráðherra ætlar að losa spítalann við hinn beiska kaleik að reka Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar. Á því sparast líklega um 50 millj. kr. Mun ég koma síðar að þeim þætti. Gulrótin í sameiningarmálunum var að leysa nokkuð úr brýnasta vanda aldraðra hjúkrunarsjúklinga í Reykjavík. Sá vandi er vissulega mikill og hann krefst raunhæfra útbóta. En það orkar tvímælis svo ekki sé meira sagt að það hafi verið raunhæfur og hagkvæmur kostur að gera Landakot að öldrunarspítala. Í raun kemur út úr því dæmi, sem fyrir liggur í gögnum þingmanna og sem þeir væntanlega hafa lesið eins og öll önnur gögn sem á borðum þeirra liggja, að þetta er afskaplega léleg nýting á rými. Í hlut hvers sjúklings koma um 80 m^2 nettó. Svo samanburður sé tekinn eru um 34 m^2 á hvern sjúkling á Sólvangi, í Sunnuhlíð eru 40 m^2 og á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi 72 m^2. Ef við tökum bara þennan milljarð, sem nefnd sú, sem ráðherra skipaði til að vinna að málinu, reiknar með að fari í þessar breytingar, hefði engu síður hvert rými fyrir aldraða á Landakoti kostað um 9 millj. kr. Þetta er jafnmikill stofnkostnaður og á nýju og sérhönnuðu hjúkrunarheimili, Eir í Grafarvogi, sem m.a. er hannað fyrir Alzheimer-sjúklinga að hluta en þeir þurfa meira rými en aðrir öldrunarsjúklingar. Þá er þess að geta að rekstrarkostnaður á slíkum stofnunum hækkar í svipuðu hlutfalli eða í hlutfalli við stærð rýmisins. Með öðrum orðum má reikna með að rekstrarkostnaður á þeim öldrunarspítala sem Landakot var fyrirhugað að verða yrði mikill.

Mig langar í þessu sambandi að vitna í sérálit hjúkrunarforstjóra Landakotsspítala sem hún skilaði sem einn af nefndarmönnum í nefndinni sem ráðherra skipaði til að kanna þessi sameiningarmál. Í þessu nál. segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt áliti nefndarinnar er gert ráð fyrir að 111 öldrunarlækninga- og hjúkrunarsjúklingar verði á Landakotsspítala sem mun vera um 9.000 m^2. Þannig koma um 80 m^2 í hlut hvers sjúklings. Landakotsspítali yrði því að mínu mati dýr öldrunarspítali auk þess *sem marvíslegra* breytinga á húsnæði er þörf áður en af því getur orðið.“ Þá segir hún: „Mönnun á öldrunarlækninga- og hjúkrunardeildum er vandamál jafnvel þótt um nýtísku sérhannaðar deildir sé að ræða eins og lokun hjúkrunardeildar í B-álmu ber vott um. Ég vara því við að erfitt muni verða að manna öldrunarlækninga- og hjúkrunardeildir í óhentugu húsnæði Landakots. Í dag eru talin 137 rúm fyrir öldrunar- og hjúkrunarsjúklinga á Hvítabandi, Heilsuverndarstöð og Hafnarbúðum og í B-álmu Borgarspítala. Eftir sameiningu er gert ráð fyrir 171 rúmi, þ.e. aukning um 24 rúm.“ — 24 rúm, hæstv. forseti. Rætt hefur verið um að taka 10 rúm af lyflækningadeild þannig að aukningin gæti orðið 34 rúm sem hrekkur skammt til að leysa vanda 200–300 aldraðra sem nú eru sagðir bíða eftir slíku rými. Og í þessi 34 rúm — til að ná nú þessu fram og til að fá fólk til að bíta í gulrótina — þá á að eyða einum milljarði.

Ég talaði áðan um rými og benti á að það væru um 80 m^2 á hvern sjúkling á Landakotsspítala eftir breytingu sem er talsvert mikið vegna þess hversu húsnæðið er óhentugt. Í þessu sambandi má geta þess að nýir norskir staðlar gera ráð fyrir að flatarmálið á hvern sjúkling á hjúkrunarheimili sé um 48–60 m^2.

Það er þekkt að mikill skortur er á hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík, eins og kemur fram í nefndaráliti hjúkrunarforstjóra Landakots. Eiginleg hjúkrunarpláss í Reykjavík eru fimm á hverja 100 aldraða og fara í 8 ef allt er meðtalið. Landsmeðaltalið er hins vegar 13. Það gefur því auga leið að mjög brýnt er að úr þessu verði bætt í Reykjavík. Auðvitað liggur beint við að ljúka B-álmunni sem hefur verið munaðarlaus bygging í mörg ár eða allt frá því að Framkvæmdasjóður aldraðra hætti að fjármagna og framlög af fjárlögum áttu að taka við. Byggingarframkvæmdir þar hafa haldið áfram með hraða snigilsins og ef svona heldur áfram þá verður sú bygging ekki fullbúin fyrir árið 2010.

Nú vaknar auðvitað sú spurning hvort fyrirhugað sé að nota í B-álmuna eitthvað af þeim 195,5 millj. kr. sem eru komnar inn á fjárlagalið núna eftir að ljóst var að ekki yrði af sameiningu. Ekkert liggur fyrir um það, þetta er óskilgreindur liður á fjárlögum. Nú hefði ég auðvitað kosið að spyrja hæstv. heilbrrh. eða einhvern ráðherra sem eitthvað veit um þessi mál, hvernig þessu sé háttað. Ég vonast til þess að heilbrrh., sem af skiljanlegum ástæðum getur ekki verið hérna í kvöld, fái a.m.k. þessa spurningu þannig að hann geti þá svarað henni síðar í umræðunni. Ég sem sagt spyr: Er áætlað að eitthvað af þessum 195,5 millj. fari í B-álmuna eða á að nýta það í eitthvað annað?

Þá hlýt ég líka að spyrja hvernig velviljinn í garð aldraðra hjúkrunarsjúklinga í Reykjavík birtist í fjárlagafrv. að öðru leyti. Ég fæ ekki séð að hann sé mikill.

Ég minntist á Fæðingarheimilið áðan og mig langar að gera það lítillega að umtalsefni. Ég er hrædd um að ef þetta verður að veruleika sem nú er fyrirhugað, þ.e. að flytja rekstur Fæðingarheimilisins frá Borgarspítalanum og yfir á Landspítalann, að margar konur í Reykjavík telji sig illa sviknar af hæstv. forsrh. sem fyrir rétt rúmu ári sem borgarstjóri í Reykjavík lofaði þeirri stofnun á afmæli hennar bjartri framtíð og löngum lífdögum. Nú er það hann sem á hlut að því að leggja þessa stofnun niður. (**Gripið fram í:** Viltu ekki fá forsrh. í salinn?) Er hægt að fá forsrh. í salinn? (**Forseti:** Ef þess er óskað þá mun forseti gera ráðstafanir til að forsrh. verði viðstaddur.) Ég óska eftir því að a.m.k. einhver ráðherra sé viðstaddur þessa umræðu. Það var ákveðið, væntanlega að þeirra beiðni m.a., að halda áfram umræðu um fjárlög og þá held ég að það sé ekki nema sanngjarnt að einhverjir þeirra séu viðstaddir þessa umræðu. Þeir eru ákafir að hlusta á fjárlagaumræðu veit ég og þess vegna ekki nema eðlilegt að þeir séu í salnum. Ég hefði svo sem kosið að sjá fleiri í salnum. Ég hefði kosið að sjá einhverja

af sjálfstæðiskonunum í salnum þegar ég ræði um Fæðingarheimilið í Reykjavík. Ég hlýt að spyrja: Hvar eru allar sjálfstæðiskonurnar sem börðust fyrir framtíð Fæðingarheimilisins með oddi og egg í tíð vinstri meiri hlutans í borgarstjórn? Þá voru uppi fyrirætlanir um að leggja Fæðingarheimilið niður. Þá gengu fram fyrir skjöldu fjölmargar sjálfstæðiskonur, ásamt auðvitað fleiri konum, og söfnuðu undirskriftum til að reyna að tryggja það að Fæðingarheimilið mætti vera áfram í rekstri og það tókst. En hvar eru þær nú? Hvar er vörn þeirra fyrir þessa stofnun? Ég get mér þess til að enginn sjálfstæðiskona sé í þinghúsinu í kvöld fyrst engin þeirra er viðstödd umræðuna. Virðist nú að þær sinni öðrum störfum en þingstörfum og mundu nú kannski margir kjósa að fara í þeirra spor en eiga ekki þann kost. (**Fjmrh.:** ... sýnist.) Hvað sagði hæstv. fjmrh.? (**Fjmrh.:** Hann endurtekur það ekki.) Hann endurtekur það ekki, nei, það er kannski best að sleppa því. Vilja þessar sjálfstæðiskonur nú standa að því að leggja þetta heimili niður sem fæðingarstofnun? Vilja þær flytja allar fæðingar inn á hátæknisjúkrahúsið Landspítalann? Hvar er nú valfrelsið sem sjálfstæðismenn prísa svo mjög á hátíðarstundum? Hvar er ögrunin sem fylgir samkeppni? Hvar er hún? Hvernig stendur á því að konur hafa þurft að verja þessa stofnun fyrir niðurskurðarhnífum karla á valdastólum aftur og aftur? Það er hver atlagan á fætur annarri gerð að þessari stofnun. Skyldi það vera tímanna tákn og m.a. tákn ríkisstjórnarinnar að þrjár sjúkrastofnanir sem voru byggðar upp og reknar af konum til skamms tíma með miklum ágætum eru nú öðrum fremur undir niðurskurðarhnífnum? Ætla menn algerlega að líta fram hjá þeim kostum sem þær stofnanir eru prýddar og einblína frá num arnaraugum á ef ekki ímyndað þá a.m.k. ósannað hagræði við að leggja þær af eða skera niður við trog? Hvar er stefnan í heilbrigðismálum? Hver er framtíðarsýnin? Hver er heildarmyndin? Ég auglýsi eftir þessu í ríkisstjórnarliðinu og ekki bara í heilbrigðismálum heldur í flestum málum.

Í þeirri fjárlagaumræðu sem fram hefur farið á undanförnum dögum og vikum hefur svartsýni og bölmóður svifið yfir vötnum og það eina sem menn virðast koma auga á sér til bjargar er niðurskurður. Þjóðhagsstofnun framleiðir hverja þjóðhagsspána annarri verri. Þjóðartekjur minnka frá mánuði til mánaðar, kaupmáttur rýrnar og atvinnuleysi vex — í spánum. Mér segir svo hugur að menn telji ekki mjög heppilegt að sýna fram á nokkra ljósglætu því hana er hvergi að sjá í þeim pappírum sem ríkisstjórnin lætur frá sér fara; að menn telji ekki heppilegt að benda á slíkt meðan þeir eru að koma niðurskurðaráformum sínum í framkvæmd og ganga frá kjarasamningum. Það er heldur ekki gott að sýna neina ljóstýru meðan verið er að smala saman stjórnarliðinu og fá það til að kokgleypa hugsjónir sínar og hjartans mál, eins og við höfum orðið vitni að hér á undanförnum dögum.

Hæstv. fjmrh. og forsrh. hafa báðir sagt það á Alþingi á undanförnum vikum að allir verði að leggja sitt af mörkum. En auðvitað er það eins og hvert annað sjónarspil. Það verða ekkert allir að leggja sitt af mörkum við það að ná niður fjárlagavanda ríkisins. Það eru tveir aðilar öðrum fremur. Það eru sveitarfélögin og barnafjölskyldurnar í landinu sem eiga að ná þessu niður. Það á að innheimta nefskatt í sveitarfélögum, hinn svokallaða og illræmda lögguskatt sem hér hefur margoft komið til umræðu og ætla ég ekki að fara ítarlega út í það. Hann á að skila 700 millj. kr. og það er þegar ljóst að nokkur sveitarfélög munu hækka útsvarsprósentu sína til að mæta þessu. Og hvað er þetta annað en aukin skattheimta, herra fjmrh.?

Það er ljóst að lögguskatturinn kemur þungt niður á ýmsum sveitarfélögum úti á landi og í honum eru mörg sérkennileg stökk, svo ekki sé meira sagt. Eins og allir vita eiga sveitarfélög með 300 íbúa og færri að borga 1.700 kr. pr. íbúa, en stærri sveitarfélög 2.850 kr. pr. íbúa. Þá er auðvitað allt með talið, börn og gamalmenni. Þannig að ef útsvarsgreiðendur eru aðeins teknir er ljóst að upphæðin er mun hærri.

En ég talaði um sérstök stökk í þessu efni. Mig langar til að benda á t.d. eins og einn hrepp sem er Nesjahreppur. Í Nesjahreppi býr 301 íbúi. Þessi eini íbúi gerir það að verkum að lögguskatturinn hjá þessu sveitarfélagi fer úr 1.700 kr. í 2.850 kr. Með öðrum orðum, þessi eini íbúi kostar sveitarfélagið 346 þús. kr. Ef það væru 300 íbúar í þessu sveitarfélagi þá væri þessi nefskattur á sveitarfélagið 346 þús. kr. lægri. Það má geta þess að í þessu sveitarfélagi, sem er reyndar svona um meðaltal hvað varðar tekjur vegna útsvars, fasteignaskatts og aðstöðugjalds pr. íbúa, er álagningarprósentan nýtt að fullu, þ.e. 7,5% og verður ekki hækkuð þrátt fyrir þennan nefskatt, þannig að hann mun beinlínis skerða tekjur þessa sveitarfélags án þess það hafi möguleika á að bæta sér það upp.

Það má nefna annað sveitarfélag sem er Gnúpverjahreppur. Þar eru 304 íbúar. Þeir fara líka yfir markið og fá þar af leiðandi á sig 2.850 kr. nefskatt pr. íbúa sem annars væri 1.700 kr.

Ég get nefnt hér einn enn sem er Seyluhreppur sem er með 305 íbúa. Það er hreppur sem er með tekjur vegna útsvars, fasteignaskatts og aðstöðugjalds og landsútsvars undir meðaltali. Þessi hreppur nýtir líka álagningarprósentu sína að fullu og getur þar af leiðandi ekki bætt sér þetta upp með þeim hætti sem t.d. sveitarfélögin hér í kring, eins og Mosfellsbær og Hafnarfjörður hugsast gera með því að hækka álagningarprósentuna. Þessir fimm íbúar sem eru umfram 300 í Seyluhreppi kosta þetta sveitarfélag 350 þús. kr.

Enn eitt dæmi ætla ég að taka og það er Reykdælahreppur. Þar búa 313 íbúar. Það vill svo til að í þeim hreppi er reyndar ekki lagt á nema 7% útsvar en sá hreppur er talsvert undir meðaltali í tekjum pr. íbúa og mun því þessi skattur líka hitta þann hrepp illa fyrir.

Þetta er ekki það eina. Til viðbótar auknum álögum vegna lögguskattsins koma svo auknar álögur vegna Fasteignamats ríkisins en þar eiga sveitarfélögin að fara að borga í meira mæli en verið hefur fyrir þá þjónustu sem Fasteignamatið veitir og vegna framlaga til félagslegra íbúða, en þar er ráðgert að sveitarfélögin eigi að greiða sem svarar 3,5% af verði hverrar íbúðar og eru það áætluð gatnagerðargjöld sveitarfé-

lagsins sem þau þurfa að leggja þar að mörkum. Þá þurfa sveitarfélögin líka, sem stór atvinnurekandi í landinu, að greiða talsvert framlag vegna ábyrgðasjóðs launa sem er ein af þeim hugmyndum eða tillögum sem ríkisstjórnin hefur boðað og mun ekki aðeins koma illa niður á sveitarfélögunum sem atvinnurekendum heldur auðvitað ekki síður á launþegum en réttindi þeirra verða verulega skert ef hugmyndir ríkisstjórnarinnar um úthlutun úr þeim sjóði ná fram að ganga.

Í þessum málum öllum var samráð við sveitarfélögin nær ekkert. Fyrst dúkkaði upp tillagan um það að færa umtalsverða þjónustu, sem veitt er fötluðum, yfir á sveitarfélögin og láta þau borga fyrir það. Þá kom upp að það mundi lenda mjög misjafnlega á sveitarfélögum og þá var þeim hreinlega sagt að finna leið til að borga tollheimtumönnum í ríkisstjórninni. Í heild er það rúmur milljarður sem sveitarfélögin verða að taka á sig í auknum álögum ef frv. ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga.

Það liggur fyrir að ákveðin sveitarfélög ætla að brjótast undan þessum álögum ríkisvaldsins með því að hækka útsvarsprósentu sína upp í 7,5% eins og ég gat um áðan og með því móti öðlast þau rétt til tekjujöfnunarframlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það takmarkar auðvitað það fé sem Jöfnunarsjóðurinn hefur til að úthluta smáum sveitarfélögum sem eru illa stödd og það er talið að þetta geti orðið til þess að skerða framlög til þeirra um allt að 40%.

Þetta hefur auðvitað leitt til þess að segja má að sveitarfélög séu nú komin í hár saman. En það kemur mér ekki á óvart þó að mönnum sé það hugnanlegt því ef ég þekki hæstv. forsrh. rétt, þá lætur honum best að deila og drottna. En það er líka gerð tilraun til þess að etja barnafólki saman. Flytja þar frá einum hópi til annars. Frá hjónum með meðaltekjur til einstæðra foreldra. Og ekki einu sinni hjónum með meðaltekjur heldur undir meðaltekjum. Ef við tökum dæmi af hjónum með tvö börn þá er núllpunkturinn hjá þeim, þ.e. þar sem ekki skiptir máli hvort þau fá greitt samkvæmt núgildandi barnabótakerfi eða samkvæmt því kerfi sem ríkisstjórnin leggur til, þá er núllpunkturinn 2,2 millj. í árstekjur og skerðingin er komin að fullu til framkvæmda við 2,4 millj. Full skerðing á barnabótum samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar nemur 35,5%. Það hefur verið reiknað út, ef við tökum fjölskyldu með þrjú börn, að þetta nemi 4.000 kr. á mánuði. Þetta er ekkert annað en skattur á barnafólk. Þetta er skattur á barnafólk meðan aðrir vel stæðir, barnlausir, þurfa ekkert að greiða í púkkið sem hér er verið að fjalla um í fjárlögum. En þetta er auðvitað gert í nafni réttlætis og menn segja: Tekjutenging er réttlát. Það hafa margir fallist á það úti í samfélaginu að það sé réttlátt að tekjutengja. En hver talaði um að tekjutengingin ætti að byrja við 2,2 millj. hjá hjónum með tvö börn? Hvaða réttlæti er í því?

Í nafni réttlætisins er sem sagt innheimtur 500 millj. kr. skattur af barnafólki. Auðvitað er þetta ekkert annað en aðför að fjölskyldunni. Fjölskyldan á sér formælendur fáa í ríkisstjórnarliðinu.

Mig langar í þessu sambandi til að minna á það — nú hefði ég kosið að hæstv. utanrrh. væri í salnum því ég þarf að eiga aðeins orð við hann. (**Forseti:** Ég er að gera ráðstafanir til þess að utanrrh. verði í salnum.) Ég bíð á meðan. — (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. hefur tjáð mér að hann ætli ekki að koma.) Herra forseti, ég get ekki með nokkru móti sætt mig við það að utanrrh. komi ekki vegna þess að ég þarf að eiga orðastað við hann vegna aðgerða sem hann stóð að sem fjmrh. á sínum tíma og koma þessu máli mjög við. Ég þarf ekki að tala við hann sem utanrrh. núna heldur sem fyrrv. fjmrh. og mun ekki halda áfram máli mínu fyrr en utanrrh. er kominn í salinn. (**Forseti:** Ég verð að upplýsa hv. þm. um það að ég hef ekki ráð á vilja hæstv. utanrrh. Ég mun gjöra aðra tilraun til þess að biðja hann um að koma hér í salinn að beiðni hv. þm.) — Ég hef nú ekki þingsköpin við höndina en ég veit ekki betur en það sé skylda ráðherra, eins og annarra þingmanna, að sækja þingfundi og ef ráðherra er í húsinu þá tel ég það skyldu hans að sitja hér í þingsalnum sé þess óskað eindregið. — Þar sem ég sé að hæstv. utanrrh. gengur nú í salinn þá ætla ég að halda áfram ræðu minni. Til að upplýsa hæstv. utanrrh. ætla ég að rekja lítillega það sem ég var að segja.

Ég var að tala um barnabætur og benti á að þessi hæstv. ríkisstjórn ætlaði nú í nafni réttlætis og tekjutengingar að innheimta 500 millj. kr. skatt af barnafólki. Ég sagði að þetta væri aðför að fjölskyldunni og hún ætti sér formælendur fáa í ríkisstjórnarliðinu. En þetta er ekki bara aðför að fjölskyldunni, þetta eru líka svik við það sem fjölskyldufólki var lofað og því var fært árið 1988 þegar hæstv. utanrrh. og páv. fjmrh. stóð fyrir því að koma hér á hinum illræmda matarskatti. Þá hélt núv. utanrrh. og páv. fjmrh. langar ræður hér í þinginu um ágæti þess að taka upp virðisaukaskattskerfi og leggja virðisaukaskatt á matvæli. Í anda sjónhverfingarpólitíkur sinnar og í anda þeirra loftfimleika sem hér eru stundaðir af miklu kappi gat hann auðvitað komist að þeirri niðurstöðu að þetta kostaði fólkið ekki neitt, þetta væri fólki til hagsbóta. En hann sagði hér, með leyfi hæstv. forseta, og mig langar að lesa úr ræðu sem hann flutti í efri deild Alþingis þann 10. des. 1987. Þá sagði páv. fjmrh. og núv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Það er auðvitað rétt, og hefur aldrei verið undan dregið í mínum málflutningi, að matarútgjöld heimila hækka með þessum breytingum. Það er hins vegar argasta blekking að halda því fram að matarútgjöld hækki um fjórðung. Hið rétta í því máli er að matarreikningur meðalfjölskyldu á Íslandi gæti hækkað um 7% þegar upp er staðið.“ — Nokkru síðar segir hann:

„Þetta eru um 1.800 kr. á mánuði hjá þessari sömu vísitölufjölskyldu, hjónum með tvö börn. Það eru auðvitað peningar. En hvað kemur á móti þessum 1.800 kr. á mánuði í auknum útgjöldum? Á móti kemur lækkun á fjölmörgum öðrum nauðsynjavörum því þótt það sé auðvitað rétt að menn borði ekki hreinlætisvöru eða frystikistur eða teppi eða barnavagna eru þetta engu að síður vörur sem ganga inn í heimilishald allra fjölskyldna í landinu. Þessar vörur og raunar fjölmarg-

ar aðrar vörur sem vega þungt í heildarútgjöldum lækka svo mikið í verði að heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar haldast óbreytt."

Og svo sagði þáv. fjmrh. og núv. utanrrh.:

„Nú kann einhverjum að koma spánskt fyrir sjónir að framfærslukostnaður geti haldist óbreyttur þrátt fyrir 7% hækkun matvælaútgjalda. Skýringin á þessu er einföld." — Eins og allt hjá hæstv. utanrrh. — „Hún liggur í því að matvælaliðurinn í framfærsluvísitölunni vigtar minna en fjórðung af heildarútgjöldum vísitölufjölskyldunnar samkvæmt neyslugrunni sem fundinn er með sérstakri könnun frá árinu 1978 og vegur enn minna í útgjaldamynstri vísitölufjölskyldunnar samkvæmt nýjum vísitölugrunni sem byggður er á neyslukönnun heimilanna á þessu ári." — Síðan er ráðherra með langar útlistanir á ársútgjöldum vísitölufjölskyldunnar, en segir svo:

„Lítum á annað atriði. Nú er það auðvitað svo að neysluvenjur fólks eru misjafnar og það er svo undarlegt með þessa blessaða vísitölufjölskyldu að hún virðist eiga sér fáa formælendur og vera heldur vinafá." — Og það eru sannarlega orð að sönnu ef litið er á aðgerðir núv. ríkisstjórnar, hún er a.m.k. vinafá þar. — „Samt sem áður er hún engu að síður þverskurður af fjölskyldum í landinu og neysluútgjöldum þeirra. Og þá má spyrja sem svo: En hvað með aðrar fjölskyldur? Fjölskyldur með fleiri börn? Fjölskyldur eldra fólks? Og svarið er þetta: Þótt þessar aðgerðir komi út á sléttu gagnvart meðalfjölskyldunni hefur ríkisstjórnin ákveðið að til viðbótar við auknar niðurgreiðslur skuli varið 600 millj. kr. á næsta ári í auknar lífeyrisgreiðslur og barnabætur." — Þ.e. til ellilífeyrisþeganna og til barnafólksins. „Þessari fjárhæð verður varið þannig að u.þ.b. helmingur hennar rennur til að hækka lífeyrisgreiðslur um áramótin þannig að heildarhækkun bótagreiðslna verði 7%" — átti væntanlega að vega upp á móti þeim 7% sem staðgreiðslukostnaðurinn hækkaði. Og reyndar segir hann: „Þ.e. jafnmikil og nemur áætlaðri hækkun á matvælum vegna þessara aðgerða. Hinn helmingur fjárhæðarinnar verður notaður til að hækka barnabætur og barnabótaauka um 10% frá áramótum. Jafnframt verður ákveðinni fjárhæð varið til að hækka skerðingarmörk í barnabótaauka sérstaklega, en hann er tekjutengdur, ef börn eru fleiri en eitt. Þessi hækkun barnabóta og barnabótaauka, hækkunin ein, samsvarar 5.000 kr. á hvert barn á ári að meðaltali. Með þessum viðbótaraðgerðum til tekjujöfnunar er því enn frekar dregið úr áhrifum hækkunar á matvælaútgjöld að þessu sinni hjá barnmörgum og tekjulágum fjölskyldum. Þetta eru staðreyndir málsins að því er varðar annars vegar meðalfjölskylduna, hins vegar barnmargar fjölskyldur og í þriðja lagi þá sem hafa tekjur sínar frá almannatryggingakerfinu." Svo segir hann:

„Það er rétt að geta þess hér að barnabætur eru greiddar út með um 64 þúsund börnum. Hækkun barnabóta og barnabótaauka svarar því til, eins og ég sagði, miðað við þessar upphæðir, um 5.000 kr. á ári á hvert barn, þ.e. þegar miðað er við að til hækkunar barnabóta og barnabótaauka verði varið um 320 millj." — og ég bið menn að setja á minnið 320 millj. kr. — „sem skiptist þannig að 280 millj. verði varið til sérstakrar 10% hækkunar barnabóta og barnabótaauka, en um 40 millj. til hækkunar skerðingarmarka ef börn eru fleiri en eitt."

Nú vill svo furðulega til að ef þessar 320 millj. eru framreiknaðar miðað við meðalverðlag ársins 1988 þegar þetta kom til framkvæmda og forsendur fjárlaga fyrir næsta ár þá eru þetta nákvæmlega 500 millj. kr. þannig að núna er verið að taka af barnafólki á einu bretti það sem því var fært árið 1988 og átti að vega upp á móti hækkun matarútgjalda. Sá ráðherra sem hrósar sér af því í þessari ræðu að hafa komið þessu á er að standa að því að þetta sé tekið aftur og svona eru efndirnar og svona eru lagasetningar þessara manna.

En þetta er auðvitað ekki það eina sem lendir á barnafólki. Á barnafólki lenda líka auknar byrðar vegna annarra hluta, svo sem vegna læknis- og lyfjakostnaðar. Ég fór nokkuð ítarlega í það mál þegar rætt var um hinn svokallaða bandorm en þar benti ég m.a. á það að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu við börn er tvöfalt til þrefalt meiri en vegna fólks á besta aldri. Með öðrum orðum: Börn nota þessa þjónustu mun meira en fólk á besta aldri.

Það skal þó sagt að í heilbr.- og trn. Alþingis náðust fram ákveðnar lagfæringar á þessum hlutum þannig að það má betur við það una en fyrirhugað var og ætla ég að þakka þar sérstaklega þá góðu samvinnu sem hefur átt sér stað um þetta mál í hv. heilbr.- og trn. Alþingis. Þar hafa menn sýnt samningavilja, samningalipurð en ekki yfirgang og offors eins og virðist vera lenska a.m.k. í dag.

En þetta er bara ein hliðin á málinu. Önnur er sú að í þessu fjárlagafrv. er boðuð mun verri þjónusta í skólakerfinu. Það á að skera niður launalið grunnskólans um 6,7% eða um 343,5 millj. brúttó. Þar af falla 137 millj. á svokallaðan safnlið ráðuneytisins sem ráðherra getur væntanlega ráðstafað síðan að eigin geðþótta. En nettóniðurskurður í grunnskólanum á næsta ári er um 200 millj. kr. Þetta þýðir auðvitað að það verður að skera verulega niður fræðslumagnið í grunnskólanum og það verður að fækka daglegum kennslustundum. Ef fyrstu þrjár greinar bandormsins í óbreyttri mynd verða að veruleika er búið að gefa ráðherra heimild til að útdeila kennslumagninu í grunnskólanum. Þá er búið að opna fyrir það að ráðherra útdeili kennslumagninu á nemendur í grunnskólanum. Þess vegna höfum við lagt á það mikla áherslu að þetta náist í burtu.

Þessi 200 millj. kr. niðurskurður í grunnskólanum er enn alvarlegri fyrir þá sök að allur niðurskurðurinn kemur á haustmissiri. Það er of seint að ætla sér að taka hann á vormissirinu. Þá kennslu er búið að skipuleggja. Það er búið að ráða kennara, það er búið að skipta börnum niður í bekki og honum verður ekki viðkomið að neinu leyti á vormissirinu þannig að þennan 200 millj. kr. niðurskurð þarf að taka á fjórum síðustu mánuðum ársins, september, október, nóvember og desember. Ég verð að segja að mér þykir hæstv. menntmrh. vera kjarkmikill og djarfur ef hann heldur

að hann geti náð þessu fram. Sé hann þeirrar skoðunar að þetta sé gerlegt þá hlýt ég að spyrja hvort hann viti ekki hvað hann er að gera. Vita þeir menn sem standa að ríkisstjórninni, hvort þeir heita ráðherrar eða almennir þingmenn, ekki hvað þeir eru að gera? Þekkja menn ekki óánægju foreldranna með þjónustu skólakerfisins? Ég er sannfærð um það að standi ráðherra að því að skera niður í grunnskólanum 200 millj. kr. mun það valda verulegri ólgu meðal foreldra þeirra barna sem skólann sækja og það mun grafa endanlega undan tiltrú fólks á opinberu skólakerfi. En kannski það sé einmitt markmiðið, að draga undan tiltrú fólks á opinberu skólakerfi.

Á undanförnum missirum hafa menn gengið fram fyrir skjöldu og prísað mjög einkavæðingu, líka í skólakerfinu og mér segir svo hugur að ýmsir í stjórnarliðinu sjái sér leik á borði að skapa svigrúm fyrir einkarekstur í skólakerfinu. Þeir foreldrar sem eru borgunarmenn munu, ef þessi niðurskurður verður að veruleika, hugsanlega krefjast þjónustunnar gegn greiðslu ef ekki vill betur. Þeir munu því í auknum mæli sækja í einkaskóla standi það á annað borð til boða og mér sýnist að það muni a.m.k. ekki verða neitt hik á borgarstjórn Reykjavíkur að opna fyrir þá möguleika. Þeir foreldrar sem hafa ráð á, neiti einfaldlega að fórna hagsmunum barna sinna á altari sparnaðaráforma ríkisvaldsins. Þeir gefist upp fyrir menningarleysi ríkisvaldsins og skilningsleysi þess á aðstæðum og þörfum barna.

Þetta var um niðurskurðaráform ríkisstjórnarinnar eins og þau birtast barnafjölskyldum í landinu. En það á líka að taka af launafólki með beinum aðgerðum og það er gert í gegnum sjómannaafsláttinn sem menn hafa verið að semja um á göngum allt til dagsins í dag og þá öðrum fremur stjórnarliðar sem ekki hafa getað komist að sameiginlegri niðurstöðu um það mál og eins í gegnum ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota því eins og ég gat um í fyrri ræðu minni verða réttindi launafólks til útgreiðslna úr þeim sjóði verulega skert. Segja má ef það mál verður að veruleika að engin trygging sé fyrir því að þeir muni ná nema rétt lágmarksréttindum. Í dag geta þeir fengið sex mánaða laun greidd út úr þessum sjóði, auðvitað með ákveðnu hámarki, sem mig minnir að sé um 120 þús. kr. á mánuði, en með þetta á að fara niður í þrjá mánuði. Sjóðurinn mun ábyrgjast þriggja mánaða laun vegna gjaldþrota og einnig verður sett þak á þessi laun þannig að það fer niður í 90 þús. kr. Þarna á líka að seilast í vasa launafólks.

Svo segist þessi ríkisstjórn ekki hækka skatta, hún segist ekki vera skattahækkunarstjórn. Ef þetta er ekki skattahækkunarstjórn er aðeins eitt orð til yfir þessa ríkisstjórn, ein skilgreining og það er álagastjórn. Hún leggur álögur á almenning og hún er álög á almenningi.

Nú hefði ég kosið að hæstv. forsrh. væri í salnum því að ég tel að hann muni þekkja nokkuð þau orð sem ég ætla að viðhafa í ræðu minni. Mig langaði að minna hann á hans eigin orð við ákveðið tilefni og óska ég eftir því að hæstv. forsrh. sé í salnum. — Ég var að biðja um hæstv. forsrh. í salinn og þar sem hann er nú kominn þá held ég áfram ræðu minni.

Ég ætlaði að minna hæstv. forsrh. á það að sl. vor lýsti hann þáv. ríkisstjórn í sjónvarpsþætti þar sem hann sat fyrir svörum með þeim orðum að þar væri allt upp í loft. Hann sagði um ríkisstjórnina, ef ég man þetta rétt: „Ríkisfjármálin eru upp í loft, kjaramálin eru upp í loft, samstarf stjórnarflokkanna er upp í loft.“ Sömu skilgreiningu mætti nota á núv. ríkisstjórn sem er auðvitað undir forustu hæstv. forsrh. Það mætti segja um hana að þingflokkar stjórnarliðsins væru upp í loft, kjaramálin upp í loft, samstarf við sveitarfélögin upp í loft, tengslin við VSÍ upp í loft, álverið upp í loft, samningar um Evrópskt efnahagsvæði upp í loft og þingstarfið hér upp í loft. Þannig er nú málum komið undir forustu hæstv. forsrh. sem taldi að hjá öðrum hefði allt verið upp í loft í vor. Ég hef sjaldan orðið vitni að því að hlutir væru eins mikið upp í loft og núna. Það er einlæg ósk mín að þessi loftköst öll verði til þess að kollvarpa ríkisstjórninni svo að gíslar stjórnarinnar í báðum þingflokkum losni úr viðjum hennar og almenningur við álög hennar því að þetta er ekki bara álagastjórn, þetta er álagastjórn. Hún leggur ekki bara á fólk nýjar álögur, hún er álög á fólki.

Hér á þingi var mjög erfið fjárlagaumræða og lagafúsk um áramótin 1987–1988 og það var fyrirborði um fall þáv. ríkisstjórnar. Og ég segi bara: Guð, lát erfiða umræðu núna á gott vita svo fílaballinu í glervörubúðinni fari senn að ljúka og þá geta aðrir tekið til við þá miklu viðreisn sem þörf er á eftir þetta. En af því að hér hefur verið reynt að ná samningum í kvöld við hæstv. ríkisstjórn þannig að ljúka mætti þessu þinghaldi og það hefur ekki gengið heldur er allt upp í loft, þá langar mig líka til þess að minnast á þetta „upp-í-loft-ástand“ sem hefur ríkt í stjórnarliðinu að undanförnu. Við höfum horft á einstaklingsbundnar uppreisnir stjórnarliða. Þeir hafa verið í einstaklingsbundinni uppreisn hver á fætur öðrum. Þeir hafa margir hverjir verið einhvers staðar á fleti fyrir þar sem niðurskurðarhníf ríkisstjórnarinnar hefur sést bregða fyrir. Svo undarlega hefur auðvitað viljað til að þeir hafa undirritað mörg af þeim bréfum sem hafa borist inn sem mótmæli við áformum ríkisstjórnarinnar. En það virðist eins og þeir hafi verið að safna kjarki eða þá hafi verið að berja í þá kjarkinn á undanförnum dögum og mér segir svo hugur að það sé kannski komið fyrir þeim núna eins og ref þeim sem hét í höfuðið á Mikael erkiengli og gekk undir nafninu Mikki refur. Hann sagði einhverju sinni við dýrin í Hálsaskógi: „Þið getið svo sem talið mig með en mér finnst þessi lög hreinasta bull“ og þannig held ég að mörgum stjórnarþingmönnum sé farið á þessari stundu. Ég á von á því að margir stjórnarliðar hafi það helst fyrir stafni um jólin að sleikja sín eigin sár. Þau kunna að vera stór, þessi sár, en mikið held ég að það sé rýrt fóður.

Ég hef lokið ræðu minni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki flytja ýkja langt mál þar sem aðalerindi mitt í ræðustól var og er enn þá að

mæla fyrir nokkrum breytingartillögum sem ég hef flutt, sumar einn og aðrar ásamt öðrum þingmönnum. Reyndar bað ég um orðið í þessu skyni síðdegis í gærdag og nú er nokkuð síðan en það hefur að sjálfsögðu ekkert breyst um efni þessara tillagna sem ég ætla að mæla fyrir né málsástæður aðrar. Því mun ég ekki fjölyrða um þau efni eða þær aðstæður frekar en snúa mér að efninu beint því að tíminn er auðvitað verðmætur.

Ég kem þar fyrst að brtt. á þskj. 332 sem ég flyt ásamt með hv. 8. þm. Reykn. og lýtur að málefnum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Nú hef ég ekki, herra forseti, fylgst svo grannt með umræðunni að ég geti fullyrt að máli þessarar ágætu stofnunar hafi ekki verið hreyft fyrr í umræðunni en það sakar þá ekki ef menn hafa lagt henni gott til, aðrir en ég, en það hyggst ég nú gera. Á þessari brtt. leyfum við okkur að leggja til lítils háttar hækkun á fjárveitingum til þessarar stofnunar og starfsemi. Þróunarsamvinnustofnun heyrir undir hæstv. utanrrh. og er það fullkomlega eðlilegt og sama skipan mála og er víðast hvar annars staðar en einhvern veginn er það svo að sá sem hér talar hefur það á tilfinningunni eftir að hafa vaktað málefni þessarar stofnunar og þessarar starfsemi um 15 ára skeið að hún hafi ekki alltaf notið þeirrar athygli hæstv. núv. og fyrrv. utanrrh. sem maklegt væri. Hvað sem um það má segja þá er staðreynd að seint hefur gengið að hækka þannig fjárveitingar til þeirrar starfsemi að við Íslendingar næðum að uppfylla þá skilmála, skuldbindingar og fyrirheit sem við höfum um þá undirgengist á erlendum vettvangi.

Þannig háttar til að öll hin þróuðu ríki hafa bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, eins innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar og víðar, gert margar samþykktir og í raun heitið því að stefna að því að verja tilteknum hluta þjóðartekna sinna til þróunaraðstoðar í fátækum löndum. Við það mun vera miðað að þetta hlutfall sem kemur frá ríkinu til slíkrar starfsemi nálgist 0,7% og er víðs fjarri því að við höfum náð að uppfylla þá kröfu og því miður er það svo að yrði sú tillaga hæstv. ríkisstjórnar, sem í fjárlögunum er, að veruleika þá miðar þar í öfuga átt. Dregur þá á nýjan leik í sundur með okkur Íslendingum sem í þessum efnum erum einna lægstir og aftastir á merinni, eins og sagt er, allra vestrænna eða þróaðra þjóða.

Fjárveitingar til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands yrðu 111,5 millj. kr. á næsta ári samkvæmt því sem lagt er til í fjárlagafrv. Með hliðsjón af því að erfiðlega hefur gengið að hækka þetta hlutfall og það hefur átt við um mörg undangengin ár og í raun og veru alla þessa sögu þróunarsamvinnu af hálfu Íslands, þá leggjum við tillögumenn ekki til stærra skref í þessu efni og að þessu sinni en að hækka þessa fjárveitingu í 150 millj. Auðvitað er alveg ljóst að við erum litlu nær í því efni að uppfylla okkar alþjóðlegu skuldbindingar þó að þetta yrði samþykkt. En á hitt ber að líta að auðvitað verður að byggja slíka starfsemi og slíka aðstoð upp með skynsamlegum og vitrænum hætti og ekki er ráðlegt að auka mjög snögglega fjárveitingar að miklum mun í þetta verkefni frekar en önnur án þess að fyrir því sé séð hvernig með þá fjármuni skuli fara. Ég held þess vegna, bæði með hliðsjón af fjárhagsstöðu ríkisins, aðstæðum öllum og þessum rökum sem ég hef flutt, að það væri ekki óskynsamlegt og ekki óásættanlegt skref að reyna að þoka þessu lítillega upp á við með þessum hætti. Fjárveitingar mundu þá lítillega aukast að raungildi frá núv. fjárlagaári og ég ætla að Þróunarsamvinnustofnun mundi ráða vel við að ráðstafa þessu viðbótarfjármagni með skynsamlegu viti.

Að lokum er um þetta efni að segja, að nokkrum sinnum á undanförnum árum hafa verið ákveðnir tilburðir til þess að auka þessar fjárveitingar bæði með því að Ísland hefur gerst aðili að og þátttakandi í ákveðnum skuldbindingum og samningum á þessu sviði, fyrst og fremst í samvinnu við Norðurlöndin, en einnig hafa fjárveitingar lítillega aukist að raungildi hin síðustu ár og hlutfallið af okkar þjóðartekjum eða þjóðarframleiðslu farið heldur hækkandi þar með. En sem ég segi, þá mundi þróunin heldur ganga aftur á bak ef þessi fjárveitingartillaga sem í frv. stendur yrði að veruleika.

Því miður er það þannig, herra forseti, að ég hef ekki mikið orðið var við umræður um þróunarhjálp, þróunarmálefni núna hin allra síðustu missiri. Viss bylgja meðvitundar reis um þessi mál fyrir nokkrum árum og þátttaka almennings í formi frjálsra framlaga, hjálparsamtaka og félagasamtaka varð býsna mikil um ákveðið árabil. Þannig fóru t.d. frjáls framlög og safnanir hjálparstofnana upp í það að vera eða um það bil helmingur af allri þróunaraðstoð sem barst frá Íslandi. Var það í sjálfu sér vel en því miður sagði það kannski meira um hið lága raungildi fjárveitinga frá ríkinu en endilega hitt hversu mikið safnaðist hér og er ég þó ekki að lasta það. En einhvern veginn finnst mér að nú hafi aftur dofnað yfir þessu á nýjan leik og kannski er það svo að okkur vanti fleiri hryllingsmyndir í sjónvarpinu eins og þær sem voru sýndar frá Eþíópíu þegar þurrkaplágan mikla gekk yfir Sahil-svæðið í Afríku og hundruð þúsunda manna og milljónir sultu þar heilu hungri og börn dóu úr sulti í beinni útsendingu í sjónvarpi. Þá vaknaði almenningur víða á Vesturlöndum til nokkurrar meðvitundar, m.a. hér á Íslandi, og umtalsvert söfnunarfé rann til Hjálparstofnunar kirkjunnar og Rauða krossins og fór að vísu fyrst og fremst í neyðaraðstoð en þó að nokkru leyti til uppbyggjandi þróunarstarfs á nokkrum stöðum í heiminum. En því miður finnst mér heldur dauflega horfa um þessi málefni á nýjan leik og minni umræða hafa orðið hin allra síðustu missiri. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að hreyfa við málinu með brtt. þessari, ekki endilega í von um að hún verði hér samþykkt þó að það mundi auðvitað gleðja mig og okkur flm. ef svo yrði. En eftir sem áður er full ástæða til þess að vekja athygli á málinu og leyfa mönnum að taka afstöðu til þess hvort við Íslendingar höfum efni á því eða ekki að reyna að gera eitthvað betur í þessum efnum.

Ég hef þá ekki fleiri orð um þessa brtt., herra forseti, sem er að finna á þskj. 322, en sný mér að næsta máli sem ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds flyt brtt. um, en það varðar fjárveitingar til Framleiðnisjóðs

landbúnaðarins á næstu fjárlögum. Þannig háttar til að hæstv. ríkisstjórn lenti í þeim ógöngum einhvern tíma á síðasta hausti að ákveða að skerða fjárveitingar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um um það bil helming. Þetta var að sjálfsögðu ekki gott ráð hjá hæstv. ríkisstjórn af mörgum ástæðum því að bæði er það nú að full þörf er fyrir fjárveitingar í þessi málefni en hitt er þó öllu verra að mínu mati, að hæstv. ríkisstjórn hefur það ekki á sínu valdi ein og óstudd að ráða þessum málum til lykta af þeirri einföldu ástæðu að þessar fjárveitingar til Framleiðnisjóðs eru hluti af samningi sem ríkisvaldið hefur gert við bændur og á rót sína að rekja til búvörulaganna frá 1985. Sá samningur hefur síðan verið framlengdur og endurnýjaður og er enn í gildi í þeim skilningi að það framleiðsluár landbúnaðarins sem nú stendur yfir er hluti af þeim búvörusamningi og einnig var hluti af honum að fjárveitingar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skyldu vera tilteknar allt fram á og til og með árinu 1992. Þess vegna eiga fjárveitingar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á næsta fjárlagaári að vera tiltekin upphæð sem er reiknuð út og tekur mið af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar í landinu. Þessa viðmiðun er að finna í gildandi búvörulögum. Þeim hefur ekki verið breytt enn sem komið er og gamli búvörusamningurinn gildir um framleiðslu landbúnaðarins á yfirstandandi ári og því framleiðsluári lýkur ekki fyrr en 31. ágúst nk., þ.e. á árinu 1992.

Herra forseti, þó svo við flm. skiljum mjög vel erfiða fjárhagsstöðu ríkissjóðs og vitum að þar er að mörgu að hyggja, þá teljum við að ekki sé boðlegt að loka fjárlagafrv. þannig að á næsta ári blasi beinlínis við samningsrof af hálfu ríkissjóðs í þessu efni. Ég er hins vegar alveg tilbúinn til þess, herra forseti, að viðurkenna að út af fyrir sig er þó ekki verri hugmynd en hver önnur í þrengingum ríkissjóðs að óska eftir viðræðum við bændasamtökin um það hvort hugsanlega sé unnt að fá forsvarsmenn bænda til viðræðna um að ríkið geti eitthvað dregið úr útgjöldum sínum í þessu efni. Og þá kæmi það ríkissjóði til góða sem því næmi að unnt væri að lækka fjárveitingar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á næsta ári. En þá gera menn það líka eins og siðaðir menn með þeim hætti að þeir óskuðu eftir viðræðum við sína samningsaðila og fá þá til viðræðna um það að gera breytingar á gildandi samningi og gildandi sáttmála með tilliti til breyttra aðstæðna og mikilla erfiðleika ríkissjóðs, sem menn mundu þá telja verr á sig kominn en bændur í landinu og þess vegna væri rétt að bændur tækju á sig nokkra skerðingu í þessum efnum. En það þekki ég til forsvarsmanna íslenskra bænda, þeirra sem fara með kjaramál fyrir þá stétt, að ég fullyrði að þeir yrðu fúsir til viðræðna um slík málefni ef til þeirra væri boðað með sanngjörnum og eðlilegum hætti. Það vill nú svo til að sá sem hér talar hefur átt dálítinn þátt í því að ræða við þá um slíka hluti og átt dálítil samskipti við þessa menn. Og ég tel mig vera alveg um það bæran að fullyrða að ekki stæði á forsvarsmönnum íslenskra bænda að koma til viðræðna við ríkissjóð og huga að slíkum málefnum.

Hvort sem það verður í bráð eða lengd, herra forseti, að frv. til fjárlaga verði afgreitt þar sem bændur fá þau skilaboð að samningur þeirra við ríkisvaldið sé brotinn, 50%, með helmings skerðingu á framlögum í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, þá hefur ekki mikið upp á sig að vera að kalla þá til viðræðna að því loknu. Eða hvað?

Vissulega er það svo að samningsaðstaða íslensks landbúnaðar er ekki mjög sterk. Vilji menn sýna fantaskap og beita olnbogunum í samskiptum við eina stétt í landinu, þá eru sennilega fáar stéttir sem af ýmsum ástæðum hafa lakari eða veikari samningsstöðu en einmitt bændur vegna margþættra erfiðleika sem yfir landbúnaðinn hafa gengið og breytinga sem við höfum ekki farið varhluta af hér uppi á Íslandi frekar en annars staðar og sett hafa mark sitt á málefni landbúnaðar á undanförnum árum og áratugum. En sé hins vegar allrar sanngirni gætt, þá er það auðvitað pólitískt mál, pólitísk ákvörðun og samviskuspurning hvort íslenskur landbúnaður eigi að gjalda þess með þeim hætti, að menn ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og neyti fullkomins aflsmunar gagnvart þessari stétt. Það sýnist mér því miður eiga að gera hér. Að það eigi að neyta þess að landbúnaðurinn hefur átt í miklum erfiðleikum, er á erfiðu breytingaskeiði, þarf á öllu sínu að halda til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og er af þeim sökum ekki í þeirri stöðu að geta sem öflugur kröfugerðar- eða þrýstihópur í landinu knúið allt sitt fram. — Og reyndar er það skaði, hæstv. forseti, að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér þegar ég ræði þessi málefni Framleiðnisjóðs. Þætti mér vænt um ef hæstv. forseti vildi huga að því hvort hæstv. landbrh. er ekki í húsi á þessum venjulega fundartíma okkar og hvort hann sé tilbúinn til að ganga í salinn nú og hlýða á spaklegar umræður um landbúnaðarmál. (**Forseti:** Hæstv landbrh. er ekki í húsi en ef hv. þm. óskar eftir því að ég athugi hvernig hagar til hjá honum og hvort hann geti komið, þá er það sjálfsagt.) Já, ég mundi fara fram á það en þó með þeim orðum að ég vil ekki gera hæstv. landbrh. neitt tiltakanlegt rúmrusk, þannig að ef hann væri t.d. í fastasvefni, sem gæti hugsast miðað við þann tíma sólarhringsins sem við erum að ræða málin á, þá mundi ég ekki vilja að hæstv. landbrh. yrði vakinn með miklu ofbeldi. (Gripið fram í.) Ef hann hins vegar á sæmilega hægt með að koma hingað til fundar, ef hann er t.d. í nágrenninu, yrði ég að sjálfsögðu mjög feginn ef hæstv. forseti vildi huga að því hvernig stæði á fyrir hæstv. landbrh. og gera mér þá viðvart um það. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er staddur í Alþingishúsinu og hefur fylgst með umræðum hér og ef það gæti komið í stað, þá ...) Jú, mér væri að sjálfsögðu mikill yndisauki að því ef hæstv. forsrh. vildi ganga í salinn. Og ég fellst fúslega á þessa tillögu forseta að forsrh. svari til fyrir landbúnaðinn, enda er honum það auðvitað skylt og kært. Því hæstv. forsrh. talaði mjög hlýlega til bænda á sl. vori þegar hann var í framboði og gerðist m.a. alveg sérstakur andstæðingur flatrar skerðingar á framleiðslurétti, sem mér var nokkuð minnisstætt, gekk þar í hóp framsæknustu manna í hagsmunabaráttu bænda.

Vissulega gladdi það mig, sem þáv. landbrh., að mér skyldi vera veitt öflugt aðhald frá mönnum sem vildu gera betur við bændur en ég var þá í stöðu til að gera þegar ég var að gera við þá búvörusamning. Og það voru nokkrar hetjur sem höfðu í sér karlmennsku til þess að opinbera hlýhug sinn til bænda með því að vilja ganga lengra í jákvæða átt í þeim efnum en ég hafði aðstöðu til að gera. Þetta voru t.d. hæstv. núv. forsrh., hv. 2. þm. Norðurl. v. og ég hugsa að hv. 3. þm. Austurl. hafi jafnvel verið í þeim hópi. Að þeir teldu þennan búvörusamning engan veginn nógu góðan og hagstæðan bændum og það væru í honum vond ákvæði sem gætu komið þungt við bændur eins og hugsanlegur möguleiki á flatri skerðingu. En á sl. sumri tókst reyndar svo til í framkvæmd þeirra tillagna sem búvörusamningurinn hefur að geyma að til sáralítillar flatrar skerðingar kom. Vegna þess að þær ráðstafanir, þau uppkaup sem samningurinn felur í sér gekk svo vel, hæstv. forsrh., og veit ég að það gleður auðvitað forsrh.

En þess vegna er mér alveg óskiljanlegt, hæstv. forsrh., með vísan til þessa hlýhugs sem sýndur var bændastéttinni í aðdraganda alþingiskosninganna í framboðsræðum og sjónvarpinu, m.a. í frægum þætti, hvernig í ósköpunum stendur á því að nú skuli komið svona snarlega annað hljóð í strokkinn og hæstv. ríkisstjórn snúi bara blaðinu við undir forustu yðvar, hæstv. forsrh., og skerði um helming samningsbundin framlög í Framleiðnisjóð á næsta ári. Og það sem öllu verra er þó, boði ótvírætt samningsrof á hinum nýja búvörusamningi á næsta ári. Þetta er mér hvoru tveggja alveg óskiljanlegt og fleirum veit ég, sem horfðu á sjónvarpsútsendingar og hlýddu á ræður í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Og með því sem það er nú upplýst að hæstv. landbrh. er ekki í húsi sem er annar af tveimur handhöfum þessa samnings fyrir hönd ríkisvaldsins ásamt með hæstv. fjmrh. sem samkvæmt embættisskyldum sínum ber að framkvæma þennan samning af því að forveri hans fullmektugur í embætti ritaði undir aðalkafla samningsins, þá er auðvitað nærtækt að spyrja hæstv. forsrh. hvort þessu verði ekki kippt í liðinn og tryggt að ekki verði brotnir samningar á bændum heldur verði þá, ef menn vilja breyta einhverju í þeim efnum, hæstv. forsrh., gengið til viðræðna við þá eins og siðaðra manna er háttur og óskað eftir lagfæringum eða breytingum á viðkomandi samningum.

Þess vegna legg ég það nú til ásamt með hv. þm. Ragnari Arnalds, sem er fulltrúi Alþb. í landbn. þingsins, að inn í fjárlagafrv. komi tala sem er fullnægjandi til þess að framfylgja gildandi samningum og lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og samningum við bændur. Hins vegar skal ég láta það alveg óátalið og meira en það, tel það alveg eðlilegt, ef hæstv. ríkisstjórn í þrengingum sínum býður bændasamtökunum strax til viðræðna í framhaldi af setningu fjárlaga og óskar eftir því hvort unnt sé að ná samkomulagi um að draga úr þessum útgjöldum. Og það vill svo til að í samskiptum ríkisvaldsins og bænda á grundvelli þessara sömu laga eru fordæmi fyrir slíku. Haustið 1989 beitti ég mér fyrir samningaviðræðum við bændasamtökin um viðauka við þáv. búvörusamning — til hvers? Til þess að draga úr útgjöldum ríkisins vegna ágreiningsatriða og óvissuatriða sem uppi voru um framkvæmd þess samnings og e.t.v. man hæstv. forsrh. eftir því, ef hann hefur fylgst vel með þjóðmálum á þessum tíma, þó að hann væri að vísu borgarstjóri í Reykjavík og ekki handhafi mikils búskapar í sínu sveitarfélagi, og þó var í Laugardalnum eitthvað af peningi á þeim tíma, að um þetta var nokkuð rætt.

Ríkisendurskoðun sendi frá sér skýrslu um vandamál sem uppi væru í framkvæmd þessa samnings og lá alveg ljóst fyrir að ríkisvaldið og ríkissjóður hefði getað lent þarna í vandræðum og útgjöldum sem námu nokkur hundruð milljónum kr. á þeim tíma sem eftir lifði samningsins. Þetta var út af fyrir sig alvörumál og ríkissjóður var illa staddur eins og stundum áður. Og hvað gerði ríkisstjórnin þá? Setti hún bráðabirgðalög eða píndi hún í gegnum þingið fjárlög þar sem þetta var skorið niður? Nei. Hún boðaði bændur til viðræðna um það vandamál sem upp var komið. Og hvað gerðu hinir málefnalegu og sanngjörnu forsvarsmenn bændasamtakanna annað en koma til þeirra viðræðna og mæta ríkinu með viðauka við búvörusamninginn á mjög sanngjörnum grundvelli sem sparaði ríkinu og sparar enn í dag, vegna þess að þessi samningur er enn í gildi og gildir til 31. ágúst á næsta ári, hundruð milljóna kr.? Með frjálsum samningum við bændur náðist þessi árangur, afstýrði deilum, e.t.v. málaferlum, tók mál úr gerðardómi sem þá var í leiðinni í úrskurð og niðurstaðan var frjáls samningur sem sparaði bændum þessi útgjöld.

Það er annríkt hjá hæstv. ríkisstjórn, forseti, og mikið um fundahöld í hliðarsölum og við höfum báðir fullan skilning á því. (**Forseti:** Hv. þm. Já, ég tek undir það.) En ég held áfram að flytja mál mitt engu að síður. (**Forseti:** Forseti hlustar af mikilli athygli.) Mér þykir mjög vænt um það og ég veit það og met það og af því að ég hef fullan skilning á nauðsyn þess að hæstv. ríkisstjórn haldi samningafundi í hliðarsölum ásamt með þingflokksformanni Sjálfstfl. læt ég mér vel lynda að þeir noti tímann til að reyna að komast að skynsamlegum niðurstöðum þarna í hornherbergi. (**Forseti:** Forseti vekur athygli hv. ræðumanns á því að það voru einnig aðrir þingmenn kvaddir úr salnum þannig að það eru fleiri sem halda fundi.) Já, þetta er rétt athugað hjá forseta, sennilega stendur mikið til núna einhvers staðar í hliðarsölum. Og sjálfsagt mál er að taka tillit til alls þessa.

Þá er nú þannig komið, herra forseti, að ég hafði hugsað mér að ræða lítillega málefni sem varðar sjávarútveginn og þau eru hvorki meira né minna en tvenns lags. Það er annars vegar framkvæmd á veiðieftirliti og hins vegar mál sem varða íslensku landhelgina. Þá verð ég að spyrja hvort hæstv. — í einum og sama manninum eins og segir í vísukorni — sjútvrh. og dómsmrh. séu í húsi því það þætti mér stórlega til bóta ef sá ágæti maður gæti þá gengið hér í salinn og hlýtt á mál mitt. (**Forseti:** Forseti verður að svara því að hæstv. dómsmrh. og sjútvrh. er ekki hér, en hins vegar er

hæstv. fjmrh. hér ef það bætir úr skák fyrir hv. ræðumann.) Já, ræðumaður er allur af vilja gerður, hæstv. forseti, og mun þá fallast á að hæstv. fjmrh. komi í salinn og fylgist með því sem ég hef hér að segja um málefni sjávarútvegsins, enda eru það útgjaldamál og að sjálfsögðu viðurkenni ég að sem slík eru þau á verksviði hæstv. fjmrh. En ég tel mun lakara að flytja mál mitt algerlega án viðveru hæstv. ríkisstjórnar og mundi þá í allri minni hógværð fara fram á að í stað sjútvrh. kæmi þá hæstv. fjmrh. því ég hyggst nú mæla fyrir sakleysislegum brtt., og hógværum að mínu mati og okkar flm., sem varða útgjaldamál sjávarútvegsins og velta nú ekki þungu hlassi satt best að segja þó að hæstv. ríkisstjórn yrði svo vinsamleg að taka þau til vinsamlegrar og velviljaðrar athugunar.

Kem ég þá að því, hæstv. fjmrh., að á þskj. 334 hef ég ásamt með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni flutt eina litla brtt. — Nú óttast ég að fundahöldin trufli hæstv. fjmrh. þannig að það sé ekki víst að hann haldi fullri athygli á máli ræðumanns. — Jú, það virðist vera svo, hæstv. fjmrh. kinkar kolli. Þá er það sem sagt þannig, hæstv. fjmrh., að við leggjum til að sértekjur Veiðieftirlits sjávarútvegsins verði lækkaðar frá því sem greinir í fjárlagafrv. um réttan helming niður í það sem þær eru að raungildi um það bil framreiknað á þessu ári því þannig háttar nefnilega til að það tókst um það þokkaleg samstaða síðast að menn deildu þessum byrðum með sér til helminga, ríkissjóður og sjávarútvegurinn. Sjávarútvegurinn greiðir helming kostnaðar af veiðieftirliti sjútvrn. en ríkissjóður afganginn. Þetta er náttúrlega ákaflega sanngjörn regla því að bræðraleg skipti til helminga eru yfirleitt sanngjörn og oft og tíðum langsanngjarnasta reglan sem fyrirfinnst.

Hæstv. ríkisstjórn hefur látið sér detta í hug, sbr. fjárlagafrv., að setja þessar byrðar allar yfir á sjávarútveginn. Það finnst okkur ekki heppilegt við ríkjandi aðstæður í sjávarútvegsmálum. Nú er það þannig, eins og hæstv. sjútvrh. veit, að ekki mundu þessar 40 millj. við hagstæðar aðstæður velta þungu hlassi hjá sjávarútvegi á Íslandi. En það eru bara ekki, hæstv. fjmrh., mjög hagstæðar aðstæður eins og við vitum báðir. Sjávarútvegurinn er að taka á sig ansi miklar skerðingar og þar er ansi mikill taprekstur. Okkur finnst að í þessu litla atriði eigi ríkisstjórnin kost á því að koma með sanngjörnum en tiltölulega ódýrum hætti svolítið til móts við sjávarútveginn, mér liggur við að segja, herra forseti, sálrænt til móts við sjávarútveginn, sýna þó í litlu sé að það sé þrátt fyrir allt viss skilningur á erfiðleikum greinarinnar.

Við flytjum þetta mál í tengslum við okkar umfjöllun um sjávarútvegsmál hér á þinginu. Við höfum hreyft málefnum sjávarútvegsins í ýmsum greinum og m.a. vakið athygli á að á mörgum stöðum í fjárlagafrv. og efnahagsráðstöfunum hæstv. ríksstjórnar er verið að íþyngja sjávarútveginum. Það safnast þegar saman kemur og myndar býsna miklar upphæðir þegar það er allt lagt saman. Ég hef áður hér úr ræðustóli vakið athygli hv. alþm. á því hvað þarna er á ferðinni og óskaði síðan eftir því að fjmrn. og reyndar sjútvrn. tækju saman fyrir mig yfirlit um þetta mál og hef enn verið að fá upplýsingar um nýjar álögur sem á að leggja á íslenskan sjávarútveg á næsta ári. Til viðbótar fyrri upplýsingum mínum upp á 822–1.000 millj. kr. rúmar sem ég hef áður rökstutt hér í ræðustólnum bætast ákveðnir liðir sem tengjast hækkun á gjaldskrám þjónustustofnana sjávarútvegsins, bæði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Ríkismats sjávarafurða og fleiri aðila. Þó að þar séu ekki heldur mjög stórar upphæðir á ferð safnast þegar saman kemur. Og ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, af því að ég veit að hann skráir samviskusamlega hjá sér allar spurningar sem koma fram í umræðunni og hyggst svara þeim í lokin eins og venja er, þá er spurning mín til fjmrh., þá fyrir hönd sjútvrh. eða út af fyrir sig í eigin nafni sem ábyrgðarmanns ríkisútgjaldanna: Er ekki hugsanlegt að fara yfir þetta aftur og skoða það að mæta sjávarútveginum í þessu litla atriði, að rekstur veiðieftirlitsins verði með óbreyttum hætti á næsta ári, eins og verið hefur og þessar litlu 40 millj. rétt rúmar komi úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna? Það er borðleggjandi að sjávarútvegurinn og sjómenn eru að taka á sig miklar skerðingar og erfiðleika á næsta ári, miklar, þannig að það þarf líklega að fara aftur á erfiðleikaárin 1967–1968 til að finna þar hliðstæðu. Þess vegna er fullkomlega réttmætt að spyrja hæstv. fjmrh.: Er ekki möguleiki á því að sjávarútveginum verði mætt í þessu?

Af því að ég er heiðraður með nærveru hæstv. fjmrh. ætla ég að vinda mér tafarlaust í næsta efni sem er síðasta brtt. sem ég ætla að mæla fyrir. Hún varðar mál sem heyrir út af fyrir sig kannski fremur undir samgrh. eða dómsmrh. af því að það er málefni íslensku landhelginnar og þó í tengslum við Vita- og hafnamálastofnun sem er ein af undirstofnunum samgrn.

Þannig háttar til að ræðumaður hefur um árabil verið mikill áhugamaður þess að reynt yrði að hressa upp á þann útvörð íslensku efnahagslögsögunnar í norðri sem Kolbeinsey heitir og liggur langt norður í Dumbshafi, um fjögurra tíma stím á meðaltrillu frá Grímsey norður, en nú fara menn þetta á hraðskreiðum bátum á eins og 1½ klukkutíma. Það er vegna þess að þau skip ganga hátt í 30 sjómílur. (**Gripið fram í:** Er hægt að stíga þarna á land?) Það er hægt að stíga þarna á land og það hefur ræðumaður gert og baðað sig þar í sólskini einn fagran júlídag. (Gripið fram í.) Það var nú ekki svo mikið, hv. framm íkallandi.

En þannig er með þennan ágæta útvörð okkar í norðri, Kolbeinsey, sem á sér merka sögu, að hann á mjög undir högg að sækja — eða hún — sökum ágangs ísa, veðra og frosts og ótvírætt er það samkvæmt eldri heimildum að eyjan var hér fyrr á tíð mun stærri, enda hefði hún tæplega hlotið þetta nafn, Kolbeinsey, ef hún hefði í upphafi verið þeirrar stærðar sem hún er í dag.

Það hefur farið fram nokkur vinna að því að skoða aðstæður við Kolbeinsey, fyrst í tíð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem samgrh., hv. formanns efh.- og viðskn., þáv. hæstv. samgrh., og síðan í samgönguráðherratíð þess sem hér talar. Niðurstaða þessara athug-

ana er sú að það sé ótvírætt mögulegt að tefja a.m.k. mjög stórlega fyrir eyðingu eyjarinnar ef ekki bjarga henni að fullu eða varðveita hana um ókomin ár. Og ég er þeirrar skoðunar, herra forseti og hæstv. fjmrh., að það sé beinlínis skylda okkar að láta á þetta reyna, a.m.k. fari fram vandleg könnun á því hvort ekki er með viðráðanlegum hætti og viðráðanlegum kostnaði unnt að styrkja þannig eyjuna að hún fái staðist ágang íss og veðra. Þetta er ekkert smámál, herra forseti, vegna þess að íslenska efnahagslögsagan yrði ósköp einfaldlega 9.400 km^2 minni ef ekki nyti Kolbeinseyjar við.

Nú hafa menn kannski ekki mikla tilfinningu fyrir því hvað 9.400 km^2 eru og þá skal jarðfræðingurinn, hv. 4. þm. Norðurl. e., fara með nokkrar tölur í því sambandi. T.d. er Ísland um 104 þús. km^2 þannig að lögsaga Kolbeinseyjar í þessum skilningi er drjúgur hluti af öllu flatarmáli Íslands. Og þannig var t.d. að flatarmál íslensku landhelginnar allrar eins og hún lagði sig var á dögum þriggja sjómílna landhelginnar ekki nema 25 þús. km^2. Sú viðbót sem af Kolbeinsey hlýst í okkar efnahagslögsögu er auðvitað gífurlega mikil og mikilvæg vegna þess að hún ræður merkjum okkar við önnur lönd en ekki nema að hluta til að úthafinu. Enn er það að nefna að innan þessarar efnahagslögsögu gætu í fyllingu tímans leynst verðmæti sem enginn maður veit hverju gætu skilað af sér. Og það er ég nú alveg viss um að í þessa merku ræðu verður vitnað oft og iðulega síðar á öldinni og á næstu öld þegar hér var flutt þessi málsvörn fyrir Kolbeinsey. Það hefur reyndar áður verið gert á þingi og ýmsir hv. þm. hafa sýnt þessu áhuga.

Ég vil, herra forseti, um leið og ég mæli fyrir brtt. á þskj. 335 þar sem mælt er fyrir um lítils háttar fjárveitingu á næsta ári til að halda áfram rannsóknum og undirbúningi að því að ráðast í styrkingu Kolbeinseyjar, minna á þáltill. sem liggur fyrir þinginu, flutt af hvorki meira né minna en fimm hv. alþm., þ.e. þeim sem hér talar, hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, sem er formaður efh.- og viðskn. og fyrrv. sjútvrh. með meiru, mætur maður, og síðan þremur öðrum hv. þm. sínum úr hverjum flokknum þannig að á bak við þessa tillögu standa þingmenn allra flokka. Og ég leyfi mér að vona að menn líti með góðvilja til þessarar litlu brtt. eða a.m.k. málefnisins sem slíks þannig að eitthvað verði aðhafst í málefnum Kolbeinseyjar á næsta ári. Það er að mínu mati ábyrgðarhluti að hafast þar ekkert að og láta tímann líða ár af ári án þess að eitthvað sé gert. Það er ástæða til að óttast að eyjan gæti á tiltölulega skömmum tíma, ef illa tækist til, hreinlega horfið af yfirborði jarðar í þeim skilningi að hún yrði ekki ofansjávar nema þá kannski endrum og sinnum eða á fjöru eða við þær aðstæður að hún teldist ekki þurrt land eða eyja í lögfræðilegum skilningi sem hér mundi eiga við. Þannig háttar nefnilega til, eins og ég veit að öllum hv. alþm. er kunnugt og öllum sem til þekkja og á mál mitt hlýða, að samkvæmt þjóðarétti mundum við væntanlega verða að lúta því að samtímis því að Kolbeinsey hætti að teljast eyja en mundi flokkast sem útsker misstum við lögsöguna sem umhverfis hana er. Auðvitað mætti á grundvelli hefðar reyna að halda því til streitu að við hefðum átt þessa landhelgi og á henni væri hefð, en ég óttast að réttarstaða okkar í því efni kynni að vera veik. Vil ég þó ekki flytja mál hugsanlegra andstæðinga okkar í málaferlum síðari tíma úr þessum ræðustól og held því að sjálfsögðu fram að við mundum sækja ýtrustu þjóðarréttindi gagnvart þessu eins og okkur er beinlínis skylt að gera og láta á rétt okkar reyna þar. Hann yrði verulegur því að engin önnur þjóð hefur nokkurn tíma nokkru sinni mér vitanlega haft nein réttindi né kröfur til réttinda af neinu tagi uppi gagnvart Kolbeinsey nema Íslendingar. Það styrkir að sjálfsögðu okkar stöðu, en á hitt ber að líta að þarna er óbyggt land og ekki sömu ríku hagsmunir eða sterka réttarstaða fyrir hendi og ef um byggða eyju væri að ræða.

Ég tel þess vegna að það sé brýnt bæði að styrkja eyjuna í bókstaflegum skilningi og líka réttarstöðu okkar í þessu tilliti og það er hægt að gera vegna þess að hagnýting eyjarinnar mundi koma okkur til góða og vera málsástæða ef á þyrfti að halda. Þannig t.d., herra forseti, eins og ég veit að þér er kunnugt, mundi tæknibúnaður, rannsóknastarfsemi og annað þvíumlíkt, item mannaumferð á eyjunni, hjálpa til í þessum efnum ef á þyrfti að halda. Ég leyfi mér þess vegna á þskj. 335 að leggja til að heilum 3,5 millj. kr. verði varið á næsta ári til rannsókna og undirbúnings að styrkingu Kolbeinseyjar. Og ég vænti þess a.m.k. að þetta mál njóti skilnings hvort sem menn treysta sér nú í þrengingunum til að samþykkja tillögu þessa eða ekki.

Og að lokum, herra forseti, er ein lítil brtt. sem ég flyt á sama þskj. Hún lýtur að hækkuðum fjárveitingum til Ferðamálaráðs. Þar er á ferðinni liður sem er sárgrætilega grátt leikinn af okkar hálfu, Íslendinga. Legg ég þó þar ekki mikið til heldur að fjárveitingar til Ferðamálaráðs hækki um 20 millj. kr. á næsta ár og verði þær allar merktar umhverfismálum á vettvangi Ferðamálaráðs. Þannig er komið, herra forseti, að ég held að við Íslendingar verðum að horfast í augu við að þessi ein okkar álitlegsta búbót í efnahags- og atvinnumálum, ferðaþjónustan, getur ekki byggst upp og þanist út áframhaldandi án þess að við þurfum að kosta þar nokkru til á móti í formi fyrirbyggjandi ráðstafana af ýmsu tagi. Við getum ekki ætlast til þess, Íslendingar, að hingað streymi sívaxandi fjöldi erlendra ferðamanna ár frá ári og færi okkur vaxandi björg í bú í formi beinharðs gjaldeyris án þess að við þurfum eitthvað að leggja af mörkum á móti. Og þær fjárveitingar sem fara til umsjónar, eftirlits og fyrirbyggjandi ráðstafana gagnvart náttúru Íslands í tengslum við ferðaþjónustu og umferð innlendra og erlendra ferðamanna eru fyrir neðan allar hellur og ganga ekki lengur, herra forseti.

Það er eiginlega óhjákvæmilegt að leggja til að hv. alþm. og hæstv. fjmrh. t.d. taki sér nú ferðalög á hendur næsta sumar og heimsæki nokkrar af hálendisvinjum landsins þegar þar er hvað mest ösin á ferðamannatímanum. Ég er alveg sannfærður um að ef skynsamir menn eins og hæstv. fjmrh. færu í Herðubreiðarlindir eða Landmannalaugar eða Þórsmörk og

horfðu upp á það um helgar t.d. á sumrin þegar þar er mest ferðamanna að hvert einasta grasstrá sem þar þrífst væri undir tjaldbotni og þar væru þúsundir og aftur þúsundir fóta að troða niður svörðinn og sæju í raun og veru þá vá sem steðjar að þessum viðkvæmu hálendisvinjum okkar, þá mundu menn sannfærast um að við getum ekki rekið þessa ferðaþjónustu svona lengur. Það er algerlega óhjákvæmilegt að grípa til ráðstafana. Ég tel þjóðhagslega skynsamlegast að leggja til nokkurt fé og fara í fyrirbyggjandi ráðstafanir, en ef ekki, þá verður hreinlega að loka eða takmarka aðgang að þessum stöðum og það væri vondur kostur. Það mundi koma í bakið á okkur og draga úr möguleikum okkar til þess að nota okkur gersemar íslenskrar náttúru með skynsamlegum og farsælum hætti okkur til framdráttar og sjálfum okkur og öðrum til yndisauka eins og vera ætti að sjálfsögðu.

Herra forseti. Ég er nú senn að verða búinn með ræðu mína, enda tók ég fram að ég mundi ekki tala hér mjög langt mál og ekki lengur en ég mögulega kæmist af með. En það er eitt lítið mál sem ég verð samt því miður að nefna lítillega fyrst og fremst vegna þess að hv. formaður fjárln. vék að því nokkrum orðum í ræðu sinni fyrr í dag í framsögu. Ég held, herra forseti, ég verði þess vegna að segja nokkur orð frá minni hlið, en það lýtur að lítilli brtt. sem meiri hluti fjárln. hefur flutt á sérstöku þingskjali og snýr að heimildargrein fjárlaganna, 6. gr., til að fullnægja kaupum ríkissjóðs á loðdýrahúsum og fleiri munum á jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Árnessýslu. Þetta eru kaup sem eiga sér ákveðna forsögu og ég ætla að gera lítillega grein fyrir henni, hefði reyndar ekki talið þess sérstaka þörf vegna þess að þetta mál hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og ég hef þar ágætlega, að ég tel, skýrt mína sýn til þess máls og afstöðu og ekki orðið annars var en menn teldu alveg fullnægjandi þær skýringar sem þar hafa komið fram. En hv. formaður fjárln. mun engu að síður hafa vikið að þessu máli orði í framsöguræðu sinni með þeim hætti sem gerir mér óhjákvæmilegt að rekja mína afstöðu til málsins og svara honum nokkru. — Auðvitað er það þannig, herra forseti, að það er mjög æskilegt að forseti geri nú formanni fjárln. aðvart um að undir umræðunum vilji einn hv. þm. eiga við hann orðastað í framhaldi af framsöguræðu hans fyrir nál. og brtt. meiri hlutans við 3. umr. fjárlaga, anno domini 1991, og veit ég að formaður fjárln. getur ekki verið fjarri þar sem slíkt kæmi ekki til greina undir umræðum af þessu tagi þar sem hann hefur haft fyrstu framsögu. (**Forseti:** Samkvæmt viðveruskrá mun hv. formaður fjárln. ekki vera í húsinu, en forseti mun athuga þetta. Forseti bendir hins vegar á að hér er hæstv. fjmrh. sem er í forsvari fyrir ríkisstjórnina í þessu máli ef hv. ræðumaður vildi beina máli sínu til hans meðan forseti kannar þetta mál.) Það er út af fyrir sig rétt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. er ábyrgðaraðili þessa máls og flytur það, en þó ekki nál. meiri hluta fjárln. og ekki heldur brtt. meiri hlutans og enn síður flutti hæstv. fjmrh. framsöguræðu formanns fjárln. Það gerði enginn annar en formaður fjárln. sjálfur og lýsti, eins og er réttilega nefnt í salnum, sterkum persónulegum meiningum um þetta mál. Ég sé mig knúinn til þess, herra forseti, að óska eftir því að formaður fjárln. komi til umræðunnar, enda hafði mér satt best að segja ekki hugkvæmst að við héldum fram umræðum um þetta efni án þess að formaður fjárln. væri viðstaddur og kemur mér fullkomlega á óvart að svo skuli vera. En hér er alvörumál á ferð, herra forseti, og ég ætla að leyfa mér að vitna í orð hv. formanns fjárln. eingöngu til að útskýra fyrir forseta hvers vegna ég fer fram á af fullum þunga að formaður fjárln. komi hingað.

En varðandi þessi kaup, sem undirritaður tengist á vissan hátt sem fyrrv. landbrh., prókúruhafi þess ráðuneytis á þeim tíma sem kaupsamningarnir voru gerðir þó þeir væru unnir og undirbúnir samkvæmt venju af jarðadeild landbrn. og lögfræðingum þar og reyndar fleiri lögfræðingum utan ráðuneytis, þá segir formaður fjárln. í sinni framsögu samkvæmt þeim orðum sem eftir honum voru niður tekin að það sé hans tvímælalaust álit að hér sé um lögbrot að ræða þar sem eru þessi kaup. Ég, herra forseti, sit ógjarnan undir því þegjandi án þess að reyna að verja hendur mínar að ég hafi gerst sekur um slíkt. A.m.k. vil ég fá að flytja mál mitt ef slíkt er á mig borið og tel mig í þessu máli hafa býsna margar málsástæður til að hrekja þessa fullyrðingu formanns fjárln. Þegar maður er borinn þungum sökum er a.m.k., herra forseti, réttmætt og sanngjarnt að maður geti óskað skýringa og raka fyrir því sem fram er borið með slíkum hætti. Ég mótmæli þessum orðum formanns fjárln. Þau fá ekki staðist að mínu mati og eru hrekjanleg. Í öllu falli er það svo að ég veit ekki síðan hvenær það varð hlutverk formanns fjárln. að hafa slíkar heitar sannfæringar um lögformleg túlkunaratriði af þessu tagi og að kveða slíkt upp hér í ræðustólnum. Ég leyfi mér að segja, herra forseti, að það sé fullkomlega fjarstæðukennt að formaður fjárln. sé með slíkar fullyrðingar og slíka órökstudda sleggjudóma í ræðustóli og hlaupist síðan úr húsi þannig að ekki sé unnt að eiga við hann orðastað þegar menn ætla að svara fyrir sig. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. ræðumann um að formaður fjárln. er á leiðinni í þinghúsið og mun koma til að hlýða á mál hv. ræðumanns þannig að ég tel rétt að við gerum 10 mínútna hlé þangað til formaður fjárln. kemur til að hlýða á mál hv. ræðumanns.) Já, ég fellst mjög gjarnan á það, herra forseti. Mér finnst eðlilegt að við gefum formanni fjárln. kost á að koma til umræðunnar. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég tek það þá svo að hv. formaður fjárln. sé kominn í hús og mættur og mun ég þá beina máli mínu til hans í þeim skilningi. Það sem gerir að verkum að ég sé mig knúinn til að ræða þetta mál eru orð sem eftir honum eru höfð úr framsöguræðu hans um nál. og brtt. meiri hluta fjárln. Vissulega talaði hann öðrum þræði fyrir nefndina alla sem formaður. Ég verð að segja, herra forseti, eins og er að viss ummæli sem þarna féllu af hans hálfu komu mér nokkuð á óvart og eru mér nokkurt undrunarefni þar sem hér talar formaður fjárln. en enginn annar embættismaður í stjórnkerfi landsins, hvorki í dómstólum, rannsókn-

arrétti né annars staðar, þó ætla mætti að hv. formaður fjárln. hefði upplifað sig um stund sem slíkur.

Það er rétt að rekja lítillega gang þessa máls sem varðar kaup ríkissjóðs á loðdýrahúsum og fleiri hlutum á ríkisjörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Árnessýslu. Þetta eru tvær af þó nokkuð mörgum ríkisjörðum sem loðdýrabændur sátu á og sitja sumir enn, en þó hefur þeim nú fækkað af vissum ástæðum sem ég hygg að hv. þm. þekki.

Það er upphaf þessa máls að þegar ríkisstjórnin síðasta var með á sínu borði ýmsar ráðstafanir og aðgerðir til að koma til móts við vanda loðdýrabænda í þeirra miklu þrengingum urðu til tillögur, aðgerðarpakki að segja má, sem tóku til allmargra aðila í þjóðfélaginu. Þar voru fremst í flokki bændasamtökin sem féllust á að nota fjármuni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Stofnlánadeild bænda, bankar, Ríkisábyrgðasjóður og landbrn. og Jarðasjóður og jarðadeild. Allir þessir aðilar og fleiri til voru laðaðir til samstarfs og þátttöku í talsvert viðamiklum aðgerðum þar sem velt var um fleiri hundruð millj. kr. í fjármunum og skuldsetningu og reynt var að koma til móts við þennan hóp landsmanna sem áttu í gífurlegum þrengingum af sér algerlega óviðráðanlegum ástæðum. Það varð niðurstaða, bæði á hinu háa Alþingi sem og í ríkisstjórn, að réttlætanlegt væri að grípa til allviðamikilla björgunarráðstafana þar sem að sumu leyti með nokkuð óvenjulegum hætti var reynt að koma til móts við þennan hóp manna. T.d. voru sett á hinu háa Alþingi lög og í framhaldi af því framkvæmdar skuldbreytingar þar sem veðsetningarhlutfall jarðanna var hækkað meira en nánast dæmi eru til um. Ríkisábyrgðasjóður er sá aðili sem tók þar áhættuna með bændum. Ég hygg að helst sé að finna fordæmi og hliðstæðu í þeim ráðstöfunum sem gripið var til gagnvart fyrirtækinu Flugleiðum hf. á sínum tíma upp úr 1980 í þess erfiðleikum. Menn mátu það greinilega svo hér á hinu háa Alþingi og í ríkisstjórn Íslands á þessum tíma, hún var skipuð af Framsfl., Alþb. og Alþfl., að það væri réttlætanlegt að fara þarna í allmiklar aðgerðir. Hluti af þessum aðgerðum var, margkynnt og yfirlýst, að litið yrði sérstaklega á vandamál bænda á ríkisjörðum og yrði þá horft til möguleika jarðadeildar landbrn. og Jarðasjóðs að leysa úr vandkvæðum þeirra eftir því sem mögulegt væri. Allmörg slík tilvik voru til skoðunar á vegum þeirra lögfræðinga sem bændasamtökin réðu í þjónustu sína til að aðstoða bændur í þessum erfiðleikum. Milli 120 og 150 búja rðir voru til skoðunar á vegum þessara lögfræðinga. Þeir gerðu síðan tillögur til Stofnlánadeildar, Framleiðnisjóðs, landbrn. og viðskiptabanka viðkomandi bænda um hvernig með skyldi fara og reynt yrði að ná fram lausn á fjárhagsvanda viðkomandi aðila. Það lá fyrir, var margyfirlýst, kynnt opinberlega á fundum loðdýrabænda, í ríkisstjórn, í samstarfsnefnd sem stjórnarflokkarnir skipuðu um þetta mál og fjölmiðlum, að í þessum hugmyndum var allan tímann sá möguleiki að Jarðasjóður, landbrn. og jarðadeild tækju þátt í að leysa úr þessum vanda að sínu leyti gagnvart ábúendum ríkisins á ríkisjörðum þannig að hér var ekki unnið laumulega að hlutunum. Hér er þess vegna ekki á ferð mál sem hefði átt að koma mönnum mjög mikið á óvart.

Aldrei í öllum þessum ferli og í allri þessari vinnu var hreyft efasemdum, hvorki af lögfræðingum landbrn. og jarðadeildar þess né af þeim lögfræðingum tveimur sem unnu á vegum Stéttarsambands bænda að þessum ráðstöfunum, um að Jarðasjóður og jarðadeild landbrn. hefðu ekki lagalegar heimildir til að taka þátt í þessu verkefni, aldrei, a.m.k. ekki í eyru þess sem hér talar. Það var litið svo til að Jarðasjóði sem sjálfstæðum sjóði með sjálfstæðan fjárhag og nokkra getu til að taka á sig skuldbindingar væri slíkt heimilt, enda fyrir því allmikil hefð að Jarðasjóður geri skuldbindingar jafnvel langt fram í tímann án þess að fyrir því sé aflað sérstakra lagaheimilda. Það er að vísu svo að langalgengast er samkvæmt venjulegri framkvæmd þessara mála að slíkar skuldbindingar verði þegar ábúendaskipti verða á jörðum af þeirri ósköp einföldu ástæðu að þá er ótvírætt lagaskylda ríkisins að leysa til sín eignir ábúendanna. En fyrir hinu eru líka allmörg fordæmi frá undangengnum árum að Jarðasjóður geri þetta í einstökum tilvikum þegar sérstaklega stendur á án þess að um ábúðarslit hafi verið að ræða. Vissulega er það svo og þeim sem hér stendur dettur ekki í hug að bera á móti því að það má deila um þá aðferð, hvort hún hafi nógu traustar lagalegar forsendur að baki sér, eins og svo fjölmargt fleira sem lýtur að ýmsum útgjaldaskuldbindingum ríkisins á undangengnum árum og væri sá listi langur að mati ræðumanns af hann væri allur tekinn saman. En engu að síður hefur þetta viðgengist í nokkrum mæli á undangengnum árum án þess að menn hefðu, fyrr en þá nú að þetta mál kom upp, efasemdir um að þetta væri ekki heimilt og gerlegt á grundvelli laga og starfsreglna Jarðasjóðs.

Rétt er að benda á að Jarðasjóður hefur á undanförnum árum skuldbundið ríkið um umtalsverðar fjárhæðir, langt umfram fjárveitingar sínar innan viðkomandi árs, og væri skynsamlegt fyrir formann fjárln., ef hann vill kafa ofan í þessi mál af alvöru og kynna sér staðreyndirnar og sannleikann, að afla sér upplýsinga um að Jarðasjóður velti í raun á undan sér útgjaldaskuldbindingum svo nemur líklega á annað hundrað millj. kr. fyrst og fremst vegna þess að hann hefur leyst til sín eignir ábúenda og keypt eignir og yfirtekið við það allmiklar skuldir og greiðsluskuldbindingar. Þannig hefur myndast heilmikil ábyrgð hjá ríkinu. En þetta er ekki jafnóeðlilegt og ætla mætti í fljótu bragði þegar höfð er hliðsjón af því að landbrn. og jarðadeild þess hafa heimildir til að stofna til ábyrgða af þessu tagi í því formi að ábúendur ríkisins mega fjárfesta á jörðunum og veðsetja viðkomandi eignir ríkisins fyrir. Í jarðalögunum eru því ótvíræðar heimildir til þess án tengsla við fjárveitingar Jarðasjóðs að skuldbinda ríkið. Þær eru fyrir hendi. Þær hafa verið nýttar um áratuga skeið án nokkurra athugasemda. Mér er ekki kunnugt um að Ríkisendurskoðun hafi nokkru sinni gert athugasemdir við framkvæmd jarðalaganna eins og hún hefur verið undanfarin ár. Ég man ekki til þess í minni tíð í landbrn. að hafa rekist á athugasemdir til að mynda frá Ríkisendurskoðun né hinu háa

embætti ríkislögmanns og er því þó falið m.a. að sjá til þess að allt sé með skikk á þeim bæ og eðlilega framkvæmt.

Það sem ég er að segja, herra forseti, er ósköp einfaldlega að þarna hefur viðgengist ákveðin framkvæmd í stjórnsýslunni sem hefð er fyrir og fjölmörg fordæmi nákvæmlega hliðstæð þessu eru fyrir hendi frá undangengnum árum, bæði fyrri fordæmi úr minni embættistíð í landbrn. og a.m.k. forvera míns þess síðasta ef ekki fleiri sem á undan komu. Það hef ég að vísu ekki fengið tæmandi upplýsingar um, enda hef ég ekki lagt í það að afla slíkra gagna. En að sjálfsögðu yrði slíkt gert ef með þyrfti og væri út af fyrir sig ástæða til eins og þetta mál hefur verið upp vakið.

Þannig verður að skoða skuldbindingar Jarðasjóðs með þeim hætti að þarna er á ferðinni sjálfstæður sjóður sem byggir á sérlögum með sjálfstæðan fjárhag og er að kaupa og selja eignir daginn út og daginn inn og hefur ákveðna getu til þess og ákveðnar fjárveitingar til þess að stofna til skuldbindinga. Hér er um tiltölulega sérstakt tilvik af því tagi að ræða. Ég tel þess vegna að þessu sé ekki saman jafnandi við til að mynda útgjaldaskuldbindingar sem aflað er heimildar til eftir á og kallast aukafjárveitingar sem úir og grúir af því miður og menn þekkja. Mér er nær að halda að hv. formaður fjárln. hafi þurft að taka inn á fjárlög eða fjáraukalög eitthvað af slíku í sinni tíð. Þá er ég að tala um hv. núv. formann fjárln.

Og hvernig er þetta nú hugsað með aukafjárveitingar? Jú, það er litið svo til að handhafar framkvæmdarvaldsins í þingbundinni ríkisstjórn með meiri hluta alþingismanna að baki sér geti í trausti þess að það sé meirihlutavilji á Alþingi fyrir viðkomandi ákvörðunum og útgjöldum fyrir fram skuldbundið ríkið. Auðvitað væri hægt að líta á þetta mál sem slíkt, en ég tel að það sé ekki að öllu leyti sambærilegt vegna þess að ósköp einfaldlega hafi Jarðasjóður þarna miklu ríkari heimildir og jarðadeild landbrn. og landbrh. sem yfirmaður þeirra en til að stofna til venjubundinna aukafjárveitinga. Ég tel því, herra forseti, enn fráleitara að telja þennan gjörning lögbrot en fjölmargar aukafjárveitingar og útgjaldaskuldbindingar sem í einföldum krafti framkvæmdarvaldsins eru gerðar. Það er eins og mig minni, herra forseti, að það hafi verið eitthvað um það á undanförnum árum að menn hafi verið að kaupa eitt og eitt hús og afla síðan útgjalda eftir á fyrir slíku — eða það man sennilega enginn hv. alþm. eftir því. Nú er það þannig, herra forseti, að ég ætla ekki að byggja málsvörn mína upp á því að fara að benda á önnur tilvik sem kannski orka tvímælis, miklu meira en þetta. En ég held að það sé samt rétt að ef menn gerast dómharðir úr ræðustóli minnist menn samhengis hlutanna, líka hv. formaður fjárln.

Ég held, herra forseti, að með hliðsjón af því sem ég hef rakið og gæti rökstutt mikið ítarlegar ef út í það er farið sé ekki ýkjaerfitt fyrir mig að sýna fram á að það séu ekki innistæður fyrir hinum stóru orðum hv. formanns fjárln., en hann mun hafa sagt að það væri tvímælalaust sín skoðum. Ég vona að hann hafi verið að vitna til sinnar persónulegu skoðunar, ekki talið sig geta talað fyrir hönd fjárln. eða e.t.v. meiri hluta hennar heldur verið að lýsa sinni persónulegu skoðun að hann teldi þetta lögbrot. E.t.v. verður hv. formaður fjárln. svo vinsamlegur að skýra það nánar, en ef hann sér ekki ástæðu til þá gott og vel. Ég tel að það séu ekki innistæður fyrir þessu af því að ég tel að það sé hægt að finna í jarðalögunum, í hefð þessara mála fullnægjandi rökstuðning fyrir því að þetta sé venja í stjórnsýslunni og samkvæmt þeirri réttartúlkun sem viðgengist hafi og stjórnsýsluhefð sé fullkomlega ástæðulaust að halda því fram að hér sé um lögbrot að ræða og það jafnvel án nokkurs sérstaks rökstuðnings.

Að vísu mun hv. formaður fjárln. hafa vísað í minnisblað frá embætti ríkislögmanns. Hann kann að hafa kallað það greinargerð. Það vill svo til að seint og um síðir fékk ég í hendur þetta minnisblað frá ríkislögmanni sem heitir svo samkvæmt því handriti sem ég hef undir höndum. Hvort það gerir mikinn eðlismun eða ekki skal ég láta ósagt, en í öllu falli ber þetta ekki yfirskriftina greinargerð. Það er alþekkt í stjórnsýslunni að minnisblöð eru annað en endanlegar greinargerðir.

Enn er því við að bæta og mætti rekja að landbrh. er hagsmunagæslumaður ríkissjóðs í því tilliti sem að landbúnaðarmálunum og vörslu hluta undir landbrn. snýr hverju sinni. Ég hygg að því verði ekki móti mælt að í gegnum þá framkvæmd jarðalaganna og kaup Jarðasjóðs á einstökum eignum bænda án þess að um ábúðarslit væri að ræða hafi iðulega verið afstýrt mun meiri útgjöldum fyrir ríkissjóð en ella hefðu orðið. Vegna þess ákvæðis jarðalaganna að ef ekki væri unnt að leysa þannig aðsteðjandi vandamál mundu ábúendur eiga þann rétt að segja upp ábúð og virkja þar með ótvíræða kaupskyldu ríkisins á öllum sínum eignum á jörðunum, þá er það borðleggjandi að með þessari lausn hefur iðulega verið afstýrt meiri útgjöldum fyrir ríkið. Ég tel reyndar auðvelt að sýna fram á að svo hafi verið í þessu tilliti. Ég tel þess vegna, herra forseti, að fullnægjandi málsástæður séu fyrir hendi til að hrekja þá fullyrðingu hv. formanns fjárln. að hér hafi verið um ólögmætan gjörning að ræða. Það er a.m.k. ósannað og er jafnósannað þó að hv. formaður fjárln. lýsi úr þessum ræðustóli sinni persónulegu skoðun og ég hlýt að leyfa mér að spyrja, herra forseti, hvað knýi hv. formann fjárln. til að fara með slíkar yfirlýsingar af sinni hálfu hér í ræðustólinn. Er hann að gera sig í stakk búinn til að verða einhver úrskurðaraðili eða dómari í þessu máli? Ég spyr. Var einhver sérstök þörf á því fyrir hv. formann fjárln. að fara með þessum hætti hér fram í málinu?

Hv. formaður fjárln. hefur dreift gögnum hér um þingsalina og það er gott og blessað. Hv. formaður fjárln. hefði að mínu mati að vísu mátt afla sér gagna víðar úr því að hann var í slíkri söfnun á annað borð. Það er t.d. fremur óvenjulegt að þegar svona stendur á skuli höfuðmálsaðilinn, landbrn., lögfræðingar þess og framkvæmdaaðilar málsins, ekki hafa átt þess kost að skýra sín sjónarmið að séð verður. A.m.k. eru slík gögn ekki lögð fram af hálfu formanns fjárln. né heldur hef ég heimildir fyrir því að starfsmenn þar hafi

verið kvaddir til fundar við fjárln. þegar þetta mál var til umfjöllunar og þaðan af síður sá sem hér talar og hefði þó einhverjum e.t.v. fundist ástæða til þess, úr því að farið var ofan í málið á annað borð, að hann ætti þess kost að skýra mál sitt. — Það er fundur úti í sal, herra forseti, sem væri kannski ástæða til að huga nánar að og ég get gert hlé á máli mínu ef þeir drengskaparmennirnir hæstv. fjmrh. og hv. formaður fjárln. þurfa hlé til fundahalda. (**Fjmrh.:** Hvað þýðir drengskaparmaður?) en ef ekki held ég áfram máli mínu og lýk því. (**Fjmrh.:** Hvað áttu við með drengskaparmaður?) Það er fullkomlega tært íslenskt orð, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Það var meint þannig?) Það var meint þannig.

Mín orð, herra forseti, eru þá að lokum þau um þetta mál að ég tel þá till. sem hæstv. landbrh. hefur gert með ósk sinni til fjárln. eftir atvikum eðlilega og skynsamlega, ósköp einfaldlega vegna þess að úr því að efasemdir hafa komið upp um að þessi framkvæmd jarðalaga gegnum Jarðasjóð, sem á sér hefð að baki og hér á í hlut, er nú talin orka tvímælis af embætti ríkislögmanns, þá sé að sjálfsögðu rétt að skoða það og skynsamlegt að eyða allri óvissu um það að fyrir svona ákvörðun séu réttar forsendur, item að taka framkvæmd þessara mála til skoðunar í framhaldinu því að slíkt er jafnan gert þegar réttarþróun í landinu bendir til þess að hefðir séu að breytast eða réttarvenjur. Það er hugtak sem ég vona að hv. formaður fjárln. þekki, hugtakið réttarþróun. Það lýtur að því að túlkun manna á lögum og rétti kann að breytast í takt við aðstæður og gjarnan gerist það að lokum í gegnum breytingar á lögum í takt við nýjar aðstæður. Sé hér að eiga sér stað einhver réttarþróun finnst mér sjálfsagt að skoða það og bregðast við því. Þar með er ekki sagt að sú réttarvenja sem var við lýði við tilteknar aðstæður hafi ekki staðist sem barn síns tíma. Að sjálfsögðu verður að láta atburði og ákvarðanir hvers tíma njóta þess tíma sem þær fóru fram á.

Vona ég að ég þurfi svo ekki hafa um þetta mál fleiri orð hér og helst ekki annars staðar því að hér er um það að ræða að reynt var samkvæmt bestu getu og bestu samvisku að leysa úr erfiðum mannlegum vandamálum vítt og breitt um landið þar sem áttu í hlut hinar miklu hörmungar sem gengu yfir loðdýrabændur og menn vafalaust þekkja og muna eftir. Hversu vel til vinsælda það var fallið á sínum tíma að glíma við þau snúnu vandamál og taka að nokkru leyti inn á sig þær mannlegu þjáningar sem þessum erfiðleikum fylgdu veit ég ekki. En það var nú einu sinni hlutskipti þessa ræðumanns um svo sem eins og tveggja ára skeið að glíma við þetta og var ekki alls staðar vísan stuðning að finna í þeirri erfiðu baráttu, t.d. ekki alltaf í flokki hv. formanns fjárln., og fór í það satt best að segja nokkur tími að sannfæra þá flokksmenn hv. formanns fjárln. um að það væri þrátt fyrir allt skylt samfélaginu að taka sameiginlega á þessum miklu vandamálum sem ákveðinn fámennur hópur Íslendinga varð fyrir á þessum tíma. Nú horfir þar vonandi til betri vegar og þá gleðjast menn yfir því, það ég er sannfærður um, og ekki mun ég sjá eftir því að hafa lagt nokkuð af kröftum mínum í það og tíma mínum. Jafnvel þó að þessi eftirleikur hafi nú komið upp eins og punkturinn yfir i-ið í glímu minni við þetta erfiða vandamál, vandamál loðdýrabænda, mun það engu breyta um að ég taldi mér það skylt, og mundi telja mér það skylt aftur ef sömu aðstæður kæmu upp, að gera það sem ég gerði og skammast mín þar ekki fyrir nokkurn hlut því að allt var það gert samkvæmt bestu samvisku og samkvæmt bestu vitund. Hvert einasta hæti, hv. formaður fjárln., það skalt þú hafa mín óbreyttu orð fyrir.

Vona ég svo, herra forseti, að þetta hafi allt saman komist til skila og sé málið, sem ég hef hér verið að flytja, þá að einhverju leyti skýrara fyrir mönnum. Og lýkur þá þessari ræðu minni við 3. umr. fjárlaga sem eiga að gilda fyrir Íslendinga á árinu 1992 og verði nú það ár þjóðinni farsælt og friðsælt og gott og göfugt og okkur öllum saman til mikillar hamingju og vona ég að birti til fallega þegar daginn tekur að lengja á nýjan leik, en það er mjög skammt í að svo verði, herra forseti, og góða nótt.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mér skylt að hafa andsvar við ræðu hæstv. fyrrv. landbrh. vegna ummæla hans um kaup á Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu. Ég greindi frá því við upphaf umræðunnar hvernig þetta mál liti út fyrir mér og ég viðhafði þau orð að ég teldi að hér væri um ólöglegan gjörning að ræða. Ég sleppti því að segja það sem innst í hjarta mínu býr, það er sú hugsun að hér sé um siðlausan gjörning að ræða.

Það er nefnilega þannig að þeir sem fara með fjármuni ríkisins verða að gera sér grein fyrir því að þeir eru að fara með annarra fé og þurfa þess vegna að vanda sig í þeirri meðferð. Ég vil í upphafi máls míns þó geta þess að mér er kunnugt að hæstv. fyrrv. landbrh. er á engan hátt tengdur því fólki sem þarna seldi sínar jarðir persónulega og hefur ekki átt við það fólk viðskipti áður. Ég endurtek þetta. Hér er ekki um mál að ræða sem neitt tengist persónu fyrrv. landbrh. og mér þykir miður að fólkið sem seldi þessar jarðir skuli blandast inn í þetta mál. En svona eru nú hlutirnir.

Hér eru keypt loðdýrabú með öllu tilheyrandi, þ.e. húseignirnar og einnig lausafé, sem mun vera algert einsdæmi. Það má kannski vísa í ýmis fordæmi, ég þekki þau ekki. — Fyrirgefðu forseti, ég þarf lengri tíma. Ég áttaði mig ekki á því sem ég ætti að vita allra manna best hversu stuttur tími þetta er, en ég þarf að skýra þetta mál betur. Má ég aðeins?

Ég tel að þrátt fyrir að það sé til fordæmi, sem ég veit þó ekki um, sé þetta ólöglegur gjörningur. Hafi einhvern tíma verið gert rangt gerir það hlutina ekki betri eða skapar neina hefð gagnvart réttmæti. Og þegar landbrh. óskaði eftir því að fjárln. bæri upp þessa tillögu fóru fram umræður um það í meiri hlutanum og líka með allri nefndinni hvað skyldi gera. Það voru skiptar skoðanir. Það kom jafnframt í ljós að til var álit ríkislögmanns varðandi þennan gjörning, en landbrn. hafði leitað eftir því við fjmrn. hvort hann mætti standa

við þennan gjörning. Því var þetta álit framkallað og það álit er mjög neikvætt gagnvart þessu. Það segir beinlínis að hér sé um ólöglegan gjörning að ræða. Mér var jafnframt tjáð eða nefndarmenn héldu því fram sumir að til væri álit lögfræðinga landbrn. og ég óskaði eftir því að þá yrði því dreift líka. Ég fékk aldrei að sjá það, en óskaði eftir því að því yrði dreift. Svo kemur í ljós að það álit er ekki til. Þess vegna er því ekki dreift. Það er ekki til.

Ég legg á það áherslu að á meðan ég er formaður fjárln. tel ég rétt að það sé löglega að málum staðið og menn verði að svara fyrir það ef þeir hafa gert hluti sem ekki eru löglegir. *Mér finnst ekki vera eðlilegt* að menn umgangist ríkiskassann þannig að allt sé heimilt hvað sem lög segja. Auðvitað er það eðlilegt að menn séu viðkvæmir fyrir þeim erfiðu mannlegu vandamálum sem þarna eru á ferðinni og ég skil það mjög vel, en þá eiga menn að leita heimilda. Það má færa að því rök að það hafi verið erfitt á þessu tímabili, en það bar enga nauðsyn til þess t.d. að kaupa allt lausafé sem þarna var á ferðinni. Þegar maður leysir vandamál annarra er býsna slæmt að gera það á kostnað annarra.

Tími minn er mjög knappur og því ekki hægt að skýra þetta mál til fullnustu, en ég legg á það áherslu að það verður að vera svo að stjórnmálamenn umgangist fjármuni ríkisins á þann hátt að þeir fari að lögum. Það er fullyrt af ríkislögmanni að það hafi ekki verið gert í þessu efni, þá verður annað að koma í ljós ef mönnum sýnist svo. Ég taldi rétt og fleiri nefndarmenn að það yrði upplýst hvert væri álit ríkislögmanns, það er heiðarlegt líka að láta það koma fram. Ég trúði því að það væri til málsvörn í þessu á hinn kantinn. Það virðist ekki enn komið, en væntanlega kemur það.

Ég tek jafnframt fram að hversu mikið sem menn langar til að stýra málum eiga menn ekki að gera það á þann hátt að þeir fremji ólöglega aðgerð. Það er skylt fjárln., það er skylt formanni fjárln. að gera grein fyrir þeim málsatvikum sem menn best vita. Þau eru svona. Ég taldi og fleiri nauðsynlegt að sinna þeirri beiðni landbrh. að bera upp þetta mál, en það fylgir ekki því að það sé nauðsynlegt að samþykkja það nema mönnum sýnist svo.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki miklar ástæður til að eiga frekari orðastað við hv. formann fjárln. Það er þá misskilningur hjá honum ef hann hefur tekið það svo að ég væri að gagnrýna það að upplýsingar *væru reiddar fram í þessu máli*. Ég var eingöngu að átelja að ekki skyldi þá aflað allra og gagnstæðra sjónarmiða í málinu. Og það að hv. formaður fjárln. ber það hér fram að hann hafi haldið að til væri lögfræðileg álitsgerð í landbrn. en síðan ekki fundið hana og þess vegna sé henni ekki dreift er ósköp einfaldlega yfirlýsing um að formaður fjárln. hafi ekki haft forustu um að afla allra þeirra gagna sem nauðsynleg væru í málinu til að kynna sér þar allar hliðar. Ekki voru málsaðilar aðrir þá en ríkislögmaður í gervi þessa minnisblaðs kvaddir til af fjárln.

Hv. formaður fjárln. upplýsti réttilega að ég á ekki, átti ekki og hef aldrei átt neinna persónulegra hagsmuna að gæta í þessu máli. Þekki ekki það fólk sem þarna býr, er því ekki venslaður og get held ég ekki með nokkru móti komið auga á að ég geti haft ábata af því að standa að þeim gjörningi sem ég gerði. En með því að segja eins og hv. formaður fjárln. gerði að hann vissi þetta viðurkenndi hann í raun að hann hefði haldið annað áður. Það er nefnilega rétt. Hv. formaður fjárln. trúði lygisögum og rógi sem út var borinn um hið gagnstæða, en það *virðist vera svo, því miður*. Ég verð að segja það, herra forseti, að hafi einhvers staðar orðið siðferðisbrestur í þessu máli er það ekki í minni ákvörðun og ekki í mínum athöfnum að þessu leyti. Þær voru gerðar samkvæmt bestu vitund og með góðri samvisku, en það kynni þá að vera að einhvers staðar hefði orðið pínulítill siðferðisbrestur í misleiðandi upplýsingum sem glöptu hv. formann fjárln.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. samgn. við 4. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1992, lið 10-322, Flóabáta og vöruflutninga.

Í upphafi máls míns vil ég leiðrétta eitt orð sem misritaðist á bls. 2 í till. Í b-lið, Flóabátar, liður 6, stendur Eyjafjarðarferja en á að standa Eyjafjarðarferjur.

Samgn. flytur þessa till. nú og tekur þar við hefðbundnu hlutverki samvinnunefndar samgöngumála sem flutt hefur sams konar tillögur mörg undanfarin ár. Að þessu sinni var skipaður vinnuhópur af hálfu samgn. en jafnframt skipaði fjárln. vinnuhóp og unnu þessir tveir vinnuhópar sameiginlega að tillögunum sem samgn. flytur hins vegar.

Í þessari till. kemur fram að mikil aukning er á kostnaði við rekstur flóabáta og er það vegna kaupa á nýrri skipum eins og Fagranesinu, Baldri og Herjólfi. Að þessu sinni hefur nefndin vegna þess liðar sem fjallar um vetrarsamgöngur reynt, þar sem það hefur verið mögulegt, að færa fjárveitingar til sveitarfélaganna sjálfra en ekki til einstaklinga eða fyrirtækja eins og gert hefur verið áður og teljum við heppilegt að gera *þetta á þennan hátt og það sé öruggara og réttara* og leiði til betri og réttari meðferðar þessara fjármuna.

Að öðru leyti vísa ég til nál. nefndarinnar, en nefndin stendur í heild að brtt. og nál.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað sinn með nokkurra nátta millibili sem ég stend í þessum stól um miðja nótt. En ég gæti sagt núna að það líður að morgni þó að myrkt sé úti, klukkuna vantar fimm mínútur í hálfsex, og þessar staðreyndir segja okkur býsna mikið um vinnubrögðin hér í þinginu sem ég tel því miður vera okkur til lítils sóma. En ég ætla ekki að fjalla um það að sinni, herra forseti, heldur á ég nokkur erindi í stólinn þar sem ég er 1. flm. brtt. við fjár-

lagafrv. sem ég mun koma að á eftir og auk þess ætla ég að taka að mér fyrir hönd minni hluta efh.- og viðskn. að mæla fyrir áliti á tekjuhlið fjárlaganna auk þess sem mig langar til að fjalla nokkuð um þær brtt. sem liggja fyrir við 3. umr. um fjárlögin. Að lokum, herra forseti, langar mig til að víkja nokkuð að stefnu ríkisstjórnarinnar og þeirri framtíð sem við okkur blasir.

En ég hef mál mitt á því að skoða aðeins ástandið í þjóðfélaginu núna og mig langar til að byrja á því að rifja upp þau orð sem ég lét falla í umræðu um stefnuræðu forsrh. í haust, en þau voru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nú hafa viðreisnaröflin náð völdum á nýjan leik og fara ekki með friði frekar en hið fyrra sinni. Það eru boðaðar miklar breytingar. Frjálshyggjubókmenntum rignir yfir þing og þjóð. Það á að taka upp þjónustugjöld í skólum og á sjúkrastofnunum. Launafólki er tilkynnt að launahækkanir verði engar, afskiptum af atvinnulífinu verður hætt í einum grænum hvelli, einkavæðing er boðuð í atvinnurekstri og skólum, stofnanir verða lagðar niður eða seldar. Það skal beitt leiftursókn til að ná niður ríkishallanum. Reiknimeistarar frjálshyggjunnar liggja yfir tölum og línuritum og reikna með ískaldri ró út hagræðingu, gróða eða halla. Það er ekki spurt um þarfir, gæði eða gott mannlíf, orsakir eða afleiðingar, hvað þá vilja fólksins í landinu. Konur í Reykjavík skulu sviptar vali á fæðingarstofnunum, fyrirmyndarhjúkrunarheimili í hjarta borgarinnar þar sem gamla fólkið getur fylgst með iðandi athafnalífi skal burt. Skurðstofum á að loka og breyta vel reknu sjúkrahúsi Hafnfirðinga í hjúkrunarheimili. Lánasjóði ísl. námsmanna, sem gert hefur þúsundum námsmanna kleift að afla sér margvíslegrar menntunar, verður breytt á þann veg að annað tveggja hlýtur að gerast, námsmönnum mun stórfækka eða stór hópur menntafólks mun búa við afar kröpp kjör að loknu námi vegna þungrar skuldabyrði. Og er þá aðeins fátt eitt nefnt af því sem stjórnin boðar."

Herra forseti. Þegar þessi orð voru mælt lá fyrir stefnuræða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, en þegar hér er komið sögu, 21. des. 1991, þá erum við að horfa upp á að þessi stefna er að verða að raunveruleika. Hvert frv. á fætur öðru hefur komið fram í þinginu, en reyndar hafa aðeins fáein þeirra verið afgreidd enn þá. Það er m.a. vegna þess, herra forseti, að þau hafa vakið mjög hörð viðbrögð úti í þjóðfélaginu og þau hafa einnig vakið mikla andstöðu á þingi og við stöndum enn í þeim sporum að reyna að andæfa og mótmæla þessari stefnu sem ríkisstjórnin er að reyna að knýja í gegn og boðar stefnubreytingu í íslensku samfélagi.

En við skulum aðeins horfa fram á næsta ár og reyna að sjá fyrir okkur hvað muni gerast. Það hefur verið boðaður aflasamdráttur og er augljóst að það blasir mikill samdráttur við í íslensku samfélagi. Ýmis áform ríkisstjórnarinnar hafa brugðist, svo sem byggðing álvers, og kemur í ljós að útflutningur hefur dregist verulega saman að magni til, en við erum svo heppin að íslenskar sjávarafurðir seljast fyrir mjög hátt verð sem hefur vegið upp á móti þessum samdrætti að magni til. Þjóðhagsstofnun hefur í tvígang orðið að endurskoða þjóðhagsspá fyrir árið 1992 og nú er það svo, herra forseti, að hún spáir mesta samdrætti á Íslandi í 40 ár.

Ég minntist á það í ræðu fyrir allnokkrum vikum að árið 1968 ríkti kreppa á Íslandi. Það gerðist árið 1967 að síldveiðar brugðust, þá var búið að þurrka upp síldarstofninn, og samtímis gerðist það að mikið verðfall varð á mjöli og lýsi. Þegar þetta allt kom saman varð það til þess að hér varð mikill samdráttur í efnahagslífinu. Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út að árið 1968, þegar dýfan varð hvað mest, hafi samdrátturinn verið 6% af þjóðarframleiðslu. Nú spáir Þjóðhagsstofnun því að samdrátturinn í þjóðartekjum verði 6,1%. Við stöndum sem sagt frammi fyrir svipaðri dýfu og 1968 þó að aðstæður séu vissulega aðrar. Það er alltaf varasamt að bera svona ástand saman, að sumu leyti stöndum við betur að vígi en þá sem betur fer. En Þjóðhagsstofnun spáir ýmsu öðru. Hún spáir því að einkaneysla muni dragast saman um 6,1% og samneyslan um 0,3%. Þarna er auðvitað ekkert samræmi á milli.

Þjóðhagsstofnun hefur bent á að eitt alvarlegasta vandamálið sem við er að glíma í íslensku efnahagslífi er viðskiptahallinn sem hún spáir að verði 15 milljarðar á næsta ári. Þetta er mjög alvarlegt mál vegna þess að þetta segir okkur að þjóðarbúið eyðir um efni fram. Við eyðum meira en við öflum. Einhvern veginn verður að borga þetta. Nú um stundir er þetta borgað með yfirdrætti í Seðlabankanum og síðan fjármagnað með erlendum lánum. Því er ekki að leyna, herra forseti, að skuldastaða þjóðarinnar er mjög alvarleg. Hún er býsna alvarleg og því miður virðist ekki annað blasa við en að hún versni þrátt fyrir að ríkisstjórnin reyni að draga saman í lántökum. En ég mun koma betur inn á það síðar.

Þjóðhagsstofnun spáir því að verðbólga verði í kringum 5% — 5,4% segir hér, og því er einnig spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann dragist saman um 5,5%. Einn mælikvarðinn á ástandið í þjóðfélaginu er svokallað hagnaðarhlutfall eða það sem hér er kallað vergur rekstrarafgangur eða hlutfall af þáttatekjum sem spáð er að verði 31,4% á árinu 1992 en var árið 1990 33,3%. Að meðaltali hefur þetta hlutfall verið 34% á undanförnum árum. Þetta bendir okkur líka á þann samdrátt sem fram undan er. Þjóðhagsstofnun spáir því að á næsta ári verði atvinnuleysi 2,6%, en það finnst mörgum að þetta sé heldur varlega áætlað hjá Þjóðhagsstofnun og því er ekki að leyna að maður óttast að aðgerðir ríkisstjórnarinnar verði til þess að auka atvinnuleysið enn meira. Það er ekki síst alvarlegasta málið, hæstv. fjmrh. Atvinnuleysi er ömurlegt fyrirbæri sem við höfum blessunarlega verið laus við hér síðan á sjötta áratugnum en því miður virðumst við vera að ganga inn í tímabil vaxandi atvinnuleysis. Því er það, herra forseti, að við kvennalistakonur höfum bent á þá leið að það sé fyllilega réttlætanlegt á tímum eins og þessum að taka sér erlend lán til að standa fyrir opinberum framkvæmdum svo að hægt sé að koma í veg fyrir enn meira atvinnuleysi en útlit er fyrir. Ég ætla að koma betur inn á þetta í lok ræðu minnar.

Að lokum vil ég nefna að samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur það einnig gerst að fjárfesting er hin minnsta í 40 ár eða 18% af landsframleiðslu. Það er ekki síst þetta sem bendir okkur á hve framtíðarhorfur eru alvarlegar. Ef fjárfesting er svona lítil bendir það til þess að ákaflega lítil atvinnusköpun sé í gangi eða ekki sé að vænta mikillar atvinnusköpunar. Þegar ofan á þetta bætist samdráttarstefna ríkisstjórnarinnar er ekki góðs að vænta.

En, herra forseti, ég ætla þá að snúa mér að mínum meginerindum í þennan ræðustól, að mæla fyrir annars vegar áliti minni hluta efh.- og viðskn. á tekjuhlið fjárlaga og hins vegar að mæla fyrir till. minni hluta menntmn. auk þess sem ég ætla síðan að fjalla um ýmsar þær brtt. sem lagðar hafa verið fram við 3. umr. fjárlaga.

Ég ætla þá að lesa álit minni hluta efh.- og viðskn.:

„Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísar fjárln. frv. til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrv. til efh.- og viðskn. Nefndin skal skila fjárln. áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárln. ákveður. Þegar 2. umr. fjárlaga fór fram hafði efh.- og viðskn. lítið fjallað um tekjugrein fjárlagafrv. Ástæða hefði verið til ítarlegrar umfjöllunar. Var málið ekki nægilega langt komið til að nefndin sæi ástæðu til að eyða miklum tíma í þau störf.

Minni hluti nefndarinnar benti á þetta mál og var að beiðni hans farið yfir forsendur tekjuhliðar fjárlagafrv. Samkvæmt 25. gr. þingskapa skal efh.- og viðskn. gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Jafnframt kemur fram að álit og tillögur nefndanna skuli prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárln. eða meiri hluta hennar. Á það var bent af minni hluta nefndarinnar að þessi umfjöllun hefði ekki farið fram. Var þá skyndilega boðað til fundar til þess að hægt væri að fara yfir þessi atriði að því er varðar tekjugrein fjárlagafrv. Embættismenn fjmrh. og forstjóri Þjóðhagsstofnunar komu til fundar við nefndina og gerðu grein fyrir stöðu mála. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar gerði grein fyrir þjóðhagshorfum 1992 og vísast í því sambandi til fylgiskjals með nefndarálitinu.

Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að þjóðartekjur minnki um 6,1% milli áranna 1991 og 1992. Þessari miklu rýrnun þjóðartekna fylgir veruleg rýrnun kaupmáttar en jafnframt mikill viðskiptahalli. Gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 1992 verði rúmir 15 milljarðar. Það sem er alvarlegast við þennan viðskiptahalla er að rætur hans er fyrst og fremst að rekja til neyslu í þjóðfélaginu en ekki fjárfestinga til uppbyggingar og aukningar framleiðslu. Við þessi skilyrði þrengist afkoma atvinnuveganna verulega og fram kom í máli forstjóra Þjóðhagsstofnunar að hagnaðarhlutfall atvinnuveganna er áætlað lægra á næsta ári en það hefur verið um langa hríð eða tæpum 2% lægra en á síðasta ári og nær 3% lægra en meðaltal síðustu 20 ára. Við þessi skilyrði er afkomurýrnun atvinnuveganna um 6–8 milljarðar. Ljóst er að þessi þróun mun leiða til vaxandi atvinnuleysis og mikillar fjölgunar gjaldþrota.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar kemur fram að atvinnuleysi er áætlað 2,6% sem hlutfall af vinnuafli á árinu 1992 en ætla má að þessi tala geti hækkað verulega vegna tapreksturs í atvinnulífinu. Ekki er gert ráð fyrir verðhækkunum á helstu útflutningsafurðum og í reynd talið að nokkurrar verðlækkunar muni gæta. Um þessar mundir er mikill samdráttur í nær öllum útflutningi og má líklegast rekja þann samdrátt fyrst og fremst til minnkandi afla en jafnframt lélegrar afkomu atvinnulífsins og mjög hárra raunvaxta. Þannig er lítill sem enginn áhugi á að fjárfesta í atvinnulífinu og auka framleiðsluna. Háir vextir og taprekstur dregur þróttinn úr atvinnulífinu með þeim áhrifum að framleiðslan minnkar.

Þótt afkoma ríkissjóðs sé alvarlegt áhyggjuefni er hin mikla afkomurýrnun atvinnuveganna í reynd mun alvarlegra mál. Hætt er við að atvinnuleysi muni aukast af þeim sökum, afkoma heimilanna versna og framleiðslan minnka. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á leið gjaldþrota til að ná fram endurskipulagningu í atvinnulífinu sem í reynd leiðir til minnkandi framleiðslu og þróttminna atvinnulífs.

Við þessar aðstæður hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka skattlagningu atvinnuveganna verulega. Er nú svo komið að samtök atvinnurekenda í landinu fullyrða að aðför sé gerð að atvinnuvegunum og fulltrúar launþega hafi tekið undir þau sjónarmið. Fulltrúar launþega eru að sjálfsögðu hræddir um atvinnu umbjóðenda sinna við þessar aðstæður og því sjá aðilar vinnumarkaðarins sameiginlega hagsmuni í að hrinda þessari vanhugsuðu árás á atvinnuvegi landsmanna. Í ljósi þessara aðstæðna mun fjárln. endurskoða tekjuáætlun fyrir árið 1992.

Á þeim stutta tíma sem nefndin hefur haft til umráða er erfitt að láta í ljós álit á tekjuhlið fjárlagafrv. Áætlað er að heildartekjur aukist sem hlutfall af landsframleiðslu úr 28% í 28½%. Skattheimta mun því aukast um tæpa tvo milljarða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Auk þess gerir fjárlagafrv. ráð fyrir margvíslegri gjaldtöku sem kemur til viðbótar þessum skattahækkunum. Má í því sambandi nefna verulega íþyngingu á sjávarútveginn en gert er ráð fyrir að hann standi undir öllum útgjöldum Hafrannsóknastofnunar. Auk þess er atvinnurekstrinum gert að greiða fleiri gjöld, m.a. 0,2% af öllum launaútgjöldum til að mæta áföllum launþega af völdum gjaldþrota.

Vegna hinnar miklu tekjurýrnunar atvinnulífsins er ljóst að þessi skattheimta mun auk mjög hárra vaxta draga allan þrótt úr atvinnulífinu og spilla samskiptum aðila vinnumarkaðarins sem nú eru að reyna að finna leið til að semja um kaup og kjör. Það er jafnframt alvarlegt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar virðast ekkert samráð hafa við aðila vinnumarkaðarins um þessa stöðu. Mikil hætta er á að slík samskipti geti komið af stað miklum óróa á vinnumarkaði með tilheyrandi afleiðingum. Þjóðarbúið má alls ekki við að framleiðslan stöðvist um þessar mundir og því ber að gera allt sem hægt er til að tryggja afkomu atvinnuveganna og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Minni hluti efh.- og viðskn. vill koma þessum áhyggjum á framfæri við fjárln. og hvetja hana til að endurskoða þau

fljótræðislegu áform sem ríkisstjórnin hefur sett fram á ýmsum sviðum skattamála.

Minni hluti efh.- og viðskn. telur að fjárln. verði að taka fullt tillit til þessara aðstæðna og endurskoða áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Með endurskoðun og nánari samvinnu við aðila vinnumarkaðarins má áreiðanlega koma í veg fyrir átök á vinnumarkaði og tryggja það að framleiðslan geti vaxið þannig að þjóðartekjur aukist á nýjan leik.

Varðandi einstaka liði í tekjugrein fjárlagafrv. vill minni hluti efh.- og viðskn. taka fram eftirfarandi:

1. Eignarskattar. Eignarskattar einstaklinga eru fyrst og fremst áætlaðir með tilliti til fasteignamats og gert er ráð fyrir nokkurri hækkun þeirra. Eignarskattur félaga mun lækka og má rekja þá stöðu til rýrnunar á eigin fé atvinnurekstrarins vegna taprekstrar. Minni hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við þá áætlun sem gerð er um eignarskatta.

2. Tekjuskattur. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Í efh.- og viðskn. er til meðferðar frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt og er það mál til meðferðar í nefndinni og bíður þar afgreiðslu. Frv. þetta var mjög illa undirbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar og er veruleg vinna eftir í sambandi við frv. Á þessu stigi er því ekki hægt að meta hvaða áhrif væntanlegar skattalagabreytingar muni hafa á tekjur ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur sjómanna verði hækkaður sérstaklega og barnabætur lækkaðar. Frv. gerir því ráð fyrir að ráðstöfunartekjur barnmargra fjölskyldna muni lækka á sama tíma og barnlausar fjölskyldur munu halda sínu. Minni hluti nefndarinnar telur óeðlilegt að taka sérstaklega fyrir eina stétt launþega, enda hefur ríkt um það sátt á vinnumarkaði að sjómenn nytu sérstaks frádráttar. Óeðlilegt er að skattbyrði barnafjölskyldna verði aukinn sérstaklega. Minni hluti nefndarinnar telur mun eðlilegra ef hækka þarf tekjuskatt að breytingarnar komi jafnt við alla en skattar verði ekki sérstaklega hækkaðir á barnafólki og sjómönnum. Minni hluti nefndarinnar mun taka afstöðu til þessa máls þegar meira liggur fyrir um áform ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Í því sambandi þarf að taka til athugunar athugasemdir launþega um skattleysismörk sem skipta verulegu máli í væntanlegum kjarasamningum. Í því sambandi vísast til athugasemda þar um í fylgiskjölum.

Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á ýmsum greinum er varðar skattlagningu atvinnurekstrarins. Hefur það vakið upp mikil mótmæli, enda margt af því sem fram kemur í þeim tillögum óframkvæmanlegt. Á þessu stigi er ekki hægt að meta hvaða áhrif breytingarnar hafa en rétt er að benda á að ekki er gert ráð fyrir að þær valdi verulegum tekjubreytingum fyrir ríkissjóð. Minni hluti væntir þess að takast muni að ná samstöðu um að falla frá ýmsum óskynsamlegum breytingum sem tillögur eru gerðar um í fullum ófriði við atvinnulífið. Í því sambandi vísast til umsagnar atvinnulífsins.

Þá er gert ráð fyrir að hlut sveitarfélaganna í staðgreiðslu verði haldið eftir sem nemur 700 millj. kr. Þessi gjöld á að leggja á sveitarfélögin í nafni löggæslukostnaðar. Þessi breyting hefur ekkert verið undirbúin og ekki verið leitað samráðs við sveitarfélögin um hana. Komið hefur í ljós að mörg sveitarfélög hyggjast ná inn samsvarandi tekjum með því að hækka útsvör. Með því munu mörg sveitarfélög fá framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem mun aftur verða til þess að minna verður til skiptanna til þeirra sveitarfélaga sem höllum fæti standa. Þessi skattlagning ríkisvaldsins kallar því fram skattahækkanir sveitarfélaganna auk þess að raska tekjuskiptingu milli þeirra. Minni hluti nefndarinnar er algerlega mótfallinn þessum hugmyndum og telur þær skapa meiri vandamál en þeim er ætlað að leysa.

3. Aðflutningsgjöld og gjöld af innflutningi. Vegna samdráttar í þjóðfélaginu má gera ráð fyrir verulegri lækkun aðflutnings- og innflutningsgjalda. Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlanir um þessa skattheimtu en rétt er að benda á að í efh.- og viðskn. bíður umfjöllunar frv. til laga um jöfnunargjald. Gert er ráð fyrir að gjald þetta muni skila 360 millj. kr. á næsta ári, enda verði það fellt niður um mitt næsta ár. Fram hefur komið að sumir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar telja gjald þetta ekki standast skuldbindingar landsins út á við en telja verður að ríkisstjórnin hafi sannreynt það áður en slíkar hugmyndir eru lagðar fram. Minni hluti nefndarinnar telur því að til greina komi að gjald þetta verði lagt á allt næsta ár þannig að það geti skilað álíka miklum tekjum og á árinu 1991, en þá voru tekjur af því 800 millj. kr.

4. Virðisaukaskattur. Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði um innheimtu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir að innheimta hans á árinu 1992 verði 2½ milljarði minni en reiknað hafði verið með. Hér er um mjög alvarlega þróun að ræða sem hefur vissulega mikil áhrif á fjárlagafrv. Þessari þróun verður ekki mætt nema með almennu aðhaldi í rekstrarútgjöldum ríkisins en taka verður fullt tillit til þessa mikla tekjusamdráttar. Við þessar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að herða mjög eftirlit með innheimtu virðisaukaskatts. Minni hluti nefndarinnar telur að auka megi tekjur af virðisaukaskatti með bættri innheimtu og hertu eftirliti. Slíkar aðgerðir ættu að geta skilað ríkissjóði a.m.k. 500 millj. kr. á árinu 1992.

5. Skattar af einkasöluvörum. Ekki er gert ráð fyrir því að vörur ÁTVR verði hækkaðar umfram almennt verðlag. Við þær aðstæður, sem nú eru í þjóðfélaginu, er ekki óeðlilegt að þessar vörur verði hækkaðar sérstaklega. Það mikilvægasta af öllu er að koma í veg fyrir hækkun helstu nauðsynjavara og verja ráðstöfunartekjur láglaunafólks. Ef þessar vörur væru hækkaðar sérstaklega um 6% mun það skila ríkissjóði 400 millj. kr. í tekjur á árinu 1992.

6. Aðrir skattar. Ekki er ástæða til að gera sérstaklega að umtalsefni aðra skatta en benda má á að aukatekjur ríkissjóðs hækka verulega en minni hluti nefndarinnar studdi þær hækkanir í ljósi þeirrar stöðu sem nú er í ríkisfjármálum.

7. Sala eigna. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að eignir skuli seldar fyrir rúman milljarð. Litlar sem engar upplýsingar hafa fengist um hvaða eignir skyldu seld-

ar og samkvæmt hvaða skilmálum. Ríkisstjórnin hefur verið með tilviljanakenndar og óljósar yfirlýsingar í þessu máli. Það er mjög skaðlegt að tala óljóst um sölu ríkiseigna og getur slíkt háttalag haft veruleg áhrif á markaðsverð þeirra. Minni hluti nefndarinnar leggst ekki gegn því að athugun fari fram á því hvort hagkvæmt sé að selja ákveðnar ríkiseignir. Nauðsynlegt er að slíkt sé gert að vandlega yfirveguðu ráði og undirbúningur sé vandaður. Minni hluti nefndarinnar hvetur fjárln. til að fjalla betur um það mál og senda hugmyndir þar um til umfjöllunar efh.- og viðskn. Ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingum sínum sýnt fram á að hún er ekki fær um að stýra þessu máli og má þar sérstaklega nefna yfirlýsingu fjmrh. um að selja Búnaðarbanka Íslands fyrir lítið.

8. Aðrar skattabreytingar. Minni hluti efh.- og viðskn. bendir á að fjármagnstekjur eru nánast ekkert skattlagðar. Margir einstaklingar hafa verulegar tekjur með þessum hætti án þess að borga skatta og skyldur á sama tíma og launþegar með lækkandi kaupmátt mega sætta sig við skattahækkanir. Í því felst mikið óréttlæti sem verður að leiðrétta. Minni hluti efh.- og viðskn. telur að nú þegar verði að eiga sér stað breytingar í þessu efni þannig að jafna megi skattlagningu launþega og fjármagnseigenda. Þrátt fyrir kröfu launþegasamtakanna og stjórnarandstöðunnar í þessu máli er ekkert gert. Minni hluti efh.- og viðskn. lýsir sig reiðubúinn til samstarfs um breytingar í þessa átt þannig að þær megi taka gildi á árinu 1992. Slíkar breytingar eru mikilvægt skref í jöfnunarátt sem getur haft veruleg áhrif við gerð kjarasamninga á næstunni.

Minni hluti efh.- og viðskn. harmar hversu skammur tími hefur unnist til að fjalla um mál þetta en væntir þess að fá betra ráðrúm á næstu dögum til að fjalla um einstaka þætti þess. Það er ekki við það unandi að svo mikilvægt mál sem tekjuhlið fjárlaga sé undirbúið með þeim hætti sem fram hefur komið á undanförnum dögum. Slíkur undirbúningur samrýmist ekki þingsköpum Alþingis og tryggir ekki vandaða fjárlagagerð.

Óvandaður fjárlagaundirbúningur getur haft mikil áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs. Nauðsynlegt aðhald verður ekki skapað nema með vönduðum fjárlögum. Því miður vantar mikið á að þannig sé að málum staðið. Minni hluti efh.- og viðskn. telur því breytt vinnubrögð mikilvæga forsendu bættrar afkomu ríkissjóðs. Þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um tekjuhlið fjárlagafrv. mun minni hluti nefndarinnar gera grein fyrir öðrum niðurstöðum sínum.

Minni hluti efh.- og viðskn. væntir þess að tillit verði tekið til þessara ábendinga en mun gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum við 3. umr. fjárlagafrv."

Undir þetta nál. rita Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Þetta var álit minni hluta efh.- og viðskn. við tekjuhlið fjárlagafrv. Við þetta er ekki miklu að bæta, herra forseti, en þessu nál. fylgir heilmikið af fylgiskjölum sem styðja með tölum og bréfum þær fullyrðingar sem fram koma í nál.

Þá vil ég snúa mér að því, herra forseti, að mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt minni hluta menntmn., en flm. þessara brtt., sem eru í 26 liðum, eru auk mín Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Þessi till. er hér flutt í breyttri mynd og gengur út á að skólagjöld í háskólum og öldungadeildum framhaldsskólanna verði ekki lögfest. Við leggjum til að skólagjöld þau sem reiknuð eru inn í fjárlögin í sértekjum og sérstökum liðum háskólanna verði ekki lögfest.

Ég flutti ræðu við 2. umr. um fjárlögin þar sem ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir þessu máli sem varðar skólagjöldin. Nú vill svo til að hæstv. menntmrh. er ekki í salnum. Mér er kunnugt um það, herra forseti, að hann er farinn heim og ég ætla að sýna honum þá virðingu og tilhliðrunarsemi að ég ætla ekki að láta kalla hann út, enda hef ég rætt þetta mál við hann áður og ætla aðeins að ítreka mín sjónarmið varðandi þetta mál.

Ég tel það vera eina af grundvallarreglum okkar samfélags að menntun allra þegna þjóðfélagsins, hvort sem þeir eru í forskóla, framhaldskóla eða háskóla, eigi að vera greidd af samfélaginu vegna þess að þetta er ein af undirstöðum framfara í okkar samfélagi. Menntun er mannréttindi og þegar menntun á í hlut á að ríkja jafnrétti allra. — Já, ég var að rökstyðja það hér, herra forseti, þegar ég var trufluð í ræðustól, að skólagjöld ættu ekki að eiga sér stað í íslenska skólakerfinu og hér ætti að viðhalda jafnrétti til náms. Ég skal rökstyðja þetta nokkru betur, herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna í blaðagrein eftir sjálfa mig sem ég skrifaði í haust þegar umræðan um skólagjöldin var að komast á skrið. Í þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Þegar Íslendingar fengu heimastjórn 1904 hófst mikið framfaraskeið sem lýsti sér m.a. í því að menntun landsmanna tók stórstígum framförum. Lærði skólinn var gerður að almennum menntaskóla, Háskóli Íslands var stofnaður og komið var á fræðsluskyldu 10–14 ára barna. Öllum sveitarfélögum sem áttu þess kost var gert skylt að halda skóla fyrir börn og fengu til þess styrk úr landssjóði. Í kjölfarið fylgdi stofnun Kennaraskóla Íslands, enda varð þetta tvennt að fara saman.

Þegar frv. um fræðslu barna var til umræðu 1905 og 1907 var nokkuð um það rætt hvort námið ætti að vera nemendum að kostnaðarlausu í frískóla eða hvort það ætti að vera á ábyrgð foreldra sem fyrr. Í ræðu Guðmundar Björnssonar læknis á þingi 1907 kemur fram að þá starfaði einn barnaskóli í Reykjavík og var tekið skólagjald af nemendum sem nam alls 5.000 kr., en kostnaður við rekstur skólans var þá 17.000 kr. Í skólanum voru 456 nemendur, en af þeim greiddu aðeins 180 fullt gjald, 106 greiddu hálft, 50 börn nutu styrks úr Thorkillii-sjóði sem stofnaður var á átjándu öld fátækum nemendum til styrktar, en afgangurinn fékk skólagjöld felld niður sökum fátæktar. Á sama tíma voru 822 börn á skólaskyldualdri í Reykjavíkurbæ, þ.e. á aldrinum 10–14 ára.

Mönnum var ljóst hve mikil þörf var á bættri menntun þjóðarinnar en jafnframt hve landsmenn stóðu

misjafnlega að vígi og ef landssjóður kæmi ekki til skjalanna yrði ekki um neitt jafnrétti þegnanna í menntamálum að ræða.

Í nál. neðri deildar segir: „Frv. stjórnarinnar er byggt á þeirri grundvallarsetningu að þjóðfélaginu sé skylt að sjá um að hvert einasta barn þjóðarinnar eigi kost á að njóta þeirrar menntunar sem nauðsynleg er talin hverjum manni."

Í umræðunum sagði Guðmundur Björnsson læknir: „Er nokkru fé betur varið á fjárlögum en því sem varið er til að mennta hina ungu og uppvaxandi kynslóð? Svarið verður sjálfsagt nei og aftur nei." Þessa skoðun Guðmundar og álit neðri deildar Alþingis tel ég vera enn í fullu gildi." — (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að trufla hv. þm. Nú er mjög langt liðið á nóttu og menn eru nokkuð margir á mælendaskrá. Forseti hefur tekið þá ákvörðun að fresta þessari umræðu og vildi biðja hv. þm., ef hann sættir sig við það, að gera hlé á ræðu sinni nú.) Herra forseti. Ég hafði vonast til að ljúka máli mínu hér í morgunsárið, en ég skal verða við þessari beiðni forseta. (**Forseti:** Forseti þakkar fyrir það.)

Umræðu frestað.

58. FUNDUR

laugardaginn 21. des.,
kl. 1 miðdegis.

Samstarfssamningur Norðurlanda, frh. síðari umr.

Stjtill., 213. mál. — Þskj. 283, nál. 321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (EH, EgJ, EKG, FrS, GAK, GB, GÁ, HBl, IBA, JGS, JVK, KHG, MF, PP, RA, SighB, SP, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 355).

Bókhald, frh. 3 umr.

Stjfrv., 45. mál (reikningsskilaráð). — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

17 þm. (FI, FrS, GB, GÁ, HBl, IBA, JGS, JVK, KHG, MF, PP, RA, SighB, SP, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 356).

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 63. mál (frjálst fiskverð). — Þskj. 64, nál. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (FI, GÁ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, FrS, HBl, IBA, JGS, JVK, KHG, MF, PP, RA, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

2.–4. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 48 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Almannatryggingar o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 171. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 186, nál. 319, brtt. 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 320 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (FrS, HBl, IBA, JGS, JVK, KHG, MF, PP, SighB, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (FrS, HBl, IBA, JGS, JVK, KHG, MF, PP, SighB, SP, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (FrS, HÁ, HBl, IBA, JGS, JVK, KHG, MF, PP, SighB, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Kosning fjögurra manna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 20. desember 1991, skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Stefán Friðbjarnarson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Gunnar Ingi Gunnarsson (A),
Svavar Gestsson (B).

Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, til tveggja ára, frá 1. janúar 1992 til 31. desember 1993, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Líndal prófessor (A),
Guðrún Ólafsdóttir dósent (B),
Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1991, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Pálmi Jónsson alþingismaður (A),
Svavar Gestsson alþingismaður (B),
Sveinn G. Hálfdánarson innheimtustjóri (A).

Kosning eins manns í bankaráð Landsbanka Íslands til 31. des. 1993 í stað Kristins Finnbogasonar framkvæmdastjóra, skv. 9. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Steingrímur Hermannsson alþingismaður.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 189, nál. 306.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Frú forseti. Ég var rétt að hefja ræðu mína um vatnsveitur sveitarfélaga og óskaði eftir nærveru hæstv. félmrh. í því máli og þar sem hún var ekki í húsinu gerði ég hlé á máli mínu. En nú er félmrh. staddur hér þannig að ég get þá varpað fram þeim spurningum sem vöknuðu hjá mér við lestur þessa frv. Skemmst er frá því að segja að félmn. Alþingis hefur sent frá sér nál. og mælt með því að þetta frv. verði samþykkt. Að því nál. stendur m.a. sú sem hér er og gerði það án fyrirvara. Það kann að vera reynsluleysi mínu að kenna að ég áttaði mig ekki á því fyrr en eftir á að ég hefði í rauninni átt að setja fyrirvara á þetta nál. vegna þeirra spurninga sem ég hef um þetta mál og sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á hér á þingi.

Um þetta mál er það að segja að það er í sjálfu sér mjög þarft. Verið er að endurskoða gildandi lög um vatnsveitur og var sérstakri nefnd falið að endurskoða gildandi lagaákvæði um vatnsveitur og holræsi og er þetta fyrsti hluti þeirrar vinnu, þ.e. nú er komið frv. til laga um vatnsveitur. Nefndin virðist hafa fyrirhugað að endurskoða líka lög um holræsi enda mun ekki af veita því gildandi ákvæði vatnalaga ná yfir það og þau eru frá 1923. Nefndin telur hins vegar að þessi endurskoðun krefjist víðtæks samráðs við önnur ráðuneyti svo sem umhvrn. og iðnrn.

Skemmst er frá því að segja að í gildi eru mjög margar reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga og mjög mismunandi sem allar hafa þurft að hljóta stað-

festingu félmrh. Þar að auki eru mismunandi gjaldskrár í gildi í sveitarfélögunum.

Það sem er verið að gera er að setja ný lög og það á að setja eina reglugerð um vatnsveitur fyrir landið allt. Ákvæði frv. einfalda allar framkvæmdir til mikilla muna, bæði hjá sveitarstjórnum og félmrn. og þar að auki er sjálfsforræði sveitarstjórna um gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana aukið og er ekkert nema gott um það að segja.

Það sem vakti spurningar hjá mér er ekki síst að finna í 4. gr. þessara laga svo og 14. gr. 4. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn er eigandi vatnsveitu sveitarfélags og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, götuæða og heimæða. Sveitarstjórn annast og kostar viðhald vatnsæðanna."

Um 4. gr. segir í athugasemdum: „Með þessari grein er lagt til að sveitarstjórn verði eigandi allra vatnsæða veitukerfisins, þar með taldra svokallaðra heimæða er liggja frá götuæð og inn í fasteign. Eins og málum er háttað í dag er það húseigandi, sem skal sjá um og greiða kostnað við lagningu slíkrar vatnsæðar og jafnframt annast viðhald hennar, sbr. hér ákvæði 23. greinar vatnalaga. Rétt þykir að leggja hér til þá breytingu að lagning og viðhald heimæðar verði alfarið í höndum sveitarstjórnar sem ætti að hafa í för með sér hagræðingu fyrri báða aðila, þ.e. húseigandann og sveitarstjórn. Sambærilegt ákvæði er að finna í ýmsum reglugerðum fyrir hitaveitur og eðlilegt að sama fyrirkomulag gildi fyrir allar vatnsæðar hvort sem um þær rennur heitt eða kalt vatn. Varðandi þær heimæðar sem þegar hafa verið lagðar vísast til gildistökuákvæðisins í 14. grein."

Fyrir þá sem ekki þekkja þetta er kannski rétt að upplýsa að þetta getur verið mikið hagsmunamál, bæði fyrir húseigendur og sveitarfélag. Ef við tökum dæmi hér í Reykjavík þá hefur málum verið þannig háttað að ef kaldavatnsæð heim að húsi gefur sig þá þarf húseigandi að greiða viðgerð þessarar heimæðar allt út í miðja götu, hann þarf að greiða fyrir þann kostnað sem af hlýst bæði vegna þess að það þarf að rífa upp gangstétt og hann þarf að greiða þann kostnað sem af hlýst vegna þess að það þarf að brjóta upp malbik. Þetta er umtalsverður kostnaður fyrir húseigendur. Nú á sem sagt að bæta úr þessu og sveitarfélagið á að eignast allar þessar heimæðar og halda þeim við. Þetta er hagsmunamál líka fyrir sveitarfélagið vegna þess að ef við tökum dæmi hér í Reykjavík þá eru víða mjög gamlar lagnir. Reykjavíkurborg hefur verið að taka upp hitaveitulagnir og raflagnir í götum en hefur á sama tíma ekki getað endurnýjað kaldavatnslagnirnar vegna þess að húseigendur hafa ekki viljað leggja sjálfir í þann kostnað að láta endurnýja þá æð þannig að hún hefur þá bara verið áfram léleg og svo þarf að grafa allt upp aftur ef hún bilar. Þetta getur því líka verið mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélagið. Í sjálfu sér er frv. hið besta mál, eins og maður segir, nema hvað í 14. segir:

„Lög þessi skulu taka gildi 1. janúar 1992. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 svo og 20., 21., 23. og 28. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Þær heimæðar, sem fasteignaeigendur eiga við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, skulu vera eign þeirra áfram nema samkomulag verði um að sveitarstjórn yfirtaki þær. Að liðnum 10 árum frá gildistöku þessar laga ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignareiganda."

Með öðrum orðum: Þó að lögin kveði á um það að sveitarfélag skuli eignast allar heimæðar frá því að lögin taka gildi — og þá á það náttúrlega við um öll ný hús — þá á það ekki við um hús sem þegar eru byggð og sveitarstjórn mun ekki yfirtaka þær heimæðar nema *samkomulag náist milli húseigenda og sveitarstjórnarinnar* fyrr en eftir 10 ár. Þá ber sveitastjórninni skylda til þess að yfirtaka heimæðina fari fasteignareigandi fram á það.

Nú hlýtur að vakna sú spurning hvernig á að standa að þessu á þessu 10 ára tímabili. Hvernig fá íbúðareigendur um land allt að vita að þeir geta farið fram á það við sína sveitarstjórn að hún yfirtaki heimæðina og hvernig á að standa að þessum málum af hendi sveitarfélaganna?

Þetta býður að vissu leyti upp á dálitla mismunun því að nú gæti verið, ef við tökum dæmi af Reykjavíkurborg, að hún mundi ákveða að eignast einhverjar heimæðar í gamla Vesturbænum, hún mundi skrifa húseigendum þar bréf þess efnis að hún sé tilbúin að yfirtaka heimæðarnar og síðan mundi hún gera það. Síðan bilaði heimæð þremur götum frá þar sem hún hefði ekki hugsað sér að yfirtaka og þá yrði sá húseigandi væntanlega að gjöra svo vel og greiða þann kostnað sem af biluninni hlytist. Þetta gæti a.m.k. vel gerst og mér finnst skipta máli að menn geri sér einhverja grein fyrir því hvernig þetta á að fara fram. Þarna er um hagsmunamál að ræða og þarna er um talsvert peningalegt hagsmunamál að ræða líka.

Þess má geta að ef vatnsveitur í sumum sveitarfélögum nýta sér þá heimild sem er í lögunum um álagningu vatnsgjalds getur orðið um talsverða tekjuaukningu að ræða hjá ákveðnum sveitarfélögum. Eftir breytinguna má vatnsgjaldið nema allt að 0,3% af álagningarstofni og þá er þar um að ræða fasteignamat. En ekki nóg með það heldur geta sveitarfélögin miðað við fasteignamat í Reykjavík, þ.e. eins og segir hér: Til að jafna heimildina og gera hana samanburðarhæfa milli vatnsveitna sveitarfélaga er gert ráð fyrir að áður en til álagningar kemur verði stofninn margfaldaður með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík og síðan má leggja 0,3% af álagningarstofninum í vatnsgjald.

Búast má við því að þetta geti skapað einhverjar tekjur hjá ákveðnum sveitarfélögum og þess vegna gert þau betur í stakk búin til þess að yfirtaka allar þessar heimæðar. Mér finnst vanta einhverja tengingu þarna á milli, þ.e. hvernig á þetta að gerast og hver eru réttindi og skyldur sveitarfélaganna og hins almenna húseiganda.

Það eru þessar spurningar sem ég vildi að svo stöddu fá svör við hjá hæstv. félmrh.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sú spurning sem hér er borin fram snýst einkum um framkvæmd og ákvæði til bráðabirgða í 14. gr. en það kemur fram, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, að í 4. gr. er sú breyting gerð að sveitarstjórn er eigandi vatnsveitna sveitarfélaga og sér um allar vatnsæðar hennar, þ.e. aðalæð, götuæð og heimæðar. Það kemur fram í 4. gr. frv. að eins og málum er háttað í dag skal húseigandi sjá um og greiða kostnað við lagningu slíkra vatnsæða og jafnframt annast viðhald hennar, en hér er lögð til sú breyting að lagning og viðhald heimæðar verði alfarið í höndum sveitarstjórnar. Þá er spurning um hvernig hagað verði framkvæmdinni að því er varðar ákvæði til bráðabirgða um þær heimæðar sem voru lagðar fyrir gildistöku laganna.

Nefndin sem samdi þetta frv. taldi nauðsynlegt að hafa nokkurn aðlögunartíma og taldi ekki rétt að sveitarstjórnirnar yfirtækju heimæðar fyrirvaralaust. Þetta hefur verið kostað af eigendum íbúða og sú spurning vaknaði ef þetta yrði strax yfirtekið af sveitarstjórnum að hugsanlega væri hægt að tala um eignaupptöku og þá kallað á bætur fyrir. Þetta er sú skýring sem ég fékk hjá nefndinni og hún taldi því nauðsynlegt að þarna væri gefið nokkurt svigrúm. Þó er ekkert því til fyrirstöðu eins og hér kemur fram að á þessu tímabili sé hægt að leita eftir samkomulagi við sveitarstjórnirnar að þær yfirtaki heimæðarnar. Ef einhver óskar sérstaklega eftir því getur hann vissulega farið fram á það að viðkomandi sveitarstjórn yfirtaki þær en skyldan fellur á sveitarfélögin að liðnum 10 árum frá gildistöku laganna. Út af fyrir sig hefði verið hægt að hafa hérna fimm ár, átta ár eða tíu ár, en nefndin sem samdi þetta taldi rétt að hafa þennan aðlögunartíma.

Vatnsgjaldið sem hefur verið nefnt er nokkuð hátt, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, og má það nema allt að 0,3% af álagningarstofni. Það er algengt núna að sveitarstjórnirnar ákveði upphæð vatnsgjalds sem er á bilinu 0,1–0,2% en hér er lagt til að það megi nema allt að 0,3% af álagningarstofni þannig að það er rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að verulegt svigrúm er gefið umfram það sem hefur verið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér virðist verulegt ósamræmi í þeim lögum sem verið er að leggja til að samþykkja. Í annað stað er gert ráð fyrir því að allir greiði sama skatt fyrir sitt vatn en engu að síður geti verið mismunur á því hvort menn séu eigendur heimæðanna og beri á þeim ábyrgð næstu 10 árin eða ekki. Nú hlýtur það að vera svo að þeir sem eru eigendur heimæðanna og bera á þeim ábyrgð eigi að greiða minna en hinir. Allt annað er rökleysa. Það er beinlínis út í hött að halda því fram að þeir sem ekki eiga sínar heimæðar eigi að borga hlutfallslega miklu minna, eins og hér er verið að leggja til. Þess vegna tel ég að það ákvæði sem er hér í 14. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að liðnum 10 árum frá gildistöku þessara laga ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignareiganda."

Ég tel að þetta ákvæði hljóti að verða að breytast á þann veg að skilyrðislaust skuli vera yfirtekin hver einasta heimæð þannig að komi það upp eftir þennan tíma að óhöpp verði í götunni og heimæðin fari að leka þá þurfi ekki að fara að fletta upp einhverjum plöggum um það hvort það hafi verið beðið um yfirtöku á þessu eða hinu rörinu. Menn geta rétt ímyndað sér skjalabunkann í Reykjavík ef alls staðar þyrfti að gá að því við hvert einasta hús hvort þar hefði legið fyrir beiðni og það yrði að fletta þessu — hvað lengi? Ekki eina öld, ef lögin stæðu, heldur áfram samkvæmt orðanna hljóðan. Auðvitað hljóta menn að verða að slá endanlegan botn í svona lagatexta með því að á ákveðnu tímabili gerist það sjálfkrafa að allar heimæðarnar séu á ábyrgð vatnsveitunnar. Mér finnst að menn hafi af einhverjum ástæðum viljað halda því fram að það geti verið hlunnindi fyrir mann að eiga heimæðina eftir að það er þannig frá gengið að hann verður að greiða jafnmikið hvort sem hann á heimæðina eða ekki. Ég sé ekki að þarna sé rökrétt hugsun á bak við.

Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir að fara í ræðustól og vekja athygli á því að hér er ekki allt sem sýnist. Ég hef ekkert á móti þeirri kerfisbreytingu sem verið er að leggja til, að það sé vatnsveitan sem beri ábyrgð á þessari tengingu úr götunni og inn í húsin, en ég tel alveg fráleitt að það þurfi að leggja fram ósk frá hverjum einasta fasteignareiganda sem verði svo geymd í einhverri skjalamöppu og ef þessi ósk er svo ekki til staðar í skjalamöppunni þegar bilar í götunni einhvern tímann seinna verða menn sjálfir að borga viðgerðarkostnað. Hér er ekki nógu vel að málum staðið og ég hefði talið eðlilegt að þetta mál færi til nefndarinnar, ekki til að tefja það heldur til að flýta fyrir vinnu í þinginu og þar yrði tekin afstaða til þessa atriðis í 14. gr. svo að menn hefðu þá alveg á hreinu hvort hér væri um mistök eða vilja að ræða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að bæta sem síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Vestf., sagði hér því að ég held að öllum hljóti að vera ljóst eftir þá útlistun sem hann gerði á þessu ákvæði að þetta gengur alls ekki upp. Við getum bara séð okkur sjálf í því. Nú skipta fasteignir um eiganda og kaupi maður sér fasteign á einhverjum tilteknum stað í Reykjavík þyrfti maður þá væntanlega að ganga úr skugga um það hvort sá sem selur manni fasteignina hefur farið fram á það að Reykjavíkurborg eignist heimæðina eða ekki. Það er með öðrum orðum ekki hægt að vera viss um þá hluti nema þetta sé gert á einhvern kerfisbundinn hátt af sveitarfélaginu. Ef hins vegar væru tekin fyrir einhver ákveðin svæði og boðið upp á það að heimæðar væru yfirteknar þá er það mismunun gagnvart íbúum sveitarfélagsins þar sem allir eiga að borga hið sama þannig að þetta gengur augljóslega ekki upp og þessu verður að breyta. Hafi menn haft það helst í huga að brjóta ekki hinn heilaga eignarrétt á fólki þannig að ekki væru teknar af því heimæðarnar ef því væri mjög mikið í mun að eiga þær þá ætti þetta ákvæði náttúrlega ekki að vera svona orðað

eins og hér er heldur þannig að sveitarfélaginu beri skylda til að yfirtaka heimæðarnar sé þess óskað af fasteignareiganda. Þá dugir að hafa það með þeim hætti. Þá er hinn heilagi eignarréttur fasteignareigandans á heimæðinni tryggður ef menn vilja endilega hafa það þannig. Mér finnst því að við blasi að það þurfi að endurskoða þetta frv. eins og það liggur hér fyrir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mjög eðlilegt að við ræðum þetta mál hér 21. des. og förum yfir það, ekki síst þegar ljóst er að hér hafa orðið veruleg mistök við framsetningu málsins í frv. upphaflega. Hv. þingnefnd virðist hafa sést yfir það þegar hún fjallaði um málið. Ég vil taka mjög eindregið undir það sem hér hefur komið fram varðandi 14. gr., síðustu grein frv., að ekki verður séð að sú skipan sem þar er fram sett sé skynsamleg. Mér finnst skýringar hæstv. ráðherra varðandi málið, að þetta væri einhver spurning um eignarréttarviðhorf, ekki vera haldbærar nema það sé rökstutt frekar en þar kom fram. Ég held að það sé mjög óvænlegt að fara að lögfesta þetta 10 ára tímabil. Ég skil það svo að stefnt sé að því að að loknum 10 árum beri sveitarstjórninni að yfirtaka þessar heimæðar sé þess óskað af fasteignareiganda en þó því aðeins að þess sé óskað. Það er því í rauninni til langframa stefnt að því að einstakir fasteignareigendur, sem þetta frv. snertir, geti átt æðarnar og þær geti gengið í arf mann fram af manni, það er alveg ljóst, langt fram á næstu öld náttúrlega, eða svo lengi sem þessi lög fá að standa. Þ.e. ef þetta stangast ekki á við Evrópurétt-inn og þyrfti kannski athugunar við. Það má vel vera. Það kemur kannski til umræðu síðar ef þau mál verða lögð fyrir þingið að gerðum samningi. Ég vil ekkert um það fullyrða út af fyrir sig.

Ég undrast að þetta skuli hafa komið frá nefnd, sem hæstv. ráðherra hefur skipað í málið, og að hv. félmn. skuli ekki hafa rekið augun í þetta, sem þó getur auðvitað alltaf komið fyrir. En ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar að því hvort þetta mál hafi ekki verið rætt sérstaklega í nefndinni og hvernig formaður nefndarinnar, sem hér er á fundinum, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, lítur á þetta mál. Mér finnst það skipta verulegu máli hvernig forusta í nefndinni metur þetta ákvæði og það þurfi að koma fram við umræðuna.

Ég held að langeðlilegast væri, áður en tekin er afstaða til málsins, að því verði vísað aftur til hv. félmn. til frekari athugunar varðandi þau atriði sem hér hafa komið ábendingar fram um. Það verði þá skilað, eins og þingsköp heimila, 29. gr. þingskapa, framhaldsnefndaráliti og hugsanlega brtt. við þetta ákvæði að betur athuguðu máli. Mér finnst að rangt væri að hrapa að því að fara að lögfesta þetta ákvæði eða vísa málinu til 3. umr. með þessum meinbugum sem hefur verið bent á.

Hæstv. ráðherra talaði um þetta sem ákvæði til bráðabirgða en það er ekki sett fram sem slíkt enda er í rauninni verið að lögfesta þarna til langframa. Ég sé ekki að þetta sé neitt bráðabirgðaákvæði. Þetta 10 ára tímabil varðar aðeins það að fasteignareigandi getur að því loknu óskað eftir yfirtökunni eða réttara sagt sveitarstjórninni ber að því loknu að yfirtaka, komi fram ósk frá fasteignareiganda, en aðeins ef svo er.

Ég tek eftir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur undirritað þetta með fyrirvara. Hann er ekki viðstaddur umræðuna, hefur e.t.v. gert grein fyrir þessu þegar umræða hófst um málið. Ég held að hans fyrirvari hafi lotið að gjaldtöku og þeim gjaldstofnum, álagningarstofnum, sem kveðið er á um í 7. gr. Ég hefði kosið, sérstaklega ef hv. formaður nefndarinnar tæki hér til máls, að hann greindi okkur frá því hvaða breytingar verði á gjaldstofnum eða hvaða afleiðingar ákvæði frv. hafa varðandi gjaldstofna. Þetta hefði ég auðvitað átt að vera búinn að kynna mér en ég væri þakklátur hv. formanni nefndarinnar ef hann vildi varpa ljósi á það, sérstaklega hvort þarna sé um einhverja sjálfkrafa hækkun að ræða vegna breytinga á viðmiðunum, stofni til álagningar, sem ég held að hafi verið eitt af því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði fyrirvara um.

En virðulegur forseti, aðalerindi mitt er í rauninni það að hvetja til þess eindregið að málinu verði vísað aftur til nefndar og hún skili þá frhnál. um málið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér sýnist að þau sjónarmið sem hér hafi komið fram snúist um að gera ákvæðið í 14. gr. fortakslausara en það er. Talað er um að að liðnum 10 árum frá gildistöku þessara laga beri sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar og síðan kemur viðbótin: „sé þess óskað af fasteignareiganda." Þá er spurningin um það hvort hægt sé að ná einhverju samkomulagi um að gera þetta fortakslausara þannig að þessi síðustu orð falli brott. Ég tel rétt að það sé skoðað milli 2. og 3. umr. hvort hægt sé að ná einhverju samkomulagi um þetta. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta mál og fulltrúar Sambands sveitarfélaganna áttu sæti í nefndinni sem hefur samið þetta frv. Síðan hefur þetta gengið yfir til Sambands sveitarfélaga sem hefur mælt eindregið með samningu þessa frv.

Þetta frv. felur í sér að verið er að einfalda alla framkvæmd á þessu. Ég tel mjög slæmt ef þetta dregst þannig að það nái ekki fram að ganga fyrir áramótin sem er nauðsynlegt út af álagningunni. Ef það nær ekki fram að ganga fyrir áramótin yrði raunverulega að fresta þessu um eitt ár. Þess vegna legg ég áherslu á að frv. verði samþykkt fyrir áramótin en legg til að nefndin skjóti á fundi til þess að ræða þetta mál. Ég tel að hér sé ekki um nein mistök af hálfu nefndarinnar að ræða heldur sé fyrst og fremst verið að ræða um hvort gera eigi þetta ákvæði fortakslausara. Því tel ég rétt að nefndin komi saman til þess að ræða þetta ákveðna atriði og athuga hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi. Þetta mál megi þá lögfesta fyrir jólaleyfi vegna þess að, eins og ég segi, annars mundi þetta í reynd frestast í eitt ár sem ég tel að sé mjög bagalegt vegna þess að sveitarstjórnir, margar hverjar, hafa lagt mikla áherslu á að þetta frv. næði fram að ganga.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Beint var til mín ákveðnum spurningum sem mér er mjög ljúft að svara. Ég vil láta það koma fram strax að þetta er framhaldsumræða og sú fyrri var nokkuð góð umræða, ég held hún hafi verið fyrripartinn í gær, ef ég man það rétt, og þá einmitt kom hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, þessum sjónarmiðum á framfæri og við ræddum þetta frv. nokkuð. Það er rétt með þessar ábendingar sem komu fram hjá honum og sem hann reyndar kom á framfæri í nefndinni. Við ræddum þennan þátt 14. gr. og þessi 10 ár. Mitt sjónarmið var að það væri mjög jákvætt að sveitarstjórnirnar eignuðust heimæðarnar. Ég leit svo á að þetta svigrúm væri gefið til þess að smærri sveitarfélögum, ekki síst, yrði ekki gert með mjög litlum fyrirvara eða fortakslaust, eins og hér kemur fram, að yfirtaka heimæðar sem væru kannski með allt öðrum hætti en gerist í þéttbýlinu. Þá vorum við að ræða um langar heimæðar í meira dreifbýli. Þarna þyrfti að vera svigrúm til yfirtöku. Mér finnst alveg sjálfsagt að taka málið fyrir aftur í nefndinni þar sem margar ábendingar hafa komið fram eftir á. Ég vek athygli á að allir nefndarmenn rita undir nál. og einn með fyrirvara. Við vorum búin að ræða þetta nokkuð vel, ábendingar voru komnar fram og allir voru tilbúnir að veita málinu brautargengi. Það er mjög gott ef hægt er að staldra við og skoða þau atriði sem menn hafa áhyggjur af eftir á þegar þeir fara að velta þessu fyrir sér. Það skal ekki standa á því að ég taki þetta til skoðunar í nefndinni.

Annað atriðið var 7. gr. og þessi upphæð, sem má nema allt að 0,3% af álagningarstofni. Það var líka rætt hvernig hann væri myndaður af markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík. Mitt mat var að þetta hafi tengst því þegar upp kom fyrir tveimur til þremur árum hve misjöfn staða sveitarfélaga var, þegar tekið var mið af fasteignamati, en matið var mjög misjafnt um land. Félmrh. getur áréttað það ef þetta er rangt með farið hjá mér en þá var reynt að finna stuðul sem jafnaði þau gjöld sem þyrftu að vera með áþekkum hætti.

Hér var líka borin fram spurning um það, vegna þess sem stendur í umsögn um 7. gr., að einstaka vatnsveitur hafa haft heimild til að innheimta hærra hundraðshlutfall og áhyggjur af því hvað gerist ef þetta gjald nægir ekki ef sveitarstjórn hefur ráðist í dýra vatnsveitu. Ég vek þar athygli á 2. gr. sem einmitt er vísað í í nál. að ætlast er til að sveitarstjórn geri áætlun fyrir fram til að reyna að fyrirbyggja að farið sé í framkvæmd sem sveitarfélagið ræður varla við að framkvæma og reka. Hér var einmitt spurt hvað gerist ef framkvæmdin og reksturinn er það dýr að 0,3% af álagningarstofni dugir ekki. Ég held að mjög æskilegt væri að félmrh. setti fram skoðun á því en ég sjálf taldi að þarna hefði verið farið rúmt með, einmitt vegna þeirra vatnsveitna sem hafa þurft að innheimta örlítið hærra hundraðshlutfall. Ef framkvæmd og rekstur er óeðlilega dýrt miðað við að þetta er talið rúmt gjald hefði ég talið að þá gilti svipað ákvæði og með önnur verkefni sveitarstjórna ef upp koma vandkvæði sem sveitarstjórn ræður illa við.

En mér er ljúft að taka þetta mál aftur fyrir milli 2. og 3. umr.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þeirra ummæla formanns félmn. að þetta mál hafi verið tekið þar til umræðu og mönnum hefði sýnst þar að þetta gæti verið í lagi vil ég segja það að frá mínum bæjardyrum séð var þetta ekki tekið til umræðu. Ég vakti athygli á þessu reyndar inni í nefndinni, hafði rekið augun í þetta, enginn kom á fund nefndarinnar til þess að útskýra hvað þarna væri á ferðinni. Í rauninni var áhuginn einn á því að afgreiða þetta mál út úr nefndinni og inn á Alþingi. Það er auðvitað þannig afgreiðslu sem mál fá þessa dagana, því miður. Það liggur svo mikið á og svo mikill er þrýstingurinn að koma því út úr nefndinni að þótt maður sé með vangaveltur og hafi ákveðnar efasemdir eru takmörk fyrir því hvað maður treystir sér til að standa gegn því. Þar af leiðandi stóð ég að því að taka þetta út úr nefndinni en vildi ekki láta hjá líða að vekja athygli á þessu þannig að mönnum mætti vera ljóst hvað hér væri á ferðinni. En þetta vildi ég láta koma fram.

Umræðu frestað.

Fjárlög 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 264, frhnál. 301 og 323, nál. 304 (samgn.), brtt. 265, 281, 294, 295, 300, 302, 303, 305, 308, 309, 312, 314, 322, 324, 325, 326, 327, 328, 329, 330, 331, 332, 333, 334, 335, 340, 341, 342, 343, 345 og 346.

Kristín Ástgeirsdóttir (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar fundi var slitið klukkan sex í morgun hafði ég rétt byrjað ræðu mína um fjárlögin. Ég var búin að tala í u.þ.b. 40 mínútur. Þegar þar var komið sögu hafði ég rætt um ástandið í þjóðfélaginu og lagt þar til grundvallar spá Þjóðhagsstofnunar. Ég kynnti álit minni hluta efh.- og viðskn. á tekjuhlið fjárlaganna og síðan var ég þar stödd að ég var að mæla fyrir till. minni hluta menntmn. um skólagjöld en þá var klukkan orðin sex og úthald stjórnarliða algjörlega brostið. Ég verð eiginlega að harma það að svo fjörugar umræður skuli hafa verið stöðvaðar þegar menn voru komnir vel á skrið og það stóð ekki á mér að halda áfram ræðu minni.

En nú ætla ég sem sagt að halda áfram, virðulegi forseti, ætla reyndar ekki að tala mjög langt mál. Ég verð þó aðeins að fara til baka og rifja upp þessa till., sem ég var að kynna, vegna allra þeirra þingmanna sem voru fjarverandi umræðuna í nótt.

Á þskj. 312 flytja eftirtaldir þingmenn brtt. við fjárlögin: Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ólafur Þ. Þórðarson og sú sem hér stendur.

Þessi brtt. er í 26 liðum og gengur út á það að skólagjöld við öldungadeildir og í skólum á háskóla-

stigi skuli ekki lögfest. Hér erum við sem sagt að gefa Alþingi á nýjan leik tækifæri til þess að fella þessa tillögu ríkisstjórnarinnar um skólagjöld.

Ég þarf ekki að beita miklum rökstuðningi fyrir þessari tillögu. Við flm. hennar teljum að skólagjöld eigi ekki að innleiða í íslenska skólakerfinu. Við fögnum því að sjálfsögðu að stjórnarflokkarnir náðu samkomulagi um það að skólagjöld skyldu ekki innleidd í framhaldsskólum landsins en það er allmikið eftir enn, háskólarnir og öldungadeildirnar. Við teljum að hér sé um ranga stefnu að ræða. Hér er verið að ganga þvert gegn þeirri reglu, sem hefur ríkt alla þessa öld, um að reyna að koma á sem allra mestu jafnrétti til náms. Hér hefur verið reynt að stuðla að því að allir hefðu tækifæri til þess að afla sér menntunar. Við höfum komið hér upp öflugu og fjölbreyttu skólakerfi en þær spurningar hljóta að vakna hver sé tilgangurinn með þessum skólagjöldum. Er hann fyrst og fremst sá að afla fjár til skólakerfisins eða er hann sá að draga úr menntun í landinu? Er hann sá að sjá til þess að færri nemendur afli sér framhaldsmenntunar? Það verð ég að segja, virðulegi forseti, að ef það er hugmyndin er þar um öfugþróun að ræða. Ef það er eitthvað sem Íslendingar þurfa á að halda þá er það aukin menntun, auknar rannsóknir, til þess að hægt sé að stuðla að nýsköpun í landinu.

Allar svokallaðar iðnvæddar þjóðir eða iðnríki heimsins beina nú sjónum mjög að skólakerfinu. Ég get vitnað bæði til ríkja OECD og ekki síst Bandaríkjanna, Kanada og Japans þar sem menn reyna mjög að efla menntun og auka fjárveitingar til skólakerfisins. Hér erum við að horfa upp á mikla öfugþróun. Öfugþróun, hæstv. menntmrh. Hér er verið að reyna að innleiða skólagjöld. Fjárlagafrv. úir og grúir af tilmælum til skólanna um að spara og hagræða í stað þess, ef eitthvert vit væri í fjárlögum íslenska ríkisins, að auka fjárveitingar til skólanna vegna þess að þar er vaxtarbroddur. Þar er sá vaxtarbroddur sem við þurfum á að halda.

En þetta er ekki aðeins spurning um framtíðina og það að hér spretti upp atvinna, hér verði til einhver atvinna og nýsköpun í atvinnu. Þetta er spurning um jafnrétti, þetta er spurning um þær hugmyndir sem hafa verið ríkjandi í íslensku samfélagi frá byrjun þessarar aldar. Þau stjórnvöld sem nú hafa sest á valdastóla eru því miður haldin ýmiss konar þráhyggju eins og einkavæðingu. Ég óttast að þessar skólagjaldahugmyndir séu einmitt forboði þess, sem reyndar kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að hér eigi að efla einkavæðingu í skólakerfinu.

Einhverra hluta vegna hafa ákveðin öfl mikla trú á því að skólar, sem reknir eru af einkaaðilum, séu einhverjum þeim kostum búnir sem ríkisskólar eru ekki. Staðreyndin er sú, þegar litið er á lönd eins og Bretland þar sem er að finna afar dýra og fína einkaskóla fyrir bresku yfirstéttina sem gegna því hlutverki m.a. að viðhalda stéttaskiptingu í bresku samfélagi, að þetta eru örfáir skólar. Reyndar eru skólar sem reknir eru af einkaaðilum eða studdir af stórfyrirtækjum og stofnunum nokkuð margir í Bandaríkjunum og þróast þar við hlið ríkisháskóla og ríkisskóla. Auðvitað getur þetta orðið til að efla fjölbreytni en við lifum einfaldlega í svo litlu og fámennu samfélagi að hér er ekki kostur á slíku úrvali skóla. Við verðum ósköp einfaldlega að einbeita okkur að því að halda hér uppi öflugu og góðu skólakerfi. Ég get auðvitað ekki látið hjá líða að minna á það að ein meginforsenda þess að hér blómstri gott skólakerfi er auðvitað sú að launakjör þeirra, sem vinna við skólakerfið, séu með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert að fást við kennslu. En hér í þessum tillögum, sem einmitt eru til umræðu við 3. umr. um fjárlögin, er boðaður niðurskurður á launum opinberra starfsmanna. Menntmrn., eins og önnur ráðuneyti, á að ná niður launakostnaði. Ég verð að lýsa því hér sem minni skoðun að skólakerfið hér á landi þolir engan niðurskurð launa, engan. Þar eru launakjör með þeim hætti að það er íslensku samfélagi til vansa.

Ég ætla ekki að gera skólagjöldin að frekari umræðuefni en ég minni á þessa brtt. okkar. Þegar atkvæðagreiðsla fer fram gefst þingmönnum kostur á að sýna hug sinn til skólagjaldanna. Ég vona að þeir þingmenn Alþfl., sem hafa lýst andstöðu sinni við skólagjöld, standi við orð sín og greiði atkvæði með þessari tillögu í stað þess að sitja hjá eins og þeir gerðu við 2. umr.

Mig langar einnig til að minna aðeins á þær brtt. sem við kvennalistakonur flytjum við fjárlagafrv. Þær eru örfáar en ganga allar út á það að styrkja stöðu kvenna í samfélaginu. Ég vil rifja það upp að við kvennalistakonur erum á Alþingi fyrst og fremst til þess að reyna að leggja okkar af mörkum til að bæta hag kvenna, gera þær sýnilegri í þjóðfélaginu, draga hlut þeirra fram í samfélaginu og reyna hvað við getum til að efla þátttöku þeirra og áhrif.

Þetta eru örfáar tillögur sem mig langar að gera að umræðuefni. Sú fyrsta gengur út á það að Byggðastofnun fái sérstakt framlag til þess að stuðla að atvinnuþróun fyrir konur á landsbyggðinni. Það er svo sannarlega ekki að ástæðulausu að þessi tillaga er flutt því staðreyndirnar tala sínu máli. Við höfum horft upp á það, reyndar í u.þ.b. 200 ár, að það eru miklu fleiri konur en karlar sem flytja sig af landsbyggðinni og til Reykjavíkur eða þéttbýlisins. Það liggur a.m.k. á mínu borði ársskýrsla Reykjavíkurborgar þar sem rakin er íbúaþróun allt frá manntalinu 1703. Þær tölur sýna að konur hafa alltaf verið í meiri hluta í Reykjavík. Þessu hefur m.a. ráðið þörfin fyrir vinnuafl kvenna hér í bæ. Vinnukonur voru stór og fjölmenn stétt hér í bænum allt fram á miðja þessa öld. Enn þann dag í dag er það að gerast að konur flytja úr sveitum og dreifbýli og hinum smærri stöðum landsbyggðarinnar hingað á suðvesturhornið í atvinnuleit vegna þess, held ég fyrst og fremst, hve atvinnulíf er fábreytt úti á landsbyggðinni. Það sér hver maður að ef það er ásetningur okkar að reyna að viðhalda byggð sem víðast á landinu, ég er ekki að segja að það þurfi að vera í hverjum einasta firði og hverri einustu sveit, þarf auðvitað að eiga sér stað þróun þar eins og annars staðar, en ef við viljum tryggja dreifða byggð í landinu þurfa konur að eiga kost á fjölbreyttari vinnu en nú. Það þarf

eitthvað að gerast í þessum málum. Þess vegna leggjum við til að Byggðastofnun fái ákveðið framlag til þess að stuðla að atvinnuþróun kvenna. Þessum peningum er hægt að verja á ýmsan hátt með því að veita styrki til nýsköpunar, með því að standa fyrir námskeiðum og ýmsu því sem gæti leitt konur áfram í atvinnusköpun.

Næsta tillaga gengur út á það að hækka framlag til Kvennasögusafnsins. Það er ekki há upphæð sem hér er um að ræða. Þetta er ákaflega hógvær beiðni. Við leggjum til að í stað þess að Kvennasögusafnið fái 1 millj. fái það 1,5 millj. Ekki er hægt að fara fram á minna. Þarna er um að ræða ákaflega merkilega stofnun, framtak einstaklings, Önnu Sigurðardóttur, sem hefur lagt heimili sitt undir kvennasögusafn þar sem hún hefur safnað ýmiss konar gögnum um sögu kvenna, bókum, blaðagreinum, tímaritum, ljósmyndum og fleiru, sem snertir sögu okkar kvenna, sem því miður er enn að mestu óskráð.

Í þriðja lagi leggjum við til sérstakan lið til alþjóðasamtakanna UNIFEM. Þetta eru kvennasamtök Sameinuðu þjóðanna sem m.a. gegna þeim tilgangi að styðja konur í þróunarlöndunum. Þarna er á ferðinni ákaflega merkilegt starf og auðvitað þarf ekki að tíunda það hér fyrir þingmönnum að við Íslendingar höfum miklu að miðla til annarra þjóða, menntun, heilsugæslu og ýmsu öðru. Við eigum að styðja þjóðir svokallaðra vanþróaðra ríkja eða þróunarlanda eins og við best getum.

Fjórða tillagan gengur út á það að styrkja Kvennaathvarfið í Reykjavík og samtökin Stígamót. Bæði þessi samtök vinna að því að aðstoða konur og börn sem verða ýmist fyrir líkamlegu eða andlegu ofbeldi, sem því miður er allt of algengt í okkar samfélagi, skelfilega algengt. Það veitir ekki af að styðja þessi samtök sem bæði hjálpa þeim sem lent hafa í slíkum hörmungum og vinna jafnframt að fyrirbyggjandi starfi, fræðslu og kynningu.

Í fimmta lagi leggjum við til að Fæðingarheimili Reykjavíkur fái sérstaka fjárveitingu, 50 millj. Eins og kunnugt er eru það áform hæstv. heilbr.- og trmrh. að Fæðingarheimili Reykjavíkur verði lagt undir Landspítalann en konur, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hafa margar hverjar lagst gegn þessari sameiningu og hafa lagt áherslu á að konur eigi að eiga fleiri kosta völ. Þær eigi að geta valið á milli fæðingarstofnana. Það er ekki að spyrja að miðstýringarárátttunni hjá þessum stjórnarflokkum sem hér ríkja. Allt skal sameinað í eitt allsherjar spítalaskrímsli.

Ég vil síðan fara örfáum orðum um þær brtt. aðrar sem liggja fyrir og skal reyna mjög að stytta mál mitt, virðulegi forseti. Ég vil nefna till. sem verður væntanlega mælt fyrir síðar í dag um heiðurslaun listamanna. Ég vil lýsa ánægju minni með að nú fjölgar um eina konu á þessum lista og veitir ekki af. En það kemur í annarra hlut að mæla fyrir þeirri tillögu.

Varðandi brtt. meiri hluta fjárln. er þar sem betur fer ýmislegt gott að finna en þar er líka margt mjög vont. Ég vil fagna því sem ég nefndi áður að skólagjöld í dagskólum framhaldsskólanna eru felld niður. Þetta er eins og við vitum árangur af samningum ríkisstjórnarflokkanna og það er ástæða til þess að fagna því að þetta varð niðurstaðan. Mig langar líka að lýsa yfir ánægju minni með hækkun á fjárveitingu til Íslensku óperunnar. Ég er mikill unnandi klassískrar tónlistar og vona svo sannarlega að Íslenska óperan fái að dafna. Það er þó sá ljóður á þessum tillögum að framlag til Leikfélags Reykjavíkur er lækkað mjög en við verðum að vona að Reykjavíkurborg hlaupi þar undir bagga.

Hér væri ástæða til þess að gera tillögur meiri hluta fjárln., sem varða landbúnaðinn, að sérstöku umræðuefni. Það er í rauninni alveg hrikalegt hvað landbúnaðurinn verður fyrir miklum niðurskurði. Við vitum að það hefur átt sér stað mikill samdráttur í landbúnaði, og eins og ég hef margoft nefnt í þessum ræðustól, þarf mjög að stuðla þar að endurskipulagningu og hagræðingu, eins og það heitir á nútímamáli. Ég verð að harma það að fyrst að menn gerðu þennan búvörusamning við bændur skuli hér gengið fram við að rifta honum eða brjóta hann, nánast í hverju atriðinu á fætur öðru. Ég verð að segja að þótt ýmsir hópar verði fyrir miklum skerðingum í þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin grípur til þá verða bændur mjög illa úti. Það gildir reyndar um allt launafólk í landinu sem verður að taka á sig verulegar kjaraskerðingar vegna stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, gera að umræðuefni síðustu tillögu eða tillögu númer 45 á skjali meiri hlutans sem snýr að launalið í ríkiskerfinu. Þar stendur: Launaliðir rekstrarviðfangsefna lækki um 6,7% og önnur gjöld um 1,3%.

Þarna er á ferðinni sú fyrirskipun sem út hefur verið gefin um niðurskurð yfirvinnu og launa í ríkiskerfinu. Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. við 2. umr. hvernig hann ætlaði að ná þessu markmiði í menntakerfinu. Mér er menntakerfið mjög hugleikið og þess vegna horfi ég sérstaklega á það. Mér er algjörlega óskiljanlegt hvernig þessi niðurskurður á að nást fram nema stefna eigi að niðurskurði á kennslu á öllum skólastigum. Ef svo er er þar á ferðinni mjög alvarlegt mál, eins og ég hef áður nefnt. Ég vona svo sannarlega að ríkisstjórnin hverfi frá þessum áformum og átti sig á því að m.a. í skólakerfinu byggir fólk launakjör sín að miklu leyti á yfirvinnu, því miður, vegna þess að grunnlaunin eru svo lág. Grunnlaunin eru svo lág að fólk verður hreinlega að vinna yfirvinnu og þar af leiðandi að kenna miklu meira en góðu hófi gegnir til þess að hafa sæmileg laun. Þess vegna á ég mjög erfitt með að sjá að þetta komist til framkvæmda nema af því leiði verulegt tjón í skólakerfinu. Það er nokkuð, herra forseti, sem við megum alls ekki við.

Ég gæti gert mjög margt í þessum tillögum að umræðuefni en ég veit að mælendaskrá er löng og ég var búin, eins og ég nefndi í upphafi, að flytja nokkra ræðu milli kl. 5 og 6 í morgun. Þetta er því orðinn dágóður skammtur en ég hef að sjálfsögðu tækifæri til þess að tala öðru sinni við þessa umræðu og þá mun ég hugsanlega taka á fleiri málum. Ég vil líka minna á

að það sem eftir lifir þings eigum við eftir að ræða frumvörp um tekjuskatt og eignarskatt þar sem sjómannaafslátturinn og barnabæturnar koma til umræðu. Þá gefst eflaust kostur á að ræða betur launakjörin í landinu og þær miklu árásir sem nú er verið að gera á ýmsa hópa samfélagsins.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil leita eftir því að formaður fjárln. verði viðstaddur meðan ég tala þessi orð ef forseti vil hafa það hugfast. (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að formaður fjárln. verði viðstaddur.) Öllum er kunnugt að jólaleyfi þingmanna fer að nálgast. Þar af leiðandi fara að dofna áhrif frá því máli sem flutt er úr þessum ræðustól. En ég hygg að svo hafi verið síðan ég kom á þing að ég hafi í þessari umræðu lýst hug mínum til fjárlagagerðarinnar og afgreiðslu landbúnaðarins á þeim vettvangi. Þó að hér hafi orðið skipti þannig að komin sé ríkisstjórn sem ég styð, fjmrh. og landbrh. úr mínum flokki þá finnst mér eðli málsins samkvæmt eðlilegt að afstaða mín liggi fyrir hér í fáum orðum gagnvart landbúnaðarmálunum.

Það hefur stundum í þeim efnum á liðnum árum verið deilt nokkuð hart, kannski ekki sérstaklega í sambandi við fjárlagagerð, um þann málaflokk en þannig hefur nú þó atvikast að flest málefni hans hafa fengið þær lyktir að vera afgreidd samhljóða í nefndum þingsins, landbn. og fjárln. Annars er það nokkuð eftirtektarvert hvað lítið virðist breytast í áherslum þótt stjórnarskipti verða. Ég held að einir fimm eða sex fjármálaráðherrar hafi verið við völd síðan ég kom á Alþingi og líklega hér um bil eins margir landbúnaðarráðherrar og það virðist einhvern veginn sem jafnan sé mikill ágreiningur á milli þessara tveggja ráðuneyta um framsetningu á landbúnaðarmálum og gildir einu hverjir þar eiga hlut að máli.

Ég vil minna á það við þessa umræðu, þó það heyri ekki beinlínis hér undir fjárlagaafgreiðsluna, að nú er t.d. tekinn upp sami háttur í sambandi við greiðslu jarðræktarframlaga og árið 1988, þ.e. að jarðræktarlögin eru numin úr gildi nema að því er varðar þær fjárhæðir sem eru á fjárlögum. Í nokkur ár, líklega í ein þrjú ár, fór fram umræða, sem ég var þátttakandi í, til að ná sátt um þessi mál og gera breytingar á þessari löggjöf þannig að menn gætu orðið sáttir um framkvæmd hennar. Og þetta var allt saman gert og það er eftirtektarvert að kostnaður við framkvæmd jarðræktarlaga hefur dregist saman ár frá ári allt frá árinu 1984 úr rúmum hálfum milljarði, eins og þá var, niður í 60–70 millj., eins og nú er. Kostnaður við jarðræktarframlögin er núna 10–12% af því sem hann var árið 1984. En samt er þetta jafnmikill þyrnir í augum þeirra fjármálaráðuneytismanna og samt eru núna tekin upp sömu þrælatökin og árið 1988. Og samt eru menn að tala um að það eigi að þróa þennan atvinnuveg, samt eru menn að tala um að þar eigi að ná fram hagræðingu og sparnaði og samt eru menn að tala um að þar eigi að nota innlend aðföng.

Á þessu sama árabili hafa aðrar þjóðir, þær sem eru næstar okkur, verið að auka fjármagn til þróunarverkefna í landbúnaði alveg gagnstætt því sem við erum að gera. Og þó búum við í norðlægu landi þar sem aðstæður í ræktunarmálum eru miklu erfiðari og vandasamari og miklu meiri þörf á þróunarverkefnum heldur en á þrautræktuðum lendum meginlandsins. Og þetta er þeim mun eftirtektarverðara þar sem verið er að tala um það í fullri alvöru að færa þennan atvinnuveg til móts við alheimsviðskipti í þessari grein, fella niður alla viðskiptamúra, draga úr niðurgreiðslum, ég tala nú ekki um útflutningsbótum, og menn eru að tala um að atvinnuvegurinn eigi að aðlaga sig að þessum aðstæðum. Samt er í rauninni allt gert sem mögulega er hægt til að hindra að þessi atvinnuvegur geti þróast.

Landbn. Alþingis fór ítarlega yfir þessi mál og nefndarmenn sinntu því starfi af mikilli alvöru. Landbn. lagði fram tillögur til fjárln. Formaður fjárln. fór þess á leit við mig, með því að ég var þá á heimleið, að ég færi yfir þessi mál vegna tillögugerðar fjárln. að kvöldi til daginn áður en ég skrapp heim til mín. En eftir á sást ekki stafur eða krókur til breytinga í fjárlagafrv. Og ég á ekki nema eina skýringu á þessu og hún er sú að fjárln. hafi svo mikla minnimáttarkennd gagnvart landbn. að hún hafi ekki treyst sér að taka upp tillögur hennar. Sum mál landbúnaðarins voru afgreidd með þeim hætti í fjárln. að það er alveg ljóst að þar hafa menn ekki vandað sig mikið.

Það var reyndar skýrlega um það talað í þessu sambandi að auðvitað væri landbúnaðarnefndarmönnum frjálst að nýta sér það starf sem landbn. vann við fjárlagagerðina ef tillögur nefndarinnar yrðu ekki virtar. Það var hins vegar tekið skýrlega fram að landbn. mundi ekki flytja þessar tillögur sem slík. Þetta hefur gengið eftir, landbn. hefur ekki fjallað um þessa undarlegu niðurstöðu hjá fjárln. en tveir nefndarmenn hafa hins vegar tekið upp hluta af tillögum landbn. og auðvitað styð ég þær tillögur heils hugar.

Ég get heldur ekki látið hjá líða — og er það mér reyndar nokkurt undrunarefni að ekki skuli hafa komið meira fram í umræðunni hver hlutur sauðfjárbænda á að verða á grundvelli þeirra efnahagsráðstafana sem hér er verið að gera. Þar er kveðið á um að færa hér um bil ⅓ af launum þeirra bænda sem vinna að þessari búgrein frá árinu 1992 til ársins 1993. Ég hef nú bent á það, að vísu ekki hér í þinginu, af hverju menn leysa ekki vandamál ríkissjóðs með sams konar framkomu gagnvart öðrum þeim í þjóðfélaginu sem eiga í samningum við ríkissjóð. Af hverju er bara þessi eina grein tekin hér sérstaklega út úr? Mér skilst að ef ríkissjóður hefði sama hátt á gagnvart öðrum samningsbundnum greiðslum við fólkið í landinu þá gæti hann fært eina 6–7 milljarða á milli ára. Og væri þá ekki bara kominn blússandi hagnaður og rekstrarafgangur á ríkissjóð á næsta ári? Það hygg ég að vera mundi.

Nú er það auðvitað svo og það hefur löngum verið ríkt í bændum landsins — það er ekki svo afar langt síðan þeir voru þjóðin öll — að gangast nokkuð við skyldum sínum þegar harðnar í ári. En þá er það spurningin: Af hverju er bara þessi eina grein tekin út úr, sauðfjárbændur? Þetta hefði að sjálfsögðu verið

miklu geðfelldara og líðanlegra ef bændastéttinni var sérstaklega gert að taka á sig vissar skyldur gagnvart erfiðu árferði að því hefði verið dreift á stéttina alla. Þá hefðu þetta þó ekki orðið nema eitthvað líklega í kringum 5% og að sjálfsögðu miklu bærilegra en að láta þessa grein sem hefur þurft að taka ýmislegt á sig á síðustu árum fram yfir aðra þá sem landbúnað stunda. Það hefði verið miklu sanngjarnara að dreifa þessu fyrst að bændur landsins fá sérstaka glaðningu í þessum efnum.

Það sem einkum hefur borið hér á góma í landbúnaðarumræðunni er niðurskurður á fjárveitingum til Framleiðnisjóðs. Ég verð þó hins vegar að segja að það er sá þátturinn sem ég á auðveldast með að líða. Við stöndum frammi fyrir því að á þessum vetri fer fram endurskoðun á búvörulögunum sem sett voru árið 1985 og hafa reyndar ekki tekið miklum breytingum á þessu árabili. Sú löggjöf hefur dugað býsna vel. En nú eru hins vegar breyttar áherslur, m.a. með nýjum búvörusamningi og það fer auðvitað ekki hjá því að lögin þarf að endurskoða enda liggur fyrir um það frv. hér. Það liggur líka fyrir að Framleiðnisjóðurinn er þannig staddur að hann getur sinnt lögboðnum skyldum sínum, þ.e. ef hann fær að vera í friði með það fjármagn sem hann fær og ríkið tekur það ekki til sín eins og borið hefur á á síðustu árum. Það hlýtur þá að liggja alveg ljóst fyrir að því sem nú er tekið af fjármagni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins verða menn að skila aftur við endurskoðun á búvörulögunum. Það er að sjálfsögðu af þessari ástæðu sem ég hef fellt mig við þessa ákvörðun.

Um þetta væri að sjálfsögðu hægt að tala miklu lengra mál en ég vek athygli á því, sem ég sagði hér áðan, að e.t.v. verða landbúnaðarmál meira í sviðsljósinu síðar í vetur ef lyktir GATT-viðræðnanna verða t.d. þær að samkomulag náist á þeim vettvangi. Menn skyldu ekki láta sér detta það í hug að þótt ríkisstjórnin fallist á eitthvað í þeim efnum þá eigi sú umræða ekki eftir að ganga hér í gegnum Alþingi þar sem menn eru að sjálfsögðu ekki einungis frjálsir heldur hafa grundvallarskyldum að gegna gagnvart þeirri samningsgerð. Landbn. Alþingis hefur í skýrri umræðu tekið tvo fundartíma sína til að fara yfir þau mál og það er alveg augljóst að ekki verður komist hjá því að meta þær aðstæður mjög nákvæmlega, ef samkomulag verður, og þá m.a. með tilliti til þess hvaða áhrif verður um að ræða á þróun landbúnaðarins.

Og enn fremur, eins og ég sagði hér áðan, þá fer fram umræða um búvörulögin. Mér sýnist að það frv. sem fyrir liggur og hefur verið dreift nái ekki til þeirra breytinga allra sem nýr búvörusamningur gerir ráð fyrir. Þetta segi ég án þess að ég hafi skoðað það nákvæmlega. Og með því að sú umræða er fram undan og þar sem fjárlagaafgreiðslan sem slík fer meira og minna inn á þætti þeirrar umræðu þá geymi ég mér að ræða þau mál til hlítar. En þetta fannst mér að ég hefði skyldur til að koma hér á framfæri við þessa umræðu þótt tilefni til umræðu um þessi mál sé að sjálfsögðu miklu meira en hér hefur komið fram.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í stólinn til að þakka þennan ágæta fyrirlestur um landbúnaðarmál sem ég hlustaði á hjá hv. þm. Agli Jónssyni. Hann var fróðlegur og ég vék ekki úr salnum vegna þess að mér fannst hann vera mjög merkilegur og ég kom hér fyrst og fremst til að þakka það.

En um leið vil ég þá spyrja: Hver er afstaða hv. þm. og formanns landbn. til þeirra aðgerða sem við gripum til, að standa ekki með Norðmönnum og Kanadamönnum varðandi GATT-samninginn?

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta hef ég einungis það að segja að ekki hefur farið fram umræða í mínum þingflokki um neinar ákvarðanir hér að lútandi. Almennt get ég sagt það sem mína skoðun að við hljótum að öðru jöfnu að leggja skýrari áherslur á sérstöðu en flestar aðrar þjóðir, m.a. vegna þeirra breytinga sem við höfum verið að gera í íslenskum landbúnaði, draga úr kostnaði og leggja af útflutning. Þess vegna hljóta okkar mál að skipast með þeim þjóðum sem leggja grundvallaráherslu á að vernda sinn landbúnað og treysta hann og þannig er afstaða mín, ef það er einhvers virði fyrir þingmanninn að vita um hana.

En um einstaka þætti samningsgerðarinnar sem slíkrar get ég af augljósum ástæðum ekki fjallað vegna þess að sú umræða hefur ekki enn átt sér stað þar sem ég hef haft möguleika á því að fá þær upplýsingar sem haldbestar eru.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið en spyr þó enn: Ef ekki hefur verið fjallað um þetta í þingflokki þingmannsins hver tók þá ákvörðunina um að við stæðum þarna ekki með Kanadamönnum og Norðmönnum? Og um leið: Telur þingmaðurinn að sjónarmiðum Íslands hafi verið nógu vel komið á framfæri í þessum viðræðum með því að standa ekki með Norðmönnum, sem við eigum jú mesta samleið með í þessum efnum?

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa til þess sem ég sagði áðan að mér er ekki kunnugt um hvernig mál hafa skipast á vegum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þar sem þar hafa ekki verið fengnar fram neinar skýringar. Ég get hins vegar sagt að ég held að á ýmsan hátt hafi verið gætt vel að þátttöku landbúnaðarins í þessum efnum. Ég ætla ekki að fara út í neinn samanburð við fyrri tíð enda þjónar það engum tilgangi. En þátttakendur frá landbrn. hafa verið í þessari umræðu meira og minna í haust og landbúnaðarnefndarmenn Alþingis geta vel borið um það vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið í nefndinni og ég hef áður sagt frá, að þar hefur mér virst vera vel að málum staðið.

Ég endurtek svo það sem ég sagði áðan að það verða náttúrlega aðrir að svara fyrir ríkisstjórnarþátt-

töku og aðgerðir í þessum efnum. Ég skyldi vissulega gera það ef það væri á mínum færum því ég kæri mig ekki um neina leynd yfir þessum málum.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 frá menntmn. á þskj. 300. Menntmn. Alþingis hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár líkt og áður hefur tíðkast af forverum hennar, menntamálanefndum efri og neðri deildar. Nefndin leggur til að jafnmargir listamenn fái heiðurslaun í ár og fengu þau á síðasta ári, eða 18 listamenn. Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun hækki úr 800.000 kr. í 850.000 kr. Af þeim 18 sem fengu heiðurslaun á þessu ári eru 16 á lífi. Nefndin gerir tillögu um að tveimur nöfnum sé bætt á þann lista. Hún mælir með því að Sigríður Hagalín og Thor Vilhjálmsson bætist í hóp þeirra listamanna sem njóta heiðurslauna. Var nefndin einróma um þá ákvörðun.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég er kominn í ræðustól til að mæla fyrir brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 á þskj. 305. Einnig hef ég hugsað mér að ræða svolítið um samstarf eða sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík í þessari 3. umr. við fjárlagafrv.

Virðulegi forseti, ef forseti hefði tök á því vildi ég gjarnan fá hæstv. forsrh. í salinn, sem jafnframt er borgarfulltrúi Sjálfstfl. í Reykjavík. Nú spyr ég forseta hvort hæstv. forsrh. sé í húsinu. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er í húsinu og mun ég nú strax gera ráðstafanir til þess að hann verði við umræðuna.) Þá vildi ég raða ræðu minni þannig upp að ég byrja á því að ræða um samstarf og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og mæli síðan fyrir brtt. á eftir.

Lengi hefur staðið til og mjög oft verið rætt um að nauðsynlegt sé að koma á aukinni verkaskiptingu eða samstarfi á milli sjúkrahúsanna í Reykjavík. Að vissu marki ég tek undir þær tilraunir sem gerðar hafa verið. Staðreyndin er sú að fyrirkomulag það sem nú er við lýði á sjúkrahúsunum í Reykjavík er eitthvert það óhagkvæmasta sem hægt er að hugsa sér og vil ég nefna tvö dæmi. (**Forseti:** Má ég trufla hv. þm. í ræðu sinni? Mig langar til að spyrja hann hvort hann gæti sæst á það að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur ræðu hv. þm. síðar, eða réttara sagt innan tíu til fimmtán mínútna, þar sem hæstv. forsrh. tekur nú þátt í viðræðum hér í húsinu við forustumenn stjórnmálaflokkanna.) Ég hygg að það sé í lagi að forsrh. verði ekki kominn hingað fyrr en eftir svona tíu mínútur. Ég hugsa að það taki u.þ.b. tíu mínútur hjá mér að ræða um samstarf og sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík, þannig að ég get, virðulegur forseti, vel sætt mig við það.

En eins og ég sagði þá er staðreyndin sú að það fyrirkomulag sem hér er við lýði á sjúkrahúsunum í Reykjavík sennilega eitthvert það óhagkvæmasta sem hægt er að hugsa sér. Dæmi get ég nefnt og vil ég taka tvö. Í fyrsta lagi að á árinu 1990 hafa sennilega, vegna sparnaðar og skorts á hjúkrunarfræðingum, verið ámóta mörg rúm sem ekki voru nýtt á Borgarspítala og Landspítala og voru nýtt á Landakotsspítala. Með öðrum orðum hefði Landakotsspítala verið lokað og hinir tveir spítalarnir reknir með fullum afköstum þá hefði sama þjónusta verið veitt hvað þetta snertir. Þjónustan er auðvitað mjög mismunandi á þessum sjúkrahúsum og þar af leiðandi er ekki hægt að fullyrða að með lokun Landakots og fullum rekstri hinna sjúkrahúsanna hefði verið sambærileg þjónusta að öllu leyti.

Annað dæmi skal ég nefna um það hversu óhagkvæmt þetta fyrirkomulag er. Barnadeild er rekin á Landakotsspítala og einnig á Landspítalanum. Engin barnadeild er á Borgarspítalanum. En staðreyndin er sú að langflest þau börn sem koma inn á sjúkrahús koma inn eftir að hafa lent í slysi. Þar af leiðandi koma þau inn á sjúkrahúsið í gegnum þá einu slysadeild sem rekin er af öllum sjúkrahúsunum í Reykjavík og hún er staðsett á Borgarspítalanum. Menn sjá að þetta fyrirkomulag er afskaplega óhagkvæmt og því ákaflega mikilvægt að koma þar á nokkrum breytingum.

Ítrekaðar tilraunir til þess að koma á samstarfi og aukinni sameiningu á milli sjúkrahúsanna hafa verið gerðar en því miður hafa þær alltaf strandað á því að Sjálfstfl., og þá á ég við borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík, hefur sett sig upp á móti öllum slíkum sameiningartillögum. Gott dæmi um þetta er að fyrir einu og hálfu ári stóð til að koma inn í heilbrigðisþjónustulögin því ákvæði að sama skyldi gilda um Borgarspítalann í Reykjavík og öll önnur sveitarfélagssjúkrahús, að formaður stjórnarinnar yrði skipaður af heilbrrh. Borgarstjórnaríhaldið gat ekki með nokkru móti sæst á þetta og því var sú undantekning gerð á stjórnarfyrirkomulagi Borgarspítalans að allir fulltrúarnir þrír eru tilnefndir af Reykjavíkurborg og enginn fulltrúi heilbrrh. Þarna slitnuðu þau mögulegu tengsl sem þurfa að vera til auka samstarf og verkaskiptingu á milli þessara sjúkrahúsa.

Þær hugmyndir sem nú liggja fyrir um sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala eru að mínu viti hættulegar. Það kann að hljóma nokkuð einkennilega þar sem ég annars vegar mæli með því að koma á auknu samstarfi og jafnvel sameiningu sjúkrahúsanna hér á höfuðborgarsvæðinu og standa svo gegn því að Borgarspítali og Landakotsspítali séu sameinaðir. Ástæðan er sú að sameiningin ein og sér, að byggja upp tvö jafnstór bráðaþjónustusjúkrahús í Reykjavík, mun þegar fram líða stundir ekki aðeins hafa í för með sér stórkostlega aukna skattbyrði Íslendinga heldur mun það einnig leiða til þess að dregið gæti úr gæðum faglegra vinnubragða á þessum tveimur stóru sjúkrahúsum af þeirri ástæðu að í svo fámennu landi sem Íslandi er viss hætta á að sú dreifing sérhæfðrar þjónustu sem nú er á milli spítala landsins geti minnkað gæði heilbrigðisþjónustunnar þar sem oft eru of fá tilfelli til þess að halda við þjálfun í meðferð. Því er beinlínis rökrétt að koma á mjög nákvæmri verkaskiptingu á milli tveggja sjúkrahúsa og staðsetja einstakar sérgreinar á öðru hvoru sjúkrahúsinu. En auðvitað verður þetta ekki gert nema að hægt sé að koma því við að stjórnir viðkomandi stofnana ákveði hver

verkaskiptingin skuli vera. Ef sameina á sjúkrahús og auka samstarf þeirra er nauðsynlegt að menn hafi tvær forsendur að leiðarljósi:

Í fyrsta lagi þarf sameiginlega ráðningu allra sérfræðinga inn á sjúkrahúsin. Og af hverju skyldi það vera? Jú, vegna þess að ef ekki er ein stjórn sem ræður alla sérfræðinga inn á sjúkrahúsin þá mun sérfræðiþjónustan dreifast mjög mikið milli sjúkrahúsanna og leiða til þess að á hverju sjúkrahúsi verður byggð upp sérhæfð þjónusta. Þegar ráðnir hafa verið sérfræðingar í einstökum sérgreinum inn á sjúkrahúsin kallar það auðvitað á tæki og áhöld til þess að gera þessum sérfræðingum kleift að starfa. Þetta segir okkur einnig að það þarf að vera sameiginleg ákvörðun einnar stjórnar um hvaða tæki skuli keypt inn á sjúkrahúsið. Ef ein stjórn ákveður þetta þá eru aðeins keypt þau tæki inn á það sjúkrahús sem menn hafa komið sér saman um að veita skuli sérhæfða þjónustu. Ef svo er hins vegar ekki þá munu stjórnir allra sjúkrahúsanna kaupa sömu tækin og tækjakaupin kalla svo á sérfærðinga til að starfa við þau. Þannig eru þessar tvær forsendur alveg hliðstæðar og verður að taka ákvarðanir um ráðningu sérfræðinganna og tækjakaupin á einum og sama staðnum.

Og því er nú tillaga mín sú að Borgarspítali, Landspítali og Landakotsspítali verði sameinaðir, allir undir einni sameiginlegri yfirstjórn. Og til hvers? Jú, til þess að tryggja þessar forsendur, þ.e. sameiginlega ráðningu sérfræðinga og ákvarðanir um tækjakaup. Sparnaður af þessari aðgerð, bara þeirri að koma þessu undir sameiginlega yfirstjórn og hafa skrifstofuhaldið allt á einum og sama staðnum — og í raun og veru gæti skrifstofa ríkisspítalanna tekið á móti öllu bókhaldi og launaútreikningum Borgarspítala og Landakotsspítala — yrði í kringum 50 millj. króna á einu ári. Bara af sameiningu yfirstjórnarinnar. En eftir sem áður þarf að tryggja það að spítalarnir geti starfað sjálfstætt faglega séð þannig að á hverju sjúkrahúsi sé sjálfstætt læknaráð og hjúkrunarráð. Þannig geti þeir keppt faglega innbyrðis en séu ekki að keppa um takmarkaða fjármuni sem við höfum úr að spila.

Í öðru lagi legg ég til að þessi skipting á sérhæfðri þjónustu, sem mikið er talað um, verði komið fyrir með samkomulagi á milli Borgarspítalans og Landspítalans. Landakot verði að hluta til gert að öldrunarlækningasjúkrahúsi en að hluta til að sérhæfðu sjúkrahúsi sem taki á móti sjúklingum sem bíða eftir því að komast í aðgerð og eru á mjög löngum biðlistum. Þar mætti t.d. nefna þjónustu í bæklunarlækningum þar sem biðin eftir aðgerðum er einna lengst. Það mætti hugsa sér að gera Landakot að hluta til að sérhæfðum bæklunarlækningaspítala til þess að nýta þá skurðstofuaðstöðu sem fyrir er á sjúkrahúsinu.

Ekki er eingöngu hægt að líta á sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík ein og sér. Það verður einnig að líta á það að allt í kringum okkur eru sjúkrahús eins og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, sjúkrahús í Keflavík og sjúkrahús uppi á Akranesi og austur á Selfossi. Það þarf einnig að taka tillit til þess hvernig hægt væri að auka samstarf og verkaskiptingu milli þessara sjúkrahúsa og sjúkrahúsanna þriggja hér í Reykjavík. Því teldi ég skynsamlegt að ná samstöðu um að á þessum sjúkrahúsum væru stundaðar einhverjar af þeim sérhæfðu skurðlækningum og sérhæfðu aðgerðum sem nauðsynlegar eru en langar biðraðir eru af fólki sem komast þarf í aðgerð. Með því móti tel ég að hægt væri að ná fram verulegum sparnaði í sjúkrahúsarekstrinum í landinu. En ég tel að þær tillögur sem nú liggja fyrir um einhliða sameiningu Borgarspítalans og Landakotsspítala verði þegar fram líða stundir í raun og veru aðför að skattgreiðendum í landinu. Og ef núv. hæstv. heilbrrh. beitir sér fyrir því að þetta verði niðurstaðan, þá mun hann ekki verða sá maður sem hann sjálfsagt vill að eftir verði tekið fyrir að hafa dregið úr útgjöldum til heilbrigðisþjónustunnar heldur hið gagnstæða. Hann mun verða sá heilbrrh. sem hefur með tillögum sínum orðið til þess, þegar fram líða stundir, að kostnaðurinn í heilbrigðisþjónustunni eykst stórkostlega.

Virðulegi forseti. Ég hélt ég þyrfti ekki nema tíu til fimmtán mínútur til þess að fjalla hér um sjúkrahúsin og ég hef nú gert þeim málaflokki skil eftir því sem ég vildi gera við 3. umr. fjárlaga. En ég á eftir að mæla fyrir brtt. þeirri sem ég talaði um í upphafi að ég þyrfti að gera og er þskj. 305. En til þess að ég geti gert það þá er alveg nauðsynlegt að ég fái hæstv. forsrh. og borgarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykjavík hingað í salinn. Mér var sagt þaðan, virðulegur forseti, að innan 10–15 mínútna yrði það í lagi og nú sýnist mér að þau séu liðnar a.m.k. 15 mínútur ef ekki 20 frá því að það átti að geta gengið upp. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að ná í forsrh. Eins og hv. ræðumanni er kunnugt hefur forsrh. verið hér á fundum með forustumönnum í stjórnmálaflokkum en nú mun forseti reyna að athuga hvort ráðherrann sé laus.) Ég geri mér grein fyrir því, virðulegur forseti, en til þess að tefja ekki tímann þá ætla ég að gera grein fyrir þessari brtt. sem er á þskj. 305 og er við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og ég er eini flm. að. Þessi brtt. gerir ráð fyrir því að við 6. gr. frv. bætist nýr liður sem verði liður 5.19 og hljóði svo: „Að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík."

Ég geri síðan grein fyrir því í stuttri grg. með brtt. af hverju þessi brtt. er nú fram komin hér við 3. umr. fjárlaga. En, með leyfi forseta, þá ætla ég að lesa þessa grg.:

„Nefnd, sem heilbrigðisráðherra skipaði til að gera tillögu um hvernig sameina megi Borgarspítalann og Landakot í eitt sjúkrahús hefur gert tillögu um að heilsugæslustöðin í Borgarspítalanum verði flutt þaðan. Ekkert húsnæði er því til að taka á móti þeirri starfsemi sem nú er í heilsugæslustöðinni í Fossvogi. Undanfarin ár hefur verið inni í 6. gr. fjárlaga heimild handa fjármálaráðherra til að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík. Nú er þetta ákvæði ekki í 6. gr. frumvarpsins og því engar heimildir fyrir fjármálaráðherra til að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir heilsugæslu í Fossvogi þegar hún verður flutt úr Borgarspítalanum."

Áður en þetta kom til þá var á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 5. desember, þ.e. áður en að nefndin

skilaði af sér. — Og, virðulegur forsrh., þakka þér fyrir að gefa þér tíma til að koma hér í salinn. Ég veit að þú ert í miklum önnum. En ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir að þú kæmir hingað, virðulegur forsrh., er ekki sú að þú skulir vera forsrh. heldur að þú ert borgarfulltrúi í Reykjavík. Og á fundi í borgarstjórn 5. des. sl. var eftirfarandi samþykkt gerð samhljóða, með leyfi forseta:

„Borgarstjórn samþykkir að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að á fjárlögum ársins 1992 verði varið fé eða a.m.k. aflað heimildar í 6. gr. til áframhaldandi uppbyggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er engu fé varið til uppbyggingar heilsugæslustöðva í borginni né heldur er heimildarákvæði í 6. gr."

Þessi samþykkt er reyndar ekki alls kostar rétt vegna þess að það eru 50 millj. kr. inni í fjárlagafrv., sem er jú virðingarvert. Í fyrsta skipti held ég megi segja að maður sér það á þessum fjárlagalið að Reykjavík fær peninga til uppbyggingar heilsugæslustöðva. En allar þær 50 milljónir fara til að innrétta heilsugæslustöðina sem á að vera staðsett í Mjóddinni fyrir Austurbæjarumdæmi syðra, en þar var á fyrri hluta þessa árs keypt húsnæði undir rekstur heilsugæslustöðvar. Þrátt fyrir það er alls ekki nóg að gert. Það var áhersluatriði fyrrv. heilbrrh. að Reykjavík skyldi hafa forgang að uppbyggingu heilsugæslunnar. Reykjavík hefur setið á hakanum á undanförnum árum og eru ákveðnar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi sú að landsbyggðin hefur haft forgang. Og í öðru lagi vil ég fullyrða, sem ég veit reyndar að hæstv. forsrh. er mér ekki sammála, að það hafa verið aðrar áherslur af hálfu Sjálfstfl. í Reykjavík í þessum efnum en það að byggja upp heilsugæslustöðvar. Þeir hafa hins vegar viljað byggja hér upp þjónustusnautt kerfi sjálfstætt starfandi heimilislækna sem ég ætla nú ekki að gera nákvæmlega grein fyrir en það gerði ég í langri ræðu fyrir tveimur dögum síðan.

En staðreyndin er sú að það eru 13.000 Reykvíkingar í dag sem ekki komast inn á heilsugæslustöðvar og sem ekki hafa aðgang að sjálfstætt starfandi heimilislæknum. Og verði það úr að Borgarspítalinn og Landakotsspítalinn verði sameinaðir í eitt sjúkrahús og farið að þeirri tillögu sem nefndin leggur til, að heilsugæslustöðin í Fossvogi verði rekin út, sett út úr spítalanum, þá erum við að auka enn á þá erfiðleika sem hér eru. Og af því að heimildin í 6. gr. er ekki lengur inni í frv. þá hafa heilbrrh. og fjmrh. engin úrræði til að mæta þeim erfiðleikum sem þarna munu skapast.

Hæstv. heilbrrh. óskaði eftir því við samstarfsráð heilsugæslustöðva í Reykjavík á miðju sumri að samstarfsráðið gerði tillögur um forgangsröðun verkefna á uppbyggingu heilsugæslustöðvanna í Reykjavík. Um miðjan október skilaði samstarfsráðið af sér þessum tillögum. Ég gerði hér í umræðu fyrir tveimur dögum síðan nákvæmlega grein fyrir því hver þessi forgangsröðun er og ætla ég því ekki frekar að rekja það og ég veit að forsrh. er kunnugt um hver er. En það er í fyrsta lagi lögð höfuðáhersla á að Grafarvogssvæðið hafi algjöran forgang. Nú veit ég að til stendur alveg á næstu dögum að ganga frá leigusamningi um heilsugæslustöð í Grafarvogi. En þetta ákvæði sem kemur þarna fram í skýrslu nefndarinnar um að loka stöðinni í Fossvogi er mjög alvarlegt. Í brtt. á þskj. 305 er gert ráð fyrir að inn í 6. gr. fjárlaga komi nýr liður, sem verði liður 5.19, að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík, þannig að fjmrh. og heilbrrh. hafi heimild til að mæta þeim erfiðleikum sem munu skapast verði heilsugæslustöðin sett úr Fossvogsspítalanum. Með þessu ákvæði er ekki verið að auka útgjöld ríkisins nema menn þurfi að leysa úr neyðarástandi sem getur skapast. Þarna er ekki verið að heimta peninga til skilyrðislausrar uppbyggingar sem verði eytt hvort sem þörf er á eða ekki. Þetta er má segja varaákvæði, að inni í fjárlagafrv. sé heimild til ráðherranna til að geta gert þetta, en ekki skylda. Og því spyr ég hæstv. forsrh., sem jafnframt er borgarfulltrúi Sjálfstfl. í Reykjavík, hvort hann muni styðja þessa brtt., ekki síst í ljósi þess að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ótvírætt skorað á ríkisstjórnina að þetta ákvæði komi inn í fjárlagafrv.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst út af hinni beinu spurningu vil ég svara því, sem kemur ekki hv. þm. á óvart, að ég mun auðvitað sem forsrh. eingöngu fylgja tillögum fjmrh. og brtt. meiri hluta fjárln. Þar mun ég hvergi bregða út af venju annarra forsætisráðherra.

Varðandi hins vegar heilsugæslustöðvarnar þá er það ekki alveg rétt hjá hv. 11. þm. Reykv. og reyndar töluvert rangt að borgaryfirvöld í Reykjavík hafi ekki haft áhuga fyrir byggingu heilsugæslustöðva, fjarri því. Á hinn bóginn var það viðurkennt og það var rétt hjá þingmanninum að það væri eðlilegt að landsbyggðin hefði forgang við slíka uppbyggingu vegna þeirrar aðstöðu sem þar var. En menn voru sammála um að komið væri að því að Reykjavík færi að njóta sín. Þess vegna beitti ég mér fyrir því á hverju þinginu á fætur öðru hér rétt fyrir jólin þegar ég var hér staddur að ræða við heilbrrh. og fjárveitingarnefndarmenn og gerði einmitt sérstakan samning á síðustu stigum um stuðning við tilteknar heilsugæslustöðvar hér í Reykjavík, eins og menn kannski muna, þannig að þar var viljinn fyrir hendi.

Varðandi Fossvogsstöðina þá var dæmið þannig að menn höfðu rætt það við til að mynda fyrrv. heilbrrh., hv. þm. Guðmund Bjarnason, við höfðum rætt það við hann á sínum tíma að sú stöð færðist yfir í nýja bygginguvið Bústaðaveg þar sem byggð yrði hæð ofan á Grímsbæ. Ég reyndar átti afskaplega gott samstarf á þeim tíma við fyrrv. hæstv. heilbrrh. og m.a. var ég samþykkur hugmyndum hans, eins og þingmaðurinn veit, varðandi heilsugæslustöðina í Mjódd og í alla staði átti ég mjög ánægjulegt samstarf við hann um þessa þætti og hugsa til þess með góðri minningu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýrt svar. Ég ætla ekki að fara að skattyrðast um það hér og nú og deila um það hvort Reykjavíkurborg hafi

haft áhuga eða ekki áhuga. Við höfum, eins og fram kom, sinn hvora áhersluna og sjónarmiðið í þeim efnum. Ég skil einnig að það er auðvitað erfitt fyrir forsrh. að fylgja brtt. við fjárlagafrv. og virði það alveg við hann. En auðvitað mun hann ekki sem borgarfulltrúi standa að þessari samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Ég ætla ekki heldur að fara að deila um það en spyr hæstv. forsrh.: Hvernig eigum við þá sem þingmenn Reykjavíkur að mæta því ef þetta atriði kemur nú fram, að Borgarspítalastöðinni verði lokað og engin úrræði eru til staðar í fjárlögum að mæta þeim erfiðleikum?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Já, herra forseti, svo ég víki aftur að fortíðinni, það var í minni tíð sem borgarstjóra — sem er ekki langt síðan — þá hafði ég um það rætt að ekki væri óeðlilegt að Reykjavíkurborg legði út fyrir þessari byggingu og hafði reyndar rætt það við síðasta hæstv. heilbrrh. að ef um það næðust samningar þá mundi þingið koma með hlut ríkisins á nokkrum árum eftir það.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar. Það er auðvitað mjög merkilegt og ég skil það ekki öðruvísi en svo en að hæstv. forsrh. sem borgarfulltrúi í Reykjavík muni beita sér fyrir því að Reykjavíkurborg muni sjá um uppbyggingu á nýrri heilsugæslustöð í Reykjavík komi það til að heilsugæslustöðinni í Borgarspítalanum verði lokað. Og ég fagna þessari yfirlýsingu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir að vísu einkennilegt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér við umræðu um fjárlögin en ég læt mér vel líka að hæstv. forsrh. er hér og hæstv. menntmrh. Ég flyt á þskj. 281 nokkrar brtt. við fjárlögin sem ég ætla að leyfa mér að mæla hér fyrir.

Í fyrstu tillögunni legg ég til að framlag til Rannsóknasjóðsins verði hækkað sem nemur verðlagsbreytingu á milli ára, þ.e. úr 110 í 120 milljónir. Ég held að við getum öll verið sammála um að það er afar mikilvægt, ekki síst þegar árar eins og nú í íslensku efnahagslífi og að kreppir, að auka rannsóknir og nýsköpun. Því vissulega er því fjármagni vel varið þegar litið er til framtíðar. Rannsóknasjóðurinn var settur á fót árið 1985, ef ég man rétt, og hefur sannað sig að vera mjög þarfur. Hann veitir fjármagni til ýmissa góðra hugmynda sem koma bæði frá einstaklingum og rannsóknastofnunum og þess er ætíð gætt að mótframlag sé annaðhvort frá einstaklingunum, rannsóknastofnunum eða öðrum aðilum. Ótrúlega margar af þeim hugmyndum sem þannig hafa verið styrktar hafa orðið vaxtarbroddur í þjóðfélaginu.

Og þarna kemur hæstv. fjmrh. og af því að ég veit að hann þekkir mjög vel rannsóknastarfsemina og metur hana mikils þá vil ég aðeins leyfa mér að endurtaka að ég legg hér til í fyrstu tillögu að Rannsóknasjóðurinn verði aukinn svo að haldið verði í við verðlagsbreytingu á milli ára, þ.e. úr 110 í 120 millj. kr. Og ég var að rekja það, sem ég veit að hæstv. fjmrh. gæti rakið hér ekki síður en ég, að Rannsóknasjóðurinn hefur stuðlað að mörgum mjög góðum rannsóknaþróunarverkefnum og mörg þeirra hafa orðið mikilvæg og vaxtarbroddur í íslensku efnahagslífi. Ég tel sjálfsagt og alveg sérstaklega í því ástandi sem nú er að hann sé efldur. Raunar hef ég samviskubit út af því að leggja ekki til meira. Ég tel að því fjármagni sé afar vel varið en mér er ljóst að það er hart í búi og þröngt og því hef ég kosið að spenna ekki bogann meira en hér er gert. Hér er sem sagt eingöngu um að ræða verðlagsþróun á milli ára.

Ég legg síðan til í annarri tillögu minni að veitt verði 50 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við handboltahöll. Mér er fyllilega ljóst að þetta er umdeilt mál en ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að standa eigi við samninga og reyndar einnig, getum við sagt, alþjóðasamninga eins og þessi er. Hann er bæði alþjóðasamningur og innlendur samningur. Og ég vek athygli á aðdraganda þess máls. Handknattleikssambandið gekk í það að ná samningi um að heimsmeistaramót yrði haldið hér á landi og fékk mikinn stuðning frá stjórnvöldum. Það gaf út mikinn glæsibækling og í hann skrifuðu m.a. fyrrv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen, fyrrv. borgarstjóri Davíð Oddsson og fyrrv. menntmrh. Birgir Ísleifur Gunnarsson og studdu eindregið þessa málaleitun Handknattleikssambands undir, getum við sagt, forustu hæstv. utanrrh.

Það var reyndar meira gert því öll utanríkisþjónustan var notuð í því sambandi. Ég hygg að allir sendiherrar og aðrir sem starfa í utanríkisþjónustunni erlendis hafi fengið bréf frá utanrrh. um það og þeir hafa verið beðnir að vinna að því eins og þeir frekast gætu. Ég veit að fjölmargir ræðismenn sem fengu slíka beiðni gengu í málið og niðurstaðan varð sú að alþjóðlegur samningur náðist um að halda mótið hér á landi. Ég vil taka það skýrt fram að ég var þessu samþykkur og studdi það eins og ég gat svo að ég tel mig vera jafnábyrgan fyrir því eins og þeir ágætu menn sem ég nefndi hér áðan.

Í framhaldi af þessu var gerður samningur við Kópavogsbæ. Að sjálfsögðu er hægt að breyta þeim samningi ef Kópavogsbær óskar ekki að byggja slíkt handboltahús og báðir aðilar eru sammála, en hinn alþjóðlegi samningur stendur eftir sem áður. Mér sýnast fjárhagsvandræði Handknattleikssambandsins megi ekki verða til þess að rjúfa samninginn enda skilst mér að Handknattleikssambandið hafi alls ekki gefið frá sér að halda mótið hér á landi. Þau mál verður að leysa eftir öðrum leiðum og eru að mínu mati óháð þessu.

Komið hafa fram upplýsingar upp á síðkastið um að slík hús megi byggja miklu ódýrara en áður var talið og ég tel að ríkisstjórnin, miðað við þá forustu sem þeir ýmsu menn sem ég nefndi áðan hafa haft, ætti að ganga í það að leita samstarfs annars staðar um byggingu ódýrara handboltahúss. Því er lagt til að þessi fjárveiting verði veitt.

Ég set reyndar fram tillögu til vara að breyta þessu í heimild, þ.e. hafa heimild á 6. gr. til lántöku að upphæð 50 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við byggingu handboltahallar. Það kann vel að vera að hæstv.

ríkisstjórn kjósi það fremur og það er þá ekki eins fast bundið ef t.d. samkomulag yrði um það við alþjóðlega aðila og við Handknattleikssambandið að þeir hættu við þessa keppni hér á landi sem ég tel að vísu hinn mesta álitshnekki fyrir okkur Íslendinga eins og að henni var staðið áður.

Þá legg ég hér til að veittar verði litlar 5 millj. kr. til byggingu heilsugæslustöðvar í Kópavogi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá heilbrigðisyfirvöldum mun hvergi vera þrengra um heilsugæsluna en í Kópavogi. Þar hefur orðið meiri fólksfjölgun en víðast og því fer víðs fjarri að heilsugæslustöðin sem þar er sinni þörfinni. Svo vill til að heilbrigðisyfirvöld höfðu samþykkt fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári að hafin yrði bygging á heilsugæslustöð í austurhluta kaupstaðarins. Lóð var fengin, samið við verktaka og meira að segja tæki komin á staðinn og þar liggja tækin. Ég tel að það eigi að standa við þetta loforð sem var þá gefið og veita byrjunarfjármagn. Þetta er lítil upphæð en nægði til þess að ganga frá teikningum og öllum undirbúningi þannig að unnt væri að hefja þá byggingu árið 1993.

Loks legg ég hér til að orðið verði við beiðni St. Jósefsspítala um fjárframlag til rekstrarins eins og þeir mátu það, 239,8 millj. kr. Síðan hefur það gerst að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gert samkomulag við stjórn spítalans og gerir ráð fyrir því að viðbótarfjárveiting verði 60 millj. kr. en ekki 120 millj. kr. og setur þær skyldur á sjúkrahúsið að þar verði hagrætt svo að þetta megi nægja. Ég hef því ákveðið að taka þessar tillögur til baka. Ég vil hins vegar taka það fram að mér þykir of lítið í lagt og ég sé ekki hvernig þetta ágæta sjúkrahús, sem er viðurkennt að sé eitthvert besta rekna sjúkrahús hér á landi, með lægri daggjöld en yfirleitt þekkjast og styttri biðlista en víðast hvar eru, t.d. í bæklunaraðgerðum, á að reka þannig að svo vel takist áfram sem verið hefur til þessa með svo lítilli fjárveitingu og ég tel mistök að skera svo mikið þarna niður. En engu að síður er þetta samkomulag sem stjórn sjúkrahússins hefur kannski séð sig tilneydda til að gera sem einhvers konar skárri kost af tveimur sem upp á er boðið af hálfu heilbr.- og trmrh. og því tek ég þessa tillögu til baka.

Ég ætla þá ekki, herra forseti, að lengja umræðurnar en vil aðeins segja að lokum að okkur er að sjálfsögðu ljóst að fjárlögin verða fljótlega afgreidd og verða fjárlög hins íslenska ríkis fyrir árið 1992. Við höfum lýst því í mörgum ræðum að við teljum þá stefnu sem fjárlögin marka afar varhugaverða og alveg sérstaklega tel ég svo vera í því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu með samdrátt upp á rúm 6%. Ég spyr t.d. hv. þm. að því hvernig halda menn að hér hefði orðið í þjóðfélaginu á kreppuárunum upp úr 1930 ef sú stefna hefði ríkt sem nú er boðuð. Þá var í staðinn spýtt í lófana og skóflurnar teknar fram, lagðir vegir og byggðir skólar og lagður grundvöllur að frystihúsum og það var byggt á bjartsýni og eins og þá var gjarnan talað um, unnu menn sig út úr kreppunni. Það gerði reyndar einnig viðreisnarstjórnin 1968 þegar hrun varð í veiðum, hún setti upp nefndir um land allt og hún setti fjármagn í það að skapa atvinnu, hún forðaði þjóðinni eins og hún gat frá gífurlegu atvinnuleysi. Það varð að vísu verulegt, en hefði orðið miklu meira ef ekki hefði þó verið gripið til þessara ráða. Því vil ég láta koma hér fram að um leið og tek undir alla viðleitni til að draga úr óþarfa kostnaði, sem ég vil kalla svo, gagnrýni ég harðlega hvernig að þessu er staðið í fjárlögunum. Ég vil láta koma hreint fram að ég tel enga goðgá þótt eitthvert erlent lán væri tekið til framkvæmda sem draga úr atvinnuleysi og viðhalda menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu, jafnvel í þeirri stöðu sem við erum nú í með erlend lán. Ég hef sagt áður úr þessum stól að það er vitanlega miklu skárra fyrir ríkissjóð að taka erlent lán en að heimila sölu á húsbréfum erlendis, þar sem þau eru seld á langtum lakari kjörum en ríkissjóður gæti fengið lán. Það er bara að stinga höfðinu í sandinn þegar sagt er að við leggjumst gegn erlendri lántöku.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram um menntakerfið, m.a. í ræðu áðan hjá hv. 18. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur. Ég tel þá stefnu afar hættulega að ganga svo að menntakerfinu eins og gert er ráð fyrir og ég hef ekki heyrt skýringar frá hæstv. menntmrh. á því hvernig hann hyggst framkvæma þann niðurskurð, þá fækkun sem þar er gert ráð fyrir. Ég vek athygli á því að allar þær þjóðir sem hafa náð langt og tekist að viðhalda góðum lífskjörum og tekist að skapa öryggi í efnahagslífinu, hafa lagt áherslu á menntakerfið og rannsóknir og vísindi. Það er gegnum gangandi hvar sem á er litið. Það má alls ekki ganga svo langt eða leggjast svo lágt í þeirri bölsýni sem hér er boðuð að höggva að rótum framtíðar okkar, eins og ég hef kallað það, með því sem gert er ráð fyrir í menntakerfinu. Svo ég vona svo sannarlega að hæstv. ríkisstjórn taki þau mál til endurskoðunar.

Ég sagði áðan að tala mætti um fjölmargt fleira, eins og heilsugæsluna og hvernig að velferðarkerfinu er staðið. Ég gæti sjálfur nefnt ýmsar hugmyndir sem ég teldi vera betri til að ná þar inn einhverjum tekjum en þær sem nú eru ráðgerðar, en ég ætla ekki að lengja ræðu mína með því að ræða þau mál.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mig langar í upphafi ræðu minnar að fjalla nokkuð um þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við gerð þessa fjárlagafrv. Ég verð að segja sem nýliði á Alþingi að mér finnst þau ekki vera til fyrirmyndar. Mál hafa komið inn mjög seint, breytingar hafa komið á hverju málinu eftir annað, þau hafa verið illa unnin og illa undirbúin, illa kynnt og jafnvel ekki kynnt viðkomandi aðilum. Það hefur verið kallað í aðila til samráðs til málamynda þegar mál hafa verið komin að lokastigi út úr nefndum og þannig finnst mér að bæði nefndum þingsins og þingmönnum hafi verið gert að framkvæma verk sem er óframkvæmanlegt nema að vinna það mjög illa. Það er auðvitað þess vegna sem við stöndum frammi fyrir því öngþveiti sem hefur verið þessa daga í þinginu og ekki sér fyrir endann á enn þá.

Mig langar til þess að ræða nokkuð um upphaf fer-

ils ríkisstjórnarinnar áður en ég held lengra vegna þess að ég tel að í upphafinu sé framhaldið fólgið. Ég held að eftir að menn komu í land úr Viðey á sínum tíma hafi smám saman verið að skýrast fyrir landslýð hvað hafi farið þar fram í samræðum stjórnmálaflokkanna sem eiga aðild að þessari ríkisstjórn. Þar hefur farið fram undirbúningur að þeim aðgerðum sem við höfum séð líta dagsins ljós. En ekki hefur verið þrautalaust fyrir þessa formenn að koma aðgerðunum í gegnum sína flokka. Þar hefur verið við andstöðu að etja og þeir hafa þurft að fara til baka með margt af því sem þeim hefur dottið í hug og margt hefur reyndar breyst sem betur fer og skánað í meðförum þingmanna stjórnarflokkanna og vegna andstöðu stjórnarandstöðunnar. Auðvitað er hægt að nefna fjölmörg dæmi um það hvernig mál hafa komið inn fyrst og hvernig þau hafa svo breyst í tímans rás og eru orðin mun skárri núna en þau voru þegar þau voru fyrst kynnt. Þó er ekki hægt að segja annað en það að margar af þeim stóru breytingum sem ríkisstjórnin hefur ætlað að færast í fang við gerð fjárlaganna er út af fyrir sig fáránlegt að reyna með svo stuttum fyrirvara sem verið hefur. T.d. er um að ræða verulegar breytingar á málefnum sem snúa að sveitarfélögunum. Við höfum séð hvernig þau hafa tekið nýjar og nýjar stefnur á hverjum degi. Nú er auðvitað fyrir fram vitað ef menn ætla sér í breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða skiptingu kostnaðar á þeim þáttum sem unnir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum að það þarf að ætla sér til þess mjög langan tíma í umræðu og kynningu á málunum fyrir sveitarstjórnarmönnum og til rökræðna um hvort þetta séu skynsamlegar ráðstafanir sem menn ætli sér í. Það út af fyrir sig útilokar alfarið að menn geti tekið ákvarðanir með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum vikum. Lágmarkið er a.m.k. að aðstandendur ríkisstjórnarinnar læri af þeim mistökum sem þeir hafa gert. Ég segi það til að ljúka þeim þætti að eina ráðið til þess að bæta fyrir þetta er að setja málin í biðstöðu og ætla sér tíma til umræðu við sveitarfélögin á næsta ári til þess að reyna að lenda málum gagnvart þeim þannig að ekki verði óbrúanlegt bil til framtíðar við sveitarfélögin. Ég var á fundi fyrir nokkrum dögum með þingmönnum Vesturlands og fulltrúum sveitarstjórna þaðan og þar kom mjög vel fram hvernig sveitarstjórnarmenn líta á þessi mál og hvað þeir eru slegnir og raunverulega vonsviknir yfir því hvernig að þeim hefur verið staðið. Kannski er ástæðulaust lesa hér upp mótmælaorðsendingar og annan pappír sem við höfum fengið frá ýmsum sveitarstjórnum allt í kringum landið þar sem menn hafa mótmælt þessum aðferðum.

Þetta er bara einn af hópunum sem ríkisstjórnin hefur snúið sér að í aðdraganda þessa fjárlagafrv. Aðrir hópar eru t.d. launþegar, sjómenn, sjúklingar, nemendur og skólafólk. Þar vil ég segja að eitt af því allra alvarlegasta sem við okkur blasir í þeim fyrirætlunum sem fyrir liggja er niðurskurðurinn í skólamálum vegna þess að ekki er hægt að benda á neina áætlun. Menn vita raunverulega ekki neitt um hvað er verið að tala og þeir skólamenn sem ég hef rætt við um þessi mál segjast ekki sjá fyrir sér að það sé nokkur einasti möguleiki að verða við hugmyndunum um niðurskurð í skólamálum. Ég ætla satt að segja að vona að þegar menn eru komnir út úr þeirri vitleysu sem er að ganga yfir okkur hér með gerð þessa fjárlagafrv. beri menn gæfu til þess að endurskoða hugmyndir sínar um niðurskurð í skólakerfinu og ekki verði gert neitt þar nema að vel yfirlögðu ráði með miklu og löngu samráði við þá sem þar eiga hlut að máli, því að erfitt er að bæta það sem skemmt er í sambandi við skólamál í landinu.

Eitt er það sem ég vil ræða vegna þess að ég hef ekki komið að gerð fjárlagafrv. áður. Ég hef að vísu komið að gerð margra fjárhagsáætlana fyrir bæjarfélag og þar eru þau vinnubrögð viðhöfð að þegar fjárhagsáætlun er lögð fram þá er hún tilbúin. Þá eru menn tilbúnir til að ræða öll atriði. Það er eitt plagg. Hún er rædd í einu lagi. Mér finnst það óskaplegur galli á því sem við erum að framkvæma hér að við 2. umr. skuli ekki liggja fyrir allar tillögur og að það skuli ekki vera rætt í einu lagi um fyrirbrigðið, þ.e. fjárlagafrv. og öll þau tengdu frv. sem eiga að fylgja með. Ég tel að til þess að menn geti tekið heildstætt á þessum málum sé auðvitað langeðlilegast að þau séu rædd í einu lagi og raunverulega ætti fjárlagafrv. ekki að vera tilbúið til 2. umr. fyrr en öll fylgifrv. eru tilbúin til umræðu þannig að hægt sé að ræða málið í heildstæðu formi og þingmenn geti áttað sig á því. Hér höfum við staðið frammi fyrir því að fram á síðustu klukkustundir eru að koma inn breytingar og ég ætla að vona að ég sé sá eini sem á erfitt með að átta mig á því hvernig málin standa í heild þegar þeim er hrúgað svona að eins og gert er við þessa vinnu sem við höfum séð fara fram í haust.

Einn af hlutum þessa fjárlagafrv. er sá pakki sem menn kalla ráðstafanir í ríkisfjármálum og sumir kalla bandorm. Mér finnst það hálfóviðkunnanlegt orð, ég held það ætti að reyna að finna eitthvað annað, langhali væri t.d. nýyrði sem gæti gengið. Mig langar að nefna þetta, þennan hluta fjárlagafrv. eða fylgifisk vegna þess að í umræðunni um hann bar á góma mörg af markmiðum ríkisstjórnarinnar. Sérstaklega langar mig að ræða um það markmið ríkisstjórnarinnar að einkavæða stofnanir. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh., hann lagði málin fram með nokkuð skýrari hætti þar en ég hafði heyrt áður. Það var að vísu í samstarfssamningi eða svokallaðri hvítri bók ríkisstjórnarinnar talað um einkavæðingu og nefnd hafa verið fyrirtæki í eigu ríkisins í því sambandi. Í ræðu sinni, þegar frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum var lagt fram, sagði hæstv. forsrh. nokkru nánar frá því að hverju ríkisstjórnin stefndi að þessu leyti. Þar kemur mjög skýrt fram að hugmyndin sé að selja á næsta ári ríkisfyrirtæki. Þar segir hæstv. forsrh.: „Undirbúin verður sala á hlut ríkisins í Ferðaskrifstofu Íslands, Bifreiðaskoðun Íslands, Endurvinnslunni hf., Gutenberg hf. og Sementsverksmiðjunni. Búnaðarbanka Íslands verður breytt í hlutafélag í upphafi næsta árs og hafin sala á hlut ríkisins í honum." Þarna eru málin sögð með alveg skýrum hætti og mig langar til að fjalla dálítið um tvö eða þrjú af þessum málum.

Í fyrsta lagi Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Í umræðunum um Sementsverksmiðjuna og það að gera hana að hlutafélagi kom fram, eins og það var kynnt fyrir þeim sem eiga hlut að máli t.d. uppi á Akranesi og víðar, að ekki væri hugmyndin að selja Sementsverksmiðjuna. Það stóð í því plaggi og stendur að ríkið eigi að eiga öll hlutabréfin og það þurfi sérstaklega að gera samþykkt á Alþingi til að selja megi það hlutafélag. Hér stendur skýrum stöfum í ræðu forsrh. að selja eigi fyrirtækið. Ég tel að menn hafi verið blekktir með aðdraganda málsins þar sem mönnum var sagt að ekki stæði til að selja fyrirtækið. Ég hef áður sett fram mína skoðun á því hvers vegna ekki eigi að selja einmitt Sementsverksmiðju ríkisins og ætla ekki að endurtaka það hér en vil vekja athygli á því hvernig menn hafa breytt þar sinni skoðun.

En það var annað fyrirtæki sem mig langar að fjalla hér um sem talað er um að selja. Það er Bifreiðaskoðun Íslands. Mig langar að ræða það mál einfaldlega vegna þess að ég tel að ekki fari hjá því, í framhaldi af því að ríkið ákveði að selja Bifreiðaskoðun Íslands, að þá muni landsmenn fara yfir það mál og skoða aðdragandann að því öllu. Vegna þess að þegar ríkið *ásamt öðrum aðilum ákvað á sínum tíma* að stofna þetta hlutafélag var það kynnt þannig að þetta ætti að vera óskaplega hagkvæmt fyrirtæki og það ætti að verða ódýrara fyrir bifreiðaeigendur þegar fram í sækti að láta skoða bílana sína hjá þessu fyrirtæki. Settar voru upp skoðunarstöðvar, keyptar færanlegar skoðunarstöðvar og gjaldskrár allar hækkaðar mjög. Þegar menn fóru að gagnrýna þessa hluti var þeim svarað með þeim hætti að það væri eðlilegt og það væri hagkvæmt fyrir viðskiptavini Bifreiðaskoðunar Íslands að greiða niður stofnkostnað vegna stöðvarinnar því að þegar það væri búið mundu viðskiptavinirnir fara að njóta þess í gjöldum. (**Gripið fram í:** Það er satt og rétt.) Það er allt satt og rétt. En hvað er að gerast? Sá aðili, sem getur haft áhrif á það hvaða gjöld eru tekin fyrir þessa þjónustu, forsrh., lætur það í ljós hér að selja eigi þetta fyrirtæki núna. Helst sem allra fyrst, upp í milljarðinn á næsta ári. Og hvað eru menn að segja með því? Menn eru að segja að þeir bjóði fólki til sölu hlutabréf í Bifreiðaskoðun Íslands. Auðvitað kaupir enginn maður þar hlutabréf nema hann ætlist til og eigi rétt á arði. Um leið og búið er að selja þarna hlutabréf eru menn búnir að kveðja þann möguleika að þeir, sem hafa verið að borga allt of há gjöld fyrir þjónustu Bifreiðaskoðunar Íslands, fái það til baka. Ástæðan er sú að eigendur Bifreiðaskoðunar Íslands eru búnir að mynda sér 100% eigið fé á líklegast þremur árum, ef fer sem horfir. Þeir eru búnir að mynda sér eigið fé í fyrirtækinu á svo stuttum tíma og munu auðvitað heimta arð af því öllu saman.

Þannig er staðið að einkavæðingu fyrirtækja á Íslandi. Ég tel þetta ekki vera til fyrirmyndar þegar ríkið leiðir þróun eins og þessa. Ég vil vara menn við því að það verði framhald á slíkum aðferðum við einkavæðingu. Ég held að full ástæða sé til að óttast það, bæði með tilliti til þess hvernig þetta mál hefur gengið fram og með tilliti til þess sem hefur komið fram frá hendi hæstv. fjmrh. í sambandi við annað fyrirtæki sem talað er um að selja og það er Búnaðarbanki Íslands. Hann taldi sem sagt að það kæmi til greina að selja *hann með einhvers konar afföllum, fyrir hálfvirði eða* eitthvað svoleiðis. Ég segi bara eins og er að þegar menn eru farnir að trúa með slíkum hætti á einkavæðinguna, sem virðist koma fram í svona tali, eins og því að selja fyrirtæki ríkisins fyrir hálfvirði, þá er ekki von á góðu. Þá er full ástæða til að menn haldi vöku sinni og reyni að koma í veg fyrir að slíkar gerðir fari fram átölulaust.

Auðvitað var margt annað sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. í sambandi við þennan bandorm sem menn kalla. Ég ætla ekki að fara að tíunda það allt saman en ég lét það vera að taka til máls við þá umræðu vegna þess að ég taldi að þar hefði verið nóg talað. En segi það samt að þar var æðimargt sem ég hefði gjarnan viljað segja mínar skoðanir um. Nú fer að styttast mjög til jóla og möguleiki þingmanna til að halda langar ræður fer minnkandi. Ég mun ekki halda mjög langa ræðu hér. Mig langar þó til að koma að fáeinum atriðum í sambandi við þetta fjárlagafrv. Þá er það fyrst undirbúningurinn að því að öðru leyti en því sem ég hef rætt fyrr. Þessi undirbúningur sem ég vil meina að hafi farið fram af hendi ríkisstjórnarinnar frá því í sumar með því að vera smám saman að innprenta *þjóðinni svartsýni og koma henni í skilning um* að allt sé hér að fara til fjandans. Ég tel að raunveruleikinn, sem búið er að búa til, sé falskur á margan hátt. Við erum komnir í einhvers konar kreppuástand sem hefur myndast vegna þess að fólkið í landinu og sérfræðingarnir eru búnir að meðtaka þennan boðskap um móðuharðindin. En hverjar eru svo áþreifanlegu ástæðurnar fyrir þessum móðuharðindum sem við eigum að eiga fram undan? Þær eru samdráttur í þorskveiðum sem við höfum ákveðið að taka á okkur á næsta ári. Það er mikið áfall en ekki nálægt því svo stórt að það eigi að leiða af sér slíkrar hörmungar sem menn hafa reiknað út. Það er langt því frá. Það væri nánast hægt að bæta sjávarútveginum í landinu upp allt tapið sem hann verður fyrir vegna minnkandi þorskafla ef hægt væri að ná tökum á vaxtaskrúfunni. Spádómar um samdrátt í þjóðartekjum og á öllum sviðum þjóðfélagsins hafa smám saman verið að versna. Menn hafa verið að taka inn afleiðingarnar af hugmyndum og ráðagerðum ríkisvaldsins um næsta ár. Þannig hefur útreikningurinn, sem sýnir að samdrátturinn aukist meir og meir, vafið utan á sig. Ég tel að það sé full ástæða til að fara yfir þessi mál aftur og ég er alveg sannfærður um að þjóðin getur farið miklu betur út úr næsta ári en menn eru að gera sér í hugarlund núna. Ég ætla satt að segja að vona að menn vakni upp eftir ára*mótin svolítið bjartsýnni en þeir eru þessa dagana.* Það kann ekki góðri lukku að stýra að menn sjái ekki neitt fram undan nema svartnætti og að hér sé tóm afturför í sambandi við afkomu þjóðarinnar.

Eitt af allra stærstu atriðunum í hlutverki ríkisstjórnarinnar að mínu viti er að halda friði í þjóðfélaginu, friði á vinnumarkaðnum, friði við þá aðila sem eiga viðskipti við ríkið og ríkisstofnanir. Í þeim efn-

um finnst mér að ríkisstjórnin hafi illa brugðist. Mér finnst, þegar við berum saman það sem stjórnmálamenn sögðu í aðdraganda alþingiskosninganna og það sem hefur gerst síðan, að menn hljóti að verða að viðurkenna að þar sé æðimargt sem hafi breyst og breyst býsna mikið. Stöndum við ekki frammi fyrir því núna að ríkisstjórnin telur að ekki eigi að hækka persónuafslátt um áramótin? Það þýðir að mati verkalýðsfélaganna raunverulega lækkun upp á líklega 3–4%, ég man nú ekki töluna á þessum afslætti. Ekki veit ég til þess að nokkur stjórnmálaflokkur hafi sagt annað í kosningabaráttunni í vor en að það ætti að hækka persónuafsláttinn. Það var eitt aðalinntakið í ræðum fjölmargra stjórnmálamanna, að það væri engin spurning, allir voru sammála um þetta. Það er nú liðin tíð.

Ég tel að hver ríkisstjórn eigi að hafa stefnu í launamálum og kjaramálum. Það eigi að vera hluti af stefnu ríkisstjórnar. Ég tel að stjórnin sem sat á undan þessari hafi lent í ógöngum, sem hún hefði ekki þurft að lenda í, ef unnið hefði verið betur við upphaf ríkisstjórnarinnar að því að mynda stefnu í launa- og kjaramálum. Ég hef ekki séð stefnu þessarar ríkisstjórnar í launa- og kjaramálum. Ég get ekki dæmt um hver hún er. Ég verð að dæma það mál eftir því sem frambjóðendur stjórnmálaflokkanna sem standa að ríkisstjórninni sögðu í kosningabaráttunni í vor. Ef það er stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum, sem þá var kynnt, held ég að hún hafi breyst æðimikið frá þeim tíma. Það er ekki gott þegar menn tala tungum tveim. Það sem hefur breyst, eins og ég kom að áðan, er auðvitað það að við ætlum að veiða minna af þorski. En nú stefnir í það að við getum veitt meira af loðnu. Ekki má gleyma stóra efnahagsáfallinu, sem menn tala um sem efnahagaáfall, en það er bygging álvers. Það er búið að vera árlegt efnahagsáfall í fjölmörg ár að við höfum ekki getað byggt álver. Það hafa verið jafnmikil rök fyrir því að færa það á reikning sem efnahagsáfall næsta haust eins og þetta haustið. Ég get ekki tekið mark á því þegar menn kalla það efnahagsáfall að fá ekki að byggja álver vegna þess, eins og ég segi, að það er búið að vera þannig undanfarin ár.

Persónuafsláttur átti að hækka um 3,4% um þessi áramót og það verður ekki af því samkvæmt því sem haft er eftir ráðamönnum í þessari ríkisstjórn. Mér finnst að ríkisstjórn, sem hefur verið mynduð, þurfi að hafa stefnu í þessum málum, hún þurfi að koma sér niður á það með hvaða hætti hún ætlar að standa að samningamálum af því að á þetta hefur skort mjög á undanförnum árum. Ég hef sjálfur tekið þátt í fjölmörgum samningum og ríkið hefur gengið á undan í samningamálum með þeim hætti að það hefur oft valdið verulegum vandamálum í samningum annarra aðila í þjóðfélaginu. Mér finnst að eitt af því sem ætti að vera hluti af launa- og kjarastefnu ríkisstjórna er að ríkið hlýtur að vera, vegna þess hve stór aðili það er á vinnumarkaðinum, leiðandi aðili í samningum við aðila vinnumarkaðarins. Ríkið á aldrei að semja um hluti við ríkisstarfsmenn sem ekki er hægt að semja um á almennum vinnumarkaði. Þetta prinsipp hefur ríkið brotið í fjölmörgum atriðum í sínum samningum með alls kyns samningum við aðila um hluti sem ekki er hægt að semja um á almennum vinnumarkaði. Ég skal bara taka eitt dæmi. Það er dæmi um það að menn semji um að þeir geti fengið frí á fullum launum í heilt ár. Hvaða aðilar á vinnumarkaðinum geta gert svona samninga? Getur maður sem rekur verslun og er með tvo til þrjá í vinnu samið upp á þetta? Svo ég nefni nú bara eitt dæmi. Ég tel að ríkið hafi og reyndar bæjarfélögin líka gert samninga sem eru fráleitir. Ef við tökum annað dæmi, t.d. samningana um lífeyrissjóðina, sem ríkið og bæjarfélögin hafa gert þá eru þeir einmitt dæmi um þetta sem ekki hefur verið hægt að gera á almennum vinnumarkaði og hefur valdið þeim miklu vandamálum sem við sitjum uppi með þ.e. mismun á réttindum fólks til lífeyris. Þetta er mál sem menn verða að taka á og geta ekki vikið sér undan lengur, að ríkið verður að ganga þar á undan og gera breytingar. Þær verða sárar og erfiðar og það verður við erfiða andstæðinga að etja sem eru lífeyrissjóðirnir sem eru orðnir mjög sterkir og hafa í fyrirsvari það fólk sem ræður verkalýðsfélögunum. Mín skoðun er sú að það sé ekki hægt að víkja sér undan þessu einfaldlega vegna þess að ríki og sveitarfélög bera langmesta ábyrgð á því hvernig komið er. Þau verða að ganga á undan.

Ég tel að ríkja eigi það grundvallarmarkmið að opinberir aðilar sjái til þess að lífeyrisréttur fólks sé til, lágmarkslífeyrisréttur sem sé tryggður af hinu opinbera. Hann sé það góður að fólk geti lifað af honum og þar fyrir utan geti menn myndað sér lífeyri til viðbótar. Ég hef stundum sagt það og vil segja það hér að ef við setjum málin einfalt upp þá þyrftum við að taka 6% sem atvinnurekendur greiða í lífeyrissjóðinn og greiða út sem rennslislífeyri til þeirra sem komnir eru á eftirlaun og láta þá sem eiga lífeyrissjóðina svo um að halda áfram með þá ef þeir vilja en bjóða þeim annars þann kost að leggja inn í sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna. Því ekki getum við gert þessa fjármuni upptæka, það mundi aldrei vera liðið í þjóðfélaginu. Hins vegar held ég að það yrði liðið ef ríkið mundi höggva á þennan hnút sem vissulega er vegna þess að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu eiga ekki nægileg lífeyrisréttindi þrátt fyrir að við séum búin að vera með almenna lífeyrissjóði í 30 ár eða a.m.k. 25 ár flesta þeirra. Þessi réttindi þarf að tryggja þeim.

Eitt af því sem menn hafa tekist á um hér í þinginu undanfarna daga er sú hugmynd ríkisstjórnarinnar að skerða sjómannafrádráttinn og mig langar að segja fáein orð um það mál. Þar er um það að ræða, eftir því sem okkur er sagt, að ríkisstjórnin hugsi sér að ná þarna í eitthvað í kringum 200–230 millj. kr. samkvæmt þeim hugmyndum sem okkur var sagt frá. Sjómannasamtökin hafa sagt að það væri um að ræða miklu stærri upphæð. Síðan hafa menn verið að basla við að breyta þessu, aðallega hafa farið fram samningar á milli stjórnarliða um það með hvaða hætti væri hægt að breyta þessum hlutum. Hér var fyrir tveimur dögum kynnt að komin væri um þetta full sátt. Það kom fram í fjölmiðlum að menn teldu að þeir hefðu náð sáttum við forustumenn sjómannasamtakanna. Það

var borið til baka af öðrum forustumönnum sjómannasamtakanna í fjölmiðlum, bæði í sjónvarpi, útvarpi og blöðum. Nú sýnist mér að sé hver höndin upp á móti annarri hjá sjómönnum. Það er illt mál, finnst mér, ef búið er að reka fleyg í samstöðu sjómanna gagnvart þessu hagsmunamáli þeirra. Þarna er eitt dæmið um að ríkisstjórnin hefur ekki gefið sér tíma til að vinna mál. Það er ádeiluvert. Mál eins og þetta hefði að mínu viti þurft að taka til umræðu í kjarasamningum vegna þess að ef ríkið hvarflar frá því að veita mönnum sjómannaafslátt, hvort sem þeir hafa róið á sjó eða ekki, ef þeir hafa bara fengið sjómannaafslátt vegna þess kerfis sem hefur verið í gangi, þá er ekki eðlilegt að taka af þeim þennan rétt nema í samhengi við aðra samninga þeirra. Þá er hægt að takast á um það í samningum hvort atvinnurekendur eigi ekki að taka, sem eðlilegt er, að sér þær greiðslur vegna þess að vitanlega ráða menn sig í vinnu með tilliti til heildararðs af því sem þeir ætla að fara að gera. Þeir sem hafa verið að beita línu eða verið á sjó hafa auðvitað litið á öll kjörin, ekki bara hvað fæst útborgað hjá viðkomandi útgerðarmanni, heldur öll kjörin, líka sjómannaafsláttinn. Þegar honum er svo kippt til baka virðist manni fráleitt annað en það sé gert í samningum þannig að aðilar fái tækifæri til þess að takast á um hvernig eigi að skipta byrðunum sem ríkið léttir af sér.

Við getum haldið áfram með fjölmörg önnur atriði sem þessi ríkisstjórn hefur verið að fást við. Allt hefur þetta verið gert í miklum flýti og þó er ekki eins og hún hafi verið að taka við fyrir nokkrum vikum. Hún hefur haft allt sumarið, alveg frá því í vor hefur hún haft tíma til þess að undirbúa sín mál. Það hefur ekki verið nógu langur tími og það verð ég þó að viðurkenna að þótt sá tími hefði verið notaður vel eru mörg af þeim málum sem hún hefur vaðið fram í þannig gerð að ekki er hægt að leysa þau á svo stuttum tíma. Menn verða að gefa sér mjög langan tíma til undirbúnings breytinga í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu og í samningum við aðila vinnumarkaðarins. Ef menn ætla að gera breytingar þá verða þeir að taka sér tíma til þess. Það verður að vera hægt að fara í gegnum málin með þeim aðilum sem eiga hlut að þeim. Það er þessi ríkisstjórn vonandi að læra í aðdraganda þessarar umræðu, að svona er ekki hægt að haga sér.

Þessi svokallaði lögregluskattur sem við erum búin að vera að kynnast hér í nokkra daga er eitt dæmið. Þetta snjallræði var fundið upp í staðinn fyrir það að henda í sveitarfélögin að sjá um fatlaða, þá ákváðu menn að það skyldi heita greiðsla vegna löggæslu. Þetta átti að vera nefskattur, að vísu mismunandi hár, tvær upphæðir voru ákveðnar og auðvitað kæmi þetta mjög misjafnlega niður á sveitarfélögunum. Þessi einfalda hugsun var ákaflega fáránleg vegna þeirra afleiðinga sem þetta hefði. Svo ég taki dæmi, vegna mismunarins á þessum upphæðum, mig minnir að þetta hafi verið 2.700–2.800 kr. á sum sveitarfélög og annars staðar líklega 1.700–1.800 kr., að eitt af ríkustu sveitarfélögum hér í nágrenninu sem tekur ekki nema 3% í útsvar, hefði þurft að borga 1.700 kr. en fátækustu sveitarfélögin eiga kannski að borga 2.800 kr. Auðvitað er engin röksemd fyrir því að hafa þetta misjafnlega hátt vegna þess að ef greiða á mismikið ætti það að koma fram í þjónustunni. Það er ekki aldeilis þannig að gerður sé sá munur á upphæðinni, eins og tillagan var, að hún sé miðuð við þá þjónustu sem er veitt. Svo við tökum dæmi, þá er fjöldi íbúa á lögreglumann allt frá því að vera líklegast 410 og upp í 1.200 manns á lögregluþjón. Þannig er upphæðin ekki fundin út frá því hver þjónustan er. Auðvitað vitum við það að í ýmsar fámennar sveitir koma lögregluþjónar yfirleitt aldrei og það er fáránlegt að láta menn borga mismunandi hátt gjald, eins og þarna var fundið upp á, vegna þessara mála.

Mig langar að koma að einu atriði vegna nefndar sem ég á sæti í, samgn. Það eru framlögin til vegamála. Þau hafa verið skert mjög mikið frá fyrra ári og geysileg skerðing hefur orðið á framlögum til vegamála frá þeirri vegáætlun sem var í gildi á síðasta vori. Þá var í gildi áætlun þar sem var gert ráð fyrir að heildartekjur til vegamála yrðu 6 milljarðar 318 millj. en núna er gert ráð fyrir því að heildardæmið verði 5 milljarðar 565 millj. kr. Þarna er um lækkun að ræða í kringum milljarð. Það verður þó að taka fram að það er ekki rétt að nota orðið niðurskurður um alla upphæðina vegna þess að orðið hafa breytingar á tekjum sem hafa komið inn í dæmið líka. Ætli við getum ekki talað um líklegast 765 millj. kr. niðurskurð á framkvæmdum miðað við það sem áður var reiknað með. Það er auðvitað geysilegur niðurskurður vegna þess að hann kemur allur fram á nýframkvæmdum vegagerðar í landinu.

Búið var að gera samning á sínum tíma um Vestfjarðagöng og í tengslum við þann samning var ákveðið að það ætti að taka að láni fé til Vestfjarðaganga með það fyrir augum að dreifa þessum kostnaði á fjögur ár. Ríkisstjórnin ákvað að hverfa frá þessu. Þetta var gert í tengslum við það að þessum framkvæmdum yrði flýtt um eitt ár. Ríkisstjórnin ákvað að halda sig við það að þessu yrði flýtt um eitt ár en að fjárhæðin yrði tekin af vegafénu. Þetta var auðvitað aðgerð sem var, að mínu viti, óþörf, óskynsamleg og ekki til neins annars en að vekja tortryggni og kannski öfund á milli svæða í landinu vegna þess að þegar ákveðið var að flýta jarðgöngum á Vestfjörðum var um það mjög góð samstaða allt í kringum landið. Nú kemur það að jarðgöngunum var flýtt út sem niðurskurður á framlögum til vegamála í öðrum byggðarlögum sem ekki átti að verða. Það gerist á sama tíma og ríkisstjórnin ákveður að skera niður framkvæmdir miklu meira en bara þetta. Það eru yfir 500 millj. í viðbót við þá upphæð sem tekin var inn í vegafé vegna Vestfjarðaganganna. Örugglega verður lítið um framkvæmdir víða úti um land í vegamálum og þetta mun valda tortryggni á milli manna. Menn verða ekki jafnfúsir til að ræða um að flýta framkvæmdum á einum stað ef það kæmi upp svipað mál, eins og við erum að tala um hér, þ.e. jarðgöng á Vestfjörðum.

Ég gleymdi því áðan, en mig langar að koma að því aftur, að til þess að sýna dæmi um það hvernig aðgerðir ríkisstjórnarinnar koma við einstök byggðarlög

þá hef ég hér í höndunum plagg sem ég fékk frá Akranesi um það hvernig bæjarstjórnin á Akranesi telur að þessar aðgerðir komi við fjármál bæjarins. Þá er þar fyrst til að taka að löggæsluskatturinn sem ég ræddi hér áðan, sem er 2.850 kr. á íbúa, yrði á Akranesi tæpar 15 millj. kr. Breyting á lögum vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, sem eru 0,2%, yrðu 420 þús. Breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem sveitarfélögum er gert að greiða 3,5% sem framlag til hverrar félagslegrar íbúðar sem keypt er. Miðað við meðalverð íbúða og meðalfjölda sem hefur verið keyptur á undanförnum árum á Akranesi gætum við verið að tala um tæpar 2,4 millj. Samtals er þetta tæplega 18 millj. tekjutap fyrir Akraneskaupstað. En sveitarfélögin í landinu verða fyrir tekjutapi líka, eins og ríkið, vegna almenns samdráttar. Þeir á Akranesi reikna þennan samdrátt á sama hátt og gert er hér á vegum opinberra aðila gagnvart ríkinu og telja að tekjurnar á næsta ári muni rýrna um 12,4 millj. kr. Þeir telja að áhrif verðlagsbreytinga muni verða 6% til hækkunar á næsta ári og aukning vegna rekstrar í sveitarfélaginu verði 8 millj. Þannig að lakari staða sveitarfélagsins á Akranesi yrði upp á 60 millj. Þar til viðbótar kemur skerðing á framlagi Jöfnunarsjóðs til Akraneskaupstaðar. Akranes hefur fengið framlag á undanförnum árum og fékk í fyrra í kringum 50 millj. Skerðingin verður líklegast ekki undir 15 millj. ef fram fer sem horfir. Nú hafa sveitarfélög, bæði Mosfellsbær og Hafnarfjörður, ákveðið að hækka útsvar sitt upp í 7,5% sem þýðir að þessi sveitarfélög geta fengið úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og eiga fullan rétt á því. Það mun gera það að verkum að 30% skerðing mun verða á framlögum til sveitarfélaganna sem hafa fengið framlög á undanförnum árum úr Jöfnunarsjóðnum. Þetta er mjög alvarlegt mál og fyrir fátækustu sveitarfélögin er þetta alvarlegast því það kemur auðvitað verst við þau.

Ég ætla nú að fara að ljúka máli mínu. Ég var að vona fyrir nokkrum klukkutímum síðan að hægt yrði að ljúka umræðum um fjárlög og þau frv. sem nauðsynlegast væri að koma í gegn fyrir jól en sú von virðist vera að bregðast. Mér finnst það miður en ég tel að stjórnarandstaðan hafi gert það sem hún hefur getað. Hún getur ekki skilið við málin í þinginu án umræðu. Hún hefur rækt sitt hlutverk að mínu viti eðlilega við þessar erfiðu aðstæður sem nú eru. Ríkisstjórnin hefur boðið upp á mjög erfiðar aðstæður við undirbúning fjárlaga. Ég tel að það eina sem er jákvætt við þennan aðdraganda og hvernig þetta hefur gengið sé að við getum vonað að ríkisstjórnin og hennar stuðningsaðilar læri eitthvað af málinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Alþb. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992. Ég mæli fyrst fyrir þeim brtt. sem eru á þskj. 324.

Fyrsta brtt. á því þskj. er um að framlag til Rannsóknasjóðs hækki úr 110 millj. kr. í 130 millj. kr. Rökin fyrir þessari brtt. eru einkum þau að í tíð síðustu ríkisstjórnar var gerð samþykkt um að tvöfalda framlög til rannsókna og vísindastarfsemi á 10 ára tímabili. Þáverandi ríkisstjórn steig myndarlegt skref í þeim efnum með þeim hætti að framlög til rannsókna og vísinda voru á þessu ári hækkuð um 25% að raungildi frá árinu 1990 til ársins 1991. Um þessa stefnumótun ríkisstjórnarinnar var mjög góð samstaða. Þegar ég greindi frá þessari niðurstöðu og stefnu ríkisstjórnarinnar á fundi í sameinuðu þingi á sínum tíma, eftir hinum gömlu þingsköpum og stjórnarskrá landsins, hlaut þessi tillaga undirtektir þingmanna úr öllum flokkum. Eftir þeim orðum að dæma hefði mátt ætla að Sjálfstfl. t.d. væri hlynntur því að stuðla myndarlega að þróun rannsókna og vísindastarfsemi í landinu en því miður sér þess ekki stað í fjárlagafrv. sjálfu. Ég er þeirrar skoðunar að á tímum eins og við lifum núna, þegar um er að ræða samdrátt og krepputeikn á lofti sums staðar þó að auðvitað margt sé með þeim hætti að ekki sé ástæða til almennrar svartsýni í þessu landi, þá er það engu að síður svo að á slíkum tímum á einmitt að auka rannsókna- og þróunarstarfsemi. Ég held satt að segja að ef við skoðum þá þróunarmöguleika sem íslenskt atvinnulíf hefur á efnahagslíf á komandi árum þá felist þróunarmöguleikarnir fyrst og fremst í rannsóknum, vísindum, þróunarstarfsemi og hugviti. Því miður hefur ekki tekist að halda utan um þessi mál með þeim hætti sem í raun er skyldugt. Það er þannig að öll menntunr, menntastarfsemi af hvaða tagi sem er, er undirstaða almennilegra lífskjara í framtíðinni. Allar svokallaðar menningarþjóðir leggja á það áherslu að undirstaða batnandi lífskjara á komandi árum og áratugum felist í rannsóknum, þróun, vísindastarfsemi og góðum skólum. Af þeim ástæðum flytjum við þessa till. á þskj. 324 um hækkun á framlagi í Rannsóknasjóð.

Í öðru lagi eru á þessu þskj. tvær litlar till. um breytingar á fjárlögunum að því er varðar grunnskólann. Í fyrsta lagi gert ráð fyrir að hækka liðinn Þróunarstarf í leikskólum um 4 millj. kr. Lög um leikskóla voru sett hér sl. vor og þar var gert ráð fyrir að hefja framkvæmd þeirra mála strax á árinu 1992 með því að ráða svokallaðar umdæmafóstrur sem hefðu starfsmiðstöð á fræðsluskrifstofunum í viðkomandi umdæmum. Í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir árið 1992 er ekki að finna neitt ákvæði um þetta en það er hins vegar gert ráð fyrir að varið verði rúmlega einni millj. kr. í þróunarstarf í leikskólum án þess að það sé tilgreint nánar með hvaða hætti það á að fara fram. Ég tel víst að það sé ætlunin að hér sé um að ræða þróunarstarf sem unnið sé í góðu samstarfi við Fósturfélag Íslands og aðra þá aðila sem um starf í leikskólum eiga að véla. Og til að undirstrika þá afstöðu Alþb. að við teljum mikilvægt að málefnum leikskólanna sé sinnt þá flyt ég þessa till. á þskj. 324 um þróunarstarf í leikskólum.

Þá flyt ég litla brtt. um námsráðgjöf. Námsráðgjöf er einn mikilvægasti þáttur í nútíma skólastarfi. Námsráðgjöf er í raun og veru óhjákvæmilegur hluti af sveigjanlegum framhaldsskóla þar sem leiðir opnast fyrir unga fólkið til að ljúka námi á mismunandi brautum, á mismunandi löngum tíma. Og af þeim ástæðum

flyt ég tillögu um að hækka framlög til námsráðgjafar í grunnskólum úr 6,6 millj., eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., í 12 millj. kr. Þar með er í raun og veru gert ráð fyrir því að halda áfram því átaki í námsráðgjöf sem hafið var fyrir nokkrum missirum og birtist m.a. í ráðningu námsráðgjafa í nokkrum grunnskólum, ég held fjórum eða fimm, og auk þess í ákvörðun um að stofna formlega braut fyrir námsráðgjafa í félagsvísindadeild Háskólans. Aðsóknin að þessari námsbraut hefur verið geysilega mikil. Ég held satt að segja að ef menn vilja sjá skólann þróast hvort sem það er grunnskóli, framhaldsskóli eða háskóli þá verði menn að gera sér grein fyrir því að námsráðgjöf verður gildari og gildari liður í starfi þessarar stofnunar á komandi árum.

Í þriðja lagi flyt ég hér tillögu um Þjóðminjasafn Íslands, um að nokkrum fjármunum verði varið til endurbóta á Þjóðminjasafninu. Það verður að segja alveg eins og er að það er þyngra en tárum taki hvernig Þjóðminjasafnið er á sig komið. Og þeim mun dapurlegra er það nú sem Alþingi samþykkti fyrir tveimur eða þremur árum ný lög um þjóðminjavernd á Íslandi þar sem sett eru myndarleg markmið af ýmsu tagi. En á sama tíma og löggjafinn er að taka ákvarðanir eins og þessar þá fást menn ekki til að leggja fjármuni í endurbætur á Þjóðminjasafnshúsinu. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé nauðsynlegt forgangsefni. Ég er þeirrar skoðunar að við hlið Þjóðarbókhlöðunnar og endurbóta á Þjóðleikhúsinu þá eigi að sinna Þjóðminjasafninu sérstaklega. Reyndar tel ég að miðað við stöðuna í dag sé Þjóðminjasafnið komið mjög framarlega í forgangsröðinni. Ég held og ég veit það reyndar að þjóðminjarnar eru í hættu. Aftur og aftur þegar gerir veður hvort sem það er regn eða rok þá birtast fréttir um að Þjóðminjasafnið haldi hvorki vatni eða vindum og þess vegna er nauðsynlegt að halda áfram þeim endurbótum sem hafnar eru á Þjóðminjasafninu og hófust á þessu ári.

Í fjórða lagi flyt ég hér litla tillögu um 500 þús. kr. hækkun á liðnum Kvennasögusafn. Í fjárlögum ársins 1991 er gert ráð fyrir 1,5 millj. kr. í Kvennasögusafnið. Þessi liður er lækkaður í fjárlagafrv. og ég sé satt að segja engin rök fyrir því af hverju einmitt þetta safn skuli vera lækkað og flyt því tillögu um að Kvennasögusafnið fái einfaldlega sömu upphæð á árinu 1992 og það fær á árinu 1991.

Þá flyt ég hér í fimmta lagi tillögu um Menningarsjóð. Menningarsjóður hefur átt við mikla erfiðleika að stríða. Ástæðan er fyrst og fremst sú að mínu mati að Menningarsjóður var látinn yfirtaka gríðarlega mikið verk sem skrifað var um þjóðhátíð nokkra fyrir ekki löngu síðan og liggur með lager, gríðarlega þungan og rándýran lager af þessum bókum hjá sér og þetta setti allan fjárhag Menningarsjóðs úr skorðum. Ég sé mér til ánægju að í brtt. fjárln. er gert ráð fyrir því að fara í fjármál Menningarsjóðs. Ég fagna því. Ég held að það sé í raun og veru mjög nauðsynlegt að framkvæma þar uppgjör. Ég reikna fastlega með því að hæstv. menntmrh. eigi aðild að því máli og ég þakka honum fyrir það. Það er nauðsynlegt að gera upp eignir og skuldir Menningarsjóðs og taka um leið ákvörðun um það hvaða stofnun og aðili það er sem á að sjá um þessa útgáfustarfsemi eða skylda útgáfustarfsemi á komandi árum. Þá er það náttúrlega ljóst að bókaútgáfa á við mikla erfiðleika að stríða. Það eru alls konar bókaforlög sem eru núna afar illa stödd eins og alþjóð veit. En í gangi eru margs konar menningarleg útgáfuverkefni sem ríkið er að hafa afskipti af. Eitt af því t.d., fyrir utan Menningarsjóð, er Iðnsaga Íslendinga, í þriðja lagi er það Íslensk þjóðmenning sem er glæsilegt fyrirtæki sem hefur verið í gangi núna undanfarin ár, glæsileg útgáfa. Í fjórða lagi er það útgáfa á vegum Árnastofnunar. Í fimmta lagi er það útgáfa á vegum Þjóðminjasafnsins. Ég tel í raun og veru að það væri að mörgu leyti eðlilegt að öll þessi opinbera útgáfustarfsemi væri flutt á einn stað, hugsanlega í tengslum við eitthvert starfandi bókaforlag úti í bæ en alla vega sé ekki verið að hengja pinkla á þessar stofnanir hverja fyrir sig þar sem bersýnilegt er að þær ráða ekki við það fjárhagslega og hafa heldur ekki þá markaðsþekkingu sem þarf til þess að koma þessum vörum frá sér, þessum dýrmætu bókum sem þessar ríkisstofnanir eru að gefa út. Þess vegna fagna ég því að það eigi að taka á málefnum Menningarsjóðs og ég vona að það verði vel gert en flyt hér tillögu um að rétta nokkuð fjárhag Menningarsjóðs við frá því sem gert er í fjárlagafrv.

Þá flyt ég hér tvær tillögur um breytingu á liðnum Listir, framlög. Það er í fyrsta lagi liðurinn Ýmis menningarmál. Það er í raun og veru alveg ótilgreint í fjárlagafrv. hvað þetta er. Það eru 9 millj. kr. í fjárlagafrv. en 20 millj. kr. í þessari tillögu sem ég er með. Og af hverju er ég að flytja þessa tillögu? Ég get játað að það er af þeirri reynslu að til menntmrh. leita ævinlega þúsundir aðila, alls konar hópar og félagasamtök sem eiga meiri og minni rétt á að fá einhvern lítils háttar stuðning eða viðurkenningu. Það er útilokað að fjárln. Alþingis sé að afgreiða svoleiðis hluti eins og hún var reyndar oft að gera. Ég veit ekki hvernig það er núna, en í minni tíð í menntmrn. var nefndin iðulega að skipta smáliðum niður á þennan kór hér og þennan glímuflokk þar og guð veit hvað og það var satt að segja alveg ótrúlegt hvað menn gengu langt í smámunasemi í þeim efnum. Ég er hér að leggja til að þessi fjárlagaliður, sem er í raun og veru á úthlutunarvaldi menntmrh. eins, verði rýmkaður verulega til að unnt sé að koma til móts við þessa hópa. Mönnum kann að finnast það skrítið að stjórnarandstæðingur flytji slíka tillögu um breytingar á fjárlögum en ég geri það engu að síður vegna þessarar reynslu sem ég hef. Og ég tel að það sé eitt það allra dapurlegasta sem menn þurfa að standa í í því ráðuneyti að þurfa að láta myndarleg menningarfyrirtæki aftur og aftur fara bónleið til búðar vegna þess að það er ekki til, ja, einu sinni fáeinir aurar til að rétta að þessu fólki sérstaklega þegar snillingar í fjárln. taka nú um það ákvörðun að eyða af liðnum Ýmis menningarmál í Reiðhöllina eða Landssamband hestamanna eða önnur álíka menningarmál í þessu landi sem eru þó alls góðs makleg. Eftir situr menntmrh. með ekki neitt til að ráðstafa í liðinn Ýmis menningarmál.

Þá flyt ég hér í öðru lagi litla tillögu um M-hátíð, að til hennar verði varið 2,1 millj. kr. í staðinn fyrir 1,1 millj. kr. Þetta geri ég vegna þess að ég vil undirstrika nauðsyn þess að M-hátíðirnar haldi áfram. Þær eru mikilvægur menningarviðburður. Þær styrkja menningarlífið í viðkomandi byggðarlögum. Ég hygg að Sunnlendingar, sem þekkja til M-hátíðarinnar á Suðurlandi sl. sumar, viti að M-hátíðin þar skilur eftir sig verulegan árangur víða sem lifir áfram til komandi ára. Og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að áfram verði haldið með þetta verk og þess vegna flyt ég þessa litlu tillögu um M-hátíð.

Þá flyt ég hér tillögu um lítils háttar stuðning við Hið Íslenska fornleifafélag og loks um lítils háttar stuðning upp á nokkur hundruð þús. kr. við Þjóðræknifélag Íslendinga. Ástæðan til að ég flyt þessa tillögu um Þjóðræknisfélag Íslendinga er fyrst og fremst sú að Þjóðræknisfélagið hefur verið að skipuleggja tengsl við Íslendinga erlendis um heim allan. Hagstofan hefur unnið skrá yfir Íslendinga sem búa erlendis. Hér er um að ræða mörg mörg þúsund manns. Og ég held að það sé mjög brýnt verkefni og skynsamlegt að tengja þetta fólk við Ísland áfram þó ekki sé nema til að tryggja að það komi hingað og beri hróður landsins sem víðast og hygg ég að ekki sé völ á mikið ódýrari landkynningu en ummælum þessa fólks um land og þjóð hvar sem það er statt í heiminum.

Þá flyt ég hér á þskj. 325 ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Hjörleifi Guttormssyni tillögu um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna. Þar er gert ráð fyrir að hækka nokkuð framlag til lánasjóðsins til að undirstrika að við teljum það mikilvægt úrslitaatriði, mikilvægt atriði í jöfnun lífskjara í landinu að Lánasjóður ísl. námsmanna sé varinn. Hann hefur átt undir högg að sækja. Ríkisstjórnin hefur skorið grunnlánin niður um 17% og horfur eru á að enn frekari niðurskurður verði á næsta ári. Það er ólíkt dapurlegra fyrir ungt fólk að hefja nám t.d. næsta haust 1992 miðað við áform ríkisstjórnarinnar heldur en t.d. var í fyrra eða hittifyrra eða fyrir fjórum eða fimm árum. Til þess að undirstrika þá stefnu Alþb. að Lánasjóður ísl. námsmanna á að lifa og hann er félagslegt verkefni þá flytjum við þessir þrír þingmenn Alþb. þessa tillögu um eflingu Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Náskyld þessari tillögu er till. á þskj. 326 sem er breyting á liðnum Jöfnun á námskostnaði. En þar í er svokallaður dreifbýlisstyrkur sem greiddur er nemendum í framhaldsskólum. Nemendum í framhaldsskólum hefur fjölgað stórkostlega á undanförnum árum. Í tíð síðustu ríkisstjórnar hækkaði þessi fjárlagaliður jafnt og þétt og ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Jóhanni Ársælssyni flytjum hér tillögur um að halda þeirri stefnu áfram þannig að unnt verði að veita því unga fóli sem er við nám í framhaldskólum einhvern stuðning þó í litlu sé því hér er ekki um stórar upphæðir að ræða á hvern nemanda.

Þá flytjum við, ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Guðrúnu Helgadóttur, tillögur á þskj. 327. Það eru þrjár tillögur sem snerta menningarmál og það er fyrst varðandi Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 2,5 millj. kr. í þessu skyni. Það kom auðvitað strax í ljós að það var fjarri öllu lagi og við 2. umr. fjárlaga breytti ríkisstjórnin tillögu sinni í 4,5 millj. kr. Í fjárlögum þessa árs minnir mig að framlagið til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar sé um 5,5 millj. kr. Hér er því um að ræða lækkun frá þessu ári í beinni krónutölu. Ég verð að segja alveg eins og er að miðað við þau verðmæti sem eru í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, miðað við það dýrmæta frumkvæði sem Birgitta Spur hefur haft við að byggja upp þetta safn þá finnst mér það næstum að segja, með leyfi forseta, dálítið nánasarlegt að vera að lækka framlagið til þessa safns um hálfa eða heila milljón. Satt að segja held ég að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar sé eitt það safn sem við getum verið stoltust af hér á landi. Og þó við eigum prýðilegt Listasafn Íslands og menn hafi víða staðið sig vel við uppbygginu listasafna og myndlistarsala hér þá er Listasafn Sigurjóns Ólafssonar mjög sérstætt listasafn og það þekkja t.d. þeir sem hafa orðið að leiða hér um land erlenda gesti. Það er ævinlega farið með þá í Listasafn Sigurjóns Ólafssonar vegna þess að þar er í raun og veru um að ræða verðmæti sem vekja athygli útlendinga. Ég gleymi seint þeim þakkarbréfum sem ég hef fengið frá hópi erlendra ráðherra m.a. sem hafa séð þetta listasafn og eru þakklátir fyrir að hafa skoðað það.

Ég er reyndar alveg sannfærður um að ef þeir útlendingar, sem hafa skoðað Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, vissu af því að það væri í nauðum mundu þeir hlaupa til og reyna að tryggja einhverja fjármuni handa listasafninu þannig að það legðist ekki af. En ég held að það væri okkur Íslendingum til minnkunar ef við þyrftum að sækja til útlendra aðila, þó gjafir þeirra geti verið góðar, til að halda uppi þessari mikilvægu stofnun, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.

Þá flyt ég hér ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Guðrúnu Helgadóttur tillögu um Þjóðleikhúsið sem gerir ráð fyrir því að treysta rekstur þess á næsta ári. Ég hef miklar áhyggjur af rekstri Þjóðleikhússins á næsta ári eins og fjárlagafrv. lítur út. Ég sé ekki betur en Þjóðleikhúsið sé eiginlega eina stofnunin sem á að skera niður í raunfjárlögum frá árinu 1988. Ég sé ekki að það séu margar ríkisstofnanir sem á að skera niður með sama hætti. Ég held að það sé bara engin. Við höfum ekkert efni á því að láta Þjóðleikhúsið skera niður með þessum hætti.

Þá flyt ég hér ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Guðrúnu Helgadóttur tillögu um kynningu á íslenskri list erlendis. Þau mál hafa mikið verið til umræðu hér að undanförnu, ekki hér á Alþingi heldur meðal þjóðarinnar þar sem menn hafa talið að tiltekinn búksláttur sé umdeilanlegt fyrirbæri í menningarþróun Íslands. Ég skal ekkert um að segja, ég hef ekki það vit á menningarsögu að ég geti kveðið upp stóra dóma í þeim efnum, get þó sagt að ég hef grun um að þetta hafi ekki verið algengt til forna án þess að ég fari nú nokkuð nánar út í það. En kynning á íslenskri list erlendis á að vera stjórnvöldum metnaðarmál. Staðreyndin er sú að þegar Íslendingar eru að kynna eitthvað í útlöndum þá eru þeir nokkuð seigir við að

kynna fisk og þeim finnst líka gott að hafa með í för fegurðardrottningar og kraftajötna. Hámarki nær þetta samt ef menn geta fengið t.d. bæði fegurðardrottningu og kraftajötun til að kynna rækju. En þessir snillingar, sem t.d. stjórna Útflutningsráði Íslands og kynningu á Íslandi í útlöndum, gleyma því yfirleitt að það sem menn muna af Íslandi er menning. Það er nú einu sinni staðreynd að þótt hvort tveggja sé undirstaða, fiskurinn og menningin, þá er það þannig að fiskinn borðum við en menninguna munum við. Og það á ekki aðeins við um Íslendinga heldur einnig aðra. Og þess vegna held ég að sá sljóleiki sem birst hefur í kynningu á íslenskri menningu erlendis geti orðið okkur dýr vegna þess að ég held að hérna sé um verðmæti að ræða sem geti skilað fjármunum í þjóðarbúið þegar fram í sækir og þess vegna flytjum við hér litla tillögu um að efla kynningu á íslenskri list erlendis.

Þá flyt ég hér á þskj. 329 ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, Kristni H. Gunnarssyni, Jóhanni Ársælssyni og Hjörleifi Guttormssyni tvær tillögur. Það er í fyrsta lagi tillaga um starfsemi áhugaleikhópa þar sem við gerum ráð fyrir að hækka framlög til þeirra um 4 millj. kr. Í öðru lagi gerum við tillögu um að framlag til Bandalags ísl. leikfélaga hækki úr 2,5 upp í 5 millj. kr. Ég held að það sé mjög brýnt, virðulegi forseti, að Alþingi sýni þessum aðilum rausnarskap. Okkur tókst að hækka framlög til þeirra í tíð síðustu ríkisstjórnar talsvert mikið. Nú er snúið af þeirri braut því miður og framlögin eru beinlínis lækkuð. Í fjárlagafrv. er m.a. gert ráð fyrir að strika út framlag til Alþýðuleikhússins sem er satt að segja alveg ótrúlegt. En það er út af fyrir sig ekki það sem við erum með hér á dagskrá heldur eru það áhugaleikhópamir og Bandalag ísl. leikfélaga. Mér er kunnugt um að hvergi á byggðu bóli er önnur eins leikstarfsemi í gangi á vegum áhugaleikfélaga eins og á Íslandi, hvergi nokkurs staðar. Það er talað um að sett séu upp hér á Íslandi á vegum áhugaleikfélaga á milli 70 og 90 leikverk á ári. Og allt það fólk sem tekur þátt í starfsemi áhugaleikfélaga allt í kringum landið eru mörg hundruð manns. Ég hygg að fátt sé meira gefandi fyrir þetta fólk og þar með þjóðina í heild en þessi þátttaka í starfsemi áhugaleikfélaga og þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ég vil aðeins í leiðinni geta þess, virðulegur forseti, þótt ekki sé nein tillaga flutt um það hér af okkur að ég er ekki sáttur við breytinguna á fjárlagastefnunni varðandi Leikfélag Reykjavíkur. Þar er gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að fella framlag til þess svo að segja niður, það verði bara 1 millj. kr. eftir eða eitthvað því um líkt úr 15 millj. kr., en í staðinn fari þetta til Íslensku óperunnar. Ég verð að segja að mér finnst það leggjast lítið fyrir íslenska ríkið að strika út elsta leikfélag landsins. Mér finnst að Leikfélag Reykjavíkur og Borgarleikhúsið séu ekki bara verkefni Reykjavíkur sem sveitarfélags. Leikfélag Reykjavíkur er elsta samfellt starfandi áhugaleikfélag á Íslandi þannig að það jafngildir því að leggja almenna rækt við hina íslensku þjóðmenningu að sinna Leikfélagi Reykjavíkur og veita því viðurkenningu. Ég kann ekki að meta þá fjárlagapólitík að lækka framlag til Leikfélags Reykjavíkur úr 15 millj. kr. í 1 millj. kr. Mér finnst að ríkið eigi að sýna Leikfélagi Reykjavíkur þakklætisvott með því að halda þessum aurum inni til Leikfélagsins sem hafa verið inni á því í mörg ár en eru núna skornir niður í 1 millj. kr. út af Íslensku óperunni.

Loks vil ég geta þess, virðulegi forseti, að ég flyt brtt. ásamt hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, um framlög til íþróttamála. Það er liðurinn Ýmis framlög til íþróttamála og það helgast af því sama og ég greindi frá áðan varðandi menningarmál að það eru hundruð íþróttafélaga í landinu með alls konar smærri og stærri metnaðarfull verkefni í gangi. Íþróttastarfsemin er og á að vera þáttur í menningarstarfsemi og menningarlífi þjóðarinnar. Íþróttastarfsemin er ekki aðeins uppeldisatriði fyrir þá sem taka þátt í íþróttastarfseminni heldur einnig fyrir þjóðina í heild. Ég hygg satt að segja að ekki sé hægt að hugsa sér betra forvarnastarf gagnvart ungu fólki og unglingum en virka íþróttastarfsemi og hundruð fulltrúa íþróttafélaganna allt kringum landið leita til menntmrh. á hverju einasta ári eftir stuðningi vegna ýmissa áforma sem eru á vegum þessara félaga og ég tel að menntmrn., íþróttamálaráðuneytið, eigi að geta tekið vel á móti þessu fólki, og þurfi ekki að láta menn fara bónleiða til búðar eins og nauðleitarmenn þó um minni háttar verkefni sé að ræða. Ég er að hugsa um alls konar íþróttir, ég er auðvitað að hugsa um flokkaíþróttir en ég er einnig að hugsa um einstaklingsíþróttir. Ég er að hugsa um íþróttir fyrir almenning, íþróttir fyrir konur, íþróttaátak af ýmsu tagi og Íþróttamiðstöð Íslands sem var stofnuð á síðasta kjörtímabili á Laugarvatni og fleira. Þótt menn hafi komist að því að íþróttir ættu að vera alveg sérstakt verkefni sveitarfélaganna og ríkið ætti ekki að koma þar nálægt kann ég ekki að meta þá reglustikustefnu vegna þess að ég held að ríkið eigi að vera með í íþróttastarfseminni. Þátttaka í íþróttafélögum á Íslandi er gífurlega mikil og hún er meiri en nokkurs staðar annars staðar. Framlög til íþróttamála frá einstaklingum með beinum hætti og óbeinum hætti í sjálfsboðavinnu eru geysilega mikil. Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að til þess að leggja rækt við þennan garð þurfi menntmrn. að hafa nokkurt svigrúm. Þess vegna flytjum við þessa litlu tillögu um ýmsa íþróttastarfsemi og við flytjum hana ekki til þess að fjárln. fari að skipta henni á milli alls konar félaga úti um allt land heldur til þess að það sé hægt á faglegum grundvelli í íþrótta- og æskulýðsmáladeild ráðuneytisins að meta hvaða áherslur á að hafa í þessum efnum. Ég tel að það sé mikilvægt, þetta sé svið sem hefur verið vanrækt bæði af okkur og sveitarfélögunum og við þurfum að taka á því.

Virðulegi forseti, ég hef kannski ekki tekið eftir öllum brtt. en ég sé hvergi þetta íþróttahús þarna suður í Kópavogi. Ég held það sé hvergi í þessum pappírum. Það er ekki nógu gott því að íþróttahúsið í Kópavogi átti ekki bara að vera íþróttahús fyrir einn leik sem ætti svo að rífa daginn eftir, eins og hæstv. forsrh. heldur. Það er ekki hugsað þannig, heldur áttu að verða margir leikir og mikil starfsemi í þessu húsi og íþróttahús eru satt að segja einhver allra merkilegustu menning-

arhús á Íslandi. Í íþróttahúsum er ævinlega lifandi félagsstarf frá því í rauða býtið á morgnana og langt fram á nætur. Ég er sannfærður um að þetta íþróttahús sem átti að byggja í Kópavogi hefði ekkert skorið sig úr í þeim efnum og þetta er góð fjárfesting, hún skilar arði í þjóðarbúið og það þurfa þeir miklu reglustiku- og talnafræðimenn að skilja sem virðast ráða öllu í pólitík í seinni tíð. Það er auðvitað ofboðslegt að bregðast þannig ungu fólki og öldruðu auðvitað líka með því að slátra þessu íþróttahúsi. Ég vona að svo verði ekki heldur að þetta sé eitthvert millbilsástand í þeim efnum. Ég sé að menn eru í einhverjum vandræðum þarna, sjálfsagt eins og venjulega með borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík. Það er alltaf til vandræða og Reykjavíkurborg er reyndar að verða til skammar í íþróttamálum. Þannig er að ekki verður hægt að halda alþjóðlega leiki í fótbolta eftir fáein ár vegna þess að Laugardalsvöllurinn uppfyllir ekki skilyrði í sambandi við öryggi á áhorfendasvæðum. Þetta á að heita höfuðborg landsins og það er bersýnilega nauðsynlegt ef íþróttastarfsemin á að lifa í landinu að miðstöðvar hennar og þungamiðja verði flutt út úr þessu plássi hér vegna þess að borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík hefur engan skilning eða metnað fyrir hönd íþróttastarfs í landinu. Það er kostulegt að besti frjálsíþróttavöllur á *Íslandi er ekki í Reykjavík. Nei, hann er í kjördæmi* hæstv. menntmrh. og hæstv. forseta og reyndar í hennar eigin sveit. Mosfellssveit hefur gert Reykjavík skömm til á þessu sviði og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að sem allra flest sveitarfélög taki sig til og geri eitthvað í íþróttamálum, Mosfellssveit, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður, því að ef menn ætla að hafa þetta í höndunum á Reykjavík þá koðnar þetta allt niður og verður aldrei neinn myndarbragur á íþróttastarfsemi á Íslandi. (**Gripið fram í:** Getur þetta ekki breyst hérna?) Í Reykjavík? Það er að vísu meiningin að breyta þessu strax vorið 1994 en það er of seint að byrja þá á því að fara í þetta með íþróttahöllina. Ég vil leggja á það alveg sérstaka áherslu að þessi litla tillaga um það að sýna menntmrh. það traust að hann geti tekið vel á móti íþróttafélögum er þess vegna flutt og ég tel hana mikilvæga tillögu og ekkert ómerkilegri en margar aðrar tillögur sem menn eru hér með.

Þá hef ég mælt fyrir fáeinum brtt. um mennta- og menningarmál og íþróttir, virðulegi forseti, og hef lokið máli mínu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti léti boða formann og varaformann fjárln. á þennan fund því að sú umræða sem hér fer fram hlýtur að skoðast nokkuð í ljósi þeirrar vinnu sem þeir hv. þm. hafa stýrt í fjárlaganefnd.

Einnig þætti mér vænt um ef hæstv. fjmrh. yrði til kallaður því að ég leyfi mér að flytja tvær brtt. við það frv. sem er til umræðu.

Með leyfi forseta vil ég fyrst kynna þá brtt. sem fjallar um ferðamál á Íslandi. Eins og menn vita er gert ráð fyrir því að viss hluti af tekjum þeim sem koma úr Fríhöfninni renni til ferðamála. Mikill misbrestur hefur orðið á því að svo hafi verið eins og gert er ráð fyrir, en hitt er þó staðreynd að íslenska þjóðin hafði um 11 milljarða kr. í gjaldeyristekjur af ferðamálum á seinasta ári. Það er eina greinin sem allir gera ráð fyrir að muni veita okkur meira í gjaldeyristekjur ár eftir ár til aldamóta ef við stöndum rétt að verki. Þá er það spurning: Er virkilega sparnaður að skera niður það fé sem ætlað er til að byggja upp þá þjónustustarfsemi sem nauðsynleg er svo hægt sé að láta greinina vaxa?

Fyrsta atriðið sem verður að vera í lagi svo hægt sé að beina fjölmennum hópum til ákveðinna staða, hvort sem það er Gullfoss, Látrabjarg eða einhverjir slíkir staðir, er að sjálfsögðu að þar sé einhver salernisþjónusta. Í tengslum við þann mikla ferðamannastraum þarf að koma upp einhverri veitingaþjónustu og einhverri almennri upplýsingaþjónustu. Ég vil geta þess til fróðleiks að þeir sem hafa lagt það á sig að fara vestur á Látrabjarg og skoða það eru mjög sælir yfir því að hafa gert það, en bregðist það að þeir geti fengið staðfest skírteini um að þeir hafi komist á vestasta odda Evrópu finnst þeim að þeir hafi verið snuðaðir. Það er aldraður maður á Patreksfirði sem kom því kerfi upp að veita slík skírteini. *Stundum er misbrestur á því* og þá skilja þeir ekki hvað hefur gerst, þeim finnst að það sé verið að taka frá þeim rétt þeirra á því að það sé staðfest að þeir hafi komið á þennan stað. Við getum haft ómældar fjárhæðir af slíkum náttúruperlum, sem þessi staður er, í framtíðinni hjá þeim sem eiga eftir að ferðast um þetta land og koma á þessa staði. En það gerist ekki nema menn setji fjármuni til að byggja upp lágmarksþjónustu.

Ég verð að segja eins og er að þegar sumir tala um að of mikil örtröð sé komin á vissum svæðum á Íslandi og ekki sé hægt að beina fleiri mönnum inn á þessi svæði get ég vissulega tekið undir það undir sumum kringumstæðum. En hvers vegna ekki að fjölga stöðunum? Við eigum svo marga staði sem við getum vísað á. Er þá rökrétt að gera ráð fyrir því að við verjum 68 millj. kr. samtals til landkynningar og þessarar uppbyggingar þegar ættu að fara 184 millj. kr. samkvæmt þeim lögum sem Alþingi hefur samþykkt? Erum við í reynd að auka tekjur ríkisins með því að standa svona að þessu?

Ég hef ávallt reynt að berjast fyrir því að skerðingin ætti sér ekki stað og alltaf talið að það hlyti að koma að því einhvern tímann að menn hefðu það sem ég mundi kalla það „bissnessvit", að þeir sæju að þeir væru að skaða ríkissjóð með því að skerða þessi framlög. Ég er sannfærður um það að það sem aðrar þjóðir eru að gera, eins og t.d. Bretar, er það sem gert verður í framtíðinni hér á landi. Þeir hafa komið sér upp sérstöku víkingasvæði þar sem þeir fóru í uppgröft í York og þar hafa þeir leikara allt sumarið. Mikið af þessu er bara venjulegt fólk sem er sett í víkingaföt, látið vinna störfin sem víkingar unnu í sínum þorpum og staðurinn mokar inn peningum þannig að aðrir staðir á Humber-svæðinu öfunda mjög þennan

stað af þeirri hugkvæmni að hafa farið út í þetta. Þangað streyma ferðamenn til að skoða þetta mannlíf.

Þeir eru að glíma við það núna í Grimsby að byggja heilt hús sem á að vera minjahús um togaraútgerð þeirra við Ísland þar sem þeir vilja hafa vélarhljóðið af togurunum, það eru svalir sem rugga. Fiskilyktin og lyktin um borð í skipinu á að vera þarna einnig. Allt er þetta hugsað til þess að draga að fólk frá öðrum stöðum í Bretlandi til þess að reyna að selja sögu fiskveiðanna við Ísland og þeir trúa því að þetta verði arðbært.

Ég spyr sjálfan mig: Hvers vegna látum við t.d. ekki þá sem sinna þjónustustörfunum á Þingvöllum og eiga að gæta þar að því að vissar reglur séu virtar vera ríðandi á hestum og notum okkur það að það er ekki bara uppi á punt sem t.d. Bretar hafa sinn lífvörð og láta hann vakka upp í þessum furðulega skrúða? Þeir vita að það er fjöldi ferðamanna sem mætir, tekur myndir, og lífvörðurinn hann er stórgróðafyrirbrigði. Hann er sýningaratriði í reynd. Það eru ekki bara Bretar sem gera þetta. (**GÁ:** Hver á að ríða fyrir liðinu?) Ég játa það að mér verður nú hugsað til þingmanna Sunnlendinga þegar slíkt kemur upp. (**Gripið fram í:** Eða Þingvallanefnd.) En ég veit að þetta verkar þannig á flesta Íslendinga að þeir telja að sá sem talar fyrir slíkum hugmyndum hljóti að vera orðinn eitthvað meira en lítið skrítinn.

En ég spyr sjálfan mig: Af hverju er ekki sögusýning á Þingvöllum? Af hverju er ekki sögusýning höfð á þessum stað til þess að draga þar að ferðamenn? Hvers vegna teljum við það svo sjálfsagt að það sé nóg að benda á holtið, hálffallnar rústir þar sem lítið sést annað en móta fyrir hring og segja: Þarna var iðandi mannlíf, þarna var þessi starfsemi, og láta menn predika yfir útlendingum í hálftíma eða klukkutíma. Þetta er einfaldlega það sem framtíðin mun ekki gera. Hún mun reyna að glæða þetta í lifrænt form. Það gerist ekki nema með því móti að við áttum okkur á því að það er ekki sparnaður fyrir ríkið að skera niður þá upphæð sem ætluð er til ferðamála. Við erum að tapa peningum í virðisaukaskatt og mörgum öðrum sköttum með þessu tiltæki.

Ég vil bæta því við að Sameinuðu þjóðirnar gera áætlanir um atvinnustarfsemi í heiminum til aldamóta. Hvaða atvinnustarfsemi er það sem þeir telja að muni taka við mestum mannafla til aldamóta? Það er ferðamannaiðnaðurinn. Það er ekkert sem þeir telja að taki við jafnmiklum mannafla. Við Íslendingar erum í sérstaklega góðri stöðu til þess að gera þar stóra hluti. Það hefði þótt skop ef menn hefðu sagt það um aldamótin að við færum að selja vatn til útlanda. Við trúðum varla norska skáldinu sem sagði frá því að á erlendri krá hefði hann fyrst og fremst verið að hugsa um norska vatnið, vatn sem rennur, eins og hann sagði. Við trúðum því ekki að þetta yrði söluvara. Ég hefði ekki trúað því fyrir 10 árum að sjálfsalar seldu mönnum andrúmsloft í Tókíó og menn þyrftu að borga peninga til að fá þar hreint loft þegar svækjan væri að drepa þá. Allt þetta eru sölumöguleikar þjóðarinnar til atvinnusóknar. Í staðinn fyrir að menn setji á meiri ferð í þeim efnum þá hafa menn sameinast um það að hafa hér jarðarför, hafa hér minningarathöfn í öllum skjölum um álver sem ekki reis. Auðvitað eru það okkur vonbrigði að ekki skyldi takast að ná viðunandi samningum um álver og að sú vinna sem í það hafði verið lögð kemur ekki að gagni, í það minnsta ekki strax. Við verðum bara að taka því og ekkert þýðir að ætla að mynda einhvern grátkór sem eigi að messa yfir þjóðinni alla virka daga og segja: Af því það var ekki álver, af því það var ekki álver, af því það var ekki álver og láta svo alla hagfræðinga landsins reikna út hvað það þýði af því það var ekki álver. Þetta gengur bara ekki upp. Þjóð sem á slíka möguleika eins og við verður að gera sér grein fyrir því að það eru ekki þjóðirnar þar sem álverksmiðjurnar standa sem hafa hæstar meðaltekjur á mann. Sviss hefur löngum verið á toppnum. Hvað hefur Sviss? Er þetta náttúruauðugasta land Evrópu? Er þetta frjósamasta land Evrópu? Það er nú öðru nær. Þeir hafa treyst á mannvitið og ósnortna náttúru landsins. Þetta tvennt hefur fært þjóðinni meiri meiri fjármunalega farsæld en nokkrum öðrum. Vissulega hafa þeir komið upp bankakerfi og staðið sig vel á því sviði og ég get alveg tekið undir hugmyndir íslenskra fjármálamanna um að hér eigi að koma á slíkri þjónustu. Það er mjög jákvætt að þær hugmyndir skuli vera komnar fram. En það breytir ekki því að það er kolvitlaus stefna þegar kreppa og atvinnuleysi blasir við að ætla þá að fara að ráðast á þau litlu framlög sem við erum með til að efla ferðamál í landinu. Það dýpkar kreppuna. Sá ferðamannastraumur sem nú er um landið má með sanni segja að séu þær síldveiðar sem við stundum í dag miðað við þær síldveiðar sem voru á Norðurlandi á sínum tíma. Þótt við veiðum vissulega enn Suðurlandssíld þá er það lítið miðað við það sem þetta var í hlutfalli við okkar tekjur á sínum tíma.

Ég hef þess vegna leyft mér að flytja þessa brtt. á þskj. 265 og ætla ekki að hafa lengra mál um hana, en hún gerir ráð fyrir því að fyrir 68 millj. kr. komi 184 millj. kr. Ég hef flutt hliðstæða tillögu í kaflanum sem fjallar um skerðingu sjóðanna í öðru lagafrv. þar um.

Þá ætla ég að víkja að því máli sem tengist kannski að hluta til því starfi sem ég hef sinnt mest alla ævi og það snýr að nemendum í landinu. Það er nú einu sinni svo að við setjum lög um hátterni manna og ætlumst til þess að eftir þeim sé farið, en þetta gengur misjafnlega. Og ég hygg að það hafi orðið fleirum en mér orðið bylt við þegar ein af þingkonum Kvennalistans kom með þá fyrirspurn hversu margir nemendur á grunnskólaaldri flosnuðu upp úr skóla. Svarið var: Milli 200 og 300. En jafnframt að talan var óljósari fyrir þeim í menntmrn. en Skagfirðingum á sinni hrossaeign. Varð ég nú nokkuð hissa að það skyldi vera látið rokka jafnsvakalega. Það var einu sinni gert það grín að tölfræði ákveðins Íslendings vegna þess að hann lét velta á fimm og níu og taldi ekki skynsamlegt að vera með nákvæmara orðalag. En þetta hefur ekki verið reynt. Þrátt fyrir skylduna eru þessir nemendur að flosna upp úr skóla. Í þeim fjárlögum sem hér liggja fyrir erum við með framlög til stofnana sem eru

kannski bein afleiðing af þessu. Við erum með framlög Vernd barna og ungmenna, við erum með framlög til barnaverndaráðs, til Meðferðarheimilisins að Tindum og Unglingaheimilis ríkisins. Unglingaheimili ríkisins tekur í rekstur, bæði frá sveitarfélögum og ríki, samtals 77 millj. kr. og þar af er ríkið með um 42 millj. kr. Meðferðarheimilið að Tindum sem er rétt rúmið tekur um 50 millj. kr. og þá er það spurning: Er það ekki einhvers virði að reyna að skilgreina þetta vandamál fyrr og reyna að bregðast við því? Hvers vegna flosna nemendur upp úr skóla? Eru þetta allt óknyttaunglingar sem engu tauti er komandi við eða er eitthvað annað sem getur komið til? Því miður er það staðreynd að verulegur fjöldi unglinga verður fyrir einelti í skóla. Hópurinn leggst á þessa unglinga alveg eins og hrafnar leggjast á hvítan hrafn. Stór hluti harkar af sér og sigrar en samt er talið að 30–40 nemendur minnst flosni upp úr skóla af þessari ástæðu. Það þýðir ekkert að hafa það í grunnskólalögum að þetta vandamál skuli leyst á staðnum. Það er setið fyrir þessum nemendum á leiðinni í skólann, það er setið fyrir þeim á leiðinni úr skólanum og þau eru tekin fyrir og hædd og hrakin einnig innan veggja skólans. Þau hafa gefist upp og þeim er það martröð að ætla að mæta á þessum vinnustað.

Ég tel að á þessu verði ekki tekið nema nemendur eigi kost á því að sækja skólavist í heimavistarskólum þar sem mjög mikið eftirlit er haft með því hvort þeir fá óáreittir að stunda nám sitt. Ég tel að íslenskt samfélag geti ekki komið sér undan því að horfa á þetta. Alþingi samþykkti þáltill. vegna þess að það var sama sinnis og með leyfi forseta vil ég lesa upp þá þáltill. sem var samþykkt 12. mars 1991. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verður skipaður fulltrúum tilnefndum af dómsmála-, félagsmála-, menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991."

Sem sagt tillögurnar áttu að liggja fyrir núna. Það var vilji Alþingis. Það var líka vilji Alþingis í beinu framhaldi af því að inn í þessi fjárlög yrðu einhverjir peningar settir til þess að takast á við þetta vandamál.

Ég tel að sú tillaga sem ég flyt hér á þskj. 346 um að sett verði inn á heimildargrein að verja allt að 20 millj. kr. til að tryggja skólagöngu þeirra ungmenna á grunnskólastigi sem flosnað hafa upp úr skóla sé í beinu framhaldi við það sem hér er rætt um. Meðflutningsmenn að þessari brtt. eru hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Þetta er heimildargrein.

Þeir atburðir gerðust vestur á fjörðum í sumar að skóli sem í erfiðri aðstöðu hafði sinnt þessum verkefnum að einhverju leyti varð fyrir barðinu á þeim sem reiknuðu út hvað það kostaði að hafa nemanda í skóla og hann kom út sem mjög dýr stofnun. Það er vissulega rétt. Hann kom aftur á móti sem ódýr stofnun ef við bárum þetta saman við Unglingaheimilið eða við berum þetta saman við Tinda. En engu að síður vaknar sú spurning hvort hægt sé með skipulögðum hætti að nota þann skóla og ég vil þakka hæstv. formanni fjárln. fyrir þau orð sem hann hefur látið falla í sinni ræðu um það að það mál verði skoðað. Það verður að sjálfsögðu að koma í ljós hvort hann hentar undir þessa starfsemi eða ekki, en þar er aftur á móti húsakostur til staðar til að hægt sé að sinna þessu. Sú nefnd sem ætlunin er að hæstv. menntmrh. skipi og ég veit að hann mun skipa og tryggja það að hún skili nál. sínu, er ætlað að skila áliti sínu í maí. Mér finnst þess vegna að það sé rökrétt að gera ráð fyrir því að inn í fjárlögin komi heimild sem geri það að verkum að ef það nál. sem átti að vera komið núna og það nál. sem kemur í maí falla á einhvern hátt saman þá séu til peningar til að takast á við þennan vanda.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir þessum tveimur brtt.

Þá vil ég víkja að því máli sem var það stærsta mál sem ég barðist fyrir í breytingum á málum í fjárveitinganefnd meðan ég átti þar sæti. Það var spurningin um það að ríkisreikningur væri með sömu upphæðum og fjárlög plús fjáraukalög hvers árs. Þarna kæmi sama upphæð, þetta mundi stemma. Ég veit að það var verið að þrengja að ráðherrum, þeir vildu hafa frelsi til þess að veita aukafjárveitingar út og suður. Blöðin hafa verið að gera grein fyrir þessu hvert þetta hefur farið hjá sumum stofnunum. Mér skilst að komið hafi fram í meiri hlutanum að ákveðinn ráðherra, að þeirra mati, hafi farið út fyrir sínar heimildir. Ég vil vekja samt á því athygli að varaformaður fjárln., sem landbrh. á sínum tíma, leysti til sín eignir á ákveðinni jörð, sem mér er kunnugt um, og ábúandinn sat áfram. Ég tel að allar hugmyndir um að nú sé nóg að finna einn sem mönnum finnst að hafi ekki farið rétt að og hengja hann, sé að sigla fram hjá aðalatriði málsins. Það kom fram hjá hv. formanni fjárln. að hann taldi nokkurs virði þá mótspyrnu sem Ásbjörn nokkur Jóakimsson hafði sýnt er honum hafði verið ætlað að flytja mann yfir Skerjafjörð og gerði raunverulega Íslandsklukkuna að bók fjárlagaumræðunnar. Nú hefur hv. formaður fjárln. flutt til þingsins tillögur sínar og gerst flutningsmaður fyrir valdhafana inn í Alþingi Íslendinga eitt og annað. Spurningin er bara þessi: Láta þeir sér nægja það sem hann hefur flutt viljugur hingað inn, eða stendur hæstv. formaður fjárln. frammi fyrir því um næstu jól að þeir hafa ekkert mark tekið á þeim heimildum sem hann var að veita og mokað út peningum svo skiptir hundruðum milljóna? Menn hafa mokað út milljörðum í aukafjárveitingum. Og hvað er þá til ráða?

Með leyfi forseta vil ég minna á ákveðinn kafla í Íslandsklukkunni þegar Jón Hreggviðsson er búinn að ná því langþráða marki að geta borið upp mál sitt við Arnas Arnæus og fær það svar sem honum þótti skrítn-

ast á lífsleiðinni þegar bókasafnarinn mikli brosir við og segir, með leyfi forseta:

„Í þínu máli má einu gilda um Jón Hreggviðsson sagði Arnas Arnæus og brosti.

Ha, sagði Jón Hreggviðsson.

Þitt mál kemur þér sjálfum lítið við Jón Hreggviðsson. Það er miklu stærra mál. Hverjum er að borgnara þó höfuð eins betlara sé leyst? Ein þjóð lifir ekki af náð.

Sá er eldurinn heitastur sem á sjálfum brennur, sagði Jón Hreggviðsson. Ég veit það þótti ekki skörulegt í fornöld að biðjast griða, en hvaða afl hefur einmana betlari til að berjast um líf sitt við gervallan heiminn?

Arnas Arnæus virti enn vandlega fyrir sér þennan mann sem hafði verið strýktur á Kjalardal, járnaður á Bessastöðum, dæmdur við Öxará, barinn á þjóðvegum Hollands, sendur í gálga af þýðverskum, settur í spænska treyu útí Lukkstað, og sat nú hér gestur hans við hliðina á stígvélinu sínu, stígvéli kóngsins, og vildi lifa.

Hafi þínu máli verið rángturnað, sagði Arnas Arnæus, þá er einlægast þú gángir sjálfur fyrir konúng og berir munnlega fram við hann þína súpplíkk um nýa stefnu og aðra upptöku málsins. Konúngur kann því ekki illa að sjá í andlit þegna sinna og leysir fúslega og með góðsemi þeirra erindi ef honum virðist þar grundvöllur til. En blandið mér ekki í þessi mál. Því það er aungu bjargað þó ég bjargi þér. Og öllum til ils að ég biðji um smátt í þeim stað."

Nú vil ég mælast til þess við hv. formann fjárln. að hann falli ekki í þá gryfju og biðji um smátt varðandi afgreiðslu fjárlaga og þau mál, heldur að hann beini kröftum sínum að því að endurflytja frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði. Þetta var flutt á sínum tíma eftir mikla baráttu í fjárveitinganefnd þar sem menn börðust fyrir því að fjárlögin yrðu virt. Og þeir sem þá sátu í neðri deild Alþingis fluttu frv. undir forustu síns formanns. Þeir sem voru í efri deild voru stuðningsmenn þess þó þeir gætu að sjálfsögðu ekki verið flutningsmenn. En hér stendur í 1. gr. sama og stendur í stjórnarskránni, með leyfi forseta:

„Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr."

Þetta þýðir í reynd að það sem er ekki sækjanlegt á hendur ráðherrum nema fyrir landsdómi er sækjanlegt á hendur þeim með venjulegri málsókn eftir þetta og hver og einn getur tekið það upp. En til þess að sækja mál á hendur þeim í gegnum landsdóm þarf meiri hluti alþingismanna að fallast á slíkt. Meiri hlutinn ver þá ríkisstjórn sem situr, hver sem hún er og samþykkir ekki að ráðherrar hennar séu sóttir. Landsdómur gengur því í reynd ekki upp í framkvæmd nema þá að skipt hafi verið um ríkisstjórn, helst í tengslum við kosningar.

Seinasta atriði þessarar greinar þar sem sagt er sbr. þó 8. gr., er að sjálfsögðu ekki í stjórnarskránni. Það er engin undanþága til í stjórnarskránni fyrir þessu ákvæði. Og þing sem taka störf sín alvarlega eins og bandaríska þingið stendur fast á þessu ákvæði. Þeim dytti aldrei í hug að afgreiða fjárlög eins og við erum að gera hér án þess að líka væri tekið fram hverjar væru heimildir ríkissjóðs til yfirdráttar í bandaríska seðlabankanum. Þar er sett hámark. Forseti Bandaríkjanna hefur ekki heimild til að tékka út eins og honum sýnist. Ef hann sér ekki um að ná inn peningunum samkvæmt því sem ákveðið hefur verið þá verður hann að stöðva greiðslur hvort heldur það eru laun eða annað. Og það er harka í þessu. Harkan er slík að embættismenn forsetans, sem sáu fram á það að forsetinn gat ekki komið fram vilja sínum við að aðstoða kontraskæruliða, féllu í þá freistni að selja hergögn til að fá peninga og láta kontraskæruliðana hafa og þeir voru dæmdir. Og forsetinn slapp hálf — ja, slapp og slapp ekki, bar við minnisleysi og að hann hefði ekki vitað um þetta. Má vera að það sé satt. Ég ætla ekki að dæma um það. En ef hann hefði sagt: Ég lét framkvæma þetta, þá hefði hann verið dæmdur sem sakamaður af hæstarétti Bandaríkjanna. Haldið þið að við Íslendingar hefðum þurft að standa í svona löguðu hefðum við haft hernaðarráðuneyti? Nei, hér hefðu menn bara látið fara út aukafjárveitingu. Og það er þetta mál sem er svo stórt að öll önnur eru smámunir. Ef Alþingi Íslendinga nær ekki þeim aga gagnvart framkvæmdarvaldinu að hægt sé að stöðva það að menn borgi miskunarlaust út í heimildaleysi. Ef það er ekki hægt að stöðva það þá er öll vinna hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni einskis virði, hann hefði eins getað sofið heima í sínu rúmi í Keflavík allan þennan tíma sem hann hefur verið að puða í fjárln. Þá hefði hann bara þurft að láta samþykkja greiðsluheimild til ríkisstjórnarinnar og látið svo gá að því yfir jól hvað þeir væru búnir að eyða miklu. Þannig stendur nú málið. Og nú er það spurning hvort hann skilur það sem Jón Hreggviðsson skildi aldrei, að hans mál væri eitthvert aukaatriði í þessu sambandi. Jóni fannst það nokkuð hart, ég viðurkenni það, að bókasafnarinn teldi það engu skipta hvort höfuð eins betlara yrði látið fjúka. Og framkvæmdarvaldið telur að það skipti ekki miklu máli þó höfuð eins formanns fjárln. sé látið fjúka og hans verk troðið niður í svaðið sem einskis vert afrek. En ef Alþingi Íslendinga samþykkir þetta frv. er komin upp sú staða að hver og einn þingmaður getur krafist þess af Ríkisendurskoðun að hún greini frá því í skýrum texta: Það var óheimilt að greiða þessa greiðslu. Þessi greiðsla var ekki greidd samkvæmt heimildum fjárlaga eða fjáraukalaga og þá hefur þingið komist í sömu aðstöðu og bandaríska þingið að það getur haldið ráðherrunum við þær staðreyndir sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt. Ég tel að þar sem hv. þm. Pálmi Jónsson gerðist flm. að þessu máli á sínum tíma, frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði, geti núv. hv. formaður fjárln. treyst því að hann hafi hans stuðning. Og að sjálfsögðu mun hann hafa stuðning þeirra óbreyttu sem á sínum tíma báru þetta mál upp. Og þetta er þá stóra málið sem ekki má láta liggja.

Ég gæti haft hér langt mál um margt sem ég er ósáttur við í þessum fjárlögum. En það er nú einu sinni

svo að starfandi meiri hluti hlýtur að stilla upp fjárlögunum eins og hann telur skynsamlegast á hverjum tíma. Og starfandi meiri hluti hefur allan rétt til að hafa rangt fyrir sér í þeim efnum, allan rétt til þess. En minni hlutinn á aftur á móti skýlaust þann rétt að fara yfir eftir fjárlögunum. Þau séu ekki bara einskisvert pappírsgagn. Meiri hlutinn sömuleiðis. Alþingi Íslendinga þarf að sameinast, hvort sem menn eru stjórnarsinnar eða í stjórnarandstöðu, til að ná þessu fram. Þótt margt sé skemmtilegt til aflestrar í Íslandsklukkunni ætla ég að láta hjá líða að vitna frekar í hana. Einnig að láta hjá líða að lengja þetta mál, en vona að mönnum sé ljóst að það sem ég hef verið að segja hér um þessi mál er annars vegar í tengslum við það sem hefur lengi verið mitt áhugamál að fá niðurstöðu varðandi reglur í þessum efnum og hins vegar að tala fyrir þeim tveim brtt. sem ég hef flutt við þetta frv.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til fjárlaga fyrir næstkomandi ár. Eins og gefur að skilja spannar það frv. og hefur áhrif á flest svið þjóðlífsins og tekur á flestu því sem uppi er í þjóðlífinu. Af eðlilegum ástæðum eru álitaefnin og ágreiningsefnin því mörg sem eru á milli manna og flokka um þetta mál.

Ég hef, virðulegur forseti, ekki fram til þessa tekið til máls í umræðum um þetta frv. eða um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 sem er í raun og veru viðtengi fjárlagafrv. Ég hef aðeins sagt nokkur orð um frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Ég vil því gera grein fyrir afstöðu minni til helstu mála sem varða þær ákvarðanir sem menn eru að taka fyrir næstkomandi ár í hinum ýmsu málaflokkum.

Ég vík fyrst að sjávarútveginum. Það er öllum kunnugt hvílíkir erfiðleikar eru í sjávarútvegi og því kemur verulega á óvart að í þessu frv. til fjárlaga og reyndar öðrum frv. skuli vera ýmsar nýjar álögur á þessa atvinnugrein á sama tíma og stjórnvöld eru að reiða það fram sem helstu rök fyrir ýmsum hörðum aðgerðum af þeirra hálfu að hér sé aflasamdráttur sem menn verði að bregðast við með ákveðnum hætti. Slíkur samdráttur bitnar auðvitað fyrst og fremst á sjávarútveginum þar sem um er að ræða verulegan samdrátt í afla á yfirstandandi fiskveiðiári frá því sem verið hefur á síðasta ári og reyndar undanförnum árum.

Eins og fram hefur komið fyrr í haust hér á hinu háa Alþingi er þessi atvinnugrein ákaflega illa í stakk búin til að taka á sig þær auknu álögur sem ráð er fyrir gert. Einnig hefur það verið upplýst að skuldir sjávarútvegsins námu um síðustu áramót, fyrir tæpu einu ári, um 84 milljörðum kr. þannig að það er ljóst að skuldþol atvinnugreinarinnar í heild er ekki meira, ef það er þá ekki þegar komið yfir þau mörk sem menn geta staðið undir. Mönnum er það líka ljóst að burðarásar í mörgum byggðarlögum landsins, sjávarútvegsfyrirtækin, standa nú um þessar mundir á barmi — ja, gjaldþrots getum við jafnvel sagt í mörgum tilvikum þar sem skuldir eru orðnar gífurlega miklar. Þegar veiðiheimildir eru skertar eins og raun ber vitni er torvelt að finna út úr því hvernig hægt verði að standa undir skuldbindingunum. Sú staða sem blasir við í fjöldamörgum sveitarfélögum á landsbyggðinni hefur orðið til þess að sveitarstjórnir eru í æ ríkari mæli að koma inn í þennan rekstur til að tryggja áframhald þeirra fyrirtækja eða að stofna önnur fyrirtæki sem taka við af þeim sem gefast upp. Með þessu móti eru sveitarfélögin að taka á sig gífurlegar byrðar til þess eins að tryggja þann grundvöll sem menn standa á í þessum byggðarlögum og lífsafkomu fólks. Því vekur það einnig undrun að stjórnvöld skuli áforma að leggja nokkuð miklar byrðar á sveitarfélögin við þessar kringumstæður.

Þá er það fram undan, samkvæmt þeim spám sem fram hafa komið frá virtum stofnunum eins og Þjóðhagsstofnuna, að atvinnuleysi muni aukast á næsta ári í einkum og sér í lagi í kjölfar þessa aflasamdráttar. Auðvitað mun það atvinnuleysi fyrst og fremst bitna á verkafólki í sjávarútvegi og því kemur það eins og högg framan í launafólk að áform skuli vera um að skerða verulega þau réttindi sem það á til launagreiðslna í atvinnuleysi. Stjórnvöld hafa á undanförnu hausti líka lagt ríka áherslu á að menn þyrftu að hagræða ekki aðeins í sjávarútvegi heldur þyrftu sveitarfélög að sameinast og fyrir því hefur verið farin nokkuð mikil áróðursherferð. Það er dálítið á skjön við þá áherslu að ætla sér svo að draga úr framlögum til vegamála eins og ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. Því eins og mönnum er væntanlega ljóst eru samgöngubætur það sem einna helst dugar fólki á landsbyggðinni til að snúa bökum saman, auka afl sitt til að geta staðið á móti þeirri þróun sem verið hefur í byggðamálum. Ég tel því að samdráttur og niðurskurður í vegaframkvæmdum sé ákaflega óskynsamlegur, ekki bara út frá mínu sjónarmiði heldur einnig út frá pólitískum áherslum stjórnvalda.

Þá er þess að geta í sambandi við áherslur í vegamálum, sem fram hafa komið, að einkum munu stjórnarliðar beina sjónum sínum að Vestfjarðagöngum. Áform er um og tillögur komnar fram um að hægja á því verki um sem svarar einu ári frá upphaflegri áætlun. Ég vil mótmæla harðlega öllum hugmyndum í þá veru að hreyfa við þessu verkefni, hvort heldur það er með því að hægja á framkvæmdum eða að sleppa tilteknum hluta þeirra og fresta þeim um eitt ár. Ég tel að hér séu í raun og veru ekki um boðlegar tillögur að ræða sem lagðar hafa verið fram og ég tel að áform af þessu tagi séu síst til þess fallin að auðvelda okkur að ná saman um skynsamlega stefnu í byggðamálum eins og nauðsynlegt er eins og horfurnar eru í hinum ýmsu byggðarlögum um land allt um þessar mundir.

Ég vil því, virðulegur forseti, þessu næst aðeins minnast á launamálin. Gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv. að laun muni ekki hækka á næsta ári heldur í raun verði kaupmáttarrýrnun. Það eru heldur engar væntingar að sjá út úr þeim tillögum, sem er að finna í fjárlagafrv. og skyldum frv., um að áform séu til tekjujöfnunar í samfélaginu. Þvert á móti eru ýmsar tillögur sem fram eru komnar, eins og skerða sjómannafslátt, einungis til þess fallnar að auka mismun á milli hópa. Ég minni á að sjómannaafslátturinn er

krónutöluafsláttur sem nýtist lágtekjusjómönnum betur en hátekjusjómönnum og ætli menn að skerða þann afslátt verður það þyngra högg fyrir lágtekjusjómenn en hina betur settu og eykur því hlutfallslega þann mun sem er á milli þessara hópa.

Ég vil einnig lýsa furðu minni á þeirri afstöðu sem fram kemur af hálfu ríkisvaldsins í þeim viðræðum við launþegasamtökin sem fram hafa farið á undanförnum vikum þar sem fram hefur komið afstaða ríkisstjórnarinnar í launamálum og til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Ég er hér einmitt með undir höndum dreifibréf sem samninganefnd ríkisins sendi sínum viðsemjendum nú fyrir skömmu þar sem fram koma viðhorf ríkisstjórnarinnar og ríkisvaldsins til kjaramála á næstkomandi missirum. Þar er ýmislegt sem verður manni til undrunar og rökstyður þá skoðun sem ríkt hefur verið að enginn vilji sé til þess af hálfu núv. stjórnvalda að stuðla að því að jafna lífskjör í þjóðfélaginu.

Ég bendi hér á sem dæmi um þetta að í þessu bréfi sem ég er að vitna til, atriði nr. 21, segir hér, með leyfi forseta: „Að samninganefnd ríkisins bendir á varðandi umræðu um breytta tekjuskiptingu milli launþegahópa að hér er fyrst og fremst um að ræða innra vandamál stéttarfélaganna." Þetta er mjög athyglisvert sjónarmið að líta svo á að hér sé ekki um að ræða vandamál sem aðrir en stéttarfélögin sjálf eiga að taka á. Með þessu er ríkisvaldið að segja að það ætli ekki að skipta sér af þessu og í raun og veru komi því þetta ekkert við og vilji ekki gera neitt til þess að draga úr tekjumismun á milli einstakra þjóðfélagshópa.

Síðar segir enn fremur, sem mér hefur orðið nokkurt undrunarefni, í þessum sama lið, 21, með leyfi forseta: „Að samninganefnd ríkisins getur ekki við núverandi aðstæður bent á þá hópa launþega sem ættu hlutfallslega að lækka í launum til hagsbóta lægra launuðum starfsmönnum ríkisins."

Ja, hér er mikið ráðaleysi á ferð ef samninganefndin getur ekki fundið neina tekjuhópa í þjóðfélaginu sem mætti láta borga meira en þeir gera í dag og ekki aðeins til ríkissjóðs heldur til þess að dreifa tekjum frá hinum hærri til hinna lægri, þ.e. tekjujöfnun. Ég get satt að segja ekki með nokkru móti skilið þessa hugsun sem fram kemur af hálfu samninganefndar ríkisins í þessu atriði. Það er ýmislegt fleira í þessu plaggi sem skýrir afstöðu ríkisvaldsins til kjaramála og starfsmanna ríkisins. Það er margt sem verður ekki sagt að lýsi neinum vilja til að halda uppi góðum samskiptum við launþega í landinu ellegar að semja við þá um kaup og kjör með það að leiðarljósi að tekjujöfnun sé markmið.

Ég vil víkja frá þessu plaggi að sinni sem lýsir afstöðu ríkisvaldsins í kjaramálum og kem e.t.v. að því síðar í ræðu minni því ég tel að á ferðinni sé mjög athyglisvert plagg sem á fullt erindi til þingheims til að skýra afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessum málum sem auðvitað eru ævinlega hornsteinn og grundvöllur að allri áætlanagerð í sambandi við fjárlög og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsu málum sem snerta fólk í þjóðfélaginu. Ég vil líka aðeins víkja að breytingum sem áformaðar eru um að leggja byrðar á sveitarfélög í landinu umfram það sem áður var um samið. Ég tel hér um að ræða alveg forkastanleg vinnubrögð af hálfu stjórnvalda, að hafa nú tæpum tveimur árum eftir að ríkisvaldið og sveitarfélögin sömdu um verkaskiptingu og tekjuskiptingu sín í milli einhliða lagt fram tillögur til að breyta þessu og það á þann veg að færa aukinn kostnað af ríkissjóði og yfir á sveitarfélögin. Þetta er náttúrlega með slíkum fádæmum að ég er hræddur um að Sjálfstfl. sem nú situr í ríkisstjórn hefði eitthvað látið í sér heyra hér á Alþingi ef hann hefði verið í stjórnarandstöðu og slíkar tillögur hefðu komið fram.

Ég minni á að auðvitað er það meginskylda stjórnvalda að ræða við og semja við þá aðila sem helst koma að þeim málum sem ríkisstjórn á hverjum tíma hefur uppi áform um að breyta. Það var ekki gert í þessu tilviki nema að mjög óverulegu leyti og satt að segja finnst mér það ekki vera mjög heiðarlegt að ræða við sveitarfélögin um ákveðna hluti sem fram komu, að þau tækju á sig eins og 3,5% af kosntaðarverði íbúðarhúsnæðis sem byggt er í félagslega kerfinu, hækkunina á gjaldskrá Fasteignamats ríkisins, sem í raun og veru er að mestu leyti greidd af sveitarfélögum. Á sama eru menn með hugmyndir til viðbótar án þess að greina sveitarstjórnum frá því í þeim viðræðum sem þó fóru fram um hin atriðin. Þetta finnst mér með slíkum endemum að ég minnist þess ekki að hafa heyrt þess getið fyrr að svona samskipti ættu sér stað milli ríkisvalds og sveitarfélaganna.

Ég vil minna á það sem lá raunverulega til grundvallar þeim samningum sem gerðir voru fyrir þremur árum, ef ég man rétt, um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þar voru ákveðin viðhorf að baki, ákveðnar röksemdir sem menn gengu út frá þegar var komist var að niðurstöðu í þessum málum. Í fyrsta lagi var gengið út frá því sem staðreynd að þessi breyting yrði að færa sveitarfélögum, sér í lagi fámennum kaupstöðum, auknar tekjur. Á þeim tíma lá fyrir að af tæplega 30 kaupstöðum á landinu voru níu kaupstaðir sem höfðu ekki tekjur fyrir rekstrarútgjöldum. Og auðvitað er ekki hægt að búa þannig að sveitarfélögum, sem eru í raun og veru ákveðinn hornsteinn í þessu þjóðfélagi, að þau sé ekki hægt að reka með sómasamlegum hætti ef þau reyna að uppfylla þær skyldur sem löggjafarvaldið hefur sett á þau gagnvart íbúum sveitarfélagsins.

Í öðru lagi var sú hugmyndafræði að skipta verkefnum á milli aðila með hreinum hætti, ef svo má segja, þ.e. að það væri sami aðili sem tæki ákvörðun um útgjöld og rekstur og bæri ábyrgð á málinu einnig. Mönnum þótti það ekki hafa gefist vel að annar aðilinn sæi um þjónustuna og rekstur á henni, tæki ákvarðanir sem leiddu til útgjalda, en hinn aðilinn, ríkisvaldið, borgaði. Því var sú hugmyndafræði höfð að leiðarljósi, að greina þetta vel og rækilega í sundur þannig að saman færi ákvörðun um útgjöld og ábyrgð teknamegin. Þannig var t.d. heilsugæslan flutt af hendi sveitarfélaga yfir til ríkisvaldsins svo að heilbrigðisþjónustan væri þá öll ríkismegin í þessum málaflokki og sveitarfélögin tóku að sér að reka grunnskólakerfið,

tóku það allt á sig að undanskildum launum kennara. Fleiri dæmi má nefna sem einmitt voru afleiðing af þessari hugmyndafræði um verkaskiptingu þessara tveggja stjórnsýsluðaila.

Það sem verið er að gera hér er að ganga gegn þessum hugmyndum nánast fullkomlega, þ.e. annar aðilinn, ríkisvaldið, ákveður einhliða að láta hinn aðilann borga hluta af þeim kostnaði sem ríkisvaldið tók að sér að greiða. Ég vil því fá rökstuðning frá hæstv. ríkisstjórn, sér í lagi hæstv. félmrh., fyrir þessari grundvallarbreytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar í samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga. Ég tel að hæstv. ráðherra verði að færa rökstuðning fyrir þeirri skoðun sinni að þetta sé ákjósanleg leið eða a.m.k. hvers vegna þetta er sú tillaga sem stjórnvöld leggja fram. Það er ekki nægjanlegt að hafa það sem rökstuðning að ríkissjóð vanti tekjur, menn þurfa líka að geta rökstutt það með sæmilegum hætti hvers vegna nákvæmlega þessi leið var lög til. Og ég óska eftir því, virðulegi forseti, af því að svo háttar til að nú situr sami félmrh. og var þegar samið var við sveitarfélögin um breytta verkaskiptingu að hæstv. félmrh. geri rökstudda grein fyrir þessari afstöðu. Hvers vegna nákvæmlega þessi leið er valin því að ég tel að út frá öllum þeim rökstuðningi, sem menn höfðu og komu sér niður á, báðir aðilar, ríki og sveitarfélög, um hina hreina verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, þá verði ríkisvaldið að koma með rökstuðning fyrir því að sú leið hafi þá ekki gengið upp fyrst að hér er lagt til að breyta út af. Því tel ég nauðsynlegt að ræða einmitt þetta atriði því með þessum sama rökstuðningi sem væntanlega liggur hér að baki þá verðum við að rífa upp öll önnur samskiptamál milli ríkis og sveitarfélaga og þar með talin öll þau verkefni sem menn áður höfðu komist að niðurstöðu um að annar aðilinn ætti að hafa að öllu leyti og hinn ekki.

Og því spyr ég: Getur það þá gerst að komist verði að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að ríkisvaldið taki þátt í að greiða útgjöld vegna skólakerfisins, svo eitthvað sé nefnt, ef það er skynsamlegt af hálfu ríkisstjórnarinnar að sveitarfélögin taki þátt í að greiða útgjöld vegna löggæslu? Getur það verið skynsamlegt, með sömu rökum, að ríkisvaldið taki þátt í því að greiða kostnað vegna reksturs leikskóla og dagvistarheimila sem eru á hendi sveitarfélaga?

Ég spyr, virðulegur forseti, er hæstv. ráðherra í húsinu? (**Forseti:** Samkvæmt viðveruskrá virðist hæstv. ráðherra vera í húsinu en eins og hv. þm. veit standa yfir fundir stjórmálamanna þannig að ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra getur komið hér en það skal kannað.) Já, það væri ágætt ef forseti gæti kannað það. Ég held þá bara áfram og geymi aðeins um sinn að ræða samskipti ríkis og sveitarfélaga sem ég tel nauðsynlegt að menn færi frekari rök fyrir af hálfu stjórnvalda því það getur leitt af sér verulega uppstokkun í þeim málaflokkum frá því sem menn komu sér niður á fyrir tveimur árum. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. ræðumann um það að félmrh. er því miður upptekinn á flokksfundi hér í húsinu og getur ekki komið að þessu sinni.) Ég þakka forseta fyrir upplýsingarnar. Ég mun þá geyma þennan málaflokk um stund og vík að öðrum málum.

Ég vil aðeins koma aftur að því sem ég gat um í inngangi, þ.e. að sjávarútvegi. Það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. um þá atvinnugrein að það þurfi duglega að taka til hendinni þar og að þar standi menn misjafnlega vel að verki, eða misjafnlega illa, ef maður leggur út af orðum hæstv. forsrh. og um sé að ræða gífurlega offjárfestingu í atvinnugreininni sem meira og minna sé að sliga þetta þjóðfélag og áhrif þeirrar fjárfestingar skili sér inn í ríkisbúskapinn og torveldi mönnum að sækja þær samfélagslegu tekjur sem að öðrum kosti væri unnt að skila inn í ríkissjóð.

Ég vil, til þess að það komist rækilega á framfæri, andmæla þessari ofuráherslu á offjárfestingu í sjávarútvegi. Ég tel að hún sé ekki með neinum slíkum hætti að það standi undir fullyrðingum eins og þarna hafa verið settar fram, m.a. í framsöguræðu hæstv. forsrh. um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 sem óhjákvæmilega tengist umræðu um fjárlög. En þar sagði hæstv. forsrh. að um væri að ræða mikla fjárfestingu í sjávarútvegi sem væri aðalástæðan fyrir erfiðleikum þar, svo að ég dragi saman í örfá orð sem þar kom fram. Ég vil láta það koma skýrt fram að til eru opinber gögn um fjárfestingu í einstökum atvinnugreinum og þau bera það ekki með sér að unnt sé að rökstyðja þessa fullyrðingu. Auðvitað tek ég að sumu leyti undir það og vil taka það fram að það má vissulega finna dæmi þess að hægt væri að komast af með minni fjárfestingu og menn gætu sameinast um rekstur á einhverjum stöðum og lagt af sér tiltekna fastafjármuni. En það er ekki í það ríkum mæli að það hafi þau afgerandi áhrif sem af er látið. Og ef menn ætla að ganga til hins ýtrasta á þeirri brautinni eru menn farnir að tala um að umbylta búsetumynstrinu í landinu og ég er hræddur um að þá yrðu háar upphæðirnar sem þjóðarbúið yrði að afskrifa í fjárfestingum, í íbúðarhúsnæði og öðru slíku sem tilheyrir búsetu manna. Þannig að ég held að menn megi ekki fjalla um offjárfestingu með því hugarfari að búseta, eins og hún hefur þróast, hafi ekki nein áhrif þar á og skipti ekki neinu máli.

Ég vil nefna varðandi heildarfjárfestingu í sjávarútvegi að fram kemur í bók, sem dreift var til alþingismanna fyrir nokkrum vikum og heitir Fjárfesting 1945–1989, frá Þjóðhagsstofnun, gefin út í júní á þessu ári, í töflu 7.11 á bls. 129 að á síðasta ári, sem upplýsingar eru um, árinu 1989, hafi heildarfjárfestingin í þjóðarbúinu verið um 850 milljarðar kr. Þar af er fjárfesting í fiskveiðum ekki nema 49 milljarðar og í fiskiðnaði ekki nema 24 milljarðar. Þó að þetta tvennt sé lagt saman þá gerir það ekki nema 73 milljarða kr. eða vel innan við 10% af heildarfjárfestingu landsmanna. Ég get ekki fallist á það, virðulegi forseti, að atvinnugrein, sem skilar svo gífurlega miklum verðmætum inn í þjóðarbúið eins og sjávarútvegurinn hefur gert á undanförnum mörgum áratugum, og er með innan við 10% fjárfestingu landsmanna, sé sá baggi á þjóðfélaginu að menn hrópi: offjárfesting, nánast í öðru hverju orði þegar menn taka sjávarútveg til umræðu.

Það er ýmislegt fleira sem menn hafa lagt peningana í sem hefur ekki endilega skilað þeim arði sem æskilegt væri. Ég nefni sem dæmi og til samanburðar að fjárfesting í verslunar-, skrifstofu- og gistihúnsæði er um 66 milljarðar kr., eða örlítið minni en í sjávarútvegi. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er um 256 milljarðar kr. Það er alveg fráleitt að halda því fram að hér sé um að ræða einhverja þá offjárfestingu sem valdi mönnum verulegum erfiðleikum í þjóðfélaginu. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar að arðurinn af þessari atvinnugrein undanfarin 40, 50 ár hafi verið það mikill að hann hafi dugað til þess að byggja upp nútímasamfélag á þessum stutta tíma og nánast úr engu. Það er meira en ég hygg að menn geti fundið dæmi um í erlendum þjóðfélögum, að ein atvinnugrein geti verið slíkur aflgjafi á svo skömmum tíma.

Þegar atvinnugrein sem er orðin svo skuldseig sem raun bert vitni, m.a. vegna óskynsamlegrar stefnu stjórnvalda fyrir nokkrum árum í gengismálum og vaxtamálum, sem hlaðið hefur upp skuldum umfram allar verðmælingar og vísitöluviðmiðanir sem menn geta náð í, finnst mér ómaklegt af stjórnvöldum að ráðast sérstaklega á þessa atvinnugrein til þess að ná í skatta inn í ríkissjóðinn. Ég hygg að það væri ákaflega fróðlegt að láta reikna út, og það væri mikið þjóðþrifaverkefni að láta einhverja virðulega stofnun reikna það út hver áhrif Sjálfstfl. hafi verið á skuldasöfnun í sjávarútvegi. Ég hygg að það væri forvitnileg niðurstaða sem kæmi úr því ef menn reiknuðu út hvað Sjálfstfl. ber mikla ábyrgð á skuldsetningu sjávarútvegsins, t.d. á árunum 1987–1988, með gengisstefnunni sem þá var rekin. Ekki verður það minna ef maður bætir við áhrifum af þeim háu vöxtum sem Sjálfstfl. keyrði af stað á árinu 1985, ef ég man rétt. Ég held að það væri mjög verðugt verkefni fyrir Alþingi og þjóðina að láta reikna þetta út svo að menn geti gert sér grein fyrir því hve Sjálfstfl. hefur verið sjávarútveginum og þar með landsbyggðinni dýr.

Ekkert bólar á hæstv. félmrh., virðulegur forseti. Ég ætlaði sérstaklega að fara yfir þau mál sem lúta að samskiptum ríkis og sveitarfélaga og þá skattlagningu sem stjórnvöld hafa í hyggju á sveitarfélögin. Ég hafði hugsað einnig mér að fara ítarlega yfir áform stjórnvalda í samgöngumálum og þann samdrátt sem menn hafa ákveðið í vegamálum og sérstaklega við gerð jarðganga á Vestfjörðum. Ég mun að sinni ekki fara frekar yfir þessi mál en ég hef gert fram til þessa. Ég hef tækifæri til þess að taka aftur til máls síðar í þessari umræðu og get þá farið ítarlegar yfir einstaka þætti og málaflokka en ég geri hér sem er meira almenn yfirferð yfir þessi mál.

Ég vil þó láta það koma fram að ég mótmæli harðlega áformum ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisábyrgð launa. Ég tel að hér sé ekki um siðlega framkomu að ræða, hvorki í pólitískum skilningi né öðrum. Það er ekki boðlegt að leggja fram hugmyndir af þessu tagi, hvorki fyrir Alþingi né samtök launafólks því hér er um að ræða slíka grundvallarbreytingu að fáir hefðu trúað því að ríkisstjórn með Alþýðuflokkinn, Jafnaðarmannaflokk Íslands, innan borðs mundi leggja fram slíka hryggðarmynd sem sviptir launafólk grundvallarréttindum í þessu þjóðfélagi.

Ég vil, virðulegi forseti, af því að hér bólar ekkert á hæstv. félmrh., sem ég hefði helst viljað ræða við um þá málaflokka sem lúta að honum í fjárlagafrv., fara að draga saman mitt mál. Ég vænti þess að ráðherrann verði viðstaddur og til áheyrnar í síðari ræðu minni í þessari umfjöllun um fjárlagafrv. ríkisins fyrir árið 1992. Lýk ég þá máli mínu að sinni, virðulegi forseti.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan fara fram á það að hæstv. fjmrh. verði kallaður til fundarins. Það er satt að segja nokkuð sérkennilegt að fjmrh. skuli vera svo mikið í burtu frá þessari umræðu. Það hefur verið venja hér um langt árabil að fjmrh. væri viðstaddur 2. og 3. umr. fjárlaga en það virðist vera þannig að núv. hæstv. fjmrh. hafi takmarkaðan áhuga á því að vera viðstaddur umræðu um þetta frv. sitt.

Þegar hæstv. fjmrh. kynnti fjárlagafrv. var stefið í hans ummælum að hér væri verið að leggja fram frv. til raunhæfra fjárlaga. Munurinn á þessu frv. og fyrri fjárlögum fælist í því að hér væri verið að leggja grundvöll að nýjum vinnubrögðum sem gerðu allar tölur frv. raunhæfar. Þess vegna hefðu ráðuneytin sjálf og stofnanir þeirra farið yfir framlögin til einstakra ríkisstofnana og allt væri þetta byggt á raunhæfu mati.

Nú blasir hins vegar við að ríkisstjórnin hefur á síðustu tveimur vikum verið að tæta þetta svokallaða raunhæfa frv. í sundur. Slíkur er tætingurinn hjá hæstv. ríkisstjórn að hún neyðist til þess að láta flytja sem 45. brtt. meiri hluta fjárln. útfærslu á niðurskurði í ríkisfjármálum sem er einsdæmi í fjárlagagerðinni, einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki lengur hugmynd um það hvernig hún á að ná þeim áformum í rekstrarkostnaði og launakostnaði ríkisstofnana sem stefnt er að í þessu frv. Þess vegna er alveg ljóst að þau ummæli hæstv. fjmrh., að hér væri á ferðinni raunhæft fjárlagafrv., eru nú þegar orðin hrein öfugmæli við 3. umr. frv. hvað þá heldur í ljósi þess sem gerast mun þegar frv. kemur til framkvæmda.

Annað atriðið sem hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann mælti fyrir fjárlagafrv., var að frv. væri hornsteinn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og grundvöllur að kjarasamningum eftir áramót. Það er alveg ljóst þegar við erum komin að 3. umr. frv. að þessi fullyrðing hæstv. fjmrh., að fjárlagafrv. og fjárlög næsta árs yrðu grundvöllur nýrra kjarasamninga, er einnig orðin að hreinum öfugmælum. Þvert á móti er það þannig að öll samtök launafólks eru nú þegar í uppreisn gegn þessu frv. BSRB, Alþýðusambandið, sjómannasamtökin og fjöldinn allur annar af samtökum launafólks mun telja það frumkröfu í kjarasamningum eftir áramót að hrinda þeirri aðför sem gerð er að kjörum þeirra í frv. Það blasir þess vegna þegar við að þetta fjárlagafrv. mun gera kjarasamninga á nýju ári mun erfiðari en ella.

Í þriðja lagi var það fullyrðing hæstv. fjmrh. að hér væri verið að ganga frá fjárlögum sem yrðu grundvöllur að vaxtalækkun, raunvaxtalækkun í íslenska hagkerfinu á nýju ári. Hæstv. forsrh. sagði, þegar niður-

stöður næturfundar ríkisstjórnarinnar í þessum mánuði voru kynntar, að þegar í byrjun nýs árs yrði raunvaxtalækkun á grundvelli fjárlagafrv. Nú þegar er orðið ljóst að það er ekkert í þessu frv. sem mun leiða til þess að raunvaxtastigið í landinu fari lækkandi á nýju ári. Þvert á móti er ærið margt sem bendir til þess, eins og ég mun koma að eftir fáeinar mínútur, að þetta fjárlagafrv. verði ein meginorsök þess að raunvaxtastigið í íslenska hagkerfinu verði áfram hátt á næsta ári. Því miður er það þannig að allar þessar þrjár einkunnir, öll þessi þrjú markmið, sem hæstv. fjmrh. valdi sínu fyrsta fjárlagafrv., eru þegar orðin öfugmæli hér við 3. umr. frv. Markmiðið um raunhæf fjárlög sem myndu standast í fyrsta sinn, ný vinnubrögð o.s.frv. Í öðru lagi markmiðið um grundvöll kjarasamninga strax á nýju ári og í þriðja lagi grundvöllur að vaxtalækkun.

Hæstv. fjmrh. mun því miður þurfa að upplifa það á nýju ári að hallatala þessa frv. mun ekki standast. Hæstv. fjmrh. mun því miður þurfa að upplifa það á nýju ári að glíma hans og ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins, bæði launafólk og fulltrúa atvinnulífsins, verður harðari og grimmari en ella vegna þessa frv. Hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. munu því miður þurfa að glíma við þá staðreynd að fulltrúar bankakerfis og fjármálastofnana munu á nýju ári rekja það fyrir þeim að vegna þessa fjárlagafrv. verði ekki unnt að ná niður raunvaxtastiginu í íslenska hagkerfinu. Í sjálfu sér þarf ekki að segja mikið meira um þessi höfuðatriði. Reynslan mun auðvitað sanna eða afsanna hvort þessi dómur minn er réttur. Ég er alveg tilbúinn að leggja hann í fang reynslunnar og nýs árs og heilsa upp á hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. á nýju ári og skoða það með þeim hver niðurstaðan verður.

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það síðustu daga að raunhallinn á því fjárlagafrv., sem hér er verið að afgreiða, sé aldrei undir 7 milljörðum kr. Ég hef líka heyrt kunnáttumenn, sem síðustu daga hafa farið yfir þetta fjárlagafrv. og þær svokölluðu „lausnir" sem ríkisstjórnin hefur komið sér saman um, komast að þeirri niðurstöðu að raunhalli þessa fjárlagafrv. sé í kringum 9 milljarðar, hæstv. forsrh. Ég ætla ekki að nefna þá tölu hér sem mína skoðun en ég get hennar hins vegar til þess að hæstv. fjmrh. hugleiði af fullri hógværð, vegna þess að hógværðin hefur ekki verið hans helsti kostur í ummælum um þetta frv. á undanförnum mánuðum. Ég bið hann að hugleiða af fullri hógværð að kannski kann reynslan að sýna það að þessir menn hafa rétt fyrir sér. Hvers vegna er raunhallinn meiri en þeir tæpu 4 milljarðar sem verið er að reikna með í frv.? Ég ætla aðeins að nefna nokkur atriði til skýringar.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að tekjuáætlun frv., sérstaklega hvað snertir tekjuskatt einstaklinga og tekjur af innflutningi, er byggð á því að þessar tekjur aukist á næsta ári þrátt fyrir það að Þjóðhagsstofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu að næsta ár verði eitt mesta samdráttarár í 40 ára sögu íslenskrar hagstjórnar. Hvernig menn fá það út, jafnvel þótt þeir reikni inn í tekjuskatt einstaklinga 700 milljónir vegna sérstakra álaga á sveitarfélögin, að hið nýja ár skili auknum tekjuskatti og auknum tekjum af innflutningi frá fjárlagafrv., það er mér óskiljanlegt. Ég minni á í því sambandi að fjárlagafrv. var byggt á þeirri forsendu að hér hæfust álversframkvæmdir á næsta ári. Nú hefur það gerst að ekki aðeins álversframkvæmdunum hefur verið slegið á frest um margra ára bil heldur hefur einnig komið fram alvarlegur aflasamdráttur þannig að þjóðfélagið hefur orðið fyrir tvöföldu áfalli í þeim skilningi. Að fara þá að bæta við teknamegin í frv. vegna veltunnar í hagkerfinu er galdraverk sem ég fæ ekki skilið enda stenst það ekki.

Ég vil einnig nefna virðisaukaskattinn. Ég vil segja við hæstv. fjmrh.: Ég tel að það séu nokkur merki þess að við séum nú að lifa sams konar keðjuverkandi samdráttaráhrif í hagkerfinu og hér urðu sumarið og haustið 1988. Þær keðjuverkandi samdráttaraðgerðir í hagkerfinu leiddu til þess að innheimtan af stærsta veltuskattinum, sem þá var söluskatturinn en er nú virðisaukaskatturinn, hríðféll frá einum mánuði til annars. Ég óttast þess vegna — en vonandi er sá ótti ekki á rökum reistur — að hæstv. fjmrh. muni upplifa það á næstu mánuðum að það verði ekki bara innheimtutölur nóvembermánaðar í virðisaukaskattinum sem verða langt undir áætluðum mörkum heldur einnig innheimtutölur annarra mánaða. Ég nefni til viðbótar að í frv. er reiknað með einum milljarði í tekjur vegna sölu á ríkisfyrirtækjum. Fulltrúar atvinnulífsins og fulltrúar verðbréfafyrirtækjanna hafa fullyrt það síðustu daga að þær breytingar sem ríkisstjórnin ætlar sér að gera á tekjuskatti arðgreiðslna muni hafa í för með sér algjört hrun og óstöðugleika á hinum veikburða íslenska hlutafjármarkaði. Slíkt kemur til viðbótar því hruni sem þar hefur orðið vegna efnahagsástandsins og samdráttarins almennt á síðustu mánuðum. Að ætla sér þá milljarð í tekjur af sölu ríkisfyrirtækja, sem á engan hátt er byrjað að undirbúa með raunhæfum hætti, er satt að segja draumsýn sem ég hef enga trú á að fái staðist.

Ég nefni til viðbótar að nú er sett 1.500 millj. kr. slumptala inn í frv. sem skerðing launa og rekstrarkostnaðar í ríkiskerfinu. Hún er byggð á því að meginhluta að í skólakerfinu verði næsta haust skorið niður sem nemur tæpum hálfum milljarði í launakostnaði kennara í grunnskólunum og framhaldsskólunum. Það er alveg ljóst, og það veit núv. hæstv.menntmrh. og einnig núv. hæstv. fjmrh., að það mun aldrei koma til framkvæmda. Það leggur enginn í að gera þúsundir íslenskra barna kennaralausar á næsta hausti.

Á sama hátt er í þessum niðurskurði reiknað með að í sjúkrahúsunum einum verði niðurskurðurinn milli 300 og 400 millj. til viðbótar við þann niðurskurð sem áætlaður er á hreinum útgjaldatölum þessara sjúkrastofnana á næsta ári. Eins og Davíð Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, sagði í viðtali, þá hefði hann enga trú á því að menn í alvöru meintu slíkar tölur. Ég held þess vegna að hæstv. fjmrh. megi teljast góður, svo ég noti nú það orð, ef hann nær 800–1.000 millj. af þessum 1.500 millj. sem þarna er gert ráð fyrir.

Einnig má nefna, eins og ég vék að, að útgjöldin í sjúkrastofnunum og skólakerfinu, eins og þau birtast ein og sér, eru auðvitað með þeim hætti að afar ólík-

legt er að þau dugi stofnununum út árið enda hefur það þegar komið í ljós hjá Háskóla Íslands að hann mun loka á nýja nemendur næsta haust ef þessar tölur verða látnar standa. Mun hæstv. ríkisstjórn láta Háskóla Íslands vera lokaðan næsta haust fyrir nýnemum? Ég hef enga trú á því.

Þannig gæti ég nefnt fjölmörg dæmi sem sýna að það er lágmark, þegar skoðað er teknamegin og gjaldamegin í þessu fjárlagafrv., að það eru a.m.k. 3 milljarðar, jafnvel 4 sem ekki munu skila sér, annaðhvort vegna þess að tekjurnar nást ekki inn eða þá að útgjaldasparnaðurinn muni ekki koma til framkvæmda. Þess vegna segi ég, hæstv. fjmrh.: Hér er verið að ganga frá fjárlögum sem ekki eru raunhæf og sem nú þegar eru þannig frá gengin að hallinn á ríkisfjármálunum verður aldrei undir 7 milljörðum á næsta ári, kannski miklu meiri.

Hvað hefur það í för með sér út frá kenningum hæstv. fjrmh. og ríkisstjórnarinnar sjálfrar? Það hefur það í för með sér að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er hrunin. Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er hrunin. Sjálfur hornsteininn í því sem ríkisstjórnin ætlaði sér að gera er brotinn. Við siglum þess vegna inn í nýtt ár með ríkisstjórn sem hefur engan raunhæfan grundvöll fyrir efnahagsstefnu sinni, engan raunhæfan grundvöll fyrir vaxtastefnu sinni og efnahagskerfið sjálft og þjóðfélagið er í upplausn.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt það í vana minn að endursegja hér í ræðustól á Alþingi leiðara DV. Ég ætla þó að gera það í dag vegna þess að í leiðara DV í dag kemur fram, að mínum dómi, sannur en miskunnarlaus og harður dómur um þetta fjárlagafrv. Í leiðaranum segir, með leyfi virðulegs forseta, á þessa leið:

„Ofbeldishneigður heilbrrh. hefnir sín á nunnum Landakots með því að skera fjárveitingatillögu sína til spítalans niður við trog milli 2. og 3. umr. um fjárlög, þannig að fyrirsjáanlegt er að loka verði spítalanum að verulegu leyti á næsta ári.

Nunnurnar höfðu brugðið fæti fyrir snöggt frumhlaup ráðherrans um að leggja út í milljarðskostnað við að sameina tvo spítala, þótt sterk rök hafi verið leidd að því að slíkt sé óráðlegt. Þetta minnir á ofsafengnar aðgerðir ráðherrans gegn heilsuhæli í Hveragerði.

Snögg kyrking eins spítala milli 2. og 3. umr. er gróft dæmi um handahlaupin við smíði fjárlaga, sem eru meiri en verið hafa á heilum mannsaldri. Tillögur um álögur og niðurskurð rjúka inn og út úr fjárlagafrv. eins og um vængjahurð á hóteli.

Einn daginn á að láta sveitarfélögin taka við málefnum fatlaðra. Næsta dag eiga þau ekki að gera það heldur taka þátt í kostnaði við löggæslu. Þriðja daginn á ekki að taka þennan kostnað af útsvarinu heldur með sérstökum nefskatti á kjósendur. Þetta eru skrípalæti.

Fundir eru haldnir kvöld- og næturlangt á Alþingi og í nefndum þess. Minni tími en nokkru sinni fyrr er gefinn til að þingmenn geti lesið hin síbreytilegu gögn, sem þeim er ætlað að afgreiða á færibandi. Aldrei hefur íslensk ríkisstjórn sýnt Alþingi aðra eins fyrirlitningu.

Rifrildið milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga hverfur stundum í skugga rifrildis milli stjórnarsinna því að ríkisstjórnin hefur ekki gefið sér tíma til að afla sér stuðnings einstakra stjórnarþingmanna við mikilvægar tillögur um afdrifaríkar breytingar á fjárlögum.

Stjórnarsinnar deila um skattafrádrátt af arðgreiðslum hlutafélaga, um sjómannaafslátt, um skólagjöld, um framlengingu jöfnunargjalds, um niðurskurð í jarðgangagerð, um ríkisbyggingar í Hornafirði og um skatt á hafnagjöld, svo að nokkur þekkt dæmi séu nefnd.

Margt fer saman í því hneyksli, sem afgreiðsla fjárlaga var orðin. Í fyrsta lagi var fjárlagafrv. illa unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar voru umdeilanleg nýmæli sem ríkisstjórnin átti að vita að hún þyrfti að ræða við uppreisnarhneigða þingmenn stjórnarliðsins.

Í öðru lagi virðist ríkisstjórnin og liðsstjórar hennar á Alþingi, svo sem forsetar og þingflokksformenn, ekki átta sig á að heiðir vinnubragða eru aðrar þar heldur en í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem án nokkurra mannasiða er valtað kerfisbundið yfir minni hlutann.

Í þriðja lagi eru meginstoðir tekjuhliðar fjárlagafrv. marklausar með öllu. Með einu pennastriki er áætlun um tekjuskatt hækkuð um rúman milljarð milli umræðna þótt á sama tíma hafi komið í ljós að áætlanir ríkisins um skattstofninn fara lækkandi.

Sama er að segja um áætlanir um innflutningstekjur. Ljóst er að innflutningur mun dragast saman á næsta ári í enn meiri mæli en tekjur fólks. Fjárlagafrv. ætti að endurspegla þessar breyttu forsendur en gerir það alls ekki. Forsendur þess eru marklausar.

Ríkisstjórnin undirbýr mál sitt illa og keyrir áfram vanhugsaðar ráðagerðir með offorsi. Hún skiptir daglega um skoðun og ætlast til að þingmenn hlaupi í hring á eftir sér. Hún lætur þingið starfa nótt og dag til að afgreiða fjárlög sem byggjast á pennastrikum út í loft.

Um langan aldur hefur engin ríkisstjórn farið um með slíkum rassaköstum og ruglingi, ofbeldi og undirbúningsleysi og sú sem nú niðurlægir þing og þjóð."

Tilvitnun lýkur, virðulegi forseti, í þennan leiðara DV sem ber heitið Makalaus fjárlög. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á að í leiðurum þessa blaðs var ríkisstjórninni fagnað á síðasta sumri. Í helgargreinum þessa blaðs var ríkisstjórnin lofsungin á sl. sumri og hausti. Þetta er eitt af þeim blöðum í landinu sem sagði þjóðinni í sumar og haust að miklar vonir væru bundnar við þessa ríkisstjórn.

Sá dómur sem þarna er kveðinn upp er því miður, hæstv. fjmrh., sá dómur sem nú breiðist út um þjóðfélagið allt. Það hefur enginn trú á því, og kannski ekki hæstv. ríkisstjórn heldur, að þetta fjárlagafrv. sé undirstaða eins eða neins. Þar með er efnahagsstefnan í landinu komin út og suður. Það var alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. í haust að trúverðugleiki fjárlagafrv. var forsendan fyrir stöðugleika í efnahagsmálum, forsendan fyrir vaxtalækkun og forsendan fyrir skynsamlegum kjarasamningum. Þegar þessi trúverðugleiki hefur verið brotinn í sundur, tættur í spað af stjórnarliðunum sjálfum á síðustu vikum, þá er ekkert eftir. Ég get

sagt hæstv. fjmrh. það að í orðræðum stjórnarliða hér á göngum Alþingis í dag er rætt um það að ríkisstjórnin þurfi að koma með ný fjárlög inn í þingið strax í marsmánuði ef hún á að halda andliti sínu og ekki missa efnahagsstjórnina gjörsamlega úr böndunum.

Virðulegi forseti. Í raun og veru þarf ekki að segja mikið meira. Þessi niðurstaða liggur fyrir. Hæstv. ríkisstjórn getur auðvitað knúið á um það að hér fari fram í þingsalnum fyrir jól atkvæðagreiðsla um þetta frv. Það er með hefðbundnum hætti. Það er ekki sú atkvæðagreiðsla sem ræður því hvort frv. er hornsteinn skynsamlegrar efnahagsstefnu. Það er raunveruleikinn sem ræður því. Sá raunveruleiki er ekki bakhjarl þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég hef kosið að flytja hér tvær litlar brtt. við þetta frv. Ég hafði ekki hugsað mér að ganga í sveit þeirra þingmanna sem flytja mikið af brtt. við fjárlagafrv. En það var hins vegar í tveimur efnum sem ég gat ekki á mér setið að flytja hér inn í þingsalinn brtt. vegna þess að mér finnst sú hugsun sem liggur að baki afgreiðslu fjárln. og ríkisstjórnarliðsins vera svo hróplega röng og ósanngjörn.

Það fyrra snertir framlag til Neytendasamtakanna. Ef við trúum á þá kenningu að samkeppni á markaði vöru og þjónustu sé góð fyrir stöðugleika í efnahagslífi, fyrir heilbrigt efnahagsástand, þá er líka nauðsynlegt að byggja trúnaðartraust neytenda gagnvart markaðnum. Það gerist með þrennum hætti, reynslu neytandans sjálfs, með starfi skipulegra samtaka og með starfsemi opinberra aðila. Framlögin til hinna opinberu aðila eru líka skorin niður. En það hróplega gerist að í fjárlagafrv. var ákveðið að skera hina litlu upphæð, 5 millj. kr. til Neytendasamtakanna, niður í 1,5 millj. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt hvers vegna menn ganga úr götu sinni til slíkra verka. Fjárln. sér að vísu að þetta er óhæfa og leggur til að framlagið sé hækkað um 1 millj. Ég er hér að leggja til, ásamt hv. þm. Steingrími Hermannssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að Alþingi ákveði að Neytendasamtökin fái sömu upphæð á næsta ári og þau höfðu í ár. Það er raunlækkun, hæstv. fjmrh., þannig að Neytendasamtökin taka þátt í því að skerða sinn hlut. En ég sé ekki samhengið í því að Neytendasamtökin séu sá aðili í þessu fjárlagafrv. sem líklegast er einna mest skorinn niður. Ég hef ekki hér í þingsölum heyrt nein rök fyrir því.

Ég vil því biðja í fullri vinsemd hæstv. fjmrh. að hugleiða það og ræða það við hæstv. viðskrh. hvort þeir vilja ekki sjá sóma sinn í því að annaðhvort beita sér fyrir því sjálfir, og þá drögum við þessa brtt. að sjálfsögðu til baka, eða þá að styðja þessa tillögu þannig að þingið lýsi þeirri afstöðu sinni til frjálsrar starfsemi Neytendasamtakanna að hún fái óbreyttar þær litlu 5 millj. sem samtökin hafa fengið á undanförnum árum.

Í öðru lagi hef ég ásamt Steingrími J. Sigfússyni flutt þá tillögu að framlagið til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði hækkað um tæpar 40 millj. Framlag Íslands til málefna hinna fátæku ríkja suðursins hefur lengi verið hneyksli. Við leituðumst við í síðustu ríkisstjórn að hækka það á ýmsum liðum smátt og smátt. Ég hef orðið var við að menn hafa tekið eftir því erlendis, í alþjóðlegum stofnunum, að slíkt gerðist. Menn vita þar af því að framlag Íslands hefur verið lítið og ómerkilegt í ljósi þess að okkar hlutur í daglegu lífi er með því besta sem tíðkast í veröldinni. Mér finnst að þegar kreppir að hjá okkur eigum við ekki að láta það koma niður á því hróplega litla framlagi sem við leggjum til fátækra ríkja þar sem tugþúsundir barna deyja á hverjum sólarhring vegna þess að þau hafa ekki hreint vatn og fá ekki einfaldasta bóluefni sem við teljum sjálfsagðan hlut. Ég vil þess vegna biðja ríkisstjórnarmeirihlutann að hugleiða í alvöru hvort ekki er rétt að sýna það siðferðilega merki að fara ekki að lækka framlagið til Þróunarstofnunarinnar þrátt fyrir erfiðleikana hjá okkur sjálfum.

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan óska eftir því að formaður fjárln. yrði viðstaddur það sem ég ætla næst að víkja að. Formaður fjárln. vék að því í sinni ræðu að í tíð þáv. landbrh. hefði verið staðið að kaupum á fasteignum á ríkisjörð með þeim hætti að óeðlilegt væri og lýsti því yfir að það væri hans persónulega skoðun að slíkt væri lögbrot. Það eru ansi stór orð, virðulegi forseti, að form. fjárln. lýsi slíku yfir í ræðustóli á Alþingi. Nú vill svo til að mér hefur borist í hendur minnisblað sem sent hefur verið til landbrh. vegna fyrirspurnar um fordæmi slíkra gerninga á vettvangi Stjórnarráðs Íslands. Þar kemur fram að fjölmörg fordæmi eru fyrir því að slíkt hefur verið gert. Það er athyglisvert að Ríkisendurskoðun hefur aldrei gert neina athugasemd við slíkt.

Ég vil nefna sem dæmi að árið 1986 voru fjárhús og hlaða keypt á jörðinni Stóraheiði í Vestur-Skaftafellssýslu. Ég vil nefna að árið 1987 voru íbúðarhús og hesthús keypt á Aðalbóli í Suður-Þingeyjarsýslu. Ég vil nefna að árið 1988 voru fjárhús, hlaða og aðrar byggingar keypt á Hraunsmúla í Snæfellssýslu. Og ég vil nefna að árið 1988 var hlaða keypt á Neðri-Þverá í Vestur-Húnavatnssýslu og fleiri dæmi mætti nefna. Öll þessi dæmi eru frá þeim árum þegar annar maður gegndi embætti landbrh.

Ég vil einnig geta þess, virðulegi forseti, að margt bendir til þess að í landbúnaðarráðherratíð hv. þm. Pálma Jónssonar hafi einnig verið staðið að kaupum með þessum hætti. Samt sem áður á núv. þingmaður Pálmi Jónsson sæti í fjárln. þar sem menn eru að fjalla um málin með þessum hætti. 1987 voru slík kaup gerð varðandi jörð á Vestfjörðum. Það er þess vegna alveg ljóst að ef litið er til reynslunnar og sögunnar eru fjölmörg dæmi þess að að kaupum á húseignum á ríkisjörðum hafi verið staðið með þessum hætti. Það er auðvitað mjög vont að hv. formaður fjárln. skuli ekki sjá sér fært að vera í þingsalnum og hlýða á staðreyndir máls í þessum efnum. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að hann hefur gert ráðstafanir til að hv. þm. Karl Steinar Guðnason verði hér í þingsalnum.) Enn fremur er rétt að það komi fram, og ég vil nefna það vegna þess að á sínum tíma gegndi ég embætti fjmrh., að slík kaup voru hluti af heildarráðstöfunum vegna

loðdýraræktar í landinu. Það fór hér fram gífurleg umræða á þinginu og í ríkisstjórn á þeim tíma hvernig ætti að bregðast við til aðstoðar í þeim erfiðleikum sem ríktu í málefnum loðdýrabænda. Ég vil einnig nefna að Jarðasjóður er sjóður með sjálfstæðan fjárhag í vörslu landbrn. og hefur ákveðna fjárveitingu. Í öllum tilvikum hefur verið reynt að tryggja að sjóðurinn réði við þær skuldbindingar sem hann tæki á sig innan ramma þeirra fjárveitinga sem hann fær í sinn hlut. Ég tel einnig rétt að geta þess að það liggur fyrir frá Stofnlánadeild landbúnaðarins í bréfum, sem send voru í janúarmánuði árið 1991, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hvetur eindregið til þess að til slíkra aðgerða verði gripið. Þar er lagt til sem fyrsti liður í formlegu bréfi frá Stofnlánadeild landbúnaðarins til landbrh. að ríkissjóður kaupi loðdýramannvirki á ríkisjörðum án þess jafnvel að um ábúðarslit sé að ræða. Þessi skoðun er síðan ítrekuð í bréfi frá Stofnlánadeild landbúnaðarins 4. mars 1991 þar sem fram kemur að stjórn deildarinnar lítur svo á að ríkið muni tryggja greiðslur á áhvílandi lánum við Stofnlánadeildina annaðhvort með kaupum á loðdýramannvirkjum og yfirtöku lána eða á annan hátt, eins og kemur fram í bréfi landbrn., svo ég vitni orðrétt í bréfið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins 4. mars 1991.

Þannig gæti ég, virðulegur forseti, rakið fjölmörg gögn í þessu máli bæði frá landbúnaðarráðherratíð hv. þm. Jóns Helgasonar og einnig frá landbúnaðarráðherratíð hv. þm. Pálma Jónssonar. Aldrei fyrr hefur ástæða verið talin til að gera við það athugasemd hvað þá heldur að formaður fjárln. gengi svo langt að lýsa þeirri persónulegu skoðun sinni að hann teldi slíkt vera lögbrot. Ég tel þá skoðun ekki rétta, ekki byggða á raunhæfum gögnum og alls ekki á þeirri athugun sem óhjákvæmilegt hefði verið fyrir fjárln. að framkvæma ef hún ætlaði að fella dóm af þessu tagi.

Ég vil fagna því að hv. þm. Karl Steinar Guðnason er kominn hér í salinn. Ég ætla hins vegar ekki að eyða tíma þingsins með því að endurtaka allt sem ég sagði. En ég vil hins vegar í viðurvist hv. þm. rekja í örstuttu máli það sem ég hef hér lýst mjög ítarlega. Ég harmaði það að hv. þm. skyldi ganga svo langt að nota embætti sitt sem formaður fjárln. til að lýsa yfir lögbroti í tengslum við ákveðið embættisverk fráfarandi landbrh. Ég rakti það að ég hef hér í höndum minnisblað *til núv. landbrh. frá landbrn. þar sem rakin eru* fjölmörg dæmi þess frá liðnum árum, frá árunum 1986, 1987 og 1988 að fasteignir hafi verið keyptar á jörðum með nákvæmlega sama hætti. Ég rakti einnig, hv. þm., að í landbúnaðarráðherratíð Pálma Jónssonar, sem situr í fjárln., hefðu fasteignir á jörðum verið keyptar með sama hætti og ábúandinn þó jafnframt fengið að búa áfram á jörðinni. Og ég rakti einnig, hv. þm., ítarlega bréf frá Stofnlánadeild landbúnaðarins þar sem *fram koma eindregnar óskir stjórnar Stofnlánadeildar*innar um að málin séu framkvæmd með þessum hætti. Það er þess vegna alveg ljóst að innan íslenska stjórnkerfisins er víðtækur og langvarandi praxís að fara með mál með þessum hætti. Ef það væri skoðun einhverra manna í fjárln. að nú allt í einu skuli slíkt teljast lögbrot þá hefði verið rétt að gera það með þeim hætti að fara yfir alla söguna frá liðnum árum. Fara yfir allan málflutning og bréfaskriftir og óskir opinberra stofnana eins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins en taka ekki eitt dæmi út úr og gera það sérstætt.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera þetta að meira umfjöllunarefni. Út af fyrir sig gat formaður fjárln. vakið athygli á að æskilegt væri að gera þessi mál með öðrum hætti, það var allt annað, en eins og sagt var í mínu ungdæmi: það er stórt orð Hákot og að kveða upp úr með að slíkt sé lögbrot er auðvitað sérkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að við förum nú ekki með dómsvaldið hér á Alþingi hvorki í fjárln. né í ræðustóli í þessum sal. Með allri virðingu fyrir ríkislögmanni þá fer hann ekki með dómsvaldið heldur. Hann hefur stundum haft rangt fyrir sér og það þekki ég vel. Þannig að hann er heldur ekki neinn „hæstiréttur" í þessu máli sá ágæti maður. Jafnvel þótt ríkislögmaður hafi komist að einhverri niðurstöðu þá lærði ég það fljótt í fjmrn. að það er ekki mikill sannleikur í því. Hann t.d. sagði við mig og fyrirrennara minn að ríkið mundi örugglega vinna ákveðið viðkvæmt mál í undirrétti. Það reyndist vera alrangt mat, ríkið tapaði málinu. Þannig að ríkislögmaður reyndist í þeim efnum hafa rangt fyrir sér. Oft hefur hann hins vegar rétt fyrir sér en það er bara engin sönnun hvort um lögbrot sé að ræða eða ekki þótt ríkislögmaður hafi skilað einhverju bréfi um tiltekið efni. Og við megum alls ekki fara að halda þannig á málum, ágæti þingmaður Karl Steinar Guðnason, að þótt einhver lögfræðingur í Stjórnarráðinu úrskurði eitthvað lögbrot þá sé það þar með orðið lögbrot. Það eru sérstakar stofnanir í okkar lýðræðisríki sem ákveða það hvað er lögbrot og hvað ekki. Við megum ekki víkja út frá þeim grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar í ræðustól hér á Alþingi, sérstaklega ekki þegar menn eru að mæla *fyrir málum fyrir hönd fjárln. Alþingis.*

Virðulegi forseti. Ég hefði ætlað mér að gera kannski nokkuð mál úr því að í 56. tölul. brtt. 302, frá meiri hluta fjárln., lið 6.22, er lagt til að ráðherrum sé veitt einstakt ráðstöfunarvald yfir fjármunum íslenska ríkisins. Þar er í fyrsta sinni farið inn á þá braut að ráðherrar fá sjálfdæmi um að ráðstafa hundruðum milljóna í launa- og rekstrarkostnað innan sinna ráðuneyta. Það er alveg sama þó þar standi „í samráði við *fjárlaganefnd" vegna þess að það liggur ekkert fyrir* um það samráð. Og við skulum alveg vera viss um að meðhöndlun þeirra mála verður ekki með þeim hætti að hvert og eitt tilvik verði borið upp formlega í fjárln. nema formaður fjárln. ætli að fara að lýsa því yfir hér að hvert og eitt tilvik þess hvernig þessum fjármunum verður ráðstafað verði borið upp í fjárln. og jafnvel þótt svo væri þá er fjárln. ekki fjárveitingavald. Ég veit að sumir fjárlaganefndarmenn tala stundum eins og *fjárln. sé fjárveitingavaldið en það er ekki þannig*, það er Alþingi Íslendinga sem er fjárveitingavaldið.

Ég gagnrýndi þetta mjög harðlega hér við 2. umr. Ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu hér en ég vil bara segja að ég tel þetta stór og alvarleg mistök, mjög alvarleg mistök. Hér sé farið inn á hættulegar brautir og

rangar brautir. Það kemur mér á óvart að það er gert af mönnum sem ég hélt að væru samherjar mínir í því að koma á nýrri skipan, nútímalegri skipan í ríkisfjármálum á Íslandi. Þetta er afturhvarf til fortíðar. Það er kannski of vægt til orða tekið að segja afturhvarf til fortíðar. Vegna þess að í fortíðinni er ekki heldur hægt að finna neitt dæmi um slíkt sjálfsákvörðunarvald ráðherra til ráðstöfunar á fjármunum. Ég vona að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi muni læra þá lexíu af þessari ráðstöfun að þetta verði aldrei gert aftur. Ég vona að menn fari ekki, með því að samþykkja þessa tillögur, inn á þá braut að í næstu fjárlögum fái ráðherra sjálfdæmi um mörghundruð millj. kr. í sínum ráðuneytum. Þetta er röng stefna. Þetta er hættuleg stefna. Það liggur við að ég segi: Þetta er siðlaus stefna í nútíma lýðræðisríki. Því það verður ekkert eftirlit með því hvernig ráðherrann fer með þessa peninga, hann ræður því einn. Hann getur kúgað stofnanir, hann getur beitt valdi, hann getur farið að refsa stofnunum og fjölmargt annað sem er ekki í samræmi við nútímalýðræði.

Virðulegi forseti. Þessi fjárlög verða ekki hornsteinn stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Þessi fjárlög verða ekki grundvöllur lækkunar raunvaxta á næsta ári. Þessi fjárlög verða ekki grundvöllur að nýjum kjarasamningum. Þessi fjárlög eru ekki nýtt skref til endurbóta í ríkisfjármálum íslenska lýðveldisins, því miður. Þetta eru fjárlög sem fela í sér áframhaldandi háa raunvexti. Þetta eru fjárlög sem fela í sér óstöðugleika í hagstjórn. Þetta eru fjárlög sem fela í sér óróleika á vinnumarkaði. Þetta eru fjárlög sem fela í sér brot á mörgum þeim eðlilegu grundvallarreglum nútímaríkisfjármála sem ég hafði haldið að menn meintu eitthvað með þegar menn sögðu hér á Alþingi á liðnu kjörtímabili að við ættum öll að sameinast um að halda í heiðri. Því miður er það þannig að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi er með þessu fjárlagafrv. að brjóta flest öll þau grundvallarmarkmið sem hann setti sér í upphafi.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í nokkrum orðum segja það í framhaldi af ásökunum síðasta ræðumanns að ég hef vísað í minnisblað ríkislögmanns um það hvað hann telur vera rétt í sambandi við kaup á jörðinni Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu en þar kemur fram að þessi gjörningur er talinn algjörlega ólöglegur. Ég hef einnig sagt að það skiptir ekki máli hver fordæmin eru ef menn gera rangt. Ef menn gera rangt þá hlýtur það að vera rangt, ef það er ólöglegt þá er það ólöglegt og þá á að taka á því sem slíku. Það að gera oft rangt skapar ekki heiður og gerir ekki hlutinn réttan og á því byggi ég mína skoðun. Þess vegna hefði verið eðlilegast að þetta mál færi fyrir dómstólana, það væri eðlilegast, og að ráðherrar fari ekki að taka sér vald til fjárveitinga þegar engar heimildir liggja fyrir. Eitt er víst að mér er tjáð að lausafé jarða eða húsa hefur ekki áður verið keypt með þessum hætti.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun hér með afhenda hv. 6. þm. Reykn. minnisblað sem ég hef í höndunum, sem ég fékk með eftirgangsmunum hjá landbrn. og þar eru upp talin slík kaup sem fram hafa farið á sl. árum. Ég vona að það verði til ...(**Gripið fram í:** Má ég biðja þig um að lesa það.) Það er óskað eftir að ég lesi það og það skal gert, með leyfi hæstv. forseta: „Landbúnaðarráðuneyti 20. desember 1991" — þ.e. í dag. „Minnisblað til landbrh. frá Jóni Höskuldssyni deildarstjóra. Vegna fyrirspurnar Guðrúnar Helgadóttur alþingismanns til mín í morgun, símleiðis, hef ég tekið saman neðangreint yfirlit yfir kaup (innlausn) á mannvirkjum ábúenda ríkisjarða án ábúðarloka viðkomandi ábúenda, önnur tilvik en Kirkjuferja, Kirkjuferjuhjáleiga. Kaup þessi hafa verið gerð til að forða frekari útgjöldum ríkissjóðs vegna yfirvofandi ábúðarloka viðkomandi aðila eða jarðeignadeild hefur gripið inn í vegna yfirvofandi nauðungarsölu jarðar og þannig verið komið í veg fyrir að ríkissjóður tapaði jörð við sölu á nauðungaruppboði. Ég vil ekki fortaka að til séu eldri tilvik en frá árinu 1986 þar sem naumur tími hefur gefist til að leita sem skyldi."

Síðan kemur þessi upptalning frá árunum 1986–1990. Þar eru:

„Stóraheiði í Vestur-Skaftafellssýslu, fjárhús, hlaða.

Aðalból, Suður-Þingeyjarsýslu, íbúðarhús, hesthús.

Hraunsmúli, Snæfellsnessýslu, fjárhús, hlaða, vélageymsla, íbúðarhús.

Neðriþverá, Vestur-Húnavatnssýslu, hlaða.

Setberg, Snæfellsnessýslu, flatgryfja.

Kálfholt, Rangárvallasýslu, loðdýrahús o.fl.

Norðurhlíð, Suður-Þingeyjarsýslu, íbúðarhús, loðdýrahús, fjós, haughús, hlaða, fjárhús, ræktun."

Þessu hefur þá hér með verið komið á framfæri. Ég harma að þetta skuli hafa þurft að lesast upp hér á hinu háa Alþingi. Það hafði ég ekki hugsað mér að gera þar sem hér er e.t.v. um viðkvæma hluti að ræða fyrir þá sem áttu í örðugleikum en það verður auðvitað ekki þolað að hv. form. fjárln. Alþingis beri einum fyrrv. ráðherra á brýn að hafa haft lögbrot í frammi í ráðherratíð sinni.

Frsm. meiri hluta fjárln. (Karl Steinar Guðnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það veldur mér afar miklum vonbrigðum ef hv. 14. þm. Reykv. skuli telja ástæðu til að ætla að þó eitthvað hafi verið gert rangt áður að sé það gert aftur þá sé það orðið rétt. Það er siðferði sem mér finnst fyrir neðan allar hellur. Við stöndum frammi fyrir þessu máli núna og ósk um þessa heimild núna og það er alveg ljóst samkvæmt minnisblaði ríkislögmanns að hann telur þetta mjög vafasamt. Hann telur þetta vera fjarri lögum og það er það sem ég hef verið að koma á framfæri hér og vekja athygli á. Það er kjarni málsins ekki það hvort einhverjir aðrir hafi gert rangt áður.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Orð formanns fjárln. hafa venjulega haft sérstakt gildi hér á Alþingi, sérstaklega þegar hann er í ræðu að mæla fyrir áliti nefndarinnar. Í öðru lagi vil ég nefna það, eins og ég sagði hér áðan, að jafnvel þótt ríkislögmaður hafi látið einhverja skoðun í ljós, þá er það ekki úrskurður dómsaðila. Þess vegna er mjög hæpið að einstakur þingmaður, sem gegnir ábyrgðarstöðu af því tagi sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerir, sé að lýsa því sem persónulegri skoðun sinni, jafnvel þótt hann hafi þá persónulegu skoðun að hér sé um lögbrot að ræða. Í þriðja lagi nefndi hann lausafjármuni og ekki væru fordæmi fyrir því. Það sem hann á sjálfsagt við eru búrin í húsunum og annað sem tilheyrir umönnun dýranna. Í þeim tilvikum sem hér voru rakin frá fyrri árum þegar keypt voru fjós og fjárhús voru auðvitað keyptir básarnir og keðjurnar og annað sem tilheyrði skepnunum og annað sem tilheyrði því að hirða um kindurnar í fjárhúsunum, það voru ekki bara veggirnir og gólfin og þakið sem voru keypt þannig að það var með nákvæmlega sama hætti keypt það sem tilheyrði umönnun dýranna. Enginn munur er á því. Þingmaðurinn getur kallað básana í fjósunum og grindurnar í fjárhúsunum lausafjármuni ef hann vill eins og búrin eru hjá loðdýrabændum. En það er jafnríkur þáttur í skepnuhaldinu og starfsemi húsnæðisins eins og þessi ræðustóll er hluti af húsmunum Alþingis.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forsti. Við áttum orðastað um þetta í nótt ég og hv. formaður fjárln. og ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég þá sagði. En ég er þakklátur fyrir þær upplýsingar sem hafa verið reiddar fram af einum nefndarmanna í fjárln., hv. 8. þm. Reykn. og fyrrv. fjmrh., og ég held að þær rökstyðji enn frekar en mér tókst í nótt þær nýju upplýsingar um það mál sem ég hér flutti. Ég tel að nú sé svo komið að það sé hv. formaður fjárln. sem þurfi að íhuga sín stóru orð úr þessum ræðustóli. Að mínu mati þarf hv. formaður fjárln. að íhuga stöðu sína. Hann er ekki háyfirdómari, það heitir á latneskri tungu judex optimus maximus. Virðulegur er formaður fjárln. að sjálfsögðu en hann er ekki judex optimus maximus.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup á björgunarþyrlu, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 150. mál. — Þskj. 161.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 161, sem er 150. mál þingsins og er frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson og Matthías Bjarnason.

Í 1. gr. frv. segir eftirfarandi: „Ríkisstjórnin skal á árinu 1992 gera samning við framleiðendur eða seljendur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Í 2. gr. segir: „Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1992 að fjárhæð allt að 150 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt."

3. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. segir: „Frv. þetta er efnislega samhljóða ályktun sem Alþingi samþykkti sl. vor. Í 2. gr. er lánsfjárheimild fyrir fjármálaráðherra vegna málsins. Frumvarpið er flutt til þess að herða á því að vilji Alþingis í þessu máli nái fram að ganga.

Flm. telja að löng og ítarleg greinargerð með frv. sé óþörf. Þingheimi og landsmönnum öllum á að vera ljóst hversu brýnt er að þjóðin eignist sem fullkomnasta björgunarþyrlu eins fljótt og kostur er á. Málið þolir enga bið. Flm. vona að Alþingi beri gæfu til að veita þessu frv. samþykki sem allra fyrst þannig að það geti orðið að lögum fyrir næstu áramót."

Héðan af getur frv. auðvitað ekki orðið að lögum fyrir næstu áramót en ég vona að hv. allshn., sem fær málið til umfjöllunar, vinni vel og hratt að málinu og skili því sem allra fyrst inn í þingið þannig að lokaafgreiðsla geti orðið með sem skjótustum hætti.

Ég mun geyma mér alla frekari umræðu um málið til 2. umr. í ljósi þess samkomulags sem hefur verið gert. Ég vil í því sambandi þakka hæstv. forseta fyrir að heimila framsögu með málinu og að því verði vísað til nefndar. Einnig vil ég þakka hv. stjórnarandstöðu fyrir að greiða fyrir framgangi mála á þingi með því að taka þátt í því samkomulagi sem gert var að ekki yrði umræða um þetta frv. Ég veit að þeir í stjórnarandstöðu hafa margt um þetta mál að segja alveg eins og ég en við munum geyma okkur það til 2. umr.

Hæstv. forseti. Að lokinni 1. umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GB*) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, GuðjG, GAK, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JHelg, JVK, KSG, MF, RA, SigG, StH, SJS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.fl.). — Þskj. 236, nál. 350 og 352, brtt. 351.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Með leyfi virðulegs forseta mun ég gera grein fyrir því áliti.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna Indriða H. Þorláksson og Bolla Þór Bollason frá fjármálaráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Þórarin V. Þórarinsson, Hannes G. Sigurðsson, Þórð Magnússon og Ólaf Nilsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jóhann Þorvarðarson frá Verslunarráði Íslands, Árna Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga, Ögmund Jónasson, Björn Arnórsson og Garðar Hilmarsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Pál Halldórsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Ásmund Stefánsson, Láru V. Júlíusdóttur og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Benedikt Valsson og Ragnar Hermannsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Rúnar B. Jóhannsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Sigfús Bjarnason frá Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Gunnar Jóhannsson og Ólaf H. Ólafsson frá ríkisskattanefnd, Ólaf Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Unni Halldórsdóttur frá Samtökum foreldra og kennara, Hörð Svavarsson frá Foreldrasamtökunum, Gunnar Helga Hálfdánarson frá Landsbréfum, Sigurð B. Stefánsson frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka og Eirík Guðnason frá Verðbréfaþingi Íslands. Bárust nefndinni margvísleg gögn frá þessum aðilum varðandi málið.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar sem meiri hlutinn gerir tillögur um eru eftirfarandi:

1. Breytingin á 2. gr. felur í sér að horfið er frá því að fella brott 27. gr. laganna sem felur í sér heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar þegar greitt er með skuldaviðurkenningu. Með breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar er lagt til að ákvæði 27. gr laganna verði látin standa með þeim breytingum að sá söluhagnaður, sem skattgreiðslu er frestað af, taki verðbreytingum samkvæmt almennum reglum laganna og að við sölu skuldaviðurkenningar, á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði, falli niður heimildin til að fresta skattlagningu söluhagnaðar.

Sú grein, sem samkvæmt frumvarpinu átti að verða 27. gr. laganna og fjallar um samvinnuhlutabréf, verður skv. 6. tölul. breytingartillagnanna ný grein í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 124. gr.

2. Breytingin á 6. gr. frumvarpsins felur í sér að samræming skattalegrar meðferðar samvinnufélaga og hlutafélaga verði nokkru meiri en frumvarpið gerði ráð fyrir með því að heimila flutning skattalegra réttinda og skyldna við sameiningu félaga með þessi mismunandi félagsform. Ekki er ástæða til að gera greinarmun á reglum um þetta efni eftir því hvort hlutafélag sameinast öðru hlutafélagi eða samvinnufélagi.

3. Breytingin á 7. gr. felur í sér nokkra rýmkun á þeim skilyrðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði fyrir yfirfærslu taps við sameiningu félaga.

4. Breytingin á 9. gr. varðar sjómannaafslátt. Í fyrsta lagi er bætt í upptalningu skipa, sem falla undir ákvæði greinarinnar, sanddæluskipum, og er þar átt við þau skip sem notuð eru til efnistöku á sjó en ekki t.d. dýpkunarpramma sem notaðir eru innan hafna. Í öðru lagi er breytt skilgreiningu á þeim dögum sem veita afslátt. Í stað þess að miða við daga á sjó er nú miðað við þá daga sem skylt er að lögskrá áhöfn á skip og stærri báta. Sjómaður, sem skráður er í a.m.k. 260 daga á ári, fær reiknaðan afslátt fyrir allt árið, en að öðrum kosti hlutfallslega. Úthaldstímabil sjómanna á minni bátum miðast við almenna vinnudaga. Ef sjómaður á þeim bátum hefur minna en 30% tekna sinna af sjósókn á hann ekki rétt á skattaafslætti.

5. Breytingin á 15. og 16. gr. felur í sér að ákvæði er varða ríkisskattanefnd eru felld brott úr frumvarpinu. Nefndin var sammála um að breyting á skipan og starfsháttum ríkisskattanefndar þurfi rækilegrar skoðunar við sem ekki var unnt að framkvæma samhliða afgreiðslu þessa frumvarps. Nefndin er einnig sammála um nauðsyn þess að taka til endurskoðunar ákvæði um ríkisskattanefnd á vorþinginu.

6. Lagt er til að á eftir 17. gr. komi ný grein. Hér er um að ræða breytingu á númeri greinar sem flyst til í frumvarpinu, sbr. 1. tölul. hér að framan.

7. Breytingin á 18. gr. felur í sér að gerð er tillaga um sérstakt gildistökuákvæði sem frestar gildistöku og framkvæmd ákvæðis b-liðar 4. gr. frumvarpsins um að útborgun arðs verði ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Ákvæðið er, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, tengt fyrirhuguðum breytingum á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga, þar á meðal þeirri að fjármagnstekjur verði skattskyldar. Talið er rétt að lögfesta nú ákvæði frumvarpsins um að útborgun arðs verði ekki frádráttarbær þar sem það eitt og sér er íþyngjandi og kynni að verða talið afturvirkt verði það lögfest um leið og aðrar áformaðar lagabreytingar sem tengjast þessari. Þær eru hins vegar ívilnandi að mestu og geta því dregist nokkuð án hættu á gagnrýni um afturvirkni því þörf er frekari undirbúnings. Lögð er áhersla á að tryggja samræmi í tímasetningu þeirrar breytingar sem lögin kveða á um og þeirrar löggjafar sem síðar kemur, þ.e. skattlagningar fjármagnstekna, og að komið verði í veg fyrir tvísköttun arðs. Auk þess að setja slíka tryggingu er breytingin ásamt upphaflegu ákvæði til þess fallin að eyða

óvissu sem gæti reynst skaðleg í atvinnulífinu.

8. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að a-liður 4. gr., sem takmarkar þann tíma sem unnt er að geyma uppsafnað tap, verður ekki til þess að áhrif ákvæðisins verði afturvirk.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Ingi Björn Albertsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er fjallað um um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, er að okkar dómi í minni hluta efh.- og viðskn. illa undirbúið. Það hefur komið í ljós að ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um málið. Í reynd hygg ég að hæstv. fjmrh. geti staðfest að þetta mál er með þeim hætti að það er nánast ekki umfjöllunarhæft á Alþingi.

Það er ámælisvert í svo mikilvægu máli eins og frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt að menn skuli vera að huga að breytingum á frv. alveg fram á síðustu mínútu.

Við 1. umr. þessa máls héldum við, sem skipum minni hluta nefndarinnar, því fram að þetta frv. væri meingallað. Við notuðum ekki mjög sterk orð þegar við lýstum því yfir en það kom hins vegar í ljós þegar kallað var á hina ýmsu aðila þjóðfélagins að þeir notuðu miklu sterkari orð en við til að tjá skoðanir sínar. Það segir sína sögu. Við höfum orðið vör við það hér á Alþingi að það hefur lítið verið hlustað á minni hluta Alþingis a.m.k. fram að þessu. Við hljótum því að gera okkar besta til að kalla fram viðbrögð við vanhugsuðum ráðstöfunum. Það höfum við gert í þessu máli og gert okkar besta til þess. Það hefur orðið til þess að meiri hluti Alþingis hefur tekið rökum í nokkrum atriðum en þó alls ekki öllum.

Ég vil taka það fram að meiri hluti nefndarinnar hefur gert ýmsar breytingar á frv. sem eru til bóta. Og ég vil jafnframt taka það fram að meiri hluti nefndarinnar hefur ekki verið öfundsverður af því hlutskipti að fá þetta frv. í sínar hendur. Ég ætla ekki að saka meiri hluta nefndarinnar um það en sá ráðherra sem ábyrgð ber á málinu, og ég vildi nú gjarnan að hlustaði á mál mitt þó mér sé það ljóst að hann þarf að nýta tímann til að laga það sem hægt er að laga á þeim tiltölulega stutta tíma sem eftir er þings, hlýtur að bera á því ábyrgð. Það er afar merkilegt í reynd að fulltrúar atvinnulífs á Íslandi skuli þurfa að láta sér detta það í hug að það sé nánast verið að lögfesta í einu tilteknu atriði fjandskap við atvinnulífið. Ég segi fyrir mig að ég vil ekki trúa því að hv. þm. stjórnarflokkanna beri slíkan hug í brjósti. En svo virðist vera að einhverjir innan þeirra raða hafi það afl að þeir geti knúið fram slíka hluti án nokkurs tilgangs. Það er það sem er alvarlegast. Og ef það þarf til til að halda saman ríkisstjórn að lögfesta lagaákvæði sem engu máli skiptir, tilefnislaus ákvæði, þá getur slíkt ríkisstjórnarsamstarf ekki verið mikils virði. Það er e.t.v. það merkilega við það ákvæði sem ég hef hér í huga að það stendur til að lögfesta það í nótt og ég lít svo á að þar með sé verið að lögfesta að ríkisstjórnarsamstarfið standi ekki á mjög heilbrigðum grundvelli.

Í þessu frv. er fjallað um ýmis atriði. Við í minni hlutanum gerum grein fyrir atriðunum í nál. á þskj. 352 og ég skal reyna að hafa ekki um það mjög langt mál.

Ég vil í fyrsta lagi nefna eftirstöðvar rekstrartapa. Sú krafa er sett upp að ekki megi yfirfæra rekstrartap í lengri tíma en fimm ár. Þar er um skerðingu að ræða, þar er um afturvirkni að ræða. Við teljum að þetta mál sé alls ekki nægilega undirbúið og það þarfnist betri lögfræðilegs undirbúnings sérstaklega vegna afturvirkni. Hæstv. fjmrh. tjáði mér það fyrir stundu að hann hygðist beita sér fyrir því að brtt. yrði flutt vegna þessa ákvæðis sem mér finnst sjálfsagt að hæstv. fjmrh. geri eða meiri hluti nefndarinnar, þar sem lagt er til að fyrirtækin fái val í fyrningu, ef ég ef skilið hæstv. fjmrh. rétt. Það má segja að sú tillaga mildi þetta mál þótt ég telji að mun betra sé að fella niður þetta fimm ára ákvæði. Val í afskriftum er ekki góð reikningsskilaregla og það hefur verið tilhneiging til þess að nota ávallt skattalegar reglur í reikningsskilum hér á landi. Í sjálfu sér er ekkert sem segir það og því skal það viðurkennt að þessi brtt. hæstv. fjmrh. er til bóta.

Í þriðja lagi gerum við grein fyrir afstöðu okkar til sjómannaafsláttar. Ég gerði ítarlega grein fyrir skoðunum mínum um ákvæði frv. við 1. umr. málsins. Þar komu fram í grg. furðuleg sjónarmið og hugur til þessara ákvæða sem eiga sér langa sögu í íslenskri skattalöggjöf. Meiri hluti nefndarinnar leggur fram breytingu á þessu ákvæði sem virðist vera samin að mestu leyti í bakherbergjum hér á Alþingi en nefndin, a.m.k. nefndin í heild sinni, kom lítið að því verki en kallaði að sjálfsögðu fyrir sig fulltrúa sjómanna út af þessu máli. Minni hluti nefndarinnar er andvígur því að rýra kjör sjómannastéttarinnar sérstaklega við þessar aðstæður. Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja það. Afli hefur dregist mikið saman og því munu kjör þessarar stéttar rýrna umfram aðrar. Og það er ekkert tilefni til þess að rýra kjör sjómanna sérstaklega með þessum hætti og því mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn brtt. meiri hlutans.

Hæstv. fjmrh. hefur tjáð mér að það standi til að flytja enn eina brtt. í þessu sambandi. Það er vissulega til bóta ef það er til lagfæringar á því sem fyrir er. En ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði með þeirri breytingu því það er engin leið að gera sér grein fyrir hvað felst í því og svo virðist vera að enn ein brtt. hafi verið samin í bakherbergjum hér á Alþingi.

Svona á að sjálfsögðu ekki að vinna að málum. Og það er lágmark að þessi mál séu rædd við viðkomandi stéttir áður en frv. eru lögð hér fram á Alþingi og þau vinnubrögð sem þarna hafa viðgengist eru þeim sem að því hafa staðið til skammar svo ekki sé meira sagt.

Í fjórða lagi gerum við grein fyrir almennri hækkun tekjuskatts og barnabótum. Það liggur alveg ljóst fyrir að Alþýðusamband Íslands telur að hér sé um skattahækkanir að ræða sem nema 1.200 millj. Fjmrh. hefur ekki sama skilning á því máli, en það liggur al-

veg ljóst fyrir að þetta atriði málsins mun koma til umfjöllunar í komandi kjarasamningum. Jafnframt er gert ráð fyrir að skerða barnabætur sérstaklega um rúmar 500 millj. kr. en minni hlutinn er andvígur því að skerða ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna sérstaklega. Við teljum það ekki vera rétta leið við þessar aðstæður að þeir, sem hafa miðlungstekjur og hærri, séu skertir í hlutfalli við barnafjölda. Það var ákveðið af nefndinni að fella niður ákvæði um ríkisskattanefnd. Minni hluti nefndarinnar er sammála því og hefur fallist á að vinna að breytingum á því máli á næsta ári.

Að síðustu vil ég gera grein fyrir skattalegri meðferð á arði. Ég vildi nú gjarnan, því um það ætla ég ekki að hafa mjög langt mál, biðja hæstv. fjmrh. að hlýða á mál mitt í því sambandi. Það hafa komið fram afarsterk viðbrögð í þessu máli. Viðbrögð sem ekki er hægt að ganga fram hjá. Viðbrögð frá fjármagnsmarkaðnum sem eru svo alvarleg að fjármálaráðherra í hvaða landi sem er hlýtur að taka á sig mikla ábyrgð ef hann hlustar ekki á slíkar viðvaranir. Þessar viðvaranir ganga út á það að menn telja að verið sé að eyðileggja uppbyggingarstarf. Ég ætla ekki að hafa uppi neinar fullyrðingar um það vegna þess að ég þekki ekki nægilega vel til á þessum markaði. En hæstv. fjmrh. verður að svara þessu alvarlega máli. Fjmrh. sem þarf að gangast fyrir sölu á skuldabréfum á þessum sama markaði verður að koma með einhverjar yfirlýsingar sem a.m.k. geta komið meiri ró á markaðinn. Það liggur alveg ljóst fyrir, hæstv. fjmrh., að lífeyrissjóðir landsmanna munu draga mjög úr hlutabréfakaupum í atvinnulífi okkar Íslendinga og telja æskilegra að lána viðkomandi fyrirtækjum. Þessi þróun hefur svo sem verið víðar. Það hefur komið í ljós að þetta hefur gerst í Bandaríkjunum, í því mikla landi kapítalistmans, með þeim afleiðingum að lánsfé hefur farið mjög vaxandi í bandarískum fyrirtækjum með hörmulegum afleiðingum.

Svona er ekki hægt að standa að málum, hæstv. fjmrh., og ég skil ekki hvaða þráhyggja er hér á ferðinni. Það vita allir að lögfesting á þessu ákvæði og síðan ákvæði til bráðabirgða er eingöngu fallið til að skapa óvissu, ekki til að fá tekjur í ríkissjóð, þá hefði maður nú skilið málið, nei, bara til að skapa óvissu. Það getur ekki verið markmið út af fyrir sig. Ég trúi því ekki á hæstv. fjmrh. að hann hafi nein slík markmið í huga og veit það reyndar. Hann er ekki þeirrar gerðar enda hefur hann verið manna fremstur í flokki í þessu máli hér á Alþingi áður fyrr og beitt sér fyrir mörgu í því máli. Það vildi svo til að á síðasta Alþingi var hann hér í minni hluta og þá var sú tíð, hæstv. fjmrh., að það var stundum hlustað á minni hlutann. Og það var stundum tekið til greina ef hann hafði eitthvað skynsamlegt fram að færa. Nú virðist sem sú tíð sé liðin, hæstv. fjmrh. Ég býst við því að hæstv. fjmrh. geti fallist á að það sé skynsamlegt að falla frá þessu. Og ég veit að hann er þeirrar skoðunar. En það verður að gefa þjóðfélaginu einhverjar skýringar á því hvers vegna þarf að lögfesta óljósan samning milli stjórnarflokkanna. Er það til þess að ríkisstjórnin hangi saman fram yfir áramót? Er þá ekki betra að lofa henni að springa? Og ef ríkisstjórn springur út af svona litlu máli þá er hún vart þess virði að hún hangi saman. Ég trúi því vart að hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar telji það einhverja áhættu að fella þessa vitleysu. Því ef einhverjir aðilar vilja rjúfa stjórnarsamstarf út af svona máli þá væri það heimsmet og með ólíkindum ef einhverjir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands ætla að standa upp úr ríkisstjórninni vegna þess að þessi vitleysa hefði verið felld.

Framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins sagði að svo virtist vera að það ætti að lögfesta brandara. (**Gripið fram í:** Lélegan brandara.) Já, meira að segja lélegan brandara. En þetta er enginn brandari, hæstv. fjmrh. Þetta eru alvarleg mál. Og það þýðir ekki að láta eitthvert skilningslaust fólk, sem botnar ekki upp né niður í þessu, ráða því hvernig með þetta er farið. Og ef menn ættu nú einhvern tímann að fara að samvisku sinni í atkvæðagreiðslu þá væri það í svona máli sem liggur beint við að er rökrétt að fella. Ég teldi það vera mikilvægt að hæstv. fjmrh. sýndi að hann gæti tekið rökum í þessu máli eins og ýmsum öðrum og léti bara á þetta reyna og stæði hér upp og lýsti því yfir að hann ætlaði ekki að samþykkja þessar brtt. því mér skilst að hæstv. fjmrh. ætli hvort eð er að kynna nýjar brtt. hér á eftir. Ég held að það væri þá rétt af hæstv. fjmrh. að bæta þarna einni við. Ég skal meira að segja hjálpa honum að semja hana. Það mun taka mjög litla stund. Þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki leitað til þess sem hér stendur við að semja þær brtt. sem hann er nú með þá treysti ég mér vel til að hjálpa honum við þessa. (**Fjmrh.:** Ég á það bara inni.) Það er nefnilega ekki nægilegt, hæstv. fjmrh., að eiga þetta inni því þá er það orðið of seint.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mikið lengra mál. Það er alveg ljóst að samþykkt þessa frv. mun ekki greiða fyrir lausn kjarasamninga. Það eru mörg ákvæði þess efnis að helstu launþegasamtök landsins geta ekki stutt málið. Það varðar barnabótamálið sem er að mínu mati mjög alvarlegt, það varðar persónuafsláttinn og það varðar jafnframt vinnuveitendur sem hafa lýst andstöðu við mikilvægar breytingar. Það veit ekki á gott að samþykkja slíkt frv. í miðjum samningum. En ríkisstjórnin hefur kosið að gera það en ég spái að svo geti farið að ríkisstjórnin muni koma með nýjar brtt. á nýju ári. Ekki verði bara fluttar brtt. á síðustu mínútum. Menn þurfi líka að koma með brtt. í næsta mánuði og má vera að einhverjir taki rökum þá eftir að hafa sofið yfir jólin. Vel má vera að vandamálið í þessu öllu saman sé svefnleysi ríkisstjórnarinnar. Ég vil trúa því að eitthvað skynsamlegt muni koma frá hæstv. fjmrh. eftir að hann hefur fengið meiri svefn. Ég veit að mikið hefur mætt á honum undanfarið og það er ekki vel gert svona rétt fyrir jólin að lesa þetta yfir honum en það verður ekki komist hjá því og ég veit að hæstv. fjmrh. hefur á því fullan skilning.

Í nál. okkar kemur fram að lokum að við teljum rétt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og ég vil lesa upp lokaorðin sem eru þessi, með leyfi hæstv. forseta: Umfjöllun í máli þessu er staðfesting á því að ríkis-

stjórnin og stuðningsmenn hennar taka ekki rökum. Þetta er nú e.t.v. einum of mikið sagt því það hefur komið fyrir að ríkisstjórnin hefur tekið rökum. (**Fjmrh.:** Léstu prenta þingskjalið upp?) Ég tel nóg að veikja þetta aðeins í framsögu, hæstv. fjmrh. Ég vil taka það fram að ég hafði ekki leyfi annarra nefndarmanna til að veikja þessa setningu með þessum hætti en ég veit að mér verður það fyrirgefið. „Öll umfjöllun er staðfesting á þeim málflutningi stjórnarandstöðunnar á þessu hausti að ríkisstjórnin hafi engan vilja til að taka tillit til minni hlutans og rökstuddra skoðana sem fram koma af hálfu aðila vinnumarkaðarins." Þetta eru stór orð en við teljum okkur hafa fulla ástæðu til að setja þau fram, hæstv. fjmrh.

„Þótt minni hluti nefndarinnar hafi að vísu takmarkað traust á því að ríkisstjórnin muni undirbúa þetta mál betur vill hann samt gera henni kleift að bæta ráð sitt. Í þeirri von að frv. verði lagt fram að nýju á næsta ári í umfjöllunarhæfu formi leggur minni hluti nefndarinnar til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar." Ég vænti þess að þetta verði a.m.k. til þess að hæstv. fjmrh. komi með einhverja skynsamlegar brtt. á næsta ári.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. 1. þm. Austurl. hefur gert ágætlega grein fyrir áliti okkar sem minni hlutann skipuðu og ég þarf því ekki að endurtaka það sem hann fjallaði um og fór yfir afstöðu okkar í megindráttum til þessa frv. Ég tek undir allt sem hann sagði þar um þær aðstæður og þau vinnubrögð sem nefndin varð við að búa í þessu efni. Ég er honum fullkomlega sammála um að það er sannast sagna ansi dapurlegt að þurfa að horfa upp á afgreiðslu alvörumála af þessu tagi sem varða hagi og afkomu alls þorra landsmanna og hafa ekki haft betri tíma eða betri aðstöðu til að fara þar ofan í saumana á hlutunum. Herra forseti, því miður liggur fyrir að hæstv. ríkisstjórn er ófáanleg til að fallast á okkar góðu ráð og taka þetta mál til betri skoðunar og gjörbreyta því og sýna það í algerlega nýjum búningi á nýju ári. Ég er ekki í neinum vafa um að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki oft verið betur ráðið en einmitt í þessu. Ég er alveg viss um að hæstv. ríkisstjórn er að gera mikil pólitísk mistök og e.t.v. sín stærstu mistök með því að afgreiða þetta mál og knýja það í gegnum þingið með þeim hætti sem nú stendur til. En því miður er það svo að þrátt yfir augljósa fingurbrjóta og mikið óréttlæti sem í þessu máli felst virðast stjórnarliðar ekki hafa fundið leiðina til baka út úr því öngstræti sem ótímabær og vanhugsuð framlagning þessa frv. er. Að sjálfsögðu liggur það í hlutarins eðli að við stjórnarandstæðingar og minni hlutinn á Alþingi verðum að una því. Ljóst er að hæstv. ríkisstjórn hefði í afli meiri hluta síns hvort eð er náð að knýja málið í gegnum þingið fyrir áramót. Enda er það auðvitað svo að það er ekki hlutverk stjórnarandstöðu og alls ekki að reyna að koma í veg fyrir það að ríkisstjórn og meiri hluti hennar komi málum sínum fram. En ég tel að við höfum hins vegar gert skyldu okkar með því að vekja rækilega athygli á innihaldi þessa frv. eftir því sem kostur var og vara við því að lögfesta ákvæði þess og gera það sem í okkar valdi hefur staðið til að snúa mönnum frá villu síns vegar. En því miður, þrátt fyrir minni háttar lagfæringar sem er sjálfsagt að viðurkenna, stendur meginefni frv. eftir óbreytt. Þar fyrst og fremst í mínum huga um tvö þungavigtaratriði að ræða sem mestu óréttlæti valda, þ.e. sú breytta greiðslubyrði tekjuskatts sem felst í breytingum frv. á barnabótum og barnabótaauka annars vegar og tengd því máli útreikningur persónuafsláttar á næsta ári. Sú staðreynd að hann er ekki færður upp til verðlags um þessu áramót eins og ég tel að réttast væri við núv. aðstæður. Hitt stóra atriðið eru svo þær vanhugsuðu tilraunir hæstv. ríkisstjórnar til að breyta reglum um sjómannafrádrátt. Þetta eru þeir tveir efnisþættir sem ég ætla að gera hér að umtalsefni í mínu máli og vona að mér takist að koma því sæmilega til skila á ekki allt of löngum tíma.

Varðandi sjómannafrádráttinn er það að segja að hæstv. ríkisstjórn ákvað strax í haust að með einum eða öðrum hætti yrði aflað tekna inn í ríkissjóð með því að þyngja skattbyrði sjómanna og/eða barnafjölskyldna í landinu. Það lá fyrir og liggur fyrir í forsendum fjárlagafrv. að ætlunin var að draga úr bótum eða öllu heldur auka skattskil þessara hópa um einar 700 millj. kr. á næsta ári miðað við raungildi. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig að því fyrst: Hvernig í ósköpunum stendur á því að mönnum skuli verða það sérstaklega fyrir ef þeir ætla að auka skatttekjur ríkissjóðs af beinum sköttum að velja sér tiltekna markhópa með þessum hætti án tillits til tekna að mestu leyti eða annarra slíkra aðstæðna sem eðlilegast væri að miða við? Ég vona að þetta verði rækilega kynnt fyrir þjóðinni á næstu vikum þannig að öllum megi verða það ljóst að sú furðulega þverstaða blasir við að ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækka skatta á hjónum sem eiga börn en ekki á öðrum hjónum sem ekki eiga börn. Þveröfugt við það sem hefur verið venjan að gefa sér á Íslandi að því fylgdu aukin útgjöld og að ýmsu leyti erfiðari aðstæður fyrir fólk að eignast börn og koma þeim til manns. En þessi ótrúlega staða er uppi og sama má að nokkru leyti segja um sjómannastéttina og þá útreið sem hún fær af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þar er með þessum skrítna hætti valinn sérstaklega út ákveðinn hópur, bent á hann og sagt: Þið skulið borga hærri skatta á næsta ári og svo þið, barnafólkið. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst þetta furðuleg og eiginlega óskiljanleg niðurstaða og svo dapurleg að tæpast tali tekur. Fyrir utan það að auðvitað er það alveg ljóst að með því að þyngja sérstaklega skattbyrðina á barnafjölskyldum í landinu, ungu fólki og fólki undir miðjum aldri er sérstaklega verið að höggva enn í þann sama knérunn þar sem er fólk holt og bolt í landinu sem ber jafnframt þunga greiðslubyrði af öflun íbúðarhúsnæðis, hefur í mjög mörgum tilvikum orðið fyrir misgengi launa og lánskjara á undanförnum árum og með ýmsum öðrum hætti orðið verr fyrir barðinu á stjórnvaldsákvörðunum og þróun mála í landinu á undanförnum árum en aðrir aldurshópar. Það er auðvitað alveg ljóst

að sú stóra ljóta gaddavírsgirðing, ef ég mál orða það svo, sem er strengd í gegnum íslenskt samfélag þar sem eru kynslóðirnar fyrir og eftir verðtryggingu er líka að nokkru leyti á ferðinni hér í þessu máli. Það er hyldýpi staðfest á milli þeirrar kynslóðar í landinu sem annars vegar kom undir sig fótunum, eignaðist húsnæði sitt og fasteignir og borgaði niður lán af þeim ef einhver voru fyrir daga verðtryggingar og fékk stórkostlega aðstoð við þær fjárfestingar í formi þess að lánsfé afskrifaðist í verðbólgunni á örfáum árum og hinnar kynslóðarinnar sem lenti í nákvæmlega sömu hlutum að afla sér íbúðarhúsnæðis, náms og því um líkra hluta eftir verðtryggingu. Það vill svo til að ræðumaður er þannig settur að hafa verið í miðjum systkinahópi, stórum og myndarlegum eins og tíðkaðist norður í landi á þeim tíma — það er a.m.k. mitt mat að hann sé myndarlegur, ég er svo sem ekki að biðja aðra að vera mér sammála um það — en eitt er alveg klárt og það er að ég hef ákaflega góðan samanburð úr minni fjölskyldu þar sem eru elstu systkini mín annars vegar og hin yngstu hins vegar. Verðtryggingargirðingin liggur nefnilega í gegnum systkinahópinn miðjan. Fyrri hlutinn var búinn áður en verðtrygging var tekin upp á lánum að koma sér upp íbúðarhúsnæði og afla sér náms og fleiri hluta en yngri hlutinn lenti í þessu eftir verðtrygginguna. Þess vegna gerist það nú að bræður sem ekki skilur mikið meira að en tíu ár í aldri eða átta ár og að flestu leyti eru í sömu aðstöðu hvað snertir húsnæði sem þeir búa í, lífskjör og tekjur eru í fyrra tilvikinu að borga um 500–1.000 kr. á ári af lánum vegna íbúðarhúsnæðis en í hinu tilvikinu um 500.000 kr. Þetta er nú ósköp einfaldlega svona. Nánast það eina sem skilur þessa menn að í aðstöðu allri eru þessi tíu ár í aldri og þessi gaddavírsgirðing verðtryggingarinnar, misgengisins og okurvaxtanna sem er búið að girða í gegnum íslenskt samfélag. Því miður lenda þeir sem eru öfugu megin girðingarinnar þungt fyrir þessum breytingum hjá hæstv. ríkisstjórn. Hefði ekki verið nær að líta aðeins á tekjumörk og aðstæður þess hóps sem er í mjög mörgum tilvikum búinn að koma börnunum af höndum sér og vonandi til manns og á íbúðarhúsnæði sitt skuldlaust og sína ágætlega stóru bíla og hefur jafnvel bullandi fjármagnstekjur vegna þess að það er að lána hinni kynslóðinni fé í dag? Hefði ekki verið nær að líta aðeins á stöðu þessa hóps t.d. með hátekjuskattþrepi eða með skattlagningu fjármagnstekna eða með öðrum slíkum hlutum? Nei, herra forseti, hér er auðvitað á ferðinni sorgleg niðurstaða. Hún er andfélagsleg og óréttlát og það er ekki hægt annað en að hryggjast við því að hæstv. ríkisstjórn skyldi af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum lenda inn í þetta öngstræti.

Ég held að ég láti þetta duga sem rökstuðning minn um þessar mislukkuðu breytingar hvað varðar tilhögun greiðslu barnabóta og barnabótaauka með vísan til þess að þarna er enn að verulegu leyti verið að höggva í sama knérunn. En mér nægir t.d. sú staðreynd að samkvæmt gögnum í þessu frv. og öðrum sem við fengum frá fjmrn. að þetta er í reynd skattþynging á rétt um 70% af öllum barnafjölskyldum í landinu. Sem sagt langt yfir helmingur og yfir tveir þriðju hlutar barnafjölskyldna eða um bil fær þarna á sig skattþyngingu á næsta ári. Lakar setti hlutinn af þeim hópi sem þarna verður fyrir skerðingu eru engir hátekjumenn, það er því miður alveg á hreinu.

Varðandi sjómannafrádráttinn, herra forseti, er það svo að ég hygg að hæstv. ríkisstjórn hefði notið verulegrar samúðar og stuðnings og jafnvel haft til þess tiltölulega gott veður hjá sjómannastéttinni sjálfri í landinu þó hún hefði tekið til skoðunar og bættra framkvæmda reglur um sjómannafrádrátt. Það er að vísu svo að ég hygg að það sé þokkalega góð samstaða meðal launafólks í landinu um það að sjómenn gegni svo sérstöku starfi við það erfiðar aðstæður fjarri heimili, taki það mikla áhættu í starfi, starfstími sé svo stuttur o.s.frv., að það sé réttlætanlegt að líta til þess með alveg sérstökum hætti. Ég hef ekki orðið var við út af fyrir sig að það væri mjög umdeilt að sjómannastéttin nyti þarna nokkurrar viðurkenningar fyrir sín erfiðu en jafnframt þjóðhagslega mikilvægu störf. Það er vel því að ég tel auðvitað að svoleiðis eigi það að vera að við þurfum að geta búið vel að sjómönnum okkar og það er fullkomlega réttlætanlegt að mínu mati að taka tillit til starfsaðstæðna þeirra að nokkru leyti í gegnum tekjujafnandi aðgerðir hins opinbera sem og auðvitað líka með öðrum ráðstöfunum í kjarasamningunum hvað varðar aðbúnað í störfum o.s.frv. En þeim mun dapurlegra er það að þessi lending hjá hæstv. ríkisstjórn sem virðist vera að líta dagsins ljós, svo maður tali nú ekki um málatilbúnaðinn í upphafi, er á engan hátt til þess fallin að bæta framkvæmd þessara hluta.

Vissulega tel ég að þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til séu til bóta og sjálfsagt er að fagna því að það sé þó verið að lagfæra hlutina. En því miður er það engan veginn gert með þeim hætti að mínu mati að það teljist ásættanlegt. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn hefði ósköp einfaldlega átt að setja sér það markmið að draga úr útgjöldum vegna sjómannafrádráttar um það sem ég hefði talið raunhæft að meta upp á svona 75–120 millj. kr. með endurbættri og hertri framkvæmd þeirra mála. Það er það sem hér er verið að tala um. Verið er að nota losaralega framkvæmd skattayfirvalda á undanförnum árum gagnvart þessum frádrætti til að smygla í gegn umtalsverðri almennri skerðingu á sjómenn. Það er slæm niðurstaða vegna þess að í raun er þar með verið að misnota þær réttmætu ástæður sem voru til að taka þá hluti í gegn. Það held ég að flestir hafi verið sammála um að ástæða væri til að gera. Þó þarna sé verið að reyna að lagfæra þetta aðeins frá þeim ósköpum sem frv. hefði haft að óbreyttu í för með sér að fullkomin óvissa var um það hvort tekjur sjómanna mundu skerðast um 180 millj. kr. eða jafnvel allt að 500 millj. kr. á næsta ári. Og þvílík vinnubrögð sem mönnum var hér boðið upp á. Það er hent inn í þingið frv. illa útfærðu og hraklega rökstuddu og það er bara sí svona slegið á það að þetta sé einhvers staðar á bilinu 180–500 millj. kr. sem eigi að taka út vösum sjómanna á næsta ári. Ég tel ástæðu til að ætla að brtt. meiri hlutans geri það að verkum að

minni hætta sé á því að um jafnstórfellda kjaraskerðingu verði að ræða á næsta ári en ella hefði getað orðið en því miður liggja ekki fyrir neinir traustir útreikningar á því hver kjaraskerðingin gæti samt orðið. Ég óttast að hún gæti orðið til muna meiri en þær 180 millj. kr. sem aftur er ætlunin að taka. Ég held að ég geti rökstutt það nokkuð hvers vegna svo gæti farið.

Ég hef töflu undir höndum, herra forseti, þar sem farið er yfir lögskráningardaga sjómanna í landinu og þannig munu þessar brtt. meiri hlutans út garði gerðar að þeir sjómenn sem eru lögskráðir og á sjó í 260 daga á ári, reyndar er það nær 261 ef ég hef reiknað rétt, fá fullan sjómannaafdrátt. Hins vegar er það þannig að um leið og þeir eru færri daga á sjó en sem þessu nemur þá tekur frádráttur þeirra að skerðast. En nú háttar ósköp einfaldlega þannig til að mínu mati og samkvæmt minni þekkingu — en um það liggja út af fyrir sig ekki fyrir nægilega haldgóðar upplýsingar — að verulega fjölmennir hópar heilsársskjómanna eru með færri lögskráningardaga, sumir umtalsvert færri. Ég held að það sé ekki tilviljun að Vélstjórasambandið brást heldur illa við þessum breytingum, ekki í þeim skilningi að þeir væru endilega að segja að þær væru verri en það sem fyrir var í boði, en í þeim skilningi að þeir töldu þetta engan veginn nógu miklar lagfæringar eða ganga nógu langt fyrir sig. Hvers vegna ætli það sé? Gæti það ekki hugsast að það væri vegna þess að það gerist æ algengara meðal manna eins og vélstjóra að þrír menn skipti með sér tveimur plássum og séu þannig reglubundið í fríi og í landi. Þó að þeir hafi engin önnur störf með höndum og engar aðrar tekjur þýðir þetta að sjódagar þeirra færast niður. Mér er kunnugt um það því ég hef aflað mér upplýsinga um það frá nokkrum áhöfnum á síðustu tveimur, þremur sólarhringum að það er fjöldinn allur af mönnum sem nákvæmlega svona háttar til um. Þeir eru í hópi vélstjóra, í hópi stýrimanna og annarra yfirmanna og líka í hópi háseta því þar hafa komið inn í kjarasamninga á undanförnum árum reglur um reglubundinn rétt til frítöku, launalausrar frítöku að vísu. Eftir því sem afkoma þessara manna leyfir þeim þá hafa þeir tekið sér þessi frí í vaxandi mæli því sjómenn eru þrátt fyrir allt menn eins og aðrir og eru að reyna að lifa einhverju fjölskyldulífi með sínum fjölskyldum og taka sér frí eins og efni þeirra leyfa. Auðvitað fara þeir út á sjó aftur í auknum mæli ef þeir eiga kost á því þegar kjörin skerðast en engu að síður liggur það ljóst fyrir að fjöldinn allur af heilsársjómönnum er með lögskráningardaga á bilinu frá 180–200 upp í 230–250 og lendir þar af leiðandi í talsverðri skerðingu.

Ég hef reiknað út til gamans nokkur dæmi. Ég hef farið yfir þessar breytingahugmyndir meiri hlutans og mér sýnist t.d. að frádráttur sjómanns sem er með um 230 lögskráða daga á sjó, og væri með 30 daga orlofi ofan á það kominn með fullt starfsár samkvæmt venjulegum viðmiðunum, 260 daga, skerðist um tæp 12% eða rétt um 29.000 kr. Ef við tökum annan sjómann, sem er 200 daga á sjó, þá skerðist hans frádráttur um 23,3% eða 55.407 kr. ef ég hef reiknað rétt. Það er orðið umtalsvert. Það eru nokkurn veginn mánaðarlaun þeirra sem lökust hafa þau í landinu. Það munar um minna, líka fyrir sjómenn.

Síðan er eitt enn í þessu efni, herra forseti, sem ég óttast þó einna mest og það er að ég held að menn hafi alveg gleymt að reikna eitt inn í dæmið og það er aflasamdrátturinn á næsta ári. Hvað þýðir hann ef nokkurn veginn óbreyttum flota verður beitt á 10–15% minni afla í óbreyttu fiskiríi, sem við skulum vona að guð gefi okkur á næsta ári, svo að menn þurfi ekki að hafa meira fyrir því að taka aflann. Það þýðir auðvitað miklu minna úthald hjá flotanum. Auðvitað ættu menn að verða fljótari að ná þessum tittum þegar þeim fækkar. Hvað þýðir það aftur? Fleiri daga í landi. Hvað gerist þá? Þá skerðist sjómannafrádrátturinn líka af þeim sökum. Þá fá sjómenn á sig tvöfalda skerðingu vegna aflasamdráttarins. Brúttótekjur þeirra minnka auðvitað sem nemur minni skiptahlut en dögunum fækkar líka ef skipin verða lengur bundin. Ég þekki auðvitað mörg dæmi um það að menn eru þegar búnir að breyta sínum útgerðarháttum í ljósi minni veiðiheimilda. Ég get tekið dæmi af bátaútgerð hér á suðvesturströndinni. Hvað gera þeir? Þeir eru margir á sjó núna þrjá til fjóra daga í viku, fiska í einn gám, ef þeir hafa leyfi til sölu, og eru svo með bundið. Þeir segja: Það borgar sig ekki að kaupa kvóta, það borgar sig ekki að vera að berjast um til þess að landa í vinnslu, við fiskum bara í gáminn og bindum svo. Þrjá til fjóra daga í viku, ef sæmilega vel gengur eru þeir ekki nema hálfa vikuna að ná gámnum.

Svona gæti þetta farið eða þá að menn taka þetta út með lengri fríum. Þetta getur augljóslega haft umtalsverð áhrif og ég óttast að menn hafi ekki tekið þetta inn í dæmið sem skyldi.

Að lokum er það, herra forseti, alveg augljóst mál að þessar breytingar sem hér eru á frumvarpinu í tillögum meiri hlutans varðandi smábátasjómenn gætu komið illa við ákveðna hópa smábátasjómanna. Þó að vissulega tryggi þær með býsna góðum hætti, að mínu mati, stöðu heilsárs smábátasjómannanna sem eru með sína báta á floti allt árið, það skal ég fúslega viðurkenna, en ég óttast að ákveðnir hópar smábátasjómanna gætu farið tiltölulega illa út úr þessum breytingum. A.m.k. batnar ekki þeirra hlutur frá því sem er en það hefði þurft að gerast vegna þess að eðli sjómannafrádráttarins, eins og hann er nú uppbyggður að miða hann við daga á sjó, kemur mjög illa út fyrir ákveðna hópa smábátasjómanna. Þ.e. þá sem taka megnið eða allar tekjur sínar mjög árstíðabundið með sjósókn. Ég nefni dæmi sem mér er vel kunnugt. Margir frændur mínir og vinir framfleyta sér af því að róa til grásleppu. Það er auðvitað borðleggjandi að þeir menn taka inn stærstan hluta sinna tekna og kannski allar tekjur sínar af sjósókn á tiltölulega skömmum tíma. Þar af leiðandi nýtist sjómannafrádrátturinn þeim að mjög litlu leyti. Þetta er í mýmörgum tilvikum og reyndar mikið oftar held ég en hitt, menn sem hafa annaðhvort enga eða þá mjög litla tekjuöflun af öðru. Þetta eru gjarnan menn sem vinna sjálfum sér mikið, dytta að sínum bát, fella öll sín net og undirbúa sína sjósókn alveg sjálfir, eru þá í landi en að sjálfsögðu

eru þau störf órjúfanlega tengd þeirra sjósókn. Ég spyr: Er það ætlunin að láta þá ekki njóta með sama hætti þessa stuðnings við sjómannastarfið eins og aðra?

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala allt of langt mál. Ég hefði vissulega getað haft skap í mér til að segja mjög, mjög margt fleira um þetta mál og önnur sem í frv. eru, t.d. um skattlagningarmál fyrirtækjanna sem væri kafli út af fyrir sig. E.t.v. gefst okkur kostur undir einhverjum öðrum formerkjum að ræða þau ósköp hér á þinginu eftir áramótin því að málefni atvinnulífsins verða áfram til umfjöllunar á Alþingi, það fer ekki hjá því eins og að því öllu saman er búið. Kjarasamningar fara í hönd og fleira gerir það að verkum að augljóslega munu okkur alþingismönnum gefast tækifæri til að ræða stefnu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum öllum innan skamms á nýju ári á hv. Alþingi.

Að lokum, herra forseti, það sem óhjákvæmilegt er að vekja athygli á og er bagalegt að hæstv. fjmrh. skuli hafa þurft að bregða sér til hliðar. Hann sendi mér eitt lítið lettersbréf í ræðustólinn og tjáði mér að hann þyrfti að skjótast hér til hliðar. Ég féllst á það með því að kinka kolli til fjmrh.

Ég ætla þá bara að segja það ofan í þingtíðindin og við þá sem á mál mitt hlýða hér, aðra en hæstv. fjmrh., að eitt er óumdeilt og ótvírætt og það er að skattametið íslenska er að falla núna á þessum sólarhring. Það er algjörlega borðleggjandi. Hlutfall skatttekju ríkissjóðs af launamönnum á Íslandi mun verða hið hæsta í sögunni á árinu 1992, sem hlutfall af verðmætum þjóðarbúsins, ef menn skilja hvað ég er þar að fara. Um þetta liggja fyrir ótvíræð og óhrekjanleg gögn t.d. í skjölum frá Þjóðhagsstofnun. Það er því alveg ljóst að heildartekjur ríkissjóðs eru á árinu 1991, sem er að kveðja okkur senn, eftir endurskoðaða áætlun um 27,1% af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall á að hækka í 28,5% á árinu 1992 og það munar um minna. Vissulega er þessi viðmiðunartala að lækka en engu að síður er það ljóst að þarna er í uppsiglingu Íslandsmet í skattheimtu. (Gripið fram í.) Auk margs annars sem falið er í þessum efnum og fært undir hina duldu liði í fjárlögunum eða falið með öðrum hætti og auðvitað er það líka skattheimta. Þjónustugjöldin öll og sértekjurnar og allt það „gúmmilaði". Þessi tala er í raun og veru of lág og að lokum verður auðvitað heildarskattbyrðin eða afkoman mæld fyrir þetta ár. Um það verður sem sagt ekki deilt að skattpíningin verður sú mesta í sögunni á næsta ári og það fer ekki langt frá því að segja megi að hún aukist um 2 milljarða kr. milli ára sem undir þetta frumvarp fellur. Ég get ekki, herra forseti, endað ræðu mína með því að óska hæstv. fjmrh. Friðrik Sophussyni til hamingju með þetta met. Þvert á móti hlýtur það auðvitað að hryggja mig að ekki skuli með tilliti til erfiðra aðstæðna launamanna á Íslandi vera með þveröfugum hætti reynt að dreifa þeim byrðum sem við Íslendingar verðum að taka á okkur sameiginlega eftir bestu getu og vinna okkur út úr með réttlátari og skynsamlegri hætti en hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera. Það er auðvitað hin dapurlega niðurstaða þessa máls, að ríkisstjórnin skuli helst hafa fundið breiðu bökin á Íslandi í barnafjölskyldunum, meðal námsmanna og sjúklinga og sjómanna, en sleppi því með öllu að taka á þeim aðilum sem ég hygg að nokkurn veginn væri þjóðarsátt um, mínus kannski 500 menn, að væru hin eiginlegu breiðu bök, hátekjufólkið og þeir sem hirða fjármagnsgróðann.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir furðu minni á því hve fáir þingmenn eru í salnum við umræður um þetta mikla og alvarlega mál sem snertir þúsundir fjölskyldna í landinu og alla sjómannastéttina auk atvinnulífsins. Ég vil fara þess á leit að hæstv. fjmrh. komi hingað í salinn. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um að ég er nú þegar að gera ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. komi í salinn. Hann er í húsinu. Getur hv. þm. haldið áfram inngangi að ræðu sinni á meðan hæstv. fjmrh. er á leiðinni hingað í sal.) Nei, ég held ég verði að bíða eftir honum. Hins vegar ætla ég ekki að flytja langt mál. Ef það er ósk ríkisstjórnarinar að reyna að flýta fyrir málum þá er það lágmark að ráðherrarnir séu viðstaddir umræður. — Velkominn í salinn.

Virðulegi forseti. Það hefur verið afar merkileg reynsla fyrir mig sem nýja þingkonu á hinu háa Alþingi að taka þátt í vinnslu þess máls sem hér er til umræðu. Það var sérkennilegt að hlusta á fulltrúa Vinnuveitendasambandsins hella sér yfir stjórnarliða, sem sumir hverjir hafa þóst vera talsmenn atvinnurekenda, vegna illa unnins frumvarps, óþarfra ákvæða og árása á atvinnulífið. Sá góði maður, sem það gerði, gekk svo langt að segja að verið væri að lögfesta lélegan brandara. Fulltrúar samtaka launafólks voru harðorðir um þetta frv. og mótmæltu einarðlega útreikningum fjmrn. á persónuafslætti og skerðingu barnabóta. Fulltrúar sjómanna höfnuðu útreikningum fjmrn. á niðurskurði sjómannaafsláttarins og töldu ríkið vera að seilast mun dýpra í vasa sjómanna en ráðuneytið vildi viðurkenna. Sjómenn eru öflug og miklvæg stétt enda létu þeir vel í sér heyra. Það leiddi til þess að fjmrh. bakkaði en hélt þó sínum 180–200 millj. Það segir okkur að mikið var til í útreikningum sjómannasamtakanna fyrst skerðingin skilar sömu upphæð og áætlað var eftir að dregið var úr skerðingunni. Það verður þó að taka fram hér og nú að ekki eru öll kurl komin til grafar hvað varðar sjómannaafsláttinn því mótmæli eru hörð og greinilegt að sjómenn sætta sig ekki við þessa árás á kjör þeirra ofan á aflasamdrátt og skerðingu barnabóta sem þeir verða fyrir eins og aðrir.

Virðulegi forseti, ég mun nú víkja að nokkrum þáttum þessa frv. Að undanförnu hefur verið nokkuð rætt um þau ákvæði skattalaganna sem heimila fyrirtækjum að nýta tap til skattaafsláttar svo og að fyrirtæki geti keypt tap annarra fyrirtækja og nýtt sér það til að lækka eigin skatta. Þessum ákvæðum laganna var að sjálfsögðu ætlað að taka tillit til lélegrar fjárhagsstöðu fyrirtækja svo og að stuðla að sameiningu og hagræðingu í rekstri fyrirtækja. Allnokkur dæmi eru um umdeildar aðgerðir fyrirtækja þar sem greinilega er verið að teygja heimildir skattalaganna til hins ýtrasta og

því ekki að undra að reynt sé að taka á þessum ákvæðum. Við kvennalistakonur tökum undir að óeðlilegt sé að fyrirtæki geti keypt tap eða gjaldþrota fyrirtæki til þess eins að komast hjá skatti. Við styðjum þá meginhugsun sem felst í frv. um að þrengja þessi ákvæði þannig að greinilega sé um hagræðingu eða sameiningu fyrirtækja að ræða. Hins vegar kom í ljós við vinnslu málsins í nefndinni að þessi þáttur frv. er illa unninn og að ekkert samráð var haft við fulltrúa atvinnulífsins enda mótmæltu þeir harðlega. Nú er augljóst að eigendur fyrirtækja eiga mikilla hagsmuna að gæta og því eðlilegt að þeir mótmæli slíkum þrengingum. En ég verð að segja að ég tek meira mark á skattasérfræðingum og endurskoðendum sem telja þessi ákvæði of óskýr og allsendis óljóst hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar muni hafa. Því tel ég eðlilegt að þessi hluti frv. verði unninn betur.

Við 1. umr. um tekju- og eignarskattsfrumvarpið ræddi ég nokkuð um sjómannaafsláttinn og er óþarfi að endurtaka allt sem þá var sagt. Við kvennalistakonur teljum nauðsynlegt og réttlætanlegt að endurskoða gildandi lagaákvæði um sjómannaafsláttinn en það á að gerast í samráði við sjómenn. Við mótmælum því harðlega að ráðist sé einhliða á kjör sjómanna með þessum hætti því það er augljóst að þessi skerðing þýðir kjararýrnun og ekkert annað. Það er ekkert sem réttlætir slíka árás á kjör sjómanna og við fordæmum lagasetningar sem þessa.

Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar mun kalla á hörð viðbrögð sjómanna í komandi kjarasamningum enda er sjómannaafslátturinn hluti af kjarasamningum þeirra. Nú í kvöld bárust fréttir af því að sjómannasambandið er að leita eftir verkfallsheimild og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvernig ætlar hann að bregðast við þessu?

Þá kem ég að því máli sem í mínum huga er langsamlega stærst og alvarlegast en hefur því miður fallið í skugga annarra stórmála. Hér á ég við skerðingu barnabóta. Ríkisstjórnin ætlar að skerða barnabætur um rúmar 500 millj. og það er gert með þeim hætti að barnafólk með tæplega meðaltekjur verður fyrir skerðingu. Nú er það svo, virðulegi forseti, að það er dýrt að lifa á Íslandi og það er dýrt að ala upp börn. Meðaltekjur eru í kringum 110 þús. kr. á mánuði og ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að barnafólk með slíkar tekjur sem hugsanlega er að koma sér upp húsnæði, borga námslán og barnagæslu er ekki of sælt af slíkum tekjum. Það er ekki annað hægt en að mótmæla harðlega þeirri stefnumörkun sem felst í þessu frv., að barnafólk, sem hefur meðaltekjur, skuli skattlagt sérstaklega með þessum hætti. Það er vægast sagt öfugsnúið að skattkerfið skuli með þessum hætti neita að taka tillit til þess kostnaðar sem fylgir því að eiga og ala upp börn. Fyrir upptöku staðgreiðslukerfisins var til staðar sérstakur frádráttur vegna barna. Þetta er barnfjandsamleg stefna, hæstv. fjmrh. og ríkisstjórninni til skammar. Í flestum þjóðfélögum Vesturlanda er stutt við bak barnafjölskyldna, sums staðar með verulegum fjárupphæðum og fremur reynt að stuðla að því að fólk eignist börn fremur en draga úr barneignum meira en orðið er. Skerðing barnabótanna er enn ein árásin á kjör almennings í landinu og bætist ofan á þá kjaraskerðingu sem felst í samdrætti, þeim þjónustugjöldum sem ríkisstjórnin er að leggja á, hækkuðum söttum sveitarfélaga og öðru því sem ríkisstjórnin er að keyra í gegnum þingið þessa dagana. Árið 1988 voru barnabætur hækkaðar um 320 millj. kr. til að vega upp á móti hækkun matarverðs í tengslum við upptöku virðisaukaskatts. Þetta var gert til að koma til móts við aukin útgjöld barnafjölskyldna. Ef þessi upphæð er framreiknuð miðað við forsendur fjárlagafrv. þá samsvara 320 millj. kr. um 500 millj. í dag. Það er með öðrum orðum verið að taka til baka hverja einustu krónu sem fór í hækkun barnabóta árið 1988. Þeir sem stóðu að hækkuninni árið 1988 voru Sjálfstfl. og Alþfl. Þeir eru núna að taka hana alla til baka fjórum árum síðar.

Þá kem ég að þeirri fullyrðingu verkalýðshreyfingarinnar að sá útreikningur á persónuafslætti sem birtist í þessu frv. feli í sér 1.200 millj. kr. hækkun á tekjuskatti launafólks. Þar standa orð verkalýðshreyfingarinnar gegn orðum fjmrn. En í kjölfar þessa vakna spurningar varðandi aðrar upphæðir og viðmiðanir í frv. sem reiknaðar eru upp samkvæmt vísitölu en nefndarmenn hafa ekki enn fengið botn í þetta mál hvað sem síðar verður.

Ég minntist í upphafi á orð fulltrúa VSÍ um lögfestingu hins lélega brandara. Með þessum orðum var verið að vísa til brtt. við 18. gr. frv., þar sem segir, með leyfi forseta: „Ákvæði b-liðar 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 vegna tekjuársins 1993 enda taki gildi frá sama tíma lög um skattskyldu fjármagnstekna og arðs af hlutafé er komi í veg fyrir tvísköttun arðs."

Það má öllum ljóst vera að þessi brtt. felur í sér ákveðna viljayfirlýsingu eða bókun en slík framtíðarsýn á að mínum dómi, svo og ýmissa annarra, ekki heima í lagatexta þó ég sé að sjálfsögðu sammála því að skattleggja eigi fjármagnstekjur.

Augljóst er að Alþfl. hefur orðið að negla Sjálfstfl. niður með þessum hætti og telur ekki óhætt að treysta honum öðruvísi en að fest verði í lög að koma eigi skattlagningu fjármagnstekna á til að koma í veg fyrir tvísköttun arðs. Þetta lýsir betur en margt annað ástandinu á stjórnarheimilinu. Því er svo við að bæta að fulltrúar þeirra sem fást við sölu hlutabréfa telja að með þessum ákvæðum og fleiri sem er að finna í frv. sé verið að skapa óvissu á hlutabréfamarkaðnum og að síst af öllu muni þær lagabreytingar sem boðaðar eru ýta undir hagstæða sölu þeirra ríkisfyrirtækja sem ætlunin er að breyta í hlutafélög samkvæmt stefnu núv. ríkisstjórnar. Það gæti þýtt að 1 milljarður áætlaðra ríkistekna sé þar með fokinn ef illa tekst til.

Virðulegi forseti. Í samningaviðræðum um þinglok nú fyrir jól, sem áttu sér stað í þinghúsinu í gær, reyndum við kvennalistakonur hvað við gátum að fá skerðingu barnabóta hnekkt. En það tókst því miður ekki. Við lýsum því ábyrgð á hendur ríkisstjórninni vegna þeirrar árásar sem gerð er á barnafólk með þessu frv. Við mótmælum einhliða árás á kjör sjómanna og

leggjum til að ákvæði sem snerta nýtingu taps fyrirtækja og skattlagningu arðs af hlutabréfum verði skoðuð betur áður en gengið verður endanlega frá þeim hliðum frv. Af framansögðu má ljóst vera, herra forseti, að við þingkonur Kvennalistans munum greiða atkvæði gegn þessu frv.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nefndinni fyrir það starf sem hún hefur unnið. En eina ástæðan fyrir því að ég kem hér upp og veiti andsvar er sú að fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, og hefur reyndar verið nefnt í fjárlagaumræðunni fyrr í dag, að ekki beri saman skoðun Alþýðusambandsins annars vegar og fjmrn. hins vegar varðandi persónuafslátt. Að þessu tilefni vil ég taka fram eftirtalið:

Á þessu ári er mánaðarlegur persónuafsláttur einstaklings 23.377 kr. að meðaltali sem þýðir að meðal mánaðarlaun undir 58.750 kr. hafa verið skattfrjáls 1991. Það skal tekið fram að hér er um meðaltal að ræða en á síðari hluta ársins eru skattleysismörkin talsvert hærri eða 60.120 kr. á mánuði. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá er gengið út frá því að laun hækki um 2,5% á mann milli áranna 1991 og 1992. Eigi skattbyrði tekjuskatts að haldast óbreytt milli ára þarf að hækka skattleysismörkin samsvarandi eða um 2,5%. Miðað við fyrirliggjandi spá um þróun lánskjaravísitölu mun persónuafsláttur inn hækka um 1,2% um mitt árið 1992, sem strangt til tekið þýðir að lækka þyrfti persónuafsláttinn við upphaf næsta árs eigi meðalhækkun hans milli ára að vera 2,5%. Þetta er í raun afleiðing af tæplega 5% hækkun á skattleysismörkum tekjuskatts um mitt þetta ár sem kemur fram að fullu á næsta ári. Í áætlun fjárlaga er hins vegar miðað við að persónuafsláttur haldist óbreyttur frá því sem hann hefur verið og er nú á fyrri hluta ársins 1992 en hækki síðan um mitt ár um 1,2% eins og lög mæla fyrir. Þetta þýðir að skattleysismörkin hækka um tæp 3% milli ára.

Í árslok 1988 var lögum um tekjuskatt breytt þannig að ákvörðun persónuafsláttar fyrir fyrri hluta hvers árs var gerð að sjálfstæðri aðgerð en ekki tengd sjálfvirkt við lánskjaravísitöluna. Þetta á einungis við um ákvörðun persónuafsláttar fyrri hluta ársins. Eftir sem áður breytist persónuafsláttur í takt við lánskjaravísitölu um mitt ár.

Við höfðum samband við Alþýðusambandið og bentum þeim á að lagabreyting þessi hefur átt sér stað og ég veit ekki betur en að þeir hafi tekið fullt tillit til þeirrar beiðni okkar að líta betur á málið og kanna þetta með tilliti til þeirra breytinga sem þá urðu á lögum.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Vegna þess sem hæstv. fjmrh. sagði áðan þá endurtókum við þessa spurningu til fulltrúa Alþýðusambandsins á síðasta fundi nefndarinnar vegna þess að okkur hafði skilist að hér væri um einhvern mismunandi skilning að ræða milli fjmrn. og Alþýðusambandsins og spurðum um það hvort þar hefði orðið breyting á. Forseti Alþýðusambands Íslands svaraði að svo væri ekki. Ég ætla ekki að fara í gegnum þessa útreikninga en þeir tóku fram að um mitt ár hafi lánskjaravísitalan verið eðlilegur mælikvarði. Það væri raunvirðisframreikningur sem stjórnvöld noti og þeim kom á óvart að sá raunvirðisframreikningur væri ekki notaður áfram. Og fullyrtu að hér væri um skerðingu á skattleysismörkum að ræða sem næmi 2.047 kr. Ég held að það sé alveg ljóst, hæstv. fjmrh., að við komumst ekki að neinni niðurstöðu í þessu máli í kvöld. En ég vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri og ljóst er af þeim samtölum sem við höfum átt við Alþýðusamband Íslands og raunar líka við BSRB að hér er uppi stór krafa sem þeir munu halda fram og telja að verði að leiðrétta. Forseti Alþýðusambands Íslands taldi að hér væri um skerðingu á ráðstöfunartekjum að ræða sem næmi 1,2% og tók fram að hér væri ekki um neina tilfærslu að ræða heldur aukna skattheimtu. Þannig stendur það mál gagnvart vinnu í nefndinni.

Nú er bagalegt, hæstv. fjmrh., að hafa ekki meiri tíma til þess að fara ofan í málið og ræða við aðila og einmitt þess vegna teljum við að það eigi að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar vegna þess að málið hafi ekki verið rætt á fullnægjandi hátt sem eðlilegt má teljast miðað við núverandi aðstæður. Þetta mál er þannig að að auðvitað eiga menn ekki að þurfa að skiptast á einhverjum skeytasendingum út af því nokkrum klukkutímum eða mínútum áður en það er lögfest. Það er afar mikilvægt að þessir útreikningar séu alveg á hreinu og að fullur skilningur sé á milli aðila. Ég er ekki að segja að útreikningar fjmrn. séu rangir. Þeir eru það vissulega ekki en þar eru notaðar aðrar forsendur en hjá launþegahreyfingunni. Og það liggur alveg fyrir að þessi krafa mun verða uppi hjá launþegahreyfingunum gagnvart ríkisvaldinu í kjarasamningunum sem í hönd fara. Það eru sem sagt 1.200 millj. vegna persónuafsláttar, 500 millj. vegna barnabóta og 200 millj. vegna sjómannaafsláttarins.

Nú átti ég von á því að hæstv. fjmrh. svaraði í einhverju því sem hann var spurður um og ég skal endurtaka það mjög stutt því ég vil ekki lengja hér umræður og hafði í reynd sagt það í mínum þingflokki að ég mundi ekki gera það. En ég krefst þess að hæstv. fjmrh. svari alvarlegum atriðum áður en þessari umræðu lýkur því annars mun henni ekki ljúka strax. Ég tel að hann verði að svara því hvers vegna í ósköpunum standi á því að ekki er hægt að leiðrétta sjálfsögð atriði gagnvart atvinnulífinu. Hvað býr þar að baki? Auðvitað verður að upplýsa þingheim um það áður en atkvæðagreiðsla fer fram þannig að þingmenn viti hvað þeir greiða atkvæði um, það er nú lágmark, hvernig svo sem menn greiða atkvæði.

Það hefur komið fram að ákveðnir þingmenn í liði ríkisstjórnarinnar treysta sér ekki til að fylgja jöfnunargjaldinu. Hvers vegna í ósköpunum ætlar allt þetta lið að styðja þessa endemis vitleysu í sambandi við arðinn? Ég get vel skilið röksemdir þingmannanna í

sambandi við jöfnunargjaldið vegna þess að þeir telja að þetta sé ólöglegt. Ég er ekki sammála því en þeir hafa sín rök og fara eftir þeim. En þingmenn sem fylgst hafa með málinu í efh.- og viðskn. vita nákvæmlega hvað fulltrúar atvinnulífsins hafa sagt í þessu máli. En samt ætla þeir að fylgja málinu þó það skipti engu máli. Og eigum við að skilja við þetta mál án þess að fá nokkrar skýringar á því? Ég mun ekki gera það, hæstv. fjmrh.

Að síðustu hafði ég vænst þess að hæstv. fjmrh. gerði einhverja grein fyrir því að hann hygðist beita sér fyrir frekari breytingum á þessu frv. áður en 2. umr. lyki. Ég tel mikilvægt að vita hvað honum finnst um þau viðbrögð Sjómannasambands Íslands að leita nú þegar verkfallsheimildar vegna skerðingar sjómannafrádráttarins. Það er alvarlegt mál, hæstv. fjmrh. Það er mikilvægt að fá viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þeim boðum sem koma frá Sjómannasambandi Íslands og er náttúrlega í algerri mótsögn við þær upplýsingar, sem við fengum, að um samkomulag við forustumenn sjómannasamtakanna væri að ræða. Við hefðum getað sætt okkur við það að gengið væri algjörlega fram hjá nefndinni í þessu máli ef niðurstaðan hefði verið fengin eftir samráð við sjómannasamtökin og þar hefði verið samstaða, eins og niðurstaðan var kynnt. Nú lít ég ekki þannig á að fjmrh. beri í einu og öllu að ná samstöðu við alla þá sem hann þarf að eiga viðskipti við. Ég geri mér fullkomlega ljóst, hæstv. fjmrh., að þannig er ekki hægt að halda á málum. En þá á ekki að kynna mál þannig þó ég sé ekki að segja að hæstv. fjmrh. hafi gert það. Ég hef ekkert heyrt hann segja um það. Það er kannski best fyrir hæstv. fjmrh. að segja sem minnst í þessu máli, a.m.k. þar til niðurstaða er fengin. En ég hafði gert ráð fyrir því að hann segði okkur eitthvað um hvaða breytingum hann hyggst beita sér fyrir vegna þess að við lok þessa máls skiptir miklu máli hvaða brtt. verða fluttar fram af hálfu meiri hlutans.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það var nú ekki ætlun mín að steinþegja þessa umræðu heldur tók ég til máls einungis til andsvara við síðasta ræðumann áður en hv. 1. þm. Austurl. talaði, þ.e. til að svara því sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur.

Fyrst langar mig til að víkja málinu aftur að því. Mér finnst eins og skýringar mínar hafi ekki komið nægilega fram varðandi persónuafsláttinn. Þegar lög um staðgreiðsluna voru samþykkt á sínum tíma var ætlunin að lánskjaravísitalan yrði viðmiðun allt árið. Það hefði þýtt að skattbyrði einstaklinganna hefði jafnvel orðið lægri í slæmu árferði en hækkað síðan þegar árferðið breyttist. Þetta muna þeir hv. þm. sem nálægt þeirri löggjöf komu. Það var innifalið með því að tengja persónuafsláttinn við þessa vísitölu. Rétt fyrir áramót eða um svipað leyti árs og nú, fyrir þremur árum, 1988, ákvað þáv. ríkisstjórn að breyta þessari viðmiðun sem tekin er tvisvar sinnum þannig að tekið var út úr lögunum að fylgja þyrfti lánskjaravísitöluviðmiðuninni þegar ákveðið var í desember við hvað ætti að miða og það var þá hreinlega ákvörðun Alþingis við gerð fjárlaga hvernig farið yrði að. Þetta gerði það að verkum að við hrapandi tekjur reyndist skattbyrðin vera hlutfallslega hin sama á nýju ári. Með öðrum orðum, launþegar sem þurftu að bera minna úr býtum höfðu sömu skattbyrðina eftir breytinguna sem alls ekki var hugmyndin í upphafi. Það sem hér er verið að gera er einungis að fylgja þeim lögum sem sett voru haustið 1988 og allar götur síðan hefur það verið yfirlýsing ríkisstjórna að skattbyrðin yrði sú sama frá ári til árs og um það snýst þetta mál. Ef við hefðum átt að fylgja okkar forsendum út í hörgul þá hefði í raun þurft að lækka persónuafsláttinn, þ.e. auka skattbyrðina á fyrri hluta næsta árs. Það var ákveðið að gera það ekki heldur að halda honum óbreyttum og taka síðan lánskjaravísitöluna inn á næsta ári. Þetta gerist auðvitað vegna þess að í forsendum frv. er gert ráð fyrir mjög svo hrapandi verðbólgu. Ég vona að þetta skýri þetta mál.

Um reikningana sjálfa get ég ekkert sagt. Ég reiknaði þetta ekki sjálfur, hvorki með höndum né á mína reiknivél og ég get því miður ekki sagt um það hvaða reikningsaðferð er heppilegust í þessu sambandi. En sjálf hugmyndin á bak við þetta er sú sem ég hef lýst og ég held að allir séu sammála um. Menn geta síðan deilt um það hvort sú breyting sem gerð var á sínum tíma hafi verið rétt eða röng, það er önnur saga. (Gripið fram í.) Jú, jú, fjmrh. hugsar annað slagið þó það komi kannski hv. frammíkallanda á óvart og reiknar jafnvel stundum með höfðinu þó svona sé tekið til orða, eins og sagt er. (**Gripið fram í:** Hann er hættur að vera kennari.) Þá kallar einn fyrrverandi nemandi þess sem hér stendur, fram í fyrir honum en það er rétt að ýmsir af mínum nemendum, ég var stærðfræðikennari hér áður, hafa komist til manns og þar á meðal sá sem kallaði hér fram í sem er einn mesti reikningshestur Alþb. á Alþingi. Og hann er eiginlega lifandi vottur um frábæra frammistöðu mína sem kennari í reikningi, þegar hv. þm. var í gagnfræðaskóla. (**SJS:** Er hann það ekki enn?) Hann er ekki enn þá í gagnfræðaskóla, nei, nei, hann komst upp úr gagnfræðaskóla fyrir löngu.

Nú þarf ég að snúa mér til hæstv. forseta því að ég veit ekki hvort það er eðlilegt að ég mæli fyrir tillögu sem búið er að dreifa en enn þá hafa ekki verið veitt afbrigði til að taka megi tillöguna á dagskrá. Hugmynd mín var að fá að ræða aðeins efni þeirrar tillögu. (**Forseti:** Ef ekki koma andmæli við því að hæstv. fjmrh. lýsi efni þessarar tillögu á þessu stigi málsins, þá tel ég ráðherranum heimilt að gera það.) Ég þakka hæstv. forseta. Það er rétt, ég hyggst flytja tillögu, henni hefur verið dreift hér á borð þingmanna og leitað verður afbrigða um að fá að taka hana til umræðu og afgreiðslu. Þessi tillaga er tvíþætt. Annars vegar fjallar hún um það að breyta fyrningarreglum 38. gr. tekju- og eignarskattslaganna þannig að þær verði sveigjanlegri og hægara sé þess vegna um vik fyrir fyrirtækin að haga afskriftum með tilliti til árferðis. Tillagan hefur að sjálfsögðu þýðingu, ekki síst eftir að sú breyting er gerð á lögum að takmarkað verður hvern-

ig flytja megi yfirfæranlegt tap á milli ára og að yfirfæranlegt tap fyrnist á tilteknum árafjölda. Þessi hugmynd kom fram í nefndarstarfinu og hefur verið skoðuð af starfsmönnum fjmrn., fulltrúum ríkisskattstjóra og loks hjá sérfræðingum sem til þekkja og eru endurskoðendur fyrirtækja hér í bænum. Ég tel þessa tillögu til bóta og ég veit að hún tíðkast. Hugmyndin er til í lögum erlendis þannig að víða a.m.k. tíðkast að hafa þann háttinn á að leyfa fyrirtækjum sveigjanlegar afskriftir.

Hinn þáttur brtt. á þskj. 363, ef afbrigði verða veitt fyrir að taka hana hér fyrir, er einfaldur. Brtt. fjallar um að breyta framkominni brtt. á þskj. 351 en þar er gert ráð fyrir að fjöldi daga sem veitir fullan rétt til sjómannaafsláttar verði 260 en í þessari nýju tillögu er gert ráð fyrir að dagafjöldinn breytist í 245.

Eftir viðræður við fulltrúa sjómanna og eftir að hafa farið í gegnum reikningslíkön og skoðað dreifingu, bæði tekjudreifingu og dreifingu á lögskráningardögum á milli aðila, kom í ljós að hugsanlegt er og líklegt að þessi tala, 245 dagar, nægi til þess að ríkissjóður nái þeim tekjum sem að var stefnt, eða 180 millj. kr. Verði verulegt frávik munu þessi mál að sjálfsögðu verða tekin upp síðar en ekki er efni til að skoða þetta af neinni alvöru fyrr en á miðju ári 1993 þegar upplýsingar eftir tekjuárið 1992 liggja fyrir.

Ég skal viðurkenna að hér er að mínu viti hallað nokkuð á ríkissjóð. En mér er kunnugt um að þetta mál er þannig vaxið að ástæða er til þess að taka tillit til útreikninga sjómannasamtakanna og í trausti þess að breyting sú sem hér er gerð verði samþykkt og leiði til farsællar niðurstöðu, hef ég ákveðið að flytja þessa tillögu.

Hv. 1. þm. Austurl. spurðist fyrir um það hvernig stæði á því að þá tillögu sem fram kom í frv. um arð væri þar að finna. Við ræddum þetta nokkuð við 1. umr. en mér heyrist að eftir nefndarstarfið finnist mönnum eðlilegt að víkja að þessu máli aftur og krefjast frekari skýringa. Ég held að einfaldast og kannski sanngjarnast sé að segja einungis eins og er að á miklum erfiðleikatímum, þegar ríkisstjórn þarf að grípa til aðgerða til að skerða réttindi og kjör fjölmargra aðila í þjóðfélaginu, hlýtur maður að velta mjög nákvæmlega fyrir sér hvernig hægt er að skipta þessum byrðum á sem flesta. Það var gert með því að ná tekjum af sveitarfélögum sem við töldum að hefðu styrkt stöðu sína á undanförnum árum. Það var gert með því að láta fólk greiða fyrir þjónustu sem áður hafði kostað lítið sem ekkert. Það var gert með því að draga úr barnabótum þeirra sem hafa hærri tekjur en styrkja fremur hina sem hafa lægri tekjur. Það var gert með því að breyta reglum um sjómannaafslátt, í því skyni að þeir nytu fyrst og fremst afsláttar sem væru sannanlega úti á sjó, með þeim margfeldisstuðli sem menn gætu komið sér saman um og það var gert með ýmsum slíkum lagabreytingartillögum.

Þá þótti ýmsum sem ríkisstjórnin þyrfti jafnframt að segja frá því hvernig hún hygðist haga skattlagningu fyrirtækja og ekki er óeðlilegt að að því væri spurt hvað fyrirtækin eigi að leggja að mörkum. Þess vegna var brugðið á það ráð að segja frá því nú hvaða reglur ættu að gilda í framtíðinni um arð en lögfesta nú þegar þann hluta þeirra reglna sem væru mest íþyngjandi. Það stóð hins vegar aldrei til, aldrei nokkurn tímann, að sú regla sem lagt var til í upphafi að yrði lögfest ætti að standa ein og sér þegar til skattlagningar kæmi. Þvert á móti var gert ráð fyrir því að í frv. sem flutt yrði á vorþinginu yrði greint nákvæmlega frá hvernig ríkisstjórnin og stjórnarflokkar hygðust skattleggja arð og taka á ýmsum skattlagningarreglum fyrirtækjanna. Þar sem um er að ræða annaðhvort ívilnandi aðgerðir eða aðgerðir til þess að jafna skattheimtuna til að mynda með því að lækka hlutföll á móti ýmsum lagabreytingum þótti okkur eðlilegt að taka þetta mál sérstaklega út úr.

Það er rétt sem hér hefur verið ýjað að að auðvitað höfðu stjórnarflokkarnir ekki jafnmikinn áhuga á þessari breytingu en það breytir hins vegar ekki því að fjmrh. sem fer með þessi mál í ríkisstjórninni ber sömu ábyrgð á því lagafrumvarpi sem flutt er um þetta efni algjörlega burtséð frá því hver það er sem á upphaflegu tillöguna um þetta tiltekna efni.

Ég vil bæta við að þegar ég fann fyrir því að fulltrúar atvinnurekstrarins og ýmsir fleiri höfðu af því stórfelldar áhyggjur að þetta kynni að hafa afar slæm áhrif á hlutabréfamarkaðinn lagði ég mig fram um það að ná þannig niðurstöðu í þessu máli að flestir eða allir gætu sætt sig við og það er skýringin á því að bráðabirgðaákvæði er skotið inn í frv. en það er gerð breyting um það efni af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Með því ætti að vera tryggt að hlutabréfamarkaðurinn og verðbréfamarkaðurinn starfaði áfram eins og hingað til og fengi að þroskast áfram.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. að sá sem hér stendur hefur verið mikill áhugamaður um hlutabréfamarkað á Íslandi og það er rangt sem kemur fram í bréfi Vinnuveitendasambandsins að síðasta ríkisstjórn hafi breytt reglum um hlutabréfamarkaðinn eins og þar stendur því að það var gert með þingmannafrumvarpi og sá var fyrsti flm. sem hér stendur. Hins vegar var það gert í fullri samstöðu við þáv. stjórnarflokka, þar á meðal hv. 1. þm. Austurl. sem sat í fráfarandi ríkisstjórn.

Það er hins vegar yfirlýsing núv. ríkisstjórnar og hefur margoft komið fram að hún hyggst breyta skattkerfinu á þann veg að upp verði tekinn eignatekjuskattur, þar á meðal fjármagnstekjuskattur en í staðinn verði eignarskattar lækkaðir og það er rétt enn fremur að það er ekki hugmyndin að þessar breytingar leiði til nýrra og aukinna tekna ríkissjóðs. Við teljum hins vegar eðlilegt, ekki síst vegna þess að um er að ræða ýmsa tekjuviðmiðun í lögum og skattalögum, tekjutryggingar, að allar tekjur, ekki einungis launatekjur, verði taldar með þegar tekjur eiga t.d. að hafa áhrif á bætur eins og oft hefur verið rætt um til að mynda um lífeyristryggingar. Eina ástæðan fyrir því að þetta ákvæði fór inn í lagafrv. var sú að við vildum sýna nú þegar þetta íþyngjandi ákvæði. Eitt og sér gat það aldrei staðið því að ef þetta hefði verið skilið svona eftir í lögum án þess að aðrar breytingar hefðu verið

gerðar hefði þetta að sjálfsögðu þýtt að arður væri ekki einungis skattlagður einu sinni, heldur tvisvar og jafnvel oftar, þegar t.d. var um að ræða hlutabréfasjóði. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið til að mynda í ræðum hv. 1. þm. Austurl. að það er auðvitað nokkur ágalli við þetta ákvæði, að láta það standa eitt og sér. Nú hefur þessu verið breytt og vonast ég til þess að efnislega geti sem flestir verið ánægðir með niðurstöðuna enda hefur hún verið borin undir sérfræðinga í þessum málum.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi, a.m.k. að mestu leyti, komið til móts við óskir hv. 1. þm. Austurl. og reynt að svara brýnustu spurningum sem til mín var beint.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svarið. Að því er varðar sjómannafrádráttinn þá vil ég minna á að nú er búið að leggja fram brtt. tvisvar og alltaf er útkoman sú sama í tekjuútreikningum fjmrn. Við spurðum um það í nefndinni hvort það væri hægt að treysta á útreikningana og báðum um að fá að fara frekar ofan í þá. Okkur var sagt að það væri að sjálfsögðu engin vissa fyrir því en það væri allt sem benti til þess að þessir 260 dagar mundu skila þessum tekjum. Nú er okkur sagt að það sé allt sem bendi til þess að 245 dagar skili þessum tekjum. Ef þeir skila ekki þessum tekjum, segir í tillögunni mun reglum verða breytt. Þá mun því verða náð inn aftur. Þetta eru ekki góð vinnubrögð, hæstv. fjmrh.

Ég vil minna hæstv. fjmrh. á að þótt uppi kunni að vera það sjónarmið að fyrirtækin verði að leggja eitthvað af mörkum, sem ég get tekið undir, þá er það staðreynd við þessar aðstæður þegar atvinnulífið er nánast að fara á hliðina að mikilvægast er að fyrirtækin gangi þannig að það sé full atvinna í landinu og það er skammsýni þegar því er haldið fram að það eigi að leggja á þessi fyrirtæki nánast til þess að þau fari á hliðina. Það sem hæstv. fjmrh. sagði er ekki nægilegt til að eyða óvissu að mínu mati. Það eru fullnægjandi svör en óvissan stendur áfram. Hann segir að það eigi að koma með frv. á vorþingi. Gott og vel, en það er svo tilgangslaust að leggja þetta til, hæstv. fjmrh., það skapar aðeins óvissu, það hefur skapað óvissu og það hefur spillt þessum markaði. Ég á ekki von á því að það hafi verið hugmyndin en niðurstaðan er sú og yfirlýsingar hæstv. fjmrh. breyta því miður ekki þeirri staðreynd.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sannfærður um að þegar sú breyting mun eiga sér stað á fyrirliggjandi frv., þegar brtt. verður borin undir atkvæði og þá samþykkt, mun öllum verða ljóst að þetta atriði verður ekki virkt í lögum fyrr en eftir tekjuárið 1993. Og ég er sannfærður um það ef við látum það heyrast hér frá Alþingi — og það auðvitað hljótum við að gera — þá mun þetta atriði ekki hafa áhrif á verðbréfamarkaðinn eins og hv. síðasti ræðumaður hélt fram.

Ég vil hins vegar bæta því við að allt það sem við erum að reyna að gera varðandi fjárlagagerðina gengur út á það eitt fyrst og fremst að ná niður hallanum, ná tökum á fjárlögunum með þeim hætti sem hér hefur verið rakið. Það var hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni að við höfum náð inn miklum tekjum, við höfum lækkað gjöldin. Allt er þetta gert í því eina skyni að koma í veg fyrir það að ríkisvaldið seilist í of mikla fjármuni og auki þannig eftirspurnina eftir fjármagni sem leiðir til hækkunar vaxta. Og til hvers er þetta gert? Þetta er til þess gert að fólk og fyrirtæki sem þarf á lánum að halda, ekki síst fyrirtækin, til að byggja upp nýja atvinnustarfsemi í landinu fái til þess meira svigrúm, meira olnbogarými í framtíðinni heldur en hingað til hefur verið. Og það er einmitt á þessum nótum sem ég vonast til að það myndist breið samstaða hér í þinginu á milli stjórnarflokkanna og milli stjórnarandstöðuflokkanna að finna leiðir til þess að sem mest jafnvægi verði milli gjalda og tekna ríkisins þannig að okkur auðnist að draga úr lánsfjáreftirspurninni og draga þannig úr vaxtakostnaði.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að standa frammi fyrir þessum staðreyndum, það skil ég vel. En staðreyndin er sú að með því að lögfesta þessi ákvæði þá er ákveðið að arðurinn skuli ekki lengur vera frádráttarbær í fyrirtækjunum. Og það mun hafa þau áhrif að íslensku lífeyrissjóðirnir kaupa ekki í sama mæli hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum. Þetta er aðalatriðið. Og svo kemur hæstv. fjmrh. hér upp og talar um að auðvitað þurfi að auka eigið fé fyrirtækja en leggur allt annað til í reynd. Það er ekki hægt að taka þetta alvarlega, hæstv. fjmrh. Þetta er í slíkri mótsögn við allt sem stendur í ykkar plöggum að það er alveg eins og því hafi bara verið gleymt. Og ég trúi því ekki að hver einasti fylgismaður þessarar ríkisstjórnar taki þessa áhættu. Því hvað svo sem líður viðræðum hæstv. fjmrh. við þá aðila sem starfa á þessum markaði þá trúi ég því ekki að þeir hafi skipt um skoðun með jafnskjótum hætti og núv. ríkisstjórn. Þetta eru staðfastir menn, ég er ekki að segja að allir séu þeim sammála, þetta eru kapítalistar eins og þeir gerast bestir hér á Íslandi og þeir eru vanir að standa á sinni skoðun og ég er viss um að þeir hafa ekki breytt þarna um skoðun. Því miður er ekki hægt að eyða þessari óvissu, hæstv. fjmrh., nema fella þessa vitlausu tillögu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil einungis benda á að það sem stendur eftir af þessari tillögu og það sem hefur verið sagt í þessu máli er ekkert annað en það að arður verður einungis einu sinni skattlagður. Það er alveg rétt sem hefur komið fram, ekki nú en oft áður, að það er ekki endanlega útséð hvaða form verður á fjár-

magnstekjuskatti en það er alveg ljóst að það er verið að gefa þau skilaboð til þjóðarinnar að arð eins og hverjar aðrar tekjur þarf að skattleggja. Það er hins vegar spurningin hvar sú skattlagning á að koma fram. Ég vona og ég veit reyndar, af því að hv. 1. þm. Austurl. er endurskoðandi, að hann skilji að það eina sem við erum að gera er þetta og við þurfum að senda þessi skilaboð frá okkur núna: Þær reglur eru víðast hvar í gildi annars staðar að arður er skattlagður jafnt og aðrar tekjur, þetta þarf að gilda jafnframt um opinber verðbréf, ríkisskuldabréf, í framtíðinni, þannig að það sé jafnræði á milli slíkra bréfa. Að þessu verður stefnt og ég sé ekki að þetta ákvæði í lögunum, þegar tekið er tillit til breytinga sem verða gerðar á lagafrv., setji hlutabréfamarkaðinn í neina hættu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað þannig að maður vorkennir hæstv. fjmrh. svo óskaplega að þurfa að koma í ræðustólinn og standa í þeim sporum sem hann er að það er varla að maður fái sig til að leggja hér orð í belg. En ég held að það sé þó nauðsynlegt að ... (**Fjmrh.:** Að gefa andsvar við ...?) Nei, það var ræða hæstv. fjmrh. sem þú fluttir hér áðan, var það ekki? (**Fjmrh.:** Nei, nei þú varst ekki inni þegar ég flutti mína ræðu.) Jú, ég hlustaði. Ég get út af fyrir sig farið úr ræðustólnum og beðið um orðið, herra forseti, ef fjmrh. vill það frekar, það er alveg sjálfsagt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Já, herra forseti, ég ætlaði þá aðeins að bæta við umfjöllun um þessa skattlagningu fyrirtækjanna sem hæstv. fjmrh. er hér að baksa við að verja. Staðreyndin er auðvitað sú, hvort við myljum það með okkur lengur eða skemur, að flestum ber saman um að kák hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum sé þegar búið að baka heilmikil vandræði og skapa hér óvissu að óþörfu, fullkomlega óþörfu og tilefnislausu. Við hefðum fagnað því held ég hér á hv. Alþingi og enginn meira en ræðumaður ef hæstv. ríkisstjórn hefði lagt hér inn myndarlegan tillöguflutning um heildarsamræmingu skattreglna um fjármagnstekjur og um arð af hlutabréfum. En því miður er engu slíku fyrir að fara. Og þeir sem til þekkja á þessum óburðuga íslenska hlutabréfamarkaði, ef svo má að orði komast, sem er hér að sögn að slíta barnsskónum og ræðumaður er nú ekkert sérlega vel að sér um, segja ósköp einfaldlega a.m.k. hálfur skaði sé þegar skeður með þeirri auglýsingu hæstv. ríkisstjórnar út í þjóðfélagið að til hafi staðið að gera skattalega meðferð arðgreiðslna óhagstæðari heldur en aðrar tekjur af fjármagni. Og þess vegna breytir kannski ekki svo mjög miklu úr þessu með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn klúðrar þessu hér saman að lokum. Ég er ekki viss um að það breyti svo mjög miklu úr því sem komið er. En það hafa farið út í þjóðfélagið til þeirra sem eru eitthvað að velta fyrir sér hvernig þeir ráðstafa sínum sparnaði, skilaboð sem eru vægast sagt ekki mjög hvetjandi til þess að menn leggi frekar fé í hlutabréf heldur en t.d. í skuldabréf, ríkisskuldabréf eða leggi slíka peninga inn á bók. Hættan er sú að við lendum í svipaðri stöðu og Bandaríkjamenn t.d. á síðasta áratug en þá var skattaleg meðferð þannig að fjármagnið leitaði ekki í hlutabréf eða aukningu á eigin fé fyrirtækjanna heldur var það beinlínis hagstæðara fyrirtækjunum að sækja sér fjármagn með skuldabréfaútgáfu. Og afleiðingin varð sú að fyrirtækin veiktust, urðu skuldsettari og skuldsettari og menn vöknuðu upp við mjög vondan draum eins og allir þekkja.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. verður auðvitað að vera hreinskilinn við okkur eins og við öll hin og viðurkenna það að þetta er eitt allsherjar klúður hjá hæstv. ríkisstjórn, alveg hreint dapurlegt. Og lang, lang gáfulegasta leiðin út úr ógöngunum er að fresta öllum þessum áformum og þá meina ég með því að fella þessa mislukkuðu bráðabirgðaákvæðistillögu en síðan á hæstv. fjmrh. að drífa sig í gang og koma með myndarlegan pakka hérna inn í þingið t.d. í febrúar og við skulum vinna alveg linnulaust með honum hérna í efh.- og viðskn. til að koma á á Íslandi fyrir vorið myndarlegri og heildstæðri skattalöggjöf þar sem tekið er með farsælum hætti á þessum málum, þessu stóra gati í okkar skattkerfi sem lýtur að eðlilegri og sanngjarnri skattalegri meðferð arðs af fé og hlutabréfum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé réttlætanlegt að hafa skattlagningarþakið eða þrepið gagnvart arði af hlutabréfum eftir atvikum ívið hagstæðara heldur en af öðrum fjármagnstekjum. Ég tel margt mæla með því. Ég væri t.d. tilbúin til þess að slíkar reglur gagnvart eiginlegum almenningshlutafélögum væru þannig að þær væru eftir atvikum hvetjandi til þess. Við Íslendingar þurfum auðvitað á því að halda að það verði uppbygging í okkar atvinnulífi og einnig á þessu sviði.

Að lokum er svo eitt, herra forseti, sem ræðumaður getur ekki neitað sér um að nefna úr því að hann er aldrei þessu vant kominn í þennan ræðustól. Og ræskir nú forseti sig af einhverjum ástæðum. Það er auðvitað hin kostulega þverstæða í málflutningi hæstv. ríkisstjórnar sem flaggar hér einkavæðingu og ætlar að fara að selja ríkisfyrirtæki og sum á hálfvirði samanber morgunrutsákvörðun eða tilkynningu hæstv. fjmrh. þegar hann var illa vaknaður hérna einn morguninn og missti það út úr sér að hann ætlaði að selja Búnaðarbankann á hálfvirði. Hvernig heldur hæstv. fjmrh. að það fari saman að boða það að skattaleg meðferð arðs af hlutabréfum verði gerð stórlega óhagstæðari, auglýsa það alveg sérstaklega út í þjóðfélagið en á sama tíma að vera að tala um í fjármagnssoltnu þjóðfélagi eins og Ísland er í dag að ætla að fara að dæla út hlutabréfum í ríkisfyrirtækjum. Allt eins þó þau verði seld á undirboðsverði. Það er eins og hæstv. fjmrh., sem ég hélt að ætti að þekkja til á þessum markaði, viti bara alls ekki hvar hann er staddur, hafi lent í einhverri reginþoku og sé bara þar að sveima. Veit t.d. hæstv. fjmrh. ekki að allmörg stórfyrirtæki í landinu liggja með ákvarðanir aðalfunda sinna um hlutafjárútboð óvirk? Hvers vegna? Vegna þess að íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur verið að þorna upp og lokast praktíst talað síðustu mánuðina. Það vill t.d. svo til að sá sem hér talar nauðaþekkir málefni fyrir-

tækisins Flugleiða hf., af því að það var hans embætti um tíma að vita hvað var að gerast í samgöngumálum í landinu. Það var þannig að á aðalfundi Flugleiða hinum síðasta var flutt m.a. söguleg fjallskilaræða þar sem þáv. stjórnarformaður fyrirtækisins gerði upp við kolkrabbann. Þá var tekin ákvörðun um að bjóða út geysimikið hlutafé í þessu mikla fyrirtæki Flugleiðum. Ég hef ekki orðið var við að þau væru seld. Vita menn hvers vegna? Vegna þess að verð á bréfum Flugleiða hefur farið lækkandi og það er alveg augljóst mál að ef Flugleiðir dældu eitt þúsund milljón króna verðmæti af hlutafé hér út á markaðinn þá mundu þau enn lækka. Staðan er auðvitað þannig í dag á þessum litla hlutabréfamarkaði sem manni er sagt að sé til hér einhvers staðar svona í skúffum að þetta verkar sem — ég verð að taka undir það með framkvæmdastjóra VSÍ — sem lélegur brandari allt sem hæstv. ríkisstjórn er hér að gera. Og ég held að það ætti nú að minnsta kosti að draga einkavæðingarfána ríkisstjórnarinnar í hálfa stöng núna í tilefni af því ef þessi vitleysa verður samþykkt sem hér liggur fyrir í brtt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er búið að segja margoft að ég hafi ætlað að selja hlutabréf Búnaðarbankans á hálfvirði. Það sem ég sagði, ef það skyldi nú verða mönnum til upplýsinga, var það að ég ætlaði að bjóða öllum landsmönnum hlutabréf í bankanum á hálfvirði. Það segir auðvitað ekkert um það hve mikils virði bankinn er. En síðan var sagt að ef landsmenn kærðu sig ekki um að kaupa á niðursettu verði bréf bankans yrðu þau bréf seld hæstbjóðendum. Þetta var sagt að sérstöku gefnu tilefni og á það bent jafnframt að þessi leið hefði víða verið farin. En nú ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það mál.

Vegna orða síðasta hv. ræðumanns þá vil ég sem mikill áhugamaður um hlutabéfamarkaðinn og verðbréfamarkaðinn íslenska þakka þann mikla víðtæka stuðning sem hér hefur komið fram frá fulltrúum flestra stjórnmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi, við það mál og vænti þess að eiga þar hauk í horni þegar að því kemur að taka þurfi á skattalagabreytingum sem áhrif hafa á verðbréfa- og hlutabréfamarkaðinn í framtíðinni. Ekki síst vegna þess að sú hv. ríkisstjórn sem nú starfar hefur sett sér það markmið að einkavæða opinber fyrirtæki og til þess að það geti gengið sem snurðulausast fyrir sig þá er afar nauðsynlegt að víðtæk samstaða sé þar um. Þess vegna þakka ég hv. áhugamönnum, sérstaklega þeim nýjustu í hópnum, fyrir þann mikla áhuga sem þeir hafa sýnt að þroska áfram hlutabréfa- og verðbréfamarkaðinn hér á landi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Þegar hæstv. fjmrh. kynnti fjárlagafrv. í haust sagði hann að þetta fjárlagafrv. ætti að vera grundvöllur kjarasamninga. Ég minnti hæstv. fjmrh. á það við 3. umr. fjárlaga fyrr í dag að þegar við erum komin að afgreiðslu fjárlaganna er ljóst að þetta fjárlagafrv. er einn helsti þröskuldurinn við gerð kjarasamninga sem þurfa að fara fram hér upp úr áramótum. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þeirra samtaka sem fjmrh. á að semja við, hafa lagt það á sig að koma hér í Alþingishúsið síðla á laugardagskvöldi til að fylgjast með þessari umræðu. Hvers vegna er það, hæstv. fjmrh.? Það er vegna þess að með því frv., sem hér er verið að ræða, er verið að taka af launafólki, barnafólki, innan BSRB ígildi 4.000 kr. á mánuði. Þetta frv. er hreint kjaraskerðingarfrv. ríkisstjórnar gagnvart launafólki innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem er barnafólk. Heldur hæstv. fjmrh. að þetta sé skynsamleg leið til að ná kjarasamningum og stöðugleika í íslensku efnahagslífi? Þessi aðgerð með barnabæturnar er álíka vitlaus, álíka heimskuleg gagnvart launafólkinu í landinu og það ákvæði sem hér hefur verið til umræðu gagnvart atvinnulífinu. Það er satt að segja alveg furðuleg skammsýni þegar hæstv. fjmrh. á kost á því að leggja hér á hátekjuskatt í tekjuskatti og hefði verið studdur af stjórnarandstöðuflokkunum líklegast velflestum ef ekki öllum til þeirra verka hér á þingi að þá skuli hann hafna þeirri leið en kjósa í staðinn að taka 4.000 á mánuði frá því fólki sem er með miðlungstekjur og á tvö, þrjú eða fjögur börn. Þegar vinnumarkaðurinn leysist upp í átök eftir áramót, hæstv. fjmrh., þá er nauðsynlegt að þú gerir þér grein fyrir því að það ert þú, hæstv. fjmrh., og ríkisstjórnin sem ber meginsök á því. Við sögðum í sumar að í þessu fjárlagafrv. yrði að leggja grundvöll að kjarasamningum með því að breyta skattalögunum á þann veg að auka ráðstöfunartekjur venjulegs launafólks í gegnum skattabreytingar og taka það með peningum sem eru sóttir til hátekjufólksins og fjármagnseigenda. Í þessu frv. er notuð þveröfug aðferð. Fjármagnseigendur og hátekjufólk er látið í friði en í staðinn er farinn sérstakur leiðangur til að rýra kjör launafólks með miðlungstekjur og nokkur börn á framfæri sínu. Þetta hefur auðvitað komið fram við þessa umræðu en það er nauðsynlegt að minna hæstv. fjmrh. á það að þessa dagana hafa birst áskoranir frá þeim samtökum launafólks sem hann á að semja við, þar sem þingheimur hefur verið hvattur til þess að hverfa frá þessum gerningi. Við hverja ætlar hæstv. fjmrh. að semja með þessum aðferðum eftir áramótin? Maðurinn sem stóð hér í stólnum á síðasta þingi og hafði uppi fögur orð um nauðsyn þess að eiga góða sambúð við launafólk af hálfu fjmrh. og ríkisstjórnar.

Hæstv. fjmrh. ætti að minnast þess í byrjun næsta árs að þetta kvöld, laugardagskvöld, þegar við göngum til atkvæða um þetta frv. og um fjárlögin er það forustusveit þeirra samtaka, sem hann á að semja við, sem sérstaklega hefur gert sér för hingað í þinghúsið til þess að fylgjast með því hvað hér er að gerast. Þessi ríkisstjórn stefnir að því að hleypa öllu upp eftir áramótin, stefnir að ófriði á vinnumarkaði, áframhaldandi háum raunvöxtum og gífurlegum halla á ríkissjóði. Það er ekkert í þeim skattabreytingum sem hér á að fara að samþykkja sem hjálpar atvinnulífinu, ekki neitt. Það er fjöldi ákvæða sem rýrir getu atvinnulífsins til þess að vaxa. Í þessu skattafrumvarpi er ekkert sem hjálpar

launafólki til að leysa þá erfiðu þraut að ná nýjum kjarasamningum. Þvert á móti er fjölmargt sem gerir launafólki mjög erfitt fyrir að ná kjarasamningum. Er það virkilega hlutverk þessarar ríkisstjórnar að magna þau vandræði og þá erfiðleika sem við er að glíma í okkar þjóðfélagi? Það er stór ábyrgð og mikil sök og þess verður minnst, hæstv. fjmrh., lengi hver verkin verða hér í kvöld og í nótt.

Frsm. minni hluta fjh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég sá að hæstv. félmrh. var kominn hér í húsið en þar sem hæstv. félmrh. er ábyrgðarmaður lífeyrissjóðanna í landinu þá vildi ég fá að leggja fyrir hæstv. félmrh. eina spurningu undir þessari umræðu. En áður en hæstv. félmrh. kemur hingað þá vildi ég segja við hæstv. fjmrh. að hann má ekki koma hér í ræðustól og tala þannig, eins og mér fannst á honum, að hann væri nánast að segja: Ég er hlutabréfamarkaðurinn og ég þakka stuðninginn, þennan nýja stuðning, þessa óvæntu stuðningsmenn. Ég vil upplýsa hæstv. fjmrh. um það að þótt ég hafi ekki tamið mér mikil ræðuhöld á Alþingi a.m.k. fram að þessu hef ég ávallt stutt íslenskt atvinnulíf og mun halda áfram að gera það. Það er e.t.v. dálítið merkilegt að stuðningsins við íslenskt atvinnulíf skuli ekki vera að leita í nægilega miklum mæli hjá hæstv. fjmrh. Það veldur mér vonbrigðum. Og þótt það sé allt rétt hjá hæstv. fjmrh. að hann hafi beitt sér mjög í stjórnarandstöðu fyrir því að lagfæra þennan hlutabréfamarkað þá er ekki nóg að hann geri það einn. Ég minni hann á að auðvitað gerði hann það ekki einn en það má vel vera að hæstv. núv. fjmrh. hafi notið þess forgangs á Alþingi að geta talað lengur en ýmsir aðrir og þar af leiðandi hafi hans málflutningur í þessu máli komist betur til skila en við hinir í hinum þögla meiri hluta stutt dyggilega við bakið á stjórnarandstæðingum. Það er ekki það sem við upplifum í dag að hæstv. núv. fjmrh. standi dyggilega að baki stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Ekki einu sinni með þögninni. Það þýðir lítið fyrir hæstv. fjmrh. að standa upp og tala eins og hann sé hlutabréfamarkaðurinn því það er allt annað, hæstv. fjmrh. Hlutabréfamarkaðurinn talar fyrir sig sjálfur. Það er ekki fjmrh. landsins sem á að tala fyrir hann. Hlutabréfamarkaðurinn hefur sagt okkur hver viðbrögðin eru með þessari tillögugerð og með þeirri óvissu sem þarna hefur verið sett út. Óvissu sem mun áreiðanlega valda meira atvinnuleysi en annars hefði þurft að vera og ég vildi spyrja hæstv. félmrh. hvort félmrh. óttast ekki aukið atvinnuleysi af þessum sökum. Hvort það gæti verið að það slys mundi gerast að tölurnar á skráningunni í félmrn. mundu hækka. Ég gæti trúað því að svo væri.

Er hæstv. félmrh. tilbúinn að bera ábyrgð á því að atvinnuleysi muni aukast af þessum sökum? Og hæstv. fjmrh. talaði hér um samræmingu og sagði að það ætti að samræma þetta allt á fjármagnsmarkaðinum. Ég er sammála hæstv. fjmrh. í þeim efnum. En þá á samræmingin að felast í því að arðurinn og vextirnir séu skattlagðir með sambærilegum hætti. Nú leggur hæstv. fjmrh. það til að arðurinn verði ávallt skattfrjáls hjá móttakanda, en vextirnir eigi að verða skattskyldir hjá móttakanda. Er þetta samræmingin, hæstv. fjmrh.? Í þessu felst ekkert samræmi. Ég er sammála hæstv. fjmrh., það á að samræma og ef það var ætlunin að ná tekjum af þeim aðilum sem fá arð í þjóðfélaginu þá átti að sjálfsögðu að lækka skattfrjálsan arð eða þau mörk. Það hefði ég skilið, hæstv. fjmrh., ef það var hugmyndin að þeir sem njóta arðs legðu meira í þjóðarbúið þá hefði að sjálfsögðu átt að lækka þau mörk.

En ég bendi á það, hæstv. félmrh., sem ber ábyrgð á lífeyrissjóðakerfinu í landinu, a.m.k. að stórum hluta, að lífeyrissjóðirnir hafa lýst því yfir að þeir muni mjög draga að sér hendur í sambandi við kaup á hlutabréfum í íslensku atvinnulífi. Ég er viss um að þessi staðreynd mun því miður auka atvinnuleysi og það mun tefja fyrir því að lífeyrissjóðir landsmanna fjárfesti í íslensku atvinnulífi. Það er það sem við þurfum á að halda í dag.

Fjmrh. landsins hefur staðið hér upp og sagt við Alþingi: Ég er tilbúinn að bera pólitíska ábyrgð á þessu máli, þessari dæmalausu vitleysu.

Ég vil því spyrja hæstv. félmrh., þannig að það liggi fyrir á þessari stundu, er hæstv. félmrh. jafnframt tilbúinn að bera pólitíska ábyrgð á þessum málum í andstöðu við hlutabréfamarkaðinn og í andstöðu við lífeyrissjóðinn í landinu? (**Félmrh.:** Svarið er já.) Ég ætlast til þess að hæstv. félmrh. sýni Alþingi þann sóma og þeim, sem hér eru að spyrja og stytta mál sitt eins og þeir geta, og sýni lífeyrissjóðunum og hlutabréfamarkaðinum þann sóma, því hlutabréfamarkaðurinn er ekki hæstv. fjmrh. og það er ekki nóg að tala um þetta mál við hann, að hún komi hér upp og segi frá sinni skoðun í málinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Svarið við þeirri fyrirspurn sem hv. þm. beindi til mín er já.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. fjárlaga minnti ég hæstv. félmrh. á það að daginn, sem ríkisstjórnin samþykkti að leggja fjárlagafrv. fram á Alþingi, átti hún sérstakan fund á skrifstofu forsrh. með formanni Alþfl., hæstv. utanrrh. Dagana þar á undan hafði allt fjölmiðlakerfi landsins verið yfirfullt af fréttum um það að hæstv. félmrh. gæti ekki stutt fjárlagafrv. Ástæðan sem hæstv. félmrh. gaf þá var að það skorti nokkuð á jöfnunaraðgerðir gagnvart launafólki, sérstaklega í skattamálum í tengslum við fjárlagafrv. Þennan dag í september birtu allir fjölmiðlar landsins, sérstaklega sjónvarpsstöðvarnar, myndir af hæstv. félmrh. þar sem hún gekk út úr stjórnarráðshúsinu af fundi sínum með forsrh. og utanrrh. og hún lét hafa við sig viðtal. Hún lýsti því yfir að nú hefði hún ákveðið að styðja það innan ríkisstjórnarinnar að fjárlagafrv. yrði lagt fram vegna þess að hún hefði fengið tryggingu fyrir því að í tengslum við fjárlagafrv. yrðu afgreidd fjölmörg atriði í lífskjarajöfnun í þágu launafólks. Þessi lífskjarajöfnunaratriði yrðu í skattamálum, húsnæðisbótum, húsa-

leigubótum og fjölmörgu öðru sem mundi auka kaupmátt launafólks. Þetta sagði hæstv. félmrh. í áheyrn alþjóðar og ég veit að það voru þúsundir af launafólki og fólki tengt Alþfl. sem trúðu því að eitthvað væri að marka yfirlýsingar hæstv. félmrh., varaformanns Alþfl. Manneskjunnar sem sumir hafa talið fulltrúa fyrir það litla sem eftir væri af samvisku Alþfl.

Nú erum við stödd hér á laugardagskvöldi og það vill svo til að á þessu laugardagskvöldi og þessari nóttu á að fara að afgreiða bæði frv. um tekjuskatt sem er tengt fjárlagafrv. og fjárlagafrv. sjálft. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. félmrh.: Hvað í þessu tekjuskattsfrumvarpi, hvað í þessu fjárlagafrv. eru þær tekjujöfnunaraðgerðir sem hæstv. félmrh. fékk loforð fyrir hjá forsrh.? Eða: Hefur hæstv. félmrh. verið svikin? Eða: Var ekkert að marka yfirlýsingar hæstv. félmrh.? Voru þær bara ein af mörgum leiksýningum hæstv. félmrh. til þess að búa til þá ímynd að hæstv. félmrh. kærði sig eitthvað um kjör venjulegs launafólks í landinu?

Ég óska eftir því vegna þess að við höfum ákveðið hér að sýna ákveðna tillitssemi við afgreiðslu þessara mála að nú komi hæstv. félmrh. hér upp og svari því: Hvar eru lífskjarajöfnunaratriðin í þessu skattafrumvarpi og í fjárlagafrumvarpinu sem hæstv. félmrh. fékk tryggingu fyrir? Hvar eru þau? Eru þau fólgin í barnabótunum sem taka 4.000 kr. á mánuði af launafólki innan BSRB sem á þrjú börn? Taka 4.000 kr. á mánuði af launafólki innan ASÍ sem á þrjú börn? Þannig að kaupmáttur venjulegs launafólks, venjulegrar fjölskyldu hér í landinu er skertur sem nemur mánaðarlaunum verkamanns og verkakonu með því frv. sem við erum hér að ræða. Hefur hæstv. félmrh. gert sér grein fyrir því að hún mun með atkvæði hér kvöld styðja það að kaupmáttur verkakvenna og verkakarla, félagsmanna innan BSRB, fjölskyldna launafólksins í landinu verður skertur sem nemur mánaðarlaunum láglaunafólks í landinu. Er það lífskjarajöfnunin, hæstv. félmrh.? Eða er það þannig að Alþfl. er tilbúinn til að samþykkja hvað sem er? Er hæstv. félmrh. komin á sama stig í lífkjarajöfnunarmálunum og hæstv. utanrrh. í jöfnunargjaldinu? *Ekki til prinsipp. Ekki til orðheldni.* Ekki til að það sé neitt að marka það sem sagt er.

Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. komi hér upp og það dugir eitt orð, hæstv. félmrh., það dugir eitt orð, en það þarf dálítinn kjark að koma hér upp og segja það. Þetta eina orð sem dugir er að koma hér upp og segja á eftir: Virðulegi forseti, svarið er: Hvergi. — Hvergi, hæstv. félmrh., því lífskjarajöfnunaraðgerðirnar eru hvergi í þessu frv. Þær eru hvergi í fjárlagafrv. Það er ekki neitt sem hæstv. félmrh. hefur fengið. Nú skora ég á hæstv. félmrh. að koma hér upp og segja þetta eina orð.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það hljómar mjög sérkennilega úr munni hv. þm. að heyra þennan hv. þm. tala um leiksýningu en ég skal ekki hafa fleiri orð um það. Varðandi fyrirspurn hv. þm. þá hef ég áður svarað henni hér í þessum ræðustól. Ég hef fengið slíka spurningu áður frá hv. þm. og það er ekkert breytt frá því. Ég get endurtekið það svar. Ég sagði það að frá þeim tíma sem hv. þm. nefndi þá hefur ríkisstjórnin í stefnuyfirlýsingu sinni markað ákveðna stefnu um það að ráðist verður í ákveðnar aðgerðir til tekjujöfnunar á sviði félags- og skattamála. Það kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ég sagði þegar hv. þm. spurði um þetta síðast, að frá því í september þá hafa orðið breytingar í því efnahagsumhverfi sem við búum í og það er mjög brýnt að það sé tekið á til þess að ná stöðugleika í þjóðfélaginu og vinna að áframhaldandi þjóðarsátt. Ég nefndi það einnig að þau sjónarmið væru uppi að skoða ætti tekjujöfnunaraðgerðir í tengslum við kjarasamninga. Kjarasamningar eru ekki í höfn. Miðað við það efnahagsumhverfi sem við erum í þá get ég fallist á þau sjónarmið að tekjujöfnunaraðgerðir verði skoðaðar í tengslum við kjarasamninga.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í haust var sagt: Kjarajöfnunaraðgerðirnar verða í fjárlagafrv. þegar það verður afgreitt á Alþingi í desember. Nú er sagt: Kjarajöfnunaraðgerðirnar verða í tengslum við kjarasamninga. Eru einhverjir peningar ætlaðir í þessu fjárlagafrv. í slíkt, hæstv. félmrh.? Svarið er nei. Það er ekki króna ætluð í þessu fjárlagafrv. til þess.

Jú, það er rétt, hæstv. félmrh. svaraði mér einu sinni áður og þá var svarið að vegna þess að samningar hefðu brugðist um álver, vegna þess að Jón Sigurðsson hefði ekki getað efnt pappírsfyrirheitin sem hann gaf í Reykjanesi og í kosningunum ...(**Félmrh.:** Þetta er nú útúrsnúningur.) Það er enginn útúrsnúningur vegna þess að það eina sem var á borðinu um álver voru pappírsloforðin sem við hinir bentum á að væru ærið hæpin. Og nú kemur hæstv. félmrh. og endurtekur það að vegna þess að pappírsloforðin um álverið stóðust ekki þá verði launafólkið í landinu að sætta sig við að fá ekki lífskjarajöfnun, þá verði barnafólkið innan BSRB að sætta sig við að kjör þess verði skert um 4.000 kr. á mánuði.

Síðan sagði hæstv. félmrh.: Það eru erfiðleikar. Það er alveg rétt, hæstv. félmrh., það hefur enginn neitað að taka þátt í lausn þeirra. En, hæstv. félmrh., lausnin er þannig að hátekjufólkið sem er með 400–500 þús. kr. á mánuði og á engin börn, það er ekki skert um krónu í þessu frv. Ekki um krónu. (**Félmrh.:** Hvað með 500 millj. sem hv. þm. ætlaði að skera af þegar hann var fjmrh.?) Ég skal alveg ræða það, hæstv. félmrh., ég hef bara ekki tíma til þess í andsvari, ég bara sé það að hæstv. félmrh. þolir ekki að sitja undir þeirri staðreynd að hátekjufólkið með 500–600 þús. kr. á mánuði er ekki skert um krónu í þessu frv., en launafólkið innan BSRB ...(**Félmrh.:** Það er rangt.) Það er ekki rangt, það er staðreynd, hæstv. félmrh., það er ekki skert um krónu og þú getur bara flett frv. og sýnt okkur ákvæðið ef þú heldur því fram að það sé gert, en launafólkið innan BSRB, það er skert með 4.000 kr. á mánuði — á mánuði, hæstv. félmrh., ef það á þrjú börn. Þetta eru staðreyndir málsins. Þetta eru staðreyndirnar sem varaformaður Alþfl. verður að horfast

í augu við. Þetta er dómurinn um herleiðinguna sem hæstv. félmrh. er kominn í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (gildistími). — Þskj. 218, nál. 347, 348, 349, 358 og 360.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Þau tíðindi gerðust við afgreiðslu þessa máls í efh.- og viðskn. að nefndin þríklofnaði þrátt fyrir það að hér sé á ferðinni mál sem hefur verið afgreitt í þinginu ár eftir ár. Og það vill svo til að við sem tilheyrum stjórnarandstöðunni skipum 1. minni hl., en það eru auk mín Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Á þskj. 347 er nál. frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. og það er svohljóðandi, herra forseti:

„Nefndin ræddi á tveimur fundum frumvarp til laga um árlega framlengingu á jöfnunargjaldi sem hér hefur verið innheimt frá árinu 1979. Í frumvarpinu er lagt til að innheimta gjaldsins verði nú aðeins framlengd um sex mánuði. Jöfnunargjaldið nær til innflutnings á sams konar iðnaðarvörum og framleiddar eru hér á landi.

Í umræðum um jöfnunargjaldið hefur verið dregið í efa að áframhaldandi gjaldtaka samræmist þeim fríverslunarsamningum sem Íslendingar eru aðilar að og einnig hefur verið bent á að rök skorti til að framlengja þessa innheimtu. Undirritaðir nefndarmenn eru á annarri skoðun. Þeir telja að enn séu gild rök til staðar fyrir innheimtu jöfnunargjaldsins.

Í fyrsta lagi gætir enn áhrifa uppsafnaðs söluskatts. Í öðru lagi er staða íslensks iðnaðar með þeim hætti að hann þolir ekki versnandi samkeppnisstöðu. Í þriðja lagi kallar mikill viðskiptahalli á aðgerðir sem draga mega úr innflutningi. Þá mætti bæta við að hér er um mikilvægan tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð og að jöfnunargjaldið er mun geðfelldari tekjulind en margt það sem ríkisstjórnin seilist í þessa dagana.

Meðan ekki sannast að um brot á samningum sé að ræða og helstu viðskiptaþjóðir okkar láta ógert að mótmæla þessari gjaldtöku er sjálfsagt að nýta þennan tekjustofn.

Undirritaðir nefndarmenn telja því rétt að halda innheimtu jöfnunargjaldsins áfram. Verði það gert á annað borð er eðlilegt að sú tilhögun gildi allt árið. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er hálfkák og betra að fella gjaldið niður strax en að standa uppi um mitt ár án slíks tekjustofns. Treysti stjórnvöld sér til að rökstyðja sex mánaða framlengingu" — og reyndar níu mánuði samkvæmt allra nýjustu tillögum — „er vandséð að ekki sé hægt að bæta sex mánuðum þar við" — eða þremur nú. „Því leggur 1. minni hluti til að lögin verði framlengd um eitt ár og að 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að í stað 30. júní komi: 31. desember. Með þessari breytingu ættu 700–800 millj. kr. að renna í ríkissjóð."

Af þessu leiðir, herra forseti, að ríkisstjórnin þarf að senda enn eitt bréfið til Efnahagsbandalagsins. Það er nefnilega búið að tilkynna í tvígang að þetta gjald verði fellt niður, það var gert í fyrsta sinn á miðju ári 1990 og síðan í annað sinn í janúar 1991 vegna þess að það hefur staðið til ár eftir ár að fella þetta gjald niður. Nú verða bréfaskriftirnar að hefjast enn á ný. Og það verður að koma í ljós síðar hvort þeir aðilar, sem við eigum viðskipti við á erlendri grund, samþykkja þessa framlengingu.

En á þskj. 358 flytjum við, 1. minni hl., brtt. í samræmi við það sem fram kom í nál. Hún er svohljóðandi, herra forseti:

„1. Við 1. gr. Í stað orðanna „30. júní 1992" í niðurlagi greinarinnar komi: 31. desember 1992.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1992" í síðari málsgrein komi: 1. janúar 1993."

Þessi brtt. er í samræmi við það sem ég áður sagði að við leggjum til að jöfnunargjaldið verði framlengt í eitt ár. Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja það frekar. Eins og ég sagði þá er hér um heldur geðfelldari tekjuöflun að ræða en t.d. það sem hér var til umræðu rétt áðan, sjómannaafsláttur og barnabætur, betra er að nota hina almennu neyslu til þess að afla tekna en að leggjast á ákveðna hópa.

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 348 um frv. til laga um breytingar á lögum um jöfnunargjald, frá 2. minni hluta efh.- og viðskn.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Svein Á. Björnsson frá utanríkisráðuneytinu, Ólaf Davíðsson, framkvæmdastjóra Félags íslenskra iðnrekenda, Indriða H. Þorlákssson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Jónas Friðrik Jónsson frá Verslunarráði Íslands. Erindi barst frá Verslunarráði Íslands.

Annar minni hluti nefndarinnar telur að sú álagning jöfnunargjalds, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé nauðsynleg vegna þeirra erfiðleika sem nú steðja að íslensku efnahagslífi og vegna þess að enn gætir uppsöfnunaráhrifa söluskatts. Því er lagt til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga."

Undir nál. skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir og Guðjón A. Kristjánsson. En ég vil láta það koma fram að mér er fullkunnugt um þá brtt. sem hefur komið fram á þskj. 360 og mun styðja hana.

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið erum við tveir þingmenn, ég og hv. þm. Ingi Björn Albertsson, ekki sammála meðnefndarmönnum okkar í nefndinni um þetta gjald og við leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Jöfnunargjald er í ósamræmi við fríverslunarsamn-

inga okkar við EFTA og EB og enginn nýr efnislegur rökstuðningur hefur verið lagður fram sem réttlætir framlengingu á gjaldinu. Þjóð sem vill láta taka mark á sér í alþjóðlegum samskiptum stendur við gerða samninga.

Framlenging á jöfnunargjaldi er afar óheppilegt innlegg í þær viðræður sem fram undan eru við EB vegna samninga um EES og tvíhliða samning um fiskveiðimál. Ríkisstjórn Íslands hefur gefið EB tilkynningu um niðurfellingu gjaldsins og þarf nú að bæta við annarri tilkynningu um framlengingu þess og verður það væntanlega ekki gott innlegg í þau mál sem þarf að ræða við þá ágætu menn.

Framlenging á jöfnunargjaldi mun væntanlega hafa í för með sér málssókn af hálfu innlends greiðanda gjaldsins sem jafnframt gæti verið fylgt eftir af hálfu erlends þolanda við EB. Erlend fyrirtæki, sem spurst hafa fyrir um aðflutningsgjöld eftir að núgildandi lög um jöfnunargjald voru samþykkt, hafa fengið þau svör að það félli niður um næstu áramót. Innlendur greiðandi mun væntanlega láta reyna á það hvaða réttarstöðu fríverslunarsamningarnir veita og mun það verða afar áhugavert lögfræðilegt álitaefni hvort íslensk stjórnvöld geti gert alþjóðasamninga og síðan virt þá að vettugi gagnvart innlendum aðilum. Það hefur einnig komið fram eða það er eitt dæmi um það að erlent fyrirtæki hafi kvartað undan þessu gjaldi við Evrópubandalagið og þá hefur það einmitt verið einkennileg tilviljun að í framhaldi af slíkri kvörtun hefur verið fellt niður jöfnunargjald af þeim vörum sem þar eiga í hlut.

Gjald eins og jöfnunargjald, sem leggst á innflutning, stuðlar að rangri skráningu gengis krónunnar. Íslenskur útflytjandi fær ekki alla þá upphæð sem innflytjandi greiðir til þess að fá til sín erlenda vöru. Slíkir skattar, sem gera innflutning óhagkvæmari án þess að gera útflutning jafnframt hagkvæmari, virka sem tæki til þess að viðhalda röngu gengi og lenda í raun á almenningi og útflutningsfyrirtækjum. Þennan þátt af þessu gjaldi mun ég sérstaklega ræða við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og Halldór Ásgrímsson þegar þeir fara að tala um sjávarútvegsmál og áhuga sinn á velferð þeirrar atvinnugreinar.

Það er skoðun okkar hv. þm. Inga Björn Albertssonar og mín að þó að vissulega séu erfiðleikar í ríkisfjármálum miklir að þá muni framlenging gjaldsins stefna margföldum hagsmunum í hættu miðað við þá upphæð sem framlenging á að skila.

Ég vil enn fremur segja það að ég öfunda ekkert hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. af því að standa í þessari gjaldtöku vegna þess að mér hefur verið fullkunnugt um skoðanir þeirra á þessu máli í gegnum tíðina og eins hef ég rætt þetta mál við mjög marga embættismenn, bæði í utanrrn. og fjmrn. og ég held að það hafi ekki verið neitt skemmtiverk fyrir þá að leggja til þessa gjaldtöku en ég er ekkert að áfellast þá sérstaklega fyrir þetta heldur fyrst og fremst er ég ósáttur við samþingmenn mína úr Sjálfstfl. og Alþfl. fyrir það að hleypa þeim áfram með þetta gjald.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. — Er hæstv. utanrrh. í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er í húsinu en forseta er kunnugt um það að hann er á fundi með sínum flokksmönnum, en forseti mun gera ráðstafanir til að athuga hvort unnt sé að kalla ráðherrann til.) Það er ekki eðlilegt þegar verið er að greiða fyrir afgreiðslu mála að hæstv. utanrrh. leyfi sér að vera á fundum í þinghúsinu þegar verið er að ræða mál sem snertir hann með jafn afgerandi hætti þannig að þegar við höfum fallist á það að greiða fyrir þingstörfum og ætlum ekki að tala lengi þá mælist ég til þess að geta frestað máli mínu þar til hæstv. utanrrh. kemur í salinn.

Umræðu frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 189, nál. 306, frhnál. 361, brtt. 362.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 362. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónS, JVK, MF, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. á frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga á þskj. 361 frá félmn.

Nefndin kom saman að nýju til að fjalla um 7., 8. og 14. gr. frumvarpsins. Nefndin fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með því að gerðar verði breytingar á framangreindum greinum og flytur um það tillögur á sérstöku þingskjali. Breytingar nefndarinnar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Við 7. gr. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að taka af öll tvímæli um að upphæð vatnsgjalds skuli miðast við að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitna og því sé gjaldtaka umfram þann kostnað óheimil. 1. málsl. fyrri mgr. 7. gr. orðast þá svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitna.

Við 8. gr. er bætt ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli tilgreint í reglugerð er félmrh. setur. Og við 14. gr. er gerð tillaga um að fimm árum eftir gildistöku laganna beri sveitarstjórn að yfirtaka heimæð sé

þess óskað af fasteignareiganda, en fram að þeim tíma komi aðeins til yfirtaka sveitarstjórnar ef samkomulag verði um það milli hennar og fasteignareiganda. Þó er kveðið á um að á þessu fimm ára tímabili skuli sveitarstjórn annast á eigin kostnað viðhald framangreindra heimæða. Breytingin er til að tryggja að þeir fasteignaeigendur, sem ekki ná samkomulagi við sveitarstjórn eða er ókunnugt um ákvæði laganna, verði ekki fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna viðhalds heimæðar. Jafnframt er sett ákvæði í greinina er skyldar sveitarstjórn til að kynna fasteignaeigendum ákvæði hennar.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn, Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Gunnlaugur Stefánsson og Guðjón Guðmundsson skrifa undir álitið og eru sammála þeim brtt. sem eru tilgreindar og ég hef hér mælt fyrir á þskj. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

2.–6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (EH, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, JGS, JVK, PP, RA, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 362,1 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EH, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, JGS, JVK, RA, SJS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, EKG, GÁ, JGS, JVK, KÁ, RA, StG) fjarstaddir.

Brtt. 362,2 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EH, EKG, GÁ, JGS, JVK, PP, RA) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, EKG, GÁ, JGS, JVK, PP, RA, StH) fjarstaddir.

9.–13. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, EKG, GÁ, HBl, JGS, JVK, PP, RA) fjarstaddir.

Brtt. 362,3 samþ. með 54 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EH, EKG, GÁ, JGS, JVK, PP, RA) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EH, EKG, GÁ, HBl, JGS, JBH, JVK, PP, StH) fjarstaddir.

Jöfnunargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (gildistími). — Þskj. 218, nál. 347, 348 og 349, brtt. 358 og 360.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegur forseti. Þessi afgreiðsla á frv. um jöfnunargjald gerist nú æ farsakenndari en við blasti í upphafi þegar frv. var lagt fram. Við 1. umr. rakti ég nokkuð sögu þessa máls og lýsti því yfir að mér hefðu

orðið á þau mistök að taka hæstv. utanrrh. alvarlega í rúmlega eitt ár þegar hann innan síðustu ríkisstjórnar lýsti því yfir hvað eftir annað að það væri brot á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands að framlengja jöfnunargjaldið. Ég óskaði jafnframt eftir því að hæstv. utanrrh. legði fram þau bréf sem hann hefði skrifað Evrópubandalaginu og jafnvel fleiri erlendum aðilum þar sem hann tilkynnti fyrir hönd Íslands að jöfnunargjaldið yrði lagt niður. Nú er mér tjáð, hæstv. utanrrh., að því hafi verið neitað af hálfu hæstv. utanrrh. í efh.- og viðskn. þessa þings (**Gripið fram í:** Við fengum að lesa bréfið.) að leggja bréfin fram með þeim hætti að hv. nefndarmenn gætu sýnt þau öðrum þingmönnum. Því var neitað. Það var eingöngu samþykkt að leggja bréfin fram með þeim hætti að hv. nefndarmenn gætu rennt yfir þau og síðan ekki meir. Nú vil ég óska eftir því við hæstv. utanrrh. að hann leyfi mér einnig að renna augum yfir þessi bréf hér í ræðustól Alþingis. Eða er það þannig að þessi bréf séu orðin slíkt feimnismál í utanrrn. að hæstv. utanrrh. neiti að leggja þau fram þannig að þjóðþingið geti skoðað þau? Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. og ég óska eftir svari. Hvers vegna?

Það er auðvitað mjög alvarlegt fordæmi þegar hæstv. utanrrh. neitar að leggja fram á Alþingi Íslendinga bréf sem hann notaði í heilt ár í ríkisstjórn Íslands sem röksemd fyrir því að ekki væri hægt að framlengja jöfnunargjaldið.

Ég hef trúað því fram til þessa að hæstv. utanrrh. vildi láta taka sig alvarlega í alþjóðamálum. Ég hef talið að ýmislegt af því sem hann hefur barist fyrir, þótt ég hafi kannski ekki verið ánægður með að allt saman, byggðist á þeirri lífsskoðun hans að Ísland ætti að vera þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og taka á sig alþjóðlegar skuldbindingar og þær ættu að standa. Það væru ákveðnir nútímalegir hættir í samskiptum þjóða og innan lýðræðisríkja, sem bæri að virða. Ég tek eftir því að hæstv. utanrrh. sagði t.d. í fjölmiðlum í dag að það væri ánægjulegt að Rússland væri komið í hóp lýðræðislegra ríkja og mundi hugsanlega sækja um aðild að varnarbandalagi lýðræðisríkja, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það. Í lýðræðisríkjum, hæstv. utanrrh., neitar utanrrh. þjóðþinginu ekki um að leggja fram bréf sem skrifuð hafa verið í nafni ríkisstjórnar Íslands til alþjóðasamtaka sem Ísland er aðili að. Svona einfalt er nú það, hæstv. utanrrh. Þess vegna er það óhjákvæmilegt að því sé mótmælt hér harðlega, að hæstv. utanrrh. skuli hafa neitað þjóðþinginu um að fá þetta bréf í hendur. (**Gripið fram í:** Bréfin voru send til EB.) Já, bréfin voru send til EB, það er alveg rétt. (**Gripið fram í:** Við erum ekki aðilar að EB.) Það er alveg rétt, ég skal endurtaka setningu mína. Bréf sem send eru alþjóðasamtökum sem Ísland á margvísleg samskipti við og hefur gert margvíslega samninga við og ætlar sér að gera vegabréf 21. aldarinnar einnig sem innsigli að samningsgerð við EB, eða verður það kannski líka þannig, hæstv. utanrrh., að þjóðþinginu verður meinað að sjá vegabréfsáritanirnar á þessu vegabréfi 21. aldarinnar?

Mér er þetta ekki gamanmál, hæstv. utanrrh. Vegna þess að það eru nokkrar grundvallarreglur sem eiga að gilda í lýðræðisríkjum og í samskiptum stjórnvalda og þjóðþinga. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi brotið þær grundvallarreglur með því að neita að sýna þjóðþinginu þetta bréf. Það væri vissulega tilefni til langra umræðna ef hér hefði ekki verið gert samkomulag um að greiða fyrir afgreiðslu mála. Ég vil þess vegna beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Hver eru rök hans fyrir þeirri einstæðu ákvörðun að meina Alþingi Íslendinga, þjóðþingi í lýðræðisríki, að fá að sjá með eðlilegum hætti og hafa til grundvallar í umræðu sinni formlegt bréf sem skrifað hefur verið alþjóðlegum samtökum af hálfu Íslands?

Ég ætla svo að neita mér um þá skemmtan að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvernig hann ætli að rökstyðja það í næsta bréfi til Evrópubandalagsins að ákvörðun ríkisstjórnar um að leggja niður jöfnunargjaldið um mitt næsta ár hafi allt í einu orðið hér á einum sólarhring að ákvörðun um að leggja það niður 1. sept. það sama ár. (**Gripið fram í:** 30. sept.) 30., nú það er bara enn lengra, 30. sept. það sama ár. Það þarf að vísu mikla hæfileika í kanselliínu og utanrrn. til þess að komast í gegnum þá þraut. Eða er þetta bara þannig, hæstv. utanrrh., að þetta sé allt saman marklaust kjaftæði? Allt, sem sagt var í eitt og hálft ár við ríkisstjórnarborðið í gamla húsinu við Lækjartorg, hafi verið marklaust kjaftæði?

Hér var sagt fyrr í kvöld að þess væri óskað til að sýna okkur ákveðna tillitssemi að spurningum væri svarað og ég vil óska eftir því við hæstv. utanrrh. að hann svari þessari spurningu. Ég vil svo um leið óska hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hafa ekki aðeins flutt hér á Alþingi frv. um það að framlengja jöfnunargjald heldur einnig sérstakar brtt. um að framlengja það enn frekar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Alþingi Íslendinga hefur ekki verið synjað um að sjá umrædd bréf, eins og fram kom hér í frammíkalli hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. Viðkomandi þingnefnd, efh.- og viðskn., var heimilað að berja augum texta þessara bréfa. Þannig að trúnaðarmenn Alþingis, sem um málið hafa fjallað og þar með trúnaðarmenn þingflokka, hafa séð bréfin. Það er ekki til siðs að dreifa þessum bréfum sem þingskjölum eins og hv. þm. veit né heldur afhenda þau í ræðustólinn. En meginefni spurningar hans var um að hvers vegna Alþingi hefði verið synjað um að sjá efni þessara bréfa og svarið við því er: Því var ekki synjað.

Niðurstaða þessa máls er einföld. Hún er sú að hv. 8. þm. Reykn. hefur orðið að þeirri ósk sinni sem baráttumanni fyrir framlengingu þessa gjalds að það er orðin staðreynd. Hv. þm. sagðist ætla að meina sjálfum sér að spyrja hvaða rökstuðningur yrði notaður á erlendum vettvangi til að réttlæta það en það er ekkert leyndarmál, það var upplýst í umræðum í hv. nefnd. Rökstuðningurinn er aðallega sóttur í grg. með frv., hæstv. fyrrv. fjmrh., um hvers vegna uppsöfnunaráhrif eru enn viðvarandi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er síður í löndum sem sum eru ekki lengur til að koma þannig fram við þjóðþingin að þeim eru bara sýnd einhverjir pappírar en bannað síðan að segja nokkrum öðrum frá heldur farið með þá af slíkri leynd að ekki megi þeir neins staðar vera til í vörslu þjóðþingsins. Ég er ekki reiðubúinn að sætta mig við slíkt. Þess vegna ætla ég að segja hæstv. utanrrh. það að ég mun í utanrmn. fara formlega fram á að þessi bréf verði lögð fram í utanrmn. með sama hætti og önnur skjöl eru þar lögð fram og skilin eftir í vörslu utanríkisnefndarmanna. Það verður fróðlegt að sjá hvort utanrrn. muni neita því. Ég mun síðan taka það upp í nefndinni þegar ég hef séð þessi bréf hvort ég tel þetta vera slíka leyndardóma að ekki megi birta. Um það geta síðan orðið fróðlegar og athyglisverðar umræður í utanrmn. í ljósi samanburðar við ýmis önnur skjöl sem þangað berast og leyft er að birta.

Það er ánægjulegt og mikið persónulegt koplíment fyrir mig að hæstv. utanrrh. skuli nú telja málflutningi sínum best borgið á alþjóðlegum vettvangi með því að taka upp þau rök og þann efnivið sem ég skildi eftir í fjmrn. og væri óskandi að hann temdi sér það á fleiri sviðum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Kannski fyrst aðeins út af þessu margumræddu bréfi. Það var eftir mikinn eftirgang og kröfuhörku hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hv. efh.- og viðskn. fékk að berja þetta merkilega bréf augum og reyndar tvö önnur bréf líka. Og ég verð að segja eftir að hafa lesið þau var mér það alveg hulin ráðgáta hvers vegna það þurfti þennan eftirgang við ráðuneytið til að fá að sjá þessi bréf. Ég gat ekki séð að í þeim væri nokkur skapaður hlutur sem ekki þyldi dagsins ljós. Það bíður ekki mikið hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þegar hann fær, og hann fær það vafalaust, að lesa það bréf í utanrmn. Þannig ég skil ekki af hverju mátti ekki sýna þetta bréf.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hóf hér ræðu sína áðan á því að segja að hann hefði leyft sér að taka hæstv. utanrrh. alvarlega á síðasta þingi varðandi jöfnunargjaldið. Ég held ég verði að nota sömu orð og segja að ég leyfði mér líka að taka hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson alvarlega þegar hann lét þá skoðun í ljós á síðasta þingi að jöfnunargjaldið ætti að falla út við þessi áramót. Þess vegna urðu það mér vonbrigði núna þegar hv. þm. hefur lýst því yfir að hann sé hugsanlega reiðubúinn að styðja þetta gjald áfram.

Það hefur verið lögð fram brtt. við jöfnunargjald í þá veru að það verði framlengt úr sex mánuðum í níu mánuði sem kemur mér nokkuð á óvart. Ég var að sjá það núna fyrst á borði mínu hér í þingsalnum og harma að svo skuli vera.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við ræðu frsm. 3. minni hluta að bæta öðru en því að þetta gjald er núna orðið eitt af þessum tímabundnu gjöldum sem er framlengt ár eftir ár og endurnýjað ár eftir ár svona sviplað og skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þetta er gjald sem átti að falla út við upptöku virðisaukaskatts en er núna endurnýjað ár eftir ár og orðið einn af þessum föstu liðum, því miður.

Hér hafa menn verið að berja sér á brjóst og segjast vera vinir atvinnulífsins í hinum og þessum málum. Ég vil benda mönnum á að verslun í landinu er líka hluti af atvinnulífinu í landinu og hún á sér fáa málssvara hér innan þessara veggja. Að maður tali nú ekki um neytendur sem þessi skattlagning lendir á. Menn vita að við innflutning leggst þetta gjald ekki bara á vöruverðið, það leggst á flutningsgjald, það leggst á pökkun, tryggingu og aðra slíka hluti og endar síðan að sjálfsögðu út í verðlaginu með hækkuðu verði sem auðvitað lendir á neytendum.

Hér hefur aðeins verið minnst á þá samninga sem við höfum gert sem eru náttúrlega marklausir. Við virðum þá einskis og hér sagði frsm. 1. minni hluta að við ættum að halda áfram að brjóta þá á meðan við komumst upp með það. Það er að sjálfsögðu mjög góð tekjuleið fyrir ríkissjóð. Auðvitað tökum við bara tollskrána okkar og vinnum hana upp og brjótum tollasamninga og leggjum á tolla þar sem við höfum samþykkt að hafa enga tolla svo lengi sem við komumst upp með það. Þetta eru náttúrlega alveg fáránleg rök og ekki sæmandi. Enda þekkjum við þess dæmi núna að samviskan er ekki mjög góð. Einn aðili hefur gert athugasemdir við jöfnunargjald, hið svokallaða reipamál. Samviskan var náttúrlega það slæm hjá ráðuneytinu að það vafðist ekkert fyrir því hvað átti að gera, það átti auðvitað að fella jöfnunargjaldið strax niður og það var gert. Auðvitað er þetta gott fordæmi. Það er kannski það sem Verslunarráðið á frekar að gera en fara í beina málssókn, það er að benda öllum sínum umbjóðendum á það að gera athugasemdir við ráðuneytið því viðbrögð ráðuneytisins eru alveg skýr, þeir þora ekki — og vita að þetta þolir ekki dagsins ljós. (**ÓÞP:** Það er nú mest samþykkt á nóttunni hér.) Já, það eru myrkraverk víða og þetta er eitt af þeim.

Hæstv. forseti. Ég stend að áliti 3. minni hluta og ef þingheimur er, eins og ég sagði áðan, mjög vinveittur atvinnulífinu — og ég vona að það komi hér fram á eftir — þá vona ég að hann taki undir okkar skoðun að þetta gjald beri að leggja niður, það sé óréttlátt og það eigi alls ekki rétt á sér með tilliti til þeirra samninga sem við höfum gert. Og af því að ég var aðeins hér að vitna í hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson áðan þá er nú best að vera sannorður. Hann talaði fyrir því að þetta gjald yrði lagt niður um þessi áramót, það gerði auðvitað núv. hæstv. fjmrh. líka.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fáein orð í viðbót vegna bréfaskrifta sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni og þáttar undirritaðs í þeim. Það er alveg rétt að ég gekk nokkuð fast fram í því að fá umrædd bréf í hendur og kynna mér efni þeirra. Nú var það svo að af vissum ástæðum vissi ég um tilvist a.m.k. eins af þessum bréfum, þau eru reyndar þrjú. Og ég hafði ástæðu til að ætla að í þeim væru engin þau stórkostlegu leyndarmál að miklu máli skipti í sjálfu sér hvort þau lægju fyrir, lægju frammi eða okkur væri efni þeirra kunnugt, það

mundi ekki breyta miklu í afstöðu okkar til málsins. En á hinu var ég býsna staðfastur og það var að láta ekki halda undan fyrir mér gögnum sem vörðuðu mál sem væri til skoðunar í einni af nefndum Alþingis. Það, eins og ég vitnaði í í efh.- og viðskn., hafði ég ekki áður upplifað á minni þingveru hér sem er nú komin á níunda ár og hef aldrei látið neita mér um gögn þau sem ég tel að varðað gætu mál sem til skoðunar væru við lagasetningarstörf á Íslandi. Enda er það eðli málsins samkvæmt þannig að ég tel að enginn aðili þjóðfélagsins hafi í raun og veru réttmætar forsendur til þess að neita nefndum Alþingis um upplýsingar og þurfi þá að vera einhverjar sérstakar ástæður sem ég hef í raun ekki enn komið auga á. Ef um trúnaðargögn er að ræða ber að að sjálfsögðu virða slíkan trúnað enda þekkja menn þess fjölmörg fordæmi, samanber utanrmn. að þar séu hlutir jafnvel að fullu og öllu ræddir í trúnaði og lokaðir þar inni. Hið sama hlýtur að geta átt við fagnefndir þingsins. Í hlutarins eðli liggur að undir vissum kringumstæðum, t.d. í efh.- og viðskn. þar sem viðskiptaleg mál eru til umfjöllunar sem geta verið viðkvæm og nauðsynlegt að fari leynt, verður nefndin að geta kynnt sér slíka hluti.

Auðvitað hefði ekki verið boðlegt að efh.- og viðskn. hefði afgreitt frá sér ákvörðun um það hvort sem hún mælti með því eða á móti að framlengja þetta jöfnunargjald að hún hefði ekki haft undir höndum bréflegar upplýsingar sem gátu varðað stöðu okkar í málinu á erlendri grund. Þess vegna gerði ég úr því þó nokkurt mál að bréfunum yrði ekki undan haldið og óskaði fyrst eftir að fá þau í hendur. Því var synjað. Þá óskaði ég eftir því að fá þau í hendur í trúnaði en því var sömuleiðis synjað. Að lokum bar formaður nefndarinnar þau skilaboð frá utanrrh. að hann hefði mælt fyrir um að þessi gögn yrðu ekki afhent. Þá óskaði ég eftir hæstv. utanrrh. á fund nefndarinnar og krafðist þess að fá að heyra af hans eigin munni að þessum gögnum yrði haldið fyrir nefndinni. En sem betur fer rann ljósið upp fyrir hæstv. utanrrh. og hann sá að *þetta var óhæfa og gekk ekki og féllst á það að senda* embættismann sinn með þessi bréflegu gögn og afhenda efh.- og viðskn. til skoðunar, en að vísu ekki til afhendingar þannig að við hefðum þau undir höndum eftir nefndarfundi. Á þetta var sæst sem eðlilegt mátti teljast og lauk þar með skoðun efh.- og viðskn. á þessum bréfum. Hef ég svo sem ekki fleira um þetta að segja, aðrir hafa rakið afstöðu okkar til málsins fyrir hönd minni hlutans.

En af því að bréfaskriftir þessar hafa verið til umræðu og bréf þessi og af því að hér hefur verið vitnað í það góða skáld Halldór Laxness og lesið upp úr bók hans Íslandsklukkunni nokkrum sinnum á undanförnum sólarhringum, finnst mér ekki hægt að ljúka þessum kafla öðruvísi en að lesa hér framarlega úr sögunni þar sem segir frá gamla manninum og viðskiptum hans við kóngsins bífalíngsmann og prófoss. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta, sem ég veit að góðfúslega sé vitnað í þetta göfuga rit:

„Gamall maður kemur með hundi sínum innanúr hrauni og geingur í veg fyrir lestamenn:

Og hverjir eru mennirnir?

Hinn feiti svarar: Ég er hans majestets bífalíngsmaður og prófoss.

Óekkí, muldraði gamli maðurinn hás einsog rödd úr fjarska. Skaparinn er nú samt sá sem ræður.

Ég hef bréf uppá það, sagði bífalíngsmaður konúngsins.

Og það veit ég, sagði gamli maðurinn. Bréfin eru orðin mörg. Og það er margt bréfið.

Vænir þú mig um lygi gamli fjandi, spurði bífalíngsmaður konúngsins.

Þá hætti öldúngurinn sér ekki nær lestamönnum, en settist á garðbrotið kríngum Lögréttuhúsið og horfði á þá. Hann var í aungu frábrugðinn öðrum gömlum mönnum: grátt skegg, rauð augu, stromphúfa, hnýttir fætur, kreppti bláar hendurnar um stafprik sitt og hallaðist fram á það tinandi. Hundurinn hans fór innfyrir garðinn og þefaði af mönnunum án þess að gelta, sem siður er laungrimmra hunda.

Í fornöld voru eingin bréf, tuldraði öldúngurinn fyrir munni sér.

Þá gall við Surtur, fylgdarmaður hins bleika:

Rétt segir þú lagsmaður. Gunnar á Hlíðarenda hafði ekkert bréf.

Hver ert þú? spurði öldúngurinn.

O þetta er snærisþjófur af Akranesi, hann er búinn að liggja í Þrælakistunni á Bessastöðum síðan um páska, svaraði bífalíngsmaður konúngsins og sparkaði vonskulega í hundinn.

Hinn svarti tók til máls og glotti við svo skein í hvítar tennurnar:

Hitt er kónsböðullinn frá Bessastöðum. Það míga utaní hann allir hundar."

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hreggviðsson vildi samt sitt bréf, hann vildi náðunarbréf. Það er fjmrn. á Íslandi en ekki hið danska kansellí sem hefur gefið út bréf, þ.e. rökstuðning í bréf, gegn hinu evrópska stórveldi og heldur því fram með tilstyrk Þjóðhagsstofnunar Íslendinga að víst séu nokkur rök fyrir því að framlengja þetta gjald. Ég hygg að Hreggviðsson og jafnvel fleiri hefðu látið uppi efasemdir um það að íslenskir alþingis- og bífalingsmenn kæmu upp í stól hver um annan þveran til þess að veikja málstað Íslands í deilum við hið evrópska kansellí. Og af því að menn hafa spurt hvers vegna, þá er ástæða til þess að minna á það að því er yfirlýst af íslenskum viðskiptasamtökum að þau muni höfða mál og jafnvel að það hafi verið tilgangurinn með því að krefja um þessi bréf að leggja þau fram fyrir rétti til stuðnings því að fá þessari ákvörðun Alþingis hnekkt. Þess vegna, einfaldlega, verða þessi bréf ekki lögð fram.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ráðlagði hæstv. utanrrh. að láta málið kyrrt liggja þegar lestrinum úr Íslandsklukku væri lokið en því miður þá fór hæstv. utanrrh. ekki að þeim ráðum.

Það er rangt hjá hæstv. utanrrh. að hið íslenska

fjmrn. hafi skrifað eitthvert bréf í þessum efnum eða sent frá sér greinargerð. Það hefur það ekki gert. (**Utanrrh.:** Framlagt á ríkisstjórnarfundi.) Það sem framlagt var á ríkisstjórnarfundi, svo ég svari frammíkalli hæstv. utanrrh., var greinargerð sem efnahagsráðgjafi fjmrh., ekki embættismaður, heldur pólitískur samstarfsaðili fjmrh. hafði saman sett en enginn embættismaður í fjmrn. vilja nálægt koma. (**Utanrrh.:** Jú, þeir hjá Þjóðhagsstofnun.) Enn fer hæstv. utanrrh. með rangt mál, en af því að hann hætti sér í umræður um þetta mál á grundvelli tilvitnana í þá merku bók Íslandsklukkuna er rétt að greina frá því að Evrópubandalagið hefur kært einu sinni íslenska jöfnunargjaldið og fjmrn. íslenska brást þannig við þeirri kæru að gjalda jáyrði við henni og fella niður jöfnunargjaldið af þeirri vöru sem Evrópubandalagið kærði að á væri jöfnunargjald. Og hver var þessi vara? Það er við hæfi, hæstv. utanrrh., að geta þess í lok umræðunnar, það var snæri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 358,1 felld með 34:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS.

nei: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru nákvæmlega sömu efnisrök fyrir að jöfnunargjaldið sé í gildi til áramóta á nýju ári eins og eru fyrir þeirri brtt. hæstv. fjmrh. að jöfnunargjaldið sé ekki aðeins fram á mitt ár eins og er í upphaflega frv. heldur sé ævitími þess framlengdur um þrjá mánuði.

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að sú viðbótarupphæð sem fæst með því að hafa jöfnunargjaldið þremur mánuðum lengur en hæstv. fjmrh. hefur lagt til með brtt. sem greidd verða um atkvæði á eftir er nokkurn veginn sama upphæð og hæstv. ríkisstjórn ætlar að fá inn með því að skerða sjómannafrádrátt. Það er því alveg ljóst að þeir stuðningsmenn ríkisstjórnarliðsins sem hafa talið sig vera trega til að samþykkja kjaraskerðingu sjómanna hafa við þessa atkvæðagreiðslu tækifæri til þess að skila ríkissjóði nokkurn veginn sömu upphæðinni og ríkissjóður fær með því að skerða sjómannafrádráttinn.

Það er leitt að menn skuli ekki átta sig á því við þessa atkvæðagreiðslu að hér er hægt með fullboðlegum rökum með því að segja já við þessari till. að losa þingið og sjómannastéttina algerlega við þá skerðingu á sjómannafrádrætti sem greidd verða um atkvæði síðar í kvöld. Vegna þess að við teljum rétt að afla tekna með þessum hætti sem hér er gert frekar en að fara þær leiðir sem ríkisstjórnarmeirihlutinn vill fara, segi ég já.

Brtt. 360,1 samþ. með 53 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, GAK, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, RA, SalÞ.

6 þm. (IBA, IP, ÓÞÞ, PP, StG, VE) greiddu ekki atkv.

4 þm. (JGS, JVK, EH, EKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem mér er ekki ljóst á hverju ótti hæstv. fjmrh. byggðist við of miklar tekjur hefði hin fyrri till. verið samþykkt, en ég treysti ekki of vel reiknimeisturum fjmrn., þá sit ég hjá.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA, VE.

2 þm. (HÁ, StG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, IP, JGS, JBH, JVK, SvG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (IBA, ÓÞÞ, StG, VE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, IP, JGS, JHelg, JVK, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 358,2 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 360,2 samþ. með 45 shlj. atkv., 5 þm. greiddu ekki atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. 52 shlj. atkv., 4. þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í flugráð, allra til fjögurra ára, frá 1.

janúar 1992 til 31. desember 1995, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen alþingismaður (A),
Skúli Alexandersson, fyrrv. alþingismaður (B),
Sigbjörn Gunnarsson alþingismaður (A).

Varamenn:
Viktor Aðalsteinsson, fyrrv. flugstjóri (A),
Málmfríður Sigurðardóttir, fyrrv. alþingismaður (B),
Jörundur Guðmundsson skrifstofustjóri (A).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1992 til 31. desember 1994, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breytingar á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gunnar Flóvenz, fyrrv. framkvæmdastjóri (A),
Kristmann Jónsson, útgerðarmaður (B),
Guðmundur J. Guðmundsson, form. Dagsbrúnar (A).

Varamenn:
Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri (A),
Þorleifur Björgvinsson framkvæmdastjóri (B),
Egill Guðlaugsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1992 til 31. desember 1994, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 37 29. apríl 1967, um breytingar á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri (A),
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri (B),
Magnús Guðmundsson kennari (A),
Jóhann Ársælsson alþingismaður (B),
Einar Ingvarsson, fyrrv. bankafulltrúi (A).

Varamenn:
Halldór Árnason stjórnmálafræðingur (A),
Einar Baldursson, framkvæmdastjóri (B),
Kristján Möller íþróttafulltrúi (A),
Hjálmar Níelsson vélgæslumaður (B),
Ari Edwald lögfræðingur (A).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.fl.). — Þskj. 236, nál. 350 og 352, brtt. 351 og 363.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 363. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávtill. á þskj. 352 felld með 34:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 351,1 (ný 2. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG*, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SighB,

SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, JGS, JHelg, JVK, PJ, RG) fjarstaddir.

4. gr., a-liður, samþ. með 34:2 atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

4. gr., b-liður, samþ. með 34:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, SalÞ.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB.

5 þm. (EKG, JÁ, JGS, JVK, EH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um það að ræða að gera mikilvæga breytingu á tilhögun að því er varðar skattalega meðferð á arði sem þó á ekki að taka gildi fyrr en síðar samkvæmt brtt. sem kemur til atkvæða á eftir. Þetta er tilefnislaus og algjörlega ástæðulaus breyting sem eingöngu er til þess fallin að vekja óróa á hlutabréfamarkaði og þar með að auka líkur á atvinnuleysi og stöðva nauðsynlega uppbyggingu atvinnulífsins og möguleika lífeyrissjóða til að leggja eigið fé í fyrirtæki í landinu. Þetta er þeim mun furðulegra að allir aðilar sem hafa komið að þessu máli telja þetta algjörlega tilefnislaust og þessi breyting mun ekki færa ríkissjóði nokkrar tekjur. Ég segi því nei.

Brtt. 363,1 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, ÓRG, StH, SvG) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, GAK, GHelg, JGS, JVK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 351,2 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, StH, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 351,3 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EH, EKG, JÁ, JGS, JVK, StH, SvG) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, HBl, JGS, JVK, SvG) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EKG, IP, JGS, JVK, ÓRG, StH, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 363,2 samþ. með 34:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

nei: VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um enn eina brtt. í þessu máli að ræða sem var varpað hér fram fyrir aðeins klukkutíma síðan. Þessi brtt. felur jafnframt í sér skerðingu á kjörum sjómanna. Því segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni sú fyrsta af nokkrum tillögum og brtt. sem lúta að skerðingu sjómannafrádráttar og þó svo hér sé á ferðinni síðbúin tilraun af hálfu stjórnarliðsins til að klóra í bakkann er engu að síður alveg ljóst að í brtt. þessari sem og í öðrum ákvæðum frv. sem að sjómannafrádrættinum lúta felst umtalsverð almenn skerðing á þessum réttindum sjómanna. Mál þetta hefur verið illa undirbúið og það er veruleg óvissa á því um hversu mikla kjaraskerðingu verður að ræða hjá sjómönnum á næsta ári. Ég tel það afar óskynsamlegt að standa svona að málum með tilliti til þess að kjarasamningar sjómanna, rétt eins og annarra stétta, eru lausir um þessar mundir og enn fremur blasir við veruleg kjaraskerðing hjá sjómönnum á næsta ári vegna aflasamdráttar. Er jafnvel ástæða til að ætla að þessi tvö efnisatriði, aflasamdráttur og skerðing sjómannafrádráttar, leggist saman með margföldunaráhrifum. Það er því erfitt að sjá hvað vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn með þessum málatilbúnaði. Við mótmælum þessari óskynsamlegu og órétt mætu kjaraskerðingu sem þannig er lögð á þessa stétt. Ég segi nei.

Brtt. 351,4, svo breytt, samþ. með 34:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, SalÞ.

nei: ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG.

4 þm. (JGS, JVK, EH, EKG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er það að gerast að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi kýs að fara þá leið til að sækja sér 180 millj. að skerða réttindi sjómanna, fá á sig eins og fram hefur komið í dag, verkfallsboðun frá sjómannasamtökunum, mótmæli frá miklum fjölda starfandi sjómanna og stríð og óróleika á vinnumarkaði upp úr áramótum vegna upphæðar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefði getað sótt sér hér fyrr í kvöld með því að samþykkja að framlengja jöfnunargjaldið um þrjá mánuði í viðbót.

Það er óskiljanlegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi, sérstaklega fulltrúar samtaka sjómanna, menn sem gegna formennsku í verkalýðs- og sjómannafélögum, skuli frekar kjósa þá leið að sækja þessar 180 millj. með því að brjóta rétt á sjómannasamtökunum í landinu og starfandi sjómönnum í stað þess að samþykkja með stjórnarandstöðunni að framlengja jöfnunargjaldið um þrjá mánuði í viðbót. Þessi ákvörðun á eftir að reynast ríkisstjórninni, þingmeirihlutanum, mjög erfið. Hún á eftir að reynast ástandinu á vinnumarkaðinum mjög erfið og hún mun skapa átakatímabil hjá íslenskum sjómönnum þar til henni hefur verið hnekkt í kjarasamningum. Ég segi nei.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Sjómenn búa nú við mjög hefta sjósókn og af þeim sökum hafa þeir mátt þola verulega tekjuskerðingu. Hér er lagt til að skerða umsamin réttindi sjómannastéttarinnar umfram það sem af aflaskerðingunni hlýst. Það er með öllu óþolandi hvernig að þessu máli hefur verið staðið af ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar. Um réttindamál sjómanna á ekki að semja í bakherbergjum hér í Alþingi. Það er sjómanna sjálfra að semja um sín kjör í frjálsum samningum án óeðlilegra afskipta ráðherra og ákveðinna þingmanna. Sjómannaafslátturinn er hluti af samningsbundnum kjörum sjómanna.

Virðulegi forseti. Þingmenn Framsfl. greiða því allir atkvæði gegn þessari skerðingu og mótmæla óeðlilegum afskiptum ríkisstjórnarinnar af kjörum sjómanna og þeirri ákvörðun að skerða sjómannaafsláttin um 10–11%. Því segi ég nei.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er Sjálfstfl. og Alþfl. til ævarandi skammar að ráðast sérstaklega á starfskjör íslenskra sjómanna. Heildarsamtök og einstök félög sjómanna mótmæla hástöfum þeirri aðför og launaskerðingu sem nú er fyrirhuguð. Það er óþolandi að rífa upp kjarasamninga einnar stéttar við fjárlagagerð hér á Alþingi og skapa mikla óvissu í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar sem á nú við mikla erfiðleika að etja. Ég segi nei.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG*, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, MF, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, VS.

10 þm. (EH, EKG, GÁ, JGS, JVK, KE, ÓRG, RA, SigG, SvG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 34:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ,

GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Þessi breyting sem hér er verið að greiða atkvæði um á barnabótum felur í sér lækkun á barnabótum um 500 millj. kr. og er í raun sérstök skattlagning á barnafjölskyldur í landinu. Þeim er gert að leggja sérstaklega af mörkum til að greiða úr vanda ríkissjóðs meðan aðrir sem betur eru til þess bærir að leggja eitthvað af mörkum losna undan því.

Með þessari aðgerð er verið að taka aftur þá hækkun barnabóta sem kom til framkvæmda á árinu 1988 í tengslum við upptöku virðisaukaskatts og sem hugsuð var til að vega upp á móti hækkun matarverðs og átti sérstaklega að koma barnafjölskyldum til góða. Það voru þá 320 millj. sem framreiknað til verðlags næsta árs eru 500 millj. kr. Sem sagt hver einasta króna aftur tekin. Og það eru sömu flokkar sem standa að því þá og nú. Þá voru það Alþfl. og Sjálfstfl. sem m.a. stóðu að þessari breytingu. Nú taka þessir flokkar þetta aftur. Við kvennalistakonur mótmælum þessari óréttlátu skattlagningu, við greiðum atkvæði gegn þessu og því segi ég nei.

11.–14. gr. (verða 12.–15. gr.) samþ. með 34:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: PP.
22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EH, EKG, JGS, JHelg, JVK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 351,5 (15. og 16. gr. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, VS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 32:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: VS*.
23 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, EgJ, EKG, GB, GHall, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 351,6 (ný grein, verður 17. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, EKG, GB, JGS, JHelg, JVK, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 351,7 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, EKG, GB, JGS, JVK, SJS, SvG) fjarstaddir.

18. gr., svo breytt, og ákv. til brb. samþ. með 35:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: HG.
22 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, GB, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 351,8 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 34 shlj. atkv., 24 þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53:2 atkv., 3 þm. greiddu ekki atkv.

Meðferð einkamála, 3. umr.

Stjfrv., 71. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því við lokameðferð þessa máls hér á hinu háa Alþingi að þakka hv. allshn. fyrir trausta og vandaða umfjöllun um málið, en að gefnu tilefni og til að varða áframhaldandi góða samstöðu um afgreiðslu málsins hef ég í dag tekið ákvörðun um að skrifa svohljóðandi bréf til réttarfarsnefndar:

„Í frv. til laga um meðferð einkamála eru ákvæði í XIX. kafla sem er ráðgert að heimili svonefnda flýtimeðferð á einkamálum. Samkvæmt 123. gr. frv. á þetta við um mál sem rísa vegna ákvarðana eða aðgerða stjórnvalda og vegna verkfalla, verkbanna eða vinnudeilna. Hér er um nýmæli að ræða og er greint frá því í athugasemdum við frv. að þeim sé ætlað að mynda farveg til skjótrar lausnar á brýnum málum varðandi mikla hagsmuni í tilvikum þar sem ekki er tryggt að unnt sé að fá vernd réttinda með lögbannsaðgerð.

Í ljósi þessa er hér með lagt fyrir réttarfarsnefnd að hún taki til athugunar ekki síðar en sumarið 1993 hver reynsla hafi fengist af heimildum til flýtimeðferðar. Sérstaklega er ætlast til að tekið verði til athugunar í hverjum mæli þessar heimildir verða nýttar, í hvers konar málum það hefur gerst og hvort telja megi að umrædd heimild hafi leitt til fjölgunar dómsmála sem mætti annars ætla að hefði ekki komið til ef þau hefði þurft að reka eftir almennum reglum um meðferð einkamála.

Rökstuddar niðurstöður af þessari athugun skulu liggja fyrir ekki síðar en í lok árs 1993 ásamt tillögum nefndarinnar um breytingar á reglum um flýtimeðferð ef hún telur þeirra þörf."

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. hefur náðst ágæt samstaða um að afgreiða það mál sem hér er til umræðu. Ég vil hins vegar að það komi fram að af hálfu Alþb. höfðum við nokkrar áhyggjur af því ákvæði sem hæstv. dómsmrh. vék hér að. Við höfum hins vegar ákveðið að standa að málinu hér á Alþingi í trausti þess að sú yfirlýsing sem hér var gefin leiði til raunhæfrar athugunar á því hvort það nýmæli sem hér er verið að festa í lög muni ekki brjóta gegn þeim almennu venjum og skilningi sem samtök launafólks hafa lagt í þessi mál á undanförnum áratugum. Það er afar mikilvægt að um þessi ákvæði ríki góð samstaða í samfélaginu. Það er ekki okkar ætlan með samstöðu okkar hér um afgreiðslu þessa máls að stuðla að því að skerða réttindi eða möguleika samtaka launafólks til þess að gæta hagsmuna félaga sinna.

Í trausti þess að það bréf sem hæstv. dómsmrh. las hér upp verði til þess að raunhæft mat fari fram á því hvaða breytingar hér hafi orðið og í trausti þess að góð samvinna verði höfð við samtök launafólks um framkvæmd þeirra ákvæða, sem að réttindum og möguleikum samtaka þeirra snúa, munum við styðja það frv. sem hér er til umfjöllunar.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, óska eftir því að umræðu um þetta mál verði ekki lokið hér og nú, heldur muni það verða geymt þar til kemur að endanlegri afgreiðslu fjárlaga.

Umræðu frestað.

59. FUNDUR

sunnudaginn 22. des.,
kl. 00.45 eftir miðnætti.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og dagskrá fundarins ber með sér er kominn nýr dagur sem er sunnudagur, þótt nóttin sé fram undan. Það er harla óvenjulegt að fundur í Alþingi sé settur á sunnudegi en mun þó ekki vera fordæmislaust. En þessa undantekningu gerum við til að ljúka störfum þannig fyrir jólin að hv. þm. og starfsfólki gefist örlítið betra ráðrúm til að búa sig undir jólahátíðina.

Þannig háttar til með 1. til og með 5. dagskrármálið, þ.e. Verðlagsráð sjávarútvegsins, Almannatryggingar, Vatnsveitur sveitarfélaga, Jöfnunargjald, Tekjuskatt og eignarskatt, svo og 8. dagskrármálið, Frestun á fundum Alþingis, að of skammt er liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. og verður því að leita afbrigða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

2 þm. (KHG, RA) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti gat um hefur Alþb. óskað eftir því að þessum fundi verði frestað í 20 mínútur og verður orðið við því. Verður gert hlé á fundinum og hefst hann að nýju kl. 1.10. — [*Fundarhlé.*]

Verðlagsráð sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 63. mál (frjálst fiskverð). — Þskj. 64.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
7 þm. (DO, EH, EKG, JGS, JVK, PP, StG) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 368).

Almannatryggingar o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 171. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 357.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, RG) fjarstaddir.
Frv. afg. sem lög frá Alþingi (þskj. 369).

Vatnsveitur sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 365.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (HÁ) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 370).

Jöfnunargjald, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (gildistími). — Þskj. 366.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 50:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA, VE.
5 þm. (GÁ, HÁ, IP, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, KE, ÓRG) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 371).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 205. mál (fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.f.). — Þskj. 367.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 34:25 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 372).

Meðferð einkamála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 71. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GuðnÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, EKG, GunnS, JGS, JVK) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 373).

Fjárlög 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 264, frhnál. 301 og 323, nál. 304 (samgn.), brtt. 265, 281, 294, 295, 300, 302, 303, 305, 308, 309, 312, 314, 322, 324, 325, 326, 327, 328, 329, 330, 331, 332, 333, 334, 335, 340, 341, 342, 343, 345, 346 og 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 340,1 kölluð aftur.

Brtt. 340,2 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÓRG) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, JÁ, JGS, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 340,3 felld með 34:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, StH) fjarstaddir.

Brtt. 322 kölluð aftur.

Brtt. 359,1.a samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (FI, GÁ, HÁ, JónK, StG, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 359,1.b samþ. með 45:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: FrS*, IBA.

9 þm. (FI, GÁ, HÁ, IP, JHelg, JK, PP, StG, StH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, ÓÞÞ, VS, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 359,1.c samþ. með 35:21 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, KHG*, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

3 þm. (FI, GÁ, StH) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 295, svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA*, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EgJ, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 302,1 samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JÁ.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EgJ, EKG, JGS, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 340,4 felld með 32:26 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JBH*, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 302,2 samþ. með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA.

2 þm. (EgJ, GAK) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 309,1 felld með 31:26 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EG, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

6 þm. (EH, EKG, EKJ, JGS, JVK, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 331,1 felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (HÁ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, FrS, JGS, JVK) fjarstaddir.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Á þskj. 312 eru brtt. við 4. gr. og varða þær sértekjur háskólanna og framhaldsskólanna. Áður en atkvæðagreiðsla hefst og til þess að enginn misskilningur verði vil ég taka þetta fram:

Ríkisstjórnin hefur fallið frá fyrri áformum um hækkun skólagjalda á framhaldsskólastigi. Tillaga er á þskj. 302, 3. liður, um að sá liður falli brott, þ.e. 128 millj. kr. í skólagjöldum til framhaldsskólanna. Samsvarandi upphæð er hins vegar inni á skólunum. Eftir standa hins vegar tillögur um hækkun þessara gjalda á háskólastigi og varðandi öldungadeildir framhaldsskólanna.

Tillaga hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, Valgerðar Sverrisdóttur, Hjörleifs Guttormssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar þýðir að ekki skuli innheimt hærri gjöld til háskólastigsins og öldungadeildanna en skólarnir sjálfir höfðu sett í sínar fjárhagsáætlanir, þ.e. mismunurinn falli brott, hækkun verði engin. Þetta vildi ég taka fram svo enginn væri í vafa um leið og ég lýsi andstöðu minni við þessar brtt.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það var rétt sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að sú tillaga sem við leggjum hér fram gengur út á það að ekki verði innheimt skólagjöld í skólum á háskólastigi og í öldungdadeildum framhaldsskólanna, þ.e. ekki frekari gjöld en þau sem nú eru innheimt. Ég tel mig ekki þurfa frekari rökstuðning fyrir þessari tillögu. Ég hef margoft gert grein fyrir minni afstöðu í þessu máli, svo og fjöldi annarra stjórnarandstæðinga. Við teljum að með innheimtu skólagjalda sé verið að brjóta þá jafnréttisreglu sem hér hefur ríkt í skólakerfinu og verið að bjóða upp á mismunun og stefnu sem við viljum ekki sjá í íslensku skólakerfi.

Brtt. 312 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS, AÓB.

nei: EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, SalÞ.

1 þm. (RG) greiddi ekki atkv.

4 þm. (EKG, JGS, JVK, EH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hvað eftir annað í haust að formaður þingflokks Alþfl. hafi skrifað hæstv. menntmrh. bréf og lýst því yfir að innan þingflokks Alþfl. væri ekki stuðningur fimm þingmanna við að skólagjöld yrðu tekin upp. Það liggur jafnframt fyrir að hæstv. félmrh. lýsti því yfir opinberlega við aðdraganda þess að fjárlagafrv. væri lagt fram að hún væri andvíg því að skólagjöld yrðu tekin upp. Nú hefur það þegar gerst í þessari atkvæðagreiðslu að hæstv. félmrh. hefur greitt því atkvæði að skólagjöld verði á háskólastigi og á hluta framhaldsskólanemenda á næsta ári og einn af fulltrúum þess hóps í Alþfl., sem talinn var andvígur því að skólagjöld yrðu tekin upp, hefur einnig greitt því atkvæði. Þess má vænta að aðrir fulltrúar þess hóps í Alþfl. muni nú ganga hér þessa götu að samþykkja að skólagjöld verði tekin upp. Það er leitt að slík skuli gerast hér og ekki skuli vera meiri hluti fyrir því að koma í veg fyrir að skólagjöld verði tekin upp. Það er hins vegar lexía fyrir okkur mörg og þjóðina að lítið er að marka þær yfirlýsingar sem koma fram með þessum hætti og hægt að óska hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. og einnig hæstv. utanrrh. til hamingju með að hafa beygt þennan hóp í Alþfl. Afstaða okkar er hins vegar skýr. Við viljum koma í veg fyrir að skólagjöld verði tekin upp á þessu stigi og ég segi því já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ágætur prófsteinn á hugrekki manna að láta reyna á það með nafnakalli hvort þeir fylgja sannfæringu sinni eða ekki. Sá sem dæsir nú hvað mest hafði kjark til þess að sitja hjá í atkvæðagreiðslu ásamt öðrum hér í salnum þrátt fyrir að stjórnarsinnar aðrir væru heldur daprir yfir því. Nú reynir nokkuð á hvort sá kjarkur leynist á fleiri stöðum og verður spennandi að fylgjast með því. En stjórnin er ekki fallin þó þeir sýni nú kjark sinn. Það sést hér á töflunni hver styrkleiki hennar er. En ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 324,1 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ*, SP*, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl,

IBA, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP.
4 þm. (HÁ, JónK, StG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, JóhS, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Brtt. 281,1 felld með 33:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 302,3–4 samþ. með 57:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JBH*.

1 þm. (HÁ) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 324,2 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HÁ, StG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, RG) fjarstaddir.

Brtt. 302,5 samþ. með 34:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 325 felld með 32:26 atkv. og sögðu

já: AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (HÁ) greiddi ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessari brtt. gera nokkrir þingmenn Alþb. það að tillögu sinni að Lánasjóður ísl. námsmanna verði styrktur nokkuð á næsta ári þannig að ekki þurfi að koma til frekari skerðingar á þjónustu sjóðsins en þegar er orðin. Á þessu ári hefur þjónusta sjóðsins verið skert þannig að grunnlán hafa lækkað um 16–17% og bersýnilegt er að enn meiri lækkun verður ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná óbreyttar fram að ganga. Við teljum óhjákvæmilegt að verja sjóðinn með styrkari hætti og þess vegna flytjum við þessa tillögu og ég segi já við henni, virðulegi forseti, en það er sennilega ekki sagt í svona greinargerðum. (Gripið fram í.) Og styðja á hnappinn, já. (**Forseti:** Hv. þm. má gjarnan segja já en hann þarf líka að greiða atkvæði með rafbúnaði.)

Brtt. 326 felld með 34:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 331,2 felld með 34:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 324,3 felld með 33:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (GÁ, HÁ, JónK, StG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, EKJ, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 327,1 felld með 32:21 atkv., 5 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 309,2 felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA,

JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
2 þm. (GÁ, StG) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
Brtt. 324,4 kölluð aftur.
Brtt. 327,2 felld með 35:20 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (HÁ, IP, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
Brtt. 302,6 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
8 þm. (GÁ, HÁ, IP, ÓÞÞ, StG, StH, VS, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, HG, JGS, JVK) fjarstaddir.
Brtt. 324,5 felld með 31:16 atkv. og sögðu
já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StH, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, StG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁJ, EH, EKG, JGS, JHelg, JVK, KSG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
Brtt. 302,7.a samþ. með 31:18 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, EKJ, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, SAÞ*, SJS, SvG.
9 þm. (GB, GÁ, HÁ, JHelg, JónK, ÓÞÞ, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁMM, EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er flutt tillaga um að lækka framlag til Leikfélags Reykjavíkur úr 15 millj. kr. í 1 millj. kr. Röksemdir meiri hlutans munu vera þær að þessir fjármunir eða hliðstæð upphæð sé flutt yfir á Íslensku óperuna eins og fram kemur síðar á þessu sama blaði.

Ég tel að ríkinu sé skylt að styðja við bakið á Leikfélagi Reykjavíkur. Leikfélag Reykjavíkur er elsta leikfélag landsmanna og á ríkan þátt í menningarsögu Íslendinga og menningarþróun og ég tel að ríkið eigi að sinna leikfélaginu með betri hætti en hér er lagt til af hæstv. ríkisstjórn með því að leggja það til að Leikfélag Reykjavíkur fái aðeins 1 millj. kr. úr ríkissjóði. Ég tel að það sé í raun og veru algjörlega fráleit afstaða og sýni virðingarleysi gagnvart Leikfélagi Reykjavíkur og því fólki sem þar starfar og hefur starfað. Ég segi nei við þessari tillögu, virðulegi forseti.

Brtt. 329 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (HÁ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EH, EKG, EKJ, JGS, JVK, SAÞ) fjarstaddir.
Brtt. 327,3 felld með 35:15 atkv. og sögðu
já: AÓB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (GB, HÁ, KÁ, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, EKG, FI, HG, JGS, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.
Brtt. 302,7.b samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GAK, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (FI, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, KHG, ÓÞÞ, StG, SJS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.
Brtt. 300 samþ. með 56:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: GÁ.
1 þm. (GuðjG) greiddi ekki atkv.
5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, ÖS) fjarstaddir.
Brtt. 324,6–7 felld með 34:18 atkv. og sögðu
já: AÓB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ,

FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, StG, StH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, HG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 328 felld með 33:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GB, HÁ, IBA, ISG, KÁ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það kannski orkar tvímælis hvar ég á að geta þessar upplýsingar sem ég les hér, en ég ætla mér að lesa hér bréf frá framkvæmdastjórn Handknattleikssambands Íslands sem beinir eftirfarandi erindi til ríkisstjórnar Íslands og Alþingis, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður greiði HSÍ beinan og óbeinan kostnað sem stofnað hefur verið til við að öðlast umboð til að halda heimsmeistarakeppni í handknattleik á Íslandi 1995 og við undirbúning keppninnar. Aðilar eru sammála um að þessi kostnaður nemi kr. 20 millj. og greiðist í janúar 1992.

HSÍ mun vinna að stofnun félags um framkvæmd HM 1995 að undangenginni ítarlegri úttekt á framkvæmda- og kostnaðaráætlun keppninnar.

HSÍ mun leita eftir stuðningi aðildarsambanda stjórnar Alþjóðahandknattleikssambandsins um að fallist verði á framkvæmd HM 1995 hér á landi með þeim húsakosti sem fyrir hendi er.

HSÍ lýsir því yfir fyrir sitt leyti að það gerir ekki kröfu til ríkissjóðs vegna byggingar sérstaks íþróttahúss fyrir keppnina.

HSÍ mun heldur ekki gera frekari fjárkröfur til ríkissjóðs um framkvæmd HM 1995.

Hafni Alþjóðahandknattleikssambandið ofangreindri beiðni HSÍ kemur ekki til útgjalda ríkissjóðs vegna krafna sem á HSÍ kunna að koma vegna riftunar auglýsingasamninga eða annarra krafna sem upp kynnu að koma vegna þess að HM 1995 verði ekki haldið á Íslandi.

Virðingarfyllst,
Jón Hjaltalín Magnússon, formaður HSÍ."

Af þessum ástæðum, virðulegi forseti, mun ég greiða atkvæði gegn þessari tillögu en með tillögum meiri hluta hv. fjárln. sem er að finna á þskj. 302, lið 8.b en þar er um að ræða fjármuni til þess að standa undir þessum kostnaði ásamt því sem samið hefur verið um við forráðamenn bæjarstjórnarmeirihlutans í Kópavogi en enn hefur ekki verið staðfest af bæjarstjórninni þar. (**SvG:** Hvenær er þetta skrifað?) (**Gripið fram í:** Það er verið að biðja um dagsetningu á bréfinu.) Því var ekki svarað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að það sé grundvallaratriði þegar menn lesa hér upp bréf öðrum til skemmtunar að þau séu dagsett því að ef dagsetningin skyldi t.d. vera á morgun, þá er þetta of snemma upp lesið. Mér þætti vænt um að forseti gerði athugasemdir þegar svona mikil ónákvæmni er í fréttaflutningi hér í ræðustólnum.

Steingrímur Hermannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Til þess að ég geti ákveðið hvort ég tek þessa tillögu til baka er mér mikilvægt að vita dagsetninguna á því bréfi sem hæstv. fjmrh. las nú upp. (**Fjmrh.:** Ég hef hana ekki.) Ódagsett bréf?

Ég vil segja um atkvæðagreiðsluna að hér er um að ræða samning sem fyrri ríkisstjórn stóð að að gerður yrði, ráðherra, borgarstjóri fyrrv., reyndar tveir fyrrv. ráðherrar og einn borgarstjóri beittu sér mjög fyrir því að þessi samningur náðist og ég tel að það eigi að standa við þann samning alveg án tillits til þess hvernig fjárhagur Handknattleikssambandsins er og því dreg ég ekki tillöguna til baka.

Brtt. 281,2, aðaltillaga, felld með 34:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, ISG, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, SalÞ.

8 þm. (GHelg, HG, IBA, JÁ, KÁ, KE, RA, AÓB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þáv. samgrh. Matthías Á. Mathiesen sendi formlegt bréf sam samgrh. ríkisstjórnar Íslands til forseta alþjóðlegu ólympíunefndarinnar, æðsta embættismanns alþjóðlegra íþróttamála. Í því bréfi lýsti þáv. samgrh. því yfir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að reist yrði sérstakt íþróttahús fyrir heimsmeistarakeppni í handbolta og ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að heimsmeistaramót í handbolta yrði haldið hér á Íslandi. Embættismenn þáv. utanrrh. fóru síðan með sérstökum fulltrúa þáv. samgrh. á fund forseta alþjóðlegu ólympíunefndarinnar og afhentu honum formlega og persónulega þetta bréf frá ríkisstjórn Íslands.

Það er afar dapurlegur endir á þessu máli og vægast sagt mjög ósmekklegur og lítt núv. ríkisstjórn til sóma og reyndar einnig íslenskri þjóð lítt til sóma að hæstv. fjmrh. skuli kveðja sér hér hljóðs þegar um-

ræðu um fjárlögin er lokið og lesa upp bréf með þeim efnisatriðum sem hann las hér upp án þess að verða við þeirri ósk að skýra þingheimi frá því hvenær bréfið er dagsett. Þetta mál er því miður orðið allt hið undarlegasta af hálfu ríkisstjórnar Íslands og getur haft alvarleg áhrif á það hver orðstír Íslendinga verður í hinum alþjóðlega íþróttaheimi.

Ég tel nauðsynlegt að standa við þær skuldbindingar sem voru gefnar alþjóðlega og tel engar þær málsástæður komnar fram í því bréfi sem hæstv. fjmrh. las hér til þess að hverfa frá fyrri skoðun í þessum efnum og segi því já við tillögunni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að yfirlýsingar Íslendinga, sem gefnar eru af æðstu mönnum landsins, standi. Og telji menn að hér og nú sé ekki rétt af Alþingi Íslendinga að láta yfirlýsingu þá, sem Matthías Á. Mathiesen gaf, standa, lýsi ég því yfir að ég mun ekki persónulega telja nauðsynlegt að allar yfirlýsingar núv. utanrrh. verði látnar standa. Ég segi já.

Brtt. 324,8 felld með 31:13 atkv. og sögðu

já: EgJ, GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, RA, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, ISG, KÁ, KE, StG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EH, EKG, EKJ, HÁ, JGS, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP) fjarstaddir.

Brtt. 302,8.a samþ. með 50:4 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁRÁ, GAK, GHall, ÖS.

1 þm. (StH) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, KSG, PP, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 302,8.b samþ. með 38:3 atkv., 17 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,9.a samþ. með 33:14 atkv., 12 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,9.b samþ. með 36:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JHelg, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.

8 þm. (GB, ISG, IP, JónK, KÁ, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, FrS, GÁ, JGS, JVK, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 332 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GÁ, HÁ, IP, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 309,3 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

5 þm. (FI, GÁ, HÁ, StG, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, JGS, JónK, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 341,1 felld með 33:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, EgJ, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA.

nei: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

2 þm. (ISG, KE) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til atkvæðagreiðslu er efnislega sama eðlis og tillögur landbn. Alþingis sem voru afgreiddar svo sem kunnugt er samhljóða og byggjast að því er þessa tillögu varðar á samkomulagi fjögurra stjórnmálaflokka sem gert var árið 1989. Það liggur í eðli málsins að ég er þessari tillögu samþykkur og segi því já.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Svo góða grein gerði hv. þm. Egill Jónsson fyrir brtt. þeirri sem hér er flutt að ég þarf ekki orði þar við að bæta, en segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það kom fram í umræðu í dag þegar hv. 3. þm. Austurl. ræddi um fjárlagafrv. að það væri aðeins ein skýring á því að fjárln. þingsins hefur ekki tekið betur undir tillögur landbn. en raun ber vitni. Meginskýringin var sú samkvæmt máli formanns landbn. að fjárln. hefur slíka minnimáttarkennd gagnvart landbn. að hún treystir sér ekki til að taka undir tillögur hennar. Með vísan til þessa, virðulegur forseti, tel ég nauðsynlegt að á þessu ári verði tryggt að þing-

ið geti kallað til sálfræðing eða sálfræðiþjónustu til þess að kanna þetta vandamál. Og í von um að úr rætist segi ég að sjálfsögðu já við þessari tillögu.

Brtt. 302,10 samþ. með 42:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JHelg, JónK, JónS, KSG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

nei: MF, ÖS.

6 þm. (HÁ, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, RA, RG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 341,2 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, IP, JHelg, JónK, KÁ, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JÁ*, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (HG, ISG, KHG, KE, ÓRG, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, EKJ, FI, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 302,11 samþ. með 33:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG.

12 þm. (AÓB, FI, GB, HÁ, ISG, IP, JónK, KÁ, KE, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EgJ, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 302,12.a samþ. með 34:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

10 þm. (AÓB, FI, GB, HÁ, IP, KÁ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, ISG, JGS, JVK, KE) fjarstaddir.

Brtt. 302,12.b samþ. með 33:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

nei: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er óskiljanlegt gerræði af hæstv. ríkisstjórn að svipta eina stétt, sauðfjárbændur, tveggja mánaða samningsbundnum launum á næsta ári. Enginn lagastafur er fyrir því hvernig og hvenær bændur eiga von á þeirri greiðslu síðar, aðeins svikul fyrirheit núv. ríkisstjórnar. Þm. Framsfl. mótmæla harðlega slíkum aðgerðum sem felast í þessari tillögu. Ég segi nei.

Brtt. 333 felld með 34:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EH, EKG, FI, JGS, JVK, MF) fjarstaddir.

Brtt. 302,13 samþ. með 32:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, HG, JÁ, JónK, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.

13 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JHelg, KÁ, KE, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EKG, GHall, JGS, JVK, MF, ÓÞÞ, PP, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 302,14 samþ. með 34 shlj. atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 334 felld með 32:13 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP, StH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, JGS, JVK, StG) fjarstaddir.

Brtt. 302,15–16 samþ. með 35:16 atkv., 6 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 359,2 samþ. með 59 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, GAK, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, SalÞ.

4 þm. (JGS, JVK, EH, EKG) fjarstaddir.

Brtt. 302,17 kölluð aftur.

Brtt. 302,18.a samþ. með 34:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

nei: VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG.

5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að á sama tíma og vaxandi atvinnuleysis mun gæta meðal Íslendinga og um allan hinn vestræna heim er verið að auka mjög starfsmenntun og talin aðalvörnin gegn atvinnuleysi, þá tekur ríkisstjórn Íslands ákvörðun um að leggja til að þessi liður sé skorinn niður. Ég segi nei.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að hér er um þrefalda hækkun frá þeim fjárveitingum sem voru á fjárlögum þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson átti aðild að. Ég segi já.

Brtt. 309,4 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

7 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, StG VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 302,18.b–c samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigB, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HÁ, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EgJ, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 302,19–20 samþ. með 34:10 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG.

15 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JHelg, JónK, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 302,21 samþ. með 34:3 atkv., og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, JónK, ÓRG.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svohljóðandi grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi töluliður sem nú eru greidd atkvæði um, svo og töluliðir 23, 24 og 25 hér á eftir í þessu þskj. sem er brtt. frá meiri hluta hv. fjárln., fjalla allir um skipulagsmál sjúkrahúsa hér í Reykjavík. Minni hluti fjárln. fjallaði ítarlega um málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík í nál. sínu. Við sem að því nál. stöndum teljum að hér sé boðuð röng stefna af hálfu hæstv. heilbrrh. og muni sú stefna leiða til aukinna útgjalda strax á næsta ári og kosta mikla fjármuni þegar fram í sækir ef heldur fram sem horfir og boðað hefur verið.

Á næsta ári er í þessum tillögum gert ráð fyrir því að skera fjárveitingar til Landakotssjúkrahússins niður um tæpar 400 millj. sem gerir það sjúkrahús nánast óstarfhæft á næsta ári. Við fulltrúar minni hlutans eða stjórnarandstöðunnar munum því eftir atvikum sitja hjá eða greiða atkvæði gegn þessum brtt., þeim númerum sem ég greindi frá áðan.

Brtt. 302,22 samþ. með 35:1 atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 309,5 felld með 33:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JHelg.

nei: JónS, KSG, LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, SalÞ.

7 þm. (StG, StH, GB, GÁ, HÁ, IP, JónK) greiddu ekki atkv.

4 þm. (JVK, EH, EKG, JGS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það eru ekki liðin tvö ár síðan borgarstjórinn í Reykjavík gaf konum fyrirheit um að Fæðingarheimili Reykjavíkur yrði rekið áfram sem fæðingarstofnun. Nú situr sami maður í forsæti ríkisstjórnar sem vinnur að því að Fæðingarheimilið í Reykjavík verði lagt af sem fæðingarstofnun. Hæstv. forsrh. er greinilega illa haldinn af minnisleysi. Kvennalistakonur leggja áherslu á að Fæðingarheim-

ilið verði rekið áfram í óbreyttri mynd. Ég segi já.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan leiðrétta þann misskilning að hér sé um það að ræða að leggja eigi niður Fæðingarheimili Reykjavíkur sem fæðingarstofnun. Það er ekki rétt. Það er gert ráð fyrir því að starfrækja heimilið áfram sem fæðingarstofnun. Það hefur hins vegar orðið að samkomulagi milli stjórnenda Borgarspítalans og stjórnenda ríkisspítala, þ.e. Landspítalans, að rekstur Fæðingarheimilisins verði fluttur frá Borgarspítala til ríkisspítalanna. Ríkisspítalarnir munu reka áfram Fæðingarheimili Reykjavíkur sem fæðingarstofnun undir sama nafni en stjórnendurnir munu að sjálfsögðu gera ráð fyrir hagræðingu á milli fæðingardeildarinnar og Fæðingarheimilisins um þann rekstur sem verður sameiginlega á vegum ríkisspítalanna. Ég segi nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna út af fyrir sig yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. hér áðan um að Fæðingarheimili Reykjavíkur muni verða rekið áfram sem fæðingarstofnun en ég verð að lýsa því yfir að ég hef efasemdir um að það muni ganga eftir þó að ég sé sannfærð um það að reykvískar konur muni að sjálfsögðu ganga eftir efndum þessara orða. Efasemdir mínar vakna vegna orða sem höfð hafa verið eftir Davíð Á. Gunnarssyni, forstjóra ríkisspítalanna, í dagblöðum að undanförnu þar sem hann hefur lýst því yfir að óvíst yrði um áframhaldandi rekstur þessa heimilis og að hugsanlega yrði það tekið til einhverra annarra nota. Ég vil geta þess að með fæðingarheimilinu munu eiga að fara um 10 millj. kr. til ríkisspítalanna en rekstur þess kostar ekki undir 50 millj. og mér segir svo hugur að þegar þurfi að fara að hagræða á ríkisspítölunum þá muni verða freistandi fyrir ríkisspítalana að leggja þessa stofnun niður. Þess vegna segi ég að sjálfsögðu já.

Brtt. 302,23 samþ. með 33:3 atkv., 19 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,24 samþ. með 34:7 atkv., 17 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,25 samþ. með 35:2 atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Egill Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Till. mín á þskj. 314 var flutt til að freista þess að ná fram leiðréttingu á þeirri ákvörðun fjárln. Alþingis að virða að vettugi tillögur þingmanna Austurlandskjördæmis um fjárveitingu til hjúkrunarheimilis á Höfn í Hornafirði.

Áhugamenn á þingi og í héraði um þessa framkvæmd hafa miðað við að á árinu 1993 yrði hjúkrunarheimilið gert fokhelt og tveim árum síðar, árið 1995, fullbúið til notkunar.

Tillaga þingmanna Austurlands til fjárln. var miðuð við að á næsta ári yrði byggður grunnur að þessari framkvæmd svo að áherslum Austur-Skaftfellinga um hjúkrunarheimilið yrði mætt með trúverðugum hætti.

Jólaleyfi þingmanna er nú senn að hefjast. Þá mun ég eins og aðrir hv. þm. halda til minna heima. Það verður mér ljúf skylda að koma því á framfæri þar eystra hversu ég hef orðið var mikils stuðnings á Alþingi við hjúkrunarheimilið á Höfn og mun ég gæta þess að þar fái þingmenn og stjórnmálaflokkar að njóta sannmælis. Annað væri ekki forsvaranlegt af minni hálfu.

Upp á síðkastið hefur hæstv. forsrh. átt samtöl við mig um með hvaða hætti væri unnt að ná fram sátt um afgreiðslu þessa máls. Niðurstöður þessara viðræðna eru staðfestar í svohljóðandi bréfi, dags. 21. des. 1991 — og hér er fyrir hendi dagsetning.

„Hr. alþingismaður, Egill Jónsson.

Í framhaldi af samtölum okkar og með vísan til viðræðna minna við heilbrrh. og formann og varaformann fjárln. vil ég lýsa því yfir að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að við afgreiðslu fjárlaga vegna ársins 1993 muni myndarlegri fjárhæð verða varið til framkvæmda við Hjúkrunarheimilið á Höfn í Hornafirði."

Þar sem þetta bréf staðfestir að á fjárlögum fyrir árið 1993 verður fjárveiting í samræmi við þau áform sem að framan er getið hef ég ákveðið að kalla tillögu mína á þskj. 314 til baka.

Brtt. 314 kölluð aftur.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá orðið og er undrandi á því að þingflokksformaður annars stjórnarflokksins skuli sjá sérstaka ástæðu til að mótmæla því að hér skuli vera farið að þingsköpum.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa undrun minni á því að meiri hluti hv. fjárln. skuli ekki hafa tekið tillit til þessa máls í ljósi þess að þessi liður hefur verið opnaður gagnvart öðrum aðila.

Í öðru lagi vil ég lýsa undrun minni yfir því að hv. fjárln. hefur ekki séð sér fært að fara að tillögu fjögurra þingmanna Austurl. í þessu máli sem er í fyrsta skipti sem fjárveitinganefnd eða fjárln. hafnar slíkri beiðni.

Ég vil líka lýsa undrun minni yfir því að það skuli vera tekin upp ný skipan hér á Alþingi að því er fjárveitingar varðar. Mér var ekki kunnugt um það að fjárveitingavaldið væri komið til ríkisstjórnarinnar. Ég hafði haldið það fram að þessu eftir alllanga veru á Alþingi að fjárveitingavaldið væri hjá Alþingi sjálfu. Það er mjög undarlegt að nú skuli hæstv. forsrh. taka fjárveitingavaldið í sínar eigin hendur með því að rita bréf með þessum hætti. Ég get ekki tekið mikið mark á slíku bréfi, tel það lítils virði, og því hlýt ég að fara þess á leit við hv. fjárln. að þetta mál verði tekið upp á nýjan leik og afgreitt samkvæmt þeim vilja sem hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstjórn í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Gunnlaugur Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það er vegna misskilnings eða reynsluleysis hæstv. forsrh. að hann

hefur ritað þetta bréf sem hv. þm. Egill Jónsson las hér áðan. Hann hefði ekki þurft annað en spyrja varaformann fjárln., hv. þm. Pálma Jónsson, að því að þessi niðurstaða lá fyrir í fjárln. hálfum mánuði áður en forsrh. ritaði sitt bréf.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Þetta mál sem við ræðum hér í tengslum við atkvæðagreiðslu er að verða að allsérkennilegum farsa og lítt samboðið Alþingi að fjalla þannig um alvörumál varðandi fjárveitingar. Við eigum ekki að byggja á einhverjum hálfkveðnum vísum ríkisstjórnar að því er fjárveitingar varðar í framtíðinni. Við erum að taka hér afstöðu til fjárlaga 1992.

Ég veit ekki hvort við eigum að hætta á það að þetta mál verði tekið upp í sambandi við lánsfjárlagafrv. fyrir næsta ár en vegna þess að 1. þm. Austurl. hefur komið með áskorun þar að lútandi þá vil ég ekki hætta á það að taka hér upp þá tillögu sem hv. 3. þm. Austurl. hefur flutt og í trausti þess að þetta verði gert. En þó vil ég fá að heyra hér viðhorf hæstv. heilbrrh. til málsins og hvort hann lýsir yfir stuðningi við hugmynd hv. 1. þm. Austurl., að málið verði tekið hér upp í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga, og jafnframt stuðningi við bréf hæstv. forsrh. og þeirri túlkun sem hv. 3. þm. Austurl. hafði uppi varðandi það bréf, en hann las þar á milli lína. Ég spyr hæstv. heilbrrh. hvort hann er reiðubúinn að lýsa hér yfir með jákvæðum hætti stuðningi við þetta varðandi frv. til lánsfjárlaga.

Karl Steinar Guðnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af því sem fram hefur komið hér vil ég aðeins segja þetta. Hv. þm. Egill Jónsson, sem ég virði mjög mikils og er harður talsmaður Austfirðinga, hefur greint frá afstöðu sinni og dregið tillögu sína til baka, sem ég er reyndar þakklátur fyrir. Það er alveg ljóst að hann hefur barist mjög hart fyrir þessu málefni. Það hafa báðir stjórnarþingmennirnir gert. Það var ekki eining um það milli þingmanna kjördæmisins hvernig skipta ætti þeim peningum sem færu til Austfjarða og því var það að fjárln. tók ekki tillit til þess meiri hluta sem þá myndaðist. Það mun alls ekki vera fordæmalaust og okkur þótti því rétt að halda við það sem við höfðum áður ákveðið.

Ég ætla ekki að fara mikið fleiri orðum um þessa hluti. Ég vona og þykist fullviss að hjúkrunarheimilið á Höfn í Hornafirði kemst upp á réttum og áætluðum tíma. Sú áætlun mun halda að mínu viti og ég lýsi því hér yfir að ég mun beita mér fyrir því ásamt öðrum í meiri hlutanum að hjúkrunarheimilið á Höfn haldi þeirri áætlun sem menn ætluðu.

Brtt. 281,3 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KE) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EH, EKG, EKJ, GHall, GÁ, JGS, JVK, KÁ, MF, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 281,4 kölluð aftur.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að í þessu tilviki hefur meiri hluti fjárln. komið brtt. sínum og niðurstöðum á framfæri með því að gera brtt. við fjárlög. Ég vænti þess að sá siður verði almennt viðhafður hér á Alþingi að niðurstöður fjárln. verði kynntar sem brtt. við fjárlög eins og í þessu tilviki en ekki geymdar í skúffum úti í fjárln.

Brtt. 302,26–32 samþ. með 39 shlj. atkv., 16 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,33 samþ. með 34:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, SalÞ.

nei: KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki nauðsyn að samgrh. fari úr salnum en hér er verið að greiða atkvæði um það hvort við skulum skera niður í vegamálum á Íslandi. Fáir liðir eru viðkvæmari gagnvart hinum dreifðu byggðum þessa lands og viðhorf ríkisstjórna til dreifbýlisins speglast í viðhorfi til þessa liðar.

Hæstv. heilbrrh. var mjög glaðbeittur þegar hann gerði grein fyrir því hvaða tillögur hann sem formaður fjárveitinganefndar hafði í fyrra gert um ákveðinn lið fjárlaga. Ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. verði jafnglaðbeittur þegar hann gerir grein fyrir þeirri stefnumörkun sem hann sem formaður fjárveitinganefndar gerði í þessum málum. Ég segi nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Hér er gerð tillaga um að lækka nýframkvæmdir til samgöngumála um 250 millj. Í skýringum með þessari tillögu segir, með leyfi forseta: „Um er að ræða seinkun á framkvæmdum við Vestfjarðagöng." Seinkun á þessum framkvæmdum er ekki í samræmi við brýnustu hagsmuni Vestfirðinga. Hún er ekki í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um sameiningu sveitarfélaga og hagræðingu í sjávarútvegi og hún er ekki í samræmi við stefnu þeirra flokka sem að henni standa eins og þeir kynntu þá stefnu fyrir síðustu alþingiskosningar. Ég hef sömu skoðun nú og ég hafði þá og því segi ég nei.

Brtt. 303 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (AÓB, ISG, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EgJ, EKG, GAK, JGS, JVK, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 335,1 felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, EKJ, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ*, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (FI, GÁ, HÁ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, IP, JGS, JVK) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Á þskj. 335 er lagt til að lítils háttar fjárveiting verði sett inn undir liðinn Vita- og hafnamálaskrifstofan, framkvæmdaliði þar, til þess að unnt sé að halda áfram rannsóknum og undirbúningi að styrkingu Kolbeinseyjar þannig að þessi útvörður íslensku efnahagslögsögunnar í norðri verði fremur varinn til frambúðar og hann geti þannig þjónað sínum mikilvæga tilgangi sem grunnpunktur í íslensku landhelginni sem bæti 9400 km^2 við íslensku efnahagslögsöguna. Þetta er einnig í tengslum við till. til þál. um sama málefni sem liggur fyrir Alþingi. Ég segi já.

Brtt. 302,34 samþ. með 30:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

9 þm. (EH, EgJ, EKG, EKJ, GHall, IP, JGS, JVK, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 302,35–36 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, HÁ, ISG, KÁ, KE, StG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EH, EKG, GHall, HG, IP, JGS, JónK, JVK, PP, RA) fjarstaddir.

Brtt. 335,2 felld með 32:18 atkv., 5 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 265 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, StH, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (HÁ, KHG, KÁ, MF, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, GHall, JGS, JVK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 302,37–41 samþ. með 33:10 atkv., 15 þm. greiddu ekki atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt til skýringar að láta það koma hér fram að brtt. 345 felur það í sér að framlag til Neytendasamtakanna verði hækkað um 2,5 millj. Framlagið yrði þá, ef tillagan yrði samþykkt, samtals 5 millj. kr. eða jafnmikið að krónutölu og það er í ár.

Tillagan felur í sér viðleitni til þess að tryggja það að starfsemi Neytendasamtakanna geti verið óbreytt á nýju ári þar eð við flm., sem ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, teljum nauðsynlegt að búa þannig að neytendum í landinu á þeim erfiðu tímum sem fara í hönd að tryggt sé að þau samtök, frjálsu samtök sem gæta hagsmuna þeirra geti starfað með eðlilegum hætti. Ég vildi skýra þetta, virðulegi forseti, af því að þetta kemur ekki fram í því hvernig tillagan er orðuð og vil síðan óska eftir því að nafnakall fari fram um hana.

Brtt. 345 felld með 33:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StH, SJS, SvG, VS, ÖS, AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE.

nei: GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ.

4 þm. (PP, StG, GÁ, HÁ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, EKG, JGS JVK) fjarstaddir.

Brtt. 302,42 samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JÁ*, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, StH, SJS, SvG, VS.

2 þm. (MF, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EgJ, EKG, GuðjG, JGS, JónK, JVK, RA, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 331,3 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (HÁ, ÓÞÞ, PP) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, KÁ, RA, StG) fjarstaddir.

Brtt. 330 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RG*, SalÞ*, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EG, EKJ, FrS, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (GB, HÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EKG, GuðjG, JGS, JVK, KÁ, PP, RA, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Brtt. 302,43.a samþ. með 47:1 atkv., 7 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,43.b samþ. með 33:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SJS, SvG, VE.

4 þm. (GB, HÁ, ÓÞÞ, PP) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EH, EKG, HBl, IP, JGS, JónK, JVK, RA, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Brtt. 331,4 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (GB, HÁ, PP) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 302,44 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (HÁ, KHG, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AÓB, EH, EKG, JGS, JVK, RA, SAÞ, StG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 302,45 samþ. með 34:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GAK, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, SalÞ.

nei: MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE.

4 þm. (EH, EKG, JGS, JVK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er verið að biðja um samþykki við tvennt:

Í fyrsta lagi verulegan niðurskurð í ríkisstofnunum án þess að fyrir liggi nokkrar lýsingar á því frá meiri hlutanum hér á Alþingi hvernig eigi að framkvæma þann niðurskurð. Hér er þess vegna rennt algjörlega blint í sjóinn í þessum efnum. Það er í algjörri mótsögn við það sem hæstv. fjmrh. sagði að væri markmið þessa fjárlagafrv., að það ætti að vera raunhæft og skýrt.

Í öðru lagi er verið að halda hér inn á þá hættulegu braut að fjárveitingavaldið samþykki að heimila einstökum ráðherrum sjálfdæmi um að ráðstafa hundruðum milljóna króna án nokkurs samráðs við fjárveitingavaldið.

Á undanförnum árum var að skapast breið samstaða um það hér á Alþingi að Alþingi, sem hefur fjárveitingavaldið samkvæmt stjórnarskrá, mundi hverfa frá því sem tíðkaðist áður fyrr að gefa ráðherrum sjálfdæmi með ýmsum hætti hvernig upphæðum væri ráðstafað.

Nú er það að gerast að ýmsir þeir, sem hvöttu til þess að fjárveitingavald Alþingis væri fest í sessi og styrkt, eru að beita sér fyrir því hér að taka upp þann nýja ósið að veita ráðherrum sjálfdæmi til ráðstöfunar í launa- og rekstrarkostnað með upphæðir sem skipta hundruðum milljóna hjá ýmsum ráðherrum. Það er mjög hættuleg braut og óljóst hvar það kann að enda. Ég mótmæli því eindregið að þessi ósiður í ríkisfjármálum sé tekinn hér upp og vonast til þess að það verði aldrei gert aftur. Við mótmælum einnig þeim flata niðurskurði á launa- og rekstrarkostnaði ríkisstofnana ótilgreindum sem hér er verið að biðja um heimild fyrir og ég segi því nei.

Brtt. 340,5 felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SAÞ*, StG, StH, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

8 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, MF, RA, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 340,6 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
1 þm. (StH) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EH, EKG, JGS, JVK, RA, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 340,7 felld með 33:23 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EH, EKG, FrS, JGS, JVK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 294 samþ. með 34 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,46 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, HÁ, HG, ISG, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHelg, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 302,47 samþ. með 33:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, HÁ, HG, IBA, IP, JHelg, JónK, MF, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS.
8 þm. (GAK, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SvG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, RA, VS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Þessi liður gerir ráð fyrir að rekstur Skipaútgerðar ríkisins sé lagður niður að þrem mánuðum liðnum. Með þessu er verið að setja flutningamál heilla landshluta í fullkomna óvissu. Því mótmæli ég harðlega og mun greiða atkvæði gegn þessum lið og segi nei.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrir því er almennur vilji hér á Alþingi að leggja Skipaútgerð ríkisins niður sem opinbera stofnun og hafa m.a. þingmenn Framsfl. beitt sér fyrir því með frumvarpsflutningi. Það kemur ekki fram í þessari tillögugrein að rekstur Skipaútgerðar ríkisins verði lagður niður að þremur mánuðum liðnum. Það verður reynt að halda þannig á málum að þjónusta við landsbyggðina verði ekki í hættu. Ég segi já.

Brtt. 302,48, undirliðir 4.37–4.50, samþ. með 46 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,48, undirliðir 4.51–4.53, samþ. með 34:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JHelg, JónK, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GB, GÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG.
14 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JónS, KHG, KÁ, KE, MF, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EH, EKG, EKJ, GHall, GHelg, IP, JGS, JBH, JVK) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil trúa því að við Reyðarfjörð eigi eftir að rísa stóriðja í framtíðinni. Mér er ljóst að verð á jörðum undir stóriðju er nokkuð hátt ef miðað er við þann stuðning sem hæstv. iðnrh. veitti við kaup á jörðinni Flekkuvík. Mér sýnist því ekki vitlegt að selja þessar jarðir, sé ekki að verði þær seldar á háu verði verði þær látnar fara frá ríkinu í dag en sé fyrir mér að þær muni kosta háar upphæðir verði þær keyptar síðar undir stóriðjuframkvæmdir. Þess vegna er ég alfarið andvígur því að í þessa sölu verði ráðist og segi nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þær þrjár jarðir sem hér er verið að leita eftir heimild til að seldar verði samkvæmt óskum frá sveitarstjórn á Reyðarfirði voru Kristfjárjarðir til skamms tíma. Kristfjárjarðir höfðu og hafa alveg sérstaka stöðu, höfðu það a.m.k., og voru m.a. ætlaðar til fátækraframfærslu. Þegar undirbúin var stofnun og bygging kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð, þá var yfir þetta mál farið mjög vandlega af iðnrn. á árunum 1980–1982. Niðurstaðan varð sú að breyta afgjaldi þessara jarða um leið og ríkissjóður yfirtók þær á þann hátt, og þetta segi ég eftir minni, að andvirðið rynni til styrktar Dvalarheimilis aldraðra í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna en þar voru þessar Kristfjárjarðir og Reyðarfjarðarhreppur hinn forni var fyrst aflagður og honum skipt upp að mig minnir 1897. Þá voru þar mynduð þrjú sveitarfélög.

Ég held að það væri óráðlegt að rasa um ráð fram varðandi sölu þessara jarða nú og hvet hæstv. iðnrh. sérstaklega til að fara yfir þetta mál og koma áliti á framfæri að skoðun lokinni. Að öðru leyti tek ég ekki afstöðu til þessarar heimildar sem hér er leitað eftir.

Brtt. 302,48, undirliðir 4.55–4.58, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ,

GunnS, HBl, IBA, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, JÁ, KHG, KÁ, KE, MF, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EH, EKG, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JBH, JVK, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 302,48, undirliður 4.59, samþ. með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: IBA, KHG, KE, PP, VS.

13 þm. (AÓB, GB, GÁ, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JónK, MF, ÓRG, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EH, EKG, GHelg, ISG, IP, JGS, JVK, KÁ, RA, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 302,48, undirliður 4.60, samþ. með 28:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖS.

nei: FI, GÁ, IBA, ISG, JÁ, JHelg, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SvG, VS.

9 þm. (AÓB, GB, HÁ, HG, IP, JónK, KÁ, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EH, EKG, GHall, GHelg, GunnS, JóhS, JGS, JVK, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Miðað við að hér er um einokunarfyrirtæki að ræða má segja að það getur verið álíka arðgefandi og Gjaldheimtan í Reykjavík, ef við tækjum upp á því að selja hana. Ég sé nú ekki forsendur fyrir því að þegnar landsins þurfi að búa við það að hlutafélagi sé afhent skattlagningarvald og einokunaraðstaða eins og hér er verið að leggja til. Og það vil ég hafa á hreinu að ef þetta fyrirtæki verður selt og þeir sem nú fara með völd í landinu eiga eftir að tapa þeim, þá tel ég eðlilegt að allri skipan þessara mála verði gjörbreytt með hagsmuni neytenda í huga. Og ég hygg að þeir séu nokkrir í stjórnarliðinu sem einnig munu líta svo á að að það sé skynsamlegra að breyta þessu frá því sem það er í dag. Ég segi þess vegna nei.

Brtt. 302,48, undirliðir 4.61–4.62, samþ. með 35:2 atkv., 18 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,48, undirliður 4.63, samþ. með 36:2 atkv., 15 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 302,49–50 samþ. með 34:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JBH, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: HÁ, JónK.

15 þm. (FI, GB, GÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AÓB, EH, EKG, GHelg, JóhS, JGS, JVK, KHG, RA, SP, StG, StH) fjarstaddir.

Brtt. 302,51 samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EgJ.

10 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, KHG, PP, SP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 305 felld með 27:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, StB, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, EKG, FrS, GHelg, GunnS, JÁ, JGS, JVK, KHG, ÓRG, RA, RG, SP, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 308 kölluð aftur.

Brtt. 343 felld með 25:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, HBl, IBA, JóhS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÓRG) greiddi ekki atkv.

16 þm. (DO, EH, EKG, EKJ, GHall, GHelg, GunnS, JÁ, JGS, JBH, JónS, JVK, KHG, SP, StH, StB) fjarstaddir.

Brtt. 302,52–54 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, HÁ, HG, ISG, JÁ, KÁ, KE, ÓRG, RA, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, KHG, SP, StH) fjarstaddir.

Brtt. 302,55 samþ. með 34:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

10 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JHelg, ÓÞÞ, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, GHelg, JóhS, JGS, JVK, PP) fjarstaddir.

Brtt. 302,56, undirliðir 6.12–6.21, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 302,56, undirliður 6.22, samþ. með 35:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, KHG, KE, MF, ÓRG, RA, SvG.

10 þm. (FI, GB, GÁ, IP, JónK, KÁ, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 342 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AÓB, ISG, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK, ÓÞÞ, SP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Á þskj. 342 hef ég leyft mér að flytja sérstaka brtt. Sú tillaga er breyting við tillögu meiri hluta fjárln. og gerir ráð fyrir því að meira svigrúm og fleiri möguleikar séu til að semja um nánara samstarf eða sameiningu sjúkrahúsa í Reykjavík. Tillaga meiri hlutans gerir aðeins ráð fyrir því að heimilt sé að semja um sameiningu Borgarspítalans og St. Jósefsspítala, Landakoti en þessi tillaga gerir ráð fyrir að mögulegt sé að skoða með einum eða öðrum hætti nánara samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík, þarf ekki endilega að verða samruni þeirra allra heldur nánara samstarf eða sameiningu þeirra allra sem getur líka komið til ef menn gefa sér tíma til þess að skoða málið í heild. Samningsgerðin verði í höndum tveggja ráðherra, þ.e. fjmrh. sem hefur þessa heimild, ef samþykkt verður, eins og aðrar heimildir í 6. gr., og heilbrrh. eða fulltrúa þessara ráðherra og samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík sem lögum samkvæmt hefur það hlutverk að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurgreindra sjúkrahúsa. Ég tel nauðsynlegt að hafa heimildina rýmri heldur en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hlutans. Ég leyfi mér því að flytja þessa tillögu og vonast til þess að hv. alþm. séu mér sammála um það að hafa heimildina ekki svo þrönga eins og gert er ráð fyrir í tillögu meiri hlutans heldur samþykkja þessa brtt. sem hér er lögð fyrir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er alkunn staðreynd og flestir sammála um það að með auknu samstarfi sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu megi ná ákveðinni hagræðingu. Það hafa ýmsar hugmyndir og bollaleggingar verið uppi á umliðnum árum um þá hluti en það hefur nákvæmlega ekkert gerst. Áður en farið var að athuga þá hluti af núv. ríkisstjórn var kannaður vilji stjórnenda stofnananna til slíkrar sameiningar. Það liggur fyrir að það er vilji til að kanna það hjá stjórnendum Landakots og Borgarspítala en það er ekki vilji fyrir því hjá stjórnendum Borgarspítala að kanna sameiningarmál við Landspítala, a.m.k. ekki sem sakir standa.

Ég legg til, virðulegi forseti, að menn reyni þann kostinn sem stjórnendur sjálfir eru tilbúnir til að skoða en haldi ekki áfram vangaveltum sem skila engum árangri eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Ég segi nei.

Brtt. 302,56, undirliður 6.23, samþ. með 34:18 atkv., 5 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 281, varatillaga, felld með 31:16 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, ISG, JóhS, JBH, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, HÁ, HG, IBA, KÁ, KE, LMR, MF, RA, VE) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, EKG, GHelg, GunnS, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 346 felld með 33:17 atkv. og sögðu

já: AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StH, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (HÁ, HG, JÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, EKG, GHelg, JGS, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 302,57 samþ. með 33:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ,

SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: HG, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, SvG.

15 þm. (AÓB, FI, GB, HÁ, IP, JHelg, JónK, KÁ, MF, PP, RA, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, EKG, GAK, GÁ, GHelg, JGS, JVK, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EgJ, EKG, GHelg, HÁ, JGS, JVK) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 374).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 223. mál. — Þskj. 364.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1991, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 6. janúar 1992."

Tillagan skýrir sig sjálf og ég legg til að hún verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 375).

Jólakveðjur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eftir allmiklar annir undanfarna daga er nú komið að lokum þessarar fyrstu haustannar Alþingis í einni málstofu. Þetta gefur forseta tilefni til að staldra við og íhuga hvernig til hafi tekist í störfum þingsins í ljósi breyttra aðstæðna. Við setningu þingsins nú í haust lét forseti þess getið að mikil tímamót væru á Alþingi. Fyrir okkur lægi að aðlaga okkur breyttu skipulagi og hrinda í framkvæmd nýjum þingsköpum. Öll þyrftum við að leggjast á eitt um að móta heiðarlegar og réttlátar reglur hér á Alþingi. Þar bæri okkur að hafa að leiðarljósi virðingu og heiður þessarar stofnunar.

Eins og skiljanlegt er þegar nýjar reglur koma til skjalanna eru menn ekki alltaf á einu máli um það hvernig beri að túlka þær. Forseti hefur við ýmis tækifæri tekið fram að kæmu í ljós annmarkar á þingsköpum eða þörf væri á frekari breytingum mundi forseti vilja beita sér fyrir því að þingsköpin væru tekin til endurskoðunar um leið og til þess gæfist ráðrúm. Forseti mun beita sér fyrir að slík endurskoðun hefjist í vor. Forseti telur það brýnt að ekki dragist að sinna þessu mikilvæga verkefni. Það er eðlilegt að starfshættir Alþingis séu í sífelldri þróun í takt við þjóðfélagsbreytingar en líka sjálfsagt að halda í gamlar og grónar hefðir eins lengi og aðstæður segja til um.

Á þessu hausti hafa orðið snörp orðaskipti milli nýrrar ríkisstjórnar og stjórnarandstöðuflokka. Við vitum það öll sem störfum í anda lýðræðis að stjórnarandstaða hefur mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi og að sjálfsögðu á hún ýmislegt vantalað við nýja ríkisstjórn í upphafi kjörtímabils. Hún vill þá gjörla fá að vita hvað ný ríkisstjórn hyggst fyrir og hvernig hún hyggst koma stefnu sinni fram og fá ítarlegar umræður um málin. En sitthvað sýnist í þessum efnum stjórn og stjórnarandstöðu hvar mörkin eigi að liggja.

Nú er önnum okkar á þingi lokið í bili og friðsemd jólahátíðarinnar veitir okkur kærkomið hlé. Hv. þm. öllum þakka ég góða samvinnu á því ári sem nú er að renna sitt skeið. Sérstaklega færi ég varaforsetum þakkir mínar fyrir gott samstarf. Ég færi skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu hugheilar óskir og þakka því vel unnin störf undir miklu álagi í erli daganna. Þeim er um langan veg eiga að fara óska ég góðrar heimkomu og bið þá fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Sjáumst heil á nýju ári.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna þakka ég hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Ég vil þakka forseta samstarfið á því haustþingi sem nú er að ljúka. Við höfum á þessu haustþingi starfað eftir nýjum þingskapalögum. Þessi tími hefur verið sviptingasamur á stundum en vonandi lærdómsríkur okkur öllum.

Veg og virðingu Alþingis berum við öll fyrir brjósti. Okkur ber að standa vörð um lýðræðið og um það erum við meðvituð og mun það verða haft að leiðarljósi er við tökumst á við það erfiða verkefni að endurskoða áfram og þróa þingsköp.

Fyrir hönd okkar þingmanna óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra og starfsfólki öllu fyrir góð og vel unnin störf, oft undir miklu álagi. Ég vil einnig fyrir hönd okkar þingmanna óska því og fjölskyldum þess friðsælla og gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Ég vil biðja hv. þm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 9. þm. Reykn. fyrir hlýleg orð til mín og fjölskyldu minnar og öllum þingmönnum fyrir að taka undir orð hennar. Ég endurtek óskir mínar um

gleðileg jól og gæfuríkt ár öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis til handa, svo og Íslendingum öllum.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Þingfrestun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis 115. löggjafarþings, frá 22. desember 1991 og standi sú frestun til 6. janúar 1992 nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum þessa Alþingis, 115. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Efnisskrá.

Almannatryggingar o.fl. (171. mál, umönnunarbætur) 3508, 3684, 3813.
Aukatekjur ríkissjóðs (189. mál, heildarlög) 3212, 3440, 3453.
Bókhald (45. mál, reikningsskilaráð) 3211, 3283, 3427, 3509, 3684.
Brunavarnir og brunamál (188. mál, heildarlög) 3430, 3454.
Eftirlaun til aldraðra (172. mál, kostnaðarskipting o.fl.) 3256, 3440, 3453.
Fjáraukalög 1990 (79. mál, niðurstöður greiðsluuppgjörs) 3415, 3454.
Fjárlög 1992 (1. mál) 3546, 3694, 3815.
Frestun á fundum Alþingis (223. mál) 3845.
Heilbrigðisþjónusta (209. mál, heilsuverndarstarf í Reykjavík) 3041, 3179, 3299, 3415.
Jólakveðjur 3845.
Jöfnunargjald (197. mál, gildistími) 3177, 3181, 3258, 3789, 3794, 3813.
Kaup á björgunarþyrlu (150. mál) 3755.
Kosning í bankaráð Landsbanka Íslands 3686.
Kosning í flugráð 3802.
Kosning í síldarútvegsnefnd 3803.
Kosning í stjórnarnefnd ríkisspítalanna 3685.
Kosning í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 3803.
Kosning í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar 3685.
Kosning umboðsmanns Alþingis 3261.
Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1991 3686.
Lánsfjárlög 1991 (29. mál, erlend lántaka) 3216, 3415.
Lífeyrissjóður bænda (186. mál, skipting kostnaðar) 3211, 3440, 3453.
Meðferð einkamála (71. mál, heildarlög) 3249, 3810, 3814.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 (167. mál, breyting ýmissa laga) 3290, 3322, 3455, 3523.
Samstarfssamningur Norðurlanda (213. mál) 3286, 3414, 3498, 3683.
Skattskylda innlánsstofnana (198. mál, fjárfestingarlánasjóðir) 3169, 3179.
Tekjuskattur og eignarskattur (205. mál, fjárhæðir, rekstrartap, sjómannaafsláttur, barnabætur, ríkisskattanefnd o.fl.) 3043, 3090, 3757, 3804, 3814.
Tilhögun þingfundar 3812.
Um þingsköp:
Framhald 3. umr. fjárlaga 3400.
Framhald umræðu um skýrslu Byggðastofnunar 3322.
Fyrirkomulag dagskrár 3452.
Um dagskrá 3180.
Um dagskrá og vinnubrögð í nefndum 3261.
Sjá enn fremur:
Aukatekjur ríkissjóðs 3445.
Fjárlög 1992 3639, 3641.
Jöfnunargjald 3177.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 3290, 3358.
Tekjuskattur og eignarskattur 3108, 3119.
Umræður utan dagskrár:
Orkusáttmáli Evrópu 3073.
Úrskurður Evrópudómstólsins um EES-samninginn 3218.
Varamaður tekur þingsæti 3041.
Vatnsveitur sveitarfélaga (173. mál, heildarlög) 3512, 3686, 3792, 3813.
Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins (176. mál, inngreiðslur 1992) 3168, 3179.
Verðlagsráð sjávarútvegsins (63. mál, frjálst fiskverð) 3499, 3684, 3812.
Þingfrestun 3847.

Leiðréttingar í 9. hefti:

Í 2873. dálki, í ræðu Guðmundar Bjarnasonar, í stað orðanna í 7. línu að neðan: „að beita sér fyrir hugmyndum“ komi: að beita sér gegn hugmyndum.

Í 2945. dálki, í ræðu Jóns Helgasonar, í stað orðanna „búið er að taka málið á dagskrá“ komi: búið er að taka málið af dagskrá.

60. FUNDUR

mánudaginn 6. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Framhaldsfundir Alþingis.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hinn 3. janúar sl. var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 6. janúar 1992, kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 3. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka liðna árið, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þingmanna. Jafnframt færi ég hæstv. forsrh., þingmönnum öllum og starfsliði Alþingis óskir um gott og farsælt ár og þakka fyrir góða samvinnu á liðnu ári.

Ég býð alla velkomna til starfa á nýju ári, en eins og kunugt er kemur þing saman nokkru fyrr en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir í starfsáætlun. Af þeim sökum hefur þurft að endurskoða starfsáætlunina og munu drög að henni verða fyrirliggjandi núna á næstu dögum.

Lánsfjárlög 1992, 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, brtt. 246 og 276.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 á þskj. 245 og brtt. á þskj. 246 frá meiri hluta efh.- og viðskn. og brtt. á þskj. 276 við frv. og við brtt. á þskj. 246.

Fjárln. fól nefndinni með bréfi dags. 19. nóv. 1991 að fjalla um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Þá barst nefndinni enn fremur ósk um að hún lyki afgreiðslu málsins til 2. umr.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. Á fund nefndarinnar komu Sigurgeir Jónsson og Pétur Kristinsson frá Lánasýslu ríkisins, Ólafur Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson, Örn Marinósson og Jóhann Már Maríusson frá Landsvirkjun, Jóhanna Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Már Elísson, forstjóri Fiskveiðasjóðs, Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, Leifur Kr. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Bragi Hannesson, forstjóri Iðnlánasjóðs, Þorvarður Alfonsson, forstöðumaður Iðnþróunarsjóðs, Harald Andrésson frá Ríkisábyrgðasjóði, Pétur Einarsson, Haukur Hauksson og Ágúst Valgeirsson frá Flugmálastjórn, Sveinbjörn Óskarsson, fulltrúi fjmrn. í byggingarnefnd Herjólfs, Lárus Jónsson og Guðjón Valdimarsson frá Lánasjóði ísl. námsmanna, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Bjarni Bragi Jónsson aðstoðarseðlabankastjóri, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri fjmrn. Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjmrn. sátu flesta fundi nefndarinnar um þetta mál. Gestir komu með ýmis gögn sem útbýtt var á fundum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Brtt. meiri hluta nefndarinnar eru eftirtaldar:

1. Við 1. gr. Hækkun lántökuheimildar ríkissjóðs er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um aðstoð við fiskeldisfyrirtæki og lagt til að í stað 13 þús. millj. kr. komi 13.150 millj. kr.

2. Við 3. gr. Með þessari breytingu er tilgreint hvernig ráðstafa skuli þeirri viðbótarlántökuheimild sem kveðið er á um í 1. gr. og lagt til í fyrsta lagi að í stað 4.545 millj. kr. komi: 4.695 millj. kr., og í öðru lagi að við greinina bætist nýr töluliður svohljóðandi: Fiskeldisfyrirtæki, allt að 150 millj. kr.

3. Við 4. gr. er brtt. í þremur stafliðum:

a. Lækkun lántökuheimildar Landsvirkjunar ervegna frestunar á virkjunarframkvæmdum. Í stað 1.650 millj. kr. í 1. tölul. komi 845 millj. kr.

b. Lagt er til að felldir séu brott 7.–10. tölul. 4. gr. Með þeirri breytingu er verið að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs frá og með 1. jan. 1992. Jafnframt er í öðrum brtt. meiri hlutans bætt við nýjum greinum sem taka af allan vafa um að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum þessara sjóða sem stofnað er til eftir 31. des. 1991. Ekki er talin þörf á að breyta lögum um Útflutningslánasjóð. Þessi breyting er undirbúningur þess að gera þessa sjóði að hlutafélögum. Því er það að í b-lið er lagt til að 7.–10. tölul. 4. gr. falli brott. Þó vil ég geta þess að samkvæmt brtt. á þskj. 276 verður lagt til að þessir töluliðir breytist í 8.–10. tölul. og kem ég að því síðar en tel eðlilegt að nefna það hér.

c. Það hefur komið fram ósk frá Ferðamálasjóði um lántökuheimild að upphæð 130 millj. kr. fyrir árið 1992 og lagt er til að fallist verði á þessa beiðni Ferðamálasjóðs. Þá bætist við nýr töluliður sem orðist svo: „Ferðamálasjóður, allt að 130 millj. kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum."

4. Við 5. gr. Í a-lið er lagt til að fella niður ábyrgðarheimild handa Vatnsleysustrandarhreppi vegna hafnarframkvæmda þar sem frestun verður á framkvæmdum við álver á Keilisnesi.

Í b-lið er gerð tillaga um að fjmrh. verði heimilt að ábyrgjast lántöku Hitaveitu Akureyrar og Bæjarveitu Vestmannaeyja. Um er að ræða skuldbreytingu á lánum sem koma til gjalda á næsta ári. Því koma í stað 2. tölul. 5. gr. tveir nýir töluliðir sem orðist svo:

a. Hitaveita Akureyrar, allt að 356 millj. kr. til skuldbreytingar eldri lána.

b. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 21 millj. kr. til skuldbreytingar eldri lána.

5. Á eftir 5. gr. koma þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (6. gr.) 5. gr. laga nr. 44/1987, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum, orðist svo:

Ríkissjóður beri eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 31. des. 1991.

b-liður var áþekkt ákvæði varðandi Iðnlánasjóð, en b-liður 5. tölul. brtt. á þskj. 246 er kallaður til baka vegna þess að Iðnlánasjóði er enn um sinn ætlað að njóta ríkisábyrgðar.

En c-liður, sem verður 8. gr., orðist svo:

„Heimilt er að afnema ábyrgð ríkissjóðs á nýjum skuldbindingum sem Iðnþróunarsjóður stofnar til eftir 31. des. 1991, enda sé leitað eftir staðfestingu ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðeigandi breytingu á samningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, með síðari breytingum.

6. brtt. er gerð við 6. gr. (er verður 9. gr.). Hún er um að setja hámark á þær lántökur sem fjmrh. er heimilt að taka erlendis og greinin orðist þá svo:

„Fjmrh. er heimlt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2.–4. tölul. 4. gr. og í 5. gr. og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

Erlendar lántökur þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr., og ríkisjóðs mega nema allt að 7.400 millj. kr. á árinu 1992."

7. Lagt er til við 7. gr. að greinin falli brott þar sem efni greinarinnar hefur verið fellt inn í 6. gr. og þykir rétt að nefna að Flugmálastjórn óskaði eftir 70 millj. kr. hækkun á lántökuheimild en meiri hluti nefndarinnar telur ekki þörf á slíkri breytingu í frv. þar sem Flugmálastjórn mun á næsta ári samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. geta notað vannýttar heimildir frá árinu 1991 sem svarar til þessarar þarfar.

Undir þetta rita Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Geir H. Haarde, Ingi Björn Albertsson og Sólveig Pétursdóttir.

Þá eru hér líka brtt. á þskj. 276, þær sem áður er getið, fluttar af undirritaðri, Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. brtt. lýtur að Framkvæmdasjóði Íslands, en nauðsynlegt er að veita þessa heimild vegna Framkvæmdasjóðs þar sem sýnt er þær skuldbindingar munu koma til með að falla á ríkissjóð við uppgjör sjóðsins. Því er lagt til að á eftir 11. gr. komi ný grein er orðist svo:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr."

Í öðru lagi er lagt til, svo sem áður hefur verið getið, að Iðnlánasjóður verði enn um sinn inni í þeim kafla lánsfjárlaga sem fjallar um ríkisábyrgðir þar sem forráðamenn sjóðsins telja að lengri aðdraganda þurfi til þeirra breytinga sem meiri hluti nefndarinnar hafði lagt til. Því er lögð til breyting við b-lið 3. tölul. á þskj. 246, að liðurinn orðist svo að 8.–10. tölul. falli brott í stað 7.–10. tölul.

Þá vil ég geta þess að efh.- og viðskn. mun verða kölluð saman að lokinni þessari umræðu m.a. til þess að kanna hvort afgreiðsla fjárlaga kalli á einhverjar breytingar á frv. til lánsfjárlaga.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Þegar frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 var tekið út úr efh.- og viðskn. í fyrri hluta annarrar viku desembermánaðar bentum við á það, fulltrúar minni hlutans í nefndinni, að í raun skorti allar forsendur til að taka til umræðu frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992. Þar kom fyrst og fremst til að hjá hæstv. ríkisstjórn var þá allt í uppnámi varðandi helstu þætti ríkisfjármála og efnahagsmála og allar forsendur skorti til að leggja heildstætt mat á bæði útgjalda- og tekjuhlið fjárlaga fyrir næsta ár, sem og önnur veigamikil atriði sem snertu efnahagsstefnuna. Þessi óvissa var svo enn frekar undirstrikuð á Alþingi og í umræðum næstu daga og næstu vikur, enda fór það svo að hæstv. ríkisstjórn valdi þann kost að láta lánsfjárlagafrv. liggja órætt í deildinni frá 9. des. og þar til nú, sbr. dagsetningu á nál. meiri hluta og minni hluta efh.- og viðskn., en þau birtust í þinginu þann 9. des. sl. Skömmu áður en málið var tekið út úr efh.- og viðskn. höfðu enn eina ferðina orðið veigamiklar breytingar á forsendum þar sem voru tíðindi um að ekki yrði af margboðaðri og margsíendurtekiðundirskrifaðri byggingu álvers á Keilisnesi á næsta ári. Það þýddi að út úr frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 hurfu lántökuheimildir sem í frv. voru eins og það var þegar það var flutt af hæstv. ríkisstjórn á öndverðu hausti, lántökuheimildir upp á samtals um 6.000 millj. kr., og munar auðvitað um minna. Þetta leiddi aftur til þess að lítið svigrúm var til að meta áhrifin af þessari gerbreyttu stöðu hvað lántökur inn í þjóðarbúskapinn varðaði á næsta ári og bættist við alla þá óvissu sem upplausnarástand á vettvangi hæstv. ríkisstjórnar varðandi ríkisfjármál og efnahagsmál snertir.

Síðan hafa satt best að segja, hæstv. forseti, ekki skýrst til mjög mikilla muna þær forsendur sem þurfa

að liggja fyrir þannig að unnt sé með eðlilegum og fullnægjandi hætti að mínu mati að leggja mat á lánsfjárþörf og lánsfjáraðstæður hins opinbera og reyndar annarra aðila í þjóðfélaginu sem eðlilegt er að gera áður en lánsfjárlög eru endanlega afgreidd og þá sem síðasta meginmál efnahags- og ríkisfjármála hverju sinni. Það er kunnara en frá þurfi að segja að enn liggja hér óafgreidd veigamikil frv. á vegum hæstv. ríkisstjórnar á sviði ríkisfjármála. Á ég þar fyrst og fremst við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er í 2. umr. á hv. þingi og fleiri frv. sem tengjast tekjuforsendum fjárlagafrv. Með hliðsjón af þessu, hæstv. forseti, leyfi ég mér að koma þeirri tillögu þegar í stað á framfæri að efh.- og viðskn. taki þetta mál til sín á nýjan leik þegar nú við 2. umr. málsins, þ.e. að gert verði hlé á þeirri umræðu þegar henta þykir eftir atvikum eftir framsöguræðu meiri hluta og minni hluta eða eftir einhverjar umræður ef menn telja það heppilegra og nefndin taki málið fyrir á nýjan leik áður en 2. umr. lýkur.

Ég tek undir það sem hv. formaður nefndarinnar sagði hér áðan. Það er óhjákvæmilegt að nefndin komi saman á nýjan leik til að fjalla um þetta mál og fara yfir breyttar forsendur, en ég kem þeirri ósk minni á framfæri að það verði gert undir 2. umr. Ég tel það mikið eðlilegra með hliðsjón af því að þingið starfar nú í einni málstofu eins og öllum er kunnugt og umræður um mál eru einungis þrjár. Þess vegna sé eðlilegra að þessi vinna fari fram nú og brtt. sem kynnu að leiða af þessari vinnu nefndarinnar gætu komist á dagskrá við 2. umr. Það er mikið mun skemmtilegra vinnulag að mínu mati að það sé þá eftir 3. og síðastu umræðu um málið, að loknum þeim breytingum sem ástæða kann að vera að gera á því í ljósi breyttra aðstæðna.

Eðlilegast er og að mínu mati að þau fylgifrv. fjárlaganna, sem hæstv. ríkisstjórn er hér með í þinginu og ætlar að fá afgreidd á næstu dögum, komi til afgreiðslu á undan lánsfjárlagafrv. Maður hefur heyrt af því að enn séu ekki að fullu útkljáð ýmis atriði sem snúa að þeim frumvörpum eins og frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta kynni að hafa áhrif á niðurstöðutölu fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár og þar með á endanlegar niðurstöðutölur í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum. Ég hygg, hæstv. forseti, að ekki þurfi í sjálfu sér mikið flóknari röksemdafærslur fyrir þessari sjálfsögðu ósk af minni hálfu og ég hygg að það sé samdóma afstaða minni hlutans í efh.- og viðskn. að fara þess á leit að vinnunni verði hagað með þessum hætti. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara eins rækilega yfir einstök atriði í frv. og ella hefði verið, en mun þó lítillega gera grein fyrir nokkrum þeirra, en áskil mér síðan rétt til að koma því sem eftir verður skilið á framfæri betur við síðari hluta 2. umr.

Ég vil í fyrsta lagi almennt taka upp þá umræðu sem verið hefur um mikilvægi þess að ríkissjóður sé afgreiddur með sem allra minnstum halla og vægi þeirrar afgreiðslu hvað snertir jafnvægi á lánsfjármarkaði og í efnahagsmálum. Mér hefur nokkuð þótt gæta bókstafstrúar eða blindu á að þessi eina breyta í efnahagsmálunum væri sú sem öllu máli skipti og fyrðulegrar þráhyggju gæta í þeim efnum að menn festist þar jafnvel við tiltekna tölu öðrum tölum fremur eins og til að mynda töluna 4 milljarða kr. Það voru hvergi næg rök færð fram fyrir því að halli upp á nákvæmlega 4 milljarða sé á einn eða annan hátt heppilegri með tilliti til jafnvægis á lánsfjármarkaði í ríkisfjármálum eða efnahagsmálum en eitthvað hærri eða eitthvað lægri tölur.

Athyglisverð grein birtist í blöðum skömmu fyrir jólaleyfi þar sem minnt var á þá staðreynd, sem furðu hljótt hefur verið um í umræðum um þessi efni, að allur viðbótarhalli ríkissjóðs á sl. ári var fjármagnaður með þeim ofureinfalda hætti að yfirdregið var á reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum og síðan verða þeir reikningar væntanlega jafnaðir með erlendri lántöku. Það er þess vegna beinlínis rangt, sem haldið hefur verið fram, að þessi viðbótarhalli ríkissjóðs hafi haft þensluáhrif á innlendum lánsfjármarkaði. Þvert á móti má ætla að þessi tilhögun, yfirdráttur á reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum og síðan erlend lántaka til að jafna þennan mun, hafi ef eitthvað er slegið á þá þenslu sem þó var á hinum innlenda lánsfjármarkaði. Ég bendi á m.a. athyglisverða grein eftir hagfræðing sem birtist um þetta efni í DV skömmu fyrir jólaleyfi. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að fara yfir þessar forsendur lánsfjármarkaðarins og ríkisfjármálanna nú á nýbyrjuðu ári í ljósi nýjustu upplýsinga um stöðu mála, m.a. þróunina á síðustu mánuðum sl. árs. Sömuleiðis skipta áform um innlendar og erlendar lántökur í þessu sambandi miklu máli, ákvarðanir um útgáfu skuldabréfa, húsbréfa o.s.frv. Allt þyrfti þetta að koma þarna til skoðunar.

Skömmu áður en lánsfjárlög voru afgreidd til 2. umr. komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar og fullyrðingar um áhrif húsbréfa á hinn innlenda peningamarkað og á ég þar fyrst og fremst við skýrslu Seðlabankans, skammdegisskýrsluna svonefndu sem birtist fyrstu daga desembermánaðar, hvar haldið var fram með mjög fortakslausum hætti að húsbréfin væru meginorsakavaldur hárra vaxta og þenslu á innlendum peningamarkaði. Það kom strax fram dagana á eftir að um þessa fullyrðingu var mikill ágreiningur í hæstv. ríkisstjórn og virtust hæstv. félmrh. og að nokkru leyti hæstv. forsrh. alls ekki taka undir þessa fullyrðingu Seðlabankans. Þessi mál hafa síðan sáralítið skýrst síðan þetta var og er óviðunandi að mínu mati að lokið sé umfjöllun um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög á Alþingi með þessa hluti meira og minna hangandi í lausi lofti, með augljósan ágreining uppi innan hæstv. ríkisstjórnar og milli einstakra ráðamanna og ráðherra og stofnana eins og Seðlabankans í þessu efni.

Ég þarf ekki að rekja fyrir hv. alþm. þau mál sem ég hér nefni. Skýrsla Seðlabankans var ítarlega til umræðu í tengslum við fleiri en eitt og fleiri en tvö þingmál sem snertu lánsfjárlög og efnahagsmál og ég hygg að orðaskipti hæstv. félmrh. og þeirra seðlabankamanna séu mönnum í fersku minni í þessu efni. En allt ber það að sama brunni, að ákvarðanir um umfang húsbréfaútgáfu á þessu nýbyrjaða ári og önnur slík áform sem áhrif hafa á peningamarkaðinn hljóta að þurfa að

koma til skoðunar áður en lánsfjárlög verða endanlega afgreidd.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að minnast nokkrum orðum á frv. eins og það birtist þinginu flutt af hæstv. ríkisstjórn á sl. hausti og þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til til að bjarga þar í horn varðandi ýmis atriði sem upp komu þegar tekið var til við að skoða ákvæði frv. Ég hygg að hæstv. fjmrh. megi kallast harla feginn ef með tiltölulega kyrrlátum hætti verða gerðar þær breytingar á frv. sem meiri hlutinn leggur til í sínum brtt. af tilteknum ástæðum — af þeim ósköp einföldu ástæðum að frv. eins og það var fram lagt, hefði það náð fram að ganga, hefði óumdeilanlega sætt miklum tíðindum í íslenskum efnahagsmálum, fyrst og fremst vegna þeirrar auknu miðstýringar og þess aukna valds og þess aukna handafls sem með því hefði komið í hendur hæstv. fjmrh. og kom satt að segja ýmsum á óvart að hæstv. fjmrh., hv. 2. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, núv. hæstv. fjmrh., hefði gengið fram fyrir skjöldu með þeim hætti sem efni frv. að óbreyttu hefði boðað.

Ég ætla þess vegna lítillega að gera grein fyrir því hvað í frv. annars vegar fólst eða felst eins og það stendur enn og svo hverju brtt. meiri hlutans valda og á ég þá fyrst og fremst við þau atriði sem lúta að valdi hæstv. fjmrh. til að stjórna eigin hendi og ákveða einhliða hvort lántökur fari fram innan lands eða erlendis á árinu sem og þær auknu ríkisábyrgðir á lántökum sjóða sem frv. að óbreyttu mundi hafa í för með sér. Það kom sem sagt í ljós þegar efh.- og viðskn. tók að skoða frv. að það boðaði hvort tveggja í senn: stóraukna ríkisábyrgðir á lántökum aðila úti í þjóðfélaginu og stóraukið vald hæstv. fjmrh. til að fara með lántökumálefni á næsta ári. — Ég ætla að biðja hæstv. utanrrh. að tala á lægri nótunum við hæstv. forseta, en geri ekki aðrar athugasemdir við fundahöld þau sem þar fara fram.

Ég bendi hv. alþm. á að athuga 6. gr. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 ef menn skyldu hafa það skjal í höndunum. Þá segir þar ósköp einfaldlega í III. kafla undir fyrirsögninni Ýmis ákvæði, með leyfi forseta:

„Fjmrh. ákveður hvort lántaka samkvæmt lögum þessum fari fram innan lands eða utan, í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli.“ — Vantar nú bara að bæta við: eða fríðu.

Það var meiningin hjá höfundum þessa frv., og ég er dálítið undrandi á því að það skuli ekki hafa orðið mönnum fréttaefni í verulegum mæli fyrr en þá nú ef það yrði í framhaldi af þessari umfjöllun, að breyta þessu á þann veg að fjmrh. einn fengi öll völd í hendur um það hvort lán og þá í hve miklum mæli lán yrðu tekin innan lands eða utan á næsta ári samkvæmt lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun. Ég vek athygli á 7. gr. í framhaldinu, en hún er svohljóðandi:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.“

Í þessu tilviki er „hann“ hæstv. fjmrh. Með öðrum orðum: þegar lesin eru saman ákvæði 6. og 7. gr. frv. er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. Friðik Sophusson hugðist ganga lengra en nokkur forvera hans hefur nokkurn tíma gert mér vitanlega varðandi það að sækja sér í hendur einræðisvald til að ráða lántökum og meðferð lánsfjárheimilda á nýbyrjuðu ári, sem sagt algert sjálfdæmi um það hve mikið yrði tekið að láni erlendis og hve mikið innan lands og jafnvel það að ákveða einhliða að í stað lántökuheimilda og ábyrgða til handa fjárfestingarlánasjóðunum t.d. gæti fjmrh. ákveðið sjálfur að taka lánin og endurlána þeim með þeim kjörum og skilmálum sem honum sjálfum byði. Það vakti óneitanlega þó nokkra athygli þegar efh.- og viðskn. fór að fara yfir þessi ákvæði, þessar miklu tilhneigingar hæstv. fjmrh. til að taka þarna völdin í sínar hendur og miðstýra eða stýra með handafli lánsfjármarkaðnum á næsta ári, og eðlilega vöknuðu ýmsar spurningar um hvað hæstv. fjmrh. hyggist þá fyrir í þessum efnum, hvernig hann hyggist beita þessu valdi sínu og m.a. ekki síst vegna þess að fulltrúar fjmrn. upplýstu á fundum í efh.- og viðskn. að í og með væri þetta mikla vald fjmrh. hugsað sem svipa á hinn innlenda lánsfjármarkað til að veita þar ríkissjóði hagstæð lánskjör ella mundu lántökurnar fyrst og fremst færast erlendis til.

Við þetta bætast svo hin óvenjulegu ákvæði II. kafla frv., þ.e. frá og með 1. tölul. þar sem í hlut á Landsvirkjun, sem reyndar verður nú umsvifaminni í lántökum en til stóð, og til og með Útflutningslánasjóði sem er 10. aðilinn sem í frv. er tilgreindur og falla undir II. kaflann. Eins og 7. gr. hljóðar er alveg ótvírætt að þessi lánsfjárlög, ef sett hefðu verið eins og frv. gerir ráð fyrir, hefðu tekið af öll tvímæli um ótvíræða ríkisábyrgð á öllum lántökum þessara aðila því það segir í 7. gr.:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla.“

Ja, hvað sem því líður, hæstv. fjmrh., voru allir í efh.- og viðskn. sammála um að hefði verið vafi á um til að mynda ríkisábyrgðina á bak við lántökur Fiskveiðasjóðs áður yrði hann ekki fyrir hendi ef þetta yrði afgreitt með þessum hætti eins og orðanna hljóðan, lesið saman ákvæði II. kaflans og orðalag 6. og 7. gr. III. kafla, mundi það þýða að tekin væru af öll tvímæli um fortakslausa ríkisábyrgð á öllum lántökum þessara aðila. Það væri nýbreytni vegna þess að samkvæmt lögunum um t.d. Fiskveiðasjóð hefur ekki verið litið svo á að um almenna ríkisábyrgð á einstökum lánveitingum eða lántökum Fiskveiðasjóðs erlendis væri að ræða. Að sjálfsögðu er litið svo á að á bak við Fiskveiðasjóð, ef hann yrði gerður upp, stæði ríkisábyrgð þar sem sjóðurinn er í eigu ríkisins með svipuðum hætti og til að mynda gerir varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins. En menn óttuðust mjög, og reyndar meira en óttuðust, töldu það alveg ljóst, að ef frv. yrði afgreitt eins og það stendur óbreytt yrði þarna um meiri og fortakslausari ríkisábyrgð á þessum lántökum að ræða en áður hefði verið.

Það er þetta, hæstv. forseti, sem ég tel óhjákvæmi-

legt að fjalla hér um þó svo að meiri hluti efh.- og viðskn. sé að breyta þessum ákvæðum nokkuð með brtt. sínum á þskj. 245, þ.e. með því að fella brott tölul. 7.–10. í 4. gr. þar sem eru Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður, Fiskveiðasjóður og Útflutningslánasjóður og breyta jafnframt orðalagi 6. og 7. gr. og reyndar sameina þær með því og að setja inn þak á þær erlendu lántökur sem fjmrh. sé heimilt að ástunda erlendis á árinu. Þar með er snúið til baka og horfið frá því að veita fjmrh. þetta fortakslausa og óskilyrta vald til að ráða hlutföllum erlendrar og innlendrar lántöku á árinu og ákvæði kæmi um að þak kæmi á lántökur erlendis á næsta ári.

E.t.v. útskýrir hæstv. fjmrh. betur fyrir okkur hvað fyrir honum eða fjmrn. vakti með þessum ákvæðum frv. eins og það var flutt. Ég tel ástæðu til að það sé rætt áður en málið er afgreitt vegna þess að eftir sem áður verður mikið vald í þessum efnum í höndum hæstv. fjmrh. hvað varðar þýðingu á lántökum og möguleika til að hafa áhrif á lánsfjármarkaðinn innan lands og reyndar einnig í gegnum erlendar lántökur. Það er að sjálfsögðu svo veigamikill hluti af efnahagsstefnunni á hverjum tíma hvernig þessum lántökumálum er háttað að óhjákvæmilegt er að ekki bara heimildirnar sem veittar eru heldur og áform hæstv. ríkisstjórnar um nýtingu þeirra séu rædd á Alþingi áður en málin eru afgreidd.

En í ljósi þess, herra forseti, að ég vænti þess að orðið verði við óskum okkar um að málið komi til skoðunar í efh.- og viðskn. þegar við 2. umr., áður en henni lýkur, sé ég í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjölyrða um þessi efni. Ég vil þó taka fram fyrir mitt leyti að ég tel þær breytingar sem meiri hluti efh.- og viðskn. flytur til bóta í þeim skilningi að ég hefði talið óeðlilegt beinlínis að afgreiða hlutina með þessum hætti, jafnopið gagnvart valdi hæstv. fjmrh. í þessum efnum og raun ber vitni, eins og ætlunin var. Ég vona að enginn taki það sem gagnrýni sem beinist að núv. hæstv. fjmrh. sérstaklega. Svo er ekki. Ég treysti honum ekkert síður öðrum mönnum til að fara með sitt vald. Hér er eingöngu spurning um hvort það sé eðlilegt að framselja með þessum hætti jafnríkulega vald í hendur hæstv. fjmrh. úr því að Alþingi er yfirleitt á annað borð að setja einhvern ramma um lánastarfsemina eða lántökur á hverju ári. Það er alveg ljóst að Alþingi mundi framselja með þessum hætti, ef frv. hefði verið afgreitt óbreytt, mun ríkara vald í þessum efnum í hendur fjmrh. en mér er kunnugt um að áður hafi verið gert.

Það gæti út af fyrir sig, herra forseti, verið ástæða til að fara yfir ýmsa liði sem inn í frv. koma. Ég hlýt að nefna til að mynda Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar er enn ein stórfellda óvissan á ferðinni hvað það snertir að þegar frv. var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. var ekkert komið fram um áform hæstv. ríkisstjórnar hvað varðaði breytingar á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það var marglýst eftir því í nefndinni af einstökum nefndarmönnum að fá áform hæstv. ríkisstjórnar í því efni inn á borð nefndarinnar þannig að unnt væri í ljósi þeirra að meta lánsfjárþörf lánasjóðsins á næsta ári. Það var ekki unnt að verða við þeim óskum ósköp einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn var þá ekki eða stjórnarflokkarnir búnir að koma sér saman um þær breytingar á málefnum lánasjóðsins sem nú eru boðaðar í frv. sem dreift var á þingi örfáum klukkutímum ef ég man rétt fyrir jólaleyfi. Þar liggja þó fyrir nú gjaldfest áform ríkisstjórnarinnar um hvernig málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna verði breytt á næsta ári og í því ljósi er full ástæða til þess að efh.- og viðskn. fari yfir það frv. og beri það saman við áformaðar lántökur lánasjóðsins samkvæmt frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Það voru sömuleiðis ekki að mínu mati komnar fram þær endurmetnu forsendur í ljósi þeirrar niðurstöðu að ekki yrði af framkvæmdum við álver á næsta ári sem óskað var eftir strax og það lá fyrir í nefndinni af hálfu okkar í minni hlutanum. Það þarf ekki að fjölyrða um að sveifla upp á yfir 6.000 millj. kr. í minni erlendum lántökum á árinu og þar með minna innstreymi fjármagns inn í efnahagslífið er meira en nóg til þess að staldrað sé við og farið vandlega yfir efnahagsleg áhrif þess að ekki verði af þeim lántökum og þeim framkvæmdum sem á grundvelli þeirra áttu að koma til. Menn vörpuðu fram þeirri spurningu hvort ástæða gæti verið til að skoða einhverjar arðbærar framkvæmdir sem hvort eð er væri á dagskrá að ráðast í og flýta eftir atvikum eða ráðast í einhverjar slíkar til að hamla gegn þeim miklu samdráttaráhrifum sem við blasa og blöstu hvarvetna í þjóðarbúskapnum og hin nýja þjóðhagsspá gerir ráð fyrir. En til að vinna slíka hluti og fara ofan í saumana á þeim var satt best að segja sáralítill tími. Það var af hálfu hæstv. ríkisstjórnar lögð mikil áhersla á að afgreiða frv. til lánsfjárlaga út úr efh.- og viðskn. strax í annarri viku desembermánaðar, m.a. með þeim rökum að nefndin mundi síðan hafa svo mikið að gera vegna þeirra frumvarpa sem á færibandi kæmu til nefndarinnar og tengdust ýmsum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Það voru að vísu orð að sönnu að síðan upphófst talsvert annríki í efh.- og viðskn. í framhaldinu, en það er engu að síður ekki sú röð á hlutunum sem æskilegust er að lánsfjárlög séu afgreidd á undan ýmsum öðrum frumvörpum sem afgerandi áhrif hafa á einmitt sjálfar lántökurnar, lánsfjáráætlunina og lánsfjárþörf ríkisins og annarra aðila. Þess vegna tel ég að allt beri þar að sama brunni, bæði þessar breyttu forsendur, nýjar upplýsingar sem í sumum tilvikum má segja að liggi fyrir, eins og í áformum hæstv. ríkisstjórnar um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna, jafngeðfellt og það nú er og ætla ég ekki að ræða það efnislega undir þessu dagskrármáli, en í öðrum tilvikum vantar enn veigamiklar forsendur og vísa ég þá aftur til óvissunnar um afgreiðslu á ýmsum þáttum frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér liggur fyrir og er reyndar dagskrárefni þessa fundar.

Margt fleira gæti orðið mönnum að umtalsefni. Það komu á síðustu stundu inn í frv. hlutir sem lúta að hitaveitunum og málefnum þeirra og fjárhag þeirra. Enn fremur óskaði Flugmálastjórn eftir hækkun á sinni

lántökuheimild. Þetta voru þó kannski einar og sér ekki svo veigamiklar breytingar að þær kölluðu á að málið yrði tekið upp í veigamiklum atriðum. Enn fremur nefni ég málefni Framkvæmdasjóðs sem komu með síðari skipum inn í nefndina og eru reyndar fyrir í þinginu í formi annars frv. og full ástæða gæti verið til að nefndin staldraði við og færi yfir í ljósi þess að nú er nýtt ár hafið og ekkert að vanbúnaði að taka sér þann tíma til að skoða hin stærri mál sem nauðsynlegt er og ekki lengur yfir höfðum vorum tímapressa vegna hátíðahalda eða jólaleyfa.

Ég kýs því, hæstv. forseti, að hafa mína tölu ekki öllu lengri að þessu sinni og í ljósi þeirrar óskar sem ég hef fram borið um vinnutilhögunina að frv. og vænti ég þess að við verðum þess þá betur búin að ræða málið í heild og ítarlegar þegar það kæmi til framhalds 2. umr. á nýjan leik eftir skoðun í efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992, en frv. var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. alllöngu fyrir jól og er nú eitt af fáum málum sem ríkisstjórnin lagði fram alltímanlega að því er varðar fjármál ríkisins. Hitt er svo annað mál að ýmsar forsendur þess brustu fljótlega eftir að það var lagt fram, eins og t.d. forsendan um byggingu álvers við Keilisnes. Jafnframt breyttust aðrar forsendur, eins og áætlanir um peningalegan sparnað á árinu 1992, og einnig er rétt að geta þess að enn er ekki ljóst hver niðurstaða fjárlagamálsins er í reynd því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn sem komið er lagt fram öll frumvörp sem tengjast afgreiðslu fjárlaga.

Mikið var um það talað hér fyrir jólin að það væri verið að tefja mál þótt það væri að vísu viðurkennt á síðari stigum að þar væri allt í skötulíki og ríkisstjórnin hefði ekki komið sér saman um ýmsa hluta fjárlagafrv. Þann 6. des. t.d., þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Lög um lífeyristryggingar almannatrygginga verða endurskoðuð og er þess vænst að frv. til laga þar að lútandi verði lagt fram næstu daga. Þar verður bótakerfið einfaldað og dregið úr tekjuskerðingu bóta í þeim tilvikum þar sem hún er óhófleg. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt í þeim þrengingum sem nú steðja að ríkissjóði að draga úr greiðslum lífeyrisbóta almannatrygginga til þeirra er búa við góð kjör."

Þetta eru að mörgu leyti ekki óeðlileg sjónarmið hjá hæstv. forsrh. En það er óeðlilegt í málinu að forsrh. skyldi boða 6. des. sl. að frv. þessa efnis yrði lagt fram næstu daga. Það sá aldrei dagsins ljós fyrir jólaleyfi þingmanna. Það var hins vegar gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að slíkt frv. yrði lagt fram. Ríkisstjórnin lagði á það ofurkapp að frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum yrði afgreitt fyrir jól. Nú heyrum við að það standi til að flytja brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum að því er varðar þetta atriði þannig að enn er ríkisstjórnin ekki búin að undirbúa það mál sem hún krafðist að yrði afgreitt fyrir jólaleyfi þingmanna.

Þessi mál hafa áhrif hvert á annað. Það er alveg ljóst að fjárlagafrv. hefur áhrif á lánsfjárlögin. Í 1. gr. frv. til laga um lánsfjárlög kemur fram m.a. að fjmrh. hafi heimild til að taka að láni allt að 13 milljarða kr. á árinu 1992. Ég hef miklar efasemdir um að það sé nægileg upphæð fyrir hæstv. fjmrh. ef hann eigi að geta komið saman dæminu á árinu 1992. Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur sem störfum í efh.- og viðskn. að fá tækifæri til að setja okkur inn í hvernig þessi mál standa nú þegar fjárlagafrv. hefur verið afgreitt. Þess vegna tek ég mjög undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þessari umræðu verði fljótlega frestað og við getum tekið málið fyrir í efh.- og viðskn.

Það er jafnframt ljóst að margt af því sem fram kemur í frv. hefur valdið margvíslegum ágreiningi og við þurfum að átta okkur á hvernig þau mál standa. Ég nefni sem dæmi að það er gert ráð fyrir að um það bil 20 milljörðum kr. verði varið til húsnæðismála á árinu 1992 og er alveg ljóst að sú mikla lántaka sem á sér stað vegna húsnæðismála hefur valdið ókyrrð á peningamarkaði og hefur orðið til þess að vextir eru mun hærri en þeir annars þyrftu að vera. Nú verður það áreiðanlega lagt út á þann veg að við sem erum að tala fyrir því að það sé of mikið lánað til húsnæðismála viljum draga úr því að ungt fólk geti eignast húsnæði. Það má til sanns vegar færa að það mun hafa þau áhrif að ekki verður hægt að byggja nægilega mikið. Við teljum hins vegar að það sé miklu mikilvægara að ná niður vöxtunum því það getur ekkert samfélag staðist þá okurvexti sem nú eru á markaði. Það er mikilvægasta verkefni á peningamarkaðnum að lækka vexti. Það er ekki mikilvægasta verkefnið að lána sem mest fjármagn í hitt og þetta því að það getur ekkert atvinnulíf staðist þá vexti sem nú eru á fjármagnsmarkaði. Það má segja að atvinnulífið sé þar í heljargreip hárra vaxta. Það dettur engum í hug að ráðast í ný atvinnufyrirtæki eða fitja upp á nýjungum vegna þess hve vextirnir eru háir. Það vantar allt traust á peningamarkaðnum til þess að vextir muni lækka. Núv. ríkisstjórn hefur einfaldlega ekki fullvissað lánsfjármarkaðinn um að þar sé spennan að minnka því að það er alveg sama þótt fram komi aðvaranir frá Seðlabankanum í þessu efni, t.d. að því er varðar húsnæðismálin, þá rís hæstv. félmrh. einfaldlega upp og segir að mennirnir viti ekkert hvað þeir eru að tala um.

Það er svo með fleira hjá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. forsrh. tekur því fagnandi ef Ríkisendurskoðun gagnýnir eitthvað í fari fyrri ríkisstjórnar, telur það gott mál. En ef borgarendurskoðun gagnrýnir eitthvað í fari fyrrum borgarstjóra í Reykjavík er það allt saman bull, þá er það allt öðruvísi endurskoðun og ég tala nú ekki um ef mennirnir hafa ekki einu sinni haft fyrir því að tala við hans hágöfgi.

Þetta tal, sem einkennir marga ráðherra í ríkisstjórn Íslands um þessar mundir, verður náttúrlega til þess að það myndast ekkert traust á því sem verið er að gera. Jafnvel þótt hæstv. félmrh. hafi áreiðanlega töluvert vit á fjármálum og peningamarkaði hef ég þá trú að sam-

anlögð viska Seðlabankans í þeim efnum sé meiri — ég heyri, að hæstv. fjmrh. hefur ekki trú á Seðlabankanum. Hann hefur hins vegar trú á hæstv. félmrh. (**Fjmrh.:** Það voru ekki mín orð.) Jú. (**Gripið fram í:** Hann hefur trú á báðum.) En ég heyri að hæstv. fjmrh. hefur trú á Seðlabankanum. (**ÓRG:** Nei, hvorki Seðlabankanum né félmrh.) Nú, hvorki. Þetta fer nú að verða flókið og ég býst við því að hæstv. fjmrh. geti að einhverju leyti greitt úr þessu. En það er í sjálfu sér ekki hægt að greiða úr þessu því að þessi yfirlýsingagleði ráðherranna verður til þess að það myndast ekkert traust á fjármagnsmarkaðnum. Nú heyri ég að hæstv. fjmrh. er mér sammála. Ég bæði heyrði það og sá.

Það er vandinn, hæstv. fjmrh., fyrir okkur að afgreiða mál sem þetta að það er alveg sama þó það komi aðvaranir, það er ekkert mark tekið á þeim. Við viljum einfaldlega fá um þetta málefnalega umræðu vegna þess að við viljum leggja nokkuð af mörkum í stjórnarandstöðunni til að ná jafnvægi á peningamarkaðnum og neitum að taka við einhverjum skilaboðum frá einstöku ráðherrum í þessu sambandi og viljum einfaldlega fá tíma til að ræða þetta enn frekar við Seðlabankann og Þjóðhagsstofnun í ljósi þess hvernig nú er komið. Það er meiri samdráttur en gert hafði verið ráð fyrir. Það þarf að meta hann og draga saman á lánsfjármarkaðnum til að ná niður vöxtunum því að ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að fara út í handstýringu eins og þó einstakir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa tekið undir. Það er sem sagt sitt og hvað sem menn segja í þessum efnum.

Síðan kemur aðalspurningin: Hvar á að taka þessa peninga að láni? Nú hefur því verið lýst yfir að það er kominn ágreiningur upp milli lífeyrissjóðanna og ríkisstjórnarinnar. Lífeyrissjóðirnir vilja ekki kaupa skuldabréf vegna húsnæðismála eftir því sem mér hefur skilist nema fá svör við tilteknum atriðum. Og það er ekki nóg að fá heimildir til að taka lán í hitt og þetta ef enginn vill lána og með þá forsendu í huga að ekki standi til að auka erlendar lántökur, en það er ein af forsendum í frv. sem er til umræðu. Það er því mjög mikilvægt áður en frv. verður afgreitt að það liggi fyrir meiri vissa um hvað lífeyrissjóðirnir í landinu ætlast fyrir. Langmestur hluti peningalegs sparnaðar er kominn frá lífeyrissjóðunum. Það er ekki hægt að framkvæma nein lánsfjárlög nema ríki bærilegur friður milli ríkisstjórnar og lífeyrissjóðanna. En það er kannski svo með lífeyrissjóðina eins og marga aðra í þjóðfélaginu um þessar mundir að það ríkir ófriður þar í milli, enda hefur ríkisstjórnin verið einstaklega lagin við að koma upp ósætti við ýmsa aðila í landinu og er frægast hve ríkisstjórninni tókst stórkostlega til að því er varðaði Vinnuveitendasamband Íslands, enda fullyrti Vinnuveitendasambandið að það gæti ekkert staðist hugmyndir og löggjöf ríkisstjórnarinnar að því er varðaði atvinnurekstur nema þá helst eiturlyfjasalar. Þetta var dramatísk yfirlýsing hjá framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands. Hún var ekki komin frá stjórnarandstöðunni, ekki aldeilis. Hún var komin úr höfuðvígi atvinnurekstrarins í landinu. Menn sem hafa slíka trú á ríkisstjórn Íslands hafa e.t.v. ekki mikla trú á lánsfjármarkaðnum, enda gengur ekkert að ná vöxtunum þar niður.

Eitt af því sem ég vildi líka fá betri upplýsingar um frá hæstv. fjmrh. er hvernig hann hyggst standa að eignasölu á árinu 1992. Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að selja eigi allmikið af eignum, á annan milljarð kr. ef ég man rétt. Þessi eignasala er færð til tekna í fjárlagafrv., en það er hins vegar alveg ljóst að hún mun hafa nokkur áhrif á lánsfjármarkaðinn. Þessir peningar verða ekki sóttir undir kodda landsmanna. Þeir verða sóttir inn á lánsfjármarkaðinn ef einhver er þá tilbúinn að kaupa þær eignir sem ríkisstjórnin hyggst selja. Hún hefur að vísu lýst því yfir að það eigi eingöngu að selja eignir þar sem ekki er um einokunaraðstöðu að ræða á markaði. Hins vegar hefur komið fram að fyrirtæki eins og Bifreiðaskoðun og Endurvinnsla eru þar efst á blaði, en það eru fyrirtæki sem hafa allmikla einokun á markaði hér á landi. Þá eru þekktar yfirlýsingar um Búnaðarbanka Íslands sem að vísu átti að selja fyrir mjög lítið, hálfvirði eins og hæstv. fjmrh. hefur orðað það, en sagt að það væri mikill munur á því að selja bankann á hálfvirði til allra landsmanna en til sumra, en þannig hefur hann lagt út orð sín síðar meir. En það er mikilvægt í sambandi við þessi lánsfjárlög að vita hvernig að þessu skuli staðið.

Ég fer þess á leit, hæstv. forseti, að þessari umræðu verði frestað að loknu því að fjmrh. hafi gert grein fyrir því, og hann verður að gera grein fyrir því, hvernig þessi mál standa. Ég tel nauðsynlegt að við fáum að fara ofan í ýmsa hluti þessa máls í nefnd til að draga úr umræðum í þinginu. Það er miklu heppilegra að taka málin fyrir með þeim hætti í nefndum þingsins en fá svör við öllum spurningum sem við höfum fram að færa í þessu máli í umræðum í þinginu. Ég vænti þess að fjmrh. geti tekið undir það. Ég er ekki að halda því fram að það þurfi að taka mjög langan tíma að fjalla um þetta mál í nefnd og á svo sem ekki neina sérstaka von á að við fáum skýringar á öllu því að svo virðist vera að hæstv. ríkisstjórn sé enn ekki tilbúin með þetta mál. Hún var ekki tilbúin með það í desember og það virðist vera að hún sé ekki enn tilbúin með það. Við erum t.d. að heyra um það, hæstv. fjmrh., í fjölmiðlum, og það er nú það helsta sem maður heyrir um mál sem þessi, að mikill ágreiningur sé í ríkisstjórninni um lífeyristryggingarnar og er tiltekinn þar ágreiningur milli ákveðinna ráðherra. Þetta er mál sem hefur áhrif á fjárlögin og þar með á lánsfjárlögin.

Það er lágmark að þeir hæstv. ráðherrar sem hafa með þessi mál að gera sýni þinginu þá virðingu að vera viðstaddir umræður um þetta mál. En það virðist ekki vera að þeir fagráðherrar sem þetta mál heyrir undir með einum eða öðrum hætti sjái ástæðu til að vera viðstaddir. Ég sé t.d. að hæstv. félmrh. er farinn af fundi. Hún er e.t.v. í hliðarherbergi. En það er alveg nauðsynlegt að hæstv. félmrh. geri grein fyrir samskiptunum við lífeyrissjóðina, hvernig þeim sé háttað. — Ég veit ekki hvort ég mætti biðja um, hæstv. forseti, að hæstv. félmrh. sé sóttur. En ég ætlaði að koma því til hæstv. félmrh. að hún verður að gera þinginu

grein fyrir því hvernig samskiptum við lífeyrissjóðina er háttað, hvers megi vænta í sambandi við kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum húsnæðiskerfisins miðað við þann ágreining sem þarna er kominn upp, hvers sé að vænta að því er varðar hlutabréfakaup lífeyrissjóðanna í atvinnurekstri landsmanna sem fór allt í uppnám fyrir jólin. Hefur e.t.v. eitthvað verið lagfært með nýjum yfirlýsingum? Mér er ekki kunnugt um það. Það er líka nauðsynlegt að fá upplýst hvernig lyktaði umræðum milli bankastjórnar Seðlabankans og félmrh. í sambandi við húsnæðismálin. Ég skildi það svo að til stæði að kalla bankastjórana fyrir og lesa þeim pistilinn og upplýsa þá um hvernig ætti að skilja þessi mál. Ég vildi gjarnan fá að vita hvernig gekk með þann fund, hvort bankastjórarnir hafi tekið sönsum að því er þessi mál varðar eða hvort hæstv. félmrh. hefur komist að raun um að bankastjórn Seðlabankans vissi meira um málið en hún hafði áður haldið.

Nú má vel vera að hæstv. fjmrh. geti upplýst þetta allt saman því að ég heyri að það er náið samstarf milli hans og félmrh. og hann hefur mikla trú á því sem hún segir. *Ég vænti þess að hann geti svarað fyrir hana og* tek það alveg gilt. En ég vildi fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann upplýsi um stöðu málsins að því er varðar þau atriði sem ég hef komið inn á og hann lýsi því jafnframt yfir að hann geti sætt sig við það og leggi það þá til að málið verði á ný tekið fyrir í nefnd og umræðu frestað svo við þurfum ekki að fara þess á leit að fá allar þær upplýsingar sem við þurfum á að halda í umræðum í þinginu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að óska virðulegum forseta og hv. þm. gleðilegs árs og þakka fyrir samstarf á liðnu ári.

Varðandi þær ræður sem hér hafa verið fluttar langar mig til þess í örfáum orðum að drepa á nokkur atriði sem fram komu ef það mætti skýra mál en að öðru leyti að fjalla síðan um óskir sem fram hafa komið í umræðunum.

Hv. frsm. nefndarminnihlutans, Steingrímur J. Sigfússon, ræddi einkum um tvær frumvarpsgreinar, þ.e. 6. og 7. gr. Varðandi 6. gr. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Ég vísa einungis til athugasemdanna með frv. þar sem segir að það sé mikilvægt nú við skilyrði þar sem búast má við breytingum á næstunni að ríkisstjórnin, fjmrh. í þessu tilviki, hafi nokkuð frjálsar heimildir til þess að velja hvort tekin eru lán á innlendum eða erlendum lánsfjármarkaði. Ástæðurnar eru tvær. Annars vegar sú að á næstunni má búast við meira frjálsræði í fjármagnsflutningum á milli landa og í öðru lagi mundi þessi heimild geta veitt innlendum sparifjármarkaði ákveðið aðhald og er það kannski náskylt því sem mætti ræða þegar fjallað er um viðskipti annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar lífeyrissjóðanna sem eru með þeim hætti að þarna eigast við sem lántakandi og lánveitandi langsamlega stærstu aðilarnir á markaðnum og þeir sem ráða mestu um kjör á lánsfjármarkaðnum. Þetta er ekkert nýtt fyrirbæri. Þetta er fyrirbæri sem ég veit að hv. ræðumenn sem fluttu mál sitt fyrr á þessum fundi þekkja mjög vel úr síðustu ríkisstjórn og jafnframt hv. 8. þm. Reykn. sem þá var fjmrh.

Ég get lýst þeirri skoðun minni að í framtíðinni vildi ég sjá að þessi viðskipti færu allt öðruvísi fram en þau gera í dag. Ég tel að það sé hollara fyrir alla að viðskiptin fari fram á markaðnum sjálfum, að bréf lífeyrissjóðanna væru keypt á almennum markaði, að greiðsluáætlanir ríkissjóðs væru fyrir hendi þannig að hægt væri nokkurn veginn að átta sig á hvernig sparnaður landsmanna, sem hleðst auðvitað upp á öllu árinu, getur dreifst til þeirra sem vilja taka lán og ríkið geti þannig á lánsfjármarkaðnum tekið ákvarðanir sem hefðu þá áhrif á vaxtaupphæðina hverju sinni. Þetta mál er ekkert einfalt og ekki hægt að ræða í einni sviphendingu. En ég nefni þetta til sögunnar af því að ég býst við því að á næstunni, þá tala ég um næstu missiri og næstu ár, hljóti lánsfjármarkaðurinn að breytast hvað þetta varðar. Það er óeðlilegt að þessir tveir risar á lánsfjármarkaðnum eigist við með þeim hætti sem þeir hafa gert á undanförnum árum. Er ég þá ekki að sakast við aðalviðsemjanda ríkissjóðs í þessum efnum heldur benda á að upp geta komið sjónarmið sem erfitt er að sætta með venjulegum viðskiptasamningi og skal ég viðurkenna að síðustu kröfur forráðamanna lífeyrissjóðanna sýnast mér vera fyrir utan það sem gæti kallast venjuleg viðskipti. Ég vildi t.d. ekki sem einstaklingur þurfa að fara í banka og sæta því að bankastjórinn setti mér skilyrði á öðru sviði, t.d. um það hvort ég ætlaði að nota peningana til að byggja bílskúr eða laga til heima hjá mér með öðrum hætti áður en ég fengi lánið o.s.frv. Mér finnst þess nokkuð gæta að forráðamenn lífeyrissjóðanna líti þannig á sitt vald að þeir geti, auk þess að eiga viðskipti við ríkissjóð um lán og lánskjör, sett ríkissjóði önnur tiltekin skilyrði.

Ég ætla ekki frekar að fara út í þessa sálma. Að þessum málum er unnið og það stendur ekki á ríkisstjórninni að reyna að koma til móts við sjónarmið lífeyrissjóðanna jafnvel þótt sjónarmið sem þeir hafa uppi séu ekki í beinum tengslum við sjálf lánsviðskiptin sem málið snýst aðallega um. Það er verið að leita leiða til að koma til móts við þessi sjónarmið lífeyrissjóðanna, en þeir hafa kvartað undan því að ef gerðar verða breytingar á ríkisábyrgð á launum kunni að vera erfitt fyrir lífeyrissjóðina að starfa í framhaldi af því þar sem upplýsingar um laun gangi mjög hægt til lífeyrissjóðanna og þess vegna þurfi þeir á því að halda að það sé ríkisábyrgð á lífeyrisgreiðslum jafnvel fyrir síðustu 18 mánuði fyrir gjaldþrot. Lengra ætla ég ekki að fara út í þessa sálma, en vil einungis segja að það er unnið að þessum samskiptum með þeim hætti sem eðlilegt er og málið er til skoðunar hjá ríkisstjórn og lífeyrissjóðunum.

Hitt atriðið sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon nefndi var 7. atriðið þar sem gert er ráð fyrir að fjmrh. sé heimilt að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð samkvæmt II. kafla frv. Þessi grein hefur ekki breyst frá fyrri árum. Það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að II. kafli frv. hef-

ur breyst nokkuð og í þessum kafla eru sjóðir sem áður féllu utan lánsfjárlaga. Þá á ég t.d. við byggingarsjóðina, húsbréfadeildina, en ég tel, og ætla ekkert að leyna því, að það sé mjög mikilvægt að Alþingi samþykki að lántaka þessara sjóða og þessarar starfsemi falli undir lánsfjárlög til að koma í veg fyrir að ríkisstjórnir á hverjum tíma reyni að afla meira lánsfjár en Alþingi hefur samþykkt til þessara nota.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að í lögum um Fiskveiðasjóð, og það er nú nokkurt einsdæmi, segir skýrt að erlend lántaka sé ekki á ábyrgð ríkissjóðs, en þá má ekki gleyma því að í sömu lögum, sem eru líka ekki einsdæmi, eru a.m.k. frábrugðin því sem er í öðrum lögum um fjárfestingarlánasjóði, stendur skýrt og greinilega að Fiskveiðasjóður sé eign ríkisins. Þannig er alveg ljóst að það er óbein ríkisábyrgð á öllu því sem Fiskveiðasjóður tekur sér fyrir hendur því að ef svo illa kynni að takast til að Fiskveiðasjóður yrði gjaldþrota kemur að ríkinu að greiða þeim sem eiga hjá sjóðnum.

Það sem vakti fyrir okkur þegar þessi grein var sett inn var að ríkissjóður eða fjmrh. gæti fyrst og fremst ákveðið hvort þau atriði sem tiltekin eru í 5. gr. frv. ættu að vera lántökur eða vera ríkisábyrgð vegna lántaka þeirra aðila sem þar eru nefndir til sögunnar, sem er annars vegar Herjólfur og hins vegar Vatnsleysustrandarhreppur, en nú er gerð tillaga um að það atriði falli úr frv. vegna þess að frestað hefur verið ákvörðun um byggingu álvers hér á landi. Eftir stendur þá sú spurning: Á ríkissjóður að ábyrgjast lán til Herjólfs upp á 400 millj. kr. og Herjólfur að vera lántakandinn eða á ríkissjóður að taka lánið? Þetta er sú spurning sem við veltum fyrir okkur og ég býst við að fyrrv. samgrh. hljóti að hafa hugleitt mjög rækilega á sínum stjórnarárum hvort það væri hyggilegt að veita sífellt ríkisábyrgðir vegna byggingar til að mynda ferja, hvort sem það eru ferjur í Eyjafirði, ferjur í Breiðafirði, ferjur sem ganga til Vestmannaeyja frá Þorlákshöfn og til baka, hvort það sé eðlilegt að gera eins og gert hefur verið. Ég veit að fyrrv. fjmrh. hefur ugglaust hugleitt rækilega hvort það sé eðlilegt að fyrirtæki eða jafnvel sveitarfélög sem um er að ræða taki lán með ríkisábyrgð eða hvort ríkið taki lánið sjálft þegar ljóst er að aldrei hefur staðið til að fyrirtækin greiddu þetta til baka. Þessi mál voru til sérstakrar skoðunar í hv. fjárln. fyrir jólin og um þessi mál var sérstaklega fjallað í umræðum um fjárlög. Hér er einungis eins og oft áður sagt að fjmrh. sé heimilt að fara hvora leiðina sem heppilegri telst. Þetta var um þær tvær frumvarpsgreinar sem sérstaklega voru nefndar til sögunnar. Ég vil síðan taka fram að það þarf að sjálfsögðu að breyta frv. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið, m.a. eftir að fjárlög voru samþykkt og fjárlagafrv. varð að lögum.

Hv. 1. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson varpaði þeirri fyrirspurn til mín hvort búast mætti við að fram kæmi frv. sem sagt var fyrir jólin að kæmi fyrir áramót, til breytinga á almannatryggingalöggjöfinni, til að standa við það sem kemur fram í fjárlögum og varðar lífeyristryggingar. Af því tilefni vil ég taka fram að í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að skerða lífeyristryggingar um 330 millj. kr. Ríkisstjórnin ákvað í byrjun desember að lækka þá fjárhæð í 250 millj. Hér erum við að tala um 250 millj. af 12–13 milljörðum. Það munu vera 12–13 milljarðar sem ganga til lífeyrisbótagreiðslna.

Ríkisstjórnin hefur fjallað um þetta mál, niðurstaða hennar liggur fyrir. Sú niðurstaða verður til umræðu í þingflokkum í dag og vonandi og væntanlega hjá hv. nefnd og jafnvel nefndum á morgun. Ég get ekki sagt hér og nú hver niðurstaðan er því að það er ekki siður að skýra frá því hver hún er fyrr en þingflokkar hafa fjallað um málið og niðurstaðan kann auðvitað að taka breytingum því að ríkisstjórnin ein ræður ekki á þessu heimili. (**ÓÞÞ:** Heilbrrh. lýsti þessu ítarlega í fréttatíma Bylgjunnar kl. 12 í dag.) Ég hlustaði á það sem heilbrrh. sagði ítarlega á Bylgjunni kl. 12 og fylgdist með því, en það breytir hinu ekki að ríkisstjórnin starfar á ábyrgð tveggja þingflokka og þeir eiga eftir að fjalla endanlega um málið. Vona ég að þetta atriði skiljist og skýrist nú. Það má búast við að á morgun verði þessi tillaga í þeim búningi að hún sé umræðuhæf í hv. nefndum.

Þá kem ég að því sem mér þykir vera eðlileg ósk, en hún er sú að gert verði hlé á 2. umr. þessa máls. Ég tel það vera eðlilega kröfu, sem komið hefur fram hjá stjórnarandstöðunni, að þingnefndin sem á í hlut fái tækifæri til að ræða framkomnar tillögur, tillögur sem ríkisstjórn hefur fjallað um, tillögur sem verða til umfjöllunar á þingflokksfundum í dag, og hægt sé síðan að ræða þær tillögur við 2. umr. málsins en ekki við 3. umr. sem ellegar hefði orðið nauðsynlegt. Ég get fyrir mitt leyti mjög vel fallist á þessar óskir, ekki síst vegna þess að ég veit og skil að það þarf að ræða þessi mál ítarlega. Ég finn einnig fyrir því að þessi niðurstaða mundi leiða til þess að liðkað væri fyrir þingstörfum, en ætlunin er að þau taki ekki mjög marga daga að sinni.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson beindi til mín fyrirspurn um eignasölu. Hann hefur reyndar gert það áður fyrr á þessu þingi. Ég get ekki hér og nú sagt nákvæmlega frá því hvaða fyrirtæki verða seld. Ég get hins vegar staðfest það sem kom fram í máli hans, að það er gert ráð fyrir að ríkissjóður afli tekna, liðugs milljarðs, á yfirstandandi ári, en vegna orða hans um að að þetta kynni að þrengja að lánsfjármarkaðnum og hlutabréfamarkaðnum held ég að ágætt sé að hafa í huga að spár standa nú til að á yfirstandandi ári verði nýr sparnaður landsmanna um það bil 30 milljarðar kr. eða svipað því sem var á síðasta ári. (**HÁ:** 28.) Já, 28, 29, 30. Þetta eru ekki mikil vísindi því að á síðasta ári, þegar við störfuðum eftir frv. hv. 8. þm. Reykn., var gert ráð fyrir að sparnaður yrði 36 milljarðar. Seðlabankinn spáði því þá. Í vor var spáin 24 milljarðar. Niðurstaðan virðist vera í kringum 30 milljarðar án þess að nokkur viti það endanlega. Lífeyrissjóðirnir eiga stóran hluta af þessum nýja sparnaði, meira en helminginn af nýjum sparnaði, og í vaxandi mæli hafa lífeyrissjóðirnir verið að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, sem betur fer.

Sigurður B. Stefánsson, einn af bestu sérfræðingum Íslands í málefnum hlutabréfamarkaðarins, hélt því fram á aðalfundi Vinnuveitendasambandsins á sl. ári að markaðurinn gæti hæglega tekið við 1–2 milljörðum af hlutabréfum vegna sölu opinberra fyrirtækja eingöngu á næstu árum eða allt fram til aldamóta. Þetta sagði hann í ræðu sem flutt var þar ásamt öðrum ræðum um einkavæðingu. Ef trúa má hans orðum má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum fjármunum í ríkissjóð ef *hafist verður handa á næstunni* við að breyta opinberum fyrirtækjum í hlutafélagsformið og koma þeim í sölu.

Ég veit ekki hvort ég á enn á ný að reyna að skýra ummæli mín, sem sögð voru hérna, en af því að ég gleð hv. síðasta ræðumann með því skal ég enn einu sinni reyna að koma því til skila sem þar var sagt. Ég hélt því reyndar fram þar að við Íslendingar þyrftum ekki að finna upp hjólið í þessum efnum. Það væri kominn tími til að láta það bara snúast. Aðrar þjóðir, flestallar þjóðir, hafa tekið einkavæðinguna upp á sína arma og meira að segja er svo komið að á fundum til að mynda Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins má segja að þetta sé eins konar vísitala á hve þróaðar þjóðirnar eru í sínum efnahagsmálum. Það sem ég sagði, en þar vorum við hæstv. viðskrh. að ræða um þessi mál ásamt öðrum, var að það kæmi til greina, væri ég einráður hér á landi, að bjóða öllum landsmönnum til kaups hlutabréf í Búnaðarbankanum á hálfvirði, en ef bréfin seldust ekki með þeim hætti ætti að bjóða öðrum, þeim sem hæst byðu, afgang bréfanna. Tilgangurinn er þekktur því að þetta hefur verið gert víða annars staðar, þ.e. að fá sem allra dreifðasta eignaraðild og að kenna venjulegu fólki að umgangast hlutabréf og eiga viðskipti með þau, en það er ákaflega mikilvægt að Íslendingar eins og aðrar þjóðir átti sig á því að hlutabréfaeign þarf ekki að vera eingöngu sérréttindi þeirra ríku. Ég nefni til sögunnar að í Bretlandi hefur hlutabréfaeigendum fjölgað margfalt á undanförnum árum og með nýjum skilningi hér á landi, t.d. innan samvinnuhreyfingarinnar, má í vaxandi mæli búast við því að fyrirtæki sem starfað hafa sem samvinnufélög taki upp B-deildir og þannig verði fjöldi manna hluthafar í slíkum fyrirtækjum. (Gripið fram í.) Sé einráður? Ja, *ef kennari í stjórnmálafræði* við Háskóla Íslands áttar sig ekki betur á stjórnskipun ríkisins get ég sagt að það er einu sinnig þannig að sérhver ráðherra, hver og einn, hefur ekki alræðisvald. Hins vegar veit ég að þessi sami kennari sat í ríkisstjórn og hélt stundum þegar hann sat þar að hann hefði slíkt vald, en ég hygg nú að hann hafi komist að því áður en yfir lauk að svo var ekki. (**ÓRG:** Eru þá einhverjir í ríkisstjórninni orðnir sammála þessari skoðun?) Ég býst við því, já. Ég hef ekki kannað það til hlítar, en vegna fræðilegs áhuga frammíkallanda skal svo sem verða eftir því leitað. En ég veit að hæstv. viðskrh. er ekki sömu skoðunar og fjmrh. Þegar af þeirri ástæðu hygg ég að það sé erfitt að koma á framfæri skoðun fjmrh. í þessu efni.

En kannski var stóri brandarinn sá að þeir sem fóru að verja Búnaðarbankann, ef það er hægt að segja verja Búnaðarbankann, verja það að hann sé ríkisfyrirtæki, sögðu að Búnaðarbankinn væri miklu meira virði en hálfvirði og undir það skal ég taka. Hann er helmingi meira virði en hálfvirði. Vona ég að þessum sjónarmiðum mínum hafi verið komið nægilega skýrt til skila.

Ég get nefnt fleiri hugmyndir ef menn vilja heyra, en ég ætla að gera það síðar, vegna fróðleiksþyrstra áheyrenda minna ætla ég samt að geyma það þar til síðar og geri það kannski um svipað leyti og jólin koma hjá hv. 8. þm. Reykn. (Gripið fram í.) Já, ég man ekki betur en hann lofaði mér heilum pakka um jólin með mínum fyrri ræðum. Svo komu jólin en ekki kom pakkinn með kveðju frá Gregory. Ef hann vantar jólasveinabúning skal ég slá í slíkan búning fyrir hv. þm. Þetta var útúrdúr og kom ekki allt saman alveg málinu við.

Ég hef þegar fjallað um lífeyrissjóðina. Ég tek undir það eins og fram hefur komið að málið fari aftur til nefndarinnar í 2. umr. þannig að hægt verði að halda umræðum áfram eftir að til skila hefur verið komið þeim brtt. sem hæstv. ríkisstjórn og reyndar hugsanlega meiri hluti nefndarinnar munu leggja til við Alþingi. Brtt. sem ríkisstjórnin hefur fjallað um eru í fyrsta lagi að lántökuheimildin í 1. gr. verði samræmd niðurstöðu fjárlaga. Í öðru lagi þarf fjmrh. á heimild að halda til að endurlána atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar vegna þess að tekin hefur verið sú ákvörðun að létta af greiðslum um stundarsakir af afborgunum af lánum á næstu tveimur árum. Í þriðja lagi þarf Byggingarsjóður ríkisins hækkun á lántökuheimild vegna þess að áætlað útstreymi umfram innstreymi á skyldusparnaðarreikningum ungmenna verður meira en ráð var fyrir gert og enn fremur örfá önnur, kannski 2–3 önnur smærri atriði sem skýrð verða í nefndinni.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fjölyrða frekar um frv., en vænti þess að málið fari aftur til nefndarinnar og nefndin fái tækifæri til að fjalla um fyrirliggjandi og væntanlegar brtt. og enn fremur að fjalla um tillögur sem koma fram varðandi frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þá lýk ég máli mínu.

Umræðu frestað.

61. FUNDUR

þriðjudaginn 7. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti skýra frá því að síðar í dag mun fara fram utandagskrárumræða

að beiðni hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar. Umræðan fer fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga og er um stöðu íslensks landbúnaðar með tilliti til þróunar viðræðna um nýjan GATT-samning o.fl. Það er gert ráð fyrir að þessi umræða hefjist um eða upp úr kl. 3.

Um þingsköp.

Framhald umræðna um skýrslu Byggðastofnunar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Með hækkandi sól er þess von að dagsbirtan nýtist betur til þingstarfa en var í þeim seinasta mánuði og þess er að vænta að hæstv. forseti hafi haft ráðrúm til að hugsa það mál til þrautar yfir hátíðarnar hvenær ætlunin væri að halda áfram umræðum um skýrslu Byggðastofnunar. Ég minnti hæstv. forseta á að þeirri umræðu er ólokið. Málið er á forræði hæstv. forsrh. og skildi ég það nokkuð vel að hann mundi ekki leggja mikið kapp á að ýta því máli áfram þegar mörg önnur mál voru á dagskrá. En forseti tók vel þeirri málaleitan minni í desember að hugleiða hvenær rétt væri að þetta mál kæmi á dagskrá og þar sem ég tel að sú hugleiðsla hafi nú farið fram þætti mér mjög vænt um ef það yrði upplýst hvenær því það má öllum ljóst vera að þegar svo langt líður á milli kallar þetta á að menn athugi að nokkru hvað rætt hefur verið þegar þeir hefja að nýju máls um þetta málefni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þessarar fyrirspurnar hv. 2. þm. Vestf. til forseta um hennar hugleiðslu um ákveðin mál getur hún svarað því til að hún hefur vissulega hugleitt hvenær þessi umræða mætti fara fram, en eins og á stendur nú er forseta þröngur stakkur skorinn með mál sem tekin verða til umræðu þessa daga þar sem samið var um að ræða ákveðin frumvörp. Það er því ljóst að ekki getur orðið um það að ræða að taka byggðamálin til umræðu þessa dagana sem við erum að ljúka umræðum um þau mál sem samið var um að afgreiða á fyrstu dögum á nýju ári. En strax þegar þing kemur saman, eftir að gert hefur verið hlé, sem verður væntanlega í byrjun febrúar, vill forseti gjarnan taka þetta mál upp til alvarlegrar íhugunar og geta þá svarað því og dagsett hvenær málið megi koma til umræðu. Og væntir forseti að hv. 2. þm. Vestf. taki þetta svar gott og gilt þó kannski sé það ekki mjög tímasett.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir hið efnislega svar sem hér var gefið. Ég skil það svo að hér séu ákveðin mál sem ætlunin sé að ræða og að þeim frágengnum megi gera ráð fyrir að þetta mál fari á dagskrá. Ég mun ekki gera athugasemd við það. En hitt finnst mér mjög óeðlilegt ef þingið verður sent aftur heim og þetta mál órætt. Það tel ég eiginlega ekki ásættanlegt og bið hæstv. forseta að hugleiða hvort ekki hljóti að vera eðlilegt að menn starfi þar til búið er að afgreiða það sem nauðsynlegt er að afgreiða í þinginu eins og t.d. að ljúka þessari umræðu. Blasi svo verkefnisleysi við þinginu mun ég að sjálfsögðu ekki gera athugasemdir við það að menn geri hlé, en ég er ekki búinn að sjá að það blasi neitt verkefnaleysi við þinginu og þess vegna finnst mér mjög undarlegt ef menn telja að nú sé skynsamlegt í upphafi ársins að skipuleggja það að senda þingið aftur heim. Ég minni á að miklar tafir eins og Norðurlandaþing hafa löngum orðið til þess að setja hér margt úr skorðum og er ákaflega hæpið að það sé í anda lýðræðisins að starfa á þann hátt að það sé nauðsyn að senda þingið heim. Til þess að gera hvað? Til þess að ríkisstjórnin hafi þá vinnufrið fyrir þinginu? Er það hugsunin? Ef það er aðgerðarleysi og ekkert hér að gera horfir málið allt öðruvísi við. En annars hlýt ég að spyrja: Er ekki eðlilegt að sú ákvörðun að senda þingið heim verði tekin til umfjöllunar með stjórn og stjórnarandstöðu og metin út frá því hvort um verkefnisleysi hjá þinginu er að ræða?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. 2. þm. Vestf. um að það er einmitt verið að vinna að því að endurskoða starfsáætlun þingsins eins og gera á um þetta leyti og verður fjallað um það á fundum með formönnum þingflokka þegar sú endurskoðun starfsáætlunar liggur fyrir sem verður væntanlega í þessari viku. Forseti minnist þess að hafa einmitt getið sérstaklega um það á fyrsta fundi í gær og væntir þess að þetta séu nægar upplýsingar fyrir hv. þm. á þessu stigi málsins.

Um þingsköp.

Framhald umræðna um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verður víst að vera um þingsköp, en það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. forseta um er hvað áformað er með umræður um 1. dagskrármálið, frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, í ljósi þess að það var á dagskrá efh.- og viðskn. í morgun og þar voru lagðar fram allviðamiklar brtt. við frv. sem hér liggur fyrir sem í sumum tilvikum breyta í grundvallaratriðum efni frv. og/eða þeim brtt. sem áður höfðu verið lagðar fram af meiri hluta efh.- og viðskn. Hér er á ferðinni útfærsla á nýjum, að því er okkur skilst, ákvörðunum eða áformum hæstv. ríkisstjórnar í ýmsum veigamiklum atriðum sem snerta efni þessara ráðstafana í ríkisfjármálum og hefur þegar sumt orðið þar fréttaefni, svo sem útfærsla á skerðingu ellilífeyris og örorkubóta, sérstakt ákvæði um nýja eftirlits- eða lögreglumenn á fjármálasviðinu sem ríkisstjórnin hyggst afla heimilda fyrir í lögum að senda inn í stofnanir á árinu og taka fjármálalegt forræði þar með í sérstakan farveg í slíkum tilvikum af viðkomandi forstöðumönnum eða stjórnum að því er best verður séð og fleira mætti nefna sem ég ætla ekki að rekja hér. En

ég held að óhjákvæmilegt sé að það verði rætt hvernig hæstv. forseti hyggst þá halda á umræðum um þetta mál í ljósi þessarar stöðu. Efh.- og viðskn. gat að sjálfsögðu einungis farið lauslega yfir þessar brtt. og rætt í sinn hóp hvernig vinnunni að málinu yrði síðan hagað á næstunni, hverjir yrðu kvaddir til viðtals um skoðun á þessum málum o.s.frv.

Með öðrum orðum, hæstv. forseti, það sem ég er að segja er að þetta mál er nú til umfjöllunar og vinnslu í efh.- og viðskn. og í því ljósi tel ég það satt best að segja ekki skynsamlega verkstjórn að halda áfram umræðum um það hér á grundvelli þá þegar úreltra ákvæða í sumum tilvikum og án þess að dagsins ljós hafi litið í þinginu nýjar ákvarðanir og nýjar hugmyndir um veigamiklar breytingar á dagskrármálinu. Fljótt á litið sýnist mér einboðið að fresta þessari umræðu um sinn og halda henni ekki áfram fyrr en niðurstaða er komin á vinnuna í efh.- og viðskn. og endanlegar brtt. hafa verið lagðar fram. Annað held ég að sé satt best að segja tímasóun eða a.m.k. ekki skynsamleg verkstjórn. Ég vildi beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta að það yrði athugað m.a. í samráði við hv. starfandi formann efh.- og viðskn. hvernig hann vill standa að þessu og aðrir sem málið varðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hafði ekki borist ósk um að fresta umræðu um þetta mál en skilur vel það viðhorf sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og telur í sjálfu sér ekki óeðlilegt að umræða um þetta mál verði látin bíða ef nefndin er að fjalla um þær breytingar sem væntanlegar eru. En forseti vill gjarnan minna á að þetta mál var í miðri umræðu og nokkrir á mælendaskrá er afgreiðslu þess var frestað fyrir jól og síðar var gert samkomulag við formenn þingflokka um að þetta mál yrði einmitt á dagskrá í dag. Forseti reynir að standa við samkomulag sem gert er og haga sér samkvæmt því.

Hér er einnig á dagskrá annað mál, Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, sem reyndar var ekki gert ráð fyrir að yrði tekið til umræðu í dag. En ef ekki verða gerðar athugasemdir við það er forseti tilbúinn að taka það mál fyrir þannig að það yrði þá mælt fyrir nefndarálitum í því máli í stað þess að taka fyrir ráðstafanir í ríkisfjármálum.

En nú hefur kvatt sér hljóðs hv. 1. þm. Austurl. um gæslu þingskapa og vill forseti gjarnan heyra hvað hann hefur að segja í þeim efnum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég get mjög vel skilið að forseti vilji halda áfram umræðum um 1. dagskrármálið. Hitt er svo annað mál að okkur var engan veginn ljóst að svo viðamiklar brtt. yrðu lagðar fram í þessu máli og kemur í ljós að málið hefur verið nokkuð unnið meðan þing hefur ekki starfað. En mér finnst með öllu óeðlilegt að ræða málið fyrr en efh.- og viðskn. hefur fengið ráðrúm til að ræða við ýmsa aðila um það og ég sé ekki betur, virðulegi forseti, en það muni taka nokkurn tíma og má í reynd segja að þing hafi verið kallað heldur fljótt saman miðað við þann undirbúning sem ríkisstjórnin hefur haft í frammi.

Að því er varðar Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins hafði ég ekki gert ráð fyrir að það mál yrði til umræðu í dag. Okkur er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að fara í það mál ef okkur vinnst einhver tími til að sækja skjöl okkar, en ég vissi ekki betur en hér stæði til að fara í utandagskrárumræðu og vildi því spyrja hverju það sætir að ekki er hægt að byrja á þeirri utandagskrárumræðu því mér skilst að þar muni allmargir þingmenn ætla að tala, en að lokinni þeirri umræðu fyndist mér eðlilegt að taka Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins fyrir. En mér finnst nokkuð óþægilegt að byrja á því nú þegar miðað við að við höfum ekki fengið beint viðvörun um það.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem hafa fallið hér um vinnuna sem á sér stað í efh.- og viðskn. skal ég staðfesta að þangað hafa borist brtt. við ráðstafanir í ríkisfjármálum sem eru til skoðunar í nefndinni og við höfum setið þar á rúmlega tveggja stunda fundi í morgun og munum væntanlega hefja fund klukkan níu í fyrramálið. Nú er það svo að þau þrjú mál sem við komum saman til þings til að fjalla um eru ráðstafanirnar, Hagræðingarsjóður og lánsfjárlög. Tvö af þessum málum heyra undir efh.- og viðskn. Ég hef auðvitað miklar vonir um að við komumst vel áfram í vinnunni í fyrramálið um breytingar á lánsfjárlögum og breytingar á ráðstöfunum í ríkisfjármálum, en mér sýnist samt nokkuð ljóst að það geti rekist á þörf nefndarmanna fyrir fund. Þá vil ég upplýsa að nefndarmenn í efh.- og viðskn. hafa verið ákaflega liprir að sækja fundi, t.d. fyrir jól, á þeim tímum sem við höfum getað fundið lausa. En ég óska eftir því að geta rætt það við forseta í framhaldi af þessari umræðu hvort hugsanlegt sé að hnika til dagskrá þingfunda svo að meira rúm gefist fyrir fundi í efh.- og viðskn. þannig að við lendum ekki í árekstrum eins og hér koma greinilega upp.

Um þingsköp.

Fundahöld í allsherjarnefnd.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég get vel tekið undir þær óskir sem fram hafa komið hjá tveimur hv. stjórnarandstæðingum um að umræðu um þetta mál verði frestað þar sem það er enn til vinnslu í nefnd. En það er ekki þess vegna sem ég kveð mér hljóðs um þingsköp. Það er vegna þess samkomulags sem gert var milli stjórnar og stjórnarandstöðu áður en þingið fór í jólafrí og gert var um þá viku sem nú stendur yfir.

Þannig er mál með vexti að ég bjó mig undir að mæta á fundi í morgun á reglubundnum fundartíma hjá allshn., kl. 8.15, og fór sérstaklega fram á það ítrekað

í gær að sá fundur yrði haldinn, en við þeirri ósk var ekki orðið og fundurinn var afboðaður. Sú afboðun var rökstudd á þann veg að það hefði verið hluti af samkomulagi, sem stjórnarandstaðan og stjórnarflokkar hefðu gert, að hér yrðu aðeins fundir í þeim nefndum sem þau mál sem nú eru á dagskrá heyra undir.

Ég heyri annað úr herbúðum stjórnarandstöðunnar, að slíkt samkomulag hafi alls ekki verið gert og að nefndir þingsins ættu að starfa eðlilega sem áður.

Til þess að fá þessi mál á hreint óska ég eftir því að hæstv. forseti útskýri fyrir þinginu í hverju samkomulagið felst, hvort það er raunverulega meiningin að almenn nefndarstörf falli niður eða ekki.

Í framhaldi af því bendi ég á að bæði landbn. og utanrmn. hafa verið að halda fundi þannig að það lítur ekki út fyrir að alls kostar séu rétt þau rök sem voru færð fyrir því að hv. allshn. fékk ekki að halda fund.

Ég óska því eftir því, hæstv. forseti, að það verði útskýrt úr forsetastól í hverju samkomulagið fólst.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkomulag það sem gert var á milli stjórnar og stjórnarandstöðu fyrir jólahléið fjallaði ekki um nefndarstörf. Það getur forseti upplýst.

Forseti hefur áður upplýst og ætlaði að svara hv. 1. þm. Austurl. því, upplýsti það í upphafi fundar, kannski hefur hv. þm. ekki verið kominn, að utandagskrárumræða hæfist kl. 3. Það er búið að ákveða þann tíma og forseti telur að það sé af ýmsum ástæðum rétt að halda sig við þá tímasetningu. Þess vegna verður 1. dagskrármálið ekki tekið fyrir þar sem hér hefur komið fram sá vilji að þeirri umræðu verði frestað á meðan fjallað er um það mál frekar í nefnd. Verður þá tekið fyrir 2. dagskrármálið og væntir forseti þess að ekki komi fram athugasemdir frá formönnum þingflokka þrátt fyrir að það hafi verið samkomulag um að taka það mál ekki til umræðu fyrr en á morgun.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil á engan hátt tefja þingstörf, en ég hafði getið þess að ég væri ekki undir það búinn að hefja þessa umræðu nú þegar. Það má vel vera að frsm. meiri hluta þurfi að ræða alllengi um málið, en ég bendi á að hæstv. sjútvrh. er ekki viðstaddur og ég spyr: Hefur hann verið látinn vita af þessari breytingu? Því að ég tel alveg útilokað að ræða þetta mál að sjútvrh. fjarstöddum. Ég vænti þess hins vegar að flestir nefndarmenn sjútvn. séu í þinginu, en ég veit ekki til þess að þeim hafi sérstaklega verið gert viðvart um það sem ég tel nánast nauðsynlegt áður en umræðan byrjar og vildi fara þess á leit að það sé gert eitthvert hlé á fundinum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er greinilegt að það er ástæða til að gera stutt hlé á þessum fundi og verður það gert og fundinum frestað. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Staða íslensks landbúnaðar með tilliti til þróunar viðræðna um nýjan GATT-samning o.fl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefst utandagskrárumræða að beiðni hv. 2. þm. Suðurl. um stöðu íslensks landbúnaðar með tilliti til þróunar viðræðna um nýjan GATT-samning o.fl. Þessi umræða fer fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga sem þýðir að málshefjandi og ráðherra mega eigi tala lengur en 30 mínútur og aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en 15 mínútur í senn og enginn má tala oftar en tvisvar.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Fyrir um það bil mánuði óskaði ég eftir því við hæstv. landbrh. að hann gæfi þinginu munnlega skýrslu um horfur fyrir íslenskan landbúnað með tilliti til þeirrar stefnu sem GATT-viðræðurnar um landbúnað voru þá að taka. Þrátt fyrir góðar undirtektir í fyrstu varð ekki af því og skýringin sem var gefin var sú að ekkert frásagnarvert væri að gerast en hæstv. utanrrh. mundi leggja fram skýrslu um málið. Hæstv. utanrrh. lagði rétt fyrir jólin plagg á borð þingmanna sem bar þetta nafn. Það er ekki merkt sem þingskjal og því ekki hægt að óska eftir umræðum um það samkvæmt þingsköpum. Til þess að fá fram viðhorf hæstv. landbrh. og svör hans við nokkrum spurningum hef ég því talið óhjákvæmilegt að óska eftir þessari umræðu utan dagskrár og vil ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa hana.

GATT-samningaviðræðurnar hafa staðið í allmörg ár, en þær strönduðu í árslok árið 1990. Ástæðan var þá fyrst og fremst ágreiningur um landbúnaðarmál og þá sérstaklega milli Bandaríkjanna annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar, en það má segja að þar sé a.m.k. forustan fyrir þær fylkingar sem fyrst og fremst hafi tekist á um þetta og þeirra hagsmunir virðast ráða þar mest ferðinni. Þessar viðræður voru svo teknar upp að nýju þegar kom fram á síðasta ár og þá um landbúnaðarmálin sérstaklega undir forsæti Arthurs Dunkels sem er framkvæmdastjóri GATT, en hann tók að sér formennsku í samninganefndinni. Hann reyndi að koma hreyfingu á málið með því að bera fram hugmyndir um mjög breyttan grundvöll frá því sem áður hafði verið rætt um og þegar kom fram í byrjun desembermánaðar sl., um mánaðamótin þá, var komin nokkuð skýr mynd af því í hverju þetta fólst.

Stærsta breytingin frá því sem áður hafði verið rætt um var sú að horfið skyldi algerlega frá öllum magntakmörkunum á innflutningi búvara, en í staðinn yrði heimilt að leggja á innflutningsgjald, svokallað tollaígildi. En þó skyldi vera skylda að flytja inn 3% af neyslu hverrar tegundar að magni og það hækkað upp í 5% á nokkrum árum.

Þetta kom m.a. fram í þeirri skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði á borð þingmanna og ég gat um áður. Þar kemur einnig fram að mikil áhersla sé lögð á að hraða þessum samningaviðræðum sem mest og talið líklegt að þeim muni ljúka fyrir jól. En það var augljóst að

þarna var mjög breytt um frá þeim hugmyndum sem Íslendingar höfðu um nýja GATT-samninga og ákvæði sem var íslenskum landbúnaði ákaflega hættulegt. Þess vegna lagði Stéttarsamband bænda fram nokkra minnispunkta þar sem lögð var áhersla á breytingar sem nauðsynlegt væri að koma inn í þessar umræður til þess að hægt væri að una við niðurstöðuna því að það var talið mikilvægt að geta komið á framfæri athugasemdum áður en viðræðunum lyki í desembermánuði.

Þetta kemur m.a. fram í minnisblaði sem ég hef frá norsku bændasamtökunum þar sem þau segja að það væri óverjanlegt og ómögulegt að setja fram skilyrði á lokastigi sem ekki væri búið að gera skýrt grein fyrir í umræðum áður. Í þessu norska minnisblaði kemur líka fram, þar sem Norðmenn eru mjög áhyggjufullir um þá stefnu sem málin eru að taka, að þeir séu að leita eftir samstöðu annarra landa til að fá þau í lið með sér til að hafa áhrif á gang mála þannig að fram kæmu önnur viðhorf en þau sem stóru aðilarnir, Evrópubandalagið og Bandaríkin, hafa í forustu fyrir stórútflytjendurna. Það var af þeim sökum sem Kanadamenn tóku sig saman ásamt nokkrum öðrum þjóðum, þar á meðal Norðmönnum, um að flytja fyrirvara eða athugasemd sem m.a. fól í sér að þeim löndum sem væru nettóinnflytjendur að landbúnaðarvörum væri heimilt að setja á magntakmarkanir, sérstaklega þar sem framleiðslutakmarkanir væru innan lands. Því hlaut það að vera Íslendingum ákaflega mikilvægt að tillit yrði tekið til slíkra sjónarmiða.

Af einhverjum ástæðum sem erfitt er að skilja kaus íslenska sendinefndin ekki að gerast flutningsaðili með Kanada, Noregi og fleiri þjóðum um svona athugasemd og það fór því svo að þessum viðræðum var slitið 18. des. án þess að nokkur skrifleg athugasemd bærist frá Íslendingum. Hins vegar lá fyrir að þegar eftir að umræðum yrði slitið mundi formaður nefndarinnar, Arthur Dunkel, leggja fram drög að nýjum samningi sem hann mundi byggja á þeim niðurstöðum sem hann teldi sig hafa fengið út úr viðræðunum þó þar næðist ekki samkomulag. Það gerði hann 21. des. og því var dreift til aðildarlandanna. Þar er því miður jafnvel gengið að sumu leyti lengra en talið var að umræður stefndu í þegar málin voru þar á umræðustigi.

Þegar bændasamtökunum barst vitneskja um þessi drög að samkomulagi töldu þau nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því á eins skömmum tíma og unnt væri hvað í þeim fælist til að geta myndað sér skoðun á því hvernig íslenskur landbúnaður stæði ef þetta mundi ná fram að ganga. Tíminn var mjög skammur þar sem Dunkel hafði boðað að hann mundi halda á ný fund í nefndinni 13. janúar þar sem hann ætlaðist til þess að athugasemdir yrðu gerðar við þau atriði sem viðkomandi lönd væru ekki ásátt með. Bændasamtökin fengu því Ketil Hannesson ráðunaut til að reyna að gera sér grein fyrir innihaldi þessara draga og hann lauk því á skömmum tíma eftir því sem hann hafði tök á miðað við þær upplýsingar sem fyrir hendi lágu, en engin greinargerð fylgdi þessum samningsdrögum og því miður var takmarkað hvað hægt var að fá útskýringar á einstökum atriðum af hálfu ráðuneytismanna þar sem ákvæðin virtust jafnvel þeim vera nokkuð óljós.

Ég ætla að rekja nokkuð af því sem Ketill dregur fram í áliti sínu til að gera hv. þm. grein fyrir því hvernig þessi mál standa svo að auðveldara sé að móta sína afstöðu. Með leyfi forseta segir m.a. að skipta megi samningsdrögunum í fimm meginefnisþætti, þ.e. markaðsaðgangur, sérstök öryggisatriði, innanlandsstuðningur, útflutningsuppbætur, takmörkun á innflutningi vegna dýra- og plöntusjúkdóma og sérákvæði þróunarlanda sem flytja mikið inn af landbúnaðarvörum. Að auki eru ákvæði í samningnum um að sett verði á stofn landbúnaðarnefnd GATT-þjóðanna. Jafnframt er samið um að fram fari endurskoðun á ýmsum ákvæðum samningsins, m.a. með tilliti til áhrifa mikillar verðbólgu við að fylgja eftir lækkun niðurgreiðslna. Aðildarlöndum gefst þar einnig tækifæri til að koma á framfæri málefnum sem varða samninginn.

Aðildarlönd skulu viðurkenna að markmið þessa samkomulags er þegar til lengri tíma er litið að draga úr stuðningi við innlendan landbúnað og öll innflutningshöft og að þróun í þá átt haldi áfram í næstu lotu um aldamótin. Endurskoðun samningsins í grundvallaratriðum skal þó ekki hefjast fyrr en eitt ár er eftir af samningstímanum.

Markmið þessa samkomulags er að auka alþjóðaviðskipti með landbúnaðarvörur sem komi aðildarlöndunum til góða í lægra vöruverði og að framleiðsla landbúnaðarvara fari fram í ríkara mæli þar sem hún sé hagkvæmust. Þessu marki skal ná með því að þvinga flest ef ekki öll aðildarlönd til að flytja inn eitthvað af sem flestum landbúnaðarvörum. Draga skal úr stuðningi við útflutning og lækka markaðstruflandi aðgerðir sem draga úr viðskiptum með landbúnaðarvörur. Innanlandsstuðningur skal takmarkast við styrki sem tengjast ekki framleiðslumagni. Greiðslum til bænda fyrir að hætta framleiðslu tímabundið má viðhalda óbreyttum sem og greiðslum tengdum umhverfisvernd.

Fyrir 1. mars 1992 skulu aðildarlönd senda inn alla útreikninga sem varða samninginn, þar með talda útreikninga á tollígildi hverrar vörutegundar, tollkvóta, viðmiðunarverð, útreikninga varðandi niðurgreiðslur og annan innanlandsstuðning samkvæmt vinnureglum samningsins.

Um einstök atriði segir svo, m.a. um takmarkanir vegna dýra- og plöntusjúkdóma: „Mörg lönd hafa, þar á meðal Ísland, haft í gildi heilbrigðisreglur sem koma í veg fyrir innflutning á margvíslegum landbúnaðarafurðum. Meginreglan nú verður sú að aðildarlönd verða að sanna á vísindalegum grunni hverra takmarkana er þörf í þessum efnum. Ekki verður annað séð en margvíslegar landbúnaðarafurðir, sem ekki hefur verið leyft að flytja til landsins fram að þessu með tilvísun í heilbrigðisreglur, standist ekki þetta próf. Einungis ferskar og frystar kjötvörur og e.t.v. egg munu falla undir þetta ákvæði. Að svo miklu leyti sem innflutningsbanni á mjólk og mjólkurvörum eða unnum kjötvörum hefur verið haldið uppi á þessum forsendum verður að gera ráð fyrir að það verði úr sögunni."

Á fundi bændasamtakanna með landbrh. og mönn-

um úr landbrn. í gær kom það fram hjá yfirdýralækni að hann reiknaði ekki með að mikið hald yrði í þessum heilbrigðisreglum eftir að íslensk lög verða úr gildi fallin og við eigum þá allt undir úrskurði GATT-dómsins hvaða vörum við getum hindrað innflutning á og hverjum ekki.

Um markaðsaðgang er það að segja að almenna reglan er á þá leið að magntakmarkanir á innflutningi landbúnaðarvara verði felldar niður en þess í stað verði reiknað tollígildi. Tollígildið er mismunur á heimsmarkaðsverði cif og heildsöluverði í innflutningslandinu á vöru sem takmarkaður hefur verið innflutningur á. Það er því furðulegt að heyra þá fullyrðingu hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum í gærkvöld, eina af mörgum, að við nytum fjarlægðarverndar því að viðmiðunarverðið skal vera cif-verðið, varan komin hingað. Tollígildi kemur á þennan hátt í staðinn fyrir magntakmarkanir eða innflutningsbann. Tollígildi skal reikna sem fasta stærð eða hlutfall. Aðrar innflutningstakmarkanir skulu felldar burt. Fyrir landbúnaðarvörur sem ekki hafa lotið magntakmörkunum verður upphafsviðmiðun þær tollbindingar sem í gildi eru og rauntollur 1. september 1986 fyrir þær vörur sem eru með óbundna tolla samkvæmt GATT-skrá. Tollígildi skal lækka um 36% á tímabilinu, mismunandi á einstökum vörutegundum, en þó þannig að fyrir enga vöru verði lækkunin minni en 15% en meðaltalslækkun skal vera 36%. Til viðbótar þessu er samið um lágmark innflutnings er skal nema 3% af innanlandsneyslu allra vörutegunda umfram núverandi innflutning sem síðan verður hækkaður í 5% á samningstímanum.

Meginreglan kveður á um að innflutningshömlur verði afnumdar en þess í stað tekin upp tollígildi. Ætti þá innflutt og innlend vara að vera á svipuðu verði. Mismunur á innlenda verðinu og verði á innfluttum vörum skal hins vegar lækka um 36% á árunum 1993–1999. Dæmi: Ef innlenda varan kostar 100 kr. en innflutt 50 er tollígildi 50 kr. Lækkun á tollígildi um 36% jafngildir 18 kr. Verð vörunnar verður þá 82 kr. eða 18% lækkun. Ef innlenda varan kostar 100 kr. og innflutta varan 20 kr. er tollígildið 80. Lækkun nemur þá 29% eftir aðlögun. Hér er reiknað með því að leiðrétt sé fyrir mismunandi verðbólgu í aðildarlöndunum og tollígildið haldi gildi sínu. Ekkert ákvæði er hins vegar að finna um þetta atriði og tollígildið getur því í reynd lækkað mun meira og einnig að tollígildið í byrjun sé mun lægra.

Ljóst er að afurðaverð til bænda verður lækkað mun meira ef innlenda varan á að seljast. Ástæðan fyrir því er sú að þessu til viðbótar kemur síðan lækkun á niðurgreiðslum. Á móti vegur einhver hækkun á heimsmarkaðsverði í kjölfar lækkandi útflutningsbóta.

Um innanlandsstuðning er m.a. sagt: Á þessu sviði er ætlast til að aðildarlönd skuldbindi sig til niðurskurðar eins og á öðrum sviðum. Stuðningur sem ekki telst markaðstruflandi fellur utan við samninginn. Niðurgreiðslur hér á landi falla undir þennan flokk og þær skulu lækka um 20%. Viðmiðunarárin eru hins vegar árin 1986–1988, meðaltal þeirra, en niðurgreiðslur hækkuðu mjög mikið á árinu 1988 þegar söluskattur var lagður á matvöru og var endurgreiddur. Árið 1988 eru þessar greiðslur því nær helmingi hærri en hin árin eða meira. Það skiptir því miklu máli við hvaða ár er miðað. Af þessum sökum er upphæðin 1988, þó hún sé lækkuð um 25% eins og gert var ráð fyrir í tilboði sem sent var í þessum viðræðum haustið 1990, miklu hærri en upphæð sem er fundin út frá meðaltali þessara þriggja ára og lækkuð um 20%. Það er því algert ófugmæli, sem hæstv. utanrrh. sagði í viðtali í gærkvöld í fjölmiðlum, að þessi samningsdrög væru að þessu leyti hagstæðari fyrir okkur en hugmyndirnar sem sendar voru í fyrra.

Beinar greiðslur til bænda eru í sauðfjárrækt í dag innan þess ramma sem þarna eru flokkaðar. Búvörusamningi yrði að breyta á þá leið að beinar greiðslur yrðu ekki tengdar framleiðslu til þess að þær féllu ekki undir skerðingu, en vegna þess að þarna eru tölur óverðbættar frá 1986–1988 mundi þetta þýða að beinar greiðslur til bænda yrðu sennilega þegar á næsta ári að lækka um 25% ef miðað væri við fulla verðtryggingu en allt upp í 65% ef verðtrygging fengist ekki. En það er óvíst um verðtryggingu á þessum tölum og er þar með augljóst hversu gífurleg skerðing það yrði á greiðslum til bænda.

Um útflutningsbætur er það að segja að þær skuli vera á fjárlögum hvers ríkis og magn afurða tilgreint. Á tímabilinu frá 1993–1999 skulu útflutningsbætur lækkaðar í fjárlögum um 36% og magn afurða sem nýtur stuðnings um 24%. Viðmiðunarárin skulu vera 1986–1990 og ekkert er þar minnst á verðbólguleiðréttingar. Hins vegar höfum við Íslendingar nú ákveðið í samningi bænda og ríkisvaldsins að fella niður allar útflutningsbætur. Með því móti telja bændasamtökin að Íslendingar hafi þegar lagt fram svo stóran skerf í þessar GATT-viðræður og það eitt ætti að skapa þeim algera sérstöðu og gera þeim kleift að þrýsta á um önnur atriði sem þeim ríður á að halda þarna inni.

Ég hef ekki tíma til að rekja mikið meira af þessum atriðum en gríp niður í niðurlagsorðunum þar sem segir: „Í þessum hugleiðingum hefur einkum verið leitast við að sýna fram á meginákrif þessara samningsdraga á íslenskan landbúnað eins og þau blasa við eftir lauslega yfirferð. Þeir sem kjósa að hafa landbúnað hér á landi hljóta að fyllast ugg við þann lestur. Tollígildi skal lækka á sex árum um 36%. Útflutningsbætur skulu lækka á sex árum um 36%. Innanlandsstuðningur skal lækka á sex árum um 20%. Lágmarksinnflutningur skal vera 3% af innanlandsneyslu sem hækkar í 5% á sex árum. Innflutningshöft verða ekki leyfð. Hvort hér verður landbúnaður eða ekki ræðst fyrst og fremst af samkeppni í verði og gæðum við innfluttar afurðir. Heilbrigðisreglur geta haft einhver áhrif á takmörkun á innflutningi, en hætt er við því að það sé skammgóður vermir. Öryggisákvæði geta tafið mikla magnaukningu á innflutningi, en eru ekki innflutningsvernd að öðru leyti."

Margt er óljóst um endanlega niðurstöðu því að greinargerðin fylgir ekki eins og ég sagði áður. En ljóst er þó að áhrif hugsanlegs samnings verði mikil og til frambúðar. Aukinn samdráttur er óumflýjanlegur, að

lágmarki 3% strax, lækkandi afurðaverð til bænda er fyrirsjáanlegt sem gæti orðið 20–50% í mörgum vöruflokkum á næstu sex árum. Nákvæmar tölur eru þó ekki fyrir hendi.

Herra forseti. Þegar þessar staðreyndir lágu fyrir töldu bændasamtökin óhjákvæmilegt að vekja athygli hæstv. landbrh. á þeim alvarlegu horfum sem þarna blasa við í íslenskum landbúnaði. Í gær afhentu þau ráðherra bréf þar sem lögð var áhersla á nokkur atriði og ég vil geta nokkurra.

Það yrði útilokað að framfylgja hér sjálfstæðri landbúnaðarstefnu. Við værum bundin má segja bæði á höndum og fótum ef samningsdrögin yrðu samþykkt þannig að okkar frelsi til sjálfstæðra ákvarðana væri ekki orðið lengur fyrir hendi. Þetta mundi draga stórlega úr matvælaöryggi þjóðarinnar. Nýgerður búvörusamningur héldi ekki gildi sínu og kippt yrði grundvelli undan þeirri framleiðslustjórn og annarri hagræðingu framleiðslunnar sem samið hefur verið um.

Með samningi ríkisvalds og bænda um að fella niður allar útflutningsbætur hafa Íslendingar þegar gengið lengra í átt til þeirra viðskiptahátta sem stefnt er að en samningsdrögin ætla nokkurri þjóð.

Stórfelldur samdráttur búvöruframleiðslunnar yrði óumflýjanlegur og þar með fækkun starfa í sveitum og við vinnslu búvara.

Búvöruvinnsla ætti hér enn erfiðara uppdráttar vegna minni markaðar. Þessu mundi fylgja ógnvekjandi röskun á byggð landsins og jafnvel eyðing heilla byggðarlaga. Ekki verður séð að hverju það fólk hefði að hverfa sem við þetta missti atvinnu sína og heimili.

Herra forseti. Ég vil því bera nokkrar spurningar fram við hæstv. landbrh.:

1. Hvernig metur hæstv. landbrh. stöðu íslensks landbúnaðar nú miðað við þróunina í GATT-viðræðunum um verslun með landbúnaðarvörur?

2. Telur landbrh. koma til greina að Ísland gerist aðili að samningi sem byggir á tillögum Arthurs Dunkels?

3. Ef svo er ekki, hvernig hyggst landbrh. vinna að því að hagsmuna Íslands verði gætt við samningagerðina?

4. Mun landbrh. hafa samráð við landbn. Alþingis áður en ríkisstjórnin tekur nokkrar skuldbindandi ákvarðanir í þessu efni?

Ég tel að það sé ákaflega brýnt að Alþingi fylgist náið með þessu máli og fái að vita um alla þætti þess sem gerst.

Það liggur fyrir að Evrópubandalagið telur sig ekki geta samþykkt þessi samningsdrög eins og þau liggja fyrir þannig að þau munu ekki verða undirrituð í næstu viku. En jafnframt er ljóst að það er gífurlegur þrýstingur á öll ríki, má segja, að niðurstaða fáist sem fyrst í þessum GATT-viðræðum. Það er því skammgóður vermir og haldlítið skálkaskjól fyrir okkur að segja: Hættan er ekki alveg næstu daga. Við megum ekki loka augunum fyrir þessari hættu og hljótum því að verða að gera allt sem í okkar valdi stendur til að halda á loft hagsmunum íslensku þjóðarinnar í heild í þessu mikilvæga máli og gera allt sem í okkar valdi stendur til að knýja á um að til þeirra sjónarmiða verði tekið tillit.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Haustið 1990 lögðu Íslendingar fram tilboð í samningaviðræðum um landbúnaðarmál í Uruguay-viðræðum GATT. Ég tel nauðsynlegt að rifja upp helstu efnisatriði þessa tilboðs og les það í lauslegri þýðingu:

„Ísland leggur fram eftirfarandi tilboð og leggur þar með sitt af mörkum til að árangur megi nást í samningaviðræðum um landbúnaðarmál. Þetta er frumtilboð og háð tilboðum annarra þátttakenda í samningaviðræðunum. Ísland áskilur sér því rétt til að breyta og/eða draga til baka hvaða hluta tilboðsins sem er. Tilboðið er byggt á sérstökum lista sem Ísland hefur lagt fram um landbúnaðarmál.

Með tilvísun til legu landsins og takmarkaðra skilyrða í landbúnaðarframleiðslu leggur Ísland mikla áherslu á mikilvægi þeirra aðgerða sem ekki hafa beina viðskiptahagsmuni í för með sér, svo sem að sjá til þess að við séum sjálfum okkur nóg að vissu marki og styðja byggðaþróun. Innflutningur landbúnaðarafurða nemur nú um það bil 50% af innanlandsneyslu miðað við hitaeiningar. Tilboð þetta er háð viðurkenningu á hagsmunum sem ekki hafa bein viðskiptaleg áhrif í samningaviðræðunum og samræmda flokkun í græn og gul svæði. Sjónarmið Íslands er að skuldbindingar eigi að leggja fram í raungildum. Verðbólga hefur verið meiri á Íslandi en í nálægum löndum síðustu tvo áratugi.

Ísland skuldbindur sig til að draga úr stuðningi innan lands í raungildum um allt að 25% í jöfnum árlegum áföngum fram til ársins 1996 þar sem árið 1988 er lagt til grundvallar fyrir útreikningi á heildarstuðningi. Núverandi innflutningsfyrirkomulag Íslands fyrir vörur í tollflokkum 1–24 í samræmdu tollskránni er nú þegar nokkuð opið. Helstu undantekningar eru mjólk og kjöt, svo og blóm og grænmeti. Innflutningstakmarkanir eru á mjólk og unnum mjólkurafurðum og kjöti og unnum kjötafurðum. Á öðrum landbúnaðarvörum sem framleiddar eru innan lands eru árstíðabundnar innflutningstakmarkanir." — Ég skýt því hér inn að í tollflokkum 1–24 eru allar algengar búvörur.

„Ísland er reiðubúið til að rýmka innflutningsheimildir og draga úr magntakmörkunum á unnum mjólkur- og kjötafurðum. Hins vegar verða áfram í gildi innflutningstakmarkanir á þessum vörum vegna legu landsins og til að tryggja öruggt framboð á matvælum. Innflutningstakmörkunum á lifandi dýrum, nýmjólk og hráu kjöti, fersku og frosnu, verður haldið áfram af heilbrigðisástæðum. Langtímaeinangrun íslenska bústofnsins gerir hann sérstaklega viðkvæman gagnvart sjúkdómum.

Ísland gerir tillögu um að leggja á breytilegt innflutningsgjald á þann innflutning sem leyfður verður til að jafna muninn á verði innlends landbúnaðarhráefnis og heimsmarkaðsverðs.

Ísland er einnig reiðubúið til að breyta innflutn-

ingstakmörkunum í tolla á vissar landbúnaðarafurðir í tollflokkum 1–24 í samræmdu tollskránni. Stuðst verður við leiðréttngastuðul sem tekur tillit til gjaldeyrissveiflna og breytinga á heimsmarkaðsverði.

Ísland er síðan reiðubúið til að lækka tolla á þessum vörum um allt að 30% fram til ársins 1996.

Ísland er reiðubúið til að draga úr útflutningsbótum að raungildi um allt að 65% til ársins 1996 í jöfnum árlegum áföngum. Skuldbindingin á samdrættinum er byggð á meðaltali áranna 1986–1989. Eftir 1996 er Ísland reiðubúið til að halda áfram að draga í áföngum úr útflutningsbótum með það að markmiði að þær verði felldar niður að fullu."

Eins og þetta tilboð ber með sér var ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar reiðubúin að rýmka um þær ströngu innflutningstakmarkanir sem hér hafa gilt. Óhjákvæmilegt er að meta þá stöðu sem nú er komin upp í því ljósi.

Hv. 2. þm. Suðurl. spyr hvernig ég meti stöðu íslensks landbúnaðar með tilliti til þess hvernig mál hafa þróast í GATT-viðræðunum. Flestir eru mér sammála um að íslenskur landbúnaður hefur búið við mikla vernd síðustu áratugi og lotið opinberri forsjá í of ríkum mæli. Með síðasta búvörusamningi m.a. var gerð tilraun til að brjótast út úr þeirri sjálfheldu hvað sauðfjárræktina varðar. Síðan hefur svokölluð sjömannanefnd unnið að úttekt og tillögum til hagræðingar í öðrum búgreinum og tekur sú vinna einnig til vinnslustöðva landbúnaðarins. Stefnt er að því að næsti meginafangi þess verkefnis liggi fyrir í næsta mánuði.

Samhliða þessu hef ég falið Markúsi K. Möller hagfræðingi að gera úttekt á rekstrar- og samkeppnisstöðu garðyrkjubænda. Jafnframt hef ég falið þeim Þórði Friðjónssyni, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Katli Hannessyni, hagfræðingi Búnaðarfélags Íslands, og Magnúsi B. Jónssyni, forstöðumanni Hagþjónustu landbúnaðarins, að gera hliðstæða úttekt á öðrum búgreinum og meta stöðu landbúnaðarins í ljósi GATT-viðræðnanna. Mér er engin launung á því að það er nú til baga að þessu verki skuli ekki lokið, en ég legg áherslu á að því ljúki sem fyrst.

Kjarninn í tillögum Dunkels er þessi, ef ég dreg út það sem mestu varðar fyrir íslenskan landbúnað:

Við Íslendingar höfum jafnan lagt áherslu á mikilvægi þess að ekki sé heimill frjáls innflutningur á fersku kjöti né frystu né á lifandi búpeningi. Sagan kennir okkur að íslenskt búfé sé mjög viðkvæmt gagnvart smitsjúkdómum vegna aldalangrar einangrunar. Í tillögum Dunkels er gert ráð fyrir að úrskurðarvald í þessum efnum færist úr okkar höndum til sérstakrar úrskurðarnefndar á vegum GATT þar sem sérfræðingar meti hvort hætta sé á smitsjúkdómum frá viðkomandi landi. Eins og frá tillögunum er gengið er ekki hægt að ábyrgjast að við getum varist innflutningi á lifandi dýru eða hráum sláturafurðum í öllum tilvikum.

Eins og tillaga Dunkels liggur nú fyrir er ekki gert ráð fyrir heimildum til að beita innflutningstakmörkunum né bönnum. Þess í stað er gert ráð fyrir sérstökum verndartollum. Þeim er í fyrstu ætlað að eyða þeim verðmun sem ella yrði á innlendu vörunni og þeirri innfluttu. Í öllum tilvikum er reiknað með cif-verði, þ.e. kostnaðarverði vörunnar við bryggju hér á landi. Við njótum með öðrum orðum ekki fjarlægðarverndar.

Það er mikilvægt að við útreikning á verndartollinum eru árin 1986–1988 lögð til grundvallar. Ekki liggur ótvírætt fyrir hvernig verðlagsþróun og gengisbreytingar eru reiknaðar í þessu samhengi sem er að sjálfsögðu afgerandi fyrir okkur Íslendinga. Að þessu leyti eru tillögur Dunkels rúmar. Ég skil þær þannig að heimilt verði að reikna tollinn með þeim hætti án tillits til verðþróunar að í honum felist raunveruleg verð. Að öðrum kosti er hann markleysa.

Gert er ráð fyrir að verndartollurinn lækki að meðaltali í jöfnum skrefum á árunum 1993–1999 um 36% og aldrei minna en 15% á einstökum vörutegundum og er þá nokkurt val. Ljóst er að þessi tollalækkun kippir grundvellinum undan opinberri verðskráningu búvara og knýr á um að íslenskir bændur og ekki síður vinnslustöðvar lagi sig að nýjum markaðsaðstæðum. Þess er enn fremur að gæta að áskilinn er 3% og upp í 5% markaðsaðgangur á samningstímabilinu á lágum tollum. Gildir það um alla vöruflokka þar sem um hverfandi eða engan vöruinnflutning er að ræða. Ekki er ljóst hvernig framkvæmdinni verður háttað.

Sá misskilningur hefur komið fram í umræðum um þessi mál að í þessari 3–5% markaðsaðild felist vernd við frekari innflutningi. Það er ekki rétt. Hér er einungis verið að tryggja að undir öllum kringumstæðum verði glufa í tollmúrinn þó svo að innflutningurinn að öðru leyti sé opinn.

Í tillögum Dunkels er gerður skýr greinarmunur á opinberum stuðningi eftir því hvort hann er talinn markaðstruflandi eða ekki. Grænar greiðslur teljast ekki markaðstruflandi. Þar á meðal eru almennar aðgerðir sem ekki tengjast einstökum búum, rannsóknir og ýmis opinber þjónusta. Enn fremur tekjustuðningur við bændur ef hann er byggður á framleiðslu þeirra á viðmiðunarárunum 1986–1988 en tekur ekki mið af framleiðslu þeirra síðar. Þessi viðmiðunartími getur orðið okkur erfiður og hefur óhjákvæmilega í för með sér að við verðum að endurskoða m.a. búvörusamninginn og framkvæmd hans.

Til grænna greiðslna teljast enn fremur opinber framlög til að bæta áföll af völdum sjúkdóma eða náttúruhamfara, til bænda sem draga úr eða leggja niður búvöruframleiðslu, lífeyrisgreiðslur til bænda, sérstakir byggðastyrkir o.s.frv.

Gular greiðslur eru t.d. niðurgreiðslur á vöruverði eða beingreiðslur til bænda sem eru greiddar í hlutfalli við afurðir eða afurðaverð eins og gert er samkvæmt búvörusamningnum. Slíkar greiðslur skulu lækka um 20% á samningstímanum og er þá enn miðað við árin 1986–1988.

Ég tel rétt að vekja athygli á því að tölur um niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum eru misvísandi fyrir þetta tímabil þar sem söluskattur var lagður á kjöt- og mjólkurvörur árið 1988 og niðurgreiðslur auknar að sama skapi sem þýddi um það bil tvöföldun samkvæmt fjárlögum. Ég tel ástæðulaust að ætla annað en

að gert sé ráð fyrir leiðréttingum á söluskatti eða virðisaukaskatti þegar metið er hversu mikill stuðningurinn við landbúnaðinn hefur verið frá ári til árs.

Hins vegar gera tillögur Dunkels ekki ráð fyrir að tekið sé tillit til verðbreytinga nema í þeim tilvikum þegar um mikla verðbólgu er að ræða. Í því sambandi er rætt um að leiðrétta verðbreytingar umfram 10% á ári þótt þessa sé ekki getið í tillögum Dunkels. Þessi takmarkaða leiðrétting felur í sér innbyggða skekkju sem verður fljótt veruleg í efnahagsumhverfi eins og verið hefur hér á landi. Gagnvart okkur þýðir hún 25% minnkun á stuðningi við landbúnaðinn þegar á fyrsta ári samkvæmt þeim gögnum sem ég hef nú undir höndum.

Tilboð Íslendinga haustið 1990 gerði ráð fyrir 65% lækkun útflutningsbóta en síðan hefur verið tekin ákvörðun um að fella þær niður hér á landi. Tillögur Dunkels eru hins vegar þær að útflutningbætur á fjárlögum skulu minnka um 36% frá 1993–1999. Magn það sem má greiða útflutningsbætur til skal minnka um a.m.k. 24% á sama tíma. Hvort tveggja skal miða við meðaltal áranna 1986–1990. Ekki skal greiða útflutningsbætur á aðrar vörur en greiddar voru niður á viðmiðunartímanum.

Innflutningur á grænmeti og blómum hefur að mestu verið frjáls nema þar sem innlend framleiðsla er fyrir hendi. Þar hafa innflutningsleyfi ýmist verið árstíðabundin eða um takmarkað magn að ræða. Í þessum tilfellum kveður tillaga Dunkels á um að ekki megi beita frekari innflutningshömlum en nú eru. Gagnvart grænmetinu þýðir það að óheimilt er að hækka tolla á því tímabili yfir veturinn þegar innflutningur er nú frjáls. Á öðrum árstímum kæmu verndartollar í stað innflutningsbanns.

Ég hef farið hratt yfir sögu og stiklað á stóru en vona að það gefi grófa en rétta mynd af tillögum Dunkels.

Og þá er komið að því að svara spurningum hv. 2. þm. Suðurl. að því marki sem það hefur ekki þegar verið gert.

Hinn 13. janúar er einstökum ríkjum ætlað að koma athugasemdum sínum á framfæri. Þennan tíma verðum við að nota vel. Hitt er erfiðara að meta stöðu íslensks landbúnaðar í ljósi tillagna Dunkels. Það urðu okkur t.d. mikil vonbrigði hversu vægilega Dunkel tekur á útflutningsbótum sem ekki er hægt að skýra öðruvísi en svo að hann hafi viljað koma til móts við Evrópubandalagið þar sem hann taldi að ella færi samningagerðin út um þúfur. Ég óttast að íslenskur landbúnaður sé ekki nægilega vel búinn undir frjálsan innflutning búvara og skírskota til fyrri afstöðu okkar um að við teljum okkur nauðsynlegt enn um hríð að hafa heimildir til að beita innflutningstakmörkunum. Þetta getum við m.a. rökstutt með því að við höfum þegar gert ráðstafanir til að útflutningbætur verði með öllu lagðar niður frá næsta hausti. Ef um óheftan breytilegan innflutning verður að ræða hlýtur sú ákvörðun að koma til endurskoðunar. Hitt er annað mál að í tilboði Íslands haustið 1990 var m.a. gert ráð fyrir innflutningi á unnum mjólkurvörum og kjötvörum og við það tilboð hljótum við að standa, enda verður ekki undan þeirri kröfu vikist, hvorki innan GATT né gagnvart neytendum hér á landi. Með því yrði stigið stærra skref til frjálsra viðskipta með landbúnaðarvörur en áður hefur verið stigið hér á landi og hefur það óhjákvæmilega í för með sér ýmsar hliðarráðstafanir.

Það er alveg ljóst, hver sem örlög Dunkelstillögunnar verða, að bændur verða að búa sig undir aukna samkeppni á næstu árum. Þetta hafa bændur sjálfir gert sér ljóst eins og m.a. kom glöggt fram á fundi Stéttarsambands bænda sl. haust.

Ég fékk í gær í hendur harðorða ályktun bændasamtakanna þar sem þau lýsa áhyggjum sínum yfir tillögum Dunkels. Ég skil bændur vel þótt mér þyki þeir fara offari þegar þeir gera því skóna að til greina komi að við stöndum utan við GATT. Sömu áhyggjur hafa komið fram hjá starfsbræðrum þeirra í öðrum löndum, ekki síst í Noregi. Á hinn bóginn megum við ekki horfa fram hjá því að unnt er með samræmdum aðgerðum að lækka framleiðslukostnað búvara og kannski enn þá fremur rekstrarkostnað vinnslustöðvanna. Þau mál hafa verið allt of lengi í deiglunni, kannski fyrst og fremst vegna þess að of mikið hefur verið horft á innlendar aðstæður. Nú liggur fyrir að endurmeta samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og bera saman með skipulögðum hætti einstaka rekstrarþætti hér og erlendis. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt eins og gert hefur verið í öðrum samkeppnisgreinum, fella niður aðflutningsgjöld, gjöld af rekstrarvörum og þar fram eftir götunum. Jafnframt verður að leggja fram fé til vöruþróunar og gera sérstakt hagræðingarátak í vinnslustöðvum landbúnaðarins.

Loks er nauðsynlegt að endurskoða búvörusamninginn í nýju ljósi og með öðrum hætti gera sér grein fyrir hvernig markaðshlutdeild landbúnaðarins verður best tryggð eftir þeim leikreglum sem hugsanlegir GATT-samningar setja.

Á fundi sínum í morgun ræddi ríkisstjórnin tillögur Dunkels að nýju GATT-samkomulagi og verður þeim viðræðum haldið áfram á næsta fundi ríkisstjórnarinnar, væntanlega á föstudag, þar sem afstaða ríkisstjórnarinnar til einstakra efnisþátta verður skýrð.

Hv. 2. þm. Suðurl. spyr hvort ég vilji hafa samband við hv. landbn. um þessi mál? Að sjálfsögðu.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hér er um harla flókið mál að ræða og er því kannski ekki úr vegi að draga fram í örfáum setningum það sem virðist vera kjarni þessa máls.

Ég vil þá fyrst benda á að þau samningsdrög sem nú er verið að ræða eru í grundvallaratriðum ólík því tilboði sem Ísland setti fram fyrir einu ári. Í þessum samningsdrögum er verið að afnema í eitt skipti fyrir öll innflutningsbann á búvörum og opna fyrir innflutning flestra afurða á mjög lágu verði. Erlend framleiðsla yrði boðin til sölu í samkeppni við innlenda framleiðslu, en eftir sem áður yrði þessi erlenda framleiðsla stórlega niðurgreidd. Beinar greiðslur til bænda samkvæmt búvörusamningi fengjust ekki viðurkennd-

ar sem svokallaðar grænar greiðslur og ættu því að lækka um 20% nema þær breytist í almenna styrki óháðar því hvort menn vinna eða vinna ekki. Búvörusamningnum yrði kollvarpað. Það er nokkuð ljóst að þúsundir manna mundu hverfa frá landbúnaði vegna þess að rekstrargrundvelli búanna væri kippt burt. Afurðaverðið hefði væntanlega lækkað um allt að 50% og vafalaust í flestum tilvikum meira en nemur launaliðnum í verðmyndun íslenskra búvara.

Ég tel að þetta mál varði fleiri en bændur. Ég tel ljóst að einum af grundvallaratvinnuvegum landsmanna er ógnað með nokkuð einstæðum hætti og verði þessi ógn að veruleika mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir fjölmenn byggðarlög, bæði sveitir og þéttbýli, sem víða byggja afkomu sína á úrvinnslu landbúnaðarvara. Upplausn í landbúnaði og vaxandi atvinnuleysi sem því fylgdi mundi síðan hafa umtalsverða skerðingu þjóðartekna í för með sér. Mér sýnist því nokkuð ljóst að fyrir utan samningana um Evrópska efnahagssvæðið er þessi GATT-samningur líklega stærsta og örlagaríkasta málið sem ríkisstjórn, Alþingi og reyndar þjóðin öll stendur frammi fyrir á þessum vetri.

Ég vek líka athygli á því í upphafi að með afnámi útflutningsbóta hafa Íslendingar þegar gengið lengra en nokkur önnur þjóð í átt til frjálsari viðskiptahátta eins og GATT-samningarnir stefna að. En sú aðlögun á markaðsaðstæðum sem nú stendur yfir í íslenskum landbúnaði virðist samt sem áður ekki tekin inn í myndina á nokkurn hátt. Ég tel að ríkisstjórn Íslands verði að láta skýrt í ljós að hún geti ekki unað við samningsdrögin eins og þau liggja nú fyrir og verði því að hafa fyrirvara um nokkur mikilvæg atriði. Þessir fyrirvarar verða að koma fram af hálfu Íslands fyrir 13. janúar því ella verður ekki mark á þeim tekið.

Ég verð að játa að stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli er mér algjör ráðgáta og svo fer áreiðanlega um fleiri. Hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. virðast alls ekki tala sama tungumálið þegar þetta mál ber á góma, t.d. í viðræðum við fjölmiðla. Hæstv. utanrrh. fullyrti í gær í viðræðum við útvarp og sjónvarp að í raun og veru væri þetta mál sem skipti sáralitlu máli. Hann fullyrti einnig að tilboð Íslands, það sem sett var fram í fyrra, gengi jafnvel lengra eða væri a.m.k. alveg hliðstætt og það sem nú væri verið að ræða um. Hæstv. landbrh. hefur hins vegar sagt, þó hann hafi ekki sagt margt, því miður, að samningsdrögin eins og þau liggja nú fyrir séu ekki ásættanleg og ég er feginn að heyra þá yfirlýsingu af hálfu landbrh. En ríkisstjórnin í heild hefur enga stefnu mótað í þessu máli. Og það var eftirtektarvert að heyra hæstv. landbrh. upplýsa þingheim um að málið hafi verið til umræðu í ríkisstjórninni í morgun og verði það áfram næstu daga. — Niðurstaða engin.

Í þessum samningsdrögum er gert ráð fyrir að innflutningshömlur verði afnumdar. Heimsmarkaðsverð á að ráða verðmyndun á innlendum markaði að viðbættu svonefndu tollígildi sem fyrst í stað nemur mismun innlends verðs og heimsmarkaðsverðs en á síðan að lækka um 36% á sex árum. Til skýringar má nefna að heimsmarkaðsverð t.d. á mjólkurvörum er talið vera sem næst verði Efnahagsbandalagsins. Ef tekið er dæmi af mjólkurafurðum mun auðvelt að áætla miðað við ákveðnar líklegar forsendur að lækkun á afurðaverði til bænda yrði um 38% ef með er talin lækkunin á niðurgreiðslum. Nú er það svo að þriðjungur afurðaverðsins er laun framleiðenda. Það er því ljóst af þessu að laun bænda mundu með öllu þurrkast út ef þessi samningur yrði að veruleika og kæmi til framkvæmda hér á landi.

Ég vek líka athygli á að aðeins ferskt og fryst kjöt eða egg verða undanþegin innflutningi, en það felur í sér að ódýrt soðið kjöt kynni að koma hér á markað í samkeppni við íslenskt kjöt. Hversu mikil hætta er hér á ferð er ekki gott að átta sig á, en hún er greinilega til staðar. Auk þessa ber að leyfa innflutning sem svarar til 3% framleiðslunnar sem á að hækka síðan í 5% og sá hluti innflutningsins á að vera á lágum tollum og hafa því algjöran forgang. Það má því segja að þessi 5% verða eins konar forskot sem erlendir framleiðendur fá. Hvers konar stuðningur við landbúnaðarframleiðslu sem telst markaðstruflandi skal lækka um 20%. Undir þetta falla beinar greiðslur til bænda. Til þess að beinar greiðslur teljist ekki markaðstruflandi verður því að breyta þeim í hreina styrki sem mundu þá verða greiddir hvort sem bændur framleiddu eða framleiddu ekki. Menn geta rétt ímyndað sér hvað slík regla hefði í för með sér fyrir stöðu landbúnaðar hér á landi.

Það er óvíst með öllu hvort upphæðir verða verðbættar. Hæstv. landbrh. upplýsti hins vegar að í einhverjum undirskjölum, sem ekki höfðu náð inn til landbn. í morgun, muni vera gert ráð fyrir að verðbætur verði leyfðar ef verðhækkanir eru meiri en 10% á ári og viðurkenndi að í þessu hlyti að felast gífurleg lækkun á þessum greiðslum við hefðbundnar aðstæður í íslensku efnahagslífi.

Það er ljóst að búvörusamningurinn yrði felldur úr gildi ef þessi samningsdrög yrðu að veruleika og þar með væri verið að kippa grundvellinum undan þeirri miklu hagræðingu í landbúnaðarframleiðslu sem nú stendur fyrir dyrum. Útflutningsbætur eiga að lækka um 36%, en í raun og veru er það ekki aðalatriði málsins. Hitt er kannski miklu merkilegra að 64% af núverandi útflutningsbótum eiga að standa áfram. Ríkustu þjóðir heims munu sem sagt verja gífurlegum fjárhæðum til að greiða niður sína framleiðslu til útflutnings og til að komast inn á markað hjá þeim sem skyldaðir verða til að opna sína markaði. Þó mun minnkun útflutningsbóta leiða til hækkunar á sumum landbúnaðarafurðum, t.d. á korni.

Afleiðingar fyrir íslenskan landbúnað verða að sjálfsögðu margvíslegar og hér hafa margar þeirra verið raktar. Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í dag var á það bent og það kom reyndar einnig fram áðan hjá hv. fyrirspyrjanda að skerðingin á beinu greiðslunum yrði væntanlega miklu meiri en 20%, kannski 50–60%, þegar haft er í huga að viðmiðunarárin eru mjög óhagstæð fyrir okkur hér á Íslandi. Skerðingin yrði síðan enn meiri ef ekki yrði um hagstæðari verðtryggingarákvæði að ræða en rætt hefur verið um.

Áætlanir benda sem sagt til þess að afurðaverð til bænda muni lækka um 20–50% á næstu sex árum og talsmenn bændasamtakanna hafa haldið því fram að framleiðsla mjólkurafurða kunni að dragast saman um 30–50% en sauðfjárafurða eitthvað minna. Þeir hafa einnig bent á að alifuglarækt muni vafalaust hverfa á örfáum árum. Ég tel því ekki ofmælt hjá talsmönnum samtaka bænda að hrun í íslenskum landbúnaði væri fram undan ef þessi yrði niðurstaðan.

Ég vil líka minna á að það er reginmunur á fyrirliggjandi samningsdrögum og því tilboði sem Ísland gerði í GATT-viðræðunum fyrir rúmu ári. Þá var ekki rætt um ótakmarkaðan innflutning búvara heldur einungis um hugsanlega allt að 3% innflutningsheimild og að öðru leyti innflutningsbann. Það var gert ráð fyrir tollum eða jöfnunargjaldi á því sem flutt væri inn, þessum 3%, en nú er reiknað með að þessi 3% og síðan 5% verði án tolla eða með mjög lágum tollum og síðan verði þá lækkunin á tollunum á því sem umfram þetta lágmark er. Verðtryggingarákvæði voru skýr fyrir einu ári, en þau eru það ekki lengur. Þá var gengið út frá því að GATT-samningurinn mundi engu breyta um beinar greiðslur til bænda. Þær áttu að heita grænar greiðslur jafnvel þótt þær væru framleiðslutengdar. Og þá var reiknað með að tollígildi miðuðust við fob-verð, sem felur í sér fjarlægðarvernd fyrir íslenskan landbúnað, en nú er miðað við cif-verð innfluttrar vöru og það veldur því að tollígildið verður töluvert lægra.

Hér hef ég þegar nefnt fimm atriði, öll mjög mikilvæg, öll frábrugðin því sem fólst í tilboðinu sem sett var fyrir einu ári. Geta menn borið það saman við þá glæfralegu fullyrðingu hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum í gær að staða málsins og samningsdrögin séu í meginatriðum hliðstæð því sem um var að ræða fyrir einu ári þegar þetta tilboð var gefið.

Herra forseti. Tími minn leyfir ekki að fjalla öllu ítarlegar um þetta mál. Ég legg þó áherslu á að við Íslendingar erum háðir milliríkjaviðskiptum, meira en flestar aðrar þjóðir og við höfum mikinn hag af sem frjálsustum viðskiptum. Við leitum stíft eftir tollfrjálsum aðgangi að mörkuðum annarra þjóða og heimtum fríverslun með fisk og okkur var auðvitað ekki stætt á því að taka ekki þátt í þessum GATT-samningum og reyna þannig að koma til móts við aðrar þjóðir á sviði landbúnaðarmála. Hitt er alveg ljóst að við verðum að gæta okkar vel ef við eigum að tryggja framtíð íslensks landbúnaðar og við höfum þegar með afnámi útflutningsbóta gengið lengra í átt til frjálsari viðskiptahátta en nokkur önnur þjóð. En vegna þess að samningsdrögin sem nú liggja fyrir taka aðallega mið af sérhagsmunum Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins er mikil hætta á því að innfluttar niðurgreiddar búvörur kippi grundvellinum undan íslenskum landbúnaði á mörgum sviðum.

Ég tel vissulega óljóst í dag hvort samningsdrögin verði samþykkt á næstu vikum. T.d. hefur Efnahagsbandalagið ekki enn samþykkt tillögurnar, en gerir það kannski innan fárra vikna með einhverjum breytingum. Það er almennt viðurkennt að úrslitaslagurinn um efni væntanlegs samnings muni standa á næstu vikum og verða til lykta leiddur á næstu tveimur mánuðum. Ríki sem ekki segir frá fyrirvörum sínum meðan viðræður standa yfir getur ekki haft uppi mótmæli þegar samningsdrögin eru komin í höfn. Viðkomandi ríki á þá á hættu að ekkert mark sé tekið á síðbúnum fyrirvörum og þeim verði jafnvel svarað með refsiaðgerðum. Ríkisstjórnin verður því að taka skýra og ótvíræða afstöðu í þessu máli þegar í stað svo ekki verði sagt að mótmæli Íslands hafi verið of seint fram komin.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Hér uppi á vegg til hægri handar hangir mynd af Jóni Sigurðssyni sem reyndar gekk hér aldrei um sali heldur sótti fundi í öðrum húsum meðan Alþingi starfaði í gamla Latínuskólanum. En eitt af helstu baráttumálum Jóns Sigurðssonar og annarra sem leiddu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld var verslunarfrelsi. Þá höfðu Íslendingar búið við einokun og verslunarhöft öldum saman, en það náðist fram árið 1855 að Íslendingar fengu verslunarfrelsi. Það má segja að frelsi í viðskiptum okkar Íslendinga hafi aukist jafnt og þétt síðan þá en því er ekki að leyna að viðskipti með landbúnaðarvörur skera sig þar úr eins og reyndar gildir víða í heiminum. Það má líka minna á að um það leyti sem Jón Sigurðsson gekk hér um götur hafði verið barist fyrir auknu viðskiptafrelsi í u.þ.b. 100 ár í Evrópu og Ameríku til þess að losna þar undan hagfræðistefnu sem kölluð var merkantílismi og byggðist á endalausum tollum, einkaleyfum og verndun á innanlandsframleiðslu. Þar sem annars staðar hefur frelsi í viðskiptum aukist statt og stöðugt, en landbúnaðurinn er þar að miklu leyti undanskilinn. Þetta á sér ýmsar orsakir og vekur margar spurningar.

Hér eru til umræðu drög að samningi um aukið frelsi í viðskiptum milli landa sem byggist á hinum svokölluðu GATT-viðræðum. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þessa samnings meðan hann liggur ekki fyrir heldur langar mig til að velta vöngum yfir ýmsum atriðum þessa samnings.

Af þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag mætti halda að þessi samningur snúist eingöngu um landbúnaðarmál og viðskipti með landbúnaðarvörur. En samningarnir snerta mun fleiri svið, þar með talið afnám tolla og lækkun tolla sem m.a. snertir sölu á fiski. Þessir samningar snúast um almennan markaðsaðgang, vefnaðarvörur, viðskiptareglur, hugverk í viðskiptum, stofnanir og viðskipti með þjónustu, auk landbúnaðar, sem reyndar er langerfiðasta viðfangsefnið eins og hér hefur komið fram. Þessir þættir GATT-samningsins snerta okkur misjafnlega mikið, en það er langt í frá að það sé eingöngu landbúnaðarkaflinn sem okkur ber að ræða á Alþingi Íslendinga. Hvað um viðskipti með þjónustu svo dæmi sé nefnt?

Í umræðum um atvinnusköpun hér á landi á næstu árum hefur verið margbent á að við Íslendingar höfum mikla þekkingu sem við getum nýtt til að selja í formi ýmiss konar þjónustu til annarra landa og menn eru þegar byrjaðir á slíku eftir því sem kostir gefast. Ef þessi GATT-samningur verður að raunveruleika eins

og hann lítur út núna býður hann upp á ýmsa nýja möguleika á þjónustusviðinu, en þýðir auðvitað um leið að erlend þjónustufyrirtæki geta boðið fram sína krafta hér á landi. Þetta er atriði sem mér finnst alls ekki síður ástæða til að vega og meta þegar þessi samningur er ræddur.

Annað atriði varðar vefnaðarvörur sem hafa verið háðar miklum takmörkunum og búið við ýmiss konar vernd, en það er talið að aukið frelsi í viðskiptum með vefnaðarvörur muni hafa mikla þýðingu fyrir ríki þriðja heimsins, koma þeim mjög til góða, enda veitir nú ekki af að lyfta þeim upp. Við getum spurt þeirrar spurningar hvort þarna kunni að felast einhverjir möguleikar fyrir íslenskan ullariðnað sem því miður býr við mikla niðurlægingu. Þannig er ekki allt svart í þessu samhengi ef menn reyna að nýta sér þá möguleika sem gefast.

Þá má líka nefna tollalækkanir sem snerta útflutning okkar á fiski, svo sem inn á Asíumarkaðina, í löndum eins og Japan og Kóreu, en það kemur reyndar fram í þeim skýrslum sem við höfum fengið að sjá að á því sviði ríkir nokkur tregða og eru þessar Asíuþjóðir að vernda sína hagsmuni.

En áður en ég vík að landbúnaðinum sérstaklega vil ég enn og aftur minna á að viðskiptafrelsi er enn mikilvægara smáum þjóðum en stórum þar sem heimamarkaðurinn er smár og því einhæfari sem framleiðslan er því mikilvægara er að hafa greiðan aðgang að erlendum mörkuðum og það sem víðast. Þetta þekkjum við Íslendingar vel. Og þó að landbúnaður hér á landi sé mikilvægur og menning okkar sé sprottin upp úr bændasamfélagi skulum við ekki gleyma því að þessi þjóð lifir á að selja fisk. Þegar við vegum og metum þennan samning er mikilvægast að setja heildarhagsmuni þjóðarinnar í öndvegi og meta samninginn allan út frá því. Við getum ekki einungis spurt að því hvað þessi samningur þýði fyrir bændur heldur verðum við að spyrja líka: Hvað þýðir hann fyrir neytendur og aðrar atvinnugreinar, ekki síst sjávarútveginn?

En ég ætla að víkja sérstaklega að landbúnaðinum. Það er algjörlega ljóst að eins og GATT-samningurinn lítur út núna boðar hann bændum þessa lands mikil tíðindi. Það er engin furða þótt þeir séu uggandi um sinn hag. Eins og við vitum hefur íslenskur landbúnaður búið við ákveðna vernd fyrir innflutningi á ákveðnum vörutegundum, hann hefur verið verndaður í bak og fyrir um áratugaskeið. Ef við lítum til lengri tíma sjáum við að útflutningur á íslenskum landbúnaðarvörum hefur dregist mjög mikið saman á öllum sviðum og því hefur íslenskur landbúnaður fyrst og fremst þurft að einbeita sér að innanlandsmarkaði þar sem framleiðslan hefur aukist verulega.

Sú vernd sem hér hefur verið í gildi hefur verið í ýmsu formi, svo sem innflutningsbanni og eins hafa verið hér í gildi heilbrigðisreglur sem að mínum dómi eiga vissulega rétt á sér. Ég tel að í þeim viðræðum sem fram undan eru varðandi GATT-samninginn, því það er langt í frá að þeim sé lokið, séu einmitt heilbrigðisreglur það sem ber að leggja mikla áherslu á. Við höfum okkur til stuðnings að saga íslensks landbúnaðar sannar svo ekki verður um villst að okkar dýrastofnar eru ákaflega viðkvæmir fyrir ýmsum sjúkdómum sem hér hafa ekki tíðkast, sem betur fer, og þess vegna er þetta atriði sem vert er að leggja mjög mikla áherslu á.

Samkvæmt þeim drögum sem nú liggja fyrir verður að opna fyrir innflutning á landbúnaðarvörum, en á móti verður tímabundið reynt að verja innlenda framleiðslu með tollum og reglum um sjúkdómavarnir. Menn greinir mjög á um hversu vel þessar reglur muni duga, hvað sjúkdómavarnirnar muni reynast landbúnaðinum góð vörn, og eins er spurning hvað tollarnir duga, en þeir verða fyrst og fremst sem eins konar aðlögun að þeim breytingum sem fram undan eru.

Það hljóta að vakna mjög margar spurningar varðandi landbúnaðinn í ljósi þessara atburða og við hljótum að spyrja hvað eigi að ganga langt í því að verja innlenda framleiðslu, hversu miklu eigi að kosta til. Eiga hagsmunir bænda að ráða þar för eða á að bjóða neytendum upp á hugsanlega sambærilegar vörur á lægra eða sambærilegu verði? Þar er komið að mjög mikilvægu atriði vegna þess að mér finnst gleymast í þessari umræðu að öllum þeim ríkjum sem eiga aðild að GATT-samningnum verður gert að draga saman sinn stuðning við landbúnaðinn sem þýðir þá að vöruverð mun væntanlega hækka, þó það sé ekki ljóst hversu lengi það verður, þannig að á móti hækkun og erfiðleikum í innlendri framleiðslu kemur hækkun á vörum erlendis. Einn af fulltrúum landbrn. sem kom á fund landbn. hélt því fram að þessi samningur yrði neytendum alls ekki í hag. En ég verð að segja að ég á mjög erfitt með að trúa því að það verði ekki verðlækkanir þegar til lengri tíma verður litið og menn verða búnir að skipuleggja þessa framleiðslu.

Í þessu samhengi vil ég líka nefna það, sem skiptir okkur máli eins og aðrar þjóðir, að talið er að GATT-samningurinn muni koma mörgum ríkjum þriðja heimsins mjög til góða. Það er einfaldlega hagsmunamál alls heimsins að staða þeirra ríkja batni. Við erum hluti af þeim heimi líka.

Menn hljóta líka að velta fyrir sér þeirri grundvallarspurningu að hve miklu leyti er æskilegt að þjóð brauðfæði sig sjálf. Ég held að við hljótum að vera sammála um að það sé æskilegt að við getum sinnt okkar þörfum að sem mestu leyti, en það má ekki kosta hvað sem er. Við þekkjum dæmi um þjóðir eins og t.d. Breta sem hreinlega tóku þá ákvörðun á 19. öldinni að fórna sínum landbúnaði. Þeir þurftu reyndar á vinnuaflinu að halda í annað og sáu fram á að þeir gætu náð í mat annars staðar á sambærilegu verði og þeir einfaldlega fórnuðu sínum landbúnaði. Ég er ekki að leggja það til að sú leið verði farin.

Síðan vaknar líka sú spurning hvort staða íslensks landbúnaðar sé jafnslæm og bændur vilja vera láta og hvort þessi samningur muni ríða honum hreinlega að fullu eins og fram hefur komið í umræðunni.

Það hefur þegar verið mörkuð sú stefna hér á landi að draga úr stuðningi við landbúnaðinn og þar er þegar farin af stað mikil endurskipulagning, en sú stefna sem mörkuð hefur verið gengur nokkuð þvert á þá leið

sem verið er að fara í GATT-samningnum og því ekki að ástæðulausu að bændur eru áhyggjufullir þar sem hér hefur verið farin sú leið að taka upp beinar greiðslur til bænda en fella niður útflutningsbætur meðan nákvæmlega þveröfug leið er farin í GATT-samningnum.

Mín skoðun er sú að bændur verði að setjast niður og skoða sína stöðu rækilega og treysta fyrst og fremst á gæði og aftur gæði íslensks landbúnaðar. Ég tel að í gæðum felist sá kraftur sem við getum byggt á. Mér finnst bændur draga upp allt of dökka mynd af því ástandi sem fram undan er og ég held að ef við horfum raunsætt á þetta mál muni verða fyrst og fremst um að ræða innflutning á grænmeti, blómum, ostum og hugsanlega unnum kjötvörum. Ég held að þrátt fyrir allt sé fjarlægðin okkur nokkur vörn því við skulum ekki gleyma því að t.d. mjólkurvörur, eins og nýmjólk, jógúrt og fleira, hafa takmarkað geymsluþol og er ekki beinlínis spennandi ef hér verður farið að flytja slíkar vörur inn þó með flugvélum væri og því fylgir auðvitað töluverður kostnaður.

Ég held líka að við megum ekki vanmeta íslenska neytendur. Við skulum heldur ekki gleyma því að landbúnaðurinn úti í Evrópu er víða byggður á þrautpíndri jörð. Þar má t.d. nefna Holland. Er ekki ólíklegt að Hollendingar ásamt fleiri þjóðum verði að draga úr sinni framleiðslu á næstu árum. En grundvallaratriðið er að landbúnaðurinn er að ganga í gegnum breytingar, hann mun ganga í gegnum enn meiri breytingar og hann verður að verða samkeppnisfær og reyna að standa sig eftir því sem kostur er.

Ég tel að verði af þessum samningi og reyndar áður en hann verður samþykktur verði að skoða allar leiðir til að styrkja landbúnaðinn og samningurinn gerir ráð fyrir því að það verði hægt. Byggðastyrkir verða leyfilegir. Styrkir vegna umhverfisverndar verða leyfilegir. Og þar mætti fleira telja.

Við vitum ekki enn þá hvað verður um þennan samning á næstu vikum. Landbúnaðarráðherrar Evrópubandalagsins hafa lýst því yfir að þessi samningur sé þannig að hann sé ekki hægt að samþykkja, en það er æðra vald í Evrópubandalaginu en landbúnaðarráðherrarnir og því ekki gott að segja hvað um samninginn verður.

En að lokum þetta, herra forseti, þegar við skoðum þennan samning er mikilvægt að skoða hann allan og meta hverjir eru heildarhagsmunir íslensku þjóðarinnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé um að ræða tímabæra umræðu sem sé mjög gagnlegt að fari fram á Alþingi á þessari stundu. Það vekur hins vegar nokkra athygli að hér sjást nánast engir fulltrúar Alþfl. í salnum. Að vísu situr hér hæstv. viðskrh. þessa mínútuna, en aðrir alþýðuflokksmenn hafa nánast ekki sést við þessa umræðu. Hvort það er vegna þess að hér sé um að ræða það sprengiefni innan ríkisstjórnarinnar að menn vilji ekki hætta á að ráðherrum lendi saman skal ég ekki segja um, en vissulega læðist að manni sá grunur.

Ég vil í fyrstu víkja að því að það hefur verið nokkuð mikið um það rætt að hér sé um að ræða skref til fríverslunar með landbúnaðarvörur sem felist í þeim drögum sem hr. Dunkel lagði fram fyrir jólin. Það er að mínu mati alrangt. Það var reyndar staðfest af bæði fulltrúum utanrrn. og landbrn. í morgun á fundi landbn., þeim fulltrúum á þeim bæjum sem hafa fylgst hvað best með þessum málum. Hér er vissulega um að ræða tillögu um breytingu á viðskiptum með landbúnaðarvörur í heiminum en alls ekki skref í átt til fríverslunar. Það bendir allt til þess að það samkomulag sem verið er að leita eftir þessar vikurnar sé samkomulag sem sé Evrópubandalaginu og Bandaríkjunum þóknanlegt. Ég bendi á að það er gert ráð fyrir að þær þjóðir sem hafa varið stjarnfræðilegum upphæðum í stuðning við sinn landbúnað til útflutnings geti haldið því áfram. Það er reiknað með að eftir standi að þær geti haldið 64% af þeim stuðningi sem var á árunum 1986–1988. Ég bendi líka á að Bandaríkjamenn hafa haldið þannig á málinu, en þeirra korngreiðslur eru greiðslur á land og eru himinháar og ráða í raun verðlagningu á korni í Bandaríkjunum og þar af leiðandi verðlagningu á öðrum búvörum sem byggja á korni og verði á korni til útflutnings frá Bandaríkjunum, að þeir haldi þessum greiðslum. Þær eru til viðbótar, þær eru ekki innan þessara 64%, þær standa til hliðar við það. Reyndar hafa útflutningsbætur Bandaríkjanna á korn verið í þessu formi.

Ég vil þess vegna ítreka, virðulegur forseti, að hér erum við ekki að taka um fríverslun og er þess vegna út í hött að tala um í þessu samhengi hvernig íslenskur landbúnaður mundi standa sig í fríverslun með þær vörur í heiminum. Ég bendi á í þessu sambandi að við erum með tvær búgreinar, sem að vísu hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika, annars vegar loðdýraræktina og hins vegar fiskeldið, þar sem menn eru að keppa e.t.v. næst því sem hægt er að tala um fríverslun með landbúnaðarvörur í heiminum. (**ÓÞÞ:** Við erum með þrjár búgreinar.) Hver er sú þriðja, hv. framm íkallandi? En ég nefni þessar sem dæmi. Ég bendi á að það bendir flest til þess í dag að eftir byrjunarerfiðleika í þessum greinum muni þær geta staðið sig í frjálsri alþjóðlegri samkeppni. Það segir kannski sína sögu. Hitt er jafnljóst að ef á að fara að opna allt fyrir innflutningi á hefðbundnum landbúnaðarvörum, innflutningi sem nýtur 64% af þeim stuðningi sem hann hefur notið fram að þessu, rústar það íslenskan hefðbundinn landbúnað. Það er svo einfalt. Að mínu mati getum við aldrei liðið að íslenskum landbúnaði verði fórnað á altari hagsmuna Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna, svo einfalt er málið.

Ég bendi líka á það, sem ég hef margsinnis gert hér á hinu háa Alþingi, að íslenskir bændur hafa á umliðnum árum sýnt meiri sveigjanleika og meiri samstarfsvilja við stjórnvöld til að koma á móts við kröfur um lækkun á framleiðslukostnaði og þar með um lækkað verð til neytenda en ég hygg að dæmi muni finnast um í nálægum löndum. Út frá þeim forsendum

er mjög hastarlegt ef komið verður í bakið á mönnum með því að fylgja ekki eftir eðlilegum fyrirvörum okkar Íslendinga vegna Uruguay-viðræðna um GATT.

Ég vil einnig koma hér, virðulegur forseti, í örfáum orðum að ummælum hæstv. utanrrh. í sjónvarpi í gærkvöld. Nú hygg ég að utanrrh., sem fer með þetta mál fyrir okkar hönd í þessum samningum, sé reyndar í þinghúsinu þó hann kjósi eins og flestir aðrir kratar að vera ekki í þingsalnum meðan þessi umræða fer fram. Ég harma það því, virðulegur forseti, að þurfa að vitna í ummæli hans í gærkvöld að honum fjarstöddum. En það verður að vera mat virðulegs forseta hvort hann vill kalla utanrrh. til.

Í máli hans á fleiri en einni fréttastöð í gærkvöld var málflutningur hæstv. utanrrh. á þann veg að það er ekki nema um tvennt að ræða. Annaðhvort er hann svo illa upplýstur um málið að hann veit ekki um hvað það snýst eða þá hitt að hæstv. utanrrh. kaus að fara þar með blekkingar í þeim mæli að ég kann ekki dæmi um annað verra, ef svo er, úr munni ráðherra. Það var ekki einungis að hann kysi að sleppa grundvallaratriðum í málinu í samanburði á annars vegar ársgömlu tilboði fyrri ríkisstjórnar og því sem nú liggur fyrir heldur fór hann rangt með það sem hann hafði fram að færa. Þar ætla ég einungis að nefna tvö atriði.

Hæstv. utanrrh. sagði að þarna nytum við fjarlægðarverndar. Það hefur verið upplýst að það hefur verið fellt niður. Í öðru lagi ætla ég að nefna að hann taldi að í drögunum sem nú liggja fyrir lækkuðu útflutningsbætur ekki um 65% eins og við vorum tilbúnir að gera heldur 36% og væri það íslenskum hagsmunum þóknanlegt. Þetta er alrangt sem skýrist af því að þetta þýðir að sá innflutningur sem við verðum að keppa við og sem tollígildin verða reiknuð niður frá verður óhagstæðari en annars hefði þurft að vera. Við lendum út frá þessu ákvæði í miklu erfiðari samkeppni eftir að tollígildin hafa verið lækkuð um 36% en annars hefði verið. Ég á bágt með að trúa að þetta hafi hæstv. utanrrh. sett fram vísvitandi þannig. Ég held að því miður sé hitt rétt, að hæstv. ráðherra sé ekki betur upplýstur um málið en þarna kemur fram.

Ég ætla að koma aðeins að því um hvaða hagsmuni er að tefla, hagsmunir hverra eru í húfi. Ég held að bændur séu ekki stærsti hópurinn þar. Ég held að stærsti hópurinn séu þjónustuaðilarnir við landbúnaðinn sem vinna í vinnslunni og við aðra þjónustu tengda landbúnaðinum. Það er ósköp einfalt reikningsdæmi að þeir eru miklu fleiri en þeir bændur sem enn þá stunda frumframleiðsluna. Þetta mun koma við milliliðina. Ég hef um árabil verið talsmaður þess að milliliðir hagræði í sínum rekstri, en hverjir eru þessir milliliðir? Það er alltaf talað um það eins og eitthvað af hinu vonda og er ekkert skilgreint nánar. En milliliðirnir eru öðrum fremur fólkið í landinu sem vinnur við að búa frumframleiðsluna í það horf að hún sé neysluhæf á borð neytenda. Þetta er fólkið sem býr á Selfossi, Egilsstöðum, Blönduósi, Akureyri, Húsavík og svona gæti ég lengi talið. Á þessum stöðum mundu alvarleg áföll í okkar innlendu matvælastöðvum koma þyngst niður. Það mundi spila saman með samdrættinum í sveitunum, en þetta mundi koma miklu þyngra niður þarna en þó á landbúnaðinum sjálfum sem hefur tekið á mjög miklum samdrætti á síðustu tíu árum.

Til viðbótar vil ég nefna að það eru æðimörg störfin á höfuðborgarsvæðinu bæði í þjónustu og úrvinnslu sem beint tengjast þessu. Ég bendi á að þetta er á þeim tíma sem aðstæður í okkar þjóðfélagi eru þannig að það hlýtur að vera hlutverk stjórnvalda númer eitt að við búum að því eins vel og hægt er sem við eigum fyrir. Með þessu móti er ég á engan hátt að draga úr því að það eigi að gera eðlilegar kröfur til landbúnaðarins og vinnslustöðva hans um eðlilega hagræðingu.

Ég ætla, virðulegi forseti, að lokum að koma aðeins að GATT-samningunum sem nú standa yfir í heild. Umræðan hefur nefnilega verið á því stigi að við vitum sáralítið um annað sem felst í Uruguay-samningnum en það sem snýr að landbúnaðinum. Við vitum að þar er gerð sú breyting frá fyrri GATT-samningum, sem fyrst og fremst fjölluðu um tolla á vöruviðskiptum, að nú kemur þjónustan inn til viðbótar. Hvaða hagsmunir þar eru í húfi fyrir okkur hefur ekki á nokkru stigi verið upplýst fyrir Alþingi. Það væri mjög æskilegt að þeir hæstv. ráðherrar sem eru viðstaddir þessa stundina — (**Gripið fram í:** Hvað eru þeir margir?) Ég er að reyna að telja. — mundu reyna að koma því til skila til hæstv. utanrrh., sem ég þykist vita að sitji einhvers staðar í hliðarherbergi, að Alþingi verði upplýst um hvað felst í þessum samningum að öðru leyti og réttarstöðu okkar gagnvart þeim annars. Þar hafa menn verið langt frá því að vera sammála, þeir sérfræðingar sem hafa verið kallaðir til okkar í landbn. Það kom síðast fram í morgun að fulltrúi utanrrn. var ekki viss um hvort þessi samningur, sem nú er verið að gera, leysti eldri samning af hólmi. Taldi þó reyndar að svo mundi ekki vera því að í landbúnaðarkaflanum væri á þó nokkuð mörgum stöðum vitnað til eldri samningsins.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka og ég hef nú komið á framfæri því sem ég hefði helst viljað. En nú sé ég reyndar að einn hæstv. ráðherra hæstv. ríkisstjórnar er genginn í salinn þannig að þeim hefur fjölgað frá því að vera núll upp í einn. Það er væntanlega vegna þess, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þetta mál er eldfimt innan ríkisstjórnarinnar. En ég ætla þá að biðja hæstv. umhvrh. að koma því á framfæri við hæstv. utanrrh. að Alþingi verði upplýst um hvað felst í GATT-samningunum sem kenndir eru við Uruguay annað en það sem fjallar um landbúnaðinn. Það hefur algerlega týnst í þessari umræðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég óska eftir að hæstv. utanrrh. verði gert viðvart um að ég mundi gjarnan vilja hafa hann viðstaddan á meðan ég flyt mál mitt. Þó ég sé ekki að lasta nærveru hv. þm. Árna Johnsen kemur hann ekki í staðinn fyrir hæstv. utanrrh.

Það er svo, herra forseti, að sú tilraun til alþjóðlegra samninga á vettvangi GATT, alþjóðabandalagsins um tolla og viðskipti, sem hófst í Punta del Este í Uruguay 1986, er mjög merk og víðtæk. Það er satt

best að segja furðulegt hversu lengi þessi tilraun vakti næsta litla athygli hér uppi á Íslandsströndum. Það er að mínu mati svo að það er ekki fyrr en málefni landbúnaðarins dragast inn í þær viðræður af miklum þunga og fara að verða ágreiningsmál og áhuga- og hagsmunagæslumenn landbúnaðar á Íslandi fara að taka þau mál upp sem áhugi íslenskra stjórnvalda vaknar yfirleitt. Þannig bar þetta a.m.k. að mér þann tíma sem ég fór með landbrn. og tók til við að sinna þessum viðræðum vegna þeirra augljósu hagsmuna sem landbúnaðurinn gat átt þarna undir.

Þannig er og að viðskipti með landbúnaðarvörur og reyndar matvörur flestar þar með hafa yfirleitt verið undanþegin alþjóðafríverslunarákvæðum um vörur sem og þjónustuviðskipti og fleiri svið sem hér er ætlunin að taka undir. Þetta kemur ekki til eingöngu af þeim ástæðum sem mér fannst gæta í málflutingi hv. talsmanns Kvennalistans — ég tók það svo að hv. 18. þm. Reykv. talaði fyrir Kvennalistann, ef svo er ekki heldur hafi hv. þm. talað um sínar persónulegu skoðanir verður það leiðrétt — að það hafi verið eingöngu sökum íhaldssemi þeirra sem með landbúnaðarmál fara í heiminum að þessu er svo háttað. Hér á einnig í hlut sú staðreynd að matvælaframleiðsla er mjög sérstaks eðlis og viðkvæm. Um hana gegnir að mörgu leyti allt öðru máli í viðskiptum, bæði tæknilega en líka af öryggisástæðum.

Það er löngu þekkt að þjóðir vilja halda í framleiðslugetu matvæla eins og kostur er af öryggis- og sjálfsnægtasjónarmiðum. Það er sömuleiðis ljóst að þessi vara er viðkvæm og erfiðara að koma við greiðum milliríkjaviðskiptum með hana af tveimur ástæðum kannski fyrst og fremst. Annars vegar af því að hún er mjög viðkvæm og þolir oft og tíðum ekki geymslu með sama hætti og ýmis önnur vara, en einnig vegna þess að umtalsverð sjúkdómahætta getur verið samfara viðskiptum með þessar vörur. Í þriðja lagi er svo rétt að vekja athygli á þeirri staðreynd, sem ærið oft virðist gleymast, að heimsviðskipti með landbúnaðarvörur eru hverfandi hluti þeirrar framleiðslu matvæla sem landbúnaður í heiminum stendur fyrir, að talið er um 3%–5%. Um 95%–97% matvælaframleiðslu í landbúnaði í heiminum fer aldrei á heimsmarkað, er ekki hluti af milliríkjaverslun. Þetta er rétt að menn geri sér ljóst þegar þessir hlutir eru ræddir. Ég get ekki annað, herra forseti, en lýst nokkurri undrun á málflutningi hv. 18. þm. Reykv. áðan sem mér fannst nokkuð sérkennilegur miðað við það sem ég hefði getað vænst af einum af talsmönnum Kvennalistans.

Þannig var það eins og ég segi, herra forseti, að mér fannst lengi vel allt of lítill áhugi á þessum merku viðræðum t.d. í utanrrn. Ég fullyrði að utanrrn. dróst inn í þessar viðræður meira vegna þess að hagsmunagæslumenn landbúnaðar voru farnir að hafa áhyggjur af því sem þarna var á ferðinni og gerðu um það kröfur. Þess vegna tel ég að hæstv. utanrrh. ætti að tala mjög gætilega og forðast stóryrtar fullyrðingar um þessi efni m.a. af þeim sökum að ég leyfi mér að halda því fram að hugur hæstv. utanrrh. hafi ærið oft á undanförnum missirum þegar umræður hafa staðið á vettvangi GATT verið nokkuð bundinn við aðra hluti. Ég er þá að hugsa ekki síst um Evrópusamningana og Evrópuviðræðurnar. Það er a.m.k. alveg ljóst að hæstv. utanrrh. sat ekki lokafund lotunnar í lok desembermánaðar 1990 þegar upp úr viðræðunum slitnaði þá. Það gerði ég hins vegar og m.a. sat ég lokaða fundinn þegar upp úr viðræðunum slitnaði og get þess vegna fullyrt að fleira er hér á spýtunni en oft og tíðum kemur upp á yfirborðið.

Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á að hér er tekist á um víðtæka hagsmuni stórveldanna og landbúnaðurinn hefur á köflum í þeim slag verið ákveðið skálkaskjól þar sem togast er á um ýmislegt fleira á bak við tjöldin en eingöngu viðskipti með landbúnaðarvörur. Það eru heildarhagsmunir stórveldanna í þessum víðtæku viðræðum sem koma til með að ráða afstöðu þeirra en ekki eingöngu spurningin um viðskipti með landbúnað. Þau hafa hins vegar gjarnan verið notuð sem taflmenn í þessum slag.

Það er annað sem nauðsynlegt er að menn hafi í huga. Það er að fjölmörg ríki, að ég held einnig Ísland þar með talið, hafa notað andstöðu Evrópubandalagsins sem skjöld fyrir framan sig í þessu máli þó þeirra afstaða hafi í mörgum tilvikum síst verið jákvæðari í garð breytinganna en Evrópubandalagsins. Svo er um Kanada, svo er um Japan, svo er um Austurríki og Sviss, svo er um Suður-Kóreu og svo er um Norðurlöndin, að ég hélt að Íslandi meðtöldu, en að undanskildum að sjálfsögðu Dönum sem taka þátt í þessum viðræðum í gegnum Evrópubandalagið.

Ég leyfi mér að fullyrða, vegna þess að ég hef setið fleiri en einn og fleiri en tvo samráðsfundi landbúnaðarráðherra Norðurlanda um þessi mál, að í þeim hópi var samstaða um að fara mjög varlega í tilslökunarátt. Það varð að vísu á árinu 1990 nokkur breyting í afstöðu Svía, m.a. af persónulegum metnaðarástæðum þáv. landbúnaðarráðherra þeirra sem ætlaði sér alþjóðlega frægð út á forustu í undirnefnd GATT-viðræðnanna um landbúnaðarmál, en fór nú heldur á rassinn með það, og líka var ljóst að þegar Svíar settu stefnuna á inngöngu í Evrópubandalagið breyttist nokkuð þeirra tónn. Þeir vissu sem var að þar með yrðu þeir að sjálfsögðu undir sömu sök seldir og Evrópubandalagið hver sem hún yrði. Eftir stóðu þá Norðmenn, Finnar og Íslendingar. Til marks um þetta tek ég þá óánægju sem fram kom af hálfu allra talsmanna landbúnaðar þessara þriggja Norðurlandaþjóða, sem staddir voru í Brussel í byrjun desember 1990, í garð þess málamiðlunartilboðs sem formaður landbúnaðarhópsins, landbúnaðarráðherra Svía, setti þá fram og gekk að sjálfsögðu mikið skemur en samkomulagstilboð Dunkels.

Hér hefur svo rækilega verið rakinn sá grundvallarmunur sem er á málamiðlunartillögu Dunkels annars vegar og tilboði Íslands frá því á árinu 1990 hins vegar að ég þarf ekki að fjölyrða um það. En ég lýsi furðu minni á málflutningi hæstv. utanrrh. sem hefur reynt að gera því skóna að þarna sé meira og minna sami hluturinn á ferðinni og ekki fælust í því neinar

viðbótarhættur fyrir Ísland umfram það sem falist hefði í tilboðinu frá 1990. Það er að sjálfsögðu alrangt. Heldur þá áfram sá leikur hæstv. utanrrh. sem hófst reyndar þegar þetta tilboð var sett fram með furðulegum túlkunum hæstv. utanrrh. páv. og núv. á því hinu sama tilboði Íslands. Það var nefnilega ljóst að það varfærna orðalag sem er á tilboðinu hvað snertir vilja Íslands til að ræða rýmkun á innflutningstakmörkunum varðandi landbúnaðarvörur var sett fram í ákveðnu ljósi. Það var sett fram með þá vitneskju að leiðarljósi að höfðu samráði við þjóðir eins og Norðmenn og Austurríkismenn að menn væru þar að tala um sáralitla markaðshlutdeild, 1–2% hafði verið nefnt, og innflutningstakmarkanir eða innflutningsbönn að öðru leyti. Það var í því ljósi sem þetta orðalag er sett fram, var a.m.k. því ljósi sem það var stutt af mér og mínum flokki í páv. ríkisstjórn.

Það vill svo til að ég var staddur í Genf þann dag sem tilboð Íslands var lagt fram og hafði þá m.a. fengið upplýsingar frá austurrísku sendinefndinni um að það sem í þeirra huga væri hvað þetta snerti væri stærðargráðan 1–2%. Sama átti við um Kanadamenn. Það er óþarft að taka fram að tilboð Íslands var sett fram að höfðu nánu samráði við þær Norðurlandaþjóðir sem þarna áttu mesta samleið, þ.e. Noreg og Finnland fyrir utan okkur.

Þannig hrekur þetta allt málflutning utanrrh. sem hefur verið harla sérkennilegur í þessu máli og ber keim af því að hann hafi ætlað sér þessa framgöngu í málinu í tilteknum pólitískum tilgangi hér innan lands. En það hefur lengi verið ætlun Alþfl. að rústa þær varnir og þann stuðning sem íslenskur landbúnaður býr við og mér býður svo í grun, og ég leyfi mér að segja það hér, það er best að það komi fram hreinlega hvað ég er stundum að hugsa um hæstv. utanrrh., að honum hafi dottið í hug að þarna sæi hann nokkur færi til að koma þessu hugsjónamáli sínu og Alþfl. í framkvæmd án þess að það þyrfti endilega að tengjast því sem gerðist í þessum GATT-viðræðum. Ég á a.m.k. erfitt með að finna aðrar skýringar á framgöngu og túlkunum hæstv. utanrrh. oft og tíðum í þessum efnum. Ég held að hæstv. utanrrh. hefði átt að hafa þarna færri stóryrði en kannski sinna þessum viðræðum betur og mæta á fleiri fundi sem þarna hafa verið. Hann hefði haft mjög gott af að vera á hinum stórmerka fundi í Brussel desemberdagana 1990. Hann hefði þá verið betur um það fær að dæma eða túlka þessi mál.

Það er engum blöðum um að fletta að það tilboð sem nú liggur fyrir, ef samningsniðurstaða yrði, væri Íslandi afar óhagstætt og gjörsamlega óásættanlegt, m.a. vegna þess að það er svo óréttlátt. Það kæmi svo óréttlátlega niður gagnvart Íslendingum sem eru búnir að ákveða að hverfa frá útflutningsuppbótum og þar með truflandi áhrifum í gegnum slíkt á heimsmarkaðsviðskipti með landbúnaðarvörur, en fengju eftir sem áður ekki að vera í friði með sína eigin framleiðslu og sínar sjálfsþurftir í þessum efnum. Þjóðin flytur nú þegar inn um helming af sinni orkuþörf og það er óásættanleg niðurstaða að mínu mati fyrir okkur sem eyþjóð úti í miðju hafi að geta ekki tryggt betur matvælaframleiðslu okkar en verða mundi ef þessi niðurstaða yrði, gjörsamlega óásættanleg.

Það er líka ljóst að sá hráskinnsleikur sem stórveldin eru hér að leika, ekki síst Bandaríkjamenn, sem gerðir hafa verið að heilögum mönnum í þessu sambandi, er óþolandi. Hvað ætla Bandaríkjamenn að gera? Þeir ætla að halda áfram innflutningstakmörkunum á ýmsum vörum eins og fram hefur komið, jarðhnetum og baðmull og ýmsum fleiri, og þeir ætla að halda áfram bullandi útflutningsuppbótum. Eða hvað kom fram í hinni merku heimsókn Bush til Ástralíu og hvað olli mótmælum ástralskra bænda annað en það að Bandaríkjamenn ætla að kæra sig kollótta um þau áhrif sem þeirra niðurgreiddi útflutningur hefur á ástralskan landbúnað? Þeir ætla hvergi að slaka á þar sem þeirra hagsmunir eru ríkastir en keyra af fullri hörku gagnvart öðrum.

Að sjálfsögðu á Ísland þar með að blanda sér í hóp þeirra þjóða sem vilja reyna að spyrna fótum við ofríki Bandaríkjamanna og fleiri slíkra í þessu sambandi. Ég tel það til mikils vansa að það skuli ekki hafa verið haldið þannig á málefnum Íslands í þessum viðræðum síðustu mánuðina að við höfum stutt og verið í fylgd með þjóðum eins og Kanadamönnum, Austurríkismönnum, Norðmönnum og öðrum slíkum sem þarna hafa verið að reyna að mynda nokkra samstöðu gegn þessari óhagstæðu niðurstöðu svo ekki sé nú talað um ef það er umhyggja fyrir þriðjaheimsþjóðunum sem þarna er á ferðinni. En ég fullyrði að það er ekki hún sem ræður gerðum Bandaríkjanna eða Evrópubandalagsins eða annarra þarna sem eru fyrst og fremst að reyna að setja niðurstöðuna.

Herra forseti. Tíma mínum er nú senn lokið og er það nokkur skaði því að ég hefði getað hugsað mér að segja um þetta þó nokkuð mikið í viðbót, en ég á þó færi á því að koma aftur síðar upp í umræðunni ef hæstv. utanrrh. skyldi t.d. tjá sig eitthvað. Ef hann hins vegar gerir það sem honum væri sæmst, að koma upp og draga til baka ummæli sín frá undanförnum dögum, sem hér hafa verið svo rækilega hrakin, skal ég sannarlega unna honum þess að bæta ráð sitt. En það er algerlega óþolandi að hans túlkun á þessum hlutum standi ómótmælt, enda tel ég að bæði málflutningur fjölmargra þingmanna hér og reyndar það sem kom fram hjá hæstv. landbrh. veki nokkrar vonir okkar um að haldið verði á málstað Íslands með sæmilega myndugum hætti þrátt fyrir hæstv. utanrrh., verð ég eiginlega að segja, og hans frammistöðu í þessu máli.

Ég tel sem sagt, herra forseti, og undirstrika það að ekki hafi verið haldið nógu vel að öllu leyti á málstað Íslands í þessum efnum. Ég tek það skýrt fram að ég á þar ekki við fastanefnd Íslands í EFTA og sendiherra okkar í Genf. Ég tel að hann hafi af veikum mætti, fáliðaður og undirmannaður, reynt að halda sæmilega á þátttöku okkar í þessum efnum, en mér finnst til að mynda utanrrn. hér heima hafa sinnt þessu heldur slælega, enda sennilega verið upptekið talsvert af öðrum hlutum sem það hefur metið merkara þó að niðurstaðan þar sé harla rýr enn sem komið er.

Herra forseti. Ég skal þá senn ljúka máli mínu. Ég

tel óhjákvæmilegt að allt verði reynt sem mögulegt er af Íslands hálfu til að ná fram hagstæðari niðurstöðu með því að setja fram fyrirvara og hefði reyndar átt að gera það strax í sumar þegar umræður hófust á nýjan leik, m.a. vegna og á grundvelli hins nýgerða búvörusamnings sem hefði gefið Íslandi fullnægjandi málsástæður til að setja fram slíkan fyrirvara. Ég tel að það eigi að styðja Kanadamenn og aðra sem eru að reyna að ná fram lagfæringum m.a. á skilgreiningaratriðum. Ég tel að það eigi að reyna að fá skipt á meiri samdrætti í útflutningsuppbótum og minni samdrætti í innlendum stuðningi ef svo ber undir ef þess væri kostur þannig að framlag Íslands inn í þetta samhengi yrði fyrst og fremst í því formi að draga meira saman útflutningsuppbætur sem við höfum þegar ákveðið að gera en halda til staðar okkar innlenda stuðningi, þar með talið beinum greiðslum til bænda. Náist ekki lagfæringar af þessu tagi fram er ekki um annað að ræða að mínu mati en hafna landbúnaðarþætti samningsins.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Já, 7. dagur janúarmánaðar er nú brátt að kvöldi kominn og eins og hæstv. landbrh. sagði í sinni ræðu líður fljótt til 13. dags mánaðarins þegar Íslendingar verða að vera búnir að setja fram fyrirvara sína gagnvart væntanlegu GATT-samkomulagi. Það er vissulega ástæða til að vekja athygli á því að það er ekki mikill tími sem fram undan er. Ríkisstjórnin ræddi þessi mál í dag og ætlar að ræða þessi mál á morgun að því er mér skilst og þá fyrst getur íslenska þjóðin lagt mat á afstöðu íslenskra stjórnvalda til þessara viðræðna. Það er þess vegna vissulega ástæða til að undirstrika það alveg sérstaklega að þennan tíma verða menn að nota vel og við þessar ákvarðanir verða menn að vanda sig.

Ég á reyndar frekar von á að íslenskur landbúnaður eigi í vök að verjast í fríverslunarviðskiptum, en þau samningsdrög sem nú liggja fyrir eru ekki á þeim grundvelli eins og reyndar hefur komið skýrt fram í þessari umræðu. Íslendingar hafa tekið þá ákvörðun að hætta við að flytja landbúnaðarvörur til annarra landa. Þeir hafa fallið frá þeirri stefnu að flytja fé úr ríkissjóði til að greiða fyrir þeim viðskiptum. Íslendingar hafa verið að draga úr fjármagni til landbúnaðarins á undanförnum árum. Þetta er gagnstætt því sem aðrar þjóðir hafa gert. Þær hafa verið að auka fjárstreymi til landbúnaðar sem hefur komið fram í aukinni birgðasöfnun og meiri niðurgreiðslum með útflutningsbótum. Þessi samningsgerð tekur fyrst og fremst mið af þeirri þróun.

Þessi samningsgerð er ekki samningur um frjálsa viðskiptahætti. Þessi samningur er samningur valdsins og peninganna til þess að komast með vörur inn á nýja markaði og það hlýtur að vera öllum mönnum augljóst sem virða þessar staðreyndir fyrir sér hversu þessi samningsgerð, eins og hún liggur núna fyrir, hlýtur að teljast andsnúin íslenskum hagsmunum. Það er grundvallaratriðið í þessum efnum.

Íslensk landbúnaðarstefna hyrfi á sama degi og þessi samningur gengi óbreyttur í gildi. Verðlagning hér innan lands yrði afnumin. Það yrðu afnumin öll ákvæði um stjórn framleiðslunnar. Verðbreytingar milli ára, og taki menn nú eftir því, ganga ekki lengur inn í afurðaverðið. Staðgreiðsla afurða verður að sjálfsögðu afnumin. Allt þetta liggur fyrir og það er umboðssalan sem mundi skila bændunum í landinu afgangnum af því sem eftir væri, þegar afurðirnar væru búnar að ganga í gegnum viðskiptakerfið, sem kæmi í vasa bændanna. Það er staðfest í þessum samningi með alveg ótvíræðum hætti að búvörumarkaðurinn innan lands drægist saman. Í staðinn fyrir að Íslendingar hafa stjórnað þessum málum sjálfir, bændur og neytendur, yrðu það peningaveldin í heiminum sem réðu því með hvaða hætti verð skipaðist til íslenskra bænda. Allt saman eru þetta óhrekjandi staðreyndir. Það er grundvallaratriði að menn geri sér ljóst að það sem styrkir stöðu og fyrirvara okkar Íslendinga eru þær ákvarðanir sem við höfum tekið, ákvarðanir um að draga úr fjármagni til landbúnaðarins, ákvarðanir um það að hætta útflutningi. Það eru einmitt þessi mikilvægu atriði sem nú á að senda gegn okkur Íslendingum í gegnum þennan samning.

Menn hafa haft orð á að þessi samningsgerð væri óljós. Menn hafa líka eðlilega farið nokkuð út í sagnfræðina í kringum þessa umræðu. Skárra væri það! Skárra væri það að menn bæru ekki saman fyrri framsetningar við þá niðurstöðu sem nú liggur fyrir. En þetta er í rauninni ekki það sem skiptir máli. Þessu hefur verið vikið til hliðar. Öllum fyrirvörum hefur þannig verið vikið til hliðar og það sem menn standa frammi fyrir er þessi blákaldi óljósi samningur. Það er augljóst mál að það er engin tilviljun hvers vegna samningsdrögin eru svona óljós. Í þessum samningi eru fundnar leiðir til þess hvernig eigi að skera úr ágreiningi og það verður áreiðanlega mjög mikilvægt viðfangsefni að fjalla um ágreiningsefni í hálfgildings gerðardómi. Þess vegna eru þessi samningsdrög svona óljós.

Hæstv. landbrh. og reyndar líka hv. málshefjandi höfðu orð á því hvernig verðlag mundi þróast á landbúnaðarvörum innan lands á grundvelli fyrstu verðákvarðana og þeir höfðu báðir orð á því að þar mundi verð til bænda þegar í stað lækka um 25%. Ef strangt er lesið í texta samningsins er þessi niðurstaða rétt. En aðrir telja að það megi lesa þetta með öðrum hætti og t.d. hafa Norðmenn ekki skilgreint þessa þætti á þennan veg. Þeir hafa talið og sett fram sína útreikninga með tilliti til þess að viðmiðunarárin eða verðlagið þá nyti verðtrygginga í þessum samanburði og það breytir þessu dæmi í grundvallaratriðum.

En samt sem áður komast menn ekki hjá því á þessari stundu, þegar menn ætla að taka til við að skýra þessi mál fyrir bændum landsins og fyrir íslensku þjóðinni og þegar menn ætla sjálfir að leggja mat á áhrif þessa samnings, að leitast við að komast að niðurstöðu um hver þessi áhrif yrðu. Þá ætla ég að taka einungis eitt dæmi því að vissulega er hægt að fá útreikninga með ýmsum hætti. Í þeim efnum ætla ég að sleppa kjarnfóðurgreinunum, svínum og hænsnum, sem mundu eiga mjög erfitt uppdráttar að ekki sé fastara að

orði kveðið, og ég ætla líka að sleppa blómum, grænmeti og kartöflum sem einnig mundu eiga mjög í vök að verjast í þessum samskiptum. Hins vegar er afar auðvelt að komast að því hvernig staða þeirra greina væri.

Það sem ég ætla hins vegar að benda á er með hvaða hætti gengi fram verðlagning á mjólkurafurðum í þessu landi. Nú skulu menn athuga að þó að tölur séu ýmsar óljósar í þessum efnum er ekki langt að bíða þess að menn verði að skila frá sér marktækum tölum og í raun og veru lagast grundvöllur þeirra ekkert frá því sem nú er. Eins og menn vita þarf að skila inn slíkum upplýsingum fyrir 1. mars nk., eftir rúmlega 1½ mánuð, og lengur verður ekki beðið með það ef samningurinn gengur fram með þeim hætti sem nú horfir. Það er þess vegna auðveldur kostur að leggja þessi mál talnalega niður fyrir sér og annað er í rauninni ekki sæmandi.

Á fundi í landbn. Alþingis í morgun var gerð grein fyrir slíkum talnasamanburði og hann hefur verið endurmetinn á þessum degi með tilliti til hugsanlega betri fáanlegra upplýsinga. Þá verður niðurstaðan sú að í lok þessa samningstímabils mundi mjólkurverð til bænda hafa lækkað um 35,7%. Þetta er í rauninni í samræmi við þær tölur sem komið hafa fram í máli hæstv. landbrh., reyndar þingmanna líka, Ragnars Arnalds og Jóns Helgasonar.

Það er alveg augljóst mál að landbúnaðurinn gæti ekki tekið á móti þessari lækkun á framleiðsluvörum sínum, enda yrði hún trúlega enn meiri þegar betur er að gáð því að markaðurinn mundi dragast saman. Vinnslukostnaðurinn mundi taka hlutfallslega meira af þessum verðmætum og annað eftir því. Það getur ekki talist með neinum hætti óeðlilegt þó að bændur landsins mótmæli þessum samningi á þessum grundvelli. Ég held að það sé ekki ágreiningsefni, ég held að ég hafi heyrt það eftir hæstv. landbrh., kannski þó ekki í ræðu hans áðan, að eins og þessi samningur er er hann óásættanlegur fyrir Íslendinga. Það er grundvallaratriði. Þar af leiðandi legg ég áherslu á það og tek alveg sérstaklega undir þau orð sem fram komu í máli ráðherrans að nú þarf að taka vel til hendi og bændur landsins og íslenska þjóðin verða að fá að vita sem allra fyrst hvaða boðskap íslenska ríkisstjórnin ætlar að leggja fram í áframhaldandi viðræðum 13. jan. nk.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram um efni þessa samnings og það sem við höfum fengið á okkar borð um þær tillögur sem Dunkel hefur lagt fram í GATT-viðræðunum tel ég ekki hægt að fallast á þau drög óbreytt eins og þau liggja fyrir núna að því er landbúnaðarþáttinn varðar. Við heyrðum í fréttum í gær frá talsmönnum landbúnaðarins hvernig þeir líta á þetta mál og við höfum einnig fengið frá þeim ýmis plögg þar sem þeir hafa skýrt sín sjónarmið og hvaða áhrif óbreyttur samningur mundi hafa á landbúnaðinn, þ.e. leggja hann í rúst á skömmum tíma. Þetta er ekki hægt að fallast á.

Þau drög sem Dunkel hefur lagt fram í GATT-viðræðunum virðast í fljótu bragði aðallega miða að því að sætta sjónarmið Bandaríkjamanna og Evrópubandalagsins. Það er verið að hlaupa fram og til baka milli þessara stóru eininga og reyna að sætta þau ólíku sjónarmið sem fram koma hjá þessum tveimur heildum. Lítið tillit er tekið til smáþjóða eins og Íslands og annarra þegar verið er að ræða þessi mál.

Ástæðan til þess að ég tel þessi samningsdrög óaðgengileg fyrir Ísland eru margvísleg, en kannski skýra orð, sem standa í stefnuskrá Kvennalistans sem gefin var út vorið 1991 í tengslum við alþingiskosningarnar, best mína afstöðu. Þar segir á einum stað, með leyfi forseta, þar sem verið er að ræða um innflutning á landbúnaðarvörum:

„Innflutningur á landbúnaðarafurðum miðist við að framleiðsla innan lands anni ekki eftirspurn og gerðar verði ýtrustu kröfur um heilbrigði og sjúkdómavarnir."

Ekki séu fluttar inn þær landbúnaðarafurðir sem við getum framleitt hér á landi nema þegar um skort er að ræða eins og auðvitað er leyft núna. Við höfum fullnægt eftirspurn á mörgum sviðum en þó ekki öllum. Eins og menn vita höfum við ekki getað fullnægt eftirspurn varðandi grænmeti og ýmsar aðrar vörur. Við flytjum inn geysilega mikið af landbúnaðarafurðum eins og allir vita, þ.e. við flytjum inn hveiti og mjöl ýmiss konar og allar mögulegar landbúnaðarvörur. En þegar við erum að tala um landbúnaðarafurðir erum við í flestum tilvikum að tala um þær landbúnaðarafurðir sem við sjálf getum framleitt hér á landi.

Mig langar einnig til, með leyfi forseta, að lesa fleira úr stefnuskrá Kvennalistans. Þar segir á einum stað: „Koma þarf á svæðabúskap þannig að hefðbundinn landbúnaður sé stundaður þar sem heppilegast er, bæði með tilliti til landgæða og nálægðar við markaði. Leggja ber áherslu á að hvert svæði sé sem sjálfstæðust eining og að skipulag framleiðslunnar sé í höndum bænda sjálfra. Þannig á draga úr miðstýringu og ríkisafskiptum í landbúnaði."

Þarna, virðulegur forseti, leggjum við áherslu á í okkar stefnuskrá að hver eining sé sem sjálfstæðust. Það sem hér er verið að gera er andstætt því. Það sem verið er að gera með þeim drögum að samningi sem Dunkel hefur lagt fram er að miða við að landbúnaðarvörur séu fluttar á milli svæða algerlega óháð því hvort framleiðslan er næg á svæðinu. Þetta er í andstöðu við þá stefnu sem fram kemur m.a. í Brundtland-skýrslunni sem miðar að sjálfbærri þróun, þ.e. að hvert svæði standi eins mikið undir sér og hægt er. Ef við leggjum okkar af mörkum til að fullnægja þeirri stefnu hljótum við að reyna að stefna að því að okkar landbúnaður fullnægi innanlandseftirspurn á þeim vörum sem við getum framleitt en við séum ekki að burðast við að reyna að flytja út landbúnaðarvörur vegna þess að það væri ekki í neinu samræmi við þessa stefnu, við reyndum sem sagt að vera sjálfum okkur nóg eins og hægt er.

Mig langar einnig, virðulegur forseti, að lesa eitt í viðbót sem fram kemur í stefnuskrá Kvennalistans, en

þar segir að þróun landbúnaðarins og búháttabreytingar gerist í samvinnu við bændur. Nú er verið með þessum GATT-samningum að taka verulega stór skref til breytinga og eftir því sem fram hefur komið af hálfu bændasamtakanna ekki í samvinnu við bændur þannig að þetta er á mörgum sviðum ekki í samræmi við þá stefnu sem Kvennalistinn hefur mótað í landbúnaðarmálum.

Mig langar einnig að benda á að samningar sem hafa farið fram á undanförnum árum hafa ekki verið teknir fyrir í utanrmn. Það má vel vera að það hafi einhvern tíma verið nefnt, en það hefur ekki verið tekið fyrir að því er mér skilst eftir að ný utanrmn. var kjörin á sl. vori. Ég var í utanrmn. í fjögur ár þar á undan og ég man ekki eftir að þessir þættir hafi verið ræddir sérstaklega, þ.e. um stefnumörkun á þessu sviði. Tel ég mjög ámælisvert að ekki hefur verið haft samráð við utanrmn. og landbn. Alþingis né heldur bændasamtökin.

Ég bendi á, virðulegur forseti, að þau atriði sem verið er að ræða núna eru í andstöðu við það sem Íslendingar vilja að því er skoðanakannanir hafa sýnt ekki alls fyrir löngu. Mig minnir að það hafi verið í nóvember sem gerð var skoðanakönnun um afstöðu Íslendinga til innflutnings á hefðbundnum landbúnaðarvörum og þá kom greinilega fram að meiri hluti Íslendinga vill gjarnan greiða hærra verð fyrir landbúnaðarvörur ef um innlendar vörur er að ræða og vilja ekki að farið verði að flytja inn landbúnaðarvörur sem við getum hæglega framleitt hér á landi. Ég get því tekið undir margt af því sem kemur fram í ályktun stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að samningsdrög þessi eru með öllu óaðgengileg fyrir íslenskan landbúnað, m.a. af eftirfarandi ástæðum: Útilokað yrði að framfylgja hér sjálfstæðri landbúnaðarstefnu, draga mundi stórlega úr matvælaöryggi þjóðarinnar, nýgerður búvörusamningur héldi ekki gildi sínu og kippt yrði grundvelli undan framleiðslustjórn og annarri hagræðingu framleiðslunnar sem samið hefur verið um."

Það eru fleiri atriði, virðulegi forseti, en ég ætla ekki að lesa það hér.

Ég var að vona að með búvörusamningnum, hagræðingu í landbúnaði og breyttri stefnu búnaðarsamtakanna mundi Íslendingum takast að gera landbúnaðinn að atvinnugrein sem mundi verða eins og hver önnur atvinnugrein, mundi aðlaga sig þörfum markaðarins og verða rekin án styrkja og aðstoðar. En ef Íslendingar ganga að þessum samningi óbreyttum að því er varðar landbúnaðinn, erum við að ganga gegn þeirri stefnu sem hefur verið mörkuð hingað til.

Það er mjög sérkennilegt ef ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hennar geta gengið gegn þeirri stefnu sem mörkuð var af síðustu ríkisstjórn án þess að það verði þá tekið sérstaklega til umræðu. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi sé haft með í ráðum og búnaðarsamtökin og tel þess vegna alveg augljóst að Íslendingar verða að hafna þeim drögum að samningi sem þarna hafa verið lögð fram á vettvangi GATT eins og þau liggja fyrir núna, enda hafa aðrar þjóðir gert það eins og t.d. EB. Landbúnaðaráðherrar EB hafa hafnað þessum samningsdrögum þannig að það eru miklar líkur á að þau verði ekki samþykkt óbreytt, en ég tel að Íslendingar eigi að bætast í þann hóp.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er nokkurt skarð fyrir skildi því að engir ráðherrar eru í salnum. Ég fer fram á að forseti beiti sér fyrir því að hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. komi inn og hlýði á mál mitt. Ég hef líka tekið eftir því að hæstv. utanrrh. telur sig ekki varða um hvað hér fer fram. Þar sem málið er nú að hluta til á forræði hans teldi ég eðlilegt að hann væri viðstaddur. Hér er nefnilega um grafalvarlegt mál að ræða.

Alþfl. hefur á undanförnum árum barist fyrir hömlulausum innflutningi búvara og því að ganga á milli bols og höfuðs á íslenskum landbúnaði. Hann hefur sem betur fer ekki náð fullkomnum árangri fram að þessu, en ég tel hættu á að þeim sé að takast núna að ná árangri utan frá. Utanrrh. og hans nánustu samstarfsmenn hafa haldið á þessu máli nákvæmlega í samræmi við stefnu Alþfl., ekki með hagsmuni Íslendinga fyrir augum. Með samningagerð af þessu tagi, ef af yrði, væri ekki bara ráðist á íslenska bændur. Það væri líka ráðist á íslenska neytendur. Íslenskir neytendur vilja fá næga, holla, góða og ódýra búvöru. Hagsmunir íslenskra neytenda eru þeir að búa við öryggi í framboði á búvörum og það yrði ekki ef tilboð Dunkels yrði samþykkt.

Hagsmunir íslenskra neytenda eru að fá ómengaðar búvörur og geta treyst því að þær séu ómengaðar. Sú trygging mundi ekki verða fyrir hendi með innflutningi. Búvara víða um heim er stórlega menguð. Hormónakjöt varð að átakamáli milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna fyrir nokkrum mánuðum. Fólk á meginlandi Evrópu er hætt að þora að leggja sér til munns ýmsar búvörur sem okkur þykir sjálfsagt að neyta og gerum með fullri hollustu. Hagsmunir neytenda eru að eiga aðgang að góðri og ljúffengri búvöru og hana fáum við nú ekki fremur með innflutningi. Hagsmunir íslenskra neytenda eru að fá þessa góðu, hollu og öruggu búvöru á sem lægstu verði og það munu þeir ekki fá með innflutningi.

Ef íslenskur landbúnaður hrynur hækkar að sjálfsögðu í verði það sem framleitt er hér innan lands, þ.e. það sem eftir væri af íslenskri búvöruframleiðslu, og síðast en ekki síst hafa íslenskir neytendur sýnt það í nýlega gerðri skoðanakönnun að þeir vilja fremur íslenska búvöru en gefa innflutning á henni frjálsan. Ef tillaga Dunkels yrði bindandi niðurstaða fyrir Íslendinga mundi hún þýða stærra áfall fyrir íslenskan landbúnað en hann hefur orðið fyrir á síðari áratugum. Ég leyfi mér að vísa til bréfs bændasamtakanna um það mál. Og búvörusamningurinn væri hruninn. Hann er ósamrýmanlegur þeirri tillögu sem Dunkel gerði. Íslenskir bændur yrðu miklu harðar úti en bændur annarra þjóða þar sem þeir eru búnir að taka á sig mikinn skell vegna framleiðslutakmarkana undangenginna ára

og útflutningsbætur tilheyra liðinni tíð. Útflutningsbætur tíðkast hins vegar víðast hvar annars staðar og mjög háar sums staðar.

Með því að gerast aðilar að tillögum Dunkels, þ.e. ef ríkisstjórn setur ekki fram fullnægjandi fyrirvara, er verið að fórna íslenskum landbúnaði, um það þarf ekki að deila. Það er að vísu pólitískt markmið Alþfl. og samræmist ágætlega þeirri þróun. Alþfl. hefur hins vegar viljað telja sig vinsamlegan neytendum, a.m.k. á kjördegi, en nú fer þó svo í því kappi sem hann leggur á þetta mál að ekki sér hann sína menn svo að hann ber þá líka eins og segir í vísunni.

Ég ætla ekki að rekja í smáatriðum áhrif þessa tilboðs ef af samningi verður og vísa til ágætra ræðna sem fluttar hafa verið í þessum umræðum og, eins og ég gat um áðan, úttektar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Ég vil þó nefna örfá atriði í símskeytastíl.

Þessi tillaga Dunkels er sambræðsla af hagsmunum Bandaríkjamanna annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar. Innflutningur á erlendri búvöru yrði gefinn frjáls nema með lítils háttar takmörkunum sem sáralítið hald er í. Útflutningsbætur erlendis mega haldast eða 64% þeirra. Það er ekki hald í takmörkunum á banni við innflutningi á fersku eða frystu kjöti. Þar er sönnunarbyrðin okkar megin að sanna að það kjöt sem hingað er flutt sé af sjúkum svæðum eða af því stafi smithætta. Íslenskar heilbrigðisreglur gilda sem sagt ekki heldur úrskurður nefndar hjá GATT. Ef ekki koma athugasemdir fram teljast þeir samþykkir sem ekki gera þær. Það er meira að segja ekki hægt að banna alfarið innflutning lifandi dýra. Búvörusamningsgreiðslur til bænda eru ekki grænar og því verða þær að hverfa og það verður strax að draga úr niðurgreiðslum um 25% og e.t.v. 65% síðar. Beinar greiðslur þarf þá þegar af þeirri ástæðu að afnema að ef færi eftir GATT-hugmyndinni mundu um 30% þeirra fara til bænda sem búnir eru nú þegar að selja kvóta sinn.

Samkvæmt mati bændasamtakanna mundi leggjast hér niður framleiðsla á svínakjöti, kjúklingum og að verulegu leyti framleiðsla á grænmeti. Mjólkurframleiðslan mundi dragast saman um allt að helming og sauðfjárframleiðsla verulega, kannski um þriðjung, kannski um helming.

Meginatriði málsins er að ríkisstjórnin verður að setja fram fullnægjandi og stranga fyrirvara og gera það á fundinum 13. janúar. Annað er gersamlega óverjandi með hagsmuni íslenskra neytenda fyrir augum, gersamlega óverjandi með hagsmuni þjónustuaðila íslensks landbúnaðar fyrir augum og gersamlega óverjandi með hagsmuni bændastéttarinnar fyrir augum. Ríkisstjórnin verður því vegna þjóðarhags, og ég legg áherslu á vegna þjóðarhags, að setja fram fullnægjandi fyrirvara.

Það verður líka í framhaldinu að breyta meðferð GATT-samninganna og það verður að taka þetta mál úr pólitískri einkaumsjá Alþfl. Fagráðherrar Sjálfstfl. verða að komast að málinu. Áhættan við að setja fram fyrirvara er engin. Það er alger mistúlkun hjá hæstv. utanrrh. að svo sé. Við fyrirgerum ekki rétti okkar til hagræðis af GATT-samningum þó að við mótmælum þessu atriði. Frjáls viðskipti eru í sjálfu sér góðra gjalda verð, þó ekki einhliða af hinu góða. Ég minni á að t.d. fyrir 1970 höfðum við blómlega húsgagnagerð á Íslandi og nú er búið að drepa hana. Sama mundi að sjálfsögðu gilda um landbúnaðinn. Það var stórt skref aftur á bak þegar húsgagnaiðnaðurinn var afskrifaður og það yrði stórt skref aftur á bak að drepa íslenskan landbúnað. Stærra skref þar sem því mundi fylgja byggðaröskun og hrun heilla byggðarlaga og það er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi.

Ég þakka hæstv. landbrh. þá ræðu sem hann flutti áðan. Hún var laus við auglýsingamennsku og skrum sem hæstv. utanrrh. gerir sig gjarnan sekan um þegar hann kemur í ræðustól og segir frá afrekum sínum og hún var raunhæf og rakti að mínum dómi staðreyndir málsins. En niðurstöðuna vantaði í ræðuna, þ.e. svar við þeirri spurningu málshefjanda hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera í málinu. Nú kann að vera að ríkisstjórnin sé ekki búin að ákveða það, ekki búin að koma sér saman um það enn þá hvað hún ætlar að gera og gerir það væntanlega á föstudaginn. Ég geri hér og nú kröfu til þess að hæstv. forsrh. í umboði ríkisstjórnarinnar geri Alþingi formlega grein fyrir þeirri ákvörðun sem kann að verða tekin á föstudaginn strax að henni tekinni, þ.e. þegar fundur hefst hér á föstudag. Hver svo sem niðurstaða ríkisstjórnarinnar kann að verða á Alþingi heimtingu á að því sé greint undanbragðalaust og strax frá því hver ákvörðun ríkisstjórnarinnar er. Nú vill svo vel til að Alþingi situr þessa daga og þetta er einfalt og brotalaust fyrir hæstv. forsrh. Ég kem þessari beiðni hér með á framfæri.

Það er reyndar mín skoðun að ákvörðunin geti ekki orðið önnur en sú að setja fram fyrirvara og það verði að vera fullnægjandi fyrirvarar og því ber hæstv. ríkisstjórn að greina Alþingi frá.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Snemma í þessum ágætu umræðum lét ég skrá mig á lista og var ekkert viss um hvort ég endilega mundi tala í umræðunum en tel samt komið tilefni til að ég geri það og mun reyna að stytta mál mitt.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir gat þess að hún hefði ekki orðið vör við að í utanrmn. hefðu þessi mál verið rædd. Þau hafa auðvitað verið rædd þar oft og mörgum sinnum í tengslum við Evrópumálin sem við höfum rætt í mörg ár, ýmist í Evrópustefnunefndinni sem enn er við lýði og hefur gefið út heila bók um þessi málefni og líka í utanrmn. Í morgun voru þeir í landbn. svo elskulegir að bjóða mér sem formanni utanrmn. að sitja tveggja tíma fund um þessi málefni, einmitt núna á þessum degi, og síðan var fundur í utanrmn. einmitt um þessi sömu mál. Það er því ekki rétt að við höfum ekki sinnt þeim málum, síður en svo, enda má geta þess að fundir utanrmn. hafa verið allmargir og svo vill nú til að fundurinn í morgun var sá 799. talsins frá upphafi í 63 ára sögu þannig að 800. fundurinn verður núna einhvern tíma bráðlega hvort

sem við höldum eitthvað upp á hann eða ekki. En það hafa verið mjög tíðir fundir í nefndinni og yfirleitt vikulega á þessu þingi.

Ég ætla aðeins að fá að lesa inngang að þeim drögum sem unnin hafa verið fyrir Búnaðarfélag Íslands af Katli Hannessyni og eru dags. 2. jan., sem sagt fyrir fáum dögum. Og þau heita, með leyfi forseta: „Hugleiðingar um hugsanleg áhrif samkomulags GATT-þjóðanna á íslenskan landbúnað, inngangur."

„Stefnt er að því að skrifa undir nýtt samkomulag GATT-þjóðanna í janúar 1992 sem m.a. hefur mikil áhrif á viðskipti með landbúnaðarvörur. Samningsdrögin í heild eru yfir 200 síður og skiptast í marga kafla, landbúnaðarkaflinn er 72 síður. Lokadrög voru lögð fyrir 20. des. 1991 sem reynt verður að ná samkomulagi um í janúar 1992. Aðildarlönd eiga að skila inn athugasemdum fyrir 13. jan. 1992."

Ég hef verið sakaður um að hafa a.m.k. í eina 5–6 mánuði farið um það sem rætt hefur verið í utanrmn. og annars staðar um Evrópubandalagsstörfin og sérstaklega Evrópskt efnahagssvæði óvirðulegum orðum, þetta væru drög að samningum, slitrur hef ég notað líka. Ég held að ég hafi einhvern tíma líka sagt eitthvað í þá áttina að þetta væri uppkast að slitrum. Síðasta plaggið sem við fengum hét meira að segja „draft outline". Hérna eru miklu betri enskumenn en ég. Einhverjir þeirra mundu sjálfsagt geta snúið þessu á góða íslensku, en ég held að það sé ekkert ofsagt, mínar þýðingar. Og þetta er svo enn. Hverjir hafa staðfest það best nema þeir sem mest hafa gumað af stuðningi sínum við allar þessar Evrópuhreyfingar og Evrópubandalagið sjálft þegar þar segir að það standi ekki steinn yfir steini, þetta sé allt saman brot á Rómarsáttmála og sé ólög? Þeir hafa dæmt allt þetta starf nákvæmlega jafnsterkt og ég hef gert eða jafnveikt, hvort orðalagið sem menn vilja hafa.

En þetta er ekkert grínmál. Ég vil ekki að menn haldi að í mínum huga séu Evrópusamskiptin eitthvert grínmál. Ég hef sagt að við værum Evrópuþjóð og vildum fá að vera það, en vildum líka fá að vera það í friði. Það hef ég sagt á mörgum fundum með þessum herramönnum, bæði sem formaður Evrópustefnunefndar og utanrmn., að við ætluðum ekki að fórna því sem við ættum, miklu verðmætari hluta af yfirborði jarðar en þeir sjálfir. Við eigum nú eftir réttum reglum hafréttarins stærðarsvæði af yfirborði jarðar, allt norður undir pól, og með samningum við Breta getum við náð um 600 mílur suður í höf og 350 mílur á Reykjaneshrygg t.d. Þar eru öll karfamiðin sem verið er að ræða um. Þetta er allt í hendi og við ætlum ekki að fórna neinu af þessu. En við viljum fá leyfi til að lifa í friði og nýta okkar auðlindir í friði.

Nú er búið að færa að því mjög sterk rök í mörgum ágætum ræðum í dag að við höfum nú þegar ákveðið að greiða ekki útflutningsbætur með þeim vörum sem fara til útlanda. Við ætlum okkur ekki að stunda útflutning á landbúnaðarvörum, a.m.k. ekki að neinu marki. Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir að mæta þessum herrum og segja: Við ætlumst til þess sama af ykkur. Raunar átti sama við um deilurnar í sambandi við Evrópubandalagið og það allt saman.

Þar hefur t.d. Henning Christophersen, aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins sagt, orðrétt man ég það nú ekki, hafði það reyndar hér á borðinu, en þó held ég að ég muni það nokkurn veginn, að Íslendingar hefðu uppfyllt, hann sagði það fyrir 1½ ári eða svo við Evrópustefnunefndina alla saman, í einu og öllu uppfyllt allar sínar skyldur. — Þeir hafa opnað alla sína markaði fyrir okkar iðnaðarvarning og okkar varning yfirleitt. En við höfum brugðist, sagði hann. Það þarf að koma réttlæti þarna á. Við höfum ekki staðið við það sem við lofuðum að gera, sagði þessi forustumaður Evrópubandalagsins. Allt þetta get ég lesið upp orðrétt ef menn vilja, en ég ætla ekki að tefja tímann. Menn vita að ég fer með rétt mál.

Við höfum allt að sækja og við þurfum ekki að knékrjúpa fyrir þessu fólki í Evrópu. Og þeir ætlast heldur ekki til að við knékrjúpum. Af einhverri ástæðu bera þeir einhverja virðingu fyrir okkur Íslendingum því að við höfum getað byggt upp þetta velmegunarþjóðfélag, þessi litla þjóð úti í miðju Atlantshafi, og þeir vilja styrkja okkur en ekki arðræna. Við eigum ekki að bjóða þeim að arðræna okkur. Þeir ætlast ekki til þess, vilja ekki sjá það. Ef rétt er á málum haldið er allt að vinna og engu að tapa að mæta þessum mönnum án blygðunar og við þurfum ekkert að biðja afsökunar á því að við erum til.

Þessi drög eru rúmar 300 síður sem mér skilst á sumum að þeir telji að þeir hafi lesið og viti hvað standi í. En það hef ég ekki gert frekar en aðrir, alla þessa pappíra og öll fylgiskjölin sem eru með þeim. Síðan segir að það megi skipta þeim í markaðsaðgang, sérstök öryggisatriði, innanlandsstuðning, útflutningsbætur, takmörkun á innflutningi vegna dýra o.s.frv. Þetta hefur enginn maður hér inni getað haft tíma til að læra að því gagni að hann geti sagt nákvæmlega hvað í þessu felst. Auðvitað er þetta allt enn þá í mótun og verður í mótun og við eigum að flýta okkur hægt.

Við eigum ekki að fórna neinu af þeim stórkostlega ávinningi sem við höfum unnið í sambandi við okkar landhelgismál og hafréttarmál yfirleitt sem allt er nú tvinnað saman. Og um okkar áhrif erlendis þar sem við viljum beita þeim eins og við gerðum t.d. í deilunni um Eystrasaltslöndin og nutum virðingar fyrir, við eigum ekkert endilega að vera að flagga því að við höfum gert þetta eða gert hitt. Við eigum að gera það sem við teljum rétt og þegar við teljum það rétt og við höfum betri aðstöðu til þess oft og tíðum en stórveldin að ganga á milli manna og taka kannski einhverja áhættu.

Kannski unnum við þorskastríðin af því að við vorum nógu litlir til þess að það var ekki hægt að skjóta á okkur, en þá vorum við að vinna réttindi ekki bara fyrir okkur heldur líka fyrir Breta og önnur strandríki. Og okkar áhrif voru þau að strandríkin sameinuðust um að vísu kannski of miklar kröfur vegna þess að það var talað um að sameiginleg arfleifð mannkyns ætti að vera a.m.k. hluti hafsbotnsins og eitthvað af 200 mílunum. Við vorum hins vegar strandríki og þau eru um það bil ¾ hlutar af löndum heims, strandríkin eru svo

mörg — og við höfum tekið okkar rétt.

Við getum áreiðanlega komið til móts við margt fólk í þessum heimi, en við látum ekki svo undan að við fórnum okkar lífshagsmunum og því sem við eigum að alþjóðalögum.

Ég þarf svo sem ekki að segja neitt meira nú. Það er alveg ljóst að það verður ekki eins og í inngangi num er nefnt að um lokadrög sem voru lögð fram 20. des. 1991 verði reynt að ná samkomulagi í janúar 1992 og síðan eigi að skila athugasemdum fyrir 13. janúar. Það er sjálfsagt að skila athugasemdum. Við erum þegar búnir að því. Við erum búnir að leggja fram okkar plögg sem eru alveg jafngild þeim sem fínu mennirnir með fínu nöfnin hafa verið að senda frá sér. Mér finnst sjálfsagt að athuga það í utanrmn. og ríkisstjórnin gerir það strax á morgun að árétta alla fyrirvara um allt sem þarna stendur. Og það er algerlega fáránlegt að svona víðáttumikil og við skulum segja voldug, alla vega eru það heimssamtök sem eru með GATT-reglurnar, algerlega útilokað að nokkur svo stór samtök geti afgreitt nokkuð í þessu líki á nokkrum vikum. Það verður ekki gert. Við höldum okkar striki og gerum okkar kröfur og stöndum á okkar rétti og sjálfsagt að senda frekari athugasemdir til að tryggja okkur lagalega. En þetta á eftir að taka langan tíma, guði sé lof. Við skulum bara halda okkar striki og okkar ró.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en á fáein atriði vildi ég minnast.

Ég vil í fyrsta lagi fara nokkrum orðum um meðferð þessa máls í fyrri ríkisstjórn. Mig langar einnig til að varpa fram nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh., m.a. með tilvísun til þess sem hann hefur sagt um þennan samning og þá ekki síst hagsmuni neytenda í því sambandi.

Um landbúnaðinn hefur verið ítarlega rætt hér í dag og skal ég stytta mál mitt mjög um hann. Ég átti að vísu ekki kost á að hlusta á hæstv. landbrh., ég var fjarverandi af ákveðnum ástæðum, en mér skilst að skýrsla hans hafi verið mjög samhljóða þeirri skýrslu sem bændasamtökin hafa tekið saman. Sú skýrsla er afar augljós. Þar segir hreint út á síðustu síðu að íslenskur landbúnaður muni aldrei geta keppt við landbúnað annarra landa þar sem heimilt verður að greiða 64% útflutningsbætur áfram eða halda óbeinum styrkjum. Hvorugt af þessu höfum við ætlað okkur. Og það segir í þessari skýrslu og því er ekki á móti mælt að þetta muni þýða að landbúnaður leggist niður í harðbýlli löndum og það er Ísland alveg tvímælalaust. Spurningin er í fyrsta lagi: Viljum við Íslendingar leggja niður okkar landbúnað að mestu leyti? Er það okkur til hagsbóta sem sjálfstæðri þjóð? Er það neytendum til hagsbóta? Ég svara öllum þessum spurningum tvímælalaust neitandi.

Svo ég komi að meðferð þessa máls í fyrri ríkisstjórn verður að segjast eins og er að við vöknuðum upp við vondan draum, getum við sagt, á haustmánuðum þegar við sáum hvert stefndi með þessa samninga í GATT þar sem ekki virtist gætt þeirrar sérstöðu sem Íslendingar hafa í landbúnaðarframleiðslu, ekki síst með tilliti til legu landsins o.s.frv. Þetta var rætt margsinnis í ríkisstjórninni og niðurstaðan varð sú að samkomulag varð um að leggja fram ákveðið tilboð af Íslands hálfu sem ég veit að hæstv. fyrrv. landbrh. hefur rakið hér. Ég vek athygli á að á þessu tilboði, sem var samstaða um í ríkisstjórninni, m.a. af hálfu hæstv. utanrrh., hefur orðið gífurlega mikil breyting í það sem nú er rætt um. Í því tilboði sem við lögðum fram var gert ráð fyrir að heimila innflutning á 1–2% landbúnaðarafurða. Þarna var ekki gert ráð fyrir ótakmörkuðum innflutningi með tollígildum eða slíkri vernd. Ég þarf ekki að fara nánar út í það því ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur rakið það.

Ég sé ekki betur, þegar ég les það sem ég hef fengið í hendur um þennan samning nú, en að um algjöra kollsteypu sé að ræða. Ég sé ekki betur en verið sé með þessum samningi að ná saman sjónarmiðum EB og Bandaríkjanna, bókstaflega ekkert annað. Fyrri samningar strönduðu á því að þessi stórveldi, ef ég má kalla EB það, eða þríhöfða þurs eins og hæstv. utanrrh. kallar það gjarnan, gátu ekki komið sér saman. Á því strandaði þessi GATT-meðferð um áramótin 1990–1991. Nú hefur framkvæmdastjóri GATT lagt sig fram um að mæta þessum tveimur ólíku sjónarmiðum. Og hvernig hefur það verið gert? Það hefur verið gert með því að leyfa þessum tveimur, Bandaríkjunum annars vegar og EB hins vegar, að halda obbanum af því sem þau leggja áherslu á. Það vita allir menn að Bandaríkjamenn styðja sinn landbúnað, jafnvel meira miðað við þjóðarframleiðslu en flestar aðrar þjóðir. Þeir gera það hins vegar með aðferðum sem í þessum samningi eru skilgreindar sem ekki markaðstruflandi. Þeir borga bændum milljarða eftir milljarða fyrir að taka land úr framleiðslu. Þeir borga tekjutryggingar og þeir kaupa upp framleiðslu til að halda uppi verði o.s.frv. Þetta er leyft af því það er ekki talið markaðstruflandi. Það má eflaust lengi deila um það hvort þetta er ekki markaðstruflandi. Fallist er á meginsjónarmið Evrópubandalagsins að mega halda áfram sínum beinu styrkjum við landbúnaðinn, 64% útflutningsbótum. Að Íslendingar — og ég vil reyndar segja Norðurlöndin — skuli fallast á slíkt sjónarmið er ofar mínum skilningi. Ég skil það ekki.

Mér skilst að Kanadamenn hafi haldið þarna langbest á spöðum og andmælt og að við skulum ekki skipa okkur í þann flokk er hreint og beint ótrúlegt og hlýtur að vera af því, sem ég heyrði áðan hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að hæstv. utanrrh. hafi ekki haft tíma til að sinna þessu. Ég vil ekki trúa því, sem sumir segja, að hæstv. utanrrh. og reyndar hæstv. viðskrh. trúi því svo fastlega að allt sem erlent er sé best fyrir okkur Íslendinga. Það er heldur alls ekki svo. Við erum í allt annarri stöðu en þessar þjóðir og hljótum að halda fram okkar sjónarmiðum og okkar stefnu, því sem okkur hentar eins og hv. formaður utanrmn. sagði áðan, og ég treysti því að hann haldi þar fast á spöðum.

Þetta er það fyrsta sem ég vildi leggja áherslu á. Hér er um allt annan samning að ræða en gefið var

undir fótinn með í fyrri ríkisstjórn, gjörsamlega ólíkt. Þetta er að leggjast flatur á magann fyrir Bandaríkjunum og Evrópubandalaginu og ekkert annað. Vitanlega eigum við ekki að taka þátt í því og hafa þar harða fyrirvara fyrir Íslands hönd.

Það eru nokkur atriði, eins og ég sagði áðan, sem hæstv. utanrrh. hefur nefnt, sem komu mér mjög á óvart eftir að ég fór að lesa þennan samning Hæstv. utanrrh. sagði í fjölmiðlum í gær að það væri hrein endaleysa að íslenskum landbúnaði stafaði einhver hætta af þessum samningi. Eingöngu yrði leyfður innflutningur á þremur af hundraði af allri íslenskri landbúnaðarframleiðslu. Er það rangt hjá mér þegar ég les þennan samning, og ég var að lesa hann aftur nú eða það sem ég hef um hann? Leyfður er ótakmarkaður innflutningur, en það má leggja á hann tollígildi sem kallað er eða jöfnunartoll. En þessi tollígildi verða að lækka um 36% á sex árum. Þar með verður íslenskur landbúnaður að lækka sig. Á sama tíma ætlum við að afnema útflutningsbætur hér og beina styrki, en Evrópubandalagið fær að halda því. Það fær hvert smábarn séð hvað það er fáránlegt í raun og veru að leggja sig undir slíkt.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh.: Hefur hann lesið þennan samning? Er það virkilega hans skoðun að hér eigi eingöngu að leyfa 3% innflutning á landbúnaðarafurðum? Er rangt hjá mér að það eigi að leyfa innflutning á öllu öðru, en með tollígildum sem eingöngu verða til fárra ára? Eða er það virkilega svo að verið sé að kaupa frið fyrir íslenskan landbúnað til fárra ára? Ætla hæstv. utanrrh. og aðrir Íslendingar ekki að búa í þessu landi lengur eða hvað?

Það kemur mér líka á óvart, sem ég heyrði reyndar haft eftir hv. þm. Árna Mathiesen nýlega, að mikil vörn væri í þessum samningi af heilbrigðisástæðum. Samkvæmt þeirri skýrslu sem bændasamtökin hafa gert og mér skilst að hæstv. landbrh. styðji er þar eingöngu um að ræða hráar og frystar kjötafurðir. Allar unnar kjötafurðir yrðu frjálsar, allar mjólkurafurðir frjálsar. Eins og hv. þm. eflaust veit framleiðum við ekki smjör án þess að hafa einhvern afgang og ekki rjóma án þess að hafa afgang o.s.frv. Sú fjarlægðarvernd sem hæstv. utanrrh. talaði um yrði þá eingöngu fyrir neyslumjólk. Hefur verið skoðað hvað hún er í raun mikil eða er hagkvæmt fyrir íslenskan landbúnað að framleiða eingöngu neyslumjólk og hafa enga vinnslu úr mjólk?

Ég lýsi einnig undrun minni þegar menn eru að lýsa mikilvægi þessa samnings fyrir neytendur á Íslandi. Ég skil það satt að segja ekki. Vera má að hægt sé að ná fram einhverri verðlækkun með tímanum, en við vitum að til að byrja með mun verða veruleg hækkun t.d. á kornvöru, svo mikil að t.d. svínarækt og kjúklingarækt hér verður líklega útilokað. Við skulum láta það vera þó það sé vissulega mikilvægt. En öll brauðvara og allt slíkt mun hækka. En jafnvel þó það lækki svo einhvern tímann í framtíðinni og heildarlækkun verði á landbúnaðarafurðum hafa menn þá reiknað það dæmi til enda? Hafa menn reiknað þá hagsmuni sem felast í því að neytendur vinna við flutning og vinnslu á landbúnaðarafurðum í landinu? Hafa menn skoðað hvað það er mikill fjöldi sem vinnur við slíkt um landið allt og hafa menn skoðað það atvinnuleysi sem mundi svo sannarlega fylgja eða líta menn bara einhliða á verðið? Eða hvernig er það, hafa menn gert sér grein fyrir því hvort landbúnaðarafurðir sem við fengjum væru af sömu gæðum og þær sem við framleiðum sem eru viðurkenndar sem hágæðavara? Hvernig með hormónakjötið sem fólk erlendis borðar í stórum stíl? Hafa menn athugað það? Hvað segja menn um það? Getum við stöðvað innflutning á slíku?

Nei, ég leyfi mér að fullyrða að neytendur mundu kaupa þetta svokallaða frelsi ofurverði fyrir utan að kippt er einni stoð undan fullveldi og sjálfstæði þessarar þjóðar. Ég ætla ekki að rekja það hér. Það vekur undrun mína hvað núverandi hæstv. ríkisstjórn leggst lágt í þessum málum og leitar stöðugt forsjár erlends valds. Það megum við Íslendingar að sjálfsögðu aldrei nokkurn tímann leyfa okkur.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Nú er komið að nokkrum þáttaskilum í alllöngu ferli viðræðna á vegum GATT sem hafa staðið yfir frá árinu 1986. Mér finnst eins og það hafi svolítið örlað á því í umræðum upp á síðkastið að menn hafi ekki fyllilega gert sér grein fyrir því að þessar viðræður hafi staðið allan þennan tíma og meginmarkmið viðræðnanna hafi verið þau að auka viðskiptafrelsi á tilteknum sviðum, m.a. á sviði landbúnaðar, og auka heimsviðskiptin m.a. á sviði landbúnaðar. Þessu var þó rækilega gerð grein fyrir í upphafi viðræðnanna og þess vegna ætti mönnum ekki að koma svo mjög á óvart að núna þegar við erum komin að ákveðnum þáttaskilum í þessu máli blasa við okkur tillögur sem fela í sér rýmkun á viðskiptum með þessar afurðir. Kannski má þó segja að viðbrögð fráfarandi ríkisstjórnar hafi borið keim af þessu, að menn hafa gert sér grein fyrir að eðli þessara viðræðna var í raun og veru að auka viðskiptafrelsið með tiltekna veruflokka því auðvitað var það þannig, hvernig svo sem við annars lítum á tilboð hæstv. fráfarandi ríkisstjórnar, að það fól í sér verulega breytingu á þeim viðskiptaháttum sem höfðu átt sér stað með landbúnaðarvörur hér á landi.

Ég vek athygli á því, sem kom fram í máli hæstv. landbrh., að samkvæmt því tilboði sem var lagt fram fyrir rúmu ári skuldbundu Íslendingar sig til að draga úr stuðningi innan lands í raungildum um allt að 25% fram að árinu 1996. Jafnframt því lýstum við því yfir að við værum reiðubúnir að rýmka innflutningsheimildir og draga úr magntakmörkunum á unnum mjólkur- og kjötafurðum. Við vorum reiðubúnir samkvæmt þessu tilboði að breyta innflutningstakmörkunum í tolla á vissar landbúnaðarafurðir. Þá kom líka fram í þessu tilboði sá vilji fráfarandi ríkisstjórnar að draga úr útflutningsbótum með það að markmiði eftir 1996 að þær væru felldar niður að fullu. Þetta segir okkur að eðli þeirra viðræðna sem nú eru komnar á nýtt stig var að auka viðskiptafrelsi með tiltekna veruflokka eins og landbúnaðarafurðir og auka heimsviðskiptin með þessa þætti.

Ég tel hins vegar mikilvægt að leggja áherslu á það, sem fram kom í mjög athyglisverðri og fróðlegri ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, 18. þm. Reykv., þar sem hún dró fram að þessar viðræður snúast um miklu fleiri atriði en bara landbúnaðarmálin. Og þó að landbúnaðarmálin hafi að þessu sinni verið tilefni þessarar utandagskrárumræðu er ástæða til að vekja athygli á að ef við náum bærilegum samningi, ef það næst bærileg niðurstaða í viðræðum GATT-ríkjanna, geta falist í þessu gríðarleg sóknarfæri fyrir okkur Íslendinga á mjög mörgum öðrum sviðum og er fullkomlega ástæðulaust að drepa því máli á dreif. Hér er um að ræða mjög þýðingarmikla þætti sem geta skipt miklu um framtíðarþróun íslensks atvinnulífs, sjávarútvegs og iðnaðar eins og fram kom m.a. í máli hennar.

Það er ljóst að í þessum miklu viðræðum, sem hafa staðið yfir allan þennan tíma, hafa hagsmunir mjög vegist á. Það stangast á hagsmunir einstakra ríkja og ríkjaheilda eins og fram hefur komið. Að hluta til ber málamiðlunartillaga Arthurs Dunkels þessa merki. Hún er tilraun til að sætta tiltekin sjónarmið. Vissulega er það rétt, sem fram hefur komið, að hvað landbúnaðarkaflann áhrærir ber tillagan þess merki að þar hafa m.a. ást við ríki Evrópubandalagsins og Bandaríki Norður-Evrópu. Það er engin ástæða til að draga dul á það. Hinu er líka ástæða til að vekja athygli á, að það er ekki svo að dagsetningin 13. janúar sé einhver lokadagsetning í þessum viðræðum. Því fer víðs fjarri.

Ég vek athygli á að á fundi landbúnaðaráðherra Evrópubandalagsins kom fram, og það er raunar sjónarmið Evrópubandalagsins, að það sem muni gerast mánudaginn 13. janúar sé einfaldlega að þessi 108 ríki GATT geti lagt fram sitt álit á málamiðlunartillögu Arthurs Dunkels, framkvæmdastjóra GATT. Að því búnu hefst umræða á nýjan leik þar sem verður vegið og metið innlegg hvers og eins ríkis. Það sem augljóst er m.a. af umræðum sem átt hafa sér stað innan Evrópubandalagsins er að á þeim bæ eru menn fráleitt sammála þeim hugmyndum sem fram hafa komið hjá framkvæmdastjóra GATT. Þeir líta á þetta sem eins konar samningsplagg, eins og ég hygg að Andriessen hafi orðað það, og þeir eru býsna neikvæðir á marga þætti þessa plaggs. Það má líka vekja athygli á því að a.m.k. þrjú þessara ríkja hafa haldið uppi mjög harðri andstöðu við tillögu Dunkels, Frakkar, Írar og Belgíumenn.

Ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að ganga til GATT-viðræðnanna uppréttir og óhræddir. Í þessum viðræðum geta falist, eins og ég hef áður sagt, mjög miklir möguleikar fyrir okkur og það væri alveg fráleitt fyrir okkur að loka einhverjum dyrum í því sambandi.

Vissulega eru hagsmunir landbúnaðarins okkur mjög þýðingarmiklir og þá má síst bera fyrir borð og við þurfum að hyggja að ýmsu í þeim þáttum sem marka sérstöðu þessarar atvinnugreinar hér á landi. Ég nefni í þessu sambandi atriði sem komu með beinum og óbeinum hætti fram í ágætri ræðu hæstv. landbrh. þar sem hann m.a. vakti athygli á því að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að hyggja að mörgu til að geta fallist á þessi ítarlegu samningsdrög Dunkels. Ég hygg að þau séu ekki upp á 300 blaðsíður eins og var nefnt áðan heldur las ég í Economist að þau væru 436 blaðsíður svo að það er kannski ekki við því að búast að við fáfróðir höfum lesið þetta allt frá orði til orðs. Það er sem sagt nauðsynlegt að mínu mati til þess að við getum fallist á þessi drög að það komi til í fyrsta lagi veruleg rýmkun á skilyrðum varðandi grænar greiðslur þar sem tekið sé tillit til okkar aðferða við innlendan stuðning við landbúnaðinn. Það er ljóst að við höfum skipað þeim málum í ákveðinn farveg og haft m.a. að leiðarljósi að draga úr almennum stuðningsaðgerðum við landbúnaðinn, gera honum kleift að standa á eigin fótum og skipa málum þannig að það verði ekki um að ræða umframframleiðslu. Sérstöðu okkar varðandi okkar aðferðafræði í þessum efnum verður að viðurkenna með einum eða öðrum hætti. Annars er ekki um að ræða ásættanlega niðurstöðu.

Það hefur líka komið fram að sérstaða okkar bústofns og sú staðreynd að við höfum búið við fjarlægðarvernd og einangruð skilyrði hefur gert að verkum að við þurfum að gera mjög miklar kröfur varðandi innflutning á lifandi dýrum. Sjónarmið okkar í þessu sambandi verða fyllilega að fá viðurkenningu. Mér er ljóst að það hníga mjög umtalsverð vísindaleg rök að því að ekki komi til greina að heimila innflutning á lifandi dýrum til landsins, en þetta þarf að vera niðurneglt og tryggt til þess að við getum fallist á þá rýmkun í viðskiptum með landbúnaðarvörur sem er verið að impra á.

Í þriðja lagi má nefna, svo að ég tæpi á nokkrum atriðum, að viðmiðunartíminn árið 1986 er okkur afar óheppilegur. Þess vegna hljótum við að gera kröfu til þess að staða okkar í þessu máli sé skoðuð alveg sérstaklega og rýmkað til í þessu sambandi.

Þetta eru nokkur atriði sem ég taldi ástæðu til að árétta í ræðu minni. Ég ítreka enn á ný að ég tel að við Íslendingar eigum mikla hagsmuni af því að frelsi í heimsviðskiptum sé sem mest. Við erum vöruútflutningsþjóð sem lifir á því að eiga sem greiðastan aðgang með afurðir inn á sem flesta markaði. Þróun mála í heiminum hefur líka verið þannig alveg frá lokum heimsstyrjaldarinnar að heimsviðskiptin hafa verið að aukast. Á sama tíma og völuframleiðslan jókst í GATT-ríkjunum fimm- eða sexfalt á árunum 1950–1984 jukust heimsviðskiptin a.m.k. fimmtánfalt með þessar vörur. Það segir okkur að þróunin í heiminum er einfaldlega í þessa átt. Árið 1986 komust menn að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að stíga næsta varfærnislega skrefið m.a. á sviði landbúnaðar og fleiri þátta. Við eigum að taka þátt í þeim viðræðum með opnum huga, djarfir og óhræddir, en við eigum að halda fram okkar sérstöðu sem er allnokkur. Við getum fært að því gild rök og það eigum við að gera eins og mér fannst ræða hæstv. landbrh. vissulega bera vitni um.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli málshefjanda, hv. 2. þm. Suðurl., er þetta ekki umræða um

GATT-samkomulagið heldur var beint nokkrum fyrirspurnum til hæstv. landbrh. um stöðu íslensks landbúnaðar í framtíðinni í ljósi væntanlegrar niðurstöðu af GATT-samningum sem ekki liggja endanlega fyrir. Vegna þess að þannig er í pottinn búið er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess fyrir utanrrh. að setja á langar tölur um GATT út af fyrir sig, en hins vegar hafa komið fram nokkur atriði í umræðunum sem gefa tilefni til athugasemda.

Hér hafa vissulega fallið stór orð, orð á borð við það að ef þetta samkomulag tækist nú væru dagar íslensks landbúnaðar taldir, íslenskur landbúnaður lagður í rúst, samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar engin. Menn hafa haft uppi orð um að trú ríkisstjórnarinnar á það sem erlent er væri slík að menn sæju ekkert annað, það væri verið að fórna íslenskum landbúnaði o.fl. í þessum dúr. Þessi orð hafa einkum komið frá talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna tveggja, þ.e. Framsfl. og Alþb. (**Gripið fram í:** Og Sjálfstfl.) Ég tók hins vegar eftir því að talsmaður Kvennalistans í þessum umræðum lét vera að fara með svona fleipur.

Þegar hér er komið umræðunum er sérstök ástæða til að víkja að því að á sínum tíma var sett fram með formlegum hætti af hálfu þáv. ríkisstjórnar ákveðið tilboð í þessum GATT-viðræðum. Þetta tilboð er ég með í höndunum og það var afhent með formlegum hætti fyrir hádegi að morgni dagsins 13. nóv. árið 1990. Að þessu tilboði stóðu þáv. stjórnarflokkar allir sameiginlega, þ.e. Framsfl., Alþb. og Alþfl., og það gerði þáv. landbrh. að sjálfsögðu að höfðu samráði við samtök bænda. Og hvað fólst nú í þessu tilboði? Í því fólst í aðalatriðum eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

Að því er varðaði stuðning innan lands við landbúnaðarframleiðslu af hálfu ríkis eða skattgreiðenda var það tilboð gert að lækka hann á umtöldu árbili um fjórðung eða 25%. Í þeim samkomulagsdrögum sem nú liggja fyrir er talað um að minnka þann stuðning við landbúnaðarframleiðslu af hálfu skattgreiðenda í gegnum fjárlög um 20%, þ.e. fimmtung minna en fólst í tilboði fyrrv. ríkisstjórnar.

Í annan stað varðandi annað meginatriðið, þ.e. útflutningsbætur, fólst í tilboði fyrrv. ríkisstjórnar tilboð um að skuldbinda sig til að draga úr útflutningsbótum um 65% frá og með árinu 1996, 65%. En í þeim samkomulagsdrögum sem nú eru til umræðu er talað um að draga úr útflutningsbótum um 36%.

Þá er það þriðja meginatriði tilboðsins sem fjallaði um markaðsaðgang. Um það segir svo, með leyfi forseta, í tilboði fyrrv. ríkisstjórnar:

„*Ísland er reiðubúið að auka frjálsræði í innflutningi og draga úr magntakmörkunum að því er varðar unnar mjólkur- og kjötafurðir.*"

Fyrirvörum er lýst. Þeir eru þessir:

1. Með vísan til heilbrigðisreglugerða þar sem lögð er áhersla á sérstöðu Íslands vegna einangrunar og *meiri smithættu innlendra bústofna.*

2. Gerður er fyrirvari að því er varðar þann mun sem kann að vera á ólíkri verðbólguþróun hér á landi og í helstu viðskiptalöndum.

Að þessum fyrirvörum gerðum segir hins vegar að Ísland sé þá reiðubúið til, í staðinn fyrir að draga úr magntakmörkunum og heimila innnflutnig á þessum afurðum, og það er fjórða meginatriðið, að lækka þau jöfnunargjöld sem sett yrðu á í staðinn fyrir aðrar magntakmarkanir um 30% fram að árinu 1996. Í því tilboði sem nú er verið að ræða, þ.e. í þeim samkomulagsdrögum sem nú er verið að ræða, er verið að tala um 36%.

Þetta var það tilboð sem gert var með fullu samkomulagi í fyrrv. ríkisstjórn, með fullu samkomulagi af hálfu Alþb. og Framsfl. og fullu samkomulagi við þáv. landbrh., vissulega í fullu samkomulagi við þáv. hæstv. forsrh. sem hér talaði áðan nokkuð ógætilega í ljósi þessa tilboðs, og um það var enginn ágreiningur.

Í ljósi þeirra gífuryrða sem hér hafa verið látin falla er ástæða til að spyrja: Voru hér að verki menn sem vildu leggja íslenskan landbúnað í rúst? Voru hér að verki menn sem sátu á svikráðum við íslenskan landbúnað? Voru hér að verki menn sem höfðu slíka ofurtrú á því sem erlent er að þeir vildu fórna íslenskum landbúnaði? Að sjálfsögðu ekki. Hér voru að verki föðurlandsvinir, ættjarðarvinir, þjóðernissinnar sem höfðu tröllatrú á íslenskum landbúnaði og íslenskri bændastétt, sérstaklega ef eitthvað mætti nú gera til að leysa íslenska bændur úr viðjum ánauðar þess einokunarkerfis sem leikið hefur þá grátt á undanförnum áratugum. Það var allt og sumt. Gífuryrðin falla þess vegna um sjálf sig og þau eiga sér enga stoð í veruleikanum. Reyndar held ég á ályktun sem var verið að senda inn á þingbekkina áðan frá Félagi ísl. iðnrekenda, það er hagsmunafélag úti í bæ sem stóð í þeim sporum þegar Íslendingar gengu í EFTA 1970 að standa þá frammi fyrir aukinni samkeppni. Þeir vísa til þeirrar reynslu og segja svo, með leyfi forseta:

„Fullyrðingar um að landbúnaður muni leggjast að mestu af á Íslandi vegna þess að hingað flæði niðurgreiddar landbúnaðarafurðir eru rangar. Það er ljóst að heimsmarkaðsverð á landbúnaðarafurðum mun hækka í kjölfar samningsins." — Innskot mitt er að þetta kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn. áðan og er það sem var sérstaklega rétt í ræðu hans. — „Heimsmarkaðsverð á landbúnaðarafurðum mun hækka í kjölfar samningsins auk þess sem tollígildun kemur í veg fyrir að innfluttar afurðir verði seldar hér eins ódýrt eins og annars væri hægt. Auðvitað verða breytingar þegar landbúnaðurinn þarf að takast á við nýjar aðstæður. Það er eðlilegt, óumflýjanlegt og nauðsynlegt."

Og hvað er það sem er eðlilegt, óumflýjanlegt og nauðsynlegt? Það er að sjálfsögðu svokölluð markaðstenging landbúnaðarins sem var yfirlýst markmið þeirra velviljuðu föðurlandsvina sem unnu að því kappsamlega í sjömannanefnd í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að koma fram breytingum á þáverandi ríkjandi landbúnaðarkerfi og gengu svo langt í því efni að með fullu samráði við bændasamtökin sömdu þeir þá um það að bændur vildu ganga svo langt að falla með öllu frá útflutningsbótum sem eru að sjálfsögðu eins og fram kom í rökstuðningi þeirra þá „heimskulegasta form stuðnings við nokkra atvinnugrein sem um getur og ekki þeirri þjóð í hag í samanburði við aðrar þjóðir

sem eru svo vitlausar að vilja halda svo heimskulegum stuðningsaðgerðum". (Gripið fram í.) Ég var að tala um föðurlandsvini, ættjarðarvini og fyrrv. aðildarflokka og stuðningsmenn fyrrv. ríkisstjórnar sem gerðu ákveðið tilboð í GATT, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, sem við höfðum þá fulla samstöðu um, og vil halda því til haga að menn afflytji ekki þetta góða tilboð heldur standi við það. (**ÓÞÞ:** Er ekki Gylfi guðfaðirinn að útflutningsbótunum?) Hv. þm., sé það svo er það þá ekki fagnaðarefni að þær skulu lagðar af út frá bæjardyrum hv. þm.? (Gripið fram í.) Það er nú það.

Eins og ég vék að í upphafi er margt að segja um þetta GATT-tilboð umfram það sem hér hefur verið sagt, en vegna þess að það mál er ekki á dagskrá heldur eingöngu málefni landbúnaðarins læt ég út af fyrir sig útrætt um það að öðru leyti en því að menn mega þó ekki gleyma einu. Íslendingar eru sú þjóð sem einna mest er háð utanríkisverslun í heiminum, lifir nánast á utanríkisverslun, flytur út matvæli og flytur inn flest annað það sem hún þarf til að halda hér uppi lífskjörum nútímaþjóðfélags. Við eigum þess vegna eins og reynslan hefur kennt okkur öðrum þjóðum fremur mikilla hagsmuna að gæta í alþjóðasamningum til að tryggja okkur markaðsaðgang og við höfum aðeins tvær leiðir til þess. Fyrri leiðin er fríverslunarsamningar af því tagi sem við höfum gert um Evrópskt efnahagssvæði og hitt er GATT-samkomulagið. Það er reyndar athyglisvert að þeir sem hafa haft hér uppi stærst orð um GATT-samkomulagið vitnuðu gjarnan til þess að það væri fyrirmyndin þegar þeir höfðu allt á hornum sér um EES-samkomulagið. En ég held að niðurstaðan sé í reynd svipuð og fram kom í orðum norska forsætisráðherrans, Gro Harlem Brundtland, eins og frá því var skýrt í fréttum fyrir tveimur sólarhringum þegar hún beindi orðum sínum til þeirra sem mestir voru andstæðingar hvors tveggja, að Noregur ætti nokkra aðild að GATT-samningnum, að Noregur ætti nokkra aðild að EES-samningnum, hvað þá heldur að Noregur tengdist Evrópubandalaginu. Þar voru saman komin þau öfl í norsku þjóðfélagi sem hafna öllum þeim kostum sem gætu tryggt Noregi það sem þessir aðilar hinir sömu leggja á höfuðáherslu, þ.e. að auka efnahagslegar framfarir, hagvöxt og að bæta lífskjör meðal norsku þjóðarinnar. Menn hafna leiðunum öllum, gagnrýna stjórnina fyrir þær leiðir sem hún vill fara, en í þessu er að sjálfsögðu ekki heil brú.

Leyfist mér að lokum, virðulegi forseti, að rifja upp að Íslendingar gerðust aðilar að GATT til bráðabirgða þó árið 1964, en fullgildir aðilar árið 1968. Við tókum þátt í tveimur fyrri umræðulotum GATT-samninganna, svokallaðri Kennedy-lotu 1964–1967 og svokallaðri Tókíó-lotu 1973–1979. Í hinni fyrri náðist sá árangur sem lífskjör Íslendinga hafa byggst á síðan, þ.e. það var samið um afnám tolla á fiskblokk í Bandaríkjunum og verulega tollalækkun á ýmsum öðrum sjávarafurðum, þar á meðal lagmeti, og reyndar ullarvörum sem var upphafið að vexti og viðgangi ullariðnaðar á Íslandi. Í Tókíó-viðræðunum náðum við því að fá tollfrjálsan kvóta fyrir fryst fiskflök og mjög verulegum lækkunum á tollum á lagmeti, humar, hörpudisk, heilfrystum fiski, þorskalýsi sem og verulegar tollalækkanir á ullarvörum og við náðum tollkvóta á lækkuðum tollum fyrir osta og tryggðum þar að auki tollalækkanir fyrir íslenskar útflutningsafurðir í Japan og Kanada.

Þetta minnir okkur á hverjir eru hagsmunir matvælaútflutningsþjóðarinnar Íslendinga í þessum málum, en í guðanna bænum höfum eitt hugfast: Ýkjusögur um að þessir samningar að því er varðar landbúnaðarþáttinn muni leggja íslenskan landbúnað í rúst eru ámóta haldbærar og fullyrðingar fulltrúa sömu flokka um að aðild okkar að EFTA á sínum tíma mundi leggja íslenskan iðnað í rúst eða binda endi á íslenskt sjálfstæði. Svona fullyrðingar eru ekki samboðnar ábyrgum stjórnmálamönnum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til að mótmæla endurteknum tilraunum hæstv. utanrrh. og furðulegum tilraunum hæstv. utanrrh. til að leggja að jöfnu annars vegar tilboð fyrri ríkisstjórnar frá 1990 og hins vegar samningsgrundvöll Dunkels. Það getur aðeins annað tveggja verið á ferðinni, að hæstv. utanrrh. kæri sig kollóttan þó að hann opinberi algert þekkingarleysi á þessum málum, gersamlega, algert og fáheyrt þekkingarleysi á þessum málum. Það hefur svo rækilega og ítrekað með rökstuddum hætti verið farið yfir það í dag hver grundvallarmunur er á þessu tvennu að við hljótum að taka það þá þannig að utanrrh. sé þá alveg sama í stráksskap sínum þó að hann verði á Alþingi ber að fullkomnu þekkingarleysi á þessum hlutum eða hitt að hann sé enn að rembast við að fara fram með vísvitandi blekkingum sem væri auðvitað sýnu verra, að hann sé þrátt fyrir betri vitund, ef hún er fyrir hendi, eftir sem áður að reyna að blekkja menn. Það er að vísu svo að hæstv. utanrrh. varð snemma ber að því í þessu máli að fara frjálslega fram með túlkanir, samanber það þegar hann í fjölmiðlum nokkrum dögum eftir að tilboð fyrri ríkisstjórnar var sent fullyrti, og sumir hans flokksbræðra, að í því fælist m.a. tilboð um að leyfa innflutning á tilteknum vörutegundum eins og jógúrt. Síðan kom á daginn að þetta var fleipur. Þannig varð hæstv. utanrrh. snemma ber að vanþekkingu eða blekkingum, annað tveggja nema hvort tveggja sé, í þessu máli og er það ekki gott.

Ég mun óska eftir því, hæstv. forseti, að vera settur á mælendaskrá þannig að ég geti í síðari ræðutíma mínum farið rækilega yfir muninn á þessu tvennu sem er að vísu þegar búið að gera en það er rétt að reyna að gera eina tilraun enn fyrir hæstv. utanrrh., ef hann má þá vera að því að sitja áfram undir umræðum, til að útskýra fyrir honum þennan grundvallarmun sem öllum þingheimi er auðvitað orðinn ljós, bændasamtökunum og öðrum sem sett hafa sig inn í þessi mál er ljós og vonandi flestöllum Íslendingum nema hæstv. utanrrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í lengstu lög halda í þá

barnatrú mína að enginn verði með orðum veginn. Ég vek athygli hv. þingheims á þeim orðum sem fram komu frá hv. þm. sem voru í þeim dúr að sá sem hér stendur hefði opinberað fullkomlega þekkingarleysi sitt, hann hefði farið með vísvitandi blekkingar, hann hefði opinberað fáfræði sína. En það sem á skorti var að hv. þm. færði nokkur rök fyrir — hvað eigum við að kalla þetta — þessum áburði eða þessum gífuryrðum.

Það sem ég gerði, hv. þm., er að fara með staðreyndir úr hinu íslenska tilboði lið fyrir lið, tölu fyrir tölu. Það eina sem ég hef gert er að skýra frá því eins og ég hef áður gert í ríkisstjórn og mun vafalaust gera á vettvangi utanrmn. og víðar, að fara með staðreyndir um hvert tilboðið var. Síðan getur okkur hv. þm. greint á, við getum haft ólíkar skoðanir á þessum hlutum, en ég bið hv. þm. að athuga að hvergi hefði ég látið mér um munn fara yfirlýsingar um að hæstv. fyrrv. landbrh. opinberi þekkingarleysi, fari vísvitndi með blekkingar eða opinberi fáfræði þrátt fyrir að okkur kunni að greina lítils háttar á.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók fram að ég vonaði að þetta væri vegna þekkingarleysis hæstv. utanrrh. því að þá ættu ekki við hin síðari orðin sem lutu að öðrum og þá verri ástæðum fyrir því að hann talar með þeim hætti sem hann gerir.

Ég mun í síðari ræðu minni flytja enn þau rök sem var rækilega farið yfir í umræðunum fyrr í dag og ég vísaði til, hæstv. utanrrh., m.a. af hv. þm. Ragnari Arnalds sem gerði í 15 mínútna langri ræðu mjög skilmerkilega grein fyrir þeim grundvallarmun sem er á þessu tvennu, annars vegar tilboði fyrri ríkisstjórnar og hins vegar samningsgrundvelli Dunkels.

Ég tel, úr því að ég hef ekki nema eina mínútu til umráða í þeim efnum, að best sé að fara yfir það hvernig hæstv. utanrrh. vitnaði í tilboð fyrri ríkisstjórnar áðan, hverju hann sleppti að lesa til að sýna fram á málflutning hans. Hann las upp úr tilboðinu þessa setningu, með leyfi forseta: „Ísland er reiðubúið til að rýmka innflutningsheimildir og draga úr magntakmörkunum á unnum mjólkur- og kjötafurðum", en hætti þar því að í næstu setningu tilboðsins stóð: „Hins vegar verða áfram í gildi innflutningstakmarkanir á þessum vörum vegna legu landsins og til að tryggja öruggt framboð á matvælum."

Í næstu setningu í tilboðinu var tekið fram að Ísland mundi áfram krefjast þess að magntakmarkanir yrðu í gildi. Þetta er horfið út úr tilboði Dunkels núna og er einn mesti grundvallarmunurinn sem þar er á, annars vegar tilboði Íslands og hins vegar þeim samningsgrundvelli. Svo er um fjölmörg fleiri atriði eins og önnur viðmiðunarár, eins og verðbætur, eins og öðruvísi skilgreiningar á stuðningsaðgerðum, eins og fob í staðinn fyrir cif sem þarna er komið inn, en stærstur er þó munurinn hvað varðar rýmkun á innflutningsreglum því það var ljóst að á bak við orðalag tilboðsins frá 1990 lá samstaða þeirra þjóða sem þannig tilboð settu fram um að þar væri um 1–2% markaðsaðgang að ræða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hver eru meginatriði þessa máls? Mætti ég biðja hv. þm. að kynna sér greinargerð frá hagfræðingi bændasamtakanna þar sem hann dregur saman hver séu meginatriði þessa máls og allir þeir sem þekkja þetta mál vita hver eru? Þau eru þessi:

Hvaða tillögur eru uppi um að draga úr innanlandsstuðningi við landbúnað? Í íslenska tilboðinu var að draga það saman um 25%, í núverandi umræðuvettvangi um 20%.

Annað meginatriðið varðar útflutningsbætur. Í íslenska tilboðinu var tilboð um að draga úr þeim allt að 60%. Í þeim samkomulagsgrundvelli sem nú liggur fyrir 36%.

Hvert var þriðja meginatriðið í þessum samningum? Það er um hvort eigi að opna fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir í staðinn fyrir bann eða kvóta. Og þriðja meginatriðið í tillögum fyrrv. ríkisstjórnar var að það var opnað fyrir innflutning á unnum mjólkur- og kjötafurðum. Það kom skýrt fram í mínu máli að auk þess hefðu verið settir fyrirvarar þar sem aðalatriðin væru annars vegar heilbrigðisreglugerðir, hins vegar vísan til mismunar í verðbólguþróun.

Fjórða meginatriðið varðar það að úr því að búið var að gera tilboð um að draga úr magntakmörkunum og heimila þann innflutning sem hér stendur fallast Íslendingar á að lækka jöfnunargjöldin sem kæmu í staðinn um allt að 30% á sex árum. Í umræðugrundvellinum nú er verið að ræða um 36%.

Ég bið hv. þm., sem fer með stóryrði um að verið sé að snúa út úr, að halda sig við staðreyndir. Ég hef ekkert sagt annað en það: Þetta eru staðreyndirnar um aðalatriði hins íslenska tilboðs. Það hefur enginn mótmælt því að þetta eru staðreyndirnar, enda verður þeim ekki haggað, hv. þm. Svo geta menn sagt: Já, en það er sitthvað fleira. Ég hef í stuttu máli einungis haldið mig við aðalatriðin og þau standa óhögguð, hv. þm.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sumu leyti verður mitt andsvar endurtekning á því sem kom fram áðan. Þó vil ég byrja með því að benda hæstv. utanrrh. á mjög fróðlega greinargerð frá amerískum hagfræðingi, Paul Krugman, sem hann gerði fyrir Seðlabanka Íslands. Þar gerir hann samanburð á innflutningi og útflutningi landa og kemur fram að við Íslendingar erum langt frá því að vera mest háðir slíkum viðskiptum. Hollendingar eru það t.d. miklu meir og fjölmargar aðrar þjóðir.

En aðallega vildi ég ræða um þann samanburð sem hæstv. ráðherra gerði á fyrra tilboði á þessu. Liðir 1 og 2 voru vitanlega auðveldir því að við vorum að semja við bændur um að lækka útflutningsbætur og beina styrki og fara í beinar greiðslur til bænda, en svo er það hvernig hann túlkar 3. lið og 4. því að eins og hann las sjálfur var þar eingöngu um að ræða unnar

kjöt- og mjólkurvörur. Eins og segir í yfirliti bændasamtakanna á að fella niður allar magntakmarkanir á landbúnaðarafurðum. Í staðinn koma tollígildi sem falla niður á ákveðnum tíma. Þetta er slíkur reginmunur. Ég veit að hæstv. ráðherra man að þegar við vorum að tala um þetta takmarkaða magn af unnum kjöt- og mjólkurvörum voru menn að tala um 2%. Það skiptir engu máli hvort það eru 3% eða 5%. Hitt er aðalmálið að það á að fella niður allar magntakmarkanir á innfluttum landbúnaðarafurðum og aðeins veitt nokkurra ára vernd í staðinn.

Svo er hitt líka stóra atriðið að við áskildum okkur undir fjórða atriðinu heimild til að takmarka innflutning af heilbrigðisástæðum. Mér segir hæstv. landbrh. frammi á gangi að yfirdýralæknir segi honum að okkur muni ekki reynast kleift jafnvel að stöðva innflutning á fersku kjöti, sem landbúnaðarsamtökin héldu þó að við gætum gert, enda er, þegar maður les þetta betur, sönnunarskyldan öll hjá okkur, öll hjá þeirri þjóð sem flytur inn.

Ég mótmæli því að ég hafi hætt mér út á hálan ís. Ég sný því við og tel að hæstv. utanrrh. sé viljandi eða óviljandi að tala um hluti sem eru alls ekki réttir, því miður.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem til að leiðrétta fullyrðingu sem var röng í máli hv. 7. þm. Reykn. Fullyrðing hans var sú að það ætti að fella brott allar takmarkanir á innflutningi, magntakmarkanir, en í staðinn kæmi tollaígildun sem síðan ætti að falla brott. Það stendur hvergi í samkomulagsgrundvellinum sem við erum að ræða að þessi tollaígildun eigi að falla brott. Það sem þar stendur er að hún eigi að lækka um 36% á sex árum. Með öðrum orðum til þess að þetta sé alveg skýrt: Í staðinn fyrir tilteknar magntakmarkanir sem gætu verið bann eða umsamdir kvótar koma jöfnunargjöld eða tollaígildun sem vegur upp muninn á niðurgreiddu heimsmarkaðsverði og innlendu heildsöluverði. Það kemur í staðinn fyrir það. Með öðrum orðum: Sá innflutningur sem yrði leyfður er ekki á undirverðum. Síðan lækkar þetta í áföngum á sex árum. Það er rétt. En það er ekki sama og að afnema allar takmarkanir, fjarri því. Og að því er varðar spurninguna um innflutning á öðrum kjörum, þ.e. þau ákvæði sem nú eru í samkomulagsgrundvellinum um heimildir til innflutnings að lágmarki, kvöð til innflutnings að lágmarki á lágum tollum, 1–2% af innlendum markaði eins og var talað um þá, það var reyndar talað um 1–2% og það gæti aukist í áföngum, þá er talan núna 3% sem svo vaxi á sex árum í 5%. Með öðrum orðum: Þegar íslenska ríkisstjórnin gerði sitt tilboð var þetta líka uppi á borðinu. Spurningin var þá um 2–3% í staðinn fyrir núna 3–5%. Þetta eru staðreyndirnar.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir gott að heyra að hæstv. utanrrh. viðurkennir að magntakmarkanir á innflutningi verða felldar niður og það á við allar landbúnaðarafurðir, ekki bara unnar vörur eins og segir á bls. 3 í fyrstu setningu í skýrslu bændasamtakanna. Það er það rétta. Það munar ekkert um að lækka tollaígildun um 36%. Það munar svo sannarlega gífurlega mikið um það og ekki síst af því að samkvæmt þessum nýja samningi fær Evrópubandalagið að halda 64% af útflutningsbótum.

Ég bendi einnig hæstv. ráðherra á að það er yfirlýst markmið með þessum samningi að haldið verði áfram á þessari braut. Það er sagt í yfirliti bænda að ári áður en þessu samningstímabili lýkur skuli hefjast ný samningalota með það að yfirlýstu markmiði að lækka þessi 36% o.s.frv. Við erum því komnir inn í feril sem ég sé ekki hvernig við ráðum með nokkru móti við og hlýtur að leiða til þess að hér endar á því, þá eftir aldamótin ef það er einhver friðþæging í því fyrir suma, að hér verður frjáls innflutningur landbúnaðarafurða án heimilda til að leggja á jöfnunargjald.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum verið að skiptast á orðum um hverjar væru staðreyndir mála. Og eftir stendur sú staðreynd að það var rangt, sem hv. þm. hélt fram, að það ætti að fella niður samkvæmt núverandi umræðugrundvelli það sem kæmi í staðinn fyrir magntakmarkanir, þ.e. tollaígildunina. Hún lækkar á sex árum samkvæmt þessum grundvelli um 36%. Það er ekki að fella hana niður.

Síðan segir hv. þm.: Það er yfirlýst markmið þessara samninga að halda síðan áfram. Já, undir aldamót verður væntanlega ný lota. Við erum væntanlega ekki í stöðu til að fullyrða neitt með vísan til staðreynda um hvað þar kann að gerast, en þeir sem þekkja forsögu þessa máls og vita hvernig í pottinn er búið verða þó að telja mjög líklegt að í þeim áfanga verði mjög stíf kröfur uppi um að útflutningsstyrkir aðila eins og Efnahagsbandalagsins verði það sem verði að skera niður í þeim áfanga. Það er að vísu ekki eitthvað sem hægt er að fjalla um á grundvelli staðreynda. En við höfum hér verið að deila um hvað væru staðreyndir mála. Það stendur sem ég hér hef sagt. Ég hef hins vegar ekki verið að fjalla um spurningu um að hve miklu leyti hafi orðið aðrar breytingar í núverandi umræðugrundvelli frá því sem hann var þegar hann lá fyrir þegar við gerðum þetta tilboð.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn hafa hætt sér út á hálan ís. Ég held reyndar að sá ís sem hæstv. utanrrh. er kominn út á núna sé þess utan mjög þunnur orðinn og spurning hvenær hann fer niður úr.

En hæstv. utanrrh. lét að því liggja í máli sínu áðan, eins og hæstv. ráðherra gerði í sjónvarpsviðtali í gærkvöld, að sú breyting hefði orðið á íslenska tilboðinu í fyrra og umræðugrundvelli Dunkels núna að útflutningsbætur lækki ekki um 65% eins og Íslendingar lögðu til heldur um 36%. Hæstv. utanrrh. hefur ítrekað látið að því liggja að hér sé um að ræða breytingu

sem sé hagsmunum íslenskrar matvælaframleiðslu jákvæð. Þetta er alrangt og ég verð því miður að segja það, sem ég sagði í dag, að annaðhvort væri um að ræða þekkingarskort eða vísvitandi blekkingu. Því miður verð ég að segja að þessar umræður núna hafa staðfest í mínum huga að það er seinna atriðið sem er rétt. Miðað við þá landbúnaðarstefnu okkar Íslendinga að hætta útflutningsuppbótum er þetta okkur óhagstæðara en fyrra tilboð vegna þess að þetta þýðir einfaldlega að við verðum á aðlögunartímanum næstu sex árin að glíma við ódýrari innflutning en annars hefði verið. Þetta er borðliggjandi staðreynd, hæstv. utanrrh., og það er þess vegna blekking að láta að því liggja að þessi breyting sé íslenskum hagsmunum og íslenskri matvælaframleiðslu þóknanleg.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer að verða nokkuð tafsamt að hrekja áburð manna um vanþekkingu, fáfræði og annað slíkt eftir því sem þeir hrekjast hver af öðrum frá þessum gífuryrðum sínum. Ég hef einfaldlega verið að lýsa staðreyndum sem standa óhraktar um hvert var hið íslenska tilboð um meginatriði málsins á sínum tíma, árið 1990, og hver er munurinn á því í þessum meginatriðum og þeim samkomulagsdrögum sem nú liggja fyrir. Þær staðreyndir standa allar óhaggaðar. Nú kemur hv. þm. og segir: Já, en það er orðin sú breyting á að í samkomulagsdrögunum núna liggur fyrir að það er ekki gert ráð fyrir að aðrir lækki sínar útflutningsbætur um meira en 36% — og gefur í skyn að ég sé að halda þessum staðreyndum leyndum eða eitthvað þess háttar. Auðvitað er það hin mesta fjarstæða. Auðvitað liggur þetta fyrir og allir sem kynnt hafa sér málið þekkja þetta. Það sem ég var að gera að umtalsefni var munurinn á hinu íslenska tilboði fyrrv. ríkisstjórnar og því sem nú liggur fyrir að því er varðar samkomulagsdrögin.

Hitt er rétt, vegna þess að það er staðreynd sem menn deila ekkert um, menn eiga ekkert að deila hér um staðreyndir, að í samkomulagsgrundvellinum er ráð fyrir því gert að það megi halda uppi útflutningsbótum allt að 64%. Enginn neitar þeirri staðreynd. Það er líka staðreynd að íslensku bændasamtökin hafa samið m.a. við fyrrv. hæstv. landbrh. og fyrrv. hæstv. fjmrh. um að fella þessar útflutningsbætur niður. Hitt er svo annað mál hvaða ályktanir menn ætla að draga af þessum staðreyndum. Er það okkur Íslendingum og íslenskum landbúnaði svo óskaplega óhagkvæmt ef aðrir halda slíkum útflutningsbótum uppi ef við getum varið okkur með tollaígildun, þ.e. með því að taka upp jöfnunargjöld, burt séð frá því hvort aðrar ríkisstjórnir leggja þar fram fé í formi útflutningsbóta? Það er auðvitað álitamál. Það hef ég ekkert sagt um, hv. þm., og frábið mér þess vegna að sitja undir einhverjum glósum um fáfræði, skilningsleysi eða annað slíkt. Það er ekki tími í stuttum orðaskiptum af þessu tagi til annars en þess að gefnu tilefni að biðja menn um að fara rétt með staðreyndir í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er sá tími liðinn sem andsvör mega standa samkvæmt þingsköpum og er því ekki hægt að leyfa frekari andsvör við þá ræðu hæstv. utanrrh. sem nú hefur farið fram.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar eftir að bera af sér sakir og verður forseti að leyfa honum það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. heldur því fram að ég viðurkenni ekki staðreyndir og sé að hrekjast frá einu víginu til annars. Ég tek ekki, virðulegi forseti, langan tíma. Ég ítreka einungis það, sem ég sagði áðan, að utanrrh. hefur ítrekað látið að því liggja að þessi breyting á leyfðum útflutningsbótum sé íslenskum hagsmunum þóknanleg og geri að verkum að það tilboð sem nú liggur frammi sé hagstæðara Íslendingum en það sem var á síðasta hausti. (**Utanrrh.:** Ég hef ekki sagt það.) Ég segi og ítreka, hæstv. utanrrh. Þú hefur ítrekað látið liggja að því. Ég skal fara yfir þau viðtöl við þig um þetta og ég skal fara yfir ræðu þína hér. (**Utanrrh.:** Það á að nota tímann til að bera af sér sakir en ekki að bera á menn sakir.)

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. þm. sem bað um utandagskrárumræðu í dag, hv. 2. þm. Suðurl. Mér sýnist að það hafi verið fyllilega tímabært að hér á landi færi fram einhver umræða um þessi mál.

Í dag er 7. jan. og fyrir 13. janúar þurfum við að vera búin að koma á framfæri okkar athugasemdum. Ég hef ekki orðið vör við að mikið hafi verið fjallað um þetta, hvorki í fjölmiðlum né heldur á Alþingi undanfarnar vikur. Aftur á móti hefur verið mikil umræða í Noregi um þessi mál og þar hefur því verið velt upp síðustu vikur hvaða hag eða ekki hag Noregur hefði af því að gerast aðili að því samkomulagi sem nú liggur fyrir og hefðum við gjarnan mátt taka frændur okkar þar til fyrirmyndar. Þar virðast þeir nefnilega vera að ræða það sem skiptir máli í framtíðinni en ekki alltaf að ræða það sem við hefðum helst átt að ræða í gær og afgreiða í fyrradag og get ég þar vitnað til fjárlaga sem voru afgreidd á síðustu dögunum fyrir jól, en þeim áttu að fylgja ýmis frumvörp sem enn þá er verið að ræða þó að þau hefðu átt að fara í gegnum hv. Alþingi fyrir áramót. Í þessu efni þyrftum við alþingismenn að taka okkur tak og þó sérstaklega hæstv. ríkisstjórn.

Hér hefur á undanförnum árum verið staðið í því að reyna að aðlaga landbúnaðarframleiðsluna í landinu markaðnum innan lands. Í því sambandi hafa verið gerðir búvörusamningar til að vinna þar með bændum. Búvörusamningarnir hafa haft að markmiði að hafa samvinnu við bændur um málið og það er einnig stefna Kvennalistans að hafa það. Á næsta hausti á að hætta að greiða útflutningsbætur en við sjálf að vera okkur nóg um þá framleiðslu sem hér er, að hún dugi okkur til þess viðurværis sem við þurfum af landbúnaðarframleiðslu.

Vitaskuld hafa búvörusamningarnir og sú skerðing sem bændur hafa þar tekið á sig verið þeim að ýmsu

leyti óhagstæð, en þeir hafa verið samvinnufúsir og viljað reyna að samlaga sig þeirri þróun sem er að verða í heiminum. Ég tel ekki á tímum samdráttar í atvinnulífi landsmanna að það sé verjandi að auka innflutning á landbúnaðarvörum og bæta þar með enn þá fleirum á atvinnuleysiskrá því að það er vitað mál að verði leyfður innflutningur á landbúnaðarvörum eins og drög að GATT-samningi gera ráð fyrir mun það enn auka erfiðleika bændastéttarinnar og verða til að draga enn frekar úr þeirri atvinnu sem þar er. Við eigum aftur á móti frekar að styðja þá atvinnusköpun sem er í landinu og hefur verið, ekki reyna að rífa hana niður heldur vinna í samvinnu að því við bændur að aðlaga þetta nútímaháttum. Við eigum ekki á sama tíma að leyfa að landbúnaður annarra þjóða, sem er ríkisstyrktur mjög, fái aðgang að okkar mörkuðum og finnst mér þess vegna alls ekki koma til greina að leyfa frjálsan innflutning búvara meðan við höfum hér framleiðslu sem annar okkar þörfum.

Frá Búnaðarfélagi Íslands hefur komið ályktun þar sem m.a. segir að útflutningsbætur og annar stuðningur sé heimill í samkeppnislöndunum í slíkum mæli að íslenskir bændur væru í mörgum tilvikum alveg varnarlausir gagnvart innflutningi þessara þjóða.

Ég tel að við séum að semja um landbúnaðarmál. Við erum að ræða um landbúnaðarkafla þessara GATT-samninga. Við erum líka að ræða um önnur atvinnumál, það er rétt, og þurfum vitaskuld að taka tillit til þeirra þegar við ræðum landbúnaðarmál rétt eins og önnur atvinnumál. En við eigum ekki að fórna íslenskum landbúnaði vegna hagsmuna annarra atvinnugreina heldur verðum við að finna leið til að koma því heim og saman. Ég tek því undir með bændum sem hafa sent frá sér þessa ályktun og segja, með leyfi forseta, að reynist ekki unnt í áframhaldandi viðræðum að tryggja samning sem íslenskur landbúnaður getur búið við verði Íslendingar að fá sérstöðu sína viðurkennda með sérákvæðum innan samningsins.

Í öllum þeim orðaskiptum sem fóru fram áðan var m.a. vitnað í minnisblað. Þar segir skýrum stöfum að innflutningur á soðnum og unnum landbúnaðarafurðum verði ekki takmarkaður af heilbrigðisástæðum. Það liggur því í augum uppi, þó að setja eigi ákvæði um það að hægt sé að takmarka innflutning landbúnaðarafurða af heilbrigðisástæðum, að það verður ekki hægt. Til þess að það væri gerlegt yrðu að fara fram mjög miklar rannsóknir hér á landi og ég hef enga trú á því að við Íslendingar gætum staðið í því að sinna þeim þætti svo að viðunandi sé né heldur að það verði tekið það mark á því að innflutningur verði takmarkaður af heilbrigðisástæðum.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þessar umræður hafa staðið lengi dags, enda um flókið og umfangsmikið mál að ræða og oftast eru menn að horfa inn í framtíðina og reyna að spá og hefur það enda reynst mörgum erfitt að gera í gegnum tíðina.

Nokkrir ræðumanna hafa lagt út af pappír frá Búnaðarfélagi Íslands, hagsmunasamtökum bænda, en þessi pappír ber yfirskriftina „Hugleiðingar um hugsanleg áhrif samkomulags GATT-þjóðanna á íslenskan landbúnað." Þetta plagg er gott á sína vísu og til síns brúks, en það dregur eingöngu upp myndir af hinum dekkri hliðum þessa hugsanlega GATT-samkomulags og má segja að reynt sé að gera þær eins dökkar og mögulegt er, en ég held að það þjóni ekki hagsmunum okkar Íslendinga né nokkurra annarra að reyna að mála skrattann á vegginn.

En skýrslan gengur út frá því að íslenskur landbúnaður geti ekki staðist samkeppni við landbúnað annarra þjóða og sá stuðningur sem aðrar þjóðir veita sínum landbúnaði muni verða áfram í gildi, en sá stuðningur sem við höfum veitt íslenskum landbúnaði muni á engan hátt geta staðist áfram og við á engan hátt geta brugðist við. Það má kannski segja að helsti gallinn á þessari skýrslu sé það sem vantar í hana frekar en það sem þar er sagt því að það er hvergi reynt að gera sér grein fyrir því hvaða möguleika við Íslendingar höfum til þess að bregðast við þessum nýju aðstæðum og bæta samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og einnig athuga hvaða möguleika við höfum sjálf til að notfæra okkur þá opnun sem verða mun í landbúnaðarviðskiptum um heim allan og notfæra okkur þá hugsanlega bættu samkeppnisaðstöðu sem við gætum skapað okkur.

Ég kemst ekki hjá því að fara fáeinum orðum um heilbrigðismál og þær heilbrigðisreglur sem gilda varðandi innflutning á dýrum og búfjárafurðum hér á landi þar sem virðist gæta nokkurs misskilnings hjá ræðumönnum. Sérstaklega minnist ég þess að þess gætti hjá hv. 7. þm. Reykn., en hann taldi að innflutningur á soðnum kjötvörum væri bannaður á grundvelli heilbrigðisreglna. Þetta er ekki rétt. Innflutningur á soðnum kjötvörum er leyfður samkvæmt heilbrigðisreglum, en hann er hins vegar bannaður samkvæmt framleiðsluráðslögum.

Hv. 7. þm. Reykn. og einnig 2. þm. Suðurl., en þeir eru nú hvorugur staddur í salnum, hafa báðir rætt þessar heilbrigðisreglur og hugsanlegar breytingar sem á þeim gætu orðið ef GATT-drögin yrðu samþykkt. Þeir hafa báðir borið fyrir sig yfirdýralækni og vitnað í hans orð og á þann hátt að hann hafi sagt að lítið hald væri í þeim reglum sem í gildi væru eftir hugsanlega samþykkt GATT-tillagnanna. Ég hef engan veginn getað lagt þennan skilning í orð yfirdýralæknis og hef reyndar frekar heyrt hann segja að það væri mikið hald í þeim reglum sem í gildi væru ef drögin yrðu samþykkt. En það er hins vegar rétt að þær reglur sem þá mundu gilda væru breyttar frá því sem gildir í dag. Það væri ekki um að ræða einhliða ákvarðanir okkar Íslendinga um hvaða vörur við flytjum inn eða flytjum ekki inn á grundvelli þessara reglna. Við yrðum að sanna á vísindalegan hátt að sjúkdómsstaða á Íslandi væri betri en í þeim löndum sem áhuga hefðu á að flytja til okkar afurðir. Til þess að gera þetta þyrftum við að kortleggja betur en nú er það ástand sem er í okkar sjúkdómamálum og er það besta sem þekkist í heiminum í dag, held ég að ég geti fullyrt. Það er gert ráð fyrir því í þessum tillögum að til að kortleggja

þessar aðstæður hefðum við tiltekinn tíma og á meðan giltu sömu reglur og hér gilda nú. Síðan getum við á grundvelli þessara niðurstaðna bannað innflutning á vörum frá þeim löndum sem hafa lakari stöðu í sjúkdómamálum en við höfum. Rísi hins vegar ágreiningur um þessi atriði á milli Íslendinga og hugsanlegs útflutningslands á að skjóta þeim ágreiningi til nefndar sérfræðinga skipuðum af alþjóðastofnunum.

Ég hef þá trú, og byggi það á nokkurri reynslu af starfi mínum að sjúkdómavörnum, að við munum eiga auðvelt með að flytja okkar mál og færa vísindaleg rök fyrir okkar ákvörðunum. Þetta byggi ég ekki síst á því hvernig við höfum undanfarin ár og áratugi haldið á okkar sjúkdómavörnum og þeim atburðum sem gerðust hér fyrr á öldinni þegar lifandi búfé var flutt til landsins og smitefni bárust hingað. Svo er reyndar í dag að þeir atburðir og þær afleiðingar sem af því urðu eru notuð sem skólabókardæmi um hvað getur gerst þegar stofnar sem ekki hafa verið í nálægð við tiltekin smitefni fá að kynnast þeim á snöggan hátt og hversu afdrifaríkar slíkar afleiðingar geta orðið.

En að þessum orðum sögðum er ég ekki með því að segja að það mætti ekki bæta þessar hugsanlegu reglur sem yrðu í gildi ef samkomulagið væri samþykkt og þær gætu ekki verið betri eða öruggari. Ég held hins vegar að við verðum að líta þessi drög almennt jákvæðum augum á sama hátt og við erum almennt mjög jákvæð og fylgjandi því starfi sem fer fram á vegum GATT vegna þess hversu mikilvægt það er okkur vegna okkar miklu viðskipta við erlenda aðila. Ég held hins vegar að við eigum ekki að hika við að gera grein fyrir okkar skoðunum og jafnvel athugasemdum við þær hugmyndir sem komið hafa fram hjá Dunkel, formanni GATT, og þá tel ég að við ættum helst að gera athugasemdir við það að ekki sé nógu langt gengið í átt til fríverslunar, að útflutningsuppbætur séu ekki skertar nándar nærri nógu mikið. Jafnframt tel ég að við ættum að gera athugasemdir við það á hvern hátt í tillögunum reynt er að skilgreina grænar greiðslur að því er virðist stundum með hagsmuni einstakra þjóða í huga.

En ég held að við ættum að leggja höfuðáherslu á að styrkja stöðu okkar hvað varðar heilbrigðisreglurnar og fara þar eins langt og frekast er unnt. Ég held að okkur sé það mögulegt, að það sé svo mikill skilningur á stöðu okkar, hvernig við höfum unnið og í hverju hættan er fólgin. Ég held að það væri það haldbesta sem við gætum gert í áframhaldandi samningaviðræðum um GATT-samkomulagið.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir þau orð hæstv. utanrrh. að GATT-samkomulagið hefur haft mikið gildi fyrir Íslendinga. Þeir hafa með tilstuðlan þessa víðtæka samkomulags notið mikilsverðra fríðinda sem þeir mega að sjálfsögðu ekki tefla í neina tvísýnu, hvorki í þessum viðræðum né öðrum viðræðum á sviði GATT-samkomulagsins. Íslendingar eiga mikilla hagsmuna að gæta almennt í því að alþjóðleg viðskipti séu sem frjálsust og í samræmi við þá hagsmuni eigum við sífellt að móta okkar stefnu í utanríkismálum og þá ekki síst í viðskiptamálum. Að hve miklu leyti þessir almennu hagsmunir okkar eiga við í landbúnaðarmálum er mun erfiðara að segja til um, enda hefur margri þjóðinni orðið það erfitt að marka landbúnaðinum bás þegar um alþjóðleg viðskipti er að ræða.

Íslendingar eru ekki eina þjóðin sem á í erfiðleikum með að fella hagsmuni sína í landbúnaðarmálum að þeim almennu hugmyndum sem liggja til grundvallar samkomulaginu um viðskipti og tolla. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú að mjög margar þjóðir sjá í landbúnaði mun meira en viðskiptahagsmuni. Í landbúnaðinum eru í augum mjög margra þjóða fólgnir verulega miklir menningarhagsmunir og öryggishagsmunir. Þetta hefur leitt til þess að það er ekki fyrr en nú að landbúnaður hefur komið inn í þessar umræður af fullum þunga. Hann hefur verið þar utanveltu lengi og þó að þessi lota, sem hefur verið kennd við Uruguay, ætti beinlínis að fjalla um landbúnaðinn m.a., hefur gengið erfiðlega að koma þeim umræðum af stað.

Þegar Uruguay-umræðurnar voru teknar upp haustið 1986 eftir að einangrunar- og verndarstefna hafði í raun og veru dregið úr þeim árangri á 8. áratugnum sem GATT-viðræðurnar höfðu komið á og höfðu stefnt að voru þessar umræður teknar upp í ljósi þriggja meginmála. Til grundvallar þessum umræðum lá skjal sem lagði áherslu á þrjú meginatriði:

1. Aukið frelsi í viðskiptum.

2. Átti að færa umræðurnar inn á ný svið og þar á meðal að sjálfsögðu inn á það svið sem hér er til umræðu í dag, þ.e. landbúnaðinn.

3. Þá átti meginátherslan í þessum Uruguay-viðræðum líka að vera lögð á hlut þróunarþjóðanna eða þjóða þriðja heimsins sem svo eru oft kallaðar.

Það var hins vegar öllum ljóst frá upphafi að sá þátturinn sem átti að fjalla um landbúnaðarmálin yrði erfiður viðfangs og þær skoðanir komu snemma upp að það yrði ekki fyrr en á lokasprettinum sem þau mál yrðu tekin fyrir í fullri alvöru. En ég kemst ekki hjá því að taka sérstaklega fram að margir hafa talið óæskilegt að fella landbúnaðarafurðir inn í samkomulag um GATT, óæskilegt vegna þess að menn telja að einmitt að það hvernig landbúnaðurinn er byggður upp með víðtæku styrkjakerfi geti dregið úr möguleikum á því að menn mundu ná niðurstöðu í þessum GATT-viðræðum og það væri hægt að halda eðlilega braut í GATT-viðræðunum ef landbúnaðarmálunum væri blandað saman við það.

Þegar þessar viðræður hófust styrktist sú tilfinning manna fyrir miklum hagsmunaárekstrum í GATT-viðræðunum. Þær byggðust annars vegar á því að það var grundvallarmunur á afstöðu fjölmargra landbúnaðarútflutningsþjóða sem dreifast raunverulega um allan heiminn eftir ákveðnu belti þar sem eru framarlega í sveit Argentína og Brasilía og fjölmargar aðrar þjóðir Suður-Ameríku, þar á meðal sú þjóð sem umræðurnar hafa nú verið kenndar við, Uruguay, en einnig Kanada, Ungverjaland svo að ég nefni nokkur lönd og lönd í Asíu fjær sem höfðu fyrst og fremst hagsmuni

af því að viðskipti með landbúnaðarafurðir væru sem frjálsust. Gegn þessum sjónarmiðum stóð svo hópur tólf þjóða, Evrópubandalagið, sem hefur litið svo á að landbúnaður þeirra og þar með taldar fiskveiðar séu hluti af þeirra byggðastefnu, hluti af þeirra menningu og þar sé ekki hægt að ganga harkalega fram gagnvart landbúnaðinum vegna þess að hann sé það samofinn því þjóðfélagi sem þeir vilja standa vörð um. Landbúnaðarstefna Evrópubandalagsins er hluti af þeirra heildarstefnu og þeir hafa litið svo á að þær hugmyndir að fella niður styrki í landbúnaðinum grafi undan heildarstefnu Evrópubandalagsins.

Bandaríkjamennirnir voru með nokkra sérstöðu. Þeir hafa stundað gífurlegar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum og styrkjastefnu þó hún sé hlutfallslega sennilega minni og talsvert minni en í Evrópubandalaginu, en engu að síður hafa þeir stundað mikla styrkjastefnu sem er metin árið 1987 á um 26 milljarða Bandaríkjadala ef mér sýnist rétt, en þeir höfðu sett fram hugmyndir um að draga úr styrkjum eftir svokallaðri núlláætlun sem átti að komast að fullu til framkvæmda árið 2000.

Ég ætla ekki að rekja nánar hvernig þessar umræður hafa gengið en niðurstöður í tillögum framkvæmdastjóra GATT, sem hér hefur mikið verið til umræðu í dag, eru nánast þær að Bandaríkjamenn og þessi hópur landbúnaðarútflutningsþjóða sem ég nefndi áðan og hafa stundum verið kallaður Keynes-hópurinn, náðu því fram að fella niður takmarkanir á innflutningi landbúnaðarafurða. Þetta er það meginmarkmið sem þær höfðu sett sér og þær náðu því fram.

Að því er varðar Evrópubandalagið nær það líka fram mjög mikilvægum ákvæðum í þessu samkomulagi, þ.e. mikilvæg ákvæði í þessum hugmyndum framkvæmdastjórans eru til þess að friða Evrópubandalagið. Það er fyrst og fremst takmörkuð lækkun á styrkjum til landbúnaðarins, útflutningsbóta. Engu að síður liggur alveg ljóst fyrir að Evrópubandalagið metur það svo að þetta sé langt frá því að vera fullnægjandi.

Í ljósi þessara hugmynda langar mig til að taka fram að ef við lítum á hugmyndirnar, ég ætla ekki að telja þær upp eins og þær hafa verið sagðar fram hér í máli margra manna, það hefur raunar hver þingmaðurinn á fætur öðrum lýst nákvæmlega þeim hugmyndum sem koma fram í skjali framkvæmdastjórans, en ég ætla hins vegar að reyna að gera grein fyrir því á hvern hátt þessar tillögur samræmast almennum markmiðum GATT-samkomulagsins. Þær bera að sjálfsögðu mjög keim af því hvaða hagsmuni er verið að verja í þessum tillögum og til móts við hverja er gengið. Tillögurnar taka ekki tillit til þess hve mikið aðildarþjóðirnar hafa nálgast eða fjarlægst meginmarkmið GATT um að draga úr viðskiptahömlum og afnema mismunun í alþjóðlegum viðskiptum með búvörur. Að þessu leyti virðast tillögurnar vera hagstæðar þeim þjóðum sem stundað hafa milliríkjaviðskipti með búvörur með tilstyrk styrkja og niðurgreiðslna. Hér er um að ræða mjög alvarlegan meinbug á þessum hugmyndum þegar við það bætist að tillögur framkvæmdastjórans um cif-viðmiðun í útreikningi svokallaðs tollígildis eða tollgrunns fela í sér eins konar leið sem opnast til að létta flutningskostnaði af þeim þjóðum sem stunda milliríkjaviðskipti með búvörur og á sama tíma stunda mikla styrkjastefnu. Tillögurnar draga með þessum hætti úr fjarlægðarvernd, en það er að sjálfsögðu ekki tilgangurinn með GATT-samkomulaginu sjálfu. Fjarlægð er bara hluti af viðskiptastaðreyndum sem GATT-samkomulagið á alls ekki að draga úr, en með þessum hugmyndum er þarna verið að draga úr þeim raunveruleikum viðskiptalífsins sem fjarlægðirnar eru.

Ég vil einnig taka fram að skilgreining í þessum hugmyndum á markaðstruflandi stuðningi annars vegar og stuðningi sem er ekki talinn valda markaðstruflunum hins vegar orkar mjög tvímælis og dregur að vissu leyti úr trúverðugleika tillögunnar og beinir raunar afleiðingum hennar af þeirri braut sem meginmarkmið GATT-samkomulagsins á að vera. Í ljósi þessara atriða verð ég að telja mjög óæskilegt að nýtt GATT-samkomulag sem nær til milliríkjaverslunar með búvörur komi í stað eldra samkomulags. Er raunar nauðsynlegt að fá úr því skorið sem fyrst hvort svo er því að hér er gengið svo langt út af þeim hugmyndum og viðmiðunum sem GATT-samkomulagið er byggt á að það er til efs að þessi búvöruþáttur geti myndað grunn að nýju samkomulagi sem komi í stað hins fyrra.

Ég tel reyndar að hugsanlegt sé að það skref sem tillaga framkvæmdastjóra GATT felur í sér geti þegar til lengri tíma er litið verið stigið í átt til aukinnar fríverslunar, en hins vegar tel ég að tillagan skapi óvissuástand sem vissulega verður tímabundið en þó nokkuð langt og innan þessa tímabils muni íslenskur landbúnaður geta orðið fyrir varanlegum skaða vegna þess að hann verður ekki á þeim tíma verndaður með eðlilegum hætti fyrir erlendum styrkjum í landbúnaði og niðurgreiðslum.

Ég tel að meginsjónarmið Íslendinga í viðræðum um GATT og ekki síst þá um þátt landbúnaðarins í þessum viðræðum eigi að vera að vinna að aukinni fríverslun í heiminum. Sjónarmiðið á líka að vera að ýta sem mest undir samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar í markaðsbúskap, en grundvallarsjónarmiðið á einnig að vera að verja íslenskan landbúnað fyrir óeðlilegum viðskiptaháttum og þar með taldar eru að sjálfsögðu niðurgreiddar samkeppnisvörur. Með þessum hætti þarf að tryggja það hlutverk landbúnaðarins í íslensku samfélagi sem ég hygg nú að flestir séu nokkuð sammála um, en það er í fyrsta lagi að íslenskur landbúnaður sé arðsöm framleiðslugrein sem er mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar. Annað atriðið er að íslenskur landbúnaður er og á að vera einn af grundvallarþáttum í öryggismálum þjóðarinnar. Og síðast en ekki síst, ég mundi jafnvel telja að það ætti að vera fremst í þessum þremur þáttum, þá er íslenskur landbúnaður einn af grundvallarþáttum í þjóðmenningu Íslendinga og sjálfsmynd þeirra og svo ég nefni nú hliðarafleiðingu af þessu, þá er íslenskur landbúnaður mikilvægur þáttur í þeirri atvinnustarfsemi sem byggist á þjónustu við ferðamenn. En í þeirri atvinnustarfsemi er einna mestur vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi í dag.

Að lokum ætla ég að geta þess að það ríkir nokkur óvissa um hver framgangur málsins verður, en hitt er alveg ljóst að í augum ákveðinna aðila sem standa að þessum viðræðum er 13. janúar í Genf ekki lokadagur þó að hann sé vissulega mikilsverður áfangi í þessum umræðum. Evrópubandalagið býst við að þar verði lögð fram viðhorf aðildarþjóðanna, en Evrópubandalagið hefur einnig tekið fram að það eru ekki í þeirra augum endanleg viðbrögð. Það er sagt skýrum stöfum í þeirra mati á stöðu mála. Ég tel að það sé nauðsynlegt að við komum fram með sjónarmið Íslendinga þar sem við leggjum áherslu á að við erum fylgjendur frjálsrar verslunar en við viljum ekki taka þátt í því að grafa undan íslenskum landbúnaði með styrkjastefnu sem er vernduð undir merkjum GATT.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram utan dagskrár í dag um GATT-samninginn þó að umræðan hafi vissulega takmarkast við einn þátt samningsins sem eru landbúnaðarmálin. Ég held að þetta hafi verið mjög tímabær umræða og ég held að hún hafi skýrt mikið fyrir mörgum þingmönnum, ekki síst okkur sem erum ný hérna á þingi og höfum þar af leiðandi ekki fylgst með þessu máli undanfarin ár, en eins og allir vita hafa þessar Uruguay-viðræður nú staðið í allt að fimm ár. Reyndar er mér sagt að þessi mál hafi fengið mjög litla umfjöllun á Alþingi á undanförnum árum og ekki oft t.d. komið til kasta utanrmn. þingsins. Þessi mál höfðu aldrei komið þar til umfjöllunar frá því í vor að ég kom inn í nefndina þar til núna í dag og var það að minni beiðni sem þessi samningur fékk þar nokkra kynningu. Það er miður að mínu mati. Þessi samningur er á ábyrgð og verksviði utanrrh., þó að þarna sé ekki síst verið að fjalla um landbúnaðarmál, og þar af leiðandi ætti utanrmn. að vera með í ráðum og fjalla mjög ítarlega um þennan samning. Það held ég að hafi komið fram í máli nokkurra í utanrmn. í dag að það vantaði skýrslu um þetta mál, um gang þessara viðræðna á undnanförnum árum, hvað Íslendingar hafa lagt þar af mörkum, hvar þeir hafa skuldbundið sig, hvaða afstöðu þeir hafa tekið í því fimm ára ferli sem nú er að baki.

En það þarf svo sem ekki að furða sig á því þó að landbúnaðarmálin séu þarna ríkur þáttur vegna þess að þessar Uruguay-viðræður hafa öðru fremur fjallað um landbúnað, en þær hafa líka fjallað um þjónustu, um vefnaðarvörur, um hugvit, um markaðsaðgang og um ýmsar reglur sem varða GATT. En markmiðið með þessum samningum var öðru fremur að draga úr ríkisstyrkjum og innflutningsvernd sem landbúnaður nýtur í flestum ríkjum og auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Það er núna að fást niðurstaða í þetta mál og er komið þar sögu að við Íslendingar og við alþingismenn verðum að fara að móta okkur einhverja skoðun í þessu máli, taka afstöðu til málsins. Það þarf kannski ekki að gerast á allra næstu dögum en fyrr en síðar þarf það þó að liggja fyrir.

Það er ljóst í þessum GATT-viðræðum, Uruguay-viðræðum, að þarna hefur verið um talsverðan hráskinnaleik milli stórvelda að ræða og hafa það ekki síst verið Bandaríkin og EB sem hafa kastað þar á milli sín ýmsum málum og það hefur komið fram hjá öðrum sem hafa talað á undan mér.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það er ekki nema rúmt ár síðan Evrópubandalagið hafnaði því tilboði sem þá lá fyrir í landbúnaðarmálum og hafnaði þá með öllu að fella algerlega niður ríkisstyrki á næstu árum eða fram til ársins 2000. Síðan fór af stað viðræðulota í framhaldi af því og það hafa staðið yfir langvarandi viðræður milli Bandaríkjamanna og Evrópubandalagsins í tengslum við þessa GATT-samninga. Ég held að það þurfi engum að blandast hugur um að sú niðurstaða sem nú liggur fyrir í því tilboði sem við erum með til skoðunar er nokkurs konar málamiðlun milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins. Þessi málamiðlun felur í sér að Bandaríkin geta haldið inni stórum hluta af þeim 26 milljörðum Bandaríkjadala í styrki sem þeir veita til landbúnaðar, ekki síst í formi greiðslna sem ekki tengjast framleiðslu heldur eru tengdar landi öðru fremur. Þeir geta haldið þessu og Evrópubandalagð getur haldið í útflutningsbætur að því marki sem Evrópubandalagið hefur óskað fram til þessa. En það fylgir þó sá böggull skammrifi að Evrópubandalagið verður að skera niður framleiðslustyrki sína og við það hafa þeir verið mjög ósáttir.

Það eru margir innan Evrópubandalagsins sem segja að þessi samningur sé fyrst og fremst í þágu Bandaríkjanna og þeirra hagsmuna hafi öðru fremur verið gætt, tillögur Dunkels gangi þvert á landbúnaðarstefnu Evrópubandalagsins og séu í andstöðu við þær endurbætur sem nú er unnið að í landbúnaði innan Evrópubandalagsins. Þessar skoðanir hafa komið mjög skýrt fram á undanförnum dögum og það er kannski ekki að furða því að eins og hér hefur komið fram er líklegt að þær reglur sem Dunkel leggur til að gildi í styrkjum til landbúnaðar komi fyrst og fremst Bandaríkjamönnum til góða, þ.e. þeir geta haldið sínum styrkjum en aðrir ekki.

En meginrökin hjá Evrópubandalaginu eru sem sagt þau að þessar tillögur Dunkels gangi þvert á landbúnaðarstefnu Evrópubandalagsins og séu í andstöðu við þær endurbætur sem nú er unnið að innan bandalagsins á landbúnaðarstefnunni. Þessi rök gilda í raun fyrir okkur Íslendinga líka, þau gilda í raun hér á landi líka og auðvitað ættum við að tjá þetta mjög skýrt eins og Evrópubandalagið ætlar að gera.

Núna nýverið hefur verið reynt að taka á offramleiðslu í landbúnaði hér á landi og það var gert í samvinnu við bændur. Það var gerður búvörusamningur af fyrrv. ríkisstjórn. Sá samningur hefur verið framkvæmdur af núv. ríkisstjórn, þó ekki án brotalama frekar en annað sem sú stjórn snertir á. Alþingi hefur blessað þennan búvörusamning í raun með fjárframlögum á fjárlögum og það hefur ekki verið barist gegn þessum samningi hér á Alþingi. Það hafa sem sagt verið, eins og Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. kallaði það, föðurlandsvinir hér á Alþingi úr öllum flokkum

sem hafa staðið að þessum búvörusamningi.

Um þennan búvörusamning má segja að hafi verið víðtæk þjóðarsátt. Henni er nú hampað mjög hér á þingi og eins af stjórn þegar það þykir henta. Það hefur verið víðtæk þjóðarsátt um búvörusamninginn vegna þess að í raun komu verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur að þessu máli líka þegar verið var að undirbúa jarðveginn fyrir búvörusamninginn. Það liggur því í augum uppi að Íslendingar hljóta að gera fyrirvara við þann þátt tilboðsins sem kveður á um greiðslur til bænda. Íslendingar hafa náð þjóðarsátt um búvörusamninginn, komið sér niður á beinar greiðslur með ákveðnum hætti til bænda og í því tilboði sem nú liggur fyrir er ljóst að þeir geta ekki haldið sig við þessa stefnu. Mér finnst því liggja í augum uppi að það er ekki hægt að fallast á tilboðið eins og það liggur núna fyrir. Það er ekki hægt að fallast á að beinar greiðslur til bænda sem við tíðkum verði óheimilar ef þetta tilboð nær fram að ganga og ég get ekki séð að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi nokkurt umboð til þess að fallast á slíkt. Það liggur fyrir stefna, við getum sagt þings og þjóðar, í þessum málum. Þeirri stefnu hefur ekki verið breytt og meðan svo er ekki get ég ekki skilið að ríkisstjórnin geti gert annað en að tjá fyrirvara sinn í þessu máli þann 13. janúar nk. Ef skilningur hæstv. utanrrh. eða landbrh., sem mest hafa fjallað um þetta mál, er annar vildi ég gjarnan fá hann fram hérna. Þannig lít ég á þessi mál.

Hvað varðar dagsetninguna 13. janúar, þá vitum við að hún er ekkert endanleg en það er gert ráð fyrir að menn tjái sig þá um inntak þessa tilboðs og að þeir sem ekki geri þar sína fyrirvara hljóti að teljast samþykkir tilboðinu því þögn er sama og samþykki. Auðvitað er það ekki skuldbindandi á þann hátt að menn geti ekki síðar meir komið með einhverjar athugasemdir. En það hlýtur óneitanlega að vera sérkennilegt að koma seinna með athugasemdir sem ekki eru gerðar 13. janúar nk.

En ég legg áherslu á að við erum með ákveðna stefnu sem birtist í búvörusamningnum og meðan þeirri stefnu hefur ekki verið breytt með formlegum hætti hér á Alþingi hljóti ríkisstjórnin að tjá fyrirvara um tilboðið. Mín skoðun er sú að hún hljóti líka að tjá fyrirvara hvað varðar sjúkdómavarnirnar og við hljótum að krefjast meiri réttar til að tilgreina sjálf okkar sjúkdómavarnir en er gert ráð fyrir í tilboðinu og getum tæplega átt það undir nefnd eða stofnun á vegum GATT hvernig þeim málum verður háttað hér eftir.

Það hefur komið fram á undanförnum dögum að það eru margir ósáttir við það tilboð sem Dunkel lagði fram. Innan Evrópubandalagsins er óánægja og það er líka óánægja meðal ýmissa Asíuríkja og má t.d. nefna Japan í því sambandi. Þeir eru afskaplega ósáttir við þetta, enda þýðir þetta tilboð, verði það að veruleika, alveg gífurlega breytingu fyrir Japani. Þeir hafa haft þá stefnu þar til núna að flytja ekki inn eitt einasta hrísgrjón. Þeir hafa lagt mikið upp úr því að geta brauðfætt þjóðina og flytja ekki inn eitt einasta hrísgrjón. Það liggur fyrir að þeir eru ekki tilbúnir að draga úr öllum magntakmörkunum á innflutningi eins og þetta tilboð gerir ráð fyrir. Það má geta þess að líklega liggur ástæðan fyrir því hversu mismunandi afstaða ríkja er til tilboðsins að hluta til í því að í sumum álfum, t.d. í Evrópu og í Asíu, er jarðnæði víða mjög lítið á þann mælikvarða sem t.d. Bandaríkjamenn hafa. Ef við tökum nú Japanina eru þar um 3 millj. bænda og hver um sig ræktar þar land sem nemur að meðaltali þremur ekrum. Landsvæði hvers bónda í Bandaríkjunum er 150 sinnum stærra. Þess vegna er kannski mun erfiðara að ná tökum á þessum málum í ríkjum þar sem fjöldi bænda er tiltölulega mikill, en jarðnæði er ekki mjög stórt. Þetta er kannski ekki síst spurningin um þjóðmenningu og rætur eins og vel kom fram í ræðu Tómasar Inga Olrich áðan sem ég ætla að þakka sérstaklega fyrir vegna þess hvað mér fannst hún skýra afskaplega vel marga hluti.

Af því að ég var að tala um Japani má líka geta þess að styrkir hjá Japönum við hrísgrjónarækt eru afskaplega miklir. Á ári hverju greiða þeir sem nemur 7,4 milljörðum Bandaríkjadala í ríkisstyrki bara vegna hrísgrjónaræktar. Auk þess verða japanskir neytendur að greiða í hærra verði á heimaræktuðum hrísgrjónum um 37 millj. Bandaríkjadala. Þannig eru það gífurlegar upphæðir sem um er að ræða hjá Japönum. En það sem er hins vegar við blasandi þar eins og í EB er að þetta er afskaplega dýr atvinnugrein og mjög hæpið að hún fái staðist til frambúðar. Það er kannski skýrast í Japan vegna þess að árið 1960 var helmingur þess fólks sem bjó í sveitum í Japan undir 42 ára aldri. En 1990 var meðalaldurinn kominn nálægt 60 árum í sveitum í Japan. Það segir sig sjálft að þetta er deyjandi stétt. Landbúnaðurinn hefur ratað í slíkar ógöngur um allan heim að hjá því verður ekki komist að taka á þeim málum. Það hygg ég að öllum sé ljóst og kannski engum betur en bændum sjálfum.

Ef við tökum landbúnaðinn í Evrópubandalaginu má segja að hann taki til sín um 70% af útgjöldum bandalagsins, þ.e. landbúnaðurinn einn og sér, og styrkirnir þar samsvari nánast verðmæti framleiðslunnar. Það er ótrúlegt að þetta fáist staðist til frambúðar. Á þessu hljóta menn að þurfa að taka.

Það hefur oft verið tekið dæmi um sykur, hvernig bandalagið ræktar talsvert af sykri þó það sé kannski ekki sérlega vel til þess fallið. En það niðurgreiðir svo þá ræktun að þróunarlönd sem eru góð sykurframleiðslulönd geta ekki keppt við sykurframleiðslu Evrópubandalagsins vegna niðurgreiðslu og styrkja. Þetta þýðir aftur að þessum þróunarlöndum er haldið í fjötrum. Það sem þau geta þó framleitt best geta þau ekki selt vegna niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum í iðnríkjunum. Þannig er alveg ljóst að heimurinn allur verður að taka á þessum málum og er að reyna að taka á þeim.

Ég er alveg að ljúka máli mínu, forseti. En það er öllum ljóst hér á Alþingi að ekki er hægt að hafna auknum alþjóðaviðskiptum með landbúnaðarvörur. Ég held að tilboðið sem hér hefur verið lýst frá því í nóvember 1990 beri mjög með sér að allir eru þessarar skoðunar og bændur eru sjálfir þeirrar skoðunar að því verði ekki hafnað. En spurningin er um útfærslu. Og

ég verð að segja að ég harma mjög framkomu hæstv. utanrrh. í pontunni áðan vegna þess að mér fannst hún bera þess merki að ráðherrann vildi ekki eiga neinar samræður við þingið um þetta mál. Ráðherra sagði hér að það væri eðlilegt, óumflýjanlegt og nauðsynlegt að markaðstengja landbúnaðarframleiðsluna, en ég vil þá segja við hæstv. utanrrh. þó að hann sé víðs fjarri að það er eðlilegt, óumflýjanlegt og nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. eigi samræður við þingmenn, hlusti á þau rök sem hér koma fram og veiti okkur einhver rök en komi ekki sífellt í pontu eins og trúboði.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram í dag er að mínum dómi bæði tímabær og þýðingarmikil. Það er enda ekki um neitt smámál fjallað. Við erum að fjalla um aðild okkar að GATT, sem er okkur Íslendingum mjög mikilvæg og þýðingarmikil, en við erum þó fyrst og fremst að fjalla um breytingar á GATT-samningnum, einkanlega að því er lýtur að breytingum er varða landbúnaðarvörur, og þó fyrst og fremst þá tillögu sem lögð var fram 21. des. sl. af framkvæmdastjóra GATT, Arthur Dunkel, tillögu sem líta má á sem eins konar málamiðlunartillögu í því skyni að ná samkomulagi á milli Evrópubandalagsins annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar.

Í sjálfu sér er það rétt, sem hér hefur komið fram, að tillaga Dunkels ber mjög keim af því að það er verið að reyna að draga Evrópubandalagsþjóðirnar inn í þetta samkomulag, en eins og allir vita strandaði GATT-samningurinn fyrir ári á andstöðu þeirra þjóða. Tillagan ber þess merki að um leið og haldið er inni í tillögunni ýmsum þeim atriðum sem varða mjög hagsmuni Bandaríkjanna er reynt að koma til móts við Evrópubandalagið með því að auka við þau atriði í þessum málum sem koma Evrópubandalagslöndunum vel.

Ég lít svo til að sú umræða sem hér hefur farið fram í dag hafi í meginatriðum fallið í sama farveg, frá því hafa verið afar lítil frávik. Efnisatriði í tillögu Dunkels hafa verið rakin og afleiðingar af því hafa verið raktar ef svo færi að sú tillaga yrði að niðurstöðu sem við Íslendingar ættum aðild að. Ég sé ekki ástæðu til þess að ég fari að ítreka það sem fram hefur komið í umræðunum í dag um þessi efni. Þessi efnisatriði hafa verið mjög vel skýrð af ýmsum ræðumönnum og ég endurtek að þau efnisatriði hafa verið það samhljóða á milli ýmissa ræðumanna, bæði úr liði hæstv. ríkisstjórnar hér á þingi og eins frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, að ég sé enga ástæðu til að fara ofan í þau efnisatriði frekar. Þetta hefur sem sagt verið dregið fram í dagsljósið og ég verð að lýsa yfir því að ég er ánægður með hversu þær ræður hafa í megindráttum verið samhljóða sem hér hafa verið fluttar.

Það hefur enn fremur komið fram að í sjálfu sér séu kannski litlar líkur til þess að þessi tillaga verði samþykkt vegna þess að ýmsar þjóðir muni fyrir þann 13. janúar lýsa yfir andstöðu við hana. Lok á samningnum um þetta mál, þ.e. landbúnaðarkafla GATT-samninganna, verða væntanlega ekki á næstu vikum og enginn getur um það sagt með nokkurri vissu hve langan tíma þær samningaviðræður taka, en allar líkur benda til þess að þær séu ekki alveg á næsta leiti. Eigi að síður liggur fyrir að þess er krafist af framkvæmdastjóra GATT að einstakar þjóðir leggi fram athugasemdir sínar við þá málamiðlunartillögu sem framkvæmdastjórinn hefur flutt fyrir þann 13. þ.m. og það segir sig sjálft að það væri afar ógætilegt af okkur Íslendingum að láta undir höfuð leggjast að setja fram okkar fyrirvara, okkar skilmála varðandi þá tillögu fyrir þennan tíma. Í raun og veru liggur það svo ljóst fyrir að þar er um alveg sjálfsagðan hlut að ræða.

Tíminn er stuttur og hæstv. ríkisstjórn hefur enn ekki tekið ákvörðun um í hvaða formi þeir fyrirvarar sem hún mun væntanlega setja fram verða, en það verður vitaskuld að taka ákvörðun um það á allra næstu dögum.

Ég tel að það komi naumast annað til greina en að hæstv. ríkisstjórn setji fram sína fyrirvara og sín skilyrði varðandi þá tillögu sem hér er til umræðu á þann hátt að það verði samræmi við þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Í ljósi þess tel ég að umræðan hafi haft verulega þýðingu. Ég tel að í henni felist veruleg leiðsögn fyrir hæstv. ríkisstjórn. Ég held að með tilliti til þess sem hér hefur komið fram og með tilliti til þess að ýmsar aðrar þjóðir munu setja fram sín skilyrði, sem í raun þýðir höfnun á þeirri tillögu sem verið er að ræða, sé það ekkert meira hættuspil af okkur Íslendingum að setja fram okkar fyrirvara og okkar skilmála í þeim búningi að það megi túlka sem höfnun á tillögunni sem fyrir liggur. Ég sé fyrir mína parta ekki möguleika á því að við getum samþykkt þessa tillögu og samþykkt GATT-samning í því horfi sem hann væri ef hún yrði samþykkt og því væri nauðsynlegt að þeir fyrirvarar og skilmálar sem fram komi af hálfu Íslands beri þessa merki.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki ræða þetta frekar efnislega í mörgum greinum. Mig langaði þó til þess að leggja áherslu á eitt atriði sem tiltölulega lítið hefur komið fram í umræðunum, en það er sérstaða Íslands. Sérstaða Íslands er mjög mikil í samfélagi þjóða að því er varðar samning eins og þennan. Í fyrsta lagi er hægt að líta á landfræðilega stöðu okkar Íslendinga og það er hægt að líta á fámenni þjóðarinnar. Þetta þýðir í fyrsta lagi að við búum í landi sem er tiltölulega erfitt fyrir landbúnaðarframleiðslu og fámenni þjóðarinnar er slíkt að markaðurinn hér hefur ekki mikla þýðingu fyrir framleiðendur annarra þjóða.

Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á öryggismál okkar og fjarlægðir frá öðrum löndum. Á þetta hafa sumir lagt áherslu fyrr í dag. Það er ekki viðunandi öryggi fyrir okkur Íslendinga í matvælaframleiðslu ef við verðum að verulegu leyti upp á framleiðendur annarra þjóða komnir hvað varðar þau matvæli sem við framleiðum eins og nú standa sakir. Það er afar stórt atriði fyrir okkur að við höldum okkar framleiðslu vegna öryggis okkar sjálfra. Ég nefni hollustu og heilbrigði, ég nefni þar ekki einungis ýmsa dýrasjúkdóma sem við erum í hættu með að kunni að berast inn í landið með innflutningi og þarf að vera mjög sterklega að orði komist varðandi þau efni í fyrirvara eða skilmálum Ís-

lands. Ég nefni einnig heilbrigðisatriði er varða neytendur, okkur sjálfa, vegna mikilla lyfjagjafa sem notaðar eru við framleiðslu landbúnaðarvara víða erlendis, bæði lyfja sem eru til að vinna bug á ýmsum sníkjudýrum og sjúkdómum, en einnig og ekki síður vaxtarhormóna sem ég hygg að ýmsir telji að séu heilbrigði neytendanna ekki sérlega hollir.

Í fjórða lagi nefni ég atvinnuhætti þjóðarinnar sem eru einhæfir í okkar stóra landi. Atvinnuhættir okkar eru þannig að þeir mynda tiltekna keðju sem ræður því hvort land okkar er byggt eða byggt ekki. Verði veruleg röskun á okkar atvinnuháttum að því er varðar landbúnað segir sig sjálft að byggðakeðjan er rofin og við stöndum frammi fyrir því að okkar land verður óbyggt land á stórum svæðum. Þetta gildir ekki einungis um sveitir heldur einnig um þéttbýlið sem tengist sveitabyggð hvarvetna um landið.

Ég tel ástæðu til að draga fram þessi atriði sem ég kalla að lúti að sérstöðu Íslands og að henni tel ég eðlilegt að sé vikið allsterklega í þeim fyrirvara og þeim skilmálum sem ég tel nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn leggi fram fyrir 13. þ.m. Enn hefur hér verið rætt um aðgerðir okkar í landbúnaðarmálum að undanförnu sem ég skal ekki ítreka. Ég tel að það sé nokkurn veginn fullrætt.

Ég ætla ekki að blanda mér í nokkrar deilur eða orðaskak á milli hæstv. utanrrh. annars vegar og fyrrv. ráðherra í síðustu hæstv. ríkisstjórn. Ég vil aðeins minna á að tilboð sem sú ríkisstjórn setti fram að ég ætla í nóvembermánuði 1990 er hið eina tilboð sem sett hefur verið fram af hálfu okkar Íslendinga. Sú tillaga sem hér er verið að ræða á ekkert skylt við tilboð af hálfu okkar Íslendinga eins og stundum mátti skilja í þeim orðaskiptum þar sem menn voru að jafna þessu tvennu saman. Ísland hefur ekki bundið sig á nokkurn hátt í þessu máli enn. Það tilboð sem sett var fram í nóvember 1990 var að vísu sett fram af þáverandi fullgildum stjórnvöldum en var með fyrirvara í öllum greinum að því er skýrt var frá. Ég gagnrýndi það tilboð á sínum tíma vegna þess að þar var í fyrsta sinn af hálfu íslenskra stjórnvalda boðið fram að losa um hömlur á innflutningi búvara sem við höfum framleitt í okkar landi sjálfir og ég kallaði það að rjúfa skarð í varnargarð og það skarð yrði erfiðara að fylla eftir að það einu sinni hefði verið opnað. Þetta stendur vitaskuld allt.

Ég tel að það verði að treysta því að á þessu máli verði haldið með þeim hætti að sérstaða okkar Íslendinga verði virt, að atvinnuvegir okkar geti starfað án þess að um stórbyltingar verði að ræða og að við getum áfram notið þess hér, Íslendingar, að neyta hollrar og góðrar fæðu sem framleidd er í landinu sjálfu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa flestar ræður til þessa snúist um það efni sem hér hefur verið á dagskrá. Þó verður að segjast eins og er að hv. 3. þm. Vestf. flutti ræðu þar sem e.t.v. hefði mátt líta svo á að þessar umræður snerust um GATT-samkomulagið sem heild. Ég held að vegna þess sem þá var sagt sé vonlaust annað en taka undir það með hæstv. utanrrh. að þessar umræður snúast ekki um GATT-samkomulagið sem heild og fullyrðingar um að það sé eitthvert hik á Íslendingum að ganga upprétttir til þeirra samninga held ég að fái ekki staðist.

Sem einn af þeim sem að sjálfsögðu hafa gert sér grein fyrir því að GATT-tollasamkomulagið hefur orðið Íslendingum til góðs á umliðnum árum vil ég taka fram að ég tel einmitt að það sé ekkert undanfæri. Við verðum að ná viðunandi árangri í GATT-samningum, m.a. til að þurfa ekki að sæta neinum afarkostum af hendi Efnahagsbandalags Evrópu. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu. Ég tel þess vegna að þær viðræður sem hafa staðið frá 1986 hafi verið liður í því að ná þar framþróun en við vissum að þær viðræður mundu snúast um rýmkun á ýmsum atriðum varðandi landbúnaðarvörur.

Nú er það svo að Íslendingar flytja inn mikið af landbúnaðarvörum, mjög mikið, vegna þess að við framleiðum ekki nema vissar tegundir hér á landi. Af þeirri ástæðu einni að við flytjum inn okkar korn t.d. fyndist manni að það mætti horfa á það í fyrirvara að þá ættum við meiri rétt en aðrir til þess að segja: Við treystum okkur ekki til að leyfa jafnmikið og leyft verður varðandi kjöt- og mjólkurvörur. Ég tel að það hljóti að verða að skoðast í samhengi hvaða heildarmagn menn eru að tala um.

Hins vegar verð ég að segja eins og er að þeir sem gagnrýna það eða láta svo sem þeir gagnrýni að fyrri ríkisstjórn gaf út stefnumarkandi tilboð, ef svo mætti komast að orði, hljóti þá að verða að svara þeirri spurningu hér í þingsölum: Voru þeir andvígir því að það væri gert? Litu þeir svo á að við ættum að draga okkur út úr þessum samningum og taka ekki þátt í þeim? Mér sýnist þess vegna að allar ádeilur á fyrrv. ríkisstjórn fyrir að hafa gefið út þessa yfirlýsingu á sínum tíma hljóti að kalla á að þeir aðilar verði að gera grein fyrir því: Vildu þeir að við drægjum okkur út úr GATT-viðræðunum? Ég er ekki búinn að trúa því að svo hafi verið heldur finnst mér að þar sé um heldur ómerkilegar aðdróttanir að ræða, aðdróttanir sem byggja á því að menn vilja helst ekki þurfa gefa yfirlýsingar um hvað þeir vilji.

Nú liggur aftur á móti fyrir að það er komið sáttatilboð og menn þurfa að svara fyrir 13. þ.m. hvort þeir treysta sér til að ganga að því tilboði eða hvort þeir þurfa að setja þar fram fyrirvara. Ég verð að segja eins og er að mér hefur fundist sem núv. ríkisstjórn væri nokkuð seinbúin að búa sig undir hvernig hún vildi standa að því að setja fram slíkan fyrirvara. Æskilegt hefði verið að hæstv. landbrh. hefði getað gert grein fyrir því í sínu svari hvað það væri sem Íslendingar mundu setja fram sem fyrirvara þann 13. því að það er stutt til þess tíma. Hins vegar hlýt ég að fagna því að það kom fram hjá honum að þetta sáttatilboð er algerlega óásættanlegt eins og það er og það hefur komið fram hjá hverjum sjálfstæðisþingmanninum eftir annan að Einari Kristni, hv. 3. þm. Vestf., undanskildum að menn hafa litið svo á að fyrirvari yrði að koma af Íslands hendi í þessum efnum. Að mínu viti er það

stærsta málið að það verði magnfyrirvari, það verði takmarkað magn sem við treystum okkur til að taka á móti í þessum efnum. Og skýringin er ákaflega einföld.

Þegar við tókum þá ákvörðun að stöðva útflutningsbætur á sama tíma og aðrar þjóðir hafa verið að nota útflutningsbætur í stórum stíl fórum við að reyna að aðlaga okkar landbúnað innanlandsmarkaði. Komi núna nýtt högg í stöðunni hafa það verið stórkostleg mistök að afnema útflutningsbæturnar því að þar er ég algerlega ósammála hæstv. utanrrh. þegar hann telur að það sé sú vitlausasta stefna sem til er. Ef þetta væri rétt væri það slæmur dómur um fyrrv. formann Alþfl., Gylfa Þ. Gíslason, það væri slæmur dómur um Ingólf Jónsson á Hellu og það sem verra er, það væri yfirlýsing um að flestir utanríkisráðherrar og viðskiptaráðherrar vestrænna landa væru meira og minna vitlausir því að þeir hafa stutt þessa stefnu. Auðvitað hefur verið skynsamlegra að koma offramleiðslunni í verð en búa við mikinn óróa á innlendum markaði í matvælaframleiðslu. Þetta hefur þessum aðilum verið ljóst.

Ég held aftur á móti, miðað við þær yfirlýsingar sem hér hafa komið, að verulegri óvissu hafi nú verið ýtt til hliðar varðandi viðhorf stjórnarsinna. Mér er ljóst að hvaða hugmyndir sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft í þessum efnum eða meiri hluti þar, þá er ekki meiri hluti á Alþingi Íslendinga fyrir því að samþykkja það sáttaboð sem nú liggur fyrir. Það blasir við. Það verður að segja eins og er að sú óvissa er úr sögunni.

Hins vegar tel ég að það hljóti að vera ærið umhugsunarefni að sú stefna sem hefur orðið ofan á tryggir í reynd voldugustu ríkjum heimsins eins og t.d. Bandaríkjunum mjög góða aðstöðu til að halda áfram að styðja við útflutning á landbúnaði með útflutningsbótum. Að því leyti hefur það ekki tekist, sem margir væntu að mundi gerast, að hinar fátækustu þjóðir heimsins ættu samkeppnismöguleika með framleiðslu á landbúnaðarvörum. Það er náttúrlega gallinn við það samkomulag sem blasir við að það leiðir ekki til þess jöfnuðar í viðskiptum á milli iðnríkja heimsins og þróunarríkjanna sem æskilegt hefði verið. Ég er sannfærður um að ef svo fer sem horfir, að þróunarríkin halda áfram að verða skuldugri og skuldugri á sama tíma og hin safna auði, stafar af því veruleg ófriðarhætta fyrir mannkyn fyrir utan að það er mjög andfélagsleg hugsun að viðhalda slíkri þróun.

Ég vil aftur á móti undirstrika að sé farið aftur til aldamóta stóð íslensk kjötframleiðsla svo sterk í þessu landi að við gátum keppt við kjötframleiðendur í Evrópu. Við höfðum ekki styrk til að keppa við þá sem framleiddu kjöt í Nýja-Sjálandi, Argentínu eða Ástralíu vegna þeirrar aðstöðu sem þeir höfðu. En við gátum keppt við kjötframleiðslu í Bretlandi og Noregi og öðrum Evrópulöndum sem við vildum selja kjöt til.

Ég held líka að það fari ekkert á milli mála að fram undan er veruleg hækkun á landbúnaðarvörum í heiminum. Það þýðir ekkert að segja að hægt sé að bæta við þeirri framleiðslu sem Sovétríkin þurfa í dag án þess að birgðirnar minnki. Það er verið að sópa burtu framleiðslu Evrópubandalagsins inn á þessi svæði á þessum vetri til að forða borgarastyrjöld í fyrrverandi ríkjum Sovétríkjanna. Og verði það ekki gert fara kjarnorkusprengjurnar á útsölu þannig að það er ekki af góðsemi sem vestrænu löndin eru í dag að moka matnum inn þarna. Þeim er alveg ljóst hvað gerist. Það verður boðið í kjarnorkusérfræðingana og það verða engir smáaurar sem boðið verður upp á. Það gengur náttúrlega ekki hjá vestrænum þjóðum að segja að það eigi að vera ferðafrelsi og frelsi einstaklingsins og segja svo líka að þeir sem kunna að búa til kjarnorkusprengjur eigi ekki að hafa sömu mannréttindi og hinir, það gengur einfaldlega ekki upp.

Ég ætla að minna á annað sem snertir öryggismál. Eitt kjarnorkuslys, eitt stórt kjarnorkuslys í Evrópu, hvað getur það gert? Það getur gert að verkum að landbúnaðarframleiðsla á stórum svæðum verði ekki hæf til manneldis. Þess vegna er alveg fráleitt að nokkur þjóð sem vill halda sjálfstæði sínu geti búið við að eiga það undir erlendum aðilum í mjög ríkum mæli hvort hún fær mat. Það er ein af frumþörfunum sem verður að tryggja. Það þarf ekki annað en horfa til hins forna veldis Inkanna til að átta sig á því að þeir héldu velli sem glæsilegasta samfélag indíánanna á sínum tíma vegna þess að það var yfirstjórn sem geymdi sjö ára birgðir af korni. Og hvar eru birgðir heimsins í dag, hvar eru þær til? Þær hafa verið að minnka ár eftir ár.

Mér er þess vegna, þegar ég horfi á þessa stöðu og þá staðreynd að Íslendingar eru matvælaframleiðsluþjóð, ekki dimmt fyrir augum. Ég held að það sé rétt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. Auður þessarar þjóðar er með ólíkindum mikill. Hagvöxtur á Íslandi á seinasta áratug var jafnmikill og í Vestur-Þýskalandi. Hitt er rétt að innan Evrópubandalagsins sem heildar var hagvöxturinn meiri vegna þess að þar sem lífskjörin voru lélegust batnaði eitthvað frá því sem áður var og skyldi engan undra þó að í þessu samfélagi hafi einhvers staðar orðið framfarir. En ég trúi því ekki að svo verði að okkur saumað að komi íslensk ríkisstjórn fram með sína fyrirvara og verji þá með þeim rökum sem við höfum oft orðið að beita áður vilji menn ekki hlusta og við eigum ekki möguleika á að ná ásættanlegum samningum. Ég vil ekki trúa öðru en að það takist.

Ég bæti við um leið og ég segi þetta að þó að ég geti vissulega tekið undir það að hæstv. utanrrh. las rétt upp, þann texta sem hann flutti, og skyldi engan undra þó að hann læsi rétt íslenskt mál, þótti mér miður að hann skyldi ekki hafa einurð til að gera grein fyrir hinum mikla mun sem var á því tilboði sem fyrri ríkisstjórn gerði og þeirri málamiðlun sem nú liggur fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég vil eins og fleiri ræðumenn byrja á að þakka málshefjanda fyrir að hlutast til um að fá þessa umræðu hér. Það var sannarlega þarft og tímabært og að mínu mati mjög mikilsvert að hún hefur getað farið fram og ég tek undir orð hv. 2. þm. Norðurl. v. í þeim greinum að ég tel að hæstv. ríkis-

stjórn hafi fengið mikilvæga leiðsögn um afstöðu þingheims í málinu. Svo tiltölulega samhljóma hefur meginntónninn í þessari sinfóníu verið sem hér hefur verið slegin.

Ég sakna þess hins vegar að hæstv. ríkisstjórn sýni umræðunum þá virðingu og þinginu að hlýða á hana í ríkari mæli en raun ber vitni og það er sannarlega dapurlegt að til að mynda hæstv. utanrrh., hæstv. viðskrh. og svo að sjálfsögðu hæstv. landbrh. skuli ekki sitja í þessari umræðu að staðaldri. Item mætti náttúrlega hæstv. forsrh., sem svo á að heita að fari með byggðamál, gjarnan hafa í huga að hér eru ræddir þeir hlutir sem gætu haft ekkert lítil áhrif á byggðamunstur á Íslandi ef illa tækist til. Reyndar er það svo að maður er orðinn ýmsu vanur í þessum efnum, hæstv. forseti, og ég kippi mér þess vegna ekki mikið upp við það þó að hæstv. utanrrh. hagi sér með þeim hætti sem hann gerir hér, þ.e. að vaða í ræðustólinn og tala eins og hann hafi einkarétt á staðreyndum, enginn annar sé um það bær að fullyrða hvað sé rétt og hvað sé rangt í neinu máli nema hans hágöfgi, hæstv. utanrrh. sjálfur, og rjúka svo héðan úr þingsalnum og hverfa á braut þar með og vera ekki til svara eða til þess að hlýða á þegar aðrir ræðumenn t.d. rökræða málflutning hans.

Hæstv. utanrrh. bar mig þeim sökum að ég rökstyddi ekki mínar ásakanir í hans garð. Það hafði ég reyndar gert í fyrri ræðu minni og ætlaði mér að gera í þessari og ég vísaði til fjölmargra raka sem komið höfðu fram í máli annarra ræðumanna, en ég ætlaði þó að gera aðra tilraun, eins og ég reyndar sagði við hæstv. utanrrh., með því að fara nokkuð yfir og bera saman í tölusettum liðum, sem hentar hæstv. utanrrh. vel eins og kunnugt er, að hlutirnir séu taldir fram í fyrsta, öðru og þriðja lagi o.s.frv., þannig að hæstv. utanrrh. næði kannski að nema það sem rétt er í þessu máli að mínu mati. En það er umhendis að gera það að honum fjarstöddum. Ég get ekki, býst ég við, gert kröfur til þess og vil það ekki vegna annarra þátttakenda að umræðunum verði frestað og utanrrh. kallaður til fundar því að mér er tjáð að hann sé rokinn úr húsinu, en ég átel þessa framkomu og mótmæli henni og vona að þau mótmæli berist hæstv. utanrrh. t.d. í gegnum hæstv. forseta þingsins.

Það er alveg ljóst að umtalsverðar og miklar grundvallarbreytingar hafa orðið á, ekki bara því tilboði sem Ísland sendi inn í viðræðurnar síðla árs 1990 og svo þeim drögum að samningi sem Arthur Dunkel hefur lagt fram heldur endurspeglar tilboð Dunkels mikið fráhvarf frá þeim meginanda umræðnanna innan GATT sem staðið hafa lon og don um landbúnaðarmálin í fimm ár. Frá upphafi hafa verið þar skiptar skoðanir og frá upphafi hafa fjölmargar þjóðir lagt mjög ríka áherslu á að þær vildu geta varðveitt það byggðamunstur og það fæðuöryggi sem þeirra landbúnaður veitti þeim. Ísland hefur verið í þessum hópi. Sameiginlega með fjórum Norðurlandanna hefur Ísland í gegnum málflutningsmann EFTA-Norðurlandaþjóðanna, formann finnsku sendinefndarinnar í Genf, ævinlega flutt þennan málstað og verið í þessum hópi. Og það hefur frá upphafi og fram til þessa dags að ég hélt verið ein meginánersla Norðurlandaþjóðanna að það yrði að fást hvað landbúnaðinn snertir tekið tillit til svonefndra óviðskiptalegra þátta eða „non-trade factors non-trade concerns" eins og það er kallað á erlendu máli í þessum umræðum. Þar er átt við að hlutir eins og byggðamál, fæðuöryggi, félagslegar aðstæður, atvinnuöryggi og aðrir slíkir þættir yrðu að fást teknir með inn í þessa mynd þegar viðskiptafrelsið eða rýmkun á viðskiptareglum væri til umræðu. Það er því alveg furðulegt að heyra menn tala hér, t.d. hæstv. utanrrh., eins og þeir hreinlega viti ekki hvernig málstaður Íslands hefur að svo miklu leyti sem hefur verið um slíkt að ræða verið fluttur á þessum vettvangi.

Ég held að ég verði að endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég fann ekki fyrir því þegar ég fór að sinna þessum málum, aðallega á árunum 1989 og síðan 1990, að málstaður Íslands hefði mikið verið þarna fram borinn nema það sem fór að bera á í landbúnaðarumræðunum í gegnum samráð okkar við hinar Norðurlandaþjóðirnar og fyrir því stóð landbrn. á fundum landbúnaðarráðherra Norðurlandanna og í gegnum m.a. samflot norrænu bændasamtakanna. Ég held að ég hljóti að verða að segja það að að mínu mati virðist svo sem íslenska utanrrn. hafi verið steinsofandi varðandi þessar GATT-umræður lengi framan af, að vísu með þeirri undantekningu, sem ég áður nefndi, að fastafulltrúi Íslands í Genf hefur að mínu mati reynt eftir bestu getu að sinna þessu ásamt með öðrum verkum.

Svo ég nefni aðeins í nokkrum liðum þau atriði sem hvað mest eru frábrugðin í samningsgrundvelli Dunkels annars vegar og tilboði Íslendinga frá 1990 hins vegar, þá er það auðvitað í fyrsta lagi það grundvallaratriði að samkvæmt grundvelli Dunkels yrði með öllu fallið frá magntakmörkunum eða möguleikum þjóða til að takmarka innflutning með beinum hætti í gegnum kvóta eða hreinlega innflutningsbönn. Þar með hverfur sú vernd, sem hefur verið umreiknuð í peningaígildi upp á milljarða kr., sem landbúnaðarframleiðslunni innan lands er veitt með þeim takmörkunum. Ef menn muna eftir þeim AMS-útreikningum sem gerðir voru í tengslum við þessar viðræður, þá muna menn væntanlega einnig að meginhluti stuðningsins eins og hann birtist fyrir hönd innlendu framleiðslunnar fólst í þessari vernd, ekki í fjárframlögum íslenska ríkisins. Þegar sú vernd sem landbúnaðinum var veitt með innflutningstakmörkunum og innflutningsbönnum var umreiknuð í peninga með því að bera saman heimsmarkaðsverðið annars vegar og verð á innlenda markaðnum hins vegar, þá var þetta orðinn meginhluti stuðningsins við landbúnaðinn sem þarna mundi hverfa á einu bretti.

Ég vil bæta því við að þessu tengist að sjálfsögðu að ekki yrði um að ræða að hægt yrði að koma við neinni framleiðslustjórn eða öðrum slíkum atriðum sem byggja á þessari vernd og það er það sem bændasamtökin benda réttilega á að kollvarpar í raun og veru möguleikanum á því að reka sjálfstæða innlenda landbúnaðarstefnu.

Í öðru lagi er grundvallarbreyting fólgin í þeim

markaðsaðgangi sem grundvöllur Dunkels gerir ráð fyrir, þ.e. að opnað verði fyrir innflutning á vörum sem ekki hafa verið fluttar inn, 3% sem vaxi í 5% á þessu árabili, á niðursettu verði. Það skyldu menn athuga að við yrðum neyddir til að hleypa þeim hluta inn á markaðinn á mun lægra verði en gengur og gerist með innlenda framleiðslu með þeim truflandi áhrifum sem það mun hafa að eitthvert tiltekið magn af kjötvörum og mjólkurvörum yrði hér til sölu innflutt á mun lægra verði af því að það er einungis heimilt að leggja tiltölulega lága tolla þar á. Á þeim tíma sem við settum fram okkar tilboð, þ.e. 1990, eins og umræður stóðu þá var gert ráð fyrir að hinn takmarkaði markaðsaðgangur upp á 1–2% yrði tollaður að fullu þannig að hann yrði á sambærilegu verði við innlenda framleiðslu. Einnig að þessu leyti hefur því orðið grundvallarbreyting.

Í þriðja lagi nefni ég mikið mun óhagstæðari skilgreiningar varðandi flokkun stuðningsgreiðslna en menn töldu að náðst gætu fram á árinu 1990, þ.e. flokkun í græn og gul svæði, og það er alveg ljóst að Bandaríkjamenn hafa þarna mikil áhrif á leikreglurnar sem settar eru varðandi flokkun þessara stuðningsaðgerða. Þær koma þannig út að meginhluti stuðnings Bandaríkjamanna við eigin landbúnað fellur utan hinna óleyfilegu stuðningsaðgerða. Þannig er það t.d. að Bandaríkjastjórn beitir mjög víðtækum óbeinum áhrifum til að hafa áhrif á afkomu bandarískra bænda. Bandaríkjastjórn kaupir allt umframkorn, setur það í geymslur og borgar geymslukostnaðinn á kornið og sér um að flytja það út og greiða það niður til Rússlands eins og annað eða inn á Ástralíumarkað þar sem það er núna selt í stórum stíl á niðurgreiddu verði þannig að jafnvel hin hagkvæma ástralska kornframleiðsla ræður ekki við það. Bandaríkjamenn veita miklum greiðslum í bandarískan landbúnað sem taka mið af landi og ekru en ekki framleiðslu og ekki launum bænda og það er ýmist til að þetta land sé ekki í ræktun eða út á land sem er notað og þessar greiðslur falla ekki undir hinn óleyfilega geira, teljast ekki með o.s.frv.

Tímans vegna get ég ekki farið nánar út í þetta, en það er alveg ljóst að þessar skilgreiningareglur koma mjög illa við okkur Íslendinga, í raun og veru eins illa og hugsast getur. Það sem er meginbreytingin frá því sem menn gerðu sér vonir um 1990 og þegar búvörusamningurinn var gerður var að menn bundu vissar vonir við það að beinar greiðslur til bænda með þeim hætti sem nýi búvörusamningurinn gerir ráð fyrir mundu sleppa sem leyfilegar stuðningsaðgerðir og ekki hafa bein markaðstruflandi áhrif af því að þá var talið að með því að tengja þær við afkomutryggingu bændanna í gegnum beinar greiðslur með þessum hætti, um slíkt gæti tekist samkomulag í skilgreiningunum.

Ég nefni í fjórða lagi að þarna vantar verðbætur. Þær voru að sjálfsögðu í tilboði okkar. Að sjálfsögðu átti stuðningurinn að vera framreiknaður og síðan verðbætast ef verðbólga yrði á samningstímanum. Hér er um að ræða að annars vegar rýrnar þetta frá og með viðmiðunarárunum við þá verðbólgu sem síðan hefur verið og síðan með verðbólgu samningstímans.

Í fimmta lagi nefni ég að hér á að slaka stórlega á heilbrigðiskröfum og snúa þar sönnunarbyrðinni við þannig að við sem höfum áður getað fyrirskipað þeim sem ætluðu að flytja hér inn vöru að sýna fram á það með vottorðum að hún væri heilnæm, samanber ítalskar kartöflur sem ég lét senda til útlanda og/eða henda vorið 1989 af því að heilbrigðisvottorð frá Hollandi reyndist ekki fullnægjandi á kartöflum frá Suður-Evrópu sem fluttar voru í gegnum Holland til Íslands og úldnuðu síðan hér á hafnarbakkanum af því að við stóðum fast á því að þær skyldu standast okkar kröfur. Þá vorum það við sem settum reglurnar, þá voru það útflytjendurnir til okkar sem þurftu að sýna fram á að þeir væru með sín mál í lagi. Hér yrði það öfugt. Við yrðum í hverju tilviki að sýna fram á það og sanna að sjúkdómshætta væri fyrir hendi og það getur verið snúið eins og menn þekkja.

Ég nefni í sjötta lagi búvörusamninginn. Það er alveg ljóst að búvörusamningurinn er þegar kominn til framkvæmda í veigamiklum atriðum. Alþingi er búið að fullgilda hann með tvennum lögum og tvær ríkisstjórnir hafa framkvæmt hann. Það eru annars vegar lánsfjárlögin frá 1991 og það eru hins vegar fjárlögin fyrir yfirstandandi ár og hefur hæstv. ríkisstjórn ekki áttað sig á því að hún er með afgreiðslu fjárlaga núna í desembermánuði búin að ákveða að hefja framkvæmd búvörusamningsins hvað beinu greiðslurnar snertir þannig að í þeim skilningi hefur verið aflað viðbótarlagastoðar fyrir framkvæmd búvörusamningsins?

Ég nefni að það kemur mjög óhagstætt við okkur sú niðurstaða sem nú virðist í sjónmáli að útflutningsuppbætur verði lækkaðar minna en markaðsaðgangur hafður hins vegar opnari en áður var talið. Þetta verður mjög umhendis fyrir okkur í ljósi þeirrar stefnu sem hér hefur verið mörkuð og bersýnilega mjög óréttlátt. Hefði hæstv. utanrrh. verið hér hefði ég séð ástæðu til að lesa upp fyrir hann það tilboð sem Íslendingar settu í GATT-viðræðurnar á haustinu 1990 því að hann las það mjög eins og ónefndur aðili í sögunum les Biblíuna, hann las sumt en sleppti öðru. Hann las t.d. sáralítið af fyrstu síðu tilboðsins þar sem skýrt er tekin fram sérstaða Íslands og þeir fyrirvarar sem við setjum. Og hann sleppti ýmsu sem ástæða hefði verið til að taka með í þessari umfjöllun um hið gamla tilboð.

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, í mínum huga að það er að mörgu leyti slæmt ef þessar miklu viðræður, GATT-viðræðurnar, enda með þessum ósköpum á einn veg eða annan, þ.e. annaðhvort slitni upp úr þeim eða hins vegar að knúin verði þar fram í lokin mjög óréttlát niðurstaða hvað eitt víðtækt samningssvið snertir eins og hér virðist blasa við með landbúnaðinn, mjög óréttlát niðurstaða þar sem risarnir í leiknum gefa skít í hagsmuni annarra aðila en sjálfra sín og knýja fram niðurstöðu bersýnilega eingöngu í eigin þágu. Menn skulu ekki halda að þó svo Ástralir, Nýsjálendingar og Argentínumenn og aðrar þjóðir í Keynes-hópnum telji það illskárra en ekki að kyngja þessari niðurstöðu séu þær ánægðar því þær vita vel hvað þarna er á ferðinni hjá Bandaríkjamönnum og Evrópubandalaginu. En það liggur hins vegar ekki þannig í

þeirra tilviki því að nánast hvaða breytingu sem er í þessa veru telja þeir vera sér til bóta og þess vegna munu þeir frekar en ekki neitt samþykkja slíkt að lokum grátandi, en það er síður en svo að þeir vilji vel því ástandi sem þarna er og er í sjónmáli, samanber móttökur Bush höfðingjans í Ástralíu þegar hann var þar á ferðinni.

Ég tel þess vegna einboðið að ríkisstjórnin verði að koma fyrirvara Íslands þegar í stað á framfæri og verður að liggja fyrir skýrt fyrir næstu helgi hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að fara með sína afstöðu og móta hana. Auðvitað liggur fyrir að þar er allt út og suður eins og venjulega. Og ég segi: Það verður að gefa hv. Alþingi skýrslu þegar ríkisstjórnin hefur komist að niðurstöðu, ef einhver verður, og það verður að gerast í tæka tíð fyrir þann 13. þannig að Alþingi geti þá tekið ákvörðunina ef ríkisstjórnina brestur kjark til þess, þannig að Alþingi geti þá tekið ákvörðun um það hvaða skilaboð verða send fyrir hönd Íslands í þessar viðræður fyrir 13. janúar nk.

Ég tel að umræðan í dag hafi sýnt og sannað með skýrum hætti að yfirgnæfandi meirihlutastuðningur er á Alþingi fyrir því að setja fram varanlegan fyrirvara gagnvart þessu tilboði og/eða hafna því ef menn hafa ekki trú á að á því náist fram þær leiðréttingar sem nauðsynlegar eru. Þess vegna, herra forseti, ítreka ég og tek undir þær óskir að það verði séð fyrir því að við fáum skýrslu, þegar ríkisstjórnin hefur tekið sína ákvörðun í málinu, mótað sína afstöðu, þá verði gefinn tími til umræðna um skýrslu sem gefin verði af hæstv. ríkisstjórn í þessu efni og það verði gert með einhverra daga fyrirvara áður en hinn 13. gengur í garð.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur átt sér stað gagnmerk umræða í dag og við erum að ræða samningsdrög sem þessa dagana eru til umræðu í fjölmörgum ríkjum heims. Ef ég man rétt eru það um 108 ríki sem eiga aðild að GATT-viðræðunum. Þess vegna hlýt ég að lýsa furðu minni á því að sá ráðherra sem þetta mál heyrir undir skuli ekki sitja hér og hlusta á umræður. Og ég verð að segja að mér finnst sú litla virðing sem sá hæstv. ráðherra sýnir Alþingi ekki ásættanleg og ég tek undir það sem hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum og mótmæli þessari framkomu. Þetta er mjög mikilvægt mál og það er lágmark að ráðherrar hlusti á þau rök sem hér koma fram.

Ég flutti ræðu fyrr í dag og það fór fyrir mér eins og fleiri ræðumönnum að ég var ekki búin að ljúka máli mínu þegar klukkan kallaði og þess vegna vil ég bæta hér örlitlu við. Ég vil aðeins rifja upp að ég nefndi það í upphafi minnar ræðu að ég tæki ekki afstöðu til þessa samnings í heild m.a. vegna þess að okkur skorti mjög upplýsingar um aðra þætti þessara samningsdraga en þann sem snýr að landbúnaðinum. Ég hlýt að koma þeirri ósk hér á framfæri við hæstv. utanrrh. að alþingismenn fái gleggri og nákvæmari upplýsingar um aðra þætti þessa samnings.

Nú er það svo að menn hafa deilt mest um landbúnaðarkaflann og því eðlilegt að hann sé ræddur og mest komi fram um hann. En eins og ég nefndi í dag snúast þessir samningar um fjöldamörg önnur atriði sem líka snerta stóra hópa í íslensku samfélagi og sem hljóta að þurfa að koma til umræðu og skoðunar þegar verið er að vega og meta þennan samning.

Í mínu máli fyrr í dag lagði ég mesta áherslu á að við yrðum að skoða þennan samning í heild og meta hann út frá þýðingu hans fyrir þjóðarhagsmuni og í öðru lagi lagði ég mikla áherslu á það í mínu máli að ég teldi bændur draga upp of dökka mynd af afleiðingum þessa samnings. Við hljótum að velta því fyrir okkur bæði hvað gerist ef þessi samningur gengur í gildi og einnig hvað muni gerast ef hann verður ekki að veruleika.

Samkvæmt því sem starfsmenn íslensku utanríkisþjónustunnar segja er talið mjög líklegt að hinn endanlegi samningur, ef hann nær fram að ganga, verði á mjög svipuðum nótum og hann er núna. Það kunna að verða einhverjar smávægilegar breytingar en þær verða ekki miklar þannig að við stöndum frammi fyrir þessum veruleika. Í öðru lagi, ef þessi samningur verður ekki samþykktur, ef við Íslendingar höfnum samningnum, þá þýðir það að þær ívilnanir sem menn hafa verið að bjóða í tvíhliða viðræðum Íslendinga og annarra landa, svo sem Bandaríkjanna, Japan, Kanada, Kóreu og fleiri ríkja, ná ekki fram að ganga. Hins vegar er ekki rétt, og ég tel mikilvægt að það komi fram, að við munum missa einhver réttindi. Samkvæmt því sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar fullyrða gildir gamli GATT-samningurinn, en því er ekki að heilsa sem betur fer að við munum missa einhver þau réttindi sem við nú höfum.

Ég vil einnig ítreka að ég held að í þessum umræðum og í framhaldinu verði menn að skoða mjög rækilega hvaða stuðningur er mögulegur fyrir íslenskan landbúnað. Það er alveg ótvírætt að þessi samningur boðar miklar breytingar. Það er algerlega augljóst að hann mun valda einhverjum samdrætti. Við getum hins vegar deilt um hversu mikill hann muni verða. Samningurinn eins og hann er gefur ýmsa kosti á stuðningi við landbúnaðinn, stuðningi sem ekki er markaðstruflandi eins og það er kallað, stuðningi sem fellur undir hinar svokölluðu grænu greiðslur. Ég vil bara nefna sem dæmi að sá stuðningur getur verið varðandi rannsóknir, sjúkdómavarnir, starfsþjálfun, ráðgjöf, eftirlit, almenna markaðsþjónustu og grundvallarþjónustu, svo sem rafmagn, vegasamband og þess háttar, stuðning vegna fæðuöryggissjónarmiða, matargjafir til þurfandi og fleira samkvæmt nánar tilteknum skilyrðum. Einnig segir í þeirri skýrslu sem við höfum fengið í hendur:

„Annars konar stuðningur sem verður heimilaður samkvæmt þessum hugmyndum er t.d. afkomutrygging vegna náttúruhamfara, stuðningur til aðila til að hætta búskap, stuðningur til að taka land úr ræktun, stuðningur til fjárfestinga ef hann er almennur og varðar ekki einhverja tiltekna tegund af framleiðslu, stuðningur vegna umhverfisverndar. Jafnframt má veita byggðastyrki, enda sé tilteknum skilyrðum fullnægt."

Hér eru sem sagt ýmsar leiðir til þó að það sé erfitt

að gera sér grein fyrir því hvað þetta þýðir í raun.

En það sem ég vildi fyrst og fremst koma á framfæri er að auðvitað eiga Íslendingar að leita eftir sem bestum samningi fyrir alla þjóðina og þar með talda bændur. Ég tel að við eigum að setja fyrirvara. Við hljótum að koma á framfæri okkar sérkennum. Ég tel að þar eigi fyrst og fremst að leggja áherslu á heilbrigðisreglur og hins vegar það að hér hefur verið mótuð ákveðin stefna í landbúnaðarmálum og gerður samningur við bændur. Við hljótum a.m.k. að krefjast þess að fá ákveðinn aðlögunartíma til að móta aðra stefnu ef það verður ofan á. Við verðum að taka tillit til þess að hér er ákveðinn samningur við bændur í gildi.

Megininntak þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram í dag er auðvitað hvað gerist af hálfu Íslands nk. mánudag, 13. janúar, og sú spurning liggur í loftinu hvernig utanrrh. sem yfirmaður þessa máls ætlar að halda á málum. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Hverjir eru hennar fyrirvarar? Ég hef ekki orðið vör við að það hafi komið svar við því. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. landbrh. og hæstv. viðskrh. sem báðir sitja hér: Hvað er til umræðu hjá ríkisstjórninni? Hvaða tíðindi geta þeir fært Alþingi hvað varðar viðbrögð Íslendinga við þessum samningsdrögum? Hvað hefur ríkisstjórnin hugsað sér að segja nk. mánudag?

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir ræðu hans fyrr í dag og fyrir það hvernig hann tók undir þau rök sem ég færði fyrir máli mínu og sömuleiðis öðrum ræðumönnum fyrir það hvernig þeir hafa á flestan hátt gert það líka eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. dró saman í sínu máli.

Ég verð hins vegar að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með niðurlagið hjá hæstv. ráðherra, þ.e. svör við spurningum mínum um það hvort hann teldi að það kæmi til greina fyrir okkur að gerast aðilar að samkomulagi sem byggðist á drögum Dunkels. Að vísu hafði hann svarað því í fjölmiðlum í gær afdráttarlaust að hann teldi það ekki koma til greina og ég met það að það hafi verið þannig, en hitt var þó öllu verra hvernig hann ætlaði að halda á málum á næstunni. Ég held að þrátt fyrir að hér hafi menn verið nokkuð á einni skoðun í umræðunum í dag hljótum við að bera nokkurn ugg í brjósti um það hvernig framhaldið verður, sérstaklega með tilliti til yfirlýsinga hæstv. utanrrh., kannski fyrst og fremst í fjölmiðlum í gær þar sem hann reyndi á allan hátt að gera ekki neitt úr þeim rökum sem bændasamtökin hafa fært fyrir sínu máli. Í dag var í máli hans ekkert að finna sem í sjálfu sér breytti því að hann virtist telja að lítið þyrfti að að finna. Í sjónvarpinu áðan sást svo viðtal við hæstv. utanrrh. eftir ríkisstjórnarfund. Þá sagði hann að það væri aðeins tvennt sem þyrfti að fá einhverjar lagfæringar við. Annars vegar væru sjúkdómavarnirnar, það þyrfti að herða á þeim ákvæðum og svo líka að fá lagfæringar á þeim atriðum sem snertu verðtryggingu á upphæðum. Að öðru leyti virtist hann telja að þetta væru drög að góðum samningi.

Mér finnst því að við hv. alþm. stöndum í mikilli óvissu enn þá um það hver verði niðurstaðan í ríkisstjórninni og hvort farið verður eftir því áliti sem hefur komið fram í umræðunum. Við hljótum að fygjast mjög náið með því núna næstu daga og ég tek undir þá kröfu, sem hér hefur komið fram, að ríkisstjórnin geri grein fyrir því fyrir helgi hér á Alþingi hver verði þarna niðurstaðan.

En það er fleira en samþykkt ríkisstjórnar sem þarna skiptir máli. Það er hvernig verður unnið að því að fylgja málinu eftir. Við erum sammála um að það þurfi að leggja þessar athugasemdir fram á fundi nefndarinnar nk. mánudag. En það er ekki nema hluti af því hvernig á að vinna málinu framgang.

Í því minnisblaði sem ég minntist á í dag frá norsku bændasamtökunum frá síðasta mánuði kemur einmitt fram að það þurfi að undirbúa svona hluti vel, það þurfi að eiga viðræður við fulltrúa þeirra landa sem líklegt er að fá til stuðnings við sig. Það getur skipt sköpum. Við getum lítið gert einir af 108, en ef við reynum að fylkja liði getum við að sjálfsögðu haft margföld áhrif, fylkja liði með öðrum sem eru okkur sammála eða fást til að viðurkenna okkar sjónarmið. Þetta var það sem Norðmenn og fleiri voru að reyna að gera núna í desember undir forustu Kanadamanna og þess vegna er sorglegt að Íslendingar skyldu ekki sýna í verki að þeir vildu standa svona að málum. Að sjálfsögðu eru þar farin glötuð tækifæri og við vitum ekki hversu dýrkeypt þau verða. En það er algert lágmark að nú verði þá snúið við blaðinu, að ríkisstjórnin fari að vinna í málinu, að leita eftir samherjum og fylgja málinu þannig eftir. Ég hygg að það gæti verið þarfari utanferð hjá hæstv. landbrh. en flestar aðrar ef hann reyndi nú að fara og ræða við fulltrúa þeirra landa sem þarna gætu komið til greina og reyna að fá samstöðu með þeim. Það er þetta sem mér finnst að við verðum að fá fram, hvernig á að halda á málinu. Á bara að gera einhverja samþykkt til að þvo hendur sínar og leggja þarna fram og láta svo skeika að sköpuðu hvort það verði okkur til bjargar að aðrar og voldugri þjóðir verði harðari og hafni þessu algerlega eða að við fáum þetta yfir okkur og verði stillt upp við vegg? Því að að sjálfsögðu væntum við þess að við getum átt samleið með nýjum GATT-samningi. Það er útúrsnúningur að segja að bændasamtökin séu að hafna allri aðild að GATT-viðræðum og GATT-samningi. Þau hafna þeim drögum að samningi sem Dunkel lagði fram vegna þess að þau séu algerlega óaðgengileg fyrir íslenskan landbúnað. En í niðurlagi bréfsins segja þau, með leyfi hæstv. forseta:

„Bændasamtökin munu áfram hafa þetta mál til umfjöllunar og fylgjast náið með framvindu þess. Þau eru reiðubúin hvenær sem er til viðræðna við stjórnvöld um meðferð þessa vandasama máls."

Með tilliti til umræðnanna í dag virðist mér að megi fullyrða að yfirgnæfandi meiri hluti alþingismanna er þarna á sömu skoðun.

Mér fannst það vera vel orðuð setning hjá hv. 3. þm. Austurl. að segja að þessi samningsdrög væru samningur valdsins og peninganna. Með tilliti til þess

ætti að vera auðveldara fyrir okkur að fá þá sem vilja vinna að alþjóðasamstarfi á öðrum grundvelli til að leggja okkur lið. Einnig mætti undirstrika orð hv. 4. þm. Reykv. þar sem hann lagði áherslu á að við ættum ekki að vera að knékrjúpa í auðmýkt fyrir þeim sem vilja beita okkur óréttı eins og hér hafa flestir sagt að þessi samningur væri gagnvart okkur vegna þess hvernig við höfum unnið að þessum málum. Við erum búin að marka ákveðna stefnu til að styrkja stöðu íslensks landbúnaðar fyrir þjóðarhag og væntum þess að á komandi árum leiði það til ávinnings fyrir alla aðila en svo kæmi þessi samningur, sem hæstv. utanrrh. segir að sé að flestu leyti góður fyrir okkur, og kippir fótunum undan öllum þessum áætlunum okkar. Þess vegna hljótum við að vonast til þess að hér náist breyting fram en það gerist ekki nema með því að fylgja málinu eftir af mikilli alvöru og hörku.

Ég skal ekki eyða tíma í að víkja að mörgum fleiri atriðum sem hér hafa komið fram þó að víða hafi verið komið við.

Hv. 3. þm. Reykn. vildi ekki trúa okkur hæstv. landbrh. að við færum með rétt mál þar sem við vitnuðum í orð yfirdýralæknis um hversu mjög mundi draga úr sjúkdómaverndinni, ef þannig má orða, þar sem íslensk lög héldu ekki lengur. En það er fleira en sjúkdómar eins og hér var reyndar vikið að af ræðumönnum öðrum. Það er einnig hollusta matvælanna. Yfirdýralæknir sagði að við gætum t.d. ekki bannað innflutning matvæla vegna framleiðslu þeirra með miklum lyfjum eða hormónum, ef það væri leyft í viðkomandi landi. Þannig er vissulega á margt að líta.

Hæstv. utanrrh. er farinn í burtu, en mér finnst ég verða, og sagði honum það reyndar áður en hann fór, aðeins að víkja að útreikningum hans þar sem hann taldi sig vera eina boðbera sannleikans. Það er þessi frásögn hans að innlendu stuðningsaðgerðirnar hefðu samkvæmt tilboði fyrrv. ríkisstjórnar átt að lækka um 25% en samkvæmt þessum drögum aðeins um 20%. Ég held að það hafi varla neinn skilið á annan hátt en þann að þar með væri hann að segja að þessi drög væru hagkvæmari en tilboðið í fyrra. En hann sleppti að segja frá aðalatriðinu, við hvaða grunn væri miðað. Tilboðið í fyrra var miðað við niðurgreiðslur á árinu 1988, eins og ég sagði reyndar í minni fyrri ræðu, og þá var upphæðin 1.000 millj. kr. 25% lækkun á því væri þá niður í 750 millj. eftir 25% lækkun en það væri grunnurinn 1988 sem yrði þá verðtryggður. Hins vegar er talan 20% í drögum Dunkels miðuð við meðaltal áranna 1986–1988. Samtals voru niðurgreiðslur þá 1.900 millj. kr. Ef við deilum með þremur í þá tölu fáum við út um 630 millj. Ef við lækkum þá tölu um 20% eigum við aðeins eftir rúmar 500 millj. kr. sem við megum nota sem grunn við stuðningsaðgerðirnar, þ.e. um það bil þriðjungi lægri tölu en með tilboðinu frá því í fyrra. Utanrrh. segist ekkert hafa nefnt á hvaða grunni þetta var byggt. En útkoman er samt sú að þarna er gífurlegur munur á tilboðunum í óhag miðað við drög Dunkels, og það hefur stundum verið nefnt að ljúga með þögninni að gefa í skyn að hérna væri ekki um lakari kost að ræða.

Um innflutninginn skal ég ekki segja margt. Að vísu get ég ítrekað þetta með fjarlægðarverndina sem utanrrh. sagði í viðtali í gær að við nytum áfram þó að nú sé miðað við verðið hingað komið eins og glöggt kom fram minnir mig hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. En fjarlægðarverndin hverfur líka af öðrum sökum, t.d. yrðu mjólkurvörur að sjálfsögðu ekki fluttar hingað með öllu vatninu í. Það yrði flutt hingað undanrennuduft og smjör. Hæstv. heilbrrh. hefur nýlega gefið út reglugerð um endurunna mjólk þannig að það verður flutt hingað inn undanrennuduft og smjör frá Nýja-Sjálandi sem er á algeru lágmarksverði og það notað síðan til að hræra upp og búa til mjólkurvörur úr. Þannig er hægt að fá lágt verð því að við megum ekkert leggja á flutningskostnaðinn á þessu frá Nýja-Sjálandi, þ.e. hann dregst frá því sem við megum leggja á. Það eru því mörg atriði sem hægt væri að tína til, en það hafa aðrir ræðumenn gert í dag mjög skýrt og greinilega og ég skal því ekki lengja þessa umræðu frekar.

Ég ítreka þakklæti mitt fyrir þessa umræðu sem ég tel hafa verið mjög málefnalega og góða, en fyrst og fremst skora ég á hæstv. landbrh. að fylgja nú málinu fast eftir, fylgja og standa við sína sannfæringu og sín orð.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að leiðrétta það sem ég tel að hljóti að vera misskilningur hjá hv. 2. þm. Suðurl. þar sem hann var að ræða um fúkalyf í búvörum og hefur eftir yfirdýralækni. Ég hef undir höndum bréf frá yfirdýralækni þar sem hann er að fjalla um hugsanlegar heilbrigðisreglugerðir GATT og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í væntanlegum heilbrigðisreglum GATT munu aðilar geta sett heilbrigðisreglur um innflutning landbúnaðarafurða til að verja heilbrigðisástand manna, dýra og plantna viðkomandi lands og þessar reglur skulu byggðar á vísindalegum niðurstöðum. Aðilum má ekki setja strangari reglur milli landa sem hafa sama heilbrigðisástand þar sem slíkt mundi álitið viðskiptahindrun."

Og enn fremur segir: „Í reglum GATT mun þess krafist að rannsókn hafi leitt í ljós að ákveðnir sjúkdómar séu ekki fyrir hendi í landinu áður en reglur eru settar til að hindra að slíkur sjúkdómur berist með öðrum til landsins. Sambærilegar reglur munu gilda um innihald aðskotaefna í afurðum, að niðurstöður verða að liggja fyrir um hreinleika þeirra áður en bann við innflutningi kemur til."

Þegar talað er um aðskotaefni í þessu sambandi er verið að tala um hormónalyf og fúkalyf og önnur efni eins og eiturefni sem dýrum hefur verið gefið eða þau hafa hugsanlega getað komist í snertingu við.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér virtist einmitt það sem hv. 3. þm. Reykn. sagði staðfesta það sem ég sagði. Mér heyrðist hann lesa upp að það mætti ekki setja strangari reglur en giltu í viðkomandi landi. Það var nákvæmlega

það sem ég sagði eða það a.m.k. meinti ég. Við megum ekki vera með strangari reglur en aðrir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. furðaði sig á fjarveru utanrrh. á síðustu stundum þessarar umræðu. Ég vil gjarnan láta koma fram að skýringin á fjarveru hans er sú að hann þarf að sinna mjög mikilvægum embættisskyldum á öðrum vettvangi sem búið var að festa í tíma sem ekki var unnt að breyta. Ég vil líka láta koma fram að ég mun að sjálfsögðu koma á framfæri við hann óskum um frekari upplýsingar um landbúnaðarþátt GATT-samkomulagsins sem unnið er að og um aðra þætti þessa mikla máls sem, eins og hv. 18. þm. Reykv. réttilega vék að, er margslungið og alls ekki eingöngu bundið við landbúnaðarmál. Með sama hætti mun ég koma á framfæri við utanrrh. óskum um skýrslu og upplýsingar um þá afstöðu sem ríkisstjórnin mun taka í þessu máli.

Mig langar, virðulegi forseti, til að taka undir með hv. 18. þm. Reykv. þegar hún sagði að það þyrfti að skoða þennan samning í heild og þegar hún lét í ljós það álit að samtök bænda hefðu dregið upp allt of dökka mynd af því hvað gerast mundi yrði Dunkel-tillagan að veruleika. Við verðum að horfast í augu við að þarna er verið að móta viðskiptareglur sem við munum þurfa að laga okkur að. Og eins og ég nefndi áðan snýst þetta um miklu fleira en landbúnað. Í dag höfum við eingöngu rætt stöðu landbúnaðarins gagnvart þessum samningsdrögum, en mig langaði, áður en ég kem að því hvernig ríkisstjórnin mun móta sína afstöðu til þessara samninga, að taka á einu máli sem hv. 2. þm. Suðurl. nefndi hér. Hann taldi að utanrrh. hefði ekki farið rétt með þá reikninga eða mat á þeim tölum um innanlandsstuðning við landbúnað sem annars vegar hefðu verið í tilboði ríkisstjórnarinnar í nóvember 1990 og nú lægju fyrir í hugmyndum Arthurs Dunkels. Mig langar til að benda hv. 2. þm. Suðurl. á að þegar hann tekur þessar tölur frá árunum 1986–1988 alveg beint veit hann vel að á því tímabili varð mikil breyting á skattakerfi landsins og þeirri breytingu fylgdu sérstakar breytingar á niðurgreiðslum. Það hafa líka orðið almennar verðbreytingar á þessum tíma og hvort tveggja yrði tekið með í reikninginn. Ég ætla mér ekki þá dul að fara nánar í talnaspeki landbúnaðarins í einstökum greinum, en mér segir hugur um að þá mundi bilið verða brúað milli talnanna sem hv. þm. nefndi. Þetta ber ekki að skilja sem nákvæmlega útreiknaða niðurstöðu, ég vildi bara benda þingmanninum á að á þessu máli eru fleiri hliðar en þær sem birtust í því sem hann rakti.

Virðulegi forseti. Það er e.t.v. mikilvægara en nokkru sinni fyrr fyrir fámenna þjóð sem á því sem næst allt sitt lífsviðurværi undir viðskiptum við önnur lönd að það gildi skýrar alþjóðlegar reglur í viðskiptum. Nú stendur svo á að við getum alls ekki skákað í því skjóli að við fáum áfram notið þeirra kjara sem núgildandi GATT-samkomulag tryggir án þess að takast á herðar skuldbindingar hins nýja samkomulags. Við verðum, einfaldlega vegna þess hvernig heimurinn er vaxinn, að líta á það og meta það að það er yfirlýst stefna allra helstu þátttakenda í GATT-viðræðunum að gamla GATT-samkomulagið muni falla niður þegar hið nýja tekur gildi. Þetta gerist ekki strax, en þetta er sú framtíð sem við verðum að skoða. Með þessu er ég alls ekki að halda því fram að við hljótum að fallast á allt og hvert einstakt atriði sem fram hefur verið lagt í lokatillögum Arthurs Dunkels, en mig langar til að benda á að mánudaginn næsta, þann 13. janúar, verða tillögurnar lagðar fyrir GATT-aðildarríkin 108 sem tekið hafa þátt í þessum viðræðum til umsagnar. Það eru ekki taldar horfur á að unnt verði að ganga frá texta á þeim fundi, enda eiga aðildarríkin einnig eftir að skila inn endurskoðuðum tilboðum sínum. Hins vegar er alveg vafalaust að framtíð GATT-viðræðnanna, sem staðið hafa við sleitur í fimm ár eða meira, mun fara eftir þeim viðtökum sem tillögur Dunkels fá á þessum fundi. Það er margsinnis búið að reyna að ná samkomulagi í þessu erfiða máli.

Hvað afstöðu Íslands varðar mun ríkisstjórnin á næstu dögum fjalla um þetta mál, m.a. í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur orðið í dag. Ég vil líka benda á að sérstakur samráðsfundur Norðurlanda um þessi mál verður haldinn í Ósló 10. og 11. janúar. Það er of snemmt að lýsa því í einstökum atriðum hverjar munu verða hugmyndir þær sem Íslendingar tala fyrir þegar lokatillögur Dunkels verða ræddar, en mér virðist alveg ljóst að þar verði a.m.k. þrennt sem hægt er að lýsa yfir þegar.

Það er í fyrsta lagi, sem er e.t.v. einna mikilvægast, að af Íslands hálfu verði viðleitni Dunkels til þess að ná fram heildarlausn studd og látinn í ljós vilji til þess að leiða þessar mikilvægu viðræður farsællega til lykta.

Í öðru lagi verði tekið mjög skýrt fram að Íslendingar hyggist halda áfram ströngu heilbrigðiseftirliti með innflutningi landbúnaðarafurða. Við göngum út frá því að skilningur sé á sérstökum íslenskum aðstæðum hvað varðar einangrun bústofna og hættu á farsóttum þess vegna.

Ég vil, með leyfi forseta, vísa til þess sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykn. í ræðu hans fyrr í umræðunni um þetta mál.

Þá vil ég í þriðja lagi nefna að það verði að sjálfsögðu áréttað af okkar hálfu að það komi ekki til greina að sveiflur í gengi og verðlagi geti valdið því að skuldbindingum einstakra ríkja hvað varðar aðgang að markaði verði breytt vegna slíkra aðstæðna.

Loks langar mig til að benda á að samkvæmt gamla GATT-samkomulaginu eru ákvæði um heimildir til að setja á magntakmarkanir sem verða ekki formlega úr gildi numdar með því viðbótarsamkomulagi sem nú er verið að reyna að ná niðurstöðu um. Hins vegar er jafnsjálfsagt að benda á að slíkar magntakmarkanir eru ekki samrýmanlegar kröfunni um fulla tollaígildun slíkra innflutningstálma. Þetta nefni ég hér af því að þetta er hin formlega staðreynd málsins. Þetta er einmitt einn af þeim lykilpunktum í málinu sem ég dreg ekki í efa að fundurinn þann 13. muni að verulegu leyti snúast um. Þangað til eru enn nokkrir dag-

ar, þangað til eru enn nokkrir samráðsfundir, m.a. þeir sem ég hef nefnt að framan.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að óumdeilanlegt sé að það tilboð sem Ísland gerði varðandi innanlandsstuðninginn og lækkun hans á sínum tíma hefði þýtt í reynd réttindi til að viðhalda mun meiri stuðningi en grundvöllur Dunkels gerir. Árið 1988 var ekki valið af handahófi. Það lá fyrir að þá jukust niðurgreiðslur og voru miklar og það ár var til umræðu hjá fleiri þjóðum og þess vegna var það beinlínis valið af okkar hálfu til að tryggja okkur í byrjun háa viðmiðun. Það var kannað og kom í ljós að menn sáu það þannig fyrir sér að um yrði að ræða mælingu á brúttóstuðningi við greinina og þá skipti ekki máli hvort um væri að ræða að einhver hluti þess stuðnings væri merktur til að mynda endurgreiðslum á söluskatti eða öðrum óbeinum sköttum. Þetta var kannað og svo vel sem ég man þetta varð niðurstaðan að engu máli skipti hvernig sá stuðningur væri merktur þannig að það var brúttóupphæðin án frádregins söluskatts sem þarna var í huga manna. Það held ég að ég geti alveg fullvissað hæstv. viðskrh. um að var í okkar huga og var til umræðu á vettvangi GATT einmitt á þeim tíma.

Í öðru lagi var ljóst og í tilboði Íslands stendur að að sjálfsögðu skuli þessi stuðningur framreiknast með tilliti til verðlagsþróunar og tilboð Íslands var sett fram á verðtryggðum grundvelli, þ.e. það er tekið fram í hinum enska texta að það skuli vera „in real terms" þannig að þar leikur ekki neinn vafi á um að þessa þætti þarf að taka inn í myndina þegar þetta tvennt er borið saman og það gerði hæstv. utanrrh. ekki áðan þegar hann með sínum ómálefnalega og billega hætti framkvæmdi sinn samanburð.

Ég hlýt að harma þá afstöðu hæstv. ráðherra Alþfl., sem kemur fram nú hjá hæstv. viðskrh. og í sjónvarpsfréttum í kvöld hjá hæstv. utanrrh., að Íslendingum beri að lýsa yfir stuðningi við tillögur Dunkels um að ljúka GATT-viðræðunum á þeim grundvelli sem hann hefur lagt til. Óðruvísi gat ég ekki skilið orð þeirra hér þó svo að einhverjar athugasemdir, ef einhverjar yrðu, yrðu gerðar varðandi landbúnaðarþáttinn. Því mótmæli ég. Þeim mun brýnna er í ljósi þessara upplýsinga sem hér hafa komið fram og ummæla hæstv. viðskrh. síðast að Alþingi geti á nýjan leik tekið þetta mál fyrir fyrir mánudaginn 13. og sjálft ákveðið ef ekki vill betur til hvernig verði þarna með atkvæði Íslands farið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi um breytingar á innlendum stuðningi við landbúnað, þá vil ég endurtaka það sem ég sagði, að þótt nú eigi að miða við meðaltal ára frá 1986–1988 en ekki eitt ár eins og miðað var við í tilboði íslensku ríkisstjórnarinnar í nóvember 1990 er ekki hægt að taka þær tölur fyrir fram án leiðréttingar vegna skattkerfisbreytinga sem hv. þm., sá 4. frá Norðurl. e., vitnaði til og í öðru lagi vegna verðbreytinga. Það liggur í því sem við höfum þegar sagt. Mér finnst reyndar nokkuð örla á því hjá hv. þm. og reyndar ýmsum öðrum í umræðunum að þeir líti á hugmyndir Arthurs Dunkels um lausn á þessum vandasömu samningum sem eins konar tillögu íslensku ríkisstjórnarinnar. Það er ekki. Íslenska ríkisstjórnin mun láta í té umsögn um þá hugmynd sem þarna liggur á borðinu og ég vil láta það aftur í ljós að ég tel það eðlilega afstöðu í þessu máli að við lýsum yfir stuðningi við þá viðleitni, eins og ég orðaði það að ég held áðan, sem Dunkel hefur sýnt til að ná þarna niðurstöðu. Ég held að það sé enginn vafi á að þegar málið er metið í heild sé það rétt ráðið. Að öðru leyti tel ég ekki nauðsynlegt að taka á andsvari hv. þm.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég svara hæstv. viðskrh. í sama dúr yrði það auðvitað að ég sæi ekki ástæðu til að fjalla mikið um svar ráðherrans eins og hæstv. viðskrh. kýs að ávarpa mig sem þingmanninn og þingmannsins. En ég ætla að segja að það var kannað, hæstv. viðskrh. Ég held ég geti 100% fullyrt að það sem menn höfðu í huga á árinu 1990 áður en okkar tilboð var sett fram var ósköp einföld mæling á brúttóstuðningi við landbúnaðinn flokkað í gult og grænt með þeim hætti sem þá var áformað. Þess vegna vissum við að það skipti ekki máli hvort meira eða minna af því sem rynni úr ríkissjóði til stuðnings innlendu landbúnaðarframleiðslunni væri merkt endurgreiðslu á söluskatti eða einhverjum öðrum slíkum hlutum, geymslugjaldi, vaxta- og birgðakostnaði og öðru slíku. Það væri ósköp einfaldlega brúttóstuðningurinn sem þarna væri á ferðum. Það var í huga manna á þeim tíma innan GATT að skilgreina þetta þannig, hæstv. viðskrh. Það er það sem ég er að segja. Þetta hefði þýtt að við hefðum þarna fengið hærri viðmiðun, hærri grunn til þess að lækka síðan en ella hefði orðið og ég held að hæstv. viðskrh. hljóti að geta skilið þetta.

Síðan vil ég segja að hversu ágætir sem ýmsir kaflar þessa væntanlega, ef af verður, GATT-samnings eru, þá á það ekki að mínu mati að draga úr því að menn reyni að ná fram lagfæringum á þeim hlutum hans sem bersýnilega eru óréttlátir eins og sá landbúnaðarþáttur sem hér er til umræðu. Hann yrði bersýnilega mjög óréttlátur gagnvart Íslandi. Og það yrðu ekki fátækar þriðja heims þjóðir sem mundu nýta sér þann aðstöðumun sem þannig skapaðist heldur yrðu það einmitt risarnir sem setja leikreglurnar. Væntanlega yrði það hollenskt og danskt svínakjöt og að einhverju leyti bandarískt korn eða annað því um líkt sem mundi yfirtaka það markaðspláss sem skapast á Íslandi við þessa óréttlátu niðurstöðu. Það er ekki einu sinni hægt að réttlæta það sem við yrðum að taka á okkur í fórnarkostnað með því að það kæmi einhverjum fátækum matvælaútflytjendum þriðja heimsins til góða, því miður.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef greinilega ekki talað nógu skýrt. Ég var alls ekki að andmæla þeim skilningi hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hann var að lýsa á tilboðinu

sem gert var í nóvember 1990. Þvert á móti var ég að segja að þegar til þess kæmi, ef til þess kemur að meta hvernig innlendur stuðningur yrði metinn sem meðaltal þriggja ára, þyrfti að leiðrétta fyrir kerfisbreytingunni í því dæmi, þ.e. að bæta við tölurnar frá fyrri árunum. (**EgJ:** Draga frá.) Það fer eftir því hvernig á málið er litið. (**EgJ:** Draga frá.) Nei, alls ekki. Þetta er málið sem þarf að hugleiða og alls ekki að fullyrða fyrir fram, enda tel ég það ekki góða hagsmunagæslu út frá íslenskum sjónarhóli. Þetta vil ég segja alveg skýrt. Það sama gildir um verðlagsbreytingar og gengi að við hljótum að sjálfsögðu að áskilja okkur rétt til að ræða hvernig það yrði metið. Þetta vil ég segja nú en alls ekki vegna þess að ég hafi verið að andmæla eða afflytja skilning hv. 4. þm. Norðurl. e. á því hvernig tilboðið í nóvember 1990 var vaxið.

En að lokum þetta. Beri hv. þm., sá 4. frá Norðurl. e., hagsmuni þriðja heims ríkja svo mjög fyrir brjósti sem hann vill oft vera láta ætti hann að vera einlægur stuðningsmaður þeirrar meginstefnu sem Arthur Dunkel er að reyna að framfylgja með sinni tillögu. Þótt á henni séu ýmsir annmarkar frá okkar sjónarhóli er hún í þessa átt.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir eftir þessa umræðu að það er ekki þingmeirihluti fyrir því að láta hjá líða að setja stranga fyrirvara við tillögu Dunkels. Samt er fullkomin ástæða til að hafa þungar áhyggjur af meðferð málsins. Það er vegna þess að þeir ráðherrar Alþfl. sem hér hafa talað, sérstaklega hæstv. utanrrh. og sá ráðherra sem fer með iðnaðar- og viðskiptamál, hafa talað á þann hátt að þeir virðast annaðhvort slegnir blindu eða þá þeir vilja komast hjá því að framfylgja meirihlutavilja Alþingis. Það er áhyggjuefni þar sem flokkur þeirra fer út á við með þetta mál.

Samkvæmt upplýsingum sérfræðinga utanrrn. stendur eldra GATT-samkomulagið verði ekki gert nýtt. Ég er algerlega andvígur því að þessi tillaga Dunkels verði studd. Ég tel að það sé fráleitur málflutningur að bera saman tilboðið frá 1990 og þá tillögu sem Dunkel hefur gert og það hefur verið marghrakið í þessum umræðum. Ég ítreka kröfu mína um að ríkisstjórnin greini frá niðurstöðu sinni eftir ríkisstjórnarfund á föstudaginn. Niðurstaða ríkisstjórnarinar getur að vísu ekki orðið önnur en sú að setja fyrirvara. Annars er hún að níðast á meirihlutavilja Alþingis.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Á fundi utanrmn. í dag treystu starfsmenn ráðuneytanna, landbrn. og utanrrn., sér ekki til að fullyrða að það væri heimilt að verðtryggja þessar tölur eins og hæstv. viðskrh. var að fullyrða. Ég veit ekki hvort þeir hafa ekki fengið sömu upplýsingar og hæstv. ráðherra, en það var á því sem ég byggði þessa útreikninga.

En fyrst og fremst er kannski ástæða til þess að ég láti í ljós vonbrigði mín yfir því að fyrsta atriðið sem hæstv. viðskrh. telur að þurfi að koma fram í yfirlýsingu í sambandi við þetta tilboð sé að við lýsum yfir stuðningi við meginstefnu þess. Ég tel að þarna sé alveg skakkt að verki staðið vegna þeirra gífurlegu annmarka sem eru á þessu. Það mundi veikja okkur ef við byrjuðum á að lýsa yfir stuðningi og síðan kæmum við og segðum: Við þurfum fá þetta og þetta lagfært. Auðvitað hljótum við að verða að brýna raustina og leggja áherslu á að í þessu séu svo ósanngjörn atriði gagnvart okkur að við það verði alls ekki unað. Það getur vel verið rétt, sem hæstv. viðskrh. segir, að við verðum að beygja okkur undir þróunina eins og hún verður á alþjóðavettvangi og ég skal ekki draga úr því. En þeim mun brýnna er að við reynum að hafa einhver áhrif á hver sú þróun verður.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að taka skýrt fram að ég fullyrti ekki um leiðréttingarnar sem ég nefndi vegna verðbreytinga og breytinga í skattakerfinu. Það er hins vegar á að líta að í þeim drögum sem fyrir liggja er hreyft möguleikum til slíkra leiðréttinga og er alls ekki loku fyrir það skotið að það megi t.d. miða í útreikningunum við aðra mynt en mynt landsins sem í hlut á. Þá er líka enn opin leið að því er virðist, miðað við þann texta sem fyrir liggur, að tollígildin verði hlutfallsleg en ekki í beinum tölum, þ.e. í prósentum, og tryggja þannig verðgildi þeirra fram á við. Ef þetta verður niðurstaðan, og ég tel að þessu sé ekki fullsvarað enn í undirbúningi þessa samnings, er hægt að koma við leiðréttingum af því tagi sem ég nefndi hér.

En að endingu, virðulegi forseti, vil ég taka vara fyrir því að umræðan fari að snúast allt of mikið og nákvæmlega um þennan reikning. Málið í heild er miklu stærra en það og varðar í reynd viðskiptatengsl okkar við umheiminn í heild.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einkum ein athugasemd hæstv. ráðherra sem mig langar aðeins að gera að umræðuefni og hún er sú að heildarviðleitni Dunkels verði studd af hálfu ríkisstjórnarinnar og það þá varið með því að í heild þurfi að styðja GATT-samningana. Mér er fullljóst að það er margt gott í þessum samningsdrögum en þar er líka, og hefur raunar komið fram í þessari umræðu þótt við höfum aðallega fjallað um landbúnaðarmál, margt óljóst og margt lítt kynnt.

Hitt finnst mér hins vegar skipta mestu máli og vonast ég til að fá afdráttarlaust svar hæstv. ráðherra á: Er það viðunandi að ríkisstjórn Íslands styðji niðurstöðu Dunkels jafnvel þótt það geti þýtt, eins og hér hefur fram komið í dag, að við verðum að ganga á skjön við gerða samninga? Það finnst mér undir öllum kringumstæðum óverjandi og hér er ég að tala um samninga við bændur. Ég vil lýsa því sem minni skoðun að ég tel að það verði að taka fullt tillt til hagsmuna bænda sem annarra í þessum samningum öllum saman, það eru hagsmunir þjóðarinnar einnig. Ég tel að það verði fullljóst í ræðu hæstv. landbrh. á eftir hver hans afstaða er og ég trúi ekki öðru en hann taki þar skýrt til orða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 9. þm. Reykn. um almenna afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa samkomulags og þeirra orða sem ég lét um það mál falla langar mig til að beina því til hv. þm. að bera sig saman við hv. 18. þm. Reykv. sem mér virtist tala mjög í þá veru sem ég gerði hér áðan. Þetta er mjög auðvelt að framkvæma því að þær eru hér báðar staddar og hittast oft.

Þá langar mig líka að segja að auðvitað erum við hér að tala um mikilvæga hagsmuni þjóðarheildarinnar en líka landbúnaðarins. Mig langar að rifja upp vegna þess að hér var búvörusamningurinn nefndur að í honum er einmitt grein þar sem gert er ráð fyrir breytingum hvað varðar reglur um innflutning á búvörum eða vörum unnum úr þeim vegna alþjóðlegra viðskiptaskuldbindinga Íslands. Það var alveg greinilegt að þegar samningurinn var gerður bjuggust menn við því að þetta kynni að bera upp á.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur það gerst að hæstv. viðskrh. hefur gefið þessari umræðu nýtt líf og er nauðsynlegt að koma aðeins inn á nokkra þætti sem hann fjallaði þar um. En ég ætla ekki að vera langorður.

Í fyrsta lagi ræddi hæstv. viðskrh. um að við ættum ekki annarra kosta völ en ganga að þeim GATT-samningi sem byggðist á Uruguay-viðræðunum. Nú ætla ég ekki að taka neina efnislega afstöðu til þess hvort það sé skynsamlegt hjá okkur eða ekki. En mér fannst hæstv. viðskrh. taka mjög afdráttarlaust til orða miðað við það sem hefur komið fram hjá þeim fulltrúum utanrrn. sem hafa komið til fundar hjá landbn. Á fundi landbn. í morgun sagðist Sveinn Björnsson ekki geta sagt neitt um hvaða áhrif þetta hefði á eldri GATT-samninga, en benti þó á að í landbúnaðarkaflanum sem hér er til umfjöllunar sé á fleiri en einum stað, í stað þess að vera með efnislega umfjöllun, vitnað til eldri samnings sem benti þá til þess að mínu mati að hann verði að vera í gildi áfram.

Enn þá afdráttarlausari var skoðun Guðmundar Eiríkssonar þjóðréttarfræðings sem ég hef í það minnsta álitið að væri einn okkar færasti maður á þessu sviði. — Nú, virðulegi forseti, fer ég að hafa efasemdir um að hæstv. viðskrh. hlusti á mál mitt. Það eru í gangi miklar samræður inni í hliðarherbergi. — En Guðmundur Eiríksson sagði nánast fyrirvaralaust að ef þjóðir höfnuðu þessum samningi, sem nú væri í burðarliðnum, mundu eldri samningar gilda. Þetta er finnst mér allt mjög á reiki og er eitt af því sem er mjög nauðsynlegt að verði skýrt í þessari umræðu. Miðað við tal hæstv. ráðherra Alþfl. í dag, þar sem m.a. hæstv. viðskrh. ræddi um hinar formlegu staðreyndir málsins, má ætla að þeir hafi nánast einkarétt á staðreyndum í þessu máli, en ég hef samt kosið að bregða upp því ljósi sem þessir tveir virtu embættismenn brugðu á þetta mál hjá okkur í landbn. og er nokkuð annað en það sem hæstv. viðskrh. nefndi áðan. En ég segi aftur að ég er ekki með þessu að taka neina efnislega afstöðu til þess hvort það sé skynsamlegt eða ekki af okkur að ganga að þessum samningi þegar við sjáum endanlega hvernig hann verður, einungis að benda á að það er mjög óljóst eftir að hafa rætt við þessa valinkunnu embættismenn hver staðan er gagnvart þessu atriði.

Í öðru lagi varðandi ummæli hæstv. viðskrh. áðan og umhyggju hans fyrir þróunarlöndunum er það í mínum huga orðið alveg ljóst að landbúnaðarkafli þessa GATT-samkomulags eins og hann liggur fyrir núna í hugmyndum Dunkels og eins og ég rökstuddi í ræðu minni í dag snýst ekkert um fríverslun með landbúnaðarvörur. Hann snýst að vísu um breytingar á viðskiptaháttum milli landa með landbúnaðarvörur, breytingar sem náist samstaða um og verði þóknanlegar annars vegar Evrópubandalaginu og hins vegar Bandaríkjunum. Ég hygg að hæstv. viðskrh. hafi hlýtt á mál mitt í dag um þetta þannig að ég fer ekki nánar út í það. Þannig er mikill misskilningur að halda því fram að þarna sé um að ræða eitthvað sem sé þróunarlöndunum sérstaklega þóknanlegt eða stórt skref til fríverslunar með landbúnaðarvörur. Það er mjög langt frá því.

Að síðustu vildi ég beina til hæstv. viðskrh., það tengist einnig því sem ég ræddi í fyrri ræðu minni í dag, hvað sé um aðra hagsmuni sem eru í húfi í þessari lotu GATT-samninganna. Í allri þeirri umfjöllun sem um þetta hefur verið hef ég ekkert um það heyrt. Ég ætla ekkert að draga í efa að þeir séu miklir, en ég fer þess á leit við hæstv. viðskrh. af því að það er ekki einu sinni að nóttin sé ung heldur er kvöldið rétt byrjað að hann sem viðskrh., sem hlýtur þess vegna að hafa fylgst með því hvað felst í þessum samningum að öðru leyti, noti þær 15 mínútur sem hann á eftir af þessari umræðu, ef hann kýs að taka til máls í annað sinn, til skýra fyrir okkur í fáum og skýrum orðum, eins og ég veit að honum er lagið, hvað felst annað í þeim samningi sem nú er í burðarliðnum. Ég held að það væri mjög æskilegt fyrir málið að það kæmi fram.

Að lokum, virðulegi forseti: Þar sem við höfum bæði hlýtt á það í sjónvarpinu í kvöld hverja fyrirvara hæstv. utanrrh. telur að þurfi að setja gagnvart tilboði Dunkels og síðan áðan á samhljóða álit hæstv. viðskrh. treysti ég því að hér komi mjög skýrt fram frá hæstv. landbrh. hverja fyrirvara hann telur nauðsynlegt að setja í málinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvennt vil ég nefna af því sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðurl. e.

Í fyrsta lagi teldi ég það naumast þinglegt að setja á langa ræðu um aðra þætti GATT-samkomulagsins en þá er varða landbúnað. Hér er umræða um stöðu íslensks landbúnaðar með tilliti til þessara samninga. Þótt óhjákvæmilegt sé að nefna með almennum orðum þann heildarviðskiptaramma sem hér er verið að ræða; það er eitt mál en hitt annað að rekja í löngu máli sem vissulega væri vert og hv. 18. þm. Reykv. kom að áðan að æskilegt væri að þingheimur fengi um nánari vitneskju en hingað til hefur verið unnt að veita.

Ég hef tekið að mér að koma á framfæri við hæstv. utanrrh. og það mun ég líka gera.

Í öðru lagi er auðvelt að taka undir með hv. þm. að ef þetta samkomulag næst í meginatriðum eins og það liggur nú fyrir er það ekki neitt risaskref í átt til frjálsari viðskiptahátta með búvörur. En hægt er að segja um það að sé viðskiptakerfi landbúnaðarvöru og búvöru yfirleitt á alþjóðavettvangi komið í þróunarhæft form sem í fyllingu tímans gæti einmitt gert ríkjum þriðja heimsins gagn sem hafa verið afskipt í þessum viðskiptum til þessa. Það er einmitt þetta sem ég held að sé ástæða til að leggja áherslu á. Þetta er jákvæð breyting ekki síst af því að með henni væru viðskipti með búvörur komin í þróunarhæft form.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að benda hæstv. viðskrh. á að ég tel alls ekki út í hött að biðja hann um að lýsa í örfáum orðum þeim kostum öðrum og hagsmunum sem felast í þessu GATT-samkomulagi vegna þess að í efnislegri umfjöllun um það sem hér hefur verið til umfjöllunar, landbúnaðarþáttinn, hefur hæstv. viðskrh. lagt þetta fram sem meginrök. Ég tel það, virðulegi forseti, enga goðgá að gengið sé eftir þessum meginrökum og ég ítreka við hæstv. viðskrh. að ég bað sérstaklega um stutta ræðu, enda ekki heimilt að setja á langa ræðu undir því formi sem við erum að ræða.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki nægilega rökstudd krafa hv. 6. þm. Norðurl. e. í málinu og ég vil þá reyna að leiðbeina svolítið í því. Hæstv. ráðherra sagði áðan að hann mundi greina hæstv. utanrrh. nánar frá þessum málum og það mundi þá væntanlega skýrast fyrir mér og hv. þm. sem ég nefndi og vil þá vonast til að hann spyrji rækilega út í hvað það sé sem hæstv. viðskrh. ætlar að greina hæstv. utanrrh. frá en neitar að greina okkur frá hér og nú.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem andsvari eftir ræðu hæstv. viðskrh. var lokið þegar ég kaus að bæta aðeins við mitt mál nýti ég mér minn fyrri ræðutíma og ætla að koma með örfáar athugasemdir í viðbót sem eru þá að gefnu tilefni.

Í fyrsta lagi vil ég skýra aðeins hvers vegna ég tel að það sé ástæða til að hafa sérstaklega í huga að gerðir hafa verið búvörusamningar við bændur sem ekki má breyta nema samkvæmt ákveðnum ákvæðum sem hæstv. viðskrh. gat um. Ég gat þessa sérstaklega vegna þess að ég tel að það sé alger óþarfi og í rauninni málinu til skaða ef ríkisstjórnin færi að lýsa sérstaklega yfir stuðningi við heildarniðurstöðu eða heildarviðleitni Dunkels, svo ég vitni til tvenns konar orðalags hæstv. viðskrh. Ég held nefnilega að það sé nauðsynlegt að taka upp viðræður við bændur, eins og alltaf þegar samningar eru gerðir og ákveðin ákvæði eru til endurskoðunar, og gera þetta í samráði eins og eðlilegast er án þess að trufla málið með því að vera búin að binda hendur ríkisstjórnarinnar sérstaklega. Í rauninni er þetta miklu víðara mál og varðar miklu víðtækari hagsmuni, en ég vil bara geta þessa til skýringar þar sem ég held að það sé þá fullnægjandi sem mín röksemdafærsla.

Í annan stað held ég að sé allt í lagi að benda á að í máli hv. 18. þm. Reykv. kom nákvæmlega það fram, sem ég gerði að meginatriði í ræðu minni, að það væri nauðsynlegt að þekkja málið í heild. Ég er hjartanlega sammála því og ég tel að því hafi ekki verið fullnægt. Það kom fram í ræðu hennar í öðru lagi að það sé brýnt að nauðsynlegir fyrirvarar séu á afgreiðslu ríkisstjórnarinnar nú.

Svo vil ég að lokum aðeins geta þess að ég vil ekki, þó ég hafi nóg um þetta mál að segja, draga umræðuna meira á langinn því að ég er nefnilega farin að hlakka mjög til að heyra í hæstv. landbrh. og ekki síst að heyra hans afstöðu til þess hver verði skilaboð ríkisstjórnarinnar þann 13. janúar.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég tek undir það, sem hefur komið fram hjá ýmsum ræðumönnum, að þessi umræða hefur verið málefnaleg og gagnleg. Ég veitti því sérstaklega athygli sem fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. þegar hann komst þannig að orði að eitt af því sem ríkisstjórnin mundi hafa til hliðsjónar við ákvarðanatöku væru þær umræður sem hér hefðu farið fram. Ég hlýt að taka undir þetta og fagna þessum ummælum ef alvara fylgir máli.

Ég hef sagt frá því áður á Alþingi og fundið að því að það væri ríkt og vaxandi í fari ráðherra að stikla fram hjá vilja Alþingis, meira að segja þó að skýr löggjöf væri fyrir hendi. Þar af leiðandi þarf ég ekkert að leyna því að ég hef haft af því áhyggjur að ríkisstjórnin mundi fara sínar leiðir í þessu máli án sérstaklega mikils samráðs við Alþingi Íslendinga. Þess vegna var það mér ánægjuefni þegar hæstv. viðskrh. gaf þessa yfirlýsingu. Hann nefndi fleiri dæmi sem ríkisstjórnin mundi líta á og gat þess að það yrði samráðsfundur ráðherra Norðurlanda að því er mig minnir þann 11. þ.m. um þetta sama mál. Þessi yfirlýsing fannst mér líka vera framför. Ég vona svo sannarlega að ráðherrann standi við þessi orð.

En ég get hins vegar ekki leynt því að það setti að mér hroll þegar hæstv. viðskrh. fór að gefa yfirlýsingar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar því að þar taldi hann fyrst upp að ríkisstjórnin mundi lýsa yfir stuðningi við viðleitni þeirrar forustu sem hefði unnið þessi samningsdrög. Ég held nefnilega að það séu afskaplega fáir alþingismenn, sem hafa talað á Alþingi í dag, sem hafa lýst yfir stuðningi við þessi samningsdrög. Meira að segja þvert á móti, lýst því yfir með skýrum hætti að í því horfi sem þau væru í væru þau ekki brúkhæf.

Hér kemur svo viðskrh. og segir að ríkisstjórnin ætli að lýsa yfir stuðningi við góða viðleitni hjá þeim forustumanni sem fyrir þessu hefur verið. Þessi orð samrýmast ekki þeirri niðurstöðu sem fyrir liggur í þess-

ari umræðu. Önnur hvor þessara mikilvægu yfirlýsinga sem viðskrh. gaf er þess vegna markleysa og ég hlýt að vekja sérstaka áherslu á einmitt því misræmi sem hér gengur fram af máli viðskrh. og mótmæla því að það verði lagt til sem sérstakur áhersluþáttur í svari ríkisstjórnarinnar að hér sé um að ræða samningsdrög sem með einum eða öðrum hætti gætu að óbreyttu orðið ásættanleg fyrir Íslendinga.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið löng og ítarleg og ég vil segja gagnleg og ég þakka hv. 2. þm. Suðurl. fyrir að efna til hennar. Þó svo það sé rétt, sem fram kom hjá hv. 18. þm. Reykv., að hér hefði einungis verið farið inn á þá þætti í samningsdrögum Dunkels sem varðar landbúnað er það af þeim eðlilegu ástæðum að til þess var stofnað með þessari umræðu að draga fram með hvaða hætti ég mæti þá stöðu sem landbúnaðurinn er í miðað við það hvernig umræður hafa þróast innan GATT og út frá þeim tillögum sem Dunkel hefur nú lagt fram.

Hér hefur verið drepið á ótal atriði, bæði söguleg atriði og efnisatriði, sem ég skal ekki orðlengja. Flestum þeim atriðum sem ég hefði kosið að koma inn á hef ég gert skil í frumræðu minni og sé ekki ástæðu til að lengja þennan fund af þeim sökum. Ég vil einungis taka það skýrt fram vegna þeirra fyrirspurna sem hér hafa komið um þá fyrirvara eða athugasemdir sem við Íslendingar gerðum varðandi samningsdrögin að þessi mál eru nú í athugun og umræðu innan ríkisstjórnarinnar. Það liggur nú fyrir að hún taki afstöðu til einstakra efnisþátta og er brýnt af þeim sökum að á föstudaginn munu Norðurlandaþjóðir hittast til að bera saman bækur sínar og láta á reyna hvort ekki náist sameiginleg afstaða, en eins og hv. þm. er kunnugt höfum við einkum haft náið samráð við Norðmenn og Finna í þessum efnum. Og raunar hefur komið fram að við höfum gert sömu fyrirvara og haft sömu afstöðu og þeir, sérstaklega Finnar, á þeim fundum sem haldnir hafa verið innan GATT.

Ég vil taka undir með viðskrh. um þau þrjú efnisatriði sem hann vék að áðan. Í fyrsta lagi legg ég áherslu á sérstöðu okkar Íslendinga. Það er nauðsynlegt að fá það skýrar og helst ótvírætt að við getum staðið gegn innflutningi á hráum sláturafurðum. Í öðru lagi tek ég undir með viðskrh. þau orð sem hann sagði um verðbólgu og gengisleiðréttingu og sömuleiðis um magntakmarkanir á innflutningi landbúnaðarvara. Ég vil á hinn bóginn bæta fjórða atriðinu við sem er rýmkun á grænum greiðslum. Þessi atriði munu nú verða rædd innan ríkisstjórnarinnar og það er ákveðið að fulltrúar okkar muni hitta aðrar Norðurlandaþjóðirnar á föstudaginn og freista þess þar að ná sameiginlegri niðurstöðu sem hægt yrði að kynna innan GATT.

Ég þakka svo fyrir þessar umræður.

62. FUNDUR

miðvikudaginn 8. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129, nál. 287 og 310, brtt. 288, frávtill. 311.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til breytinga á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Eins og fram hefur komið hafa spunnist talsverðar deilur um þetta frv. og þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á Hagræðingarsjóði samkvæmt því. Hefur það áður komið fram í umræðum hér í þingsölum. Helsta ágreiningsefnið er sú fyrirhugaða breyting að selja veiðiheimildir sjóðsins og láta þær alfarið standa undir kostnaði við rannsóknir Hafrannsóknastofnunar. Virðulegi forseti, ég tel að þarna sé farið inn á mjög jákvæða braut þar sem atvinnuvegunum er í ríkari mæli en tíðkast hefur gert að standa undir kostnaði við rannsóknir sem eru í þeirra þágu. Ég tel að af þessu muni timbrast nokkur gifta í framtíðinni. Vegna þess að hlé hefur orðið á þessari umræðu, vegna jólahalds, tel ég rétt að hlaupa hér léttilega á þeim meginbreytingum sem fram koma í frv.

Þær meginbreytingar felast í fyrsta lagi í því að sjóðurinn fær nú úthlutað fast 12.000 tonnum. Áður hafði hann til ráðstöfunar kvóta sem hann fékk annars vegar vegna veiðiheimilda þeirra skipa sem hann keypti eða átti að kaupa og hins vegar vegna álags á aflamarki vegna úthlutunar á óunnum fiski. Ég tel að þessi breyting sé mjög til bóta og ég hygg að um hana sé ekki ágreiningur. Við sjáum það t.d. að útflutningur á óunnum fiski minnkar nú ört og samkvæmt frétt í Morgunblaðinu í dag voru einungis flutt út 29.430 tonn af ísuðum fiski árið 1991 en árið á undan voru þau 46.745. Hefði fyrra lag verið haft á að afla sjóðnum veiðiheimilda væri það miklu óvissara en er núna. Einnig er rétt að taka það fram að sjóðnum tókst aldrei í núverandi formi að kaupa skip og þar af leiðandi fékk hann aldrei neinar veiðiheimildir samkvæmt því.

Í öðru lagi er sú breyting sem ég drap á hér áðan að öllum tekjum af sölu veiðiheimilda sjóðsins er nú varið til hafrannsókna. Rétt er að það komi fram að hafrannsóknir á að auka verulega. Það er tekið sérstaklega fram í grg. með þessu frv. að nota eigi fé til að kosta verulega auknar rannsóknir einkum á sviði fjölstofnarannsókna. Auðvitað hefði átt að vera búið að gera þetta fyrir lifandi löngu og í rauninni er mjög furðulegt að þjóð, sem byggir tilveru sína á sjávarútvegi í jafnríkum mæli og Íslendingar, skuli ekki hafa hafist handa um þetta miklu fyrr. Mér þykir rétt að geta þess að þegar ég var við nám í Bretlandi fyrir margt löngu höfðu menn þegar byrjað á þessu árið

1979 og þótti mikil bót að. Ég tel að þessar rannsóknir séu mjög nauðsynlegar til þess að finna út það samspil sem er milli tveggja mikilvægra stofna og við byggjum afkomu okkar á, þ.e. þorsksins og loðnunnar. Ég vil ítreka að hér er mikið framfaraspor stigið og meira en réttlætanlegt að nota tekjur af sölu aflaheimilda til að kosta þessa löngu tímabæru nýbreytni.

Í þriðja lagi var upphaflega áætlað að fella alveg út heimildir, sem eru í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð, til að veita forkaupsrétt til þeirra byggðarlaga sem höfðu tapað kvóta vegna sölu fiskiskipa. Nú hafa menn dregið í efa að þetta ákvæði hafi raunverulega verið þess megnugt að skila nokkru. Menn töldu ólíklegt að í þessu gæti falist umtalsverð aðstoð sem kynni að koma í veg fyrir að kvóti færi burt úr byggðarlagi með sölu skipa. Af þeim ástæðum var það svo að í upphaflega frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram var ekki gert ráð fyrir neinum heimildum til að veita byggðarlögum í erfiðleikum forkaupsrétt. Sá þingmaður sem hér stendur og fleiri mæltu gegn þessu í umræðum um frv. Við töldum nauðsynlegt að hafa inni vissan forkaupsrétt. Og ég minnist þess að hv. 1. þm. Austurl. tók undir það. Sökum þessa flytur meiri hluti sjútvn. brtt. þar sem gert er ráð fyrir að fjórðungi þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar megi verja með þessum hætti. Rétt er að geta þess að áður var í gildi ákvæði um að allt að helmingi veiðiheimildanna mætti nota með þessum hætti. En auðvitað er rétt að taka það fram að sjóðurinn leigir í rauninni sínar veiðiheimildir. Þær eru einungis leigðar til árs í senn þannig að hér hefði hvort sem er aldrei orðið um varanlega aðstoð að ræða. Eigi að síður tel ég jákvætt og lofsvert hversu rösklega hæstv. sjútvrh. tók undir þetta sjónarmið og gaf fylgi sitt við þessum breytingum.

Í fjórða lagi er rétt að taka það fram að nú er alveg fellt í burt ákvæði sem gat gert sjóðnum kleift að gefa kvóta, að láta af hendi endurgjaldslaust kvóta til byggðarlaga sem voru í erfiðleikum. Eins og ég hef þegar drepið á þá felst í þessu skammvinn stoð. En þetta ákvæði var eigi að síður inni í núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að fella þetta algerlega brott.

Í fimmta lagi er hlutfall úreldingarstyrkja hækkað úr 10% í 30%. Það er rétt að geta þess að á gildistíma núverandi laga hefur sjóðnum aldrei borist fullgild umsókn. Sennilega vegna þess að menn telja að 10% sé alls ekki nægilega hátt hlutfall til þess að koma skipi úr notkun. Nú er það hækkað upp í 30%. Ég tel þetta mikið framfaraspor og rétt er að það komi fram að *sjóðurin hefur nú 600 millj. kr. til umráða í* þessu skyni. Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir að hæsti styrkur geti aldrei orðið hærri en 50 millj. kr. Þannig gæti sjóðurinn tekið þátt í að úrelda tólf skip með því að ganga á eigið fé sjóðsins. Þar að auki hefur hann nú 80 millj. kr. tekjur árlega. Þannig að ljóst er að sjóðurinn hefur umtalsvert svigrúm til að sinna úreldingarhlutverki sínu. Þetta er mjög mikilvægt, ekki síst nú á tímum þegar umframafkastageta flotans eykst eftir því sem kvótinn og stofnarnir minnka.

Í sjötta lagi er inni í þessum lagadrögum bráðabirgðaákvæði sem full samstaða er um. Þar er gert ráð fyrir að þeim 12.000 tonnum sem sjóðurinn hefur til umráða á þessu kvótaári verði úthlutað ókeypis núna.

Eins og ég sagði eru menn sammála um bráðabirgðaákvæðið. Ég hygg að enginn ágreiningur sé heldur um það að aukning úreldingarstyrkja úr 10% af húftryggingarverðmæti upp í 30% er mjög jákvætt. Sömuleiðis tel ég að menn séu sammála um að breyta tilurð veiðiheimilda sjóðsins þ.e. að það sé miklu öruggara fyrir starfsemi sjóðsins að láta hann fá fastan stofn.

Hins vegar er alveg ljóst að mjög djúpstæður ágreiningur er í nefndinni og á Alþingi um þann þátt lagafrv. sem gerir ráð fyrir að tekjur af sölu veiðiheimilda verði notaðar til að standa straum af auknum hafrannsóknum. Í framhaldi af þessu er nauðsynlegt að láta þess getið að þau ákvæði sem gert er ráð fyrir að verði í hinum nýju lögum um söluna eru að meginstofni nákvæmlega þau sömu og eru í núgildandi lögum. Hér er því ekki um nýmæli að ræða að því leyti. Nýmælið felst í því að tekjunum af veiðiheimildunum er varið til þess að standa straum af hafrannsóknum nú.

Menn hafa látið svo um mælt að með þessu sé verið að brjóta í blað og verið að taka upp auðlindaskatt. Þetta kemur t.d. fram í nál. hv. *minni hluta sjútvn.* þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Hér er því stigið fyrsta skrefið til að afla tekna í ríkissjóð af sölu veiðiheimilda og að koma á auðlindaskatti." Ég hlýt að mótmæla þessu vegna þess að ef verið er að stíga skref til auðlindaskatts með því að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs, þá er það vitaskuld ekki fyrsta skrefið. Það skref var þá stigið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem setti lögin og markaði þá braut sem við erum nú að feta fram, þ.e. að selja veiðiheimildir sjóðsins á gangverði. Þannig að það er fráleitt að fallast á að verið sé að koma á einhverjum nýjum auðlindaskatti. Sé um auðlindaskatt að ræða þá er það ekkert annað en framhald á fyrri auðlindaskatti sem fyrrv. *ríkisstjórn kom á.* Ég tel einnig rétt að í þessari umræðu komi fram að þeir menn sem skrifa undir þetta minnihlutaálit og telja að hér sé um auðlindaskatt að ræða töldu ekki allir svo þegar verið var að ræða þetta mál við 1. umr. né heldur árið 1990. Frsm. minni hlutans, sem væntanlega mun lesa nál. minni hluta nefndarinnar á eftir, þar sem segir að hér sé um auðlindaskatt að ræða, hafði mýmörg tækifæri til þess í 1. umr. að láta þessa skoðun sína koma fram. Hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, gerði það ekki. Hann sagði hins vegar, ef ég man rétt, að með þessu væri verið að stíga nær skatti. En hann hefur sem sagt breytt um skoðun. Þegar hann ræddi þetta mál við 1. umr. þá kom sú skoðun ekki fram hjá honum að hér væri um auðlindaskatt að ræða. En í minnihlutaálitinu, sem hann á aðild að, kemur skýrt fram að hann hefur skipt um skoðun. Og ég tel að hinn mæti þingmaður, hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, skuldi eiginlega þinginu skýringu á þessum sinnaskiptum sínum.

Það er jafnframt athyglisvert að skoða ummæli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Í ummælum sínum hefur hann komið fram þeirri skoðun að hér sé alfarið um auðlindaskatt að ræða, þ.e. sala veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs sé ekkert annað en auðlindaskattur. Þess

vegna er fróðlegt að kanna viðhorf þessa ágæta þingmanns sem fram kom í umræðum um Hagræðingarsjóð í efri deild 2. maí 1990. En þá sagði hv. þm. Stefán Guðmundsson, með leyfi forseta, þegar hann mælti fyrir áliti 1. minni hluta sjútvn.: „1. minni hl. leggur áherslu á að með þessu fyrirkomulagi er ekki verið að stíga skref í átt að auðlindaskatti. Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að stuðla að fækkun fiskiskipa og bæta þannig rekstrargrundvöll þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. Öllum tekjum sjóðsins verði varið til að stuðla að fækkun fiskiskipa og engu af þeim er ætlað að renna til samneyslunnar í þjóðfélaginu. Því er hér um lokaðan sjóð að ræða sem fyrst og fremst mun vinna fyrir sjávarútveginn í heild. 1. minni hl. hafnar með þessu alfarið þeirri skoðun að með stofnun sjóðsins sé verið að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn."

Þetta er furðulegt að lesa í ljósi þeirra ummæla sem hv. þm. hefur síðan haft. Rétt er að vekja athygli á því að í frv. sem liggur frammi til laga um Hagræðingarsjóð segir í 4. gr., með leyfi forseta: „Sjóðurinn [þ.e. Hagræðingarsjóður] skal standa stofnuninni [þ.e. Hafrannsóknastofnun] jafnharðan skil á innheimtum tekjum." Með öðrum orðum, það má jafna þessu við að hér sé verið að setja innheimtar tekjur í lokaðan sjóð sem Hafrannsóknastofnum hefur til þeirrar ráðstöfunar sem hún vill. Það skilyrði að hér sé um lokaðan sjóð að ræða er því áfram uppfyllt. Og það er líka alveg ljóst að með því að taka afgjaldið, sem kemur inn fyrir leigu veiðiheimildanna, og láta það renna til eflingar hafrannsókna þá hljóta menn að vera að stuðla bættum rekstrarskilyrðum sjávarútvegsins. Þannig að þau rök sem þingmaðurinn hafði árið 1990 fyrir því að hér væri ekki um auðlindaskatt að ræða hljóta að gilda núna nema þingmaðurinn hafi af einhverjum hvötum, sem ég ekki skil — og ég hefði gjarnan viljað fá hann til að upplýsa hér — skipt um skoðun.

Það hefur líka komið fram að hér sé um auknar álögur á sjávarútveginn að ræða og ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon muni koma upp á eftir og lesa langan lista um það sem hann kallar auknar álögur á sjávarútveginn sem núv. ríkisstjórn hefur komið á. (**SJS:** Rétt.) Já, þarna sést hve hugur minn er í nánum tengslum við hug hans eða kannski er bara svona auðvelt að lesa hug alþýðubandalagsmanna. Kannski hef ég meiri reynslu af því en aðrir í þessum sal. En ég vildi einungis að það kæmi fram að við erum sammála um þetta. Ég held að það sé ekkert hægt að segja annað en að hér sé um auknar álögur að ræða. Það er ekki hægt að segja annað. En lítum nú á það hvernig menn fóru að því að réttlæta þær álögur sem einnig hefðu verið lagðar á sjávarútveginn samkvæmt núgildandi lögum sem hv. þm. Steingrímur Jóhann átti þátt í að setja og er afskaplega ánægður með. Það kemur nefnilega fram í minnihlutaálitinu. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Því er haldið fram að hér sé ekki um nýjar álögur á sjávarútveginn að ræða. Það er ekki rétt og er engan veginn sambærilegt við ráðstöfun fjárins til úreldingar fiskiskipa. Sú ráðstöfun hefði komið fljótt fram í auknum tekjum flotans vegna hagkvæmari reksturs." Það hlýtur að liggja í augum uppi að ef menn taka fé fyrir veiðiheimildir og nota til að kanna betur ástand stofna, nýja stofna og möguleika á að fá meiri tekjur úr sjónum þá hljóta menn líka að vera sammála um að það skili sér í auknum tekjum vegna hagkvæmari rekstrar. Þetta liggur í augum uppi þannig að þessi rök falla um sjálf sig. (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Steingrímur Jóhann tali hér á eftir og ég hlakka satt að segja til að hlusta á ræðu hans. (**KHG:** Hvað á að ráða marga nýja fiskifræðinga?) Hér er spurt: Hvað á að ráða marga nýja fiskifræðinga? Það er nú svo að skortur er á fiskifræðingum þannig að það fellur um sjálft sig. Það vantar fiskifræðinga vegna þess að fáir þeirra hafa komið heim eða hafa lokið námi. Ég gæti farið í langt mál um af hverju það stafar en ég ætla ekki að gera það núna, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

Virðulegur forseti. Eins og ég hef samviskusamlega tíundað hér þá ríkir verulegur ágreiningur um ýmis grundvallaratriði í þessu frv. Fjölmörgum aðilum var stefnt á fund sjútvn. og það er rétt að fram komi að hjá þessum aðilum, ég hygg nær öllum hagsmunaaðilum sem komu til fundar við nefndina, hafi mikil andstaða komið fram við sölu veiðiheimilda. Hins vegar voru menn líka jákvæðir gagnvart þeirri breytingu sem felst í að hækka styrkinn til úreldingar úr 10% upp í 30%. Ég vil að lokum, virðulegur forseti, lesa stafrétt nál. það sem gert var fyrir jól með svo vasklegum hætti. Það er stutt enda tók ekki langan tíma að semja það. Það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Nefndinni barst jafnframt greinargerð frá sjávarútvegsráðuneytinu. Þá fékk nefndin á sinn fund Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorstein Gíslason frá Fiskifélagi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Benediktsson frá Íslenskum sjávarafurðum hf., Sturlaug Sturlaugsson og Kristin Pétursson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Bjarka Bragason og Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Snæ Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Magnús Gunnarsson og Þröst Ólafsson frá nefnd um stefnumótun í sjávarútvegi.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin felst í því að Hagræðingarsjóði er heimilt að verja allt að fjórðungi þeirra aflaheimilda, sem honum hefur verið úthlutað, til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er standa höllum fæti.

Undir þetta skrifa ég, Össur Skarphéðinsson, Árni

R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson og Vilhjálmur Egilsson og jafnframt Guðjón Á. Kristjánsson með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að málflutningur hv. frsm. meiri hlutans í þessu máli sem og auðvitað ríkisstjórnarinnar er einhver sá allra aumkunarverðasti sem ég hef nokkurn tímann heyrt í nokkru máli. Ég held að ég verði að segja það. Tilburðir til að réttlæta þetta mál eru svo aumkunarverðir að engu tali tekur. Þeir ganga í stórum dráttum út á það að framan af ræðum eyða hv. þm. eða hæstv. ráðherra orku sinni í að segja: Þetta er ekki auðlindaskattur, þetta er ekki hinn illræmdi auðlindaskattur á sjávarútveginn. En síðari hluti ræðunnar gengur síðan ævinlega út á að segja: En ef þetta er auðlindaskattur þá er það fyrri ríkisstjórn að kenna, hún er a.m.k. jafnsek í málinu, endir minnar ræðu. Þannig er það hjá þeim hverjum á fætur öðrum. Þessi háreisti metnaðarfulli málflutningur hv. talsmanna stjórnarliðsins hér. Þvílíkt og annað eins.

Í þessu andsvari, herra forseti, vil ég jafnframt vekja athygli á að þetta var einhver kostulegasta framsöguræða fyrir nál. sem ég hef heyrt í minni þingsögu hér á Alþingi. Stappar hún í níu ár bráðum. Þetta var ekki lýsing á afstöðu meiri hlutans. Það var fátt um hana fjallað. Ekki fór mikið fyrir ítarlegri útlistun á hinni vönduðu og gagngeru skoðun málsins í hv. sjútvn. Þetta voru pólitískar leikfimiæfingar, stílæfingar og upplestur úr gömlum ræðum hv. 1. þm. Austurl. Og ég er alveg viss um að þessi framsöguræða starfandi formanns sjútvn. verður lengi í minnum höfð.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur kannski farið fram hjá hinum ágæta þingmanni sem hér talaði áðan, hv. þm. Steingrími Jóhanni, að það sem ég var að gera í minni ræðu var að sýna fram á hvernig skoðanir ýmissa aðila sem nú eru í minni hluta sjútvn. hafa bersýnilega breyst. Það er alveg ljóst að sumir þeirra manna sem áður töldu að hér væri ekki um neinn auðlindaskatt að ræða telja það hins vegar núna af því það hentar þeirra pólitísku leikfimiæfingum. Og ég verð líka að segja það, virðulegi forseti, að hafi hv. þm. Steingrímur Jóhann aldrei heyrt aumkunarverðari ræðu en þessa þá hefur hann bersýnilega aldrei hlustað á sjálfan sig. (**Gripið fram í:** Það voru fleiri andsvör hérna.)

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil upplýsa hv. 5. þm. Vestf. um það ef hann hefur verið að biðja um orðið til andsvars, þá segir hér í 56. gr. þingskapa: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Hv. 5. þm. Vestf. bað ekki um orðið strax eftir að ræða hv. 17. þm. Reykv. var flutt og þar með ...(**Gripið fram í:** Þetta hefur ekki verið túlkað svona.) Hv. 5. þm. Vestf. bað um orðið undir ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., ekki undir ræðu hv. 17. þm. Reykv. og þaðan af síður strax eftir að hún hafði verið flutt.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta sjútvn. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. En áður en ég kem að efni málsins, sem er þó efni nál., vildi ég aðeins koma inn á það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi um, hvort hér væri um auðlindaskatt að ræða eða ekki. Hefur hann einkum sótt fróðleik í það sem þingmenn hafa áður sagt um það mál og talað um að hér væru stundaðar pólitískar leikfimiæfingar og sá sem hér stendur hafi skipt um skoðun í þessu efni.

Ég vil því upplýsa hv. 17. þm. Reykv. um að ég stend við það sem ég sagði í maí 1990 og taka skýrt fram að ég hef ekki skipt um skoðun í málinu. Þegar þær aflaheimildir Hagræðingarsjóðs sem þá var rætt um voru kallaðar auðlindaskattur sagði ég, með leyfi hæstv. forseta: „Að kalla slíka starfsemi auðlindaskatt er svo fráleitt að það tekur vart að tala um það því auðlindaskattur gengur út á það að skattleggja greinina og taka til annarra þarfa samfélagsins." Við þessa skilgreiningu vil ég standa. Og það er líka alveg rétt hjá hv. þm. að ég sagði við 1. umr. málsins, eftirfarandi: „Ég ætla mér ekki að kalla þessa breytingu sem nú er verið að fara út í auðlindaskatt." Þá held ég að hv. 17. þm. hafi gripið fram í fyrir mér því hann kallaði „það er auðlindaskattur", hv. þm. Og ég sagði þá: „Ég ætla ekki að nota það stóra orð. Hins vegar er þetta skattur í ríkissjóð." Þá sagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson: „Hver er munurinn?" Og ég skildi hv. þm. þá að hann teldi þetta vera auðlindaskatt. Hann teldi ekki vera neinn mun á skatti í ríkissjóð og auðlindaskatti. Ég fór nokkrum orðum um það hvort ætti að kalla þetta auðlindaskatt eða ekki og staðnæmdist við þá spurningu: Er verið að taka hér fjármagn frá sjávarútveginum til sameiginlegra verkefna samfélagsins eða eingöngu til verkefna sjávarútvegsins? Ég tel að hér sé verið að taka fjármagn til sameiginlegs verkefnis samfélagsins. Ég tel það ekki einkamál sjávarútvegsins að stunda hafrannsóknir á Íslandsmiðum. Ég tel að það þjóni samfélaginu í heild. Enda hefur ávallt verið litið á það sem samfélagslegt verkefni fram á þennan dag. Alveg frá því fjárlög íslenska ríkisins urðu til hefur fjármagni af skatttekjum ríkisins verið varið til þessa verkefnis, hv. þm. Menn geta haldið því fram núna að hér sé verið að taka skatt og verja honum sérstaklega til hagsmunamála sjávarútvegsins. En enginn vafi er á því að þetta hefur hingað til verið fjármagnað af almennum skatttekjum ríkisins. Og mér er ekki kunnugt um að það standi til hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að hver og einn atvinnuvegur greiði allan kostnað við rannsókna- og þróunarstarf. Að undanförnu hefur mér heyrst að menn séu jafnvel að tala um að auka framlög til slíkrar starfsemi á vegum landbúnaðarins. Ekki síst vegna þeirra samninga sem nú eiga sér stað

við GATT. Þar munu vera heimildir til þess að líta — eru það ekki kallaðar grænar greiðslur — að jafnvel sé svigrúm til að auka framlög til rannsókna og þróunarstarfs á sviði landbúnaðarins. Ég veit ekki til að uppi sé nein almenn stefnumörkun um að fara að heimta allar slíkar greiðslur af landbúnaðinum sjálfum. Enda er alveg ljóst að hann er ekki fær um það. Ekki má skilja orð mín svo að mér detti til hugar að reikna með að hann geti staðið undir því. Mér er ekki kunnugt um að það standi til að iðnaðurinn greiði allan kostnað við Iðntæknistofnun og margvíslegar rannsóknir og þróunarstarf sem á sér stað á vegum iðnaðarins. Það hefur hins vegar verið ákveðið að þetta skuli heimt af sjávarútveginum og atvinnuvegunum þar með mismunað. Því hallast ég að því að þetta geti fallið undir hugtakið auðlindaskattur og meðnefndarmenn mínir í minni hluta nefndarinnar voru mjög ákveðið þeirrar skoðunar. (Gripið fram í.) Ég vil bara vitna til þess, hv. þm., sem ég hef sagt og ég sagði hér í ræðu að ég vildi ekki nota þetta stóra orð en ég hef einmitt skilið Alþfl. þannig að hann væri mjög kappsfullur um að koma á slíkum skatti. Er það rangt, hv. þm., að Alþfl. berjist fyrir því mjög hatrammri baráttu að koma á auðlindaskatti? (**Gripið fram í:** Þeir vilja kvótaleigu.) Þeir vilja kvótaleigu. (**Gripið fram í:** Eins og formaður Alþfl.) Já, þá hefur það verið upplýst að Alþfl. berst fyrir kvótaleigu. En hvað er kvótaleiga? Er það ekki auðlindaskattur?

Ég held að það sé nú orðið nauðsynlegt að Alþfl. fari vel yfir þessa hugmyndafræði sína í sjávarútvegsmálum og reyni að gera hana upp við sig en sé ekki alltaf að vitna í gamlar þingræður annarra í því sambandi. Það er mjög mikilvægt að það sé ljóst í íslenskum stjórnmálum fyrir hverju Alþfl. berst. Ég man ekki betur en Alþfl. hafi verið með mjög háværar kröfur í síðustu ríkisstjórn um að auka álögur á sjávarútveginn. Og ég skal alveg játa að stundum var einum of mikið látið eftir þeim flokki í þeim málum. En mér sýnist að nú sé gengið miklu lengra í því að láta undan þessum kröfum. Ég er ekki grunlaus um að þetta afkvæmi sem hér er komið sé m.a. vegna þess að formenn stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., hafi komið sér saman um þetta sem lendingu í málinu. Og Alþfl. hefur státað mjög af því að hafa komið þessu fram hinum megin við Viðeyjarsund. Þess vegna þykir mér nokkuð merkilegt að formaður sjútvn. skuli koma hálfskömmustulegur upp í ræðustól og vitna í það sem aðrir hafa sagt í þessu máli. Ég hélt að hann kæmi hér til að fagna sigri og lýsa því hvað hér hefði náðst fram mikilvægt skref í stefnumáli Alþfl. (**ÖS:** Ég vildi bara fá að vita hvort þú telur þetta auðlindaskatt eða ekki.) Ég tel þetta auðlindaskatt að því leyti að hér er um skatt að ræða sem fer til sameiginlegra viðfangsefna samfélagsins. En ég heyri á hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann telur þetta ekki sameiginlegt viðfangsefni samfélagsins og ég hef jafnframt heyrt hæstv. sjútvrh. halda því fram að hann telji þetta ekki vera auðlindaskatt vegna þess að um verkefni á vegum sjávarútvegsins sé að ræða. Hins vegar er líka ljóst hvað hæstv. núv. sjútvrh. sagði þegar Hagræðingarsjóðurinn var settur á stofn og sú skoðun heyrðist að hér væri um fyrsta skrefið í auðlindaskatti að ræða. Hæstv. landbrh. sagði enn þá meira í þessu sambandi. Ég mótmælti því vegna þess að því gjaldi átti eingöngu að verja til úreldingar fiskiskipa og aflaheimildir sjóðsins áttu síðan að ganga til handhafa kvótanna þegar fram liðu stundir. Ég vek líka athygli á því, hv. þm., að þá var gert ráð fyrir að hámark aflaheimildanna yrðu sem næmi skerðingu vegna ísfisksútflutnings en þó aldrei meiri en 12 þús. tonn. Það er jafnframt ljóst að vegna þeirrar ágætu þróunar sem þar hefur orðið þá hefði þetta orðið minna. En nú er gert ráð fyrir því að aflaheimildir skipanna séu beinlínis skertar í þessu sambandi en ekki sé eingöngu byggt á þeim skerðingum sem verða vegna útflutnings á fiski.

Þetta er sannleikurinn í málinu. En aðalatriðið er að sjálfsögðu það að verið er að selja aflaheimildir fyrir verð og þetta fjármagn á að ganga til þess að kosta útgjöld Hafrannsóknastofnunar. Menn geta kallað þetta hvað sem er. Það fer eftir því hvernig menn skilgreina orðin og hvað liggur að baki hvort þeir vilja kalla það kvótaleigu eða auðlindaskatt. Engu að síður er aðalatriðið að þetta á að renna til Hafrannsóknastofnunar. Spurningin hlýtur að vera: Er sjávarútvegurinn þannig staddur að ástæða sé til að leggja slíkar álögur á hann í dag? Ég held að það sé alveg ljóst að hann er ekki þannig staddur. Ég minni t.d. á að í efh.- og viðskn. er verið að fjalla um framlengingu lána í Atvinnutryggingasjóð og þar hefur komið fram að sjávarútvegurinn er í verulegum vanskilum með lán sín. En á sama tíma sér núv. ríkisstjórn ástæðu til þess — að kröfu Alþfl. eftir því sem mér skilst — að stórauka álögur á sjávarútveginn, sem hlýtur að gera hann óhæfari til að standa í skilum með lán sín og þar með að gera það líklegra að ábyrgðir sem ríkissjóður er óneitanlega í að því er varðar útlán ýmissa sjóða og ábyrgð ríkisins, falli á ríkissjóð sjálfan. Þetta var um auðlindaskatt.

Um málið vildi ég segja að við höfum fjallað um það allnokkrum sinnum í nefndinni. Það verður að segjast alveg eins og er að ekki gafst mikill tími til að fara yfir það. Við fórum þess á leit að fá samtöl við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þeir voru kallaðir fyrir, fyrst hver í sínu lagi og síðan mættu þeir allir í einu. Ekki gafst mikið tækifæri til að eiga við þá löng samtöl um þetta mál en það kom skýrt fram hjá þessum aðilum að þeir voru mjög mótfallnir því að fara að hrófla við lögunum að svo komnu máli. Þeir vildu ekkert segja um það hvort ástæða væri til að endurskoða lögin enda er endurskoðunarákvæði í núgildandi lögum. Hér hefur oft komið fram að það hefur verið svo tengt endurskoðun fiskveiðistefnunnar að ekki er ástæða til að vera að hrófla við lögunum að svo komnu máli og ber að endurskoða lögin samhliða endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Það er að sjálfsögðu aðalatriði málsins á þessu stigi, hæstv. forseti, hvernig á að standa að undirbúningi máls sem þessa.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum frá 5. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal sam-

ráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun." Í þeim umræðum sem fóru fram um frv. vorið 1990 var mjög ríkrafa frá hv. þm. um að endurskoðun á þessari löggjöf fylgdi endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Kröfurnar komu ekki síst frá þáv. stjórnarandstöðu. Svo segir í nál. í efri deild, með leyfi hæstv. forseta: „Frv. þetta er svo nátengt frv. um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nál. 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans." Undir þetta rituðu hv. þm. Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson.

Í neðri deild kom eftirfarandi fram: „Frv. þetta er svo nátengt frv. um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nál. 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans." Undir þetta rituðu Hreggviður Jónsson, Matthías Bjarnason og Kristinn Pétursson.

Það var því krafa Alþingis á þeim tíma að endurskoðun á þessum tvennum lögum yrði látin fylgjast að. Nú hefur meiri hluti Alþingis, stuðningsmenn hv. ríkisstjórnar, ákveðið að svo skuli ekki vera. Um það hefur verið tekin sjálfstæð ákvörðun að löggjöfin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins skuli tekin fyrst fyrir og skuli ekki fylgja endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Jafnframt hefur verið ákveðið að ekki sé ástæða til sérstaks samráðs í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum frá 5. maí 1990. T.d. hefur komið fram að samráð við hagsmunasamtök í sjávarútvegi átti sér ekki stað að því er varðar þessa lagabreytingu. Það veit ég að formaður nefndarinnar getur góðfúslega staðfest. Það kom líka fram þegar þeir menn voru kallaðir til sem eiga að stýra því endurskoðunarstarfi á lögunum um stjórn fiskveiða, sem nú hefur verið ákveðið að fari fram á vegum stjórnarflokkanna og án sérstaks samráðs við stjórnarandstöðuna, að þeir litu ekki á það sem verkefni sitt að fjalla um þetta mál. Það kom mjög skýrt fram og það kom fram að ekki hafði verið fjallað um þetta mál í endurskoðunarnefndinni. Það er jafnframt ljóst að það var ekki haft samráð við sjútvn. Alþingis um málið áður en það var lagt fram. Það er svo annað mál hvort ákvæði sem þessi séu mjög heppileg í löggjöf og hvort eðlilegt sé að Alþingi setji ákvæði sem hefta framkvæmdarvaldið að þessu marki. Að framkvæmdarvaldið geti ekki lokið endurskoðun tiltekinna laga nema að höfðu samráði við hagsmunaaðila og að höfðu samráði við tiltekna nefnd þingsins. Um þetta má deila og ég get út af fyrir sig tekið undir að það er e.t.v. ekki á allan hátt mjög heppilegt. En þetta fór inn í lög og lög á að virða. Það á ekki síst við um ríkisstjórn á hverjum tíma og alla þá sem styðja ríkisstjórn. En mér sýnist að það sé alveg komið fram að eftir þessu hefur ekki verið farið og ætti það í sjálfu sér að vera nægilegt til þess að forsetar Alþingis beittu sér fyrir því að málinu væri vísað frá og vísað til þeirra sem undirbjuggu málið og þeim falið að undirbúa það í samræmi við gildandi lög. Það hefur ekki verið gert af forsetum þingsins. En ég minnist þess að sambærilegt ákvæði var eitt sinn í löggjöf um stjórn fiskveiða og því samráði var þá lokið með sérstöku bréfi til forseta þingsins eftir að talað hafði verið við hagsmunaaðila í greininni og sjútvn. þingsins á þeim tíma. Það var talið rétt form til að uppfylla þessa lagaskyldu. Að vísu varð niðurstaða þess samráðs sú að ekki væri efni til breytinga á löggjöfinni og því var ekkert frv. flutt og talið rétt að bíða þangað til gildistími laganna rynni út.

Mér finnst þetta vera allalvarlegt þótt ég sé ekki að halda því fram að ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis hefði átt að fara eftir áliti hagsmunasamtaka í málinu eða áliti sjútvn. þingsins. Það hefðu þeir að sjálfsögðu ekki þurft að gera. En hér er um svo stórt mál að ræða sem er þar að auki mjög umdeilt að það er alvarlegur hlutur þegar efnt er til endurskoðunar á málinu í andstöðu við gildandi lög. Hér er um mál að ræða sem hefur verið í mótun í samfélaginu. Átt hefur sér stað feiknarleg umræða og hún á sér stað enn þann dag í dag. Það hefur verið almenn skoðun að mjög víðtækt samráð þyrfti að eiga sér stað um málið í þjóðfélaginu öllu til þess að stofna ekki til ófriðar um það. Ég er ekki að halda því fram að um það hafi ríkt neinn sérstakur friður. En það hefur a.m.k. ekki orðið neinn ófriður til samræmis við það sem Morgunblaðið boðar í málinu. Þar er því haldið fram að borgarastyrjöld muni verða og barist verði til síðasta manns, eins og ritstjóri blaðsins hefur haldið fram. Morgunblaðið telur hlutverk sitt vera að koma fram stefnubreytingu í málinu og það skuli nást og tuktar ríkisstjórnarliðið reglulega til í málinu og heldur áfram tangarsókninni. Það skyldi þó ekki vera að þeir séu farnir að hlýða Mogganum. Það kæmi ekki á óvart því að ég minnist þess stundum að sumir sem hafa staðið í pólitík hafa litið á Moggann og kallað hann mömmu og gjarnan verið haft við orð að nú væri rétt að hringja í mömmu áður en haldið væri lengra. Það gæti verið að nú hafi verið hringt í mömmu og niðurstaðan hafi verið sú að það skyldi tekið upp nýtt vinnulag. Morgunblaðið heldur mjög fram stefnu Alþfl. í málinu og telur hana vera hina einu réttu og sönnu. Er það gott fyrir þá sem hafa staðið að útgáfu Alþýðublaðsins og þurfa nú sennilega fljótlega að hætta að vita til þess að þeir eiga sér svo sterkan bandamann. Ekki síst hlýtur fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans að vera mjög hamingjusamur með þessa niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins.) Já, ég ætla ekkert að segja um það. En það er vissulega alvarlegt mál að þessi vinnubrögð skuli vera tekin upp. Farið er að breyta umdeildum lagaákvæðum án þess að ræða við hagsmunaaðila. En það sem verst er er að það er gert í algerri andstöðu við þá og ekki nokkur maður sem mælir því bót.

Nú er hins vegar rétt að taka það fram að löggjöfin er ekki óumdeild og margir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi voru andvígir henni frá upphafi og komu þeim skoðunum rækilega á framfæri. En ég held að það sé alveg ljóst að við þessa kúvendingu mun andstaða þeirra aukast mjög og menn fái nú hin langþráðu átök um málið.

Hér er um svo mikið hagsmunamál alls landsins og

ekki síst sjávarútvegsins og landsbyggðarinnar að ræða að það er mikilvægara en nokkuð annað að reyna að halda bærilegan frið. Þótt um sé að ræða 500 millj. kr. í ríkissjóð eru þær fljótar að tapast ef ekki tekst að halda sæmilegri samstöðu í þessu stóra máli. Ekki er nóg að halda samstöðu við Alþfl., það þarf að halda samstöðu við fleiri og það er hættulegt að taka allt of mikið tillit til skoðana Alþfl. og Morgunblaðsins enda þótt þeir séu nokkuð sterkir þegar þeir leggja saman. Ég skal viðurkenna það og ber að taka eitthvað tilliti til þess en það má ekki ganga svo langt að af hljótist stórslys.

Ég hlýt því að harma að ekki skuli hafa gefist betri tími til að fjalla um málið í upphafi og hafa á því vandaðri undirbúning. Ég skil ekki satt best að segja hvað liggur á í þessu máli. Af hverju er verið að eyða tíma núna sérstaklega í þetta mál? Af hverju lá svo mikið á að koma málinu í höfn fyrir áramót þegar sú staðreynd blasir við að ekki á að byrja að selja veiðiheimildir samkvæmt þessari löggjöf fyrr en næsta haust? Er ekki nóg ráðrúm til að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti á þingi og taka í það nokkurn tíma? Stundum hefur þurft að afgreiða mál mjög hratt á þingi og miklu hraðar en æskilegt hefur verið. En það hefur verið almenn regla að það væri ekki gert nema það væri algerlega nauðsynlegt, t.d. að því er varðar fjárlög.

Nú er því haldið fram að um hliðarfrv. við fjárlögin sé að ræða og þess vegna verði það að liggja ljóst fyrir. En ef meiri hlutinn á Alþingi ætlar sér að afgreiða málið þá býst ég við að fjmrn. mundi treysta á það og geta þá fjármagnað það eins og það verður að gera fram á vorið hvort sem frv. er afgreitt nú á nokkrum dögum eða t.d. í febrúar.

Við óskuðum eftir því að fá að ræða þetta mál við fulltrúa Landssamtaka sveitarfélaga en mál sem þessi brenna mjög á þeim. Orðið var við því með þeim hætti að þeim var sent frv. og þeir beðnir um að svara því daginn eftir eða þarnæsta dag. (**Gripið fram í:** Það eru vaskir menn.) Já, það eru vaskir menn í meiri hluta nefndarinnar og þar er vaskur formaður sem kemst léttilega frá sínum hlutum eins og hann hefur lýst yfir. Þeir svöruðu þessu en tóku allir fram að þeir hefðu *eiginlega ekki haft neinn tíma til þess að fara yfir málið*. Það var mjög ljóst á svörunum að viðkomandi aðilar höfðu ekki haft tíma til að setja sig inn í málin. Þeir höfðu ekki haft tíma til að hafa samráð við meðstjórnarmenn sína í viðkomandi samtökum. Eru þetta, hæstv. formaður, varaformaður, gegnandi formaður sjútvn. og hæstv. sjútvrh., nauðsynleg vinnubrögð í sambandi við þetta mál? Er ekki hægt að vísa því aftur til nefndar og við fáum eins og tvær vikur til að fara betur yfir það og ræða við þessa aðila? Ég fæ ekki skilið hvað liggur svona mikið á í málinu nema þá að það séu einhverjir samningar að baki sem ekki hefur verið talað um.

Ég hlýt því að endurtaka það sem við leggjum til, að í reynd viljum við að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Við berum fram tillögu um það þar sem yrði fjallað um það með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir og málið að nýju lagt fyrir Alþingi. Það verði tekið til endurskoðunar í sambandi við endurskoðun á fiskveiðistefnunni sem á að ljúka fyrir árslok 1992. Ég endurtek að við sem störfum í stjórnarandstöðunni viljum hafa einhverja aðild að málinu, ekki endilega þeir aðilar sem eru í sjútvn. þingsins heldur þeir flokkar sem eiga þar fulltrúa.

Ég vil minna á allt það endurskoðunarstarf sem hefur farið fram til margra ára. Í endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins voru flestir sjóðir sjávarútvegsins voru lagðir af. Það var mikil hreinsun og tókst ótrúlega góð sátt um og voru fulltrúar allra þingflokka í nefnd um þá endurskoðun. Það var einmitt sú nefnd sem lagði til að Úreldingarsjóðsmálið yrði tekið fyrir sérstaklega og því varð ekki lokið hjá nefnd sem lauk störfum árið 1986 til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins. Nú ætla menn ekki að hafa sama hátt á. Vel má vera að ekki þyki mikilvægt hjá núv. ríkisstjórn að eiga mikið samstarf um þessi stóru mál við stjórnarandstöðuna. Enda hefur komið skýrt fram í vetur að núv. ríkisstjórn leggur sig mjög fram um að eiga sem minnst samstarf við stjórnarandstöðuna og telur það vera merki um styrk sinn. Ætla ég ekki að fara að vitna til allra þeirra dæma sem hafa komið upp í vetur. En enn á að halda áfram að sýna styrk sinn því að nú á að gera þá mikilvægu breytingu á löggjöf um stjórnsýsluna að opna á fyrir það að hægt sé að senda sérstaka kommissara til að taka að sér fjármálastjórn í hverri stofnun. (**ÖS:** Eins og þið hafið lagt til sjálfir áður.) Ég hef aldrei lagt það til, hv. þm., það má vel vera að einhverjir úr þínum fyrri flokki hafi lagt það til, ég þekki ekki svo vel þar innan dyra eins og þú, en ég hef aldrei verið tillögumaður um það að setja sérstaka kommissara í hverja stofnun. Ég teldi það t.d. ekki mjög gott mál ef menningarfulltrúinn í London, sem Alþfl. hefur sent þangað og er sérfræðingur í bumbuslætti, ætti að verða sérstakur fjármálastjóri í sendiráðinu. En samkvæmt því sem nú hefur verið lagt til getur maður átt von á því að settir verði slíkir fjármálastjórar í sérhverja stofnun. Kannski verður sérstakur útsendari Alþfl., sem mun hafa verið mikið á ferð og var áður í skemmtanabransanum, gerður að kommissar í einhverjum stofnunum. (**Gripið fram í:** Hver er þessi maður?) Ég er ekki alveg viss um hvað hann heitir. En ég hef orðið var við að einhver slíkur maður hefur verið á ferðalagi með formanni flokksins um landið og haldið með honum marga fundi. Ég er ekki frá því að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi stundum verið á því ferðalagi sem var í fyrrum flokki þingflokksformanns Alþfl.

Þetta eru ekki vinnubrögð sem sæma mönnum. Til eru allar heimildir í stjórnsýslulögum Íslands til að taka á þeim fjármálavanda sem kann að vera í sérhverri stofnun ríkisins og á ekki að þurfa neina sérstaka útsendara í það. En nú á að sýna vald sitt, ekki bara á Alþingi heldur í sérhverri stofnun. Það skal vera ljóst að hlýði menn ekki verður sendur pólitískur kommissar á menn. Vel getur verið að menn vilji ýmislegt á sig leggja til að komast hjá að fá slíka menn inn fyrir þröskuldinn hjá sér. Vel má vera að mönnum þyki þetta slík ógnun að því verði hlýtt. En það á ekki að

setja upp slíkar ógnanir, hv. þingflokksformaður. Það á að reka stofnanir í samræmi við fjárlög og ráðuneytin eiga að sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Í þessu frv. er eitt af hlutverkum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins lagt niður þó að nokkrar tilfæringar séu gerðar til að endurvekja það, en það er byggðahlutverk sjóðsins. Segja má að núgildandi lög geri ráð fyrir tvenns konar hutverki. Í fyrsta lagi úreldingarhlutverki til að hagræða í sjávarútvegi og í öðru lagi byggðahlutverki. Byggðahlutverkið á sér alllanga sögu. Kröfur hafa verið uppi um það að gefa kost á slíkum möguleikum til að koma til móts við byggðarlög sem lenda í sérstökum vandamálum. Það hafa verið um þetta ríkar kröfur hér á Alþingi frá nánast öllum stjórnmálaflokkum, jafnvel frá Alþfl. Ég vil í því sambandi nefna það alveg sérstaklega að á löggjafarþinginu 1987–1988 flutti hv. 1. þm. Vestf., sem er því miður ekki viðstaddur, eftirfarandi brtt. við löggjöfina um stjórn fiskveiða, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Þetta þótti þeim sem hér stendur vera nokkuð opin heimild og væri ekki gott að nokkur ráðherra, hvorki sjútvrh. né aðrir hefði slíka heimild í lögum, þ.e. að viðkomandi ráðherra skuli bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir yrðu verði auknar. Það sem nánast var verið að leggja til er t.d. að ef skip er selt frá Patreksfirði þá skuli sjútvrh. hreinlega bæta við veiðiheimildum til annarra skipa á staðnum og taka það af öðrum hluta flotans. En hvernig fór með þessa till. á hv. Alþingi? Hún var felld með 21 atkv. gegn 21 í neðri deild Alþingis. Þessi víðtæka heimild fyrir sjútvrh. á hverjum tíma svo lengi sem þessi lög hefðu verið í gildi var felld á jöfnu í neðri deild Alþingis. Ekki munaði nema einu atkvæði að þessi heimild hefði verið samþykkt.

Menn hljóta að spyrja eftir að slíkt kemur fyrir á Alþingi í andstöðu við viðkomandi fagráðherra og í andstöðu við sitjandi ríkisstjórn hvort ekki sé ástæða til að taka slíkan vilja alvarlega þó að hann sé ekki meiri hluti en jafn hluti, þegar helmingur þingsins tjáir sig með þessum hætti í atkvæðagreiðslu, þar á meðal allmargir stjórnarliðar og starfandi ráðherrar í núv. ríkisstjórn eins og t.d. hæstv. heilbr.- og trmrh. sem gerði sig mjög gildandi í umræðum um þessi mál og studdi hv. 1. þm. Vestf. mjög dyggilega. Er engin ástæða til að taka slíkar atkvæðagreiðslur alvarlega? Er ekki ástæða til að reyna að finna einhverja leið, ef hún er þá finnanleg, til að koma til móts við þessi sjónarmið? Það reyndu menn að gera. Ég vil jafnframt taka fram að ýmsar aðrar skoðanir komu fram á Alþingi í þessu sambandi, t.d. fluttu fulltrúar Kvennalistans tillögu sem byggði á því að byggðirnar hefðu meira með fiskveiðiheimildirnar að gera. Fulltrúar Alþb. fluttu slíkar tillögur og einstökum þingmönnum varð mjög tíðrætt um þessa hluti. Af hverju ætli þingmenn hafi talað svo mikið um þetta mál? Það var einfaldlega vegna þess að þeir voru óttaslegnir yfir því að eitt og eitt byggðarlag kynni að fara mjög illa út úr þessum breytingum. Margir hverjir vildu kenna því fiskveiðistjórnunarkerfi um það sem upp var tekið. Það var ekki vegna sérstakra erfiðleika í viðkomandi byggðarlagi heldur beinlínis af völdum stjórnkerfisins sjálfs. Það var alveg ljóst að ef tillaga sem þessi hefði verið samþykkt þá var búið að brjóta niður kvótakerfið. Það hefði ekki fengist staðist með slíkum hætti ef viðkomandi sjútvrh. hefið notað slíkar heimildir enda býst ég við að honum hefði vart verið stætt á öðru en að gera það vegna þess að það stóð í tillögugreininni að hann skuli gera það. Það hefði orðið allsherjarófriður um það ef farið væri að taka veiðiheimildir af einum og flytja þær yfir á annan eftir því hvað gerðist á einum og einum stað. Það hefði ekki getað gengið til langframa. Hér var um mjög alvarlegt tilvik að ræða í þeirri miklu vinnu sem hefur farið fram að skapa einhvern meiri hluta fyrir sanngjörnu fiskveiðistjórnunarkerfi. Þeirri vinnu er því miður ekki lokið og verður aldrei lokið. Alltaf verður tekist á um mikilvæga hagsmuni og þetta er eitt af þeim atriðum sem verður að taka tillit til í þeirri vinnu. Þess vegna fóru menn í nokkru eftir þessum vilja. Jafnframt er rétt að taka það fram að það voru líka uppi skoðanir í fyrri ríkisstjórn og kröfur frá samstarfsaðilum þar um að einhver slík ákvæði kæmu inn en illa gekk að finna form á þessa skipan mála.

Því varð niðurstaðan að rétt væri að beita markaðslausn í þessu sambandi. Ekki ætti að vera hægt að úthluta slíkum veiðiheimildum af viðkomandi ráðherra til sérstakra byggðarlaga heldur yrði að byggja á því að slíkar veiðiheimildir væru seldar við tiltekin skilyrði. Þessi tilteknu skilyrði áttu að vera þau sem koma fram í tillögunni frá hv. 1. þm. Vestf. að sala skips hafi valdið straumhvörfum og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu. Sama hugsun er í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins því að þar stendur að heimilt sé skv. 9. gr., með leyfi forseta: „Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðalags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi."

Það má því segja að orðalagið úr tillögugrein hv. 1. þm. Vestf. sem hlaut slíkan stuðning á Alþingi hafi verið tekið upp. Þetta er dæmi um það hvernig ýmsir aðilar hafa haft áhrif á málið frá upphafi eins og vera ber í stóru og erfiðu máli.

Gert var ráð fyrir því ef slíkar aðstæður kæmu upp að þá gæti viðkomandi byggðarlag sótt um aflaheimildir og skyldu þær boðnar til kaups en það væri skilyrt að viðkomandi afla væri landað í þessu tiltekna byggðarlagi. Ekki var gert ráð fyrir því að hér væri um varanlega ráðstöfun að ræða og það er alveg rétt sem hefur komið fram, m.a. hjá hæstv. sjútvrh., að menn sáu ekki fyrir endann á því hvernig þarna mundi takast til. Ég á t.d. ekki von á því sem stendur að mörg byggðalög mundu uppfylla þessi skilyrði og þá sem betur fer. En samt var talið að um mikilvægan örygg-

isventil væri að ræða sem gæti mætt áföllum þó ekki væri nema um stundarsakir meðan menn fyndu önnur varanlegri úrræði. Ef öll fiskiskip fara frá einhverju tilteknu byggðarlagi á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum, svo dæmi séu tekin, mun sá vandi koma inn á borð stjórnvalda. Og jafnvel þótt það sé æskilegt að markaðsbúskapur hafi sem mest að segja í samfélagi okkar getum við ekki litið fram hjá vanda einstakra byggðalaga. Þá hljóta menn að spyrja í framhaldi af þessu þegar þessi löggjöf verður komin í gegn á Alþingi hvernig menn ætli að taka á slíkum málum ef þau koma upp.

Því er að hluta til svarað í grg. með frv. en þar stendur að það sé eðlilegt að Byggðastofnun taki sérstaklega á slíku máli. Það er út af fyrir sig skoðun að vísa því til þeirrar stofnunar sem hefur með þau mál að gera, en hjá stjórn og forstjóra þeirrar stofnunar kemur fram að Byggðastofnun hefur enga burði til þess. Framlög til þeirrar stofnunar hafa verið lækkuð, fjárhagsstaða hennar er fremur slæm og mér vitanlega eru engin áform um að styrkja hana. Hefur stjórnarformaður hennar, hv. 1. þm. Vestf., sem ég hef áður vitnað til, jafnvel látið í það skína að hún geti miðað við áform ríkisstjórnarinnar þess vegna verið staðsett á Hveravöllum sem veðurathugunarstöð. Það voru ekki mín orð. En svo virðist að þar sé uppi ágreiningur og því ekki líklegt að Byggðastofnun verði fær um að gegna þessu hlutverki sem Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins átti að gera. (Gripið fram í.) Nei, náttúrlega má stunda margvíslega starfsemi frá Hveravöllum með nútímafjarskiptasambandi, en þó hygg ég að það sé ekki æskilegt að reka svo virðulega stofnun sem þessa á þeim slóðum.

Þessum spurningum hefur ekki verið svarað nema meiri hluti nefndarinnar hefur sagt sem svo: Fjórði hluti þessara aflaheimilda á að geta gengið til byggðarlaga sem eru í vanda, en á markaðsverði. Þ.e. þau byggðarlög sem kunna að eiga í vanda verða að geta keppt við alla aðra sem vilja kaupa veiðiheimildir á markaði, hvort sem það eru frystiskip eða aðrir. Allir vita að þessi litlu byggðarlög eru á stundum ekki í stakk búin til þess að keppa á þeim markaði. Þess vegna gef ég lítið fyrir þær fyrirætlanir. Ég er ekki að segja að það sé alveg gagnslaust en ég hafði alltaf gert ráð fyrir því að lega viðkomandi byggðarlaga væri þannig að þau ættu fremur erfitt með að keppa við ýmsa aðra á markaðinum í þessu sambandi. Jafnframt hefur komið fram að Byggðastofnun er ekki fær um að aðstoða þessa aðila í sambandi við slík mál.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. sjútvrh. um það hvernig hann hyggist halda á því máli eða hvort hann sé þeirrar skoðunar að ekki eigi að sinna þessu viðfangsefni og hvort hann er þá þeirrar skoðunar að þetta atriði geti ekki orðið til þess síðar að spilla samstöðu um málið. Það er nú svo að málefni sem þessi verða hvað heitust þegar erfiðleikarnir koma upp en liggja oft á milli steina þess í milli. Ég óttast mjög ef þetta atriði verður tekið með þessum hætti út úr málinu í heild muni það geta spillt samstöðu síðar. Ekki endilega samstöðu við útvegsmenn og sjómenn heldur samstöðu við ýmsa aðila sem eru fulltrúar byggðanna, fólks sem býr á þeim stöðum þar sem þetta kann að koma upp og þar af leiðandi er mjög óskynsamlegt að standa að málinu núna eins og hér er verið að gera. Vonandi reynist þetta ekki rétt en ég get ekki annað en haft uppi sterk viðvörunarorð í sambandi við þetta mál því að ég tel að það sé ekki 500 millj. kr. virði að spilla samstöðu um það. Það á eftir að koma í ljós að þar yrði um mikið slys að ræða sem verður ekki metið til fjár.

Það er alveg ljóst að sú kvótaskipan sem hefur komist á er að skila sér betur og betur í aukinni framleiðslu og meiri verðmætasköpun og þarf ekki annað en að vitna til þess að framleiðsluverðmæti sjávarafurða er meira á síðasta ári en nokkru sinni fyrr, þrátt fyrir aflasamdráttinn. Það kemur að vísu margt til, t.d. hækkandi afurðaverð. En enginn vafi er á því að verðmætari framleiðsla og betri nýting sjávarfangs er smátt og smátt að skila sér. Þetta gerist ekki í einu vetfangi, þetta gerist á löngum tíma og aðalatriðið er að menn hafi þolinmæði til þess að bíða eftir árangrinum. Þarna hefur verið lagður mikilvægur grunnur sem ber að varðveita, grunnur sem mjög margir aðilar hafa staðið að úr öllum stjórnmálaflokkum, öllum hagsmunasamtökum, fulltrúar byggðanna í landinu. Engum einum er fremur að þakka í þeim efnum en öðrum, þar hafa hundruð manna komið að verki og skilað því með mikilli prýði. Þetta ber að halda í heiðri og vinna að málinu í samræmi við það.

Hæstv. forseti. Ég á víst að mæta á nefndarfundi klukkan þrjú þannig að ég vildi spyrja um það hvort ekki væri rétt að ég gerði hlé á máli mínu. (**Forseti:** Ef hv. þm. á að mæta á nefndarfundi klukkan þrjú er sjálfsagt að hann geri hlé á málin sínu, en ég vil upplýsa hv. þm. um það að hv. 17. þm. Reykv. hefur óskað að gera athugasemd með andsvari við ræðu hv. þm. og hann gerir það að lokinni ræðu þingmannsins. Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að mér sé gert kleift að sinna mínum þingskyldum en í samtali við forseta þingsins var rætt um að fundur stæði til þrjú þannig að ég á von á því að þessum fundi verði frestað eða honum slitið. Ég er aðeins að vitna til þess en ef þar hefur orðið breyting þar á þá get ég haldið áfram mínu máli. (**Forseti:** Það hefur ekki orðið breyting á því, ég hef fengið upplýsingar um það að fyrirhugað var að slíta þessum fundi klukkan þrjú, þannig að það fer þá saman, og ég mun gera það þegar hv. þm. lýkur máli sínu.) Ég mun þá fresta minni ræðu en ég tel ekki samrýmast þingsköpum að hv. 17. þm. Reykv. geti gert andsvar við minni ræðu fyrr en að henni lokinni. (**Forseti:** Það hefur ekki verið gefið í skyn hér.)

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna þess að það var óskað eftir því af einum hv. þm. að gera athugasemd í andsvari við ræðu þingmanns sem talaði hér áðan og forseti vitnaði þá til 56. gr. þingskapa þar sem segir, með leyfi forseta:

„Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt and-

svar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta."

Forseti sagði þá að viðkomandi þingmaður gæti ekki veitt andsvar þar sem hann hefði ekki beðið um orðið strax að lokinni ræðu þingmannsins. Það má vel vera að svo beri að túlka þingsköpin en ég vil benda á að forsetar hingað til hafa ekki túlkað þingsköpin á þennan hátt því þingmönnum hefur verið leyft að biðja um andsvar hvenær sem er á þessu korteri ef ég man rétt eftir. Hins vegar er talað um það hér mjög skýrt að andsvar megi ekki standa lengur en í 15 mínútur og forsetar hafa auðvitað fylgt því eftir. En ég óska eftir því að þetta verði athugað vegna þess að það er ómögulegt fyrir okkur sem þingmenn að ekki sé ljóst hvenær við megum biðja um andsvar. Ég vil láta þess getið að mín skoðun er sú að þetta beri að túlka þannig að þingmenn megi biðja um orðið um andsvar hvenær sem er á þessu korteri en það er auðvitað ekki tekið fram nákvæmlega í þingsköpum en hefði auðvitað þurft að vera skýrara. Það sem kannski skiptir mestu máli er að það sé ekki túlkað misjafnt af forsetum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Að gefnu tilefni og vegna orða hv. 15. þm. Reykv. um það að ég hefði á forsetastól túlkað þingsköpin öðruvísi en skapast hefði hefð um fram að þessu þá vil ég upplýsa hv. þm. um að ég hef á forsetastól jafnan túlkað þingsköpin eins og þau standa hér í þingskapunum, 56. gr., ég les þessa setningu eins og hún stendur hér og reyni að stjórna fundi samkvæmt þeim texta sem hér er og þar segir mjög skýrt og skorinort: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar."

Ég lít svo á að þegar annar þingmaður er kominn í ræðustól þá hljóti þetta hugtak strax að vera liðið og þar með verði að fjalla um aðra ræðu en þá sem andsvar á að gefa við.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess að seinast í gærkvöldi fékk ég orðið í andsvari eftir þeim hætti sem hér hefur tíðkast. Það var eftir ákveðna ræðu og það var eftir að a.m.k. eitt andsvar hafði komið fram og þetta var góðfúslega leyft. Það var hins vegar haldið mjög strangt við 15 mínútna regluna og geri ég enga athugasemd við það. Ég tel að það sé hárrétt túlkað og ég vonast til þess að forsetar muni ræða þetta sín á milli og tel ég þá að a.m.k. þrír aðrir forsetar sem ég hef reynt að þessu muni geta upplýst þann forseta sem nú situr í stólnum um það að þessi túlkun hefur verið við lýði. Það er mjög mikið öryggi fyrir okkur þingmenn að vita hvar við stöndum þar.

En ástæðan fyrir því að þetta er mjög nýtilegt er að ekki komu fram í andsvari, öðru andsvari, þær upplýsingar sem ég sóttist eftir og þess vegna taldi ég mjög nauðsynlegt að fá að gera andsvar sem ég hefði ella ekki gert við þá ræðu sem haldin var. Að sjálfsögðu var andsvarið við ræðuna og það hefur líka verið strangt gengið eftir því að það væri haldið, enda eðlilegt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Enn vill forseti upplýsa að hingað til hefur hann, sá er nú situr á forsetastól, leitast við að stjórna fundi samkvæmt þingsköpum eins og textinn hljóðar. Ef ágreiningur er um það hvernig túlka beri einstakar greinar sem kunna að vera óljósar er sjálfsagt og réttmætt að taka það til umræðu í forsætisnefnd. Hingað til hefur forseti talið að þessi setning gæti tæpast ljósari og skýrari verið en ef hann er einn um þá skoðun þá er rétt að hann taki það upp í forsætisnefnd og spyrjist frekar um það hvort önnur hefð hafi skapast um þetta efni.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram af hálfu tveggja þingmanna og ég hlýt að árétta hversu nauðsynlegt er fyrir þingmenn að allir forsetar túlki þingsköp með sama hætti. Það er óviðunandi að forsetar hafi mismunandi túlkun á sama ákvæði og það fari því eftir því hver sitji í forsetastól hver framkvæmd þeirra er. Ég sat í gær undir umræðum um GATT og þar voru nokkrum sinnum andsvör sem forseti, þá eins og ævinlega, hélt sig stíft við að stæði ekki lengur en í 15 mínútur. Hins vegar veitti forseti mönnum andsvarsrétt þó um það væri beðið síðar en samkvæmt skilningi þess forseta sem nú situr.

Ég hygg að núv. forseti hefði haft gott af því að sitja í gær í þingsölum og fylgjast með þessu þó ekki væri nema til að fylgjast með því hvernig aðalforseti túlkar þingsköp.

Ég ætla ekki að deila við forseta um það hvernig beri að skilja þessa lagagrein. Ég legg áherslu á að það sé með sama hætti af hálfu allra forseta. En fyrst sá eindregni vilji kemur fram af hálfu forseta að virða beri lög vil ég minna forseta á það sem reyndar hefur komið fram, bæði í þessari umræðu og fyrri umræðu um Hagræðingarsjóð, að það eru í gildi lög í landinu sem mæla fyrir um það hvernig eigi að standa að því að endurskoða lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Forseti sem fulltrúi löggjafarvaldsins hlýtur, sem löghlýðinn borgari og með mikinn vilja til þess að lög séu virt, að ganga stíft eftir því að hæstv. sjútvrh. virði þau lög sem Alþingi setti honum til þess að fara eftir og móta þann farveg sem þessi vinna á að vera í. Það hefur ekki verið gert eins og rækilega hefur verið rakið oftar en einu sinni og ég hlýt að spyrja hæstv. forseta: Mun hann beita sér fyrir því úr því sem komið er að lög verði virt varðandi endurskoðun á Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég geri ekki athugasemd við það að

það álitaefni sem hefur verið gert að umtalsefni í þingskapaumræðu verði borið upp á fundi forsætisnefndar, en vegna þeirra efasemda sem fram komu í máli forseta að svo kynni að vera að hann væri einn þeirrar skoðunar sem hann lýsti í túlkun sinni á þessu ákvæði þingskapa, vil ég taka fram af minni hálfu að svo er ekki. Forseti er ekki einn um þá skoðun að túlka beri þingsköpin með þessum hætti. Ég lít svo á að hann hafi túlkað þingsköpin rétt. Hér er með mjög afdráttarlausum hætti tekið fram að þessi ósk skuli strax borin upp. Það er ekki sagt að hún skuli borin upp að lokinni umræðu. Alþingi þótti rétt að taka það fram að það skyldi gerast strax og ég hygg að það eigi skýra stoð í því að það er ekki til þess ætlast að andsvör séu veitt við andsvari heldur aðalræðu. Menn hljóta að verða að gera sér grein fyrir því um leið og henni er lokið hvort tilefni er til þess af þeirra hálfu að óska eftir andsvari og þurfa ekki neinnar íhugunar þar um. Þannig að ég ítreka það að mín skoðun er sú sama og forseta og endurtek að hann er af þeim sökum ekki einn um þá skoðun sem fram kom í túlkun hans á þessu ákvæði.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það að ég bar fram fyrirspurn við hæstv. forseta og ég vænti þess að forseti svari henni.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 5. þm. Vestf. bar fram þá fyrirspurn til forseta hvort hann mundi stuðla að því að lög væru haldin í þessu landi. Það mun hann gera hér eftir sem hingað til á öllum sviðum þjóðlífsins og ég vona að þetta svar nægi hv. 5. þm. Vestf.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mín spurning var ekki svona víðtæk. Ég spurði hæstv. forseta hvort hann mundi beita sér fyrir því að ákvæði laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins yrðu virt.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hér koma fram af hálfu hv. 5. þm. Vestf. er rétt að taka fram að stjfrv. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins var lagt fram með stjórnskipulega réttum hætti. Þegar það var tekið á dagskrá voru engar athugasemdir um það gerðar. Ef einhver þingmaður hefði talið efni til þess að frv. hefði ekki verið lagt fram á stjórnskipulegan réttan hátt, þá var eðlilegt að gera um það athugasemd þegar málið var tekið á dagskrá. Enginn þingmaður gerði athugasemd við að málið væri tekið á dagskrá og þess vegna eru athugasemdir af því tagi sem hv. 5. þm. Vestf. gerir algjörlega út í hött.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að blanda mér aðeins í þessar umræður og núna ræðu hæstv. sjútvrh. Það er staðreynd sem ekki verður hrakin og fyrir því liggur fjöldi vitna og skjalfest gögn hygg ég vera í sjútvn. þingsins að ákvæði um samráð við aðila varðandi tilurð þessa frv. hæstv. sjútvrh. voru brotin, þau voru ekki virt. Ekki var haft það lögboðna samráð við hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins varðandi endurskoðun á lögum um Hagræðingarsjóð sem skýrt er kveðið á um í lögum. Það að breyta lögunum í grundvallaratriðum eins og þetta frv. gerir er að sjálfsögðu í þeim skilningi endurskoðun á lögunum. Að sjálfsögðu breytir það lögunum. Ég hygg því að hæstv. sjútvrh. væri fyrir bestu að lenda ekki inn í deilum um þetta efni. Það kann að vera rétt að einstakir þingmenn hafi ekki gert formlegar athugasemdir við að málið kæmi á dagskrá enda komu að hluta til fram upplýsingar um það að þessi lagaákvæði hefðu verið brotin eftir á, þ.e. þegar sjútvn. þingsins fór að kalla til sín hagsmunaaðila og kanna tilurð málsins.

Það er svo að lokum að mínu mati hárrétt að vísa því til forseta þingsins að líta á þetta mál, vegna þess að hér er m.a. kveðið á um lögboðið samstarf við þingið eða eina af nefndum þess. Forsetar þingsins sem yfirmenn þingsins eiga að sjálfsögðu að gæta hagsmuna þingnefndanna og sjá til að ekki sé brotinn réttur á þeim eins og á þinginu sjálfu.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram vegna ummæla hæstv. sjútvrh. að ég lít svo á að forsetar þingsins gangi úr skugga um það sjálfir hvort mál séu lögð fram með lögmætum hætti og hef ekki uppi efasemdir um það að fyrra bragði. Það kom hins vegar fram þegar umræður hófust um þetta frv. að ekki hefði verið haft samráð við sjútvn. þingsins. Af því tilefni spurði ég hæstv. sjútvrh. að því í ræðu minni hvort haft hefði verið samráð við hagsmunasamtök eins og kveðið er á um í lagagreininni. Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri spurningu. Ég leit á og skildi svar hans þannig að það hefði ekki verið gert. Það sem fram hefur komið í umræðum síðar hefur í raun og veru staðfest þennan skilning. Þegar þetta lá fyrir skoraði ég á hæstv. sjútvrh. að draga frv. til baka.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér að æra óstöðugan að halda áfram deilum um þetta efni svo skýrt sem þetta álitaefni liggur fyrir. Kveðið er á um það í lögum að þau lög sem hér um ræðir skuli tekin til endurskoðunar með sama hætti og lög um fiskveiðistjórnun. Sú endurskoðun mun að sjálfsögðu fara fram fyrir lok þessa árs eins og lög kveða á um í samráði og að höfðu samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila og sjútvn. Alþingis. Þetta ákvæði girðir hins vegar ekki fyrir það að ríkisstjórn á hverjum tíma beiti sér fyrir

breytingum á lögunum á því tímaskeiði sem heildarendurskoðun á að fara fram. Með öðrum orðum, ákvæðið um endurskoðun fyrir árslok 1992 girðir á engan hátt fyrir það að ríkisstjórn á hverjum tíma breyti eða geri tillögur til Alþingis um að breyta lögunum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta er gert. Á tíma fyrri ríkisstjórnar var flutt á Alþingi af sjútvrh. frv. til laga um breytingar á lögum um Hagræðingarsjóð án þess að haft væri um þá breytingu samráð við hagsmunaaðila eða sjútvn. Alþingis. Þingið hefur því áður tekið afstöðu til breytinga af þessu tagi og með því túlka ákvæðið á þennan augljósa hátt. Enda getur ákvæði um endurskoðun fyrir tiltekinn tíma ekki bundið hendur ríkisstjórnar eða Alþingis til að beita sér fyrir breytingum á lögum áður en sá tími rennur út. En ákvæðinu um endurskoðun fyrir árslok á þessu ári verður að sjálfsögðu fylgt fram með þeim breytingum sem á hafa orðið bæði til bráðabirgða í tíð fyrri ríkisstjórnar og eins þeim breytingum sem nú er verið að fjalla um.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er gleðiefni að hæstv. ráðherra deilir ekki við okkur um skilning á ákvæði til bráðabirgða II. Hitt vil ég láta koma fram að breyting á núv. lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem nánast er breyting á hverri einustu grein laganna er ekki bráðabirgðabreyting eða lítils háttar breyting. Þetta er heildarendurskoðun á þessum lögum. Er ekki hægt að túlka núv. frv. ásamt fram komnum brtt. öðruvísi en sem heildarendurskoðun á lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Auk þess felast í frv. verulegar grundvallarbreytingar frá þeim lögum sem eru í gildi. Enn fremur er þessum lögum augljóslega ætlað að gilda lengur en eitt ár. Eins og hæstv. ráðherra hefur sjálfur tekið fram og sagt í blaðaviðtali er þessi grundvallarbreyting hrein ríkisfjármálaaðgerð og það er stefna ríkisstjórnarinnar sem hefur birst í þessum breytingum að láta sjávarútveginn greiða fyrir Hafrannsóknarstofnun ríkisins þannig að það er breyting sem á að standa lengur en í eitt ár. Hér er um að ræða framtíðarbreytingu, a.m.k. þann tíma sem núv. ríkisstjórn situr. Það nær langt út yfir þann skilning sem ráðherrann hélt hér fram, hins vegar fellur að þessu ákvæði sem ráðherra er bundinn af að fylgja. Ég ítreka, virðulegur forseti, að ég bíð enn svars.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil enn og aftur upplýsa hv. 5. þm. Vestf. um að ég mun hér eftir sem hingað til reyna að framfylgja lögum sem í gildi eru. Eins og hann og allir almennir borgarar í þessu landi ef þeir verða misrétti beittir reyni ég að leiðrétta minn málstað. Ég mun hjálpa hv. 5. þm. Vestf. ef hann telur sig hafa verið misrétti beittur gagnvart lögum að hann nái þar rétti sínum. (**Gripið fram í:** Það var spurningin um svar.) Umræðu um dagskrármálið er frestað.

Umræðu frestað.

63. FUNDUR

fimmtudaginn 9. jan.,
kl. 1 miðdegis.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129, nál. 287 og 310, brtt. 288, frávtill. 311.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni í gær að ég hafði fjallað um það hlutverk Hagræðingarsjóðs að standa við bakið á þeim byggðarlögum sem lenda í vandamálum vegna þess að viðkomandi byggðarlög hafa misst frá sér aflaheimildir. Það er kannski ekki hvað síst mikilvægast að reyna að gera sér grein fyrir því hvaða framhald verður á stefnumörkun í sjávarútveginum og hvort þetta mál eitt út af fyrir sig er með þeim hætti að líta beri á það sem hluta af þeirri stefnumörkun. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum haldið því fram að þetta mál sé að sjálfsögðu hluti af stefnumörkun í sjávarútveginum. Það tengist fiskveiðistefnunni með svo ríkum hætti að það er fráleitt að taka það til endurskoðunar án þess að taka lögin um stjórn fiskveiða til endurskoðunar líka. Við höfum jafnframt bent á að í lögunum sjálfum er ákvæði þess efnis að taka skuli þessi lög til endurskoðunar fyrir árslok 1992 og það beri að hafa samráð við hagsmunaaðila og það beri að hafa samráð við sjútvn. þingsins.

Ég vil benda á í því sambandi, virðulegi forseti, að þessari samráðsskyldu hefur ekki verið sinnt og það er að sjálfsögðu athugunarefni fyrir forsætisnefnd þingsins hvort hér eigi að taka fyrir frumvörp þegar Alþingi hefur sagt fyrir um það hvernig endurskoðun þeirra skuli háttað og hvort forsetar þingsins eigi ekki beinlínis að vísa málinu frá áður en það er tekið til umfjöllunar og þeirri skyldu sé lokið. Það hefur ekki verið gert og við höfum því lagt til að frumvarpinu verði vísað frá.

Ég verð að fara þess á leit, hæstv. forseti, að sérstaklega hæstv. utanrrh. verði viðstaddur umræðuna og ég hefði talið mikilvægt að hæstv. forsrh. væri jafnframt viðstaddur því að það er nú svo að þeir einir geta svarað fyrir um það hvað hefur farið þeim í milli um framhald stefnumótunar í sjávarútvegi. Þannig vildi nefnilega til að það voru þessir tveir menn sem gerðu með sér samkomulag um myndun ríkisstjórnarinnar og það er því miður ekki á allra vitorði hvað þeim fór í milli. Sumt af því hefur verið sett í stjórnarsáttmála en það er alveg augljóst að annað hefur ekki komið fram og er svona smátt og smátt að koma í ljós og þess vegna er nauðsynlegt að fá að tala við þessa menn um það sem fram undan er.

Því var haldið fram á Alþingi vorið 1990 þegar lögin um stjórn Hagræðingarsjóðs voru samþykkt að þar

væri stigið fyrsta skrefið í sambandi við auðlindaskatt. Ég vil minna á það að því var þá eindregið mótmælt, m.a. af mér að hér væri um fyrsta skref til auðlindaskatts að ræða. Ég vil í því sambandi vitna til nokkurra orða sem eftir mér voru höfð af því tilefni. En um það var spurt í 2. tbl. Sjávarfrétta 1990, eðlilega af blaðamanni, og spurningin var þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagsmunaaðilar óttast að þetta sé fyrsta skrefið að upptöku auðlindaskatts. Er þessi *ótti ástæðulaus?*" Og þessu svaraði ég m.a. með þessum hætti: „Ég vil svara því þannig að fyrsta skrefið í átt til sölu að veiðiheimildum var stigið þegar heimilað var að færa veiðiheimildir á milli skipa því að í mörgum tilfellum kemur gjald fyrir slíkt. Það eina sem breytist nú er að gjald verður greitt úr sameiginlegum sjóði sjávarútvegsins. Í sjóðstjórn hafa hagsmunaaðilar í sjávarútvegi víðtæk áhrif og í reynd meiri hluta með aðild sinni að stjórn Fiskveiðasjóðs. Jafnframt kemur skýrt fram í lögunum að sjóðurinn á að vinna fyrir heildina og ekki ein einasta króna á að renna til opinberra nota. Menn virðast gera því skóna að þessi nauðsynlega ráðstöfun leiði til þess að menn geri eitthvað allt annað í framtíðinni. Ég skil ekki svona málflutning. Ef menn vilja í framtíðinni skattleggja sjávarútveginn vegna þess að þar skapist mikill hagnaður þá verður það sjálfstæð ákvörðun sem kemur þessu ekkert við. Menn geta ekki gert neinar þær ráðstafanir í löggjöf í dag sem hugsanlega geta komið í veg fyrir misvitrar ákvarðanir í löggjöf í framtíðinni. Það fer að sjálfsögðu eftir meiri hluta Alþingis á hverjum tíma."

Auðvitað er það ljóst í þessu máli sem öðrum að menn munu ekki geta komið í veg fyrir það í dag hvað verður gert eftir fimm ár eða tíu ár. Ef einhver sá meiri hluti myndast á Alþingi sem vill taka upp auðlindaskatt mun hann að sjálfsögðu ákveða það. En það er mikilvægt að það liggi fyrir í þessu máli hver eru áform núv. ríkisstjórnar í framhaldi þessa máls. Og ástæðan fyrir því að ég vil tala við hæstv. utanrrh. er sú að langt viðtal var birt við hann í Alþýðublaðinu 31. des. 1991 þar sem hann ræðir eðlilega um stjórnmál. Með lestri á slíkum viðtölum má oft nokkuð ráða í það hvað hafi farið milli manna í hinni margfrægu Viðey. En hæstv. utanrrh. segir í viðtalinu í þessu óvenjuefnismikla Alþýðublaði, sem því miður hefur nú minnkað eins og mörg önnur blöð. Þar er hann að fjalla um afrek síns flokks á þeirri stundu. En hann segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig náðum við inn lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins" og er þá að vitna til samstarfsins í fyrri ríkisstjórn. Það er að vísu ekki alveg rétt hjá hæstv. núv. utanrrh. því að hugmyndir um Úreldingarsjóðinn í þeirri mynd sem hann er nú undir nafninu Hagræðingarsjóður komu strax fram á árinu 1989 og er hægt að vitna til þess í blaðaviðtölum þar sem ýmsir aðilar tjáðu sig þá um þá hugmynd, m.a. hæstv. núv. sjútvrh. þannig að það voru hugmyndir sem ekki komu fram í ársbyrjun 1990. Alþfl. var hins vegar þá með hugmyndir um að taka upp sölu á veiðileyfum í áföngum og taldi að taka ætti um það ákvörðun í þeirri ríkisstjórn og lagði það til. Því var hafnað. Hins vegar var ákveðið að styrkja Úreldingarsjóðinn og byggðahlutverk hans og þess vegna var nafninu m.a. breytt með tilliti til ýmissa athugasemda sem höfðu komið fram og ég vitnaði m.a. til í ræðu minni í gær. Þar vitnaði ég sérstaklega til tillöguflutnings hv. 1. þm. Vestf. en sú tillaga var felld með 21:21 atkv. Lengra var ekki gengið og lögð á það meginálhersla að þessi gjaldtaka mundi ganga til að styrkja sjávarútveginn í heild sinni *í gegnum hagræðingu og úreldingu skipa sem mikil* þörf er á en alls ekki til opinberra nota. Á þessu er mikill grundvallarmunur.

En hvað um það. Auðvitað átti hæstv. utanrrh. og flokkur hans aðild að málinu á sínum tíma og án þess að ég ætli að fara í nokkurn meting um það hver hafi þar lagt mest af mörkum þá er niðurstaðan öllum ljós. En síðan bætir hæstv. utanrrh. við og er það tilefni þess að mér finnst nauðsynlegt að fá hann á þennan fund og vænti þess að það hafi þegar verið gerðar ráðstafanir til þess nema hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafi fjarvistarleyfi. Ég get þá endurtekið orð mín þegar þeir mæta til þingfundar eins og þeim ber eins og öðrum þingmönnum. En þar kemur fram, með leyfi forseta, sem er mikilvægt fyrir hæstv. sjútvrh. að heyra því að ég reikna ekki með því að hann hafi haft ráðrúm til að lesa allt þetta langa viðtal og gæti því þetta hafa farið fram hjá honum eins og það fór fram hjá mér fyrst er ég las viðtalið ... (**Sjútvrh.:** Ég hef heyrt eina setningu þannig að þingmaðurinn má lesa allt viðtalið þess vegna.) Nei, ég hef enga löngun til þess, en hins vegar tel ég mikilvægt að hæstv. sjútvrh. heyri þessa einu setningu sem eru að vísu tvær. En þær eru þessar þegar hann hafði sagt frá því afreki að hafa náð fram Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins í fyrri ríkisstjórn þá tekur utanrrh. fram ... (**Sjútvrh.:** Hæstv.) Hæstv., ekki má gleyma því, það er ekki síður mikilvægt en annað að halda forminu:

„Því höfum við fylgt eftir í tíð núv. ríkisstjórnar" og ég get bætt við hæstv. ríkisstjórnar þó að það sé nú ekki gert í Alþýðublaðinu, „með samkomulagi um að aflaheimildir hans verði seldar á markaði á gangverði."

Hæstv. utanrrh. telur sig hafa náð því fram í hæstv. ríkisstjórn að þetta sé gert og væntanlega hefur hann strax lagt drög að þessu hinum megin við Viðeyjarsund. Síðan er bætt við og það er ekkert smámál, hæstv. sjútvrh.:

„Það er fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútveginum." Ég endurtek: „Það er fyrsti vísir að komandi veðileyfakerfi í sjávarútveginum."

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Þetta var úr afrekaskrá formanns þíns sem hefur lýst þessu væntanlega fyrir hönd Alþfl. (**ÖS:** Hvenær var það?) Þessu var lýst yfir á gamlársdag og væntanlega skrifað einhverjum dögum áður. (**Sjútvrh.:** Það er veiðileyfagjald í sjávarútvegi.) Já, það er rétt, hæstv. sjútvrh. Hins vegar hef ég ekki litið svo á að þetta frv. sem hér er flutt af hæstv. sjútvrh. sé fyrsti vísir að veiðileyfakerfi í sjávarútvegi. (**ÖS:** Lestu viðtal við Ólaf Ragnar.) Sá vísir er löngu lagður með stuðningi margra hv. þm. og ætla ég ekki að fara að telja þá alla upp því að þeir eru

margir og eru úr öllum flokkum. Það er mikilvægt, hæstv. sjútvrh., og ég veit að við erum þar sammála að reyna að varðveita þá samstöðu hvað svo sem þeir fóstbræður hafa talað um úti í Viðey. Það er svo að ég held að það megi ekki treysta því að þeir séu best inni í þessum málum, enda kemur það í ljós. Það sem núv. hæstv. utanrrh. segir er, og taktu nú eftir, hæstv. sjútvrh., því að ég heyri að þú hefur ekki sett þig nægilega vel inn í þetta. Þarna stendur: „Það er fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútvegi.“ Og hvert er þetta „komandi veiðileyfakerfi í sjávarútveginum“ sem þetta frv. sem hér er verið að ræða er fyrsti vísir að? *Hér flytur hæstv. ríkisstjórn frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þar sem við höfum haldið því fram að það eigi að taka lögin til endurskoðunar samhliða lögunum um stjórn fiskveiða.* Þessu hefur verið mótmælt af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar og þeir hafa ákveðið að taka málið þar út fyrir og hafa haldið því fram að þetta mál væri ekki tengt lögunum um stjórn fiskveiða. Síðan kemur hæstv. utanrrh. og lýsir því einfaldlega yfir að hér sé kominn fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútvegi. Hverjir áttu að fjalla um þetta komandi veiðileyfakerfi? Það er sérstök nefnd á vegum stjórnarflokkanna undir forustu tveggja manna, annar skipaður af Alþfl. og hinn af Sjálfstfl. Ekkert liggur fyrir um það hvor hafi þar meiri áhrif og hefur nefndin gjarnan fengið það viðurnefni að hún starfi undir nafni tveggja manna, væri nokkurs konar tvíhöfða þurs.

Ég sé ekki að hægt sé að ræða þetta mál miklu lengur, hæstv. forseti, nema fá svör um það hjá hæstv. forsrh. landsins og hæstv. utanrrh. hvað er rétt í málinu. Er það rétt sem hæstv. utanrrh. heldur fram að hér sé um fyrsta vísi að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútvegi að ræða eða er það rangt? Getum við átt von á því að nýtt frv. birtist sem byggir á þessu á þessu Alþingi eða því næsta? Og hvernig er almennt hugmyndin að fjalla um þessi mál? Hér er um eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða sem mikill ágreiningur er um og það er sjálfsögð krafa þeirra sem eru á Alþingi að vita eitthvað um fyrirætlanir stjórnvalda. Ég á ekki von á að hæstv. sjútvrh. muni lýsa því yfir að þetta sé rétt hjá utanrrh. Ég ætla að vísu að biðja hann um að gera það. Mér þykir það hins vegar með ólíkindum miðað við það sem hann hefur sagt, og treysti ég orðum hans vel, að hann geti tekið undir að þetta sé rétt hjá hæstv. utanrrh. En getur það verið að hæstv. utanrrh. fari með staðlausa stafi í áramótagrein í Alþýðublaðinu? Er það hugsanlegt, formaður þingflokks Alþfl.? (Gripið fram í.) Ég get a.m.k. ekki trúað því að *hæstv. utanrrh. ætli sér að fara með staðlausa stafi* og því hlýtur eitthvað að liggja að baki. Sá einn sem getur upplýst það er hæstv. núv. forsrh. (**Gripið fram í:** Greinin er skrifuð ...) Það held ég að skipti engu máli, hv. þm., hvenær greinin hefur verið skrifuð, enda kemur okkur það ekki við. Aðalatriðið er hvað í henni stendur og það er það sem ég er að vitna til.

Ég átti von á því að hæstv. utanrrh. mundi koma hér. Ég spyr því hæstv. forseta hvort hann muni koma eða hvort þess sé langt að bíða. (**Forseti:** Forseta er ókunnugt um það en mun kanna það. — Hann kemur klukkan hálftvö er upplýst.) Já, hann mun koma hér hálftvö og þess vegna skal ég gera hlé á þessum hluta ræðu minnar. (**ÖS:** Nei, farðu bara með hann aftur.)

Eitt af því sem ég hafði ekki rætt um í sambandi við þetta mál er það hlutverk Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins að standa fyrir úreldingu fiskiskipa. Það hlutverk átti sjóðurinn að rækja með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að kaupa upp fiskiskip, úrelda þau og leysa til sín veiðiheimildirnar. Sjóðurinn átti að geta tekið til þess lán, allt að 80% af kaupverði skipanna, *enda áttu tekjustofnar hans að nægja til að greiða þau lán.*

Í öðru lagi átti sjóðurinn að veita sérstaka úreldingarstyrki til þeirra aðila sem vildu úrelda sín skip og sameina veiðiheimildir. Þessu hlutverki sjóðsins voru sett nokkuð þröng mörk eða aðeins 10%. Ástæðan fyrir því að þessi mörk voru ekki víðari var m.a. sú að uppi hefur verið mjög mikil gagnrýni á frjálsu framsali veiðiheimilda og vil ég m.a. benda á að hv. þm. Alþfl. héldu því margir hverjir mjög stíft fram í síðustu kosningabaráttu að slíkt þyrfti að takmarka með ríkari hætti. Því var lögð meiri áhersla á það að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins gæti keypt til sín fiskiskip þannig að veiðiheimildirnar dreifðust á heildina. Ég minni t.d. á það að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambandsins lögðu á það mjög ríka áherslu að úreldingarsjóðshlutverkið yrði mjög styrkt, en fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambandsins voru mjög andvígir því hversu mikið frjálsræði ríkti í framsali veiðiheimilda.

Því miður er með þessar skoðanir eins og svo margar aðrar að það er ýmislegt sem rekst hvað á annars horn. Ef menn eru á móti frjálsu framsali milli skipa verða menn að gera einhverjar aðrar ráðstafanir eigi að vinna að hagræðingu í flotanum. Menn geta vel verið þeirrar skoðunar að rétt sé að halda flotanum við þau mörk sem hann er nú í og ekki sé ástæða til þess að minnka hann, en það hefur ekki verið almenn skoðun. Ef menn vilja hins vegar ekki að hið frjálsa framsal aukist þarf að mynda sameiginlegan sjóð sem getur sinnt úreldingarhlutverkinu af einhverjum krafti. Með þessari löggjöf var verið að gera tilraun til þess og koma þar til móts við sjónarmið aðila sem lögðu á þetta áherslu, m.a. hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar sem nú gegnir þingmennsku fyrir 1. þm. Vestf. og stendur að nál. um þetta mál. Hann er því miður ekki viðstaddur heldur og má nú segja að heldur sé þunnskipað hér í þinginu við þessa umræðu. (**ÖS:** Sérstaklega af hálfu Framsfl.) Það má vel vera, hv. þm., en ég skal upplýsa hv. þm. um það að Framsfl. stendur heilsteyptur að sjávarútvegsstefnunni og þar hefur ekki verið mjög mikill ágreiningur innan dyra eins og í þingflokki hv. þm. Það leysir auðvitað ekki aðra þingmenn undan þeim skyldum að vera hér. Það er eins og gengur og gerist og ekkert nýmæli hér á Alþingi.

Með þessu frv. er verið að gera þá mikilvægu breytingu að leggja af það hlutverk sjóðsins að geta leyst til *sín fiskiskip í heilu lagi og þar með er verið að stefna*

inn á þá braut að hið frjálsa framsal og samningar milli manna eigi fyrst og fremst að gilda. Það er skoðun út af fyrir sig, en ég minni á að það er andstætt sjónarmiðum margra þeirra sem talað hafa um málið áður á Alþingi. Ég er helst á því að ég hafi heyrt ýmsar skoðanir frá þingmönnum úr allmörgum stjórnmálaflokkum um þetta efni og á það jafnt við um Alþfl., Sjálfstfl., Alþb. og áreiðanlega einstaka þingmenn úr Framsfl. Hér er því vissulega um mikilvægt stefnumarkandi atriði að ræða sem snertir fiskveiðistefnuna og sjávarútvegsstefnuna í heild, fram hjá því verður ekki gengið, og er enn ein sönnun þess hversu mikilvægt það er að þetta mál bíði endurskoðunar laganna um stjórn fiskveiða.

Í öðru lagi mun Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins ekki hafa jafnmikla fjármuni ef þetta frv. verður að lögum og hann mundi hafa samkvæmt gildandi lögum. Hann mun halda svipuðum tekjum vegna gjalds á einstök skip sem lagt er á hverja rúmlest, en hann mun missa þær tekjur sem hann hafði eða réttara sagt átti að fá af sölu veiðileyfa. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér í gær við umræðuna að það mætti úrelda mörg skip af þeim peningum sem sjóðurinn ætti, ein 50 skip — nei, ein 12 skip, svo að ég hafi rétt eftir, það hefur einu sinni áður komið fyrir mig að ég hef ekki haft alveg rétt eftir þegar þessi ágæti þingmaður hefur átt í hlut — 12 skip ef hvert þeirra fengi hámarksstyrk, þ.e. 50 millj. Ég býst ekki við að til þess muni koma að öll þau skip fái hámarksfjárhæð, en það er þó merki þess að ekki hafa allir sjóðir verið tómir eins og hæstv. forustumenn núv. ríkisstjórnar hafa haldið fram hvað eftir annað og ekkert verið til af neinu tagi. Það er vissulega rétt að þarna er til sjóður sem hefur verið til lengi og á stofn sinn fyrst og fremst í Aldurslagasjóði fiskiskipa og er ekkert nýmæli, auk þess sem nokkrir peningar voru eftir vegna gengisbreytinga 1983. Það er vissulega mikilvægur stofn en sjóðurinn mun ekki verða ýkja sterkur eftir það. Þess vegna er rangt að gera sér háar hugmyndir um það hvað þessi sjóður getur gert.

Út af fyrir sig er ágætt mál að hækka úreldingarstyrkinn úr 10% í 30%. Það mundi líka vera ágætt mál að hækka ýmsa styrki. Sjálfsagt yrðu ellilífeyrisþegar því fegnir ef þeir fengju hækkun á sínum styrkjum. Gallinn er bara sá að það þarf að afla tekna til tiltækisins vegna því að þessi sjóður hefur ekki þá náttúru fremur en aðrir sjóðir að meira komi inn í hann en út úr honum er tekið. Hann er þeirrar náttúru sem allir aðrir sjóðir að það er ekki hægt að taka meira úr honum en inn í hann kemur. Þess vegna segir það sig sjálft að menn munu fljótt verða uppiskroppa með það fé sem þarna er til ráðstöfunar. Þetta er eitt mikilvægasta atriði sjávarútvegsins í dag, að koma því til leiðar að fiskiskipaflotinn minnki og að halda áfram á þeirri braut, sem við sjáum daglega, að fyrirtækin í sjávarútvegi sameini krafta sína.

Það er alveg ljóst að frv. sem hér er flutt mun ekki hjálpa til í þeim efnum heldur mun það verða til þess að gera þá möguleika enn þá minni. Þar af leiðandi mun frv. gera sjávarútveginn óhæfari til að standa undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar og þeim lífskjörum sem Íslendingar ætlast til að sjávarútvegurinn standi undir. Í því sambandi minni ég á að enn á ný hafa útflutningstekjur sjávarútvegsins aukist verulega á sl. ári á sama tíma og útflutningstekjur vegna stóriðju og almenns iðnaðar hafa dregist saman. Þannig var hlutur sjávarútvegsins í útflutningstekjum landsmanna um 80% á síðasta ári og það sýnir afar vel hversu mikilvægt er að varðveita sterka stöðu sjávarútvegsins í landinu. Betri lífskjör munu ekki koma fram vegna þess að menn muni finna upp á nýrri stóriðju eingöngu. Það er út af fyrir sig ágætt mál. Ríkisstjórn sem leggur á það höfuðáherslu og gleymir að varðveita það sem mestu máli skiptir mun hins vegar fljótt reka sig á í þeim efnum. Með frv. er því verið að koma því til leiðar að sjávarútvegurinn getur ekki með þeim sama hætti og hann hefði getað staðið undir bættum lífskjörum. Þetta er sérstaklega bagalegt þegar um aflasamdrátt er að ræða. Hins vegar er mjög athyglisvert hversu vel sjávarútveginum tókst á síðasta ári að auka framleiðslu sína. Það mun jafnframt verða athyglisvert hvernig honum tekst til á árinu 1992 og þaðan í frá, en honum mun aðeins vegna vel ef hann fær til þess frið og svigrúm og það svigrúm fæst ekki með aukinni skattheimtu á sjávarútveginn eins og nú horfir.

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða þetta mál mjög lengi dags. Ég átti þó von á að eiga möguleika á því, áður en ég lyki minni ræðu, að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., a.m.k. annan þeirra, en ég sé ekki að það muni verða. Áður en ég lýk máli mínu langar mig að geta þess, og bið þá aðeins lengur eftir að hæstv. utanrrh. láti sjá sig í húsinu, að ég vænti þess að hæstv. núv. sjútvrh. komi áður en 2. umr lýkur og lýsi því með hvaða hætti hann telur að eigi að vinna áfram að þessu stóra máli. Ég minni hæstv. sjútvrh. á það að þann 15. nóv. 1991 skrifaði hann öllum nefndarmönnum í sjútvn. þingsins eftirfarandi bréf, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirsjáanlegs aflasamdráttar á komandi árum standa Íslendingar frammi fyrir miklum vanda. Hann snýr ekki síst að sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa um langt árabil búið við erfitt rekstrarumhverfi heima fyrir og óviðunandi samkeppnisstöðu gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Ef snúa á vörn í sókn þarf að nást víðtækt samkomulag um mótun sjávarútvegsstefnu sem nær jafnt til veiða, vinnslu og útflutnings. Leggja þarf áherslu á bætta meðferð sjávarfangs, aukna fullvinnslu, og fara þarf nýjar leiðir í markaðsmálum. Undirstöður verðmætasköpunar og velferðar í landinu má ekki veikja frekar en orðið er. Varast ber að reka fleyg á milli dreifbýlis og framleiðslu annars vegar og þéttbýlis og þjónustu hins vegar. Hætta er á að nýjar álögur á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar hefðu það í för með sér."

Ég tek undir hvert orð sem sagt er í þessu bréfi þótt ég sé ekki jafntrúaður á það og margir aðrir að hið opinbera geti haft feiknaleg áhrif á það hvernig menn vinna sinn afla, hvort menn frysta hann eða salta hann eða gera eitthvað annað við hann. Vissulega er hægt að

hafa nokkur áhrif þar á. Ég tel hins vegar að forðast beri alla miðstýringu í þessum efnum og þess vegna hef ég lagt á það áherslu að fiskveiðistefnan sé grundvöllurinn, en fiskveiðistefnan ætti í sjálfu sér að stuðla til hagkvæmrar nýtingar á öllu sjávarfangi með því að setja ýmis ákvæði inn í stjórn fiskveiða sem stuðla að því eins og álag á ísfisk og fleira því um líkt.

Ég tel alveg ljóst að ekki hefur margt komið fram frá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum sem er í samræmi við þetta bréf. Hér stendur m.a.: „Undirstöður verðmætasköpunar og velferðar í landinu má ekki veikja frekar en orðið er." Er ekki verið að veikja undirstöðu verðmætasköpunar og velferðar í landinu, hæstv. sjútvrh., m.a. með þessu frv.? Er ekki verið að veikja þessa mikilvægu undirstöðu með því að skattleggja sjávarútveginn á ýmsum sviðum? Jafnframt kemur fram í þessu bréfi að það beri að ná sem víðtækustu samkomulagi um mótun sjávarútvegsstefnu. Ég er því sammála.

Hvað er að gerast í þeim efnum? Það hefur verið skipuð nefnd þar sem eru saman komnir fulltrúar stjórnarflokkanna og fulltrúar hagsmunaaðila en eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna. Það er í samræmi við Viðeyjarsamkomulagið og að pólitískir sendimenn skuli vera á sem flestum stöðum þótt þeir eigi ekki að hafa alveg sama vald og hinir kommissararnir, hv. þm., því að hinir kommissararnir eiga að sjá um fjármál stofnana en hér er ekki um það að ræða, heldur um stefnumörkun í mikilvægu máli. Við höfum ekki orðið varir við það í stjórnarandstöðunni að mikill vilji sé til þess að hafa samráð við okkur um þetta mikilvæga mál frekar en annað. Framlag núv. ríkisstjórnar til þessa annars mikilvæga máls er að leggja fram þetta frv., sem er hluti af þessu máli, í fullkominni andstöðu við stjórnarandstöðuna. Það kom alveg skýrt fram við 1. umr. málsins að um þetta mál yrði og væri mikill pólitískur ágreiningur. Samt, þótt þetta varði þetta annars svo mikilvæga mál, er því engu skeytt og haldið áfram á sömu braut og hvergi vikið frá. Það getur verið mikilvægur eiginleiki að víkja ekki í öllu málinu, en í máli þar sem hefur ríkt bærileg samstaða hér á Alþingi, þótt stundum hafi verið naumur meiri hluti, er forsaga málsins öll sú að engar ástæður eru til þess að *stefna málinu í tvísýnu með þessum hætti, enda hefur* því á engan hátt verið neitað af hálfu stjórnarandstöðunnar að ekki komi til greina að gera breytingar á Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Sú löggjöf er ekkert gallalaus fremur en önnur löggjöf. Við höfum einfaldlega haldið því fram að sú endurskoðun eigi að bíða þar til í árslok 1992 og það eru engin efni til annars. Það skal hins vegar ekki gert og er það í fullkomnu samræmi við það sem gerst hefur á ýmsum öðrum sviðum.

Vegna þess að komið hefur til tals hvernig vinna eigi að ýmsum mikilvægum málefnum samfélagsins var mjög athyglisvert að hlusta á fulltrúa launþegasamtakanna í landinu í efh.- og viðskn. í morgun. Þeir töldu það ekki koma neitt á óvart þótt taka ætti upp opinbera tilsjónarmenn með fjármálum ýmissa stofnana. Því var haldið fram af formanni BSRB að samráði og samvinnu hafi verið hafnað við þá og ekkert væri gert á grundvelli samvinnu. Hann lýsti því þannig að allt kæmi ofan frá, síðan ætti að miðstýra hlutunum og ef það gengi ekki skyldi kallað á lögreglu. Hann upplýsti okkur um það að þetta hefði einhvern tíma verið reynt í sovéska hernum og gefist illa, sérstaklega fyrir undirmenn, og það er von að mönnum komi nokkuð á óvart að þessar aðferðir, sem gáfust illa í hinum fyrrum sovéska her, skuli nú vera teknar upp af ríkisstjórn Íslands. Þetta eru ekki mín orð, en þetta er skilningur forustumanna stórra launþegasamtaka. Ekki var betra hljóðið í fulltrúa BHMR sem tók undir það, og það kom jafnframt fram bæði frá fulltrúa ASÍ og Verkamannasambandsins, að lítið sem ekkert samráð væri haft við þá um eitt né neitt. Það lá í orðum þessara ágætu manna að eitt aðalátakamál komandi kjarasamninga verður að sækja það til baka sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera. Það má furðu sæta að núv. hæstv. ríkisstjórn skuli ekki a.m.k. leita eftir samvinnu og samráði við aðila vinnumarkaðarins um margar erfiðar ákvarðanir og taka þá áhættu sem í því felst að hér geti allt logað í verkföllum vegna þess að engir tilburðir hafa verið hafðir uppi um samvinnu við helstu hagsmunasamtök í landinu. Ég held að lýðræði á Íslandi hafi ekki byggst upp á þessum vinnubrögðum fram að þessu og ef hafa verið tekin upp önnur vinnubrögð af pólitískum öflum í landinu, hver svo sem þau hafa verið, hefur þeim verið hrundið. Því má það merkilegt teljast að þessu skuli halda áfram.

Þetta var nokkur útúrdúr. Tilefni þessara ummæla var sú spurning mín til hæstv. sjútvrh. hvernig hann hyggist vinna að því, í framhaldi af þeim átökum sem hafa orðið um þetta mál hér á Alþingi og þeirri staðreynd að flestallir ef ekki allir hagsmunaaðilar mæla gegn samþykkt frv., að ná víðtæku samkomulagi um mótun sjávarútvegsstefnu sem hann var að skjóta til okkar í sjútvn. í nefndu bréfi og hvernig hann ætlar að komast hjá því að rekinn verði fleygur á milli dreifbýlis og framleiðslu annars vegar og þéttbýlis og þjónustu hins vegar, en hann sagði í þessu bréfi að nýjar álögur á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar hefðu það í för með sér.

Er ekki alveg ljóst að verið er að ætlast til þess að *sjávarútvegurinn greiði rannsóknakostnað vegna hafrannsókna* í landinu? Er ekki alveg ljóst að ekki eru gerðar samsvarandi kröfur til iðnaðar og landbúnaðar og jafnvel verslunin hefur einhver framlög á fjárlögum ríkisins? Ég held því að ekki verði á móti því mælt að verið er að leggja á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar. En hvað svo sem öllu þessu líður er þetta það mikilvægasta sem ég vil fá svarað áður en þetta mál fer áfram til 3. umr.: Er þetta fyrsti vísir að því sem koma skal? Er það rétt hjá hæstv. núv. utanrrh., sem ætlaði að koma hér klukkan hálftvö en er ekki kominn enn? Ég tel að því verði að svara.

Ég hef engan áhuga á því, hæstv. forseti, að standa hér í ræðustól þar til hæstv. utanrrh. kemur og vil ekki fara þess á leit við hæstv. forseta því að ég veit að það er ekki í hans valdi að koma ráðherrum í hús og hann hefur þegar gert tilraun til þess. Ég á hins vegar rétt á

því að taka aftur til máls í þessu máli og vænti þess þá að tryggt verði, hvenær svo sem það verður, að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. verði hér viðstaddir og hæstv. forseti taki þá tillit til þess og reynt verði að haga mælendaskrá með þeim hætti að ég fái í annarri ræðu minni við þessa umræðu að eiga orðastað við þá þó að mér þyki eiginlega heldur miður að þurfa að eiga orðastað við þá og hafa ekki möguleika á að taka aftur til máls. Ég er þó tilbúinn til að láta mér það lynda því að ég veit að ýmsir aðrir þingmenn hér á hv. Alþingi eru tilbúnir til þess og hafa áhuga á að fylgja því máli eftir.

Að lokum skora ég á hæstv. ríkisstjórn að láta þetta mál bíða, fresta afgreiðslu þess. Það er ekkert sem rekur á eftir því. Hér eru miklir hagsmunir í húfi. Það stangast algjörlega á við ýmsar yfirlýsingar stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, ég tala nú ekki um allt það sem þeir sögðu í kosningabaráttunni, og ég sé m.a. fyrir framan mig hv. 5. þm. Austurl. sem ég vænti að hafi kynnt sér vel hvað hér er verið að gera. Það stangast a.m.k. algjörlega á við þann málflutning sem hann hafði í frammi í síðustu kosningabaráttu. Það er kannski með það eins og allt annað að það skiptir engu máli hvað menn sögðu þá og stefna Alþfl. öll komin ofan í skúffur. Sá hv. þm. ætlaði að vísu að breyta þeirri stefnu og gera hana betri, en það er alveg ljóst að þetta frv. hefur gengið í þveröfuga átt og þar af leiðandi ætti hv. 5. þm. Austurl. að beita sér fyrir því að þetta mál fái að bíða í einhverjum skúffum og verði tekið upp þegar þetta stóra mál kemur til umræðu hér á Alþingi og til endurskoðunar í samræmi við lög þar um og í samræmi við ákvæði laga um þetta tiltekna mál.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. Halldór Ásgrímsson sé kominn út á mjög hálar brautir að vera að ýja að því að einn þm. Alþfl. hafi skipt um skoðun í þessu máli. Þau tíðindi hafa nefnilega gerst í þessari umræðu að einn maður hefur skipt um skoðun og það er hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Halldóri Ásgrímssyni hefur nefnilega tekist að hafa tvær skoðanir á því hvort um auðlindaskatt sé að ræða eða ekki. Vegna þess að ég hef alltaf borið mikla virðingu fyrir þessum hv. þm. og talið að hann skæri sig frá Framsfl. að því leyti til að hann hefði yfirleitt bara eina skoðun í hverju máli en ekki eins og sá ágæti flokkur sem hefur tíðkað það að vera með tvær skoðanir í mörgum málum, vera bæði með og á móti, stundum kallað að vera opinn í báða enda, tel ég að rétt sé að fara aðeins yfir þann málflutning sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur viðhaft varðandi þetta atriði.

Í maí 1990 skilgreindi hv. þm. auðlindaskatt með eftirfarandi hætti í umræðum, með leyfi forseta:

„Auðlindaskattur gengur út á það að skattleggja greinina og taka til annarra þarfa samfélagsins." Hér er hins vegar um það að ræða að verið er að taka afgjald fyrir veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs sem fer til þess eins að kosta rannsóknir sjávarútvegsins og fer því ekki til þess sem þingmaðurinn sjálfur kallar aðrar þarfir samfélagsins. Samkvæmt þessari skilgreiningu hv. þm. frá 1990 er því ekki um auðlindaskatt að ræða. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson var sjálfur þessarar skoðunar þegar málið kom til umræðu þann 28. nóv. á þessum vetri. Þá sagði þingmaðurinn orðrétt, með leyfi forseta: „Ég ætla mér ekki að kalla þessa breytingu sem nú er verið að fara út í auðlindaskatt." Hvaða skoðun hefur hv. þm. núna? Í nál. sem hann skrifaði sjálfur fyrir hönd minni hluta sjútvn. nokkrum dögum fyrir jól er hann að fikra sig að því að skipta um skoðun. Þar segir nefnilega að verið sé að stíga fyrsta skrefið til að afla tekna í ríkissjóð af sölu veiðiheimilda og koma á auðlindaskatti. Þarna var sem sagt um það að ræða að stíga fyrsta skrefið að dómi hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og í gær, í umræðum hér í þessum sal, fór þessi hv. þm. heilan hring í málinu því að þá sagði hann, með leyfi forseta: „Ég tel þetta auðlindaskatt að því leyti sem hér erum skatt að ræða sem fer til sameiginlegra viðfangsefna ríkisins."

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í umræðunum í gær. Hæstv. fyrrv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson skuldar þinginu skýringu á þessum sinnaskiptum sínum. **(SJS:** Má ekki skipta um skoðun eins og flokk?) Ég skipti um flokk án þess að skipta um skoðun.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. þm. Halldór Ásgrímsson verið að bera mig þeim sökum að ég hafi skipt um skoðun frá því að við vorum saman í kosningabaráttunni sl. vor. Aldeilis ekki, hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Ég hef ekki skipt um skoðun heldur lagt mitt af mörkum einmitt til þess að reyna að breyta þeim óskapnaði sem hann, framar öllum öðrum, hafði forustu um að koma á í íslenskum sjávarútvegsmálum með þeim afleiðingum að búseta mjög víða á landinu, og þá kannski sérstaklega á Austurlandi, var í hættu og hún var í hættu með því að kvóti var endanlega seldur frá byggðarlögum og lífsgrundvelli þannig kippt undan lífskjörum fólksins í þorpunum. Ég veit að hv. þm. tekur undir með mér þegar hann lítur á brtt. frá meiri hluta sjútvn. þar sem kemur fram setning um það að komið skuli til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips. Ég vona að ég kunni að hafa átt einhvern hlut að þessu máli. Því er það ekki rétt sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson segir að skipt hafi verið um skoðun, þvert á móti. Vonandi verður sú endurskoðun sem er í gangi í þessum málum, sjávarútvegsmálunum og kvótafyrirkomulagi og stjórnun fiskveiða, til þess að hægt verði að koma þeirri skipan á sem tryggi búsetu og lífskjör í byggðarlögum sem kvótakerfi hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar var langt komið með að fara illa með.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi fyrst svara andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, ég hafði ætlað mér að gera

það strax. Einnig vil ég fá tækifæri til að svara andsvari hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar.

Ég vil segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hann þarf ekkert að vera að lesa þessar ræður mínar fram og til baka. Ég hef ekki skipt um skoðun í málinu. Ég sagði að aðalatriði málsins væri að verið er að taka gjald og leggja á skatt til sameiginlegra þarfa landsmanna. Ég tel að hafrannsóknir séu sameiginlegar þarfir landsmanna. Það getur vel verið að hv. þm. Össur Skarphéðinsson telji að svo sé ekki og í þeim skilningi má kalla þetta gjald auðlindaskatt. Ég hef hins vegar sagt að það væri nokkuð stórt orð og stend við það. Ef þingmaðurinn getur fallist á að hér sé um gjaldtöku í ríkissjóð að ræða til sameiginlegra þarfa, þá get ég verið honum sammála. Ég hef skilið þingmanninn svo að hann telji það vera aðalatriðið að hægt sé að kalla þetta auðlindaskatt þannig að hægt sé að setja það inn í afrekaskrá Alþfl. og þarf ekki að vera að vitna til ummæla minna í því sambandi. Þetta er alveg skýrt og ég stend við það sem ég hef sagt.

Að því er varðar það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði er alveg ljóst að það sem verið er að gera núna veikir þá möguleika sem voru fyrir hendi. Ef það samræmist skoðunum hans frá því í vor, þá botna ég ekkert í því. Ég hefði hins vegar skilið það ef hv. þm. hefði beitt sér fyrir því að styrkja þau ákvæði með einhverjum hætti en það er ekki verið að gera. Nú kemur hann í ræðustól og stærir sig af því að honum hafi tekist að laga ósköpin frá því að þau voru upphaflega sett fram. Þetta er álíka og þegar ákveðnir þingmenn héldu því fram að afrek þeirra væru mikil vegna þess að þeim hefði tekist að lagfæra alla þá vitleysu í sambandi við sjómannaafsláttinn sem frv. hljóðaði fyrst upp á. Auðvitað bera þingmenn stjórnarliðsins ábyrgð á því hvað lagt er fram hér á Alþingi og ættu ekki að vera að stæra sig sérstaklega af því að lagfæra þær vitleysur sem upphaflega voru í þeim frumvörpum.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var stundum sagt um formann Framsfl. að hann væri manna heppnastur við að gleyma. Nú sýnist mér að varaformaður Framsfl. hafi þennan sama eiginleika til að bera vegna þess að honum hefur tekist að gleyma því sem hann sagði sjálfur í þessum stól í gær. Hann sagði sjálfur að hér væri um auðlindaskatt að ræða. Þetta er hins vegar ekki eina dæmið um heppilega gleymsku þessa þingmanns. Það kom nefnilega fram í ræðu þingmannsins þegar hann var að ásaka Alþfl. fyrir að hafa sett sérstaka pólitíka tilsjónarmenn eða kommissara til að fylgjast með stofnunum í þjóðfélaginu og afneitaði því algerlega að hann eða hans flokkur hefði nokkru sinni komið nálægt slíku. Ég vil þess vegna minna þennan ágæta hv. þm. á frv. til laga um Stjórnarráð Íslands sem lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþinginu. Af hverjum, hv. þm. Halldór Ásgrímsson? Af formanni þínum, Steingrími Hermannssyni. Þar segir í 8. gr., með leyfi forseta:

„Ráðuneyti hefur eftirlit og umsjón með stofnunum sem undir það heyra enda þótt þeim sé með lögum skipaðar sérstakar stjórnir.“ Svo segir og taktu nú eftir, hv. þm.:

„Hafi verulegir annmarkar komið fram á rekstri stofnunar og ekki er bætt úr, þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytis er ráðherra heimilt að setja sérstakan eftirlitsaðila um stundarsakir ..:“ Það er því alveg ljóst ... (Gripið fram í.) Ég er að svara því sem Halldór Ásgrímsson sagði í ræðu sinni í gær og er dæmi um heppilega gleymsku hans. Hér er það svart á hvítu að það er fyrst lagt fram af Steingrími Hermannssyni að settir séu sérstakir pólitískir kommissarar til þess að hafa umsjón með fjármálum ríkisstofnana. Það þarf ekki frekar vitnanna við.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að ég hafi engu gleymt og ég býst ekki við því að það hafi heldur komið fyrir hv. þm. að hann hafi aldrei gleymt neinu. En ég hef hafi frumkvæði um það að lesa það upp sem ég hef sagt um þetta mál, auðlindaskattinn, á Alþingi. Ég hef gert það í mínum ræðum og ég hef útskýrt hvað ég á við. Þess vegna skil ég ekki þessa áráttu þingmannsins að koma hér upp aftur og aftur til að hengja sig í þetta orð. Það fer eftir því hvaða merkingu menn leggja í það og ég ætla ekki að hafa lengri ræður um það.

Síðan vitnaði hann til frv. til laga um Stjórnarráð Íslands. (**ÖS:** Og orða þinna í gær.) Orða minna í gær. Ég stend við þau orð. Þetta frv. um Stjórnarráð Íslands var samið af nefnd og ákveðið var að leggja það fram til kynningar vorið 1989. Það var aldrei tekin efnisleg afstaða til þess, hvorki í ríkisstjórn né þingflokkum. Þar fyrir utan stendur í þessu frv., hv. þm., og taktu nú vel eftir: „Hafi verulegir annmarkar komið fram á rekstri stofnunar og ekki er bætt úr þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytis er ráðherra heimilt að ráða sérstakan eftirlitsaðila um stundarsakir, þó ekki lengur en til eins árs í senn ..:“ Þetta á við um allsherjarendurskoðun á lögunum um Stjórnarráð Íslands sem bæði ríkisstjórn og þingflokkar áttu eftir að taka afstöðu til. Það sem hér er verið að segja er allt annað. Svo mikið liggur á að það þarf að skjóta inn sérstöku ákvæði og hvað eiga þeir að gera? Þar stendur, hv. þm., sem er ekki sambærilegt: „Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn,“ — ekki eftirlitsmenn. „Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal umfang starfsmannahalds, ..:“ Þetta er ekkert annað en póltískt kommissarakerfi og ætti hv. þm. að viðurkenna það eða þá að hafa forustu um að draga þetta vitlausa ákvæði til baka. Það er alveg út í hött að fara nú að draga upp úr skúffum Stjórnarráðsins. Ég veit að menn hafa mikið verið ofan í þeim og ættu að fara að komast upp úr þeim í stað þess að vera alltaf í þessum fortíðarvanda. Eina málsvörnin sem núv. stjórnarliðar hafa

er að grafa upp gömul plögg úr skúffunum í Stjórnarráðinu.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar fyrst, út af þeim umræðum sem hafa farið fram síðustu mínúturnar um það hvort þetta væri auðlindaskattur sem menn væru hér að setja á, að segja að það skiptir kannski ekki öllu máli hvað menn kalla þetta fyrirbrigði, að innheimta gjald af sjávarútveginum. Menn geta kallað það auðlindaskatt eða eitthvað annað. Það sem skiptir öllu máli, og er ástæða þess að þetta atriði veldur svona miklum deilum, eru áhrif þess á stjórnun fiskveiða í framtíðinni. Þetta er alveg óumdeilanlega fyrsta skrefið í áttina að því að koma á auðlindaskatti einfaldlega vegna þess að ekki hefur fyrr af hálfu ríkisins verið innheimt gjald með þessum hætti þar sem selja á veiðileyfi á hæsta verði til útgerðarinnar. Það er náttúrlega augljóst að takist ekki um það sátt í þinginu og með þjóðinni að breyta út frá kvótakerfinu í verulegum atriðum, þá mun svona veiðileyfasala, eins og hér er lagt til að verði samþykkt, smám saman vefja upp á sig og verða að lokum sá auðlindaskattur sem menn hafa verið að tala um. Það eru a.m.k. langmestar líkur til þess vegna þess að fjárþörfin hjá stofnunum ríkisins mun halda áfram að aukast. Þá er mjög stutt í rökin fyrir því að skattleggja eigi sjávarútveginn til annarra þarfa þegar menn eru búnir að viðurkenna að það eigi að skattleggja hann til rannsókna. Ýmislegt fleira en Hafrannsóknastofnun er tengt sjávarútveginum og það verður örugglega ekki langt þangað til, ef menn fara þessa leið, að farið verður að skattleggja sjávarútveginn vegna annarra tengdra mála í þjóðfélaginu. Það er auðvitað þess vegna sem umræðan um þetta er svona snörp og ekki síður vegna þess að núna ætti að standa yfir endurskoðun á fiskveiðistefnunni. Samkvæmt lögum og samkvæmt yfirlýsingum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr á þessi endurskoðun að vera í fullum gangi.

Okkur, sem höfum verið í sjútvn. þingsins, hefur þótt að hún færi af stað með undarlegum hætti og í skötulíki þar sem ekki virðist vera áhugi fyrir því að ná einhvers konar samstöðu, þverpólitískri samstöðu, um þær aðferðir sem nota á til þess að endurskoða þessa stefnu. Mjög mikil þörf er á því að um hana verði eining og satt að segja er ótrúlegt að þeir tveir flokkar, sem nú sitja í stjórn landsins, hafi burði til þess að ná samstöðu um málið ef það ætti að fara í gegnum þingið aðeins á þeirra atkvæðum. Það eru a.m.k. engar líkur til þess og ég skal nú rökstyðja það með fáeinum orðum hvaða vísbendingar eru um að samstaða sé á leiðinni.

Kannski er best að rifja það upp fyrst að um leið og núv. hæstv. sjútvrh. var sestur í stólinn voru við hann viðtöl þar sem hann vísaði út í hafsauga hugmyndum alþýðuflokksmanna um að koma á einhvers konar veiðileyfagjaldi og breyta stjórn fiskveiða með þeim hætti. Hann hefur síðan ítrekað þetta oft og víða á fundum. Nýlega var hann í miklu stuði á fundi og hafði samið góða ræðu að honum fannst og sendi okkur alþingismönnum þessa ræðu ásamt bréfi. Í þeirri ræðu kemur ýmislegt fram sem bendir ekki til þess að ríkisstjórnin sé á leið með að ná sátt um framtíð fiskveiða í landinu. Satt að segja hefur hæstv. sjútvrh. ráðist látlaust á Alþfl. fyrir stefnu hans í sjávarútvegsmálum sem virðist vera nokkur sátt um í flokknum. A.m.k. heyrir maður það á hv. 17. þm. Reykv. að þar séu ekki margir á móti því að koma á þessu veiðileyfagjaldi. Það er að mínu viti aldrei hægt að kalla annað en auðlindaskatt, eins og alþýðuflokksmenn hafa lagt það fyrir, vegna þess að þar er verið að tala um að innheimta gjald sem á að nota til annars en sjávarútvegsins. Við ættum því ekki að þurfa að þræta um það að stefna Alþfl. hlýtur að kallast auðlindaskattstefna.

Ég ætla, með leyfi forseta, að grípa hér niður í ræðu hæstv. sjútvrh. sem hann hélt á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna 7. nóv. sl. Það verður ekki mjög langt en þar minnist hann á Hagræðingarsjóð sem hér er til umræðu. Ég ætla ekki að lesa nema fyrsta liðinn í kaflanum um Hagræðingarsjóðinn. Þar segir að á næstunni „verði lagt fram frv. til breytinga á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þess efnis að þeim aflaheimildum sem nú renna til sjóðsins verði framvegis ráðstafað til fiskiskipaflotans. Er ætlunin að bjóða útgerðum forkaupsrétt á þessum aflaheimildum í upphafi næsta veiðiárs í hlutfalli við aflaheimildir einstakra skipa en andvirði heimildanna verði varið til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Með þessu móti mun sjávarútvegurinn standa undir rúmlega 80% af árlegri fjárþörf stofnunarinnar."

Þetta les ég upp til þess að mönnum verði samhengið ljóst því að nokkru síðar í ræðu sinni fer hæstv. sjútvrh. að ræða um skattheimtukröfurnar á hendur sjávarútveginum. Ef hv. 17. þm. Reykv. hefur ekki lesið þetta vel ætti hann að gera það því að þar er vikið að Alþfl. og hans stefnu. (Gripið fram í.) Hverjum öðrum er verið að senda tóninn þegar hæstv. sjútvrh. segir: „Síðustu mánuði hafa umræður um skattheimtu á sjávarútveginn verið fyrirferðarmiklar í þjóðfélaginu. Að baki búa að mestu leyti óljós tilfinningasjónarmið og þekkingarskortur. Hugmyndir þessar eru bæði sundurlausar og óljósar. Það eina sem virðist sameina fylkingar hinna nýju skattheimtumanna Íslands eru slagorð eins og sægreifar og samlíkingar um það hverjir það eru sem ferðast á 1. farrými og hverjir í gripalest. Fjölmiðlar hafa meiri áhuga á gaspri af því tagi en raunverulegum efnahagslegum staðreyndum og rökum í málinu. Það lýsir best veikum málflutningi nýskattheimtumanna þegar kennarar við Háskóla Íslands treysta sér ekki til að fá athygli fjölmiðla nema byggja málflutning sinn á slíkum slagorðum.

Skattheimtumennina greinir á um margt. Annars vegar hafa þeir mjög ólíkar hugmyndir um það hvers vegna þeir eigi að leggja slíkan skatt á. Hins vegar tala þeir út og suður um það hvernig leggja eigi skattinn á. Sumir skattheimtumenn vilja leggja sérstakt gjald á aflaheimildir. Þannig eigi menn að borga ákveðna krónutölu hver fyrir hvert tonn sem þeir hafa átt rétt á að veiða. Aðrir vilja bjóða veiðiheimildir til sölu til lengri eða skemmri tíma á uppboði."

Þetta var úr ræðu hæstv. sjútvrh. og í lok ræðu sinnar segir hann: „Þegar á allt þetta er litið er ljóst að skattheimtukröfurnar eru hagfræðilega rangar, félagslega hættulegar fyrir íslenskt þjóðfélag. Það væru sterkari rök fyrir því að skattleggja neysluhlið þjóðfélagsins. Aðalatriðið er hins vegar að við þurfum að styrkja undirstöðu framleiðsluhliðarinnar ef við ætlum að komast út úr þeim mikla efnahagsvanda sem við stöndum nú frammi fyrir. Þeir sem hóta borgarastyrjöld til þess að koma á skatti á sjávarútveginn eru að verja óeðlilega yfirburðastöðu neysluhliðar hagkerfisins, þeirra sem búa á þéttbýlissvæðunum gegn hagsmunum hinna sem við framleiðsluna vinna og starfa úti á landsbyggðinni."

Þannig hljóðaði ræða hæstv. sjútvrh. Það er dálítið undarlegt að lesa þetta í ræðunni í framhaldi af því sem stendur í bréfi hæstv. sjútvrh. sem hann sendi okkur þingmönnum og lesið var úr áðan. Ég ætla að gera það aftur, með leyfi forseta. Hann er að tala þar um að móta sjávarútvegsstefnu og segir:

„Ef snúa á vörn í sókn þarf að nást víðtækt samkomulag um mótun sjávarútvegsstefnu sem nær jafnt til veiða, vinnslu og útflutnings. Leggja þarf áherslu á bætta meðferð sjávarfangs, auka fullvinnslu og fara þarf nýjar leiðir í markaðsmálum. Undirstöður verðmætasköpunar og velferðar í landinu má ekki veikja frekar en orðið er. Varast ber að reka fleyg á milli dreifbýlis og framleiðslu annars vegar og þéttbýlis og þjónustu hins vegar. Hætta er á að nýjar álögur á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar, hefðu það í för með sér," þ.e. að reka fleyg á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Ég verð að segja það að mér finnst ekki hægt að tala skýrar þegar hæstv. sjútvrh. er að láta Alþfl. vita af því að það komi ekki til greina að fara þá leið sem Alþfl. vill fara í sambandi við stjórn fiskveiða. Þannig talar hann og þannig skrifar hann. En hvað gerir hann? Hann leggur það til með þessu frv., sem hér er til umræðu, að stigið verði fyrsta skrefið til auðlindaskatts. Það er því mjög merkilegt að upplifa það hér í hv. Alþingi að eftir allar yfirlýsingarnar í vor og sumar og ræðurnar sem hæstv. sjútvrh. hefur haldið, þá skuli hann geta lagt fram frv. sem er óumdeilanlega fyrsta skrefið í þá átt að koma á auðlindaskatti.

Mig langar að ræða dálítið um vinnubrögðin í sambandi við aðdragandann að þessu máli í hv. sjútvn. vegna þess að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hvernig að málum var þar staðið, þ.e. undir lok desembermánaðar. Þannig var að formaður nefndarinnar veiktist og gat ekki verið áfram við störf. Varaformaður, sem ég er ekki að vantreysta til að vinna verk, tók við störfum. Það var mjög einkennilegt að upplifa það að hv. 17. þm. Reykv., sem er varaformaður nefndarinnar, setti á einhvers konar æðisgenginn ofsaakstur í því að ná þessu frv. úr nefndinni — (**Gripið fram í:** Pólitískur hraðakstur.) pólitískur hraðakstur, já, það mætti vel kalla það það — að ég get varla ímyndað mér slíkt dæmi. Það verður haldinn fundur í nefndinni í kvöld. Formaðurinn lagði það á sig að ná símasambandi við menn úti um allt land til þess að koma málinu til skoðunar hjá samtökum sveitarfélaga og kannski fleiri aðilum og þeir skiluðu því af sér ef þeir vildu eitthvað um málið segja daginn eftir. Þeir brugðust náttúrlega sumir hverjir undrandi við þessu. Sumir reyndu að skila af sér og gerðu það með fáeinum orðum. Aðrir skiluðu ekki af sér og hafa haft það við orð að ekki kæmi til mála að taka þátt í að segja álit sitt á hlutum sem þeir hefðu ekkert svigrúm til að skoða. Þar fyrir utan voru þessum aðilum ekki einu sinni send þau gögn sem þeir hefðu þurft að hafa undir höndum til þess að geta gert sér grein fyrir því um hvað málið snerist. Þeim var sent frv. sem við erum með til umræðu sem er breyting á lögum um Hagræðingarsjóðinn. En þeir fengu ekki lögin um Hagræðingarsjóðinn þannig að þeir gátu ekki áttað sig á hvað hefði breyst frá þeim lögum sem eru nú í gildi til hugmynda um ný lög sem væri verið að leggja til að samþykkja. Og svo rammt kvað að misskilningnum að greinilegt er að a.m.k. einn aðilinn hélt að breytingin fælist í brtt. við frv. en ekki í breytingu á lögum um Hagræðingasjóð. Þannig að þetta sýndi sig auðvitað í því að vera hið mesta frumhlaup og fáránleiki.

Við úr stjórnarandstöðunni, sem sátum í nefndinni, vorum margbúnir að benda á að ekki lægi svona á þessu máli og nægur tími væri til stefnu vegna þess að hugmyndir ríkisstjórnarflokkanna um að innheimta þetta gjald mundu hvort sem er ekki komast til framkvæmda fyrr en í september á þessu ári. Enda lauk málinu ekki fyrir jól þannig að ekkert varð af þessum fyrirætlunum frekar en ýmsum öðrum fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar. En samt var keyrt áfram og enn er keyrt í sömu áttina. Menn hafa ekki vitkast. Þær breytingar á frv. sem verið er að leggja til eru að mínu viti lítils virði þó að ég geti fallist á að það sé gott að hafa heimild til þess að gefa sveitarfélögunum kost á að kaupa veiðiheimildir. Ég tel að það breyti ekki mjög miklu fyrir þessi sveitarfélög ef þau þurfa að borga fullt gjald fyrir veiðiheimildina einfaldlega vegna þess að þau gætu þá eins lagt í að kaupa veiðiheimildir á markaðnum. En ég ætla ekki að leggjast gegn breytingunum sem slíkum. Þær sýna þó að menn höfðu einhverja samvisku af því að leggja þetta fram eins og það var í upphafi og voru að reyna að klóra í bakkann og lagfæra frv. frá því sem það var.

Í umfjölluninni í sjútvn. komu ýmsir aðilar til fundar við nefndina til að segja álit sitt á þessum hugmyndum. Og óhætt er að segja að það var nánast ekki einn einasti aðili sem treysti sér til þess að mæla með því að þessi leið yrði valin. Það segir nú sitt um það hvað hér er á ferðinni að ekki skuli fyrirfinnast aðilar sem vilja styðja við þetta. Ég held að þetta sé að mörgu leyti hið mesta óþarfamál. Og það sem mér hefur fundist allra verst er hvernig málið spillir því andrúmslofti sem hefði þurft að bæta og reyna að hafa sem allra best í aðdraganda þess að núna á þessu ári ætla menn sér að endurskoða stefnuna um stjórn fiskveiða. Og þetta er, eins og ég sagði, eitthvert versta innlegg sem komið hefur í það mál ofan á náttúrlega upphaf þess sem ég hef áður lýst.

Mig langar nú til þess að ræða dálítið um frv. sjálft,

þ.e. um þörfina á Hagræðingarsjóðnum. Vonandi endurtek ég mig ekki mjög mikið frá fyrri ræðu sem ég hélt þegar þetta mál var síðast á dagskrá. Menn vita að það hafa verið skiptar skoðanir um það hvort yfirleitt væri þörf á Hagræðingarsjóðnum. Þar hafa þeir tekist á sem trúað hafa á kvótakerfið eins og það er nú og aðrir sem hafa haft vantrú á þessu kerfi. Þeir sem trúa á kvótakerfið og vilja viðhalda því eins og það er hafa margir hverjir talið að engin þörf væri á sjóðnum vegna þess að frjálst framsal aflaheimildanna ætti að nægja til þess að hagræðing yrði í sjávarútveginum. Rökfræðilega séð ætti þessi skoðun að standast. Ég er á þeirri skoðun að ef menn horfa til framtíðar og eru búnir að gefa upp alla von um að hægt sé að losna út úr þessu kvótakerfi, þá geti verið rök fyrir því að endurskoða hugmyndir um úreldingu fiskiskipa því að þær hafa ekkert sterkari röksemdir á bak við sig. Það sama ætti við um flestar aðrar greinar í þjóðfélaginu. Hvað með *offjárfestingu í verslun og landbúnaði*? Er ekki full ástæða til þess að mynda úreldingarsjóði í kringum alla þessa offjárfestingu á ýmsum sviðum ef við á annað borð teljum að sú stefna eigi að vera uppi að mynda úreldingarsjóði til þess að losna við fjárfestingarnar sem búið er að efna til? (Gripið fram í.) Já, úreldingarsjóður byggðarlaga hefur verið nefndur einhvern tíma og eitthvað er hann tengdur hugmyndum um að fólk flytji til lífvænlegri svæða á landinu en það býr *á núna*.

Eins og sakir standa er ég hlynntur því að hafa Hagræðingarsjóðinn áfram í gildi. Ég tel fulla ástæðu til þess, á meðan menn eru að gera upp við sig hvernig eigi að stjórna fiskveiðum við landið og beri menn gæfu til þess að finna þar samstöðu og hluti af því samkomulagi yrði t.d. einhvers konar sóknarmarksstýring, að halda áfram úreldingu ákveðinna skipa þangað til menn hafa komið flotanum í hagkvæmt horf eða það hagkvæmasta horf sem menn geta séð fyrir. Vegna þess að það er eins og hlutirnir gangi býsna hægt og stundum á öfugan veg og það eru þeir reyndar að gera núna í fjárfestingum í sjávarútveginum. Ýmsir hlutir eru að gerast sem menn hafa enga stjórn á og væri miklu meiri ástæða til að snúa sér að og reyna að hafa áhrif á þá heldur en koma með þessa hugmynd í þinginu sem kemur til með að auka á óeininguna og minnka möguleika á að ná samkomulagi um stjórn fiskveiðanna.

Við alþýðubandalagsmenn höfum á þessu þingi verið að leggja fram hugmyndir um hvernig við eigum að bregðast við núna á meðan verið er að endurskoða sjávarútvegsstefnuna. Við höfum bæði lagt þessar hugmyndir *fram í ræðum á Alþingi og einnig í þáltill.* Ég tel ástæðu til þess að rifja þær upp vegna þess að þessi mál stjórnarandstöðunnar hafa ekki mikið komið til umræðu í þinginu og hefðu kannski betur gert það því að sumt af því sem ríkisstjórnin hefur verið að brölta með hefur satt að segja verið illa unnið og illa undirbúið. Má þar m.a. nefna þetta frv. sem við erum hér með í höndunum. Ég tel nefnilega fulla ástæðu til þess að reyna að mynda einhvers konar millibilsástand þennan tíma þ.e. á meðan menn eru að reyna að ná samstöðu um endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Og í því skyni lögðum við fram okkar hugmyndir þar sem bent er á ýmis vandamál sem nú eru í sjávarútveginum. Meiri ástæða væri til þess að eyða tíma þingsins í að reyna að leysa þau en koma á þessum auðlindaskatti sem hér er verið að stíga fyrsta skrefið til. Það hlýtur að verða til bölvunar ef menn ætla sér að breyta út frá því kerfi sem nú er í gildi. Og reyndar er það umhugsunarefni fyrir þá sem vilja verja það kerfi sem *nú er að þetta er, að mínu viti, líka skref til þess* að eyðileggja það. Og mér hefur verið bent á, sem andstæðing þess kerfis sem nú er í gildi, að þetta kerfi muni grafa undan núgildandi kerfi og ég get samþykkt það. En mér finnst samt full ástæða til þess að berjast á móti þessum breytingum einfaldlega af þeim ástæðum að ég tel að þetta sé versta leiðin sem menn hafa rætt um til að stjórna veiðunum og nýtingunni á sjávarfanginu í kringum landið.

En eins og ég sagði áðan eru ótal mörg vandamál uppi í sjávarútveginum og ótrúlega fátt hefur komið frá hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn til að reyna að lagfæra þessi mál. Í þáltill. sem við lögðum fram fyrir jól, ég, Steingrímur J. Sigfússon og Kristinn H. Gunnarsson, bentum við á að reyna ætti að taka markvisst á flutningi veiðiheimilda milli byggðarlaga meðan verið væri að endurskoða þetta kerfi. Það væri hugsanlegt að gera t.d. með kvótaskerðingu eða öðrum áhrifaríkum hætti og stöðva ætti flutning fiskvinnslunnar út á sjó, fjölgun frystitogaranna. Sú fjölgun er á fullum skriði og menn geta staðið frammi fyrir þeirri staðreynd eftir fáeinar vikur eða mánuði að búið sé að gera samninga um fjölmörg skip áður en menn hafa gefið sér ráðrúm til að átta sig á því hvort þessi þróun sé hagstæð þjóðinni eða ekki. Og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst mjög fáránlegt að það geti verið hagkvæmt fyrir þjóðina sem er búin að fjárfesta þessi ósköp í fiskvinnslustöðvum og fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi að fjárfesta enn þá meira í fiskvinnslustöðvum sem eiga að fljóta úti á sjó. Þetta hefði ég nú talið að menn ættu að gefa sér tíma til að skoða áður en leyft væri að halda áfram þó ég sé út af fyrir sig ekki að fordæma *alla fullvinnslu sjávarafla úti á* sjó, þá held ég að menn verði að gera sér grein fyrir því hver ástæðan fyrir þessu er. Aðalástæðan fyrir því að mismunurinn á rekstri þessara skipa og ísfisktogaranna er svona mikill er sú að ísfisktogararnir koma með verra hráefni að landi og það er ekki samkeppnisfært í sölu á erlendum markaði. Þess vegna fær frystihúsið, sem vinnur afla úr ísfisktogara, ekki eins gott verð fyrir sína vöru sem sambærilega er unnin eins og frystitogari fær, sem vinnur fiskinn úti á sjó. Menn fá sjálfkrafa mun hærra verð ef þeir hafa unnið fiskinn úti á sjó og unnið hann ferskan og nýjan. Fram á þennan dag hafa þeir sem stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum hér á landi ekki hlustað á þetta og hafa mótmælt þessu harðlega. Ég hef setið á fundum þar sem forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja hafa mótmælt því harðlega þegar menn hafa verið að benda þeim á þá staðreynd að þeir væru að vinna fiskinn of gamlan. Þeir hafa haldið því fram að það væri auðséð á því

verði sem þeir fengju og á þeim áhuga sem kaupendur hefðu á vörum þeirra að þarna væri góð vara á ferðinni þó þeir væru að vinna fisk sem er kannski orðinn 8–10 daga gamall eins og algengt er í frystihúsum. En ég tel að þeir menn sem eiga aðild að bæði útgerð og fiskvinnslu hefðu margir hverjir þurft að fá tækifæri til þess að átta sig á því hvort þeir geti ekki brugðist við þessu ástandi á einhvern hátt. Að ekki væri stjórnlaust bætt við frystiskipum heldur yrði nú dokað við. Og ég efast ekkert um að í einhverri ekki mjög langri framtíð verður ekki unninn fiskur í landi sem búið er að geyma í ís kannski 12–14 daga eins og gert er í dag. Menn geta fylgst með útvarpsfréttum og fréttum í blöðum um hvað togarar hafa verið að koma úr löngum túrum og enn þann dag í dag getur maður heyrt að togari hafi verið að landa t.d. á Akureyri eftir 12 daga veiðiferð og er þar þó eitt af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins sem hefur úr mörgum skipum að spila og gæti þess vegna stjórnað því betur hvenær skipin koma að landi. En þessi skip eru einfaldlega í þeirri aðstöðu að ef ekki fiskast nógu vel, þá reyna þau að klára túrinn þannig að bærileg veiði náist þó svo það kosti það að menn séu lengur úti. Þarna þurfa að verða skipulagsbreytingar á og því miður er sá floti sem við eigum af þessum stóru skipum of stór og við höfum verið svo óheppnir að hafa fjárfest úr hófi í þeim. Líklega þurfum við að snúa þar til baka á næstu árum og ekki er sama hvaða stefnu menn taka í því hvernig eigi að standa að þeirri endurnýjun sem fram undan er en hún hlýtur að verða mikil. Ég tel að endurnýjun bátaflotans sé óumflýjanleg vegna þess að menn komi til með að standa frammi fyrir því að ísfiskskipin verði ekki samkeppnisfær við frystitogara og bátaflota sem getur landað fiskinum ferskari. Þess vegna þurfi menn að velja á milli þess eða réttara sagt hafa á því skoðun hve mikið eigi að verða til af frystiskipum og hve mikið eigi að endurnýja bátaflotann.

Ýmsir telja að ekki þurfi að hugsa um endurnýjun bátaflotans eða skipastólsins yfirleitt því að við eigum allt of mikið af skipum og að fækka eigi og úrelda og annað slíkt en ekkert að koma nýtt í staðinn. Þetta er sjónarmið sem ég held að menn verði að játa að er ekki rétt. Við verðum að halda áfram að endurnýja skipastólinn hægt og rólega. Við megum ekki slá þar slöku við. Við verðum að leyfa nýjungum að þróast og verðum að forðast að dragast aftur úr. Við þurfum einnig að halda okkar striki og vera með góð og öflug skip og að nýjungar fái að njóta sín hjá okkur. Og þess vegna tel ég að menn megi ekki halda á lofti þeim skoðunum að ekkert sé að gerast og að við séum með allt of mikið af skipum og getum þess vegna bara hætt og beðið þangað til þörf verði á nýjum skipum. Það er nú einmitt það sem ég vil meina að hefði átt að gerast. Það hefði átt og ætti að taka á mörgum þessara mála sem ég hef nú verið að koma hér að. Þrætumál eru í gangi innan sjávarútvegsins eins og t.d. að það eigi að taka af tvöföldun línuaflans sem er í gangi núna fjóra mánuði á ári. Ég tel fráleitt að taka þetta af. Ég tel að slíkt kerfi í stjórn fiskveiða feli ekki í sér neitt jákvætt gagnvart þeim fiskveiðum sem gefa kannski mestan arð og er fráleitt að kerfið eigi að vera þannig. Út af fyrir sig er alveg út í hött að stjórna veiðum við landið eins og gert er núna með því að miða eingöngu við þau tonn sem koma að landi. Engu máli skiptir hvort fiskurinn er stór eða smár sem kemur að landi, hve mikill arður fæst af því sem borið er að landi, hvort fiskurinn er geymdur í marga daga og unninn eftir það eða hvernig yfirleitt er farið með hann. Kerfið þarf að taka á þessum málum.

Smærri mál skipta sums staðar líka miklu máli. Ég tel t.d miklu máli skipti í sambandi við byggðastefnu í landinu hvernig fer með krókaveiðileyfikerfið. Þar gerði Alþingi mjög slæman fingurbrjót. Ákveðið var að viss tonnafjöldi eða hlutfall ætti að gilda fyrir þau skip. Á sama tíma er settur á kvóti á skip sem eru stærri en sex tonn og gefið leyfi til þess að selja kvótann til togaraflotans. Menn höfðu ekki einu sinni gæfu til þess að setja hann í eina línu til þess að afmarka þetta þannig að það er búið að selja ótölulegan fjölda af bátum. Réttara sagt er búið að selja kvóta þeirra til stóru skipanna og í framhaldi af því hafa þeir sem áttu kvótann í mörgum tilfellum keypt sér krókabáta eða látið smíða nýja krókabáta fyrir einhver gömul hræ. Þessir menn eru núna á einhverjum stærstu skipunum í þessum flokki og hafa jafnvel veitt á vöktum. Dæmi eru um að tvær og jafnvel þrjár skipshafnir hafi verið á einum slíkum bát og hafa skipst á að róa. Hvað er þá að gerast? Það sem gerist er að þeir sem stundað hafa sjó sér til lífsviðurværis á bátum undir sex tonnum á undanförnum árum standa nú frammi fyrir því að nýju skipin og nýju aðilarnir, sem eru farnir að veiða samkvæmt krókaveiðileyfakerfinu, ná afkomugrundvellinum frá þeim. Ætla menn bara að láta það gerast? Ef engu verður breytt, þá gerist það. Það mun þýða að stór hluti þeirra sem hefur lifað á litlu bátunum og heilu byggðarlögin munu missa þá lífsbjörg vegna þess samdráttar sem fyrirhugaður er í lögunum. Á þessu þyrfti að taka núna. Það þyrfti að gefa yfirlýsingar um það hvað menn hugsa sér að verði í þessu. Ég tel að gefa eigi t.d. yfirlýsingu um að krókaveiðileyfin verði ekki afnumin til þess að eyða þessari óvissu og koma í veg fyrir að menn haldi áfram að æða út á sjó hvernig sem viðrar vegna þess að þeir sjá ekki annan kost en þann til að reyna að halda í einhvern veiðirétt eftir að búið er að koma kvótanum á. Svona er þetta víða. Aðrir hamast í einhvers konar kapphlaupi um kvóta á stærri og afkastamestu skipunum og þeir hafa reiknað það út hvað þeir geti selt kvótann fyrir þegar þar að kemur að búið er að koma honum á allt saman. Á þessu tel ég að eigi að taka miklu frekar en að snúa sér að því máli sem við erum hér með. Þótt seint sé tel ég að koma ætti í veg fyrir að veiðiheimildir flytjist frá minni bátum og yfir á stærri skip. Ég tel að eigi að taka á því hvernig fiski er hent í sjóinn og við höfum bent á ákveðna möguleika til þess. Ég tel að ekki sé mjög miklu til hætt þó að mönnum verði gefinn kostur á því fram að næstu áramótum að koma að landi með þann afla sem kemur um borð og landa honum utan kvóta og yrði þá ákveðið sérstakt verð fyrir þann afla. Menn gætu komið með aflann að landi án þess að

þeir yrðu fyrir skakkaföllum en fengju þó eitthvað upp í kostnað við að veiða hann. Mismuninn mætti vel láta renna í þyrlukaupasjóð og þetta er tillaga sem við höfum lagt hér fram og ég tel að þetta komi vel til greina sem tímabundin tilraun til að koma í veg fyrir að menn hafi hagsmuni af því að henda fiski í sjóinn sem er vissulega mjög alvarlegt. Ég ætla ekki að velta mér upp úr því að reyna að gera mér grein fyrir því hve miklu magni er hent í sjóinn. Ég hef heyrt menn segja það sem gera slíkt sjálfir. Það er einhverju hent af fiski og það er töluvert miklu stundum. Stundum held ég að það sé vegna þess að menn hafa hreinlega ekki gert sér grein fyrir því að þeir þyrftu að geta fengið kvóta á móti því sem þeir hafa verið að fleygja í sjóinn. Mér var t.d. sagt vestur á Snæfellsnesi í sumar að þar hefðu *bátar hent mörgum tugum og tonnum af karfa í sjóinn* vegna þess að þeir áttu ekki karfakvóta. Mér finnst mjög líklegt að þeir hefðu getað losnað við þennan karfa til fiskvinnslustöðva sem eiga kvóta sunnan lands hreinlega með því að þær hefðu látið þá fá kvóta á móti. Ég er því ekki viss um að þetta sé allt þannig að ekki sé hægt að breyta því. Fyrst og fremst þarf umræðu um málið og það þarf að koma því þannig fyrir að mönnum finnist ekki að þeir séu hundeltir í kerfinu og þeir verða að fá tækifæri til þess að koma með *aflann sem kemur í veiðarfærin að landi án* þess að vera hegnt fyrir það. Það er aðalatriðið.

Við lögðum auðvitað til í þessari tillögu að fallið yrði frá hugmyndunum um að fénýta Hagræðingarsjóðinn. Við teljum að það sé eitt af því sem eigi að bíða með að ræða. Það eigi að ræða alla þessa hluti í samhengi. Það er ekki nema ár sem menn hafa fram undan til þess að taka á þessu mikla máli og ástæða er til þess að menn ræði öll mál tengd því á því tímabili.

Við vorum búnir að leggja fram tillögu í haust um að reynt yrði að hafa áhrif á það að allur fiskur sem ekki færi beint til vinnslu hérlendis væri boðinn hér til sölu. Sú tillaga er til meðferðar í sjútvn. en hefur ekki enn verið tekin þar fyrir til að skila henni úr nefndinni frekar en öðru sem stjórnarandstæðingar hafa lagt fram. Töluverðar umræður urðu um tillöguna. Í henni var talað um að reynt yrði að taka á reglum um meðferð og ferskleika afla og sem betur fer hefur verið töluverð umræða um þau mál núna í vetur í þjóðfélaginu og menn sjá að við verðum að fara að taka þar á málum. Þar kem ég aftur að því sem ég talaði um hér áðan að mjög stór hluti útgerðarinnar í landinu stendur frammi fyrir því að verða að breyta frá sínum útgerðarháttum vegna þess að aflinn er ekki nógu ferkur. Það getur ekki verið framtíðarskipulag á veiðum hjá okkur að landað sé afla sem búið er að geyma í ís í allt að 10–12 daga. Við hljótum auðvitað að setja okkur það *markmið að allur afli sem veiddur er á Íslandsmiðum* hljóti þá meðferð sem best er og að við fáum þannig hærra verð. Nú standa menn frammi fyrir því þegar boðinn er fiskur til sölu sem er nánast unninn jafnóðum og hann veiðist að miklu hærra verð fæst fyrir hann. Röksemdir þeirra sem hafa alltaf vísað því út í hafsauga að taka ætti á útgerðarmálum stórútgerðarinnar eru fallnar og þeir sjálfir viðurkenna það og nú eru þessir sömu aðilar farnir að skoða möguleikana á því að kaupa sér frystiskip.

Ég las athyglisverða grein sem birtist í Morgunblaðinu 8. jan. þar sem Sigurður Tómas Sigurðsson, framkvæmdastjóri í Vogum, skrifar um hvernig þar sé staðið að *þessum málum. Þetta er stutt grein og mig* langar til þess að grípa niður í hana. Hann bendir m.a. á það að í skjóli sérstakrar undanþágu stjórnvalda og sjómannafélaga frá samnings- og lögbundnum frídögum sjómanna skipulagði LÍU veiðar nokkurra togara um jól og áramót svo að þeir gætu landað aflanum til erlendra fiskvinnslustöðva strax á nýju ári. Hann segir: „Ekki verður annað séð en að stjórnvöld fljóti sofandi að feigðarósi á meðan fiskvinnsla í landinu veslast upp og þeir maka krókinn sem þrífast á misréttinu." *Hann segir margt annað í greininni og hann bend*ir m.a. á það hvaða hagsmuni menn hafa af því að sigla með aflann. Það er ekki bara það að menn fái hátt verð, heldur fá menn t.d. líka olíuna á lægra verði og sérstök ákvæði eru í samningum sjómanna ef siglt er þar sem þarf ekki að taka tillit til frídaga og annað slíkt. Því er aðilum á erlendum mörkuðum sem kaupa aflann af þeim skipum gefinn ákveðinn forgangur gagnvart íslenskum aðilum sem kaupa afla vegna þess að í raun og veru er verið að beita fyrir þá útgerðar*menn sem vilja senda afla á erlendan markað* því að samningar eru öðruvísi, olíuverð er lægra og a.m.k. er fiskverð stundum hærra. Svo hefur reyndar ekki verið alltaf og ýmsir aðilar hafa bent á að oft og tíðum hafi skilaverð verið lægra á síðasta ári. Sérstaklega var það á síðasta sumri sem menn fengu minna fyrir aflann með því að sigla með hann en landa honum heima. Þá getur skýringin á því að menn halda samt áfram að sigla verið sú að aðrir hagsmunir, t.d. olían, komi á móti. Er þá ekki hugsanlegt að líta eigi á það hvort tollar af olíu sem þannig er fengin séu fyrir hendi? Menn hljóta að setja við það spurningarmerki. Ég er ekki að leggja það til, en mér finnst að ástæða sé til þess að velta því fyrir sér og skoða það. Er eðlilegt að útgerðarmaður sem fyllir skipið sitt af olíu erlendis sleppi við þá tolla sem borgaðir eru af olíu innan lands og fái þannig lægra verð? Ég hef að vísu ekki kannað *hvernig samsetning á olíuverði er erlendis og um hve* miklar álögur er að ræða, en það er a.m.k. ástæða til þess að skoða þetta náið.

Ég hef reynt að lýsa því, bæði nú og áður í ræðum sem ég hef haldið um fiskveiðimál, hvernig mér og Alþb. finnst að eigi að taka á því á þessu ári sem á að reyna að ná samkomulagi um nýja fiskveiðistefnu. Mér finnst að stjórnin hafi farið að öllu leyti rangt að þar að vegna þess að hún hefur efnt til ófriðar sem kemur til með að halda áfram ef ekki verður veruleg stefnubreyting um það hvernig eigi að standa að þeim málum og það er mjög slæmt vegna þess að ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki nokkra möguleika á að ná saman um einhverja stefnu sem þessir flokkar tveir geti borið í gegnum þingið án þess að til komi liðsstyrkur frá stjórnarandstöðunni. Þess vegna er farið að með kolvitlausum aðferðum. Auðvitað áttu allir flokkar í þinginu að vinna sameiginlega að því hvernig endurskoð-

unin færi fram og að því áttu allir að koma með sanngjörnum hætti. Þetta er að mínu viti ákveðinn stríðshanski sem kastað er að mönnum að ákveða það að setja á það gjald sem er til umræðu og það á eftir að halda áfram að gerjast í umræðunni fyrir utan það að málið er með meiri og minni hætti undarlegt og skrýtið svo að ekki sé meira sagt. Þetta er nú t.d. fjármögnun fyrir Hafrannsóknastofnun. Ekki er gert ráð fyrir því að neinir peningar komi inn fyrir þetta fyrr en eftir að kominn er september á þessu ári. Þá á að bjóða mönnum að kaupa veiðiheimildirnar. Í raun og veru veit enginn hvernig markaðurinn bregst við. Menn sjá það þegar þar að kemur. Það er ótrúlegt að menn séu tilbúnir að hlaupa upp með veskið í september og kaupa sinn hlut hver og einn. Alveg eins gæti hugsast að menn vildu líta í kringum sig hvort ekki væri til sölu ódýrari fiskur á markaðnum en kaupa hann af hæstv. sjútvrh. og að auðlegðin væri ódýrari á almenna markaðnum. Heimildirnar hafa nefnilega ekki kostað mjög mikið í upphafi kvótaárs og það gæti vel verið að allar áætlanir um það að fá mikla peninga geti fallið fyrir utan að það má reikna með því að peningarnir skili sér ekki inn fyrr en meira og minna á árinu 1993 og það er auðvitað eitthvað sem stjórnvöld verða að takast á við. Eftir mínum upplýsingum hefur verið lítið um kvótaviðskipti í byrjun fiskveiðiáranna. Þau hafa aukist þegar hefur liðið á þau og oft hefur verðið farið upp þegar liðið hefur að haustinu. Það kann vel að vera að verðið sem hæstv. ríkisstjórn gælir við að hún fái fyrir veiðiheimildirnir sé ekki rétt. Ég ætla ekki að dæma um það en ég veit að verðið hefur verið mjög sveiflukennt og hefur farið upp á haustin. Vel kann að vera að menn standi frammi fyrir því þegar á að vinna úr málunum að það verði allt annað verð sem verði borgað fyrir veiðiheimildirnar ef stjórnin eða hæstv. sjútvrh. verða þá ekki að bíða með að selja þangað til verðið stígur aftur. Ef sjútvrn. á að standa því að vera í einhvers konar markaðsleit og bjóða til sölu á ýmsum tímum kippu af þessum eða hinum veiðiheimildunum til þess að reyna að fá það verð fyrir sem menn hafa gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum ríkisins er þetta orðið undarlegt mál. En það kann vel að vera að sú verði framtíð okkar í þessu að við eigum eftir að sjá meiri og minni slíka spákaupmennsku sem ræður því hvað mikið verður handa á milli handa Hafrannsóknastofnun til þess að kosta starfsemi sína.

Ég veit ekki í sjálfu sér hvort það þjónar einhverjum tilgangi en mig langar til þess að segja í viðbót fáein orð og það er kannski að sumu leyti endurtekning og sumu leyti ekki um þessa sölu veiðileyfa almennt séð vegna þess að mér finnst að þetta skref í átt til sölu veiðileyfanna sé mjög alvarlegt. En ég hef talið að þeir sem aðhyllast veiðileyfasöluna séu að mestu leyti vera sáttir við núgildandi kerfi og þeir hafi ekki gagnrýnt kerfið sjálft svo mikið. Þeir virðast sumir hverjir telja að það þurfi einungis að selja veiðileyfin til þess að sú framtíðarskipan sé komin á sem þeir vilja fá í þessum efnum. Umræðan um kerfið ef farið yrði að selja veiðileyfin hefur þess vegna aðallega snúist um þau vandamál sem bætast við ef sú skipan verður tekin upp sem þeir vilja og reynt yrði að bæta úr þeim fjölmörgu göllum sem eru á núgildandi stjórn fiskveiða. Þeir geta ekki stutt veiðileyfasöluna nema nýjar hugmyndir komi fram þar sem ráðin væri bót á þeim fjölmörgu vandamálum sem nú er að glíma við við stjórn veiðanna. Sala veiðileyfanna mundi óneitanlega tryggja þjóðinni eignarréttinn ef salan yrði frjáls til hæstbjóðanda og það vil ég sérstaklega undirstrika. Veiðileyfasalan mun hins vegar hraða gífurlega breytingum á því útgerðarfyrirkomulagi sem nú er ríkjandi. Fjársterkir aðilar sem hafa aðgang að lánafyrirgreiðslu mundu hrifsa til sín veiðileyfin, það er ekkert vafamál. Eftirtaldir hópar mundu líklega keppa um veiðiheimildirnar. Það eru fjársterk útgerðarfyrirtæki. Ég er að reyna að sjá fyrir mér hvernig þessi markaður yrði þegar menn eru farnir að bjóða þær til sölu. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hvort hv. þm. eigi langt eftir til að ljúka ræðu sinni. Það var meiningin að fresta fundi vegna nefndafunda í einn og hálfan tíma.) Verður fundi fram haldið eftir það? (**Forseti:** Já. Ef hv. þm. á ekki mjög langt eftir vildi forseti gefa honum tækifæri til að ljúka ræðunni ef hann óskar eftir því en að öðru leyti er meiningin að fresta fundi.) Ég óska eftir að fá að ljúka ræðu minni. Ég get gert það á stuttri stund. Mig langar til að ljúka við að fara yfir það hvernig ég sé fyrir mér að þessi markaður verði.

Mér sýnist að fari menn að selja veiðileyfi verði það fjársterk útgerðarfyrirtæki sem muni kaupa vegna veiða sinna eigin skipa og í öðru lagi útflutningsfyrirtæki til að varðveita markaðshlutdeild sína t.d. og umboðsmenn erlendra kaupenda. Í þriðja lagi yrðu það fiskvinnslustöðvar sem yrðu að tryggja sér hráefni, í fjórða lagi byggðasamlög hagsmunaaðila í sjávarútvegi og sveitarstjórnir sem mundu reyna að tryggja framtíð byggðarlaganna með því að kaupa þessi veiðileyfi. Í fimmta lagi mundi stórfjölbreytilegur hópur af smærri kaupendum kaupa veiðileyfi vegna sinnar eigin útgerðar og í sjötta lagi spákaupmenn til þess að selja aftur þegar verðið hækkar. Þetta eru þeir hópar sem ég ímynda mér að muni mæta á uppboðin eða kaupa á þeim mörkuðum sem yrðu til ef farið yrði að selja veiðileyfi á frjálsum markaði sem við, að mínu viti, erum á leiðinni til að öllu óbreyttu með því að nú er stigið fyrsta skrefið. Þeir sem eru aðalhönnuðir og aðalverjendur núgildandi kvótakerfis hafa þá afstöðu að það eigi að sníða það sem þeir kalla gallana af þessu kerfi, þ.e. skuldbindingarnar, bindingarnar við skip og annað, það eigi að gera alla sölu frjálsa. Um leið og öll sala er orðin frjáls myndast svona markaður og þá verður auðvitað slegist um veiðiheimildirnar og þá myndast þeir hópar sem koma til með að ná til sín veiðiheimildunum. Það gerist auðvitað þannig að það eru þeir fjársterkustu og þeir sem eiga sem mestra hagsmuna að gæta sem hæst bjóða þegar á á að herða.

Þetta er að mínu viti mjög alvarlegt mál og ég er sannfærður um að þetta er versta leiðin vegna þess að eftir að svo yrði komið yrði þetta kerfi gjörsamlega stjórnlaust þangað til einhverjir mjög stórir aðilar væru búnir að ná tökum á því öllu saman. Það mundi að mínu viti gerast mjög hratt vegna þess að það yrði lit-

ið á það sem stríð og það yrði bardagi upp á líf og dauða og þeir sem eftir stæðu væru fáir en mjög stórir aðilar. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja um hvernig hugmyndin er að haga þinghaldi í dag. Það hefur ekki verið margt þingmanna í húsinu í dag og lítið hefur sést til hæstv. ríkisstjórnar. Ég fór þess á leit í ræðu minni fyrr í dag að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur en hann kom ekki. Ég bað jafnframt um að hæstv. forsrh. væri hér vegna þess að ég taldi mig þurfa að bera undir hann ákveðin ummæli hæstv. utanrrh. Ég vildi vita hvaða hugmyndir eru um málið í dag því að ég þarf að taka aftur til máls en vil ekki gera það nema hæstv. ráðherrar verði í húsinu. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að vita eitthvað meira um þinghaldið í dag og jafnvel á morgun, m.a. út af nefndastörfum og öðru sem við erum jafnframt að sinna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi að hann hafði óskað eftir að þessir tveir hæstv. ráðherrar yrðu viðstaddir og boðum var komið til þeirra. Hæstv. utanrrh. hafði verið hér í húsinu í dag og hæstv. forsrh. gerði ráð fyrir að koma á fundinn klukkan hálffimm svo að forseti væntir þess að beiðnir hv. 1. þm. Austurl. verði uppfylltar og þessir hæstv. ráðherrar verði hér innan tíðar.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. 1. þm. Austurl. sem sögð voru áðan. Við erum hér dag eftir dag að ræða stórmál og það er ekki aðeins í dag í þessari umræðu um Hagræðingarsjóðinn sem ráðherrar eru fjarverandi heldur gerðist það líka þegar var verið að ræða hið svokallaða GATT-mál. Við sem sitjum í efh.- og viðskn. erum á stöðugum fundum en það vill líka þannig til að mörg okkar eru um leið að reyna að taka þátt í umræðum um þau mál sem hér eru á dagskrá. Það er nú einu sinni þannig að fólk er í fleiri en einni nefnd og jafnvel fleiri en tveimur og þess vegna er mjög brýnt að við fáum að vita hvernig framhaldið á að vera. Sú sem hér stendur er búin að vera á þremur nefndarfundum í dag. Þeir verða sem betur fer ekki fleiri, en við stöndum frammi fyrir því nú að skila nefndarálitum. Ég fer þess eindregið á leit við forseta að tekið verði tillit til þessara aðstæðna og mig langar til að spyrjast fyrir um það hver ætlunin er með morgundaginn. Er hugsanlegt að við fáum svigrúm á morgun til þess að klára nefndarálit? Eða hver er áætlunin fyrir morgundaginn?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hlé sem gert var á fundi milli klukkan þrjú og hálffimm var einmitt gert með tilliti til þess að nefndirnar gætu starfað og hafa þær notað þann tíma. Það er öllum vel kunnugt um það að nefndir hafa starfað mikið þessa daga og af eðlilegum ástæðum. Forseti hefur reynt að haga þinghaldinu þannig að nefndirnar hefðu ráðrúm til þess að sinna sínum verkefnum. Þess vegna hafa fundir verið nokkuð óreglulegir og hlé gert einmitt vegna nefndanna.

Forseti átti fund með formönnum þingflokka um hádegisbilið og þar voru menn sammála um að það yrði að sjá til síðar í dag eftir því hvernig málin þróuðust hvernig framhaldið yrði. Forseti hafði gert sér vonir um að jafnvel væri hægt að ljúka þeirri umræðu sem hefur farið fram í dag um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins en ekki er ljóst á þessari stundu hvort svo verður. Við erum rétt að hefja umræður að nýju og þegar fer að líða á tímann hafði forseti gert ráð fyrir að hitta aftur formenn þingflokka svo að menn gætu borið saman bækur sínar.

Varðandi morgundaginn hafði forseti einmitt gert ráð fyrir að ræða það mál þegar þingflokksformenn hittast að nýju og er því ekki tilbúinn að gefa upplýsingar um það fyrr en betur verður séð hvernig nefndarstörf ganga.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi ræðu minnar hafði ég raunar gert ráð fyrir að eiga orðastað við hv. 17. þm. Reykv. og mig langar til að spyrja hvort hann er í húsinu samkvæmt töflu en ef svo er ekki mun ég fara fram á að ég fái að hnika til í ræðu minni. Að vísu verður þá kannski eitthvað á annan veg en ég hefði kosið. Ég fer hins vegar fram á að hann sé viðstaddur þessa umræðu þar sem við eigum býsna brýnt erindi við hann. Ég veit að hann gerði sér grein fyrir því að í þessari umræðu vildum við fá að ræða við hann, við sem störfuðum með honum í sjútvn. (**Forseti:** Hv. 17. þm. Reykv. er í húsinu og hann mun áreiðanlega koma hér á þingfundinn því að hann er einn af þeim sem tekur þátt í þessari umræðu og hlýtur að koma hér á hverri stundu.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Ég verð þá eiginlega að hafa endaskipti á ræðunni minni og byrja þá á því sem e.t.v. átti að vera í lokin ef hv. þm. er ekki rétt að koma, en það er í sjálfu sér gott og gilt. Með þessum algjöru endaskiptum byrja ég á því að beina máli mínu til hæstv. ráðherra sem mér sýnist ég sé að missa úr salnum líka, hæstv. sjútvrh. (Gripið fram í.) Jæja, það var gott. Ég byrja þá, ef ég má, að ávarpa ráðherra. Ég bið virðulegan forseta að afsaka, en ég get eiginlega ekki ávarpað ráðherra nema hann sé hér við og ég hélt að hann hefði heyrt það sem ég sagði, en hann þaut út um leið og ég lét í ljós ósk um að fá að tala við hann. (**Forseti:** Án þess að forseti viti sýndist forseta að verið væri að kalla hann fram í einhverjum ákveðnum erindum, væntanlega í síma, en ég held að hæstv. ráðherra viti örugglega af því að það sé beðið eftir honum.) Ég skal athuga hvort ég finn eitthvað þar sem ég á orðastað við hvorugan, en mér þykir þetta þó ansi snautlegt. Ég verð að viðurkenna það. Mér finnst ekki til of mikils mælst að annar hvor og helst báðir þessara manna, hæstv. ráðherra og hv. frsm. meiri hluta sjútvn., séu hér staddir.

Virðulegi forseti. Ég sé að hér birtist ráðherra og vona ég að mér haldist á honum í gegnum tvær spurn-

ingar og hef ég þá mál mitt ef hann er ekki horfinn. — Nei, nú get ég bara byrjað á réttum stað í ræðunni þar sem hv. frsm. meiri hluta sjútvn. er mættur. Ég þakka kærlega fyrir og hef ég þá mál mitt.

Virðulegi forseti. Það er engin furða að hv. frsm. meiri hluta hv. sjútvn. þyki ástæða til að fara mikinn, býsnast og berjast um í þessu frekar vonda máli. En þótt hátt sé talað og hrópað á stundum verður efnið jafnrýrt og snautlegt fyrir það. Ég saknaði þess mjög er hann mælti fyrir nál. meiri hlutans í gær að heyra næsta lítið gert grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þó komu fram í allt of knappri umfjöllun sjútvn. um þetta *mál sem við nú ræðum. Raunar var það svo lítið* að mér heyrðist helst að honum hefði tekist að afgreiða það á örstuttri stundu er ég varð að víkja mér í hliðarsal hér í gær því að ekki heyrði ég það. Ég tók mig því til og spurði hv. þm. beint hvort hann hefði sagt frá þeim er komu á fund nefndarinnar og hann sagðist hafa talið þá skilmerkilega upp og meira að segja getið þess samviskusamlega að þeir væru á móti frv. og þakka ég þær *upplýsingar þó að ég hafi* ekki heyrt þær. Kannski er málið svo einfalt í raun í hans huga að ekki þurfi að segja mikið meira, að allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og byggðamálum sem spurðir voru séu meira eða minna á móti og samt skuli málið í gegn.

Það er annað sem mig langar til þess að gera athugasemdir við. Þótt ég hafi ævinlega gaman af því að heyra vitnað til orða hv. 1. þm. Austurl. hefði ég frekar kosið að hv. flm. meirihlutaálits sjútvn. greindi frá ummælum þeirra hagsmunaaðila er fjarstaddir eru þegar málið er í umræðu á Alþingi en þeirra sem eru nærstaddir og fullfærir um að flytja sitt mál sjálfir. En ég ætla ekki að gera athugasemd við stíl manna hér. Ég er aðeins að greina frá því hvers ég hef saknað. Ég skal þá reyna að bæta úr einhverju fyrir hv. 17. þm. Reykv. og upplýsa eitthvað af því sem fram kom í máli þeirra sem nefndin kallaði á fund sinn.

Í fyrsta lagi er það alveg rétt og satt að þeir voru á móti þessu frv. og það skilst mér raunar að þegar hafi komið fram. (**Gripið fram í:** Að hluta.) Hér er kallað fram í að aðeins sé um hluta af málinu að ræða og ég tel raunar að síðari hluti ræðu minnar eða það sem eftir er muni gera nógsamlega grein fyrir því hvílíkt grundvallaratriði þessi hluti er. Ég held að þetta sé sjálfur kjarni málsins sem fólkið var á móti sem fékk að tjá sig um þetta og það dugar mér.

Margir voru á móti málinu vegna alvarlegra efnisatriða, ekki síst vegna byggðasjónarmiða. Einnig komu upp rökstuddar efasemdir um fjármögnun á úreldingu og einhverjir gátu þess að þeir teldu að of bratt væri að hækka hlutfall greiðslna, þ.e. úreldingarstyrks, úr 10% í 30% af húftryggingarverðmæti fiskiskipa, a.m.k. í einum áfanga. Fleiri atriði voru gagnrýnd en ekki síst finnst mér rétt að fram komi að nær allir tilgreindu meðal ástæðna að þeir teldu ótímabært að krukka í löggjöf um Hagræðingarsjóð fyrr en með heildarendurskoðun á fiskveiðistefnunni. Undir þetta tek ég og flestir aðrir sem hér hafa tjáð sig um málið.

Mér er sjálfri efst í huga að líta á byggðasjónarmiðin. Það gleður mig mjög að í umræðunni nú og einnig við 1. umr. málsins hafa þau sjónarmið verið mjög eindregið studd en ekki með beysnari árangri en þeim að við sitjum uppi með gjörsamlega innstæðulausar en, ég vil taka það skýrt fram, áferðarsnotrar brtt. varðandi byggðaþáttinn.

Í gildandi lögum um Hagræðingarsjóð var tekið inn eftir langvinnar umræður um sjávarútvegsmálin almennt mjög mikilsverður þáttur um að beinlínis væri unnt að hjálpa byggðarlögum sem lentu í vanda þegar skip væri selt burt og byggðarlagið missti þannig kvóta. Sú hjálp fólst ekki einasta í því að koma fram með máttlaust tilboð um forkaupsrétt á veiðiheimildum á fullu verði eins og brtt. þær sem nú hafa verið lagðar fram við þetta frv. gera. Nei, þarna var um að ræða raunverulegan möguleika til að rétta hjálparhönd.

Með leyfi hæstv. forseta tel ég rétt að lesa þá grein laganna um Hagræðingarsjóð sem nú á að fella úr gildi án þess að okkuð bitastætt komi í staðinn. Ég vísa til síðustu mgr. 1. gr. þessara laga þar sem stendur:

„*Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum* byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að hægt sé að framselja veiðiheimildir, ekki að selja á fullu verði og á því er grundvallarmunur. Það hefur einnig komið fram hér hverjar breytingarnar eru í greinargerð eða athugasemdum um frv. sem við erum hér að fjalla um og, með leyfi forseta, langar mig að grípa niður neðst á bls. 3 í þeim athugasemdum sem frv. fylgja og raunar þá áður en brtt. voru lagðar fram:

„Þá er í frv. lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi. Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu."

Það er nákvæmlega þetta sem við gagnrýnum hér að ekki eru nein teikn á lofti um að tekið verði á málunum öðruvísi en á máttlausan og í rauninni ónothæfan hátt m.a. með þeirri brtt. sem meiri hluti nefndarinnar hefur nú lagt fram um að hægt sé að ráðstafa fjárðungi veiðiheimilda sem Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar til þess að selja sveitarfélögum í vanda á fullu verði. Þetta er nákvæmlega ekki það sem sveitarfélög í vanda þurfa á að halda. Þau þurfa á því að halda að einhver raunveruleg hjálp komi til þegar svona háttar en þau þurfa ekki á því að halda að kaupa á markaðsverði þær veiðiheimildir sem þeim er í flestum tilvikum ómögulegt að ráða við. Ég er ekki enn farin að skilja hver hjálpin er.

Það er rétt að láta það koma fram hér að umræða um þetta mál hefur verið mjög villandi. Í fyrsta lagi vegna þess að það hefur ekki komið fram hvað, samkvæmt gildandi lögum, er um að ræða. Það má fara alveg upp í helming þeirra veiðiheimilda sem Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar. Undir vissum kring-

umstæðum, þegar neyð er og ég sé enga ástæðu til þess að það sé komið til hjálpar nema þegar raunveruleg neyð er, er hægt að framselja þessar veiðiheimildir tímabundið núna án endurgjalds, sé það sú hjálp sem sveitarfélög þurfa á að halda. Eftir sumum þeim fregnum og þeirri umfjöllun sem hefur verið í gangi mætti halda að þær brtt. sem nú eru komnar fram við þetta frv. fjalli um það að nú sé í fyrsta skiptið verið að ráðstafa fjórðungi veiðiheimilda í þágu sveitarfélaga eða gefa kost á því. En það er nú eitthvað annað. Það er þvert á móti verið að skera niður úr helmingi í fjórðung veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs, það sem má ráðstafa í þágu sveitarfélaga. Í öðru lagi er verið að bjóða upp á hjálp sem ég hef efasemdir um að sé nokkur hjálp. Verið er að bjóða upp á það að sveitarfélög megi kaupa veiðiheimildir fullu verði. Það hefur raunar komið fram í umræðum, einkum innan nefndarinnar, að það er mál flestra þeirra sem við töluðum við að sveitarfélög geti í raun og veru fengið þessa „hjálp" með því bara að kaupa á þeim markaði sem er nú þegar með kvóta, hversu góður sem hann er. Hann er að mínu mati afleitur og sú leið, sem valin hefur verið, að kvóti sé verslunarvara í stað þess að nýtast í þágu landsmanna eins og lög um stjórn fiskveiða segja eða kveða á um. En látum það vera. Það er sem sagt verið að bjóða upp á ekki neitt. Þetta er auðvitað það stærsta sem ég tel ástæðu til að gagnrýna.

Mig langar næst að koma að þeirri staðreynd að ekki er forsvaranlegt að krukka í lög um Hagræðingarsjóð án þess að það sé hluti af heildarendurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Ég held að reynslan hafi sýnt svo að ekki verði um villst að nauðsynlegt er að athuga stöðu byggðarlaga í samhengi við sjávarútvegsstefnuna. Það hefur komið í ljós að það var rétt sem við kvennalistakonur óttuðumst að núverandi kvótastefna hefur opnað fyrir gífurlega byggðaröskun. Við höfum dæmin sem sanna að það hefur gerst og það er ekki alltaf til hagræðingar þótt sem betur fer hafi það stundum gerst. En það er dýrt þegar dýr mannvirki standa ónotuð vegna þess að kvóti er horfinn úr byggðarlaginu. Fiskvinnslan er e.t.v. komin á fárra hendur, eins og þróunin virðist vera að verða, og jafnvel út á sjó sem er kannski eitt það alvarlegasta en ég ætla ekki að fjölyrða um það hér að svo stöddu.

Það er einnig dýrt að hagræða aðeins í þágu hinna stóru og öflugu sem hafa helst efni á að kaupa kvóta en þetta er nákvæmlega það sem núverandi kerfi býður upp á og þess vegna er mikilvæg þessi litla viðleitni til að taka tillit til byggðarlaganna sem var í lögum um Hagræðingarsjóð og er sem betur fer enn þá. Þess vegna er það kannski það einasta sem við höfum þó haft sem bendir til þess að menn hafi verið að hugsa um að tengja kvóta og byggðarlög eins og við kvennalistakonur höfum alltaf viljað. Ég vona að enginn misskilji mál mitt þannig að ég sé á móti því að hér sé aflakvóti. Ég er hlynnt því. Það sem ég er að gagnrýna er það hvernig hann hefur gengið kaupum og sölum og hvernig hann hefur verið eignfærður og verið í eigu aðeins eins hagsmunaaðila, þ.e. útgerðarinnar, en ég vil að tekið sé tillit til byggðanna þess í stað og út á það gengur byggðakvótastefna Kvennalistans. Kvóti er nauðsyn, ekki síst vegna verndunarsjónarmiða. Við höfum ekki það sem við viljum þ.e. nógan fisk í sjónum. Auðvitað viljum við það en hann er bara ekki fyrir hendi. Meðan verðum við að finna stjórn fiskveiða þann farveg sem bestur er. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram þótt ég ætli engum að hafa haldið annað.

Ég held stundum að enginn velkist í vafa um stefnu okkar kvennalistakvenna í sjávarútvegsmálum. Mér hefur hins vegar fundist slegið í og úr með undirtektir við þessa stefnu. Ég hef heyrt marga í orði a.m.k. lýsa mjög miklum skilningi á vanda byggðarlaga þegar verið er að ræða hvernig ráðstafa skuli kvóta og það er vel. Það urðu mér þess vegna sár vonbrigði þegar í ljós kom í umfjöllun nefndarinnar einmitt um þetta mál að sú endurskoðun á stjórn fiskveiða sem nú er í gangi hefur ekki, að mér heyrist á nefndarmönnum, gengið á nokkurn hátt út á það að taka inn af fullri alvöru þessi byggðarsjónarmið. Þetta þykja mér mjög slæm tíðindi.

Mig langar til upplýsingar að taka örlítið af röksemdum okkar kvennalistakvenna fyrir því hvers vegna við höfum lagt áherslu á byggðakvóta. Við höfum bent á það að í fyrsta lagi er lífríki hafsins ein dýrmætasta auðlindin sem við Íslendingar höfum aðgang að og þessa auðlind verður að sjálfsögðu að umgangast á þann hátt að ekki sé hætta á ofnýtingu. Við verðum að taka vextina en láta höfuðstólinn ósnertan. Þetta þýðir einfaldlega að það er ekki nóg til skiptanna handa öllum og þess vegna stöndum við í þessu stappi með að skipta takmarkaðri auðlind. Við höfum bent á að það sé óhjákvæmilegt að stýra nýtingu fiskstofna. Við höfum einnig bent á að núgildandi fiskveiðistjórnun hefur byggst á því að úthluta veiðiheimildum beint til einstaklinga og útgerðarfélaga sem síðan geta ráðskast með þær að eigin geðþótta án tillits til sameiginlegra hagsmuna þjóðarinnar. Þessi stefna hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnu og byggðaþróun. Þessu gerum við okkur vel grein fyrir og við erum að reyna að gera öðrum grein fyrir þessu raunar líka. Við höfum bent á að þetta er í algerri mótsögn við ákvæði laga um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þá ber að okkar mati að nýta til þess að treysta atvinnu og byggð í landinu.

Við umræður um stjórn fiskveiða og við afgreiðslu á frv. um stjórn fiskveiða höfum við kvennalistakonur lagt fram mjög vel útfærðar tillögur sem hafa í raun-inni tekið á öllum málum er varða stjórn fiskveiða. Við teljum affarasælast að 80% heildarafla verði úthlutað til byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla næstliðinna ára. Þau ráðstafi síðan aflanum eftir eigin reglum. 20% aflans höfum við lagt til að renni í sameiginlegan veiðileyfasjóð og við höfum verið með ýmsar hugmyndir um hvernig best væri að ráðstafa þar þeim afla. Við höfum bent á að tekjum þessa sjóðs verði að verja í þágu sjávarútvegsins. Markmiðið er að rjúfa það óeðlilega samband sem nú er milli skips og veiðiheimilda, taka tillit til byggðasjónarmiða, draga úr ofstjórn og miðstýringu, efla rannsóknir og hvetja til betri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans, treysta inn-

lenda fiskvinnslu og búa betur að fólki í sjávarútvegi. Þetta er stefna Kvennalistans. Auðvitað er margt fleira sem þarf að gera heldur en bara að krukka í kvótamálin en kannski er marklaust að tala um nokkuð slíkt fyrr en við höfum komið kvótamálum í það horf að í raun sé hægt að tala um einhverja sanngjarna skiptingu og sanngjörn sjónarmið við skiptingu á þessari takmörkuðu auðlind okkar.

Við höfum einnig bent á að það verði að vinna markvisst að fækkun í fiskiskipaflotanum. Ég held að enginn sé á móti því að það þurfi að koma á vissri hagræðingu og vinna verði skipulega að úreldingu fiskiskipa. En það þarf að gera með þeim hætti að það sé í fyrsta lagi framkvæmanlegt, í öðru lagi að markmiðin séu augljós og í þriðja lagi að tryggt sé fjármagn til þessarar úreldingar og er þá aðeins fátt eitt af því nauðsynlegasta nefnt. Þetta eru auðvitað svo sjálfsagðir hlutir að í raun finnst mér mjög sérkennilegt að standa hér og rekja þetta núna en tilefnið hefur því miður komið upp. Þrátt fyrir á margan hátt mjög skynsamlegar umræður um þessi mál í nefnd og hér á Alþingi detta menn skyndilega niður á afstöðu sem er þvert á þetta allt saman. Er furða þótt við sem höfum starfað með sjútvn. rekum nú upp stór augu eftir þessa afgreiðslu mála.

Þetta er það stóra mál sem við stöndum nú frammi fyrir. Við erum að karpa um það hvort eigi að krukka í þessa sjávarútvegsstefnu, svona hér og þar eftir einhverri tilviljun án þess að taka málið fyrir í samhengi. Og við erum jafnframt, a.m.k. við kvennalistakonur, mjög ákveðnar í því að sjónarmið byggðarlaga megi ekki sniðganga en það er kannski það alvarlegasta sem verið er að gera með þessu frv.

Sem betur fer höfum við heyrt svipuð sjónarmið hjá ýmsum þingmönnum úr ýmsum þingflokkum og raunar stjórnarflokkum líka þar sem menn gera sér grein fyrir því að ekki er hægt að sniðganga byggðasjónarmiðin. Mig langar fyrst til að benda á og ítreka það sem fram kom að mig minnir fyrr í dag í máli hv. 1. þm. Austurl. Þar rakti hann þær breytingar sem hv. 1. þm. Vestf. reyndi að gera á frv. til laga um stjórn fiskveiða þar sem sérstaklega var verið að hugsa um byggðasjónarmið. Sú tillaga féll í neðri deild á jöfnu, með 21:21 atkv. Mér þykir það mjög athyglisvert vegna þess að ég sé ekki hvernig sjálfstæðismenn geta annað en tekið undir þessi sjónarmið hv. 1. þm. Vestf. Mér finnst svo dagljóst að þau eru rétt. Það þarf að taka tillit til þess hvernig byggðarlög standa. Ég er hér með þessa brtt. og vonast nú til þess að geta leyft mönnum að heyra hvernig hún hljóðaði svo það það sé alveg ljóst um hvað ég er að tala. Þessi tillaga var lögð fram á 110. löggjafarþingi og er brtt. á þskj. 479 frá Matthíasi Bjarnasyni. Og þar stendur í 3. gr., með leyfi forseta:

„Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Ég er ekki að segja að þetta sé óskaútfærsla okkar kvennalistakvenna, en þessi tillaga var, miðað þau lög sem verið var að fjalla um, afskaplega sanngjörn að mínu mati og nálægt þeim byggðakvóta sem við kvennalistakonur boðuðum. Mér finnst í raun alveg afleitt að þetta skuli ekki lengur vera stefna Sjálfstfl. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh. geti upplýst mig um hvort þessi hugsun er alveg horfin úr Sjálfstfl. eða hvort hún er e.t.v. í, ég ætla nú ekki að segja veiðibanni, en í einhvers konar orlofi og mun þá væntanlega heyra eitthvað örlítið meira frá honum í leiðinni. Mér finnst alveg nauðsynlegt að greint sé frá þessu í umræðunni.

Jafnframt gleðst ég yfir því að hér í umræðunni hefur a.m.k. einn þingmaður, hv. 3. þm. Vesturl., mjög skýrt úttalað sig um það að gæta verði sjónarmiða byggðarlaga í sambandi við kvótamál. Allir, sem tekið hafa þátt í þessari umræðu, hafa á einhvern hátt viðurkennt að staða byggðarlaga og tenging þeirra við sjóinn, þeirra byggðarlaga sem byggja á fiskveiðum og það eru flest byggðarlög landið um kring, verður að vera inni í umræðunni og hagsmuna þeirra verður að gæta. Það er ekki hægt að grípa til einhverra flausturskenndra ráðstafana.

Virðulegi forseti. Nú langar mig að koma að þeim tveimur spurningum sem ég æski svara við hjá ríkisstjórninni og tel það raunar eðlilegt í þessu sambandi. Ég vona að hæstv. sjútvrh. sé að hlusta og jafnframt er honum velkomið að fá þessar spurningar á blaði á eftir óski hann þess. Mig langar þá í fyrsta lagi að spyrja hann: Með hvaða hætti hyggjast stjórnvöld tryggja örryggi þeirra byggðarlaga sem lenda í alvarlegum krögguum við missi kvóta ef þetta frv. verður að lögum og ekki lengur hægt að aðstoða þau með raunhæfum hætti gegnum Hagræðingarsjóð?

Í öðru lagi: Stendur til að taka upp einhvers konar tengingu kvóta við byggðarlög, úthlutun kvóta til byggðarlaga eða á annan hátt að taka tillit til sjónarmiða hinna fjölmörgu sem gera sér grein fyrir hve mikilvægur kvóti er byggðarlögum við endurskoðun fiskveiðistefnunnar? Ef svo er, með hvaða hætti yrði það helst gert? Ég sætti mig mætavel við það að hæstv. sjútvrh. svari þessum spurningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar enda þekkir hann manna best hvernig þessi umræða hefur farið fram og um hvað er verið að ræða. Ég þóttist raunar sjá hæstv. forsrh. hér áðan og hans vegna hefði ég kosið að hann væri við þessa umræðu. Það er skaði, vegna þess að hæstv. forsrh. fer með byggðamál, að hann skuli ekki hafa verið meira við umræðuna. Ég tel að hann hefði vissulega haft gagn af því að heyra ýmislegt af því sem hér hefur verið sagt í þessari umræðu, bæði í gær og í dag.

Það kom fram í örvæntingarfullri viðleitni sjútvn. til þess að afla sér upplýsinga á þessum, ég vil segja, skammarlega stutta umfjöllunartíma sem við höfðum, en byggðasjónarmið höfðu alls ekki verið rædd í sambandi við útfærslu fiskveiðistefnunnar innan þeirrar nefndar sem við fengum tækifæri til að spjalla við eina stutta morgunstund. Ég heyrði heldur ekki á þeim

tveimur formönnum, sem veita forstöðu nefndinni sem margir kusu að kalla yfirnefnd, að þetta hefði verið rætt. Ég held að ég muni það rétt að ég hafi einnig spurt þá. Öll var þessi umfjöllun með slíkum flaustursbrag og flumbrugangi að það getur vel verið að eitthvað hafi skolast til.

Þessi mál sem ég hef vikið að eru í mínum huga mjög stór. Ég er ekki að gera lítið úr mikilvægi hafrannsókna, síður en svo. Hins vegar finnst mér ekki forsvaranlegt að gera hafrannsóknir að einkamáli útgerðarinnar. Ég tek undir með þeim sem segja að þetta sé hagsmunamál allrar þjóðarinnar og ég er í rauninni undrandi að við skulum þurfa að karpa um það. Ég er ekki bara að ræða það að útgerðin stendur illa að vígi núna. Það er staðreynd og það er staðreynd sem við getum svo sannarlega ekki litið fram hjá en það eru önnur atriði sem munu íþyngja útgerðinni meir en þetta. Hins vegar sætti ég mig ekki við það sjónarmið að hafrannsóknir séu einungis á vegum útgerðarinnar og greiddar í gegnum útgerð. Ég held að það mundi falla um sjálft sig ef aðrir færu með kvótann. Það væri mögulegt að líta á þessi mál ef öll þjóðin gæti ráðstafað kvótanum. Þá mætti kannski hugsa sér að á þann hátt væri farið að koma með kerfi sem allir nytu góðs af. Byggðarlögin nytu góðs af þeim kvóta sem við hefðum og lagt væri til hafrannsókna frá öllum og þá meina ég öllum. Þótt útgerð sé aðeins stunduð frá byggðarlögum við sjávarsíðuna þá nýtur öll þjóðin góðs af því að hér sé öflug, góð og skynsamleg fiskveiði.

Hér hefur verið reynt að bregða upp þeirri mynd, að vísu get ég ekki sagt að það hefði tekist, að þeir sem eru á móti því að fara þá leið, sem boðuð er í þessu frv., séu í rauninni á móti því að hafrannsóknir fái meira fjármagn. Því fer auðvitað víðs fjarri og ég bara vísa því ...(**Gripið fram í:** ...miklu meira fjármagn.) Gott. Þá hef ég bara misskilið þann mann sem mælir hér og ég tek þetta aftur. Ég þóttist greina að verið væri að stilla því þannig upp að með þessu frv. væri þetta hægt en, það var þó undanskilið, ekki á annan hátt. Mér þykir vænt um að heyra þetta dregið til baka og þá er það ekki lengur vandamál. Þá gerir hv. framsíkallandi sér grein fyrir, eins og aðrir, að vel má fara allt aðrar leiðir heldur en boðaðar eru í þessu frv. til þess að efla hafrannsóknir og er það vel. Ég hafði reyndar látið blekkjast, ég viðurkenni það.

Efling hafrannsókna og ekki síst þeirra rannsókna sem nú á að fara að gera almennilegar og eru þessar fjölstofnarannsóknir, mér vefst tunga um tönn þegar svona stofnanaleg orð koma inn í umræðuna, er auðvitað eitt af því sem við verðum ávallt að taka tillit til. Þetta frv. snýst um það en við verðum hreinlega að finna aðrar leiðir þar sem við teljum þetta ekki nothæfa leið til þess að efla hafrannsóknir.

Ég hef tilgreint nokkuð af því sem ég tel ástæðu til að fara í gegnum. Mig langar til þess að geta þess að ég lýsi mig samþykka nál. minni hluta hv. sjútvn. Það eru einkum ákveðnir kaflar þar sem ég tel að séu til góðs og mig langar til þess að fara örlítið í gegnum þetta álit. Því miður á ég ekki formlega sæti í hv. sjútvn. en hef setið þar fundi og tekið þátt í störfum og tel það mjög gagnlegt. Ég hef talið að þegar tími hefur unnist til hafi þessi nefnd unnið mjög málefnalega og af mikilli ábyrgð. Því sviður mér sárt að þessari ágætu nefnd er nú gert að afgreiða mál með þeim hætti sem gert var. Það er búið að afgreiða þetta mál úr nefndinni með töluverðri óánægju, að ég segi nú ekki meira, alls minni hluta sjútvn. Þetta eru einfaldlega vinnubrögð sem stinga mjög í stúf við það sem nefndin annars hefur staðið fyrir. Mér þykir mjög leiðinlegt að svo er. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að rekja úr þessu nál. minni hlutans mjög málefnalega grein sem tekur í rauninni á þeim margvíslegu sjónarmiðum sem voru innan minni hlutans en samt sameina okkur öll. Ég vil jafnframt segja dálítið frá því hvers vegna þetta skiptir svona miklu máli. Með leyfi forseta byrja ég neðarlega á bls. 2 í þessu nál. sem er á þskj. 310. Þar stendur:

„Í framhaldi af allri þessari umfjöllun", þ.e. umfjöllun um stjórn fiskveiða, „var gerð tillaga um það að úreldingarsjóðurinn fengi nýtt hlutverk og þjónaði byggðarlögum þar sem sérstakar aðstæður hefðu komið upp. Jafnframt var ákveðið í ljósi þess nýja hlutverks að breyta nafni hans og nefndist hann eftir það Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Aðstoðarhlutverki sínu í þágu byggðarlaga sem höllum fæti standa átti sjóðurinn að sinna með því að ráðstafa aflaheimildum sem honum eru úthlutaðar í þessu skyni, enda verði honum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Samkvæmt núgildandi lögum verður ástæða vandans að vera sala fiskiskips eða fiskiskipa úr viðkomandi byggðarlagi sem leiðir til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi af þeim sökum."

Ég geri hér aðeins hlé á tilvitnuninni þar sem mig langar til að það komi fram að okkur var bent á það í umfjöllun nefndarinnar að þessi binding við fiskiskip gæti jafnvel undir vissum kringumstæðum verið til trafala. Það eru raunar engin sérstök tíðindi fyrir okkur kvennalistakonur. Við höfum ekkert viljað binda þetta við fiskiskip en þetta er skásta leiðin sem hægt var að fara miðað við á stefnu sem tekin var um stjórn fiskveiða er þessi lög voru sett, þ.e. lög um Hagræðingarsjóð og samhliða lög um stjórn fiskveiða því að þetta eru nátengd mál eins og margoft hefur komið hér fram. Ég held þá áfram tilvitnun minni, með leyfi forseta:

„Áður en ákvörðun er tekin um slíka aðstoð er ljóst að heildarúttekt á atvinnumálum í viðkomandi byggðarlagi verður að liggja fyrir og aðstoð sjóðsins að vera tímabundin hjálp meðan varanlegri úrræða er leitað. Hafi ákvörðun um aðstoð verið tekin skal fyrst og fremst veita sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi kost á að ráðstafa þeim aflaheimildum sem samþykkt hefur verið að verja í þessu skyni gegn greiðslu samkvæmt gangverði. Kjósi sveitarstjórn ekki að hafa slíka milligöngu skal stjórn sjóðsins ráðstafa aflaheimildunum til einstakra skipa annaðhvort á almennu gangverði eða til hæstbjóðanda. Það ræðst því af aðstæðum á hverjum stað hvað útgerðir einstakra skipa eru tilbún-

ar að greiða til að fá heimildir til að veiða viðbótarafla með því skilyrði að honum verði landað til vinnslu á staðnum. Séu skip, sem skortir aflaheimild, gerð út frá viðkomandi stað eða liggi hann vel við miðum og sé nærri heimahöfn annarra skipa er líklegt að útgerðaraðilar væru tilbúnir til að greiða eðlilegt verð fyrir viðbótarheimildir enda þótt þær væru bundnar slíku löndunarskilyrði. Séu aðstæður örðugri," og nú, virðulegi forseti, langar mig að koma að áhersluatriðinu, „t.d. um afskekkt byggðarlag er að ræða með lélega hafnaraðstöðu mundi endurgjald, sem fengist fyrir aflaheimildirnar, verða lægra og í undantekningartilfellum getur stjórn sjóðsins fallið frá endurgjaldi að fengnu samþykki ráðherra."

Virðulegi forseti. Ég kem enn með innskot. Hér er ekki verið að fara gáleysislega með en hér er hins vegar verið að opna mjög mikilvæga heimild og held ég þá áfram tilvitnuninni:

„Ekki er talið líklegt að slík staða komi upp almennt þar sem mikil umframafkastageta er hjá fiskiskiptaflotanum og ætti því að vera fremur auðvelt að fá skip til veiða.

Eftir mikla umfjöllun um þetta mál varð ekki samstaða um betri lausn til að koma til móts við þessi sjónarmið og tryggja visst öryggi fyrir þau byggðarlög í landinu sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Hér er um að ræða lausn sem byggir á því að nýta umframafkastagetu fiskiskipaflotans til að leysa tímabundin og staðbundin vandamál sem upp kunna að koma. Margvísleg önnur sjónarmið voru að sjálfsögðu uppi um hvernig skyldi bregðast við þessum vandamálum en almennt var talið að hér væri um mikilvægt skref að ræða sem rétt væri að reyna í framkvæmd."

Þetta er í raun það sem hangir á spýtunni, virðulegi forseti. Hér er rædd lausn sem allir gátu á endanum sætt sig við. Það er verið að koma til móts við sjónarmið. Ég hefði auðvitað viljað sjá að það væri gengið mun lengra til móts við sjónarmið þeirra sem vilja byggðakvóta en það er svo sannarlega verið að finna lendingu sem allir gátu sætt sig við og flestir viðurkenndu að það yrði að koma einhvern veginn til móts við byggðarlögin. Það er ekkert launungarmál og þarf ekki annað en líta á umræðurnar til þess að komast að raun um að þegar verið var að taka afstöðu til stjórnar fiskveiða og ná þar ákveðinni lendingu voru ekki allir ánægðir. Þetta var eitt af því fáa sem menn náðu þó samkomulagi um og því í ósköpunum að vera einmitt að fórna því. Ég sætti mig ekki við það.

Hér langar mig að taka upp stutta tilvitnun í viðbót úr þessu nál. sem ég lýsi mig samþykka og, með leyfi forseta, stendur hér:

„Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar kemur fram að eðlilegra sé að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Engar slíkar ráðstafanir virðast vera í sjónmáli enda gert ráð fyrir að skerða möguleika Byggðastofnunar í hvívetna. Forstjóri Byggðastofnunar upplýsti á fundi nefndarinnar að hann sæi enga möguleika fyrir Byggðastofnun að hjálpa til í málum sem þessum. Það er því ljóst að núv. ríkisstjórn og fylgismenn hennar hafa ákveðið að virða að vettugi þau sjónarmið sem hafa verið uppi varðandi þennan viðkvæma þátt fiskveiðistefnunnar. Með þeim breytingum sem nú á að keyra í gegn á Alþingi án eðlilegrar umfjöllunar er samstöðu um breytingar á fiskveiðistefnunni stefnt í verulega hættu. Er með ólíkindum að svo stóru hagsmunamáli skuli vera stefnt í slíka óvissu."

Ég vil láta þess getið að ég bað um að allmargir fleiri en á endanum voru kallaðir til mundu lýsa skoðunum sínu á þessu frv. og þá er ég sérstaklega að tala um fulltrúa byggðarlaga. Það hefur komið hér fram og sé ég ekki ástæðu til að tíunda það í smáatriðum hvernig staðið var að því. Við fengum einhvers konar umsagnir sem margar voru þó á þann veg að það væri ekki hægt að gefa umsögn frá fulltrúum ákveðinna byggðasamtaka. Við fengum þær umsagnir í mýflugumynd eins og þessar stjórnir svæðisbundinna samtaka héraðsnefnda og fjórðungssamtaka hefðu í raun enga möguleika til að setja sig inn í málið. Mér þykir það mjög alvarlegt og ég ítreka það hér að ekki skuli hafa verið send með lög um Hagræðingarsjóð þegar beðið var um þessar umsagnir. Ég gagnýni það og ég ítreka að það skuli hafa verið afgreitt á þann hátt sem gert var, þ.e. að leyfa þessum aðilum aðeins að tjá sig eftir að hafa fengið einn eða tvo sólarhringa til að skoða frv. Það verður að segjast eins og er og ég ítreka það, ég hef hitt mjög marga sem hafa algerlega misskilið þetta frv. og halda að nú fyrst sé verið að gefa heimild til þess að ráðstafa 25% af veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs til byggðarlaga. Ég er ekki sérlega undrandi á því. Þetta er vegna þess að fregnir hafa verið á þennan veg, brtt. var á þennan veg. Þessi ráðstöfun er í rauninni alls ekki neitt, eins og ég hef margkomið að, bæði hér og annars staðar. Ég tel að það sé óforsvaranlegt að fara áfram með þetta frv. nema að því tilskildu að það verði í raun talað almennilega við forsvarsmenn byggðarlaga og við höfum tíma til þess, það hefur margkomið fram. Það liggur ekki svona mikið á. Það verður hreinlega að fjármagna hafrannsóknir öðruvísi hvort eð er.

Það kom fram er við ræddum við fulltrúann frá Byggðastofnun og eins og fram kemur í þessu nál. að ekkert annað tekur við ef þessi leið verður farin. Við erum í rauninni að taka það litla sem við höfum úr umferð og bjóða upp á nákvæmlega ekki neitt, reyndar minna en ekki neitt í staðinn, vegna þess að það er frekar verið að draga úr framlögum til byggðamála en hitt. Þetta er því alvarlegt mál.

Mig langar að lokum til þess að stikla í gegnum þá minnispunkta sem ég tók niður á þessum mjög svo snautlegu fundum sem við höfðum með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Ég spurði eftir því sem ég gat. Ég reyndi að vinna eins samviskusamlega og hægt var við þessar erfiðu aðstæður en ég verð að segja eins og er að ég eins og aðrir hafði ekki möguleika til að vinna mína vinnu nógu vel við þessar aðstæður.

1. Ég vil ítreka það að enginn mælti með þessu frv., og flestir lögðust mjög eindregið gegn því.

2. Fulltrúi frá Félagi smábátaeigenda hafði mjög al-

varlegar áhyggjur af því að ekki væri tekið tillit til byggðasjónarmiða og benti sérstaklega á að í rauninni væri ekkert sem tæki við núna í lögum um stjórn fiskveiða eða annars staðar sem kæmi á nokkurn hátt til móts við þá sem vildu að byggðasjónarmiða væri gætt. Ég vil vekja athygli á því að ég er ekki að segja að lög um Hagræðingarsjóð séu réttasti staðurinn til þess að geyma þessi mikilsverðu ákvæði þar sem byggðasjónarmiðin eru tekin inn um stjórn fiskveiða en þetta er eini staðurinn sem við höfum nú og ég vil ekki eiga þátt í því að þessu verði fórnað.

3. Margir þeirra er komu á fund sjútvn. gagnrýndu sérstaklega vinnubrögð í sambandi við þetta frv.

4. Mjög margir á þessum fundum tóku undir að það væri ekki hjálp fyrir byggðarlög að kaupa kvóta á fullu verði. Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram að samkvæmt þeim brtt. sem nú er verið að leggja til er sagt að svo verði. Þetta er ekki eitthvert nöldur í okkur í minni hlutanum heldur er þetta raunverulegt mat margra og þarf í rauninni ekkert óskaplega mikið hugmyndaflug til þess að gera sér grein fyrir að svona eru málin hreinlega.

Í þeim athugasemdum sem fram komu á fundunum er mjög áberandi að margir hafa efasemdir í sambandi við þær tölur sem fram eru settar. Einkum er verið að gagnrýna að ekki sé litið raunsætt á hve mikið sjóðurinn hafði til ráðstöfunar miðað við hver úrelding þurfi að vera. Ég hef þegar getið þess að einhverjum þótti farið of bratt að hækka þann styrk sem hægt er að greiða til úreldingar, þ.e. úr 10% í 30% af húftryggingarverðmætinu á fiskiskipunum. Ég vil líka að það komi fram að okkur var bent á ýmsar aðrar leiðir sem ástæða væri að líta á og sumar þeirra voru mjög forvitnilegar. Ég ítreka að það er alveg nauðsynlegt að gefa okkur meiri tíma. Annað er í raun og veru ekki sæmandi.

Í þeim fáu athugasemdum sem við fengum í hendurnar kom eitt og annað upp og m.a. voru ýmsar vangaveltur þar sem ég tel fulla ástæðu að líta betur á, spurningar og augljóslega var verið að gagnrýna að málið lægi ekki nógu skýrt fyrir. Því er ég alveg sammála og hef lýst því nú þegar.

Þau atriði sem ég hef rakið eru svo vel rökstudd gagnrýni að ég undrast það og harma að við skulum enn vera að ræða þetta mál, meira og minna ófullburða og í vitlausu samhengi og án þess að hafa fengið nokkur önnur svör en þau að þeir eru á móti sem spurðir voru af ýmsum ástæðum, margvíslegu ástæðum, misjöfnum ástæðum og það skal samt í gegn.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að stefna Kvennalistans er ekki öllum og ekki heldur þeim þingkonum Kvennalistans ævinlega svo föst í hendi, samanber þau skammvinnu skoðanaskipti sem þingkonur höfðu á álveri þegar verið var að mynda nýja ríkisstjórn sl. vor. Ég ætla ekki að fara mikið út í það. Mig langar hins vegar til þess að kasta fram örstuttum spurningum til hv. þingkonu Önnu Ólafsdóttur Björnsson af því að það voru ákveðnir hlutir sem ég skildi ekki vel í hennar máli. Hún sagði að hún væri aðili að þessu nál. eins og fram hefur komið og af því tilefni þætti mér vænt um að fá örlitla útskýringu á því af hverju hún telur að sala veiðiheimildanna jafngildi auðlindaskatti. Hún er kjarnyrt kona og ég veit að það mun ekki vefjast fyrir henni að svara þessu á örskömmum tíma. Jafnframt langar mig til þess að fá útskýringar hjá henni hvernig standi á því fyrst hún er sammála því sem kemur fram í nál. þar sem segir að sala veiðiheimilda sem allir vita að verður til þess að efla hafrannsóknir og þar með möguleika sjávarútvegsins til þess að afla tekna, að hún telur að þetta auki tekjur ríkissjóðs en ekki sjávarútvegsins?

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er svolítið sérkennilegur máti við að koma fram með spurningar en allt í lagi með það. Mig langar samt fyrst til þess að segja það að mér finnst síðari spurningin líkust hártogun. Ég þykist hafa greint frá því að ég geri skýran greinarmun á því að allt samfélagið á að standa undir hafrannsóknum. Ég er alveg ákveðin í því og neita því að það sé bara hagsmunamál útgerðarinnar. Ég geri mér jafngóða grein fyrir því og hv. þm. að útgerðin er hluti af þjóðfélaginu en ekki allt þjóðfélagið. Ég vona að við þurfum ekki að fara að ræða þetta aftur. Annars verð ég bara að biðja um orðið aftur.

Í öðru lagi í sambandi við nál., ég er að vísu ekki með það í höndunum hér en ég þykist hafa gripið það mætavel í sambandi við auðlindaskattinn. Ég get alveg tekið undir það að verið er að fara út á þá braut sem við getum kallað auðlindaskatt. Ég skil ekki alveg vandamálið. Ég skil ekki af hverju hann hefur áhyggjur af sálarheill minni vegna þessa. (Gripið fram í.) Mér heyrðist að það væri helst það að hafa áhyggjur af minni sálarheill í sambandi við stefnu Kvennalistans. Ég þykist ekkert hafa farið á skjön við stefnu Kvennalistans og ég skildi spurninguna ekki. Hins vegar þakka ég umhyggjuna. Ég held að þetta sé sams konar misskilningur og í sambandi við það þegar hv. þm. vísaði til annars dæmis okkar kvennalistakvenna. Við erum í engum vandræðum með afstöðu okkar til álversins. Ég ætla hins vegar ekki að fara að draga það inn í þessa umræðu, það er á ábyrgð hv. 17. þm. Reykv. að fara út í svoleiðis mál.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sönnu rétt að mér er annt um hag Kvennalistans. En þó ég sé vanur að bryðja erfiða texta og hafi nokkra reynslu af því að skilja torskilin málefni gat ég með engu móti skilið þetta svar hv. þm. Kvennalistans, Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Ég spurði af hverju hún teldi að það væri auðlindaskattur að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs. Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að hér hafa spunnist ítarlegar umræður í dag um það hvort þar sé um að ræða auðlindaskatt eða ekki og Halldór Ásgrímsson hefur skýrt sína afstöðu. Hann hefur að vísu

eins og fram hefur komið haft tvær skoðanir á því og það er mjög vasklega að verki verið að takast á 24 tímum að snúast heilan hring. Ég óska honum til hamingju með það og það er í rauninni ekki í fyrsta skipti sem ég hef á mínum stutta þingferli séð það. En mig langar að ítreka spurningu mína til sérfræðings Kvennalistans í sjávarútvegsmálum: Hvers vegna telur hún að sala veiðiheimilda Hagræðingarsjóðsins sé auðlindaskattur?

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að hafi hv. þm. ekki skilið svör mín er það kannski vegna þess að ég skildi ekki alveg spurninguna en ég held að ég hafi gripið hana núna, af hverju það sé auðlindaskattur að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs. Ég segi bara að í þessu nál. segir að verið sé að skattleggja ákveðna atvinnugrein en ekki þjóðfélagið í heild. Ég held að þetta sé mjög skýrt svar og ég sé ekki vandamálið. En ég hef hlustað á þessar umræður jafn vel og kannski betur en hv. þm., þó líklegast ekki nema jafn vel og ég sé ekki alveg vandamálið, ég er ekki búin að ná því enn þá.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hafði við fyrstu ræðu mína farið þess á leit að a.m.k. hæstv. utanrrh. væri viðstaddur og ég þakka fyrir það að hann hefur séð sér fært að verða við þeirri ósk. Ég hafði jafnframt óskað eftir því að hæstv. forsrh. væri hér en get skilið það að hann hefur í ýmsu að snúast og erfitt fyrir hann að verða við því í hvert sinn að vera hér viðstaddur umræður þó að það verði nú að ætlast til þess að hann sé hér þegar mjög mikilvæg mál eru til umfjöllunar á Alþingi.

Það hefur nú vakið nokkra athygli að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki séð ástæðu til að vera mikið viðstödd umræðuna jafnvel þótt í ríkisstjórninni sitji afar margir áhugamenn um málið sem héldu um það langar ræður og sýndu því mikinn áhuga áður fyrr á Alþingi. Má í því sambandi alveg sérstaklega nefna hv. þm. Halldór Blöndal sem væri áreiðanlega tilbúinn til þess að hjálpa hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í skilgreiningarvandamáli hans á auðlindaskatti. Sömu sögu má segja um hæstv. heilbrrh. Sighvat Björgvinsson sem var mjög mikill áhugamaður í þessu máli. En ég heyri það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur mikinn áhuga á því að skilja þá hluti sem fram eru settir og vænti ég þess að þar sé komin skýring á því að hann sé áhugasamur um það að vera í sem flestum flokkum og heyrði ég ekki betur áðan en hann hefði hug á að ganga í Kvennalistann til þess að fá frekari skýringar á hugsjónum þess flokks. (**ÖS:** Ég get það ekki samkvæmt skilgreiningu.) Hann getur það ekki samkvæmt skilgreiningu, en nú til dags virðist vera hægt að gera ólíklegustu hluti. Ég ætla ekki að gera það að frekara umræðuefni en það er mjög undarlegt að hv. þm. fái ekki skilið hvað við er átt og hann skuli þurfa að halda því fram skipti eftir skipti að ég hafi sett fram tvær skoðanir. (**ÖS:** Þær voru reyndar þrjár.) Það er með ólíkindum hversu fundvís hv. þm. er á margar skoðanir. Ég hef einfaldlega sagt það og skal endurtaka það enn fyrir hv. þm. að ég tel það vera auðlindaskatt ef gjald er tekið af nýtingu náttúruauðlindar og sú gjaldtaka notuð til sameiginlegra útgjalda þjóðfélagsins. Ég hef sagt það í ræðu að um það megi deila hvort hafrannsóknir séu sameiginleg útgjöld samfélagsins eða aðeins vegna sjávarútvegsins. Ég hef sagt það sem mína skoðun að ég líti á það sem sameiginlegt verkefni samfélagsins og þar af leiðandi megi flokka þessa gjaldtöku undir auðlindaskatt.

Ég hef hins vegar tekið fram í einni af ræðum mínum sem eru orðnar allmargar um þetta mál og þökk sé hv. þingflokksformanni Alþfl. að það væri e.t.v. nokkuð langt gengið að gefa þessu það nafn, auðlindaskatt, og ég veit að hv. þm. hefur lesið þessar ræður allar sem ég er mjög ánægður með en í þessu felast ekki margar skoðanir. En ég vil upplýsa hv. þm. um það að áður fyrr fékkst ég nokkuð við kennslu og hef ekki vanist því að það væri aðeins til svart og hvítt. Ég hef vanist því að það væru ýmsar hliðar á málum og jafnvel ýmsar hliðar á málefnum hagfræðinnar og það yrði ekki eftir því sem henta þykir, sem þingmanninum virðist vera tamast, heldur verður að viðurkenna margvísleg sjónarmið þegar mál eru brotin til mergjar. En ég heyri á hv. þm. að honum er illa við að litið sé til margra átta í málum sem þessum, aðeins eigi að vera svart og hvítt og annað finnist ekki. Ég held að það væri mikilvægara fyrir hv. þm. að átta sig á stefnu Alþfl. í málinu og vera ekki sífellt að reyna að botna í stefnum annarra flokka nema hann sé eingöngu kominn í Alþfl. til þess að reyna að botna eitthvað í stefnu þeirra og fæ ég þá skilið inngöngu hans í þann flokk. Það hefur ekki eingöngu verið leiði á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni sem nú gengur í salinn. En ég hafði skilið það svo áður að slíks leiða hefði eitthvað gætt svipað og hefur gætt hjá hæstv. utanrrh. varðandi þingstörf.

En tilefni þess að ég bað hæstv. utanrrh. að koma eru ummæli hans í annars mjög ítarlegu máli í Alþýðublaðinu og ég sagði, hæstv. utanrrh., að það hefði verið gleðilegt hvað Alþýðublaðið hefði verið efnismikið þennan dag og er eiginlega leitt til þess að vita að það skuli ekki vera svo alla daga því það er mikilvægt að sem flest blöð komi út til þess að tryggja lýðræðið. Þar segir hæstv. utanrrh. þegar hann er að lýsa afrekum sínum eins og títt er um alla stjórnmálamenn og þeir vilja tíunda það sem þeir hafa náð fram, en hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig náðum við inn lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins." Nú tel ég það nokkuð ofmælt hjá hæstv. utanrrh. að þeir hafi náð þessu inn. Það var hins vegar sameiginleg niðurstaða sem má gjarnan rekja og fleiri komu nú að en Alþýðuflokksmenn eins og vill verða í öllum samsteypustjórnum. En hvað um það, Hagræðingarsjóður sjávarútvegsis og lögin um hann eru staðreynd og þau lög eru hluti af sjávarútvegsstefnunni.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn samið um að breyta stefnunni og er mjög óljóst hvað í því samkomulagi

felst. Við í stjórnarandstöðunni höfum haldið því fram að það eigi að líta á þessi mál í heild sinni og það eigi að reyna að halda sem mestri samstöðu um þetta mál í þjóðfélaginu. Hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að fara aðrar leiðir eins og í flestum öðrum málum. Hún hefur ekki talið ástæðu til að hafa samráð við stjórnarandstöðu í málinu og er leitt til þess að vita, ekki vegna stjórnarandstöðunnar heldur vegna þessa mikilvæga málefnis sem er eitt mikilvægasta verkefni samfélags okkar nú á næstunni að ná niðurstöðu í. Ekki hefði veitt af að reyna að hafa þá sveit sem glímir við það sem breiðasta. En látum það liggja á milli hluta. Síðan segir hæstv. utanrrh.:

„Því höfum við fylgt eftir í tíð núv. ríkisstjórnar með samkomulagi um að aflaheimildir hans verði seldar á markaði á gangverði." Og síðan segir hæstv. utanrrh. sem er það merkilegasta í máli hans: „Það er fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútveginum."

Nú er alveg ljóst að það er veiðileyfakerfi í sjávarútveginum þannig að það hefur ekki verið fundið upp í sambandi við Hagræðingarsjóðinn. Það er niðurstaða mikillar vinnu sem fór fram á vegum margra aðila og fólks úr öllum flokkum og það ber að virða þá vinnu sem þar hefur átt sér stað. En nú upplýsir hæstv. utanrrh. að þetta mál sem hér er verið að fjalla um sé fyrsti vísir að nýju veiðileyfakerfi. Þar með er staðfest að það er rétt sem við segjum í stjórnarandstöðunni að verið sé að breyta fiskveiðistefnunni að þessu leyti án þess að taka það inn í heildarendurskoðun. Því er haldið fram af hæstv. utanrrh. að kominn sé fyrsti vísir að hinu nýja kerfi.

Ég hef haft mikinn grun um það að hæstv. utanrrh. og hæstv. núv. forsrh. hafi komið sér saman um það hvernig skyldi staðið að þessum málum í samtölum sínum í Viðey og mér finnst að það sé að koma smátt og smátt í ljós hvað hafi gerst þarna úti í Viðey. Það dettur upp úr ráðherrunum annað slagið, m.a. í ítarlegu máli sem þessu, hvað þar hafi raunverulega farið fram. Ekki hefur farið fram hjá neinum að núv. hæstv. sjútvrh. hefur sem betur fer verið í andstöðu við þessi sjónarmið og ekki talið efni til að leggja sérstaklega á sjávarútveginn við þessar aðstæður sem nú eru þótt hæstv. utanrrh. virðist hafa gengið mjög hart fram í því við myndun núv. ríkisstjórnar og telur það henni helst til gildis eftir því sem ég hef skilið að tekist hafi að leggja nokkrar álögur á sjávarútveginn.

Ég vil benda hæstv. utanrrh. á það að einn mesti vaxtarbroddur í íslensku samfélagi á síðasta ári er aukning sjávarframleiðslunnar og sjávarframleiðslan er á síðasta ári rúmlega 80% af heildarútflutningstekjum á sama tíma og iðnaðarútflutningurinn hefur því miður dregist saman. Vaxtarbroddurinn í íslensku þjóðfélagi er því á þessu sviði og ef menn ætla að auka hagvöxt á næstunni þá er það kórvilla að leggja sérstaklega til atlögu við þennan atvinnuveg og skattleggja hann sérstaklega. Það hefur núv. ríkisstjórn hafið sem mun að sjálfsögðu draga mátt úr sjávarútveginum og þar með úr framleiðslu landsmanna og þar með minnka atvinnu. Það er mikilvægt verkefni að reyna að ná fjárlagahallanum niður. En ekki má ganga svo langt að allur kraftur og blóð sé dregið úr útflutningsframleiðslunni. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað liggur hér að baki? Fyrst þetta er fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútveginum, hver er næsti vísir? Hvernig í ósköpunum stendur á því að þetta mál er ekki tekið fyrir í sérstakri nefnd ríkisstjórnarinnar sem var sett til að endurskoða sjávarútvegsstefnuna? Við höfum beðið um viðtöl við formenn nefndarinnar, en svo vill til að þeir eru tveir sem er mjög óvenjulegt. T.d. hefur engum manni dottið í hug að hafa tvo formenn í Alþfl. eða öðrum stjórnmálaflokkum en mönnum datt í hug að hafa tvo formenn í þessari nefnd sem er einsdæmi í nefndarskipan í landinu.

Hjá báðum formönnum nefndarinnar hefur komið skýrt fram að þeir telja ekki vera sitt verkefni að fjalla um þetta mál og hafa ekki einu sinni tekið það fyrir. Ég spyr: Hvernig stendur á því, hæstv. utanrrh., að þeir hafa ekki verið látnir vita af því að kominn væri fyrsti vísir að nýju veiðileyfakerfi í sjávarútveginum? Ef það er rétt að hér er kominn fyrsti vísir að veiðileyfakerfi í sjávarútveginum á að sjálfsögðu að vísa þessu máli tafarlaust frá og taka það til umfjöllunar með málinu í heild, enda stendur í lögum að þessi mál skuli endurskoða fyrir árslok 1992. Ég trúi því vart að hæstv. utanrrh. fari með rangt mál í þessu sambandi en hér er um svo mikilvægt mál að ræða að ég tel alveg nauðsynlegt, fyrst hæstv. forsrh. sá sér fært að vera hér jafnframt sem ég þakka honum fyrir það, að hann staðfesti með hvaða hætti verði staðið að þessu máli og hvort þetta sé rétt hjá hæstv. utanrrh. því að það sem hann segir stangast á við það sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt.

Nú geri ég mér ljóst að væntanlega verður það ofan á sem formenn stjórnarflokkanna hafa komið sér saman um á Viðeyjarfundum og er að sjálfsögðu mikilvægt að þinginu sé það ljóst hvernig þeir hyggjast standa áfram að málum.

Það er svo sem margt sem styður það að hæstv. utanrrh. fari með rétt mál, t.d. eins og þessi skýrsla Seðlabankans um ECU-tenginu. En hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að þessi tenging verði tekin upp í ársbyrjun 1993 ef ég man rétt. En í skýrslu Seðlabankans er einmitt bent á að það sé mikilvægt að komin sé niðurstaða í málið sem er verið að tala um en þeir segja m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Leiðin til lausnar þessum vanda er að jafna metin með sérstöku gjaldi á veiðarnar svo sem fiskihagfræðin leggur áherslu á eða takmarka veiðarnar með aflakvótum eða sóknarmarki. Fyrri leiðin samræmist frjálsræði í athöfnum og jafnræði til tekjuöflunar en hin síðari byggist á úthlutun verðmætari réttinda til sumra aðila umfram aðra." Síðan segir í lokin: „Hins vegar þykir rétt að benda á að væntanleg stefnumótun þessa efnis getur haft áhrif á upphafsstöðu tengingar gengisins við ECU."

Þeir segja jafnframt að í þessu felist viss viðurkenning á veilum í ríkjandi fiskveiðistjórnkerfi, þ.e. nefndarskipun ríkisstjórnarinnar einkum að því er varðar jafnræði milli megingreina veiða og vinnslu. Nefnd

hefur verið sett á laggirnar til þess að gera tillögur um í hvað þessu skuli felast í nánari atriðum. Úrslit þessa máls gætu haft áhrif á stöðu gengismála til frambúðar.

Ég trúi því vart að seðlabankamenn leyfi sér að nota sína blýanta í að skrifa efni sem þetta, hæstv. utanrrh., ef þeir hafa ekkert fyrir sér í því hvað hæstv. ríkisstjórn ætlast fyrir og þess vegna rekst maður oft á ýmislegt sem styður þá skoðun að stjórnarflokkarnir hafi samið um að koma á veiðileyfagjaldi og líti á þessa breytingu sem hér er verið að leggja til sem fyrsta skref í þessu efni. Ég held að það ætti að vera alveg skýrt fyrir hæstv. utanrrh. og forsrh. hvað það er sem ég er að fara fram á að þeir svari og vænti þess að þeir muni verða við þeirri ósk minni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna það eins og málið liggur fyrir hér og nú, að það er ekki eins flókið eins og hv. 1. þm. Austurl. vildi vera láta, að í rauninni varð samkomulag um það við gerð fjárlaga að fyrirtæki, stofnanir og atvinnugreinar skyldu í vaxandi mæli taka þátt í kostnaði við þá þjónustu sem veitt var af opinberri hálfu í þeirra þágu. Þetta er alþekkt. Ákveðið var, til þess að láta sjávarútveginn taka þátt í þeirri þjónustu sem honum var sérstaklega veitt, að fara þá leið sem rakin hefur verið varðandi Hagræðingarsjóðinn. Heldur er ekkert launungarmál að það var jafnvel ætlunin að ganga lengra í þeim efnum en gert var en samkomulag varð um þá upphæð sem þarna var um að tefla.

Ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir gerðu ekkert samkomulag um það með hvaða hætti þetta skyldi verða túlkað og eru menn frjálsir að því. Ég þykist muna að sumir talsmanna Alþfl., m.a. hæstv. iðnrh. hafi opinberlega túlkað það skref sem var stigið varðandi Hagræðingarsjóðinn í tíð fyrrv. hæstv. sjútvrh. sem skref í þá sömu átt og nefnt er að formaður Alþfl. líti á þessa ákvörðun. Það er túlkun þeirra. Ég fjalla ekkert um hana hér og nú. Ég lít eingöngu þannig á eins og fjárlögin báru með sér að þetta var aðferð sem notuð var til þess að fá sjávarútveginn til að taka þátt í kostnaði við þá þjónustu sem Hafrannsóknastofnun veitir honum.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins minna hæstv. forsrh. á það að hér er eingöngu um það að ræða að auka sérstaklega gjaldtöku á sjávarútveginn. Ég veit ekki til þess að mikið sé um það í fjárlagafrv. að aukin sé gjaldtaka á aðrar atvinnugreinar og nefni í því sambandi iðnaðinn. Það er þá í afar litlum mæli. Þarna er verið að skattleggja sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar í landinu. Ég ætla ekki að rifja upp hvað hæstv. iðnrh. hefur sagt um ákveðna hluti. En ég skil þá hæstv. forsrh. þannig að það sé rangt hjá hæstv. utanrrh. að í þessu skrefi sem nú er verið að stíga sé kominn fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútveginum. Það er ekki spurningin um túlkun. Það er bara spurningin: Er þetta fyrsta skref að nýju veiðileyfakerfi eða ekki? Getur hæstv. forsrh. svarað því? Ef svarið er nei, þá vitum við það. Ef það er já, þá hefur hæstv. utanrrh. rétt fyrir sér. Þetta er ekkert spurningin um að túlka hlutina því að ef þetta er fyrsti vísir þá hlýtur einhver annar vísir að koma fljótlega eða er reiknað með því að Alþfl. semji um hann í einhverri allt annarri ríkisstjórn? Er hæstv. utanrrh. farinn að sjá svo langt fram í tímann? Það er mikilvægt að þessu sé skilmerkilega svarað en ég skildi hæstv. forsrh. þannig að hann liti a.m.k. ekki á þetta sem fyrsta vísi að nýju veiðileyfakerfi í landinu og ef hæstv. utanrrh. hafi haldið því fram, þá væri þar um túlkun hans að ræða. Gott og vel. Ég treysti í þessu sambandi orðum hæstv. forsrh. að ekki beri að líta á þetta að hans mati sem fyrsta vísi að nýju veiðileyfakerfi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að hæstv. utanrrh. er auðvitað frjáls að túlkun sinni á þessari gjörð sem ákveðin var. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að þó að þarna sé ákveðin aðgerð gagnvart sjávarútveginum, þá höfðu aðrar atvinnugreinar þá þegar staðið að sinni hálfu fyrir endurgjaldi vegna þjónustu sem opinberar stofnanir veittu. Þó að það væri ekki í þeim mæli nú hækkuð þau gjöld á þær atvinnugreinar eins og gert var á sjávarúteginn. Það liggur fyrir og ég veit að hv. þm. þekkir það að aðrar greinar hafa þegar tekið meiri þátt en sjávarútvegurinn hefur gert í þeirri þjónustu sem sambærilegar stofnanir hafa veitt þeim atvinnugreinum.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins benda á í þessu sambandi að sjávarútvegurinn hefur lengi greitt verulegan hluta af kostnaði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og það hefur verið skilningur ríkisstjórna fram á þennan dag að hafrannsóknir væru ekki málefni sjávarútvegsins eingöngu heldur þjóðarinnar í heild á sama hátt og menn hafa litið á ýmsar rannsóknir á landi sem rannsóknir vegna þjóðarheildarinnar en ekki vegna tiltekinnar atvinnugreinar. Það er afar mikilvægt að hafa í huga þegar um þetta er rætt en ef það er skilningur hæstv. forsrh. að hafrannsóknir séu eingöngu sjávarútvegsins vegna þá má vera rétt að túlka það með þeim hætti að það sé verið að leggja á sjávarútveginn eitthvað sem aðrar atvinnugreinar hafa greitt í meira mæli fram á þennan dag. Ég tel mjög varhugavert að líta svo á enda á sjávarútvegurinn ekki auðlindir hafsins. Það er þjóðin sem á þær og það er staðfest í lögum og ef á að fara að líta svo á að sjávarútvegurinn eigi að fara að borga allan þann kostnað sem varðar þær mikilvægu auðlindir þá finnst mér að í því felist viss viðurkenning á því að sjávarútvegurinn eigi auðlindirnar. En það má aldrei verða þótt sjávarútvegurinn hafi nýtingarréttinn á þeim auðlindum sem þekkjast í dag þá

má það aldrei verða að einhverjir tilteknir aðilar eigi þennan rétt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Austurl. að menn geta varið tíma sínum til einhvers annars þarfara en að deila um staðreyndir. Við ræðum um frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð og okkur sem hér erum saman komin er vel kunugt um aðdraganda þeirra laga, breytingar sem á þeim hafa orðið á undanförnum árum frá upphaflegri mynd Úreldingarsjóðs. Það sem er um að ræða að því er varðar þá spurningu sem til mín var beint er þetta: Samkvæmt þessu frv. er nú heimilt að selja veiðiheimildir sem Hagræðingarsjóði eru faldar samkvæmt nánari reglum á gangverði, markaðsverði. Með öðrum orðum er um að ræða veiðiheimildir sem seldar eru á gangverði, gjaldtaka fyrir veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs. Þetta eru bara staðreyndir og þarfnast engrar túlkunar.

Ef spurningin væri hins vegar sú hvort samkomulag hafi tekist í ríkisstjórninni um að gera þá breytingu á núverandi úthlutun veiðiheimilda að taka almennt gjald fyrir veiðiheimildir er svarið við því nei. Um það er ekki samkomulag. Þetta þekkja allir sem hér eru. Menn vita að Alþfl. hefur gert upp hug sinn um afstöðu í þeim málum og hefur boðað það sem vænlega lausn til lengri tíma litið að því er varðar aðgang að auðlindinni að taka upp gjaldtöku fyrir veiðileyfi. Það skýrðum við rækilega í stefnuskrá okkar fyrir kosningar. Við létum þess getið að við gætum hugsað okkur að sú þróun yrði í áföngum á löngum tíma, t.d. einum áratug. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að um þetta mikla mál eru mjög skiptar skoðanir. Við vitum að innan annarra flokka t.d. í Sjálfstfl. og í Alþb. eru menn sem eru svipaðrar skoðunar og við. Við gerum okkur líka grein fyrir því að gegn þessu er hatrömm andstaða.

Nú er það út af fyrir sig ekki það sem er hér til umræðu heldur annars vegar þær staðreyndir sem ég var að lýsa og hins vegar spurningin um það hver verði líkleg þróun. Þeirri spurningu get ég ekki svarað, ég hef engu slegið föstu um það. Ég er hins vegar persónulega þeirrar skoðunar að rekja megi ákveðna þróun þessa máls frá því að við áttum upphaflega samstarf um það í tíð fyrri ríkisstjórnar að koma á hinu geysimikilvæga ákvæði um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum til þess þegar enn var gerð sú breyting að styrkja það ákvæði frekar með því að binda í fiskveiðistjórnarlögin ákvæðið sem kveður á um það að núverandi úthlutunarkerfi myndi undir engum kringumstæðum stjórnarskrárvarinn eignarrétt né heldur bjóði heim skaðabótakröfum á hendur ríkinu ef af breytingum verði. Enn einn áfanginn var breyting á frv. þáv. sjútvrh., hv. 1. þm. Austurl., sem lagði fram frv. um Úreldingarsjóð. Samkomulag tókst eins og hann vék að um það að breyta því í nokkrum veigamiklum atriðum. Eftir það heitir sjóðurinn Hagræðingarsjóður. Sjóðurinn hefur haft þessar veiðiheimildir. Það sem nú hefur verið ákveðið er að selja hluta þeirra samkvæmt nánari reglum á gangverði, þ.e. gjaldtaka fyrir þau veiðileyfi. Það er laukrétt sem síðan hefur fram komið að þetta er á þessu stigi málsins þáttur í þeirri verkáætlun sem lögð var til grundvallar fjárlögum og var reynt að beita á fleiri sviðum, þ.e. um kostun fyrir þjónustu veitta af hálfu ríkisins við atvinnuvegi þannig að út af fyrir sig fer þetta tvennt saman.

Hægt að tala langt mál um þetta mikla mál, fiskveiðistjórn og sjávarútvegsstefnu. Ég sé ekki sérstakt tilefni til þess. Við höfum ærin tilefni til þess. Eins og hv. þm. vita fer nú fram endurskoðun á fiskveiðistjórnarlögunum samkvæmt lögum og núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að veita því máli í ákveðinn farveg. Þar eru að verki bæði fulltrúar stjórnarflokkanna í svokallaðri átta manna nefnd sem jafnframt ræðir með reglubundnum hætti við fjölmennan hóp fulltrúa hagsmunaaðila. Þetta er mikið verk. Það er nýhafið. (**ÓÞÞ:** Hverjir eru hagsmunaaðilar?) Þetta er að vísu ágæt spurning hverjir eru hagsmunaaðilarnir því að margir hafa hagsmuna að gæta. Þjóðin öll hefur hagsmuna að gæta. Það er skylda stjórnarinnar og stjórnarflokkanna að leggja fram vinnu að þessu leyti í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar en hún ræðir einnig við þá sem gegna ábyrgðarstörfum og fara með stóran eignarhlut í atvinnuveginum sjálfum sem er orðin lenska að kalla hagsmunaaðila sérstaklega og vísa ég þá til þess hvernig fyrrv. sjútvrh. vísaði til þess sem hins sjálfsagða hlutar að ræða bæri við hagsmunaaðila. En læt ég þar með útrætt um það.

Ekki veit ég hvort þessi svör teljast fullnægjandi að mati þess sem hér spurði en aðalatriðin eru þessi: Hér er verið að taka gjald fyrir veiðiheimildir en það hefur engin ákvörðun verið tekin á þessari stundu um það hvort lengra verður stigið á þeirri braut eða ekki.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör. Hann staðfesti að a.m.k. enn sem komið er væri ekki samkomulag um frekari skref í þessu máli en staðfesti það að hann liti svo á að hér væri um fyrsta vísi að nýju veiðileyfagjaldi að ræða eða tók a.m.k. ekki þau orð til baka. Þar með hefur hann í reynd staðfest þá gagnrýni sem við höfum haft í stjórnarandstöðunni að hér er um að ræða breytingu á fiskveiðistefnunni. Verið er að breyta veigamiklum atriðum sem snerta fiskveiðistefnuna að því er varðar hlutverk sjóðsins í sambandi við byggðamál, að því er varðar úreldingarhlutverk sjóðsins og að því er varðar gjaldtöku af veiðiréttindum til sameiginlegra útgjalda þjóðarinnar. Þetta eru engin smámál, hæstv. utanrrh., og þar af leiðandi á ekki að líta á þau svona léttilega úr samhengi við aðra þætti málsins. Ef hæstv. ríkisstjórn er eitthvað umhugað um að ná sem bestri samstöðu um málið þá ætti hún að viðurkenna það og draga málið til baka. En það er alveg sama hvað er sagt við hæstv. ríkisstjórn, hvort sem það er í þessu máli eða um hina nýju fjárhaldsmenn stofnana samfélagsins, sem stendur til að setja á ef ástæður þykja til, að ekki er tekið tillit til nokkurrar gagnrýni. Það skal haldið áfram á

þeirri braut sem mörkuð var hinum megin við Viðeyjarsund hvað svo sem hver segir. Þetta finnst mér alvarlegt og hæstv. utanrrh. til vissrar minnkunar, ég tala nú ekki um forsrh., en að öðru leyti þakka ég honum svörin.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að geyma mér þangað til í ræðu minni að fjalla efnislega um meginþátt máls hæstv. utanrrh. sem lýtur að álitamálum um auðlindaskatt og ekki auðlindaskatt. Ég vil nota þetta tækifæri til að koma á framfæri athugasemd eða andsvari gagnvart hlutum sem hæstv. ráðherra vék lítillega að og varða hlut Alþfl. í áhrifum á sjávarútvegsstefnununa undanfarin allmörg ár. Þetta hefur margoft komið fram áður hjá hæstv. utanrrh. og reyndar skýrara en áðan.

Hæstv. utanrrh. og alþýðuflokksmenn hafa tilhneigingu til að eigna sér ákveðna hluti í umræðum um sjávarútvegsmál og stefnumörkun um sjávarútvegsmál á undanförnum árum, sérstaklega sameignarákvæðið yfir auðlindunum. Það fer dálítið í taugarnar á mér að hæstv. utanrrh. skuli jafnoft tala með þeim hætti og hann gerir að allar breytingar sem orðið hafa séu alveg sérstakur einkaréttur Alþfl., allar umræður um þetta sameignarákvæði þjóðarinnar á auðlindunum þegar það er söguleg staðreynd og liggur fyrir skjalfest ítrekað í þingskjölum og ræðum að Alþb. hreyfði fyrst þessum ákvæðum á Alþingi og flutti þau sjónarmið inn með brtt. á árunum 1983 og 1984. Í ræðum talsmanna Alþb. voru fyrst settar fram kröfur um og tilraunir gerðar til þess að koma inn í lög um stjórn fiskveiða þessu sameignarákvæði. Æ síðan höfum við alþýðubandalagsmenn lagt okkar af mörkum til þess að styrkja stöðu þeirra sameignarákvæða í lögum og framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Ég tel þess vegna ástæðu til að nota þetta tækifæri, herra forseti, til að ítreka þetta og get gert rækilegar m.a. með upplestri úr sögulegum heimildum ef ástæða er til. En út af fyrir sig er það svo sem eftir öðru að þeir alþýðuflokksmenn þurfi að fara í annarra manna hús til að reyna að sækja sér einhverjar fjaðrir til að skreyta sig með í þessum málum, ekki er svo glæsilegur árangurinn sem þeir hafa af eigin atbeina í þessum efnum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er æ betur að koma í ljós sem hefur verið haldið fram, bæði við 1. umr. málsins og í þingskapaumræðu í gær að ákvæði til bráðabirgða II í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins hefur ekki verið virt. Í gær kom fram að hæstv. sjútvrh. andmælti því ekki að honum hefði borið að hafa samráð við sjútvn. þingsins og helstu hagsmunasamtök við endurskoðun frv. Hann bar heldur ekki á móti því að það hafi ekki verið gert en skaut sér á bak við það að ekki væri um að ræða endurskoðun á lögunum í þeim skilningi sem ákvæðið kallar á.

Nú hefur hæstv. utanrrh. hins vegar staðfest það svo óyggjandi sé að um sé að ræða endurskoðun á lögunum í þeim skilningi sem ætlast er til og hefur sett fram það sjónarmið að um sé að ræða fyrsta vísi að veiðileyfakerfi. Ég hlýt að vekja athygli hæstv. forseta á þeirri staðreynd að hæstv. sjútvrh. hefur ekki farið að lögum við undirbúning á málinu og framlagningu þess á Alþingi, og bið ég nú forseta forláts á að trufla samræður hans við hæstv. forsrh. Ég hlýt því að fara fram á það við hæstv. forseta að hann taki til athugunar hvort ekki beri að vísa þessu frv. frá að fengnum þessum upplýsingum og þeirri staðfestingu sem fram hefur komið.

Ég vil að lokum benda á það að ráðherrarnir tveir, utanrrh. og sjútvrh., eru ekki sammála um eðli frv. Hæstv. sjútvrh. segir að um sé að ræða hreina ríkisfjármálaaðgerð sem standi í engum tengslum við fiskveiðistjórnunina en hæstv. utanrrh. segir að hér sé um að ræða fyrsta vísi að nýju veiðileyfakerfi.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. utanrrh. fyrst heimilt er að bera fram fyrirspurnir í andsvörum hvers konar veiðileyfakerfi er hann að tala um. Er það kerfi þar sem veiðileyfin eru öllum föl gegn verði, öllum heimilt að bjóða í eða er það kerfi þar sem einungis einhverjum útvöldum er gefin kostur á að kaupa sér leyfi eða er það einhver þriðja útgáfa?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa hv. 5. þm. Vestf. á að kynna sér kosningastefnuskrá Alþfl. þar sem hugmyndum okkar um gjaldtöku fyrir veiðileyfi er ítarlega lýst honum til upplýsingar og til svara við fyrirspurn hans. Ég skal taka fram að nákvæm útfærsla í framkvæmd þess kerfis er ekki sett fram enda eru ýmsar leiðir til, en það sem fyrir okkur vakir er ekki að skapa forréttindakerfi heldur að beita markaðslausnum að því er varðar aðgang að auðlindinni sem nú hefur verið takmarkaður en það er mesta bylting sem orðið hefur á háttum og högum Íslendinga frá því að land byggðist.

Að því er varðar túlkun hv. þm. á því hvað hafi komið fram í mínu máli, vil ég enn árétta til þeirrar umræðu sem fram fór um það hvað væru staðreyndir og hvað væri túlkun. Ég skýrði frá því að samkomulag hefði tekist innan núv. ríkisstjórnar við undirbúning fjárlaga um gjaldtökuna og þarf ekki að hafa um það fleiri orð því að það er öllum hv. þm. kunnugt frá því við afgreiðslu fjárlaganna. Útgjöld sjútvrn. munu vera rúmlega einn milljarður og vissulega var um að ræða tillögu um að ætla atvinnugreininni að standa undir verulega auknum hlut þeirra útgjalda sem skattgreiðendur áður höfðu innt af hendi varðandi þjónustu við atvinnuveginn. Jafnframt var aðferðin sú að með vísan til laga um Hagræðingarsjóðinn var ákveðið að gera það með þeim hætti að veiðiheimildirnar yrðu seldar á gangverði. Þetta eru bara einfaldlega staðreyndir málsins og þarfnast engrar túlkunar. Það er rétt að þetta snerti fjárlagaafgreiðslu. Það er einnig rétt að um er að ræða gjaldtöku fyrir veiðiheimildir. Það hefur enginn fullyrt neitt um það að þetta muni leiða til upptöku á gjaldtöku fyrir veiðileyfi þar með. Það er einfaldlega mál sem ekki hefur verið útkljáð.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lesið þá rauðu bók sem hæstv. utanrrh. var hér með en mun gera það ef hann færir mér hana. Ég vil láta það koma fram að í því sem hann sagði fólst að það sé stefna Alþfl. að hafna því að þeir sem nú hafi réttindi til fiskveiða njóti einhverra forréttinda umfram aðra ef og þegar þeirra veiðileyfakerfi verður tekið upp. Með öðrum orðum hlýtur markaðslausnin að fela það í sér að allir eigi sama rétt til að bjóða í veiðiheimild og þar með er einungis fjármagnið sem ræður för, ekki aðrar aðstæður eins og og búseta eða fyrri störf á sviði sjávarútvegs. Með þessu sýnist mér hæstv. utanrrh. vera að lýsa kerfi þar sem íbúar í byggðarlagi úti á landi eiga engan rétt umfram aðra til að tryggja sér veiðiheimildir í framtíðinni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég féllst á að fresta ræðu minni og hleypa öðrum ræðumönnum að til að greiða fyrir framgangi þingstarfanna og með hliðsjón af því að mér er tjáð að hæstv. utanrrh. sé tímabundinn og hann geti ekki verið hér við alla umræðuna og vil ég taka það fram að það er út af fyrir sig mér að meinalausu. Ég mun ekki gera kröfu til þess að hæstv. utanrrh. verði hér til loka þó nærvera hans gleðji mig að sjálfsögðu. Hins vegar vil ég koma því á framfæri að ég óska eftir því að hæstv. félmrh. verði til staðar einhvern tíma áður en ég lýk máli mínu eða a.m.k. þarf ég að eiga orðastað við hæstv. félmrh. ásamt fleirum vegna þeirra hluta sem lúta að sveitarfélögunum í þessu sambandi. Mér er einnig kært að hv. 17. þm. Reykv. haldi sig sem allra mest í þingsalnum því nokkuð þarf ég að eiga orðaskipti við hann og að sjálfsögðu einnig hæstv. sjútvrh. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er í húsinu og verður gert viðvart um ósk hv. þm.) Það er mjög gott. Ég mun þá snúa mér að hæstv. félmrh. einhvern tíma þegar hæfilegt er. Eins og ég veit þarf ég ekki að rökstyðja það því að ákveðnir hlutir í þessu máli lúta að sveitarfélögunum, þ.e. sá forkaupsréttur sem þarna er til umræðu varðar sveitarfélögin nokkru.

Það er margt sem ástæða er til að skoða í tengslum við þetta mál og það er í raun full ástæða til að fara í nokkra sögulega upprifjun eins og reyndar hefur verið gert hér að nokkru leyti og kæmi þá margt fróðlegt í ljós ef það væri allt saman lesið, hæstv. forseti, eins og ástæða gæti verið til í þeim efnum. Ég til að mynda hygg að orðaskipti ýmissa hv. þm. Sjálfstfl. á þeim tíma sem þetta frv. var til umræðu, á árunum 1989–1990, og þá ekki síst í garð Alþfl. þættu ýmsum fróðleg lesning. Greinarskrif hæstv. núv. sjútvrh. í Morgunblaðinu. Þá var sá siður að þáv. formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. sjútvrh., skrifaði gjarnan stuttgreinar, ef svo má að orði komast, stuttgreinar sem birtust í opnu Morgunblaðsins og var hann þá mikill ljúflingur þeirra á Morgunblaðinu. Í þessum stuttgreinum var tekið á helstu álitamálum sem uppi voru í þjóðfélaginu, oft með býsna skörpum hætti. Formaður Sjálfstfl. tók þarna oft býsna mikið upp í sig, enda var hann þá í stjórnarandstöðu og hefur sjálfsagt talið sér óhætt að taka afdráttarlaust til orða oft og tíðum. Ég er mér til skemmtunar með nokkrar af þessum stuttgreinum sem sumar fjölluðu um hinn illræmda Hagræðingarsjóð sem ætti að setja á fót sem aldrei skyldi verið hafa. (**Sjútvrh.:** Það er vel þegin upprifjun.) Annað verður ekki séð af lestri þeirra greina en höfundurinn hafi ætlað sér það með allra fyrstu verkum ef hann kæmist nokkurn tíma til einhverra valda og áhrifa í íslensku þjóðfélagi að henda út þessum illræmda sjóði. Það skyldi sko aldeilis út með hann. T.d. má fara ofan í grein sem birtist í Morgunblaðinu hinn 28. apríl 1990 þar sem verið er að fjalla um þennan illræmda sjóð og þær skemmdir á skipan mála sem hann mundi hafa í för með sér og segir þar, með leyfi forseta:

„Ef Alþingi yrði þvingað til að samþykkja sjóðsstofnun af þessu tagi í skyndingu og eyðileggja fiskveiðistjórnskipuna með þeim hætti er fullljóst að kraftan um afnám sjóðsins yrði eitt helsta mál næstu kosninga."

Með öðrum orðum er alveg ljóst að það átti að verða eitt meginerindi formanns Sjálfstfl. inn í pólitík í framhaldi af því ef Alþingi yrði þvingað til að samþykkja þennan illræmda sjóð að setja á oddinn kröfuna um að leggja hann af í næstu kosningum og þá væntanlega ef flokkur formannsins kæmist til valda. Þetta er fróðlegt að rifja upp ef menn vilja fara út í sögulegar æfingar af þessu tagi á annað borð. Það hefur nefnilega nokkuð borið á því að í örvinglan sinni hafi talsmenn stjórnarliðsins í þessu máli sótt sér rök til fortíðarinnar eins og í fleiri tilvikum og helsta réttlæting þess sem þeir eru nú að gera er sú að einhverjar hliðstæður hafi verið að finna í eldri málum, athöfnum fyrri ríkisstjórnar eða einhverjum hafi einhvern tíma fyrr dottið þetta í hug. Þannig sé allt í lagi. Þannig er það með STASI, nýju lögregluna sem á að senda inn í stofnanirnar, og þannig er það með Hagræðingarsjóðinn. Þetta er að vísu ekki veiðileyfagjald, eða sumir segja það, aðrir í stjórninni ekki, en svo koma menn og segja: En ef þetta er veiðileyfagjald, kvótaleiga eða auðlindaskattur þá er það fyrri ríkisstjórn sem datt það í hug og þá er það í lagi. Þá er allt í lagi að við gerum það. Ég held að þeir menn, sem eru með slíkar heimildir í farteskinu í þessum málum eins og hæstv. núv. sjútvrh., samanber greinaskrif hans í Morgunblaðinu, eins og Sjálfstfl. eftir linnulausar ræður, þindarlausar ræður t.d. núv. hæstv. landbrh. Halldórs Blöndal í efri deild á árunum 1989–1990, Guðmundar H. Garðarssonar, þáv. þm. Sjálstfl. og margra, margra fleiri, ættu nú að fara varlega í það að ásaka aðra um einhvern tvískinnung eða skoðanaskipti í þessum efnum. (Gripið fram í.) Já, það er að vísu rétt að hv. þáv. þm. Guðmundur H. Garðarsson fékk ekki mikinn frama í Sjálfstfl. í framhaldi af þessari málafylgju sinni og komst ekki á þing eins og alkunnugt er.

Ég held að þeir talsmenn stjórnarliðsins hér ættu að fara sér hægt í því að byggja upp málsvörn sína eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv. og frsm. meiri hluta sjútvn., hefur gert í þessu máli að ráðast aðallega á aðra. Um hvað vitnar það yfirleitt

þegar menn eru í svoleiðis kastþröng í málflutningi sínum að þeir reyna ekki að réttlæta það sem þeir eru að mæla fyrir með efnislegum rökum heldur eyða allri orku sinni í árásir á aðra? Það vitnar um það að málstaður þeirra sé vondur og þeir viti upp á sig skömmina og taki sér það helst til bragðs að reyna að ráðast á aðra. Þetta er náttúrlega alþekkt í stjórnmálum og viðbrögð stjórnarliðsins, hv. 17. þm. Reykv. og stjórnarliða hér í þessu máli og fleirum undanfarna daga, eru nákvæmlega af þessum toga. Þeir finna sér ekkert til varnar í eigin málatilbúnaði og sækjast þá helst eftir því að ráðast á aðra eða segja: Ja, ef þetta er ósvinna, þá er það alla vega þannig að einhverjum öðrum er búið að detta þetta í hug áður og þá hlýtur það að vera í lagi þó að við gerum það. Það er nú ekki háreistur málflutningur, satt best að segja, herra forseti.

Það var einnig mjög athyglisvert að heyra hv. 5. þm. Austurl. koma hér upp og taka undir þennan kór þar sem hv. 17. þm. Reykv. syngur fyrstu rödd að það væri aðalefni þessarar umræðu að greina það hvernig menn hefðu skipt um skoðun, aðallega hv. 1. þm. Austurl. skildist mér sem er frægur fyrir flest annað í stjórnmálaumræðu á Íslandi en skipta oft um skoðun. Ég hélt satt best að segja að sá maður hefði nánast alveg löggilt vottorð upp á það að hann skipti helst ekki um skoðun hvað sem á gengi hvorki í hvalamálum né öðrum. (**Gripið fram í:** Er hann kominn með læknisvottorð upp á það?) En nú eru alþýðuflokksmenn að reyna að gefa honum einhverja löggildingu um að hann snúist bara eins og skopparakringla og skipti endalaust um skoðun og þar á meðal hv. 5. þm. Austurl. sem nú gengur í salinn.

Hv. 1. þm. Austurl. mun hafa leyft sér að halda því fram að 5. þm. Austurl. hefði talað nokkuð öðruvísi í kosningabaráttunni heldur en fram kæmi nú af málafylgju hans í sambandi við Hagræðingarsjóðinn. Þetta er ekki í fyrsta sinn og hann er ekki sá eini, hv. 1. þm. Austurl., sem hefur haldið þessu fram. Í mín eyru hefur því verið haldið fram að hv. 5. þm. Austurl. hafi t.d. talað sem eindreginn stuðningsmaður þess að mynda vinstri stjórn eftir kosningar og stuðningsmaður áframhaldandi stjórnarsamstarfs páv. stjórnarflokka. En hvernig fór? Því hefur líka verið haldið fram að hv. 5. þm. Austurl. hafi talað sem svo mikill bændavinur að hann ætti það erindi helst inn á Alþingi að stórbæta búvörusamninginn bændum í hag ef hann kæmist til nokkurra áhrifa og er hann þó í Alþfl. Og hvernig hefur farið? Svona mætti áfram telja.

Herra forseti. Ég held að það sé þannig að þessir hv. þm. stjórnarliðsins ættu ekki að reyna að byggja málsvörn sína upp á því að aðrir séu að skipta um skoðun, aðrir séu í vandræðum vegna sinnar fyrri afstöðu til mála, aðrir hafi vont mjöl í pokahorninu varðandi afstöðu þeirra á fyrri tímum til sjávarútvegsmála. Og allra síst Alþfl., í guðanna bænum það tóbak sé nú frá okkur tekið því að auðvitað er það svo að Alþfl. ætti að skammast sín fyrir frammistöðu sína í sjávarútvegsmálum á Íslandi á undaförnum árum. Hann hefur þar rekið fullkomlega ábyrgðarlausa pólitík ef pólitík skyldi kalla og verið aðallega í því að safna liði ýmissa óánægjuafla í þjóðfélaginu gegn sjávarútveginum á þeim grundvelli að þar væri svo mikill gróði, svo geysilegur gróði að það yrði að safna liði til að koma alveg sérstökum sköttum og álögum á hann. Það væri efnahagsvandamál hvað sjávarútvegurinn á íslandi væri mikið gróðafyrirtæki. En hvernig er staðan? Er hún þannig að það sé alveg sérstök ástæða til að innleiða sérstakar álögur á sjávarútveginn á Íslandi í dag eins og Alþfl. og hagspekingar hans vilja vera láta? Auðvitað ekki. Það viðurkenna allir og hæstv. sjútvrh. hefur þó haft manndóm í sér til þess að viðurkenna það, m.a. með því að tala um nauðsyn á neyðarráðstöfunum á sl. hausti til að lagfæra rekstrarstöðu sjávarútvegsins.

Ég hef áður rakið hér, en lofaði reyndar hv. 17. þm. Reykv. að gera það aftur, þær fjölmörgu nýju álögur á sjávarútveginn sem þessi ríkisstjórn er að beita sér fyrir og eru núna almennt viðurkenndar og enginn hefur í raun reynt að mæla á móti. Það hefur t.d. enginn lagt leið sína í þennan ræðustól og hrakið einn einsta af þeim liðum sem ég hef talið upp og tölusett fyrir menn um hinar nýju álögur á sjávarútveginn. Hv. 17. þm. Reykv. hafði reyndar í framsöguræðu sinni manndóm í sér til að viðurkenna að hinar 525 millj. sem á að taka af sjávarútveginum fyrir veiðiheimildirnar á næsta ári væru nýjar álögur á sjávarútveginn, nýjar vegna þess að sjávarútvegurinn á Íslandi hefur ekki áður greitt eina einustu krónu fyrir þær veiðiheimildir sem hann á nú að fara að kaupa. Og síðan liggur það fyrir að þegar er búið að lögfesta fjölmargar nýjar álögur eins og tvöföldun veiðieftirlitsgjaldsins og skerðingu á sjómannafrádrætti. Fyrir dyrum stendur að lögfesta hlutdeild sjávarútvegsins í greiðslum vegna iðgjalda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Það hefur að vísu ekki verið reiknað út nákvæmlega mér vitanlega hvað það þýðir í tölum þannig að mitt mat er ekki verra en annarra á því enn sem komið er að þar gætu verið einar 50 millj. kr. Eftir standa aðrar álögur sem hafa verið settar á sjávarútveginn, aukin þjónustugjöld af ýmsu tagi, bæði hjá Ríkismati sjávarafurða, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og fleiri aðilum. Og óútkljáð er það mál sem varðar að falla frá eða hætta með jöfnunargjald á olíu sem gæti að sjálfsögðu þýtt verulegar hækkanir á olíuverði til útgerðarinnar a.m.k. út um landið þannig að þetta stendur eftir.

Síðan er það sem hefur verið talsvert til umræðu, kannski að nokkru leyti undir röngum formerkjum, hvort þetta séu nýjar álögur á sjávarútveginn eða ekki, þessar 525 millj. sem þarna á að taka, og hvort það ráði úrslitum um hvort hér sé á ferðinni fyrsta skerfið í átt til auðlindaskatts eða ekki þá liggja hlutirnir þar svo 100% hreint fyrir að ekki þýðir fyrir viti borna menn að þrátta um að það er verið að færa yfir á sjávarútveginn kostnað sem hann áður naut úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Og til þess að menn hætti þessu röfli í eitt skipti fyrir öll þá er ég hérna með tvenn fjárlög, fjárlögin fyrir árið 1991 og 1992. Það var auðvitað kostulegt að heyra hv. 17. þm. Reykv. fjalla um þetta þannig að helst skilja mátti hann svo að hverri einustu krónu af þessum 525 yrði varið til nýrra

verkefna í þágu sjávarútvegsins á sviði hafrannsókna. Það mátti helst skilja hann þannig auk þess sem það hlaut að vera misskilningur og rugl í hv. ræðumanni því að staðreyndin er auðvitað sú að það verður sáralítið meira gert í hafrannsóknum á Íslandi á árinu 1992 heldur en var á árinu 1991. Munurinn er bara sá að núna kostar sjávarútvegurinn svo til alla starfsemi Hafrannsóknastofnunar en áður var hún svo til öll kostuð úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Og til þess að menn hafi þetta í eitt skipti fyrir öll á hreinu þá er ég hérna, eins og ég segi, með þessi tvenn fjárlög og ég ætla að bera þau saman og ég ætla að vona að það geri ist þá ekki oftar að hv. talsmenn stjórnarliðsins, hvorki hæstv. sjútvrh., hv. 17. þm. Reykv. né nokkur annar kjarkmaður á þeim bæ reyni að koma upp í ræðustólinn og breiða yfir þá staðreynd að það er verið að færa þarna ný útgjöld yfir á sjávarútveginn sem áður voru greidd úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna. (Gripið fram í.) Og þetta er þannig að niðurstöðutala rekstrar Hafrannsóknastofnunar samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum er 613.400 þús. kr. en þar af eru sértekjur 545,5 millj. kr. Eftir standa litlar 67,9 millj. sem ríkissjóður, sameiginlegur sjóður landsmanna, ætlar að leggja til hafrannsókna á þessu ári. Í fyrra var þetta þannig, í fjárlögum ársins 1991, að heildarútgjöld til hafrannsókna voru samtals 514 millj. en sértekjur einungis 21.180 þús. Hvað þýðir það? Það þýðir að sameiginlegur sjóður landsmanna lagði 492,2 millj. til hafrannsókna á árinu 1991, tæpan hálfan milljarð króna, í staðinn fyrir þær 68 millj. tæpar sem nú á að gera. Og það þarf ekki að fjölyrða um þetta. Þetta er svona. Í staðinn fyrir það að á árinu 1991 rann tæplega hálfur milljarður króna úr sameiginlegum sjóði landsmanna til hafrannsókna þá verða það núna tæpar 68 millj. Og lítillega aukin verkefni breyta þarna engu um. Ég hef ekki einu sinni hirt um að framreikna gömlu fjárlögin upp til nýs verðlags því að það er svo augljóst sem þarna er á ferðinni. Og ég vona að aumkunarverðum tilburðum hæstv. sjútvrh. til þess að segja að þarna sé ekkert nýtt að gerast, það sé bara verið að færa til eins og hann hefur hér gert, linni nú senn. Þetta er auðvitað svona og ég tek undir það sem hv. 1. þm. Austurl. og fleiri hafa sagt. Ég lít á hafrannsóknir sem málefni samfélagsins alls, bæði vegna þess að þarna eru á ferðinni sameiginlegar auðlindir okkar, þarna er á ferðinni mikilsverð forsenda þess að hægt sé að halda uppi lífskjörum og þróun í landinu í þágu landsmanna allra og þarna eru í þriðja og síðasta lagi en ekki síst á ferðinni grunnrannsóknir.

Það sem hefur valdið mér mestum vonbrigðum í þessu er að sjálfur háskóladoktorinn, háskólaborgarinn, 17. þm. Reykv. sem ég hélt að hefði nokkurn akademískan skilning á þessum hlutum, skuli virða það að vettugi í sinni umfjöllun um þetta að Hafrannsóknastofnun sinnir í raun og veru nánast ein öllum þeim grunnrannsóknum sem eru gerðar í hafrannsóknum á Íslandi því að um sáralitla starfsemi er annars staðar í þjóðfélaginu að ræða á því sviði. Því miður er það svo að okkar háskólar, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri sem eru með starfsemi á þessu sviði hafa sáralítil bolmagn og eru í raun og veru ekki uppbyggðir í neinum mæli til þess að stunda þarna grunnrannsóknir. (**Gripið fram í:** Eru bara engar grunnrannsóknir stundaðar?) Nei, þær sem eru stundaðar eru hjá Hafrannsóknastofnun og ættu að vera það eða þurfa að vera það, a.m.k. meðan ekki er fyrir þeim séð með öðrum hætti. Og það er orðin sérkennileg afstaða til hlutanna ef menn eru a.m.k. ekki sammála um að það sé hlutverk ríkisvaldsins að standa fyrir grunnrannsóknum. Ef svo langt er gengið að þær eigi líka að gjaldfærast hjá viðkomandi atvinnuvegum sem hugsanlega gætu haft af þeim not einhvern tíma í framtíðinni þá skil ég ekki lengur hvert menn eru að fara.

Nei, herra forseti, auðvitað er þetta alveg morgunljóst og alveg skýrt. Það er þannig að hér er verið að velta þessum byrðum yfir á sjávarútveginn og þar með er líka að eiga sér stað stefnubreyting sem ég tel að sé til rangrar áttar og ég held að sé slæm, að á einu bretti sé gusað yfir á íslenskan sjávarútveg greiðslubyrði upp á hálfan milljarð króna í þessum efnum án þess að það sé í samhengi við eitt eða neitt, án þess að sambærilegar breytingar eigi sér stað gagnvart öðrum atvinnugreinum, án þess að sjávarútveginum sé þá bætt það í gegnum betri starfskjör, betri starfsskilyrði eða með öðrum hætti sanngjarnt tillit tekið til þessarar breytingar sem þarna verða á hans hag. Ég hygg, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara betur ofan í þetta eða ræða það frekar því að þetta er væntanlega öllum hv. alþm. ljóst.

Í öðru lagi er auðvitað óhjákvæmilegt að ræða lítillega þær grundvallarbreytingar sem með þessu frv. verða á gildandi lögum um Hagræðingasjóð. Það er satt best að segja furðulegt hvernig málflutningur manna hefur verið í þessum efnum, t.d. hv. 17. þm. Reykv. sem hefur belgt sig út í fjölmiðlum, og er þó ekki á ummálið bætandi, um að það sé verið að ... (Gripið fram í.) Ræðumaður fellst á að draga þessi síðustu ummæli til baka. Hv. 17. þm. Reykv. hefur farið mikinn í fjölmiðlum og reynt að gera sig dýrlegan í augum byggðarlaga úti um landið með því að segja að hann ætli að lagfæra frv. frá því sem það var í þágu byggðasjónarmiða. En þá gerir hv. þm. þá reginskyssu að tala eins og þarna sé algert nýmæli á ferð og eitthvert stórkostlegt framfaraatriði frá því sem verið hefur. En er það svo? Nei, auðvitað ekki. Staðreyndin er sú að það er stórfelld afturför þrátt fyrir tilburði hv. 17. þm. Reykv. (Gripið fram í.) Hafa þeir ekki viljað tala við þig? (**ÓS:** Nei.) Það er greinilegt að hv. þm. eru það mikil vonbrigði.

Auðvitað er gersamlega verið að draga tennurnar úr þessum lögum hvað það snertir að einhverjir raunhæfir möguleikar séu til að koma til móts við sveitarfélög, sem eiga í erfileikum, ef á þarf að halda. Ég mótmæli þeim málflutningi sem þarna hefur verið hafður í frammi að hið einskis nýta, sem ég leyfi mér að kalla svo í ljósi ríkjandi aðstæðna, forkaupsréttarákvæði sem þarna er á ferðinni, sé eitthvert nýmæli, einhver framför frá því sem verið hefur í þágu byggðasjónarmiða, í þágu sveitarfélaganna og atvinnuhagsmuna. Svo er ekki. Það er stórfelld afturför á ferðinni frá því að inni

í gildandi lögum eru möguleikar til þess að veita byggðarlögunum veiðiheimildir ef á þarf að halda, annaðhvort fyrir lægra eða ekkert endurgjald ef svo ber undir. Það er það sem málið snýst um. 25% forkaupsréttur sveitarfélaganna á veiðiheimildum á fullu markaðsverði er auðvitað út í loftið. (**ÖS:** Það var sama og þú gerðir áður.) Nei, hv. þm., það er aldeilis ekki. Er ekki hægt að tala við þennan hv. 17. þm. Reykv. með nokkrum rökum? Ég legg til að hv. þm. taki sér sæti, rói sig niður og hlýði á rökin. Það er best að fara með þau fyrir hv. þm. og byrja ég á því að lesa upp úr gildandi lögum um Hagræðingarsjóð. Greinilegt er að það verður að taka til við að fræða hv. þm. því að hann kann ekkert í þessum málum, bókstaflega ekki neitt. Hann verður sér sífellt til skammar með fáfræði um þetta efni sem hér er verið að ræða. Það segir nefnilega í 9. gr. gildandi laga um Hagræðingarsjóð, hv. 17. þm. Reykv.:

„Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á."

Með öðrum orðum, það er alveg skýrt að ef eigendur skipa fást ekki sjálfviljugir til að taka á sig þessa kvöð að landa aflanum í viðkomandi byggðarlagi og málið leysist ekki þannig, þá er heimilt eftir sem áður að úthluta veiðiheimildunum til byggðarlaganna fyrir lægra endurgjald eða ekkert endurgjald ef það reynist nauðsynlegt (**Gripið fram í:** Hvenær hefur þessu verið beitt?) til þess að tryggja atvinnu í viðkomandi byggðarlögum. (**Gripið fram í:** Hvenær hefur þessu verið beitt?) Það hefur ekki komið til þess af sérstökum ástæðum sem við þekkjum en það breytir ekki hinu að svona hefur þetta staðið í lögum. Þessi möguleiki hefur verið fyrir hendi og þannig var þetta hugsað. Nú gengur sá þingmaður, herra forseti, úr salnum sem kvartar yfir því að hann fái ekki rök. Ég er að reyna að fara hér með rök með því að lesa upp texta í lögum landsins og ég held að hv. þm. ætti að skammast til að hlusta ef hann heldur áfram málflutningi af því tagi sem hann hefur haft í frammi í ræðum og frammíköllum. (**Sjútvrh.:** Þingmanninum hefur þótt þetta rökleysa.) Er það rökleysa, hæstv. sjútvrh., að lesa upp gildandi lög í landinu sem eru alveg afdráttarlaus og taka af tvímæli um það að þessi möguleiki hefur verið fyrir hendi og hann var sérstaklega hugsaður sem öryggisnet undir þau atvik sem upp gætu komið og erfiðast yrði að leysa eða væru óleysanleg með öðrum hætti en þessum? Ég mótmæli því og hafna því að það skuli ekki vera hægt að ræða þessi mál með rökum af þessu tagi við menn ef menn á annað borð hafa áhuga á því að störf gangi með eðlilegum hætti fyrir sig hér á Alþingi. Ég tel að hægt sé að sýna fram á og ég er að gera það, að mínu mati, að það felst stórfelld afturför í þeim breytingum sem hér eru fyrirhugaðar gagnvart sveitarfélögunum og gagnvart afkomuöryggi minni sveitarfélaga, atvinnuhagsmunum fólks í þeim byggðarlögum o.s.frv. Ég held að hv. stjórnarliðum væri hollt að hlusta á það áður en þeir halda heim í sín byggðarlög og þurfa þar kannski að standa fyrir máli sínu gagnvart umbjóðendum í þessum efnum.

Ég ætla líka að fara yfir það, herra forseti, hvers virði hið nýja forkaupsréttarákvæði samkvæmt brtt. meiri hlutans er í raun og veru og óska þá eftir því að hv. 17. þm. Reykv. verði kallaður í salinn item hæstv. félmrh. Það er auðvitað þannig að gagnvart þeim mönnum sem fylgst hafa með í íslenskum sjávarútvegi og fylgst með málefnum sveitarfélaganna á síðustu — herra forseti, það er hvimleitt að hv. 17. þm. Reykv. sem hefur verið jafnfyrirferðarmikill á alla enda og kanta í þessari umræðu skuli ekki tolla í þingsalnum þegar verið er að reyna að svara honum og eiga við hann orðaskipti eða hann sé a.m.k. einhvers staðar þar sem maður geti treyst því að hann heyri það sem verið er að segja. (**Gripið fram í:** Það er engin merking í þessu hjá þér.) Vill hv. frammíkallandi endurtaka þetta. Er verið að segja að það sé engin merking í því að lesa upp gildandi lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og sýna fram á þá algeru fjarstæðu sem hv. þm. hefur haft frammi í umræðum um forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga? Því hvernig er það? Hvernig lítur það t.d. út fyrir sveitarstjórnina í Bolungarvík eða sveitarstjórnina á Húsavík ef menn ætla að koma að þessum lögum samþykktum og segja við þá: Ykkar öryggi felst í því að þið hafið forkaupsrétt að tilteknum veiðiheimildum á fullu markaðsverði. Það mun leysa ykkar mál. Það er stórkostlegt hagsmunaatriði fyrir ykkur, sveitarfélögin, tryggir ykkar stöðu ef illa fer og þið missið veiðiheimildirnar burtu úr byggðarlögunum. Hvernig lítur það út fyrir sveitarfélög sem eru nú þegar komin á hnén vegna byrða sem þau hafa axlað vegna erfiðleika sem atvinnulífið á viðkomandi stað á við að glíma? Eru þegar búin að ganga svo nærri sér að þau eru orðin allt of skuldsett, búin að þurrka upp lánsmöguleika sína og búin að setja óheyrilega fjármuni í að halda þessu sama atvinnulífi gangandi. (**Gripið fram í:** M.a. vegna rangláts kvótakerfis.) Vill ekki hv. þm. breyta því í staðinn fyrir að gera það verra? Ég held að hv. þm. ætti þá að vera maður til þess að gera alvöru úr því sjónarmiði sínu að kvótakerfið sé ranglátt og reyna þá að lagfæra það í rétta átt en ekki gera það verra. (Gripið fram í.) Hann er til reiðu, hv. þm., því að það er nákvæmlega það sem hér er á ferðinni. Ákvæðin um Hagræðingarsjóð og öryggisnetið sem í honum fólst, eins og það var útfært gagnvart byggðarlögunum, var mikilvægur liður í málamiðlun um afgreiðslu laganna um stjórn fiskveiða. Menn sættust á það að vegna þeirrar hættu, sem þeim

var þar einkum þyrnir í augum vegna möguleikans á frjálsu framsali veiðiheimilda, væri sett ákveðið öryggisnet ef illa færi og einstök byggðarlög kynnu að missa burtu obbann af sínum veiðiheimildum. Þá væri hægt að leysa þeirra mál með því að fá skip til að veiða ákveðinn kvóta með kvöð um að landa hjá sveitarfélögunum. Ef það gengi ekki upp væri jafnvel hægt að úthluta þeim veiðiheimildum án endurgjalds til viðkomandi sveitarfélaga. Þannig er skipulagið í dag, hv. 5. þm. Austurl., og það er verið að gera það verra að mínu mati og augljóslega verra með þessu málamyndaforkaupsákvæði.

Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. félmrh. komi í þessari umræðu og svari því hvert er mat félmrn. á möguleikum sveitarfélaganna til að nýta sér þessar forkaupsréttarheimildir, til að leysa vandamál sem kunna að koma upp á næstu mánuðum vegna þess að veiðiheimildir flytjast burt úr byggðarlögum, með því að kaupa í staðinn veiðiheimildir á fullu markaðsverði. Í fyrsta lagi er auðvitað eðlilegt að spurt sé: Í hverju felst hjálpin úr því að sveitarfélögin eiga hvort sem er að borga fullt markaðsverð? Telja menn að sveitarfélögin séu þeir aumingjar að þau gætu ekki sjálf keypt veiðiheimildir á markaðnum og þau þurfi hjálp til þess? Er það bjargræðið? Það skiptir engu í verði væntanlega úr því að þetta er fullt markaðsverð. Hver telja menn að verði staða þessara sveitarfélaga ef þau eiga að greiða fyrir veiðiheimildirnar? Vita menn ekki að Bolungarvík sem fyrir var skuldsett sveitarfélag er að setja að mér skilst 100 eða á annað hundrað millj. kr. í formi ábyrgða og fjármuna inn í fyrirtæki þar á staðnum? Það eru engir smáfjármunir fyrir ekki stærra sveitarfélag. Veit hæstv. félmrh. ekki að Húsvíkingar eru að setja 75 millj. kr. inn í Fiskiðju Húsavíkur? Hvað er það mikið? Það eru 30 þús. kr. á hvert mannsbarn í bænum og margfaldað með 100 þús. sem er íbúatala Reykjavíkur yrðu það 3 milljarðar. Það samsvarar 3 milljörðum kr. ef Reykjavíkurborg setti samsvarandi fjármagn í eitt atvinnufyrirtæki. Ætla menn svo að koma hér í alvöru, hæstv. félmrh. og hv. 17. þm. Reykv., og bera það á borð fyrir okkur þingmenn að það sé mikið bjargræði í því fyrir þessi sveitarfélög að fá til viðbótar einhvern forkaupsrétt á veiðiheimildum á fullu markaðsverði? Þvílíkur málflutningur, segi ég nú, eða vísa á Byggðastofnun, eins og gert er í grg. með frv., og segja að það sé nær að hún sinni svona verkefnum. Ég verð að segja alveg eins og er að svo lágkúrulegan málflutning hef ég ekki lengi heyrt í umræðum um sjávarútvegsmál og byggðamál á Íslandi og hefur maður þó heyrt ýmislegt dapurlegt á undanförnum árum. Þetta er svo úr takt við raunveruleikann, svo úr takt við veruleika líðandi stundar, eins og hann blasir við mönnum úti í þjóðfélaginu, eins og hann hvílir nú á forsvarsmönnum sveitarfélaganna vítt og breitt um landið, að engu tali tekur og það er þeim mönnum til skammar sem umgangast veruleikann með þessum hætti. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. svari þessu úr því að brtt. er hér frá meiri hlutanum komin, varðandi það að leysa þessi mál með forkaupsréttarákvæðum. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. komi og gefi okkur svör um það hvernig hún, hæstv. ráðherra, metur möguleika á aðstöðu sveitarfélaganna til þess að bregðast við í þessu sambandi.

Forsvarsmenn og stjórn Samands ísl. sveitarfélaga voru á fundi í efh.- og viðskn. í morgun og þar spurði ég eftir því hvort sveitarfélögin hefðu tekið saman eitthvert yfirlit yfir það sem einstök sveitarfélög væru nú að leggja í atvinnulífið eða hefðu á undanförnum mánuðum og missirum og árum gert. Því var svarað að það væri að vísu til mjög lausleg úttekt á þessu en engin tæmandi greinargerð væri fyrir hendi um þetta efni. Forsvarsmenn sveitarfélaganna lýstu jafnframt þeirri skoðun sinni að ástæða væri til þess að taka upp þá nýbreytni að sveitarfélögin tilkynntu félmrn. í hverju tilviki um slíkar meiri háttar aðgerðir þar sem ljóst væri að sveitarfélögin í landinu væru að taka á sig gífurlegar byrðar og hefðu gert í erfiðleikum liðinna ára og væru mörg hver að verða nánast ófær um að sinna hlutverki sínu af þessum sökum. Ég fór fram á það að forsvarsmenn sveitarfélaganna gerðu hvað þeir gætu á næstu dögum til að taka slíka greinargerð saman og ég hygg að hún yrði ærið fróðleg þegar það kæmi í ljós hvað sum sveitarfélög hafa gengið nærri sér og hversu miklu það munar orðið um aðstöðu sveitarfélaganna í landinu hvort þau hafa þurft að leggja þannig með atvinnulífinu eða ekki. Tökum t.d. svefnbæina í kringum Reyjavík sem árum saman hafa montað sig af því að þeir hafi ekki þurft að leggja á full útsvör. Og hvers vegna er það? Það er vegna þess að þeir fá heilmikla þjónustu meira og minna ókeypis héðan. Í öðru lagi er það auðvitað vegna þess að þar hafa menn engar byrðar af neinu tagi í líkingu við það sem sveitarfélögin úti um landið hafa þurft að axla á undanförnum árum í stórum stíl vegna atvinnulífsins. Hæstv. sjútvrh. ætti nú að þekkja þetta, t.d. sveitarfélögin á suðurströndinn sem þar fást við sjávarútveg. Ætli það sé ekki þannig að þau hafi þurft að ganga nokkuð nærri sér sum hver, eins og Stokkseyrarhreppur, á undanförnum árum til þess eins að reyna að bjarga og halda gangandi atvinnulífi á staðnum. Þetta eru auðvitað þannig mál að það er ekki hægt að mínu mati að afgreiða þetta frv. eins og stendur til með þessari ávísun á sveitarfélögin sem á sama tíma er verið að ráðast grimmilega á í fjárlögunum og bandorminum og leggja á þungar byrðar einhliða með tilskipunum af hálfu ríkisvaldsins. Síðan á að sleppa billega frá málefnum hvað varðar fiskveiðistjórnunina og Hagræðingarsjóð eins og hér er lagt til. Það nær auðvitað engri átt og ég er ansi hræddur um að það gæti því miður þeirrar fjarlægðar sem virðist vera milli þeirra sem eru að glíma við vandann úti í einstökum byggðarlögum og hæstv. ríkisstjórnar og ráðherra hennar og talsmanna eins og hv. 17. þm. Reykv. Ég er ansi hræddur um að hv. 17. þm. Reykv. mundi ekki tala eins og hann gerir ef hann væri í framboði á Vestfjörðum eða Norðurl. e. og þekkti af eigin raun stöðu sveitarfélaganna í sínu kjördæmi og vissi hvernig staða þeirra væri til þess að taka við þessu gríni, ef ég má kalla þessi forkaupsréttarákvæði svo. Það er auðvitað verið að vísa þessum vanda frá ríkisstjórninni. Það kemur þeim ekki við frekar en

margt annað. „Kemur-mér-ekki-við"-stefnan er hér aftur*gengin*. Það á bara að vera þeirra vandi ef allt fer á hausinn, byggðarlögin missa veiðiheimildirnar í burtu o.s.frv.

Herra forseti. Sjálfsagt kemur hv. 17. þm. Reykv. hér upp og segir að þetta sé allt þvaður. Ég hafi engin rök fært fram og þetta sé *allt misskilningur*, ég hafi skipt um skoðun o.s.frv. Þá er það hans málflutningur, hans merkilega málafylgja í þessu og gott og vel. Það skal þó a.m.k. vera á hreinu að ég hafi gert mitt til þess að reyna að vekja athygli manna á því hversu óráðlega er hér að hlutunum staðið og hversu gersamlega úr takt við aðstæður líðandi stundar í íslenskum sjávarútvegi og íslenskum byggðamálum þessi afgreiðsla málsins er. Samvisku minnar vegna hlýt ég að gera það. Ég hef af fáu meiri áhyggjur, satt best að segja, þessa mánuðina heldur því hversu nærri sér menn eru að ganga í stórum stíl í fyrirtækjunum og í *sveitarfélögunum* til þess að reyna að halda hlutunum gangandi. Vissulega eru það skiljanleg viðbrögð. Menn reyna nánast allt áður en þeir neyðast til að loka fyrirtækjunum og missa veiðiheimildirnar í burtu. Svo er nú komið að menn nánast þurrka sjálfa sig upp að innan áður vegna þess að þeir sjá ósköp einfaldlega að það þýðir við núverandi aðstæður endalok búsetu og byggðar og það þýðir eignaupptöku þess fólks sem á hús sín og rætur í viðkomandi byggðarlögum ef veiðiheimildirnar hverfa í burtu. Þannig erum við Íslendingar búnir að koma málum, og mætti margt um það segja, á ekki lengri tíma, tæpum 10 árum, að örlög *manna ráðast í raun og veru svona*. Það hvort hundruð fjölskyldna, sem kannski hafa alist upp við það og byggt tilveru sína á því að sækja sjó og vinna afla í tilteknu byggðarlagi, fá að gera það áfram, hvort íbúðarhúsið verður einhvers virði eða ekki, hvort þessar fjölskyldur geta *yfirleitt framfleytt sér ræðst kannski* af því hvort einn togari fer á nauðungaruppboð eða ekki. Þetta er ískyggileg staða og ég fullyrði að þetta er að valda mjög hættulegri mismunun og flokkar menn í fyrsta og annars flokks borgara, byggðir í fyrsta og annars flokks sveitarfélög í stórum stíl með þeim hætti að það hlýtur að enda með skelfingu. Auðvitað þarf ekki að fjölyrða um það að aðstaða þeirra sveitarfélaga sem binda sér slíkar drápsklyfjar til þess eins að halda atvinnulífinu gangandi versnar að sama skapi til þess að veita íbúunum þjónuustu. Það verða ekki byggð barnaheimili, það verða ekki malbikaðar götur fyrir þær 75 millj. kr. sem Húsvíkingar eru að leggja núna í fiskiðnaðinn eða 200 millj. kr. sem Bolvíkingar eru að leggja í fiskiðnaðinn. Þeir bæta ekki þjónustuna við íbúa sína, byggja ekki íþróttahús eða gera með öðrum hætti tilveruna ásættanlegri fyrir það fólk sem þarna starfar að *þjóðhagslega mikilvægum* verkefnum. Þetta þarf auðvitað ekki að benda hv. þm. á en það er ljóst að þetta er stórkostlega alvarlegt efni.

Herra forseti. Mér er tjáð að það sé meiningin að ljúka þessum fundi um kl. hálfátta og ég er leiður á því að tæta ræðu *mína endalaust í sundur þannig* að ég hugsa að ég reyni að sjá til þess að ég verði alla vega búinn með þennan sprett fyrir þann tíma. Enda er það svo að það vekur mann til umhugsunar um það hvort það þjóni mjög miklum tilgangi að ræða þessi mál að nánast öllum hv. þm. fjarstöddum. Ástandið hefur reyndar verið þannig í dag að maður getur varla trúað því að það væri verið að ræða eitt af mikilvægustu og afdrifaríkustu málum þessa þings. En samt sem áður er það svo. *Ég efast að mörg stærri mál fari fyrir 115.* löggjafarþing en frv. um Hagræðingarsjóð því að þar er auðvitað komið inn á nánast sjálfan tilverugrundvöll þjóðarinnar með býsna afdrifaríkum hætti ef svo kann að fara. Ástæða væri til að ræða afkomu sjávarútvegsins í tengslum við þetta mál því að það mun að sjálfsögðu hafa sín áhrif á möguleika hans ef það verður yfir hann að ganga að borga 525 millj. kr. á þessu ári, síðari hluta þessa árs, hvort sem hann hefur einhverja peninga til þess eða ekki, þ.e. hvort hann hefur yfir höfuð einhverja möguleika á því að leggja út fyrir slíkum veiðiheimildum. Á fundum í efh.- og viðskn. að undanförnu hefur verið upplýst að staða mjög margra sjávarútvegsfyrirtækja er ákaflega erfið. T.d. er ekki reiknað með því að þau geti mikið greitt af lánum sínum hjá Byggðastofnun og Fiskveiðasjóði við núverandi afkomu, enda í bígerð að skuldbreyta því svo *til öllu*. Þetta *segir auðvitað sína sögu um stöðuna* þarna. Hvernig eiga fyrirtæki sem ekki geta einu sinni greitt vextina, hvað þá afborganir, af þeim lánum sem þau hafa að geta tekið á sig nýjar álögur upp á u.þ.b. milljarð króna eins og fjárlagafrv., Hagræðingarsjóðsfrv. og aðrir fylgifiskar gera ráð fyrir? Satt best að segja gengur það ekki mjög vel upp. Þegar fyrirtæki taka á sig mikinn veltusamdrátt vegna aflasamdráttar, búa við bullandi taprekstur og eru svo illa stödd gagnvart langtímalánum sínum eða skuldbindingum að þau verða að fá þar frest af öllum afborgunum og vöxtum þá velja menn tímann til þess að henda yfir á sjávarútveginn *rúmlega hálfum milljarði í nýjum útgjöldum* af starfsemi sem hann hefur ekki þurft að greiða fyrir áður.

Í þessu máli hefur allt of lítil orka farið í það að ræða sjálft úreldingarverkefnið sem Hagræðingarsjóði var ætlað að sinna öðrum þræði og *ég held* að það hljóti að vera ástæða til þess að eyða nokkrum mínútum í það jafnvel þó að klukkan sé farin að ganga átta, það sé fimmtudagur og það séu fáir í salnum og allt það. Hvað er verið að gera hér gagnvart því sem var tilgangurinn öðrum þræði með þessu bröltí að reyna að koma á hagræðingu í íslenska flotanum og fækkun skipa og samræma betur afkastagetu flotans við núverandi afrakstursgetu fiskstofnanna. Ég held að þar sé verið að stíga mjög varhugavert skref og það merkilega kom í ljós að þegar frv. kom inn í sjútvn. hafði engin undirbúningsvinna verið unnin í því að spá í það hverjir yrðu þá burðir sjóðsins til þess að standa fyrir úreldingu fiskiskipa eftir að búið var að taka af honum allt það fé sem áður hafði verið talið að hann gæti fengið fyrir veiðiheimildir. Eftir standa eingöngu iðgjaldatekjur sjóðsins upp á u.þ.b. 80 millj. kr. á ári. Ég *fór þess vegna fram á það að tekið yrði saman eitthvað* um líklega úreldingarþörf eða úreldingarverkefni í íslenska flotanum á næstu árum. Það varð til þess að

útbúið var minnisblað um þetta, dags. 11. des. 1991, og það segir nú sína sögu um málatilbúnaðinn að slíkt gagn var ekki til. Ekkert hafði verið hugað að þeirri hlið málsins hvað verður þá um hagræðingu í flotanum og úreldingu og fækkun fiskiskipa ef veiðiheimildirnar verða allar teknar til hliðar og seldar til að kosta rekstur Hafrannsóknatofnunar og eingöngu iðgjaldatekjur sjóðsins og eigið fé hans til ráðstöfunar á næstu árum til að úrelda fiskiskip. Þannig lítur dæmið út að á undanförnum áratugum er búið að nurla saman um 600 millj. kr. í eigið fé og eru þar á ferðinni það eigið fé eldri sjóða sem Hagræðingarsjóðurinn yfirtók úr Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og gamla úreldingarsjóðnum. Húftryggingamat íslenskra fiskiskipa er hins vegar um 70 milljarðar kr. Það er dálagleg upphæð. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins sem eru í þessu minnisblaði má gera ráð fyrir því að um 10% af flotanum verði með einum eða öðrum hætti úreld á næstu árum. Þetta þýðir að af 83 ísfisktogurum sem eru með húftryggingarverðmæti upp á rúma 20 milljarða kr. og meðalverðmæti þeirra er 249 millj. kr. má að sögn ráðuneytismanna reikna með að sjö til átta verði úreltir á næstu fimm árum. Það má því samtals gera ráð fyrir því að til greiðslu úreldingarstyrkja fyrir sjö til átta togara fari 350–400 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir því að frystiskip verði úreld en þau eru 23 samkvæmt þessari flokkun að verðmæti um 9,4 milljarðar. Loðnuskipin eru 43, verðmæti þeirra er um 9,7 milljarðar, meðalverð 225 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að þrjú skip hverfi endanlega úr rekstri á næstu fjórum til fimm árum og það kosti 150 millj. kr. Bátar stærri en 100 brúttórúmlestir eru 186 og verðmæti þeirra 21 milljarðar 484 millj., meðalverð 115 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að samanlagðir úreldingarstyrkir til báta stærri en 100 brúttórúmlestir gætu því numið um 600 milljörðum kr. á næstu fimm árum og báta minni en 100 brúttórúmlestir sem eru 606 dekkaðir að verðmæti 8,7 milljarðar gætu numið um 160 millj. kr. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að miðað við þessar úreldingarforsendur eða forsendur um að úrelding fiskiskipa gæti orðið á þennan veg á næstu fimm árum í ljósi þess að úreldingarstyrkurinn verður hækkaður upp í 30% af húftryggingarverðmæti, færu um 1.300 millj. kr. til þess að kosta þessi úreldingarverkefni. Ég hygg að flestir séu sammála um það að þau væru þörf og þó meira væri miðað við núverandi stöðu mála. Þetta er í raun og veru ekki mikil fækkun skipa þegar það er haft í huga að þau sem bætast yfirleitt við á hinum endanum eru bæði stærri og afkastameiri en þau sem fara úr og eru úrelt (Gripið fram í.) en það hefur nú verið þannig hingað til, hæstv. sjútvrh. (**Sjútvrh.:** Það hefur breyst með nýrri ríkisstjórn.) Já, það getur vel verið að það hafi eitthvað lagast og það var alveg orðin þörf á því því að það þýðir lítið að tala um fækkun fiskiskipa og minnkun flotans ef endalaust er gefið eftir með einhverjum teygjum í þeim efnum. Ég get verið sammála því að það hefði mátt setja harðari reglur um stærðarmörk við endurnýjun skipa eða nýbyggingar á undanförnum árum ef það er það sem hæstv. sjútvrh. er að boða. En sem sagt, þetta gæti þýtt 1.300 millj. kr. útgjöld. En hver er staðan? Hún er sú að samanlagt eigið fé Hagræðingarsjóðs og iðgjaldatekjur á næstu fimm árum eru ekki nema 1.000 millj. kr. Þó svo að allt eigið fé verði notað upp og öll iðgjöldin vantar 100 millj. kr. upp á sem úreldingarverkefnin gætu orðið dýrari en tekjumöguleikar plús eigið fé sjóðsins. Það sem mundi þá gerast væri að menn mundu eyða upp öllu eigin fénu, sólunda því í hvelli og þó þeir nýttu síðan alla iðgjaldamöguleikana vantar þá samt upp á 100 millj. kr. Hvert mundu menn þá sækja þær milljónir? Er ekki líklegt að þá kæmi upp þrýstingur á að hækka iðgjöldin í Úreldingarsjóð og þar með nýjar álögur á ferðinni á sjávarútveginn? Menn mundu auðvitað telja mjög slæmt að geta ekki orðið við umsóknum um úreldingu fiskiskipa, a.m.k. við núverandi aðstæður hafandi það í huga að menn hafa yfirleitt talið að það mundi ganga þó nokkuð langt í þeim efnum og það væri til hagræðingar í sjávarútvegi. Miðað við núverandi ástand fiskstofna er ekki hægt annað en viðurkenna það. Að mínu mati hefur þessi hlið mála verið allt of lítið gaumgæfð. Ég leyfi mér því miður að halda það að hefði ég ekki orðið til þess að heimta þessar upplýsingar og krefjast þess að mat væri lagt á það hver úreldingarþörfin gæti verið þá hefðu menn sullað þessu í gegnum þingið án þess að svo mikið sem reyna að reikna þetta út því að þannig var staðan þegar málið var lagt fram. Þannig var hún, hv. 17. þm. Reykv., og vertu ekki endalaust að bera á móti staðreyndum. (Gripið fram í.) Þau lágu ekki fyrir því að þetta var tekið saman að ósk sjútvn. og er dags. 11. des. 1991 og skrifstofustjóri sjútvrn. sagði að þetta lægi ekki fyrir og var reyndar vælandi um hve erfitt væri að reikna þetta út. Ég hygg að hv. nefndarmenn í sjútvn. geti staðfest framburð minn. Sú tilraun var samt gerð sem er góðra gjalda verð, enda eru þeir sæmilega mannaðir í sjútvrn. Það ber að virða það sem vel er gert og brugðust þeir vel við þessari ósk og gerðu í samráði við samábyrgðina og aðra aðila sem upplýsingar hafa á þessu sviði að mínu mati heiðarlega tilraun til þess að slá á þetta einhverju máli og það var strax framför í málinu.

Herra forseti. Það er eitt enn sem ég vil koma á framfæri og það er að ég tel það lagasetningarlegan sóðaskap að vera með þessi ákvæði um sölu veiðileyfa til að fjármagna ríkisstofnanir inni í lögum um Hagræðingarsjóð í ljósi þess hvert stefnir. Ég tel að þá eigi að kljúfa þessi ákvæði upp og hafa annars vegar lög um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem er orðið algerlega óviðkomandi mál þessari stöðu veiðiheimildinna. Þá eigi að fara aftur á bak í það far að til sé Úreldingarsjóður fiskiskipa, sem heiti því nafni, fjármagnaður með iðgjaldatekjum og verkefni hans sé að úrelda fiskiskip. Hins vegar á að koma inn í lögin um stjórn fiskveiða ákvæði um að 12 þús. tonnum af úthlutuðum veiðiheimildum eigi að ráðstafa með þessum hætti sem hér er verið að tala um. Það er hið rökrétta varðandi lagatæknilega uppsetningu þessara mála. Salan á 12 þús. tonna veiðiheimildum og fénýting þeirra í þágu sameiginlegra verkefna sem áður hafa verið er orðið algerlega óviðkomandi mál úreldingu fiskiskipa, eins og

m.a. hefur orðið skýrt af þeirri yfirferð sem ég hef hér farið yfir málefni úreldingarhliðarinnar. Ég vil beina þeim spurningum til hæstv. sjútvrh. hvort hann sé ekki tilbúinn til þess að ljá máls á því að uppsetningu þessara mála verði breytt með þessum hætti.

Þá er það líka á réttum stað að mínu mati þegar hv. Alþingi tekur ákvörðun um það hvort það vilji standa að því að 12 þús. tonn af veiðiheimildum verði tekin og seld með þessum hætti. Þá er best að gera það í tengslum við umfjöllun um lög um stjórn fiskveiða en ekki dulbúa það inn í annars óskyld ákvæði um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem er orðið gersamlega óskylt mál eins og hlutirnir eru hér settir upp. Ég held að það væri hreinlegra og heiðarlegra að horfast þá í augu við staðreyndir málsins að menn eru að taka ósköp einfaldlega tiltekinn hlut af veiðiheimildunum og selja þær til þess að ná peningum í ríkissjóð. Það er það sem er á ferðinni og það á ekkert að vera að blanda því saman við algerlega óskyld mál sem lúta að einhverjum greiðslum til þeirra sem úrelda fiskiskip. En ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að mönnum þyki það þægilegra og pólitískt að blekkja sjálfa sig með því að kalla þetta áfram Hagræðingarsjóð og læða þessu í gegnum lögin heldur en horfast í augu við þetta eins og það raunverulega er.

Herra forseti. Margt fleira mætti um þetta segja og ég vænti þess að hæstv. ráðherrar verði til svara um þessi efni. Ég mun ekki taka því þegjandi að umræðunni ljúki án þess að hæstv. félmrh. svari einhverju til um þau málefni sveitarfélaganna sem hér eiga í hlut og ég hef gert að umtalsefni. Ég ætla að hlífa mönnum við því að blanda mér að þessu sinni inn í umræðurnar um það hvort hér sé á ferðinni fyrsta eða annað skrefið að auðlindaskatti eða ekki auðlindaskatti, veiðileyfagjaldi, kvótaleigu eða guð má vita hvaða nafni það nefnist. Ég er eindreginn andstæðingur þess að veiðiheimildir holt og bolt verði settar á frjálsan markað og verði þar hæstbjóðendum til kaups. Ef það yrði gert með þeim hætti sem mestu öfgamenn í þeim efnum gæla við, þá held ég að það yrði skeflilegt og stórkostlegt sögulegt slys fyrir okkur Íslendinga, a.m.k. miðað við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi og núverandi aðstæður í íslenskum byggðamálum. Það er langt í land fyrir það fyrsta að afkoma í þeirri grein sé neitt í þeim mæli að það væri yfir höfuð réttlætanlegt að standa fyrir þeim breytingum á afkomuhlutföllum í íslensku atvinnulífi sem það mundi hafa í för með sér fyrir utan alla aðra ágalla og hættur sem í því væru fólgnar.

Herra forseti. Mig langaði til af því að hér eru sjávarútvegsmál til umræðu að nefna eitt mál að lokum sem er reyndar að nokkru leyti óskylt en það gefast sjálfsagt ekki mörg færi önnur betri á þinginu og af því að sjávarútvegsmál eru til umræðu leyfi ég mér að nefna það. Það tengist afkomu sjávarútvegsins og stöðu fjölmargra byggðarlaga og ég vænti þess að núv. forseti geri ekki athugasemdir við það þó að ég hreyfi því hér. Það varðar möguleika sjávarútvegsins sem nú eru til umræðu um að nýta sér saltsíldarmarkaði í Rússlandi sem nú má kalla svo á nýjan leik.

Það hefur verið nokkuð til umræðu hvort við Íslendingar gætum komið með vissum hætti til móts við þarlenda með því að auðvelda þeim að eiga við okkur viðskipti um þessa vöru og veita lán samhliða sölusamningum á saltsíld þangað austur. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. ríkisstjórn eindregið til þess að verða við þessum beiðnum og reyna að koma þeim í kring ef nokkur kostur er. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt af ýmsum ástæðum að við reynum að bregðast skynsamlega og mennilega við í þessum efni. Í fyrsta lagi tel ég að við séum að nokkru leyti skuldbundnir þeim aðilum sem við höfum átt við langvarandi og ábatasöm viðskipti sem rekja sig áratugi aftur í tímann og svo merkilega vill til að eiga upphaf sitt að nokkru leyti í hliðstæðum aðstæðum. Fyrrv. sjútvrh. Lúðvík Jósefsson tjáir mér meðal annarra að á sínum tíma komust saltsíldarviðskipti þar austur á að nokkru leyti vegna þess að Íslendingar voru tilbúnir til að lána Sovétmönnum fyrstu árin að verulegu leyti fyrir þeim síldarförmum sem þangað voru sendir fljótlega upp úr stríðinu þegar allt var í rúst og greiðslugeta Sovétmanna ekki mikil. Það kom á daginn og hefur rækilega sannast að þetta var skynsamleg ákvörðun sem menn tóku til að greiða fyrir viðskiptum og opna möguleikana á framtíðarviðskiptum inn á nýjan markað með því að þora að taka vissa áhættu og um áratuga skeið náðu Íslendingar miklum árangri í gegnum þetta farsæla upphaf samskipta við Sovétmenn. Ég hvet þess vegna hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn til þess að reyna að gera það mögulegt að af þessum viðskiptum verði, a.m.k. í einhverjum mæli. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að fullvissa hæstv. sjútvrh. a.m.k. um stuðning minn í því efni. Ég vil gjarnan að það liggi ljóst fyrir að ég fyrir mitt leyti og eftir því sem ég get haft áhrif innan míns flokks er tilbúin til að styðja það að reynt verði að gera þetta þó svo að þarna verði tekin einhver áhætta. Það mundi að sjálfsögðu koma sér vel fyrir okkur að geta áfram nýtt meira en minna af þessum stofni og verka hann til manneldis. Þeir framtíðarmöguleikar sem þetta kynni að opna okkur til áframhaldandi ábatasamra viðskipta þarna í austri, ef menn rísa þar úr rústunum og efnahagur batnar og kaupgeta eykst á næstu árum, væru svo sannarlega mikils virði.

Þessu, herra forseti, leyfði ég mér að skjóta að af því að til umræðu eru málefni sjávarútvegsins. Þetta er eitt af þeim hagsmunamálum sem varðar bæði afkomu í greininni og hagsmuni þess fólks sem við sjávarútveg starfar, ekki síst um austanvert landið. Þar sem forseti hefur ekki gert neinar athugasemdir við þetta hliðarspor í umræðum um dagskrármálið tek ég það svo að við það séu ekki athugasemdir. Enda mun það vera svo að stundum hafi mönnum leyfst að taka jafnvel öllu óskyldari mál til umræðu í hinum og þessum dagskrármálum en þetta var án þess að það væri átalið. Menn eru þó nokkuð slegnir yfir fordæmi því, hinu eina og nýja, sem varð á þinginu fyrir jólin.

Herra forseti. Ég ætla þá að ljúka máli mínu með tilliti til þess að klukkan er senn 7.30 og ákveðið hafði verið að gera þá hlé á fundum. Ég vil ekki halda hv.

þm., þeim sem enn hafa þraukað, lengur en boðað hafði verið. Svo kann að fara að ég sjái ástæðu til að blanda mér eitthvað lítillega í umræðuna síðar. Ég mun þó vonandi fyrr fá að hlýða á svör hæstv. ráðherra, ekki síst hæstv. félmrh. Ég bind nokkrar vonir við að vissar upplýsingar gætu litið dagsins ljós áður en umræðu um þetta frv. lýkur og þá sérstaklega frá Sambandi sveitarfélaga um stöðu sveitarfélaganna í þessu samhengi og þær byrðar sem þau hafa tekið á sig að undanförnu og eru að taka á sig vegna stöðunnar í sjávarútveginum. Ég leyfi mér að spá því að hv. alþm. gætu þótt áhugaverðar þær upplýsingar sem þar koma fram um þær geysilegu byrðar upp á mörg hundruð milljónir kr. sem sveitarfélögin hafa verið að taka á sig sem í sumum tilfellum nema fleiri tugum þúsunda á hvern mannsbarn í viðkomandi sveitarfélögum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég grennslaðist fyrir um það hjá hæstv. forseta hvort mér væri heimilt að veita andsvar við frammíköllum þar sem þau voru drjúgur hluti af ræðu hv. seinasta ræðumanns. Svo mun ekki vera og mun ég þá veita andsvar við ræðu þeirri sem hér var flutt. Ég vil taka það skýrt fram vegna ræðu hans að í sjútvn. kom sérstaklega fram að forsvarsmenn byggðarlaga, þeir sem við fengum á fund okkar, töldu að það væri mjög mikilvægt að halda inni óbreyttu ákvæði um að Hagræðingarsjóður gæti varið allt að helmingi sinna veiðileyfa til byggðarlaga og þá jafnvel án endurgjalds. Jafnvel þótt þessar heimildir hafi ekki verið notaðar, þá eru forsvarsmenn sveitarfélaga og samtaka þeirra sem komu á fund nefndarinnar á einu máli um það að það sé mjög mikilvægt að halda þessu ákvæði inni og það óbreyttu.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði áhyggjur af því að ég kynni að hafa skipt um skoðun, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson gaf í skyn fyrr í dag í ræðu sinni, hvað varðaði sjávarútvegsmálin. Ég skýrði það þá að ég hefði ekki skipt um skoðun og stend enn við þá skoðun sem ég boðaði á Austurlandi í kosningunum og ég boða hér í þinginu um að það verði að gæta hagsmuna byggðanna þegar við hugsum um skipan sjávarútvegsmálanna í landinu og það er tryggt hér.

Í öðru lagi var það hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. landbrh., sem hældi sér af því að vera á móti frjálsri sölu veiðiheimilda á markaðstorgi frjálshyggjunnar, og innleiddi sjálfur þá skipan og hafði forustu fyrir þeirri skipan sem sporgöngumaður frjálshyggjunnar á sviði landbúnaðarins, með því að gera framleiðsluréttinn í landbúnaði að frjálsri söluvöru á markaðstorginu, á markaðstorgi frjálshyggjunnar. Hann hafði þar forustu og hældi sér af. Segir svo að ég hafi verið á móti búvörusamningnum af því að ég vildi gera betur. Það er hárrétt hjá honum. Ég vildi gera betur einmitt í því að tryggja búsetuna, einmitt með því að tryggja framleiðsluréttinn heima í héraði þannig að hann yrði ekki að frjálsri markaðsvöru, frjálsri söluvöru á markaðstorgi frjálshyggjunnar. Það er slæmt að fyrrv. landbrh. skuli ekki hafa skilið það þá. En ég veit að hann er að skilja það núna og skipta um skoðun í þessum efnum eins og mörgum öðrum sem stjórnarandstaðan hefur verið að opinbera að undanförnu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hv. 5. þm. Austurl. fór auðveldu leiðina þegar hann taldi að með því einu að fullyrða að hagsmunir sveitarfélaganna væru tryggðir í þessu máli væri allt í lagi. Ég held að hv. þm. þurfi ekki að skoða hlutina lengi til þess að sjá að það er fjarstæða. Forkaupsréttarákvæði á 25% þessara veiðiheimilda á fullu markaðsverði fyrir sveitarfélög sem þegar hafa gert sig nær gjaldþrota við að reyna að halda atvinnulífinu gangandi eru auðvitað einskis virði, hv. þm. Það væri hv. þm. hollast að viðurkenna til þess að vera ekki endalaust að berja höfðinu við steininn, það fer illa með höfuðið.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. talaði um, að líkja saman fyrirkomulagi annars vegar framleiðslustjórnar í landbúnaði og hins vegar skipan mála í sjávarútvegi, þá er það býsna langsótt satt best að segja, hv. þm., og opinberar mikla vanþekkingu ef annað liggur ekki á bak við af þeirri ósköp einföldu ástæðu að það gilda allt aðrar reglur og allt önnur lögmál í sambandi við hreyfingar þessara mála innan landbúnaðarins. Þar er til að mynda framleiðsluréttarinn bundinn við lögbýli og getur ekki annars staðar verið þannig að kaupsýslumenn í Reykjavík eða fjáraflamenn geta ekki sankað honum að sér. Þar er framleiðsluréttarinn bundinn við jákvæða umsögn landgræðslu til að mynda sem að sjálfsögðu mun ekki leyfa óeðlilega uppsöfnun framleiðsluréttarins miðað við æskilega landnýtingu. Þar gilda fjölmargar aðrar reglur sem tryggja að með allt öðrum hætti hlýtur að fara um þessa hluti heldur en málefni sjávarútvegsins. Auðvitað þarf ekki flókin ræðuhöld til að útskýra það fyrir hv. þm. en auðveldast er kannski að útskýra það með því að sá er munur á jörðum og skipum að skipin geta siglt út úr höfninni, jafnvel hringinn í kringum landið eða til útlanda en jarðirnar eru kyrrar á sama stað og við þær er framleiðsluréttarinn bundinn.

Umræðu frestað.

64. FUNDUR

föstudaginn 10. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar um GATT.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Að formlegri beiðni formanns

þingflokks Framsfl. er hér gerð grein fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í dag um stöðu GATT-viðræðna.

Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi hefur skilað íslensku þjóðarbúi mikilli hagsbót á undanförnum árum. Þannig byggist greiður aðgangur okkar fyrir sjávarafurðir á Bandaríkjamarkaði á árangri fyrri viðræðna og aukin tækifæri á mörkuðum Austur-Asíu byggjast á þeim lækkunum sem væntanlegar eru vegna þessarar lotu. Eins og önnur fámenn ríki með umfangsmikla utanríkisverslun á Ísland mikið undir því að skýrar reglur gildi og öryggi ríki í alþjóðaviðskiptum.

Alþjóðasviðskipti hafa þróast mjög í frjálsræðisátt á undanförnum árum og er það vel. Þegar við upphaf Uruguay-viðræðnanna 1986, á ráðherrafundinum í Punta del Este, var ákveðið að stefna að auknu frjálsræði í viðskiptum um landbúnaðarafurðir.

Hið nýja heildarsamkomulag sem stefnt er að innan GATT mun ná til allra viðskipta með vörur og þjónustu og hefur verið haldið uppi viðræðum í fjöldamörgum samningahópum. Samkomulag um landbúnaðarkaflann er hins vegar forsenda þess að heildarsamkomulag náist og verður hann ræddur nánar á næstunni. Það er ljóst að á fundi viðskiptasamninganefndar GATT hinn 13. jan. nk. verður ekki gengið frá samkomulagi. Ekki er heldur gert ráð fyrir að þar fari fram eiginlegar samningaviðræður heldur verði rætt um starfsfyrirkomulag næstu vikna og mánaða.

Verulegt svigrúm er innan tillagna Dunkels til tollverndar þeirra afurða sem helst gætu keppt við innlenda framleiðslu því að ekki er skylt að lækka tolla af hverri einstakri afurð um meira en 15% ef meðaltalið nær 36%.

Við frekari vinnslu þessa máls á Norðurlandavettvangi og innan viðskiptasamninganefndar GATT í Genf verður lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Unnið verður að því að fá fram þriðjungs lækkun allra tolla á sjávarafurðum til samræmis við aðra vöruflokka. Enn fremur leggur Ísland áherslu á að sambærilegar tillögur og fyrir liggja um lækkun ríkistyrkja til landbúnaðar nái einnig til sjávarútvegs.

2. Ísland mun gera mjög strangar kröfur á sviði heilbrigðiseftirlits vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum. Hér kemur sérstaklega til næmi íslenskra búfjárstofna fyrir smitsjúkdómum vegna langrar einangrunar og er í þeim efnum vitnað til biturrar og dýrkeyptrar reynslu þegar á hefur verið slakað. Ísland ætlast til viðurkenningar á þessum sérstöku aðstæðum.

3. Nauðsynlegt er að leyfilegt sé að framreikna stuðningsaðgerðir miðað við verðbólgu og verðtryggja skuldbindingar, einkanlega í tollaígildum og innanlandsstuðningi. Það er út í hött að sveiflur í verðlagi eða gengi eða skattkerfisbreytingar leiði til þess að sumar þjóðir taki á sig meiri skuldbindingar en aðrar.

4. Íslendingum þykir miður að tillögur Dunkels varðandi niðurskurð útflutningsuppbóta skuli ná svo skammt sem raun ber vitni. Útflutningsbæturnar eru þó sá þátturinn sem hefur verst áhrif á heimsviðskipti. Í tilboði sínu bauðst Ísland til þess að draga úr útflutningsuppbótum um 65%. Íslensk stjórnvöld hafa í millitíðinni ákveðið að stefna að algeru afnámi útflutningsbóta frá haustinu 1992. Ísland mun telja það afturför ef hverfa þarf frá þeirri stefnu vegna þrýstings sem skapast af öðrum ákvæðum í samningsdrögunum. Sú aðgerð að hverfa frá útflutningsbótum er sársaukafull og hefur m.a. í för með sér verulegan samdrátt í landbúnaðarframleiðslu. Ísland kýs hins vegar að halda sig við þessa stefnu en telur að taka eigi tillit til slíkra aðgerða í samkomulaginu og telja það viðkomandi landi til góða. Af þessum sökum telur Ísland að inn í samningsdrögin ætti að koma ákvæði sem hvetji til meiri samdráttar í útflutningsbótum og veita viðurkenningu fyrir slíka aðgerð. Að dómi Íslands er álitlegast að gera þetta með eftirfarandi hætti:

a. Ríki sem skuldbindur sig til þess að afnema allar útflutningsbætur hafi rétt til þess frá þeim tíma sem slík aðgerð kemur til framkvæmda að grípa til magntakmarkana á innflutningi á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á.

b. Þá fjárhæð sem útflutningsbætur eru skornar niður um umfram hina almennu umsömdu prósentu, 36%, skal heimilt að reikna til góða sem sérstakt álag við tollaígildun fyrir þær vörur sem í hlut eiga og/eða sem sérstakar niðurskurðarfríar innanlandsgreiðslur sem bætast við „græna boxið".

5. Studdar verða kröfur um meiri sveigjanleika við skilgreiningu svonefndra grænna greiðslna beint til bænda og áskilið að þær verði ekki bundnar einstaklingum heldur geti þær flust milli bænda og bújarða.

Ekki er enn komið að því að Ísland taki bindandi afstöðu til hins nýja fyrirkomulags heimsviðskipta sem nú eru í smíðum. Verði hins vegar hægt að samræma þau sjónarmið sem taka þarf tillit til innan ramma heildarsamkomulags er óhugsandi að Ísland velji þann kost að standa utan þess. Íslendingar munu sem aðrar þjóðir áskilja sér rétt til að taka afstöðu til samkomulagsins þegar það liggur fyrir í heild í ljósi jafnvægis samningsins og gagnkvæmra hagsmuna aðildarríkja.

Þetta er sú samþykkt sem ríkisstjórnin gerði í dag. Það er verið að fjölfalda hana og ég vona að hún komist til þingmanna sem allra fyrst.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir að gera þingheimi grein fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða þeirri samþykkt sem hún gerði í morgun. Það liggur fyrir að þessi samþykkt verður fjölfölduð og henni dreift til þingmanna. Nú hef ég þá bón fram að færa við frú forseta að hlé verði gert á fundinum stundarkorn þannig að okkur gefist tækifæri til þess að skoða nánar þessa samþykkt og síðan ákveða í framhaldi af því hvert form verður á framhaldi umræðna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun verða við þessari beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v. og gera hlé á þessum fundi í 15 mínútur. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið að samkomulagi milli þingflokks-

formanna og forseta að þessi umræða megi taka allt að einni klukkustund og 15 mínútum þannig að hver þingflokkur hafi allt að 15 mínútum til umráða.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að ræða þessa samþykkt ríkisstjórnarinnar efnislega hér og nú. Ég hef einungis eina spurningu fram að færa til hæstv. forsrh. Hún er um eðli þessarar samþykktar. Ber að skoða þessa samþykkt sem formlegan fyrirvara sem lagður verður fram sem svar ríkisstjórnar Íslands við hugmyndum eða tillögu Dunkels eða ber að skilja þetta sem yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ætluð sé til heimabrúks eða verður henni einungis komið á framfæri sem innlegg í ræðu hæstv. utanrrh. eða formælanda Íslands í þessum umræðum? Þetta er spurning mín til hæstv. forsrh. og áður en umræðan heldur áfram tel ég að það væri mjög nauðsynlegt að fá þetta á hreint.

Jafnframt vil ég óska eftir því að efnt verði síðar í dag til sameiginlegs fundar utanrmn. og landbn. þar sem þessum nefndum í félagi gefist tækifæri til þess að fara yfir þetta mál og fá til viðræðna menn úr ráðuneytum og þá sem hafa komið að samningu þessa svars og fá að líta á þau gögn sem lögð hafa verið til grundvallar við samningu þessarar yfirlýsingar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar er svar, athugasemd, sem formlega verður lögð fram á mánudaginn kemur vegna þeirrar tillögu sem herra Dunkel hefur lagð fram, sem andsvar og fyrirvarar af Íslands hálfu en jafnframt verður þetta plagg notað (**Gripið fram í:** Sem fyrirvari?) já, fyrirvari af Íslands hálfu vegna þess tilboðs sem herra Dunkel lagði fram og þjóðirnar hafa nú til meðferðar. En jafnframt verður þetta plagg notað í dag af hálfu Íslendinga í viðræðum norrænu þjóðanna í Ósló sem eru að móta sína sameiginlegu afstöðu eða ná fram sem víðtækastri samstöðu varðandi það hvernig þær vilji sameiginlega svara þessu tilboði. En óháð því hvaða niðurstaða verður þar, þá stendur þetta plagg sem svar íslensku ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Sem fyrirvari?) Ég held að ég sé búinn að svara þessu alloft, ágæti þingmaður. Ég vona að aðrir heyri betur hér í salnum heldur en þessi virðulegi ágæti þingmaður.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargerð hans til þingsins og svör hans hér áðan og ég vil fagna því að það hefur tvímælalaust orðið mikill árangur af umræðum um þetta mál á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu síðustu daga. Sú afstaða sem hér er kynnt er í grundvallaratriðum önnur og að mínu mati mikið jákvæðari í þágu íslensks landbúnaðar heldur en sú sem hæstv. utanrrh. hafði í umræðum og fjölmiðlum undanfarnar tvær vikur eða svo kynnt og boðað. Hér er með tiltölulega skýrum hætti komið á framfæri, að mínu mati, þeim veigamestu efnisatriðum sem við Íslendingar verðum að fá breytt í þessu samkomulagi til þess að það sé ásættanlegt. Með öðrum orðum er samningsdrögum Dunkels hafnað og það viðurkennt að eins og þau liggja fyrir óbreytt getur Ísland ekki gerst aðili að þessum samningi.

Ég tel að efnislega sé í tölulíðunum 1–5 í samþykkt ríkisstjórnarinnar komið mjög langt í áttina til þeirra sjónarmiða sem sett voru fram hér á Alþingi af fjölmörgum þingmönnum flestra flokka. Ég tel að það séu ekki nema nokkur atriði sem vanti upp á og svo hitt að gera orðalag hvað þessa efnisþætti snertir afdráttarlaust. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh. í framhaldi af því að ég tók orð hans hér áðan sem yfirlýsingu um að þetta yrði lagt fram á forminu „fyrirvari af Íslands hálfu" á mánudaginn kemur. Verður þá ekki samþykktin umorðuð þannig að efnisatriðin sem talin eru upp í liðum 1–5 verði sett fram á forminu fyrirvarar eða skilyrði af Íslands hálfu? Að mínu mati skiptir það mjög miklu máli og ég tek í því efni einnig undir spurningu hv. 1. þm. Norðurl. v. Þessu hlýtur að vera unnt að svara tiltölulega einfaldlega með já eða nei. Ekkert annað hefur frést en að fresturinn til 13. jan. nk., á mánudaginn kemur, standi enn óhaggður sem lokafrestur fyrir einstakar þjóðir til að koma afstöðu sinni og fyrirvörum á framfæri og þess vegna er mjög mikilvægt að skýrt svar komi við spurningunni. Sem sagt, það sé rétt skilið og réttur skilningur á orðum hæstv. forsrh. að þetta verði lagt fram á mánudaginn kemur sem formlegur fyrirvari og þá fært í þann búning umorðað á þann hátt að það sé afdráttarlaust. Ég tek þá einnig sem gefið að Ísland muni ganga í hóp með öðrum þjóðum og EFTA-þjóðunum sérstaklega sem hafa á undanförnum dögum leitað samstöðu um að gera ýmiss konar athugasemdir við þessi drög og hafna þeim óbreyttum og sé sá skilningur minn réttur fagna ég því en bið hæstv. forsrh. gjarnan að staðfesta það.

Enn fremur er það svo og beini þeirri ósk minni til hæstv. forseta að möguleiki verði fyrir hendi til þess að skiptast enn á skoðunum um málið ef þörf krefur að mati forustumanna flokkanna á þriðjudaginn kemur í ljósi þeirra frétta sem þá verða væntanlega komnar frá Brussel.

Að lokum, hæstv. forseti, fagna ég því að málefnalegar umræður á Alþingi og viðbrögð ýmissa hagsmunaaðila úti í þjóðfélaginu hafa skilað miklum árangri og hæstv. ríkisstjórn hefur tekið mikið tillit til þeirra sjónarmiða og skoðana sem þar voru fram sett. Það er mjög mikilvægt og ég treysti því að þau sjónarmið verði virt í framkvæmd og þeim verði fylgt eftir.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að flytja Alþingi munnlega skýrslu um þetta mikilvæga mál. Ég hafði óskað eftir því nokkrum vikum fyrir jól að hæstv. landbrh. flytti slíka munnlega skýrslu þannig að við gætum tekið þetta mál þá til efnislegrar umræðu. Því miður varð ekki af því og eins og hæstv. utanrrh. orðaði það var það af því að ekkert markvert var að gerast í málinu.

Það hefur nú komið í ljós að það er öðru nær og

sem betur fer hefur ríkisstjórnin tekið tillit til þeirrar umræðu sem hefur farið fram á vegum bændasamtakanna og annars staðar í þjóðfélaginu og umræðunnar á Alþingi í þessari viku þar sem kom skýrt fram hver væri vilji yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna.

Í þessum punktum sem hæstv. forsrh. las er komið til móts við ýmsar þær ábendingar sem við höfðum sett fram. En ég get ekki neitað því að ég sakna þess að við skulum ekki jafnframt fá í hendur þau gögn sem ríkisstjórnin hefur notað til þess að vega og meta kosti samningsdraganna fyrir íslenskt þjóðfélag. Ég vil ekki trúa öðru en það hafi farið fram á vegum utanrrn. nákvæm úttekt á því hvernig hvert einstakt atriði í þessum samningsdrögum mundi koma út fyrir íslenskan landbúnað. Þess vegna vil ég taka undir þá ósk, sem er ákaflega mikilvæg, að haldinn verði sameiginlegur fundur í utanrmn. og landbn. þar sem öll þessi gögn verða lögð fram svo að nefndarmenn geti í góðu tómi vegið og metið hvað er á ferðinni.

Ég spurði hæstv. landbrh. að því í umræðum utan dagskrár á þriðjudaginn hvort landbn. yrði ekki kynnt málið áður en efnisleg afstaða væri tekin í því og hæstv. landbrh. gaf afdráttarlaust svar að það yrði gert. Verð ég því að láta í ljós vonbrigði mín að við það skyldi ekki verða staðið áður en þessi gögn voru afgreidd endanlega frá ríkisstjórninni og að mér skilst send út þegar til viðræðna á erlendum vettvangi. En það er ekki fyrr en á mánudaginn sem fundur verður haldinn í GATT-nefndinni og því er tóm til að skoða málið betur fram að þeim tíma. Mér sýnist þó við fljótan yfirlestur að ýmislegt vanti í þessa fyrirvara. T.d. er ekkert sem snertir búgreinar eins og svínarækt, kjúklingarækt og jafnvel garðrækt þannig að þær standa jafnberskjaldaðar eftir sem áður hvað þetta snertir. Vissulega er það íhugunarefni og ég vildi þá varpa fram þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann ætlast til að þessar búgreinar séu þar með felldar niður að meira og minna leyti hér á landi eins og var niðurstaða í áliti Ketils Hannessonar að mundi fara ef þar yrði ekki betur um hnúta búið.

Ég vil einnig benda á að ekki er minnst á lágmarksaðganginn en í lauslegri þýðingu frá aðstoðarmanni landbrh. um samninginn stendur á einum stað að hvað varðar kröfur um aukinn aðgang, lágmarksaðganginn, skal taka fullt tillit til lækkunar skuldbindinga á sviði útflutningssamkeppni. Er ekki ástæða til þess að nota sér þetta, draga úr kröfunni um lágmarksinnflutning á grundvelli þess að við erum nú búin að taka ákvörðun um að fella niður útflutningsbæturnar? Það er því margt sem í hugann kemur, en ekki er tími til þess nú að ræða það frekar en ég vonast til þess að landbn. og utanrmn. skoði málið rækilega þannig að mönnum sé fyllilega ljóst í hvað er verið að stefna og raunverulega fallist á hvað varðar önnur atriði en þau sem fyrirvarar eru settir fram um í samþykkt ríkisstjórnarinnar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það skjal sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram er vissulega spor í rétta átt og til þess fallið að nokkur sátt geti orðið um það sé stefna íslensku ríkisstjórnarinnar ef það hefur þá það gildi sem hann hefur lýst. Þó eru í skjalinu ýmis ákvæði sem ég vil aðeins nefna. T.d. segir í 4. lið að Ísland muni telja það afturför ef hverfa þurfi frá þeirri stefnu sem hér er mótuð vegna þrýstings sem skapast af öðrum ákvæðum í samningsdrögunum, þeim sem Dunkel leggur fram. Hins vegar kjósi Ísland að halda sig við þessa stefnu, þ.e. þá stefnu sem hér á landi hefur verið mótuð í sambandi við útflutningsbætur. Við teljum þetta vera of veikt vegna þess að við teljum að Ísland eigi frekar að þrýsta á að útflutningsbætur séu afnumdar en ekki að við ætlum bara að halda okkur við þessa stefnu. Einnig er of veikt að orði komist í sambandi við hvað aðrar þjóðir geri.

Í a-lið 4. liðar þessa skjals er einnig rætt um að hægt sé að grípa til magntakmarkana á innflutningi á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á. Aðeins eru útflutningsbætur á nýju lambakjöti og ostum að því er mér er tjáð og er þá í raun og veru aðeins verið að tala um að grípa til magntakmarkana á nýju lambakjöti og ostum. Hvað þá með allar aðrar landbúnaðarvörur sem aðrar þjóðir niðurgreiða með útflutningsbótum? Getur ekki verið að hægt sé að flytja inn nýtt lambakjöt unnið á einhvern annan hátt, reykt eða eitthvað verkað, sem yrði markaði okkar ofviða? Þetta er nokkuð þröngt að aðeins skuli eiga að grípa til takmarkana á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á.

Ég vil einnig leggja áherslu á það, sem reyndar kom fram í umræðum utan dagskrár á þriðjudag, að þau samningsdrög, sem lögð hafa verið fram þar sem innflutningur á búvörum er leyfður, eru alls ekki á jafnréttisgrundvelli vegna þess að við erum komin miklu lengra í því að afnema niðurgreiðslur okkar og útflutningsbætur en margar þær þjóðir sem við eigum von á að fá innflutning frá. Við höfum líka náð nokkurri samstöðu um þann búvörusamning sem liggur fyrir til framkvæmda frá því í vor. Með því að samþykkja þau drög sem liggja fyrir vérum við að breyta landbúnaðarstefnu okkar. Eins og ég sagði áðan stefnum við að því að afnema útflutningsbætur á næsta hausti en samkvæmt þessum samningsdrögum ætla aðrar þjóðir alls ekki að gera það.

Ef samningsdrög yrðu samþykkt þyrftum við frekar að taka upp beina styrki. Við yrðum að taka upp meira af þeim styrkjum sem yrðu ekki framleiðslutengdir eins og það er orðað. Í því sambandi get ég nefnt t.d. jarðræktarframlög sem á fjárlögum þessa árs var samþykkt að yrðu engin á yfirstandandi ári, þannig að við yrðum líka að breyta gersamlega um stefnu í því að taka upp þá styrki sem við höfum verið að vinna að að minnka og fella niður.

Líka má geta þess að framlag til Framleiðnisjóðs sem átti að vera 700 millj. kr. var á fjárlögum ársins lækkað í 340 millj. kr. eða um helming þannig að við höfum verið að lækka umtalsvert eða afnema beina styrki sem þyrftu aftur á móti að vera í gangi og þyrftu að vera samkvæmt fjárlögum eftir því sem samnings-

drögin segja þannig að þarna eru tvö atriði þar sem við yrðum gersamlega að breyta um stefnu.

Á undanförnum fundum, sem hafa verið haldnir úti um landið hefur líka verið oft rætt um að verð til neytenda mundi lækka. Reyndar hefur komið í ljós í umræðum að svo mun e.t.v. alls ekki fara vegna þess að þær vörutegundir sem við þurfum að halda áfram að flytja inn munu trúlegast hækka í verði, vörur eins og brauð og brauðvörur, og hafa þar af leiðandi áhrif á hækkun verðs til neytenda. Að ég tali ekki um þau áhrif á búsetu og atvinnu sem þessi samningur getur haft.

Eins og ég sagði í upphafi tel ég að þetta plagg sem er komið fram í þinginu sé spor í rétta átt og sýni að sá þrýstingur sem myndast hefur undanfarna daga hefur ekki verið árangurslaus en ég vil ítreka að við höfum ekki séð samninginn í heild sinni. Við erum að ræða um landbúnaðarkaflann. Við höfum ekki séð GATT-samninginn í heild sinni, þann samning sem búinn er að vera í undirbúningi í sex ár. Inni í honum geta verið ótalmörg atriði og ótalmargir þættir sem við þurfum að skoða líka. Sú skýrsla sem lögð var fram rétt fyrir jólin er nánast ónothæf. Ég geri ráð fyrir að flestir hv. þm. geti verið mér sammála um að það stofnanamál sem þar er sé nánast ekki fyrir nokkurn einasta mann að skilja. Til að skilja hana þyrfti mjög mikla yfirlegu og reyndar lýsti sá, sem reyndi að fara yfir skýrsluna fyrir Búnaðarfélag Íslands og koma henni á mannamál, yfir að það væri ekki hlaupið að því. En öðru hefur ekki verið dreift af hálfu utanrrn. og engir útreikningar hafa farið fram á því hvaða áhrif landbúnaðarkaflinn sem við höfum verið að ræða, hefur á ýmis atriði í þjóðfélaginu, verð, búsetu og fleiri og fleiri þætti. Það hefur enginn útreikningur, engar tölur eða úttekt komið fram um þetta þannig að við vitum ekkert hvaða áhrif þessi samningur né allir aðrir þættir þessa samnings geta haft. Náðst hefur árangur með þessum umræðum undanfarna daga í sambandi við það að koma sjónarmiðum okkar í landbúnaðarmálum á framfæri. Ég vænti þess ef samningurinn yrði lagður fram í heild sinni væru Íslendingar betur í stakk búnir til að vita um hvað málið fjallar í heild. En ég fagna því að þetta skuli vera komið fram og að sjálfsögðu munum við fylgjast vel með framvindu næstu daga hver staða málsins verður þá.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið furðu margra sem þetta mál þekkja, bæði innan lands og utan, að Ísland hefur ekki tekið þátt í samstarfi margra EFTA-ríkja til að fá þessum samningsdrögum um GATT breytt. Jafnvel hefur verið hringt til Íslands og spurt eftir því hvernig í ósköpunum standi á því að Íslendingar taki ekki þátt í samstarfi Austurríkis, Sviss, Noregs, Kanada og fleiri ríkja sem hafa verið að reyna að koma á framfæri leiðréttingum og mikilvægum breytingum á GATT-samningadrögunum en engin skýring hefur fengist á þessu. Íslendingar hafa sagt pass og ekki hreyft sig. Það var greinilegt að hæstv. utanrrh. ætlaði sér að haga málum á þann veg að Íslendingar kæmu hvergi nærri þessum málum og beitti sér ekki fyrir neinum breytingum á þeim drögum sem fyrir liggja. Í samræmi við þetta hefur hæstv. utanrrh. leyft sér á Alþingi að halda uppi málflutningi sem hefur verið með miklum endemum. Hann hefur sagt að íslenskir bændur hefðu ekkert að óttast, það hefði verið samstaða um tilboð sem lagt hafi verið fram fyrir einu ári og þau samningsdrög sem nú liggja fyrir séu síst verri en það sem fyrir lá fyrir einu ári. Ég hygg að flestir hv. þm. hafi heyrt hæstv. utanrrh. halda uppi málflutningi af þessu tagi, bæði í fjölmiðlum og í þinginu. Auðvitað var þetta hin mesta blekking og auðvitað var hin mesta þörf á því að fram kæmi skýr afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu máli, skýrir fyrirvarar. Ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið á sig rögg og hefur tekið á þessu máli. En maður spyr sig að því, hefði ríkisstjórnin hreyft sig ef bændasamtökin hefðu ekki tekið málið upp? Hefði ríkisstjórnin hreyft við þessu máli yfirleitt? Hefði ekki tíminn verið látinn líða ef bændur hefðu ekki efnt til funda og vakið máls á þessum örlagaríku dögum sem nú eru að líða og eru seinustu dagarnir til þess að koma athugasemdum á framfæri. Mér er það mjög til efs og ég þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í því að vekja athygli á þessu máli og þá auðvitað alveg sérstaklega forustumönnum bændasamtakanna sem brugðust fljótt við og hafa auðvitað með málflutningi sínum og þungum rökum komið þessu máli í alveg nýjan farveg.

Ég vil taka það fram að yfirlýsingin sem fyrir liggur er vissulega ekki tæmandi og þar eru atriði sem mættu gjarnan vera með. Ég hefði talið rétt að nefna þar hvíta kjötið, ég hefði talið rétt að nefna muninn á því hvort miðað er við cif- eða fob-verð sem er munur sem getur verið mjög örlagaríkur í þessu máli. Auðvitað hefði verið æskilegt að þar hefði verið almennt öryggisákvæði sem snertu þjóðarhagsmuni Íslendinga, að við gætum gripið í taumana ef þörf krefði. Ég minni á að Bandaríkjamenn ætla sér að hafa slíkan fyrirvara af sinni hálfu og eitt mesta deilumálið núna í GATT er einmitt að Bandaríkjamenn vilja hafa slíkan almennan fyrirvara en Evrópubandalagið hefur verið tregt til að fallast á það. Hvers vegna skyldum við ekki hafa slíkan fyrirvara líka? Hvers vegna skyldu Bandaríkjamenn einir mega setja slíkan fyrirvara?

Ég ítreka svo að afar mikilvægt er að afstaða ríkisstjórnarinnar komi fram með formlegum hætti sem fyrirvari af Íslands hálfu. Það getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu málsins, það getur haft veruleg áhrif á það hvort við getum skapað okkur sérstöðu í málinu og það getur haft veruleg áhrif ef við gerumst aðilar að þessum samningi og seinna kemur til einhverra málaferla eða illdeilna um framkvæmd samningsins að við höfum mótað þá afstöðu okkar þegar í upphafi á sem allra skýrastan hátt. Fyrirvari hefur sem sagt margþættan tilgang og hann verður að koma fram á skýran hátt af Íslands hálfu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur komið berlega í ljós að sú þunga undiralda sem hefur verið í þessu máli síð-

ustu daga hefur hér unnið nokkurn áfangasigur. Ég vil ekki kveða fastar að orði. En þegar áfangasigur er unninn er það oft þannig að einhver hefur orðið undan að láta og beðið í lægra haldi og það fer ekkert á milli mála hverjir það eru í þessu máli. Það er Alþfl. sem hefur orðið að láta undan. (**Gripið fram í:** Þeir eru allir fjarverandi.) Virðulegi þingmaður, ég ætlaði að koma að því líka að enginn fulltrúi þess flokks er við þessa umræðu og það vekur satt best að segja verulega athygli. En það er ekkert undarlegt í því ljósi að eitt meginatriðið sem kemur fram í þessu plaggi ríkisstjórnarinnar hrekur algerlega þann málflutning sem hæstv. utanrrh. hafði hér uppi í utandagskrárumræðunni um þátt útflutningsbóta í þessu tilboði. Ég vil í öðru lagi, virðulegur forseti, benda á það að þó hér hafi unnist nokkur áfangasigur þá verðum við að halda vöku okkar. Og því miður verðum við enn að treysta á að við höfum nokkurt hald í þeim þjóðum sem við komum til með að hafa samflot við varðandi þá fyrirvara sem verða gerðir.

Ég ætla einnig að nefna að ég vil taka skýrt fram að í mínum huga er það alveg ljóst að við hljótum áfram að verða GATT-þjóð. Þess vegna eru allir tilburðir hér innan lands í þá veru að reyna að koma því inn að talsmenn íslensks landbúnaðar séu gegn slíku af hinu illa. Og það er fátt mikilvægara fyrir framgang þessa máls en að áfram náist breið samstaða meðal hagsmunaaðila í þjóðfélaginu um að viðhalda hér öflugum landbúnaði. Ég álít að það eigi að vera hægt. Þeim sjónarmiðum á að vera hægt að vinna brautargengi ef áfram verður unnið í málinu af fullum þunga og ríkisstjórninni áfram veitt það aðhald sem hún þarf. Vegna þess að þrátt fyrir þetta skjal stendur það eftir að áfram er framkvæmdin á alþjóðasviðinu í höndum hæstv. utanrrh. Og á þeim vettvangi verður að taka á málinu á annan hátt heldur en með þeirri lausung sem verið hefur á málinu fram undir þetta.

Ég sé mér til mikillar ánægju að hér er kominn einn fulltrúi Alþfl. í salinn þannig að umræðan leið ekki án þess að nokkur þeirra léti sjá sig.

En að lokum, virðulegur forseti, þá legg ég áherslu á að endanlegar lyktir þessa máls ráðast ekki erlendis. Þær ráðast ekki af þeim samningi sem endanlega verður væntanlega gerður innan GATT sem ég treysti að verði í öðru formi en tilboð Dunkels. Endanlegar lyktir ráðast af framkvæmd landbúnaðarstefnunnar innan lands. Ef lyktir eiga að verða farsælar þá verður að halda Alþfl. frá þeirri stefnumótun eins og okkur er að takast í þessu máli núna.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Auðvitað ber að fagna því að einhver tillögugerð í þessu máli fór fram af hálfu ríkisstjórnarinnar þó það væri alllengi nokkuð óljóst í máli hæstv. forsrh. hvort hér væri um að ræða svar eða formlegan fyrirvara. Ég geri mér vart grein fyrir því enn þá eftir ræðu hans hvort heldur var. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh.: Lítur hann á þessa tillögu ríkisstjórnarinnar sem formlegan fyrirvara í málinu? Ég vil enn fremur spyrja þar sem viðskrh. landsins er hér mættur og ann áreiðanlega íslenskum iðnaði sem var í verulegri hættu, hvort hann líti á þessa tillögu ríkisstjórnarinnar sem nú liggur fyrir sem formlegan fyrirvara í málinu. Verður hann lagður fram sem formlegur fyrirvari?

Auðvitað er það svo að viðbrögð þjóðarinnar síðustu daga við tillögum Dunkels hafa verið harkaleg, ekki bara á meðal bænda og meðal verkalýðsfélaga heldur ekki síður meðal sveitarstjórnarmanna. Það bera bréfin í hólfum þingmanna með sér þessa síðustu daga. Menn verða nefnilega að gera sér grein fyrir því að þær tillögur sem Dunkel gerði á dögunum og hér er fjallað um mundu þýða dauðadóm fyrir landbúnaðarframleiðslu í landinu. Bændur yrðu settir í spennitreyju sem smátt og smátt mundi þrengja að þeim. Til þess að nefna dæmi ætla ég að segja ykkur frá því að nú fá bændur um 50 kr. fyrir hvern lítra af mjólk en að sex árum liðnum fengju þeir aðeins 30 kr. Launaliðurinn væri gjörsamlega horfinn. Ég vænti þess að menn geri sér grein fyrir alvöru þessa máls. Það mundi rústa, ekki bara landbúnaðinn heldur iðnaðinn og skapa hér þúsundaatvinnuleysi. Þess vegna er hér mikið alvörumál á ferðinni.

En hér hefur það gerst að hæstv. landbrh. hefur því miður brugðist landbn. í þessu máli. Ég vil spyrja hann: Hvers vegna stóð hann ekki við það fyrirheit sem hann gaf í þessum ræðustól að kalla til landbn. og leyfa henni að fylgjast með framgangi þessa máls? Ég hélt að hann bæri það mikla virðingu fyrir þingræðinu og breyttu þinghaldi að hann vildi eiga samráð við landbn. Hvers vegna hafði hann ekki samráð við landbn. Hvers vegna hafði hann ekki samráð við hana? Átti hann samráð við formann nefndarinnar? Þetta er mikilvægt að fá hér upplýst.

Það er líka dálítil spurning og mikilvægt að vita hvers vegna málið stóð allt í einu núna í þessum flöskuhálsi. Hæstv. utanrrh. sagði fyrir jólin að ekkert væri að gerast í GATT-málinu. En núna laust eftir áramótin eru lokadagar. Því er mikilvægt að forsrh. upplýsi hvort hann hafði hugmynd um gang málsins úti í heimi. Ég hef utanrrh. grunaðan um svik í þessu máli. Hann hefur legið á upplýsingum til að koma málinu í þessa tímaþröng svo Íslendingar kæmu ekki sínum fyrirvörum fram.

Ég vil þó sérstaklega fagna einu í þessum tillögum ríkisstjórnarinnar, en það er ætlun ríkisstjórnarinnar að gera nú skýlausa kröfu um það í GATT-viðræðunum að ríkin sem eiga þar aðild falli frá styrkjum í sjávarútvegi. Á því máli eigum við að hamra, það er okkar styrkur. En hér er hv. formaður utanrmn. sem er einn mesti lögspekingur þingsins, hæstv. forseti, og ætla ég að spyrja hann einnar lítillar spurningar. Álítur hann að GATT sé orðið að yfirþjóðlegri stofnun? Hér tala þingmenn með þeim hætti að menn verði annaðhvort að taka allt eða ekkert. Ég hef haldið að GATT væri með þeim hætti að þar koma þjóðirnar inn á sínum forsendum. Þær taka þátt í þessum pakka en ekki hinum. Ég vænti þess að hv. formaður utanrmn. upplýsi hvort hann álíti að GATT sé orðið að yfirþjóðlegri stofnun.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég taldi mig hafa áður sagt að hér er um að ræða þær athugasemdir og þá fyrirvara sem Ísland gerir við tilboð herra Dunkels sem kom fram að ég hygg fyrir aðeins 20 dögum síðan. Varðandi uppsetningu á því plaggi þá á ég von á að það verði notað eins og það er en vek athygli á því að nánast er plaggið inngangur, almennur inngangur að þessum athugasemdum sem koma síðan neðst á fyrstu síðunni og ganga síðan út plaggið. Hér er um að ræða þær athugasemdir og þá fyrirvara sem Ísland setur gagnvart því tilboði sem til umræðu er. Og ég vek reyndar athygli á því að í 2. tölulið er um að ræða í rauninni meira en fyrirvara því þar er sagt ótvírætt að Ísland muni gera mjög strangar kröfur á sviði heilbrigðiseftirlits vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum nánast hvernig sem alþjóðlegir samningar verða um það efni vegna þess að sú er sérstaða landsins að við hljótum að gera mjög strangar kröfur á sviði heilbrigðiseftirlits varðandi þessi matvæli. Ég vildi ítreka þetta vegna þess að það mun ekki hafa komið nægilega skýrt fram í mínum orðum áður með hvaða hætti við lítum á þá samþykkt sem gerð hefur verið.

Landbrh. mun hins vegar fara út í önnur efnisatriði sem rædd hafa verið af hálfu ýmissa þingmanna. Ég vil þó taka fram vegna athugasemda hv. 6. þm. Vestf. að ég lít þannig á að heimild sú, sem við teljum að þurfi verði að vera fyrir hendi í a-lið varðandi magntakmarkanir á innflutning á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á, eigi bæði við um kindakjöt og mjólkurafurðir almennt, ég skil það svo.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það mátti vel heyra að sá undirtónn sem var í þessum umræðum nú var allt annar en þegar GATT-viðræðurnar bar síðast á góma hér í hinu háa Alþingi og greinilegt að alþingismenn telja að þær athugasemdir og þeir fyrirvarar sem felast í samþykkt ríkisstjórnarinnar í dag gangi í höfuðdráttum í þá sömu átt og um hefur verið talað og þeir hafa kosið þó ég geri mér auðvitað grein fyrir því að alltaf má bæta einni setningu við og lengi mætti til tína áður en hv. þm. eins og minn góði vinur hv. 3. þm. Norðurl. v. yrði að fullu og öllu ánægður með það sem íhaldið gerir.

Ég sé ástæðu til að víkja að nokkrum efnisatriðum. Ég vil fyrst víkja að því sem hann hélt hér fram að við hefðum ekki tekið þátt í samstarfi Norðurlandanna til að koma fram leiðréttingum og sagði að við hefðum sagt pass og ekki hreyft okkur í sambandi við Kanada-tillöguna á þeim fundi sem haldinn var í desembermánuði sl. Þetta er ekki rétt. Fulltrúar landbrn. voru hafðir með í ráðum og hafa jafnan mætt á fundum þegar þeir hafa verið kallaðir til af landbúnaðarráðuneytum annarra Norðurlanda og það hefur verið bæði samband og samráð milli landbrn. Íslands og annarra Norðurlanda. Ég vil líka að það komi skýrt fram að það hefur verið, síðan ég settist í stól landbrh., fullt samráð og mjög gott samband vil ég segja við forustumenn bænda þannig að undan því hefur ekki verið kvartað við mig að minnsta kosti. Ég stend því í þeirri meiningu að það sé síst lakara en áður var.

Við Íslendingar áréttuðum í desember þá fyrirvara sem við höfum áður gert. Við höfum ekki kallað til baka það tilboð sem síðasta ríkisstjórn lagði fram á haustdögum 1990 og finnski fulltrúinn lýsti yfir sameiginlegum fyrirvörum okkar við lokaumræðurnar í Genf nú í desembermánuði eins og fram hefur komið á fundum með landbrn. og fulltrúum bændasamtakanna. Þannig er alveg ljóst að við höfum viljað fylgjast með þessum umræðum. Við höfum lagt áherslu á samstarf við önnur Norðurlönd og það er ekki rétt sem hér var sagt að við hefðum sagt pass og ekki hreyft okkur þegar þessi mál hefur borið á góma innan GATT.

Það hefur verið að okkur vikist fyrir það að við skyldum ekki hafa gerst tillögumenn að Kanada-tillögunni. Auðvitað er erfitt að meta það hverju sinni hvernig menn ná best sínum hagsmunum. Kanada-tillagan gekk út á það að við gætum verið með innflutningstakmarkanir á þær vörur sem væru með framleiðslutakmarkanir og fleiri ákvæði voru þar en hefði ekki verið fullnægjandi fyrir okkur eins og þær kröfur eru settar fram núna. Á hinn bóginn hygg ég að hv. þm. hljóti að viðurkenna að sá fyrirvari og sá rökstuðningur sem er í þessari samþykkt varðandi innflutningstakmarkanir eru á öðrum forsendum og sterkari en áður hefur komið fram af okkar hálfu. Hér er lögð áhersla á að þær þjóðir sem leggi niður útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir hafi heimildir til að verja sinn heimamarkað með öðrum hætti og strangar en aðrar þjóðir sem kjósa að hafa hlaup inn á aðra markaði. Og þá skulum við kannski reyna líka að átta okkur á því að það er síður en svo vegna þess að menn vilji landbúnaðinum illt eða sé illa við bændur sem þeir reyna að koma sér saman um frjálsari viðskiptahætti með landbúnaðarvörur á jafnvíðtækum grundvelli eins og gert er innan GATT. Það er þvert á móti viðurkenning á því að of mikill opinber stuðningur við þessa framleiðslu hefur leitt til offramboðs sem aftur hefur kallað fram niðurboð á landbúnaðarvörum á alheimsmarkaði og þannig komið í veg fyrir eðlileg alþjóðaviðskipti með landbúnaðarvörur. Það er auðvitað viðleitni til að sporna gegn þessu sem er ráðandi um það að í GATT-viðræðunum nú er lögð höfuðáhersla á að ljúka kaflanum um landbúnaðarmálin.

Þegar menn spyrja um þá fyrirvara og það innihald sem felst okkar tillögum vil ég vekja athygli á að við segjum hér á einum stað: „Samkomulag um landbúnaðarkaflann er hins vegar forsenda þess að heildarsamkomulag náist og verður hann ræddur nánar á næstunni.“ Við tökum fram í niðurlagi: „Ekki er enn komið að því að Ísland taki bindandi afstöðu til hins nýja fyrirkomulags heimsviðskipta sem nú eru í smíðum.“ Auðvitað geta menn ekki í miðjum samningaviðræðum, í miðri lotu að svo umfangsmiklum samningi, svarað til hlítar ýtrustu spurningum sem eru bornar fram með því hugarfari að gera tortryggilegt það sem að er unnið. En ég vil á hinn bóginn minna á að þeir sömu menn sem hér hafa mest gagnrýnt að ég skuli

ekki hafa átt nánara samstarf við landbn. en raun ber vitni kusu það á síðasta kjörtímabili að halda Sjálfstfl. utan við viðræður við Evrópubandalagið. Það er meira að segja svo enn þann dag í dag ef maður óskar eftir að fá til fullnustu upplýsingar um hvers eðlis tillaga síðustu ríkisstjórnar var í GATT-viðræðunum haustið 1990 þá ber fyrrv. ráðherrum ekki saman. Mér er raunar sagt að ekki sé að finna þau fylgigögn með því tilboði sem þó er sagt í tilboðinu að fyrir liggi. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. geti líka rifjað upp að það fór lítið fyrir þessu tilboði og þeirri vinnu sem á bak við það lá fyrir síðustu kosningar. Má raunar segja að hið sama hafi átt við um aðdragandann og vinnuna að því að ná sómasamlegri niðurstöðu í sambandi við hið Evrópska efnahagssvæði. Þá hafði fyrri ríkisstjórn kosið að sitja hjá þegar landbúnaðarmál voru rædd og það var ekki fyrr en eftir stjórnarskiptin sem fulltrúar landbúnaðarins mættu á þeim fundum sem þau mál varðaði og það mál var með formlegum hætti tekið upp milli bændasamtakanna og landbrn. Ég vil að þetta komi fram vegna þeirra aðfinninga sem hér hafa komið fram frá einum hv. þm. um að við höfum ekki hreyft okkur í sambandi við samstarf Norðurlanda og þær umræður sem hafa átt sér stað um nýjan GATT-samning.

Ég tek auðvitað undir það sem hér hefur verið sagt af ýmsum alþingismönnum að okkar afstaða felur það ekki í sér að landbúnaðurinn skuli áfram vera í sömu framleiðslu- og markaðsviðjum og hann hefur verið. Ég lýsti því yfir á fundi Stéttarsambands bænda á sl. hausti að það væri óhjákvæmilegt fyrir bændur að búa sig undir að rýmkað yrði um þau innflutningshöft sem væru á landbúnaðarvörum. Og það vakti raunar sérstaka athygli mína að ýmsir bændur, sem njóta mikils trausts í sínum héruðum, tóku undir þessi sjónarmið og lögðu m.a. ríka áherslu á að borin von væri að neytendur sættu sig til lengdar við bann við innflutningi á landbúnaðarvörum nema það tækist að ná fram verulegri lækkun á þeim. Það er af þessum sökum og líka vegna alþjóðlegra samninga GATT og ýmislegs annars sem nú ríður á því að reyna að ná fram þeirri hagræðingu í vinnslustöðvum landbúnaðarins sem hefur verið boðuð bæði af eigendum vinnslustöðva og af bændasamtökunum á undanförnum árum. Hins vegar eru þar ýmis ljón í veginum sem koma í veg fyrir að hægt sé að vinna að því verkefni eins hratt og menn hefðu kosið og skal ég ekki víkja nánar að því í þetta skipti.

Ég held, hæstv. forseti, að menn eigi ekki að gera lítið úr þeirri samþykkt sem hér liggur fyrir, hún er veganesti fyrir fulltrúa ríkisstjórnarinnar á þeim fundi sem einmitt á þessari stundu er haldinn í Ósló þar sem Norðurlandaþjóðirnar skiptast á skoðunum og ræða hvort þeim takist að ná samkomulagi um sameiginlega yfirlýsingu innan GATT eða hvort einstakar þjóðir sjái ástæðu til að gera sjálfar grein fyrir sínu máli. Auðvitað er ekki vafi á því að rödd okkar yrði sterkari ef okkur tækist að ná samstöðu um hagsmuni okkar við aðrar Norðurlandaþjóðir en Dani. Ég skal ekki segja um hvernig það gengur en við höfum reynt að undirbúa þennan fund eins og við höfum getað. Afstaða ríkisstjórnarinnar liggur fyrir og með sterkri viljayfirlýsingu og þeim fyrirvörum sem felst í samþykkt ríkisstjórnarinnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi mótmæla því sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. að hæstv. utanrrh. hefði haldið á þessu máli af lausung, eins og mér heyrðist hann orða það hér áðan. Þetta er fjarri öllu lagi eins og sú samþykkt, sem hæstv. forsrh. kynnti hér við upphaf þessarar umræðu, ber órækan vott. Samþykktin, sem ber að skilja, eins og fram kemur í henni sjálfri, sem erindisbréf þeirra embættismanna sem fara með þetta mál fyrst á vettvangi samstarfs Norðurlanda og síðar sem samninganefnd Íslands í viðskiptasamninganefnd GATT í Genf á þeim fundi sem hefst á mánudag, sýnir mjög glöggt að þarna hefur verið gætt mikilvægustu atriðanna sem varða íslenska hagsmuni. Í fyrsta lagi ítrekum við það sjónarmið okkar að unnið verði að því að fá fram tollalækkun á sjávarafurðum sambærilegri við þá sem gildir um aðra vöruflokka, bæði á sviði iðnaðar og landbúnaðar. Og ekki síður að okkar afstaða sé ítrekuð að einnig skuli stefnt að því að lækka ríkisstyrki á sviði sjávarútvegsins þannig að Íslendingar fái að njóta yfirburða sinna í framleiðslu á sjávarvörum á alþjóðavettvangi. Þetta er framtíðarmálið. Um leið ber samþykktin þess líka glöggan vott að allt hefur verið gert sem hugsanlegt er innan ramma þessara viðræðna til að gæta hagsmuna íslensks landbúnaðar á eðlilegan hátt um leið og hagsmuna neytenda er gætt. Þarna er reynt að gera það sem gera þarf til að taka tillit til sérstöðu Íslands vegna einangrunar bústofna hér á landi. Þarna er líka drepið á það sem ekki er sama eðlis en þó mjög mikilvægt að við höfum farið fram úr öðrum þjóðum í lækkun útflutningsstyrkja með þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið um að fella útflutningsbæturnar niður næsta haust. Við munum að sjálfsögðu halda því fast fram að við fáum viðurkenningu á þessu í öðrum þáttum í framkvæmd þessa samkomulags.

Ég vil að lokum ítreka það sem fram hefur komið að við erum hér ekki að tala um formlega fyrirvara enda liggur ekki fyrir samningur eða samkomulag. Við erum að tala um þau sjónarmið sem talað verður fyrir í frekari vinnslu málsins. Fyrst á vettvangi Norðurlandasamstarfsins, síðan í samningunum í samninganefnd GATT. Þetta segir sig alveg sjálft þegar menn skoða þennan texta og er mjög mikilvægt að menn hafi skýrt fyrir hugskotssjónum. Því eins og kemur fram í lokaorðum þessarar samþykktar þá er enn ekki að því komið að Ísland taki bindandi afstöðu til hins nýja samkomulags. Við munum eins og aðrar þjóðir áskilja okkur rétt til að taka afstöðu til samkomulagsins þegar það liggur fyrir í ljósi þess jafnvægis sem gagnkvæmir hagsmunir aðildarríkja að samkomulaginu munu ná. Þetta er að sjálfsögðu það sem hver maður getur lesið í þessari samþykkt. Ef menn vilja kalla þetta fyrirvara þá geta þeir gert það því við munum tala mjög ákveðið fyrir þessu máli. Ég bendi sérstaklega á að þarna eru hlutir eins og þeir sem varða

strangar kröfur á sviði heilbrigðiseftirlits og minni á það sem fram kom hér í umræðunum um málið þann 7. þessa mánaðar þar sem þessu var öllu mjög rækilega til skila haldið.

Að endingu, virðulegur forseti, þá er það nú e.t.v. mikilvægara á okkar dögum en nokkru sinni fyrr fyrir fámenna þjóð sem á næstum allt sitt lífsviðurværi undir alþjóðaviðskiptum að skýrar alþjóðlegar reglur gildi um þau viðskipti. Það stendur núna þannig á að við getum alls ekki skákað í því skjóli að við njótum allra þeirra kjara sem gamla GATT-samkomulagið færði okkur ef nýtt næst. Þetta er afstaða stærstu aðilanna sem að þessum samningatilraunum standa og við hljótum að taka mið af því í hagsmunagæslu fyrir Ísland. Um það snýst þetta mál fyrst og fremst en ekki eingöngu um hagsmuni einstakra atvinnugreina.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég veit að tíminn er liðinn en spurningu var varpað fram til mín sérstaklega af hv. þm. Guðna Ágústssyni um það hvort GATT væri yfirþjóðlegt vald og ætlaðist hann til að ég svaraði því. Sagði raunar að ég væri mjög lögfróður maður. Ég get ekki svarað því hvernig skilgreint er nákvæmlega hvað sé yfirþjóðlegt nú á dögum. Það eru örar breytingar sem ganga yfir okkur, sumar af því góða aðrar kannski miður. En ég get þó sagt að GATT er ekki með sama hætti yfirþjóðlegt og t.d. Evrópubandalagið og jafnvel Evrópska efnahagssvæðið og menn eru ekki bundnir af því að vera til eilífðarnóns í GATT. Við höfum það meira og minna í hendi okkar. Það er ekki eins varasamt að ánetjast GATT, við erum jú í GATT, eins og sumum öðrum bandalögum en því miður þá get ég ekki svarað þessu sem mjög lögfróður maður vegna þess að lögfræðinga sjálfa greinir auðvitað á um það hvað sé alþjóðlegt þegar breytingarnar eru jafnörar og raun ber vitni.

Ég ætla ekki að níðast á hæstv. forseta og hans biðlund og er þess vegna að hætta en nota þetta tækifæri til að auglýsa hér ef það hefur farið fram hjá einhverjum nefndarmönnum í utanrmn. og landbn. að sameiginlegur fundur beggja nefnda verður núna kl. hálffimm.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Herra forseti. Vegna þess að hæstv. forsrh. nefndi áðan að ég komið inn á að a-liður 4. töluliðar í því plaggi, sem hann hafi lagt fram, mundi ekki ná nema e.t.v. til osta sem útflutningsbætur hefðu náð til hjá okkur en skilningur hans var, samkvæmt því sem hann sagði, að þetta næði yfir mjólkurafurðir almennt þá vil ég upplýsa hann um það og vona að ríkisstjórnin taki það til greina þegar hún fer að fjalla um þetta mál að þarna er um fleiri ein einn tollflokk að ræða fyrir mjólkurafurðir. Þeir eru a.m.k. fimm, þannig að vissara er að orða þetta öðruvísi en hér er gert. Það yrði að taka það fram að þetta ákvæði ætti við fleiri vörur en þær sem við höfum verið með útflutningsbætur á þannig að það gildi ekki fyrir mjólkurafurðir almennt ef hér hefur aðeins verið um t.d. osta að ræða. En ég vænti þess að nefndarmenn í landbn. og utanrmn. viti um þetta og sjálfsagt verður það þá tekið fyrir ef þær nefndir verða kallaðar saman til að fjalla um þetta.

Síðan væri mjög fróðlegt fyrir okkur þingmenn að fá nánari skilgreiningu á því hvort hæstv. viðskrh. skilur þessa hluti rétt eða hæstv. forsrh. Ég heyrði ekki betur en að hæstv. viðskrh. talaði um að þetta plagg væri erindisbréf og þarna væri ekki um formlega fyrirvara að ræða. Það er kannski eðlilegt vegna þess að hann var ekki hér í upphafi umræðnanna enda var vakin athygli á því að enginn alþýðuflokksmaður var hér þá. En þar sem við höfum tvo ráðherra, viðskrh. og utanrrh., sem koma til með að hafa mikið um þetta mál að segja þá held ég að það væri rétt að hér væri tekin afstaða til þess hvort það er þeirra skilningur sem ræður þegar farið verður að ræða þessi mál eða hvort það er skilningur forsrh.?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefði e.t.v. betur verið svo til enda þessarar umræðu að enginn alþýðuflokksmaður hefði verið viðstaddur. En hæstv. forsrh. kom hér og talaði skýrt og skilmerkilega fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og margnefndi í sínum tveimur ræðum orðið fyrirvari. Ég tek það sem gefið að hæstv. forsrh. tali hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Og svo lengi sem því verður ekki breytt þá standi það óhaggað að þetta skjal verði efnislega fyrirvari af Íslands hálfu sem settur verði fram á mánudaginn kemur. Að vísu notaði hæstv. forsrh. orðið athugasemdir og fyrirvara en ég gaf mér það að í því skjali, sem sent yrði væntanlega á erlendum tungum til GATT á mánudaginn kemur, kæmi það alveg skýrt fram að hér væru settir fram fyrirvarar Íslands við þeim samkomulagsdrögum sem Dunkel hefur lagt fram. Og ég tel, í ljósi þess sem hér hefur gerst í þinginu undanfarna daga í þessum efnum, mjög æskilegt að landbn. og utanrmn. sem upplýst hefur verið að muni halda fundi fái til umfjöllunar hinn endanlega texta, hið endanlega bréf eða hina endanlegu greinargerð á því formi sem það verður sent. Ég er sérstaklega að segja þetta með hliðsjón af ótrúlegum ummælum hæstv. viðskrh. hér í ljósi þess sem hæstv. forsrh. hafði þegar sagt fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að hér sé ekkert annað eða meira á ferðinni en erindisbréf til embættismanna. Erindisbréf til embættismanna, eins og hæstv. viðskrh. sagði. Og reyndar tók hann það fram að hér væri alls ekki verið að tala um formlega fyrirvara. Þau orð hljóta að falla dauð og ómerk í ljósi þess sem hæstv. forsrh. hafði áður sagt og ekki hefur verið dregið til baka. Og það er auðvitað of seint fram komið af hálfu hæstv. viðskrh. að ætla að reyna með þessum hætti að barna það sem áður hafði verið skýrt og skilmerkilega fram sett fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar nema það hafi orðið höfðaskipti á hæstv. stjórnarheimili á þeim mínútum sem liðu milli ræðna hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh.

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka meiri tíma. Ég fagna því að utanrmn. og landbn. koma saman til fundar og ég ítreka það sem mína skoðun m.a. í ljósi þess að ótvíræður meirihlutavilji liggur fyrir hér á Alþingi.

Og ég tel að sá vilji felist í því að þetta verði sett fram sem efnislegir og formlegir fyrirvarar af Íslands hálfu. Öll efnisatriðin, sem í skjali ríkisstjórnarinnar eru, auk þess sem æskilegt væri að utanrmn. og landbn. ræddu þau viðbótarefnisatriði sem hér hefur verið bent á að gjarnan mættu fylgja með í skjalinu. Það er æskilegast að mínu mati til að varðveita þá yfirgnæfandi samstöðu sem í þessu máli hefur tekist að hið endanlega skjal og þá ekki síst form þess eða haus komi til skoðunar í utanrmn. samanber og lagaákvæði um samráð ríkisstjórnar við þá fagnefndina sem í þessu tilviki er landbn. áður en skjalið fer í póstinn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. 6. þm. Vestf. og ógætilegra ummæla hv. 4. þm. Norðurl. e. hlýt ég að koma hér aftur og ítreka það sem ég hef sagt að hér þarf engum blöðum um að fletta hvers eðlis sú samþykkt er sem ríkisstjórnin hefur gert. Hún er skýrð í sjálfri sér eins og menn geta lesið sér til sem hafa fengið hana í hendur. Það er líka nauðsynlegt að benda á að þetta er einróma og allsherjarsamþykkt ríkisstjórnarinnar um málið, hún er samhuga um þetta mál. Efnislega eru þetta þær athugasemdir og ábendingar, áhersluatriði sem við munum koma á framfæri í viðræðunum í Ósló, sem hefjast í dag og standa í dag og á morgun, og í Genf eftir helgina. Um þetta þarf ekki að velkjast í vafa. Ég vil lýsa furðu minni á því að menn séu hér að reyna að barna þetta mál úr því að hv. 4. þm. Norðurl. e. kaus að nota þá lýsandi sögn. Sé einhver að reyna það þá er það hann þótt tilburðirnir séu ekki líklegir til þess að geta af sér skilmerkilega hluti.

Virðulegi forseti. Þetta vil ég segja og vil að endingu lýsa því yfir að það sé mjög mikilvægt vegna ríkra hagsmuna íslenskra atvinnuvega og íslenskra neytenda að menn séu ekki að vekja hér upp úfa um þetta mál sem virðist nú á farsælum brautum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði fallið frá orðinu og taldi ekki þörf á því að taka hér til máls eftir að hæstv. forsrh. hafði í þrígang lýst því mjög rækilega að hér væri um fyrirvara að ræða af hálfu Íslands. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti því alveg skýrt og afdráttarlaust að auðvitað hlyti þingið að telja gilda þá lýsingu sem hæstv. forsrh. gaf á eðli samþykktar ríkisstjórnarinnar.

Nú gerðist það hins vegar að hæstv. viðskrh. kvaddi sér hljóðs á nýjan leik og ítrekaði þann fyrri skilning sinn og gaf í skyn að það væri samhljóða skilningur ríkisstjórnarinnar allrar að hér væri ekki um fyrirvara að ræða heldur eignöngu athugasemd, ábendingar og áhersluatriði. Ég vil minna á það að í upphafi þessarar umræðu var óskað eftir því að hæstv. forsrh. tæki fram, áður en umræðan héldi áfram, hvort hér væri um fyrirvara að ræða. Það gerði hæstv. forsrh. og umræðan hefur þess vegna — þar til hæstv. viðskrh. kvaddi sér hljóðs — verið á þeim grundvelli og sú breiða samstaða, sem fram kom í umræðunni, byggði á því. Nú er það ekki hægt, virðulegi forseti, að ljúka þessari umræðu nema hæstv. forsrh. komi í stólinn á nýjan leik og endurtaki alveg skýrt með tilliti til þess sem hæstv. viðskrh. hefur sagt í tvígang að það sé niðurstaða ríkisstjórnarinnar að þetta skjal verður á mánudag kynnt sem athugasemdir og fyrirvarar, svo ég noti óbreytt orðalag hæstv. forsætisráðherra Íslands, gagnvart tilboði Dunkels.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. hefur greint frá því, ekki einu sinni, ekki tvisvar heldur þrisvar héðan úr þessum ræðustól, að hér sé um að ræða formlegan fyrirvara ríkisstjórnar Íslands við tilboði Dunkels. Hæstv. forsrh. er fullmektugur talsmaður ríkisstjórnar Íslands. Vangaveltur hæstv. viðskrh. um þetta efni eru einskis virði. Látum því orð hans sem vind um eyru þjóta. Orð forsrh. skulu standa og í því trausti get ég fyrir mitt leyti lokið þessari umræðu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að minn tími mun vera útrunninn. En ég tel ekki að það hafi komið neinn ágreiningur fram í mínu máli og hæstv. viðskrh. Textinn — eins og ráðherrann benti á — er mjög ljós og skýr. Auðvitað er hér um að ræða athugasemdir, samningskröfu og fyrirvara við það tilboð sem herra Dunkel hefur lagt fram.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129, nál. 287 og 310, brtt. 288, frávtill. 311.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á dagskrá um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins hefur hlotið allnokkra umræðu á hv. Alþingi. En það sýnir sig að það veitir ekki af að ræða mál ítarlega og eftir því sem þau fá ítarlegri umræðu því meiri líkur eru til að einhverjar lagfæringar verði gerðar að lokum. Hér er um að ræða breytingu á lögum sem tóku gildi 1. jan. 1991. Þessi löggjöf er ekki nema árs gömul og það vildi svo til að í þessari löggjöf voru í ákvæðum til bráðabirgða, mjög skýr og ákveðin ákvæði um endurskoðun þessarar löggjafar þannig að enginn hefði átt að velkjast í vafa um það hvernig sú endurskoðun ætti að fara fram.

Nú er það svo að lögin um stjórn fiskveiða ásamt þeim lagabálki sem hér er til umræðu um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins eru í endurskoðun í nefnd stjórnarflokkanna sem varð til með miklum endemum. Síðan er vaðið inn í þessa löggjöf og tekið og samið frv. á vegum ríkisstjórnarinnar. Ekki hefur verið haft neitt samráð um það frv. við þá aðila sem er þó skýrt tekið fram í lögunum að eigi að hafa samráð við um þessa

endurskoðun. Þetta hefur komið fram í þessari umræðu áður. Það stendur skýrt hér í ákvæði til bráðabirgða II: „Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Það væri rétt á þessu stigi að vísa því til hæstv. forseta hvort hann er ánægður með það að þingið skuli vera sniðgengið með þessum hætti. Ef um það er deilt hvort þingið hafi verið sniðgengið væri auðvelt að fá álit Lagastofnunar Háskólans eða einhverra hlutlausra aðila. Ég tel að takmörk séu fyrir því hvað Alþingi getur látið bjóða sér í sambandi við löggjöf og auðvitað er ekki hægt að bjóða Alþingi það að það sé sniðgengið við endurskoðun löggjafar. Það er skýrt kveðið á um að samráð eigi að hafa við sjávarútvegsnefndir um þá endurskoðun. Það getur vel verið að menn greini á um það hvað samráð sé, hvort samráð sé samvinna við undirbúning frumvarpa eða hvort samráð eigi að vera bara eftir á þegar frumvörpin eru komin fram og eru til meðferðar í hv. Alþingi. Ef það væri ætlunin að samráð væri eingöngu á því sviði væri óþarfi að taka slíkt fram í löggjöf. Auðvitað er þetta tekið fram í löggjöfinni vegna þess að ætlast er til að á undirbúningsstigi sé haft samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis.

En þetta frv. er bara í samræmi við þann flumbrugang sem einkennir lagasetningu hjá þessari ríkisstjórn á miklu fleiri sviðum. Hér erum við þessa dagana og vorum fyrir jól á löngum fundum og með ítarlegum umræðum að fjalla um alls konar löggjöf sem hefur verið hnýtt inn í svokallað frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er ríkisstjórnin að breyta ýmsum viðkvæmum lagabálkum sem eiga að gilda til lengri tíma. Þar er hnýtt inn ákvæðum um að breyta löggjöf um skólamál. Nú síðast, sem frægt er, er hin mjög viðkvæma löggjöf um almannatryggingar. Henni er hnýtt inn í þennan bandorm þannig að það er engin nýlunda með þetta frv. að vaðið sé inn í þá viðkvæmu löggjöf sem hér er um að ræða og sem er það viðkvæm að hv. Alþingi hefur þótt ástæða til að kveða sérstaklega á um það í lagagrein hvernig lögin skuli endurskoðuð. Það er meira en lítið vafasamt — þó að mér séu fullljós vandræði og vandkvæði í ríkisfjármálum og slæm staða ríkissjóðs — og það er ekki næg ástæða til þess að brjóta upp viðkvæma löggjöf á mörgum sviðum og afgreiða hana á handahlaupum í kringum jól og áramót eins og vill verða í sambandi við fylgifrumvörp fjárlaga.

Þetta mál kemur inn á umræður um stjórn fiskveiða og stjórn fiskveiða er eitthvert stærsta mál og áreiðanlega það alstærsta sem er fjallað um í hv. Alþingi. Lögin um stjórn fiskveiða eru aðeins ársgömul, eins og ég sagði hér í upphafi, ásamt lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það virðist vera sem hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarliðar, ef þeir samþykkja þetta frv., hafi enga þolinmæði til þess að sjá hvernig sú löggjöf reynist sem hér um ræðir. Það er þó eitthvað það alversta fyrir þá sem starfa í sjávarútvegi, fyrir fólkið sem starfar þar og fyrir hagsmunaaðila þar, þá sem eiga að reka sjávarútvegsfyrirtæki að vita aldrei hvar þeir standa. Vita aldrei hve lengi sú löggjöf stendur sem þeir eiga að búa við. Því er ekki að leyna, eins og hefur komið fram í þessari umræðu fyrr, að þetta frv. er afsprengi þeirrar stefnumörkunar Alþfl., ef svo má segja, að koma hér á auðlindaskatti í sjávarútvegi. Það hefur komið fram hjá form. Alþfl., hæstv. utanrrh., að hann lítur á þetta frv. sem fyrsta vísi að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútvegi. Auðvitað er veiðileyfakerfi, það er alveg sama hvaða nöfn menn hafa um það, ekkert annað en auðlindaskattur, annað er bara orðhengilsháttur og það er stefnumál Alþfl. að koma slíkum auðlindaskatti á. Ég man ekki betur en að hæstv. utanrrh. hafi reifað hér kosningastefnuskrá Alþfl. í umræðum í gær með þessum áformum.

Ég sagði það fyrr í haust, þegar þessi málefni bárust í tal í umræðu sem var að vísu um annað mál, að ég hefði grun um að hæstv. sjútvrh. hefði lagt fram þetta frv. til þess að hafa frið um tíma í þessari ásókn samstarfsflokksins í það að koma á auðlindaskatti. En ég er hræddur um að þetta verði aðeins gálgafrestur fyrir hæstv. sjútvrh. Greinilegt er að samstarfsflokkurinn ætlar sér að halda áfram þessari umræðu og það er áreiðanlega jafngott fyrir hæstv. sjútvrh. að vera vel á verði í þeim efnum því að ég hef heyrt af hans yfirlýsingum til þessa að hann er ekki hrifinn af þessari leið og hann hefur tekið mjög myndarlega á því máli í umræðunni. Það er alveg jafngott fyrir hann að vera á verði áfram, reyna að verjast eins og hann getur og ég treysti honum til þess. Hins vegar hefði það verið betra ef hann hefði getað varist því að þetta frv. kæmi hér fram og yrði samþykkt — sem er reyndar ekki búið enn þá því að þetta frv. er í miðjum klíðum og langt í land að það verði útrætt.

En um hvað fjallar svo þetta mál? Ég vil aðeins drepa á það, þótt auðvitað hafi það verið rakið, og benda á nokkur atriði í því efni. Það fjallar einfaldlega um að taka 525 millj. eða selja veiðiheimildir, hluta af veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs fyrir 525 millj. kr. á gangverði og nota andvirðið til að kosta Hafrannsóknastofnun. Nú vil ég taka skýrt fram að auðvitað er það markmið gott og gilt að efla hafrannsóknir, síst ætla ég að lasta það. Ég tel starfsemi Hafrannsóknastofnunar afar mikilvæga og það eru góðir menn sem þar vinna og hafa unnið ómetanlegt starf á undanförnum árum. Ekki ætla ég að draga úr mikilvægi þess að styrkja þá starfsemi. Hins vegar árar ekki þannig nú að tímabært sé að taka það upp að sjávarútvegurinn kosti þessa starfsemi, að þetta fé sé tekið úr sjávarútveginum. Þetta á áfram að vera sameiginlegt verkefni þjóðarinnar og alls ekki tímabært við þessar aðstæður að taka upp það fyrirkomulag að sjávarútvegurinn kosti það að fullu.

Þar að auki er þannig meðferð á sjávarútveginum í frv. til fjárlaga að hann er enn þá verr undir þetta búinn en ella því að í frv. til fjárlaga úir og grúir af álögum á sjávarútveginn og þessar álögur nema u.þ.b. einum milljarði kr. Gert er ráð fyrir því að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Ríkismat sjávarafurða hækki gjaldskrá til að standa undir útgjöldum. Auðvitað lendir þetta á sjávarútvegsfyrirtækjum. Reiknað er með því

að ríkisframlag til Veiðieftirlits ríkisins sem nemur 80,7 millj. kr. falli niður. Þetta kemur að sjálfsögðu niður á sjávarútvegsfyrirtækjum sem þurfa að nota þessa þjónustu. Það er gert ráð fyrir því að leggja hafnagjöld á sjávarútveginn þó að fallið hafi verið frá því í afgreiðslu fjárlaga að leggja þau á annað en unnar afurðir, sem er þá á fiskvinnsluna en hún stendur ekki vel um stundir. Þetta eru aðeins nokkur atriði sem sýna að því fer víðs fjarri að það ári til þess nú að fara að leggja þennan bagga á sjávarútveginn. Hér er náttúrlega um verulega upphæð að ræða, rúman hálfan milljarð króna. Þó að maður voni auðvitað að auknar hafrannsóknir skili einhverju til baka þá fer því víðs fjarri að þessar álögur séu tímabærar.

Hlutverk Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins er markað í 1. gr. laganna sem eru ekki nema ársgömul eða gildistaka þeirra er ekki nema ársgömul eins og ég kom að. Það er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum sem standa höllum hæti vegna breytinga á útgerðarháttum. Þetta er tekið fram hér í 1. mgr. 1. gr. laganna. Þetta hlutverk sjóðsins er afar mikilvægt. Það var mikilvægt þegar lögin voru sett 1. maí 1990, það var mikilvægt þegar þau tóku gildi 1. jan. 1991 og það er enn mikilvægara nú vegna þess að síðan hefur það gerst að veiðiheimildir hafa verið skornar niður um allt að ¼. Auðvitað var nauðsynlegt að gera það, ég er sammála því að við getum ekki tekið of mikla áhættu í veiðunum og því var þessi niðurskurður nauðsynlegur. Þess vegna er það hlutverk sjóðsins að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum í fullu gildi og sjóðurinn þarf á öllum styrk sínum að halda til þess að svara þessu hlutverki sínu. Það er alveg ljóst að eru ýmis byggðarlög standa höllum fæti, ekki síst ef þær breytingar verða á útgerðarháttum að menn sameina, eins og ofarlega er á baugi nú, og getur vissulega verið hagkvæmt þar sem það á við. Þegar samdráttur er þá eykst hættan á því að einstök byggðarlög missi frá sér veiðiheimildir.

Hvernig er það í frv., hvaða ráðstafanir eru gerðar þar ef slíkt kæmi á daginn? Það virðist hafa flökrað að þeim sem sömdu frumvarpið að það gæti orðið erfitt mál ef einstök byggðarlög missa frá sér veiðiheimildir. Á bls. 3 í almennum athugasemdum við frv. er sagt neðst, með leyfi forseta:

„Þá er í frumvarpinu lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi. Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu."

Þar hafa menn það. Það er Byggðastofnun sem á að sjá um þetta hlutverk. Það getur verið sjónarmið út af fyrir sig að Byggðastofnun eigi að sjá um þetta og það er í sjálfu sér til umræðu. Ekki ætla ég að útiloka að það geti verið hlutverk Byggðastofnunar að sjá um þessa hluti enda í samræmi við hlutverk hennar sem byggðastofnunar og felst í nafninu. En hvernig skyldi hafa verið búið að þeirri stofnun í fjárlagagerðinni til að sinna þessum verkefnum? Það mætti ætla að til þess að taka að sér þetta mikla verkefni hefðu framlög til Byggðastofnunar verið hækkuð eða vegur hennar hefði verið gerður meiri og þar með möguleikar hennar til að taka að sér það mikla verkefni sem þetta getur orðið ef illa fer. Nei, það er ekki aldeilis svo. Strax við framlagningu fjárlaga í haust var gert ráð fyrir því að framlög til Byggðastofnunar yrðu skorin niður um 50 millj. kr. Og það sem meira var og manni þótti undarlegra er að nú rétt fyrir jólin þótti ríkisstjórninni ekki nóg að gert að taka af Byggðastofnun þessar 50 millj. heldur var stofnunin skorin niður um 20 millj. til viðbótar þannig að framlög til hennar eru 180 millj. en voru 250 millj. á sl. ári. Þetta rekst dálítið hvað á annað hjá hæstv. ríkisstjórn og þarf a.m.k. meiri gáfumann en mig til þess að fá í samhengi í þessar aðgerðir.

Það er verst að Alþfl. flúinn úr þingsölum eftir umræðurnar um GATT-málið, (**Gripið fram í:** Síðan hvenær var það?) þó að hæstv. viðskrh. hafi skotist hér inn. Ég veit reyndar ekki hvað margir alþýðuflokksmenn eru í húsinu en ég hef a.m.k. ekki orðið var við samþingmann minn úr Austurlandskjördæmi hér í dag, hv. 5. þm. Austurl. Hann mun hafa lýst því yfir hér í umræðunni að hann hafi bjargað þessu öllu saman. Ég vona að þau orð sem ég segi um þetta komi til hans og þá í þingtíðindum ef ekki vill betur til. Ég ætla ekki að láta hafa fyrir því að sækja hann. Hann mun hafa lýst því yfir að hann hafi bjargað þessu öllu saman með því að hann hafi komið inn ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga að veiðiheimildum. Það hefur komið fram hér áður að auðvitað er þessi forkaupsréttur á fullu verði og skiptir ekki máli í þessu sambandi. Þarna er hv. 5. þm. Austurl. mættur og þykir mér það miklu betra að hafa hann hér nærstaddan. Ég var að enda við að segja það, hv. þm., að þessi aðgerð að koma inn forkaupsrétti skiptir ekki nokkru máli í þessu sambandi. Auðvitað efast ég ekkert um einlægni hv. 5. þm. Austurl. í þessu máli. Hann þekkir þessi mál og hefur reynt hvað það þýðir fyrir byggðarlög að missa frá sér skip og veiðiheimildir og ég skil hans áhyggjur. En því miður verð ég að hryggja hann með því að það er ekki nein vörn í þessu ákvæði.

Hv. 5. þm. Austurl. talaði um það, það er alveg rétt, á síðasta ári fyrir kosningarnar að veiðheimildir þyrftu að haldast í byggðarlögunum. Það var rétt og skynsamlegt eins og margt annað sem hann sagði. Hann talaði eins og góður framsóknarmaður og rakaði að sér fylgi og komst á þing fyrir Austurland. En því miður, þetta nægir ekki. Með þessu ákvæði er langt frá því að nokkur vandi sé leystur. Byggðarlög, sem berjast í bökkum og eru búin að ganga í gegnum það að missa frá sér skip, hafa ekki efni á því að kaupa veiðiheimildir á fullu verði. Það er því ekki nein trygging í því.

Hlutverk Hagræðingarsjóðs að hagræða í sjávarútvegi. Að hagræða í sjávarútvegi er risavaxið verkefni og full þörf er á slíkri hagræðingu. En sú hagræðing kostar mikið fé. Til að greiða fyrir henni hefði þurft að efla t.d. Byggðastofnun eða halda því fé sem Hagræðingarsjóðurinn hefur. Enn þá meiri ástæða er til þess að benda á þetta vegna þess að í þeim umræðum sem ver-

ið hafa um efnahagsmál og vandræði sjávarútvegsins í landinu og þann vanda sem skapast af minnkandi veiðiheimildum hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar talið þessa hagræðingu grundvallaratriði í efnhagsstefnu hennar og það sem sjávarútvegurinn getur helst horft á til þess að þola þann tíma sem fram undan er með þessum minnkandi veiðiheimildum. Þeir hafa litið á það sem tæki til þess að þola þann samdrátt sem fyrirsjáanlegur er í sjávarútvegi. Þess vegna er þetta frv. sem hér um ræðir alveg stórfurðulegt og undarlegt að hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnin skuli á sama tíma flytja þetta frv. til þess að lama þá sjóði og skera jafnframt niður þær stofnanir sem eiga að fást við þetta verkefni.

Ég skil það alveg í sjálfu sér og hef margtekið það fram að auðvitað hefur Alþfl. knúið þetta fram af því forustumenn hans telja þetta vera fyrsta skrefið til væntanlegs veiðileyfagjalds. Alþfl. hefur sjálfsagt unnið þarna áfangasigur með þessu frv. þó að hann tapi vonandi orrustunni varðandi GATT-málið, þrátt fyrir það að hæstv. viðskrh. hafi verið að reyna að klóra í bakkann af þrjóskunni einni saman og lýsa því yfir að þar sé ekki um fyrirvara að ræða. Alþfl. hefur unnið orrustuna um þetta mál og ég vara hæstv. sjútvrh. við því að þegar maður réttir litla fingurinn frekum mönnum er hætt við að þeir taki alla höndina áður en lýkur. (**Gripið fram í:** Var það reynslan í gömlu stjórninni?) Áreiðanlega hefur það einhvern tíma komið fyrir í gömlu stjórninni, ég efast ekki um að það hafi komið fyrir. Nú held ég að hæstv. þingflokksformaður Alþfl. þyrfti að koma hér inn og hlusta á ræður um sinn flokk og hans aðgerðir í málinu. Hann hefur verið með miklar yfirlýsingar um þetta mál. Þingflokksformaðurinn vill — það er sama hvað hv. 5. þm. Austurl. segir — þingflokksformaðurinn vill koma auðlindaskatti yfir sjávarútveginn sem allra fyrst. Mér þykir mjög ánægjulegt að hafa hér hv. þingflokksformann Alþfl. viðstaddan ræðu mína. Hin raunverulega ástæða fyrir þessu frv. eru samningar flokksformannanna úti í Viðey sem ég veit ekki hvort hv. þingflokksformaður Alþfl. eða hv. 5. þm. Austurl. hafa fengið að sjá. Þar er einmitt sagt, eða svo segir hv. formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., í viðtali við Alþýðublaðið, að þetta frv. sé vísir að komandi veiðileyfakerfi.

Landsbyggðin hefur átt við mikinn vanda að etja að undanförnu. Þjóðhagsstofnun spáir því að þjóðartekjur dragist saman um 6,1%, sem er mikill vandi og mesti samdráttur frá stríðslokum. Þetta kemur niður á undirstöðuatvinnuvegunum, sjávarútvegi og landbúnaði. Því er við mikinn vanda að etja á þeim stöðum sem byggja á þessari starfsemi. Það er ljóst að fjárlagafrv., svo mikil efnahagsaðgerð sem það átti að vera, kemur ekki til hjálpar í þessu efni. Þrátt fyrir það að um mikinn niðurskurð er að ræða á sumum sviðum þá er þeim útgjöldum komið á einhverja aðra aðila í þjóðfélaginu. Ljóst er að vextir lækka ekki að sinni af völdum fjárlagafrv. þó að allt gangi eftir á hinn besta veg eins og ríkisstjórnin vill. Miklir erfiðleikar eru því fram undan í þeirri atvinnugrein sem hér um ræðir. Því er þetta frv. fáránleg tímaskekkja og algjörlega á skjön við það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Þó má segja um þetta frv., sem er skárra en aðrar miklar lagabreytingnar sem hér er um að ræða, að það fer til sinna fagnefnda þar sem rætt verður um það sérstaklega. Það er ekki inni í bandormi þó að svo hafi verið til þess stofnað í upphafi eins og ég rakti hér í upphafi ræðu minnar að það hefur ekki verið haft neitt samráð um samningu þess við þá aðila sem ákveðið hefur verið um í lögunum.

Í umræðum í gær tóku til máls hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og sögðu álit sitt á yfirlýsingum utanrrh. í Alþýðublaðinu þann 31. des. Forsrh. tók þann pól í hæðina að segja að hæstv. utanrrh. gæti gefið yfirlýsingar að vild. Það bæri ekki að taka svo mjög alvarlega eða það var helst á honum að skilja í sambandi við þetta mál. Það er skynsamlegt út af fyrir sig að gefa visst frelsi í þeim efnum að gefa yfirlýsingar að vild út og suður. Það er þægilegra fyrir hæstv. forsrh. en hins vegar verður að ætlast til þess af ríkisstjórninni og af hæstv. ráðherrum að ekki séu gefnar út yfirlýsingar út og suður um þessi mál. Þjóðin á heimtingu á því að vita hvort það er ætlunin að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn og hvort í bígerð sé samkomulag um það eða hvort það liggi einhvers staðar að baki þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem fóru fram hér sl. vor. Þetta er allt of alvarlegt mál til þess að hæstv. utanrrh. gefi yfirlýsingar um það í blöðum og hæstv. forsrh. komist upp með að segja hér í umræðum um málið að hann leggi ekki dóm á túlkanir eða yfirlýsingar í þessu efni. Það væri kannski hægt að sleppa hæstv. ráðherrum í einhverjum smámálum með svona ræður. En í stórmáli eins og hér er til umræðu varðandi Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og fiskveiðastefnuna í landinu er ekki viðunandi að hæstv. ráðherrar sleppi svo billega. Og það verður að koma hér skýrt fram áður en þessari umræðu lýkur hver sé ætlunin í þessu efni. Hvert er ætlunin að stefna í sjávarútveginum á næstu árum? Er ætlunin að leggja á auðlindaskatt eða er ætlunin að búa við það kerfi sem við höfum núna og endurskoða það og endurbæta? Áreiðanlega er það ekki gallalaust frekar en önnur mannanna verk. Það eiga þeir sem starfa í sjávarútvegi heimtingu á að vita hvort hér er ætlunin að kúvenda í þessu kerfi og hvort þetta frv. sem við erum að ræða núna, frv. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er fyrsta skrefið í því efni. Það er sú stóra spurning sem verður að fást svar við áður en þessari umræðu lýkur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi heyrt það rétt að aðeins var tilkynnt um fjarvistarleyfi eins ráðherra. Ég vænti þess að forseti leiðrétti mig ef ég fer rangt með. Ég met það svo að hinir hafi talið að þeir hefðu tíma til að sitja hér og hlýða á mál manna. (**Gripið fram í:** Þingflokksformaðurinn er staddur hérna.) Af þeirri ástæðu óska ég eftir því, þar sem GATT-viðræðum er lokið, að ráðherrar Alþfl., þeir sem við eru, verði til kallaðir og það ekki að ástæðulausu.

Í fyrsta lagi geri ég ráð fyrir því að hæstv. viðskrh.

fari með umboð utanrrh. Í annan stað er hér verið að taka rétt af sveitarfélögum, veruleg peningaverðmæti, og færa þau til ríkisins. Í þriðja lagi hefur hv. 4. þm. Vestf. í tvennum kosningum í röð logið því að vestfirskum kjósendum að hann mundi aldrei styðja ríkisstjórn sem styddi kvótakerfið. Og það er gersamlega vonlaust að búa við það að þegar þessi mál eru rædd á Alþingi þá forði þeir sér af vettvangi sem hæst gala á heimaslóð þegar málin eru þar til umræðu og ég hef ekki hugsað mér að láta hæstv. heilbrrh. velta mér oftar upp úr því fyrir vestan að ég sé að leggja þær byggðir í rúst með þeirri málamiðlun sem ég studdi á sínum tíma þegar sú framkvæmd fór í gegn sem nú heitir fiskveiðastjórn Íslands með þeim Hagræðingarsjóði sem þá var samþykktur. Lögin hefðu aldrei verið samþykkt ef það ákvæði hefði ekki verið inni að einhver öryggisventill yrði fyrir byggðirnar. Meðan hæstv. forseti er að safna þessu liði hér í þingsal, sem óskað er eftir, ætla ég til fróðleiks fyrir formann þingflokks Alþfl. að rekja fyrir hann örstutta sögu sem var Norðmönnum á sínum tíma umhugsunarefni ærið. (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að trufla hv. þm. en það er upplýst að hæstv. heilbrrh. hefur boðað veikindaforföll en forseti hefur gert ráðstafanir til þess að aðrir hæstv. ráðherrar sem næst til verði kallaðir í þingsalinn.) Ekki vissi ég, herra forseti, að svo mikill brestur væri nú orðinn í heilbrigðiskerfinu að það væri farið að koma niður á ráðherranum sjálfum. En margt gerist og auðvitað er ekkert við því að segja, það mátti búast við þessu.

En ég tel engu að síður rétt að rifja það upp sem um var rætt í Noregi sem eitt af furðuverkunum á sínum tíma þegar norskir togarar sem Norðmenn höfðu afhent Indverjum til þess að veiða á voru brenndir í Indlandi. Sjómenn í Indlandi tóku sig til og kveiktu í skipunum. Norðmenn voru með mikla þróunaraðstoð og töldu sig vera að gera góða hluti. Þeir sendu togara til Indlands og skyldi kenna indverskum fiskimönnum að veiða á nýtískulegan hátt. Útgerðin var frá einu sjávarþorpinu í Indlandi. Í hinum þorpunum í kring reru menn til fiskjar með sömu aðferð og þeir höfðu búið við, kannski um aldir, og nágrannarnir fylgdust vel með að þeir veiddu vel á þessum togara. Og sú hugsun fór eins og eldur í sinu að ef þessar veiðar héldu áfram mundu þeir sem voru með sínar litlu fleytur og komust stutt frá landi ekki fá neinn fisk og þeir mundu bara verða hungurmorða. Viðbrögðin voru einföld. Þróunaraðstoðarfloti Norðmanna var tekinn í höfn og kveikt í honum. Hefðbundinn veiðiréttur sjómannanna til hafsins var þeim svo helgur að þeir voru reiðubúnir að fara í tugthúsið til þess að verja hann frekar en láta hirða hann af sér.

Á vesturströnd Noregs hafði áður en þetta gerðist komið til átaka milli norskra smábátaeigenda og norskra togaraeigenda af nákvæmlega sömu ástæðu. Það voru átökin um réttinn til hafsins, réttinn til veiðanna og rétt byggðanna. Ég ætla að vona að fulltrúi Alþfl. formaður þingflokksins, tolli í salnum því að þó að þessi saga sé sögð þá er ekki lokið umræðunum sem snúast um mannréttindi og eignarrétt þó í smáu sé að sumra dómi. Þegar Íslendingar máttu sækja sinn rétt á hafréttarráðstefnunni var tekist á af þeim fulltrúum, sem þar sóttu réttinn, út frá tveimur sjónarmiðum og væri nú vel ef hv. 17. þm. Reykv. tylldi nú í sæti sínu í ljósi þess að hann er hvorki veikur og ekki hefur hann boðað forföll. (**ÖS:** Á ég að sitja og standa eins og þér sýnist?) Nú er það svo af hógværð minni að ég gef 50% afslátt af þessari kröfu og fer aðeins fram á að þingmaðurinn sitji eins og mér sýnist.

Ég tel að rétt sé að hugleiða það að á þessari hafréttarráðstefnu sögðu Bretar og margar aðrar þjóðir: Það er veiðiréttur okkar, veiðiréttur skipanna sem skiptir máli. Það er veiðiréttur útgerðarmannanna í Hull og Grimsby sem eiga þessi skip og sjómanna sem þar eru. Þeirra veiðiréttur er jafnverðmætur og veiðiréttur skipanna við Ísland. Gott og vel. Ef þetta sjónarmið hefði orðið ofan á hefðu Íslendingar aldrei fengið 200 mílna landhelgi. Hvaða sjónarmið varð ofan á? Það var sjónarmiðið að réttur fólksins, sem byggði í þorpunum í nágrenni við þessi mið, til hafsins væri meiri en hinna sem byggju fjær. Þetta var grundvallarsjónarmiðið, það var forgangsréttur íbúanna á ströndinni til fiskimiðanna sem var virtur.

Svo hófust Íslendingar handa að stjórna sínum veiðum. Og þá gerðist það að hér í þinginu upphófust harðvítugar deilur um það hvort réttur byggðanna til veiðanna væri það sem skipti máli eða hvort það væri réttur útgerðarmannanna, eigenda skipanna, sem skipti máli. Vissulega skipti hvort tveggja máli. En þeir sem þá börðust fyrir kvótakerfinu héldu því fram að það hefði enginn veitt fisk sem ekki hefði átt skip og þess vegna væri í reynd verið að tala um sama hlutinn. Við aðrir margir hverjir óttuðumst að hér væri í reynd ekki verið að tala um nákvæmlega sama hlutinn. Vissulega viðurkenndum við að ekki hefðu aðrir stundað fiskveiðar við þetta land en þeir sem höfðu skip. En skipstjórar koma og fara, útgerðarmenn koma og fara en þorpið á ströndinni mun standa og það væri lífsréttur þess til hafsins sem skipti höfuðmáli. Og hverju stöndum við frammi fyrir í dag? Við stöndum frammi fyrir því að í réttindamálum þessara byggða höfum við tekið upp leikinn sem skessurnar notuðu forðum. Þær hentu á milli sín fjöregginu. Ég vænti þess að hv. 17. þm. Reykv., af því að hann er verðandi ráðherra, geri sér grein fyrir því að sá leikur hjá skessunum að henda á milli sín fjöregginu var með því glæfralegasta sem hægt var að hafa sér til dægrastyttingar. (**Gripið fram í:** Þær voru ekki í Alþfl.) Þær voru ekki í Alþfl. og það vissi nefnilega þjóðin fyrir kosningar. Þess vegna átti hún ekki von á því að fulltrúar Alþfl. tækju upp leiki skessanna eftir kosningar. (**ÖS:** Þjóðin vissi að þursarnir voru í öðrum flokki.) En nú hefur það komið í ljós að þarna hefur allt fallið í ljúfa löð. Skessurnar sem léku sér að fjöregginu hafa orðið fyrirmynd Alþfl. í þessum efnum. Annars vegar er tekin ákvörðun um að Byggðastofnun skuli svelt, talað um að hún eigi að vera pappírsfyrirtæki á Akureyri til að halda reiðu á gömlum bréfum og hins vegar taka menn ákvörðun um það hér að eitt atriði varðandi stjórnun fiskveiða, þ.e. það eina öryggisatriði sem byggðirnar höfðu í

þessum samningi yrði tekið út. Og hvernig stæðu nú leikar ef þetta hefði verið vitað þegar atkvæðin voru greidd á sínum tíma?

Ég verð að segja eins og er að það er fróðlegt að sjá hve misjafnan rétt menn telja sanngjarnt að veita þegnunum í þessu landi. Hér suður með sjó var ákveðið að kaupa jörð. Jörðin heitir Flekkuvík. Þetta ku hafa verið eitthvert aumasta örreytiskotið sem fannst þarna við ströndina á Keilisnesi en yfir 100 millj. munu hafa verið greiddar fyrir þessa jörð og sveitarstjórn keypti jörðina. Alþingi Íslendinga hafði um það góð orð að ábyrgjast tiltækið ef ekkert yrði af framkvæmdum og mun að sjálfsögðu standa við sitt og greiða, enda ekki hægt að ætlast til þess að lítið og févana sveitarfélag ráði við slíkar sveiflur.

Við skulum viðurkenna að það er réttlætissjónarmið á bak við þetta, eðlilegt réttlætissjónarmið þó að mér sé óskiljanlegt það verð sem greitt var fyrir jörðina. En hvar stendur það fólk sem trúði því að það ætti að virða eignarrétt í þessu landi, stjórnarskrárvarinn eignarrétt þar sem sagt er að engan má svipta eign sinni nema almannaheill krefji, enda komi fullt verð fyrir? Hvar stendur það fólk sem byggði sín íbúðarhús, setti allt ævistarfið og sparipeningana í að byggja eitt íbúðarhús á ströndinni og á það svo kannski undir heilbrrh. í dag hvort útgerðarmaðurinn sem þar á skipin lifir ögn lengur eða skemur vitandi að um leið og hann fellur frá getur það orðið algert lotterí hvort eignir þess verði nokkurs virði? Og ég spyr: Hvernig er með Sjálfstfl. sem hefur sagt að hann vilji verja eignarréttinn í þessu landi, hver er stefna hans í þessu? Hvar er vörnin? Er þetta ekki það sem kallað er að þjóðnýta menn aftan frá, þ.e. að þjóðnýta þá án þess að borga þeim neitt fyrir það? Nei, þeir sem hafa ferðast frá Elliðaám og út á Seltjarnarnes hafa náttúrlega ekki kynnt sér svona hluti.

Ég hygg að hæstv. félmrh. verði að hugleiða það í fúlustu alvöru, hvaða möguleika ráðherrann hafi til þess að verja þau byggðarlög sem þannig standa. Ég minnist þess að einu sinni átti ég tal við ráðuneytisstjóra í félmrn. Hann hafði ákaflega einfalda skoðun á vandamálum sveitarfélaga. Ef næg atvinna er í sveitarfélaginu, sagði hann, þá er ekkert að. Þá verða sveitarstjórnarmennirnir að leysa þetta sjálfir heima fyrir. Er það ekki eðlilegt viðhorf til ábyrgðar? En ef atvinnutækin eru tekin af þeim eins og nú blasir við, hvaða úrræði eru þá eftir? Ekki leysir Jöfnunarsjóðurinn þetta, svo mikið er víst. Hvaða úrræði voru eftir gagnvart Patreksfirði þegar búið var að selja togarann? Jú, þá var sagt: Byggðastofnun á að leysa þetta. Gífurleg fólksfjölgun sums staðar í landinu leysist vegna þess að það er efnahagsleg uppsveifla þar en Byggðastofnun bjargaði engu í þeim efnum að koma í veg fyrir hrun og erfiðleika á Patreksfirði. Nú er aftur á móti búið að sverfa svo að með samræmdum átökum, herra forseti, að það er gersamlega vonlaust og flokkast undir aumasta brandara, hreina aulafyndni, að setja inn í þetta frv. að Byggðastofnun eigi að taka við og leysa vandann ef byggðarlög eru hreinsuð af skipum. Það er svo aumur brandari að ég er alveg hissa á að menn skyldu hafa þrek í sér til þess að setja hann á prent. Furðulegt er að menn geti leikið sér þannig að hlutunum að þeim detti í hug að á sama tíma og ákveðið sveitarfélag nær þeim rétti sínum að lagasetning og framkvæmdaáform stjórnvalda verði ekki til að rústa þar á staðnum vegna ábyrgðar stjórnvalda, sé undir öðrum kringumstæðum gengið þannig fram að heilu byggðirnar gætu legið eftir. Og fólkið, verkamennirnir á ströndinni, væru sviptir því sem þeir hefðu eytt ævinni í að afla. Ég trúi því ekki að þetta geti verið réttlátt. Þegar kvótakerfið var sett á fór ekkert á milli mála að ég var þeirrar skoðunar að setja ætti á byggðakvóta og verja þannig byggðirnar. Sumir voru mjög bjartsýnir og svo sannfærðir um að þeir mundu sækja kvótann til annarra og að þeir væru hinir sterku í leiknum að þeir hikuðu ekki að mæla með þessu. Hins vegar er fróðlegt að lesa 3. lið brtt. sem Matthías Bjarnason flytur á Alþingi 1987–1988. Hún er svo með leyfi forseta:

„Við 13. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Og hvert var viðhorf þingsins þegar þessi tillaga kom til atkvæða í neðri deild? Hún var felld á jöfnum atkvæðum. Það þýddi það að ef stuðningsmenn þessarar tillögu hefðu á sama hátt greitt atkvæði um kvótalögin væru þau fallin, lög um stjórnun fiskveiða væru þá fallin. Ljóst er að þau ákvæði sem eru í Hagræðingarsjóðnum voru forsendan fyrir því að hér yrðu sett lög um stjórnun fiskveiða.

Með leyfi forseta vil ég lesa 5. gr. þeirra laga:

„Hagræðingarsjóði skal árlega úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12 þús. þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar samkvæmt ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar."

Hæstv. félmrh. getur reiknað út hvaða fjármunir það raunverulega voru sem með þessu móti voru færðir til þeirra byggðarlaga sem urðu fyrir slíkri skerðingu. Hann getur metið það í peningum. Þetta voru öryggisaðgerðir til að koma í veg fyrir að eignir manna sem höfðu fjárfest í sjávarþorpum, sem hafa haldið landinu uppi til þessa, yrðu ekki verðlausar. Þessa peninga hyggst núv. ríkisstjórn hirða á einu bretti og verja til hafrannsókna.

Það má vel vera, að jafnaðarmenn hafi gleymt því þegar Mahatma Gandhi hóf sitt stríð á Indlandi fyrir því að aðgangurinn að salti væri frumréttindi íbúa Ind-

lands og þeim bæri ekki að greiða Bretum skatt fyrir að fá salt. Ætli það séu ekki elstu frumréttindi þeirra sem byggt hafa ströndina að hafa réttinn til hafsins. Og það er dálítið athyglisvert að í viðtali við þingflokksformann Alþfl. sem birtist þriðjudaginn 31. des. segir svo:

„Þrátt fyrir stífa hagsmunavörslu samstarfsflokka í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum skulum við ekki gleyma því að það var á þessu *tímabili* sem við alþýðuflokksmenn fengum lögfest ákvæðin um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum og styrktum það ákvæði vorið 1990 með því að núverandi kvótakerfi myndaði aldrei lögverndaðan eignarrétt né skaðabótaskyldu þegar að því kemur að því verði breytt. Einnig náðum við inn lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Því höfum við fylgt eftir í tíð núv. ríkisstjórnar með samkomulagi um að aflaheimildir hans verði seldar á markaði á gangverði. Það er fyrsti vísir að komandi veiðileyfakerfi í sjávarútvegi.

Við skulum heldur ekki gleyma því að á þessu tímabili komum við fram nýrri og vandaðri löggjöf um fjármagnsmarkaðinn, um afnám á úreltu skömmtunarkerfi í *gjaldeyrisviðskiptum*."

Gott og vel. Hafi íslensk þjóð tekið rétt af einhverjum með því að setja þessi ákvæði í lög þá var það af íbúum sem höfðu hefðbundinn veiðirétt til fiskveiða, íbúunum við ströndina. Hinum hefur aldrei verið færður neinn varanlegur eignarréttur á kvótanum. Það hefur aldrei verið sett í lög. Þeim hefur verið falinn réttur til að nýta. Það er umhugsunarefni ef það hefur verið stór sigur að ná réttinum af þessum aðilum og segja þjóðin öll en hugsa ríkiskassinn, þ.e. eftirleiðis ættu menn það undir sjútvrh. og fjmrh. hvað þeir þyrftu að greiða fyrir aðganginn að fiskimiðunum. Og að ganga þannig frá málunum að eignir sjómanna og eignir verkamanna yrðu verðfelldar bótalaust hvenær sem *væri vegna þess að fjármálaöfl landsins léku sér* að því að fleygja á milli sín fjöregginu. Með leyfi forseta held ég, þrátt fyrir veikindi hæstv. heilbrrh., að vonlaust sé annað en að líta svo á að hann hafi verið heill heilsu þegar hann samdi þessa brtt. á sínum tíma og ekki sé að honum vegið þó hans eigin brtt. sé lesin upp í ræðustól. Þessi tillaga var flutt á Alþingi 1987–1988, 110. löggjafarþinginu, og er 181. mál. Þar segir svo í 2. tölulið, með leyfi forseta:

„Við 14. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:

Sé fyrirsjáanlegur afkomubrestur í byggðarlagi vegna fyrirhugaðrar skipasölu þaðan er ráðherra heimilt að undanþiggja allt að 20% þess aflamarks, sem sölunni á að fylgja samkvæmt ákvæðum 2. mgr., og ráðstafa þeim til annarra útgerðaraðila í byggðarlaginu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar."

Hvað skyldi þarna verið að tala um? Einnig er verið að tala um öryggisventil fyrir byggðirnar, þ.e. að eitthvað af *aflakvótanum verði skilið eftir*. Þessi sami hv. þm. hafði nefnilega lýst því yfir vestra að hann mundi enga ríkisstjórn styðja sem styddi kvótakerfið og honum var nú ærin nauðsyn að sýna einhvern lit í því að koma fram breytingum.

Svo kemur hér brtt. við 13. gr., brtt. Matthíasar Bjarnasonar, með leyfi forseta.

„Við 13. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Sé skip með veiðiheimildir selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi *straumhvörfum í atvinnulífi* og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur enn ekki sést í salnum. Hæstv. félmrh. er horfinn en það verður að segja hv. 17. þm. Reykv. til hróss að hann hefur nokkuð vel tekið aga og tilsögn og situr nú sem fastast og hlýðir á umræðu. En hitt er náttúrlega ekki búandi við þegar menn eru að reyna að greiða fyrir þingstörfum, að þá sé ekki talin nauðsyn að ráðherrar gegni þeirri þinglegu skyldu sem þeir vilja þó láta liggja að í útvarpi að þeir gegni. Því ella hefðu þeir getað beðið um fjarvistarleyfi þannig að það yrði lesið upp fyrir alþjóð hvenær þeir væru fjarverandi. Og það væri miklu heiðarlegra að tilkynnt yrði eftirleiðis af hálfu forseta hvenær ráðherrar yrðu við en ekki hvenær þeir ætluðu að vera fjarverandi því að þetta hefur svo gersamlega snúist við. (**Gripið fram í:** Er það?)

Það sem ég vil fá upplýst af hálfu heilbrrh. verður ekki upplýst og skyldi engan undra þar sem hann er fjarverandi. En það er lágmarkskrafa að hinir sem telja sig hafa heilsu til að vera hér mæti og séu hér. Og ég óska svara við því frá forseta hvort hann vilji heldur að hlé verði gert á umræðunni eða að þessir ráðherrar mæti. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hæstv. iðnrh. var kallaður til fundar í utanrmn. og mun koma í þingsalinn strax og mögulegt er. Hins vegar er hæstv. félmrh. í húsinu og verða gerðar ráðstafanir til þess að ráðherra verði hér innan tíðar.)

Það fór eins og mig grunaði að hæstv. viðskrh. er með umboð utanrrh. í hans fjarveru og því ekki óeðlilegt að hann veiti hér svör. En hins vegar á ég ákaflega erfitt með að halda áfram ræðu minni ef hæstv. félmrh. er ekki viðstaddur. Hér er verið að færa fjármuni og réttindi frá sveitarfélögum til ríkisins og ég held að vonlaust sé að búast við því að menn ræði þau mál án þess að félmrh. geri þá grein fyrir því hvaða úrræði félmrn. hefur til þess að koma til aðstoðar ef skip verða seld burtu úr byggðarlaginu. Hvaða úrræðum ætla þeir að beita? Hvaða lagalegu úrræði hefur ráðuneytið? Hvaða fjármuni hefur ráðuneytið til að fylgja þeim úrræðum eftir?

Ég tók eftir því að úti í Vestmannaeyjum fylgjast menn með því hvort verið sé að selja skip eða kvóta úr byggðarlaginu. Þar töldu menn þetta stórt mál, ekki einskis virði og ég mat Vestmanneyinga fyrir að þeir gerðu sér grein fyrir alvöru málsins. En þegar þetta er rætt hér hverfur hæstv. félmrh. úr salnum og lítur nánast *þannig á að málið skipti engu*.

Ég verð að segja eins og er að ég er steinhættur að skilja hvernig ætlast er til að sú blessaða stjórnarandstaða sem hér er eigi að halda uppi vitsmunalegum umræðum og spyrja ráðherra ef ástandið er það að með-

an verið er að fara yfir þá kafla sem undir þá heyra telji þeir sér ekki skylt að vera við. Ég get nefnilega vel skilið að hæstv. sjútvrh. vilji ná í þessa peninga og nota þá til fiskrannsókna. Allir vita að það vantar peninga í rannsóknir í sjávarútvegi. Og allir vita að íslenska þjóðin þarf að halda þar uppi rannsóknum. Hitt er aftur á móti spurning hvort rétt sé að ganga í skrokk á veikustu sveitarfélögum landsins og hafa þaðan fjármunina til þessara hluta. Þess vegna hlýtur það að vera félmrh. sem verður að svara og þá samráðherrar hennar.

Hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, er fjarverandi en hann hefur þó varamann sinn hér og hann hefur setið hér og hlustað á umræðuna og gerir sér örugglega glögga grein fyrir því hvað verið er að tefla um. Ég vil enn ítreka það við forseta að gert verði hlé þar til upplýst er hvaða viðverumöguleika ráðherrar hafa til að vera í þingsal. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. félmrh. komi í salinn en ráðherrann er í húsinu þannig að ég vildi þá biðja hv. þm. að gera örstutt hlé á ræðu sinni ef hann gæti komið því við, en ráðherra mun koma hér innan tíðar. — Forseti sér að hæstv. félmrh. er genginn í salinn og geri ég þá ráð fyrir að hv. 2. þm. Vestf. haldi áfram ræðu sinni.)

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá tillitssemi sem mér hefur verið sýnd og ég varpa fram þeirri alvarlegu spurningu til hæstv. félmrh. hvaða lagaúrræði, sem félmrh. hefur heimild til að beita, eru til staðar til þess að koma í veg fyrir stórskaða í byggðarlögum ef skip eru þaðan seld og í öðru lagi hvaða fjármuni hefur hæstv. félmrh. til þess að beita til varnar. Það er nefnilega upplýst að Byggðastofnun hefur þessa peninga ekki, hún mun ekki ráða við þennan vanda. Ég vil vekja athygli hæstv. félmrh. á því að þessar sviptingar eru svo stórar að hér dugir engin skiptimynt. Spurningin er um það hvort menn hafi 100, 200 eða 300 millj. kr. ef menn ætla að taka þátt í fjárhættuspilinu mikla með skipin. Ég vona að hæstv. félmrh. veiti fullnægjandi svör við þessum spurningum við 3. umr. málsins þar sem er ljóst að hæstv. félmrh. þarf að víkja af fundi nú og ég mun ekki gera neinar athugasemdir við það. En það er vonlaust annað en gengið sé eftir þessum svörum því hér er verið að taka rétt af veikustu sveitarfélögum landsins. Þau stærri munu trúlega bjarga sér en hin sem veikari eru eiga enga möguleika að mínu viti til að ná árangri.

Þá ætla ég að víkja máli mínu til hæstv. sjútvrh. og hefja hér þá umræðu sem snýr að endurskoðun á lögunum um stjórnun fiskveiða. Stundum gerist það að í lög eru sett ákvæði um endurskoðun. Í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins stendur svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði til bráðabirgða. Fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 skal Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámark á útflutningi á óunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Aflaheimildir þessar skulu þó ekki vera meiri en nemur 8.000 þorskígildum. Um ráðstöfun þessara heimilda fer eftir 5. og 9. gr. laganna."

Ég hlýt að spyrja sjálfan mig að því hvaða möguleikar hefðu þarna verið til framlengingar. Í II. ákvæði til bráðabirgða segir svo, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Það er nefnilega dálítið merkilegt að það atriði sem hér er tekið út úr lögunum var forsendan fyrir því að hægt væri að samþykkja lögin um fiskveiðistjórnun. Ég lít þess vegna svo á að með því að taka þetta fyrst og breyta því sé í reynd verið að taka ákvörðun um það að virða ekki nema að hluta til þetta ákvæði til bráðabirgða, þ.e. hægt er að skipa nefnd til að endurskoða lögin. En verði lögunum breytt eru það náttúrlega ekki sömu lögin sem verið er að endurskoða, þá eru það önnur lög. Það eru allt önnur lög sem verið er að endurskoða og þá hefur í reynd engin nefnd endurskoðað lögin eins og hér er gert ráð fyrir samkvæmt lögum. Hún hefur þá aldrei átt sér stað því að ef þessi lagatexti er nú felldur úr þá verður hann aldrei endurskoðaður með nefnd sem lagatexti. Hann verður þá endurskoðaður í nefnd sem fyrrverandi lagatexti og það er allt annað mál. Það er alveg eins og ef læknir mætir í vitjun til sjúklings eftir að hann er látinn, þá hefur hann náttúrlega ekki vitjað hans meðan möguleiki var á að gera eitthvað fyrir hann. Ég held þess vegna að sú trú, sem ég játa að ég hef m.a. haft á tilgangi þess að setja slík ákvæði í lög, að það hefði eitthvað upp á sig og það þýddi að það yrði tekið alvarlega, sé gersamlega fyrir bí. Ég hef enga trú á því lengur að það skipti nokkru máli hvort svona ákvæði séu sett inn. Ég sé ekki nokkurn tilgang í þeim lengur. Hér fótumtroða menn þetta og er þó ekki um það að ræða að neinn hafi bannað núv. ríkisstjórn að setja nefndina strax af stað. Það hefði mátt gera fyrr því að hér stendur:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992", þ.e. það mátti alveg eins gera það enn þá fyrr, það er ekkert sem bannar það í lögunum, heimildin er opin hvað það snertir.

Ég get vel skilið að menn líti svo á að auðvitað hafi þingmeirihluti rétt til þess að samþykkja hvað sem er, það fer ekkert á milli mála. En þessi sami þingmeirihluti á að virða þau lög sem eru í gildi, og fara eftir þeim. Það er kalt lögbrot að nema þetta úr gildi án þess að þessi samráðsathugasemd hafi farið fram og nefndin verið skipuð.

Ég er sannfærður um að það skæklatog sem nú er hafið um stjórnun fiskveiða og það sáttarof sem gert er með því að flytja þetta eitt er, eins og sagt hefur verið af núv. utanrrh., fyrsta skrefið að auðlindaskatti. Þetta er fyrsta skrefið. Ef þeir sem nú taka þessa ákvörðun hafa hugsað þetta sem fyrsta skrefið er það mjög klóklega gert, það skal ég viðurkenna. Hér halda menn því stöðugt fram að þetta fyrsta skref hafi verið tekið af einhverjum öðrum, það sé ekki tekið af núv. stjórnvöldum. En ef svo skyldi vera að það væri aðeins annar aðilinn sem teldi þetta fyrsta skrefið en hin-

ir teldu að svo væri ekki þá hefði seinni hópurinn ekki gáð að sér því að menn breiðfylkja ekki á Alþingi til að koma málum í gegn upp á þau vinnubrögð að fyrst sé gerð sátt og mál samþykkt og svo sé ágreiningsefnið tekið út og nýr meiri hluti látinn valsa með nýja samþykkt í þeim efnum. Það eru leikreglur sem ekki gilda nema einu sinni.

Ég verð að segja eins og er að ég tel að íslenskir sjómenn eigi meira inni hjá þessari þjóð en svo að Alþingi Íslendinga geti haft það sem leikfang að rjúfa vinnureglurnar sem þó hafa verið viðhafðar til þess að reyna að ná einhverri sátt um þessi mál. Þessi mál eru af þeirri stærðargráðu að það er gífurlegt ábyrgðarleysi að ætla að sigla þeim þannig áfram að ekki sé einhver friður um þau. Ef það er rétt sem hér er fullyrt og mjög á lofti haldið að einhver stórkostlegur sigur hafi náðst með því að ganga þannig frá því í lagaformi að þjóðin eigi fiskimiðin — ég vissi nú ekki til í reynd annað en menn litu svo á að þjóðin ætti fiskimiðin og forgangsrétt til nýtingu þeirra ættu þeir sem byggju við ströndina í sjávarþorpunum og bæjunum — þá spyr maður sjálfan sig: Á þá ekki þjóðin líka að kosta rannsóknirnar á þessum sömu fiskimiðum? Er það eitthvað óeðlilegt að hún kosti rannsóknir? Er það nokkuð óeðlilegt að þeir sem fá þennan gjaldeyri, sem eru allir Íslendingar, taki þátt í því að styrkja grunninn að varðveislu þessarar auðlindar? Nei, allt í einu fundu menn það út að þjóðin ætti fiskimiðin en þeir sem ættu að borga rannsóknir á fiskimiðunum væru bara þeir sem kæmu nálægt sjávarútveginum. Þannig átti að ganga frá málunum. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það ekki ganga upp rökfræðilega. Ef þetta er spurningin um það þá verð ég að segja eins og er að það er þó karlmannlegri afstaða sem hæstv. forsrh. tók þegar hann boðaði að bjóða styrki til að flytja fólk úr stað. Það er þó karlmannlegri og heiðarlegri afstaða ef leikreglurnar eiga að vera þær að í átökum fjármagnsins um atvinnutæki landsmanna sé hægt að rústa heil byggðarlög, þá er karlmannlegra og heiðarlegra að bjóða byggðastyrki, flutningastyrki til að kaupa hús svo fólk geti þá flutt og eignast eitthvað á öðrum stað. Ég held að menn hljóti að líta svo á. Spurningin er aftur á móti sú að hér velja menn þann kostinn að svipta byggðirnar þessum rétti, en ætla þeim engar bætur í staðinn því að þrátt fyrir nýsamþykkt fjárlög þá er ekkert ákvæði þar um þessa byggðastyrki sem voru boðaðir sem nýja atriðið í byggðastefnu landsmanna. Eins og hæstv. forsrh. veit hefur umræðan um skýrslu um Byggðastofnun setið föst, algerlega föst, (**Gripið fram í:** Á annað ár.) á annað ár þrátt fyrir næturfundi. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ekki mikið samræmi í þessu. Ef þessi ríkisstjórn hefði haft þrek til þess að segja: Þeir peningar sem fást fyrir þennan hluta veiðiheimildanna eiga að fara í sjóð til þess að styrkja atvinnutækifæri á þeim stöðum þar sem skipin eru seld, segjum að félmrh. hefði viljað hafa þann sjóð hjá sér, þá hefði verið samræmi í hlutunum.

Ég verð að segja eins og er að mér eru það mikil vonbrigði að þannig skuli komið málum í sjávarþorpum þar sem fólkið vann hörðum höndum við að tryggja efnahagslegt sjálfstæði Íslands og gerði það mögulegt að hér yrði frjáls og fullvalda þjóð að nú skuli eignarréttur þess fótum troðinn eins og hér er verið að gera. Eini öryggisventillinn sem var í kvótalögunum fyrir byggðirnar er tekinn burtu.

Hitt atriðið er náttúrlega gífurleg vonbrigði að sú hagræðing sem átti að eiga sér stað með Hagræðingarsjóðnum til þess að gera sjávarútveginn arðbærari í reynd og til þess að gera það mögulegt að atvinnugreinin byggi ekki við svo þröngan lagaramma að hagræðing innan hennar yrði ekki eðlileg skuli vera sett til hliðar og því sópað burt. Ég skil hreinlega ekki hvað liggur á bak við þá hugsun.

Það er athyglisvert að sá flokkur sem berst fyrir auðlindaskattinum fer með stjórn þess atvinnuráðuneytis sem við flestir höfum verið fræddir um frá barnæsku að mundi taka við mannaflanum á Íslandi, þar yrði fjölgunin, þar yrði framtíðarsóknin í atvinnuvegum, þ.e. í íslenskum iðnaði. Allir vita að við verðum að efla íslenskan iðnað og atvinnutækifærin í landinu. En hvernig er þá búið að honum til þess að hann megi verjast?

Dagblaðið greinir frá því að 9% raunhækkun hafi orðið á gengi íslensku krónunnar, 9% raunhækkun. Hvað skyldi það þýða í samkeppninni við innflutninginn hjá íslenskum samkeppnisiðnaði þegar búið er að gera erlendu vöruna á þennan hátt ódýrari en hún ætti raunverulega að vera miðað við þá staðreynd að 18 milljarða viðskiptahalli er við útlönd og öll verðmætin sem SH selur úr landi voru 20 milljarðar? Hér er ekki um neina skiptimynt að ræða. Á sama tíma leikur hæstv. iðnrh. sér að því að búa íslenskum iðnaði þau kjör að raungengi krónunnar hækki á þann hátt sem verið er að tala um.

Ég sé ekki annað en að stefnan sé sú að skapa hér það fjöldaatvinnuleysi sem dugi til þess að svínbeygja íslenska launþega svo að verkföll verði ekki til þess að gera stjórninni erfitt fyrir. Ef það er hugsunin sem býr á bak við, gamla íhaldsafturhaldskenningin að með atvinnuleysinu eigi að sveigja menn til hlýðni, þá verð ég að segja eins og er að það er þó nokkuð mikið vit í stjórnarstefnunni. Þá er hún nefnilega að ná markmiði sínu því að með hækkuðu raungengi, með þeim aðgerðum sem hér er verið að leggja til og öðrum fleiri er verið að leggja grunn að fjöldaatvinnuleysi.

Herra forseti. Ég tók með mér mikið af bókmenntum í ræðustólinn. Ég trúði því að fyrir hönd hæstv. utanrrh. mundi mæta nafni hans iðnrh. og ég ætlaði að minna hann á ýmis atriði í þessari umræðu. En mér skilst að hann sé upptekinn á fundi og heilbrrh. er sjúkur maður þessa stundina. Ég sé þess vegna ekki fram á annað en ég verði að fresta því að fara í þá umræðu en ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hægt verði að tryggja viðveru þessara ráðherra þegar 3. umr. fer fram og beini því til hæstv. forseta til umhugsunar hvort ekki sé rétt að breyta þeim sið að tilkynna úr forsetastól hverjir biðja um fjarvistarleyfi, heldur að taka það upp að greina frá því hverjir hafi ætlað sér að sitja á þingi þennan og þennan daginn.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir lokaorð hv. 2. þm. Vestf. að það er svolítið hvimleitt að ræða mál eins og þessi þar sem raunverulega flest í landinu byggist á sjávarútvegi þegar virðulegir ráðherrar ríkisstjórnarinnar mega ekki vera að því að sitja hér. Þingflokksformennirnir mega sín lítils í þessu, þeir ráða ekki miklu. A.m.k. er það ljóst að svo er um Alþfl. að þar er aðeins einn vilji sem ræður og undirlægjuhátturinn alger þannig að það er í sjálfu sér ekki mikið við þá að tala. Þetta er út af fyrir sig umhugsunarefni fyrir okkur hvert stefnir og ég vildi þess vegna spyrja virðulegan forseta, hvernig háttar með framhald fundarins í dag. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum lagt okkur fram um það að flýta eins og við getum fyrir störfum þingsins og reynt að vera til staðar í þinghúsinu og flýta fyrir afgreiðslu mála. Mér það ljóst að enginn hefur talað oftar í þessu máli og reynt að þvæla og tefja fyrir framgangi þess en formaður þingflokks Alþfl. Hann hefur venjulega stokkið upp í ræðustól og gert athugasemdir á athugasemdir ofan eftir að menn hafa lokið máli sínu. Við höfum hins vegar setið rólegir í sætum okkar og reynt að standa fyrir málefnalegri umræðu og þess vegna langar mig til þess að spyrja hvernig hugsað er að ljúka umræðunni. Þá yrðum við að gera upp við ykkur hvað við vildum draga úr og geyma til 3. umr. (**Forseti:** Gert var ráð fyrir því að reyna að ljúka 2. umr. í dag.)

Ég ætla ekki að fara yfir nál. sjútvn. Það hafa frsm. þeirra og talsmenn meiri og minni hluta gert. Vegna þess að ég veit að virðulegur þingmaður og formaður þingflokks Alþfl. og talsmaður meiri hluta sjútvn. þingsins er kominn á mælendaskrá væri gaman að fá hann til þess að taka það fram í máli sínu á eftir og skýra frá því þannig að það mætti færa það til bókar hvert var viðhorf þeirra fjölda aðila sem voru kallaðir fyrir sjútvn. þingsins til þessa frv. sem hér er fjallað um. (Gripið fram í.) Já, það hefur þá farið fram hjá mér. (**Gripið fram í:** Með einu orði.) Já, hann hefur gert það þá með einu orði. Það voru allir á móti. Það er nefnilega það enda hefur það verið stutt og laggott. Það er nefnilega merkilegt mál að allur sá fjöldi sem kallaður var fyrir þessa nefnd, þeir aðilar sem eiga við að búa, lögðust allir gegn málinu. Samt er lögð nótt við dag til að pressa málið í gegn þvert á lög vegna þess að lög kveða skýrt á um það að þetta skuli gert í samráði við þessa aðila og sjávarútvegsnefndir þingsins. Það er merkilegt umhugsunarefni fyrir okkur.

Þessi sami frsm. og formaður sama flokks, þingflokks Alþfl., ræddi náttúrlega um daginn um þessi mál og Morgunblaðið vitnar í ummæli hans og þau eru þannig: „Deilt um leigugjöld eða auðlindaskatt. Pólitísk leikfimi, segir Össur Skarphéðinsson." Þar er sjálfsagt leikfimi okkar í stjórnarandstöðunni sem ég reikna með að hann sé að tala um. (**ÖS:** Halldórs Ásgrímssonar.) Halldórs Ásgrímssonar. (Gripið fram í.) Nei, þú hefur ekki séð það. En þó er það nú svo að nokkrum orðum er samt vikið að þeim sem hér stendur í þessu blaði. Og þar stendur, með leyfi virðulegs forseta, og þarf að koma fram vegna þess að það er nokkuð sem deilt er um í umræðunni um títtnefndan auðlindaskatt eða ekki auðlindaskatt. Þetta er viðtal við hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem í ríkisfjölmiðlum í dag fékk drjúgan tíma til þess að biðla til ýmissa manna úti í þjóðfélaginu til að fá þá til að ganga í Alþfl. Út af fyrir sig var merkilegt að hlusta á þær viðræður og alveg nýtt fyrir mig. Ég hef aldrei vitað til að menn — ég tala nú ekki um formann þingflokks — fái stutta stund í fjölmiðlum til þess að hringja út í bæ að vita hvort menn væru ekki tilbúnir að ganga í Alþfl. (**Gripið fram í:** Það var ekki hringt í þig.) Það var ekki hringt í mig, enda vonlaust. Það er vonlaust að eiga von á mér inn í Alþfl. Þann flokk mun ég ekki aðhyllast og hann hefur alltaf fjarlægst lífsviðhorf mín meira og meira og það hefur ekki breyst eftir að núv. formaður gekk til liðs við þann flokk. (**Gripið fram í:** Er ekki Jónas formaður?) Jú, Jónas stofnaði flokkinn en mikið hefur breyst síðan. En í títtnefndri grein Morgunblaðsins segir Össur Skarphéðinsson, með leyfi virðulegs forseta:

„Annar nefndarmaður í minni hlutanum, Stefán Guðmundsson, hefur talið að hér væri alfarið verið að tala um auðlindaskatt. Viðhorf þessa þingmanns hafa verið önnur. 2. maí 1990 hefði hann lagt áherslu á að ekki væri verið að stíga skref í átt að auðlindaskatti."

Eigum við aðeins að líta yfir hvað þessi títtnefndi Stefán sem hér stendur sagði 2. maí 1990? (**ÖS:** Það kann ég utan að.) Það kanntu utan að. En þér hefði verið meiri sómi að því að segja rétt frá. Ég hélt satt að segja að um kölkun væri að ræða hjá formanni þingflokksins en ekki eitthvað annað. Hér segir í dálki 7002 þar sem ég var að tala fyrir títtnefndu áliti um Úreldingarsjóð fiskiskipa:

„Hugmyndir um að koma slíkum sjóði á laggirnar eru því ekki nein stefnubreyting á því sem Alþingi hefur áður ákveðið. Ástæðan fyrir því að lagt er til að setja þennan sjóð á laggirnar er fyrst og fremst að stuðla að því að minnka það misræmi sem er á milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskstofnanna."

Þetta voru orð mín, ágæti þingmaður, og þar sem víkur að auðlindaskattinum og mitt sjónarmið á því hvað er auðlindaskattur ætla ég að leyfa mér að lesa, en það er í dálki 7003 og þar segir í máli mínu:

„Eignist sjóðurinn á einhverjum tíma meira en sem nemur 5% af heildarveiðiheimildum, sem lætur nærri að séu um 30 þús. þorskígildistonn, mun því verða skipt á milli skipa miðað við aflahlutdeild án endurgjalds." Ég endurtek: Mun því verða skipt á milli skipa miðað við aflahlutdeild án endurgjalds.

„Hér er um lokaðan sjóð að ræða sem vinnur fyrir sjávarútveginn í heild. Það er því víðs fjarri í mínum huga að með stofnun þessa sjóðs sé verið að stíga skref í átt til auðlindaskatts. Í mínum huga er auðlindaskattur það að rentan af fiskveiðunum sé tekin og færð til almenningssjóðs til samneyslu í þjóðfélaginu. Hlutverk sjóðsins er hins vegar fyrst og fremst að stuðla að því að auka rentuna af fiskveiðunum, en hún er einmitt allt of lítil vegna þess hversu flotinn er stór. Það eru því alveg fáránlegar kenningar hjá þeim er halda því

fram að með slíkri sjóðsstofnun, hagræðingarsjóði innan greinarinnar sjálfrar, sé verið að stíga skref að auðlindaskatti."

Þetta er munurinn á. Sá hagræðingarsjóður sem ég var hér að tala fyrir fyrir rúmu ári síðan var sjóður sem var innan greinarinnar sjálfrar. En nú hefur núv. ríkisstjórn að þrábeiðni Alþfl. tekist að beygja sjálfstæðismennina svo að þeir hafa fallist á að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn og fénýta aflaheimildirnar í ríkissjóð, það er munurinn. Áður var þetta bundið greininni sjálfri og kallaðist þá ekki auðlindaskattur. Enda þýðir ekkert fyrir formann þingflokksins að ganga um gólf og berja sér á brjóst. Sjálfur formaður Alþfl. hefur talað, maðurinn með völdin í þeim flokki. Hann talaði um daginn þegar hann kom heim — að vísu farinn aftur — en hann gaf sér þó tíma til þess að segja nokkur orð. Hann staðfesti það sem hann skrifar í áramótagrein sína og hv. 2. þm. Vestf. las upp áðan, að með þessu sé verið að taka upp auðlindaskatt. Það þýðir ekkert að hafna því. Form. Alþfl. er margbúinn að taka það fram í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Hvað segir þingmaðurinn? (**Forseti:** Ekki samtal.) Notar hver ekki hvað? Af því að hann situr hjá hv. 2. þm. Vestf., Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem ég veit að er maður sem vill hafa það sem sannara reynist, held ég að kæmi sér vel fyrir formanninn að Ólafur gaukaði þessari áramótagrein að honum svo hann gæti nú tekið hana með sér og lesið hana um helgina. Og hann áttaði sig þannig á því hvað væri satt og hvað ekki. (**Gripið fram í:** Þetta ku vera skyldulesning.) Það er skyldulesning, já. En það er eins og einu sinni var sagt með ákveðinn aðila sem las hlutina öfugt og aftur á bak, það hefur sjálfsagt verið sá stíllinn sem formaður Alþfl. hefur haft á lestri á áramótagrein formannsins. (**Gripið fram í:** Hvaða aðili var það?) Formaður þingflokksins.

Ég var að nefna að það væri nokkuð merkilegt fyrir okkur sem höfum fylgst með pólitíkinni nokkuð lengi, ég velti því a.m.k. fyrir mér: Hvar er þessi Sjálfstfl. sem einu sinni var til? Hvar er hann í dag? Hver er orðin stefna flokksins? Hver hefði trúað því að Sjálfstfl. teldi sig hafa þann þingstyrk á Alþingi að hann gæti boðið upp á það að taka upp auðlindaskatt á sjávarútveg? Það er mikil breyting á. Mikið svakalega hefur forsrh. verið kúgaður til þess að skrifa undir — nei, nú var ekki skrifað undir, þetta var heiðursmannasamkomulagið, var það ekki rétt, formaður þingflokks Alþfl., sem alltaf svarar jafnóðum og grípur fram í ótt og títt? Var þetta ekki hið títtnefnda heiðursmannasamkomulag sem ekki var fest á blað í Viðey? (**Gripið fram í:** Ég þekki ekki það orð.) Þú þekkir ekki það orð, það er nefnilega málið. Alla vega hef ég trú á því að þetta sé ekki hugsun og hugmynd hæstv. núv. sjúvrh. Ég held að þetta hafi verið annars staðar smíðað.

Hæstv. fyrrv. sjútvrh. er búinn að tala nokkuð í umræðunni og lagði áherslu á að skynsamlegast væri í málinu að fresta afgreiðslu þess og afgreiða það með þeim lögum sem við bíðum eftir að fá um endurskoðun á stjórnun fiskveiða og fleiri hafa vikið að því. Auðvitað er það eðlilegasti gangur málsins að þessi mál fái að fylgjast að, Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og nýjar hugmyndir um stjórnun fiskveiða þó að við vitum ekki hverjar þær raunverulega verða. Ekki var svo björgulega lagt af stað í það starf og því miður er meiningin að vinna að þeirri stefnumótun á allt annan hátt en áður var og alls ekki á jafnbreiðum grundvelli og var gert þegar lögin voru samþykkt. Nú skilst mér að þetta eigi að vera meira á valdi hinna pólitísku flokka, Alþfl. og Sjálfstfl. Það er út af fyrir sig stefna og við heyrum að þetta er alls staðar tekið upp í kerfinu. Meira að segja á að setja þessar sérsveitir inn í fyrirtækin, þeir eiga að taka við fjármálastjórn fyrirtækjanna og ráskast með þetta sjálfir, sjálfsagt pólitískir gæðingar. Það verður úr einhverju að moða fyrir Alþfl. í þeim bitlingaleik ef ég þekki þá rétt.

En það má spyrja sig: Af hverju á endilega að bíða með þessa breytingu eftir því að endurskoða lögin um stjórnun fiskveiða? Í mínum huga eru þessi mál nánast óaðskiljanleg, Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og stjórnun fiskveiða, eins og mér fannst koma rækilega fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Ólafi Þ. Þórðarsyni. Viss málamiðlunarsátt var gerð í þessu í þinginu og því væri það eðlilegt, enda sé ég ekki hvernig við ætlum að hafa þetta vegna þess að einn aðalókostur fyrir okkur — og ég mun koma hér að síðar í máli mínu — og eitt okkar aðalvandamál í sjávarútveginum í dag er auðvitað það að við skulum ekki geta náð fram þeirri hagræðingu sem við þurfum í greininni. Það er deginum ljósara að þessi hagræðing verður að geta átt sér stað þannig að við getum komið meiri arðsemi inn í sjávarútveginn. Um það finnst mér flestallir sammála sem láta sig þessi mál einhverju varða. Þess vegna finnst mér skjóta nokkuð skökku við þegar menn brjóta einmitt þann sjóðinn niður sem átti að verða til þess að það væri mögulegt.

En það er svolítið fróðlegt að átta sig aðeins á því hvað sjálfstæðismenn sögðu þegar Hagræðingarsjóður fór í gegn. Mér er í minni þegar við vorum að tala fyrir þessu máli í þinginu og koma því í gegn að það mæddi nokkuð á mér þá. Við sátum hér rólegir sólarhringum saman yfir umræðunni, stjórnarandstaðan talaði nokkuð sterkt í því máli. Mér er það minnisstætt að um kl. fimm einn morguninn vorum við í efri deild að spjalla um þessi mál og vorum þá búin að vera ég man ekki hvað marga klukkutíma, þá var einn hv. þm. í ræðustól og þá vék sér burt úr salnum einn af þingmönnum Sjálfstfl., núv. ráðherra flokksins, sem var mikill áhugamaður um þetta en sést ekki nú í þessum sal þegar er verið að ræða um þessi mál. Ég hef ekki séð hann sitja hér núna þegar við ræðum um málefni sjávarútvegsins en hann var mjög áhugasamur á þeim tíma. Mér er það í minni þegar hann fór út um klukkan fimm um morguninn, hljóp út á Morgunblað og fékk Morgunblaðið, glóðvolgt úr pressunni, og kom með það hingað hlaupandi alveg dauðuppgefinn maðurinn og afhenti þeim manni sem þá stóð í ræðustól Morgunblaðið vegna þess að efni viðkomadi ræðumanns var að mestu þrotið. Þá hóf viðkomandi ræðu-

maður að lesa Morgunblaðið þarna um morguninn. Hann las flestallar greinarnar og við sátum og hlýddum á. Þegar hann var búinn að lesa nánast allar helstu greinar Morgunblaðsins fór hann að lesa auglýsingarnar. Svo eru menn að tala um að stjórnarandstaðan núna sé með eitthvert málþóf. Þetta er t.d. í fyrsta skipti sem ég tala í þessu máli svo að við erum ekki aldeilis með málþóf. Það var meira að segja hv. þm. páv., ég man eftir að hann fór einu sinni með merka bók með sér upp í ræðupúltið og las úr henni drykklanga stund, það hefur verið minnst á það áður í þessum umræðum og ég ætla nú ekki að fara að nefna nein nöfn í því sambandi.

En hver var afstaða sjálfstæðismannanna um þennan sjóð og hvernig ætti með hann að fara þegar við vorum að fjalla um hann í sjútvn.? Hver var afstaða þeirra manna sem Sjálfstfl. treysti þá best til þess að sitja í sjútvn. þingsins? Með leyfi, virðulegi forseti, langar mig til þess að lesa nál. þingmanna Sjálfstfl. sem þá var um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Ég ætla að byrja á því að lesa hvað þingmenn Sjálfstfl. í efri deild sögðu. Það voru hvorki meira né minna en Halldór Blöndal, hæstv. núv. samg.- og landbrh. og Guðmundur H. Garðarsson, sem þá var nokkur sérfræðingur flokksins í faglegri málum sem sneru að sjávarútveginum, þó að Sjálfstfl. telji sig ekki hafa not fyrir svoleiðis menn lengur, en það er svo kapítuli út af fyrir sig. En nál. þeirra hljóðar svo með leyfi, virðulegi forseti, það var frá 3. minni hluta sjútvn. um Úreldingarsjóð fiskiskipa, sem síðan var breytt og heitir Hagræðingarsjóður:

„Frumvarp þetta er svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nefndarálits 4. minni hluta um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans."

Þetta sögðu þingmenn Sjálfstfl. þá í efri deild. Svo fór málið sína eðlilegu boðleið og fór niður í neðri deild og þar fór það líka í nefnd. Hvert skyldi hafa verið álit fulltrúa Sjálfstfl. í neðri deild um afgreiðslu málsins? Þar voru líka hinir mætustu menn. Þar var Kristinn Pétursson, þar sat einnig Hreggviður Jónsson og að ógleymdum Matthíasi nokkrum Bjarnasyni, fyrrv. sjútvrh., þeim manni sem er einna gagnkunnugastur sjávarútvegsmálum í þinginu og hefur lengi fjallað um þau af mikilli þekkingu. Hver voru svo viðbrögð fulltrúa Sjálfstfl. til sama máls? Þessi minni hluti segir:

„Frumvarp þetta er svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nefndarálits 4. minni hluta um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans. Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar." Undir þetta rita fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn. Þessir heiðursmenn höfðu sama álit á þessu máli og núverandi minni hluti, þ.e. að þessi mál séu nánast óaðskiljanleg og það eigi að afgreiða þau saman. Virðulegi ráðherra sjávarútvegsmála, mér finnst Sjálfstfl. hafa teygt sig of langt til samstarfs við Alþfl. í þessu efni. Heimurinn er ferst ekki þó að hefði verið hinkrað við og menn hefðu skoðað þessi mál í samhengi.

Ekki þarf að fara mikið yfir þennan Hagræðingarsjóð, menn eru búnir að lesa það svo rækilega sem þar stendur um sjóðinn sjálfan. En eitt af því sem mikil áhersla var lögð á og varð breyting á þegar frv. var upphaflega lagt fram, var að sjóðnum var sköpuð aðstaða til þess að bregðast við ef válegir hlutir gerðust í hinum ýmsu veiku byggðarlögum. Þá voru sjóðnum sköpuð skilyrði til þess að geta brugðist þar við. Enda segir svo í upphafsorðum í 1. gr. sjóðsins um markmið hans: „Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og hafi það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni og hagkvæmri útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum." Þetta eru meginmarkmið sjóðsins. Og einnig segir svo í 9. gr. sjóðsins, með leyfi virðulegs forseta:

„Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á. Forkaupsréttarákvæði 1. mgr. 8. gr. gildir ekki um framsal veiðiheimilda samkvæmt þessari málsgrein.

Skilyrðin fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka ákvörðun um aðstoð að fengnu samþykki Byggðastofnunar."

Gaman væri ef hér væri staddur hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, þingmaður Austfirðinga, sem mikið hefur talað um þetta mál og lagt nánast heiður sinn að veði að þetta yrði inni í núverandi lögum. (**Gripið fram í:** Ég er fulltrúi hans.) Þú ert fulltrúi hans. Ja, menn gera sér ýmislegt að góðu. Í 1. gr. núv. laga, sem lögð voru fram af núv. ríkisstjórn, er einmitt svo tryggilega og rækilega gengið frá þessum þætti og nú er þetta það eina sem tekið er út í 1. gr. þess frv. sem hér var lagt fyrir. Það var aðstoðin við þessi veiku byggðarlög, sem var aðalmálið að fá inn þegar þeir sömdu þessi lög fyrir réttu ári. Nákvæmlega eina atriðið sem var tekið út. Og svo huggar Alþfl. sig við það að öllum málunum sé bjargað ef þeir geta stillt málunum nógu bölvanlega upp þá sé það allur sigurinn að fá einhverja hluta af því inn aftur. Þetta er nákvæmlega sama dæmið og gerðist hjá þeim í sambandi við sjómannaafsláttinn. Svo eru menn að reyna

að draga í land. Hér var lagt fram frv. af núv. ríkisstjórn og auðvitað ekkert síður Alþfl. en Sjálfstfl., þessi mál ganga nú þannig fyrir sig að þau fara fyrir þingflokka og þar er samþykkt að leggja þau fram. Auðvitað samþykkti Alþfl. að leggja þetta fram eins og það stendur hér þar sem aðstoðin var tekin út. Hins vegar fundu menn það loksins að þrýstingurinn var svo mikill úti í þjóðfélaginu að þeir auðvitað guggnuðu. Þeir guggnuðu þá en þeir guggnuðu ekkert inni í þingflokksherberginu, þá hefði málið ekki farið svona fram. Síðan gerist það í umræðunni í þingnefndinni að með aðstoð við sveitarfélögin er málinu kippt inn. En þá á hvern hátt? (**Gripið fram í:** Að frumkvæði hverra?) Ég þykist vita hvað hv. þm., form. þingfl. Alþfl. er að biðja mig að segja. Hann er að biðja mig að segja það að þetta hafi verið tekið inn í frv. að sinni beiðni. Það er það sem hann er að biðja mig að segja. En ég get því miður ekki staðfest það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ef ég hef hlustað grannt og nú ætla ég ekki að fullyrða um það, en ef ég hef hlustað rétt þá fannst mér það vera hæstv. núv. sjútvrh. sem lyfti hendi til þess að koma þessu inn aftur enda undirstrikar það líka þessi títtnefnda Morgunblaðsgrein sem ég er búinn að lesa hér upp úr áður og ég ætla aðeins að vitna í aftur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, úr því að hann má vera hér frá því að vera í fjölmiðlunum og safna nýjum meðlimum í Alþfl. eins og hann hefur verið að gera í dag í beinni útsendingu, en hér segir þessi virðulegi þm.: „Össur taldi rétt að fram kæmi", við skulum nú sjá svo að ég fari nú rétt með þetta. (**ÖS:** Þú ert í einhverju öðru blaði.) Nei, nei, ég er ekki í öðru blaði, virðulegi þingmaður, en með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa þetta núna. Ég þurfti að fara aðeins aftar í greinina vegna þess að virðulegur þingmaður var að grípa hér fram í. Ég ætla aðeins að lesa meira upp úr blaðinu til þess að ekkert fari á milli mála.

„Nú hafði meiri hluti nefndarinnar beitt sér fyrir því að fjórðungi heimilda sjóðsins mætti ráðstafa með forleigurétti til bágstaddra byggðarlaga. Ræðumaður lofaði það hversu rösklega og vel Þorsteinn Pálsson sjútvrh. veitti sitt fylgi þessari tillögu." En svo segir þingmaðurinn meira: „Össur taldi rétt að fram kæmi" — og nú bið ég hv. þm. Gunnlaug Stefánsson sem er hér djúpt sokkinn í lestur að leggja við hlustirnar — „að nú væri búið að fella burtu ákvæði sem heimilaði að gefa kvóta." Þá var hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni bjargað. Þegar sem sé var búið að kippa burtu þeim möguleika sem var til þess að bregðast við ef váleg tíðindi mundu gerast í þessum byggðarlögum.

Hins vegar var það tekið fram og tekið inn að þessi heimild var sett inn á þann veg að sveitarfélögunum var gefinn forkaupsréttur að kvótanum á markaðsverði. Við þessi smáu og veiku sveitarfélög, sem gætu orðið fyrir slíku, var bara sagt: Gerið þið svo vel, farið á fiskmarkaðinn í Reykjavík eða suður í Hafnarfirði eða suður með sjó. Þar eigið þið að versla. Og þar með, ef ég hef hlustað rétt, var hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson ánægður. Þegar var búið að benda þeim á það, félögum hans og vinum sem studdu hann fyrir austan, á Breiðdalsvík og Djúpavogi m.a., að ef eitthvað slíkt mundi gerast gætu þeir bara farið og keypt fiskinn á fiskmörkuðunum í Reykjavík eða á Faxaflóasvæðinu. Þetta var nú öll reisnin. Hér hafa nefnilega orðið vatnaskil.

Það er okkur náttúrlega áhyggjuefni sem um þessi mál erum að fjalla og hugleiðum hvernig er vegið að þessari atvinnugrein, sjávarútveginum, og hvernig hann raunverulega má standast þær aðfarir sem hann verður nú fyrir æ ofan í æ af núv. ríkisstjórn. Það er deginum ljósara og því mótmælir enginn að nýlegar álögur á sjávarútveginn í beinum sköttum nema hvorki meira né minna en tæpum 1 milljarði króna. Og ég sé ekki hvernig menn geta sætt sig við slíkt á sama tíma og gefið er út að rekstrargrundvöllur þessarar greinar sé svo bágborinn að hallinn á sjávarútveginum á þessu ári muni verða trúlega ein 8%. Það eru starfsskilyrði sem boðið er upp á. Það þarf enginn að vera hissa á því þó að maður spyrji eftir Sjálfstfl. í dag. Ég hef aldrei búist við neinu af Alþfl. í þessu, aldrei nokkurn tíma, engu. En ég reiknaði satt að segja með að það væri einhver eftir í Sjálfstfl. sem hefði einhvern snefil af tilfinningu fyrir því hvað væri að gerast.

Bara samdrátturinn í afla þýðir hvorki meira né minna en um 6 milljarða tap fyrir greinina, hvorki meira eða minna en það. Þessi 50 þús. tonna skerðing sem gerð var á afla þýðir hvorki meira né minna en að það mætti loka einum átta frystihúsum, það er afli svona átta fiskvinnslufyrirtækja. Ég er ekki að skamma núv. sjútvrh. fyrir þetta. Ég held að núv. sjútvrh. viti nokkurn veginn að þingmenn hafa talið að ekki væri ástæða til þess að gagnrýna þá ákvörðun hans að draga svo úr sókn. Ég held að hann hafi ekki orðið fyrir aðkasti fyrir það í þinginu. En ég er að draga þessa mynd upp til þess að sýna fram á hvernig menn ætlast til að þessi grein geti staðist. Það er um slíkar aðfarir að greininni sjálfri að ræða að ég sé ekki hvernig menn ætlast til þess að hún geti staðist. Og það sem verra er, þetta er engan veginn nóg. Í augsýn eru nýir skattar upp á fleiri milljarða kr. á sjávarútveginn. Ef þessi ríkisstjórn heldur velli þá er deginum ljósara að það er verið að tala um að fara með fleiri milljarða í nýja skatta á sjávarútveginn. Ef Alþfl. á að vera jafnáhrifamikill í ríkisstjórninni og Sjálfstfl. ætlar ekki að fara að hrista af sér slenið þá mun þetta gerast. Og nú brosir formaður þingflokks Alþfl. og líður vel. (**GunnS:** Hvað heldur þú að kvótasala Framsfl. í sjávarútvegi kosti á ári?) Kvótasala Framsfl.? Við skulum ræða það á eftir. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. Austurl. er að tala um. Ég óska eftir því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson setji sig á mælendaskrá og ræði um fiskveiðistjórnunina. Ég hefði mjög gaman af því að fá að tala aðeins við hann um fiskveiðistjórnunina, það segi ég satt, því ég hef ekki skilið stefnu hans þar. Það er ómögulegt að ná upp í hana og þess vegna þyrftum við að eiga dálítinn orðastað um hana. Og meðan tími er til vildi ég biðja hann um að setja sig á mælendaskrá og útskýra fyrir okkur hver stefna hans í sjávarútvegsmálum er.

Við skulum aðeins átta okkur á því hvað þeir segja nú og hvað er að gerast í þessari grein. Það vitlausasta

sem þessi ríkisstjórn gat gert á sínum tíma, þegar hún var rétt tekin við, var að ætla að bjarga öllu með því að hækka vexti og annað því um líkt. Þá var svartnættið algert og ekkert mátti gera. Það mátti ekki grípa til sértækra aðgerða eins og þá var sagt. Koma varð í veg fyrir þensluna með því að hækka vexti og ég veit ekki hvað og hvað. Það mátti alls ekki grípa til sértækra aðgerða til þess að stoppa þensluna. Af hverju ekki? Vegna þess að sértækar aðgerðir voru verk Framsfl. Þess vegna mátti ekki nota sértækar aðgerðir. Hvar var þenslan í landinu á vordögum þegar þessi ríkisstjórn tók við völdum? Var hún úti á landsbyggðinni? Ég held ekki. Á vordögum var þenslan í þjóðfélaginu fyrst og fremst á tiltölulega afmörkuðu svæði. Hún var fyrst og fremst á Stór-Reykjavíkursvæðinu og auðvitað átti þess vegna að beita sértækum aðgerðum, enda sjáum við hvað heiðursmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson segir í þessu blaði „Vaxtapólitíkin að koma okkur á kné." Ég ætla ekki að fara að teygja lopann og lesa það upp nú. En auðvitað var það deginum ljósara og það sá Einar Oddur að verið var að kippa fótunum undan atvinnulífinu með þessum hætti.

Það hafa fleiri látið til sín heyra um þessi mál. Nú langar mig aðeins til þess að vitna í ræðu sem Kristján Ragnarsson flutti þann 7. nóv. sl. á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Tilvitnunin er í kaflanum „Skattlagning til hafrannsókna", með leyfi virðulegs forseta:

„Það veldur okkur miklum vonbrigðum að sjávarútvegsráðherra skuli hafa fallist á að taka 17.300 lestir af óskiptum veiðiheimildum til að selja útvegsmönnum við þær erfiðu resktraraðstæður sem útgerðin býr nú við vegna skertra veiðiheimilda. Hér er um að ræða 3,4% af botnfiskheimildum, samsvarandi 12 þús. þorskígildistonnum. Margir hafa áhyggjur af því að hér sé verið að hefja sölu veiðileyfa í anda þeirra sem telja sjávarútveginn búa við of góð rekstrarskilyrði. Engin afsökun felst í því að fyrri ríkisstjórn hafi sett lög um Hagræðingarsjóð þar sem gert var ráð fyrir að veiðiheimildum honum til handa. Þeim veiðiheimildum var skilað til loðnuflotans á sl. ári og því hafði verið heitið af flokki núverandi sjávarútvegsráðherra að sjóðurinn yrði lagður niður og veiðiheimildum þannig skilað aftur varanlega.

Það er erfitt að trúa því að þingmenn landsbyggðarinnar sjái nú þann kost vænstan í fjáröflun ríkisins að leggja sérstakan skatt á þá atvinnustarfsemi sem stendur undir byggðinni. Verði þetta samþykkt á Alþingi hljóta þingmenn að telja að fólkið á landsbyggðinni búi nú við mikið betri kjör en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Jafnframt að sjávarútvegurinn sé fær um að greiða sérstaka skatta er létt af ríkissjóði eðlilegum útgjöldum til hafrannsókna."

Þetta eru orð formanns LÍÚ og væri ábyggilega þarft fyrir marga hv. þm. að lesa þessa ræðu. Og ekki mundi saka að menn gæfu sér tíma til þess að líta líka yfir ræðu hæstv. núv. sjútvrh. sem hann flutti á sama fundi. Báðar ræðurnar voru að mínu mati gagnmerkar og stórfróðlegar yfirlestrar og holl lesning fyrir þingmenn Alþfl. a.m.k.

Af því að við höfum góðan tíma ætla ég aðeins að grípa inn síðar í ræðu Kristjáns Ragnarssonar þar sem hann talar um skattheimtuna, með leyfi virðulegs forseta:

„Við ásökum ekki stjórnvöld fyrir að hlaupa eftir ágiskunum „þorskafræðinga" eins og kunnur bankastjóri sagði nýlega því við búum ekki til fisk í sjónum með því að leyfa aukna veiði. Við ásökum hins vegar stjórnvöld fyrir að gera sér ekki grein fyrir afleiðingum minnkandi afla sem m.a. birtist í ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og áformum um aukna skattheimtu til að standa undir veiðieftirliti.

Í þessu samhengi má einnig vitna til orða fjármálaráðherra um afnám sjómannaafsláttarins." Ég ætla að lesa þessa setningu aftur. „Í þessu samhengi má einnig vitna til orða fjármálaráðherra um afnám sjómannaafsláttar sem útgerðin eigi að greiða þótt hún hafi aldrei haft neitt um hann að segja. Hafi núverandi fjármálaráðherra einhvern tíma haft vinsamlegt viðhorf til sjávarútvegsins þá hefur honum rækilega gleymst það nú. Það er næsta furðulegt að í stól fjármálaráðherra skuli komast maður með þau viðhorf til sjávarútvegs sem hann hefur lýst að undanförnu en hann hefur tekið undir hugmyndir um auðlindaskatt og veiðileyfagjöld þótt flokkur hans hafi hafnað þeim alfarið."

Ég held að hv. form. þingflokks Alþfl. ætti nú að leyfa sjálfstæðismönnum að svara fyrir sig. Mér líst ekki á blikuna ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson lætur sér ekki nægja að vera talsmaður kratanna og ætlar líka að gerast talsmaður Sjálfstfl. Þá líst mér á blikuna í íslensku atvinnulífi. Þá er nú orðið verulega dökkt fram undan. Ég held að hann ætti að láta sér nægja að vera kyrr ofan í skúffunum og gramsa í gömlu skýrslunum, hann væri best geymdur þar og einhver góður maður hefði lyklana. Hv. form. LÍÚ segir fleira:

„Það kemur á óvart að á sama tíma og sjávarútvegurinn á við gríðarlegan rekstrarvanda að stríða vegna minni afla svo að hriktir í öllu atvinnulífi á landsbyggðinni skuli linnulausum áróðri vera haldið á lofti um aukna skattheimtu. Hafi menn það í huga að sjávarútvegurinn er aðalatvinnuvegur landsbyggðarinnar hljóta skattheimtumennirnir að hafa áhyggjur af því að með aukinni hagræðingu í greininni muni skapast of góð lífskjör fyrir fólkið sem við hana vinnur miðað við aðra þegna þjóðfélagsins. Við teljum hins vegar það vera markmið okkar að bæta kjör fólksins á landsbyggðinni. Skattur greiddur ríkissjóði fyrir það að fá að veiða fisk hindrar þá þróun hagræðingar sem felst í samruna veiðiheimilda og fækkun skipa. Talsmenn skattheimtu og aukinna ríkisumsvifa í ritstjórn Morgunblaðsins hafa villt um fyrir mönnum og látið sem þeir skilji ekki tilgang framsals veiðiheimilda til aukinnar hagræðingar og fækkunar fiskiskipa."

Ég ætla að láta þetta nægja úr þessari grein í trausti þess að krataranir fái ræðurnar, bæði ræðu formanns LÍÚ og núv. sjútvrh. sem þeir fluttu á aðalfundi LÍÚ. Það væri gott fyrir þá til að glöggva sig á þessu máli að renna aðeins yfir þær. En það sem form. LÍÚ segir undirstrikar akkúrat það sem við erum að tala um.

Og ég segi það í fullri hreinskilni að ég skil ekki stefnu stjórnvalda gagnvart sjávarútveginum. Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvernig þeir halda að þessi atvinnugrein geti haldið velli ef svo heldur fram sem horfir.

Ég held að það sem þurfi að gera í dag sé að koma meiri arðsemi og meiri hagnaði inn í sjávarútveginn. Þetta er ég búinn að segja nokkrum sinnum áður í þessum ræðustól í vetur. Þetta er heila málið. Sjávarútvegurinn verður að fá að græða. Menn hafa ekki viljað eða þorað að segja slíka hluti því það hefur verið talið ljótt. En þetta er engu að síður staðreyndin. Sjávarútvegurinn verður að fá að græða. Hann verður að fá það mikinn hagnað að hann geti borgað hærra fiskverð og borgað hærri laun til þess fólks sem í sjávarútvegi starfar. Ef þetta gerist ekki undurfljótt, þá mun örskammt í það að við munum aðeins verða veiðiþjóð í þessu landi. (Gripið fram í.) Og við munum láta öðrum þjóðum það eftir að njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar í landi. Það er þetta sem mun gerast.

Því eru það hrapalleg mistök að verða við þeim óskum Alþfl. að leggja Hagræðingarsjóðinn af. Það eru stóru mistökin, í staðinn fyrir að nota hann til þess að ná fram þeirri hagræðingu sem við verðum að fá fram. Ef svo heldur fram sem horfir munum við í vaxandi mæli sjá á eftir fiskinum, annaðhvort til vinnslu í veiðiskipum úti á hafi eða skipin munu sigla með fiskinn frá vinnslustöðvunum í landi beint á erlendan markað. Sjómenn og útgerðarmenn munu ekki sætta sig það en þeir geta ekki annað. Þess vegna verðum við að leggjast á eitt, alþingismenn sem hér erum og hér störfum, við að söðla hér um. Ég gæti sagt margt fleira um þetta en ég ætla að sleppa því nú og geri það þá frekar við 3. umr.

Núv. ríkisstjórn hefur gagnrýnt mikið þær aðgerðir sem fyrrv. ríkisstjórn gerði í sambandi við Atvinnutryggingarsjóðinn. Honum voru gefin ýmis nöfn, t.d. aumingjasjóður og hann var kenndur við ákveðna menn, til þess að reyna að gera lítið úr viðkomandi mönnum og sjóðnum um leið. En það vakti hins vegar athygli mína, eftir að vera búinn að hlusta hér margsinnis á ræður hæstv. forsrh., lesa eftir hann það sem hann hefur skrifað og stendur í hvítri bók og í upphaflegum málefnasamningi þessarar ríkisstjórnar og a.m.k. nokkrum greinum sem hann hefur skrifað þar sem hann víkur að þessum sjóði, að hann hefur látið að því liggja að lítið standi á bak við og hann hafi nánast engu áorkað. Hér er vægast sagt mjög hallað réttu máli. Staðreyndin er sú að þessi sjóður hefur gerbreytt afkomumöguleikum fjölmargra fyrirtækja. Það vita þeir menn sem um þessi mál nenna að hugsa og nenna að skoða þau, nenna að fara þangað sem þessi mál voru unnin og skoða hvað hefur gerst. Vissulega er það rétt og ber að viðurkennast að ekki hefur verið hægt að bjarga öllu. Ef við skoðum framlegðartölur ýmissa fyrirtækja sem þessi sjóður kom að held ég að margir mundu hrökkva við. Ég segi fyrir mig að ég hef ekki séð annan og meiri viðsnúning í mörgum fyrirtækjum heldur en eftir það að þessi sjóður gat komið þar til aðstoðar. Hægt væri að lesa upp fjölmörg þeirra fyrirtækja.

Hvað skeði svo fyrir örfáum dögum síðan? (Gripið fram í.) Halldór skipti um skoðun, segir formaður þingflokks Alþfl. Hann virðist vera með Halldór fyrrv. sjútvrh. á heilanum og ég öfunda ekki fjölskylduna af þessu ef það kemst ekkert annað að en Halldór hjá aumingja manninum. Þá er viðtal við hæstv. núv. forsrh. Davíð Oddsson um þennan sjóð, þennan títt nefnda aumingjasjóð, þennan sjóð sem núv. ríkisstjórn segir að hafi ekki gert neitt og það sem hann hafi gert hafi verið til bölvunar. Virðulegi forseti, ég ætla að leyfa mér að lesa hér örfá orð. Þar segir:

„Davíð Oddsson forsrh. segir að bankinn", þá er verið að tala um Landsbanka Íslands, hvorki meira né minna, „segir að bankinn taki væntanlega yfir allar kröfur sjóðsins en ríkið taki á sig skuldbindingar hans að einhverju leyti. Davíð sagði að þetta sé hugsað til þess að bæta eiginfjárstöðu Landsbankans og bæta rekstrarstöðu bankans í framhaldi af því."

Það er þá ekki verra en það að færa á Landsbankanum þennan sjóð, þennan aumingjasjóð, sem sjávarútvegurinn er búinn að leika svo grátt, og fara með hann í Landsbankann til að bæta eiginfjárstöðu Landsbankans. Það eru endaskipti þarna á hlutunum.

Menn hafa aðeins vikið að því hér hvernig horfir í þjóðfélaginu í atvinnumálum og öðru. Það er engum vafa undirorpið að þær aðgerðir sem nú er verið að gera munu flýta fyrir því fjöldaatvinnuleysi sem nú er stefnt að og fylgir náttúrlega í kjölfar þess svartsýnistals sem núv. ríkisstjórn tók upp til þess að hræða fólk frá því að gera mannsæmandi kjarasamninga. Mönnum hefur tekist það og menn keyra greinilega áfram á þeim nótunum. Ég held að Þjóðhagsstofnun hafi spáð u.þ.b. 2,6% atvinnuleysi og eftir að hafa heyrt um síðustu aðgerðir þessarar ríkisstjórnar, þá er náttúrlega deginum ljósara að stefnt er í miklu hærri tölur. Það mun greinilega verða um fjöldaatvinnuleysi að ræða ef svo heldur fram sem horfir. Það er ekki nokkur spurning í mínum huga.

Gaman hefði verið að fá hæstv. viðskrh. hér en það er ekki hægt að fá hann hingað inn í þessa umræðu frekar en aðra ráðherra. Ég virði það við hæstv. sjúvrh., og á náttúrlega ekki að vera að hæla honum fyrir það, það er hans starf, að hann hefur setið hér a.m.k., einn örfárra ráðherra. (**Gripið fram í:** Hvað með Össur?) Nei, ekki sem ráðherra. En ég hefði haft gaman af því að tala við hann vegna þess að það hefur komið oft til umræðu þegar við erum að ræða um sjávarútvegsmálin og hann hefur talað býsna digurbarkalega og ég tala nú ekki um hv. formann þingflokks Alþfl. sem hefur náttúrlega talað hæst allra í þessu máli og öðrum sem ég ætla að víkja að í sambandi við atvinnumálin og sjávarútveginn. Þau mál hefði mátt hafa á annan hátt til þess að bæta um og minnka líkurnar á þessu mikla atvinnuleysi sem við sjáum fyrir okkur. Ég hefði viljað ræða við hann um þá þróun sem er nú í gangi varðandi byggingu skipa. Nú er sú stefna tekin að flest þessi skip eru byggð sem verksmiðjuskip og til þess að vinna aflann úti á sjó.

Það er nokkuð merkilegt þegar maður fer að velta þessu fyrir sér og skoða hvað hefur gerst og af hverju

þetta er nú gert á þennan hátt. Af hverju eru þessi skip öll smíðuð erlendis þegar við tölum svo oft um íslenskan skipaiðnað og hversu illa sé komið fyrir honum? Í Slippstöðinni t.d. voru ekki alls fyrir löngu um 300 manns í atvinnu en þegar við komum þar fyrir fáum dögum var stefnt í það að þar yrðu tæplega 100 manns í vinnu. Af hverju? Af því að það er verkefnaskortur í stöðinni. Samt eru Íslendingar að byggja skip, samt erum við að byggja nokkuð mörg skip og fyrir himinháar upphæðir, milljarða króna. En öll þessi skip eru byggð erlendis. Ekkert af þessum skipum byggir veiðiþjóðin sjálf. Við förum á mis við alla þekkingu, alla reynslu af því að gera þessa hluti. Er það af því að *við byggjum léleg skip*? Nei, *það er ekki af því*. Ég held að allir sem um þau mál fjalla viðurkenni og viti að Íslendingar byggja trúlega bestu skipin sem við eigum. Er það af því að þau séu svo miklu dýrari en hin erlendu skip? Ég held að svo sé ekki, það sé ekki einu sinni af því. Íslenskar skipasmíðastöðvar eru fyllilega samkeppnisfærar í verði við þessar erlendu stöðvar. Það hefur komið margsinnis fram og sýnt sig í tilboðum sem gerð hafa verið. Þess vegna vekur það athygli og nú bið ég hv. formann þingflokks Alþfl. að hlusta vegna þess að hann hefur talað býsna hátt í þessu máli og vegið þar að ákveðnum mönnum. (**Gripið fram í:** Og flokkum.) Og flokki og þá verið að tala til okkar framsóknarmanna að við höfum brugðist skyldu okkar. *Því miður er ráðherra Alþfl. ekki við, sá sem bæði* fer með viðskiptamál og iðnaðarmál. En ég trúi því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokksins, sé sá maður að koma þessum skilaboðum til hans þannig að það leiðréttist og sé ljóst í hvaða villu formaður þingflokksins hefur vaðið því að allir þeir samningar sem gerðir hafa verið um smíði þessara skipa hafa verið samþykktir í stjórn Fiskveiðasjóðs eftir síðustu alþingiskosningar. Það er sannleikurinn í málinu, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. En þú hefur skemmt þér við það hér undanfarið að reyna að núa Framsfl. því um nasir að þetta séu afreksverk hans. Þetta eru þín eigin afreksverk. Þú varst genginn til liðs við Alþfl. þegar þessi verk voru unnin. (**ÖS:** Hann var í 20 ár í stjórn.) *Þetta eru ykkar verk og þetta er sá* stuðningur sem Alþfl. hefur lagt fram til þess að efla íslenskan skipaiðnað. Allir samningarnir eru undirritaðir og samþykktir í stjórn Fiskveiðasjóðs eftir síðustu alþingiskosningar. Menn voru fljótir til þegar búið var að telja upp úr kjörkössunum, þegar þeir vissu hvaða ríkisstjórn var í vændum. Þá var óhætt að skrifa undir þessa samninga og gera bindandi samninga um smíði þessara skipa á erlendri grund. Svo eru menn að berja sér hér á brjóst og gorta af því að þeir hafi verið að rétta upp hönd og vinna fyrir íslenskan skipaiðnað Ég held að þessum mönnum væri sæmra að koma hér upp og biðjast afsökunar en það veit ég að þeir gera ekki. Þeir eru ekki menn til þess.

Það væri líka gaman að spyrja hæstv. iðnrh., ef hann væri hér, hver afrek hans eru á því sviði að styrkja innlendan skipaiðnað. Hver eru þau? Hv. formaður þingflokks Alþfl. er hér á mælendaskrá og það væri gaman að fá að heyra nú á eftir hvað það er sem Alþfl. hefur verið að gera fyrir íslenskan skipaiðnað. Fróðlegt væri að fá að heyra það. Það væri líka fróðlegt að hlusta á iðnrh., en hann er ekki við eins og ég er margbúinn að segja, og þá væri gaman að heyra formann þingflokksins segja okkur frá því því þessi mál hljóta nú að vera títtrædd í þingflokki Alþfl. eins og þeir tala mikið um þau hér. Hvað hefur iðnrh. verið að gera í málefnum iðnaðarins almennt til þess að búa hann undir vaxandi samkeppni og opnun markaða? Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram máli mínu þegar þeir eru hættir að spjalla saman, formaður þingflokks Alþfl. og hæstv. ráðherra. Það væri gaman að fá að vita hver þessi afrek eru. Hver eru þessi afrek? *Hvað hafa menn verið að gera til að búa íslenskan iðn*að almennt undir vaxandi samkeppni og opnun markaða? Hvar er þessi vinna í gangi? Ég veit að formaður þingflokksins er svo lipur maður að hann skýrir þetta auðvitað fyrir okkur á eftir og það væri mjög gaman. Þá gætum við rætt þetta ítarlega aftur við 3. umr.

Við sjáum samkeppnisstöðu innlenda skipaiðnaðarins miðað við það sem er í Noregi þar sem ríkisstyrkirnir einir sér í Noregi nema launakostnaði þessara norsku fyrirtækja. Svo er okkur ætlað að keppa við þessa aðila. Ég hef ekki séð þessi afrek. En ég nefni þetta hér vegna þess að hv. þm. og formaður þingflokks Alþfl. hefur verið að skemmta sér við það að segja hér ósatt, fara með ósannindi til þess að slá sjálfan sig til riddara og reyna að koma sök á einhvern annan í þessum efnum, einkum Framsfl. Það hefur verið sérgrein Alþfl. í gegnum árin að reyna að koma höggi á Framsfl. Þannig hafa þessir menn alla tíð unnið. Þessi nýi formaður Alþfl. ætlar ekki að verða neinn eftirbátur annarra í því. Það er alveg greinilegt. (Gripið fram í.) Þú ert formaður þingflokks Alþfl. og þess vegna hafa þessi mál varla farið fram hjá þér.

Staðreyndin er sú að auðvitað hefur þessi ráðherra Alþfl. gleymt sér við þann draum einan að sjá hér álver rísa. Það er það sem er aðfinnsluvert. Annað hefur verið látið sitja á hakanum En ég hef þungar áhyggjur af því sem er að gerast í þessum málum, *stefnunni í sjávarútvegsmálum*. Ég nefni þá ógurlegu skattheimtu sem Sjálfstfl. hefur nú lagt til að sett verði á sjávarútveginn. Ekki hefur hann þurft að ganga á eftir Alþfl. til þess. Nú kemur formaður þingflokks Sjálfstfl. hingað inn. Þeir hafa samþykkt að leggja tæplega 1 milljarð í nýjum sköttum á sjávarútveginn og fleiri milljarðar í nýjum sköttum eru nú í augsýn. Enda spyr fólk í dag: Hvar er þessi Sjálfstfl. sem menn þekktu einu sinni? Hafa þeir einhverja tilfinningu og skilning á því sem er að gerast í íslensku atvinnulífi? (**ÖS:** Hann er ekki hér í salnum.) Hann er alla vega ekki hér í salnum, það er rétt, hv. þm., hann er alla vega ekki hér í salnum.

Ég skal nú ljúka máli mínu, virðulegi forseti, að þessu sinni þannig að ekki sé hægt að segja um okkur stjórnarandstæðinga að við séum ekki allir af vilja gerðir til þess að liðka fyrir málum svo að þau megi sem best ganga fram. Það eru mörg önnur atriði sem ég hef ástæðu til þess að hafa áhyggjur af í þessu

stjórnarsamstarfi. Mér sýnist váleg tíðindi í vændum frá þessari ríkisstjórn. Við vorum í dag að fjalla um GATT-samninga þar sem var svo gott sem búið að koma málum þannig fyrir að búið væri að opna hér heimildir fyrir hömlulausan innflutning á landbúnaðarafurðum. Má segja að ef menn hefðu ekki vaknað hér upp, bæði stjórnarandstæðingar og þeir sem í landbúnaði starfa, þá hefði Alþfl. tekist að ná þessu fram. Það er áhyggjuefni hvar við stæðum ef slíkt hefði gerst.

Menn eru líka að tala um það í samningum um EES að opna íslenska fiskveiðilögsögu fyrir erlendum þjóðum. Hvar stöndum við ef það gerðist, ef Alþfl. næði því í gegn til viðbótar við GATT-samningana? Menn eru að tala um það líka á sama tíma og þeir tala um að nú sé nauðsynlegt að leyfa erlendu fjármagni að streyma inn í landið og gefa mönnum tækifæri að kaupa hér það sem þeim sýnist, þá er ákveðið að selja þjóðbankana. Þá eru komnar fram hugmyndir um það að selja þjóðbankana, og hverjum? Það er ekki einu sinni sjálfgefið að það verði fjölskyldurnar fjórtán sem kaupi þá. Auðvitað kaupa erlendir auðhringar og erlendir bankar þjóðbankana og hvar er íslenskt atvinnulíf statt þegar þessir erlendu aðilar eru komnir þar bakdyramegin inn? Ég nefni eitt enn sem þessi ríkisstjórn hefur uppi á borðinu. Það eru hugmyndir að selja orkuverin í landinu. Hverjir munu kaupa orkuverin? Ætli það verði líka fjölskyldurnar fjórtán? Ætli þær hafi ekki áhuga á því, ég dreg ekki í efa að þær munu hafa áhuga á því að komast yfir þau. En grunur minn er sá að það verði erlendir aðilar sem muni líka kaupa orkufyrirtækin. Hvað er þá orðið um íslenska þjóð ef þessar ætlanir hinna háu herra ná fram? Ég væri ekki hissa á því að þessum mönnum væri ekki alltaf svefnsamt þessa dagana. Það hljóta að sækja að þeim vondir draumar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður en vegna atriðis sem kom fram í máli mínu fyrr í dag er ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að fá svör við því. Það er varðandi þá endurskoðun sem hefur farið fram á lagabálkinum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Komið er fram frv. um að gerbreyta hlutverki hans. Það er skýrt tekið fram í bráðabirgðaákvæði, sem er í lögunum sjálfum, að við endurskoðunina eigi að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og sjútvn. Alþingis. Þetta hefur ekki verið gert og ég spyr þess vegna forseta þingsins að því hvort Alþingi ætlar að láta þetta yfir sig ganga, hvort forsætisnefnd Alþingis ætlar að þegja þunnu hljóði þó að brotin séu lög með þessum hætti á Alþingi sjálfu. Hvort ekki eigi einu sinni að fá álit lögfróðra manna á því hvort svo hafi verið gert, svo ég gangi nú ekki lengra. Þetta er að sjálfsögðu brot vegna þess að ef reiknað hefði verið með að þetta mál gengi fram með venjulegum hætti og samráð haft við sjávarútvegsnefndir Alþingis í meðferð frv., hefði þetta að sjálfsögðu ekki verið tekið fram. Auðvitað var þetta á undirbúningsstigi. Þess vegna spyr ég hæstv. forseta og vona að ég fái við því svar áður en þessari umræðu lýkur hvort þessi vinnubrögð framkvæmdarvaldsins eigi að ganga yfir Alþingi með þessum hætti og hvaða fordæmi þetta hafi í för með sér. Auðvitað koma þessi ákvæði inn vegna þess að Alþingi vill hafa hönd í bagga með þessari endurskoðun. Það er orðið dálítið þreytandi að samþykkja hér lög árið út og árið inn sem menn reyna að komast hjá að fara eftir í lengstu lög. Þess vegna vil ég hnykkja á þessari spurningu áður en umræðunni lýkur.

Ef hv. þm. hafa haldið að ég færi hér upp í ræðustólinn til þess að ástunda eitthvert málþóf, þá er það misskilningur vegna þess að ég ætla ekki að halda lengri ræðu. En mér finnst þetta mikið alvörumál sem ég vil fá svar við áður en þessari umræðu lýkur sem verður væntanlega innan tíðar.

Forseti (Björn Bjarnason):

Vegna þeirrar fyrirspurnar sem fram hefur komið til forseta og ítrekuð hefur verið hér í umræðunum vill forseti, sá sem hér situr, lýsa því yfir að forsætisnefnd þingsins hefur að sjálfsögðu ekki tekið afstöðu í þessu máli. Samkvæmt þingræðisreglunni eru það alþingismenn sjálfir sem koma fram gagnvart ráðherrum en ekki forsætisnefndin sem slík.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því þegar hér er komið umfjöllun hins háa Alþingis um þetta mál að þakka hv. þm. fyrir málefnalega umræðu og sérstaklega vil ég þakka hv. sjútvn. og varaformanni hennar, sem hafa leitt málið í nefndinni upp á síðkastið, fyrir vaskleg og góð og vönduð vinnubrögð.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en vil víkja að nokkrum þeirra atriða sem hefur verið vikið að í umræðunni, einkanlega þeim sem borin hafa verið fram í spurnarformi.

Í máli allnokkurra þingmanna, sem hér hafa talað, hefur verið vikið að samningi stjórnarflokkanna um myndun þessarar stjórnar og tengsla hans við þetta frv. Það er nauðsynlegt að gefa hér á nokkrar skýringar. Þá er fyrst ástæða til þess að minna á að í samningi stjórnarflokkanna var kveðið á um að þessi ríkisstjórn mundi standa að endurskoðun á gildandi fiskveiðilöggjöf í samræmi við bráðabirgðaákvæði gildandi laga þar um. Það yrði gert með því að setja á fót nefnd stjórnarflokkanna sem hefði forustu þar um og síðan að höfðu samráði, í samræmi við ákvæði laganna, við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd þingsins. Allir þessir aðilar hafa verið kvaddir til þess samráðs. Í þessum samningum var hvergi sérstaklega vikið að breytingum á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Það frv. sem hér liggur fyrir er ávöxtur af aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og tillaga sjútvrn. í þeim efnum, m.a. í ljósi þröngrar stöðu ríkissjóðs og þess að sjútvrn. taldi óhjákvæmilegt að skapa skilyrði til að stórauka rannsóknaumsvif Hafrannsóknastofnunar. Það mátti ljóst vera að við núverandi

aðstæður í ríkisfjármálum yrði ekki unnt að ná því markmiði með hefðbundnum hætti. Ég hef litið svo á að það væri brýnasta verkefnið sem við stæðum frammi fyrir að efla hafrannsóknir og með þeim ráðstöfunum sem í þessu frv. felast var það svigrúm skapað. Með öðrum orðum, hér er um að ræða þátt í ríkisfjármálaðagerðum til þess að treysta þessa mikilvægu starfsemi sem ég veit að hv. þm. eru sammála um að er mikilvæg forsenda fyrir skynsamlegri nýtingu auðlindarinnar og skynsamlegri stjórnun fiskveiða í landinu.

Það hefur verið mjög að því vikið í máli nokkurra hv. þm. hvort hér væri á ferðinni ný skattlagning, hvort hér væri á ferðinni auðlindaskattheimta eða hvort hér væri einungis um að ræða óbreytt ástand að þessu leyti. Menn hafa rætt hér fram og til baka hvort fulltrúar einstakra stjórnmálaflokka hafi skipt um skoðun frá því að vera í stjórn og yfir í stjórnarandstöðu eða öfugt. Kjarni málsins er hins vegar sá að því er þetta varðar að í tíð fyrri ríkisstjórnar voru sett lög um Hagræðingarsjóð. Þáv. sjútvrh., núv. hv. 1. þm. Austurl., hafði flutt þetta mál hér á Alþingi, að vísu í öðru formi en endanleg niðurstaða varð. Þar var gert ráð fyrir sérstökum úreldingarsjóði. Síðan varð hugmyndin um Hagræðingarsjóð til í samningum þáv. stjórnarflokka. Í þeim samningum komu m.a. inn þau ákvæði sem eru í gildandi lögum um heimildir til þess að framselja aflaheimildir sjóðsins til byggðarlaga og í undantekningartilvikum að framselja á lægra verði en gangverði eða gefa. Með öðrum orðum, ákvæði laganna eins og þau eru í dag voru samkomulagsatriði, málamiðlunarniðurstaða í þeirri ríkisstjórn.

Það er satt og rétt sem hér hefur verið bent á að þingmenn Sjálfstfl. voru andvígir þessari löggjöf og töldu að hún mundi ekki ná tilgangi sínum. Ég held að það sé ekki mikið tilefni til þess að eyða löngum tíma þingsins í að reyna að fjalla um þær spurningar sem settar hafa verið fram í þessu sambandi. Hv. 1. þm. Austurl. beindi þeirri spurningu til mín hvort ég teldi að hér væri fyrsti vísir að því sem koma skyldi. Var þá að vísa til þess að að því hafði verið vikið í því frv., sem hér liggur fyrir, fælist fyrsti vísir að auðlindaskatti. Ég minnist þess þegar fyrrv. stjórnarflokkar náðu málamiðlun sín í milli um Hagræðingarsjóðinn þar sem kveðið var á um að taka skyldi aflaheimildir til tiltekinna þarfa og selja á gangverði, eins og segir í lögunum, þá sömdu fyrrv. stjórnarflokkar um það að selja aflaheimildirnar á gangverði, í undantekningartilvikum á lægra verði eða gefa þær. Þegar þetta samkomulag lá fyrir lýstu ýmsir því yfir, sem innan þeirrar stjórnar töldu rétt að efna til auðlindaskattheimtu, eins og ég hef kallað það en þeir hafa kallað veiðileyfagjald, að hér væri stigið fyrsta skrefið í framkvæmd þeirrar stefnumörkunar. Með öðrum orðum, af hálfu þessara aðila lágu slíkar yfirlýsingar fyrir þegar sú málamiðlun var gerð.

Ég hef aldrei dregið dul á það að í gildandi lögum og með þeim breytingum sem hér er verið að gera er verið að leggja gjald á sjávarútveginn. Það fór ekki á milli mála þegar þessi lög voru sett að í þeim fólst gjaldtaka af sjávarútveginum og sú gjaldtaka er enn fólgin í lögunum.

Ég tel á hinn bóginn að sú breyting, sem hér er verið að gera, sé skynsamleg og það þjóni betur hagsmunum sjávarútvegsins að nýta þessa gjaldtöku með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel að hún muni koma sjávarútveginum að betri notum með þessum hætti en vitaskuld má um það deila. Ég geri mér fulla grein fyrir því að aðrir hv. þm. bæði hafa og kunna að hafa aðra skoðun þar á.

Að því hefur einnig verið vikið hvernig mæta eigi vanda einstakra byggða þegar sú breyting hefur verið gerð sem þetta frv. miðar að. Nú er það svo og ég hygg að það sé flestra mat að þær heimildir, sem í gildandi lögum eru til þess að styðja einstök byggðarlög sem lenda í erfiðleikum, eru þröngar og á það hefur líka verið bent að það væri í raun mjög takmarkaður stuðningur sem unnt væri að veita byggðarlögum með þessum hætti enda væri hann aðeins tímabundinn til eins árs. Ég ætla ekki hér að fara í neinar deilur um það hvernig menn, sem að þessari löggjöf stóðu, vildu túlka lögin. Sumir af talsmönnum fyrri ríkisstjórnar hafa litið svo á að heimildin til þess að gefa aflaheimildir hafi verið býsna rúm, aðrir hafa litið svo á að hún væri býsna þröng. Ég vísa hér til þess sem hv. 1. þm. Austurl. sagði í umræðu að hann efaðist um að til þess hefði komið við núverandi aðstæður að þessum ákvæðum hefði verið beitt og er þó sjávarútvegurinn í miklum vanda og mikill vandi víða í sjávarplássum. Af hálfu þeirra sem að þessari löggjöf stóðu eru því mismunandi skoðanir á því hversu víðtækur byggðastuðningur gat falist í gildandi lögum.

Það kom einnig fram í máli hv. 1. þm. Austurl. að vandasamt væri að styðja einstakar byggðir með því að afhenda kvóta með þessum hætti. Til að mynda rifjaði hann upp í því sambandi að hann sjálfur lagðist gegn brtt. sem flutt var hér á sínum tíma sem miðaði að því að skylda ráðherra til þess að afhenda byggðum aflakvóta við tiltekin skilyrði. Hann benti á að slík skylda hefði getað leitt til þess að aflaheimildakerfið spryngi í loft upp þannig að það er að ýmsu að hyggja þegar ákvæði sem þessi eru skoðuð og ég hygg að það hafi komið mjög glöggt fram hér í umræðunni.

Hv. 9. þm. Reykn. innti eftir því hvernig vanda byggða í landinu yrði mætt eftir að sú breyting hefði verið gerð sem hér er mælt fyrir um. Ég vil í fyrsta lagi minna á að við meðferð hv. sjútvn. hefur verið gerð breyting á frv. þar sem heimilað er að framselja byggðum, þar sem sérstaklega stendur á, aflaheimildir. Að vísu er ekki tekin með sú gamla heimild að gefa í undantekningartilvikum kvóta en til þess að koma til móts við þau sjónarmið, sem hér voru uppi, var þessi breyting gerð.

Ég hygg á hinn bóginn að bæði að því er varðar rekstur sjávarútvegsfyrirtækja og afkomu sjávarútvegsplássanna í landinu muni hér eftir sem hingað til mestu skipta, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. benti á, rekstrargrundvöllur og afkoma sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þróun byggðanna í landinu ræðst auðvitað fyrst og fremst að því að þær atvinnugreinar sem þar eru helst

starfræktar fái að blómstra og græða. Ég tek undir það með hv. þm. að það er það sem sköpum skiptir. Þróun byggða og viðgangur byggða og einstakra sjávarútvegsplássa er auðvitað fyrst og fremst undir því kominn.

Að hinu leytinu hefur verið allvíðtæk samstaða um það að ég hygg í öllum stjórnmálaflokkum að við sérstök skilyrði gæti verið nauðsynlegt að koma til móts við einstök byggðarlög. Óumdeilt er að Byggðastofnun er sá stjórnsýsluvettvangur sem Alþingi og stjórnvöld hafa valið til þess að hafa forustu þar um. Svo geta menn vitaskuld deilt um hvort sú stofnun á hverjum tíma er næganlega vel í stakk búin til þess að gegna þeim skyldum. Um það geta menn deilt eins og fram hefur komið í umræðunum. Ég geri mér fulla grein fyrir að eðlilegt er að menn hafi mismunandi skoðanir á.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. innti síðan eftir því hver afstaða ríkisstjórnarinnar væri til þess að fyrirgreiðsla yrði veitt af hálfu Landsbankans vegna síldarsölusamninga við Rússland. Landsbankinn hafði beint þeirri fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar, eins og kunnugt er, hvað hún segði um slíka lánveitingu. En um leið lýsti bankinn því yfir að hann væri reiðubúinn til þess að veita slíka fyrirgreiðslu. Ríkisstjórnin leitaði eftir áliti Seðlabankans í þessu efni en ákvað á fundi sínum í morgun að svara bréfi Landsbankans á þá leið að beina því til bankastjóranna að taka ákvörðun í þessu máli á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga og þeirra laga og reglna sem um bankann gilda. Með öðrum orðum að fela bankastjórunum að taka ákvarðanir um lánveitingar eins og þeim ber að gera. Ég vil svo aðeins ítreka að ég fagnaði því þegar ég heyrði og sá afstöðu Landsbankans að hann væri reiðubúinn að greiða fyrir þessum viðskiptum og ég vona að hún sé óbreytt. Ég ítreka að auðvitað er það bankastjóranna að taka ákvarðanir um lánveitingar bankans. En hér er um mjög mikilvæga hagsmuni að tefla því að allmiklu meira er upp úr því að hafa fyrir þjóðarbúið og atvinnugreinina ef unnt er að salta síldina fremur en að bræða hana.

Þá vil ég aðeins víkja að þeim þætti sem nokkrir þingmenn hafa einnig gert að umtalsefni hér og beint fyrirspurnum jafnvel til forseta þingsins og það er endurskoðunarákvæði frv. Það hefur færst nokkuð í vöxt á undanförnum árum, einkanlega varðandi mikilvæga og umdeilda löggjöf þar sem flokkar hafa þurft að leita allra leiða til að ná málamiðlun, að í slík lög hefur verið sett bráðabirgðaákvæði um endurskoðun innan tiltekins tíma. Meginmarkmið slíkra endurskoðunarákvæða eru þau að tryggja að framkvæmdarvaldið láti fara fram endurskoðun á gildandi löggjöf á tilsettum tíma. Að Alþingi hafi tryggingu fyrir því að framkvæmdarvaldið sjái til þess, í ljósi reynslu, að löggjöfin verði endurmetin. Slík endurskoðun getur leitt til meiri eða minni breytinga eða hreint engra breytinga. En fyrst og fremst miða slík ákvæði að því að tryggja að þetta endurmat fari fram. Hins vegar liggur alveg í augum uppi að slík ákvæði geta ekki vikið rétti þingsins til hliðar til þess að gera breytingar á viðkomandi lögum á því tímabili sem endurskoðunarákvæðið nær til. Slík endurskoðunarákvæði geta ekki vikið til hliðar frumkvæðisrétti viðkomandi ráðherra til þess að leggja fram brtt. í þessu efni. Það liggur í augum uppi að slíkt ákvæði getur ekki vikið til hliðar rétti ákveðinna þingmanna til þess að flytja slíkar brtt. þó að þeir hafi eðli málsins samkvæmt engin tök á því að leita þess samráðs sem stundum er áskilið í bráðabirgðaákvæðum af þessu tagi og eins og áskilið er í þessum lögum. Sérhver þingmaður getur borið fram brtt. við lög af þessu tagi á Alþingi og Alþingi samþykkt þó að þingmenn hafi ekki tök á því að leita samráðs. Og vitaskuld má það vera ljóst að í þessu efni er frumkvæðisréttur ráðherra engu minni en þingmanna. Ég minni á að á síðasta þingi flutti páv. sjútvrh., núv. hv. 1. þm. Austurl., frv. um breytingu á þeim lögum sem hér er verið að fjalla um. Breytingin var tímabundin en þess eðlis að í raun var öllum ákvæðum laganna vikið til hliðar tímabundið. Það var tímabundin grundvallarbreyting á þeim lögum. Nokkur ágreiningur varð um frv. og ég hygg að frv. hafi náð fram að ganga m.a. fyrir þá sök að Sjálfstfl. eða a.m.k. hluti hans var reiðubúinn að styðja málið í þinginu vegna hinna miklu og brýnu hagsmuna sem lágu þar að baki. En frv. var flutt þó að það hafi gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á Hagræðingarsjóðnum tímabundið án þess að formlegt samráð hefði átt sér stað við hagsmunaaðila og án samráðs við sjútvn. þingsins. Enginn þingmanna á síðasta þingi gerði athugasemdir við þetta. Öllum þótti sjálfsagt og eðlilegt að páv. sjútvrh. hefði rétt til þess að leggja slíka breytingu fyrir þingið þó að hún viki ákvæðum sjóðsins að öllu til hliðar á þeim tíma sem hún átti að gilda. Og menn skiptust í hópa eftir því hvort þeir voru efnislega með eða á móti. Þannig er búið að gera breytingar á þessum lögum sem höfðu grundvallarþýðingu í tiltekinn tíma án samráðs við hagsmunaaðila eða sjútvn. og án athugasemda í þinginu. Og það var auðvitað mjög eðlilegt. Það var ekkert tilefni til þess að gera athugasemdir í þessu efni á síðasta þingi. Nákvæmlega sama á við hér og nú. Frumkvæðisrétturinn verður ekki fremur tekinn af núv. sjútvrh. í þessu efni en hinum fyrri. Sannleikurinn er sá að ákvæði þessara laga hafa aldrei komið til framkvæmda frá því að þau voru samþykkt árið 1990. Bæði vegna breytinga sem fyrri ríkisstjórn gerði, meðan þau voru í undirbúningi tók stjórnin engar ákvarðanir, og eins vegna þeirra breytinga sem verið er að leggja til nú. En við hitt verður svo að sjálfsögðu staðið að þessi lög koma inn í þá heildarendurskoðun sem nú fer fram og þeirri endurskoðun mun ljúka fyrir árslok og samráð verður haft um hana við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd þingsins þannig að því bráðabirgðaákvæði sem hér er verið að vitna til verður fullnægt af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að fara nokkrum orðum um þennan þátt málsins vegna þess að hann hefur komið allnokkuð til umræðu og kannski ekki óeðlilegt að misskilningur sé uppi í þessum efnum vegna þess að um þessi bráðabirgðaákvæði hefur lítið verið fjallað. Þau eru tiltölulega ný af nálinni og hafa

færst í aukana á síðari árum og þess vegna ekki óeðlilegt að óvissa sé uppi um það hvernig beri að túlka þau. En ég held að óumdeilt sé að sú skýring sem ég hef gefið á frumkvæðisrétti ráðherra og þingmanna sé sú sem eðlilegt er að styðjast við. Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira á þessu stigi. Ég tel mig hafa vikið að flestum þeim atriðum sem helst hafa komið upp í umræðunni af hálfu þeirra þingmanna sem hér hafa talað og ítreka þakklæti mitt til þeirra fyrir góða og málefnalega umræðu.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki dregið í efa rétt hæstv. sjútvrh. til frumkvæðis í því að leggja fram breytingar á þeim lögum sem hér um ræðir. Málið stendur hins vegar um það hvort uppfylla eigi það skilyrði sem er í bráðabirgðaákvæði laganna að hafa samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og hagsmunaaðila. Það er náttúrlega grundvallarmunur á því hvort um tímabundar breytingar á lögunum er að ræða eða hvort þau eigi að gilda til frambúðar.

Hins vegar verð ég að segja að það er þó bót í máli og ég fagna því, þó það breyti ekki eðli málsins að mínum dómi, að nú á að hafa samráð við sjútvn. um framhaldið. Ég tel rétt að taka upp þann sið eins og lögin gera ráð fyrir. Hins vegar harma ég að forsætisnefnd þingsins skuli ekki sjá ástæðu til þess að gæta virðingar þingsins að þessu leyti og fá álitsgerð um þetta til að taka af öll tvímæli. Ég hefði talið myndarlegt að gera það en því miður hafa þau svör fengist af forsetastóli að það muni ekki verða gert og forsætisnefnd muni þegja þunnu hljóði um þetta.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst ítreka að ég tel að það sé alveg kórrétt afstaða hjá hv. forsætisnefnd sem hér hefur komið fram vegna þess að það er ekki hlutverk hennar að skera úr um ágreining af þessu tagi.

Ég vil aðeins ítreka það að bráðabirgðaákvæðið felur í sér þá skyldu að framkvæmdarvaldið láti framkvæma endurskoðun á lögunum að höfðu samráði við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefndir fyrir lok þessa árs. Þeirri skyldu mun framkvæmdarvaldið sinna og því verki verður lokið á tilsettum tíma hvort sem það leiðir til breytinga eða ekki. En á hinn bóginn verður sá réttur ekki tekinn hvorki af einstökum þingmönnum né ráðherra að flytja inn á þingið brtt. um einstaka þætti jafnvel þó að þeir séu veigamiklir eins og ég hef áður rakið. Ég tel það í fullu samræmi við það sem áður hefur gerst í þessu máli af hálfu fyrri sjútvrh. og í fullu samræmi við rétta lagalega túlkun á bráðabirgðaákvæði af þessu tagi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka skýr og vönduð svör hæstv. sjútvrh. Að mínu mati er það sannarlega ekki honum að kenna að verið er að þjarma að byggðarlögum landsins. Samt sem áður held ég að ljóst sé að það sem verið er að gera með þessu frv. getur stefnt einstaka byggðarlögum í hættu. Ég vil að það komi fram í framhaldi af ræðu hæstv. ráðherra að ég spurði sérstaklega um þetta atriði í starfi nefndarinnar og spurði þá aðila sem ég taldi að gætu sagt mér sína skoðun á því hvort það varnaglaákvæði, sem nú er í lögum um Hagræðingarsjóð, skipti máli eða ekki. Og nefndin fékk skýr svör. Við fengum skýr svör um að þetta varnaglaákvæði þætti varða miklu og þar af leiðandi skipti það máli jafnvel þótt við vonum öll að ekki þurfi til þess að koma að þau væru nýtt. Ég byggi mitt álit ekki síst í ljósi þessa.

Hvernig á að leysa vanda byggðanna? Þar er vísað til brtt. meiri hluta sjútvn. en ég hef áður rakið mjög ítarlega hvers vegna þær virka ekki. Það er vegna þess að það vantar þetta varnaglaákvæði um ókeypis framsal tímabundið á veiðiheimildum til byggðarlaga.

Í öðru lagi tek ég undir það að rekstrargrundvöllur skipti auðvitað mestu máli í útgerð. Við erum líka að tala um undantekningartilvik og til hvaða aðgerða er hægt að grípa þar. Í þriðja lagi var vísað hér á Byggðastofnun en ég held að það hafi komið afskaplega skýrt fram í þessari umræðu að þar er ekki verið að vísa á neitt sérlega mikið.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill leyfa sér að geta þess að miðað er við að umræðunni ljúki kl. 7.30, á sama tíma og fyrir sólarhring þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. var hér í ræðustól og þingmaðurinn virti svo drengilega. Forseti væntir þess að hann taki einnig tillit til þess núna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Væntanlega er verið að vísa til þess að ætlunin er að ljúka fundinum kl. 7.30 en ekki takmarka umræðuna ef þannig stæði á að henni væri ekki lokið. Ég a.m.k. get mér þann skilning á orðum virðulegs forseta því annað þætti mér miður ef þeir siðir væru upp teknir að tekið væri til við að takmarka umræður.

Ég mun ekki halda mönnum mikið lengur enda komið föstudagskvöld og satt best að segja ekki sanngjarnt gagnvart þeim ágætu hv. þm. sem hafa þó tekið þátt í þessum umræðum hér í dag að reyna á þolrif þeirra. Það væri nær ef maður næði til hinna sem ekki hafa látið sjá sig hér í dag að segja yfir þeim nokkur vel valin orð. En ég ætla ekki að fara að leika hér hlutverk prestsins sem skammar þá fáu í söfnuðinum sem sækja kirkjuna í staðinn fyrir hina sem heima sitja. Það er auðvitað, herra forseti, heldur dapurlegt hversu dauflegt skuli vera hér undir þessari annars mikilvægu umræðu um grundvallaratvinnuveg þjóðarinnar. En með tilliti til ýmissa aðstæðna, þá ætla ég ekki að lengja mikið mál mitt hér við þessa 2. umr. málsins sem senn er sjálfsagt lokið.

Ég hafði borið fram spurningar til hæstv. félmrh. en þannig stendur á hjá hæstv. ráðherra að hún þurfti að hverfa héðan af lögmætum ástæðum um sexleytið og ég hef því fallist á að geyma mér að hlýða á svörin þangað til við 3. umr. en ég vil taka það mjög skýrt fram að þá ætlast ég líka til þess að þeim þætti máls-

ins, sem ég vakti athygli á og spurði hæstv. félmrh. um, verði gerð rækileg skil, þ.e. staða sveitarfélaganna í þessu sambandi og möguleikar þeirra til þess að leika það hlutverk sem þeim er ætlað í brtt. hv. meiri hluta sjútvn. og boðað hefur verið *sem sérstakt bjargráð* byggðarlaganna í þessu sambandi. Ég fór yfir það og rökstuddi rækilega að ég teldi ekki í því felast þá möguleika til farsældar í þessum efnum sem ýmsir hefðu talið. Ég ætla ekki að endurtaka það hér en áskil mér allan rétt til að gera það rækilega við 3. umr. málsins.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það og nú síðast af hæstv. sjútvrh. hvort brotin eða ekki hefðu verið þau samráðsákvæði í ákvæði til bráðabirgða sem gildandi lög um Hagræðingarsjóð geyma. Út af fyrir sig er það svo að sjálfsagt geta báðir aðilar haldið sinni skoðun fram með nokkrum rökum. Sumir hafa talið að þessi ákvæði hafi skýlaust verið brotin og það hafi verið *óeðlilegt af hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn* að undirbúa ekki þessar viðamiklu og varanlegu á breytingar málinu að höfðu því samráði sem lögin gera ráð fyrir. Svo er hitt viðhorfið sem hæstv. sjútvrh. heldur fram að ekki sé hægt að svipta einstaka ráðherra réttinum til þess að flytja breytingar á lögum með slíkum ákvæðum. Út af fyrir sig er það að sjálfsögðu ekki ætlunin, enda ekki hægt að taka lagasetningarvaldið af því þingi sem situr hverju sinni. Alþingi getur ævinlega breytt öllum lögum ef því býður svo við að horfa samkvæmt settum reglum og hver sem er sem sæti á á Alþingi eða fer með ráðuneyti getur lagt slíkt til.

Við erum komin inn á það ár þegar endurskoðun laganna á að ljúka og í ljósi þess að hér er lögð til varanleg grundvallarbreyting á þessum lögum og þeim nánast kollvarpað í sinni upprunalegu mynd eru slík samráðsákvæði orðin lítils virði ef þau eiga ekki að gilda við svona aðstæður. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig að því til hvers sé þá verið að setja lögin. En eitt ætla ég að segja við hæstv. sjútvrh., og það tengist fleiru í sambandi við þetta mál, að ég er alveg sannfærður um að það hefði verið skynsamlegra og hyggilegra að standa þannig að málum hvort sem hæstv. ráðherra var það lagalega ótvírætt skylt eða ekki. Mér þykir hvað verst við þennan málatilbúnað að hér er andstaða nánast allra málsaðila og bullandi ágreiningur að þessu sinni við alla hagsmunaaðila sem oft hafa átt erfitt með að sameinast um sjávarútvegsmál en náðu þó a.m.k. saman í þetta sinn um að vera allir sem einn á móti þessari breytingu. Ekki einu sinni forsvarsmenn iðnaðarins sem hafa sent hæstv. ríkisstjórn stuðningsyfirlýsingar um ólíklegustu mál undanfarna daga og verið einu stuðningsmenn hennar í þjóðfélaginu á undanförnum sólarhringum hafa gengið fram til stuðnings í þessu máli og hafa þeir þó látið sér nánast ekkert óviðkomandi þegar þeir hafa reynt að verja hæstv. ríkisstjórn undanfarna daga. Nei, allir hagsmunaaðilar og fjölmargir talsmenn á Alþingi hafa lagst hart gegn þessum breytingum og við þær aðstæður er auðvitað sérstaklega óheppilegt, hæstv. sjútvrh., að mínu mati að standa þannig að málum til viðbótar að hafa ekki einu sinni uppfyllt formskyldur varðandi þetta samráð sem mælt er fyrir um í lögum. Ég tel að staða hæstv. sjútvrh. væri lítið eitt betri — og væri hún þó slæm eftir sem áður — ef hann hefði a.m.k. sýnt þá lágmarksskynsemi í þessum efnum að sýna mönnum þetta og *uppfylla formskyldur um samráð*. Hæstv. *ríkisstjórn* hefur lofað því og farið um það fögrum orðum að hún hyggist móta sjávarútvegsstefnu sem hvað víðtækust sátt og samstaða geti tekist um.

Það er nú furðulegt að sennilega er ég sá maður á hv. Alþingi sem hefur oftast gripið niður í þessa hvítu bók og vakið athygli manna á henni. Ætlun mín er að reyna að halda hæstv. *ríkisstjórn* við efnið og minna hana á handbókina sem a.m.k. ráðherrarnir bera einhverja ábyrgð á þó að þingflokkar stjórnarliðsins hafi afneitað henni. Í hvítu bók ríkisstjórnarinnar stendur að ríkisstjórnin hyggist móta sjávarútvegsstefnu sem nái jafnt til veiða og vinnslu og markaðsmála og hamli gegn ofveiði og treysti byggð. Litlu síðar stendur, með leyfi forseta: „... þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál.“ Herra forseti og hæstv. sjútvrh., er það glæsileg byrjun hjá hæstv. ríkisstjórn til að ná víðtækri sátt í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál að keyra málið í gegn í harðri andstöðu við stjórnarandstöðuna? Látum það nú vera þó að gengið sé yfir hana, hún er þó alltént í minni hluta. En til viðbótar er farið fram í algerri andstöðu við alla hagsmunaaðila sjávarútvegsins, og það á því ári þegar þessari endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar á að ljúka eftir að það er meira að segja gengið í garð. Tíminn er því talinn í mánuðum sem til stefnu er til að ljúka endurskoðuninni og birta þessa sjávarútvegsstefnu sem getur sameinað alla þjóðina eins og lofað er í stjórnarsáttmálanum. Nú segði ég fúslega að þó að ríkisstjórnin næði ekki nema eins og hálfa leið í þeim efnum því að þetta er svo göfugt og háleitt markmið þá þætti það árangur miðað við þá sundrung sem því miður hefur ríkt í þessum efnum.

Herra forseti. Þessi byrjun er að mínu mati alveg hrakleg og lofar ekki góðu. Ég segi með fullri einlægni, af því að ég vil ræða þessi viðkvæmu og miklu hagsmunamál okkar þannig og af einurð, að það veldur mér vonbrigðum að svo er af stað farið. Réttast er að viðurkenna að það hefur gengið illa, ekki bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu á hverjum tíma heldur yfir höfuð að ná þjóðinni saman um farsæla sjávarútvegsstefnu. Það hefur gengið illa og átök hafa verið í þjóðfélaginu og ágreiningur hefur verið um sjávarútvegsmál milli flokka og innan flokka og milli hagsmunaaðila og milli landshluta undanfarin ár. Ég held að við, hv. þm., ættum að viðurkenna það. Iðulega hafa flokksbönd og stjórnar- og stjórnarandstöðubönd brostið þegar sjávarútvegsmál hafa verið leidd til lykta á Alþingi á undanförnum árum og svo kann enn að fara. Þess vegna er það að mínu mati þannig að þeim mun mikilvægara er að reyna að hafa þingið allt samstiga í því að ræða og afgreiða þessi mál. Því miður var ekki þannig að verki staðið og það er engin afsökun í þeim efnum þó að mönnum hafi einhvern tíma á undanförnum árum orðið fótaskortur í þessu efni og sjálfsagt er rétt hjá hæstv. núv. sjútvrh. að forveri hans sé ekki al-

saklaus í þessum efnum. En það breytir bara engu, hæstv. sjútvrh., varðandi framtíð hæstv. sjútvrh. í þessum efnum og þau verk sem hann þarf að vinna. Það er framtíðin og nútíðin sem skipta þrátt fyrir allt öllu máli. Þess vegna eru mér þetta óneitanlega nokkur vonbrigði og ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína vegna þess að ég tel að að mörgu leyti hafi hæstv. sjútvrh. staðið sig langskást af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar og verið á köflum sá eini þeirra sem maður hefur bundið tilteknar vonir við. Enda læðist að mér sá grunur að hæstv. sjútvrh. sé ekki að öllu leyti sjálfrátt í þessu máli. Kannski er ljótt að bera slíkt upp á menn en ég alla vega vil fá að trúa því að honum hafi verið tiltölulega nauðugt að fara fram með þetta óþurftarmál í þinginu og reyna að knýja það í gegn.

Því miður er það ekki svo að sú röksemd hæstv. sjútvrh. dugi ein og sér að með þessu náist fram stórauknar hafrannsóknir. Ef svo væri að hver einasta króna af þessum 525 millj. gengi til stóraukinna verkefna til framtíðar litið í hafrannsóknum þá held ég að ýmsir mundu bregðast öðruvísi við en svo er því miður ekki. Það er staðreynd eins og ég sýndi fram á með því að bera saman fjárlög yfirstandandi árs og þess sem nýliðið er að umsvif hafrannsókna í heild sinni mun aukast um nokkra tugi milljóna á þessu ári. Yfirgnæfandi hlutur þessara 525 millj. kr. sem lagðar verða á sjávarútvegsinn síðari hluta næsta árs ganga því ósköp einfaldlega til þess að draga úr greiðslum ríkissjóðs í þessu skyni sem áður hafa kostað hafrannsóknir í landinu svo til að fullu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra til að standa við þau orð mín að tefja ekki hér, þannig að menn komist nú heim til náttstaðar síns og geti tekið sér næringu og slakað á eftir erfiðan dag. Það voru aðeins tvö atriði sem ég vil segja að lokum. Hið fyrra er að það svar sem hæstv. sjútvrh. kynnti hér varðandi það mál sem ég hreyfði í gær um mögulega saltsíldarsölu til Sovétríkjanna olli mér nokkrum vonbrigðum. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. ríkisstjórn hefði afgreitt það mál frá sér með gersamlega hlutlausum hætti til Landsbankans, bókstaflega enga skoðun eða engan vilja haft í þeim efnum. Það veldur mér vonbrigðum vegna þess að ég tel að hæstv. ríkisstjórn hefði með fullum rétti getað látið skoðun skoðun sína og vilja sinn og áhuga sinn koma fram í málinu án þess að hún væri þar með að segja Landsbankanum fyrir verkum. Það er allt annað mál. Að sjálfsögðu gat hæstv. ríkisstjórn sagt að ef Landsbankinn treysti sér til þess og teldi forsendur fyrir hendi þá teldi hún mjög æskilegt að af þessari sölu gæti orðið og vildi fyrir sitt leyti styðja það og stuðla að því því að til slíks getur að sjálfsögðu komið að atbeini ríkisstjórnar, utanrrn. og viðskrh. geti skipt máli í slíkum tilvikum án þess að verið sé að segja bankanum fyrir verkum með hina bankalegu eða viðskiptalegu hlið málsins. Þess vegna veldur það mér vonbrigðum ef ég hef skilið hæstv. sjútvrh. rétt að algert viljaleysi eða afstöðuleysi hafi birst í svari ríkisstjórnarinnar. Ég ítreka að ég hefði viljað sjá eindregnn stuðning og vilja íslenskra stjórnvalda koma fram til þess og yfirlýsingu um að þau fyrir sitt leyti vildu greiða fyrir því að af þessum viðskiptum gæti orðið a.m.k. í einhverjum mæli.

Að lokum, herra forseti, þó e.t.v. sé ástæðulaust að hafa hér uppi spádómsorð þar sem hér er einungis 2. umr. málsins á ferðinni ætla ég engu að síður að lýsa þeirri tilfinningu minni að þó svo að þetta frv. kunni að verða afgreitt og gert að lögum á næstu dögum eða sólarhringum séum við ekki búnir að sjá fyrir endann á málinu. Ég er sannfærður um að þegar nær dregur hausti og það á að fara að koma þessum ósköpum til framkvæmda eins og hér er boðað og selja veiðiheimildir og taka af íslenska sjávarútveginum í gegnum sölu á þessum veiðiheimildum 525 millj. kr. þá mun heilmikið að ganga á. Mikið vatn á eftir að renna til sjávar áður en þessar hugmyndir um fénýtingu veiðiheimildanna og greiðslur til rekstrar Hafrannsóknastofnunar fast á þann hátt ná fram að ganga með farsælum hætti. Það er ég bara gersamlega sannfærður um. Það mun þá bíða þess tíma eða nær Alþingi starfar að reynslan verður komin á þetta að við ræðum það ítarlega. E.t.v. verður það gert við 3. umr. málsins en ég er sannfærður um það að eins og þetta er hér í pottinn búið þá mun þetta hvorki ganga fram þegjandi og hljóðalaust né vandræðalaust.

Að lokum, herra forseti, finnast mér óþarfar athugasemdir ýmissa hv. vina minna í stjórnarandstöðunni sem með mér eru þar sem þeir hafa ítrekað talað um það að þeir stytti mál sitt og vilji nú ekki tala lengur í þetta eða hitt skiptið vegna þess að þá yrðu þeir e.t.v. sakaðir um málþóf. Slíkt er með öllu ástæðulaust að vera að hafa á orði því að engum hefur dottið slíkt í hug í umræðum um þetta mikla og brýna hagsmunamál. Auk þess er það svo með a.m.k. þann sem hér talar að ég er alveg tilbúinn til að viðurkenna það að ég hef engan áhuga á að greiða fyrir þessu máli. Ég er á móti því. Ég tel það vitlaust og skaðlegt og þar með hef ég góða samvisku gagnvart því að nýta mér til hins ýtrasta mitt þingræðislega rétt til þess að reyna að koma í veg fyrir að það sé afgreitt. Það heitir ekki málþóf. Það er bara að hafa skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

65. FUNDUR

mánudaginn 13. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 129, nál. 287 og 310, brtt. 288, frávtill. 311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávtill. 311 felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, GAK, ISG, JBH, JVK, KHG, ÓRG, RA, SighB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 288,1 (ný 1. gr.) samþ. með 30:21 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ*, StG, StH, SJS, VS.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (AÓB, BBj, GAK, ISG, JBH, JVK, KHG, ÓRG, RA, SighB, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ*, StG, SJS, VS.

2 þm. (JÁ, StH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AÓB, BBj, GAK, HG, JBH, JVK, KHG, ÓRG, RA, SighB, StB, SvG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 288,2 (ný 3. gr.) samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ*, StG, SJS, SvG, VS.

3 þm. (HG, JÁ, StH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AÓB, BBj, GAK, JBH, JVK, KHG, ÓRG, RA, SighB, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 288,3 (ný 4. gr.) samþ. með 31:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

2 þm. (HG, JÁ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (AÓB, BBj, GAK, JBH, JVK, KHG, ÓRG, RA, SighB, StH, StB) fjarstaddir.

Brtt. 288,4 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 31:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StG, VS.

6 þm. (HG, JÁ, ÓRG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AÓB, BBj, GAK, JBH, JVK, KHG, RA, SighB, StB) fjarstaddir.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Við umfjöllun málsins höfum við sem sitjum í stjórnarandstöðu lýst því yfir að við gætum stutt tvær breytingar á gildandi lögum, þ.e. að hækka úreldingarstyrki úr 10% í 30%, en það kemur fram í 1. mgr. 5. gr. Því vildi ég óska eftir sérstakri atkvæðagreiðslu um þann lið þannig að við getum komið þeim vilja okkar á framfæri. En í 7. gr. laganna, sem fellur þá brott ef 5. gr. verður samþykkt, eru ýmis atriði sem við erum ekki samþykk að falli út og því munum við greiða atkvæði gegn 5. gr. að öðru leyti. Við munum eingöngu styðja 1. mgr. 5. gr.

Í öðru lagi, svo að ég þurfi ekki að biðja um orðið aftur, höfum við jafnframt lýst því yfir að við getum stutt ákvæði til bráðabirgða sem varðar það að úthluta heimildum Hagræðingarsjóðs til flotans í heild sinni á fiskveiðiárinu 1991–1992 og ég vildi þá biðja um sérstaka atkvæðagreiðslu um ákvæði til bráðabirgða sem ég tel í sjálfu sér að þurfi ekki, en við höfum jafnframt lýst því yfir að við styðjum þá brtt.

Brtt. 288,5 samþ. með 40:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KSG, LMR, ÓE,

ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GHelg, HÁ, ISG, JónK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ.

5 þm. (FI, GB, JHelg, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AÓB, BBj, GAK, GÁ, IP, JBH, JVK, KHG, RA, StB) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), 1. mgr., samþ. með 51:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: StG*.

3 þm. (FI, GÁ, HG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AÓB, BBj, GAK, JBH, KHG, RA, StB, SvG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

5. gr. (verður 6. gr.), 2.–3. mgr., samþ. með 32:20 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, StH, SJS, VS.

3 þm. (HG, JÁ, JVK) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AÓB, BBj, GAK, JBH, KHG, RA, StB, SvG) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 31:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GÁ, HÁ, ISG, JHelg, JVK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS.

10 þm. (GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, MF, StH, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AÓB, BBj, EKJ, GAK, JBH, KHG, RA, StB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 288,6 samþ. með 30:10 atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 32:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, HÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, VS.

4 þm. (IP, JÁ, StH, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AÓB, BBj, GAK, GHelg, HG, ISG, JBH, JVK, KHG, KE, RA, StB) fjarstaddir.

Brtt. 288,7 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 32:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, JGS, JónK, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SvG, VS.

6 þm. (HG, JÁ, JHelg, JVK, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AÓB, BBj, GAK, ISG, IP, JBH, KHG, KE, RA, StB) fjarstaddir.

Brtt. 288,8 samþ. með 32:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, VS.

7 þm. (GB, HG, IP, JÁ, JVK, StH, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, BBj, GAK, JBH, KHG, RA, StB) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 32:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, VS.

4 þm. (HG, JÁ, JVK, StH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AÓB, BBj, GAK, IP, JBH, KHG, MF, PP, RA, StB) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GÁ.

10 þm. (AÓB, BBj, FI, GAK, HÁ, HG, JBH, KHG, RA, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Við höfum í stjórnarandstöðunni haldið uppi gagnrýni á það hvernig staðið er að þessu frv. Hæstv. sjútvrh. er skylt að láta endurskoða lög þessi fyrir árslok 1992. Það er verið að gera með því sem hér fer nú fram en það stendur í lögum frá 5. maí 1990 að við þá endurskoðun skuli hafa samráð við sjútvn. Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Nú hefur það verið upplýst að það hefur ekki verið gert og við höfum vísað því til forsetadæmisins að það væri upplýst hvað forsetadæmi þingsins hefði um þetta að segja. Það má segja að forsetadæmið hafi vísað því frá sér en ég óska eftir því að áður en þessu máli verður vísað til 3. umr. fái sjútvn. tækifæri til þess að athuga lagalega hlið þessa máls. Ég er ekki að

halda því fram, virðulegi forseti, að það breyti mjög miklu í þessu máli, en ég tel mjög mikilvægt að það sé alveg skýrt hvaða þýðingu ákvæði sem þessi hafa þegar meiri hluti Alþingis samþykkir þau. Ef þau eru ekki virt, þá þarf að sjálfsögðu að liggja fyrir hvaða afleiðingar það hefur því að annars er tilgangslaust fyrir Alþingi að setja slík ákvæði inn í lög. Því held ég að það sé mjög heppilegt, bæði fyrir Alþingi og framkvæmdarvaldið að fram fari athugun á gildi slíkra ákvæða, ef í lög eru sett.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Vegna þessara ummæla hv. 1. þm. Austurl. er rétt að taka enn einu sinni fram sem gert hefur verið æði oft í umræðum og þingskapaumræðum í tengslum við þetta mál að ákvæði það til bráðabirgða sem hér er verið að fjalla um kveður á um endurskoðun þessara laga fyrir tiltekinn tíma. Ákvæði af þessu tagi eiga að tryggja að framkvæmdarvaldið sjái til þess að fyrir þá dagsetningu sem bráðabirgðaákvæðið kveður á um skuli heildarendurskoðun hafa farið fram. Ég hef margsinnis lýst því yfir að sú endurskoðun muni fara fram áður en að þeirri dagsetningu kemur. Það er hins vegar alveg ljóst að bráðabirgðaákvæði af þessu tagi getur ekki tekið frumkvæðisrétt, hvorki af þingmönnum né ráðherra, til þess að flytja breytingar við lög eins og hér stendur á. Það er alveg ljóst að hver einstakur þingmaður hefur rétt til þess að flytja brtt. og Alþingi að samþykkja þær þó að slíkt endurskoðunarákvæði sé í lögum.

Það má öllum vera ljóst að þingmenn hafa ekki aðstöðu til að hafa það samráð við hagsmunaaðila og aðra sem kveðið er á um í slíkum ákvæðum og frumkvæðisréttur ráðherra getur ekki verið minni en einstakra þingmanna. Ég held að það hljóti að vera óumdeilt að þessi skýring sé rétt. Ég vísa enn fremur til framkvæmdar og fordæma í þessu efni því að í tíð fyrrv. sjútvrh. á síðasta þingi var flutt frv. um tímabundnar breytingar á þessum lögum sem gerðu það að verkum að lögin voru ekki framkvæmd og hafa reyndar aldrei komist til framkvæmda eins og þau voru upphaflega samþykkt. Meginhluta lagaákvæðanna var vikið til hliðar með löggjöf sem var flutt í frumvarpsformi af þáv. sjútvrh. og samþykkt hér á síðasta þingi. Þá voru engar athugasemdir um það gerðar að við undirbúning þeirrar löggjafar hafði ekki verið leitað formlegs samráðs við hagsmunaaðila og því síður haft samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Enginn hv. þm. á því þingi, og margir þeir sömu menn sitja nú á þessu þingi, gerði athugasemdir þegar breytingar voru gerðar með þessum hætti. Það er rétt að það voru tímabundnar breytingar en þær höfðu þá grundvallarbreytingu í för með sér að ákvæðum laganna var vikið til hliðar meðan á því tímabili stóð. Þannig að fordæmi eru skýr fyrir þessu og styðjast við alveg augljósa lagatúlkun.

Og enn og aftur skal því lýst yfir að sú endurskoðun, sem bráðabirgðaákvæðið kveður á um að skuli lokið fyrir lok þessa árs, mun fara fram að höfðu samráði við hagsmunaaðila og sjútvn. Alþingis. En það hindrar ekki frumkvæðisrétt ráðherra og Alþingi í að breyta lögunum áður en sá tími rennur út.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir óskir hv. 1. þm. Austurl. um það að því verði frestað að vísa þessu máli til 3. umr. og ráðrúm gefist til þess að gera þá athugun á réttaráhrifum nefndra samráðsákvæða og hvernig með þau hefur verið farið í þessu tilviki sem beðið er um. Málflutningur hæstv. sjútvrh. byggir á þeim misskilningi að ekki er verið að ræða um rétt hans eða annarra til að leggja fram breytingar á þessum lögum heldur er verið að tala um málsmeðferðina ef til stendur af hálfu hæstv. ráðherra að, eins og hér á við, leggja til varanlegar grundvallarbreytingar á þessum lögum með ótakmarkaðan gildistíma og þar með langt fram yfir það endurskoðunartímabil sem í hlut á. Það er málsmeðferðin og sú staðreynd að ekki var haft þetta lögboðna samráð við sjútvn. Alþingis og helstu hagsmunasamtök sem hér er til umræðu.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, óska ég eftir því að áður en málið verður meðhöndlað frekar hér í þinginu og því verður vísað til 3. umr. komi fram skýr svör um það hvaða áhrif sú atkvæðagreiðsla sem fór fram hér fyrir fáeinum mínútum við 7. tölul. brtt. meiri hlutans en sú grein hljóðar svo: „9. og 10. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða II, falli brott.“ En í ákvæði til bráðabirgða II eru einmitt þessi samráðsákvæði við sjútvn. og hagsmunasamtök sem hér eru til umræðu. Spurning mín er því sú: Ber að túlka þessa afgreiðslu svo, og ef lögin yrðu síðan samþykkt að lokinni 3. umr. þannig að þessi samráðsákvæði væru í brottu fallin, að hæstv. sjútvrh. sé þar með laus undan þessari samráðsskyldu? Og hvað vakir þá fyrir hv. meiri hluta að leggja slíkt til? Ég ítreka sem sagt óskir mínar, réttmætar að ég tel og rökstuddar, og hv. 1. þm. Austurl., að málið verði ekki afgreitt lengra en komið er hér í þinginu fyrr en ráðrúm hefur gefist til að kanna þessa hluti nánar.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það er nú alveg óþarfi af hæstv. sjútvrh. að taka það illa upp þó að við viljum ganga úr skugga um þetta ákvæði. Hér er verið að gera grundvallarbreytingar á lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem hefur áhrif á fiskveiðistefnuna. Það er alveg ljóst að þegar lög þessi voru sett í maí 1990 þá var það skilyrði af hálfu Alþingis að þessi lög, bæði um stjórn fiskveiða og Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, yrðu endurskoðuð fyrir árslok 1992. Það er alveg ljóst að í þeim vilja kom það fram að ekki væri gert ráð fyrir grundvallarbreytingum fyrr en á þeim tímapunkti og þá samhliða.

Það er hins vegar alveg rétt að það var gerð breyting á þesum lögum á sl. ári. Um þær breytingar var a.m.k. haft mjög náið samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi, enda voru þeir þeim breytingum allir sammála. Ég skal ekki fullyrða á þessari stundu hvaða samráð var haft við sjávarútvegsnefndir þingsins en

það má ganga úr skugga um það. En aðalatriðið er það hvert er gildi þessara ákvæða. Það má vel vera að það sé ekki neitt og það hafi ekkert upp á sig að setja bráðabirgðaákvæði sem þetta í lög. En þegar núv. ríkisstjórn leggur til grundvallarbreytingar á þessum lögum sem snerta mjög stjórn fiskveiða í landinu, þá er a.m.k. lágmark að haft sé samráð við þá aðila sem bundnir eru í lögum. Við erum eingöngu að fara fram á það að við fáum að athuga þetta mál í þingnefnd vegna þess að ekki hefur verið orðið við þeirri beiðni að forsetadæmið láti fara fram sérstaka athugun á því.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þessi umræða er nú býsna kynleg og ég hef velt því fyrir mér á grundvelli hvaða ákvæða í þingsköpum hún fer fram. En fyrst spurt er að því hér hvaða gildi slík ákvæði til bráðabirgða hafa eins og hér er verið að fjalla um, þá liggur það alveg í augum uppi. Gildi þessara ákvæða er það að Alþingi felur framkvæmdarvaldshöfum að sjá um að fyrir tiltekinn tíma skuli endurskoðun lagaákvæða hafa farið fram. Og í þessu falli stendur svo á að í bráðabirgðaákvæði laganna er gert ráð fyrir því að endurskoðuninni skuli lokið fyrir lok þessa árs. Ég hef margsinnis lýst því yfir að henni verður lokið fyrir árslok og þá verður Alþingi gerð grein fyrir niðurstöðunni. Þeta er alveg kristaltært. Ákvæðið felur ekki annað í sér og hindrar ekki að gerðar séu breytingar á lögunum í millitíðinni. Það liggur í augum uppi og er mjög skýrt og á ekki að þurfa að deila um það hér.

Ég ítreka enn spurningu mína um það: Undir hvaða ákvæði þingskapa fara þessar umræður fram? Hér hófst umræða undir yfirskini þingskapaumræðu. Ég vissi ekki betur en atkvæðagreiðsla væri hafin um það að vísa þessu máli til 3. umr. og það hlýtur að vera eðlilegt og þinglegt að sú atkvæðagreiðsla fari fram. Hitt er svo allt annað mál (**SJS:** Er sjútvrh. orðinn forseti hér?) hvort þingnefndin komi saman og fjalli um þetta mál. Um það ætla ég ekki að gera neinar athugasemdir og eðlilegt að slíkri málaleitun sé komið á framfæri en það á ekki að tefja eða hindra að þingið ljúki atkvæðagreiðslu sem er hafin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að það er ekki búið að samþykkja þetta frv. sem lög þó að 2. umr. ljúki nú. Það er eftir að afgreiða málið við 3. umr. og þess vegna mun forseti láta atkvæðagreiðslu fara hér fram um það hvort hv. þm. eru tilbúnir að samþykkja að málinu verði vísað til 3. umr. En það gefst væntanlega tækifæri fyrir hv. þm. að kynna sér það sem þeir eru hér að ræða um og benda á og vilja fá að kanna betur á milli 2. og 3. umr.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg nú að það skipti ekki öllu máli hvort þessar athugasemdir eru gerðar undir liðnum athugasemd við atkvæðagreiðslu eða í atkvæðagreiðslu og litið svo á að atkvæðagreiðsla standi og þá sé eftir sá hluti hennar að vísa málinu til 3. umr. eða hvort líta megi svo á að þar sé um sjálfstæðan hluta atkvæðagreiðslunnar að ræða og menn geti þar af leiðandi fengið orðið um þingsköp inn á milli atkvæðagreiðslna um þá liði. Ég hygg að hæstv. forseti hafi í öllu falli litið svo á að eðlilegt væri að gefa mönnum hér færi á að gera athugasemdir þó svo það færi greinilega í taugarnar á hæstv. sjútvrh. og fer það í skapið á honum eins og fleirum hæstv. ráðherrum að hafa ekki fengið í kaupbæti við ráðherradóminn stjórn þingsins í sínar hendur prívat og persónulega eins og við höfum séð stundum í tilburðum hæstvirtra ráðherra til að aðstoða forseta vorn. En ég treysti forseta fullkomlega til að stjórna fundum hér og tel að hún geri það alveg með sóma án nokkurrar aðstoðar frá hæstv. ráðherrum. Reyndar er það yfirleitt til bölvunar held ég þegar þeir fara að kássast í hlutunum.

En ég spurði hæstv. sjútvrh. eða hv. starfandi formann sjútvn. hvað fælist í því ákvæði brtt. meiri hlutans að fella samráðsákvæðið brott og hefur hæstv. sjútvrh., samanber hvernig hann talaði hér áðan, ekki áttað sig á því að verkamenn ríkisstjórnarinnar í meiri hluta sjútvn. eru einmitt að leggja til við þingið að fella í brott úr lögunum þetta sama samráðsákvæði. Ég held að ástæða væri til að fá það skýrt í atkvæðagreiðslunni hvað fyrir mönnum vakir í því efni. — Ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. svari því undir hvaða lið hann biður um orðið. (**Heilbrrh.:** Um atkvæðagreiðslu.)

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í 2. málslið 39. gr. þingskapa segir svo, eftir að búið er að ræða um hvernig 2. umr. um frumvörp og brtt. skuli fara fram, í einni og sömu setningu, með leyfi forseta: „Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu."

Það er auðvitað alveg ljóst að sú atkvæðagreiðsla sem hér á nú fram að fara er hluti af þeirri atkvæðagreiðslu sem þegar er lokið og í fyllsta máta eðlilegt að til hennar sé gengið sem lokaatkvæðagreiðslu um málið.

Frv. vísað til 3. umr. með 32:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, SalÞ.

nei: ÓÞÞ, StG.

22 þm. (GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, StH, SJS, SvG, VS, FI) greiddu ekki atkv.

7 þm. (JBH, KHG, GAK, RA, StB, AÓB, BBj) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þrátt fyrir að þingmaður sé sannfærður um að rétt var upp lesið hjá hæstv. heilbrrh., að sú regla er í þingsköpum að fyrst eigi að greiða atkvæði um einstakar greinar frv. við 2. umr. og síðan að vísa þeim til 3. umr., ef samkomulag er um, en ekki öfugt, þá breytir það ekki því að í mörg lagafrumvörp hefur verið sett inn ákvæði um endurskoðun. Það hefur verið gert til þess að reyna að sætta menn við það að ef vankantar kæmu fram á lagasmíð væri tryggt að endurskoðun ætti sér stað með fullu samráði. Nú er verið að leggja til að þetta samráð verði tekið út og í reynd er þingið að fella úr gildi lagatexta í ýmsum lögum þar sem ákvæði um samráð er inni. Ekki vil ég deila við hæstv. sjútvrh. um það að sú túlkun hans á frelsi manna til að flytja hér brtt. við lög fái ekki staðist. Aftur á móti finnst mér sú vinnuregla skynsamleg að hafa samráð við hagsmunaaðila þegar breytingar eru gerðar á lögum og í ljósi þess að lögin hafa ekki verið virt hvað þetta varðar segi ég nei.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þar sem mér virðist það augljóst að falla eigi frá því samráði sem verið hefur í þessu veigamikla máli þá segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er fremur óvenjulegt eins og menn þekkja að ekki sé um það samstaða að vísa málum áfram milli umræðna hér á þingi. En það er einnig mjög óvenjulegt, sem betur fer, og sjaldgæft að réttmætum óskum og rökstuddum um það að mál verði skoðuð, þau gangi aftur til nefnda eða athuguð sé óvissa sem upp kemur af einhverju tagi, að sé hafnað eins og hér gerðist, því miður. Og það sem verra var að mínu mati var að fyrir því var enginn rökstuðningur færður af hálfu hæstv. forseta því ég kalla það ekki rökstuðning þær upplýsingar í málinu að hæstv. heilbrrh. sé læs þó það kunni að vera fréttir fyrir einhvern. Ég harma það að hæstv. forseti vor skyldi a.m.k. ekki rökstyðja sína niðurstöðu um það að verða ekki við óskum um að málið væri skoðað og ég geri það m.a. á grundvelli þess að við erum að móta hér nýjar hefðir og nýjar reglur í vinnubrögðum vegna afgreiðslu lagafrumvarpa í einni málstofu þingsins.

Ég hef tekið það svo að það væri nánast sjálfsögð ósk þingmanna og ég tala nú ekki um nefndarmanna í viðkomandi fagnefnd að fá mál til skoðunar í nefndum jafnvel milli umræðna eða innan umræðu ef ástæða þætti til með hliðsjón af því að nú er ekki fyrir hendi hin tvöfalda deildaskipting og tvöfalda nefndarvinna til þess að sía úr óvissuatriði og fullvinna mál. Þeim mun meiri eru vonbrigði mín að hæstv. forseti skuli ekki láta svo lítið a.m.k. að rökstyðja sína niðurstöðu.

Ég fékk enn fremur engin svör frá talsmönnum meiri hlutans, hvað fyrir þeim vakir með því að leggja til að fella niður ákvæði til bráðabirgða II í gildandi lögum um samráð við þing og hagsmunasamtök sem og í raun endurskoðunarákvæði laganna.

Með vísan til alls þessa og til að mótmæla því sem hér hefur gerst, þá greiði ég ekki atkvæði þó það sé óvenjulegt, en það ber að skilja sem mótmæli mín við þessari málsmeðferð.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276 og 378.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 frá meiri hluta efh.- og viðskn. og brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 og við brtt. á þskj. 276, einnig frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin tók málið aftur til umfjöllunar er Alþingi kom saman eftir áramót, m.a. vegna þess að afgreiðsla fjárlaga kallar á breytingar á frv. og óskað var eftir að nefndin tæki brtt. til umfjöllunar. Nefndin kvaddi við þessa framhaldsumfjöllun gesti á sinn fund en þeir voru: Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjmrn., Ólafur Örn Ingólfsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri, Bjarni Bragi Jónsson og Eiríkur Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, Benedikt Davíðsson og Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Tryggvi Pálsson, bankastjóri Íslandsbanka, Stefán Pálsson, bankastjóri Búnaðarbanka, Ásmundur Stefánsson og Guðmundur Gylfi Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson og Ólafur Hjálmarsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórleifur Jónsson frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Kristmundur Halldórsson frá iðnrn.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. og einnig á tillögum meiri hlutans á þskj. 246. Nýju tillögurnar eru:

1. Lagt er til að lántökuheimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, sbr. 1. gr. frv., verði hækkuð um 400 millj. kr. Upphæðin samsvarar auknum halla ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum þessa árs frá því sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, þannig að í stað „13.000 millj. kr." í 1. gr. komi: 13.950 millj. kr. Ber að geta þess að þar með er afturkölluð tillaga nr. 1 á þskj. 246 sama efnis.

2. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að skuldbreyta lánveitingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar falla niður afborganir af veittum lánum deildarinnar á árinu 1992 og er því lagt til að heimild fjmrh. til þess að endurlána henni verði aukin um 400 millj. kr. Við 3. gr kemur þá:

Tillaga a. Í stað „4.545 millj. kr." komi: 5.095 millj. kr. og verður þá einnig afturkölluð tillaga merkt 2.a á þskj. 246.

Tillaga b. Í stað „1.250 millj. kr." í 3. tölul. komi: 1.650 millj. kr.

3. Áætlað útstreymi umfram innstreymi á skyldusparnaðarreikningum ungmenna, sem eru í vörslu Byggingarsjóðs ríkisins, er 220 millj. kr. á þessu ári og því er lagt til að lántökuheimild Byggingarsjóðs hækki um þá upphæð. Við það breytast tölur í 4. gr. úr 2.565 millj. kr. í 2. tölul. og verða 2.785 millj. kr.

4. Lagt er til að fjmrh. verði heimilt að ábyrgjast allt að 85 millj. kr. lántöku Skallagríms hf. til skuldbreytingar eldri lána, en fyrirtækið annast rekstur Akraborgarinnar.

5. Vegna kaupa Rafmagnsveitna ríkisins á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar er lagt til að fjmrh. verði heimilt að ábyrgjast allt að 76 millj. kr. lántöku Rafmagnsveitnanna. Þar með bætast við 5. gr. tveir nýir stafliðir er orðast svo:

a. Skallagrímur hf., allt að 85 millj. kr. til skuldbreytingar eldri lána.

b. Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 76 millj. kr. til kaupa á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar.

6. Vegna þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði, er nauðsynlegt að hækka heimild til erlendrar lántöku um 1.181 millj. kr. sem samsvarar aukinni lánsfjárþörf vegna breytinganna. Er lagt til að 6. tölul. brtt. á þskj. 246 verði breytt til samræmis við þetta.

Við 6. tölul. á þskj. 246 kemur þá: Í stað „7.400 millj. kr." í síðari efnismálsgrein komi: 8.581 millj. kr.

Í nál. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 var tekið fram að hluta af lánsfjárheimild Byggðastofnunar ætti að nota til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands. Nefndin ræddi við Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Þórleif Jónsson, framkvæmdastjóra Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, og Kristmund Halldórsson, deildarstjóra fjármála- og rekstrarsviðs iðnrn. vegna þessa máls og framkvæmdar á þessu ári. Nefndin var fullvissuð um að þessu verkefni verður sinnt eftir þörfum eins og verið hefur miðað við fjárhagsramma Byggðastofnunar samkvæmt fyrirliggjandi frv.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til nú á sérstöku þingskjali, auk brtt. á þskj. 246 og 276.

Undir þetta nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Ingi Björn Albertsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. á þskj. 380 frá minni hluta efh.- og viðskn. Frv. til lánsfjárlaga hefur verið til umfjöllunar hjá Alþingi og efh.- og viðskn. um alllangan tíma. Þegar mál þetta var afgreitt til 2. umr. í desember sl. gat minni hluti nefndarinnar ekki stutt afgreiðslu málsins, m.a. með tilliti til þess að mikil óvissa væri enn að því er varðaði fjárlagagerðina, bæði tekju- og gjaldahlið. Þótt margt hafi skýrst í sambandi við þessa mynd, þá er langur vegur frá því að það liggi næginlega vel fyrir hver verði útgjöld ríkisins á næsta ári og í nokkrum atriðum liggur ekki endanlega fyrir um tekjurnar þó að sú mynd sé vissulega skýrari.

Til umfjöllunar hér á Alþingi er enn þá frv. ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum og væri eðlilegt að mínu mati að lánsfjárlögin kæmu til afgreiðslu þegar það mál hefur verið afgreitt. Það mun ekki liggja endanlega fyrir hver verður lántökuþörf ríkisins fyrr en það mál hefur verið afgreitt hér á Alþingi. Það er jafnframt til þess að líta að kjarasamningar eru lausir og má segja að allir þeir aðilar sem hafa komið til viðtals við efh.- og viðskn. hafa lýst því yfir að farsæl lausn kjarasamninga muni fyrst og fremst byggja á því að vaxtalækkanir muni eiga sér stað.

Ég ætla í upphafi máls míns að ræða nokkuð um það hvaða líkur eru til þess að vextir muni lækka nú á næstunni. Efh.- og viðskn. kallaði til allmarga aðila til þess að leggja mat á þetta mál.

Í svörum viðskiptabankanna kom skýrt fram að þeir mundu ekki geta lækkað raunvexti. Eini aðilinn í landinu sem hefði tök á því að ráða við slíka vaxtalækkun væri ríkissjóður. Það kom fram hjá viðskiptabönkunum að þeir töldu ekki neitt efni til almennra vaxtalækkana. Þeir hefðu litla vissu um það hver yrði verðbólga á næstunni, ekki síst með tilliti til þess að kjarasamningar væru lausir, og það kom skýrt fram að þeir treystu ekki þeim verðbólguspám sem nú koma fram af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabanka. Það er því alveg ljóst að viðskiptabankarnir bíða eftir því að sjá hvað muni gerast í kjarasamningum og munu ekkert hreyfa sig fyrr en sú mynd skýrist.

Af hálfu Seðlabankans kom það fram að Seðlabankinn telur að vextir ættu að geta lækkað nokkuð og að svigrúm sé til raunvaxtalækkunar í einhverjum mæli. Þrátt fyrir tilmæli Seðlabankans í gegnum viðræður við viðskiptabankana er ljóst að viðskiptabankarnir hafa ekki farið að þeim tilmælum. Það má því segja að á fjármagnsmarkaðnum ríki mikil óvissa og afar lítil tiltrú á frumkvæði ríkisvaldsins í þessum efnum, enda hefur hæstv. fjmrh. beinlínis lýst því yfir að ekki standi til á næstunni að lækka vexti. Það má því segja að þeir menn sem nú glíma við lausn kjaramálanna bíði eftir því að vextir muni lækka en bankarnir bíði eftir því að sjá hvað gerist á vinnumarkaði og ríkisstjórnin situr einfaldlega hjá í málinu, enda hafði hún áður lýst því yfir að ríkisstjórnin færi þar með hlutverk aukaleikara.

Það vita allir að ekki er að vænta þess að mikið frumkvæði komi frá þeim sem velja sér slíkt hlutskipti, svo að notuð séu þeirra eigin orð, orð forsrh., og því má segja að pattstaða ríki á fjármagnsmarkaðnum. Það er við þessar aðstæður sem við leggjum til að þetta mál verði ekki afgreitt að svo komnu máli og beðið eftir því hvað þarf að leggja að mörkum til þess að vextir geti lækkað á fjármagnsmarkaði.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hafa lagt allt upp úr því að koma fram ákveðnum niðurskurði á fjárlögunum. Það er góðra gjalda vert að spara útgjöld ríkisins og nauðsynlegt, en það er jafnframt mikilvægt að sá niðurskurður beinist að þeim atriðum sem hvað

minnstum deilum valda við aðila vinnumarkaðarins þótt vissulega sé rétt að það er vandfarið. Það hefur þó verið mjög áberandi í þeim viðræðum sem við höfum átt við aðila vinnumarkaðarins að þeir hafa almennt haldið því fram að lítið eða ekkert samráð hafi verið við þá haft. Það hefur jafnvel komið fram í þeirra máli að allri samvinnu og samráði sé beinlínis hafnað, það sé talað við þá á síðustu stundu og þeir sjái ekki betur en það sé stefna ríkisstjórnarinnar að gera ekkert á grundvelli samvinnu. Og ekki batnar málið þegar send eru þau skilaboð að koma skuli upp sérstökum sveitum manna til að fylgjast með öllu saman. Eins og einhver orðaði það: Allt skal ákveðið ofan frá, síðan tekur miðstýringin við og síðast eftirlitssveitirnar.

Það er ekki mjög traustvekjandi mynd sem við fáum af samstarfi hæstv. ráðherra við aðila vinnumarkaðarins. Það er jafnframt ljóst þegar talað er við þetta fólk að það mun verða ein aðalkrafan í þeim samningum sem nú eru fram undan að draga þangað inn fulltrúa ríkisvaldsins í þeim tilgangi að ná til baka ýmsu af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur komið til framkvæmdar eða á eftir að koma til framkvæmdar.

Nú má sjálfsagt spyrja sem svo: Hvað skal koma í staðinn fyrir þann niðurskurð sem ríkisstjórnin hefur lagt til? Og vill nú oft verða að þar verði ekki mikið um svör. En þó tel ég að það sé afar þýðingarmikið að gera a.m.k. fulla tilraun til að hafa um slík mál sem best samráð við aðila vinnumarkaðarins til að undirbyggja komandi kjarasamninga. Mér virðist hins vegar að hæstv. ríkisstjórn leggi ekkert upp úr því að undirbyggja þá heldur fari sínu fram og skeri niður eftir því sem henni líst best á og eru áætlanir í því sambandi nokkuð undarlegar oft og tíðum. T.d. er rétt að minnast á að fyrst þegar tillögur um niðurskurð á sjómannaafslætti komu fram átti það að skila 180 millj. kr. Síðan var gerð allveruleg breyting þar á og eftir þá breytingu átti það jafnframt að skila 180 millj. kr. Síðan var enn gerð breyting á og þá átti tiltækið enn sem fyrr að skila 180 millj. kr.

Mér hefur verið bent á að þessi tala sé nokkuð föst í sambandi við fleiri niðurskurðarmál, 180 millj., og má vera að allar breytingar sem hæstv. ríkisstjórn tekur upp á skili þessari tilteknu fjárhæð. Ekki fannst mér áætlunargerðin vera traustvekjandi í sambandi við sjómannaafsláttinn, en ég er því miður ekki nægilega vel kunnugur ýmsu öðru sem nefnt hefur verið í þessu sambandi.

Það hefur jafnframt komið fram í máli þeirra aðila sem við höfum kallað til að þeir hafa ekki nægilega mikla tiltrú á fjárlögunum, telja að þar sé um of byggt á flötum niðurskurði og þar hafi yfirleitt ekki tekist vel til og þess vegna megi ætla að fjárlagahallinn verði meiri. Jafnframt hefur komið fram að t.d. menntmrh. lítur ekki á almanaksárið í sambandi við þau mál sem að honum snúa heldur skólaárið og þar af leiðandi er ljóst að með því er á vissan hátt verið að lýsa því yfir að ekki sé ætlunin að fara í einu og öllu eftir fjárlögunum í sambandi við útgjöld til menntamála. Þótt það sé mjög gagnrýnt hve þar er gengið langt ber svo að skilja að ríkisstjórnin ætli sér ekki að fara í einu og öllu eftir ákvæðum fjárlaganna í þeim efnum og jafnvel þá ekki að ganga svo langt að senda hina sérstöku eftirlitsmenn á vettvang til að koma vilja fjárlaganna í framkvæmd.

Við hljótum að gagnrýna þessi vinnubrögð og benda á það sem hefur komið fram hjá fulltrúum Alþýðusambandsins, en þeir hafa bent á að það sé búið með skattahækkunum og hækkun þjónustugjalda að skerða kaupmátt um 2%. Þeir halda því fram að það sé innlegg ríkisstjórnarinnar í kjaraviðræður núna að koma með þessa viðbótarkjaraskerðingu upp á 2%. Nú skyldi maður ætla að verulegur árangur næðist með slíku, ekki aðeins í fjárlögunum heldur ætti það jafnframt að hafa veruleg áhrif á fjármagnsmarkaðinn, það ætti að geta skapast sú tiltrú þar að þetta mundi hvetja til vaxtalækkana. En svo virðist því miður ekki vera og vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann ætlist fyrir í þessum efnum og hvort hann telur það raunhæft, sem hefur komið fram í þessum viðræðum okkar, að það sé grundvallaratriði að raunvextir lækki um 2,5–3% ef skynsamlegir kjarasamningar eiga að nást. Þetta er mikil lækkun og hefur komið fram hjá viðmælendum okkar að þessi vaxtalækkun muni ekki nást fram nema dregið sé úr útgáfu skuldabréfa af hálfu ríkisins. Það sé t.d. ákveðið að húsbréf séu ekki seld á markaði nema miðað við tiltekið raunvaxtastig og spariskírteini ekki heldur.

Ég geri mér grein fyrir að ef á að draga með þeim hætti úr útgáfu spariskírteina gæti það orðið til þess að meiri yfirdráttur yrði hjá ríkissjóði við Seðlabankann, en það hlýtur að vera meginatriði að koma þessari vaxtalækkun fram og því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort eitthvað slíkt komi til greina, að selja ekki þessi bréf, t.d. húsbréfin, nema miðað við ákveðna viðmiðun raunvaxta. Það er afar mikilvægt fyrir það fólk sem er að leita út á þennan markað um þessar mundir að hafa einhverja tiltrú í þessu sambandi. Ef menn mættu t.d. vænta þess að innan skamms væri ríkisstjórnin ekki tilbúin að gangast fyrir sölu húsbréfa nema raunvextir lækkuðu um við skulum segja 2%, þá skiptir það miklu máli að því er varðar afföll af þeim bréfum. Það er ekkert lítið mál fyrir þá sem eru að koma á skuldbindingum, ekki til næstu tveggja ára eða þriggja ára heldur til næstu 25 ára, að vita hvers megi vænta. Það er nefnilega aðalgallinn við húsbréfakerfið að þeir sem selja slík bréf í dag eru bundnir þeim kjörum alla tíð og ef þar verður skyndileg breyting á, sem við skulum vona að verði, munu þeir ekki njóta þess á einn eða annan hátt.

Það er afar merkilegt, hæstv. fjmrh., að fjalla um húsbréfakerfið. Við höfum nokkur á Alþingi haft uppi nokkra gagnrýni á framkvæmd þessa máls og bent á að það gæti verið nauðsynlegt að draga um sinn eitthvað úr útgáfu þessara bréfa til að koma fram almennri vaxtalækkun, en þá hefur hæstv. félmrh. staðið upp og talið það af og frá og ekki viljað hlusta á neina gagnrýni í þessum efnum. Það gekk svo langt að Seðlabanki Íslands leyfði sér að hafa nokkrar efasemdir um ágæti allrar þessarar útgáfu og birti sérstaka greinargerð um það mál sem Alþingi fékk aðgang að, en þá

stóð hæstv. félmrh. upp og gagnrýndi Seðlabankann mjög harðlega fyrir tiltækið og tilkynnti að bankastjórar þess banka yrðu kallaðir fyrir. Við höfum fengið upplýst að þessir tilteknu bankastjórar hafa verið kallaðir fyrir af félmrh. og fengið að heyra skoðanir ráðherrans á málinu, en þeir hafa jafnframt upplýst nefndarmenn í efh.- og viðskn. um að þeir hafi ekki breytt um skoðun. Þeir telja að sú gagnrýni sem þeir hafi sett fram sé rökstudd og málefnaleg og sú greinargerð sem félmrh. hefur lagt fram um húsbréfin breyti engu í því, enda snúi sú greinargerð fyrst og fremst að húsbréfaviðskiptunum sem einangruðu fyrirbæri og án samhengis við fjármálamarkaðinn að öðru leyti. Það er e.t.v. helsti gallinn á umfjöllun félmrh., sem er slæmt að skuli ekki vera viðstaddur þessa mikilvægu umræðu því að það er ekki neinn smáhluti af lánsfjárlögunum sem snýr að hennar ráðuneyti eða rúmir 20 milljarðar til húsnæðismála. Verður nú nánast að gera kröfu til þess að hæstv. félmrh. fylgist með umræðum um þessi mál hér á Alþingi því það verður ekki gengið fram hjá því að þessi mikla stærð á peningamarkaðnum hefur þar veruleg áhrif. Það er ekki nóg að standa upp og segja: Þeir sem gagnrýna hafa ekki vit á málum, þeir vita ekki hvað þeir eru að tala um. Þótt svo megi vera að seðlabankamenn hafi ekki vit á öllum hlutum hefur það verið svo að þeir hafa oftast, eftir því sem ég hef séð, lagt fram málefnalega gagnrýni á málum þótt því hafi ekki alltaf verið vel tekið hjá starfandi ríkisstjórnum. Þannig á Seðlabankinn að starfa. Hann á að veita ríkisstjórnum visst aðhald og skapa meiri tiltrú á fjármálamarkaðnum. Það er lífsins ómögulegt fyrir Seðlabankann að skapa meiri tiltrú ef ekkert hlustað á gagnrýni sem hann hefur fram að færa og lítið gert úr því sem þaðan kemur. En það er það sem einmitt hefur gerst í þessu máli að hæstv. félmrh. telur að ekki beri að hlusta á slíka gagnrýni og auðvitað heyrir fjármálaheimurinn þessi samskipti og bregst þannig við að ekki sé ástæða til að hafa mikla tiltrú á því sem á að gerast á næstunni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. upplýsti Alþingi um með hvaða hætti hann hyggst koma á lækkun raunvaxta á næstunni til að greiða fyrir kjarasamningum eða hvort hann telur að ríkisstjórnin eigi ekki að hafa þá ábyrgð og það hlutskipti.

Það hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstjórn að hún neitar handafli og telur að það muni ekki gagnast við þessar aðstæður. Því er jafnframt haldið fram að ekki sé nóg að beita handafli heldur þurfi að taka pólitískar ákvarðanir í framhaldi af slíkum aðgerðum sem þurfi ávallt að fylgja í kjölfarið. Það hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. að nauðsynlegt sé að beita fortölum við bankana, en nú virðist vera að þessar fortölur hafi að litlu gagni komið. Það var upplýst í samtölum við seðlabankamenn að þeir hafa reynt fyrir sér í samtölum við viðskiptabankana, en lítill árangur hefur orðið af því. Þeir vilja eiga borð fyrir báru, eins og einhver orðaði það, ef þeir mundu verða dregnir inn í kjarasamningana.

Þá kemur sú stóra spurning hvort það sé í reynd að verða niðurstaðan að vextir séu að verða samningsatriði á vinnumarkaði. Það á ekki að beita handafli, fortölur gagna ekki, fjármagnsmarkaðurinn hefur ekki tiltrú á ríkisstjórninni og bregst þannig við að þeir bíða og bíða og svo virðist vera að nú sé fyrst beðið eftir því hvað aðilar vinnumarkaðarins muni geta knúið fram. Er það stefna hæstv. ríkisstjórnar að bíða eftir að aðilar vinnumarkaðarins knýi fram vaxtalækkun á fjármagnsmarkaðnum? Það er ekki ólíklegt að í það sé að stefna. En það er mjög mikilvægt fyrir þá sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði að gera sér einhverja grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi, m.a. til þess að þeir taki ekki skjótar ákvarðanir sem skipta verulegu máli um framtíðarhag þeirra. Það er t.d. alveg ljóst að aðilar sem eru nú að selja bréf á markaði til mjög margra ára með háum raunvöxtum mundu verða fyrir miklum skaða ef vextir lækkuðu skyndilega.

Þetta er e.t.v. aðalatriði þessa máls, hæstv. fjmrh. Þótt það sé vissulega svo að margt er í frv. sem snertir lántöku ríkisins og ég hef gert að umtalsefni alloft áður og tel ekki ástæðu til að hafa um mjög langt mál, þá vildi ég koma þessum almennu sjónarmiðum á framfæri.

Eitt er það atriði jafnframt sem skiptir allmiklu máli og það er hverjir eru kaupendur að þeim pappírum sem stendur til að selja á þessum markaði. Það hefur komið fram hjá öllum viðmælendum okkar að það er skoðun þeirra að eðlilegur atvinnurekstur geti ekki staðið undir þeim vöxtum sem nú eru í þjóðfélaginu. Það er almennt sjónarmið allra. Það hlýtur því að vera ljóst að vextirnir skapa mikla kyrrstöðu og verða til þess að ekki er ráðist í ný atvinnufyrirtæki. Það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að stuðla fremur að því að fyrirtæki verði gjaldþrota en að hjálpa til við nauðasamninga. Það hefur komið skýrt fram. Það er alveg ljóst að í stað þeirra fyrirtækja sem verða gjaldþrota koma fá og því ríkir almenn stöðnun í þjóðfélaginu. Stærstu aðilarnir á þessum markaði eru lífeyrissjóðirnir. Þeir hafa nú dregið að sér hendur í sambandi við kaup á skuldabréfum, fyrst og fremst vegna þess að þeir vilja fá upplýsingar um hvað eigi að verða um ríkisábyrgð á launum sem hæstv. fjmrh. hefur talið mjög óeðlilegt. Það kom hins vegar fram hjá þeim að með því væru þeir ekki að blanda þeim málum saman heldur vildu þeir eingöngu vita hver ættu að vera starfskjör þeirra áður en þeir hæfu kaupin. Einn orðaði það þannig að það væri í reynd ekki hægt að ætlast til þess að lífeyrissjóðirnir hjálpuðu sjálfir til við að saga af sér fæturna. Það er e.t.v. eðlilegt sjónarmið ef rétt væri, en ég býst ekki við að það sé hægt að leggja svo mikla áherslu á það að réttmætt sé að lýsa því með þeim hætti. Það er hins vegar alveg ljóst að það er mikil andstaða hjá lífeyrissjóðunum við að hefja kaup á skuldabréfum fyrr en starfskjör þeirra liggja fyrir.

Síðan er spurningin, hæstv. fjmrh., um hvað á að semja við lífeyrissjóðina. Það er t.d. alveg ljóst að lánsrétturinn tengist ekki kaupum sjóðanna í dag eins og hann gerði áður. Hvatinn til þess að kaupa tiltekin skuldabréf er ekki lengur fyrir hendi. Það stendur til að

opna fjármagnsmarkaðinn í verulegum mæli með þeim afleiðingum að lífeyrissjóðirnir geta þá farið að kaupa skuldabréf á erlendum mörkuðum. Hvaða áhrif mun þetta hafa? Er þá ekki langeðlilegast að lífeyrissjóðirnir komi einfaldlega með sín skuldbréf út á markaðinn án sérstakra samninga við ríkisvaldið? Er einhver ástæða til að stunda sérstaka samninga við lífeyrissjóðina og hvaða árangri hafa þeir skilað, hæstv. fjmrh.? Ég er ekki nægilega kunnugur því til að ég geti lagt mat á það. En ég held að það hafi ekki verið neinir sérstakir samningar sem ríkisvaldið hefur náð við lífeyrissjóðina. Og spurningin er þessi ef markaðurinn á að taka þarna algerlega við: Af hverju er það þá hreinlega ekki gert og framboð og eftirspurn látin ráða á þessum markaði eins og öðrum? Er ekki líklegra að það muni valda meiri lækkun á fjármagnsmarkaðnum en þeir fyrirhuguðu samningar sem fjmrh. ætlar í við lífeyrissjóðina?

Ég ætla ekki að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvað hann sé tilbúinn að bjóða í þessum samningum. Ég tel það ekki sanngjarnt að fara þess á leit við hann að hann upplýsi það í opinberri umræðu á Alþingi því að ég ætla að hann hyggist ná þar góðum samningum. Og það er e.t.v. heldur ekki sanngjarnt að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvernig hann metur sína samningsstöðu. En ég held að sú samningsstaða hans sé ekkert sérlega góð og ekki líkleg til þess að hann nái þar fram mikilli lækkun ef hægt er að taka mark á því sem heyrist frá þessum aðilum varðandi stöðuna á fjármagnsmarkaðnum. Það virðist vera að þar sé ekki mikið traust, þar sé óvissa og menn bíði átekta og því sé beinlínis óskynsamlegt að ganga til stórra samninga um kjör þessara mikilvægu bréfa eins og nú standa sakir.

Ég vildi jafnframt spyrja hæstv. fjmrh. um hvað hann hyggst fyrir með eftirlit af hálfu ríkisins með framkvæmd fjárlaga og með framkvæmd lánsfjárlaga, hvort það sé hans ætlan að koma þar upp í stórum mæli opinberum tilsjónarmönnum og hverjum hafi dottið í hug að koma á fót sérstökum aðilum sem taki á sig fjárhagslega ábyrgð í tilteknum stofnunum. Ég veit að hæstv. fjmrh. er skynsamur maður í rekstri fyrirtækja og hins opinbera og vill gera það sem skynsamlegra er talið. Og ég veit að honum er fullkunnugt um að það eru starfandi ýmsar hjálparstofnanir hjá ríkisvaldinu sem geta aðstoðað menn ef eitthvað fer úrskeiðis. Þar má nefna ríkisbókhaldið, þar má nefna hagsýsluna sem er á vegum hæstv. fjmrh., þar má nefna greiðsludeild fjmrn. og þar má jafnframt nefna Ríkisendurskoðun. Allar þessar stofnanir eru mikilvægur þáttur í stjórnsýslunni og má alltaf spyrja hvort ekki sé ástæða til að styrkja framkvæmd þessara stofnana. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að það sé rétt að styrkja framkvæmd ráðuneytanna sjálfra í sambandi við framkvæmd fjárlaganna. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé rétt að taka til við það frv. sem hér var flutt af fjárveitinganefnd um greiðslur úr ríkissjóði til að styrkja framkvæmd fjárlaganna.

Það er ekki eingöngu um það að ræða að vondir forstöðumenn stofnana séu valdir að fjárlagahallanum. Það er ekki síst að oft er áætlanagerð ekki nægilega góð. Ráðuneytin sjálf stofna til margvíslegra útgjalda án þess að nægilegar heimildir liggi fyrir í fjárlögum. Ýmsir forstöðumenn stofnana hafa áreiðanlega stofnað til útgjalda af hálfu þeirra að beiðni ráðuneytanna og ég er nokkurn veginn viss um að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér ekki að setja opinbera tilsjónarmenn í ráðuneytin sjálf. Því er öll þessi umræða með miklum eindæmum. Það sem stendur til að gera er einfaldlega það að ef um stofnun er að ræða þar sem menn telja að menn standi sig ekki nógu vel á einfaldlega að fá nýja menn og senda þá þangað inn og þeir eiga að bera fjárhagslega ábyrgð á viðkomandi stofnunum. Ég hef aldrei heyrt að mönnum hafi áður dottið í hug í sambandi við eftirlit, aðhald og stjórnun fyrirtækja að standa þannig að málum. Það er alveg ljóst að það mun engum árangri skila og ekkert annað en sjálfsblekking að halda því fram að þetta tiltekna ákvæði muni skila einhverju í aðhaldi að fjárlögum, enda viðurkenndu aðstoðarmenn ráðherranna þetta og sögðu: Það er ekki einu sinni nauðsynlegt að setja þetta ákvæði lagalega séð. Það eru allar heimildir fyrir hendi. Það er mikilvægt pólitískt og það er mikilvægt efnahagslega. Það á að nota Alþingi Íslendinga til að setja ónauðsynlegt ákvæði í lög til að hrella menn. Það finnst mér vera ljótur leikur, hæstv. fjmrh. Mér finnst að ríkisstjórnin geti verið í því að hrella þessa menn með þeim hætti sem hún telur nauðsynlegt á grundvelli gildandi laga, en það eigi ekki að vera að reyna að skapa einhverja sérstaka umræðu um ónauðsynleg ákvæði og þar að auki óskynsamleg ákvæði til að koma þessum vilja fram.

Við höfum reynt, hæstv. fjmrh., allt okkar besta í efh.- og viðskn. til að fara yfir þetta mál með málefnalegum hætti og áttum satt best að segja von á að því yrði einfaldlega kippt til baka og menn viðurkenndu að hér hafi verið visst fljótræði á ferð. En það gerðu menn ekki heldur fóru í skúffurnar og leituðu og leituðu hvort það hefði ekki verið eitthvað svipað sem fyrri ríkisstjórn hefði látið sér detta í hug. Það er svo undarlegt með hæstv. ríkisstjórn að ef hún finnur eitthvað sem fyrri ríkisstjórn hefur látið sér detta í hug er það sönnun fyrir því að málið sé gott. Þar sem fyrri ríkisstjórn hafði látið setja eitthvað því um líkt á blað, sem er þó allt annars eðlis, var gefinn út sá úrskurður að hér væri um hið besta mál að ræða og þá gerðar nokkrar breytingar og tekið lítils háttar tillit til þess sem áður hafði verið sett á blað í þessum efnum að því er varðar heildarendurskoðun á lögunum um Stjórnarráð Íslands. En það frv. var samið af tiltekinni nefnd og fékk aldrei efnislega umræðu, hvorki í ríkisstjórn eða hér á Alþingi. Ég býst við að við getum verið sammála um að það sem kom frá þessari tilteknu nefnd sé gagnrýni vert eins og allt annað sem sett er fram í þessu sambandi, enda á það ekki að vera aðalatriði málsins.

Ég bendi hæstv. fjmrh. á að sú stofnun sem Alþingi hefur sett á stofn til að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaganna varar mjög við þessum hugmyndum, þ.e. Ríkisendurskoðun. Hún hefur ekki sent álit, enda kom í ljós að Ríkisendurskoðun hefur ekkert ver-

ið spurð um málið og ekkert samráð haft við hana og býst ég þá við að það staðfesti annað sem kemur í ljós í störfum efh.- og viðskn., að það er yfirleitt ekki talað við nokkurn aðila. Ég veit ekki hvar hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn leita ráðlegginga í málum sem þessum og við hvaða aðila í stjórnsýslunni þeir ræða til að setja fram mál af þessu tagi. Ég trúi því ekki að einhver sá aðili sem kennir stjórnun eða er sérfræðingur á sviði eftirlits eða fjármálastjórnar ráðleggi hluti sem þessa og ætti það nú verða til þess að hæstv. ríkisstjórn dragi þetta einfaldlega til baka því að það er engin leið að verja þetta, hæstv. fjmrh., og ríkisstjórnin á ekki að vera að eyða dýrmætum tíma sínum í svona endalausa vitleysu. Hún á að snúa sér að því sem máli skiptir, þ.e. hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaganna, reyna að tryggja sem best að fjárlögunum sé framfylgt og átta sig þá betur á því hvar veilurnar eru. Ég held að það sé ljóst að veilurnar eru ekkert síður í ráðuneytunum sjálfum og veilurnar eru ekkert síður í þeirri áætlanagerð sem liggur til grundvallar þegar fjárlög eru samþykkt sem hvetja oft og tíðum til þess að fjárlög eru ekki framkvæmd af þeirri virðingu sem ber og menn telja að það sé hægt að fara fram úr fjárlögum vegna þess að áætlanir hafi verið óraunhæfar. Þannig varð frægt að þegar flugmálastjóri ætlaði að fara eftir fjárlögum að sagt er og hætta snjómokstri var honum jafnvel hótað brottrekstri ef það yrði gert. En auðvitað kemur oft upp í þessu sambandi að menn verða að minnka eða stöðva þá þjónustu sem á að láta í té ef á að fara að vilja fjárlaganna. Ég held að engir opinberir tilsjónarmenn muni verða til að breyta miklu í þessu sambandi, hæstv. fjmrh., en það læðist að okkur mörgum að það standi þarna til að senda inn sérstaka pólitíska kommissara til að framkvæma skipanir ríkisstjórnarinnar. Ég tel að það sé mikill óþarfi, hæstv. fjmrh., og ég held að flestir opinberir starfsmenn séu svo góðir embættismenn að þeir vilji framfylgja skipunum yfirmanna sinna. Ef þeir vilja ekki framfylgja skipunum yfirmanna sinna eru til lög sem taka á því máli, sem fjalla um opinberar skyldur, og það er sú löggjöf sem hverjum og einum opinberum starfsmanni ber að halda í heiðri.

Ég sé að hæstv. félmrh. er kominn hingað á Alþingi og ég þakka það. Ég vildi þá aðeins endurtaka það, hæstv. félmrh., að ég ásamt fleiri hv. þm. er mjög upptekinn af því og hæstv. fjmrh. er jafnframt afar upptekinn af því að fjármagnskostnaður lækki. Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram ýmsar niðurskurðarhugmyndir í sambandi við fjárlög og gengið út frá því að þessar niðurskurðarhugmyndir gætu nægt til þess að vextir lækkuðu. Það hefur komið fram hjá aðilum vinnumarkaðarins að þeir telja að það sé alger forsenda þess að skynsamlegir samningar takist að vextir lækki um 2–3%. Það hefur komið fram í þessum viðtölum að viðskiptabankarnir telja sig ekki hafa nein ráð á að standa fyrir þessum vaxtalækkunum. Seðlabankinn segist hafa reynt að beita fortölum og koma því til leiðar að vextir lækkuðu lítillega, en það hefur ekki borið árangur. Því er alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins meta það svo að ríkisstjórnin sé eini aðilinn sem þarna geti komið að málum og lýst því yfir að það muni því aðeins gerast ef vextir verði lækkaðir á spariskírteinum og húsbréf ekki seld nema ávöxtunarkrafan lækki. Þetta getur þýtt það, hæstv. félmrh., að draga yrði úr framboði á þessum bréfum um stundarsakir til að ná fram vaxtalækkun sem ég tel að verði að gera ef með því er hægt að tryggja vaxtalækkun eins og ég held að sé hægt.

Mér hefur fundist á hæstv. félmrh. að hann vildi lítið að þessu huga. Fyrir nokkru vitnaði hæstv. félmrh. til sérstakrar skýrslu um húsbréfin sem fjallar nú meira um þau sem einangrað fyrirbæri á fjármagnsmarkaðnum, en ekki mjög mikið um tengsl húsbréfanna við fjármagnsmarkaðinn að öðru leyti sem er að sjálfsögðu aðalatriðið. Við ítrekuðum okkar samtöl við Seðlabanka Íslands sem hefur leyft sér að gagnrýna þá miklu útgáfu sem hefur verið á húsbréfum. Ég gagnrýni það líka og tel að þar hafi verið gengið of langt og ekkert hugsað um hvaða áhrif þessi útgáfa hefði á fjármagnsmarkaðinn, orðið til þess að vaxtabyrði fólks hefur hækkað stórlega. Það virðist vera að hæstv. félmrh. telji litlu skipta hvaða vexti fólk þarf að borga. Það sé aðalatriðið að gefa út nóg af þessum pappírum. Því hljótum við að spyrja hæstv. félmrh.: Er hann tilbúinn að leggja eitthvað af mörkum til þess að hægt sé að ná fram vaxtalækkun? Og ég vil jafnframt upplýsa hæstv. félmrh. um að við spurðumst fyrir í Seðlabankanum um þá fundi sem menn þaðan hafa átt með hæstv. félmrh. og kom fram að Seðlabankinn hefur ekki breytt um skoðun. Hann ítrekar það sem hann hefur skrifað um þessa útgáfu og verður að ætla að Seðlabankinn sé sá aðili í þjóðfélaginu sem hefur besta yfirsýn yfir fjármagnsmarkaðinn. Ég hef tekið eftir því að hæstv. félmrh. hefur gagnrýnt þetta mjög og ekki talið að Seðlabankinn hafi farið með rétt mál. Þá er kannski ekki undarlegt að lítil tiltrú sé á fjármagnsmarkaðnum um þessar mundir þegar yfirlýsingar stofnana ríkisins og ríkisstjórnarinnar ganga jafnmikið á skjön og raun ber vitni. Félmrh. segir eitt, fjmrh. annað og Seðlabankinn e.t.v. eitthvað allt annað. Nú væri mikilvægt að fá upplýst hvort hæstv. fjmrh. er sammála Seðlabankanum eða félmrh. Að vísu upplýsti hann í framhjáhlaupi um daginn að hann væri eiginlega sammála báðum aðilum. En það er mjög erfitt í þessu máli, hæstv. fjmrh., og mikilvægt að fjmrh. taki á sig rögg og segi einfaldlega að þetta gangi ekki lengur, hverju svo sem félmrh. heldur fram í þessu máli því að húsbréfin eru ekki einangrað fyrirbæri á fjármagnsmarkaðnum. Jafnvel þótt ríkisstjórnin hafi sett það í sína hvítu bók að komið verði á jafnvægi á þessum markaði m.a. með því að lækka ríkisútgjöld fær sú yfirlýsing ekki staðist því að fjármálamarkaðurinn er miklu flóknari en svo að hægt sé að lýsa því með þessum orðum.

Ég vildi þá að lokum vísa til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns, að minni hluti efh.- og viðskn. hefur ekki breytt um skoðun frá því að nál. var gefið út 9. des. 1991. Minni hlutinn telur að enn sé mikil óvissa um fjármál þjóðarinnar. Það sé ljóst að aðilar vinnumarkaðarins muni mjög herða á nú á næstunni að koma fram þeim lagfæringum sem þeir telja nauðsyn-

legar til að koma á skynsamlegum samningum og þá sé mjög líklegt og nánast nokkur vissa fyrir því að það muni ekki gerast öðruvísi en með breytingum á lánsfjárlögum eða fjárlögum ríkisins. Þess vegna sé ekki skynsamlegt að afgreiða lánsfjárlög strax, a.m.k. ekki fyrr en meiri vissa liggur fyrir um stöðu mála. En vegna þess hve þessi staða er óljós vísar minni hlutinn allri ábyrgð á afgreiðslu málsins frá sér og mun ekki greiða þessu frv. atkvæði sitt.

Aðrir nefndarmenn sem skrifa undir þetta minnihlutaálit munu gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræðu um þetta mál við framhald 2. umr.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til á þessu stigi málsins að segja örfá orð, ekki síst með tilliti til þeirra fyrirspurna sem fram komu í máli hv. síðasta ræðumanns, 1. þm. Austurl. Hann beindi til mín nokkrum fyrirspurnum og sumum hverjum reyndar sem ekki koma þessu máli beinlínis við heldur máli sem mun verða á dagskrá síðar þegar rætt verður um annað frv. sem er til vinnslu og meðferðar í hv. efh.- og viðskn. þingsins.

Það má vera að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, sem komu á fund nefndarinnar, hafi haldið því fram að ekki hafi verið um samvinnu að ræða við þá um gerð lagafrumvarpa sem lögð hafa verið fram, en ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að við þá var talað og nánast undantekningarlaust vissu þessir fulltrúar af því hvað til stóð á hverjum tíma. Ég hygg að hugtök eins og „samvinna" og „samráð" séu ekki mjög nákvæmrar merkingar og ég býst við að jafnveraldar- og ríkisstjórnarvanur maður og hv. síðasti ræðumaður viti vel að hugtakið „samráð" hefur haft ansi víðtæka og breiða merkingu í tímans rás. Þar á meðal hefur þess ekki verið krafist að hugtakið samráð þýði að aðilar séu sammála um hvað gera skuli. Ég staðhæfi að í langflestum tilvikum hafa þessir aðilar vitað af því hvað til stóð, ekki síst þegar um er að ræða þætti sem hafa áhrif á stöðu þeirra í þjóðfélaginu.

Hv. þm. gerði síðan mikið mál og hefur reyndar gert það áður úr svokölluðum tilsjónarmönnum. Ég held að hv. þm. geri það að gamni sínu að breiða dálítið úr sér þegar hann ræðir um þetta, gefa það í skyn að hæstv. ríkisstjórn ætli að kaupa einhvers konar búning á stóran hóp manna sem verði síðan pólitískir embættismenn og eigi að hafa einhvers konar pólitísku eftirlitshlutverki að gegna. Þetta veit ég reyndar að hv. þm. gefur í skyn sér og öðrum til skemmtunar. Sannleikurinn er sá að til slíkra aðgerða hefur verið gripið. Meira að segja hygg ég að síðasta ríkisstjórn, sú ríkisstjórn sem hv. þm. átti sæti í, hafi í vissum tilvikum sent fjárhagslega fulltrúa viðkomandi ráðherra í stofnanir til að koma í veg fyrir að teknar væru ákvarðanir sem leiddu til þess að ekki yrði farið að fjárlögum. Meira að segja veit ég til þess í einu tilviki að slíkur aðili tók sér þann rétt, sem talinn var gilda, að segja upp starfsmanni án þess að viðkomandi forstöðumaður stofnunarinnar skrifaði undir slíkt bréf. Það var talið vera gilt bréf. Þannig er þetta ekki nýtt. Það sem er hins vegar nýtt, og ég undraðist það satt að segja að hv. þm. skyldi kvarta undan því, er að ríkisstjórn kemur með þetta mál inn í þingið til að fá það rætt, til að geta gert grein fyrir því hvað stendur til og hvernig með eigi að fara. Það er rétt, sem komið hefur fram, að við höfum tekið tillit til ýmissa sjónarmiða sem fram hafa komið, tekið við ábendingum, og ég held að nú sé ljóst að ríkisstjórn samstaða er um að setja slíkt ákvæði í lög.

Það er rétt, sem fram hefur komið, að ýmsir lögfræðingar telja, þar á meðal lögfræðingar sem starfa hjá ríkinu og hafa gert um alllangt skeið, að það þurfi ekki endilega að vera til slíkt lagaákvæði. Hins vegar segja þeir jafnframt að það sé vissara og þess vegna auðveldara við hlutina að eiga ef slíkt lagaákvæði sé til í lögum. Ég vek athygli á því, fyrst menn kjósa að ræða þetta hér og nú, að hér er auðvitað ekki um faglega stjórn að ræða heldur einungis fjárhagslega og samkvæmt orðanna hljóðan er ljóst að faglegi þátturinn, ef um er að ræða stofnanir eða fyrirtæki sem eru á sérhæfðu sviði, verður áfram í höndum viðkomandi forstjóra, en svo fremi sem ákvarðanirnar eru teknar innan ramma fjárlaganna.

Ég tel að hv. stjórnarandstæðingar hafi reynt að gera mikið úr þessu máli, þetta sé að þeirra áliti, eins og þeir segja eða láta í veðri vaka, einhvers konar eftirlitslögregla. Það er mesti misskilningur. Það sem um er að ræða er það einfaldlega að í vissum tilvikum getur verið besta úrræðið að senda slíka tilsjónarmenn inn í fyrirtæki og stofnanir. Oft vonumst við til að það leiði til þess að menn læri það sem þeir þurfa að kunna því að í mörgum tilvikum eru stjórnendur stofnana fremur ráðnir sem faglegir stjórnendur en að þeir hafi kannski náð fullkomnum tökum á því fjárhagslega. Þetta segi ég ekki af því að ég sé með einstök dæmi í huga né heldur vegna þess að ég búist við því að þurfa að grípa til þessa mjög víða. En ég tel að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að fylgja fram fjárlögum og ég vek athygli á að forstöðumenn stofnananna starfa á ábyrgð ráðherranna og það eru ráðherrarnir hver á sínum stað sem eiga að sjá til þess að fjárlögum sé fylgt. Við munum grípa til allra tækja sem við ráðum yfir til að ná þessu markmiði fram og ég veit að aðilar vinnumarkaðarins standa með ríkisstjórninni í því að reyna að ná því markmiði ríkisstjórnarinnar að draga verulega úr þeim halla sem verið hefur á fjárlögum íslenska ríkisins. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að fram komi.

Jafnframt vil ég svara fyrirspurn hv. þm. um frv. um greiðslur úr ríkissjóði að til stendur að flytja það frv. og þegar hefur verið hafin vinna þar að lútandi. Síðast í morgun var fundur í ríkisfjármálanefnd þar sem þetta mál var til umræðu og ég vænti þess að áður en þingi verður slitið í vor verði frv. lagt fram og jafnvel orðið að lögum.

Það sem skiptir miklu máli þegar verið er að ná árangri í ríkisfjármálum með svokölluðum flötum niðurskurði er að menn hafi tiltrú á að slíkt sé hægt og að greiðsluáætlunum sé fylgt. Ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar vinna að þessu máli einmitt þessa dagana og

er gert ráð fyrir að í næsta mánuði eða fyrir miðjan næsta mánuð verði tilbúnar greiðsluáætlanir stofnana, fyrirtækja og ráðuneyta sem síðan verður fylgst með hvort fylgt verði. Þetta kom allt fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er rétt að til eru mörg tæki og margir aðilar sem koma að slíku máli, en við töldum eðlilegra að lögfesta regluna um tilsjónarmenn en grípa til hennar á grundvelli gildandi réttar og geta þá einungis bent til heimilda eins og anda laganna og þess háttar réttarheimilda sem lögfræðingar grípa stundum til. Þetta vil ég að komi fram því að mér hefur fundist meira að segja kurteis og prúður þingmaður eins og síðasti ræðumaður stundum gera of mikið veður út af þessu, jafnáhrifamikið tæki og það getur orðið. Mér finnst undarlegt að þurfa að hlusta á hann a.m.k. nokkrum sinnum flytja nákvæmlega sömu ræðuna sem var sjónvarpað yfir landsmenn í síðustu viku svo að ég vitni í það sem ég man síðast eftir um þetta tiltekna mál. Að vísu var það undir dagskrárliðnum Hagræðingarsjóður. Nú er um að ræða lánsfjárlög, en málið heyrir undir þriðja lagafrv. sem á eftir að koma til 2. umr. og vonandi kemst í þingsalinn á morgun. Ég get ekki tekið undir það með sumum öðrum að ég hlakki til að heyra í þriðja skiptið a.m.k. þessa sömu ræðu, en ég býst við að hv. þm. standi þá enn einu sinni upp og flytji þessa ræðu því að svo vel kann hann hana og hefur gaman af því að fara með hana. Svo skulum við bíða og sjá hvort honum tekst betur til á morgun eða hinn daginn þegar hann fær tækifæri til að ræða þetta mál undir þeim dagskrárlið sem málið tilheyrir. (Gripið fram í.) Ja, fyrst og fremst náttúrlega fjárlaganna en líka lánsfjárlaga svo að ég reyni að svara þeim sem kemur af sinni riddaramennsku til hjálpar hv. síðasta ræðumanni. (Gripið fram í.) Mér þykir leitt að það sé kominn upp ágreiningur á milli framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra. Ég held að þeir verði að gera þetta mál upp sín á milli. (Gripið fram í.) Jæja, ráðherrann lætur þá niður falla að ræða það mál sem ekki er á dagskrá að sinni.

Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er til fjöldi tækja og þeim verður að sjálfsögðu beitt því að það verður erfitt að ná þeim árangri sem ríkisstjórnin ætlar sér að ná í þessum svokallaða flata niðurskurði. Það hefur stundum mistekist, en við ætlum að láta á þetta reyna og það kostar að við þurfum að hafa eftirlit og þessi grein er aðeins einn þátturinn í því starfi öllu.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi um afstöðu Alþýðusambandsins til kjaraskerðingar. Það er alveg ljóst að ráðstöfunartekjur munu lækka á yfirstandandi ári og er jafnframt ljóst að núv. ríkisstjórn fylgir stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hvarf af vettvangi í apríllok á síðasta ári og hefur ekki breytt tekju- og eignarskattslögunum í það horf sem þau voru þegar þau voru upphaflega samþykkt. (**HÁ:** Á að fylgja stefnu síðustu ríkisstjórnar?) Nei, bara í þessu tiltekna atriði. Ég sá að hjá hv. síðasta ræðumanni, eins og sagt var um hann einhvern tíma, tók sig upp gamalt bros þegar hann hélt að ég ætlaði að fylgja stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hann átti sæti í að öllu leyti. Nei, að þessu tiltekna leyti hefur stefnunni verið fylgt. Það er stefna sem hv. 8. þm. Reykn. markaði þegar breytt var lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að lánskjaravísitalan var ekki notuð sem viðmiðun nema á miðju ári.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi síðan um lífeyrissjóðina og spurðist fyrir um hvort ég teldi stöðuna vera veika eða sterka í samningum við lífeyrissjóðina. Ég hef reyndar rætt þetta áður, í síðustu viku, fyrir nákvæmlega viku. Mér finnst út af fyrir sig stefna ríkissjóðs vera nokkuð veik. Þetta eru stórir aðilar á lánsfjármarkaðnum og er ljóst að lífeyrissjóðirnir geta sem eigendur fjármagnsins, stórs hluta af nýjum sparnaði, sett ríkisstjórninni skorður.

Nú er það svo að sá samningur sem vonandi verður gerður við lífeyrissjóðina á næstunni er samningur sem er í beinu framhaldi af samningum á sl. ári, enda gerist það alltaf ársfjórðungslega eftir á að gerðir eru samningar á milli ríkisstjórnar og lífeyrissjóðanna.

Í viðtali sem var birt nýlega við framkvæmdastjóra Sambands almennra lífeyrissjóða kemur í ljós að lífeyrissjóðirnir hyggjast fjárfesta verulega mikið í hlutabréfum, bæði hérlendis og hugsanlega einnig erlendis. Það er athyglisvert, sem kemur fram í þessu viðtali, að meðan eignir sjóðanna hér á landi eru taldar vera 133 milljarðar kr. er hlutabréfaeign þeirra á markaðsvirði aðeins 2,1 milljarður eða 1,6% af heildareign. Til samanburðar nefnir Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri að um 70% af eignum bresku lífeyrissjóðanna séu bundnar í hlutabréfum og 20 stærstu bandarísku lífeyrissjóðirnir eigi um 10% í hlutabréfum almenningshlutafélaga í Bandaríkjunum og í danska lífeyrissjóðnum séu 13% eignanna í hlutabréfum. Þetta segir mér að hugmyndir lífeyrissjóðanna séu þær að fjárfesta meira í hlutabréfum, en þá verða þau auðvitað að vera arðsöm fjárfesting, hlutabréfin að bera þann arð sem krafist verður, ekki eins og hingað til hefur því miður kannski gerst í of ríkum mæli, að hlutabréf eru fyrst og fremst seld til að gera út á skattafsláttinn sem gefinn var fyrir nokkrum árum. Ég skal viðurkenna að mér fannst dálítið áberandi í auglýsingum fyrir jólin að eingöngu væri gert út á skattafsláttinn en ekki út á arðsvon sem fylgir slíkum hlutabréfakaupum.

Ég tek undir það, en ég held að þannig hafi mátt skilja hv. þm., að í framtíðinni muni það verða markaðurinn sem ræður. Ég býst við því og tel að það sé eðlilegt og það hafi gerst alls staðar annars staðar. Þegar verðbréfamarkaðurinn hefur þróast muni lífeyrissjóðirnir kaupa hlutabréf og önnur verðbréf á markaði og ríkisstjórn á hverjum tíma þurfa að sætta sig við þau kjör sem eru á markaðnum. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta ýmsu í okkar þjóðfélagi, en a.m.k. um nokkurra ára skeið hefur fjmrn. verið að gera sér grein fyrir því hvernig hægt sé að bregðast við því. Með vaxandi samstarfi og opnari markaði hljótum við að þurfa að fara sömu brautir og nágrannaþjóðirnar hafa farið og að því er að sjálfsögðu unnið. Þetta kostar heilmiklar breytingar fyrir ríkissjóð og breytingar á samskiptum ríkissjóðs og Seðlabankans, en seðlabankafrv. er einmitt þessa dagana til endurskoðunar.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma, en ég er sammála því, sem kom fram, að lánin verða sjálfsagt tekin meira á markaði á næstunni.

Þegar spurt er um samskipti ríkisins og lífeyrissjóðanna kemst ég ekki hjá því að nefna eitt atriði sem hlýtur að vekja okkur nokkuð til umhugsunar. Þannig er nefnilega, eins og réttilega kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það er ekki lengur beint samband þegar lífeyrissjóðirnir leggja húsnæðiskerfinu lið á milli þess annars vegar og hins að einstakir félagsmenn í lífeyrissjóðunum eða þeir sem eiga réttindi í lífeyrissjóðunum fái lán vegna íbúðakaupa. En við megum hins vegar ekki gleyma að það er verið að fjármagna félagslegt kerfi að verulegu og nánast öllu leyti með þessum hætti. Það þýðir að ríkið tekur lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna, þarf að borga 7–8% vexti hugsanlega, Byggingarsjóðurinn tekur þetta lán og lánar síðan út til félaga í verkalýðsfélögum, sem eru aðilar að þessum sama lífeyrissjóði, á 1% vöxtum og muninn borga skattgreiðendur. Maður hlýtur þess vegna að spyrja hvort það séu a.m.k. ekki einhver sanngirnisrök fyrir því að þeir aðilar sem fara með fjárráð lífeyrissjóðanna taki a.m.k. eitthvert tillit til þessa því að ég er sannfærður um að sú starfsemi sem rekin er á vegum Byggingarsjóðs verkamanna hlýtur að koma þeim vel sem telja sig vera eigendur lífeyrissjóðanna. Ég lít svo á að lífeyrissjóðirnir eigi a.m.k. af siðferðisástæðum að taka nokkurt tillit til slíkra sjónarmiða.

Í nál. minni hlutans er komið að nokkrum atriðum sem hv. síðasti ræðumaður fjallaði um og sumt er með þeim hætti að ég sé nauðsyn til að drepa á örfá atriði sem þar koma fram. Orðrétt segir, með leyfi forseta, í frhnál. á þskj. 380:

„Samkvæmt þeim samtölum sem nefndin hefur átt við ýmsa aðila í þjóðfélaginu hefur komið fram að frv. til lánsfjárlaga skapar ekki forsendur til almennra vaxtalækkana."

Nú er almennt viðurkennt að eftir því sem minni eftirspurn er eftir fjármagni þeim mun meiri líkur eru á því að vextir lækki. Á síðasta ári tóku opinberir aðilar að láni líklega um 37 milljarða. Hinn nýi sparnaður hér á landi var 29 milljarðar á að giska. Það veit nú enginn nákvæmlega eins og er. Í ár er stefnt að því að lánsfjárþörf opinberra aðila verði í kringum 20 milljarðar, jafnvel innan við það, af 28 milljörðum. Með öðrum orðum, lánsfjárþörfin hrapar úr u.þ.b. 37 milljörðum í um 20. Ég held að allir sem af sanngirni vilja líta á þetta mál geri sér grein fyrir því að þetta hlýtur að verða atriði sem hefur áhrif á raunvaxtastigið á þessu ári.

Síðan segir nokkru síðar í þessu frhnál.: „Í samtölum við fulltrúa viðskiptabankanna hefur komið fram að þeir telja sig ekki geta staðið fyrir raunvaxtalækkun. Eini aðilinn, sem gæti beitt sér fyrir því, sé ríkissjóður."

Mér er kunnugt um að fulltrúar viðskiptabankanna komu á fund hv. nefndar og nefndu þar til sögunnar verðbólguspá Seðlabankans. Nú er það svo að slík spá var ekki til. 9. jan. sl. sendi bankastjórn Seðlabankans þeim fulltrúum banka og sparisjóða, sem voru á fundi í Seðlabankanum 19. des. til að ræða m.a. vaxtamálin, bréf sem ég held að sé full ástæða til að gera hv. Alþingi fulla grein fyrir. Þar segir m.a.:

„Eins og skýrt var tekið fram á fundinum var hér alls ekki um að ræða spár, hvorki um það hvenær launasamningar yrðu gerir né hvað í þeim mundi felast. Að gefnu tilefni þykir rétt að minna fundarmenn þessa fundar á þetta. Því hefur verið haldið fram, m.a. í fjölmiðlum, að Seðlabankinn hafi spáð tiltekinni kauphækkun og mun þá vera átt við umrædd vísitöludæmi. Það er auðvitað alrangt. Dæmin voru aðeins sýnd til að gefa hugmynd um hvert vísitölur gætu stefnt ef laun hækkuðu um 1% eða 2% í febrúar nk. Sameiginleg einkenni beggja dæmanna voru þau að vísitöluhækkanir yrðu afar litlar fyrstu tvo mánuði þessa árs eins og þær voru síðasta fjórðung nýliðins árs." Svo mörg eru þau orð.

Með öðrum orðum, sem auðvitað allir vita og sjá, hlýtur það að hafa þýðingu fyrir útkomuna úr dæminu hvort menn reikna með kauphækkun á næstunni eða ekki. Í verðlags- og launaforsendum fjárlagafrv. sem við er miðað er ekki gert ráð fyrir peningalaunahækkunum á þessu ári og það liggur þess vegna fyrir að verðbólga á þeim forsendum verður afar lág á árinu. Það sem hins vegar veldur óvissunni um vaxtastigið er fyrst og fremst að samningar hafa enn ekki tekist. Það er fyrst og fremst sá óvissuþáttur sem eftir er og því gera menn sér grein fyrir og það kom að nokkru leyti fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Það sem hefur valdið erfiðleikum er að hæstv. síðasta ríkisstjórn hélt þannig á málum, sérstaklega fyrri part síðasta árs og reyndar í lok þess sem á undan gekk, 1990, að lausatök komu fram í efnahagsstjórninni sem hafa valdið erfiðleikum á síðari hluta sl. árs. Þetta er almennt viðurkennt, kemur fram hjá öllum sérfræðingum sem fjalla um íslensk efnahagsmál og auðvitað má segja að þar sé kosningum að nokkru leyti að kenna. Menn þorðu ekki að halda vaxtastiginu uppi eins og hefði þurft að gera í höndum ríkissjóðs. En lánsfjármarkaðurinn lýgur ekki. Og það er alveg ljóst hvert verðbólgustigið var í rauninni og hvert vaxtastigið var þegar menn skoða vexti á eftirmarkaði. Þannig var ávöxtunarkrafa á húsbréfum 1. maí þegar stjórnarskiptin urðu að mig minnir 8,4% og þá skiptir engu máli hvað stendur í sjálfum verðpappírunum.

Þetta er gömul saga og ég held að allir átti sig á þessu og viðurkenni þá staðreynd að þessi lausatök hafa orðið til þess að á síðari hluta sl. árs og allt fram á þennan dag hafa bankarnir verið að sækja sér fjármuni með því að halda uppi meiri vaxtamun en áður, sérstaklega með vöxtum á óverðtryggum skuldbindingum. Þetta vita allir þeir sem geta lagt saman tvo og tvo eða dregið tvo frá fimm, enda sögðu þeir að þeir yrðu að hugsa í heilu ári.

Þá segir í frhnál.: „Í yfirlýsingum fjmrh. að undanförnu kemur fram að ekkert slíkt stendur til," þ.e. að ríkissjóður beiti sér fyrir vaxtalækkun, og þetta endurtók frsm. í sinni ræðu áðan.

Í Morgunblaðinu fimmtudaginn 9. jan. er viðtal við

þann sem hér stendur og þar segir: „Hann sagði að lækkun á kauptilboði á verðbréfaþinginu væri vísbending um að raunvextir gætu lækkað á næstunni. Ekki væru þó efni til lækkunar á vöxtum spariskírteina nú 10. janúar þegar innlausn ætti sér stað. Hann taldi hins vegar að lækkun mundi eiga sér stað á næstu vikum."

Sú ákvörðun hefur nú verið tekin að lækka vexti af spariskírteinum ríkissjóðs, þeim sem eru í áskrift, úr 8,1% í 7.9%. Þetta er að sjálfsögðu gert í trausti þess að vextir fari lækkandi á næstunni á eftirmarkaði á verðbréfaþinginu. Ég hef trú á því að það geti gerst og þess vegna er þessi ákvörðun tekin. Ég tel að í framhaldi af því hljóti bankar og sparisjóðir að líta til sinna raunvaxta því að hér er um raunvaxtabreytingu að ræða.

Þá segir í frhnál.: „Aðilar vinnumarkaðarins telja að helsta leiðin til að lækka vexti sé að ríkissjóður ákveði raunvaxtalækkun á spariskírteinum og húsbréfum."

Ég hef sagt frá því sem tekin hefur verið ákvörðun um nú varðandi spariskírteinin, en það sem skiptir öllu máli er hvað gerist á eftirmarkaðnum í þessu sambandi.

Hv. þm. spurðist fyrir um hvort það væri raunsætt til að mynda að raunvextir lækkuðu um 2–3%. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi málsins. Ég bendi hins vegar á að um síðustu áramót voru vextir á eftirmarkaði, raunvextir, um 1% hærri en fyrir ári. Munurinn er ekki meiri þegar talað er um raunvexti á markaði. Þetta kemur fram í grein sem skrifuð er í Vísbendingu rétt eftir áramótin af Ólafi K. Ólafssyni. Ég tel hins vegar að það sé hægt að lækka raunvexti og hvert prósentustig og jafnvel hluti úr prósenti er mjög mikilvægur áfangi þegar talað er um vaxtalækkun, ekki síst þegar vextir eru ekki afspyrnuháir og þess vegna er breytingin hlutfallslega meiri.

Ég hef sagt hvað varðar húsbréfin, sagt það margoft strax frá því í haust, að ríkisstjórnin er tilbúin að ræða við aðila vinnumarkaðarins og alla aðra sem koma að kjarasamningum eða koma að ákvörðunum í efnahagsmálum þjóðarinnar, að hún sé tilbúin að líta á allar leiðir til að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og auðvitað eru húsbréfin ekki undanskilin í því. Við gerum ráð fyrir að á þessu ári verði gefin út húsbréf fyrir 12 milljarða. Það mun þýða að það þarf 11 nýja milljarða því að til baka kemur 1 milljarður. Ákvæði þessa efnis er nú í lánsfjárlagafrv. og félmrh. gerir ráð fyrir að húsbréfin verði gefin út í þremur útgáfum sem eru 4 milljarðar hver flokkur og síðan dreifist þeir á árið nokkuð jafnt. Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu fylgja fram þessari framkvæmd. Ég vísa því á bug þegar því er haldið fram að ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar standi í vegi fyrir vaxtalækkun. Ég tel þvert á móti að ríkisstjórnin hafi gert verulega mikið til að koma til móts við þau sjónarmið að raunvextir geti lækkað.

Síðan er hér að finna setningu sem er ágæt, ekki síst fyrir þær sakir að þetta virðist vera skrifað af þeim sem sátu í síðustu ríkisstjórn og settu lög á BHMR. Hér er sagt: „Fulltrúar verkalýðsfélaganna eru staðráðnir í því að knýja á um breytingar á ýmsum ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur gripið til." Það er nú ekki í fyrsta skiptið sem maður veit til þess að fulltrúar á vinnumarkaði vilji breyta ýmsu því sem ríkisstjórnir eru að gera. En ríkisstjórnir eru kjörnar og á bak við ríkisstjórnir er meiri hluti landsmanna, meiri hluti kjósenda. (**ÓÞÞ:** Var. Þetta er ekki rétt athugað.) Það er rétt athugað og það ætti að taka tillit til þess núna. Hvað hefðum við þá mátt segja sem þurftum að sitja allan tímann með síðustu ríkisstjórn sem virtist samkvæmt skoðanakönnunum hafa mjög lítið fylgi meðal þjóðarinnar? Við skulum láta þetta alveg eiga sig því að ég er hræddur um að menn mundu ekki vilja að það væri allt saman rifjað upp. (Gripið fram í.) Ég vona að menn verði ekki mjög taugaóstyrkir þótt ég minnist á síðustu ríkisstjórn og afrek hennar þegar minnst er á skoðanakannanir. (**ÓÞÞ:** Þú minnist ekki á SKÁÍS náttúrlega, svoleiðis vitleysu.) A.m.k. eru sumir þó sem taka sönsum. Það sem skiptir máli er að við ætlum okkur að fylgja fram stefnu sem við teljum að sé skynsamlegasta stefnan og við munum taka tillit til þeirra sem starfa á vinnumarkaði eins og allar aðrar ríkisstjórnir hafa gert og eiga eftir að gera í framtíðinni, en við getum ekki látið aðila vinnumarkaðarins stýra ríkisstjórninni og á því er mikill munur.

Það er alröng ályktun sem síðan kemur fram í frhnál. og ég er satt að segja nokkuð undrandi að sjá það þegar jafnskynsamur og ágætur maður og hv. 1. þm. Austurl. á í hlut að það sé sagt að við þessar aðstæður sé ekki skynsamlegt að Alþingi ljúki umfjöllun um frv. til lánsfjárlaga. Ég veit að hv. þm. hlýtur að vera sammála mér og ég veit einnig að hv. 8. þm. Reykn. er það, að það skiptir gífurlega miklu máli að ljúka umfjöllun um lánsfjárlög sem allra fyrst á árinu. Það er ekkert verra, og nú skulum við tala alveg hreinskilnislega um þessa hluti, fyrir fjmrh. og ríkisstjórn en hafa opið ávísanahefti á borðinu með þeim hætti sem ófrágengin lánsfjárlög eru. Að hv. þm. sem voru í síðustu ríkisstjórn skuli ekki átta sig á því sem sátu með þetta opna ávísanahefti allt nánast fram undir kosningar, en þar er að finna eina meginorsök þess hve illa fór í efnahagsmálum þjóðarinnar á síðustu mánuðum á valdatíma síðustu ríkisstjórnar. (**ÓÞÞ:** Ekki fara þeir að skrifa gúmmítékka.) Þeir skrifuðu á framtíðina. Með alls konar skuldbindingum í lánsfjárlögum var skrifað á framtíðina og þessari ríkisstjórn og næstu ríkisstjórn sagt að borga vegna þess að það var ekki gengið frá lánsfjárlögum, eins og páv. fjmrh. óskaði eftir, í tíma. Þetta veit ég að hv. stjórnarandstæðingar skilja og vita og ég vil hreinskilnislega að það komi fram að auðvitað á við upphaf árs að ljúka lánsfjárlögum, helst með fjárlagagerðinni, en ef það er ekki hægt, þá sem allra fyrst eftir það.

Ef hins vegar koma upp atriði í kjarasamningum eða annað sem með einhverjum hætti leiðir til þess að það þarf að taka upp ríkisfjármálin eða lánsfjármálin gera menn það ef það er skynsamlegt. En það er ekki skynsamlegt að nota þessi rök því að ef við notum þessi rök getum við líka haldið því fram: Ja, eigum við ekki bara að hafa þetta opið allt árið? Þá má alltaf setja í þessar hillur eins og okkur sýnist. — Það veit hv. 1.

þm. Austurl. að er ákaflega óskynsamlegt.

Ég ætla ekki að fjalla um það, sem kemur fram í frhnál., að það sé engin niðurstaða í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Eigum við bara ekki sjá til næstu daga hvort það kemst einhver niðurstaða í það mál? Aðalatriðið er þetta: Með samþykkt fjárlaganna og með því að samþykkja það lánsfjárlagafrv. sem hér er nú til umfjöllunar við 2. umr., þá hefur ríkisstjórninni tekist að leggja grunn að stöðugleika sem getur í senn verið forsenda fyrir skynsamlegum og raunsæjum kjarasamningum og getur enn fremur leitt til þess að raunvextir geti lækkað. Það er þetta sem við erum að gera og ég vænti þess að hv. stjórnarandstæðingar skilji að þetta er affarasælast og þeir kjósi fremur að vera í liði með okkur þegar við erum að reyna að ná tökum á efnahagsmálunum en hitt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er komið að lokum þessa fundar þar sem klukkan er orðin fjögur, en forseta þykir miður ef hann getur ekki aðeins syndgað upp á náðina og leyft hv. 1. þm. Austurl. að veita andsvar og ætlar því að gera það í trausti þess að það verði ekki löng umræða sem fer í andsvar, gefa honum eina mínútu eða svo.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka það. Ég vildi aðeins upplýsa hæstv. fjmrh. um að mér er enginn hlátur í huga þegar ég er að ræða um þá tilsjónarmenn sem hann ætlar að senda af stað nú. Það er ekki nóg með að þeir eigi að hafa eftirlitshlutverk og þeir eigi að taka að sér fjármál viðkomandi stofnana heldur sagði hæstv. fjmrh., sem var allmerkilegt, að hann vænti þess að forstöðumenn ríkisstofnana, eins og ég skildi hann, læri það sem þeir þurfi að kunna. Er það sem sagt ætlunin að þessir menn verði jafnframt kennarar? Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, hæstv. fjmrh., að það þarf að taka þessi mál föstum tökum en hæstv. fjmrh. er á rangri braut og hann á að viðurkenna það. En það er langt frá því að mér sé hlátur í huga þegar ég ræði þetta og það má vel vera að ég neyðist til að ræða þetta einu sinni enn miðað við undirtektir fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að mér skyldi hafa dottið slík firra í hug að hv. þm. væri hlátur í huga. En það sem snýr að efni málsins er þetta:

Þessi svokölluðu tilsjónarmenn verða ekki settir í allar stofnanir. Það er einungis ætlunin að þar sem vandræði koma upp og ljóst er að stofnanir fara ekki að fjárlögum viljum við eiga þess kost að setja menn sem hafa til þess hæfileika og getu að hjálpa til, ég vil leyfa mér að kalla það „í nafni ráðherrans, í umboði hans með sérstöku erindisbréfi". Og þegar ég er að tala um kennara í þessu sambandi, ég sagði „að kenna" þeim reyndar, ég notaði sagnorðið, þá hélt ég einmitt að með slíku gæti það gerst í þeim undantekningartilvikum sem til eru um að á slíkri aðstoð þurfi að halda að viðkomandi forstöðumenn gætu lært af slíkum tilsjónarmönnum, enda veit ég að viðkomandi ráðherrar munu nota sitt allra besta fólk í slíkt starf.

Umræðu frestað.

66. FUNDUR

þriðjudaginn 14. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill tilkynna við upphaf fundarins að um kl. 3.30 hefst umræða utan dagskrár um afstöðu ríkisstjórnarinnar til samninga um sölu á saltsíld til Rússlands. Umræðan er að beiðni hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar og mun fara fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa og stendur því í hálftíma.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276 og 378.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns beina þeim tilmælum til þingflokksformanns Alþfl. að hann sitji hér og hlýði á mál mitt ef þess er nokkur kostur því ég hef hugsað mér að beina nokkrum orðum til þeirra alþýðuflokksmanna og höfða þá bæði til fortíðar og nútíðar.

Virðulegi forseti. Það gengur seint og illa að loka fjárlagadæmi ríkisstjórnarinnar og er ekki að furða meðan nýjar en því miður afar illa unnar tillögur til ráðstafana í ríkisfjármálum streyma stöðugt inn á borð efh.- og viðskn. Síðustu daga hefur það gerst að eftirlitssveitum ríkisstjórnarinnar eða sérsveitum ríkisstjórnarinnar eftir því hvað maður vill kalla það var breytt í tilsjónarmenn og töluverðar breytingar eru lagðar til á tillögum um skerðingu ellilífeyris. Þessa stundina er líklega að ljúka fundi í efh.- og viðskn. þar sem endanlega er verið að kynna þessar brtt. um skerðingu ellilífeyris.

Niðurskurðaráform ríkisstjórnarinnar í skólamálum kalla á æ harðari viðbrögð í þjóðfélaginu og í dag verður haldinn mótmælafundur BHMR, BSRB og Kennarasambands Íslands, auk þess sem heilbrigðisstéttirnar eru að átta sig á hrikalegum niðurskurði til heilbrigðismála að ekki sé minnst á stöðug mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga sem við í efh.- og viðskn. fáum mikið að heyra um.

Nokkrum dögum fyrir jól gaf ég ríkisstjórninni það

hollráð að gera hlé á þingstörfum þannig að stjórnin gæti gengið frá sínum málum, stjórnarflokkarnir komið sér saman um aðgerðir og starfsmenn ráðuneytanna samið tillögur í ró og spekt. Það var ekki gert heldur var fjárlögunum þjösnað í gegn, m.a. með tillögum um flatan niðurskurð sem enginn veit hvernig á að framkvæma. Þing var síðan kallað saman upp úr áramótum án þess að stjórnarflokkarnir væru tilbúnir að sleppa bandorminum lausum, enda skepnan sú orðin hin ófrýnilegasta og ætti að sendast til meindýraeyðis í stað þess að egg hans dreifist um samfélagið allt. Þá hafa lánsfjárlögin fyrir árið 1992, sem hér eru til umræðu og eiga að loka ramma ríkisfjármálanna, hækkað um tæpan milljarð síðan þau voru lögð fram þannig að nú er gert ráð fyrir lántökum upp á tæpa 14 milljarða kr.

Að öllu óbreyttu hefði verið ástæða til að ræða lánsfjáráform og fyrirhugaðar ríkisábyrgðir rækilega, en þau tíðindi gerðust í haust er leið að hugmyndum um byggingu álvers var frestað og þar með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum sem þýðir að heildarlántökur opinberra aðila lækka verulega frá því sem fyrirhugað var.

Þá er ástæða til að gera enn og aftur athugasemd við það að Lánasjóði ísl. námsmanna, Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skuli vísað út á hinn almenna lánamarkað og þar með búinn til vaxandi vandi þessara sjóða sem þurfa að glíma við verulegan vaxtamun sem svo aftur veldur því að æ minna verður eftir til að þjóna því fólki sem sjóðirnir eiga að sinna.

Við kvennalistakonur höfum lýst þeirri skoðun okkar að ríkið eigi að leggja fram fé til námsmanna rétt eins og til annarra arðbærra fjárfestinga á vegum ríkisins. Námslán eiga ekki að vera eins og hver önnur fjárfestingarlán á frjálsum markaði. Þau koma ekki aðeins þeim einstaklingum sem þau taka til góða heldur samfélaginu öllu.

Það stendur til að hætta lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að hann mun fjara út smátt og smátt en á honum hvíla þó enn verulegar skuldbindingar.

Hvað varðar Byggingarsjóð verkamanna tel ég nauðsynlegt að leita að nýjum fjármögnunarleiðum fyrir þann sjóð, t.d. að huga enn á ný að húsnæðissparnaði ungs fólks sem tengist sjóðnum og að leita samráðs við samtök launafólks um leiðir til að styrkja sjóðinn. Að mínu dómi er sú starfsemi sem Byggingarsjóður verkamanna annast mjög mikilvæg og því afar brýnt að staða þessa sjóðs sé tryggð og að alþingismenn og samtök launafólks þurfi ekki að standa í baráttu á hverju einasta ári til að reyna að tryggja framlög til hans.

Ég nefndi áðan að við hefðum fengið að sjá mikið af illa undirbúnum tillögum stjórnarflokkanna, en í frv. til lánsfjárlaga eins og það var lagt fram upphaflega var að finna í 7. gr. dæmi um tillögu sem boðar svo fádæma miðstýringu, forræðishyggju og ráðherravald að jafnvel stjórnarliðinu í efh.- og viðskn. var nóg boðið og kalla þeir þó ekki allt ömmu sína þegar stuðningur við tillögur ríkisstjórnarinnar er annars vegar, enda var þessi tillaga dregin til baka. Hún gekk út á það að ráðherra einn gæti ákveðið hvort lántökur samkvæmt lögunum ættu sér stað innan lands eða á erlendum markaði. Það átti að vera á valdi ráðherra að ákveða þetta. Það hlýtur að teljast eðlilegt að stjórnum viðkomandi sjóða og stofnana sé treyst til að leita hagstæðustu lána og mjög óeðlilegt að ráðherra hafi þar hönd í bagga. Ríkisvaldið á fremur að beita þeim hagstjórnartækjum sem það ræður yfir til að skapa sem hagstæðust kjör á innlendum markaði ef það er vilji ríkisstjórnarinnar að beina lántökum inn á innlendan markað. En svona er nú stutt í miðstýringaráráttuna og forræðishyggjuna þrátt fyrir öll stóru orðin sem ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa haft um þessar hugmyndir. — Forseti, mér þykir vera mikill skarkali í hliðarherbergi. (**Forseti:** Forseti er sammála hv. þm. um það og vildi óska eftir að starfsmaður mundi stilla til friðar þar í hliðarherbergi.) Það virðist vera að komast á friðsamleg sambúð þarna í hliðarherberginu þannig að ég ætla þá að reyna að gera tilraun til að halda áfram máli mínu.

Við umræður um lánsfjárlögin dugar ekki það eitt að rýna í sjálft frv. heldur verðum við að skoða allt það sem umhverfis er, heildarmyndina, til að geta áttað okkur á því hversu raunhæfar þessar lánsfjáráætlanir ríkisins eru. Mig langar til að velta aðeins vöngum yfir þeim boðskap sem ríkisstjórnin hefur sent þjóðinni, fólkinu í landinu, með sínum aðgerðum og sínum áformum sem fram undan eru.

Ef við veltum því fyrst fyrir okkur hvernig boðskapur ríkisstjórnarinnar og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar horfa við fjölskyldum þessa lands og þá ekki síst konum blasir fyrst við sá gífurlegi niðurskurður á framlögum til velferðarkerfisins sem við höfum séð og tóku gildi með fjárlagafrv. Annars vegar er um að ræða verulegan niðurskurð og þá á ég bæði við beinan niðurskurð á framlögum og síðan þann flata niðurskurð sem ákveðinn var og þar að auki gjaldtaka af jafnt skólafólki í háskólanámi sem sjúklingum og ýmsum öðrum hópum. Fjölskyldurnar hafa orðið að þola og standa frammi fyrir skerðingum af ýmsu tagi. Hér var samþykkt skerðing á barnabótum sem lækkuðu hjá meðaltekjufólki og þeim sem höfðu þaðan af meira. Í þeim tillögum var ekki neitt tillit tekið til þess hvað það kostar fólk að sækja sér tekjurnar, hvað það kostar fólk að eiga börn og þurfa að kosta gæslu þeirra. Við erum hér að fást við skerðingu á ellilífeyri og örorkulífeyri þar sem miðað er við rétt rúmlega 66 þús. kr. Ég ætla ekki að gera þá skerðingu að umræðuefni nú, við fáum nægilegt tækifæri til þess þegar bandormurinn kemur aftur til umræðu, en að mínum dómi er þar á ferðinni mál sem því miður verður til þess að auka misrétti meðal gamals fólks en síst af öllu til að draga úr því. Ég ætla reyndar að koma aðeins að tekjuskerðingu á eftir.

Nemendur í skólum eru enn einn hópurinn sem verður fyrir árásum af hálfu ríkisins. Við stóðum lengi í þeirri meiningu að það yrðu fyrst og fremst nemendur í framhaldsskólum og háskólum sem fengju að

gjalda fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar, en nú blasir við að grunnskólanemar fá sinn niðurskurð líka. Nú stendur til að fjölga í bekkjardeildum og skera niður kennslu til að ná hinum flata niðurskurði. Þar á ofan bætist svo almenn kjaraskerðing sem orsakast af þeim gjöldum sem verið er að leggja á fjölskyldurnar í landinu og það er merkilegt hvernig einstakir hópar verða fyrir barðinu á ríkisstjórninni. Ef við tökum sjómenn sem dæmi geta sumir þeirra lent í fjórfaldri kjaraskerðingu. Það er í fyrsta lagi vegna þess aflasamdráttar sem fram undan er og ég ætla ekki að kenna ríkisstjórninni um hann, hún fær lítt við það mál ráðið enn sem komið er. En þar fyrir utan er skerðing sjómannaafsláttar, skerðing barnabóta og loksins skerðing ellilífeyris. Það á örugglega eftir að koma mjög við sögu í umræðunni hversu illa skerðing ellilífeyris bitnar á sjómönnum og hversu misjafnlega hún bitnar á sjómönnum. Ég reikna ekki með því að það séu margir sjómenn sem orðnir eru 60 ára og eldri með börn á sínu framfæri sem eru 18 ára og yngri, en þó kann það að vera, en mér finnst afar merkilegt og sérkennilegt hvernig ríkisstjórnin leyfir sér að ráðast aftur og aftur á sama hópinn.

Þá ber að nefna þá sérstöku launaskerðingu sem opinberir starfsmenn verða fyrir vegna hins flata niðurskurðar, en það liggur fyrir að m.a. í skólakerfinu og þá einkum í grunnskólunum á ríkisstjórnin ekki annarra kosta völ en að ráðast á laun kennara og annars starfsfólks vegna þess að það er sá hluti sem fellur á ríkið af kostnaðinum við grunnskólakerfið. Eins og ég nefndi áðan verður þetta gert með niðurskurði á kennslu og fjölgun nemenda í bekkjum auk þess sem hugmyndir eru uppi um að velta kostnaði yfir á sveitarstjórnir með akstri á nemendum milli skóla þar sem hægt verður að koma slíkri „hagræðingu" við.

Ef við lítum aðeins nánar á þessa launaskerðingu opinberra starfsmanna, þar sem meiningin er fyrst og fremst að draga úr yfirvinnu, eru langsamlega stærstu vinnustaðirnir skólarnir og sjúkrastofnanir. Ég get nefnt ráðuneytin líka sem eru ef maður horfir á þau sem heild nokkuð fjölmennur vinnustaður. Og hverjir vinna í þessum stofnunum? Þar eru konur í miklum meiri hluta. En það vill svo sérkennilega til að það eru fyrst og fremst karlar sem vinna mesta yfirvinnu og því má reikna með því að þessi launaskerðing bitni að nokkru leyti á þeim, en það gildir reyndar ekki um skólana og sjúkrastofnanirnar þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Ég á eftir að sjá hvernig t.d. hjúkrunarfræðingar bregðast við sem margar hverjar vinna mikla yfirvinnu og það oft ekki vegna þess að þær vilji það heldur einfaldlega vegna þeirrar stöðu sem er inni á deildunum þar sem skortir mjög vinnukraft.

Til viðbótar öllu þessu á að senda á opinbera starfsmenn sérstaka tilsjónarmenn samkvæmt hugmyndum ríkisstjórnarinnar ef þörf krefur. Ég ætla af velsæmisástæðum ekki að nefna það heiti sem þessir starfsmenn eru farnir að ganga undir, ég er svo kurteis og vel uppalin kona að ég get ekki látið þetta út úr mér, en það er alveg augljóst að með þessari aðferð, eins og hún er hugsuð hjá ríkisstjórninni, að senda tilsjónarmenn inn á opinberar stofnanir er verið að fara öfuga leið. Ég held að það væri miklu nær að leita samstarfs við starfsmenn. Ef vilji er til að spara í opinberum stofnunum er miklu nær að leita samstarfs við starfsmenn þessara stofnana vegna þess að þeir vita oftast best hvar og hvernig er hægt að spara. Við fengum einmitt eitt slíkt dæmi í efh.- og viðskn. þar sem sagt var frá því að páv. yfirmaður hagsýsludeildar fjmrn. skrifaði bréf til Ríkissjónvarpsins, sem þá var reyndar eina sjónvarpsstöðin, og leitaði eftir samstarfi við starfsmenn þeirrar stofnunar um að spara og hagræða. Starfsmenn tóku mjög vel í þetta og fundu árangursríkar leiðir til sparnaðar. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh., sem heldur um ríkispyngjuna, að hann hugleiði frekar þá leið en að fara að senda út þessa svokölluðu tilsjónarmenn. Að mínum dómi er það einfaldlega móðgun við ríkisstarfsmenn eins og þessar tillögur hafa verið settar fram. Ég sé að hæstv. fjmrh. hristir hausinn. Ég tek undir það, sem ég held að flestir hv. þm. geri, að oft getur verið nauðsyn á því að taka á málum og það af krafti, en eins og þetta hefur verið sett fram af ríkisstjórninni, það er sami brussugangurinn í hverju málinu á fætur öðru, er einfaldlega verið að storka fólki. Það er verið að storka starfsmönnum ríkisins. Það er miklu frekar ástæða til að reyna að bæta samskipti ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins en að egna fólk með þessum hætti. Það eru aðrar leiðir færar.

Ég er búin að nefna nokkra þætti sem snúa að fjölskyldunum í landinu, fólkinu í landinu. Þar vil ég nefna eitt til viðbótar sem er atvinnuleysi. En allt þetta tengist að sjálfsögðu ramma fjárlaganna og stöðu ríkissjóðs. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar er reiknað með 2,6% atvinnuleysi á næsta ári, en samkvæmt þeim fréttum sem kynntar voru í gær reyndist atvinnuleysi í desember vera komið í 2,4% af áætluðum mannafla. Og svo að ég vitni nú í Morgunblaðið, með leyfi forseta, segir þar: „Hafði atvinnuleysisdögum fjölgað um 22 þús. frá nóvember eða um 50% í desember."

Þetta eru mjög alvarleg tíðindi að mínum dómi og ég óttast að þetta boði að atvinnuleysi verði töluvert meira en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir í sínum spám. Við hljótum að spyrja: Hvað kostar þetta atvinnuleysi þjóðfélagið? Hvað kostar þetta ríkissjóð? Hvað kostar þetta í vellíðan eða vanlíðan viðkomandi einstaklinga? Hvað mun þetta kosta í félagslegum vandamálum? Á endanum er það heilbrigðiskerfið sem situr uppi með þann kostnað þannig að við stöndum frammi fyrir því rétt einu sinni að menn verða að horfa á málin í víðara samhengi. Ég ætla að koma að því síðar að ég tel einmitt í tengslum við þessi lánsfjárlög að ríkisstjórnin hefði átt að fara aðrar leiðir og þá ekki síst til að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Til að draga þetta saman standa fjölskyldur þessa lands ósköp einfaldlega frammi fyrir annars vegar kjaraskerðingu og hins vegar verri félagslegri þjónustu. Þessi kjaraskerðing getur orðið það mikil að fólk hreinlega standi frammi fyrir því að missa vinnuna. Þetta þýðir aukið misrétti milli þegnanna. Við sjáum að fram undan eru átök á vinnumarkaði og það verður slegist hér um hverja stöðu sem losnar, þ.e. ef ríkið

ætlar að leyfa að það verði ráðið í þær stöður sem losna. Þetta þýðir aukið félagslegt og andlegt álag á fjölskyldurnar. Það er nú einu sinni svo að það eru konur sem sitja uppi með ábyrgðina á velferð fjölskyldunnar þannig að mín meginniðurstaða af þessu er sú að konur muni fara mjög illa út úr þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, bæði fjárhagslega, félagslega og andlega. Þar á ofan bætast svo við tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem líka þýða þrengri möguleika fyrir konur til að afla sér menntunar vegna hertrar endurgreiðslu og þeirrar staðreyndar að konur hafa lægri laun í okkar samfélagi en karlar. Þannig sé ég ekki betur en konur þurfi verulega að taka saman höndum til að hnekkja aðgerðum þessarar ríkisstjórnar.

Ef við snúum okkur svo að því hvernig þessar aðgerðir horfa við atvinnulífinu, þá blasir við að það er stefna þessarar ríkisstjórnar að draga úr fyrirgreiðslu til atvinnufyrirtækja í landinu. Nú eiga fyrirtæki að standa sig. Það á að draga úr hinu svokallaða sjóðasukki, það á hagræða eins og það er kallað. Vissulega er margt til í þessu. Það þarf víða að hagræða, það þarf víða að sameina fyrirtæki, en það þarf líka að meta tilvikin, það þarf líka að skoða málin þar í víðara samhengi, horfa á afleiðingarnar fyrir byggðirnar í landinu. Eins og málið blasir við okkur eru framlög til Byggðastofnunar skorin niður og Byggðastofnun verður verr í stakk búin til að aðstoða fyrirtæki en áður, enda er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

En það sem er kannski hvað alvarlegast varðandi atvinnulífið er vaxtapólitíkin, vaxtastefnan sem hér ríkir. Ég tek undir það sem fram kom í umræðunum í gær þar sem verið var að lýsa því sem talsmenn bankakerfisins hafa sagt og tjáð okkur sem sitjum í efh.- og viðskn. Þeir telja því miður að það sé heldur lítið útlit fyrir almenna vaxtalækkun, raunvaxtalækkun ef ríkið ekki beitir sínum tækjum. Nú kom fram í fréttum í gær að ríkið hefur lækkað vexti á spariskírteinum ríkisins í áskrift um 0,2%. Sú lækkun kann að koma einhverri hreyfingu á málin, en þetta er náttúrlega ákaflega lítið miðað við þá háu vexti sem við horfum fram á. Það er alveg ljóst og eru allir sammála um það að atvinnulífið getur ekki þróast og blómstrað við þessa hávaxtastefnu, það gengur ekki.

Það var bent á það af talsmönnum bankakerfisins að hér á landi er ótrúlega lítill munur á þeim vöxtum sem eru á ríkispappírum og almennum vöxtum. Yfirleitt er það þannig í hinum svokallaða vestræna heimi að þarna á milli er nokkur munur vegna þess að ríkispappírar eru ríkistryggðir og þar af leiðandi ættu þeir að vera betri söluvara á markaðnum, en það er spurning hvort hinir háu vextir á ríkispappírum bera vott um að fólk hafi heldur lítið traust á pappírum ríkisins. Þetta er verulegt umhugsunarefni. Þetta kom fram á fundi í efh.- og viðskn. hjá talsmönnum bankakerfisins.

Það er fróðlegt að geta þess og mér þótti það forvitnilegt sem fram kom hjá talsmönnum Seðlabankans að þeir gera nokkuð af því að kanna hugarfar fólksins í landinu. M.a. höfðu þeir látið spyrja að því hvað fólk teldi að hér væri mikil verðbólga. Það kom í ljós að fólk hélt að það væri miklu meiri verðbólga í landinu en reyndist vera. Það sama gildir eflaust um ríkispappírana að fólk heldur kannski að kjörin á þeim séu verri en þau eru eða að pappírarnir hafi ekki það gildi sem þeir hafa í raun. Ég held að það væri mikil ástæða til að velta fyrir sér slíkum spurningum varðandi húsbréfakerfið. Ég ímynda mér að almenningur haldi að kjörin þar séu einhver allt önnur en þau eru í raun og veru því að óðruvísi er eiginlega ekki hægt að skýra þessa gífurlegu eftirspurn eftir húsbréfum þar sem fólk er að tapa stórum upphæðum í stað þess að halda að sér höndum.

Ef við skoðum atvinnulífið aðeins betur hlýtur sú staðreynd að blasa við að sá samdráttur sem ríkið boðar, bæði í framkvæmdum og sinni þjónustu, hlýtur að hafa áhrif í atvinnulífinu og kemur niður á mörgum fyrirtækjum. Það þýðir aftur minni tekjur ríkisins, minni verklegar framkvæmdir. Minni vinna í landinu þýðir líka minni tekjur ríkisins af sköttum. Þannig vakna margar spurningar um áreiðanleika þess sem ríkið er að gera, bæði áreiðanleika fjárlaganna og það hve þessi lánsfjáráætlun, sem hér er til umræðu, lánsfjárlögin, er raunhæf. Ég get skotið því að hér að ég tel að víða í fjárlögunum séu sértekjur ríkisstofnana ofáætlaðar þannig að þegar upp verður staðið stöndum við eflaust frammi fyrir mun meiri halla en gert er ráð fyrir og þörf fyrir meiri lántöku en gert er ráð fyrir nema tilsjónarmennirnir bjargi þessu öllu saman.

Að lokum vil ég geta þess varðandi vinnumarkaðinn að eins og við vitum eru kjarasamningar fram undan og þar er staðan einfaldlega sú að það halda allir að sér höndum. Það eru allir að bíða eftir öllum. Og eins og bankamennirnir orðuðu það á fundi í efh.- og viðskn. liggur í loftinu að það verði samið um vexti í þessum kjarasamningum. Það er kannski eitt af því sem sýnir okkur hversu einkennilegt þetta ástand er, þar sem frjálsir vextir eiga að vera í gildi, ef menn fara svo að setjast niður og semja um vexti. Þetta er dæmi um hversu sérkennilegt ástand ríkir í hagkerfinu.

Hvaða leið er það sem verið er að fara? Við höfum velt því margoft fyrir okkur í öllum þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað í haust. Á hvaða leið er þessi ríkisstjórn? Þeir gáfu á sínum tíma út hvítu bókina svokölluðu, Velferð á varanlegum grunni. Það er margt sem hægt er að lesa út úr henni þó að margt sé óljóst, en þegar á heildina er litið er ljóst að ríkisstjórnin öll er orðin hásetar á galeiðunni hjá Adam Smith og að hér er verið að hverfa frá ýmsum þeim grundvallarsjónarmiðum sem hafa verið í gildi, bæði hvað varðar velferðarkerfið í heild og í afstöðunni til atvinnulífsins. Hér hafa um áratuga skeið verið í gildi hugmyndir um að tryggingar ættu að vera fyrir alla gegn greiðslu iðgjalda, en nú er verið að gera meira og meira af því að tekjutengja á þeim forsendum að það sé ekki réttlátt að borga hátekjufólki út úr tryggingunum. En það vakna ýmsar spurningar varðandi þessa tekjutryggingu. Við getum t.d. spurt að því hvort það sé ekki verið að kippa grundvellinum undan velferðarkerfinu. Fólk borgar sína skatta sem að miklu leyti

renna til skólakerfisins og heilbrigðiskerfisins, en ákveðinn hópur í samfélaginu nýtur ekki góðs af þessu sama kerfi.

Önnur röksemd gegn þeirri tekjutengingu sem er svo mjög vaxandi er sú að reynslan hefur sýnt okkur að tilhneigingin er sú að miða við mjög lágar upphæðir hvort sem það er varðandi vaxtabætur eða þann ellilífeyri sem á að fara að skerða og það er varla liðið árið fyrr en byrjað er að krukka í þessar bætur og þessa tekjutengingu þannig að kjörin einfaldlega versna. Ég held í rauninni að það sé miklu betri leið að vinna þetta allt út frá skattakerfinu og miða fyrst og fremst við persónuafslátt og þær reglur sem þar gilda. Við erum sem sagt að horfa upp á hagfræði markaðshyggjunnar og hagfræði einkavæðingarinnar. Það er hagfræði sem segir að velferð einstaklinganna sé ekki á ábyrgð samfélagsins alls, eins og hér hefur reyndar verið í gildi frá því á landnámsöld, og það eigi ekki að vera að borga fyrir þjónustu sem maður notar ekki sjálfur. Það hefur margoft komið fram í umræðunum að þeir sem sitja nú á ráðherrastólum virðast löngu hafa gleymt því að fólk er að borga þetta með sínum sköttum. Þess vegna er óréttlátt að innheimta aukin gjöld fyrir hluti sem fólk er að borga með sínum sköttum.

Ég fæ ekki betur séð en hér sé að taka gildi hagfræði sem hefur verið ríkjandi víða í Evrópu og Bandaríkjunum á undanförnum árum og var hér fyrir nokkrum árum kennd við hið hæfilega atvinnuleysi. T.d. í Danmörku, Bretlandi og Bandaríkjunum hefur hreinlega verið tekin sú stefna að það sé hin rétta hagfræði að atvinnuleysi sé á bilinu 7–10%. Menn tala núna um uppsveiflu í danska hagkerfinu og þar sé allt atvinnulífið blómstrandi á meðan þar er milli 7 og 10% atvinnuleysi. Mér þætti gaman að vita hvernig þessi blómsturtíð blasir við því atvinnulausa fólki sem þar er og öllum þeim félagslegu vandamálum sem þar er við að glíma.

Eins og við vitum eru það Sjálfstfl. og Alþfl. sem standa að þessum breytingum og það þarf kannski enginn að verða hissa á því að Sjálfstfl. skuli ríða á vaðið. Þetta er í samræmi við hans sögu og hans stefnu í 60 ár eða svo, í anda Jóns Þorlákssonar, en það kemur okkur kannski á óvart hversu skyndilega þessi stefna náði yfirhöndinni í Sjálfstfl. því að þar höfðu nú ýmis önnur viðhorf verið við lýði. Eins og ég hef rakið áður úr þessum ræðustól á Sjálfstfl. ekki minnstan hlut að þeirri miðstýringu og forræðishyggju sem hér hefur ríkt og hann hefur fordæmt svo harðlega á haustmánuðum.

En það sem kemur þó meira á óvart er afstaða Alþfl. og sú stefnubreyting sem orðið hefur hjá Alþfl. Nú er það svo að ég verð að viðurkenna að mér er frekar hlýtt til Alþfl., ekki síst vegna hans sögu fyrstu áratugina, og mér er ansi hlýtt til núverandi formanns þingflokksins, enda er hann gamall vinur minn. (Gripið fram í.) Hann heyrir þetta. Ég hlýt því að velta dálítið vöngum yfir því hvert Alþfl. er kominn þó að það sé ekki mitt að segja honum fyrir verkum. En við sem störfum í pólitík og erum að velta fyrir okkur pólitískri þróun í okkar samfélagi hljótum að skoða hvað er að gerast í þessum flokki og hvers megi vænta af honum. Hér situr prestur á forsetastóli og ég ætla að leyfa mér að predika aðeins yfir Alþfl. og minna hann ögn á fyrir hvað hann stóð áður fyrr. (Gripið fram í.) Já, það er langt síðan, enda ætla ég að fara aftur til ársins 1934. (**VE:** Ætlarðu að fara aftur til þess þegar Hjörleifur var í Austur-Þýskalandi?) Nei, ég ætla að fara enn lengra aftur í tímann. Ég ætla reyndar að tengja þetta því hvernig Alþfl. stendur í dag.

Árið 1934 vann Alþfl. sinn stærsta kosningasigur. Hann fékk þá tæplega 22% atkvæða og fékk tíu þingmenn. Hann fékk reyndar 22% atkvæða 1978, fékk aðeins betri kosningu, en kosningasigurinn 1934 var á grundvelli stefnuskrárinnar sem ég hef hér þar sem Alþfl. gerði áætlun fyrir árin 1935–1939 og setti fram sína hugmyndafræði um hvernig hann vildi sjá þjóðfélagið. Hér er nefnilega margt ákaflega merkilegt sem vekur spurningar um hugmyndaþróun á þessari öld, en eins og við vitum á sér stað mikil gerjun í hugmyndafræði þessa mánuðina og þessi árin og við hljótum að spyrja um ýmsar þær grundvallarhugmyndir sem hér hafa verið hafðar í heiðri og kannski ekki síst vegna þess sem fram undan er og hvaða afstöðu við ætlum að taka til velferðarkerfisins og þeirrar grundvallarspurningar hvort við eigum að gæta bræðra okkar og systra.

Árið 1934 var helsti andstæðingur Alþfl. Sjálfstfl. Þeir höfðu nýlega ást við í bæjarstjórnarkosningum þar sem Alþfl. lýsti því yfir, það kemur fram í stefnuskránni, að það væri opinbert kosningasamband milli nasista og sjálfstæðismanna, bæði í Reykjavík og Vestmannaeyjum. (**ÖS:** Við þurfum að taka vel á því.) Einmitt. Í þessari fjögurra ára áætlun ...(Gripið fram í.) Einmitt, hér er bent á mikilvæga staðreynd. Fortíðin skiptir okkur miklu máli. Árið 1934 ríkti kreppa í landinu og ég ætla að taka fyrst fram að ég er ekki að gera neina samlíkingu á því ástandi sem þá ríkti og því sem nú er fram undan heldur er ég fyrst og fremst að fiska eftir ákveðnum hugmyndum. (**Fjmrh.:** Hvað er á dagskránni?) Það eru lánsfjárlög og það kemur að þeim, þetta kemur nefnilega allt lánsfjárlögunum við, hæstv. fjmrh. Við erum að tala um þann ramma sem lánsfjárlögin, fjárlögin og bandormurinn mynda um ríkisfjármálin og umhverfið og það sem innan þess ramma er skiptir allt máli fyrir það hvernig og hvort stefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga. Þess vegna skiptir saga Alþfl. frá 1934 líka máli í þessu samhengi.

Ég ætla að rifja upp nokkur atriði úr stefnuskrá Alþfl. frá 1934 til að brýna nú formann þingflokksins og aðra alþýðuflokksmenn, sem hér eru ekki margir, til að standa fast á hugmyndum um velferðarkerfið. Hér segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Starfsskrá Alþýðuflokksins, 4 ára áætlun fyrir næsta kjörtímabil, er:

1. Að hrundið verði þegar í stað framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu eftir nákvæmri áætlun er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum krepp-

unnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyslu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innan lands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, ...“

Þarna er sem sagt að finna ákveðna heildarsýn hjá Alþfl. Hann reynir að horfa á þjóðfélagið í heild og undirstrikar hér mikilvægi þess að menn geri áætlanir. En því miður skortir enn mjög mikið á að svo sé.

„2. Að vinna að því að tekjum ríkissjóðs verði varið að svo miklu leyti sem unnt er til aukinnar atvinnu í landinu, einkum til stuðnings aukinnar framleiðslu (vega- og brúargerðir, hafnar- og lendingarbætur, rafvirkjanir, verksmiðjur til að vinna úr framleiðsluvörum landsmanna o.s.frv.).“

Þetta atriði vil ég benda á sérstaklega vegna þess sem ég ætla að koma að hér á eftir varðandi það sem ég tel að ríkisstjórnin hefði átt að gera og eigi að gera.

„3. Að vinna að því að vísindin verði tekin í þjónustu atvinnuveganna til lands og sjávar með því að gefa hæfustu mönnum sem besta aðstöðu til rannsókna og leiðbeiningastarfs.

4. Að allar landbúnaðarframkvæmdir séu skipulagðar með tilliti til ræktunarskilyrða og auðveldra flutninga afurða á markað (nýbýlahverfi, samyrkjubyggðir). Verksmiðjur séu þegar unnt er settar þar sem fjölbyggðar sveitir eru í grennd svo að bændum verði af þeim sem mestur stuðningur vegna aukins markaðar landbúnaðarafurða.

5. Að taka fyrir alla þjóðjarðasölu, tryggja ríkinu forkaupsrétt að öllum jörðum er ganga kaupum og sölum og setja lög um erfðafestuábúð leiguliða á ríkisjörðum með hagkvæmari skilmálum fyrir þá en sjálfseignarbændur eiga nú almennt við að búa.“

Ég ætla að hlaupa yfir nokkra punkta. Ef ég man rétt er þetta í 36 atriðum þannig að ég ætla ekki að lesa upp alla þessa stefnuskrá.

Í ellefta lagi — og taki nú fjmrh. sérstaklega eftir (**Fjmrh.:** Eigum við ekki frekar að koma í andaglas?):

„Að vinna að almennri lækkun vaxta, m.a. með lækkun innlánsvaxta.

12. Að vinna að því að styrkt verði með ríkisábyrgð eða beinu fjárframlagi útgerðarfyrirtæki bæja og sveitarfélaga eða samvinnufélaga, sjómanna og verkamanna, svo og að smáútvegsmönnum verði tryggð hagkvæm lán til atvinnureksturs.

13. Að vinna að sem fullkomnastri landhelgisgæslu á bátamiðum landsmanna og auknum öryggisráðstöfunum til slysavarna. ...

15. Að breyta skatta- og tollalöggjöfinni þannig að tollum verði létt af nauðsynjum, en beinir skattar að sama skapi hækkaðir af háum tekjum og stóreignum.

16. Að afla ríkinu aukinna tekna með arðvænlegum ríkisfyrirtækjum í verslun, framleiðslu og iðnaði.

17. Að vinna að því að dregið verði úr beinum, óþörfum eyðsluútgjöldum ríkissjóðs, að strangt eftirlit verði haft með rekstri opinberra stofnana og skyldar ríkisstofnanir settar undir sameiginlega stjórn að svo miklu leyti sem unnt er. Launagreiðslur ríkisins og opinberra stofnana verði samræmdar til hagsbóta fyrir láglaunamenn.

18. Að koma í veg fyrir að ríkisstofnanir, svo sem bankar, tóbakseinkasala, síldarverksmiðjur, ríkisprentsmiðja og aðrar slíkar stofnanir, verði lagðar niður eða fengnar í hendur einstökum mönnum, en í stað þess verði þær efldar á allan hátt og öðrum bætt við.

19. Að gera fjárlögin svo úr garði að þau verði sem réttust mynd af fjárhagsástæðum ríkissjóðs þar sem hvorki séu faldar væntanlegar tekjur né fyrirsjáanleg útgjöld.

20. Að vinna að hallalausum búskap ríkissjóðs með því meðal annars að reisa rammar skorður við því að stjórnin geti eytt tekjum hans umfram áætlun fjárlaga eftir eigin geðþótta (fjárlagadómur er úrskurði um allar greiðslur ríkissjóðs).

21. Að ákveða með löggjöf að tekjuafgangur góðæra verði lagður til hliðar til aukinnar atvinnu og framkvæmda á krepputímum, sbr. frumvarp Alþýðuflokksins um jöfnunarsjóð ríkisins. ...

23. Að koma á fullkomnum alþýðutryggingum á þeim grundvelli sem lagður er með frv. því um almennar alþýðutryggingar sem þingmenn Alþýðuflokksins hafa borið fram á undanförnum þingum (sjúkra-, slysa-, örorku-, elli- og atvinnuleysistryggingar).

24. Að koma á ríkiseinkasölu á lyfjum til aukins öryggis og lækkunar á lyfjakostnaði. ...

26. Að reisa rammar skorður við áfengisnautn í landinu með róttækri áfengislöggjöf og ríflegum styrkjum til bindindisfræðslu og annarrar bindindisstarfsemi með því markmiði að útrýma sem fyrst öllu áfengi úr landinu.

27. Að breyta framfærslulöggjöfinni og endurbæta hana meðal annars með því að gera allt landið að einu framfærsluhéraði og að styrkja sérstaklega ekkjur og einhleypar mæður til að framfæra börn sín.

28. Að efla byggingarsjóði verkamanna og stofna til sambands þeirra á milli til sameiginlegra lánsútvegana, að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni til verkamannabústaðanna, svo og til húsabygginga- og landnámssjóðs, og að finna leið til að reisa viðunandi hús fyrir sveitabændur við því verði er búskapur þeirra geti risið undir. ...

30. Að öll skólagjöld verði afnumin og efnilegustu nemendum úr alþýðustétt tryggð ókeypis vist við æðri menntastofnanir.“ (**ÖS:** Af hverju beinir þú þessu til mín?)

Og nú vil ég biðja fjmrh. að leggja líka eyrun við og reyndar aðra sem hér hafa verið og eru ráðherrar. 32. liðurinn í þessari stefnuskrá Alþfl.:

„Að vinna að því að öllum verði gefin jöfn aðstaða til að keppa um stöður við hvers konar opinberar stofnanir og að eingöngu verði valið í stöðurnar eftir hæfileikum umsækjendanna.“ (**HÁ:** Á þetta við um tilsjónarmenn?) Það hlýtur að vera.

„33. Að setja upp stofnun er hafi það verkefni að

útvega ungu fólki atvinnu við hvers eins hæfi og að skipuleggja starfsemi meðal atvinnulausra unglinga þeim til menntunar og þroska."

Ég ætla að láta þetta duga. Það er auðvitað ýmislegt af því sem hér er sem komist hefur í framkvæmd eða orðið er úrelt. Hér er mikil skipulagshyggja á ferðinni og arfur sem Alþfl. vill ekkert sérstaklega kannast við nú á dögum, en vissulega eru þarna á ferð ýmsar þær grundvallarhugmyndir sem við höfum byggt á allan þennan tíma frá því að Alþfl. og Alþýðusambandið og reyndar Framsfl. var stofnaður, þ.e. hugmyndir um að það sé á ábyrgð samfélagsins að aðstoða þá sem verr standa að vígi. Og mér finnst vera afar umhugsunarvert hvernig Alþfl. hefur í mörgum efnum snúið við blaðinu og stendur að þeirri frjálshyggjustefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað.

Ég vil þá að lokum koma að því hvað ég tel að hér hefði átt að gera. Eins og ég kom að í upphafi míns máls dregst lánsfjárþörf opinberra aðila, ef horft er á heildarmyndina, töluvert saman vegna þess að hætt var við áform um byggingu álvers og við kvennalistakonur höfum bent á að einmitt í framhaldi af þeirri stefnu sem hér hefur verið ríkjandi þess efnis að það mikilvægasta sé að fólk hafi vinnu og hér eigi að halda uppi atvinnu teljum við réttlætanlegt við þessar aðstæður að ríkið taki lán á erlendum eða innlendum markaði eftir því hvernig á stendur til að stuðla að atvinnusköpun. Ég held að við þessar aðstæður sé í raun ekki um annað að ræða vilji menn halda uppi atvinnu. En því miður virðist svo sem hugmyndin um hið hæfilega atvinnuleysi hafi rutt sér hér til rúms og fái að grasséra í friði.

Í öðru lagi tel ég að ríkisstjórnin hefði átt að fara þá leið að leita til starfsmanna ríkisins eftir hugmyndum um sparnað og hagræðingu og vinna í samráði við starfsfólk í stað þeirra storkandi hugmynda um tilsjónarmenn sem ég gerði áðan að umtalsefni.

Í þriðja lagi ætti ríkisstjórnin að nýta þær leiðir sem eru til að afla tekna fyrir ríkissjóð en hún frestar stöðugt að koma í framkvæmd eða vill ekki koma í framkvæmd og þar er ég að tala um skatt á fjármagnstekjur, hærra skattþrep sem reyndar er nú verið að koma á hjá ellilífeyrisþegum. Hér má beita ýmiss konar lúxussköttum, taka á skattsvikum og vanskilum og að lokum að taka á þeim svarta markaði sem hér blómstrar, en hamingjan má vita hversu miklu er skotið undan á þeim markaði.

Mín lokaniðurstaða af öllu þessu er sú að við stöndum eftir með þá spurningu hversu raunhæf fjárlögin og lánsfjárlögin eru. Það er mjög erfitt að átta sig á því hvort hæstv. fjmrh. með alla sína tilsjónarmenn muni takast að halda lánsfjárlögunum innan þeirra marka sem frv. gerir ráð fyrir. Mín spá er sú að halli ríkissjóðs verði töluvert meiri en ráð er fyrir gert og einnig að við munum á næsta þingi sjá annað frv. til lánsfjárlaga. En við skulum sjá hvað setur. Meginatriðið er það að hér er á ferð stefnubreyting sem veldur því að misrétti er að aukast í þjóðfélaginu. Hér er hvað eftir annað ráðist á hópa sem litlum vörnum koma við og iðulega eiga í vök að verjast. Hér er verið að saga vaxtarbroddana af og höggva á þær rætur sem eiga að næra þjóðlífið og þá er ég ekki síst að vísa til skólakerfisins og þeirra rannsókna sem hér þyrfti að stunda til þess að hér verði einhver þróun og atvinnusköpun. Þetta er stefna sem við kvennalistakonur höfnum. Okkar trú er sú að við eigum að byggja hér upp samfélag jafnréttis og jöfnuðar. Þess vegna höfnum við þessu frv. og munum ekki greiða því atkvæði okkar.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu mála sannast að ræða hv. 18. þm. Reykv. fjallaði um flest annað en lánsfjárlög. Sá hluti ræðu hennar sem hún beindi sérstaklega til mín og þingflokks Alþfl. varðaði lánsfjárlög alls ekki neitt. Eigi að síður tel ég að ræðan hafi verið góð eins og reyndar flestar ræður sem þessi ágæti hv. þm. hefur flutt í þessum sölum. En hún sýnir það hins vegar að margt hefur breyst og margt það sem henni bersýnilega og sennilega Kvennalistanum öllum þykir í dag vera afskaplega gott úr fortíð Alþfl. hefur tíminn í raun og veru dæmt úr leik, sumt en ekki allt. T.d. nefndi hún að Alþfl. hefði viljað efla samyrkjubyggðir og mér skildist á máli hennar að Kvennalistinn vildi svo enn þá, þetta herrans ár 1992 þegar sagan er einmitt búin að dæma þetta fyrirbæri, samyrkjubyggðir, alls staðar úr leik og samyrkjubú t.d. í sovésku lýðveldunum eru nú unnvörpum að breytast í einkafyrirtæki. Með söknuði talaði hún líka um þann tíma þegar Alþfl. vildi beita sér fyrir því að ríkið setti fjárframlög í opinbera útgerð, bæði til ríkis og sveita. Ég vorkenni Kvennalistanum ef þetta er stefna hans í dag.

Sömuleiðis er ljóst að tíminn hefur breytt hlutum. Þegar Alþfl. vildi koma á ríkiseinokun á lyfjum árið 1934 var það þarft mál, en það er ekki svo í dag eins og allir vita. Hins vegar kemur líka fram að það er margt sem staðist hefur tímans tönn og margt sem Alþfl. hefur bersýnilega staðið við eins og t.d. að draga úr óþarfa eyðslu, eins og t.d. að koma á fullkomnum alþýðutryggingum og síðast en ekki síst, og ég skildi nú ekki af hverju hún beindi því sérstaklega til þess sem hér stendur, vildi Alþfl. 1934 að skólagjöld yrðu afnumin. Það vill formaður þingflokks Alþfl. enn þann dag í dag alveg eins og afi hans á fyrri tíð. En þetta atriði sýnir hve stefnan er að mörgu leyti úrelt, hv. þm. Skólagjaldakommentið sem hún las áðan var að efnilegustu nemendur úr alþýðustétt yrðu efldir til mennta. Þetta viljum við ekki í dag. Við viljum ekki að efnilegustu nemendur verði efldir til mennta, við viljum að allir nemendur verði efldir til mennta. Og ég vænti þess að Kvennalistinn sé þessu sammála.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er sá: Hvað stendur eftir af hugmyndafræði Alþfl.? Hvað er það sem hann vill gera í þessu samfélagi? Er það að standa vörð um velferðarkerfið, er það að skapa hér jöfnuð og jafnrétti eða er það að hleypa frjálshyggjunni algerlega lausri? Það er kjarni málsins.

Ég tók það fram í minni ræðu áðan að margt af því

sem ég las upp úr þessari gömlu stefnuskrá er að sjálfsögðu úrelt og þá ekki síst samyrkjubúskapurinn sem betur fer sem hvergi hefur gengið nema þá helst í Ísrael þar sem hann er rekinn reyndar undir öðrum formerkjum. Ekki er ég að leggja til að hér verði tekinn upp samyrkjubúskapur þó að samvinna bænda mætti hins vegar vera meiri og nýtni t.d. á vélakosti og fleira slíku ef þeir geta komið því við.

Hins vegar er öllum hollt að hyggja að fortíðinni og spyrja að því á hvaða grundvelli þeir standa. Hv. 17. þm. Reykv. er formaður þingflokksins og er því hinn ábyrgi aðili í salnum. Mér finnst því eðlilegt að beina til hans því sem athyglisverðast er úr fortíð og nútíð, enda fátt um aðra þingmenn flokksins hér.

En kjarni málsins er þessi: Fyrir hvað stendur Alþfl. og fyrir hvað ætlar hann að standa? Ætlar hann að hverfa frá þeirri stefnu að standa vörð um velferðarkerfið eða ætlar hann að standa með okkur sem viljum efla, bæta og verja það?

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er bersýnilegt að formaður þingflokks Alþfl. á í nógum erfiðleikum með að svara fyrir Alþfl. á líðandi stundu, hina miklu herleiðingu hans, þó að hann sé ekki að reyna að verja stefnu hans frá 1934. Og það verð ég að segja þó að ég hafi ekki mikla kunnáttu í vísdómi þeirrar tíðar að mikið held ég að að mörgu leyti hafi alþýðuflokksmenn þeirrar tíðar verið geðþekkari sem börn síns tíma en þeir sem nú ráða ferðinni. Og það er hlutskipti hv. 17. þm. Reykv. og þingflokksformanns þeirra alþýðuflokksmanna að styðja og vinna að mörgu leyti skítverkin fyrir einhverja ómenguðustu hægri stjórn síðari áratuga ef ekki bara frá upphafi lýðveldisins og upphafi ríkisstjórna. Þannig er eðlilegt að honum sé ekki rótt, hv. þm., enda sprettur hann upp og gerir athugasemdir við ræður manna og ber af sér sakir og Alþfl. þó að hann kjósi að biðja um orðið undir öðrum lið, þ.e. að gera athugasemdir eða veita andvör.

Herra forseti. Ég er með hluta af málsskjölum efh.- og viðskn. varðandi lánsfjárlögin og ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og er meira til gamans gert að hafa þetta með í ræðustólinn rétt til að sýna mönnum það sem þarna hefur verið lagt fram af pappírum. Ég ætla ekki að lesa þetta allt upp né heldur fara langt aftur í tímann í sögulegar útlistanir þó að það sé áhugavert og þarft og bíði síns tíma að ræða m.a. við Alþfl. um slíka hluti, en ég held að mér veiti ekkert af þeim ræðutíma sem talist getur innan kristilegra marka og sem ég þarf í það að ræða ástand líðandi stundar og stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún er í dag og það sem snýr fram á veginn í íslenskum þjóðmálum. Ég held að ég láti öðrum eftir að mestu leyti hina frjóu umræðu t.d. um fortíðarvandann, en reyndar er ég með hefti ríkisstjórnarinnar um fortíðarvandann sem forsrn. gaf út á Þorláksmessu. Þann 23. des. 1991 kom út þessi bók um fortíðarvandann og ég kem kannski lítillega inn á verksvið þeirrar nefndar og skilgreiningu þá sem forsrn. lét henni í té að vinna eftir.

En í upphafi vil ég segja, herra forseti, varðandi umræðuna um lánsfjáráætlun að það sem einkennir öllu öðru fremur ástand mála nú snemma í janúarmánuði 1992, þegar enn er verið að ræða viðamikil frumvörp sem tengjast afgreiðslu fjárlaga og efnahagsstefnu, ef efnahagsstefnu skyldi kalla, hæstv. ríkisstjórnar, er óvissan. Það er sú upplausn sem afar skýrt kom fram í viðtölum efh.- og viðskn. þingsins við fjölmarga málsmetandi aðila í þjóðfélaginu. Það var nánast sama hvar borið var niður, hvort rætt var við forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar, fyrirtækjanna, bankastofnana eða annarra fjármálastofnana og yfirleitt alla helstu málsaðila úti í þjóðfélaginu, að upp úr þeim stóð sú óvissa og það upplausnarástand sem ríkti í landinu í öllu sem snerti fjármagnsmarkaðinn, vaxtamál, peningamál, kjaramál og yfir höfuð alla stjórnarstefnu í þessum efnum.

Það kom mjög skýrt fram þegar rætt var við t.d. talsmenn viðskiptabankanna, Seðlabankans og peningamarkaðarins að þar ríkir fullkomið upplausnarástand og hefur gert síðan á sl. hausti. Það ótrúlega sem hefur skeð er að það er fyrst og fremst ríkisstjórnin sjálf sem hefur skapað þessa óvissu með ýmsum óskynsamlegum ákvörðunum og að öðru leyti með því að hafa enga stjórnarstefnu og sleppa taumunum lausum svipað og hnýtt væri upp á hjá hestum og slegið í lendina á þeim og þeir sendir út í myrkrið. Ég hef áður tekið þá líkingu af hrossarekstri til þess að gera mál mitt myndrænt í þessum efnum.

Sömuleiðis kom mjög skýrt fram að það eru allir að bíða eftir öllum hvað snertir vinnumarkaðinn og möguleikana á að koma á einhverjum kjarasamningum. Það hvarflar stundum að manni að hæstv. ríkisstjórn hafi gleymt því að það eru allir samningar lausir í landinu, svo til allir með tölu. Kjarasamningar allra stærstu samtaka launafólks í landinu eru lausir og mjög víða eru þegar komnar verkfallsheimildir í hendur þeirra sem með samningsumboðið fara fyrir hönd launafólks. Við þessar aðstæður er það með ólíkindum sem nú er fram reitt og sýnt fram á af t.d. forsvarsmönnum Alþýðusambands Íslands, að einmitt núna í jólaföstunni og fram yfir áramótin hefur hæstv. ríkisstjórn verið að leggja sitt af mörkum til þess að kjarasamningar gætu tekist í landinu — eða hvað? Með því t.d. að skerða kjör landsmanna um 2%. Það er búið að kippa í burtu 2% af kaupmætti launatekna almennings í landinu með ráðstöfunum þessarar sömu ríkisstjórnar. Og það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. að því: Hefur hæstv. forsrh. ekki áttað sig á því að kjarasamningar eru lausir í landinu? Hafa hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. ekki áttað sig á því að það bendir þar hver á annan? Bankarnir benda á vinnumarkaðinn og segja: Við getum ekki lækkað vexti meðan hvorugt gerist að ríkisstjórnin lækki vextina hjá sér og samningar takist á vinnumarkaðnum. Og á vinnumarkaðnum segja menn: Við getum ekki samið nema vextirnir lækki og svo og svo mikið af álögum og árásum ríkisstjórnarinnar á launafólk gangi til baka. Það er satt best að segja með slíkum ólíkindum miðað við það sem viðgengist hefur áður í þessu þjóðfélagi að ríkisstjórn, sem maður skyldi halda að væri þó það viti borin að hún áttaði sig

á því að hún á nánast allt undir því að farsæl niðurstaða takist á vinnumarkaðnum á næstu vikum úr því að það er ekki skeð fyrir mörgum mánuðum, sem hefði þurft að vera, að þjóðarsáttin eða sambærilegir samningar hefðu verið framlengdir strax í haust sem menn hefðu auðvitað átt að nota sumarið til að gera — en að sú ríkisstjórn, hverrar líftóra hangir væntanlega á því að það takist þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður að leiða þessi mál til lykta með farsælum hætti, skuli leggja sitt af mörkum með því að undirbúa samningagerð verkalýðshreyfingarinnar með 2% alveg extra skerðingu á kjörum fólks og fjölþættum árásum á réttindi margra starfsmanna og hópa í þjóðfélaginu, það er algerlega með ólíkindum.

Þessi óvissa, herra forseti, og þessi staða, þetta upplausnarástand bæði á peningamarkaðnum, á vinnumarkaðnum og almennt talað í þjóðarbúskapnum og þjóðlífinu kom mjög skýrt fram í viðtölum efh.- og viðskn. við þá gesti sem þangað hafa komið á undanförnum dögum, mjög skýrt. Svo gengur hæstv. fjmrh. glottuleitur um gólf og er þá ástæða til að spyrja hvað valdi þessari sérstöku gleði hans. Er hann svona hreykinn af frammistöðu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Telur hann það mikil klókindi sem sýnd hafa verið á undanförnum vikum af hæstv. ríkisstjórn? (**Fjmrh.:** Það er hin stórskemmtilega ræða ræðumanns.) Eru það hin jákvæðu samskipti ríkisstjórnar við aðila vinnumarkaðarins sem hann er að fagna, þessi hæstv. fjmrh. sem gengur glottandi um sali? Það er von að spurt sé.

Sú ríkisstjórn sem sat á síðasta kjörtímabili og átti aðild að því og lagði grunninn að því að hér tókust einhverjir farsælustu kjarasamningar og einhver farsælasta efnahagsstjórn sem við höfum séð á síðari áratugum í landinu þurfti að sjálfsögðu að leggja mjög mikið af mörkum til þess að sú niðurstaða fengist. Ég ætla að fara aðeins yfir það til að gefa mönnum samanburð á því hvernig með ólíkum hætti og ólíkum viðhorfum var unnið að þessum málum, annars vegar í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem undirbjó og náði víðtækri þjóðarsátt um kaup og kjör og efnahagsstefnu í landinu á árunum 1989–1990. Hvernig var það gert?

Það var í fyrsta lagi gert með því að beita mjög víðtækum ráðstöfunum til að ná niður vöxtum í þjóðfélaginu. Það tókst að lækka raunvaxtastigið í landinu umtalsvert, sérstaklega á árinu 1989, sem var viðamikill hluti af aðgerðum stjórnarinnar til að ná niður verðbólgu og vöxtum, skrá gengi krónunnar rétt, fá jákvæða afkomu í rekstri útflutningsatvinnugreinanna og skapa þannig forsendur og stöðugleika til þess að þjóðarsáttarsamningar gætu orðið.

En fleira þurfti að koma til. Og ríkisstjórnin lagði af mörkum við þetta samkomulag margþættar ráðstafanir. Það voru til að mynda lækkaðar gjaldskrár opinberra fyrirtækja í stórum stíl og fjölmörg opinber fyrirtæki lögðu það af mörkum að það voru engar gjaldskrárhækkanir hjá þeim á tíma þjóðarsáttar. Það voru stórauknar niðurgreiðslur á matvörum og tókst með samstarfi ríkisvalds, bændasamtaka og aðila vinnumarkaðarins að halda verði á mikilvægustu matvörum heimilanna svo til óbreyttu í eitt og hálft ár. Og það voru leyst ýmis brýn réttinda- og hagsmunamál samtaka launafólks sem þau samtök óskuðu eftir og voru liður í þessari sátt. Þetta var allt saman gert með þeim afleiðingum, hv. þm., að flestra dómi held ég sem eitthvert skynbragð bera á þessi mál, að við nutum einhvers hagstæðasta tímabils í þessum efnum og náðum þeim árangri t.d. í baráttunni við verðbólguna sem er sögulegur í þessu efni og núv. ríkisstjórn nýtur auðvitað góðs af eins og aðrir landsmenn.

Auðvitað kostaði þetta vissar byrðar á ríkissjóð, það er rétt. En var það ekki þess virði að tryggja hérna stöðugleika, að tryggja jákvæða afkomu í atvinnulífinu, að tryggja lækkun verðbólgu, að tryggja að kaupmáttur fór heldur vaxandi á þessum tíma? Var það ekki þess virði? Til hvers eru menn að reyna að stjórna efnahagsmálum? Er það ekki til að reyna að auka hagsæld í landinu, bæði hjá atvinnulífi og launafólki? Ég hélt það. Það er þá kannski einhver misskilningur ef svo er ekki.

Berum þetta svo saman við það sem núv. ríkisstjórn er að gera. Hvað vakir eiginlega fyrir þeim mönnum sem fara með forsjá ríkisins á slíkum tímum sem við núna upplifum og það verður ekki annað séð en a.m.k. kæri sig kollótta um hvort hér náist nokkur sú niðurstaða í kjarasamningum sem ásættanleg getur orðið ef ekki beinlínis, sem réttast er auðvitað að gera og liggur beinast við, að túlka ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem beinan fjandskap við þau mál og það sé beinlínis verið að torvelda það? Það kom einhver undarleg harka í málróm hæstv. fjmrh. í gær þegar hann var að minna samtök úti í þjóðfélaginu á þá staðreynd að ríkisstjórnin væri kjörin og henni kæmi það ekki mikið við hvað aðrir hugsuðu eða gerðu í þessum efnum, hún væri sko kjörin, hún hefði sko meiri hluta hér á þingi og þess vegna gæti hún gert það sem henni sýndist. Ég leyfi mér nú að endursegja með frjálslegum hætti það sem hæstv. fjmrh. sagði í gær. (**Fjmrh.:** Mjög svo frjálslega.) Hæstv. fjmrh. hefur tækifæri til að koma upp og endurtaka orð sín.

Síðan er, herra forseti, einn þáttur þessa máls, sem ég tel óhjákvæmilegt að ræða svolítið ítarlegar, sem lýtur að afgreiðslu lánsfjárlaganna og það er spurning um áhrif þessarar lánsfjáráætlunar á vaxtastigið í landinu. Það hefur verið upplýst og ekki hrakið að þar er á ferðinni einhver mikilvægasta breytan í allri þessari umræðu um efnahags- og kjaramál og er alveg ljóst að fátt ef nokkuð er okkur jafnhættulegt og erfitt viðureignar eins og nú standa mál og þeir okurháu vextir sem í landinu eru. Einnig að þessu leyti verður því tæpast trúað að hæstv. ríkisstjórn sé með fullri meðvitund þegar ákvarðanir hennar að undanförnu í þessum efnum eru skoðaðar. Ég vissi ekki hvort ég átti heldur að hlæja eða gráta eða hvað ég átti að gera af mér þegar hæstv. fjmrh. fór að ræða um framlag sitt eða hæstv. ríkisstjórnar á næstunni í þessum efnum sem væri að lækka ríkisvextina á ríkisskuldabréfunum um heil 0,2 prósentustig. Og til hverra? Til áskrifendanna að skuldabréfunum sem hvort sem er eru ekki á almennum markaði og hafa þar af leiðandi ekki með

kaupum sínum nein markaðsáhrif á þessi bréf nema það selst eitthvað pínulítið af þeim í þessari lokuðu áskrift og það er hugsanlegt að einhverjir þeirra segi henni upp við þessa vaxtalækkun, en um það veit ég svo sem ekki.

En hvernig er staðan, herra forseti? Jú, hún er þannig að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. fjmrh. hefur rétt nýlega ákveðið að það verði engar vaxtalækkanir á næstunni, að vaxtastig ríkisskuldabréfanna verði um 8% á næstunni á nýjum flokkum skuldabréfa ofan á verðtryggingu. Og hvað þýðir það? Það þýðir að innlánsvextir ríkisins verða áfram nokkurn veginn jafnháir og lægstu útlánsvextir bankanna eru í dag. Og ætlast menn til þess í alvöru, þó að ég skuli ekki skorast úr leik úr hópi þeirra sem vilja gera harðar kröfur til bankakerfisins um að halda niðri vöxtum, að bankakerfið fari með útlánsvexti sína niður fyrir innlánsvexti ríkisins? Það þyrfti að gerast ef vextir þyrftu að lækka hér á næstunni í ljósi þeirrar ákvörðunar sem ríkisstjórnin hefur tekið. En það er þannig að lægstu útlánsvextir bankanna eru 11. desember sl. á vísitölubundnum lánum, þ.e. svonefndir kjörvextir, frá 8% í Búnaðarbankanum og upp í 8,5% í Landsbanka og Íslandsbanka. (**Fjmrh.:** Hverjir fá þá vexti?) Þetta eru kjörvextirnir, hæstv. fjmrh., og úr því að hæstv. fjmrh. veit þetta ekki skal ég fræða hann um það og er tími til kominn að hann átti sig á þessu. Það eru traustustu og bestu viðskiptavinir bankanna sem eru svo sterkir að það er ekki umtalsverð áhætta fólgin í útlánum þeirra. Þannig ætti það að vera almennt í þjóðfélaginu (**Fjmrh.:** Hvað borgar ræðumaður í vexti?) að bankarnir gætu lánað yfirleitt á þessum vöxtum. En svo er ekki, því miður, og það segir sína sögu um ástandið í íslensku atvinnulífi þessa dagana og hæstv. fjmrh. ætti að hugleiða það. Auðvitað er staðreyndin sú að allt of fáir og reyndar sárafáir njóta þessara kjörvaxta bankakerfisins, en þeir eru samt útlánsvaxtabotninn og hann mun ekki fara niður fyrir innlánsvextina, hæstv. fjmrh., sem þú ert að bjóða. Það er vonlaust mál.

Með ákvörðun hæstv. fjmrh. hefur því verið ákveðið að vextirnir lækki ekki hér á næstunni þegar það er enn fremur upplýst af bönkunum að þeir haldi nú að sér höndum af tveim ástæðum: vegna þess að verðbólguspá Seðlabankans er hærri en núverandi verðbólgustig og vegna þess að það eru lausir kjarasamningar. Viðskiptabankarnir segja ósköp einfaldlega á fundi með efh.- og viðskn.: Við drögum lappirnar, við höfum borð fyrir báru vegna þess að verði síðan gerðir kjarasamningar og verðbólgan fari upp á nýjan leik ætlum við ekki að lenda í því að þurfa að hækka vextina. Það er eins gott að þetta komi fram hér opinberlega. Reyndar er það að nokkru leyti staðfest í nýjasta tímariti af Hagtölum mánaðarins, en þar er fróðlegt yfirlit um vaxtaþróunina undanfarið ár og stöðuna í dag sem ég bendi hv. alþm. á að lesa. Það er greinargott og ekki nema tvær síður þannig að seinlæsir menn eru tiltölulega fljótir að átta sig á þessu. Þar eru mjög fróðleg línurit sem sýna vaxtastigið og stöðu þessara mála í dag. Það skýrasta er það hrikalega stökk sem vaxtastigið í landinu tók í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar í maímánuði sl. Um hvað? Um að fíra raunvaxtstiginu í landinu upp um 2%. Það er að verða deginum ljósara, hæstv. fjmrh., að það hefur ekki skilað árangri. Og að þetta skuli gerast með þessum hætti, að vaxtastigið í landinu sé sett upp um 20 eða 25% eftir því við hvað er miðað, hærri eða lægri töluna, úr 8% raunvöxtum í 10 á örfáum vikum, er með ólíkindum. Það er með ólíkindum í ljósi þeirra efnahagsráðstafana sem við búum við á Íslandi.

Og vaxtastigið eins og það birtist núna gagnvart þeim þolendunum sem erfiðasta hafa stöðuna og eru fjærst því að geta notið kjörvaxtakjara bankanna, hvernig er það? Við skulum hugsa okkur einn viðskiptavin Íslandsbanka, þessa merka einkabanka sem var búinn til og átti nú heldur ekki að vera fáninn fyrir einkaframtakið en hefur gengið dapurlega að reka hann, a.m.k. miðað við ríkisbankana, og hefði það einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að það væri hægt að reka ríkisbanka mikið betur en einkabanka. Passar það inn í einkavæðingarformúlurnar hjá hæstv. ríkisstjórn? En það er samt þannig að vaxtamunurinn er meiri hjá Íslandsbanka og tapið meira en hjá hinum. Hvernig er það með viðskiptavin, sem er í erfiðri stöðu, t.d. sjávarútvegsfyrirtæki með miklar skuldir, kannski í Vestmannaeyjum þar sem Íslandsbankinn er fyrirferðarmikill, sem labbar inn til síns bankastjóra og biður um skuldabréfalán, óverðtryggt lán til nokkurs tíma og honum bjóðast skuldabréf? Bankinn segir við hann: Því miður er þín staða og þíns fyrirtækis svo veik að þú átt ekki kost á láni nema í C-flokki. Hvað þýðir það? Það þýðir að þetta fyrirtæki þarf að taka lán í dag á 18,25% vöxtum í 2% verðbólgu. Og hvað er það? Það eru 16,25% raunvextir á þeim lánum. Hvaða atvinnustarfsemi þolir það? Þetta er staðan í dag. Þetta er sú staða sem skuldsett fyrirtæki, eins og íslensk fyrirtæki eru upp til hópa, eða skuldsett heimili þurfa að búa við og þetta er sá veruleiki sem hæstv. ríkisstjórn ætti að hafa í huga þegar hún er að tala um þessi mál. Og er það nema von að forsvarsmenn íslenskra atvinnuvega og forsvarsmenn íslenskrar verkalýðshreyfingar vilji fá einhverja niðurstöðu í þessi mál, sjá einhvern árangur í verki áður en þeir setjast að samningaborði með ríkisstjórn sem komið hefur fram eins og raun ber vitni undanfarna daga?

Hæstv. fjmrh. spurði: Hvaða vexti borgar ræðumaður? Það var ágæt spurning því það vill svo til að ræðumaður borgar vexti af lánum, keypti t.d. íbúð 1986, tók þá lífeyrissjóðslán eins og menn gerðu gjarnan til viðbótar láninu úr gamla húsnæðiskerfinu. Og hvernig voru vaxtakjörin þá? Þau voru 5–5,2% á útlánum lífeyrissjóðanna ofan á verðbólgu, reyndar með þeim skilmálum að þetta væru hæstu lögleyfðir vextir samkvæmt tiltekinni viðmiðun í bankakerfinu. Hverjir eru þessir vextir í dag? Þeir eru 9,75% og þá er svarið komið handa hæstv. fjmrh. Ræðumaður borgar m.a. af lífeyrissjóðsláni sínu 9,75% vexti þessa dagana. Og hvers vegna borga ég 9,75% raunvexti ofan á verðbólgu? Það er vegna þess að sú viðmiðun sem nú er tekin í bankakerfinu fyrir það sem áður hétu samkvæmt gömlu lögunum fyrir 1985 „hæstu lögleyfðu

vextir" í bankakerfinu eru ekki kjörvextirnir. Ónei. Ég ræð engu um það hvort sem ég er sæmilega stöndugur og hef staðið í skilum eða ekki. Ég fæ ekki kjörvexti ef ég er með lán á skilmálunum „hæstu lögleyfðu vextir". Ég fæ þessa útlánsvexti bankanna með því álagi sem að meðaltali er lagt ofan á útlánin, sem er frá 1,5 og upp í 2%, þannig að með þessum vaxtabotni bankakerfisins að viðbættu álaginu er ekki bara verið að festa þessa vexti gagnvart útlánum bankanna heldur líka á öllum lánum sem eru með þá skilmála inni að taka beri hæstu lögleyfða vexti samkvæmt þeirri viðmiðun sem áður var bundin í lögum fyrir breytingar á lögum um Seðlabankann og viðskiptabanka árið 1985. Þar er í grófum dráttum ramminn markaður um vaxtastigið í landinu. Þessi lán eru óháð eftirspurn, auknum sparnaði eða aukinni eftirspurn í lán. Þau eru ekki á markaðnum. Þau eru ósköp einfaldlega á herðum þeirra sem tekið hafa þessi lán undanfarin ár og það breytir engu um hvaða þróun verður á lánamarkaðnum í dag að öðru leyti en í gegnum hina óbeinu viðmiðun.

Það er mat þeirra sem reynt hafa að botna í fjármagnsmarkaðnum að hvert prósentustig í hækkun raunvaxta þýði 1.500 millj. kr. í útgjöldum fyrir atvinnulífið og samkvæmt mínum lauslegu útreikningum frá sl. vori gætu það verið um 700–1.000 millj. kr. fyrir heimilin. Þetta segir manni að þeir hlutir sem hér hafa gerst síðan í maí í vor hafa fært til fjármuni í þjóðfélaginu frá skuldsettu atvinnulífi og skuldsettum heimilum yfir til fjármagnseigendanna, í skattfrjálsum tekjum 4–7 milljarða kr. hið minnsta. Hér er verið að tala um stóra hluti og miklar tilfærslur á fjármunum í þjóðfélaginu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki hversu heillum horfin hæstv. ríkisstjórn er í þessum efnum, gersamlega heillum horfin. Er þá sama hvort borið er niður gagnvart vaxtamálum eða öðru sem snýr t.d. að því að greiða fyrir kjarasamningum og skynsamlegri lendingu að öðru leyti í efnahags-, atvinnu- og kjaramálum.

Herra forseti. Það mætti margt segja um þessa vexti og satt best að segja er það þannig að þegar farið er að skoða þessa hluti og stöðuna eins og hún raunverulega er úti á markaðnum í þessum efnum er maður harla sleginn. Ég hafði t.d. ekki gert mér grein fyrir því fyrr en ég fór að fara ofan í þessar töflur um vexti bankakerfisins frá 11. desember að það væru til í 2–3% verðbólgu nafnvextir sem liggja á bilinu 18–19% af almennum lánum, venjulegum lánum. Þá er ég ekki að tala um neina refsivexti sem eru auðvitað enn hærri. Fjöldinn allur af fyrirtækjum og einstaklingum er á yfirdráttar- eða refsivöxtum sem eru mun hærri en þetta. Hér er bara um skilmála á almennum pappírum lána að ræða sem fjölmargir eru neyddir til að taka af þeirri einföldu ástæðu að þeirra staða býður ekki upp á hagstæðari lánskjör en þetta.

Síðan er ljóst að þegar um er að ræða innbyrðis viðskipti og kaup skuldabréfa af öðrum aðilum bætast ofan á þetta afföll o.s.frv. og vaxtatölurnar fara upp í t.d. 19–20%. Hæst sé ég að ígildi nafnvaxta er orðið 20,4% þegar Landsbankinn er að kaupa skuldabréf af öðrum en þeim sem hann á viðskiptin við, þ.e. bréf gefin út af öðrum. Þá eru raunvextirnir komnir yfir 18% á þeim pappírum. Þetta eru því miður viðskipti sem eru kannski hin dagsdaglegu viðskipti þeirra sem virkilega þurfa á fyrirgreiðslu og viðskiptum í bankakerfinu að halda. Það er hin dapurlega staðreynd. Satt best að segja er ekki mikil ástæða til að hafa þungar áhyggjur af kjörvaxtamönnunum, kjörvaxtaklúbbnum sem er sennilega því miður að verða harla fámennur eins og hæstv. ríkisstjórn býr að atvinnulífi og fólki á Íslandi.

Nei, það er alveg deginum ljósara, herra forseti, og mér hefur aldrei verið það eins rækilega ljóst og núna, m.a. í viðtölum við gesti efh.- og viðskn., að ríkisstjórnin er fullkomlega stefnulaust rekald og tilvist hennar er kannski einn aðalþrándur í götu þess að aðrir aðilar í þjóðfélaginu nái saman um farsæla niðurstöðu í málum því ég er sannfærður um að það er mikill vilji fyrir hendi úti á vinnumarkaðnum að reyna við erfiðar aðstæður að finna farsæla lendingu í þessum efnum. En tilvist ríkisstjórnarinnar, stefnuleysi hennar að hluta til og fjandskapur hennar að öðru leyti við fjölmenna hópa í þjóðfélaginu og heilar atvinnugreinar torveldar mjög alla vinnu slíkra aðila. Það er þetta furðulega sambland af hægri stefnu og „kemur-mér-ekki-við"-afstöðu ríkisstjórnarinnar sem er einhver versti kokkteill, einhver versta blanda sem boðið hefur verið upp á um áratuga skeið að mínu mati í stjórnarstefnu í landinu. Svo bætist það við að þegar á hólminn er komið í mörgum tilvikum reynist þessi ríkisstjórn með öllu kjarklaus og hin mesta gunga, samanber þá aumingjalegu niðurstöðu sem varð gagnvart mögulegri saltsíldarsölu til Sovétríkjanna og mér skilst að verði rædd utan dagskrár síðar á fundinum í dag, en sama er, eftir stendur skömm ríkisstjórnarinnar fyrir það kjarkleysi og þann aumingjaskap sem hún þar sýndi og verður hún lengi uppi ef ekki tekst að hnekkja þessari niðurstöðu.

Þegar til umræðu eru, herra forseti, lánsfjárlögin við 2. umr. er óhjákvæmilegt að minna á þá staðreynd að fjárlög hæstv. ríkisstjórnar sem lánsfjárlög taka mið af eru einhver þau götóttustu sem lengi hafa verið afgreidd. Það er vissulega svo að margt hefur verið umdeilanlegt í forsendum fjárlaga á undanförnum árum, enda hefur gengið svona og svona hjá hinum ýmsu ríkisstjórnum að koma því öllu saman og niðurstaðan oftar en ekki orðið sú að eitthvað hefur farið úrskeiðis og þá oftast á verri veginn. Það er helst í tíð fjmrh. Alþb., þeirra hv. þm. Ragnars Arnalds og Ólafs Ragnars, sem tekist hafi að hafa sæmilegan skikk á þessu um skeið. Sérstaklega var það í tíð þess fyrrnefnda sem varð frægur fyrir að reka ríkissjóð með miklum ágætum um árabil og er auðvitað þegar kominn á spjöld Íslandssögunnar fyrir það afrek að saxa jafnt og þétt á skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann og reka ríkissjóð með þeim hætti.

En hitt er alveg ljóst að í fjárlagafrv., og að nokkru leyti kemur það inn í forsendur lánsfjáráætlunarinnar, eru stórfelld göt hjá hæstv. ríkisstjórn, alveg stórfelld göt. Það er að vissu leyti ljóst að það er eingöngu

dagaspursmál hvenær þessi spilaborg verður meira og minna hrunin hjá hæstv. ríkisstjórn, t.d. varðandi flata niðurskurðinn. Þar er allt í upplausn og allt á flótta. Hæstv. menntmrh. er á handahlaupum í fjölmiðlunun þessa dagana og á flótta undan sínum eigin áformum um niðurskurðinn, byrjar með því að segja: Nei, það er að sjálfsögðu ekki hægt að taka þetta á vormissirinu, það er ekki hægt á miðju skólaári, við verðum að geyma þetta til haustsins. Og þá kemur í ljós að það er ekki nokkur leið að ná öllum þessum niðurskurði jafnvel þó að menn séu tilbúnir að fara út í hina ótrúlegustu hluti eins og að keyra smábörnum fram og til baka á höfuðborgarsvæðinu eins og pinklum. Þá er ekki verið að hafa áhyggjur af því þó að skipt sé um skóla og kennara, nei, nei, heldur verður þeim pakkað inn í rútur eins og bögglum og keyrt fram og til baka. Og fleira af því tagi er jafnvel til umræðu. Eftir sem áður er orðið ljóst í þessu tilviki að áform ríkisstjórnarinnar munu ekki ná fram að ganga og það er gat, hæstv. fjmrh. Það er von að hæstv. fjmrh. sé órór og vilji fara að ljúka afgreiðslu lánsfjárlaga því að hann veit að með hverjum deginum sem líður hrynur meira af þessari spilaborg ríkisstórnarinnar.

Það er einn kostulegur liðurinn í fjárlagafrv. sem á að færa á annan milljarð kr. í tekjur til ríkissjóðs á næsta ári, þ.e. þessu ári, og það er sala ríkisfyrirtækja. Í merkri ræðu sem hæstv. forsrh. flutti fyrir bandormsfrv. í desember, hvað sagði hann þá? Hæstv. forsrh. sagði: „Í byrjun næsta árs verður Búnaðarbankanum breytt í hlutafélag og hann seldur." Nú er þegar komin byrjun næsta árs, þó nokkur byrjun á þessu ári, og ég veit ekki til þess að Búnaðarbankanum hafi verið breytt í hlutafélag enn þá og þaðan af síður að hann hafi verið seldur og enn síður á hálfvirði eins og er hugsun hæstv. fjmrh. Þannig er þarna sömuleiðis á ferðinni stórt gat hjá hæstv. ríkisstjórn fyrir nú utan þá gamansemi að vera með þær hugleiðingar að selja ríkisfyrirtæki fyrir milljarða kr. í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin sjálf hefur t.d. eyðilagt hlutabréfamarkaðinn í landinu samkvæmt yfirlýsingum færustu sérfræðinga og hafa þeir þó sennilega ekki af hugsjónaástæðum mikil tilefni til að gagnrýna Sjálfstfl. En það er engu að síður svo að þessir spekingar á verðbréfamarkaði og hlutabréfamarkaði hafa ósköp einfaldlega viðurkennt að framganga ríkisstjórnarinnar hafi verið skemmdarverk gagnvart þessum ræfli, hlutabréfamarkaðnum, sem enn er á barnsskónum. Og er þá líklegt að það gangi bara si svona í byrjun þessa árs þegar ríkisstjórninni þóknast að henda ríkisfyrirtækjum á markaðinn og fá fyrir þau milljarða kr.? Auðvitað er þetta kjaftæði. — Afsakið forseti, ég leyfi mér að nota venjulega íslensku. — Auðvitað er þetta rugl og mun ekki ganga eftir þannig að þarna er gat, hæstv. fjmrh. Og eigum við að sulla saman lánsfjáraætluninni vitandi það og fáandi um það nýjar upplýsingar dag frá degi að það eru sífellt fleiri og fleiri göt að bætast í þetta sigti hæstv. ríkisstjórnar sem fjárlögin og lánsfjáráætlunin eru?

Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, að nefna lítillega í tengslum við umræður um ríkisfjármálin og sparnaðaráformin, sem ég hef hér lítillega gert að umtalsefni, tilsjónarlögregluna nýju hjá hæstv. ríkisstjórn af því að hér get ég átt orðastað við hæstv. fjmrh. sem að sjálfsögðu er sá maður sem eðlilegt er að snúa sér til fyrst og fremst í umræðum um það kostulega ákvæði þó svo að það vilji þannig til að bandormsfrv. það sem hýsir ákvæðin, ef af verður, sé flutt af hæstv. forsrh. En það er hæstv. fjmrh. sem fer með ríkisfjármálin og á að reyna að hafa bönd á því að útgjöldin séu þar innan settra marka.

Sú niðurstaða sem hæstv. ríkisstjórn slampaðist á þar er náttúrlega með slíkum endemum eins og það ákvæði var upphaflega fram sett í breytingartillöguformi í bréfi frá hæstv. forsrh. að morgni 7. janúar sl. að ég hygg að annað eins sé fáheyrt. Það kom síðan fram á fundum efh.- og viðskn. að það hefur ekkert minnsta samráð verið haft við Ríkisendurskoðun um þetta efni frekar en yfirleitt samráð við nokkurn mann. Nei, nei. Vararíkisendurskoðandi kom á fund okkar í gærmorgun og hafði aldrei verið spurður álits á þessu ákvæði. Það er ekki vegna þess að Ríkisendurskoðun hafi talið það skynsamlega eða nærtæka ráðstöfun sem þetta ákvæði er flutt. Nei, þeim datt þetta í hug einhvers staðar uppi í fjmrn., að sögn í einhverjum sparnaðar- og niðurskurðarhópi sem er aðallega mannaður aðstoðarmönnum ráðherranna, og má svo sem sama vera hvaðan þetta er komið.

En eins og þetta ákvæði er úr garði gert fullyrði ég að það er einhver mesti bastarður sem sést hefur í tillögum um breytingu á stjórnsýslunni í landinu og ber þá margt til, fyrir það fyrsta hvernig það er fram sett. Það er sett fram í frv. um efnahagsráðstafanir en ekki á þeim stað sem það ætti þá að vera, í ákvæðum stjórnsýslulaga, í það samhengi sem önnur stjórnsýsla er sett í landinu og væri þar í fyrsta lagi mikill munur á. En mestu skiptir þó að þarna er á skjön við allt annað og þvert ofan í öll önnur lagafyrirmæli í landinu sett inn ákvæði um ákvarðanatöku og vald þessara tilsjónarmanna sem eru nú skammstafaðir eða styttir í daglegri umræðu úti í þjóðfélaginu núna og er víst ekki við hæfi að fara með í ræðustóli á hinu virðulega Alþingi en allir vita við hvað er átt. (**Fjmrh.:** Þú skalt bara segja það.) Hæstv. fjmrh. er eitthvað órór, herra forseti. Ég bendi á að það er hægt að ná í róandi ef þetta kemur til með að fara úr böndunum hjá hæstv. fjmrh. og bendi forseta á að það er oft hægt að leysa ýmis mál með þeim hætti þó að það sé að vísu farið að kosta mikla peninga.

En þetta er nú svona, þetta ákvæði, herra forseti, að ég fullyrði að það er leitun að annarri eins hugmyndaauðgi og þeirri að láta sér detta í hug að setja með sérstöku lagaákvæði ákvarðanatöku og vald í hendur einhverra tilsjónarmanna sem koma utan úr bæ, banka upp á dyrnar hjá einstökum stofnunum og fyrirtækjum hins opinbera, víkja til hliðar ráðnum eða kosnum forstöðumönnum og ábyrgðarmönnum viðkomandi starfsemi án þess að nokkuð sé kveðið á um hvernig ábyrgð dreifist þá, hver ber ábyrgð ef eitthvað fer úrskeiðis eftir að hinir nýju tilsjónarmenn eru komnir inn á stofnunina o.s.frv. Hvernig kemur þetta við sérlög sem mæla fyrir um verksvið viðkomandi forstöðumanna eða kjör-

inna stjórna eins og getur átt við í fjölmörgum tilvikum? Dæmi: Ríkisspítalar, Síldarverksmiðjur ríkisins eða eitthvað þvíumlíkt. Hvernig kemur þetta við starfslýsingu og ráðningarsamninga viðkomandi opinberra starfsmanna? Hefur það verið athugað? Svarið er nei. Enginn hefur skoðað það. Væri ekki með þessu verið að brjóta jafnvel samningsbundinn rétt ráðinna starfsmanna ríkisins á grundvelli tiltekinnar starfslýsingar og ráðningarsamnings? Fjölmörg álitamál af þessu tagi, en þó síðast en ekki síst skörun við lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, hljóta að koma upp og það ótrúlega er upplýst að hæstv. forsrh. hendir þessu ákvæði fram í bréfi til efh.- og viðskn. 7. janúar sl. án þess að litið hafi verið á nokkur lögfræðileg álitamál í þessum efnum. A.m.k. hefur lítið farið fyrir gögnum til nefndarinnar fyrr en um þau var beðið í þessu sambandi. Og þegar aðstoðarmenn ráðherranna komu á fund nefndarinnar til að útskýra hugsunina á bak við þetta ákvæði, ef einhver væri, og þeir voru spurðir um lagatilvitnanir í þessum efnum stóðu þeir á gati og urðu að viðurkenna að þeir gætu ekki númerað upp eina einustu lagagrein í lagasafninu til þess að styðjast við hliðstæður eða fordæmi í þessum efnum. Hv. formaður efh.- og viðskn. greip til þess í þeim þrengingum sem stjórnarliðar voru í þessu máli að fara í fjölmiðla og fullyrða að í frv. til laga um Stjórnarráð Íslands, sem lagt var fram af fyrrv. forsrh. til kynningar á Alþingi vordagana 1990, væri um hliðstæðu að ræða. Þetta er rangt sem augljóslega sést ef texti þessara frv. er borinn saman. Þar er eingöngu um að ræða eftirlitsmöguleika viðkomandi ráðherra sem reyndar eru þegar fyrir hendi og það er eingöngu unnt að beita þeim að undangengnum þeim lögformlegu aðgerðum sem lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna kveða á um, þ.e. að því undangengnu að menn hafi ekki brugðist við hafandi fengið ábendingar með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir. Þess vegna er hér um ósambærilega hluti að ræða, auk þess sem þarna var á ferðinni ákvæði sem átti að koma inn í stjórnarráðslög og reyndar var það svo, svo að öllu sé til haga haldið, og veit hv. formaður efh.- og viðskn. þetta þá vonandi í eitt skipti fyrir öll: Þetta frv. var lagt fram til kynningar óbreytt eins og nefnd hafði gengið frá því án þess að þáverandi stjórnarflokkar tækju afstöðu til þess. Reyndar lá fyrir að fjölmargar athugasemdir voru gerðar við frv. bæði af flokkunum, af til að mynda öllum ráðuneytisstjórum og fleiri aðilum. Þá hef ég gert þannig grein fyrir þessu, herra forseti, að ég vona að frekari misskilningur verði ekki uppi í því efni.

Það væri, herra forseti, að lokum ákaflega gaman að taka sér einhvern tíma tíma í þetta plagg, þessa Þorláksmessuskýrslu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar um fortíðarvandann, þetta merka rit sem kom út 23. desember anno domini 1991, fortíðarvandaskýrslan í fölblárri kápu. Eru það sennilega þau áhrif sem Alþfl. hefur í málinu að liturinn er fölblár.

Það sem vekur fyrst og fremst athygli mína er sú kostulega verklýsing sem þessi fortíðarvandanefnd hefur fengið. Ég leyfi mér að spyrja t.d. hæstv. fjmrh. sem eðlilegt væri að væri að grúska í hvaða skuldbindingar hafa lagst á ríkissjóð á undanförnum árum ef menn eru að velta því fyrir sér: Telur hæstv. fjmrh. þau fyrirmæli sem fortíðarvandanefndin fékk í erindisbréfi sínu vel til þess fallin að fá þá hlutlægu úttekt á þessum málum sem nauðsynleg væri? Nú er ég ekki að saka þessa ágætu menn um að hafa í sjálfu sér unnið óheiðarlega á nokkurn hátt, en ég held að það sé óhjákvæmilegt að benda á það, úr því að verið er hér að ræða ríkisfjármál og stöðu m.a. sjóðanna sem um er fjallað í lánsfjáráætlun, að erindisbréf hæstv. forsrh. til nefndarinnar er jafnsérkennilegt og raun ber vitni. Það segir í 1. lið að hlutverk nefndarinnar skuli vera að afla upplýsinga um þann fjárhagsvanda sem hingað til hefur ekki verið gerð grein fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Auðvitað er þetta rangt. Þetta er í fyrsta lagi rangt vegna þess að við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár hefur verið gerð grein fyrir heilmiklu af því sem hér er verið að tala um. Í fylgiskjölum með fjárlagafrv. a.m.k. undanfarin ár hafa fylgt upplýsingar um skuldbindingar byggingarsjóðanna svo að dæmi sé tekið. Það hefur verið rætt um fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar o.fl. Þarna er fyrsta rangfærslan en það setur hlutina í ákveðið samhengi. Það er verið að reyna að segja með erindisbréfi: Grafið upp það sem var verið að leyna. Komið nú upp um strákana.

Síðan segir að það sé nauðsynlegt að nefndin geri tillögur um leiðir til að einangra þennan fortíðarvanda, einangra hann, þannig að með skýrum hætti megi draga markalínu milli þess sem hefur viðgengist og þess sem er fyrirhugað. Og í þriðja lagi að afla upplýsinga um orsakir þess að framangreindur vandi náði að safnast upp án þess að á honum væri tekið.

Sem sagt, erindisbréf nefndarinnar er fullt af fullyrðingum og í raun og veru rangfærslum af þessu tagi. Það er bersýnilegt að það er verið að setja hér á fót nefnd til að reyna að búa til sakaregistur fyrir allar fyrri ríkisstjórnir í landinu. Þarna er þetta plagg og þetta bréf svona gegnsýrt af þessum hugsunarhætti hæstv. núv. forsrh. sem er á því stigi að maður veit ekki hvaða lýsingarorð maður á að nota um hann, en hann kemur upp um sig aftur og aftur og aftur og aftur og m.a. með þessum hætti. Og er það þá furða þó að starfsmaður nefndarinnar, Guðmundur Árnason, sé ekki hagfræðingur, nei, heldur stjórnmálafræðingur að mennt. Það er fullkomlega rökrétt að þessi nefnd skyldi ekki ráða sér mann sem hefur vit á fjármálum í þeim skilningi að vera hagfræði- eða viðskiptafræðimenntaður, endurskoðandi eða eitthvað af því taginu. Ónei. Það var fullkomlega rökrétt að ráða einmitt stjórnmálafræðing því að þetta er pólitísk nefndarskipun, pólitískt erindisbréf, sakfellingarverklýsing sem þessi nefnd fær. Og ég hefði gaman af því að heyra eitthvað frá hæstv. fjmrh. um það hvort hann sé mjög stoltur af þessu erindisbréfi nefndarinnar og telji að það hafi verið líklegt til að greiða götu hlutlægs mats á þessum málum því að ég á ekki von á að hæstv. forsrh. hinn óskeikuli hafi mikið að athuga við þetta orðalag hjá sjálfum sér.

Herra forseti. Ég veit ekki hvað maður á að taka mikið fleira undir við þennan hluta umræðnanna. Satt

best að segja er það svo að manni finnst naumast taka því að fara efnislega ofan í hina einstöku þætti. Þeir eru í sjálfu sér flestir smámunir borið saman við þá dapurlegu heildarmynd sem hér er á ferðinni og þá niðurstöðu af þessu lánsfjárlagafrv. og fjárlögum og stefnu ríkisstjórnarinnar sem blasir við og er auðvitað fullkomin óvissa og upplausn í efnahagsmálum, vaxtamálum og peningamálum þjóðarinnar sem leiðir síðan af sjálfu að veldur óviðunandi ástandi fyrir þá aðila vinnumarkaðarins og fleiri sem þyrftu að vera í færum um að gera kjarasamninga og leggja þannig grundvöll að einhverri kjölfestu mála í framtíðinni.

Það er þó eitt lítið atriði sem ég kemst ekki hjá að nefna og það varðar lið sem mikið hefur verið til umræðu á undanförnum árum og m.a. hæstv. núv. landbrh. og samgrh. hefur oft talað hátt um hér hinum megin við vegginn í efri deild sálugu meðan hún var og hét og það eru lánafyrirgreiðslur til skipaiðnaðarins á þessu nýbyrjaða ári. Ég man eftir býsna miklum hávaða í efri deild sálugu út af því þegar hæstv. landbrh. og samgrh. taldi að ekki væri nógu vel búið að þessari lánafyrirgreiðslu til skipasmíðaiðnaðarins. En satt best að segja varð ákaflega veiklulega frá þeim hlutum gengið í afgreiðslu meiri hlutans í þessum efnum. Það var ósköp einfaldlega þannig að á allra síðustu stundu var brugðist við aðsendum erindum um þetta þar sem óskað var eftir því að sambærilegar heimildir yrðu til lánafyrirgreiðslu til skipasmíðaiðnaðarins og verið hafa undanfarin ár — velkominn hæstv. umhvrh. — en það var gert með því að kalla á síðustu stundu fyrir forsvarsmenn skipasmíðaiðnaðarins og Byggðastofnunar og það var upplýst að Byggðastofnun hefði ákaflega lítið svigrúm til að leggja fé í þetta. Þó gæti það gengið svona upp undir 50 millj. kr. en ekki meir að mati forstöðumanns Byggðastofnunar. Það var eftir sem áður upplýst að ef eitthvað að ráði yrði úr viðgerðarverkefnum og endurbyggingarverkefnum í innlendum skipasmíðum hér á þessu ári gæti fjárþörfin miðað við fyrra ár farið upp í tölur af stærðinni 60–75 millj. kr. Þarna er vísað, samanber síðan afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar, á ákaflega veikar forsendur í þessu máli. Og ég átel að menn skyldu ekki treysta sér til þess, eins og m.a. við í minni hlutanum buðum upp á, að hækka þá lántökuheimildir Byggðastofnunar um eins og 50 millj. þannig að öruggt væri að hún gæti mætt þessu verkefni með sómasamlegum hætti.

Herra forseti. Ég ætla svo að lokum að greina frá lítils háttar samantekt sem ég hef hér gert og er í ellefu tölusettum liðum m.a. til þess að þeim mönnum innan ríkisstjórnarinnar sem eiga ákaflega erfitt með að hugsa rökrétt nema geta tölusett hugsun sína í fyrsta, öðru og þriðja lagi og þá gjarnan talið á fingrum sér mætti verða þetta að nokkru liði eins og ég set þetta fram. Þetta er listi yfir helstu fórnarlömb ráðstafana ríkisstjórnarinnar. Þetta er ekki bestukaupalisti, þetta er ekki einhver velvildarlisti ríkisstjórnarinnar, því miður, heldur er þetta akkúrat öfugt, listi yfir þá aðila í þjóðfélaginu, einstaklinga, hópa, samtök og aðila sem ég tel að verði fyrir þyngstum búsifjum í þessum efnum. Ég hef gert svolítið af því að reyna að taka saman hvernig þessir hlutir í heild sinni koma við hina einstöku hópa, svo sem eins og sjávarútveginn eða sveitarfélögin í landinu. Það skortir að mínu mati stórlega á upplýsingar í þessum efnum, að unnin sé samantekt um útkomu hinna einstöku aðila í þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarnnar, t.d. sjúklinga af því að ég sé hina heilbrigðu ásjónu hæstv. heilbrrh. koma í salinn. Það vantar t.d. alveg að þeir sem eiga að gæta hagsmuna sjúklinga í þjóðfélaginu, sem við héldum þangað til á sl. ári að væri heilbrrn. en síðan hefur eitthvað allt annað komið í ljós, taki sig til og geri úttekt á því hvernig þessi hópur í heild sinni verður fyrir barðinu á þessum ráðstöfunum. Ég óskaði t.d. eftir því í gær að félmrn. gerði svona úttekt á útkomu sveitarfélaganna í fjárlögum og ráðstöfunum ríkisfjármála. Það barst í morgun bráðabirgðaúttekt á því hvernig sveitarfélögin koma út úr bandormsfrv. einu saman.

Ég ætla þá að fara yfir þetta og fer fljótt yfir sögu því að mér skilst að ætlunin sé að taka fyrir annað mál innan fárra mínútna.

1. Sjávarútvegurinn. Það hefur verið upplýst í umræðum um fjárlög, lánsfjárlög og ríkisfjármál að nýjar álögur á sjávarútveginn í landinu eru 800–1.100 millj. kr. Þessu hefur ekki verið mótmælt.

2. Það hefur verið upplýst að nýjar álögur á sveitarfélögin, einhliða álögur, eru 700 til rúmlega 1.000 millj. kr. og er þá vægt reiknað. Samkvæmt mati félmrn. eru áhrifin af bandormsfrv. einu á milli 600–700 millj. kr. til íþyngingar fyrir sveitarfélögin og eru þá lögð saman áhrifin af lögguskattinum, áhrifin af því að skylda sveitarfélögin til að leggja fram 3,5% af kostnaðarverði hverrar einustu félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu og fleira þar fram eftir götunum.

3. Ég nefni alla launamenn í landinu. Samkvæmt upplýsingum Alþýðusambands Íslands er kjaraskerðing launamanna um 2% sem leiðir eingöngu af samþykkt fjárlaganna og ráðstafana í ríkisfjármálum, um 1% vegna skattahækkana og um 1% vegna gjaldskrárhækkana og þjónustugjalda.

4. Kem ég þá að sérstökum hópum eða aðilum í þessu sambandi sem eru á þessu syndaregistri, afrekaskrá hæstv. ríkisstjórnar: Barnafjölskyldurnar í landinu. Þar er um 500 millj. kr. skerðingu að ræða á hinum tekjutengda hluta barnabótanna og var það afgreitt rétt fyrir jólaleyfi.

5. Ég nefni námsmenn. Í fimmta sæti á þessum lista hef ég námsmenn. Það liggur fyrir að í fyrsta lagi hafa verið tekin upp skólagjöld á háskólastigi sem nemendur þar verða að borga eða stuðningsmenn þeirra og í öðru lagi verða námslán stórskert og hafa reyndar þegar verið til þessa hóps þannig að námsmenn koma þarna í fimmta sæti.

6. Aldraðir. Þar er fyrst og fyrirferðarmest skerðing grunnlífeyris sem verið er að ræða þessa dagana í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum og reyndar koma fjölmargar aðrar aðgerðir hæstv ríkisstjórnar einnig sérstaklega við gamalt fólk. (Forseti hringir.) — Ég er rétt að ljúka máli mínu, forseti. Ef ég fengi eins og 2–3 mínútur í viðbót mundi það duga. (**Forseti:**

Eins og hv. þm. veit á að hefjast utandagskrárumræða, en ef þingmaðurinn á stutt eftir að ræðunni munum við ljúka umræðunni.) Ég þakka herra forseta fyrir það. Það er nóg um að ræður séu slitnar í sundur, jafnvel heil áramót líði inni í miðjum ræðum manna.

7. Ég var kominn að því að nefna þá sem eru í 7. sæti á þessum lista. Ég tek fram að hér er ekki endilega um áherslu- eða mikilvægisröð að ræða. Það er þessi öfugi vinsældalisti ríkisstjórnarinnar, topp tíu, ef svo má að orði komast, hjá ríkisstjórninni. Í 7. sæti er ég með sjúklinga og aðra þá viðskiptamenn heilbrigðisþjónustunnar í landinu sem nú taka á sig aukinn lyfjakostnað, greiðslur vegna þjónustu svo nemur augljóslega hundruðum millj. kr. Sjöunda sætið fellur sem sagt í skaut sjúklinga og annarra viðskiptamanna heilbrigðisþjónustunnar.

8. Í 8. sæti er ég með sjómannastéttina í landinu sem hefur orðið fyrir margföldum áföllum, flestum af völdum ríkisstjórnarinnar. Til viðbótar þeim aflasamdrætti sem aðstæður skapa kemur þar skertur sjómannafrádráttur og nú að taka á af sjómönnum réttinn til þess að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur. Í reynd verður hann afnuminn með ákvæðum ráðstafana ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum þannig að 8. sætið fellur sjómönnum í skaut.

9. Í 9. sæti set ég opinbera starfsmenn. Þar eru á ferðinni réttindasvipting, uppsagnir, tilsjónarlögreglan er auðvitað sérstaklega sett til höfuðs opinberum starfsmönnum, sérsveitir ríkisstjórnarinnar, stakkarnir nýju eru auðvitað sérstaklega settir til höfuðs opinberum starfsmönnum og þeim sem fara með forsjá og bera ábyrgð. Ég nefni hinn flata niðurskurð og ég nefni t.d. hluti eins og hækkun á aukatekjum ríkissjóðs sem bitnar sérstaklega á ýmsum hópum opinberra starfsmanna.

10. sætið og ekki endilega það síðasta skipa ég börnum landsins. Þar er á ferðinni hópur sem er að fá á sig stórfelld áföll þessa dagana fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar. Það er verri skóli og það er lakari aðbúnaður að þeim á ýmsan hátt þannig að 10. sætið skipa börn landsins.

Síðan leiðir það af sjálfu að fjölmargir af þessum aðilum og auk margra annarra sem þarna mætti því miður bæta við verða fyrir mörgum af þessum hlutum. T.d. er það þannig að barnmargir sjómenn fá þarna verri hlut en þeir sjómenn sem ekki hafa fyrir barnafjölskyldum að sjá og við getum áfram haldið í öðru lagi með sjómannafjölskyldur sem eiga börn þar sem um veikindi er að ræða. Það leggst þá á þær fjölskyldur með þreföldum hætti. Og við gætum haldið áfram og sagt í þriðja lagi: Sjómannafjölskylda, barnmörg, þar sem hvort tveggja er við að glíma veikindi annars vegar og hins vegar að eitt til tvö elstu börnin sæki háskóla og fái skert námslán og skólagjöld o.s.frv. Þannig er augljóst mál að ýmsir hópar geta þarna orðið fyrir barðinu á þessum árásum ríkisstjórnarinnar með margföldum hætti og er ástæða til að ætla að það sé í fjölmörgum tilvikum.

En að lokum, herra forseti, og er ég nú alveg að ljúka máli mínu eins og ég lofaði. Í 11. sætinu, því þetta er svolítið óvenjulegur listi að þessu leyti til að hann er ekki með tíu sæti heldur ellefu, eru þeir sem ekki eru á listanum. Kannski er það þegar upp er staðið athyglisverðast af öllu hverjir eru ekki á listanum. Og hverjir eru það? Það eru ekki hátekjumenn, a.m.k. ekki ef þeir eiga ekki börn og það er ekki stóreignafólk. Í engum af þessum ráðstöfunum, sem eru fjölmargar og á dreif út um fjárlagafrv., ráðstafanir í ríkisfjármálum og fleiri sérmál sem tengjast afgreiðslu þessa pakka, í engu tilviki er hátekjufólk á ferðinni. Og í engu tilviki er hróflað við stóreignamönnum, ekki í einu einasta tilviki þó að með margvíslegum hætti og oft aftur og aftur sé ráðist að sjómönnum, öldruðum, sjúklingum og öðrum slíkum. En markhópurinn hátekjufólk og markhópurinn stóreignamenn er ekki til þarna, finnst ekki og þess vegna kemur 11. sætið til þeirra á þessum lista mínum sem ekki eru á honum, þ.e. hátekjumönnum og stóreignafólki. Þar eru bandamenn ríkisstjórnarinnar, þar eru vinir hennar og þeirra velgerðarmaður er hún auðvitað þessi ósvikna afturhalds hægri stjórn sem formaður þingflokks Alþfl. er svona hreykinn af að styðja.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) (*andsvar*): Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt um lítinn þátt úr langri ræðu síðasta hv. ræðumanns.

Seðlabankinn hefur með bréfi sem ég las í gær lýst því yfir að ekki hafi verið um neina verðbólguspá að ræða, en hv. ræðumaður endurtók a.m.k. tví- eða þrívegis að um verðbólguspá Seðlabankans hefði verið að ræða. Það er ekki rétt samkvæmt því bréfi sem ég hef undir höndum og hef þegar lesið í þinginu.

Hv. ræðumaður sagði líka að það væri biblía fyrir hv. alþm. að lesa grein úr Hagtölum mánaðarins, desembermánuði, um vaxtaþróun 1991. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa upphaf greinarinnar. Hún er svohljóðandi:

„Á árinu 1991 hefur peningalegur sparnaður dregist saman og lánsfjáreftirspurn aukist. Þessar aðstæður hlutu að valda hækkun vaxta. Framan af árinu héldu ríkissjóður og innlánsstofnanir þó að sér höndum með vaxtabreytingar þrátt fyrir vaxandi verðbólgu. Það leiddi til þess að raunvextir óverðtryggðra inn- og útlána lækkuðu verulega. Fjáröflun ríkissjóðs fór úr skorðum og illa horfði um afkomu innlánsstofnana. Á verðbréfamarkaðnum urðu hins vegar raunvaxtahækkanir á tímabilinu febrúar til maí, t.d. í viðskiptum með húsbréf. Síðustu vikur þess tímabils var ávöxtun slíkra bréfa hærri en meðalvextir verðtryggðra bankaútlána."

Svo er þessu lýst og sagt að húsbréfaávöxtunarkrafan hefði farið upp í 8,4 í maí og eins með spariskírteini upp í 8,65. Þetta er órækasti vitnisburðurinn um hvert stefndi í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Síðan segir Þjóðviljinn, það er að síðustu forseti sem mig langar til að minnast á það, í dag frá umræðum sem hér urðu í gær þegar ég gat um vaxtalækkun á spariskírteinum, að það hafi ég gert undir fyrirsögninni „Engar vaxtalækkanir í nánd". Mér fannst ræða hv. síðasta ræðumanns vera í stíl við þennan fréttaflutning blaðsins sem styður stefnu hv. síðasta ræðumanns.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að þeir seðlabankamenn eru orðnir feimnir við að kalla verðbólguspána sína verðbólguspá. Það kom fram í efh.- og viðskn. og það geta aðrir nefndarmenn staðfest að bæði talsmenn viðskiptabankanna og reyndar talsmenn Seðlabankans sjálfs voru svolítið kindarlegir þegar þeir ræddu um þessa verðbólguspá sem ekki er verðbólguspá. Ég man ekki nákvæmlega hvaða nafn var verið að reyna að gefa henni, eins konar leiðsögn eða tilsögn um vaxtaþróunina, en það mátti bara ekki kalla hana spá af tilteknum ástæðum. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. En það er engu að síður álit Seðlabankans sem viðskiptabankarnir vita af um verðbólguþróunina og það álit sem viðskiptabankarnir styðjast við er um tvöfalt hærra en núverandi verðbólgustig. Það er staðreynd.

Varðandi svo það hvort hér verði vaxtalækkun eða ekki vaxtalækkun, þá ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. í einlægni: Ætlar hann sér virkilega að byggja málflutning sinn á næstu dögum og vikum upp á því að hann ætli að lækka vextina á ríkisskuldabréfunum um 0,2% til þeirra sem hvort sem er eru með bundna áskrift að bréfunum, að út á það og það eitt eigi að verða vaxtalækkun í landinu? Hæstv. fjmrh. er þar með líka að lýsa því yfir að það standi ekki til að lækka vextina á almennu skuldabréfunum og viðskiptabankarnir hafa lýst því yfir að þá verði engin vaxtalækkun af ástæðum sem ég fór rækilega yfir hér áðan. Þjóðviljinn fer auðvitað með rétt mál sem ég gerði og hér áðan. Út á þessi 0,2%, hæstv. fjmrh., til áskrifendanna verður engin vaxtalækkun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um það sem hér kom fram. Það er ekki rétt, sem fram kom í fyrirspurn hv. þm., að ríkisstjórnin hyggist ekki reyna að grípa til þeirra aðgerða sem geta lækkað vexti. Það hefur margoft komið fram, kom síðast fram í blaðagrein í Morgunblaðinu fimmtudaginn 9. janúar og ég lýsti því líka í gær, en sjálfsagt hefur hv. þm. misst af því. En það var athyglisverðast í svari hv. þm. við andsvari mínu að hann sagði ekki eitt einasta orð um það sem stóð í þeirri grein sem hann taldi vera biblíu um vaxtamálin og hlýtur það þá að standa þannig að hv. þm. viðurkennir þá slöku efnahagsstefnu sem fram kom hjá síðustu ríkisstjórn síðustu mánuði sem hún starfaði. Ég held að svar hans hafi staðfest það í eitt skipti fyrir öll og vonast ég til þess að þetta sé honum lexía næst þegar hann reynir að meðhöndla sannleikann í ýmsum málum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virðist ekki lesa vel Hagtölur mánaðarins því að þetta er nokkurn veginn sami texti og er búinn að standa þar síðan í vor og þetta eru engar nýjar fréttir frá þeim Birgi Ísleifi og Jóhannesi að þeir voru ekki mjög hrifnir af síðustu ríkisstjórn. Það vissum við lengi sem í henni sátum.

Það sem ég var sérstaklega að vitna í að væri athyglisvert í þessari grein er sú staðfesting á því sem m.a. línuritin sýna mjög ótvírætt á þessum blaðsíðum að það voru ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar og sérstaklega hæstv. fjmrh. í maí sl. sem fíruðu raunvaxtastiginu í landinu upp um 25% og þar er það síðan. Það er það stórkostlega og merkilega í þessari grein en ekki þessir hefðbundnu textar Jóhannesar og Birgis.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. fór enn einu sinni með villandi upplýsingar um álögur á sjávarútveginn í fjárlögum þessa árs. Hann hefur tönnlast á þessu í hverri ræðunni á fætur annarri í öðru hverju máli sem hér hefur verið til umræðu. Sannleikurinn er vitaskuld sá að þær 525 millj. kr. sem fara til Hafrannsóknastofnunar af andvirði aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins eru ekki nýjar álögur. Þessar aflaheimildir voru teknar af sjávarútveginum í tíð fyrri ríkisstjórnar, voru þá álögur á sjávarútveginn til ákveðinna verkefna í þágu sjávarútvegsins, er enn varið til verkefna í þágu sjávarútvegsins þó að það séu önnur verkefni en fyrri ríkisstjórn ákvað. Það eru þess vegna alveg staðlausir stafir að hér sé um nýjar álögur á sjávarútveginn að ræða.

Hitt er svo rétt að hækkun á veiðieftirlitsgjaldi á þann veg að útvegurinn borgi það nú að fullu í staðinn fyrir helming áður felur í sér nýjar álögur á sjávarútveginn sem nemur um 40 millj. kr. Það er satt og rétt og ef hv. þm. ætlar sér að halda áfram að flytja ræðurnar um auknar álögur á sjávarútveginn, þá getur hann nefnt þá tölu. Hún er sönn og hún er rétt. Hún felur í sér nýjar álögur á sjávarútveginn upp á 40 millj. kr. Hitt eru staðlausir stafir með þessar rúmu 500 millj. sem teknar eru af andvirði aflaheimilda Hagræðingarsjóðs. Þær höfðu áður verið teknar af sjávarútveginum. Þeim er nú varið til nýrra verkefna í þágu sjávarútvegsins.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt hvernig ráðherrar Sjálfstfl. tefja að sú umræða sem tímasett hafði verið komist á dagskrá og það er algerlega tilgangslaust hjá þeim því að ekki bæta þeir málstað sinn með því sem þeir hafa verið hér að flytja.

Það er þannig, herra forseti, að einhvern tíma í vor eða sumar eða e.t.v. undir haust munu eigendur allra skipa á Íslandi fá bréf frá hæstv. sjútvrh. þar sem hann býður þeim að kaupa hluta af veiðiheimildunum sem þeir hafa haft undanfarið og senda sér ávísun og samtals verður nafnverð þessara ávísana 525 millj. kr. Svona bréf hafa útgerðarmenn í landinu aldrei fengið áður. Þeir hafa aldrei þurft að borga fyrir þessar veiðiheimildir. Þeir hafa aldrei þurft að greiða neitt fyrir þær. Það sem nýtt er í málinu og hæstv. sjútvrh. veit er að í fyrsta sinn mun rekstur þeirrar þjónustustofnunar sjávarútvegsins sem hér á í hlut, Hafrannsóknastofnunar, ekki greiðast úr sameiginlegum sjóði landsmanna heldur verður byrðunum af þeim rekstri velt

yfir á sjávarútveginn og allir eigendur skipa í landinu þurfa nú næsta haust að senda hæstv. sjútvrh. ávísun til að borga þann rekstur. Það hafa þeir ekki þurft undanfarin ár. Það er held ég skýrasta aðferðin til að skýra það fyrir hæstv. sjútvrh., sem virðist eiga ákaflega erfitt með að skilja þetta, að hér er um nýjar álögur á sjávarútveginn að ræða. Karlarnir munu skilja það í haust. Karlarnir munu átta sig á því þó það verði ekki fyrr en í sumar þegar bréfin koma til þeirra þar sem þeim verður boðið að kaupa kvótann. Og þá verður fjör, ég spái því og hef áður spáð.

Síðan hafði hæstv. sjútvrh. ekki einu sinni fyrir því að fara rétt með aðrar álögur því þær eru meiri en tvöföldun veiðieftirlitsgjaldsins. Það hefur meira að segja sjútvrn., hans eigin ráðuneyti, viðurkennt í bréfi til mín því að til viðbótar tvöföldun veiðieftirlitsgjalds er um að ræða hækkun á þjónustugjöldum, bæði hjá Ríkismati sjávarafurða og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og þar er um að ræða greiðslur í hinn nýja iðgjaldasjóð ábyrgðar vegna launa í gjaldþrotum ef hann verður settur á fót. Fleira og fleira mætti telja sem telur sig samanlagt upp á þessar 800–1.000 millj. kr. sem ég hef rækilega sannað að eru í vændum í formi nýrra álagna á sjávarútveginn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru hálfmáttlaus andsvörin hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann á sér lítið annað til málsvarnar en telja það vera tímatöf í þinginu þegar svo augljósar villur í málflutningi eru leiðréttar í umræðum um andsvör.

Hv. þm. vitnaði svo til þess að síðar á þessu ári yrðu útgerðaraðilum boðnar aflaheimildirnar til kaups með forkaupsrétti á gangverði. Það er alveg satt og rétt. En lagaákvæðin um að þessar aflaheimildir skyldu boðnar útgerðarmönnum til kaups á gangverði voru settar í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þær voru settar með atkvæði hv. þm. Þær standa óbreyttar í því frv. til laga sem liggur fyrir þessu þingi. Þau kaup sem fram fara í haust fara fram á grundvelli þessara skýru lagaákvæða og það voru þau sem hv. þm. vitnaði til. Það er þess vegna augljóst og enn skýrar eftir að hv. þm. tók til máls að hér er ekki um nýjar álögur að ræða. Hér er verið að bjóða þessar aflaheimildir til kaups á grundvelli þeirra lagaheimilda sem settar voru í tíð fyrri ríkisstjórnar, fluttar af þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. átti sæti í og urðu að lögum með atkvæði hv. þm.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér dettur helst í hug að hæstv. sjútvrh. hafi einhvern tíma verið í Heimdalli. Þannig er málflutningur hans.

Hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson verður fyrsti sjútvrh. á Íslandi sem skrifar undir bréf þar sem útgerðarmönnum verður boðið að borga 525 millj. kr. fyrir aflaheimildir á Íslandsmiðum.

Í öðru lagi er það þannig að hið myndarlega framlag hæstv. sjútvrh. til hafrannsókna á Íslandi úr ríkissjóði er um 70 millj. kr. í ár. Það var 500 millj. kr. á síðustu fjárlögum. Það segir það sem segja þarf um hvað er að gerast hér. Það er verið að færa rekstur Hafrannsóknastofnunar í formi nýrra álaga yfir á sjávarútveginn svo nemur nýjum útgjöldum fyrir sjávarútveginn í landinu fyrir þjónustu sem áður hefur verið greidd af landsmönnum öllum úr ríkissjóði svo nemur 525 millj. kr. Framlög hins opinbera til hafrannsókna dragast saman úr ½ milljarði í eitthvað á milli 60–70 millj.

Ef þetta dugar ekki sem aðferð til að útskýra þetta fyrir hæstv. sjútvrh., þá er ég algerlega þrotinn og bið aðra hv. alþm., sem eru kannski vanir kennslu í grunnskólum eða jafnvel gagnfræðaskólum, að aðstoða mig við að reyna að útskýra þetta fyrir hæstv. sjútvrh. að lokum áður en þingið fer í leyfi þannig að hann skilji það. (**SvG:** Þetta er sérkennsluverkefni.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 382, sem var of seint fram komin, samþ. með 33 shlj. atkv.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til samninga um sölu á saltsíld til Rússlands.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og tilkynnt var í upphafi fundarins fer nú fram umræða utan dagskrár um afstöðu ríkisstjórnarinnar til samninga um sölu á saltsíld til Rússlands. Umræðan er að beiðni hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, og mun fara fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa. Samkvæmt áðurnefndu þingskapaákvæði má málshefjandi tala í allt að þremur mínútum, en aðrir þingmenn og ráðherrar í allt að tveimur mínútum. Enginn má tala oftar en tvisvar. Umræðan skal ekki standa lengur en hálftíma.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Undanfarnar vikur hefur ríkisstjórnin og bankakerfið í landinu verið að velta því fyrir sér hvort þau eigi að stuðla að sölu á 300 þús. tunnum af saltsíld til Rússlands. Þetta er spurningin um afrakstur af 40 þús. tonna síldarafla, hvort hann fer í bræðslu einvörðungu eða hvort hann verður saltaður til manneldis fyrir Rússlandsmarkað. Mismunurinn á verðmæti fyrir þjóðarbúið er gróft reiknað um 1 milljarður eða 1.000 millj. kr. Það er sú vinningsvon sem við hefðum af því að greiða fyrir sölu á saltsíld með lánafyrirgreiðslu.

Þann 4. des. sl. var undirritaður tveggja ára viðskiptasamningur milli Íslands og Rússlands eftir nokkurra mánaða samningaviðræður. Þetta var þriðji formlegi viðskiptasamningurinn sem rússneska lýðveldið gerði við erlent ríki og var það talið jákvætt af íslenskum samningamönnum og talið bera vott um traust

á Íslandi sem viðskiptaaðila af hálfu rússneskra ráðamanna. Það verð sem samið var um á saltsíld var mun betra en á horfðist um tíma. Viðskiptasamningurinn gerir ráð fyrir jafnvægi í viðskiptum landanna á þessu tímabili. Fyrirvari var af hálfu Rússa við undirritun um að samkomulag tækist um bankaviðskipti milli utanríkisviðskiptabanka Rússlands og Landsbanka Íslands.

Vegna saltsíldarsamningsins leitaði Landsbankinn eftir áliti ríkisstjórnarinnar með bréfi 13. des. Það tók ríkisstjórnina fjórar vikur að svara þessu erindi og þegar það loks var gert sl. föstudag leiddi svar ríkisstjórnarinnar til þess að Landsbankinn neitaði beiðni síldarútvegsnefndar um lánafyrirgreiðslu við Rússa vegna kaupanna. Orðrétt sagði Sverrir Hermannsson, bankastjóri Landsbankans, um þessa synjun bankans í fréttatíma sjónvarpsins í gærkvöld:

„Við töldum okkur hér hafa ástæðu til að slá til með þetta, en áhætta fylgir þessu að sjálfsögðu, það vitum við vel, og þess vegna þurftum við að leita til ríkisstjórnar sem gert hafði viðskiptasamning við þetta nýja ríki og fá álit hennar og svo Seðlabankans á þessu og það er tvímælalaust og eftir því hljótum við, ríkisbankinn, að fara."

Þetta voru orð bankastjóra Landsbankans.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að þessi afstaða ríkisstjórnarinnar eins og hún kemur fram í svari viðskrn. nú fyrir helgina stöðvar þessi viðskipti. Allt er þetta afar sérkennilegt eins og það birtist okkur alþingismönnum og þjóðinni og kallar á skýringar. Í húfi geta verið framtíðarhagsmunir okkar Íslendinga í viðskiptum við Rússland. Við höfum engan svipaðan markað fyrir saltsíld og við tökum nú áhættuna af því að keppinautar okkar, eins og Kanadamenn, hlaupi í skarðið.

Stundarhagsmunir okkar og hagnaðarvon af þessum viðskiptum eru augljósir. Atvinnuleysi og samdráttur er nú í tekjum og hlutskipti fólks víða í sjávarplássum. Störf við síldarsöltun varða hagsmuni fólks í byggðum allt frá Norðausturlandi suður um til Akraness. Þá á ríkissjóður tekjuvon í sköttum af launum upp á hundruð milljóna og þannig mætti lengi telja varðandi hagsmuni okkar til skamms tíma litið.

Við þetta bætist síðan sú neikvæða afstaða til Rússa sem nú eiga í sérstökum þrengingum sem þeir mega þola á þessum vetrarmánuðum. Er ekki hætt við því að afstöðu ríkisstjórnar Íslands nú kunni að verða minnst í einhverju þegar á reynir með frekari viðskipti milli landanna? Þar er líka áhætta tekin.

Mótmælum rignir nú yfir stjórnvöld vegna hiks og neikvæðrar afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Fyrir þessum mótmælum eru að vísu gildar ástæður. Ég skora á ríkisstjórnina að endurskoða afstöðu sína til þessa máls, a.m.k. að tryggja að síldarsöltun geti hafist á hluta af því magni sem gert var ráð fyrir að afgreiða nú á fyrri hluta árs.

Ég leyfi mér að leita skýringa hjá hæstv. viðskrh. á svari hans til Landsbankans sem leiddi til synjunar bankans á beiðni um lánafyrirgreiðslu. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann vilji ekki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar beita sér fyrir viðræðum við Landsbankann þannig að unnt verði að hefja síldarsöltun upp í samning við Rússa á meðan gengið verður frá frambúðarfarvegi fyrir þessi viðskipti.

Ég tel, virðulegi forseti, að lokum óhjákvæmilegt að nefndir Alþingis, sérstaklega efh.- og viðskn. þingsins og utanrmn., setji sig inn í málavöxtu og þá miklu hagsmuni sem hér eru í húfi þannig að fleiri komi að þessu máli en þeir sem nú sitja við ríkisstjórnarborðið.

En fyrst af öllu þörfnumst við skýringa og viðbragða frá hæstv. ráðherrum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við orðum hv. 4. þm. Austurl., málshefjanda í þessari umræðu, vil ég segja strax í upphafi að það eru ekki gildar ástæður fyrir þeim mótmælum sem ríkisstjórninni hafa borist um þetta mál. Hvers vegna er það? Það er af því að það er bankastjórn Landsbankans sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar bankans. Þetta er alveg ótvírætt samkvæmt viðskiptabankalögunum. Bankastjórnin getur ekki skotið sér undan ábyrgð með því einu að óska eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar eins og hún gerði í bréfi sínu til forsrh. 13. des. sl., en þar sagði m.a. að Landsbankinn væri reiðubúinn að lána utanríkisviðskiptabanka Rússlands 15 millj. dollara til 12–18 mánaða. Þessu bréfi Landsbankans fylgdu engar upplýsingar þótt ríkisstjórninni væri þar ætlað að taka afstöðu til afar hárrar lánveitingar á vegum bankans.

Af þessum sökum óskaði ég eftir nánari athugun Seðlabankans og fulltrúa Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington á þessu máli. Þegar þessi gögn höfðu borist voru þau send Landsbankanum ásamt ábendingu þess efnis að bankastjórnin hljóti sjálf að taka ákvörðun um lánveitinguna á eigin ábyrgð í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og á grundvelli laga og reglna um starfsemi bankans. Ég ítreka að í bréfi bankastjórnar Landsbankans var eingöngu óskað eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar en ekki beðið um ríkisábyrgð. Bankastjórnin tók svo sjálf sína ákvörðun að veita ekki lánið. Ríkisstjórnin bannaði henni hvorki eitt né neitt í þessu máli.

Þá vil ég taka fram að í bréfi viðskrn. til bankans er frá því skýrt að vegna þeirra miklu viðskiptahagsmuna sem séu í húfi vilji ráðuneytið stuðla að því að traust samband komist á sem fyrst milli rússneskra og íslenskra banka og muni því beita sér fyrir því eins fljótt og verða megi að samningaviðræður hefjist um greiðslusamning milli Íslands og Rússlands um almenn bankasamskipti milli landanna með þátttöku Seðlabankans og Landsbankans. Undirbúningur þessara viðræðna er þegar hafinn að frumkvæði ráðuneytisins.

Í umræðum um þetta mál hefur verið látið að því liggja, m.a. af málshefjanda, að síldarsöltun á Rússlandsmarkað strandi nú á afstöðu ríkisstjórnarinnar og hún stöðvi þessi viðskipti. Þetta er með öllu fráleitt og enn fráleitara er að þetta lýsi neikvæðri afstöðu til Rússa eða þetta lýsi einhverju hiki í málinu. Sannleikurinn er sá að hér er um vandasamt viðskiptalegt úr-

lausnarefni að ræða sem enn hefur ekki fundist á viðhlítandi lausn. En hún mun finnast.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það hafa borist fregnir af því að síld væri gengin á veiðislóðir og það liggur fyrir að Íslendingar hafa gert rammasamning um viðskipti við Rússland. Þetta eru þau málsatvik í þessu máli sem ég lít á sem grundvallaratriði. Hér eru fyrir hendi og hafa verið fyrir hendi þeir kostir sem leggja grundvöll að auknu atvinnulífi á Íslandi sem menn hafa ekki frekar gert ráð fyrir að yrði uppi á borðinu á þessu ári, markaður og veiði. Þess vegna eru það út af fyrir sig alveg ómögulegir kostir í málflutningi eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. áðan að Landsbankinn og ríkisstjórnin séu að kasta þessu máli á milli sín svo að ekki dögum heldur vikum og jafnvel mánuðum skiptir.

Það er augljóst mál að þegar slíkir kostir berast á borð okkar Íslendinga sem þessir á að sjálfsögðu að taka á þeim með þeim hætti að það sé hægt að hefja veiðar og sölu. Það er augljóst mál og grundvallaratriði að Íslendingar geti náð sínum fyrri viðskiptum í þessum efnum og með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á stjórnarháttum í austri er auðvitað ekki nema sjálfsagt að taka einhverja áhættu til að byggja nýjar brýr á milli hinna fornu viðskiptaaðila.

Ég vil þess vegna eindregið skora á ríkisstjórnina og minna hana á þær skyldur sem hún hefur í þessu máli með því að bregðast við með þeim hætti að síldarsöltun geti hafist hér að einhverju marki.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Í lok síðustu viku óskaði ég eftir að um þetta mál yrði fjallað í efh.- og viðskn. þingsins og vænti ég þess að svo megi verða. Ég tek undir það með hæstv. viðskrh. að auðvitað er um viðkvæmt mál að ræða, en það sem er ámælisvert í þessu máli er fyrst og fremst að þann 4. des. var gerður viðskiptasamningur milli Íslands og Rússlands og síðan má segja að ríkisstjórnin og Landsbankinn hafi verið að velta þessu máli á milli sín.

Fyrst ríkisstjórnin tók þá afstöðu að hún ætti ekki að blanda sér í málið og þetta væri eingöngu mál Landsbankans, hvers vegna tók þá ríkisstjórnin málið til efnislegrar umfjöllunar? Hvers vegna leitaði ríkisstjórnin umsagnar í málinu? Það varð til þess að aðilar málsins máttu vænta þess að hér væri um raunverulega umfjöllun ríkisstjórnarinnar að ræða og ríkisstjórnin ætlaði sér að taka afstöðu til málsins. En málið endaði hins vegar með því að ríkisstjórnin tók enga afstöðu til þess.

Ég spyr hæstv. viðskrh. hvernig það mál stendur að ríkisstjórnin, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, hafi ákveðið að taka þátt í neyðarráðstöfunum við Rússland sem hljóta að felast í einhvers konar matvælasendingum þangað með einum eða öðrum hætti. Ég veit ekki betur en hæstv. viðskrh. muni taka þátt í fundum vesturveldanna um það efni. Ég spyr hæstv. viðskrh. hvort hann telji að það komi til álita að veita tiltölulega litla ríkisábyrgð í þessu máli til að tryggja framtíðarhagsmuni Íslands á þessu sviði og hvort hann telji vera mikla áhættu í því, sérstaklega með tilliti til þess að mér hefur skilist að olíuviðskipti komi á móti, og hvort ekki sé hægt að tryggja að olía geti komið sem greiðsla á þessum síldarsamningi þótt síðar verði.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Sú niðurstaða sem Landsbanki Íslands hefur komist að um að veita ekki lánafyrirgreiðslu svo saltsíldarsamningar við hið rússneska lýðveldi mættu komast á veldur sannarlega miklum áhyggjum. Nú hefur hæstv. viðskrh. upplýst að ríkisstjórnin hafði ekki afstöðu til þessa máls og hefur ekki haft hingað til. Það er einhliða ákvörðun Landsbanka Íslands að veita ekki þessa lánafyrirgreiðslu. Þess vegna er tímabært að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort ríkisstjórnin verði ekki að móta afstöðu til þessa máls, hvort ríkisstjórnin vilji stuðla að því að síldarsala komist á eða ekki. Það er skammur tími til stefnu. Helst þyrfti að halda neyðarfund í ríkisstjórninni í kvöld til að fá úr því skorið fyrir fólkið sem starfar við síldarsöltun hvort síldarsöltunin geti hafist innan tíðar eður ei vegna þess að tíminn er úti um næstu mánaðamót vegna náttúrulegra aðstæðna.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem það er á dagskrá að fjalla um hvort íslenska bankakerfið ætlar að hjálpa til með lánafyrirgreiðslu svo viðskipti geti átt sér stað við útlönd. Það hefur gerst áður. Beiðni kom fram um það upp úr árinu 1981 vegna fiskimjöls til Póllands á þrengingartímum þar. Sú beiðni var samþykkt og nam langtum hærri upphæðum en hér er verið að fjalla um og hafði Seðlabanki Íslands þar forustu með Landsbanka Íslands og Útvegsbankanum. Einnig hefur íslenska bankakerfið komið við sögu til að liðka fyrir útflutningi á ullarvörum til Sovétríkjanna.

Hér eru miklir hagsmunir í húfi að síldarsöltun megi halda áfram í landinu. Rússland hefur verið mikilvægt viðskiptaland okkar Íslendinga og það verður að treysta enn frekar böndin um viðskipti við fólkið þar í landi. Ég skora á hæstv. forsrh. að hafa nú forustu um það með viðskrh. að ríkisstjórnin móti afstöðu í þessu máli sem verði skýr og öllum ljós en ábyrgðinni ekki velt lengur á Seðlabanka eða Landsbanka Íslands.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að menn átti sig á því, sem reyndar á að liggja í augum uppi, að það var engin ástæða til þess fyrir ríkisstjórnina að búast við því að svar hennar, sem viðskrh. bar bankanum, mundi leiða til þess að bankinn hætti að veita þá fyrirgreiðslu sem hann sagðist áður hafa verið tilbúinn til að gera, því í svari ríkisstjórnarinnar fólst eingöngu að bankinn ætti að huga að bankalegum sjónarmiðum og sínum hagsmunum og ef þeim væri borgið hlyti bankinn auðvitað að veita lán. Þetta felst í svari ríkisstjórnarinnar. Bankinn sagðist áður hafa verið reiðubúinn til þess að veita þetta lán og hann hlýtur við slíkar yfirlýsingar að hafa haft í huga að hagsmunir bankans væru tryggðir. Þannig var engin sérstök ástæða fyrir

ríkisstjórnina að ætla að það svar sem ríkisstjórnin gaf mundi leiða til þeirrar niðurstöðu að bankinn hyrfi frá þeim ráðagerðum sem hann áður sagðist hafa haft.

Í annan stað vek ég athygli á því að talsmenn síldarútvegsnefndar hafa sagt sem svo að þeir gerðu ráð fyrir að bankinn mundi veita einhverja fyrirgreiðslu, ekki kannski í þeim mæli sem þarna var um rætt heldur eitthvað minni. Hafi bankinn treyst sér til að veita fyrirgreiðslu í þeim mæli sem hann hafði áður tjáð sig um að hann væri reiðubúinn til að gera, þó hann skjóti sér nú á bak við ríkisstjórnina, hlýtur bankinn að vera tilbúinn til að veita þá heldur minni fyrirgreiðslu en þá stóru fyrirgreiðslu sem hann hafði áður lofað.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram. Auðvitað hefði verið mikilvægt að þessi viðskipti hefðu getað farið fram og það var engin ástæða til að ætla annað en að bankinn mundi halda sig við sína fyrri afgreiðslu. Hann gat ekki hengt það mál um hálsinn á ríkisstjórninni.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Aðalatriðið í þessu máli er að hætta er á að ef síldarviðskipti við Rússa falla niður þetta ár falli þau niður til frambúðar. Það er óbætanlegt tjón fyrir þennan atvinnuveg því að þessi markaður er afar þýðingarmikill. Þetta fólk hefur vanist á það í gegnum tíðina að borða íslenska síld, en við eigum harða keppinauta á þessum markaði.

Nú eru, eins og hér hefur komið fram, ríkisstjórnin og Landsbankinn að velta þessu máli á milli sín og vísar hver frá sér. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mörg, en hins vegar vil ég geta þess að við nokkrir þingmenn Framsfl. höfum flutt brtt. við lánsfjárlög um hógværa leið í þessu máli til að taka af öll tvímæli um vilja Alþingis til þessara hluta. Það er tillaga sem kveður á um að ganga í ábyrgð fyrir 300 millj. kr. láni sem mundi nægja fyrir söltun á þessari vertíð á um 50 þús. tunnum af síld. Alþingi hefur tækifæri til að taka afstöðu til þessarar hógværu tillögu núna næstu daga og leysa þetta mál a.m.k. í bili meðan menn eru að átta sig á framhaldinu.

Ég undrast þann vandræðaskap sem um er að ræða vegna þess að hér er um mikla framtíðarhagsmuni að ræða og ég undrast þá skammsýni sem kemur fram og þann vandræðagang sem kemur fram í svörum ráðherra í þessu efni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur nú komið á daginn að hæstv. ríkisstjórn þorir enga ábyrgð að taka þó um sé að ræða ótvíræða viðskiptahagsmuni. Hún talar mikið um ábyrgðarleysi fyrrv. ríkisstjórnar sem lagði mikið upp úr því að halda atvinnulífinu gangandi. En hæstv. ríkisstjórn vill enga áhættu taka og verður það að teljast ámælisvert þar sem hér eru miklir hagsmunir í húfi. Það eru ekki aðeins hagsmunir dagsins í dag sem þarna er um að ræða heldur getur það skipt sköpum upp á viðskiptasamninga í framtíðinni hvernig málið verður afgreitt nú.

Það kemur reyndar ekki með öllu á óvart hver afstaða ríkisstjórnarinnar er þar sem hún hefur þessa venjulegu „kemur-mér-ekki-við"-stefnu þegar um atvinnulíf landsmanna er að ræða. Í viðskiptum verða menn þó alltaf að taka einhverja áhættu. Það þekkja þeir sem þar starfa. Þá verður að vega og meta allar aðstæður. Aðstæður nú eru þannig að við getum ekki hafnað slíkum samningum þó að ekki sé gulltryggt hvernig um greiðslu verði.

Við höfum á liðnum árum haft mikil viðskipti við hin gömlu Sovétríki sem nú eru ekki lengur til. Hér er um einhverja stærstu síldarsölu síðustu áratuga að ræða. Það hafa verið erfiðleikar í rekstri Landsbankans á síðustu mánuðum og bankinn telur sig ekki geta óstuddur tekið þá áhættu sem þessum viðskiptum fylgir. Með því að hafna beiðni um lán til utanríkisviðskiptabanka Rússlands er Landsbankinn að fara eftir ráðleggingum stjórnvalda og Seðlabankans. Á sama tíma liggur fyrir að við ættum að geta fengið þarna greitt í einhverjum þeim vörum sem við höfum hingað til keypt af Rússum, t.d. olíu.

Ástandið í Rússlandi er mjög bágborið. Efnahagur landsins er í molum og fæðuskortur er mikill. Það er því mikið verk sem bíður hinna nýju stjórnenda. Þeir flokkar sem skipa hæstv. ríkisstjórn Íslands hafa fagnað því mjög að Sovétríkin skuli vera liðin undir lok, en þeir vilja ekki rétta litla fingur til aðstoðar við uppbyggingu þá sem hlýtur að fylgja í kjölfarið. En fólkið er þarna enn þá. Það þarf á þessari vöru að halda. Allir þekkja þann fæðuskort sem í þessum löndum hefur ríkt og það ástand hefur ekki batnað á síðustu mánuðum. Við Íslendingar ættum líka að taka tillit til þess að þessar þjóðir sárvantar þau matvæli sem hér um ræðir.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Tími hinna sértæku aðgerða er liðinn, sagði hæstv. forsrh. í upphafi valdatíðar sinnar. Það er æ betur að koma í ljós hvað hann átti við. Tími skilnings á mikilvægi undirstöðuatvinnuveganna fer þverrandi sem best sést nú. Engin áhætta er tekin þó að samningar séu í húfi á sölu síldar á okkar stærsta og mikilvægasta markaði, Rússlandi. En þangað höfum við selt 70–80% allrar okkar saltsíldar um áratuga skeið.

Í Rússlandi eru stærri markaðir fyrir saltsíld en í öllum okkar viðskiptalöndum, auk þess sem við höfum selt þeim mikið magn annarra fisktegunda, en við höfum aftur á móti keypt af þeim olíu og er svartolían einstaklega hagstæð fyrir íslenska fiskiskipaflotann hvað varðar gæði og verð. Þessi viðskipti hafa verið þjóðarbúinu mikilvæg og farsæl og það tæki verulega í hér á Íslandi ef þessi viðskipti þurrkuðust út. Þar er meiri áhætta tekin með því en tímabundnum ábyrgðum. En fyrir því er ekki nokkur einasti skilningur í hæstv. ríkisstjórn.

Söltun síldar fer fram á haustin í flestum sjávarplássum á Austurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi þegar daufasti tíminn er í verstöðvum, þegar lítill fiskur er, og síldin hefur skapað mikla vinnu. Nú er eftir að veiða um 40 þús. tonn af 110 þús. tonna síldarkvóta.

Ef tillögur sem hér liggja fyrir frá hv. 2. þm. Austurl. o.fl. um brtt. við lánsfjárlög ná fram að ganga er möguleiki að salta þessi 40 þús. tonn, en það þarf að koma til ákvörðunar strax. En það sem er mest um vert er framtíðaröryggi viðskiptanna.

Virðulegi forseti. Látum það ekki henda okkur að tapa mörkuðum í Rússlandi. Látum það ekki verða næsta framtíðarvanda.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, fyrir að hreyfa þessu máli og vona að það geti leitt til farsællar niðurstöðu. Ég hef eins og margir fleiri fylgst með þessu undanfarnar vikur vegna þess að miklir hagsmunir eru þarna í húfi, m.a. fyrir mitt kjördæmi, eða gætu verið það, og lengi vel voru allir málsaðilar mjög vongóðir. Síldarútvegsnefnd var vongóð vegna jákvæðra viðbragða Landsbankans o.s.frv. Þeim mun meiri vonbrigði eru svo aftur niðurstaða ríkisstjórnarinnar, að hún skuli reynast jafnneikvæð og kjarklaus og raun ber vitni, ekki treysta sér til að hafa jákvæða afstöðu til málsins fyrir sitt leyti, um annað er ekki beðið, ekki treysta sér til þess að veita þann móralska stuðning sem bankastjóri Landsbankans í einum fjölmiðli sagði að eftir hefði verið leitað. Ég tek fram að það er að mínu mati ekki óeðlilegt þó að Landsbankinn vilji vita hvar hann stendur gagnvart stjórnvöldum þegar um viðskiptasamning milli þjóðanna er að ræða annars vegar og jafnstórt mál og bankinn þar á ofan í ríkiseigu hins vegar.

Ég held að nauðsynlegt sé að gera skýran greinarmun hér á tvennu, annars vegar því að hæstv. ríkisstjórn treysti sér til að hafa afstöðu í málinu fyrir sitt leyti og hinu að skipa bankanum fyrir verkum. Þetta tvennt þarf ekki að fara saman. Og það ámælisverðasta af öllu er að það skyldi taka hæstv. ríkisstjórn fjórar vikur að komast að því að hún hefði enga skoðun á málinu, heilar fjórar vikur til þess. Það hefðum við kannski getað sagt henni strax sem höfum fundið nafngift á stjórnarstefnuna, „kemur-mér-ekki-við"-stefnan, gagnvart atvinnulífinu. Hún er auðvitað hér á ferðinni enn á nýjan leik.

Það var svo á sínum tíma þegar hin farsælu viðskipti komust á milli Íslands og Sovétríkjanna um saltsíldarsölu að þau byrjuðu einmitt með slíkum lánsviðskiptum, að mér er tjáð af mönnum sem þá sögu þekkja, upp úr stríðinu. Þegar Sovétríkin voru í kaldakoli, eins og nú má segja um sömu landsvæði, náðu Íslendingar einmitt hagstæðum tengslum og ábatasömum framtíðarviðskiptum með því að sýna þá liðlegheit og kjark og veita þeim lán til að hefja slík viðskipti. Ég tek því eindregið undir áskoranir um að ríkisstjórnin endurskoði afstöðu sína og fagna því að þetta mál skuli koma til skoðunar í þingnefndum og bind vonir um það að ef ríkisstjórnin nái ekki áttum geri þingið það og tryggi að þessi viðskipti geti hafist a.m.k. að einhverju marki á þessum vetri.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er beinlínis rangt, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að ríkisstjórnin hafi tekið neikvæða afstöðu í þessu máli og það er enn fremur rangt að hún hafi kosið að vera skoðunarlaus í málinu. Þvert á móti hefur hún lagt fyrir bankastjóra Landsbankans að taka ákvörðun í málinu á grundvelli þeirra laga og reglna sem um bankann gilda. Áður höfðu bankastjórarnir, eins og hæstv. forsrh. hefur vakið athygli á, lýst því yfir að þeir væru reiðubúnir að veita þetta lán. Það er þess vegna algerlega út í bláinn að halda því fram að í bréfi ríkisstjórnarinnar hafi komið fram neikvæð afstaða. Þvert á móti. Og það eru engin rök, hvorki fyrir hv. þm. né heldur fyrir bankastjóra Landsbankans, að líta svo á. Miklu fremur væri það athugunarefni fyrir bankaráð bankans að taka þau viðbrögð bankastjóranna til athugunar þegar þeir halda því fram að það lýsi neikvæðum viðbrögðum ríkisstjórnar þegar hún leggur fyrir þá að starfa eftir lögum og reglum bankans.

Hér er hins vegar um mjög mikilvægt mál að tefla eins og hv. þm. hafa vakið athygli á. Það eru mjög miklir hagsmunir í húfi og brýnir. Það hefur aldrei staðið á ríkisstjórninni að fjalla um og taka afstöðu til þessa máls. Til hennar var hins vegar ekki beint neinu erindi um ábyrgð, hvorki frá Landsbankanum né síldarútvegsnefnd. Það liggur því einfaldlega þannig fyrir að Landsbankinn lýsti því yfir fyrir fram að hann væri reiðubúinn að veita slíkt lán. Hann biður um afstöðu ríkisstjórnar. Hún segir bankastjórunum að taka ákvörðun á grundvelli laga og reglna sem um starfsemi bankans gilda. Það er alveg út í bláinn að halda því fram að í þessu felist neikvæð afstaða.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það var mjög þarft að hreyfa þessu máli hér. Nú eru síldarstofnarnir á uppleið og menn hafa verið að gera sér vonir um að þeir yrðu vaxandi stærð í útflutningi landsmanna á næstu árum. Það er þess vegna enn þá mikilvægara en áður að halda í þá markaði sem fyrir hendi hafa verið og reyna að efla þá og styrkja. Þess vegna held ég að það sé ástæða til þess að menn taki einhverja áhættu í sambandi við viðskipti með síldina því að fullunnin vara er margfalt meira virði en síldarmjöl eins og allir vita.

Mér finnst afstaða ríkisstjórnarinnar ræfilsleg og eymdarleg í meira lagi. Ég tel að verðugasta svarið við því sem bankinn spurði að hefði einfaldlega verið að það væri mælt með því að bankinn gerði þetta, en auðvitað minnt á það um leið að þarna væri um áhættu að ræða. Ég held að það hafi verið sá móralski stuðningur sem leitað var eftir og ég tel að þannig hefðu menn átt að taka á málinu. Það hafa margir miklar áhyggjur af því hvernig fer með þennan atvinnuveg okkar núna í vetur og ég ætla að nota tíma minn, með leyfi forseta, til að lesa upp ályktun stjórnar og samninganefndar fiskvinnslufólks innan Verkamannasambands Íslands sem er gerð í dag:

„Sameiginlegur fundur stjórnar og samninganefnd-

ar deildar fiskvinnslufólks innan Verkamannasambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að heimila Landsbanka Íslands að veita fyrirgreiðslu til þess að sölusamningar á saltaðri síld til Rússlands nái fram að ganga. Hér er meira í húfi en svo að tvískinnungsháttur þar sem hver vísar af sér megi verða endalok þessa máls. Hér er um framtíðarhagsmuni okkar að tefla og óvíst er ef við töpum þessu tækifæri til síldarsölu á stærsta markað fyrir saltaða síld að við eigum kost á því að nýta hann síðar."

Það er með öllu óskiljanlegt í þeim atvinnu- og efnahagshorfum sem nú eru uppi að sá aðili sem á að gæta viðskiptahagsmuna okkar telji ekki verjanlegt að taka nokkra áhættu í ljósi þeirra hagsmuna sem hér er um að ræða. Atvinnulíf og afkoma fólks í mörgum byggðarlögum krefst þess að málið verði endurmetið án tafar. Þess vegna tek ég undir með hv. 5. þm. Austurl. að nú er þörf á neyðarfundi í ríkisstjórninni vegna þess að ég held að þetta segi nokkuð um þá afstöðu sem almennt er til þessa máls.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er mikilvægt fyrir íslenska þjóð að fá sem mest verðmæti fyrir þær afurðir sem hún hefur úr að spila. Síldin er komin og síldin sem ekki veiðist fer hjá og þess vegna er mikilvægt og tímabært að fjalla um það mál sem hér er á dagskrá svo að lausn fáist.

Auðvitað taka stjórnendur Landsbanka Íslands sjálfir ákvörðun um lánafyrirgreiðslu í sínum banka. Ríkisstjórnin er ekki bankastjóri Landsbanka Íslands. Og það er ástæðulaust að rugla þannig saman reytum á óeðlilegan hátt eins og hér hefur komið fram í máli sumra hv. þm.

Hér er um að ræða viðkvæmt mál, pólitískt mál vegna þess að erfiðleikarnir eru fyrst og fremst þeir að það er verið að semja við land þar sem hefur verið við lýði pólitískt spilavíti. Auðvitað hljóta íslensk stjórnvöld að kappkosta að koma á skilvirku og traustu viðskiptasambandi við Rússland og önnur Evrópulönd sem vonandi rísa sem fyrst úr rústum kommúnismans.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sagði áðan að ríkisstjórnin vildi ekki leggja lið með litla fingri í þessu máli. Það er dýr litli fingur, 800 millj. Um það snýst ekki málið að mínu mati heldur að finna eðlilegan farveg fyrir viðskiptasambönd við Rússland og önnur Austur-Evrópulönd. Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að unnið sé að málinu í hans ráðuneyti að því leyti sem unnt er og ég hvet til þess að það sé gert því að það er mikilvægt að nýta síldina þá hún kemur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þátttöku þriggja hæstv. ráðherra í henni. Ég vona sannarlega að hún leiði til þess að eitthvað verði það aðhafst í málinu að þessi hnútur verði leystur því að svo er að sjá af umræðunni og ummælum hæstv. ráðherra að það sé þeim í rauninni mjög á móti skapi að Landsbankinn hafi ekki svarað síldarútvegsnefnd jákvætt um lánafyrirgreiðslu vegna þessara viðskipta. En hvers konar sambandsleysi er það sem er á milli ríkisstjórnarinnar og þeirra sem með völdin fara í bankakerfinu í landinu, í einum ríkisbankanum, að þessi vilji skuli þá ekki koma með öðrum hætti fram en raun ber vitni og bankastjórinn vitnar um, Sverrir Hermannsson fyrrv. alþm.? Hvernig má þetta vera? Ég held að ef ríkisstjórnin ekki treystir sér til að taka upp símann og koma sínum raunverulega vilja á framfæri verði að finna einhvern til að ganga í málamiðlun í þessu. Ég var að stinga upp á því að nefndir þingsins, sem eru mjög önnum kafnar við viðskiptamál m.a., efh.- og viðskn., líti á þetta efni og reyni að brúa þetta bil. Svo held ég að utanrmn. ætti að reyna að setja sig inn í þessa miklu hagsmuni og frambúðarviðskipti í austurveg á nýjum grundvelli.

Ég heyri að hæstv. forsrh. tekur undir að hér sé hið mikilvægasta mál á ferðinni. En eftir fjögurra vikna umhugsun sendir hæstv. viðskrh. til Landsbankans svar með neikvæðri umsögn Seðlabankans sem er eina vísbendingin sem fram kemur og ríkisstjórnin leggst ekkert á aðra sveif en Seðlabankinn gerir í sinni skýrslu um þetta efni. Það er í það álit sem bankastjórar Landsbankans hengja sig þegar þeir taka afstöðu til málsins og þeir hafa þar nokkuð til málsbóta fyrst þeir fóru að spyrja ríkisstjórnina í þessu efni.

Ég heiti á ráðherrana að bera sig nú saman um þetta og taka á málinu eins og að því er virðist vilji þeirra stendur til. Það þýðir ekkert að vísa í einhverjar viðræður sem eiga að fara fram varðandi viðskipti næstu ára. Við erum að spyrja um aðgerðir hér og nú. Það væri áreiðanlega þakkað fyrir það að hluti af þessum viðskiptum kæmist á og færi í gang, einhver söltun hæfist og einhver viðskipti hæfust á grundvelli þessa nýja samnings. Það er um það sem verið er að biðja og síðan eiga menn að geta prófað sig áfram hvernig þetta gengur. Áhættan virðist ekki vera svo skelfileg nema í enn meira óefni fari þar austur frá sem enginn út af fyrir sig getur fullyrt um. Enn er þar þó unnið að framleiðslu og viðskiptasamningurinn kveður á um vöruskipti. Mér er sagt af sendiráði okkar austur þar að samningamenn Rússa hafi lagt sig í framkróka um að tryggja sér að þeir hefðu eitthvað að bjóða á móti í þessum viðskiptum þannig að áhættan virðist ekki vera sú sem menn eru að mála hér á vegginn. Því er að rista sig fram úr þessum vanda og reyna að taka undir þær jákvæðu vonir sem kviknuðu víða um land þegar síldarafli fór að glæðast í byrjun ársins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum, og vonandi ekki hv. þm. sem hér hafa talað, að stórfelldar breytingar eru nú í gerjun í þeim ríkjum sem áður tilheyrðu hinum víðlendu Sovétríkjum. Okkur berast á hverjum degi fréttir af erfiðleikum þeirra. Þess vegna er ákaflega sérkennilegt svo að ekki sé meira sagt að menn lýsi því hér yfir að það sem þurfi sé bara vilji til að eiga viðskipti við þessar góðu þjóðir án þess að menn geri grein fyrir því við hvern þau viðskipti ættu að fara fram.

Ég vil benda á að þær fjórar vikur sem liðnar eru

frá því að bankastjórn Landsbankans skrifaði ríkisstjórninni eru einmitt þær vikur sem einna örlagaríkastar hafa orðið í sögu Sovétríkjanna. Þar er allt í uppnámi, (Gripið fram í.) virðulegi þingmaður, og ég bið þingmanninn að halda nú stillingu sinni þótt breytingin hafi e.t.v. valdið honum hugarangri. Það er náttúrlega málið að þetta eru hinar raunverulegu ástæður fyrir töfum. Allan þann tíma sem þarna hefur liðið hafa menn leitað fangs á málinu, m.a. með því að koma á framfæri við hina nýju banka sem eru að myndast í Rússlandi viðskiptasamningnum sem gerður var í byrjun desember, leita að réttum viðskiptalegum leiðum til að tryggja í senn íslenska og rússneska hagsmuni.

Mér virðast, virðulegi forseti, ýmsir möguleikar ókannaðir í þessu máli. Ég nefni afhendingu á minna magni síldar, ég nefni lægri lánveitingu, ég nefni möguleika á einhvers konar vöruskiptum, möguleika á því að þeir innlendu aðilar sem hér eiga fyrst og fremst fjárhagslegra hagsmuna að gæta setji Landsbankanum þær tryggingar sem nauðsynlegar eru. Loks er hugsanlegt að á alþjóðlegum tryggingamarkaði megi kaupa tryggingar gagnvart því að rússneski bankinn kynni að vanefna skuldbindingar sínar gagnvart Landsbankanum eða saltendum. Því miður virðast þessi atriði lítt eða ekki hafa verið könnuð af bankanum eða síldarsölufyrirtækjunum, en það er einmitt þeirra að gera það. Þetta eru allt saman fyrst og fremst viðskiptaleg verkefni. Vissulega eru þessi verkefni vandasöm úrlausnar við ríkjandi aðstæður. En það er fráleitt að vísa þeim einfaldlega á ríkið og sitja svo með hendur í skauti. Það er næsta sérkennilegt að þegar þeir austur í Rússlandi eru að brjótast undan ríkisforsjánni skuli menn á Íslandi þrábiðja um hana.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, láta koma fram, en ítreka að að sjálfsögðu munu Íslendingar taka þátt í neyðaraðstoð við þær þjóðir sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Að því máli er nú unnið á vegum ríkisstjórnarinnar. Ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir að víkja að aðstoðinni í sínu máli og hafa hér uppi málefnalegar ábendingar um hvernig mætti á þessu máli taka. En síðast en ekki síst vil ég minna á að það er ekki ríkisstjórnarinnar að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar Landsbankans. Til þess höfum við ráðið bankastjóra að mér skilst á sæmilegum kjörum.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276, 378 og 382.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst að forvitnast um hvort fundi í efh.- og viðskn. sé lokið. Ég tel eðlilegt að nefndarmenn séu viðstaddir þessa umræðu, ekki er gott að halda umræðu áfram ef enn þá er verið að funda í nefndinni, enda var fundarhlé gert áðan til þess að efh.- og viðskn. fengi tíma til umfjöllunar um önnur mál sem þar hafa legið fyrir. Jafnframt hvort hæstv. fjmrh. sé ekki í húsinu eða væntanlegur að umræðunni ef henni skal nú haldið áfram. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er væntanlegur. Hann var einmitt í símanum að leita upplýsinga um málið og hvar það stæði. Forseti veit ekki annað en nefndin sé að ljúka störfum ef hún hefur ekki þegar lokið störfum. Það var í samkomulagi við nefndarformann að fresta þessum fundi þar til 15 mínútur yfir 5. Forseta hafa ekki borist boð um annað en það hafi verið í lagi að hefja störf.) Ég þakka forseta fyrir þær upplýsingar og vænti þess að a.m.k. sé nefndarfundi alveg að ljúka. (Gripið fram í.) Honum er lokið er hér upplýst af nefndarmanni og sjálfsagt þá að halda umræðum áfram og fjmrh. vonandi væntanlegur áður en langt líður. Ég tel eðlilegt að a.m.k. hann sé viðstaddur þessa umræðu, auk þess sem ég hefði haft áhuga á að beina aðeins orðum til bæði hæstv. menntmrh. og heilbrrh. áður en ræðu minni lýkur.

Við erum að ræða frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem flutt er á þskj. 30 og var 30. mál þingsins að þessu sinni og sjálfsagt og eðlilegt að það mál sé rætt nú sem næst áramótum og sem næst afgreiðslu fjárlaga af því að þetta er auðvitað mál sem tengist fjárlagaafgreiðslunni í öllum meginatriðum og hlýtur að vera eðlilegt að stefna að því að þessi mál, þau tvö séu afgreidd sem næst í einu þó auðvitað geti ýmsar aðstæður í þjóðfélaginu og stjórnmálalegs eðlis valdið því að slíkt sé ekki framkvæmanlegt og hefur svo oft verið áður að ekki hefur tekist að afgreiða þessi tvö mál samhliða eða svo til. Reyndar virðist nú svo einmitt nú að það sé ýmislegt sem bendir til þess að eðlilegt væri að fresta um sinn afgreiðslu þessa frv. vegna þess ástands sem ríkir bæði í þjóðfélaginu og einnig á ríkisstjórnarheimilinu og hjá stjórnarliðunum sem fram á þennan síðasta dag eru sífellt að koma hér með nýjar og nýjar tillögur sem varða ríkisfjármálin og hafa áhrif á lánsfjárlögin. Þetta er alveg sami leikurinn og átti sér stað varðandi afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin.

Í þingsköpum Alþingis segir svo í 25. gr., með leyfi forseta:

„Til fjárln. skal m.a. vísa frv. til fjárlaga, fjáraukalaga, lánsfjárlaga og laga um samþykkt á ríkisreikningi er 1. umr. um þau er lokið."

Og síðan segir þegar fjallað er um vinnubrögð fjárln. við hin einstöku mál: „Til efh.- og viðskn. vísar fjárln. frv. til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrv."

Nú er það svo, meira að segja í viðbót við það sem segir í 25. gr. þingskapa Alþingis, að fjárln. beindi því til efh.- og viðskn. að ljúka umfjöllun um lánsfjárlögin þannig að lánsfjárlögin hafa að þessu sinni ekki komið til umfjöllunar í fjárln. þar sem ég á sæti og þess vegna ekki gefið neitt tækifæri á að bera þar saman þá stöðu sem nú er uppi við afgreiðslu lánsfjárlaganna og hvernig það mál lítur út og endanlega afgreiðslu fjárlaganna. Nú er ég ekki með þessum orðum að væna hv. efh.- og viðskn. um að hún gæti ekki alls réttlætis í þessu efni og fjalli þannig um málið sem hér er nú til umræðu að hún sé ekki fullfær um að ljúka afgreiðslu þess til þingsins, en það getur ekki talist óeðlilegt að fjárln. fjallaði eitthvað um þetta

einnig fyrst svo er nú komið að umræðan hefur dregist og er ekki lengur í beinum tengslum við afgreiðslu fjárlaganna sjálfra og um hefur hægst verulega hjá fjárln. Þannig að hún gæti komið að þessari málsmeðferð á nýjan leik. Ég held raunar að það væri ekki vanþörf á því vegna þess hversu mjög það tengist afgreiðslu fjárlaganna og þeim breytingum sem stöðugt eru að verða á þessum málum, þeim breytingum sem stöðugt eru að verða á efni þeirra frumvarpa sem ríkisstjórnin hefur verið með til meðferðar og þingið hefur haft til umfjöllunar á undanförnum vikum og öll tengjast á einn eða annan hátt fjárlagaafgreiðslunni fyrir utan fjárlögin sjálf, þetta frv. til lánsfjárlaga, frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, bandormurinn svokallaði, og svo einnig frv. um Hagræðingarsjóðinn sem hér hefur verið til umræðu undanfarna daga.

Ég spyr aftur, virðulegi forseti, hvort ekki sé von á fjmrh. eða ráðherrum að þessari umræðu. Það er ekki óalgengt að stjórnarandstæðingar tali fyrir daufum eyrum stjórnarliða og þeir láti a.m.k. sumir hverjir lítt sjá sig í þingsölum. Það á að vísu ekki við um alla og t.d. ekki þann hv. þm. sem hér stendur, fulltrúi Alþfl., eini stjórnarliðinn sem nú er í þingsal fyrir utan hæstv. forseta. Hann hefur yfirleitt setið þingfundi vel. En mér finnst þetta frekar þunnskipaður bekkur og enginn hæstv. ráðherra sem sér ástæðu til að fylgjast með umræðum um lánsfjárlög. (**Forseti:** Ég tek undir með hv. þm. um að hér ætti viðkomandi ráðherra að vera viðstaddur. Ég sé að hann er í húsinu og einnig hæstv. forsrh. Ég vænti þess að þeir komi innan tíðar. Ef hv. þm. vill gera hlé á ræðu sinni meðan þeir eru að koma sér hingað er það hjartanlega velkomið.)

Virðulegi forseti. Ég þakka út af fyrir sig fyrir það, en í trausti þess að það líði ekki margar mínútur enn, það eru þegar liðnar 10 mínútur síðan hæstv. forseti sagði að fjmrh. væri væntanlegur á hverri stundu, ef það gerðist nú innan tveggja eða þriggja mínútna eða svo, þá held ég áfram ræðu minni, en mundi annars óska þess að gera á henni hlé því að þetta finnst mér í raun algerlega óviðeigandi og ólíðandi. Það er ýmislegt sem við stjórnarandstæðingar viljum gjarnan ræða við hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn. En sjáum til aðeins hvað gerist.

Ég var að ræða um vinnubrögð og tel að það hefði ekki verið óeðlilegt að fjárln. hefði eitthvað fjallað um málið á ný þó hún hafi á sínum tíma vegna anna við afgreiðslu fjárlagafrv. sjálfs óskað eftir því við efh.- og viðskn. að hún kláraði meðhöndlun frv. um lánsfjárlögin. Þetta segi ég vegna þess að við stjórnarandstæðingar höfum gagnrýnt málatilbúnaðinn allan. Við gagnrýndum strax í haust gerð fjárlagafrv. og töldum þrátt fyrir ummæli hæstv. fjmrh. að þar væri um að ræða algerlega ný vinnubrögð og frv. sem væri að þessu sinni raunhæfara en fjárlagagerð á undanförnum árum. Þetta leyfðum við okkur að efast um strax við 1. umr. fjárlaga og reyndar sýndi málatilbúnaðurinn það allur og málsmeðferðin öll. Alveg fram á síðasta dag við afgreiðslu fjárlaganna voru stöðugt að koma fram nýjar og nýjar hugmyndir um nýjar og nýjar breytingar á þessum málum og það sýndi að málatilbúnaðurinn var ekki nægilega vandaður og það síðan einnig sem hefur verið að gerast nú eftir áramótin, bæði varðandi afgreiðslu lánsfjárlaganna og kannski ekki síður afgreiðslu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér á eftir að koma til umræðu. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að hæstv. fjmrh. er á leiðinni.) Já, þakka fyrir þær upplýsingar, virðulegi forseti, en það getur auðvitað þýtt að ég neyðist til að endurtaka eitthvað af því sem ég hef verið að segja til þess að hæstv. fjmrh. heyri það þegar hann kemur í salinn.

En þegar ég tala um óvandaðan undirbúning og óvandaðan málatilbúnað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hv. stjórnarliða á ég t.d. við að það kom í ljós við afgreiðslu fjárlaga að það var ekki samstaða um ákveðna þætti afgreiðslu þeirra mála sem þar voru lögð til, t.d. skólagjaldanna sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Það var ekki samstaða hjá stjórnarliðum um það mál. Það kom reyndar líka í ljós eins og hefur verið rakið í umræðum um þessi mál, sem öll tengjast meira eða minna ríkisfjármálunum og skattamálum, tekjuöflunarmál hæstv. ríkisstjórnar, að það var ekki samstaða um ýmsa þætti þeirra mála svo sem eins og sjómannaafsláttinn svo að eitthvað sé nefnt. Það hefur ekki verið og var ekki samkomulag um hvernig staðið skyldi að því að skattleggja sveitarfélögin eins og þingheimur allur veit og nýjar og nýjar hugmyndir og tillögur komu fram í því efni meðan verið var að vinna málið. Meira að segja eftir að það var komið hér inn í þingið til umræðu og afgreiðslu var verið að tilkynna nýjar og nýjar hugmyndir og nýjar og nýjar breytingar, hvernig skyldi staðið að þessum málum, og svo er nú verið að vinna að hugmyndum um hvernig framkvæma skuli síðan þessi fjárlög sem við leyfðum okkur að efast um, stjórnarandstæðingar, að væru raunhæf og töldum alls ekki geta staðist og hvernig eigi að standa að framkvæmd þeirra. Það er nú í umræðu hjá ríkisstjórn og stjórnarliðum og nýjar og nýjar hugmyndir eru að koma inn í efh.- og viðskn. og fagnefndir þingsins um þá þætti. Ég nefni t.d. breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og virðist ekki vera mikill friður um það. Auðvitað vitum við ekki enn þá hvort samstaða er um það hjá hæstv. ríkisstjórn og hjá hv. stjórnarliðum.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er hér kominn og lýsi ánægju minni með það. En mér finnst afar óeðlilegt að hæstv. ráðherrar sem leggja fram þau mál sem hér eru til umræðu skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera í þingsal og hlýða á þær umræður sem hér fara fram. Mig langar aðeins að segja við hæstv. fjmrh. að auðvitað tengist frv. til lánsfjárlaga, sem hér er til umræðu fjárlagagerðinni allri að miklu leyti. Og þó svo fjárln. vísaði málinu til efh.- og viðskn. fyrir jólin þegar fjárlagaumræðan var í gangi og vinnan mikil í fjárln. við það frv., þá tel ég ekki óeðlilegt að fjárln. kæmi einnig að einhverju leyti aftur að þessu máli nú þar sem nú hefur um hægst í störfum fjárln. og eðlilegt að hún fjalli um lánsfjárlögin, a.m.k. fylgist nefndin með því og þeim breytingum sem eru stöðugt að gerast á þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin hefur lagt hér fyrir þingið og eru nú til meðferðar hjá þinginu og öll tengjast ríkisfjármálunum eins og frv. um ráðstafanir í

ríkisfjármálum sem hér á eftir að koma til umræðu aftur. Í þingsköpum Alþingis segir beinlínis að frv. til lánsfjárlaga skuli vísað til fjárln. og það er hún sem á að fjalla um málið þó að hún fyrir jólin vísaði þeirri umfjöllun til efh.- og viðskn.

Þetta segi ég líka vegna þess að við höfum talið að öll málsmeðferð væri óvönduð og óraunhæf fjárlagagerð þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. fjmrh. og stjórnarliða um að nú hafi verið staðið að málum með öðrum og betri hætti en oft áður, en það sýnir sig nú á umræðum þessa dagana að þegar eru komin upp ýmiss konar vandamál og vandkvæði við það hvernig skuli vinna úr fjárlagafrv. og hvernig skuli ná þeim markmiðum sem þar eru sett um aðhald í ríkisfjármálum og ríkisrekstri og kemur það okkur stjórnarliðum út af fyrir sig ekki á óvart sem lýstum því yfir strax við afgreiðslu málsins að þar væru bæði dulin vandamál og óleyst og svo auðvitað sá mikli vandi sem því fylgir að framkvæma þann flata niðurskurð sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þar sem þessi mál tengjast í raun öll fjárlagagerðinni, frv. sem hér er til umræðu og þau sem hafa verið hér til umræðu seinustu daga og reyndar eitt enn sem á eftir að koma til umræðu þar sem efh.- og viðskn. hefur nú lokið umfjöllun sinni, ef ég veit rétt, um bandorminn svokallaða eða ráðstafanir í ríkisfjármálunum, sem líka á eftir að koma til umræðu, og tengjast öll ríkisfjármálunum, þá langar mig til að fara nokkrum orðum um hvernig muni ganga framkvæmd þeirra markmiða sem fjárlögin fela í sér og spyrja hæstv. fjmrh., og e.t.v. einnig menntmrh. ef hann væri í húsinu eða gæti komið innan tíðar, hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmd þessa flata niðurskurðar.

Nú er það svo að við höfum heyrt varðandi framlög til skólanna að menntmrn. hafi gefið upp boltann með það við fræðslustjórana að e.t.v. væri hægt að dreifa þeim flata niðurskurði sem fjárlögin gera ráð fyrir á ekki bara árið 1992 heldur á næsta skólaár sem hlýtur að þýða að eitthvað af sparnaðinum kemur ekki fram fyrr en á árinu 1993. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hugmyndin sé að standa að því eða hvort nú þegar sé farið að gefa eftir varðandi markmiðin sem fjárlögin setja því að þá hlýtur það þá þegar að hafa áhrif á afgreiðslu lánsfjárlaganna. Þess vegna tel ég eðlilegt og sjálfsagt að taka það inn í þessa umræðu.

Ef nú þegar liggja fyrir hugmyndir um að víkja frá markmiðum fjárlaganna hlýtur það að þýða einnig að lánsfjárlögin standast þá ekki lengur samanburð eða samræmingu við fjárlögin nema þá að uppi séu einhverjar aðrar hugmyndir í menntmrn. um að spara á móti því svigrúmi sem þarna hefur verið vikið að eða í einhverjum öðrum ráðuneytum. Það tel ég nauðsynlegt að fá upplýst áður en afgreiðslu lánsfjárlaganna lýkur.

Það má nefna fleiri þætti sem varða framkvæmd fjárlaganna og tengjast lánsfjárlagaafgreiðslunni en bara menntamálin. Þar er hinn stóri málaflokkur heilbrigðis- og tryggingamála sem ég veit að hefur þegar verið í umræðu töluvert hjá efh.- og viðskn., framkvæmd fyrirhugaðs niðurskurðar í lífeyristryggingunum. Það mál á auðvitað eftir að koma til umræðu þegar það frv. kemur hér inn. Ég ætla þess vegna ekki að fara ítarlega yfir þær hugmyndir sem þar eru til umræðu, en vil nefna við hæstv. ráðherra að fjárvöntun ríkisspítalanna á þessu nýbyrjaða ári miðað við rekstur sl. árs er um það bil 500 millj. kr. sem skiptast reyndar þannig að hinn flati niðurskurður, 6,7% á laun og 1,3% á rekstrargjöld, er um það bil 310 millj. kr. Síðan var óbættur halli síðasta árs svo sem vitað var þegar við fjárlagaafgreiðsluna upp á rúmar 100 millj. Ef ríkisspítalarnir ættu að starfa með svipuðum hætti, umfang þeirra ætti að vera með svipuðum hætti og á síðasta ári, þá vantaði einnig 110 millj. kr. í grunn fjárlaganna til þess að það væri hægt. Samtals nemur þessi fjárvöntun 523 millj. kr.

Nú þegar hafa verið til umræðu í stjórnarnefnd ríkisspítalanna nokkrar tillögur um hvernig standa megi að þessum málum og hvernig ná megi markmiðum fjárlaganna ef svo fer að ríkisspítalarnir verði neyddir til að spara þennan hálfa milljarð kr. Ég er alveg viss um að þær hugmyndir allar verða erfiðar í framkvæmd. Ég er ekki að segja að það þurfi ekki að skoða ítarlega hvernig ná má fram almennum sparnaði og gæta aðhalds í hinum opinbera rekstri. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt á hverjum tíma. Það á auðvitað við um skólakerfið sem ég var að ræða um áðan og það á við um heilbrigðisþjónustuna einnig. Þess vegna hafa verið lagðar fyrir stjórnarnefndina hugmyndir ríkisspítalanna um almennan sparnað upp á kannski allt að 100 millj. kr. sem þó er ekki enn þá sýnt hvernig hægt sé að ná fram. En það dugar skammt til að finna þessar 500 millj. kr. sem vantar og því þarf að grípa til miklu róttækari ráðstafana eða aðgerða til að leysa málin en almenns sparnaðar upp á 100 millj. Hugmyndir hafa verið uppi um að loka jafnvel alveg einstökum deildum stofnunarinnar, t.d. öldrunarþjónustudeildum eða öðrum meðferðardeildum, ellegar draga úr hjartaskurðlækningum, bæklunarlækningum og þjónustu annarra deilda sjúkrahússins sem hlýtur að verða mjög erfitt í framkvæmd og hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir svo utan það að sparnaður er ekki bara fyrirhugaður á ríkisspítölunum heldur einnig á öðrum heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum um allt land sem þýðir að þau hljóta að þrýsta hluta af starfsemi sinni og þeirri þjónustu sem þau hafa hingað til veitt yfir á stærstu sjúkrahúsin og það mun alveg tvímælalaust bitna á ríkisspítölunum. Það hefur sýnt sig áður þegar svipaðar aðferðir og svipaðar leiðir hafa verið reyndar.

Auðvitað ætti fremur að spyrja hæstv. heilbrrh. eftir því hvernig hann sér þetta geta gengið fram, en reyndar er það svo að þessar hugmyndar hafa verið kynntar fyrir ráðherra þannig að honum er ekki alveg ókunnugt um hvað er verið að ræða í stjórnarnefndinni. Því miður virðist það vera svo að ráðherrann geri ráð fyrir að ríkisspítalarnir verði neyddir til að ná öllum þessum sparnaði fram upp á kannski ½ milljarð eða fast að því. Sýnist mér ef svo fer fram að ríkisspítalarnir eigi ekki að fá neitt til baka af því óráðstaf-

aða fé sem ráðuneytin þó hafa, hluta af þeim flata niðurskurði sem ráðuneytin hafa til að reyna að framkvæma sparnaðinn, og hætta á að það eigi þá einhverjir aðrir að njóta þess mikla niðurskurðar sem á að framkvæma á ríkisspítölunum.

Nú er of snemmt að segja til um þetta og mér er jafnframt tjáð að ráðuneytin ætli að leggja fram tillögur um hvernig að þessum sparnaði verði staðið fyrir miðjan febrúar, 10. febrúar hefur verið nefndur við stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Fyrir þann tíma er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir því hvert rekstrarumfangið verður, hver nauðsynlegur sparnaður verður, til hvaða aðgerða þarf að grípa fyrr en ljóst er hvaða fjármuni þessar stofnanir fá endanlega til ráðstöfunar. Og þá kem ég enn að starfsemi fjárln. sem ég tel að sé nauðsynlegt að fylgist mjög grannt með þessum málum, fylgist með því hvernig þessi flati niðurskurður verður framkvæmdur og fylgist einnig með því hvernig hinum óráðstöfuðu fjármunum, sem samtals eru um 1 milljarður kr., verður ráðstafað til hinna ýmsu stofnana á ný þannig að við sjáum þá hvernig þessi mál ganga fram og að fjárveitingavaldið upp á 1 milljarð kr. sé ekki algerlega sett í hendurnar á hæstv. ráðherrum heldur hafi nefndir þingsins einhverja möguleika á að fylgjast með því hvernig það gengur fram.

Ef það væri nú svo, hæstv. fjmrh., að það væru einhverjar nú þegar fram komnar hugmyndir uppi um það varðandi menntamálin að dreifa hluta af sparnaðinum yfir á árið 1993, ef marka má fréttir í fjölmiðlum, þá spyr ég hvort það sé kannski eitthvert svigrúm í heilbrigðisgeiranum að viðhafa svipuð vinnubrögð. Eru menn farnir að tala um það nú þegar að færa eitthvað af þessum sparnaði yfir á næsta ár? Og þá hlýtur það einnig að hafa áhrif á lánsfjárlögin eins og það svigrúm eða þær breytingar sem mér heyrðust nú þegar vera til umræðu varðandi menntamálin. Þetta finnst mér nauðsynlegt að draga inn í þessa umræðu og fá viðbrögð hæstv. ráðherra við þessum hugmyndum.

Þá er það enn til að nefna að enn ríkir fullkomin óvissa um ýmsa veigamikla þætti efnahagsmálanna og framvindu þeirra á þessu nýbyrjaða ári sem lánsfjárlögin gætu þurft að taka til. Það er vikið að því í nál. frá minni hluta efh.- og viðskn., reyndar bæði nál. sem prentað er 9. des. sl. vegna þess að þá var nú staðan þannig að stjórnarflokkarnir voru enn að glíma við að koma sér saman um hvernig afgreiða mætti fjárlögin og hvernig mætti ná endum við þá afgreiðslu og allir vita hvernig það var endanlega gert með þessari nauðungaraðferð, ef má kalla það, að leggja á flatan niðurskurð upp á marga milljarða kr., sem algerlega er óljóst með á þessu stigi hvernig tekst að vinna úr, og svo líka að í frhnál. minni hlutans kemur það sjónarmið einnig fram að enn er svo mikil óvissa um niðurstöðu og framkvæmd fjárlaganna að ekki væri óeðlilegt að bíða eitthvað með afgreiðslu þessa frv., t.d. meðan línur eru að skýrast. Láta koma í ljós hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná þessum sparnaði, og svo kannski líka meðan línur eru að skýrast með það hvernig málum vindur fram á vinnumarkaði. Það er greinilegt að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin taldi þó þær einu sem ríkisvaldinu bæri að beita sér fyrir, þ.e. að reyna að hafa fjárlagahallann sem minnstan til að geta knúið niður vextina, ætla nú heldur litlu að skila, hæstv. fjmrh. Í svari sem hæstv. ráðherra veitti í gær við máli hv. 1. þm. Austurl. kom m.a. fram að ríkisstjórnin ætlaði að reyna að knýja á um lækkun vaxta og þar var nú sannarlega stigið stórt skref að lækka vexti á spariskírteinum ríkissjóðs sem eru í áskrift úr 8,1% í 7,9%. 0,2% lækkun er mat hæstv. ráðherra á því hvernig til hafi tekist um þessa einu efnahagsaðgerð sem hæstv. ríkisstjórn hefur talið að sér bæri að beita sér fyrir eða láta sig nokkru varða, þ.e. glíma við hallann á fjárlögum ríkisins. Annað hefur ekki staðið upp úr þessum hæstv. ráðherrum og árangurinn er þessi: Í vor hækkuðu þeir vextina um 2,0%, nú lækka þeir þá um 0,2%.

Ég vona sannarlega að við eigum eftir að sjá einhverjar aðrar tillögur frá hæstv. ríkisstjórn í þessu efni og er reyndar alveg viss um að það er það sem skiptir sköpum um hvernig takast muni til um að ná hér einhverju samkomulagi á vinnumarkaði. Þar held ég að mest gefi að geta lækkað vextina og ég er reyndar sannfærður um að lækkun vaxta er nú möguleg, hún er fyrir hendi nú, meiri en hér hefur verið boðuð. Ég ber fyrir mig í því efni m.a. viðræður við bankamenn sem þó segja að ríkissjóður verði að ganga á undan með ríkisskuldabréfin eða spariskírteinin til þess að einhver von sé til þess að bankakerfið geti haldið áfram að lækka vextina. Búnaðarbankinn hefur reyndar reynt að hafa uppi nokkra tilburði í þessu sambandi, en betur má ef duga skal. Allir vita að þessir háu vextir voru á seinasta ári að sliga atvinnulífið og eru að því enn og reyndar heimilin einnig. Lækkun vaxta er því alveg örugglega stærsta kjaramálið sem fyrir hendi er í dag og ég fullyrði að til þess að stíga stærri skref í því efni er nú svigrúm ef ríkisstjórnin vill hafa þar frumkvæði, ganga á undan og hafa uppi um það einhverja tilburði og sýna að hún hafi yfirleitt áhuga á því að ná niður vaxtastiginu.

Mig langar, virðulegi forseti, aðeins að nefna það, þó að það sé kannski mál sem kemur til umræðu aftur við afgreiðslu bandormsins svokallaða, eða spyrja um það hvernig ríkisstjórnin hyggst haga sér varðandi vinnubrögð hinna svokölluðu tilsjónarmanna eða eftirlit ríkisstjórnarinnar, ríkisvaldsins við framkvæmd fjárlaganna t.d. á hinum stærstu stofnunum. Þá nefni ég aftur ríkisspítalana. Ég hefði átt að nefna það þegar ég var að tala um þá áðan. Hvernig ætlar ríkisstjórnin virkilega og hæstv. fjmrh. einhverjum tilsjónar- eða eftirlitsmönnum að fylgjast með framkvæmd fjárlaga hjá svoleiðis stofnun sem hefur mjög öfluga skrifstofu til að vinna þau mál? Ég veit að hæstv. fjmrh. er mjög vel kunnugur vinnubrögðum þar sem fyrrv. formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna og veit hvernig þar er unnið. Þar hafa menn lagt hart að sér á undanförnum árum að ná fram sparnaði og ná fram aðhaldi í rekstri þessarar stóru stofnunar. Það kann að vera að í einhverjum smærri stofnunum sé hægt að fela einhverjum einstaklingum að fylgjast með ákveðnum þáttum í starfsemi þó að það séu ekki mjög geðfelld vinnubrögð, en ég spyr nú eftir því hvernig eigi að vinna að

því á hinum stærstu stofnunum sem líka skipta mestu máli.

Að lokum, virðulegi forseti, langar mig aðeins að nefna mál sem fór hljótt við afgreiðslu fjárlaganna og reyndar var mjög lítið til umræðu, varðar að hluta til tekjuöflun þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður njóti arðgreiðslna frá ríkisfyrirtækjum. Hugmyndir um reglur að þessum arðgreiðslum voru settar fram í þskj. 295 sem brtt. frá meiri hluta fjárln. við afgreiðslu fjárlaganna við 3. umr. og hlutu eins og ég sagði áðan mjög litla eða nánast enga umræðu í þinginu, enga í fjárln. sjálfri, þegar fjárlagafrv. var til 3. umr. Þó benti ég á að á síðustu mínútum síðasta fundar fjárln. hafi þessar hugmyndir komið fram og verið skellt inn í brtt. og eru þar sem 2. liður í þessu þskj. og auðvitað samþykkt af stjórnarliðinu hér á Alþingi og hefur yfirskriftina: Reglur um útreikning arðgreiðslna ríkisfyrirtækja. Hvert er að áliti hæstv. fjmrh. haldið í þessum reglum? Hvernig er í raun lagalegt hald þessara reglna við að afla þeirra tekna sem gert er ráð fyrir? Í fjárlögunum er gert ráð fyrir að þessar arðgreiðslur skili ríkissjóði 150 millj. kr. Hér voru tilnefndir sex flokkar ríkisfyrirtækja, bæði hrein ríkisfyrirtæki, fyrirtæki sem ríkið á hluta í, hlutafélög og svo t.d. peningastofnanir eins og bankarnir, Landsbankinn og Búnaðarbankinn. Þessum aðilum er gert að greiða samkvæmt reglum sem voru settar á blað ákveðnar tekjur í ríkissjóð. Ég hafði á þessu fyrirvara fyrir hönd minni hluta fjárln. og taldi vafasamt að hægt væri að ákveða þessar arðgreiðslur með þessum hætti einum. Ég er ekki lögfróður maður þannig að ég veit ekki hvernig það kann að verða túlkað af þeim sem lögfróðir eru, en langar að spyrja einmitt hæstv. fjmrh. um það mál nánar af því að umræðan var lítil sem engin um það við fjárlagaafgreiðsluna. Þar að auki er mér nú sagt að þessi útreikningur geti þýtt miklu hærri upphæðir en fjárlögin gera ráð fyrir ef honum er beitt til hins ýtrasta og ef það stenst að framkvæma það eins og þessar reglur eru hér settar á blað. Ég hef jafnvel fengið upplýsingar um að bankarnir tveir sem ég nefndi áðan, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, muni þurfa að greiða meira en 150 millj. kr. En ég hef þó ekki þann útreikning fyrir framan mig. En ef það er rétt og ef farið er eftir því sem þessar reglur kveða á um og það þýðir svo miklar upphæðir, þá er hér um verulega skattheimtu að ræða, miklu meiri skattheimtu af þessum fyrirtækjum en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna, fyrir utan það svo kannski fyrst og fremst, sem mig langar að fá hér upplýst, hvert sé líklegt lagalegt gildi þessarar aðferðar við að ákveða þessar arðgreiðslur og hvort líklegt sé að það muni vera hægt að fylgja þessu eftir á þennan hátt og jafnframt hvort hæstv. fjmrh. hafi nú þegar séð nokkuð um það hvaða tekjur muni hér vera um að ræða. Ef það er svo að það kunni að vera tugir eða jafnvel hundruð milljóna umfram það sem gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna væri fróðlegt að fá það upplýst áður en afgreiðsu allra þeirra mála sem varða ríkisfjármálin er lokið í hv. Alþingi.

Nú er það reyndar svo að sum þessi fyrirtæki eru fyrirtæki sem ríkissjóður e.t.v. þarf að leggja til fjármagn á annan hátt svo að það er kannski að færa úr einum vasanum í annan að láta þessi fyrirtæki greiða arð með þessum hætti. Sum þeirra hafa ekki verið rekin með hagnaði þannig að þau hafa alls ekki getað skilað neinum arði eins og hér er gert ráð fyrir. Kann því að vera að mikil óvissa sé í þessum útreikningum og þessari áætlun um arðgreiðsluna.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta mál að þessu sinni, en taldi nauðsynlegt að ræða um þessa útgjaldasömu málaflokka eins og menntamálin og heilbrigðismálin sérstaklega og fá álit hæstv. fjmrh. og reyndar hefði verið gott að þeir fagráðherrar þessara útgjaldasömu málaflokka hefðu verið viðstaddir umræðuna líka og svarað fyrir það hvernig þeir ætla að ná fram þeim sparnaði sem fyrirhugaður er í fjárlögunum nýsamþykktu og hvort það er svo að það sé nú þegar fyrirhugað að gefa eftir í þessu ákveðna þætti og flytja þá hugsanlega sparnað af aðgerðum sem t.d. hæstv. menntmrh. hefur boðað yfir á árið 1993. Ef það er rétt hlýtur það að þurfa að hafa áhrif á afgreiðslu lánsfjárlaganna og rétt og eðlilegt að taka það til umræðu og umfjöllunar í umræðu um þetta frv. Einnig vil ég árétta þá skoðun mína að það sé ekki óeðlilegt að fjárln. fylgist með því sem hér er að gerast og fjalli e.t.v. um þessi mál að einhverju leyti þó svo hún hafi áður við önnur skilyrði og aðrar aðstæður beint t.d. umfjöllun lánsfjárlaganna til efh.- og viðskn. eins og ég rakti í upphafi máls míns.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þó að aðalerindi mitt í þessari umræðu um lánsfjárlögin sé að mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum hv. þm. við lánsfjárlögin ætla ég að fara örfáum orðum í upphafi um málið í heild, en hér er um að ræða heildarramma um lántökur ríkissjóðs á næsta ári. Þessi heildarrammi verður með engu móti slitinn úr samhengi við fjárlög og frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem liggur fyrir hv. efh.- og viðskn. og þingsaga þessara frv., sérstaklega um ráðstöfun í ríkisfjármálum eða svokallaðs bandorms, er að verða nokkuð skrautleg.

Það má segja að saga frv. sé ein hörmungarsaga. Því var frestað fram yfir jólahlé eins og hv. þm. vita. Síðan bregður svo við að ofan í breytingar sem komu á frv. rétt fyrir jólin koma núna enn þá meiri breytingar við þessa umfjöllun sem átti aðeins að standa í 2–3 daga eftir því sem talsmenn ríkisstjórnarinnar upplýstu. Þá koma brtt. um svo viðkvæm mál að ótrúlegt er. T.d. er tekjutengingu ellilífeyris blandað inn í þetta mál og breytingum á almannatryggingalögunum. Það er satt að segja alveg ótrúlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli hugsa sér að slík mál fari í gegn á skömmum tíma. Þar að auki kemur þetta tekjutengingarmál inn á margs konar aðra löggjöf og nú er upplýst vegna vinnu í hv. heilbr.- og trn. að enn þá er vegið að sjómönnum með frv. ofan á þau átök um sjómannaafslátt sem urðu fyrir jólin. Þetta er allt með miklum ólíkindum og það er satt að segja erfitt að afgreiða frv. um lánsfjár-

lög fyrr en þessi heildarmynd liggur fyrir.

Alltaf hafa verið að koma nýjar og nýjar upplýsingar í nefndum það sem af er þessu ári og ég veit ekki á þessari stundu hvaða enda það hefur. En einkenni á þessu öllu saman er það sama og var í desember við fjárlagagerðina, að það er verið að brjóta upp viðkvæma lagabálka, breyta þeim til lengri tíma og hnýta inn í bandorm um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Auðvitað verða lánsfjárlög ekki slitin úr samhengi við þessa heildarmynd.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á eitt efnisatriði varðandi lántökur ríkissjóðs og beina spurningum til fjmrh. um hvort það sé ætlunin að halda enn áfram á þeirri braut á næsta ári að selja húsbréf erlendis. Ég segi þetta að gefnu tilefni af því að í janúar barst skýrsla frá Jóhönnu Sigurðardóttur félmrh. um framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti og þar er eitt af því sem starfshópurinn leggur til að húsbréf verði seld erlendis. Það var upplýst í viðtölum við fjárln. fyrir jól af ráðgjöfum ríkisstjórnarinnar, sem ég hygg að Þjóðhagsstofnun sé, talsmönnum hennar, að þetta væri sú allra vitlausasta lántaka sem hugsast gæti og þetta væri vísasta leiðin ef menn vildu taka þau óhagstæðustu lán sem hugsast gætu erlendis. Beinar lántökur og þá að endurlána þær innan lands væri miklu betri leið í þessu efni. En nóg um það.

Erindi mitt hingað upp var aðallega að mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 382 við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 og meðflm. mínir eru Halldór Ásgrímsson, Jón Helgason, Guðni Ágústsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Brtt. er þess efnis að á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo sem þar segir:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán, allt að 300 millj. kr., til að greiða fyrir síldarviðskiptum við Rússland."

Þessi tillaga er fram komin vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í saltsíldarviðskiptum við Rússland.

Ég get ekki annað í þessu sambandi en rifjað upp með örfáum orðum það ástand sem verið hefur í sjávarútvegi síðari hluta ársins 1991. Afli hefur verið mjög tregur á hinum hefðbundnu tegundum í bolfiskveiðum og niðurskurður fiskveiðiheimilda mikill. Ég ætla ekki að orðlengja það. Það hefur oft verið rakið hér. Þar á ofan hefur bæði loðnu- og síldarvertíð brugðist að verulegu leyti, sú hefðbundna haustvertíð sem veitt hefur mikla atvinnu og veitt hefur miklum peningum til byggðarlaga þeirra sem hafa byggt á þessum veiðum. Þetta þýðir, eins og fram hefur komið í fréttum, að atvinnuleysi hefur verið það mesta í desember sem hefur verið mörg undanfarin ár og atvinnuleysi er komið yfir 5% í einstökum landshlutum. Það eru tölur sem við höfum ekki séð í mörg ár. Þetta er sú mynd sem blasir við og það fylgir því, ég heyrði í gærkvöld í fréttum það álit starfsmanna félmrn., að janúarmánuður mundi verða enn erfiðari í þessu efni.

Það er nú svo með síldarsöltun að hún er eitt af því sem skapar mesta atvinnu af öllu því sem hægt er að taka sér fyrir hendur í sjávarútvegi svo að ætla mætti að allt hefði allt verið reynt til að halda þessari starfsemi í gangi og nýta þá markaði sem fyrir hendi eru. Ég bendi á að þetta er aðeins ef maður horfir til skamms tíma, en kannski eru langtímamarkmiðin enn mikilvægari hvað þetta varðar. Síldarsala til Rússlands hefur legið niðri í eitt ár og ef hún liggur niðri öllu lengur vex alltaf hættan á því að við missum þennan markað. Það er staðreynd að við erum ekki einir á þessum síldarmörkuðum. Það höfum við verið rækilega minntir á. Við höfum getað selt síld m.a. til Rússlands á hærra verði en aðrir. Ef við hverfum út af þessum mörkuðum er hætta á að önnur lönd komi þar inn með ódýrari vörur og ábyrgðir því að um þessar mundir eru vestræn ríki að ganga í miklar ríkisábyrgðir vegna viðskipta við Rússland. Það þarf ekki að minna á að t.d. Kanadamenn eru miklir framleiðendur síldar.

Síldveiði hefur glæðst eftir áramótin og það er um 40 þús. tonna veiði eftir af kvótanum. Auðvitað standa fyrirtækin sem hafa séð um vinnslu síldarinnar höllum fæti eftir þá vertíð sem yfir hefur dunið síðasta haust.

Það vakti vonir í þessu sambandi að 12. des. sl. var undirritaður viðskiptasamningur milli ríkisstjórna Íslands og Rússlands til tveggja ára og viðskiptabókun í tengslum við þann samning. Það var utanríkisviðskiptaráðherra sem undirritaði þann samning. Hann gerir ráð fyrir gagnkvæmum viðskiptum að andvirði 80 millj. dollara á samningstímanum og samkvæmt vörulistunum sem fylgja viðskiptabókunum landanna er gert ráð fyrir að Rússar kaupi af Íslendingum saltaða síld, frystan fisk, lagmeti og ullarvörur, þar af saltsíld fyrir allt að 30 millj. dollara, en við kaupum aðallega af þeim olíuvörur, timbur og bíla.

Ég vitna áfram, með leyfi forseta, í upplýsingabréf sem síldarútvegsnefnd gaf út 6. jan. sl. Þar segir:

„Samkomulagið gerir ráð fyrir sölu á 30 þús. tonnum eða 300 þús. tunnum af léttverkaðri, hausskorinni og slógdreginni síld fyrir um 28 millj. US dollara eða um 1.600 millj. ísl. kr. Þetta magn svarar til um 40 þús. tonna af síld upp úr sjó. Þess má geta að frá því að síldveiðar hófust að nýju árið 1975 hefur sala á síld til Sovétríkjanna á einni vertíð mest numið 200 þús. tunnum. Vegna þess hversu langt var liðið á síldarvertíðina varð samkomulag um að helmingur magnsins yrði afgreiddur á tímabilinu janúar/apríl 1992 og síðari helmingurinn á tímabilinu desember 1992/mars 1993.

Síðan segir: „Í viðskiptasamningi landanna er gert ráð fyrir jafnvægi í viðskiptunum. Enn fremur hafa Rússar óskað eftir því að gerður verði sérstakur bankasamningur milli íslensks banka og banka rússneska lýðveldisins í tengslum við viðskiptasamninginn."

Og síðan segir: „Einhvern tíma mun taka að ganga frá samningum um kaup á rússneskum vörum og ganga frá bankasamningi. Til að umsamin saltsíldarviðskipti geti átt sér stað á þessari vertíð hafa Rússar því óskað eftir lánafyrirgreiðslu vegna þessara upphafsviðskipta í formi láns til Vneshtorgbank, banka rússneska lýðveldisins, með svipuðu sniði og samkomulag tókst um á sl. ári milli Landsbankans og Vneshtorgbank vegna útflutnings á annarri íslenskri útflutningsafurð." — Þetta munu hafa verið ullarvörur.

Það þarf ekki að rekja að Landsbankinn bað um álit ríkisstjórnarinnar og ráð og væntanlega bakstuðning þó að því sé neitað af hæstv. ráðherrum sem hafa talað í dag í umræðum um þetta mál utan dagskrár, en Landsbankinn sendi þetta erindi til ríkisstjórnarinnar og viðskrh. Ríkisstjórnin tekur þetta erindi til efnislegrar meðferðar og sú efnislega meðferð tekur heilan mánuð og á meðan líður dýrmætur tími. Síðan fær Landsbankinn það svar frá ríkisstjórninni að Landsbankinn eigi að taka afstöðu til málsins á grundvelli bankalaga ef ég hef skilið hæstv. viðskrh. rétt í umræðunum áðan. Auðvitað er þetta ekkert svar. Þessu hefði verið hægt að svara í byrjun desember eða um það leyti sem þetta erindi barst ríkisstjórninni. Það hefði ekki þurft að fá álit Seðlabankans eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ef þetta er niðurstaðan af því. Auðvitað átti ríkisstjórnin, ef hún ætlaði að gefa bankanum þetta svar, að gefa honum það strax. Það hefði þá gefist tími til að athuga málið frá öðrum hliðum.

Það er skiljanleg sú afstaða Landsbankans að biðja um umsögn ríkisstjórnarinnar um málið. Ríkisstjórnin hefur í málflutningi sínum síðan hún tók við og ráðherrar hennar með forsrh. í broddi fylkingar yfirleitt legið í því að kenna mönnum um og velta sér upp úr ýmsum svokölluðum mistökum sem stjórnendur hafi gert í fortíðinni. Það er ekki nema von að menn vilji nú njóta visku hennar og ráða í sambandi við afdrifarík mál sem hér eru. En svörin eru þessi. Svörin eru nánast engin.

Í Rússlandi er mikil óvissa, ekki skal ég draga fjöður yfir það. Þessu fylgir áhætta, ekki skal ég neita því. En hins vegar er það svo, eins og hér var rakið í umræðum utan dagskrár áðan, að öll vestræn ríki hafa nú miklar áhyggjur af ástandinu í Sovétríkjunum, hvort þar brestur á hungursneyð, og ef hún brestur á er áreiðanlega úti um friðinn í þessum ríkjum. Þess vegna kosta nú vestrænar þjóðir kapps um að aðstoða Rússa í þeirra þrengingum og önnur ríki austur þar sem þurfa aðstoðar við sem því miður eru öll þau ríki sem nú eru þar að myndast. Það hefur komið fram að Ísland ætlar að taka þátt í sérstakri neyðaráætlun til að aðstoða þessi ríki. Ég skil það, alvara málsins er mikil. Það er alveg ástæða til þess fyrir Ísland að taka þátt í slíkri neyðaráætlun. En ég held að það nærtækasta sem við gætum gert væri að greiða fyrir viðskiptum með þessa vinsælu matvöru og koma henni til Sovétríkjanna, taka áhættu í því efni. Auðvitað leitar Landsbankinn til ríkisstjórnarinnar í þessu efni vegna þess að sá viðskiptasamningur sem í gildi er er undirskrifaður af einum ráðherra ríkisstjórnarinnar og þess vegna er eðlilegt að leitað sé til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd hans.

Brtt. sem um ræðir er sú að fjmrh. fái heimild til þess fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán allt að 300 millj. til að greiða fyrir síldarviðskiptum. Þessa tillögu teljum við flm. raunhæfa. Við teljum að Alþingi geti tekið á málinu með þessum hætti, það geti veitt ríkisstjórninni heimild til að halda uppi þessum viðskiptum á þessari vertíð. Við flm. tillögunnar reynum að lágmarka þessa áhættu. Við flytjum tillögu um 300 millj. kr. ábyrgð í staðinn fyrir að það hafa verið allt að 800 millj. kr. til umræðu í þessu sambandi. Þessar 300 millj. kr. þýða um 50 þús. tunnur af síld sem mundu gera einkum tvennt: Þessi söltun mundi auka útflutningsverðmæti síldarinnar á þessari vertíð. Hún mundi tryggja að þessi viðskipti Rússa féllu ekki alveg niður og þráðurinn yrði ekki slitinn lengur. Þessi fyrirgreiðsla mundi verða lóð á þá vogarskál að aðstoða Rússa í þeim þrengingum sem þeir eiga í og allar þjóðir hafa miklar áhyggjur af og svo miklar áhyggjur að stjórnendur þeirra vilja setja upp sérstaka neyðaráætlun til hjálpar. Þar að auki mundi samþykkt þessarar tillögu veita atvinnu á næstu dögum og vikum af því að síldveiði er nú að glæðast og það lítur betur út með veiðina.

En þetta má ekki dragast. Það þýðir ekki að segja eins og viðskrh.: Nú ætlar maður að skoða og athuga þessa hluti og athuga um þennan bankasamning og taka sér í það tíma. Síldin bíður ekkert eftir því. Hún er duttlungafullur fiskur, það hélt ég að menn vissu. En það er eins og hæstv. ráðherrar viti það ekki og er ekkert víst að síldin verði hæf til söltunar þegar hæstv. ráðherrar eru búnir að athuga og skoða. Ég er viss um að dr. Össur Skarphéðinsson, hv. 17. þm. Reykv. og þingflokksformaður Alþfl., veit ósköp vel um ástand síldarinnar og ég er hissa ef hann er ánægður með það að hæstv. viðskrh. sé að athuga og skoða bankasamninga meðan síldin syndir hjá. (**ÖS:** Hún syndir ekki hjá.) Hún syndir ekki hjá. Ja, það er gott ef hv. 17. þm. Reykv. getur tryggt það. En hv. 3. þm. Suðurl. er í einhverju fréttasambandi við síldina og tilkynnti það áðan í umræðunum að hún synti hjá. En þetta virðist vera eitt af þessum ágreiningsmálum milli Alþfl. og Sjálfstfl., og ágreiningsmál í ríkisstjórninni. (Gripið fram í.) Já, það virðist vera. Sjálfstfl. ræður hér eins og í öðrum málum og Alþfl. er alger bandingi í málinu. Þó að hv. þm. hans séu hámenntaðir á þessu sviði láta þeir hv. 3. þm. Suðurl. jafnvel kúska sig í málefnum síldarinnar.

En þetta var útúrdúr og er í rauninni ekki gamanmál á ferð. Af þessu máli höfum við þingmenn mjög miklar áhyggjur vegna þess að hér er um tekjutap að ræða fyrir þjóðfélagið. Hér er vissulega um áhættu að ræða. Við flm. þessarar tillögu reynum að stilla í hóf þeirri áhættu með því að minnka þá upphæð sem er til umræðu og halda málum gangandi á þessari vertíð og við trúum ekki öðru en hv. þm. taki nú höndum saman og samþykki þessa tillögu þannig að ríkisstjórnin hafi heimildir Alþingis til að taka á málum.

Ég vil í lokin geta þess að auðvitað hafa aðilar úti í þjóðfélaginu, sem þessi mál brenna á, miklar áhyggjur af málinu. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp ályktun Verkamannasambands Íslands um málið sem er dagsett í dag og barst okkur fyrir stundu og er send öllum hv. þm. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sameiginlegur fundur stjórnar og samninganefndar deildar fiskvinnslufólks innan Verkamannasambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að heimila Landsbanka Íslands að veita fyrirgreiðslu til þess að sölusamningur á saltaðri síld til Rússlands nái fram að ganga.

Hér er meira í húfi en svo að tvískinnungsháttur þar sem hver vísar af sér megi verða endalok þessa máls. Hér er um framtíðarhagsmuni okkar að tefla og óvíst er ef við töpum þessu tækifæri til síldarsölu á stærsta markað fyrir saltaða síld að við eigum þess kost síðar að nýta hann.

Það er með öllu óskiljanlegt í þeim atvinnu- og efnahagshorfum sem nú eru uppi að sá aðili sem á að gæta viðskiptahagsmuna okkar telji ekki verjanlegt að taka nokkra áhættu í ljósi þeirra hagsmuna sem hér er um að ræða. Atvinnulíf og afkoma fólks í mörgum byggðarlögum krefst þess að málið verði endurmetið án tafar."

Svo mörg voru þau orð og hnígur þetta mjög í sömu átt og ég var að rekja.

Það eru margir fleiri sem hafa tjáð sig um þetta. Í Dagblaðinu í dag telur Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, að þjóðarbúið muni tapa um 1 milljarði kr. ef ekki tekst að koma síldinni á Rússlandsmarkað á þessu ári og mestar líkur á því að öll sú síld sem Rússar vildu kaupa mundi fara í bræðslu. Það er satt að segja ömurlegt þó að loðnubræðslurnar vanti vissulega verkefni, en þar tapa menn eins og Finnbogi tekur réttilega fram mörg hundruð millj. kr. eða jafnvel milljarði kr.

Sú brtt. sem hér um ræðir er hógvær tillaga. Hún er ekki yfirboð. Þetta er raunhæf tillaga, byggð á því ástandi sem nú er. Hún byggir á því að láta hjólin snúast á þessari vertíð, 50 þús. tonna söltun mundi nægja til þess og þá mundi gefast tími til að meta framhaldið. Þess vegna trúi ég ekki öðru en að þessi tillaga fái góðan hljómgrunn í hv. Alþingi. Ég hef ástæðu til að ætla að svo verði og ég skora á hv. þm. að samþykkja þessa tillögu ef hæstv. ríkisstjórn verður ekki búin að sjá að sér í málinu fyrr og leitast við að leysa þetta mál nú án tafar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu, lánsfjárlögin, hefur legið fyrir þinginu frá því snemma í desember og hefur sú umræða út af fyrir sig farið nokkuð víða og er það eðlilegt þar sem lánsfjárlögin snerta svo stóran þátt í okkar þjóðlífi. Lánsfjárlögin ásamt með fjárlögunum hljóta að setja rammann um peningastefnu þess árs sem nú er byrjað.

Það hefur verið mikið rætt um vexti og þróun fjármagnsmarkaðar í sölum Alþingis í vetur. Það er mjög eðlilegt miðað við það að seinni hluta síðasta árs voru raunvextir og raunar allir vextir í því horfi að það var ekki og er ekki hægt að ætlast til þess að atvinnurekstur geti staðið undir slíku, hvað þá eins og staðan er á mörgum sviðum atvinnurekstrarins, ekki síst í þeim greinum sem nýlega eru búnar að ganga í gegnum erfiða fjárhagslega endurskipulagningu. Það leiðir síðan hugann að blárri bók sem við alþingismenn fengum í hólf okkar í síðustu viku, svokallaðri skýrslu fortíðarvandanefndar. Þar segist ríkisstjórnin vera að setja punktinn fyrir aftan fortíðarvandaumræðuna sem heltók ríkisstjórnina fyrstu mánuði starfstíma hennar, einmitt þann tíma sem sérhver ríkisstjórn á að nota og þjóðin ætlast til að hún noti til að móta þá stefnu sem hún ætlar að framfylgja þann tíma sem hún situr. Sú ríkisstjórn sem ekki notar sínar fyrstu vikur og mánuði til þessara hluta er ekki líkleg til að njóta trausts þjóðarinnar. Sú er einnig reyndin. Hæstv. fjmrh. sagði hér úr ræðustól í gær að hann væri tilbúinn til að fara í samanburð þar um milli núv. og fyrrv. ríkisstjórnar. Það er svo sem mjög eðlilegt miðað við fortíðardýrkun núv. hæstv. ríkisstjórnar, en ef minni mitt bregst ekki er það svo að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur náð enn þá lengra í þeim metalista og er það sjálfsagt ekkert til þess að sækjast eftir.

Einn af þeim þáttum sem tengist lánsfjárlögum er fjármögnun Byggðastofnunar, fjármögnun atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, sem það heitir núna, þar sem menn höfðu mjög stór orð í upphafstíma þessarar hæstv. ríkisstjórnar, væntanlega var það einn þáttur í þeim leik að hrella þjóðina sem allra mest. Það var því mjög athyglisvert að hlusta á upplýsingar forstjóra Byggðastofnunar um stöðu atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar þar sem ætla mætti, miðað við yfirlýsingar sérstaklega hæstv. forsrh. í upphafi þessarar ríkisstjórnar, að þar hefði ekki staðið steinn yfir steini þó svo sami hæstv. ráðherra hafi lagt til nokkru seinna að atvinnutryggingardeildin yrði flutt yfir í Landsbankann til að styrkja eiginfjárstöðu hans.

Það sem mér fannst kannski öðru athyglisverðara í yfirlýsingum um vexti og lánsfjármarkaðinn sem hefur komið fram í vetur var sú yfirlýsing hæstv. viðskrh. að í raun væri hér fákeppnismarkaður á fjármagnsmarkaðnum. — Virðulegi forseti. Nú held ég að ég geri hlé á ræðu minni. (**Fjmrh.:** Ég hlusta og heyri alveg.) Mér finnst það viðeigandi (**Fjmrh.:** Þú skalt bara halda áfram að tala.) af því að hæstv. ráðherra kýs að koma með síma inn í þingsalinn sem ég hef reyndar ekki séð gert áður.

Hæstv. fjmrh. Ég var kominn þar að ég ræddi yfirlýsingu hæstv. viðskrh. — Hæstv. ráðherra. Ég sagði áðan að mér finnst sjálfsögð kurteisi þar sem hæstv. ráðherra kaus að koma með símann inn í þingsal að við töluðum ekki báðir samtímis, hann í símann og ég úr ræðustól. Og það mætti, virðulegi forseti, beina því til forsetans hvort það samræmist eðlilegum reglum og þingsköpum að menn séu með síma inni í þingsal. (**Fjmrh.:** Þú varst ekki einu sinni í salnum þegar var komið að þér. Ég mátti bíða eftir því.) En ég held áfram ræðu minni og gagnvart athugasemd hæstv. ráðherra því að hann situr orðið bölvandi fyrir aftan mig (**ÓÞÞ:** Eins og naut í flagi.) get ég upplýst hann um að ég var í húsinu þegar orðið var gefið laust, ég var ekki í þingsalnum. (**Fjmrh.:** Þingmaðurinn var ekki í þingsalnum.) Virðulegi forseti. Nú þykir mér svo komið að það hafi svo reynt á þolinmæði hæstv. ráðherra að hann geti ekki hamið skapsmuni sína lengur og það skil ég ósköp vel því að það er langt frá því að hafa verið léttur leikur eða auðveldur gangur fyrir hæstv. fjmrh. að færa fram og flytja öll þau mál sem hann hefur þurft að gera hér í vetur. Við höfum rifjað upp með hæstv. fjmrh. hvað hann hefur haft um þau mál að segja áður þannig að það er ósköp eðlilegt að það sé

komið að þeim tímapunkti að taugarnar séu að bresta. Ég vil hins vegar út af athugasemdum hæstv. fjmrh. og látbragði hans mjög ósmekklegu í hliðarsal, sem ég veit ekki hve margir hv. þm. sáu, einfaldlega upplýsa hann um að ég var í þinghúsinu og fylgdist með. (**Fjmrh.:** Af hverju ertu alltaf að afsaka þig?) Virðulegi forseti. Nú ganga alveg fram af mér frammíköll hæstv. fjmrh. Ég þarf ekkert að afsaka þetta, en vegna ítrekaðra fullyrðinga og frammíkalla hæstv. fjmrh. tel ég mér skylt að gera það. Ég var hér. (Gripið fram í). Nú held ég að ég verði að fara fram á að ég fái að koma með eins og tvær setningar án þess að hæstv. fjmrh. grípi fram í og nú bíð ég rólegur eftir því að hann jafni sig og svo held ég áfram. (**Fjmrh.:** Ég sagði ekki eitt einasta orð.) Virðulegi forseti. Nú heldur fjmrh. því fram að hann hafi ekki sagt eitt einasta orð og nú gengur alveg fram af mér. En vegna ítrekaðra frammíkalla hæstv. fjmrh., nú bið ég ráðherrann að hlusta, um það að ég hafi ekki verið í salnum þegar orðið var gefið laust vil ég benda hæstv. ráðherra á að ég var í húsinu, vissi af mælendaskrá og fylgdist með, en hún breyttist á síðustu stundu. Það féll einn hv. þm. frá orðinu og sá hv. þm. hefur ekki verið þekktur að því að tala mjög stuttan tíma þannig að ég kom um leið og mér var ljóst hvaða breyting hafði orðið. Og vona ég nú, virðulegi forseti, að ég fái tækifæri til að halda ræðu minni áfram.

Ég var kominn þar að ég nefndi það að hæstv. viðskrh. hafði sagt í þingsölum að í raun gilti fákeppnismarkaður á íslenska fjármagnsmarkaðnum og það mundi ekki breytast fyrr en hann yrði opnaður fyrir erlendum bönkum. Nú ætla ég ekki að meta réttmæti þessarar yfirlýsingar, en hún var afskaplega merkileg úr munni þess ráðherra sem fer með bankamál í landinu og sagði í raun að hér hafi menn verið að færa fjármuni svo milljörðum skipti milli handa í hinu íslenska þjóðfélagi vegna þess að hér hafi ekki verið eðlilegt ástand á fjármagnsmarkaði. Við höfum fengið í efh.- og viðskn. staðfestingu á þessu á síðustu dögum. Við höfum fengið staðfestingu á því að bankarnir geti leyft sér að halda uppi vöxtum sem þeir viðurkenna að séu í raun allt of háir, bæði nafnvextir og raunvextir, vegna þess að þeir séu að bíða eftir tilteknum aðstæðum í þjóðfélaginu, bíða eftir því að tilteknar aðstæður breytist, svo ég segi alveg hreint út, bíða eftir því að kjarasamningar verði gerðir. Meðan fjármálastofnanir bíða eftir því hvort eða á hvern hátt kjarasamningar verði gerðir er vöxtum haldið uppi í þeirri hæð, þó svo að forsvarsmenn fjármálastofnana viðurkenni að þeir séu háir, sem atvinnureksturinn ræður engan veginn við.

Hæstv. fjmrh. sagði í gær að það hefði verið ákveðið að lækka vextina á ríkisskuldabréfum úr 8,1% niður í 7,9%. Þetta sagði hann að væri kannski ekki mjög mikil lækkun en vigtaði samt og það viðurkenni ég og sérstaklega ef vextir væru ekki afspyrnuháir eins og hæstv. fjmrh. orðaði það í gær. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra um skilgreiningu á því hvað séu afspyrnuháir vextir. Ég býst við að þorri þeirra sem hafa þurft að greiða þessa vexti að undanförnu telji að þar sé nóg að gert. Og ég ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrh. hvar mörkin á afspyrnuháum vöxtum séu.

En ég ætla að koma aftur að fákeppnismarkaðnum. Það liggur í loftinu núna og hefur margsinnis komið fram að vaxtalækkun sé eitt af því sem eigi að semja um í komandi kjarasamningum. Menn hafa verið að taka fleiri og fleiri þætti inn í kjarasamningana. En ætla menn að fara að semja um vaxtalækkun? Það getur enginn samið um neitt nema það sem hann hefur ráð á. Þetta þýðir með öðrum orðum, hæstv. fjmrh., að þeir sem ætla að semja um vaxtalækkun telja sig hafa tök á að ráða vaxtastiginu. Ríkisstjórnin og einn eða fleiri af stóru bönkunum hafa með öðrum orðum það vald að þessir aðilar geti haldið vöxtunum uppi til þess að nota þá sem skiptimynt í kjarasamningum. Fari svo að þetta reynist rétt hjá mér verður það hin endanlega sönnun þess að hér sé fákeppnismarkaður á fjármagnsmarkaðnum og vextir ráðist af einhverju allt öðru en framboði og eftirspurn. Og það skulu menn hafa hugfast ef svo fer. Það eru nefnilega mörg teikn í okkar þjóðfélagi sem benda einmitt til þessa. Það er ekkert eðlilegt ástand þar sem innlánsvextir ríkisins, vextirnir sem það borgar sparifjáreigendum fyrir ríkisskuldabréfin, eru jafnháir og kjörvextir á útlánum í bankakerfinu. Ef hér væri eðlilegur fjármagnsmarkaður væru vextir á ríkistryggðum bréfum lægri en gerist í bankakerfinu.

Ég hef spurt bæði bankastjóra Seðlabankans og ýmsa aðra fjármálasérfræðinga, sem hafa komið á fund efh.- og viðskn., um hver þeir telji að sé hinn eðlilegi munur á ríkispappírum og öðrum áhættumeiri pappírum sem eru í gangi í þjóðfélaginu. Menn hafa ekki getað gefið við því neitt einhlítt svar, en hafa þó sagt að erlendis sé þessi munur verulegur og muni einhverjum prósentustigum meðan svo er hér að vextir sem ríkið borgar þeim sem kaupa ríkisskuldabréf eru sambærilegir við lægstu útlánsvexti bankanna. Þarna er komið enn eitt dæmið um að það ríkir alls ekki eðlilegt jafnvægi á okkar fjármagnsmarkaði.

Hæstv. fjmrh. kom víða við í ræðu sinni í gær og ræddi m.a. þó nokkuð að gefnu tilefni um eftirlitssveitirnar og man ég ekki í augnablikinu hvert er nýjasta nafnið á brtt. okkar um þá tilhaldsmenn — er það ekki? — sem fjmrn. eða ríkisstjórnin og viðkomandi ráðherrar ætla að fá lögfesta heimild um að verði eitt öflugasta hjálpartækið við að halda fjárlög, sjá um að fjárlög fari ekki fram úr áætlun og þar með að lánsfjárlög haldi og hægt verði að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér í ríkisfjármálum á fjármagnsmarkaði.

Nú kemur þetta vissulega lánsfjárlögunum við þar sem, eins og ég sagði áðan, þessum mönnum er ætlað að sjá til þess að menn haldi fjárlögin. Ég ætla ekki að halda um þetta mál langa ræðu. Það gefst væntanlega tækifæri til þess þegar við ræðum bandorminn, en það er, virðulegi forseti, held ég einum of langt gengið, eins og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins sagði á nefndarfundi fyrir jól, þegar menn fóru í það stórvirki að lögfesta hallærislegan brandara í breytingum á skattalögunum, ef menn ætla til viðbótar að lög-

festa hótanir — því að eftir að hafa marggengið á aðstoðarmenn hæstv. ráðherra um hver væri tilgangurinn með þessu stóð ekkert eftir annað en það að þetta væru hótanir, þetta væri svipa sem ætti ekki að gera meira með en veifa yfir mönnum. Það held ég nú, virðulegi forseti, að sé athugunarefni hvað mönnum dettur orðið í hug að setja í lagatexta, auk þess sem, bæði af praktískum og mannlegum ástæðum, þetta er aðferð sem er alls ekki líkleg til árangurs, þvert á móti. Ég veit ekki hvort borist hefur til hæstv. fjmrh. umsögn Ríkisendurskoðunar um þetta atriði. En hún segir mér að hæstv. ríkisstjórn hefði verið nær að leita til fleiri ráðgjafa áður en ákveðið var að skella þessu atriði fram.

En almennt vildi ég segja um lánsfjárlögin og ríkisfjármálin á þessu ári að mér finnst orka mjög tvímælis á samdráttartímum eins og nú eru að ríkisstjórnin skuli ekki sýna meiri kjark og ráðast þá í arðbærar framkvæmdir sem vissulega eru fyrir hendi í okkar þjóðfélagi til að mæta þeim að vísu tilbúna samdrætti sem skapast við það að ekkert varð úr samningum um byggingu álvers og þar af leiðandi engar virkjanaframkvæmdir.

Nú ætla ég ekki að fara að bera það ástand sem nú er saman við kreppuna upp úr 1930. Þar ber allt of mikið á milli til þess að nokkur maður ætti að gera það. En ég bendi þó á að á þeim tíma brást ríkisvaldið m.a. við kreppunni með því að fara í framkvæmdir í vegamálum, brúagerð og skólabyggingum til að vega upp á móti niðursveiflunni. Og það er einmitt þetta sem leitar alltaf meira og meira á minn hug. Er virkilega rétt að mæta samdrættinum með aðgerðum sem ég hef stundum orðað þannig en það er kannski ekki beint rökrétt orðað að hafi öfug margfeldisáhrif, þ.e. magni í raun kreppuástandið? Það leiðir líka hugann að því að það er ekki einungis með slíkum aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn magnar að mínu mati kreppuna. Það er ekki síður með allri sinni framgöngu í orði á síðustu mánuðum þegar svo var komið þegar leið að árslokum að öllum hugsandi mönnum var löngu farið að ofbjóða. Ég býst við að orð þekkts íslensks framkvæmdastjóra vestan úr Bandaríkjunum, þegar hann kom til Íslands og hann lýsti áhrifum sem það hafði á hann þegar hann las blöðin í þotunni á leiðinni heim, hafi haft ansi mikil áhrif á þjóðmálaumræðuna hérna heima og aðeins komið við hæstv. núv. ríkisstjórn.

Ég hef bent á það með framlagningu þingmáls á haustþinginu að það eru til arðbærar framkvæmdir sem að mínu mati væri sjálfsagt að grípa til við þær aðstæður sem eru núna, þar á ég við vegaframkvæmdir, í stað þess að draga þar saman.

Við höfum flutt um þáltill., ég og 4. þm. Reykv., hvort ekki sé ástæða til að kanna hvort að því sé ekki veruleg arðsemi að nota það hlé sem er nú gert frá öðrum framkvæmdum til að gera stórátak í vegamálum og höfum nefnt þar það verkefni að klára lagningu hringvegarins í því formi að við getum kallað hann veg. Er bent á það í greinargerð með þáltill. að margt bendi til þess að þar sé um mjög arðbæra framkvæmd að ræða, framkvæmd sem geti aðstoðað við að leysa úr læðingi okkar stærstu auðlind sem felst hvorki í fiskinum í sjónum, landinu eða orkunni í fossunum heldur felst okkar stærsta auðlind í fólkinu sem landið býr. Það er út af fyrir sig í því sambandi umhugsunarefni að margar þær þjóðir sem hafa snúið sínu efnahagstafli við á síðustu árum eru ekki þjóðir sem búa yfir miklum auðlindum, miklum hráefnum. Það eru fyrst og fremst þjóðir sem hafa náð því að virkja fólkið í landinu til nýrrar sóknar.

Ég ætla að lokum að koma örfáum orðum að því sem hæstv. fjmrh. ræddi í ræðu sinni í gær um eflingu atvinnulífsins, samspil lífeyrissjóðanna og eiginfjármyndunar í atvinnulífinu. Ég er út af fyrir sig sammála öllu því sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Hins vegar fundust mér skjóta verulega skökku við í gjörðum hæstv. ríkisstjórnar þær breytingar sem reynt var að knýja í gegn á skattalögunum um það að skattleggja arðgreiðslur eða með öðrum orðum að fyrirtæki gætu ekki dregið arð frá tekjum. Þessu var að vísu breytt á þann veg að í stað þess að lögfesta þetta ákvæði beint var lögfestur kafli úr hvítu bókinni, kafli úr stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar, sá löggerningur sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hafði um þau orð sem ég nefndi fyrr í ræðu minni.

Það hefur komið fram hjá öllum þeim fjölmörgu aðilum sem við höfum rætt við um þetta mál í efh.- og viðskn. að umræðan ein um þetta og umfjöllunin hafi valdið stórskaða á þeirri viðleitni manna að byggja upp hlutafé með framlögum lífeyrissjóða, með kaupum lífeyrissjóða, einstaklinga og annarra í atvinnurekstrinum. Þetta skýtur einnig mjög skökku við allan málflutning og tillöguflutning hæstv. fjmrh. meðan hann var hér sem óbreyttur þingmaður og kom í raun fram í stjórnarandstöðu ýmsum framfaraákvæðum varðandi einmitt þetta atriði. Þarna er því eitt atriðið enn til viðbótar við öll frumvörpin sem hæstv. fjmrh. varð að flytja sér þvert um geð, þvert á ræður hans frá fyrri árum og enn eitt atriðið sem ég hef hæstv. ráðherra til afsökunar á því að hann hafi misst eilítið stjórn á skapsmunum sínum í upphafi ræðu minnar áðan.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að hæstv. ráðherrar eru uppteknir menn og hafa mörgum hnöppum að hneppa, en engu að síður óska ég eftir því að fá upplýst hvort hæstv. forseti hefur leyft símanotkun í þingsalnum. Ég tel að það séu nokkur tímamót ef svo hefur orðið. Mér er ekki ljóst hvort það hefur verið gert eða ekki og ber því við að ég hef ekki fylgst svo með hverju einasta skjali sem lagt hefur verið á mitt borð að það má vel vera að slík heimild hafi verið veitt. Tæknilega er í sjálfu sér ekkert sem kemur í veg fyrir þetta, en ég óska eftir að þetta sé upplýst.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur svarað þessu strax. Hann hefur ekki leyft símanotkun í þingsalnum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel þessa fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns. Ég vil líka í framhaldi af því spyrja hvort hæstv. forseti hefur leyft notkun á útvarpi í fundarsalnum eins og sumir virðast nota hér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það gegnir sama máli með útvarp og síma. Forseti hefur hvorki verið beðinn leyfis eða leyft notkun slíks hér í þingsal. (**Gripið fram í:** En hvað um sjónvarp?) Og enn þá síður um sjónvarp.

Ég held að það sé ástæðulaust að ræða um þessi atriði vegna þess að það hlýtur að vera á valdi hvers hv. þm. hvað hann finnur sig í að gera þegar hann situr á þingfundum. Mestu máli skiptir að það trufli ekki aðra þingmenn, þá sem sitja hér í salnum hverju sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir ákveðið svar og fagna því að það er kveðið á um það úr forsetastóli að þetta hafi ekki verið leyft. Hins vegar vil ég líka taka undir að þó að hæstv. forseti segi að það eigi að vera á valdi hvers og eins þingmanns hvað hann gerir í þessum efnum met ég það svo að það sé skilningur hæstv. forseta að vonlaust sé að eiga eðlilegt samtal í síma án þess að það valdi truflun og mundu menn geta séð það út ef allir þingmenn væru nú komnir með síma hjá sér að það gæti orðið ærið fjölskrúðugt málæði í þingsalnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú ætlar hæstv. fjmrh. að veita andsvar við ræðu sem var flutt áðan en ekki gafst tækifæri til að gera það vegna umræðna um gæslu þingskapa. Nú vita hv. þm. að slík beiðni á að koma fram strax að lokinni ræðu. Forseti telur að hæstv. fjmrh. hafi beðið um það strax þrátt fyrir að það hafi orðið þarna smátruflun vegna nauðsynlegra athugasemda um gæslu þingskapa.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill svo til að ég bað um að veita andsvar áður en hv. 2. þm. Vestf. óskaði eftir að ræða um þingsköp, en hann er það miklu fyrirferðarmeiri en ég að það heyrðist betur til hans, þannig að það komi skýrt fram, og ég hygg að það hafi verið vitni að því í þingsalnum.

Ég ætla ekki að ræða um alla ræðu síðasta ræðumanns. Hún var nánast eins og aðrar ræður sem hér hafa verið fluttar, eins og ræða sem flutt var af hálfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fyrr í dag. Ég hef veitt svör við ýmsum þeim atriðum sem þar komu fram. En það er þó eitt atriði sem mér finnst ástæða til að leiðrétta því það vekur mér þann ugg að menn átti sig ekki alveg á því út á hvað efnahagsmálin ganga þessa stundina. Það er þegar sagt að hér á landi sé tilbúinn samdráttur. Ég er með fyrir framan mig nýjasta eintakið af The Economist. Þar er mynd af hagvexti í Evrópuríkjum, reyndar öðrum ríkjum líka innan OECD. Það kemur í ljós að Ísland er langsamlega neðst á blaði vegna þess að við höfum orðið fyrir gífurlegum afturkipp í okkar efnahagsmálum.

Þá segir hv. ræðumaður: Þetta er hægt að leysa með því að fara út í framkvæmdir eins og vegaframkvæmdir og þá má lækna ástandið. Því miður stendur eftir, þrátt fyrir þessa miklu kreppu, þrátt fyrir allar aðgerðirnar sem við erum að beita um þessar mundir, að á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 15 milljarðar kr. Með öðrum orðum: Við erum að taka inn í landið stórkostlegar upphæðir frá útlöndum, 15 milljarða, og þessum upphæðum ætlum við að veita inn í þjóðfélagið umfram það sem við framleiðum sjálfir. Að þessu leytinu til er allt annað ástand nú uppi í þessu þjóðfélagi en var á sínum tíma þegar skuldir voru litlar sem engar í útlöndum og þær „teóríur" áttu við sem hv. þm. vitnaði til.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kannast ekki við að hafa sagt að menn væru að magna samdráttinn og því síður að það væri hægt að leysa þetta með einhverjum tilteknum aðgerðum. En ég sagði hins vegar, hæstv. fjmrh., að hæstv. ríkisstjórn yki með gerðum sínum og orðum að mínu mati vandann enn frá því sem annars hefði þurft að vera.

Í öðru lagi kom ráðherra að því í raun í lokakafla síns andsvars að við eigum mikla möguleika — því að, hæstv. ráðherra, 15 milljarða viðskiptahallinn, í hvað fer hann? Hann fer að verulegu leyti í að fjármagna neyslu sem segir mér að með skynsamlegri efnahagsstjórn væri hægt að verja fjármunum til að klára það tiltekna verkefni sem ég nefndi áðan án þess að þurfa að taka til þess mjög miklar auknar lántökur umfram það sem væri til að fjármagna þá 15 milljarða, þessa neyslu sem við höfum, hæstv. fjmrh., því miður dæmi um að er haldið uppi m.a. af aðilum sem eru tilbúnir að lána innflutningsaðilum, m.a. bílaumboðum til að kaupa notaða bíla svo hundruðum millj. skipti til að geta haldið áfram innflutningnum. Þetta eru dæmi, hæstv. fjmrh., sem við höfum fyrir okkur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta athyglisverð ræða og nú langar mig til að spyrja, ef ég má, hv. þm. að því hvaða leið hann telur besta frá hans sjónarhóli til að breyta þeirri neyslu sem verður til vegna þess að það er misræmi á milli útflutnings og innflutnings í það að í stað neyslunnar komi fjárfestingar á borð við þær sem hann nefndi. Vill hann draga úr einkaneyslunni með hærri vöxtum, með hærri sköttum eða með hvaða aðferðum? Hv. þm. orðaði það svo að það þyrfti ekki annað en breyta þessari neyslu í fjárfestingar. En til þess þurfum við einhvers konar tæki. Þau eru til og þau eru þekkt. Það tæki sem hefur virkað einna best er vextirnir eins og komið hefur í ljós á fyrra ári, en sú aðgerð hæstv. ríkisstjórnar að hækka vextina þá varð til þess að það dró mjög úr innflutningi síðustu mánuði ársins og væntanlega á fyrstu mánuðum þessa árs

þannig að viðskiptahallinn er talsvert minni en á horfðist. Þannig er hægt að nota það tæki. Það er vissulega hægt að nota skatta. Og ég spyr hv. þm. hvort hann vilji vera svo góður að upplýsa okkur hér um hvora leiðina hann vill heldur fara.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek fram í upphafi að ég nefndi fræðilega möguleika. Ég sagði ekki að ég hefði lausnirnar til þess að ná því einn, tveir og þrír.

En, hæstv. fjmrh., í fyrsta lagi varðandi vextina. Þar held ég að sé reyndar borð fyrir báru, að þrátt fyrir að þeir verði lækkaðir eitthvað verði þeir ærið háir enn þannig að þeir ættu að veita verulegt aðhald.

Í öðru lagi varðandi skattana. Því get ég svarað hæstv. fjmrh. hér og nú að ég gæti alveg skoðað það að leggja á skatta svo að einhverju nemur til viðbótar til að koma því jafnvægi á sem við hér ræddum um. Í það minnsta, hæstv. ráðherra, mundi ég haga skattlagningu á allt annan hátt en hæstv. núv. ríkisstjórn hefur gert með sínum nýju sköttum og ég ætla ekki að tíunda hvernig þeir koma niður.

En í þriðja lagi er ekkert eitt atriði eins mikilvægt, eins og við sáum þegar þjóðarsáttin náðist á þjóðarsáttartímanum, til að skapa þær aðstæður sem ég nefndi eins og ríkisstjórn sem tekst að vinna tiltrú fólksins í landinu og aðila vinnumarkaðar og skapa á þann hátt þann grundvöll, það traust sem verður að ríkja til þess að eðlilegt ástand geti skapast.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir nærveru hæstv. samgrh. sem er ekki við, en ég vænti þess að þegar kemur að síðari hluta ræðu minnar verði hæstv. samgrh. við þannig að ég geti beint til hans athugasemd.

Ég tel óhjákvæmilegt að ræða efnahagsmál í tengslum við það frv. sem fyrir liggur. Hæstv. fjmrh. heldur því fram að núv. ríkisstjórn hafi minnkað viðskiptahallann með því að hækka vexti. Hæstv. fjmrh. gerir sér ekki grein fyrir því að á sínum valdatíma hefur ríkisstjórnin hækkað raungengi íslensku krónunnar um 9%. Hæstv. fjmrh. þyrfti að íhuga hvort ekki væri ör uggt að hér yrði almennt hrun ef þeir hækkuðu nú raungengi krónunnar um svona 30% til viðbótar. Er hæstv. fjmrh. ekki ljóst að ríkisstjórnin er að búa til kreppu í þessu landi? Er hæstv. fjmrh. ekki ljóst að með fjöldagjaldþrotum, sem er afleiðing þeirrar stefnu sem hér er fylgt, er verið að skapa kreppu í landinu? Er hæstv. fjmrh. ekki ljóst að aðaltekjur ríkissjóðs eru veltuskattar? Og hvað er hæstv. fjmrh. að gera? Hann er í reynd að minnka umsvif hins íslenska þjóðfélags, hann er að leiða það yfir þjóðina að allar þær hugmyndir sem ríkisstjórnin er með til sparnaðar duga ekki sem mótvægi gegn þeim gífurlegu kreppuáhrifum sem núv. ríkisstjórn hefur komið á með sínum aðgerðum. Og hvað er hæstv. ríkisstjórn að hæla sér af því að hún vilji markaðshyggju, ríkisstjórn sem bindur gengið fast, notar handaflið til að halda því uppi, til að hækka það um 9%? Þetta er ekki ríkisstjórn sem telur rétt að markaðurinn ráði því á hvaða verði íslenskur gjaldmiðill er. Þetta er ríkisstjórn sem notar handaflið og hnefana til að halda því uppi, til að halda uppi eyðslu. Hver einasta ríkisstjórn veit að til þess að ná viðskiptajöfnuði við útlönd þarf að skrá gengi gjaldmiðilsins rétt.

Hvað er það sem ríkisstjórnir Japans og Þýskalands gera til að tryggja að þessi lönd haldi áfram með hagvöxt ár eftir ár? Seðlabankar þessara landa leggja höfuðkapp á að koma í veg fyrir að gjaldmiðill þýska marksins fari upp, að koma í veg fyrir að japanska jenið hækki. Þeir kaupa upp dollara fyrir óhemjuupphæðir til að reyna að tryggja að dollarinn falli ekki en að þeirra gjaldmiðill haldist ekki of hátt uppi svo að hægt sé að tryggja útflutning frá þessum löndum. En hér hafa þeir heimalningar tekið við, menn með skyggni frá Elliðaánum út á Seltjarnarnes, sem trúa því að himnaborgin á Öskjuhlíðinni tryggi þeim himnaríkisvist þegar þeir hafa stjórnað þessu landi. Nei, það er forskot á sæluna, en það er óvíst að eftirleikurinn verði sem þeir telji.

Hins vegar er mjög bagalegt, forseti, að á sama tíma sem þessi fundur er nú er hæstv. forsrh. að flytja ræðu, fyrstu ræðuna um vorkomuna sem hann hefur flutt. Hann er að flytja ræðu þar sem verktakar Íslands eru saman komnir og boða það að Ísland sé land tækifæranna. Hefði nú ekki verið ráð að flytja slíkt ávarp hér á Alþingi Íslendinga, m.a. til að auka hæstv. fjmrh. bjartsýni, trú á landið, trú á íslensk fyrirtæki, trú á íslenskan iðnað? Hvað er að gerast? Hvar er foringinn mikli hjá íslenskum krötum, Jón Sigurðsson, sem hefur séð um íslenskan iðnað, en nú er svo komið að 81% af tekjum þjóðarinnar er úr sjávarútvegi? Hvar er sóknin í íslenskum iðnaði? Hvar er trúin á íslenskar hendur?

Það er ömurlegt til þess að vita að dag eftir dag hafa menn verið að drepa íslensk fyrirtæki, setja menn í gjaldþrot vegna þess að menn neyddu þá til að búa við óraunhæfa skráningu á íslensku krónunni. Það er verið að hækka gengi íslensku krónunnar til að skapa hér kreppu, til að reyna að hræða alþýðu manna frá því að heimta sinn rétt. Og hæstv. fjmrh. kemur upp og biður um leiðbeiningar hvernig eigi að draga úr viðskiptahallanum. Hæstv. fjmrh. telur að það sé hægt að hækka svo vexti í landinu að viðskiptahallinn hverfi, hæstv. fjmrh. virðist trúa þessu, og framleiðslan dragist saman.

Það verður að segjast eins og er að hafi einhvern tíma verið nauðsyn að forsrh. þessarar þjóðar talaði af bjartsýni, þá er það núna. Og ég verð að segja eins og er að mér þykir mjög miður að hafa verið í þeirri aðstöðu að geta ekki hlýtt á hæstv. forsrh. Inngöngugjaldið var að vísu 10 þús. kr. fyrir að mæta á þennan fund og fá að hlusta á bjartsýnisspána, en það hefði verið vel þess virði miðað við þá stöðu sem við erum komnir í með íslenskt þjóðfélag. En ég var búinn að setja mig á mælendaskrá til að ræða um þau lánsfjárlög sem hér liggja fyrir.

Ég hef verið að fylgjast með þróuninni í Austur-Evrópu. Ég hef verið að fylgjast með lýðræðisvorinu mikla þar sem kommúnistar hafa lagt niður stjórn,

þar sem vestrænt hagkerfi er í sókn. Og hvað er að gerast? Það er ekki hægt að eiga viðskipti við þá. Undir forustu Stalíns samdi Bjarni Ben. um sölu á síld til Rússlands, en þegar Jeltsín tók við þorir Jón Baldvin ekki að tala við hann. Hann er að taka við orðum frá Litáen. Það er stutt að fara yfir og semja nú um sölu á síld. Nei. Það er sko ekki handverk sem hentar hæstv. utanrrh. Sala á síld, hvað er það? Einn milljarður í sjóinn vegna þess að þeir sem í dag hafa fengið það verkefni að sjá um viðskiptasambönd fyrir þessa þjóð eru í leikaraskap úti í heimi í stað þess að sinna þeim verkefnum sem þeim ber. Og hæstv. fjmrh. trúir því að ráðið til að rétta við ríkissjóð sé að draga úr umsvifum hins íslenska þjóðfélags. Hefur hann kynnt sér fjárlögin? Hefur hann skoðað hve stór hluti af tekjuhlið fjárlaganna er kominn vegna veltu? Það er ekki skrýtið þó að það sé erfitt að sinna því starfi að vera formaður í fjh.- og viðskn. þingsins þegar það er stöðugt verið að draga saman íslenska þjóðfélagið, þegar stöðugt er verið að þrengja að þannig að minni möguleikar til allra athafna eru að gerast í samfélaginu.

Það hefði verið vel þess virði að Alþingi Íslendinga hefði greitt 10 þús. kr. til þess að hæstv. fjmrh. hefði farið á fund verktakasambandsins og hlustað á bjartsýnisræðuna hjá formanni sínum, hlustað á vorkomuna í íslenskum efnahagsmálum, hlustað á yfirlýsingarnar um að Ísland væri land tækifæranna. Það hefði verið hægt að fresta þingfundi, herra forseti, til þess að slík fræðslustarfsemi færi fram.

Nei, við búum ekki við það. Hér við Austurvöll er því haldið fram statt og stöðugt að þetta land sé svo volað að hér sé allt að fara um koll. Þegar viðreisnin hafði setið við völd og var að hverfa frá völdum var Ísland samkvæmt skýrslum OECD með 12. hæstu þjóðartekjur í heiminum, 12. landið. Þegar framsóknaráratugurinn var búinn, 1970–1980, vorum við komnir í 4. sæti. Þegar ríkisstjórn undir forustu Framsfl. hætti og þessi tók við vorum við í 6.–7. sæti með þjóðartekjur á mann. Þetta eru staðreyndirnar. Heimildirnar eru í riti sem Orkustofnun gaf út. Orkustofnun heyrir undir iðnrh., hagfræðinginn mikla sem nú leiðbeinir ríkisstjórninni í því hvernig eigi að knésetja íslenskt atvinnulíf. Það þarf að aga íslenskt atvinnulíf. Það er trúin mikla hjá hæstv. iðnrh. Það er ekki skrýtið þó að hjá þjóð sem býr við það að þjóðartekjur á mann eru þær 7. hæstu í heimi eigi að boða að allt sé gersamlega búið, framtíðin hrunin, fortíðarnefnd sett á laggir. Það væri gaman að vita hvert tímakaupið hefði verið hjá fortíðarnefndinni. Það væri gaman að fá upplýst hvað þeim hefði verið greitt á tímann fyrir að reyna að drepa kjarkinn í íslenskri þjóð. Hvað skyldi vera greitt á tímann fyrir slíka vinnu? Sjá menn ekki sjónarspilið?

Og það er sagt að menn eigi að vera ábyrgir. Það á ekki að leika sér með fjármuni þjóðarinnar. Hvað gerði hæstv. forsrh. þegar hann var borgarstjóri Reykjavíkur? Hvar stendur það í stofnskrá um Hitaveitu Reykjavíkur að hún eigi að greiða kostnað við að byggja upp veitingasölu sem ekki einu sinni stendur undir eigin rekstri, borgar ekki krónu í arð af fjárfestingunni, ekki eina einustu krónu? Borgar ekki einu sinni það sem kostar að reka fyrirtækið! Hvað skyldu þeir hugsa hinir sem eru með veitingarekstur í landinu og borga skatta og skyldur til þjóðfélagsins og borga m.a. þessa uppbyggingu með því að greiða fyrir heita vatnið? Það er sérstæð staða að þessi hæstv. forsrh. skuli láta sér detta í hug að hann geti boðað að það eigi að sýna ráðdeild.

Er þetta þá bara það eina sem hæstv. forsrh. hefur misstigið sig? Hvað með bygginguna miklu fyrir endurnar á Tjörninni? Það hefur enginn sýnt öndunum aðra eins virðingu að byggja hús í Tjörninni þannig að það er hægt að gefa þeim út um glugga! Er það bygging sem mun þá auka hagvöxtinn á Íslandi á næstu árum og skila arði samkvæmt kröfum frjálshyggjunnar? Hver verður arðurinn af fjármagninu sem þarna er? Það er vitað að til þess að byggingin flyti ekki upp varð að bora sérstaklega niður til að fá undir hana festur til að koma í veg fyrir að hún mundi fljóta á Tjörninni eins og Örkin forðum!

Nei, því miður búum við við það að við höfum hæstv. forsrh. sem vafalaust hefði getað orðið einn af fremstu skemmtikröftum þjóðarinnar hefði hann haldið áfram á þeirri braut sem á sínum tíma vakti gleði margra þegar hann ásamt fleiri stóð að útvarpsrekstri. Það þarf líka hæfileika til þess. Ég er ekki með þessu að gera lítið úr því framtaki á sínum tíma því að ég hafði gaman af því á sínum tíma og tel að það hafi vakið bjartsýni manna og áræði að geta stundum „svissað yfir" á útvarp Matthildi og haft af því skemmtun. Og svo horfum við á það að þjóðin, miðað við þessar þjóðartekjur á mann, virðist vera komin í þá aðstöðu að til þess að draga úr baráttuhug hennar er aðalatriðið að brjóta hana niður, brjóta hana niður með áróðri, brjóta hana niður með því að fortíðarvandi Íslendinga sé slíkur að hér sé ekkert hægt að gera vegna hans.

Nei. Vafalaust má segja sem svo að það hefði ekki átt að fara á sjó þegar ekki veiddist, þá hefðu skipin átt að vera í landi. En þessi þjóð hefur sótt sjóinn. Stundum hefur veiðst vel, stundum verið minna og menn hafa bara ekki alltaf vitað það fyrir fram áður en þeir fóru í róður hvort þeir fengju nú fisk eða ekki. Þetta hefur sem sagt verið áhætta. Og alveg eins er það með söluna á síldinni. Það er áhætta. Við höfum horft á það á undanförnum kvöldum þegar farið hefur verið yfir síldarsögu Íslands og séð hvernig auðurinn skapaðist og hvernig allt hrundi. Menn tóku áhættu, menn þorðu að taka áhættu. Nú er aftur á móti svo komið að menn þora ekki að semja við heiðarlega kapítalista um sölu á síld. Það er ekki verið að tala um að semja við einhverja kommúnista sem væri vísir til að skjóta mann. Það er verið að tala um að semja við heiðarlega kapítalista sem hafa lofað því að þeir skuli virða þá samninga sem kommúnistarnir gerðu varðandi kjarnorkuvopnin.

Ég verð að segja eins og er að mig undrar ekki þó að sú ríkisstjórn, sem hefur tapað svo trúnni á viðskiptahæfileika sinna þegna að hún treystir sér ekki til að standa að síldarsölu til Rússlands, sé í vanda. Sú

ríkisstjórn á sér raunverulega ekki viðreisnar von. Hún hefði ekki bjargast á síldarárunum miklu. Hún hefði sett þetta allt í bræðslu, ekki dottið annað í hug, í von um að hægt væri að selja þá mjöl eða eitthvað annað. (**Forseti:** Forseti vildi spyrja hv. 2. þm. Vestf. hvort hann er tilbúinn að fresta ræðu sinni núna eða hvort hann vill e.t.v. ljúka henni ef ekki er mjög langt mál eftir.)

Herra forseti. Ég á eftir þann hluta ræðunnar sem fjallar um samgöngumál og vil af þeirri ástæðu gjarnan fresta henni þar sem hæstv. samgrh. hefur ekki haft tök á því að vera viðstaddur.

Umræðu frestað.

67. FUNDUR

miðvikudaginn 15. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Kosning aðalmanns í bankaráð Landsbanka Íslands í stað Friðriks Sophussonar ráðherra, sem sagt hefur starfi sínu lausu, og varamanns í stað Jóns Þorgilssonar er lést 29. des. 1991, til 31. des. 1993, skv. 9. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldu kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri.

Varamaður:
Fannar Jónasson viðskiptafræðingur.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276, 378 og 382.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. samgrh. er kominn í salinn og vænti þess að hann fari ekki svo langt að hann heyri ekki mál mitt.

Ég hjó eftir því í umræðu um frv. til lánsfjárlaga að hæstv. fjmrh. telur ekki skynsamlegt að láta tékkheftið liggja lengi opið. Ástæðan er sú að hann óttast að það komi í ljós við nánari skoðun að sumt af því sem menn hafa verið að ráðgera fær illa staðist í framkvæmd og hætt við að heimamenn muni undir sumum kringumstæðum gera kröfur um aðgerðir. Ég á t.d. von á því að hreppstjóri þeirra Bílddælinga uni því nokkuð illa ef sú ákvörðun er tekin að leggja af Skipaútgerð ríkisins, en ætla Bíldudal engar samgöngur á landi í staðinn. Það liggur nefnilega ljóst fyrir að Bíldudalur er algjörlega einangraður frá Patreksfirði og Tálknafirði í venjulegu árferði tvo mánuði yfir vetrartímann og í þungu árferði er ekki gjörlegt að treysta því að hægt sé að opna veg um Hálfdán vegna þess hvernig vegstæðið þar er og hve snjóalög eru þar mikil og þetta vita heimamenn.

Ég tel að gagnvart Vestfjörðum séu tveir staðir sem engar úrbætur blasi við, annars vegar Norðurfjörður á Ströndum og hins vegar Bíldudalur. Mér er ljóst að verið er að fara í þær aðgerðir sem munu leysa vanda Vestur-Ísafjarðarsýslu í þessum efnum, þ.e. jarðgöngin. Hitt er svo annað mál að ákvörðunin kemur þó það snemma að þeir þurfa trúlega aftur að færast yfir á það stig sem var þegar ég var þar ungur maður að alast upp. Þá flutti Fagranesið frá Ísafirði vörur fyrir Núpa.

Hins vegar sýnist mér að það tiltæki sem verið er að fara út í hljóti að kalla á skýr svör hæstv. samgrh. við því hvort hann er reiðubúinn eða sveitarfélögin að standa fyrir lántöku fyrir þetta svæði að ábyrgjast að það verði endurgreitt á ákveðnum tíma og vegaframkvæmdinni verði flýtt.

Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi kynnst því á þeim fundi sem hann var á í gær, þar sem hann flutti ræðuna um Ísland hinna miklu möguleika, að Verktakasamband Íslands telur að ekki séu mörg stórverkefni sem þeir geti boðið í á næsta ári og þess vegna hlýtur það að vera umhugsunarefni hvort það sé ekki rétt undir slíkum kringumstæðum að flýta vissum framkvæmdum sem óneitanlega hefðu getað beðið ef ákvarðanir eins og þessar hefðu ekki verið teknar.

Nú er það ekki venja Engeyjarættar að snúa við leggi þeir í róður og ég tel að það sé borin von að ég komi hæstv. samgrh. til að breyta sinni ákvörðun um Ríkisskip. Hins vegar er ég sannfærður um að svo vel þekkir hann til fyrir vestan að hann hefur sjálfur hugleitt það hvernig eigi að leysa vanda Bíldælinga. Ég tel ekki ásættanlega lausn hvort heldur sem samgrn. dytti í hug að ætla að láta Fagranesið þjóna þessum stað frá Ísafirði eða að það ætli að láta Baldur sigla til Bíldudals endrum og sinnum. Ekki er til nema ein skynsamleg lausn á þessu máli og það er að flýta vegalagningu yfir Hálfdán. Það er eina skynsamlega lausnin.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þó að mér sé ljóst að við eigum þá eftir hitt vandamálið, Norðurfjörð á Ströndum, þá er þar um mun minni flutninga að ræða og það er staðreynd að veruflutningar þar eru meira bundnir vissum umsvifum ef svo mætti komast að orði. E.t.v. væri hægt að leysa það að hluta til með því að skip kæmu þar á vissum tíma og tækju þar vöru og eins er hitt hugsanlegt að vitaskipið Árvakur gæti þjónað byggðinni þegar þar eru lokaðar samgöngur.

Ég vil þó líka segja að auðvitað er ekki nein ásættanleg lausn þar heldur nema að gert verði átak í vegagerð norður eftir þannig að hægt sé að þjóna byggðarlaginu á landi stóran hluta ársins. En hvað um það,

hæstv. samgrh. hlýtur að gera sér grein fyrir því að fjmrh. vill loka tékkheftinu núna vegna þess að honum er ljóst að þrýstingurinn á vissar aðgerðir á ýmsum sviðum, m.a. það sem ég er að tala hér um, hlýtur að koma fram í vaxandi þunga þeim mun meir sem menn nálgast þann tímapunkt að horfa á þessa stóru breytingu.

Ég ætlaði, herra forseti, að víkja að einu atriði varðandi félmrh. sem tengist þessu frv. Eins og allir vita er verið að taka hér stórar ákvarðanir um ríkisábyrgðir á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þessi bréf eru jafn vel tryggð og venjuleg ríkisskuldabréf. Munurinn er aftur á móti sá að sá fáránleiki er til staðar að þau eru útbúin með happdrættisúrdrætti til ákvörðunar hvenær þau eiga að greiðast sem hefur orðið til þess að þar er um gífurleg afföll að ræða. Afföllin eru svo mikil að hefði þetta átt sér stað fyrir 20 árum hefði verið talin hrein glæpamennska að selja þessi bréf með slíkum afföllum. Því til stuðnings vil ég minna enn einu sinni á það þegar ritstjóri Frjálsrar þjóðar hóf aðför að lögfræðingi sem var þekktur fyrir að selja víxla með afföllum í einum af bönkum landsins og það er ekki ofsögum sagt um það að lögfræðingurinn varð ærulaus af tiltækinu.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess að Húsnæðisstofnun sjálf ræður verulega miklu um það hvort hún lækkar þessi afföll eða ekki. Hún getur lækkað þau með einni aðgerð og hún er sú að Húsnæðisstofnun samþykkir að taka húsbréf sem greiðslu fyrir húsbréf.Hún þarf ekki stærri aðgerð til þess að minnka afföllin. Þá mundu þeir hinir mörgu sem í dag skulda gera sér lítið fyrir og fara á húsbréfamarkaðinn og kaupa þar bréf, með afföllum vissulega, og borga Húsnæðisstofnun með þeim bréfum. Húsnæðisstofnun mundi enga fjármuni frekar láta út en hún gerir í dag, en hins vegar yrði þessi aukna eftirspurn eftir bréfunum til þess að lækka afföllin og sér hver heilvita maður að þá mundu báðir aðilar græða, þ.e. þeir sem í dag þurfa að sæta hinum miklu afföllum og þeir sem þannig gætu lækkað greiðslur sínar. Mér er ljóst að Húsnæðisstofnun hefur neitað að taka við slíkum bréfum sem hún hefur útbúið sjálf sem greiðslu á móti jafnhárri peningalegri greiðslu og þætti mörgum skrýtið ef Seðlabanki Íslands neitaði að taka á móti þúsundköllum sem hann hefði sjálfur gefið út nema með afföllum.

Ég held þess vegna að það hljóti að vera umhugsunarefni hvort viljandi er verið að halda afföllum háum af bréfunum og í hvers þágu er það gert. Er þetta enn ein krafa hins íslenska fjármagnsmarkaðar um að njóta meiri verndar en Burstagerð blindra gerir á Íslandi, sem lifir í óvernduðu umhverfi og keppir við innflutta fjöldaframleiðslu og hefur enga vernd? Það er náttúrlega umhugsunarefni fyrir alþingismenn ef við höfum búið svo um hnútana að blindir þurfi að keppa á heimsmarkaði á fullu samkeppnisverði, en íslenski fjármagnsmarkaðurinn skuli vera verndaður á þennan hátt.

Nú er það svo með hæstv. ráðherra að þó ekki sé lesið upp af forsetastóli að þeir hafi beðið um fjarvistarleyfi er ekki þar með sagt að þeir séu hér viðstaddir. Ég hef komið þeirri beiðni á framfæri að nú væri öfugt kerfi upp tekið, þ.e. að lesið yrði af forsetastóli þegar þeir væru við því að það er mun einfaldara og mun meira upplýsingagildi sem það hefði fyrir þingið en að lesa það upp hverjir óska um fjarvistarleyfi. Þótt hæstv. félmrh. sé ekki við vil ég engu að síður koma þessum ábendingum á framfæri og hugsanlegt er að það sé svo gott samband á milli hæstv. fjmrh., sem er vinmargur, og félmrh. að hann hafi einhverjar skoðanir á þessu máli, því að óneitanlega er þetta húsbréfakerfi undir verndarvæng fjmrh. eins og sjá má vegna þess að heimildin um lántökurnar fer í gegnum lánsfjárlögin. (**Forseti:** Forseti telur sig vita það með réttu að hæstv. félmrh. muni vera veik og vera þess vegna fjarverandi). Þá sæmir að sjálfsögðu ekki, herra forseti, að veita henni aðför undir þeim kringumstæðum frekar en hjá Hvamm-Sturlu forðum við mun erfiðari aðstæður og lýk ég hér máli mínu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur á þessari stundu ekki ljóst fyrir hvernig háttað verður siglingum fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum til Akureyrar sem nú er þjónað af Heklu og þess vegna erfitt að tala um það í einstökum atriðum. Það eru tvær hafnir sem hv. þm. spurði um. Annars vegar var Bíldudalur. Á árinu 1990 voru farmtekjur þangað 1.351 þús. kr. eða frá Bíldudal og til Bíldudals 2.791 þús. kr. Þetta eru þeir flutningar sem þar er um að ræða. Það er rétt sem hv. þm. segir að mjög brýnt er að ljúka veglagningu yfir Hálfdán, sérstaklega að norðanverðu, og er einn liður í því að reyna að koma á hafnasamlagi þar á suðurfjörðum. Skal ég ekkert um það segja hvernig þeirri samvinnu verði að öðru leyti háttað en þar er um brýna framkvæmd að ræða og skýrir glögglega hversu mikilvægt er að samræma þau opinberu framlög sem veitt eru til einstakra þátta samgöngumála. Vegáætlun er nú í endurskoðun þó ekki hafi gefist færi til þess að gera grein fyrir henni í þinginu. Ég hef afráðið að fara vestur og ræða við menn í þeim sveitarfélögum sem hv. þm. minntist á.

Um Norðurfjörð er það að segja að flutningar þangað á síðasta ári námu 975 þús. kr., á árinu 1990, og 819 þús. kr. frá Norðurfirði. Þar er um sérstakt verkefni að ræða sem verður leyst, spurningin er einungis hvernig en ekki hvort.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. samgrh. fyrir tvímælalaust svar gagnvart því að hann lýsir því yfir að samgöngur við Norðurfjörð séu verkefni sem verði leyst og verður því ekki skýrar svarað. Eins met ég það alltaf nokkuð mikils þegar ég fæ ekki neitun við málaleitan frá hæstv. samgrh. Ég leit svo á að viðhorf hans til Hálfdáns og þeirra brýnu þarfa þar séu á þann veg að hann neiti ekki að þar þurfi að taka á málum þó að í stuttu andsvari kæmu ekki fram neinar skýrar meiningar hvað þar liggur á bak við.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. verði viðstaddir þessa umræðu. Hæstv. fjmrh. hefur verið viðstaddur umræðuna, en því miður hefur mjög á það skort að hæstv. forsrh. væri viðstaddur. Ástæðan fyrir því að við viljum að hæstv. forsrh. sé hér er ósköp einföld. Hún er sú að í því frv. sem við erum að ræða felst sá kjarni ef einhver er í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. er samkvæmt verkaskiptingu Stjórnarráðs Íslands ráðherra efnahagsmála og það er gjörsamlega út úr öllu korti að hann skuli ekki átta sig á því að honum ber skylda til að vera viðstaddur umræðuna og taka þátt í henni nema hæstv. forsrh. sé orðinn þannig staddur í sinni pólitísku tilvistarkreppu að hann játi með verkum sínum og fjarvist að hann treysti sér ekki í umræður á Alþingi um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Kannski er svo komið, að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sér þann kost vænstan að vera fjarverandi og taka ekki þátt í þeirri umræðu sem snýst um kjarnann í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, fara formlega fram á það að hæstv. forsrh. verði ekki aðeins viðstaddur ræðu mína heldur einnig þær umræður sem eiga eftir að fara fram. Ég vek athygli á því að fráfarandi forsrh., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hefur kvatt sér hljóðs í þessari umræðu og það er ósköp eðlilegt að hér og nú í janúarmánuði fari fram ákveðin úttekt á því hvað hefur gerst í efnahagsmálum í kjölfar þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin tók upp þegar hún settist að völdum í byrjun maímánaðar og hvað blasir við á næstu mánuðum. Heyri ég ekki annað af forsetastól reikna ég með því að hæstv. forsrh. sé væntanlegur. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er í húsinu og hefur verið hér í húsinu frá upphafi fundar, er hér aðeins upptekinn í hliðarherbergi og mun koma innan skamms inn í þingsalinn). Já, og ég þakka fyrir það. Það getur að vísu orðið til þess, að ég þurfi að endurtaka fáeina hluta af ræðu minni og það er auðvitað mjög vont að menn þurfi að endurtaka hlutina. Það tefur fyrir í þinginu vegna þess að ráðherrar eru að sinna einhverju öðru en því sem er þeirra frumskylda. (**Forseti:** Forseti vill hins vegar benda hv. þm. á að sá hæstv. ráðherra sem þetta mál heyrir undir er í salnum og hefur alla tíð setið undir umræðunni.) Já, hæstv. forseti þarf ekkert að vera að hjálpa ráðherrunum með þessum hætti. Ég sagði áðan í ræðu minni að ég gerði mér grein fyrir því að hæstv. fjmrh. sem flytti þetta frv. væri hér og hefði setið hér nokkuð vel, en það væri hins vegar þannig að hæstv. forsrh. er ráðherra efnahagsmála og þetta frv. til lánsfjárlaga er hornsteinninn í stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, ef sá hornsteinn er yfir höfuð til. Það dugar okkur því engan veginn, hæstv. forseti, að hafa eingöngu þann fagráðherra sem frv. heyrir undir vegna þess að frv. til lánsfjárlaga er samnefnari fyrir ríkisstjórnina í heild þótt hæstv. fjmrh. flytji það að formi til.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir skömmu eftir að ríkisstjórnin tók við að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í maímánuði sl. myndu leiða til raunvaxtalækkunar á komandi hausti, þ.e. haustinu sem leið. Þær birtust ekki. Þvert á móti fóru raunvextir upp. Þá sagði hæstv. forsrh. á haustmánuðum að raunvextir myndu lækka verulega fyrir jólahátíð. Það gerðist ekki. Hæstv. forsrh. sagði þá á blaðamannafundi daginn eftir að næturaðgerðir ríkisstjórnarinnar voru kynntar í fyrri hluta desembermánaðar að raunvextir myndu fara hraðlækkandi í byrjun næsta árs. Nú liggur það fyrir að það mun ekki gerast. Það hefur þegar komið fram við þessar umræður að hvorki af hálfu hæstv. fjmrh. né af hálfu viðskiptabankanna verði raunvextir lækkaðir á næstu mánuðum. Ég tel þar auðvitað ekki með þessa litlu fingurbjörg vaxtalækkana sem hæstv. fjmrh. tilkynnti, 0,2% á hinum tiltölulega lokaða og þrönga markaði áskrifta að spariskírteinum ríkissjóðs.

Nú sagði hæstv. fjmrh. fyrr í þessari umræðu að raunvaxtalækkanir muni verða einhvern tíma síðar á árinu. Menn geta auðvitað haft ýmiss konar skilning á því hvað orðið „síðar" merkir, en það blasir hins vegar alveg við núna í janúarmánuði að megintilgangurinn með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur ekki náðst og ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því sem hæstv. forsrh. skuldar þinginu skýringar á, hver er að hans dómi skýringin á því að allar yfirlýsingar hans hafa reynst marklausar hingað til varðandi árangurinn af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ætlar hæstv. forsrh. að halda sig við það sem hingað til hefur reynst árangurslaust og lýsa því yfir í þinginu að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sé í reynd ekki fólgin í neinu öðru?

Það hefur verið rakið mjög rækilega í þessari umræðu að raunvaxtastigið í bankakerfinu, raunvaxtastigið á þeim pappírum sem eru ráðandi fyrir markaðinn, er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Það hefur jafnframt komið fram hvað eftir annað að verðbólga er hér svo lág að Ísland sker sig úr á nágrannalöndum. Hver er þá skýringin, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., á því að raunvextirnir lækka ekki? Hún er mjög einföld. Það er vantraustsyfirlýsing markaðarins, hæstv. fjmrh., á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar Hæstv. fjmrh. sagði mjög stoltur að ríkisstjórnin hefði gert sitt. Vandinn er bara sá fyrir hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að markaðurinn tekur þær yfirlýsingar ekki alvarlega. Þessir ágætu menn, sem telja sig vera í fararbroddi markaðskenninganna í efnahagsmálum og eru hvað eftir annað að lýsa því yfir að meira mark eigi að taka á lögmálum markaðarins en gert hefur verið hingað til, ættu þá að viðurkenna það að dómur markaðarins yfir eigin efnahagsstefnu þeirra liggur nú fyrir. Hann er á þann veg að markaðurinn hreyfir sig ekki til raunvaxtalækkana þrátt fyrir ræður og yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Ekki meir, segir hæstv. fjmrh. Hann lauk sinni ræðu 13. jan. með því að segja að með því að samþykkja fjárlögin sem búið var að samþykkja og með því að samþykkja frv. til lánsfjárlaga sem ríkisstjórnin hefur gengið frá fyrir sitt leyti væri verkum ríkisstjórnarinnar lokið í málinu. Þessi tvö frumvörp fælu í sér grundvöllinn að stöðugleikanum. Vandinn er hins vegar sá að hvorki verkalýðshreyfingin, samtök launafólks né

aðilarnir á peningamarkaðinum eru sama sinnis.

Að óbreyttri stefnu er alveg ljóst að þrengingarnar á peningamarkaði munu hafa það í för með sér að mikill fjöldi fyrirtækja mun eiga í miklum erfiðleikum og verða gjaldþrota á þessu ári og næsta ári. Jafnframt mun það hafa í för með sér, m.a. vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur neitað að innleiða skatta á fjármagnstekjur, að á sama tíma og boðskapur ríkisstjórnarinnar er að launafólk megi ekki fá neina kauphækkun í sinn hlut munu fjármagnseigendur á grundvelli efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og skattastefnu ríkisstjórnarinnar taka milljarða til sín á þessu nýja ári, sem var raunin á seinni hluta síðasta árs, og á árinu 1993 umfram það sem aðrar stéttir fá í sinn hlut. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og einnig hæstv. forsrh. hvort þeir telji virkilega að það sé vænlegt framlag til stöðugleika í íslenskum efnahagsmálum að skapa hér þær kringumstæður að stétt fjármagnseigenda í landinu fái æ meira til sín í krafti hárra raunvaxta og njóti þess gróða skattfrjálst, en lagt er síðan til atlögu við launafólkið með nýjum og nýjum ákvörðunum. Halda menn t.d. að sá boðskapur sem fluttur var á fundi BSRB, Kennarasambandsins og BHMR í gær sé einangraður? Hafa menn ekki hlýtt á forustu Verkamannasambandsins, forustu Alþýðusambandsins og aðra þá sem af heilindum hafa viljað halda stöðugleikanum, hafa viljað halda jafnvægi í efnahagsmálum, hafa viljað taka þátt í því, að taka hér það sem kallað er skynsamlegar ákvarðanir í kjaramálum, en eru ekki reiðubúnir að samþykkja þá 2% kjaraskerðingu sem ríkisstjórnin sjálf hefur beitt sér fyrir?

Ég vil rifja það upp að talsmenn Sjálfstæðisflokksins með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar héldu því fram hvað eftir annað og það blað, sem núv. þingmaður Björn Bjarnason stýrði á síðustu árum, hélt því einnig fram hvað eftir annað, að verkefnið í íslenskum stjórnmálum væri að draga þannig úr ríkisumsvifum með skattalækkunum og minni umsvifum ríkisins að launafólkið gæti fengið meira í sinn hlut í gegnum hinn almenna markað og fyrirtækin héldu meira eftir hjá sér. En hvað hefur gerst, hæstv. fjmrh.? Það sem hefur gerst er að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar, og ég endurtek fyrir hv. þm. Björn Bjarnason, skattahækkanir ríkisstjórnarinnar og hækkanir á gjaldtöku ríkisfyrirtækja, þjónustugjöldum og öðru slíku hefur núna á tveimur mánuðum rýrt kaupmáttinn um 2%, þannig að það er ríkisstjórnin sjálf sem með skattahækkunarstefnu sinni býr til einn af þeim þröskuldum sem erfiðast verður að stíga yfir í komandi kjarasamningum. Er þetta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar? Er þetta í samræmi við það sem Sjálfstfl. hefur lýst yfir? Er þetta í samræmi við það sem þessir menn hafa sagt og skrifað á undanförnum árum? Svarið er nei. Við erum stödd í þeim sporum að velta því fyrir okkur hvort yfirlýsingar Sjálfstfl., yfirlýsingar forsrh., yfirlýsingar fjmrh. séu bara marklaust hjal, hvort þetta séu ekki menn sem hægt sé að taka alvarlega.

Sjálfstfl. barðist fyrir því á síðustu þremur árum að jöfnunargjaldið væri afnumið. Hvað gerist nú? Það er ekki aðeins að jöfnunargjaldið verði framlengt í hálft ár heldur er sérstaklega bætt við þremur mánuðum hér á lokadögum þingsins fyrir jól, þannig að jöfnunargjaldið sem Sjálfstfl. ætlaði að afnema verður nú í gildi í níu mánuði. Þá rifja ég upp, hver var röksemd Sjálfstfl. í haust í fjárlagafrv. fyrir því að hækka tekjuskattinn og minnka barnabæturnar? Jú, röksemdin var að ríkið yrði af tekjum af því jöfnunargjaldið félli niður um komandi áramót. En hvað hafa þeir gert? Þeir hafa framlengt jöfnunargjaldið í níu mánuði og haldið eftir hækkuninni á tekjuskattinum, bæði með skerðingu barnabótanna og almennum hækkunum á tekjuskattinum.

Sjálfstfl. sagðist ætla að minnka eignarskattinn. Hefur hann gert það? Nei. Sjálfstfl. sagðist ætla að minnka skattálögurnar á atvinnulífið. Hefur hann gert það? Svarið er nei. Sjálfstfl. sagðist ætla að draga úr ríkisumsvifunum og skapa á þann hátt svigrúm fyrir raunvaxtalækkun. Hefur hann gert það? Svarið er nei. Auðvitað er það þannig að það eru takmörk fyrir því hvað maður nennir að rifja upp á Alþingi af yfirlýsingum Sjálfstfl. á undanförnum árum vegna þess að þessir menn hafa með verkum sínum sýnt að þeir eru marklausir. Hvað um Alþfl.? Var kosið um það af hálfu Alþfl. í síðustu kosningum að minnka kaupmátt ellilífeyrisþega, hækka lækniskostnaðinn, hækka lyfjakostnaðinn, skerða barnabæturnar, þrengja að grunnskólunum? Svarið er líka nei. Það er engin samsvörun í því sem þessir menn sögðu fyrir kosningar og því sem þeir segja nú.

Hæstv. forsrh. birtist hér augnablik í dyragættinni, virðulegi forseti, en fór svo. Ég óska eftir því að hann sé nú sóttur. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar komið þeim skilaboðum til hæstv. forsrh. að nærveru hans sé óskað hér). Það bara dugir ekki, virðulegi forseti, vegna þess að það er fullkomlega óskynsamlegt að tefja tíma þingsins með því að menn þurfi að endurtaka hluta af ræðu sinni þegar ráðherrarnir loksins birtast í salnum. (**Gripið fram í:** Það er alveg óþarfi).

Já, virðulegi forsrh. Ég hafði ætlað mér að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. forsrh. til þess að greiða fyrir því að þessi umræða geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Þó að það frv. sem hér er til umræðu, frv. til lánsfjárlaga, sé formlega flutt af hæstv. fjmrh. er það eins konar samnefnari fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og það er þess vegna eðlilegt í ljósi þess að eiga nokkurn orðastað við hæstv. forsrh. sem er ráðherra efnahagsmála um árangurinn og framhaldið á þessu sviði.

Fyrsta spurningin sem ég vil bera upp til hæstv. forsrh. snýr að því hver er skýring hans á því að allar þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið frá því að ríkisstjórnin tók við völdum um væntanlegar raunvaxtalækkanir hafa ekki staðist. Hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu í maímánuði að raunvextir myndu lækka í haust. Þegar það gerðist ekki í haust lýsti hæstv. forsrh. því yfir að raunvextir myndu lækka á næstu mánuðum eða fyrir áramót. Þegar það gerðist ekki þá lýsti hæstv. forsrh. því yfir — að mig minnir á blaðamannafundi eða í viðtölum við fjölmiðla eftir næturfund ríkisstjórnarinnar í desember þegar ákvarðanir

voru teknar á ýmsum sviðum — að raunvextir mundu lækka í byrjun næsta árs, þ.e. ársins 1992.

Nú hefur það komið fram, virðulegi forsrh., að það er ekkert sem bendir til þess að slíkar raunvaxtalækkanir séu í vændum. Hæstv. fjmrh. hefur gefið út nýja flokka af spariskírteinum ríkissjóðs sem bera sömu vexti og áður og sú litla breyting, 0,2%, á hinum tiltölulega lokaða markaði áskrifenda að spariskírteinum ríkissjóðs, er ekki boðberi eða hvati neinnar almennar raunvaxtalækkunar. Á sama hátt hefur alveg skýrt komið fram í viðtölum við forsvarsmenn viðskiptabankanna að þeir munu ekki beita sér fyrir frekari raunvaxtalækkunum á næstunni.

Það er einnig ljóst, virðulegi forsrh., að sú breyting sem hefur orðið á markaðskjörum húsbréfanna gerir það að verkum að ekki er að vænta frekari breytinga þar á næstunni á meðan vextir á spariskírteinum ríkissjóðs og bankakerfisins eru óbreyttir. Allt stefnir því í það, hæstv. forsrh., að a.m.k. nokkra mánuði enn eða fram til vors verði áfram það sama raunvaxtastig og kannski ívið hærra og ríkisstjórnin beitti sér sérstaklega fyrir að ná með aðgerðum sínum eftir að hún tók við völdum í byrjun í maímánaðar í fyrra. Eða með öðrum orðum, að fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar, fjárlög ríkisstjórnarinnar fyrir hið fyrsta heila ár og það frv. til lánsfjárlaga, sem við erum að afgreiða munu ekki fela í sér neinar afgerandi breytingar í þessum efnum.

Það hefur verið spurt að því úr þessum stól hver sé afstaða ríkisstjórnarinnar gagnvart húsbréfaútgáfu og bent hefur verið á það að mínu dómi með réttu að húsbréfaútgáfan er einn af veigameiri þáttum til að ákveða vaxtastigið og ástandið á peningamarkaðinum. Hæstv. fjmrh. gaf út ærið sérkennilega yfirlýsingu í ræðu sinni hér 13. jan. og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að hlýða einnig aðeins á það. Hann lýsti því yfir að búið væri að ákveða að gefa út þrisvar á næsta ári flokka húsbréfa, 4 milljarða í senn. (Gripið fram í.) Ég skrifaði þetta niður eftir hæstv. ráðh. og fannst yfirlýsingin sérkennileg þannig að gott væri ef hún væri leiðrétt núna — á þessu ári. Það var nú kannski aukaatriði í málinu. Aðalatriðið er það að á árinu 1992 lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að það ætti að gefa út þrjá flokka af húsbréfum, 4 milljarða í senn og hæstv. félmrh., svo ég vitni orðrétt í fjmrh., mundi ákveða þessa útgáfu. Þetta sagði hæstv. ráðherra og getur flett því upp sjálfur. Það finnst mér satt að segja einhver stærsta yfirlýsingin sem hefur fallið í umræðunum vegna þess að mér er fullkunnugt um það að félmrh. hefur mikinn áhuga á því að dæla út eins miklu af húsbréfum og hægt er. En nú er það einu sinni þannig að það er ekki félmrh. sem gefur út húsbréfin. Félmrh. skrifar ekki undir húsbréfin. Nafn hennar er hvergi á húsbréfunum. Það er hæstv. fjmrh. sem gefur út húsbréfin og það er nafn hans sem er á þeim. Er það virkilega þannig að ríkisstjórnin sé í upphafi árs, óháð því hvað gerist á peningamarkaðinum, búin að ákveða það hér og nú að gefa út þrisvar 4 milljarða af húsbréfum hvað sem tautar og raular á peningamarkaðinum og ætti þar með halda uppi því raunvaxtastigi sem er í landinu, hæstv. forsrh.? Er þetta virkilega þannig að sú yfirlýsing sem hæstv. fjmrh. gaf hér feli það í sér að nú þegar sé ríkisstjórnin vegna þrýstings frá hæstv. félmrh. búin að afsala sér því valdi að geta nýtt húsbréfaútgáfuna til þess að hafa áhrif á vaxtastigið á peningamarkaðinum?

Ég vil geta þess hér t.d. að meðan ég var í fjmrn. var almenn afstaða fjmrn. að ekki væri skynsamlegt að gefa út sem næmi nema 2–3 milljörðum af húsbréfum í einu þó komið hafi fyrir að það hafi verið gefið út meira. En afstaða ráðuneytisins var engu að síður sú að halda sig við fáeina milljarða. Það er þess vegna við hæfi að hæstv. félmrh. sé komin hér í salinn til þess að taka þátt í umræðunni því að ef það er þannig — og ég ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh. hvort nú þegar liggi þessi ákvörðun fyrir í ríkisstjórninni — þá er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur þar með sagt að hún ætli ekki að skipta sér meira af vaxtastiginu í landinu á þessu ári. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. alveg skýrt að því ef það gerist nú sem allt bendir til á þessu ári eins og hinu síðasta að aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni ekki leiða til neinnar raunvaxtalækkunar — ég veit að það eru miklar annir í Stjórnarráðinu en ég hélt að þær væru ekki svo miklar að fjmrh. þyrfti að nota þessar stundir til þess að færa forsrh. einhver boð greinilega af miklum þunga. (**Forsrh.:** Ég þarf að skjótast í síma snöggvast augnablik, ég bið afsökunar á því). Og fara í símann, þá verð ég bara að gera hlé, forseti, ef símtækið hefur forgang fram yfir ræðustólinn. Þetta er svona erfitt fyrir ráðherrana að sitja undir þessum fáeinu spurningum og lýsingum á verkum þeirra, það er kannski spurning hvort þingið á ekki að taka sér hlé í nokkra daga svo að ráðherrarnir geti sinnt sínum símtölum í friði. (**Gripið fram í:** Getur ekki þingmaðurinn lesið ljóð á meðan?) Nei, þingmaðurinn ætlar ekki að lesa upp ljóð á meðan, en hins vegar mætti kannski beina þeirri athugasemd til forsetadæmisins að þörf ráðherranna fyrir símtöl er greinilega orðin svo mikil að fjmrh. mun hafa flutt símtækið með sér inn í þingsalinn í gær. Ég veit ekki til að það hafi verið gert fyrr í þingsögunni að ráðherra leyfi sér að flytja símtækið með sér inn í salinn og setjist við að tala í símann hér í annarri röð í þingsalnum. Það er ekki einu sinni hægt að fá að tala hér í tíu mínútur, kortér við forsrh. án þess að hann sé í þrígang rokinn í símann á þeim tíma. Þetta er merkilegur forgangur sem síminn er farinn að fá hér í þinginu. Ég veit ekki til þess að það hafi verið áður. Ég man t.d. eftir því þegar ég var fjmrh. þurfti ég að fá sérstakt skriflegt leyfi til að mega pissa í tvær mínútur undir löngum umræðum hér í salnum, en nú virðist ráðherrum leyfilegt að hlaupa hér inn og út og fara í símann. Hverjir eru þessir mikilvægu menn hér úti í bæ sem eru hringjandi í ráðherrann eða vill forseti t.d. kannski svara mér því er skynsamlegra fyrir mig að fara út á skrifstofu mína og hringja í forsrh., er þá líklegra að ég nái eyrum hans? (**Fjmrh.:** Hvernig væri að prófa það?) Það mætti prófa það, hæstv. fjmrh., ég er viss um það að hann kæmi a.m.k. í fyrsta sinn sem hringt væri. (Gripið fram í.) Það dugar mér nú engan veginn að hv. þm. Árni Johnsen sé staddur hér í salnum.

Virðulegi forseti. Er ekki skynsamlegt að gera hlé á fundinum ef forsrh. er nú búinn að vera átta mínútur í símanum? Ég tel við hæfi að gera hlé á fundinum þar til hann getur komið hingað svo að maður fái tækifæri til að bera upp fáeinar spurningar við hann. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli ræðumanns á því að hann hefur ræðustólinn og hefur orðið hér í fundarsalnum þannig að þingheimur er hér til þess að hlýða á mál hans.) Það má rétt vera, virðulegi forseti, en það hefur nú almennt tíðkast í kurteisissamskiptum í þinginu að ef ráðherra telur sig tilknúinn til þess að víkja burt úr umræðunni þegar maður er í miðju kafi við að bera fram nákvæmar spurningar til ráðherrans og hann kemur ekki aftur eftir fáeinar mínútur, þá er gert hlé á fundinum. Ég hef engan áhuga á að standa hér þegjandi. Það er ekki stór hluti af ræðu minni sem ekki sneri að forsrh. þannig að ég get ekki haldið áfram nema hann komi aftur í salinn. Og ég bið nú þann forseta sem hér situr að fara að venjulegum kurteisisreglum sem tíðkast hafa í þinginu. Telji ráðherra sig þurfa að vera lengur í burtu en fáeinar mínútur þá sé gert hlé þar til hann getur komið aftur. (**Forseti:** Vegna eindreginna tilmæla þingmannsins er gert örstutt hlé á fundinum.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég hélt ekki að ég þyrfti að segja það við hæstv. forsrh. að sú hugmynd kom upp hér fyrir jól að þeir ráðherrar sem ekki mættu vera að því að sinna skyldum sínum við umræður á Alþingi vegna símtala fengju sér farsíma til að hafa hjá sér í sætinu. Það er auðvitað mjög bagalegt ef ráðherrar eru svo önnum kafnir að þeir geti ekki verið hér einn til tvo tíma síðdegis til þess að taka þátt í umræðum um eitt af mikilvægustu frv. ríkisstjórnarinnar. Lánsfjárlögin eru nú eitt af mikilvægustu frv. ríkisstjórnarinnar og nauðsynlegt er að þeir ráðherrar sem þar koma helst að máli geti verið í sæti sínu a.m.k. 20–30 mínútur svo að hægt sé að ljúka við að bera upp við þá spurningar. Reyndar hefði einnig verið æskilegt að hæstv. viðskrh. væri hér en ég tek það fram að ég geri enga kröfu til þess að hann sé við umræðuna því mér sýnist hann nú vera búinn að afsala sér öllum áhrifamætti gagnvart gangi mála hér.

En mig minnir, hæstv. forsrh., að áður en þetta 20 mínútna símtal hófst hafi ég verið staddur þar í spurningum mínum að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað hann hygðist gera ef það kæmi nú í ljós, segjum eftir tvo eða þrjá mánuði að peningakerfið, markaðurinn, héldi áfram að bregðast við ríkisstjórninni með sama hætti og gert hefur verið hingað til að hafa yfirlýsingar forsrh. um væntanlegar raunvaxtalækkanir að engu. Við höfum nú þrjú tilvik frá því að ríkisstjórnin var sett á laggirnar þar sem markaðurinn og hið efnahagslega umhverfi hefur ómerkt yfirlýsingar forsrh. Og af því að við erum að afgreiða annað meginefnahagsfrv. ríkisstjórnarinnar vil ég spyrja forsrh. hvað hann hyggst gera ef hann verður nú í fjórða sinn fyrir sömu reynslu og áður. Ætlar hann að sitja aðgerðarlaus og láta það gerast eða mun hann beita sér fyrir einhverjum nýjum aðgerðum? Hann hlýtur að hafa hugleitt það vegna þess að reynslan kennir naktri konu að spinna og eins hlýtur auðvitað að vera um forsrh. sem hefur hreppt þær gerningar að peningakerfið hefur ekkert mark á honum tekið.

Hæstv. forsrh., nú bendir margt til þess að eftir þrjá, fimm eða sex mánuði verði það komið í ljós að hallinn á ríkissjóði á þessu ári mun ekki verða undir 7 milljörðum, segjum 6–7 til þess að vera með lága tölu. Ég hef að vísu heyrt sérfræðinga nefna mun hærri tölu. Ég hef heyrt þá nefna töluna 8–9 milljarða. En höldum okkur í lægri mörkunum, förum ekki einu sinni í miðjuna eða efri mörkin. Hvað hyggst hæstv. ríkisstjórn gera ef í ljós kemur undir vorið að áform ríkisstjórnarinnar um halla á ríkissjóði undir 4 milljörðum muni alls ekki standast og það stefni jafnvel í að hallinn verði tvisvar sinnum meiri en ríkisstjórnin stefndi að. Ég spyr vegna þess að ríkisstjórnin hefur lagt í nokkra leiðangra gagnvart sjómönnum, gagnvart börnum og nemendum í grunnskólum og framhaldsskólum, gagnvart ellilífeyrisþegum, þar sem upphæðin, sem verið er að tala um í hverjum leiðangri, er kannski 180 millj. eða rúmar 200 millj. Litlar upphæðir í hinu stóra ríkisfjármáladæmi. Engu að síður er ljóst að þessar aðgerðir hafa haft mjög neikvæð áhrif á allt andrúmsloft kjarasamninga og stöðugleika í efnahagslífinu eins og sjá mátti t.d. á þeim fundi sem haldinn var í gær. Ef í ljós kæmi með vorinu að þrátt fyrir þessar aðgerðir stefni hallinn á ríkissjóði í 7, kannski 8, kannski 9 milljarða, hvar er þá öll réttlæting ríkisstjórnarinnar fyrir því að fara í leiðangra upp á 200 millj., 180 millj. gagnvart þessum breiðu þjóðfélagshópum og hvað mun ríkisstjórnin þá gera ef þetta blasir við áður en vorþingi lýkur í maí? Verður þá yppt öxlum og ekki gripið til neinna ráðstafana? Ég teldi skynsamlegra fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að gera sér nú þegar grein fyrir því hvernig þeir muni bregðast við. Það er alveg ljóst að ef þær tölur koma fram í apríl eða maí mun peningamarkaðurinn ekki hreyfa sig til frekari raunvaxtalækkunar síðar á árinu. Þannig liggur þetta dæmi. Og ef hæstv. forsrh. vill láta taka mark á sér sem stjórnanda landsins og lætur sér ekki bara nægja tignina, þá hlýtur hann að gera þinginu grein fyrir því hér og nú hvernig hann muni bregðast við.

Hæstv. forsrh., í ljósi þess að bæði Alþýðusamband Íslands og BSRB og fleiri samtök eins og Kennarasambandið hafa mjög harðlega mótmælt því að skattaðgerðir ríkisstjórnarinnar og breytingar á ýmsum gjöldum hafa skert ráðstöfunartekjur um 2%, vil ég enn fremur spyrja að því hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin að taka til baka að hluta til eða alveg þá beinu kjaraskerðingu sem hefur komið í gegnum skattastefnu ríkisstjórnarinnar ofan á þá kjaraskerðingu sem hér kemur til vegna samdráttarins í hagkerfinu. Merkilegt er að þessi ríkisstjórn hins frjálsa hagkerfis hefur ákveðið það varðandi fjárlögin að láta ekki aðeins launafólk taka á sig þá kjaraskerðingu sem verður óhjákvæmilega vegna samdráttar í hagkerfinu heldur einnig til viðbótar sérstaka kjaraskerðingu vegna meiri umsvifa ríkisins.

Ég hef lýst því hvað eftir annað og geri það enn á ný að eitt mikilvægasta tækið til þess að ná skynsam-

legum kjarasamningum og áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu sé annars konar skattastefna. Og ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins um breytingar á þeirri skattastefnu sem sett var í lög fyrir jólin til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga.

Þá vil ég einnig spyrja að því, hæstv. forsrh., hvort breyting hafi orðið innan ríkisstjórnarinnar á áformum hennar um flatan niðurskurð. Það hefur vakið athygli að aðstoðarmaður menntmrh., Ólafur Arnarson, sem áður gegndi því trúnaðarmikla starfi að vera framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstfl. — nú byrja enn á ný skilaboð og flutningur hæstv. fjmrh. gagnvart forsrh. Ég er allur af vilja gerður að sýna þessum ágætu mönnum mikið umburðarlyndi, hvort sem það snýr að símtölum þeirra eða samræðum. En mjög er nú erfitt að koma spurningunum til forsrh. ef fjmrh. þarf sífellt að vera að instrúktera hann um það hvað hann eigi að segja.

Næsta spurning mín, hæstv. forsrh., víkur að því að aðstoðarmaður menntmrh., Ólafur Arnarson, sérstakur trúnaðarmaður Sjálfstfl. sem gegndi framkvæmdastjórastöðu þingflokksins áður en hann varð aðstoðarmaður menntmrh., lýsir því yfir í Morgunblaðinu sl. laugardag að innan menntmrn. sé unnið að hinum flata niðurskurði á þann veg að aðeins helmingur hans komi til framkvæmda á árinu 1992. Menntmrn. sé að skipuleggja niðurskurðinn með þeim hætti að hann komi til framkvæmda á skólaárinu 1992–1993. Með öðrum orðum, aðeins helmingur hans á fjárlagaárinu 1992.

Nú er nauðsynlegt að vita það, hæstv. forsrh., ekki aðeins vegna þess að hér virðist um stefnubreytingu að ræða hjá hæstv. ríkisstjórn ef þetta er rétt, ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað, en einnig vegna þess að ef framkvæmdin verður með þeim hætti sem aðstoðarmaður menntmrh. lýsir þá er sú tala sem er í frv. til lánsfjárlaga ekki rétt þannig að þingið verður að breyta tölunni sem sett er í frv. til lánsfjárlaga í samræmi við framkvæmd þessarar stefnu. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að fá skýr svör við því hvort yfirlýsing Ólafs Arnarsonar sé rétt. Hefur hæstv. menntmrh. þar með fengið heimild til þess hjá ríkisstjórninni að vinna að niðurskurðinum með þessum hætti eða stendur hin upphaflega ákvörðun ríkisstjórnarinnar?

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh. að því hvað það boði að hér er brtt. á sérstöku þskj. frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur þar sem lagt er til að fjmrh. verði, fyrir hönd ríkissjóðs, heimiluð yfirtaka skulda Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð 1,7 milljarðar kr. Nú vill svo til að hæstv. forsrh. er með frv. í þinginu um þetta efni. Hæstv. forsrh. flutti hér framsöguræðu fyrir frv. um Framkvæmdasjóð Íslands. Þar var lagt til að sjóðurinn yrði lagður niður og málefnum hans komið fyrir með ákveðnum hætti. Ég vil spyrja: Hver er ástæðan fyrir því að nú kemur allt í einu einn þingmaður Alþfl., starfandi formaður í efnahagsnefnd, og flytur þessa brtt.? Mér finnst þetta vera mjög óeðlileg afgreiðsla á því frv. sem hæstv. forsrh. flutti inn í þingið. Það hlýtur að vera lykilatriði að þingið ákveði hvernig eigi að fara með þennan mikilvæga sjóð, Framkvæmdasjóð Íslands, en ekki bara ákveða með tveimur línum í tillögu frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að fjmrh. eigi að yfirtaka skuldirnar fyrir hönd ríkissjóðs. Hæstv. forsrh. hefur opinberlega gerst talsmaður fyrir nýjum vinnubrögðum í meðferð opinberra sjóða og talað fyrir því að þingið eigi að fjalla um þau mál með skýrum hætti og gera það af myndarskap og gera sér grein fyrir því hvað það er að gera.

Ég vek athygli á því að það er ekki fjmrh. sem flytur tillöguna. Það er ekki forsrh. sjálfur sem flytur tillöguna. Það er ekki meiri hluti efh.- og viðskn. sem flytur þessa tillögu heldur er það einn þingmaður. Ég verð nú að játa það að ég hlustaði ekki á ræðu hv. þm. þar sem hún gerði grein fyrir því af hverju hún flytti þessa tillögu. Það má vera að í ræðu hennar hafi komið fram einhverjar skýringar á þessu atriði. En jafnvel þótt svo væri, vil ég segja við hæstv. forsrh. að mér finnst þetta mjög óeðlileg og sérkennileg afgreiðsla á því máli sem hann kom með inn í þingið. Og ég vil þess vegna biðja hann að fjalla nokkuð um það hver sé aðdragandi þess að tillagan birtist hér eða hvort hún sé bara á persónulega ábyrgð þingmannsins Rannveigar Guðmundsdóttur sem ætla mætti af þingskjalinu.

Af þessu tilefni vil ég einnig spyrja hæstv. fjmrh., verði þessi tillaga samþykkt, hvort hann ætlar að meðhöndla hana eða beita sér fyrir því að hún verði meðhöndluð með sama hætti og meiri hluti fjárln. lagði til og hv. þm. Pálmi Jónsson talaði sérstaklega fyrir varðandi fjárskuldbindingar ríkissjóðs vegna Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Stjórnarmeirihlutinn í fjárln. á Alþingi og hv. þm. Pálmi Jónsson sem talsmaður þess meiri hluta flutti brtt. um það fyrir áramót í tengslum við fjáraukalög fyrir árið 1990 ef ég man rétt að yfirtaka verðjöfnun á skuldum Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins eða tilteknum lánum yrði meðhöndluð með þeim hætti að hún yrði færð sem bein útgjöld ríkissjóðs á því ári. Ég vakti þá athygli á því og geri það enn frekar vegna þess að í fyrri umræðu fékk ég engin svör og umræðunni var frestað þannig að ég hef engin svör fengið frá hæstv. ríkisstjórn. Verður farið með þessa tillögu verði hún samþykkt með sama hætti og þar var lagt til að hallinn á ríkissjóði, hæstv. forsrh., á árinu 1992 verði aukinn um 1 milljarð og 700 millj. eða tæpa 2 milljarða á grundvelli þessarar tillögu? Ætla hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að lúta þeirri ákvörðun þegar Ríkisendurskoðun birtir yfirlit um mitt ár yfir halla ríkissjóðs fyrstu sex mánuði ársins að verði búið að bæta 1,7 milljörðum við hallatöluna? Ætla hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. þá að standa í einhverju skaki við peningamarkaðinn og útskýra að sú hallatala sem Ríkisendurskoðun mun birta og allt fjölmiðlakerfið kynna og Morgunblaðið lykta í leiðurum sínum og skrifurum eins og það hefur jafnað gert sé marklaus vegna þess að inni í henni séu tæpir 2 milljarðar sem ekki séu ekta og séu allt öðruvísi vaxnir en aðrir tveir milljarðar?

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir því að hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera því að það er ekki hægt að

koma í febrúar og samþykkja þá tillögu sem meiri hluti fjárln. lagði til varðandi meðferð hliðstæðra útgjalda fyrir fjáraukalög 1990 og reikna ekki með því að það sama verði gert varðandi yfirtöku á skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands. Ég verð að segja eins og er að ég öfunda ekki hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að þurfa að standa í því ofan á þær hallatölur sem munu birtast vegna raunverulegra útgjalda á árinu 1992 að taka þessa 1,7 milljarða inn í töluna líka. Svo að ég dragi þetta upp byggt á minni reynslu og gefi hæstv. forsrh. svona holl ráð; ef Ríkisendurskoðun kæmist að raun um það í júnímánuði að hefðbundinn halli á ríkissjóði í ár stefni í um 8 milljarða, bæti síðan við samkvæmt bókhaldskenningum Ríkisendurskoðunar, sem ýmsir draga að vísu í efa, þessum 1,7 milljörðum vegna þess að það verði búið að samþykkja það á þinginu þá mun Ríkisendurskoðun gefa út svona skýrslu, bláa í hinum ástkæra lit forsrh., og segja í helstu niðurstöðum að halli ríkissjóðs stefni í tæpa 10 milljarða á árinu. Ætla forsrh. og fjmrh. þá að koma í sjónvarpsstöðvarnar, ríkisfjölmiðlana og blöðin og reyna að útskýra að þetta sé ekki rétt hjá Ríkisendurskoðun? Kannski ætti ég ekki að vera að benda hæstv. ráðherrum á þetta. Kannski ætti ég bara að láta þetta gerast í þinginu og láta þá svo lemja hausnum við vegginn og standa allt í einu í þeim sporum að vita ekki sitt rjúkandi ráð. En ég kýs frekar af heilindum að benda þeim á þetta svo að þeir átti sig á því hvað er vændum.

Ég vil að lokum, hæstv. forsrh., benda á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem gefin var út í sl. nóvember um framkvæmd fjárlaga til septemberloka fyrir 1991 kemur fram sú niðurstaða að ríkisstjórninni hafi aðeins tekist að ná fram ⅓ af þeim áformum sem hún hafði sett sér með aðgerðum sínum í sl. maímánuði. Í skýrslunni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnvöld ákváðu á fyrri hluta þessa árs að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Með þeim aðgerðum var stefnt að lækkun útgjalda og lánsfjárþarfar A-deildar ríkissjóðs og annarra opinberra aðila um allt að 6 milljarða kr. Að mati Ríkisendurskoðunar hafa ráðstafanir ríkisstjórnarinnar lækkað fjárþörf A-hluta ríkissjóðs um 2 milljarða kr. auk þess sem lántökur annarra opinberra aðila voru lækkaðar um 500 millj. kr. eða í hæsta lagi 2,5 milljarðar eða 2 milljarðar þegar A-hluti ríkissjóðs er skoðaður einn af þeim 6 milljörðum sem stefnt var að." Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hver sé skýring hæstv. forsrh. á því að þetta mistókst svona að dómi Ríkisendurskoðunar. Hver er skýringin? Hún hefur ekki komið fram á Alþingi. Hvers vegna spyr ég að því? Það er ekki af sagnfræðilegum áhuga. Það er vegna þess að hæstv. forsrh. hefur nú látið afgreiða fjárlög og er að biðja um afgreiðslu á lánsfjárlögum og þar sem reynslan af fyrstu ríkisfjármálaaðgerðum ríkisstjórnar hans frá því í maí sl. er að dómi Ríkisendurskoðunar bara 33% árangur. Þess vegna hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir okkur, þingið og þjóðina en kannski fyrst og fremst fyrir hæstv. forsrh. sjálfan að svara því hver er skýringin á þessum mistökum á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar og hvað bendir til þess að þau verði ekki endurtekin jafnvel þó það verði bara að hluta. Þá er ég ekki að tala um að það verði bara 33% árangur, en jafnvel þótt hann yrði 60–70%, þá er alveg ljóst að það sem eftir stæði mundi skekkja alvarlega þá efnahagsmynd sem við blasir.

Ég hef að vísu tekið eftir því að þegar hæstv. forsrh. birtist sem borgarfulltrúi í tilteknu sveitarfélagi á öðrum vígstöðum er hann kominn á þá skoðun að lítið sé að marka þær endurskoðunarstofnanir hins opinbera sem ekki tali við hann og ég veit það fyrir víst að Ríkisendurskoðun hefur ekki talað við forsrh. um þessi mistök á árinu 1991. En hæstv. forsrh. hefur mjög haldið fram hlut Ríkisendurskoðunar í þinginu þó að ég hafi gert við það athugasemdir og bent honum á að það væri ekki allt sannleikur sem þar stæði. Ég vil nota tækifærið til þess að vekja athygli hæstv. forsrh. á því af því að við áttum í nokkurri orðasennu að mig minnir á sumarþinginu, eða kannski var það snemma í haust, um Ríkisendurskoðun og afstöðu Ríkisendurskoðunar til reikninga Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs. Ég heyri ekki betur en í lokaskýrslu fortíðarvandanefndar hæstv. forsrh. sé nefndin á svipaðri skoðun og ég lýsti þá í umræðunni að Ríkisendurskoðun skuldaði þinginu og þjóðinni skýringar á því hvers vegna hún komst að svo ólíkum niðurstöðum á svo skömmum tíma.

Virðulegi forseti. Þetta eru nokkrar spurningar sem snerta kjarnann í framkvæmd þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir á þessu ári og ég teldi það greiða mjög fyrir framgangi mála í þinginu og áframhaldandi umræðum að hæstv. forsrh. sem ábyrgðarmaður efnahagsmála í ríkisstjórninni gæfi þinginu nokkur svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram.

Jón Helgason:

Herra forseti. Á þskj. 382 er brtt. við frv. til lánsfjárlaga sem ég er meðflm. að. Hv. 2. þm. Austurl., 1. flm., gerði skýra grein fyrir tilefni tillögunnar og skal ég ekki endurtaka margt af því en vil þó leggja áherslu á mikilvægi þess að hún nái fram að ganga eða nái sínum tilgang þannig að þau viðskipti sem henni er ætlað að tryggja, þ.e. útflutningur á saltsíld til Rússlands, geti átt sér stað. Ég held að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar telji það miklu máli skipta að við getum aukið verðmæti sjávarafla okkar og reynum að selja hann á þeim bestu mörkuðum sem hægt er. Sú stefna ríkisstjórnarinnar er óviðunandi að vilja ekki skipta sér af atvinnulífinu og hafa þannig áhrif á að þetta nái fram að ganga, a.m.k. ekki með nægjanlega skýrum hætti. Að vísu virtist koma fram a.m.k. í öðru orðinu hjá hæstv. ráðherrum í utandagskrárumræðu í gær að þeim væru vonbrigði að þetta gæti ekki átt sér stað en ég held að það sé alveg augljóst að til þess að það hefði orðið hefði nægt að þeir hefðu talað eitthvað skýrar þegar þess var þörf. En því miður virðist það svo sem í fleiri atriðum að hæstv. ríkisstjórn gerir sér ekki grein fyrir mikilvægi þess að ríkisvaldið hafi áhrif til þess að auka þjóðarframleiðslu okkar og hvers virði það er fyrir þjóðarbúið.

Hæstv. fjmrh. ræddi fyrr í umræðunni um viðskiptahallann sem sem betur fer mun hafa orðið heldur minni en áætlað var á tímabili og er sammála því að það væri mikilvægt að svo hefði tekist til þó hann sé að sjálfsögðu allt of mikill. En viðskiptahalli fer að sjálfsögðu eftir því hversu mikil verðmæti við sköpum í þjóðfélaginu, annars vegar til þess að flytja út og hins vegar til þess að koma í veg fyrir innflutning. Mér finnst að ríkisstjórnin geri þá ekki það sem í hennar valdi stendur til þess að það megi verða.

Nokkru fyrir jól átti ég hér orðaskipti við hæstv. iðnrh. um verðlagningu á raforku þar sem ég gagnrýndi verðlagningu Landsvirkjunar á orku sem væri umfram umsamið magn en hún er svo himinhá að það margborgar sig fyrir rafveitur að kaupa innflutta olíu til þess að framleiða raforku. Ég veit ekki hversu há upphæð eða mikið það atriði á þátt í að auka viðskiptahalla okkar á síðasta ári en það munu vera einhverjir tugir eða hundruð milljóna sem þjóðarbúið hefur glatað af þeim sökum. Mér fannst að það væri skylda ríkisvaldsins sem á Landsvirkjun að hálfu að beita sér fyrir því að ekki væri staðið þannig að verki að verðmæti glatist á þann hátt út úr þjóðarbúinu.

En af því að ég minnist á Landsvirkjun væri kannski fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað þessi setning þýðir sem er sett í sérstakt yfirlit aftan við fjárlög, d-liður, „Landsvirkjun greiði hagnað í samræmi við ákvæði laga." Hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi þetta sérstaka yfirlit að öðru leyti og ég skal ekki endurtaka það, þ.e. hvað þetta táknar, hvaða lagabókstafur er á bak við þetta yfirlit, en þarna er þessi sérstæða setning. (**Fjmrh.:** Það eru lög um Landsvirkjun, það er tekið fram í lögunum.) Já, en af hverju þarf að segja að fyrirtæki eigi að gera þetta í samræmi við ákvæði laga? Ég átta mig ekki á því af hverju það er svo fram sett.

Hjá hv. síðasta ræðumanni var rætt um niðurskurð í menntakerfinu, í skólunum, þar sem komið hefur fram að það muni ekki verða farið að því leyti eftir ákvörðun eða samþykkt fjárlaganna um sparnað þar sem litlu mun verða um þokað fyrri hluta ársins. En mun þá ekki þurfa lánsfjárheimild til þess að taka lán á móti því sem ekki næst í sparnaðinum? Ég vil ítreka þá spurningu hv. síðasta ræðumanns. Eða á kannski að hafa sama háttinn á með kennara eins og virtist við afgreiðslu fjárlaga að eigi að hafa við sauðfjárbændur þar sem ákveðið var að taka ⅙ af beinum greiðslunum til þeirra sem eru launagreiðslur þeirra? Á kannski að taka ⅙ af launum kennara og spara þannig eða hvernig á að leysa þetta?

Í sambandi við beinu greiðslurnar til bænda þá vekur það athygli að í frv. sem hæstv. landbrh. hefur flutt er skýrt tekið fram að þessum greiðslum skuli lokið fyrir 15. des. Sem betur fer, þannig að þá mun þessi tala verða tekin í fjáraukalögum nema því aðeins að sett verði inn tala í lánsfjárlögin sem veitir fjmrh. heimild til að taka að láni það sem á vantar vegna þeirra breytinga sem gerð var við afgreiðslu fjárlaga. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh., er hann reiðubúinn eða vill hann nú beita sér fyrir því að fyrir 3. umr. um lánsfjárlögin verði sett inn í þau heimild til þess að ljúka þessum launagreiðslum til bænda samkvæmt því sem kveðið er á um í frv. hæstv. landbrh.? Væntanlega ætlast stjórnarflokkarnir til að verði afgreitt áður en langt um líður. A.m.k. lýsti hæstv. landbrh. því yfir fyrir jólin að beinu greiðslurnar mundu hefjast eins og kveðið er á um 1. mars nk. Þá þarf að vera búið að afgreiða þetta frv. þannig að ekki er langur tími til stefnu. Hvaða rök getur hæstv. fjmrh. haft fyrir því að taka eina stétt út úr og segja að laun hennar eigi ekki að greiða? Það væri afleiðingin sem breytingin á fjárlögunum, sem gerð var með því að lækka þessa tölu, mundi hafa.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari því hvort hann muni beita sér fyrir því við afgreiðslu lánsfjárlaganna eða fyrir 3. umr. að sú breyting verði gerð sem veiti þessa heimild. Ég þori ekki að segja nákvæmlega hver hún er þó að fjmrh. gerði ráð fyrir að hún yrði 295 millj. kr.

Hér hefur verið rætt um raunvexti. Hæstv. forsrh. er ekki nálægur en ég mun þá freista þess að spyrja hæstv. fjmrh. um það atriði. Ég ræddi um stöðu atvinnulífsins og þá afstöðu stjórnvalda að telja að ríkisstjórninni komi hún ekki við. Svo er þó ekki með alla ráðherra. Í viðtali við hæstv. sjútvrh. sem birtist 27. nóv. sl. í Morgunblaðinu segir m.a. og er haft eftir honum orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki nóg að nafnvextir lækki fram til áramóta. Meira þarf að koma til. Gerist það ekki með öðru móti þarf handleiðslu Seðlabankans í því efni. Ég tel að það sé komið á það stig núna, staða atvinnulífsins er það veik um þessar mundir og ástandið svo alvarlegt að undan því verður ekki vikist, segir Þorsteinn. Staðan í sjávarútvegi knýr á um að raunverulegar breytingar verði á raunvaxtastiginu en það er ekki einskorðað við sjávarútveginn því hagsmunir atvinnulífsins í heild og heimilanna í landinu eru bundnir við það."

Tveimur dögum síðar er frétt í Morgunblaðinu þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þorsteinn Pálsson sjútvrh. hefur lagt fram í ríkisstjórninni tillögur í sjö liðum en markmið þeirra er að styrkja stöðu sjávarútvegsins, ekki síst fiskvinnslunnar." Síðan eru þessir liðir taldir upp og sá síðasti þeirra er: „og vextir lækkaðir." Ég ætlaði að spyrja hæstv. forsrh. að því en spyr þá hæstv. fjmrh.: Af hverju felldi ríkisstjórnin tillögu hæstv. sjútvrh. um að þrýsta á um lækkun vaxta með handleiðslu, eins og það er orðað þarna? Eins og hér hefur verið rakið hefur ekki enn þá komið fram sú raunvaxtalækkun sem svo oft hefur verið lofað. Af hverju var ekkert tillit tekið til þessarar tillögu hæstv. sjútvrh. sem fann hve þörfin var rík fyrir atvinnulífið og á hve miklu valt fyrir það að breyting yrði? Óþarfi er að tefja tímann á að ítreka það frekar.

Ég skal svo ekki tefja þessa umræðu þó að vissulega sé margt í sambandi við lánsfjárlögin sem ástæða er til þess að fjalla um en það mun þá væntanlega verða aðstaða til þess síðar.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að segja nokk-

ur orð við hæstv. forsrh., mér er sagt að hann sé í húsinu, og þar sem þessi ræða á að vera mjög stutt ætla ég að bíða. Ég get að vísu notað tímann og sagt fáein orð við hæstv. fjmrh. Ég get a.m.k. óskað honum til hamingju með þessa miklu vaxtalækkun. Þjóðin bíður spennt veit ég eftir þeirri skriðu sem á eftir mun fylgja. Var hún ekki 0,2%? (**Fjmrh.:** Það er þröng merking.) Margir hafa tekið minni skref. Þetta er stórkostlegt. Hins vegar verð ég að segja eins og er á meðan ég bíð eftir hæstv. forsrh. að ég á erfitt með að finna nokkra efnahagsstefnu í þessu frv. nema þessa sem ekki stendur þar skrifuð en fjmrh. hefur lýst yfir að vaxtalækkun sé hafin. Ég ætla að bíða með að ræða meira um stefnuna alla þangað til við fáum bandorminn, efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinar eins og það heitir og mikil ástæða er til að ræða mjög ítarlega. En ég læt nægja á þessu stigi að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með þessa vaxtalækkun og bíð eftir hæstv. forsrh. (**Forseti:** Það er verið að ná í hæstv. forsrh.)

Hæstv. forsrh. gengur í salinn. Í sambandi við þetta mál liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni um ríkisábyrgð vegna síldarsölu til Sovétríkjanna og reyndar var þetta mál til umræðu á Alþingi í stuttri utandagskrárumræðu í gær. Mér þótti þar ekki þannig haldið á málum eða þannig skýrt frá af hæstv. ráðherrum að unnt sé að láta þar við sitja. Það kom mjög ákveðið fram í orðum hæstv. forsrh. að ekkert væri því til fyrirstöðu og hann teldi reyndar sjálfsagt að Landsbankinn endurskoðaði sína afstöðu. Það væri ekkert í bréfum hæstv. viðskrh. sem gæfi bankanum tilefni til að hætta við ef hann hafði hugsað sér að veita umbeðið lán. Mér heyrðist einnig, þótt það væri ekki jafnskýrt, það sama koma fram í orðum hæstv. viðskrh., sem vitanlega hefði verið mjög gott að hafa hér en hann er fjarverandi og ég geri ekki kröfu til þess að hann verði sóttur. Hér finnst mér fara nokkuð á milli mála. Ég tel að eina leiðin til þess að fá þetta skýrt fram sé að birta þessi bréf og ég vil með örfáum orðum óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann beiti sér fyrir því að bréfin verði birt. Staðreyndin er sú að viðskrn. leitaði umsagnar Seðlabanka Íslands og sömuleiðis umsagnar Íslendings sem er starfandi erlendis. Báðar þessar umsagnir fylgdu bréfi viðskrn. og voru gerðar að svari viðskrn. í raun. Ég hygg að þegar menn sjá efni þessara bréfa verði þeim ljóst að þar er lagst mjög gegn því að umrædd fyrirgreiðsla verði veitt.

Ég skal ekkert um það segja hvort rétt hefði verið að leita þessrar umsagnar. Reyndar var ekki farið fram á ríkisábyrgð, eins og sagt er, heldur spurt um viðhorf hæstv. ríkisstjórnar. T.d. hefði hæstv. ríkisstjórn getað sagt að hún telji þessi viðskipti mikilvæg, það hefði út af fyrir sig verið viðhorf, og hún telji rétt að gera það sem fært er til að stuðla að þeim, það hefði náttúrlega verið viðhorf. En svo var ekki þegar þetta er skoðað í heild sinni með þeim umsögnum sem þarna liggja fyrir.

Ég sagði að það væri vafasamt að leita svona umsagnar hjá ríkisstjórn sem hefur þegar lýst því yfir að atvinnulífið komi henni ekki við. „Mér-kemur-það-ekki-við"-ríkisstjórn, segir almenningur í dag. En þetta var gert og eftir að svar berst er málið að sjálfsögðu orðið miklu erfiðara viðfangs.

Erindið í þennan ræðustól var eingöngu það að óska eftir því við hæstv. forsrh. að bréf þessi verði birt án tafar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það sem ég vil fá að víkja að fyrst og hv. 7. þm. Reykn. talaði um síðast er að hluta til framhald umræðu sem átti sér hér stað utan dagskrár í gær að tilhlutan hv. 4. þm. Austurl. Það snertir bréfaskipti Landsbankans, ríkisstjórnar og Seðlabanka varðandi fyrirgreiðslu bankans vegna síldarsöltunar, síldarsölu og viðskiptasamnings milli Rússlands og Íslands. Ég hygg að ég hafi orðað það þannig í gær að það hafi verið mitt mat að ríkisstjórnin hefði ekki þurft að gera ráð fyrir því að svar hennar mundi leiða til þess að Landsbankinn félli frá fyrri yfirlýsingum sínum. Áður en Landsbankinn ritaði ríkisstjórninni bréf hafði a.m.k. einn af bankastjórum hans opinberlega sagt, og ég geri ráð fyrir því að það hafi verið í umboði bankans alls, að bankinn væri reiðubúinn að veita tiltekna fyrirgreiðslu upp á tiltekna upphæð, nálægt 800 millj. ísl. kr., hinum nýstofnaða rússneska banka sem þar var tilgreindur. Jafnframt ákveður bankinn, eftir að hann hefur lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að veita slíkt lán, að leita eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar. Ef bankinn vildi á annað borð leita eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar, af því að hv. 7. þm. Reykn. er bankaráðsmaður, hefði ég talið eðlilegra að áður en bankinn gæfi afdráttarlausa yfirlýsingu um að hann væri reiðubúinn að annast slíka fyrirgreiðslu, hefði hann borið sig upp við ríkisstjórnina. Það gerði bankinn ekki. Eftir að bankinn hafði tekið fram að hann væri reiðubúinn til að veita slíka fyrirgreiðslu sneri hann sér til ríkisstjórnarinnar. Ég tel að eftir slíka yfirlýsingu bankans hefði ríkisstjórnin orðið að gefa afdráttarlaust neikvætt svar, lýsa yfir neikvæðri afstöðu ef bankinn átti að fá efnislega ástæðu til þess að hverfa frá fyrri yfirlýsingu sinni gagnvart þessum viðskiptaaðilum. Ég hygg að ég hafi orðað það nokkurn veginn þannig í gær, ég er ekki með textann fyrir framan mig, að ríkisstjórnin hafi ekki þóst sjá neina ástæðu til þess, í því svari sem við veittum, að bankinn félli frá þeim yfirlýsingum sínum að verða hinn fyrsti banki í vestrænum heimi til þess að lána hinum nýstofnaða banka peninga. En Landsbankinn hafði lýst yfir að hann væri reiðubúinn til þess.

Ég sagði jafnframt að þar sem bankinn væri svona reiðubúinn til þess að standa að fyrirgreiðslu upp á 800 millj. kr. þá hlyti hann að taka til vinsamlegrar meðhöndlunar og ákvörðunar þá beiðni sem opinberlega hafði komið fram frá síldarútflytjendum að bankinn kæmi, þótt í minna mæli væri, til móts við þessa aðila og stæði fyrir lánafyrirgreiðslu við hinn nýstofnaða rússneska banka. Í því sambandi nefndu menn mun lægri upphæðir opinberlega, 300–400 millj. kr.

Ég skal ekki um það segja hvort einhver ágreiningur hefur verið innan bankans sem leiddi til þess að menn kusu að snúa sér til ríkisstjórnarinnar og túlka síðan svar hennar með þeim hætti að bankinn væri ekki

bundinn af yfirlýsingum sínum eins og gerðist. Ég er ekki sáttur við þá meðferð bankans en ég tel að hún sé algerlega á ábyrgð hans. Fyrst bankinn kaus að snúa sér til ríkisstjórnarinnar með einu bréfi með engum útskýringum í raun á þessum rússneska banka, þá var óhjákvæmilegt, ef ríkisstjórnin átti að veita eitthvert svar við erindi af þessu tagi, að ríkisstjórnin aflaði sér einhverra upplýsinga um þennan banka. Reyndar tel ég að slíkar upplýsingar hefðu átt að koma fram og fylgja fyrirspurn bankans til ríkisstjórnarinnar. Það var ekki. Ríkisstjórnin fór þá leið við þessa athugun, sem eðlilegust var, snúa sér til Seðlabankans. Seðlabankinn aflaði upplýsinga, ekki ítarlegra upplýsinga, annars staðar um stöðu þessa banka.

Hv. þm. spurði hvort ekki væri hægt að birta þessi bréf. Ég get sagt fyrir mitt leyti að gagnvart ríkisstjórninni sé ég ekkert á móti því. Ég skal hins vegar ekki segja hvort bankanum finnist það heppilegt að bréfaskipti um þriðja bankann, banka sem allir tala um að þeir vilji eiga góð viðskipti við, verði birt opinberlega. Ég hef fyrir mitt leyti ekkert á móti því ríkisstjórnarinnar vegna. Það er þá mat bankans hvort hann telji það eðlilegt og heppilegt upp á frambúðarsamskipti þessa banka ef hann á eftir að verða grundvallarbankastofnun í þessu stóra ríki sem nú er að ganga í gegnum mjög mikla erfiðleika eins og mönnum er kunnugt.

Hv. 8. þm. Reykn. ræddi fjölmörg atriði, bæði í ræðu og spurnarformi. Sumum spurningunum beindi hann til mín, öðrum til fjmrh. Ég varð því miður að fara frá augnablik og bið forláts á því, fékk áríðandi hringingu sem ég gat ekki látið bíða, en fer ekki að jafnaði í símann ef ég ætla mér að hlusta hér á ræður manna. Ég varð að gera það í þessu tilviki og bað ræðumanninn afsökunar á því þegar ég gekk úr salnum. Það voru allmargar spurningar þegar komnar frá hv. þm. og síðan bættust fleiri við þegar ég kom í salinn á nýjan leik, ekki síst varðandi vaxtamál. Reyndar voru þær spurningar að sumu leyti mjög fróðlegar með hliðsjón af öðrum umræðum sem hér áttu sér stað vegna þess að spurningunum fylgdu líka ákveðnar fullyrðingar þingmannsins, fullyrðingar sem stangast t.d. algerlega á við kenningar hv. 7. þm. Reykn. um vaxtamál og hagfræðileg efni. Til að mynda sagði hv. 8. þm. Reykn. að hann vildi í allri vinsemd, ég held að hann hafi orðað það þannig, sem ég efast ekkert um, fullyrða og benda mér á að ef ríkissjóðshallinn yrði 6–7 og jafnvel 8 milljarðar kr. en ekki 4 eins og ríkisstjórnin hefði stefnt að og slíkt kæmi í ljós á vordögum, að við þær aðstæður mundi engin bankastofnun eða nokkur sá sem vélaði um vaxtamál ljá máls á því að raunvextir lækkuðu nokkurn skapaðan hlut. Ég minnist þess sérstaklega að hv. þm. Steingrímur Hermannsson lagði það tvennt til að hallinn væri aukinn töluvert vegna þeirra aðstæðna sem nú væru og jafnframt væru raunvextir lækkaðir. En í mikilli vinsemd, sem ég efast ekkert um, benti fyrrv. fjmrh. mér á að yrðu kenningar hv. 7. þm. Reykv. að veruleika þrátt fyrir vilja ríkisstjórnarinnar yrði raunvaxtastigið áfram mjög hátt. Þarna hafa þessir tveir ólíku herramenn afskaplega misjafnar skoðanir á því hvaða lögmáli efnahagslífið lúti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hallast fremur að kenningum fyrrv. fjmrh. í þessum efnum en kenningu fyrirrennara míns. Af þessum ástæðum höfum við einmitt lagt mikla áherslu á að ná halla ríkissjóðs eins mikið niður og mögulegt er við þessar aðstæður og jafnframt lánsfjáreftirspurn ríkisins og ríkisstofnana og orðið nokkuð ágengt. Við teljum að ef útgjöld ríkisins og eftirsókn eftir fjármagni verði áfram í sömu mynd og það var þá verði raunveruleg raunvaxtalækkun afskaplega ólíkleg, svo að ekki sé meira sagt.

Þingmaðurinn nefndi líka við hefðum farið í leiðangra eins og hann sagði og það var athyglisvert. Nú veit ég að þingmaðurinn fer ekki úr salnum á meðan ég er að tala vegna þess fordæmis sem það kynni að gefa. Hv. þm. nefndi að ríkisstjórnin hefði farið í leiðangur gegn mjög fjölmennum og breiðum hópum, eins og hann orðaði það, og haft upp úr krafsinu svona 100–200 millj. kr. á hverjum stað. Það fór ekkert á milli mála að þingmanninum fannst þetta til lítils. Ríkisstjórnin færi í mikla herleiðangra og skapaði sér óvinsældir, sem hann hafði bersýnilega áhyggjur af í fullri vinsemd, en hefði mjög lítið upp úr krafsinu og einkanlega yrði þetta nú dapurlegt ef ríkissjóðshalli yrði svo eftir alla leiðangrana 7–8 milljarðar eins og hv. þm. óttaðist að kynni að gerast. Þetta segir okkur reyndar í fyrsta lagi að þessar stórfelldu árásir á stóra og breiða hópa geta ekki verið miklar ef þær skila svona litlu og dreifast á jafnstóran massa og þingmaðurinn nefndi. Þannig að árásir eða athugasemdir þingmanna hafa verið orðum auknar hvað það snertir. Ég vek engu að síður athygli á því að nokkur hundruð milljónir hér og hvar draga sig nú saman og þegar maður leggur þær saman á heilu kjörtímabili verða úr allmargir milljarðar kr. Ég vek einnig athygli á því að langflestar þeirra aðgerða, þó erfiðar kunni að vera, eru gerðar með þeim hætti að þær eru varanlegar, ekki allar en langflestar. Þegar það er dregið saman á einu kjörtímabili sparast mjög mikið fé og skapar efni til stöðugleika og skapar efni til þess að raunvaxtastigið í landinu geti á því sama tímabili verið lægra en ella.

Hv. þm. nefndi að ég hefði haft orð á því opinberlega að ég vænti þess að skilyrði mundu hafa skapast til þess að vextir mættu lækka með haustinu. Í byrjun sumars sagði ég það vegna þess að því var haldið fram þá að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til — niðurskurðaraðgerðir og sparnaðaraðgerðir sem náðu þó ekki alveg tilætluðum árangri eins og þingmaðurinn benti á og síðan vaxtahækkanir — mundu leiða til þess að verðbólgan færi á mikinn hraða. Ég get fundið fjölmargar yfirlýsingar um það. Hún yrði óhemjandi við þessar aðstæður og það hefðu skapast slíkar aðstæður af þeim ástæðum þegar dregi að kjarasamningum. Þess vegna gætu menn ekki gengið til kjarasamninga á grundvelli þjóðarsáttar. Nafnvextir yrðu afskaplega háir vegna verðbólguvæntinga og það mundi leiða til þess að raunvextir af þeim sökum yrðu líka mjög háir. Reyndar er rétt hjá hv. þm. að bankakerfið spilaði töluvert eftir þessum kenningum og ég hef haldið því fram

opinberlega að bankakerfið hafi gert það af ásettu ráði, og það hefur reyndar verið viðurkennt, til að bæta sér upp tap sem þeir urðu fyrir á kosningamánuðum þegar haldið var hér uppi fölsku vaxtastigi. Þá spilaði bankakerfið tölúvert á þetta og þess vegna lækkuðu þeir nafnvextina miklu hægar en verðbólguþróunin gaf tilefni til. Þeir hafa fengið ávöxt verka sinna. Eftir því sem ég best veit er staða bankanna þokkalegri nú við árslok en menn gerðu ráð fyrir um mitt ár eftir að bankakerfið hafði farið halloka í baráttunni við vindmylluaðferðir vaxtanna í upphafi árs. (**SJS:** Hvað eru vindmylluaðferðir?) Nei, það er von að þingmaðurinn skilji þær ekki. (*Gripið fram í.*) Ég get sagt það með öðrum hætti. Það voru ákveðnar galdralækningaaðferðir sem átti að beita á vormánuðum til þess að skapa vaxtastig sem væri heppilegt í kosningaumræðunni. Það vaxtastig var ekki í samræmi við raunveruleikann og þess vegna töpuðu bankarnir í upphafi árs og vildu bæta sér það á síðari hluta ársins. Þetta eru staðreyndir sem menn þekkja vel og ég var að reyna að tengja slíkar aðgerðir við almenna baráttu efnahagslegra riddara við vindmyllur. Það var nú það sem átti að felast í setningunni. Hún hefur kannski verið knúsaðri en efni stóðu til.

Ég vek athygli á því að núna er verðbólgan lægri en hún hefur áður verið og góður grundvöllur fyrir því að hún verði áfram lág. Ég tel að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til varðandi ríkisfjármálin með því að ganga hart fram eftir margvíslegum leiðum, sem ekki eru til skammra stunda til vinsælda fallnar eins og þingmaðurinn benti réttilega á, skapi skjól fyrir raunverulega vaxtalækkanir. Ég tel nauðsynlegt að fara þar líka að með varúð þannig að vextir lækki og það verði um varanlega vaxtalækkun að ræða en ekki tilbúna gerninga í þeim efnum.

Ég vek líka athygli á því að vaxtastig húsbréfa er nokkru lægra en það var hæst áður. Vegna beinna spurninga um það efni er það rétt að ákveðið hefur verið að gefa út húsbréfaflokk upp á 4 milljarða kr. Ef ekkert sérstakt breytist er hugsunin sú að þrír slíkir flokkar verði gefnir út á árinu. Ég tel þær hugmyndir í samræmi við aðrar hugmyndir okkar sem snúa að afstöðu ríkisins gagnvart spennu á vaxtamarkaði. Ég tel að menn geti gert ráð fyrir því að við þessar aðstæður og með þessu hlutfalli húsbréfa og öðrum aðgerðum í ríkisfjármálum sem menn hafa áður rætt, muni raunvextir lækka.

Þingmaðurinn spurði alþekktra spurninga um hvernig brugðist yrði við ef þetta gengi ekki allt eftir með vorinu. Ég held að það hafi engan tilgang að fjalla um það því að því verður treyst að bankakerfið muni sjálfs sín vegna og viðskiptavina sinna vegna, — ekki ríkisstjórnarinnar vegna eða mín vegna sérstaklega — láta vexti vera í samræmi við það verðbólgustig sem þá væri orðið varanlegt. Það hefur ekkert upp á sig í sjálfu sér að vera með vangaveltur um annað, enda býst ég við að við hv. þm. munum fá tækifæri til þess að ræða þau mál þó síðar verði.

Þingmaðurinn nefndi jafnframt hvort ég gæti svarað einhverju til hér og nú um það með hvaða hætti ríkisstjórnin vildi bregðast við varðandi þætti skattamála í tengslum við kjarasamninga. Ég tel engin efni á því á þessari stundu að fjalla um það. Ég tel engin efni á því að ríkisvaldið komi með beinum hætti inn í þá samninga fyrr en þeir hafa meira nálgast eitt og sameiginlegt borð en þeir hafa enn gert. Kjarasamningar eru enn í því fari að menn hafa verið að þreifa á þáttum sem eru sérstakir fyrir félögin. Það er alveg ljóst að það er ekki æskilegt að beinn atbeini ríkisvaldsins komi til fyrr en eftir því verður leitað og samningar verða komnir á því sem næst eitt borð.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi svarað helstu *spurningum sem hv. þm. beindu til mín en sumum* spurningum var reyndar beint sameiginlega til okkar hæstv. fjmrh. sem að meginstofni til fer með forræði þessa máls af ríkisstjórnarinnar hálfu og ég læt honum eftir að svara þeim.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur *um bréfaskriftir Landsbankans og viðskrn. vil ég* láta koma fram að í fyrsta lagi hefur þetta mál ekki verið lagt fyrir bankaráð Landsbankans, enda ekki bankaráðsins að ákveða útlán. Í öðru lagi hafði ég samband við þann bankastjóra Landsbankans sem bréfið skrifaði og hann hefur ekkert á móti því að a.m.k. bréf hans verði birt. Hann taldi eðlilegt að þetta yrði metið af hæstv. ríkisstjórn, hæstv. forsrh. og viðskrh. Hins vegar byggjast þær umræður sem hafa orðið á þessum bréfum og það er útilokað annað en menn fái að sjá þau og greina til hlítar hvað er rétt í því sem hér hefur verið sagt. Þetta vildi ég láta koma fram um bréfin.

Í öðru lagi þar sem hæstv. forsrh. vísaði lágum vöxtum til mín þá tel ég ekki rétt að ekki sé unnt að hafa lægri vexti. Ég vísa ekki á minni mann en ágætan kunningja og vin hæstv. forsrh., Bush forseta Bandaríkjanna. Ég hef gert það oft. Það er margt líkt með þessum tveimur löndum. Þar er ástandið slæmt. Þar er afturhaldsstjórn. Þar er mikill halli á fjárlögum. En þar eru lágir vextir. Forsetinn hefur stært sig af því hvað eftir annað að hafa lækkað vextina. Nú eru forvextir þar 3,5% og hann er að reyna með þessu að örva atvinnulíf og þarna greinir svo sannarlega á milli. Ég hef aldrei óskað mér þess að við hefðum Bush, en ég vildi að við hefðum einhvern sem gæti a.m.k. lækkað vextina eins og honum virðist takast í Bandaríkjunum. (**Gripið fram í:** Lækka gengið í leiðinni.) Ja, það getur vel verið. Það getur vel verið að það þurfi að lækka gengið í leiðinni, ég skal ekkert um það segja en vextirnir eru að drepa hér allt og það vita allir menn og vextirnir eru ekkert sjálfvirkt tæki sem engin áhrif má hafa á.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg, ég verð þá leiðréttur ef það er ekki, að þessi bréfaskipti hafi verið lögð fyrir efh.- og viðskn. Það er staðfest með samþykki utan úr sal.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa gert tilraun til þess að svara þeim spurningum sem ég bar fram þótt það hafi verið á þann veg að hann treysti sér ekki til þess að segja neitt um það hvað ríkisstjórnin mundi gera ef hallinn á ríkissjóði mundi um mitt ár reynast meiri en stefnt er að.

Enn fremur var auðvitað mjög athyglisvert og hæstv. forsrh. lýsti því yfir að ríkisstjórnin væri ekki tilbúin til þess að eiga neinar viðræður við samtök launafólks um breytingar í skattamálum eða annað sem gæti styrkt kjarastöðu launafólks fyrr en samningarnir eru allir komnir að einu borði. Það var afar merkileg yfirlýsing. Hún felur í sér að hæstv. ríkisstjórn hefur þá afstöðu að einstök aðildarfélög launafólks, aðildarfélög Alþýðusambandsins, aðildarfélög BSRB hafi ekki sjálfstæðan samningsrétt og að ríkisstjórnin ætli að krefjast þeirrar miðstýringar að fyrr en einstök félög og samtök launafólks eru í reynd búin að afsala sér sérstökum samningsrétti sé ríkisstjórnin ekki til neinna viðræðna. Allir skulu fara að einu borði og fyrr sé ríkisstjórnin ekki reiðubúin. Slík krafa um afsal réttinda launafólks er auðvitað afar óvenjuleg við þær erfiðu aðstæður sem eru í þjóðfélagi okkar. Ég mun hins vegar koma nánar að þessu í ræðu minni síðar í þessum umræðum.

Ég vil hins vegar minna hæstv. forsrh. á það að hann svaraði ekki þremur af þeim spurningum sem ég bar fram til hans og ítreka hér. Í fyrsta lagi var spurningin um það hvort það væri í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar að menntmrh. hefði nú ákveðið að framkvæma bara helminginn af þeim flata niðurskurði í fjárlögum sem honum er ætlað. Í öðru lagi hver er afstaða forsrh. til þeirrar tillögu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flytur um Framkvæmdasjóð Íslands sem heyrir undir forsrh. en ekki fjmrh. og að lokum hvert er álit hæstv. forsrh. á þeirri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að ríkisstjórnin hefði aðeins náð rúmlega 30% árangri í þeim efnahagsaðgerðum sem hún beitti sér fyrir í maí, hvaða skýringar forsrh. teldi á því að ríkisstjórnin hefði náð svo litlum árangri.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf mikla leikfimilega tilburði til þess að gera það tortryggilegt, að ég nefni það að það sé ekki eðlilegt að ríkisstjórnin fari að koma inn með neinum skattalegum aðgerðum eða þess háttar við samningsgerð um einstök félög launþega. Ég hygg að hver maður sjái að það þurfi afskaplega mikla leikfimi til til þess að gera það tortryggilegt. Að vísu er þingmaðurinn lipurmenni mikið í þeim efnum.

Aðeins út af flata niðurskurðinum. Það er rétt, ég svaraði því ekki. Það hafa ekki breyst neinar forsendur í þeim efnum.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hæstv. forsrh. upplýsti að þau bréf sem hér hefur verið vitnað til hafa verið lögð fram í efh.- og viðskn. sem hefur átt mjög góða umfjöllun um þetta mál sem hér hefur verið til umræðu. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni en það er hins vegar alveg ljóst að afstaða Seðlabankans í málinu hefur orðið til þess að stöðva málið. Það var upplýst af bankastjóra Landsbankans að hann hafði vitað óformlega um andstöðu bankans í málinu og því þótt nauðsynlegt að fá álit ríkisstjórnarinnar í málinu. Eftir að Seðlabankinn hefur veitt þetta álit og ríkisstjórnin framsent það til Landsbankans liggur það fyrir að Landsbankinn telur sér ekki fært að veita fyrirgreiðsluna.

Því miður er mál þetta með þeim hætti að það virðist vera að það hafi komist vel til skila hjá opinberum aðilum í landinu að ekki bæri af opinberri hálfu að sinna mikið viðskiptamálum, það væri vettvangur fyrirtækjanna og einstaklinganna. En svo illa vill til að þótt frjálsræði hafi aukist í Rússlandi, þá eru mál þar enn á vegum stjórnvalda að nánast öllu leyti. Ég held hins vegar að það stoði ekki að tala mikið um fortíðina í þessu efni. Þarna hefur orðið margvíslegt klúður en aðalatriðið er að vita hvort ríkisstjórnin er tilbúin til þess að leita leiða í málinu á þessari stundu til að koma málinu farsællega í höfn. Mikill tími hefur tapast og því vil ég spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hvað þeir hyggist fyrir til þess að niðurstaða fáist í málinu þannig að hægt sé að salta eitthvað af síld til að senda inn á þennan mikilvæga markað. Ég hef skilið ríkisstjórnina þannig að að sé vilji hennar og ég vil ekki stuðla að því frekar á Alþingi að verið sé að tala mikið um fortíðina þó að það væri vissulega ástæða til.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram vegna þess máls sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi að ríkisstjórnin er tilbúin til þess að kanna alla möguleika á viðskiptalegum grundvelli til að stuðla að farsælli lausn málsins.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki alveg ljóst hvað þetta svar þýðir. Ég skal viðurkenna það, hæstv. forsrh., að ég var dálitla stund að átta mig því að forsrh. svaraði að ríkisstjórnin er tilbúin að beita sér fyrir lausn málsins á viðskiptalegum grundvelli. Hvað þýðir það?

Ég held að þessa viðskiptahagsmuni þurfi að meta, hæstv. forsrh., og mér er mjög vel ljóst að í því felst nokkur áhætta. Hins vegar er að mínu mati réttlætanlegt að taka nokkra áhættu í þessu efni til þess að halda mikilvægum viðskiptahagsmunum og við verðum að meta það að Ísland er þriðja ríkið í heiminum sem gerir viðskiptasamning við Rússland. Mér hefur skilist að mikill vilji sé af hálfu þjóðarinnar að taka upp samskipti við Ísland. Það hefur m.a. verið mjög fróðlegt að hlusta á sendimenn íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu stóra ríki í þessu sambandi þannig að það er ekki nóg, hæstv. forsrh., að fá slíkt svar. Við erum tilbúnir til að gera það á viðskiptalegum grundvelli. Svo vill til að íslenska ríkisstjórnin er ekki í viðskiptum, hún er ekki í bisniss eins og sagt er. Hún er í öðr-

um málum. Þess vegna nægir þetta svar ekki, hæstv. forsrh., en ég skil það hins vegar ef ekki er hægt að skýra málið frekar á þessari stundu jafnvel þótt einn þingmaður stjórnarliðsins hafi óskað eftir neyðarfundi í ríkisstjórninni í gærkvöldi um málið þá skil ég það svo að það hafi ekkert frekar verið um málið fjallað á þeim vettvangi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa til viðbótar því sem hv. 1. þm. Austurl. skýrði frá að efh.- og viðskn. tók þetta mál sem er til umræðu í andsvörum fyrir á góðum fundi í morgun og fjallaði allítarlega um það og er að skoða þetta mál. Nefndin hefur verið samstiga um að taka það til skoðunar samkvæmt þeim ákvæðum þingskapalaganna sem að því lúta. Ég bind vonir við það að nefndin muni reyna að koma málinu í einhvern farsælan farveg og jafnvel á fundi sem verði haldinn núna síðar í dag. Ég fagna því að efh.- og viðskn. hefur þrátt fyrir annríki og margvísleg fundahöld undanfarna sólarhringa ekki látið þetta mál fram hjá sér fara og ætlar sér að reyna að komast að einhverri farsælli niðurstöðu í því. Ég held að óhætt sé að upplýsa að í nefndinni er sú tilfinning að það sé hægt að ná fram farsælli niðurstöðu og betri í þessu máli en er í sjónmáli enn þá.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Aðeins til viðbótar þessu máli vil ég taka fram af því að það hefur verið aðeins nefnt hér að ríkisstjórnin er auðvitað í góðu sambandi við sendimann sinn í Rússlandi sem hefur unnið að málinu og honum hefur þegar verið falið það verkefni af ríkisstjórnarinnar hálfu að undirbúa hið fyrsta greiðslusamning á milli landanna. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Sala Skipaútgerðar ríkisins og þjónusta við landsbyggðina.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár að nýju fer fram umræða utan dagskrár um sölu á Skipaútgerð ríkisins og þjónustu við landsbyggðina. Sú umræða er að beiðni hv. 5. þm. Vestf. og fer fram skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga sem þýðir að hún má standa í allt að hálftíma.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að undanfarnar vikur hafa verið í gangi viðræður um framtíð Skipaútgerðar ríkisins milli samgrh. annars vegar og hins vegar undirbúningshóps að stofnun hlutafélags um strandsiglingar. Í gær bárust þær fréttir að hæstv. samgrh. hefði hafnað beiðni undirbúningsnefndarinnar um viðbótarfrest til þess að safna hlutafé og ganga frá stofnun fyrirtækisins. Ég vil bera fram við hæstv. ráðherra þá spurningu hvort óyggjandi sé að hæstv. ráðherra hafi slitið viðræðunum við undirbúningsnefndina. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra færi þá rök fyrir því hvers vegna hann gerir svo í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hann hefur gefið um málið m.a. í fréttatilkynningu frá 30. des. sl. Í yfirlýsingu ráðherra kemur fram að hann mun láta reyna á það til þrautar í viðræðum við undirbúningsnefndina hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi um að félagið kaupi eignir Skipaútgerðarinnar.

Í þessari fréttatilkynningu kemur líka fram að hér er um að ræða að framfylgja markmiðum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Mér finnst það einkennileg einkavæðing hjá hæstv. ráðherra að hafna viðræðum við hóp manna sem er tilbúinn og hefur gert tilboð í allar eignir félagsins en taka í stað þess upp viðræður við aðila sem einungis er reiðubúinn að leigja eitt skip að svo stöddu án allra skuldbindinga um að kaupa það. Það þykir mér einkennileg einkavæðing svo ekki sé meira sagt.

Ég vil líka á þessum stutta tíma sem ég hef til að fjalla um þetta mál biðja hæstv. ráðherra um að gera þingheimi grein fyrir því hvernig tryggja eigi þjónustu við ýmsar hafnir á landsbyggðinni sem óhjákvæmilega munu ekki njóta neinna reglubundinna siglinga ef Skipaútgerð ríkisins verður lögð niður sem eins og mál standa núna lítur út fyrir að verði jafnvel um nk. mánaðamót. Ég fæ ekki séð að þær yfirlýsingar ráðherrans standist að unnt sé að tryggja einhverja lágmarksþjónustu ef ekki á að veita til hennar nokkurt fé.

Það er þannig, virðulegur forseti, fyllsta ástæða út frá hagsmunum landsbyggðarinnar og út frá hagsmunum starfsmanna fyrirtækisins og út frá hagsmunum þeirra sem versla með vörur, bæði í Reykjavík og á Akureyri að óska eftir því að hæstv. ráðherra geri grein fyrir áformum sínum í málinu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sá þingmaður sem vekur þessa umræðu hefur átt sæti í stjórnarnefnd Ríkisskipa. Á sl. ári fengu Ríkisskip 169 millj. kr. samkvæmt fjárlögum og sérstakan styrk upp á 586 millj. kr. á árinu 1990. Á sl. ári nam styrkur til Ríkisskipa ríflega 130 millj. kr. samkvæmt fjárlögum og afgreidd sérstök beiðni um 100 millj. kr. aukafjárveitingu til þessa fyrirtækis. Nú talar sá hv. þm. sem hefur átt sæti í stjórnarnefnd Ríkisskipa um það að auðvelt sé að stofna hlutafélag á arðsemisgrundvelli um þetta fyrirtæki og rekstur þess eins og hann hefur verið. Er hann með því að gefa í skyn að hægt sé að halda því þjónustustigi á þær hafnir sem Skipaútgerðin hefur siglt til sem verið hefur og þó þannig að ríkið komist hjá því að greiða með því háar fjárfúlgur. Ég get ekki annað en harmað að hv. þm. skyldi ekki hafa komið rökstuddum hugmyndum sínum um þetta efni til mín fyrr þegar hann hafði svigrúm til þess.

Að öðru leyti vil ég segja um Skipaútgerðina að legið hefur fyrir svo mánuðum skiptir að ríkisstjórnin hafði ákveðið að draga saman eða hætta rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Opinber framlög til hennar sl. 10 ár nema milli 800 og 900 þús. kr. á dag og það er auð-

vitað niðurstaða sem er með öllu óviðunandi. Þeir menn sem stóðu í forsvari fyrir þeirri nefnd sem hefur reynt að undirbúa stofnun hlutafélags að kannski einum eða tveim undanteknum hafa verið kunnugir þessum málum. Þeir fengu ákveðinn frest til þess að skila inn tilboðum en nú sl. mánudag lágu engin slík efnisatriði fyrir sem gætu réttlætt það að ég stofnaði í tvísýnu að starfsfólk Skipaútgerðar ríkisins fengi atvinnu við þann rekstur sem Samskip hafa ákveðið að taka upp á Austurlandi. Þau hafa óskað eftir því að ná samningum um rekstur Esju. Að öðrum kosti munum við leita út fyrir landsteinana að skipi til að annast þessa þjónustu.

Mér þykir leiðinlegt að tími minn skuli vera svo naumur og þetta fundaform með þeim hætti að ógerningur er að gera grein fyrir jafnflóknu máli og hér um ræðir en ég vil líka vekja athygli á því, hæstv. forseti, að þetta mál bar á góma í umræðum fyrr í dag og þá hefði hv. þm. verið auðvelt að leggja fram frekari spurningar. Þá var nægur tími til að ræða málið á efnislegum grundvelli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Til að ítreka það sem hæstv. ráðherra sagði eru það þrjár mínútur sem málshefjandi hefur og tvær mínútur sem aðrir, bæði ráðherrar og þingmenn, hafa.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er mjög slæmt að ráðherra skuli ekki hafa lengri tíma til að svara í málinu. Upphaf málsins var heldur ógæfulegt að það var ekki hægt að bíða eftir fjárlagagerð með fyrirskipanir um að veikja þetta fyrirtæki, taka markaðsstarfsemi úr sambandi og setja eignir á sölulista. Auðvitað veikti þetta fyrirtækið strax. Síðan er tekin ákvörðun um að selja Skipaútgerðina í smásölu og ég vil spyrja: Hvað verður með samband á milli Norðurlands og Austurlands ef þessi áform ganga fram? Hvað verður með þá staði á Vestfjörðum sem hafa engar aðrar samgöngur? Hvað þýða yfirlýsingar um að flóabátar geti tekið þessi verkefni að sér? Hefur samgrh. mat á því hvort flutningsgjöld muni hækka vegna þessara aðgerða og hvaða stefna verður tekin upp í flutningastyrkjum þegar þetta fyrirtæki er selt og lagt niður? Verður haldið áfram með ferjurnar? Verður haldið áfram með flóabátana? Verður hætt að veita flutningastyrki í dreifbýlinu? Verður það framhaldið á þessu máli?

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst gera grein fyrir afskiptum mínum af málunum sem eru til umræðu utan dagskrár. Það gerðist þannig að starfsmenn í Ríkisskipum komu á fund minn og spurðu hvort ég væri tilleiðanlegur að aðstoða þá við samningsgerð um þetta verkefni, kaup á Skipaútgerðinni sem almenningshlutafélagi þar sem væru starfsmenn, viðskiptavinir og síðan almenningur. Ég tók mér frest til svara og bar málið að sjálfsögðu undir hæstv. samgrh., flokksbróður minn, sem sagði strax að það væri stefna hans að breyta fyrirtækinu í almenningshlutafélag og hann hefði síður en svo á móti því að ég tæki þetta að mér. Síðan hefur mikið starf verið unnið. M.a. hefur verið rætt við forustumenn Samskipa sem hafa á prjónunum almennt hlutafjárútboð, einnig um hugsanlegt samstarf og jafnvel sameiginlegt átak til að koma á fót talsvert öflugu skipafélagi sem keppt gæti við risann, Eimskipafélagið, bæði í strandsiglingum og á milli landa. Þessar viðræður við Samskip voru mjög ánægjulegar og þar var töluð íslenska á báða bóga.

Hæstv. samgrh. og Benedikt Jóhannesson, sem ráðherra hefur skipað formann stjórnarnefndar Ríkisskipa, tóku þá upp samningaviðræður við Samskip þó að öðru hefði verið heitið. Vel má vera að úr þessu máli rakni og vona ég það svo sannarlega. Þegar við í nefndinni skildum við ráðherra í gær spurði ég hann ítrekað hvort málinu væri lokið eða hvort við gætum fengið frest þótt styttri væri en þær tvær vikur sem við höfðum farið fram á. Hann svaraði þá á þá leið að menn gætu alltaf talað saman. Mér er ljúft að lýsa því yfir og hygg að ég tali fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar allrar að við erum reiðubúnir að halda áfram viðræðum bæði við ríkisvaldið og Samskip um málið og ég vona að það megi leysast farsællega. Að öðrum kosti hlýtur það að koma til kasta Alþingis.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fer fram um málefni Skipaútgerðar ríkisins og hvaða áhrif það hlýtur að hafa ef sú starfsemi leggst algerlega niður á fullan rétt á sér. E.t.v. má segja að í slíkri umræðu séu menn tilneyddir að skýra afstöðu sína í mjög stuttu máli.

Ég skal játa að ég hrökk mjög við þegar ég sá þessa fyrirætlun í frv. til fjárlaga sem lagt var fram í haust. Vitaskuld er það áhyggjuefni hvernig hægt verður að veita þá þjónustu við afskekkta staði á landinu sem hafa treyst þjónustu Skipaútgerðarinnar í þeim efnum. En við megum samt ekki vera svo fastheldin á það sem alltaf hefur verið að við séum ekki til viðtals um breytingar.

Frá því að rekstur Skipaútgerðarinnar hófst hafa samgöngur tekið miklum breytingum í landi, lofti og á sjó. Við erum í æ ríkari mæli að færa flutningana yfir í landflutninga. Það getur hins vegar verið álitamál hvort það er akkúrat sú þróun sem er æskilegust. Þar geta komið til álita þættir eins og umhverfismál og hvort það sé það besta fyrir fólkið sem þjónustuna á að fá. En þó að við veljum að halda áfram samgöngum á sjó þarf það ekki að þýða að fyrirtæki eins og Skipaútgerðin þurfi að vera ríkisrekin.

Það eru uppi hugmyndir um að stofna hlutafélag um reksturinn og ekki reynt til þrautar hvort það er mögulegt. Ég tel ekki raunhæft að álykta annað en ríkissjóður þurfi að styrkja þessar samgöngur eitthvað og getum við litið á það sem þjónustuskyldu við dreifðar byggðir. Einnig ber á það að líta að færi þessi þjónusta fram með vegasamgöngum þurfa þeir vegir viðhald af almannafé. Ef sú lausn er valin að þessi þjónusta skuli færast í þann farveg að vera leyst með bættum samgöngum á landi þá þarf að huga að því að bæta

vegakerfið víða um land. En ég ítreka að það þarf að finna lausn á því máli hvernig flutningum til slíkra staða verður háttað í næstu framtíð áður en ákveðið er að leggja Skipaútgerðina niður. En ég vænti þess að hæstv. samgrh. hafi fullan hug á að finna þær lausnir í samráði við heimamenn og okkur þingmenn og starfsemi Skipaútgerðarinnar verði ekki lögð af án þess að þjónusta sú sem hún veitti verði tryggð með öðrum hætti.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Kjarni þessa máls er sá að áfram verði tryggð sú þjónusta við afskekktar byggðir landsins sem Skipaúterð ríkisins, Ríkisskip, hefur tryggt hingað til. Þeirri óvissu verður að eyða sem nú er ríkjandi, bæði fyrir þá sem treyst hafa á þessa flutninga og notið hafa þjónustunnar og þeirri óvissu sem fyrir hendi er hjá starfsfólki Skipaútgerðar ríkisins. Tíminn er naumur og það á sérstaklega við núna. Ég treysti því að hæstv. samgrh. vinni svo að málinu að þetta verði haft að leiðarljósi.

Ég vil taka fram að Skipaútgerð ríkisins hefur veitt mjög góða þjónustu í gegnum tíðina. Þessi þjónusta hefur að mati margra verið ódýr fyrir þá sem hennar hafa notið en dýr fyrir ríkissjóð. Það kemur m.a. fram í tilboði um þjónustusamning, samningi um stofnun hlutafélags um strandsiglingar, þar sem þeir bjóðast til þess að sinna þessari þjónustu fyrir 158 millj. kr. Það er ekki óeðlilegt að hæstv. samgrh. reyni að leita annarra leiða, hefja viðræður t.d. við Samskip til þess að kanna hvort þessum markmiðum, sem ég lýsti í upphafi, verði náð án þess að það kosti jafnmikið og þjónustutilboð hlutafélagsins hljóðar upp á. Ég treysti hæstv. samgrh. til þess að leiða málið til lykta og eyða þeirri óvissu sem nú ríkir.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu eitt af þessum vandræðamálum sem hæstv. ríkisstjórn fæst við. Er gott að fá það til umræðu og heyra um stöðu mála frá hæstv. samgrh. og hvað hann hugsar sér að taki við sem þjónusta við landsbyggðina verði Ríkisskip lögð niður. Eftir því sem ég skildi orð hans áðan þá hafði hann ekki mikið hugsað út í það.

Síðan eru það vinnubrögðin sem hæstv. samgrh. hefur viðhaft í málum Ríkisskipa sem er ástæða til að gera að umræðuefni. En fyrst er það þjónustan við dreifbýlið. Á allra seinustu árum hefur þróunin verið sú að ýmis fyrirtæki hafa verið að færa flutninga sína meira yfir á sjóleiðina og hefur það þýtt lægra vöruverð. Mér eru hvað efst í huga samgöngurnar á milli Norðausturlands og Austurlands sem hér hafa áður verið gerðar að umræðuefni. Það skiptir gífurlegu máli fyrir Akureyri að samgöngur séu greiðar til Austurlands og það skiptir líka miklu máli fyrir Austurland að hafa greiðar samgöngur við Akureyri. Þetta hefur margoft komið hér fram á hv. Alþingi. Og ég veit að hæstv. ráðherra er mjög vel kunnugt um það. Hann hefur haldið margar ræður á hv. Alþingi sem 2. þm. Norðurl. e. um þetta mál þar sem hann hefur deilt á stjórnvöld fyrir að sinna ekki samgönguþættinum, sérstaklega á milli þessara ákveðnu landshluta.

Nú hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. hlotnast það mikilvæga verkefni að fara með framkvæmd samgöngumála í landinu. Það er því með ólíkindum ef hæstv. samgrh. ætlar í sinni ráðherratíð að gera samgöngur enn erfiðari á milli þessara landshluta en þær hafa verið áður og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að sú verði raunin.

Um vinnubrögðin við að leggja Ríkisskip niður er helst að segja að það er frekar óvanalegt, þegar menn hyggjast selja fyrirtæki, að þeir dragi úr þeim tennurnar eina og eina áður en fyrirtækið er auglýst til sölu. Þetta hefur verið raunin með Ríkisskip.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, að að sjálfsögðu er fyrirtækið sem slíkt ekki aðalatriðið í þessu efni heldur að áfram verði haldið uppi þjónustu við minni staði á landinu og landsbyggðina sem Ríkisskip hafa sinnt til þessa.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér sýnist alveg ljóst því miður að þetta mál stefni í hið versta óefni. Auðvitað var það ógætilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að loka fjárlögunum án þess að hafa nokkra krónu handa í millum til þess a.m.k. að sjá fyrir þessari þjónustu þangað til einhver botn og einhver niðurstaða fengist í tilraunir hæstv. samgrh. til að endurskipuleggja þessi mál. Sú vinna er að sjálfsögðu góðra gjalda verð og hefur reyndar staðið yfir svo lengi sem elstu menn muna, að reyna að draga úr útgjöldum vegna þessara samgangna. En fram að þessu hafa menn sem betur fer haft það að leiðarljósi að skerða ekki þjónustuna. Henni skyldi haldið uppi og á viðráðanlegu verði. Því miður virðist nú skorta þessi viðhorf og er þá ekki von að vel fari.

Hér eru á ferðinni afar mikilvægar samgöngur og því miður er það svo að nú þegar stefnir í verri þjónustu fyrir ákveðin svæði á landsbyggðinni, t.d. Norðausturland og milli landshluta. Sérstaklega óttast ég að það svæði sem fjærst liggur Reykjavík og er þar af leiðandi lengst frá þessu svæði á hringnum, svæðið frá Húsavík til og með Vopnafirði, verði þarna út undan.

Eitt það alvarlegasta við þetta mál er sú staðreynd að möguleikar landshlutanna til að eiga innbyrðis viðskipti eru mjög tengdir því að þarna sé um heilan hring að ræða með flutningum fram og til baka. Þær breytingar sem nú blasa við geta einfaldlega leitt af sér að það lokist á möguleika á innbyrðis viðskiptum milli Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands og þessir landshlutar neyðist til þess að færa þau viðskipti sem þeir hafa áður átt innbyrðis til Reykjavíkur. Það væri dapurleg niðurstaða fyrir hæstv. núv. samgrh. að standa frammi fyrir. Hér er sem sagt á ferðinni, hæstv. forseti, stóralvarlegt mál. Að mínu mati er óhjákvæmilegt að samgn. Alþingis taki það þegar til umfjöllunar og skoðunar á sjálfstæðum forsendum og hæstv. samgrh. veiti samgn. þingsins allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í því sambandi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Skipaútgerð ríkisins hefur verið eins og járnbrautarsamgöngur eru í öðrum löndum og sinnt mikilvægu hlutverki. Hinu er ekki að leyna að við höfum bætt vegi þessa lands og það blasir við að viðskiptaaðilar hafa stöðugt aukið sókn í það að meira og meira verði flutt á landi. Það blasir líka við að tveir hópar hafa litið svo á að vafi væri um hvort sá styrkur sem veittur er Ríkisskip væri byggðastyrkur við landsbyggðina eða höfuðborgina þar sem dregið hefur úr því að heildsalar úti á landi ættu samkeppnisrétt við þá sem hér eru. Það eru tvær hliðar á þessu máli.

Aftur á móti er gersamlega óþolandi í þeirri stöðu, sem menn eru nú í, að um miðjan vetur liggur það fyrir að engar upplýsingar hafa borist út til byggðanna um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst taka á málinu. Það er kjarni málsins og þungamiðja. Það fundarform sem hér er notað dugar ekki til upplýsinga. Sennilega hefði hæstv. ráðherra þurft að gefa skýrslu um þetta mál. Óvissa er í byggðamálum Vestfjarða — hvað á að taka við? Hægt er að leysa þessi mál, það vita menn, þó að þessi breyting verði gerð. En hvað á að taka við? Hins vegar þykir mér mjög slæmt að ég hélt að þetta mál væri í reynd hafið yfir pólitík. Ég fagnaði því þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson fór í það verk sem hann tók að sér í þessum efnum og ég hélt að menn ætluðu að standa að þessu á þann veg að látið yrði reyna á það til þrautar hvort aðilar vildu kaupa þennan rekstur og endurskipuleggja hann. Hins vegar hefur það komið fram að óvissa er um það atriði og það þykir mér mjög miður.

Ég ítreka við hæstv. forseta að þessi umræða sannar að í þessu tilfelli hefði þurft að biðja um skýrslu um þetta mál. Það fundarform, að hæstv. ráðherra geti ekki einu sinni sagt nema örlítið af því sem hann ætlar að segja þannig að við erum jafnilla upplýstir um hvað á að gera, gerir það að verkum að þetta verður hálfgert skop í framkvæmd, hæstv. forseti. Það gengur ekki að standa þannig að ræðuhöldum hér í þinginu að ekki sé hægt að gera *vitsmunalega grein fyrir því sem er verið* að tala um.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér var það vissulega ljóst að þetta mál yrði ekki rætt til neinnar hlítar á þessum fáu mínútum. Mér var það líka ljóst að torsótt yrði að fá samþykkta utandagskrárumræðu af lengri gerðinni til þess að hafa þann tíma sem til þarf. Hins vegar vil ég segja það vegna orða hæstv. samgrh. og síðasta ræðumanns að það er ekkert sem hindrar hæstv. samgrh. í því að gera þinginu grein fyrir málinu ef hann er þeirrar skoðunar að þinginu komi þetta eitthvað við. Fram til þessa hefur það ekki komið fram hjá ráðherra að hann teldi sig skulda þinginu nokkrar skýringar á sínum gerðum.

Svör hæstv. ráðherra voru fátækleg svo að ekki sé meira sagt. Ég valdi að spyrja um afmarkaðan þátt, þann hvort ráðherra hefði slitið viðræðum við undirbúningsnefndina. Ég valdi það sérstaklega því að það ríður á að fá svar við þeirri spurningu. Ég ítreka spurninguna til hæstv. ráðherra og bendi hæstv. ráðherra á jafnframt að hafi hann slitið þessum viðræðum hefur hann gengið á bak orða sinna, ekki í fyrsta sinn heldur í annað sinn í þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áður að ég hef of skamman tíma til að gera grein fyrir þessu máli við umræður eins og þessar. Það vekur hins vegar athygli hvernig hv. þm. Jón Kristjánsson og Valgerður Sverrisdóttir brugðust við í ljósi þess að Samskip hf. gerðu tilboð í Esjuna á þriðjudag í síðustu viku. Sérstaklega var tekið fram í sambandi við það að ef ekki yrðu hafnar viðræður við þá um það tilboð mundu Samskip leita eftir skipi erlendis þar sem þau töldu nauðsynlegt vegna viðskiptahagsmuna að annast þjónustu við sína viðskiptavini á Austurlandi. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að ef Alþingi setur þetta mál í mikla óvissu getur komið að því að Samskip kjósi að draga sig í hlé og draga þar með til baka tilboðið sem þau hafa gert um að reyna að kaupa skip Skipaútgerðar ríkisins og láta starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins sitja fyrir um vinnu hjá sér. Við erum því að tala um að íslenskt skipafélag, sem nýtur trausts með ströndinni, taki yfir þá þjónustu sem Skipaútgerð ríkisins hefur gegnt. Jafnframt liggur það fyrir að þetta skipafélag mun láta starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins sitja fyrir. Ég hef ævinlega talið, þegar þessi mál hefur borið á góma, að mér bæri skylda til þess að reyna að halda þannig á málum ríkisins að dregið yrði úr útgjöldum þess. Á hinn bóginn lá það ljóst fyrir að við vildum halda uppi þjónustu við landsbyggðina og ég get ekki tekið undir þau ummæli sem hér féllu og gátu gefið í skyn, slitin úr samhengi, að það skipafélag sem ríkisstjórnin á nú í viðræðum við hafi ekki staðið sig gagnvart þeim einstaklingum og þeim stöðum sem Samskip hafa þjónað í gegnum árin og áratugina. Ég held þvert á móti að fólk hafi mjög góða reynslu af *þessu skipafélagi og ekkert sé að óttast í þeim efnum.*

Ég vil líka taka skýrt fram að ekki er um það að ræða að ríkisstjórnin hafi verið að tína stélfjaðrirnar af Skipaútgerð ríkisins eða selja fyrirtækið í smáskömmtum, sem var orðalag ritstjóra Tímans, heldur hafði Skipaútgerð ríkisins mjög nána samvinnu við Samskip um reksturinn. Það lá fyrir að þjónustuna á Austurlandi annaðist Skipaútgerð ríkisins í beinum samningum við Samskip og líka þjónustuna við Færeyjar. Þegar Samskip kjósa að taka þessa þjónustu í sínar hendur er auðvitað um gerbreytt viðhorf að ræða og alls ekki hægt að tala um þessi mál á sama grundvelli og áður.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur raunar komið fram er allt of stuttur tími til að ræða þessi mál undir þessum kringumstæðum. Ég tel nauðsynlegt að fá ítarlegri umræðu um málið. Ég vil geta þess sérstaklega að ég hef látið útbúa lítinn skjalabunka um helstu málin. Hann er núna í hólfum allra hv. þm. Þar segir miklu

meira en ég get sagt hér í stuttu máli og margt annað en hæstv. ráðherra var að segja hér áðan.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að óska eftir því að þetta mál verði frekar rætt á þingi næstu daga. Það er ekki hægt að skiljast við umræðuna, eins og henni lýkur nú, einkum í ljósi þeirra orða sem hæstv. ráðherra lét falla í lokin. Ég vil að fram komi, virðulegi forseti, að það sem liggur að baki tilboði Samskipa er að gæta sinna hagsmuna og tryggja sér viðræður um leigu á skipinu ef viðræður við undirbúningsfélagið fara út um þúfur, annars ekki. Samskip eru tilbúin að una því að ráðherra haldi áfram viðræðum við undirbúningsnefndina en ráðherra neitar að svara hvort hann er búinn að hafna þeim.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Tilgangur umræðna hér í þinginu er að skýra mál. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kvaddi sér hljóðs og bar fram einfalda og mjög skýra spurningu og það vill svo til að spurningunni var hægt að svara með einu orði, já eða nei. Hæstv. samgrh. kaus að koma hér í stólinn í tvígang án þess að svara einu orði þeirri spurningu sem málshefjandi bar fram. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að honum ber í raun og veru að ræða við ráðherra um það að þegar forseti hefur heimilað hér utandagskrárumræður um tiltekið mál er það skylda ráðherranna að reyna að veita svör við þessum spurningum sem málshefjandi ber fram.

Þessari umræðu lýkur þannig að ráðherrann hefur ekki svarað þeirri spurningu sem málshefjandi bar fram. Það er mjög vont, hæstv. forseti, vegna þess að það greiðir ekki fyrir gangi mála í þinginu. Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að ítreka við hæstv. samgrh.: Er hann ekki reiðubúinn að koma hér upp og segja þetta eina já eðan nei sem hv. málshefjandi Kristinn H. Gunnarsson bað um? Hefur ráðherrann slitið viðræðum við samstarfshópinn eða ekki? Já eða nei? Þetta er ekki leikaraskapur, hæstv. samgrh. Það er hvorki hægt að leika sér með málefni fyrirtækis, sem heyrir undir ráðherrann, með hagsmuni íbúa byggðarlaganna né hagsmuni þess fólks sem að samstarfshópnum stendur eða koma þannig fram við þingið. Hv. málshefjandi Kristinn H. Gunnarsson féllst á að hefja umræður um málið á þessum skamma tíma sem þingsköp leyfa af því að hann bar fram spurningu sem er einföld og skýr. Ég vil þess vegna andmæla því að ráðherrar hagi sér með þeim hætti sem hér hefur gerst, geri enga tilraun til þess að svara spurningunni, víki ekki einu sinni að henni í sinni seinni ræðu, ekki einu orði. Hann átti þess í stað orðastað við aðra þingmenn út og suður með meiri og minni pólitískum skætingi. Þessi stutti tími, hálftími, er til þess að ráðherrar svari spurningum þingmanna, sérstaklega málshefjanda. Þess vegna ber að mótmæla framgöngu hæstv. samgrh. í þessum umræðum. Það vekur auðvitað upp spurningar. Hvað er svona viðkvæmt fyrir ráðherrann í málinu? Við hvað er hann hræddur? Frá hverju er hann að hlaupa? Hvað er hann að fela? Getur hann ekki svarað þinginu því alveg skýrt? Hefur hann slitið þessum viðræðum við samstarfshópinn eða ekki? Já eða nei, hæstv. ráðherra.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Ég vil, virðulegi forseti, taka undir það að þessa umræðu verður að taka upp á öðrum vettvangi. Ég get fyrir mitt leyti ekki sætt mig við það að ég sé afgreiddur þannig af hæstv. samgrh. að ég eigi ekki að tala í þessu máli, eigi að segja já og amen vegna þess að Samskip hafi boðið að leigja þessar eignir. Þetta verður auðvitað að taka upp á öðrum vettvangi.

Ég bar fram spurningar sem ég viðurkenni vissulega að ráðherra hefur engan tíma undir þessu formi til að svara en hann notaði heldur ekki tímann til þess að svara þeim. Það voru spurningar um þessi mál sem brenna á landsbyggðarfólki og þeim verður að svara. Það skiptir ekki máli hvaða skipafélög koma hér að málum. Þetta er stórmál sem ekki er hægt að afgreiða á hálftíma í utandagskrárumræðu og þess vegna verður að taka það upp á öðrum vettvangi til að koma fram skýringum og svörum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vestf. talar um gæslu þingskapa og vill forseti enn á ný minna hv. þm. um að halda sig við það að ræða aðeins um gæslu þingskapa.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að verða við því að ræða aðeins um gæslu þingskapa. Það er að sjálfsögðu í verkahring forseta að meta það á hverjum tíma hvaða tímalengd þurfi fyrir umræðu. Hér hefur það gerst sem öllum má ljóst vera að styttri tími hefur verið valinn en svo að um það ríki friður, enda málið nánast jafnóljóst og það var áður að undanskildu því að samgrh. og Samskip virðast ætla að bjarga Austfjörðum og auðvitað gerum við ekki lítið úr því. (**EgJ**: Þó ekki væri.) Þó ekki væri, ég tek undir það hjá hv. 3. þm. Austurl.

Herra forseti. Þetta þing er fyrir landið allt. Svo vill til að hinir hafa áhuga á því líka að vita hvað sé fyrir stafni og þess vegna vil ég skora á hæstv. samgrh. að beita sér fyrir því að gefa þinginu sem allra fyrst skýrslu um málið og hvaða hugmyndir hann hafi um það hvernig eigi að standa að þeim samgöngumálum sem nauðsynleg eru í þessu sambandi. Ég vil skora á hann að gera þetta vegna þess að ef hann hefur frumkvæðið þá á hann möguleika á að koma þessari skýrslu á dagskrá áður en þingið verður sent heim, en ef þingmenn biðja nú um skýrslu þá hefur hann að sjálfsögðu möguleika til að svara henni ekki fyrr en þingið kemur aftur til starfa. Það er fullllangur óvissutími svo ekki sé meira sagt um miðjan vetur fyrir sveitarfélög eins og Árneshrepp, svo ég nefni nú dæmi, og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum sem vissulega þurfa á þessum tíma árs á sjósamgöngum að halda. Við gerum ekki ráð

fyrir því að það verði 9 stiga hiti á Dalatanga það sem eftir er vetrar.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að ítreka ósk mína um það að samgn. þingsins taki þetta mál fyrir. Reyndar sé ég að hér er væntanlega hv. formaður samgn. og þess vegna get ég milliliðalaust komið þeirri ósk á framfæri. Ég tel að þetta sé dæmigert mál fyrir fagnefnd þings til að taka til umfjöllunar, ekki síst í því ljósi að hér er jafnskammur tími til umræðu um málið og raun ber vitni. Ég tel líka að fordæmi séu fyrir því að þegar þingnefndir hafi tekið mál sjálfstætt upp með slíkum hætti hafi það gefist vel. Nýjasta dæmið er í dag *þar sem efh.- og viðskn. hefur einróma afgreitt* það mál sem hún hefur haft til skoðunar varðandi síldarsölu til Sovétríkjanna með bréfi frá sér. Ég tel að hér sé fyrst og fremst á ferðinni mál sem varði verksvið samgn. þingsins. Þetta eru samgöngur sem við erum að ræða. Spurningin snýst um það hvort við eigum að halda uppi þessum samgöngum eða ekki. Það er mál samgn. Alþingis sem m.a. hefur það hlutverk að úthluta fjármunum í þessu skyni, sem enn eru sem betur fer veittir til þess að tryggja samgöngur á sjó víða í landinu, og hún á að fara yfir þau mál því ljóst er að það stefnir í hreint óefni um þessar mundir hvað þessar samgöngur snertir. Hæstv. ráðherra getur ekki afgreitt málið með þeim hætti sem hann hefur reynt hér. Spurningin snýst ekki um skiparekstur Samskipa eða Eimskipafélags Íslands heldur um það hvort þeir staðir sem lakasta hafa stöðuna í þessum efnum njóti áfram þjónustu af þessu tagi eða ekki og hvort sú þjónusta verður þá á viðráðanlegum kjörum fyrir þessa staði. Ég tel ekki að Alþingi geti skilið við málið í lausu lofti eins og það er og ég furða mig á ummælum hæstv. samgrh. hér áðan sem lét að því liggja að afskipti þingsins væru af hinu illa í þessu máli. Hann tók jafnvel svo til orða að „ef þingið skapaði ekki óvissu um þetta mál" og var að skilja hæstv. samgrh. svo sem hann væri andvígur því að Alþingi tæki málið til umfjöllunar.

Ég ítreka þess vegna ósk mína, hæstv. fjmrh., af því að ég sé að hæstv. fjmrh. er enn tekinn til við að aðstoða forseta við fundarstjórnina sem ég tel að sé um þingsköp, hæstv. fjmrh., að fara fram á það að ein af fagnefndum þingsins taki þetta mál til skoðunar. Það varðar vinnubrögð, skipulag og tilhögun starfanna í þinginu og það ræða menn undir liðnum þingsköp, hæstv. fjmrh., í eitt skipti fyrir öll. Vonandi fer þetta að skýrast fyrir hæstv. fjmrh. sem er búinn að sitja á þingi lengi með litlum árangri a.m.k. hvað það snertir að kunna á þingsköpin.

Ég óska eftir því, af því að ég sé að hér situr í salnum hv. formaður samgn., sem mun vera hv. 3. þm. Reykn., að samgn. taki þetta mál fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið skýrt fram í máli hv. þm. sem hafa talað um gæslu þingskapa að ýmsar leiðir eru til að taka þetta mál til umræðu, m.a. innan samgn. Formaður samgn. er á fundinum svo að væntanlega hefur komist vel til skila að það eru aðrir möguleikar en þessi hálftíma umræða sem fór fram utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið athygli mína að forseti telur aldrei við hæfi að gera athugasemd við framgöngu ráðherra í salnum eða í umræðum. En forseti er nokkuð oft að temja sér það að leiðbeina eða setja ofan í við einstaka þingmenn.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að hér leyfir forsetinn umræður utan dagskrár í hálftíma til þess að hæstv. samgrh. svari spurningum. Hv. málshefjandi Kristinn H. Gunnarsson bar upp þessa spurningu og hæstv. samgrh. svaraði henni ekki. Tilefni þessarar þingskapaumræðu er það að hæstv. samgrh. svaraði spurningunni ekki. En hæstv. forseti sá enga ástæðu til þess að hvetja hæstv. samgrh. til þess að svara spurningunni og fara þannig eftir þingsköpunum. Það gerði hæstv. forseti ekki. Í staðinn er sagt við þingmenn að *þeir megi ekki gera athugasemd við* það að ráðherra svari ekki spurningum sem þeir eru beðnir um að svara og forseti leyfir sérstaka umræður til þess að þeir svari. Ábending mín var til komin vegna þess að ef forsetinn og ríkisstjórnin hafa áhuga á því að umræður í þinginu hafi ákveðinn tilgang og að þingsköpum sé hlýtt, hæstv. forseti, þá ber ráðherrum að svara spurningum sem veittur er sérstakur tími utan dagskrár á Alþingi til þess að þeir svari.

Vandi þessarar umræðu er sá að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bar upp skýra spurningu og fékk ekkert svar og það sem verra var, hæstv. samgrh. vék ekki að spurningunni einu orði, hvorki í fyrri ræðunni eða seinni ræðunni. Þetta er svona álíka, virðulegi forseti, eins og einhver kveddi sér hljóðs utan dagskrár á Alþingi til þess að spyrja hæstv. menntmrh. um málefni Háskólans á Akureyri og hæstv. menntmrh. svaraði með því að tala eingöngu um málefni Kennaraháskólans í Reykjavík. Þannig var framganga hæstv. samgrh. Hann talaði eingöngu um Samskip í sínum tveimur ræðum en svaraði því ekki hvort hann hefði slitið viðræðum við samstarfshópinn sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur verið í forsvari fyrir. Þess vegna ítreka ég það, virðulegi forseti, að til þess að spara tíma í þinginu og greiða fyrir umræðum komi forseti þeim ábendingum á framfæri við hæstv. ráðherra að ef tími er veittur utan dagskrár á Alþingi til þess að veita svör við ákveðnum spurningum þá geri ráðherrarnir tilraun til þess að svara þeim spurningum.

Ég vil svo enn á ný ítreka þá ósk mína til hæstv. samgrh. hvort sem hann gerir það í þingsalnum eða með opinberri yfirlýsingu utan við þingsalinn að hann segi það alveg skýrt og skorinort: Er hann búinn að slíta viðræðunum við samstarfshópinn eða ekki? Íbúar byggðarlaganna í kringum landið, fólkið sem stendur að samstarfshópnum og einnig forsvarsmenn Samskipa eiga kröfu á því að fá að vita þetta skýrt. Það er óeðlilegt að hæstv. ráðherra sé að spila einhvern felupóker í þessu máli. Hann komi fram — ég vil nú ekki notað orðið óheiðarlega en a.m.k. mjög óeðlilega

— því að í meðferð málefna ríkisfyrirtækja og sölu er auðvitað alveg nauðsynlegt að ráðherra svari því skýrt hvort þeir hafi slitið viðræðum við hugsanlegan kaupanda eður ei. Þetta er ekki eitthvert vasaspil fyrir hæstv. ráðherra samkvæmt hleypidómum hans eða eigin geðþótta.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Í góðu samkomulagi forseta og formanna þingflokka var ákveðið að hafa hálftíma umræður utan dagskrár um þá spurningu sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bar fram. Hæstv. samgrh. svaraði ekki þeirri spurningu, um það held ég að mönnum geti ekki blandast hugur og það kallar á þessa þingskapaumræðu að menn geri athugasemdir við að hann skyldi ekki svara þeirri spurningu skýrt og skorinort.

Á ræðum hæstv. ráðherra mátti skilja það að hugur hans stæði til þess að selja ms. Esju Samskipum hf. Á ekki mjög kurteislegu bréfi sem ég er hér með ljósrit af til Hjartar Emilssonar, sem er einn af fyrirsvarsmönnum þess hóps sem óskar eftir að leggja fram tilboð í eignir Skipaútgerðar ríkisins, má líka skilja það að honum er ekkert sérstaklega ljúft að eiga samtöl við þann hóp. Því vil ég spyrja: Hvað ætlar hæstv. samgrh. að gera við aðrar eignir Skipaútgerðar ríkisins en ms. Esju? Úr því að ráðherra hefur ekki upplýst þetta mál með fullnægjandi hætti á þinginu á þeim tíma sem til þess var markaður þá tel ég óhjákvæmilegt að hann gefi Alþingi munnlega skýrslu strax eftir helgi um málið og hvernig hann hyggst meðhöndla það. Ég tel að þetta sé mál sem varðar ekki bara örfá byggðarlög í landinu heldur landið allt. Það varðar siðlega viðskiptahætti í þessu landi.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Efnislegar umræður um Skipaútgerð ríkisins hafa haldið áfram nú í 20 mínútur fram yfir það sem ákveðið var. Í síðari ræðu minni komu skýrt fram þær ástæður sem lágu til þess að ég taldi óhjákvæmilegt að taka upp viðræður við Samskip hf. Ég hafði gert glögga grein fyrir þeim sjónarmiðum við þá nefnd sem vann að undirbúningi að stofnun hlutafélagsins Strandferðir. Ég hafði jafnframt gert formanni Starfsmannafélags Ríkisskipa grein fyrir þeim sjónarmiðum mínum þannig að spurningunni um það hvort viðræðum við undirbúningsnefndina væri slitið eða ekki var fullsvarað í ræðu minni eins og hægt er að búast við og hægt sé að gera í tveggja mínútna ræðu. Ég hef svo ekki meira um þetta að segja.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276, 378 og 382.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að hér á dagskrá eru lánsfjárlög, frv. sem hefur verið nokkra stund til umræðu og ég er næstur á mælendaskrá. Klukkuna vantar 6 mínútur í 7 og ég hef heyrt að það standi til að halda þessum umræðum áfram kl. 11 á morgun eða a.m.k. hafi það verið rætt með einhverjum hætti. Ég vil því mælast til þess við forseta að umræðunni verði nú frestað. Ég tel enga ástæðu til þess að vera að halda henni áfram nú og fram að matartíma því að eftir yfirlýsingar hæstv. forsrh. hér fyrr í dag er óhjákvæmilegt að ræða allítarlega um lánsfjárlög og forsendur þeirra. En ég beini því til forseta að hún veiti okkur lausn í náð þangað til á morgun þannig að við þurfum ekki að vera að tala hér í matartímanum og halda fólki fram eftir eða fram yfir matartímann því að hér er bersýnilega langur tími eftir í umræðum um lánsfjárlög.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að leggja til eitt eða annað um áframhald umræðna um lánsfjárlög, en ég kemst ekki hjá því þegar rætt er um gæslu þingskapa að skýra frá því að haldnar hafa verið margar ræður við 2. umr. málsins, sumar mjög langar og yfirleitt allar afar efnislíkar, nánast sömu ræðurnar aftur og aftur, tekið á annan klukkutíma hver ræða þannig að málið er nú ansi vel rætt. Satt að segja hafði ég vonast til þess að málið hlyti þá afgreiðslu í kvöld að hægt væri að ljúka 2. umr. þess. Hins vegar ef sérstakar óskir koma fram um það að halda umræðum áfram á morgun, sem kemur mér reyndar á óvart, þá sé ég því ekkert til fyrirstöðu ef það mætti greiða fyrir afgreiðslu málsins.

Það hefur komið mér einnig á óvart, virðulegur forseti, að taka til andsvara samkvæmt nýjum þingsköpum með því að reyna að svara helstu spurningum sem til mín hefur verið beint eftir hverja ræðu en það hefur einhvern veginn viljað þannig til að næstu ræðumenn hafa ekki hlustað á umræðurnar og þess vegna ekki hlustað á svörin, hvorki á ræðu né svör þannig að aftur og aftur hef ég mátt svara sömu fyrirspurnum. Ég bið þess vegna hv. þm. sem hóf máls um gæslu þingskapa að sjá til þess ef hann getur að menn þeir sem ætla að taka þátt í 2. umr. séu í salnum þannig að hægt sé að greiða fyrir fundarstörfum. Sjálfur hef ég reynt eftir bestu getu að sitja í þingsalnum. Þetta er mál sem heyrir undir fjmrh. og það eru að sjálfsögðu ekki efni til þess að aðrir ráðherrar sitji undir umræðunni að öllu leyti. Þeir hafa þó flestir hverjir orðið við þeim tilmælum sem til þeirra hefur verið beint. En vegna óska hv. þm., sem ég virði ákaflega mikils, tek ég undir það að ekki er ástæða til að eyða matartímanum núna að þessu sinni í þetta mál og treysti þá á gott samstarf svo að hægt sé að ljúka afgreiðslu málsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er misskilningur að gert hafi verið ráð fyrir að umræðan héldi áfram kl. 11 á morgun. Það var gert ráð fyrir að henni lyki í dag. Það hefur komið ósk um að

henni verði nú frestað og mun forseti verða við því og málið er tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

68. FUNDUR

fimmtudaginn 16. jan.,
kl. 11 árdegis.

Um þingsköp.

Upplýsingar ráðherra um sölu Skipaútgerðar ríkisins.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem ég kveð mér hljóðs um þingsköp hér í þessum sal. En ástæðan er sú að í gærkvöldi fór fram umræða um samgöngumál og þá komu fram spurningar til samgrh. sem hann svaraði ekki. Um leið og þessi umræða fór fram eða fáeinum mínútum síðar kom fram í fréttum í útvarpi að tilboð í eignir skipafélagsins hefði verið samþykkt hefði verið samþykkt. Mér finnst það þvílík ósvífni og ekki annað hægt en mótmæla því að hæstv. ráðherra samgöngumála sitji hér í þingsalnum og geri þinginu ekki grein fyrir því hvernig málið stendur þegar hann er búinn að samþykkja tilboð í eignir skipafélagsins á sama tíma og verið er að spyrja hann hvort hann ætli að slíta viðræðum við annan aðila. Ég mótmæli þessu og vil minna hæstv. forseta á að hann benti okkur á að við gætum tekið þetta mál upp í samgn. þingsins. Ég fór þess á leit við form. nefndarinnar að það yrði haldinn fundur um málið og hann tók ekkert illa í það. En ég kem fyrst og fremst upp til þess að mótmæla því að hæstv. ráðherrar láti sig hafa það að sitja á upplýsingum hér sem koma svo í fjölmiðlum um leið og þingfundi er lokið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég blandaði mér ekki í umræðurnar í gær um Ríkisskip, utandagskrárumræður og síðan þingskapaumræður. En ég kveð mér hljóðs til að taka undir með hv. 3. þm. Vesturl. að hæstv. samgrh. stendur hér ákaflega sérkennilega að verki gagnvart Alþingi Íslendinga svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Hvernig stendur á því að hæstv. samgrh. sagði þinginu ekki frá samningum við Samskip í umræðunum í gær? Hvaða ástæða er til þess? Hvað á svona framkoma við Alþingi að þýða? Ef samgrh. vissi ekki að verið væri að ganga frá samningum, hvernig stendur þá á því? Hver fer með málið? Auðvitað samgrh. samkvæmt lögum landsins og stjórnskipan. Framkoma hæstv. samgrh. við Alþingi er auðvitað alveg einstök sem og við fólkið sem starfar hjá fyrirtækinu eða við undirbúningshópinn sem hefur starfað undir forustu hv. 4. þm. Reykv. Hvað er hér að gerast?

Ég held, virðulegi forseti, að óhjákvæmilegt sé að það verði skapað rúm í umræðum í dag og á morgun til þess að ræða þessi mál við samgrh. og um vinnubrögð hans. Það er svo fáheyrt að einn ráðherra komi með þessum hætti fram við þingið að það er algerlega ólíðandi og er sérstakt tilefni til þess að ræða almennt um vinnubrögð ráðherra og samskipti þeirra við Alþingi yfir höfuð. En auðvitað alveg sérstaklega þá forakt sem hæstv. samgrh. sýndi þinginu í gær í umræðum sem stóðu í nærri klukkutíma, fyrst í utandagskrárumræðum og síðan í umræðum um gæslu þingskapa. Ég tek undir þau orð sem fram komu hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem einnig á sæti í samgn. Ég spyr: Hefur samgn. verið kölluð saman? Mér skilst að svo sé ekki. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því að samgn. verði tafarlaust kölluð saman til þess að fjalla um þetta mál. Hér er um algerlega óþolandi framkomu að ræða. Til hvers erum við að tala við ráðherra? Til hvers erum við að biðja um umræður utan dagskrár eða innan dagskrár um mál þegar ráðherrar fara á bak við þingið með sannanlegum hætti eins og hæstv. samgrh. hefur gert. Þetta gengur ekki. Þetta er alveg ólíðandi, virðulegi forseti, og ég stóð upp til þess að taka undir þau orð sem fram komu hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um leið og ég skora á forseta að gera tvennt: Í fyrsta lagi að beita sér fyrir því að samgn. verði kölluð saman. Og í öðru lagi skora ég á forseta að setja ofan í við hæstv. samgrh. því þessi framkoma er ólíðandi dónaskapur gagnvart Alþingi Íslendinga, að ég tali nú ekki um aðra aðila sem um þetta eiga að véla eins og undirbúningshópinn og starfsfólk Ríkisskipa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun ræða við form. samgn. og kynna sér hvað hann hefur fyrirhugað í þessu máli og um þessa ósk hv. þm. um að nefndin verði kölluð saman. Jafnframt vill forseti benda á að hæstv. samgrh. er samkvæmt töflu í borði forseta ekki kominn í húsið og þess vegna er ekki hægt að ræða við hann á þessu stigi málsins.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, frhnál. 383 og 388, brtt. 263, 286, 307, 339, 353 og 384.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og fyrir brtt. á þskj. 384 við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 286 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin tók málið til umræðu að nýju eftir að henni barst bréf forsrh. 7. jan. sl. þar sem þess er farið á leit við nefndina að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. umfram þær sem meiri hluti nefndarinnar hefur þegar lagt til að verði gerðar. Efh.- og viðskn. ákvað að senda heilbr.- og trn., menntmn. og samgn. til umsagnar þær brtt. sem varða þá málaflokka sem nefndirnar fjalla um. Eru svör nefndanna birt sem fskj. með þessu frhnál. en samkomulag varð um það í nefndinni að minni hluti nefndarinnar birti með sínu áliti þau fskj. sem minni hluti heilbr.- og trn. og menntmn. sendu efh.- og viðskn.

Nefndin kvaddi við þessa framhaldsumfjöllun eftirfarandi gesti á sinn fund: Indriða H. Þorlákssson, Halldór Árnason, Steingrím Ara Arason, Jón Ragnar Blöndal og Rúnu S. Geirsdóttur frá fjmrn., Þorkel Helgason og Dögg Pálsdóttur frá heilbr.- og trmrn., Ara Edwald frá dómsmrn., Ásmund Stefánsson og Guðmund Gylfa Guðmundsson frá ASÍ, Björn Grétar Sveinsson frá Verkamannasambandi Íslands, Ögmund Jónasson og Björn Arnórsson frá BSRB, Pál Halldórsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá BHMR, Ingvar Viktorsson, Jón G. Tómasson, Valgarð Hilmarsson, Ólaf Kristjánsson og Þórð Skúlason frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Húnboga Þorsteinsson og Inga Val Jóhannsson frá félmrn., Unni Halldórsdóttur frá Samtökum foreldra og kennara, Sigurð Þórðarson vararíkisendurskoðanda, Grétar J. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Magnús H. Magnússon frá Samtökum aldraðra, Hilmar Björgvinsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Árna Guðmundsson, forstöðumann Lífeyrissjóðs sjómanna. Margir lögðu fram gögn á fundum eða sendu síðar en auk þess bárust nefndinni nokkrar aðrar umsagnir um frv.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði breytingar á frv. og einnig á tillögum meiri hlutans á þskj. 286. Þær nefndir sem fengu málið til umsagnar hafa mælt með nokkrum breytingum, ýmist meiri hluti nefndar eða nefndin í sameiningu og eru þær teknar upp í brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. sbr. og fskj. með nál. Brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. eru þessar:

1. liður brtt. á þskj. 384. Í stað þess að fastákveða að 29 nemendur skuli vera í hverjum bekk í 3.–10. bekk eins og gert er í 3. gr. frv. er lagt til að nemendur skuli vera 28 í bekk næsta skólaár og að fræðslustjóra verði heimilt að ákveða þegar sérstaklega stendur á að fjölga um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.

2. töluliður brtt. á þskj. 384. Samkvæmt tillögum meiri hluta heilbr.- og trn. er lagt til að við frv. bætist sex nýjar greinar er fjalla um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. a-liður 2. tölul. á þskj. 384 varðar breytingar á 11. gr. almannnatryggingalaga og verður ákvæðið ef það hlýtur samþykki að 13. gr. frv. Lagt er til að grunnlífeyrir verði skertur hjá þeim ellilífeyrisþegum sem hafa tekjur umfram ákveðin mörk. Skerðing hefst við þær tekjur þar sem tekjutryggingu lýkur en það er við 65.847 kr. á mánuði. Tekjur úr lífeyrissjóðum valda ekki skerðingu. Skerðingarhlutfall verður 25%, þ.e. lífeyrir er skertur sem nemur fjórðungi þeirra tekna sem eru yfir tekjumarkinu. Lífeyririnn verður að fullu skertur þegar tekjur eru umfram 114.339 kr. á mánuði. Breyting þessi hefur í för með sér að grunnlífeyrir lækkar hjá 11,9% ellilífeyrisþega. Hlutfall þeirra sem missa lífeyrinn er 4,7%.

Þá er lagt til að heimild til frestunar lífeyristöku við 67 ára aldur verði afnumin og er því lagt til að 3. og 5. mgr. 11. gr. almannatryggingalaganna falli brott. Samkvæmt núgildandi lögum eiga ellilífeyrisþegar kost á að fresta töku lífeyris og hljóta við það nokkra hækkun grunnlífeyris. Aftur á móti hækkar tekjutrygging eða heimilisuppbætur ekki við þessa frestun en þessar síðarnefndu bætur eru nú orðnar helstu bætur tryggingakerfisins. Sárafáir nýta sér þennan rétt. Afnám heimildarinnar er nauðsynleg þar sem hún tengist þeirri skerðingu sem tekjutenging lífeyris hefur í för með sér.

b-liður 2. tölul. brtt. á þskj. 384, er verður 14. gr. frv., fjallar um breytingar á 12. gr. laga um almannatryggingar. Þar er lagt til að grunnlífeyrir öryrkja skerðist ef árstekjur eru umfram 67.236 kr. á mánuði. Skerðingarhlutfall verður 25%. Þeir fjármunir sem sparast með skerðingu grunnlífeyris öryrkja eru nýttir til að hækka grunnupphæð tekjutryggingar og hækka þannig tekjutryggingu öryrkja um 7.500 kr. á ári. Allir þeir sem nú njóta einhverrar tekjutryggingar munu verða þessarar hækkunar aðnjótandi eða milli 85 eða 90% öryrkja.

c-liður 2. tölul. brtt. á þskj. 384, er verður 15. gr. frv., varðar breytingu á 14. gr. laganna. Lagt er til að bætt verði við ákvæði þess efnis að skerðingar elli- og örorkulífeyris skerði ekki barnalífeyri. Er það gert til að taka af öll tvímæli.

d-liður 2. tölul. brtt. á þskj. 384, er verður 16. gr. frv., varðar breytingu á 19. gr. almannatryggingalaga. 1. mgr. núgildandi 19. gr. almannatryggingalaga fjallar um tekjutryggingu bæði elli- og örorkulífeyrisþega. Í þessum brtt. er gert ráð fyrir aðskildum reglum um tekjutryggingu þessara tveggja hópa þar sem upphæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega er hærri og því þörf fyrir að fjalla um tekjutrygginguna í tveimur málsgreinum. Breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 2. og 5.–7. mgr. 19. gr. varða því einungis tilvísanir.

e-liður 2. tölul. brtt. á þskj. 384, er verður 17. gr. frv., varðar breytingu á 34. gr. laganna um almannatryggingar. Í fyrsta lagi er lagt til að tilvísunum verði breytt vegna breytinga á 12. gr. almannatryggingalaga. Í hinni breytingunni á greininni er lagt til að kveðið sé beint á um það í lagatextanum að skerðingarákvæði örorkulífeyris eigi ekki að ná til þeirra sem fá lífeyri samkvæmt slysatryggingarákvæðum almannatryggingalaga. Óhjákvæmilegt er að þessir bótaþegar sleppi við skerðingu lífeyris ella skapast ósamræmi milli þeirra sem fá einskiptisbætur og hinna.

f-liður 2. tölul. brtt. á þskj. 384 varðar breytingu á 79. gr. almannatryggingalaganna. Í fyrsta lagi er lagt til að tilvísun verði breytt til samræmis við breytingar á 19. gr. almannatryggingalaga. Síðan er lagt til að láta ekki almenn ákvæði 79. gr. nægja til að heimila verð-

breytingu skerðingarmarka heldur verði kveðið á um það beint í ákvæðinu.

Í 3. tölul. brtt. á þskj. 384 er að tillögu heilbr.- og trn. lagt til í a-lið að orðalagi d-liðar 6. tölul. á þskj. 286 sem breytir 17. gr. frv., en það varðar 44. gr. almannatryggingalaga, verði breytt. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, heldur er orðalag gert skýrara til þess að ekki verði um villst við hvað er átt. Í b-lið 3. tölul. leggur heilbr.- og trn. til að heilbr.- og trmrh. beri að hafa náið samráð við stofnanir þegar daggjöld þeirra eru ákveðin, en í fyrri brtt. er aðeins rætt um samráð og er því hér aðeins um áherslumun að ræða.

4. tölul. brtt. á þskj. 384. Í b-lið 9. tölul. brtt. á þskj. 286 er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 12. gr. hafnalaga og fjallar hún um hvert sérstakt vörugjald renni og um gjaldstofn. Hér er lagt til að auk hennar verði tveimur málsgreinum til viðbótar bætt við greinina. Í þeim er fjallað um innheimtu og skil á gjaldinu og uppgjörstímabil. Að tillögu samgn. er lagt til að skiladagur skuli vera fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils eins og fram kemur í 2. málsl. 3. efnismgr. tillögunnar. Ráðherra getur kveðið nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu. Bendir samgn. á í umsögn sinni til efh.- og viðskn. að mikilvægt sé að settar verði skýrar reglur um þetta atriði.

Í a-lið 5. tölul. í brtt. á þskj. 384 er lagt til að í lög um aukatekjur ríkissjóðs verði bætt inn nýjum kafla sem fjallar um afgreiðslugjald skipa. Um er að ræða gjald fyrir afgreiðslu erlendra fiskiskipa sem hingað koma eingöngu vegna fiskveiða, vöru- og flutningaskipa er koma frá útlöndum svo og farþegaskipa og fyrir að láta skipunum í té þau skilríki sem þau eiga að fá hér. Farþegaskip greiða helmingi lægra gjald en önnur skip. Skip sem leita hafnar í neyð ásamt herskipum og spítalaskipum eru undanþegin gjaldinu.

Þá er einnig lagt til í b-lið 5. tölul. brtt. á þskj. 384 að tekinn verði af allur vafi um að ákvæði laganna sem fjalla um fjárnám gildi einnig um lögtök fram til 1. júlí 1992 þegar ný lög um aðför og fleira öðlast gildi samfara aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Í 6. tölul. brtt. á þskj. 384 er lagt til að gerð verði sú breyting á lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana að ráðherra verði heimilt að tilnefna tilsjónarmenn ríkisstofnana ef sýnt þykir að rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Setning tilsjónarmanna samkvæmt þessu ákvæði, sem hér er lagt til að verði lögfest, takmarkar þó ekki þær almennu heimildir sem í gildi eru til þess að hafa afskipti af rekstri stofnana án þess að sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Afskipti tilsjónarmanna varða hinn fjármálalega þátt rekstursins og þar með t.d. umfang starfsmannahalds en ekki mat á umsækjendum um tilteknar stöður. Ítrekað er að tilsjónarmenn skuli hafa samráð við ráðherra um störf sín og að þeim skal sett erindisbréf þar sem verkefni þeirra og ábyrgðasviði er lýst nánar. Sjálfseignarstofnanir falla ekki undir þetta ákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest.

Vegna lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár er lagt til í 7. tölul. brtt. á þskj. 384 að hlutur sveitarfélaga vegna kostnaðar við löggæsluna 1992 lækki nokkuð. Í 8. tölul. brtt. er lagt til að 100 millj. kr. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákveðið var á fjárlögum þessa árs, verði einvörðungu varið til jöfnunarframlaga skv. 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Að tillögu heilbr.- og trn. er lagt til í 9. tölul. brtt. á þskj. 384 að upphafsmálslið 1. gr. laga nr. 80/1991, um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra, verði breytt til að taka af allan vafa um að átt sé við breytingu á 1. mgr. 6. gr. laga um eftirlaun til aldraðra. En við setningu laganna fyrir jól féll niður tilvísun til 1. mgr. og einungis var vísað í 6. gr. án nánari tilgreiningar.

Þörf er að breyta gildistökuákvæði frv. og er í 10. tölul. brtt. lagt til að lögin öðlist þegar gildi að undanskildum 13.–18. gr. er öðlast gildi 1. febrúar 1992, sbr. 2. tölul. brtt. á þskj. 384.

Í 11. tölul. brtt. á þskj. 384 er lagt til að við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða. Það fyrra, sbr. a-lið, mælir fyrir um að svo lengi sem vextir, verðbætur og gengishagnaður séu frádráttarbærar tekjur við ákvörðun á tekjuskattsstofni séu þær ekki tekjur til skerðingar á elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu samkvæmt almannatryggingalögum. Samkvæmt almannatryggingalögum tengjast þessar greiðslur með öðrum orðum tekjuskattsstofni á hverjum tíma.

Seinna ákvæðið, sbr. b-lið, tryggir að réttur þeirra sem þegar hafa sótt um frestun á lífeyristöku haldist þrátt fyrir afnám heimildarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þskj. Einar K. Guðfinnsson tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Guðjóns A. Kristjánssonar, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Undir þetta nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, varaformaður efh.- og viðskn., Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Einar K. Guðfinnsson og Ingi Björn Albertsson með fyrirvara.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að forseti kanni hvort þeir fagráðherrar sem eiga mál undir í þessu safnfrv., þessum bandormi, séu hér til staðar til þess að hlýða á umræður um einstaka efnisþætti sem á þeirra mála- eða verksviði eru. Ég kem ekki auga á hæstv. forsrh. en hann mun hafa flutt þetta frv. Ég tel nauðsynlegt að þeir sem hlut eiga að máli sinni þingskyldum sínum og séu hérna til þess að taka þátt í umræðunni og svara fyrir einstök mál. (**Forseti:** Það er rétt sem hv. þm. bendir á, enda var ekki ætlunin sú að frsm. minni hlutans hæfi ræðu sína fyrr en ljóst væri að hæstv. ráðherrar væru komnir. Forseti sér að hæstv. forsrh. er kominn í húsið og mun nú gera honum viðvart. Hann hlýtur að vera rétt ókominn hingað inn í salinn.) Já, ég þakka forseta fyrir það. En ég vil taka það fram að ég tel ekki síður ástæðu til að hæstv. ráðherrar hlýði á framsögu hv. form. nefndarinnar heldur en fulltrúa minni hlutans. Ég minni á að hér eiga

fleiri hlut að máli, hæstv. menntmrh. sem I. kafli frv. fjallar nú um, ef svo má að orði komast, þ.e. grunnskólalögin, er hér til staðar. Síðan koma hæstv. heilbr.- og trmrh., hæstv. samgrh. og fleiri við sögu þannig að ég óska eindregið eftir því að þessir ráðherrar verði hér til staðar. Reyndar var fallist á það í umræðum á síðasta ári að óhjákvæmilegt væri að allir viðkomandi fagráðherrar væru hérna þegar unnið væri að lagasetningu sem væri þannig að sullað væri saman í einn lagabálk ólíkum og óskyldum fagmálum.

Efh.- og viðskn. hefur unnið nær sleitulaust að þessu máli frá 6. eða 7. jan. sl. Og ég hygg að þær brtt. og þau nál. sem hér liggja fyrir segi allt sem segja þarf um það stig sem málið var á fyrir áramótin þegar hæstv. ríkisstjórn hugðist keyra það í gegn. Talsmenn stjórnarandstöðunnar héldu því þá mjög einarðlega fram að fyrir utan efnislega andstöðu við flest í þessu frv. væri það bersýnilega ekki í þeim búningi að boðlegt væri að afgreiða það, burt séð frá innihaldinu. Það voru orð að sönnu svo að ekki sé meira sagt. Um það vitna stíf fundahöld nefndarinnar og fjölmargar atlögur stjórnarliðsins til þess að lagfæra verstu agnúana í þessu máli, tæknilega og efnislega. Samkvæmt prentaðri dagskrá sem hv. þm. hafa væntanlega á borðum sínum eru brtt. þegar orðnar einar sex eða átta, þar af líklega fjórar frá meiri hlutanum og viðamiklar brtt. ýmist við frv., viðbætur við það eða brtt. við fyrri brtt. eru á síðara þingskjalinu sem hv. frsm. meiri hlutans mælti fyrir sem inniheldur hinar nýju brtt. meiri hlutans. Og þetta segir manni að málið var gersamlega óhæft til afgreiðslu í öllu tilliti þegar hæstv. ríkisstjórn hugðist knýja það í gegnum þingið fyrir jólaleyfi. Mig minnir að minni hlutinn hafi ritað undir nál. sitt 18. des. sl. og í framhaldi af því hafði hæstv. ríkisstjórn áhuga á að afgreiða málið.

Hæstv. forseti, nú í upphafi umræðunnar er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessum handahófskenndu vinubrögðum og átelja þau. Einnig er óhjákvæmilegt að átelja framkomu hæstv. ríkisstjórnar við fjölmarga málsaðila úti í þjóðfélaginu, hagsmunasamtök, hópa og stofnanir sem hún hefur komið fram við á ótrúlegan hátt. Ég mun fara yfir það jafnóðum og ég geri grein fyrir einstökum efnisatriðum í nál. minni hlutans hvernig þessu hefur verið háttað. Til þess að gera langt mál stutt má segja að allar hefðbundnar samskiptareglur sem mótast hafa í áranna rás milli ríkisvalds og þolenda hafi verið brotnar. Og þar á ég ekki einungis við almannasamtök og hagsmunaaðila úti í þjóðfélaginu óskylda ríkisvaldinu sem að sjálfsögðu hafa ekki verið virtir viðlits í anda hins nýja stíls. Ég á líka við hinar einstöku stofnanir ríkisins sem eiga að framkvæma lög eins og Tryggingastofnun og Ríkisendurskoðun. Ýmsar spurningar vakna um viðhorf núv. stjórnarherra, ekki bara til almennings, almannasamtaka og hagsmunahópa úti í þjóðfélaginu, því það er löngu ljóst og orðið borðleggjandi að hæstv. ríkisstjórn hyggst ekki hafa samráð við slíka aðila og ekki virða þá viðlits. Og það vakna einnig upp spurningar um hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að standa að starfrækslu hins opinbera stjórnkerfis og rekstri opinberra stofnana í ljósi þess t.d. að þegar undirbúnar eru flóknar og vandasamar breytingar á almannalöggjöfinni, tryggingalöggjöfinni, þá er ekki talað við Tryggingastofnun. Það kemur í ljós þegar nefndamenn í fagnefndum þingsins óska eftir áliti Tryggingastofnunar eftir að viðkomandi hlutir hafa verið til umfjöllunar á Alþingi í nokkra daga að þá fyrst er haft formlegt samband við Tryggingastofnun út af viðkomandi máli. Þessi vinnubrögð, hæstv. forseti, leyfi ég mér að átelja harðlega í upphafi máls míns. Reyndar held ég að það eigi eftir að koma á daginn að vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar séu ákaflega ólíkleg til þess að auðvelda henni störfin á næstu mánuðum og árum ef hún skyldi sitja svo lengi, sem vonandi verður nú ekki. Ég sé ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar t.d. að skapa jákvætt andrúmsloft í röðum ríkisstarfsmanna sem er ætlað að ganga í raun og veru í skítverkin fyrir hæstv. ríkisstjórn, að skera niður þjónustu og þurfa síðan að standa frammi fyrir þeim sem þá þjónustu missa og taka að sér að segja nei-in fyrir hæstv. ríkisstjórn. Ætli menn geri það með glaðara geði þegar framkoman við þá er eins og raun ber vitni?

Nei, margt hefur verið með miklum endemum í þessum efnum, hæstv. forseti, og held ég að óhætt sé að fullyrða að leitun sé að því í þingsögunni að vinnubrögð sem tengjast einu máli hafi verið eins og raun ber hér vitni. Til þess að halda nú öllu til haga skal þó tekið fram að forsvarsmenn stjórnarliðsins í efh.- og viðskn. hafa verið menn til þess að viðurkenna þessar staðreyndir og skapa þar tíma og rúm fyrir allítarlega vinnu og skoðun sem tvímælalaust hefur lagað þetta mál tæknilega séð og í einstaka tilvikum hvað innihald snertir. En því miður sér varla högg á vatni vegna þess að málinu hefði þurft að vísa frá nánast eins og það leggur sig af þeim sökum að boðskapur þess er í raun hin mesta óhæfa og ég held að það sé ekkert of sterkt til orða tekið að þetta sem hér er verið að leggja til hljóti að flokkast undir skemmdarverk í meira og minna mæli á hinu íslenska velferðarkerfi. Því enginn getur deilt um það að þar er á ferðinni afturför t.d. í skólamálum. Í tillögum meiri hlutans er borðleggjandi verið að boða afturför í skólamálum. Það verður vaxandi misrétti vegna ýmissa breytinga sem verða t.d. í almannatryggingum og fleira mætti nefna af því tagi.

Hæstv. forseti. Í I. kafla frv. eru fyrst ákvæðin sem lúta að breytingu á lögum um grunnskóla, lögum nr. 49/1991. Eins og áður hefur komið fram er minni hlutinn algerlega andvígur þeim ákvæðum. Þar er verið að smygla með í þessum svokölluðu sparnaðarráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar fagpólitískum breytingum á lögum um grunnskóla. Það er óhæfa að standa þannig að verki, ekki síst með tilliti til þess að hæstv. menntmrh. hefur boðað endurskoðun á lögum um málefni grunnskólans. Slíkar fagpólitískar ákvarðanir hafa í sumum tilvikum enga þýðingu fyrir útgjöld ríkisins, í öðrum tilvikum fresta þær ákvæðum sem hvort eð er er heimild til í lögum að fresta en í einstökum tilvikum opna þær möguleika fyrir hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. menntmrh. til þess að ganga beinlínis aftur á bak í skólamálum svo sem með því sem er ákvæði

hinna nýju brtt. meiri hlutans sem bætist við brtt. frá því fyrir jól að heimila fjölgun nemenda í bekkjardeildum í ákveðnum tilvikum upp í 30. Þess vegna leggjum við til eins og áður að þessum kafla verði í heild sinni vísað til ríkisstjórnarinnar þaðan sem hann er kominn. Og við hvetjum hæstv. menntmrh. eindregið til þess að manna sig upp í að leggja fram þær breytingar á grunnskólanum sem hann vill merkja sér og gera að fána sínum í skólamálum með þeim hætti sem eðlilegt og réttmætt er þ.e. með frv. til laga um breytingar á lögum um grunnskóla en fela þær ekki inni í þessum bandormi ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál. Enda hefur samþykkt þessa hluta frv. sáralítil áhrif á útgjöld ríkisins samanborið við það sem hæstv. menntmrh. ætlar sér í formi hins flata niðurskurðar og bundið er í fjárlögum. Þá hverfa nánast þær tölur sem hér eru á ferðinni og einfalt að afgreiða þetta með þeim hætti.

Minni hluti menntmn. hefur skilað ítarlegu áliti til efh.- og viðskn. Það minnihlutaálit er prentað með frhnál. minni hluta efh.- og viðskn. og munu talsmenn stjórnarandstöðunnar í menntmn. gera frekari grein fyrir ákvæðum þess. Ég sé því ekki ástæðu til, herra forseti, að fara ofan í þau en vek athygli þingmanna á fylgiskjölum með nál. minni hluta menntmn. Þar koma fram margar mjög athyglisverðar upplýsingar frá Kennarasambandi Íslands, samtökunum Samfok og upplýsingar úr fjölmiðlum þar sem birt eru orðrétt viðtöl við hæstv. menntmrh. Þar er aðallega til umfjöllunar sá mikli niðurskurður í skólakerfinu sem hæstv. menntmrh. er að vandræðast með og á handahlaupum undan í fjölmiðlunum þessa dagana. Ég treysti því að gerð verði ítarleg grein fyrir þessu af talsmönnum stjórnarandstöðunnar í menntmn. En ljóst er að ef öll áform hæstv. ríkisstjórnar ná fram að ganga verða mikil tíðindi í skóla- og menntamálum á þessu ári. Og satt best að segja hryggilegt að í velferðarríkinu Íslandi skuli menn standa frammi fyrir slíkum áformum á því herrans ári 1992.

Hæstv. forseti, tímans vegna sleppi ég því að fjalla um þær greinar frv. sem ræddar voru í framsögu og í nál. minni hlutans fyrir jól eins og ákvæðin um breytingu á jarðalögum, um stjórn fiskveiða, kosningar til Alþingis og fleira því um líkt þar sem engin ný tíðindi hafa orðið. Ég vísa til þess nál. og þeirra umræðna og framsöguræðu sem þá voru flutt.

En ég ætla að staldra lítillega við 9. og 10. gr. frv. sem lúta að ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota. Þar eru ekki lagðar til nýjar breytingar en það kom nokkuð til umræðu í efh.- og viðskn. m.a. vegna þess að á nýbyrjuðu ári komu aðilar vinnumarkaðarins á fund nefndarinnar og höfðu fram að færa endurtekin og ítrekuð mótmæli við ákvæðum þessara greina. Rétt er að rifja það upp fyrir hæstv. alþingismönnum að þessi ríkisstjórn gjaldþrotanna, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., sem hefur gert gjaldþrotin að fána efnahagsstefnu sinnar eins og kunnugt er, er samtímis því að styðjast við gjaldþrotin sem sitt helsta efnahagsúrræði að leggja til að ríkið hætti þátttöku eða svo gott sem í greiðslum launa til fólksins sem missir ekki bara laun sín heldur og vinnu þegar fyrirtæki verða gjaldþrota úti í þjóðfélaginu. Um alllangt árabil hefur tryggingakerfi verið við lýði sem ríkið hefur kostað. Það er hinn sameiginlegi sjóður landsmanna sem tryggir að starfsfólk sem verður fyrir því að vinnuveitandi þess verður gjaldþrota og skuldar því laun þegar þrotabúið á ekki fyrir launum eða mörg ár tæki að fá það uppgert og kemur þá til sögunnar sérstök ábyrgð ríkisins og laun þessa fólks eru greidd upp að vissu marki innan tiltekins ramma alllangt aftur í tímann. Þetta fyrirkomulag, að tryggja rétt launafólks með þessum hætti, er nánast orðið regla í öllum þróuðum ríkjum og reyndar komið inn í alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. En hæstv. ríkisstjórn ætlar að kippa að sér hendinni á þessu ári og velta öllum byrðum af þessum hlutum yfir á atvinnulífið, fyrirtækin og launafólkið. Það er mat aðila vinnumarkaðarins að launagreiðslugeta eða kaupmáttur launa verkafólks, skerðist allverulega af þessum sökum. Og til viðbótar verða þessi réttindi stórlega takmörkuð t.d. sá tími sem ábyrgðin nær til verður væntanlega styttur úr sex mánuðum niður í þrjá og fleira þar fram eftir götunum. Það þarf ekki að sökum að spyrja að aðilar vinnumarkaðarins sem þessa dagana eru að reyna að koma af stað viðræðum um kaup og kjör taka því næsta þunglega að fá slíka kveðju frá ríkisstjórninni einmitt núna. Maður skilur ekki hvað vakir fyrir þeim sem leggja slíkt til í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í þessu máli í ljósi þess að gjaldþrotum fer fjölgandi, að kjarasamningar eru lausir og að kaupmáttur hefur verið að skerðast í landinu. Í raun og veru er sama hvar á málið er litið, jafnfráleit er þessi málafylgja hæstv. ríkisstjórnar.

Við þetta bætist svo að nýjustu tölur um atvinnuleysi eru harla dökkar. Atvinnuleysi fer því miður mjög vaxandi og í desembermánuði sl. var það hið mesta sem verið hefur á sama árstíma um áratugaskeið. M.a. í mínu kjördæmi og hv. þm. Norðurl. e. sem stendur þarna í dyrunum þar sem þetta ástand er mjög alvarlegt. Hvað segir það okkur? Jú, það segir okkur að í mjög mörgum tilvikum því miður bíður ekkert nema atvinnuleysi þess fólks sem missir vinnu sína vegna gjaldþrota fyrirtækja. Við akkúrat þær aðstæður á vinnumarkaðinum velur hæstv. ríkisstjórn sér að gera árás á réttindi og stöðu launamanna á vinnumarkaði. Þetta er mjög myndarlegt og ég er viss um að hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbjörn Gunnarsson, er stoltur af því að þetta skuli vera eitt af fyrstu málum hæstv. ríkisstjórnar í þingmannstíð hans sem hann fær að styðja. Við í minni hlutanum ítrekum mótmæli okkar við þessum ákvæðum. Við vörum hæstv. ríkisstjórn við því að lögfesta þessi ákvæði við núverandi aðstæður varðandi kjarasamninga og á vinnumarkaði og fordæmum að þarna skuli ráðist á garðinn.

Í þriðja lagi, herra forseti, ætla ég að víkja að 12. gr. frv. sem fjallar um breytingu á lögum nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun. Þar er að sönnu ekki heldur lögð til breyting á frv. í brtt. sem fyrir þinginu liggja en nýjar upplýsingar hafa borist efh.- og viðskn. um efni þessara greina og einkum 12. gr. frv. en þær eru á þann veg að gagnstætt því sem látið var í veðri vaka er

ekkert samkomulag við sveitarfélögin um að þau taki nú á sig einhliða skuldbindingu til að greiða 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar einustu félagslegrar íbúðar sem keypt er inn í hið félagslega kerfi eða byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Það var látið í veðri vaka að um þetta væri samkomulag við sveitarfélögin. Okkur í efh.- og viðskn. lék þess vegna hugur á að fá það staðfest hvort svo væri eða ekki. Við óskuðum eftir bréflegri staðfestingu frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga á því að gert hefði verið samkomulag við sveitarfélögin um þetta efni. Svarið kom skýrt og afdráttarlaust að svo væri ekki. Og hafi menn haft ástæðu til að ætla það þá þarf ekki frekari vitnanna við en umfjöllun sambandsstjórnar sveitarfélaga á fundi sínum 13. des. sl. því þar gerði framkvæmdastjórn sambandsins grein fyrir þessu máli og hvernig samráði ríkisvaldsins við sveitarfélögin hefði verið háttað með eftirfarandi orðum. Með leyfi forseta les ég upp úr bréfi framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga sem efh.- og viðskn. Alþingis barst af þessu tilefni:

„Forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga komu í haust á fund félmrh. þar sem óskað var eftir samráði við sambandið varðandi aukna kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í byggingarkostnaði félagslegra íbúða. Þar var gert ráð fyrir að kostnaðaraukinn næmi 3,5% af byggingarkostnaði félagslegra íbúða til viðbótar því 10% láni er sveitarfélög veita Byggingarsjóði verkamanna. Rætt var um að aukin kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna næmi um 128 millj. kr. miðað við byggingu 600 félagslegra íbúða á ári. Á fundi stjórnar sambandsins þann 13. des. sl. lá nánari útfærsla þessa máls ekki fyrir í formi lagafrv. En málið var kynnt þar með sama hætti og á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga 18. nóv. sl. Þar gerði Þórður Skúlason grein fyrir málinu og sagði eftirfarandi orðrétt á þessum opna fundi:

„Þessi hugmynd hefur verið kynnt fyrir forsvarsmönnum sambandsins og þá í því formi að sveitarfélögin féllu frá innheimtu gatnagerðargjalds af félagslegum íbúðum eða tækju á sig 3,5% kostnaðarhlutdeild í byggingum með öðrum hætti."

Sambandið hefur ekki tekið neina afstöðu til þessara hugmynda enda ekki formlega eftir því leitað. Í framhaldi þessa var ekki um frekara samráð að ræða varðandi málið enda hafa samskipti ríkis og sveitarfélaga tekið aðra stefnu að undanförnu." Síðan endaði framkvæmdastjóri sambandsins bréf sitt á því að skora enn og aftur á Alþingi að fella niður 600 millj. kr. álögur á sveitarfélögin í formi löggæsluskatts sem á að setja á þau án nokkurs samráðs.

Þetta staðfestir svo ekki þarf frekari vitnanna við að ekkert samkomulag er um þetta atriði og þarna er því um að ræða enn eina atlöguna að sveitarfélögum í landinu, einhliða íþyngjandi ákvörðun sem hæstv. ríkisstjórn er hér að leggja til við Alþingi að fallast á. Það er mikill skaði, hæstv. forseti, að félmrh. skuli ekki vera genginn í þingsalinn því að sannarlega er þetta mál sem varðar hæstv. félmrh. og þau verða fleiri hér á eftir í þessu frv. sem óhjákvæmilegt er að ræða við hæstv. félmrh. Mér þætti ástæða til að forseti kannaði hvar hæstv. félmrh. heldur sig á hnettinum á þessari stundu og hvort hæstv. ráðherra á langt til þings. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er í húsinu samkvæmt töflu forseta og forseti hefur þegar látið vita af því að hæstv. ráðherra sé óskað hér.) Það væri nú fróðlegt, hæstv. forseti, að gera könnun meðal ráðherranna um það hvort þeim er eitthvað sérstaklega illa við þingsalinn. Það er eins og þeim líði svo illa í þessum húsakynnum að þeir tolli hér aldrei stundinni lengur. (**Forsrh.:** Þeir sitja nokkuð vel núna miðað við þingmenn.) Ja, það er nú spurning. Eru ekki ráðherrar um sjötti hlutinn af þinginu? Þeir ættu því að vera hér nokkrir miðað við þingmenn.

Herra forseti. Ég tel að sérstök ástæða sé til að vekja athygli alþingismanna á því ákvæði sem hér er á ferðinni í 12. gr. frv. Svo ótrúlega vildi til þegar fulltrúar minni hluta efh.- og viðskn. fóru að skoða þetta ákvæði, ræða það og spyrjast fyrir um það lá til að mynda enginn skilningur fyrir á því hvort um væri að ræða afdráttarlausa kvöð á sveitarfélögin að greiða þessi 3,5% í allar félagslegar íbúðir án tillits til þess hver byggði þær eða hvort eingöngu væri um að ræða þann huta félagslega íbúðarhúsnæðisins sem er á vegum sveitarfélaganna sem framkvæmdaraðila. Það reyndist t.d. nauðsynlegt að fá úr því skorið með viðtölum við félmrn. og Húsnæðisstofnun hvað fyrir mönnum vekti í þessum efnum. Rétt er að það komi fram að forsvarsmenn húsnæðismála hjá Reykjavíkurborg mótmæltu þessu ákvæði. Enda varðar það Reykjavíkurborg allmiklu því að hér er drjúgur hluti allra félagslegra íbúðarbygginga í landinu. Þá hafa hv. alþm. það sem sagt svart á hvítu samkvæmt þessum upplýsingum að annars vegar er um að ræða einhliða íþyngjandi ákvæði sem ríkisstjórnin leggur til að sveitarfélögin verði skylduð til að taka á sig og nemur útgjöldum fyrir þau upp á um 120 millj. kr. að talið er og hins vegar er um það að ræða að sveitarfélögin eru skylduð til að greiða 3,5% af kostnaðarverði hverrar einustu íbúðar í félagslega kerfinu án tillits til þess hver byggir hana. Með öðrum orðum, þó að til að mynda algerlega óviðkomandi félagasamtök byggi svona íbúðir sem sveitarfélögin hafa ekkert yfir að segja þá skulu þau eftir sem áður greiða 3,5% af kostnaðaverði íbúðanna. Nú vil ég taka fram til að forða misskilningi að yfirleitt eru þessar íbúðarbyggingar af hinu góða og það er svo sem ekki ástæða til að ætla annað en að sveitarfélögin séu velviljuð samtökum eins og Búseta, Félagsstofnun stúdenta eða öðrum slíkum sem ráðast í íbúðarbyggingar fyrir sína félagsmenn en það er ákveðin spurning hvort það er eftir sem áður eðlilegt að lögfesta svona atriði með þessum hætti þegar það ofan í kaupið er gert án samkomulags við sveitarfélögin. Sveitarfélögin eru þvinguð til að leggja fram þessar greiðslur jafnvel til óskyldra aðila hvað sem tautar og raular með þessu ákvæði án þess að samkomulag sé um það við þau.

Það gleður mig stórlega að hæstv. félmrh. skuli sjá sér fært að vera hér í þingsalnum um stund og ég vænti þess að hæstv. félmrh. séu ljós efni þeirra ákvæða sem ég er hér að ræða. Það varðar 10. og 11.

gr. frv., bandormsins, hæstv. félmrh., og ég var að veita hv. alþm. upplýsingar um að samkvæmt bréflegum gögnum, sem efh.- og viðskn. hefur, var ekkert samkomulag við sveitarfélögin um þetta atriði. Sömuleiðis var staðfestur sá skilningur sem nauðsynlegt er að liggi alveg ljóst fyrir og félmrh. ætti að leiðrétta ef ekki er réttur af minni hálfu að þetta ákvæði feli í sér fortakslausa kvöð á sveitarfélögin að leggja fram þessi 3,5% í allar félagslegar íbúðir án tillits til þess hver byggingar- eða eignaraðilinn er. Þetta var sá skilningur sem var upplýstur í nefndinni og nauðsynlegt er að enginn vafi leiki á því.

Ég vil svo að endingu um þetta atriði taka fram að eins og ég hef áður sagt tel ég fulla ástæðu til að ætla að sveitarfélögin hefðu verið velviljuð því að leggja þarna sitt af mörkum og jafnvel verið tilbúin að gera um það samkomulag ef komið hefði verið fram við þau á sæmilega heiðarlegan hátt og átt við þau eðlileg samskipti um þessi mál og önnur á undanförnum vikum. En svo var ekki enda kemur það skýrt fram í bréfi framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga og reyndar í fleiri bréfum frá stjórn sambandsins að öll hafa þessi samskipti þróast á hinn versta veg nú að undanförnu.

Að lokum í framhaldi af þessu og með þessum rökstuðningi þá leggjum við til að þessum kafla frv., um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun, verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar og hún taki húsnæðismál til skoðunar með öðrum hætti en hér er á ferðinni. Mörg önnur rök mætti færa fyrir því að gera svo en ætla ég tímans vegna ekki að halda hér út í umræður um stöðu húsnæðismálanna almennt eins og ástandið varðandi húsbréfin og afstöðu hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum, illdeilurnar sem verið hafa uppi innan ríkisstjórnar og milli ríkisstjórnar og Seðlabanka um þau mál o.s.frv. Allt er það kunnugt og bíður síns tíma að taka á þeim hlutum.

Þá ætla ég, hæstv. forseti, að ræða næst í fjórða lagi eitt aðalefni þessa frv. og sérstaklega þó þeirra brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt hér fram í framhaldi af ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar og lúta að breytingum á lögum um almannatryggingar. Í bréfi frá hæstv. forsrh. þann 7. jan. sl. bárust inn í efh.- og viðskn. hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um skerðingu á grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega. Að vísu var ljóst að eitthvað af þessu tagi var í vændum frá hæstv. ríkisstjórn því að í fjárlagafrv. hafði verið boðað að spara skyldi allnokkurn pening í almannatryggingakerfinu en útfærslan á þeim hugmyndum kom fyrst fram í dagsljósið með bréfi hæstv. forsrh. frá 7. jan. Þær eru á þann veg að þennan sparnað á allan að hafa með því að skerða grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, þó þannig innan örorkulífeyrisþegahópsins að þær tekjur sem af skerðingunni leiða ganga til útjöfnunar innan hópsins. Með öðrum orðum er skerðing hjá tekjuhærri örorkulífeyrisþegar og þeir fjármunir færast yfir til þeirra sem lægri eða engar hafa tekjurnar.

Þarna er brotið blað í sögu almannatrygginga á Íslandi því að lengst af hefur þessi hluti greiðslnanna verið án tekjutengingar og það er kunnugt að talsmenn Samtaka aldraða líta á þennan grunnlífeyri sem áunninn rétt í reynd sem þar með sé ef ekki beinlínis lögformlega óheimilt að skerða þá í öllu falli siðlaust eins og formaður Samtaka aldraða í landinu hefur margítrekað sagt á undanförnum dögum í fjölmiðlum. Þar er vísað til þeirrar staðreyndar að um áratugaskeið hefur verið innheimt af þeim sem nú eru á ellilífeyristökualdri sérstakt iðgjald til að mæta kostnaði hins opinbera af greiðslu grunnlífeyris.

Ég ætla ekki að taka afstöðu til þessarar deilu enda hef ég ekki forsendur til þess. Ljóst er að deilan er studd þeim ákveðnu rökum af hálfu talsmanna aldraða að með greiðslu iðgjaldsins um áratuga skeið, sem hefur sérstaklega verið merkt kostnaði ríkisins vegna þessara útgjalda, hafi myndast a.m.k. siðferðislegur réttur til þessa lífeyris. En að sjálfsögðu veigrar ríkisstjórnin sér ekki við að svipta burtu þessum réttindum af þúsundum aldraðra í landinu og verður svo sannarlega ekki sagt að ríkisstjórnin sé að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur, a.m.k. ekki í efnahagslegu tilliti þessa dagana, hæstv. heilbr.- og trmrh.

Það ber að taka það fram að við skoðun bæði í heilbr.- og trn. og í efh.- og viðskn. hefur tekist að lagfæra fáein atriði svo sem að setja fyrir það að skerðing þessara grunnréttinda muni sjálfkrafa svipta menn ýmsum öðrum tengdum bótum en eins og málið var fram lagt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar var það slík hrákasmíð að t.d. hefðu þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem áttu að fá skertan grunnlífeyri einnig misst barnalífeyri. En það tókst í nokkrum tilvikum að lagfæra slíka augljósa fingurbrjóta í frv. Hitt er svo öllu alvarlegra að við skoðun nefnda á málinu komu fjölmörg álitamál skýrt fram í dagsljósið. Framkvæmd skerðingarákvæðanna er geysilega erfið og vandasöm og flækir almannatryggingakerfið til mikilla muna þar sem ofan á allt annað sem áður þurfti að reikna út og skoða bætist nú við að taka þarf til skoðunar nánast á persónulegum grundvelli skattframtal hvers einasta elli- og örorkulífeyrisþega og reyna þar að lesa út úr því með hvaða hætti skuli skerða grunnlífeyri hans ef slíkt kemur til. Það þarf auðvitað ekki frekari vitnanna við um það hvað verið er að gera. Inn í þá gatslitnu almannatryggingalöggjöf sem hefur sárlega þarfnast heildarendurskoðunar um árabil á enn að bæta þessum flækjum. Enda fórna þeir menn höndum sem eiga að standa að framkvæmd málsins og tekur alveg steininn úr þegar það var svo upplýst í nefnd — hæstv. heilbr.- og trmrh., ef það væri hugsanlega hægt að fá eitt viðtalsbil. (**Heilbrrh.:** Það er dýrt.) Svona innanbæjarsímtal við hæstv. ráðherra og hæstv. fjmrh. fyndi sér eitthvað annað sér til skemmtunar en að ræða við vin sinn, hæstv. heilbr.- og trmrh. nákvæmlega meðan verið er að fjalla um þessi ákvæði almannatryggingalöggjafarinnar. Er fallist á það? Á ég að taka höfuðhreyfingar hæstv. heilbrrh. þannig? (**Fjmrh.:** ...ekki til skemmtunar.) Nei, ég veit það, hæstv. fjmrh., það er ekki til skemmtunar að ræða við heilbr.- og trmrh., ég biðs forláts, það var mjög misráðið af mér að láta mér detta það í hug.

En ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv.

heilbr.- og trmrh. geri okkur grein fyrir því í þinginu hvernig hann hyggst standa að framkvæmd þessara mála. Í fyrsta lagi óska ég eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. svari því hvers vegna var ekki haft samband við Tryggingastofnun ríkisins við undirbúning málsins. Hvað á það að þýða að ráðast í svona tiltektir, ef svo má að orði komast eða hitt þó heldur, í tryggingalöggjöfinni og hafa ekki um það hið minnsta samráð við Framkvæmdastofnun ríkisins á þessum sviðum? Hefur hæstv. heilbrrh. aldrei lesið lögin sem kveða m.a. á um verksvið Tryggingastofnunar, til hvers hún er rekin? Hefur hæstv. heilbrrh. einhvern veginn fengið þann skilning inn í höfuðið að hún sé einhver sérstök skítverkastofnun til þess eingöngu að framkvæma þau hervirki sem hæstv. ráðherra stendur nú fyrir í tryggingamálum?

Staðfest er svo ekki verður um deilt að ekkert samráð var haft við Tryggingastofnun við undirbúning málsins. Síðan koma talsmenn Tryggingastofnunar á fund heilbr.- og trmn. og efh.- og viðskn. og bera sig sáran undan því hvernig í ósköpunum þeir eigi að fara að því að framkvæma þessa vitleysu. Þeir telja sig þurfa stórkostlega aukinn mannafla til þess að geta það og þeir biðjast undan því að framkvæmdin hefjist fyrr en a.m.k. 1. mars. Það þýðir ekki fyrir hæstv. heilbrrh. að neita þessum staðreyndum, þær liggja fyrir. Annaðhvort er hann að bera það upp á nefndarmenn í heilbr.- og trn. og efh.- og viðskn. að þeir séu að ljúga eða hæstv. heilbrrh. ætli að setjast niður og hætta að hrista höfuðið. Því að þar kom skýrt fram að í fyrsta lagi telur stofnunin sig þurfa aukinn mannafla og fyrir því liggja bréf, hæstv. ráðherra, og í öðru lagi telja þeir nánast óframkvæmanlegt að hefja framkvæmd á þessum skerðingum fyrr en í fyrsta lagi 1. mars. Hvað gerði hæstv. heilbrrh. þá? Hann kallaði mennina til fundar og sagði: Þið gerið þetta samt. Og þetta byrjar 1. febr.

Og svo komu þessir lúbörðu opinberu starfsmenn, sem eiga í vændum sérstaka lögreglu yfir höfði sér frá ríkisstjórninni til fundar við nefndina og sögðu: Ja, þetta er bara eins og í hernum. Það er gefin skipun og við hlýðum, hvort sem við getum það eða getum það ekki. Þetta verður framkvæmt hvort sem það er hægt eða ekki hægt. Heilbrrh. er búinn að segja það. Punktur, málið afgreitt. (**Gripið fram í:** Hershöfðingi.) Það er auðvitað hárrétt sem hér er kallað fram í, auðvitað starfar hæstv. heilbrrh. miklu líkar því að hann væri hershöfðingi í einhverjum miðaldaher þar sem minnsta refsing var að höggva af mönnum höndina og næsta refsing var að höggva af mönnum hausinn. Dómskerfið og réttarkerfið var ekki flóknara í hernum á þeim tíma. Hæstv. heilbrrh. starfar í þessum anda. Hann kallar starfsmenn sína sem eru með faglegum rökum að reyna að koma vitinu fyrir ráðherra og aðra sem hlut eiga að máli inn á teppið og segir: Þið gerið þetta samt, hvort sem það er hægt eða ekki hægt.

Ég bið hæstv. heilbrrh. að upplýsa það í ræðustól á Alþingi að þessir aumingja starfsmenn, þessi hrjáðu menn sem þarna eiga hlut að máli, hafi farið með rangt mál. Ég ætla að lesa fyrir hæstv. heilbrrh. bréf sem fjallar um þetta efni úr því að hann er svona vantrúaður á að verið sé að fara með rétt mál. Við óskuðum eindregið eftir því þrátt fyrir nauman tíma að Tryggingastofnun reyndi að leggja á það mat hvaða áhrif þetta hefði á starfsemi stofnunarinnar og hvað þyrfti til að framkvæma áform ríkisstjórnarinnar um skerðingu á grunnlífeyri. Við fengum bréf frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisdeild, dags. 14. jan. 1992 og segir þar:

„Í framhaldi af umræðum í dag varðandi framkvæmd lífeyristrygginga, ef fyrirhugaðar lagabreytingar á lögum nr. 67 frá 1971 ná fram að ganga, vil ég taka fram eftirfarandi varðandi þörf á auknu starfsliði.

Ráða þarf tvo starfsmenn í sex mánuði að mínu mati vegna þessa.

Virðingarfyllst, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisdeild, Hilmar Björgvinsson."

Ég ætla að upplýsa það hér og ég tel mig hvorki brjóta þar trúnað né segja rangt frá að bréfið er hógvært miðað við það sem efh.- og viðskn. mátti skilja á máli talsmanna Tryggingastofnunar þegar þeir lýstu sínum sjónarmiðum munnlega í þessum efnum. Hér eru að sjáfsögðu á ferðinni samviskusamir og hollir og trúir embættismenn sínum yfirboðara og hershöfðingja, hæstv. heilbrrh., og taka greinilega eins vægt til orða og þeir samvisku sinnar vegna geta. Efh.- og viðskn. hefur svo sannarlega ástæðu til að ætla að þetta sé vægt að orði komist varðandi þau vandkvæði sem framkvæmd þessara mislukkuðu óþurftarákvæða um skerðingu á ellilífeyri og örorkulífeyri hafa í för með sér fyrir framkvæmdaraðilann Tryggingastofnun ríkisins.

Svo er auðvitað upplýst að stofnuninni er að sjálfsögðu bannað að ráða nýja menn, algjörlega hreint „Berufsverbot". Og það er bannað að vinna yfirvinnu. Sjái menn nú í anda þetta aumingja starfsfólk sem fær síðan gamla fólkið til viðtals við sig tugum og hundruðum saman og á að standa með blóðugan niðurskurðarhníf hæstv. heilbrrh. í hödnunum og rífa af þessu fólki bæturnar. Því er bannað að vinna yfirvinnu, bannað er að bæta við mannafla til að framkvæma skítverkin. Nú verður herstjórnin ekki fullkomnari en þarna ber raun vitni hjá hæstv. heilbrrh.

Ég geri ráð fyrir því, hæstv. forseti, að nefndarmenn í heilbr.- og trn. geri betur grein fyrir hinum beinu áhrifum skerðingarákvæða ríkisstjórnarinnar. Það er alveg ljóst að hér eru á ferðinni stórkostlega alvarlegar breytingar á högum aldraðra í landinu og þetta mun enn auka á aðstöðumun aldraðra eftir því hvernig eða hvort þeir hafa einhverjar tekjur. Ég hygg að mat allra þeirra sem þessi mál hafa skoðað sé að það versta við breytinguna sé að það eru eingöngu launatekjur aldraðs fólks og reyndar öryrkja sem koma til skerðingar á grunnlífeyri. Launatekjur upp á nokkra tugi þúsunda króna geta svipt þetta fólk með öllu þessum réttindum, áunnum að það telur, en á sama tíma er ekki hróflað við greiðslu grunnlífeyris þó að menn hafi margfaldar tekjur, jafnvel hundruð þúsunda króna, í fjármagnstekjur, eignatekjur eða frá lífeyrissjóðum. Það liggur auðvitað í hlutarins eðli að þetta mun auka enn á aðstöðumun aldraðs fólks í landinu. Ekki er

hróflað við högum eignastéttarinnar, forréttindastéttarinnar, frekar en venjulega. En það aumingja gamla fólk sem er að reyna að drýgja tekjurnar eitthvað og finnst kannski eins og fleirum að það sé erfitt að lifa af 60 þús. kr. á mánuði af almannatryggingunum einum og bótunum sem þeim fylgja og freistast þess vegna til þess að fara út á vinnumarkaðinn og reyna að lagfæra aðeins sína stöðu með því. T.d. verður opinberum starfsmönnum, sem er gert að hætta á vinnumarkaðnum við sjötugsaldur, alveg sérstaklega refsað með þessum breytingum fyrir það. Auðvitað er verið að ýta þessu fólki út af vinnumarkaðnum. Það er verið að hvetja það til að hætta vegna þess að það hafi svo sem ekkert upp úr því að vera að vinna einhver nytsöm störf sem valdi eingöngu skerðingu á lífeyri þeirra á móti.

Eitt af því sem við, minni hlutinn í efh.- og viðskn., létum taka saman fyrir okkur og er á bls. 12 í nál. minni hlutans var tafla um jaðarskattsprósentur þessa fólks. Svo ganga menn um með þann misskilning að á Íslandi sé ekki nema 40% skattur af tekjum eftir að persónufrádráttur hefur verið að fullu nýttur. Svo er ekki. Það er algjör misskilningur. Jaðarskattsprósenturnar eru öllu skrautlegri þegar í hlut eiga elli- og örorkulífeyrisþegar. Hvernig eru þær? Þær eru þannig að fyrstu 5.215 krónurnar sem einhleypur ellilífeyrisþegi fær í laun — vel að merkja fyrir vinnu sína, ekki ef hann á skuldabréf eða eignir — skerða bætur hans um 100%, jaðarskattsprósentan er 100%. Það er ekki mjög hvetjandi fyrir einhleypan ellilífeyrisþega sem fær fullar bætur og heimilisuppbót að fara út á vinnumarkaðinn og vinna a.m.k. ekki fyrir 5.215 krónunum því að þær eru allar teknar af honum, hver ein og einasta. Við gætum hugsað okkur að þetta væri t.d. smávægileg þóknun fyrir nefndarstörf eða fundasetur ef aldraður og reyndur maður vildi taka að einhverju leyti þátt í einhverri starfsemi og fyrir það væri greidd smávægileg þóknun. Það eru vinnulaun. Og fyrstu 5.215 krónurnar hverfa jafnharðan gegnum 100% skattlagningu. Maður þakkar eiginlega fyrir að það skuli ekki vera svona 105% þannig að hann þurfi að borga með sér. Það væri eiginlega bara næsta skref hjá mönnum að gera það.

Að vísu skal taka fram til þess að halda öllu til haga að þetta er ekki nýtt ákvæði. Svona hefur þetta verið því miður um þennan hluta skattbilsins en afrek hæstv. ríkisstjórnar koma hér aðeins aftar og nýja skattprósentan hennar sem verður auðvitað lengi uppi. Síðan er það svo að enginn skattur er frá næstu krónum, frá 5.215 og upp að 16.280. Þeirra tekna njóta menn í þessu tilliti án skattlagningar. En þar með er það líka búið og breytir nú heldur um því að frá 16.280 kr. og upp í 20.630 í launatekjur á hverjum mánuði er skattprósentan 60%. Þá versnar enn í því að frá 20.630 og upp í 65.847 eru 76%, rúmlega þrjár krónur af hverjum fjórum, teknar af því fólki sem þarna dirfist að ætla að laga stöðu sína eða drýgja tekjur sínar með vinnulaunum. Og er þá svo komið að jafnvel frændur okkar Svíar, sem lengi áttu og eiga kannski enn heimsmet í skattlagningu í þessu efni, komast sennilega ekki með tærnar þar sem við höfum hælana. Vegna þess, hæstv. heilbrrh., að hér er ekki hátekjufólk á ferð, eða hvað? Er þetta hátekjuskatturinn sem mikið hefur verið rætt um? Er hann fundinn þarna hjá hæstv. ríkisstjórn og hún nú búin að reka af sér slyðruorðið og hafi tekið til við að leggja á hátekjuskatt á Íslandi? Og hafi fundið til þess breiðu bökin, gamla fólkið og öryrkjana?

Á tekjubilinu 65.847 og upp í 114.339 á mánuði hverjum eru síðan teknar 55%, rúmlega önnur hver króna, af því fólki sem reynir að laga stöðu sína með vinnulaunum. Þá fyrst kemst þetta fólk niður á sömu skattprósentu og aðrir landsmenn. Sem sagt þegar það er komið með yfir 114 þúsund krónur í tekjur færist skattprósentan niður í þau 40% sem aðrir landsmenn búa við.

Nei, herra forseti, hér eru auðvitað svo ótrúlegir hlutir á ferðinni að maður er satt best að segja alveg gáttaður, ég segi nú ekki orðlaus því það kemur sjaldan fyrir ræðumann, en gáttaður er ég. Og ég held að ástæða sé til að teikna upp þennan skemmtilega feril um jaðarskattprósentuna á ellilífeyrisþegana og hafa hann til sýnis á almannafæri. Í raun og veru er það svo að þarna hefur verið tekið upp ákveðið hátekjuskattþrep en bara á lágtekjufólk að vísu. Og það er kostuleg niðurstaða í þessu máli að hátekjuskattþrepið skyldi lenda á lágtekjufólki.

Nú, herra forseti, ég ætla, áður en ég hverf frá þessum kafla um tryggingamálin, sem út af fyrir sig væri hægt að ræða vikum saman svo kostulegur er hann, að víkja lítillega að einni stétt sem fær alveg sérstaka útreið þarna og hefur reyndar í fleiri tilvikum orðið sérstaklega fyrir barðinu á hæstv. ríkisstjórn. Það væri gaman að vita hvort þeir væru hér á staðnum, hv. 16. þm. Reykv. Guðmundur Hallvarðsson og hv. núv. sitjandi 1. þm. Vestf. Guðjón A. Kristjánsson. Þessir menn eru báðir trúnaðarmenn í samtökum sjómanna, hæstv. forseti. Ég óska eftir því að þeim verði a.m.k. gert aðvart um að ég ætli að ræða hér málefni sjómanna. Það er ekkert ólíklegt að þeir hafi einhvern áhuga á þeim málum þar sem í hlut eiga formaður Sjómannafélags Reykjavíkur og formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Mér finnst það alveg sjálfsagt mál að þeir verði látnir vita af því að hér standi til að ræða málefni sjómanna ef forseti vildi vera svo vænn.

Það kemur að sjálfsögðu í ljós, sem menn hefðu mátt segja sér fyrir og voru reyndar furðu lengi að uppgötva, samanber hversu seint umræða fór af stað um hlut sjómanna í þessu máli, að þeir eru sú stétt sem verður auðvitað alveg sérstaklega fyrir barðinu á þessari skerðingu vegna þess að sjómenn, einir allra stétta, hafa rétt til að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur. Þeir geta þá, með sama hætti og aðrir landsmenn við 67 ára aldur, sent inn umsókn um að þeir ætli sér að hefja töku lífeyris og nýta sér þau réttindi sem þeir hafa hingað til notið í þeim efnum. En þessi réttindi verða í reynd nánast afnumin með þessari skerðingu, í reynd verður það svo „de facto", hæstv. heilbrrh., þó að „de jure" verði það ekki. Þannig er það og auðvitað er það reyndin sem skiptir hér máli. Og hún verður sú sam-

kvæmt upplýsingum sem nefndir þingsins hafa fengið, óhrekjanlegar, að í reynd verður þetta nánast afnumið hjá um 500 sjómönnum. (**Heilbrrh:** Nei, ekki alveg.) Skert verulega hjá flestum þeirra og afnumið reyndar hjá mjög mörgum. Um það ætla ég að birta hæstv. heilbrrh. upplýsingar hér á eftir af því að ég veit að hann hefur þær ekki. (**Heilbrrh:** Jú, jú.) Af því að það var efh.- og trn. sem aflaði þeirra og dró þær fram í dagsljósið með viðtölum við talsmenn sjómanna og lífeyrissjóði sjómanna. Og það hafði enginn gert fram að þeim tíma, hæstv. heilbrrh., vegna þess að plöggin eru dagsett í framhaldi af þeim fundum sem heilbr.- og trn. og efh.- og viðskn. áttu með þessum aðilum.

Nefndin fékk til viðtals við sig þá Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og einnig Árna Guðmundsson forstöðumann Lífeyrissjóðs sjómanna. Það kom mjög skýrt fram að þessar breytingar munu hitta þorra sjómanna á lífeyristökualdri mjög þungt af þeim ástæðum að verulegur hluti þeirra hefur einhverjar launatekjur sem eðlilegt má telja og nánast liggur í hlutarins eðli að menn sem eru um sextugt eða lítið yfir sextugt munu, eftir því sem þeir geta, reyna að bæta stöðu sína með vinnu á vinnumarkaðnum. Og svo kemur annað til sem mönnum virðist hafa yfirsést í þessu efni en skiptir auðvitað miklu máli og það er að lífeyrisréttindi sjómanna eru ákaflega misjöfn og í mjög mörgum tilvikum bágborin. Það þýðir að sjómenn hafa ekki með sama hætti og fjölmargar aðrar stéttir umtalsverðar lífeyristekjur sem ekki skerða grunnlífeyrinn. Og nú skal taka það fram til að forða misskilningi að fyrir því ákvæði eru í sjálfu sér mjög sterk rök sem ræðumaður er sammála. Það hefði verið reiðarslag fyrir lífeyrissjóðina ef þessi skerðing til viðbótar öllu öðru hefði dregið úr áhuga manna á því að greiða í lífeyrissjóðina. Þannig að fyrir því eru vissulega rök að tekjur manna úr lífeyrissjóðum valdi ekki sérstaklega skerðingu á grunnlífeyri þeirra. En það þýðir hins vegar að stéttir sem eru misjafnlega settar gagnvart lífeyrisrétti fara mjög illa út úr þessu dæmi. Og þannig er það með mikinn hluta sjómanna.

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að vita hvort þessir hv. þm. sem ég nefndi áðan eru í húsi og geta komið til umræðunnar og einnig væri auðvitað mjög gaman ef hæstv. sjútvrh. væri hér á svæðinu. Þannig háttar til að þessi réttindi sjómanna tengjast auðvitað kjörum þeirra með þeim hætti sem þeir sjálfir segja að þeir hafi litið á sem félagsmálapakka í tengslum við kjarasamninga. (**Forseti:** Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson mun vera hér í húsinu og forseti hefur komið skilaboðum til hans að ræðumaður vildi gjarnan láta hann vita að hann sé að fjalla um mál sem tengjast sjómönnum ef hann hefði áhuga á að hlusta. En hæstv. sjútvrh. mun hafa brugðið sér frá í augnablikinu. Ef hv. þm. hefur áhuga á að fresta ræðu sinni í hálftíma þá er forseti tilbúinn að gera hálftíma matarhlé.) Ja, ræðumaður er auðvitað alveg tilbúinn í hálftíma matarhlé, það stendur ekki á því. Ég teldi það reyndar ágætis hugmynd, hæstv. forseti, ef ég má leyfa mér að hafa skoðun á því. (**Forseti:** Ef forseti má hafa skoðun á því þá finnst honum það líka góð hugmynd.) Eigum við þá ekki bara að sameinast um það? — [Fundarhlé.]

Já, hæstv. forseti, ég var kominn í þann kafla þessa frv. eða brtt. við það sem varða sérstaklega hagi sjómanna. Nánar tiltekið var ég að ræða þá staðreynd að sjómenn verða alveg sérstaklega fyrir barðinu á þessum breytingum og umfram alla aðra hópa sem skapast af því að sjómenn hafa um alllangt árabil haft rétt til þess að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur. Það segja talsmenn sjómanna okkur í efh.- og viðskn. að í augum sjómanna sé litið á þetta ákvæði sem hluta af félagsmálaaðgerðum eða félagsmálapakka, sem svo er stundum nefnt, sem leitt hafi verið til lykta sem hluti af kjaramálum sjómanna og þá með mjög sambærilegum hætti og hinn margræddi sjómannafrádráttur er sem mikið var til umræðu hér á Alþingi skömmu fyrir jólaleyfið þegar rætt var um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þá, eins og kunnugt er, valdi hæstv. ríkisstjórn að gera sjómenn í landinu að alveg sérstökum markhópi í ráðstöfunum sínum og skerti réttindi sjómanna í verulegum mæli. Og varð það eiginlega hreinasti farsi í lokin hvernig að öllu því máli var staðið og það unnið því að ekki færri en þrjár mismunandi útgáfur af skerðingu sjómannafrádráttarins áttu allar að gefa nákvæmlega sömu upphæðina í sparnað hjá ríkissjóði, eða 180 millj. kr.

Fyrstu hugmyndirnar gengu út á að skerða þessi réttindi í mjög ríkum mæli og þau skyldu eingöngu bundin við lögskráningardaga sjómanna. Sjómenn sýndu strax fram á að í þessu fælist skerðing á réttindum sjómanna upp á um hálfan milljarð kr. Og ég hygg þegar betur er að gáð þá hafi sú fullyrðing ekki verið hrakin í raun og veru. Það voru að vísu uppi tilraunir til þess hér af hálfu hæstv. fjmrh. og fleiri aðila að hrekja þessa útreikninga Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins og vélstjóra. En eftir því sem ég gat farið yfir það mál sýndist mér í öllu falli ljóst að útreikningar tekjudeildar fjmrn. voru í þessu efni órafjarri raunhæfu mati. Engu að síður kom inni í forsendur fjárlagafrv. talan 180 millj. sem sparnaður í sjómannafrádrætti ætti að gefa.

Nú, menn fengu einhvern móral og það var farið að krukka í þessi ákvæði og ný tillaga leit dagsins ljós og var flutt hér sem brtt. við 2. umr. málsins. Þessi breyting lagfærði ákvæðin verulega og jók réttindi sjómanna í verulegum mæli umfram það sem frv. sjálft gerði ráð fyrir. Eftir sem áður reiknaði fjmrn. út að þetta gæfi 180 millj. kr. Það hafði ekkert breyst þó að reglurnar sem átti að nota til að skerða réttindi sjómanna hefðu tekið miklum grundvallarbreytingum. Og enn fengu menn móral þegar með útreikningum, sem nánast voru framkvæmdir á hnjánum einn morgun í efh.- og viðskn., var enn sýnt fram á að vegna þess hvernig háttað er reglum um lögskráningardaga sjómanna og vegna þess hversu algengt það er orðið að sjómenn taki sín lögbundnu og samningsbundnu frí og jafnvel að t.d. yfirmenn, vélstjórar og stýrimenn skipti með sér plássum, þrír menn skipti á milli sín tveimur plássum, að þá mundi þetta, þrátt fyrir breytingarnar,

valda umtalsverðri skerðingu hjá fjölda heilsársstarfsmanna í landinu. Það voru enn gerðar breytingar til takmörkunar á þessum skerðingarákvæðum og þeim breytt um heila 15 daga sem sjómenn máttu nú vera skemur lögskráðir en samt halda fullum réttindum. Og hvað skeði? Tekjudeild fjmrn. reiknaði þetta út, enn varð útkoman 180 milljónir. Sem sagt, það skipti engu máli hvaða reglur voru lagðar til grundvallar skerðingunni og hvort sjómenn eða aðrir, sem þetta reiknuðu út, fengu út 500 millj. eða 350 eða 250, tekjudeild fjmrn. fékk alltaf út 180 millj. hvaða reglur sem notaðar voru og það fór inn í fjárlagafrv. Það eru samt 180 millj. Ég rek ekki frekar þessa kostulegu sögu hér en minni á þetta til að leiða að því rök að það er með margföldum hætti búið að ráðast að sjómannastéttinni í þessum ráðstöfunum.

Ég skil það vel, herra forseti, að þeir þingmenn Sjálfstfl., sem gegna trúnaðarmannastörfum fyrir sjómannasamtökin, skuli ekki fást hingað í þingsalinn. Ég óskaði eftir því við forseta fyrir hádegið að þeim, formanni Sjómannasambands Íslands, sem situr hér á Alþingi fyrir Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Reykjavíkur.) Sjómannasambands Reykjavíkur og formanni Farmanna- og fiskimannasambandsins fyrir landið allt, sem sömuleiðis situr hér á Alþingi fyrir Sjálfstfl. og er núv. hv. 1. þm. Vestf., yrði gert aðvart um að verið væri að ræða þessi réttindamál sjómanna við þessa umræðu og óskaði eftir því að þeir kæmu hingað. Annar þeirra var í húsinu en hefur ekki sést hér í salnum af skiljanlegum ástæðum. Auðvitað vilja þeir vera sem lengst í burtu þegar frammistaðan í þessum efnum er rædd. Og þetta er til stórkostlegrar skammar þeim mönnum og þeim flokki sem stundum hefur þóst bera hagsmuni sjómannastéttarinnar og sjávarútvegsins fyrir brjósti og var nú hér á velmektartímum Ólafs Thors talinn alveg sérstakur útvegsmannaflokkur og talið var að fáar stéttir hefðu jafnrík ítök í forustu Sjálfstfl. eins og útvegsmenn, útgerðarmenn og jafnvel sjómenn. Hvar eru þeir í dag? Það sitja hér einhverjir svokallaðir hagsmunagæslumenn sjómannasamtakanna á þingi og þeir sjást ekki í þingsalnum þegar þau mál eru rædd. Þeir lyppast hér inn til að greiða atkvæði með skerðingum á sjómannastéttina og hverfa síðan út sem hraðast. Sjálfsagt verður það eins í þessu tilviki, þó að borðleggjandi sé samkvæmt gögnum, sem eru hér m.a. í þessu nál., að þessi skerðing afnemur nánast þessi sérstöku lífeyrisréttindi sjómanna, að mega hefja töku ellilífeyris við 60 ára aldur sem voru gagngert sett inn sem hluti af félagsmálaráðstöfunum varðandi kjör sjómanna til að auðvelda þeim að koma í land eftir erfið, erilsöm og hættuleg störf á sjó. Eftir 25 ára störf í þágu þjóðarinnar á sjó hafa sjómenn átt þessi réttindi. Þau eru þekkt frá öðrum löndum gagnvart stéttum sem vinna sérstaklega erfið og áhættusöm en þjóðhagslega mikilvæg störf. Dæmi: kolanámumenn og skógarhöggsmenn. Og eina íslenska stéttin sem hefur haft þessa viðurkenningu hefur verið sjómenn. Þetta á „de facto" að afnema hér með þessum breytingum að langmestu leyti. Og ég hlýt auðvitað að óska Sjálfstfl. alveg sérstaklega til hamingju að hinn nýi forsrh. og formaður Sjálfstfl. og arftaki Ólafs Thors skuli nú reisa þennan fána á vegferð sinni á fyrsta vetri sínum sem forsrh. og formaður þessa flokks. Ég minnist þess að hafa einhvers staðar heyrt það eða lesið, kannski í hinni ágætu ævisögu sem skráð hefur verið að Ólafur Thors hafi sagt að eftir því sæi hann einna mest af öllu á sínum stjórnmálaferli að hafa verið á móti vökulögunum. Nú þori ég ekki að fara alveg 100% með hvort þetta er rétt munað en mig rekur til þess minni að þetta hafi verið Ólafur Thors, í öllu falli var það einn af forustumönnum Sjálfstfl.

Ætli það hafi ekki verið vegna þess sem sá mæti maður sagði þetta að hann hafi séð eftir því, og verið nógu stór í stykkinu til þess að viðurkenna það, að það hafi verið mistök af sinni hálfu að standa gegn þessari sjálfsögðu réttarbót fyrir sjómenn sem löngu var orðin tímabær. Ég held út af fyrir sig af því ég nefni vökulögin að ástæða gæti verið til að fara ofan í það hvernig þau eru virt í dag, t.d. um borð í verksmiðjuskipunum en það er annar handleggur. En þetta er þó til marks um það að einhvern skilning höfðu forustumenn Sjálfstfl. á högum sjómannastéttarinnar á þessum tíma og voru líka menn til þess að viðurkenna ef þeim hafði orðið á í messunni í þeim efnum. Hér var ekki til umræðu afturför á því sviði. Hér var ekki til umræðu að rífa réttindi af sjómönnum sem þeir hafa haft. Hér var ekki til umræðu að skerða kjör sjómanna. Nei, hér var til umræðu að bæta starfsskilyrði þeirra og tryggja réttindi þeirra og gera það að verkum að þeir gætu staðið í lappirnar eins og menn gagnvart sínum yfirboðurum á sjónum ef þeir ætluðu að sýna af sér óeðlilega hörku gagnvart þeim hvað vinnuálag snertir.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þessar endurteknu árásir á sjómannastéttina, eins og þær birtast hér, eru auðvitað með ólíkindum. Og ég ætla að upplýsa þá hv. þm. sem hér eru inni um að það er tæknilega auðvitað enginn vandi að koma þannig fyrir málum að þessi sérstöku réttindi sjómanna á aldrinum 60–67 ára skerðist ekki við þessar breytingar. Það getur vel verið að menn telji ekki hægt að mismuna sjómönnum og öðrum stéttum þegar á hinn eðlilega lífeyristökualdur er komið. Það kann vel að vera óeðlilegt. En í öllu falli er auðvitað enginn vandi, ef menn vilja láta þessi sérstöku réttindi halda sér til handa sjómönnum óskert á tímabilinu 60–67 ára til að auðvelda þeim að koma í land og hefja önnur störf í landi, sem við vonandi viljum öll að þeir geti gert eftir því sem heilsa þeirra og aðstæður leyfa, og sem iðulega eru mikið lakar launuð en sú sjómennska sem þeir hafa stundað, áhættusöm og erfið, enda að nokkru metið í skárri launum og aflahlut, að það auðveldi þeim að fara í land og taka sér önnur og lakar launuð störf, að þeir haldi óskertum grunnlífeyri þó lítill sé. Það gefur auga leið, t.d. fyrir fullorðna sjómenn sem yfirleitt eru komnir á bestu kjör sem bjóðast eftir að hafa verið áratugi á sjó, orðnir yfirmenn á skipum, stýrimenn eða vélstjórar í fyrsta sæti, vaktformenn eða netamenn. Reynsla þeirra hefur skaffað þeim betri kjör meðal jafningja á sjónum sem eðlilegt er. Slíkir menn upp á

einn og kvart eða einn og hálfan eða jafnvel tvo aflahluti í sæmilegum plássum hoppa ekki auðveldlega í land og gerast hafnarverðir eða húsverðir í íþróttahúsum í sínum sveitarfélgöum, sem gjarnan er reynt að verðlauna slíka menn með, sæmilega létt og þrifaleg störf þegar þeir koma í land. Þannig er það a.m.k. þar sem ég þekki til og sjómannastéttin nýtur virðingar. Það hefur auðveldað þessum mönnum að geta þó fengið þennan lífeyri óskertan til viðbótar kannski tiltölulega lágum dagvinnutekjum í einhverju léttu starfi sem þeir eru að reyna að koma sér í.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem eru í bréfum bæði frá Sjómannasambandi Íslands og Lífeyrissjóði sjómanna þá liggur fyrir að umtalsverður hluti sjómannastéttarinnar sem kominn er á þennan lífeyristökualdur nýtir sér þessi réttindi, nýtir sér þennan möguleika. Það kemur til að mynda fram í bréfi Sjómannasambandsins, sem óskað var eftir af nefndinni og er þar vitnað í upplýsingar frá Lífeyrissjóði sjómanna, með leyfi forseta, að miðað við október 1991 voru um 34% ellilífeyrisþega, yngri en 65 ára, sem enn stunduðu sjómennsku. Ekki voru nema 34% af þessum hópi á bilinu 60–65 ára sem enn stundaði sjómennsku. Afgangurinn er í landi, ⅔ hlutar. 12% til viðbótar eru hættir til sjós en voru á sjó þegar þeir hófu töku ellilífeyris, 54% hafa ekki verið á sjó eftir að taka lífeyris hófst hjá sjóðnum. Með öðrum orðum meira en helmingur sjómanna, samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði sjómanna, nýtir sér þessi réttindi til að fara í land og er þar af leiðandi í þeirri stöðu sem ég var að ræða um.

Til viðbótar þessu kemur sú staðreynd að stór hluti sjómanna og stærstur hluti sjómanna á fiskiskipum býr enn þann dag í dag við mjög bág lífeyrisréttindi. Sjómenn njóta ekki þess, sem aðrir hópar aldraða gera í stórum stíl, að hafa þokkaleg lífeyrisréttindi til hliðar sem ekki skerða grunnlífeyrinn. Sú regla er í þessu frv. að tekjur frá lífeyrissjóðum koma ekki til frádráttar þegar reiknuð er út þessi nýja skerðing á grunnlífeyrinn. Það liggur fyrir að allir sjómenn bátaflotans borguðu í raun og veru mjög lítið í lífeyrissjóði alveg fram til 1985 og reyndar fram til 1987. Þá hófst taka iðgjalda af öllum launagreiðslum til sjómanna á bátaflotanum og á minni togurum. Fram að þeim tíma var eingöngu greitt af tekjutryggingu. Eins og hv. þm. vita var hún auðvitað og er ekki nema lítill hluti af launum sjómanna sem eru í sæmilegum plássum. Þetta veldur því að réttindastaða stórs hluta sjómanna í lífeyrissjóðunum er mjög bág, fyrir utan það að til viðbótar eru lífeyrisréttindin mjög mismunandi af því að sjómenn eru í mörgum lífeyrissjóðum. Sums staðar er til að mynda stuðst við 65 ára aldurstakmörk, annars staðar við 70 ára, þegar greiðsla lífeyris hefst.

Lífeyrissjóður sjómanna upplýsir einnig — á bls. 17 í nál. minni hlutans eru fróðlegar upplýsingar um sögu þessa máls — að ellilífeyrir frá Lífeyrissjóði sjómanna sé mjög misjafnlega hár, eins og gefur að skilja, með hliðsjón af því að á sama tíma og sjómenn á bátaflota og minni togurum greiddu einungis af kauptryggingu til 1985, greiddu sjómenn á stærri togurum og farskipum að fullu af heildartekjum sínum, þar með töldum aflahlut. Þetta veldur því að lífeyrisréttur sjómanna er allt frá nokkur hundruð krónum á mánuði og upp í u.þ.b. 110 þúsund. Að þessu leyti til er réttarstaða sjómanna mjög mismunandi. Fiskimennirnir sem eru auðvitað stærstur hluti sjómannastéttarinnar á öllu bátaflotanum og minni togurum eru þarna með mjög slaka réttarstöðu. Það leiðir aftur til þess að samkvæmt þessu nýja kerfi hafa þeir sjómenn, stór hluti sjómannastéttarinnar, engar tekjur til hliðar við launatekjurnar sem ekki skerða grunnlífeyrinn. Með öðrum orðum, nánast hver króna sem þeir fá kemur til beinnar skerðingar. Enda er upplýst af þeim sem skoðað hafa útkomu sjómannastéttarinnar í þessu sambandi að stór hluti þeirra og allur þorri þessa 500 manna hóps sem þarna á í hlut fær á sig meiri eða minni skerðingu eða missir grunnlífeyrinn að fullu.

Herra forseti, það er von að fámennt sé í þingsalnum, ég segi nú bara það. Ég skil mjög vel að þeir séu ekki margir þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl. sem sitja undir umræðum um þessi mál, það er skiljanlegt. Þeir reyna að vera sem helst alls staðar annars staðar en í þingsalnum þegar frammistaða þeirra í þessum efnum er rædd. Satt best að segja held ég að sjaldan hafi ein ríkisstjórn í sögu lýðveldisins lotið jafnlágt til þess að krafsa upp 200 millj. kr. með sparnaði í sérstökum aðgerðum eins og þessi gerir í árás sinni á almannatryggingakerfið og sjómannastéttina einkum og sér í lagi. Ég held að sjaldan hafi verið lotið jafnlágt í þessum efnum. Að ráðast sérstaklega á ellilífeyrisþega og sjómenn, að taka upp sérstakt hátekjuskattþrep á fólk sem er með 60 þús. kr. mánaðarlaun og hafa skattprósentur sem eru allt upp í 76% jaðarskattprósenta á tekjur aldraðs fólks á tekjubilinu 60–114 þús. kr. og lækka þá skattprósentuna sýnir mönnum fáránleika þessa máls. Þegar gamla fólkið kemst yfir 114 þús. kr. á mánuði, ef einhverjir gera það, þá lækkar skattprósentan. Ég held að hvergi í heiminum sé við lýði svona hrikalegur skattstigi sem er þannig úr garði gerður að þegar menn hækka í launum og komast dálítið á annað hundrað þúsund krónurnar fari að lækka hjá þeim skatturinn. Það er það sem er verið að gera, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem heiðrar mig hér með nærveru sinni, einn fárra þingmanna Sjálfstfl.

Þetta er auðvitað með slíkum endemum að ég leyfi mér reyndar að halda því fram að þingmenn stjórnarliðsins hafi ekki almennt áttað sig á því hvernig þessir hlutir eru útfærðir. Ég spyr: Hafa kannski þingmenn Sjálfstfl. látið heilbrrh. að einhverju leyti plata sig í þessu máli? Vissu talsmenn Sjálfstfl. ekki um þær breytingar sem þarna er verið að gera og koma sérstaklega niður á sjómönnum, til viðbótar öllu öðru sem þeir hafa fengið frá ríkisstjórninni á undanförnum vikum? Var heilbrrh. ekki búinn að upplýsa þingflokk Sjálfstfl. um þetta? Þeir hljóta þó a.m.k. að hafa vitað það í hans eigin flokki.

Ég segi eins og er að í lengstu lög hefði ég viljað trúa því að mönnum væri ekki sjálfrátt og þeir vissu ekki hvað þeir væru að gera. Þetta hefði einhvern veginn flotið þarna inn án þess að menn hefðu áttað sig á

hvað í þessu fælist og hvaða áhrif þetta hefði. Það er alveg augljóst, herra forseti, að það kostar ekki mikið ef menn vilja tryggja sjómönnum áfram þessi réttindi og þennan möguleika að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur, þó að þeir yrðu síðan jafnsettir öðrum frá og með 67 ára aldri. Enda er þá komið nær þeim eðlilega eða ásættanlega starfslokaaldri sem viðgengst í þjóðfélaginu. En að senda sextugum sjómönnum, sem hafa starfað á sjó í yfir 25 ár, þær kveðjur núna um áramótin að ef þeir hafi hugsað sér að nýta þessi réttindi og fara í land á árinu og þeir hafi haft einhverjar vonir um að komast í þokkalega launaða daglaunavinnu sem gæfi þeim svona 70–90 þúsund krónur á mánuði, ef vel tekst til, sem er kannski þriðjungurinn af þeim tekjum sem þeir hafa haft sem sjómenn þá ýtir það ekki undir þá að láta þennan draum sinn rætast að komast í land og geta þó seint sé farið að eyða meiri tíma með fjölskyldu sinni og skoða landið, eða hvað það nú er annað sem hugur þeirra stendur til. Nei, þeim verður sérstaklega refsað með hátekjuskattþrepi upp á 76% vegna fyrstu teknanna sem þeir fá þegar þeir koma í land. (**EgJ:** Þú ert búinn að segja þetta hundrað sinnum.) Það er sennilega hundrað sinnum of sjaldan, hv. 3. þm. Austurl. Eða ætlar ekki hv. 3. þm. Austurl. að greiða atkvæði með þessari sérstöku árás á sjómannastéttina sem hér felst í bandorminum, eins og hann lyppaðist til að gera þegar hann greiddi atkvæði með skerðingu sjómannafrádráttarins fyrir jólin? Ég býst við því. Ég hef ekki orðið var við það að hv. 3. þm. Austurl., sem hefur þó nokkuð af sjómönnum í sínu kjördæmi, hafi staðið upp til að verja réttindi sjómanna. Það hefur lítið farið fyrir því og eru þó sjómenn sjálfsagt ekkert verri kjósendur en bændur, eða hvað, að mati hv. þm. Egils Jónssonar.

Þetta er með miklum endemum og til mikillar skammar og verður lengi munað hvernig ríkisstjórn undir forustu Sjálfsfl. ræðst með þessum hætti að þessari stétt manna í landinu, sjómönnunum, og hafa þeir þó fengið á sig áföllin fyrir, stærstu og mestu áföllin sem liggja í upp undir 20% aflasamdrætti milli ára sem erfiðar aðstæður varðandi okkar fiskstofna skapa. Þeim hlutum eru sjómenn að vísu vanir. Þeir eru býsna vanir að sæta því að þeirra tekjur sveiflist til eftir því hvernig gefur til sjávarins og hafa ekki möglað undan slíku. Það hefði nú sjálfsagt hvinið í hjá ýmsum öðrum stéttum sem væru núna að taka á sig 20% kjaraskerðingu milli ára bara af ytri ástæðum. Að vísu er skylt að taka fram að sjómenn hafa haft ágætan hlut á undanförnum árum vegna þess að afurðaverð hefur verið hátt og hækkað mjög síðustu tvö, þrjú ár og það hefur vissulega komið sjómönnum til góða. Þeir eru ekki að mögla mikið yfir því þó svo að annað tveggja eða jafnvel hvort tveggja gerist á þessu ári, að afli dregst stórlega saman og einnig er líklegt að afurðaverð fari eitthvað lækkandi á þessu ári. Það er reyndar þegar byrjað lækka í vissum tilvikum, bæði vestan hafs og í sunnanverðri Evrópu. Þetta taka sjómenn á sig og vita sem er að þeir eiga ekki annarra kosta völ en að mæta þessu. Þeirra samningar eru þannig að þeir deila þeirri áhættu með útgerðarmönnum og þjóðinni allri hvernig gefur til sjávarins. En þeim mun helgari hafa sjómönnum verið þessi grundvallarréttindi sem þeir hafa á undanförnum áratugum náð inn í sinni kjarabaráttu, sjómannafrádrátturinn og þessi réttur til að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur til að auðvelda þeim að snúa í land og eyða þar síðustu æviárunum. Þetta á nú að rífa í burtu.

Það er svo sannarlega von, herra forseti, að þeir þingmenn Sjálfstfl. sem maður hefði einhvern tíma haldið að sæju sóma sinn í því að reyna að standa hér upp til varnar sjómannastéttinni á Alþingi láti sig vanta og séu víðs fjarri. Komi ekki í þingsalinn jafnvel þótt þeir séu hér í húsinu. Það skal fara í þingtíðindin. Ég hef ítrekað enn einu sinni hvernig þeim málum er háttað, að ég hef óskað eftir því bæði við þann forseta sem nú situr í sætinu og ítrekað við þann forseta sem sat hér fyrir hádegið að 16. þm. Reykv. og 1. þm. Vestf., sem eru formaður Sjómannafélags Reykjavíkur og formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, yrðu aðvaraðir um þessa umræðu og kallaðir hingað. (**Gripið fram í:** Dugir 17. ekki?) Hvorugur hefur mætt og var þó annar þeirra í þinghúsinu. Hv. 17. þm. Reykv. dugar ekki því hann er ekki formaður Sjómannafélags Reykjavíkur þó hugur hans standi kannski til þess. (Gripið fram í.) Eins og annarra mannvirðinga í þjóðfélaginu sem hann er mjög gjarn á að sækjast eftir.

Herra forseti. Ég læt nú lokið umfjöllun minni um þetta efni. Mér hefur gerst nokkuð tíðrætt um það og tel satt best að segja fulla ástæðu til. Ég vona að alveg sé skýrt fyrir þeim sem hlýtt hafa á þessa umræðu hver áhrifin af afgreiðslu þessara breytinga yrðu í reynd og hvernig þau eru útfærð. Þá er í raun ekki annað eftir fyrir upplýsta hv. alþm. en að gera það upp við samvisku sína hvort þeir vilji standa að þessum hlutum með hæstv. ríkisstjórn. Að öðru leyti vísa ég varðandi þennan kafla frv. í ítarlegt nál. minni hluta heilbr.- og trn. sem er á bls. 12–14 í nál. á þskj. 388, sem hér er mælt fyrir. Þar er ítarlega farið yfir þennan hluta frv. og á köflum farið hörðum orðum, svo ekki sé meira sagt, um þau vinnubrögð og þær tillögur sem þarna eru á ferðinni. Þannig segir til að mynda efst á bls. 13 í áliti minni hluta heilbr.- og trn. að minni hlutinn geti alls ekki fallist á þessar tillögur ríkisstjórnarinnar og muni greiða atkvæði gegn þeim og ástæðurnar séu eftirfarandi, og svo segir í 1. lið: „Tillögurnar eru handahófskenndar, vanhugsaðar, illa undirbúnar og illframkvæmanlegar.“ Allt þetta hygg ég að megi rökstyðja með gildum hætti. Þetta er samdóma álit og það sem við fengum í raun með heimsókn Tryggingastofnunar til okkar á fund í efh.- og viðskn.

Ég vek einnig athygli hv. alþm. á fróðlegum fylgiskjölum, t.d. töflum og línuritum á bls. 18 og áfram í þessu nál. Þau sýna ágætlega hvernig mismunandi aðstaða lífeyrisþega er eftir því hvort þeir hafa tekjur af vinnulaunum eða t.d. frá lífeyrissjóði og/eða ef þeir hafa tekjur af eignum eða fjármagni sem ekki hrófla við grunnlífeyri þeirra.

Ég held að lokum, herra forseti, áður en ég hverf frá þessum þætti málsins, að það væri fróðlegt fyrir hv. alþm. að setja upp nokkur dæmi fyrir framan sig, eins

og ég gerði einn morguninn, um tvo hópa eða tvo einstaklinga, misvel setta í þessum efnum. Við getum tekið annan þeirra, sem er 68 ára gamall einstaklingur, einhleypur ellilífeyrisþegi, sem nýtur fullra bóta, fer síðan út á vinnumarkaðinn til að laga stöðu sína með vinnulaunum og ætlar að drýgja tekjur sínar, af því að hann hafði komist að þeirri niðurstöðu að honum sé ekki nokkur leið sem einhleypum einstaklingi í þessu þjóðfélagi með íbúð og aðra framfærslu að lifa af rúmum 60 þúsund kr. á mánuði. Hann getur það bara ekki. Hvað verður honum fyrir, þessum manni? Hann fer út á vinnumarkaðinn og við skulum segja að hann komist í sæmilegt starf og upp í launatekjur sem eru einhvers staðar á bilinu 60–80 þús. kr., jafnvel þótt hann fari upp í 110 þús. kr. Hvað gerist þá? Í reynd eru þær tekjur sem hann er að reyna að bæta við sig með þátttöku á vinnumarkaðinum skertar um 76%. Skattþrepið sem mætir þessum manni er 76% á löngu tekjubili, á einmitt því tekjubili sem fullt starf í daglaunavinnu með e.t.v. einhverri yfirvinnu eða einhverjum viðbótartekjum gefur mönnum tekjur kannski einhvers staðar á bilinu 60–100 þús. kr. Jaðarskattprósenta þessa einstaklings er 76% þannig að hann heldur tæplega fjórðu hverri krónu eftir.

Hins vegar er til einstaklingur B sem við skulum segja að sé ekkja. Hún var áður gift háttsettum embættismanni og hefur eftir hann mikil lífeyrisréttindi, hefur tugi þúsunda króna í tekjur á mánuði. Svo á hún allmikið af skuldabréfum og hlutabréfum eftir mann sinn sem gefa henni umtalsverðar upphæðir í fjármagnstekjur. Í þriðja lagi áttu þau hjónin stórt einbýlishús, þriggja hæða hús, og ekkjan býr nú í kjallaranum eða í risinu og leigir húsið og hefur fyrir það umtalsverðar tekjur eða þá hún með einhverjum öðrum hætti nýtur arðs af þessum eignum sínum. Þetta hróflar lítið eða ekkert við grunnlífeyri hennar þannig að til viðbótar fullum bótum úr kerfinu, sem hú fær af því að hún hefur ekki vinnutekjur, fær hún lítt skertar tekjutengdar uppbætur og fullan grunnlífeyri að sjálfsögðu af því að tekjurnar úr lífeyrissjóði skerða hann ekki og eignatekjurnar koma þessu máli ekki við, hafa engin áhrif á útkomu dæmisins. Með öðrum orðum, það er mjög auðvelt að setja upp dæmi, sem eru til og sannanleg, þar sem tveir jafngamlir einstaklingar í þjóðfélaginu eru svo hrikalega missettir hvað þetta snertir að annar þeirra getur þess vegna haft hundruð þúsunda í tekjur á mánuði en hinn heldur eftir tæplega fjórðu hverri krónu af þeim sem hann með vinnulaunatekjum sínum er að reyna að bæta stöðu sína. Þannig er þetta þá orðið hjá okkur. Og þetta má mönnum held ég vera ærið umhugsunarefni og sannar mér það rækilegar en nokkuð annað að þessar vanhugsuðu breytingar ættu að dragast til baka. Í raun og veru held ég að svo sé komið að nánast sé óðs manns æði að vera að hrófla við þessu almannatryggingakerfi fyrr en heildarendurskoðun þeirra laga er lokið. Nógu flókið og tætingslegt er þetta orðið samt og skal ég taka það skýrt fram að það var langt frá því að vera í góðu standi áður en þessar breytingar komu til sögunnar sem nú eru boðaðar en þær gera ástandið sannanlega verra, m.a. vegna þess að þær gera alla framkvæmd þessara mála enn flóknari en áður var.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þá ekki fleiri orð um þetta en er þá kominn að 5. lið nál. sem fjallar um breytingu á hafnalögum, lögum nr. 69/1984, þ.e. 9. tölul. brtt. meiri hlutans og 4. tölul. hinna nýju brtt. meiri hlutans sem eru hér á þskj. 384 þar sem hinar nýju brtt. eru að hluta til brtt. við brtt. ríkisstjórnarinnar, í öðru lagi viðbætur við málið og í þriðja lagi breytingar við frv. sjálft. Þar er verið að lagfæra atriði sem hæstv. ríkisstjórn var bent á fyrir áramótin að gætu ekki gengið eins og það var útfært í upphaflegum hugmyndum. Það varðar það að þegar ríkisstjórnin sullaði hér inn í bandorminn eða í brtt. við hann ákvæðum um að rukka hinn nýja hafnaskatt sem á að leggja á í höfnum landsins í þágu ríkissjóðs, þá voru engin ákvæði af neinu tagi um það með hvaða hætti skyldi innheimta þetta gjald, hver ætti að sjá um innheimtuna og hvernig ætti að haga henni. Ég benti talsmönnum meiri hlutans á að svona gæti þetta auðvitað ekki gengið. Þetta gjald mundi ekki koma í ríkissjóð eða Hafnabótasjóð af himnum ofan. Það yrði með einhverjum hætti að kveða á um eða sjá fyrir því hver ætti að annast innheimtuna og hvernig. Ríkið hefur ekkert innheimtukerfi á þessu sviði. Það eru hafnirnar sem innheimta hafnargjöldin og þær eiga sveitarfélögin. Ég gat ekki séð fyrir mér að innheimtumenn ríkissjóðs ætluðu að mæta á hafnarbakkanum við hverja einustu skipakomu og rukka kapteininn um nýja hafnaskattinn. Það hefði orðið ærið tafsamt a.m.k. fyrir innheimtumenn ríkissjóðs og hefðu þeir sennilega þurft að bæta við sig einhverjum mönnum eins og Tryggingastofnun.

Eftir að jólamaturinn var farinn að sjatna í mögum stjórnarliða áttuðu þeir sig á því að þetta var rétt. Þeir urðu með einhverjum hætti að kveða á um hvernig þeir gætu náð í þessa peninga. Og þá kom hér alveg snilldarlegt ákvæði inn í frv. frá ríkisstjórninni í bréfi hæstv. forsrh. 7. janúar. Hvað datt þeim í hug aldrei þessu vant? Ja, hvað haldið þið? Jú, að skipa sveitarfélögunum að innheimta þetta fyrir sig, auðvitað án þóknunar, án samnings um það, bara rétt si svona. Skyldi það vera kvöð á sveitarfélögin í landinu eða hafnarsjóði þeirra að sjá um að rukka þetta fyrir ríkisstjórnina og skila því. Þetta ákvæði er auðvitað þannig að það veldur ýmsum forsvarsmönnum hafnanna í landinu mjög miklum áhyggjum af þeirri einföldu ástæðu að enn, þrátt fyrir þessar tilraunir til að laga málið, er það ekki nógu gott, m.a. vegna þess að það er allt of óljóst um t.d. afföll sem geta orðið við þessa innheimtu og hver á að bera þau. Munnlega er að vísu sagt: Það er ekki ætlast til þess að sveitarfélögin borgi annað en það sem hefur innheimst, en það er ekki kveðið á um það lögunum. Það er ekki mælt fyrir um t.d. að gera skuli samning um þessa innheimtu, nei. Og það hefur ekkert samráð verið haft við hafnirnar eða sveitarfélögin um þetta, að sjálfsögðu ekki. Það er ekki til siðs í ríkisstjórn þeirra Viðeyjarherranna. Það er ekki til siðs þar að vera að ræða hlutina við aðra menn. Það eru í mesta lagi tveir á fundum í þeirri ríkisstjórn þegar mikið ligg-

ur við. Það eru þeir Viðeyjarhershöfðingjarnir.

Þannig eru málin leidd til lykta, hvort sem það varðar sveitarfélögin eða aldraða eða einhverja aðra. Og fara að ræða við Hafnasambandið eða sveitarfélögin, nei, það er ekki ástæða til þess. Þeir geta bara gert þetta. Og þá er sett inn ákvæði af þessu tagi eins og hér er, annars vegar í brtt. meiri hlutans á þskj. 286. Þar segir að — það er nú svo, herra forseti, að þó að ræðumaður þykist kunna þetta sæmilega þá vefst stundum fyrir mér að finna þetta í öllum þessum bunka — en í brtt. á þskj. 286 kom þetta ákvæði inn og var þá þannig orðað að sérstakt vörugjald skuli renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð og gjaldið skal svara 25% álagi á vörugjöld önnur en aflagjald.

Þá sáu þeir sem sagt að þetta gekk ekki. Það varð einhvern veginn að koma böndum á að ná þessu inn og þá var gripið til sveitarfélaganna. Þá mundu þeir eftir því að þau væru til og þá var þarna sett inn setning sem er svohljóðandi:

„Innheimtuaðilar vörugjalds, skv. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr., skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr."

Sem sagt, hafnarsjóðirnir eða hafnirnar í eigu sveitarfélaganna skulu innheimta þetta gjald og standa skil á því, punktur. Samgn. lagfærði að vísu ákvæðin um skilafrestinn á gjaldinu lítillega vegna þess að eins og þetta kom frá ríkisstjórn upphaflega var höfnunum til viðbótar öllu öðru ætlað að skila þessu nánast samdægurs með sáralitlum fresti eftir að þau höfðu innheimt gjöldin. Sá frestur var lítillega lengdur með brtt. samgn. og er það vissulega til bóta en breytir ekki hinu að það er auðvitað hrein ósvinna að standa að verki eins og hæstv. ríkisstjórn er að gera hér með furðulegri framkomu við hina óskyldustu aðila.

Satt best að segja er það líka undrunarefni hversu lagin hæstv. ríkisstjórn er við að skjóta sig lappirnar í svona löguðu, jafnvel í smámálum af þessu tagi því að auðvitað er það svo að ef samið hefði verið við hafnirnar í landinu um þetta atriði og þær hefðu haft í hendi samning við ríkisvaldið um að taka að sér þessa innheimtu fyrir ríkið gegn hóflegri þóknun þá er ég alveg viss um að það út af fyrir sig hefði ekki þurft að verða stórmál og um það hefði átt að verða mögulegt að ná sæmilegu samkomulagi. Nei, það er ekki gert. Heldur eru enn á ný brotin lög á sveitarstjórnunum, sbr. 116 gr. sveitarstjórnarlaga sem ég hef áður vitnað til í þessu sambandi, og fleirum og lagðar á þær einhliða kvaðir án nokkurs samráðs við þær.

Það er kannski að verða tímabært, herra forseti, að lesa aftur 116. gr. um sveitarstjórnir, sem eru í lögum um sveitarstjórnir en hún er svona:

„Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila." — Lögbundin fyrirmæli um að að öll samskipti þessara aðila skuli fara fram í formi náins samráðs. Það var brotið hér og ekki í fyrsta skipti og upplýst af hálfu bæði sveitarfélaga og Hafnasambands sveitarfélaga að enginn samningur, ekkert samkomulag liggi fyrir um hvernig að þessu eigi að standa.

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. samgrh. yrði látinn vita að hér yrðu mál á dagskrá sem vörðuðu hann og ég hafði beðið um nærveru fleiri hæstv. ráðherra. Nú er enginn þeirra hér í þingsalnum. Hæstv. forsrh. er í hliðarherbergi á fundi þar við einhvern sálufélaga sinn. (Gripið fram í.) Þá er það mismæli hjá mér. Og hæstv. félmrh. er í öðrum dyrum hér. (**Forseti:** Óskar hv. þm. að ég geri ráðstafanir til að hæstv. samgrh. komi hingað?) Já, herra forseti. Ég vil það því að ég þarf lítillega að eiga orðastað við hæstv. samgrh. um þetta atriði og reyndar væri ástæða til að ræða ýmislegt fleira við hæstv. samgrh. þjóðarinnar á þessum drottins degi. Satt best að segja, herra forseti, hef ég enga samúð með þessum ráðherrum sem vita að þetta mál er hér á dagskrá, eða hvað, ef þeir eru allir með fullri meðvitund þessa dagana. Þetta er mál sem varðar svo til öll fagráðuneytin með einum eða öðrum hætti og þeim hæstv. ráðherrum er ekki vandara um að tolla hér á Alþingi og sinna þingskyldum sínum heldur en okkur hinum. Ég tel t.d. að hæstv. ráðherrar hafi fjandakornið ekki haft meira að gera en við í efh.- og viðskn. síðustu sólarhringana og hljóti að vera a.m.k. jafn vel sofnir. Ég get þá tímans vegna og til að greiða fyrir umræðunum, herra forseti, vikið að öðrum atriðum meðan hæstv. samgrh. er á leið til þings úr því að svo óvenjulega ber við að hann er ekki að sinna þingskyldum sínum í dag sem er auðvitað sjaldgæft. A.m.k. var það sjaldgæft á meðan hann átti sæti í efri deild sá hæstv. ráðherra.

Þá ætla ég að víkja lítillega að öðru atriði sem er 6. liðurinn í nál. minni hlutans og það er um ráðherranna sérstaka fjárhaldsmenn eður tilsjónar sem er hér sett fram undir formerkjunum: breyting á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, sbr. og 6. tölul. nýrra brtt. meiri hlutans. En það er þannig, herra forseti, að þetta atriði er sennilega það kostulegasta af öllu sem fyrir okkur í efh.- og viðskn. hefur borið á undanförnum vikum og var sent inn í nefndina með bréfi hæstv. forsrh. dags. 7. jan. sl. Þar er lagt til, með leyfi forseta, að eftirfarandi klausa bætist inn í lögin sem ég vitnaði til:

„Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera fjárhaldsmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn. Starfssvið fjárhaldsmannanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og áætlanagerð stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um starfsmannahald. Kostnaður við starf fjárhaldsmanna greiðist af viðkomandi stofnun."

Eins og menn heyra var þessum fjárhaldsmönnum og er reyndar enn ætlað víðtækt verksvið, völd og þar með talin ákvarðanatökuvald um fjárskuldbindingar og starfsmannahald. Enga skilgreiningu var að finna á því við hvaða kringumstæður þessum ákvæðum yrði beitt. Það var sett í geðþóttavald ráðherranna. Engin ákvæði voru um hvernig fara skyldi með skörun verkefna milli

þessara nýju fjárhaldsmanna og forstöðumanna stofnana eða hver skyldi bera ábyrgð þegar hinir nýju fjárhaldsmenn hefðu ýtt til hliðar forustumönnum eða jafnvel kjörnum stjórnum í fyrirtækjum eða stofnunum. Þegar spurt var svo um frekari tilgang með þessum breytingum eða hugsunina á bak við þær, varð satt best að segja heldur fátt um svör. Upplýst var að engin lögfræðileg úttekt virðist liggja fyrir um skörun þessara ákvæða við t.d. lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, starfslýsingar og ráðningarsamninga opinberra starfsmanna, ákvæði sérlaga um stjórnkerfi einstakra ríkisstofnana o.s.frv.

Eftir nokkuð snarpar umræður um þetta mál, bæði innan nefndarinnar og utan, hefur meiri hluti gert einar tvær ef ekki þrjár tilraunir til að lagfæra þetta atriði og það var svohljóðandi í síðustu útgáfu sem minni hlutinn barði við augum:

„Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni. Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra. Kostnaður við starf tilsjónarmanna greiðist af viðkomandi stofnun."

Hér er sem sagt búið að reyna í tveimur eða þremur tilraunum að hamra inn í þetta ákvæði ýmsa varnagla og sýnir það náttúrlega að stjórnarliðar hafa áttað sig á því að ákvæðið eins og það var fram sett í byrjun var slíkur endemis bastarður að það var gersamlega óhugsandi að festa það óbreytt í lög. Nú heita fjárhaldsmenn tilsjónarmenn og nú er innsetning tilsjónarmannanna miðuð við að sýnt þykir að kostnaður við rekstur viðkomandi stofnunar hafi farið fram úr eða sé að fara fram úr fjárveitingum. Eftir stendur að þessir tilsjónarmenn eiga að hafa mjög víðtæk völd til ákvarðanatöku inni í fyrirtækjunum, stofnunum og þeir geta í reynd ýtt til hliðar eða tekið fram fyrir hendur hefðbundinna stjórnenda stofnananna. Minni hlutinn telur allan þennan málatilbúnað með ólíkindum og það er satt best að segja, herra forseti, afar ólíklegt finnst okkur að hæstv. ríkisstjórn bæti andrúmsloftið meðal forsvarsmanna opinbers rekstrar, opinberra starfsmanna, með þessum aðförum.

Það tók svo steininn úr, herra forseti, — og það er ánægjulegt að hæstv. fjmrh. skuli vera hér á vakki í hliðarsölum af því að eitthvað tengjast þessi ríkismál fjmrn. eða gerðu a.m.k. í tíð fyrri ríkisstjórnar — það tók alveg steininn úr, hæstv. fjmrh., þegar það upplýstist svo á fundi Ríkisendurskoðunar eða forsvarsmanna hennar með efh.- og viðskn. að ekkert samráð hafði verið haft við þessa opinberu eftirlitsstofnun með fjárlögunum, Ríkisendurskoðun, um þetta atriði, ekki neitt. Það fyrsta sem við Ríkisendurskoðun var talað út af þessu var þegar óskað var eftir því að hún kæmi á fund í efh.- og viðskn. Vararíkisendurskoðandi kom á þann fund og aftur verð ég að leyfa mér að segja að það bréf sem síðan liggur fyrir frá Ríkisendurskoðun er mjög hógvært og segir þó nokkuð miðað við það sem vararíkisendurskoðandi upplýsti efh.- og viðskn. um á fundi munnlega. Þó segir hér í bréfinu frá Ríkisendurskoðun til að mynda á miðri bls. 24 að hæpið sé að mati Ríkisendurskoðunar að fela nýjum aðila að fara með útgjaldaákvarðanir án þess að sá hinn sami taki ábyrgð á þeim. Samkvæmt frv. er ekki nægilega skýrt hver ábyrgð tilsjónarmanna verður í þessu tilliti. (**Fjmrh.:** Það er komið inn í frv.) Það er komið inn í frv. eftir ábendingar bæði af þessu tagi og öðru því eitt af því fyrsta sem ég spurði um varðandi þetta ótrúlega ákvæði var hvernig ætti að deila ábyrgð eftir að fjárhaldsmennirnir eða tilsjónarmennirnir væru komnir inn í fyrirtækin. (**Fjmrh.:** Skilur þá ekki þingmaðurinn?) Jú, breytingin er til bóta svo langt sem hún nær, hæstv. fjmrh. En hvernig á að leysa þetta vandamál með ábyrgðina? Við skulum aðeins líta á það. Ég held að hv. alþm. ættu að athuga það. Hér segir ósköp einfaldlega: „Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra." Með öðrum orðum er ætlunin að framselja það algjörlega í hendur ráðherra sem með mismunandi hætti getur í einstökum embættisbréfum, erindisbréfum, kveðið á um það hvort tilsjónarmennirnir beri einhverja ábyrgð eða ekki. Sú ábyrgð, sem samkvæmt hinum venjubundnu lögum og reglum um stjórnsýsluna er lögð á herðar forsvarsmanna opinbers rekstrar, er ekki fyrir hendi hér heldur getur ráðherrann haft það eftir geðþótta sínum hvort honum er eftir atvikum vel við þennan tilsjónarmann hve mikla ábyrgð eða áhættu hann lætur hann taka þegar hann sendir hann inn í stofnunina. Auðvitað er engin trygging fyrir því að þetta verði ekki út og suður með þessum hætti og engin trygging eftir sem áður fyrir því að ekki verði bullandi árekstrar eða deilur ef illa tekst til.

Síðan segir Ríkisendurskoðun í sínu bréfi: „Jafnframt sýnist nokkur hætta á að þessi skipan geti valdið óöryggi og óvissu í daglegum rekstri stofnana." Fastar er ekki að orði kveðið í svari Ríkisendurskoðunar um þetta atriði til efh.- og viðskn. en þetta segir þó nokkuð. Að Ríkisendurskoðun skuli, eftir að hafa haft einn sólarhring til að svara erindi efh.- og viðskn., taka þó þetta upp í sig gagnvart þessu vitlausa tilsjónarmannaákvæði ríkisstjórnarinnar. Ég endurtek og tel að ég brjóti engan trúnað og greini satt og rétt frá að þetta eru hógvær orð miðað við það sem ráða mátti í afstöðu forsvarsmanna Ríkisendurskoðunar á fundi með efh.- og viðskn. Þar kom fram, og má að nokkru leyti ráða af þessu bréfi þar sem bent er á þau atriði sem Ríkisendurskoðun leggur áherslu á til að ná betri tökum á ríkisfjármálunum, að það væru ekki þessi atriði sem Ríkisendurskoðun mundi leggja áherslu á að næðu fram að ganga til að ná betri tökum á þessu málum, heldur önnur. Þau eru talin hér upp: „að frv. um greiðslur úr ríkissjóði verði lögfest, að skýrt verði kveðið á um hver ábyrgð ber á umframkostnaði þeirra stofnana sem ríkið stendur að fullu undir án þess að

fara með stjórn þeirra, að ábyrgð á framkvæmd fjárlaga sé fyrst og fremst í höndum viðkomandi fagráðuneytis og forstöðumanna ríkisstofnana, að tryggt sé að hin sameiginlegu upplýsingakerfi veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til stofnana ríkisins svo að þau nýtist sem virk stjórnunartæki."

Síðan var það upplýst, eins og menn vita, að í raun starfrækir fjmrn. nú þegar mestan hluta af þessu kerfi og annast greiðsluþjónustuna fyrir þessar stofnanir að langmestu leyti. Þetta fer því allt í gegnum hendur starfsmanna hæstv. fjmrh. í dag eða að langmestu leyti. Þess vegna verður ekki séð hvað í ósköpunum vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn með þessu ákvæði nema ef vera skyldi það sem auðvitað glitti í t.d. þegar hinir ungu aðstoðarmenn hæstv. ráðherra komu til fundar við nefndina, að hér sé verið að búa til svipu, hnútasvipu á bak opinberra starfsmanna sem þeir viti að sé í höndum hæstv. ráðherra. Herforinginn, hæstv. heilbrrh. sem hefur fengið þá nafngift hér í umræðunum að hann sé í raun miklu fremur hershöfðingi en venjulegur ráðherra, fær auðvitað stærstu hnútasvipuna því hann hefur flesta starfsmenn og eyðir mestum peningum.

Ég læt svo nægja, herra forseti, sem óþarft ætti að vera að taka fram að við erum þessu ákvæði, eins og það er úr garði gert, algjörlega andvíg og leggjum til að það verði fellt. Við spáum því að það verði hæstv. ríkisstjórn til lítils framdráttar ef hún fær það lögfest. Af því að ég sé hæstv. samgrh. koma — Herra forseti, það tókst ekki að stöðva hæstv. samgrh., hann kom hér á miklu skriði og fór þvert í gegnum þingsalinn, inn öðrum megin og út hinum megin. (**Gripið fram í:** Hann siglir alveg eins og Ríkisskip.) Hann siglir bara eins og Esjan, beint í burtu.

Ég ætlaði að ræða lítillega við hæstv. samgrh. um það ákvæði sem ég hef þegar gert nokkra grein fyrir og varðar innheimtu hins nýja hafnagjalds. Til þess að þreyta menn ekki með endurtekningum og af því að ég geri ráð fyrir því að hæstv. samgrh. hafi einhverja lágmarksnasasjón af þessu ákvæði ætla ég að koma beint að efninu og spyrja hæstv. samgrh. um það hvað hefur verið aðhafst síðan menn settu fram áform og tillögur um innheimtu þessa gjalds til þess að ná samningum við sveitarfélögin um innheimtuna. Hvernig sjá menn fyrir sér að hún verði framkvæmd, sérstaklega hjá hinum minni höfnum sem ekki hafa t.d. tölvuvædd bókhalds- og innheimtukerfi? Kemur til greina að veita þeim undanþágu frá hinni reglubundnu skilaskyldu á gjaldinu á tveggja mánaða fresti ef það kemur í ljós að innheimtukerfi sumra minnstu sveitarfélaganna er þannig að innheimtan er kannski með stopulum hætti? Ef svo er þarf þá ekki að taka heimild inn í lagaákvæðið um að hægt sé að veita undanþágu frá þessari skilaskyldu ef sérstaklega stendur á hjá minni höfnum? Ég óska eftir því að hæstv. samgrh. svari þessu, a.m.k. láti athuga þetta. Hvað sem öllu öðru líður, ef menn fara út í þetta á annað borð er mikilvægt að framkvæmdin verði sem skaplegust. Í fjórða lagi ráðlegg ég hæstv. samgrh. eindregið að byrja þetta mál á því að reyna að ná samningum við Hafnasamband sveitarfélaga og sveitarfélögin um þetta atriði en fara ekki að senda þeim hótanir um að þau hafi ekki skilað gjaldinu eins og lög mæli fyrir um að þau skuli gera. Ég spyr hæstv. samgrh.: Var honum ekki kunnugt um að lögboðið samráð við sveitarfélögin var ekki virt varðandi þessa innheimtu? Var hæstv. samgrh. ekki kunnugt um að þessu ákvæði var hent inn í þingið og til stendur að lögfesta það nú án þess að uppfyllt hafi verið ákvæði 116. gr. sveitarstjórnarlaga um samráð og samninga við sveitarfélögin um samstarfsverkefni og samskiptamál ríkis og sveitarfélaga?

Ég tel að hæstv. samgrh. sem fagráðherra þessara mála eigi að kynna sér hvernig þau standa og bera á þeim nokkra ábyrgð enda framkvæmdin á hans höndum því hér er um að ræða breytingu á hafnalögum.

Herra forseti. Auðvitað er það síðan þannig að úr því að hæstv. samgrh. er loksins í salnum að tæplega er hægt annað en að víkja lítillega að samgöngumálunum í víðara samhengi heldur en hvað hafnamálin snertir. Þá ég við þá umræðu sem hér varð í gær um málefni Ríkisskipa og getur víst eins fallið undir þennan bandorm sem er um allt milli himins og jarðar. Ég hygg að erfitt verði fyrir hæstv. forseta að mótmæla því að þessi bandormur er um nánast allt milli himins og jarðar og svo vissulega um samgöngumál. Ég leyfi mér því að koma lítillega að þessu máli í leiðinni úr því að við erum að ræða samgöngumál. Ég hlýt að spyrja hæstv. samgrh. í fyrsta lagi og veitir sjálfsagt ekkert af því að hafa það skýrt: Var hæstv. samgrh. ekki kunnugt um þegar hann sat hér í gær og átti að svara spurningum, sem hann að vísu ekki gerði, að þá þegar væru frágengnir eða væri verið að ganga frá samningum um sölu á þeim sömu eignum sem til umræðu voru en hann greindi þinginu ekki frá? Ef hæstv. samgrh. vissi þetta ekki, og þannig beri að skilja þögn hans í þinginu, hvers vegna vissi hann það ekki? Hver fer þá með málið? Er einhver maður úti í bæ með umboð til að selja eignir ríkisins sem heyra undir hæstv. ráðherra eða er það alfarið á vegum fjmrn. þótt hér sé um samgöngumannvirki að ræða án þess að hæstv. samgrh. viti af því? Er hæstv. fjmrh. farinn að selja eignirnar undan hæstv. samgrh. án þess hann viti? Gæti hæstv. fjmrh. labbað út á morgun og selt Póst og síma eða guð má vita hvað án þess að samgrh. hefði hugmynd um? Í hvers konar farvegi er þetta mál? Það er von að spurt sé. Ég hlýt enn að harma í hvaða farveg þetta mál hefur farið og ég bendi á að við erum að ræða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjárlög eru til umræðu í þinginu. Þess vegna er hægur vandinn að setja inn í þau lög heimildir til ákveðinna fjárveitinga, afla ákveðinna fjárheimilda í þeim lögum sem hér eru til umfjöllunar, ef mönnum sýnist það nauðsynlegt, til þess að koma þessu máli úr þeim ógöngum sem það er í. A.m.k. verður að finna úrræði til að unnt sé að halda þessari þjónustu uppi með skikkanlegum hætti á þeim tíma sem það tekur hæstv. samgrh. að fá einhvern botn í þessi mál.

Hæstv. samgrh. er farinn en er reyndar kominn aftur og mín spurning til hæstv. samgrh. er því þessi:
Í ljósi þess að hann hefur enga niðurstöðu fengið í þetta mál, þótt liðinn sé hálfur mánuður af nýju ári,

enga niðurstöðu fengið sem tryggir þessa þjónustu áfram við afskekkt byggðarlög landinu, er þá hæstv. samgrh. tilbúinn til að beita sér fyrir því að inn í lánsfjárlög eða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, ef mönnum skyldi þykja það betra sem er nú tæplega, komi fjárheimildir a.m.k. til þess að tryggja að unnt sé að halda uppi þjónustu Ríkisskipa um einhverra mánaða skeið meðan þessi mál eru skoðuð og reynt að finna á þeim farsæla lausn? Vill hæstv. samgrh. beita sér fyrir slíku til þess að tryggja að þessari þjónustu verði haldið uppi?

Hér þýðir ekki að vísa út í loftið um einhverjar viðræður eða einhverja möguleika, eða skjóta sér á bak við útúrsnúninga af því tagi að með því að spyrja svona spurninga séu menn að vantreysta hinum skipafélögunum í landinu. Málið snýst ekki um það nema það sé þá uppgerður hugur hjá hæstv. samgrh. að skipta þessum reytum með einhverjum hætti upp á milli þeirra og auka þar með enn á fákeppni í sjósiglingum í landinu. Hún var þó ærin fyrir, kannski rétt að tala um einokun eins og auðvitað er í reynd að stærstum hluta til hvað stykkjavöruna snertir. En óskabarn þjóðarinnar, Eimskipafélag Íslands, hefur auðvitað að verulegu leyti einokun hvað stykkjavöruflutninga snertir til landsins.

Ég óska eftir því að hæstv. samgrh. svari þessu og hef þá ekki um þetta fleiri orð að sinni. En það verð ég að segja að eins og manni birtist framkoma hæstv. ráðherra hér við þingið í gær, þá er hún þannig að annaðhvort hljóta að vera á henni einhverjar skýringar sem við fáum að heyra á eftir og liggja þá væntanlega í því að hæstv. ráðherra hefur ósköp einfaldlega ekki verið upplýstur um gang mála, eða einhverjir aðrir hafa farið á bak við hann. Ef svo er ekki hefur hæstv. ráðherra bersýnilega verið að fara á bak við þingið.

Úti í löndum riða heilar ríkisstjórnir til falls m.a. af þeim sökum að menn liggja undir ásökunum um að hafa ekki sagt þinginu satt eða leynt það upplýsingum. Hér þykir þetta ekki tiltökumál, eða hvað?

Að lokum, herra forseti, ætla ég í sjöunda lagi að víkja lítillega að atriði sem reyndar hefur þegar verið til ítarlegrar umræðu og það varðar hinn ógeðfellda nefskatt eða íbúaskatt á sveitarfélögin í landinu sem hæstv. ríkisstjórn ákvað að skella á þau með einhliða gerræðislegum ákvörðunum í desembermánuði síðastliðnum. Reyndar hafa hörð mótmæli sveitarfélaganna og mótmæli hér á Alþingi leitt til þess að ríkisstjórnin hefur hopað lítillega í þessu máli og lækkað álögurnar um 100 millj. kr., auk þess sett 100 millj. inn í Jöfnunarsjóð á fjárlögum. Eftir standa 600 millj. kr. álögur á sveitarfélögin sem með jafnfáránlegum hætti og raun ber vitni er útdeilt á þau með mismunandi háum skatti á íbúa eftir því hversu fjölmenn sveitarfélögin eru. Þó eru hér á þingi miklir og sjálfskipaðir talsmenn svonefndrar jafnræðisreglu í skattamálum t.d. hv. 6. þm. Reykv., hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og fleiri hv. þm. stjórnarliðsins, svo sem 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson. Þau héldu hér miklar ræður út af sakleysislegri brtt. við frv. til laga um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði þar sem ekki var ætlunin að ráðast grófar í þessa hluti en það að leyfa hæstv. fjmrh. að hafa heimild til þess að fella niður hluta af þessum skatti á verslunina í landinu á þeim svæðum þar sem hún byggi við lökust kjör. En hvað sögðu hv. talsmenn ríkisstjórnarinnar með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar? Óþolandi, ólíðandi, skýrt brot á stjórnarskránni og jafnræðisreglu í skattamálum.

Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. svari eftirfarandi spurningu:

Er það ekki brot á jafnræðisreglu í skattamálum að leggja misjafnlega háan nefskatt eða íbúaskatt á sveitarfélögin eftir því hvað íbúar þeirra eru margir? Hefur hæstv. fjmrh. náð spurningunni? (**Fjmrh.:** Já, já.) Það er bara svona. Ég sé að hæstv. fjmrh. er greinilega gáfaðri en sagt er að Ford Bandaríkjaforseti hafi verið sem ekki gat tuggið tyggigúmmí og labbað í einu en hæstv. fjmrh. getur gert margt í senn. Það er gott fyrir hann.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, af því að ég ætla ekki að fara út í frekari umræður um þetta enda er mál mitt orðið þó nokkuð langt og mikið yfir að fara, vekja athygli á bréfi sem barst frá félmrn., reyndar eftir eftirgangsmuni. Þar var óskað eftir því að félmrn. tæki saman greinargerð um það hvernig útkoma sveitarfélaganna er í öllum þessum pakka. Það yrði sem sagt unnin greinargerð um það hvers konar útreið sveitarfélögin í landinu fá hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum. Því miður virðist starfsmaður félmrn. að nokkru leyti hafa misskilið þessa beiðni vegna þess að á því minnisblaði sem frá félmrn. barst 10. jan. sl. er eingöngu þröngt skoðuð áhrifin af samþykkt þessa frv., þ.e. frv. til laga um ráðstafnir í ríkisfjármálum. Mín hugsun, sem bar þessa beiðni fram, var sú að fá úttekt á heildarútkomu sveitarfélaganna bæði hvað þetta frv. og fjárlögin og önnur atriði snertir. Það er ekki í öllum tilvikum það sama. En eftir stendur að í þessu minnisblaði frá félmrn. kemur fram að útgjöld eru, með leyfi forseta, eins og segir aftast í bréfinu: „Með tilvísun til þess sem hér er rakið að framan má ætla að samþykkt umrædds frv. með brtt. muni hafa í för með sér 650–670 millj. kr. útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin.“ Hann samanstendur af um 23 millj. kr. greiðslum sveitarfélaganna í hinn nýja ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, um 116 millj. kr. greiðslum vegna 3,5% þátttöku í kostnaðar- eða kaupverði félagslegra íbúða og um 600 millj. kr. greiðslum í íbúaskattinn eða nefskattinn vegna löggæslukostnaðarins. En á móti koma þar til frádráttar samkvæmt reikingum félmrn. 100 millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þarna er það svart á hvítu á minnisblaði frá félmrn. að um svo mikla útgjaldaaukningu er þarna að ræða.

Á sömu bls. í nál. er og að finna yfirlit um breytingar á útsvari sveitarfélaga en það liggur fyrir að fjölmörg sveitarfélög í landinu hafa neyðst til þess að hækka skatta á íbúa sína vegna þeirra nýju álaga frá ríkisstjórn sem hér hefur verið rætt um.

Frægt er að kratar í Hafnarfirði hækkuðu útsvar úr 6,7% í 7,5%. Í Mosfellsbæ var útsvar hækkað úr 7% í 7,5%. Sömuleiðis í Grindavík. Í Njarðvík úr 7,2% í 7,5%. Í Kjalarneshreppi úr 7% í 7,5% og svo má áfram

telja í alllangri töflu sem birt er á bls. 30 í þessu nál. Það þarf auðvitað ekki frekari vitnanna við. Sveitarfélögin hafa unnvörpum neyðst til að hækka útsvar sitt nú þegar vegna hinna auknu álaga frá ríkisstjórninni. Það segir auðvitað allt sem segja þarf um hina efnahagslegu skynsemi í þessu máli að velta byrðunum yfir á sveitarfélögin sem í staðinn neyðast til þess að annaðhvort safna skuldum og taka þá lán — og ekki lækkar það vextina — eða að hækka útsvörin eða aðra skatta hjá sér. Sum hafa farið þá leið að hækka vatnsskattinn um nokkur hundruð prósent eða með einhverjum öðrum hætti náð sér í viðbótartekjur.

Þá er eftir sá hluti þessa máls sem auðvitað er alvarlegastur og hann er sá að hin endanlega álagning útsvaranna er í raun eftir á og sveitarfélögin hafa möguleika til þess fram til 1. mars nk. að hækka afturvirkt útsvörin í landinu. Og þau geta þess vegna allt fram til 1. mars ákveðið hjá sér útsvarshækkun sem þá yrði að vísu ekki staðgreidd heldur innheimt eftir á sem álag á það útsvar sem tekið væri í staðgreiðslunni. Þannig að ekki er víst að menn hafi séð fyrir endann á þessu enn sem komið er. Þannig stendur á í sveitarfélögunum hringinn í kringum landið þessa dagana að þau eru víða að ganga frá fjárhagsáætlunum sínum og var ég t.d. var við í stuttri ferð norður í land í síðustu viku að þar voru fjölmenn bæjarfélög að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum og höfðu ekki hugmynd um 3,5% kostnaðarþátttökuna í félagslegum íbúðum. Og stærri sveitarfélög sem geta verið með jafnvel tugi íbúða í byggingu á þessu ári þurfa þarna allt í einu að taka inn á sína fjárhagsáætlun nýjan útgjaldalið svo nemur tugum milljóna eða a.m.k. fleiri milljónum hjá stærstu sveitarfélögunum. Svona hlutir eru að gerast og segja náttúrlega allt sem segja þarf um þær aðstæður sem sveitarstjórnarmönnum eru búnar um þessar mundir og þá framkomu sem ríkisstjórnin á allan hugsanlegan hátt sýnir þeim.

Herra forseti. Ég hef svo ekki fleiri orð um þennan fráleita nefskatt. Hann hefur þegar fengið maklega umfjöllun bæði hér á þingi og úti í þjóðfélaginu þar sem hann hefur satt að segja mælst ákaflega illa fyrir. Það er auðvitað mjög vel við hæfi að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem er óumdeilanlega einhver mesta hægri stjórn sem Íslendingar hafa búið við í sögu sinni, skuli reisa sér fána með svona nefskatti með nákvæmlega hliðstæðum hætti og ríkisstjórn Margrétar Thatcher gerði og varð fræg af í endemum í Bretlandi. Ja, skylt er skeggið hökunni og það er von að ráðherrar í núverandi hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar dragi dám af Thatcher í þessum efnum eins og fleirum. Það væri auðvitað langréttast að sveitarfélögin brygðust þannig við þessu máli að þau sendu hverjum einasta íbúa sínum rukkun fyrir nefskatti ríkisstjórnarinnar, hverju mannsbarni frá vöggu til grafar. Þetta er fyrsti nefskatturinn í sögu lýðveldisins og sem betur fer hafa þeir ekki verið margir sem í reynd er rukkaður á hvert einasta mannsbarn sem lífsandann dregur. Því jafnvel gjöld. sem lögð hafa verið flöt á alla skattskylda og framtalsskylda landsmenn eða þá sem með slíkum hætti hafa komið inn í tekjuöflun ríkisins, hafa án undantekninga að mér er tjáð verið þannig út garði gerð að t.d. börn og ellilífeyrisþegar hafa ekki greitt þau. En hér er brotið í blað og lagður nefskattur á hvert einasta mannsbarn. Og það væri auðvitað eðlilegt að sveitarfélögin brygðust þannig við þessu að í stað þess að fara að slá lán eða draga úr framkvæmdum eða hækka útsvör þá settu þau þann krók á móti bragði ríkisstjórnarinnar að senda hverjum einasta íbúa sínum rukkun og það yrðu þá 2.400 kr. rúmar á íbúa stærri sveitarfélaganna en lægri upphæð á íbúa þeirra minni og þá yrði þetta með réttu sá nefskattur sem hann eðli málsins samkvæmt er hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég vek síðan athygli hv. alþm. á bréfaskriftum milli Sambands ísl. sveitarfélaga og hæstv. ríkisstjórnar sem við í efh.- og viðskn. fengum aðgang að. Ég hygg að það sé mjög áhugavert fyrir alþingismenn að kynna sér efni þeirra bréfa, þau eru á bls. 25 til og með 29 í nál. þessu. Síðast fer athugasemd sem framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga sá sig knúinn til að senda fjölmiðlum 9. jan. þar sem borið er á móti fullyrðingum hæstv. félmrh. eða tilraunum hæstv. félmrh. til að reyna að ljúga því að um eitthvert eðlilegt samráð við sveitarfélögin hafi verið að ræða í þessum málum. Hæstv. félmrh. hafði geð í sér eftir allt sem á undan var gengið til að fara í fjölmiðla og reyna með mjög villandi hætti að fullyrða að samráð hefði verið haft við sveitarfélögin. En hér er með sérstakri yfirlýsingu, sem send var fjölmiðlum og birt með nál., þessu því mótmælt og það hrakið af framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélga. Það helgast auðvitað af því, hæstv. félmrh., ef hæstv. ráðherra hefur ekki verið það ljóst að tilkynningar, tilskipanir og valdboð eru ekki samráð. Það er ekki samráð við Tryggingastofnun að tala ekki við hana, það er ekki samráð við Ríkisendurskoðun að tala ekki við hana, það er ekki samráð að heldur við sveitarfélögin þó þau annaðhvort í gegnum fjölmiðla eða með því að það sé kallað í þau og þeim tilkynnt að búið sé að ákveða eitthvað, það er ekki samráð, hæstv. félmrh. En þannig hafa þessi samskipti verið. Og þess vegna er það engum til meiri álitshnekkis en einmitt félmrh. sjálfum að vera að reyna að halda hinu gagnstæða fram. Með því vekur hæstv. félmrh. að vísu athygli á þessu máli og dregur það fram í dagsljósið með enn skýrari hætti en áður hefur verið gert en það breytir hins vegar engu um að það er ekki lögformleg uppfylling þeirra samráðsákvæða við sveitarfélögin sem lögbundin eru í sveitarstjórnarlögunum.

Herra forseti. Ég hygg nú að ég fari að ljúka máli mínu og finnst sjálfsagt ýmsum nóg komið. En það er svo að það er mörg matarholan í þessu frv. og mætti lengi ræða það út frá hinum ýmsu forsendum. Satt best að segja er það mín von og ósk að lokum þessarar umræðu að þetta dæmalausa mál sem ég held að sé bæði að innihaldi og gerð og aðdraganda öllum eitt hið alversta sem við höfum séð í Alþingi um háa herrans tíð. Það er eiginlega mín ósk að þess verði langt að bíða og helst aldrei komi hér annað eins. Þetta er fyrir það fyrsta lagatæknilegur sóðaskapur þar sem ægir saman

útgjaldamálefnum og fagmálefnum í einum bandormi með þeim hætti sem er auðvitað alger sóðaskapur, samanber t.d. hrein fagpólitísk ákvæði grunnskólalaga sem blandað er hér saman við önnur sem eru útgjaldalegs eðlis. Allur aðdragandi þessa máls hefur verið með fádæmum, bæði lögbundið sem og svona siðferðislega skylt samráð hefur verið að engu haft í undirbúningi málsins hvort sem heldur í hlut eiga hagsmunaaðilar úti í þjóðfélaginu eða jafnvel opinberar stofnanir, framkvæmdastofnanir einstakra málaflokka eins og Tryggingastofnun eru ekki hafðar með í ráðum um grundvallarbreytingar á þeirri löggjöf sem viðkomandi stofnun starfar eftir. Og síðan er auðvitað síðast en ekki síst því miður innihaldið það versta af öllu saman. Hvernig hér er í raun og veru ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, fundið upp sérstakt hátekjuskattþrep á láglaunafólk, ellilífeyrisþega og öryrkja og enn ein árásin á hendur sjómönnum er hér á ferðinni. Þess vegna er að mér kemur í hug, þegar ég lýk máli mínu um þetta frv., vísubrot sem mér hefur reyndar komið oftar í hug undanfarna daga og hefur þá verið tiltekinn áberandi frammámaður í þjóðfélaginu í huga mér sem ég ætla að sjálfsögðu ekki að nafngreina hér. Hún er einhvern veginn á þá leið og það má til sanns vegar færa um þetta frv. jafnlagatæknilega og það er nú ógeðfellt útlits; að innrætið er samt útlitinu verra og er hann þó með skuggalegri mönnum, segir í vísunni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þegar fyrir áramót sneru sér til mín tveir þingmenn Framsfl. og óskuðu eftir að ég gæfi upplýsingar um GATT-viðræðurnar. Að vísu stóð svo á að sá málaflokkur heyrir efnislega undir utanrrn. svo þess vegna var ekki eðlilegt að ég upplýsti um gang þeirra viðræðna með því að biðja hæstv. forseta um að verða við beiðni um stutta munnlega skýrslu hér í þinginu. Þessir hv. þingmenn gerðu sér auðvitað grein fyrir því að í hálftíma utandagskrárumræðu þar sem ráðherra hefur tvisvar sinnum tvær mínútur til að svara er ógerlegt að gera glögga grein fyrir gangi slíkra umræðna. Þegar á hinn bóginn kom upp hugmynd um að fá upplýsingar um hvernig staðan væri í málefnum Skipaútgerðar ríkisins átti stjórnarandstaðan tveggja kosta völ. Önnur var sú sem hv. 2. þm. Vestf. greip til, að spyrja mig sem samgrh. undir þeim dagskrárlið, sem við erum að tala nú, um þau einstöku atriði sem hann óskaði sérstaklega að fá vitneskju um í sambandi við Skipaútgerð ríkisins. Hins vegar kaus einn hv. þingmaður, sem raunar á sæti í stjórnarnefnd Ríkisskipa, að hefja hér umræður og biðja um skýrslu þó svo hann vissi að ég hefði einungis tvær mínútur tvisvar sinnum til umráða. Og það sem hefur vakið sérstaka athygli mína er að hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur verið að finna að því að ég í svo stuttu máli skyldi ekki hafa gefið glögga og yfirgripsmikla skýrslu. Samt var öllum þessum sömu þingmönnum kunnugt að ég hafði fúslega orðið við beiðni um það undir þessum dagskrárlið að gefa þær upplýsingar sem ég var inntur eftir. Út yfir tekur þegar mál er til umræðu, sem gefur slíkan sveigjanleika, að hv. þm. skuli í athugasemdum við þingsköp finna að svörum ráðherra þegar svörin voru nákvæmlega í samræmi við þá fyrirspurn sem fram var borin ef hliðsjón er tekin af þeim tímamörkum sem ráðherra hafði í utandagskrárumræðunni. Þannig var ég spurður að því í gær hvort svo bæri að líta á að umræður við undirbúningsnefnd að stofnun hlutafélags um strandferðir væri lokið og ég svaraði því á þann veg að þessi undirbúningsnefnd hefði með bréfi 30. des. óskað eftir því að fá svigrúm til að glöggva sig frekar á stöðunni. Í fréttatilkynningu sem ég gaf þá út tók ég skýrt fram að ég stefndi að því að umræðum um þessi efni lyki innan hálfs mánaðar sem undirbúningsnefndin túlkaði svo að hún hefði svigrúm til þess að nýta þennan tíma og koma síðan með ákveðið tilboð í eignir eða rekstur Skipaútgerðar ríkisins og hafði mér raunar verið heitið að ég mundi fá upplýsingar um hvaða tryggingar yrði hægt að veita ef ríkisstjórnin hyggðist taka boði þessarar undirbúningsnefndar.

Ég vona að hv. alþm., sem um þetta mál hafa fjallað hér í þingræðum, sé jafnframt kunnugt að mjög náið samband var milli Samskipa hf. og hefur verið og Skipaútgerðar ríkisins, þannig að auðvitað var óhugsandi að hægt væri að halda áfram rekstri Skipaútgerðar ríkisins með svipuðu sniði og gert hefur verið án þess að fyrir lægi samningur við Samskip um að þeirra samstarf og samvinna héldi áfram og um það að í höndum hins nýja félags væru þeir samningar sem Samskip hafði áður gert við Skipaútgerð ríkisins. Þegar verið er að dylgja um það að ég hafi brugðist þessari undirbúningsnefnd þá er verið að gefa það í skyn að ég hafi ráðið tímasetningu og verið með í ráðum þegar Samskip hf. buðu í strandferðaskipið Esju. Auðvitað hlaut ég að halda að þessari undirbúningsnefnd hefði verið þetta kunnugt á undan mér. Ég frétti af þessu tilboði eftir að forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafði verið sagt frá því. Varaformaður undirbúningsnefndar að nýju hlutafélagi er jafnframt varaforstjóri Skipaútgerðar ríkisins og hann hefur ekki síst haft með höndum það nána samstarf sem verið hefur milli Samskipa hf. og Skipaútgerðar ríkisins. Það var þess vegna með ólíkindum og alls ekki hægt að ætlast til að ég gerði mér grein fyrir því á þessari stundu að engar formlegar viðræður höfðu farið fram milli undirbúningsnefndar að stofnun hlutafélags um strandferðir og Samskipa.

Eftir að aðfinningar undirbúningsnefndarinnar komu fram hafði ég samband við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og frá hans hálfu var ekkert því til fyrirstöðu að sýna sveigjanleika frá sínu tilboði og bíða með það að ríkisstjórnin eða fulltrúar mínir og hann ræddu frekar um það tilboð sem lagt hafði verið fram í Esjuna. Þessar viðræður fóru síðan fram um helgina og þeim lauk með þeim hætti að Samskip kusu að standa við sitt tilboð í Esju og segja upp þeim samstarfssamningi sem þau höfðu haft við Skipaútgerð ríkisins en láta hann ekki ganga yfir til hugsanlegs nýs félags um strandsiglingar.

Ég býst við að hv. þm. sé öllum ljóst að ógjörning-

ur er að fjölga þeim skipum sem nú annast þjónustu með pakkaflutninga og annað slíkt um ströndina. En auðvitað liggur það í augum uppi að Eimskipafélag Íslands hefur fyrst og fremst þjónað þeim viðskiptum sem eru innan SÍF eða Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og með sama hætti hefur Skipaútgerð ríkisins eða Samskip þjónað hinum sem hafa verði viðskiptamenn þess sem einu sinni hét Sjávarútvegsdeild SÍS en ég man ekki í augnablikinu hvað heitir. (**Gripið fram í:** Íslenskar sjávarafurðir.) Íslenskar sjávarafurðir. (**GHelg:** Þannig að undirbúningsnefndin er hætt störfum?) Þannig að þetta liggur fyrir gagnvart Austurlandi og Austfjörðum.

Ég vil líka undirstrika það sem ég sagði að þegar Samskip lögðu fram sitt tilboð lá það alveg ljóst fyrir að ef ekki yrði af kaupunum eða ekki næðist samningur um Esju mundu þeir leita út fyrir landsteinana eftir tilboði í skip þaðan.

Ég held að það sé deginum ljósara hvernig þetta mál er vaxið. Meðan umræður og þingflokksfundir stóðu hér yfir í gær ræddu saman formaður stjórnarnefndar Ríkisskipa fyrir mína hönd og fulltrúar Samskipa um það hvort samningar tækjust um Esju. Þegar fundi hér lauk voru þeir samningar svo langt komnir að einungis voru eftir það sem heita tæknileg atriði og þeir samningar eru ekki undirskrifaðir en verið að athuga ýmis tæknileg atriði í því sambandi. Það er um þetta að segja.

Fáránlegt, þegar hv. þm. Steingrímur Sigfússon er að dylgja með að ég hafi leynt einhverju í gær. Það er algjörlega út í bláinn, hrein ósannindi. Þvert á móti gerði ég rækilega grein fyrir því að viðræður væru milli Samskipa og stjórnarformanns Ríkisskipa um sölu á Esju. Síðast þegar ég hafði haft tal af þessum samninganefndarmönnum, sem var um hádegið, þá var ekki komin endanleg niðurstaða í þau mál heldur héldu viðræður áfram. Ég hygg á hinn bóginn að ljóst sé að það orðalag sem ég viðhafði í gær hafi gefið öllum alþingismönnum það fyllilega til kynna að ég átti von á því að samningar tækjust um Esjuna og er hægt að fara yfir það frá orði til orðs.

Næst kem ég að því, og mér er sérstök ánægja að gera það vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. hóf þessa umræðu nú, að rifja upp það sem stendur í því fjárlagafrv. sem lagt var fram haustið 1990 um Skipaútgerð ríkisins. Þar stendur:

„Framlag til Skipaútgerðarinnar er áætlað 134,4 millj. kr. samanborið við 169,4 millj. kr. í gildandi fjárlögum. Undanfarið hafa staðið yfir viðræður milli Skipaútgerðar ríkisins og annarra skipafélaga um vöruflutninga meðfram ströndum landsins. Þess er vænst að niðurstaða viðræðnanna leiði til hagræðingar og sparnaðar í vöruflutningum. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.“ — En þar segir m.a. um þetta atriði, hæstv. forseti:

„Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri Skipaútgerðar ríkisins miðað við fjárlög 1990. Viðræður fyrirtækisins við önnur skipafélög um samvinnu á sviði strandflutninga hafa enn ekki skilað árangri en þeim mun verða haldið áfram. Framlag ríkissjóðs ... “ o.s.frv.

Síðan kemur það sama og stendur um A-hlutann. Stefna fyrrv. ríkisstjórnar, þegar hún var að marka sín síðustu fjárlög, var sú að taka upp viðræður við önnur skipafélög um samvinnu á sviði strandflutninga í því skyni að ná fram aukinni hagræðingu og draga úr kostnaði á þessu sviði. Sá hv. þm. sem hóf þessar utandagskrárumræður í gær, hv. 5. þm. Vestf., á sæti í stjórnarnefnd Ríkisskipa. Ég hef átt fundi í samgrn. með honum sem slíkum. Þegar ég kom að þeim málefnum stóðu sakir þannig að nauðsynlegt var að hlutast til um það að aukafjárveiting sem nemur 100 millj. kr. rynni til rekstrar Skipaútgerðar ríkisins á sl. ári þannig að þau framlög hækkuðu úr 134 millj. kr. í 234 millj. kr. Ég geri ráð fyrir því að þessi hv. þm. hafi verið settur í stjórnarnefndina af forvera mínum til þess að greiða fyrir og hafa forgöngu um að samningar gætu tekist við önnur skipafélög í því skyni að koma við hagræðingu í þessari þjónustu og draga úr kostnaði ríkissjóðs sem að mati fyrri ríkisstjórnar var allt of mikill. Ég veit ekki betur en fjárveitinganefnd hafi í sambandi við fjárlög 1991 sérstaklega tekið fram að Skipaútgerð ríkisins yrði að vera innan þess ramma sem fjárlög ákváðu. Það er eftirtektarvert að hvað sem þessum fjárlögum leið var Skipaútgerð ríkisins eftir sem áður rekin á þeim forsendum sem Alþingi hafði hafnað við gerð fjárlaga fyrir árið 1991. Þetta er auðvitað kjarni málsins. Svo geta þeir hv. stjórnarandstæðingar sem um mál þessi hafa fjallað velt því fyrir sér hver og einn hvernig á því hafi staðið að fjárlög fyrir síðasta ár voru svo ónákvæm sem raun ber vitni. Þó verður að viðurkennast að þetta var nokkru minna framlag en árið áður sem var náttúrlega himinhátt. Meðaltal framlaga til Skipaútgerðar ríkisins næstu 10 ár á undan var um 300 millj. kr. á ári á verðlagi sl. hausts og eru þó ekki öll kurl komin til grafar í þeim samanburði.

Fyrsta spurning hv. 4. þm. Norðurl. e. var þessi: Var ráðherra kunnugt um það í gær að þá þegar væri frágengin eða verið að ganga frá sölu á eignum sem hann greindi ekki frá? Ég gat þess í gær að þessar umræður stæðu yfir. Ekki var búið að ganga frá kaupum. Hins vegar tókst að leysa flest eða öll ágreiningsefni nema þau sem tæknilegs eðlis voru og eftir því sem ég best veit er tæknilegri yfirferð og tæknilegum frágangi á kaupsamningi milli Samskipa og ríkisins um Esju ekki lokið. Frágangi á því er ekki lokið eftir því sem ég veit best. Þó kann að vera að einhverjum mínútum skakki í því efni. En það er ekki kjarni málsins, það er verið að ganga frá því nú.

Hér stendur í öðru lagi: Er maður úti í bæ með umboð til að selja eignir ríkisins? Þegar hv. þm. spurði um þetta sat hæstv. fjmrh. í sínu sæti og hann mátti glöggt sjá það. Sá maður var ekki úti í bæ, sem hefur umboð til að selja eignir ríkissjóðs, það er á hendi hæstv. fjrmh.

Hitt hefur ekki farið leynt að formaður stjórnarnefndar Ríkisskipa hefur haft með þau mál að gera sem ég hef verið að tala um. Ef hv. þm. átti við hann, þeg-

ar hann talaði um mann úti í bæ, er rétt að hann hefur fyrir mína hönd annast samningsgerð en umboðið til þess að samþykkja slíkt er auðvitað í höndum fagráðherra, fjmrh. og samgrh.

Spurt er og því slegið föstu að engin niðurstaða sé fengin til að tryggja þjónustu vegna afskekktra byggðarlaga í landinu og því vill hv. þm. setja inn ákvæði í frv. um ríkisfjármál eða lánsfjárlög sem eigi að tryggja að þjónustu sé haldið uppi við afskekkt byggðarlög sem hv. þm. kaus að skilgreina þó ekki betur. Því liggur ekki alveg ljóst fyrir við hvaða byggðarlög hv. þm. átti. Hann ræddi það í gær að draga ætti úr þjónustu við Húsavík og kom ég því ekki heim og saman. (**SJS:** Ég sagði svæði frá Húsavík.) Svæði frá Húsavík er sennilega inni í því og ég kom því ekki heim og saman. Sennilega hefur hann langað til þess að gera þetta meira heldur en vert er og rétt er.

Um þetta er það að segja að vitaskuld er hægt að halda uppi einhverju sem kallað er gott þjónustustig, hringinn í kringum landið með því að fjölga þeim skipum sem sigla hringinn í kringum landið. Við getum bætt þjónustustigið við landsbyggðina ef við bættum við einu til tveimur strandferðarskipum, gætum látið þau mætast t.d. við Langanes. Enginn vafi er á því að með slíkum hætti er hægt að bæta það sem kallað er þjónustustig. Spurningin er á hinn bóginn sú hvort ástæða sé til að ætla að verið sé að draga úr þeirri þjónustu við landsbyggðina sem telja verður viðunandi og sem telja verður nægilega. Við getum tekið sem dæmi: Ef Samskip taka upp þjónustu við Austfirði og Austurland eru þá t.d. þeir menn, eigum við að segja sumir þeirra sem tóku til máls í gær, hræddir um að draga muni úr þjónustu á Höfn í Hornafirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Vopnafirði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Eskifirði, Seyðisfirði? Á hvaða stöðum óttast þeir að dragi úr þjónustu?

Við skulum rifja upp að það eru vikulega samgöngur á Austfjörðum til Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðar, Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar með Eimskipafélagi Íslands. Reglulegar, vikulegar ferðir. Óttast einhverjir menn að Samskip muni ekki þjóna t.d. Höfn með viðlíka hætti og Samskip hafa með samningum við Ríkisskip ætlast til að þeirri byggð sé þjónað? Það væri fróðlegt að fá um þetta upplýsingar. Hvað er það þarna sem menn hafa í huga? Að sjálfsögðu er laukrétt að Langanes er sá partur á norðan- og austanverðu landinu sem er nokkurn veginn miðja vegu, ef farin er hringferðin. Því má búast við því að siglingar til Þórshafnar verði hálfsmánaðarlega. (Gripið fram í.) Það má búast við því. Má kannski velta því fyrir sér af því að hv. þm. er frá Þórshöfn hvort hann óttist að samgöngur þangað verði ekki nægilega tryggar. Náttúrlega er sjálfsagt að ræða það mál bæði við sveitarstjórn þar og við aðra menn sem eru þar í forsvari. En aðalatriðið er að sú ríkisstjórn sem hér situr er ákveðin í því að draga úr opinberum kostnaði og eyðslu eftir megni. Við erum að tala um fjárhæð sem hefur leikið í kringum 300 millj. kr. á verðgildi ársins í ár til styrktar þessari starfsemi. Eru hér inni einhverjir þingmenn sem telja að þeim peningum og fjármunum sé vel varið ef hægt er að halda uppi sambærilegri þjónustu með þeim skipum sem hvort eð er sinna strandsiglingum hringinn í kringum landið? Verður fróðlegt að fá svör við því. Það er allmikið fé, 300 millj. kr., og auðvitað hægt að hanga í því eins og njóla að þvílíkum rekstri skuli fram haldið af ríkinu.

Við skulum reyna að velta fyrir okkur þessum afskekktu byggðarlögum sem talað er um ef farið er vestur fyrir landið. Þá þurfum við ekki að hafa þungar áhyggjur af Snæfellsnesi. Stefnt er að því að auka samvinnu og samrekstur hafna á svokölluðum suðurfjörðum og eins og dæmið stendur nú er mjög brýnt að ljúka vegagerð upp á Hálfdán að austanverðu eða norðanverðu eftir því hvernig menn fara með áttir þar. Ég mun eiga viðræður við sveitarstjórnarmenn þar þegar tími og svigrúm gefst til. En ástæða er til að minna á að djúpbáturinn hefur haldið uppi ferðum til Bíldudals um skeið til þess að sækja rækju þangað. Síðan eru norðurfirðir en aðaláhyggjuefnið hefur verið Norðurfjörður. Auðvitað eru flutningar þangað nauðsynlegir en þeir eru á hinn bóginn ekki svo miklir í sniðum að ekki sé unnt að leysa það verkefni og hefur verið um það hugsað.

Af öðrum afskekktum byggðarlögum — nú veit ég ekki hvort Sauðárkrókur er kallaður afskekkt byggðarlag en á Norðurlandi vestra hafa umsvif Skipaútgerðarinnar fyrst og fremst snúist um Sauðárkrók. Það væri mjög fróðlegt, hæstv. forseti, ef hv. 14. þm. Reykv. mundi skýra fyrir þingmanni hvaða afskekkt byggðarlög hann hefur sérstaklega í huga þegar hann óttast að þjónustustigið lækki. Væri mér mikil þökk í því ef hv. þm. mundi gauka að mér svona tveimur eða þremur stöðum svo ég vissi hvar umhyggja hans lægi sérstaklega.

Nú liggur það fyrir, hæstv. forseti, að viðræðum við Samskip verður haldið áfram eftir að samningar um Esjuna eru frá gengnir. Ég hef m.a. látið í ljósi óskir (**Gripið fram í:** Er búið að skrifa undir?) um það að starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins verði látnir sitja fyrir. Þetta kemur raunar fram í Morgunblaðinu í dag.

Hv. 4. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson spurði hvort búið væri að skrifa undir. Ég tók fram áðan að það væri ekki búið. (Gripið fram í.) Ég get upplýst hv. þm. um að ekki er verið að því núna. En hins vegar væri fróðlegt, úr því að hv. þm., fyrrv. samgrh., sýnir þessa miklu samkennd með Skipaútgerð ríkisins að fá um það vitneskju hvernig hann leit á það að ekki var hægt að standa við þær áætlanir sem hann sjálfur setti þessu fyrirtæki og spyrja hann að því hvers vegna hann hafi ekki við afgreiðslu fjárlaga flutt brtt. um það rekstrarfé sem hann sjálfur hefði talið að mundi duga slíku félagi til þess að halda uppi því þjónustustigi sem hann sjálfur kýs. Væri kannski líka fróðlegt að fá að vita hvaða peninga hann hafði í huga þegar hann var að tala um það í gær að samgn. hefði vald til þess að útdeila einhverjum sérstökum fjármunum í þessu skyni, sem auðvitað er út í hött og algjör útúrsnúningur.

Ég vil svo geta þess í sambandi við það sem hv. þm. spurði um varðandi sérstakt gjald til þess að standa undir hafnarframkvæmdum, sem nemur 120

millj. kr. eða svo, að unnið er að smíði reglugerðar í samræmi við þann lagatexta sem hér liggur fyrir þinginu þar sem skýrð verða framkvæmdaatriði og verður haft samband við Hafnamálasambandið um það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en andsvör hefjast vill forseti geta þess að fjórir hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvör við ræðu hæstv. samgrh. Þar sem andsvör mega aðeins standa í 15 mínútur á forseti um tvo kosti að velja. Annaðhvort að skera niður tímann strax um helming hjá hverjum andsvaranda svo allir fái tækifæri til að veita andsvör sem óskað hafa eftir því eða að sá sem er síðastur á mælendaskránni í andsvörum komist ekki að. Forseti hefur ákveðið að andsvör hvers þingmanns megi aðeins standa í eina mínútu í stað tveggja til þess að reyna að koma öllum að.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Forseti hefði átt að vera svona nákvæmur áðan þegar hæstv. samgrh. var leyft að taka upp efnislega umræðu um mál sem ekki var á dagskrá. Ástæðan fyrir því að ég geri hér andsvar er þessi: Hér fór fram í gær samkvæmt þingskapalögum umræða í 30 mínútur sem hv. 5. þm. Vestf. opnaði um málefni Skipaútgerðar ríkisins. Spurningar hans voru mjög einfaldar: Hvort sú undirbúningsnefnd að stofnun hlutafélags sæti enn að störfum og hvernig samningar stæðu.

Ráðherra svaraði engu en við vorum ekki fyrr komin heim í gær, hv. þingmenn, en fjölmiðlar sögðu okkur það í fréttum að verið væri að ganga frá samningum við Samskip. Þetta heitir, frú forseti, og er mjög alvarlegt mál, að ráðherra segi hv. þjóðþinginu ósatt. Í Danmörku standa yfir málaferli fyrir þá sök eina að fyrrv. ráðherra sagði þjóðþinginu ósatt. Síðan vogar hæstv. samgrh. sér að segja það hér að hann hafi sagt að samningar stæðu yfir. En hann sagði ekki að það stæði yfir fundur þar sem verið væri að ganga frá kaupum. Ég vil heyra, hæstv. forseti, álit forseta á fullyrðingum sem þessum.

Hér situr formaður undirbúningsnefndarinnar, hv. 4. þm. Reykv. Hann kallaði fram í þegar hæstv. samgrh. var að tala áðan og spurði eins og sá hv. þm. sem hér stendur: Er nefndin aflögð og er verið að ganga frá samningum? Hann veit það ekki heldur.

Ég vil, frú forseti, leggja á það mikla áherslu að hér verði ekki það fordæmi skapað að hæstv. ráðherra líðist að segja þjóðþinginu ósatt. Það er ábyrgð hæstvirtra forseta þessa þings að svo verði ekki og það mál mun að sjálfsögðu sótt lengra ef ekki verður hér úr forsetastóli felldur um það úrskurður. Sagði hæstv. ráðherra þjóðþinginu satt eða ósatt?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en hæstv. samgrh. veitir svar við andsvari vill forseti benda á að það hefur margsinnis verið kallað eftir viðbrögðum hæstv. samgrh., efnislega, um það sem hann var að fjalla um í ræðu sinni. Þess vegna gat forseti ekki gert athugasemdir við ræðu hans með tilliti til þess að þetta er það sem þingmenn hafa viljað fá svör við og sem reyndar kom fram í andsvari hv. þm. nú. (**GHelg:** Frú forseti. Ég spurði: Sagði ráðherrann satt eða ósatt í gær? Já eða nei.) Það er ekki forseta að meta slíkt, það verður að koma fram annars staðar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst segir hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hneykslast á því að hér sé hæstv. ráðherra heimilt að taka upp umræðu sem alls ekki er á dagskrá. Það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., sem talaði á undan mér og lagði fram ákveðnar spurningar fyrir mig og ég gat ekki svarað þeim svo vel væri á þeim stutta tíma, tveimur mínútum, sem andsvar tekur til, enda hafði hann gagnrýnt mig í gær fyrir það að ég kæmi ekki nægilegum skýringum að. Ég var að svara hv. þm., flokksbróður hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, og veit ég ekki hvort hún var frekar að finna að þingmanninum með sínum athugasemdum eða ráðherra fyrir að taka mark á spurningunum.

Hitt atriðið liggur ljóst fyrir. Ég rakti í gær að viðræður stæðu yfir við Samskip um tilboð þeirra í Esjuna og það var meginefni máls míns í gær. Ég sagði því síður en svo ósatt, ég sagði nákvæmlega frá því hvernig málin stóðu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki með neinar dylgjur í garð hæstv. samgrh. hér, ekki nema það séu orðnar dylgjur að bera fram við hæstv. ráðherra tvær spurningar. Ég segi að málstaður hæstv. ráðherra sé ekki góður ef einfaldar spurningar um athafnir hans eru orðnar dylgjur.

Í öðru lagi er það rétt hjá hæstv. samgrh. að ég beitti mér fyrir og var með í gangi allan tímann, sem ég var samgrh., aðgerðir til þess að reyna að endurskipuleggja og hagræða strandsiglingum. M.a. þvingaði ég nánast önnur skipafélög í landinu saman til viðræðna, liggur mér við að segja, og þær komust það langt að undirritaður var viljasamningur, viljayfirlýsing, „letter of intent", eins og stundum er sagt, um samsiglingakerfi á ströndinni, sem hefði verið stórkostlegt hagræðingaratriði fyrir alla málsaðila, öll skipafélögin og ríkissjóð og Ríkisskip auðvitað sérstaklega. Því miður slitnaði upp úr þeim viðræðum þegar Eimskipafélag Íslands, öllum að óvörum, keypti nýtt skip og setti í siglingar á ströndinni. Þar með dögguðu þær uppi. En útgangspunktur þessara viðræðna var allan tímann, hæstv. samgrh.: Ekki lakari þjónusta á ströndinni á viðráðanlegu verði.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu, það er hvort sem er ekki tími til að ræða þetta til þrautar hér. En eitt ætla ég að segja við hæstv. samgrh., ef hann hefur ekki skilið það: Lakari þjónusta á ströndinni liggur ekki síst í því að þær innbyrðis samgöngur milli landshlutanna, sem samfellt þjónustukerfi Ríkisskipa hringinn í kringum landið hefur boðið upp á, verða úr sögunni eins og nú horfir. Það er löng leið frá Húsa-

vík hringinn í kringum landið til Raufarhafnar t.d. ef sú á að verða þjónustan. Þetta virðist hæstv. ráðherra ekki hafa skilið miðað við málflutning hans áður.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í áætlun Eimskipafélags Íslands er gert ráð fyrir vikulegum siglingum frá Eyjafirði til Austurlands. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. yfir því sambandsleysi sem verið hefur milli Norðausturlands og Austurlands. Það vekur athygli í ljósi þess sem hv. þm. sagði að í þeirri vegáætlun, sem hann lagði fram á síðasta þingi, var gert ráð fyrir því að láta sómasamlegan veg milli þessara landsfjórðunga bíða næstu aldar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður greinilega gaman þegar við förum að ræða samgöngumálin í víðara samhengi við hæstv. samgrh. síðar í vetur. En ég held að hæstv. ráðherra ætti að bíða með stór orð og miklar yfirlýsingar og skot í annarra garð. Staða hans er ekki það beysin um þessar mundir eða frammistaða í þessu máli. Af því að hann var að vitna í það hvernig að þessu máli var unnið á árunum 1990 og 1991 mætti það verða hæstv. samgrh. fordæmi að þrátt fyrir þær viðræður, sem þá voru í gangi og skiluðu m.a. þeirri viljaniðurstöðu sem ég greindi frá, voru, til þess að tryggja að í öllu falli yrði unnt að halda uppi óbreyttri þjónustu, lagðir fram í fjárlögum umtalsverðir fjármunir til rekstrar Skipaútgerðar ríkisins, þrátt fyrir það að menn teldu þá ástæðu til að ætla að þeir væru nánast með í höndunum niðurstöður um umtalsverðan sparnað og endurskipulagningu í þessum málum. Hæstv. núv. samgrh. lætur loka fjárlögunum án þess að hafa eina einustu krónu í rekstrarstyrk til Ríkisskipa, með gjörsamlega allt upp í loft í þessu máli.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða og þetta mál í heild sinni er orðið heldur dapurlegt. Ég get satt að segja naumast tekið þátt í umræðum við hæstv. ráðherra um þetta mál. Mér ofbýður. Ég hef látið dreifa skjölum, sem skýra þessi mál, til allra hv. alþm. og vona að þeir kynni sér þau vel og mega gjarnan láta þau ganga áfram sem víðast. Þar er sagan rakin, aðeins nokkur partur af henni, en þetta á allt eftir að skýrast og Alþingi á að sjálfsögðu eftir að taka ákvörðun um þetta fyrirtæki sem þjóðin öll á. Það gerir enginn annar.

Að vísu er til stjórnarnefnd, þriggja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra. Hann vildi ekki greina okkur frá því hver væri þriðji maðurinn. Það er Kristinn H. Gunnarsson, félagi okkar, Geir Gunnarsson, sá ágætismaður sem ég hef rætt við og veit ekkert um hvað ráðherra hefur verið að bauka, og svo er það sá sem ekki má nefna, Benedikt Jóhannesson. Hann hefur verið í samstarfi og samvinnu við ráðherrann veit ég. En ég held að fæst orð séu best á þessu stigi. Alþingi tekur þetta mál til afgreiðslu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér komu á óvart ummæli hv. þm. Í fyrsta lagi hef ég skýrt mjög greinilega frá því að Benedikt Jóhannesson er formaður stjórnarnefndar. Hins vegar skil ég ekki hvað hann átti við með því að Geir Gunnarsson vissi ekkert hvað verið væri að bauka, eins og voru hin smekkvísu orð þingmannsins. Hann var að gefa í skyn hluti sem ég mun að sjálfsögðu ræða við hann og spyrja við hvað hv. þm. eigi.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Geir Gunnarsson, sem við mörg þekkjum af góðu einu, sagði mér að hann vissi ekkert um þetta bréf og hefði ekki fengið það í hendur. Hann hafði ekki hugmynd um hvað þar var að gerast. Ég veit að allir þeir sem þekkja Geir Gunnarsson eru sammála mér um það að grandvarari maður finnst varla og hann segir ekki ósatt. Ég er kannski ekkert voðalega grandvar en ég er ekki þekktur fyrir að segja ósatt og ég stend við allt sem ég hef sagt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að það komi fram að ég átti fund með stjórnarnefnd og við Geir Gunnarsson höfum talað um stöðu Skipaútgerðar ríkisins. Nauðsynlegt er að það komi líka fram að formaður stjórnarnefndar hefur átt fund með Geir Gunnarssyni og talað við hann utan fundar. Af því samhengi sem ég hlustaði á í ræðu hv. þm. geri ég mér ekki grein fyrir að hverju hann var að ýja en ég mun að sjálfsögðu hafa samband við Geir Gunnarsson og spyrja hann um það hvort hann telji að hann hafi verið leyndur upplýsingum eða ekki verið látinn fylgjast nægilega vel með gangi þessa máls.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það virðist þurfa tvær atrennur að hæstv. samgrh. til að fá hann til að svara einföldum spurningum. Þegar það tekst grípur forseti til þess ráðs að takmarka tíma ræðumanna. Sérstaklega þar sem hæstv. samgrh. vék að öðrum málum í leiðinni, sem er óhjávæmilegt að menn svari, en hins vegar er ekki tími til þess. Ég mun svara þeim athugasemdum sem frá honum komu varðandi fjárhag Ríkisskipa og hallarekstur á undanförnum árum. Ég vil þó segja stuttlega frá því að á síðasta ári var gerður upp ákveðinn fortíðarvandi frá forvera hans Matthíasi Á. Mathiesen, sem tókst næstum því það sem núv. samgrh. hefur tekist, að ganga að fyrirtækinu dauðu.

Ég verð að segja að það kom mér ekki á óvart að hv. 4. þm. Reykv. léti þau orð falla að honum ofbyði. Mér hefur ofboðið margt á síðustu vikum og mánuðum í þessu máli en er orðinn það sjóaður að það síðasta ofbýður mér ekki. Ég vil aðeins segja að hæstv. samgrh. hefur ekki verið mjög mikið á sannleikans vegum í þessu máli.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom mér nokkuð á óvart vegna þess hversu hæstv. samgrh. fór nákvæmlega út í þjónustuna sem yrði við Austfirði að Norðurland eystra var ekki mikið nefnt í þeirri umræðu nema núna í andsvörum er það kom fram að Eimskip mundi sjá um þjónustu milli Akureyrar og Austfjarða. Nú hefur okkur þingmönnum Norðurl. e. borist bréf frá heildsölum á Akureyri þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum út af samgöngum milli Akureyrar og Austfjarða vegna mikilvægra viðskipta sem þar fara á milli. Þeir nefna einnig í sínu bréfi að mokstur yfir Mývatnsöræfi og Möðrudalsöræfi væri ein leið sem væri áhugaverð og óska eftir því að þingmenn kjördæmisins beiti sér fyrir því að þessi leið verði mokuð reglulega og henni haldið opinni yfir veturinn. Er það kannski ástæða þess hversu lítið hæstv. samgrh. fjallaði um þetta mál í sinni löngu ræðu áðan að hann muni beita sér fyrir því að mokstur verði hafinn á þessari leið?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á þessari stundu liggur ekki fyrir endurskoðuð áætlun Samskipa eins og hv. þm. ætti að vera ljóst. Samskip stefna að því að auka umsvif sín með ströndinni eins og ljóst er af fréttum af síðustu atburðum. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða um það á þessari stundu hvernig sú áætlun verður og ekki hef ég rætt það sérstaklega við forstjóra Samskipa. Það er a.m.k. fullsnemmt að vera með stórar yfirlýsingar um þau efni. Það lá fyrir að þessi breyting mundi hafa áhrif milli Norðurlands og Austurlands eins og ég hef margvakið athygli á. Það var að frumkvæði mínu sem boðað var til fundar með heildsölum sl. laugardag á Akureyri til þess að ræða þessi mál en ég komst þangað ekki vegna þess að samgönguráðherra Litáens var staddur hér á landi og kom hingað mjög skyndilega. Það hefur verið rætt um það bæði fyrir þennan fund og síðar hvort hægt sé að auka snjómokstur á veginum milli Norður- og Austurlands. Veðrátta hefur verið þannig að undanförnu að það hafa ekki skapast vandræði en þessi mál eru í athugun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti ítreka að hann takmarkaði ræðutíma hv. þm. til að reyna að veita öllum tækifæri innan ramma þingskapa að komast að í þessum andsvörum sem mega aðeins standa í 15 mínútur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hér hljóðs eru þau ummæli forseta sem fram komu í tilefni af ræðu sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti hér sem andsvar við ræðu hæstv. samgrh. Í ræðu sinni vakti hv. þm. Guðrún Helgadóttir athygli á því að þegar þingmenn gengu hér af fundi í gær heyrðu þeir nokkrum mínútum seinna fréttamann Ríkisútvarpsins skýra frá því að þegar hefði verið gerður samningur milli samgrn. og Samskipa um leigu á einu skipi Skipaútgerðar ríkisins. Ef þessi frétt er rétt þá er alveg augljóst að hæstv. samgrh., svo að notað sé kurteislegt orðalag, hefur leynt Alþingi í umræðum í gær þeirri staðreynd að samningur hefði verið gerður, gengið svo langt að tala gegn betri vitund hér í þingsalnum og gefa þinginu ósanna lýsingu á því hvernig málið stóð eða þá að embættismenn hæstv. samgrh. hafa gert samning um leigu á ríkiseign án þess að ráðherrann hafi vitað eða samþykkt það. (Gripið fram í.) Ég er að spyrja að því, hv. þm., vegna þess að enginn embættismaður hefur heimild til að ganga frá leigu eða sölu á ríkiseign án þess að ráðherrann hafi annaðhvort fyrir fram heimilað embættismönnunum að ljúka samningsgerðinni eða samþykkt hana sjálfa. Það liggur því alveg ljóst fyrir að sé þessi frétt Ríkisútvarpsins í gærkvöldi rétt, þá hefur samgrh. annaðhvort áður en hann kom hingað á fund Alþingis í gær heimilað embættismönnum sínum að ljúka samningsgerðinni meðan umræðan stóð hér í þinginu án þess að ráðherrann segði þinginu frá því — en hann talaði þannig hér í gær að engan einasta þingmann hefði getað rennt grun í að ráðherrann væri búinn að taka þá ákvörðun að leigja skipin til Samskipa — eða þá að embættismennirnir hafa tekið þessa ákvörðun upp á eigin spýtur sem þeir hafa enga heimild til. Það er þess vegna, virðulegi forseti, alveg hárrétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að hér er komin upp staða sem forseti þingsins getur ekki látið afskiptalausa né heldur þingheimur. Það er grundvallarskylda í þingræðisríkjum að ráðherrar greini þinginu satt og rétt frá. Það eru fjölmörg dæmi þess í þingræðisríkjum, sem taka sig alvarlega sem þingræðisríki, að ráðherra, sem verður ber að því að hafa ekki greint þinginu rétt frá, sagt ósatt eða leynt upplýsingum í mikilvægum umræðum, er látinn segja af sér.

Hver er æðsti trúnaðarmaður þingræðisins? Það er hæstv. forseti. Hann er kjörinn hér til að vera æðsti trúnaðarmaður þingræðisins. Þetta er ekki flokkspólitískt karp, hæstv. forseti og hæstv. samgrh. Þetta er spurning um gildi grundvallarreglu þingræðisins sem okkur ber öllum að halda í heiðri hvar í flokki sem við stöndum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fá upplýst hvort frétt Ríkisútvarpsins, flutt kl. rúmlega 7 í gærkvöldi, hafi verið rétt því að ef hún reynist hafa verið rétt þá er það alveg augljóst að hæstv. samgrh. hefur ekki greint þinginu rétt frá, leynt þingið veigamiklum þætti þessa máls eða þá, sem ég trúi ekki af kynnum mínum af ráðuneytunum, að embættismenn í samgrn. hafi tekið þessa ákvörðun án þess að ráðherrann hafi verið búinn að heimila þeim það. Þess vegna er það óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að fram fari könnun á því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði hér um. Var frétt Ríkisútvarpsins rétt? Ef hún reynist vera rétt þá er forseta Alþingis og þinginu öllu mikill vandi á höndum því að þá stöndum við frammi fyrir því að hæstv. samgrh. hefur komið þannig fram við þingið að það er brot á þeirri grundvallarreglu þingræðisins sem ég lýsti hér áðan.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú raunar ekki um gæslu

þingskapa, hv. þm. talaði efnislega um þau atriði sem áður hafa verið hér til umfjöllunar í salnum og kom ræða hans auðvitað þingsköpum ekkert við.

Í fyrsta lagi skýrði ég frá því áðan að samningur milli Samskipa og ríkisins væri til tæknilegrar yfirferðar í fjmrn. Það stóð svo á þegar ég fór hingað inn í salinn. Hvort þeirri tæknilegu yfirferð er lokið er mér ókunnugt. Samningurinn er óundirskrifaður. Ég skýrði einnig frá því að eftir hádegi í gær þegar ég hafði síðast samband við samninganefndarmenn um Esju, þá var verið að fara yfir ýmis atriði og mátti búast við því að þeirri samningsgerð lyki að öðru leyti.

Hér hef ég fengið í hendur fyrri ræðu mína frá í gær. Þar er minnst á að Samskip hafi óskað eftir að ná samningum um rekstur Esju, að öðrum kosti muni þau leita út fyrir landsteinana að skipi til að annast þessa þjónustu. Þegar þar var komið sögu var tíma mínum lokið. Síðan gerði ég nánari grein fyrir þessu í seinni ræðu minni og þar vakti ég m.a. athygli á því að viðbrögð alþingismanna og Alþingis gætu kannski orðið til að spilla fyrir þeim samningum sem nú væri unnið að milli ríkisstjórnarinnar og Samskipa um Esju. Það er svo fjarri öllu lagi að ég hafi ekki greint frá tilboði Samskipa og að umræður stæðu um þau. Það er svo fjarri öllu lagi sem það getur verið. Ég greindi frá þessum viðræðum. Ég geri ráð fyrir því, eins og andrúmsloftið er hér, að nægilegt svigrúm gefist til þess ef ég tek aftur til máls undir þessum undarlega lið að gæta þingskapa þá verði búið að vélrita síðari ræðu mína þannig að ég geti farið aftur með hana og þá mun það koma glöggt fram hvort ég hafi skýrt frá því sem um er talað. Þetta er nú svo einfalt mál. Það er verið að vélrita ræðuna og þar mun það koma glögglega fram.

Ég sé svo, hæstv. forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta miklu fleiri orð en var að velta því fyrir mér undir ræðu hv. síðasta ræðumanns hvenær á ráðherraferli hans hann hefði orðið að segja af sér ef hann gerði sömu kröfu til sjálfs sín og annarra, að menn megi ekki fara með ósatt orð í þingsölum. — [Fundarhlé.]

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Má ég biðja hæstv. forseta að biðja hæstv. samgrh. að ganga í salinn. (**Forseti:** Ef hv. þm. ætlar að tala um gæslu þingskapa, þá ...) Ég óska eftir að hæstv. samgrh. verði viðstaddur og hann er í húsinu.

Hæstv. forseti. Umræða sú sem ég gerði að umræðuefni áðan stóð í gær á tímanum frá kl. 6 til kl. að verða 7. Ég man ekki nákvæmlega hvenær henni lauk en klukkan var áreiðanlega orðin töluvert yfir hálfsjö. Klukkan 7 birtist eftirfarandi frétt í Ríkisútvarpinu sem ég ætla að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðaði svo:

„Samskip hf. hafa gert kaupsamning um strandferðaskipið Esju. Ómar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Samskipa, staðfesti skömmu fyrir fréttir að öll meginatriði varðandi kaupin væru í höfn. Hann sagði að reyndar væru örfá smáatriði ófrágengin en þau ættu ekki að geta sett strik í reikninginn. Samskip taka við Esjunni þann 1. febr. Verðið fæst ekki uppgefið að svo stöddu. Samskip skuldbinda sig til að ráða úr hópi starfsmanna Ríkisskipa sem nemur einni áhöfn á Esju. Þá eru forráðamenn Samskipa og samgrn. byrjaðir að ræða kaup skipafélagsins á ýmsu öðru, svo sem lyftiurum og gámum. Ómar Jóhannsson sagði að strandferðaskipið Hekla hafi verið nefnt í þessu sambandi en ekki þriðja skip Ríkisskipa, Askja."

Þannig hljóðaði þessi frétt, frú forseti, og henni hefur ekki verið hnekkt. Ég hlýt því að óska eftir því við hæstv. forseta að þingmenn fái úr því skorið hvort forsætisnefnd þingsins líti svo á að hæstv. ráðherra hafi gefið réttar upplýsingar hér á þingfundi í gær. Það getur ekki verið að hæstv. samgrh. hafi verið ókunnugt um að þessi fundur stæði yfir og samningar væru svo langt komnir sem hér segir. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. 8. þm. Reykn. sagði hér áðan um eðli þingræðis. En það gefur auga leið að það er óþolandi að hv. þm. geti ekki treyst hæstv. ráðherrum, þ.e. þeim sem fara með framkvæmdarvald fyrir hönd hins háa Alþingis. Þá er þetta þjóðþing okkar komið á sama stig og slíkar samkundur í bananalýðveldum svokölluðum um víða veröld. Ábyrgð forsætisnefndar þingsins sem, eins og hv. 8. þm. Reykn. sagði hér áðan, er útvörður þingræðisins og ber ábyrgð á að þetta þing sé rekið á þeim forsendum sem íslenska þjóðin hefur gert ráð fyrir frá órofa tíð er því mikil og það er krafa mín úr þessum ræðustól að þingmenn fái greinargerð um þetta mál.

Ég býst við að ýmsir hv. þm. hér hafi fylgst með mjög umfangsmiklu máli sem lengi er búið að vera fyrir alls kyns rannsóknarnefndum í Danmörku, svokölluðu Tamílamáli. Þar var talið að dómsmálaráðherra Danmerkur hefði orðið á við afgreiðslu í flóttamannamálum. Fyrrverandi ráðherra gerðist síðan þingforseti og hefur auðvitað dregist inn í þetta mál en hann hefur dregist þar inn af tvennum sökum. Í fyrsta lagi fyrir að hafa ekki farið að lögum sem ráðherra en í öðru lagi að hafa leynt þingið og aðstoðað fleiri núv. ráðherra við að leyna þingið staðreyndum. Og þar í landi er þetta tekið svo alvarlega að skipuð var sérstök rannsóknarnefnd í málinu sem nú mun vera um það bil að ljúka störfum. Ég vil því enn á ný reyna að útskýra þetta mál og krefjast þess af hæstv. forseta að menn taki það alvarlega ef hæstv. ráðherra, hver sem hann nú er, og ég tek það fram að hér er ekki um flokkapólitík að ræða heldur sjálfan grundvöll þingræðisins, hefur sagt svo ósatt sem þessi frétt sem ég hef nú lesið ber allt vitni. Þá hljótum við að eiga rétt á því að fá að vita, hvort þingið sættir sig við þessi samskipti þings og ráðherra eða ekki.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur sama málið verið rætt tvo daga í röð og í bæði skiptin hefur það komið fram af hálfu fleiri en eins ræðumanns að tími var of knappur til að gera því einhver tæmandi skil. Það er því ljóst, virðulegi forseti, að það er nauðsynlegt að ræða

þessi mál og gefa sér rýmri tíma til þess en við höfum hér í dag og höfðum í gær.

Ég vil ítreka þá ósk, sem ég bar fram í gær, um að þetta mál yrði rætt frekar á næstu dögum og ég fer formlega fram á það við hæstv. forseta að hann athugi hvort ekki væri hægt að ræða þetta mál nk. mánudag og gefa mönnum nokkuð rúman tíma til umræðna. A.m.k. finnst mér sjálfum ég þurfa að verja hendur mínar sem stjórnarnefndarmaður í Skipaútgerð ríkisins þar sem hæstv. ráðherra hefur í tvígang vegið að mínum störfum þar.

Ég vil þó aðeins segja um það sem fram kom í máli hæstv. samgrh. undir liðnum gæsla þingskapa hér áðan að það kemur mér á óvart að heyra að samningur sé til milli Samskipa og Ríkisskipa í samgrn. Það var fundur í stjórn Skipaútgerðarinnar í morgun og sá samningur var ekki sýndur þar en einungis greint frá því að samningar milli samgrn. og Samskipa lægju fyrir þótt ekki væru þeir undirritaðir. Ég vil leggja á það áherslu hvað varðar stjórnarnefndina að viðræður við undirbúningsnefndina voru teknar upp að höfðu samráði við nefndina og þá gaf hæstv. ráðherra út yfirlýsingar um það að ekki yrði rætt við aðra aðila á meðan og hét því m.a. á fundi með starfsmönnum. Hann hefur hins vegar kosið að ganga á bak þeirra fyrirheita sem hann gaf, bæði skriflega og munnlega, og tók upp viðræður við Samskip áður en sá lágmarksfrestur var liðinn sem tilskilinn var. Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að m.a. gera grein fyrir því.

Þá vil ég líka bera það til baka sem fram kom í máli hæstv. ráðherra hér áðan undir sama dagskrárlið, gæslu þingskapa, að ef ekki hefði verið samið við Samskip hf. strax mundu þeir fara og festa kaup á skipi erlendis. Eftir því sem ég best veit munu ekki vera til sölu nein skip erlendis sem henta strandsiglingum á Íslandi þannig að ég sé ekki að þeim verði neitt ágengt á því sviði og ég hygg að Samskipum hf. sé það fullljóst. Ég vil upplýsa það sem kom fram á fundi stjórnarnefndar 7. jan. sl. Þar var lagt fram minnisblað sem greindi frá því að Samskip hf. hefðu gert tilboð í eitt skipa félagsins í því skyni að tryggja hagsmuni sína ef viðræður við undirbúningsnefndina rynnu út í sandinn og yrðu árangurslausar. Þetta minnisblað var lagt fram því til staðfestingar eftir samtal forstjóra fyrirtækisins við forstjóra Samskipa hf. Hæstv. ráðherra heldur því fram að þær upplýsingar sem ég hef séu rangar því annars hefði orðið hætta á því að Skipaútgerðin eða ríkið missti af væntanlegri leigu á skipinu. Hér kemur þvert á móti fram að Samskip hf. mundu sætta sig við að bíða eftir viðræðum ef viðræður við undirbúningsnefndina bæru engan árangur. Upplýsingum sem stjórnarnefndin fékk ber því ekki saman við þær sem ráðherra hélt fram áðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun leita leiða til þess að þingmenn fái tækifæri til að ræða þetta mál undir öðrum dagskrárlið en um gæslu þingskapa og vill þess vegna taka undir þá beiðni hv. 5. þm. Vestf. sem kom hér fram. Forseta finnst það jafnvel vera leið til þess að koma í veg fyrir að þingmenn þurfi að nýta sér þennan rétt til að ræða um gæslu þingskapa en tala svo efnislega um mál.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Höfuðádeiluefni hv. þingmanna er að ég hafi haldið því leyndu í gær að viðræður stæðu milli ríkisstjórnarinnar og Samskipa um kaup á eignum Skipaútgerðar ríkisins. Af þeim ástæðum er óhjákvæmilegt að ég lesi orðrétt stuttan kafla úr ræðunni sem ég flutti í gær. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við erum því að tala um að íslenskt skipafélag, sem nýtur trausts með ströndinni, taki yfir þá þjónustu sem Skipaútgerð ríkisins hefur gegnt. Jafnframt liggur það fyrir að þetta skipafélag mun láta starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins sitja fyrir."

Enn fremur segir: „ ...að það skipafélag sem ríkisstjórnin á nú í viðræðum við hafi ekki staðið sig gagnvart þeim einstaklingum og þeim stöðum sem Samskip hafa þjónað í gegnum árin og áratugina."

Ljóst er að hér er talað um þjónustu Skipaútgerðar ríkisins og jafnframt er tekið fram að viðræður standi yfir milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Samskipa og að tilboð hefði borist í tiltekið skip. Einnig kom fram að ég taldi óhjákvæmilegt að viðræður um það yrðu hafnar. Það er rangt, og ég hef margleiðrétt það, að ég hafi tekið upp viðræður við Samskip í síðustu viku. Ég hef margsagt að Samskip hafi lagt fram tilboð í Esjuna og einnig tekið fram að þegar Samskip lögðu fram það tilboð, vegna þess að þau töldu óhjákvæmilegt vegna hagsmuna og viðskiptavina sinna að hefja áætlunarferðir fyrir Austfjörðum um næstu mánaðamót, höfðu ekki verið teknar upp formlegar viðræður milli undirbúningsnefndar að stofnun hlutafélags um strandferðir og Samskipa. Þannig að það liggur alveg ljóst fyrir að skýrt var frá því í gær að viðræður stæðu yfir um að tiltekið skipafélag yfirtæki þá þjónustu sem Skipaútgerð ríkisins hefur gegnt. Skýrara getur það ekki verið.

Jafnframt er ljóst og ég hef margtekið fram að á þeim tíma sem ég var í þinginu stóðu yfir viðræður milli Samskipa og fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Hitt er auðvitað algjörlega út í bláinn og sýnir til hvers leikurinn er gerður, ekki til að þjóna sannleikanum, að halda því fram að þegar viðræður standa á milli ríkisstjórnar og einstakra aðila úti í bæ og eru á viðkvæmu stigi að undir slíkum kringumstæðum eigi ráðherra að greina nákvæmlega frá efnisatriðum slíkra viðræðna. Sá háttur hefur ekki tíðkast hér. Málið liggur þess vegna alveg ljóst fyrir. En ég tek undir það sem hæstv. forseti sagði, það er sjálfsagt að gera Alþingi grein fyrir gangi viðræðnanna og hver staðan verður á einstökum stöðum þegar viðræðum við Samskip er lokið og málin liggja skýrt fyrir. Það er meira en guðvelkomið. Ég tala nú ekki um hvort mér sé ekki ljúft að eiga orðastað við hv. 8. þm. Reykn. ekki síst, fram eftir nóttu. Mér er það mjög ljúft og þó af öðru tilefni væri.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina því til hv. þingmanna að taka það til greina sem forseti hefur þegar sagt og er tilbúinn að beita sér fyrir því að hv. þingmenn fái tækifæri til þess að ræða þetta mál undir öðrum dagskrárlið en um gæslu þingskapa. Ef hv. þingmenn ætla að halda áfram að tala um gæslu þingskapa væntir forseti þess að þetta mál verði ekki til umræðu, heldur gæsla þingskapa.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fulla samúð með því að forseti hafi vilja til þess að greiða úr þeirri flækju sem hæstv. samgrh. hefur skapað og skal styðja forsetann í þeirri viðleitni. En hins vegar er nauðsynlegt að forseti lýsi því yfir áður en þessu lýkur hér á næstu mínútum, hvort hann hafi sama skilning á því og hæstv. samgrh. var að lýsa hér. Því hæstv. samgrh. lýsti því að hann væri fyrst tilbúinn í þá umræðu í þinginu sem forseti var að tala um þegar hann hefði lokið málinu. Það er ekki það sem verið er að tala um, virðulegi forseti, það er verið að tala um umræður sem m.a. snúast um það að hæstv. samgrh. leyndi þingið í gær staðreyndum málsins og hefur staðfest það hér í þessum umræðum. Málið snerist ekki um það hvort hæstv. samgrh. hefði greint þinginu frá því að viðræður stæðu yfir við Samskip. Þær snúast um það hvort hæstv. samgrh. hafi veitt embættismönnum samgrn. heimild til þess að ljúka efnislegum þætti viðræðnanna áður en hann kom á fund þingsins í gær og nú hefur hann staðfest að hafa gert það. Því hann upplýsir í þessari umræðu um gæslu þingskapa að það eina sem sé eftir sé tæknilegur frágangur fjmrn. á samningnum, svo notuð séu lýsingarorð hæstv. ráðherra. Fjmrn. tekur ekki við samningum til tæknilegs lokafrágangs fyrr en viðkomandi fagráðuneyti er búið að ljúka efnisumfjöllun um málið. Þess vegna er ljóst að samgrn. lauk efnisgerð samningsins í gær en fól síðan þeim sérfræðingum í frágangi samninga hvað tæknileg atriði snertir í fjmrn. að útbúa efnisatriði í lögtækt form. Það er staðreynd málsins, að samgrh. leyndi þingið því í gær að hann hefði gefið umboð til þess að ljúka efnisþætti málsins, þ.e. að semja um leiguna á skipinu.

Virðulegi forseti, þennan þátt er nauðsynlegt að ræða í þinginu sérstaklega í ljósi þess að sami hæstv. ráðherra ætlar að halda áfram að meðhöndla málið með sama hætti. Frétt Ríkisútvarpsins í gær sem hér hefur verið lesin hefur þar að auki verið staðfest af samgrh. á þann hátt að hann hefur ekki treyst sér til að mótmæla einu einasta orði hennar. Frétt þar sem Ómar Jóhannsson, forstjóri Samskipa, er tilgreindur sem heimildarmaður og lýsir því að samningum hafi verið lokið fyrir kvöldmatarleytið í gær, hvað öll meginefnisatriðin snertir. Þess vegna er alveg ljóst að ... (**EgJ:** Það er samkomulag.) Samningum stendur hér og hefur ekki verið mótmælt, hv. þm. Egill Jónsson, þó ég skilji vel að þingmaðurinn reyni að aðstoða ráðherrann í því öngþveiti sem hann er kominn í. Öngþveiti sem felst í því að upplýst hefur verið í dag að hæstv. samgrh. leyndi þingið í gær kjarna málsins. Umræðan í gær fór fram á fölskum forsendum af því hæstv. samgrh. sagði ekki satt.

Virðulegi forseti, þess vegna óskum við eftir tíma í þinginu fyrir helgi, t.d. á morgun, til þess að efnisleg umræða um þetta mál geti farið fram. Vegna þess að þingið getur ekki tekið áhættu af því að ráðherra sem þannig hefur hagað sér í máli fari áfram með það án þess að þingið geti rætt það. Ég legg þess vegna fram þá formlegu ósk, virðulegi forseti, að á morgun gefist tími til þess að ræða þetta mál með eðlilegum hætti í þinginu. Skal þá lokið athugasemdum mínum undir þessum dagskrárlið í trausti þess að forseti muni skapa tíma í þinginu á morgun til þess að ræða það með eðlilegum hætti.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var haft við orð úti í salnum áðan að bandormurinn væri lagstur í siglingar. Það má til sanns vegar færa. Langar umræður hafa orðið um samgöngur og ummæli ráðherra, sem reyndar voru ekki á dagskrá og hafa oft verið gerðar athugasemdir við það að menn færu út fyrir umræðuefnið. Ekki er laust við að svo hafi verið. Síðast í gær kvartaði fjmrh. undan því að alltaf væri verið að halda sömu ræðurnar og menn færu út um víðan völl, en það hefur áreiðanlega oft verið minni ástæða til þess að gera athugasemdir en nú.

Virðulegi forseti, nú er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, hinn svokallaði bandormur. Ég stóð í þessum ræðustóli um miðja nótt rétt fyrir jól þegar fram fór fyrri hluti þessarar 2. umr. en síðan þá hafa mikil tíðindi og vond gerst sem varða þetta frv. þannig að fyllilega er ástæða til að ræða þetta mál ítarlega. Ég óska eftir því að kallaðir verði til hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., því ég hef hugsað mér að beina til þeirra spurningum og eiga við þá orð.

En áður en ég kem að efni frv. og þeim brtt. sem nú eru til umræðu vil ég fara nokkrum orðum um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli og ekki síst að ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni í þessari umræðu um þingræðið og hegðun þingmanna í þessum málum. Vegna þess, virðulegi forseti, að ég er þeirrar skoðunar að hér sé á ferðinni lagasetning sem ekki eigi að eiga sér stað. Óskyldum málum er blandað saman í gríðarlega löngum lagabálki og eins og ég rakti í fyrri ræðu minni þá er verið að koma í gegn málum sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við, heldur er verið að breyta grundvallarlögum, eins og lögum um grunnskóla, til þess að koma ýmsum stefnumálum Sjálfstfl. í gegn.

Ég lít þannig á að ábyrgð þingmanna sé mikil við afgreiðslu lagafrv. Það er skylda okkar að sjá til þess að lög séu þannig úr garði gerð að þau séu skýr og skiljanleg og það er líka skylda okkar að sjá til þess að lög séu framkvæmanleg. Því miður hefur viljað brenna við að lagabálkar sem fela í sér fögur fyrirheit séu samþykktir en enginn vill taka ábyrgð á að reikna út hvað framkvæmd þeirra kostar eða hvort forsendur séu

til þess að framkvæma það sem verið er að samþykkja. Í því samhengi get ég nefnt lögin um framhaldsskóla, sem menn eru nú lentir í miklum ógöngum með.

Í nál. minni hluta efh.- og viðskn., sem fram kom eftir 1. umr., er sérstök bókun frá þeirri sem hér stendur og vil ég leyfa mér að lesa hana, með leyfi forseta:

„Lagasetning af því tagi sem hér um ræðir, þar sem blandað er saman alls óskyldum málum og tækifærið notað til að koma í gegnum þingið lagabreytingum sem koma „ráðstöfunum í ríkisfjármálum" ekkert við, er algjör óhæfa og óvirðing við löggjafarhlutverk Alþingis. Þá er tíðkað að gera „eyrnamerkta" lögbundna tekjustofna upptæka að hluta til eða að fullu. Þar með er gengið þvert á fyrri samþykktir Alþingis og komið í veg fyrir að brýn mál nái fram að ganga. Lög á að virða en Alþingi þarf einnig að vanda sig betur og samþykkja ekki lög nema ljóst sé hvaða kostnað þau hafa í för með sér."

Þetta vil ég ítreka, herra forseti, og ef betur væri að verki staðið stæðum við ekki með frv. eins og þetta í höndunum, þar sem verið er að kippa ýmsum lagagreinum úr sambandi vegna þess að þau fela í sér ákveðinn kostnað og ríkið sækir fé til hinna ýmsu málaflokka.

Ég vil líka minna á að það eru ráðherrarnir sem bera ábyrgð gagnvart Alþingi en ekki öfugt. Þingmenn eiga ekki að láta pína sig til að samþykkja alls konar óhæfu eins og hér er á ferð. Ég verð að segja að heldur raunalegt hefur verið að fylgjast með meiri hluta efh.- og viðskn. í þeirri umfjöllun sem átt hefur sér stað undanfarnar vikur á hinum svokallaða bandormi, því greinilegt er að ýmsum sem þar sitja er ekki allt að skapi sem verið að keyra þar gegn.

En ég ætla þá að víkja að því frv. sem hér er til umræðu og einbeita mér fyrst og fremst að þeim brtt. sem fram hafa komið, vegna þess að ég gerði mjög ítarlega grein fyrir afstöðu okkar kvennalistakvenna til frv. í heild við 1. umr. og í fyrri ræðu minni við 2. umr.

Þá eru það fyrst skólamálin. Ekki aðeins vegna þess að skólamálin eru fyrsti kafli þessa frv. heldur verð ég að segja að þær breytingar sem frv. leggur til og sú brtt. sem síðan bættist við eru með þeim hætti að ég tel skólamálin alvarlegasta málið í þessum bandormi, þó þar sé margt mjög alvarlegt á ferð. Ég tel að skólamálin og þessar hörmulegu breytingar sem menntmrh. beitir sér fyrir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar séu þannig að þær eigi eftir að skaða samfélag okkar verulega.

Óhjákvæmilegt er að rifja aðeins upp út á hvað þessar brtt. ganga. Í stuttu máli má segja að þær feli það í sér að verið er að fresta ýmsum ákvæðum grunnskólalaganna. Nokkur þeirra snerta sveitarfélögin og þann kostnað sem sveitarfélögin þurfa að greiða en síðan eru þarna ákvæði sem eru mjög alvarleg þar sem verið er að fresta ýmsum ákvæðum grunnskólalaganna. Nokkur þeirra snerta sveitarfélögin og þann kostnað sem sveitarfélögin þurfa að greiða en síðan eru ákvæði sem eru mjög alvarleg og snúa að því að skerða kennslustundafjölda í grunnskólum og að fresta þeirri fækkun nemenda í bekkjum sem til stóð.

Menntmn. Alþingis fékk nýja brtt. til umræðu eftir áramót en hún felur í sér að sú breyting verði á að miðað verði við 28 nemendur í 3.–10. bekk grunnskólans í stað þess að í bandorminum hafði verið gert ráð fyrir 29. En jafnframt er lagt til í þessari brtt. að heimilt sé við ákveðnar aðstæður að fjölga nemendum upp í 30.

Ég ætla að lesa það álit sem minni hluti menntmn. sendi frá sér vegna þess að það skýrir nákvæmlega hvað hér er á ferð. Ég les þetta álit, með leyfi forseta:

„Álit minni hluta menntamálanefndar um brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Menntamálanefnd hefur haft til umsagnar breytingartillögu við fyrsta kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 (bandorminn), sem fram kom við 2. umr. um málið. Í fyrsta kafla bandormsins eru lagðar til breytingar á grunnskólalögum sem ganga þvert á mótaða skólastefnu og eiga að leiða til þess að „komið verði í veg fyrir um 40 millj. kr. kostnaðarauka" að sögn ráðuneytismanna. Nefndin ræddi á sínum tíma fyrsta kafla frumvarpsins og skilaði minni hluti nefndarinnar ítarlegu nefndaráliti sem birt er í þskj. 299 þar sem lagt er til að kaflinn verði felldur út úr frumvarpinu.

Breytingartillagan sem nú var rædd þýðir um 40 millj. kr. sparnað til viðbótar þeim 40 millj. kr. niðurskurði sem frumvarpið felur í sér. Þar að auki er menntamálaráðuneytinu ætlað að skera niður um 180 millj. kr. í grunnskólum landsins vegna hins flata niðurskurðar sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar tóku inn í fjárlög ársins 1992. Samtals er hér því um að ræða niðurskurð upp á um 260 millj. kr., en honum fylgja margháttaðar neikvæðar breytingar á skólastarfi. Því má ljóst vera að grunnskólinn stendur frammi fyrir mjög alvarlegum niðurskurði sem á eftir að valda miklum skaða.

Tillagan var rædd á þremur fundum og komu á fund nefndarinnar Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Kári Arnórsson frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur og Viktor Guðlaugsson frá Félagi skólastjóra og yfirkennara, ásamt þeim Svanhildi Kaaber og Eiríki Jónssyni frá Kennarasambandi Íslands.

Til að samhengið skiljist milli þeirra tillagna sem fyrir liggja og þeirra aðgerða sem boðaðar hafa verið í grunnskólum landsins er nauðsynlegt að rifja upp hvað felst í fyrsta kafla bandormsins. Megininntakið er að frestað er gildistöku nokkurra ákvæða í nýju grunnskólalögunum og vegur þar einna þyngst að frestað er fækkun nemenda í bekkjardeildum. Þá er að finna í 3. gr. frumvarpsins tillögu um varanlega heimild til ráðherra til að ákveða vikulegan kennslustundafjölda nemenda.

Nú er lagt til samkvæmt breytingartillögunni að fjöldi nemenda skuli miðast við 22 í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk skólaárið 1992–1993, en auk þess skuli heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að fjölga nemendum upp í 30 í bekk.

Samkvæmt grunnskólalögum á hámark nemenda í 3.–10. bekk að vera 28, en í bandorminum er gert ráð fyrir 29. Með breytingartillögunni er verið að opna fyrir fjölgun í bekkjardeildum í allt að 30 nemendur í stað gildandi lagaákvæða sem gera ráð fyrir þróun í þveröfuga átt. Bekkir með 28–30 nemendur eru allt of stórir. Með þessum tillögum er verið að veita menntamálaráðherra vald til að skera niður kennslu og fjölga í bekkjum frá því sem nú er. Þess ber að geta að meðalfjöldi nemenda t.d. á höfuðborgarsvæðinu er 23 nemendur í bekk og meðalkennslustundafjöldi 32 stundir á viku, en þær á að skerða samkvæmt því sem boðað hefur verið. Þessar tillögur fela því í sér verri kennslu og verri skóla. Það er ekki það sem þjóðfélag okkar þarf á að halda.

Eftir að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var breytt standa mál í grunnskólakerfinu þannig að ríkið greiðir kennurum og öðru starfsfólki laun, en annað er í umsjá sveitarfélaganna. Ætli ríkið sér að spara í grunnskólakerfinu er um það eitt að ræða að skera launakostnaðinn niður. Að því er nú stefnt með því að:

1. Skera niður kennslustundafjölda.

2. Fjölga nemendum í bekkjum þannig að bekkjardeildir verði færri.

3. Velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, m.a. með akstri á nemendum sem gert væri að nýta húsnæði annarra skóla.

Menntamálaráðherra hélt því fram er hann kom á fund nefndarinnar að kennslustundum yrði fækkað í efri bekkjum grunnskólans. Tók ráðherra dæmi af því að með því að fækka kennslustundum um tvær á viku í 4.– 10. bekk næðist á haustmissiri sparnaður upp á 52 millj. kr.

Kennarasambandið metur dæmið svo að niðurskurður upp á 40 millj. kr. þýði að 33 bekkjardeildir mundu hverfa og eigi að ná áætluðum sparnaði á árinu 1992 gæti það þýtt að skera verði niður 260–270 kennarastöður. Til samanburðar má nefna að á Vestfjörðum eru stöðugildi kennara í grunnskólum 140!

Það er ljóst að framkvæmd þessara niðurskurðartillagna mun koma mjög misjafnlega niður á skólum og landshlutum. Erfitt mun reynast að fjölga nemendum í bekkjum í fámennum skólum og niðurskurðurinn mun því bitna harðar á þéttbýlisstöðum og þá einkum höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Ráðherra staðfesti á fundi menntamálanefndar að til umræðu væri að aka nemendum á milli skóla á höfuðborgarsvæðinu, en sá kostnaður lendir á viðkomandi sveitarfélögum. Í þessu sambandi ber að nefna að það mál hefur ekki verið rætt við sveitarfélögin. Hugmyndir ráðherrans um akstur á nemendum milli skóla sýna svo ekki verður um villst að til stendur að fækka bekkjum og flytja þá nemendur sem „afgangs" verða í aðra skóla þar sem þeim verður deilt niður á bekki.

Þetta er fyrirkomulag sem óverjandi er að bjóða börnum upp á. Þær spurningar vakna hvort yfirleitt séu kennslustofur fyrir svo stóra bekki í skólum landsins og hvort virkilega sé ætlunin að troða börnum inn í skólastofur eins og rollum í rétt. Við hljótum einnig að spyrja hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að þvinga foreldra til að grípa til sinna ráða með stofnun einkaskóla. Ef svo er standa þeir verst að vígi sem verst hafa kjörin í samfélaginu.

Fulltrúar skólastjóra og kennara sem ræddu við nefndina lýstu harðri andstöðu við fyrirhugaðan niðurskurð og kom fram að verið væri að skapa neyðarástand í skólum og að búast mætti við miklum óróa meðal kennara, foreldra og nemenda. Þá var undirstrikað að alvarlegast væri að með þessum aðgerðum væri fyrst og fremst verið að skerða hag barnanna og verið að ganga þvert á framtíðarhagsmuni þeirra og þjóðfélagsins alls. Hér væri verið að stíga stórt skref til baka í skólamálum og þeim mun tilfinnanlegra þar sem áður hefði verið gripið til skerðinga og stofninn sem af væri tekið væri allt of veikburða. Að þessu sinni er seilst til svokallaðra viðbótarstunda sem skólarnir hafa til ráðstöfunar og notaðar eru til þeirra verkefna sem talin eru brýnust, svo sem eflingar íslenskukennslu, stærðfræði og tungumála.

Þá ber að nefna að þótt einkum sé hér um að ræða hagsmunamál barna þessa lands, mun þetta einnig leiða til þess að kennarar verði fyrir verulegri kjaraskerðingu og uppsögnum. Kjör kennara eru til vansa og því óverjandi að ráðast á þá með þessum hætti.

Sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni hafa lýst áhyggjum vegna þess hvernig þetta mál horfir við þeim, en kjaraskerðing kennara kann að kalla á aukinn stuðning sveitarfélaga við kennara í dreifðum byggðum landsins.

Minni hluti menntamálanefndar mótmælir harðlega því tilræði við skólakerfið sem felst í fyrsta kafla frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 og þeirri breytingartillögu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessar tillögur verður að fella! Það er hlutverk Alþingis að setja lög um grunnskóla og það á að vera í höndum þess að ákveða hvaða kennslu ber að veita. Vald til að fjölga eða fækka kennslustundum á ekki að vera í höndum ráðherra og ráðast af því hvernig vindurinn blæs í ríkisfjármálum.

Góð menntun er fjöregg þjóðarinnar og sá grundvöllur sem framtíð okkar byggist á. Því er niðurskurður af því tagi sem ríkisstjórnin stefnir að óverjandi og óþolandi!

Á samdráttartímum ber að efla menntun og rannsóknir vegna þess að þaðan er helst að vænta nýjunga og nýsköpunar í atvinnulífi. Víða í hinum iðnvædda heimi er verið að efla skóla og auka fjárveitingar til þeirra þar sem mönnum er ljóst að þannig má best búa í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Því miður hefur núverandi ríkisstjórn markað stefnu sem gengur þvert á æskilega þróun. Hún situr við að saga af alla vaxtarbrodda og höggva á þær rætur sem eiga að næra íslenskt þjóðlíf. Að þessu sinni eru það börnin sem gjalda niðurskurðarins og er þar ráðist á garðinn þar sem hann lægstur. Hér er um ranga stefnu að ræða og aðgerðir sem verður að stöðva áður en alvarlegt tjón hlýst af. Því leggur minni hlutinn til að allar niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar í skólamálum verði felldar út úr frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum."

Undir þetta álit skrifa auk mín Hjörleifur Guttormsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Valgerður Sverrisdóttir, minni hluti menntmn.

Í áliti okkar koma fram helstu rök í málinu en við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða áhrif niðurskurðurinn muni hafa ef af verður og ég ítreka það enn og aftur að ég tel að um afar alvarlegt mál sé að ræða og lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir þessi voðaverk sem hún boðar.

Herra forseti. Ég fór þess á leit að forsrh. yrði viðstaddur því að ég ætla að gera að umræðuefni ummæli hans um skólakerfið. (**Forseti:** Forsrh. er í húsinu, það er verið að nálgast hann.) Já, þakka þér fyrir.

Herra forseti. Það er orðið allvandræðalegt hvað þessum blessuðum ráðherrum gengur illa að sitja í þingsalnum. Við lendum í bið dag eftir dag, og þótt vissulega geti verið til það brýnar ástæður að menn þurfi að bregða sér frá er þetta orðið ansi þrálátt.

Meðan ég bíð ætti ég kannski að nota tækifærið og beina spurningum til hæstv. menntmrh. Þetta mál heyrir að sjálfsögðu undir hann. Ég rakti áðan að áætlað er að *ná 180 millj. kr. sparnaði í grunnskólakerfinu* vegna hins flata niðurskurðar og ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvernig hann hyggist standa að þeirri framkvæmd. Við erum búin að afgreiða fjárlög og eins og menn minnast var sem betur fer felld út tillaga um skólagjöld í framhaldsskólum en það þýðir að þar vantar um 120 millj. kr. til að ná þeim endum saman sem gert var ráð fyrir. Ég vil einnig beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvernig staðið verði að niðurskurði í framhaldsskólum því að mér er kunnugt um það að í framhaldsskólunum eru menn teknir að fást við þessi sparnaðaráform og ég fæ ekki betur séð eins og vænta mátti en að þar séu mjög alvarleg mál á ferðinni. Ég vil beina þeirri athugasemd til hæstv. menntmrh. að menn gæti þess að niðurskurðurinn í framhaldsskólunum verði ekki til þess að lengja þann tíma sem þarf til þess að nemendur taki stúdentspróf. Það er einu sinni svo í framhaldsskólunum að til þess að taka stúdentspróf þurfa nemendur að ljúka ákveðnum fjölda eininga og ef þær einingar eru ekki í boði verða nemendur einfaldlega að bíða þangað til eitthvert námskeið er í boði sem verður til þess að þeir geti lokið námi. Því er betra að gæta sín aðeins áður en lagt er upp í ferð sem þessa.

Ég sé að hæstv. forsrh. er sestur í hliðarsal og mig langar til þess að beina til ákveðnum spurningum til hans vegna þeirra ummæla sem höfð eru eftir honum í dagblöðum. En áður en ég kem að þeim spurningum langar mig til þess að rifja aðeins upp fyrir ráðherrum hvað stendur í þeirri hvítu bók sem þeir gáfu út í haust og heitir því undarlega nafni Velferð á varanlegum grunni, sem mörgum þykir nú orðið öfugmæli. En í kafla þessarar hvítu bókar, sem fjallar um mennta- og menningarmál, stendur, með leyfi forseta:

„Skólarnir, ásamt heimilunum og fjölmiðlum, ráða mestu um hvernig nýjar kynslóðir Íslendinga læra mál sitt og taka menningu þjóðarinnar í arf. Skólarnir eiga að varðveita þennan arf, gæða hann nýju lífi og gefa nemendum veganesti sem eykur þeim víðsýni gagnvart öðrum þjóðum. Ríkisstjórnin mun leggja á það ríka áherslu að á öllum skólastigum verði móðurmálinu gert hátt undir höfði."

Hér ætla ég að nema staðar og spyrja hæstv. forsrh. hvernig ríkisstjórnin hyggist standa að eflingu íslenskunnar eftir að hún hefur skorið niður þær stundir í skólakerfinu sem einkum eru ætlaðar til þess að efla íslenskuna. Þá er ég að vísa til þess sem hæstv. menntmrh. sagði að hinar svokölluðu afgangsstundir eða þær stundir sem skólarnir hafa til ráðstöfunar í brýn verkefni hafa einkum verið notaðar til þess að efla íslenskukennsku, stærðfræði og tungumál.

Áfram segir í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni:

„Á kjörtímabilinu verður unnið að því að samræma gæðamat í skólakerfinu og stefnt að því að auka vægi rannsókna og þróunarstarfs í skólakerfinu."

Spurning mín er aftur þessi: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að stuðla að þessu eftir að hún sker niður laun kennara og þar með á auðvitað að höggva í yfirvinnuna, og nú þegar er búið að stöðva allt þróunarstarf í skólum? Það er allt þróunarstarf stopp í skólum, bæði vegna þess þrönga kosts sem skólarnir búa við en einnig vegna þess að kjaramál kennara eru með þeim hætti að menn hafa bara ekki lengur löngun til að stuðla þar að einhverju þróunarstarfi. Því spyr ég: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að efla þróunarstarf í skólum, sem ekki veitir af?

Síðan segir hér: „Staða einkarekinna skóla í skólakerfinu verður skilgreind nánar" og eftir þennan niðurskurð er kannski orðin full þörf á að farið verði að skilgreina það nánar hvað til stendur í þeim efnum. Enn segir hér:

„Almenn markmið ríkisstjórnarinnar eru að draga úr miðstýringu skólakerfisins, að einfalda stjórnsýslu og auka sjálfstæði skóla frá því sem nú er hvað varðar kennslu," ég bið hæstv. forsrh. að taka sérstaklega eftir því, „stjórnun og fjárhag." Og ég spyr enn og aftur: Hvernig koma þær aðgerðir sem hér eru fyrirhugaðar heim og saman við þessa stefnu þegar verið er að draga í hendur menntmrh. allt vald til að ákveða hversu mikil kennsla skuli fara fram? Ef það er ekki miðstýring þá veit ég ekki hvað miðstýring er.

Síðan segir hér áfram í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar í kafla um málefni leikskóla og grunnskóla: „Ríkisstjórnin vill vinna að því að koma á samfelldum skóladegi. Kapp verður lagt á að bæta úr kennaraskorti á landsbyggðinni. ... Ráðgjöf í grunnskólum verður efld, bæði með tilliti til námsframvindu og persónulegra málefna nemenda." Ég spyr hæstv. forsrh. hvernig ríkisstjórnin ætli að vinna að þessu eftir að málum er þannig háttað að samfelldur skóladagur er kannski aldrei fjær raunveruleikanum en nú og þessi niðurskurður mun valda því að skóladagur styttist í stað þess að til stóð að lengja hann. Það má kannski segja að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar verði til þess að bæta úr kennaraskorti á landsbyggðinni því að væntanlega verður tugum kennara sagt upp en ég verð þó að segja að þetta er heldur nöturleg aðferð til þess að bæta úr þeim kennaraskorti.

Eitt af þeim atriðum sem verið er að fresta hér í þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er einmitt það ákvæði grunnskólalaganna sem kveður á um ráðgjöf í grunnskólum þannig að ekki kemst þetta stefnumið ríkisstjórnarinnar í framkvæmd á næstunni. En því miður held ég að ástand hjá grunnskólanemum sé ekki með þeim hætti að þessu megi fresta. En ég spyr og ítreka það við hæstv. forsrh. að okkur hlýtur að leika mikil forvitni á að vita hvernig ríkisstjórnin ætlar að framfylgja þessari stefnu sinni.

Í dagblöðum, líklega í gær, er haft eftir forsrh. að íslenska skólakerfið sé of dýrt. Forsrh. brá sér á bjartsýnisráðstefnu og hefur líklega ekki veitt af því að hann hefur ekki haldið uppi miklu bjartsýnistali hér innan sala en þarna leyfði hann sér að vera bjartsýnn og bjartsýnin birtist í því að íslenska skólakerfið sé of dýrt og þá hlýtur náttúrlega að vera þangað fjármagn að sækja. Hér er haft eftir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Kostnaður við kennslu á hvert skólabarn á Íslandi hefur vaxið stórlega á undanförnum árum og ég er þeirrar skoðunar að lækka megi kostnað og draga úr námsframboði án þess að það komi niður á árangri skólanna.“ Ég vil óska eftir skýringum hæstv. forsrh. á þessum ummælum. Hvað er það sem er of dýrt í íslenska skólakerfinu?

Nú er það svo, eins og ég nefndi áðan, að það er fyrst og fremst launakostnaður sem ríkið hefur á sínum herðum. Nú getur forsrh. sjálfsagt verið að vísa til skólakerfisins í heild, tala um byggingar og annan kostnað en ég vil spyrja hæstv. forsrh., er hann þeirrar skoðunar að laun kennara séu of há? Eru það launin sem eru of há? Ég vil gjarnan fá svar við þessu.

Ég þarf líklega ekki að taka það fram að ég er algerlega ósammála þessum ummælum forsrh. og það kemur í ljós í plöggum frá OECD að íslenska ríkið leggur minna fram til skólamála en nokkurt ríki innan OECD, enda er því miður um afturför að ræða í íslensku skólakerfi. Og eins og bent hefur verið á í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að undanförnu um skólamál þá þýðir sú skerðing á kennslustundafjölda, sem verið er að leggja til, að ef horft er aftur til ársins 1974, þegar grunnskólalögin voru sett, þá stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að það er búið að skerða kennslu grunnskólanema um sem nemur heilum degi eða heilu grunnskólaári, heilu ári í grunnskólanámi. Þetta er í þriðja sinn á einum áratug sem kennsla er skert. Og ef þetta er ekki öfugþróun í heimi þar sem kallað er á sífellt meiri menntun þá veit ég ekki hvað öfugþróun er.

Það er öllum kunnugt að Sjálfstfl. hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á einstaklingsfrelsi og hefur hampað einstaklingnum mjög í öllum sínum málflutningi en ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað verður um velferð einstaklingsins í svona skólakerfi sem svo þröngur stakkur er skorinn?

Fyrir allmörgum árum var tekin upp sú stefna í íslenska skólakerfinu að blanda nemendum saman óháð getu og þroska en sú stefna krefst þess að bekkir séu fámennir. Það var jafnframt kveðið á um það í lögum að sinna ætti þörfum einstaklinganna og ég er alveg viss um að forsrh. og ég getum verið sammála um að ekki veitir af að sinna þörfum einstaklinganna. En hér er verið að ganga þvert á þau markmið. Ef meiningin er að fjölga nemendum í bekkjum upp í allt að 30 þá bitnar það á einstaklingunum, það bitnar á kennurum, það bitnar á kennslunni og það bitnar á framtíð þessarar þjóðar. Því er það ekki að ástæðulausu að við leggjum til að þessi kafli frv. verði felldur og það verði horfið frá þessari hörmungarstefnu því að þetta er ekkert annað en hörmung og afturför.

Ég held að ég láti þetta nægja um skólamálin en þó ætla ég að geta þess að lokum að þrátt fyrir allt hafa menn verið að gera hér ýmsar tilraunir í skólamálum. Má nefna sem dæmi Fossvogsskóla hér í Reykjavík þar sem gerð hefur verið tilraun með einsetinn skóla en það blasir við með þessum niðurskurði að þeirri tilraun mun ljúka. Það verða ekki fjárveitingar til þess að halda þessari tilraun áfram þannig að hér ber allt að sama brunni.

Það er margt fleira í þessu frv. sem vert er að ræða og ég ætla næst að víkja að skerðingu ellilífeyris og örorkubóta. Ég verð að segja að mér finnst það hálfhörmulegt að standa hér í þessum ræðustóli á Alþingi Íslendinga og taka fyrst til umræðu árás á börn og unglinga og að verið sé að skerða framtíðarmöguleika þeirra og framtíðarmöguleika þessarar þjóðar og víkja svo næst að því að verið er að skerða ellilífeyri gamla fólksins. Ég bara veit ekki á hvaða leið þessi ríkisstjórn er. Hvers konar stefna er þetta? Hvers konar hugmyndfræði er þetta? Meðan hinir ríku í þessu þjóðfélagi, þeir sem hafa peningana, fjármagnseigendur, hálaunafólk, eru látnir í friði. Nú sé ég að hæstv. heilbrrh. sperrir upp augun því eins og við vitum úr sjónvarpsþætti þá á hann ákaflega erfitt, sjálfur jafnaðarmaðurinn, að þurfa að standa í þessum aðgerðum en vísar til þess að verið sé að skerða ellilífeyrinn hjá hálaunafólki og vissulega er það rétt að ýmsir hátt launaðir fá greiddan lífeyri úr mörgum sjóðum en málið er það að með þessum aðgerðum er verið að auka misrétti meðal aldraðra. Kjör aldraðra, þeirra sem njóta ellilífeyris, þeirra sem þurfa að bæta á sig vinnu og stunda vinnu m.a. vegna þess að þeir fá mjög lítið úr lífeyrissjóðum, en eins og við vitum eru greiðslur úr lífeyrissjóðum ekki teknar hér með inn í dæmið. Kjör þessa fólks eru ákaflega misjöfn og eftir sem áður standa fjármagnseigendur utan við og það er einmitt margt gamalt fólk sem hefur tekjur af ýmiss konar fjármagni og eignum.

Það þarf vart að taka fram að eins og þessi mál horfa við í þessu frv. þá höfnum við kvennalistakonur þeirri leið sem hér er farin og ég vil endurtaka það sem ég sagði í umræðum um lánsfjárlögin hér í fyrradag að eftir þessar aðgerðir og það sem við höfum horft upp á undanfarin ár þar sem menn hafa verið að gera tilraunir til tekjutengingar þá er ég orðin verulega hugsandi um þá aðferð. Nú er ég þeirrar skoðunar að hlutverk almannatryggingana sé fyrst og fremst að aðstoða þá sem þurfa á aðstoð að halda. En í hvert skipti sem ríkisvaldið beitir sér fyrir tekjutengingu,

hvort sem um eru að ræða vaxtabætur eða ellilífeyrinn nú og barnabæturnar, þá er viðmiðunin alltaf svo lág að tekjulágir hópar lenda í þessum skerðingum og það veit hamingjan að sú viðmiðun sem hér er höfð, þ.e. rúmlega 66 þús. kr., er ekki neitt neitt. Þetta er ekkert til að lifa af jafnvel þó að maður sé gamall og ætti það þó ekki að skipta máli. Eins og þessum tekjutengingum er háttað, bæði hvað varðar ellilífeyri og barnabætur, þá er ekki annað hægt en að hafna þessu þó að ég geti verið sammála því grundvallaratriði að það eigi að miða við aðstæður fólks.

En það eru vissulega ýmsar spurningar varðandi ellilífeyrinn sem hér er á ferð og örorkubæturnar. Fyrst og fremst er náttúrlega sú spurning hvort hér sé um áunninn rétt að ræða. Á tímabilinu 1959–1971, þegar breytingar voru gerðar á tryggingalöggjöfinni, greiddi fólk ákveðna upphæð sem var mörkuð sérstaklega til lífeyris í ellilífeyrisgreiðslur og það er vissulega spurning hvort þar sé um eign að ræða. Reyndar hefur ríkislögmaður komist að þeirri niðurstöðu að þessi aðgerð sem hér er á ferðinni stríði ekki gegn lögum.

Þetta er auðvitað líka spurning um siðferði. Þetta er líka spurning um það hvort ríkið hafi rétt til að svipta fólk þeim rétti sem það telur sig hafa unnið til og greitt fyrir á umliðnum árum. Og það er svolítið merkilegt að þetta tímabil, þegar þessar greiðslur áttu sér stað frá 1959–1971, er einmitt tímabil viðreisnarstjórnarinnar. Og nú þegar þessir sömu flokkar eru sestir við stjórnvölinn þá taka þeir til baka þennan rétt sem fólk taldi sig eiga á þeim tíma.

Það er ekki hægt að tala hér um almannatryggingarnar án þess að nefna sjómenn sérstaklega en það hlýtur að vera stór spurning hvernig á því stendur að þessi ríkisstjórn ræðst á sjómenn aftur og aftur. Þetta er þriðja aðgerðin af hálfu þessarar ríkisstjórnar sem bitnar sérstaklega illa á sjómönnum og þar er ég að tala um sjómannaafsláttinn, barnabæturnar og nú ellilífeyrinn því að við vitum auðvitað að allverulegur hluti sjómanna hefur góðar tekjur, sem betur fer, og því verða þeir illa fyrir barðinu á þessum skerðingum.

Það er svo aftur önnur spurning hvort réttlætanlegt sé að sjómenn njóti réttinda umfram aðrar stéttir í landinu en þetta hafa þeir samið um í sínum kjarasamningum og við þá á að standa. Þessu á ekki að breyta nema í samráði við sjómenn. Svo háttar til að sjómenn einir stétta geta hafið töku ellilífeyris 60 ára gamlir. Og eins og fram hefur komið þá eru hvorki meira né minna en 500 sjómenn í þessum 2.500 manna hópi sem verða fyrir skerðingu þannig að ef hægt er að benda á einn einstakan hóp, sem hér verður fyrir barðinu á ríkisstjórninni, þá eru það sjómenn. Þar að auki bætist við að lífeyrisgreiðslur, þ.e. greiðslur til sjómanna úr lífeyrissjóðum sjómanna eru ákaflega mismunandi vegna þess að togarasjómenn hafa borgað í lífeyrissjóð um alllangan tíma en það er tiltölulega mjög stutt síðan bátasjómenn fóru að borga í lífeyrissjóði. Þess vegna standa þeir mjög misjafnlega að vígi og þessi skerðing kemur afar misjafnlega niður á þeim. Og ég get ekki séð að með nokkrum hætti sé þessi aðgerð réttlætanleg gagnvart þessum hópi en þeir sem þekkja til sjómennsku vita að það er ákaflega slítandi starf og því eðlilegt að sjómenn hætti störfum fyrr en aðrar stéttir og þeir þurfa auðvitað að eiga möguleika til þess. En vilji ríkisstjórnin breyta þessum réttindum sjómanna sem verið er að afnema hér einhliða þá á auðvitað að ræða það við sjómenn. Kjarasamningar eru lausir og ríkisvaldið getur auðvitað beint því til samningsaðila að taka á þessum málum. Ég ætla að láta þetta duga um þessi lífeyrismál en aðrar kvennalistakonur munu taka mjög rækilega á því stóra máli sem hér er á ferð.

Ég get ekki látið hjá líða að ræða aðeins um samskipti ríkisins og sveitarfélaganna sem hafa verið alveg með endemum í þessu máli. Það hefur komið fram hvað eftir annað og við höfum heilan bréfabunka til vitnis um að þau samskipti hafa þróast mjög til hins verra. Það stafar auðvitað af því að ríkisstjórnin hefur einhliða tekið ákvarðanir og nánast skipað sveitarfélögunum fyrir verkum en það vill svo til að í gildi er ákveðinn samningur milli sveitarfélaganna og ríkisins sem ríkið hefur nú einhliða þverbrotið. Með þessum lögum er verið að leggja gjöld á sveitarfélögin upp á rúmlega 600 millj. kr. Þar inni í er hinn umdeildi löggregluskattur sem reyndar hefur verið lækkaður nokkuð og það gerðist reyndar vegna mikillar og harðrar baráttu stjórnarandstöðunnar hér fyrir jól en hann er inni eftir sem áður og er nefskattur sem lagður verður á hvern einasta mann í sveitarfélögunum, hvort sem í viðkomandi sveitarfélagi er nokkur löggæsla eður ei en vonandi njóta menn nú einhvers af fyrst þetta verður lagt á.

Ég ætla aðeins að nefna húsnæðismálin en við 2. umr. kom upp að nokkur misskilningur virtist vera á ferð varðandi það 3,5% óafturkræfa framlag sem sveitarfélögin eiga að leggja til félagslegra íbúða. Við komum aftur inn á samskipti ríkisins og sveitarfélaganna. Svo virðist sem sveitarfélögin hafi ekki skilið hvað þarna var á ferð, m.a. fulltrúar Reykjavíkurborgar. Þeir höfðu ekki áttað sig á því að með tillögunni var átt við allar félagslegar íbúðir en ég verð að taka undir þau rök að það er afar óeðlilegt að kjör þeirra sem kaupa eða leigja félagslegar íbúðir séu með mismunandi hætti eftir því hver eignaraðilinn er. Hins vegar vil ég ítreka að þarna hefur verið farið heldur óviturlega að með því að ræða málið ekki betur við sveitarfélögin. Reiknað er með að þetta kosti sveitarfélögin um 120 millj. kr., 116 millj. ef nákvæmlega er reiknað, og eins og gefur að skilja lendir þetta fyrst og fremst á Reykjavíkurborg. Mér heyrðist á fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem kom á fund efh.- og viðskn., að þar væru menn ekki par hrifnir af þessu. En við skulum minnast þess að Reykjavíkuríhaldið hefur aldrei verið neitt sérstaklega hrifið af félagslegum íbúðum og ég er svo sem ekkert sérstaklega að vorkenna Reykjavíkurborg að þurfa að leggja eitthvað af mörkum.

Enn eitt mál sem snertir sveitarfélögin eru hafnagjöldin sem nú á að innheimta í höfnum landsins. Þarna var á ferðinni afar illa unnin tillaga. Hún batnaði að vísu nokkuð í meðförum nefndarinnar þar sem fólk sá ýmsa galla á tillögunni sem bent var á en eftir stendur að þarna er verið að seilast inn á verksvið

sveitarstjórnanna. Gjöld af höfnum eru einn af tekjustofnum sveitarfélaganna og ríkið er að leggja á aukagjöld sem verður auðvitað velt út í verðlagið.

Þá kem ég að hinni margumræddu og margfrægu tillögu um tilsjónarmennina, sérsveitirnar eða svarthúfurnar eða hvað maður á að kalla þessar sveitar fjmrn. Auðvitað vaknar strax sú spurning hvers vegna í ósköpunum sé verið að koma tillögu um sérstaka tilsjónarmenn inn í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Tilgangurinn er auðvitað sá að tilsjónarmennirnir sjái til þess að stofnanir ríkisins haldi sig innan fjárlaga og ekki allt fari úr böndunum. Sannast sagna var tillagan alveg með endemum þegar hún kom fyrst inn í efh.- og viðskn. og segja má að hún hafi verið algerlega galopin og þá í þeim skilningi að tilsjónarmönnunum var veitt allsherjarvald, einræðisvald yfir viðkomandi stofnunum. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar tóku sönsum og löguðu tillöguna nokkuð þannig að hún er þó a.m.k. skýrari eins og hún lítur út núna en eftir stendur að ábyrgð og valdsvið tilsjónarmannanna er meira en hægt er að sætta sig við. Ég held að tillagan um tilsjónarmenn verði ekki til þess að bæta samskipti ríkisins við starfsmenn sína og þurfa þau þó sannarlega að batna. Eins og hér hefur verið staðið að málum er um hreina ögrun við ríkisstarfsmenn að ræða. Hér er farin sú leið að beita valdi og miðstýringu og forsjárhyggju sem ríkisstjórnin hefur oft lýst andúð sinni á í stað þess að fara leið samvinnu og samráðs sem er auðvitað hin rétta leið ef menn vilja ná árangri. Það var rifjað upp í efh.- og viðskn. að þess eru nokkur dæmi að menn hafi verið sendir inn í stofnanir ríkisins til þess að reyna að laga þar til, en því miður hefur það stundum farið svo að árangurinn hefur verið verri en enginn. Myndast hefur togstreita og það er ekki hin rétta leið að senda einhvers konar vönd inn í ríkisstofnanir, einhverja ógnun við stjórnendur.

Ég minnist þess að í umræðum um lánsfjárlögin þar sem þessir tilsjónarmenn komu nokkuð til umræðu komst hæstv. fjmrh. svo að orði að það væri oft svo að stjórnendur ríkisstofnana væru faglegir aðilar en hefðu heldur lítið vit á fjármálum, ef ég skildi hann rétt. Ég skrifaði þetta ekki orðrétt niður og mér þykir horfa undarlega við ef stjórnendur ríkisstofnana eru ráðnir án þess að gengið sé úr skugga um að þeir hafi stjórnunarhæfileika, hafi eitthvert vit á fjármálum. Ég held að það hljóti að vera eitt af grundvallarskilyrðunum að menn hafi eitthvert vit á því hvernig á að reka stofnanir ef þeir eiga yfirleitt að geta verið stjórnendur. Benda má á að yfirleitt hefur verið meira vandamál hjá ríkinu að halda í góða stjórnendur vegna þeirra launakjara sem boðið er upp á hjá ríkinu en að ástæða sé til þess að senda tilsjónarmenn á stjórnendur ríkisfyrirtækja. Hér er auðvitað um fjármálalegt atriði að ræða og ég hlýt að spyrja fjmrh. hvernig staðið verði að ráðningu tilsjónarmanna. Er meiningin að starfsmenn fjmrn. verði sendir út í hinar ýmsu stjórnarstofnanir? Og í hvaða launaflokki verða tilsjónarmenn? Verða stöðurnar nokkuð auglýstar? Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh. hvort til standi að hanna sérstaka búninga á þessa starfsmenn og hugsanlega líka stígvél. Svona sérsveitir eru oft klæddar í ákveðna búninga.

Ég vil einnig beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort ekki hefði verið ástæða til þess að endurskoða lögin um Stjórnarráð Íslands, koma með brtt. við þau ef vilji er til þess að taka á stjórnun ríkisstofnana og bæta hana því að þar á slíkt ákvæði fremur heima. Ég vil ítreka það enn og aftur að ég held að það sé nauðsynlegt bæði að ríkið geti sent slíka skoðunarmenn og að stofnanir geti óskað eftir því að fá slíka menn til aðstoðar. Ég held að það sé brýnt atriði vegna þess að auðvitað getur komið upp sú staða í ríkisstofnunum að rangar ákvarðanir hafi verið teknar. Eitthvað verður dýrara en reiknað hafði verið með og menn geta þurft á aðstoð að halda en eins og hér hefur verið staðið að málum er ekki hægt að sætta sig við þetta. Valdsvið tilsjónarmannanna er allt of rúmt. Þeir geta tekið ákvarðanir um fjárhag ríkisstofnana og eiga að skipta sér af starfsmannamálum. Með öðrum orðum geta þeir gengið inn í ríkisstofnanir og hugsanlega sagt þar upp fólki. Ég tel það ekki vera verkefni slíkra manna heldur ættu þeir fyrst og fremst að aðstoða við endurskipulagningu fjármála ef nauðsyn krefur.

Ég ætla ekki að gera önnur mál sem í þessu frv. er að finna að umtalsefni. Ég hef gert það mjög rækilega áður. Þó vil ég enn og aftur minna á að í II. kafla frv. er að finna ýmis skerðingarákvæði þar sem markaðir tekjustofnar eru skertir og minna þingheim á það að enn er tækifæri til þess að breyta tillögunum. Ég vil sérstaklega minna á Húsafriðunarsjóðinn sem fær allt of lítið í sinn hlut en þarf að gíma við mjög brýn menningarverkefni og menningarverðmæti sem þarfnast varðveislu og þetta er ábyrgðarhluti af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig hún ætlar sér að standa að þeim málum. Ég hef rakið það áður að ýmsir af gömlu torfbæjunum okkar liggja undir skemmdum og ég nefni þar sérstaklega Glaumbæ í Skagafirði, en ég gæti nefnt fleiri dæmi og ég má ekki til þess hugsa að þar verði skaði sem ekki megi bæta.

Það er orðinn veruleiki að leggja á bókaútgáfu Menningarsjóðs niður. Þegar er hafin útsala á þeim lager sem þar er að finna og ég vil benda þingmönnum á það sérstaklega að þar er að finna mörg góð fræðirit sem vert er að kynna sér. Þarna er um gamla stofnun að ræða sem verið er að breyta og erfitt er að sjá ástæðuna fyrir þeirri breytingu.

Í lokin, herra forseti, vil ég reyna að draga aðeins saman hvað felst í þessu frv. sem er til umræðu. Í stuttu máli má segja að verið sé að staðfesta þann niðurskurð sem fram kom í fjárlagafrv. sem er orðið að lögum. Í öðru lagi er hér verið að staðfesta margfalda árás á velferðarkerfið. Í þriðja lagi er verið að velta gjöldum yfir á almenning og í fjórða lagi er verið að leggja álögur á sveitarfélögin í landinu. Ríkisstjórninni er ekkert heilagt. Það er sama hvort það eru börnin, gamalmennin eða menningarlífið sem þar á í hlut. Mér dettur í því sambandi í hug fréttapistill frá Finnlandi, sem ég heyrði í gærkvöld í Ríkisútvarpinu, þar sem sagt var frá því að finnska ríkisstjórnin glímir nú við mikla erfiðleika í fjármálum finnska ríkisins vegna þess áfalls sem Finnar hafa orðið fyrir þar sem við-

skipti við hin fyrrverandi Sovétríki hafa hrunið. Þeir hafa orðið að draga saman seglin og skera niður en þeir hafa ekki skorið niður fjárframlög til menningarmála. Þeim er nefnilega ljóst að á samdráttartímum er nauðsynlegt að efla andann og gefa fólki kost á að fylla tómstundir sínar með ýmsum góðum verkefnum og þar blómstra nú leikhús, bókasöfn og ýmiss konar tómstundaiðja og þar tel ég að um rétta stefnu sé að ræða.

Sú samdráttarstefna sem felst í þessu frv. og öðrum tengdum frumvörpum gengur þvert á alla viðurkennda hagfræði á samdráttartímum og ég lýsi enn þeirri skoðun minni að ríkisstjórnin sé að setja af stað keðjuverkun sem eigi eftir að valda okkur miklum erfiðleikum og muni taka langan tíma að bæta. Við höfnum þessum tillögum og þessu frv. í heild þó að í því sé að finna einstaka atriði sem hægt sé að sætta sig við. Við höfnum þessu vegna þess að ekki er um neina forgangsröð að ræða af hálfu ríkisstjórninnar. Ráðist er á nánast hvern einasta aðila í þjóðfélaginu nema ríka fólkið. Ekkert mat er lagt á þarfir og nokkrir ákveðnir þjóðfélagshópar verða sérstaklega fyrir barðinu á ríkisstjórninni og ég hef áður nefnt þá hér, börnin, gamalmennin, öryrkja og reyndar líka bændur. En nú kemur í ljós að búvörusamningurinn hefur reynst bændum allgóð vörn þó að ríkisstjórnin hafi reyndar þegar leyft sér að brjóta hann og kippa grundvellinum undan þeirri þróun sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins átti að standa fyrir með þeim niðurskurði sem er á ferð í þessu frv. Hér er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og enn og aftur segi ég, við höfnum þessari stefnu og við höfnum þessari ríkisstjórn. Hún hefur ekkert umboð til þeirra hluta sem hún er að framkvæma. Því miður er ríkisstjórnin að setja allt á annan endann í þjóðfélaginu. Kjarasamningar eru fram undan og ég tel að fram undan sé verulegur órói og átök, ekki síst vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Það er ekki það sem þjóðin þarf á að halda. Það sem við þurfum á að halda er að sækja peningana þangað sem þeir eru, stokka upp ríkisstofnanir í samráði við starfsmenn ríkisins ef þess er þörf. Sérstaklega hlýtur framganga Alþfl. í þessum málum að vekja athygli sem er aldeilis með ólíkindum og ég rakti fyrir tveimur dögum hvernig Alþfl. hefur brugðist nánast öllum hugsjónum sínum. Þeir alþýðuflokksmenn ættu að kynna sér það sem gerðist í Svíþjóð þar sem sænski sósíaldemókrataflokkurinn undir forustu Ingvars Carlssonar fór út í niðurskurð á velferðarkerfinu, sem hugsanlega var þörf á, ekki ætla ég að dæma um það, en svo mikið er víst að þeir höfu niðurskurðinn algerlega óundirbúið og án þess að ræða það við fólkið í landinu og það kostaði þá mikið fylgistap. Ég hygg að það sama bíði Alþfl. með þessu áframhaldi. En það sem við þurfum nú á að halda er bjartsýni og dugur til þess að taka á þeim vandamálum sem við okkur blasa. Við þurfum að bretta upp ermar og spýta í lófana, gera áætlanir um það hvað við getum gert til þess að bæta ástandið sem vissulega er ekki nógu gott og versnar stöðugt vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Við kvennalistakonur höfum jafnan verið tilbúnar til þess að leggja góðum málum lið og við erum svo sannarlega reiðubúnar til þess að benda á leiðir og höfum gert það hvað eftir annað, leiðir til þess að bæta hér ástandið, leiðir til þess að afla tekna fyrir ríkissjóð. Það á að fara varlega í niðurskurð og afla tekna þar sem peninga er að finna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þess að á þessu stigi málsins komi eftirfarandi fram:

Í fyrsta lagi. Minnst var á Finna og Íslendinga í sama orðinu og talað um samdrátt hjá báðum þjóðum. Ég vil geta þess að samdráttur á milli ára hér á landi er líklega miðað við landsframleiðslu þrefalt meiri en í Finnlandi samkvæmt upplýsingum OECD en því er ekki saman að jafna.

Í öðru lagi. Varðandi tilsjónarmennina tek ég undir það með hv. ræðumanni að það er auðvitað full ástæða til þess að stofnanir geti leitað eftir aðstoð. Þeim hefur verið tilkynnt það og er í undirbúningi að tilkynna öðrum sem ekki hafa þegar fengið tilkynningu þess efnis og ég tek undir það sjónarmið.

Varðandi tilsjónarmennina að öðru leyti vil ég segja að það kemur nákvæmlega fram í frumvarpsgreininni við hvaða skilyrði grípa þarf til þessara ráða. Það er eingöngu þegar sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra hafi farið fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Þetta getur eingöngu gerst um tiltekinn tíma. Tilsjónarmenn geta verið yfir einni eða fleiri stofnunum. Það svarar kannski þeirri fyrirspurn að þetta þurfa ekki að vera menn í fullu starfi, þeir gætu þess vegna verið starfandi í viðkomandi ráðuneytum.

Í þriðja lagi er ljóst samkvæmt orðanna hljóðan að það eru ráðherrar sem eiga í hlut, ef ég má orða það þannig, ekki fjármálaráðuneytið. Um starfsmannahaldið er eingöngu ætlast til þess að það sé umfangið, ekki hverjir verða ráðnir heldur hve margir verða ráðnir. Loks hefur það verið sett inn í frumvarpsgreinina að ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi kveða skýrt á um ábyrgðarsvið. Þannig hefur verið komið til móts við stærstu röksemdina gegn þessu sem var frá Ríkisendurskoðun. Ég tel að það hafi verið komið gjörsamlega til móts við þá.

Að allra síðustu vil ég geta þess, af því að hv. ræðumaður sagði að þrisvar sinnum hefði verið ráðist á sjómenn, að það er afar sjaldgæft að sami maðurinn hafi sjómannaafslátt, ellilífeyri og barnabætur. Það er afar sjaldgæft, ég hygg að það séu fáir af þessum 500. (**Gripið fram í:** Ekki barnabætur). Það eru ekki 600 manns, það eru örfáir af þessum 500 sem hafa. (**Gripið fram í:** Það er ráðist á sama hópinn).

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég var ekki að bera saman þann samdrátt sem átt hefur sér stað í Finnlandi og hér á landi heldur fyrst og fremst að benda á að Finnar hafa tekið annan pól í hæðina. Þeir hafa sett upp ákveðna forgangsröð. Þeir hafa hlíft

menningarlífinu og frekar beint til þess fjármagni en að skera niður. Þar er fyrst og fremst um stefnumörkun að ræða en hjá þessari ríkisstjórn er ekki um neins konar forgangsröðun verkefna að ræða nema ef nefna mætti það að hlífa hinum ríku.

Varðandi tilsjónarmennina sagði ég að það er fyrst og fremst hið mikla og víða verksvið sem þeir hafa, það mikla vald sem þeir fá innan stofnana, sem er gagnrýni vert. Í tillögunni segir: „Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni." Það kemur reyndar fram að ráðherrar geta haft hönd í bagga líka en þetta er býsna mikið vald sem þarna er á ferð.

Mér voru að berast þau tíðindi að ASÍ hefur verið að gera einhvers konar samþykkt eða áskorun, ég veit ekki alveg á hvaða formi það er, til ríkisstjórnarinnar um að hún hætti við þjónustugjöldin og skerðingu barnabóta. Það hafa auðvitað komið slíkar tilkynningar frá þeim áður en hér er verið að boða að aukin harka sé að færast í kjarabaráttuna. Auðvitað var þess að vænta með þessum aðgerðum, sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að þessi ríkisstjórn er að vekja óróa og efna til átaka og það er ekki það sem við þurfum á að halda.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson): *(andsvar)*:

Það er eitt atriði sem kom fram aftur hjá hv. ræðumanni og varðar hið víðtæka valdsvið svokallaðra tilsjónarmanna. Ég vil benda á að á bls. 24 í nál. minni hlutans er lýst í bréfi Ríkisendurskoðunar til hv. nefndar hvaða atriði Ríkisendurskoðun telur vera mjög mikilvæg í aðgerðum er miða að bættum fjárreiðum ríkisins og stofnana þess og þar er sagt „að ábyrgð á framkvæmd fjárlaga sé fyrst og fremst í höndum viðkomandi fagráðuneytis og forstöðumanna ríkisstofnana." Þetta sýnir svo ekki verður um villst að það eru viðkomandi ráðherrar sem bera ábyrgð á framkvæmd fjárlaganna og þess vegna sækjumst við eftir því að hafa með þessum skýra hætti vald til þess að grípa inn í þegar á þarf að halda. Ég ætla aðeins að segja að auðvitað vonumst við til þess að sem allra sjaldnast þurfi á því að halda að grípa til þess valds sem hér er gert ráð fyrir í frumvarpsgreininni. Það komi þannig skýrt fram þegar kvartað er um þetta mikla vald, sem viðkomandi menn hafa, því það vald sækja þeir beint til ráðherrans og starfa eingöngu í hans umboði.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Ég nefni það aftur að ég gagnrýni ekki að slík heimild skuli vera til heldur fyrst og fremst þetta valdsvið. Auðvitað þarf líka að vera traust, fyrst og fremst traust, milli fagráðuneytisins og forstöðumanna þeirra opinberu stofnana sem undir hvert ráðuneyti heyra. Málið er kannski það, hæstv. fjmrh., að eins og hér hefur verið staðið að málum með illa undirbúnum tillögum þá er verið að hleypa illu blóði af stað. Verið er að vekja óöryggi, tortryggni og skapa leiðindi, sem er algjör óþarfi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar núna hefur legið fyrir þinginu líklegast í rúman mánuð og bandormurinn, skepnan sú, hefur tekið á sig mynd sem er með ólíkindum og engan óraði fyrir í upphafi. Nú er svo komið að hina vísustu menn greinir á um hvor skepnan sé ógurlegri orðin bandormurinn eða kolkrabbinn.

Þetta er að vísu ekki málefni sem er vert hafa í flimtingum því að með þessum vinnubrögðum er hér komið á fordæmi í lagasetningu sem má ekki eiga sér stað. Það má ekki eiga sér stað að Alþingi vinni á þann hátt sem gert er með þessu, að fyrir þinginu sé opið lagafrumvarp vikum saman sem sitjandi ríkisstjórn stingur inn í óskyldum málum og komi í raun fyrir aðra og virkari lagasetningu.

Það er að vísu kunnugt að fyrri ríkisstjórnir hafa þurft að grípa til þess að afnema ákveðin ákvæði í lögum sem hafa haft í för með sér fjárútlát umfram það sem menn hafa treyst sér til í fjárlögum á hverjum tíma. Út af fyrir sig, virðulegi forseti, er það efni í langar ræður að vissulega þarf Alþingi að taka upp agaðri vinnubrögð og að mínu mati að hreinsa til svo að ekki séu inni í lögum margir lagabálkar sem ekki er vilji til að framfylgja þegar kemur að fjárlögum. Þetta þarf Alþingi að hafa að leiðarljósi þegar ný lög eru samþykkt. Hins vegar er það langtímamarkmið og réttlætir á engan hátt þau vinnubrögð sem hér hafa verið höfð í frammi.

Ég vil ekki draga úr því að aðhalds sé þörf í ríkisfjármálum og nauðsynlegt á hverjum tíma. Menn hljóta á hverri stundu að reyna að vinna þannig að innan ríkisfjármálanna rúmist það sem menn eru tilbúnir til að framkvæma á hverjum tíma, rúmist það sem menn eru tilbúnir að leggja á skatta til að fjármagna á hverjum tíma. Eðli málsins samkvæmt er slík vinna langtímaaðgerð, eins og ég nefndi áðan. Það vill stundum gleymast að þarna er ekki eingöngu um að ræða tölur á blaði. Á bak við tölurnar stendur fólk. Þar standa þeir sem njóta þjónustunnar og þeirra hag verðum við fyrst og fremst að bera fyrir brjósti.

Annar stór hópur stendur á bak við tölurnar í fjárlagafrumvarpinu. Það er sá stóri hópur sem vinnur í þágu okkar allra á vegum hins opinbera. Mér finnst bera á því í umfjöllun núv. ríkisstjórnar, sérstaklega í menntamálum og heilbrigðismálum, að þessi stóri hópur gleymist. Rætt er um opinbera starfsmenn eins og menn á taflborði sem hægt er að skáka til og beita síðan hrókeringum, löngum og stuttum, þegar mönnum þykir þannig við horfa. Þetta eru óþolandi vinnubrögð og koma í sjálfum sér í veg fyrir að menn nái þeim markmiðum sem þeir þykjast vera að leita eftir vegna þess að ríkisvald nær aldrei tökum á opinberum rekstri öðruvísi en unnið sé í samvinnu við starfsmennina og unnið sé þannig að þeirra sjónarmið séu höfð í heiðri og virðingu þeirra sé ekki misboðið. Það hefur núv.

hæstv. ríkisstjórn sannarlega gert. Eins og ég sagði áðan að þá hefur hún í raun fyrirgert því tækifæri sem hver ríkisstjórn hefur til þess að ná tökum á þeim verkefnum sem hún vill vinna að. Hún tapaði, því miður fyrir ríkisstjórnina, því tækifæri á fyrstu starfsvikum sínum, þeim starfsvikum hverrar ríkisstjórnar sem eiga að fara í það að móta framtíðarstefnu. Á þeim tíma á ríkisstjórn á hverjum tíma hljómgrunn meðal almennings og menn ætlast til þess að ríkisstjórn vinni þannig. Þetta var einmitt sá tími sem núv. hæstv. ríkisstjórn notaði til umfjöllunar um fortíðarvandann. Því miður fór mestöll orka núv. hæstv. ríkisstjórnar á sl. sumri í þá umfjöllun.

Ríkisstjórnin sagðist ætla að draga úr ríkisútgjöldum. Nú vil ég ekki draga úr því að hver sú ríkisstjórn, sem hefði tekið við á sl. vori, hefði þurft að taka á fjármálum ríkisins á annan hátt en gert hefur verið áður þótt ekki kæmi annað til en gjörbreyttar aðstæður í okkar þjóðfélagi, sérstaklega hvað varðar alla meðferð fjármuna og fjármagnsmarkað. Það var því eðlilegt að ríkisstjórnin segðist ætla að taka á þeim málum.

Ég geri mér grein fyrir að þar var um að ræða erfitt verk enda varð niðurstaðan sú að ef miðað er við landsframleiðslu var ekki dregið úr ríkisútgjöldum. Ríkisstjórnin þurfti, eins og allar aðrar ríkisstjórnir, að grípa til nýrra aðgerða í skattheimtu. Þess vegna er mjög fróðlegt að skoða hvar hæstv. núv. ríkisstjórn bar niður þegar kom að því að leggja á nýjar álögur. Sá listi er ekki glæsilegur. Hverjir eiga að bera byrðarnar af ráðstöfunum í ríkisfjármálum og fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár? Ég ætla að nefna hér af handahófi örfáa liði.

Sjómenn skulu sérstaklega bera byrðar umfram aðra. Í því frv. að breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt sem samþykkt var hér fyrir áramótin var sú greinargerð sem fjallaði um sjómannaafsláttinn hreint með ólíkindum. Hún bar reyndar með sér að í fyrstu drögum höfðu menn ætlað að ganga miklu lengra en að lokum var gert. Sérstaklega eru það sjómenn á aldrinum 60–67 ára sem eiga að bera auknar byrðar og ég kem að síðar.

Annar hópur sem ríkisstjórnin fann og sá ástæðu til þess að láta bera auknar byrðar á árinu 1992 voru sauðfjárbændur, væntanlega, hæstv. fjmrh., einhver tekjulægsta stétt þjóðfélagsins.

Síðan er komið að barnafjölskyldum. Álögur eru sérstaklega auknar á barnafjölskyldur með meðaltekjur og þar yfir. Þessar aðgerðir bitna tvöfalt á barnafjölskyldum þar sem þær aðgerðir sem nú á að grípa til í skólamálum bætast þar við.

Ellilífeyrisþegar með 67 þús. kr. í tekjur og þar yfir er hópur sem ástæða þótti til að skerða sérstaklega.

Sveitarfélögin í landinu urðu fyrir barðinu á þessu og að lokum ætla ég að nefna sjúklinga, þá sem þurfa að leita læknishjálpar. Ástæða þótti til að leggja sérstakar viðbótarálögur á þá.

Þetta eru hóparnir sem hæstv. núv. ríkisstjórn sér sérstaka ástæðu til að leggja auknar álögur á. Hins vegar er ekkert hróflað við þeim sem hafa skattfrjálsar milljónatekjur í fjármagnstekjum sem menn hafa öðlast margir hverjir með geysilegum millifærslum á síðustu árum frá þeim sem skulda yfir til þeirra sem eiga peninga.

Meira en það, virðulegi forseti, hæstv. fjmrh. hefur, þrátt fyrir loforð annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar, sagt að það sé með öllu óvíst að hægt verði að standa við þau fyrirheit að þessir aðilar verði skattlagðir frá og með næsta ári. Það er nefnilega þannig að afskaplega erfitt er að finna nokkra heildstæða stefnu hjá núv. ríkisstjórn í gegnum þær aðgerðir í ríkisfjármálum sem við höfum verið að fjalla um á síðustu vikum. Það er reyndar svo og það þekkjum við á Alþingi að í hverju málinu á fætur öðru hefur stjórnarandstaðan orðið að grípa til sinna ráða og knýja fram lausn eða breytingar á þeim málum sem eru til umfjöllunar. Þar nefni ég síðast saltsíldarsöluna til Rússlands þar sem efh.- og viðskn. Alþingis tók af skarið í gær eftir að málið hafði verið að velkjast milli ríkisstjórnar og Seðlabanka um fimm vikna skeið. Það var eins og einn aðili á nefndarfundi hjá efh.- og viðskn. sagði að sér fyndist að umræðan væri svolítið á undan málinu. Mann rak í rogastans vitandi að síldin var í fararbroddi og synti burt. Það var því ekki um það að ræða að menn söltuðu upp í þessa samninga nema einhverja daga til viðbótar. Það sama gerðist í GATT-málinu þó að alþýðuflokksráðherrarnir hafi komið því þannig fyrir að lítið var gert úr þeim fyrirvörum sem settir voru hér heima þegar komið var á erlenda grund.

Ég ætla, virðulegi forseti, einungis að koma að örfáum atriðum í því frv. eða þeim brtt. sem liggja fyrir. Ég ætla að koma aðeins nánar að sjómönnum, þ.e. tekjutengingu grunnlífeyris ellilífeyris sjómanna á aldrinum 60–67 ára. Hér er um að ræða hluta af félagsmálapakka. Þetta er árangur sem sjómenn náðu eftir áralanga baráttu til þess að koma til móts við tvennt. Annars vegar það að stórir hópar sjómanna nutu á þeim tíma nánast engra lífeyrisréttinda. Í öðru lagi var þetta viðurkenning á því að sjómenn ynnu þess konar störf að eðlilegt væri að þeir væru aðstoðaðir við það eftir 25 ára starf, 60 ára aldur, að fara í land og hverfa að öðrum störfum. Menn gengu ekki að því gruflandi á þeim tíma að sjómenn sem færu í land á aldrinum 60–67 ára mundu í mörgum tilfellum hverfa til annarra starfa. Það geta því ekki verið rök í málinu á þessu stigi. Enda kemur það í ljós þegar málið er skoðað að þarna er um að ræða 500–600 manna hóp. Annað hefur komið í ljós við umfjöllun um málið síðustu daga og það er að réttur helmingur af þessum sjómönnum varð fyrir barðinu á skerðingu sjómannaafsláttar með lagabreytingu nú fyrir áramótin, þ.e. hjá þeim sjómönnum sem enn eru í hlutastarfi á sjó og ná ekki af þeim sökum tilskildum dagafjölda skerðist sjómannaafslátturinn.

Athygli hefur vakið að við umfjöllun þessa máls hefur lítið farið fyrir forustumönnum sjómanna úr þingliði Sjálfstfl. Þeir hafa ekki látið sjá sig í þingsölum þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað að þeir væru hér seinni partinn í dag og fylgdust með umræðum. Það er að vísu skiljanlegt miðað við málatilbúning núv. hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á Alþingi að

þeir kjósi frekar að vera utan þingsala þegar þessi mál eru rædd.

Það vekur einnig athygli hvernig umræðan er á hinu háa Alþingi þegar kemur að sjómönnum og þeirra hagsmunum. Sjómenn hafa komið til tals í öðru samhengi en þessu í vetur. Þá hefur heldur ekkert heyrst frá forustumönnum þeirra á þingi. Umræðan varðandi sjómanna hér í vetur hefur verið í þá veru að þeir njóti óeðlilegra fríðinda af hendi löggjafans sem beri að afnema. Þar hefur núv. hæstv. ríkisstjórn gengið hart fram og skyldi hæstv. heilbr.- og trmrh., þingmaður Vestfirðinga, hafa það í huga.

Annað atriði sem hefur verið haldið á lofti þegar kemur að sjómönnum er að þeir umgangist þá auðlind sem þeim er trúað fyrir, þar sem um er að ræða fiskinn í sjónum, með lítilli virðingu. Mér hefur oft á tíðum ofboðið þegar menn hafa verið með órökstuddar fullyrðingar um að þeir hendi verðmætum fyrir borð, hæst hefur verið nefnd tala upp á annað hundrað þúsund tonnum. Ekkert hefur heyrst frá forustumönnum sjómanna á Alþingi þegar þessi umræða hefur verið í gangi.

Ég ætla að lokum í sambandi við umfjöllun mína um skerðinguna á ellilífeyri sjómanna, eða tekjutengingu grunnlífeyris, að lesa hér frétt, með leyfi hæstv. forseta, úr Morgunblaðinu í dag. Hún hljóðar svo:

„Skerðingu ellilífeyris sjómanna er mótmælt.

Vélstjórafélag Íslands mótmælir harðlega áformum um skerðingu á ellilífeyri sjómanna miðað við 66 þús. kr. atvinnutekjur á mánuði. Félagið bendir á að bátasjómenn hafi byrjað að greiða í Lífeyrissjóð sjómanna á árinu 1970 og þá hafi viðmiðunartekjur verið mjög lágar." Og áfram er haldið:

„„Lífeyrisréttur þeirra bátasjómanna, sem greitt hafa í sjóðinn frá upphafi og væru að hefja lífeyristöku á þessu ári, gæti verið á bilinu 25 til 40 þús. kr. á mánuði. Að skerða ellilífeyri þessara manna vegna atvinnutekna yfir 66 þús. kr. á mánuði á sama tíma og ýmsir hópar þjóðfélagsins njóta allt að tífaldra lífeyrisgreiðslna án skerðingar á ellilífeyri er hreint siðleysi," segir í tilkynningu frá Vélstjórafélagi Íslands."

Það er að renna upp fyrir fleiri og fleiri hópum í þjóðfélaginu hvernig hæstv. núv. ríkisstjórn gengur fram við að leysa vanda ríkisfjármálanna.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að fara mörgum orðum um tilsjónarmennina. Það er búið að fjalla um þá í mörgum ræðum og hæstv. fjmrh. hefur setið undir þeim ræðum og sýnt mikla þolinmæði enda virðist hæstv. fjmrh. vera orðinn talsmaður ríkisstjórnarinnar, ekki bara í sínum málaflokki. Hann virðist sitja hér fyrir hæstv. forsrh. sem í raun leggur það mál sem hér er lagt fram fyrir Alþingi en hefur ekki mikla eirð í sér til þess að sitja í þingsölum. Ég veit ekki hvort ég á að harma það sérstaklega.

En það var þannig með tilsjónarmennina sem hétu eitthvað annað sem ég man ekki lengur hvað var, (**Gripið fram í:** Fjárhaldsmenn.) fjárhaldsmenn, þegar brtt. kom til okkar í efh.- og viðskn., að í þessu máli eins og mörgum öðrum var málið lagt fyrir illa unnið og lítt hugsað svo að strax eftir fyrsta fund var talsmönnum ríkisstjórnarinnar ljóst að þeim ákvæðum yrði að breyta áður en vinnu nefndarinnar lyki. Ég er þess reyndar fullviss að hæstv. núv. ríkisstjórn hlýtur að sjá mjög eftir því að hafa lagt til að lögfesta þetta atriði því að, eins og hefur komið margsinnis fram á fundum efh.- og viðskn., þetta hefur ekkert lagalegt gildi. Í lögum eru allar heimildir sem þarf til þess að veita ríkisstofnunum nauðsynlegt aðhald. Þegar gengið var á aðstoðarmenn hæstv. ráðherra varðandi tilgang þessarar lagasetningar kom það eitt fram að þetta ætti að vera svipa sem menn hefðu til þess að veifa yfir forstöðumönnum ríkisstofnana. Eins og ákvæðið var í fyrstu gerð átti að veifa þeirri svipu jafnt yfir þeim sem stóðu sig vel og hinum sem stóðu sig miður. Það hlýtur að orka tvímælis, þótt ekki sé meira sagt, að ráðast í það að lögfesta hótanir af þessu tagi og það hlýtur að verða mönnum umhugsunarefni, eins og margt annað eftir meðferð þessa máls, hvað menn eiga að setja í lög og hvað menn eiga að láta sér nægja að hafa í plöggum eins og stjórnarsáttmálum og öðru slíku. Þetta er ekki eina dæmið, virðulegi forseti, þar sem núv. hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir því að setja atriði inn í lög sem eiga þangað ekkert erindi.

Til viðbótar kemur að út frá öllum kenningum um stjórnun og samskiptahætti eigenda stofnana, ef svo má segja þegar við ræðum um ríkisstjórnina sem fer með þessar stofnanir fyrir hönd þjóðarinnar allrar, brýtur þetta allar reglur í samskiptum slíkra aðila og viðkomandi stofnana og viðkomandi starfsmanna.

Virðulegi forseti. Ég ætla síðan að koma að lögregluskattinum, sem heitir í þessari útgáfu sem við erum að vinna með núna nefskattur — íbúaskattur á sveitarfélög. Hann hét reyndar lögregluskattur í fyrstu útgáfu sem við fengum vegna þess að hann tengist lögum um lögreglumenn. Hér hefur gangur þess máls verið rakinn í upphafi, hvernig ríkisstjórnin hraktist frá einu víginu til annars. Það átti nefnilega að leggja þennan skatt á í allt öðru formi í upphafi sem menn sáu í hendi sér strax á fyrstu dögum að var óframkvæmanlegt. Þá var gripið til þessarar skattheimtu.

Það var fyrir harða andstöðu stjórnarandstöðuþingmanna og Samtaka sveitarfélaga, — reyndar voru fáeinir þingmenn úr stjórnarliðinu sem sáu strax hvílíkur óskapnaður var þarna kominn fram — að það tókst að fá fram nokkra breytingu á þessu ákvæði sem vonandi, og ég segi vonandi vegna þess að það vitum við ekki enn þá, hefur náðst að sníða af þessu verstu agnúana. Það var nefnilega svo þegar menn gáfu sér tíma til þess að skoða þetta ákvæði að það hafði ýmsar afleiðingar. Þar á ég fyrst og fremst við áhrifin á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem eins og hér hefur verið rakið áður á Alþingi, gerðu að verkum að þessar aðgerðir gátu komið fram með margföldum þunga. Ég ítreka, hæstv. félmrh., með margföldum þunga á einstök sveitarfélög. Það rifjar upp fyrir manni að það var einmitt nefskattur með þessum eiginleikum sem kom niður af margföldum þunga eftir sveitarfélögum og meira að segja eftir borgarhlutum sem varð, ef ég má taka þannig til orða, öðrum stjórnmálaskörungi að falli ekki alls fyrir löngu, þ.e. Margréti Thatcher. Kannski var

það nefskatturinn illræmdi sem hún ætlaði að leggja á sem varð öðru fremur þess valdandi að hún varð að hrökklast frá. Skattheimta af þessu tagi sem gengur þvert á öll sanngirnissjónarmið og réttlætisvitund almennings getur aldrei orðið til annars en ófarnaðar.

Þetta hefði kannski verið allt í lagi ef menn hefðu gengið þarna algörlega blint að verki og alls ekki áttað sig á því hvaða afleiðingar þetta kynni að hafa. Nú hefur það komið fram í viðtölum við hæstv. félmrh. að ráðherra segir að menn hafi vitað alla tíð að komið gæti til þess að það viðkvæma jafnvægi varðandi Jöfnunarsjóðinn og sérstaklega tekjujöfnunarframlagið kynni að raskast. Út frá þeim forsendum, ef menn gerðu sér grein fyrir því hvað þetta jafnvægi er viðkvæmt, er það enn þá alvarlegra að menn skyldu hafa gripið til þessara aðgerða sem voru næstum því búnar að hafa þessar afleiðingar. Ég segi næstum því af því að það er ekki ljóst enn þá. Þó að starfsmenn félmrn. hafi sagt við okkur í efh.-og viðskn. að þeir telji að með þeim aðgerðum sem nú er búið að grípa til, þ.e. að lækka skattinn um 100 millj. niður í 600 millj. og ákveða að af því færu síðan 100 millj. í Jöfnunarsjóð ísl. sveitarfélaga, þá sleppi til þannig að Jöfnunarsjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu á næsta ári. Þetta byggja þeir m.a. á ákvörðunum sveitarstjórna um álagningu útsvars og annarra gjalda á þessu ári sem liggja fyrir. En þeir vita þó ekki nema sveitarfélög hafi rétt til og geti áfram ákveðið hækkun á útsvarsprósentu og komist þannig inn á Jöfnunarsjóðinn, ef ekki núna þá a.m.k. á næsta ári. Það liggur alls ekki ljóst fyrir hvaða afleiðingar þetta hefur á fjárhag þeirra sveitarfélaga sem hafa reitt sig á tekjujöfnunarframlag úr Jöfnunarsjóði á síðustu árum.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort það sé virkilega svo að hún hafi séð fyrir hvaða afleiðingar þetta gæti haft þegar ákveðið var að fara út í lögregluskattinn. Þetta er þeim mun alvarlegra þar sem nú þyrfti að ríkja góður og mikill trúnaður milli ríkisvalds og sveitarfélaganna vegna þeirrar endurskipulagningar sem nú stendur fyrir dyrum hjá sveitarfélögunum með sameiningu og öðrum aðgerðum til að gera þau virkari til að takast á við þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna. Það hefur ekki farið fram hjá okkur í efh.- og viðskn., hæstv. félmrh., að samskipti sveitarfélaganna og ríkisvaldsins hafa beðið varanlegt tjón sem varir í það minnsta á meðan núv. hæstv. ríkisstjórn situr.

Virðulegi forseti. Það væri hægt að hafa um þetta mál miklu lengri ræðu, en ég sé ekki ástæðu til þess. Það hefur verið dregið fram hér í þessari umræðu á hve handahófskenndan og óréttlátan hátt núv. hæstv. ríkisstjórn hefur brugðist við þeim vanda sem við er að etja. Hér hafa verið tínd ótal dæmi um það og ég ítreka, sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að það var á fyrstu vikum þessarar ríkisstjórnar sem hún tapaði því tækifæri sem allar nýjar ríkisstjórnir hafa til að ávinna sér traust kjósenda og setja fram heildstæða stefnu sem hún ætlaði sér að vinna eftir á komandi kjörtímabili. Ríkisstjórn, sem ekki nær því á fyrsta missiri síns starfstíma, á sér ekki viðreisnar von. Hún nær aldrei tökum á verkefni sínu.

Ég heyrði starfskonu úr opinbera geiranum segja í gær að á undan eldgosi kæmi jarðskjálfti og hún sagðist, eftir stóra fundinn í gamla Austurbæjarbíói í gær, hafa fundið jörðina skjálfa. Ég sé, virðulegi forseti, engin teikn á lofti um að núv. hæstv. ríkisstjórn muni ná tökum á því verkefni sínu að leiða fram í þjóðfélaginu sátt á næstu vikum á þeim tíma sem einmitt hefði verið þörf á slíku þegar kjarasamingar nánast allra stétta í landinu eru lausir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þess að hér var að ljúka máli sínu málsvari þess flokks sem átti heilbrigðisráðherra í síðustu ríkisstjórn vil ég minna á að samkvæmt frv., sem sá ráðherra lagði fram og stutt var af Framsfl. á síðasta Alþingi, var gert ráð fyrir skerðingu á grunnlífeyri ellilífeyrisþega um 236 millj. kr. Það var gert ráð fyrir skerðingu á sérstakri heimilisuppbót ellilífeyrisþega um 500–600 millj. kr. á ári í þessum tillögum. Ég vil aðeins minna hv. framsóknarmenn á að þetta voru þeirra eigin tillögur frá því fyrir einu ári síðan.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eiginlega að verða svolítið fyndið að hlusta á hæstv. ráðherra núv. ríkisstjórnar hafa það eina úrræði þegar bent er á galla í þeirra málflutningi að það megi finna hliðstæðu sem fyrrv. ríkisstjórn hafi lagt fram og það er farið að koma þannig út að það sé ein allsherjarréttlæting á gjörðum núv. hæstv. ríkisstjórnar ef fyrrv. ríkisstjórn hafi lagt eitthvað hliðstætt fram.

Ég vil hins vegar segja hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi það atriði sem hann nefndi hér áðan að í þeim tillögum, sem hæstv. fyrrv. ríkisstjórn lagði fram, var lagt til að þær 240 millj., ef ég man rétt, sem hann nefndi áðan eða hvort það voru 270, það skiptir ekki öllu, færu til jöfnunar innan tryggingakerfisins, að aðrir nytu þess sem af væri tekið. Auk þess vil ég benda hæstv. ráðherra á að tillögur sem lagðar eru fram í frumvarpsformi, — ég vil ætla að sá meiri hluti sem var að baki fyrri ríkisstjórn hefði ekki í nokkrum tilfellum knúið mál í gegn burt séð frá því hvort í meðförum málsins kæmu fram alvarlegir gallar. Það er einmitt það, hæstv. heilbr.- og trmrh., sem núv. meiri hluti gerir, hann keyrir mál í gegnum þingið burt séð frá því að í meðförum málsins í þingnefndum komi fram meinbugir á því sem einir sér ættu að vera nægir til þess að menn féllu frá málinu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla enn að minna á að heildarlækkun útgjalda til lífeyristrygginga skv. frv. hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. var 1.674 millj. kr. og nettólækkun á útgjöldum almannatryggingakerfisins var 154

millj. kr. Þetta er aðeins, virðulegi forseti, lítið upprifjunarnámskeið fyrir virðulega þm. Framsfl.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

(**HÁ:** Hver kennslustund er 45 mínútur). Virðulegi forseti. Ef ég man rétt, l. þm. Austurl, þá er búið að stytta það niður í 40 mínútur. Það hefur sjálfsagt verið gert eftir að hv. þm. hætti kennslu. (Gripið fram í.) Já, það styttist nú óðum með aðgerðum núv. hæstv. ríkisstjórnar. En ég ítreka það sem ég sagði áðan, að fortíðartal núv. hæstv. ríkisstjórnar er orðið með ólíkindum og erum við búin að hlusta á þetta hvað eftir annað þegar hæstv. núv. ríkisstjórn dregur fram skúffufrumvörp, misvel unnin af fyrrv. ríkisstjórn, það mun ég fúslega viðurkenna, — þegar hæstv. núv. ríkisstjórn dregur þau upp og leggur fram. Og ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, ef hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ekki skilið það, að það er ekki sama frv. og þau lög sem endanlega eru samþykkt og það er einkenni núv. hæstv. ríkisstjórnar að ekkert tillit er tekið til þess þó að í meðförum þingsins komi fram gallar eins og varðandi grunnellilífeyri sjómanna. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh., hafði hann gert sér grein fyrir því þegar frv. var lagt fram að það mundi bitna á þennan hátt á áunnum réttindum sjómanna? Ég læt mér ekki nægja að hann kinki kolli í sæti sínu. Hann á rétt á að koma hér aftur upp og svara og ég ítreka spurningu mína, hafði hann gert sér grein fyrir því þegar frv. var lagt fram að það mundi bitna á þennan hátt á sjómönnum?

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér fór fram í dag umræða undir þessum lið, gæslu þingskapa, sem snerist um það hvort hæstv. samgrh. hefði sagt það sem hann vissi um málefni Skipaútgerðar ríkisins við utandagskrárumræðu í gær. Ég vil bara koma því hér á framfæri, af því að öðru var haldið fram í dag, að ég var hér að fá frétt sem flutt var á Bylgjunni í gær kl. 17, klukkutíma áður en umræðan hófst. Þar segir, með leyfi forseta, og er vitnað í Ómar Jóhannsson, forstjóra Samskipa hf.: „Ómar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Samskipa, segir að öll meginatriði séu nú í höfn varðandi kaup Samskipa á Esju, einu skipa Ríkisskipa. Umræður um að Samskip taki við öðrum þáttum í rekstri Ríkisskipa eru á byrjunarstigi." Virðulegi forseti. Þetta vildi ég að kæmi hér fram að gefnu tilefni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkuð er um liðið síðan ég bað um orðið til ræða um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992. Mig minnir að það hafi verið í kringum 18. des. eða fyrir um fjórum vikum og er ljóst að ég verð alla vega að breyta töluverðu í þeirri ræðu sem ég hugðist flytja, svo margt hefur breyst í frv. eins og það lá fyrir á þeirri stundu þegar ég bað um orðið. Það er táknrænt fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu mál að jafnvel á meðan var verið að mæla fyrir frv. af hæstv. forsrh. þá kynnti hann brtt. við frv. sem hann var að mæla fyrir. Það má segja að ekki hefur það verið verk stjórnarandstöðunnar, þó langt sé um liðið síðan frv. var lagt fram, að ekki er komið lengra í umræðunni en þetta.

Síðustu tillögur stjórnarliðsins komu ekki fram fyrr en í síðustu viku og það var ekki fyrr en í gær sem sjá mátti það sem stjórnarliðið hafði komið sér saman um að láta þingið ræða í þessari 2. umr. Umræðan, sem hófst fyrir svo löngu síðan, verður dálítið skrýtin að því leyti að menn eru núna í seinni lotu þessarar umræðu að ræða um verulega breytt frv. frá því sem þeir ræddu í fyrri hlutanum. Ég verð að láta í ljós hluttekningu í garð þeirra ræðumanna sem voru búnir að leggja á sig að ræða um þetta frv. áður en það tók svona miklum breytingum.

Ég vil minna á, þó að nú sé það gleymt flestum, að í ræðu sinni fjallaði hæstv. forsrh. ekki aðeins um frv. heldur fór yfir málin á nokkuð pólitískum nótum og flutti í raun og veru stefnuræðu sína í hinum ýmsu pólitísku málefnum í víðu samhengi. Þar var honum nokkuð tíðrætt um fyrri ríkisstjórn og var augljóslega nokkuð illa við einn stjórnmálaflokk sem þar sat, Framsfl., þó að mér þyki það dálítið kyndugt því ef menn skoða fortíðina þá er enginn flokkur sem Sjálfstfl. hefur unnið eins mikið og náið með í gegnum áratugina og Framsfl. og verður það dálítið skondið hversu mikið hæstv. forsrh. gerir út á andúð á framsóknarmenn. Þeir hafa hins vegar verið menn til að svara fyrir sig en megininntakið í gagnrýni hæstv. forsrh. er fortíðin. Menn eigi að horfast í augu við fortíðina og menn skulu fá að horfast í augu við fortíðina.

Ég hef síðustu daga gluggað eilítið í fortíðina, í þau skjöl sem komið hafa frá Sjálfstfl. og jafnvel í greinar og ummæli hæstv. forsrh. um hin ýmsu mál sem nú eru til meðferðar. En áður en ég vík að því vil ég aðeins byrja á heilbrigðismálunum og minnast á nokkuð gamalt viðtal sem haft var við hæstv. heilbr.- og trmrh. því ég hygg að honum væri það nokkuð hollt og mönnum umhugsunarefni að rifja upp þau viðhorf sem ráðherra setti fram þá og bera saman við gjörðir hans í dag.

Ég vil nú, virðulegi forseti, leita í skjölum mínum að þessu gagnmerka viðtali sem birtist í ágætu blaði, sem heitir Þjóðviljinn, 19. okt. 1983. Það er eins og segir í kvæðinu eftir borgarskáldið: Það var fyrir átta árum, virðulegi forseti. Þá var heilsíðuviðtal við hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. um fjárlagafrv. sem ríkisstjórnin hafði þá nýlega lagt fram. Þáv. fjmrh. var Albert Guðmundsson og eins og gefur að skilja hafði hæstv. núv. ráðherra ýmislegt að athuga við þetta fjárlagafrv. Ég vil leyfa mér að lesa hér stuttan kafla úr þessu viðtali til að varpa ljósi á sjónarmið hæstv. ráðherra eins og þau voru á þeim tíma og, með leyfi forseta, hef ég nú tilvitnunina:

„Það er kátbroslegt að heyra frá Albert Guðmundssyni yfirlýsingar um stórfelldan niðurskurð á utanferðum opinberra starfsmanna. Í frumvarpi hans er nefnilega gert ráð fyrir því, að framlög til að semja við erlend ríki hækki um 158% og framlög til að þeir geti sótt alþjóðaráðstefnur hækki um 175%. Þannig er að

ekki sést sá pólitíski vilji í fjárlagafrumvarpinu.

Annað kemur í ljós þegar útgjöld til samhjálpar eru skoðuð. Í aðfaraorðum frv. er gert ráð fyrir því að sparnaður í tryggingamálum verði að upphæð 300 millj. kr. Hægt er að sjá hvernig ríkisstjórnin ætlar að láta þetta gerast í frumvarpinu. Á bls. 227 kemur m.a. í ljós að þar á að lækka útgjöld lífeyristrygginganna um 60 millj. kr. frá því sem felst í núv. reglum. Með öðrum orðum það á að breyta reglum sem lífeyrir er greiddur eftir. Í áætlunum um hækkun á milli ára kemur í ljós að breyta á reglunum til lækkunar hvað varðar elli- og örorkulífeyri og barnalífeyrinn. Barnalífeyrir verður þá lækkaður en hann er greiddur með börnum sem misst hafa foreldri sín. Hins vegar verður tekið af ellilífeyri með því að hækka lífeyrisaldurinn eða lækka lífeyrisgreiðslurnar. Þarna eru komnar 60 millj. kr.

Á bls. 229 er skýrt frá því að heilbr.- og trmrn. muni spara í rekstri sjúkrahúsa um 150 millj. kr. Í áætlunum um útgjöld kemur í ljós að þetta á að gera varðandi vistgjöld á sjúkrastofnunum. Þau eiga aðeins að hækka um 26% á milli ára á sama tíma og aðrir útgjaldaliðir hækka um 50%. Þetta þýðir að gert er ráð fyrir að leggja 150 millj. kr. vistgjöld á legusjúklinga á spítölunum. Ætli það verði ekki í samræmi við annað sem er að gerast og er fólgið í því að sjúklingar verði látnir greiða sjálfir matinn sem hluta af legu sinni þannig að þegar ríkisstjórnin er búin að leggja eldhús spítalanna niður muni sjúklingarnir verða neyddir til að kaupa matinn af Pétri Sveinbjarnarsyni?

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því á bls. 228 að 90 millj. kr. sparnaður verði af útgjöldum ríkisins vegna lyfjakostnaðar og lækniskostnaðar á spítölum. Þá kemur spurningin hvort heldur á að draga úr læknisþjónustu eða hætta að gefa sjúklingum lyf, fara að lækna með nálastunguaðferðinni. Þannig er þessi 300 millj. kr. sparnaður fenginn með því að þrengja þeim sem eru sjúkir og bágstaddir, sagði Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. fjmrh., að lokum." (Gripið fram í.) Þetta er viðtal við núv. hæstv. heilbrrh. sem birtist í Þjóðviljanum miðvikudaginn 19. okt. 1983. Svo hneykslaður er núv. ráðherra á þessum áformum ríkisstjórnarinnar að fyrirsögn við viðtalið heitir: „Sultarólin á almenning. Á sama tíma og ríkisstjórnin ætlar sér margfaldað eyðslufé ..." svo vantar nú niðurlagið, virðulegi forseti. Það er kannski ekki nema eðlilegt að hæstv. núv. heilbrrh. botni ekki yfirlýsinguna en hér stendur sem ekki er nú í beinu framhaldi af þessu:

„Auk Alberts gæti enn einn talist fullsæmdur af þessu frv., nefnilega Bör Börsson."

Ég hef nú gert lítillega grein fyrir sjónarmiðum hæstv. heilbrrh. til þessara málaflokka sem undir hann heyra eins og þau sjónarmið voru fyrir átta árum. Ég verð að segja að mér kemur í hug kvæði Tómasar um fólkið sem gekk fram hjá Fríkirkjunni fyrir átta árum. Ég sé að hæstv. ráðherra er í fullu fjöri og er engan veginn handan móðunnar miklu eins og kemur fram í kvæðinu, en hins vegar sýnist mér að hann sé kominn handan við ána sem skilur að jafnaðarmenn og aðra, sé kominn yfir til hinna, og hafi tekið upp einhverja nýja jafnaðarmannastefnu sem ríkti a.m.k. ekki í Alþfl. á árinu 1983. Þetta sem lýtur að heilbrigðismálum vildi ég leggja inn í umræðuna til upprifjunar á því sem gerst hafði í fortíðinni. Ég hef þá lokið þeim kafla í ræðunni.

Það eru fleiri sem hafa svo sem látið sér ýmislegt um munn fara á fyrri tíð. Ég vil nefna til sögunnar hæstv. forsrh. Hann hefur haft nokkra skoðun á þjóðmálum fram til þessa og ekki verið þekktur fyrir að skafa utan af þeim eða vera óskýr í meiningum. Hann hefur lagt fram fyrir þingið ásamt samráðherrum sínum og þingflokkum stjórnarflokkanna frv. sem m.a. skattleggur sveitarfélögin með einhliða aðgerðum eins og þingmönnum er kunnugt því að ég vænti þess að yfir þá hafi dunið mótmælasendingar og ályktanir sveitarstjórna víðs vegar um land eins og mér hafa borist. Til þess að stytta mál mitt vitna ég í þær bréfaskriftir sem fram hafa farið á milli félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Menn hafa gagnrýnt sérstaklega að ríkisstjórnin skyldi taka þessar ákvarðanir einhliða þvert ofan á þá stefnu sem er í gildi og hefur verið um samráð við sveitarfélögin og er í raun og veru lögfest.

Fyrir tæpum tveimur árum, 21. febr. 1990, birtist í blaði nokkuð drjúg tilvitnun í ræðu sem hæstv. forsrh., þá varaformaður Sjálfstfl. og borgarstjóri, flutti á fundi flokksráðsformanna sjálfstæðisfélaga og sveitarstjórnarmanna Sjálfstfl. Þar hafði hann ýmislegt að segja um samskipti ríkis og sveitarfélaga og um hlut sveitarfélaga úr þeim samskiptum. Sá hinn sami og nú leggur til að um 750 millj. verði færðar frá sveitarfélögum til ríkissjóðs óbætt, segir hér, með leyfi forseta, um áhrif af verkaskiptalögunum:

„Það var fljótlega ljóst að ríkisvaldið ætlaði sér ekki að láta neina fjármuni af hendi með verkefnatilfærslunni og alls ekki bæta að fullu þá skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem þau hafa búið við á undanförnum árum. Niðurstaðan í verkefnatilfærslunni varð því sú að hlutur ríkisvaldsins jókst en hlutur sveitarfélaganna minnkaði."

Þetta er viðhorf hæstv. forsrh. að hlutur sveitarfélaga hafi versnað við verkefnatilfærsluna fyrir tveimur árum. Hæstv. félmrh. hefur haldið hér öðru fram. Hann hefur m.a. haldið því fram að tekjur sveitarfélaga hafi aukist um 2 milljarða og ekki eru þessir tveir ráðherrar sammála um þetta. En merkilegt er að hæstv. forsrh., sem er þeirrar skoðunar að gengið hafi verið á hlut sveitarfélaga, skuli nú ætla að að höggva þar aftur í sama knérunn.

Um samskipti ríkis og sveitarfélaga sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta, og hafi menn þá í huga að þá voru sveitarstjórnarkosningar fram undan:

„Það er heldur ekki vafi á að í þessum kosningum hljóta menn að varpa kastljósinu á samskipti ríkisins við sveitarfélögin. Það hefur verið stefna flestra stjórnmálaflokka í landinu og ég býst við að flestar ríkisstjórnir hafi sett inn í sinn stjórnarsáttmála fögur fyrirheit um að efla sjálfstæði sveitarfélaganna og styrkja þau og styðja enda er þar um að ræða stór skref í þágu valddreifingar að sveitarfélögin séu efld á kostnað rík-

isvalds og miðstýringar. En því miður hefur aldrei fylgt hugur máli hvað þetta varðar."

Hér talar hæstv. forsrh. fyrir allt annarri skoðun en hann hefur í dag. Fortíðarvandi hæstv. forsrh. í málefnum sveitarfélaga er sá að hann sagði eitt áður en hann varð forsrh. og hann segir annað eftir að hann varð það. Þegar málin eru athuguð eru það greinilega ekki fyrirheit og ásetningur ráðherra núv. ríkisstjórnar að hafa það mjög í heiðri sem þeir áður sögðu og gleyma þeim skoðunum sem þeir höfðu áður. Þetta er fortíðarvandi Sjálfstfl. Ég vil rifja hann enn betur upp þannig að mönnum sé ljóst frekar en orðið er hversu mikill tvískinningur íhaldsins er í hinum ýmsu málaflokkum og leyfa mér að vitna í þá heimild sem best er um stefnu flokksins á hverjum tíma og heitir landsfundarályktanir Sjálfstfl. Ég er með í höndunum ályktanir landsfundar Sjálfstfl. frá því í mars 1991 og ef við byrjum til að mynda á menntamálunum, af því að ég sé að hæstv. menntmrh. er hér, þá vil ég leyfa mér að vitna í bls. 3 á þessari ályktun sem fjallar um menntamál, með leyfi forseta:

„Án efnismikillar, fjölbreyttrar og haldgóðrar menntunar fá Íslendingar ekki staðist í samkeppi þjóða. Gildi skólastarfs verður ekki ofmetið. Menntakerfið verður gert fjölbreyttara með einkaskólum og slakað á miðstýringu án þess að draga úr gæðakröfum."

Síðan er enn frekar fjallað um menntamál á bls. 34 og þykir mér ástæða til að rifja upp fyrir hæstv. menntmrh. nokkuð sem þar stendur og vakið hefur athygli mína. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. leggur megináherslu á að draga úr núverandi miðstýringu í skólakerfinu."

Hvað er svo lagt til í því frv. sem er til umræðu? Það er lagt til að færa í vald ráðherra það sem nú er í lögum. Það er lagt til að auka miðstýringuna, virðulegi forseti. Þetta er samræmið í stefnu flokksins sem hann á hægt með að koma á framfæri þar sem hann hefur þennan málaflokk á hendi. Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Það að draga úr miðstýringu menntakerfisins hvað varðar rekstur, fjármagn, stjórnun, hugmyndir, námsskrá, kennsluefni og kennsluaðferðir er forsenda þess að starfskraftar skólastjórnenda og kennara nýtist sem skyldi."

Það sem flokkurinn leggur hins vegar til á þingi gengur til gagnstæðrar áttar við það sem hann ályktar á fundum og það sem hann segir kjósendum fyrir kosningar. Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Ljóst er að eftirspurn fer vaxandi bæði eftir almennri og sérhæfðri fullorðinsfræðslu. Sjálfstfl. lýsir yfir stuðningi við hvers konar framtak í þeim efnum." Og enn fremur: „Efla þarf og auka námsframboð á landsbyggðinni svo að unnt sé að stunda nám í heimabyggð. Það yrði áhrifamikil byggðastefna."

Hvaða stefnu hefur hæstv. menntmrh. fylgt í þessum málum? Hann hefur fylgt þeirri stefnu að leggja niður Héraðsskólann í Reykjanesi. Hann hefur fylgt þeirri stefnu að synja um öldungadeild á Hólmavík. Þannig efnir hann stefnu Sjálfstfl. sem lýsir yfir stuðningi við hvers konar framtak til þess að auka fullorðinsfræðslu og auka námsframboð á landsbyggðinni. Það er greinilega ekki mikið að marka þennan flokk sem fyrir kosningar gefur út fallegt rit til þess að segja kjósendum hvert hann stefnir en eftir kosningar snýr hann síðan öllu á höfuð. Þetta eru efndirnar í menntamálunum. Það er greinilega ekki í verkum ríkisstjórnarinnar eins og hér er sagt í ályktun flokksins að stefna hans sé að allir hafi jafnan rétt til menntunar án efnahags, búsetu eða fötlunar. Það er fyllsta ástæða til þess að talsmaður flokksins í þessum málaflokki, hæstv. menntmrh., útskýri fyrir þingi þennan fortíðarvanda Sjálfstfl.

Ég hef rakið þær skoðanir sem hæstv. forsrh. hafði í samskiptum við sveitarfélögin fyrir kosningar. Mönnum er kunnugt hvernig ríkisstjórnin undir forsæti hans kemur fram í samskiptum við sveitarfélög og hvernig hún hyggst auka fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna. Menn sjá hvernig það er framkvæmt með einhliða ákvörðunum um skattlagningu á sveitarfélögin. Hvað skyldi nú flokkurinn segja um þessi mál? Hvað var það sem hann sagði kjósendum á meðan hann var að gera hosur sínar grænar eða kannski öllu heldur bláar fyrir þeim? Það skyldi þó ekki vera að hann hafi sagt svolítið annað en hann segir í dag. Hér segir í sérstakri ályktun um sveitarstjórnarmál, með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. leggur áherslu á að jafnhliða flutningi á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga verði tekjustofnar fluttir þannig að heildarskattbyrði aukist ekki. Með auknum lögboðnum verkefnum sveitarfélaga er eðlilegt að auka hlutdeild þeirra í staðgreiddum sköttum." Og enn fremur segir, með leyfi forseta, vegna þess að þá var nýlega upp tekinn virðisaukaskattur: „Landsfundurinn mótmælir harðlega þeim auknu skattaálögum sem ríkið lagði á sveitarfélög í landinu þegar virðisaukaskattur var tekinn upp."

Hvað skyldu það hafa verið miklar álögur, virðulegi forseti? Jú, 250–300 millj. kr. á ári. Hvað er verið að gera nú? Auka álögur á sveitarfélögin um þrefalda þessa upphæð. Var það kannski ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. mótmælti þessu að það voru ekki nógu miklar álögur svo að hann gæti fagnað þeim, það var ekki nógu mikið sem var tekið af sveitarfélögunum? Krumlur ríkisvaldsins með miðstýringunni sem enginn flokkur er eins hrifin af og Sjálfstfl., ríkisafskiptaflokkur Íslands númer eitt. Það skyldi þó ekki vera. Hér er annar fortíðarvandi Sjálfstfl. Hann mótmælir því að gengið sé á hlut sveitarfélaga þegar hann er í stjórnarandstöðu en gengur harðar fram en nokkur annar þegar hann er í stjórn. Þá varðar menn ekkert um fyrri skoðanir í þessum málum.

Ýmislegt fleira má nefna og dregur fram mikið misræmi á milli orða og efnda hjá þessum stærsta stjórnmálaflokki landsins. Kunnug eru ummæli hæstv. forsrh. og stefna hans gagnvart mikilvægum atvinnufyrirtækjum á landsbyggðinni. Á hausinn með þetta, segir forsrh. Þetta eru duglausir stjórnendur sem hafa staðið sig illa og þeir eiga bara að fara á hausinn. En hvað skyldi segja hér í landsfundarsamþykkt síðasta landsfundar Sjálfstfl.? Það segir hér, með leyfi forseta:

„Skapa þarf nýja öryggiskennd í atvinnumálum meðal fólks á landsbyggðinni."

Það var nefnilega það. Það þarf að skapa nýja öryggiskennd fyrir fólk á landsbyggðinni í atvinnumálum og það er gert með því að segja: Þetta eru mál fyrirtækjanna, þetta eru mál atvinnugreinarinnar, þetta eru ekki mál ríkisins. Og þegar fólkið segir: Við, fólkið sem býr í þessum plássum, berum enga ábyrgð á þessum fyrirtækjum, og það spyr: Hvað ætlið þið að gera til að aðstoða okkur við að reisa þessi fyrirtæki úr rústum? þá er svarið: Ekkert. Þið eigið að gera það sjálf. Og þið eigið að borga fyrir að gera það sjálf. Þetta er atvinnustefnan sem ríkisstjórnin rekur, ríkisstjórn Sjálfstfl. Sú atvinnustefna sem heitir samkvæmt landsfundarsamþykkt fyrir kosningar, að skapa nýja öryggiskennd í atvinnumálum meðal fólks á landsbyggðinni. Mér verður orðfall, virðulegi forseti. Það er greinilega mikill vandi á ferð í þessum stjórnmálaflokki.

Ég nefni annað í samgöngumálum. Hvað skyldi þessi flokkur hafa lagt til í samgöngumálum fyrir kosningar, virðulegi forseti? Flokkurinn sem leggur til núna eftir kosningar að skera niður framlög til Vestfjarðaganga og vill seinka framkvæmdum, ræðst á uppbyggingu í vegakerfinu, ætlar að skera hana niður um 20% á þessu ári. Hvað skyldi þessi flokkur hafa sagt fyrir kosningar? Jú, hann sagði, með leyfi forseta: „Áætlaðar fjárfestingar ríkisins í samgöngumannvirkjum næstu 10 ár eru á bilinu 60 til 80 milljarðar kr. Eftir það er lokið samgöngubyltingu sem er forsenda fyrir hagkvæmri byggðaþróun, atvinnuþróun og hagræðingu atvinnuveganna" — sem er forsenda. Fyrst þarf samgöngubyltingu, síðan skulum við hagræða. Hvað er flokkurinn að gera í dag? Hann er að heimta hagræðingu og seinka samgöngubyltingunni. Hvers konar hagræðing er það? Það er náttúrlega hagræðing sem dæmir veikustu byggðarlögin út af landakortinu. Það er sú hagræðing sem þessi ríkisstjórn stefnir að, sú ríkisstjórn sem er með sífelldar kröfur um hagræðingu í sjávarútvegi. Það er alveg ómögulegt ástand að það skuli vera til pláss þar sem er eitt frystihús og einn togari og í næsta firði annað pláss þar sem er annað frystihús og annar togari. Það er alveg ómögulegt, það verður að hagræða. En það á ekki að gera veg þarna á milli þannig að menn komist hann allt árið um kring.

Ég vil benda hæstv. ráðherrum, öllum þeim sem hér eru viðstaddir, á grein sem birtist fyrir tæpum tveimur árum í Morgunblaðinu eftir doktor Ágúst Einarsson þar sem hann bendir m.a. á að svo vel er sjávarútvegurinn rekinn í heild sinni á Íslandi að hann er rekinn fyrir 25 milljörðum kr. minna en sjávarútvegurinn í Noregi. Það er ekki lítið, það er bara nokkuð vel að verki staðið. Þannig að ég held að menn ættu að hægja á í kröfugerð um hagræðingu í sjávarútvegi þó ég meini ekki að menn eigi að leggja hana til hliðar. En alla vega eiga menn að hraða samgöngubótum til að gera hagræðinguna mögulega.

Hér var eitt lítið mál í fréttum í gær um tvöföldun á Reykjanesbrautar þar sem einkaaðilar, óskabarn Sjálfstfl., höfðu óskað eftir því að fá að gera athugun á þeirri framkvæmd og jafnvel að taka hana að sér gegn því að láta hvern bíl sem ekur um veginn greiða ákveðið gjald. Þessu hafnaði hæstv. samgrh., sem er dálítið merkilegt í ljósi þess að hann er úr Sjálfstfl. og til að vinna að samgöngumálum hefur hann í veganesti samþykktir landsfundar Sjálfstfl. Og hvað skyldi segja í þeim samþykktum? Jú, virðulegi forseti, með leyfi, segir hér:

„Gera þarf sérstakt átak í vegakerfi höfuðborgarsvæðisins og Reykjanesbrautar vegna mikils umferðarþunga."

Það er stefna flokksins. Og hvernig vill flokkurinn framkvæma þetta? Það er þannig, með leyfi forseta:

„Hönnun, nýframkvæmdir og viðhald samgöngumannvirkja skal fært á svið einkareksturs eftir því sem við verður komið. Við gerð samgöngumannvirkja skal skoða þann möguleika að fyrirtæki og einstakingar taki að sér gerð þeirra fyrir eigin reikning en þeim gefist síðan kostur á að endurheimta kostnaðinn með gjaldtöku á notkun mannvirkisins."

Þetta er stefna þess flokks eins og hún var í mars og þegar hæstv. samgrh. fær tækifærið til að framfylgja stefnu síns flokks segir hann nei. Ég er út af fyrir sig ekkert mjög óhress með það því ég er ekki sammála stefnu Sjálfstfl. í þessum efnum. En þetta er enn eitt dæmið um hvernig þessi flokkur talar til annarrar áttar fyrir kosningar en hann framkvæmir svo eftir kosningar. Þetta er enn eitt dæmið um fortíðarvandann í Sjálfstfl. Og ég segi bara eins og hæstv. forsrh.: Ja, þeir skulu fá að horfa framan í þennan fortíðarvanda. Ég held að sjálfstæðismönnum sé ekkert verra að horfa framan í fortíðarvandann fremur en framsóknarmönnum, eins og hæstv. forsrh. hefur mikinn áhuga á að þeir geri.

Þessi landsfundarályktunarbók er náttúrlega mikið eldsneyti og hægt að flytja margar ræður og langar um það sem hér stendur um það sem flokkurinn vill gera og bera saman við það sem hann er að gera. En ég læt lokið lestri úr þessari ágætu bók og vænti þess að hv. þm. sé nokkuð ljóst ósamræmið á milli orða og efnda.

Mér er minnisstætt að þegar hæstv. núv. sjútvrh. hafði tapað kosningunni um formannssætið í Sjálfstfl. sagði hann eitthvað í þá veru að nú tækju við hin hörðu gildi. Nú hefðu þeir sigrað og væru ofan á í flokknum sem væru meiri harðlínumenn í pólitík, meiri frjálshyggjumenn í pólitík. Þá rifjaðist upp fyrir mér að einn fyrrv. þm. Sjálfstfl. hafði fyrir nokkrum árum ritað bók um reynslu sína af þessum flokki og einmitt tekið þetta viðfangsefni fyrir, frjálshyggjuna og þá hættu sem þingmaðurinn sá vegna þess að hún fann þá breytingu sem var að verða á flokknum og fann að þeir menn voru að eflast sem héldu þeim skoðunum fram. Og mér finnst við hæfi, virðulegi forseti, að rifja upp agnarlítinn kafla úr þessari bók þar sem fjallað er um þetta viðfangsefni því ég held að það varpi nokkuð skýru ljósi á þá stefnu sem ríkisstjórnin er að framkvæma, varpi nokkuð skýru ljósi á þau viðhorf sem liggja að baki hjá þeim mönnum sem eru í forustu fyrir Sjálfstfl. í ríkisstjórninni og skýri fyrir okkur hvert þeir stefna, hvers konar þjóðfélag þeir vilja búa til. Áður en ég hef lesturinn vil ég geta þess að sá fyrrv.

þm. sem ég er að vitna til heitir Sigurlaug Bjarnadóttir og bók þessi kom út fyrir fimm árum. Tilvitnunin er, með leyfi forseta:

„Sjálf átti ég er ég sat á þingi hlut að því að setja saman eins konar kosningastefnuskrá flokksins fyrir alþingiskosningarnar 1978: „Endurreisn í anda frjálshyggju." En sú frjálshyggja var, að ég hugði þá, af öðrum toga spunnin en „frjálshyggja" Friedmans og lærisveina hans sem ég helst set innan gæsalappa af því að ég tel hana rangnefni, til þess fallið að villa á sér heimildir. Það því fremur sem boðberar hennar leyfa sér að kenna hana við mannúðarstefnu. Þar er siglt undir fölsku flaggi.

Réttnefni „frjálshyggjunnar" er markaðshyggja, sem gengur fram með þrönga og brenglaða frelsishugsjón á vopni. Frelsi hennar er fyrst og fremst frelsi hins óhefta, sjálfstýrða markaðskerfis, er jafnað er við eins konar guðlega forsjón, sem er undanþegin mannlegri og siðferðilegri ábyrgð. Hún þýðir frelsi og rétt hins sterka til að traðka á hinum veika í miskunnarlausri samkeppni, meira í ætt við lögmál dýraríkisins og líffræðikenningu Darwins þar að lútandi heldur en samfélag siðaðra manna, byggt á hugsjónum menntunar og mannúðar.

Engum ætti að dyljast að þessi alræðishugmynd markaðshyggjunnar samrýmist ekki kærleiksboðskap og bræðralagshusjón kristinnar trúar. Hingað til hefur þó Sjálfstæðisflokkurinn, a.m.k. í orði kveðnu, viljað hlú að Kristindómi og kristilegu siðgæði í landinu.

Hér er nokkuð hart kveðið að orði, en ekki að tilefnislausu. Þeim sem á annað borð hafa augu og eyru opin fyrir því sem er að gerast í íslenskum stjórnmálum hefur mörgum blöskrað ýmsar þær hugmyndir sem haldið hefur verið á lofti í málflutningi og áróðri hinna áköfustu „frjálshyggju"manna okkar á undanförnum uppgangsárum þeirra:

Almenningsmenntun, heilbrigðisþjónusta og félagsleg samhjálp skal gerð að markaðsvöru, sem lýtur lögmálum framboðs og eftirspurnar. Í þessum anda er m.a. mælt með því að „leyfa nokkrum læknum að setja upp svo hátt verð fyrir þjónustu sína að biðraðir á stofum þeirra hverfi og þeir neytendur sem vilja og geta greitt þetta verð komist umsvifalaust að"!

Nema hvað? Fortakslaus forréttindi hinna ríku fram yfir hina sem léttari eiga budduna og minna mega sín. Þarna blasir við augum hin grímulausa peningahyggja, alsystir markaðshyggjunnar sem vílar jafnvel ekki fyrir sér að „selja ömmu sína," ef því er að skipta." Og lýkur hér tilvitnun í bók Sigurlaugar Bjarnadóttur frá Vigur, fyrrv. þm. Sjálfstfl. sem fyrir nokkrum árum varaði við þeim öflum sem nú ráða í Sjálfstfl.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að eftir að hafa lesið þessa bók aftur í stuttu og stopulu jólafríi og velt inntaki hennar fyrir mér þá finnst mér að höfundur hafi reynst nokkuð sannspár og ótti hans hafi verið á rökum reistur. Þetta er að mínu mati heimild sem varpar skýru ljósi á þá ríkisstjórn sem nú situr hér á landi, áform hennar og stefnu.

Ég vil þá, virðulegi forseti, enn og nú að lokum taka fyrir fortíðarvandann. Nú ætla ég að minnast eitt á fortíðarvanda hæstv. félmrh. Það er þannig eins og þingmenn vita að tekið var upp á sínum tíma svokallað 1986-kerfi, húsnæðislánakerfi í húsnæðismálum. Hæstv. félmrh hefur ekki verið neinn sérstakur stuðningsmaður þess kerfis og hefur lagt nokkuð á sig til að koma því fyrir kattarnef. Allt um það, við höfum svo sem skipst á skoðunum um það mál áður. En ég vil aðeins rifja upp hvað hæstv. félmrh. sagði fyrir kosningar við fólk sem er í biðröð eftir lánum úr þessu kerfi. Og ég vil líka rifja upp hvað hæstv. félmrh. sagði fyrir rúmum tveimur árum þegar verið var að taka upp núverandi kerfi. Þá sagði hæstv. félmrh. um húsbréfakerfið að það væri gott kerfi, þar gætu menn fengið lán og þyrftu ekki að bíða og þar yrðu engin afföll. Það sagði hæstv. þáv. félmrh. sem enn situr í stólnum og eru afföllin yfir 20%. Hvernig ætlar hæstv. félmrh. að útskýra þetta fyrir því fólki sem er að taka að sér að borga af 1 millj. kr. en fær ekki í reiðufé meira en 780 þús. kr. eða þar um bil? Er það svo gott kerfi?

Hitt atriðið sem er fortíðarvandi hæstv. félmrh. í húsnæðismálum er að í viðtali 20. mars sl. sagði hæstv. félmrh. í sjónvarpi þetta um forgangshópinn svokallaða, 2.700 manns, með leyfi forseta:

„Við munum hafa þrjú ár til þess að afgreiða þetta fólk sem vill nýta sér þennan rétt og það ræðst af því hve margir komi til með að vilja nýta sér hann hve hratt hægt er að afgreiða þessi lán. En það er þó auðvitað ljóst og hefur margkomið fram að greiðslubyrði fyrir fólk er jafnhagstæð í húsbréfakerfinu svo að ég á nú ekki von á því að það verði mjög margir sem sækja þarna um. En engu að síður þá er óvissunni eytt." Þetta var sagt 20. mars á síðasta ári. Þá var óvissunni eytt fyrir hjá því fólki sem beið í forgangshópi eftir lánum í Húsnæðisstofnun ríkisins úr 1986-kerfinu.

Það voru ekki liðnir margir dagar frá því að ríkisstjórnin var mynduð þar til hún samþykkti að kasta þessum hópi út, loka því ákvæði í lögum sem eyddi óvissu forgangshópsins. Þetta er nokkuð bærilegur fortíðarvandi, virðulegi forseti. Fyrir kosningarnar er óvissunni eytt, eftir kosningarnar er sagt: Út á götu með ykkur.

Ég vil vekja athygli á því hvernig hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin í heild fer að því að virða lög að vettugi. Það er með því að gefa fyrirmæli til stofnana og segja: Þið framfylgið ekki þessum lögum. Það er ekki enn búið að fella úr gildi þessa lagaákvæði. Ef ekki hefði verið fyrir fyrirmæli ríkisstjórnarinnar hefði Húsnæðisstofnun ríkisins framfylgt lagaákvæði eins og henni ber. Hvers konar stjórnsýsla er þetta? Ráðherrar geta bara sagt: Þessi lög og þessi lög, þið framfylgið þeim ekki. Bráðum eru liðnir níu mánuðir síðan ríkisstjórnin var mynduð og allan þennan tíma hefur þetta bráðabirgðaákvæði verið í lögum og er enn. (**Gripið fram í:** Þetta er meðgöngutíminn og þess vegna er ormurinn fæddur.) Má vera, hv. þm., en illa líst mér á afkvæmið. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. félmrh., fyrst hann er svo vinsamlegur að vera hér viðstaddur sem ég þakka honum fyrir, geri fólki grein fyrir því, því fólki sem er í biðröðinni, 2.700 manns, hvers vegna hann

stendur að því að svíkja þetta fólk.

Þannig er, virðulegi forseti, ef að er gáð, að fortíðarvandinn er víða. Hann er kannski ekki hvað síst hjá þeim aðilum sem standa að núverandi ríkisstjórn. Það vill þannig til með þá eins og alla aðra að þeir eiga sér fortíð. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að fara sér hægar í skurðgrefti í fortíðinni ef hann vill að umræðan snúist einhvern tíma um eitthvað annað en ávirðingar stjórnarandstæðinga. Ég vil minna á að einn af forverum hæstv. forsrh. í stóli formanns Sjálfstfl. sem hefði orðið 100 ára gamall núna eftir þrjá daga, 19. jan., Ólafur Thors, hafði það lífsviðhorf, eins og fram kemur í ævisögu hans sem rituð er af Matthíasi Johannessen, að menn ættu að horfa fram en ekki aftur. Hann vitnaði gjarnan í þann stjórnmálamann sem hann hafði hvað mestar mætur á, Winston Churchill. Hann vitnaði í það sem Winston Churchill sagði þegar hann tók við forsætisráðherraembættinu í Bretlandi 1940: „Ef við ætlum að nota nútíðina til að dæma fortíðina, þá glötum við framtíðinni." Þetta var sjónarmið Ólafs Thors. Hann horfði fram en ekki aftur, horfði til framtíðar en ekki fortíðar. Í því liggur mikill munur á núv. formanni Sjálfstfl. og þeim fyrrverandi. Í því liggur allur áherslumunur. Enda hygg ég að dómur sögunnar verði kannski ekki eins vilhallur núv. formanni Sjálfstfl. og hann er þeim sem ég vitnaði til og hefði orðið 100 ára eftir þrjá daga.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, fara yfir fáein varðandi málefni sveitarfélaga. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé ekki alveg horfinn af vettvangi. Ef ráðherrann skyldi vera hér nærhendis bið ég forseta um að gera honum viðvart svo ráðherrann megi vita að hér ræði ég í fáum orðum um sveitarfélögin. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra, ekki man ég lengur í hvaða umræðu það var, að tekjur sveitarfélaga hefðu aukist um 2 milljarða, hafi ég tekið rétt eftir, í kjölfar verkaskiptalaganna. Ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um að það var markmið þessarar verkaskiptingar, eitt af markmiðunum, að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Ég sæki heimild fyrir þeirri fullyrðingu í þingskjal sem heitir frumvarp til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988 af þáv. hæstv. félmrh. Á bakhlið þess, bls. 32, er fylgiskjal sem metur áhrif þessara lagabreytinga á fjármál sveitarfélaga. Þar kemur fram að hagur þeirra muni batna um 639 millj. kr. við þessar breytingar. Ég ítreka það svo að það sé ljóst að eitt af markmiðum breytingarinnar var að bæta stöðu sveitarfélaga enda var staðan á þeim tíma ekki betri en svo að níu af kaupstöðum landsins höfðu ekki rekstrartekjur til að standa undir útgjöldum hvað þá fjárfestingu. Þess ber að geta að af þessari fjárhæð, sem metið er að hafi flust yfir til sveitarfélaganna við þessa breytingu, tók virðisaukaskatturinn til baka hluta, u.þ.b. 250 millj. kr. á ári samkvæmt upplýsingum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga í dag. Eftir stendur að hagur sveitarfélaga hafi batnað um 400 millj. kr. í heild. Nú ætlar ríkisstjórnin að taka 750 millj. og sjáum við að þá er lítið eftir og hagurinn verri en fyrir breytingar.

Á verðlagi ársins 1991 voru heildartekjur sveitarfélaga árið 1980 20,1 milljarður kr. 10 árum seinna 1990 voru tekjurnar 28,2 milljarðar kr. en útgjöldin höfðu aukist úr 19,9 milljörðum í 28,6 milljarða. Samkvæmt þessum tölum sem ég hef fengið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga voru rekstrargjöld sveitarfélaganna hærri en rekstrartekjurnar. Þetta er ekki beysin staða og kannski ekki til þess fallin að leggja auknar álögur á sveitarfélögin. Hafa álögur þó bæst við t.d. vegna umhverfismála þar sem lögboðnar kröfur hafa verið settar á sveitarfélög sem þeim ber að uppfylla og eins vegna atvinnumála þar sem sveitarfélögin hvert á fætur öðru eru nauðbeygð til að taka þátt í atvinnulífinu til að halda því gangandi vegna þess að núv. ríkisstjórn vill ekki koma nálægt því. Henni kemur þetta fólk ekkert við. Hvað halda menn að sveitarfélög sem þurfa að ganga inn í stóru atvinnufyrirtækin í plássunum eða stofna ný hafi mikið til aflögu til að borga sérstakan skatt til ríkisstjórnarinnar? Ég er hræddur um að fjárhagsstaða sveitarfélaga verði orðin býsna slæm áður en þetta ár er á enda runnið.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvernig hún hugsar sér að bæta stöðu sveitarfélaga eða hvort hún er yfir höfuð sammála mér um að þörf er á því að bæta stöðu sveitarfélaga en ekki gera hana verri. Hvernig á sveitarfélag eins og Ólafsvík að standa undir slíkum kröfum sem er búið að leggja óhemju mikið fé í það að halda uppi atvinnu með því að kaupa aðalfyrirtækin? Ég get nefnt fleiri sveitarfélög en læt það ógert.

Ég er hræddur um að margt verði skrýtið á Íslandi þegar kemur að haustmánuðum, sérstaklega á landsbyggðinni. Ég hygg að það sé mál sem kemur hverjum félagsmálaráðherra eða sveitarfélagamálaráðherra við hvers konar byggðastefnu menn reka í landinu. Sveitarfélögin eru jú um allt land og allt landið er verkefni ráðherrans. Hvernig telur ráðherra að landslagið líti út í haust? Hvað með öll plássin þar sem menn sjá ekki neina örugga framtíð í atvinnumálum? Það verður auðvelt að sameina þau sveitarfélög sem verða orðin tóm. Þá þarf varla að skipa nefnd til þess. Menn geta bara beðið fram á haust. Menn geta þá sameinað þessar reytur sem eftir eru.

Virðulegi forseti. Ég hef leitast við að gera grein fyrir sjónarmiðum mínum til þessa frv. með nokkuð almennum hætti og bendi forseta á að ég hef ekki talað fyrr í umræðu um þetta mál. Mér gafst ekki tækifæri til þess fyrir jól af sérstökum ástæðum. Því hefur ræða mín kannski orðið lengri en til stóð við þessa umræðu. Þó er margt sem ég vil gjarnan koma inn á en kýs að geyma þar sem ég hef rétt til að tala öðru sinni í þessari umræðu og get komið því að síðar.

Ég vil í lokin beina einni fyrirspurn enn til hæstv. félmrh. varðandi eitt af þeim málum sem gerð er tillaga um að breyta í þessu frv. Það er að fella niður ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Það kemur fram í ályktun frá Alþýðusambandi Íslands að um þessar mundir sé verið af hálfu Íslands að yfirfara drög að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á skuldbindingum þjóða til að tryggja launafólk vegna gjaldþrota fyrirtækja. Áformað er að þessi samþykkt verði afgreidd á næsta þingi sem haldið verður í sumar hjá

Alþjóðavinnumálastofnuninni. Ég þekki ekki þessi drög að samþykkt en ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er það sem nú er verið að gera í samræmi við þessi drög? (**Félmrh.:** Já.) Svarið er já. Er það þá upplýst að hæstv. ríkisstjórn er að framfylgja þeirri stefnu sem menn hugsa sér að koma á hjá aðildarþjóðum þessarar stofnunar. Er það nokkuð fróðlegt í ljósi þeirrar áherslu sem ríkisstjórnin hefur, að taka upp gerðir erlendra þjóða sem mest og gera þær að innanlandslögum. Það er efni í mikið mál og allt annað, en mér þykir rétt að minna á að það er ekki allt gull sem glóir í útlöndum, virðulegi ráðherra.

Umræðu frestað.

69. FUNDUR

föstudaginn 17. jan.,
kl. 10 árdegis.

Framkvæmdasjóður Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178, nál. 260, 261 og 269.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta sem felur í sér að Framkvæmdasjóður Íslands verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Indriða H. Þorláksson og Snorra Olsen frá fjmrn.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv.

Undir þetta nál. rita 12. des. 1991 Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Geir H. Haarde, Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir með fyrirvara.

Í tengslum við þá umræðu sem hér hefst finnst mér eðlilegt að benda á að á þskj. 276 er brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 frá Rannveigu Guðmundsdóttur og þar segir að á eftir 11. gr. komi ný grein er orðist svo:

„Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr.“

Þá er líka eðlilegt að benda á að í 4. gr. frv. til laga um breytingar á Framkvæmdasjóði Íslands segir svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Lánasýsla ríkisins tekur frá sama tíma við umsjá allra eigna og skulda, krafna og skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þær standa við gildistöku laga þessara.“

Að sjálfsögðu verður það kannað á milli 2. og 3. umræðu hvort e.t.v. þurfi að breyta þessu gildistökuákvæði.

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 269 er nál. frá 2. minni hluta efh.- og viðskn. en undir það rita Halldór Ásgrímsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Við getum tekið undir það að lánastofnanir verði sameinaðar. Að því hefur verið unnið um langt skeið með misjöfnum árangri. Allmargar nefndir hafa verið skipaðar sem hafa fengið það hlutverk að koma með tillögur um hvernig fjárfestingarlánasjóðirnir gætu starfað sem best saman og ekki síst með sameiningu þeirra í huga.

Um þetta mál hafa verið alldeildar meiningar og hafa þar rekist á hagsmunir atvinnuvega eins og kunnugt er. Því hefur ekki fengist niðurstaða í það mál en nú nýlega eða fyrir um það bil einu ári skilaði nefnd tillögum um þetta efni og þar var gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður Íslands sameinaðist öðrum fjárfestingarlánasjóðum sem ég skal ekki fara nánar út í.

Í tengslum við þetta mál hafa verið rifjuð upp mörg önnur mál, þ.e. lánamál Framkvæmdasjóðs Íslands, með misjöfnum hætti, og hefur hæstv. forsrh. helst haft forgöngu um þau mál. Eins og kunnugt er hefur hæstv. forsrh. talið að flest af því sem gert hefur verið hafi verið af hinu illa og gagnrýnt mjög ákvarðanir sem teknar hafa verið. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu en hæstv. forsrh. er mikið gefinn fyrir það að tala um fortíðina og finna sökudólga fyrir því sem gerst hefur í fortíðinni og fer alllangt aftur í tímann.

Auðvitað hafa verið gerð mistök í íslensku samfélagi og menn geta út af fyrir sig eytt tíma sínum í það að finna sökudólga. Hæstv. forsrh. hefur aðallega haft þá iðju að kenna þau við Framsfl. hvort sem hans flokkur hefur verið í samstarfi við Framsfl. eða ekki. Þingmenn Sjálfstfl. hafa látið í það skína að þeir hafi ekki haft nein áhrif þar á.

Vissulega væri ástæða til þess, virðulegur forseti, að halda um þessi efni langa ræðu en ég ætla ekki að fara út á þá braut hér. Við í 2. minni hluta nefndarinnar óskuðum eftir því að fá að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands um þessi mál en svo vill nú til að þingflokksformaður annars stjórnarflokksins sat síðast í stjórn þessa sjóðs og er einn af þeim sem er ábyrgur fyrir lánveitingum sjóðsins í nálægustu fortíð og ætti því að geta upplýst okkur um það. Gæti hæstv. forsrh. áreiðanlega leitað sér margvíslegs fróðleiks hjá honum. En við þeirri beiðni okkar að kalla fyrir stjórn sjóðsins var ekki orðið sem mér finnst mjög óeðlilegt og þegar flutt er frv. til laga um að leggja niður Framkvæmdasjóð Ísland, þá skuli ekki vera gefið ráðrúm til þess að ræða það mál og mál þessu tengd við stjórn viðkomandi sjóðs. Ástæðan fyrir því er áreiðanlega tímaskortur en fyrir jólin var það ætlan stjórnarmeirihlutans að koma mörgum málum fram á Alþingi án þess að undirbúningur þeirra gæfi nokkurt tilefni til slíks ásetnings. Þar af leiðandi voru mál tekin út úr nefnd í nokkrum flýti oft og tíðum. Þetta mál er eitt þeirra sem þannig er ástatt um en síðan er liðinn rétt

rúmur mánuður því að nál. eru dagsett fyrir og eftir miðjan desember.

Við teljum ekki tímabært að ganga frá þessu máli og erum þeirrar skoðunar að rétt sé að það fylgi þeirri vinnu sem hefur átt sér stað um sameiningu fjárfestingarlánasjóðanna og viljum bíða eftir niðurstöðum í þeim efnum en teljum hins vegar mikilvægt að því sé flýtt eftir því sem nokkur kostur er. Með tilliti til þessa munum við undirritaðir nefndarmenn sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls leitaði ég eftir því að fá það upplýst hvaða skuldbindingar Ísland hefði tekið á sig þegar það þáði Marshall-aðstoð. Ég lít ekki á það sem neitt leynisamkomulag sem gert var þegar Ísland þáði Marshall-aðstoð. Ég lít á það sem hluta af því sem við gerðum í erfiðri stöðu þegar við þurftum að rífa okkur út úr efnahagsvanda eftir að nýsköpunarstjórnin hafði sóað öllum gjaldeyri Íslendinga og hér voru erfiðir tímar. En það er gersamlega ólíðandi að fá ekki upp gefið hvaða skuldbindingar voru þá undirritaðar og hvaða samningar voru gerðir í tengslum við Mótvirðissjóðinn. Eins og allir vita var hann sá sjóður sem seinna breytti um nafn og þróaðist yfir í það að verða Framkvæmdasjóður Íslands. Fyrst voru þessir fjármunir ...(**Forseti:** Forseti vill nú spyrja hv. þm. ...) Mitt erindi er einfalt. Ég spurði hæstv. ráðherra um þessi mál, leitaði eftir því við utanrrh. að hann upplýsti þetta og ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. eða staðgengill hans upplýsi þetta mál við þessa umræðu.

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni síðustu ræðu hér upplýsa að ekki vannst tími til eða var gefið svigrúm til að skoða þetta atriði sem hv. síðasti ræðumaður nefndi frekar en önnur atriði sem spurst var fyrir um varðandi þennan sjóð sem hér er lagt til að leggja niður eða sameina Lánasýslu ríkisins. Upplýst var eða því var haldið fram að mikið lægi við að drífa þetta mál af fyrir jólaleyfi þegar þetta var til umræðu þá í efh.- og viðskn. Það vannst sem sagt allt of lítill tími til að skoða þetta mál í efh.- og viðskn. í annríki fyrir jól. Þó var ekki um það að ræða að þetta væri eitthvert ágreiningsmál þar sem andstæðar fylkingar tækjust á þar sem engu yrði um þokað. Þvert á móti var það svo, og er væntanlega, að um þetta mál er í sjálfu sér ekki neinn djúpstæður, pólitískur ágreiningur svo mér sé kunnugt um. Menn eru að sjálfsögðu tilbúnir og hafa yfirleitt verið það í öllum flokkum á undanförnum árum að endurskoða og endurskipuleggja meðferð þessara mála. Reyndar er það kunnugt að á undanförnum árum hefur margs konar vinna verið í gangi sem miðað hefur að því að endurskipuleggja og hagræða í rekstri helstu fjárfestingarlánasjóða, opinberra lánasjóða landsins. Það er því ekki um það að ræða að slíkur ágreiningur hefði átt að hindra að menn hefðu tekið sér aðeins meiri tíma til að fara yfir málefni Framkvæmdasjóðs og m.a. fá það upplýst, sem er kannski ekki stórmál en lá þó fyrir, að Framkvæmdasjóður hefur veitt nokkrum minni sjóðum ákveðna þjónustu og haft umsjón með þeim í meira eða minna mæli. Þetta mun eiga við um Ferðamálasjóð og einhverja fleiri. Reyndar var óskað eftir því í efh.- og viðskn. að greinargerð yrði tekin saman um það hvernig menn hygðust standa að þessum breytingum, að Lánasýsla ríkisins yfirtæki Framkvæmdasjóð, hvernig yrði farið með praktíska hluti eins og starfsmannahald, tækjabúnað og starfrækslu sjóðsins eða sjóðanna á fyrstu mánuðum eða árum eftir að þessi lög tækju gildi. En það var ætlun hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða þetta með slíkum hraði í desembermánuði sl. að lítið tóm gafst til að skoða þvíumlíkt. Í því ljósi er rétt að menn hafi í huga að við þær aðstæður var afstaða 1. minni hluta að leggjast ekki gegn afgreiðslu þessa frv. ef hæstv. ríkisstjórn teldi það réttast og vildi bera á því pólitíska ábyrgð að framkvæma þessa sameiningu eina og sér og aðhafast ekki annað að þessu sinni varðandi heildarskipulag fjárfestingarlánasjóðanna.

Það lítur í sjálfu sér ekki út fyrir að vera óskynsamleg breyting að sameina þessa sjóði og koma þeim undir einn hatt. En ég get tekið undir það sem kom fram í framsöguræðu fyrir nál. 2. minni hluta að auðvitað hefðu menn fagnað því ef þetta hefði gerst í tengslum við víðtækari endurskoðun og uppstokkun á málefnum opinberra sjóða og fjárfestingarlánasjóða í landinu. Í nál. 1. minni hluta á þingskjali 261 er hins vegar harðlega mótmælt því moldroki sem núv. hæstv. forsrh. hefur þyrlað upp, m.a. um málefni Framkvæmdasjóðs. Hæstv. forsrh. hefur með mjög sérkennilegum hætti reynt að ata auri forvera sína í starfi og ýmsa fleiri pólitíska andstæðinga og einnig póltíska samherja ef betur er að gáð.

Auðvitað er það staðreynd að núv. stjórnarflokkar bera umtalsverða ábyrgð á því sem þarna er á ferðinni og hæstv. forsrh. hefur harðlega gagnrýnt. Það er t.d. sérkennilegt að hæstv. forsrh. skuli algerlega ganga fram hjá þeirri staðreynd í sínum tilraunum til að koma höggi á pólitíska andstæðinga og upphefja sjálfan sig að Sjálfstfl., hans eigin flokkur, ber auðvitað þunga pólitíska ábyrgð á mjög mörgum þeirra mála sem einmitt liggja til grundvallar þeim vanda sem í Framkvæmdasjóði er og þeim áföllum sem hann hefur orðið fyrir á undangengnum árum. Ég hygg að þegar frá líður muni hinn gassalegi málflutningur hæstv. forsrh. frá öndverðu sumri dæma sig sjálfur þar sem hann hugðist ryðja um koll nánast öllum andstæðingum sínum, að manni skildist, og höggva frá alla fortíð í stjórnmálum á Íslandi, dæma hana á einu bretti óalandi og óferjandi og að nú tækju við hinir hvítþvegnu heilögu menn sem aldrei hefði neitt orðið á eða neitt misjafnt gert. Það var greinilega ætlun hæstv. forsrh. að láta einhver meiri háttar vatnaskil verða í íslenskum stjórnmálum þar sem kæmi að hans þætti, þegar upphæfist öld hinna fullkomnu stjórnenda sem aldrei yrði neitt á.

Um þetta vitnar t.d. mjög skýrt erindisbréf fortíðarvandanefndarinar sem hæstv. forsrh. skipaði eftir rík-

isstjórnarfundinn 23. júlí sl. Ég hef áður vitnað í þetta ágæta erindisbréf. Ég held að það upplýsi með tiltölulega skýrum hætti hvað fyrir hæstv. forsrh. vakti m.a. í þessum sérkennilega málatilbúnaði. Það er svo greinilegt á öllu nefndarálitinu að megintilgangur þessarar herferðar allrar af hálfu hæstv. forsrh. var að finna sökudólga, að sakfella forvera sína bæði í embætti forsrh. að því er virðist og aðra þá sem að stjórnmálastörfum höfðu unnið á undangengnum árum. T.d. eru fullyrðingar í þessu merkilega skipunarbréfi fortíðarvandanefndarinnar um að hlutverk nefndarinnar skuli í fyrsta lagi vera að afla upplýsinga um þann fjárhagsvanda sem hingað til hefur ekki verið gerð grein fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Í skipunarbréfinu er beinlínis fullyrt að um allan þennan vanda hafi verið þagað sem nefndin hefur verið að fást við síðan. Það er gefið í skyn í hinu opinbera skipunarbréfi nefndarinnar að þarna hafi verið leynt upplýsingum, þagað um vandamál í rekstri hins opinbera eða sjóðum þess. Nú vita hv. alþm. auðvitað að þetta er rangt. Þessi fullyrðing í skipunarbréfi fortíðarvandanefndar forsrh., sem m.a. hefur fjallað um málefni Framkvæmdasjóðs, er röng. Auðvitað hefur á undanförnum árum verið með ýmsum hætti gerð grein fyrir mörgum af þeim vandamálum sem hér er rætt um.

Dettur hæstv. forsrh. virkilega í hug að ætla að halda því fram við okkur alþingismenn, t.d. þá sem hafa setið á þingi síðan 1983, að aldrei hafi verið rætt um þann augljósa vanda sem var að skapast vegna óráðsíunnar við byggingu flugstöðvar Leifs Eiríkssonar? Dettur hæstv. forsrh. það virkilega í hug að hann geti sannfært þá alþingismenn sem hér hafa setið eitt eða tvö kjörtímabil, sem sagt einu til tveimur kjörtímabilum lengur en hæstv. forsrh., þingmenn sem hafa tekið þátt í margvíslegum umræðum um þetta dæmalausa mál, byggingu flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, m.a. hörðum umræðum sem urðu á Alþingi að mig minnir á árinu 1988? Það ár kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um það mál þar sem farið var rækilega ofan í saumana á umframkostnaði við bygginguna, m.a. sukkkostnaðinum sem leiddi af þeirri ákvörðun Sjálfstfl. að knýja fram opnun flugstöðvarinnar nokkrum vikum fyrir kosningar til Alþingis 1987. Sjálfstfl. bar höfuðábyrgð á því og þetta var eitt helsta kosningamál Sjálfstfl. á Reykjanesi eins og kunnugt er. Hv. þáv. þm. Matthías Á. Mathiesen lét mynda sig með öllum framboðslista Sjálfstfl. fyrir framan flugstöðina og væntanlega einnig núv. hæstv. forseti Alþingis. Hún var alveg sérstök skrautfjöður í hatt Sjálfstfl., þessi flugstöðvarbygging. (**Gripið fram í:** Nei, hún var engin skrautfjöður.) Hún átti að verða það, hv. alþm., en það er rétt hjá þér, hún reyndist engin skrautfjöður frekar en fleiri fjaðrir, t.d. sú sem teiknuð er upp úr hinum selda hatti núv. hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu flesta daga. (**Fjmrh.:** Það er betra en Þjóðleikhúsið.) Nú fara stjórnarliðar að ókyrrast. Það er von að þeim fari að líða svolítið illa. Er verið að ráðast á hv. þm. Árna Johnsen? Er verið að ráðast á formann byggingarnefndar Þjóðleikhússins með þessum smekklega hætti? (Gripið fram í.) Nei, til þess að við höldum okkur við dagskrárefnið og ég reyni að róa niður Sjálfstfl. og hjálpa hæstv. forseta við fundarstjórnina þannig að þetta fari ekki allt úr böndunum vegna ókyrrðar Sjálfstfl. í þingsalnum, þá er það auðvitað þannig að hæstv. forsrh. stendur hér ber að því að fara með hreinar blekkingar í hinu opinbera skipunarbréfi til fortíðarvandanefndarinnar sem m.a. fór yfir vanda Framkvæmdasjóðs.

Þriðja sérálit fortíðarvandanefndarinnar er útkomanhjá Framkvæmdasjóði. Það er nauðsynlegt ef hæstv. forsrh. heldur þessu áfram og viðurkennir ekki að þetta orðalag erindisbréfsins sé villandi að við förum yfir það t.d. hvernig gerð hefur verið grein fyrir þessum vanda m.a. hjá Framkvæmdasjóði á undanförnum árum með ýmsum hætti. Það er ekkert nýtt, hæstv. forsrh., ef vaxtamunurinn í byggingarsjóðunum safnast upp ár frá ári að hann skapi vanda. Það hefur verið rætt hér á Alþingi á undanförnum árum oft og iðulega hvernig með það eigi að fara. Einnig hefur verið rætt oft og iðulega um vandann vegna byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, m.a. í mjög hörðum umræðum sem urðu á Alþingi þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út og upplýsti um þennan hneykslanlega kostnað sem varð við þessa byggingu, m.a. vegna ákvörðunar Sjálfstfl. um að knýja fram opnun flugstöðvarinnar fyrir alþingiskosningarnar 1987. Þá var hv. 7. þm. Reykn. utanrrh. Ég hygg að komið hafi í hlut okkar nafnanna að ræða þessa skýrslu sérstaklega í umræðum sem ég óskaði eftir á þeim tíma. Þá var hv. þm. Steingrímur Hermannsson utanrrh. og var að reyna að svara og klóra eftir atvikum yfir eins og hann gat skammir samstarfsflokksins, Sjálfstfl., sem þá var. En það gekk ekki vel því að Ríkisendurskoðun gerði á þessu mjög greinargóða úttekt sem var satt best að segja einhver harðasti áfellisdómur sem fallið hefur í einu framkvæmdamáli af þessu tagi þangað til upplýsingar fóru að berast af afrekum fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík. Þá er e.t.v. mögulegt að þetta met Sjálfstfl. hafi verið slegið en metið hélst þó innan fjölskyldunnar og það má vera nokkurt huggunarefni þeim sjálfstæðismönnum að það færðist bara um set frá Reykjanesi til Reykjavíkur.

Í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar, hæstv. forsrh., sem við getum grafið upp og ég get útvegað hæstv. forsrh. úr því að hún er honum ekki kunnug, voru augljósar upplýsingar lagðar fram um að þarna blasti við mikill vandi vegna þess hvernig byggingarkostnaður flugstöðvarinnar hafði farið úr öllum böndum. (Gripið fram í.) Það mun hafa verið hv. fyrrv. þm. og hæstv. fyrrv. forsrh. og formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, og þessi afrek voru aðallega unnin, eins og kunnugt er, í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. á árunum 1983–1987 og mjög harðlega gagnrýnt og við þeim varað m.a. af okkur alþýðubandalagsmönnum.

Ríkisendurskoðun benti sem sagt á, ég held ég muni rétt að þetta hafi verið á árinu 1988, væntanlega fyrri hluta þess árs, að þarna blasti við geysilegur vandi vegna þess að óhugsandi væri að tekjur af starfsemi í flugstöðinni í Keflavík, leigutekjur af húsnæðinu og hagnaður af starfsemi sem þar væri, gæti borið þenn-

an ofboðslega fjárfestingarkostnað. Það er nokkurn veginn sambærileg niðurstaða við það sem nú kemur fram hjá fortíðarvandanefndinni. Þar er, ef ég man í grófum dráttum rétt, talið að e.t.v. geti flugstöðin sjálf og tekjur sem þar skapast borið um helming af þessum kostnaði, alls ekki meira, afgangurinn falli á ríkissjóð. Hæstv. forsrh. kallar það fortíðarvanda þegar eitthvað slíkt gerist. Hann hefur farið hörðum orðum um þá sem skapað hafa þennan fortíðarvanda.

Í þessu erindisbréfi var hann enn við sama heygarðshornið og fullyrðir þar m.a. að gera eigi sérstaklega grein fyrir þeim fjárhagsvanda sem hingað til hafi ekki verið gerð grein fyrir. Síðan segir í 2. tölul.: „Gera tillögur um leiðir til að einangra þennan fortíðarvanda þannig að með skýrum hætti megi draga markalínu milli þess sem hefur viðgengist og þess sem er fyrirhugað." Það er þessi markalína sem ég var að nefna áðan sem hæstv. forsrh. hefur greinilega ætlað að draga í gegnum íslenska stjórnmálasögu, þessi miklu vatnaskil milli hinna fullkomnu og hinna ófullkomnu, fortíðarinnar, hinnar ófullkomnu fortíðar þar sem alltaf var að safnast upp vandi og hinnar fullkomnu framtíðar hæstv. forsrh. sem hann ætlar að innleiða í íslenskum stjórnmálum. Þar verður mönnum aldrei neitt á og engin mistök gerast og enginn fortíðarvandi safnast upp.

Þetta voru í grófum dráttum hugmyndirnar eins og þær birtast m.a. í skjölum og hafa haft talsverð áhrif á umfjöllun um þetta mál, stöðu Framkvæmdasjóðs Íslands og þá ákvörðun núv. ríkisstjórnar að færa þann sjóð undir Lánasýslu ríkisins.

Auðvitað er það staðreynd, hæstv. forseti, að ágætlega fer á því að núv. stjórnarflokkar beri ábyrgð á þessari ákvörðun vegna þess að þeir bera líka mjög ríka ábyrgð á mörgum þeim málum sem við er að glíma í Framkvæmdasjóði. Nú ætla ég ekki að fara að draga hér inn nafngreinda einstaklinga í þessum flokkum sem komið hafa að einstökum málum eins og hinu umtalaða Álafossmáli. Það vekur þó óneitanlega athygli vegna þess hvernig umræður verða stundum, t.d. þegar rætt er um einkaframtak annars vegar og opinberan rekstur með þeim einfaldaða hætti að yfirleitt sé reglan sú að allt sé fullkomið í einkarekstri en ófullkomið í opinberum rekstri. Það sé óhrekjandi lögmál að hlutirnir gangi ævinlega betur undir formerkjum einkaframtaksins og manni er ætlað að skilja það svo að jafnvel þeir einstaklingar sem helga sig einkaframtakinu hljóti þar með að vera miklu gáfaðri og betri og duglegri en aðrir menn. Þess vegna er það dálítið sérkennilegt að þetta stærsta vandamál Framkvæmdasjóðs frá upphafi vega og stærsta gjaldþrot Íslandssögunnar var undir stjórn einkaframtaksmanna. Þar var hver silkihúfan upp af annarri og alveg náskyldar upp til hópa núv. stjórnarflokkum sem mesta ábyrgð bera á framgangi þess máls í gegnum tíðina. Það slæddist að vísu einn og einn framsóknarmaður inn vegna aðildar Sambandsins að því, en stjórn Álafoss og framkvæmd þessa máls hefur á undanförnum árum að langmestu leyti verið í höndum Sjálfstfl. og síðan hafa nokkrir eðalbornir kratar tengst þessu máli í gegnum setu sína í nokkrum mismunandi stjórnum. Ekki þarf að taka fram að Alþfl. er þegar búinn að vera í ríkisstjórn á fimmta ár samfellt og hefur á þeim tíma farið í verulegum mæli með þetta mál, t.d. farið með iðnrn.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að taka þetta fyrir í tengslum við þetta mál þótt það sé kannski ekki í sjálfu sér svo stórt að ástæða sé til að fjölyrða mikið um það, enda ekki verið að tala gegn því hér sem slíku. Hins vegar er óhjákvæmilegt að mótmæla þessum endurteknu tilraunum hæstv. forsrh. til að þyrla upp moldviðri um þessi mál. Það hefur reyndar verið gert, m.a. í ítarlegri ræðu sem hv. 8. þm. Reykn. flutti við 1. umr. málsins og er hluti af þessu nál.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara um þetta öllu fleiri orðum. Það er að vísu svo að hugur minn hefur staðið til þess að fara í dálítið ítarlegar umræður einhvern tíma um þessi fortíðarmál, m.a. í tilefni af því að Þorláksmessuskýrslan kom á borð okkar þingmanna þegar við komum úr jólaleyfi, þessi fölblá sem gefin var út á Þorláksmessu. Um svipað leyti og menn voru að setja ofan í sig skötuna kom þessi fölblá skýrsla ríkisstjórnarinnar út, að vísu ekki eins lyktandi og skatan, en innihaldið hefði svo sem alveg gefið tilefni til þess. Þar er ítarlega fjallað um Framkvæmdasjóð. Fortíðarvandanefndin hefur auðvitað farið yfir hann með því fororði og samkvæmt þeim skipunum og því erindisbréfi sem hún hefur til að leita þar að sökudólgum logandi ljósi og finna hvers vegna í ósköpunum þessi vandi hafi safnast upp, hverjir beri ábyrgð á honum, af hverju hafi ekki verið gerð grein fyrir honum o.s.frv. Hlutverk þeirra er sem sagt að afla sannana fyrir málflutningi hæstv. forsrh. Þarna voru sendir menn út af örkinni, settir í sérstaka nefnd til að reyna að finna rökstuðning fyrir ásökunum hæstv. forsrh. Menn geta svo lesið sjálfir hvernig til hefur tekist en ég spái því að fortíð Sjálfstfl. muni þvælast heilmikið fyrir hæstv. forsrh. í þessum efnum. Aftur og aftur muni hann þurfa að bíta í það súra epli að hitta ekki sjálfan sig fyrir vel að merkja vegna þess að hæstv. forsrh. hefur haft á hreinu að hann gæti hvítþvegið sig í verulegum mæli af því sem forverar hans á stóli, t.d. sem formanns Sjálfstfl., og forverar hans sem hæstv. forsætisráðherra ættu hlut að. Þar væri hann saklaus sökum bernsku sinnar í landsmálapólitík. (Gripið fram í.) Já, síðan er það auðvitað þannig að óheppnin ríður ekki við einteyming hjá hæstv. forsrh. Þegar hann hafði sett þessa miklu herferð í gang með lúðrablæstri og bumbuslætti miklum á öndverðu sumri, þá fóru að berast þessi óskaplegu tíðindi af framkvæmdamálum hans sjálfs hér í borginni sem landsmenn hafa verið talsvert uppteknir af að undanförnu. Þau mál eru svo stórfengleg að sukkmet Sjálfstfl. frá því í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er jafnvel í hættu.

Herra forseti. Ég lýk þá máli mínu með því að ítreka það að við ætlum ekki að leggjast gegn afgreiðslu þessa frv. en við höfum þennan fyrirvara á vegna þessa málflutnings sem í því hefur falist af hálfu hæstv. forsrh. Ég get einnig tekið undir það að að sjálfsögðu hefði verið ánægjulegt að sjá að hæstv. ríkisstjórn hefði haft eitthvað meira fram að færa í þess-

um efnum en þessa einu litlu breytingu. Ástæða er til að spyrjast fyrir um í leiðinni hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér varðandi heildarendurskoðun þessara mála.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að mæla gegn þessu frv. og vísa í því sambandi til þess sem hv. 1. þm. Austurl. sagði. Einnig má gjarnan koma hér fram að lengi hefur staðið til að breyta sjóðamálum þessa lands og m.a. er tilbúið í forsrn. frv. þar sem gert er ráð fyrir að sameina allmarga sjóði, m.a. Framkvæmdasjóð. Slíkt hafði verið unnið áður, var unnið á árunum 1983–1985, svo að oft hefur verið á þetta svokallaða sjóðamál litið. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegri leið að sameina þessa sjóði og þar með Framkvæmdasjóð en fella Framkvæmdasjóð undir Lánasýslu ríkisins.

Ég kveð mér hins vegar hljóðs til þess að gera tilraun til að leiðrétta sumt af því sem hæstv. forsrh. hefur leyft sér að segja um þennan sjóð í tengslum við hinn svokallaða fortíðarvanda. Ég geri það vegna þess að í nokkur ár frá því þessi sjóður var stofnaður hef ég haft með mál hans að gera sem forsrh. en rétt er þó að taka fram að þar hafa fjölmargir fleiri komið að.

Ég hef aflað mér gagna frá Framkvæmdasjóði og þykir mér satt að segja öll meðferð fortíðarvandanefndar á málefnum sjóðsins hin furðulegasta og ekki hróss verð, sérstaklega ef hún er hin sama og hjá ýmsum öðrum. Forsrh. hefur haldið því fram að sjóðurinn hafi — ég held að hann hafi sagt að öllum líkindum, ég man ekki hvort hann sagði það alveg ákveðið — að öllum líkindum ekki heimild til þess að lána til einstaklinga eða fyrirtækja, þar hafi verið brotin lög og vísað til laga í því efni. Ég held að þetta sé rangt því að í fyrsta lagi segir í lögum sjóðsins að sjóðurinn hafi heimild til að lána öðrum. Ég ætla að reyna að finna þetta forseti. Í greininni er tilgreint að Framkvæmdasjóður skuli annast milligöngu og lántöku fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga eftir því sem við á. Greinilega kemur fram, sérstaklega í lánsfjárlögum árið 1989, þar sem segir að sjóðurinn hafi slíka heimild. Í 42. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1989 segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 429 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fiskeldisfyrirtækjum allt að 300 millj. kr.“ — Ég efa ekki að ágætir lögfræðingar í stjórnarliðinu á hinum ýmsu tímum, t.d. hæstv. fyrrv. forsrh. Þorsteinn Pálsson, hafi sannarlega skoðað þetta og haft í huga að t.d. í júní 1988, eins og ég kem að síðar, fól forsrh. sjóðnum, að lána fjármagn til fiskeldis. Það var gert vegna þess að þá var enginn annar sjóður hér sem annaðist það. Það ber nú vel í veiði að hafa aðgang að svo mætum þingmanni eins og sjálfum formanni þingflokks Alþfl., sem situr þarna í stjórninni, og ég hygg að hljóti að geta upplýst forsrh. um að þarna hafi verið farið að lögum. Það er staðreynd að Alþingi og ríkisstjórnir hafa talið sér heimilt að fela Framkvæmdasjóði að annast útlán til greina sem ekki hafa haft aðgang að öðrum fjárfestingarlánasjóðum. Þetta hefur verið gert hvað eftir annað í gegnum árin og sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það. Vissulega má þó vekja athygli á því að Ríkisendurskoðun hefur aldrei gert athugasemd við þetta og hefur skrifað undir alla reikninga án athugasemda. Það er eflaust mesti stuðningurinn við þá skoðun að þetta sé heimilt. Ég vil koma þessu á framfæri og leiðrétta það sem hæstv. forsrh. hefur sagt í þessu sambandi.

Síðan hefur Framkvæmdasjóði verið kennt um ýmis erfið mál sem upp hafa komið og eru þá tvö mest áberandi, þ.e. Álafoss og fiskeldið í heild sinni. Ég ætla ekki að fara mjög mörgum orðum um Álafoss en vekja þó athygli á því að fortíðarvandamálið Álafoss, ef ég má kalla það svo, er orðið nokkuð gamalt því að Framkvæmdasjóður tekur við Álafossi árið 1968, þ.e. á viðreisnarárunum tekur Framkvæmdasjóður við Álafossi. Síðan hefur stjórn Framkvæmdasjóðs gert fjölmargar tilraunir til þess að losa sig við Álafoss og selja fyrirtækið. Margar ríkisstjórnir hafa hvatt til þess og hefur stjórn Framkvæmdasjóðs reynt það en því miður hefur það ekki tekist. Stjórn Framkvæmdasjóðs hefur talið sér skylt að gæta þessarar eignar sinnar eins og hún frekar mátti á hverjum tíma og hefur m.a. talið sér skylt að auka hlutafé í fyrirtækinu miðað við þær kröfur sem almennt eru gerðar til eigin fjár. Framkvæmdasjóður gekk í það að sameina Álafoss og Gefjun ásamt öðrum skuldheimtuaðilum eins og Landsbanka Íslands. Ég veit það — ég skoðaði þau mál þegar þau komu á mitt borð — að allt var gert af mikilli samviskusemi þótt árangurinn yrði ekki eins og að var stefnt.

Ég vil líka leyfa mér að draga mjög í efa og reyndar mótmæla ýmsum þeim upphæðum sem hæstv. forsrh. hefur nefnt í þessu sambandi þar sem safnað er saman lánum jafnvel með hinum ágætustu veðum, meira að segja lánum sem hafa verið greidd, húseignir hafa verið teknar upp í og þær húseignir síðan seldar. Það er sem sagt verið að telja sem heildarvanda alla þá fyrirgreiðslu sem hefur runnið úr Framkvæmdasjóði til Álafoss allt frá 1968 þrátt fyrir það að sumt af því sé löngu uppgert mál. Ég gæti vitanlega farið að lesa þessar tölur og bera saman við það sem endurskoðendur hafa lagt fram, en að mínu mati er slíkur talnalestur til einskis og alltaf spurningin við hvaða verðlag er miðað en hvernig sem þetta er lesið, sýnast mér þær tölur sem nefndar eru allt of háar. Út af fyrir sig má segja að það skipti kannski ekki öllu máli í þessu sambandi. Vandinn var mikill. Ullariðnaðurinn var afar mikilvæg grein hér á landi, og stór þáttur í einni aðalatvinnugrein landsmanna, landbúnaðinum. Fjölmargir ríkisstjórnir hafa haft í stefnuyfirlýsingum sínum að efla þennan iðnað og styrkja hann. Ullariðnaðurinn hefur veitt mun fleirum atvinnu en bændum og stundum fært þjóðinni nokkurn gjaldeyri. Því miður hafa á síðustu árum um allan heim orðið breytingar í ullariðnaðinum. Hann hefur hrunið víðast hvar fyrir gerviefnum og það má kannski um það deila hvort við hefðum átt að leggja upp laupana fyrr hér á landi en því ollu eflaust hugmyndir um sameiningu ullariðnað-

arins í eina grein sem gæti bjargað þeim vanda sem mönnum var vissulega ljós.

Síðan er annað stórt mál. Það er laxeldið sem Framkvæmdasjóði er gjarnan kennt um og að mínu mati mjög að ósekju. Það er afar auðvelt að standa upp núna og segja: Öll þessi tilraun til laxeldis var vitleysa. Það er vissulega rétt þegar litið er á það tjón sem þjóðarbúið býður af þessu nú. En ég er alls ekki viss um að það verði mistök þegar upp er staðið eftir einhver ár. Staðreyndin er sú að það eru oft brautryðjendurnir sem líða. Þeir ríða á vaðið og ryðja brautina og við höfum vissulega slíka menn sem hafa fórnað miklu í þessu sambandi. Við höfum líka sérfræðing í fiskeldi á þingi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem hefur skrifað margt mjög fróðlegt um fiskeldið. Vitanlega hefur það verið sagt og skrifað á þeim forsendum sem lágu fyrir á hverjum tíma og því sem spáð var fram í tímann eins og unnt var að gera. Það ríkti afar mikil bjartsýni með fiskeldið á árunum 1984, 1985 og 1986 og alls ekki að ástæðulausu. Verð á erlendum mörkuðum var gífurlega hátt og hvert sem var leitað voru spár á einn veg að þarna væri mjög álitleg grein og að þetta hentaði Íslandi sérstaklega vel með hreint vatn og heitt vatn og hreinan sjó og menn fóru út í þetta. Ef ég man rétt var þetta fyrst rætt í ríkisstjórninni 1987. Þá gegndi ég starfi utanrrh. og þá voru lagðar fram tillögur af Matthíasi Á. Mathiesen um hvernig ætti að halda á þessu máli og ríkisstjórnin samþykkti þá leiðbeinandi tillögur fyrir sjóðina þar sem m.a. var lögð áhersla á að krafist yrði a.m.k. 33% eiginfjár í slíkum fyrirtækjum. Það voru þau einu afskipti sem ríkisstjórnin hafði af þessu þá. Þá hófust lán til fiskeldis m.a. frá Byggðastofnun, Fiskveiðasjóði og ýmsum fleirum.

Næsta aðkoma ríkisstjórnarinnar að málinu kemur hins vegar Framkvæmdasjóði við og eru á vor- og sumarmánuðum 1988. Sem dæmi má nefna að á fundi sem var haldinn 16. júní leggur landbrh. fram álitsgerð um íslenskt fiskeldi, stefnumótun og áætlanagerð og tillögur þar um og reyndar leggur iðnrh. líka fram álit nefndar á vegum þriggja ráðherra til forsrh. um fjármagnsútvegun til fiskeldis. Ég er með þessa skýrslu hér og hún er afar fróðleg. Þar veita forustu hinir traustustu menn. Formaður er Ólafur Ísleifsson, og varla verður hann sagður vera einhver ríkisrekstrarmaður í þessu sambandi, Stefán Friðfinnsson er þar einnig, Hermann Sveinbjörnsson, Guðmundur Sigþórsson og Snorri Tómasson. Ég er sannfærður um það að þessir menn hafa skoðað málið af miklum heilindum og samviskusemi í hvívetna.

Þeir leggja til að ríkisstjórnin heimili útlán upp á 800 millj. kr. til fiskeldis. Það var gert vegna þess að á árunum 1987–1988 hafði opnast mjög góður markaður fyrir seiði í Noregi, og fjölmargir höfðu hafið framleiðslu á seiðum. Sá markaður lokaðist svo skyndilega og stöðvarnar stóðu í vandræðum með mikinn fjölda af seiðum og var spurning hvort þeim ætti að kasta eða hvort byggja ætti eldistjarnir fyrir þessi seiði. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að það bæri að gera. A.m.k. bæri að gera sjóðum sem ættu hagsmuna að gæta í þessu seiðaeldi kleift að lána til eldistjarna ef þeir teldu það vera skynsamlegt. Í framhaldi af þessu var ákveðið að veita fyrst 300 millj. kr. og síðan 500 millj. kr., samtals 800 millj. kr., mæla með því við Alþingi, veita þessar upphæðir til útlána í fiskeldi. Og það er þá sem þáv. hæstv. forsrh. ritar Framkvæmdasjóði og felur honum að annast þetta útlán fyrir sitt leyti og Byggðasjóði líka og ég segi fyrir mitt leyti að ég hef ekkert við það að athuga því að það hafði tíðkast í gegnum fjöldamargar ríkisstjórnir að fela Framkvæmdasjóði útlán þar sem aðrir voru ekki til að sinna slíku. Þannig hefjast útlán Framkvæmdasjóðs og vissulega var það heldur óheppilegt vegna sjóðsins miðað við það sem á eftir fylgdi. Hverjum á að kenna um? Á að kenna nefndinni undir forustu Ólafs Ísleifssonar um? Á að kenna þáv. hæstv. forsrh. um? Á að kenna þeim sem hér stendur um að hann greip ekki í taumana þegar hann tók við því starfi? Það er afar auðvelt að setja sig í hátt sæti og horfa yfir sviðið og segja: Þarna er sökudólgurinn. Ég er sannfærður um það þó að ég undanskilji þá bara sjálfan mig að hinir hafa sinnt þessum málum af fullkominni samviskusemi eins og þeir hinir fjölmörgu menn sem í þetta laxeldi fóru og hugðu þar góðan atvinnuveg fyrir íslenskan þjóðarbúskap.

En því miður fór málið ekki á þann veg. Verðið féll þrátt fyrir allar spár og hefur síðan haldið áfram að falla þótt það sé kannski eitthvað á uppleið nú og varð fljótlega um það bil helmingur af því verði sem það var þá, féll úr um 700 dollurum kg niður í um 350 dollara kg af laxi. Það setti þessa sjóði, Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, í mjög mikinn vanda. Þeir urðu að sjálfsögðu að meta hvort þeir ættu að treysta á spár sem reyndar lágu fyrir um að þetta væri tímabundið, verðið mundi hækka á ný eða hvort þeir áttu að afskrifa þetta þá þegar og setja náttúrlega þar með stöðvarnar á hausinn og þar með að sjálfsögðu nánast að ljúka þessari atvinnugrein hér. Sjóðirnir völdu þann kostinn að reyna að halda lífi í því sem lífvænlegt þótti og auka útlán, auka eigið fé, vissulega gegn tryggingum eins og þær voru bestar fáanlegar. Ég þarf ekki að rekja söguna síðan. Því miður hafa verðhækkanir ekki orðið eins og menn trúðu og fjöldamörg þessara fyrirtækja hafa orðið gjaldþrota og sjóðirnir beðið af þessu mjög mikið tjón, ekki síst Framkvæmdasjóður, sem var falið þetta verkefni af ríkisstjórninni 1988 og af Alþingi eins og ég las áðan úr lánsfjárlögum þar sem það kom mjög greinilega fram. (Gripið fram í.) Er það kannski Alþingi sem er sökudólgurinn? Ég gleymdi nú Alþingi áðan. Hæstv. forsrh. var hér ekki þá svo að það er auðvelt að taka Alþingi með í syrpuna.

Ég ætla svo aðeins að fara nokkrum orðum um stöðuna sem er nú. Ég óskaði eftir því að fá að sjá hvað Framkvæmdasjóður mæti sjálfur hinar ýmsu stöðvar sem hann hefur eignast og ég hef fengið í hendurnar mat Framkvæmdasjóðs og endurskoðenda á því og þar ber afar mikið á milli Framkvæmdasjóðs og Ríkisendurskoðunar. Ég ætla ekki að lesa þær tölur allar en það má segja að mat Framkvæmdasjóðs og annarra aðila sé tvöfalt til þrefalt hærra en Ríkisendur-

skoðunar í mörgum tilfellum þó ekki alveg öllum. Og samtals þegar allt er metið telur Framkvæmdasjóður að verðmæti stöðvanna sé 1 milljarður 699 millj. en Ríkisendurskoðun telur matið vera 834 millj. Þarna ber mikið á milli. En dettur t.d. nokkrum í hug, í alvöru vil ég leyfa mér að segja, að þriðjungur í þessu gífurlega fyrirtæki, Íslandslax, sé aðeins 50 millj. kr. virði? Ég hef skoðað þessa stöð og ég tel bara af einu slíku dæmi slíkt varla koma til greina. Það er áreiðanlegt að ýmsir geta rekið þá stöð sem þar er með stofnkostnað upp á 150 millj. kr., og margar fleiri mætti nefna. (Gripið fram í.) Jú það er alveg rétt, hv. þm. Það er nefnilega ýmislegt hægt að gera annað en setja stöðvarnar á hausinn og það var gerð mjög hörð tilraun til þess að fá raforku lækkaða. Það tókst að nokkru leyti en alls ekki nóg. Það er alveg hárrétt sem m.a. þessi hv. þm. hefur bent á og m.a. margir fleiri að þarna er raunar orðið um stóriðju að ræða og a.m.k. tekið saman, þá er þarna um mjög jafna notkun að ræða hjá stöð eins og Íslandslax. Það er naumast um algerlega jafna notkun að ræða allan sólarhringinn. Það eru allar forsendur til þess að selja slíkri stöð raforkuna á svipuðu verði og verið er að semja um til stóriðju. Það er fyrst eins og ég segi nokkur lækkun en alls ekki sú sem þyrfti að vera og með ýmsum slíkum aðgerðum væri einmitt rétt að endurreisa þessa atvinnugrein. En hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir að atvinnulífið sé henni óviðkomandi og mun eflaust ekki beita sér fyrir neinu af því tagi.

Svo aðeins að lokum, virðulegi forseti, það vekur að sjálfsögðu mikla athygli að Ríkisendurskoðun hefur nú dæmt nánast til dauða alla þessa atvinnugrein og að sjálfsögðu ullariðnaðinn o.s.frv. en gerði það ekki áður. Hún skrifaði undir ársreikninga Framkvæmdasjóðs og gerði ekki athugasemdir við þau útlán og það mat sem þar koma fram. Það er náttúrlega auðveldast að vísa til orða ríkisendurskoðanda sjálfs sem hann lét frá sér fara í Morgunblaðinu að breytingin væri vitanlega í því fólgin að núv. ríkisstjórn lýsti ekki yfir stuðningi við þessar atvinnugreinar. Hún er ríkisstjórn afskiptaleysisins, „mér-kemur-það-ekki-við"-ríkisstjórn, þótt hann orðaði það nú ekki þannig. En það gerðu fyrri ríkisstjórnir. Það gerði ríkisstjórnin 26. maí 1983, hún lýsti yfir að hún ætlaði að styrkja og efla nýjar búgreinar m.a. fiskeldi og það gerði ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar einnig með nokkurn veginn sömu orðum árið 1987 og ég harma það að núv. ríkisstjórn skuli ekki hafa slíkt í sinni Viðeyjarsamþykkt. Kannski er það heiðursmannasamkomulag sem við höfum ekki fengið að sjá eða finna.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þetta mikið. Mér þótti rétt eins og ég sagði í upphafi að fara nokkrum orðum um þetta því að mér finnst svo óréttlátt að vega þannig að því starfi sem þarna hefur verið unnið í gegnum áratugi. Það vakti alveg sérstaklega athygli mína eins og ég nefndi lauslega í upphafi að ábendingar sem komu frá sjóðstjórninni til fortíðarvandanefndar eru bókstaflega engar teknar til greina. Haldinn er stuttur fundur með stjórninni og eftir því sem ég hef frétt er ekkert þar tekið til greina. Ég hef fengið bréfið sem er sent og ég sé ekki að þar sé nema sáralítið tekið til greina. Þetta eru eflaust hinir mætustu menn sem hafa valist í fortíðarvandanefndina. En eru þeir svo vitrir að þeir þurfi engin ráð frá þeim sem hafa starfað í þessum málum lengi? Það er t.d. gaman að vita hvort það hefur verið talað við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um þessi mál sem er mjög auðvelt að fá aðgang að og getur upplýst þarna miklu meira en þessir menn sem eru settir í svona dómstól og hafa ekki til þess þá reynslu sem þeir þurfa.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. fjallaði fyrst um það mál sem er til umræðu. Að vísu fjallaði hann ekki mikið um málið heldur flest önnur mál en dagskrármálið sjálft. Ég ætla ekki að elta ólar við það sem ekki snertir dagskrármálið sjálft en ég vil aðeins nefna eina setningu sem hann nefndi. Hann sagði sem svo að það væri fráleitt af minni hálfu að láta eins og þeir þættir sem fram kæmu í skýrslu fortíðarvandanefndar hefðu ekki verið ræddir og kunnugir mönnum. Varðandi dagskrármálið sjálft, Framkvæmdasjóð Íslands, þá kemur fram í niðurstöðum fortíðarvandanefndar og Ríkisendurskoðunar að þar hefði þurft að vera tillag í afskriftasjóð Framkvæmdasjóðsins vegna ársins 1990 upp á 1.700 millj. kr., þ.e. 1.300 millj. umfram það sem var. Menn hafa því ekki gert sér grein fyrir stöðu málsins og alls ekki gert sér grein fyrir því að sjóðurinn hefði verið búinn að tapa 2,7 milljörðum kr. af eigin fé sínu.

Sem dæmi um hvernig á þetta mál var litið í forsrn. má nefna að aðeins örfáum dögum eftir að ég kom í það ráðuneyti kom til mín stjórnarformaður Framkvæmdasjóðs til þess að ræða við mig og gera tillögur um að ráða nýjan aðstoðarforstjóra á bankastjóralaunum að þessum sjóði, sjóði sem vantaði 1.300 millj. kr., 1,3 milljarða kr. að væri réttu megin við núllið. Ég trúi því ekki að menn hafi gert sér grein fyrir því hvers konar staða var hjá þessum sjóði þegar það sem þeim þótti ráðlegast að gera á því augnablikinu var ekki að leggja sjóðinn niður, eins og nú er gert ráð fyrir, heldur að ráða nýjan aðstoðarforstjóra á bankastjórakjörum að þessum sjóði. Stjórnarformaðurinn sagði mér að þessi ráðstöfun væri gerð í samráði við minn fyrirrennara. Ég verð að segja alveg eins og er að ég trúi því ekki að menn hafi gert sér grein fyrir því hvers konar staða var komin upp við þennan sjóð þegar þeim þótti vænlegast í stöðunni að ráða nýjan aðstoðarforstjóra að sjóðnum. Þannig var matið á stöðu sjóðsins á þessu augnabliki. Það er mjög athyglisvert.

Ég vildi auðvitað fá skýra mynd af því hvernig þessi sjóður stæði. Ég hafði að vísu heyrt efasemdir um að hann stæði mjög sterkt en ég vildi gjarnan fá mjög skýra mynd af því áður en til slíkra mannaráðninga kæmi. Auðvitað sér hver maður nú að það hefði verið afskaplega óheppilegt og ósanngjarnt gagnvart aðila sem hefði verið ráðinn í slíkt starf aðeins örfáum mánuðum áður en sjóðurinn væri lagður niður vegna þess að hann væri „fallít", gersamlega „fallít". Það var nákvæmlega það sem sjóðurinn var. Þetta

finnst mér lýsandi dæmi um það hvaða mynd og hvaða mat menn höfðu á stöðu þessa ágæta sjóðs.

Ég er líka ósammála hv. 7. þm. Reykn. um mat hans á lagaheimildum. Ég skal hins vegar fúslega viðurkenna að um þetta má deila. Því miður voru þær lagabreytingar sem voru gerðar með gildistöku laga nr. 70/1985 um starfssvið þessa sjóðs kannski ekki nægjanlega skýrar. Það fór þó ekki á milli mála að markmiðið var að þrengja heimildir sjóðsins. Ég hygg að um það þurfi ekki deila að markmiðið var að þrengja verulega heimildir sjóðsins því að hann hefur áður haft heimild til þess að veita fé til framkvæmda og verkefna á vegum einkaaðila. Ég tel að þarna hafi menn túlkað lagaheimildir eftir þessar breytingar afskaplega rúmt. Þetta er út af fyrir sig deiluefni. Ég get alveg tekið undir með síðasta ræðumanni um það að þetta er ekki nógu glöggt og ekki nógu skýrt. Ég tek undir það sem segir í skýrslu fortíðarvandanefndar um þessi atriði að þarna hafa forráðamenn þessa sjóðs túlkað lagaheimildir afskaplega vítt.

Varðandi fiskeldið og þau mál öll þá er það líka alveg rétt að það er í öllum tilfellum auðveldara að vera vitur eftir á. Það er þægilegra að taka ákvarðanir sem sagnfræðingur með allar upplýsingar á borðinu en sem stjórnmálamaður eða jafnvel embættismaður sem þarf að byggja að verulegu leyti á spám. Það er veruleiki sem við, sem í þessum sal erum, verðum að búa við. Það mun iðulega koma í okkar hlut að þurfa að taka ákvarðanir án þess að allar þær upplýsingar, sem við vildum gjarnan hafa til þess að byggja okkar ákvarðanir á, liggi fyrir. Við erum stjórnmálamenn en ekki sagnfræðingar. Þess vegna getur það gerst að við tökum ákvarðanir sem reynast rangar. En það er ekki rétt sem hv. 7. þm. Reykn. sagði að allir, eins og hann orðaði það, hefðu talað þannig og allt sem sagt var hefði verið á einn veg, (Gripið fram í.) ég skrifaði þetta niður eftir hv. þm., að þarna væri um öruggan veg að rata sem mundi geta skilað okkur miklu.

Ég vek athygli, með leyfi forseta, á því sem er vitnað til í skýrslu fortíðarvandanefndar á bls. 43. Þar er haft eftir dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni:

„Því miður er það svo að þau atvinnutækifæri sem menn tala mest um, t.d. á sviði líftækni og fiskeldis, eru að miklu leyti enn þá óundirbyggð að því er rannsóknir varðar og hafa þegar orðið af því stórfelld skakkaföll." Það er 1985, sem hann skrifar þetta. „Ég óttast," segir hann, „að á næsta leiti sé alda fjárfestinga í fiskeldi sem að miklu leyti verði byggð á sandi."

Þetta segir einn af eftirmönnum hv. 7. þm. Reykn., hinn færasti maður, að hann óttist að fram undan sé alda fjárfestinga í fiskeldi sem verður byggð á sandi. Þessi ágæti maður hefur svo sannarlega haft, því miður, rétt fyrir sér. Að vísu voru þessi orð hans, eins og þau bera með sér, líka spá. Hann gat ekki alfarið um þetta vitað. En menn gengu fullir bjartsýni allt of fast fram og það er eins og fram hefur komið auðvelt að gagnrýna það eftir á. En ekki er hægt að halda því fram að engin varnaðarorð hafi verið sögð af aðilum sem mark mátti taka á því að það var gert og reyndar af fleirum en þarna voru tilgreindir.

Í sjálfu sér held ég að ekki sé veruleg ástæða til þess hér og nú að hafa mörg fleiri orð um þau atriði sem fram hafa komið í þessum umræðum. Vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. vitnaði í stjórnarmenn sem Framkvæmdasjóður tilnefndi vegna starfsemi Álafoss, kallaði þá, hygg ég, „hverja silkihúfuna upp af annarri" og ættfærði þá pólitískt til Alþfl., Sjálfstfl. sérstaklega og Framsfl., þá verð ég að taka fram að það hefur verið upplýst að þessir stjórnarmenn komu á fund stjórnvalda og gerðu grein fyrir því hvernig staðan væri. Þeir töldu ljóst að veruleg hætta væri á því að ef meiri fjármunir væru settir í þetta fyrirtæki mundu þeir tapast. Þeir gerðu alveg hreint fyrir sínum dyrum. Engu að síður tóku stjórnvöld þá ákvörðun að setja meiri fjármuni í fyrirtækið til þess að halda Álafossi gangandi. (Gripið fram í.) Ég er ekki með þær dagsetningar, hv. þm., á reiðum höndum eins og þingmaðurinn getur ímyndað sér. En ég get aflað upplýsinga um það. Það hefur komið fram og ég býst við að í þessum sal sitji til að mynda hæstv. þáv. forsrh. sem kannist við að hafa rætt við þessa aðila í þá veru. Ég get fengið staðfestingu á því en ekki hér í ræðustólnum eins og þingmaðurinn sjálfsagt veit. En það er rétt að þetta komi fram vegna þess með hvaða hætti hv. 4. þm. Norðurl. e. var að leggja til þessara manna sem hann kallaði silkihúfur hver upp af annarri ef ég tók rétt eftir.

Ég vil líka nefna vegna hans orða að ágætir þingmenn hafa oft á orði að ráðherra vanti í salinn þegar til okkar er talað. Þingmenn tala gjarnan og hverfa svo á braut en látum það nú vera. Ég vil vekja athygli á því af því að hann spurði sérstaklega um það hvers vegna væri farið í þennan farveg með Framkvæmdasjóðinn. Við óskuðum eftir því að stjórn sjóðsins gerði tillögur um meðferð sjóðsins við núverandi aðstæður og stjórn sjóðsins lagði þessa tilhögun til í öllum meginatriðum. Þá hefur það verið upplýst.

Að öðru leyti skildi ég ræðumennina tvo þannig að gagnvart málsmeðferðinni í þinginu væri ekki ágreiningur þó að þeir fyndu að ýmsum málatilbúnaði og umræðum sem fram hafa farið af minni hálfu og mun ég ekki fjalla frekar um það hér.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður að vanda. Hæstv. forsrh. gerði ráðningu aðstoðarforstjóra að umræðuefni. Það mál sneri þannig að sjóðstjórnin ákvað að þörf væri á aðstoðarforstjóra, m.a. vegna þess að sá sem hefur verið í því starfi er farinn að eldast og ætlar að fara að draga sig í hlé. Ég gerði engar athugasemdir við það. Það er alveg hárrétt. Hins vegar var ég því fullkomlega samþykkur að fresta þeirri ráðningu fram yfir kjörtímabilið því það var orðið svo á það liðið. Mér fannst eðlilegt að ný ríkisstjórn tæki þá ákvörðun um það. Ég er nefnilega ekki eins röskur í þessum ráðningarmálum og hæstv. forsrh. sem er búinn að hreinsa út úr forsrn. á örfáum vikum og hefur þar stofnað til held ég ótrúlegra vandræða þegar til framtíðar er litið. Slíkt er ekki til eftirbreytni.

Varðandi það sem hæstv. forsrh. sagði um Vilhjálm Lúðvíksson, þann ágæta mann. Dr. Vilhjálmur Lúð-

víksson er að tala um allt aðra hluti en ég var að tala um áðan. Hann er að tala um rannsóknirnar sem að baki þurfa að liggja. Ég tek undir það með Vilhjálmi Lúðvíkssyni, að ekki bara í þessari grein heldur í fjöldamörgum öðrum vanrækjum við nauðsynlegar rannsóknir. Að vísu var, m.a. fyrir mitt tilstilli, komið á fót rannsóknarsjóði 1984 og hann hefur síðan lánað verulega eða veitt styrki réttara sagt til fiskeldis og bætt lítillega úr en hvergi nærri nóg. Það er hárrétt að þar var pottur brotinn.

Ég var að tala áðan um markaðinn, sölumöguleikana og um spárnar sem að því sneru. Þessar spár voru ekki um rannsóknirnar. Vitanlega hefur í sumum tilfellum gengið ágætlega þrátt fyrir að skort hafi rannsóknir. En ég er ekki að draga úr því að rannsóknirnar þurfi að vera meiri, bæði á þessu sviði og fjölmörgum öðrum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég les lengra, vegna þessara orða hv. 7. þm. Reykn., þá vakti einmitt Vilhjálmur Lúðvíksson athygli á því að markaðurinn væri líka í mikilli óvissu því hann segir: „Ég óttast að á næsta leiti sé alda fjárfestinga í fiskeldi sem að miklu leyti verði byggð á sandi, því þeir þættir sem arðsamt matfiskeldi þarf að byggjast á hér á landi eru enn að miklu leyti órannsakaðir og hvergi hefur enn þá verið sýnt fram á hvernig reka eigi fiskeldi í heild frá klaki til markaðar þannig að rekstraröryggi verði tryggt."

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. las þá segir Vilhjálmur Lúðvíksson órannsakaðir. Hann fullyrðir ekkert um það, segir að þeir séu órannsakaðir. Það má vel vera. Hins vegar lágu fyrir fjöldamargar upplýsingar, miklar upplýsingar m.a. frá Noregi um markaðinn og ég geri ráð fyrir því, án þess að ég hafi krufið það til mergjar, að Norðmenn hafi rannsakað markaðsmálin. Jafnvel má benda á að í þessu fiskeldi hér heima tóku þátt fjölmörg norsk fyrirtæki sem höfðu mikla reynslu, t.d. ef ég man rétt í Íslandslaxi. Var það ekki um helmingur eða eitthvað nálægt því sem stórt, norskt fyrirtæki átti? Og ISNO og mörg fleiri þannig að þó að ég taki undir með Vilhjálmi að rannsóknirnar vantaði, þá leituðu þó einstök fyrirtæki fyrir sér og vildu tryggja sig með því að fá aðila með þekkingu inn í greinina. Samt fór eins og fór.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það vekur nokkra furðu hvert hæstv. forsrh. er að fara í þessum umræðum. Satt að segja fannst mér nokkur misskilningur hjá hv. þm., mínum ágæta vini Steingrími Hermannssyni, að fara hér upp til andsvara vegna þess að mér fannst í ræðu hæstv. forsrh. ekki vera ráðist sérstaklega á hv. þm. Steingrím Hermannsson. Það sem hæstv. forsrh. sagði hins vegar voru hatrammar árásir á hæstv. núv. sjútvrh., Þorstein Pálsson, og formann þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og var nú leitt að hann skyldi ekki vera í salnum til þess að móttaka skítkastið frá hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Nefndu eitt dæmi um það.) Já, ég skal nefna dæmi um skítkastið, virðulegi forsrh. Greinilegt er að það er orðið dálítið viðkvæmt fyrir forsrh. að flett sé ofan af því hvað hann var að segja hérna nákvæmlega. Ég skal nefna dæmi um skítkastið.

Hæstv. forsrh. rakti það að á síðasta ári hefði stjórn Framkvæmdasjóðs tekið þá ákvörðun að ráða aðstoðarforstjóra. Eitt af því fyrsta sem á hans borð kom þegar hann kom í forsrn. var að stjórnarformaður Framkvæmdasjóðs hefði gengið á hans fund, nokkrum dögum eftir að hæstv. forsrh. tók við því embætti, til þess að kynna honum hugmyndir um aðstoðarforstjóra við Framkvæmdasjóð. Satt að segja var stærsti kaflinn í ræðu hæstv. forsrh. að rekja þetta. Síðan fór hann að leggja út af því að þessir menn, sem hefðu ákveðið að ráða aðstoðarforstjóra, hefðu átt að gera sér grein fyrir því að sjóðurinn var gjaldþrota. Það hefði sýnt ráðslagið að á sama tíma og sjóðurinn var gjaldþrota hefðu þessir menn tekið ákvörðun um að ráða aðstoðarforstjóra á bankastjóralaunum, eins og forsrh. tók sérstaklega fram, og sagði svo orðrétt að „hann tryði því ekki að þessir menn hefðu ekki gert sér grein fyrir stöðunni" og „þetta væri lýsandi dæmi", svo að ég haldi áfram að vitna orðrétt í forsrh. um það hvernig stjórnin á sjóðnum hefði verið. Síðan bætti hann um betur og skal ég þá nefna dæmi númer tvö, hæstv. forsrh., af árásunum á hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það var að forráðamenn sjóðsins hefðu túlkað lagaheimildir mjög rúmt. Ég skal halda mig við dæmið um aðstoðarforstjórann vegna þess að þrír menn tóku þessa ákvörðun sem hæstv. forsrh. var að gagnrýna og fór um þessum orðum og fleirum sem ég gæti vitnað hér til ef ég væri með ræðuna orðrétta fyrir framan mig. Þeir menn voru Þórður Friðjónsson, formaður stjórnarinnar, Össur Skarphéðinsson, fulltrúi fjmrh. í stjórn sjóðsins og Tómas Árnason. (**ÖS:** Það er rangt.) Er það rangt? (**ÖS:** Þessi ákvörðun var aldrei tekin.) Ákvörðun var aldrei tekin upplýsir hér ágætur formaður þingflokks Alþfl. sem ég hef lýst yfir að hafi staðið sig mjög vel í stjórn sjóðsins. Þá fer ræða hæstv. forsrh. að verða mjög sérkennileg satt best að segja, mjög sérkennileg. Það var aðaltilefnið og uppistaðan í hans ræðu hér til þess að sýna hvers konar fáráðlingar hefðu farið með stjórn þessa sjóðs. (**Forsrh.:** Notaði ég þau orð?) Nei, það er mín útlegging á lýsingu hæstv. forsrh. á þessum mönnum. Nú segir hins vegar þáv. stjórnarmaður, Össur Skarphéðinsson, að sú ákvörðun hafi aldrei verið tekin. Er þetta kannski enn eitt dæmið um markleysið í málflutningi hæstv. forsrh. um öll þessi mál? Búið er að reka ofan í hann í allt haust og vetur fáránlegar yfirlýsingar hans um þessi sjóðamál. Enn á ný í dag stendur hann upp og er ber að því að fara með staðlausa stafi. Ég verð að segja eins og er vegna þess að ég hef átt ágæt samskipti við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um setu hans í stjórn Framkvæmdasjóðs að ég kýs að taka meira mark á hans orðum í þessum efnum heldur en orðum hæstv. forsrh. nema hæstv. forsrh. finni orðum sínum sérstaklega stað sem afsanni fullyrðingu hv. þm. Össurar Skarphéðinsson-

ar. Það liggur sem sagt núna ljóst fyrir að þeir eru í algerri mótsögn hér hvor við annan í salnum, formaður þingflokks Alþfl. og forsrh. í þessu máli. (**ÖS:** Þú hlustar bara ekki, Ólafur minn.) Hlusta ég ekki. Hv. þm. var að segja það hér að sú ákvörðun hefði ekki verið tekin að ráða aðstoðarforstjóra. (**ÖS:** Hann sagði ekki að menn hefðu ekki gengið á fund Davíðs Oddssonar.) Menn gengu sem sagt á fund Davíðs Oddssonar, ég var ekkert að fullyrða um það hvort einhverjir hefðu gengið á fund Davíðs Oddssonar eða ekki. Ég hef alveg reiknað með því að menn hafi gengið á fund Davíðs Oddssonar. Ég reikna ekki með að hæstv. forsrh. sitji alveg einangraður í Stjórnarráðinu þó að margt í stjórnarathöfnunum gefi það til kynna. En hvaða menn voru þetta, hv. þm., sem gengu á fund forsrh.? (**ÖS:** Ég veit það ekki.) Hv. þm. veit það ekki. Þá bara skil ég ekki frammíkallið ef hv. þm. veit ekkert um það hvaða menn þetta voru en er að geta sér þess til hér í þingsalnum að einhverjir hafi gengið á fund forsrh. Ég held að við getum verið sammála um það að líklegast munu einhverjir hafa gert það. En þetta var ekki mjög upplýsandi, hv. doktor, virðulegi þingmaður, og gerir það óhjákvæmilegt að forsrh. skýri nánar hvað hann á við fyrst hann taldi það við hæfi að gera athugasemd við það sem ég sagði. Hitt stendur alveg skýrt og var athyglisvert að hæstv. forsrh. taldi enga þörf á því að biðja mig um að finna þeim orðum mínum stað með frammíkalli.

Það var auðvitað alveg skýrt að árásin á núv. hæstv. sjútvrh. var augljós. Ég kaus að þegja til að vita hvort hæstv. forsrh. mundi grípa fram í, en hann gerði það ekki. Með þögninni játar hann að túlkun mín er alveg rétt vegna þess að það tímabil sem hann hefur kosið að gera hér að sérstöku umræðuefni um óráðsíuna og vitleysuna í málefnum Framkvæmdasjóðs er það tímabil sem núv. hæstv. sjútvrh., fyrirrennari Davíðs Oddssonar í formannssæti í Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, bar ábyrgð á sjóðnum, fyrst sem fjmrh. og síðar sem forsrh. Það vill nefnilega svo til að Þorsteinn Pálsson, hæstv. sjútvrh., er sá maður, einn allra manna, sem ber ábyrgð á málefnum Framkvæmdasjóðs Íslands á því tímabili sem hæstv. forsrh. hefur hér verið að gagnrýna sérstaklega, bæði við fyrri umræðu málsins og nú. Þegar hann í skipunarbréfi sínu til fortíðarvandanefndar er að fara fram á að fortíðarvandanefndin geri sérstaka grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið til þess að skapa þennan fortíðarvanda í sjóðunum, þá er athyglisvert að það tímabil sem fortíðarvandanefndin tekur sérstaklega til meðferðar varðandi Framkvæmdasjóðinn er tímabilið þegar hæstv. núv. sjútvrh. bar ábyrgð á stjórn sjóðsins. Eða með öðrum orðum, svo að ég þýði dulmálið alveg skýrt: Hæstv. forsrh. er að koma því greinilega til skila að það sé Þorsteinn Pálsson, hæstv. sjútvrh., sem hafi sett Framkvæmdasjóð Íslands á hausinn. Mér finnst óþarfi hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni að fara í sérstaka vörn út af þessu. Það væri nær fyrir hæstv. sjútvrh. að sýna nú einhvern manndóm og láta ekki kinnhesta sig hér í salnum í umræðu eftir umræðu í þessu máli og taka upp varnir. Þó að hæstv. forsrh. hafi margt borið á okkur stjórnarandstæðingana í vetur, þá er ekkert af því sem hann hefur um okkur sagt eins afdráttarlaust og það sem hann hefur sagt um núv. hæstv. sjútvrh. Ætlar hæstv. sjútvrh. virkilega að sitja undir lýsingum hæstv. forsrh. hér áðan? Forsrh. kemur upp í tvígang og les þennan texta frá dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni frá febrúarmánuði 1985 og segir svo alveg skýrt í ræðunni: Þetta voru varnaðarorð sem menn máttu taka mark á. Hvaða menn árin 1985–1988? Það er bara einn maður sem átti á þessum tíma að taka mark á varnaðarorðum Vilhjálms Lúðvíkssonar. Það er núv. hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson vegna þess að á missirunum eftir að Vilhjálmur Lúðvíksson mælir þessi varnaðarorð, þá beitir hæstv. núv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sér fyrir þeim tveimur ákvörðunum sem hafa sett Framkvæmdasjóð á hausinn, annars vegar þátttöku sjóðsins í sameiningu Álafoss og hins vegar lánveitingum til fiskeldis. Ef Framkvæmdasjóður hefði hvorugt gert, og ég veit að hæstv. forsrh. er mér sammála um það, þá vænri staða hans nú glæsileg. Sjóðurinn hefði sterka eiginfjárstöðu. Þá væri Framkvæmdasjóður tekinn núna sem dæmi um sjóð sem hefði ávaxtað sitt pund vel og hefði verið stýrt svo til fyrirmyndar væri.

Það eru bara þessar tvær risavöxnu ákvarðanir, í fiskeldinu og í málefnum Álafoss, sem skapa þann vanda að hér er komið frv. um að leggja Framkvæmdasjóð Íslands niður og að ríkissjóður taki á sig 1.700 millj. kr. sem skattgreiðendur í landinu eiga að borga. Það er reikningurinn sem ríkisstjórnin ætlar að senda almenningi í landinu vegna þeirra ákvarðana sem teknar voru í valdatíð Þorsteins Pálssonar, hæstv. sjútvrh. Mér finnst það satt að segja merki um ótrúlegt geðleysi ef hæstv. sjútvrh. ætlar bara að sitja undir þessu og láta það standa eftir að hæstv. forsrh. hafi óáreittur fengið að fella þennan dóm.

Ég tók upp við fyrri umræðu málsins vörn fyrir Sigurgeir Jónsson sem hæstv. utanrrh. sá sérstaka ástæðu til þess að henda skít í og ég ætla að kalla það skít, skýrt og greinilega hér í ræðustólnum, henda skít í þegar hæstv. utanrrh. var knúinn svara um það hvers vegna hann hefði sem fjmrh. samþykkt þessa lántöku vegna fiskeldis á vegum Framkvæmdasjóðs. Ég ætla ekki að rifja það upp hér, menn geta lesið það í þingtíðindum hvernig hæstv. utanrrh. brást þá við. Hann sagðist engan fulltrúa hafa átt í stjórn sjóðsins heldur hefði formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. setið í stjórn sjóðsins. Það er að vísu rétt að Sigurgeir Jónsson hafði einu sinni verið formaður efnahagsnefndar Sjálfstfl. en hann var það alls ekki þegar hann var í stjórn sjóðsins vegna þess að hann sagði af sér öllum trúnaðarstörfum á vegum Sjálfstfl. áður en hann varð ráðuneytisstjóri í fjmrn. Engu að síður var það eina sem núv. utanrrh. hafði fram að færa í umræðunni að lýsa því hvernig Sigurgeir Jónsson hefði verið sérstakur flokkslegur fulltrúi Sjálfstfl. Hver réð Sigurgeir Jónsson sem ráðuneytisstjóra? Núv. hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson. Ef maður leggur tvo og tvo saman í ræðu hæstv. utanrrh., þá er hann auðvitað að bæta um betur við lýsingu forsrh. og segja að hæstv. núv. sjút-

vrh. beri þar að auki sérstaka ábyrgð á Sigurgeiri Jónssyni vegna þess að núv hæstv. utanrrh. vildi ekki gera það meðan hann var fjmrh. Ég ætla hins vegar ekki að taka það að mér hér að bera blak af hæstv. sjútvrh. Það verður hann að gera sjálfur og eiga það við pólitíska manndóm sinn hvort hann situr þegjandi undir þessari umræðu eða ekki.

Hitt er alveg ljóst og ég rakti það mjög rækilega við 1. umr. þessa máls að það var þegar Alþb. kom í fjmrn. og valdi nýjan fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs, núv. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem sett var stopp á þessar lánveitingar til fiskeldisins. Það var ákvörðun mín sem fjmrh. og núv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem fulltrúa fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs til þess að stöðva þessa vitleysu. Frá því að við tókum við ábyrgð á Framkvæmdasjóði var ekki lánuð króna í nýjar framkvæmdir á vegum fiskeldis. Hins vegar var það verkefni sjóðsins að borga af þeim lánum sem tekin voru á valdatíma Sjálfstfl. og Alþfl. og reyna að greiða úr flækjunni. Það er a.m.k. alveg ljóst að Alþb. ber enga ábyrgð á þessum fjárhagsvanda Framkvæmdasjóðs vegna Álafoss og fiskeldisins sem hér hefur sérstaklega verið gert að umræðuefni.

Ég vil segja við hæstv. forsrh. að þann tíma sem ég var fjmrh. komu þessar silkihúfur Sjálfstfl. og Alþfl. í stjórn Álafoss aldrei á minn fund til þess að vara sérstaklega við í þeim efnum. Mér þætti fróðlegt að hæstv. forsrh. upplýsti hér hvað þessar silkihúfur Sjálfstfl. og Alþfl. í stjórn Álafoss gerðu mikið til þess að gera ráðamönnum þetta ljóst sem var eitt af meginefnum hans í varnarræðunni hér áðan. Það var aðeins einu sinni sem ég hitti einn af þessum mönnum, Sigurð Helgason, fyrrv. forstjóra Flugleiða, á stuttum fundi sem var í forsrn. Erindi Sigurðar Helgasonar þá var að brýna mig sem fjmrh. til þess að greiða fyrir Álafossi. Það var eina erindið, að leggja á það þunga áherslu að það yrði gert og engin varnaðarorð komu fram á þeim fundi, það er eitt sem víst er.

Fyrst hæstv. forsrh. hefur fullyrt að þessir menn, Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Helgason, forstjóri Granda ef ég man rétt, ég held að hann hafi verið ein af þessum silkihúfum, sérstakur fulltrúi fjölskyldnanna fjórtán, fyrst í Almenna bókafélaginu — ég vona að það megi nefna Almenna bókafélagið hér í salnum, það sé ekki orðið svo viðkvæmt að ekki megi nefna það — hann var fyrst í Almenna bókafélaginu og síðan í Granda, einn af þessum nýju ættarlaukum fjölskyldnanna fjórtán, valinn í stjórn Álafoss, Sigurður Helgason og Gylfi Þ. Gíslason. Voru þeir fleiri? Kannski. Það mætti fletta því upp. Enginn af þessum mönnum kom til mín. Þess vegna væri fróðlegt að hæstv. forsrh. fyndi orðum sínum stað fyrst hann er að fullyrða hér og mótmæla ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á þeim forsendum að slík mótmæli eða varnaðarorð hafi komið fram hjá þessum mönnum.

Það er ýmislegt fleira í þessari umræðu, virðulegi forsrh. Ég rifjaði það upp hér við 1. umr. þessa máls að hlutur Ríkisendurskoðunar í málinu væri afar sérkennilegur. Skömmu eftir að hæstv. forsrh. settist í Stjórnarráðið og menn tóku að ganga á hans fund, virðulegur þm. Össur Skarphéðinsson, þá uppgötvaði hann það snjallræði að nota Ríkisendurskoðun til þess að gefa út skýrslur um hitt og þetta. Hæstv. forsrh. var í sumar og haust óskaplega ánægður með þetta snjallræði að endurskoðunarskrifstofur hins opinbera væru notaðar til þess að gefa út salómonsdóma. Hæstv. forsrh. steig hér í stólinn hvað eftir annað til þess að vitna í þessa salómonsdóma hinnar opinberu endurskoðunarskrifstofu. Það voru hin löggiltu orð eins og ég mun nú koma að eftir smástund.

Hæstv. forsrh. hefur í borgarstjórn Reykjavíkur lýst þeirri kenningu sinni að ekkert mark sé takandi á niðurstöðu opinberra endurskoðunarskrifstofa, a.m.k. hjá borgarendurskoðun, nema rætt sé við þá sem málunum hafi stjórnað á viðkomandi tíma. Þá er auðvitað rétt að taka fram að í sambandi við þessa skýrslugjöf ræddi Ríkisendurskkoðun aldrei við mig, ræddi aldrei við hv. þm. Steingrím Hermannsson né neinn sem bar ábyrgð á þeim tímum sem Ríkisendurskoðun var að fjalla um.

Ég vakti athygli hæstv. forsrh. á því að framganga Ríkisendurskoðunar væri hins vegar með nokkuð sérkennilegum hætti. Þá reis upp hæstv. forsrh. og hafði hér gífurlega stór orð um þá ósvífni mína að draga niðurstöður Ríkisendurskoðunar í efa og benda á einhverjar mótsagnir í hennar málflutningi. Hvað gerist? Jú, það gerist tvennt. Við 1. umr. þessa máls stígur í stólinn hv. þm. Össur Skarphéðinsson og lýsir því mjög nákvæmlega, eins og kemur fram í dálki 2239 í þingtíðindum, hvernig hann hafi haft efasemdir um það að fjárhagur Framkvæmdasjóðs væri í lagi. Hann lýsir því mjög nákvæmlega að hann hafi hafnað því sem stjórnarmaður í Framkvæmdasjóði Íslands að skrifa undir ársreikninga fyrir árið 1989. Orðrétt segir í ræðu hv. þm.: „Á sínum tíma var það svo, og ég tel rétt að það komi hér fram, að ég hafnað því að skrifa undir ársreikninga Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1989. Ég taldi að þá væri ekki nándar nærri nógu mikið lagt í afskriftasjóð sjóðsins, einkum og sér í lagi þegar haft var í huga eðli útlána sjóðsins. Sökum þess að ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, skrifar að öðru jöfnu undir reikninga sjóðsins þá óskaði ég á sínum tíma, þegar ég hafnaði þessu, að fá það sérstaklega staðfest að hann hefði kynnt sér reikninga sjóðsins, kynnt sér með hvaða hætti afskriftir væru undirbúnar og hvort hann væri að öðru leyti samþykkur þessu. Af þessu tilefni var haldinn fundur með mér, framkvæmdastjóra sjóðsins, formanni stjórnar sjóðsins og Bjarna Bjarnasyni endurskoðanda, sem þar var fulltrúi ríkisendurskoðanda. Á þessum fundi var mér tjáð af Bjarna Bjarnasyni og framkvæmdastjóra sjóðsins að ríkisendurskoðandi hefði kynnt sér þetta mál og teldi að með réttum hætti væri tekið á afskriftasjóði Framkvæmdasjóðs Íslands. Jafnframt voru mér kynntar sérstakar reglur sem átti að nota við færslu í afskriftasjóð. Mér var sagt, eða mér skildst það a.m.k., að ríkisendurskoðandi hefði átt frumkvæði að þessum nýju reglum. Ég ítrekaði þá sérstaklega hvort ríkisendurskoðandi væri örugglega sammála því að ekki væri meira fé flutt í afskriftasjóð þessarar merku stofnunar. Ítrekað var svarið já.

Þetta vildi ég að kæmi fram í þessum umræðum vegna þess að talsvert löngu síðar, þegar fram fóru umræður um vanda þessa sjóðs, þá kom fram skriflega sú formlega afstaða Ríkisendurskoðunar að þarna vantaði stórkostlegar fjárhæðir í afskriftasjóð."

Virðulegi forseti og virðulegi forsrh. Við erum vonandi í landi sem tekur stjórnsýslu sína alvarlega. Við búum vonandi við stjórnkerfi þar sem orð eru ekki talin marklaus. Við búum vonandi við stjórnkerfi þar sem menn ætla sér að taka Ríkisendurskoðun, Alþingi og embætti forsrh. alvarlega. Ef svo er, þá vil ég segja það alveg skýrt í þessari umræðu að í raun og veru ber forsrh. og okkur á Alþingi skylda til þess að taka þátt Ríkisendurskoðunar í þessu máli til sérstakrar rannsóknar. Ég tel meira að segja spurningu, þótt ég geri mér grein fyrir því að það sé mjög alvarleg skoðun, hvort núverandi ríkisendurskoðandi getur setið í embætti meðan sú athugun fer fram. Ég vona að við séum í alvöru stjórnkerfi. Ég vona að þetta sé ekki allt saman bara einhver áróðursleikaraskapur.

Í skýrslu nefndar núv. forsrh., svokallaðri fortíðarvandanefnd, kemur fram á bls. 46 sú skoðun nefndarinnar að Ríkisendurskoðun hafi ekki gefið fullnægjandi skýringar á því misræmi sem kemur fram í afstöðu stofnunarinnar. Í skýrslu nefndarinnar sem hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, setti upp segir orðrétt á bls. 46, með leyfi hæstv. forseta:

„Engar athugasemdir eða fyrirvarar voru gerðir um ofmetna stöðu útlána við áritun Ríkisendurskoðunar í ársreikningum sjóðsins fyrir árið 1990 sem gefnir voru út um miðjan marsmánuð sl. Í ágúst 1991 var það hins vegar mat Ríkisendurskoðunar að afskriftir útlána væru vanmetnar um u.þ.b. 1.700 millj. kr. í reikningum sjóðsins. Að mati nefndarinnar hafa fullnægjandi skýringar ekki komið fram á þessu misræmi.

Ríkisendurskoðun skýrir þetta misræmi á þann veg að við gerð ársreiknings hafi verið gengið út frá áframhaldandi rekstri Álafoss hf. og fiskeldisstöðva. Fyrirtækin hafi verið í rekstri og metin samkvæmt því. Mörg undanfarin ár hafi stjórnvöld og lánastofnanir stuðlað að rekstri þessara fyrirtækja og stofnunin hafi gert ráð fyrir að svo yrði áfram við gerð reikningsskila fyrir árið 1990."

Ég vil nú spyrja virðulegan forsrh. í ljósi þessa sem segir í skýrslu nefndar sem hann setti upp: Er hann ekki sammála mér um það að framganga Ríkisendurskoðunar í þessu máli sé orðin með þeim hætti að óhjákvæmilegt er fyrir þingið og stjórnvöld að taka vinnubrögð og stöðu Ríkisendurskoðunar til sérstakrar rannsóknar?

Það sem liggur á borðinu er að fulltrúi fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands lýsir því í þingræðu 15. des. sl. hvernig hann, fulltrúi fjmrh., hafi neitað að skrifa undir ársreikningana fyrir árið 1989 nema hann væri fullvissaður um að nógu mikið væri lagt í afskriftasjóð Framkvæmdasjóðs. Hann gefur síðan nákvæma lýsingu á því hvað fram hafi farið á formlegum fundi þar sem hann, fulltrúi ríkisendurskoðanda, framkvæmdastjóri sjóðsins og formaður stjórnar Framkvæmdasjóðs, hafi rætt þessi mál og þar hafi verið sagt að ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, sem undirritar reikningana, hafi kynnt sér þessi mál sérstaklega og teldi að með réttum hætti væri tekið á afskriftasjóði Framkvæmdasjóðs Íslands. Jafnframt hafi verið gefið til kynna að þær reglur um framlög í afskriftasjóð sem farið væri eftir hefðu verið samdar af ríkisendurskoðanda sjálfum, Halldóri V. Sigurðssyni. Í ljósi þessa undirritaði þáv. fulltrúi fjmrh. og núv. þm., Össur Skarphéðinsson, ársreikningana fyrir árið 1989. Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi áritaði líka reikningana fyrir árið 1989.

Nú kemur fram í skýrslu fortíðarvandanefndar núv. forsrh. Davíðs Oddssonar að ríkisendurskoðandi Halldór V. Sigurðsson hafi síðan einnig áritað reikningana fyrir árið 1990, ári síðar, og sú áritun hafi farið fram í marsmánuði. Þar hafi engin athugasemd verið gerð um það hvort nægilegt fjármagn eða ekki væri lagt í afskriftasjóð. Fjórum mánuðum síðar sendir þessi sama Ríkisendurskoðun, með undirritun þessa sama ríkisendurskoðanda, Halldórs V. Sigurðssonar, skýrslu til forsrh. þar sem fram kemur að nú vanti allt í einu 1.700 milljónir í afskriftasjóð. Ég tek alveg undir þá ályktun sem fram kemur í skýrslu þessarar nefndar hæstv. forsrh. að það hafa ekki komið fram fullnægjandi skýringar á þessu. Engar skýringar á því hvers vegna ríkisendurskoðandi, sérstaklega aðspurður af fulltrúa fjmrn. á árinu 1989, treysti sér til þess að standa við það að hagur Framkvæmdasjóðs væri í góðu lagi og afskriftareglurnar væru fullnægjandi. Engar skýringar á því hvers vegna hann treysti sér ári síðar til að undirrita aftur reikningana, en geri svo allt í einu þessa uppgötvun í ágústmánuði.

Frá nefndinni sem núv. forsrh. skipaði kemur fram á bls. 46 að það eina sem Ríkisendurskoðun hafi haft fram að færa sé að nú sé allt í einu komin ríkisstjórn sem ekki vilji stuðla að því að þessi fyrirtæki séu áfram í rekstri. Það sé eina skýringin sem hafi komið fram í viðræðum Ríkisendurskoðunar við nefndina. Virðulegi forseti, virðulegi forsrh., þar með er Ríkisendurskoðun að segja að vegna þess að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi tekið upp nýja stefnu sé Framkvæmdasjóður Íslands allt í einu orðinn gjaldþrota. Forsrh. hristir hausinn yfir þessu, ég er alveg sammála honum í því að hrista hausinn yfir þessu. Þetta er alls ekki frambærilegur málflutningur af hálfu Ríkisendurskoðunar og satt að segja alveg furðulegur. Ég dreg ekki í efa að þeir menn sem hafa setið í svokallaðri fortíðarvandanefnd skýri rétt frá. En ég get alveg tekið undir höfuðhristing hæstv. forsrh. í þeim efnum að þessar röksemdir eru náttúrlega fullkomlega út í hött.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara fleiri orðum um þennan þátt málsins. Ég vil ítreka að ef við viljum taka okkur alvarlega á hv. Alþingi — og hér er nú mættur í salinn hv. þm. Pálmi Jónsson, sem á undanförnum árum hefur hvað eftir annað haldið uppi hörðum málflutningi, byggðum á fullyrðingum Ríkisendurskoðunar — getum við ekki látið staðar numið í þessu máli hér og nú.

Nú er það þannig að sú breyting var gerð á stjórnskipan Ríkisendurskoðunar fyrir nokkrum árum að

ábyrgð hennar var færð frá fjmrn. og yfir til forsetaembættis Alþingis. Finnst mér leitt að hæstv. forseti Salome Þorkelsdóttir sé ekki í forsetastól en ég ætla að vona að núv. hæstv. forseti beini skilaboðum mínum eindregið til forseta, Salome Þorkelsdóttur. Forseti þingsins, Salome Þorkelsdóttir, og forsætisnefndin fer með ráðherraábyrgð gagnvart stjórn Ríkisendurskoðunar. Það er þess vegna skylda þeirra, eins og það væri skylda ráðherra sem stæði frammi fyrir sams konar staðreyndum í ráðuneyti sínu, að taka þetta misræmi í reikningafrágangi Ríkisendurskoðunar og uppáskriftum ríkisendurskoðanda Halldórs V. Sigurðssonar til sérstakrar meðferðar.

Mér þykir ekki skemmtilegt að segja þetta vegna þess að ég veit að einhverjir muni túlka þetta sem einhvers konar persónulegar árásir á núverandi ríkisendurskoðanda og ég veit að kannski kann hann að túlka það þannig. En ég get ekki látið það hafa áhrif á mig. Ég bar ábyrgð á Framkvæmdasjóði að hluta til um tæplega þriggja ára skeið. Fulltrúi minn í stjórn sjóðsins tók þessi afskriftamál alveg sérstaklega fyrir og ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, fullvissaði hann um það að þetta væri í lagi. Nú erum við hins vegar að ræða hér frv. um að leggja Framkvæmdasjóð Íslands niður vegna þess að hann sé gjaldþrota.

Ég fullyrði það hér, virðulegi forseti og virðulegi forsrh., að í sérhverju nágrannalandi okkar þar sem menn tækju sjálfan sig og stjórnkerfið alvarlega væri búið að skipa sérstaka rannsókn á meðferð Ríkisendurskoðunar á reikningum Framkvæmdasjóðs Íslands og ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, og þeir aðrir sem að þessu máli hefðu komið hefðu vikið sæti á meðan.

Við getum ekki unað því að við þetta mál sé skilið á þann hátt sem nú blasir við. Sérstaklega ekki, virðulegi forsrh., vegna þess að í ræðu þinni í dag var höfuðefnisatriðið að vanrækt hefði verið að leggja nægilegt fé í afskriftasjóð Framkvæmdasjóðs. Sökin á stöðu sjóðsins lægi í því að þeir sem ábyrgð bæru, stjórn sjóðsins, hefðu brugðist þeirri skyldu sinni að leggja nægilegt fé í afskriftasjóð. Því væri Framkvæmdasjóður Íslands gjaldþrota og því þyrfti að leggja hann niður. Nú hefur verið upplýst að ríkisendurskoðandi fullyrti að þetta væri nægilegt, bæði á árinu 1989 og á árinu 1990, og þín eigin nefnd, virðulegi forsrh., telur að fullnægjandi skýringar af hálfu Ríkisendurskoðunar hafi ekki komið fram.

Satt að segja fyndist mér réttast að þingið biði með að afgreiða málið endanlega frá sér þar til við höfum haft tækifæri utan þingfundar til þess að bera saman bækur okkar um það hvað við ætlum að gera í þessari stöðu. Ef við gerum það ekki þá blasir við okkur sá vandi að uppáskriftir Ríkisendurskoðunar á reikninga stofnana og sjóða og ríkisins héðan í frá geta verið hugsanlega jafnmarklausar og uppáskrift Ríkisendurskoðunar á reikninga Framkvæmdasjóðs 1989 og 1990. Eigum við von á því að eftir tvö eða þrjú ár komi Ríkisendurskoðun, kannski með nýjum forsrh., og segi: Uppáskriftir okkar fyrir fyrri ár eru bara markleysa? Alveg eins og Ríkisendurskoðun sagði í ágúst: Uppáskrift okkar frá í mars var markleysa fyrir árið 1990, uppáskrift okkar fyrir árið 1989 var líka markleysa.

Alþingi, sem ábyrgðaraðili Ríkisendurskoðunar, getur ekki búið við það að Ríkisendurskoðun sjálf geri sínar eigin uppáskriftir á reikninga ríkisstofnana og ríkissjóðs marklausar með þessum hætti. Við verðum að geta treyst því að þegar ríkisendurskoðandi hefur sett nafn sitt við lokauppgjör sé það lokauppgjör. Það séu efndir málsins. Þjóðþing, sem ríkisendurskoðun heyrir undir, sem upplifir það að verða að taka mál upp að nýju vegna þess að uppáskriftir ríkisendurskoðunar á ríkissjóði hafi reynst markleysa, er auðvitað komin inn á svo hættulega braut að mann óar við að hugsa þá hugsun til enda.

Þess vegna verðum við að fá botn í málinu. Við verðum að leita fullnægjandi skýringa og átta okkur á því. Kannski þarf að gera skipulagsbreytingar á Ríkisendurskoðun, kannski þarf að breyta þar starfsháttum eða gera aðrar breytingar. Eða er um að ræða afmarkað tilvik sem á sér skýringar sem þingið geti talið viðunandi? Það er í þessum efnum sem ég tel niðurstöðu nefndar forsrh. Davíðs Oddssonar á bls. 46 afar athyglisverða vegna þess að þar segir, eins og ég hef hér vitnað í, að nefndin eftir athugun málsins telji skýringarnar ekki fullnægjandi. Það er birt í formlegu áliti sem forsrn. gaf út 23. des. 1991 og afhenti öllum þingmönnum. Þannig að ekki er um að ræða eitthvert venjulegt nefndarálit úti í bæ, um er að ræða formlega niðurstöðu sem forsrn. hefur sent Alþingi.

Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að 2. umr. verði ekki lokið fyrr en við höfum haft tækifæri til þess að bera saman bækur okkar um þessa stöðu málsins. Ég tel nauðsynlegt að geta rætt það við þá ráðherra sem hér eiga hlut að máli og ræða það við forseta þingsins. Ég tel reyndar rétt að það sé einnig rætt í þingflokkunum og ekki sé hægt fyrir þingið að greiða efnislega atkvæði um málið við 2. umr. fyrr en við vitum þetta. Ég tek skýrt fram að það er ekki vegna þess að ég vilji leggja stein í götu þessa frv., það hefur þegar komið fram af hálfu fulltrúa Alþb. í efh.- og viðskn. að við munum greiða fyrir afgreiðslu þessa frv. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um miklu alvarlegri hlut sem málsmeðferðin um Framkvæmdasjóð Íslands hefur leitt í ljós.

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ýmislegt fleira sem mætti segja um þetta mál. Ég vil einnig vekja athygli á því að komið hefur fram að efh.- og viðskn. átti þess ekki kost að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs um frv. Ekki var orðið við þeirri ósk að stjórnarmenn í Framkvæmdasjóði mættu á fund nefndarinnar. Það var rökstutt með þeim hætti að frv. ætti að afgreiða fyrir jól. Nú er ljóst að það var ekki gert og ég tel þess vegna ærna ástæðu til þess að efh.- og viðskn. fái líka tækifæri til þess að hitta stjórn sjóðsins áður en umræðunni lýkur og forsrh. sem ábyrgðarmaður á þessu frv. ætti að mínum dómi að samþykkja það því að auðvitað er fullkomlega óeðlilegt og vont til afspurnar þegar jafnveigamikill og virðulegur sjóður og Framkvæmdasjóður Íslands er lagður niður sé því neitað að viðkomandi þingnefnd geti fengið að ræða við

stjórnarmenn í sjóðnum. Það er nánast bara ekki hægt að láta málið standa þannig þegar afgreiðslu þingsins lýkur á málinu. Af því að við höfum nokkra daga til þess að ljúka málinu og enginn okkar í þinginu ætlar í sjálfu sér að leggja neinn stein í götu frv. sem slíks þá vil ég beina því til virðulegs forseta og forsrh. að þeir samþykki einnig að áður en 2. umr. lýkur gefist efh.- og viðskn. tækifæri til þess að fjalla um málið.

Það freistar mín nokkuð að ræða dálítið um flugstöðina sem líka hefur borið hér á góma og ýmsar aðrar framkvæmdir. En ég ætla ekki að gera það hér og nú, það getur beðið síðari tíma. En af því að hæstv. forsrh. hefur stundum haft á orði að menn ættu að taka afleiðingum verka sinna, hann gerði það m.a. í frægri þjóðhátíðarræðu 17. júní sl., þá er það athyglisvert að Sjálfstfl. hefur lýst dómi sínum þannig yfir framkvæmdinni við flugstöðina að kjósa fyrir tveimur dögum formann byggingarnefndarinnar í bankaráð Landsbankans. Sérstök traustsyfirlýsing Sjálfstfl. á Kjartani Gunnarssyni, formanni byggingarnefndar flugstöðvarinnar, sem mun vera eina opinbera starfið sem hann hefur gegnt. Það er nú þannig, hæstv. forsrh., eftir mínu minni, en við getum þá kannað það utan fundar að hvort sem hann bar titilinn formaður byggingarnefndar eða ekki — það má vera að ég fari ekki rétt með þann formlega titil — þá var hann aðalstjórnandi og fulltrúi hins opinbera. (**Forsrh.:** Þetta er rangt hjá þér eins og flest í þinni ræðu.) Nú, ef það er rangt líka þá væri gott að hæstv. forsrh. upplýsti hvaða trúnaðarstörfum Kjartan Gunnarsson gegndi í byggingu flugstöðvarinnar. (**Forsrh.:** Þú hlýtur að vita það ...) Ja, hæstv. forsrh. er nú að rengja það sem ég hef sagt þannig að hann hlýtur þá að vita hið rétta. En við getum alveg flett þessu upp, við þurfum ekkert að deila um það hér, forsrh. úr sæti sínu en ég úr ræðustólnum, því að til mín komu ýmsir menn þegar ég var fjmrh. og röktu raunir sínar vegna samskipta við Kjartan Gunnarsson á byggingartíma flugstöðvarinnar og ýmsar skuldir sem þar eru uppi og hafa verið erfiðar, og tengjast því að þeir töldu að ekki hafi verið staðið við fyrirheit sem þeim hafi verið gefin, m.a. fyrirheit sem Kjartan Gunnarsson gaf fyrir hönd byggingaraðila. En við skulum kanna það utan fundar, hæstv. forsrh., hvaða trúnaðarstörfum Kjartan Gunnarsson gegndi við byggingu flugstöðvarinnar. Ég er alveg reiðubúinn að leiðrétta það ef ég hef farið með rangt mál en vænti þess þá líka að hæstv. forsrh. sé reiðubúinn að taka hinu rétta og lýsa því þá í þinginu hvers vegna sérstök ástæða var talin til þess að verðlauna vel unnin störf við byggingu flugstöðvarinnar með því að kjósa yfirmann flokkskontórsins í bankaráð Landsbankans.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. ganga ótrúlega langt í því að nefna hér menn sem ekki eiga kost á því að bera hönd fyrir höfuð sér, nefna það að á hans fund hafi komið menn til að klaga þennan mann sérstaklega o.s.frv. Ég verð reyndar að segja það að eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að hann virðist nánast engar siðferðiskröfur eða kurteisiskröfur gera til sjálfs sín um það hvað hann er tilbúinn til að leggja til mála á Alþingi.

Ég hlustaði á ræðu hans þar sem hann var að túlka ræðu mína. Hann leyfði sér að segja þegar maður kom í salinn sem ekki hafði verið í salnum að ég hefði haft uppi skítkast um þennan mann. Þetta var hreinn hugarburður og ósannindi. Það er hreint ótrúlegt hvað litlar og lágar kröfur þessi tiltekni þingmaður gerir til sjálfs sín. Ég hef verið að fylgjast með þessu og þetta hefur komið mér afskaplega mikið á óvart. Þessi maður gegnir formennsku í stjórnmálaflokki og hefur verið ráðherra í ríkisstjórn Íslands og hann virðist gera afskaplega litlar kröfur til sjálfs sín um það hvað hann hafi fyrir sér áður en hann fer með fullyrðingar úr þessum ræðustól. Samt talar hann slag í slag um það hvort menn ættu ekki að taka hluti alvarlega hér og hvar. Þennan þingmann, sem ber sig þannig að, er ekki hægt að taka alvarlega og það er afskaplega slæmt að geta ekki með góðu móti tekið þingmanninn alvarlega.

Þingmaðurinn sagði til að mynda að hann hefði borið ábyrgð á stjórn sjóðsins fram að síðustu kosningum að hluta til. Samt hafði hann uppi leikara- og loddaragang í kringum það að starf aðstoðarforstjóra hefði verið auglýst — á þeim tíma sem hann bar að eigin sögn ábyrgð á stjórn sjóðsins. Hann þóttist ekkert um það vita og hafði heilmikinn leikaragang hér í tilefni af athugasemd úr sal. Þó var hv. 7. þm. Reykn. búinn að tala um það áður sjálfur að hann hefði kosið að láta hina formlegu ráðningu samkvæmt umsóknunum bíða þangað til eftir stjórnarskiptin. Hann var búinn að staðfesta hér að sjóðurinn hafi á þeim tíma sem þingmaðurinn segist hafa borið ábyrgð á honum auðvitað látið auglýsa þessar stöður. Síðan stendur þingmaðurinn hér og segir að það sé ekki steinn yfir steini sem forsrh. hafi sagt, hér stangist á fullyrðingar og alls konar leikaragangur og loddaragangur sem er bara ekki sæmandi og gerir það að verkum að það er afskaplega erfitt að taka þingmanninn alvarlega og fá sig upp í það að ræða við hann um mál af þessu tagi fyrst hann gerir svo litlar kröfur til sjálfs sín í þessum efnum.

Og nú á að fara að fresta þessu máli af hinum og þessum ástæðum sem þingmaðurinn telur upp þótt búið sé að gera samkomulag sem flokkur hans tekur þátt í um að málið skuli ná fram að ganga og ekkert minnst á þessa stóru fyrirvara sem þingmaðurinn dregur allt í einu upp hér. Hann gerir mjög litlar kröfur til sjálfs sín um að meta störf samherja sinna í þinginu. Það höfum við reyndar orðið vör við áður. Hann gerir ekki mikið með það sem fulltrúar flokks hans samþykkja á fundum formanna þingflokka.

Þingmaðurinn sagði líka að ég hefði gagnrýnt harkalega hæstv. sjútvrh. Það var ekki stafur fyrir þeirri fullyrðingu ráðherrans fyrrverandi þótt hann velti sér upp úr þessu með hinum afkáralegasta og furðulegasta hætti. Og þingmaðurinn sagði hér úr þessum ræðustól — og það er fróðlegt fyrir þingmenn í þessum sal — að fyrst að ég kallaði ekki fram í gagnvart tilteknu atriði væri ég samþykkur þeim fullyrðingum sem þingmaðurinn hafði í frammi á því augnabliki. Hvers konar málatilbúnaður er þetta? Á maður að lesa

þingtíðindin með það í huga ef maður sér ekki kallað fram í einhverjar dæmalausar fullyrðingar að þá sé þingheimur allur að samþykkja og staðfesta það sem þar er fram haldið? Það er nú bara þannig að ég þyrfti að stunda samfelld framm íköll og nánast allur þingheimur ef menn ætluðu að leiðrétta það sem þessi hv. þm. segir jafnan hér því að hann gerir afskaplega litlar kröfur til þess að það sé sannleikur á bak við það sem hann er að segja og það sem hann fer með. Hann sagði að ég hefði hér við fyrri umræðu málsins ráðist harkalega að hæstv. sjútvrh. Það ekki stafur fyrir því. Hann viðurkenndi meira að segja að ég hefði tekið fram sérstaklega þegar málið var til fyrri umræðu að ég hefði eingöngu rætt málið efnislega og tæknilega við þá umræðu. Samt fullyrti þingmaðurinn þetta eins og ekkert væri. Kemur málflutningur sannleikanum ekkert við og er ekki í tengslum við hann.

Síðan fjallaði hann um það með hvaða hætti ég hefði fjallað um borgarendurskoðun og túlkaði orð mín þar algjörlega úr öllu samhengi. Hann lagði mér orð í munn og lagði síðan út af því og það er með þeim hætti sem þingmaðurinn talar. Hann sagði að ég hefði haft hér uppi gífurlega stór orð áðan í ræðu minni. En sjálfur notaði þingmaðurinn orð eins og skítkast og fleiri orð sem hann hálfpartinn lagði mér í munn en leiðrétti þegar ég gerði athugasemd við það héðan úr stól mínum.

Ég verð því að segja alveg eins og er að ég var afskaplega undrandi á öllum þessum málatilbúnaði. Og mér finnst þingmaðurinn ganga afskaplega langt úr þessum ræðustól við að ófrægja ríkisendurskoðanda og setja slík mál í senu og gera þau að einhverju stórkostlegu máli sem þingið allt þurfi að rannsaka sérstaklega og allt þar fram eftir götunum. Þetta mál megi ekki ná fram að ganga þar til menn hafi komist að samkomulagi um það — ef ég skildi þingmanninn rétt — hvernig ætti að rannsaka málið. Þetta er ekki í samræmi við neitt af því sem þingflokksformenn urðu ásáttir um, að þetta einfalda mál sem ekki er ágreiningur um nái með eðlilegum hætti fram að ganga. Því er engin ástæða til þess fyrir þingmanninn að gera fulltrúa sína í slíkum viðræðum ómerka og reyndar orð hv. 4. þm. Norðurl. e. hér áðan um að það væri engin ástæða til að leggja stein í götu þessa máls. Reyndar sagði þingmaðurinn að hann ætlaði ekki að gera það — um leið og hann síðan gerði það. Eins og hann hefur reyndar jafnan sagt í fleiri ræðum þegar hann er að reyna að tefja mál hér á þinginu „til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála hér á þinginu", eins og hann orðar það gjarnan og „í fullri vinsemd vildi hann að þetta eða hitt væri gert" til þess að tefja málið eins og frekast væri unnt. Svona málflutningur getur ekki gengið.

Ég tel að skýrsla fortíðarvandanefndar hafi staðið af sér alla gagnrýni og reyndar fengið mjög litla efnislega gagnrýni. Ég hef fengið gagnrýni fyrir að setja slíkt verk í gang og efna til slíks verks. Ég hef fengið gagnrýni fyrir það með hvaða hætti ég hef lagt út af því verki og ég stend undir þeirri gagnrýni og tek hana á mig. En staðreynd er sú að sáralítil efnisleg gagnrýni hefur verið sett fram á störf fortíðarvandanefndar enda þótt þær niðurstöður sem hún kemst að afhjúpi náttúrlega stórkostleg göt í ríkisbúskap okkar. Göt sem menn annaðhvort vissu ekki um eða sáu sér hag í að þegja yfir og láta eins og þeir vissu ekki um. Menn geta ekki skákað og skotið sér á bak við aðra í þeim efnum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hæstv. forsrh. er í miklum vandræðum með þetta mál. Þessi ræða hans var afar sérkennileg og með miklum endemum. Fyrst var það að hér hefði verið gert samkomulag milli þingflokka um að afgreiða málið á þessum hluta þingsins. Það er alveg rétt. Það hefur verið gert samkomulag um það og stendur ekkert til að rifta því samkomulagi. Ef hæstv. forsrh. er að tala um þá umræðu sem fram fer hér í dag þá veit hann væntanlega jafn vel og ég að ástæðan fyrir því að þetta er tekið hér í dag er að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem taldi nauðsynlegt að bera sérstaklega af sér þær furðulegu sakir sem hæstv. forsrh. hefur látið falla í hans garð, gat ekki verið við umræðuna á öðrum tíma, m.a. vegna þess að hann er að fara af landi brott. Þess vegna var það samþykkt milli þingflokkanna að halda fund á föstudegi kl. 10 fyrir hádegið og taka þetta mál fyrir.

Það var ekki þar með sagt að það væri samkomulag um það að ekkert mætti tala um forsrh., ríkisstjórn hans og stöðu mála. Eða er það þannig að forsrh. er að óska eftir því að gert sé samkomulag um það að menn tali ekki um veigamikla þætti málsins, sérstaklega í máli sem hann sjálfur taldi svo mikilvægt að það var efst á dagskrá þeirra atriða sem hann setti í stefnuræðu sína þegar hann fór að lýsa fyrir þjóðinni hvers vegna þjóðin þyrfti að taka á sig margar erfiðar og óvinsælar aðgerðir? Hver er það sem hefur sett Framkvæmdasjóð Íslands sérstaklega upp sem meginviðfangsefni í glímunni milli stjórnar og stjórnarandstöðu? Það er hæstv. forsrh. sjálfur í stefnuræðu sinni á Alþingi. Ég veit að hann man það og það er óþarfi fyrir mig að fara að rekja hana fyrir forsrh. (**Forsrh.**: Búinn að gera það áður.) Já já, ég hef gert það áður þegar hæstv. forsrh. gerði athugasemd við það að af því að hann hefði flutt hér, svo notuð séu hans orð, „tæknilega framsöguræðu" fyrir þessu frv. þá leyfði ég mér við þá umræðu að taka málflutning forsrh. um Framkvæmdasjóð Íslands til meðferðar. Þá hneykslaðist hann á því að ég skyldi leyfa mér að fara að flytja slíka ræðu við þessa umræðu þegar hann hefði bara flutt tæknilega framsöguræðu. Því hæstv. forsrh. talaði nefnilega tvisvar við 1. umr. málsins. Hann er kannski búinn að gleyma því. Það var nokkur munur á seinni ræðunni og fyrri ræðunni, hæstv. forsrh.

Nei, auðvitað höfum við tekið eftir því, svo að maður fjalli aðeins um vinnubrögð hjá hæstv. forsrh., að hann hefur flutt með sér inn á Alþingi þá aðferð sem hann beitti í borgarstjórn, þ.e. að matreiða sérstaka útgáfu fyrir fjölmiðlana. Umræðum í borgarstjórn er alla jafnan ekki útvarpað eða sjónvarpað. Eftir því sem mér

er sagt var forsrh. sem borgarstjóri með hinar og þessar yfirlýsingar og tilþrif í ræðustólnum. Hann var aldrei reiðubúinn að samþykkja að útvarpað og sjónvarpað væri frá almennum umræðum í borgarstjórn. Síðan var búin til sérstök útgáfa handa fjölmiðlunum. Við höfum auðvitað tekið eftir þessari aðferð líka á þinginu, þ.e. þegar umræðum er lokið fer hæstv. forsrh. og segir við fjölmiðla oft aðra hluti en hann hefur sagt eða með öðrum blæ en hann hefur sagt hér í þingsalnum. Nú eða þá að utan þings er hann flytjandi ræður, haldandi blaðamannafundi og annað um málefni sem hann flytur svo bara um tæknilegar ræður í þinginu. Hæstv. forsrh. verður að una því að hann hefur sjálfur kosið að gera málefni Framkvæmdasjóðs Íslands að megintákni fyrir þau þáttaskil sem hann er að beita sér fyrir.

Nú, síðan hefur hæstv. forsrh. lýst sérstökum vonbrigðum sínum með málflutning minn og að ég geri engar siðferðiskröfur til mín og annað í þeim dúr. Ég vil nú segja við hæstv. forsrh., líka í mestu vinsemd, svo að vitnað sé í það orðalag sem honum er greinilega orðið kært úr mínum munni, að ég tel hann engan sérstakan móralskan meistara á vettvangi stjórnmálanna. Þannig væri hann mjög aftarlega í röð þeirra manna sem ég mundi nefna sem sérstaka dómara um pólitískt siðferði. Mér finnst það fyrst og fremst endurspegla í hvers konar málefnalegt rökþrot hæstv. forsrh. er kominn í þessum leiðangri sínum að hann skuli hafa það eitt að segja um þau efnisatriði sem voru reidd fram að það sé ekki hægt að taka þessa ræðu alvarlega, sá sem hér stendur geri ekki til sín siðferðiskröfur, sé ekki sæmandi, og tala svo um eitthvert þingtæknilegt samkomulag formanna þingflokkanna sem sérstaklega var gert til þess að greiða fyrir því að hv. þm. Steingrímur Hermannsson gæti borið af sér sakir.

Hæstv. forsrh. talaði um að ég væri hér að bera sökum fjarstadda menn. Það er auðvitað alveg rétt, okkur er nokkur vandi á höndum á Alþingi að taka til meðferðar t.d. ýmsa embættismenn ríkisins sem eiga ekki sæti á Alþingi en það jafngildir því ekki að ekki megi tala um þá og verk þeirra. Það vill svo til að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að ég hef verið með mjög alvarlegar athugasemdir við margt af því sem Ríkisendurskoðun hefur gert, það er ekki nýtt. Ég gerði það á síðasta kjörtímabili. Ég taldi ástæðu til þess sem fjmrh. að eiga ásamt ráðuneytisstjóra fjmrn. sérstakan fund með páv. forsetum Alþingis til þess að gera grein fyrir athugasemdum okkar í fjmrn., ekki bara mín sem ráðherra, heldur okkar í fjmrn. við ýmislegt í ályktunum og skýrslugjöf Ríkisendurskoðunar í tilteknu máli. Ég hef hins vegar talið það skyldu mína að greina þinginu frá þessu umbúðalaust. Vegna þess að Ríkisendurskoðun er lykilstofnun í stjórnkerfi okkar og ég er líklegast eini maðurinn í salnum sem hef átt langvarandi samskipti sem fjmrh. við verkefni Ríkisendurskoðunar síðan þessi breyting var gerð á stjórnskipun, að Ríkisendurskoðunin var færð frá fjmrn. og yfir til Alþingis. Það sem ég hef verið að segja hér hvað eftir annað er það að forsetadæmið á Alþingi getur ekki skotið sér undan því að það ber ábyrgð á stjórn Ríkisendurskoðunar og ber þess vegna að skoða þau mál þegar gagnrýni kemur fram, rökstudd, sem ég tel hafa verið, ekki bara hjá mér heldur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, í umræðum um þetta mál og í skýrslu nefndar, sem forsrh. dreifði sjálfur hér á Alþingi í desember. Þá beri forsetum þingsins skylda til að taka málið til meðferðar. Það er ekki hægt að una því að uppáskriftir Ríkisendurskoðunar á reikninga ríkissjóðs séu gerðar marklausar án þess að tæmandi og viðunandi skýring fáist á því máli.

Það urðu mér satt að segja vonbrgiði að hæstv. forsrh. skyldi ekki víkja neinu að því hér í sinni ræðu — hann má hafa hvaða skoðanir sem hann vill á mér, það er aukaatriði í málinu. Hann gæti álitið mig vera algjöran skúrk og að engu hafandi að neinu leyti. (**Forsrh.:** Það hef ég ekki sagt.) Nei, ég segi: hann mætti gera það, sagði ég. Ég hef tekið eftir því að hæstv. forsrh. hefur ekki gengið alveg svo langt, enn sem komið er alla vega. Hvað sem liði dómum hans um mig í þessum efnum þá blasa skýr efnisatriði málsins hins vegar við og hafa ekkert með mína persónu að gera. Þau efnisatriði að ríkisendurskoðandi skrifaði upp á ársreikninga Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1989 og fann ekkert athugavert. Það var haldinn sérstakur fundur af því tilefni af fulltrúa fjmrn. í stjórn Framkvæmdasjóðs til að knýja á um og spyrja ítrekað að því hvort ríkisendurskoðandi teldi að nægilega tryggt hefði verið gengið frá afskriftum á vegum Framkvæmdasjóðs Íslands og svarið var já. Meira að segja reglurnar sjálfar var sagt að ríkisendurskoðandi hefði samið.

Síðan skrifar Ríkisendurskoðun upp á reikningana fyrir 1990 núna í mars og það kemur fram í skýrslunni sem forsrh. hefur sjálfur dreift hér á Alþingi frá nefnd sem hann setti upp. Og það kemur fram í þeirri skýrslu að nefndin telur ekki fullnægjandi skýringar á því hvers vegna Ríkisendurskoðun kemst svo að þeirri niðurstöðu í ágúst að það vanti 1.700 milljónir. Og formaður þingflokks Alþfl. hefur séð sérstaka ástæðu til í umræðum, 1. umr. um þetta frv., að rekja þetta mál. Þannig að jafnvel þótt hæstv. forsrh. teldi mig algjörlega óalandi og óferjandi þá breytir það engu um að þessar staðreyndir liggja fyrir. Og ég skil ekki hvers vegna hæstv. forsrh. getur ekki verið mér sammála um að það þurfi að gera eitthvað í málinu í ljósi þessara staðreynda.

Ég vil minna hæstv. forsrh. á að ástæðan fyrir því að ég kom þeirri hugmynd hér á framfæri að menn ræddu þetta aðeins utan við þingsalinn var að ég gerði mér fulla grein fyrir að það var kannski ekki heppilegasta formið til að ræða þetta milli manna að gera það í ræðustólnum. Ég tók það skýrt fram að ég væri alls ekki að leggjast gegn því að þetta frv. væri afgreitt núna á þessum hluta þingsins, þ.e. þessum sérstaka hluta þingsins sem haldinn er núna í janúarmánuði. Þannig er það algjör misskilningur hjá hæstv. forsrh. að við séum eitthvað að tefja, eða ég með þessari ábendingu, að þetta frv. verði afgreitt. Það er mikill misskilningur. Ég get hins vegar ekki séð neina þörf á því að afgreiða það endanlega í dag. Það er ljóst að

það verða hér fundir á mánudag og jafnvel þriðjudag, kannski miðvikudag svo að við höfum a.m.k. helgina og fyrsta dag í næstu viku til að bera saman bækur okkar í málinu. Og ég get alveg heitið hæstv. forsrh. því að ég skal beita mér fyrir því með honum að málið verði afgreitt. Þannig að það er alveg út í hött hjá honum að vera með einhverjar dylgjur um það að ég sé að reyna að tefja málið. Ég vek hins vegar athygli hans á því að þetta mál var ekki á þeim forgangslistum sem hann kynnti okkur í stjórnarandstöðunni hvað eftir annað á lokadögum þingsins í desembermánuði. (**Forsrh.:** Jú, í byrjun.) Já, í byrjun, ég sagði á síðustu dögum. Mér er hins vegar sagt að það hafi verið vegna þess að það hafi gleymst að setja málið á listann og það má vel vera og ég get haft fullan skilning á því. Mér fannst því engin ástæða til að vera með þessar dylgjur af hálfu hæstv. forsrh.

Forsetadæmið og forsrh. verða auðvitað að eiga það við sig hvað þau vilja gera í þessum málefnum Ríkisendurskoðunar. En ég get sagt það alveg skýrt hér: Ég ætla ekki að hverfa frá þeirri skoðun minni að ég telji gjörsamlega óviðunandi fyrir þingið að skilja þannig við þetta mál að menn hafi ekki samráð um hvað ber að gera. Ég hef óskað eftir því að fá skoðun forsetadæmisins á því hvað það hyggst gera í þessum vanda sem upp er kominn vegna Ríkisendurskoðunar. Ég gerði það í umræðum fyrir áramót, ég hef ítrekað það, ég gerði það í dag og ég tel að þessi umræða sýni að það er orðið ansi brýnt að forsetadæmið axli þá ábyrgð sem felst í því að bera samkvæmt lögum ábyrgð á Ríkisendurskoðun.

Annað atriði sem hæstv. forsrh. vék að var að ég hefði talað eitthvað ógætilega um Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstfl., og þátt hans í byggingu flugstöðvarinnar. Hér er skýrsla Ríkisendurskoðunar um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Það má vel vera að þessi skýrsla sé álíka marklaus og uppáskriftin á reikninga Framkvæmdasjóðs 1989 og 1990. En hér er engu að síður skýrslan og á bls. 42 og 43 er því lýst að Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hafi komið inn í byggingarnefndina í ágúst 1983 og hafi þar tekið við störfum Jóns E. Böðvarssonar sem hafði verið framkvæmdastjóri byggingarnefndarinnar en hann var deildarstjóri í Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Á bls. 43 segir að Kjartan Gunnarsson, eftirmaður Jóns E. Böðvarssonar í nefndinni — en áður var búið að tilgreina að Jón E. Böðvarsson hefði verið framkvæmdastjóri nefndarinnar — telji sig, þ.e. Kjartan Gunnarsson, ekki hafa fengið nein sérstök fyrirmæli við skipun sína í nefndina önnur en að vinna að framgangi málsins yfirleitt. Þekking hans á lögfræði leiddi til þess að hann annaðist um samningagerð við verktaka fyrir nefndina. (**Forsrh.:** Stendur að hann sé formaður nefndarinnar?) Nei, nei, það kemur ekki fram að hann sé formaður nefndarinnar, enda sagði ég það, virðulegi forsrh., hér áðan að það mætti vel vera að það væri misminni hjá mér að Kjartan Gunnarsson hefði verið formaður nefndarinnar og ég væri alveg reiðubúinn að draga þá fullyrðingu til baka.

Það er hins vegar alveg ljóst, eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að Kjartan Gunnarsson gegndi alveg sérstökum trúnaðarstörfum við byggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Hann annaðist samningagerð við verktaka fyrir hönd nefndarinnar, hvorki meira né minna. Þannig að það er rétt munað hjá mér, þó að ég hafi kannski farið rangt með hinn formlega titil, að hlutverk hans við byggingu flugstöðvarinnar var veigamikið. Síðan vil ég benda hæstv. forsrh. á, ef hann las ekki þessa skýrslu á sínum tíma, að það er einmitt gagnrýnin á verktakastarfsemina og hversu margir lausir endar voru við þá samningsgerð sem leiðir til þeirra áfellisdóma sem upp voru kveðnir í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingarframkvæmdina.

Sagan var með þeim hætti að forusta Sjálfstfl. hafði tekið ákvörðun um að byggingu flugstöðvarinnar yrði að ljúka fyrir kjördag 1987 svo að hægt væri að opna flugstöðina með viðhöfn í kosningabaráttunni og að þáv. utanrrh., fyrrv. þm. Matthías Á. Mathiesen, og Sjálfstfl. gætu hælt sér af þessu verki, sem þeir og gerðu mjög rækilega í kosningabaráttunni í Reykjaneskjördæmi 1987, og það þekki ég vel, birtu m.a. af sér heilsíðumyndir í Morgunblaðinu og mig minnir einnig í DV þar sem frambjóðendur Sjálfstfl. stóðu fyrir framan flugstöðvarbygginguna til að segja Reyknesingum hvað þeir hefðu fært þeim góðar gjafir. Og þáv. hæstv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen hélt sérstaka og fræga kampavínsveislu í flugstöðinni, mig minnir að um 2.000 manns hafi þar mætt til að fagna þessu verki.

Síðan komu reikningarnir. Þá kom í ljós að Íslendingar skulda nú tæpa fjóra milljarða í þessari byggingu og þáv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, neitaði að taka við þessu sukki og krafðist þess að farið yrði alveg sérstaklega yfir það hvernig mál hefðu farið svona úrskeiðis því það var alveg ljóst að á síðustu mánuðum verksins hafði verið dælt peningum í það langt umfram það sem fyrri áætlanir stóðu til. Skýringarnar komu svo, m.a. í þessari skýrslu. Kjarni þeirra var á þann veg að samningarnir við verktakana hefðu verið með þeim hætti að þeim hefði verið uppálagt að ljúka verkinu fyrir kjördag en upphæðirnar, reikningsskilin, hefðu hins vegar verið á þann veg að verktakarnir hefðu getað bætt við kostnaði hvað eftir annað eftir því sem þeir þurftu til að geta lokið verkinu fyrir kjördag svo að Sjálfstfl. gæti flaggað því sérstaklega í kosningabaráttunni. Og í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að það var Kjartan Gunnarsson sem fyrir hönd byggingarnefndarinnar annaðist samningagerðina við verktakana.

Án þess að ég ætli að gera það að löngu máli þá er það alla vega ljóst að Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., var frá ágústmánuði 1983 aðalábyrgðarmaður samningagerðarinnar við verktakana við þessa framkvæmd og eins og fram hefur komið hvað eftir annað, m.a. í umræðum hér á Alþingi, þá er það lausungin í framkvæmdum verktakanna og kostnaðurinn við flýtinguna og möguleikar verktakanna til að skrifa nýja og nýja reikninga eftir því sem knúið var á um að hraða verkinu sem leiddu til þess að kostnaðurinn fór langt fram úr áætlun.

Ég neita því ekki að mér fannst það þess vegna dálítið sérkennilegt, í ljósi þess sem hæstv. forsrh. hefur sagt á undanförnum mánuðum, bæði um fyrrv. ráðherra og ýmsa aðra, að þeir ættu að taka afleiðingum verka sinna í meðferð opinberra fjármála og hefur verið með harða dóma í þeim efnum, m.a. í frægri 17. júní ræðu sem ég nefndi áðan, að Sjálfstfl. skuli telja sérstaka ástæðu til að verðlauna Kjartan Gunnarsson fyrir vel unnin störf við byggingu flugstöðvarinnar með því að kjósa hann í bankaráð Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Bankaráð Landsbankans.) — Bankaráð Landsbankans, sem er ekki furða að mér verði á það mismæli að kalla bankaráð Sjálfstfl. A.m.k. er það þannig að Sjálfstfl. *hefur talið sig eiga rétt á því að velja þarna bankastjóra.* Þegar Jónas Haralz var valinn bankastjóri Landsbankans þá sagði hann í viðtali við Morgunblaðið að hann væri fulltrúi Sjálfstfl. í bankanum. Hann var ekkert að fela það. Og þegar Jónas Haralz lét af störfum þá valdi forusta Sjálfstfl. Sverri Hermannsson til þess að taka við þessu sæti. Jónas Haralz tók við af Pétri Benediktssyni, fyrrv. þingmanni Sjálfstfl. og bankastjóra. Svo það má svo sem ýmislegt segja um flokkspólitísk afskipti Sjálfstfl. af peningamálum þessa lands og hvernig sá flokkur hefur beitt pólitískum áhrifum sínum til að fara með opinbert fé og væri ærið efni til að rifja upp þá sögu einhvern tíma ef við hefðum nennu og áhuga á. En það er auðvitað í stíl við gamla kerfið, hæstv. forsrh., að velja Kjartan Gunnarsson í bankaráð Landsbankans. Það er ekkert stílbrot við hina gömlu hefð. Þar sat fyrir Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl.

En ég hafði í barnaskap mínum talið að hæstv. forsrh. væri marktækur í því sem hann hefur stundum verið að segja, að hann vildi beita sér fyrir ákveðinni kerfisbreytingu í íslensku þjóðfélagi. Og sú kerfisbreyting sem er brýnust er auðvitað að losa um hin beinu *flokkspólitísku tök á ýmsum fjármálastofnunum*, sjóðum og ýmsum þeim stofnunum sem ráðstafa fé. Og ég hafði haldið að við val á manni á bankaráð Landsbankans yrði þá sýnt í verki að þessi stefna hefði eitthvert innihald. Ég sé hins vegar — og er þá ekkert að dæma Kjartan Gunnarsson sem persónu eða hæfileika hans, það er fullkomlega fyrir utan þetta mál — að þingflokkur Sjálfstfl. hefur bara kosið að viðhalda gamla kerfinu. Yfirlýsingar hæstv. forsrh. um kerfisbreytingar hvað þetta snertir eru því auðvitað jafnmarklausar og á öðrum sviðum.

Hæstv. forsrh. sagði að hann hefði ekki verið að ráðast á sjútvrh. og það væri enn eitt dæmið um ómerkilegan málflutning minn að ég hefði leyft mér að segja það. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að hann nefndi ekki hæstv. sjútvrh. Það er alveg rétt. Enginn ágreiningur um það. En öll efnisatriðin í gagnrýninni, það sem hæstv. forsrh. kaus að reiða sérstaklega fram sem rökstuðning fyrir ályktunum sínum, voru ákvarðanir sem núv. hæstv. sjútvrh. bar ábyrgð á vegna þess að þær voru teknar annaðhvort þegar hann var fjmrh. eða þegar hann var forsrh. og eins og ég sagði áðan: Hann er sá maður í hópi stjórnmálamanna sem lengst allra *hefur borið ábyrgð á Framkvæmdasjóði Íslands á* þeim óheillaárum sem hér hefur verið verið talað um, 1985–1988. Það er enginn annar maður sem á sér samfelldan feril ábyrgðar á sjóðnum á þessu tímabili.

Það má vel vera að þessi ummæli, hörðu ummæli sem hæstv. forsrh. *hefur haft hér í dag og áður*, svo ég nefni dæmi, varnaðarorðin sem Vilhjálmur Lúðvíksson flutti, sem menn hefðu átt að taka mark á, eigi ekki við hæstv. sjútvrh. Hann einn sé stikkfrí þótt hann hafi manna mest borið ábyrgð á málinu. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson lýsti hér mjög nákvæmlega hvernig nefnd, sem skipuð var af forsrh. Þorsteini Pálssyni undir formennsku Ólafs Ísleifssonar, sem var sérstakur efnahagsráðgjafi páv. forsrh. Þorsteins Pálssonar og *sérstakur trúnaðarmaður* Sjálfstfl. og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstfl., ef ég man rétt, fyrir síðustu alþingiskosningar, lagði til að hið fræga og illræmda 800 millj. kr. lán til fiskeldis á vegum Framkvæmdasjóðs yrði tekið. Þetta eru staðreyndirnar, hæstv. forsrh., og það sem ég gerði einfaldlega var að benda á að sá maður sem stjórnarfarslega hefði borið ábyrgð á þessum málum væri núv. hæstv. sjútvrh. Auðvitað segir það sig sjálft að hæstv. forsrh. nefndi hann ekki. En dæmin og tímabilið og tilvitnanirnar voru allar af þessu tagi.

Ég tók hins vegar eftir því að hæstv. forsrh. kaus að segja ekki eitt orð um það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti hér mjög rækilega varðandi tillögugerð þeirrar nefndar sem Ólafur Ísleifsson var formaður fyrir. En það er auðvitað versta ákvörðunin að frátöldu því hvernig staðið var að sameiningu Álafoss á sínum við iðnaðardeild Sambandsins sem leitt hefur til þess að Framkvæmdasjóður er núna gjaldþrota.

Virðulegi forseti. Ég hef við umræðu um frv. til lánsfjárlaga vakið nokkra athygli á því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flytur þar tillögu um að ríkissjóður gerist ábyrgðaraðili á 1.700 milljónum vegna Framkvæmdasjóðs. Við *þá umræðu spurði ég að því* hver væri afstaða núv. hæstv. fjmrh. til þess hvernig færa ætti þessa yfirtöku í reikningum ríkissjóðs fyrir árið 1992. (Gripið fram í.) Já, það er ágætt. Ég ætlaði einmitt að segja það, hæstv. forsrh., að ég geri engar kröfur til þess að það sé gert við þessa umræðu, þótt það mætti gera það, vegna þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kaus að víkja sérstaklega að þessari tillögu í sinni framsöguræðu hér í dag.

Virðulegi forseti. Ég vil nú endurtaka þá ósk mína að þessari umræðu verði verði frestað þar til tími hefur gefist til að menn beri saman bækur sínar og þar til efh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að leggjast gegn því að *málið* verði *afgreitt*, t.d. strax eftir helgina, get alveg stutt að það verði gert. Ég vil hins vegar bera fram þá ósk að umræðunni verði ekki lokið fyrr en efh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs og við höfum haft tækifæri til þess að bera aðeins saman bækur okkar. Ég vænti þess að orðið verði við þeirri ósk samkvæmt venju. Ef hins vegar forsetadæmið ætlar ekki að gera það, sem ég sé enga ástæðu til þess að ætla, þá vil ég til vara fara fram á það að atkvæða-

greiðslan um þetta mál fari ekki fram fyrr en efh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að ræða það við stjórn Framkvæmdasjóðs og við höfum haft tækifæri til þess að ræða um nokkra þætti þessa máls utan þingsalarins. Ég vil sem sagt fara fram á að atkvæðagreiðslan um málið fari ekki fram fyrr en tækifæri hefur gefist til þess að skoða þessa þætti sem ég hef hér nefnt. Ég vona að menn verði við þeirri ósk í samræmi við þær venjur sem hér hafa skapast.

Ég ítreka það sem ég hef sagt hér nokkrum sinnum, ef það mætti verða til þess að róa hæstv. forsrh., að ég er reiðubúinn til að beita mér fyrir því að frv. verði endanlega afgreitt áður en þingið gerir hlé á störfum sínum í þessum mánuði.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel fráleitt að ætla að efh.- og viðskn. hafi viljað meina mönnum að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs. Ég skil ekki út á hvað sú tregða mundi hafa gengið, ég trúi því tæpast. Ég sé ekkert á móti því að umræðunni sé lokið og atkvæðagreiðslu frestað og menn kanni þá þætti ef á því liggur af einhverjum ástæðum.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um Kjartan Gunnarsson og Friðrik Sophusson, að þeir væru fulltrúar hinna gömlu flokkspólitísku sjónarmiða vil ég bara óska eftir því að þingmaðurinn svari því fyrir hvaða sjónarmið Lúðvík Jósepsson er fulltrúi í bankaráðinu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er engin launung á því að Lúðvík Jósepsson er kjörinn fulltrúi Alþb. í bankaráði Landsbankans. Það hefur aldrei verið neitt feimnismál fyrir okkur og við höfum ekki talið það óeðlilegt enda höfum við ekki verið að lýsa yfir sams konar viðhorfum og hæstv. forsrh. hefur verið að hampa hér í sumar, haust og vetur. Hins vegar vek ég athygli á því að seta Lúðvíks Jósepssonar í bankaráði Landsbankans, ef ég man rétt, hófst ekki fyrr en hann hafði lokið afskiptum sínum af stjórnmálum. Hann hafði þá hætt störfum á Alþingi og dregið sig í hlé frá öllum opinberum afskiptum af stjórnmálum. Ég held ég fari alveg rétt með að hann hafi ekki tekið sæti í bankaráði Landsbankans fyrr en í þann mund sem hann var að ljúka langri og farsælli setu sinni á Alþingi.

Kjartan Gunnarsson er hins vegar einn af nánustu trúnaðarmönnum núv. hæstv. forsrh. í Sjálfstfl., maður í blóma lífsins og á eftir langan feril á vettvangi stjórnmálanna ef að líkum lætur. Það er því nokkur munur á þessum tveimur ákvörðunum ef á þetta eitt er litið.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki skilið það svo að óeðlilegt sé að kjósa menn í blóma lífsins í bankaráð Landsbankans, að þangað verði menn að fara aðeins þegar þeir hafa lokið almennum störfum í þjóðlífinu. Ég veit ekki með hvaða hætti þingmaðurinn lítur á bankaráð Landsbankans, hvort það sé eitthvert afmarkað elliheimili. Nú er ég ekki að tala til Lúðvíks Jósepssonar því það litla sem ég þekki til hans starfa í bankaráði Landsbankans, þá hafa þau verið mjög farsæl.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forsrh. hefur misskilið mín orð. Ég sagði ekki að það mætti ekki kjósa menn í blóma lífsins í bankaráð Landsbankans. Ég tel t.d. að núv. hv. þm. Steingrímur Hermannsson sé í blóma lífsins. Það sem ég var hins vegar að vekja athygli á er að hæstv. forsrh. hefur í sumar og haust þóst vera talsmaður nýrra viðhorfa í samskiptum stjórnvalda og stjórnmálaflokka við sjóði, stofnanir, banka og fjármálakerfi. Ég lýsti þeirri skoðun minni að ég bjóst þess vegna við því að þessi nýju viðhorf kæmu e.t.v. fram þegar Sjálfstfl. veldi nýjan mann í bankaráð Landsbankans. Hann yrði valinn úr hópi þeirra manna sem fyrst og fremst hafa kunnáttu á sviði þessara mála án þess að vera tengdir inn í daglega pólitíska baráttu. Nei, það var ekki.

Sjálfstfl. valdi þann mann sem er í beinum tengslum við daglega, pólitíska baráttu Sjálfstfl. og flokkslegan rekstur hans, yfirmaðurinn á flokkskontórnum. Það er sá maður í flokkskerfi Sjálfstfl. sem ásamt formanninum ber daglega mesta ábyrgð og skyldur gagnvart rekstri flokksins. Það var því ekki bara verið að velja einhvern forustumann á sviði stjórnmála. Verið var að velja þann mann sem næst hæstv. forsrh. stendur í að reka Sjálfstfl. frá degi til dags.

Þegar hæstv. forsrh. vildi gera það að hliðstæðu við valið á Lúðvík Jósepssyni í bankaráð Landsbankans vakti ég athygli á því að Lúðvík Jósepsson tók sæti í bankaráðinu um þær mundir sem hann hætti opinberum afskiptum af stjórnmálum. En sá sem Sjálfstfl. valdi í bankaráðið hefur það sem daglegt verkefni að annast hina pólitísku baráttu Sjálfstfl.

Forseti (Björn Bjarnason):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er þessari umræðu lokið. Forseti mun taka tillit til þeirra óska sem fram komu í ræðu hv. 8. þm. Reykn. varðandi atkvæðagreiðslu um þetta mál. Það er náttúrlega undir efh.- og viðskn. þingsins komið hvað hún gerir og forseti getur ekki gefið fyrirmæli um það. En forseti væntir þess að hv. þm. muni láta sín sjónarmið þar í ljós við sína fulltrúa í þeirri nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 381, brtt. 387.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hef allnokkrum sinnum í umræðum um þetta mál svo og í þingskapaumræðum og að ég hygg af ýmsu öðru tilefni tekið fram að þau lög, sem hér eru til umfjöllunar, verði tekin til endurskoðunar fyrir lok þessa árs ásamt gildandi lögum um fiskveiðistjórnun á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða sem sam-

þykkt var með lagasetningunni á sínum tíma. Þar var kveðið á um samráð við hagsmunasamtök og sjávarútvegsnefndir Alþingis. Í samræmi við þetta hef ég flutt brtt. vegna þess að fyrir mistök eða misskilning við brtt., sem þegar hafa verið samþykktar við 2. umr. og fluttar voru af hv. sjútvn., féll þetta ákvæði til bráðabirgða niður. En til þess að ítreka fyrri yfirlýsingar í þessu efni þykir rétt að ákvæðið til bráðabirgða haldist enda hefur af hálfu ráðuneytisins aldrei staðið annað til en að sú endurskoðun fari fram í samhengi við heildarendurskoðun fiskveiðistefnunnar og að höfðu samráði við þá aðila sem þar er kveðið á um.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Um þetta frv., sem hér er til umfjöllunar, hefur farið fram allítarleg umræða og má kannski segja að ekki sé miklu við hana að bæta. Við í stjórnarandstöðunni höfum haldið því fram að hér væri um grundvallarendurskoðun á þessum lögum að ræða, lögum sem voru sett vorið 1990. Í þeim lögum er kveðið á um að endurskoðun þeirra skuli fara fram fyrir árslok 1992. Andi þeirrar umræðu var að mikilvægt væri að taka fiskveiðistefnuna enn á ný til endurskoðunar og líta á það hvernig tækist til eftir svo mikilvæga breytingu á löggjöf sem þá fór fram.

Ég vil ekki halda því fram að þeir sem að því máli stóðu hafi reiknað með því að sú löggjöf stæði algjörlega óbreytt þar til í árslok 1992. Ég leyfi mér þó að fullyrða að það hafi verið hugsun manna að hún fengi að standa að meginhluta til óbreytt þar til sú endurskoðun hefði farið fram í samræmi við vilja laganna um stjórn fiskveiða og Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Enginn efast um það að viðkomandi ríkisstjórn á hverjum tíma og alþingismenn hafa ávallt sinn rétt til þess að flytja ný frv. og breytingar á gildandi löggjöf. En það er hins vegar mikilvægt að virða þann vilja sem að baki löggjafarinnar býr, sérstaklega þegar um er að ræða mál sem mikilvægt er að ná sem bestri samstöðu um og mál sem eru umdeild í samfélaginu og varðar miklu að ná sem bestum friði um.

Hæstv. sjútvrh. hefur haldið því fram — og ég ætla ekki að efast á nokkurn hátt um hans orð — að áætlað sé að fram fari endurskoðun á þeim lögum sem nú stendur til að setja hér á Alþingi, miðað við þetta frv., að fram fari frekari endurskoðun á þeim síðar á þessu ári í samræmi við gildandi lög. Hann hefur nú flutt brtt. til að leggja áherslu á þann vilja sinn og lagt á það áherslu að fyrri ákvæði laga standi áfram. Það er mikilvægt að þetta lagaákvæði standi áfram því ef það hefði fallið brott hefði verið augljóst að hér mætti líta svo á að um endurskoðun væri að ræða í samræmi við vilja laganna, sem ég hef áður nefnt, frá því í maí 1990.

Ég gef hins vegar afar lítið fyrir það að halda þessu ákvæði inni því ég tel að með þessum breytingum hafi verið gerðar svo miklar efnislegar breytingar á lögunum að mjög ólíklegt sé að þeim verði breytt aftur í þeirri endurskoðun sem sjútvrh. nú boðar. Mér þykir miklu líklegra að sú endurskoðun verði með þeim hætti að ekki þyki ástæða til neinna breytinga af hálfu núv. ríkisstjórnar og meiri hluta þeim sem stendur að baki hennar. Þar af leiðandi muni sú endurskoðun, sem nú hefur farið fram, vera sú sem standa mun. Því er ég þeirrar skoðunar að andi þessa ákvæðis hafi ekki verið virtur og við töldum nauðsynlegt að taka það til umfjöllunar í sjútvn. hvert væri gildi ákvæðis sem þessa. Með því vorum við ekki að halda því fram að hæstv. sjútvrh. hefði brotið lög þessa lands eins og einhver hefur orðað það. En við teljum mikilvægt að um það sé fjallað á hvern hátt eigi að túlka ákvæði eins og það sem stendur í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem kveður á um endurskoðun að höfðu samráði við hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins.

Það er mjög merkilegt, hæstv. forseti, að upplifa það að sjútvn. þingsins skuli leggja alla áherslu á að koma ákvæðum sem þessum inn og telja nokkra tryggingu í því, þá tryggingu að ekki verði farið í meiri háttar endurskoðun án þess að um það sé ítarlega rætt áður. En upplifa það svo síðar að lítið sé lagt upp úr ákvæðum sem þessum. Þetta er í sjálfu sér ekkert einsdæmi. Það hefur oft komið fyrir áður að þingnefndir hafa viljað setja inn ákvæði sem þessi. Ég skal játa að ég hef ekki alltaf verið hrifinn af þeim og hef í sjálfu sér ekki lagt á það áherslu að slík ákvæði væru í löggjöf, það hafa aðrir gert. Ég tel hins vegar nauðsynlegt, fyrst að slík ákvæði eru sett, að virða vilja þeirra.

Nú hefur hæstv. sjútvrh. sagt það réttilega að breyting hafi orðið á þessari löggjöf á sl. ári og um það hafi ekki verið haft formlegt samráð við aðila. Alltaf má um það deila hvað er formlegt samráð og hvað er óformlegt en ég vil þó leyfa mér að fullyrða að um það hafi verið haft fyllsta samráð við hagsmunaaðila með mörgum fundum, enda lögðu þeir allir á það áherslu að gripið yrði til þess ráðs að fresta gildistöku laganna vegna þess óvenjulega ástands sem kom upp í sambandi við loðnuveiðarnar. Mikil andstaða var gegn því að skerða aflaheimildir annarra skipa og var því gripið til þess ráðs að gera það með þeim hætti sem gert var og naut stuðnings í öllum flokkum á Alþingi. Ágreiningur var um það mál í fyrrv. ríkisstjórn þannig að málið var ekki flutt fram á ábyrgð ríkisstjórnarinnar heldur þáv. sjútvrh. Jafnframt voru haldnir fundir með sjávarútvegsnefndum um þann vanda sem var kominn upp í sambandi við loðnuveiðarnar. Þar var ekki um efnislega breytingu á löggjöfinni að ræða heldur frestun á gildistöku hennar.

Hæstv. sjútvrh. leggur það jafnframt til nú að þeim möguleika verði haldið opnum að bæta loðnuskipunum upp þann missi sem þau hafa orðið fyrir með því að úthluta þeim aflaheimildum Hagræðingarsjóðs. Sem betur fer lítur heldur betur út með loðnuveiðar á komandi ári, kannski ekki síst varðandi næstu vertíð ef marka má þær rannsóknir sem hafa farið fram. Vonandi verður það til þess að ekki þurfi að ganga á aflaheimildir annarra skipa. Hins vegar er eðlilegt þegar slíkur aflasamdráttur verður, eins og við stöndum nú frammi fyrir, að menn leiti allra leiða til þess að komast hjá skerðingu. Sá mikli aflasamdráttur sem við horfum nú fram á hefði vissulega átt að geta leitt til þess að enn frekari frestun yrði á gildistöku laganna

um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, þ.e. að talið væri að ekki væru efni til þess að ganga til þeirrar innheimtu sem þar var gert ráð fyrir vegna hins óvenjulega ástands. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki valið þann kost heldur þann að breyta lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins með þeim hætti að nú verða tekjur hans teknar til opinberra nota og nýttar til að greiða kostnað Hafrannsóknastofnunar.

Það er í fyrsta skipti í sögunni sem Hafrannsóknastofnun er beinlínis fjármögnuð með framlögum frá atvinnulífinu. Þarna eru gerðar mun meiri kröfur til sjávarútvegsins en annarra atvinnuvega og nánast verið að innleiða það að sjávarútvegurinn skuli greiða allan kostnað sem með einhverju móti má rekja til hans, jafnvel þótt það sé augljóst að rannsóknir á hafinu varða alla landsmenn og þjóðina í heild með sama hætti og margvíslegar rannsóknir á landi. Rannsóknir á hafinu og í hafinu eru ekki einkamál þeirra sem þennan atvinnuveg stunda heldur eru þær sameiginlegt mál þjóðarinnar og eðlilegt að þær rannsóknir séu fjármagnaðar með sambærilegum hætti og aðrar rannsóknir. Það hefur að vísu verið mikið baráttumál Alþfl. að atvinnuvegirnir borguðu alla slíka hluti og má segja að þeir hafi nú komið því að hluta til fram þótt ekki hafi þeim tekist enn sem komið er að láta landbúnaðinn borga fyrir allar sínar rannsóknir. Enda má kannski segja að fyrir lítið verði að borga ef sá samdráttur verður í landbúnaði sem líklegur er ef hið fræga GATT-samkomulag næst, sem Alþfl. leggur líka mikið upp úr að verði að veruleika og vill hafa þar sem minnsta fyrirvara. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort þingflokksformaður Alþfl. hefur rétt fyrir sér í þeim efnum en ég vænti þess að þingkonur Kvennalistans muni koma hér upp á eftir og skýra stefnu sína. Þannig er með þingflokksformann Alþfl. að hann hefur gerst sérfræðingur í stefnum annarra flokka, ekki nóg með að hann telji sig vita allt um stefnu þeirra flokka sem hann hefur verið í heldur gerist hann mjög fróður um stefnu annarra flokka. En ég vil upplýsa hv. þm. um að ég tel hann ekki vera mjög vel að sér um stefnu Framsfl.

Hvað um það, hér er verið að gera — sem er auðvitað aðalatriði málsins — efnislegar breytingar á fiskveiðistefnunni og lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þær efnislegu breytingar eru fyrst og fremst eftirfarandi: Í fyrsta lagi er fallið frá því að til sé úreldingarsjóður sem sé beitt með sameiginlegum hætti. Það er ekki lengur hugmyndin að til sé úreldingarsjóður sem eignast aflaheimildir vegna þess að skipum sé fargað, úreldingarsjóður sem beinlínis getur keypt upp fiskiskip og eyðilagt þau án þess að þær aflaheimildir gangi áfram til einstakra aðila. Þetta sjónarmið var mjög ríkt hjá ákveðnum aðilum sem þetta mál varðar. Sérstaklega var lögð á þetta áhersla af hálfu sjómannastéttarinnar og má þar einkum nefna Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lagði á það áherslu að ekki væri um það að ræða að framsal væri leyft á milli fiskiskipa. Jafnan hefur kveðið við þann tón að hér væri um brask að ræða og óeðlilegar millifærslur. Þarna væru útgerðarkóngarnir að selja aflaheimildir til annarra aðila og hagnast á þeim með óeðlilegum hætti. Og ég er ekki frá því að þessa sjónarmiðs hafi jafnframt gætt hjá þingflokksformanni Alþfl. Það er eins og mig minni að hann hafi gert þetta að umræðuefni einhvern tíma við útvarpsumræður. Með því að leggja þetta hlutverk Hagræðingarsjóðs niður er ekki lengur um það að ræða að til sé heildarsjóður sem getur keypt fiskiskip upp og komið í veg fyrir það að heimildir gangi á milli aðila. Nú er sjóðnum fyrst og fremst ætlað að hjálpa til við að einstakir útgerðaraðilar leggi af skip og millifæri aflaheimildir frá einu skipi til annars.

Ég tel afar mikilvægt að hægt sé að sameina aflaheimildir og tel sjálfsagt að greiða fyrir því með öllum hætti. Ég skal ekki neita því að mér hefur oft fundist að þeir aðilar sem gagnrýna það hafi gert allt of mikið úr því máli, þar með talin sjómannasamtökin. Hins vegar þótti rétt að hafa slíka leið til að koma til móts við þessi sjónarmið en með þeim breytingum sem hér eru lagðar til verður þetta hlutverk sjóðsins aflagt.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir því að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins gæti komið til aðstoðar þegar óvenjulegt ástand kæmi upp í einstökum byggðarlögum, þaðan væru t.d. seld skip svo að mikil hætta yrði á atvinnuleysi og að fólk færi til annarra byggðarlaga vegna þessa ástands. Þetta sjónarmið var afar ríkt í umræðunni, sérstaklega þegar lögin voru sett um áramótin 1987/1988, ef ég man rétt, í ársbyrjun 1988. Margir þingmenn voru mjög uppteknir af því hvað þá gæti gerst. Það gekk svo langt að hér var flutt brtt. sem hefði opnað heimild til sjútvrh. til að bregðast við í slíkum tilvikum með því einfaldlega að heimila fjölgun í flotanum. Það var á engan hátt ásættanlegt enda hefði það unnið á móti þeim markmiðum sem menn hafa sett sér, að ná sem mestri hagræðingu í þessari mikilvægu atvinnugrein. Þessi brtt. var felld í neðri deild með 21 atkvæði gegn 21, en með því hafði komið fram mikill vilji á Alþingi til þess að taka tillit til aðstæðna sem þessara. Sá hv. þm., sem einkum talaði fyrir málinu, var hv. 1. þm. Matthías Bjarnason, fyrrv. sjútvrh. Ég var honum ekki sammála en viðurkenndi að nauðsynlegt væri að finna leið til að koma til móts við þessi sjónarmið.

Í þriðja lagi gerir þetta frv. ráð fyrir því að í stað þess að tekjur þær sem koma inn í Hagræðingarsjóðinn renni til úreldingar fiskiskipa, sem síðan gagnist flotanum í heild, eigi tekjurnar að renna til hafrannsókna. Á þessu er mikill grundvallarmunur. Annars vegar er um það að ræða að nota sameiginlegt aflafé sjávarútvegsins til hagræðingar sem allir eru sammála um, þ.e. fækka fiskiskipum, en hins vegar er um það að ræða að taka viðkomandi fjármagn til að standa á móti opinberum útgjöldum.

Hæstv. sjútvrh. hefur gert nokkuð mikið úr því að hér sé ekki um nýjar álögur að ræða. Hér sé eingöngu verið að ráðstafa álögum sem áður voru ákveðnar í tíð fyrri ríkisstjórnar með öðrum hætti, og þar af leiðandi sé ekki um að ræða neinar nýjar álögur á sjávarútvegsinn. Ég er ekki sammála þessari fullyrðingu hæstv. ráð-

herra. Í fyrsta lagi vil ég benda á að samkvæmt lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins fær hann eingöngu þær aflaheimildir sem koma til vegna skerðingar á aflaheimildum vegna útflutnings á ferskum fiski, þó aldrei meira en 12.000 tonn. Sem betur fer hefur útflutningur dregist saman, m.a. vegna þessara skerðingarákvæða, og hefur sú þróun verið í rétta átt. Það hlýtur að vera kappsmál okkar að vinna innan lands sem mest af þeim fiski sem á land kemur.

Það var alveg ljóst að þegar lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins voru sett á sínum tíma þá var með þessu tekin nokkur áhætta, sú áhætta að tekjur sjóðsins mundu minnka og þar af leiðandi væri ekki jafnmikið fjármagn til að nota í sambandi við úreldingu fiskipa og ekki jafnmiklar aflaheimildir til að hjálpa til ef upp kæmu sérstök vandamál í byggðarlögum.

Ég get því miður ekki fullyrt um það hvað aflaheimildir vegna skerðingar vegna útflutnings verða miklar á þessu fiskveiðiári. Ég hef ekki fullnægjandi tölur um það. En ég held að alveg ljóst sé að þær verða allmiklu minni en 12.000 tonn og er mér nær að halda að þær gætu lækkað um ⅓ án þess að ég vilji fara með fullyrðingar þar um. Það er þá a.m.k. alveg ljóst að munurinn á 12.000 tonnum og skerðingar vegna útflutnings á ferskum fiski hefði ekki komið til innheimtu samkvæmt gildandi lögum en mun koma til innheimtu samkvæmt þessu frv. Ég held að enginn vafi sé á því að þar er um nýjar álögur að ræða.

Að hinu leytinu stendur eftir að það sem á milli ber mun annars vegar hafa farið til úreldingar fiskiskipa til að mæta því sérstaka hagræðingarmáli sem sjávarútvegurinn vill vinna að og að peningarnir séu teknir til opinberra útgjalda.

Nú hefur þetta verkefni, að fækka fiskiskipum, ekki horfið á braut. Það er alveg jafnbrýnt og það hefur verið þó að nokkur árangur hafi þar orðið og það stefni í rétta átt. Ekki síst er ánægjulegt að ekki er mikill áhugi fyrir kaupum á nýjum skipum þó að það sé vissulega slæmt að nokkrir aðilar virðast sjá sér hag í því að kaupa mjög dýr fiskiskip og ráðast í samninga um byggingu þeirra. Þegar búið verður að samþykkja þessar breytingar, sem ég geri ráð fyrir að gangi hér fram, mun þetta fé ekki vera fyrir hendi til að sinna þessu verkefni. Vissulega er rétt að hér er gert ráð fyrir hækkun á framlagi, sem ég get vel stutt og hef lýst því yfir. En að því mun koma að sjóðurinn verði tómur eins og annað sem tekið er af. Þá mun ekki lengur vera hægt að sinna verkefninu. Þar af leiðandi mun sjávarútvegurinn ekki hafa sömu möguleika til hagræðingar og hann hafði og því alveg ljóst að hér er verið að fórna því að ná fram meiri hagkvæmni í sjávarútveginum á altari ríkishallans. Þá hljóta menn að standa frammi fyrir því hvort er mikilvægara fyrir þjóðfélagsheildina, íslenskan þjóðarbúskap, að ná fram meiri hagkvæmni í sjávarútveginum eða lækka ríkissjóðshallann um 500 millj. til viðbótar. Hvort tveggja er mikilvægt en ég er ekki í nokkrum vafa um að aukin hagkvæmni í sjávarútveginum skiptir þar miklu meira máli. Og efnahagslega er það beinlínis óskynsamlegt að fara út í þessa aðgerð. Hún lýsir í reynd skammsýni Alþfl. í þessu máli, hann er ekki tilbúinn til þess að setja hærra þjóðhagsleg markmið og aukna hagræðingu og hagnað í sjávarútveginum, fram yfir þá sérstöku ósk, margendurtekna, að það verði að ná einhverjum peningum af þessari atvinnugrein. Það er þeirra helsta stefnuatriði og ég skildi það í reynd svo að það væri ein mikilvægasta ástæðan fyrir því að þeir fóru í þá ríkisstjórn sem nú starfar. Þeir töldu ekki miklar líkur til að ná fram frekari breytingum í samstarfi við aðra flokka og þeir vildu mikið á sig leggja til að ná þessu atriði fram.

Þetta lýsir ótrúlegri skammsýni, sérstaklega á þeim tímum þegar illa gengur í atvinnuveginum og við þurfum að sætta okkur við verulegan samdrátt og tekjurýrnun sem bitnar á þjóðfélaginu öllu. Þá er ekkert mikilvægara en að blása lífi í undirstöðuatvinnuvegina þannig að þeir geti skilað þjóðarbúinu meiri tekjum. Og þær auknu tekjur munu verða til þess að bæta stöðu ríkissjóðs því að ekkert er jafnmikilvægt fyrir ríkissjóð og hagsæld atvinnuveganna sem kemur jafnframt fram í hagsæld fólksins. Þessu atriði er nú fórnað og ákveðið að leggja þessar álögur á sjávarútveginn og það er alveg sama hvað hæstv. sjútvrh. endurtekur þetta oft, það fær ekki staðist. Það væri miklu nær fyrir hann að viðurkenna einfaldlega, sem hann veit að er satt, að hér er um samningsatriði að ræða milli núv. stjórnarflokka þar sem sjónarmið Alþfl. hafa orðið ofan á.

Ég geri mér ósköp vel ljóst að auðvitað verður Alþfl. að ná einhverju fram í þessu stjórnarsamstarfi og það er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir Alþfl. að ná því fram sem þeir leggja hvað mesta áherslu á. Þetta er eitt af því sem þeir telja mikilvægast og ætla ekkert að láta staðar numið enda hefur formaður Alþfl. lýst því yfir opinberlega að með þessari breytingu sé stigið fyrsta skrefið til að koma á nýju veiðileyfakerfi. Þannig er alveg ljóst hvað þarna býr að baki af þeirra hálfu. Þótt Sjálfstfl. hafi látið undan í þessum efnum er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að ekki verði lengra gengið. En fyrir því er lítil trygging og því hefði það verið eðlilegt sjónarmið af hálfu Sjálfstfl. að neita endurskoðun á þessari löggjöf fyrr en á árinu 1992 í samræmi við fyrri vilja Alþingis og þar af leiðandi var það mjög einfalt mál fyrir Sjálfstfl. að verja þessi ákvæði þar til þar að kom.

Hins vegar hefði ég skilið það mjög vel, af því að Sjálfstfl. lagðist gegn þessari löggjöf, að hæstv. sjútvrh. hefði lagt fram frv. þar sem gildistöku þessara laga væri frestað lengur og frestað þar til endurskoðun hefði átt er stað. Það hefði verið eðlilegt framhald af andstöðu Sjálfstfl. í þessu máli á sínum tíma. En eins og hv. þm. muna þá varð um þetta mál mikil umræða í báðum deildum þingsins og Sjálfstfl. lagðist eindregið gegn þessu máli og gekk reyndar svo langt að hann lagðist líka gegn lögunum um stjórn fiskveiða vegna andstöðu í þessu máli. Og ætti þá öllum að vera ljóst hversu ríkt tengingin á milli þessara tveggja laga var af hálfu Sjálfstfl. á þeim tíma.

Virðulegur forseti. Ég hef komið mínum sjónar-

miðum hér á framfæri í þessu mikilvæga máli. Ég harma að þetta mál skyldi ekki vera dregið til baka og ég harma að meiri hluti Alþingis virðist ekki leggja mikið upp úr því að eiga bærilegt samstarf við minni hluta Alþingis um endurskoðun stefnunnar að því er varðar fiskveiðistjórnunina heldur fela sérstakri nefnd sem eingöngu er skipuð stjórnarsinnum að endurskoða málið. Það er í sjálfu sér í samræmi við annað því að í hverju máli skal eingöngu koma að fulltrúum meiri hlutans og ætla ég ekki að rifja alla þá sögu upp en það er vinnulag hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar að hafa sem minnst samráð, ekki aðeins við minni hluta Alþingis heldur einnig við hina ýmsu hagsmunaaðila í samfélaginu. Sönnun þess hefur komið glögglega fram í öllum þeim samtölum sem við höfum átt í efh.- og viðskn. og í sjútvn. við hina ýmsu hagsmunaaðila í landinu.

Það má vel vera að þetta verði þolað til skemmri tíma litið. En það mun hafa slæm áhrif á framtíðina og slæm áhrif á samskipti stjórnvalda og hinna ýmsu hagsmunasamtaka í landinu. Þetta mun síðar koma í ljós og ég held að það muni ekki síst koma í ljós í þessu máli sem verður að ráðast í endurskoðun á og sú breyting, sem hér hefur verið gerð, mun spilla mjög fyrir því starfi. Ég held að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis muni þá komast að raun um að það hafi ekki verið 500 millj. kr. virði að leggja þessa breytingu til fyrir ríkissjóð og ég held að þeir muni líka komast að raun um að þegar fram líða stundir mun þessi breyting verða til að tefja fyrir hagræðingaraðgerðum í sjávarútveginum og í reynd draga úr þjóðarframleiðslunni og verðmætasköpun í samfélaginu.

Það virðist koma meiri hluta Alþingis á óvart að við í stjórnarandstöðunni skulum leggjast hart gegn slíkum áformum og halda uppi andófi. Það ætti ekki að koma neinum á óvart. Því var lýst yfir strax í upphafi og við höfum ekki síður styrkst í þeirri afstöðu eftir umfjöllun málsins. Við óskuðum eftir því að nokkur athugun færi fram á ákv. til brb. og þýðingu þess og vildum að leitað yrði til Lagastofnunar Háskólans í því sambandi. Ég er ekki að segja að Lagastofnun Háskólans sé eini aðilinn sem hefði getað kannað það mál en Lagastofnun Háskólans var fengin til þess á síðasta ári til að kanna hvort starfsemi sjútvrn. væri almennt lögleg og hún beðin um að fella úrskurð um hvort allt sem þar færi fram innan dyra væri ekki almennt ólöglegt. Það var í nokkuð ráðist með slíkum málatilbúnaði á Alþingi og býst ég við því að margir núv. ráðherrar væru ekkert sérstaklega ánægðir með það ef fara ætti út í almennar athuganir á hverju einasta ráðuneyti í landinu hvort það sem þar fer fram væri löglegt. Nú, þetta var samt gert þrátt fyrir mótmæli þáv. sjútvrh. og menn létu sig hafa það að ganga yfir hann í þeim efnum, enda tillagan flutt m.a. af fulltrúum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, og athugunin fór fram. Hún var af hinu góða vegna þess að í ljós kom að þrátt fyrir efasemdir Alþingis reyndist starfsemi ráðuneytisins vera lögleg. Ég held að það hafi verið afar mikilvægt að þar væri enginn vafi á og þess vegna hafi þessi vinna Lagastofnunar Háskólans verið af hinu góða.

Nú veit ég að hv. þm. vita hvað hér var sérstaklega átt við, en þar var vissulega um viðkvæmt mál að ræða sem þarfnast úrbóta, enda hefur núv. hæstv. sjútvrh. lýst því yfir að hann telji að þar eigi að gera breytingar á til að koma á meiri réttarvissu og allt er það af hinu góða. Það er mikilvægt að réttur hins almenna borgara sé sem mestur og framkvæmd laga taki mið af því. Hitt er svo annað mál að það kostar líka mikla fjármuni að gera breytingar og setja upp fleiri stofnanir og það ber jafnframt að hafa það í huga að ekki sé gengið of langt í þeim efnum. Því töldum við eðlilegt að einhver tími væri tekinn í að skoða þetta mál. Það er alveg rétt, eins og kom fram í störfum nefndarinnar, að það hefði getað tekið tvær til þrjár vikur og þar af leiðandi hefði orðið nokkur frestur á afgreiðslu þessa máls en ég er alveg viss um að sá frestur hefði verið af hinu góða því að í nánast öllum þeim málum sem hér hafa verið til umfjöllunar hefur komið í ljós að í þeim hafa verið margvíslegar villur og hlutir sem ekki fá staðist þannig að öll eiga þessi mál það sammerkt að þau batna eftir því sem þau bíða lengur. Og trúlega má segja um þau öll að þau hefðu orðið hvað best ef þau hefðu fengið að bíða vorsins og vorkomunnar og við hefðum getað lokið störfum hér á Alþingi án þess að þau væru afgreidd. Ég held að það sé eins með þetta mál að það hefði batnað mikið næstu þrjár vikurnar. Og ég held að það hefði kannski getað orðið til þess að það hefði fengið að bíða vorkomunnar. Þessi tími hefði orðið til þess að bæði hv. þingflokksformaður Alþfl. og ýmsir fleiri hv. þm. stjórnarliðsins hefðu í reynd áttað sig á því hvað hér er um mikilvægt mál að ræða. Þeir hefðu t.d. áttað sig á því að þær brtt. sem þeir hafa fengið fram skipta afar litlu máli og eru ekkert annað en tilraun til að plástra yfir ákveðin sár og leggja vopn í hendur þingmanna Alþfl. sem héldu því fram fyrir kosningar að þessi löggjöf væri afar slæm og hún væri m.a. að leggja ýmsar byggðir landsins í eyði. Nú á að halda því fram að það sem kom fram í brtt. muni laga allt saman. En ég fullvissa hv. alþýðuflokksmenn um að þeir eigi eftir að verða fyrir miklum vonbrigðum í því efni. Og ég held að ástæðan sé einfaldlega sú að þeir hafa ekki sett sig inn í þessi mál.

Það hefur gengið svo mikið á að koma fram stefnunni um skattlagningu sjávarútvegsins og auðlindaskatt eða hvað svo sem menn vilja kalla það, og ég ætla ekki að fara frekar út í þær skilgreiningar, að það hefur ekki verið litið til annarra átta. Meira að segja hæstv. heilbr.- og trmrh., sem var mikill andstæðingur þessa máls, lofaði því vestur á fjörðum ásamt þáv. hv. þm. Karvel Pálmasyni, þm. Alþfl., að styðja aldrei ríkisstjórn sem styddi kvótakerfið. Og það er alveg ljóst að þessi hæstv. ráðherra studdi aldrei frumvörp um þetta efni og var alltaf með tilburði til að brjótast undan stuðningi slíkra mála hér á Alþingi og gerði það og hélt um það langar ræður. Nú situr hæstv. ráðherra í núv. ríkisstjórn þannig að ekki er nóg með að hann hafi lofað því að styðja aldrei ríkisstjórn sem byggir á kvótakerfinu nú situr hann í ríkisstjórn sem byggir á kvótakerfinu. Og af hverju gerir hann það? Hann ger-

ir það einfaldlega vegna þess að nú trúir hann því að núv. ríkisstjórn muni takast að leggja skatt á sjávarútveginn. Hann hefur talið sjálfum sér trú um að þar með hafi hann komið stefnunni í framkvæmd og það muni sérstakalega bæta fyrir vestfirskum byggðum. Ég er helst á því að vonbrigði hæstv. heilbr.- og trmrh. verði jafnvel meiri í því máli en í öllum heilbrigðismálunum um þessar mundir þegar hann kemst að því að sérstök skattlagning á sjávarútveginn mun ekki styrkja vestfirskar byggðir heldur verða til að draga úr þrótti þeirra og ætti öllum að vera ljóst að þær þurfa ekki á því að halda um þessar mundir heldur einmitt öfugt.

En ég sé það í blöðunum að hæstv. heilbr.- og trmrh. er á leiðinni vestur til að skýra þetta út fyrir kjósendum sínum, kjósendum Alþfl. (**ÖS:** Það er allt annað sem hann ætlar að skýra út.) Ja, hann hlýtur að geta útskýrt þetta í leiðinni og hefur með sér formann Alþfl. sem hefur lýst því yfir í Alþýðublaðinu að þetta sé fyrsta skrefið í hinu nýja veiðileyfakerfi sem væntanlega á að styrkja vestfirskar byggðir. Ég á von á því að þeir muni lenda í nokkrum vandræðum á fundinum á Flateyri að útskýra þetta fyrir kjósendum Alþfl. þar um slóðir. En einhvern veginn verður hæstv. heilbrrh. að útskýra þetta fyrir kjósendum, nema hann styðjist við þá ræðu sem hann flutti hér eitt sinn á Alþingi og er mér minnisstæð þegar hann hóf upp raust sína utan dagskrár og talaði um páv. dómsmrh. Ólaf Jóhannesson sem hann taldi vera hinn versta mann, en innleggið í ræðu hæstv. heilbrrh., páv. þm., var þá: Hefði ég haft meiri tíma þá hefði ég getað athugað þetta betur. Og hefði ég haft meiri tíma þá hefði ég getað skoðað ýmislegt nánar, sem ég er nú hér að segja.

Það reyndist þannig með þá ræðu að jafnvel þótt hæstv. heilbrrh. hefði haft meiri tíma til þess að skoða þau mál sem páv. dómsmrh. var borið á brýn á Alþingi hefði hann komist að því að hann hefði betur aldrei talað á Alþingi. Það má vera að fundaferð hans til Vestfjarða muni leiða það í ljós að hann hafi jafnframt haft á röngu að standa í þessu máli. Hann kemst þá kannski að raun um að það sé bara nokkuð gott mál að sitja í ríkisstjórn sem styðst við kvótakerfið, jafnvel þó að það hafi ekki verið nokkur leið að styðja ríkisstjórn sem byggir á því kerfi.

Vissulega er slæmt að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera hér en af því segi ég þetta að ég hygg að hann hefði átt betra með framsögu á fundinum á Flateyri ef hann hefði komið því til leiðar að þetta frv. hefði aldrei verið flutt. (**Gripið fram í:** Hann hefur örugglega um annað að tala ...) Þess vegna vildi ég hvetja þingflokksformann Alþfl. til að beita sér enn fyrir því að málið verði athugað betur í nefnd þannig að það bíði a.m.k. fram yfir fundinn á Flateyri. Ef Alþfl. kemst að þessum staðreyndum og nýtt ljós rynni upp fyrir þessum mönnum þá býst ég við því að hægt væri að ná samkomulagi við Sjálfstfl. að fresta málinu og fresta þá um leið gildistöku þessara laga. Það væri eðlileg málamiðlun miðað við þá miklu andstöðu sem kom fram hjá Sjálfstfl. á sínum tíma. En að breyta lögunum með þessum hætti er ekki í samræmi við nokkuð sem áður hefur verið sagt í þessu máli. Þetta er allt hinn mesti bastarður og mun spilla fyrir samkomulagi um þetta mikilvæga mál og það er ekki af hinu góða.

Virðulegur forseti. Ég taldi mér skylt að gera nokkra lokatilraun til þess að reyna að fá málinu frestað. Ég geri mér nú ljóst að ekki er mjög líklegt að það verði en þó vildi ég vænta þess að menn gætu a.m.k. hugleitt það fram yfir helgi og ég held að það væri sérstaklega óheppilegt fyrir heilbrrh. ef þetta hefur gengið fram áður en fundurinn á Flateyri er haldinn. Ég held að það mundi styrkja hann og stöðu hans ef þessi verk hefðu ekki verið unnin þegar sá mikilvægi fundur fer fram.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrrv. hæstv. sjútvrh. fyrir umhyggju hans fyrir heilbrigði heilbrrh. Ég sé að þetta undarlega veðurfar sem nú ríkir hér á suðvesturhorninu er hlaupið í hv. 1. þm. Austurl. Hann rennur skeiðið eins og lambhrútur á vori og æskir þess að sumarið væri komið svo við gætum þá saman fengið meiri tíma til þess að kanna þetta mál.

Nú er það eigi að síður svo þótt margt hafi komið gott fram í máli þingmannsins þá ríkti ekki heiðríkja vorsins yfir öllu því sem hann sagði þó vissulega væri bjart yfir sumu. Til að mynda finnst mér örla á misskilningi hjá honum varðandi þær breytingar á Hagræðingarsjóðnum sem fyrirhugað er að gera og varða mátt sjóðsins til þess að úrelda skip. Það er nefnilega ekki svo að með þessu frv., ef að lögum verður, sé verið að svipta sjóðinn möguleikum til þess. Staðreyndin er sú, hv. þm., að í dag hefur sjóðurinn 600 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni. Honum eru jafnframt markaðir tekjustofnar sem munu gera það að verkum að árlega falla til þessa verks 80 millj. kr. Og hvað þýðir það? Það þýðir, hv. þingheimur, að á næstu fimm árum verður kleift að úrelda 20 stór skip miðað við hámark 50 millj. kr. til hvers skips eins og lögin munu segja til um. Það er ekki svo lítið. Þetta vil ég undirstrika og leiðrétta þennan misskilning og vona svo að vornáttúran hlaupi ekki alveg með þennan hv. þm. í gönur.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki mörg dæmi þess að vornáttúran hafi hlaupið með marga í gönur en ég get vel skilið að þingflokksformaður Alþfl. óski ekki neitt sérstaklega eftir vorkomunni um þessar mundir því að ég heyri það að honum líður heldur illa um þessar mundir í þingsölum og er sjálfsagt ekki neitt vor í huga.

Ég vildi aðeins upplýsa hv. þm. um það að hér er ekki um misskilning að ræða. Það sem eftir stendur eru nánast nákvæmlega sömu tekjur og Aldurslagasjóðurinn hafði, þ.e. að ekkert nýtt, engar nýjar ráðstafanir koma fram til úreldingar skipa nema að það verður heimilt að eyða peningunum fyrr. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn lagt mikið upp úr því að fara ekki illa með sjóði. Ég tel það rétt að eyða peningunum fyrr til þess að ná meiri árangri en þessi sjóður mun hafa sáralitlar tekjur í framtíðinni og mun þess vegna gagna lítið

í þessu skyni þegar sjóðurinn hefur verið notaður.

Ef ég man rétt, hv. þm., þá minnir mig að tekjur sjóðsins verði u.þ.b. 80 milljónir á ári. Það er því miður ekki mikið hægt að gera fyrir 80 milljónir á ári þegar um úreldingu fiskiskipaflotans er að ræða. Það eru staðreyndir málsins, hv. þm., og því enginn misskilningur.

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276, 378 og 382.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á síðasta fundi Alþingis þegar þetta frv. var til umræðu kvaddi sér hljóðs hæstv. forsrh. og sá ástæðu til þess að setja sérstaklega ofan í við hæstv. menntmrh. Það gerðist með þeim hætti að hæstv. menntmrh. hafði látið þau boð út ganga að samdrátturinn í skólakerfinu á árinu 1992 yrði framkvæmdur að hálfu leyti í haust og að hálfu leyti eftir áramót. Eins og fram kemur í viðtali við hæstv. menntmrh., sem birt er sem fskj. með nál. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, telur hæstv. menntmrh. að það sé of stór biti að kyngja, eins og hann orðar það sjálfur, að taka allan niðurskurðinn á síðari hluta ársins 1992. Hins vegar sá hæstv. forsrh. ástæðu til þess að mótmæla þessu og sagði að það hefðu engar ákvarðanir verið teknar um það að niðurskurðurinn kæmi til framkvæmda eða næði inn á árið 1993. Með öðrum orðum ítrekar hann að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að allur niðurskurður t.d. í menntamálum og heilbrigðismálum eigi að koma til framkvæmda á árinu 1992.

Þarf það út af fyrir sig ekki að vera frétt miðað við þær forsendur sem lánsfjárlagafrv. byggir á. Hins vegar er það alveg augljóst mál og ég þori að fullyrða að ekki muni takast að ná þessum niðurskurði öllum í menntamálum á árinu 1992 né heldur í heilbrigðismálum. Það liggur reyndar þegar fyrir, hæstv. fjmrh., að stjórnarmeirihlutinn hefur tekið ákvarðanir sem munu draga úr þeim sparnaði sem lánsfjárlagafrv. byggir á. Ég ætla að nefna eitt lítið dæmi en í lánsfjárlagafrv. er gert ráð fyrir því — eins og í fjárlögunum — að sparnaður vegna lækkunar á ellilífeyri verði 260 millj. kr. á þessu ári. Nú liggur þegar fyrir að sá sparnaður næst ekki. Í fyrsta lagi næst hann ekki af tæknilegum ástæðum, þ.e. þeim að ekki er hægt að framkvæma hann fyrr en frá og með 1. mars. Þar með detta út 2/12 eða 1/6 af þeim fyrirhugaða sparnaði sem þarna var um að ræða að því er varðar ellilífeyrinn sérstaklega.

En í öðru lagi er viðbúið að það detti út talsverður hlutur af skerðingunni af pólitískum ástæðum. Ég trúi því ekki að þeir þingmenn Sjálfstfl., sem eru í forustu í sjómannasamtökunum, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, muni styðja þessa skerðingu á ellilífeyri af því að hún bitnar sérstaklega á sjómönnum. En það munu vera um 500 sjómenn sem annaðhvort missa alveg eða að nær öllu leyti ellilífeyrinn samkvæmt þeim ákvæðum sem þarna er um að ræða. Með öðrum orðum þegar þetta er tvennt lagt saman liggur þegar fyrir að ellilífeyrissparnaðurinn mun ekki skila nema kannski helmingnum af þeirri tölu sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert ráð fyrir og þar af leiðandi er lántökutalan í lánsfjárlagafrv. of lág.

Virðulegi forseti, ég held að það sé líka nauðsynlegt í þessu sambandi að átta sig aðeins á því hvað það þýðir að allur niðurskurðurinn í menntamálunum komi fram núna á þessu ári, 1992, Hvað þýðir það? Það þýðir t.d., virðulegi forseti, að leggja niður alla grunnskólakennslu á nokkrum tiltölulega stórum þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið. T.d. að leggja niður alla grunnskólakennslu á þessum stöðum: Akranesi, Bolungarvík, Sauðárkróki, Siglufirði, Húsavík, Eskifirði, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og Grindavík. Þetta jafngildir því. Eða að kennslustundum í íslensku verði fækkað næsta haust um helming ef menn vilja frekar skoða hlutina þannig. Eða t.d. að öll tungumálakennsla í grunnskólum verði felld niður. Það má líka útfæra þetta, virðulegi forseti, með öðrum hætti eftir fræðsluumdæmum þar sem mjög fróðlegir hlutir koma í ljós. Hér er um að ræða samdrátt sem nemur á haustönn um 260 stöðugildum. Ef við tökum Reykjavík sem dæmi, kjördæmi okkar hæstv. fjmrh., þá samsvarar þetta því að leggja niður 72 stöðugildi grunnskólakennara í Reykjavík. Eða, ef menn vilja orða það þannig, samsvarar því að loka Hólabrekkuskóla og Hlíðaskóla, sem ég veit að hæstv. fjmrh. þekkir til í og hóf sín störf sem kennari og unglingafræðari hér fyrr á öldinni. 72 stöðugildi í Reykjavík.

Þarna er auðvitað ekki bara um það að ræða að menn verði að draga saman nýráðningar. Hérna er væntanlega um það að ræða að menn yrðu að segja upp fjölda kennara.

Ef við tökum Reykjaneskjördæmi, kjördæmi hæstv. forseta Alþingis, samsvarar þetta því að það yrðu lagðar niður 58 stöður í kjördæmi forseta Alþingis og hæstv. menntmrh. Og það samsvarar t.d. lokun Lækjarskóla í Hafnarfirði, Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar og Grunnskóla Sandgerðis, svo ég nefni þrjá skóla.

Tökum Vesturland sem dæmi. Þar myndi verða nauðsynlegt að leggja niður 20 stöðugildi kennara og það samsvarar því að loka alveg Grunnskóla Eyrarsveitar, Grundarfirði og Laugaskóla í Dalasýslu, þ.e. að leggja svo að segja niður alla skólastarfsemi í því byggðarlagi.

Og ef við tökum Vestfirði, þar sem eru nær eingöngu litlir skólar, aðeins tveir skólar sem flokkast til miðlungsskóla eða stærri, þá eru þetta 14 stöðugildi á Vestfjörðum sem menn eru að tala um. Ég geri ráð fyrir, eftir minni, að það jafngildi nokkurn veginn því að leggja t.d. niður alla grunnskólastarfsemi í Strandasýslu, í öllum skólunum sem þar eru, sem eru fjórir eða fimm, eða þá, ef við tökum stærri skóla, að leggja alveg niður og loka grunnskólunum á Bíldudal og

Þingeyri. Nú eða Flateyri, ef menn vilja, það eru svipað stórir skólar á Flateyri og Þingeyri, og væri kannski fróðlegt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. að hafa það með í för þegar hann kemur til Flateyrar, að til viðbótar við annað þá eigi samkvæmt þessum tillögum að loka skólanum þar strax í haust.

Ef við tökum Norðurland vestra er um að ræða 16 stöðugildi og það samsvarar t.d. lokun Laugabakkaskóla í Miðfirði og grunnskólans á Hofsósi. Ég veit ekki hvort t.d. hv. þm. Pálmi Jónsson hefur sérstaklega áttað sig á því að þetta samsvarar því að leggja niður tvo skóla í hans kjördæmi þar af einn mjög stóran skóla í Húnaþingi, sem hv. þm. að sögn þykir alveg sérstaklega vænt um.

Ef við tökum Norðurland eystra og athugum hvað þetta þýðir þar þá jafngildir þessi ákvörðun því að leggja niður 32 stöðugildi í Norðurlandskjördæmi eystra. Það samsvarar lokun Oddeyrarskóla á Akureyri og Barnaskóla Húsavíkur líka.

Ef við tökum Austurland sem dæmi í þessu sambandi jafngildir þessi ákvörðun því að leggja niður 19 stöðugildi á Austurlandi, sem samsvarar lokun grunnskólanna á Seyðisfirði og á Stöðvarfirði.

Ef við tökum Suðurland sem dæmi í þessu sambandi þá jafngildir ákvörðunin því að leggja niður 27 stöðugildi, sem samsvarar lokun grunnskólanna á Hellu og í Vík og Flúðaskóla líka.

Svona er þetta. Í raun og veru er þetta þannig að verið er að tala um að leggja niður sem samsvarar skólastarfi í öllum þessum skólum sem ég taldi hér upp. Mér finnst satt að segja, hæstv. forseti, að þegar menn eru að tala um sparnað, hvort sem það er í heilbrigðiskerfinu eða t.d. í skólakerfinu, þá tali menn alltaf um þessa hluti eins og um sé að ræða dauðar, tilfinningalausar stofnanir, steinkassa sem þurfi ekkert að hugsa um og þar fari mest fram óþarfi. Þegar menn tala um sparnað í heilbrigðiskerfinu tala menn gjarnan rétt eins og þarna sé ekki verið að gera neitt gagn og engu máli skipti þó að t.d. sé lokað öldrunarlækningadeild í Hátúni, eða Landakotsspítala.

Staðreyndin er sú, ef við lítum t.d. á niðurskurðinn í heilbrigðiskerfinu, að þegar hefur verið tekin ákvörðun um að leggja Landakotsspítala niður. Vegna þess að sá niðurskurður sem um er að ræða á spítölum samsvarar því að Landakotsspítalinn hefði verið lagður niður. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að þessi niðurskurðaráform munu ekki ná fram að ganga vegna þess að það er ekki hægt. Þótt ekki sé nema vegna þess að þjóðin á eitthvað pínulítið eftir af réttlætiskennd og lætur ekki bjóða sér niðurskurð af þessu tagi.

Ef við tökum framhaldsskólana í þessu sambandi og skoðum hvað þetta þýðir þar þá jafngildir niðurskurðurinn því að lögð yrðu niður 140–150 stöðugildi framhaldsskólakennara. Það jafngildir t.d. því að Iðnskólinn í Reykjavík yrði lagður niður allur eða allir menntaskólar utan Reykjavíkur og Kvennaskólinn að auki, svo ég nefni dæmi. Eða að Menntaskólinn við Sund og Menntaskólinn við Hamrahlíð tækju ekki til starfa næsta haust. Enda er nú svo komið að hæstv. menntmrh. er að ræða um möguleika á því að mér skilst að „túlka" framhaldsskólalögin þannig að það sé hægt að loka framhaldsskólunum í haust fyrir nemendum sem þar eiga rétt samkvæmt framhaldsskólalögunum eins og þau hafa verið túlkuð til þessa.

Þetta sýnist mér að þýði það, virðulegi forseti, að það sé augljóst mál að lánsfjárlögin, sem eru auðvitað ein meginlöggjöf efnahagsstjórnarinnar á Íslandi, standast ekki ef þau verða samþykkt svona eins og frv. liggur fyrir. Þess vegna er auðvitað langeðlilegast að þessu frv. verði frestað þangað til menn eru búnir að sjá fyrir endann á öðrum þáttum, bæði í sparnaði í heilbrigðis- og tryggingakerfinu og í menntakerfinu svo ég nefni dæmi.

En af hverju, virðulegi forseti, eru menn að skera niður? Er það vegna þess að hæstv. menntmrh. sé t.d. verr innrættur en aðrir menn? Ég þykist vita að svo sé ekki. Ég þykist vita að hann hafi ekkert sérstaklega gaman af þessum niðurskurði, ég er reyndar alveg handviss um það. Og ég held hið sama megi jafnvel segja um hæstv. heilbrrh., ég sagði jafnvel.

Nei, þessir tveir hæstv. ráðherrar og hæstv. fjmrh. telja að um svo alvarlegan vanda í efnahagslífinu sé að ræða að honum verði best mætt með því að skera niður samneysluna. En hvað er hér á ferðinni? Eru það eldgos? Meiri háttar jarðskjálftar eða meiri háttar óáran af því tagi? Svarið er nei. Hvað er að gerast? Hver er réttlætingin fyrir öllum þessum niðurskurði? Hún er samdráttur í hagkerfinu. Hver er sá samdráttur? Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, frá 9. jan. sl. hygg ég, er gert ráð fyrir því að samdrátturinn í hagkerfinu verði í kringum 17, 18, 19 milljarðar kr. lækkun þjóðartekna frá því sem ella hefði verið, ef ég hef lesið þessa tölu rétt.

Eftir að þessi spá var gerð eru komnar nýjar upplýsingar sem sýna fram á að ekki verður um svo mikinn samdrátt að ræða. T.d. er núna gert ráð fyrir því að loðnustofninn sé að styrkjast. Verið er að tala um að auka heimildir á rækju og að olían sé að lækka í verði og allt þetta geri bata í þjóðarbúinu upp á 4–6 milljarða kr. Með öðrum orðum, á aðeins örfáum dögum, tíu dögum eða svo, frá því að spá Þjóðhagsstofnunar er gefin út og til dagsins í dag er um þriðjungur farinn út af þessu svartagallsrausi sem er undirstaðan undir niðurskurði heilbrigðis- og menntamála sem hér er verið að ræða um.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Er ekki ástæða til þess að endurskoða þessa hluti af tveimur ástæðum? Í fyrsta lagi þeirri að þetta er ekki tæknilega framkvæmanlegt svona. Það getur vel verið að hægt sé að ná einhverjum sparnaði á lengri tíma en þetta er útilokað í ár. En í öðru lagi af þeirri ástæðu að efnahagshorfur þjóðarbúsins eru ekki nærri eins slæmar og ríkisstjórnin byggir tillögur sínar á. Þannig að á aðeins 10 dögum hafa þær verið að hreyfast til um þriðjung. Hér er auðvitað um gríðarlega mikil tíðindi að ræða og ég vil segja við hæstv. menntmrh.: Hann á auðvitað að nota sér þessi tíðindi til að verja skóla- og menningarkerfið í landinu fyrir þeim niðurskurði sem um er að ræða. Engin ástæða er til af efnahagslegum ástæðum, út frá þrengsta sjónarhorni séð, að ganga svona hart

fram. Fyrir utan það, virðulegi forseti, að atlaga að skólakerfinu af þessu tagi er auðvitað atlaga að efnahagslegri framtíð þjóðarinnar. Það er verið að veikja efnahagsgrundvöllinn. Það er verið að veikja þjóðartekjurnar á komandi árum og áratugum með þeirri stöðnun sem liggur fyrir í skólakerfinu í heild og afturför, hvort sem um er að ræða leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla, endurmentun eða rannsóknir. Með þessari almennu veikingu á menntakerfinu er verið að veikja hinn efnahagslega tilverugrundvöll þjóðarinnar á komandi árum. Þannig að hvort sem menn líta til skemmri eða lengri tíma er augljóst að hér er um rangar áherslur að ræða.

Virðulegi forseti. Í þessu sambandi má kannski benda á að með öðrum þjóðum sem hafa staðið frammi fyrir miklum vanda, eins og t.d. Finnum, hafa menn tekið ákvörðun um að hlífa einum þætti alveg en það eru menntamál, það eru skólarnir og það eru rannsóknir, vísindi og þróun. Ég skora á hæstv. menntmrh. að horfa á hlutina út frá þessu sjónarhorni miklu frekar en hinum þrönga vinkli fjmrh. sem botnar greinilega ekkert í skólamálum þrátt fyrir kennarareynslu ráðherrans.

En ástæðan fyrir því að mér finnst nauðsynlegt að staldra hér við, virðulegi forseti, er ekki aðeins sú sem nú hefur verið rakin. Heldur líka sú að 19. nóv. sl. fór fram svokallaður óundirbúinn fyrirspurnatími á Alþingi, fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa. Og 19. nóv. sl. lagði ég fyrir hæstv. forsrh. þessa spurningu: Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögur um efnahagsráðstafanir? Þá átti ég að sjálfsögðu við ráðstafanir í efnhags- og atvinnumálum, sem þá þegar var ljóst að óhjákvæmilegt yrði að grípa til. Hverju svaraði hæstv. forsrh.? Hann sagði, með leyfi forseta: „Ég á von á því að tillögur verði lagðar fyrir ríkisstjórn í næstu viku."

Næsta vika samkvæmt þessu er 25. nóv. eða svo. Áður en umræðunni um lánsfjárlögin lýkur held ég að óhjákvæmilegt sé að fá upplýsingar um það hvenær þær tillögur um ráðstafanir í efnahags- og atvinnumálum koma sem hæstv. forsrh. lofaði að leggja til umræðu inn á Alþingi síðustu vikuna í nóvember. (**Gripið fram í:** Hvar er forsrh.?) Ja, hann er nú að vísu ekki hér en fjmrh. var hérna. Hann heyrir stundum aðeins betur, en nú er hann hlaupinn líka. Ég held ég leggi ekki á hæstv. menntmrh. að glíma við þetta, hann hefur nóg. Þannig að ég bíð bara, hæstv. forseti, er það ekki í lagi? Þangað til að t.d. fjmrh. kemur. (**Forseti:** Forseti hefur hugsað sér að fresta umræðunni þegar hv. þm. hefur lokið máli sínu þannig að væntanlega gefst þá tækifæri fyrir hæstv. ráðherra að svara hv. þm. síðar.) Mér þætti vænt um að vita, hæstv. forseti, hvað ætlunin er að taka fyrir þegar þessu er lokið. (**Forseti:** Það eru ríkisfjármálin, hv. þm.) Já, já.

Satt að segja finnst mér hallærislegt að vera að halda hérna dálitla ræðu því ég hef ekki verið að endurtaka mikið af því sem menn hafa verið með í þessum umræðum. Ég hef t.d. einn manna fjallað um þær efnahagsráðstafanir sem ríkisstjórnin ætlaði að gera 25. nóv. Dálítið skrýtið að geta ekki skapað svigrúm fyrir t.d. hæstv. fjmrh. til að svara því hvenær þessar efnahagsráðstafanir koma, sem hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. lofaði seint í nóvembermánuði. Ég vil því leyfa mér, upp á gamlan kunningsskap, að leggja inn gott orð fyrir hæstv. fjmrh. um að hann fengi að svara mér hvort þessar tillögur hafi legið í ríkisstjórninni síðan 25. nóv. Vegna þess að hæstv. forsrh. segir: „Ég á von á því að tillögur verði lagðar fyrir ríkisstjórn í næstu viku." Það getur auðvitað vel verið að tillögurnar hafi legið fyrir í ríkisstjórninni síðan 25. nóv. og menn hafi ekki þorað að fara með þær út. En greinilegt er að við sem hér erum og þjóðin höfum ekkert frétt af því að það væru að koma efnahagsráðstafanir af neinu tagi.

Ég held líka, virðulegi forseti, úr því að svona stendur á sé óhjákvæmilegt að horfa á alla þessa hluti í víðu samhengi og velta því fyrir sér, með hliðsjón af frv. og öðrum sem verið er að ræða um þessar mundir um efnahagsstjórn á Íslandi, í hvers lags þjóðfélagi við viljum búa. Hvers konar Ísland viljum við eiga? Hvaða tegund af Íslandi er það sem við viljum eiga?

Oft kemur góður þá getið er og frekar tveir en einn. (**Fjmrh.:** Ég er búinn að vera við allan tímann.) Það er nefnilega það, hljópst bara aðeins fram í símann og svona. Svo er forsrh. kominn líka og ég ætla að spyrja, hæstv. forsrh., og þakka fyrir þá virðingu sem mér sýnd. Á síðasta ári, 19. nóv. 1991, lagði ég fyrir forsrh. þá fsp. hvenær tillagna um ráðstafanir í efnahagsmálum væri að vænta. Og hæstv. forsrh. komst þá þannig að orði, orðrétt, með leyfi forseta: „Ég á von á því að tillögur verði lagðar fyrir ríkisstjórn í næstu viku."

Nú veit ég að margt sem gerist í ríkisstjórninni er farið með sem trúnaðarmál og ekki verið að flíka því mikið, sérstaklega ekki gagnvart þinginu fyrr en menn eru búnir að lenda hlutunum. En fróðlegt væri að vita hvar þessar tillögur eru og hvenær þess er að vænta að ríkisstjórnin geri tillögur um ráðstafanir í efnahags- og atvinnumálum í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. forsrh. 18. nóv. sl. Hefur verið fjallað um þetta í þingflokkunum? Ég held að mikilvægt sé að fá þetta fram vegna kjarasamninganna. Vegna þess að um það leyti sem ég spurði hæstv. forsrh., það rifjast upp fyrir mér núna, þá birtust fréttir um að forusta Alþýðusambands Íslands hefði ákveðið að óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina. Þær viðræður hafa ekki enn farið fram eins og kunnugt er, eða að ég best veit.

En síðan gerist það núna að Alþýðusamband Íslands er að leggja fram ... (**Forsrh.:** Þær áttu sér stað fljótlega á eftir.) Já, á sínum tíma. Og síðan er Alþýðusambandið á nýjan leik að óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina (Gripið fram í.) sem fóru fram í gær. Þannig að þetta er allt á réttu róli og þá hefði ég, a.m.k. fyrir mína hönd, viljað spyrja: Hvar eru tillögurnar um ráðstafanir í efnahagsmálum?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það kemur mér nú á óvart að það hafi farið fram hjá þingmanninum að fjárlög voru afgreidd laust fyrir jól. Fjárlög eru kannski þýðingar-

mesta efnahagstæki ríkisins og í fjárlögum var auðvitað mörkuð stefna sem ágreiningur var um í þinginu eins og fram hefur komið. Sumir vilja hafa verulegan fjárlagahalla en aðrir ekki. Ég held að flestir séu samdóma um að engin ein efnahagsaðgerð er öruggari og markvissari til þess að tryggja stöðugleika í þjóðfélaginu og tryggja farsælan grundvöll undir kjarasamninga en einmitt afgreiðsla fjárlaga og sú afgreiðsla sem nú stendur yfir á lánsfjárlögum.

En óformlegar viðræður og formlegar hafa átt sér stað, eftir því sem óskað hefur verið eftir, við fulltrúa launþega, Alþýðusambandsins sérstaklega, og formanna landssamtaka skömmu eftir þær dagsetningar, hygg ég, sem hv. þm. nefndi. Þannig að allt hefur þetta átt sér stað. Eins og þingmaðurinn veit hefur til viðbótar verið gengið frá skuldbreytingum í Hagræðingarsjóði, hjá Fiskveiðasjóði, og inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð hafa verið stöðvaðar og fleiri slíkir aukaþættir hafa verið framkvæmdir. Þannig eru allir þessir þættir samanlagt sú efnahagsaðgerð og efnahagsstefna sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Og þetta hefur í svip a.m.k. stuðlað að því að verðbólga er lægri hér en hún hefur nokkru sinni verið og grundvöllur til þess að hún verði á lægstu nótum sem mun gerast í Evrópu og í viðskiptalöndum okkar á hinu nýbyrjaða ári. Þannig að ég á ekki von á því að þetta hafi farið fram hjá hv. þm., sem ég veit að er glöggur maður og fylgist vel með.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja alveg eins og er að þær ráðstafanir sem hæstv. forsrh. rakti hér hafa ekki farið fram hjá mér. Nokkrir fundir hafa verið á Alþingi, bæði nætur og daga, til að fjalla um tillögur ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. En staðreyndin er hins vegar sú að þær aðgerðir sem felast í frv. eru ófullnægjandi eða tæknilega og/eða pólitískt óframkvæmanlegar, eins og ég rakti ítarlega í ræðu minni áðan. Þær eru ekki nægjanlegar.

Og í annan stað er ljóst að forsenda til þess að unnt verði að gera kjarasamninga er sú að ríkisstjórnin taki verulegan hluta til baka af þeim tillögum sem hún er að reyna að knýja í gegnum þingið. Þannig er það augljóst mál að hafi einhver fylgst illa með þá er það hæstv. forsrh., því að ég vona að forustumenn Alþýðusambandsins hafi haft döngun í sér til þess að koma erindum sínum skýrt á framfæri við hæstv. ráðherra í gær. Þess vegna er augljóst mál að við búum enn við þann vanda að ríkisstjórnin tekur ekki eftir því sem er að gerast í þjóðfélaginu og gerir sér ekki grein fyrir því til hvaða ráðstafana þarf að grípa til þess að unnt sé að stuðla að kjarasamningum.

En í annan stað, virðulegi forseti, benti ég á það áðan að þegar ríkisstjórnin tilkynnti ráðstafanir sínar í ríkisfjármálum var gert ráð fyrir að samdrátturinn í þjóðartekjum yrði milli 17 og 18 milljarðar kr. á þessu ári. Nú liggur það fyrir að loðnustofninn er að styrkjast, að rækjuveiðiheimildir hafa verið auknar og að olía er að lækka. Allt þetta bætir stöðu þjóðarbúsins upp á 5–7 milljarða kr. Og einnig er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki pólitískan meiri hluta á Alþingi gagnvart veigamiklum þáttum ráðstafana sinna. Þannig að þó að ríkisstjórnin hafi gert tillögur hingað inn hefur meiri hlutinn á Alþingi í raun og veru þegar ákveðið að taka ekkert mark á tillögum ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er ljóst að ríkisstjórnin á enn eftir að gera tillögur til Alþingis um aðgerðir í efnahagsmálum.

Umræðu frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, frhnál. 383 og 388, brtt. 263, 286, 307, 339, 353 og 384.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Forseti. Áður en ég byrja mál mitt vil ég fá svar við því hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. sé í húsinu, vegna þess að megininntakið í ræðu minni mun snúa að ráðuneyti hans og ég vil síður flytja hana nema ráðherrann sé viðstaddur. (**Forseti:** Hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki í húsinu.) Ég verð að segja forseta að það er mjög erfitt fyrir mig að tala í þessu máli án þess að ráðherrann sé viðstaddur. Ég á sæti í heilbr.- og trn. þingsins og hef fjallað um þann þátt málsins í nefndinni og mun að sjálfsögðu aðallega gera það hér. Ég sé lítinn tilgang í því að flytja ræðu mína nema ráðherrann sé viðstaddur. Er hægt að bregðast við því á einhvern hátt? (**Forseti:** Forseti gerir ráðstafanir og reynir að gera honum viðvart. Forseti er að láta kanna hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. sé ekki væntanlegur og mun gera hv. þm. viðvart um leið og það liggur fyrir. Forseti biður hv. þm. um að halda áfram ræðu sinni ef hægt er, ef einhverjir þættir ræðu hennar snúa að öðrum málaflokkum.) Nánast má segja að það sé því sem næst allt sem snýr að hæstv. heilbr.- og trmrh. þannig að ég get ekki séð hvernig það á að geta gerst. Ég sé ekki hvernig hægt er að ræða bandorminn yfirleitt nema heilbr.- og trmrh. sé hér, vegna þess að stærsti hluti frv. snýr að hans ráðuneyti og niðurskurðurinn er hvað harkalegastur þar. Ég ætla því ekki að halda ræðu minni áfram fyrr en ráðherrann kemur. (**Forseti.** Ef hv. þm. vill fresta ræðunni sinni tekur hv. 7. þm. Reykn. sem var næstur á mælendaskrá til máls.)

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan kosið að hæstv. forsrh. væri hér þótt að vísu sé ágætt að hafa hæstv. fjmrh. Ég ætla ekki að flytja langt mál en nokkur atriði vildi ég nefna sem ég vildi m.a. beina til hæstv. forsrh. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða einstök efnisatriði frv. Það hefur verið gert ítarlega af framsögumönnum minni hlutans og hef ég þar litlu við að bæta. Ég ætla þó að ræða aðeins um eitt efnisatriði en vildi svo nota tækifærið og ræða um þá almennu efnahagsstefnu sem fram kemur í þessu frv. og fjárlögum að sjálfsögðu og lánsfjárlögum, a.m.k. að því leyti sem

snýr að vöxtunum. Að vísu er kannski of mikið sagt að þarna komi fram efnahagsstefna en úr einhverju verður að lesa hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Mér sýnist að það verði helst gert úr þessum frv. og svo að sjálfsögðu því sem hæstv. ráðherrar hafa sagt.

Þó er eitt efnisatriði sem er rétt að koma inn á á þessu stigi og það er með hina svokölluðu kommissara, sem hafa verið hér nokkuð til umræðu. Athygli hefur verið vakin á því að í drögum að frv. sem milliþinganefnd í minni tíð vann að og í voru fulltrúar allra flokka kom fram ákvæði sem nefnt hefur verið í þessu sambandi og reyndar fullyrt að væri svipað. Rétt er að taka það fram að þau drög voru aldrei samþykkt í ríkisstjórninni, þau hafa bara verið sýnd og ekki afstaða tekin til þess máls. Hins vegar hafði ég skoðað það og gerði mér grein fyrir viðkvæmni málsins og að það þyrfti að fara þarna afar varlega. Mér sýnist hins vegar að orðalag það sem nú er í frv. sé þess eðlis að þess sé alls ekki gætt að firra t.d. forstöðumenn hugsanlegri ábyrgð. **(Gripið fram í:** Í brtt.?) Já, það er í brtt. sem ég er með hérna. Í brtt. segir, með leyfi forseta:

„Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra ..." o.s.frv.

Mér sýnist þetta vera æðimikið annað en var í fyrrnefndum drögum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi verulegir annmarkar komið fram á rekstri stofnunar og ekki er bætt úr þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytis er ráðherra heimilt að ráða sérstakan eftirlitsaðila um stundarsakir, þó ekki lengur en til árs í senn, til að fylgjast náið með rekstri stofnunar fyrir hönd ráðherra." Þetta eru náttúrlega allt aðrar áherslur en eru í brtt. nefndarinnar. Hér er t.d. ekkert í skilyrði sett, það er hægt að setja slíkan mann hvar sem er. Það er ekki sett það skilyrði að verulegir annmarkar hafi komið fram á rekstri stofnunarinnar. Þar segir aðeins að „sýnt þykir að kostnaður við reksturinn fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða." Það getur lengi verið svo án þess að það fari þannig og án þess að það sé sannað.

Og svo stendur hér í „að hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlunar stofnana" og hæstv. fjmrh. hefur reyndar vakið athygli á því sem er rétt að fjmrn. setji reglur um það. En það stendur einnig „og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds."

Í því sem fyrrnefnd nefnd lagði fram, og í sátu tveir virtir sjálfstæðismenn og m.a. einn núv. ráðherra, ef ég man rétt, er þetta forðast. Þar er forðast að segja að þessir menn megi taka ákvarðanir, enda stangast það vitanlega algjörlega á við ábyrgð forstjóra stofnunarinnar. Hver ber ábyrgðina ef þessir menn, tilsjónarmenn svokallaðir, hafa tekið ákvarðanir í trássi við forstjóra um einhverja ákveðna fjárskuldbindingu? Ég vil aðeins vekja athygli á þessu að hér er um reginmun að ræða jafnvel eftir þær breytingar sem nú eru lagðar til.

Hér hefur verið rakið bréf Ríkisendurskoðunar sem varar eindregið við þessu. Það mun að vísu vera byggt á því eins og þetta stóð í upphaflegum tillögum, en fróðlegt væri að vita hvort leitað hafi verið álits Ríkisendurskoðunar á þessu nýja orðalagi.

Fleira má þar nefna, t.d. er aðeins heimild til árs í senn og svo að sjálfsögðu bara að fylgjast með rekstrinum o.s.frv. Ég vara því eindregið við þessu og tel hér vera komið inn á afar hættulega braut í þessu sambandi. Ég er ekki að segja að þessa kunni ekki stundum að vera þörf en það er ábyrgðarhluti að svipta forstöðumann þeirri ábyrgð sem hann á vitanlega að hafa eins og ég hef þegar rakið.

Eins og ég sagði í upphafi þá ætla ég að öðru leyti ekki að ræða um efnisatriði frv. heldur um þá efnahagsstefnu sem lýsir sér í þessu frv. ásamt fjárlögum og að einhverju litlu leyti lánsfjárlögum. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsrh. væri í salnum og sé að hann er nú hér kominn. Hvert er ástandið í íslenskum efnahagsmálum í dag? Þjóðhagsstofnun spáir því að samdráttur í þjóðartekjum verði um 6%, reyndar hefur hæstv. forsrh. sagt að það kunni að verða eitthvað minna og að sjálfsögðu fögnum við því þó að við höfum ekki heyrt neinar tölur í því sambandi. Kannski verði meiri loðna því það er venjan í íslenskum sjávarútvegi og efnahagslífi að það sveiflast mjög með aflabrögðum og hefur reynst afar erfitt að spá þar nákvæmlega um.

En því verður engu að síður neitað að þetta er alvarlegur samdráttur sem verður að bregðast við. Það eykur að sjálfsögðu á þennan vanda að þær vonir sem voru bundnar við t.d. álbræðslu bregðast og er það meðtalið í þessum tölum sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara.

Ég ætla hins vegar að tala um það hvernig við þessu er brugðist. Ég tel að núv. ríkisstjórn bregðist alrangt við þessum samdrætti. Ég ætla alls ekki að gera lítið úr viðleitni hæstv. ríkisstjórnar til að draga úr halla á fjárlögum. Þegar litið er á fjárlög ríkisins yfir lengri tíma þurfa þau að vera hallalaus. En það er alls ekki svo og ég hef hvergi séð í nokkrum ritum eða bókum eða heyrt fróða menn um það tala að halli geti ekki verið á fjárlögum á einstökum árum. Þvert á móti hef ég hvað eftir annað hlustað á þá menn sem vel þekkja til fullyrða að það sé eðlilegt að halli sé á fjárlögum þegar kreppa eða erfiðleikar eru í þjóðfélaginu og fjárlögin þá notuð til að örva atvinnustarfsemina í þjóðfélaginu. Þetta er að mínu mati það alvarlegasta sem núv. ríkisstjórn gerir ekki. Hún bregst í því að örva atvinnulífið í þjóðfélaginu í þessu ástandi.

Það þarf kannski ekki mikið til, margir möguleikar eru til. Það eru t.d. fjölmörg athyglisverð fyrirtæki sem framleiða hugbúnað. Ég átti nýlega viðtal við einn slíkan mann sem er á þröskuldinum með mjög athyglisverðar hugmyndir til sölu erlendis. Í raun og veru vantar slík fyrirtæki í mörgum tilfellum aðeins

herslumuninn, aðeins smávegis stuðning í markaðsleitinni og þróunarstarfinu. En nú er ekkert að fá, upplýsa þessi fyrirtæki öll, og þó eru til aðilar sem ættu að gera slíkt en það er búið að slá svo á hönd þessara aðila með einhverju fortíðarvandarugli, ef ég má orða það svo, að bókstaflega enginn aðili þorir að hreyfa sig. Þetta er kannski það alvarlegasta, það er búið að skapa andrúmsloft vonleysis. En þetta vil ég leyfa mér að gagnrýna. Ég tel að það væri engin goðgá þótt halli á fjárlögum væri nokkur hundruð milljónum, jafnvel milljarði meiri ef það fjármagn væri notað skynsamlega til að örva atvinnulífið.

Hæstv. forsrh. minntist á eina hugmynd og er það reyndar sú eina sem ég hef heyrt frá hæstv. forsrh. Hún var sú að gera Ísland að miðstöð fjármagnsþjónustu. Svo vill til að ég skoðaði það mál nokkuð, það kom á mitt borð, og ég leitaði umsagnar bæði Seðlabanka og viðskrh. og fékk ekki jákvæða umsögn. Staðreyndin er vitanlega sú að þetta er afar vandmeðfarið mál. Ég vona svo sannarlega og ætla alls ekki hæstv. forsrh. að hugsa sér að Ísland verði einhvers konar friðarhöfn fyrir vafasamt fjármagn, fyrir mafíur og þess háttar aðila sem draga að sér fé og vilja koma því á óhultan stað. En jafnvel þó að menn ætli sér það ekki er mjög vandmeðfarið að koma í veg fyrir slíkt ef á annað borð er boðið upp á jákvæða fjármagnsþjónustu. Ég sagði áðan að ég hefði skoðað þetta mál og ég tel það athyglisvert en ég held að á því séu mjög margir annmarkar og útilokað að taka afstöðu til þess fyrr en maður sér hvernig á þeim hlutum verður tekið.

En hér er fjölmargt fleira sem má segja að sé í burðarliðnum og vantar tiltölulega mjög litla opinbera aðstoð eins og með hugbúnaðarfyrirtækið sem ég nefndi áðan. Ferðaþjónusta hefur vaxið mjög mikið á undanförnum árum og allir eru sammála um það að þar eru ákaflega miklir möguleikar. En hins vegar er eins þar og annars staðar að vegna smæðar okkar þá þurfa fleiri hendur að koma að. Veita þarf smávegis opinbera aðstoð og það er sjálfsagt að veita hana. Veita hana í gegnum sjóði og stofnanir sem til þess eru ætlaðar og örva og hvetja slíka sjóði og stofnanir til þess að gera það og láta þær fá fjármagn í því skyni.

Mér er fullkomlega ljóst að eitthvað af þessu tapast. Það er t.d. sagt í Bandaríkjunum, þar sem töluvert er af fyrirtækjum á slíkum sviðum, að 80–90% af áhættufjármagni í slíkum nýjum rekstri tapist. Vitanlega er það stundum þungbært. En ég er sannfærður um hitt og veit að það sem eftir er hefur gefið miklu meira í aðra hönd þegar fram er litið. Þetta land hefur óhemjumikla möguleika á mörgum sviðum og það má alls ekki skapa hér slíka svartsýni eins og nú hefur verið gert og draga úr mönnum framkvæmdavilja. Ég tel að það sé það sem alvarlegast er í raun í því sem nú er verið að gera.

Ríkisstjórnin hefur í sparnaðarhugmyndum sínum komið víða við og sums staðar að mínu mati svo hættulega að varðar jafnvel framtíðarheill þjóðarinnar. Ég tek menntamálin. Ég efa ekki að hæstv. ráðherrar þekkja hvernig þróun hefur verið víðast í þeim löndum sem skarað hafa fram úr upp á síðkastið. Þau skara öll fram úr á grundvelli menntamála. Það er t.d. fróðlegt að lesa um gífurlega mikinn árangur sem náðst hefur í efnhagsþróun í fjarlægustu löndum Asíu, á Kyrrahafsbrúninni eins og stundum er kallað. Allt byggist það sem þar hefur verið gert á menntun, á því að styrkja og treysta menntunina. Fróðlegt er að lesa t.d. mjög ítarlegar athuganir sem hafa verið gerðar á versnandi stöðu hins vestræna heims, t.d. Bandaríkjanna. Það hnígur í sömu átt. Rökin eru þau að þar hafi menntunin verið vanrækt. Líklega hefur þetta hvergi komið alvarlegar fram en í Bretlandi þar sem Margrét Thatcher gerði það að einu sína fyrsta verki að skera stórkostlega niður fjármagn til menntunar. Þar tala menn afar opinskátt um það að með þessu hafi verið hafin þróun í Bretlandi sem Bretar sjái ekki fram úr.

Ég var að hlusta á það í gær að nú ætla menn að fella niður leikfimistíma. Það telja menn kannski að sé ekki mjög slæmt. Ég var í Bretalndi um daginn og hitti þar unga stúlku sem var í einum slíkum skóla þar sem hafði verið niðurskurður og þar var skorið niður þannig að böðunum var lokað og krakkarnir fóru í leikfimi og síðan sveitt í tíma. Þetta er svona bara ábending. Þetta er kannski leiðin sem á að fara.

Ég held að við Íslendingar eigum að passa okkur á öllu svona. Vera ekki að fara í þetta íhaldshjólfar sem hefur hvergi nokkurs staðar leitt til annars en hörmunga og erfiðleika í efnahagslífinu. Við eigum að leggja mikla áherslu á góða menntun. Ég er t.d. alveg viss um að t.d. hæstv. fjmrh. fer í bað eftir fótboltann sinn. Ég hugsa að hann gæti ekki hugsað sér að koma hérna niður í þing og ég vona að hann geri það aldrei því að ég veit að hann hlýtur að vera kófsveittur á eftir. En þetta verða aumingja kennararnir úti í Bretlandi að þola að nemendurnir komi kófsveittir í tíma eftir leikfimina. (**Gripið fram í:** Friðrik er ekki ...) En Friðrik kemur stundum hingað eftir fótboltann og við viljum ekki þurfa að flýja salinn.

En ég segi þetta í hinni mestu alvöru. Og t.d. hugmyndir um lánasjóðinn, sem verða náttúrlega ræddar hér ítarlegar eru að mínu mati afar hættulegar. Vel getur verið að ýmsir hafi fengið lán sem ekki nái að endurgreiða þau og ýmsir fengið lán sem eru í einhvern óþarfa og ekki nýtist þessu þjóðfélagi. Ég get tekið undir það að við þurfum að skoða vandlega hvernig má nýta þetta fé sem allra best, en alls ekki á þann máta sem nú er verið að gera. Ég tel að við eigum að vera stolt af því að geta stutt sem flest ungmenni til náms. Ég er hins vegar sammála því að gera kröfur. Gera kröfur um námsárangur o.s.frv., það er alveg sjálfsagt. Vel getur komið til greina að veita ekki nema svo og svo mörg lán til ákveðinna greina þar sem kannski er orðið mikið umframframboð og setja þar upp ráðgjöf fyrir nemendur til að leita á önnur svið. Ég held að hægt sé að bæta þannig framkvæmd námslánakerfisins á ýmsa vegu.

Ég trúi ekki því sem var í fréttum í gær að það kæmi jafnvel til greina að meina nemendum aðgang að framhaldsskólum. Að vísu er alltaf sagt að fjárlög ráði og víki önnur lög fyrir. En það væri náttúrlega slík skömm og hörmung fyrir þessa þjóð sem hefur stært

sig af því að vera mennta- og menningarþjóð að ég trúi jafnvel ekki núv. ríkisstjórn til að fara út í slíkt. Þetta tel í raun það alvarlegasta í efnahagsaðgerðum núv. ríkisstjórnar því að þetta er náttúrlega ein af hennar meginefnahagsaðgerðum.

Ríkisstjórnin ætlar víða annars staðar að skera niður, t.d. í heilbrigðiskerfinu og hefur verið komið ítarlega inn á það. Það er líka alvarlegt, ég tel þó menntakerfið jafnvel enn þá alvarlegra. Ég hef ekki nokkra trú á því að hæstv. ríkisstjórn komist í raun upp með það að stórlengja biðlista eftir aðgerðum á sjúkrahúsum o.s.frv., eins og hér hefur verið mjög vandlega rakið. Þar hefur því miður allt verið gert í flaustri að því er virðist og að óyfirveguðu máli. Sparnaður sem á að nást í sameiningu sjúkrahúsa er bara á blaði, hann er hvergi á borði. Margupplýst er það að kostar miklu meira að byggja þá upp hin færri sjúkrahús svo vel megi fara og þannig mætti lengi ræða. Það er náttúrlega alveg ótrúlegt að út í slíkt skuli vera ráðist, grundvallaratriði velferðarkerfisins, án þess að hugsa vel um það sem þar er verið að gera.

Mér þykir það athyglisvert þegar ég hef farið yfir bæði fjárlagafrv. og svo þessi frv. sem nú liggja fyrir, að maður sér aldrei — ég veit ekki hvort það hefur farið fram hjá mér — en ég fann hvergi nokkurs staðar eina einustu tilraun til að bæta þjónustuna, bæta velferðarkerfið, aðstoða þá sem eiga við erfiðleika að stríða. Það hefur þá verið með smáu letri en ég fann það hvergi. Það er alls staðar skorið niður, hjá öldruðum, sjúklingum, öryrkjum, hvar sem er. Þeir einu sem sleppa virðast vera fjármagnseigendur. Það má segja að það hefur verið bætt hjá þeim því að þeir hafa sínar tekjur og missa ekki lífeyrinn. Ég verð að viðurkenna að þar virðist hæstv. ríkisstjórn hafa hugann.

Ég tel ekki að efnahagsaðgerðir, í því ástandi sem nú er, geti eða eigi nokkurn tíma að felast í því að skera niður menntakerfið og leggja álögur á þá sem síst mega sín. Það er hægt að spara á marga aðra vegu. Það er hægt að auka tekjurnar. Vitanlega á að leggja á fjármagnsskatt. Ég harma það að okkur auðnaðist ekki í fyrri ríkisstjórn að koma því fram. Það er miklu auðveldara nú því að verðbólgan er minni. Meginástæðan fyrir okkar erfiðleikum var að verðbólgan var þá enn ekki, ekki fyrr en í lok tímabilsins, komin niður í þær tölur sem unnt er að byggja á, sérstaklega ef byggt er á nafnvöxtum en ekki raunvöxtum, en verðtryggð lán hljóta náttúrlega að hverfa smám saman.

Í raun og veru er þó aðalatriðið í efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar ótalið. Þó að hún leggi alltaf áherslu á að þessi sparnaður í fjárlögum, niðurskurður í menntakerfi, niðurskurður í heilbrigðiskerfinu, álögur á sjúklinga, álögur á gamalmenni, álögur á aldraða, frí fyrir fjármagnseigendur, sé það sem hún telur sínar miklu efnahagsaðgerðir þá eru það náttúrlega vextirnir. Ég hef áður flutt nokkuð ítarlega ræðu um vextina og skal ekki lengja það mikið. Ég hef vakið athygli hæstv. forsrh. á því að leita til vinar síns, Bush, og sjá hvernig hann gerir þessa hluti. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki Cobb.) Ja, Cobb. Ég veit ekki hvort þeir eru vinir. Kannski eru þeir það, það getur vel verið, en ég treysti nú Bush betur til að kenna í þeim efnum. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það en aðeins vekja athygli á nokkrum meginatriðum. Það er ekki nokkur vafi á því að efnahagsaðgerðir fyrri ríkisstjórnar, árið 1989 alveg sérstaklega, og 1990, stóðu eða féllu með því að lækka vextina og þær stóðu af því að vextirnir voru lækkaðir. Menn eru að segja það núna, það sagði einhver: Nú er afkoma bankanna betri. Afkoma bankanna var ekki slæm þá. Það var alveg sæmilegt jafnvægi á innlánum og útlánum. Það fór meira að segja batnandi.

Eitt var það þó sem var allt annað þá en nú, og það er slæmt að hafa ekki hæstv. bankamála- og vaxtamálaráðherra hér. Nú er vaxtamunur miklu meiri en hann hefur verið áður, a.m.k. í langan tíma. Og ég hefði gjarnan viljað fá að vita hvort hæstv. ríkisstjórn hefur innt Seðlabankann eftir því ákveðið í seðlabankalögunum sem segir að Seðlabankinn skuli gæta þess að vaxtamunur sé í hófi. Ég hef ekki orðið var við það en það kann að vera að það hafi farið fram hjá mér. Þetta er náttúrlega eitt stærsta atriðið. Ég hef óskað eftir slíkum upplýsingum og ekki fengið enn, en ég hef grun um að vaxtamunurinn sé alveg gífurlega mikill nú, enda hlýtur hann að vera það því að nafnvextir eru um 17%. (**FrS:** Hvað segir bankastjóri Landsbankans um þetta?) Ja, ég hef óskað eftir þessum upplýsingum þar en hæstv. ráðherra, sem hefur verið þar, veit að það tekur stundum tíma að fá þar upplýsingar. Nú veit ég að hæstv. ráðherra hefur miklu betri aðgang, bæði að bankastofnunum, Seðlabanka o.fl., og ég vona að hann geti fengið þessar upplýsingar í hvelli. Vitanlega hlýtur Seðlabankinn, sem er falið þetta með lögum, ábyrg stofnun sem gætir sín í hverju skrefi og vandar allt sem hún gerir, fyrir löngu að vera búinn að biðja um þetta. Ég væri ekkert hissa þótt það lægi á borðinu hjá Jóhannesi, bara ein hringing og þá getur hæstv. ráðherra fengið þetta. (Gripið fram í.) Mér hefur ekki tekist það. Ég get fullvissað hæstv. ráðherra um að ef ég væri ráðherra mundi ég hafa þetta á borðinu hjá mér því þetta er einn stærsti kvarðinn í vaxtapólitíkinni.

Ég var að segja að það er náttúrlega ekki að undra þótt afkoma bankanna kunni að líta betur út á blaðinu því að verðtryggð lán eru enn þá 10% og af óverðtryggðum eru meðalvextir 17% þegar verðbólga er komin niður í 3%. Ég skora á hæstv. ráðherra að benda á eitthvert land þar sem raunvextir eru yfir 14%. Menn eru að tala um hækkun sem varð hjá seðlabankanum í Þýskalandi, skammtímahækkun. Þar er þó verðbólgan um 5% þannig að raunvextir þar munu vera einhvers staðar í kringum 10% sem er vitanlega gífurlega hátt og er mjög deilt á það af öðrum löndum Evrópubandalagsins. Kannski er varla hægt að tala þar um önnur lönd, það er Þýskaland og svo hin löndin. Þar ráða Þjóðverjar því stefnunni eins og þeir hafa lengi gert, en það er annað mál.

Menn fögnuðu hér mjög í gær, og ég óskaði hæstv. fjmrh. til hamingju með þessi 0,2% sem hann ætlar að lækka vextina um — eða er kannski búinn að því, ég hef ekki fylgst alveg með því. Ég hef ekki heyrt mikið talað um það úti á götum. Ég segi ykkur bara eins

og er að þetta er náttúrlega hlægilegt, þetta er svo hlægilegt að það tekur varla tali að ræða um það. Ég endurtek það, til að þurfa ekki að vera að endurtaka það sem ég sagði hér um daginn um vextina, að ef hæstv. ríkisstjórn tekur sig ekki á í þessum málum er hér voði fyrir dyrum, ekki bara voði hjá atvinnulífinu sem þarf að borga þessa vexti, skuldsettu íslensku atvinnulífi, heldur voði hjá fjármálastofnununum. Og ég hef vakið athygli á því sem það ágæta tímarit Financial Times sagði, að norsku bankarnir grófu sér gröf með háum vöxtum því að fyrirtækin geta ekki greitt háu vextina, þetta safnast saman á reikningum þeirra, sýnir á pappírnum betri afkomu bankanna, síðan rúlla fyrirtækin og þá er þessi fína afkoma fokin. Ég vil því eindregið leggja til við hæstv. ríkisstjórn að hún beiti nú einu sinni handafli eða hvað hún vill kalla það, handleiðslu kallaði hæstv. sjútvrh. það. Mér er sama hvað það heitir. Þetta er grundvallaratriði ef hér á að koma lagi á efnahagsmálin og jafnframt örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Ég ætla ekki að ræða um ýmis smærri atriði sem hafa komið fram og við höfum rætt áður eins og fortíðarvandann og fleira þess háttar. Ég vil þó nefna eitt stórt atriði, þó að það sé kannski ekki beinlínis hér á dagskrá, en það eru samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið. Mér hefur satt að segja sýnst, þegar ég hef reynt eftir megni að gera mér grein fyrir einhverri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, að hún væri — auk þess sem ég hef nú rakið, sem sagt samdráttur, samdráttur, samdráttur, svartsýni, svartsýni — að treysta á Evrópskt efnahagssvæði sér til bjargar, forsjá Evrópu sér til bjargar. Ég hef stutt það að leita samstarfs við Evrópu af því að við eigum þangað svo mikið að sækja og mikið að senda af okkar vörum o.s.frv. Hins vegar er það náttúrlega hrein endaleysa að þar sé hægt að finna nokkra forsjá. Jafnvel það er nú búið að því er virðist. Mér heyrist, sem öllum átti vitanlega að vera ljóst, að utanrrh. hafi sagt í fréttum að Evrópubandalagið hefði ekkert fram að færa. Það virtist vilja það að dómstóllinn þeirra úrskurðaði, yrði æðsti aðili, þeirra eigin dómstóll yrði æðsti aðili í öllum málum. Ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstjórn leggi sig svo lágt að leggjast undir Evrópudómstólinn. Ég vil bara mæla þau varnaðarorð hér án þess að það mál sé beinlínis til umræðu, en þetta er kannski hornsteinninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, hann er búinn, hann er hruninn. Vitanlega verður að skoða það í *náinni framtíð hvernig á að halda á þessum samskiptamálum*. Ég hef þegar lýst þeirri skoðun minni fyrir nokkru að nú er verið að fara, við getum sagt að tillögu hv. sjálfstæðismanna hér forðum og leita sérsamninga um okkar málefni við Evrópubandalagið.

Hvað er þá fram undan í þessari helstefnu sem hér hefur verið lauslega lýst? Ég kalla það helstefnu, háa vexti, samdrátt, árásir á sjúklinga og öryrkja og námsmenn o.s.frv., o.s.frv. Hvað er þá fram undan? Fram undan eru kjarasamningar. Kjarasamningar eru enn ein *meginstoðin í efnahagsmálum*. Hæstv. *forsrh.* segir: Þetta eru sérkjarasamningar og koma mér ekkert við, þ.e. „kemur-mér-ekkert-við"-stefnan. Það er mínu mati afar varhugaverð stefna. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. í því að hann á ekki að sitja með nefið í þessum samningum í smáatriðum. Ég legg hins vegar í fullri einlægni áherslu á það og ráðlegg honum að fylgjast vel með því sem þar er að gerast og hafa þar sem nánast samband og búa ríkisstjórnina undir það að taka á þeim málum sem út af standa því að þau munu standa út af.

Vitanlega er það ótrúlegt sem menn hafa séð í fréttum, að ekki hefur verið rætt við t.d. starfsmenn Stjórnarráðsins. Er ekki mánuður síðan? Var það ekki tölurvert fyrir jól sem var rætt við starfsmenn Stjórnarráðsins? Það eru þó starfsmenn hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar, ekki rætt við þá. Hver er ætlun hæstv. ríkisstjórnar? Er það ætlunin, eins og þeir segja sjálfir, starfsmennirnir, að þreyta starfsliðið, brjóta það niður með svartsýni og bölsýni svo að enginn þori að hreyfa sig? Er það ætlunin? Ég vona að það *takist* ekki. Ég er ekki að vonast eftir verkföllum. Það geri ég ekki, ég tel að það væri mikil meinsemd ef þau hæfust hér á ný. Hins vegar er ég sannfærður um það að ef þetta er gert og brotinn niður kjarkur þessa fólks til að berjast fyrir sínu eru erfiðir tímar fram undan, mjög erfiðir. Það mun mjög margt fylgja á eftir sem ekki er tekið inn í þá formúlu efnahagsmála. Vonandi geta aðilar vinnumarkaðarins komið þessum málum eitthvað áleiðis en það mun þurfa tilsjón — heitir það ekki tilsjónarmenn eða eitthvað svoleiðis í frv.? Það mun þurfa tilsjón, já, tilsjón ráðherranna til að það megi takast vel.

Eitt vekur athygli þegar menn skoða þróun efnahagsmála. Fullyrt er að raungengið sé orðið 9% of hátt. Og ríkisstjórnin boðar fastgengisstefnu. Það er nú svo með þetta blessað gengi að það fer eftir því hvernig tískan er hverju sinni. Ég er nokkuð sjóaður í þessum málum og hef hlustað á tískuyfirlýsingar seðlabankastjóra og viðskiptaráðherra og margra fleiri. Ég man eftir því fyrir nokkrum að þá komu þessir spekingar til baka og *fluttu hér erindi* og sögðu: Ja, nú á gengið að fljóta. Nú á það að fljóta. Þá var það tískan. Þá voru þeir að koma frá Alþjóðgjaldeyrisbankanaum eða einhverri fínni stofnun og þá var tískan að láta gengið fljóta. Það var látið fljóta og allt fór í vitleysu.

Síðan var tískan að breyta þessari myntkörfu fram og aftur og fela þannig einhvers konar gengisfellingar. Þá var það tískan og átti að heita fast gengi en því var alltaf breytt á bak við tjöldin, eins og nákvæmlega hefur verið gert núna. Þeir voru að breyta körfunni til *að fá einhverjar aðrar áherslur á gengið*.

Síðan hefur stundum verið tíska að fella bara gengið í einu átaki. (**Gripið fram í:** Gengissig í einu stökki.) Já, gengissig í einu stökki eins og 1983, hv. þm., þá var það tískan, og þá sagði Seðlabankinn við okkur: Það er ekkert í þessu nema breyta genginu í einu stökki. Og það var gert. Ég held að það sé engin patentlausn á þessu með gengið. Ég dundaði mikið við það, kannski af því að ég er verkfræðingur, að skoða ýmsar kúrfur og statistik í þessum málum. Staðreyndin er afar einfaldlega sú að okkur Íslendingum hefur tekist að skapa hér einhver bestu lífskjör sem eru til, eins og hæstv. forsrh. sagði svo skynsamlega í upp-

hafi stefnuræðu sinnar. Okkur hefur tekist það með því að laga m.a. gengið að því sem íslenskir atvinnuvegir kröfðust hverju sinni.

Ég er ekki að boða það að gengið eigi að fella, alls ekki, en ég held að 9% raunhækkun gengis sé viðvörun, viðvörun sem menn þurfi að skoða mjög vandlega. Og hvort menn geta mætt því með því að draga úr álögum á atvinnuvegina, lækka t.d. aðstöðugjaldið, sem vitanlega ætti að gera, alveg sjálfsagt, og ýmislegt fleira. Að vísu hefur hæstv. ríkisstjórn tekið, eins og í öllum málum, hinn kúrsinn. Ég get ekki kallað það „hina leiðina" af því að hún var svo góð, en hún hefur tekið alveg þveröfuga stefnu og eykur álögur á atvinnulífið.

Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra fáist til að segja neitt um hvað þeir hugsa í gengismálum, það er ekki siður, en tískan núna er víst fast gengi. Nú segir Seðlabankinn fast gengi. Nú á helst að tengja þetta ECU sem ég vara við og reyndar miklu fróðari menn en ég hafa varað við, eins og þessi ameríski prófessor frá MIT sem gerir það með miklum ágætum, og einhvern veginn er reynt að fela skýrslu hans þó að tækist að ná henni fram. Ég verð að viðurkenna að það er ofætlan að ætla sér að ræða hér um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og þó maður leiti eins og að nál í heystakk finnst hún ekki. Ég hef reynt að draga hana einhvern veginn saman og hvar sem ég ber niður þá er þetta stefna algjörs afturhalds, samdráttar, vonleysis, svartsýnis og með auknar álögur ekki síst á þá sem vanmáttugir eru, því miður.

Nú hlýtur hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar að hafa einhverja tilætlan með þessu, einhverja stefnu. Ég held að menn velti þessu fyrir sér: Er stefnan sú að nota — við skulum segja upphaf kjörtímabilsins til að brjóta niður ýmsa hluti sem hér hafa verið byggðir upp á undanförnum áratugum, eins og velferðarkerfið og menntakerfið, og koma hér á Thatcher-þjóðfélagi? Er það meiningin? Og gera sér svo vonir um að á síðari hluta kjörtímabilsins aukist þorskafli og menn gleymi þessu? Ég vona að það sé ekki og ég vona að þetta sé bara misskilið hjá ríkisstjórninni og hún sjái fljótlega, og einhverjir hjálpa henni kannski til þess, að svona thatcherismi hentar alls ekki litlu íslensku velferðarþjóðfélagi sem er um svo ótal margt til fyrirmyndar og hefur miklu meiri möguleika en þjóðirnar í kringum okkur, hefur líklega meiri vaxtarbrodd, meiri vaxtarkosti, en nokkur þjóð t.d. sem er nú að semja um Evrópskt efnahagssvæði og þótt langtum, langtum lengra væri leitað. Að mínu mati þá er grundvöllurinn til þess að það megi nýtast breið samstaða þjóðarinnar, launþega, vinnuveitenda og ríkisvalds.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður þá get ég ekki svarað öllum atriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. núna. Vonandi gefst tækifæri til þess síðar. Vegna orða hans um þróun raungengis vil ég þó að þetta komi fram:

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka var raungengi á síðasta ársfjórðungi, 1991, svipað á mælikvarða launa og að meðaltali tímabilið 1980–1990. Á mælikvarða verðlags var raungengið um 2,5% hærra en meðaltal þessa tímabils. Sé hins vegar horft til skemmri tíma fæst sú niðurstaða að raungengi í árslok 1991 hafi verið 4–5,5% hærra en árið 1990. Lægri talan er vegna mælikvarða verðlags, hin vegna launa. Skýringin á hækkun raungengis upp á síðkastið er fyrst og fremst sú að verðlags- og launakostnaður hefur hækkað meira hér á landi en í nágrannalöndunum. Þannig hækkuðu laun að jafnaði um 9–10% á síðasta ári hér á landi en um 5–6% erlendis. Sömuleiðis hækkaði verðlag um 7% en 4,5–5% erlendis.

Þessi þróun snýst við á þessu ári ef forsendur fjárlaga ganga eftir. Þá munu bæði verðlag og laun hækka minna hér á landi en í nágrannalöndunum og raungengið, sama á hvorn mælikvarðann er mælt, mun því lækka á nýjan leik um allt að 2–3%. Þar með væri staðan í árslok orðin svipuð og var árið 1990. Þetta fannst mér ástæða til, virðulegi forseti, að kæmi fram vegna orða í síðasta kafla ræðu hv. ræðumanns sem hér var að ljúka máli sínu.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef eiginlega ákveðið að vera ekkert að elta ólar við þá gagnrýni sem hefur komið fram frá ýmsum í stjórnarandstöðunni á m.a. orð mín um samanburð á því sem þeir hafa vilja kalla kommissaranefnd eða eftirlitsaðila og hefur verið gagnrýnt svo mjög, m.a. hér úr ræðustóli. Ég hef að sumu leyti nokkuð gaman af þessu máli en ég vil ítreka þann samanburð sem ég setti fram í tilefni af orðum hv. 7. þm. Reykn. Steingríms Hermannssonar. Hann lagði mikla áherslu á hvernig þetta mál hefði verið unnið á sínum tíma í milliþinganefnd, í frv. um Stjórnarráðið, að hann hefði vitað að það þyrfti að fara varlega í orðalag og að þetta frv. hefði ekki verið samþykkt. Þetta er í raun aukaatriði miðað við það sem a.m.k. ég hef sett fram.

Um leið og kom fram tillaga um eftirlitsaðila af hálfu þessarar ríkisstjórnar kom fram hávær gagnrýni um að þarna væri verið að setja fram pólitíska kommissara. Það var ekki spurt um orðalag. Það var ekki spurt: Hvað meinið þið? Hversu sterkt og mikið á þetta eftirlit að vera? Það var staðhæfing um að þarna væri verið að gera vonda og ljóta hluti. Það var þess vegna sem ég hafði gaman af því að benda á að ábekkir hlutir hefðu verið settir fram í frv. og á þeim tíma var ekki hrópað upp: Hvað þýðir þetta? Er þetta vont mál? Eru þetta pólitískir kommissarar? Nei, þetta lá ljúflega frammi í efri deild og það er aukaatriði hvort stjórnarliðar voru búnir að samþykkja það, þeir voru ekki að ræða það og það var ekki verið að hrópa upp um það. Því hef ég kallað þetta litbrigði viðhorfa eftir því hvort maður er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þetta mun verða skoðun mín alveg óháð því hvaða skoðun stjórnarandstaðan hefur á því sem ríkisstjórnin ætlar að gera eða hver skoðun almennt er á því að setja eftirlitsaðila, tilsjónarmenn, eða hvaða nöfn eru notuð, þegar menn á annað borð komast að þeirri nið-

urstöðu að æskilegt sé að geta haft afskipti af stofnunum sem undir þá heyra.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki dettur mér í hug að ætla að breyta skoðun hv. þm. Hún flutti hér tilfinningaríka ræðu um þessi mál og hún hefur sína skoðun eins og henni sýnist. En það þykir mér ótrúlegt, að halda því fram að ekki sé munur á lýsingum í þessum tveimur greinum á verkefnum þessara manna, hvað sem þeir heita. Það skiptir engu máli hvort þeir heita tilsjónarmenn eða eftirlitsmenn. En er það ekki munur eins og segir í fyrra frv. að það megi gera eftir ítrekaða vanrækslu í starfi ef ekki er hlítt fyrirmælum ráðuneytis og aðeins til eins árs í senn, er enginn munur á þessu, sem er hvergi getið í þeim brtt. sem hér eru? Og er enginn munur á því að þeir hafi eingöngu eftirlit en geti ekki ákveðið fjárhagsskuldbindingar? Er enginn efnislegur munur á þessu? Við gætum eflaust rætt um það hvort rétt sé að setja slíka menn eða setja þá ekki en ég trúi því satt að segja ekki að nokkur, sem skoðar þetta efnislega, sjái ekki þarna mikinn mun á.

Hitt get ég vel tekið undir og skal gjarnan staðfesta að þegar ég hafði skoðað þetta frv. þá féllst ég á það hafandi rætt við menn sem eru mjög kunnugir þessum atriðum. Og þetta var, ef ég man rétt, dálítið öðruvísi orðað fyrst og var breytt þannig að telja mætti öruggt að fjárhagsleg ábyrgð forstöðumanna yrði ekki af þeim tekin. Hv. þm. hristir höfuðið. Hún sat ekki í forsrn. þegar ég skoðaði þetta en þar var ég og ég kallaði til mín menn og ræddi þetta við lögfróða menn. Og það var aðalatriðið að það yrði alls ekki nokkurn tíma vefengt að forstöðumenn hefðu eftir sem áður alla fjárhagslega ábyrgð.

Halldór Ásgrímsson (frh.):

Herra forseti. Það var fyrir jól að ég var nýlega búinn að hefja ræðu mína um þetta mál þegar málinu var frestað og vil ég þá halda áfram þar sem frá var horfið. Það er svo með þetta mál að full ástæða hefði verið til að láta það bíða því það hefur komið í ljós að margt af því sem fram var lagt var illa undirbúið og ekki nægilega vel hugsað. Þess vegna vekur það upp margar spurningar hvernig á því stendur að hæstv. ríkisstjórn hafði ekki undirbúið þetta mál betur en raun ber vitni.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð þá var það alveg ljóst að eitt af þeim miklu vandamálum sem hún mundi hafa við að glíma var fjárlagavandinn. Ríkisstjórnin gerði mikið úr þeim vanda strax í upphafi og ekkert að nauðsynjalausu. En því hefði mátt ætla að tíminn yrði vel notaður til að undirbúa aðgerðir að því er varðaði fjárlögin.

Ríkisstjórnin ákvað að byggja þjóðhagsáætlun á þeirri forsendu að hér yrði reist álver á næsta ári. Það var að sjálfsögðu mikilvægt að vinna að því máli af fullum krafti en að margra mati óvarlegt að gera ráð fyrir því í áætlunargerð þá strax í upphafi að þetta álver mundi rísa. Það hefði verið betra að standa þannig að málum eins og t.d. Vinnuveitendasamband Íslands lagði til, að gera ekki ráð fyrir byggingu þessa álvers heldur endurskoða þjóðhagsáætlun ef svo vel vildi til að þessi bygging myndi rísa. Það var því byggt á nokkuð björtum vonum og þar af leiðandi lenti ríkisstjórnin í verulegum vanda með fjárlagaundirbúninginn. Og bera þessi vinnubrögð hér á haustmánuðum þess glögg merki.

Í upphafi þessa máls, þegar fyrir því var mælt þann 6. des. sl., þá hélt hæstv. forsrh. almenna ræðu um stöðu efnahagsmála og gerði þar margt að umtalsefni. Hann gerði m.a. grein fyrir því hvað stjórnarandstaðan vildi gera við núverandi aðstæður og ég vil í upphafi ræðu minnar vitna til þess en hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir vilja stórhækka skatta og aðrar álögur á almenning. Þeir vilja grípa til stóraukinnar erlendrar lántöku, eins og áður sagði. Þeir vilja veita fjármunum á báða bóga í fyrirtækin án tillits til þess hvernig staðið er að rekstrinum. Umfram allt vilja þeir að skömmtunarvaldið sé hjá sér í því skyni öðru fremur að hygla sér og sínum."

Þetta eru stór orð. Og það eru alvarlegar ásakanir þegar hæstv. forsrh. sakar stjórnarandstöðuna í heild sinni um að vilja grípa til ráðstafana sem byggja fyrst og fremst á því að hygla sér og sínum. Við hvað er átt í þessu sambandi, hæstv. forsrh.? Á hæstv. forsrh. við það að stjórnarandstaðan hér á Alþingi vilji gera ráðstafanir í samræmi við það sem hentar persónulegum hagsmunum hennar? Eða hagsmunum sérstakra umbjóðenda stjórnarandstöðunnar? Mér er alveg fullkomlega ljóst að hæstv. forsrh. hefur gagnrýnt margt af því sem áður hefur verið gert og sumt af því er gagnrýnivert. Það er t.d. alveg ljóst að það hafa orðið veruleg mistök í sambandi við uppbyggingu fiskeldis. Og þau útlán sem þar hafa tapast er að hluta til um að kenna ófullnægjandi undirbúningi. Hins vegar hygg ég að erfitt sé að kenna einum einstökum flokki um þó að hæstv. forsrh. sé mjög gjarn á að orða slíkt sérstaklega við Framsfl.

Ég vil t.d. fullyrða að lánveitingar, sem áttu sér stað af hálfu Atvinnutryggingarsjóðs í sjávarútveginum, byggðu á almennum aðgerðum og almennu mati sjóðstjórnarinnar. Og þar voru ágætir embættismenn sem fjölluðu um það mál. T.d. var af hálfu sjútvrn. þannig að staðið að einn hæfasti embættismaðurinn í því ráðuneyti var valinn til að vinna að því verki. Það er því ansi mikið sagt þegar menn gera stjórnarandstöðunni upp slíkar skoðanir.

En látum það vera. Hvað er það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera? Er hún ekki að hækka skatta? Er hún ekki að auka álögur á almenning í þessu máli? Það er að vísu rétt að hæstv. ríkisstjórn leggur mikið upp úr því að skattprósentan í tekjuskattinum breytist ekki. M.a. af þeirri ástæðu að ríkisstjórnarflokkarnir höfðu lýst því yfir að skattar mættu ekki hækka. Í stað þess eru aðrir skattar hækkaðir og einnig er útgjöldum velt yfir á sveitarfélögin sem menn töldu að væru aflögufær en hefur hins vegar þau áhrif að sveitarfélögin hækka sína skatta.

Hvaða tilgangi þjónar það að standa þannig að málum að breyta alls ekki skatthlutfalli ríkisins en leggja hins vegar byrðar á aðra aðila sem verða þá að hækka sitt skatthlutfall? (**Forsrh.:** Ekki öll.) Ekki öll? Það má vel vera, hæstv. forsrh., að í einstaka tilvikum þá sérstaklega að því er varðar stærsta sveitarfélagið, Reykjavík, sem telur sig hafa stöðu til að taka þessar álögur á sig. Það má vera vegna þess að þetta sveitarfélag hafi eytt það miklu fé til verka sem menn sjá nú möguleika á að draga saman og ætla ég ekki að fara út í nánari útlistanir á því hvaða stórvirki það eru þó að full ástæða væri til. En það sem ég tel sérstaklega gagnrýnivert í því sem það sveitarfélag hefur verið að gera er hin mikla uppbygging á veitingahúsarekstri hér í borginni. Ég tel það ekki vera verkefni sveitarfélaganna að standa fyrir byggingu og kaupum á veitingahúsum. En það vill svo vel til að mögulegt er í því tilviki að draga seglin saman í sambandi við uppbygginguna á þeirri starfsemi og þar af leiðandi getur þetta sveitarfélag vonandi tekið þetta á sig. Og auðvitað eru ýmsar aðrar ástæður þar að baki eins og sterk staða þess sveitarfélags, m.a. vegna þess að það hefur almennt hærri tekjustofna en mörg minni sveitarfélögin. En hin sveitarfélögin verða að gera það, sveitarfélögin úti um land þar sem menn eru ekki sérlega vel í stakk búnir til að taka á sig auknar álögur. Og við erum jafnframt áhugasöm um að fólkið búi sem víðast um landið. Og þegar þannig er staðið að skattheimtu að hún komi fyrst og fremst fram sem aukin skattlagning í minni sveitarfélögunum þá verður það að sjálfsögðu til þess að beina athyglinni að stærsta sveitarfélaginu og er þá væntanlega ábending ríkisstjórnarinnar um að þar sé best að búa og þangað skuli menn flytja því þar sé skattheimtan minnst.

Menn verða að hafa í huga hvaða afleiðingar skattheimtan hefur en ekki að standa við ákveðnar kennisetningar og hanga í því að skattprósenta ríkisins megi alls ekki breytast þegar niðurstaðan verður sú að heildarskattheimtan eykst. Það er mikilvægara að hafa í huga að skattheimtan sé réttlát heldur en að hanga í þeirri kennisetningu að skattheimta ríkisins megi alls ekki aukast. Ég er ekki með því að segja að það sé heppilegt að auka skattheimtu ríkisins. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt að halda henni í skefjum. En ég vil líta á það mál í samhengi við aðra skattheimtu í landinu.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að mér skilst að sá ræðumaður sem ætlaði að tala hér á undan hafi ekki getað gert það vegna fjarveru tiltekinna ráðherra. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að gera kröfu til hæstv. forsrh. eða fjmrh. Ég skil það vel að þeir þurfi að bregða sér frá í þessum umræðum en ég vænti þess, ef það væri mögulegt, að hér síðar á fundinum meðan ég flyt mitt mál, en ég ætlaði mér ekki að hafa það mjög langt, yrði formaður fjárln. hér viðstaddur og jafnframt hæstv. samgrh. Og ég á mjög erfitt með að ljúka minni ræðu áður en þeir hafa komið en ég ætlast ekki til að þeir hafi hér mjög langa viðdvöl en vildi hins vegar biðja um að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að ég gæti — (**Forseti:** Forseti mun gera það, en ef forseti man rétt þá er hv. form. fjárln. veikur, hafði veikindaleyfi í gær og forseti telur að hann hafi ekki komið til þings í dag. Varðandi samgrh. mun forseti gera ráðstafanir.) Nú, ég þakka forseta. Að sjálfsögðu gerir ræðumaður ekki kröfur um að veikir menn verði sóttir því ekki liggur svo mikið við og væri það bæði óeðlilegt og ósanngjarnt að gera slíka kröfur þannig að ég fell þá þar með frá henni.

En það er mikil spurning hvernig að slíku er staðið. Og það er mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh. að halda að stjórnarandstaðan vilji byggja á slíku órétttlæti eins og að ausa fjármunum á báða bóga og hygla sér og sínum. Það var margt fleira sem hæstv. forsrh. sagði í þessari ræðu. Hann sagði jafnframt og ég held gott sé að rifja upp þegar hann var að tala um þá sem hafa staðið hér að málum á undanförnum árum. Orðrétt segir hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir vilja komast á nýtt stefnumót við fortíðina, efna til annarrar veislu á kostnað framtíðarinnar þar sem þeir bjóða mönnum til sætis og útvega veisluföngin á kostnað afkomenda okkar."

Já, það voru stór orð notuð af hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir þessu máli. Það má vel vera að hæstv. forsrh. líti þannig á að hér hafi verið sérstök veisluhöld á undanförnum árum og jafnvel áratugum. En þrátt fyrir allt, þó að ýmis mistök hafi átt sér stað, höfum við verið að byggja hér upp gott samfélag og velferðarkerfi sem stendur framar en víðast hvar er í heiminum. Okkur hefur auðnast að byggja upp samhjálp í landinu sem er máttarstólpi í lýðræðisvitund Íslendinga. Ekki hafa menn gert það með þá hugsun að baki að þar væri mönnum boðið til veislu og vísað þar sérstaklega til sætis. Sem betur fer hafa það verið almenn réttindi í okkar landi að eiga kost á skólagöngu og góðri heilsugæslu. Vandfarið er með slíka hluti. Auðvitað er tilhneiging til þess að slíkt vindi upp á sig og ekki er endalaust hægt að auka útgjöld á þeim sviðum, það skal ég fúslega viðurkenna. En hvað um það, þá eru það hlutir sem ég átti ekki von á að hæstv. forsrh. mundi ræða með þessum hætti. Ég vil ekki gera honum upp neinar slíkar hvatir að hann vilji standa þannig að málum.

Oft er sagt að hér falli þung orð og þeir sem í stjórnarandstöðu starfa séu lítt málefnalegir, og fyrir hefur það komið að þeim sem hér stendur hefur fundist það. En ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að mikilvægt væri fyrir ríkisstjórn og aðstandendur hennar á hverjum tíma að þola gagnrýni og verða að hlusta á aðrar raddir því að þeirra er ákvörðunarvaldið, þeirra er meiri hlutinn. Þó er það jafnframt hollt fyrir stjórnarandstöðuna að fá á sig gagnrýni og þola margt sem menn segja. Þó að auðvitað séu hlutir líka gagnrýniverðir hjá stjórnarandstöðunni tel ég að hér sé mælt með þeim hætti að ekki sæmi hæstv. forsrh. — Þar sem hann hefur þurft að bregða sér frá vil ég taka fyrir mál sem varða hæstv. fjmrh. því hann er hér staddur og bíða þess að hæstv. samgrh. komi hér.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt það til, eða ég hef skilið það svo, að settir yrðu sérstakir tilsjónarmenn til að hafa eftirlit með starfsemi ríkisstofnana. Ég var reynd-

ar búinn að lofa hæstv. fjmrh. því að ég mundi halda um það eina ræðu enn og tel ég fulla ástæðu til. Upphaflega lagði hæstv. fjmrh. það til að lög yrðu sett um þetta mál með eftirgreindum hætti. Vitna ég þá til 6. tölul. bréfs hæstv. forsrh., sem ég hygg að leggi það til fyrir hönd fjmrh. til efh.- og viðskn. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja mann, eða nefnd manna um tiltekinn tíma, til að vera fjárhaldsmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn. Starfssvið fjárhaldsmannanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og áætlanagerð stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um starfsmannahald. Kostnaður við starf fjárhaldsmanna greiðist af viðkomandi stofnun."

Síðan hefur þessu verið breytt og ný tillaga borist um þetta efni og í brtt. meiri hlutans hefur — þakka þér fyrir, hæstv. fjmrh. Ég er með heldur mikið af plöggum með mér en einhvers staðar er þetta nú. — Þar hefur þessi breyting verið gerð:

„Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana ..." Ég vek athygli á því að í stað orðsins fjárhaldsmenn er nú komið tilsjónarmenn. Þetta er út af fyrir sig mikilvæg orðalagsbreyting. En ég tel að það skipti ekki meginmáli, hæstv. fjmrh., hvað þessir menn heita. Aðalatriðið er hvað þeir eiga að gera. Nú er búið að bæta því við að það skuli aðeins gera, eins og kemur fram í brtt., ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða.

Það er afar mikilvægt að halda fjárveitingum innan ramma fjárlaga. En maður spyr sjálfan sig: Hvert er vandamálið? Er líklegt að sérstakir fjárhaldsmenn eða tilsjónarmenn geti leyst þetta vandamál? Ég held ekki. Það hefur líka komið fram að allar heimildir eru til þess að herða eftirlit með stofnunum eftir því sem viðkomandi ráðherra telur rétt á hverjum tíma. En síðan kemur það sem meginmáli skiptir, óbreytt og er eftirfarandi: „Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni."

Þetta er aðalatriðið, hæstv. fjmrh., þ.e. hvað þessum mönnum er ætlað að gera. Þeim er ekki aðeins ætlað að hafa eftirlit með reikningshaldi og fjárhagsáætlunum og athuga rekstur þessara stofnana og tilkynna það til viðkomandi ráðherra svo að hann geti tekið frekari ákvarðanir. Nei, þeim er ætlað að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar. Þar með eru þeir fjárhaldsmenn viðkomandi stofnana, hvort sem þeir heita fjárhaldsmenn, tilsjónarmenn, pólitískir kommissarar eða hvaða nafngift menn annars nota í þessu sambandi. Mér þykir það ekki samrýmast venjulegum viðskiptareglum og stjórnunarreglum að sú staða geti komið upp að þyki eitthvað athugavert við rekstur stofnunar sé þar settur inn sérstakur maður til þess að vera fjárhaldsmaður hennar.

Við skulum taka dæmi um stóra stofnun, sem er eftir því sem ég veit best tiltölulega vel rekin. Við skulum taka stóra stofnun eins og Póst og síma og taka það dæmi að þar þyki illa á málum haldið. Eftir því sem ég veit best eru alls ekki nein efni til að efna til slíks í því tilviki. Halda menn að það væri gott til árangurs í því tilviki að senda þangað inn aðila sem ættu að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar þeirrar stofnunar ef forstjóri og stjórn þeirrar stofnunar sætu jafnframt eins og ekkert hefði í skorist? Er það venjulegt í fyrirtækjarekstri, ef illa gengur í viðkomandi fyrirtæki, að setja nýjan forstjóra við hliðina á þeim gamla sem er sendur þangað inn til þess að taka af honum öll völd? Það er mjög óvenjulegt og ég veit ekki mörg dæmi þess. Það er hins vegar eðlilegt að fá aðila til að fara ofan í reksturinn, gera tillögur um úrbætur, gefa viðkomandi forstöðumönnum fyrirskipun um að gera þar breytingar á og skipa þeim að framkvæma þær. Ef viðkomandi aðilar vilja ekki gera það og telja sig ekki hæfa til þess þarf væntanlega að grípa til nýrra ráðstafana.

Ég vil benda á að fyrir eru í ríkiskerfinu margar eftirlitsstofnanir og margar aðferðir til þess að koma vilja ráðherra í framkvæmd. Ríkisbókhaldið annast allt bókhald fyrir þessar stofnanir almennt séð. Hagsýslan er ávallt reiðubúin til þess að hafa hönd í bagga. Ráðuneytin hafa flest hver aðila til þess að fylgjast með fjárhag stofnana og síðan er Ríkisendurskoðun sá aðili sem hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og gefur ábendingar um það sem miður fer. Núorðið gefur Ríkisendurskoðun út skýrslur um framkvæmd fjárlaganna að því ég best veit tvisvar á ári.

Ríkisendurskoðun hafði líka margvíslegar athugasemdir við þetta mál og setur fram þarfar ábendingar um það hvað einkum þurfi að gera. Það er satt best að segja dæmigert fyrir alla þá vinnu sem farið hefur fram að undanförnu að lítt er hlustað á gagnrýni og þarfar ábendingar. Ríkisstjórnin er tilbúin að breyta orðalagi og finna betri nöfn á það sem gera skal en efnislega vill hún engu breyta. Það er mjög slæmt í máli sem þessu að hætta ekki einfaldlega við það. Ég skal hins vegar viðurkenna að erfiðara er orðið um vik að draga þetta til baka af þeirri einföldu ástæðu að menn mundu sjálfsagt líta þannig á, ef hætt yrði við þetta, að það stæði ekki til að hafa neitt eftirlit með ríkisstofnunum. En ég undrast að slíkt ráðslag skuli sett fram í tillögum um lagabreytingar þegar það er beinlínis viðurkennt af þeim sem að þeim stóðu að ekki séu lagalegar ástæður til þess heldur fyrst og fremst pólitískar og efnahagslegar.

Lögin eru til þess að gera það mögulegt að koma ákveðnum hlutum í framkvæmd. Ef lög eru þannig að það er hægt að hafa fullt eftirlit með framkvæmd fjárlaga þarf ekki að breyta þeim. Ef menn vilja leggja sig sérstaklega fram um að framkvæma þessi lög með mjög ákveðnum hætti gera menn það ekki með því að leggja fram tillögur um lagabreytingar. Menn skrifa bréf og kalla menn fyrir og tilkynna þeim að nú standi til að taka mjög ákveðið á framkvæmd mála.

Vel má vera að hæstv. ríkisstjórn líti svo á að svo

mikið sé af óhæfum forstöðumönnum innan ríkisgeirans að sérstök ástæða sé til að styrkja heimildir sínar í þessu sambandi. Það má vel vera að hæstv. ríkisstjórn leggi svo mikla áherslu á að koma einhverjum tilteknum mönnum til starfa að finna þurfi fyrir þá einhver góð verk. Ég ætla ekki að hafa uppi neinar fullyrðingar um það en þetta vekur allt tortryggni og merkilegt að mínu mati að hæstv. ríkisstjórn skuli leggja slíkt ofurkapp á ákvæði sem þetta.

Ég hef gagnrýnt þetta mál mjög harðlega og tel það ekki samrýmanlegt venjulegum stjórnunarreglum að senda sérstaka menn til að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar nema öðrum sé vikið til hliðar. Ég óttast að það muni hafa í för með sér alvarlegt ástand í þeim stofnunum sem þetta annars kann að hitta. Nú má vel vera að hæstv. ríkisstjórn ætli sér ekkert með þetta og væri þá illa farið með þann tíma sem það hefur tekið að ræða málið. En það má hæstv. fjmrh. vita að full ástæða er til þess að þetta sé rætt. Ég vil hins vegar hvetja hann til þess að flytja á Alþingi það frv. sem hefur verið alllengi í vinnslu og varðar greiðslur úr ríkissjóði því ég held að slík löggjöf sé mjög mikilvæg og varði grundvallaratriði þessa máls.

Nóg um það, ég skal ekki ræða frekar um þessa tilsjónarmenn en vænti þess að hæstv. fjmrh. hugsi um þetta einu sinni enn og athugi hvort ekki gæti verið betra að láta þetta bíða en leggja fram í þess stað hið fyrsta frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði sem ég veit að hæstv. heilbrrh. er jafnframt mikill áhugamaður um. Hann hafði forgöngu um það sem formaður fjvn. að koma því máli fram. (**Gripið fram í:** Það verður gert líka.) Já, það er nú það.

Ég var að vænta þess að hæstv. samgrh. mundi koma hingað. (**Forseti:** Samkvæmt viðveruskrá var ráðherrann einmitt að ganga í húsið í þessum töluðum orðum. Hann hlýtur að ganga hér í salinn.) Hæstv. forseti, ég fagna því sérstaklega að hæstv. samgrh. skuli hingað kominn og ég skil vel að það hefur tekið tíma.

Ég vil meðan ég bíð eftir hæstv. samgrh. víkja að verkefnum sveitarfélaganna. — Þar kemur hæstv. samgrh. Ég vil gjarnan, hæstv. samgrh., að hæstv. fjmrh. hlýði á það líka en það er ekkert sem skiptir meginmáli. Það er alveg nóg að hafa einn ráðherra í einu, ég vil ekki vera allt of kröfuharður í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Þú ert með tvo.) Það er sérstakur heiður — og þrjá.

Það sem ég vil gera hér að umræðuefni eru lífeyrisréttindi og eftirlaunagreiðslur til sjómanna og er gott að hæstv. heilbr.- og trmrh. hlýðir á það líka. (**Gripið fram í:** Og formaður Sjómannafélags Reykjavíkur.) Ég vil minna hæstv. samgrh. á að þessi mál heyra líka undir hann, þ.e. öryggismál sjómanna, og oft hefur verið nokkur vafi á því hvaða ráðherra fari með þessi mál. Talið hefur verið að fjmrh. bæri ábyrgð á lífeyrismálum, heilbr.- og trmrh. á almannatryggingalöggjöfinni, samgrh. á öryggismálum og síðan hefur embætti sjútvrh. jafnframt blandast inn í þessi mál, m.a. inn í lífeyrismálin. Ég fór fram á það í efh.- og viðskn. að saga þessa máls yrði rifjuð upp þannig að mönnum mætti vera ljóst hvað bjó að baki þegar það var ákveðið að ... (Gripið fram í.) Það kallast fortíðarvandi, hæstv. heilbrrh., og heyrir undir forsrn. Það má vel vera að þetta sé eitt af því sem kallast fortíðarvandi og hæstv. forsrh. sé ekki kominn svona langt. Ég get vel skilið að hann er ekki kominn aftur í forsætisráðherratíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. En hæstv. samgrh. er hins vegar afar fróður um það tímabil enda opnar maður vart þingtíðindi öðruvísi en að sjá það að núv. hæstv. samgrh. hefur annaðhvort verið að tala um þingsköp eða hefur beðið um orðið utan dagskrár. Ég var að leita að upplýsingum um þetta mál í gær og var þá var við það að hæstv. núv. samgrh. talaði mjög mikið um þingsköp og utan dagskrár þótt ekki hafi það verið daglega.

Ég vil vekja athygli á því að um þetta mál var samið í kjarasamningum 1980 ásamt ýmsum öðrum réttindamálum launþega. Það var gagnrýnt af mörgum að svo langt væri gengið í að koma í veg fyrir kauphækkanir og tryggja ýmsum launþegum meiri réttarbætur á mörgum sviðum. Hins vegar var það gert og þessar réttarbætur hafa ekki verið teknar til baka nema í mjög litlum mæli. Ég vil vekja athygli á því að þegar ákveðið var að ellilífeyrir væri greiddur til sjómanna á aldrinum 60–67 ára var það gert með algjörri samstöðu á Alþingi. Enginn hv. þm. greiddi atkvæði gegn því. Málið fór hér í gegn tiltölulega umræðulítið. Ég vil í þessu sambandi rifja upp hvað talsmenn núverandi stjórnarflokka sögðu við þetta tækifæri en hæstv. samgrh. sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta, þáv. hv. þm. Halldór Blöndal, þann 18. febr. í neðri deild:

„Hér er um bæði menningarlegt mál að ræða og mikið nauðsynjamál. Og ég vil beina því til þeirrar nefndar sem tekur málið til meðferðar að láta það fá fljóta afgreiðslu og íhuga hvort 25 ár séu eðlilegur tími eða kannski megi lækka mörkin niður í 20 ár. Jafnframt þætti mér sanngjarnt að þessi lög yrðu afturvirk að því leyti að þau næðu a.m.k. til áramóta."

Hæstv. núv. samgrh. var ekki með neinar efasemdir um réttmæti þessarar löggjafar í þessari óvenju stuttu ræðu sinni. Hann vildi hins vegar benda á að rétt væri að rýmka réttinn. Í stað þess að miða við 25 ár mætti miða við 20 ár. Trúlega væri rétt að borga þetta eitthvað aftur í tímann svo að réttlætinu væri fullnægt. Nú er ekki verið að hugsa um það. Ekki er verið að hugsa um að borga þetta aftur í tímann, það er verið að hugsa um það, hæstv. samgrh., að taka þetta af um alla framtíð.

Síðan var annar talsmaður núv. stjórnarflokka í efri deild, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, núv. form. fjárln., og hann sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, þá ánægju sem menn hafa sýnt yfir því að þetta frv. skuli nú vera komið úr nefnd. Rétt er að geta þess að það ákvæði sem hér hefur verið tekið upp er þáttur í kjarasamningum sem Sjómannasamband Íslands þurfti að knýja á um en eftir stendur það að Lífeyrissjóður sjómanna er afskaplega illa staddur og lífeyrir sem sjómenn fá er afar nöturlegur, ég tala nú ekki um aðstandendur þeirra. Nokkur bót varð á við síðustu samn-

inga en betur þarf að gera til þess að réttlæti verði náð."

Síðan sagði hv. þm.:

„Það var mikils virði að sérstaða sjómanna var viðurkennd. Hjá öðrum þjóðum tíðkast það með þá sem í herþjónustu eru að þeir komast á eftirlaun fyrr en aðrir. Ýmsar aðrar starfsstéttir gera það einnig, stafsstéttir sem eru metnar á þann hátt að þær skipta feikilega miklu máli fyrir viðkomandi þjóð. Ég tel að ástæða sé fyrir okkur að líta á sjómannastéttina sem okkar hermenn, okkar starfsmenn við að halda uppi lífskjörum þjóðarinnar og við þurfum að meta það svo sem unnt verður."

Þetta var vel mælt af talsmanni Alþfl. á þeim tíma og sýnir vel hvaða hugur fylgdi þessu máli. Ég vil ítreka að um þetta var algjör samstaða. (**Gripið fram í:** Var þetta sagt á Flateyri?) Þetta var sagt þann 10. apríl í efri deild Alþingis.

Áður en þessi fallegu orð voru flutt á Alþingi hafði hv. þm. Pétur Sigurðsson, fyrrv. alþm., flutt þetta mál hér inn og haldið um það margar ræður og ætla ég ekki að vitna sérstaklega til orða hans í þessu sambandi. En aðalatriðið er að á þessum tíma voru lífeyrisréttindi sjómanna afar lítil og það gekk illa að ná samstöðu um að þeir greiddu af launum sínum í lífeyrissjóð eins og aðrar starfsstéttir í landinu. Það var ekki fyrr en á árunum 1985–1987, eftir endurskoðun sjóðakerfisins, að tókst með sameiginlegu átaki ráðuneyta, starfsstéttanna og útvegsmanna að ná samkomulagi í því máli sem mun verða til þess að byggja upp eðlilegan lífeyrisrétt sjómanna í framtíðinni. En réttur flestra þessara aðila er mjög ungur og gefur því ekki mikil réttindi í dag.

Menn eru að gleyma miklu úr þessari sögu ef það á að afnema þetta nú með einu pennastriki. Það er sérstaklega óréttlátt í ljósi þess að lífeyrisgreiðslur skerða ekki rétt til ellilauna heldur aðeins aðrar tekjur. Því verður það sérstaklega óréttmætt hjá aðilum sem hafa sáralítinn lífeyri og fengu síðan uppbót í formi ellilífeyris til þess að bæta upp þennan lífeyri, ef nú á að skerða hann.

Ég vil hvetja til þess að þetta mál verði tekið fyrir á nýjan leik í efh.- og viðskn. og menn verði í fullri vinsemd tilbúnir til að rifja upp hvernig þetta mál er til komið. Það er ekki við hæfi að ganga til samninga um mikilvægt réttindamál við stóra stétt í landinu undir fögrum orðum, samþykkja það á Alþingi mótatkvæðalaust, hver einasti þingmaður, gleyma því svo í einni svipan og vera ekki einu sinni tilbúinn til að rifja það upp. Því miður þá var því neitað í heilbr.- og trn. að kalla fyrir fulltrúa sjómanna í þessu máli. Þó fékkst fram í efh.- og viðskn. að byrja að ræða þetta mál en ég fór þess á leit að sett yrði saman skýrsla um sögu málsins þar sem m.a. þessi sannindi hefðu komið í ljós en menn töldu ekki rétt að gera það.

Nú er það ekki svo að ekki megi hugsa sér að breyta einhverju í þessu máli. E.t.v. mætti hugsa sér að þessi réttur yrði tekinn af þeim aðilum sem hefðu mjög háan lífeyrisrétt. Ég ætla ekki að fara að skilgreina hvað er mjög hár lífeyrisréttur. Það má e.t.v. segja að óeðlilegt sé að maður á aldrinum 60–67 sem hefur tiltölulega góðan lífeyrisrétt og er þar að auki með fullt starfsþrek njóti þessara réttinda. Ég tel með öllu óeðlilegt að maður sem hefur sáralítinn lífeyri njóti ekki þessara réttinda í samræmi við vilja Alþingis á árunum 1980 og 1981. Það eru aðeins 10 ár liðin síðan þetta gerðist og það er ósæmilegt að breyta því svo í einni svipan, ekki síst í ljósi þess að viðkomandi stétt er með lausa kjarasamninga, hefur gefið út aðvaranir vegna réttindamissis í sambandi við sjómannaafslátt. Ég er viss um að þetta mun fylla þann mæli.

Finnst hæstv. ríkisstjórn betra að fá þetta mál yfir sig í sambandi við komandi kjarasamninga þar sem öll þessi orð verða rifjuð upp? Finnst mönnum það sæmandi að taka sérstaklega til baka starfsréttindi sem samið var um við íslenska sjómenn? Væri þá ekki rétt fyrir hæstv. ríkisstjórn að fara ofan í allt það sem samið var um og taka allt til baka? Þá væri a.m.k. eitthvert samhengi í óréttlætinu sem er líka mikilvægt ef menn vilja beita því á annað borð. Ég mun fara þess mjög ákveðið á leit að þetta mál verði tekið upp í efh.- og viðskn. og ætlast til þess að nefndin setji sig inn í það, fari yfir sögu þess og finni einhverja skynsamlega lendingu í málinu.

Ég ætla ekki að fara út í almannatryggingalöggjöfina að öðru leyti, hæstv. forseti. Aðrir hafa komið að því máli og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég vil að lokum koma inn á málefni sveitarfélaganna en þar hefur skýrt komið fram að í þeim samskiptum sem ríkisstjórnin hefur átt við sveitarfélögin hefur samstarfsáttmáli ríkis og sveitarfélaga verið þverbrotinn og alveg ljóst að ekkert samkomulag er milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna í þeim málum.

Ég get skilið að tilhneiging sé hjá hæstv. ríkisstjórn til að dreifa þeim vandamálum sem við er að glíma. Það er mjög óheppilegt að það skuli gert með tilviljunarkenndum hætti. Fyrst láta menn sér detta í hug málefni fatlaðra og finna að það gengur ekki. Þá finna menn upp að rétt sé að koma löggæslukostnaðinum yfir á sveitarfélögin. Það gengur ekki og þá er tekinn upp sérstakur skattur til þess að mæta þessum kostnaði í stað þess einfaldlega að fela sveitarfélögunum meiri verkefni. Ég tel mjög mikilvægt að sveitarfélögum séu falin meiri verkefni og þau beri fjárhagslega ábyrgð á þeim. En það er hins vegar afar óheppilegt að fjárhagsleg ábyrgð og framkvæmd mála fari ekki saman.

Það er nú svo að ekki verða allir hlutir leystir með tilsjónarmönnum og mikilvægara er að þeir sem ábyrgð bera á fjárskuldbindingum séu ábyrgir gerða sinna og látnir standa fyrir þeim. Eftirlitsmannakerfið og kommissarakerfið hefur aldrei reynst vel. Það er t.d. ljóst að sá rekstur sem menn hafa staðið fyrir í hinum sósíalísku ríkjum hefur verið með miklu eftirliti, svo miklu eftirliti að það hefur nánast ekki verið hægt að snúa sér við og jafnvel hafa verið eftirlitsmenn með eftirlitsmönnunum. Þetta eftirlit kostar mikla peninga. (**Gripið fram í:** Það eru útsölur núna fyrir austan.) Það er góð regla í sambandi við allt innra eftirlit að eyða ekki meiri peningum til þess en eftirlitið sparar. Sjaldan er réttlætanlegt að eyða krónu til að spara krónu.

Vera má að í einstaka tilvikum sé það nauðsynlegt af prinsippástæðum en ég býst ekki við því að það séu slíkir hlutir sem hæstv. ríkisstjórn hefur í huga í sambandi við þetta mál.

Ég vil að lokum minna á að nú standa yfir kjarasamningar. Ekki fer hjá því að allt sem ríkisstjórnin aðhefst til að skerða kjör almennings mun hafa áhrif á þær viðræður. Ég er ekki með því að segja að hægt sé að koma í veg fyrir að kjör almenning skerðist. Ég geri mér afar vel grein fyrir því að þjóðartekjur hafa dregist saman og það þýðir einfaldlega að við höfum minna handa í milli. En það er eins og fyrri daginn, það skiptir meginmáli hvernig það er gert, hvernig byrðunum er jafnað og það verður eilíft úrlausnarefni stjórnmálanna. Ég er þeirrar skoðunar að núv. ríkisstjórn hafi tekist afar illa upp við að dreifa þessum byrðum og ég spái því að það muni reynast henni erfitt þegar hún þarf að koma inn í málamiðlun á vinnumarkaði. Það gengur ekki að taka mikilvæg réttindi til baka. Það gengur ekki að skerða svo rétt þeirra sem minna mega sín að öllum ofbjóði, þar með talið þeim sem meiri efni hafa. Það munu hljótast af því átök sem verða til þess að allir fara verr frá því borði en annars hefði þurft að vera. Og þótt ég sé almennt þeirrar skoðunar að það eigi að koma í veg fyrir skattahækkanir þá vil ég ekki útiloka þær ef það má verða til þess að betri sátt náist um það hvernig byrðunum er dreift. Menn mega ekki vera svo fastir í þeirri kennisetningu að skattar megi alls ekki hækka að það gleymist þá um leið hvernig byrðunum er dreift.

Hér er ekki um gífurlega háar fjárhæðir að ræða þó þær safnist saman eins og hæstv. forsrh. nefndi í gær. Og það er góðra gjalda vert að huga að því líka að margar litlar upphæðir verða stórar og þannig næst fram ráðdeild að menn spari þar sem mögulegt er að spara. En það þarf líka að hafa í huga að um það náist bærileg sátt í samfélaginu og það sé almennur vilji samfélagsins að standa þannig að málum. Ef það er almennur vilji t.d. á vinnumarkaði að hækka einhver gjöld umfram önnur þá er nauðsynlegt að hlusta á slíkan vilja. Ef menn telja það réttlætanlegra að breyta tekjuskattsprósentu lítillega en að leggja sérstaklega gjöld á þá sem þurfa á læknishjálp að halda þá eiga menn að hlusta á slík orð. Og ef menn telja mikilvægara að halda uppi starfi í grunnskóla en hækka skatta lítillega þá eiga menn að hlusta á þau orð. En núv. hæstv. ríkisstjórn kýs að gera það ekki og það hefur verið nokkuð átakanlegt að hlusta á aðila vinnumarkaðarins í sambandi við þessi mál því að þar hefur skýrt komið fram að ekki haft neitt samband þar og eins og einhver viðmælandi orðaði það, það séu tilskipanir ofan frá síðan taki miðstýringin við og svo eigi að koma sérstakir tilsjónarmenn. Þetta er ekki falleg lýsing á stjórnunaraðferðum núv. hæstv. ríkisstjórnar en þetta er mælt af þeim mönnum sem m.a. bera ábyrgð á því hvernig til tekst á vinnumarkaði á næstunni.

Það má vel vera að þeir segi þessi orð án þess að jafnmikið liggi að baki og ég hef tilfinningu fyrir. Það má vel vera að hæstv. ríkisstjórn hafi efni á því að taka ekkert tillit til þeirra. En mér segir svo hugur að hún eigi eftir að standa frammi fyrir því. Hæstv. forsrh. orðaði það svo í framsöguræðu sinni þegar hann flutti boðskap sinn þann 6. des., með leyfi hæstv. forseta, og mælti þá sérstaklega til okkar framsóknarmanna, en hann sagði: „Þeir skulu þurfa að horfa framan í afleiðingar eigin verka." Það þurfa menn að gera hvort sem menn eru framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn, alþýðuflokksmenn, alþýðubandalagsmenn eða frá Kvennalista. Þær hafa að vísu aldrei setið í ríkisstjórn og eiga þess vegna hreinni fortíð en allir aðrir stjórnmálaflokkar og þeim verður illa kennt um ýmis þau „óhæfuverk" sem hæstv. forsrh. hefur verið svo sérstaklega vinsamlegur að gera að umtalsefni í vetur. Ég er a.m.k. þeirrar gerðar að ég vil horfa framan í afleiðingar eigin verka og tel nauðsynlegt að gera það ekki síst til að læra af því, hvort sem það hefur orðið til góðs eða ills og svo er með alla menn og alla flokka að ekki er allt gert til góðs, því miður. Stundum gera menn hluti sem betur hefðu verið ógerðir. Og ég held að það sé alveg eins í þessu máli, hæstv. forsrh. Ég held að þú og þín ríkisstjórn verðið að horfa framan í afleiðingar eigin verka og ég hygg að sá tími muni koma áður en nokkur önnur ríkisstjórn getur skipað nýja nefnd til að rannsaka fortíðarvanda. Ég tel það í sjálfu sér ekki sérstaklega mikilvægt að skipa rannsóknarmenn um fortíðina. En ég býst við því að núv. ríkisstjórn þurfi ekkert á því að halda og það þurfi enga nýja ríkisstjórn til þess að hjálpa núv. ríkisstjórn til að horfa framan í afleiðingar eigin verka. Það mun koma af sjálfu sér eins og alltaf hefur gerst nema þá hæstv. ríkisstjórn leyni upplýsingum eins og ég hef heyrt á hæstv. forsrh. að hann telur að fyrri ríkisstjórnir hafi gert.

Sem betur fer er það þannig, hæstv. forsrh., að ég tel ekki efni til og óttast ekki að núv. ríkisstjórn geti leynt neinu til langframa. Það er sem betur fer sérstök eftirlitsstofnun sem heitir Ríkisendurskoðun sem sér um að koma því á framfæri sem er gagnrýnivert og gerir það skilmerkilega. Því er tekið fagnandi af núv. hæstv. ríkisstjórn ef það er sérstök gagnrýni á það sem áður hefur gerst og menn tala mjög mikið um það, eins og hæstv. forsrh. hefur talað um starfsemi sjóðanna. Ef Ríkisendurskoðun gagnrýnir hins vegar tilsjónarmennina tilvonandi, sem er hugarverk núv. ríkisstjórnar eða fjárhaldsmennina, eins og ég vil kalla þá, er ekki hlustað á það og ég tala ekki um ef borgarendurskoðun gagnrýnir eitthvað af því sem áður hefur gerst í stjórnun Reykjavíkurborgar þá þykir það hið versta mál og ekki gagnrýni sem er sæmandi borgarendurskoðanda. Þannig er þetta allt hjá núv. hæstv. ríkisstjórn. Þeir láta sér vel líka að heyra gagnrýni um fortíðina áður en þeir komust til valda og jafnvel Alþfl. er sérstaklega ánægður með það. Ég tók eftir því að hæstv. viðskrh. fór lofsamlegum orðum um framsöguræðu forsrh. þótt forsrh. sé að sjálfsögðu jafnframt að gagnrýna gerðir Alþfl. En þegar kemur að því að minnast á eitthvað sem þessum herramönnum hefur mistekist sem er vissulega nokkuð, eins og mannlegt er, þá annaðhvort hlusta menn ekki eða mótmæla því mjög harðlega að slíkt geti verið réttmætt.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið þeirri ræðu sem ég hóf hér fyrir jól. Hún er að vísu heldur styttri en ég hafði ætlað mér því að þetta mál er með slíkum endemum að um það má tala í marga daga en ég taldi hins vegar mikilvægt að koma því nauðsynlegasta á framfæri, m.a. í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn væri tilbúin að breyta einhverju milli 2. og 3. umr. Og það er nú svo, hæstv. heilbrrh., að þetta er smátt og smátt að lagast. Ég er að vonast til að þetta taki veturinn þannig að þetta gleymist bara á vormánuðum alveg eins og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eru búnir að gleyma því sem þeir sögðu þegar þeir samþykktu tryggingabætur til sjómanna á sinni tíð. Ef þeir gleymdu þessu líka yrði réttlætinu fullnægt. Þetta mál er svo illa þroskað og lítt undirbúið að ég vonast til að við getum tekið það til umfjöllunar í nefndinni því að það verður að taka þann tíma sem þarf. Og þótt mikið sé talað um að Alþingi þurfi að komast í þingleyfi þá held ég að það skipti minna máli. Það er meira um vert að þessi löggjöf verði lagfærð. Ég vil leggja sérstaka áherslu á þau réttindi sem sjómenn fengu í kjarasamningum 1980. Ég tel að það sé Alþingi til vansæmdar að taka það til baka í ljósi þess að það var samþykkt samhljóða með almennri ánægju allra þingmanna.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg sammála því sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austurl. um að það hafi verið mest reynsla af tilsjónarmönnum í hinum sósíalísku ríkjum. Ég held að það hafi verið enn meiri reynsla af þeim í rússneska keisaradæminu og ég vil benda hæstv. fjmrh. á mjög þekkta og góða skáldsögu sem fjallar um slíka tilsjónarmenn eða eftirlitsmenn eins og þeir hétu þar og er eftir Gogol. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að kynna sér þá reynslu.

En það er svo að það gengur illa að fá — (Gripið fram í.) Það er eftir sama höfund. — Það gengur illa að fá svör við ýmsum spurningum varðandi þessa tilsjónarmenn og ég spurði hæstv. fjmrh. í gær um það hvort til stæði að auglýsa stöður tilsjónarmanna og í hvaða launaflokki þeir yrðu. Hv. 1. þm. Austurl. kom ekki inn á þessi mál en ég var hér, hæstv. forseti, að gera athugasemd við hans mál sem varðar reynslu af slíkum tilsjónarmönnum og rifjaði það upp í því sambandi að spurningum hefur ekki verið svarað varðandi tilsjónarmenn.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessa leiðréttingu. Mér var ekki ljóst að þetta hefði verið svona líka í rússneska keisaradæminu en ég hef betri þekkingu á hinu kerfinu því að meðan ég var ráðherra í ríkisstjórn þá kom ég þar tvívegis eða þrívegis og sá nokkurn veginn hvernig það virkaði og mér leist ekki á og mér líst heldur ekki á þessa nýju tilsjónarmenn núv. ríkisstjórnar þótt hún starfi ekki undir merkjum sósíalismans.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Frú forseti. Þar sem heilbr.- og trmrh. er nú kominn í salinn get ég hafið ræðu mína en áður en ég beini máli mínu til hans langar mig aðeins að beina einu til fjmrh. og það kannski ekki síst vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um hina svokölluðu tilsjónarmenn. Gárungarnir kalla þessa tilsjónarmenn gjarnan STASÍ og er það skammstöfun á orðinu „starfsmannasía". Sem sagt, starfsmannasía, skammstafað STASÍ. Þetta er nýjasta uppfinning hugvitsmannanna í fjmrn. og hefur þó margt furðulegt þaðan út gengið. En þó að það sé merkilegt að búa til þessa tilsjónarmenn þá tók þó steininn úr í gær eða það fannst þeirri sem hér stendur a.m.k. þegar hún horfði á kvöldfréttir sjónvarpsins. Þar var sagt frá minnisblaði fjmrh. um sparnað hjá ríkinu. Þetta var minnisblað sem hann mun hafa kynnt á fundi með forstöðumönnum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja og var sem sagt um sparnað hjá ríkinu. Ég verð að segja að sé þetta rétt sem sagt var í sjónvarpinu í gær þá eru þetta hreint ótrúlegar hugmyndir sem þarna eru á ferðinni um eftirlit með launagjöldum í opinberum stofnunum.

Ég hef fengið útskrift af fréttinni og mig langar til þess, með leyfi forseta, að lesa það sem þar var sagt en það er sem sagt verið að fjalla um framkvæmd þessa eftirlits og sagt að það verði með eftirfarandi hætti og er þá verið að vitna í minnisblað hæstv. fjmrh. Og þar segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi verði heimiluð ákveðin frávik á launakostnaði hverrar stofnunar frá áætlun. Heimildin fari lækkandi eftir því sem líður á árið og heimilt verði að draga umframgreiðslur launa frá öðru rekstrarfé stofnunar.

Í öðru lagi verði útborgun hreinlega stöðvuð ef launagreiðslur fari umfram tilgreind mörk, fyrst yfirvinnu- og aukagreiðslur, því næst fyrirframgreiðslur og að lokum aðrar mánaðargreiðslur."

Með öðrum orðum þarna er í rauninni verið að uppáleggja mönnum að nota húsbóndavald ríkisins til að stöðva launagreiðslur, til að brjóta lög og kjarasamninga á opinberum starfsmönnum. Fréttamaður spyr út í þetta tiltekna atriði og spyr aðstoðarmann fjmrh. hvort þarna sé ekki verið að ganga á svig við lög. Þá segir í fréttinni, með leyfi forseta:

„Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjmrh., sagði í kvöld að verulega mikið yrði að ganga á til þess að gripið yrði til jafnafdrifaríkra aðgerða, enda væri gert ráð fyrir að forstöðumenn störfuðu samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlunum. Um það hvort hægt væri að stöðva launagreiðslur samkvæmt lögum vitnaði Steingrímur til fjárlaga yfirstandandi árs". Ég verð að segja að mér finnst það mjög sérkennilegt ef fjárlögin takmarka eða upphefja rétt einstaklinganna til sinna launa, til þeirra launa sem þeir hafa samið um, sem þeir hafa unnið fyrir. Þetta finnst mér satt að segja mjög sérkennileg túlkun á fjárlögunum og eru því fjárlögin farin að taka yfir allvítt svið ef þau taka líka fyrir rétt einstaklinganna. Ég hef ekki orðið vör við að einstaklingarnir séu fjárlaganúmer á fjárlögum með beinum hætti.

Ég verð að segja að ég skil ekki hvaða nauðir reka menn út í þann samskiptastíl sem núv. ríkisstjórn hefur tamið sér gagnvart launafólki á undanförnum mánuðum og reyndar hafa margar ríkisstjórnir tamið sér sérkennilegan stíl gagnvart launafólki. Og í þessu tilviki á það ekki síst við um samskiptastíllinn við starfsmenn ríkisins.

Ríkisvaldið stendur í því núna að gera kjarasamninga en á sama tíma eru boðaðar fjöldauppsagnir hjá opinberum starfsmönnum. Boðuð er skerðing á ýmsum réttindum; lífeyrisrétti, fæðingarorlofi, veikindarétti og nú síðast er boðað að launum þeirra, þ.e. launum opinberra starfsmanna, verði haldið eftir ef stofnunin sem þeir vinna hjá fer fram úr settum mörkum. Mér þykir þetta mjög sérkennilega að verki staðið í miðri gerð kjarasamninga. Ég skil ekki hvernig þetta á að geta liðkað fyrir í þeim málum, enda brást formaður BSRB ókvæða við þessum fréttum í kvöldfréttum í gær. Mér finnst þetta mjög furðuleg tíðindi sem þarna komu fram í sjónvarpsfréttunum og ég vænti þess að fjmrh. útskýri þetta mál fyrir þingheimi, þ.e. hvaða minnisblað sé þarna á ferðinni og hvernig menn hafa hugsað sér að standa að málum. Er þetta rétt að verið sé að veita mönnum heimild til þess að halda eftir launum opinberra starfsmanna? Ég verð að segja að miðað við það sem komið hefur frá fjmrn. á undanförnum vikum og mánuðum sé fjmrh. að ýmsu leyti í viðlíka krossferð gegn opinberum starfsmönnum og heilbr.- og trmrh. er að mörgu leyti gegn velferðarkerfi fjölskyldnanna. Ég hélt reyndar að hann væri kannski örlítið liprari en kollegi hans í heilbr.- og trmrn. en ég sé lítil merki þess. Ég vildi segja þetta vegna þeirrar umræðu sem fór fram áðan um tilsjónarmennina og ég mundi óska einhverra útskýringa á þessu minnisblaði frá hæstv. fjmrh.

Í umræðum um bandorminn hafa menn á undanförnum dögum talað um þau vinnubrögð sem viðgengust við frv. Þess er skemmt að minnast að fyrir harðfylgi stjórnarandstöðunnar var því frestað fyrir jól en síðan var Alþingi kallað saman aftur þann 6. jan. til að afgreiða frv. Þá kom í ljós að frv. var aldrei nema hálfunnið. Ég veit satt að segja ekki hvernig ríkisstjórnin hefði farið að ef málinu hefði ekki verið frestað og þing ekki komið saman þann 6. jan. Því þegar við komum til þings lágu fyrir brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar í níu liðum. En þar með er þó ekki öll sagan sögð því að þessar brtt. voru líka allar hálfkaraðar. Og í heilbr.- og trn. einni saman hafa verið unnar átta brtt. á því sem að þeirri nefnd snýr, átta brtt. á níu brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar. Þetta er satt að segja mjög sérkennilegt. Og rétt er að taka það fram að þessar átta brtt. heilbr.- og trn. voru bara við eina tillögu af níu brtt. sem komu frá ríkisstjórninni eftir áramót.

Ég tek það fram að mér hefur líkað vel að vinna í heilbr.- og trn. og málefnalega hefur verið að hlutum staðið og reynt að ná samstöðu eftir því sem kostur hefur verið. Ég hef ekkert undan því að kvarta. En vinnubrögðin í nefndinni bera auðvitað merki þess undirbúnings sem hafði verið unninn fyrir þessar tillögur því að málið hefur verið að breytast dag frá degi, frá einum fundi til annars í heilbr.- og trn. Á hverjum fundi hafa komið í ljós nýir skafankar á brtt. ríkisstjórnarinnar og þess vegna hafa menn sífellt verið að reikna og breyta hugmyndum sínum um það hvernig almannatryggingalöggjöfin ætti að líta út. Þetta var um vinnubrögðin, hina formlegu hlið vinnubragðanna.

Önnur hlið snýr að þeim stjórnarstíl sem ríkisstjórnin hefur tamið sér og virðist ganga í gegnum allt stjórnarkerfið og það eru tilskipanir að ofan. Komið hefur í ljós og verið sagt frá því í þessari pontu áður að Tryggingastofnun var fyrst sett inn í málið föstudaginn 10. jan. Þann dag voru starfsmenn Tryggingastofnunar fyrst settir inn í þær breytingar sem verið var að vinna að á vegum heilbr.- og trn. og á vegum heilbr.- og trmrn. að almannatryggingalöggjöfinni. Samtök öryrkja höfðu ekkert verið spurð um það hvernig tilfærslu þau vildu gera innan síns hóps. Enda kom í ljós að þau voru mjög ósátt við það sem verið var að gera í heilbr.- og trmrn. Mér finnst mjög sérkennilegt að hafa ekki samráð við þann hóp vegna þess að með breytingunum á örorkulífeyrinum er ekki verið að spara fyrir ríkissjóð, ekki verið að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, heldur vinna að tilfærslum innan hópsins og því er mjög eðlilegt að hafa hópinn sjálfan með í ráðum. En það var ekki gert og þess vegna barst nefndinni eða réttara sagt heilbr.- og trmrh. bréf sem nefndarmenn fengu afrit af frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalag Íslands mótmælir harðlega þeim handahófskenndu aðgerðum sem ríkisstjórnin beitir til þess að ná endum saman í ríkisfjármálum. Þessar aðgerðir miðast við skerðingu örorku- og ellilífeyris þannig að lífeyrisþegar eru sviptir grunnlífeyri að hluta til eða að fullu.“ Og síðan segir: „Hvað öryrkja varðar hefur það verið grundvallarviðhorf, viðurkennt af samfélaginu, að greiða öryrkjum lífeyri sem nokkra uppbót vegna þeirrar hömlunar og aukakostnaðar sem örorka veldur. Skerðing grunnlífeyris án tengsla við heildarskoðun tryggingakerfisins er því vægast sagt varhugaverð. Ámælisvert er að tekjur fólks sem er langt innan við meðaltekjumörk eru skertar verulega á meðan í engu er hróflað við þeim sem eru hátt yfir þessum meðaltalstekjum.“

Mér finnst þessi mótmæli öryrkja mjög skiljanleg en mér finnst þau líka bera því vitni hversu klaufalega er að málum staðið í heilbr.- og trmrn. Því hefði verið í lófa lagið að hafa samráð við þennan hóp og fá þá ekki hávær mótmæli frá hópnum vegna þeirra tilfærslna sem þar er verið að gera. Það er kunnara en frá þurfi að segja að með brtt. á almannatryggingalöggjöfinni sem nú liggja fyrir er í rauninni verið að gera stefnubreytingu í lífeyristryggingum. Í fyrsta sinn er verið að tekjutengja grunnbætur og þar á meðal ellilífeyrinn sem margir hafa getað gengið að sem rétti sínum hingað til. Mismunandi skoðanir hafa komið upp um það hvort þetta standist lögformlega og m.a. hafa aðilar úr Tryggingastofnun dregið það mjög í efa. Aðilar frá Samtökum aldraða og Félagi eldri borgara hafa líka dregið þetta í efa.

Ráðuneytið mun hafa fengið ríkislögmann til þess að taka saman efni um þessa aðgerð. Þar kemur fram sú skoðun hans að þetta standist lög. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þetta er ekki lögfræðileg álitsgerð frá ríkislögmanni. Þetta er ekki álitsgerð í formlegum skilningi heldur er þetta minnisblað, það kemur skýrt fram frá ríkislögmanni, og ekki hægt að nota það sem lögformlega álitsgerð. Ég tel mjög miður að Alþingi skuli ætla sér að fara út í breytingar eins og þessar, breytingar sem mjög skiptar skoðanir eru um og menn hafa mjög mismunandi skoðanir á því hvort standist lög, og að það skuli gert án þess að fyrir liggi formleg, lögfræðileg álitsgerð annaðhvort frá ríkislögmanni eða Lagastofnun Háskóla Íslands.

Ýmislegt í því sem er lagt til í tryggingamálunum er, ef maður má orða það þannig, ýmist klúður eða hreinar sjónhverfingar. Í bréfi frá heilbr.- og trmrn. sem fylgdi tillögunum þegar þær komu inn í nefndina er boðað að þarna sé verið að gera ákveðna réttarbót hvað hjón varðar. Með öðrum orðum, tekjur hjóna eru meðhöndlaðar sem tekjur einstaklinga þegar reiknuð er út skerðing ellilífeyris. Þegar maður fer að velta þessu fyrir sér er óneitanlega sérkennilegt að við það að tekjutengja og skerða grunnlífeyrinn er verið að færa hjónum ákveðna réttarbót með nýju skerðingarákvæði. Og það segir í greinargerð frá ráðuneytinu, með leyfi forseta:

„Lagt er til að hjón verði að öllu leyti meðhöndluð sem sjálfstæðir einstaklingar hvað varðar skilgreiningu tekna. Er þetta í samræmi við ákvæði skattalaga um aðskilda meðferð á tekjum hvors hjóna."

Ég get út af fyrir sig fagnað þessu ef þetta gengi í gegnum allt kerfið en svo er alls ekki. Eftir stendur reglugerð t.d. um tekjutryggingu sem meðhöndlar tekjur hjóna sameiginlega. Upphæð tekjutryggingar ákvarðast af því hvort um hjón eða einstakling er að ræða þannig að tekjur annars þeirra, í flestum tilvikum karlsins, skerðir tekjutryggingu hins, í flestum tilvikum konunnar. Og nú vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort við eigum von á breytingu og réttarbót hvað þetta varðar næstu daga. Hvort hjón verði að öllu leyti meðhöndluð sem sjálfstæðir einstaklingar eins og segir í plaggi frá ráðuneytinu og hlýtur þá að gerast innan tíðar. Ég ætla að biðja ráðherrann um svör við þessu. Ég dreg hins vegar stórlega í efa að þetta standi til hjá ráðuneytinu vegna þess að mér sýnist að ekkert megi kosta um þessar mundir og þessi réttarbót, verði hún ekki bara notuð þegar verið er að skerða grunnlífeyri heldur líka varðandi tekjutryggingu, mun hún án efa hafa kostnað í för með sér. Og ég spyr, mega réttarbætur kosta eitthvað?

Það er líka klúður í þessum málum varðandi öryrkja. Í málefnum þeirra er verið að flytja til 30 millj. kr. með miklu fimbulfári og látum eins og ég lýsti áðan. Það er verið að lækka örorkulífeyri þeirra öryrkja sem ná að komast upp fyrir skattleysismörk. Það eru 6,9% hópsins. Þetta er eini hópur öryrkja sem getur grillt í mannsæmandi líf af því að þeir ná að tosast upp fyrir skattleysismörkin. En það er talin ástæða til þess að krukka í bætur þessa hóps og jafnframt er reynt að krukka vítt og breitt í almannatryggingalöggjöfina til þess að fyrirbyggja alls kyns hliðarverkanir sem af þessu hljótast. Alvarlegasta klúðrið í þessu öllu saman er að öryrkjum er mismunað með þeirri breytingu sem verið er að gera eftir því hvort orsakavaldur örorkunnar er sjúkdómur eða slys.

Í brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem er til kominn inn í heilbr.- og trn. 2. tölul., e staflið, b undirlið, breyting við 34. gr. tryggingalaga, segir:

„Við 1. mgr. bætist: Skerðingarákvæði 6. mgr. 12. gr. [þ.e. skerðingarákvæði hvað varðar örorkulífeyrinn] skulu ekki taka til örorkulíferis samkvæmt þessari grein" — og þá er það örorkulífeyrir sem greiddur er vegna slysa. Þetta þýðir að verið er að flokka öryrkja í 1. og 2. flokks öryrkja. Sjúkdómsöryrkjar eru 2. flokks samkvæmt þessu. Þeir eru það reyndar nú þegar, það er rétt að taka það fram. Þessi hópur öryrkja er kallaður til endurmats inn í Tryggingastofnun á tveggja ára fresti og ef þeir hafa náð að skapa sér félagslegan stöðugleika og eru með fastar tekjur yfir skattleysismörkum, þá er örorkumat þeirra lækkað úr 75% örorku í 65%. Við þessa lækkun missa þeir örorkulífeyri en geta hins vegar fengið örorkustyrk sem er aftur tekjutengdur. Þetta endurmat á ekki við um öryrkja eða fólk sem er öryrkjar af völdum slyss. Þeir öryrkjar eru metnir í eitt skipti fyrir öll og hafi menn fengið 75% örorkumat þá stendur það. Endurmatið á hinum hópnum er hins vegar háð huglægu mati tryggingayfirlæknis og engar fastar reglur eru til um það hvernig með skuli farið. En viðmiðun er almennt sú að hafi mönnum tekist að skapa sér félagslegan stöðugleika og tekjur yfir skattleysismörkum eða slíkum mörkum þá er örorkumat þeirra lækkað. Þetta segir að í raun ættu engir öryrkjar með yfir 114 þús. kr. mánaðartekjur að vera með örorkulífeyri samkvæmt reglum Tryggingastofnunar nema örorkan stafi af slysi. Stafi örorkan af sjúkdómi ætti að vera búið að endurmeta þá og þeir ættu að vera komnir niður í 65% örorku og þar af leiðandi ekki vera í þessum hópi. Og þá vaknar sú spurning hvort þeir 100 öryrkjar, sem eru 2,1% öryrkja, og eru með yfir 114 þús. kr. mánaðartekjur og ættu því að missa allan sinn örorkulífeyri samkvæmt hugmyndum heilbr.- og trmrh., hvort þeir gera það samt ekki vegna þess að þeir séu öryrkjar af völdum slyss. Ég er með öðrum orðum að spyrja hvort þessir 100 öryrkjar sem menn hafa reiknað út að missi örorkulífeyri vegna tekjutengingarinnar, séu ekki þegar betur er að gáð allir öryrkjar af völdum slyss og þar af leiðandi muni þessi upphæð ekki sparast. Ég hef ekki nákvæma upphæð í höndunum en ef ég man rétt þá eru um 14 millj. kr. sem þarna eru taldar sparast. Og mér segir svo hugur að í rauninni muni ekkert sparast vegna þess að þetta sé slysaörorkulífeyrir en ekki sjúkdómsörorkulífeyrir sem þessi hópur er með.

En ég vek líka athygli á því hvernig þetta er orðað með þá sem fá örorkulífeyri vegna slysa í greinargerð með breytingum heilbr.- og trn. Mér finnst orðalagið satt að segja dálítið ósmekklegt og bera vott þeim þankagangi sem hér er á ferðinni. Nú er ég ekki að segja að þessi þankagangur sé í eðli sínu slæmur held-

ur hversu ákafir þeir eru í skerðingaráformum sínum. Þar segir:

„Skerðingarákvæði örorkulífeyris eiga ekki að ná til þeirra sem fá lífeyri samkvæmt slysatryggingaákvæðum almannatryggingalaga." — En, og taki menn nú eftir. — „Óhjákvæmilegt er að sleppa þessu fólki við skerðingu lífeyris ella skapast ósamræmi þeirra milli þeirra sem fá einskiptisbætur og hinna." — Óhjákvæmilegt er að sleppa þessu fólki við skerðingu lífeyris.

Rétt er að það komi fram að textinn er upprunninn í ráðuneytinu þó að hann sé í brtt. meiri hluta heilbr.- og trn. Og mér finnst þetta lýsa því hversu ákafir menn eru í skerðingaráformum sínum. Þeim þykir verst að einhverjir skuli þurfa að sleppa við skerðingu og það í hópi öryrkja.

En ég var áðan að tala um þessa 100 öryrkja sem væru með yfir 114 þús. kr. mánaðartekjur og eiga því að missa sinn örorkulífeyri. Mér segir svo hugur að þeir séu flestir öryrkjar af völdum slyss og munu því halda lífeyrinum. En ef einhverjir í þessum hópi eru öryrkjar af völdum sjúkdóms þá hljóta mjög sérstakar ástæður að liggja fyrir því að þessir einstaklingar hafi haldið 75% örorkumati vegna þess að það er í trássi við allar vinnureglur í Tryggingastofnun ríkisins, því miður.

Ég er sem sagt að halda því fram og vil gjarnan fá svör við því frá heilbr.- og trmrh. á eftir hvort þessar 14,5 millj. sem þeir hafa reiknað sér til tekna hjá þessum hópi eða til sparnaðar réttara sagt, séu ekki rangt reiknaðar. Ef svo er, þá finnst mér þetta mjög dæmigert fyrir það hvað þetta mál er illa og yfirborðslega unnið.

Auðvitað er svo kapítuli út af fyrir sig að menn skuli sjá ástæðu til þess að leggja 55% jaðarskatt á örorkulífeyrisþega sem komast yfir skattleysismörk í heildartekjur. Það er út af fyrir sig umhugsunarefni að þeim skuli refsað fyrir sjálfsbjargarviðleitni með þessum hætti. Oft er þarna um að ræða ungt fólk sem er að reyna að skapa sér sjálfstætt líf. Menn hafa talað hér um sjómennina og lagt mikla áherslu á þann hóp. Ég vil ekki síður leggja áherslu á þennan hóp, þ.e. örorkulífeyrisþegana. Vegna þess að flest er þetta ungt fólk og hefur ekkert annað sér til framfærslu en bæturnar og atvinnutekjur. Það hefur ekkert úr lífeyrissjóðum eins og t.d. aldraðir sem ekki fá þessa skerðingu og hugsanlega einhverjir úr hópi sjómanna. En aldraðir fá líka á sig 55% jaðarskatt eins og öryrkjarnir því ellilífeyrir á nú að tekjutengjast í nafni réttlætis og jöfnuðar.

Það kom fram í sjónvarpsþætti í umræðum um ellilífeyri með heilbr.- og trmrh. ekki alls fyrir löngu, að þetta virðist allt vera gert í nafni réttlætis og jöfnuðar. Mér finnst stundum eins og heilbrrh. sé krossferðarriddari en ekki sé alveg ljóst hvert ferðinni er heitið. Réttlæti er góðra gjalda vert. Það er göfugt og jafnaðarhugsjónin er líka göfug og vel hægt að taka undir margt í henni. Ef þetta er allt saman gert í nafni réttlætis og jöfnuðar, af hverju eru þá eftirlaun úr lífeyrissjóði undanþegin þeirri tekjuviðmiðun sem hefur áhrif á skerðingu? Hvar er réttlætið? Að hvaða leyti eru sparaðar tekjur fyrri ára eðlisólíkar útborguðum tekjum ársins í ár? Hver er eðlismunurinn? Lífeyrisgreiðslur eru auðvitað ekki annað en sparaðar tekjur fyrri ára og þeir sem hafa það sér til framfærslu núna verða ekki fyrir skerðingu, aðeins hinir sem vinna sér fyrir atvinnutekjum og fá þær útborgaðar núna. Ég vil fá svar ráðherra við því hver er eðlismunurinn á þessu tvennu. Er t.d. eitthvert réttlæti í því að ráðherra, tökum það dæmi, á fullum eftirlaunum haldi óskertum grunnlífeyri meðan einstaklingur, sem á aðild að veikum lífeyrissjóði og rembist því við að vinna til að hafa í sig og á lengur en hann kannski vildi, verður fyrir skerðingarárattu kratarábherrans en ekki hinn? Hvert er réttlætið í því? Ég kem ekki auga á það.

Er í raun verið að fullnægja réttlætinu eða bara ná sér í aura þar sem þeir eru auðteknir? Mér finnst hið síðara nær lagi vegna þess að það sem gert er í öllum þessum skerðingarmálum er að menn deila og drottna. Þeir gera það hjá ellilífeyrisþegum, taka af sumum, láta aðra halda sínu. Það er gert hjá barnafólki, tekið af sumum, fært til annarra þó að óvera sé og það er gert líka hjá sjómönnum og öryrkjum. Ef menn vilja fullnægja réttlætinu af hverju er þá ekki allur grunnlífeyrir tekjutengdur? Af hverju bara örorkubætur og ellilífeyrir? Af hverju ekki allur annar grunnlífeyrir líka? Hvað með mæðra- og feðralaun, ekkla- og ekkjubætur, barnalífeyri? Af hverju ekki? Ég er ekki að leggja til að þetta verði gert. Ég bara spyr. Hvert er prinsippið, hver er grunnhugmyndin, hvert er réttlætið í því að taka ákveðna hópa út úr? Hvert er þessari krossferð heitið, hæstv. heilbr.- og trmrh.? Með hverjum er samúðin og hvaða vígi stendur til að fella í þessari herferð?

Eitt vígið, sem fellur viljandi eða fyrir slysni, ég hef grun um að það sé fremur fyrir slysni, er sjómannalífeyririnn vegna þess að hann er tengdur ellilífeyrinum. Það var samþykkt frv. um þennan sjómannalífeyri hér á Alþingi veturinn 1980–1981. Eins og kom fram í máli Halldórs Ásgrímsson áðan var þetta frv. samið í samráði við samtök sjómanna og í tengslum við kjarasamninga þeirra. Á bak við þetta frv. lá hugmynd sem kemur auðvitað fram í athugasemdum við frv. En þar segir í athugasemd við 1. gr. sem fjallar um sjómannalífeyrinn, með leyfi forseta:

„Því verður ekki mótmælt að sjómenn leggja á sig mikið erfiði við störf sín. Sú krafa sjómannasamtakanna að sjómönnum verði tryggður réttur til töku lífeyris við lægri aldursmörk en almennt gildir í landinu að uppfylltum skilyrðum um t.d. 25 ára starf byggist þess vegna á þeirri viðurkenndu staðreynd að sjómannastarfið er það erfitt og vinnutími svo langur að engum manni er ætlandi að standast þær kröfur sem starfið gerir lengur en það. Eru þess aðeins örfá dæmi að sjómenn á fiskiskipum nái 60 ára aldri í starfi.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að réttur til töku ellilífeyris miðist við 60 ára aldur sjómanns en hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að viðkomandi þurfi að vera starfandi sjómaður þegar hann nær þessum aldri. Í flestum nágrannalanda okkar mun sérstaða sjómanna

hafa verið viðurkennd að þessu leyti. Einnig skal á það bent að almennt er það talsverðum erfiðleikum bundið fyrir sjómenn að fá vinnu við hæfi í landi að lokinni sjómennsku."

Þessi texti verður ekki skilinn öðruvísi en svo að ekki hafi verið ráð fyrir því gert að menn hættu allri iðju, hættu að vinna heldur að þeir flyttu sig um set, þ.e. af sjónum og í land og við það mundu þeir væntanlega lækka nokkuð í tekjum. Nú er með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin grípur til gegn ellilífeyri og gegn sjómannalífeyri í raun verið að ganga gegn þessari grunnhugmynd í breytingunni á almannatryggingalögunum. Það má auðvitað með ákveðnum rökum halda því fram að sjómannalífeyrir og sjómannaafsláttur sé í raun niðurgreiðsla á launakostnaði útgerðar í landinu, því má vel halda fram með rökum. Það breytir þó ekki því að hvort tveggja er komið á í tengslum við kjarasamninga og afnám eða skerðing þessara réttinda ætti því líka að skoðast í tengslum við kjarasamninga, fylgja kjarasamningi.

Það hefur vakið athygli mína að það hefur lítið heyrst frá fulltrúum sjómanna á þingi um þetta mál. Einn þeirra hefur þó setið í heilbr.- og trn. og ekki haft nokkurt orð um þennan sjómannaafslátt þar og annar situr hér á þingi sem varamaður og hefur setið hér síðan þetta frv. kom til umfjöllunar og ég hef ekki orðið vör við að hann hafi tekið til máls um þetta efni. Það hefur oft verið haft fyrir satt að ekki sé hægt að spauga með íslenskt sjómannsblóð. En ég verð að spyrja: Hvaða glundur er það sem rennur í æðum þessara sjómanna sem sitja hér á þingi? Því að ég verð ekki vör við annað en það sé mjög auðvelt að spauga með þá í hagsmunamálum sinnar stéttar.

Síðan ég kom hér á Alþingi hefur örugglega vikulega verið sagt héðan úr þessari pontu og haft til marks um ágæti manna eða ágæti skoðana manna hvort þeir hafi migið í saltan sjó. Hafa menn gjarnan haft þetta að orðtaki hér í pontu. Og það hefur verið haft til marks um að þeir hefðu rétt stilltan radar á allt sem góðu gegndi. Ég verð að segja að eitthvað hefur hlaupið í radar sjómannanna hér á Alþingi að láta það yfir sig ganga núna í tvígang á skömmum tíma að vegið sé að hagsmunum þeirra með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Það hefur eitthvað hlaupið í radar þeirra og ég er hrædd um að þeir hafi illa misst áttir.

En ég var að tala um tekjutengingu og hugmyndin um tekjutengingu og skerðingu bóta ýmiss konar leiðir auðvitað hugann að eðli mismunandi bótagreiðslna. Hvert er hlutverk bótagreiðslna? Er í öllum tilvikum sanngjarnt og eðlilegt að tekjutengja? Eru bætur eða tryggingar réttur einstaklinganna eða eru þær ölmusa samfélagsins? Eru þær hjálparhönd samfélagsins? Eru þær almennt jöfnunartæki sem getur þá verið eðlilegt að tekjutengja eða eru þær tæki til að jafna aðstöðumun hópa? Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna örorkubætur sem draga úr forskoti sem heilbrigðir hafa umfram öryrkja. Ég vil líka nefna barnabætur í þessu sambandi sem ég lít ekki á sem almennt jöfnunartæki heldur tæki til þess að jafna aðstöðumun hópa, þ.e. tæki til þess að draga úr forskoti barnlausra umfram barnafólk. Og það orkar verulega tvímælis að tekjutengja slíkar bætur. Ég verð ekki vör við í þeirri umfjöllun, sem hér hefur verið um þessa hluti á Alþingi frá því í haust, að menn hafi nokkra heildarsýn, menn hafi nokkra grunnhugmynd í því sem þeir eru að gera. Það er bara krukkað hér og þar og reynt að ná sér í aura þar sem það er auðveldast. En úr því að ég minntist á barnbæturnar þá langar mig lítillega til að fjalla um þær vegna þess að þær eru auðvitað kapítuli út af fyrir sig sem ég tel að hafi ekki verið nægilega ræddur hér Alþingi og ég vil enn og aftur ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel fráleitt að ekki skuli öllum börnum ætluð sama grunnframfærsla, í rauninni sama startgjald í þessum heimi. Það telur það enginn ofrausn þegar fullorðnir eiga í hlut að allir fái sama startgjald. Öll fáum við sama persónuafsláttinn, rúmar 22 þús. kr., hvort sem við erum gift eða ógift, ung, gömul, heilbrigð eða sjúk. Við fáum öll þetta sama startgjald. Og því skyldu ekki öll börn fá það líka? Mér finnst það virðingarleysi að veita börnum ekki sambærilegan rétt og fullorðnum í þessu efni. Það er verið að gera þeirra rétt með þeirri skerðingu á barnabótum sem hér var ákveðin fyrir jól að sérstakri matarholu eða samningsatriði sem hægt er að hækka ef menn þurfa nauðsynlega að koma því við og lækka svo þegar það hentar stjórnvöldum betur. Ég er hrædd um að menn mundu ekki leyfa sér að fara svona með persónuafslátt fullorðinna einstaklinga þannig að þetta er hreint virðingarleysi.

Vegna þess að ég er að tala um barnabætur langar mig að tengja það aðeins útgerðinni eða sjómönnum þó svo að ýmsum kunni að þykja það langsótt en það er það bara alls ekki. Ég talaði hér áðan um að það mætti líta á sjómannaafsláttinn og sjómannalífeyrinn sem niðurgreiðslu á launakostnað útgerðar. Það má með sama hætti líta svo á að hinn „góði" vilji, vilji stjórnvalda til að gera vel við einstæða foreldra sé öðru fremur til þess fallinn að draga úr meðlagskostnaði, að þetta sé niðurgreiðsla á meðlagskostnaði. Meðlag er í dag um 7.400 kr. á mánuði og ég leyfi mér að fullyrða að faðir, því að í flestum tilvikum eru það feður sem þetta greiða, sem greiðir þá upphæð með barni sínu sleppur mun léttar frá framfærslu þess en faðir í hjúskap eða sambúð. Stjórnvöld eru því ekki fyrst og fremst að gera eitthvað fyrir einstæða foreldra sem eiga svo að standa í gífurlegri þakkarskuld við stjórnvöld fyrir að gera eitthvað í þeirra þágu. Það er ekki verið að gera eitthvað fyrst og fremst fyrir þessa foreldra heldur fyrir meðlagsskylda feður. Það er verið að niðurgreiða kostnað meðlagsskyldra feðra.

Ég var að tala um tekjutenginguna og mig langar, þó að ég hafi gagnrýnt það mjög hvernig að því hefur verið staðið af núv. ríkisstjórn, vil ég að það komi skýrt fram að við kvennalistakonur erum ekki í grundvallaratriðum mótfallnar tekjutengingu, alls ekki. Við vitum og það er skoðun okkar að hún geti komið konum til góða svo fremi sem hún sé almennt notuð hinum tekjulágu til góða, þ.e. til að lyfta þeim en ekki bara til að ýta hinum tekjuhærri niður. En það er ekki sama hvernig að framkvæmdinni er staðið. Það er t.d.

fráleitt að hefja skerðingu bóta eða greiðslna annarra við tekjur sem eru undir framfærslumörkum. 66 þús. kr. á mánuði eru undir framfærslumörkum og að byrja tekjutengingu þar er auðvitað fráleitt. Það er líka fráleitt að tekjutengja allt nema skattkerfið. Ef við viljum tekjutengja þá á auðvitað að bæta við skattþrepum. Það er sú tekjutenging sem mestu máli skiptir. Það er líka fráleitt að miða tekjutengingu einvörðungu við launatekjur fólks en ekki fjármagnstekjur og það er ekki hægt að ljá máls á tekjutengingu fyrr en fjármagnstekjur hafa verið gerðar skattskyldar, það er ekki hægt að ljá máls á því.

Mig langar til þess að nefna tölur sem eru mjög athyglisverðar og komu inn í heilbr.- og trn. Að vísu varða þær tölur bara ellilífeyrisþega. Það er verið að reikna þar út hver er eignarstofn ýmissa tekjuhópa ellilífeyrisþega. Þar kemur m.a. fram í þessum gögnum að 37 ellilífeyrisþegar, og þá er það fólk sem ekki er í sambúð eða gift, sem hafa tekjur á mánuði undir 16.200, ég tók viðmiðunina 16.200 vegna þess að þá byrjar tekjutryggingin að skerðast, þetta er sem sagt hópur sem fær fullan ellilífeyri og fulla tekjutryggingu, 37 einstaklingar og eru með eignarstofn að meðaltali upp á 25 millj. kr. á mann. Þessi hópur fær ekki á sig neina skerðingu. Hann heldur fullum ellilífeyri og fullri tekjutryggingu. Í þessum sama hópi eru 133 hjón. Á bak við það eru þá 266 einstaklingar sem líka njóta fullrar tekjutryggingar þrátt fyrir að þetta fólk sé með eignarstofn upp á að meðaltali 26 millj. kr. Og það er rétt að taka fram að það er alls ekki víst að allar eignir séu þarna fram taldar þar sem þær eru ekki skattskyldar margar hverjar heldur einungis framtalsskyldar og það er auðvitað mikið sem ekki skilar sér á skattframtölum af slíkum eignum. Bara til að nefna mönnum dæmi um þessar eignir sem þarna er um að ræða þá eru hér t.d. sex einstaklingar sem eru með um 30–35 þús. kr. á mánuði í tekjur og það geta þess vegna verið lífeyristekjur eða atvinnutekjur og þeir eru með eignarstofn upp á 49 millj. að meðaltali. Ef við tökum svo aftur hópa sem eru með talsvert hærri tekjur, þ.e. tekjur yfir 250 þús. kr. á mánuði, þá erum við þar líka með 14 einstakinga sem eru hver um sig með eignarskattsstofn upp á 44 millj. og hjón, 171 hjón, ef maður getur sagt svo, með eignarskattsstofn upp á 44 millj. Þarna eru auðvitað á ferðinni hópar sem hafa gífurlegar eignir og eignatekjur sem verða væntanlega ekki fyrir þeirri skerðingu sem hæstv. ríkisstjórn er að koma á og undanskil ég þá auðvitað þá sem ég nefndi áðan með þessar hæstu tekjur. Maður hlýtur því að spyrja sig hvort að þetta sé réttlæti. Er þetta réttlæti? Er þetta jöfnuður? Og er þetta gert í nafni þessara tveggja göfugu hugtaka?

Ég ætla ekki að ræða meira um breytinguna sem nú hefur verið unnið að á almannatryggingalöggjöfinni, þ.e. þessar nýju breytingar um tekjutengingu ellilífeyris, heldur langar mig núna aðeins að víkja að þeim breytingum sem heilbr.- og trn. leggur til að gerðar verði á þeim þætti frv. sem snýr að sjúkratryggingum og var til meðferðar hér á þingi fyrir jól. Í heilbr.- og trn. náðust fram jákvæðar breytingar á sjúkratryggingunum, þ.e. á þeim tillögum að breytingum á sjúkratryggingum sem heilbr.- og trmrh. lagði hér fram á þingi, þ.e. hans innlegg í bandorminn. Á þessu náðust fram jákvæðar breytingar og góð samvinna var í heilbr.- og trn. um það mál og í raun finnst mér að sú samvinna hafi verið til fyrirmyndar. Sú breyting náðist fram í nefndinni að forvarnir í tannlækningum eru nú veittar án endurgjalds. Þar átti að greiða ákveðna prósentuupphæð rétt eins og af öðrum tannlækningum en nú verða þær veittar alveg án endurgjalds sem er auðvitað mjög mikilvægt því þetta er einhver mikilvægasta starfsemi tannlækna.

Það náðist líka fram að ekki er sú algera lokun á notkun almennra tannlækna eins og var í frv. upphaflega. Foreldrum er heimilt að leita til þeirra með börn sín þó að þeir eigi kost á skólatannlækni en greiðslur fara þó samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins en ekki samkvæmt reikningi tannlæknanna eins og verið hefur nema þá í þeim tilvikum þar sem reikningurinn er lægri. En stærsti gallinn á þessu — og það sem gerir mann kannski ekki fyllilega sáttan við það sem kom út úr nefndinni þó að minni hlutinn stæði að því — stærsti gallinn er enn þá sá að ekki verður greitt fyrir tannréttingar barna nema í allra alvarlegustu tilvikum.

Það er ekki ýkja langt síðan að úrskurður tannlæknis um að rétta þyrfti tennur í barni var venjulegu launafólki verulegt áfall og fylgdu því umtalsverð útgjöld sem gerðu það að verkum að fólk þurfti ýmist að leggja á sig aukna vinnu, herða sultarólina eða hreinlega sleppa því að láta gera við tennur barna sinna. Nú finnst mér að með þeirri breytingu, sem hér er verið að gera á sjúkratryggingum almannatrygginga, sé verið að stíga skref aftur til þess tíma. Það er þess vegna sem minni hluti heilbr.- og trn. leggur fram brtt. á þskj. 307 þar sem við gerum ráð fyrir því að inn í 17. gr. almannatryggingalaganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

„Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar hjá börnum og unglingum 16 ára og yngri samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn sem útfyllt er af viðkomandi tannlækni samkvæmt ósk Tryggingastofnunar og samþykki sjúkratrygginga."

Þetta er í rauninni svipað ákvæði og er í núgildandi lögum en það er rétt að vekja athygli á því að þetta er heimildarákvæði og útfærslan er auðvitað í höndum ráðherra. Við teljum mjög brýnt að þetta komi þarna inn og hafi menn ekki viljað hafa tannréttingarnar inni í tillögum sínum, þ.e. meiri hluti heilbr.- og trn., vegna deilna við tannlækna eða tannréttingafræðinga þá eru þær deilur nú leystar eftir því sem manni hefur skilist fyrir utan það að það orðalag, sem við leggjum hér til á lagagrein, ætti ekki að skapa vandamál í samskiptum við tannréttingafræðinga. Við teljum líka að ef þessi hópur barna er tekinn út úr almannatryggingalöggjöfinni vegna þessara deilna þá sé verið að refsa þeim sem síst skyldi í þessu efni.

Ég ætla ekki að fjalla meira um brtt. heilbr.- og trn. við sjúkratryggingarnar en langar hins vegar að gera hér lítillega að umtalsefni reglugerð sem heilbr.- og trmrn. hefur nú nýverið sett um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Þessi reglugerð er sett væntanlega í samræmi við þau lög sem enn hafa ekki verið samþykkt hér á Alþingi. Við erum ekki búin að samþykkja breytingu á heilbrigðis- og tryggingalögunum og þessi reglugerð tók gildi þann 15. jan. sem er ef ég man rétt í fyrradag. Það er kannski enginn sérstakur fingurbrjótur fyrir ráðherra þó að hann setji þessa reglugerð án þess að lögin hafi hér farið í gegn vegna þess að ég get ímyndað mér, án þess að ég hafi skoðað það nákvæmlega, að hún geti út af fyrir sig staðist þrátt fyrir að lagabreytingin hafi ekki gerst. En mér finnst dálítið sérkennilegt að láta reglugerðina ekki bíða eftir gildistöku laganna, láta það tvennt ekki fylgjast að í meðförum í ráðuneytinu.

Mig langar aðeins til þess að fjalla um reglugerðina. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að með reglugerðinni er komugjald sjúklinga til sérfræðinga hækkað um 150%, þ.e. úr 600 kr. í 1.500 kr. Mörgum kann að þykja 1.500 kr. gjald ekki mjög há upphæð. En þetta 1.500 kr. gjald er 3% af mánaðarlaunum fiskverkakonu eftir 10 ára starf samkvæmt taxta. Eftir 10 ára starf hefur fiskverkakona 49 þús. kr. á mánuði og þessar 1.500 kr. eru 3% af launum hennar og það er allnokkuð. Þar að auki er verið að koma á 600 kr. gjaldi á heilsugæslustöð þó að ungbarnaeftirlit og mæðraskoðun sé að vísu undanskilið. Mín skoðun er hins vegar sú að öll heilsuvernd ætti að vera undanþegin þessu gjaldi og aðeins ætti að greiða fyrir hina svokölluðu viðgerðarþjónustu heilsugæslunnar.

Í þriðja lagi er verið að koma á 1.500 kr. gjaldi fyrir krabbameinsleit á heilsugæslustöð og sú gjaldtaka finnst mér fráleit. Mér finnst það fráleitt að láta greiða 1.500 kr. fyrir krabbameinsleit vegna þess að þetta er svo mikilvæg forvörn sem getur sparað hinu opinbera alveg gífurleg útgjöld ef næst til allra kvenna í krabbameinsleit. Þetta getur sparað gífurleg útgjöld og það er fráleitt að hækka slíka þjónustu. Það er jafnfráleitt og að leggja gjald á ungbarnaeftirlit og mæðraskoðun sem menn féllu frá og tóku rökum því efni.

Eitt vil ég gera sérstaklega að umtalsefni og það er 1.500 kr. gjald á göngudeildir, ekki síst á göngudeildum geðdeilda. Ég vek athygli á því að t.d. á barna- og unglingageðdeildinni á Dalbraut þurfa foreldrar nú að greiða 1.500 kr. fyrir hverja komu og þá er vert að hafa í huga að fjölmargir foreldrar koma þangað með börn sín nauðugir. Þeir eru sendir þangað með börn sín af skólanum, af félagsmálayfirvöldum, af dagvistum og það er auðvitað full ástæða til þess, ég er ekki að mæla gegn því að það sé gert. Engu að síður er þetta fólk sjálfs sín ráðandi og það fer með forræði barna sinna og það fer þangað vegna þess að það er í rauninni þvingað til þess. Í ofanálag á það svo að greiða 1.500 kr. fyrir að koma þarna. Þetta á ekki bara við um göngudeildir barna- og unglingageðdeildar heldur um geðdeildir almennt. Það er talsvert um það að fólk fari þangað fyrir þrábeiðni ættingja eða það sé á einhvern máta þvingað til þess með ýmsum aðferðum og það á að greiða fyrir þetta 1.500 kr. Oft og tíðum er þetta fólk sem er félagslega illa sett og margt af þessu fólki er fátækt vegna þess að fátækt er til í landinu og hún er til ekki síst hér í Reykjavík. Þetta fólk er skikkað til þess að greiða 1.500 kr. og það er engin heimild í reglugerðinni til þess að fella þetta gjald niður. Það var auðvitað 900 kr. gjaldtaka þar og mér skilst að starfsfólk á göngudeildunum hafi oft séð í gegnum fingur sér með gjaldtökuna. En það er að verða enn þá erfiðara en áður að sjá í gegnum fingur sér með slíka hluti. Mér skilst að það sé m.a. vegna þess fyrirkomulags sem nú er verið að taka upp á reikningshaldi á þessum stöðum, á útskrift reikninga. Það er engin heimild í reglugerðinni til þess að fella niður gjaldtöku í tilvikum sem þessum. Ég vil biðja menn að hugleiða þetta og athuga með hvaða hætti sé hægt að taka á þessu máli.

Enn eitt vil ég gera að umtalsefni í þessari reglugerð og það varðar glasafrjóvgun því að í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að greitt sé fyrir glasafrjóvgun 105 þús. kr. fyrir fyrstu meðferð, 60 þús. kr. fyrir aðra og þriðju meðferð og 200 þús. kr., þ.e. fullan kostnað, fyrir aðrar meðferðir eða meðferðir umfram þrjár. Mér finnst þetta satt að segja dálítið sérkennileg gjaldtaka vegna þess að verið er að setja glasafrjóvgun af stað hér á landi og það er í raun verið að safna reynslu. Þetta er tilraunastarfsemi. Þetta er tilraunastarfsemi og konur sem þarna koma eru þá auðvitað notaðar í tilraunaskyni og ég segi það þá ekki í vondum tilgangi, þær eru engin tilraunadýr. Verið er að safna reynslu og tölfræðiupplýsingum á meðan þetta er að fara af stað. Þær konur sem þarna koma greiða 102 þús. kr. fyrir fyrsta skiptið en vita ekki hvað þær eru að kaupa. Það er engin reynsla komin. Það liggja engar tölur fyrir um árangur og það er lágmarkskrafa að slíkt liggi fyrir áður en farið er út í gjaldtöku. Fólk ræður í því þá sjálft hvort það tekur það eða hafnar því. En það á að vita hvað það er að kaupa. Mér finnst ómóralskt að selja einhverjum eitthvað sem enginn veit hvað er. Það skal tekið fram að byrjunin í glasafrjóvgunum lofar góðu. Með öðrum orðum munu vera komnar 11 þunganir af þeim 25 sem þarna hafa fengið meðferð en það segir okkur ekki neitt. Reynslan er allt of lítil til að teljast marktæk. Ef menn vilja endilega taka gjald fyrir þessa tilteknu þjónustu hefði verið mun nær í reglugerðinni að kveða á um að eftir tiltekinn reynslutíma yrði tekið upp gjald þannig að þeir sem þangað leita viti hvað þeir eru að kaupa.

Hins vegar vil ég taka það fram að ég tel þessa gjaldtöku almennt orka tvímælis og geti reynst erfitt að færa rök fyrir henni umfram aðrar. Þá vil ég spyrja: Hvers vegna skyldi fólk greiða fyrir þessa aðgerð sem hjálpar því að eignast börn, en t.d. ekki dýrar smásjáraðgerðir á eggjastokkum kvenna sem á að gera þeim kleift að verða barnshafandi? Ég sé ekki hver er eðlismunurinn á þessu tvennu. Af hverju þessi aðgerð er greiðsluskyld, ekki hin sem auðvitað er líka dýr? Þegar ég spyr þessara spurninga og ég tel mig vera að spyrja hér prinsippspurninga í mörgum málum þá er ég

ekki að leggja til að svona sé farið með að tekið sé gjald fyrir slíkar smásjáraðgerðir. En ég spyr: Af hverju eitt en ekki annað?

Ég hlýt líka að spyrja og mér finnst það óneitanlega dálítið sérkennilegt að fyrsta gjaldtaka sem tekin er upp fyrir aðgerð á opinberu sjúkrahúsi skuli tengd barnseignarhlutverki fólks. Mér segir svo hugur um að það sé m.a. vegna þess að það er tiltölulega auðveldt að koma henni á. Löngun fólks til þess að eignast barn er nógu mikil til þess að vera grundvöllur vandræðalausrar gjaldheimtu fyrir hið opinbera. Mér finnst þetta satt að segja dálítið sérkennilegt og vera valið eins og svo margt annað sem hér hefur verið gert til þess eins að ná sér í aura en það sé engin jafnaðarhugsjón, engin réttlætishugsjón, ekkert prinsipp sem að baki býr. Ég tel gjaldtökuna ekki eðlilega að svo stöddu eins og ég rakti áðan.

Það sem ekki hefur verið gert í heilbrigðis- og tryggingamálum í nafni réttlætis og jafnaðar hefur verið gert þá í nafni kostnaðarvitundar. Kostnaðarvitundin á öll að vera sjúklinganna, ekki þeirra sem þjónustuna veita. Þar er ekki verið að beita neinum lagatextum eða aðgerðum til þess að koma kostnaðarvitundinni við. Ég ræddi þetta ítarlega við 1. umr. um bandorminn fyrir jól og ég vil ítreka það sem ég sagði þá um þetta efni.

Ég vil ítreka það líka að þeir sem nota heilbrigðisþjónustuna manna mest eru barnafólk og aldraðir. Það eru því þessir hópar sem verða fyrir hækkunum á sjúkrakostnaði umfram aðra þó að ég vilji í hinu orðinu vissulega segja að það er til bóta, það ákvæði nýrrar reglugerðar eða sjúkratryggingar sem kveður á um að það sé 12 þús. kr. þak á greiðslum fólks í heilbrigðiskerfinu og ég fagna því. En þessi svokallaði sparnaður sem verið er að gera í tryggingakerfinu með því að flytja aukin gjöld yfir á þá sem þjónustunnar njóta er í rauninni ekki sparnaður. Þetta er tilflutningur á kostnaði en ekki sparnaður, tilflutningur frá ríkinu yfir til almennings. Þá vil ég vekja athygli á nýlegri samþykkt sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands gerði og er frá 16. jan., þ.e. í gær. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ítrekar mótmæli samtakanna gegn árásum ríkisstjórnarinnar á lífskjör launafólks sem þegar hefur verið komið á framfæri við þingnefndir og ráðherra. Hækkun þjónustugjalda m.a. fyrir lyf og læknisþjónustu, raunhækkun skatta, skerðing barnabóta, sjómannaafsláttar og gjaldskrárhækkanir hafa í för með sér rúmlega 2% skerðingu á ráðstöfunartekjum að meðaltali.“ — Og auðvitað vitum við að það eru ýmsir sem verða fyrir mun meiri skerðingu og aðrir lítilli sem engri. Kaupmáttarskerðingin er enn meiri hjá barnafjölskyldum og þeim sem mest þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. — „Skattleysismörk eru nú rúmlega 2.000 kr. lægri á mánuði en ætti að vera miðað við lánskjaravísitölu. Þá er einnig stefnt að því að skerða ellilífeyri og fella burt ríkisábyrgð af lífeyrisréttindum við gjaldþrot. Á sama tíma hefur ríkisstjórnin enn vikist undan því að skattleggja fjármagnstekjur.

Miðstjórn Alþýðusambandsins áréttar að í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir verður knúið á um það gagnvart ríkisstjórninni að þessum ákvörðunum verði breytt.“ Ég vona sannarlega að Alþýðusamband Íslands hafi erindi sem erfiði í því sambandi því að það er vissulega nauðsynlegt og mikilvægt að brjóta sumar þessar breytingar á bak aftur.

Sparnaðurinn er ekki fólginn í því að flytja þjónustugjöld yfir á almenning. Hann er fólginn í því að koma flötum niðurskurði á allar opinberar stofnanir og fyrirtæki. Þessi flati niðurskurður kemur ekki síst niður á sjúkrahúsum og skólum landsins. Margur hver niðurskurður er óréttlátur en enginn niðurskurður er eins óréttlátur og hinn svokallaði flati niðurskurður vegna þess að hann hittir alla jafnt fyrir, jafnt þá sem bruðla sem hina sem spara. Hann hittir alla jafnt fyrir.

Þessi niðurskurður þarf auðvitað mun ítarlegri umræðu á þingi en ég tel ástæðu til að fara út í að þessu sinni og það munu væntanlega gefast önnur tækifæri til þess. Ég kemst ekki hjá því að nefna grunnskólann áður en ég fer héðan úr pontunni vegna þess að niðurskurðurinn þar er svo grátlegur að maður trúir því varla að þeim mönnum sem leggja hann til geti verið alvara. Það ber vott um algeran skilnings- og þekkingarskort á málefnum grunnskólans að hugsa um slíkan niðurskurð í alvöru. Öll þjónusta við börn í þessu samfélagi hvort sem við erum að tala um skóla eða dagvistun er í algeru fjársvelti og það vantar mikið upp á að því er varðar grunnskólann sérstaklega að hann geti með viðunandi hætti sinnt og ræktað þá einstaklinga sem þar dvelja 9 mánuði á ári í 10 ár, marga klukkutíma á dag. Það vantar mikið upp á að hann geti ræktað og sinnt þessum einstaklingum sem þarna eiga að þroskast og mótast innan þessara fjögurra veggja þennan tíma. Að leggja þetta til er blinda á aðstæður og ekki síst tilfinningar barna og mig langar að nefna dæmi um þetta.

Í umræðunni að undanförnu hefur verið hugmynd um svokölluð aukabörn í bekkjardeild, þ.e. ef menn hugsa sér að 30 börn séu í bekk og síðan eru óvart 96 börn í árganginum þá eru 6 aukabörn þarna sem eitthvað þarf að gera með. Menn hafa verið með þá hugmynd að flytja þau í annan skóla. Þetta er svo ótrúleg hugmynd og hún er svo ótrúlega grimm. Hver ætlar að velja þessi 6 börn eða hvað þau eru mörg, þau geta verið þess vegna 10, hver ætlar að velja þau úr sem ekki fá að fylgja félögum sínum í árgangi sínum? Hver ætlar að ákveða hvaða börn þetta eiga að vera sem eiga að fara út úr sínu hverfi í annan skóla? Ætti flutningur þessara barna að vera til frambúðar eða er verið að senda þau tímabundið í burtu úr sínum skóla, kannski einn vetur? Mér er í rauninni alveg sama hvor hugmyndin það er. Þetta er hvort tveggja jafnslæmt, bara á mismunandi hátt. Það er engu betra að senda barn tímabundið í einn vetur úr sínum kunningjahóp eða í nokkra vetur. (**Gripið fram í:** Það mundi enginn skólastjóri gera þetta.) Og mundi, eins og hv. þm. segir, enginn skólastjóri gera þetta. Það yrði þá að gerast með einhverjum þvingunum í ráðuneytinu. En það sem

mér finnst merkilegt við þessa umræðu, af því að ég er að tala um að þetta sé grimm hugmynd, er að þessir menn eru helst að velta fyrir sér í sambandi við þetta hinum aukna kostnaði á sveitarfélögin sem mundi fylgja skólaakstri. Þeir hafa ekki verið að tala um tilfinningar barnanna eða hvernig þetta snertir þau. Þeir hafa verið að tala um kostnað sveitarfélaganna vegna skólaaksturs. Það hefur verið það helsta sem menn hafa séð að gæti verið gagnrýni sem stæðist. Þeir hafa ekki velt fyrir sér tilfinningum þeirra sem í hlut eiga. Af því að ég er að tala um grunnskólann og nú ætla ég að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, þá ætla ég að biðja menn í allri vinsemd og einlægni að hverfa frá öllum hugmyndum um þennan niðurskurð í grunnskólanum. Hann fær ekki staðist, það er algerlega útilokað.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Nú hallar degi og nokkuð óljóst hversu lengi er ætlunin að halda hér áfram fundi. Þannig stendur á að nú styttist mjög í að ég komist á mælendaskrá en jafnframt minnugur þess að ég er hálfnaður með ræðu í ágætu máli, það hefur færst á milli ára, þá þætti mér ekki gæfulegt að hafa nú tvær ræðum í miðjum klíðum ef svo mætti komast að orði og vildi nú gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. forseta hvenær hann hyggst slíta fundi hér í deildinni.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti hyggst slíta fundi kl. 7.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið þannig hér í dag að tveir hv. þm. urðu að fresta ræðu sinni vegna fjarveru hæstv. heilbrrh. Þingmennirnir gerðu það þó að ljóst væri að það hefði nokkur áhrif á önnur áform þeirra en hæstv. heilbrrh. kaus með sérkennilegum hætti að tala á fundum úti í bæ þegar ríkisstjórnin lagði höfuðáherslu á að taka þetta mál til umræðu og hæstv. heilbrrh. hlaut að vita að hlutur hann yrði nokkuð mikill í þessari umræðu.

Annar þessara þingmanna, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, flutti mjög merka og góða ræðu um aðgerðir í menntamálum. Mér sýndist hæstv. menntmrh. ekki geta verið viðstaddur þá ræðu. Það er auðvitað þannig, virðulegi forseti, að það er lágmarkskurteisi í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu að ráðherrar séu viðstaddir ræður eða ræðuhluta þingmanna sem eru að fjalla um veigamikla þætti þeirra ráðuneyta. Ef það er þannig að hæstv. ríkisstjórn er það svo lítið kappsmál að koma þessu máli hér áfram að ráðherrarnir láta önnur atriði hafa þar forgang þá skil ég ekki hvers vegna við ættum að vera að halda umræðunni hér áfram um kl. 6 á föstudagskvöldi.

Nú sé ég aftur á móti að hæstv. menntmrh. birtist í hliðarherbergi. (**Menntmrh:** Hann hefur verið hér í allan dag.) Já, það getur verið, en hann sást ekki þegar hv. þm. Ingibjörg Sólrún var að tala um mennta- og skólamálin. (**Menntmrh.:** Ég var hér.) Ja, það er alla vega sérkennilegt því að ekki var ráðherrann þarna þegar umræðan hófst hér. Ég ætla ekki að deila við ráðherrann um það en hann sást a.m.k. ekki í þingsalnum.

Hæstv. fjmrh. hefur verið á útvarpsstöðvunum úti í bæ frá því um kl. 5 og er mér vitanlega ekki kominn aftur og er það nú enn eitt dæmið af mörgum um hvernig fjölmiðlarnir virðast hafa forgang fram yfir umræður á Alþingi. Hæstv. forsrh. sem er flm. þessa frv. hefur ekki sést hér klukkutímum saman þannig að ég vil segja við hæstv. forseta — kemur nú hæstv. fjmrh. úr fjölmiðlaför sinni — að mér þykir það hart ef þetta á að ganga svona til að þingmenn eru settir í það að þurfa annaðhvort að hætta við ræður sínar eða una því að þeir ráðherrar sem málaflokkarnir heyra undir eru ekki viðstaddir þeirra ræður. Sjálfur flutningsmaður frv., hæstv. forsrh., er ekki hér og er það auðvitað ekki frambærileg stýring mála hér. Mér finnst því rétt að árétta það við virðulegan forseta að það verði tekið til skoðunar að annaðhvort verði séð til þess að þeir ráðherrar sem hér þurfa að vera séu hér eða þá að beðið verði með umræðuna. Í sjálfu sér getum við haldið þessari umræðu áfram ef þeir ráðherrar verða hér sem á þarf að halda en það er höfuðatriði málsins.

Nú er hæstv. forsrh. mættur og það er alveg merkilegt með þessa ágætu ráðherra að þeir koma þegar gerð er athugasemd við að þeir séu ekki mættir. En þegar verið er að ræða málin eru þeir ekki mættir hér.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill vekja athygli hv. ræðumanns, 8. þm. Reykn., á því að menntmrh. sat hér meðan ræðan var flutt og forseti sá það úr sínum forsetastóli. Hátalarar eru hér við hliðina og ráðherrar geta þess vegna fylgst með umræðum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna athugasemdar hv. 8. þm. Reykn. vil ég taka fram að ég hafði fjarvistarleyfi í ákveðinn tíma, ég hef syndgað um tvær mínútur eða svo. Það var vegna þess að ég þurfti að fara í útvarp og eiga þar orðastað við Ögmund Jónasson, formann BSRB. Áður en ég lagði af stað talaði ég við þann ræðumann sem hélt ræðu á meðan ég var frá og reyndar aðra sem hefðu átt að flytja ræður eftir að viðkomandi ræðumaður flutti sína ræðu. Það var vitað að ég yrði frá þennan tíma, ég hef ekki tafið eitt eða neitt og m.a.s. sat ég hérna þann hluta ræðutíma hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, 10. þm. Reykv., að því marki sem efni ræðunnar sneri að mínu ráðuneyti og þeim málefnum sem ég fer með.

Ég vek aðeins athygli á þessu og jafnframt segja að ég tel að við höfum gegnt hér þingskyldu okkar að allflestu leyti og ég hugsa talsvert betur en oftast hefur verið gert áður og er þá síðasta ríkisstjórn meðtalin þótt ég viðurkenni að oft hafi 8. þm. Reykn. setið ágætlega undir ræðum manna þegar hann var fjmrh. En ég tel að það sé ekki efni til þess að ræða gæslu þingskapa að ég skuli hafa vikið mér frá með fullu leyfi og hafa þar að auki talað við viðkomandi ræðumenn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil ekki sitja undir því enda eru það ósannindi að ég hafi verið frá svo tímunum skipti. Ég fór í burtu með samkomulagi við þann ræðumann sem var að tala, Halldór Ásgrímsson 1. þm. Austurl., og sat núna, að beiðni forseta, fund með formönnum þingflokka og heyrði þar í hátalaranum þessi ósannindi þingmannsins.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að fyrir löngu síðan var ákveðið að forstöðumenn sjúkrastofnana, formenn stjórna sjúkrastofnana, yfirlæknar og fleiri aðilar, sem þeir teldu ástæðu til, kæmu hingað til Reykjavíkur til fundarhalda á þessum degi og var sérstaklega óskað eftir því að ég mætti þar. Þá var ekki ráðgert að þingfundur yrði í dag. Hins vegar var það svo og mér fannst ekki rétt að senda þessa menn heim eftir að þeir voru komnir um langan veg og var því á fundi með þeim. Það vissu þeir tveir hv. þm. sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vitnaði til áðan. Ég vil þakka þeim fyrir þá tillitssemi að hafa fallist á að fresta ræðum sínum þangað til að ég gæti komið og verið við. Það er auðvitað með slíkri tillitssemi sem mönnum ber að umgangast hver annan í þessu þingi en ekki með því að vera sífellt að stíga í stólinn til að passa upp á þingsköpin. Þeirra hefur verið nokkuð vel gætt bæði á þessu þingi og öðrum og þarf ekki mjög marga til þess að passa upp á þau í senn.

En svo undarlegt er það nú að það er varla að manni sé gefið orðið um gæslu þingskapa að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þurfi ekki að taka til máls. Auðséð er að hann treystir ekki öðrum betur til að passa upp á þingsköp en sjálfum sér.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég lagði fram spurningu til forseta og fékk við henni heiðarlegt svar. Fyrir það vil ég þakka því það er til fyrirmyndar þegar þingmenn koma hér upp og ræða gæslu þingskapa og fá svör. Það er ekki reglan en þegar menn fá svör er það virðingarvert.

Ég vil einnig taka undir það sem hefur komið fram hjá ráðherrum og þeir sannað með því að fara í pontu að óvenju mikið er af slíkum stórmennum hér í salnum í dag og til hreinnar fyrirmyndar. Ég verð að segja eins og er að ég vil óska ríkisstjórninni til hamingju með það hve mörgum ráðherrum hún hefur haft á að skipa í þeirri stuttu þingskapaumræðu sem hér hefur farið fram.

En að þessum orðum sögðum mælist ég til þess við forseta ef þannig stæði á að menn væru að ljúka ræðu sinni tíu mínútum fyrir sjö eða eitthvað því um líkt og fyrirséð væri að næsti ræðumaður ætti enga möguleika á að ljúka máli sínu að þá sé ekki skilyrðislaust klippt á á mínútunni, þá sé sá skilningur uppi að fundi ljúki þá kannski tíu mínútum fyrir sjö en menn séu ekki geymdir í hálfum ræðum eins og ég tel að hafi verið of mikið af á þessum vetri. Ég verð að segja eins og er að ég kann ekki við að slík vinnubrögð séu notuð í jafnríkum mæli og verið hefur.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti mun taka tillit til þessara óska þingamnnsins.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvað hæstv. ráðherrar eru viðkvæmir í dag, sérstaklega hæstv. forsrh. Það má varla gera nokkurn skapaðan hlut hér í stólnum svo að hann taki það ekki illa upp. Það eru greinilega erfiðir tímar. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp var sú að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson spurði um það hve lengi ætti að halda umræðunum áfram og forseti upplýsti að halda ætti áfram til kl. 7. Þá var eingöngu staddur í salnum hæstv. heilbrrh. og enginn ráðherra sjáanlegur í hliðarherbergjum. Það var því ekkert óeðlilegt við það, þegar forseti hafði tilkynnt að halda ætti áfram umræðunni, að spurt væri um það hvað liði viðvist eða fjarveru þeirra ráðherra sem þyrftu að vera hér. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. kom í salinn en ég vakti athygli á því að hann hefði farið burtu til þess að sinna útvarpsviðtölum og vissi ekkert um það hvort hann var væntanlegur aftur eða ekki. Vonandi er það þannig að spyrjast megi fyrir um það hverjar fyrirætlanir ráðherranna séu og hvort þeir séu væntanlegir eða ekki án þess að það sé talið meiri háttar afbrot.

Ég vil hins vegar segja við hæstv. fjmrh., þó að það sé rétt að hann hefur setið hér í salnum, að þá er nú spurning hvort það er eðlilegt að þingmenn þurfi að taka upp úr vasa sínum vasaútvarp til þess að hlusta á svör hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem bornar hafa verið fram í þingsalnum. Vegna þess að mér vitanlega hefur hæstv. ráðherra ekki svarað því hér í þingsalnum sem snertir það minnisblað um stöðvun á launagreiðslum til starfsmanna ríkisins sem hann var að ræða við formann BSRB, Ögmund Jónasson, á Rás 2 hjá Ríkisútvarpinu upp úr klukkan fimm í dag. Auðvitað væri æskilegra að ráðherrarnir gæfu sér tíma til þess að svara þeim spurningum og athugasemdum varðandi þessi mál sem vikið er að þeim í þingsalnum en geri það ekki á þann veg að helst þurfi þingmenn að hlusta á útvarp um leið og þeir eru í þingsalnum til þess að geta hlýtt á svör ráðherranna. Hér hafa þingmenn gert þetta atriði að umtalsefni. Mér vitanlega hefur ráðherrann ekki svarað því í þingsalnum og sjálfsagt líður þessi vika án þess að hann svari því hér.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Ég vek, virðulegi forseti, athygli á að svo gott er vasaútvarp hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að hann er eini maðurinn sem ég hef heyrt úr þessum stól vitna í orð ráðherra sem hann hygðist mæla í sjónavarpsviðtali sem átti eftir að senda út. Það er kraftaverkavasaútvarp sem þannig er búið að hv. þm. geti vitnað í orð ráðherra úr fjölmiðli sem á eftir að senda út.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst forláts að koma hér aftur en ég tel það óhjákvæmilegt til þess að skýra ræðu hæstv. heilbrrh. því ég reikna með að hún hafi verið óskiljanleg flestum þingmönnum. Það sem hæstv. heilbrrh. mun hafa verið að víkja að var að ég vakti athygli á því, ég held í síðustu viku, að tekið hefði verið viðtal við hæstv. utanrrh. um samþykkt ríkisstjórnarinnar varðandi málefni GATT og það viðtal myndi koma í fréttatíma ríkissjónvarpsins þá um kvöldið. Hvernig hæstv. heilbrrh. kemur þessu heim og saman við það sem við erum að tala um er mér hins vegar algjörlega hulið. (**Forseti:** Við erum að ræða gæslu þingskapa.) Það er nú einu sinni þannig, virðulegi forseti, að ef vikið er að manni undir liðnum gæsla þingskapa, og það af hæstv. ráðherrum, er óhjákvæmilegt að maður svari undir sama dagskrárlið.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að núna um þessa helgi ætlar hæstv. heilbrrh. að fara með þennan sama utanrrh. og formann Alþfl. vestur á Ísafjörð og þeir ætla að halda þar fund, lokaðan fund. Það er merkilegur vitnisburður um ástand Alþfl. á Vestfjörðum að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., treystir sér ekki lengur til þess að halda opna fundi á Ísafirði. (**Gripið fram í:** Undir rauðu ljósi.)

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Svo öllu sé til skila haldið vil ég að fram komi að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vitnaði hér í ræðustóli í orð sem utanrrh. hafði látið falla í því viðtali sem átti eftir að birta á skjánum og er þetta því kraftaverkaútvarp sem hann hefur í sínum vasa og er þannig af guði gert eða galdri að hv. þm. veit hvaða orð falla í sjónvarpsútsendingum og viðtölum sem ekki hefur verið útvarpað.

Enn fremur vil ég upplýsa honum til ánægju- og yndisauka að við Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., munum bæði hafa flokksfundi og opna fundi á Vestfjörðum um þessa helgi. (**ÓRG:** Já, en opni fundurinn er bara á Flateyri, þið þorið ekki að halda opinn fund á Ísafirði.)

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vil víkja að þessu viðamikla frv. sem hér liggur fyrir um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Satt að segja er það ekki undarlegt þó að menn vilji ræða allnokkuð um efni þess vegna þess að þetta frv. er óvenjulegt. Það er út af fyrir sig ekki óvenjulegt að flutt séu frv. sem snerta marga lagabálka, það hefur oft áður gerst. Það sem er óvenjulegt við frv. er að þetta kemur við óvenju marga slíka meginlagabálka og í raun og veru snertir þetta frv. alla grundvallarlöggjöf velferðarkerfisins ef grannt er skoðað. Það snertir í fyrsta lagi lög um grunnskóla, og ég hygg að þetta sé í fyrsta sinn sem lög um grunnskóla eru dregin inn í frv. af þessu tagi. Það snertir í öðru lagi lög um heilbrigðisþjónustu. Það snertir í þriðja lagi lög um almannatryggingar og það snertir í fjórða lagi lög um sveitarfélögin og tekjustofna sveitarfélaga. Þannig að í rauninni er þetta frv. inni í svo að segja öllu lagasafninu og þess vegna ekkert óeðlilegt við það þó að menn þurfi að ræða þetta frv. talsvert.

Ég hafði hugsað mér, virðulegi forseti, að fara talsvert yfir einstök atriði varðandi annars vegar mennmtrn. og grunnskólalögin og hins vegar almannatryggingalögin. Ég get þó sparað mér hluta af þeim ræðuhöldum vegna þess að fyrri ræðumenn hér í dag hafa gert þessum málum ágæt skil og ég hef engan áhuga á því að endurtaka það sem áður hefur verið sagt í þessum umræðum.

Það sem mig langaði kannski til þess að gera, virðulegi forseti, í fyrsta lagi var að reyna að átta mig á því ásamt þingmönnum sem viðstaddir eru hvað er í raun og veru að gerast. Hvað er að gerast í þjóðfélaginu? Hver er ástæðan til þess að þetta frv. er flutt? Jú, hún er sú að það er sagt að þjóðin standi frammi fyrir miklum efnahagslegum þrengingum. Sagt er að samdrátturinn í þjóðartekjum sé kannski í kringum 17 eða 18 milljarða kr. á þessu ári. Á þeim forsendum eru þessi frv. byggð, 17 eða 18 milljarðar kr.

Síðan þessi spá um árið 1992 var gefin út hafa hins vegar birst nýjar upplýsingar sem í raun þurrka út u.þ.b. ⅓ af þeim vanda sem hér er um að ræða vegna þess að menn vita að loðnustofninn er sterkari, heimildir hafa verið auknar til veiða á rækju og olían hefur lækkað í verði. Allt gerir þetta ávinning fyrir þjóðarbúið upp á 5–6 milljarða kr. ef allt gengur eftir eins og menn eru að horfa á það núna. Með öðrum orðum er ⅓ af þeim samdrætti sem menn voru að tala um að yrði e.t.v. á árinu 1992 horfinn. Þarna er ég að vitna til talna sem hafa að nokkru leyti birst frá Þjóðhagsstofnun en ég er líka að vitna til ummæla hæstv. forsrh., sem mig minnir að hann hafi látið falla á fundi hjá Verktakasambandinu þar sem einhverjir voru staddir, a.m.k. fjölmiðlar, en elli- og örorkulífeyrisþegar örugglega ekki í stórum stíl af því að aðganseyririnn var 10 þúsund kr. að þessari ráðstefnu þar sem hæstv. forsrh. kaus að gera grein fyrir því að allt væri ekki eins svart og menn höfðu talið.

En til hvaða ráða er þá gripið þegar menn standa frammi fyrir þessum vanda? Hvað er að gerast? Og að hvers konar þjóðfélagi stefnum við með Ísland? Hvers konar land viljum við byggja og hvers konar land verður byggt ef þessum hlutum heldur fram sem horfir? Í raun og veru er það sama, herra forseti, hvert við lítum, að þar sem ríkisstjórnin hefur borið niður eru hlutirnir í býsna alvarlegu horfi. Ég vil rifja það upp í þessu sambandi að í nýársávarpi sínu minntist forseti Íslands sérstaklega á lífskjör barna sem undirstöðu framtíðarþjóðfélags í landinu. Forseti hvatti til þess að stjórnmálamenn og aðrir hygðu að lífskjörum barna í víðum skilningi. Hvað er að gerast í þeim efnum? Er eitthvað að gerast í sambandi við börnin að því er varðar t.d. leikskólana? Nei, það er ekki nema þá helst afturför. Annars vegar með því að leikskólalögin eru ekki framkvæmd af ríkisstjórninni og hins vegar með því að sveitarfélögin eru verr í stakk búin til þess að byggja upp leikskóla en ella hefði verið, m.a. vegna þess að lagðar eru verulegar byrðar á sveitarfélögin.

Þar er með öðrum orðum ekki um að ræða framfarir og ekki stöðnun heldur afturför.

Horfum á grunnskólana, hver er staðan þar? Jú, hún er þannig að verið er að skera niður tíma. Það er verið að fækka tímum í grunnskólum, það á að fjölga í bekkjum. Jafnvel er boðað að tekinn verði upp verulega aukinn akstur á skólabörnum á milli hverfa, t.d. hér í Reykjavík, og það er boðað að jafnvel þurfi að leggja niður skóla í þó nokkrum mæli eins og gert var í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Það er alveg greinilegt þegar við stöndum frammi fyrir því að leggja þurfi niður um 200 stöðugildi kennara að það mun einhvers staðar koma niður og alveg augljóst mál að þó nokkrir skólar verða lagðir niður.

Jafnframt því að ríkisstjórnin er að taka ákvörðun um þetta atriði — og það tel ég vera langalvarlegasta atriðið í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum — er gert ráð fyrir því, herra forseti, að fella niður ákvæðið um lágmarkstíma fyrir börn í skólum. Í raun og veru er þar með verið að veita menntmrh. heimild til þess að ákveða tímafjölda fyrir börn í grunnskólum landsins eftir aðstæðum á hverjum tíma, skulum við orða það vægilega. Þar með er verið að segja að eini hópurinn í landinu sem ekki á varin mannréttindaákvæði í lögum eru börn. Til eru ákvæði í lögum sem segja til um það að veikt fólk skuli komast á sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Það eru til ákvæði í lögum sem segja að gamalt fólk skuli fá ellilífeyri og tekjutryggingu. Það eru til ákvæði í lögum sem segja að öryrkjar skuli fá lífeyri og tekjutryggingu. Það eru til ákvæði í lögum um það hvernig á að meðhöndla lífeyri fólks sem verður fyrir slysum. En í þessu tilviki er hæstv. ríkisstjórn að gera tillögu um það, herra forseti, að fella út þetta mannréttindaákvæði barna, að börnum sé tryggður lágmarkstími í skólum landsins.

Ég vona satt að segja, herra forseti, að þetta mál sé þannig vaxið að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. hafi ekki áttað sig alveg á því hvaða tillögur menn voru þarna að gera. Ég vil skora á hæstv. menntmrh. að taka það mál til alvarlegrar athugunar að þessi niðurfelling ákvæðis um lágmarkstímafjölda handa börnum í grunnskólum verði kölluð aftur. Ég tel að þetta sé svo mikil afturför, svo alvarlegt skref, að menn þurfi að gæta sín áður en þeir gera þetta.

Ég er alveg sannfærður um að við getum öll ímyndað okkur að það komi jafnvel verri menntamálaráðherrar og verri fjármálaráðherrar en þeir sem nú sitja. (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt.) Nei, það er kannski rétt. En það er þó alla vega fræðilegur möguleiki. Ég segi alveg eins og er að ég vil ekki sjá það reglugerðarvald í höndum hvaða manns sem er, sem verið er að setja inn í grunnskólalögin samkvæmt þessu frv., eins og það lítur út hér. Ég vil ekki sjá það. Þarna er sem sagt verið að fella út mannréttindaákvæði barna, grunnskólalögin eru mannréttindalög barna í þessu landi á tilteknu skólastigi, einu lögin sem kveða á um samfélagslega þjónustu handa þeim. Ég mótmæli þessu ákvæði og segi: Þetta þarf að draga til baka.

En hvernig lítur það út á öðrum skólastigum? Ég hef rætt aðeins um leikskóla og grunnskóla. Í framhaldsskóla lítur þetta þannig út að fyrir liggja yfirlýsingar frá hæstv. menntmrh. um að það standi til að loka framhaldsskólunum eða öllu heldur að takmarka aðgang að framhaldsskólunum í haust. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá vorinu 1988, sem sett voru af þáv. hæstv. menntmrh., Birgi Ísl. Gunnarssyni, er gert ráð fyrir að allir eigi rétt á því, sem lokið hafa grunnskóla, að fara í framhaldsskóla. Þetta ákvæði var samþykkt samhljóða á Alþingi. Ég viðurkenni það fúslega að ég stórefa að þáv. ráðherra hafi gert sér fulla grein fyrir því hvað þetta ákvæði gæti þýtt. A.m.k. var það þannig að skólarnir voru ekki undir þetta búnir sem skyldi, hvorki að því er varðar húsnæði, að því er varðar kennslukrafta né heldur að því er varðar námsframboð og námsskipulag, það er ljóst. Hitt er annað að þetta var sett í lög og við höfum starfað eftir þessum lögum um nokkurra ára skeið. Það væri auðvitað hrópleg mismunun á milli árganga ef það gerðist núna að farið yrði að loka framhaldsskólum í haust í einhverjum mæli fyrir nemendum og settar þar ýmsar reglur sem kannski yrðu meira og minna tilviljunarkenndar.

Auk þess er það þannig að reiknað er með því, ef þessi niðurskurður á allur að eiga sér stað í haust, að leggja niður um 140–150 kennarastöður í framhaldsskólunum. Það jafngildir því t.d. að leggja niður alla menntaskóla úti á landi og auk þess Kvennaskólann í Reykjavík. Það jafngildir því að leggja niður Menntaskólann á Ísafirði, Menntaskólann á Akureyri og Menntaskólann á Laugarvatni og jafnframt Kvennaskólann í Reykjavík, þar sem fer fram heföbundið menntaskólanám, bóklegt framhaldsskólanám. Framhaldsskólinn stendur þarna ekki frammi fyrir því að menn séu að reyna að taka á innri vandamálum hans með því að endurskipuleggja hann, eins og auðvitað verður að gera, heldur stendur hann frammi fyrir því að verið er að skera niður fjármuni til hans og loka. Þetta gerist á sama tíma og að undirlagi sömu manna úr Alþfl. og Sjálfstfl. sem segja: Íslendingar þurfa að vera samkeppnisfærir í lífskjörum við aðrar þjóðir á komandi árum. Þeir verða að taka þátt í hinu mikla Evrópusamstarfi á komandi ári. Og ég segi: Það er ekki hægt að taka þátt í því samstarfi eða samkeppni öðruvísi en að menn hafi vit á því að reisa menntakerfið og verja það með kjafti og klóm fyrir árásum, hvaðan svo sem þær kunna að koma. Ég tel að ekki sé verið að gera það eins og sakir standa.

Það sama er auðvitað að segja um háskólana, virðulegi forseti. Þar er gert ráð fyrir niðurskurði, þar er gert ráð fyrir samdrætti. Háskólarektor sagði í sjónvarpinu núna fyrir nokkrum kvöldum að Margrét Thatcher hefði fyrirskipað niðurskurð í háskólum í Bretlandi um 14% á þremur árum. Á Íslandi væri þetta þannig að það væri verið að fyrirskipa 10% niðurskurð í Háskóla Íslands á einu ári. Ég er sannfærður um að þarna eru menn að spilla grundvellinum, lífskjaragrundvelli þjóðarinnar, og þetta lýsir ótrúlegri þröngsýni.

Hið sama er að segja um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem var rætt um fyrr í dag af hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Vitaskuld er það þannig þegar þetta er allt

undir eins og það leggur sig, leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli, Lánasjóður ísl. námsmanna, fullorðinsfræðsla og endurmenntun, allt undir samfelldum árásum, ekkert tekið út úr til að lyfta því, þá er alveg ljóst að hér er verið að vega að sjálfum grundvallaratriðunum, ekki aðeins í velferðarkerfinu í núinu heldur líka lífskjörum þjóðarinnar í framtíðinni.

Hvað verður um börnin? Hvað verður um unglingana? Er þetta kannski allt í lagi? Er það kannski þannig að fólk sem hefur verið að kenna í skólunum, framhaldsskólum eða grunnskólum, hafi verið að kenna tóma vitleysu og kannski sé bara betra fyrir börnin að fara út? Er það þannig? Auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað vitum við að eftir því sem skólinn er lakari er meiri hætta á því að eitt og annað misfarist í uppvexti og uppeldi þessara barna. Er hugsun ríkisstjórnarinnar kannski sú að um leið og fækkað er tímum í skólum og fjölgað í bekkjum að þá eigi fjölskyldurnar að taka við börnunum úr grunnskóla og framhaldsskólum? Er þá ríkisstjórnin að gera fjöskyldunum lífsbaráttuna auðveldari einmitt um þessar mundir? Er sérstakt átak í gangi á vegum hæstv. ríkisstjórnar til að bæta lífskjör barnafjölskyldna? Nei, það er nú eitthvað annað. Því á sama tíma og verið er að kasta börnunum út úr barnaskólunum fyrr en ella og loka framhaldsskólunum er verið að lækka og skerða barnabætur og auka útgjöld þessa fólks á öðrum sviðum eins og m.a. hefur verið bent á.

Telur ríkisstjórnin kannski að félagslegum vandamálum í þjóðfélaginu muni fækka við það að börnin hætti í framhaldsskólum eða grunnskólum, komist ekki inn í framhaldsskóla og hætti fyrr á daginn í grunnskólunum? Auðvitað er það ekki þannig. Hvað ætli þau kosti þessi félagslegu vandamál sem þarna yrði um að ræða, mun fleiri en ella, ef þessari stefnu verður fylgt? Ég held, virðulegi forseti, að þetta sýni alveg ótrúlega skammsýni hjá hæstv. ríkisstjórn að því er varðar lífskjörin í bráð og lengd og sömuleiðis að því er varðar vanda þessara barna hvers fyrir sig.

Ég verð að segja það að ég tel líklegt, virðulegi forseti, að menn hafi kannski ekki hugsað alveg út í þetta eða ég er að vona það. Auðvitað eru þetta ekki útmetnir fantar, þessir menn sem sitja í ráðherrastólum þótt þeir séu í íhaldinu og krötunum, auðvitað er það ekki þannig. Þeir eru örugglega góðir við börn og gamalt fólk eins og gengur. En ég er að gera mér vonir um að þeir hafi kannski ekki hugsað út í þetta og muni þess vegna vera tilbúnir til þess að bæta fyrir og laga þessa hluti. Auðvitað er það þannig bæði með menntmrh. og heilbrrh. að við þurfum að eiga menntmrh. og heilbrrh. sem hafa metnað fyrir sín ráðuneyti en vinna ekki eins og aðstoðarmenn hjá fjmrh.

Hvað með heilbrigðismálin, eru þau kannski skilin sérstaklega undan? Er þeim hlíft? Tryggingastofnuninni og tryggingamálunum, velferðarkerfinu, er það þannig?

Það var einu sinni til flokkur hér sem hét Alþýðuflokkurinn, án þankastriks. Alþýðuflokkurinn hét hann bara og var nokkuð stoltur yfir því nafni. Á hans tíma voru sett lög sem voru kölluð lög um lífeyrissjóð Íslands og seinna, tíu árum seinna, lög um alþýðutryggingar. Þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð 1944 sagði Alþýðuflokkurinn við Sósíalistaflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn: Við förum aldrei í þessa stjórn nema alþýðutryggingarnar á Íslandi verði jafngóðar og þær gerast bestar í heiminum.

Og viðræðuaðilar Alþýðuflokksins, Sjálfstæðisflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn, voru í nokkrum vanda vegna þess að þeir vissu ekki alveg hvernig þetta var best í heiminum. Þeir spurðu þá einn af forustumönnum Alþýðuflokksins að því: Hvar er þetta best í heiminum? Og leiðtogum Alþfl. vafðist líka tunga um höfuð þegar þetta kom upp. Þeir vissu ekki hvar alþýðutryggingakerfið var best í heiminum. Niðurstaðan varð sú að Ólafur Thors og þeir forustumenn Sjálfstfl. og Sósíalistaflokksins sögðu: Allt í lagi. Við samþykkjum að hér verði komið á alþýðutryggingakerfi sem er jafngott og það besta í heiminum. Og það var farið í það. Hér var komið upp alþýðutryggingakerfi sem var eitt það allra besta sem gerðist þá í velferðarhluta heimsins.

Síðan er auðvitað mikið vatn runnið til sjávar og margt hefur breyst, m.a. Alþfl. Komið er þankastrik fyrir aftan nafnið og hann heitir núna líka Jafnaðarmannaflokkur Íslands að eigin sögn, minnir mann auðvitað á öfugmælavísur eða kvæðið um Vakra-Skjóna. Og gamlir kratar og nýir segja að þetta frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á almannatryggingalögunum sé ekkert minna en siðlaust. Magnús H. Magnússon, fyrrv. heilbr.- og trmrh., félmrh. og mig minnir varaformaður Alþfl., segir í grein í DV 15. jan, 1992: „Ég tel það siðlaust að ætla nú að afnema þann rétt sem fólk taldi sig vera að afla sér — með einu pennastriki, og segja gamla fólkinu að þetta hafi bara verið plat."

Síðan spyr Magnús H. Magnússon, með leyfi forseta: „Mér er spurn: Hvenær urðu menn með allt niður í 66 þúsund krónur í mánaðarlaun taldir vera þeir tekjuhæstu á Íslandi? Þær tekjur virðast vera taldar nægilegar fyrir eldra fólk." Það er auðvitað greinilegt að þessum manni blöskrar hvernig að þessum málum er staðið að því er varðar ellilífeyrinn.

Út af fyrir sig get ég haft ýmislegt að athuga við málflutning Magnúsar H. Magnússonar. Ég tel t.d. að vel geti komið til greina að tekjutengja þennan ellilífeyri og ég hef reyndar verið mjög lengi þeirrar skoðunar og hef lýst þeirri skoðun alltaf af og til í fimm eða tíu ár að það geti vel komið til greina. En forsendur þess eru auðvitað þær að menn séu á sama tíma að leggja á hátekjuskatt, að menn séu á sama tíma að nota peningana sem út úr þessu fengjust til þess að bæta almannatryggingakerfið, eins og fyrrv. hæstv. ríkisstjórn lagði til í frv. sem þáv. heilbr.- og trmrh. flutti hér á Alþingi sl. vor.

Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að koma upp undarlegu kerfi, og ég er alveg viss um að það er alveg einstakt í sögunni þetta kerfi og í heiminum, og kannski er það í fyrsta sinn að menn eru búnir að finna eitthvað sem er alveg einstakt í heiminum, brautryðjendastarf um víða veröld. Þannig er þetta kerfi að menn borga skatt, 40%, og fá svo dreginn frá per-

sónuafslátt. Síðan þegar menn eru komnir upp í 66 þúsund kr. á að draga 25% frá tekjunum þeirra að auki þangað til þeir eru komnir upp í 114 þúsund krónur. Kemur þá hátekjuþrep á hærra? Nei, það lækkar. Þetta undarlega kerfi þar sem menn eru með hámarksskattinn á bilinu 66–114 þúsund en lækkar svo skattinn þar fyrir ofan. Þetta undarlega kerfi er afraksturinn af miklum yfirlegum þeirra hæstv. heilbrrh. og aðstoðarmanns hans, sem mun vera prófessor í stærðfræði. Það er ekkert skrýtið þó að mönnum sem eru sérfræðingar í stærðfræði detti svona lagað í hug. En menn sem hafa verið að sýsla við félagslega þjónustu og heilbrigðismál eiga ekki að láta sér detta svona vitleysa í hug. Það er auðvitað alveg fáheyrt.

Á sama tíma kemur út úr þessum gagnmerku tillögum ríkisstjórnarinnar að tiltekinn hópur manna fer alveg sérstaklega illa út úr þessu dæmi og það eru sjómenn. Hver ætli hafi verið helstur talsmaður þess á Alþingi á árunum 1975–1980 að sjómenn fengju ellilífeyri við 60 ára aldur, hvað ætli hann heiti? Þeir leiðtogar Alþfl., sem eru að fara vestur á morgun, hitta hann kannski. Þeir reyndu að senda honum jólakort en hann sendi það til baka. Það er Karvel Pálmason. Hann flutti fleiri tillögur á Alþingi um það að sjómenn fengju ellilífeyrisrétt við 60 ára aldur. Það er bersýnilegt að þeir krataráðherrarnir eru núna að launa Karvel fyrir að hafa endursent jólakortið frá leiðtoga Alþfl. með því að senda honum sérstakar kveðjur um að þetta hjartans mál hans um margra ára skeið strikist út og að ellilífeyrir sé í raun og veru felldur niður af sjómönnum. (**Gripið fram í:** Enda þora þeir ekki að halda opinn fund á Ísafirði.) Nei, það er nefnilega það sem ég ætlaði að segja. Þeir eru heppnir að göngin eru ekki komin því að þá kæmist Kavel örugglega til þeirra.

Á þinginu 1980 flutti ég fyrir hönd þáv. ríkisstjórnar frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögum og 60 ára ellilífeyrisrétt sjómanna. Þar var gert ráð fyrir því að þarna væri um að ræða alla þá sjómenn sem lögskráðir eru á skipum yfir tilteknum stærðarmörkum. Þá komu auðvitað ýmsir verkalýðsleiðtogar, hér á Alþingi m.a., eins og Karvel Pálmason, og sögðu: Þetta er ekki nóg, það þarf að tryggja að trillusjómennirnir geti fengið þetta líka. Og þess vegna var það sem við fluttum hér á þinginu 1981 frv. til laga um að trillusjómennirnir gætu líka fengið þennan ellilífeyrisrétt við 60 ára aldur. Hverjir beittu sér helst fyrir því á sínum tíma hér á Alþingi auk hv. þm. Karvels Pálmasonar? Það var t.d. hv. 6. þm. Reykn. Hvað heitir hann? Hann heitir Karl Steinar Guðnason.

Ég fletti upp, virðulegi forseti, í dag í umræðum sem fram fóru á Alþingi um þetta mál á sínum tíma. Það er skemmst frá því að segja að ráðherrann var gagnrýndur mjög í þeim umræðum af einum tveimur mönnum eða svo fyrir að hafa ekki komið með málið fyrir löngu. En ráðherrann átti sér það raunar til málsbóta að hann hafði þá ekki setið á stóli heilbr.- og trmrh. nema í fáeina mánuði. Og hverjir voru að gagnrýna hann? Það voru leiðtogar Alþfl. alveg sérstaklega. Töldu að þetta væri svo mikið réttindamál, 60 ára lífeyrisaldur sjómanna, að það væri auðvitað brýnt að koma þessu á þegar í stað og fluttu margvísleg rök fyrir því. Þess vegna segi ég að það eru auðvitað býsna kuldalegar kveðjur sem leiðtogar Alþfl. senda fyrrv. þm. Karvel Pálmasyni með því að afnema í raun ellilífeyrisrétt sjómanna með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Í frv., sem verið er að fjalla um, er einnig komið inn á almannatryggingalögin að öðru leyti varðandi ellilífeyrinn og örorkulífeyrinn og reyndar varðandi tannlækningar líka. Þessi mál voru til meðferðar fyrir jólin og þá lagði ríkisstjórnin á það mjög mikla áherslu að þessu máli yrði lokið fyrir jól vegna þess að það væri í raun og veru hin endanlega fullkomnun tilverunnar í lagasmíð að klára þetta mál fyrir jól og enginn maður gæti haldið gleðileg jól öðruvísi en að þessi speki yrði að lögum. Daginn eftir að þing kom saman eftir jól fer ríkisstjórnin sjálf að gera tillögur um breytingar á þessu barni sínu út og suður og það rignir yfir þingið brtt., inn í allar þingnefndir koma brtt. frá ríkisstjórninni um lífeyrismál, almannatryggingamál, skólamál og aðra þætti. Þetta var ekki fullkomnara en það, en þetta var 7. jan., virðulegi forseti. Og þá skyldi maður ætla að niðurstaðan væri fengin að fullu í þessu máli en það var nú eitthvað annað. Vegna þess að 13. jan. kemur nýtt bréf frá hæstv. heilbr.- og trmrh. Hvað er hann að leggja þar til? Er hann að leggja það til að brtt. hans frá 7. jan. eða 20. des. yrðu afgreiddar óbreyttar? Ónei. Þá flytur hann sjálfur níu brtt. við þær tillögur sem hann hafði sent nefndinni 7. jan. Út af fyrir sig ber auðvitað að þakka ráðherranum fyrir að hann skuli ætla að leiðrétta vitleysurnar þegar þær koma upp, það er gott. En þetta sýnir auðvitað að menn eiga ekki að vera að grauta í jafnflókinni löggjöf og almannatryggingalögunum með þeim hætti sem núv. ríkisstjórn hefur verið að gera.

Eitt dæmi um það er t.d. ákvæðið um öryrkjana sérstaklega og örorkulífeyrinn þar sem það kom í ljós við nánari athugun og ábendingar frá hv. þm. Finni Ingólfssyni að ef tillögur ríkisstjórnarinnar hefðu orðið að lögum óbreyttar þá var barnalífeyrir öryrkja dottinn út. Og það var vegna þess, að stjórnarandstaðan benti á að þetta gæti ekki gengið, að barnalífeyririnn var varinn að því er öryrkjana varðar. Þannig getum við auðvitað nefnt úr meðferð þessa máls, þessa makalausa bandorms, mýmörg dæmi um að menn hafa unnið þetta á handahlaupum og illa tæknilega séð, burt séð frá efni málsins. Og það er satt að segja alveg ómögulegt að mínu mati að umgangast almannatryggingalögin á þennan hátt vegna þess að þau eru auðvitað orðin flókin. Og þau eru okkur öllum til vansa sem höfum komið nálægt þessum málum núna á undanförnum árum vegna þess að menn hafa verið að bæta þetta með nýju fati á hverju einasta þingi. Þessi lög eru auðvitað orðin með þeim hætti að það er mjög erfitt að átta sig á forsendum þeirra innbyrðis. En það lagast ekki með þessu frv. og greinilegt að ríkisstjórnin ræður ekki við þetta.

Svo ég tali nú ekki um þau ósköp að þegar átti að fara að taka þetta mál út úr hv. heilbr.- og trn. og af-

greiða þetta sem fullkomnun, blessaður meiri hlutinn ætlaði að fara að gera það, góður við ríkisstjórnina sína og enginn áfellist menn fyrir það, það er algengt. Þá kemur í ljós að Tryggingastofnun ríkisins, en það er lítil stofnun hér í þjóðfélaginu uppi á Laugavegi sem á að framkvæma þetta, hafði aldrei séð plaggið. Hún hafði aldrei séð tillögurnar. Það er að vísu eitt hús á milli Tryggingastofnunar ríkisins og heilbr.- og trmn., ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Það er bara ein hurð.) Er það ein hurð? (**Gripið fram í:** Eldföst reyndar.) Já, eldföst hurð, já, það gæti verið skýringin. (**Heilbrrh.:** Bara opnanleg okkar megin.) Og opnanleg heilbrigðisráðuneytismegin þannig að það hefði átt að vera auðvelt fyrir ykkur að fara með þetta. Og svo hefði mátt senda þetta í gegnum vegginn á faxi, mér er sagt að svoleiðis tæki séu jafnvel til í heilbrrn.

Tryggingastofnunin og embættismenn hennar höfðu ekki séð snifsi af þessum tillögum. Það er alveg ótrúlegt. Þó var nýkomin skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem var aðallega að skamma ráðuneytið fyrir að hafa ekki haft nógu gott samstarf við Tryggingastofnun ríkisins. Og hvað sögðu svo starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins? Þeir sögðu: Ja, það er vont að við skulum ekki hafa frétt af þessu, en það er ekki það versta. Þetta er óframkvæmanlegt. Hvað áttu þeir við? Jú, þeir áttu við ýmislegt eins og t.d. það að þó nokkur fjöldi af ellilífeyrisþegum býr erlendis. Hvernig á að skerða tekjur þeirra ellilífeyrisþega sem búa á Flórída og hafa búið þar um langt skeið og hafa þessi ein tengsl við land og þjóð? Hvernig á að gera það? Á að gera það eftir tekjunum á Flórída? Hvernig er með skattframtölin á Flórída?

Hefur verið skoðað hvernig þetta snertir tvísköttunarsamninga, svo ég nefni dæmi? Hvernig á að fara með þetta? Það á að skerða þennan ellilífeyri hjá þessu fólki í útlöndum eftir einhverjum tekjum. Hvaða tekjum? Það hefur engar tekjur á Íslandi yfirleitt, það hefur tekjur einhvers staðar annars staðar. Hvernig á að fara að þessu? Þessir stóru leiðtogar Tryggingastofnunar ríkisins, sem mættu þarna á fundi hjá okkur, fórnuðu höndum. Við getum þetta ekki, sögðu þeir. En sögðu: Það er þá allra fyrst að byrja á þessu 1. mars, það er þó í allra fyrsta lagi að byrja á þessu 1. mars. Og það kemur brtt. inn í nefndina um að byrja á þessu 1. mars.

Þá kallar heilbrrh. í þá. Eftir þann fund kemur af einhverjum undarlegum ástæðum ný brtt. inn í nefndina um að þetta eigi að taka gildi 1. febr. Blessaðir mennirnir eiga núna að framkvæma hluti sem þeir geta ekki framkvæmt. Og það hafa engar upplýsingar komið um það hvernig á að fara að því að skerða lífeyri hjá þessu gamla fólki sem er í útlöndum, engar upplýsingar af neinu tagi komið um það.

Hér er með öðrum orðum svo illa að þessum málum staðið að það er náttúrlega alveg dæmalaust. Ekki aðeins tæknilega heldur líka pólitískt. Ég segi fyrir mitt leyti: Ég er algjörlega sannfærður um að þeir menn úr sjómannasamtökunum, sem hér eiga sæti, áttuðu sig ekki á þessu frv. og þessum tillögum áður en þær komu hér inn. Ég er alveg sannfærður um það. Ég dreg því stórlega í efa, herra forseti, að þetta frv. hafi pólitískan meiri hluta á bak við sig eins og það lítur út. Ég dreg það stórlega í efa. Ég hef rökstuddan grun um að svo sé ekki, að ýmsir af þingmönnum Sjálfstfl. og jafnvel Alþfl. líka, einkum þó Sjálfstfl., muni hugsa sig um tvisvar áður en þeir styðja þau ósköp sem í þessu frv. felast. Vitaskuld er það þannig a.m.k. að mínu mati, virðulegi forseti, að eðlilegt er tvær grímur og þrjár renni á menn ef þeir ætluðu sér að framkvæma hlutina þannig að undanskilja sjómenn sérstaklega. Það er flókið mál að koma því við. En þá segi ég: Þá eiga menn bara að hætta við þetta. Þetta er þannig lagað krukk og þetta eru ekki þeir peningar sem þarna er um að ræða að menn eiga ekki að vera að þessu.

Menn gætu hins vegar farið aðra leið. Aðra leið en þá að leggja sérstakt hátekjuskattþrep á þessa aðila, á sjómenn. Hún er sú að leggja hátekjuskattþrep á hátekjumenn. Leggja hátekjuskatt á hátekjumenn og fjármagnseigendur sem gæti skilað verulegum fjármunum í ríkissjóð og miklu, miklu meira en því sem hér er verið að tala um.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að íhuga það mjög vandlega að fresta því að knýja þessar tillögur í gegn og skoða þetta mál mikið betur. Ég skil vel að á honum standi öll járn í sambandi við þennan niðurskurð í ríkisfjármálum, ég skil það vel. En ég segi eins og er, ég held að þarna sé verið að gera breytingar sem eru ýmist óframkvæmanlegar eða þá svo flóknar í framkvæmd að það mundi kosta eitt út af fyrir sig stórfé að reikna út forsendur mála. Hérna erum við að tala um þúsundir manna sem þarf að reikna út sérstaklega og ég held að það geti verið skynsamlegt, og ég veit að það er skynsamlegt fyrir hæstv. ráðherra, að hætta við þessar tillögur, eins og þær liggja hér fyrir. Þær eru illa undirbúnar, fljótfærnislegar, í þeim eru engin grundvallaratriði skýr og þetta mun gera tryggingakerfið í heild erfiðara og flóknara en það þó þarf að vera og er þá langt til jafnað.

Til að menn átti sig á því hvað það er í raun og veru erfitt að gera þessa hluti með hliðsjón af því að þarna er verið að skerða ellilífeyrinn bara út frá tekjum, atvinnutekjum en ekki lífeyrissjóðstekjum og ekki eignatekjum, eignatekjurnar eru ekki teknar með, þá er fróðlegt fyrir þingheim að átta sig á því að ef maður skoðar eignir einhleypra ellilífeyrisþega þá kemur það í ljós að lífskjaramunur þessa fólks er hrikalegur. Og hann ræðst ekki af atvinnutekjunum heldur af eignum. Það er t.d. þannig að heildareignir einhleypra ellilífeyrisþega eru taldar vera 42,5 milljarðar króna. Þar af eiga 18% þessa hóps 54% eignanna. 18% eiga 22 milljarða af þessum 42 milljörðum. Og ef við tökum hér t.d. hjón þá er það alveg það sama, að eignir þeirra, sem eru með meiri eignir en t.d. 6 milljónir, eru langt yfir helming af því sem hér er um að ræða.

Ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég er að undirstrika hvað þetta er í raun og veru erfitt og snúið og fráleitt og auðvitað ekkert skrýtið þó að menn lendi í ógnarlegum vandræðum með þetta þó að menn séu góðir í stærðfræði eins og þeir eru þarna í

heilbrrn. í seinni tíð. (**Heilbrrh.:** Takk.) — ég var nú ekki að hæla þér, — ógnarlegum vandræðum með þetta. En heilbrrh. hæstv. er að sjálfsögðu heimilt að bera þetta til aðstoðarmanns síns og sveitarstjórnarmanns á Álftanesi.

Hérna eru menn að reyna að búa til hluti út frá ýmsum forsendum, menn segja: Við skerðum ellilífeyri en það er ekki hægt að taka lífeyrissjóðina inn í. Og það er ekki hægt að taka eignatekjurnar inn þarna af því að þá verður að taka þær inn alls staðar annars staðar og það er engin samstaða um það í ríkisstjórninni enn þá. Það er ekki hægt að taka fjármagnstekjurnar inn af því að ekki er samstaða um að gera það alls staðar. Og það er ekki hægt að taka öryrkjana inn með sama hætti og ellilífeyrisþegana o.s.frv. Og menn lenda auðvitað í þvílíkum brimgarði, tæknilegum brimgarði, að það er nokkurn veginn alveg útilokað að menn rói þessu fleyi heilu í höfn, það er eiginlega alveg útilokað. Satt að segja er nokkuð gefið að tæknilega séð þá brotnar þetta allt í spón, fyrir utan náttúrlega það pólitíska að það skuli vera Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands sem er að framkvæma þessi ósköp. Og blöskrar fleirum en Magnúsi H. Magnússyni í þeim efnum.

Ég gæti út af fyrir sig, virðulegi forseti, líka farið nokkuð yfir heilbrigðismálin að öðru leyti, t.d. spítalana. Það er verið að tala um að við þurfum að skera niður rekstrarframlög til spítalanna í Reykjavík um 1.300 millj. kr. eða hátt í það þegar þeir eru allir teknir saman hér á Reykjavíkursvæðinu. Upp í það er til einhver hungurlús einhvers staðar í fjárlögunum eins og þau líta út. Það er alveg bersýnilegt að þar er um hrikalegan vanda að ræða. Auk þess tel ég að hæstv. heilbrrh. hafi farið rangt í þessa hluti og stofnað til uppnáms á spítölunum að óþörfu eins og haldið hefur verið á þessum málum. Það er augljóst mál að biðlistar eftir þjónustu á heilbrigðisstofnunum munu lengjast ef svo fer fram sem horfir og það er mjög alvarlegt umhugsunarefni. Ég ætla ekki sérstaklega, virðulegi forseti, að tjalla þar um einstök atriði, eins og t.d. Landakot, ríkisspítalana eða Borgarspítalann. Né heldur ætla ég sérstaklega að ræða um öryrkja en þar var fundin upp sú snjalla aðferð að láta öryrkjana borga fyrir hina öryrkjana hjá hæstv. ríkisstjórn í breytingum á lögum um almannatryggingar. Þar fundust breiðu bökin og var kominn tími til.

Við höfum farið, virðulegi forseti, yfir þessa þætti sem eru menntamál, heilbrigðismál og tryggingamál. Það er í raun verið að höggva alls staðar inn í þetta kerfi, og ég segi að óþörfu vegna þess að samdrátturinn í þjóðartekjunum er ekki sá sem menn töldu að hann yrði þegar verið var að leggja af stað með þennan bandorm á sínum tíma, samdrátturinn er ekki sá. Þá var verið að tala um að hann yrði um 17 milljarðar kr., nú er verið að tala um að hann verði u.þ.b. þriðjungi minni.

En er það þá þannig að einhverjar aðrar stofnanir séu betur færar um að taka við þessu þegar þessu er ýtt út af ríkinu, t.d. sjúklingum? Eru einhverjar aðrar stofnanir betur færar um að taka við þessu? Eða eru spítalarnir kannski bara að fást við heilbrigt fólk? Að dudda við alfríska einstaklinga? Það er ekki þannig. Eru einhverjar aðrar stofnanir tilbúnar til að taka við því fólki sem fær þjónustu á spítölunum? Eru þær stofnanir á vegum sveitarfélaganna? Það er ekki burðugt upplitið á þjónustunni við aldraða hér í þessu ríkasta sveitarfélagi landsins sem við erum stödd í. Sveitarfélögin hafa ekki kost á því að taka við þessu fólki. Sveitarfélögin eiga minni kost á því nú en áður að byggja upp þjónustu fyrir aldraða. Og svo er það líka þannig, virðulegi forseti, að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem gekk ekki svo lítið á að koma í gegnum síðasta þing, þá eiga sveitarfélögin að tryggja lágmarksframfærslu fólks sem ekki á kost á því af öðrum ástæðum. Og ég fullyrði: Ef þessi stefna gengur eftir að því er varðar skólana, heilbrigðismálin og tryggingakerfið þá mun enn þá harðna á dalnum í lífskjörum hér á þessu svæði og annars staðar í landinu. Því fólki, sem neyðist til að leita til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, mun fjölga. Og það er engin þörf á að gera þetta svona. Það hefur ekki orðið eldgos hér, ekki stórfelldar náttúruhamfarir, það er ekki þannig. Það er engin ástæða til að fara í þetta svona. Auk þess sem það er náttúrlega þannig að ekki er hægt af tæknilegum ástæðum að gera þessa hluti á einu ári með þeirri leiftursókn sem verið er að gera tillögur um.

Til þess að reyna að framkvæma þetta hefur ríkisstjórnin síðan brotið upp á ýmsum nýjungum. Eitt er það að setja upp kommissarakerfi. Kommissarar eiga að hafa eftirlit með forstöðumönnum ríkisstofnana. Ég veit ekki hvernig það er með forseta Alþingis hvort á að passa þá alveg sérstaklega, það getur verið. En þannig er að koma á upp eftirlitsmannakerfi inn í hverri einustu ríkisstofnun. Og fer þá lítið fyrir valddreifingunni og sjálfstæði stofnananna eins og áður var þó mikið um talað.

Og hvernig er það með ástandið á landsbyggðinni, er það skárra en hér? Ég hef lýst því aðeins hér á þessu svæði og hjá Félagsmálastofnun en hvernig er það þar? Menn, sem eru búnir að gleyma því, þeir fá kannski að kynnast því aðeins á Flateyri á morgun, ef það verður fært, við vonum að það verði fært. Og hvaða rök eru það sem hæstv. heilbr.- og trmrh. færir svo fyrir þessum ósköpum, þessari allsherjaratlögu að velferðarkerfinu, hvaða rök eru það? Jú, hann var látinn komast upp með það í sjónvarpsþætti fyrir nokkrum kvöldum, að ástæðan væri sú að það væri 30 milljarða halli á ríkissjóði. Það væri 30 milljarða halli á ríkissjóði og hann margtuggði það. Þeir sem ekki þekkja manninn hefðu getað haldið að hann tryði þessu sjálfur. Ég þekki hann og veit að hann trúir því ekki einu sinni sjálfur.

Auðvitað liggur þetta ekki svona. Auðvitað er hér um að ræða talsverðan efnahagsvanda. En ríkisstjórn, sem hefur innan borðs flokk sem skreytir sig með nafninu Jafnaðarmannaflokkur Íslands, þótt það sé á eftir þankastriki, á ekki að byrja á ellilífeyri sjómanna. Hún á ekki að byrja á öldruðum, hún á ekki að byrja á öryrkjum, hún á ekki að byrja á börnum í grunn-

skólum og framhaldsskólum og háskólum, hún á ekki að byrja á því að loka lánakerfi íslenskra námsmanna og draga úr því og skerða fjármuni til rannsókna. Hún á ekki að gera það.

Er ríkisstjórnin að gera eitthvað til þess kannski að þjóðin geti betur tekið við þessum vanda inn í framtíðina? Hvar er atvinnuuppbyggingarstefnan? Hvar er verðmætasköpunarstefna þessarar ríkisstjórnar? Hún er hvergi. Það örlar hvergi á neinu slíku. Ráðherrarnir líða um eins og vofur eftir hvert skipbrotið á fætur öðru, það er ál einn daginn, EES annan daginn. Þeir eru guggnir, sárir og gráir. Og það er engin lending, engar hugmyndir af neinu tagi um það hvernig á að byggja upp íslenska þjóðfélagið og mæta þessum vanda inn í framtíðina — nema ein. Hún er sú að breyta Íslandi í alþjóðlega fjármálamiðstöð. Þá held ég að eigi nú ekki að leita til núv. ráðherra. Enda hafa þeir að vísu sagt að þetta sé eitt af þeim sviðum þar sem Íslendingar séu hvað bestir, það sé í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum. Það eigi sérstaklega að reyna að byggja á þeim hlutum þar sem Íslendingar séu alveg sérfróðir — í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum.

Það er að vísu, eins og kunnugt er, einn og einn maður sem hefur getið sér alveg sérstakt orð fyrir alþjóðleg fjármálaviðskipti erlendis. Ég ætla ekkert að fara yfir það nánar. Menn sem eru jafnvel ættaðir að vestan. Það er að vísu rétt. En um leið og þessu var lýst yfir, að Íslendingar væru alveg sérstakir snillingar á þessu sviði, í alþjóðlegum fjármálaheimi, var sagt að fá ætti útlendinga til að hjálpa Íslendingum til að nota þessa sérstöku hæfileika sína. Ekki var meiri trúin á getu Íslendinga á hinu alþjóðlega fjármálasviði en þarna kom fram.

Í rauninni er það í alvöru talað þannig: það er ekkert visst, engar tillögur um eitt eða neitt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar annað en að skera, brjóta niður, snúa niður velferðarkerfið með góðu eða illu. Og það er hörmulegt. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það væri skynsamlegast frá almennu sjónarmiði séð að fresta þessu öllu sem liggur fyrir og snúa sér að alvöruefnahagsráðstöfunum eins og þeim sem verkalýðshreyfingin er að gera kröfu um. Og hún er reyndar að gera kröfu um að þetta verði ekki afgreitt, að þessir pappírar, sem hér liggja fyrir, verði ekki afgreiddir. Vegna þess að þeir þýða í raun og veru álögur á launafólk sem verkalýðshreyfingin er auðvitað að mótmæla. Þess vegna væri skynsamlegast, virðulegi forseti, og það skulu vera mín lokaorð: Þessi pappír verði dreginn til baka, ríkisstjórnin segi af sér og það verði skipt hér um ríkisstjórn.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Framkvæmdasjóður Íslands (164. mál, starfslok) 4341.
Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins (124. mál) 4113, 4378.
Kosning í bankaráð Landsbanka Íslands 4211.
Lánsfjárlög 1992 (30. mál) 4122, 4142, 4185, 4211, 4249, 4389.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 (167. mál, breyting ýmissa laga) 4252, 4396.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 4142.
Um þingsköp:
Upplýsingar ráðherra um sölu Skipaútgerðar ríkisins 4251.

Sjá enn fremur:
Framkvæmdasjóður Íslands 4343.
Lánsfjárlög 1992 4204, 4249.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 4299, 4329, 4435.
Umræður utan dagskrár (sala Skipaútgerðar ríkisins og þjónusta við landsbyggðina) 4244.
Umræður utan dagskrár:
Afstaða ríkisstjórnarinnar til samninga um sölu á saltsíld til Rússlands 4174.
Sala Skipaútgerðar ríkisins og þjónusta við landsbyggðina 4237.

Leiðrétting í 11. hefti:

Í ræðu Tómasar Inga Olrich í dálki 3928, annarri málsgrein að neðan, er villa. Rétt er málsgreinin svona:

Það var hins vegar öllum ljóst frá upphafi að sá þátturinn sem átti að fjalla um landbúnaðarmálin yrði erfiður viðfangs og þær skoðanir komu snemma upp að það yrði ekki fyrr en á lokasprettinum sem þau mál yrðu tekin fyrir í fullri alvöru. En ég kemst ekki hjá því að taka sérstaklega fram að margir hafa talið óæskilegt að fella landbúnaðarafurðir inn í samkomulag um GATT, óæskilegt vegna þess að menn telja að einmitt það hvernig landbúnaðurinn er byggður upp með víðtæku styrkjakerfi geti dregið úr möguleikum á því að menn mundu ná niðurstöðu í þessum GATT-viðræðum og það væri ekki hægt að halda eðlilega braut í GATT-viðræðunum ef landbúnaðarmálunum væri blandað saman við þær.

70. FUNDUR

mánudaginn 20. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2 umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, frhnál. 383 og 388, brtt. 263, 286, 307, 339, 353 og 384.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um gæslu þingskapa til að kvarta undan skorti á svörum frá ráðherrum við þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar fram í nánast allri 2. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Sérstaklega vil ég kvarta undan því að fjmrh. skuli sl. föstudag ekki hafa séð ástæðu til að svara spurningum sem til hans var beint vegna svokallaðs minnisblaðs sem kom frá fjmrn. og var ætlað forstöðumönnum ríkisstofnana og ráðuneytum.

Ef ég man rétt lýsti fjmrh. því yfir ekki alls fyrir löngu að hann hefði tekið þá stefnu að svara ræðumönnum jafnharðan og nota til þess andsvörin. Hann var spurður mjög ákveðinna spurninga sl. föstudag og þær voru í raun ítrekaðar í þingskapaumræðu en engin svör fengust.

Ástæða þess að ég fjalla um þetta hér og nú er sú að í kvöldfréttum sjónvarps sl. föstudag, eftir að þingfundi hafði verið slitið, var viðtal við aðstoðarmann ráðherrans þar sem hann útskýrði hvað átt væri við með því sem stendur í plaggi frá ráðuneytinu og fjallar í rauninni um heimild til forstöðumanna ríkisstofnana og ráðuneyta að hýrudraga starfsfólk sitt. Það er ekkert um annað að ræða en að það stendur í rauninni í plagginu að mönnum sé heimilt að hýrudraga starfsfólk sitt. Og það er aðstoðarmaður ráðherrans sem kemur í sjónvarp sl. föstudag og útskýrir þetta mál með mjög svo undarlegum hætti.

Mér finnst fjmrh. skulda Alþingi ákveðnar skýringar og sé ekki hægt að halda áfram umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum nema fá slík svör. Það mátti skilja aðstoðarmanninn þannig að með því að hýrudraga starfsmenn væri verið að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða. Ekki var hægt að skilja hann öðruvísi.

En ég vil sem sagt biðja fjmrh. um að svara þessum spurningum. — Nú er ekki eins og þetta sé bara minnisblað einhverra ónafngreindra embættismanna sem þarna er á ferðinni heldur langar mig, með leyfi forseta, að lesa titilinn á þessu minnisblaði og hvernig það hefst, en þar stendur:

„Minnisblað. Efnisatriði vegna funda ráðherra með forstöðumönnum ríkisstofnana um almennan sparnað í rekstri ríkisins."

Og síðan segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin ákvað að skipa sérstaka ráðherranefnd til að útfæra nánar framkvæmd niðurskurðar ríkisútgjalda í fjárlögum. Meðfylgjandi eru efnisatriði nefndarinnar um útfærslu sparnaðarátaks sem hafa verið samþykkt í ríkisstjórn." — Sem hafa verið samþykkt í ríkisstjórn.

Þetta er með öðrum orðum tillaga ráðherranefndar sem hefur verið samþykkt í ríkisstjórn ef marka má þetta plagg.

Og það kemur fram á bls. 4 í þessu plaggi, með leyfi forseta: „Ef launagreiðslur fara umfram tilgreind mörk skal útborgun stöðvuð samkvæmt ákveðnum reglum: a) fyrst yfirvinna og aukagreiðslur, b) því næst fyrirframgreiðslur og c) að lokum aðrar mánaðargreiðslur."

Stöðva á með öðrum orðum launagreiðslur sem fólk hefur unnið fyrir. Ég bið um svör, hæstv. forseti, og að það verði séð til þess að þau fáist.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég bendi hv. þm. á að ráðstafanir í ríkisfjármálum eru þegar komnar á dagskrá.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi lýst því yfir að ég ætlaði sérstaklega — ja, héðan í frá — að svara hverri einustu ræðu. Það sem ég sagði í ræðu um daginn var að ég hefði nánast gefist upp á því að svara hv. ræðumönnum vegna þess að þeir hefðu það til siðs, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að flytja nánast sömu ræðuna þannig að svörin sem kæmu fram í andsvörunum virtust enga þýðingu hafa, færu fyrir ofan garð og neðan af því að þeir kærðu sig ekki um að hlusta hverjir á aðra. Þetta var efnisatriðið í því sem ég sagði um daginn og vildi láta koma fram að mér þætti undarlegt að þegar það kæmu fram andsvör eftir ræðu hvers manns væri eins og þau hefðu enga þýðingu því að næstu ræðumenn hefðu ekki hlustað á aðra ræðumenn stjórnarandstöðunnar. Þetta var efnispunkturinn sem ég minntist á og hv. þm. virðist vera að vísa til.

Það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að hann gerði fyrirspurn um þetta atriði sl. föstudag sem hann minntist á í sinni ræðu. Þá stóð þannig á að ég hafði verið beðinn um að koma fram í útvarpi ásamt formanni BSRB sem ég og gerði og gaf skýringu á þessum ummælum. Um kvöldið eftir að sú umræða hafði farið fram í útvarpi var viðtal við aðstoðarmann minn sem hefur gefið tilefni til einhvers misskilnings.

Ég skal hér og nú, ef það kann að greiða fyrir þingstörfum, segja frá því að það er alveg kristalstært og ljóst að ríkinu, eins og öllum öðrum launagreiðendum í landinu, ber að greiða laun fyrir umbeðna og unna vinnu, hvort sem það er eftirvinna, dagvinna, mánaðarvinna eða hvernig sem samningar hafa gengið um slík laun. Þetta verður að vera alveg ljóst. Og það ber að sjálfsögðu að skilja minnisblaðið, sem er minnisblað fyrir einstaka ráðherra til að fara með á fundi með forstöðumönnum stofnana, þannig að einungis sé um

það að ræða — eins og kemur fram í sambandi við þetta eina atriði af fjölmörgum öðrum sem verið er að ræða — í fyrsta lagi að heimilt er að ákveða frávik frá launakostnaði, en í öðru lagi mun þetta gerast ef menn fara ekki að þeim greiðsluáætlunum sem þeir gera sjálfir. Ég vek athygli á að stjórnendur stofnana gera sjálfir greiðsluáætlanir og það er einungis verið að fjalla um hvernig eigi að fylgja þeim eftir.

Í fyrsta lagi er um ákveðin frávik að ræða. Í öðru lagi verður byrjað á að taka á öðrum rekstrargjöldum ef farið er yfir á launum. Eftir það verður stjórnendum auðvitað tilkynnt að í framtíðinni hljóti að skerðast þær greiðslur sem ganga frá fjmrn. og til einstakra stofnana og þá verða stjórnendur að grípa til viðkomandi ráðstafana sem þarna er lýst.

Aðalatriðið er að við höfum samþykkt fjárlög hér á hinu háa Alþingi, okkur ber að fara að fjárlögunum og fjmrn. og einstök ráðuneyti bera ábyrgð á því að það sé gert. Í þessu minnisblaði er fjallað um greiðsluáætlanir, það er fjallað um fjárhagsleg markmið, um ráðstöfum safnliða, um greiðslu- og rekstraráætlanir, um hagræðingu og útboð og einn þátturinn fjallar um laun. Ég skal viðurkenna að textinn sem fram kemur á bls. 4 í þessu minnisblaði getur gefið tilefni til þess að verða misskilinn með þessum hætti, en ég tek skýrt fram að það er alveg augljóst og hlýtur öllum mönnum að vera ljóst að ríkinu, eins og öðrum launagreiðendum, ber að fara að lögum.

Ég mun að sjálfsögðu í umræðum um bandorminn taka til máls og svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint og mun gera það með þeim eðlilega hætti sem ráðherrar og aðrir alþingismenn hafa til þess, þ.e. að taka til máls í umræðunum eins og hverjir aðrir.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem fram komu hjá hv. 10. þm. Reykv. varðandi svör ráðherra. Hér er um að ræða fyrst og fremst hæstv. fjmrh. sem hefur núna gert grein fyrir ákveðnum þáttum varðandi tiltekið minnisblað um launagreiðslur til opinberra starfsmanna sem ég hef ekki séð. En það er bersýnilegt að ráðherrann ætlast til þess af sínum undirmönnum að þeir segi upp starfsfólki ef stofnanirnar fara fram yfir á áætlunarliðnum Önnur rekstrargjöld. Það er útilokað fyrir stofnanirnar að halda fjárlög, ef þær fara yfir á liðnum Önnur rekstrargjöld með þeim hætti sem ráðherra lýsti, öðruvísi en að segja upp starfsmönnum eða að draga úr vinnukvöðum í heild í stofnuninni að öðru leyti, t.d. í skólum. Hann skuldar þinginu mikið ítarlegri skýringar í þessum efnum en fram hafa komið þó að hitt sé mikilvægt að hæstv. ráðherra hefur lýst yfir, ef ég skil hann rétt, að í öllum tilvikum verði farið eftir kjarasamningum. Það ætti að sjálfsögðu ekki að vera frétt að fjmrh. vildi fara eftir kjarasamningum, en það er það þegar núverandi ríkisstjórn á í hlut.

En það eru fleiri hæstv. ráðherrar sem hafa fengið ýmsar fyrirspurnir sem ekki hafa fengist svör við. Ég nefni þar t.d. hæstv. menntmrh. sem ég lagði fyrir margar spurningar á síðasta fundi, hæstv. heilbrrh. sem ég lagði fyrir spurningar, m.a. varðandi óframkvæmanleg ákvæði um skerðingu á ellilífeyri, og fleiri slíkar spurningar hafa komið fram. Það er aldeilis óþolandi að umræðan haldi áfram með þeim hætti að ráðherrar svari ekki fyrir sig og segi svo, eins og hæstv. fjmrh., að þetta sé vegna þess að þingmenn haldi nánast alltaf sömu ræðuna. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tek þetta nokkuð óstinnt upp sjálfur. Ég flutti ræðu sl. föstudag þar sem ég kom inn með fjöldamörg ný efnisatriði sem ekki höfðu áður verið tekin hér upp. Þá kemur hæstv. fjmrh. og segir í næstu ræðu þar á eftir: Það er ástæðulaust að vera að svara þessum þingmönnum af því að þeir halda alltaf sömu ræðuna.

Svona trakteringar af hálfu hæstv. fjmrh. eru algjörlega ólíðandi og náttúrlega enn eitt tilefni til að fara fram á við hæstv. forseta að forsetinn setji ofan í við þessa ráðherra sína. Það er greinilegt að þeir kunna ekki að umgangast þingið með eðlilegum hætti. Við sáum það í síðustu viku þegar hæstv. samgrh. sagði þinginu ekki satt og rétt frá. Og nú eru nýjustu skilaboðin þau að það sé ástæðulaust að svara þingmönnum af því að þeir séu alltaf að halda sömu ræðuna. Það er nefnilega það. Það er von að gangi stirðlega með þingstörf af hálfu hæstv. ríkisstjórnar ef það er innstilling ráðherranna að við séum alltaf að halda sömu ræðuna. Það er misskilningur, hæstv. fjmrh. Hér eru þingmenn að leggja fram ný efnisatriði í þeim ræðum sem þeir flytja og ráðherrum er að sjálfsögðu skylt að taka tillit til þeirra sjónarmiða, athugasemda og spurninga sem fram koma af hálfu þingmanna.

Um leið og ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu í máli hv. 10. þm. Reykv. vil ég nota þetta tækifæri til að óska eftir því að aðrir ráðherrar svari og loks til þess að mótmæla ummælum hæstv. fjmrh. um að þingmenn séu alltaf að halda sömu ræðuna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann þó gaf hérna. Ég get hins vegar ekki komist hjá því að gagnrýna að hann skuli í rauninni telja sér skyldara eða brýnna að fara upp í útvarp og gefa þar skýringu á þeim ummælum sem er að finna í þessu plaggi en svara þinginu í þessu máli. Þarna er enn einu sinni á ferðinni þetta margfræga fyrirbæri þegar ráðherrar tala við þingið í gegnum útvarp. Við höfum margsinnis orðið vitni að því að ráðherrar stundi það, en ég hélt reyndar að það væri á sérsviði forsrh. að ástunda slíkt. En það eru greinilega fleiri ráðherrar þessu marki brenndir greinilega.

Hann sagði að svör aðstoðarmanns hans hefðu getað skapað ákveðinn misskilning. Ég verð að segja að mér finnst aðstoðarmanninum nokkur vorkunn þegar litið er til þess texta sem ráðherranefnd er ábyrg fyrir og hefur sett á blað og sem hefur fengið blessun í ríkisstjórninni ef ég skil plaggið rétt og samkvæmt orðanna hljóðan. Þar er skýrlega tekið fram að launagreiðslur skuli stöðvaðar eftir ákveðnum reglum sem eru nefndar. Síðan segir í næsta lið á eftir: „Með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis verði eftirfarandi mögu-

legt í kjölfar launagreiðslustöðvunar.“ — Í kjölfar launagreiðslustöðvunar.

Ég verð að segja að aðstoðarmanninum er nokkur vorkunn að túlka plaggið með þessum hætti. Ég fæ ekki séð að hann geti misskilið það. Hann fer bara eftir því sem á blaðinu stendur.

En ég er fegin því að ráðherra skuli hafa dregið þetta til baka og sagt að það væri kristalstært að ríkinu bæri að greiða laun fyrir umbeðna og unna vinnu. Það hefðu allir talið sjálfsagt og eðlilegt og þyrfti ekki mörg orð um það. Hins vegar varð ég ekki vör við að hann tæki sérstaklega til fyrirframgreiðslur til opinberra starfsmanna, við vitum að þeir eru margir hverjir og flestir á fyrirframgreiddum launum, og gildir þá það sama um hana eins og umbeðna og unna vinnu?

En textinn er í sjálfu sér ekkert óskýr eins og ráðherra hélt þó fram. Hann er mjög skýr, en hann er greinilega byggður á einhverjum gjörsamlega röngum hugsunum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að misnota ekki tíma þingsins þegar rætt er um gæslu þingskapa með því að rekja efnisatriði, en það stendur reyndar nokkuð sérstaklega á hvað varðar þetta tiltekna atriði. Ég tel mig hafa gefið skýringu á því hvernig skilja eigi þennan texta og ég tel mig hafa sagt hér alveg umbúðalaust hver sé réttur opinberra starfsmanna til launa og reyndar annarra launamanna hér á landi. Og auðvitað verður farið að lögum og samningum í þeim efnum.

Varðandi hitt, hvort það sé eðlilegt að þingmenn frétti af ákveðnum skýringum eða fái svör í fjölmiðlum, þá vil ég eingöngu segja þetta: Mér var ekki kunnugt um það þegar hv. þm. hóf mál sitt að hann mundi sérstaklega nefna þetta atriði. Mér var ekki heldur kunnugt um það þegar ég var beðinn um að koma í útvarp með formanni BSRB að nákvæmlega þetta efnisatriði yrði þar sérstaklega til umræðu. Hins vegar gerðist það og ég gat auðvitað ekki setið á mér, ég varð að gefa mínar skýringar þar. Þannig vill oft verða að ráðherrar þurfa að tala annars staðar en á þingi og geta ekki alltaf látið þingið sitja fyrst að ákveðnum skýringum eða fréttum.

Hitt er svo annað mál að það hefur aldrei staðið annað til en að svara hv. þm. og svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Og þegar ég sagði að þingmenn hefðu flutt sömu ræðuna átti það sérstaklega við um lánsfjárlögin þar sem efnisatriði eru fá og skýr og ég gaf andsvör. Það vill nú svo til að það er hægt að staðfesta það í bókum. Ég gaf andsvör að lokinni ræðu nánast hvers einasta þingmanns, en næsti þingmaður kom aftur með sömu fyrirspurnina. Það var eingöngu það sem ég átti við þegar ég ræddi þetta sérstaklega, en þetta efnisatriði kom núna fram hjá hv. 9. þm. Reykv.

Vonast ég til þess að þetta skýri nægilega hvernig á því stendur í fyrsta lagi að þingmenn heyrðu — þeir sem ekki stóðu í ræðustól — fyrst mínar skýringar í útvarpi. En þær skýringar voru að sjálfsögðu gefnar áður en viðtöl og yfirlýsingar annarra birtust í sjónvarpi og útvarpi síðar þetta sama kvöld og að mér skilst í fréttum næstu daga á eftir.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég tek fram að ég er heldur andvígur miklum þingskapaumræðum og tel að það væri hægt að koma athugasemdum, ýmsum af þeim sem hér hafa fallið, að í umræðum. En það sem hér hefur gerst undirstrikar mikilvægi þróttmikillar stjórnarandstöðu því að málafylgja okkar hefur ekki orðið til einskis og það er rétt að undirstrika það. Ríkisstjórnin er að draga í land með ýmsar af sínum firrum sem hún hefur sett fram í miklu fljótræði. Þá þegar fyrir jól sneið hún ýmislegt af, ýmsa agnúa sem voru á hennar málatilbúnaði, og síðan hefur hún verið að draga í land með ýmsar firrur sem blessaðir hæstv. ráðherrarnir hafa látið sér detta í hug að setja fram.

Þeir byrjuðu á þessu máli með svokallaða eftirlitsmenn. Það átti að setja upp einhverja Stasi-lögreglu að austrænni fyrirmynd og þeir áttu að fara um landið og yfirtaka fyrirtækin af stjórnendum þeirra og framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar og niðurskurðarhugmyndunum. Þessu var breytt, ríkisstjórnin hörfaði með þetta atriði og bjó til nýyrði um þetta starf, svokallaða tilsjónarmenn. Það er að vísu til orð sem er fornhelgað frá gamalli tíð, að vísu upprunnið úr dönsku, „bífalningsmenn“, og það hefði kannski verið eðlilegra að þeir hefðu verið kallaðir þetta, þessir nýju embættismenn, fremur en búa til orðskrípið tilsjónarmenn.

Nú er ég ekki alfarið að leggjast gegn því að yfirvöldin reyni að hafa eftirlit með opinberum rekstri og á því er gífurleg þörf. En það verður að gerast með siðlegum hætti. Ég er ekki viss um nema hæstv. ríkisstjórn hafi gott af eftirliti með sínum verkum og sínum fjármálaráðstöfunum. Ég hygg t.d. að hæstv. forsrh. stæði betur í dag ef hann hefði haft viðeigandi tilsjónarmann með embættisfærslu sinni sem borgarstjóri. Þá sæti hann ekki uppi með þann þunga kross að skilja við fortíð sína með þeim hætti sem hann hefur gert. Þá hefði tilsjónarmaðurinn kannski komið í veg fyrir að ýmislegt, sem úrskeiðis hefur farið hjá Reykjavíkurborg undir stjórn fyrrverandi borgarstjóra, hefði átt sér stað.

Það sem á vantar að hér geti gengið fram umræða með eðlilegum hætti er fyrst og fremst að ráðherrarnir sitji í salnum, fylgist með umræðunum og heyri að það er ekki alltaf verið að flytja sömu ræðuna. Og ég vil fara fram á það við hæstv. forsrh. að hann beiti áhrifum sínum við ráðherra sína, að þeir gefi sér nú tíma til að taka þátt í þingstörfum næstu klukkustundir þannig að 2. umr. um bandorminn geti einhvern tíma lokið. Ráðherrarnir séu viðlátnir, þegar ræðumenn eru hér í ræðustól, og svari kurteislega og skilmerkilega þeim spurningum sem til þeirra er beint. Og síðan vona ég, frú forseti, að 2. umr. geti gengið greiðlega og henni ljúki áður en vorar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég minni hv. 1. þm. Norðurl. v. á það — af því hann nefndi nú eftirlitsmennina — að þeir komu fyrst fram í stjfrv. sem fyrirrennari minn, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, flutti. Og ég er ekki í vafa um að þingflokksformaður Framsfl. hefur stutt formann sinn í þeim efnum.

Varðandi feril minn sem borgarstjóra, þá hafði ég marga ágæta tilsjónarmenn, einn alveg sérstaklega sem fylgdist vel með framkvæmdum í Perlu og ráðhúsi, ágætur tilsjónarmaður sem ég met mikils og þykir vænt um, en þó auðvitað ekki eins vænt um og hv. þm. sem hefur ríkari skyldur til þess en ég.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þessi þingskapaumræða er komin út á sérkennilegar brautir og ég ætla ekki að blanda mér í síðustu orðaskipti hæstv. forsrh. og hv. þm. Páls Pétursssonar. En hins vegar er mikilvægt að greiða fyrir umræðum og ég ítreka það, sem hér hefur komið fram, að til þess að umræðan geti haldið áfram með eðlilegum hætti og hæstv. fjmrh. verði hlíft við því að menn endurtaki eitthvað af því sem áður var sagt er nauðsynlegt að a.m.k. þrír hæstv. ráðherrar svari fyrirspurnum sem til þeirra var beint fyrir helgina. Þar vil ég ítreka aftur við hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi það sem hefur verið vikið að í dag og ég vil segja að svör hans undir þingskapaumræðunni varðandi þetta atriði voru satt að segja furðuleg. Ég hefði áhuga á því, a.m.k. undir andsvörum, að geta rætt það aðeins við hæstv. fjmrh. því að samkvæmt minni þekkingu á framkvæmd mála í fjmrn. voru svör hæstv. ráðherra fullkomlega út í hött.

Ég beini því því til hæstv. fjmrh. að hann taki til máls í umræðunni fljótlega nú á eftir og svari þessu þar þannig að hægt sé að beita andsvaraforminu því að ekki viljum við fara að beita því í þingskapaumræðunni.

Í öðru vil ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. svari þeim spurningum sem hv. þm. Svavar Gestsson beindi til hans, en einnig sérstaklega því atriði hvernig hann hyggst framkvæma hinn flata niðurskurð vegna þess að hæstv. forsrh. lýsti því alveg skýrt yfir í umræðum um lánsfjárlögin að ríkisstjórnin hefði í engu breytt þeirri afstöðu sinni að flatur niðurskurður ætti að koma allur til framkvæmda á þessu ári. Engu að síður hefur því verið lýst yfir af hálfu menntmrn. að menntmrn. sé eingöngu að vinna að því að framkvæma helminginn af flata niðurskurðinum á þessu ári. Þetta grundvallaratriði verður að fást upplýst í umræðunni áður en hún getur haldið áfram, hvort yfirlýsing hæstv. forsrh. er rétt eða hvort yfirlýsingar aðstoðarmanns menntmrh. eru réttar.

Í þriðja lagi vil ég ítreka þær spurningar til hæstv. heilbrrh. sem hv. þm. Svavar Gestsson flutti. Það mundi mjög greiða fyrir umræðu í dag og flýta fyrir henni ef þessir þrír hæstv. ráðherrar gætu mjög snemma núna fyrir hádegi komið upp og svarað þessum fyrirspurnum þannig að aðrir ræðumenn þyrftu ekki að víkja að þeim atriðum aftur eða ítreka sýknt og heilagt óskir um að þessu sé svarað. Þess vegna vildi ég beina þeim tilmælum til þessara þriggja ráðherra að þeir gerðu a.m.k. þessum þremur þáttum skil í umræðunni fyrir hádegi.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Bara út af orðum hæstv. forsrh. áðan. Hugmyndin um eftirlitsmenn, eins og sett fram upphaflega af núv. ríkisstjórn, er gjörólík þeirri hugmynd sem hæstv. forsrh. var að reyna að klína upp á síðustu ríkisstjórn. Það er bein sögufölsun að telja hugmyndina þaðan komna og hreinir útúrsnúningar. Starfssvið þessara manna var allt öðruvísi hugsað og meginatriðið er að hér var um að ræða heildarlöggjöf um Stjórnarráð Íslands, sem samin var af nefnd, ekki tekin afstaða til þess í ríkisstjórn, en ákveðið að leggja málið fram til kynningar. Ég get sagt frá því að það voru efasemdir og andstaða við ýmis atriði í því frv. í þingflokki framsóknarmanna þannig að ef til þess hefði komið að lögfesta hefði átt þetta frv. þurfti að breyta því í ýmsum atriðum.

Varðandi hlutverk stjórnarandstöðu í borgarstjórn, sem hæstv. forsrh. kom aðeins inn á, hefði nú betur farið ef hæstv. forsrh. og þá borgarstjóri hefði tekið meira mark á skynsamlegum leiðbeiningum stjórnarandstöðu. Og það vona ég að við getum kennt honum hér í þinginu. Það hefði farið betur hjá Reykjavíkurborg ef hlustað hefði verið meira á stjórnarandstöðu þar í borginni. Hún hefur að vísu ekki þann „status" sem þessir „bífalningsmenn" ríkisstjórnarinnar eiga að hafa. Borgarendurskoðandi komst kannski aðeins nær því að hafa þann „status" og hann fékk nú heldur bágt fyrir þegar hann sýndi fram á hvað gerst hefði. Þá var hæstv. forsrh. ekkert sérstaklega ánægður með borgarendurskoðandann, þennan mann sem komst þó næst því að hafa „status" tilsjónarmanns.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst út af þeim umræðum sem hafa farið hér fram segja að mér finnst það undarlegur misskilningur, sem hæstv. fjmrh. var að leiðrétta áðan, að eftir að búið er að koma fram mjög skýrt og greinilega í fjölmiðlum frá hendi aðstoðarmanns fjmrh. að það sé fullt umboð til að stöðva launagreiðslur kemur hæstv. fjmrh. og segir að það hafi aldrei staðið til. Þessi skýring nægir a.m.k. mér ekki því að það var greinilegt að sá maður sem viðtalið var við stóð í þeirri meiningu og hann sagði það reyndar alveg skýrt að hann teldi að til þessa væru heimildir. En fjmrh. hefur borið það til baka og það er vel. En aðdragandinn að þessu máli segir okkur að þarna hafi menn ætlað sér eitthvað sem þeir hafi hætt við, það held ég sé ekki nokkur vafi á. Þess vegna get ég tekið undir með hv. þm. Páli Pétursssyni þegar hann sagði að hlutverk stjórnarandstöðunnar skipti miklu máli.

Það hefur reyndar komið fram í umræðum og

ákvarðanatöku og tillögum hér í allan vetur að hlutverk stjórnarandstöðunnar er ómetanlegt. Svo oft hefur þessi ríkisstjórn breytt sínum ákvörðunum, komið með nýjar tillögur sem hafa verið skömminni skárri en þær fyrri og lagfært ýmis mál sem hafa verið enn verri en þau þó eru núna og eru þau þó nógu slæm. Ég ætla ekki að telja upp langa runu af slíkum málum, enda er það óþarfi, yfir hv. alþm. sem hafa staðið í því að ræða þessi mál í allan vetur og fengið fyrir það harða gagnrýni að hafa eytt tíma þingsins í langar umræður. En það er alla vega kristalstært í mínum huga að þær umræður hafa haft verulegan tilgang og þær hafa skilað því sem þær áttu að skila. Þær hafa skilað tíma til að fjalla um málin, þær hafa gefið þeim aðilum sem eiga hlut að máli tækifæri til að segja sínar skoðanir og þær hafa í sumum tilfellum haft þau áhrif að ríkisstjórnin hefur breytt um stefnu.

En það er þörf á því að hún breyti allmiklu meira um stefnu en hún er búin að gera. Þó er kannski ástæða til að velta því svolítið fyrir sér hvaða breytingar hafa orðið á yfirbragði þessarar stjórnar frá því að hún tók við í vor. Það hlýtur að vera mjög til umhugsunar þeim sem létu leiða sig til þess að styðja þessa stjórn hvort hún er í dag það sem þeir töldu hana vera þegar þeir veittu henni stuðning í vor. Ég er hræddur um að ýmsir telji í dag að þeim hafi kannski verið seldur tannlaus klár þegar þeir fara að velta því fyrir sér hvað það var sem þeir voru fengnir til að trúa að mundi verða á afrekalista þessarar ríkisstjórnar til að byrja með.

Ég held t.d. að aðalástæðurnar fyrir því að ýmsir alþýðuflokksmenn voru tilbúnir inn í þessa ríkisstjórn hafi verið sú að forustumönnum flokksins tókst að telja þeim trú um að aðalmálin í pólitíkinni á næstunni væru að hægt væri að hefja byggingu álvers, bara ef Alþfl. færi í stjórn með Sjálfstfl., og það væri hægt að semja um Evrópska efnahagssvæðið sem allt mundi bæta og vera farmiði inn í 21. öldina ef það væri farið í stjórn með Sjálfstfl. Nú eru þessi mál orðin dálítið úti í fjarskanum og ekki vitað enn hvernig endirinn verður. Það er alla vega ekki líklegt að það verði af þessu á næstunni, sem voru þó tvær af aðalástæðunum fyrir því að þessi ríkisstjórn var mynduð. Ég er hræddur um að ýmsir að forustumönnum Alþfl., sem voru leiddir til stuðnings við ríkisstjórnina á þessum forsendum, séu ekkert mjög hressir í dag með að í stað þess að vera á fullum skriði við að byggja álver og á fullum skriði við að ná samningum um mikil viðskipti við Evrópulöndin, sem áttu að gefa gull og græna skóga í atvinnulífinu og öllu fólki í landinu, sé það eina sem eftir er þriðja stóra ástæðan fyrir stofnun þessarar ríkisstjórnar og hún var fyrst og fremst Sjálfstfl., þ.e. einhvers konar krossferð á hendur fortíðarinnar og einhvers konar pólitísk hreingerning eftir geðþótta hæstv. forsrh. og hans nánustu samstarfsmanna.

Það er það yfirbragð sem þessi ríkisstjórn hefur í dag. Hún hefur ekki það yfirbragð sem hún setti fram í sínum upphafsplöggum og mig langar til að vitna til, með leyfi forseta.

Í innganginum stendur: „Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur sett sér það markmið að rjúfa langvarandi kyrrstöðu í íslenskum þjóðarbúskap.“ Ekki sér maður að neitt bendi til þess að sú kyrrstaða verði rofin með þeim aðgerðum sem þessi ríkisstjórn hefur gripið til.

„Efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar hefur á undanförnum árum einkennst af stöðnun og samdrætti og hefur ekki verið svo lengi í lægð frá því á fjórða áratug þessarar aldar. Hefja þarf nýja framfarasókn í íslensku samfélagi svo að hagur landsmanna geti farið á ný batnandi.“ Þessi nýja framfarasókn er alla vega ekki hafin. Ég held að við höfum ekki orðið varir við það.

Ekki skal ég nú lesa lengi, með leyfi forseta, úr þessu fræga plaggi sem heitir Velferð á varanlegum grunni, en þar heitir næsti kaflinn Framtíðarsýn, og ég vil grípa örlítið niður í hann: „Ríkisstjórnin vill tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og stuðla þannig að því að sættir takist um sanngjörn kjör.“ Hvernig hefur þetta gengið fram? Hvernig eru þessar sættir um sanngjörn kjör sem áttu að sjá dagsins ljós? Það gengur ekki mikið að semja við forustumenn launþegasamtakanna um þessi sanngjörnu kjör. Og það virðist allt vera í uppnámi og fátt af því sem ríkisstjórnin hefur verið að gera hefur orðið til þess að gefa jákvæðara andrúmsloft í þeim samningaviðræðum sem eru í gangi og munu verða á næstunni.

„Hún [þ.e. ríkisstjórnin] mun í þessu skyni beita sér fyrir aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu til góða.“ Hvar eru þessar ráðstafanir í skatta- og félagsmálum sem eiga að koma hinum tekjulægstu til góða og hefðu auðvitað auðveldað samninga ef þær hefðu verið fyrir hendi í dag?

„Ríkisstjórnin mun freista þess að örva efnahagslegar framfarir, án verðbólgu og án þess að gengið verði of nærri náttúruauðlindum lands og sjávar. Þannig fæst örugg undirstaða undir góð lífskjör þjóðarinnar í nútíð og framtíð.“

En svo kemur í viðbót og það er kannski aðalástæðan fyrir því að ég fór að lesa upp úr þessu plaggi að hér stendur: „En lífskjör eru annað og meira en efnahagsgæði. Þau taka einnig og ekki síður til félagslegra og menningarlegra þátta og þeirra ómetanlegu lífsgæða sem hreint og heilnæmt umhverfi veitir. Ríkisstjórnin vill að hlúð sé að fjölskyldunni.“ Og hvernig hlúir þessi ríkisstjórn að fjölskyldunni? Er það með því að skerða barnabætur?

„Tryggð verði afkoma aldraða, öryrkja“ — hvernig er hún tryggð? Er það með því að skerða ellilífeyri? — „og annarra sem þurfa á stuðningi og samhjálp að halda og að öllum skulu tryggð jöfn tækifæri til að þroska hæfileika sína.“ Hvernig er farið að því? Er það með því að koma á skerðingu á skólunum? Er það með þessum flata niðurskurði í skólakerfinu sem er í gangi? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að koma áfram þessum hugðarefnum sínum? Hún er ekki að því í dag, það er a.m.k. alveg ljóst.

Ég ætla að láta vera að lesa meira úr þessu plaggi nema kannski til viðbótar vísu sem mér áskotnaðist og er tileinkuð plagginu og ort fyrir munn þeirra sem hafa verið kallaðir óskabörn þessarar ríkisstjórnar, en það eru fjármagnseigendur:

Hér lofa stjórnvöld allir einum munni,
enda er flaumur gróðans jafn og stríður,
og velferðin á varanlegum grunni
vex með hverjum deginum sem líður.

Ég held að þessi vísa segi svolítið um hverjir það eru sem hafa sloppið og hafa það bara gott undir þessari ríkisstjórn og hafa enda ekki orðið fyrir neinum skerðingum.

Ég ætla ekki að þreyta þingmenn með mjög langri ræðu og ég mun ekki leggja mjög flóknar spurningar fyrir fjmrh. þannig að honum takist ekki að svara þeim. Það er ekki víst að hann svari neinu af því sem mér dytti í hug að spyrja hann og það væri kannski bættur skaðinn. En mig langar til að snúa máli mínu á þann veginn að við getum velt því aðeins fyrir okkur hvernig þessi ríkisstjórn hefur breyst frá þeirri kynningu sem fólkið í landinu fékk af henni við upphaf stjórnartíma hennar og til dagsins í dag. Þess vegna var ég áðan að nefna þessi þrjú aðalatriði sem í umræðunni virtust vera ástæðurnar og afsakanirnar fyrir því að það var farið í þennan leiðangur, þ.e. hið stóra álmál, hið evrópska efnahagssvæði sem átti að vera farmiðinn inn í 21. öldina. En kannski er þjóðin eins og sólarlandafararnir eru núna þarna suður á Kanaríeyjum, farmiðalaus, nema til hjálpar komi eitthvert pólitískt flugfélag til að flytja okkur heim.

Og þá kem ég að krossferðinni á hendur fortíðinni sem forsrh. og hans nánustu samstarfsmenn hafa staðið fyrir. Svo langt gekk þetta lið að það var sett sérstök nefnd í það að skoða fortíðina, fortíðarvandanefnd, og hún er búin að skila niðurstöðum. Og það finnst mér undarlegt. — Eftir ræðuhöldin um það hvernig menn hefðu velt sér í sukki árum saman, eytt og spreðað og sukkað með fjármuni landans lauk þessi hv. nefnd störfum um áramótin og hætti. Ég hef á því mínar skýringar og þær skýringar eru þær að hæstv. forsrh. hafi verið ráðlagt af mönnum, sem hann tekur mark á, að hætta þessu róti í fortíðinni vegna þess að það gæti ýmislegt komið upp sem yrði honum og hans flokki erfiðara en einhverjum öðrum sem hefði átt að koma á kné með þessu róti og hann hafi haft á því skynsemi að sjá að það mundi vera líkast til rétt að leggja af þessa fortíðarskoðun.

Ég verð að segja það eins og er að mér finnst stjórnarandstöðuþingmenn, sem hafa talað í þeim umræðum sem hér hafa farið fram, hafa staðið sig mjög vel. Þeir hafa farið yfir öll þau atriði sem eru hér til umræðu, gert þeim mjög góð skil, mér fannst t.d. að hinar myndarlegu ræður, sem hv. þm. í fjh.- og viðskn. héldu hér, væru til fyrirmyndar. Þar voru öll mál reifuð alveg frá upphafi til enda og ég ætla ekki að endurtaka þær ræður til að hrella fjmrh. En ég þakka fyrir þær og tek undir þann anda sem var í þeirri umræðu allri og þess vegna mun ég eingöngu halda mig við fáein atriði sem mig langar til að bæta við umræðuna.

Það fyrsta eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við þau mál sem hún hefur lagt fyrir þingið og sérstaklega í sambandi við þau mál sem liggja fyrir í þessari umræðu. Það er satt að segja ekki nema eðlilegt að hún hafi verið gagnrýnd og stjórnarflokkarnir fyrir undirbúning mála. Og af því að ég geri ráð fyrir að hæstv. fjrmh. og hans flokksmenn taki nú meira mark á Morgunblaðinu en okkur stjórnarandstæðingum langar mig til að vitna í Morgunblaðið núna um helgina. Í Morgunblaðinu, það er í sunnudagsblaðinu, í Reykjavíkurbréfinu á sunnudaginn, er einn kaflinn sem heitir „Að tala við þjóðina“ og mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp úr þessum kafla.

Hann byrjar með spurningarmerki: „Hvað gerir ríkisstjórnin rangt?“ Og svo svarar Morgunblaðið: „Hún talar of lítið við þjóðina. Hún á til að gleyma því hvaðan umboð hennar er komið. Hún gerir of lítið af því að undirbúa jarðveginn fyrir umdeildar aðgerðir. Hún gerir of lítið af því að skýra fyrir þjóðinni gerðir sínar. Það er ekki nóg að gera þetta í fjölmiðlum. Það er svona upp og ofan hversu vel það kemst til skila. Sjónvarpsstöðvar klippa samtöl með þeim hætti að það er undir hælinn lagt hvort málflutningur manna kemst á framfæri með réttum hætti. Hið sama gera útvarpsstöðvarnar þótt á annan veg sé. Dagblöð eru vettvangur þar sem menn geta talað í lengra máli, en koma ekki í staðinn fyrir beint samband við fólkið í landinu. Þrátt fyrir nútímalega fjölmiðlun kemur ekkert í staðinn fyrir hið beina samband milli stjórnmálamanna og kjósenda.

Þegar ríkisstjórnin undirbýr ákvarðanir um aðgerðir til þess að breyta þjóðfélaginu og snúa ofan af þeirri allsherjar ábyrgð skattgreiðenda, sem er að sliga þá, þarf hún að gera meira en að undirbúa aðgerðirnar sjálfar. Hún þarf líka að undirbúa mjög vandlega kynningu á þeim. Hún þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að útskýra fyrir fólkinu í landinu hvers vegna þetta og hitt er gert.

Það eru öll rök fyrir því að tekjutengja elli- og örorkulífeyri eins og að er stefnt þannig að skattgreiðendur borgi ekki í vasa þeirra sem þurfa ekki á því að halda. Það gildir einu hvort um sjómenn eða aðra að ræða.“ — Þetta eru skoðanir Morgunblaðsins sem ég er hér að lesa. — „Ef gamlir sjómenn hafa svo mikil eftirlaun með einum eða öðrum hætti að þeir komast yfir ákveðið tekjustig er engin ástæða til þess að skattgreiðendur borgi þeim fremur en öðrum, sem eru í svipaðri aðstöðu, sérstakan ellilífeyri. En það þarf að tala um þetta við elli- og örorkulífeyrisþega“, segir Morgunblaðið.

„Það eru öll rök fyrir því að ungt fólk sem er að hefja háskólanám borgi einhver skólagjöld og tryggi sér þar með betri kennslu. Það er ekkert vandamál að fella niður þessi skólagjöld hjá þeim nemendum sem sannanlega hafa ekki efni á því að borga þau. En um þetta þarf að tala við þetta unga fólk og útskýra fyrir því hvers vegna. Engin kynslóð í landinu á meira undir því en einmitt æskufólkið að horfið verði frá núverandi braut mikillar skuldasöfnunar þjóðfélagsins.

Það eru öll rök fyrir því að koma einhverjum böndum á útgjöld heilbrigðiskerfisins, hvort sem er vegna reksturs sjúkrahúsa, lyfjasölu eða af öðrum ástæðum, en það þarf að tala við fólkið sem starfar að þessum málum og útskýra fyrir því og sjúklingunum líka.

Menn ná engum árangri, hvorki á þessu sviði né öðrum, með því að ryðjast um eins og naut í flagi.

Það eru öll rök fyrir því að stöðva fjárstreymið úr opinberum lánasjóðum í vonlausan atvinnurekstur á landsbyggðinni, sem landsbyggðarfólk hefur fyrst og fremst armæðu af," stendur hér í Morgunblaðinu. „En það þarf að útskýra fyrir þessu fólki hvað þarna hefur verið að gerast áratugum saman. Skattgreiðendur á landsbyggðinni hafa engan áhuga á því fremur en skattgreiðendur í þéttbýli að sóa eigi fjármunum í tóma vitleysu.

Þannig er hægt að taka hvert dæmið á fætur öðru um það að ríkisstjórnin er á réttri leið, en hún og stuðningsmenn hennar þurfa að leggja margfalt meiri vinnu í að útskýra fyrir þjóðinni hvað fyrir þeim vakir. Ef það er ekki gert getur orðið „pólitískt stórslys"", segir í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um helgina.

Ég las þetta allt saman upp vegna þess að þarna tekur Morgunblaðið undir það sem stjórnarandstæðingar hafa verið að segja hér í allan vetur, að þær aðgerðir sem stjórnin hefur verið með á prjónunum og hafa verið hér í umræðunni hafa verið illa undirbúnar og það hefur ekki einu sinni verið tími — hvað sem menn hefðu nú verið mikið af vilja gerðir til þess að undirbúa þessi mál — til að undirbúa þau með þeim hætti að forsvaranlegt væri. Því að breytingarnar á ýmsum sviðum sem hafa verið hér til umræðu eru þannig að það er ekki hægt að hrófla við hlutum nema með langri umræðu og skoðanaskiptum og þar sem allir aðilar sem hlut eiga að máli fá tækifæri til að segja sínar skoðanir og þar sem tíminn er nægilegur til þess að það sé hægt að yfirfara ýmsar aðferðir og nýjar hugmyndir. En auðvitað er hægt að taka undir að það á að skoða öll mál. Það er út af fyrir sig ekki hægt að dæma ríkisstjórnina fyrir að hafa komið fram með hugmyndir. En þessar hugmyndir hafa ekki fengið þá umfjöllun sem þær hefðu þurft að fá.

Ég hef svo ýmislegt við þær skoðanir sem Morgunblaðið setur fram í þessum greinarstúf að athuga, en ætla ekki að eyða í það of löngum tíma. En ég vildi lesa þennan part í heilu lagi svo að ég væri ekki að slíta úr samhengi það sem þarna var sagt.

En það þarf svo sem ekkert vitnanna við og maður þarf auðvitað ekkert að vera að vitna í Morgunblaðið til þess að geta bent á fjölmörg atriði sem styðja það að hér hafi ekki verið staðið nægilega heilbrigt að málum í sambandi við þær tillögur og hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur verið með á prjónunum í vetur. En þó get ég ekki að mér gert vegna eins af þeim stóru málum sem hafa verið í umræðunni og það eru samskiptin við sveitarfélögin. Um þessa helgi er líka í Morgunblaðinu grein sem er skrifuð af frammámanni í Sjálfstfl., borgarfulltrúa í Reykjavík, þar sem hann sendir virkilega ríkisstjórninni tóninn fyrir það hvernig hún stendur að málum. Stjórnarandstæðingar hafa núna í allan vetur — eða frá því að þessar hugmyndir komu fram — gagnrýnt harkalega hvernig hefur verið ráðist að sveitarfélögunum. Stjórnin hefur auðvitað breytt sínum hugmyndum og hopað með þær. Ég ætla nú, með leyfi forseta, að gefa Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni orðið litla stund úr þessum ræðustól vegna þess að það kann að vera að hæstv. fjmrh. og fylgjendur ríkisstjórnarinnar í Sjálfstfl. taki örlítið meira mark á því sem sá maður segir en hv. stjórnarandstæðingar sem hér hafa talað í vetur.

Ég ætla ekki að fara yfir alla grein Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, en hann lýsir því, sem hefur verið lýst af stjórnarandstæðingum í vetur, að sveitarfélögin eru ekki í stakk búin til að taka á sig þær álögur sem ríkisstjórnin er að setja á þær með sínum ákvörðunum. Þar eru lagðar á borðið tölur sem sanna að sveitarfélögin hafa ekki grætt þessi ósköp á breytingunum sem urðu fyrir fáum árum á verkefnaskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég ætla ekki að lesa það yfir, en mig langar til að grípa niður í lok þessarar greinar. Þar er fyrirsögnin „Nýjar álögur á sveitarfélögin 1992":

„Ríkisstjórnin virðist hafa trúað ósannindum og rangfærslum um fjármál sveitarfélaganna í Fréttabréfi VSÍ og ætlar nú að sækja gull í sjóði sveitarfélaganna í landinu. Á einni helgi ákvað ríkisstjórnin án nokkurs samráðs við sveitarfélögin að færa verkefni yfir til sveitarfélaganna og auka álögur á þau. Hér var um að ræða kostnað upp á 410 millj. kr. vegna málefna fatlaðra, 0,1% af útsvarsstofni sem næmi 230 millj. kr. sem yrði dregið af innheimtu staðgreiðslufé sveitarfélaganna og að fella landsútsvar ÁTVR til sveitarfélaganna niður sem áætlað var um 759 millj. kr. Þannig tæki ríkið til sín um 700 millj. kr. Þessum hugmyndum var síðan vikið til hliðar, meðal annars vegna háværra mótmæla sveitarstjórnarmannanna. Í staðinn ákvað ríkisstjórnin að sveitarfélögin greiddu 700 millj. kr. sem ætti að vera þátttökukostnaður þeirra í löggæslukostnaði. Síðan hefur lögregluskatturinn verið lækkaður í 600 millj., en gert var ráð fyrir 100 millj. kr. aukaframalagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunarframlaga.

Áður fram komnar tillögur í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum leiddu til um 240 millj. kr. útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin. Þar er um að ræða ábyrgðasjóð launa, aukin þátttaka sveitarfélaganna í byggingu félagslegra íbúða, hækkun þjónustugjalda Fateignamats ríkisins, niðurfelling á mótframlagi ríkisins til skipulagsmála og lækkun ríkisframlags til refa- og minkaveiða.

Þannig á að sækja nálega 750 millj. kr. til sveitarfélaganna í formi aukinna álaga til þess að ná því markmiði að lækka fjárlagahalla ríkissjóðs."

Og svo segir í niðurlaginu: „Í einstaka leiðurum dagblaða er m.a. sagt að sveitarfélögin geti ekki verið stikkfrí í baráttunni við efnahagsvandann og ríkisstjórnin hvött til að láta ekki þrýstihópa trufla sig. Sveitarfélögin eru ekki stikkfrí, eins og sýnt hefur verið fram á, og þau eru heldur ekki þrýstihópur. Sveitarfélögin gera þær kröfur til ríkisins að það standi við gerða samninga um lýðræðisleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Að öðrum kosti er hætta á að trúnaðarbrestur verði milli þessara tveggja stjórnvalda í landinu og nauðsynlegu samstarfi þeirra, sem getur varðað þjóðarhag miklu, teflt í tvísýnu."

Öll eru þessi orð nákvæmlega þau sömu og stjórnarandstæðingar hafa verið að viðhafa í vetur um þessi mál. Þess vegna er þessi ræða auðvitað endurtekin. En mig langaði til að þessi orð kæmu hér fram vegna þess að þar talar einn af frammámönnum Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur og það er kannski maður sem sjálfstæðismenn taka meira mark á en stjórnarandstæðingum um þessar mundir.

Ég segi nú bara eins og er, og vík þá aftur að því sem ég ræddi áðan, þ.e. vonbrigði Morgunblaðsins og áhyggjur af því að ríkisstjórnin kunni ekki til verka, að Morgunblaðið setur í sama greinabálki fram sínar skoðanir og þar segir Morgunblaðið alveg skýrt og skorinort: Við erum sammála ríkisstjórninni um það sem hún er að gera. En við viljum að hún fari öðruvísi að því. Mig langar til að grípa niður í einn stuttan kafla í viðbót og þar segir:

„Sannleikurinn er auðvitað sá að það er nauðsynlegt að breyta þjóðfélaginu. Það er bæði tímabært og óhjákvæmilegt. Við höfum á nokkrum áratugum byggt upp samfélag sem hefur gengið of langt í því að taka fulla ábyrgð á öllu sem gert er. Það er ekki einungis svo að samfélagið hafi tekið nánast fulla ábyrgð á heilbrigðisþjónustu, hverju nafni sem nefnist, afkomu aldraða, bæði ríkra og fátækra, skólagöngu æskufólks og öðrum þeim þáttum velferðarkerfisins sem mjög víðtæk samstaða hefur verið um heldur hefur ábyrgðin verið færð út til annarra þátta."

Þarna er Morgunblaðið auðvitað að veita ríkisstjórninni móralskan stuðning við það sem hún er að gera, þ.e. velferðarkerfið var orðið allt of gott og það skal skorið niður. Það stingur í stúf við það sem ýmsir hv. stuðningsmenn Alþfl. við þessa ríkisstjórn hafa sagt. Þeir hafa talað um að þeir væru nánast að bjarga velferðarkerfinu með sínum aðgerðum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar og hafa talið — eftir því sem maður hefur getað best heyrt — að það væri best fyrir velferðarkerfið að skera það niður. Það yrði betra á eftir. Ég á satt að segja mjög erfitt með að skilja þá röksemdafærslu, en þeir hjá Morgunblaðinu skilja þetta öðruvísi. Þeir telja að það megi eitthvað af þessu missa sig.

Eitt af því sem hefur verið talið að mætti missa sig er svokallaður sjómannaafsláttur og það hefur komið af stað miklum umræðum í þjóðfélaginu hvernig menn hafa ákveðið að draga úr honum. Það er reyndar sérkennilegt að hafa séð það í afgreiðslu þingsins hvernig Sjálfstfl. beygði sína forustumenn í verkalýðshreyfingu sjómanna og fékk þá til að rétta upp höndina með þessum skerðingum á sjómannaafslættinum. Það verð ég að segja að ég undraðist að Sjálfstfl. skyldi ganga svo langt að láta þessa forustumenn sína greiða atkvæði með skerðingunni þegar það gerðist á sama tíma við sömu atkvæðagreiðslu að alþýðuflokksmenn voru stikkfrí í öðrum málum. Vorum látnir komast upp með að greiða atkvæði gegn og sitja hjá í öðrum málum. En í framtíðinni þurfa verkalýðsforingjar Sjálfstfl. að burðast með að hafa greitt atkvæði með þessum skerðingum á réttindum sinna umbjóðenda.

En ekki nóg með það heldur er lífeyrisréttur sjómanna skertur sem settur var á með sérstökum hætti fyrir nokkuð mörgum árum. Það er út af fyrir sig alveg sérstakt umræðuefni að það skuli hafa verið lagt í að gera þennan lífeyri upptækan, einfaldlega vegna þess að hann er ekki sams konar lífeyrir og annar ellilífeyrir. Það datt engum manni í hug, þegar þessi ellilífeyrir var settur á, að sjómenn mundu hætta að vinna sextugir, það var alla vega ekki röksemdin fyrir því. Röksemdirnar fyrir því að þessum lífeyri væri komið á voru fyrst og fremst lélegur ellilífeyrisréttur sjómanna og sú stóra röksemd að sjómenn sem væru komnir um sextugt væru margir hverjir að hætta sjómennsku og yrðu að reyna fyrir sér í nýjum störfum sem gæfu, ef þeir þá fengju vinnu, mun lægri tekjur. Þetta átti að vera eins konar viðurkenning fyrir þeirra störf og hjálp til að skipta um atvinnu. Þetta er því alls ekki sams konar ellilífeyrir og verið er að tala um í öðrum tilvikum. Ég verð að segja að mér finnst það kjarkmiklir menn sem nota sömu röksemdafærslu fyrir því að skerða þennan lífeyri og annan ellilífeyri. Ég get ekki sætt mig við að það sé hægt að taka það gilt. Það kann vel að vera að margir af þessum mönnum hafi góðar tekjur og geti vel borið þessa skerðingu. En það eru líka til margir sjómenn sem eru að fara í land, og það þekkir maður dæmin um, sem þurfa að sætta sig við að fara í mjög tekjulág störf. Auk þess er sú aðferð sem notuð er í þessu tilfelli algjörlega forkastanleg. Ég tel að ef menn hefðu á annað borð ætlað í þá ósvinnu að skerða þessi réttindi hefði þeim þó verið sæmast að snúa sér að þeim lögum sem fjalla um þennan lífeyri og breyta þeim en ekki að taka þetta af með þessum hætti, með almennum ráðstöfunum nánast, sem hér er gert. Ég ætla út af fyrir sig ekki að eyða lengri tíma í þetta, en það verð ég að segja að mér finnst geðleysi þeirra manna, sem eru á þingi og hafa verið sérstakir talsmenn sjómanna í þessu landi, mikið ef þeir koma til með að rétta upp höndina með þessu líka. Satt að segja er það mín von að ríkisstjórnin breyti þessu líka því hún hefur ýmsu breytt frá því sem ráðin hafa staðið til í vetur. Ég held að það væri sæmast að menn endurskoðuðu þetta og reyndu að finn leið til að fella niður þessar hugmyndir.

Eitt er það sem mig langar að ræða hér sérstaklega vegna þess að hæstv. forsrh. kom inn á það í sinni framsöguræðu á sínum tíma fyrir þessu lagafrv., en það er einkavæðingin. Ég ræði það hér vegna þess að það kom auðvitað í ljós við afgreiðslu fjárlaganna að þar voru samþykktar heimildir fyrir ýmsu sem tengist þeirri einkavæðingu sem ríkisstjórnin ætlar sér í. Eitt er það sem ríkisstjórnin hæstv. hugsar sér að gera og það er að einkavæða og selja hlutafé sitt í Bifreiðaskoðun Íslands. Mig langar að gera það að umræðuefni.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast það og ég ætla satt að segja að vona að hæstv. fjmrh. geymi sér það mál að selja hlutabréf í Bifreiðaskoðun Íslands, hann bjóði ekki bifreiðaeigendum í landinu upp á það að þetta verði látið ganga fram með þeim hætti sem að virðist vera stefnt. Mig langar að rifja upp fyrir honum hver aðdragandinn að þessu máli var.

Eins og allir vita er það hlutafélag sem stendur að Bifreiðaskoðun Íslands. Á sínum tíma var þetta fyrirtæki ríkisstofnun og menn ákváðu að breyta því í hlutafélag og taka aðra aðila í samstarf um að veita þá þjónustu að skoða bíla á Íslandi. Og hvernig hefur svo verið staðið að því? Þetta hlutafélag var stofnað og voru reistar nýjar skoðunarstöðvar, ráðnir menn, farið í að koma upp bæði húsnæði og sérstökum færanlegum skoðunarstöðvum. Allt þetta kostaði töluverða peninga og öll gjöld fyrir þjónustuna voru auðvitað snarhækkuð. Þegar svo bifreiðaeigendur gerðu sér grein fyrir því að þrátt fyrir að kostnaðurinn væri mikill var gróðinn óheyrilega mikill af því að reka þessar skoðunarstöðvar fóru menn að malda í móinn. Og hver voru svörin? Svörin voru þau að það væri rétt að borga þetta niður, bara á fáum árum til að byrja með, þá fengju menn réttláta og góða gjaldskrá á eftir og menn mundu njóta þess í lægri gjöldum síðar meir að greiða niður stofnkostnaðinn. En hvað ætlar ríkið svo að gera sem er einn af aðaleigendum í þessu fyrirtæki? Ríkið ætlar að bjóða til sölu hlutabréfin sín í Bifreiðaskoðun Íslands. Og hvað þýðir það? Það þýðir að sá maður sem kaupir hlutabréf í Bifreiðaskoðun Íslands gerir það í þeirri trú að hann fái af þann arð sem er nokkurn veginn í gangi í þjóðfélaginu á þeim tíma sem hann kaupir þessi bréf og við það hlýtur hann að ætlast til að gjaldskráin verði miðuð. Og hvað mun þá gerast? Það mun gerast að allir sem eiga hlutabréf í Bifreiðaskoðun Íslands munu fá fullan arð af eigin fé fyrirtækisins sem hefur verið myndað með okurgjaldskrá á bifreiðaeigendur á fyrstu tveim, þrem árunum sem þetta er rekið. Það er búið að búa til eigið fé sem á að skila fullum arði.

Mér finnst eitthvað bogið við einkavæðingarhugmyndir ríkisstjórnarinnar ef þær verða með þessum hætti og ekki verður t.d. reynt að nota áhrif eignar ríkisins í Bifreiðaskoðun Íslands til að sjá til þess að bifreiðaeigendur fái eðlilega gjaldskrá sem miðast við að menn hafi verið látnir borga há gjöld á undanförnum árum, en þessi gjöld verði ekki látin mynda gróða handa þeim sem eiga þetta fyrirtæki í dag. Mér finnst að ríkisstjórnin hljóti að verða að horfa á málið frá þessum sjónarhóli og hún eigi þess vegna að leggja á hilluna hugmyndir um að selja hlutabréf í þessu fyrirtæki og það strax.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara í gegnum mörg af þeim málum sem hafa verið hérna til umræðu. Mér finnst að þeim hafi verið gerð góð skil og þessi umræða er orðin löng. Mér finnst að þessi ríkisstjórn sé búin að sýna sitt andlit. Hún hefur breyst. Menn eru að horfa framan í allt öðruvísi stjórnvald en var kynnt fyrir fólki í vor og sumar. Við erum að horfa framan í ríkisstjórn sem er í einhvers konar krossferð. Hún er að skera niður allt sem hún telur mögulegt að skera niður í þjóðfélaginu. Hún er að draga saman velferðarkerfið. Hún ræðst að öllum þáttum þess með samdrætti. Ég er mjög andvígur ýmsu af því sem hún er að boða okkur. Ég hef alveg sérstakar áhyggjur af því að menn skuli á þessum tímum láta þann samdrátt koma fram, sem fyrirhugaður er, í skólakerfinu. Ég tel að vísu að það sé margt sem eigi að skoða og bæta í rekstri hins opinbera, en mér finnst samdrátturinn í skólakerfinu og í tryggingakerfinu vera varhugaverður og allir slíkir hlutir eigi að taka miklu lengri tíma í skoðun en menn hafa gefið sér núna. Ég ætla að vona að ríkisstjórnin hafi lært eitthvað af þessu í vetur, ef hún skyldi eiga langa lífdaga í vændum, en ég leyni ekki þeirri von minni að það verði ekki mjög langir lífdagar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég talaði fyrr í þessari umræðu, nánar tiltekið þann 18. des., og notaði þá tíma minn til að fjalla fyrst og fremst um I. kafla þessa frv., sem fjallar um breytingar á lögum um grunnskóla, og beindi ég þar nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh. sem hann hefur ekki svarað á þessum vettvangi. Hins vegar hefur margt skýrst á þessum tíma varðandi þennan kafla.

Þær spurningar sem ég einkum varpaði fram var hvort virkilega ætti að fjölga nemendum í bekkjardeildum og hvort það væri meiningin að fækka kennslustundum á bekk. Mér fannst þetta vera svo ótrúlegt. Ég var einmitt að lesa ræðu mína núna í morgun og undraðist mest hvað mér þóttu það ótrúlegar ráðstafanir að það gæti verið að ríkisstjórnin, með menntmrh. í broddi fylkingar, ætlaði að framkvæma slíkar og þvílíkar aðgerðir. Þann 18. des. var ég þeirrar skoðunar að þetta gæti varla verið, þetta hlyti að vera einhver misskilningur af minni hálfu, og þess vegna var ég að spyrja hæstv. menntmrh.

Síðan hefur komið í ljós að þetta er einmitt það sem á að gera. Það á að fjölga í bekkjardeildum og það á að fækka kennslustundum. Að vísu hefur menntmrh. verið að segja sem svo: Nei, þetta verður kannski ekki almennt — og reynt að klóra eitthvað í bakkann, en þó hefur þetta verið niðurstaðan að því er ég best veit.

Síðan er þetta kallaður sparnaður. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum menn geta leyft sér að kalla það sparnað að ráðast þannig að skólakerfinu. Mér þykir einna alvarlegust, þó að það sé kannski erfitt að stigbreyta, aðförin að grunnskólunum.

Þeir tímar sem skólastjórar telja sig hugsanlega geta skorið niður eða þurfa að skera niður eru tímar sem notaðir hafa verið til að kenna íslensku, stærðfræði og tungumál. Þetta eru þær greinar sem eru hvað mikilvægastar, sérstaklega íslenskan og kannski stærðfræðin, en þó vil ég setja íslenskuna þar efst á blað.

Þannig verð ég, virðulegur forseti, að hafa nokkur orð um þennan sama kafla, þó ég hafi varið drjúgum tíma í að ræða hann á sínum tíma, vegna þess að mér blöskrar algjörlega.

Mig langar í sambandi við þetta atriði að vitna í Morgunblaðið föstudaginn 15. nóv. sl. þar sem segir undir fyrirsögninni „Lesskilningi er ábótavant hjá grunnskólanemum“, með leyfi forseta:

„Staða 10% nemenda í 4. og 9. bekkjum grunnskóla er mjög veik hvað varðar lesskilning. Fjöldi þessara nemenda er 400 í hvorum árgangi. Auk þess virðist þurfa að fylgjast með lesskilningi annarra 15%

nemenda í 4. bekk og 10% nemenda úr 9. bekk."

Mér þykja þetta mjög slæm tíðindi og var þetta mikið til umræðu þegar þessar fréttir komu og m.a. var þetta haft að umtalsefni í forustugrein Morgunblaðsins í desember. *Ég ætla þó ekki að eyða tímanum í að* lesa það, það geta menn gert sjálfir. En ég veit ekki hvernig hæstv. menntmrh. hugsar sér að standa að þessu. Hvernig í ósköpunum ætlar menntmrh. að reyna að verja það að ráðast þannig að grunnskólunum?

Ég hef að vísu heyrt fremur lítið frá sjálfum menntmrh. í þessu sambandi, það eru ráðherrasveinarnir sem koma fram og ræða helst um þessi mál. Það gildir það sama í menntamálum, að þar hefur Ólafur ráðherrasveinn aðallega verið í því að skýra þessi mál.

En það sem kom mér einna mest á óvart þegar verið er að ræða þessi mál var það sem kom fram í Þjóðviljanum 15. jan. þar sem haft er eftir forsrh. að íslenska skólakerfið sé allt of dýrt. Ég veit ekki hvaðan hæstv. forsrh. hefur þetta. Það er að vísu ekki orðrétt haft eftir honum þannig að maður getur þó alltaf vonað og verið bjartsýnn og haldið að forsrh. meini þetta ekki. En það er ekki hægt annað en að trúa því að þetta sé rétt eftir haft þar sem ríkisstjórnin ræðst á þennan hátt að skólakerfinu.

Mig langar í þessu sambandi að benda á ályktun sem við fengum senda og sem send var til allra foreldra grunnskólabarna frá Samfok, sem er samband foreldrafélaga í grunnskólum. Þar segir, með leyfi forseta, ef ég fæ að lesa nokkrar línur þar úr:

„Íslensk börn búa að mörgu leyti við lakari kjör en jafnaldrar þeirra annars staðar. Skólinn á Íslandi er eini skólinn í velferðarríki sem er tvísetinn." — Það liggur nú við að það þurfi að setja sérstakt upphrópunarmerki við „velferðarríki" því það liggur við að eftir aðgerðir ríkisstjórnarinnar verði að hætta að tala um að á Íslandi sé velferðarríki.

Síðan segir síðar í þessari sömu ályktun: „Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist úr 20% í 85% á 30 árum, en á sama tíma hefur vikulegur skólatími barna þó dregist saman." — Það þarf því ekki að grafa djúpt til að sjá að þetta er alveg rétt og ég er alveg viss um að hæstv. menntmrh. veit þetta. Hann hefur kynnt sér málin svo vel að hann veit, þegar verið er að tala um að skólakerfið sé of dýrt og að það þurfi að draga þar úr, að í samanburði við aðrar þjóðir er þetta ekki rétt. Mig langar til að varpa því til hæstv. menntmrh. hvort hann sé sammála því sem fram kom hjá forsrh. að íslenska skólakerfið sé of dýrt. Og þá langar mig til að spyrja: Við hvað er hann þá að miða?

Í nál. minni hluta menntmn. sem sent var efh.- og viðskn., framhaldsnál., segir á einum stað og mig langar til að lesa það, með leyfi forseta:

„Við hljótum einnig að spyrja hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að þvinga foreldra til að grípa til *sinna ráða með stofnun einkaskóla. Ef svo er standa* þeir verst að vígi sem verst hafa kjörin í samfélaginu."

Þetta er það sem ég óttast. Ég óttast að ríkisstjórnin muni með þessari aðför að grunnskólanum og reyndar skólakerfinu í heild þvinga þá íslensku foreldra sem hafa ráð á því að koma upp einkakennslu fyrir börn sín og taka mörg skref til baka, marga tugi ára aftur í tímann þegar betur efnum búið fólk hafði bara einkakennara heima til að kenna og var það kannski ekki svo títt hér á Íslandi, en aðrir, sem ekki höfðu ráð á því að ráða kennara, urðu að sjá um kennslu heima hjá sér fyrir sín börn.

Er í raun kominn tími til að stíga svo mörg skref aftur í tímann að afnema skólaskyldu á Íslandi? Ég verð að viðurkenna það, sem á barn í grunnskóla, að það hefur stundum hvarflað að mér. Er ég skyldug til þess að senda börnin mín í þann skóla sem er með 30 nemendum í bekk e.t.v., litlar skólastofur, kennara sem á ekki nokkurn möguleika til að sinna öllum þeim nemendum sem þarna eru að starfa? Það hlýtur öllum að vera ljóst að það er nánast útilokað fyrir kennara að sinna nemendum svo fullnægjandi sé ef 30 nemendur eru í bekk, það hljóta allir að sjá. Ég fer því að velta því fyrir mér hvort það sé meiningin hjá hæstv. ríkisstjórn að þvinga fram að skólaskylda verði afnumin og einungis verði um að ræða einkaskóla fyrir fáa útvalda. Svo langt finnst mér það ganga sem ríkisstjórnin er hér að gera. Og ég segi aftur: Síðan er notað orðið „sparnaður" um þessi ósköp.

Mig langar til að gera að mínum orðum það sem stendur í bréfi frá Samfok þar sem þeir segja, með leyfi forseta: „Framtíð okkar sem þjóðar ræðst ekki síst af því hvernig börnin okkar verða í stakk búin til að takast á við verkefni 21. aldarinnar."

Og þurfum við þá ekkert vegabréf frá Evrópu*bandalaginu til að komast þangað ef við hödlum rétt á* málum hér heima og leggjum ekki út í þessa bölvuðu vitleysu sem hér er verið að reyna að gera.

Enn er tími fyrir ríkisstjórnina til að snúa frá þessari villu sinni því að við eigum enn eftir að greiða atkvæði um þetta og ég ítreka það, sem ég reyndar hef sagt áður, að auðvitað styð ég það, sem fram kemur í nál. minni hlutans, að þessi kafli frv. verði felldur út.

Áður en ég skil alveg við þetta langar mig til að vitna til ræðu sem haldin var á iðnþingi Íslendinga í haust, 23. okt. sl., þar sem Þórólfur Matthíasson er að ræða um framlög til menntamála — kannski ekki síst vegna þess að íslenski forsrh. telur að íslenska skólakerfið sé of dýrt. Þar er Þórólfur reyndar búinn að tala um að heilbrigðiskerfið sé of dýrt að hans mati, en kemur síðan að menntamálum, og mig langar til að lesa nokkrar línur úr hans ræðu, með leyfi forseta:

„Berum okkur enn saman við Dani", — hann er búinn að bera okkur saman við Dani varðandi heilbrigðiskerfið. „Berum okkur enn saman við Dani, en fræðslulöggjöf okkar er jú upphaflega þýðing á samsvarandi löggjöf danskri. Það lætur nærri að Danir veiti 50% meira en við til þessa málaflokks af opinberu fé. En ekki nóg með það. Ríflega 25% Íslendinga eru á aldrinum 5 ára til tvítugs, en aðeins 19% Dana. Sé tekið tillit til þessa sýnist mér að útgjöld pr. nemanda af opinberu fé séu 45% lægri hér en í Danmörku, þ.e. Danir kosti næstum tvöföldu á við okkur til að koma sínu unga fólki í gegnum skóla."

Þegar verið er að tala um að íslenska menntakerfið sé of dýrt veit ég ekki við hvað hæstv. ráðherrar eru

að miða. Þeir eru a.m.k. ekki að miða við OECD-löndin. Þeir eru ekki að miða við nein lönd sem eru nálægt okkur. Þeir eru væntanlega að miða við einhver ríki þriðja heimsins sem hafa þó verið að reyna að auka framlög til menntamála eins og þau geta vegna þess að flestir gera sér grein fyrir því að menntun er það sem er þjóð til framdráttar. Menntun og rannsóknir og þess háttar er það sem mun skapa tækifæri fyrir okkur í framtíðinni en ekki það sem ríkisstjórnin er að gera. Ríkisstjórnin ætti því að athuga sinn gang og athuga hvort aðförin að skólakerfinu er ekki eitthvað sem betur væri að við hættum við í sameiningu á þessu þingi.

Ég hef, virðulegur forseti, eins og ég gerði reyndar í minni fyrri ræðu, lagt aðaláhersluna á skólakerfið, en ég ætla aðeins að minnast á nokkra aðra þætti og ætla reyndar ekki að hafa mörg orð um aðra þætti þessa frv. þar sem hér hefur verið gerð ágæt grein fyrir afstöðu okkar kvennalistakvenna til þessa frv. af öðrum þingkonum Kvennalistans sem hafa verið að vinna í nefndum að þessum málum. Ég gat bara ekki stillt mig um að minnast á menntamálin. Þó að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefði auðvitað gert það mjög vel og skilmerkilega í sinni ræðu fannst mér ekki hægt annað en að grípa þetta tækifæri til að fá að segja nokkur orð um það þar sem hæstv. menntmrh. var hér staddur, sem hann reyndar hefur verið undir þessari umræðu mestmegnis. Hann hlýddi ekki á mína fyrri ræðu en hún var að vísu haldin um miðja nótt þannig að það var kannski ekki óeðlilegt.

Um þetta frv. í heild má segja að það er sett fram af mikilli fljótfærni, alls ekki hugsað, og það sem verra er, að þrátt fyrir að búið sé að setja fram ýmsar breytingar og lagfæra það er í mörgum atriðum alls ekki vitað hvernig í ósköpunum á að framkvæma það. Ég er nærri viss um að þó að ríkisstjórnin þykist ekki vita það nú mun hún lenda í miklum vandræðum með að framkvæma það sem hér segir.

Það sem ég vil minnast á er aðförin að sveitarfélögunum. Það hefur komið fram að áætlað er að það séu milli 700 og 800 milljónir sem sveitarfélögin eigi að taka á sig af þeim skuldbindingum sem ríkissjóður hefur tekið á sig með ýmsum lögum og það allt saman án samráðs við sveitarfélögin. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, skrifaði um helgina í Morgunblaðið ágæta grein þar sem hann lýsir viðhorfum Sambands ísl. sveitarfélaga til þessa máls og ráðlegg ég hæstv. ráðherrum að lesa þá grein, þeir hefðu gott af því. Þar kemur fram viðhorf sem ég tel að þeir hefðu gott af að kynna sér og breyta síðan um verklag og hætta að vinna með þeim hætti að ekki sé talað við fólk. Það er hvorki talað við sveitarfélögin, skólana né nokkurn einasta mann heldur vaðið áfram í blindni og síðan er ekkert hugsað um afleiðingarnar.

Það sem mér þykir einna merkilegast við þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú, ef maður hugsar um það í einhverju samhengi, er að það kom aldrei fram nokkurt einasta orð um það, hvorki í kosningabaráttunni né heldur í máli þeirra manna sem hér hafa verið sl. ár á Alþingi fyrir hönd Sjálfstfl. og Alþfl., að það ætti að framkvæma með þeim hætti sem hér er ráðgert og hefur verið boðað sl. mánuð. Það er ekki hægt að finna það neins staðar í stefnuskrám þessara flokka að það eigi að ráðast að skólakerfinu með þeim hætti sem nú er verið að boða. Það er m.a.s. svo, og ég ætla mér ekki, virðulegur forseti, að lesa upp úr stefnuskrám Sjálfstfl. og Alþfl., það geta þeir gert sjálfir, að í þeim stefnuskrám er lögð mjög mikil áhersla á eflingu grunnskólans, lengingu skólatímans, máltíðir í skólum, samfelldan skóladag. Hvar er þetta allt saman?

Það hefur verið lesið úr þessum ræðustól úr hvítbókinni ríkisstjórnarinnar. Þar er ekki heldur neitt um þetta. Þar er talað fallegum orðum um hvað á að gera í skólamálum. Ríkisstjórnin hefur því ekki haft það á stefnu sinni fyrir kosningar né heldur eftir kosningar að svona eigi með að fara. Og síðan kalla þeir stefnu sína Velferð á varanlegum grunni og fara svo með eins og hér hefur lýst úr þessum ræðustól margoft. Það hefur enginn kosið þessi ósköp yfir sig. Fólk vill ekki þessa stefnu. Fólkið í landinu ætlast ekki til þess að þessir flokkar fari að með þeim hætti sem þeir hafa gert. Þeir hafa ekkert leyfi til þess. Þeir hafa ekki leyfi til þess að ráðast að velferðarkerfinu með þeim hætti sem þeir ætla sér að gera núna.

Ég ætla mér, virðulegur forseti, ekki að hafa fleiri orð um þetta þó að auðvitað mætti lengi tala um þessar dæmalausu ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Og ég er alveg undrandi að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar á Alþingi skuli ekki rísa upp og segja: Hingað og ekki lengra. Það getur ekki verið að það sé þannig að allir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar séu svo ánægðir með þær aðgerðir sem hún hefur hér gripið til. Við höfum margoft bent á að það er hægt að grípa til annarra aðgerða til að sækja meira fé til að reka grunnskólana og menntakerfið og ýmislegt fleira og það er hægt að spara á ýmsum stöðum. Það er hægt að taka upp annað skattþrep, skatt á fjármagnstekjur og fleira og fleira. Það þarf ekki að ráðast að velferðarkerfinu eins og hér er gert.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í tilefni þingskapaumræðna sem fóru fram í morgun tel ég ástæðu til að taka til máls. Ég hef reyndar einu sinni í þessari umræðu veitt andsvar við ræðu en ekki aftur og ég tel ástæðu til þess vegna áskorunar þingmanna um að ég tali sem fyrst að láta verða af því. Ég sakaði reyndar suma hv. þm. stjórnarandstöðunnar um að flytja sömu ræðuna. Það átti kannski sérstaklega við í umræðunni um lánsfjárlög þar sem efnisatriðin voru færri en í því mjög svo flókna frv. sem hér er til umræðu og er auðvitað allt annars eðlis en lánsfjárlögin. Það er ósköp eðlilegt að hv. þm. stjórnarandstöðunar flytji langar ræður um það frv. sem hér er til umræðu.

En það eru örfá atriði, virðulegi forseti, sem mig langar til að minnast á og hafa komið fram í umræðunum. Ég átti viðræður við hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur eftir hennar ræðu og þarf ekki að ítreka það sem þar kom fram.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson er ekki við eins og sakir standa, en ég tel samt ástæðu til að nefna örfá atriði sem fram komu í hans ræðu og reyndar hafa komið fram aftur hjá öðrum ræðumönnum.

Það fyrsta sem fyrir ber í þeim efnum eru svokallaðir tilsjónarmenn, en margir hv. ræðumenn hafa rætt um það ákvæði í frv. sem reyndar er nýtt og kom ekki til skjalanna fyrr en eftir áramótin og er þess vegna eðlilegt að um það sé sérstaklega rætt við 2. umr. málsins. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson óskapaðist nokkuð yfir þessu ákvæði í frv. og taldi að þetta ákvæði væri allt annars eðlis en það ákvæði sem finna mátti í frv. sem hann sem forsrh. flutti á sínum tíma á Alþingi.

Mig langar, virðulegi forseti, til að rifja upp hvaða efnisatriði það voru sem voru í frv. sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson lagði fram í efri deild á sínum tíma, á 112. löggjafarþinginu, og var þá þskj. 927. Þetta var stjfrv. að sjálfsögðu og ekki lagt fram nema með samþykkt og samþykki stjórnarþingmanna. Það er hins vegar rétt að frv. hlaut ekki afgreiðslu og vera má að innan stjórnarflokkanna þáverandi hafi verið andstaða við frv. Frumvarpsgreinin var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti hefur umsjón og eftirlit með stofnunum sem undir það heyra enda þótt þeim séu með lögum skipaðar sérstakar stjórnir.

Hafi verulegir annmarkar komið fram á rekstri stofnunar og ekki úr bætt þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytis er ráðherra heimilt að ráða sérstakan eftirlitsaðila um stundarsakir, þó ekki lengur en til árs í senn, til að fylgjast náið með rekstri stofnunarinnar fyrir hönd ráðherra."

Í athugasemdum við frv. er þetta skýrt enn frekar. Þar segir, auk þess sem öllum er kunnugt að ráðuneyti bera þá ábyrgð að hafa eftirlit með starfrækslu stofnana, í 2. mgr. og næstu málsgreinum þar á eftir allt til lokaákvæðisins í athugasemdunum:

„Reynslan hefur sýnt að menn hafa talið á því nauðsyn að setja ýmsum stofnunum sérstaka eftirlitsaðila um stundarsakir. Tilefni til þessa geta verið með ýmsu móti, en sérstaklega þegar um er að ræða:

a. að stofnun hafi farið verulega fram úr greiðsluheimild fjárlaga eða aðrir annmarkar komið fram á rekstri,

b. að ekki hafi verið bætt úr þrátt fyrir skýr fyrirmæli ráðuneytis."

Síðan segir: „Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlitsaðili ráðherra með stofnun geti verið einstaklingur, fyrirtæki eða félag sem sinni eftirlitshlutverki tímabundið."

Hér hef ég lokið við að lesa frumvarpsgreinina annars vegar og athugasemdir hins vegar. Samkvæmt orðanna hljóðan er ljóst að þeim sem samdi þetta á sínum tíma þótti eðlilegt að setja lög þar sem hægt var að setja umsjónarmenn, eftirlitsmenn með stofnunum, „enda þótt", eins og segir í greininni, „þeim séu með lögum skipaðar sérstakar stjórnir." Með öðrum orðum: það var ætlan þeirra sem lögðu fram frv. að þrátt fyrir ákvæði ýmissa laga um stjórnir yfir viðkomandi stofnunum gætu ráðuneytin skipað þeim eftirlitsaðila. Annmarkarnir sem til eru nefndir eru fyrst og fremst þeir að stofnunin hafi farið verulega fram úr greiðsluheimild fjárlaga eða, eins og segir í athugasemdagreininni, að „aðrir annmarkar hafi komið fram í rekstri". Það er því alveg ljóst að hugmynd þeirra sem lögðu fram frv. á sínum tíma var að setja lög sem gæfu ráðuneytum og viðkomandi ráðherrum tækifæri til að hafa eftirlit með viðkomandi stofnunum og þessir eftirlitsaðilar áttu að hafa mjög rúmar heimildir.

Það er einnig athyglivert að þeir sem áttu að sinna þessu eftirlitshlutverki ráðherranna gátu verið einstaklingar, fyrirtæki — og þá að sjálfsögðu fyrirtæki utan opinbera rekstrarins — og félög. Ég tel ástæðu til að þetta komi fram til að sýna að í raun og veru er sú hugmynd sem nú er á ferðinni ekkert ný.

Ég vil vegna orða hv. þm. Steingríms Hermannssonar og einnig vegna þess að þetta atriði hefur verið gagnrýnt af fleiri hv. þm., þar á meðal hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, aðeins minnast á það ákvæði sem nú er í brtt. við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Greinin hefur breyst. Hún hefur í tímans rás og í meðferð nefndarinnar orðið skýrari, skilmerkilegri og þær breytingar sem gerðar voru á henni voru auðvitað gerðar í samráði og samvinnu við ráðuneytið og sumt kom beinlínis úr ráðuneytinu. Það sem eftir stóð á sínum tíma, þegar málið var til meðferðar í nefnd, var sú gagnrýni sem kom fram frá Ríkisendurskoðun, en nú hefur verið bætt úr henni, a.m.k. að langmestu leyti.

Ég minni á orðalagið í brtt., en hún hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Ráðherra skal enn fremur með erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra." Því er beinlínis skotið inn í frumvarpstextann til að koma til móts við helstu gagnrýni Ríkisendurskoðunar, en Ríkisendurskoðun segir í umsögn sinni, eins og hún birtist á bls. 24 í minnihlutaálitinu, með orðum sem þar er að finna og ég les upp með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar er hæpið að fela nýjum aðila að fara með útgjaldaákvarðanir án þess að sá hinn sami taki ábyrgð á þeim en samkvæmt frv. er ekki nægjanlega skýrt hver ábyrgð „tilsjónarmanna" verður í þessu tilliti. Jafnframt sýnist nokkur hætta á að þessi skipan geti valdið óöryggi og óvissu í daglegum rekstri stofnana."

Nú er tekið af skarið í þessum efnum og þess vegna komið til móts við helsta gagnrýnisatriði Ríkisendurskoðunar sem fram kemur í umsögn hennar sem send var nefndinni á sínum tíma.

Ég vek athygli á að Ríkisendurskoðun tiltekur nokkur atriði í lok umsagnarinnar og ítrekar að hún telur þau vera mikilvæga liði í aðgerðum er miða að bættum fjárreiðum ríkisins og stofnana þess, en þau eru að áliti Ríkisendurkoðunar:

1. að frv. um greiðslur úr ríkissjóði verði lögfest,

2. að skýrt verði kveðið á um hver ber ábyrgð á umframkostnaði,

3. að ábyrgð á framkvæmd fjárlaga sé fyrst og

fremst í höndum viðkomandi fagráðuneytis og forstöðumanna ríkisstofnana, og

4. að tryggt sé að hin sameiginlegu upplýsingakerfi veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til stofnana ríkisins.

Ég held að öll þessi atriði séu til umfjöllunar og verði notuð þegar fylgjast þarf með framkvæmd fjárlaga.

Ég hef áður sagt, og það má gjarnan koma fram aftur hér vegna þess að á það hefur verið minnst í þessari umræðu, að frv. um greiðslur úr ríkissjóði er til meðferðar í fjmrn. Það verður vonandi þannig að stjórnvöld og Alþingi nái saman um frv. sem fjárln. gæti hugsanlega flutt og báðir aðilar staðið að. Að því er unnið um þessar mundir. Ég rifja upp að á sínum tíma var ágreiningur á milli þáv. fjmrh., 8. þm. Reykn., og fjárveitinganefndar hins vegar, a.m.k. þeirra sem sátu þá í neðri deild og fluttu frv. um þetta efni. Ég vona að sá ágreiningur verði leystur á næstunni. Ríkisfjármálanefnd hefur með þetta mál að gera og reikningsskilanefnd, held ég hún sé kölluð, sem starfar á vegum ráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar, hefur mikið um þetta mál fjallað. Þannig á ég á von á að nú á vorþinginu verði hægt að flytja frv. um þetta efni. Þá sé ég ekkert á móti því að hv. fjárln. flytji slíkt frv., enda sé hún þá samþykk frv. sem fyrir liggur.

Um ábyrgðina hef ég áður rætt. Það er komið inn í frumvarpsgreinina. Og ég fagna því að Ríkisendurskoðun skuli ítreka að ábyrgð á framkvæmd fjárlaga sé fyrst og fremst í höndum viðkomandi fagráðuneytis og forstöðumanna ríkisstofnana. Það hefur verið okkar álit í fjmrn. að einmitt þannig skuli farið að og allt það, sem gert verður til þess að fylgjast með því að framkvæmd fjárlaga sé samkvæmt því sem Alþingi samþykkti, verður gert með þeim hætti að viðkomandi ráðuneyti hafa eftirlit með framkvæmdinni.

Og loks um upplýsingakerfið. Það kemur einmitt fram í þessu fræga minnisblaði, sem nokkuð hefur verið til umræðu, að það verður gert með þeim hætti að upplýsingakerfi ríkisins verður notað til að kalla fram greiðslustöðu stofnana á hverjum tíma, hvort sem eiga í hlut laun starfsmanna eða önnur gjöld.

Ég hef nú, virðulegi forseti, rakið að í raun og veru er ekki mikill munur á þeirri hugsun sem kemur fram í þessari brtt. og hinni greininni sem ég nefndi áður til sögunnar. Menn hafa sagt: Ja, munurinn felst í því að nýjum tilsjónarmönnum er ætlað að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar. En á móti kemur að ráðherra er gert að skrifa erindisbréf og í erindisbréfinu skal skýrt taka fram hve langan tíma tilsjónarmaðurinn á að starfa í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun og eins hvert sé ábyrgðarsvið hans. Þá er í greininni ljóslega sagt að honum er ekki ætlað að ráða starfsmenn heldur að ákveða umfang. Með þessu er verið að undirstrika að forstöðumenn stofnana, sem fara með fagleg efni, eigi að ráða því hverjir séu ráðnir, hafi þeir vald til þess samkvæmt lögum eða stjórnir þeirra stofnana, en hins vegar sé það hlutverk tilsjónarmannanna að ákveða umfang starfsmannahaldsins til þess að ljóst sé að farið sé að fjárlögum.

Það má vel vera, eins og fram hefur komið í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, að þeim finnist að þeir hafi náð miklum árangri með því að sveigja til frumvarpsgreinina. Ef þeim finnst svo vera gleðst ég yfir því því að ekkert vil ég fremur en að eiga gott samstarf við þá og taka tillit til þeirra hugmynda sem fram koma frá stjórnarandstöðunni á hverjum tíma. Ég vona að sá sveigjanleiki sem sýndur hafi verið einmitt í tilurð þessarar greinar sýni og sanni að það skortir ekkert á samstarfsvilja ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég vil reyndar þakka hv. þm. sem ræddu málið á þessum nótum, reyndar kannski fyrst og fremst hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem talaði fyrr í dag.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem er fjarstaddur og leitt að þurfa að vera að svara fjarstöddum manni, minntist á önnur atriði í sinni ræðu sem ástæða er til að svara. Hann kom reyndar víða við í sínu máli sem er ekki óeðlilegt enda tekur hann ekki mjög oft til máls en er þeim mun málefnalegri þegar hann talar úr þessum ræðustól. (**HÁ:** Er hann með aðra ræðu en hinir?) Það voru ekki mín orð, hv. 1. þm. Austurl., því að jafnvel þótt menn flytji alltaf sömu ræðuna kann sú ræða að vera málefnaleg. Það hefur ekkert með það að gera hversu oft ræðan er flutt hvort hún er málefnaleg eða ekki. Vona ég að hv. þm. sé sammála mér því að hann hefur haft a.m.k. sama kafla í flestöllum ræðum sem hann hefur flutt hér á Alþingi frá áramótum.

En það var þannig að hv. þm. Steingrímur Hermannsson fjallaði um heilbrigðismálin og taldi það vera af og frá hvernig ríkisstjórnin hagaði málum sínum á því sviði og sagði að það væri óhæfa að ætlast til greiðslu af hálfu þeirra sem þyrftu á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda. Nú vill svo til að ég á útskrift af hluta úr ræðu hv. þm. sem hann flutti á sínum tíma — ég held á einhvers konar landsfundi Framsfl. — þar sem hann vék að þessu máli. Þá var hann forsrh. og orðaði þetta svo í ræðu sinni, ég er með þetta hérna nákvæmlega, með leyfi forseta:

„Ég fékk einnig bréf frá gömlum manni sem var nýlega kominn af sjúkrahúsi og hann spurði: Hvernig stendur á því að ég er ekki látinn greiða fyrir matinn hér svipað og ég spara heima og þó held ég fullum eftirlaunum heima? — Þetta var framsóknarmaður, heilbrigður maður, en eru þetta ekki nokkuð góðar spurningar?"

Og tilvitnun lýkur í ræðu formanns Framsfl., þáv. forsrh., þar sem hann 18. nóv. 1988 var — með sínum hætti þar sem hann vitnaði til ónefnds manns úti í bæ — að gefa í skyn að til greina kæmi að sjúklingar greiddu fyrir þá þjónustu sem þeir fengju á sjúkrastofnunum. Ég vil, vegna þess að hv. þm. ræðir ekki oft um þessi mál, taka undir með honum. Mér finnst vera full ástæða til þess að þetta sé kannað. (**Gripið fram í:** Með gamla manninn?) Ja, með þeim sem sá ástæðu til að nefna þetta sérstaklega til sögunnar þegar hann opnaði fund Framsfl. 18. nóv. 1988 og læt ég liggja á milli hluta hvort þið kallið hann gamlan eða ekki. En hann er nú enn þá í fullu starfi og er enn þá formaður Framsfl. Vona ég að ég hafi svarað frammíkallinu skýrt og skorinort. — En hann stendur sig bet-

ur en margir aðrir sem yngri eru hér í salnum.

Þá vék hv. þm. að öðrum málum, sem kannski eru honum kærari að tala um, einkum vaxtamálum. Hann spurði um hvort ekki væri kominn tími til að grípa til ákvæðis laga um að Seðlabankinn tæki á vaxtamun. Ekki síst þegar litið væri á vaxtamun í bönkunum, viðskiptabönkunum, um þessar mundir. Margoft hefur verið sagt frá hvers vegna vaxtamunur er nú svo mikill á óverðtryggðum skuldbindingum í bankakerfinu. Ástæðan er að á fyrri hluta sl. árs var vaxtamunur óvenjulega lítill á óverðtryggðu skuldbindingunum.

Þegar gerður var svokallaður þjóðarsáttarsamningur var hann gerður með þeim hætti m.a. að aðilar vinnumarkaðarins höfðu samband við viðskiptabankana og viðskrn. og Seðlabankann og fóru fram á að vaxtaþróunin í landinu sigldi eftir ákveðnum fyrir fram gerðum hugmyndum og tillögum. Það var gert en bankarnir, viðskiptabankarnir, einnig ríkisviðskiptabankarnir, gerðu þann fyrirvara að vaxtamunurinn þyrfti að ná ákveðnu marki innan ársins. Það er einmitt skýringin á því hvers vegna vaxtaþróunin hér á landi er eins og hún er, að bankarnir telja sig geta náð upp á síðari hluta ársins vaxtamun, ef þeir hafa misst hann niður á fyrri hluta ársins, t.d. vegna þess að þeir hafa farið að hugmyndum ríkisstjórnar um að halda niðri vöxtum á óverðtryggðum skuldbindingum. Þetta kemur ekki að sök þegar skuldbindingar eru verðtryggðar því að þá er tekið tillit til verðþróunarinnar í hvert skipti, í hverjum einasta mánuði.

Ekki ætla ég að svara þessari hugmynd eða fyrirspurn hv. þm., en ég get ekki annað en bent honum á að það eru bankaráðin sem taka afstöðu til vaxtanna og það eru einmitt bankaráðin sem fyrst og fremst skoða vaxtamuninn. Svo vill nefnilega til að ég hef setið í bankaráði Landsbankans og ég veit að hv. þm. situr þar núna. Og ég veit enn meira. Ég veit að stjórnarandstaðan hefur meiri hluta í því bankaráði. Ef hv. þm. er áhugasamur um að draga úr vaxtamuninum, sem ég er líka, hefur hann völdin til þess en ekki ég. Það hefur hins vegar komið til skoðunar í þessu máli hvort grípa ætti til þeirra ráða, sem til eru í íslenskum lögum, að lækka vexti í landinu vegna þess að vextir hér á landi séu hærri en gengur og gerist annars staðar. Í því sambandi finnst mér kannski nærtækast að vitna til Hagtalna mánaðarins, síðasta heftis, þar sem Seðlabankinn hugleiðir þetta mál m.a., en þar segir:

„Meðalvextirnir [þ.e. hér á landi] eru að sönnu talsvert hærri en gerist og gengur í stóru hagkerfunum sjö. Þeir eru hins vegar álíka og raunvextir á Norðurlöndunum eða í smærri Evrópulöndum að Sviss frátöldu. Atvinnulíf þessara landa og stærð fyrirtækja eru nær því að vera sambærileg við það sem gerist hér á landi heldur en ef tekið er mið af hagkerfum stórþjóðanna og verður ekki séð að samanburðurinn við þau gefi tilefni til aðgerða."

Af því að hv. þm. spurði hvort rætt hefði verið við Seðlabankann um þessi atriði tel ég rétt að það sé rifjað upp hvað Seðlabankinn hafði um þetta mál að segja við lok síðasta árs. Reyndar kom þetta rit ekki til okkar fyrr en eftir áramótin.

Ég hef fyrr vikið að því sem kom fram hjá hv. þm. og snýr að raungenginu. Það mun vera einhver misskilningur í gangi um að raungengi hafi hækkað um 9% á valdatíma ríkisstjórnarinnar sem nú situr. Því hef ég þegar svarað og reyndar kemur það fram í skýrslu sem Seðlabankinn skilaði frá sér laust fyrir jól.

Ég hef að nokkru leyti svarað því sem kom fram og var til mín beint af hálfu hv. 1. þm. Austurl., í fyrsta lagi um tilsjónarmennina, í öðru lagi um greiðslur úr ríkissjóði, en það var það atriði sem hann beindi sérstaklega til mín ef ég man rétt. Ég hef einnig fyrr í morgun rætt nokkuð um svokallað minnisblað til ráðherra sem er umræðugrundvöllur til nota á fundum með forstöðumönnum ríkisstofnana. Það minnisblað er eitt af því sem er til umræðu nú til að ná árangri í þeim sparnaði í ríkisrekstrinum, þessum almenna sparnaði, sem stundum er kallaður flatur niðurskurður.

Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni í morgun, þegar rætt var um þingsköp, að það væri kristalstært að ríkinu bæri eins og öðrum launagreiðendum að greiða laun fyrir umbeðna og unna vinnu á þeim tíma sem um hefði verið samið. Það stendur og ekkert minnisblað eða ummæli einhverra annarra breyta því. Það eru lög hér á landi og auðvitað ber ríkinu að fara að lögum öðrum fremur. Hafi þetta valdið misskilningi, sem ég efast ekkert um og hef reyndar heyrt, vil ég að þetta komi enn einu sinni ákaflega skýrt fram. Ég tel að samkvæmt minnisblaðinu — sem er í raun og veru ekki opinbert plagg þó að það hafi orðið það eins og svo mörg önnur sem ekki er ætlast til þess að fari í fjölmiðla og ekkert við því að segja því að það er bara gott að almenningur fylgist með því hvað verið er að gera — eigi að skilja þetta eftirlitshlutverk með þeim hætti að í fyrsta lagi gera stofnanirnar sjálfar greiðsluáætlun. Sú greiðsluáætlun er samþykkt af viðkomandi fagráðuneyti og fjmrn. og eftir þeirri greiðsluáætlun á síðan að fara. Hins vegar eru leyfð ákveðin frávik á launakostnaði hverrar stofnunar, þær heimildir fara síðan lækkandi eftir því sem líður á árið, en þá er heimilt að draga umframgreiðslur launa frá öðru rekstrarfé stofnunar.

Þá er í minnisblaðinu bent á að fari launagreiðslur umfram tilgreind mörk skuli útborgun stöðvuð samkvæmt ákveðnum reglum. Það er kannski einmitt þetta orðalag sem veldur hvað mestum misskilningi. Ég hef leyft mér, eins og ég skildi þetta orðalag, að segja hreint út — og það er auðvitað það sem ræður — að þetta getur ekki gerst nema fram í tímann. Þ.e. hafi stofnun farið verulega fram úr og er búin að eyða öðrum rekstrargjöldum á að tala við yfirmanninn og segja: Nú verður greiðsluframlagi til stofnunarinnar breytt þannig að það verður ætlast til þess að stofnunin spari í yfirvinnu og síðan koll af kolli. Í raun og veru er verið að segja viðkomandi stofnun: Ef hún kýs að gera allt það sem hún ætlaði sér að gera og eyða öllum launum á fyrri hluta ársins verður forráðamaður stofnunarinnar að gera ráðstafanir til þess að launagreiðslur verði litlar sem engar á síðari hluta ársins.

Hins vegar er í 3. töluliðnum sagt að með sam-

þykki hlutaðeigandi ráðuneytis sé auðvitað mögulegt að samþykkja nýja rekstrar- og greiðsluáætlun, að millifæra almennt rekstrarframlag á launareikning, enda sé afkoman góð að öðru leyti — eða að stofnunin fái aukna yfirdráttarheimild.

Þetta vil ég að komi fram því að þetta hefur valdið misskilningi og ég viðurkenni að orðanna hljóðan og eins og þetta er skrifað hefur ýtt undir þann misskilning. En ég vonast til þess að það hafi skýrst og reyndar vil ég nefna það hér að þegar á föstudaginn, undir ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, átti ég viðtal við formann BSRB í útvarpi og gerði þar glögga grein fyrir mínum sjónarmiðum og mínum skilningi á þessu máli þótt Ríkisútvarpið hafi ekki kosið um kvöldið að vitna til þeirra viðtala heldur birt önnur viðtöl og önnur sjónarmið og reyndar Ríkisútvarpið–sjónvarp líka. Veit ég þó til þess að oftsinnis áður hefur það gerst að vitnað hefur verið til umræðuþátta í Ríkisútvarpinu í kvöldfréttum þess. En það er stundum þannig að fjölmiðlar, og þá ekkert frekar þessir en aðrir, hafa meiri áhuga á að kalla fram ágreining í þjóðfélaginu en að segja það sem er fyrst og fremst sagt í upplýsingaskyni. Við því er sjálfsagt lítið að gera, það tilheyrir fjölmiðlum nútímans en gerir okkur stundum erfitt fyrir sem þurfum að sjálfsögðu að eiga góð og vingjarnleg samskipti við fjölmiðlana og verðum að reiða okkur á að þeir segi sem sannast og réttast frá því sem þeir vita.

Að síðustu, virðulegi forseti, langar mig almennt til þess að segja frá því hvernig á því stendur að við þurfum að leggja fram frv. eins og það sem hér er til umræðu. Það gleymist stundum í þessari umræðu að ástæðan fyrir því er ekki sú að núverandi stjórn vilji ráðast að velferðarmálum, heilbrigðismálum og menntamálum af — ja, eins og skilja mætti a.m.k. suma — hreinum skepnuskap. Ástæðan er önnur og hún er að þjóðin þarf nú í þeirri efnahagslægð sem gengur yfir að sníða sér stakk eftir vexti. Við höfum á undanförnum árum horft upp á að útgjöld íslenska ríkisins hafa vaxið jafnt og þétt. Við höfum á undanförnum árum horft upp á að þrátt fyrir skattahækkanir hafa útgjöldin ávallt hækkað meira en skattarnir. Afleiðingin af þessari stefnu hefur verið sú að íslenska þjóðin, ekki síst íslenska ríkið, hefur þurft að sækja sér lánsfé og það lánsfé hefur verið sótt í stórum stíl erlendis. Það hefur verið mismunandi mikið frá ári til árs, en í stórum stíl hefur það verið gert erlendis. Órækasti vitnisburðurinn um þetta er viðskiptahallinn sem hefur verið viðvarandi frá ári til árs.

Þeir sem halda að það sé verið að skera svo duglega niður nú að öll lántaka hafi verið stöðvuð verða að átta sig á því að þrátt fyrir allan niðurskurðinn, þrátt fyrir allan sparnaðinn kemur í ljós samkvæmt spám að á yfirstandandi ári mun viðskiptahallinn verða 15 milljarðar kr. Með öðrum orðum erum við að taka inn lánsfé hingað til lands til að standa undir ekki eingöngu fjárfestingum að nokkru leyti heldur hreinlega eyðslu þjóðarinnar, ekki eingöngu opinberri eyðslu heldur auðvitað einkaneyslu líka að hluta.

Þetta verðum við að hafa í huga og ekki síst þeir sem saka stjórnvöld núna um að beita ekki þeim tækjum sem sumir töldu að rétt hefði verið að beita í kreppunni miklu, en það er að auka ríkisútgjöldin þegar við förum inn í kreppu eins og þá sem við núna erum að fara inn í í ár. Við getum kallað þetta efnahagskreppu eða efnahagslægð, mér er alveg sama hvort nafnið er notað, en sannleikurinn er sá að þrátt fyrir allt hafa stjórnvöld ákveðið að herða ekki ólina meira en svo að áfram verður um skuldasöfnun að ræða um hríð. Þetta er auðvitað gert viljandi og vitandi vits til að koma í veg fyrir harkalegri áhrif aðgerða stjórnvalda. Ef við hefðum skorið enn þá meira niður, ef við hefðum t.d. ekki haft halla í ríkisfjármálunum hefði samdrátturinn bitnað mun harðar á almenningi og velferðarkerfinu og okkur öllum en þó gerist þegar við þurfum aðeins að laga stakkinn sem við sníðum okkur.

Þegar fyrsta þjóðhagsáætlun var gefin út í sumar, og reyndar í haust, var gert ráð fyrir að landsframleiðslan mundi breytast um 1–2% þannig að á þessu ári yrði hagvöxturinn sem nemur 1–2%. Það hefði þýtt að kjör okkar í ár hefðu verið betri en á síðasta ári. Nú er hins vegar ljóst að niðursveiflan verður umtalsverð. Ef við reiknum þetta út og fáum það í milljörðum með því að finna hlutfallið af landsframleiðslunni, sem er í kringum 370 milljarðar kr., kemur í ljós að sveiflan í þjóðhagsspánum, bara í þjóðhagsspánum á nokkurra mánaða millibili, er u.þ.b. 22–22,5 milljarðar kr. Munurinn á spánni sem var lögð fram snemma í haust og spánni sem kom fram núna eftir áramótin og hefur verið birt er einfaldlega sá að það munar yfir 22 milljörðum í landsframleiðslu. Til að gera sér einhverja grein fyrir því hvaða áhrif þetta hefur á ríkissjóð getum við áætlað að þetta séu 4–4,5 milljarðar sem þessi veltusamdráttur hefur áhrif á ríkissjóð.

Þegar við gætum að því að á síðasta ári var halli á ríkissjóði a.m.k. 10 milljarðar, líklega nær 11 ef eitthvað verður, og að á þessu ári töpum við niður svona miklum tekjum til ríkisins sjá menn á augabragði við hvaða vanda er að etja og menn sjá einnig að það hlýtur að hrikta í stoðum þjóðfélagsins þegar við ætlum að ná því marki að hallinn verði ekki nema 4 milljarðar. Þetta verðum við að hafa í huga þegar við erum að fjalla um þessi mál. Ég tel að ríkisstjórnin sé nú að reyna eftir bestu getu að viðhalda velferðarkerfinu, að halda í það sem við þurfum á að halda í velferðarþjóðfélaginu, en fórna hinu, sem við getum verið án, um tímabundið skeið.

Ég held að hver einasta ríkisstjórn sem hefði starfað hérna, hvort sem Sjálfstfl. á sæti í henni eða ekki, hefði orðið að grípa til slíkra ráðstafana. Mér finnst það nokkuð hart þegar sagt er að við séum að ráðast á sjúklinga, ráðast á gamalmenni, ráðast á barnmargar fjölskyldur, ráðast á sjómenn þegar ljóst er að okkar aðgerðir byggja fyrst og fremst á því að draga úr bótum til þeirra sem hafa tekjur talsvert langt umfram lægstu tekjur. Ég lýsi furðu minni á því þegar menn leyfa sér að segja í öðru orðinu: Þessir menn eru að ráðast á barnafjölskyldurnar — og nefna jafnvel tugi þúsunda í því sambandi þegar talað er um barnabæt-

urnar — og svo í hinu orðinu: Og þannig ætla þeir að fara með fjölskyldurnar sem hafa aðeins 60 þúsund kr. á mánuði, svo ég vitni til manns sem ekki situr á Alþingi en er framarlega í launþegahreyfingunni og tók mál upp með þessum hætti.

Sannleikurinn er sá að það falla engar barnabætur af fólki fyrr en tekjurnar eru komnar langt umfram þessi lægstu laun. Við erum einmitt í okkar aðgerðum öllum að gæta þess að fólkið með lægstu launin, lökustu kjörin, geti áfram lifað við sambærilegar aðstæður, en hinir sem hærri launin hafa og eru aflögufærir taki á sig þær byrðar sem við þurfum nú að skipta á okkur. Við skulum viðurkenna að sjómenn hafa sem betur fer góðar tekjur og hafa jafnvel bætt tekjur sínar á undanförnum árum umfram aðra þótt það sé vissulega rétt að á þessu ári geti tekjur þeirra rýrnað meira en annarra stétta.

Þetta vil ég að komi skýrt fram af því mér finnst stundum gagnrýni stjórnarandstöðunnar, og reyndar ekki eingöngu stjórnarandstöðunnar á þingi, vera dálítið ósanngjörn þegar kemur til þess að segja hverjir taki á sig byrðarnar. Við höfum nefnilega í okkar aðgerðum reynt að tekjutengja bæturnar sem þýðir ósköp einfaldlega það að þeir sem hærri hafa tekjurnar, þeir missa, en hinir, sem lægri hafa tekjurnar, þeir halda. Svo einfalt er að lýsa þessum málum.

Hinn þátturinn snýr að þjónustugjöldunum sem eru auðvitað gjaldamegin í ríkisfjármálunum og dregur úr útgjöldum til stofnana. Við höfum líka verið gagnrýndir fyrir það. Ég ætla bara að benda á að alls staðar í nálægum löndum, ekki síst á Norðurlöndunum sem telja sig vera mestu og bestu velferðarþjóðfélögin, hefur það gerst á undanförnum árum að allir stjórnmálaflokkar, líka þeir sem eru lengst til vinstri eins og t.d. SF-flokkurinn í Danmörku, hafa tekið upp þjónustugjöldin í sína stefnuskrá. Vegna hvers? Vegna þess að þeir hafa talið að það væri betra fyrir velferðarþjóðfélagið að þeir sem hafa efni á því að greiða fyrir þjónustuna taki þátt í þeim kostnaði. Og þeir hafa hafnað þeirri gagnrýni, sem allt of oft heyrist hér, að þeir sem eru að greiða fyrir ákveðna þjónustu séu að greiða skatta.

Þegar ég fer í strætó og borga þar lítilræði, sem ekki er nema hluti af kostnaðinum, er ég ekki að borga skatta. Ef ég á barn á barnaheimili og borga hluta af rekstrarkostnaðinum er ég ekki að borga skatta. Ég er að borga hluta af þeim kostnaði sem fellur að öðrum hluta á skattgreiðendur, hvort sem það er með útsvari eða almennum sköttum. Og ég hvet alþingismenn til að kynna sér hvað er að gerast í öðrum löndum. Ég hvet þá til að skoða t.d. þá bók sem hv. 8. þm. Reykn., þegar hann var fjmrh., lét gefa út á vegum fjmrn. og fjallar um velferðarþjóðfélögin á Norðurlöndum á aðhaldstímum. Ég hvet hv. alþm. til að kynna sér þessi efni vegna þess að ég er sannfærður um að þá átta þeir sig á að allar aðrar þjóðir, sem hafa svipað kerfi og við, hafa leyst sín vandamál á aðhaldstímum með þessum sama hætti. Ég er enn fremur sannfærður um að það er nákvæmlega sama hver ríkisstjórnin hefði verið, hún hefði gripið til þessara sömu ráða.

Stundum hefur verið sagt að við ættum að gera eins og aðrar þjóðir, og ég hef sagt það sjálfur í minni ræðu, og Finnar hafa verið nefndir til sögunnar a.m.k. tvívegis og menn hafa sagt: Ekki réðust Finnar á hitt eða þetta í sínu mennta- og velferðarkerfi. Ég veit ekki hvort menn átta sig á því að þessi mikli samdráttur í Finnlandi er líklega fjórum sinnum minni í landsframleiðslunni á þessu ári en hjá okkur, fjórum sinnum minni. Samt eru þau verkefni uppi þar að menn hafa talað um það í fullri alvöru að lækka launin. Reyndar fór það allt yfir um þegar gengið féll seint á síðasta ári vegna þess að vextirnir spýttust upp úr öllu valdi og fjármagnið fluttist úr landi. Ástæðan fyrir því var eingöngu sú að eitt verkalýðsfélagið tók sér frest til að athuga hvort það ætlaði að samþykkja fyrirliggjandi samningsdrög.

Virðulegi forseti. Það sem við erum að gera er að fjalla um frv. sem er frv. til að koma til móts við þær áætlanir sem eru í fjárlögum íslenska ríkisins, þeim fjárlögum sem samþykkt voru fyrir síðustu jól. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að þau fjárlög og þau lánsfjárlög sem nú eru til umræðu á hinu háa Alþingi eru þannig úr garði gerð að gera má ráð fyrir því að lánsfjárþörf ríkisins dragist verulega saman á yfirstandandi ári. Þar með ættu að vera skapaðar forsendur fyrir hvoru tveggja í senn, annars vegar að ná fram raunsæjum kjarasamningum, sem byggjast á því að verðlag breytist lítið á þessu ári, og hins vegar að lækka vextina í þjóðfélaginu vegna þess að allir vita að vextir og vaxtaupphæðin mótast að verulegu leyti af eftirspurn eftir fjármagninu. Læt ég þá máli mínu lokið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tvö örstutt atriði sem ég ætla að koma á framfæri við hæstv. fjmrh. Ég ætla að spyrja fjmrh.: Ef hann trúir lokaorðum ræðu sinnar um að ríkisstjórnin sé búin að skapa aðstæður til lækkaðra vaxta, af hverju gengur þá ekki ríkisstjórnin á undan og lækkar vexti á ríkisbréfum sem eru í gangi? Það er sama við hvaða aðila við í efh.- og viðskn. höfum rætt varðandi vaxtamál, það ber allt að sama brunni að það sé ríkisstjórnin sem hafi lykilinn að þessu. Þess vegna skora ég á hæstv. fjmrh. að sýna að hann trúi í raun því sem hann sagði hér um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og áhrif þeirra á fjármagnsmarkaðinn og gangi á undan með vaxtalækkun.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, var það sem hann ræddi um sjómenn og kjör þeirra í okkar þjóðfélagi. Ég ætla ekkert að draga úr því að það finnist sjómenn sem hafi góð kjör og ekki sé ég neinum ofsjónum yfir því. En ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann hafi gert sér grein fyrir því, þegar lagðar voru til breytingarnar á tekjutryggingu á ellilífeyri, að það mundi koma við þá sjómenn sem eru að hætta störfum, sjómenn á aldrinum 60–67 ára, á þann hátt sem frv. gerir, ef það verður að lögum, og er að mínu mati margfalt óréttlátari aðgerð en lækkun sjómannaafsláttarins því að þarna er verið að taka af að hluta áunnin réttindi í samningum þar sem Alþingi var algjörlega samstiga um að viðurkenna

að sjómenn, sem væru búnir að ná þessum aldri, hefðu nokkra sérstöðu fram yfir aðrar stéttir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru reyndar nýjar spurningar sem komu fram, en það er ekkert við það að athuga, ræðan gaf tilefni til þess.

Í fyrsta lagi varðandi vextina. Ég er ekki að tala um vaxtaákvarðanir ríkisins heldur fremur um vexti á eftirmarkaði. Vextir hafa verið að lækka þótt í litlu sé og það sem ég hef sagt hér stendur af því að ég tel að á næstunni, á næstu vikum og mánuðum muni vextir á eftirmarkaði lækka. Gerist það mun ríkisvaldið að sjálfsögðu lækka vexti á sínum skuldabréfum, enda verða þeir að fylgjast að til þess að ekki komi fram mikill munur sem muni gera það að verkum að ávöxtunarkrafan fer úr skorðum eins og við sáum reyndar á sínum tíma á húsbréfunum.

Varðandi sjómenn vil ég eingöngu segja að mér finnst ekki vera ósanngjarnt að sjómenn á aldrinum 60–67 ára þurfi að þola sams konar skerðingu og fólk á milli 67 og 70 ára þegar um það er að ræða að atvinnutekjur skerði lífeyristryggingarnar. Hitt er svo annað mál að það hefði vel mátt hugsa sér að taka tillit til annarra tekna eins og lífeyrissjóðsstekna, en að málinu vel skoðuðu komst ríkisstjórnin að því að hyggilegra væri að láta atvinnutekjurnar einar skerða lífeyristryggingarnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að það kom skýrt fram að ríkisstjórnin gekk til þessa leiks, þ.e. skerðingar réttinda sjómanna á aldrinum 60–67 ára, með opnum augum og vissi allan tímann hvað það mundi þýða. Ég held að þetta sé mjög athugandi fyrir þá forustumenn sjómannastéttarinnar sem sitja á Alþingi en láta reyndar lítt sjá sig í þingsölum þegar þessi mál eru til umræðu.

En ég tel að hér sé um að ræða mjög alvarlegt mál þar sem skert eru réttindi sem Alþingi var á sínum tíma algjörlega sammála um að væru réttlát og skynsamleg til að koma til móts við þá sjómenn okkar sem hafa verið á sjó 25 ár og náð 60 ára aldri. Þetta er algjörlega hliðstætt við það sem önnur lönd hafa gert, af því að nú var hæstv. fjmrh. mjög tíðrætt um hliðstæður í öðrum löndum, gagnvart stéttum sem vinna erfið og hættuleg störf í þágu allrar þjóðarinnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fallist á að það eru rök fyrir því að taka tillit til annarra tekna og það er rétt, sem á hefur verið bent, að ýmsir sjómenn, sérstaklega þeir sem voru á bátum og minni togurum, höfðu lakari lífeyrissjóðsréttindi en aðrir og þess vegna lægri tekjur úr lífeyrissjóðum en gengur og gerist með landverkafólk. En fyrst sú leið er farin að láta eingöngu atvinnutekjur skerða lífeyristryggingar finnst mér ekki ósanngjarnt að það sama gildi um fólk hvort sem það er 60–67 ára eða 67–70 ára.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hlýddum áðan á tilfinningaríka málsvörn fjmrh. fyrir þeim niðurskurðaráformum sem hann hefur verið í forsvari fyrir hér í þinginu. Það er auðvitað skiljanlegt að málsvörn hans skyldi vera með þessum hætti vegna þess að hann óttaðist að við værum að saka hann og meðráðherra hans um skepnuskap. Það held ég að okkur hafi ekki dottið í hug og ég held að það orð hafi aldrei verið notað hér heldur þvert á móti hafi kannski verið á það bent að menn þar væru álíka góðir og vondir og hverjir aðrir, hvorki betri né verri. Auðvitað er það hugmyndafræði sem ræður þarna för. Það er hugmyndafræði sem ræður því hvar menn bera niður, ekki illmennska eða skepnuskapur. Sjaldan birtist eðli manna, pólitískra flokka og hreyfinga eins vel og í viðbrögðum við kreppuástandi. Þá birtist hinn sanni kjarni eðlisins, þegar reynir á.

Það er það sem gerist hjá þessari ríkisstjórn núna. Hún getur ekki lengur verið eins og úlfur í sauðargæru. Úlfurinn verður að koma fram vegna kreppunnar. Það er það sem máli skiptir í þessu sambandi.

Fjmrh. talaði um samdrátt í þjóðartekjum og það væri við mikla erfiðleika að etja. Líklega yrði samdrátturinn upp á 6% samkvæmt nýjustu spám frá Þjóðhagsstofnun. Hann er auðvitað mikill og skapar ýmsa erfiðleika, en þetta er engin „katastrófa". Þetta er engin „katastrófa", hæstv. fjmrh. Og ef við heimfærum þetta upp á fjárhag heimilanna, hagkerfi heimilanna, og gefum okkur að tekjur efnaríks heimilis, heimilis sem um langt árabil hefði haft úr talsvert miklu að moða, mundu dragast saman um 6% væri það auðvitað engin „katastrófa" fyrir það heimili. En auðvitað skipti máli hvernig við því væri brugðist og á hvern væru lagðar kvaðir um sparnað og hvað væri skorið niður. Það sama gildir hjá þessari ríkisstjórn.

Það var talað um bótagreiðslur og tekjutengingu þeirra og hæstv. fjmrh. gerði það. Ég verð að mótmæla því að hann skuli tala um að nú eigi að tekjutengja þá sem hafa tekjur langt umfram lægstu tekjur vegna þess að lægstu taxtar eru því aðeins nefndir hér að það þurfi að nota þá sem réttlætingu fyrir tekjuskerðingu. Venjulega heyrum við þau rök að það séu engir á þessum töxtum, það séu engir með þessi laun. Ef við tölum um þjónustugjöldin vil ég benda hæstv. fjmrh. á að 1.500 kr. gjald hjá sérfræðingi eru 3% af launum fiskverkakonu eftir 10 ára starf.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt að þurfa enn einu sinni að tala við fjmrh. um tilsjónarmenn. Hann sagði áðan að það væri ekki mikill munur á þeim tillögum sem komu frá sérstakri nefnd og birtust í frv. sem lagt var fram til kynningar á Alþingi og því sem hann er nú að leggja til. Hann sagðist jafnframt hafa komið til móts við gagnrýni Ríkisendurskoðunar — að langmestu leyti, held ég að hann hafi orðað það.

Ég minni hæstv. fjmrh. á að það sem er verið að

gera í þessari lagagrein er að blanda saman eftirlitshlutverkinu og fjármálastjórninni. Það er á móti öllum grundvallaratriðum í stjórnun og eftirliti að sami maður framkvæmi eftirlit í stofnun og hafi jafnframt með að gera ákvarðanir um fjárskuldbindingar. Það er þetta sem Ríkisendurskoðun er að gagnrýna með því að segja m.a.: „...er hæpið að fela nýjum aðila að fara með útgjaldaákvarðanir án þess að sá hinn sami taki ábyrgð á þeim". Og síðan segir Ríkisendurskoðun jafnframt: „Jafnframt sýnist nokkur hætta á að þessi skipan geti valdið óöryggi og óvissu í daglegum rekstri stofnana."

Ég tel nauðsynlegt vegna orða hæstv. fjmrh. að Ríkisendurskoðun verði enn á ný kölluð til til að svara því hvort þeir telji að fjmrh. hafi með þeim litlu breytingum sem hann hefur lagt til svarað gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Það er, hæstv. fjmrh., algjörlega í andstöðu við öll grundvallaratriði að blanda með þessum hætti saman eftirliti og fjármálastjórn og hæstv. fjmrh. ætti að viðurkenna það með því að koma nú með breytingu á þessu ákvæði enn einu sinni og koma þar með til móts við þá gagnrýni sem hefur komið fram.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örstutt. Ég hef ekkert á móti því að Ríkisendurskoðun sé skrifað bréf og beðið um álit á þeirri breytingu sem gerð hefur verið nú á frumvarpsgreininni eftir að hún sendi sína umsögn.

Í öðru lagi vil ég, eins og hv. þm., lesa það sem kemur fram — og er það þá í þriðja sinn lesið — hjá Ríkisendurskoðun, en að hennar mati er hæpið að fela nýjum aðila að fara með útgjaldaákvarðanir án þess að sá hinn sami taki ábyrgð á þeim, en samkvæmt frv. er ekki nægilega skýrt hver ábyrgð tilsjónarmanna verður í þessu tilliti.

Við höfum komið til móts við þetta. Ég vísa til þess sem Ríkisendurskoðun segir síðar, að hún telji að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því að ábyrgð á framkvæmd fjárlaga sé fyrst og fremst í höndum viðkomandi fagráðuneytis og forstöðumanna ríkisstofnana. Hér er verið að fjalla um tilsjónarmenn sem starfa algjörlega á ábyrgð viðkomandi fagráðherra.

Ég tel því að það hafi verið komið til móts við þessar hugmyndir Ríkisendurskoðunar og hef ekkert á móti því að leitað sé eftir umsögn hennar á þeirri breytingu sem gerð hefur verið.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hæstv. fjmrh. sé að túlka svar Ríkisendurskoðunar með hætti sem mér finnst ekki vera viðeigandi. Ég tel alveg skýrt eftir það samtal sem efh.- og viðskn. átti við Ríkisendurskoðun að hún er þeirrar skoðunar að eftirlitsaðilar eigi ekki að fara með ákvarðanir um fjárskuldbindingar. Þetta er, hæstv. fjmrh., einfalt grundvallaratriði. Ég skil ekki hver hefur ráðlagt hæstv. fjmrh. að eftirlitsaðili skuli taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar. Ég veit ekki til þess að það þekkist í nokkru öðru landi nema þá þar sem aðrir stjórnarhættir eru við lýði. Þetta er atriði sem á ekki að þurfa að valda deilum. Það á ekki að þurfa að valda deilum með sama hætti og önnur atriði þessa máls sem hæstv. fjmrh. kom inn á.

Hann fór enn á ný að verja af hverju tekjuskattur er sérstaklega hækkaður á þeim sem eiga börn en ekki á hinum sem eiga ekki börn. Hann fór enn á ný að reyna að verja af hverju lífeyrisréttur sjómanna sem þeir unnu til með samningum er sérstaklega skertur. Það voru ýmsar aðrar starfsstéttir sem fengu ýmislegt fram í þeim samningum. Það er ekki verið að taka það burt. Það er sérstaklega verið að taka það burt sem sjómenn náðu fram í þeim samningum. Það er óréttmætt að gera með þessum hætti, hæstv. fjmrh. Það er ekki ávallt nóg að vitna til erfiðs efnahagsástands og réttlæta allt sem gert er í því ljósi. Það skiptir líka máli, hæstv. fjmrh., hvernig það er gert.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil til að byrja með segja hæstv. fjmrh. að það hefði ekki hvaða ríkisstjórn sem er ráðist að ýmsum málum í ráðstöfunum í ríkisfjármálum eins og þessi ríkisstjórn hefur gert. Ég get tekið sem dæmi menntakerfið sem ég hef gert að umræðuefni við þessa umræðu. Það er alveg ótrúlegt hvað hæstv. ríkisstjórn lætur sér detta í hug að gera. Það eru ýmsar ráðstafanir sem hún telur sig geta gripið til.

Hvað snertir það sem síðast kom fram og vitnað hefur verið til í dag, þ.e. minnisblað frá fjmrn., kemur í ljós að það líða ekki margir klukkutímar frá því að það er gert opinbert og kemur fram í fjölmiðlum að það stenst auðvitað engan veginn.

Mig langar til, virðulegur forseti, að lesa eina setningu upp úr þessu blaði en þar segir: „Með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis verði eftirfarandi mögulegt í kjölfar launagreiðslustöðvunar". Þannig kemur greinilega fram á þessu blaði að það hafi verið meiningin að stöðva launagreiðslur, enda kom fram hjá aðstoðarmanni ráðherra að þetta var meiningin. Nú hefur ráðherra sem betur fer, og eins og hann segir sjálfur, það er það sem skiptir máli, sagt að þetta standist engan veginn og auðvitað verði ríkisstjórnin að fara að lögum eins og aðrir. En ég bendi hæstv. ráðherra á að hann þurfi þá bæði að gera þeim grein fyrir sem fara með þetta plagg til ríkisstofnana sem og sínum aðstoðarmanni að það stenst engan veginn lög sem hérna er verið að leggja til.

Það er verið að ræða um að þeir sem meira hafa fái skertar bætur, en þeir sem minna mega sín eigi að halda sínu. Þær viðmiðanir sem þarna eru teknar eru alveg út í hött. Við getum tekið sem dæmi örorkubæturnar. Það á að skerða bætur til þeirra sem eru með 66 þús. kr. á mánuði. Ég veit ekki hvort það hefur hingað til verið talið hálaunafólk. Alla vega get ég ekki skilið að fólk geti lifað vel af 66 þús. kr. á mánuði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi held ég að ég hafi sagt alveg skýrt áðan sjónarmið mitt og reyndar fer það saman við íslensk lög og þá samninga sem gerðir hafa

verið varðandi launagreiðslur. Ég taldi að skilja ætti þessa setningu þannig að það væri um að ræða greiðslur til viðkomandi stofnunar en ekki greiðslur stofnunar til starfsmanna fyrir unna og umbeðna vinnu. En ég sé að það getur valdið misskilningi og hef nú þegar rætt það við minn aðstoðarmann og aðra þá sem fara með þessi mál.

Út af bótunum sem hv. þm. ræddi um áðan og reyndar fleiri hafa gert fyrr, þá hef ég sagt nú þegar það sem ég þarf að segja um þetta mál, en ég vek athygli á að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði áðan, sjálfsagt réttilega, að 1.500 kr. væru 3% af launum láglaunakvenna, ég man ekki hvernig hún orðaði það nákvæmlega, sem segir mér að það séu laun í kringum 50 þús. kr. Þá spyr ég: Sé þetta rétt — og ég ætla ekki að efast um að því miður hafa sumir slík lág laun, þeir sem ekki eru á neinum bótum — finnst fólki þá óeðlilegt að bætur frá ríkinu skerðist til þeirra sem hafa — ja, hvað er það? — 30% hærri laun en þessi lægstu laun, og síðan skerðist það smám saman upp í 115–116 þúsund? Þetta er spurning sem hver verður að svara fyrir sig.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir mjög merkilegt þegar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til jöfnunar í þjóðfélaginu miðast við þá sem hafa nánast ekki neitt, hafa ekki til hnífs og skeiðar og er alveg augljóst að geta varla lifað, og síðan eigi að skerða þá sem eru örlítið hærri. Ég bendi hæstv. ráðherra á að meðallaun í landinu eru miklu hærri en það sem þarna er verið að ræða um. Þegar við erum að tala um að 3% af launum fari í eina sérfræðingsheimsókn erum við ekki þar með að segja að það sé eðlilegt. Það er mjög langt frá því að vera eðlilegt og það er líka langt frá því að það sé hægt að lifa af 66 þús. kr. á mánuði. Jöfnuður í þjóðfélaginu á ekki að vera með þeim hætti að þeir sem eru með undir meðallaunum eigi að fara niður í laun sem eru það lægsta sem gerist í þjóðfélaginu og niður fyrir „sultargrensuna".

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er kvartað nokkuð undan því að ráðherrar svari seint spurningum sem til þeirra er beint. Þannig óskaði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson í morgun eftir því að ég svaraði fyrirspurnum frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég tel mig hafa hlustað á ræður hv. þm., en hef ekki numið neinar beinar fyrirspurnir frá honum, hins vegar ýmsar fullyrðingar sem gefa tilefni til svara. Og slíkar fullyrðingar hafa reyndar komið fram í máli fleiri ræðumanna en fáar spurningar.

Ég tel mig líka hafa svarað sumu af því sem hefur komið fram í þessari umræðu, m.a. í umræðu um fjárlög þann 12. des. þegar ég svaraði m.a. fyrirspurnum frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég tel mig hafa hlustað á ræður hv. þm., en hef ekki numið neinar beinar fyrirspurnir frá honum, hins vegar ýmsar fullyrðingar sem gefa tilefni til svara. Og slíkar fullyrðingar hafa reyndar komið fram í máli fleiri ræðumanna en fáar spurningar.

Eins og ég sagði hafa komið fram í máli ýmissa ræðumanna fullyrðingar um eitt og annað sem ríkisstjórnin eigi að vera að gera í sambandi við niðurskurð á sviði skólamála og fullyrðingar sem ekki standast.

Eitt af því sem er fullyrt er að kennslumagn hafi dregist saman í efri bekkjum grunnskólans. Það er að vísu rétt að fyrr hafa verið uppi ráðagerðir um skerðingar á vikulegum kennslutíma og ekki bara ráðagerðir heldur hefur vikulegur kennslutími verið skertur á undangengnum árum. Þannig var það bæði í ráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds og Svavars Gestssonar að vikulegur kennslutími var skertur, 1979 og 1989.

Það sem vantar hins vegar í þessa umfjöllun um skerðingu á vikulegum kennslutíma er að heildarkennslumagn í grunnskólum hefur stóraukist á undanförnum áratugum. Skólaárið hefur lengst. Innan við 60% nemenda nutu 9 mánaða kennslu 1974. Í dag er þetta hlutfall komið yfir 80%. Meðaltal nemenda í bekkjardeildum hefur lækkað verulega á undangengnum áratugum. Á landinu öllu eru að meðaltali 19 nemendur í bekkjardeild og sé Reykjavíkurumdæmið skoðað sérstaklega er meðaltalið þar 21,7 nemendur í bekkjardeild. Meðaltöl þessi eru það lægsta sem verið hefur. Skólaskylda 6 ára barna hefur verið lögleidd og kennslutími yngri barna aukinn. Og síðast en ekki síst nefni ég að sérkennsla hefur verið stórefld. Hún var ekki afgerandi kostnaður við rekstur grunnskóla fyrir 15–20 árum, en í dag fer um 1 milljarður kr. til sérkennslu þegar sérskólar fatlaðra eru meðtaldir. Fjárhæð þessi er um 20% af kostnaði ríkisins við grunnskólakennslu í landinu. Þetta vil ég taka alveg sérstaklega fram í sambandi við umræðuna um skerðingu á kennslutíma.

Þrátt fyrir þá skerðingu sem talað er um nú er auðvitað unnt að halda uppi lágmarkskennslu í lögboðnum námsgreinum samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Skerðingin kemur fyrst og fremst fram í stundum sem skólar hafa til ráðstöfunar til að auka lágmarkskennslu í einstökum námsgreinum eða efla kennslu í ógreinabundnum námsþáttum. Þetta skiptir líka máli í sambandi við þessa umræðu alla. Þess vegna þykir mér ekki sanngjarnt þegar menn tala nú um að verið sé að stíga einhver risaskref aftur til fortíðar og jafnvel inn í 19. öldina eins og mér heyrist að sumir telji.

Í þessari umræðu er líka gjarnan gerður samanburður við önnur ríki Norðurlanda. Sannleikurinn er sá að við þolum vel þann samanburð þótt hann sé kannski ekki einhlítur. Það er erfitt að bera þetta saman, en til eru þó tölur sem benda til þess að við stöndumst alveg þokkalega vel samanburð við þessi nágrannaríki okkar og ýmis önnur Evrópuríki. Kennslustundum fækkaði að vísu hjá 7–14 ára nemendum tímabilið 1960–1991 úr 31,9 í 30, en þá ber þess að gæta, sem ég var að telja hér upp áðan, að ýmislegt annað hefur gerst eins og t.d. að 6 ára börn eru nú skólaskyld auk þess sem ég taldi upp aukna sérkennslu, lengingu skólaárs og að fleiri skólar en áður starfa nú í 9 mánuði. Árið 1974 voru það 22% skólanna, 1990 eru það orðið 41% og fjöldi nemenda í 9 mánaða skóla er miklu meiri, 1974 voru það 57% nemenda en 1990 er þetta hlutfall komið í 82%.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvernig ég hygðist standa að niðurskurði í grunnskóla um 180 millj. kr. Ég hef í raun áður svarað þessari spurningu, en ég get endurtekið að þetta verður fyrst og fremst gert með fækkun kennslustunda og mögulegri fjölgun í bekkjum. Það sem ég hef sagt er að líkleg skerðing verði tveir tímar í efri bekkjum grunnskólanna, þ.e. í 4.–10. bekk. Lengra hef ég ekki gengið. Ég tek fram að það liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun um hver þessi skerðing verður, en ég geri mér vissulega vonir um að hún þurfi ekki að verða meiri en sú sem ég hér nefndi.

Ég hef alla tíð haft fyrirvara um að þessi niðurskurður næðist á almanaksárinu 1992, ég hef allan tímann sagt að mér þætti miklu líklegra að það yrði að taka þennan niðurskurð á einu skólaári. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að gera á vormissirinu sem nú er hafið og ég hef sagt að þetta yrði of mikill þungi á haustmissirið. Þetta þarf ekki að þýða að menntmrn. skeri ekki það niður sem því er ætlað. Ég er aðeins að segja að á grunnskólann geti vart komið meira en koma niðurskurðinum fyrir á einu skólaári.

Það er látið að því liggja í málflutningi einstakra þingmanna og hjá talsmönnum kennarasamtaka að það eigi að gera eitthvað allt annað en þetta. Það er talað um að það eigi að skerða kennslu í íslensku og síðan er talað um að þessi niðurskurður jafngildi því að hætt verði kennslu 6 ára barna, að hætt verði kennslu í tungumálum, að lagðir verði niður heilu skólarnir og að 200 stöðugildi kennara verði lögð niður. Þetta er ekki málflutningur sem sæmir neinum því ekkert af þessu er að gerast, ekki neitt. Það er ekki verið að leggja niður neina skóla, það er ekki verið að skerða kennslu í íslensku, það er ekki verið að segja upp kennurum í stórum stíl. Þetta er einfaldlega rangt. Það er hægt að tala um að þetta jafngildi hinu og þessu, en auðvitað er verið að læða því inn hjá öllum almenningi með svona málflutningi að það sé þetta sem eigi að gera. Það er einfaldlega rangt. Það tek ég mjög skýrt fram. Það er enn þá unnið að því í menntmrn. að útfæra hvernig þessi niðurskurður verði, en þetta er það sem ég get sagt á þessu stigi málsins.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði í sinni ræðu að það vantaði 120 millj. vegna þess að hætt var við skólagjöldin. Ég held ég hafi skilið ræðumann rétt. Það sem gerðist við að hætt var við að innheimta skólagjöld á framhaldsskólastigi var einfaldlega að ríkissjóðshallinn jókst, þessum 120 millj. var bætt í framhaldsskólakerfið við afgreiðslu fjárlaga þannig að þær vantar ekki sérstaklega. Breytingin var einfaldlega sú að hætt var við að innheimta skólagjöld en fjárlagahallinn jókst.

Hv. þm. spurði líka hvernig staðið yrði að niðurskurði í framhaldsskólum. Ég get ekki skýrt það út á þessu stigi málsins. Það hafa verið lagðar fram ýmsar hugmyndir af hálfu ráðuneytisins á fundi með skólameisturum framhaldsskólanna og á þeim fundi komu einnig fram ýmsar aðrar hugmyndir. Það varð að samkomulagi milli ráðuneytisins og skólastjóra framhaldsskólanna að skipa sérstaka nefnd þar sem í eiga sæti fjórir fulltrúar framhaldsskólastjóranna og fjórir embættismenn í menntmrn. Þessi nefnd vinnur nú að því að útfæra með hvaða hætti sparnaði megi ná í framhaldsskólakerfinu.

Að gefnu tilefni, ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, verður auðvitað áfram unnið að því að samfelldur skóladagur náist. Það hefur ekkert verið fellt brott úr lögum varðandi samfelldan skóladag.

Það var einnig spurt hvernig ætti að bæta úr kennaraskorti. Þar er ýmislegt á döfinni. Í sambandi við Kennaraháskólann vil ég segja það, sem ætti að vera kunnugt, að það verður stefnt að því að fjögurra ára nám hefjist við Kennaraháskólann 1993 og jafnframt verður tekið upp sérstakt nám fyrir réttindalausa kennara, þriggja ára nám, sem Kennaraháskólinn mun annast. Þá er í athugun, ég segi í athugun, það hefur engin ákvörðun verið tekin en það er í athugun, stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri, en í þeim skóla er mikill áhugi fyrir stofnun kennaradeildar sem ég held að sé mjög gott mál og líklegt til að bæta úr kennaraskortinum.

Þá hefur í þessari umræðu allri verið gert nokkuð mikið mál úr mögulegri fjölgun í bekkjum eins og heimildar er leitað til í frv. sem við erum hér með til umfjöllunar. En þar segir svo í brtt. sem lögð hefur verið fram: „Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.“ Þetta er sem sagt heimildarákvæði um að fjölga nemendum í bekkjum. Það er gert ráð fyrir að fræðslustjórum verði heimilt að breyta úthlutun kennslukvóta þannig að hann miðist við 30 nemenda hámark í 3.–10. bekk og 24 nemenda hámark í 1. og 2. bekk. Það er lagt í vald fræðslustjóra í samráði við skóla að meta aðstæður hverju sinni, enda einungis um heimildarákvæði að ræða. Það er ekki gert ráð fyrir að fámennum bekkjum verði kerfisbundið slegið saman eins og mér finnst að hafi komið fram í umræðunni, en það er þá misskilningur, það er ekki gert ráð fyrir því. En það er hugsanlegt að þessi heimild verði notuð þar sem aðstæður leyfa. Í heimildarákvæðinu er ekkert sem breytir skiptingu nemenda milli skóla og skólahverfa og þess vegna gefur ákvæðið ekki tilefni til þess að velta vöngum um að flytja eigi nemendur í stórum stíl á milli skóla, það er ekki. Skólaskipan er fyrst og fremst á valdsviði sveitarfélaga og þau geta hér eftir sem hingað til breytt mörkum svæða sem eiga skólasókn í ákveðinn skóla. Það hefur ekki tíðkast að nemendum væri ekið milli skólasvæða í þéttbýli nema í undantekningartilvikum þegar skólahúsnæði vantar í nýjum hverfum. Hér hefur verið um að ræða heila bekki jafnvel eða árganga. Það er óþekkt að einstökum nemendum sé ekið milli skóla til að ná hagstæðari nemendafjölda í bekkjum og nemendur hafa fengið inni í sínum hverfisskólum. Ef nemendur stunda ekki nám í hverfisskólum er það vegna óska forráðamanna þeirra, t.d. ef nemendur sem flytja milli skólasvæða óska eftir að skipta um skóla. Ákvæði í grunnskólalögum um fjölda í bekk eru viðmiðanir vegna úthlutunar kennslukvóta en ekki fyrirmæli um bekkjarstærðir. Hver skóli getur ákveðið samsetningu nem-

endahópa og bekkja, t.d. getur skóli ákveðið að kenna sumar námsgreinar í stærri hópum en aðrar í smærri eftir því sem kennslukvótinn leyfir. Lagaákvæði um fjölda í bekk eiga að tryggja rétt skólans til aukins kennslukvóta þegar nemendafjöldi hefur náð því hámarki sem þar greinir.

Það má vel vera að viðtal við mig í Ríkisútvarpinu fyrir nokkru hafi orðið ástæða til þess að menn töldu að fara ætti að flytja nemendur, sérstaklega í Reykjavík, í stórum stíl á milli skóla. En svo er ekki, ég var einfaldlega að svara spurningu um slíkt og svaraði henni þannig að ég sæi ekkert í veginum með það á stað eins og Reykjavík að færa á milli skóla. Það væri ekkert sem ekki mætti tala um. Það var nú allt og sumt sem ég sagði, en hefur e.t.v. gefið mönnum tilefni til að velta vöngum yfir þessu með þessum hætti.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom víða við í sinni ræðu. Hann sagði m.a. að leikskólalög væru ekki framkvæmd af ríkisstjórninni og talaði þar um beina afturför. Leikskólalög eru auðvitað fyrst og fremst framkvæmd af sveitarfélögunum vegna þess að þau eru alfarið á þeirra verksviði. Hins vegar eru ekki ráðnar núna umdæmisfóstrur einfaldlega vegna þess að ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum. En það er ekki verið að nema neina heimild úr lögum til að ráða þær.

Annað sem kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar hef ég þegar rætt án þess að nefna hann. Hann talaði um að það væri boðaður skólaakstur, að það yrðu lagðir niður skólar og 200 stöðugildi kennara yrðu lögð niður, sem þýddi auðvitað að skólar yrðu lagðir niður, og það yrði fellt niður ákvæði um lágmarkstímakennslu við grunnskólana sem er rangt. Það er verið að taka úr sambandi ákveðin ákvæði grunnskólalaga í eitt ár. En það er ekki verið að nema þau brott úr lögum, á það legg ég áherslu.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir kom inn á sömu atriði sem ég hef þegar svarað, eins og fjölgun í bekkjardeildum og fækkun kennslustunda. En svo spurði hún mig hvort ég teldi að íslenska skólakerfið væri of dýrt og tilefnið var ummæli sem höfð eru eftir hæstv. forsrh. sem ég að vísu hef ekki heyrt en er ekki að rengja að hann hafi viðhaft. Ég ætla ekki að leggja á það dóm hér og nú hvort íslenska skólakerfið er of dýrt. Það er auðvitað háð því við hvað er miðað. Það fara miklar fjárhæðir í íslenska skólakerfið, en ég er ekki með því að segja að það þurfi endilega að vera of dýrt. Ég efast hins vegar ekkert um að á ýmsum sviðum í íslenska skólakerfinu megi hagræða.

Hv. þm. spurði líka hvort þessar aðgerðir þýddu ekki að verið væri að þvinga til stofnunar einkaskóla. Það er ekki svo. Það er ekki verið að þvinga til stofnunar einkaskóla og ekki nokkur ástæða til að skilja þessar aðgerðir þannig. Ég tek enn og aftur fram að við erum í þessum tímabundnu aðgerðum til að ná tökum á ríkisfjármálunum. Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að gera það á tveimur árum og það er það sem við erum að gera. Það er þess vegna sem þessi niðurskurður í grunnskólakerfinu og í skólakerfinu yfirleitt er nauðsynlegur eins og á öðrum sviðum.

Ég vil aðeins nefna það sem kemur fram í frhnál. minni hluta efh.- og viðskn. Raunar er það álit frá minni hluta menntmn. um brtt. við frv. sem við erum með til umræðu. Þar kemur fram misskilningur sem ég verð að leiðrétta. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. sem nú var rædd þýðir um 40 millj. kr. sparnað til viðbótar þeim 40 millj. kr. niðurskurði sem frv. felur í sér." — Þ.e. brtt. um mögulega fjölgun í bekkjardeildum sem þarna er verið að ræða. — „Þar að auki er menntmrn. ætlað að skera niður um 180 millj. kr. í grunnskólum landsins vegna hins flata niðurskurðar sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar tóku inn í fjárlög ársins 1992. Samtals er hér því um að ræða niðurskurð upp á um 260 millj. kr., en honum fylgja margháttaðar neikvæðar breytingar á skólastarfi" o.s.frv.

Þetta er ekki rétt. Frestun bráðabirgðaákvæða grunnskólalaganna koma í veg fyrir 40 millj. kr. útgjaldaauka ríkissjóðs. Þessi viðbótartillaga, sem kom hér fram á síðari stigum málsins, heimildarákvæði þess efnis að fjölga um allt að tveim í bekkjardeild, gæti hugsanlega sparað 40 millj. til viðbótar. Þessar 40 millj. eru að sjálfsögðu upp í 180 sem grunnskólarnir eru skornir niður um. Bara að þetta sé alveg ljóst: Við erum ekki að tala um 260 millj. heldur 180 millj. kr. allt í allt.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að tefja tímann. Ég held að ég hafi komið að flestum þeim atriðum sem sérstaklega hafa verið gerð að umtalsefni til þessa.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að veita svör við þeim spurningum sem fram komu í umræðunni.

Það er rétt hjá hæstv. menntmrh. að heildarkennslumagn hefur aukist ef litið er svo sem tvo áratugi aftur í tímann — guði sé lof. Guði sé lof að hér hefur orðið þróun í skólamálum og kennsla hefur aukist. Það veitti svo sannarlega ekki af. En þrátt fyrir það stöndum við frammi fyrir þeim staðreyndum að skóladagur, sérstaklega yngstu barnanna, er hér mun styttri en gengur og gerist annars staðar. Þá er það ekki endilega að það sé veitt skilgreinanleg kennsla erlendis heldur er gert ýmislegt annað sem flokkast undir að þroska nemendur og hjálpa þeim áfram í lífinu.

En við búum líka við það að hér eru ekki máltíðir í skólum og hér fyrirfinnst þetta furðulega fyrirbæri, að skólar eru tví- og þrísetnir. Því er svo sannarlega verk að vinna í skólamálum.

En það sem ríkisstjórnin er að gera er skref aftur á bak. Það er verið að skera niður kennslu og það er verið að veita heimildir til að fjölga nemendum í bekkjum. Þar með er verið að snúa frá þeirri stefnu sem mótuð hafði verið og ég vona svo sannarlega að hér sé um tímabundna frestun að ræða.

Hæstv. menntmrh. nefndi að hér væri ekki verið að hverfa frá samfelldum skóladegi. En þessi niðurskurður gerir auðvitað slíka þróun erfiðari en ella.

Hæstv. menntmrh. nefndi að það ætti ekki að aka nemendum í stórum stíl á milli skóla og ég þakka fyr-

ir ef það verður ekki gert, því að það væri enn þá verra skref ef hér þyrfti að leysa upp bekki og flytja nemendur á milli skóla.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa svarað nokkrum þeim spurningum sem bornar voru fram við hann á dögunum þó að í sjálfu sér megi segja að það sé þörf fyrir miklu ítarlegri umræðu um þessi mál.

Í fyrsta lagi vakti það athygli mína, og í þessum tíma til andsvars vil ég benda á það að það vakti sérstaklega athygli mína, að hæstv. menntmrh. sagði: Það er ekki víst að þessi sparnaður í grunnskólunum komi allur til framkvæmda í ár. Hins vegar þýðir það ekki að mennmtrn. muni minnka sinn heildarsparnað eða heildarniðurskurð. — Það þýðir þá að það sem á kann að vanta á sparnaðinn í grunnskólunum verður tekið einhvers staðar annars staðar.

Ég hlýt í framhaldi af því að spyrja hæstv. menntmrh. hvað hann er með þar í huga. Er ætlunin að skera niður aðrar stofnanir og aðra þætti sem eru hluti af grunnskólanum með beinum eða óbeinum hætti? Hvað á að skera Námsgagnastofnun mikið niður? Hvað á að skera sérskólana mikið niður? Það er alveg óhjákvæmilegt bersýnilega að sá þáttur verði ræddur því að sérskólarnir eru svo stór hluti af grunnskólakerfinu í heild að það verður að fá um það upplýsingar.

Í öðru lagi vil ég vekja á því athygli að hæstv. menntmrh. og aðstoðarmaður hans segja bæði hér og í fjölmiðlum að þessi samdráttur í tímum geri ekkert til vegna þess að stundir til ráðstöfunar, sem eru fjórar í grunnskólanum, verði skornar út. Það er rétt eins og menn hafi þá bara verið að leika sér í þessum stundum til ráðstöfunar. Hvað hefur verið gert í stundum til ráðstöfunar? Þar eru verk- og listgreinar númer eitt, þar er tónlist, þar er handavinna, smíði, handavinna stúlkna o.s.frv. Og það eru líka viðbótartímar í íslensku og reikningi innan stunda til ráðstöfunar. Þegar hæstv. menntmrh. segir að íslenskukennsla verði ekki skorin niður þrátt fyrir þennan niðurskurð er það beinlínis rangt vegna þess að samdráttur í stundum til ráðstöfunar — þó að þær séu aðeins fjórar í viku í efri bekkjunum — mun koma niður á íslenskukennslunni líka.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að vekja athygli á því sem hæstv. menntmrh. sagði áðan varðandi það að þessi samdráttur, sem hér er verið að tala um, virðulegi forseti, gildi aðeins fyrir þetta ár, 1992. En samt er hann að tala um að láta hluta af skerðingunni koma á 1993. Með öðrum orðum, það stangast á hjá ráðherranum ef hann ætlar annars vegar að framkvæma þetta aðeins á árunum 1992 og 1993, en segir hins vegar að ákvæði í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum gildi bara um árið 1992. Þetta stangast á, hæstv. ráðherra, og það krefst þess að það verði gerð ítarlegri grein fyrir málinu hér.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst það að við erum áreiðanlega sammála um að það sé þörf ítarlegri umræðu um skólamál og ég vona að við fáum tækifæri til að ræða um skólamál og ekki bara þá að ræða peningamálin sem varða skólana. Við erum áreiðanlega sammála um þetta.

Ég sagði að það væri ekki víst að þessi niðurskurður kæmi allur fram í ár og því spyr hv. þm. hvort þetta verði tekið einhvers staðar annars staðar í grunnskólakerfinu. Svar mitt við því er nei. Ég held að það sé ekki um það að ræða að hægt yrði að taka þann niðurskurð annars staðar í grunnskólakerfinu en á þeim þáttum sem ég hef þegar talað um. Það sem ég átti við, og ég hélt að það hefði komið sæmilega skýrt fram, er að menntmrn. er ætlað að ná ákveðnum sparnaði. Og ég er að gera mér vonir um — en ég hef enga vissu um það vegna þess að ekki er búið að fara ofan í saumana á þessu að fullu og öllu — að sá niðurskurður sem ráðuneytinu er ætlaður megi nást þótt niðurskurðurinn í grunnskólakerfinu komi fram á skólaárinu. Ég sé ekki að það sé nein þversögn í því þótt ég segi þetta. Það er engin þversögn í því. Ég held að þvert á móti væri mjög örðugt að koma við svona aðgerðum í grunnskólakerfinu ef þær ættu eingöngu að eiga við haustmissirið t.d. Ég held að það sé mjög erfitt að skipuleggja skólaárið þannig að stór niðurskurður komi fram eingöngu á haustmissirinu en ekki á síðari hluta skólaársins þannig að í þessu felst engin sérstök þversögn.

Það er líka ljóst að ríkisstjórnin setti sér tveggja ára markmið að ná tökum á ríkisfjármálunum. Og það má vel vera að einhver tilfærsla verði á einu eða öðru sviði milli áranna 1992 og 1993.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í 1. gr. frv., í kafla um breytingu á lögum um grunnskóla, segir: „Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á árinu 1992.“ Ráðherrann hefur með öðrum orðum samkvæmt þessum texta heimild til að skerða skólana á árinu 1992. Hann er hins vegar að hugsa um að dreifa skerðingunni á lengri tíma. Það sem ég var að benda á áðan er að þetta orðalag textans annars vegar og yfirlýsingar menntmrh. hins vegar stangast á.

Í öðru lagi vil ég benda á að ef hæstv. menntmrh. vill á annað borð ræða skólamál með eðlilegum hætti hér á Alþingi, eins og hann sagði áðan, ætti hann auðvitað að koma með frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum til að sýna sína stefnu í skólamálum í heild en ekki að vera að þvæla skólamálum inn í þennan bandorm með þeim hætti sem hér er gert og er algerlega óeðlilegt.

Ég skora sem sagt á hæstv. menntmrh. að hafa frumkvæði að því að hér fari fram almenn stefnumótunarumræða um skólamál. Það færi betur á því að þessi kafli í bandorminum um grunnskóla yrði allur strikaður út núna, en í staðinn yrðu málin tekin til meðferðar í heildarsamhengi í umræðum um mennta- og skólamál.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að af því geti orðið að síðar á þessu þingi verði umræða um stefnu í skólamálum. Það er að fara í fullan gang endurskoðun á grunnskólalögunum og ég geri mér vonir um að frv. verði lagt fram á þessu þingi án þess að ég geti fullyrt um það. Þá fáum við tækifæri til að ræða þessi mál í miklu víðara samhengi.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru ótrúlega margir óvissuþættir í sambandi við skólamálin og niðurskurð í þeim málaflokki. Nú hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra að það séu ekki 180 millj. plús 40 plús 40 sem eigi að spara heldur 180 millj. plús 40. (**Menntmrh.**: Nei, nei, 180 millj.) Jæja, það skánar þá heldur. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið reiknað út nákvæmlega, nú hlýtur það að vera reikningsdæmi sem hægt er að setja upp, hvað það er mikið sem sparast við að fella niður tvær kennslustundir í bekkjum frá 4. og upp í 10. bekk ef hann hefur þá tölu.

Hæstv. ráðherra talar gjarnan um þessar sparistundir sem eigi að fórna og séu kannski ekki svo óskaplega mikilvægar. En eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni eru þessar stundir líka mikilvægar og þeim hefur einmitt verið ráðstafað fyrir höfuðkennslugreinarnar sem við köllum, íslensku og stærðfræði, o.fl. Hverju sem hæstv. ráðherra leyfir sér að halda fram, þá er það mjög alvarlegur niðurskurður.

Það var sérstaklega þetta sem mig langaði til að heyra hjá hæstv. ráðherra: Hvað getur hann sparað mikið með því að skera tvær kennslustundir af 4.–10. bekk?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef skornar eru niður tvær stundir í 4.–10. bekk eru það um 124 millj. kr. á einu skólaári. Ef það er eingöngu talað um haustmissiri 1992 eru það um 52 millj. kr.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvenær telur ráðherrann að úr því verði skorið hvort þessi niðurskurður á að nást á haustmissiri eða á skólaárinu sem slíku? (**Menntmrh.**: Í þessari viku.)

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er í húsinu, en ef hann er staddur hér væri ágætt að hann kæmi í salinn og hlýddi á mál mitt vegna þess að í upphafi finnst mér full ástæða til að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hans áðan, sem flutt var af miklum tilfinningahita, um það alvarlega ástand sem væri í þessu þjóðfélagi.

Ríkisstjórnin hefur að undanförnu alið á svartsýni hjá þjóðinni, eilíft krepputal, samdráttartal og erfiðleikar á ýmsum sviðum. Það er svo komið að ræður eins og hæstv. fjmrh. flutti áðan hafa lamað svo baráttuþrek heilla launþegasamtaka að launþegasamtökin velta því fyrir sér hvort óhætt sé að fara út í harðar aðgerðir til að knýja fram kjarabætur vegna þess að ríkisstjórnin hótar, hún er með sífelldar hótanir um uppsagnir, að svipta menn launum. Og sú stærsta er þessi: Ef þið ekki hlýðið tökum við til okkar ráða. Það er svo langt gengið í þessu erfiðleikatali öllu saman að hér stígur varla nokkur þingmaður, hvort sem það er stjórnarþingmaður, ráðherra eða stjórnarandstöðuþingmaður, í þennan stól án þess að byrja alltaf á því að afsaka orð sín með þeim hætti að menn vilji ekki gera lítið úr þeim miklu erfiðleikum sem við er að fást. Þessi síbylja er orðin svo hrikaleg meðal þjóðarinnar og þær hörmulegu aðgerðir sem ríkisstjórnin yrði að grípa til á ýmsum sviðum eru allar réttlættar með því að erfiðleikarnir séu svo hrikalegir. Þúsund milljóna króna lyfjaskattur á sjúklinga er réttlættur með þessum erfiðleikum, 700 millj. kr. skattur á þá sem þurfa að sækja læknisþjónustu sérfræðinga er einnig réttlættur með þeim erfiðleikum sem menn sjá alls staðar, 370 millj. kr. skattur á þá sem þurfa að sækja þjónustu heilsugæslunnar er einnig réttlættur með þessu, 500 millj. kr. skattahækkun á sveitarfélögin er einnig réttlætt með þessum erfiðleikum, 260 millj. kr. beinn skattur á elli- og örorkulífeyrisþega er réttlættur með þessum erfiðleikum. Bein hækkun tekjuskatts vegna þess að skattleysismörkin hækkuðu ekki í samræmi við verðlagsþróun, allt er þetta réttlætt með þeim óskaplegu erfiðleikum sem fram undan eru.

En hverjir eru þeir stórkostlegu erfiðleikar sem við er að fást? Hverjir skyldu þeir vera? Ætli þjóðin hafi aldrei nokkurn tímann horfst í augu við aðra eins erfiðleika og nú eru? Og ætli engin ríkisstjórn hafi þurft að takast á við svona hrikalega erfiðleika eins og ráðherrarnir eru hér að barma sér undan öllum stundum? Staðreyndin er nefnilega sú að þessir erfiðleikar eru að öllu leyti heimatilbúnir.

Í fyrsta lagi með því að það er áróður og svartsýnisraus í ríkisstjórninni sí og æ. Vitaskuld er það rétt að atvinnulífið á um þessar mundir við nokkra erfiðleika að etja. Hvernig skyldu þeir hafa komið til? Jú, fjmrh. hækkaði vaxtaþrepið í landinu um á milli 2 og 3% á fyrstu dögunum sem þessi ríkisstjórn starfaði. Það eru þeir stærstu erfiðleikar sem við er að etja.

Árið 1983 kom hér til valda ríkisstjórn um mitt ár sem hafði ærin vandamál að takast á við. Þá var verðbólga 140%. Hver er hún nú? Hún er 5%. Er það núv. ríkisstjórn sem hefur skapað þessi skilyrði í þjóðfélaginu? Nei, það var samstarf fyrri ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins sem skapaði þessi skilyrði.

Atvinnuástand. Það blasti við fjöldaatvinnuleysi og stöðvun margra fyrirtækja um mitt ár 1983 ef ekki yrði gripið til róttækra aðgerða í efnahagsmálum. Auðvitað blasir slíkt við núna ef ríkisstjórnin heldur áfram á þeirri braut sem hún er á með vaxtaokrið. Það kom fram í máli fjmrh. áðan að það væru litlir tilburðir af hans hálfu til að lækka vextina — í andsvari því sem hann veitti hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Það var reiknað með að þorskaflinn árið 1983 yrði 360 þús. tonn. Um mitt ár koma fiskifræðingar til sjútvrh. sem þá var og tilkynntu honum að það væri alveg sama hvað menn reyndu að veiða mikið það árið, aflinn yrði ekki nema 290 þús. tonn. En þá lögðu þeir til út af ástandi fiskstofnanna að þorskafli yrði ekki nema 200 þús. tonn. En það var ekki gripið til aðgerða á því ári til að takmarka veiðina. Hver var niðurstaðan? Það veiddust það árið 292 þús. tonn. Hvað má reikna með að verði veitt á þessu ári? Á bilinu 280–300 þús. tonn. Þetta eru nú allir erfiðleikarnir sem við er etja í sjávarútveginum. Þrátt fyrir að það sé gert ráð fyrir að þorskafli verði að hámarki 265 þús. tonn er staðreyndin sú að það eru verulegar innstæður hjá mörgum í tilflutningi milli ára þannig að ef tekið er tillit til þess að yfirleitt veiðist heldur meira en aflahámarkið gerir ráð fyrir má búast við að þessi afli verði 280–300 þús. tonn.

Loðnuveiðarnar. Það má reikna með að það verði hægt að veiða 700 þús. tonn af loðnu á þessu ári. Hvað mátti veiða 1983? Ekki eitt einasta tonn. Þetta eru þessir óskaplegu erfiðleikar sem ríkisstjórnin er að takast við á öllum sviðum. 700 þús. tonna loðnuveiði er meiri veiði en í meðalári ef menn miða við síðasta áratug.

Það er því hart, þar sem menn ráðast á velferðarkerfið af slíkri hörku og grimmd eins og ég lýsti áðan, að menn skuli ætla að réttlæta allar þær gerðir með þessum óskaplegu erfiðleikum sem við er að fást. Afurðaverð er núna heldur hærra á föstu verðlagi miðað við dollara en það var árið 1983.

Og hvar sér nú fjmrh. alla þessa erfiðleika blasa við? Forsrh. lýsti því yfir á ráðstefnu fyrir helgina þar sem hann var að spá um framtíð þjóðarinnar, ráðstefnu sem verkfræðingar héldu, að viðskiptahallinn yrði minni árið 1991 en menn hefðu áætlað að hann yrði og það stefndi líka í það samkvæmt spá að viðskiptahallinn yrði minni árið 1992 en menn hefðu áætlað. Hvar eru erfiðleikarnir, hæstv. fjmrh., sem þú varst hálfgrátandi yfir í ræðustólnum áðan í þinni ræðu?

Árið 1983 var ekki verið að leggja á lyfjaskatt eins og Alþfl. er að gera núna, Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Þá var ekki lagður sérstakur skattur á sjúklinga sem heimsækja þurftu heilsugæslustöðvarnar eða sérfræðinga eins og Alþfl. er að gera núna. Þá var ekki sérstakur skattur lagður á elli- og örorkulífeyrisþega eins og Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands er að gera núna. Þannig mætti lengi, lengi telja.

En hvað var gert? Það var gripið til almennra aðgerða í efnahagsmálum, aðgerða sem komu sem réttlátast niður á öllum. Það er annað núna. Svo segir hæstv. fjmrh. áðan í sinni ræðu: Við erum auðvitað að reyna að dreifa þessu eins og nokkur kostur er þannig að allir taki eitthvað á sig. — Í gögnum sem við fulltrúar í heilbr.- og trn. Alþingis fengum þegar umræðan fór fram um tekjutengingu lífeyris kom fram að átta ellilífeyrisþegar eiga eignir hver og einn yfir 29 milljónir kr. Er hæstv. fjmrh. að taka á þessum hópi og láta hann greiða sérstaklega? Nei, þessi hópur getur eftir þessa breytingu eftir sem áður fengið heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót út úr tryggingunum eins og ekkert hafi í skorist. Er þarna verið að taka á, hæstv. fjmrh.? Nei. Og af hverju ekki? Vegna þess að það kæmi sér mjög illa fyrir kjósendur Sjálfstfl. ef lagður yrði á hátekjuskattur eða eignatekjur yrðu skattlagðar. En auðvitað er það — eða er ekki svo — að þessi stefna er líka í samræmi við stefnu Alþýðuflokksins — Jafnaðarmannaflokks Íslands.

Vandinn er eins og ég segi heimatilbúinn og það er ríkisstjórnin sem hefur fyrst og fremst mótað vandann.

En áður en ég fjalla efnislega um það frv. sem hér liggur fyrir um ráðstafanir í ríkisfjármálum langar mig til að gera örlitla grein fyrir því hvernig að tekjutengingu elli- og örorkulífeyris var staðið.

Ég byrja á að þakka formanni heilbr.- og trn. fyrir ágætis samstarf. Hann lagði sig fram í þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni um að ná samstöðu. Fyrir hans tilstuðlan fyrir áramótin náðist mjög víðtæk samstaða í þessari nefnd um mjög mikilvægar breytingar á frv. sem ríkisstjórnin hafði lagt fyrir þingið. Eins og t.d. að horfið var frá þeirri miðstýringarhugmynd sem ríkisstjórnin var með um að skylda öll skólabörn að sækja þjónustu skólatannlækna. Það náðist samstaða um það í nefndinni að opna fyrir að það væri hægt að sækja til hins almenna tannlæknis. Í öðru lagi náðu menn verulegum árangri í því að forvarnastörf í tannverndinni eru sérstaklega undanþegin greiðslum. Svona var það á ýmsum sviðum og þakka ég sérstaklega formanni nefndarinnar fyrir að hafa beitt sér fyrir slíku samstarfi.

En því miður var annað upp á teningnum í samstarfi í nefndinni eftir áramótin. Þar vil ég ekki kenna formanni nefndarinnar um heldur fyrst og fremst þeirri fljótaskrift sem var á vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar. Við fundum það sem í nefndinni vorum að í raun var þess krafist af formanni nefndarinnar að hann rifi málið út úr nefndinni án þess að það væri fullrætt og voru þó alltaf að koma upp athugasemdir og ábendingar á ýmsum sviðum um þá hluti sem betur mættu fara. Tveimur mjög veigamiklum spurningum var t.d. ósvarað þegar málið var tekið út úr nefnd. Það var hins vegar bætt úr því að nokkru leyti í starfi efh.- og viðskn.

Afstaða Framsfl. til tekjutengingar ellilífeyris og örorkulífeyris hefur verið skýr, enda birtist hún mjög skýrt í frv. því sem fyrrum heilbrrh. Guðmundur Bjarnason lagði fyrir Alþingi á sl. ári. Þar var gert ráð fyrir því, og við höfum alltaf gengið út frá því grundvallaratriði, að tekjutenging elli- og örorkulífeyris sé hluti af heildarendurskoðun almannatryggingalaganna, en um leið að hugsanlegum sparnaði sem af slíkri tekjutengingu gæti orðið yrði ráðstafað innan almannatryggingalöggjafarinnar til að bæta úr á ýmsum stöðum þar sem verulega er þörf á að bæta úr.

Hæstv. félmrh. er held ég að fullyrða megi ímynd sanngirninnar og félagslegs réttlætis og má kannski segja að þar skilji hana að sem raunverulegan jafnaðarmann og hinna sem bara kalla sig jafnaðarmenn.

Á síðasta ári, eins og ég vitnaði í, lagði fyrrv. heilbrrh. fram frv. um heildarendurskoðun almannatrygg-

ingalaganna. Þar var gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á almannatryggingalöggjöfinni með það að meginmarkmiði að færa til innan löggjafarinnar frá þeim sem betur mega sín til hinna sem búa við erfiðari aðstæður. Það tók langan tíma að koma frv. saman eða hátt í þrjú ár, enda er um gríðarlega flókna, erfiða og mjög vandasama og viðkvæma löggjöf að ræða. Ég var formaður þeirrar nefndar.

Nefndin byrjaði á að kalla til 40 aðila sem með einum eða öðrum hætti tengdust almannatryggingunum. Þegar endurskoðuninni var lokið kölluðum við aftur til sömu aðila til að kynna fyrir þeim hvað hefði verið sett inn í þessa heildarlöggjöf. Ég held ég megi fullyrða að ábendingar og athugasemdir komu frá öllum þessum hópum um ýmislegt sem menn væru að gleyma, þyrftu að athuga betur og vanda betur endurskoðunina. Það er þetta sem við minni hlutinn í heilbr.- og trn. vorum að benda á, að það á ekki að vera að krukka hvað eftir annað í þessa löggjöf og vita afskaplega lítið hvað menn eru að gera og til hvers slíkt gæti leitt og hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði í ræðu sinni fyrir helgina, í andsvari, grein fyrir því að áætlað hefði verið að frv. fyrrv. heilbrrh. sparaði 1 milljarð 678 millj. kr. á lífeyristryggingunum. Ef túlkun ráðherrans á öllum þeim tölum sem hann er að fara með í sínu ráðuneyti er með þessum hætti er ekki skrýtið þó ekki vel sé komið.

Þarna er um beina rangtúlkun að ræða því að í þessari endurskoðun var gert ráð fyrir að nettóbreytingin á lífeyristryggingunum í heild yrði 24 millj. Með sérstökum lögum átti að færa mæðra- og feðralaunin, sem voru 679 millj. á þessum tíma, yfir í skattakerfið. Sérstök lög áttu að vera um fæðingarstyrk og fæðingarorlof. Fæðingarstyrkurinn upp á 540 millj. var færður yfir í sérstök lög. Sama gilti um fæðingardagpeninga. En á móti þessu var síðan tekið yfir frá félmrn. 170 millj. kr. vegna þess að það var gert ráð fyrir að fötluð börn nytu þjónustu almannatrygginganna.

En hæstv. félmrh., sem er ímynd sanngirninnar og þessa félagslega réttlætis og hinn raunverulegi jafnaðarmaður, gerði sig þó sekan, ég vil segja sekan, um það þegar fyrrv. heilbrrh. lagði fram sitt frv. á Alþingi að hún snerist gegn frv. ásamt öðrum alþýðuflokksmönnum. Þetta er manni sárara vegna þess að maður trúði því í raun að hæstv. félmrh. væri raunverulegur jafnaðarmaður.

Áður en ég geri efnislega grein fyrir þeim breytingum sem ríkisstjórnin leggur nú til ætla ég að fá að fara yfir það sem í þessu frv. var þannig að hvorki hæstv. heilbr.- og trmrh. né aðrir stjórnarsinnar séu að vitna í þetta frv. með órökstuddum forsendum og oft og tíðum fara þeir með kolrangt mál.

Örorkulífeyririnn átti að hækka um 14%. Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands var á móti þessu. Tekjutrygging örorkulífeyrisþega átti að hækka um 14%. Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands var líka á móti þessu. Frítekjumark hjóna átti að hækka úr 70 í 75%. Alþfl. var á móti þessu. Það átti að afnema 90%-regluna úr almannatryggingalögunum sem gerði ráð fyrir að 10% skerðing væri á lífeyri þeirra sem væru í sambúð eða nytu hagræðis af sambýli. Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands var á móti þessu. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar vegna tekna var lækkað úr 45% í 40%. Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands var á móti þessu. Örorkustyrkur var hækkaður verulega og var gert ráð fyrir að það væri hægt að greiða 50% uppbót á örorkustyrk sem ekki er hægt samkvæmt núgildandi lögum. Alþfl. var á móti þessu. Eða með öðrum orðum: Alþfl. var á þessum tíma á móti því að hægt væri að færa 180 millj. kr. frá þeim sem betur mega sín og fá greiðslur samkvæmt almannatryggingalögunum í dag til þeirra sem raunverulega þurfa á aðstoðinni að halda, eins og öryrkjar.

Andstaða Alþfl. við frv. sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram verður ekki öðruvísi skilin í dag en að Alþfl. hafi verið á móti þeim réttlætismálum sem ég var þarna að rekja vegna þess að það var bara eitt sem Alþfl. bar við. Og hvað var það? Það var að ekki mætti tekjutengja lífeyrinn. En núna flytur hæstv. heilbr.- og trmrh. sjálfur frv. um að elli- og örorkulífeyrinn eigi að tekjutengja og segir síðan í sjónvarpsviðtali: Það er grundvallarmunur á frv. sem ég legg hér fram og hefur áform um að tekjutengja lífeyri og því frv. sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram. — Í hverju var þessi grundvallarmunur fólginn?

Grundvallarmunurinn var fólginn í því að það átti að skerða greiðslurnar í frv. fyrrv. ráðherra um 30%, en samkvæmt frv. núv. ráðherra um 25%. Þetta var grundvallarmunurinn. En áður hafði fyrrv. heilbrrh. lagt til að skerðingarhlutfall tekjutryggingar yrði lækkað úr 45% í 40%, sem auðvitað hefði vegið miklu, miklu þyngra en þessi 5% breyting ein og sér.

Þetta sýnir manni best að það er ekki alveg ljóst, hvorki af hæstv. heilbr.- og trmrh. né öðrum þingmönnum Alþfl. né ríkisstjórn í heild, hvað menn eru hér að fjalla um. Og fyrir utan það var gert ráð fyrir að þessi skerðingarhlutföll, 90%-reglan, frítekjumarksreglan og skerðingarhlutfall tekjutryggingarinnar giltu um ellilífeyrisþegana þannig að oft og tíðum var verið að færa til þeirra ellilífeyrisþega sem bjuggu og búa við verstu aðstæðurnar frá því sem nú er.

Vasapeninga þeirra sem inni á stofnunum eru átti að hækka úr 630 kr. í 10.000 kr. og það átti að tekjutengja þessar greiðslur. Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands var á móti þessu.

Alþfl. var líka á móti því nýmæli sem þetta frv. gerði ráð fyrir um að greiða uppihaldsstyrk til sjúklinga eða fylgdarmanns sem dvelja 14 daga samfellt eða lengur á 12 mánaða tímabili utan heimabyggðar til að sækja sér læknishjálp. Það var ekki hægt að koma þessu í framkvæmd vegna þess að Alþfl. var á móti því.

Gert er ráð fyrir að ekkju- og ekkilsbætur einstaklinga mundu hækka og bótatími yrði lengdur, en Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands var á móti því að þetta kæmist í framkvæmd og einu tillögurnar sem menn nú sjá frá Jafnaðarmannaflokki Íslands eru skerðingartillögur, það eru bara skerðingar-

tillögur á ellilífeyrisþegana og öryrkjanna.

Barnalífeyrir átti að hækka. Alþfl. var á móti því.

Sjúkra- og slysadagpeningar. Sjúkradagpeningar áttu að hækka um 55%. Alþfl. var líka á móti þessu.

Þannig mætti auðvitað lengi telja. Breytingar á skipulagi Tryggingastofnunar ríkisins. Það var gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á skipulagi Tryggingastofnunar í frv. fyrrv. ráðherra. Það eru nákvæmlega þær breytingar sem Ríkisendurskoðun leggur nú til að gerðar séu á skipulagi Tryggingastofnunar ríkisins og ég held að ég hafi einhvers staðar heyrt eftir hæstv. heilbr.- og trmrh. að nauðsynlegt væri að hrinda í framkvæmd. En Alþfl. var á móti því þegar þetta frv. kom fyrir þingið.

En ef ég sný mér nú að efnislegri umfjöllun um hvaða breytingar er í raun og veru verið að gera á almannatryggingalögunum ætla ég að vitna í álit minni hluta heilbr.- og trn. Alþingis sem hún sendi til efh.- og viðskn. Þar segir minni hlutinn: „Tillögurnar eru handahófskenndar, vanhugsaðar, illa undirbúnar og illframkvæmanlegar."

Þeir sem lásu þetta yfir hugsuðu auðvitað sem svo: Er nú hægt að standa við öll þau stóru orð sem þarna eru? Við veltum því fyrir okkur þegar við settum þetta á blað, en eftir að hafa setið fundi nefndarinnar og kallað til fundar við nefndina starfsmenn Tryggingastofnunar, starfsmenn heilbr.- og trmrn. og ýmsa þá aðila sem með einum eða öðrum hætti tengjast almannatryggingalöggjöfinni er ekkert af því sem þarna er sett á blað ofsagt, því miður.

Ýmsir hlutir sem upp komu í starfi nefndarinnar voru lagfærðir þegar augljóst var að réttur ýmissa hópa var beinlínis skertur og þeir sem frv. sömdu og að því stóðu og lögðu fyrir þingið höfðu ekki hugmynd um. Gleggsta dæmið um þetta er barnalífeyririnn, sem var þó leiðréttur á síðustu dögum nefndarstarfsins.

En það eru ýmsir aðrir hlutir, eins og bensínstyrkur til öryrkja, kaup á ýmsum hjálpartækjum í bíla fyrir öryrkja, sem nú svífa, ef þessi breyting fer í gegn, algerlega í lausu lofti og útilokað er að segja til um hvernig muni fara. Það eru að vísu fyrirheit um það af hálfu hæstv. ráðherra að þetta verði lagfært í meðförum og vinnu í Tryggingastofnun ríkisins. En það gæti einfaldlega farið svo að Tryggingastofnun ríkisins skorti lagaheimildir til að gera slíka hluti.

Það kom fram hjá Hilmari Björgvinssyni, deildarstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, að greiðslur þeirra 600 sjómanna sem fá lífeyri í dag frá Tryggingastofnun mundu að langstærstum hluta þurrkast út. Ég hygg að það sé rétt að a.m.k. munu 500 þeirra algjörlega missa sinn grunn. Það er sorglegt til þess að vita að þegar slíka breytingu á að fara að gera og ekki vitað annað en hún hafi þingmeirihluta skuli maður finna í þingtíðindum frá árinu 1981, þegar var rætt um breytingar á frv. til laga um almannatryggingar þar sem var verið að lögfesta það ákvæði að sjómenn skyldu fá lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins þegar þeir yrðu 60 ára, að þá sagði á þingi hv. alþm. Karl Steinar Guðnason, með leyfi forseta, og ætla ég að fá að vitna í örfá orð úr hans ræðu:

„Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, þá ánægju sem menn hafa sýnt yfir því að þetta frv. skuli nú vera komið úr nefnd. Rétt er að geta þess að það ákvæði sem hér hefur verið tekið upp er þáttur í kjarasamningum, er þáttur í kjarasamningum sem Sjómannasamband Íslands þurfti að knýja á um, en eftir stendur það að Lífeyrissjóður sjómanna er afskaplega illa staddur og lífeyrir sem sjómenn fá er afar nöturlegur. Og ég tala nú ekki um aðstandendur þeirra. Nokkur bót varð á við þessa síðustu samninga, en betur þarf að gera til þess að réttlætinu verði náð."

(**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni því nú stendur til að hæstv. samgrh. flytji skýrslu sína eins og um hafði verið samið kl. 3. Ef hv. þm. á mikið eftir af ræðunni væri betra að hann frestaði henni þar til skýrsluflutningi lýkur eða umræðu um hana.) Forseti. Ég gæti haldið að ég ætti eftir í mesta lagi um 10 mínútur af minni ræðu og ef mögulegt væri að ég fengi að ljúka henni þætti mér vænt um það. (**Forseti:** Ef um er að ræða aðeins 10 mínútur er sjálfsagt að hv. þm. fái að ljúka sinni ræðu áður en skýrsla ráðherrans verður flutt.) Ég þakka forseta fyrir það, en ætla að fá að halda áfram að vitna í hv. þm. Karl Steinar Guðnason þar sem hann segir:

„Það er mikils virði að sérstaða sjómanna var viðurkennd. Hjá öðrum þjóðum tíðkast það með þá sem í herþjónustu eru að þeir komast á eftirlaun fyrr en aðrir. Ýmsar aðrar starfsstéttir gera það einnig — starfsstéttir sem eru metnar á þann hátt að þær skipti feykilega miklu máli fyrir viðkomandi þjóð. Ég tel að það sé ástæða fyrir okkur að líta á sjómannastéttina sem okkar hermenn, okkar starfsmenn við að halda uppi lífskjörum þjóðarinnar. Við þurfum að meta það svo sem unnt er."

Nú þætti mér gaman að heyra frá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, hvort hann ætlar nú, tíu árum síðar, að standa að því að þurrka þetta mikilvæga ákvæði út úr almannatryggingalögunum og svipta sjómennina, hermenn þjóðarinnar, þeim rétti sem hann talaði svo fagurlega um hér fyrir tíu árum? Staðreyndin er sú að sennilega er Lífeyrissjóður sjómanna ver staddur nú en hann var á þessum tíma.

Í áliti minni hluta efh.- og viðskn. er á það bent að í þeim tillögum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni sé í raun sett á elli- og örorkulífeyrisþegana nýtt skattþrep sem er 55%. Á sama tíma eru eignatekjur algerlega látnar eiga sig. Eins og ég vitnaði í áðan er í þeim gögnum sem við fengum í heilbr.- og trn. gert ráð fyrir því og það er sagt beinlínis að átta einstaklingar eigi eignir hver um sig upp á 29 millj. kr. Sumir af þessum einstaklingum eru að sækja um bætur frá almannatryggingum, jafnvel lægstu bætur, sérstaka heimilisuppbót sem er undir 5.216 kr. á mánuði. (**SigG:** Þetta er rétt.) Formaður heilbr.- og trn. staðfesti núna að þetta sé rétt. En auðvitað er alger svívirða að menn skuli nú byrja á að ráðast þannig á elli- og örorkulífeyrisþega en láta hóp sem auðvitað hefur stórkostlegar eignatekjur sitja með allt sitt án þess að við nokkru sé við hreyft. (**Gripið fram í:** Þið höfðuð 20 ár til að laga þetta.) Það er rétt.

Menn hafa haft langan tíma til þess, virðulegur þingmaður, að laga þessa hluti, en það sem hefur á skort og bersýnilega kom fram á síðasta þingi er að Alþfl. hefur staðið í vegi fyrir þessum hlutum. Það eru staðreyndir málsins.

En vegna þess að ráðherrar hafa fyrr kvartað yfir því að þeir fái ekki beinar spurningar langar mig til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. átta spurninga í lok minnar ræðu og tek þá saman það sem ég hef verið að segja.

Í fyrsta lagi þetta: Hvernig hyggst Tryggingastofnun ríkisins meðhöndla þá elli- og örorkulífeyrisþega sem búa erlendis? Hvernig á að taka á tekjum þessa hóps?

Í öðru lagi: Hvernig ætlar Tryggingastofnun ríkisins, og þá auðvitað heilbr.- og trmrh., að meðhöndla þann hóp sem er með hluta lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins í dag vegna þess að þeir hafa búið það skamman tíma hér á landi?

Hvernig ætlar hæstv. heilbr.- og trmrh. að koma til móts við þá öryrkja sem nú missa bensínstyrkinn?

Hvernig ætlar heilbrrh. að koma til móts við þann hóp öryrkja sem getur ekki eftir þessa breytingu fengið styrk til kaupa á hjálpartækjum í bíla sína þannig að þeir geti notað þá?

Hvernig hyggst heilbr.- og trmrh. ná þeim 260 millj. kr. sparnaði sem er raunverulega fullyrt að eigi að ná með þessari tekjutengingu þegar að minnsta kosti ½ hluti þess er nú þegar fallinn út? Það er alveg ljóst að janúarmánuður er dottinn út þar sem bætur hafa verið greiddar fyrir þann mánuð og stefnir í að febrúarmánuður detti út líka.

Hvernig á að standa að framkvæmd skerðingarinnar í Tryggingastofnun? Starfsmenn Tryggingastofnunarinnar hafa lýst því yfir að hún sé óframkvæmanleg. Það gerðu þeir í hv. heilbr.- og trn. Ég held að það sé rétt og því spyr ég ráðherra: Er meiningin að miða áfram við þessi þrjú viðmiðunarteknamörk sem frv. gerir ráð fyrir að miðað sé við, í fyrsta lagi atvinnuteknamörkin, í öðru lagi viðmiðunarmörk fyrir tekjur úr lífeyrissjóðunum og í þriðja lagi viðmiðunarteknamörk fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem eru komnar yfir 62.000 kr. á mánuði eða á, hæstv. heilbr.- og trmrh., bara að taka þann eina hóp 5.500 og skerða sérstaklega? Og þá spyr ég: Hvernig gengur að safna skattskýrslum þessa hóps sem ekki er til í Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að þeir þurfa ekki í dag að sanna sínar tekjur? Trúir ráðherrann því að það sé hægt að koma öllu þessu í kring fyrir 15. jan., sem er liðinn, vegna þess að menn þurfa að hafa sent allar forsendur til Skýrsluvéla ríkisins fyrir miðjan mánuðinn á undan áður en bætur eru greiddar út? Auðvitað tekst þetta ekki, það er alveg ljóst.

Hvað með tvísköttunarsamninga milli þeirra landa sem við erum að taka bætur af hjá fólki í dag sem er til dæmis statt í Bandaríkjunum? Hvernig kemur þetta inn í tvísköttunina?

Og í áttunda lagi: Hver verður útgjaldaaukinn sem af því hlýst að taka elli- og örorkulífeyrisþega, eins og frv. gerir beinlínis ráð fyrir, út af vinnumarkaðnum þar sem þeir hafa verið að afla sér verulegra tekna í dag og koma þeim inn í tryggingarnar og greiða þeim tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót? Var reiknað með þessum útgjaldaauka í þessum 260 millj. kr.? Það var ekki gert. Og hvernig hyggst þá ráðherrann ná þeim 260 millj. kr. sparnaði sem þarna er áætlaður?

Umræðu frestað.

Skýrsla samgönguráðherra um málefni Skipaútgerðar ríkisins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í samráði við hæstv. forseta var ákveðið að ég gæfi munnlega skýrslu um málefni Skipaútgerðar ríkisins í framhaldi af þeim umræðum sem hafa orðið á hinu háa Alþingi.

Við afgreiðslu fjárlaga var samþykkt að rekstur Skipaútgerðar ríkisins yrði lagður niður og eignir hennar seldar. Fyrir því voru þessar ástæður helstar:

1. Stórstígar framfarir hafa orðið í samgöngum á undanförnum árum. Landflutningar hafa vaxið hröðum skrefum og í mörgum tilvikum komið í stað sjóflutninga.

2. Í samræmi við þessa þróun var óhjákvæmilegt að endurskoða þjónustuhlutverk Skipaútgerðar ríkisins. Það fyrirtæki var þarft og nauðsynlegt á sínum tíma, en jafnt og þétt hefur dregið úr þeirri nauðsyn að ríkissjóður standi undir rekstri skipafélaga. Ekki hefur tekist að láta rekstur Skipaútgerðar ríkisins standa undir sér og hefur verið óhjákvæmilegt að veita verulegum fjármunum til hennar úr ríkissjóði. Samkvæmt fjárlagaáætlun Skipaútgerðarinnar fyrir árið 1992, sem dagsett er 3. júní sl., var gert ráð fyrir að rekstrarstyrkir af fjárlögum næmu á þessu ári 230 millj. kr., en tekjur af farmgjöldum yrðu 291 millj. kr. Aðrar tekjur yrðu 73 millj. kr. Tap eftir afskriftir var áætlað 44 millj. kr. Gert var ráð fyrir að þrjú skip yrðu í rekstri á árinu.

Mér varð fljótt ljóst að ég treysti mér ekki til annars en taka rekstur Skipaútgerðarinnar til gagngerðrar endurskoðunar eða leggja hana niður. Ég réði Björgólf Jóhannsson, endurskoðanda hjá Endurskoðun Akureyrar hf., til þess verks að gera úttekt á rekstri Skipaútgerðarinnar. Ég lagði mikla áherslu á að fá hann til verksins þar sem hann nýtur trausts á ströndinni og er gjörkunnugur atvinnuháttum þar, sérstaklega sjávarútvegi.

Niðurstaða hans var í stuttu máli sú að þrjár leiðir kæmu helst til greina:

Í fyrsta lagi: Breytt rekstrarskipan Skipaútgerðar ríkisins. Það yrði stefnt að því að minnka umsvif hennar þannig að aðaláhersla yrði lögð á að þjónusta þá staði sem eru afskiptir af öðrum flutningsaðilum.

Í öðru lagi: Sala á Skipaútgerð ríkisins. Hún yrði boðin til sölu til skipafélaga eða annarra aðila sem áhuga kynnu að hafa á slíkum rekstri.

Í þriðja lagi: Skipaútgerð ríkisins yrði lögð niður í áföngum með ákveðnum hliðarráðstöfunum. Björgólfur Jóhannsson ræddi m.a. við fulltrúa skipafélaganna og einstakra sveitarfélaga um mál Skipaútgerðarinnar og hefur sú undirbúningsvinna orðið mér mjög gagnleg. Við höfum einnig farið yfir rekstrarafkomu einstakra flóabáta og velt upp möguleikum til að draga úr rekstrarhalla þeirra, en þau mál koma nú upp á borðið eftir að málefni Skipaútgerðar ríkisins hafa skýrst.

Hinn 24. sept. boðaði ég til blaðamannafundar þar sem ég kynnti í grófum dráttum afstöðu mína til Skipaútgerðar ríkisins og framtíðarmarkmið. Það hefur legið fyrir og margsinnis komið fram að ég hef verið reiðubúinn til að ræða Skipaútgerð ríkisins og hugsanlega sölu fyrirtækisins eða einstakra eigna þess við hvern þann sem áhuga hefur sýnt á slíku.

Í byrjun nóvember urðu formannaskipti í stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins að beiðni Halldórs Kristjánssonar sem var á förum til nokkurra vikna dvalar erlendis en knýjandi að fá niðurstöðu í málefni Skipaútgerðarinnar. Ég skipaði Benedikt Jóhannesson, stærðfræðing hjá Talnakönnun hf., í hans starf. Áður hafði ég beðið hann að fara yfir rekstraráætlun aðila við Eyjafjörð sem höfðu sýnt áhuga á siglingum austur um land frá Eyjafjarðarsvæðinu, hugsanlega til Hornafjarðar eða Vestmannaeyja. Hugmynd þessara aðila var að færa flutninga Ríkisskipa á þessu svæði frá hinu opinbera til einkaaðila. Niðurstaða þeirrar könnunar var að rekstrarhalli yrði á slíkri útgerð með einu skipi og næmi hann 50–80 millj. kr. Ég tilkynnti þessum áhugamönnum að ekki væri grundvöllur fyrir rekstrarstyrk af hálfu ríkisins, enda væri ekki gert ráð fyrir framlagi á fjárlögum til strandsiglinga. Lauk þessu máli þar með.

Fyrstu vikurnar ræddi Benedikt við fjölmarga aðila sem tengjast kaupskipaútgerð með einum eða öðrum hætti. Þar á meðal ræddi hann við forráðamenn beggja þeirra kaupskipaútgerða sem annast hafa strandsiglingar undanfarin ár ásamt Skipaútgerðinni. Strax varð ljóst að ekki var grundvöllur fyrir þríhliða samkomulagi Samskipa, Eimskipafélagsins og Skipaútgerðar ríkisins, en það var reynt í löngum viðræðum aðila á tugum funda fyrir tveimur árum. Ekki komu fram á þessum fundum neinar skýrar hugmyndir um framhald þessara siglinga, en fjölmörg atriði voru reifuð.

Í desember lagði hópur á vegum starfsmannafélags Skipaútgerðarinnar og fleiri aðila fram tilboð í allar eignir Ríkisskipa ásamt hugmynd að þjónustusamningi um siglingar á sömu hafnir og Skipaútgerðin hefur siglt á undanfarin ár. Gert var ráð fyrir árlegri greiðslu úr ríkissjóði upp á tæpar 160 millj. kr. Kauptilboðið nam rúmum 400 millj. og gerði ráð fyrir 5% afslætti vegna hlutabréfakaupa starfsmanna. Það virtist í sjálfu sér vera sanngjarnt verð fyrir eignir, en aftur var ekki hægt að fallast á greiðslu úr ríkissjóði þar sem ekki var gert ráð fyrir peningum til hennar í fjárlögum. Kauptilboðinu var tekið, enda næðist samkomulag um greiðslukjör og tryggingar og lögð yrði fram rekstraráætlun sem sýndi að reksturinn bæri afborganir. Þjónustusamningnum var hafnað með skírskotun til fjárlagafrv. Engar þjónustukvaðir mundu fylgja kaupum ef af yrði.

Áhugahópurinn skrifaði ráðherra á ný og sagðist standa við kauptilboð sitt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ekki komu fram í bréfi hópsins. Ég óskaði þá eftir að Benedikt Jóhannesson ásamt Þórhalli Jósefssyni tæki þegar upp viðræður við hópinn og skyldu niðurstöður nást innan tveggja vikna. Að hálfu fulltrúa ríkisins var lögð áhersla á að rekstraráætlun yrði að liggja fyrir til þess að ljóst yrði að greiðslur til ríkisins yrðu tryggðar. Í viðræðum kom fram að ekki væri búið að safna neinu hlutafé enn, en nefnt að eitt sveitarfélag hefði heitið að taka þátt í hlutafélagi ef af yrði. Hópurinn lagði fram spurningar um ákveðin atriði og var svarað skriflega. Enn var áréttað að fjárlög heimiluðu ekki ríkisstyrk til rekstrar Skipaútgerðarinnar.

Þriðjudaginn 7. jan. kom svo fram tilboð frá Samskipum hf. um þurrleigu með kaupmála í ms. Esju. Þessi áform Samskipa gerbreyttu grundvellinum undir rekstrarmöguleikum nýs skipafélags á Austfjörðum. Benedikt Jóhannesson hafði því þegar samband við forráðamenn hópsins og greindi þeim frá þessu tilboði. Reyndar fengu þeir vitneskju um tilboðið áður en mér barst það til eyrna. Tilboð þetta varð að taka alvarlega, enda ekki hægt að segja að horft væri til heildarhagsmuna ef komið hefði til siglinga erlends leiguskips á vegum Samskipa á þessari leið.

Einar Hermannsson, skipaverkfræðingur og skipamiðlari, fór yfir tilboð Samskipa og síðdegis sama dag fór hann ásamt Benedikt og Þórhalli Jósefssyni á skrifstofu Samskipa og tjáðu þeim forráðamönnum þá að tilboðið væri ófullnægjandi. Jafnframt var Samskipamönnum tilkynnt að ekki væri hægt að gera neitt bindandi samkomulag án samþykkis bæði samgöngu- og fjármálaráðherra. Einar fór yfir og reiknaði ýmsa möguleika samkvæmt almennum formúlum um afskriftir og vaxtastig. Samskipamenn lýstu því yfir að þeir mundu láta frá sér heyra daginn eftir.

Á miðvikudeginum 8. jan. lögðu Samskip fram nýtt tilboð með aðgengilegri skilmálum. Eigi að síður taldi Einar það ekki samræmast markaðsverði skipsins, en hann hafði metið það nálægt 13 millj. norskra kr. eða um 120 millj. íslenskra.

Benedikt Jóhannesson óskaði eftir því við forstjóra Skipaútgerðarinnar að hann boðaði fund í stjórnarnefndinni um málið á fimmtudagsmorgun. Benedikt hafði samband um það við Geir Gunnarsson í síma sama dag, en ekki náðist í Kristinn H. Gunnarsson sem einnig situr í nefndinni en hann mun hafa farið beint af þingfundi norður í land. Á fundi með fulltrúum undirbúningshópsins greindu Benedikt og Þórhallur svo frá því að tilboð hefði komið frá Samskipum. Það setti augljóslega mikið strik í reikninginn hvort sem því yrði tekið eða ekki.

Þennan sama dag hitti ég undirbúningsnefndina tvisvar og í kjölfar þess hafði ég samband við forstjóra Samskipa og sagði honum að hinn 30. des. sl. hefði ég lýst því yfir við starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins að þegar í stað yrði gengið til viðræðna við und-

irbúningsnefndina um stofnun hlutafélags um rekstur skipaútgerðar og yrði leitast við að fá niðurstöðu í þeim viðræðum innan tveggja vikna. Á meðan þær viðræður stæðu yfir yrðu ekki hafnar formlegar viðræður við aðra aðila um sölu eigna Skipaútgerðarinnar né um samningsbundin verkefni fyrirtækisins. Forstjóri Samskipa féllst þegar í stað á að nauðsynlegt væri að svigrúm gæfist til þess að ljúka þessum viðræðum.

Mánudaginn 13. jan. sl. hitti ég undirbúningsnefndina og afhenti hún mér bréf þar sem m.a. kemur fram að hún teldi að vegna skertrar þjónustu Skipaútgerðinnar hefði hagur fyrirtækisins stórlega versnað og eignir þess rýrnað síðan nefndin lagði fram tilboð sitt fram 12. des. Óskað var eftir því að enn yrði veittur tveggja vikna frestur til að tryggja nægjanlegt hlutafé og ganga frá ábyrgðum. Við því gat ég ekki orðið. Málið hefði horft öðruvísi við ef trúverðugar rekstraráætlanir hefðu legið fyrir og upplýsingar um hvaða aðilar væru reiðubúnir að leggja fram hlutafé. Óhugsandi var að stofna hlutafélag í eigu ríkisins um rekstur Skipaútgerðar ríkisins með sölu hlutabréfa fyrir augum í ljósi þess hallarekstrar sem hafði verið á fyrirtækinu, en engar nýjar upplýsingar lágu fyrir sem gæfu fyrirheit um viðunandi afkomu fyrirtækisins.

Þess er skylt að geta, svo vitnað sé í fréttatilkynningu Samskipa hf., að um helgina fóru fram óformlegar viðræður milli Samskipa og undirbúningshópsins um hlutafélagsstofnun að beiðni þeirra síðarnefndu um möguleika á samstarfi. Viðræður voru hreinskiptar og jákvæðar en leiddu ekki til sameiginlegrar niðurstöðu.

Eins og málin stóðu taldi ég óhjákvæmilegt að taka upp formlegar viðræður við Samskip 14. jan. um tilboð þeirra í Esjuna með siglingar til Austfjarða fyrir augum. Þær voru í höndum Benedikts Jóhannessonar, Þórhalls Jósefssonar og Einars Hermannssonar. Tilboð Samskipa var mun hærra en í byrjun og þann dag náðist samkomulag um verð. Enn var þó ágreiningur um veigamikil atriði, svo sem tryggingar, leigugreiðslur, afborgunarskilmála, klössun og ýmis tæknileg atriði. Framkvæmdastjóri Samskipa lýsti áhuga á fleiri eignum Skipaútgerðarinnar, en samningamenn ríkisins lögðu áherslu á að ljúka bæri samningum um Esjuna áður en samið yrði um fleiri þætti.

Miðvikudaginn 15. jan. hittust sömu aðilar um morguninn. Nokkuð hafði þá þokað um tæknileg mál, en enn bar á milli hvor skyldi bera kostnað af ýmsum þáttum. Lauslega áætlað munu þeir hafa numið um 6–7 millj. á fyrsta ári leigutímans. Samningsaðilar skildu skömmu fyrir hádegi án þess að ná samkomulagi og var Einari Hermannssyni falið að kanna leiðir til þess að jafna ágreining um kostnað við ákveðna þætti milli funda.

Miðvikudaginn 15. jan. eftir hádegi hittu Benedikt Jóhannesson og Þórhallur Jósefsson forstjóra Ríkisskipa og fóru með honum yfir þau atriði sem afgreiða þyrfti ef samningar næðust við Samskip. Jafnframt óskaði Benedikt eftir því að hann boðaði til stjórnarnefndarfundar morguninn eftir.

Þennan sama dag náði Benedikt í samstjórnarmenn sína, þá Kristinn H. Gunnarsson og Geir Gunnarsson, og sagði þeim frá því að viðræður væru í gangi. Kristinn talaði hann við skömmu fyrir hádegi og Geir um kvöldið.

Klukkan 17 miðvikudaginn 15. jan. hittust fulltrúar Samskipa og ríkisins enn á ný og hafði þá Einar fundið lausn á deilum um ákveðna kostnaðarþætti sem báðir gátu fellt sig við. Framkvæmdastjóri lýsti yfir að hann félli frá kröfu um kostnaðarþátttöku ríkisins í tryggingum og var þá aðeins eftir að komast að samkomulagi um lengd verðtryggðs skuldabréfaláns ef að kaupum yrði. Niðurstaðan varð sú að það yrði til átta ára. Enn var sagt frá því að ekki kæmi til samninga nema samþykki ráðherra lægi fyrir en Samskip gerðu fyrirvara um samþykki stjórnar og niðurstöður skoðunar. Fundi þessum lauk skömmu fyrir klukkan 19, en þá sátu Einar og fulltrúi Samskipa eftir til þess að ganga frá orðalagi samningsins.

Ég taldi nauðsynlegt að fara nákvæmlega yfir tímasetningar og gang samningaviðræðna þennan miðvikudag vegna ummæla hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hér í þinginu fimmtudaginn 16. jan. Ég hafði skýrt frá því í umræðum utan dagskrár á miðvikudaginn að Samskip hefðu gert tilboð í Esjuna og mundu líta út fyrir landsteinana eftir skipi til að sigla til Austfjarða ef samningar tækjust ekki, að viðræður stæðu yfir við Samskip hf. meðan á þingfundi stóð, að hér væri verið að tala um að íslenskt skipafélag sem nyti trausts á ströndinni tæki yfir þá þjónustu sem Skipaútgerð ríkisins hafði gegnt. Jafnframt lá fyrir að starfsfólk Skipaútgerðarinnar yrði látið sitja fyrir um vinnu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir þrástagaðist á því sl. fimmtudag að ég hefði sagt þinginu ósatt. Búið hefði verið að ganga frá samningum um Esjuna áður en utandagskrárumræðan hófst og það hefði mér átt að vera kunnugt. Eins og ég hef rakið nákvæmlega fer hv. þm. Guðrún Helgadóttir þar með staf í staðlausu, en andi ræðu minnar var sá að ég gerði mér vonir um að af samningnum yrði við Samskip.

Síðan var skrifað undir samningana í samgrn. sl. föstudag kl. 10.30. Esjan var leigð svokallaðri þurrleigu til allt að þriggja ára með kaupmála eftir sex mánuði. Verðið er tæpar 120 millj. sé tekið tillit til leigukostnaðar á tímabilinu. Það er talið að þetta sé eðlilegt markaðsverð.

Síðan hafa verið teknar upp viðræður um hugsanlega leigu Samskipa á Heklu og kaup þeirra á öðrum eignum útgerðarinnar. Ef samningar takast, sem ég þori ekki að fullyrða á þessari stundu, munu Samskip reka þrjú skip með ströndinni, Arnarfell, Esju og Heklu.

Áhyggjur þingmanna hafa einkum beinst að því hvort hætta sé á að einstakir óskilgreindir staðir fái ekki fullnægjandi þjónustu ef Samskip yfirtaka rekstur Skipaútgerðarinnar. Svo tel ég ekki vera. Það er mat framkvæmdastjóra Samskipa að með því að reka Heklu og Esju með skipi Samskipa, Arnarfelli, sé hægt að annast jafnmikla flutninga og bæði Samskip og Ríkisskip hafa sinnt á ströndinni. Nýting skipanna batnar. Ekki þarf viðbótarfjárfestingu í hafnaraðstöðu né fasteignum. Allar stoð- og þjónustudeildir eru fyrir hendi og þess vegna sparast mikill kostnaður við yfirstjórn

og yfirbyggingu sem óhjákvæmilegur er ef reksturinn yrði áfram í höndum tveggja fyrirtækja og fjögurra skipa í stað þriggja.

Það er von mín að þessum forsendum gefnum að hugmyndir Samskipa gangi upp og sá rekstur sem hér um ræðir verði hallalaus. Þar með yrði þeirri hagræðingu náð í strandsiglingu sem margir samgönguráðherrar á undan mér hafa keppt að.

Ég vil að síðustu árétta að starfsfólk Skipaútgerðar ríkisins hefur skilað sínu verki vel. Það nýtur vinsælda og trausts á ströndinni. Það voru tækniframfarir og umbylting í samgöngumálum sem ollu því að ríkið hlaut að hætta að leggja fram fé til vöruflutninga og þjónustu með ströndinni eins og það á sínum tíma lagði niður farþegaflutningana.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. samgrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið þinginu. Eins og skilið var við málið síðast þegar það var tekið til umræðu var það ófullnægjandi og þess vegna var skynsamlegt hjá ráðherranum að verða við kröfu minni um að gefa munnlega skýrslu. Auk þess hafði hann út af fyrir sig nógan tíma í þessari umræðu til að segja satt svo ekki þurfi þar um að deila eða kenna um tímaskorti.

Málið hefur þróast síðan það var síðast til umræðu, en þó eru hér nokkur atriði sem mér finnast ekki vera nægilega skýr eftir ræðu ráðherrans. Hvernig ætlar ráðherrann að tryggja sambærilegar samgöngur á sambærilegu verði við það sem Skipaútgerðin bauð upp á? Það er að vísu komið fram að ef samningar takast við Samskip verða þrjú skip í strandsiglingum. Það kom ekki fram í ræðu ráðherrans hverjir yrðu viðkomustaðir þessara skipa eða hvaða gjald yrði sett upp fyrir þá þjónustu sem þau veita. Þetta finnst mér vera feiknamikið atriði og meðan það liggur ekki ljóst fyrir og meðan það er ekki upplýst hljóta þeir sem á minnstu stöðunum búa að vera í óvissu um sínar samgöngur. Ég tel að okkur beri skylda til að reyna að sjá til þess að samgöngur séu ekki látnar niður falla til þessara staða, en frá hendi ráðherrans liggur ekki fyrir um það hvernig það verði tryggt að samgöngum verði haldið uppi.

Í öðru lagi kom ekki nægilega skýrt fram í ræðu ráðherrans hvað yrði um starfsfólk Skipaútgerðar ríkisins. Það hefur að vísu komið fram að einhverjar áhafnir koma til með að fylgja skipum sem keypt eru, a.m.k. áhöfn Esju heldur þar áfram, en því spyr ég að þessu að ég tel að ríkið eigi nokkrar skyldur við þetta fólk sem hefur rækt sitt starf af mikilli prýði og ríkir mikil ánægja með störf þess hjá þeim sem við það hafa þurft að skipta.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um framgöngu ráðherrans í þessu máli. Hún hefur verið með nokkuð hröslulegum hætti á sumum stigum þessa máls og væri efni í talsverðan fyrirlestur. Ég ætla að sleppa því í von um að ráðherrann hafi lært af málinu og lausn á málinu verði þrátt fyrir allt á endanum farsæl, þó að ég sjái það ekki fyrir, og tryggðar verði samgöngur við þá staði sem ég nefndi áðan og að starfsfólk Skipaútgerðarinnar verði ekki skilið eftir í einhverju reiðileysi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég færi hæstv. samgrh. þakkir fyrir þá skýrslu sem hann flytur þinginu þó sú skýrsla komi fram síðar en æskilegt hefði verið.

Það er óhjákvæmilegt vegna orða ráðherrans í garð hv. 14. þm. Reykv. að rekja lítillega tímasetningar eins og þær voru sl. miðvikudag þegar hér fór fram utandagskrárumræða þar sem ráðherrann var spurður að því hvort hann hefði hafnað frekari viðræðum við undirbúningshóp. Hann var einnig spurður að því hvernig hann hygðist tryggja þjónustu við afskekkta staði. Svör ráðherra í þessari umræðu eru kunn og kunnar eru þingmönnum þær fréttir sem bárust í útvarpi skömmu eftir að umræðu lauk. Ég les, með leyfi forseta, úr frétt sem birtist á Bylgjunni kl. 17 þennan dag, einni klukkustund áður en umræða hófst. Þar segir:

„Ómar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Samskipa, segir að öll meginatriði séu nú í höfn varðandi kaup Samskipa á Esju, einu skipa Ríkisskipa. Umræður um að Samskip taki við öðrum þáttum í rekstri Ríkisskipa eru á byrjunarstigi."

Frétt um að viðræður milli samgrn. og Samskipa hefðu borið árangur og lokið með samkomulagi barst í útvarpi klukkustundu áður en umræðan hófst. Það er því ljóst svo að það er óumdeilt að hæstv. samgrh. fór ekki með réttar staðreyndir fyrir þingheimi í utandagskrárumræðunum. Ég sé því ekki ástæðu eða rök til þess af hálfu hæstv. samgrh. að atyrða hv. 14. þm. Reykv. fyrir hennar skoðanir og ummæli á fundi dagsinn eftir, síðasta fimmtudag, sem augljóslega höfðu við full rök að styðjast.

Ég vil einnig láta koma fram þá skoðun mína að ég tel að hæstv. samgrh. hafi ekki verið alvara með því fyrirheiti, sem hann gaf 30. des., að láta reyna til þrautar á samninga við undirbúningshópinn. Það kom strax fram í blaðaviðtali við ráðherrann 2. eða 3. jan. að hann hefði enga trú á því að þessi hópur gæti keypt og það kom einnig fram að hann hóf viðræður við annan aðila löngu áður en lauk þessum lágmarks hálfsmánaðar fresti sem hann hafði lýst yfir að hann mundi setja. Það var tilefni þess að starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins rituðu ráðherranum bréf þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins viljum minna yður á fyrirheit sem þér gáfuð okkur á fjölmennum starfsmannafundi 30. des. sl. Þar hétuð þér því að ekki yrði gengið til samninga við aðra aðila um kaup á eignum Skipaútgerðar ríkisins næstu tvær vikurnar á meðan á það reyndi hvort samningar tækjust við undirbúningsnefnd að stofnun hlutafélags um strandferðir. Við mótmælum því harðlega að nú hafið þér gengið á bak orða yðar með því að vera að semja við Samskip hf. um leigu á ms. Esju, einu skipi Ríkisskipa, án nokkurs fyrirvara um árangur samningaviðræðna við undirbúningsnefndina áður en tilskilinn tveggja vikna frestur er liðinn."

Þetta bréf bar þann árangur að hæstv. ráðherra

ákvað að fresta viðræðum við Samskip þar til 14. jan., en sú yfirlýsing sem ráðherrann gaf á sínum tíma var þannig að vikurnar tvær voru ekki aðalatriði málsins heldur hitt að láta reyna á það til þrautar hvort grundvöllur væri fyrir samkomulagi við undirbúningsnefndina og leitast við að ljúka þeim viðræðum á tveimur vikum. Aðalatriðið var að láta reyna á málið til þrautar, aukaatriði var hvort því lyki á tveimur vikum eða einhverjum öðrum tíma.

Það er ljóst af gangi mála að það var aldrei látið á það reyna hvort samningar næðust við undirbúningsnefndina. Nefndinni var ekki gefið það svigrúm sem hún þurfti og ráðherra tók ákvarðanir sem breyttu forsendum tilboðs undirbúningsnefndarinnar þrátt fyrir að nefndin hefði óskað eftir að ráðherra gerði það ekki. Ráðherra bjó því svo um hnútana á þessum tíma að *menn höfðu ekki þá stöðu sem þeir þurftu til að fara* og safna hlutafé. Ég hygg að það sé rétt að menn hafi á hreinu þennan gang mála og frammistöðu ráðherra í þessu máli, bæði gagnvart undirbúningsnefndinni og gagnvart þinginu síðustu viku. Skýtur það skökku við það sem hæstv. ráðherra sagði á þingi 17. okt. sl. þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég er síður en svo á móti því að breyta Skipaútgerð ríkisins í hlutafélag ef sú verður niðurstaðan að halda rekstri hennar áfram á þeim grunni sem hún er á núna sem mundi auðvitað hafa það í för með sér að slíkt fyrirtæki yrði sjálft að bera ábyrgð á sínum fjárskuldbindingum..."

Með öðrum orðum sagði ráðherrann: Menn mega kaupa ef þeir vilja og ég vil einkavæða. Það er svo aftur þeirra mál sem kaupa hvort hlutirnir ganga upp eða ekki. — Í reynd var það hins vegar ekki. Ráðherra vildi greinilega ekki gefa þeim sem vildu kaupa það færi sem þeir þurftu og gerði sífelldar kröfur um hluti sem voru málinu óviðkomandi eins og kröfur um rekstraráætlanir. Það eina sem var ráðherra viðkomandi var að sá hópur sem ætlaði að kaupa gæti greitt það verð sem hann byði og reitt fram þær tryggingar sem þurfti.

Fyrst ráðherrann var að vitna í margfræga skýrslu frá Endurskoðun Akureyrar hf., sem er einhver sú dýrasta skýrsla sem ég kannast við, hver blaðsíða af henni kostar um 200 þús. kr., tel ég rétt að vitna í þá sömu skýrslu, fyrst hún er einn grundvöllur ráðherrans undir hans ákvörðunarferli í málinu að selja Skipaútgerð ríkisins, og les þá úr skýrslunni þann kafla sem um það fjallar. Hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skilgreina þarf lágmarksþjónustu sem ríkisstjórnin telur þurfa á einstaka stöði og hugsanlegur kaupandi þarf að uppfylla. Þetta skilyrði fylgdi með í kaupunum og gilti í einhvern fyrir fram ákveðinn árafjölda. Áætla þarf þessa styrki með tilliti til núverandi stöðu."

Skýrslan byggir á því að það þurfi að gera þjónustusamning og fer nú hæstv. ráðherra illa með fé þegar hann kastar frá sér þessari grundvallarforsendu skýrslunnar.

En ég vil segja það, virðulegi forseti, undir lok míns máls að það er meginatriði að samfélagið tryggi fólki sem býr afskekkt eða langt frá höfuðborgarsvæðinu eitthvert tiltekið þjónustustig. Það er það grundvallaratriði sem menn ættu að geta sameinast um. Það hefur verið forsenda að öllum viðræðum sem fram hafa farið á undanförnum árum um að hagræða í innanlandssiglingum að menn slökuðu ekki á kröfunum um tiltekið þjónustustig og tengsl byggðarlaga innbyrðis og við höfuðborgarsvæðið. Hæstv. samgrh. hefur valið aðra leið. Hann hefur valið þá leið að kasta frá sér fyrirtækinu, leigja það í pörtum og óvíst enn hvað hann getur selt af þeim pörtum og láta skeika að sköpuðu um það þjónustustig sem verður eftir á. Það eru engar kvaðir á Samskipum hf. um þjónustu við landsbyggðina. Það eru engar kvaðir á Eimskipafélagi Íslands hf. við landsbyggðina. Eftir þessa breytingu verða þær einu skuldbindingar sem þessi skipafélög *taka á sig gagnvart landsbyggðinni þær sem félögin* vilja sjálf og svo lengi sem þau kjósa en ekki eins og verið hefur að samfélagið setji upp þjónustustig og feli ákveðnum aðila að uppfylla það. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu í samgöngumálum á Íslandi. Hér hefur verið skotið fyrst og síðan á að aðgæta hvort það sé ekki í lagi á eftir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir sína skýrslu. Reyndar tók ég eftir því að hann var alltaf að líta á klukkuna. Ég er að velta fyrir mér hvort hann hafi haft einhvern afmarkaðan tíma til að ljúka þessari skýrslu.

Ég vil fyrst og fremst tiltaka þrjú atriði sem mér fannst standa eftir eftir þær utandagskrárumræður sem fóru fram í síðustu viku. Það er að í fyrsta lagi vék hæstv. samgrh. sér undan því að svara þingheimi og greina honum frá gangi mála. Það tel ég að sé ámælisvert þar sem ráðherrar ættu að gera sér ljóst að þeir sitja í umboði Alþingis og þingheimur á fullan rétt á að vita um gang mála, ekki síst í jafnstóru máli og þessu.

Í öðru lagi má nefna málsmeðferð við þá aðila sem vildu stofna hlutafélag um þann rekstur sem átti að leggja niður. Þar hafa samningar verið í gangi við aðra aðila á sama tíma og verið er að ræða við þá og því ekki yfirlýst að þeim viðræðum sé lokið.

Og í þriðja lagi hafði ekkert verið birt á þessum tíma um hvernig ætti að þjónusta þá staði sem Skipaútgerðin hafði sinnt og mundi þjónusta hugsanlega leggjast af við það að Skipaútgerðin yrði lögð niður eða seld.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þessi mál. Ég vildi koma inn á þessi atriði. Ég vil líka nefna að það hefur ekkert samráð verið haft við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hingað til hafa treyst á þessa flutningaþjónustu og hafa reyndar ekki átt um neitt annað að velja. Eftir því sem hæstv. samgrh. sagði áðan átti eitt markmiðið með þessari endurskoðun og uppstokkun að vera að leggja aðaláherslu á að þjóna afskekktum stöðum. Skipaútgerðin yrði ekki lögð niður nema í áföngum. En þetta virðist eiga að gerast mjög fljótt núna og þess vegna vil ég spyrja: Hvenær verður þá þjónusta Skipaútgerðarinnar lögð niður að fullu miðað við þá

stöðu sem er í dag og hvenær verða birtar áætlanir Samskipa um þjónustuna sem ég vænti að verði þá tryggð á sambærilegu verði og Ríkisskip hefur haft? Mér finnst alveg tími til kominn að við fáum að heyra eitthvað um þessi tvö atriði.

Ég vil einnig gagnrýna að ekki hefur verið haft samráð við samgöngunefnd þingsins um jafnstórt mál og þetta. Í síðustu utandagskrárumræðum um þetta mál var einmitt komið inn á það að samgöngunefnd þingsins þyrfti að fjalla um þetta mál og ætti að fjalla um það, en þó að ég sé í samgn. hef ég ekkert um það heyrt enn að það sé komið til hennar kasta.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Hæstv. samgrh. hefur gert þinginu grein fyrir því máli sem hér er til umræðu, málefnum Skipaútgerðar ríkisins. Þegar þetta mál kom til umræðu fyrir stuttu lagði ég áherslu á það meginatriði að þjónustan við afskekktar byggðir landsins við ströndina yrði tryggð og í öðru lagi að þeirri óvissu sem ríkti um kjör starfsfólks Skipaútgerðar ríkisins yrði eytt þannig að þetta fólk mætti njóta öryggis hvað varðaði starfskjör sín.

Nú hefur hæstv. samgrh. fullvissað okkur um það í máli sínu að hvort tveggja sé tryggt, það sé hans mat. Ég vil eigi að síður taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. um að enn höfum við ekki neinar tryggingar um það á hvaða verði þeir flutningar sem Samskip mun standa fyrir verða boðnir. Þaðan af síður liggur fyrir þjónustusamningur um hvernig Samskip ætla að standa að þessum flutningum og hvort það sé tryggt að afskekktustu byggðirnar við ströndina muni yfir höfuð njóta þeirrar þjónustu sem Skipaútgerðin hefur hingað til boðið og veitt og tryggt. Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh. hvernig og hvort þetta sé tryggt, hvort hann hafi einhvern samning í höndum við Samskip um að Samskip ætli að tryggja þessa flutninga. Þá á ég fyrst og fremst við afskekktustu byggðirnar og þarf ekki að telja upp staði. Hæstv. samgrh. er kunnugt um hvaða staðir eiga í hlut. Ef slíkur samningur hefur ekki verið gerður tel ég að nauðsynlegt sé að Samskip leggi fram með einhverjum hætti öruggar tryggingar fyrir því að þessir staðir verði ekki hafðir út undan.

Hæstv. samgrh. hefur upplýst að beiðni Skipaútgerðar ríkisins frá því í júní á síðasta ári varðandi fjárlög þessa árs hafi numið 230 millj. kr. styrk. Framlag á fjárlögum til Byggðastofnunar á þessu ári er 180 millj. kr. eða um það bil. Hér er um mikla fjármuni að ræða ef ríkissjóður hefði þurft að verja til þessara flutninga 230 millj. kr. Segja má að það sparist þess vegna um 200 millj. kr. til þjónustu á landsbyggðinni. Þess vegna verður að spyrja á móti á hvern hátt megi nýta þessa fjármuni til að treysta samgöngur á landsbyggðinni með öðrum hætti. Við erum ekki að stíga skref í þá átt að skerða þjónustuna við landsbyggðina heldur tek ég undir það með hæstv. samgrh. að það eru breyttar aðstæður. (**EgJ:** Hvað með fjárlagafrv.?) Það eru breyttar aðstæður sem kalla á þá endurskipulagningu sem hæstv. samgrh. hefur nú beitt sér fyrir. Það verða gerð aftur fjárlög, hv. þm. Egill Jónsson, og ég veit að við munum taka saman um það höndum að hér verði tekið fullt tillit til breyttra aðstæðna. Það er þess vegna sem ég vek athygli á þessu að hér sparast fjármunir sem verða að nýtast með einhverjum hætti til að auka þjónustuna við landsbyggðina í samgöngu- og vegamálum. Það eru einmitt þær breyttu aðstæður sem við verðum að taka fullt tillit til.

Frú forseti. Ég held að hér hafi verið stigið skref sem hafi í sjálfu sér verið tímabært í ljósi breyttra aðstæðna ef tekið verður tillit til þess, sem ég hef verið að vekja athygli á, að þjónustan við landsbyggðina verði ekki skert heldur nýtist þessir peningar með öðrum hætti en verið hefur hingað til.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu. Hún hefði gjarnan mátt vera fyrr, en ekki er við forseta að sakast um það. Við hefðum getað komið því á vafalaust aðrir.

Þá er fyrst til að taka að þegar talað er um þjónustusamning var á því byggt frá upphafi, a.m.k. heyrði ég aldrei neitt annað frá því að ég byrjaði að taka þátt í því að aðstoða starfsmenn eins og allir vita hér inni væntanlega, þess vegna var upphaflegt tilboð eitthvað öðruvísi en síðan varð. En þjónustusamningur var afskrifaður af hálfu þeirra sem fóru með málefni ríkisfélagsins, þ.e. ráðherrans væntanlega og hans trúnaðarmanna. Ekki meira um það.

Ég held að það sé óþarfi fyrir mig að ræða mjög lengi um þetta mál, enda er tíminn örstuttur, nokkrar mínútur. Ég vil þá aðeins geta þess að undirbúningsnefndin og Samskip hafa ræðst mikið við að undanförnu og er alveg óhætt að segja að hugarfarið hafi verið aldeilis ágætt á báða bóga og sé enn. Það er hægt að tala við þá menn og ætti því að vera auðið að koma málum þannig fyrir að allöruggt og öflugt skipafélag gæti verið hér við strandsiglingar og millilandasiglingar. Núverandi undirbúningsnefnd getur sjálfsagt fljótlega lokið störfum, en hún hefur verið kölluð saman næstu daga og þar verða málin skoðuð niður í kjölinn og ákvarðanir teknar um framhaldið.

Frá mínum bæjardyrum séð er mergurinn málsins sá að ríkisvaldið getur með engum hætti skilið við þetta mál svo að einokun yrði á siglingum til og frá landinu og á ströndinni. Um þetta held ég að hv. alþm. séu meira og minna sammála. Einu skipi Skipaútgerðarinnar hefur nú verið ráðstafað sem kunnugt er og tveir ráðherrar hafa undirritað kaupleigusamning, hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. Skipið var selt Samskipum hf. á leigu og drög að þeirri ráðstöfun voru raunar lögð meðan undirbúningsnefndin vissi ekki annað en við hana eina væri verið að ræða. Þetta eru staðreyndir og er ágætt að allar þær dagsetningar og tímasetningar sem var gerð grein fyrir liggi fyrir þannig að menn þurfi ekki að rífast um aukaatriði og staðreyndir.

Héðan í frá er ekkert við þessu að gera. Það er sjálfsagt að líta á málið eins og það er. Og síst langar mig til að munnhöggvast við þá ráðherrana, flokksbræður mína. Það þjónar nákvæmlega engum tilgangi og best að strika yfir það sem liðið er og snúa sér að

því að byggja upp það skipafélag sem starfandi er með sameiginlegu átaki og auðvitað sem almenningshlutafélag. Hv. þm. hafa líka þegar fyrir nokkrum dögum fengið í hendur skjöl sem þetta mál varðar og kynnt sér þau rækilega vænti ég.

Tími minn er nú reyndar búinn. Ég vil aðeins taka það fram að mín einlæg ósk er sú að máli þessu linni þannig að öflugt félag standi eftir og tryggi samgöngur og samkeppni. Frá mínu sjónarmiði væri ekkert á móti því að það héti Samskip, orðið er gott, bæði innanlands og utan. Í öllu falli yrðu til að koma samtök margra manna til að efla traust á fyrirtækinu og held ég að áhættusamt yrði að leggja út í þessa siglingu öðruvísi en með stofnun verulega öflugs almenningshlutafélags sem ég efast ekki um meginþorri hv. alþm. er sammála um. En síðast en ekki síst verð ég að fá leyfi til að geta þess að auðvitað er það fyrst og fremst hagur starfsfólksins sem verður að gæta næstu dagana.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt um málefni Ríkisskipa. Ég tel að það hafi verið full þörf á að ræða þetta mál undir rýmra formi en hálftíma umræðu utan dagskrár. Ég held að nauðsynlegt sé að rifja upp nokkur meginatriði sem upp úr standa í þessum máli og þar sem það virðist kannski ekki vera öllum alveg ljóst.

Meginatriðið er að ákvörðun hefur verið tekin um að hætta að ríkisstyrkja þessa flutninga. Töluverðu fé hefur verið varið til þeirra á undanförnum árum og það er alveg rétt að margir samgönguráðherrar hafa unnið að því að reyna að minnka það, en nú hefur ekki verið tekin ákvörðun um að minnka það heldur hætta þessum ríkisstyrkjum alveg. Síðan er ákveðið að leggja Ríkisskip niður og með ákvörðunum um að skipa því að selja skip og hætta Færeyjasiglingum er aðstaða þess veikt. Það er ámælisvert. En síðan þróast málin í viðræður við annað stóra skipafélagið hér. Ég ætla svo sem ekkert að efast um að þeir hafa vilja til að halda þessum siglingum áfram hjá Samskip, en samt er alveg ljóst og mér er kunnugt um það að við þá hefur ekki verið gerður þjónustusamningur og þeir reka þessar siglingar aðeins í frjálsri samkeppni á markaðnum. Það er alveg ljóst að svo verður.

Ég viðurkenni að það er visst hagræði fólgið í þessari sameiningu. Samskip hefur aðstöðu til að taka þessa flutninga að sér og sameina afgreiðslur, tæki o.fl. En hitt er alveg óljóst, hvort þeir geta haldið þessum siglingum áfram á hverja einustu höfn án þess að hafa til þess tilstyrk. Það er alveg eins víst að það verði á því einhverjar breytingar ef Samskip telur sig ekki geta haldið þeim uppi án þess að tapa á þeim.

Það er alveg ljóst að sú ákvörðun hefur verið tekin að hætta að ríkisstyrkja þessar samgöngur og þar með eru samgöngur ýmissa smærri staða í meiri óvissu en var áður. Það rétta hefði verið að mínum dómi að ákveða einhverja tiltekna upphæð sem ríkisstyrk í þessar siglingar og reyndar var það ofarlega á baugi í þeirri nefnd sem ég sat í á sínum tíma ásamt fleiri góðum mönnum, á tíma fyrrv. samgrh., að það var rætt mjög alvarlega hvort ekki væri leið að þarna væri ákveðin upphæð árlega, sem yrði þá allmiklu lægri en þær upphæðir sem var veitt til þessara mála, og reynt síðan að halda uppi siglingum á þeim forsendum.

Þessu máli er ekki lokið. Það standa enn þá yfir viðræður við Samskip. Ef samningar takast, af því að málefni starfsfólks Ríkisskips hafa verið í umræðu, er ljóst að málefni starfsfólksins eru í óvissu, þeirra sem í landi vinna og þeirra sem vinna um borð. Ég hef enga trú á að Samskip muni ráða það fólk allt saman til vinnu. Þess vegna tek ég undir að auðvitað verður að líta á þann þátt málsins líka. Ef einhverjir hv. þm. hafa staðið í þeirri meiningu að þessi framgangur mundi verða þannig held ég að að sé alveg borin von. Þessi mál eru komin út í harða samkeppni með þessari leið. Því verða menn að gera sér grein fyrir, hv. þm. eins og aðrir, og eftir þetta verða strandsiglingar reknar, ef þessir samningar fara svona, í samkeppni tveggja fyrirtækja. Það er vonandi að slíkt gangi upp, en ég er alls ekki sannfærður um það. Ég er hræddur um að upp komi að það þurfi að breyta viðkomustöðum, fella einhverja staði út ef þessir flutningar eiga að standa undir sér.

Það er athyglisvert að fram kom í þessum umræðum hjá hæstv. samgrh. að nú eru málefni flóabáta til athugunar líka. Þar hefur sú leið verið farin að ákveða þeim ákveðinn styrk á fjárlögum. Má þar nefna t.d. Baldur á Breiðafirði og Akraborgina sem fá ákveðinn styrk á fjárlögum til sinna siglinga. Er það þá ekki framhaldið að þessir styrkir falli niður? Ég gæti ímyndað mér að ef framhaldið er rökrétt muni sú ákvörðun verða tekin að hætta að ríkisstyrkja siglingar. Ég tel það í sjálfu sér mikið óöryggi fyrir samgöngur á landsbyggðinni og verr farið en heima setið og óþarfi því að ég tel að það hefði mátt spara stórlega í þessum framlögum með því að fara aðrar leiðir í þessum málum en valdar hafa verið þó að ég voni svo sannarlega að Samskipsmenn, ef þeir taka að sér þessar siglingar, nái þeim árangri í rekstri að fraktirnar þurfi ekki að hækka sem er auðvitað einn vinkillinn enn þá á þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég á erfitt með að trúa því hvaða stefnu þessi mál eru að taka þessa dagana. Svo ótrúleg þykja mér í reynd þau tíðindi að hæstv. samgrh. skuli nánast einn og með sjálfum sér taka þá ákvörðun að ljúka þessari áratuga löngu sögu strandsiglinga með opinberum tilstyrk sem hefur verið geysimikilvæg undirstaða almenningsamgangna í þessu landi í þágu atvinnulífs og mannlífs um áratuga skeið. Þrátt fyrir mikinn og hraðan lestur hæstv. ráðherra áðan fannst mér aldrei komið að kjarna málsins sem er spurningin um þá algeru óvissu sem er greinilega stefnt út í. Ég tek fram að fyrirtækið Samskip er alls góðs maklegt og ég hef mikla samúð með því sem þeir eru að reyna að gera í erfiðri samkeppni við markaðsráðandi risa sem er við hliðina á þeim og lái þeim ekki þó að þeir reyni að afstýra því að enn sé nú þrengt að þeim með því að þessi hinn sami risi

hefði náð meiri undirtökum á ströndinni en þegar er orðið.

Hæstv. ráðherra nefndi bættar samgöngur á landi sem hefðu skipt sköpum í þessum efnum. Menn hafa vitað um það undanfarin ár og undanfarna áratugi, hæstv. ráðherra, að samgöngur á landi hafa verið að batna. En eftir sem áður hefur ekki hvarflað að mönnum fyrr en á þessu sumri að unnt væri að taka þá ákvörðun allt í einu að leggja niður strandsiglingakerfi sem byggt hefur verið upp með þjónustu við alla staði á ströndinni í huga. Á undangengnum árum og mér liggur við að segja áratugum, þegar málefni Ríkisskipa hafa iðulega verið til skoðunar í stjórnartíð margra ríkisstjórna, hefur útgangspunkturinn ævinlega verið sá að eftir sem áður þyrfti með einhverjum hætti að tryggja þessa þjónustu þangað til allt í einu nú að þess er ekki lengur þörf. Hæstv. samgrh. þarf að vita það, úr því að hann hefur svo mikla trú á batnandi vegum sem vissulega er rétt að hafa batnað, að eftir sem áður búa margir staðir við mikla landfræðilega einangrun a.m.k. yfir vetrartímann. Eftir sem áður eru velflestir fjallvegir ófærir svo vikum og mánuðum skiptir á Vestfjarðasvæðinu og jafnvel austanlands. Eftir sem áður eru þungatakmarkanir á vegum á vorin á stórum hlutum vegakerfisins úti í strjálbýlinu og eftir sem áður er ákveðin þungavara sem fer yfirleitt ekki nema með skipum, hæstv. ráðherra, og á sáralítið erindi upp á bíl. Eftir sem áður snýr þetta að samkeppnisstöðu atvinnulífs fyrirtækja á landsbyggðinni og hún verður stórlega lakari ef engar boðlegar sjósamgöngur eru fyrir hendi. Þá er ég ekki að tala um samgöngur á hálfs mánaðar til mánaðar fresti þegar menn koma og sækja framleiðsluvörur viðkomandi svæða heldur er ég að tala um einhverjar reglubundnar samgöngur samkvæmt áætlun sem unnt er að treysta á. Á því er mikill munur, hæstv. ráðherra, eða geðþóttasiglingum skipafélaga sem sækja þá frakt sem þeim hentar og jafnvel þegar þeim hentar.

Nei, gallinn liggur í því að hæstv. ráðherra virðist hafa tekið sér vald til að kveða upp úr um að ekki gæti orðið um neinn stuðning eða neinn samning um þessa þjónustu að ræða af hálfu þess opinbera. Slíkt mál hefur aldrei verið borið upp á þingi. Ég bendi á hvernig hæstv. ráðherra lagði málin hér fyrir þegar fjárlög voru til afgreiðslu. Þá átti þetta allt saman að leysast, m.a. með stofnun fyrirtækis sem nú er allt saman orðið í skötulíki.

Mér sýnist, hæstv. forseti, stórkostleg hætta á að menn séu að færast áratugi aftur í tímann hvað mikilvægar samgöngur fyrir landsbyggðina snertir, hverfa jafnvel aftur undir tíma vorskipanna og haustskipanna hvað afskekktustu staði eins og Norðurfirði á Ströndum snertir. Mér sýnist þó öllu alvarlegast í þessu máli að menn eru að klippa á, ef svo heldur sem horfir, þá innbyrðis tengingu landshlutanna með sjósiglingum sem gert hefur fyrirtækjum, verslun og framleiðslufyrirtækjum, á landsbyggðinni mögulegt að eiga innbyrðis viðskipti og standa Reykjavíkurvaldinu í þessu tilliti snúning.

Hæstv. ráðherra, sem stundum ber hagsmuni Eyjafjarðarsvæðisins nokkuð fyrir brjósti, ætti að hugleiða hvað það getur kostað slíka starfsemi á Norðurlandi, Austfjörðum eða Vestfjörðum að klippt verður, ef illa tekst til eins og hér horfir, á innbyrðis tengsl þessara landshluta. Með einum eða öðrum hætti mun það beina allri slíkri þjónustu og allri slíkri verslun til og frá Reykjavík og út á þessa staði. Þetta er langalvarlegasti hluti þessa máls, hæstv. forseti, og með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli bera á borð að þetta eigi bara að gerast si svona og með því að selja Samskipum, sem eins og ég segi eru alls góðs makleg, þessi skip sé þetta mál úr sögunni og leyst af hans hálfu.

Ég tel að það hafi verið staðið illa að þessu máli frá sl. hausti. Ég fæ ekki betur séð en flest hafi verið gert til að rýra kost fyrirtækisins sem þó stóð í orði kveðnu til að selja, m.a. með því að byrja á að skera af því arðvænlegasta hluta starfseminnar sem voru Færeyjasiglingarnar. Hvers vegna var allt í einu byrjað á þeim? Ef menn bera fyrir brjósti eðlilega samkeppni í þessum efnum var þvert á móti ástæða til að leyfa þeim anga að þroskast meira, enda var það hann sem fór fyrir brjóstið á stóra risanum í þessu dæmi, það er alveg ljóst.

Alveg síðan á þessu hausti hefur verið talað með þeim hætti um þetta fyrirtæki að það varð ekki til þess að auka áhuga manna á að taka við rekstrinum eða stofna um hann nýtt fyrirtæki.

Að lokum verð ég að segja að ræða hv. 5. þm. Austurl. var mér með öllu móti óskiljanleg og er það reyndar ekki í fyrsta skipti sem ég skil ekki alveg hv. þm. Hér liggur fyrir að verið er að draga stórlega úr þeim stuðningi sem úr sameiginlegum sjóðum hefur komið, gengið til þess undanfarin ár að halda uppi mennilegum samgöngum um landið allt. Það er ekki sérstaklega í þágu landsbyggðarinnar, það er í þágu landsmanna allra, hvar sem þeir búa í landinu, að hér sé rekið sæmilegt samgöngukerfi sem teygir sig til landsins alls. Það er verið að klippa á það með þessum hætti. Það er verið að skerða stórkostlega samkeppnisstöðu fyrirtækja og það gæti farið svo að þetta klippti á möguleika t.d. framleiðslufyrirtækja úti um landið að eiga innbyrðis viðskipti. Hv. 5. þm. Austurl., þetta er verið að gera á sama tíma og verið er að skera niður vegafé en ekki auka það. Og hvar koma þessar hundrað-og-eitthvað milljónir fram sem teknar eru núna af Ríkisskipum? Hvergi. Þvert á móti er dregið úr nánast öllum öðrum liðum í fjárlögunum sem lúta að stuðningsaðgerðum af þessu tagi þannig að hér er verið að snúa hlutunum við með þeim endemishætti sem hv. 5. þm. Austurl. flutti sitt mál og hef ég ekki frekari orð um það.

Að lokum er svo rétt að benda á að hér er gengið gegn þeirri þróun sem talin er æskileg í öðrum löndum og bæði með tilliti til orkusparnaðar og umhverfismála er auðvitað æskileg, þ.e. að hafa sem mest af þungaflutningum á sjó eða með járnbrautum þar sem þær eru til í staðinn fyrir að færa þá upp á land á bíla sem eyða meiri orku og eru umhverfisfjandsamlegri en þessi tegund samgangna.

Ég leyfi mér að leggja þrjár spurningar fyrir hæstv.

ráðherra í tilraunaskyni. Það má gera eina tilraun enn hvort upp úr honum hafast einhver svör. Sú fyrsta er þessi:

1. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra tryggja með fullnægjandi hætti að afskekktustu staðir á Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austfjörðum og minni staðir sem ætla má að ekki fái skipaviðkomur ef Ríkisskip leggja niður starfsemi fái ekki lakari þjónustu? Ég spyr um tryggingar í því sambandi.

2. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra sjá til þess að innbyrðis tenging landshlutanna verði ekki lakari en hún hefur verið hvað sjósamgöngur snertir?

3. Hefur hæstv. ráðherra látið gera úttekt á því hver áhrif af þessum breytingum verða á samkeppnisstöðu og innbyrðis viðskiptamöguleika fyrirtækja í verslun, þjónustu og framleiðslustarfsemi á landsbyggðinni?

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. samgrh. fyrir mjög greinargóða skýrslu um þetta mál sem staðfestir reyndar að mínu mati að aðgerðir hans hafa verið fullkomlega eðlilegar miðað við þær aðstæður sem Skipaútgerð ríkisins er komin í. Skýrslan staðfestir jafnframt að það var rangt, sem haldið hefur verið fram, að ráðherrann hafi sagt þingheimi ósatt í síðustu viku. Ég tel reyndar að hér sé um að ræða óvenju greinargóða skýrslu um mál sem þetta þar sem þingheimi er gerð grein fyrir því hvernig mál hafa þróast frá degi til dags og hvernig þeim hefur verið háttað.

Hv. samgn. hefur á undanförnum mánuðum komið að þessu máli á tvennan hátt. Annars vegar með yfirferð yfir þann hluta fjárlagafrv. sem um samgöngumál fjallar og hins vegar liggur fyrir nefndinni frv. hv. 2. þm. Suðurl. og fleiri þingmanna um Skipaútgerð ríkisins sem hefur verið sent út til umsagnar en verður síðan á dagskrá nefndarinnar þegar nefndir hefja eðlileg störf að nýju, en hv. 6. þm. Vestf. hefur ekki beðið um að nefndin fjallaði um Skipaútgerðina sérstaklega vegna þessa máls.

Því hefur verið haldið fram sem rökum fyrir sölu til starfsmanna Ríkisskips að um einkavæðingu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar væri að ræða og málið reyndar þannig undirbúið af hálfu undirbúningsnefndarinnar. Það stenst hins vegar ekki fjárlög fyrir árið 1992 að greiða hartnær 200 millj. á ári samkvæmt þjónustusamningi sem fylgdi tilboðinu til hins nýeinkavædda fyrirtækis. Markmið einkavæðingar er að færa rekstur úr höndum ríkisins og spara þannig fé með hagkvæmari rekstri en ekki að stofna og standa undir rekstri fyrirtækja sem ekki bera sig. Ég fæ ekki betur séð en stefna ráðherrans sé því í fullu samræmi við það að færa rekstur úr höndum ríkisins til einkaaðila og að það muni vera hægt í þetta skipti alla vega og nokkuð öruggt að það verði gert án þess að til einokunar komi.

Ég lýsi yfir fullum stuðningi við stefnu ráðherrans og tel reyndar að allir þingmenn Sjálfstfl. taki undir það með mér nema kannski hv. 4. þm. Reykv.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er átakanlegt að sjá hversu viðkvæmt mál það er fyrir hæstv. ráðherra að öll þjóðin veit að hann sagði ósatt sl. miðvikudag. Fyrir þá sem ekki voru hér þegar ég rakti það mál skal hlaupið yfir ósköp einfaldar staðreyndir.

Klukkan sex miðvikudaginn 15. jan. bar hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, fram fyrirspurn um gang þessara mála. Ráðherra svaraði því til að viðræður væru í gangi við Samskip. Hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, var hins vegar í forsvari fyrir nefnd til undirbúnings hlutafélagi sem e.t.v. gæti tekið við þessum rekstri. Ekkert var á það minnst að nálægt samningum væri komið.

Þegar hv. þm. opnuðu Ríkisútvarpið kl. sjö þetta kvöld, en héðan fórum við líklega kl. 6.45, kom frétt sem enginn hefur vogað sér að bera til baka og hún hefst svona, með leyfi hæstv. forseta: „Samskip hf. hafa gert kaupsamning um strandaferðaskipið Esju. Ómar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Samskipa, staðfesti skömmu fyrir fréttir að öll meginatriði varðandi kaupin væru í höfn." Og fréttin er raunar lengri. Ég tel ekki ástæðu til að lesa hana aftur, ég gerði það á föstudaginn.

Nú hefur verið upplýst, sem ég ekki vissi, að þessi frétt hafði verið komin á Bylgjunni kl. fimm, klukkutíma áður en fundurinn hófst. Í þessari umræðu, þegar ég gerði þessa athugasemd, talaði hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, sá er veitti nefndinni forstöðu, sem ekkert vissi um þessar viðræður við Samskip. Hv. þm. hóf ræðu sína hér til að taka undir mitt mál og sagði í upphafi ræðu sinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. forseti. Þessi umræða og þetta mál í heild sinni er orðið heldur dapurlegt. Ég get satt að segja naumast tekið þátt í umræðum við hæstv. ráðherra um þetta mál. Mér ofbýður."

Það er ánægjulegt að sá ágæti hv. þm., 4. þm. Reykv., skuli hafa tekið gleði sína aftur og lítur nú bjartari augum á þetta mál, en það var þungt í honum ef ég man rétt sl. föstudag.

Það segir svo ekki frekar af því að kl. 10.30 á föstudagsmorguninn er gengið frá samningum. Það er ekki lengi verið að því sem lítið er á þeim bæ.

Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra sagði þinginu ósatt og það veit öll þjóðin og það stendur skýrum stöfum í þingtíðindum og mun standa þar um allan aldur. Það er alvarlegt mál. Því miður held ég að þjóðþingið líti á það sem minna mál en þjóðin gerir. En það er önnur saga. Við sjáum hvað úr því verður. En viðkvæmni þeirra skil ég mjög vel og hv. 3. þm. Reykn. hefði betur látið ósagt það sem hann sagði um þetta mál því að hann vissi augljóslega ekkert um það.

En enn er ósvarað nokkrum spurningum. Ég vil enn heyra þær: Hefur nefnd hv. 4. þm. Reykv. lokið störfum? Esjan er aðeins hluti af eignum Ríkisskipa. Hvað á að gera við hitt? Eiga þeir þremenningar, Benedikt Jóhannesson, Þórhallur Jósefsson og hver sá þriðji var nú, að annast þetta einir og sjálfir eða á hv. 4. þm. Reykv. og hans nefnd enn að koma að einhverjum mál-

um? (**EKJ:** Hún kemur saman seinna í vikunni.) Hún kemur saman seinna í vikunni, segir hv. 4. þm. Reykv., og heldur enn að hann fái einhverju ráðið í þessu máli.

Sannleikurinn er sá að þetta mál er allt saman eitt reginhneyksli. Starfsmenn Ríkisskipa hafa verið hundsaðir eins og þeim komi þetta fyrirtæki ekkert við. Þjóðþingið hefur verið hundsað eins og því komi þetta mál ekkert við. Íbúar landsbyggðarinnar hafa verið hundsaðir eins og þetta komi þeim ekkert við. Ráðherra hefur ráðskast með þetta með frændgarði sínum eins og flest önnur mál, aðstoðarmönnum sínum örfáum, án þess að nokkur fái þar rönd við reist og kemur svo í þjóðþingið og segir ósatt.

Það er engin tilviljun að Færeyjasiglingar eru ekki leyfðar þar sem Eimskipafélagið er nú búið að fá þar slíka einokun að færeysk skipafélög eru komin á hausinn. Það er ekki lengi verið að snara þeim út úr myndinni.

Sannleikurinn er sá að hér er verið að skrökva miklu meira en ég hef lýst. (Gripið fram í.) Það er engin trygging fyrir því. — Hæstv. forseti. Svo hef ég verið borin þungum sökum að ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lengja mál mitt um eins og tvær mínútur því að ég er nefnilega að segja satt. Það er tilbreyting hér í salnum. (**Forseti:** Hv. þm. hefur þegar farið tvær mínútur fram yfir tímann.) Þá mun þingmaðurinn ljúka máli sínu mjög fljótlega.

Hér er auðvitað hráskinnsleikur í gangi. Það er verið að koma á svokallaðri samkeppni. Samkeppni milli hverra? Samskipa og Eimskipafélags Íslands. Það verður fljótlegt að skipta um nafn á þessu nýja skipafélagi ef hæstv. samgrh. verður lengi við völd, taka út ess og a og setja ei í staðinn.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. formaður samgn. kom inn á það áðan að ég hefði ekki beðið um fund í samgn. Það sagði ég heldur ekki í mínu máli áðan. Hins vegar hafði annar meðnefndarmaður minn beðið um fund í samgn. um þetta sama mál og það taldi ég alveg nægilegt.

Einnig sagði hann að fjallað hefði verið um þetta mál í fjárlögum. Ég tek fram að það var að vísu komið inn á það í umræðum um fjárlög að ekkert væri þar áætlað, enginn styrkur og Skipaútgerðin væri ekki á fjárlögum, en væri spurt um nánari útfærslu á þeirri þjónustu sem Skipaútgerðinni væri ætlað að sinna var svarið venjulega að það væri í skoðun og yrði upplýst síðar.

Það er einnig rétt hjá honum að það hefur verið fjallað um frv. um stofnun hlutafélags um rekstur Skipaútgerðarinnar einu sinni á fundi í hv. samgn. og það var jafnframt sent til umsagnar annarra aðila. Þeir aðilar áttu að skila umsögnum fyrir 5. des. sl. og það hefur greinilega verið látið bíða að fjalla um þær umsagnir þangað til hægt væri að ýta þeim út af borðinu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessar umræður hafa verið mjög óskilgreindar. Við fengum að njóta þess að sjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur hneykslast áðan, endurtaka ósannindi sín og vera sjálfri sér til lítils sóma og því embætti sem hún gegndi fyrir einu ári.

Ég var spurður að því með hvaða hætti ég ætlaði að tryggja sambærilegar samgöngur á sambærilegu verði úti um landið ef úr því yrði að Samskip tækju yfir rekstur Skipaútgerðar ríkisins og mátti auðvitað finna að þeir sem lögðu á þetta ríkasta áherslu eru þeir sem hafa verið trúaðastir á forsjárhyggju í gegnum árin. Af þeim viðræðum sem ég hef átt, ekki síst við framkvæmdastjóra Samskipa, óttast ég ekki að það félag muni ekki leggja sig fram um að þjónusta þá staði sem Ríkisskip hafa nú um hríð gegnt. Það má ekki gleyma því að Ríkisskip hafa í umboði Samskipa þjónustað ýmsa aðila á Austurlandi og milli þessara fyrirtækja tveggja hefur verið mjög náin samvinna.

Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram þegar talað er um þá smáu staði sem nauðsynlegt sé að veita þjónustu að þingmenn varast að nefna sérstaklega einstaka staði. Ég vil í því sambandi segja vegna þess sem fyrrv. samgrh., hv. 4. þm. Norðurl. e., sagði þegar hann var að gera lítið úr því að bættar samgöngur á landi gætu haft áhrif á sjóflutninga, að Skipaútgerð ríkisins hefur ekki með föstum áætlunarferðum annast flutninga frá ýmsum stöðum á Norðurlandi einmitt vegna þess hversu góðir landflutningarnir eru á slíka staði. Þetta á okkur báðum að vera jafnkunnugt. Við vitum líka að staðir eins og Kópasker eru þannig í sveit settir að Skipaútgerðin hefur ekki getað þjónað þeim á sjó. Þannig er sitt hvað um hvað er talað þegar rætt er um hina smáu staði. Grenivík gæti ég nefnt sem dæmi. Þannig fer ekki alltaf saman að rætt sé um smáa staði og þeim sé endilega þjónað með skipum. Það er alveg nauðsynlegt að taka þetta skýrt fram.

Ég held að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt að hagræða í rekstri eins og strandsiglingum með öðrum hætti en þeim að draga úr kostnaði við flutninga og rekstur. Það er ekki hægt að koma við hagræðingu ef hugmyndin er sú að halda öllum kostnaðarliðum í sama farinu eða helst auka þá. Þess vegna er það vitaskuld alveg rétt, sem hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan, að það hlýtur að koma upp í hugann samtímis því sem rætt er um það með hvaða hætti er hægt að koma upp meiri hagræðingu í sjóflutningum við Ísland og með því lækka verðið að við hljótum að hafa áhyggjur af því hvort og hvernig unnt sé að útvega því fólkið sem unnið hefur hjá Skipaútgerð ríkisins atvinnu.

Ég hef í þessum stól lagt á það ríka áherslu hver er höfuðástæðan fyrir því að ég taldi nauðsynlegt að taka tilboð Samskipa alvarlega og ég skil satt að segja ekki hvaða þingmaður getur látið sem það tilboð hefði ekki skipt máli í sambandi við hugsanlega stofnun skipafélags um strandsiglingar við Ísland. Ég hlaut að meta það mikils að Samskip hugsuðu sér að láta starfsfólk Skipaútgerðar ríkisins sitja fyrir. Og ég hef fyrir því áreiðanlegar heimildir að framkvæmdastjóri Samskipa meinar þessi ummæli sín og vill reyna að greiða fyrir því eins og nokkur kostur er að þetta fólk geti fengið vinnu við hans fyrirtæki. Á þetta vil ég leggja ríka

áherslu, en á hinn bóginn segi ég það skýrt og hreint að meðan ekki liggur fyrir hvernig eða hvort samningar takast við Samskip um Heklu og þá þjónustu sem hún hefur gegnt er ógerningur að reyna að ganga í að reyna að útvega starfsfólki Skipaútgerðarinnar vinnu annars staðar. Fyrst verður að ganga úr skugga um hverjir það eru sem kynnu að fá vinnu hjá Samskipum. Þetta hygg ég að mönnum sé öllum jafnljóst og mér.

Ég verð, hæstv. forseti, að láta í ljós undrun yfir því að einstakir þingmenn skuli halda að áreiðanlegri séu fréttir sem heyrast í fjölmiðlum en nákvæm skilgreining á gangi viðræðna í sambandi við sölu eða leigu á Esju.

Nú hef ég rakið gang þeirra viðræðna í skýrslu sem ég hef gefið hinu háa Alþingi. Þeir þingmenn sem enn halda því fram að ég fari rangt með ættu að bera það undir þá menn sem í samningunum stóðu hvort þar sé hallað. Það voru viss ágreiningsefni sem stóðu út af þegar utandagskrárumræðan var hér. Eins og kom fram í mínum ummælum leystust ágreiningsefnin á þessum fundi. Hið sama á við þegar verið er að tala um hvort hugsanlegt sé að Samskip leigi Heklu. Þar eru viss ágreiningsefni sem standa þar út af. Ef svo fer að það næst samkomulag um þau t.d. á morgun, ber það þá að skiljast sem svo að ég fari með ósannindi nú þegar ég segi að viss ágreiningsefni standi út af? Þetta er röksemdafærsla sem ekki dugir og er eiginlega í samræmi við hugsunarhátt sem í því er fólginn að laga staðreyndir í hendi sér og hafa fyrir því áratuga reynslu.

Í sambandi við það hvort ég hafi átt í viðræðum við aðra aðila en undirbúningsnefnd um stofnun hlutafélags þann hálfa mánuð sem þær viðræður stóðu yfir, þá hlýt ég að leggja á það ríka áherslu að viðræður mínar við framkvæmdastjóra Samskipa hófust einhvern tímann á sl. sumri. Þá var ég þeirrar skoðunar og er raunar enn að ógjörningur hafi verið fyrir þriðja félagið að koma inn í umræður um strandsiglingarnar með öðrum hætti en þeim að eiga náið samstarf við Samskip a.m.k. og helst bæði skipafélögin. Þess vegna hlaut það að vera mjög þýðingarmikill þáttur í stofnun nýs hlutafélags að samkomulag tækist um að félagið héldi þeim flutningssamningum sem Skipaútgerðin hafði gert við Samskip. Mér kom því mjög í opna skjöldu þegar Samskip lögðu fram tilboð sitt og mér var sagt frá því að undirbúningsnefndin hefði ekki um það vitað. En hún frétti raunar um það á undan mér. Hins vegar var gefið svigrúm til þess að undirbúningsnefndin og Samskip gætu talað saman, en það lá á borðinu að Samskip ætluðu sér að taka upp flutningana til Austfjarða. Engan hef ég hitt þann sem telur að það hafi verið einhver skynsamleg leið fær til að halda Esjunni úti í Austfjarðasiglingum í samkeppni við Samskip um markaðinn þar. Ég þekki engan sem því hefur haldið fram.

Ég hef líka verið spurður að því hvort ég líti svo á að umræðum við hóp að stofnun hlutafélags um strandsiglingar sé lokið. Það hefur ekki komið tilboð í Heklu né Öskju frá þessum hópi. Ég geri ráð fyrir að hann vilji bíða og sjá til hvernig fer um þær viðræður sem nú eru í gangi milli Samskipa og formanns stjórnarnefndarinnar. Ég skal ekkert um það segja hvað gerist ef Samskip kjósa að standa þarna utan við og treysta sér ekki til að taka Hekluna á leigu. Þá kemur upp ný staða í málinu sem verður að meta þegar þar að kemur.

Það er eitt frá fyrrv. hæstv. samgrh. sem ég vil aðeins víkja að. Hann spyr hvernig sé háttað innbyrðis tengingu milli landsfjórðunga. Ég hef sagt það hér áður a.m.k. tvisvar eða þrisvar úr þessum stól á síðustu dögum að á það mun skorta að áætlunarsigling verði frá Austurlandi til Norðurlands. Á síðasta ári var tekin upp slík sigling, að vísu með því að oft og tíðum varð að umskipa vörum. Eigi að síður var um slíka siglingu að ræða. Eins og nú horfir mun sú tenging falla niður, en hins vegar verður vel séð fyrir því að hægt sé að koma vörum austur á bóginn. Þetta vil ég að sé ljóst.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, frhnál. 383 og 388, brtt. 263, 286, 307, 339, 353 og 384.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vildi ég fá að veita andsvar. Hann sagði eitthvað á þá leið að erfiðleikarnir sem núv. ríkisstjórn og þjóðin stæðu frammi fyrir væru heimatilbúnir mestanpart vegna vaxtahækkana ríkisstjórnarinnar. Aðeins til að fræða hv. ræðumann vil ég benda honum á heimild í Hagtölum mánaðarins, desemberhefti, sem fjallar um þetta atriði. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Framan af árinu [þ.e. síðasta ári] héldu ríkissjóður og innlánsstofnanir þó að sér höndum með vaxtabreytingar þrátt fyrir vaxandi verðbólgu.“ Og síðar: „Á verðbréfamarkaðnum urðu hins vegar raunvaxtahækkanir á tímabilinu febrúar–maí, t.d. í viðskiptum með húsbréf. Síðustu vikur þess tímabils var ávöxtun slíkra bréfa hærri en meðalvextir verðtryggðra bankaútlána.“

Allir þeir sem hafa fylgst með vöxtum vita að á eftirmarkaði voru vextir miklum mun hærri en skráðir vextir á opinberum bréfum, svo miklu hærri að auðvitað hlaut að koma að því að ríkisstjórnin eins og aðrir viðurkenndi það og gerði þær breytingar sem þurfti, enda hefur það margoft verið rakið hvernig fé streymdi úr ríkissjóði á þessu tímabili.

Hitt atriðið sem kom fram í ræðu hv. þm. og ástæða er til að nefna er að erfiðleikarnir 1983 hafi verið miklu meiri en nú og samt hafi þá verið gripið til almennra aðgerða sem gefist hafa betur. Við skulum aðeins líta á tölur í þessu sambandi. Ef við lítum á tölurnar fyrir árið 1983, fyrst á það hvernig vergar þjóðartekjur á mann breyttust, urðu þær árið 1983 4,6% minni en árið áður, en vergar þjóðartekjur að raungildi

3,3% minni. Hins vegar er það svo að árið 1992 er gert ráð fyrir að vergar þjóðartekjur á mann séu 7% lægri en árið áður, en vergar þjóðartekjur 6,1% lægri en árið áður, þ.e. í fyrra. En sé litið til kaupmáttarins lækkaði kaupmátturinn árið 1983 á mann um 15%, en gera má ráð fyrir að kaupmátturinn á þessu ári miðað við sl. ár lækki um 2,1%. Almennu aðgerðirnar þá voru fólgnar í því fyrst og fremst að lækka gengi íslensku krónunnar stórkostlega. Það eru almennar aðgerðir, en ég vonast til þess að hv. þm. sé ekki að benda okkur á að það sé skynsamlegasta staðan í málunum í dag. Sé það svo verður hv. þm. að segja okkur frá því hvort það sé stefna Framsfl. í málinu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessu andsvari hæstv. fjmrh. er það rétt hjá honum að fé streymdi út úr ríkissjóði á sl. vori, gerði það einnig í sumar. Það kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út í september að flest af því sem ríkisstjórnin hafði gert sl. vor nægði alls ekki eða hún náði alls ekki þeim markmiðum sem stefnt var að. Það var dómurinn yfir aðgerðum ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Eftir stóð ekkert annað en að raunvextir í landinu höfðu hækkað á bilinu 2–3% sem atvinnulífið hefur þurft að bera síðan. Með lækkandi verðbólgu, sem hefur verið að lækka það sem af er ársins af þeirri ástæðu að enn hafa ekki verið gerðir kjarasamningar sem þýðir kjararýrnun fyrir launþega, ættu vextir að fara lækkandi. Hins vegar hefur fjmrh. staðið gegn því að vextir af ríkisskuldabréfum lækki og þar af leiðandi hefur ekki verið hægt að ná niður raunvöxtum í landinu þannig að sökin liggur þar.

Varðandi þá fyrirspurn hvort stefna Framsfl. sé gengisfellingarleiðin, þá var ég alls ekki að meina það. Það var hins vegar gripið til almennra aðgerða sem voru miklu víðtækari en gengisfelling ein og sér árið 1983. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. muni eftir því. Hann var ekki aðili að ríkisstjórninni, en hann var þingmaður stjórnarflokkanna á þessum tíma. Ég er ekki að mæla með gengisbreytingu, síður en svo. Hins vegar mundi hún hafa allt önnur áhrif í dag en hún hafði á þeim tíma, gengisbreyting sem kæmi fram ein og sér.

Ég vil hins vegar benda á að ríkisstjórnin sem þá var og tókst á við mikla erfiðleika fór ekki þá leið að leggja lyfjaskatt á sjúklinga upp á 1 milljarð, hún fór ekki þá leið að hækka gjöld við þá sjúklinga sem þurfa að sækja sér sérfræðilæknishjálp um 700 millj., hún fór ekki þá leið að hækka gjöld á það fólk sem þarf að sækja þjónustu á heilsugæslustöðvarnar um 375 millj. kr. Þetta er munurinn á aðgerðunum sem þá voru framkvæmdar í mun meiri erfiðleikum en nú steðja að. Ég færði rök fyrir því áðan hvernig þorskveiðin var, hvernig loðnuveiðin var, að það voru meiri erfiðleikar sem steðjuðu að þá en nú. Nú lætur ríkisstjórnin þetta bitna á fámennum hópi og þeim hópi sem verst á með að bera þessar byrðar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti, aðeins örstutt. Það stendur eftir eftir þessar orðræður að raunvextir höfðu hækkað áður en núv. ríkisstjórn tók við því að það sést á þróun raunvaxtanna á eftirmarkaði og það eru þeir vextir sem við verðum að miða við, einfaldlega vegna þess að ef ríkissjóður fer langt frá þeim vöxtum í ákvörðunum á sölu spariskírteina seljast skírteinin ekki. Þetta er reynsla sem við sáum á fyrri hluta sl. árs þegar stórkostlegt útstreymi var úr ríkissjóði vegna þess að engum datt í hug að kaupa skírteinin.

Og í öðru lagi: Árið 1983, þegar Framsfl. og Sjálfstfl. voru saman í ríkisstjórn, var kaupmátturinn skertur um 15%–17% eftir því hvernig það er mælt. Nú má búast við skerðingu sem er kannski fjórfalt til fimmfalt minni þó að vandinn, séu borin saman tvö ár, 1991–1992 annars vegar og 1982–1983 hins vegar, sé mun meiri núna. Það er miklu meiri munur á þessum tveimur árum en var á þeim tíma.

Þetta vildi ég láta koma fram þannig að menn rifjuðu réttilega upp hvernig hlutirnir gerðust þá.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég rifjaði upp áðan í minni ræðu og bar saman þessi tvö ár, þ.e. árið 1992 og svo hins vegar 1983. Ég get farið yfir það enn einu sinni.

Árið 1983 var hér 140% verðbólga og það er rétt að þá var veruleg kjaraskerðing vegna verðbólgunnar. Í dag er verðbólgan í kringum 5% og það er ekki þessi ríkisstjórn sem hefur skapað þær aðstæður heldur fyrri ríkisstjórn sem Sjálfstfl. átti ekki aðild að. Sú ríkisstjórn í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins hefur náð þessum árangri og skapað þær aðstæður sem hérna eru núna. (**Fjmrh.:** Ég er að tala um rauntölur.)

Árið 1983 var þorskveiði áætluð í kringum 360 þús. tonn. Hún varð hins vegar ekki nema 290 þús. tonn á árinu vegna þess að aflinn brást. Á þessu ári má búast við að þorskaflinn verði í kringum 280, jafnvel upp undir 300 þús. tonn, þrátt fyrir að kvótinn sé áætlaður 265 þús. tonn, af þeirri ástæðu að það eru verulegar innstæður hjá útgerðarmönnum frá fyrra fiskveiðiári. Loðnuafli á þessu ári verður 700 þús. tonn sem verður heimilt að veiða. Árið 1983 mátti enga loðnu veiða.

Þegar menn líta á þetta og bera saman sjá menn að þeir erfiðleikar sem ríkisstjórnin sjálf er að útbúa í hugum fólksins og í raun og veru með þeim aðgerðum sem hún greip til, vaxtahækkunum sl. vor, eru heimatilbúnir. Og þeir eru smámunir í samanburði við það sem var 1983, en þá var með öðrum hætti tekið á vandanum. Þannig var ekki aukið á kreppuna sem þá hafði myndast heldur unnu menn sig út úr kreppunni. Þessi ríkisstjórn er hins vegar að auka á erfiðleikana með sínum aðgerðum. Þarna skilur þessar tvær ríkisstjórnir að.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er reyndar kominn held ég mánuður ef ekki lengri tími síðan ég bað um orðið í þessari umræðu. Og það er vægt til orða tekið þegar maður segir að maður þurfi að dusta vel af rykið til þess hreinlega að muna um hvað maður ætlaði um að fjalla

á þeim tíma. Slíkar hafa líka breytingarnar orðið á þessum títtnefnda ormi okkar að það er orðið svolítið erfitt að átta sig á þessu.

En ég er með fyrirvara við frv. Hann snýr aðallega að tveimur þáttum þó vissulega væri tilefni til að kíkja nánar á fleiri þætti. En það snýr í fyrsta lagi að 9. og 10. gr., þó aðallega 10. gr. frv. sem er um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Í 10. gr.segir, með leyfi forseta:

„Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félmrh. setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum þriggja manna stjórnar sem skipuð er af félmrh. til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar."

Í brtt. við þessa grein frá meiri hluta efh.- og viðskn. segir í framhaldi: „Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerð skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal útvega það fé sem sjóðinn vantar og skal það gert með láni eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Lánið skal endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári."

Það er þarna sem ég staldra við. Það er þessi setning: „Lánið skal endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári."

Ég velti því fyrir mér hvort þarna sé um framsal á skattlagningarvaldi að ræða, hvort mönnum beri ekki að líta aðeins nánar á þessa setningu. Ég tel að þarna eigi í það minnsta að vera eitthvert hámark og ef það er ekki sett inn beri að krefjast samþykkis Alþingis fyrir slíku. Þarna er að mínu mati um algerlega opna heimild að ræða sem við getum ekki veitt þessari þriggja manna stjórn og ráðherra. Þess vegna tel ég eðlilegt að þessi liður sé tekinn til nánari skoðunar og við lítum betur á það milli 2. og 3. umr.

Ég vil geta þess að ég orðaði þetta í nefndinni, á meirihlutafundi þar, en naut ekki skilnings þar. Þess vegna hef ég gert þennan fyrirvara. (Gripið fram í.) Minni hlutinn verður væntanlega til staðar milli 2. og 3. umr., hv. 1. þm. Austurl., og ég vænti þá frekari skilnings af hans hálfu þar. Ég efast um að þetta fái hreinlega staðist lög eða stjórnarskrá og óska því eftir að við skoðum þetta nánar.

Hinn liðurinn sem ég geri athugasemdir við er það sem ég vil kalla ríkisreknar tannlækningar þar sem stefna á nánast öllum tannlækningum ungmenna inn í skólana og reka þær þar á kostnað ríkisins. Það er mikið tískuorð í dag að tala um kostnaðarvitund og ýmislegt falið á bak við það. Ég hygg nú að í þessu tiltekna máli þurfi ekki að nota þau rök. Mönnum er vel kunnugt um hver kostnaður tannlækninga er og tannlæknaþjónustu því að auðvitað eru það foreldrarnir sem greiða þó að unglingarnir séu orðnir 16 ára og eilítið eldri. Þannig er fólk fullkomlega meðvitað um kostnað við tannlækningar. Mér finnst alger óþarfi að breyta því kerfi sem nú er við lýði. Það er gott og hefur reynst mjög vel og þarf ekki annað en líta til að mynda á tölur um tannheilsu þjóðarinnar og hvernig hún hefur stórbatnað á síðustu árum því til staðfestingar. Með þeirri breytingu sem hér er fyrirhuguð er ég hræddur um að þeim mikla árangri geti verið fórnað.

Það liggur ekki fyrir að það sé sparnaður af þessum breytingum. Menn greinir verulega á. Einkatannlæknar og einkageirinn fullyrða að það sé dýrara að fara til skólatannlæknis og skólatannlæknar eða kerfið fullyrða að það sé dýrara að fara til einkatannlæknis þannig að menn greinir þarna á sem gefur vissulega tilefni til þess að ætlast til frekari vinnu í málinu og menn leggi það fram fullunnið og án þess að svona liðir séu óljósir. Þar fyrir utan get ég ekki sem einkaframtaksmaður og málsvari þess mælt með því að þarna sé ráðist til atlögu að einhverju leyti við einkaframtakið og mönnum beint frá því og inn í ríkisrekstrinn.

Það eru fjölmargar spurningar sem vakna og er auðvitað ekki hægt að spyrja að ráðherra fjarstöddum, en ég ætla ekki að krefjast þess að kallað verði í ráðherrann, enda hef ég svo sem fundið fyrir því að málflutningur minn í þessu tiltekna máli á ekki mikinn stuðning á þinginu. Ég ætla þó engu að síður að fá að halda mér við mína skoðun í þessu máli.

Það segir hér að ráðherra skuli setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar og að gjaldskráin skuli miðuð við raunverulegan kostnað vegna þeirra. Það er freistandi að fá að inna ráðherrann eftir því hvað er raunverulegur kostnaður og hvernig hann hyggst byggja upp sína gjaldskrá. Samkvæmt frv. á að borga 15% fyrir tannlækningar í skólum byggt á þessari gjaldskrá og sama á að gilda hjá einktannlæknum. Þar á að borga 15%, en þar gildir allt önnur gjaldskrá. Munurinn milli skólatannlæknа og einkatannlækna getur þess vegna ekki orðið töluvert meiri. Þá erum við kannski komnir út í það að efnahagur fólks er farinn að ráða því hvort það fer í biðröðina hjá skólatannlæknum eða hvort það fær að halda áfram hjá þeim tannlækni sem það hefur kannski alla tíð verið hjá. Ég leyfi mér að efast um ágæti þessa og ég leyfi mér að efast um að skólarnir geti annað þeim straumi sem til þeirra er verið að beina. Og ég leyfi mér þá einnig að efast um gæði þeirrar þjónustu sem í boði verður.

Það má einnig inna eftir því hvernig á að standa að útboðum, hvernig á t.d. að standa að þeim í Reykjavík einni, og ef fara á útboðsleiðina hvernig á þá að tryggja að sama verð verði alls staðar fyrir þjónustuna. Ég tel nánast að hér sé um skerðingu á mannréttindum að ræða, að fólk fái ekki að velja sér tannlækni heldur þurfi efnahagur fólksins að ráða því.

Til nefndarinnar kom bréf frá Tannlæknafélagi Íslands þar sem rökstuðningur tannlækna kemur fram, m.a. hvað snertir verð á þeirra þjónustu annars vegar og þjónustu í þágu ríkisins og einnig kemur fram hinn mikli ávinningur í tannheilsu þjóðarinnar. Ég vil óska þess að hæstv. heilbrrh. sýni okkur fram á það með rökum hvernig sparnaður næst fram en ekki með því, sem hér kemur fram og hefur komið fram annars staðar, að munurinn er mjög umdeilanlegur svo að ekki sé meira sagt.

Hæstv. forseti. Það er margt í þessum bandormi sem er manni kannski ekki mjög að skapi en maður styður engu að síður. Ég tel hins vegar mjög erfitt að styðja mál eins og þetta þar sem erfitt er að snúa til baka af þeirri braut sem er verið að marka. Í mörgum tilfellum er það ósköp einfalt, það er einföld lagabreyting til að snúa til baka, en hér er verið að setja upp slíkt kerfi að það verður ekki aftur snúið og ég tel það ekki við hæfi okkar sem viljum berjast fyrir einkaframtaki að samþykkja slíka beytingu á þessu kerfi. Ég hvet því menn til að íhuga þessi mál betur, skoða vel hvað er verið að gera og út á hvaða braut er verið að fara. Það eina rétta í mínum huga í þessu máli er að draga þessa grein í bandorminum til baka og ef menn hafa sannfæringu að koma þá eftir góða vinnu yfir vor og sumar með þetta almennilega unnið inn í þingið og afgreiða það þá með fullri vissu að menn séu að gera rétt. Ég tel að menn geti ekki verið með hreina samvisku í þessu máli eins og það er lagt fram hér og nú.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var nokkuð athyglisverð ræða flutt af hálfu eins stjórnarliðans, eins af þeim fáu sem fær að tala í þinginu. Eins og við stjórnarandstæðingar höfum tekið eftir eru stjórnarliðar greinilega ekki frjálsir að því að láta skoðanir sínar í ljós í umræðum og hafa það helst hlutverka að vera í bakherbergjum, vera bakstuðningur við ráðherrana.

Það sem mér þótti athyglisvert er að hér kom skýrlega fram að áform ríkisstjórnarinnar varðandi tannlækningar eru aukin miðstýring, ganga gegn einkavæðingunni. Þetta er nefnilega í samræmi við margt af því sem við sjáum í frv. sem er til umræðu, að það er þátt eftir þátt verið að færa valdið frá þinginu yfir til ráðherranna, auka miðstýringarvaldið. Það sjáum við í skólamálum, það sjáum við í heilbrigðismálum og það sjáum við í öllum ráðuneytum í formi launakostnaðar sem færður er að hluta til sem ráðstöfunarfé ráðherra en ekki kostnaður í viðkomandi stofnun. Þannig má halda áfram. Hér er greinilega á ferðinni mikil miðstýringarríkisstjórn og Sjálfstfl. er þrátt fyrir það sem hann segir ekkert annað en miðstýringarflokkur, miðstýringarflokkur Íslands númer eitt sem einna helst stendur undir því að verða jafnað við þá flokka sem ríktu fyrir austan járntjald, það tjald sem hrundi fyrir skömmu.

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, m.a. vegna þeirrar áherslu sem hæsv. fjmrh. hefur lagt á hið gagnstæða í þessum málum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég var að fá upplýsingar um að það ætti að gefa hlé á milli kl. 5 og 5.30 vegna þingflokksfunda. Mundi hv. þm. taka tillit til þessarar óskar?

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég skal reyna að gera það. En í tilefni þess sem hv. 5. þm. Vestf. sagði í sínu andsvari við ræðu hv. 5. þm. Reykv. er svolítið fróðlegt að fylgjast með því þegar hv. þm. Alþb. eru að fordæma það sem þeir kalla miðstýringu, þessir ágætu hv. þm. sem árum og áratugum saman hafa dásamað það sem þeir hafa kallað miðstýringu og mælt sérstaklega fyrir henni. Hins vegar er alrangt hjá hv. þm. að það sem hann tiltók væru miðtýringaráform, fjarri því.

Þegar fjárlög þessa árs voru afgreidd var gert ráð fyrir þeim ráðstöfunum í ríkisfjármálum ársins 1992 sem hér er fjallað um í svokölluðum bandormi. Eins og vænta mátti hafa orðið miklar umræður um þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið. Staða ríkisfjármála var með þeim hætti að stjórnin átti ekki annarra kosta völ þegar hún tók við en að grípa til ráðstafana til að hemja ríkisútgjöldin og snúa vörn í sókn. Það markmið að draga saman ríkisútgjöldin svo sett var fram í frv. til fjárlaga og tengdist að sjálfsögðu minnkandi þjóðartekjum hlaut að kalla á aðgerðir sem gætu snert mjög marga í þjóðfélaginu, bæði einstaklinga, fyrirtæki og einnig þann hluta framkvæmdarvaldsins sem eru sveitarfélögin.

Auðvitað veldur það óánægju þegar ríkisvaldið neyðist til að skerða framlög eða hækka hlutdeild notenda í þeirri þjónustu sem veitt er svo að ekki sé talað um þegar nauðsyn ber til að fresta mikilvægum framkvæmdum eða verkefnum sem snerta stóra hópa eða heila landshluta. En það er hlutverk ríkisstjórnar og Alþingis að takast á við að stjórna landinu, undirbúa og setja löggjöf, m.a. fjárlög og þá löggjöf sem varðar tekjur og útgjöld ríkisins. Undan því verður ekki vikist og það er lýðræðisleg skylda okkar þingmanna að leita hinna færustu leiða sem oft kalla á mótmæli og sem kosta jafnan að ekki eru allir á eitt sáttir og fjarri fer því að allir geti fengið því framgengt sem þeir helst vildu jafnan af óskum sínum.

Ekki fer á milli mála að sumt af ráðstöfunum í því frv. sem hér er til umræðu veldur gagnrýni. Það á ekki síst við um málefni sem varða grunnskóla og einnig tryggingakerfið, en það sem ég ætla einkum að fjalla um lýtur að sveitarfélögunum og mun ég gera sérstaka grein fyrir þeim þáttum í minni ræðu.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir að leggja niður svokallaða daggjaldanefnd sem hefur gert tillögur til ráðherra undangengin mörg ár um greiðslur til daggjaldastofnana sem hafa verið reknar með framlögum sem hafa byggst á daggjöldum. Mjög hefur dregið úr verkefnum þessarar nefndar þar sem margar stofnanir og í rauninni langflestar stærstu stofnanir í heilbrigðiskerfinu hafa verið færðar á fasta fjárlagaliði. Aðild að daggjaldanefndinni hafa átt sveitarfélög og Landssamband sjúkrahúsa auk fulltrúa Tryggingastofnunar og ráðuneyta.

Það er þekkt að forsvarsmenn margra stofnana telja að ekki hafi verið nægjanlegt tillit tekið til raunverulegs kostnaðar við rekstur stofnana og hjá sumum stofnunum hafi safnast upp og myndast halli sem m.a. sveitarfélögin hafa orðið að greiða. Þetta á kannski einkum við elliheimili sem rekin eru af sveitarfélögum og jafnvel rekin af sjálfseignarstofnunum eða einstaklingum. Fulltrúar sveitarfélaga í daggjaldanefndinni hafa vafalaust komið athugasemdum á framfæri og

gætt hagsmuna þeirra stofnana sem reknar hafa verið á vegum sveitarfélaganna án þess að ná í öllum tilvikum fram sínum vilja í glímunni við fulltrúa ríkisvaldsins sem eðlilega hafa haldið fram hlut ríkisins og reynt að halda niðri útgjöldum.

Sú skipan, sem hér er lögð til, að heilbr.- og trmrh. skuli að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir, eins og brtt. gerir ráð fyrir, ákveða daggjöld, leggur mjög mikla ábyrgð á herðar hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er rík tilhneiging hjá ráðuneytum og jafnvel hæstv. ráðherrum að ætla sveitarfélögum að taka á sig kostnað sem þeim ber ekki að greiða. Sú skipan að ráðherra ákveði hver kostnaður einstakra stofnana sem sveitarfélög eða sjálfseignarstofnanir reka eigi að vera er afar óheppileg að mínu mati og leggur fullmiklar kvaðir á viðkomandi ráðherra. Ég tel að hér sé farið út á braut sem erfitt geti verið að koma í þann farveg sem æskilegt er.

Þá breytingu sem hv. heilbr.- og trn. hefur lagt til, að ráðherra skuli hafa samráð við viðkomandi stofnanir, tel ég vera til mikilla bóta og að þeirri brtt. samþykktri get ég fallist á 18. gr. eins og hún er fram sett. Þrátt fyrir að veita verður nauðsynlegt aðhald í rekstri stofnana ber að tryggja hallalausan rekstur vel rekinna stofnana, svo sem elliheimila sem ég hef gert hér sérstaklega að umtalsefni.

Á undanförnum árum hefur daggjöldum elliheimila verið haldið niðri en verið hlaupið undir bagga með því að meta hluta af vistrými elliheimilanna sem hjúkrunarrými og bæta halla þeirra að nokkrum hluta með því. Á þessu þarf að verða breyting og er þess að vænta að hæstv. heilbrrh. lát endurmeta þessa daggjaldaviðmiðun í samráði, og það vil ég undirstrika, við viðkomandi stofnanir.

Virðulegi forseti. Að ósk forseta er ég tilbúinn til þess að gera hlé á ræðu minni hér. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni hafði ég farið yfir þær athugasemdir sem ég hef haft við þann hluta bandormsins sem snýr að þeirri breytingu að leggja niður daggjaldanefndina og mun nú snúa mér að öðrum þáttum.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun til hafnagerðar að upphæð 125 millj. sem verða til með sérstöku álagi á vörugjöld sem hafnirnar innheimta. Í brtt. hv. meiri hluta efh.- og viðskn. er gert ráð fyrir þeirri breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984, að höfnunum er gert að innheimta 25% álag á vörugjöld og skal það álag renna í sérstaka deild í Hafnabótasjóði. Með þessu álagi á vörugjöldin er tryggt framkvæmdafé til hafnagerðar og samkvæmt fjárlögum er hægt að ná því marki að afla fjármagns til að standa við, að því er stefnt er að, þá tillögu að hafnaáætlun sem lá fyrir þegar núverandi stjórn kom til valda. Samkvæmt þessari hafnaáætlun, sem að vísu og því miður hefur ekki verið afgreidd frá Alþingi, er gert ráð fyrir að árlegur ríkishluti framkvæmda í hafnagerð sé um það bil 800 millj. kr.

Til þess að átta sig betur á forsendum þeirrar tekjuöflunar Hafnabótasjóðs sem hér er lagt til er nauðsynlegt að skoða nokkrar staðreyndir um framkvæmdir og framlög til hafnagerðar að undanförnu.

Í fjárlögum ársins 1991 eru 508 millj. ætlaðar til framkvæmda í höfnum landsins. Í fjárlögum þessa árs, ársins 1992, er sambærileg tala 762 millj. og er þar um að ræða um það bil 50% hækkun milli ára. Ríkishluti framkvæmda á árinu 1991, sem var mjög mikið framkvæmdaár í höfnum landsins, var um 1 milljarður 107 millj. kr. Skuldir ríkisins í árslok 1991 við sveitarfélögin vegna hafnasjóðanna voru því um 600 millj. kr. og námu hærri fjárhæð en öll fjárveitingin til hafnagerðar á því ári.

Á undanförnum árum hefur verið rætt um nauðsyn þess að marka ákveðna tekjustofna fyrir framlag ríkisins til hafnagerðar. Ekki hefur það markmið náðst, en með álagi á vörugjaldið er renni í Hafnabótasjóð er stigið fyrsta skrefið í þessa átt. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1991 setti þáverandi ríkisstjórn fram tillögur þess efnis að í ríkissjóð rynni gjald fyrir veitta þjónustu eins og það var nefnt í greinargerð með frv. Þáverandi stjórn tókst ekki að útfæra þessa tekjuöflun með þeim hætti að samþykkt væri, enda var þar um að ræða að afla í einum áfanga allra þeirra framlaga sem áttu að renna til hafnagerðar og áttu notendur hafnanna að skila þessum tekjum í ríkissjóð eins og frv. gerði ráð fyrir.

Í grg. með frv. þessu til fjárlaga fyrir árið 1991 segir, með leyfi forseta: „Rekstrarumsvif stofnana á sviði vita- og hafnamála á næsta ári eru áformuð í meginatriðum með svipuðum hætti og í ár. Aftur á móti er gerð tillaga um gerbreytta fjármögnun framkvæmda og rekstur. Í því tillit mun samgrh. leggja fyrir Alþingi tillögu þess efnis að þeir sem noti hafnirnar greiði gjald fyrir veitta þjónustu. Gert er ráð fyrir 560 millj. kr. innheimtu af gjaldinu á næsta ári sem skiptist þannig að 36 millj. kr. færist hjá Vita- og hafnamálaskrifstofu, 28 millj. hjá Vitastofnun Íslands og 496 millj. kr. á fjárlagalið 333, hafnamál. Vita- og hafnamálaskrifstofunni eru ætlaðar 1,5 millj. kr. til tækja- og búnaðarkaupa auk 24,9 millj kr. framlags sem er lokagreiðsla ríkissjóðs vegna nýbygginga stofnunarinnar."

Þegar litið er til þessara hugmynda fyrrv. ríkisstjórnar hlýtur andstaða fyrrv. hv. stjórnarliða við þeirri tillögu sem er gert ráð fyrir nú þegar í fjárlögum að koma á óvart, ekki síst þegar litið er til þess að um mun lægri upphæð er þarna að ræða, en ríkissjóði er eftir sem áður ætlað að leggja til langstærstan hluta af því framlagi sem ætlað er til hafnagerðar í landinu.

Í umræðum á Alþingi hefur komið fram sú gagnrýni að þetta álag á vörugjald hækki vöruverð í landinu. En það hefur verið upplýst í þingnefnd að áhrif þessarar hækkunar á verðlag séu óveruleg eða um það bil 0,03% þannig að vart er þar um miklar hækkanir að ræða. Augljóst er að innheimta gjaldsins og skil skapa aukna vinnu, það fer ekki hjá því, einkum hjá stóru vöruhöfnunum sem síðan eiga nánast ekkert eða lítið tilkall til þessara fjármuna sem þær þó innheimta. Þetta hefur verið gagnrýnt og kvartað undan því. En telja má víst að þær lagfæringar sem felast í brtt. á þskj. 384 muni auðvelda innheimtuna og hefur þar verið farið að tillögum og ábendingum sem m.a. komu fram í þingnefnd frá fulltrúum Hafnasambands sveitarfélaga.

Að þeirri breytingu gerðri og með því að ráðherra er gert að kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu í reglugerð tel ég að niðurstöðurnar séu ásættanlegar fyrir hafnirnar, en auðvitað verður í reglugerð um innheimtuna að tryggja að hafnir sitji ekki uppi með að þurfa að skila þessu álagi ef vörugjöldin nást ekki inn, t.d. við gjaldþrot eða því um líkt.

Líta verður á að með þeirri tekjuöflun sem Hafnabótasjóði er tryggð hækkar ráðstöfunarfé til hafnagerðar. Ef það er borið saman árið 1991 og 1992 og tekin framlögin til einstakra hafna og svo framlögin sem Hafnabótasjóður fær er sú tala í fjárlögum 1991 558 millj. á móti 852 millj. í fjárlögum þessa árs og er því um að ræða verulega hækkun á milli ára. Ég er sannfærður um að þegar hafnastjórnum er ljós sú niðurstaða, sem flestum er að ég tel núna, munu þær fagna þeirri stefnu sem mörkuð er í fjárlögum og þeirri stefnu sem mörkuð er með því að koma á þessari auknu tekjuöflun fyrir Hafnabótasjóð.

Sá þáttur frv. sem valdið hefur mestum óróa er tillaga um hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði við löggæslu á árinu 1992. Aðdragandi og undirbúningur þessa máls er fjarri því að vera með þeim hætti sem vera ber og bera ríkisstjórnin og stjórnarliðarnir að sjálfsögðu fulla ábyrgð á þeim bresti sem hefur orðið í samskiptum ríkisins og sveitarfélaga vegna þessa máls. Mótmæli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga eiga fullan rétt á sér þrátt fyrir að á stundum hafi þeir ágætu forsvarsmenn skotið nokkuð yfir markið, ekki síst þegar litið er til þess hve fjálglega þeir lýstu góðri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á fjármálaráðstefnu sambandsins í nóvember sl.

Í allri umræðunni um hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði við löggæsluna hefur komið mér nokkuð á óvart hve marga talsmenn sveitarstjórnir hafa eignast á hinu háa Alþingi og vænti ég þess að hæstv. félmrh. fagni því mjög. Þau 17 ár sem ég hef fylgst með sveitarstjórnarmálunum gagnvart Alþingi hef ég ekki orðið svo var við stuðning sumra núverandi stjórnarþingmanna, t.d. þegar hefur komið til þess að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem nú fær 100 millj. kr. reyndar samkvæmt fjárlagafrv. umfram lögboðið framlag til að styrkja tekjujöfnunarframlög úr sjóðnum. Og enn síður varð ég var við mikinn stuðning margra hv. þm. þegar komið hefur til þess að skerða Hafnabótasjóð. Og síst varð ég var við mikinn stuðning margra þessara ágætu hv. þm. þegar hæstv. ráðherrar í síðustu stjórn stóðu að því að rifta lögformlegum samningum sem ríkið hafði gert við sveitarfélög, m.a. um byggingu skólamannvirkja.

Viðbrögð þessara hv. þm. hlýt ég að meta í því ljósi sem ég þekki og hef nefnt hér. Það breytir því engu að síður að öll málsmeðferðin hefur kallað yfir okkur gagnrýni og ég verð að segja að auðvitað hefði verið á allt annað kosið og verið æskilegt að geta í undirbúningi þessarar skattlagningar á sveitarfélögin átt gott samstarf við fulltrúa sveitarfélaganna í landinu. En það segir okkur að sá samstarfssáttmáli sem gerður hefur verið á milli ríkis og sveitarfélaga heldur kannski ekki nægjanlega vel og það er full ástæða til að endurskoða hann og endurvekja traust milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Auðvitað hafa þingmenn innan stjórnarflokkanna haft verulegar áhyggjur af þessari stöðu og m.a. þess vegna hefur verið aukið framlag til Jöfnunarsjóðsins eins og ég gat um áður til að koma til móts við sveitarfélögin. En auðvitað verða þau að taka á sig þá erfiðu stöðu sem er í þjóðfélaginu og við undirbúning fjárlaga og samþykkt þeirra var óhjákvæmilegt, því miður, að láta sveitarfélögin með einhverjum hætti taka á sig þær byrðar sem þau hafa nú orðið að axla.

Það á hins vegar ekki að nota þessi auknu framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að þau verði til að verðlauna þær sveitarstjórnir sem hafa gert ráðstafanir til að fara bakdyramegin inn í Jöfnunarsjóðinn vegna hins svokallaða lögregluskatts, en takist þeim það tel ég að í mikið óefni geti stefnt. Ég legg á það mjög mikla áherslu að reglugerð um Jöfnunarsjóðinn verði endurskoðuð og það tryggt að þau sveitarfélög sem raunverulega þurfa á jöfnunarframlagi að halda njóti þess með þeim hætti sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir gerðu ráð fyrir þegar Jöfnunarsjóðurinn fékk aukið framlag til að hafa upp á að hlaupa varðandi tekjujöfnunarframlögin.

Um aðra þætti frv. tel ég að flest hafi komið fram sem máli skiptir. Mun ég því ekki lengja þessar umræður frekar.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er satt best að segja þannig að maður veit ekki almennilega hvernig maður á að taka ræðum hv. stjórnarliða þegar þeir eru að reyna að þvo hendur sínar. Það heitir kattarþvottur á íslensku. Ég verð að segja alveg eins og er að lítil finnast mér geð guma þegar upp kemur fyrrum sveitarstjórnarmaður, sveitarstjóri og enn þá formaður Hafnasambands sveitarfélaga og reynir með þeim hætti sem hér var gert að gera gott úr hlutum. Hvort hann huggar sjálfan sig eitthvað með þessum ræðuhöldum skal ég ósagt látið og er ekki fær að dæma um, en það hlýtur þá að vera nánast eini tilgangurinn því ekki hygg ég að hann bæti stöðu sína almennt og út á við.

Satt best að segja, hæstv. forseti, verður að segjast alveg eins og er að mér hefur blöskrað geðleysi ýmissa hv. þm. stjórnarliðsins á undanförnum vikum, gersamlega blöskrað geðleysi t.d. þeirra manna sem eiga að teljast hafa einhverja innsýn í hagsmuni sveitarfélaganna eða t.d. sjómannastéttarinnar. Ég hygg að niðurlæging þeirra sé nánst fullkomin eins og hún hefur birst okkur á undanförnum árum.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um að sveitarfélögin yrðu að taka á sig sinn hluta erfiðleikanna. Þau gera það, hv. ræðumaður. Þau verða fyrir óbeinni og beinni tekjuskerðingu rétt eins og ríkið og verða sjálf að leysa úr því dæmi. En til viðbótar er hæstv. ríkisstjórn að leggja á þau stórfelldar nýjar byrðar.

Ef hv. ræðumaður vill fara út í samanburð um fjárveitingar til hafnamála er það alveg guðvelkomið. Við skulum fara aftur til áranna 1984–1986 þegar hér sat

að völdum ríkisstjórn með Sjálfstfl. innan borðs og fjárveitingar til framkvæmda í hafnamálum fóru niður undir ekki neitt, niður undir núll. Þær jukust hvert einasta ár sem við fórum með þessi mál og voru á uppleið eins og hv. þm. þekkir. Það er reyndar alveg hárrétt að framkvæmdirnar á nýliðnu ári urðu síðan talsvert meiri en fjárveitingarnar, m.a. vegna þess að menn höfðu kjark í sér til að hefja þá framkvæmdir við ýmis stór mannvirki í hafnagerð sem beðið höfðu árum saman og ráðast þar í meiri háttar verkefni á nokkrum stöðum á landinu sem ævinlega var gert ráð fyrir að greiða með lánum á einhverjum tíma.

Það er ekki, herra forseti, aðstaða til að ræða efnislega við hv. síðasta ræðumann um þessa hluti og þarf að gera það þá undir umræðunum, en það verð ég að segja alveg eins og er að ótrúlegt fannst mér að heyra hann reyna að flytja réttlætingu fyrir því sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera með því að mönnum kynni að hafa orðið eitthvað á í samskiptum við sveitarfélögin t.d. á undanförnum árum. Hvaða réttlæting er það endalaust? Jú, það er það eina sem hv. stjórnarliðar í þessum málum sem öðrum reyna að finna sér til málsbóta að menn hafi haft hugrenningar um einhver svipuð óhæfuverk fyrr á öldinni og þess vegna sé þeim nú vorkunn. Það er ekki reynt að verja sig með rökum gagnvart þeim hlutum sem verið er að gera. Nei, hins vegar er hugsanlega hægt að finna einhverja menn einhvern tíma fyrr í stjórnmálasögunni sem hafi haft hugrenningar í svipaðar áttir og þar með hljóti þetta að vera í lagi.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var auðheyrt á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., fyrrv. samgrh., að hann er viðkvæmur fyrir þeirri gagnrýni og þeim ábendingum sem ég var með í minni ræðu. Ég tel að eðlilegt sé að hann sé viðkvæmur fyrir því að bent sé rækilega á þau auknu framlög sem eru til hafnagerðar í landinu samkvæmt fjárlögum þessa árs.

Hins vegar ber að viðurkenna að hv. þm. hafði uppi ágæta tilburði sem samgrh. til að tryggja höfnunum framlög, koma á föstum tekjustofni fyrir hafnirnar vegna framkvæmda. Auðvitað ber að viðurkenna það. Að vísu náði hann því ekki fram, en ég held að hann hljóti að vera sammála þeirri leið, og á það benti ég, og hljóti að geta fallist á þá leið sem farin er þó að ýmsu leyti sé hún óþægileg fyrir sumar stærri hafnirnar, það viðurkenndi ég.

Varðandi kattarþvott og afstöðu til sveitarfélaganna vil ég bara segja að ég gagnrýndi málsmeðferð og dró ekkert undan í því, en ég stend að þessu vegna þess að ég tel að með öðrum hætti sé komið til móts við sveitarfélögin og álag á vörugjald sem rennur til Hafnabótasjóðs sé til hagsbóta fyrir flestar hafnir og þar með sveitarfélögin.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er síður en svo viðkvæmt að ræða þessi mál og það er löngu komið fram og ég hef þegar lýst ánægju minni með að fjárveitingar til framkvæmda í hafnamálum halda nú áfram að aukast eitt árið enn. Það er vel og það er sjálfsagt að þakka það.

Ástæðan fyrir því að ekki var farið út í þau áform um að skapa höfnunum tekjustofna sem voru skoðuð á árunum 1989–1990 var einföld, hv. þm. Hún var sú að sú útfærsla þeirra hugmynda sem menn voru að skoða reyndist ekki nógu góð. Það voru svo miklir annmarkar og gallar á aðferðinni að menn hurfu frá því ráði og voru þá menn til að segja: Nei, það er betra að hafa þetta þá óbreytt og taka þessar tekjur úr ríkissjóði, afla fjár í gegnum hið almenna skattkerfi í þessar framkvæmdir en fara út í stórgallaða innheimtu á sérstökum tekjustofni fyrir hafnirnar. Því miður eru þessir annmarkar allir saman fyrir hendi í því álagi sem þarna er verið að tala um, fyrst og fremst þeir að þeir geta lagst ofan á sjálfa sig og þar með eru uppsöfnunaráhrif fyrir hendi. Þetta kemur þungt við vöruverðið úti á landsbyggðinni með þessum uppsöfnunaráhrifum.

Þær hugmyndir sem voru skoðaðar og menn lögðu til grundvallar þegar greinargerð var samin með fjárlagafrv. á sínum tíma, sem hv. þm. vitnaði í, gengu út á að unnt væri að ná þessum tekjum með einfaldri innheimtu t.d. á heildarstofn vöruflutninga til landsins með skipum. Ef slíkt hefði reynst tæknilega fært hefði sá tekjustofn verið allt annars eðlis og mikið betur heppnaður fyrir hafnirnar en þær álögur sem þarna eru á ferðinni og eru því miður með öllum þessum annmörkum. Sá er munurinn á að menn voru í tíð fyrri stjórnar nógu hreinskilnir til að viðurkenna að þær hugmyndir sem þeir höfðu til skoðunar væru ekki nógu góðar og féllu þar af leiðandi frá þeim. En þessi ríkisstjórn pínir alla skapaða hluti í gegn hversu vitlausir og vondir sem þeir eru og gerir það án samráðs við nokkurn mann eins og í þessu tilviki án samráðs við sveitarfélögin eða hafnirnar. Og það er alveg kostulegt að formaður Hafnasambands sveitarfélaga skuli hafa geð í sér til að koma hverja ferðina á fætur annarri í ræðustólinn og reyna að réttlæta þetta.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gagnrýnir nú harðlega þær tillögur sem hann setti fram og hans ríkisstjórn á síðasta þingi. Ég benti þá eins og fleiri á annmarka þeirra tillagna, en ég sé ekki hvað hefur breyst frá því að hann stóð að þeirri tillögugerð á sínum tíma. Ég tel þá aðferð að innheimta öll framlög til hafnagerðar af notendum hafnanna hafi á sínum tíma ekki notið stuðnings sem og kom í ljós, en ég tel að þessi leið sem nú er valin sé ásættanleg og þess vegna hef ég stutt að álag á vörugjaldið sem tekjuöflun til hafnagerðar væri framkvæmt í gegnum þessa lagasetningu. Ég tel að það eigi eftir að koma í ljós að það er mjög til hagsbóta fyrir hafnirnar og á það hef ég bent.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. tók af mér ómakið að sumu leyti, en ég vil þó segja að mér fannst þetta var að ýmsu leyti undarleg réttlæting fyrir þeim

stuðningi sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur lýst yfir við þær fyrirætlanir sem eru í þessu frv. Hann var rétt áðan að segja að hann hefði gert athugasemdir við þessar hugmyndir á sínum tíma og gagnrýnt þær. Hann ber þær nú fram sem niðurstöðu. Að vísu eru þær breyttar, en það hljóta þó að vera sömu gallar að mörgu leyti á þeim og voru áður.

Auðvitað eru á þessu gallar, við höfum bent á það, það eru margföldunaráhrif og annað sem kom til. Menn eru að hæla sér af að hafa hækkað framlög til hafna. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, en það er þó tekið allt af með þessari nýju skattheimtu og er rétt að hafa það í huga.

Hins vegar fannst mér annað sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. vera afar merkilegt og það var að hann lét sig hafa það að segja að það þyrfti að koma í veg fyrir að sveitarfélög sem ekki hafa nýtt sér rétt sem þau hafa haft samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fengju framlög úr Jöfnunarsjóði. Það finnast mér afar merkilegar yfirlýsingar vegna þess að ég geri ráð fyrir að þessar reglur hafi átt að ganga jafnt yfir alla. En núna, þegar einhverjir ætla að nýta sér réttinn sem allir hafa viðurkennt fram að þessu að ætti að vera fyrir hendi, vilja menn semja nýjar reglur til að koma í veg fyrir að þessir aðilar fái að nýta sér þann rétt sem þeir hafa. Það finnst mér ekki ganga upp. Ég verð að mótmæla slíkum hugmyndum þó að mér þyki miður að þessi sveitarfélög skuli vera komin inn í myndina og veikja þannig Jöfnunarsjóðinn. En menn verða auðvitað að taka því sem gerist í þessu.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki óeðlilegt að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafi af því verulegar áhyggjur hversu há framlög eru til hafnagerðar í landinu. Ég sá það m.a. í Vesturlandsblaðinu, sem hv. 3. þm. Vesturl. ber ábyrgð á, að svo miklar eru áhyggjurnar að hann tilgreinir ekki nema hluta af þeim fjárveitingum sem koma til þess kjördæmis til að láta ekki á því bera hve framlögin eru há. Það ber kannski vott um málflutninginn.

En varðandi sveitarfélög sem nú ætli sér að nýta rétt til framlaga úr Jöfnunarsjóði og það að reikna út rétt sveitarfélaganna, þ.e. reikna út rétt til aukaframlaga. Ég hef lengi gagnrýnt þessa viðmiðun. Viðmiðunin er útsvarstekjur, tekjur af fasteignaskatti og aðstöðugjaldi. Það er þekkt að sveitarfélögin hafa tekjur af fleiru en þessum þremur tekjustofnum. Það eru önnur fasteignagjöld, holræsagjöld, hreinsunargjöld, vatnsskattur o.s.frv. og ekki síst gatnagerðargjöldin. Það eru þessir tekjustofnar sem stóru sveitarfélögin hafa nýtt sér ótæpilega. Ég tel að ef þeir tekjustofnar væru bornir saman og reiknaðir út og allar þessar tekjur væru notaðar til samanburðar kæmi í ljós að þessi sveitarfélög ættu ekki með eðlilegum hætti rétt á jöfnunarframlagi. Ég tel nauðsynlegt að endurskoða reglugerðina um Jöfnunarsjóðinn vegna þess að fæstir sveitarstjórnarmenn hafa átt von á að stóru sveitarfélögin, sem hafa haft verulegar umframtekjur t.d. af gatnagerðargjöldum, tekjur umfram framkvæmdir, eigi nú að fá sérstakt tekjujöfnunarframlag eins og smæstu sveitarfélögin.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal hugga hv. 1. þm. Vesturl. með því að ég hef ekki áhyggjur af því þó að framlög hækki til hafnagerða. Og hitt vil ég líka segja að sem betur fer dugir ekki að Vesturlandsblaðið þegi yfir þeim framlögum. En hafi það ekki komið allt fram þar hafa það verið mistök og verða leiðrétt.

En vegna þeirra orða sem komu fram hjá honum tel ég út af fyrir sig ekkert sérstakt við það að athuga þó að menn skoði upp á nýtt hvaða reglur eiga að gilda um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það geta menn gert á hvaða tíma sem er og eðlilegt að skoða það öðru hverju. En að það leiði til þess að þessi sveitarfélög missi möguleikann til að fá jöfnunarframlögin dreg ég mjög í efa vegna þess að þau gjöld sem eru ekki inni í þessari mynd munu ekki gerbreyta henni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef verið á mælendaskrá í þessari umræðu frá því 15. des. sl. að ég held og eru nú liðnar um fimm vikur síðan. Þá stóðu mál þannig að ríkisstjórnin hugðist ljúka þinghaldi fyrir jól með afgreiðslu þessa máls og annarra þeirra mála sem eru á dagskrá þingsins enn óafgreidd, lagafrumvarpa sem hún taldi sjálfsagt að afgreiða og ekkert annað en þvermóðska stjórnarandstöðunnar sem kæmi í veg fyrir lögfestingu þeirra mála fyrir jólahlé þingsins. En það hefur hins vegar komið í ljós á undanförnum vikum að það er ekki málafylgja stjórnarandstöðunnar sem hefur komið í veg fyrir að málin voru afgreidd á þeim tíma og nú hafa bæst við yfir tvær vikur í þinghaldi með nokkuð drjúgu áframhaldi og enn erum við að ræða þessi mál. Ástæðan fyrir þessari töf er innbyrðis ágreiningur stjórnarliða, svo og það upphaf, sem mestu veldur um hvernig málin hafa þróast hér, að ríkisstjórnin kom þeim seint til þingsins til meðferðar, en auk þess hefur ósamlyndið innan stjórnarliðsins verið til þess að tefja mál og svo auðvitað þau hörðu mótmæli víða að úr samfélaginu sem hafa komið fram vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar eins og þær birtast mönnum í lagafrumvörpum einu af öðru.

Þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 er aðeins eitt þessara mála. Ýmsar aðgerðir voru knúðar fram við fjárlagaafgreiðslu fyrir jól sem hitta almenning í landinu hart fyrir, en allt rennur þetta þó með vissum hætti saman að hér er verið að leggjast á sömu sveif, einnig með þeim ráðstöfunum sem gert er ráð fyrir í frv. sem við ræðum hér.

Ég vildi óska eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. verði kallaður í þingsal vegna þess að ég þarf að eiga við hann nokkurn orðastað, þann ráðherra sem bar þetta mál fram og mælti fyrir því 6. des. sl., og ég vildi víkja að þeim þætti í upphafi. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um að hæstv. forsrh. sýnist mér ekki vera í húsinu, en ég mun gera ráðstafanir til þess að boðum verði komið til hans um það að nærveru hans sé óskað strax. Gott væri ef hv. þm. gæti haldið áfram

ræðu sinni, en ef ekki er ekkert því til fyrirstöðu að gert verði hlé á fundinum meðan verður beðið eftir ráðherra.) Já, virðulegur forseti. Ég tel að óhjákvæmilegt sé að það sé gert, en það skil ég ekki hvernig ríkisstjórnin er að reyna að ná samkomulagi um afgreiðslu mála ef þeir ráðherrar sem bera málin fram eru ekki viðstaddir. Ég geri þá hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að úr rættist fyrr en á horfðist hjá hæstv. forseta og ekkert því til fyrirstöðu að ég haldi áfram máli mínu þar sem hæstv forsrh. er viðstaddur, en hann mælti fyrir þessu frv. í þinginu þann 6. des. sl. Ég vil nefna að í inngangsræðu hæstv. forsrh. fjallaði hann m.a. um horfur í efnahagsmálum Íslendinga til lengri tíma litið og kom þar sérstaklega að væntanlegri aðild Íslendinga að Evrópsku efnahagssvæði sem getur, eins og hæstv. ráðherra sagði þar, skapað íslensku atvinnulífi ný tækifæri, tækifæri til að snúa vörn í sókn. Ég ræddi þetta mál við 1. umr. og m.a. þessi ummæli hæstv. forsrh. og benti þá á hvernig horfði að mínu mati í viðræðum varðandi Evrópskt efnahagssvæði. Þetta varð hæstv. forsrh. tilefni til þess degi síðar eða 7. des. í umræðum um þetta frv. að víkja að þeim málflutningi mínum og ábendingum varðandi horfurnar um Evrópskt efnahagssvæði og sagði, með leyfi virðulegs forseta:

„Auðvitað get ég ekki svarað þessu en ég tel í sjálfu sér ekkert benda til þess að þeir samningar þurfi að stranda vegna þeirra atburða sem hafa átt sér stað í Evrópu og þeirra athugana sem dómstóllinn hefur fjallað um sérstaklega. Ég tel ekkert benda til þess. Ég get auðvitað ekki útilokað að það gerist en ég ítreka að ég sé engin efni til að ímynda sér að þeir þurfi að stranda."

Þetta eru ummæli hæstv. forsrh. þann 7. des. sl. varðandi þetta stóra mál sem ríkisstjórnin frá byrjun hefur gert að helstu von sinni í sambandi við þróun atvinnumála í landinu og íslensks efnahagslífs. Síðan heyrðist fyrir helgina utan úr bæ að hæstv. forsrh. hafi haldið ræðu á ráðstefnu og það var ein helsta frétt Ríkisútvarpsins af þeim fundi að þar hefði hæstv. forsrh. í rauninni dæmt samningana um Evrópskt efnahagssvæði úr leik og talið, samkvæmt fregnum útvarpsins, að þessar samningaviðræður væru nánast búnar og ekki líkur á að úr rættist. Ég var ekki á þessum fundi og veit ekki hvernig hæstv. forsrh. hagaði þar máli sínu, en ég tel ástæðu til þess við 2. umr. þessa máls að inna hæstv. forsrh. eftir þessum tíðindum því að hér er auðvitað um að ræða mjög stórt mál og mér finnst í rauninni betur við hæfi að mat ráðamanna í ríkisstjórninni komi fram á Alþingi en á fundum utan þings, a.m.k. að þeir geri grein fyrir því ef um slík þáttaskil er að ræða eins og fjölmiðlar hermdu úr máli hæstv. forsrh. á umræddum fundi. Það er því beiðni mín að hæstv. ráðherra bregðist við í þessari umræðu og greini okkur frá því hvert sé hans mat á þessu máli.

Nú hef ég heyrt það frá hæstv. utanrrh. varðandi samningana um Evrópskt efnahagssvæði, en þar fer hann nú með formennsku í EFTA-ríkja hópnum, að hann telur margt óvenjulegt standa í þeim efnum. Ég tek mat utanrrh. í þessu máli með fyrirvara og alveg sérstaklega ummæli hans því að hann hefur leikið það áður að vera svartsýnn í þessu máli til að geta sagt þeim mun meiri sigurtíðindi á ákveðnum stundum eins og gerðist sl. haust. Hitt má þó ljóst vera að dómur Evrópudómstólsins, EB-dómstólsins í Lúxemborg eða niðurstaða hans sem fram kom í svörum við fyrirspurnum framkvæmdastjórnar EB í Brussel voru mikil tíðindi sem settu þetta mál í allt annað ljós en verið hafði vikurnar á undan og það mál ræddum við sérstaklega utan dagskrár 17. des. sl. Þetta var einn þáttur sem ég vildi víkja að í upphafi úr því að hæstv. forsrh. er viðstaddur.

Það er annað atriði sem ég vildi nefna við hæstv. forsrh. og að viðstöddum þeim ráðherrum báðum sem hér sitja þessa stundina, þ.e. hæstv. menntmrh. auk hæstv. forsrh., og það snertir skólamálin og þann niðurskurð sem við blasir og boðaður hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar í sambandi við grunnskólann alveg sérstaklega.

Það var rætt þann 15. jan. sl. þegar lánsfjárlög voru til umræðu hvort ríkisstjórnin ætlaði sér að knýja fram þennan niðurskurð upp á 2½ milljarð brúttó og þar af drjúga upphæð vegna skólanna í landinu innan almanaksársins, innan fjárlagaársins eins og hún hefur aflað sér heimilda til samkvæmt fjárlögum. Sem viðbrögð við spurningum þar að lútandi svaraði hæstv. forsrh. í andsvari þann 15. jan. fyrirspurn frá hv. 8. þm. Reykn. með svofelldum orðum:

„Aðeins út af flata niðurskurðinum. Það er rétt. Ég svaraði því ekki. Það hafa ekki breyst neinar forsendur í þeim efnum."

Ég er að draga þetta inn hér vegna þess að hæstv. menntmrh. og aðstoðarmaður hans hafa, bæði hér á Alþingi að því er hæstv. ráðherra varðar og aðstoðarmaður ráðherrans í blaðaummælum, látið að því liggja að unnt verði að komast hjá því að beita hnífnum með þeirri hörku gagnvart t.d. grunnskólunum eins og fjárlagaafgreiðslan gerir ráð fyrir, þ.e. að unnt verði að dreifa þessum niðurskurði á allt skólaárið 1991–1992. Hæstv. ráðherra kom á fund menntmn. þegar hún hafði til meðferðar að tilvísun efh.- og viðskn. þann þátt þessa frv. sem lýtur að grunnskólunum öðru sinni vegna brtt. sem ríkisstjórnin lagði fram. Á þessum fundi upplýsti hæstv. ráðherra ýmislegt, þar á meðal að hann vonaðist til þess að það þyrfti ekki að beita niðurskurði með þeirri hörku sem þarna mætti gera ráð fyrir ef fjárlagaárið væri látið gilda í þessum efnum.

Mér finnst, virðulegur forseti, að við getum ekki skilið við þetta mál hér á Alþingi án þess að það liggi fyrir með skýrum hætti af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig hún ætlar að standa að því. Og það gengur auðvitað ekki að hæstv. menntmrh. sé að koma hér upp oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og segi: „Ég er að vonast til að ..." Hér er auðvitað um svo stórt mál að ræða og slíkt ákvörðunarefni að ekki aðeins Alþingi Íslendinga á kröfu á að vita hvert ríkisstjórnin stefnir í þessum málum heldur enn frekar þolendur þess gífurlega höggs sem þarna er reitt til, hvort það verður látið ríða með þeim hætti sem meiri hluti stuðn-

ingsmanna ríkisstjórnarinnar hefur knúð fram hér á Alþingi eða hvort það verður mildara, verður dregið úr því með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. er að gera sér vonir um. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu efni raunverulega? Og hafi ekki verið gengið frá því í ríkisstjórn er enn færi til þess á meðan þetta mál er hér til meðferðar því að þetta er pólitískt ákvörðunarefni sem ríkisstjórnin getur ekki dregið lengi við sig að gera upp og er algerlega óþolandi fyrir hæstv. menntmrh. sérstaklega að búa undir því dögum lengur og vikum lengur að geta ekkert svarað til um hvernig á að bregðast við í þessum efnum.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að hæstv. ráðherra var að reikna út fyrir menntmn. þingsins þar sem hann kom á fund hennar að þær heimildir sem hann væri að afla sér um skerðingu kennslustunda í grunnskólanum frá 4.–10. bekk, ef ég man rétt, gæfu á haustmissiri ekki nema 52 millj. kr. samkvæmt hans útreikningum og hans manna í ráðuneytinu og dugar það skammt upp í þær 180 millj. nettó sem meiningin er að spara gagnvart grunnskólanum. Og þó er þarna verið að afla heimilda til frekari niðurskurðar með öðrum ákvæðum þannig að það er ekki öll sagan sögð með þessum tölum einum saman. Ég tel því alveg nauðsynlegt að fá upplýst í þessari umræðu hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum því að nóg er óvissan samt.

Þetta eru þau atriði sem ég vænti að hæstv. forsrh. muni greina frá síðar í umræðunum og ætla þá að víkja að öðrum þáttum nokkrum sem snúa sérstaklega að I. kafla þessa frv. þó að það sé af mörgu fleiru að taka og ég komi aðeins við á öðrum stöðum í því stóra máli sem við ræðum hér.

Hæstv. menntmrh. hefur eins og ég hef nefnt reynt að koma sér í orði undan afleiðingum þeirra ákvarðana sem ríkisstjórnin hefur verið að taka og reynt að drepa á dreif efni þess hvernig hann muni beita þeim heimildum sem hann er hér að afla sér samkvæmt I. kafla frv. Mér finnst að málflutningur hæstv. menntmrh. beri vott um ég leyfi mér að segja skort á pólitísku raunsæi. A.m.k kemst hæstv. ráðherra ekki hjá því til lengdar að gera þessi mál upp og standa reikningsskil þeirra gerða sem hann hefur verið þátttakandi í að knýja fram. En það er mjög áberandi í málflutningi hæstv. menntmrh. að hann er að reyna að aka sér undan. Þetta hefur komið fram í fjölmiðlum og þetta hefur komið fram á þingi.

Nú í janúarmánuði þegar þessi mál eru rædd er hæstv. ráðherra að vísa á fjárlagagerðina og afgreiðslu fjárlaga á Alþingi fyrir jól og hagar orðum sínum nánast eins og hann hafi ekkert nálægt því máli komið. Alþingi hafi fundið upp á því að skerða fjárveitingar til skólanna í þeim mæli sem um ræðir, 180 millj. gagnvart grunnskólanum og háar upphæðir gagnvart framhaldsskólanum, og nú verði hann bara að fá aðstoð góðra manna, skólastjóra í landinu og annarra til að knýja fram þennan vilja Alþingis. Ég ætla ekki að taka tíma til að finna þessum orðum mínum stað, enda kannast hæstv. menntmrh. vafalaust við þetta. Þessi gögn eru prentuð sem fylgiskjöl með áliti minni hluta efh.- og viðskn., m.a. viðtöl hæstv. ráðherra í fjölmiðlum þar sem þetta kemur fram með skýrum hætti.

Nú vil ég ekki ætla hæstv. ráðherra neitt verri hlut en hann á skilið eða gera honum upp skoðanir. Ég held í rauninni að hæstv. menntmrh. vilji almennt vel í sambandi við skólastarf í landinu og margt sem þarf til að koma til þess að við ekki aðeins höldum þar í horfinu heldur getum unnið okkur eitthvað áfram eins og brýn þörf er og eins og fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. hæstv. menntmrh. lagði drög að í mjög mörgum greinum. En það skortir eitthvað á hjá hæstv. ráðherra. Það fara ekki saman orð og frómar óskir og hins vegar þær aðgerðir sem hann er þátttakandi í og hefur lagt hér drjúgan hlut að með tillögum um þann niðurskurð sem hér er verið að reyna að knýja fram gagnvart skólum í landinu. Þetta þykir mér miður. Mér sýnist satt að segja að hæstv. ráðherra sé að safna glóðum elds að höfði sér í þessum málum og eigi mjög erfitt með að fá einhverja fótfestu til að vinna þau verk sem ég efast ekkert um að hann gjarnan vildi vinna í því verkefni sem hann hefur tekið að sér í ráðuneyti.

Hæstv. ráðherra hefur þar margt góðra embættismanna og eru áreiðanlega ekki frá þeim komnar þær tillögur sem hér er verið að bera fram við Alþingi. Það má heyra þegar rætt er við embættismenn í þingnefndum þó að það sé ekki sagt með beinum hætti að þeir eru í hreinustu vandræðum með að skýra hvernig eigi að koma fram þeim tillögum og niðurskurði sem hér um ræðir. En það eru einhver öfl utan ráðuneytis og utan þings hygg ég vera sem eru að knýja fram undanhald í skólamálunum sem felst í þessum tillögum. Því miður, og kem ég aftur að hæstv. forsrh., hefur hann, hæstv. ráðherra og höfuð ríkisstjórnarinnar og höfuð þess bandorms sem við ræðum hér, látið að því liggja í ræðum utan þings a.m.k., og hef ég þar m.a. fyrir mér ummæli úr Þjóðviljanum þann 15. jan. 1992 þar sem greint er frá því að hæstv. forsrh. hafi haldið ræðu hjá Verktakasambandi Íslands um hvernig eigi að rjúfa kyrrstöðuna í þjóðfélaginu. Þar hafi hann lýst efnislega því áliti sínu að það megi lækka kostnað og draga úr námsframboði í skólum landsins án þess að það komi niður á árangri skólanna. Þetta er væntanlega það hugmyndalega veganesti sem hæstv. forsrh. er að útbýta til menntmrh. og annarra þeirra sem eiga að framfylgja þeim niðurskurði sem við ræðum um hér.

Ég tel að sú stefna sem hér er verið að knýja fram sé í rauninni í afskaplega mikilli mótsögn við þau orð sem hér er verið að bera fram, hvort sem það heitir að rjúfa kyrrstöðuna eða brjótast út úr einhverjum vítahring í þjóðfélaginu, því að þá er sannarlega verið að byrja á öfugum enda með því að þrengja svo að skólunum eins og hér er verið að leggja til og er þó engan veginn séð fyrir endann á því hvernig því muni lykta.

Hæstv. menntmrh. er ekki eingöngu að fjalla um grunnskólann í sínum tillögum heldur einnig framhaldsskólann og enn er ósvarað þeim spurningum sem fram hafa verið bornar: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að beita þeim heimildum sem hér um ræðir? Hæstv.

ráðherra sagði í þessari umræðu um skeið að þetta ætti ekki að bitna á grundvallarnámsgreinum í skólunum og það væru einhverjar aukastundir sem ætti að skera þarna niður. Auðvitað bar þetta tal vott um það eitt að hæstv. ráðherra hefur ekki enn haft tíma til þess eða gefið sér tíma til þess að setja sig inn í gang mála í skólakerfinu. Þar er vissulega margt nokkuð flókið, m.a. þær *námsskrár og reglugerðir sem ráðuneytinu er* ætlað að starfa eftir og skólunum er ætlað að starfa eftir. Það hefur margoft komið fram í umræðunum að hér er verið að höggva af grundvallarþáttum í starfi grunnskólans með þeim niðurskurði sem hæstv. ráðherra verður knúinn til að beita þó að ekki sé fullljóst hversu harkalegur niðurskurðurinn verður í hverju tilviki.

En varðandi framhaldsskólann vildi ég aðeins víkja að því að þar eru menn að leika sér með hugmyndir um hvernig eigi að ná þeim niðurskurði sem hér um ræðir í framhaldsskólanum. Og hæstv. ráðherra er ekki *búinn að gera sér ljóst hvernig hann ætlar að ganga* þar fram. Þó talar aðstoðarmaðurinn um að þar þurfi að skera niður 2–3 kennslustundir á viku í framhaldsskólunum og í viðtali sem er í Morgunblaðinu þann 15. jan. sl. má ég segja undir fyrirsögninni: „Niðurskurður mun ekki bitna á skyldugreinum í skólunum", svo viskuleg sem sú fyrirsögn nú er, þann 11. jan. í Morgunblaðinu, er haft eftir aðstoðarmanni hæstv. menntmrh., Ólafi Arnarsyni, svo að ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna með þínu leyfi örstutt í Morgunblaðið:

„Ólafur sagði einnig að ráðuneytið væri að vinna að túlkun á lagaákvæðum með það fyrir augum að fá úr því skorið hvort ráðuneytinu væri skylt að veita öllum sem þess æsktu upptöku í framhaldsskóla ef svo kynni að fara að takmarka þyrfti aðgang."

Eins og þarna kemur fram er verið að leika sér að hugmyndum um að að breyta því grundvallaratriði sem lögfest hefur verið fyrir skemmstu að framhaldsskólinn skuli vera opinn öllum. Ég spyr hæstv. ráðherra að því: Hvaða heimildir eru það sem hann á þessari stundu telur að hann þurfi að afla sér vegna áformaðs *niðurskurðar varðandi framhaldsskólana* og hvenær er þess að vænta að hæstv. ráðherra leggi þau mál fyrir þingið?

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra um breytingar á grunnskólalögunum sem hann boðaði fyrir jól að hann mundi leggja fram frv. um: Hvað líður undirbúningi þess máls og hvenær er þess að vænta að hæstv. ráðherra leggi fyrir frv. um breytingu á grunnskólalögum?

Þetta ætla ég, virðulegur forseti, að láta nægja varðandi I. kafla laganna þó þar væri af mörgu að taka frekar.

Ég vildi þá aðeins nefna til viðbótar einn þátt sem snýr að sveitarfélögunum og þeim álögum sem þeim er ætlað að axla í tengslum við þetta mál. Þar hafa margir gert vart við sig. Við þingmenn höfum fengið fjölmörg bréf og erindi frá sveitarfélögum, sérstaklega í okkar kjördæmum geri ég ráð fyrir. Ég hef fengið tugi bréfa frá sveitarfélögum á Austurlandi sem ég hef undir hendi og gæti vitnað til í sambandi við þær álögur sem hér eru áformaðar, en það er einn ljótasti þáttur þessa máls hvernig ríkisstjórnin stóð þar að máli og hefur þó stjórnarandstöðunni tekist að gera stjórnina afturræka með nokkra þætti eins og það áhlaup gegn fötluðum sem upphaflegar hugmyndir beindust að sem ríkisstjórnin og félmrh. kynntu þinginu áður en vent var kvæði í kross og leitað fanga annars staðar.

Í minni heimabyggð hafa bæjaryfirvöld reiknað það út, og það var rétt fyrir jólin þannig að það var í aðalatriðum sá grunnur sem enn er gengið út frá í þessu frv., að útgjaldaaukning bæjarsjóðs í Neskaupstað vegna ráðstafana sem verið er að knýja fram með lögfestingu þessa frv. nemi um 7½ millj. kr. Þar af er í fyrsta lagi 3,5% af kostnaðarverði félagslegra íbúða sem ráðgert er að byggja 1½ millj., hlutur ríkisins í gerð aðalskipulags 750 þús. kr., hækkun þjónustugjalda Fasteignamatsins 200 þús. kr., ábyrgðasjóður launa 152 þús. kr. röskar og kostnaður vegna löggæslu 4,8 millj. kr. Kann að vera að sú upphæð lækki lítillega vegna þess að dregið hefur verið ögn í land eða sem nemur ⅓ hluta á þeim þætti málsins, en það er ekki stórt í þessu samhengi.

Þá eru ótalin önnur atriði og atriði sem leggjast á önnur sveitarfélög eins og vegna eyðingar refa og minka sem var eitt af þeim efnum sem hæstv. forsrh. ræddi við framsögu fyrir málinu upphaflega, en það kemur ekki nálægt Neskaupstað og tengist öðru frv. En það eru ótalin áhrif vegna annars niðurskurðar sem hætt er við að leggist einnig á sveitarfélögin. Þar á ég við áhrif vegna niðurskurðar til skólamála og samdráttar sem beinist að kennurum og þeirra kjörum. Það liggur alveg ljóst fyrir að sveitarfélögin hljóta nauðug viljug að þurfa að bregðast með einhverjum hætti við þeim ókjörum sem þeim eru búin í þeim efnum og sama gildir um ákveðna þætti í sambandi við heilbrigðismálin.

Virðulegur forseti. Vegna þess að við stjórnarandstæðingar höfum fallist á að lengja ekki mikið 2. umr. þessa máls af okkar hálfu ætla ég ekki að taka inn fleiri þætti í mitt mál, sem er önnur ræða sem ég flyt út af þessu frv., og væri þó af mörgu að taka og ástæða til þess að grafast fyrir um ýmsa þætti sem enn eru óljósir. En ég vænti að af svörum hæstv. forsrh., sem ég vænti í framhaldinu, svo og af máli hæstv. menntmrh. megi ráða hvert stefnir varðandi framkvæmd á þeim gífurlega niðurskurði sem tillögur hafa verið samþykktar um að því er beinist að grunnskólanum, að það verði nokkru ljósara eftir þessa umræðu, áður en henni lýkur, en áður hvernig ríkisstjórnin ætlar að framkvæma þessi áform.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna síðari fyrirspurnarinnar er rétt að taka fram það sem ég ítrekaði í svari við sambærilegri fyrirspurn frá hv. 8. þm. Reykn. Það hefur ekki verið breytt um þá afstöðu, sem í fjárlögunum felst, að sá flati niðurskurður sem svo hefur verið kallaður verður að nást á þessu fjárlagaári. Á því byggja fjárlögin og frá því hefur ekki verið horfið og ráðuneytin sem í hlut eiga verða því að vinna innan þess ramma.

Varðandi hitt atriðið sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi, að í fréttum hefðu verið frásagnir af ummælum sem ég hefði viðhaft á fundi sem þrír aðilar, sem allir tilheyrðu þó með einum eða öðrum hætti Sjálfstfl., höfðu staðið og hefði mátt lesa úr því nokkur tíðindi. Ég flutti þar fáein inngangsorð, en það voru aftur aðrir menn sem fluttu þar lærðari ræður hver á sínu sviði. Í mínum inngangsorðum fjallaði ég um breytt viðhorf sem uppi væru. Það var almenn hugleiðing af minni hálfu. Ég fjallaði auðvitað þar um umræður um Evrópskt efnahagssvæði og lét í ljós það álit að ef ekkert mundi breytast frá því sem menn horfðu á í dag varðandi viðbrögð Evrópubandalagsins við dómsumsögn Evrópudómstólsins, þá sýndist mér að illa horfði um Evrópskt efnahagssvæði og framvindu þess. Og ég vil taka fram af fyllstu einlægni að það er ekki sagt til að geta síðan veifað einhverjum sigurfána ef betur mundi fara því ég mundi auðvitað kjósa hann.

Það er hárrétt hjá þingmanninum að við fyrri umræðu svaraði ég honum, ég hygg að hann hafi reyndar ekki verið í salnum er það svar var veitt, en þá svaraði ég honum eitthvað á þá lund, ég hef ekki textann hjá mér, að ég sæi engin sérstök rök eða ástæður benda til þess á því augnabliki að athugun dómstólsins sem þá stóð yfir mundi leiða til þess að þarna mundu menn hugsanlega þurfa að beygja af braut. En ég tók fram að auðvitað gæti ég ekki útilokað að slíkt gæti gerst. Ég held reyndar að mín ummæli þá hafi verið mjög í samræmi við skoðanir annarra talsmanna EFTA-ríkjanna á sama tíma þó mér sé kunnugt um að hv. þm. hafði haft meiri forsagnargáfu en ég í þessum efnum nokkru fyrr. Ég hef íhugað viðbrögð Evrópubandalagsins sem ég batt vonir við að ætti að skilja sína stöðu þannig að framkvæmdastjórn bandalagsins sem hefi samið við EFTA-ríkin bæri siðferðilega skylda til að vinna að því að laga í sínum ranni hlutina þannig að dómsniðurstaðan eða dómsumsögnin mundi ekki skaða samningshorfur. Ég tel að þau viðbrögð sem við höfum þegar fengið gangi í gagnstæða átt og ég tel að ef þannig fer fram áfram sé svigrúm til samninga innan Evrópsks efnahagssvæðis afskaplega þröngt svo að ekki sé dýpra í árinni tekið.

Þetta sagði ég efnislega á þeim fundi sem vitnað var til. Það voru ekki upplesin orð af blaði þannig að það kann að vera að það skakki einhverju, en efnislega var þetta sú skoðun sem ég lét í ljós. Ég leyfði mér reyndar þar, á ráðstefnu af því tagi, að hugsa upphátt eitthvað í þá veru að maður gæti a.m.k. ímyndað sér um Evrópubandalagið, sem horfði nú á æ fleiri ríki á hraðri ferð inn í Evrópubandalagið sjálft, ríki sem ætluðu a.m.k. sum hver að eiga einhverja biðstöðu í Evrópsku efnahagssvæði, að sá veruleiki leiddi hugsanlega til þess að bandalagið sæi sér ekki eins ríka nauðsyn á því að standa við þær skuldbindingar sem ég tel hvíla siðferðislega á bandalaginu eftir við getum sagt tvær samningslotur því muna má það að við töldum okkur og fleiri en við tvisvar hafa í hendi samning við þetta ágæta bandalag.

Þetta var það sem ég efnislega sagði. Þetta mun kannski hafa verið túlkað með eilítið öðrum hætti. Ég hygg að fjölmiðlar hafi ekki verið komnir þegar ég hélt mína ræðu, komið aðeins síðar og hafa væntanlega þá fengið í einhverri endursögn það sem ég sagði á þessum fundi. En það var efnislega þetta sem ég sagði og ég fjallaði um ýmis önnur mál í okkar utanríkismálum í framhaldi af fundi leiðtoga Atlantshafsbandalagsins í Róm þar sem kom fram að Atlantshafsríkin væru flest hver mjög áfram um að viðhalda sterkri stöðu bandalagsins, en ég lét þess getið að auðvitað fyndi maður þann undirtón hjá flestum ef ekki öllum þar kynnu hlutir mjög að breytast innan skamms tíma og maður fann ákveðin skil á milli vilja annars vegar Bandaríkjanna, Bretlands, Kanada, Noregs og Íslands, a.m.k. af minni hálfu þar, og hins vegar annarra Evrópuríkja um áherslur í þeim efnum.

Ég vakti líka athygli á að í Bandaríkjunum er að breytast afstaðan til varnarsamstarfs að sumu leyti af efnahagslegum ástæðum, að öðru leyti af vaxandi einangrunarhyggju og í þriðja lagi horfa Bandaríkjamenn frekar til annarra átta — eða í vesturátt frá sér séð — en þeir hafa hingað til gert.

Ég veit að ég er kominn ansi langt frá bandorminum, en þetta eru hugleiðingar sem upp komu á þessum fundi og ég vona að ég hafi ekki orðið til þess, herra forseti, að hér verði efnt til almennrar umræðu um utanríkismál og mér verði kennt um að hafa rofið allt það óformlega samkomulag sem gert hefur verið.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að bregðast við fyrirspurnum mínum, en ég vek athygli á að það eru talsverð tíðindi sem hæstv. ráðherra ítrekar í sambandi við afstöðu til niðurskurðarins, hins svokallaða flata niðurskurðar. Hann er að segja öðru sinni í þinginu að ráðuneytin verði að ganga fram innan fjárlagaársins varðandi þennan niðurskurð. Ég tel að gagnvart a.m.k. hæstv. menntmrh. þýði þetta að hæstv. ráðherra kemst ekki hjá því að greina þinginu frá því áður en þessari umræðu lýkur, þar sem hann er að óska eftir enn frekari niðurskurðarheimildum gagnvart skólunum í landinu, með hvaða hætti hann ætlar að skila þessum niðurskurði, þeirri fjárvöntun sem þarna blasir við í skólum landsins og síðar við umræðuna kemur væntanlega að því að hæstv. menntmrh. greini okkur frá því.

Varðandi hinn þáttinn, sem lýtur að stöðunni varðandi Evrópskt efnahagssvæði, þá er ég sammála hæstv. forsrh. um að það eru ekki aðstæður til að efna til víðtækra umræðna um breytt viðhorf að mörgu leyti í utanríkismálum og að því er þetta mál varðar sérstaklega. Ég er hæstv. ráðherra alveg sammála um að þar er um mikla breytingu að ræða, en það sem ég óttast sérstaklega í því efni, því ekki mundi ég gráta það að þessar samningaviðræður færu út af borðinu og yrðu endanlega strand, það mundi ég ekki harma, er það að EFTA-ríkin haldi áfram því undanhaldi sem hefur verið þeirra hlutskipti allt frá því að þessar samningaviðræður hófust til að koma þessu máli í höfn vegna þess hversu það leggst þungt stjórnmálalega á þá flokka sem

bera mesta ábyrgð í þessu máli, Alþfl. sérstaklega, og þar gangi menn að afarkostum. Það er hin stóra hætta í þessu máli að mínu mati.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þetta umdeilda frv. þar sem hefur verið gert um það samkomulag að reyna að ljúka 2. umr. í kvöld án þess að haldinn verði kvöldfundur. En það voru nokkur tíðindi sem komu fram í máli hæstv. forsrh. og ég veit ekki hvort hann geri sér grein fyrir því sjálfur að fyrir örfáum klukkutímum svaraði hæstv. menntmrh. því svo að það kæmi í ljós í næstu viku hvort sá 180 millj. kr. niðurskurður sem þarf að verða í grunnskólunum samkvæmt flata niðurskurðinum á að fara fram á fjárlagaárinu eða skólaárinu. Með því að hæstv. forsrh. hefur nú kveðið upp úr með það að þetta skuli verða fjárlagaárið er um gífurlega alvarlegt mál að ræða fyrir grunnskólann. Ég sé ekki hvernig í ósköpunum það verður framkvæmt.

Hæstv. forseti. Það er ekkert nýtt í sjálfu sér að það séu lögð fram frumvörp í því formi sem kallað er bandormur. Ég get sagt frá því að þegar ég kom fyrst á þing sem varaþingmaður árið 1984 og vissi ekki mjög mikið um störf Alþingis og fannst margt nýstárlegt og margar spurningar sem vöknuðu, þá keyrði um þverbak þegar farið var að tala um bandorm í þingflokksherbergi Framsfl. Þetta er ekkert nýtt og í sjálfu sér ekkert um það að segja nema hvað frv. gengur kannski lengra en áður hefur verið í ýmiss konar — það er kannski of stórt að segja óþverraskap en alla vega óréttlæti.

Okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar þótti frv. orðið ærið óásjálegt fyrir hátíðar þegar ákveðið var að fresta þinghaldi en nú hefur hæstv. ríkisstjórn bætt um betur og aukið árásir á þá sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi. Það er hreint með ólíkindum að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa á nokkurn hátt reynt að ná til þeirra sem virkilega eru aflögufærir og það eru svo sannarlega ýmsir Íslendingar aflögufærir. Nei, það þarf að hlífa þeim ríku eftir þessu að dæma, enda eru þeir eflaust flestallir fylgismenn Sjálfstfl. og þeir sjá um sína.

En það er af mörgu að taka í frv. og ég ætla ekki að gera að umtalsefni aðra þætti en grunnskólann þar sem tíminn er frekar naumur.

Það voru ekki allir sáttir við það þegar orðið „barnaskóli" var tekið út úr lögum og í stað þess var sett orðið grunnskóli sem heiti á þetta skólastig sem er þá sennilega fyrir áhrif frá nágrannaþjóðum okkar. En mér finnst núna einmitt að þetta heiti, grunnskóli, hafi ákveðna merkingu sem er mikilvæg og sem nú er vegið að. Vegna þess að hæstv. ráðherrar hafa e.t.v. betri skilning og meiri þekkingu á uppbyggingu húsa og mannvirkja en mannlegra þátta finnst mér að þeir hefðu átt að átta sig á því að alveg eins og það er mikilvægt að grunnur sé traustur í mannvirkjagerð er mikilvægt að grunnskólinn standi stöðugur og traustur sem undirbúningur undir lífið og sem undirbúningur undir frekara nám. Ef við gerumst svo hátíðleg að fara í samlíkingu í ritningunni kemur upp í hugann kaflinn um þann sem byggði hús sitt á bjargi og þann sem byggði hús sitt á sandi.

En í bréfi frá forsrn. dags. 7. jan. 1992 eru lagðar til ýmsar breytingar á frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 og það er það sem ég ætlaði sérstaklega að gera að umræðuefni vegna þess að ég hafði tekið til máls við 1. umr. um frv. eins og það leit út þá.

Í breytingunni er kveðið á um að í stað þess að í 3.–10. bekk væru 29 nemendur að hámarki skuli þeir vera 28 skólaárið 1992–1993, en þegar sérstaklega stendur á geti fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að tvo nemendur í bekkjardeild. Sem sagt, þá geti þeir orðið 30. Á þessu tiltölulega sakleysislega ákvæði ætlar hæstv. ríkisstjórn að spara tugi milljóna og það sem vakti athygli mína í umræðum í þingnefnd er að samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni menntmrn. var eins og það ætti ekki að verða neinn kostnaðarauki af því að breyta ákvæðinu frá því sem var í frv. þar sem hámarkið var 29 en að fara niður í 28. Það vekur hjá mér þær grunsemdir að það eigi alls ekki að nota 28 sem deilitölu í þessu sambandi heldur verði svo, ekki síst vegna þeirra nýju tíðinda sem hafa komið fram hjá hæstv. forsrh., að þessi sparnaður eigi allur að fara fram á þessu fjárlagaári, en þá sýnist mér að hæstv. menntmrh. hafi ekki mikið svigrúm og það verði þá úr, sem við höfum óttast og haldið fram í umræðunum, að það verði hrúgað saman 30 nemendum — því að hvaða svigrúm hefur hæstv. menntmrh. annað en það að spara laun kennara og fækka bekkjardeildum um einhverja tugi?

Samkvæmt könnun sem Samfok, samtök foreldrafélaga og kennarafélaga, gerðu sl. vetur er lengdur skóladagur og einsetinn skóli eitt af brýnustu hagsmunamálum foreldra og barna. Með grunnskólalögunum frá sl. vori var stigið skref í rétta átt, en nú er stigið stórt skref aftur á bak. Við vitum ekki hversu stórt, en í 3. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Menntmrn. setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk með grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma."

Í sjálfu sér er þarna verið að færa vald löggjafans yfir til framkvæmdarvaldsins.

Í viðtali í Morgunblaðinu 11. jan. sl. kemur fram að niðurskurðurinn muni ekki bitna á skyldugreinum í skólanum. Þetta kom fram fyrr í dag og hefur sjálfsagt komið fram aftur og aftur í umræðunum. Ég ætla að taka það fram áður en lengra er haldið að ég virði hæstv. menntmrh. fyrir það hversu vel hann hefur setið undir þessari umræðu. Hann á heiður skilið fyrir það og hann er eflaust orðinn þreyttur á að heyra sömu ákvæðin nefnd aftur og aftur. En þetta er stórt mál og ekki verður hjá því komist að ræða það allt saman.

En það væri forvitnilegt að heyra í eitt skipti fyrir öll hjá hæstv. ráðherra hvernig er hægt að draga úr kennslumagni í grunnskólanum án þess að það bitni á skyldunámsgreinum sem kenndar eru samkvæmt námsskrá. Það fer nefnilega ekki önnur kennsla fram í

grunnskólanum. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands birti sl. vor frumúttekt á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að lengja skóladaginn í grunnskólanum. Það kom fram að fáar fjárfestingar skila jafnmikilli arðsemi. Hæstv. ráðherrar eru ábyggilega vel inni í því hvað það orð merkir. Þarna var einungis metinn efnahagslegur ávinningur en ekki gildi menntunar fyrir einstaklinginn.

Það verður ekki hjá því komist að maður setji í samhengi áhuga ákveðinna afla, a.m.k. innan Sjálfstfl., á einkaskólanum og þessum aðgerðum. Ég vil reyndar ekki gera hæstv. ráðherra upp þær skoðanir að hann ætli sér að stórskemma grunnskólann meðvitað. En ótti minn er sá að þessar aðgerðir verði svo afdrifaríkar fyrir grunnskólann að það verði erfitt að vinda ofan af því. En það eru þessar sparistundir sem hæstv. ráðherra hefur æði oft gert að umræðuefni og telur að megi kannski missa sig í þessum bekkjum. Með því að fækka um tvær á viku sparast ekki nema milli 50 og 60 millj. á haustönn þannig að það er æðimikið sem vantar upp á ef hæstv. menntmrh. þarf að fara að fyrirskipan hæstv. forsrh. í þessum efnum.

Í reglugerð frá menntmrn. segir um stundir til ráðstöfunar, með leyfi forseta: „Hver skóli fyrir sig ákveður hvernig þessum stundum er ráðstafað til kennslu samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla."

Stundir til ráðstöfunar eru til kennslu samkvæmt aðalnámsskrá og það verður þá að ákveða hvað það er sem á ekki að kenna samkvæmt henni.

Foreldrafélög í grunnskólum hafa verið að senda þingmönnum áskoranir á síðustu dögum þess efnis að samþykkja ekki tillögur um skerðingu fjárframlaga til grunnskólans og mætti lesa upp mörg bréf í því sambandi, en ég skal ekki gera það. En ef niðurstaðan verður sú, sem nefnd hefur verið, að aka börnum á milli skólahverfa til þess að fá alls staðar upp í töluna 30 nemendur í bekkjardeild, þá er það kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin sem ekkert hefur verið rætt um við þau. Borgarstjórnin í Reykjavík hefur ályktað um það efni og var vitnað í fulltrúa Sjálfstfl. Árna Sigfússon í fjölmiðlum nýlega þar sem hann heldur því fram að þessi sparnaður verði enginn þegar á heildina er litið því þarna muni verða færður kostnaður yfir til sveitarfélaga.

En ég tel mig hafa heyrt einhvers staðar haft eftir hæstv. menntmrh. að við höfum ekki efni á að kosta því til grunnskólans sem okkur ber samkvæmt lögum og hæstv. forsrh. sagði líka að skólinn væri of dýr. Ég skora á hæstv. forsrh. að útskýra aðeins fyrir okkur hvað hann meinar með þeim orðum því að ég tók ekki eftir að hann gerði það áðan og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lagði einmitt fyrir hann fyrirspurn í því sambandi í sínu máli.

Í hvers konar þjóðfélagi búum við? Skyldum við vera eitt af þessum fátæku ríkjum sem hafa lágar þjóðartekjur? Svo er ekki því að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, sem eru OECD-tölur og eru þær taldar hvað bestar og áreiðanlegastar í sambandi við samanburð á milli landa, erum við Íslendingar í 6. sæti hvað snertir þjóðartekjur á mann og yfir meðaltali OECD-þjóða. Ef meðaltalið er sett á 100 erum við með vísitöluna 101 og sú þjóð sem hæst kemst eru Bandaríkin með 133. Ekki er því hægt að kenna því um að við séum ein af þessum fátæku þjóðum og þess vegna þurfum við að spara í grunnskólanum heldur er það miklu frekar að við erum rík þjóð, en það er spurning hvort við ráðstöfum fjármununum rétt og hvort forgangsröðin er rétt og sanngjörn.

Ég vil að síðustu spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann óttist ekki að það verði erfitt að vinna það verk að afhenda skólunum aftur þær kennslustundir sem verða teknar af væntanlega í haust, ekki síst vegna þeirra orða hæstv. forsrh. að skólinn sé of dýr.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lét þau orð falla að af máli mínu mætti ráða að mér væri þessi niðurskurður nánast óviðkomandi, Alþingi hefði samþykkt fjárlög þar sem fyrir væri lagt hvað ætti að spara í fjármunum til skólamála og mér kæmi þetta nánast ekkert við nema ég ætti að framkvæma þetta. Það er mikill misskilningur. Ég er ekki að víkja mér undan neinni ábyrgð í þessum efnum. Ég veit alveg hvað fyrir mig er lagt og ég hef tekið fullan þátt í þeim ákvörðunum sem að baki þessu öllu liggja.

Það er hins vegar rétt að ég hef sagt að ég þurfi aðstoð ýmissa góðra manna til að koma þessum markmiðum í höfn og er ekkert óeðlilegt við það vegna þess að þær heimildir sem hér er leitað eftir notar ekki menntmrh. einn. Ég bendi á í því samhengi að heimildin til að fjölga í bekkjum eins og brtt. sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir um tvo er til fræðslustjóranna í landinu og þeir þurfa að koma að þessu verki alveg hreint eins og skólastjórarnir og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana yfirleitt sem ætlað er að spara í rekstri þannig að þetta er ekki eingöngu í hendi ráðherranna þótt þeir beri stjórnskipulega ábyrgð á þeim stofnunum sem undir þá heyra.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi einnig um framhaldsskólann og taldi þar spurningum ósvarað enn þá og það er alveg rétt. Ég lýsti í ræðu minni í dag hvernig það mál stæði. Það væri starfandi nefnd sem hefði verið skipuð að loknum fundi sem ég ásamt ýmsum embættismönnum menntmrn. átti með skólastjórum framhaldsskólanna. Sú nefnd er skipuð fjórum fulltrúum skólastjóranna og fjórum embættismönnum úr ráðuneytinu. Þessir aðilar vinna nú að því að fara í gegnum þær hugmyndir sem settar hafa verið fram og leiða mættu til sparnaðar í framhaldsskólakerfinu. Ég get þess vegna ekki á þessu stigi málsins greint frá því í smáatriðum hvernig þessum sparnaði í framhaldsskólakerfinu verði náð.

Ég get hins vegar aðeins sagt það, af því að ég var spurður hvaða heimildir ég teldi mig þurfa að fá vegna sparnaðar i framhaldsskólakerfinu, að ég tel mig ekki þurfa að fá neinar sérstakar heimildir frá Alþingi til þess að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ég tel að það þurfi ekki breytingar á framhaldsskólalögunum til þess.

Í framhaldi af þessu spurði hv. þm. líka hvað liði

undirbúningi grunnskólalaga, en ég hef sagt bæði í dag og áður að ég gerði mér vonir um að endurskoðun á grunnskólalögunum færi fram núna í vetur þannig að frv. yrði lagt fram á vorþinginu. Ég sagði í dag og get ítrekað það enn að ég geri mér vonir um að það frv. verði lagt fram á vorþinginu þótt ég geti ekki lofað því eða sagt nákvæmlega fyrir um hvenær það verði. En ég vonast sannarlega til þess þannig að við getum rætt hér um stefnu í skólamálum og eins og ég sagði í dag án þess að ræða eingöngu um peninga.

Hv. þm. þótti tíðindum sæta svar hæstv. forsrh. við fyrirspurninni um hvort ætlunin væri að knýja fram niðurskurðinn á almanaksárinu varðandi grunnskólann og svo þótti einnig hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Þetta voru í sjálfu sér engin sérstök tíðindi. Það sem ég hef sagt, sagði síðast í ræðu minni í dag og hef sagt áður, er að ég hafi ákveðnar efasemdir um að sá niðurskurður sem ráðgerður hefur verið í grunnskólakerfinu næðist á haustmissirinu einu. Þetta hef ég sagt, en ég hef jafnframt bætt því við, gerði það síðast í dag, að ég væri ekki að víkja mér undan að skera það niður í menntmrn. sem ætlast væri til, en það gæti orðið tilfærsla á milli þátta. Þetta er það sem ég hef sagt þannig að það er enginn ágreiningur á milli mín og hæstv. forsrh. að þessu leyti, það er ekki.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir gerði að umtalsefni þá heimild sem leitað er eftir varðandi fjölda í bekk. Ég svaraði því atriði ítarlega í ræðu minni í dag og ég tók þar skýrt fram að það væri ekki gert ráð fyrir að fámennum bekkjum yrði kerfisbundið slegið saman, það væri ekki ætlunin með þessu heimildarákvæði og það get ég ítrekað.

Þingmaðurinn spurði hvernig hægt væri að draga úr kennslumagni án þess að það bitnaði á skyldugreinunum. Ég svaraði því reyndar líka í dag efnislega á þá leið að þrátt fyrir þessa skerðingu væri unnt að halda uppi lágmarkskennslu í lögboðnum námsgreinum samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Skerðingin kæmi fyrst og fremst fram í stundum sem skólar hafa til ráðstöfunar til að auka lágmarkskennslu í einstökum námsgreinum. Svona einfalt er þetta. En mér er auðvitað mætavel kunnugt að þessir aukatímar hafa verið notaðir. Og ég er ekki að hælast neitt yfir því, það hef ég hvergi gert, að þessi skerðing eigi sér stað. Ég segi enn og aftur: Hér er um tímabundna aðgerð að ræða. Þetta er aðgerð sem fer fyrst og fremst fram á árinu 1992. En það hefur komið fram og kom fram strax við myndun þessarar ríkisstjórnar að hún ætlaði sér tvö ár til að ná tökum á ríkisfjármálunum. Þannig er ekki verið að nema varanlega úr lögum ýmis ákvæði sem í grunnskólalögum eru. Það er verið að taka vissa þætti úr sambandi á árinu 1992.

Ég svaraði líka í þessu samhengi spurningunni um hvort ætlunin væri að aka börnum á milli borgarhverfa og þarf ekki að ítreka það sem ég sagði þá.

Hv. þm. spurði svo að lokum hvort ég teldi það ekki verða erfitt verk að vinna að afhenda skólunum aftur það sem tekið verði af þeim í haust. Satt að segja sé ég ekki neina sérstaka örðugleika sem ættu að fylgja því, en öllum skipulagsbreytingum fylgja að sjálfsögðu einhverjir erfiðleikar. En ég held að þeir verði ekki óyfirstíganlegir í þessu tilviki.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra svarar því til að hann sé að leita leiða til að skera niður með öðrum hætti og annars staðar hugsanlega en í grunnskólunum eins og þó hefur verið boðað og reitt fram við þingnefndir hugmyndir um og ítrekað hefur komið fram í umræðum. Hann er í rauninni að staðfesta það hér, ef ég hef skilið mál hans rétt, að hann þurfi eins og húsbóndi hans, hæstv. forsrh., hefur reyndar staðfest hér, að skila þessum umræddu niðurskurði innan fjárlagaársins frá sínu ráðuneyti. Það er í rauninni það sem hæstv. ráðherra er að staðfesta. Hins vegar hefur mátt skilja mál hans, jafnt í þingnefndum, ég er nú að vitna til fundar í menntmn. þingsins, sem og af máli hans úr þessum ræðustóli að hann gerði ráð fyrir því að geta dreift þessum niðurskurði yfir á næsta fjárlagaár og seinni hluta skólaársins 1992–1993. En sem sagt er það ekki uppi lengur heldur ætlar hæstv. ráðherra að standa skil á þessum niðurskurði. Þá vitum við það.

En það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti frætt okkur á því hvaða þættir það eru sem hann er að leita fanga til að skila þessu fjármagni og hafi hann ekki greið svör við því nú og liggi það ekki þegar fyrir vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann muni þegar sú niðurstaða er fengin innan ráðuneytis kynna Alþingi í hverju þær ákvarðanir af hálfu ráðuneytisins yrðu fólgnar. Ég tel í rauninni eitt það lakasta við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið hér að því er skólamálin varðar, en það gildir vissulega um fleiri þætti, að ráðherrarnir eru að afla sér heimildar til að fara óbundnir af Alþingi með stórar fjárhæðir og fúlgur frá sínum ráðuneytum sem er algert nýmæli í þessum mæli a.m.k. í sambandi við stjórn landsins og heimildir af hálfu Alþingis. Þetta er stórkostleg afturför og mikil hætta sem þessu fylgir.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að það þurfi ekki að vera neinn misskilningur á milli okkar í þessum efnum. Það liggur fyrir til hvers er ætlast af menntmrn. í heildarniðurskurði. Ég hef margsagt að ég hafi efasemdir um að við náum þessum niðurskurði varðandi grunnskólann. Það er langerfiðasti þátturinn í þessum niðurskurði í menntmrn. og ég býst við að við séum sammála um að þar sé um viðkvæmasta þáttinn að ræða. Þess vegna hef ég sagt að ef sá niðurskurður náist ekki þar verði hann að nást annars staðar.

Ég get ekki svarað því hér og nú í hvaða þáttum það verður. Það verður bara ekki í grunnskólanum. Því svaraði ég í dag. En það heyra margar stofnanir undir menntmrn. eins og menn vita og það er þar sem við erum að vinna núna í þessum niðurskurðarmálum.

Því verður að sjálfsögðu ekkert haldið leyndu fyrir Alþingi eða öðrum hvar þessi niðurskurður kunni að koma niður. En í skólakerfinu öllu getur hann ekki

komið niður að neinu marki fyrr en á haustmissirinu, það er alveg ljóst.

Varðandi það að við séum að fara á heimildir til að geta farið óbundnir frá Alþingi með niðurskurðarhnífinn, þá finnst mér að það sé alveg óþarfi að vera að snúa út úr þessu fyrir mér. Ég er að segja hér ítrekað hvert sé það hámark sem ég treysti mér til að ganga varðandi grunnskólann þannig að það er engin ástæða til að ætla mér að ég muni misnota þær heimildir sem ég fæ ef ég má nota það orð, þ.e. að nota þær í ríkari mæli en ég hef látið að liggja.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla hæstv. menntmrh. út af fyrir sig ekkert verri hlut en hverjum öðrum í sambandi við þann niðurskurð sem hann ætlar að taka að sér að framkvæma. En það er stefnumarkandi mál hvort Alþingi afgreiðir heimildir af því tagi sem veittar voru með afgreiðslu fjárlaga og veita á ef uppfylltar verða óskir ríkisstjórnarinnar með samþykkt þessa frv., að leggja það í hendur einstakra ráðherra. Því fylgir hætta, ekki vegna þess að þeir séu illa innrættir ráðherrarnir frekar en gengur og gerist heldur vegna þess að það verða færri sem um málin fjalla og það er hætt við því að það verði handahófskenndar ákvarðanir sem teknar verði óhjákvæmilega og ákvarðanir sem eru pólitískar í eðli sínu og er eðlilegt að Alþingi taki á hverju sinni.

Síðan heyrum við að hæstv. ráðherra ber sig allvel, að hann ætli að axla þá ábyrgð sem forsrh. bryndi fyrir honum og honum bæri að fylgja. Ég hygg að hæstv. ráðherra ásamt fleirum hafi verið tekinn í aukatíma af hálfu hæstv. forsrh. vegna þeirrar framsetningar sem nú kemur fram hjá þessum hæstv. ráðherra um þetta efni. (**Menntmrh.:** Við þurfum enga aukatíma.) Nei, þeir eru vel staddir fyrir. Það er þá léttir fyrir forsrh., en kannski ekki fyrir aðra. — Og það eru þá aðrar stofnanir sem mega vænta þess að það verði lagðar á þær kannski 100 millj. kr. í niðurskurði, aðrar en grunnskólinn. Ekki ætla ég út af fyrir sig að gera athugasemdir við að það verði reynt að gera þetta sem bærilegast fyrir börnin, skárra en á horfðist. En hitt er ljóst að það verður vandfundið held ég hjá hæstv. menntmrh. eins og fjárlög hafa verið afgreidd að rista niður og verða við þeim kvöðum sem hann hefur tekið þátt í að leggja á sjálfan sig í þessu efni.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get verið sammála hæstv. menntmrh. í því að niðurskurðurinn í grunnskólanum er kannski sá viðkvæmasti ef hægt er að stigbreyta í þessu sambandi. En hann kom í sínu máli að framhaldsskólanum og sagði að hann teldi sig ekki þurfa lagabreytingar til að ná fram þeim sparnaði, eins og hann orðaði það, í framhaldsskólanum. Ég minni hæstv. ráðherra á að Ólafur Arnarson ráðherrasveinn kom fram í fjölmiðlum og sagði, ég man það ekki orðrétt, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að takmarka aðgang að framhaldsskólum þar sem fjárlög væru æðri framhaldsskólalögum og það væri ekki nógu mikið fjármagn til að hleypa öllum nemendum inn í framhaldsskólann. Það væri ekkert þessu til fyrirstöðu og þyrfti engar lagabreytingar til. Ég man þetta ekki orðrétt, því miður, en það var á þá leið. Ég vildi spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hann skýrir þetta í ljósi þeirra orða sem fram komu í máli hans áðan.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef heldur ekki við höndina þessi orð ráðherrasveinsins — gott orð — en ég held að ég viti hvað þarna var um að ræða. Þetta var spurning um það hvort væri hægt að takmarka aðgang að framhaldsskólunum. Ég tek fram að það er ekki neitt á döfinni í ráðuneytinu að gera einhverjar slíkar ráðstafanir en vegna þess að þessi spurning kom upp, þá fengum við lögfræðilegt álit fyrir þeirri spurningu hvort það væri hægt, hvort skólayfirvöld gætu takmarkað aðgang að sínum skólum, og það álit sem við fengum var einmitt í þá veru að það færi eftir fjárveitingum til skólanna hvort hægt væri að fullnægja þessu ákvæði sem ef ég man rétt er í 16. gr. framhaldsskólalaganna.

Ég ætla ekki að leggja neinn sérstakan dóm á þetta álit en það er til, en ég ítreka enn og aftur að það eru engar slíkar ráðagerðir uppi í ráðuneytinu og ég ítreka að ég tel mig ekki þurfa breytingu á framhaldsskólalögunum til að ná þeim sparnaði sem að er stefnt.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta þykja mér mikil tíðindi og hefði verið ágætt að fá að sjá það lögfræðilega álit sem þarna er á ferðinni vegna þess að mér þykir þetta alveg með ólíkindum. Ákvæði í fjárlögum eru eins fáránleg varðandi framhaldsskólann og varðandi svo margt annað. Í þessu tilviki virðist það skoðun einhverra að hægt sé að takmarka aðgang að framhaldsskólum bara vegna þess að það sé kosið að spara. Það verður fróðlegt að vita hvort þessar hugmyndir eru á lofti. Ég vona að þær séu það ekki og það sé rétt að ráðherrasveinninn hafi þarna verið að tala um sínar prívatskoðanir en ekki ráðherrans eða ráðuneytisins og þykir mér þá að þeir fari að líta stórt á sitt hlutverk ef þeir eru farnir að viðra svo stórpólitísk mál í fjölmiðlum. Þykir mér tíðindum sæta ef hægt er að takmarka aðgang að framhaldsskólum og þætti fróðlegt að vita með hvaða aðferðum það ætti að vera, hvort það ætti þá að vera eftir biðraðakerfi eða hvernig ætti að reyna að takmarka aðgang að framhaldsskólum miðað við þau lög sem eru í gildi í landinu.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem liggur fyrir er að hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að hann muni standa þannig að sparnaði í grunnskólanum að hann komi til framkvæmda haustið 1992 og að hann muni leita fanga annars staðar í menntmrn. eftir því sem þá vantar á. Út af fyrir sig er það rétt hjá ráðherranum að menntmrn. er stórt ráðuneyti og það er hægt að koma ýmsum hlutum við þar. En hitt er ljóst að til þess að ráðherrann

geti sparað meira annars staðar en gert er ráð fyrir í fjárlögum verður hann að fá til þess sérstakar nýjar heimildir. Hann getur ekki aukið við sparnað eða niðurskurð á einstökum liðum og stofnunum öðruvísi en að leita nýrra heimilda í því sambandi og það er ekki ráðrúm við 2. umr. til að ræða það mál ítarlega, en við gerum það þá við 3. umr. og fáum þá væntanlega upplýsingar um hvað ráðherrann er þar með í huga.

Varðandi framhaldsskólann er það algerlega ljóst að fjárlögin víkja ekki til hliðar neinum lögum, hvorki um framhaldsskóla né annað. Og í framhaldsskólalögunum er ákvæði um að framhaldsskólinn sé fyrir alla og það ákvæði hefur verið túlkað þannig að þeir sem hafa verið 10 ár í grunnskóla geti gengið beint inn í framhaldsskólann. Til þess að breyta því verður að mínu mati að breyta framhaldsskólalögum. Út af fyrir sig hefur ríkisstjórnin meiri hluta á Alþingi til að gera það, en ég fullyrði að innan framhaldsskólalaganna eins og þau eru núna er það ekki hægt þó auðvitað sé hægt að gera þar ráðstafanir t.d. til að breyta reglum um hámark í námshópum svo að ég nefni dæmi sem hafa sparnaðaráhrif í einstökum framhaldsskólum.

Það sem stendur svo eftir af þessum umræðum, herra forseti, er að það stendur til að leggja niður í skólum landsins, grunnskólum og framhaldsskólum, sem samsvarar, hvernig sem menn vilja orða það, um 150–250 stöðum í haust í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Þó að það komi kannski ekki nákvæmlega þannig út liggur fyrir að þetta samsvarar 150–250 stöðum kennara sem ætlunin er að leggja niður frá og með haustinu 1992.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

71. FUNDUR

þriðjudaginn 21. jan.,
kl. 11 árdegis.

Um þingsköp.
Fjarvist þingmanns.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Ég sé að hér er fyrst á dagskrá atkvæðagreiðsla um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég hjó eftir því að hv. 1. þm. Vestf. er ekki með fjarvistarleyfi heldur er hann fjarverandi, að sjálfsögðu þvert gegn vilja sínum. Ég met það svo að það sé mikils virði fyrir núv. ríkisstjórn að geta sýnt fullan styrkleika í atkvæðagreiðslu hér á þinginu um það mál sem fram undan er, m.a. um þær skerðingar sem sjómönnum eru sérstaklega ætlaðar, og lýsi því yfir að ég er reiðubúinn að stuðla að því að fresta þessari atkvæðagreiðslu ef ríkisstjórninni væri þægð í þar til hv. 1. þm. Vestf. sæi sér fært að koma til þings.

Geir H. Haarde:
Virðulegi forseti. Út af þessari furðulegu athugasemd hv. 2. þm. Vestf., sem virðist halda stundatöflu yfir þingmenn og þeirra fjarvistir, þá vildi ég láta það koma fram að hv. 1. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, er fjarverandi með fullkomlega lögmæt forföll sem hann tilkynnti stjórn þingflokksins í gær. Það hefur láðst að óska eftir fjarvistarleyfi og ég tek það algerlega á mínar herðar og geri það hér með að biðja um fjarvistarleyfi fyrir hans hönd. Hann er forfallaður.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Aðeins til upplýsingar fyrir hv. 8. þm. Reykv. þá er það hæstv. forseti sem heldur stundaskrá yfir fjarvistir þingmanna. Það hefur verið allan þann tíma sem hv. 8. þm. Reykv. hefur verið hér á þingi og ekki orðið breyting á. Ég hef ekki tekið að mér það starf. En ég skil það vel að hann telji skynsamlegt að gleyma sumum hlutum og ég mun ekki virða honum það á verri veginn. — [Fundarhlé.]

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, frhnál. 383 og 388, brtt. 263, 286, 307, 339, 353 og 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Í nál. á þskj. 299 er frávísunartillaga frá minni hluta efh.- og viðskn. við 1.–3. gr. frv. Forseti hefur fallist á að bera upp þessa frávtill. þótt hún varði einungis einn kafla frv. en þessi undantekning helgast af því að þetta frv. er um breytingar á ýmsum lögum.

Frávtill. í þskj. 299 (við 1.–3. gr.) felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, KE, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 286,1 (b- og c-liðir 1. gr. falli brott) samþ. með 46:6 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, GHelg, JÁ, JónK, PP, StG*.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EGuðn, EKJ, FI, GAK, HÁ, IP, JBH, KE, RA, StH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1. gr. a-liður samþ. með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, SalÞ.

nei: VS, AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG.

1 þm. (EKJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, FI, JBH, GAK, RA, StH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða að fresta enn máltíðum fyrir börn í grunnskólum sem bæði ég og aðrir hv. þm., nægir að nefna núv. hæstv. félmrh., núv. hæstv. forseta þessa þings og fjölmarga aðra, hafa barist fyrir. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það ákvæði sem hér er ætlunin að fella brott kostar ríkissjóð Íslands ekkert þó það sé inni á árinu 1992 en mun að sjálfsögðu valda kostnaði þegar það kemur til framkvæmda. Sá grunur læðist þess vegna að manni að hér sé verið að framkvæma þá stefnubreytingu að snúast gegn því að börn í grunnskólum landsins eigi rétt á því að komast í hádegisverð eins og aðrir þegnar þessa lands, þar á meðal þingmenn sem eru nú vel mettir þessa stundina. Ég segi að sjálfsögðu nei.

1. gr. d-liður samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

8 þm. (EGuðn, EKJ, FI, GAK, JBH, RA, SAÞ, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sá liður sem hér eru greidd atkvæði um er tvíþættur. Fyrra ákvæðið varðar fjölda kennslustunda í grunnskólum og samkvæmt því er verið að ákveða að fresta ákvæðum grunnskólalaga sem samþykkt voru samhljóða hér á Alþingi sl. vor um fjölda kennslustunda á komandi skólaári. Þetta er mjög alvarlegur hlutur því að samþykkt grunnskólalaganna í fyrra var stórfelldur ávinningur að mati allra þeirra sem starfa í skólum landsins. Þá var í fyrsta sinn ákveðinn lágmarkskennslutímafjöldi í grunnskóla en hér er verið að ganga gegn þessum ávinningum grunnskólalaganna. Þetta er sérstaklega alvarlegt þegar litið er til síðasta málsliðar 3. gr. þar sem ráðherrann er auk þess að afla sér sérstakrar opinberrar heimildar til þess að ákveða vikulegan kennslutíma í skólum.

Við alþýðubandalagsmenn og fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn. höfum gagnrýnt þetta ráðslag ríkisstjórnarinnar mjög harðlega. Hér er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, á börnin í grunnskólum landsins. Við segjum nei við þessum ákvæðum.

Brtt. 286,2 samþ. með 35:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG.

13 þm. (AÓB, EKJ, GB*, HÁ, ISG, IP, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2. gr., svo breytt, samþ. með 32:9 atkv., 14 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 384,1 samþ. með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, SalÞ.

nei: JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK.

1 þm. (EKJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GAK, RA, StH, EGuðn, FI, JBH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þeirri brtt. sem hér eru greidd atkvæði um er lagt til að heimilt verði að fjölga nemendum upp í allt að 30 ef sérstaklega stendur á, eins og stendur í brtt. Þarna er verið að hverfa frá þeirri stefnu sem samþykkt var í grunnskólalögum þar sem stefnt er að því að fækka nemendum í bekkjum í stað þess að fjölga þeim eins og hér er lagt til. Þetta gengur þvert á allt það sem horfir til góðs í skólamálum og því segi ég nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki aðeins að sá þingmaður af hálfu Sjálfstfl. sem mest vit hefur á efnahagsmálum skirrist nú við að styðja aðgerðir í efnahagsmálum, heldur hefur það einnig heyrst úr borgarstjórn Reykjavíkur að þeir sem fara með þau mál þar séu ekki yfir sig hrifnir. Þetta er í sjálfu sér skipulögð aðför að

grunnskólanum til þess að gera hann lélegan í þeirri trú að einkavæðing eigi að taka við og ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta er síðasta brtt. í þessu frv. sem snertir grunnskólann og hér er um að ræða aðför að grunnskólakerfinu í heild. Hér er ætlunin að skerða tíma í verk- og listgreinum á næsta skólaári. Hér er ætlunin að skerða tíma til íslenskukennslu á næsta skólaári. Hér er verið að taka ákvörðun um almenna afturför í skólamálum meðan aðrar þjóðir auka við. Hér er verið að fjölga í bekkjum upp í 30 nemendur. Við teljum að þetta sé ávísun á verri lífskjör í framtíðinni og höfnum því þessari brtt. Við bendum jafnframt á að hluti af þeim breytingum, sem hér eru knúðar fram af Alþfl. og Sjálfstfl., er í raun og veru ekki um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér er verið að framkvæma almenna breytingu á grunnskólalögum og rugla því saman við almenn efnahagsmál og ráðstafanir í ríkisfjármálum. Gleggsta dæmið um það er fyrsta brtt. sem samþykkt var hér í dag þar sem sveitarfélögum er bannað að kosta skólamáltíðir á árinu 1992 eftir orðanna hljóðan. Hér er auðvitað um yfirgengileg vinnubrögð að ræða frá tæknilegu sjónarmiði séð af hálfu meiri hlutans en efnið er alvarlegast, það að hér er um að ræða almenna aðför að skólakerfinu í landinu. Ég segi nei, virðulegi forseti.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

1 þm. (EKJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með samþykkt 3. gr. þessa frv. fær ríkisstjórnin heimild til að skerða skólastarf í landinu og þar með er stigið stórt skref aftur á bak í undirstöðumenntun þjóðarinnar. Meiri hlutinn hér á Alþingi hefur með samþykkt fjárlaga samþykkt 180 millj. kr. niðurskurð í grunnskólum landsins. Hæstv. forsrh. hefur kveðið upp úr með það að fjárlagaárið skuli gilda en ekki skólaárið og hæstv. fjmrh. segir að það verði að fara að fjárlögum. Sú útgönguleið sem hæstv. menntmrh. hefur viðrað um að spara í öðrum stofnunum sem heyra undir ráðuneytið í stað þess að skera af grunnskólanum er því ófær. Samkvæmt þessu er verið að lama grunnskólastarf á haustönn. Við framsóknarmenn erum á móti því og greiðum því atkvæði gegn 3. gr.

Frávtill. í þskj. 299 (við 4. gr.) felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, EgJ.

nei: GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, SalÞ.

6 þm. (JBH, GAK, RA, StH, EGuðn, FI) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Með ákvæði þessarar greinar er verið að fella úr gildi það samkomulag sem samþykkt var samhljóða á Alþingi 1989 um breytingu á jarðræktarlögum. Þessi framlög eru flokkuð samkvæmt jarðræktarlögum sem grænar greiðslur sem eiga að halda gildi sínu samkvæmt þeim samningsdrögum sem nú liggja fyrir í GATT-viðræðunum. Með þessari breytingu sýnir ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar að þeir ætla einnig að draga úr þeim greiðslum. Framsfl. er andvígur því. Ég segi því já við þessari frávtill.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli þingheims á því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú greitt atkvæði gegn þeirri stefnu sem hann markaði og barðist fyrir sem fjmrh. Ég segi nei.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Með vísan til álits landbn. Alþingis að því er þetta mál varðar segi ég já.

4. gr. samþ. með 32:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, EgJ, GB, GÁ, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, VS.

9 þm. (GHelg, HG, IP, JÁ, JónK, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er hlynntur því að sett verði almenn lög um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Ég hef spurt núv. formann fjárln. hvort hann muni fylgja því máli eftir. Ég er aftur á móti andvígur því að í einstök lög verði sett inn ákvæði á þann hátt að þar beri að fara að fjárlögum en í öðrum lögum verði engin ákvæði um slíkt sem gæti þá leitt til þess skilnings að menn teldu að þar ætti ekki að fara að fjárlögum. Ég segi því nei.

Frávtill. í þskj. 299 (við 5. gr.) felld með 33:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ,

JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni í 5. gr. frv. breyting á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Þetta er ein af fjölmörgum nýjum álögum á sjávarútveginn sem hæstv. ríkisstjórn er að knýja í gegnum þingið þessa dagana og vikurnar fyrir og eftir jólaleyfið. Hér er um að ræða tvöföldun á svonefndu veiðieftirlitsgjaldi sem mun þá þýða að sjávarútvegurinn standi undir öllum þeim kostnaði sem hann áður naut, greiddan úr sameiginlegum sjóðum í þessu sambandi. Hér er líka rofið þokkalegt samkomulag sem tókst um skipan þessara mála fyrir ári síðan. Með vísan til þessa teljum við eðlilegast að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og ég segi já við þessari frávtill.

5. gr. samþ. með 33:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 286,3 (6.–8. gr. falli brott) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EGuðn, EKJ, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

Frávtill. í þskj. 299 (við 9.–10. gr., er verða 6.–7. gr.) felld með 32:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (ÁJ, EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

9.–10. gr. (verða 6.–7. gr.) samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS*, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SvG, VS.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, PP, RA, StH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í þessum greinum frv. og brtt. sem þeim tengjast eru áform hæstv. ríkisstjórnar á ferðinni að hverfa frá þeirri ríkisábyrgð á laun starfsfólks sem missir vinnu sína við gjaldþrot fyrirtækja og velta byrðum af slíkum tryggingum yfir á atvinnulífið. Í leiðinni er ætlunin að skerða stórlega réttindi launafólks sem fyrir þessum áföllum verður. Það kemur úr hörðustu átt að þessi ríkisstjórn sem gert hefur gjaldþrotin að sérstöku aðalsmerki stefnu sinnar í atvinnumálum skuli samtímis því að innleiða stefnu gjaldþrotanna ráðast á þau réttindi sem launafólk hefur notið í þessum efnum. Nú á tímum fleiri gjaldþrota og vaxandi atvinnuleysis er ástæða til að ætla að þetta hitti fjölda fólks mjög illa fyrir á næstu mánuðum og missirum.

Enn fremur liggur það fyrir, hæstv. forseti, að aðilar vinnumarkaðarins lýsa harðri andstöðu við þessar breytingar og boða að þær muni torvelda mjög gerð kjarasamninga sem fyrir dyrum standa. Einnig bitna þessar ráðstafanir illa á lífeyrissjóðakerfinu þar sem ætlunin er að hverfa frá því að tryggja iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða sem útistandandi eru þegar gjaldþrot verða. Með tilliti til alls þessa er í raun og veru óskiljanlegt að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi skuli einmitt nú við þessar aðstæður ætla að knýja þessar breytingar í gegn. Ég er því algjörlega andvígur þessum greinum frv. og brtt. sem á eftir fylgir og segi nei.

Brtt. 286,4 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 32:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, SvG, VS.

7 þm. (GHelg, HG, IBA, JÁ, MF, ÓRG, SJS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, KHG, RA, StH) fjarstaddir.

11. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JónK, JónS, KSG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég skil að ýmsu leyti mjög vel það sem liggur til grundvallar þessari tillögu. Auðvitað er mikilvægt að tryggja sem best viðhald opinberra stofnana. Ég get hins vegar ekki fyllilega fellt mig við þetta þar sem það liggur fyrir að í framtíðinni verður skilgreining á fötlun víðtækari heldur en nú er. Þar af leiðandi munu fleiri hópar sækja inn í þennan sjóð og sjóðurinn taka á sig aukin verkefni. Ég mun því ekki greiða atkvæði um þessa tillögu.

Frávtill. í þskj. 299 (við 12.–14. gr., er verða 10.–12. gr.) felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, EKJ, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

12. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 32:18 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

4 þm. (AÓB, ISG, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GAK, HG, JBH, JVK, RA, StH) fjarstaddir.

13. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 33:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, GÁ, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, VS.

12 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, FI, GAK, IP, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

14. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS.

6 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, KE, MF) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EGuðn, FI, GAK, JBH, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 384,2.a, fyrri málsgrein a-liðar (ný grein, verður 13. gr., a-liður, fyrri málsgrein) samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JVK*. [*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

21 þm. (AÓB, EKJ, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, FI, GAK, ISG, JBH, KHG, KE, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 384,2.a, síðari málsgrein a-liðar (ný grein, verður 13. gr., a-liður, síðari málsgrein) samþ. með 33:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, SalÞ.

nei: GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB.

6 þm. (JBH, GAK, RA, StH, EGuðn, FI) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að skerða ellilífeyri margra Íslendinga sem eru orðnir 67 ára gamlir en það sem er sérstaklega bagalegt í þessu máli er að hér er jafnframt verið að skerða sérstakar greiðslur til sjómanna á aldrinum 60–67 ára sem samið var um í kjarasamningum fyrir rúmum 10 árum síðan og voru samþykktar einróma á hv. Alþingi. Hér er um að ræða menn sem hafa mjög lítinn lífeyri og þetta var samþykkt sérstaklega í því ljósi. Nú er það ljóst að aðeins vinnutekjur koma til skerðingar í þessu sambandi en ekki lífeyristekjur. Það er því sérstaklega bagalegt að þetta samkomulag sem gert var fyrir rúmum 10 árum og gilti um margt fleira skuli vera sérstaklega rofið að því er varðar sjómannastéttina. Ég tel þetta óréttlátt og við framsóknarmenn munum því greiða atkvæði gegn þessu ákvæði og segi því nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Forseti. Hér er verið að fara inn á nýja braut í bótagreiðslum ríkisins út úr Tryggingastofnun, þ.e. það er

verið að tekjutengja grunnlífeyri og það sem meira er, það er verið að tekjutengja við mjög lág viðmiðunarmörk sem eru 66 þús. kr. fyrir utan að tekjur vegna eigna eða fjármagnstekjur munu ekki koma þar til álita. Meðan mál standa þannig getum við kvennalistakonur ekki fallist á slíka tekjutryggingu og því segjum við nei.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Á sl. vori lagði fyrrv. heilbrrh. fram á Alþingi frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Þar var gert ráð fyrir skerðingu á grunnlífeyri. Sú skerðing var framkvæmd nákvæmlega eins og hér stendur til að framkvæma hana. Hún náði einnig til sjómanna eins og hér er lagt til. Hún miðaðist við sömu atvinnutekjur og hér er lagt til. Hún náði í einu og öllu til þeirra framkvæmda sem hér er gerð tillaga um að einu undanteknu. Skerðingartillögur Framsfl. gerðu ráð fyrir að skerðingin næmi 30%. Hér er aðeins stigið það skref að láta skerðinguna nema 25%. Það er eini munurinn á tillögum fyrrv. heilbrrh. (**ÓÞP:** Þú lýgur vísvitandi.) og þeirri tillögu sem hér er flutt og ég lít á mótmæli Framsfl. við þessari tillögu sem mótmæli við því að skerðingin skuli ekki vera sú sama í þessum tillögum og hún var í þeirra tillögum. Ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram lýtur þetta ákvæði að því að skerða grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, reyndar ellilífeyrisþega hér í þessari grein, og af því leiðir ýmislegt. Einkum og sér í lagi hefur það orðið mönnum umhugsunarefni að yfir 500 sjómenn á lífeyristökualdri frá sextugu og upp að 67 ára aldursmörkunum missa að öllu leyti eða að hluta þessi réttindi. Enn fremur leiðir af þessum ákvæðum sú umhugsunarverða staðreynd að sérstakt hátekjuskattþrep verður til, ef svo má að orði komast, á tekjur á bilinu 66 þús. kr. og upp í 114 þús. kr. á mánuði hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Þar virðist hæstv. ríkisstjórn hafa fundið þau breiðu bök í þjóðfélaginu sem ástæða sé til að leggja á sérstakt hærra skattþrep en aðra landsmenn.

Hér er enn fremur um það að ræða að aukið er á þá mismunun sem er annars vegar í skattalegri meðferð vinnulaunatekna og hins vegar fjármagns- og eignatekna. Það er ekki hróflað við tekjum sem menn geta haft þess vegna svo hundruðum þúsunda króna skiptir á mánuði hverjum af eignum sínum eða fjármagni, en hins vegar er jaðarskattprósentan 55% á vinnulaunatekjur aldraðs fólks sem er að reyna að bæta stöðu sína með einhverjum viðbótarvinnulaunum. Það er ekki hægt annað en óska þeim stjórnarliðum og sérstaklega þeim sem telja sig talsmenn sjómannastéttarinnar til hamingju með það að standa að þessu ákvæði með meiri hluta ríkisstjórnarinnar. Þá er og ekki hægt annað en óska Alþfl. til hamingju með þau afrek sem hann er þarna að vinna á tryggingalöggjöfinni, ekki síst hæstv. heilbr.- og trmrh. sem gerði grein fyrir atkvæði sínu hér áðan með eftirminnilegum hætti. Og þar sem hér eru á ferðinni brtt. frá hæstv. heilbr.- og trmrh. þá vil ég leyfa mér að endurgjalda honum þær með því að leggja til við hann eina brtt. sem hann getur flutt á næsta flokksfundi Alþfl. Hún er sú að framan við viðbótina sem kom inn í nafn Alþfl. á síðasta landsþingi bætist stafurinn ó á því næsta. (**Forseti:** Og hvað ætlaði þingmaðurinn að segja?) Þingmaðurinn er á móti þessu og segir nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. 1980–1982 náðist um það samkomulag að breyta almannatryggingalögum þannig að sjómenn fengju ellilífeyri frá 60 ára aldri. Harðasti baráttumaðurinn fyrir þessum réttindamálum sjómanna hér á Alþingi var þáv. hv. þm. Karvel Pálmason. Ég neita að taka þátt í því að senda Karvel Pálmasyni þær köldu kveðjur sem felast í þessum breytingum og hæstv. heilbrh., fyrsti þingmaður Alþfl. á Vestfjörðum beitir sér fyrir. Ég segi nei, virðulegi forseti.

Guðmundur Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég veit svo sem ekki undir hvaða lið ég ætti að taka til máls en tilefnið er það að bera af mér og Framsfl. nokkrar sakir vegna ummæla hæstv. heilbrrh. hér við atkvæðagreiðsluna áðan þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu og gerði það á þann hátt að hann ætlar öðrum þingmönnum afstöðu sem er í algeru ósamræmi við það sem þeirra málflutningur hefur verið hér í umræðunum um þetta mál á undanförnum dögum. Það er vissulega rétt að fyrrv. heilbrrh., sá sem hér stendur, lagði til á seinasta þingi róttækar breytingar á lögum um almannatryggingar, reyndar svo róttækar að það var nýtt frv. um almannatryggingar sem kvað á um margvíslegar endurbætur, réttarbætur til fjölmargra aðila hvað þennan lagabálk varðaði og þar var vissulega innifalin tillaga um það að tekjutengja grunnlífeyri ellilífeyrisþega. Þeim fjármunum sem þannig spöruðust átti að verja til þeirra breytinga sem að öðru leyti voru gerðar á frv. í þeim tillögum sem þar lágu fyrir og geta auðvitað þeir þingmenn sem vilja kynna sér það án þess að vera með útúrsnúninga og ómerkilegan málflutning hér í hv. Alþingi lesið það sjálfir. Þar að auki er líka margsinnis búið að gera grein fyrir því í umræðum hér á þinginu á undanförnum dögum varðandi þetta frv. hvernig hugsað var að standa að málinu. Hefði hér verið um að ræða heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar sem hefði tekið mið af því sem lagt var til í vor að einhverju leyti, á annan hátt heldur en hér er gert ráð fyrir, þá hefði auðvitað allt öðru máli gegnt um það sem hér er nú verið að gera þegar farið er í einn þátt tryggingalöggjafarinnar með þessum hætti.

Ég tel að það sem kom hér fram í máli hæstv. heilbrrh. þegar hann ætlar okkur framsóknarmönnum allt aðra hluti heldur en atkvæðagreiðslan og málflutningur okkar í þessu máli á undanförnum dögum hefur sagt og sýnt vera ómerkilegan og ég lýsi reyndar hryggð minni með það að hæstv. heilbrrh. skuli fara svo með mál sitt hér í þessari atkvæðagreiðslu. Þegar ég hafði þar að auki lokið við að greiða atkvæði án þess að gera

sérstaklega grein fyrir atkvæði mínu taldi ég nauðsynlegt, virðulegi forseti, að láta þetta koma hér fram.

Brtt. 384,2.a,b (ný grein, verður 13. gr., b-liður) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JónS, KSG, KE, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, FI, GAK, GB, GHall, JBH, RA, SP, StH) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. heilbrrh. hefur óskað eftir að bera af sér sakir og verður forseti að leyfa það. Samt sem áður vill forseti beina því til hv. þm. að reyna að sjá svo til að atkvæðagreiðslan geti farið viðstöðulaust fram, að menn hagi þannig orðum sínum, og tekur nú hæstv. heilbrrh. til máls.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að ég hafi farið hér rangt með. (**ÓÞÞ:** Það vita allir að þú laugst.) Ég sæki mínar upplýsingar í frv. til laga um almannatryggingar, greinargerð sem fylgdi frv. hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. og ég hef ekki tekið stafkrók annars staðar upp en þar. Og ég árétta það að hann mótmælti því ekki sjálfur að ég færi rétt með þegar ég skýrði frá því að sú skerðing sem verið er að gera á grunnlífeyri sé nákvæmlega eins framkvæmd og hann lagði sjálfur til að öðru leyti en því að hann lagði til 30% skerðingu þegar í tillögum ríkisstjórnarinnar er lögð fram 25% skerðing. Að öllu öðru leyti er um sömu framkvæmd að ræða. Og ég vil líka upplýsa menn um það að í þessu skjali hæstv. ráðherra sjálfs kemur fram að ellilífeyrir er samkvæmt hans tillögum skertur um 400 millj. kr. eða allmiklu meira heldur en hér er gerð tillaga um. Menn geta dregið orð mín í efa en ég vísa þeim mönnum sem eru læsir og hafa fyrir því að afla sér réttra heimilda á að sækja heimildir sínar í pappíra fyrrv. ráðherra sjálfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú verða hv. þm. að bíða með að bera af sér sakir þangað til atkvæðagreiðslu er lokið. Þingskapaumræða getur ekki farið fram í miðri atkvæðagreiðslu. (Gripið fram í.) Það er afar óheppilegt ef ekki er hægt að halda viðstöðulaust áfram með atkvæðagreiðslu. Hv. 9. þm. Reykv. óskar eftir að gera athugasemdir um atkvæðagreiðslu og tekur til máls.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Málið er ósköp einfaldlega þannig að hér hefur verið hafin umræða um tryggingamál bæði fyrr og nú að frumkvæði hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að sú umræða fái að fara hér fram hvort sem það gerist t.d. í umræðum utan dagskrár eða með öðrum hætti og að hlé verði gert á atkvæðagreiðslunni. Þegar ráðherrar hefja umræður með þeim hætti sem hæstv. heilbr- og trmrh. hefur hér gert, þá er óhjákvæmilegt að menn fái að ræða þá hluti hér. Og ég verð að segja það eins og er að mér þykir það nokkuð sérkennilegt að það skuli aftur og aftur gerast að þegar ráðherrar verða uppvísir að vafasamri hegðun hér í salnum, þá er ævinlega siður forseta að veitast að þingmönnum almennt og setja ofan í við þá en það er aldrei tekið sérstaklega á því að þeir friðarspillar sem fremstir fara hér í salnum eru hæstv. ráðherrar og alfremstur þar í flokki er hæstv. heilbr.- og trmrh. Honum hefði verið nær, virðulegi forseti, að þegja, með leyfi forseta, hér áðan.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur hér í ræðutíma sem hann hefur fengið til að gera grein fyrir atkvæði sínu tekið upp þann hátt að hefja málflutning til þess að bera sakir á aðra flokka, reyna að skýla sér í atkvæðagreiðslu á bak við aðra flokka, fyrst hæstv. fjmrh., síðan hæstv. fyrrv. heilbrrh. Hæstv. heilbrrh. fullyrti að hér hefði verið framkvæmd skerðing. Það var lygi. Það er eitt að flytja frv. sem bæði inniheldur mjúk ákvæði og hörð. Sumt er til bóta. Það getur verið að það hafi kostað annað sem ekki er til bóta. Það er dálítið annað en að lýsa því yfir að þegar gallarnir einir séu settir fram, þá sé verið að framkvæma einhverja hluti sem menn hafi samþykkt. Það er lágmarkskurteisi þegar menn gera grein fyrir atkvæði sínu hér að þeir ljúgi ekki að þingheimi, það er lágmarkskurteisi. Og ég tek því ekki þegjandi þegar látið er í það skína að menn hafi hér allt aðra afstöðu til mála heldur en kemur fram þegar þeir greiða atkvæði.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég ætla að lýsa yfir furðu minni með það að hæstv. heilbr.- og trmrh., ráðherra í ríkisstjórn, skuli láta bresta á hér með umræðu um tryggingamál í miðri atkvæðagreiðslu. Hér hefur staðið yfir látlaus umræða síðan fyrir jól um heilbrigðismálin og tryggingamálin m.a., svokölluð 2. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ráðherrann hefur fengið fjöldann allan af spurningum. Hann hefur ekki komið hér upp og haldið eina einustu ræðu í þeirri umræðu. Hann hefur tvisvar tekið til máls um þingsköp, tvisvar farið í andsvör en aldrei sagt orð um þær breytingar að öðru leyti sem hann hefur lagt hér til og hans ríkisstjórn við 2. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Og mér finnst þetta satt að segja mjög undarlegt og ég lýsi yfir furðu minni á þessari framkomu.

Stefán Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. vegið sérstaklega að okkur framsóknarmönnum og á heldur ósmekklegan hátt. Þá er rétt að segja frá því rétta í málinu að í gegnum tíðina höfum við mátt sitja

á Alþfl., við þingmenn Framsfl., við það að ná fram ákveðnum stefnumálum Alþfl. Og það er vissulega hryggilegt hvernig komið er fyrir þeim Alþfl. Það er ekki sá sami gamli og góði Alþfl. sem menn muna eftir. Nú eru komnir þangað nýir menn. Þeir hafa í gegnum tíðina reynt að beita sér að því að skerða kjör þeirra sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi, ráðast að sjúkum og öldruðum og núna síðast er það þrekvirki þeirra að vega að sjómannastéttinni í landinu. Framsfl. tókst í samstarfi sínu við þessa menn að tryggja það að þau áform náðu þá ekki fram en eftir stjórnarskiptin sem nú hafa orðið hefur Alþfl. fengið þann fylginaut sem hann þurfti til þess að koma þessum óhappaverkum sínum í framkvæmd.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér hafa þeir atburðir orðið að hæstv. heilbrrh. hefur haldið þeim vana sem hann hefur haft undanfarin 18 ár þegar hann hefur haft tækifæri til að skreppa hér í ræðustólinn að vera ýmist með ósannindi, útúrsnúninga eða hreinan kjánaskap. Sú breyting hefur orðið á að nú hefur meiri hluti Alþingis falið honum að fara með heilbrigðis- og tryggingamál í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ég tel að til að þessi atkvæðagreiðsla megi fara skikkanlega fram og hægt sé að halda henni áfram, þá þurfi hæstv. heilbr.- og trmrh. að koma hér upp í ræðustól og biðjast formlega afsökunar á rangfærslum sínum sem hann lét sér hér um munn fara í atkvæðagreiðslu rétt áðan.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í öllum þeim stóru orðum sem hér hafa fallið hefur því ekki verið mótmælt að ég hafi vitnað í réttar upplýsingar um frv. hæstv. fyrrv. heilbrrh. Það sem ég hef gert er það eitt að rifja upp fyrir flm. þess frv. hvað í því stóð og það er auðvitað auðheyrt að þeim sárnar það. En það verður þá bara svo að vera því að sannleikanum er hver sárreiðastur.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hvað ætli umræður um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafi staðið lengi? Hvað ætli hafi verið haldnar margar ræður um það mál? Hvað ætli margar fyrirspurnir hafi verið lagðar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh.? Hversu oft kom hann hér upp til þess að svara þeim fyrirspurnum og taka þátt í þeim umræðum, m.a. um þær árásir á lífeyri sjómanna sem hér hafa verið ræddar? Aldrei. Hins vegar kaus hann í skjóli nafnakalls að fara upp með dylgjur og ósæmilegar árásir á aðra þingmenn. Það er ódrengileg framkoma hæstv. heilbrrh. sem við erum að gagnrýna. (**Gripið fram í:** Allt heilbrigt.) Það er ekki heilbrigt hvernig hann hagar sér, sá hæstv. ráðherra.

Ég hvet forseta til þess enn og aftur að setja formlega ofan í við þennan skæting ráðherra sem tekur aldrei þátt í umræðum en veður hér upp í nafnaköllum til þess að fara með dylgjur og róg á hendur öðrum þingmönnum.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrrh. bætti hér gráu ofan á svart. Hann kom ekki með skylduga afsökunarbeiðni heldur herti enn á rangfærslum sínum sem hann hefur haft hér í frammi. Það frv. sem hann þykist vera að vitna í var um heildarendurskoðun á almannatryggingalögum. Það var um tilfærslur milli flokka í tryggingakerfinu, ekki tekjuöflun í ríkissjóð. Ég vil fara fram á það, frú forseti, að nú verði gefið hlé á meðan hæstv. forsrh. kemur vitinu fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur hugsað sér að ljúka atkvæðagreiðslu um þessa grein sem við erum nú að greiða atkvæði um og gera síðan örstutt hlé á fundinum.

Brtt. 384,2.b,a (ný grein, verður 14. gr., a-liður) samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ.

22 þm. (AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, FI, FrS, GAK, JóhS, JBH, KÁ, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 384,2.b,b (ný grein, verður 14. gr., b-liður) samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, SalÞ.

nei: ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG.

8 þm. (JóhS, JBH, KÁ, GAK, RA, StH, EGuðn, FI) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu er hæstv. heilbr.- og trmrh. Sighvatur Björgvinsson að leggja það til að leggja sérstakan aukaskatt á öryrkja umfram alla aðra landsmenn á sama tíma og hans ríkisstjórn hefur neitað að leggja hátekjuskatt á hátekjumenn og fjármagnstekjuskatt á fjármagnseigendur. Að sjálfsögðu hljótum við að mótmæla þessu. Ég segi nei, virðulegi forseti.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það ákvæði sem hér er nú til atkvæðagreiðslu er hliðstætt því sem greidd voru atkvæði um áðan og olli nokkrum umræðum undir dagskrárliðnum athugasemd við atkvæðagreiðslu. Ég vil leyfa mér undir þessari atkvæðagreiðslu, virðulegi forseti, að gera örstutta grein fyrir afstöðu minni og okk-

ar framsóknarmanna til þessa máls vegna þess að það virðist ekki hafa verið nægilega skýrt í ítarlegum umræðum. Í umfjöllun um málið undanfarna daga hefur það þó margsinnis komið upp og reyndar verið leitað eftir viðbrögðum og svörum ríkisstjórnar og hæstv. heilbrrh. með litlum árangri.

Á vordögum síðasta árs, rétt undir þinglokin, var lagt fram frv. til laga um almannatryggingar. Það var þskj. 1033, 474. mál efri deildar, svo hv. alþm. geti kynnt sér það mál ítarlega ef þeir vilja gera það hér á eftir. Það var um heildarendurskoðun á frv. til almannatryggingalaga þar sem tekið var á öllum efnisþáttum þess máls, gerðar verulegar réttarbætur á ýmsum efnisatriðum, sumu vísað í aðra löggjöf eins og t.d. fæðingarorlofi en of langt mál yrði að telja upp hér við atkvæðagreiðslu. Þetta vil ég að sé alveg skýrt, virðulegi forseti.

Það sem ég gerði athugasemd við hér áðan í málflutningi hæstv. heilbrrh. við atkvæðagreiðslu um fyrri staflið þessarar brtt. var það sem hann sagði m.a. að þetta væri nákvæmlega eins og fyrrv. ríkisstjórn og ráðherra hefði framkvæmt. Það er náttúrlega ekki rétt. Málið kom í fyrsta lagi ekki til framkvæmda. Frv. var lagt hér fram til kynningar og ekki óeðlilegt að það hefði tekið einhverjum breytingum við málsmeðferð í þinginu. Í öðru lagi sagði hæstv. ráðherra eitthvað á þá leið að hann liti þannig á afstöðu Framsfl. til þessa máls að það væri verið að mótmæla því að skerðingin væri ekki meiri heldur en hér er lagt til, að hún skuli ekki vera 30% í stað 25%, þrátt fyrir umræðurnar sem hér hafa farið fram, greinargerðir okkar og athugasemdir við málið.

Ég biðst afsökunar á því, forseti, að hafa svo langt mál við þessa greinargerð við atkvæði mitt. En út af því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. við atkvæðagreiðsluna hér áðan, þar sem hann ítrekaði það að m.a. væri andstaða okkar vegna þess hvernig málið eins og það er nú lagt fram og verður framkvæmt bitnar sérstaklega á sjómannastéttinni, þá verð ég fá að vitna til þess sem hv. þm., stjórnarliðar, sögðu þegar það mál var hér til afgreiðslu í þingi fyrir nokkru síðan. Þá sagði hv. þm. Karl Steinar Guðnason m.a. að hann lýsti yfir ánægju sinni með málið og segir: „Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, þá ánægju sem menn hafa sýnt yfir því að þetta frv. skuli nú vera komið úr nefnd. Rétt er að geta þess að það ákvæði sem hér hefur verið tekið upp er þáttur í kjarasamningum sem Sjómannasamband Íslands þurfti að knýja á um, en eftir stendur það að Lífeyrissjóður sjómanna er afskaplega illa staddur og lífeyrir sem sjómenn fá er afar nöturlegur, ég tala nú ekki um aðstandendur þeirra. Nokkur viðbót varð á við síðustu samninga en betur þarf að gera til þess að réttlæti verði náð. Það er mikils virði að sérstaða sjómanna var viðurkennd," segir hv. þm. Karl Steinar Guðnason á sínum tíma þegar hann er að lýsa sérstaklega ánægju sinni með það að sjómannastéttin skuli vera virt svo sem hér var gert og reyndar annar hv. stjórnarliði, hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal segir þá líka í umræðum um það mál: „Hér er um bæði menningarlegt mál að ræða og mikið nauðsynjamál og ég vil beina því til þeirrar nefndar sem tekið hefur upp málið til meðferðar að láta það fá fljóta afgreiðslu og íhuga hvort 25 ár séu eðlilegur tími eða kannski megi lækka mörkin niður í 20 ár. Jafnframt þætti mér sanngjarnt að þessi lög yrðu afturvirk að því leyti að þau næðu a.m.k. til áramóta."

Þetta var afstaða þessara ágætu stjórnarliða á sínum tíma. Það er þetta sem við erum að gera athugasemdir við núna í þessari atkvæðagreiðslu og höfum gert ítarlega grein fyrir í málflutningi hér á undan í umræðum um málið þó hæstv. ráðherrar og stjórnarliðar virðist ekki hafa náð eða áttað sig á því um hvað málið snýst. Ég segi því nei, virðulegur forseti.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera hv. þingheimi ljóst hvað hér er að gerast. Alþfl. og yngstu sprotarnir af útgerðarauðvaldinu í landinu hafa tekið saman höndum um að svipta sjómenn við 60 ára aldur lífeyri sínum. Vegna þeirra sem ekki hafa komið nálægt raunveruleikanum vil ég upplýsa það sem ég veit. Faðir minn var í 54 ár á sjó. Hann lést á sl. vori. Þá var lífeyrir hans 26 þús. kr. á mánuði. Móðir mín hefur nú 16 þús. kr. í makalífeyri. Hafi þessi ungu afsprengi útgerðarmanna landsins sem hér eiga sæti ekki vitað þetta, þá skulu þeir vita það núna. Þessu ætla þeir öldruðum sjómönnum að lifa af núna.

Hér er einnig verið að gera þetta: Ef öryrki, sem er ófær um að vinna sér nema ¼ af því sem hann hefði annars átt að geta, hefur yfir 67 þús. kr. í tekjur á mánuði, þá skal byrja að skerða örorkulífeyri hans. Minni hlutinn hér á Alþingi Íslendinga hindraði að barnalífeyrir yrði tekinn af þessu fólki líka.

Hæstv. forseti. Hvað er hér að gerast? Það hvarflar að manni að hv. þingheimur sé ekki aldeilis alveg með réttu ráði. Hvernig er þessu fólki ætlað að lifa af þessum tekjum?

Það sem er nú kannski kaldhæðnislegast af því öllu er: Þetta á einungis við ef menn eru 75% öryrkjar vegna veikinda. Hafið þeir nú verið svo lánssamir að verða að sitja í hjólastól ævilangt vegna bílslyss eða þeir voru útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar eða þeir sem voru að vinna að björgun manna úr sjávarháska eða þeir sem íþróttamenn voru að stunda íþróttakeppni, þá gildir annað. Það á ekkert að skerða þá menn þannig að í framtíðinni geta setið tveir menn í hjólastólum, við sama vinnuborð, með sömu laun og lífeyrir annars er skertur en hins ekki. Ég spyr hv. þm.: Er ekki ráð að hafa hér hlé eða a.m.k. hafa nokkurt hlé *milli umræðna áður en þetta mál er afgreitt endanlega?* Ég segi náttúrlega nei.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar efnislegu umræðu sem hefur hér orðið við atkvæðagreiðsluna sem hv. þm. mótmæltu að ætti sér stað, þá vildi ég gjarnan upplýsa að það er rétt að í frv. fyrrv. heilbrrh., sem flokkur hans væntanlega stóð að, var gert ráð fyrir um

14% hækkun á grunnlífeyri örorkulífeyrisþega og 14% hækkun á tekjutryggingu. En það var líka gert ráð fyrir því að skerða grunnlífeyri með nákvæmlega sömu aðferðum og hér er gerð tillaga um að öðru leyti en því að það var gert ráð fyrir því að hefja skerðingu grunnlífeyris við nokkuð lægri atvinnutekjur en hér er gerð tillaga um og að grunnlífeyrir örorkulífeyrisþega yrði að fullu skertur við mun lægri atvinnutekjur en hér er gerð tillaga um. Meðferð skerðingar á grunnlífeyri sjómanna var í frv. fyrrv. ráðherra með nákvæmlega sama hætti og hér er gerð tillaga um.

Brtt. 384,2.c (ný grein, verður 15. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, SalÞ.

8 þm. (JóhS, JBH, KÁ, GAK, RA, StH, EGuðn, FI) voru fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er sett inn ákvæði af meiri hluta efh.- og viðskn. og það verður að óska formanni nefndarinnar sérstaklega til hamingju með að hafa ekki látið hæstv. ráðherrastóðið kúga sig í þessu máli. Ég segi já. (**Forseti:** Ég ætla að biðja hv. þm. að hafa gát á orðum sínum.)

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni eitt fárra atriða þar sem tókst að koma vitinu fyrir hv. stjórnarliða og lagfæra augljósa ágalla og hættur sem í þessu máli fólust eins og það var lagt fram, jafnilla og það var undirbúið. Nú er það svo að hæstv. heilbrrh. hefur ekki talað í þessari umræðu nema til þess að bera sakir á aðra þingmenn og varpa fram ásökunum, dylgjum og rógi af ýmsu tagi. Það liggur ekkert fyrir um það hvort í brtt. eins og þær komu frá hæstv. ríkisstjórn gerðu í raun ráð fyrir því að samtímis því að taka á sig þessa skerðingu gætu elli- og örorkulífeyrisþegar misst barnalífeyrinn. Ég held að það sé ástæða til þess, úr því að hæstv. heilbrrh. eru svona létt sporin hingað í ræðustólinn, að hann geri okkur grein fyrir því hvort það var hans vísvitandi vilji og ásetningur að taka „item" barnalífeyrinn af mönnum með þessum skerðingum eða ekki. Ég tók að vísu eftir því að hann studdi þessa brtt. en eftir sem áður gæti það staðið að hann hefði með fullri meðvitund lagt þetta ákvæði í formi upphaflegu brtt. svona fram að ætlunin hafi verið að skerða barnalífeyrinn einnig. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi hér fram. En að sjálfsögðu styðjum við í minni hlutanum þessar lagfæringar sem okkur tókst í þessu tilviki eins og í nokkrum fleirum að koma inn í frv. og ég segi því já, hæstv. forseti.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. 7. jan. sendi ríkisstjórnin efh.- og viðskn. og síðan fagnefndum brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar var sérstaklega gert ráð fyrir því að skerða rétt örorku- og ellilífeyrisþega og í tillögunum var einnig gert ráð fyrir því að fella niður rétt þeirra til barnalífeyris. Þetta var tillaga hæstv. heilbr.- og trmrh., send frá heilbrrn. til forsrn. og forsrn. gerði þessa tillögu um niðurfellingu barnalífeyris öryrkja að sinni.

Eftir ítarlegar umræður í heilbr.- og trn. tókst minni hlutanum þar að knýja meiri hlutann til þess að taka tillit til þess að hér væri bersýnilega um ósanngjarna tillögu að ræða af hálfu heilbr.- og trn. og ég bað um nafnakall, virðulegi forseti, til þess að geta vakið athygli á því að þarna bar þrátt fyrir allt starf minni hlutans árangur og það tókst að koma í veg fyrir þessa tillögu Sighvats Björgvinssonar, hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég segi að sjálfsögðu já, virðulegi forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Út af þeim ummælum sem komu hér fram þegar menn gerðu grein fyrir atkvæði sínu vil ég gjarnan upplýsa að það kom fram í heilbr.- og trn. að ekki væri ætlun heilbrrh. eða heilbrrn. að svipta örorkulífeyrisþega barnalífeyri þó svo að þeir vegna atvinnutekna misstu grunnlífeyri. Það kom rækilega fram. Á það var að sjálfsögðu ljóflega fallist þegar á það var bent að það væri kannski æskilegra að taka það fram ótvírætt í lagatexta.

Ég vil enn og aftur vitna til frv. fyrrv. heilbrrh. sem ég veit ekki betur en stutt hafi verið bæði af Framsfl. og Alþb. Þar var ekki ástæða talin til að taka af svona tvímæli í lagatexta jafnvel þótt það ætti að framkvæma skerðingu með nákvæmlega sama hætti í því frv. og gert var þarna. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að fallast á að taka af öll tvímæli í lagatexta þegar allir eru sammála um efnisatriðin eins og þarna voru og það var upplýst að það var ekki tilgangur heilbrrh. að svipta öryrkja barnalífeyri, hvorki þess heilbrrh. sem þessar tillögur flutti fram núna né heldur þess heilbrrh. sem sambærilegar tillögur flutti fram á síðasta Alþingi þó svo að báðir hefðu látið hjá líða að taka það sérstaklega fram í frumvarpstextanum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margsinnis komið fram í umræðum um atkvæðagreiðslur í dag að hæstv. heilbrrh. gerir engan greinarmun og virðist ekki skilja muninn annars vegar á framlögðu frv. sem á eftir að fá vinnu í nefnd og hins vegar máli sem komið er til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, fer það að verða árátta hæstvirtra ráðherra núv. ríkisstjórnar að telja að ef fyrrv. ríkisstjórn hafi lagt fram eitthvað hliðstætt því sem þeir eru að gera, þá sé það endanleg trygging fyrir því að málið sé gott. Það er nánast orðið kátbroslegt að hlusta á hæstv. ráðherra í hverju málinu á fæt-

ur öðru hafa ekki aðra vörn en þá að hugsanlega megi finna eitthvað í framlögðum gögnum fyrrv. ríkisstjórnar sem sé hliðstætt þó svo að í sumum tilfellum, virðulegi forseti, sé einungis um að ræða mál frá nefnd sem lögð hafa verið fram til kynningar.

Ég vil vekja sérstaklega athygli á þessu nú vegna þess að að mínu mati hlýtur ríkisstjórn á hverjum tíma að standa og falla með eigin gerðum. Hún ein ber ábyrgð á þeim málum sem hún flytur hér fram.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að ég fagna sérstaklega því sem fram kom hér hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. Eins og kunnugt er hefur hann verið þeirrar skoðunar og látið þau boð út ganga til þjóðarinnar allrar að hann væri hinn fullkomni ráðherra, honum yrði aldrei á nokkur skekkja af neinu tagi. Nú hefur það hins vegar gerst, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hefur viðurkennt að honum hafi orðið á mistök og það sem meira er, hann hefur viðurkennt að minni hlutinn hafi bent honum á mistökin og hann hafi síðan hætt við að láta skerða barnalífeyrinn.

Út af orðum hans hér áðan og ummælum og tilvitnunum í frumvörp fyrrv. ríkisstjórnar og ummælum síðasta ræðumanns, þá er greinilegt að hæstv. heilbr.- og trmrh. ætlar að reyna að standa með verkum fyrrv. ríkisstjórnar en falla með verkum núv. ríkisstjórnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þetta er að verða ansi hvimleið umræða sem hefur staðið hér í þingsalnum um allnokkurn tíma. Mér er ekki sú fortíð skyld sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gert hér að umtalsefni. Ég get engu að síður ekki látið hjá líða að lýsa yfir enn og aftur hneykslun minni og vanvirðu á því hvernig hæstv. ráðherra kemur fram við þingmenn og þingheim allan. Hér hefur eins og ég hef bent á áður staðið látlaus umræða um þetta mál. Ég er ein af þeim þingmönnum sem eru nýir hér á þingi. Mér kemur þessi fortíð í sjálfu sér ekki við. Ég hef spurt hæstv. ráðherra fjölda spurninga. Hann hefur ekki virt mig svars og það gildir um fleiri þingmenn hér. Hins vegar getur hann staðið hér undir atkvæðagreiðslu látlaust í pontu og velt sér upp úr einhverri fortíð. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir hneykslun minni á þessari framkomu.

Ég kann að vera blaut bak við eyrun enn þá. En ég hef litið svo á að ráðherrar hefðu að ýmsu leyti ríkari skyldum að gegna hér en margur annar. Þeir hafa flest ráð í sínum höndum og þeim ber að sýna þingmönnum stjórnarandstöðu ákveðna kurteisi þó ekki sé nú annað og ekki sé farið fram á meira. Mér finnst eins og ráðherrar standi hér og vilji helst troða málunum ofan í okkur og þjappa á eftir. Ég hef ekki lyst á slíku vinnubrögðum, hæstv. heilbr.- og trmrh. og ég bið ráðherrann að hafa stjórn á sér. — [Fundarhlé.]

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég setti fram ákveðnar óskir fyrr á fundinum. Ekki hefur verið orðið við þeim enn þá. Þá vil ég fara fram á það að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað en önnur mál sem á dagskránni eru verði tekin fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur þá betra að fresta fundinum um sinn og óskar eftir því að halda fund með formönnum þingflokka. Verður gert hlé á fundinum á meðan. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið samkomulag um það milli forseta og formanna þingflokka að fresta þessari atkvæðagreiðslu um stund og taka þess í stað fyrir 2. dagskrármálið.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276, 378 og 382.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þegar skilið var við þessa umræðu átti hæstv. fjmrh. eftir að svara nokkrum spurningum. Og í umræðu hér um annað mál, mig minnir fyrir helgi, gaf hæstv. forsrh. það til kynna að fjmrh. mundi við þessa umræðu svara þessum atriðum þannig að ég átti satt að segja von á því að hæstv. fjmrh. mundi kveðja sér hér hljóðs og svara þessum spurningum en umræðu lyki ekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var ekki ætlunin að ljúka umræðunum án þess að hæstv. fjmrh. tæki til máls. Hann er nú þegar kominn í ræðustólinn og tekur nú til máls.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi fá að taka fyrir í þessari umræðu og fá tækifæri til þess að svara spurningum sem til mín hefur verið beint. Reyndar hef ég svarað sumu hverju í svokölluðum andsvörum strax eftir að ræður hafa verið fluttar, öðrum atriðum hefur mér ekki tekist að svara en mun gera tilraun til þess nú, ekki síst þegar um það ríkir nokkuð gott samkomulag að flýta fyrir þeim umræðum sem nú eiga sér stað á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.) Ég sagði að það væri víðtækt samkomulag og ég vona að það misskiljist ekki á nokkurn hátt.

Í fyrsta lagi kom hv. 1. þm. Norðurl. e. að því atriði og spurðist fyrir um arðgreiðslur ríkissjóðs og hið sama gerði hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason. Þeir spurðust fyrir um þá skiptingu sem birt er með fjárlögum. Í fyrsta lagi hvort samkvæmt þeirri skiptingu væri um meiri tekjur að ræða en gefið væri upp í tekjugrein fjárlaganna og síðan var spurst fyrir um hvað það þýddi samkvæmt d-lið þeirrar skiptingar eða þessa sérstaka yfirlits, að Landsvirkjun greiddi hagnað í samræmi við ákvæði laga.

Af þessu tilefni vil ég segja að á undanförnum árum hefur ákveðnum reglum verið fylgt varðandi arðgreiðslur ríkisfyrirtækja en nú er í fyrsta skipti birt sérstakt yfirlit um þetta efni. Ef litið er til þessa sérstaka yfirlits sem fylgir fjárlögum, og er reyndar hluti af fjárlögunum því að þetta sérstaka yfirlit var samþykkt af Alþingi í lagabreytingartillöguformi og að mínu viti telst þetta hluti fjárlaganna sem nánari útskýring á ákveðnum tekjulið sem gerir ráð fyrir því að arðgreiðslur ríkisfyrirtækja gefi tekjur í aðra hönd, að mig minnir upp á 150 millj. kr., ég hygg að sú áætlun sem kemur fram í þeirri tölu sé í lægri kantinum, kannski fyrst og fremst vegna þess að í þessu sérstaka yfirliti sem Alþingi samþykkti er gert ráð fyrir að nokkur fyrirtæki, bæði fyrirtæki ríkisins og fyrirtæki að hluta í eigu ríkissjóðs, greiði nokkru hærri arð en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum á undanförnum árum. Á það sérstaklega við um b-liðinn. Varðandi c-liðinn sem fjallar um hlutafélög er auðsætt að aðalfundur ræður hverjar arðgreiðslur verða eins og segir til um í annaðhvort sérstökum lögum eða í lögum um hlutafélög.

Varðandi Landsvirkjun vil ég einungis minna á að í 5. og 13. gr. landsvirkjunarlaganna, ef ég man rétt, er ákvæði um það með hvaða hætti Landsvirkjun skuli greiða arð og þar er tiltekin ákveðin formúla sem gerir ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun eigi aðild að málinu. Og umsögn Þjóðhagsstofnunar er lögð er til grundvallar áður en gjaldskrárákvarðanir fara fram, en gjaldskrárákvarðanir byggja á því að félagið skili tilteknum arði til hinna þriggja eigenda sinna. Þegar sagt er hér að Landsvirkjun greiði hagnað í samræmi við ákvæði laga er einungis verið að vitna til landsvirkjunarlaganna.

Í e-liðnum er rætt um Póst- og símamálastofnunina og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. En eins og öllum er kunnugt er nánar tiltekið í fjárlögum hvernig fara skuli með þau mál.

Varðandi f-liðinn þá er þar fjallað um Íslenska aðalverktaka. Þeir greiða arð í samræmi við samþykktir félagsins en nýjar samþykktir koma að fullu í gildi á yfirstandandi ári.

Virðulegi forseti, ég vona að þessar upplýsingar séu þær sem beðið var um. Ef svo er ekki skal ég reyna að afla frekari og betri upplýsinga um þetta tiltekna atriði.

Hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, spurðist fyrir um það hvort ætlunin væri að selja húsbréf erlendis á þessu ári og minnti á að Þjóðhagsstofnun teldi það öfugsnúið að selja húsbréf erlendis í stað þess að ríkið tæki sjálft lán á betri kjörum. Af þessu tilefni vil ég minna á að samkvæmt yfirlýsingu frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. lífeyrissjóða er ætlun þeirra sem ráða ríkjum hjá lífeyrissjóðunum að draga úr áhættu sinni á næstunni, a.m.k. á næstu árum, með því að kaupa verðbréf erlendis. Slíkt getur að sjálfsögðu orðið til þess að þrengi um markaðinn hér á landi, einkum og sér í lagi fyrir ríkissjóð. Af þessum ástæðum m.a., ekki eingöngu en m.a., fór ríkisstjórnin fram á það þegar frv. til lánsfjárlaga var lagt fram að hún gæti metið hvort lán yrðu tekin erlendis eða hérlendis. Um þetta mál hef ég fjallað talsvert áður en vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég einungis segja að engin ákvörðun hefur verið tekin um það að selja húsbréf erlendis né heldur að afla fjár til þess að standa undir húsbréfakerfinu eða undir útstreymi úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar vill ríkisstjórnin hafa nokkurt frelsi til þess að ákvarða þetta og að sjálfsögðu út frá því meginsjónarmiði að lagt yrði sem mest upp úr innlendum sparnaði í þessu efni eins og á öllum öðrum sviðum.

Hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, taldi að raungengi hefði hækkað um 9% á valdatíma þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þessu hef ég þegar svarað. Ég lét það koma fram fyrr í umræðunni að þetta er misskilningur. Það eru launin sem hækkuðu um 8–9% á sl. ári. Samkvæmt skýrslu sem Seðlabankinn hefur gefið út hefur raungengið breyst á undanförnum árum og örlítið á síðasta ári. Og samkvæmt skýrslunni var raungengi á síðasta ársfjórðungi 1991 svipað á mælikvarða launa og að meðaltali á tímabilinu 1980–1990. Á mælikvarða verðlags var raungengið um 2,5% hærra en meðaltal þessa tímabils. Sé hins vegar horft til skemmri tíma fæst sú niðurstaða að raungengi í árslok 1991 hafi verið 4–5,5% hærra en árið 1990 og þá er lægri talan miðuð við verðlag en sú hærri við laun. Skýringin á hækkun raungengis upp á síðkastið er fyrst og fremst sú að verðlags- og launakostnaður hefur hækkað meira hér á landi en í nágrannalöndunum. Þannig hækkuðu laun á síðasta ári að jafnaði um 9–10% hér á landi en um 5–6% erlendis. Sömuleiðis hækkaði verðlag um 7% hér á landi en um 4,5–5% erlendis. Samkvæmt forsendum fjárlaga má gera ráð fyrir að þróunin snúist við á yfirstandandi ári. Þá er gert ráð fyrir að verðlag og laun hækki minna hér á landi en í nágrannalöndunum og því muni raungengið lækka á nýjan leik um allt að 2–3% sama á hvern mælikvarðann mælt er, laun eða verðlag. Þar með væri staðan orðin svipuð og hún var 1990. Þetta er kannski kjarninn í þeirri stefnu sem nú er rekin. Og ég hygg að víðtækur skilningur sé á að verði verðbólga hér á landi minni en í nágrannalöndunum freistum við þess að raungengið lækki og skapi batnandi samkeppnisskilyrði fyrir íslenska útflutningsatvinnuvegi. Það er í rauninni mikilvægast að skilja þetta atriði og sem betur fer það atriði sem ég hygg að bæði verkalýðsforingjar og fyrirliðar úr atvinnurekendasamtökum hafi lagt áherslu á, þ.e. að kalla fram bætt samkeppnisskilyrði íslensks atvinnurekstrar með þessum hætti fremur en fara þá leið sem oft og tíðum var farin fyrr á árum, þ.e. að fella gengi íslensku krónunnar til að ná sama markmiði en sem því miður hefur ætíð leitt til þess að Íslendingar hafa staðið í sömu sporum og stundum í verri sporum eftir en áður. Eins og hv. þm. sagði er þess vegna hægt að nálgast rétta skráningu gengisins með öðrum hætti en oftast hefur verið lýst, en hv. þm. tók þannig til orða í ræðu sinni að skrá þyrfti gengi íslensku krónunnar rétt.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að ógætilega var talað af hálfu þess sem hér stóð að segja að hæstv. félmrh. stæði fyrir útgáfu húsbréfa. Útgáf-

an er auðvitað á vegum fjmrn. en það breytir ekki því að svo gott samkomulag er í ríkisstjórninni að við erum ekkert að keppast um að halda því fram hver geri hvað. Þetta hefur breyst upp á síðkastið eins og hv. þm. hefur kannski tekið eftir þegar hann hlustaði á ræður hæstv. félmrh. (**ÓRG:** Það eru nú ekki meðmæli með fjmrh. að gera svona ráðstafanir.) Ég skal koma þessu til skila og til þess að þetta komist nú örugglega í bækur þingsins, þá kallaði hv. 8. þm. Reykn. fram í fyrir mér að það væri ekki meðmæli með fjmrh., ég býst við á hverjum tíma, þeir hafa nú verið ansi margir með félmrh. í ríkisstjórn. Við skulum nú sjá hver þróunin verður á næstu árum og áratugum, hvort samstarf fjmrh. sem hér stendur og félmrh. eigi ekki eftir að skila ...(Gripið fram í.) Árum og áratugum, sagði ég. Ég skal endurtaka þetta, það voru ekki mismæli heldur árum og áratugum saman, hvort það kemur ekki til með að skila þeim árangri sem til er ætlast. Við höfum stundum talað saman frú Jóhanna, hæstv. félmrh., og ég. Stundum hef ég talað til hennar eins og fram hefur komið í ýmsum dægurbókmenntum upp á síðkastið. En samkomulagið er ákaflega gott. (Gripið fram í.) Nei, ég hef ekki hugmynd um hvort það er rétt, en ég legg ekki dóm á skáldskap. Það getur vel verið að einhver flugufótur sé til fyrir ýmsu en þegar skáld eiga í hlut á maður ekki að reyna að leiðrétta þau. Eða er það ekki satt, svo maður horfi nú í augu skáldsins sem nú er upptekið við að lesa Time? (**GHelg:** Skáld eru eina fólkið sem segir satt.) Ég vona að þetta hafi líka náðst inn í bækurnar, hæstv. forseti. Skáld eru eina fólkið sem segir satt. Þá vitum við öll hin hvað til okkar friðar heyrir. (**ÓRG:** Hvaða skáld ...félmrh. og fjmrh.?) Eigum við ekki að hinkra aðeins við, hv. 8. þm. Reykn.?

Hv. 8. þm. Reykn. ræddi hins vegar um gamlar syndir Framkvæmdasjóðs og vildi gjarnan, held ég, eiga orðastað við fleiri en þann sem hér stendur. En hann spurði: Verður þessi skuld Framkvæmdasjóðs gerð upp með þeim hætti sem krafist hefur verið um aðrar svipaðar skuldir í ríkisreikningi? Til þess að gefa upplýsingar sem ég held að nauðsynlegar séu í þessu sambandi vil ég minna á að fjárlög eru á svokölluðum greiðslugrunni. Þannig að einungis það sem greitt er úr ríkissjóði hefur verið sett á fjárlög á undanförnum árum. Hins vegar hefur það verið vaxandi krafa að skuldbindingar ríkissjóðs, þ.e. þegar tekin er ákvörðun um að skuldbinda ríkissjóð fram í tímann, þá ber, á því augnabliki, að setja það inn sem greiðslu eða sem rekstrarútgjöld ríkisins. Það er kallað að setja fjárlög upp á rekstrargrunn. Í fjárlagafrv. á bls. 382–384 er gerð grein fyrir því að ríkisreikningsnefnd svokölluð hafi lagt fram tillögur um breytingu á framsetningu fjárlaga til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á ríkisreikningi. En eins og hv. þm. vita var gerð breyting á framsetningu ríkisreiknings fyrir árið 1989. Í fyrsta lagi er talið nauðsynlegt að sem mest samræmi sé milli ríkisreiknings og fjárlaga. Og í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárhagsársins.

Þá er þess einnig getið að ríkisreikningsnefnd hafi lagt til að framsetningu fjárlaga verði breytt þannig að í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni eins og verið hefur verði þau sýnd bæði á greiðslugrunni og rekstrargrunni. Til þess að skýra þetta skal gamalt dæmi rifjað upp sem við þekkjum hér, a.m.k. við sem vorum hér á síðasta kjörtímabili, en það er yfirtaka ríkissjóðs á skuldbindingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem nú heitir Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, að fjárhæð 1.500 millj. kr. árið 1990. Það ár kemur skuldbindingin að fullu til gjalda í ríkisreikningi. Aftur á móti áttu engar greiðslur sér stað á því ári. En á næstu tveimur árum, þegar lánin koma til greiðslu, verður í fjárlögum árlega sótt um greiðsluheimild til þess málaflokks sem skuldbindingin var færð á. Með því móti er tryggt samræmi í færslu gjalda í greiðsluuppgjöri og rekstraruppgjöri.

Eins og hv. þm. vita, hefur verið ákveðið að eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 verði þau sett fram samkvæmt tillögum ríkisreikningsnefndar en fjárlagafrv. ársins 1993 verður svo undirbúið og sett fram í fullu samræmi við þessar breytingar. Til þess að svara þeirri spurningu sem til mín var beint þýðir þetta að þær 1.700 millj. kr. sem ríkissjóður yfirtekur af Framkvæmdasjóði verða færðar á rekstrargrunninum sem útgjöld á yfirstandandi ári en verða færðar á greiðslugrunninum þegar þær koma til borgunar til þeirra sem eiga að fá greiðslurnar til sín. Eins og fram hefur komið förum við síðan smám saman meira yfir á rekstrargrunninn en ljóst er að í ríkisreikningi kemur þessi upphæð til gjalda. Vona ég að þetta svari fyrirspurn hv. þm. því sem betur fer er nokkur friður orðinn um það að fyrst um sinn verði sýnd hvor tveggja aðferðin en þegar fram í sækir verði lagt eitthvað meira upp úr því að fjárlög séu á rekstrargrunni.

Hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, ræddi nokkuð um greiðslur til bænda og spurðist fyrir um það hvernig staðið yrði að þeirri frestun sem á sér stað þegar beinar greiðslur til bænda verða ekki kláraðar á yfirstandandi ári heldur færast að nokkru leyti yfir til ársins 1993. Talið hefur verið af hálfu þeirra sem skoða núgildandi lög að beinar greiðslur séu ekki hluti af skráðu afurðaverði þannig að skráð afurðaverð sem greiðast á fyrir 15. des. fer á milli afurðastöðvanna og bænda en beinu greiðslurnar sem auðvitað er hluti af kjörum bænda geti gegnt öðrum lögmálum og þess vegna sé það löglegt á grundvelli núgildandi laga að greiðslurnar eigi sér stað mánaðarlega að ég tel frá 1. mars á yfirstandandi ári og fram í febrúar á næsta ári. Það séu því greiðslur sem fari fram mánaðarlega á heilu ári en ekki einungis á 10 mánuðum eins og hingað til hefur verið gert. Hins vegar skal ég viðurkenna að það kann að vera að ákveðið hlutfall greiðslunnar skuli hafa komið fram á tilteknu tímabili. Það mál verður að sjálfsögðu skoðað. Jafnframt vil ég geta þess að fyrir liggja drög að frv. sem breyta búvörulögunum og að sjálfsögðu verður að gæta þess að þessi háttur sem nú er upp tekinn stangist ekki á við það frv. ef að lögum yrði. Ég vil einnig taka skýrt fram að ekki er verið að skerða beinar greiðslur til bænda til frambúð-

ar heldur einungis að fresta greiðslum til þeirra um sinn.

Hv. þm. ræddi einnig um önnur atriði og handleiðslu Seðlabanka varðandi vaxtakjör og ýmislegt fleira. Þau mál hafa verið allmikið til umræðu undir öðrum dagskrárlið þegar rætt hefur verið um ríkisfjármálin 1992 og ég ætla ekki að endurtaka það sem þá hefur verið sagt. Ég get ekki fallist á það sem hann sagði í ræðu sinni að ríkisstjórnin hafi fellt tillögur sjútvrh. því að það er rangt. Sjútvrh. lagði fram hugmyndir í ríkisstjórninni og þær fengu afgreiðslu. Langmikilvægustu aðgerðirnar eru að sjálfsögðu aðgerðir sem snúa að fjárlögunum sjálfum og þau hafa verið samþykkt, en ég vil einnig minna á að ríkisstjórnin hefur ákveðið, og forsrh. og fjmrh. hafa undirritað bréf þess efnis, að fresta tilteknum afborgunum í tiltekinn tíma úr atvinnutryggingardeild Byggðasjóðs og gerðar hafa verið ráðstafanir í lánsfjárlagafrv. til að koma til móts við þann aukna kostnað sem af því hlýst. Sömuleiðis hefur hæstv. sjútvrh. beitt sér fyrir því að Fiskveiðasjóður tekur tillit til fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem skulda Fiskveiðasjóði. Stjórn Fiskveiðasjóðs, sem auðvitað er sjálfstæð stjórn, hefur samþykkt þær hugmyndir og hefur fallist á að taka eftir ákveðnum reglum tillit til fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem skulda sjóðnum. Ég tel að þess vegna hafi verið fallist á það sem er viðamest og mikilvægast í tillögum eða hugmyndum hæstv. sjútvrh.

Ég ætla ekki að fjalla um ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, enda er hann fjarstaddur. Ég get þó ekki á mér setið að þakka honum fyrir þegar hann óskaði mér til hamingju með fyrsta skrefið í vaxtalækkuninni. Ég held að honum hafi þótt skrefið heldur stutt en vil minna hann og jafnframt aðra, og sjálfan mig þar með, á það að löng ferð hefst stundum með stuttu skrefi og allar ferðir hefjast að sjálfsögðu með fyrsta skrefinu eins og segir í gömlum málshætti, líklega kínverskum.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði frá því að að áliti hans og sjálfsagt margra annarra væri engin ástæða til niðurskurðar. Það mundi veiðast meira af loðnu og rækju og þriðjungur af áfallinu sem við höfum orðið fyrir samkvæmt þjóðhagsspánni mundi ganga til baka. Því miður er það ekki svo þótt við hljótum að fagna því að sem betur fer megi veiða meiri loðnu en gert var ráð fyrir en það hefur ekki þau áhrif sem hv. þm. taldi í ræðu sinni. Hann vék einnig að finnska dæminu og kannski er athyglisvert fyrir okkur að átta okkur á því að landsframleiðslan í Finnlandi dregst saman frá 1992–1993, líklega fjórfalt minna en hér á Íslandi þannig ef við mælum vandann í hagvexti milli áranna 1992 og 1993 þá er sú efnahagslega lægð sem gengur yfir Ísland margfalt minni en sú sem gengur yfir Finnland og skal ég þó ekki gera lítið úr henni og skal ég enn fremur viðurkenna að það er kannski ekki rétt að hafa samanburðinn bundinn við þessi tvö ár. Við megum ekki gleyma því hvernig Finnar hafa tekið á málum sínum og hvaða áhrif sú kreppa sem þeir hafa lent í hafa haft á finnsk stjórnmál og þau úrræði sem þeir hafa gripið til og ætluðu sér að grípa til. Á það hef ég minnst í ræðu minni áður sem fjallaði um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þessi fáeinu orð mín sem hafa verið tilraun til þess að svara að nokkru þeim spurningum sem til mín var beint í þessari umræðu hafi orðið til þess að skýra mál og gefa svör og greiða fyrir því að þetta mál fái greiðan gang í gegnum þingið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðum hér á dögunum um þetta mál komst ég einhvern veginn þannig að orði að spámenn ríkisstjórnarinnar hefðu fyrir áramót gert ráð fyrir samdrætti í þjóðartekjum upp á 17–18 milljarða kr. og að þær tillögur um niðurskurð hjá ríkinu sem við vorum m.a. að fjalla um hér fyrr í dag byggðust á þessum forsendum. Í framhaldi af því bendi ég á að núna á síðustu vikum hafa verið að koma í ljós upplýsingar sem breyta þessari mynd í grundvallaratriðum. Í fyrsta lagi er það auðvitað loðnan, í öðru lagi sú staðreynd að rækjuveiðiheimildir eru auknar og í þriðja lagi sú staðreynd að verð á olíu fer lækkandi. Þetta þrennt gerir það að verkum að við því er að búast að staða þjóðarteknanna sé um þriðjungi skárri en tapið nam sem menn reiknuðu með fyrir örfáum vikum. Þessar staðreyndir notaði ég sem röksemdir fyrir því að ekki væri ástæða til þess að grípa til jafnharkalegra niðurskurðarráðstafana og þeirra sem ríkisstjórnin er nú að grípa til, það væru engin rök fyrir því. Það var ekki að ég teldi ekki þörf á því að spara og fyrir utan þá staðreynd hefur Alþb. auðvitað oft bent á það að í þeim þrengingum sem nú ganga yfir þjóðarbúið eiga menn að sækja peninga til fjármagnseigenda og til hátekjumanna í þjóðfélaginu en ekki til lágtekjuellilífeyrisþega eins og nú er verið að gera. Þess vegna er það rangt hjá hæstv. fjmrh. að ég hafi haldið því fram að það væri óþarfi að spara en ég benti á að forsendurnar sem hæstv. ríkisstjórnin hefur fyrir sparnaðinum eru þegar gerbreyttar frá því sem gert var ráð fyrir fyrir örfáum vikum og sú staðreynd breytir auðvitað möguleikum launafólks í landinu til þess að sækja til baka þá skerðingu á lífskjörum sem verið er að knýja í gegnum Alþingi núna og Alþýðusambandið telur að nemi um 2% að meðaltali. Það er skerðing sem þarf auðvitað að hrekja til baka.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ég vil einungis benda á að þegar fyrstu þjóðhagsspár komu fram fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir því að landsframleiðslan yxi um 1–2% og til að nefna töluna um landsframleiðslu, þá er hún í kringum 370 milljarðar. Í dag er spáin sem kom út eftir áramótin að landsframleiðslan dragist saman um rúm 4%. Þetta þýðir að munurinn á þessum spám frá því í haust og fram til þessa tíma eru líklega um 22–23 milljarðar. Sú aukning sem hefur orðið á spám um loðnuveiði gefur tilefni til þess að álíta að útflutningstekjur á loðnu verði kannski 1.700–1.800 millj. og á þessu sést að jafnvel

þótt fagna beri þeirri breytingu sem þarna hefur átt sér stað er langt í land að við séum að ná því marki sem menn héldu að þeir væru að ná þegar fyrstu þjóðhagsspár sáu dagsins ljós á sl. sumri.

Svo vil ég geta hins að á síðasta ári var hallinn á ríkissjóði yfir 10 milljarðar, líklega 11 milljarðar. Þegar þetta er lagt saman sjá menn að vegna veltubreytinga á þessu ári þar sem landsframleiðslan dregst saman má gera ráð fyrir að bara vegna þess aukist hallinn um 4–5 milljarða þannig að vandinn sem við höfum staðið frammi fyrir var halli upp á 14–15 milljarða. Ég spyr hv. þm: Er ekki ástæða til að líta til þessara talna og hafa skilning á því hvers vegna við þurfum að skera niður þegar við stöndum frammi fyrir þessu gífurlega vandamáli? Ég veit að hv. þm. er mér sammála um það að til slíkra ráða þurfi að grípa. Ég ætla ekki að gera lítið úr batnandi viðskiptakjörum né heldur því að hægt sé að veiða meiri loðnu en ég vil benda hins vegar á það hve vandinn er gífurlegur eftir sem áður.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að við talsverðan vanda er að etja. En hann nefndi tvær spár, annars vegar spána sem lá fyrir sl. sumar og hins vegar spána sem er að birtast um þessar mundir. En fyrir nokkrum vikum var birt spá sem gerði ráð fyrir enn þá verri þjóðartekjum á þessu ári en nú er verið að tala um og á grundvelli þeirrar spár byggði ríkisstjórnin frv. sitt til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Með öðrum orðum, frv. um niðurskurðinn er byggt á svartari spám, verri spám, lakari þjóðartekjum, verri viðskiptakjörum en þeim sem við stöndum frammi fyrir í dag án þess að ég sé út af fyrir sig að gera lítið úr hinum almenna vanda sem um er að ræða. Þegar sú staðreynd liggur fyrir eiga menn auðvitað ekki að fara í hlutina eins og hæstv. ríkisstjórn heldur eiga þeir að draga úr þessum niðurskurði og sækja fjármuni til fjármagnseigenda og hátekjumanna í þjóðfélaginu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins eitt. Við megum ekki gleyma því að ríkisstjórnin sem situr að völdum hefur ekki gengið lengra en svo að það er gert ráð fyrir því að halli á ríkissjóði í ár sé milli 4–5 milljarðar. Það er gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn verði um 15 milljarðar. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að við erum meira að segja í ár þrátt fyrir allan niðurskurðinn að auka skuldir okkar erlendis og erum að reka ríkissjóð með verulegum halla vegna þess að við teljum að það sé óheppilegt, óæskilegt og ekki sé hægt að bjóða fólki hér á landi upp á frekari niðurskurð. Við ákváðum að fara ekki lengra, en við munum þá líka hafa skilning sem flestra á því að okkur ber í versnandi árferði að viðurkenna öll sömul, allir þingmenn í öllum stjórnmálaflokkum, að nauðsyn er að grípa til þeirra aðgerða eða samsvarandi aðgerða og núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vitnaði í ummæli mín varðandi það að raungengi íslensku krónunnar hefði hækkað um 9% á tveimur árum. Hann taldi að hér væri ofsagt. Þessi frétt var í Dagblaðinu og vissulega er rétt að miðað var við laun þegar sú fullyrðing er sett fram og í sömu grein er viðtal við Gunnar Svavarsson, formann Félags ísl. iðnrekenda.

Ég ætla ekki að deila um það hvort fullyrðingin sem hér er sett fram sé nákvæmlega sú rétta eða hvort sú fullyrðing sem hæstv. fjmrh. var með upplýsingar um sé nákvæmlega sú rétta. Hitt er staðreynd að á sama tíma og viðskiptahalli við útlönd er upp á 18 milljarða sl. ár hefur ríkisstjórnin hækkað vextina en haldið þannig á málum að íslenskur samkeppnisiðnaður og útflutningsiðnaður hefur verið að gefast upp. Við erum að minnka þjóðartekjur Íslendinga með þeirri stefnu sem verið er að framkvæma. Það er verið að auka kreppuna í landinu. Það er verið að fækka þeim störfum sem hægt er að vinna innan lands. Hæstv. fjmrh. gerir sér ekki grein fyrir því að þetta mun bitna á honum fyrstum vegna þess einfaldlega að íslenska ríkið lifir á því að það sé velta og umsvif í íslensku samfélagi. Ef hann dregur úr veltunni þá minnka tekjur ríkissjóðs. Niðurstaðan er þess vegna sú að aðgerðir núv. stjórnar stuðla ekki að því að rétta við stöðu ríkissjóðs, þær munu stuðla að því að ríkissjóður fari verr en ella.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er dæmi um málflutning stjórnarandstöðunnar. Í ræðu sinni um daginn sagði hv. þm. að á starfstímabili þessarar ríkisstjórnar hefði raungengið hækkað um 9%. (**ÓÞÞ:** Hækkað í 9%.) Um 9% sagði hann þá. Og hér er fyrirsögnin: Raungengið hefur hækkað um 9% á tveimur árum. Hvenær byrjaði núv. ríkisstjórn að starfa hér á landi? Fyrir átta mánuðum.

Eins og fram hefur komið og Seðlabankinn hefur skýrt frá er ljóst, og það má lesa í skýrslum hans, að raungengið í lok sl. árs var 4,5–5% hærra að meðaltali en það var árið 1990. Þetta eru staðreyndir teknar úr opinberum skýrslum. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að með því að auka veltuna er hægt að ná meiri sköttum. En velta sem kemur að vaxandi innflutningi sem enginn útflutningur stendur á móti er skammgóður vermir eins og ég veit að hv. þm. þekkir manna best. Það er hægt að ná árangri í ríkisfjármálum með botnlausum viðskiptahalla en þá vil ég heldur að það náist jafnvægi í viðskiptum við útlönd jafnvel þótt það bitni á ríkissjóði um skeið. Þess vegna mun ég fagna því þótt tekjur ríkissjóðs dragist eitthvað saman á yfirstandandi ári ef það er vegna þess að okkur hefur tekist vel til og við höfum náð niður þeim mikla viðskiptahalla sem er hér um þessar mundir. Þess vegna get ég verið sammála hv. þm. um það atriði.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undirstrika að fréttin í Dagblað-

inu er vissulega ekki með sömu tölum og Seðlabankans. Ég ætla ekki að fullyrða hér og nú hvort Seðlabankinn fer með rétt mál eða hvort þær upplýsingar sem hér eru eru rangar. Hæstv. fjmrh. má gera það. En að verið sé að rétta einhvern viðskiptahalla af með því að fara í 15 milljarða halla er náttúrlega draumsýn. Auðvitað hlýtur hæstv. fjmrh. að vera ljóst að verið er að sigla með ævintýralegum hraða inn í meiri skuldasöfnun vegna þess að menn skrá gengi íslensku krónunnar rangt. Menn falsa gengi krónunnar. Menn halda því uppi með handafli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þess að ég hygg að hv. þm. hafi misst af svari mínu áðan ætla ég að endurtaka það sem ég sagði þá af því að það er mikilvægt. Það er nefnilega hægt að ná og rétta af gengisskráninguna með öðrum hætti en þeim að fella gengi íslensku krónunnar. Það er nefnilega hægt að laga raungengi íslensku krónunnar með því að halda verðbólgunni, innlenda kostnaðinum það lágum að hann sé lægri en gengur og gerist í nágranna- og viðskiptalöndunum. Að því stefnir ríkisstjórnin og á því er skilningur hér á landi sem betur fer. Ef fram heldur sem horfir, ef okkur tekst að fylgja fram forsendum fjárlagafrv., mun það gerast hér í fyrsta skiptið að verðbólga á Íslandi verður lægri en verðbólgan í viðskiptalöndum okkar. Þetta vissi ég að hv. þm. missti af því að hann hvarf aðeins úr salnum hér áðan en vil að hann heyri eins og aðrir hafa nú heyrt hér tvisvar.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina orðum mínum hér á eftir til hæstv. viðskrh. Ef hann er hér í grennd vildi ég mælast til að hann yrði viðstaddur en ef það er svo sem mér heyrist að hann sé horfinn á braut héðan vil ég mælast til að sá sem er „fullmektugur" fyrir hann og þá forsrh. yrði við umræðuna. Ég vil beina því til hæstv. forseta ef hann hefur ekki heyrt mál mitt að ég vil mælast til þess að hæstv. viðskrh. eða hæstv. forsrh. hlýði á mál mitt hér á eftir. En áður en ég beini máli mínu til þeirra beint, og þó hefðu þeir gott af að heyra það allt, ætla ég að segja örfá orð um efnahagsleg áhrif þessa frv. Þetta er eitt af þeim málum sem mynda rammann um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og það verður að skoða í ljósi þess að kjarasamningar eru lausir og atvinnuástand í landinu er afar bágborið um þessar mundir.

Tekið var fram í skrifum Morgunblaðsins nýverið að verðbólgan væri týnd og það er gott og blessað ef hún er týnd til frambúðar. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherrar hældu sér af því að þetta væri stórkostlegur árangur en auðvitað verður þetta allt að skoðast í ljósi þess að samningar eru enn þá lausir á vinnumarkaði og margir óvissuþættir í efnahagsmálum.

Um síðustu helgi getur þó Morgunblaðið, sem er áhrifamesta málgagn stjórnarflokkanna, ekki leynt áhyggjum sínum yfir framvindu mála. Tekið er fram í Reykjavíkurbréfi, sem er oft yfirlitsgrein um ástandið í þjóðfélaginu, að ríkisstjórnin tali of lítið við þjóðina, undirbúi stórmál illa og undirbúi mál sín lítt eða ekki. Þetta veldur nokkrum áhyggjum og hefur reyndar komið fram og eru a.m.k. ekki mikil tíðindi fyrir okkur þingmenn stjórnarandstöðunnar. Síðan skrifar Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, grein í Morgunblaðið í dag um ástand og horfur og ég held, með leyfi forseta, að verði ég að grípa örlítið niður í þá grein þar sem hún kemur inn á efnahagsmálin og hverjar horfurnar eru að samningar náist á vinnumarkaðinum. Þar segir forseti Alþýðusambands Íslands, með leyfi forseta:

„Ég skil vel að leiðarahöfundur Morgunblaðsins skuli hafa áhyggjur af fljótfærnislegum og lítt undirbúnum ákvörðunum stjórnvalda sem stefna samstöðunni í hættu. Reynslan sýnir að ríkisstjórnir sem fara fram af tillitsleysi gagnvart þegnum sínum ná sjaldan árangri til langframa." Og síðar segir: „Hvernig kemst á sátt milli ríkisstjórnarinnar og þegnanna? Þeirri spurningu er eðlilegt að beina til ríkisstjórnarinnar." Og enn þá síðar: „Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar ráðherrar vaða hugsunarlaust fram eins og fílahjörð í glervörubúð."

Þetta er dómur forseta Alþýðusambands Íslands um horfurnar á vinnumarkaðinum sem hljóta að koma inn á það mál sem hér er rætt um. Hann ræðir einnig um vextina og segir svo, með leyfi forseta:

„Geigvænlega háir vextir gera afkomu fjölskyldna og fyrirtækja verri en hún annars væri og hindra eðlilega atvinnuuppbyggingu. Það er ljóst að það skortir pólitískan vilja til að reka vextina niður með handafli."

Ríkisstjórnin hefur haldið því fram að með því að draga úr útgjöldum, með því að skapa ramma í kringum lánsfjárþörfina, muni vextirnir fara niður. En hvenær verður það? Hvenær mun sú stund koma? Forseti ASÍ segir um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur raunar aðeins í takmörkuðum mæli svarað því hvernig hún ætlar opinberum stofnunum að draga úr útgjöldum. Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst tekið ákvarðanir um nýjar álögur á þegnana."

Allóvíst er hvaða áhrif þetta frv. sem hér er til umræðu hefur á vextina í landinu og verðbólguna, verði það samþykkt. Síðan endar forseti ASÍ grein sína þannig svo að ég ljúki tilvitnun í mál hans. Í lok greinarinnar segir hann, með leyfi forseta:

„Verði engu breytt um fljótfærnislegum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar, er vandséð hvernig samningar muni nást."

Svo mörg voru þau orð. Ljóst er að það er eins með þetta mál og með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og þau mál sem hafa verið til ítarlegrar umræðu eftir áramótin. Réttast væri að fresta þeim málum öllum og ríkisstjórnin settist niður — ég vil nú ekki segja á neyðarfund eins og hv. 5. þm. Austurl. segir stundum — en settist a.m.k. niður á fund og endurskoðaði allar þessar ráðstafanir til þess að reyna að ná einhverjum friði á vinnumarkaðinum og til þess að einhverjir möguleikar séu að ná samningum. Auðvitað á frv. til

lánsfjárlaga að fylgja þar með. Ég hef svo sem ekki mikla von um að ríkisstjórnin láti sér segjast og ætli að skilja við þetta mál.

En það var annað sem ég ætlaði að taka fyrir og vil biðja hæstv. forseta að ganga úr skugga um hvort hæstv. viðskrh. er hér enn eða hæstv. forsrh. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er ekki í þinghúsinu en hæstv. forsrh. er í þinghúsinu og hafa verið gerðar ráðstafanir til að nálgast hann.) Þetta er varðandi tillögu sem ég flutti við málið sem er til umræðu. Ég flutti hana í síðustu viku og hún varðar ríkisábyrgð á sölu saltsíldar til Rússlands upp á 300 millj. kr. Ég verð þess var að tillagan ásamt vinnu í efh.- og viðskn. þingsins hefur hreyft við ríkisstjórninni og 17. jan. barst í pósthólf þingmanna fréttatilkynning frá viðskrn. og þess vegna bað ég um að hæstv. viðskrh. hlustaði á mál mitt.

Fram kemur í fréttatilkynningunni að ríkisstjórnin hefur fjallað um þessa tillögu á fundi sínum þannig að ég er ánægður með að hæstv. forsrh. hlýðir á mál mitt. Þar segir að ríkisstjórnin hafi samþykkt tillögu á fundi sínum 17. jan. um að opna á ný tryggingadeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð sérstaklega í því skyni að greiða fyrir síldarsöluviðskiptum milli Íslands og rússneska lýðveldisins. Enn fremur segir: „Tryggingadeildin var sett á fót með lögum frá árinu 1970 en hefur hins vegar ekki verið starfrækt um árabil. Deildin veitir útflutningslánatryggingar gegn þóknun og gert er ráð fyrir að tryggingatakar axli eðlilega viðskiptaáhættu. Jafnframt hefur viðskrh. falið Seðlabankanum að hafa forgöngu um viðræður við viðskiptabanka um að síldarsaltendum verði veitt afurðalán til síldarsöltunar á takmörkuðu síldarmagni á þessum grundvelli." Síðan segir svo, með leyfi forseta:

„Mikil óvissa ríkir nú í öllum bankaviðskiptum við Rússland. Viðskrn. fól Seðlabankanum hinn 10. þessa mánaðar að freista þess að koma á greiðslusamningi milli Íslands og Rússlands í því skyni að auðvelda viðskipti á milli landanna. Mun fulltrúi frá Seðlabankanum halda til Moskvu nk. mánudag í því skyni og sendiráð Íslands í Moskvu hefur undanfarið unnið að undirbúningi í samningaviðræðunum. Gert er ráð fyrir að fulltrúi Landsbanka Íslands muni taka þátt í þeim."

Þetta sýnir að ríkisstjórnin hefur þó rankað við sér í framhaldi af umræðum sem urðu á Alþingi og það sést að ekki veitir af að taka mál til rækilegrar meðferðar hér. Það eru nokkur atriði sem ég vildi spyrja í sambandi við þetta mál því að það virðist nú ekki vera sopið kálið þó í ausuna sé komið. Í Morgunblaðinu í morgun, svo að ég vitni í það ágæta blað, er grein eftir bankastjóra Landsbankans þar sem Landsbankinn og hæstv. ríkisstjórn hafa verið að kasta þessu máli á milli sín og þar eru þessari fréttatilkynningu ekki vandaðar kveðjurnar og kannast ég nú við orðalag frá framboðsfundum á Austurlandi þegar bankastjórinn núv., Sverrir Hermannsson, var þar í öðru hlutverki. Þar er hann nú mjög myrkur í máli um þetta plagg hér. Greinin ber yfirskriftina „Síldarsölufarsinn" og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í síðustu senum sjónleiksins blasir við fát og fum aðalleikenda. Í hræðsluköstum yfir að kunna rulluna illa, er tekið að borga á sig í augum áhorfenda. Ríkisstjórnin samþykkir ríkisábyrgð þegar síldarvertíð er lokið og Seðlabankinn finnur löngu týndan ábyrgðarsjóð sem nota má í sama skyni.

Þegar hér er komið sýningunni er einstaka maður farinn að brosa út í annað enda fyndnin ekki komin á það stig að hlæja megi og þá með öllum kjaftinum."

Þetta er ekki góð umsögn Landsbankans um fréttatilkynningar hæstv. ríkisstjórnar. Ég vildi þess vegna spyrja nokkurra spurninga varðandi þessa fréttatilkynningu því að ég hef tilhneigingu til þess — og er það ekki sambærilegt við bankastjóra Landsbankans — ég hef tilhneigingu til þess að taka slíkar fréttatilkynningar alvarlega. En kannski er þetta bara farsi eins og bankastjóri Landsbankans segir og ætti þá að heita Rugl í ríminu eða eitthvað slíkt, en það er nú víst einkaleyfi á því nafni og þess vegna mætti þetta kannski heita bara Rugl eins og farsi sem er í Borgarleikhúsinu um þessar mundir.

En ég vildi spyrja: Hvað verður há þóknunin sem tryggingartakar eiga að greiða? Hvað er gert ráð fyrir að sé eðlileg viðskiptaáhætta? Hvað er takmarkað síldarmagn? Hvað er um mikið magn að ræða? Það er svo sem alveg rétt hjá bankastjóra Landsbankans að mikil véfrétt er á ferðinni. Enda er kannski rétt að fréttatilkynningin sé gefin út til þess að breiða yfir það að ríkisstjórnin og Landsbankinn hafa voru að kasta þessu máli á milli sín meðan síldarvertíðin stóð yfir og verið sé að reyna að slá ryki í augu þjóðarinnar eftir að síldarvertíðinni er lokið. Hverjar eru hinar raunhæfu tölur í þessu ef einhver síldarvertíð verður hér eftir? En það fer að verða mjög ótrúlegt að mikil veiði verði hér eftir til að salta á Rússlandsmarkað.

Hvað þýðir þessi fréttatilkynning? Ég vildi gjarnan fá nánari útskýringu á því. Ég var svo bjartsýnn þegar ég sá þetta fyrst og las þetta yfir fyrst í fljótheitum að hugsanlega væri hægt að draga þessa brtt. til baka, en ég er alls ekki á þeirri skoðun eftir að hafa lesið þetta nánar nema ég fái fullnægjandi útskýringar á því hvað þessi ágæta fréttatilkynning frá 17. jan. þýðir. Ég vona að hæstv. forsrh. geti skýrt það vegna þess að hæstv. viðskrh. er ekki viðstaddur.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt út af blaðagrein eins af bankastjórum Landsbankans sem birt er í Morgunblaðinu í dag. Ég verð að segja alveg eins og er með fullri og mikilli virðingu fyrir þeim ágæta bankastjóra að mér finnst ekki við hæfi af hálfu bankastjórans að skrifa grein af því tagi sem hann skrifaði. En greinin er ágætlega skrifuð eins og við mátti búast. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að verulegur hluti þess vanda sem upp kom hafi komið upp vegna þess að málið var illa undirbúið af bankans hálfu sérstaklega og ég er þeirrar skoðunar að bankinn hafi ekki unnið sína heimavinnu áður en byrjað var að gefa út yfirlýsingar í nafni bankans. Þessi ágæta og vel skrifaða grein breytir engu í þeim efnum um það álit mitt. Fram hefur komið við meðferð málsins að allt var það töluvert

á annan veg en menn máttu búast við vegna þess að fyrir lá yfirlýsing bankans um að hann væri reiðubúinn til þess að veita tilteknar fyrirgreiðslur. Menn máttu ætla að áður en bankinn gaf slíka yfirlýsingu hefði hann verið búinn að kanna málið miklu betur, bæði heima og þá ekki síður í Rússlandi. Því fer fjarri að það hafi verið gert.

Það er alveg rétt að það má segja að það hafi verið endurvakin sofandi lög og reynt að nýta þau til að hraða málinu til þess að koma til móts við sjónarmið sem höfðu komið fram, m.a. hér á Alþingi og m.a. hygg ég samhljóða hjá hv. efh.- og viðskn. um það að reyna að greiða fyrir þessu máli. Ég get nú ekki svarað einstökum efnisatriðum og vek athygli á því, en samkvæmt lögunum vinnur sérstök nefnd að málinu skv. 4. gr. þeirra laga og hefur þegar verið tilnefnt í þá nefnd af hálfu þeirra ráðuneyta sem það eiga að gera og af hálfu Seðlabankans.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin en hins vegar brá hann sér í hlutverk bókmenntagagnrýnandans og svörin voru aðallega um það hvort grein bankastjóra Landsbankans væri vel eða illa skrifuð. Bankastjóri Landsbankans er ágætleg ritfær og það er hæstv. forsrh. líka — ég get borið um það — og auðvitað er nauðsynlegt að fá þá bókmenntagagnrýni hér í ræðustól. Hins vegar voru engin svör um það sem ég spurði um og rennir það stoðum undir það að þetta mál er náttúrlega allt í lausu lofti og ekkert hefur gerst í málinu þrátt fyrir þessa fréttatilkynningu. Auðvitað rennir það stoðum undir það að allt er þetta farsi og það hefur verið nefnd skipuð í málið. Þá er ljóst að síldarvertíðinni lýkur án þess að nokkur sala verði á þennan markað og var það svo sem við búið þegar slíkur vandræðagangur er að hvorki ríkisstjórnin né Landsbankinn hefur unnið að því að klára þetta mál og benda hver á annan eins og kom svo berlega í ljós í svörum hæstv. forsrh. Ég mun draga ályktanir mínar um þá tillögu sem liggur fyrir hér í samræmi við þetta.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það mál sem er til umræðu er frv. til lánsfjárlaga. Eitt af þeim málum sem hefur verið tekið upp í sambandi við þetta frv. eru síldarsölumálin til Rússlands sem hér hafa verið til umræðu og vakin upp sú spurning hvort ekki væri rétt að ríkið veitti ábyrgð til þess að greiða fyrir þeim viðskiptum ef Landsbanki Íslands treysti sér ekki til að gera það. Það er alveg ljóst hvað gerst hefur í málinu og ekki síst eftir að hafa lesið grein bankastjóra Landsbankans. Hann telur að það hafi verið mjög eðlilegt að leita álits ríkisstjórnar Íslands í málinu og færir fyrir því ákveðin rök. Ríkisstjórn Íslands kaus ekki að svara því strax heldur setja það í nánari athugun en svo loksins þegar svarið barst um áramótin var svarið á þá leið að Landsbankinn yrði að taka þessa ákvörðun sjálfur og ríkisstjórnin legði ekki mat á málið. Landsbankinn skildi það hins vegar svo að ríkisstjórnin væri að lýsa yfir andstöðu í málinu vegna þess að hún kaus að senda álit Seðlabanka Íslands með sínu svari sem var neikvætt. Þannig var löngum tíma eytt í málið án þess að nokkur niðurstaða fengist og verður það að teljast með ólíkindum að ekki skuli vera hægt að ræða mál sem þetta með öðrum hætti, að það skuli ekki vera það samband milli bankastjóra mikilvægasta banka landsins, sem hefur nánast allan sjávarútveginn í viðskiptum, og ríkisstjórnarinnar að ekki geti verið skilningur um það hvað hér er á ferðinni. Þetta minnir nokkuð á sandkassaleik sem menn eiga að sjálfsögðu ekki að viðhafa þegar mikilvægustu hagsmunir landsins eru í húfi og ætla ég ekki að leggja neitt mat á um það hverjum þar er um að kenna. Landsbanki Íslands hefur sagt að hann komi ekki nálægt þessu máli meir. En það er að sjálfsögðu skylda Landsbankans að halda áfram að vinna að lausn málsins hvað sem líður svörum ráðherra í ríkisstjórn Íslands og væri mikilvægt að menn létu af því að kasta málinu á milli sín með miklum loftfimleikum í fjölmiðlum og settust niður og ræddu það og fyndu á því lausn. Hins vegar er alveg ljóst að þessi vertíð er senn á enda og dýrmætum tíma hefur verið eytt í lítilsverða hluti. Við hljótum hins vegar að fara fram á það í efh.- og viðskn. að fulltrúi Seðlabanka Íslands komi og geri grein fyrir málinu í nefndinni milli 2. og 3. umr. í framhaldi af því bréfi sem var skrifað. Ljóst er að Seðlabanki Íslands tók að sér ákveðið forustuhlutverk í málinu og eðlilegt að hann geri grein fyrir því hver staða þess er. Hér er að sjálfsögðu ekki um einfalt mál að ræða en ég harma það hvaða svip það hefur fengið á undanförnum vikum og hvaða tíma hefur verið eytt án þess að vinna í málinu.

Ég hafði vænst þess að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu því að ég ætlaði fyrst og fremst að leggja fyrir hann nokkrar spurningar án þess að hafa um það mjög langt mál. En ég vildi aðeins biðja um upplýsingar um það, hæstv. forseti, þó að ég hafi fullan skilning á því að hæstv. fjmrh. þurfi að fara frá, hvort vitað sé hvenær hans sé að vænta. (**Forseti:** Það er verið að ná í ráðherrann.) Það hefur komið fram að hæstv. fjmrh. er hér í húsinu og gengur nú hér í salinn.

Ég vildi fá að leggja fyrir hæstv. fjmrh. nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á frv. til lánsfjárlaga vegna þess erindis sem kom frá Fiskveiðasjóði Íslands í desembermánuði og var ekki tekið fyrir í efh.- og viðskn. Það erindi misfórst af einhverjum ástæðum en ég hafði haft orð á því að mér þætti undarlegt að nægilegt væri að gera breytingar á frv. að því er varðaði Iðnlánasjóð en ekki að því er varðaði Fiskveiðasjóð. Ég kom þessum áhyggjum mínum á framfæri við formann nefndarinnar sem ræddi það þegar í stað við viðkomandi ráðherra sem taldi ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af málinu. Hins vegar kom í ljós að ástæða var til þess að spyrja þessara spurninga því að nokkru síðar mun þetta erindi hafa borist frá Fiskveiðasjóði.

Þetta mál er tilkomið, hæstv. fjmrh., vegna þess að

meiri hluti nefndarinnar ákvað að gera breytingar á frv. og vitnaði þá m.a. til þess að þetta væri gert vegna þess að nú væri ákveðið að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög. Það er nokkuð dæmigert um margt sem hefur komið upp á að tilkynningar þessa efnis berast með ýmsum hætti. Hæstv. fjmrh. tilkynnir það gjarnan á morgunverðarfundi að hann vilji selja Búnaðarbankann á hálfvirði og hefur útskýrt það nokkrum sinnum á Alþingi hvað hann átti við með því og væntanlega mun hann gera það oftar því að það er mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra geri glögga grein fyrir því máli. Síðan tilkynnir meiri hluti efh.- og viðskn. í nál. að það standi til að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög og sú brtt. sem hafi verið flutt að því er varðar fjárfestingarlánasjóðina sé fyrsta skrefið í þeim efnum. Eftir að þetta hafði verið tilkynnt kemur í ljós að alvarlegir hlutir eru á ferðinni því að Iðnlánasjóður getur alls ekki unað því að breytingin eigi sér stað með þeim hætti eins og þar var lagt til. Síðan áttar Fiskveiðasjóður sig á þessu líka og kemur á framfæri við nefndina erindi þar sem kveður við sama tón og ég hygg að það sama kunni að eiga við fleiri sjóði sem þannig er ástatt um. Það er nauðsynlegt að nefndin taki málið fyrir og stjórn Fiskveiðasjóðs verði kölluð fyrir til þess að hún fái tækifæri til að gera grein fyrir málinu og mikilvægt að fá afstöðu hæstv. fjmrh. til þess hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingu á með sama hætti og var gert að því er varðaði Iðnlánasjóð.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um það hvernig hann hyggst standa að útgáfu húsbréfa á árinu 1992. Tilkynnt hefur verið að gefnir verði út þrír flokkar upp á 4 milljarða hver flokkur og ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort staðið verði að sölu þessara bréfa án tillits til þess hvaða vextir verða ríkjandi í landinu og hvort virkilega sé rétt að það standi til að selja þessi bréf í stórum stíl í erlendum fjármagnsmörkuðum. Í þessu sambandi vil ég minna á orð framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands í þeirri von að hæstv. fjmrh. taki meira tillit til orða hans en orða þess sem hér stendur þar sem hann varaði mjög við því að farið yrði út á slíka braut. Hvaða tilgangi á það nú að þjóna að selja ríkistryggða pappíra með þeim hætti á erlendum mörkuðum? Er það ekki hættulegt, hæstv. fjmrh. og er ekki ástæða til að staldra við í þessum efnum? Mér fannst að það kæmi fram í svari hæstv. fjmrh. hér áðan að í reynd hefði ekkert verið ákveðið í málinu. Allt væri fljótandi í því eins og í öðru og ég gat ekki fengið neitt út úr svari hans og má vera að hæstv. fjmrh. skilji hvernig á því standi að menn reyna að fara yfir sömu atriðin nokkrum sinnum á Alþingi ef það gæti orðið til þess að fá frekari svör. Það er nokkuð hvimleitt þegar hæstv. fjmrh. kvartar undan því að hér flytji allir sömu ræðuna og má vel vera að hann heyri bara eina ræðu og hún klingi í eyrum hans. Hæstv. fjmrh. er trúlega orðinn heldur leiður á þessu, uppgefinn maður og heyrir bara eina ræðu sem virðist fara nokkuð í taugarnar á honum. En ég vil fullvissa hæstv. fjmrh. um það að hér hafa verið fluttar margar og mjög breytilegar ræður þótt það kunni að vera að nokkur af aðalefnisatriðunum sem skipta mestu máli séu endurtekin nokkrum sinnum. Það hefur nú komið í ljós að ekki veitir af að gera það, a.m.k. ekki við hæstv. heilbrrh. sem fór að svara efnisatriðum fyrst undir atkvæðagreiðslu í því máli sem hann varðar fyrst og fremst. Þá var kominn tími til að hæstv. heilbrrh. tæki til máls í málinu og gefur það allmiklar vonir um það að hann muni taka með líflegum hætti þátt í 3. umr. málsins og e.t.v. þá lesa allt frv. sem hann var með í höndunum í atkvæðagreiðslunni, en hæstv. heilbrrh. var ekki með sitt eigið frv. í höndunum að því er varðaði þetta mál heldur frv. sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafði látið semja og lagði fram til kynningar á þeim tíma því að þá var ekki samstaða um að ljúka því máli og væri út af fyrir sig fróðlegt ef hæstv. heilbrrh. læsi það allt en ekki aðeins stutta kafla úr því. En það má vel vera að það sé þá rétt að fresta þessu máli öllu og bíða þess að það frv. verði hreinlega endurflutt þannig að það fái þá umfjöllun sem hæstv. heilbrrh. hefur í reynd óskað eftir á Alþingi. — En þetta varðaði húsbréfin, hæstv. fjmrh., og bið ég afsökunar á þessum stutta útúrdúr sem ég vona að komi ekki mjög að sök og þér þyki ekki mjög slæmt að eitthvað hafi verið endurtekið af því sem áður hafði verið sagt hér í dag.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um það hvað líði aðild ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum. Ljóst er að ríkisstjórnin þarf að gera kjarasamninga við umbjóðendur sína. Jafnframt liggur fyrir að þeir sem þurfa að semja við ríkisstjórnina hafa lagt á það mikla áherslu að ýmislegt af því sem ríkisstjórnin þarf að koma nú í framkvæmd verði leiðrétt til þess að skapa grundvöll fyrir kjarasamninga. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé tilbúinn til að koma til móts við þessi sjónarmið og hvað hann telji um skoðanir aðila vinnumarkaðarins að það sé forsenda þess að kjarasamningar takist að vextir lækki verulega. Hæstv. fjmrh. hefur tíundað að vextir hafi lækkað um 0,2%. Það er alveg ljóst, hæstv. fjmrh., að það er ekki framlag til komandi kjarasamninga jafnvel þótt ríkisstjórnin líti á það sem fyrsta skref á langri leið ef ég skildi hæstv. fjmrh. rétt. Það er alveg ljóst að ekki er mjög langur tími til stefnu í þeim efnum og því verður hæstv. fjmrh. að spretta úr spori ef hann ætlar að ná því marki sem almennt er talað um í þessu sambandi.

Þá vildi ég aðeins gera það að umræðuefni sem hæstv. fjmrh. kom inn á að því er varðaði arðgreiðslur ýmissa ríkisstofnana og sjálfstæðra fyrirtækja ríkisins sem sum hver eru undir sjálfstæðri stjórn, sumar af þeim kjörnar á hv. Alþingi. Ég stóð í þeirri meiningu að ekki væri hægt að leggja nýjar skyldur á þessi fyrirtæki nema með lagabreytingum. Ég ætla ekki að fara að tala um það efnislega hvort það er rétt eða rangt að leggja nýjar skyldur á þessi fyrirtæki. Ég leit ekki þannig á það þegar efh.- og viðskn. fékk yfirlit yfir þessi væntanlegu fyrirtæki án þess að fram kæmi hvað það ætti að gefa af sér. A.m.k. var það illa áætlað að þar væri um lagatexta að ræða.

Hæstv. fjmrh. hefur nú upplýst á Alþingi að yfirlitið sem var lagt fram í fjárln. og jafnframt kynnt í

efh.- og viðskn. væri lagatexti og síðan kemur í ljós að þetta hefur verið flutt sem brtt. og þar með sé kominn nægilegur lagagrundvöllur til þess að leggja þessar skyldur á viðkomandi fyrirtæki. Ég hef aldrei áður heyrt um slíka lagagerð á Alþingi. Á að skilja það svo að jafnvel sé hægt að koma með yfirlit yfir það hvað ýmsir skattstofnar eigi að skila og hægt sé með þeim hætti að líta þannig á að þar með hafi verið samþykkt að breyta greiðslum fyrirtækja og einstaklinga í landinu? Eða hvar eru mörkin í þessu sambandi, hæstv. fjmrh.? Er hægt að leggja skyldur á stofnanir sem ríkið á í, hlutafélög sem ríkið á, fyrirtæki, banka sem ríkið á með því að koma með yfirlit yfir þá að flytja það sem brtt.? Ég verð að játa, hæstv. fjmrh., ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að hér væri um brtt. að ræða. Mér datt ekkert annað í hug en að flytja þyrfti um þetta sérstakt frv. Ég efast stórlega um lagalegt gildi slíkra athafna og tel fulla ástæðu til þess að ganga úr skugga um það og væri nauðsynlegt fyrir efh.- og viðskn. eða fjárln. að fá frekari útskýringar á þessum nýju háttum í lagagerð á Alþingi. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Eru einhver fordæmi um slíkt áður? Má vel vera að hæstv. fjmrh. hafi fundið eitthvað um þetta í skúffum fjmrn. eins og í mörgum öðrum málum en ég minnist þess a.m.k. ekki að málið hafi verið flutt með þessum hætti þótt ég vilji ekki sverja fyrir að einhver hafi farið í viðlíka undirbúning í fjmrn., en eftir því er mjög leitað að finna út úr því hvað hefur gerst áður í slíku sambandi og auðvitað er mikilvægt að vita um fordæmi til þess að fá úr því skorið hvort hér sé staðið að með réttum hætti. En þegar nálgast afgreiðslu fjárlaga og tillögur eru fluttar á síðustu stundu má vel vera að eitthvað hafi farið fram hjá mönnum og það á jafnt við þann sem hér stendur og aðra og má vel vera að ég hafi ekki gert mér nægilega grein fyrir þessu. En mér finnst ekki vera staðið eðlilega að málinu, hæstv. fjmrh., jafnvel þó að þarna hafi verið flutt brtt.

Ég spyr í þessu sambandi: Hefði þá ekki alveg eins verið hægt að koma á þeirri skyldu að ríkisbankarnir greiddu ákveðinn hluta tekna sinna og skatt af nettóeign sinni með því að flytja einfaldlega brtt. við fjárlög? Af hverju fóru menn út í það á sínum tíma þegar bankarnir voru skattlagðir að vera að burðast við það að flytja um það sérstakt lagafrv.? Svarið liggur væntanlega í því að það sé m.a. vegna þess að það tók jafnframt til annarra banka en ríkisbankanna en við skulum nú taka sem dæmi að það hafi ekki staðið til heldur hafi eingöngu átt að taka göld af ríkisbönkunum. Hefði þá verið nægilegt að flytja um það efni brtt. við fjárlög? Hefði e.t.v. verið hægt að flytja allan bandorminn sem er nú í ákveðnu uppnámi sem brtt. við fjárlögin? Þá hefði ríkisstjórnin ekki lent í jafnmiklum vanda með það mál og hefði getað lögfest allan flumbruganginn fyrir jól. Það er nauðsynlegt að þessum spurningum sé svarað í ljósi þess sem hæstv. fjmrh. heldur hér fram og mikilvægt að ekki sé hægt að mótmæla þeirri tilhögun, en ekki þykir mér ólíklegt að þeir sem þarna eiga að greiða munu gera það í einhverjum mæli því að ég veit ekki til þess að mönnum sé það almennt ljúft að láta af hendi fjármuni til ríkissjóðs þótt hann kunni að vera í mikilli þörf fyrir að fá þá peninga. Ég tek fram að ég er heldur vinveittur þessum sjóði og hann hefur meiri samúð hjá mér en ég held að almennt gerist um marga þannig að ég hef fullan skilning á því, hæstv. fjmrh., að afla þurfi tekna en það er jafnframt mikilvægt að það sé gert með fullnægjandi hætti og nægilega traustum hætti þannig að lög landsins standist.

Ég hef þá lokið við að bera fram þær spurningar sem ég hafði ætlað mér að koma til hæstv. fjmrh. en ég vil biðja hann um að beita sér fyrir því að á fundi efh.- og viðskn. verði gerð grein fyrir málinu af hálfu fjmrn. þannig að ekkert fari á milli mála. Ég vænti þess að slíkan fund þurfi að halda af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi til þess að fá svör frá Seðlabankanum um afdrif þess máls sem nefndin skrifaði bankanum út af. Í öðru lagi um málefni sjóðanna og í þriðja lagi um það mál sem ég hef nú fjallað um.

Aðeins út af því sem hæstv. fjmrh. sagði um efnahagsmál og talaði um afkomu atvinnulífisns og þá miklu erfiðleika sem Íslendingar standa frammi fyrir. Vissulega eru nú erfiðleikar sem við stöndum frammi fyrir í þjóðarbúskap okkar en þó er mikilvægara en allt annað að nægilegt ráðrúm sé gefið til þess að við getum unnið okkur út úr þeim erfiðleikum. T.d. þegar framleiðslan dregst saman sé það grundvallaratriði að aðgerðir í ríkisfjármálum dragi ekki úr mönnum allan vilja og allan kjark til þess að auka verðmætasköpunina. Því miður eru aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar nokkuð því marki brenndar að draga úr mönnum. Meðal annars kemur þetta fram í aukinni skattlagningu á undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, í tilhneigingu til að halda uppi háum vöxtum og nokkur fleiri dæmi mætti nefna. Þótt það sé mikilvægt atriði, hæstv. fjmrh., að draga úr einkaneyslu landsmanna er ekki sama með hvaða hætti það er gert og ég vil minna hæstv. fjmrh. á það að hann er nokkuð oft búinn að koma upp á Alþingi og halda sömu ræðuna um það að þetta megi allt saman réttlæta í þessum erfiðleikum og þá gildi einu hvernig það er gert, á hvern gjöldin eru lögð, á hvaða grundvelli, hvort barnafjölskyldur verði þar sérstaklega fyrir barðinu eða þeir sem eiga erfitt vegna sjúkleika. Enginn hefur mælt gegn því, hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt sé að afla meiri tekna í þessu sambandi. Hins vegar er grundvallarágreiningur um það hvernig það er gert. Það er mergurinn málsins og er því óþarfi af hæstv. fjmrh. að halda því fram að menn hafi enga skilning á þessu máli og væri nú nær fyrir hann að viðurkenna að það sé að sjálfsögðu ósanngjarnt að hækka tekjuskatt sérstaklega á þeim sem eiga mörg börn, svo að dæmi sé tekið, en hann hafi bara ekki getað annað vegna þess að stjórnarflokkarnir komust ekki út úr því nema gera það með þessum hætti. Það eru þessi atriði sem valda hér grundvallarágreiningi, hæstv. fjmrh. Þótt segja megi að það heyri kannski ekki nákvæmlega undir þann dagskrárlið sem er til umræðu þá er það samt svo að þessi mál blandast að verulegu leyti saman.

Ég vænti þess svo, hæstv. forseti, að ráðrúm gefist til eðlilegrar umfjöllunar um málið í efh.- og viðskn.,

enda hafa hér gefist hér mörg tilefni til þess að nefndin komi saman til að fjalla sérstaklega um þau atriði sem hér hafa komið fram. Jafnframt eru atriði sem snerta bandorminn sem nendin þarf að mínu mati að fjalla um og ég vænti þess að ráðrúm gefist til næstu daga.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör þau sem hann gaf við spurningum mínum þó að ég væri hins vegar ekki í efnisatriðum sammála öllu því sem þar kom fram. Síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Austurl., vék að lagaheimildum fyrir skattlagningu á ríkisfyrirtæki sem birt er í sérstöku yfirliti með fjárlagafrv. og skal ég ekki endurtaka þau orð hans þar sem hann dró í efa lögmæti slíks plaggs en ég held að yfirleitt sé lagastoð bak við allar þær tölur sem reiknað er með sem tekjum í fjárlagafrv. í öðrum lögum.

En það voru tvö önnur atriði sem hæstv. fjmrh. vék að. Í fyrsta lagi er það vegna beinu greiðslnanna til bænda sem samið var um með búvörusamningi á sl. ári. Það er að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. fjmrh. að þar er engin lagaákvæði verið að brjóta enn vegna þess að þau atriði hafa ekki verið tekin í lög sem nauðsynleg eru til þess að standa við samninginn. Hins vegar er gerð tilraun til þess að gera það með frv. sem hæstv. landbrh. hefur lagt fram svo að ekki er um að ræða einhver drög að frv. eins og hæstv. fjmrh. sagði. Á borðum þingmanna liggur frv. um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem þessi atriði eru tekin inn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega á tímabilinu frá mars til desember fyrir það verðlagsár sem hefst 1. sept. það ár, í fyrsta sinn í mars 1992. Fullnaðargreiðsla skal innt af hendi eigi síðar en 15. des."

Þarna er ekki um neitt vafamál að ræða. Þetta frv. var að vísu ekki lagt fram fyrr en 18. des. en 10. des. var lögð fram brtt. frá meiri hluta fjárln. um að lækka upphæðina sem til þessa er ætluð á fjárlögum þessa árs. Hún var að vísu dregin til baka til 3. umr. en afgreidd þá óbreytt. Það virðist vera að hæstv. landbrh. hafi eftir að sú brtt. var lögð fram á Alþingi við 2. umr. fjárlaga fengið stuðning stjórnarflokkanna fyrir því að kveða alveg ótvírætt að orði í lagafrv. sem hann leggur fram með samþykki stjórnarflokkanna um að greiðslunum skuli lokið eigi síðar en 15. des. Ef það á ekki alveg að svínbeygja hæstv. landbrh. aftur þarf ríkisstjórnin að hafa einhverja möguleika til þess að standa við þetta í þessu frv. sem ég vænti að eigi öruggan meirihlutastuðning. A.m.k. vil ég stuðla að því að þetta frv. nái fram að ganga eins fljótt og hægt er og hæstv. landbrh. veitti mér þau svör nokkru fyrir jól að sá dráttur sem varð á því að þetta frv. væri lagt fram ætti ekki að tefja beinu greiðslurnar til bænda. Það var þess vegna sem ég spurði hæstv. fjmrh. að því hvort hann vildi ekki fá heimild í lánsfjárlögum til þess að geta staðið við þetta atriði, hvort hann vildi ekki leggja fram eða óska eftir því við efh.- og viðskn. að hún legði fram brtt. við 3. umr. málsins sem veitti hæstv. fjmrh. þessa heimild eða hvort hann þyrfti að fá aðstoð annarra þingmanna til þess eða stjórnarandstöðunnar. E.t.v þyrfti að bæta heimildinni um arðgreiðslurnar af ríkisfyrirtækjum inn í bandorminn líka. Hún ætti sjálfsagt frekar að vera þar til þess að hafa ótvíræðan lagastuðning á bak við sig.

Hitt atriðið sem ég vildi víkja að voru tillögur hæstv. sjútvrh. sem lagðar voru fram í ríkisstjórninni og sagt var frá í Morgunblaðinu 29. nóv. sl. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögurnar gera m.a. ráð fyrir að aðstöðugjaldið verði fellt niður í áföngum. Hætt verði inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóðinn. Lán í Atvinnutryggingarsjóðinn verði fryst í tvö ár. Raforkuverð verði lækkað og vextir lækkaðir."

Hæstv. fjmrh. sagði að þessar tillögur hefðu ekki verið felldar þó aðeins lítið af þeim hefði hlotið afgreiðslu. Og er það gott ef þær eru enn til meðferðar í ríkisstjórninni og von um að þær nái þá fram að ganga. Hins vegar er ég ekki á sama máli og hæstv. ráðherra að búið sé að gera allt sem mestu máli skiptir því að þannig vill til að þau tvö eða kannski þrjú atriði sem hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. að hætta inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóðinn, að lán í Atvinnutryggingarsjóðinn verði fryst og þá í þriðja lagi greiðslur eða afborganir í Fiskveiðasjóð, hafa engin áhrif á eignastöðu fyrirtækjanna. Að sjálfsögðu eru þau mikilvæg fyrir greiðslustöðu þeirra. En innborganir í Verðjöfnunarsjóðinn færast á reikning sem er í eigu hvers fyrirtækis þannig að aðeins er um það að ræða hvort þarna sé ráðstöfunarfé í augnablikinu eða ekki. Samt vil ég að sjálfsögðu ekki draga úr að það verði jákvætt.

Það lækkar ekki heldur skuldirnar að færa afborganir aftur fyrir á lánum í Atvinnutryggingarsjóðinn. Það bætir greiðslustöðuna og ég vil að sjálfsögðu einnig taka undir að það er líka mikilvægt. En þeim atriðum sem snerta bættan rekstur í sjávarútveginum virðist öllum hafa verið frestað. Þar er, eins og ég sagði, aðstöðugjaldið fellt niður í áföngum. Það hefur ekkert gerst í því enn þá. Raforkuverð lækkar. Mér er ekki kunnugt um að það hafi lækkað enn til fiskvinnslufyrirtækjanna. Síðasta atriðið er lækkun vaxta.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið var talið að heildarskuldir sjávarútvegsins á sl. hausti hafi verið um 98 milljarðar og reiknað er með sem þumalputtareglu að ⅓ af þeim séu lán sem innlendar vaxtabreytingar hafa áhrif á, þ.e. rúmlega 30 milljarðar. 1% vaxtalækkun gerir því rúmlega 300 millj. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar á sl. vori um að færa vexti upp um um það bil 2% hefur því lagt yfir 600 millj. kr. byrði á sjávarútveginn. Allir viðurkenna að raunvextir af lánum séu mjög háir hér á landi, bæði af verðtryggðum en sérstaklega þó óverðtryggðum lánum. Þannig væri þarna um að ræða lið sem hefði gífurlega mikil áhrif á rekstrarstöðu sjávarútvegsins og bætti að sjálfsögðu greiðslustöðuna líka. Því fyrir utan hin beinu áhrif sem væru rúmlega 300 millj. fyrir hvert prósent sem vextir lækkuðu, þá eru að sjálfsögðu óbein áhrif líka sem

kæmu fram í þjónustugjöldum og öðru slíku.

Ég vil því skora á hæstv. fjmrh. að gera sitt til þess að tillögur hæstv. sjútvrh., þær sem hafa bein áhrif á rekstur sjávarútvegsins, séu ekki hundsaðar lengur í ríkisstjórninni.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þótt hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. séu fjarverandi vildi ég engu að síður segja það í tilefni af umræðu sem orðið hefur um síldarsölu til Sovétríkjanna að mér finnst það sérkennileg mótsögn hjá hæstv. ríkisstjórn að hæla sér af því, að mig minnir í desembermánuði, að viðurkenna Rússneska lýðveldið sem sjálfstætt ríki en koma svo í janúarmánuði og lýsa algeru vantrausti á helstu fjármálastofnanir og trúverðugleika skuldbindinga þessa sama ríkis. Það gengur einfaldlega ekki upp að hreykja sér af formlegri, diplomatískri viðurkenningu hins nýja ríkis og hafa síðan þá afstöðu til síldarsölumálanna eins og hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. hafa haft. Ég ætla hins vegar ekki að gera það að lengra máli hér en vildi láta skoðun mína koma fram því að ég hef ekki orðið var við að aðrir hafi bent á þennan þátt málsins sem snýr að hinni formlegu viðurkenningu íslensku ríkisstjórnarinnar á Rússneska lýðveldinu.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs nú eru svör hæstv. fjmrh. og reyndar einnig hæstv. forsrh. sem þeir gáfu fyrr þegar þessi umræða fór fram fyrir nokkrum dögum. Ég vil fyrst segja nokkur orð um ræðu hæstv. forsrh. Mér fannst áberandi að hann gerði nánast enga tilraun til þess að sýna fram á það með rökum að raunvextir færu lækkandi á næstu mánuðum, hvað þá að hann gerði tilraun til þess að færa rök að fullyrðingu sinni sem sett var fram í desembermánuði þegar ríkisstjórnin kynnti næturákvarðanir sínar í efnahagsmálum að raunvextir lækkuðu strax á nýju ári. Hið eina sem hæstv. forsrh. sagði um væntanlega raunvaxtalækkun var að hann hefði trú á að það gerðist. Vandinn er bara sá að markaðurinn hefur ekki þessa trú. Og fyrri yfirlýsingar hæstv. forsrh. um þetta efni frá því í maí, frá því í sumar, frá því í haust, frá því í desember hafa allar reynst marklausar. Það blasir þess vegna við að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi afgreitt fjárlagafrv. og þrátt fyrir að við séum komin á lokastig afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga, hefur peningakerfið í landinu ekki veitt hæstv. ríkisstjórn traustsyfirlýsingu. Og það er í raun og veru mjög merkilegt vegna þess að samtök launafólks hafa ekki heldur veitt ríkisstjórninni traustsyfirlýsingu að ég minnist nú ekki á skoðanakannanir. En ríkisstjórnin ætlaði sér hins vegar að starfa þannig að peningakerfið í landinu hlyti meira sjálfstraust vegna aðgerða stjórnarinnar. Það hefur peningakerfið í landinu ekki gert, þvert á móti. Síðast nú í dag lesum við viðtöl við forsvarsmenn bankakerfisins þar sem þeir lýsa því yfir að engin von sé til þess að raunveruleg vaxtalækkun sé fram undan.

Í sjálfu sér þarf ekki að segja mikið meira um þetta mál. Hæstv. forsrh. hefur gefist upp á því í þinginu að sýna fram á það með rökum að raunvaxtalækkun verði afleiðing efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Og hæstv. fjmrh. hefur ekki heldur gert neina tilraun til þess og lái ég honum það ekki. Með ákvörðunum sínum um vexti spariskírteina ríkissjóðs í upphafi þessa árs hefur hann sýnt að hann ætlar sér ekki að ganga á undan í vaxtalækkuninni. Og það er nú einfaldlega þannig að ef bornar eru saman reynslutölur vaxtabreytinga á sl. tveimur árum hefur ríkissjóður ávallt orðið að ganga á undan í vaxtalækkuninni. Það hefur aldrei orðið nein vaxtalækkun ef ríkissjóður hefur ekki gengið á undan. Með því að neita að ganga á undan hefur hæstv. fjmrh. ákveðið að ekki verði nein raunvaxtalækkun á næstunni. Kannski hefur hann ekki treyst sér til þess og það ástand sem nú ríkir á markaði húsbréfa bendir einnig til þess að þetta sé nú þröngt í búi hjá hæstv. fjmrh.

Einnig var athyglisvert að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til þess að segja neitt um hvað ríkisstjórnin mundi gera til þess að koma til móts við samtök launafólks. Athyglisvert er að síðan hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu hefur miðstjórn Alþýðusambandsins gert sérstaka samþykkt þar sem kemur skýrt fram að ein af meginforsendum þess að kjarasamningar takist sé að ríkisstjórnin breyti þeim ákvörðunum sem hún er að knýja á um í atkvæðagreiðslu í þinginu í dag. Hæstv. fjmrh. hefur hvað eftir annað sagt, m.a. í ræðu sem hann flutti fyrr við þessa umræðu, að fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. séu forsendur skynsamlegra kjarasamninga. Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh.: Gerir hann ekkert með álit Alþýðusambandsins í þeim efnum? Nú er það svo að ekki hefur verið hægt að gera skynsamlega kjarasamninga án þátttöku Alþýðusambandsins. Það liggur alveg fyrir hvað Alþýðusambandið segir og ég minni á hógværa en mjög vel rökstudda grein forseta Alþýðusambandsins í Morgunblaðinu í dag. Þar talar hann alveg skýru máli, æsingalaust. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Er hægt að gera kjarasamninga án þess að taka mark á yfirlýsingum Alþýðusambandsins? Eða heldur hæstv. ríkisstjórn að Alþýðusambandið sé bara einhvers konar uppákoma þar sem menn segja eitt í dag og annað á morgun? Sjá menn í ríkisstjórninni ekki skýra samfellu í því sem Alþýðusambandið er að segja? Þess vegna er alveg ljóst að ef á næstu vikum og mánuðum á að takast að gera skynsamlega kjarasamninga og stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu verður ríkisstjórnin að draga til baka eitthvað af sínum ákvörðunum. Og skynsamlegra hefði verið fyrir hæstv. fjmrh. að búa sig undir þær ákvarðanir en þurfa ekki að koma til þingsins, kannski strax í næsta mánuði, og biðja þingið um að breyta einhverju sem verið er að pína í gegn nú að fest verði í lögbókina. Það vill nú svo til að þau atriði sem eru efst á blaði hjá verkalýðshreyfingunni, sem forsendur skynsamlegra kjarasamninga, er afnám þeirra atriða sem hæstv. heilbrrh. er að heimta að þingið samþykki í dag. Er Alþfl. í ríkisstjórninni kannski þeirrar skoðunar að ekkert mark sé takandi á Alþýðusambandinu? Formaður þingflokks Alþfl. bendir á hæstv. heilbrrh. Kannski ber að túlka það þannig að hæstv. heilbrrh. sé þeirrar skoðunar að það eigi ekki að taka neitt mark á Alþýðusambandinu. Ég veit að vísu af fyrri kynnum mínum við formann þingflokks Alþfl. að hann hefur stundum ver-

ið þeirrar skoðunar að ekki eigi að taka mikið mark á Alþýðusambandinu. En það var nú í „den tid". Ég skil satt að segja ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að halda á málunum á næstunni. **(Gripið fram í:** Þú varst sömu skoðunar í „den tid".) Kannski er þetta allt saman meira og minna leikaraskapur. Við bíðum og sjáum. En hins vegar er alveg ljóst að þær ákvarðanir sem verið er að biðja menn að greiða atkvæði um munu ekki stuðla að skynsamlegum kjarasamnignum á næstunni.

Nú langar mig að víkja aðeins að tveimur atriðum sem snerta hæstv. fjmrh. Hið fyrra má segja að sé nokkuð formsatriði en þó efnisatriði. Hér hefur ítrekað komið fram að hæstv. menntmrh. hyggst eingöngu framkvæma hluta af hinum svokallaða flata niðurskurði í menntamálum á þessu ári. Hæstv. forsrh. hefur að vísu sagt að ríkisstjórnin hafi ekki samþykkt þá stefnu en hæstv. menntmrh. hefur ítrekað hana í þinginu á síðasta sólarhring. Nú er ljóst að þær tölur sem eru í frv. til lánsfjárlaga eru ekki miðaðar við þessa yfirlýstu stefnu hæstv. menntmrh. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Hver er afstaða hans í þessum málum? Mun hann meina hæstv. menntmrh. að framkvæma hinn flata niðurskurð með þeim hætti sem hann hefur lýst og standa þar með við lánsfjárlagafrv. eins og það er nú eða telur hann að breyta þurfi frv. í samræmi við það sem hæstv. menntmrh. ætlast til?

Hitt atriðið sem ég vildi víkja að er það sem hæstv. fjmrh. sagði um fyrirspurn mína varðandi það hvernig færa skyldi þá tillögu að ríkissjóður yfirtæki 1,7 milljarða af skuldbindingum Framkvæmdasjóðs. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið og ég skildi það alveg, það var alveg skýrt. Vandi málsins er ekki að svar fjmrh. sé ekki skýrt. Vandi málsins er að í þinginu er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990. Og þar liggur fyrir brtt. frá fjárln. þar sem lagt er til að við 3. gr. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, þ.e. gjaldagreinina, bætist nýr liður, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, 1 milljarður 458 þús. 283 kr. Talsmenn fjárln. hafa lagt til að þetta verði gert með þessum hætti og spurning mín vék að því hvernig það færi heim og saman að ætla sér að samþykkja tillögu fjárln. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 — ekki ríkisreikninginn heldur frv. til fjárlaukalaga — en ætla sér ekki að gjaldfæra 1.700 millj. kr. vegna Framkvæmdasjóðs á árinu 1992. Ef við hefðum verið að fjalla um ríkisreikning á árinu 1990 hefðum við skilið samhengið í afstöðu fjárln. og því sem hæstv. fjmrh. sagði. Hins vegar verð ég að segja að þrátt fyrir afar skýra yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það hvernig hann teldi að fara ætti með Framkvæmdasjóðinn — og ég hef engan ágreining við þá lýsingu að gera — er ekki hægt að afgreiða Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins með þeim hætti sem hér er lagt til af hálfu fjárln.

Ég sé að hv. þm. Pálmi Jónsson er kominn í hliðarherbergi og ég vil vekja athygli hans á því að í svari við fyrirspurn minni upplýsti hæstv. fjmrh. að það væri skoðun hans að yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum vegna Framkvæmdasjóðs, sem ætlunin er að samþykkja við afgreiðslu þessa frv., bæri ekki að gjaldfæra á útgjaldahlið fjárlaga fyrir árið 1992. Ég gerði ekki athugasemd við þá lýsingu hæstv. fjmrh. en benti hins vegar á að á þskj. 293 er brtt. frá fjárln. varðandi fjáraukalög fyrir árið 1990 þar sem lagt er til að yfirtaka skuldbindinga vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins verði gjaldfærð í heild sinni á því ári. Ég vildi gjarnan inna hæstv. fjmrh. nánar eftir því hvort hann er mér ekki sammála um það að mótsögn er í því sem hann lýsti að ætti að vera meðferðin á yfirtökunni á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs ríkisins og því sem fjárln. hefur lagt til á þskj. 293 varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Mér er mjög illa við að þessu ljúki þannig að þetta lykilatriði verði ekki skýrt, annaðhvort með því að forsvarsmenn fjárln. lýsi því yfir að þeir dragi tillögu sína til baka eða að hæstv. fjmrh. lýsi því skýrt yfir að hann sé ekki sammála tillögunni og muni beita sér fyrir því að henni verði breytt. Ég ætla ekki á þessu stigi að gera því skóna að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi fari að standa að því að samþykkja 1.700 millj. kr. yfirtöku vegna Framkvæmdasjóðs og gjaldfæra það ekki á árinu 1992 en ætla sér svo kannski eftir fáeinar vikur að samþykkja brtt. 293 frá fjárln. Ég vildi þess vegna, virðulegi fjmrh., óska eftir því að ráðherrann tjáði sig aðeins nánar um þetta samhengi við tillögur fjárln. af því að þær eru ekki við ríkisreikningsfrv. heldur við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990.

Ég vék einnig að því atriði að í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tekist að ná nema um það bil 30% árangri í þeim efnahagsaðgerðum sem hún beitti sér fyrir á sl. sumri. Ég innti hæstv. forsrh. aðeins eftir því hver væri skýring hans á því að ríkisstjórn sem ætlaði sér sex milljarða árangur náði aðeins tveimur. Ég fékk eiginlega engin svör frá hæstv. forsrh. um það atriði. Ég benti honum hins vegar á að það væri heldur óvarlegt hjá honum í ljósi þessarar reynslu, þessarar fyrstu göngu, að ná bara 30% árangri og vera mjög glaðbeittur í yfirlýsingum um þessar mundir um að 100% árangur yrði í ríkisfjármálapappírunum fyrir það ár sem nú er nýhafið. Ég vil aðeins inna hæstv. fjmrh. eftir því án þess að fara fram á langar skýringar af hans hálfu. En gagnlegt væri að fá lítillega hugleiðingar hans um það hvers vegna hann telur að ríkisstjórnin hafi aðeins náð þessum litla árangri með fyrstu aðgerðum sínum og hvers vegna hann telur að hún muni ná 100% árangri eða svo, því að ég heyri hæstv. fjmrh. hvað eftir annað lýsa því yfir að munurinn á fyrri árum og þessu sem nú er nýbyrjað sé að nú verði staðið við allar áætlanir með tölu. Ég held að sú yfirlýsing sé ekki mjög skynsamleg. En það á eftir að koma á ljós og ekki ætla ég að slá á bjartsýni fjmrh. í þessum efnum.

Virðulegi forseti, nokkur umræða varð fyrr í dag um þjóðhagsspá og hvers vegna hæstv. ríkisstjórn hefði orðið að taka þetta allt saman upp sem hún lagði fyrir þingið í október. Ég vil aðeins minna hæstv. fjmrh. á að ég varaði hann strax í sumar opinberlega við því að reikna með álversframkvæmdum á þessu ári í fjárlagafrv. sínu. Ekki var hlustað á þau viðvörunarorð heldur var haldið áfram að undirbúa fjárlögin og byggt

á þeirri forsendu að álverssamningar tækjust og framkvæmdir hæfust í ár.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram varaði ég hæstv. fjmrh. aftur við því að miða ekki meðferð frv. í þinginu við að þetta mundi allt saman ganga eftir. Ekki var heldur hlustað á það. Það var ekki fyrr en Drack hafði sagt þessum snillingum þennan vísdóm að tekið var mark á því. (**Fjmrh.:** Hann réð kannski heldur meiru en þú í málinu.) Vel getur verið að hann hafi ráðið meiru en það mikil teikn voru á lofti, virðulegi fjmrh., að það var mjög óskynsamlegt að miða frv. við álversframkvæmdirnar. Skynsamlegra hefði verið að taka þá ákvörðun að miða allt frv. og undirbúninginn sl. sumar við að framkvæmdirnar hæfust ekki en skoða þær síðan sem bónus ef þær hæfust til þess að minnka hallann sem örugglega hefði orðið einhver á frv. Sú leið hefði verið skynsamlegri og eiga það þá inni ef af því yrði frekar en að miða frv. allt við fugl í skógi sem ekki væri í hendi. Hefði fjmrh. síðan fengið fuglinn í höndina, annaðhvort fyrir áramótin eða í byrjun nýs árs, hefði hann örugglega getað hagnýtt sér þann tekjuauka sem þá hefði orðið til að minnka hallann sem engu að síður birtist í frv. Þetta er auðvitað liðin tíð. Ég held hins vegar að hæstv. ráðherra ætti að viðurkenna að þetta voru sjálfskaparvíti. Þetta var uppsetning á dæminu sem þeir sköpuðu sjálfir og voru fyrst og fremst ill tíðindi fyrir þá en ekki aðra. Ef við sem sátum utan Stjórnarráðsins gátum áttað okkur sæmilega á þessu hvers vegna hefðu menn ekki innan Stjórnarráðsins getað áttað sig á því? Ég veit hver skýringin er. Skýringin er sú að það var pólitískt nauðsynlegt fyrir hæstv. iðnrh. að sýna að þetta mundi verða. Ég tel að það hafi verið örlagarík mistök hjá hæstv. fjmrh. að taka þannig tillit til pólitískra hagsmuna iðnrh., sérstaklega kjördæmishagsmuna hans.

Það er einu sinni hlutverk fjmrh. að vera vondur við samráðherra sína. Það sem ég hef hvað mestar áhyggjur af varðandi núv. hæstv. fjmrh. er að samráðherrar hans eru alltaf að hæla honum. Fjmrh., sem er vinsæll hjá samráðherrum sínum, er á einhverjum villigötum og ég get alveg endurtekið það sem ég hef sagt hér fyrr að fjmrh., sem er vinsæll hjá félmrh., er greinilega orðinn eitthvað villtur í skóginum. Skynsamleg efnahagsstjórn hér á landi hlýtur að byggjast á því að fjmrh. haldi í við félmrh., sérstaklega á sviði húsnæðismála (**Gripið fram í:** Og sé óvinsæll.) og sé óvinsæll í ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** Og yfirleitt.) Og yfirleitt, látum það nú vera. Hæstv. fjmrh. getur út af fyrir sig glaðst yfir vinsældum sínum en ég held að það sé ekki til farsældar. Það er a.m.k. alveg ný formúla fyrir árangursríkri hagstjórn að hún byggist á vinsældum fjmrh. hjá samráðherrum sínum.

Virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. fjmrh. segi nokkur orð í viðbót um þessi atriði sem ég hef nefnt og ítreka nauðsyn þess að fá sæmilegar skýringar á afstöðu hans áður en atkvæðagreiðslan fer fram.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill láta þess getið að þegar umræðunni er lokið verður umræða utan dagskrár samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga og er umræðan að beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v. vegna ummæla forsrh. í fjölmiðlum um stöðu EES-samningsins.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að taka hér til máls og gera tilraun til þess að svara nokkrum þeim fyrirspurnum sem hefur verið beint til mín.

Í fyrsta lagi beindi hv. 1. þm. Austurl. þeirri fyrirspurn til mín hvort taka ætti tillit til óska sem komið hefðu frá Fiskveiðasjóði og hafa verið bréfuð til hv. efh.- og viðskn. um að Fiskveiðasjóður yrði a.m.k. um sinn í ríkisábyrgð samkvæmt lánsfjárlögum en sú ósk er til komin vegna þess að sjóðurinn hefur að undanförnu og fulltrúar hans verið að afla lána á erlendri grund. Tekið skal fram af þessu tilefni að samkvæmt lögum um Fiskveiðasjóð, nr. 44/1976, er þess sérstaklega getið að sjóðurinn sé í eign ríkisins en enn fremur er sagt í lögunum að ríkið beri ekki ábyrgð á erlendum lánum sjóðsins. Vegna þess að forráðamenn sjóðsins hafa beðið um að tekið sé tillit til þess að þeir hafa á síðustu mánuðum verið að afla lána og það á grundvelli frv. til lánfjárlaga hafa þeir talið óheppilegt að sú breyting verði gerð á lögunum sem gert er ráð fyrir í tillögu meiri hluta. Af þessu tilefni vil ég segja að í viðtölum mínum við starfandi formann nefndarinnar, varaformann nefndarinnar, hef ég óskað eftir því að fundur verði haldinn í nefndinni, og ég á heldur von á því, og þá verði tekið tillit til sjónarmiða Fiskveiðasjóðs og ég veit ekki betur en nefndarmeirihlutinn og formaður nefndarinnar muni beita sér fyrir því.

Ég ætla ekki að ræða ítarlega um hvort hugmyndir manna um það að gera sjóðinn að hlutafélögum eigi að blanda saman við þetta mál en hinu er ekki að neita að slíkar hugmyndir hafa verið uppi um skeið. Mér finnst eðlilegt að þær séu kannaðar til fullnustu því að ég held að það sé til bóta, bæði fyrir ríkissjóð og eins fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna að sjóðirnir verði sjálfstæðir og óháðir ríkinu í framtíðinni því að það er fyrir löngu orðið svo að sjóðirnir njóta ekki framlags af hálfu ríkissjóðs eins og var á þeim tíma þegar verðbólgan geisaði og fjármunir skattborgaranna voru notaðir til þess að bæta sjóðunum upp þann mun sem varð vegna útláns- og innlánsvaxta sjóðanna.

Í öðru lagi fjallaði hv. þm. um útgáfu húsbréfa. Það er rétt sem kom fram í máli hans að gert er ráð fyrir að um þrjá 4 milljarða kr. flokka sé að ræða. Ég vil þó taka strax fram að ég hef ávallt sagt að ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að ræða við þá aðila sem taka mikilvægar efnahagslegar ákvarðanir, t.d. aðila vinnumarkaðarins, um það hvort hægt sé að takmarka meira en gert er í tillögum ríkisstjórnarinnar útgáfu ýmissa verðbréfa og koma þá auðvitað húsbréf til skjalanna eins og ýmis önnur verðbréf sem ríkissjóður gefur út.

Varðandi það hvort skynsamlegt sé að selja húsbréf á erlendum markaði er það einu sinni svo að ríkið ræður ekki alltaf öllum hlutum. Húsbréf eru í eigu ýmissa sjóða og þegar lög leyfa sjóðunum að selja til útlanda útlendingum bréf getur ríkið ekki komið í veg fyrir það

nema lög nái til slíkra tilvika. Þess vegna gerist það stundum að einstakir sjóðir, jafnvel einstaklingar geta selt útlendingum bréf og það hefur gerst til að mynda varðandi húsbréfin. Það voru bréf sem voru ekki í eigu íslenska ríkisins eða banka í eigu íslenska ríkisins. Ef litið er á þetta mál efnahagslega er hins vegar augljóst að það er auðveldara fyrir ríkið sjálft að ná heppilegum lánskjörum á erlendum vettvangi fremur en að gefa út húsbréf á innlendum markaði sem síðan eru seld til útlanda. Ríkissjóður nær betri kjörum en gera má með því að selja húsbréf á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Ég held að öll þessi mál muni breytast á næstu missirum og árum. Sá vísir að verðbréfa- og peningamarkaði sem hefur vaxið upp á undanförnum árum muni dafna og þá verður ríkið eins og aðrir að sætta sig við lögmál markaðarins og þess vegna skiptir svo miklu máli að við áttum okkur á því í þessari umræðu að ríkið getur ekki frekar en hver annar tekið ákvarðanir sem stangast bersýnilega á við þær ákvarðanir sem markaðurinn sjálfur hefur tekið. Í öllum vestrænum ríkjum er löngu viðurkennt að það er framboð og eftirspurn á slíkum markaði sem ræður venjulega vöxtunum. Þar hefur ríkið, Seðlabankinn auðvitað hlutverki að gegna og ætla ég ekki að gera þessa ræðu að kennslustund í hagfræði.

Í þriðja lagi var minnst á aðild ríkisins að kjarasamningum og reyndar kom hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, að því máli. Af því tilefni vil ég taka fram að formaður samninganefndar ríkisins hefur sagt að hann muni halda fundi með viðsemjendum ríkisins í þessari viku og þeirri næstu og ég vil enn fremur taka fram að sú nefnd hefur fullt umboð fjmrh. í kjarasamningamálunum.

Ég hef vissulega séð að fulltrúar launþegahreyfingarinnar, bæði þeirra sem starfa hjá hinu opinbera og eins hinna, hafa sett fram hugmyndir um það sem hv. stjórnarandstæðingar kalla leiðréttingar á ýmsum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Af því tilefni vil ég taka fram að ég tel að kjarasamningar eigi að sjálfsögðu fyrst og fremst að snúast um kaup og kjör. Ég tel að ríkið hafi með aðgerðum sínum lagt grunn að lækkun raunvaxta á næstu vikum og mánuðum og ég hef sömu trú á því og hæstv. forsrh. að það muni ganga eftir. Það er nefnilega þannig að eftirspurnin eftir fjármagninu á innlenda markaðnum hefur langmest áhrif á vaxtaupphæðina.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurðist fyrir um það hvort ríkisstjórnin tæki mark á ASÍ. Að sjálfsögðu gerir ríkisstjórnin það. Það er nú einu sinni þannig að ekki er við ríkisstjórnina að tala þótt hún hafi oft komið að kjarasamningum. Kjarasamningar á hinum almenna markaði eru fyrst og fremst á milli vinnuveitenda og launþega. Hins vegar hefur oft komið fyrir að ríkisvaldið hefur komið að slíkum samningi á lokastigi þeirra. Ég held að sú ríkisstjórn sem nú situr við völd hér á landi muni að sjálfsögðu ekki neita því að ræða við vinnuveitendur og Alþýðusambandið sameiginlega á lokastigi kjarasamninganna. Á þessari stundu er ekki hægt að segja um hvaða þætti þar verður talað, enda held ég að hvorki sé hyggilegt né klókt af ráðherrum að ræða í þingsölum um hvað slíkir kjarasamningar og um hvað slíkar viðræður mundu snúast. Við vitum að þetta hefur oft átt sér stað í gegnum tíðina en jafnframt vitum við að þingsalurinn er ekki besti staðurinn til þess að ná fram kjarasamningum.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson spurðist fyrir um þær skyldur sem settar væru á einstök fyrirtæki í ríkiseign að hluta eða öllu, en þessar skyldur fylgja í sérstöku yfirliti með fjárlagafrv. Hann spurði enn fremur um lagalegt gildi þessa yfirlits. Nú skal ég viðurkenna að ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í það mál. En ég get þó sagt að þetta yfirlit var samþykkt sem annar liður á brtt. á þskj. 295 en fyrri liður þeirrar brtt. sem þar var lýst var um áætlun á innheimtum tekjum í 3. gr. frv. sem nú er orðið að lögum.

Þegar rætt er um fjárlög sem lög þá er ljóst að tekjugreinar fjárlaganna eru áætlaðar og sú áætlun byggist oftast nær á öðrum lögum. Enn fremur er ljóst að þótt t.d. ákveðin tala standi undir liðnum eignarskattur eða tekjuskattur í fjárlögum þá getur sú tala ekki breytt lögum. Með öðrum orðum, ef sú tala næst ekki á grundvelli gildandi laga ráða sérstöku tekjuskatts- og eignarskattslögin. Með sama hætti má draga þá ályktun að þar sem sérstök lög gilda varðandi fyrirtæki sem sérstaka yfirlitið nær til þá gilda þau lög. Þetta þýðir að mínu viti að um fyrirtæki sem eru utan B-hlutans og starfa samkvæmt sérstökum lögum eða almennum lögum um sérstaka tiltekna starfsemi eins og t.d. viðskiptabanka, gilda þau lög. Og nú vill svo til að í lögum um viðskiptabanka eru engin ákvæði um arðgreiðslur. Það eru aðalfundir viðskiptabankanna sem ráða því en í einni greininni sem fjallar um ríkisviðskiptabankana er tekið fram að bankaráðið ráði því hvernig tekjuafgangi sé ráðstafað. En jafnframt er tekið fram að það skuli gert með ákveðnum reikningum innan bankans.

Þegar þáv. fjmrh. skrifaði bankanum bréf á sínum tíma, ég hygg það hafi verið á árinu 1988, og óskaði eftir að ákveðinn hundraðshluti af eignarhluta bankans yrði færður ríkinu sem arður mótmælti bankaráðið því á grundvelli laganna. Ég veit ekki hvort reyndi frekar á það mál. Ég hef ekki kynnt mér það ítarlega. En það segir sína sögu að hér er um áætlun að ræða og þetta sérstaka yfirlit er til fyllingar ákvæðinu sem kemur fram í 3. gr. fjárlaganna um tekjur af arði, þ.e. liður 48 29, Aðrar arðgreiðslur, upp á 150 millj. Deila má um hvort þessi liður eigi að vera nr. 48 29 eða falla undir óvissar og ýmsar tekjur. Ég ætla ekki að halda ræðu hér um það atriði. Hitt er annað mál að ég tel að þetta sérstaka yfirlit, sem finna má í fjárlögum og er samþykktur hluti fjárlaganna, hafi sama gildi og þegar verið er að sundurliða ýmsa útgjaldaþætti á grundvelli heildartölu í fjárlögum. Í raun og veru er hér ekki verið að leggja tiltekin gjöld á viðkomandi fyrirtæki sem ekki eru í B-hluta því að annars vegar ráða aðalfundir arðinum og hins vegar sérstök lög þar sem það á við. Hins vegar má segja að reglurnar sem hérna eru séu tilmæli til fulltrúa Alþingis og ríkisstjórnar í stjórnum fyrirtækja og sjóða um að þau greiði arð í ríkissjóð og beiti sér fyrir því hvort sem um hlutafélög eða

félög sem eru alfarið í eigu ríkisins er að ræða.

Öðru máli gegnir um Póst- og símamálastofnunina og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þar sem eru sérstök lagaákvæði eða sérstök ákvæði í fjárlögum sem enginn efast um að gildi. Varðandi Íslenska aðalverktaka eru samþykktir félagsins sem þar ráða. Landsvirkjun hefur sérstök lög og í B-hluta fyrirtækjunum yfirleitt held ég að fjárlög ráði. En aftur á móti eru hugsanlega takmörk fyrir því hve hægt er að ganga langt í samþykkt fjárlaga til að leggja gjöld á fyrirtæki sem að öðru leyti eru annaðhvort í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti.

Við skulum átta okkur á að hér er um áætlanir að ræða og ég er sannfærður um að ef þessar hugmyndir og þessi tilmæli sem þarna er verið að minnast á gengju í gegn væri talan í fjárlögum verulega vanáætluð. Og ekki þarf annað en að kynna sér eiginfjárstöðu og eigið fé t.d. Iðnlánasjóðs, Búnaðarbanka Íslands og Fiskveiðasjóðs til að finna fljótlega út að 2% af eigin fé þessara aðila er nokkuð há tala. Hitt er svo annað mál að ég tel að hér hafi Alþingi, fjárveitingavaldið, farið inn á rétta braut og að í framtíðinni eigi að þróa að sagt sé í fjárlagafrv. og samþykkt af fjárveitingavaldinu hvernig fjárveitingavaldið, þ.e. ríkið sem eigandi fyrirtækja, vill að þessi fyrirtæki skili arði rétt eins og önnur félög og fyrirtæki sem eiga í samkeppni við þessi eru látin skila arði til sinna eigenda. Þetta veit ég að fyrrv. fjármálaráðherrar þekkja og þó að ég eigi von á, ég vil ekkert um það fullyrða á þessu stigi málsins, að í sumum tilvikum þurfi að breyta lögum til að ná fram settu marki þá er hér a.m.k. um byrjun að ræða sem ég tel að sé til bóta. Mér finnst sjálfsagt eins og fram kom hjá hv. þm. að ef haldinn verður fundur í efh.- og viðskn. verði fulltrúar fjmrn. látnir skýra það sem er að baki þeirri hugmynd að setja þetta sérstaka yfirlit inn í fjárlög með þessum nýja hætti.

Áður en ég lýk umfjöllun minni um ræðu hv. 1. þm. Austurl. er ég honum að sjálfsögðu aldeilis ósammála um að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi orðið til þess að drepa allt atvinnulíf hér í dróma. Aldeilis þvert á móti tel ég að með því að draga saman í ríkisrekstrinum eins og við erum að gera séum við að skapa olnbogarými fyrir aðra í þjóðfélaginu og það er hið mikilvæga í stjórnarstefnunni. Með því að draga úr lánsfjárþörf ríkisins trúum við því, við vitum að það hefur gerst annars staðar, að vextir muni lækka. Og vaxtalækkunin á, hér eins og annars staðar, að leysa úr læðingi það afl sem til er hjá einstaklingum og fyrirtækjum í þjóðfélaginu. Það er öldungis á þann veg sem ríkisstjórnin ætlar sér að starfa.

Ég ætla heldur ekki að köpuryrðast við hv. þm. um að við séum að hækka skatta á barnafólki og hinum og þessum. Það er rétt að við erum draga úr bótum til þeirra sem hafa tekjur yfir ákveðin mörk. Og auðvitað er hægt að halda því fram að jaðarskattur þessara hópa hækki ef gert er ráð fyrir bótunum sem föstum tekjulið. Það er rétt. Það hefur enginn verið að mótmæla því. En ég bendi á að í þjóðfélaginu er til fólk sem hefur 50–60 þús. kr. á mánuði og það er ekki verið að hreyfa við því fólki. Engin skerðing verður á barnabótum fyrr en laun heimilismanna eru komin yfir ákveðin mörk. Upp að því marki verður staða heimilanna betri en nú er. Þetta vil ég minna á af því að ég held að það sé mjög mikilvægt. Og það er einnig rangt sem aftur og aftur heyrist í þingsalnum að notendagjöldin, þjónustugjöldin, séu skattar.

Hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., framtakssamur maður, gaf út þessa bók þegar hann var fjmrh. Hún heitir „Norræna velferðarsamfélagið á aðhaldstímum." Ágætisbók. Hann hélt ráðstefnu. Ég naut þess heiðurs að vera framsögumaður í einu mála á þessari ráðstefnu. Hann undirbjó ráðstefnuna vel og hélt með okkur ræðumönnum fund og kynnti okkur þessa bók. Hann sagði að hún hefði verið gefin út og væri niðurstaða vinnu sem hefði farið fram á Norðurlöndunum því eins og allir vita hafa norrænu velferðarsamfélögin lent í ákveðnum erfiðleikum á aðhaldstímum. Í þessari bók hv. 8. þm. Reykn. segir t.d. á bls. 82, með leyfi forseta:

„Notendagreiðslur eru annars vegar hugsaðar til þess að létta skattbyrði og hins vegar til að hafa áhrif á eftirspurn eftir opinberri þjónustu."

Þetta er auðvitað deginum sannara, enda hafa allir flokkar á Norðurlöndum, meira að segja SF-flokkurinn danski sem ég hygg að sé hér um bil eins langt til vinstri og Alþb. hér á landi, tekið upp þessa stefnu. Og ég veit að í hjarta sínu styður hv. 8. þm. Reykn. þá stefnu að færa okkur úr sköttum yfir í notendagreiðslur því að það er mjög mikilvægt tæki til þess að takast á við þau vandamál sem koma upp í velferðarsamfélögum á aðhaldstímum.

Hv. þm. Jón Helgason ræddi um frv. sem lagt hefur verið fram og ég er sammála honum um að breyta verði frv. um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það verður að sjálfsögðu að laga það frv., hugsanlega með bráðabirgðaákvæði, að þeirri staðreynd að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta beinum greiðslum til bænda og láta þær blæða yfir á tvo fyrstu mánuði næsta árs. Ég tel að það alveg nauðsynlegt.

Varðandi hugmyndir sjútvrh. er rangt að þær hafi verið hundsaðar. Þvert á móti hefur verið tekið á málum Verðjöfnunarsjóðsins, á málum atvinnutryggingardeildarinnar, á málum Fiskveiðasjóðs og lagður grunnur að lægri vöxtum. Hins vegar er rétt að raforka hefur ekki verið lækkuð enda held ég að það standi ekki til. Aðstöðugjaldið hefur heldur ekki verið lækkað og ég vil taka fram í því sambandi að verði aðstöðugjaldinu breytt tel ég nauðsynlegt að í staðinn komi gjald eða gjöld sem lögð verða á atvinnureksturinn en ekki á einstaklingana. Ég held að það sé mjög mikilvægt að verði aðstöðugjöldum breytt í framtíðinni eða fallið frá þeim komi skattar á atvinnulífið í staðinn en ekki á einstaklingana. Því ég held að mjög mikilvægt sé að sveitarfélögin sem njóta aðstöðugjaldanna fái áfram tekjur af fyrirtækjum sem eru starfandi innan umdæmanna því annars er hætta á að misræmi skapist og að sum bæjarfélög sækist eingöngu eftir því að hafa íbúðarhverfi á meðan önnur bæjarfélög þurfa að standa undir atvinnurekstrinum án þess að fá af honum tekj-

ur. Þetta vil ég að komi sérstaklega fram hér.

Ég ætla ekki heldur að ræða við hv. þm. um eignastöðu og greiðslustöðu fyrirtækjanna. Hins vegar er ljóst að með því að hjálpa fyrirtækjunum og bæta greiðslustöðu þeirra má auðvitað gera ráð fyrir að fjármagnskostnaðurinn, nema um dráttarvexti sé að ræða, lækki og þar af leiðandi batni eignastaðan. Þannig getur maður leikið sér með það sem hv. þm. sagði, en ég tek undir með honum að auðvitað hefur það þýðingu að lækka vextina til þess að ná fram bata. Og að því er stefnt eins og margoft hefur verið sagt.

Ég ætla ekki heldur að endurtaka ræðuna um raungengið. Það hef ég þegar gert.

Kem ég þá að ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég ætla að minnast á örfá atriði sem hann fjallaði um í sinni ræðu. Það er ekkert skrýtið í sjálfu sér að viðurkenna sjálfstæði ríkis en hafa á sama tíma efasemdir um að bankar í viðkomandi ríkjum geti staðið undir ýmsum skuldbindingum. Íslendingar hafa t.d. viðurkennt að Nígería sé sjálfstætt ríki. Nú ætla ég ekki að fara að leggja að jöfnu Rússland og Nígeríu, en ég veit að við höfum ekki mikið traust á bönkum í Nígeríu. Það veit hv. 8. þm. Reykn. líka þannig að það þarf ekki endilega að fara saman og eru ekki rök út af fyrir sig.

Í öðru lagi: Raunvextir eiga mælast fyrst og fremst á eftirmarkaði. Aðalatriðið er að ekki séu teknar ákvarðanir af hálfu ríkisins um að láta vexti á spariskírteinum og aðra vexti á skuldbindingum ríkisins fara langt frá því sem markaðurinn hefur sjálfur ákveðið vegna þess að þá er sú hætta fyrir hendi að ríkið nái ekki þeim fjármunum sem ríkið þarf á að halda samkvæmt áætlunum sem Alþingi hefur samþykkt. Þess vegna — og það skiptir miklu máli — höfum við horft á það með talsverðri ánægju að á síðasta hálfa ári, eða frá því í maí, hafa vextir bæði á húsbréfum og eins og á spariskírteinum verið að lækka allverulega. Ég minni á að í maí voru vextir á spariskírteinum á eftirmarkaði 8,65%. Í dag eru þeir 8,15% og ég spái því að þeir lækki enn meira á næstunni. Ég minni á að ávöxtunarkrafan á húsbréfunum fór upp í 9% í maí en er núna um 8,3% þannig að lækkunin er 0,7%. Það er einmitt þessi breyting sem er smátt og smátt er að eiga sér stað sem á að taka mark á þegar við erum að kanna það hvernig raunvaxtastigið er í landinu.

Hv. þm. spurði mig um það hvort rétt væri hjá hæstv. menntmrh. að það mætti láta hluta af flata niðurskurðinum ganga yfir á næsta ár. Það eina sem ég get sagt — ég hef ekki heyrt hæstv. ráðherra segja það hér — er að fjárlögin gilda. Það hefur engin tillaga komið um að breyta fjárlagatölunum. Hitt er svo annað mál að oft gerist það, án þess að ég segi að það eigi að gerast í þessu tilviki, að áætlanir hafa reynst rangar. Ég minni á að á síðasta ári vantaði mörg hundruð milljónir, líklega 400 millj. upp á að áætlanir fjárlaganna þá stæðust hvað varðaði framhaldsskólana eina. Hvað þá um Lánasjóð ísl. námsmanna en þar vantaði sjálfsagt vel yfir 700 millj., ef ég man rétt, kannski meira.

Ég ætla heldur ekki að fara í bókhaldsæfingar með hv. þm. varðandi það hvernig á að færa það þegar ríkið tekur yfir skuldbindingar en ég er sammála hv. þm. um að það eigi að fara eins með yfirtöku ríkisins á skuldum Framkvæmdasjóðs og yfirtöku ríkisins á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á sínum tíma, þannig að ef nefndin samþykkir að leggja fyrir Alþingi og Alþingi samþykkir að taka inn sem gjöld úr ríkissjóði 1.500 millj. á fjáraukalögum vegna ársins 1990 þá hlýtur nefndin með sama hætti að leggja til á Alþingi að samþykkja að 1.700 millj. komi inn á fjáraukalög vegna ársins 1992. Það er fullt samræmi í því að mínu viti og ég er sammála hv. þm. um það. Ég vil hins vegar taka fram að þessi mál verða vonandi leyst í sátt og samlyndi því reikningsskilanefndin hefur verið að vinna að þessum málum og ríkisfjármálanefnd, sem í eiga sæti formaður og varaformaður fjárln. annars vegar og tveir fulltrúar fjmrn. hins vegar, hefur verið að ná saman tillögum um frumvarp um greiðslur úr ríkissjóði.

Varðandi niðurstöðu og halla á sl. ári vil ég segja að innan tíðar munu verða birtar bráðabirgðaniðurstöður vegna sl. árs. Ég er að vonast til að það takist jafnvel fyrir helgi og þá verða jafnframt gefnar bráðabirgðaskýringar eins og venja er í þessum mánuði um það hvernig á því standi að hallinn hafi orðið meiri en stefnt var að, bæði í fjárlögunum og eins líka eftir aðgerðir ríkisstjórnarinnar í maí.

Að allra síðustu, virðulegi forseti, vil ég þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir ýmsar ábendingar. Það er ugglaust rétt hjá honum að við hefðum átt að geyma okkur að skoða álver með þeim hætti að af því hlytust tekjur fyrir ríkissjóð á þessu ári, en það er nú einu sinni svo að í ríkisstjórninni var fullur einhugur um þetta mál og við ætluðum okkur að láta verða af byggingu álversins og það var engin fyrirstaða hjá stjórnarflokkunum. Þess vegna hlutum við að gera ráð fyrir því að af stað yrði farið á yfirstandandi ári.

Hv. þm. gaf mér einnig fleiri ráð og ég þakka ábendingar hans. Þar á meðal sagði hann að það væri dyggð fjmrh. á hverjum tíma að vera vondur við samráðherrana og vera óvinsæll og helst óvinsæll út fyrir ríkisstjórnina. (**SJS:** Sagði hann þetta svona?) Hann sagði þetta nánast svona. (**ÓRG:** Ekki alveg nákvæmlega svona.) Og hann tók sem dæmi til þess að skýra þetta enn þá frekar að það væri veikleikamerki þegar félmrh. teldi fjmrh. vera góðan og vinsælan. Þetta sagði hv. þm. og þetta veit ég að allir trúa að hann hafi sagt. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendinguna og þessa kennslu í stjórnmálafræðum sem þetta ugglaust heyrir undir en bendi honum jafnframt á, og ég vona að hann megi líka læra af mér sem hér stend, að ég held nefnilega að það sé miklu snjallara fyrir fjmrh. að gera alla ráðherra að fjármálaráðherrum. Ekki eingöngu vegna þess að þá verði þeir svo óvinsælir heldur kannski vegna hins að þá bera allir ábyrgð á ríkisfjármálunum. Líka félmrh. Ég held að það sé munurinn á þessari ríkisstjórn og þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. sat í að okkur hefur tekist að setja upp ríkisstjórn þar sem við höfum tíu fjármálaráðherra þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir ríkisfjármálunum.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, læt ég máli mínu lokið.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. sneri algjörlega við orðum mínum þar sem ég var að ræða um beinu greiðslurnar. Ég var ekki að tala um að það ætti að breyta frv. hæstv. landbrh. nema því aðeins reyndar að ríkisstjórnin ætlaði að svínbeygja hann aftur. Það sem ég var að spyrja hæstv. fjmrh. að var hvort hann vildi ekki fá heimild inn í lánsfjárlögin til að inna greiðslurnar af hendi í samræmi við það frv. sem hér liggur fyrir og við eigum að afgreiða. Stjórnarflokkarnir hafa lagt þetta frv. fram og ég lýsti stuðningi mínum við það. Ég vil ekki trúa öðru en að það verði afgreitt þannig. A.m.k. vonast ég til þess. Hefði það auðveldað fjmrh. að hafa þessa heimild inni í lánsfjárlögum.

Ég vildi undirstrika þetta. Hæstv. fjmrh. endurtók síðan ræðu sína um vextina: Þeir munu lækka, þeir munu lækka. Ríkisstjórnin á ekki að gera neitt til þess nema að leggja grunninn að lækkun sem hún hefur sagt að hún væri að gera síðan í vor. En mig langaði þá að spyrja: Af hverju er seðlabanki Bandaríkjanna að ákveða lækkun vaxta og keyrir þá niður úr öllu valdi á sama tíma og þar er gífurlegur viðskiptahalli? Þeir telja að seðlabankinn geti haft áhrif og hæstv. sjútvrh. sagði að það þyrfti handleiðslu Seðlabankans til þess að koma vöxtunum niður. Ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh.: Er það tóm vitleysa sem hæstv. sjútvrh. er að segja?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi vil ég taka fram að ég tel að breyta eigi frv. sem lagt hefur verið fram í samræmi við fjárlög og lánsfjárlög. Ég vil að það komi fram og það má gera það með bráðabirgðaákvæði. Ég tel að það sé rétt vegna þess að um það var tekin ákvörðun í ríkisstjórninni að beinar greiðslur til bænda frestuðust eins og ég hef margoft lýst. Ég get því miður ekki svarað fyrir Bandaríkjastjórn og seðlabankann í Bandaríkjunum. Ég hef hins vegar heyrt þær fréttaskýringar þaðan að Bush Bandaríkjaforseti leggi mikið upp úr því að vextir séu lækkaðir vegna þess að kosningar séu í Bandaríkjunum á yfirstandandi ári og það minnir mig satt að segja dálítið á það sem gerðist rétt fyrir síðustu kosningar hér á landi.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá vitum við að Bush Bandaríkjaforseti er að reyna að hafa áhrif á efnahagsþróunina í Bandaríkjunum vegna kosninganna en ekki til þess að snúa henni til betri vegar. En það kom mjög á óvart hjá hæstv. fjmrh. þegar hann lýsti því yfir að fjármálaráðherrar í ríkisstjórn Íslands væru tíu. Ég skil það þá þannig að hver og einn ráðherra sé fjármálaráðherra í sínum málum og við munum að sjálfsögðu haga málflutningi okkar hér á Alþingi með tilliti til þess þannig að að því er landbrh. varðar þá á ekki að ræða það við hæstv. fjmrh. heldur landbrh. sjálfan.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir margt sem hann hefur sagt hér. Hann hefur upplýst að því er varðar arðgreiðslur að hér sé um tilmæli að ræða, áætlanir, og það muni þurfa að breyta lögum. Samkvæmt þessu ber viðkomandi aðilum ekki að greiða þessi gjöld nema þeir sjálfir kjósi að gera það eða þá að lögum verði breytt.

Í öðru lagi vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að staðfesta það í fyrsta skipti að hækka eigi skatta á barnafólki sérstaklega. Hann hefur nú loksins viðurkennt það sem ég tel verulegan árangur og staðfesta að það var ástæða til að flytja þessa ræðu alloft yfir honum.

Ég er honum sammála um það að ástæða er til að kanna til fullnustu hvort rétt sé að breyta fjárfestingarlánasjóðunum en þá á að undirbyggja það, hæstv. fjmrh., en ekki að byrja á því að tilkynna það og fara síðan í undirbúning málsins. Þannig á að vinna mál en því miður hefur hæstv. ríkisstjórn unnið flest mál sín þannig að fyrst er gefin út yfirlýsing og síðan er farið að skoða málið. Í reynd er þessi lögfesting á yfirlitinu í fjárlögunum dæmi um slíkan málatilbúnað.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta verður örstutt. Ég tel að þegar Alþingi hefur samþykkt yfirlit á borð við það sem fylgir fjárlögunum þá beri fulltrúum a.m.k. meiri hluta Alþingis sem sitja í stjórnum, eins og t.d. bankaráðum eða stjórnum hlutafélaga og annarra félaga sem ríkið á eða á aðild að, að fylgja þessum hugmyndum eftir.

Ég ætla ekki að ræða frekar um barnabætur og skatta. Ég hef ávallt viðurkennt það sem ég sagði í minni ræðu hér áðan en ég minni enn einu sinni á að við erum að lækka bætur hjá þeim sem eru tekjuhærri m.a. til að verja hina sem lægstar hafa tekjurnar.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka þá afstöðu mína að ég tel að hækka eigi skatta á fólki með tilliti til tekna en ekki með tilliti til barnafjölda. Það er ósanngjarnt að hækka skatta þeirra sem eiga mörg börn og hafa verulegar tekjur en ekki skatta þeirra sem hafa háar tekjur en eiga engin börn. Þetta hlýtur hæstv. fjmrh. að skilja að er sanngirnismál enda hefur því verið mótmælt af launþegahreyfingunni í landinu og væri ástæða fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka tillit til þess sem sagt er á vinnumarkaði, jafnvel þótt ekki sé tekið tillit til þess sem stjórnarandstaðan segir við umræður um þessi mál.

Ég skil hæstv. fjmrh. þannig, að því er varðar sérstök gjöld á þessar stofnanir, að neiti bankaráð bankanna að greiða þennan arð þá muni hann þurfa að sætta sig við það. Ef t.d. bankaráð Landsbankans samþykkir að gera það en bankaráð Búnaðarbankans neitar því þá þurfi aðeins annar bankinn að greiða. Þetta gengur að sjálfsögðu ekki, hæstv. fjmrh., en ég tel að hér hafi

í reynd verið staðfest að þessu verður ekki komið í framkvæmd nema með sérstakri löggjöf nema þá að samningar takist um málið við viðkomandi stofnanir. En ég sé ekki ástæðu til að ætla að þeir muni takast miðað við það að áður hafi bréfverið skrifað um sambærilegt mál eins og hæstv. fjmrh. upplýsti hér og því hafi þá verið neitað. Af hverju hefur hæstv. fjmrh. ástæðu til að ætla að því verði ekki neitað við þær aðstæður sem nú eru?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Svarið við síðustu spurningunni er einfaldlega að ég býst við að núverandi bankaráðsmenn, þar á meðal hv. formaður Framsfl., hafi þann skilning á þörfum ríkissjóðs að hann beiti sér fyrir því að fara að slíkum tilmælum, enda er varaformaður þess sama flokks yfirlýstur einn af bestu vinum ríkissjóðs.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hæstv. fjmrh. treystir betur hv. þm. Steingrími Hermannssyni í bankaráði Landsbankans heldur en framkvæmdastjóra Sjálfstfl. Kjartani Gunnarssyni.

Ég vil hins vegar þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og segja aðeins nokkur orð í framhaldi af þeim.

Í fyrsta lagi vil ég segja við hæstv. ráðherra að þó mér þyki vænt um lofið sem hann hefur flutt vegna þess framtaks míns að gefa út bókina um norræna velferðarsamfélagið á aðhaldstímum þá er þetta ekki mín bók, eins og hæstv. fjmrh. tók til orða, því hér er um að ræða skýrslu sem fjármálaráðherrar hinna Norðurlandanna tóku saman en ég taldi hins vegar eiga erindi inn í umræðuna á Íslandi og gaf þess vegna út og efndi til ráðstefnu af því tagi. En þó mér þyki kannski hólið gott þá er ekki rétt að segja að þetta sé mín bók og lesa upp úr henni eins og ég hafi skrifað bókina. Bið ég hæstv. fjmrh. að haga orðum sínum í samræmi við það.

Í öðru lagi hleypur hæstv. ráðherra ekki fram hjá þeirri staðreynd að umsvif ríkisins í hagkerfinu á þessu ári verða hlutfallslega meiri en í fyrra. Það er bara staðreynd þannig að Sjálfstfl. hefur ekki tekist að minnka umsvifin í hagkerfinu hvað þetta snertir.

Í þriðja lagi hvað vaxtalækkunina snertir þá finnst mér heldur hæpið hjá hæstv. ráðherra að vera að hæla sér af því að það sem ég kallaði rýting Seðlabankans sem er þegar Seðlabankinn í maí hækkaði vextina á spariskírteinunum á eftirmarkaði í 8,6%. Það var bara eins konar tilræði Seðlabankans við nýjan fjármálaráðherra og ekki til þess stofnað að fara að hæla Seðlabankanum fyrir að draga þann rýting út úr sárinu á bakinu á fjármálaráðherranum frá því í sumar.

Hvað snertir hins vegar Framkvæmdasjóð og Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þá er ljóst að ef farið verður að tillögu fjárln. í því mun hallatalan á ríkissjóði í ár hækka í 5 milljarða strax og þessi tillaga verður samþykkt. Ég vona að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Vegna síðustu orða síðasta ræðumanns þá er það alveg rétt að ef ríkissjóður yrði gerður upp á rekstrargrunni þá mundu tölurnar hækka en þá verður einnig að taka tillit til annarra þátta sem gætu breytt niðurstöðutölunum í aðrar áttir en þær sem hann getur um í sínu máli. Bæði þarf að taka gjalda- og teknamegin þegar við ræðum þetta. Um þetta er reyndar ítarlega fjallað í frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Að hinu leytinu vil ég benda hv. þm. á að í þjóðhagshorfum kemur mjög skýrt fram að í fyrsta skipti, að ég hygg í langan tíma, er gert ráð fyrir að samneyslan dragist saman. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að samneyslan dragist saman um 0,3% miðað við sl. ár og ég hygg að langur tími sé síðan slíkt hefur gerst hér á landi ef þetta gengur eftir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er tjáð að ástæðan fyrir samdrætti í samneyslunni sé vegna þess að þjónustugjöldin séu núna færð sem einkaneysla. Svona „bókhaldstrikk" segja því ekki mikið.

Enginn ágreiningur er hjá mér við hæstv. fjmrh. um færsluna á rekstrargrunni. Tillaga fjárln. er hins vegar um að þetta verði fært á greiðslugrunni. Það er vandamálið sem hæstv. fjmrh. stendur frammi fyrir. Tillaga fjárln. er um að þetta verði fært í fjáraukalögunum á 3. gr., útgjaldagreinina í fjárlagafrv. Þetta bið ég hæstv. fjmrh. að athuga utan fundar þótt það sé kannski dálítið skrýtið að ég sé að hafa áhyggjur af þessari stöðu hæstv. fjmrh. Það er einu sinni þannig að mér fyndist ekki alveg sanngjarnt hjá honum að lenda í þeirri stöðu.

Að lokum vil ég segja það að mér fannst það sem hæstv. ráðherra sagði um kjarasamningana dálítið skrýtið. Hann sagði að auðvitað vildi ríkisstjórnin tala við ASÍ en ekki fyrr en á lokastigi. Vandinn er hins vegar sá að það sem ASÍ er að glíma við núna er 2% kjaraskerðing vegna skattahækkana ríkisstjórnarinnar. Það liggur alveg fyrir. Þegar Alþýðusambandið mætir Vinnuveitendasambandinu nú á nýjan leik hefur það gerst í millitíðinni að ríkisstjórnin hefur rýrt kaupmáttinn um 2% vegna skattahækkana. Það er það sem Alþýðusambandið vill ræða við ríkisstjórnina í byrjun vegna þess að Alþýðusambandinu finnst það óeðlilegar leikreglur að ríkisstjórnin sé í krafti skattahækkana að rýra kaupmáttinn.

Hæstv. fjmrh. sagði að samninganefnd ríkisins mundi ræða við aðildarfélög BSRB í þessari eða næstu viku og flutti það sem einhver sérstök gleðitíðindi. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Ætlar samninganefndin ekki að segja það sama þar og hún hefur sagt hingað til, að engin kauphækkun verði hjá opinberum starfsmönnum? Ef svarið er nákvæmlega það sama eru slík fundahöld engin tíðindi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Það væri dálítið fróðlegt að fá hv. þm. til að segja okkur hér hvað hann teldi að launamenn ættu að fá í

kauphækkanir, í peningalaunahækkanir sem hann var að minnast á áðan. Ég held að miklu skynsamlegra sé að gera það sem ríkisstjórnin er að gera þegar hún segir: Nú skulum við geyma okkur krónutöluhækkanir og einbeita okkur frekar að því að koma verðlaginu niður, koma því niður fyrir það stig sem gengur og gerist í nágrannalöndunum.

Af því að minnst var á verðhækkanir og kjaraskerðingu þar að lútandi vil ég geta þess að samkvæmt spám sem nú liggja fyrir, (Gripið fram í.) já, skattahækkanir, gjaldahækkanir alls konar, þá mun framfærsluvísitalan á þessu ári lækka út árið. Meira að segja er það svo, ef fram gengur sem horfir og fylgt verður forsendum fjárlaganna um verðlag og kaupgjald — við skulum hafa það allt saman eins og það er — að þá mun Ísland komast í hóp þeirra tíu Evrópuþjóða sem hafa lægstu verðbólgu. Ég held að með þeim hætti mundum við ná því að verja kaupmáttinn eins og við þurfum og þannig takist okkur að verja kaupmáttinn betur en ef um beinar krónutöluhækkanir væri að ræða. Ég vonast til þess að flestir séu sammála um það.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því ef náðst hefur eitthvert samkomulag um tilhögun fundarhaldsins hér í kvöld og einnig í fyrramálið. Við erum ekki mjög klemmdir með tíma nú á sjöunda tímanum vegna þessarar áður áformuðu utandagskrárumræðu. Eftir sem áður ætla ég ekki að tala mjög langt mál, ekki bæta miklu við það sem ég hef áður sagt um þetta efni.

Í fyrsta lagi verð ég að segja að ekki er á þær hrollvekjur bætandi sem verið er að draga upp fyrir okkur þessar vikurnar, bæði á Alþingi og víðar í umræðum um þjóðmál. Ein sú allra svartasta var flutt af hæstv. fjmrh. sjálfum þegar hann boðaði okkur þingmönnum og þjóðinni að hann vænti þess að um árabil skeið yrði samstarf sitt við hæstv. félmrh. farsælt. Þetta tel ég vera eitthvað það alsvartasta sem mönnum hefur verið boðið upp á af þessu tagi að undanförnu og nánast martröð líkast ef menn eiga að hugsa sér það að þessi ríkisstjórn sitji um árabil skeið og þau í sömu embættum, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. Þar með mætti jafnvel taka svo til orða að samstarf þeirra stæði öldum saman, þar sem aldamót eru í nánd. Því væri auðvitað ekki bætandi á svartsýniskast þjóðarinnar að þessi ósköp gangi út sem boðskapur.

Ég vil í öðru lagi segja við hæstv. fjmrh. að ég held að hann verði að taka öðruvísi til orða þegar hann ræðir um aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar eins og þær tengjast framkvæmd búvörusamnings. Hæstv. fjmrh. getur ekki með neinum rétti talað um það sem einkamál ríkisstjórnarinnar hvort eða þá í hve miklum mæli hún uppfyllir skilmála þessa samnings, því þetta er samningur, hæstv. fjmrh. Um það er ekki að ræða að ríkisstjórnin geti tilkynnt einhliða um vanefndir eða breytingar á þessum samningi. Málin liggja ekki þannig, hæstv. fjmrh. Því hefur mjög skýrt verið lýst yfir, bæði af hálfu hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh. hér á Alþingi á sl. vori, að stefna ríkisstjórnarinnar sé að virða þennan búvörusamning. Þegar út kom *hin svonefnda* hvítbók ráðherranna, sem var gefið þetta sérkennilega nafn í ljósi allra kringumstæðna, Velferð á varanlegum grunni, biðu menn nokkuð spenntir eftir því að sjá hvað hæstv. ríkisstjórn hefði komið sér saman um í landbúnaðarmálum. Og hvað stendur á þeirri blaðsíðu bókarinnar sem fjallar um landbúnaðarmál? Jú, þar er upptalning á helstu atriðum búvörusamningsins og þau fest í sessi sem stefna ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum. Þeim mun sérkennilegra er að heyra hæstv. fjmrh. tala um það sem einkamál sitt eða ríkisstjórnarinnar *í hve miklum mæli ríkisstjórnin virðir þennan* samning. Þannig ganga hlutirnir auðvitað ekki fyrir sig og það er augljóst að mínu mati að sú lagaskýring hangir á bláþræði sem hæstv. fjmrh. fer hér með og skýtur sér á bak við þegar hann reynir að réttlæta þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fresta beingreiðslum til bænda, fresta launagreiðslum til þeirra miðað við þau ákvæði sem samningurinn kveður á um. Hún hangir á slíkum bláþræði að ég held að enginn virðingarverður lögfræðingur gæti haldið því fram með gildum rökum að slíkt mál stæðist hjá hæstv. ríkisstjórn. Að mínu *mati er það augljóst að staða bænda væri mjög sterk ef* þeir kysu að leita réttar síns gagnvart þessum ákvæðum samningsins sem þegar er búið að lögfesta í veigamiklum atriðum á þingi með þrennum hætti: Með lánsfjárlögum á síðasta ári, með fjárlagafrv. og yfirlýsingum ríkisstjórnar.

Nú veit ég ekkert hvort bændur hugsa til slíks og ég þykist vita og gef mér það að þeir velji frekar frið um þessi mál og séu tilbúnir til viðræðna við ríkið um að reyna að ná samkomulagi um meðferð þessara hluta. Það er kannski ámælisverðast við þetta allt að þarna hafa tveir aðilar gert samning og í stað þess að óska eftir viðræðum þegar annar aðilinn hefur áhuga á breytingum á honum er það ekki gert heldur ákveðið *einhliða að rifta tilteknum hlutum samningsins* eða standa ekki að framkvæmd hans eins og umsamið var og um var talað. Þetta er mjög ámælisvert, hæstv. fjmrh., og mér finnst furðulegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki enn þá í ljósi þess hvernig hún hyggst standa að framkvæmd þessara hluta á þessu ári hafa tekið upp viðræður við bændasamtökin um þessi efni.

Ef ég ætti einhver ráð að gefa hæstv. ríkisstjórn — sem ég er nú að mestu leyti hættur að ástunda — þá hefði ég auðvitað lagt það til fyrir löngu að þeir hæfu þá viðræður við bændasamtökin um þessi mál almennt og e.t.v. kynnu menn að finna einhverja útleið í þessum efnum, t.d. með þeim hætti að einhver þriðji aðili hlypi þarna undir bagga og annaðist þessa fjármögnun *tímabundið yfir áramót þannig að staða bænda* versnaði ekki af þessum sökum og ríkissjóður þyrfti ekki að inna lokagreiðslurnar af hendi fyrr en e.t.v. á fyrstu mánuðum næsta árs. Þá væri það bil brúað með einhverjum þeim hætti að greiðslustaða eða fjármagnsstaða bænda versnaði ekki af þessum sökum. Það hefði ég vel talið koma til greina ef staðið hefði verið að slíku með eðlilegum hætti, að óska eftir einhverjum slíkum lagfæringum eða ráðstöfunum vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs ef það er mat hæstv. ríkisstjórnar að

ríkissjóður sé verr staddur en bændur, ef svo má að orði komast í þessu sambandi.

Mig langar að nefna vaxtamálin, hæstv. forseti. Í ljósi þeirra umræðna sem hér fóru fram fyrr um þetta mál, bæði fyrir jólaleyfi og eins á fyrstu þingdögunum í janúar, sannast það enn, því miður, sem þá var haldið fram, m.a. af mér, að við núverandi aðstæður í efnahagsmálum og vaxtamálum mun ekkert gerast að óbreyttri stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Og viti menn: Í dag er vaxtaákvörðunardagur, 21. janúar, og hvað gerist? Engin lækkun varð á vöxtum. Það kemur í Morgunblaðinu heilmikil frétt um að þrátt fyrir það að lánskjaravísitalan verði lægri í febrúar en hún var fyrir þremur mánuðum þá standi vextir víxla og skuldabréfa í bönkunum óbreyttir. Að vísu eru hér þessar venjulegu vangaveltur um að einhverjar forsendur geti verið fyrir vaxtalækkun. Þó er það skilyrt af hálfu bankastjóra viðskiptabankanna við það að kjarasamningar takist. Beinlínis er viðurkennt af einum bankastjóra Íslandsbanka að til þessa hafi bankarnir miðað við mun hærri verðbólgu en í raun og veru er á ferðinni. Á mælikvarða lánskjaravísitölu er reyndar verðhjöðnun í gangi í landinu. Samt sem áður byggja bankarnir vaxtastig sitt á 4–4,5% verðbólgu og Ragnar Önundarson, bankastjóri Íslandsbanka, segir í þessu viðtali við Morgunblaðið að endurmat á því verðbólgustigi verði ekki tryggt fyrr en nýir kjarasamningar hafa verið gerðir. Með vísan til þessa og með vísan til þess sem bankastjórar viðskiptabankanna sögðu í viðræðum við efh.- og viðskn., að meðan vaxtastig ríkisskuldabréfa er óbreytt, í kringum 8%, komist þeir ekki neðar með sína útlánsvexti. Það sé óhugsandi að það gerist því þeir muni ekki fara með útlánsvextina niður fyrir innlánsvaxtastig ríkissjóðs.

Ég hygg að þetta sanni enn betur en fyrri umræður um þessi mál að vaxtamálin eru í algjörri sjálfheldu. Það er óvissan á peningamarkaðinum og í kjaramálum sem hæstv. ríkisstjórn ber verulega sök á og hið háa vaxtastig, sem ríkissjóður sjálfur hefur á sínum pappírum, sem veldur þeirri sjálfheldu sem er á peningamarkaðinum og þessu óraunhæfa og háa vaxtastigi. Sífellt eru að safnast upp nýjar upplýsingar um það hvert þetta vaxtastig í raun er. Ég bendi á ákaflega fróðlega úttekt á viðskiptasíðu í Dagblaðinu um það efni, þar sem heimildarmaðurinn er hagfræðingur í Seðlabanka Íslands. Þar eru býsna fróðlegar upplýsingar sem eru að koma í ljós um vaxtastigið á síðasta fjórðungi nýliðins árs, m.a. að útlánsvextir hafi verið þeir hæstu um langt skeið, að sögn Ólafs K. Ólafs hagfræðings hjá Seðlabanka, ef árið 1988 er undanskilið. Þetta er athyglisvert, segir hagfræðingurinn, í ljósi lágra vaxta á fyrri hluta ársins 1991, að raunvaxtastig ársins í heild verður eftir sem áður svona hátt, hið hæsta um langt skeið, þrátt fyrir þessa lágu vexti á fyrri hluta ársins. Hvernig stendur á því? Jú, raunvextirnir ruku upp á síðari hluta ársins þegar verðbólgan snarlækkaði en bankar og sparisjóðir tregðuðust við að lækka vextina. Þeir unnu því upp það vaxtatap sem þeir urðu fyrir á fyrri hluta ársins í fyrra og raunar gott betur. Það liggur því fyrir að bankarnir gerðu betur en að bæta sér upp lága vexti á fyrri hluta ársins á tveimur síðari ársfjórðungum nýliðins árs. Þeir komu út úr árinu með hærri raunvexti en á næsta ári á undan. Það sést m.a. mjög vel á línuritum sem birt eru með þessari grein.

Ef teknir eru raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa allra banka og sparisjóða — hverjir halda menn að þeir hafi verið á fjórða og síðasta ársfjórðungi nýliðins árs? Það voru 18,8% raunvextir á óverðtryggðum skuldabréfum ef tekið er vegið meðaltal allra banka og sparisjóða. Þessu háa raunvaxtastigi er núna haldið og engin einasta breyting var við vaxtaákvörðun banka og sparisjóða í dag 21. jan. 1992, þvert á fyrirheit, loforð og viljayfirlýsingar hæstv. ráðherra hér undanfarnar vikur. Frá því í nóvember, desember og janúar hafa þeir sagt: Vextirnir munu lækka, þetta lagast, þetta verður í lagi, einhvern tímann í framtíðinni. En ekkert gerist. Þrátt fyrir allar þær upplýsingar sem nú eru komnar fram og lágu fyrir þegar bankarnir tóku ákvörðun um að hreyfa ekki vextina í dag. Auðvitað eru hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., sem mun vera floginn til fyrirheitna landsins, Bandaríkjanna, að ræða um neyðaraðstoð við Sovétríkin, ef ég veit erindi hans rétt, gjörsamlega heimaskítsmát í þessum vaxtamálum. Á markaðinum er sjálfhelda þar sem annars vegar óvissan og hins vegar háir vextir ríkissjóðs sjálfs á skuldabréfunum halda öllu föstu. Ekkert hreyfist. Það líður vaxtaákvörðunardagur eftir vaxtaákvörðunardag og ekkert gerist.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, hæstv. forseti, en margt mætti um þetta segja og ég hygg að hæstv. fjmrh. hljóti að neyðast til að viðurkenna að þrátt fyrir almennar yfirlýsingar hæstv. ráðherra hefur ekkert gerst. Það er staðreynd. Það hefur ekkert gerst. Vextirnir hreyfðust ekki núna þrátt fyrir annað sem gefið hafði verið í skyn og ríkisstjórnin er þess vegna gjörsamlega heimaskítsmát í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér, vegna þess að ætlunin var að þinghaldinu færi senn að ljúka og ekki víst að gæfust fleiri tækifæri á næstunni til að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um fjármála- og viðskiptaleg atriði, að eyða hér nokkrum orðum á hæstv. viðskrh., síldarsöluráðherrann hæstv., en hann mun vera floginn úr landi. — Eru það ekki réttar upplýsingar sem ég fékk, hæstv. forseti? (**Forseti:** Forseti veit að hann er ekki í þinghúsinu en hvort hann er floginn eitthvert veit forseti ekki.) Hann mun vera floginn, að vísu ekki á eigin vængjum, því þeir eru ekki burðugir. En á einhverjum vængjum mun hann hafa flogið vestur um haf, var mér tjáð. Fyrr hafði ég heyrt að erindið væri að skipuleggja neyðaraðstoð velmegandi ríkja til Sovétríkjanna. Þar undir falla sjálfsagt síldarsölumálin frægu og spurningin um það hvort Íslendingar hefðu efni á því að tapa eins og einni eða tveimur tunnum í slíkum viðskiptum.

Nokkur skaði er að þessi hæstv. síldarsöluráðherra skuli vera farinn úr landi. Það verð ég að segja að enn bættist í sarpinn í þeim málum áðan þegar hæstv. forsrh. kom í ræðustól og bætti við áður fram komnar ávirðingar hæstv. ráðherra á hendur Landsbankanum og

að nokkru leyti síldarútvegsnefndar í þessu máli. Ég lýsi furðu minni og mótmæli þessum endurteknu tilraunum hæstv. ríkisstjórnar til að koma skömminni af sjálfri sér, sem hæstv. ríkisstjórn ber með réttu, yfir á aðra og að mínu mati saklausa aðila í þessu máli. Ég tel að þær upplýsingar hafi komið fram í efh.- og viðskn. sem eru alveg fullnægjandi til að hrekja þennan áburð á síldarútvegsnefnd og Landsbankann í þessu máli sem hæstv. viðskrh. bar fram fyrir nokkrum dögum í umræðum hér. Hann dylgjaði í lokin m.a. um launamál bankastjóranna, jafnsmekklegt og það var af hæstv. viðskrh. og ætti hann að vera maður til að breyta þeim ef hann er óánægður með þau en ekki dylgja um þau með því að gefa í skyn að þeir vinni ekki fyrir kaupinu sínu. Öðruvísi var tæplega hægt að skilja hæstv. viðskrh. en að hann teldi að bankastjórarnir ynnu ekki fyrir kaupinu sínu. Það er þá hans mál að lagfæra það. Eða hvað?

Svo kemur hæstv. forsrh. hér í ræðustólinn og fullyrðir að þetta síldarsölumál hafi ekki verið nógu vel unnið af síldarútvegsnefnd og Landsbankanum. Hér tel ég að menn séu að fella mikla dóma úr fílabeinsturni. Er reynsla okkar Íslendinga af störfum síldarútvegsnefndar á undanförnum árum þannig að við teljum sérstaka ástæðu til að níða skóinn niður af þeim mönnum? Ég hélt ekki satt best að segja. Ég hélt að almennt væri viðurkennt í viðskiptaheiminum að hafi einhverjir sölumenn Íslands einhvers staðar á einhverjum mörkuðum á undangengnum árum nánast unnið kraftaverk aftur og aftur séu það starfsmenn síldarútvegsnefndar sem hafa náð að varðveita og verja yfirburðastöðu Íslendinga hvað sölu á þessum afurðum snertir um langt árabil. Varðandi það að einn af bankastjórum Landsbankans — sem ræðumanni finnst nokkuð skemmtileg vending örlaganna að hann skuli vera kominn í það hlutverk að tala hér fyrir eða verja — sé að reyna að bera af sér sakir með blaðagrein í Morgunblaðinu í dag, held ég að sé rétt að menn hafi í huga að það var hæstv. viðskrh. sem hóf leikinn. Það var hæstv. viðskrh. sem í umræðum hér á Alþingi kom með ásakanir á hendur síldarútvegsnefnd og Landsbankanum um það að þeir hefðu ekki staðið sig í stykkinu. Þeir hefðu undirbúið mál illa, þeim hefði láðst að athuga þetta og hitt og þetta var rangt. Það var rangt, beinlínis rangt, sem hæstv. viðskrh. hélt hér fram, að síldarútvegsnefnd og/eða Landsbankinn hefðu til að mynda ekki athugað marga þá kosti í viðskiptunum sem viðskrh. nefndi. Viðskrh. nefndi vöruskipti, hann nefndi möguleikana á að þetta yrði minna magn. Viðskrh. nefndi möguleikana á að keyptar yrðu alþjóðlegar tryggingar. Það kom fram á fundi í efh.- og viðskn. að allt þetta hafði verið athugað. Það var alltaf gert ráð fyrir, bæði hjá Landsbankanum og síldarútvegsnefnd, að eftir atvikum gæti upphæðin orðið lægri en heildartala viðskiptasamningsins sjálfs gerir ráð fyrir. Ég tel því að ekki sé annað hægt vegna þess að ég tel mig hafa undir höndum upplýsingar um þessa hluti sem eru þess eðlis að mér sé ómögulegt annað en koma þeim hér á framfæri og leiðrétta það sem ég tel að sé ranglega sagt um frammistöðu síldarútvegsnefndar og Landsbankans í þessum efnum. Ég vil bera af þeim mönnum sakir sem ég tel að séu á Alþingi ranglega ásakaðir um að hafa ekki staðið sig í stykkinu. Og mér finnst það ósæmilegt með öllu í ljósi þess að það liggur fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur sjálf þvælt þessu máli og klúðrað því svo vikum skiptir, m.a. lá málið óafgreitt í viðskrn. í 17 daga, að þá skuli þeir hinir sömu, viðskrh. og forsrh., reyna að komast frá skömminni með því að ásaka aðra menn ranglega. Það er lágkúrulegur málflutningur og ósæmilegur. Ég læt þetta þá duga, hæstv. forseti, um það efni.

Ég tel að lokum um þau mál sem varða hæstv. viðskrh., herra forseti, að við 3. umr. málsins væri æskilegt, ef ráðherra verður þá viðstaddur eða sá sem fyrir hann gegnir ef ekki vill betur til, að geta átt orðaskipti við hæstv. ráðherra viðskiptamála varðandi meðferð gengismála. Um sl. áramót var nefnilega gerð ákveðin breyting sem kannski er í hugum manna ekki mjög stórvægileg. Þá var tekin sú ákvörðun að breyta viðmiðunarkörfu gengis íslensku krónunnar þannig að í stað nokkurra Evrópumynta, sem þar vógu saman áður, kæmi einingin ECU. Þetta var bæði formbreyting en þetta var líka ákveðin efnisbreyting því að Evrópumyntirnar þyngdust nokkuð við þessa breytingu. Það kann að hafa nokkur efnahagsleg áhrif að þessi ákvörðun var tekin.

Nú er ég ekki að gagnrýna eða telja að þetta skipti miklum sköpum eða séu stórtíðindi. En mér finnst hér umhugsunarefni að í þeim umræðum sem hér urðu um þessi gengismál fyrir áramót rekur mig ekki minni til þess að hæstv. viðskrh. hafi greint þinginu frá því að slíkar breytingar á framkvæmd þessara mála væru í aðsigi. Var þó hugsanleg ECU-tenging krónunnar mjög mikið til umræðu. Mér finnst þetta aftur jaðra við það að hæstv. ráðherrar komi ekki hreint til dyranna, greini Alþingi ekki frá þeim áformum sem væntanlega hafa verið í athugun, sem þarna hljóta að hafa verið á ferðinni.

Ég hafði ætlað mér, hæstv. forseti, að ræða þessi mál lítillega við hæstv. viðskrh. og biðja hann um skýringar á því af hverju ekki var greint frá því hér á Alþingi í desembermánuði hvernig framkvæmd þessara mála yrði háttað á næstunni. Mig rekur ekki minni til þess að þetta hafi verið kynnt hér. Hins vegar sló hæstv. ráðherra mjög mikið um sig í fjölmiðlum í kringum áramótin með þessari breytingu, taldi hana hafa mikið táknrænt gildi og væntanlega þá líka pólitískt að taka inn Evrópueininguna ECU í staðinn fyrir nokkrar Evrópumyntir sem vógu þarna saman. Ég er m.a. að taka þetta upp hér, hæstv. forseti, vegna þess að stórfróðleg úttekt mun hafa farið fram á þessum hugsanlegu ECU-tengingarmálum. Ég er hér með ljósrit úr dagblaðinu Tímanum þar sem prófessor nokkur, Krugman að nafni, telur að ECU-tenging sé fremur tískubóla en efnahagsávinningur eða vísindi. Það er nefnilega nákvæmlega það sem ég held að hún sé. Þetta er tískubóla og fyrirsláttur. Þetta eru leiksýningar hjá hæstv. viðskrh. sem eru eingöngu til þess ætlaðar að reyna að afla honum einhvers fylgis og einhverra vinsælda þegar fokið er í flest skjól hjá honum,

ekkert álver, ekkert EES o.s.frv. Fínu fjaðrir ríkisstjórnarinnar eru allar foknar á haf út og efnahagsstefnan þar með gufuð upp. Það er svo bersýnilegt í umræðum um þessi ríkisfjármál, lánsfjárlög og önnur slík hér á þinginu, að hæstv. ríkisstjórn er búin að týna því litla sem hún hafði í formi efnahagsstefnu með því að þessar skrautfjaðrir hennar eru að engu orðnar.

Hæstv. forseti. Að lokum þetta: Það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn er í miklum ógöngum með sín efnahagsmál. Því miður er það ekki svo að þessir hlutir séu að mestu leyti í lagi hjá hæstv. fjmrh. Það er ekki svo, því miður. Þá á ég ekki bara við að ýmsu leyti erfiðar ytri aðstæður sem hæstv. ríkisstjórn hefur að glíma við.

Ég held að það sé alveg bersýnilegt og það viðurkenna í reynd allir að í fyrsta lagi er vaxtastigið í landinu allt of hátt, það er að ríða hér öllu á slig. Það er að leiða okkur hratt inn í sömu ógöngur og okurvaxtastigið gerði á árinu 1988.

Í öðru lagi er ljóst að tekjuöflun ríkissjóðs er bersýnilega ranglát og efnahagslega óskynsamleg. Þyngdar eru álögur á þeim sem minna mega sín á sama tíma og ekki er hróflað við hinum efnahagslega betur megandi, fjármagnseigendum og hátekjufólki, að minnsta kosti ekki ef það er barnlaust. Það er alveg á hreinu að við því er ekki hróflað. Tekjuöflunarstefna ríkisstjórnarinnar er bersýnilega ranglát og efnahagslega óskynsamleg. Það er furðulegt að heyra jafnvel prestlærða menn greiða henni atkvæði með glaðhlakkalegri röddu hér í þingsölum. Furðulegt svo ranglátt sem þetta nú er.

Í þriðja lagi er ljóst að raungengisstig íslensku krónunnar er mjög hátt. Við núverandi efnahagsástæður reynir það miklu meira en góðu hófi gegnir á þolrifin í íslensku efnahagslífi. Hvað er til sannindamerkis um þetta? Ég held að nægi að nefna tvennt. Annars vegar bullandi taprekstur í helstu undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, útflutningsgreinunum, og hins vegar gríðarlegan viðskiptahalla. Ef þetta tvennt dugar mönnum ekki til þess að setja spurningarmerki við raungengisstigið þá veit ég ekki hvað gerir það. Hvort tveggja er í senn fyrir hendi: Taprekstur útflutningsgreina og bullandi viðskiptahalli.

Hæstv. ríkisstjórn er þannig á sig komin að hún nýtur ekki trausts og svartsýni svífur yfir vötnunum sem ríkisstjórnin sjálf elur á. Það er vantrú á getu ríkisstjórnarinnar og geysileg óvissa í efnahagsmálum, peningamálum og á vinnumarkaði. Það er með öðrum orðum uppdráttarsýki sem hrjáir menn og hæstv. ríkisstjórn getur ekki hlaupist frá því að hún á verulegan hlut að máli sjálf hvernig þessi mál hafa þróast. Hún hefur ekki talið kjark í menn, hún hefur ekki lagt fram þá framsæknu stefnu eða trúverðugu að menn öðluðust aftur tiltrú á stjórn efnahagsmála og möguleika íslensks atvinnulífs. Þvert á móti sígur sífellt á ógæfuhliðina hvað sálarástand manna í atvinnulífi og einkarekstri svo og hvað fjárhag heimilanna snertir. Þetta eru hinar dapurlegu staðreyndir þessa máls.

Við þessar aðstæður, hæstv. fjmrh., segir hagsagan okkur að lítil verðbólga er kannski ekki verðmæti í sama skilningi og lítil verðbólga og stöðugleiki er þegar hlutirnir ganga eðlilega fyrir sig. Það er nefnilega ljóst að hægur vandi er að ná fram lítilli verðbólgu með því að setja allt í frost. Það er í raun og veru það sem hefur verið að gerast. Við þær aðstæður að engir samningar hafa verið gerðir á vinnumarkaði og allir halda að sér höndum er ekki mjög merkilegt að verðbólga geti orðið lítil um skeið. Ég óttast að það sé mjög mikið svikalogn, hæstv. fjmrh. Mér segir svo hugur um að menn geti átt eftir að glíma við erfiðleika einnig á því sviði þegar ástandinu sem nú varir í þessum efnum linnir, ef því þá linnir. Í öllu falli er alveg ljóst að með einhverjum ráðum verður að reyna að blása nýju lífi í efnahagsstarfsemina hér í landi á næstu mánuðum. Það verður að koma meiri gangi í efnahags- og atvinnumálin ef þetta á ekki að fara mjög illa, ef við eigum ekki bara að frjósa gjörsamlega föst í þessu svartsýnis-niðurskurðarfari, með tilheyrandi atvinnuleysi, kjaraskerðingu og hörmungum sem því fylgir. Er það ástandið sem hæstv. ríkisstjórn vill viðhalda og framlengja? Er þetta það sem hæstv. fjmrh. er að segja okkur, að hann vilji bara halda þessu svona: Taprekstur í atvinnulífinu, allir halda að sér höndum, nánast engar fjárfestingar eru í nýjum atvinnutækifærum eða nýrri verðmætasköpun í landinu. Það ljótasta við þetta allt saman er auðvitað að þrátt fyrir þennan mikla viðskiptahalla eru hér nær engar fjárfestingar. Fjárfestingar t.d. í gjaldeyrisskapandi eða atvinnuskapandi rekstri eru þær minnstu um áratugaskeið. Fara þarf hálfa öld aftur í tímann, hæstv. fjmrh., til að finna þarna hliðstæðu.

Þetta eru því að mínu mati síður en svo einhver jákvæð merki í allar áttir sem við sjáum hér, heldur þvert á móti stórkostlega háskaleg. Merki samdráttar, niðurskurðar, svartsýni og vonleysis eru út um allt í þjóðfélaginu. Það tel ég vera það hættulegasta og ljótasta. Miklu skárra er að glíma við ákveðna erfiðleika sem kunna að fylgja uppsveiflu því það er þó alltaf uppsveifla sem er þar á ferðinni. Ég vona að hæstv. ráðherra sé ekki að reyna að segja okkur það hér, þegar hann er að mæla þessu ástandi á vissan hátt og í vissum skilningi bót, að hæstv. ríkisstjórn sé einmitt harðánægð með þetta svona. Vaxandi atvinnuleysi, svartsýni, engar fjárfestingar, enga nýsköpun, það sé allt frosið fast. Er þetta það sem á að bjóða okkur í þessu áratugasamstarfi hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. sem hann var að boða áðan? Ég vona ekki.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Örfá atriði langar mig til að nefna eftir þessa ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e.

Í fyrsta lagi vil ég að það komi hér fram að þótt ekki hafi verið samið við forustumenn bænda um að fresta beinum greiðslum þá átti ég samtöl við forustumann Stéttarsambands bænda áður en ákvörðunin var tekin. Ég vissi þá þegar að um samkomulag yrði ekki að ræða en ég taldi mér að sjálfsögðu skylt að ræða við formann Stéttarsambandsins áður en til þessa var gripið. Það er því ekki hægt að halda því fram að ekkert hafi verið talað við viðkomandi aðila.

Það eina sem mig langar til að ræða hér í örstuttu máli í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns er þetta: Með því að lesa úr Dagblaðinu og úr Morgunblaðinu í dag er hægt að sýna fram á að það er ekki ríkið sem heldur uppi þessum háu vöxtum, heldur þvert á móti eru það bankarnir vegna hinna óverðtryggðu skuldbindinga sinna. Það er rétt sem sagt er í DV og hv. ræðumaður vitnaði til að raunvextir ruku upp síðari hluta ársins þegar verðbólgan lækkaði á þessum skuldbindingum. Þar með myndaðist vaxtamunur sem vann upp það vaxtatap sem bankarnir urðu fyrir á fyrri hluta ársins.

Það er líka rétt sem kemur fram í Morgunblaðinu og haft er eftir annars vegar Ragnari Önundarsyni og hins vegar Brynjólfi Helgasyni að forsendur eru fyrir lækkun vaxta á óverðtryggðu skuldbindingunum, lánunum. Það er einnig rétt að verðbólguviðmiðanir bankanna hafa ekki verið í takt við þær spár sem eðlilegast er að fylgja og búast má við að vaxtalækkun verði á næstunni nema niðurstaða kjarasamninga verði öðruvísi en menn ætla. Það eru einmitt kjarasamningarnir sem mynda þá óvissu á peningamarkaðnum sem eftir er tekið í dag.

Órækasti vitnisburðurinn eru orð þessara þriggja manna og þó einkum og sér í lagi viðskiptabankamannanna, um að beðið er eftir kjarasamningum. Við skulum ekkert vera að tala hérna neina tæpitungu, við skulum bara viðurkenna það sem hér er sagt, að bankarnir eru brenndir af því að hafa tekið þátt í kjarasamningum í upphafi þjóðarsáttartímabilsins og þeir vilja núna eiga borð fyrir báru. Þeir vilja ekki lækka vextina strax af ótta við að ef um einhverjar launahækkanir yrði að ræða þyrftu þeir að hækka nafnvextina aftur. Þess vegna er ég sannfærður um að þegar hefur verið lagður grunnur að vaxtalækkunum og ég bendi á að ríkið selur núna spariskírteini með 7,9% vöxtum en bankarnir eru að lána út peninga með raunvöxtum sem eru kannski 12–13% í dag. Það sjá allir viti bornir menn að vaxtamunurinn þarf ekki að vera svo mikill að bankarnir þurfi að lána út á þessum vaxtakjörum þegar tillit er tekið til þess að í þessum tilvitnuðu greinum er sagt frá því að raunvextir á sparibókum og tékkareikningum eru auðvitað langt undir núllinu. Það eru neikvæðir raunvextir á slíkum reikningum. Um þetta þurfum við raunar ekki frekar að tala.

Ég ætla ekki að ræða hér um sanngirni í því hvernig á að deila byrðunum þegar illa gengur, það hef ég gert fyrr í dag. En ég vil benda á að með því að lækka raungengið og lækka verðbólguna eins og margoft hefur verið sagt þá er engin ástæða til að tala um stórkostlegan háska eða um þá svartsýni sem hv. ræðumaður nefndi í sinni ræðu. Það er fullt tilefni til, ef okkur tekst okkar ætlunarverk, að draga úr lánsfjáreftirspurninni, að lækka þar af leiðandi vextina, að vera bjartsýn því þá skapast olnbogarými, svigrúm fyrir fólkið í þessu landi til að byrja upp á nýtt að láta atvinnulífið snúast. Og ég segi: Það er fólkið sjálft sem á að hafa frumkvæði í þeim efnum því að við höfum horft á það í mörg undanfarin ár að í öll þau skipti, við skulum segja ekki öll en í mörg þau skipti sem ríkið hefur ætlað sér að taka frumkvæði og gera eitthvað með stórkostlegu átaki þá hefur það oftlega mistekist, því miður. Og það er reynsla annarra þjóða líka, kannski ekki síst þeirra þjóða sem eru nýfrjálsar og köstuðu af sér oki kommúnismans, að átta sig á því að ríkið á að draga saman seglin en leyfa fólkinu og frumkvæði þess að njóta sín. Það er á grundvelli þessarar stefnu sem núv. ríkisstjórn vill starfa. Og hún vill þess vegna þegar draga þarf saman seglin að draga þau það duglega saman að svigrúm myndist fyrir þá sem geta skapað grundvöll fyrir hagvöxt í landinu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. féll nú í viðjar frjálshyggjunnar og fór með heiðbundnar klisjur um að ríkið ætti að draga saman og skapa pláss fyrir aðra aðila. Þetta höfum við heyrt þúsund sinnum áður. Það var reyndar enginn að tala um að ríkið ætti að fara að setja í gang einhver stórkostleg plön til að hleypa nýju lífi í atvinnulífið þ.e. sem beinn gerandi í þeim efnum. Að fara að setja á fót ríkisfyrirtæki eða annað því um líkt. Ég veit ekki hvar í ósköpunum hæstv. fjmrh. hefur heyrt það. Hins vegar þarf ríkið að reyna að reka framsækna efnahagsstefnu og reyna að telja í menn kjark til að reyna að takast á við ný verkefni í atvinnulífinu, ekki frysta allt fast og kveða allt niður í allsherjarsvartsýniskast, eins og hér hefur gerst. Meðal annars með því að reyna að halda vaxtastiginu lágu þannig að menn þori að taka eitthvert fé að láni eftir atvikum ef þeir telja sig vera með ábatasamar hugmyndir til nýsköpunar í atvinnulífi í höndunum eða annað því um líkt. Og byrðarnar af þeim skuldum sem á fyrirtækjunum hvíla fyrir séu ekki gjörsamlega að drepa þau eins og er í dag.

Það er eðlilegt að hæstv. fjmrh. reyni að einangra sífellt út úr umræðunni þátt ríkisins í því að halda hér uppi háum vöxtum. Hann benti á hina tvo óvissuþættina sem ég gerði að umtalsefni en ég tók þá alla þrjá með, hafði háa vexti á ríkisskuldabréfunum þarna með. Það er beinlínis broslegt og hlægilegt að heyra hæstv. fjmrh. reyna að halda því fram að vextirnir á ríkisskuldabréfunum hafi þarna engin áhrif. Af hverju er það? Jú, það er af þeirri augljósu staðreynd að frá og með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka þessa vexti um 2% sl. vor þá hafa þeir verið 7,9% og 8,1%. Það eru sömu vextir og lægstu útlánsvextir bankanna á verðtryggðum lánum, svonefndir kjörvextir. Þeir eru í dag frá 8% í Búnaðarbanka, um 8,25% hjá sparisjóðunum og upp í 8,5% hjá Landsbanka og Íslandsbanka. Og það er alveg augljóst mál, hæstv. fjmrh., að bankarnir fara ekki með lægstu útlánsvexti niður fyrir innlánsvexti ríkisins. Þeir vilja viðhalda þessum mun á kjörunum til sinna bestu viðskiptavina, þ.e. kjörvöxtunum, og til hinna sem meiri áhætta er fólgin í að eiga viðskipti við. Af þessum sökum er þetta vaxtabotninn. Kjörvextirnir eru þarna á sama grunni og vextir spariskírteina ríkissjóðs og munu ekki fara neðar fyrr en hæstv. fjmrh. lækkar vextina hjá sér.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna síðustu orða hv. síðasta ræðumanns vil ég segja þetta: Til þess að svona umræða geti orðið vitræn þá þarf auðvitað að upplýsa hve margir njóta bestu vaxta, kjörvaxta þessara banka. Ég hef setið í bankaráði og ég veit vel að það eru aðeins örfáir aðilar sem njóta bestu kjara hjá þessum bönkum og oft þeir sem eiga mikla peninga á stundum inni í bönkunum. Þannig að við skulum vara okkur á því þegar fulltrúar viðskiptabankanna eru að reyna að búa til rök með þessum hætti. Sannleikurinn er sá, og við skulum viðurkenna hver hann er, að bankarnir halda uppi allt of háum vöxtum í dag af því að þeir óttast að í kjarasamningum geti það slys gerst að menn fari í miklu meiri launahækkanir heldur en efni standa til og þess vegna hafa þeir ákveðið að bíða með að lækka vextina. Um leið og óvissan leysist, sem væntanlega verður innan tíðar, getur það gerst að vextirnir lækki og að því hljótum við öll að stefna.

Og það er ekki ég sem hef verið að halda á lofti þeim hugmyndum sem komu fram í ræðu ræðumanns um að hér sé stórkostlegur háski. Það var þvert á móti hann sem talaði um svartsýni og háska. Ég talaði hins vegar um að það væri engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn ef okkur tekst að fylgja fram þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt eins og oft hefur komið fram að óvissa í kjarasamningum er ein uppgefin ástæða viðskiptabankanna og Seðlabankans fyrir háu raunvaxtastigi. Önnur ástæða er röng verðbólguspá, hærri verðbólguspá sem bankarnir hafa stuðst við, og tregða þeirra til að láta vextina fylgja niður í lækkandi verðbólgu. En þriðja ástæðan sem bæði viðskiptabankarnir og Seðlabankinn hafa gefið upp, og ég tel í fullri alvöru vera, er ósköp einfaldlega þessi viðmiðun við ríkisskuldabréfavextina.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að fá fyrirtæki á Íslandi í dag eru því miður svo vel stæð að þau njóti þessara bestu kjara. En þetta eru eftir sem áður auglýstir almennir vextir, kjörvextir. Og bankarnir segja ósköp einfaldlega: Það er ekki hægt að ætlast til að við förum með okkar útlánsvexti, auglýstu almennu útlánsvexti, þó svo að það sé ekki nema hluti fyrirtækjanna sem nýtur þeirra kjara, niður fyrir ríkisskuldabréf. Hvernig væri ástandið í raun og veru ef það gerðist? Ég held að menn hljóti að þurfi að hugleiða og viðurkenna hvernig þetta er. En hæstv. fjmrh. er hér að reyna að verja hávaxtastefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur engum árangri skilað, ekki skilað auknum sparnaði og ekki betra jafnvægi á fjármagnsmarkaði nema síður sé. Og hann er að reyna að breiða yfir þá staðreynd hvílík hrikaleg mistök ákvörðun ríkisstjórnarinnar í maí sl. var, að hækka vaxtastigið í landinu, eins og ríkisstjórnin gerði. Að síðustu reynir svo hæstv. fjmrh. sama lágkúrulega leikinn og hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. að gera bankana að einum allsherjarsökudólgi í öllum greinum. Rétt eins og Sverrir Hermannsson og Landsbankinn eiga að hafa klúðrað síldarsölusamningunum en ekki viðskrh. sem svaf á málinu í 17 daga þá er hæstv. fjmrh. að reyna að sleppa hér billega með því að varpa allri skuldinni af háum vöxtum og jafnvægisleysi á peningamarkaði yfir á bankana. Þetta er ekki stórmannlegt, hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur meira að segja lesið upp úr grein í Dagblaðinu í dag þar sem skýrlega er tekið fram að bankarnir hækkuðu vexti á sl. ári til að ná sér í vaxtamun og koma í veg fyrir stórkostlegt tap á árinu. Það var ástæðan fyrir því að þeir hækkuðu vextina. Og það er ástæðan fyrir því að vextir eru enn þá háir í bankakerfinu. (**SJS:** Þeir eru búnir að vinna upp það tap fyrir löngu.) Þeir eru búnir að vinna það tap fyrir löngu og hv. ræðumaður meira að segja las úr grein í Morgunblaðinu þar sem þeir viðurkenna að vextir gætu lækkað, það sé aðeins ein ástæða fyrir því að þeir gera það ekki núna og hún sé sú að samningar hafi ekki náðst, þ.e. sú óvissa sem er vegna kjarasamninganna. Að öðrum kosti væri hægt að lækka vextina. Ég bendi hv. þm. á að lesa þessi gögn sín betur og þá veit ég að hann verður sammála mér í þessu efni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengi úr því sem komið er. En ég hlýt að taka hér til máls vegna þeirrar vaxtaumræðu sem fram hefur farið. Ég hef margsinnis rætt vaxtamál við ráðherra núv. hæstv. ríkisstjórnar í vetur og ég hlýt að gera það enn nú.

Fyrir það fyrsta, hæstv. fjmrh., þá hafði ráðherrann uppi rök sem var ekki hægt að skilja öðruvísi en þannig að vextir í íslensku bankakerfi réðust ekkert af markaðsaðstæðum. Hæstv. fjmrh. nefndi að seinni hluta sl. árs hefðu bankarnir haldið uppi háu raunvaxtastigi til að vinna upp tap fyrri hluta ársins burt séð hver væri eftirspurn og hvert væri framboð á peningum. Ekki nóg með það, nú segir hæstv. fjmrh. að bankarnir haldi uppi óraunhæfu vaxtastigi vegna þess að þeir séu að bíða eftir því að sjá útkomu kjarasamninga. Þetta hafa fulltrúar bankanna reyndar viðurkennt á fundum með efh.- og viðskn. Það er gjörsamlega óþolandi að bankakerfið í landinu skuli geta gengið svona fram. Það skuli geta gengið þannig fram að fulltrúar bankanna komi fram meira að segja í fjölmiðlum, eins og var í dag, algjörlega blygðunarlaust og segi að þeir haldi uppi óraunhæfu vaxtastigi vegna þess að þeir séu að bíða eftir einhverjum tilteknum aðstæðum í þjóðfélaginu. Þetta er ekki frjáls markaður, hæstv. fjmrh. Ég minni enn á ummæli hæstv. viðskrh. þinginu í vetur þar sem hann sagði að hér fengi atvinnulífið ekki peninga á eðlilegum vöxtum fyrr en búið væri að opna bankakerfið. Ég fer að halda, hæstv. fjmrh., að þar hafi viðskrh. haft lög að mæla. En, hæstv. fjmrh., ráðherrann ræddi um þetta eins og ríkisstjórninni kæmi framferði bankanna ekkert við. En málið er ekki svo ein-

falt. Það hlýtur að vera einn af hornsteinum efnahagsstjórnar hverrar ríkisstjórnar hvernig farið er með stjórn peningamála. Það er ekki hægt að láta átölulaust ef hæstv. ríkisstjórn lætur bankana komast upp með það sem hæstv. fjmrh. var að lýsa hér áðan, að hér sé haldið uppi raunvaxtastigi sem ráðist af einhverju allt öðru heldur en framboði og eftirspurn á peningum.

Hæstv. fjmrh. vitnaði til þeirra landa sem væru að brjótast undan oki kommúnismans og hvaða hagfræðireglum þau vildu beita. Það hefði verið mjög fróðlegt fyrir hæstv. fjmrh. að hlusta á sendiherra okkar austur í Rússlandi þegar hann var að lýsa því inni í efh.- og viðskn. hvernig hann teldi að hinar hörðu markaðslausnir mundu reynast Rússum á næstu mánuðum. Þar sem menn, eins og mér finnst hæstv. núv. ríkisstjórn gera oft og of mikið af, trúa á hreinar kennisetningar án þess að ganga úr skugga um hvort raunverulegur grunnur sé fyrir þeim. Hvort þær aðstæður séu fyrir hendi að þær muni ganga fram eins og kenningarnar segja. Og því miður, hæstv. fjmrh., finnst mér það hafa verið margsinnis staðfest í þingsölum í vetur að í gegnum blinda trú á kennisetningar sé á undanförnum árum búið að færa milljarða og tugmilljarða frá atvinnuvegunum, frá almenningi og yfir til stóreignamanna, þeirra sem eiga peninga. Þetta er sú staða sem blasir við í peningamálum eftir að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur setið í rúmt hálft ár.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 381, brtt. 387, rökst. dagskrá 393.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Fram hefur farið töluverð umræða um þær fyrirætlanir sem koma fram í þessu frv. til laga um breytingu á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Ég ætla að segja fáein orð um þetta en ekki að rifja upp allt sem um það hefur verið sagt.

Komið er að lokum þessa máls. Stjórnarandstæðingar hafa barist mjög hart gegn því en ekki haft erindi sem erfiði. Að vísu hafa orðið breytingar á frv. frá því að það var lagt fram en þær eru í raun ekki mjög veigamiklar. Þær breytingar eru að gert er ráð fyrir að 25% af þessum 12 þús. tonnum, sem á að ráðstafa samkvæmt frv., geta komið til ráðstöfunar til sveitarfélaga þar sem atvinnubrestur hefur orðið eða þar sem aflaheimildir hafa í verulegum mæli horfið burt með sölu skipa. Menn hafa deilt um hvort þessar nýju viðbætur við frv. skipti miklu máli. Ég tel að eins og þetta er fram sett þá skipti það ekki mjög miklu máli nema framkvæmdin á þessu verði með þeim hætti að ætlunin sé að koma til móts við byggðarlögin. Það er út af fyrir sig mögulegt að þetta skipti verulegu máli fyrir byggðarlögin ef einhvers konar fyrirgreiðsla fylgir með. En þarna er gert ráð fyrir að greitt sé fyrir heimildirnar fullt verð og hvergi hefur neitt komið fram sem bendir til að koma eigi til móts við sveitarfélögin með öðrum hætti, t.d. með tengdri lánafyrirgreiðslu eða frestunum á greiðslum fyrir þann aflarétt sem sveitarfélögin fengju. Ég tel þetta ófullnægjandi og reyndar eru þessir möguleikar í mýflugumynd á móti þeim möguleikum sem voru raunverulega fyrir hendi með þeim lögum sem eru í gildi ef menn hefðu beitt þeim til þess að koma til móts við sveitarfélögin. — Ég var að vona að hv. varaformaður sjútvn. yrði hér til að hlýða á mál mitt vegna þess að mig langar til að bera undir hann spurningu. Hann var hér fyrir stuttu og mig langar, virðulegi forseti, að biðja þig að athuga hvort hann sé ekki í húsinu.

Tíðrætt hefur orðið um aðalástæðu þessa frv. En auðvitað er hún engin önnur en sú að peninga vantar í ríkissjóð og þessi leið er talin vænlegust og auðveldust til þess að ná peningum frá sjávarútveginum.

Í sjálfu sér er hægt að taka undir það sem hefur oft komið fram í þessari umræðu að ástæða er til að auka og styrkja hafrannsóknir. Nýjar fyrirætlanir í hafrannsóknum eru reyndar á prjónunum og það er jákvætt en út af fyrir sig engin röksemd fyrir því að skattleggja sjávarútveginn með þeim hætti sem hér er fyrir lagt. Og undarleg umræða hefur átt sér stað um það hvort um svokallaðan auðlindaskatt sé að ræða eða ekki. Þetta eru vissulega álögur vegna notkunar á auðlind, skattur á auðlind, og þess vegna er þetta auðvitað auðlindaskattur hvort sem menn eru honum sammála eða ekki. Það er alla vega mín skoðun á málinu. Mér hefur fundist svolítið broslegt að hlusta á hæstv. sjútvrh. reyna að rökstyðja það að þetta séu ekki nýjar álögur á sjávarútveginn því út af fyrir sig er ekki umdeilt að sjávarútvegurinn í landinu hefur aldrei fyrr greitt hafrannsóknir eins og hér er verið að ákveða að hann geri. Mér hefur því fundist málflutningur hæstv. sjútvrh. heldur pínlegur og ætla ég ekki að ræða það neitt frekar. Við stjórnarandstæðingar höfum tekið undir ákveðnar breytingar sem eru í frv., t.d. í sambandi við hækkun á styrk til úreldingar og eins ákvæði til bráðabirgða um ráðstöfun á þessum aflaheimildum á núgildandi fiskveiðiári.

En mig langar til að koma að einu atriði sem mér finnst að hafi ekki verið rætt í þaula og spyrja hæstv. sjútvrh. um það atriði og biðja hann að útskýra fyrir þingmönnum hvernig hann líti á það mál. Í 4. gr. frv. er talað um forkaupsréttinn. Þar stendur: „Skal forkaupsrétturinn boðinn útgerðum í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra.“ Svo kemur framhaldið: „Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.“

Er með þessu ekki verið að vísa til þess að það verði á valdi ráðherra hvort einungis litlum hluta þeirra 8 þús. tonna — ef við gerum ráð fyrir því að sveitarfélagaparturinn yrði notaður til þess að hafa nú eitthvert form á dæminu, þá hefðum við 8 þús. tonn sem

ætti að ráðstafa með öðrum hætti — verði ráðstafað með þeim hætti að bjóða hann útgerðinni í landinu? Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en að það sé opið fyrir ráðherra og hann ráði því hvort hann bjóði útgerðarmönnum í landinu þennan forkaupsrétt samkvæmt þeirra aflahlutdeild eða ekki, þ.e. hve stóran hluta hann býður þeim. Hann geti þess vegna ákveðið að bjóða útgerðarmönnum 1.000 tonn og að afgangurinn yrði svo seldur á almennum markaði. Tilgangurinn með því að hafa þetta orðalag með þessum hætti er að geta þróað þetta yfir í að meira verði selt samkvæmt tilboðum. Margir hafa örugglega skilið umræðuna þannig að meiningin væri að bjóða þetta allt saman útgerðaraðilum í landinu og að öllum þessum aflarétti yrði skipt hlutfallslega á milli þeirra. En þetta orðalag gerir ráðherra kleift að ákveða að einungis lítill hluti verði boðinn útgerðarmönnum.

Mig langar að koma að öðru atriði hér og eru það spurningar kannski meira til hv. 17. þm. Reykv. vegna þess að ég veit að hann er mikill áhugamaður um fiskmarkaði og að allur fiskur sem á land kemur verði helst seldur á fiskmörkuðum. Þá er ég aftur kominn að því sem ég ræddi um áðan en það er aðstoð við sveitarfélögin sem á að vera fólgin í því að bjóða þeim forkaupsrétt. Í 5. gr. frv. stendur skýrum stöfum: „Sjóðstjórn skal taka afstöðu til óska sveitarstjórna um forkaupsrétt að fengnum tillögum Byggðastofnunar.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar að tilteknum aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skulu aflaheimildirnar framseldar fiskiskipi eða fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi."

Sé starfandi fiskmarkaður í viðkomandi byggðarlagi virðist vera brot á þessu ákvæði að leggja aflann þar upp. Einfaldlega vegna þess að á fiskmarkaði er ekki hægt að ráða því hver kaupir aflann. Það getur eins verið að maður úr næsta byggðarlagi eða enn lengra í burtu komi og bjóði í og hreppi síðan þann fisk sem kemur að landi af þeim bát sem hefur fengið úthutað aflaheimildum með þeim hætti sem hér er lýst. Ég verð að segja að það er ansi mikill „lapsus" í þessu ef sveitarfélögin standa frammi fyrir því að þau verði með einhverjum ráðum að koma aflanum fram hjá fiskmarkaðnum, sé hann á svæðinu, aflanum sem yrði veiddur á þau veiðiskip sem fengju að nýta sér aflaheimildir þær sem hér er verið að ræða um. Mig langar að fá útskýringar á því hvernig þetta er hugsað.

Í sambandi við úreldinguna langar mig að segja og hef sagt það áður að ég tel að sú tortímingarárátta sem kemur fram í því að eyðileggja skip vegna þess að verið er að smíða ný í staðinn, sé eitthvað sem menn þurfi að komast upp úr. Ef aflamark verður áfram í gildi í landinu hefur það enga þýðingu að eyðileggja skip sem missa veiðileyfi. Þess vegna væri hægt að hætta því, en vitanlega mundu veiðileyfin falla niður. En ég tel það fáránlega sóun á verðmætum og fólk á mjög erfitt með að skilja stjórnvaldsaðgerðir eins og þær að brjóta þurfi í spón alla báta sem ekki má lengur veiða á og að ekki skuli mega nýta sér þá sem skemmtibáta eða í öðrum tilgangi. Mér finnst að hið opinbera eigi ekki að ganga fram í því að sóa og eyða verðmætum. Ef niðurstaðan í framtíðinni verður sú að í gildi verði aflamark við stjórn fiskveiða held ég að þetta ákvæði ætti að koma til endurskoðunar af þeim ástæðum sem ég var að lýsa.

Eins og ég sagði áðan þá er nú búið að ræða þessi mál mikið og lengi. Við höfum lýst andstöðu við þá aðferð að selja veiðileyfi með þessum hætti, vegna þess að við teljum að ef samkomulag tekst ekki um að breyta fiskveiðistefnunni þá er þarna verið að stíga skref sem mun breyta henni smám saman yfir í veiðileyfasölu. Og ég vil meina að það sé versti kosturinn sem menn hafa rætt í sambandi við stjórn fiskveiða. Þetta mun þróast í þá áttina ef svona fer og ég mótmæli því. Ég mun greiða atkvæði gegn þessum hugmyndum. Og satt að segja var ég að vona að það tækist að hægja á þessu máli og koma því í þann farveg sem endurskoðun fiskveiðistefnunnar kemst vonandi í að lokum.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Mér sýnist að þessari umræðu sé senn að ljúka sem hefur staðið nokkuð lengi og að það sé vitavonlaust verk að koma vitinu fyrir núv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar í þessu mikilsverða máli, þ.e. að taka upp það sem við köllum auðlindaskatt í sjávarútvegi. Það sem ég á við þegar ég tala um auðlindaskatt í sjávarútvegi er að hér er lagður skattur á greinina sem rennur beint í ríkissjóð og er fénýttur í ríkissjóði. Kemur það glögglega og greinilegast fram í því og sparar okkur öll orð að fjármagn til hafrannsókna eykst nánast ekki um nokkurn skapaðan hrærandi hlut á milli ára. Það segir okkur allt sem segja þarf í þessum efnum. Einnig veldur það mér áhyggjum og ég vil að komi skýrt fram hvað mér virðist sjávarútvegurinn eiga fáa talsmenn innan veggja Alþingis og ég segi það satt að það hryggir mig hvað þeir eru orðnir fáir í Sjálfstfl. Ég hélt satt að segja að fleiri mundu koma hér upp og tala fyrir þessa atvinnugrein og reyna að koma við vörnum. En við sem höfum reynt að ræða þessi mál höfum ekki fundið einn einasta þingmann í Sjálfstfl., það þarf nú ekki að ræða um Alþfl. í þessu sambandi. Ég hélt satt að segja og vonaðist til þess í lengstu lög að einhverjir af þingmönnum Sjálfstfl. mundu sjá að sér í þessu máli og átta sig á því í tíma hvert verið væri að fara. En því miður þá er það svo að þeir hafa ekki áttað sig á þessu máli. Hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. Sá maður sem núna sér drauma sína rætast þegar þetta mál nær fram að ganga. Því eins og við munum þá sagði þessi formaður Alþfl. og hæstv. utanrrh. þegar hann var að fjalla um Hagræðingarsjóð, „staðfestir þessa skoðun mína, að það frv. sem núv. ríkisstjórn hafi lagt fram á breytingum á lögum um Hagræðingarsjóð sé fyrsti vísirinn að komandi veiðileyfagjaldi." Nauðsynlegt er að þetta komi fram og komi nógu rækilega inn í þingtíðindin.

Það veldur mér vissulega áhyggjum, virðulegi forseti, hvert við erum hér að fara. En ég sé það og finn

hver hugur manna er í þessum efnum. Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar ætla sér að ná málinu fram. Hvernig svo sem við stjórnarandstæðingar reynum að verjast aðförinni að sjávarútveginum mun okkur víst ekki takast það.

Ég gæti sagt hér miklu fleira og vikið t.d. að því réttlætismáli sem komið var inn í lögin í sambandi við rétt byggðarlaganna til þess að njóta hlutar úr þessum sjóði og margsinnis hefur komið fram þegar fréttaviðtal hefur verið haft við formann þingflokks Alþfl. Þá hefur hann látið að því liggja að réttur byggðarlaganna væri tryggður í þessu frv. Það er mikil blekking í þeim orðum, vægt til orða tekið. Vegna þess að fáir vita betur en þingflokksformaður Alþfl. að hér er ekki um nokkra minnstu björgun að ræða því að þessum veiku byggðarlögum er gert að skilyrði og eingöngu boðið upp á að kaupa *þennan aflarétt, vonina í þessum afla*, á markaðsverði. Þeim er sem sagt vísað góðfúslega á fiskmarkaðina.

En virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég undirstrika það enn og aftur að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með það hvernig þingflokkur Sjálfstfl. er nú skipaður, um Alþfl. vissi ég, en ég hafði trú á því í lengstu lög að einhverjir úr þingliði Sjálfstfl. mundu átta sig á hvert menn væru hér að fara. En ég sé að það er vita vonlaust.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkuð er um liðið síðan ég tók til máls í þessu máli. Það var við 1. umr. þess og allnokkrar breytingar hafa orðið á frv. frá því sem þá var. Að sumu leyti hafa verið dregnar til baka þær róttæku breytingar sem lagðar voru fram en engu að síður er um að ræða verulega breytingu á þessum lögum. Hins vegar er ljóst að umtalsverðar breytingar hafa orðið eða munu verða á *núgildandi* lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verði þetta frv. að lögum eins og það lítur út núna. Í ljósi bráðabirgðaákvæðis II í núgildandi lögum og í lögum um stjórn fiskveiða, um lögbundið samráð við Alþingi og hagsmunaaðila, sjáum við hvaða virðingu stjórnarflokkarnir bera fyrir lögum. Það verður því miður að segjast að hún er ákaflega lítil. Og þegar þetta er skoðað í því ljósi að stjórnarflokkarnir hafa tekið endurskoðun fiskveiðistefnunnar út úr hinum lögskipaða farvegi yfir í farveg utan þings og eingöngu milli þessara tveggja flokka, þá er ljóst að þeir hafa rofið alla viðleitni og þá niðurstöðu sem menn komust að á sínum tíma til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu *um skipan á stjórn fiskveiða*. Meira að segja er svo langt gengið að menn hafa ekki einu sinni viðleitni um að samráð séu á milli aðila í þeirri von að slíkt samráð leiddi til einhverrar sameiginlegrar niðurstöðu. Það er ekki einu sinni það.

Maður hlýtur að spyrja sig hver sé tilgangurinn með þessu frv., sem lögð hefur verið mikil áhersla á að keyra í gegn, í ljósi þess að stjórnarflokkarnir ætla sér að vera búnir að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða fyrir árslok sem þýðir að slík endurskoðun tæki gildi við upphaf næsta fiskveiðiárs á eftir, þ.e. 1. sept. 1993. Það þýðir að þessi lög mundu einungis gilda í eitt fiskveiðiár, frá byrjun september 1992 til ágústloka 1993. Hver er tilgangurinn að gera svo viðamiklar breytingar á þessum lögum fyrir bara eitt ár? Það er ekki svo margt sem kemur til greina ef maður veltir því fyrir sér. Í fyrsta lagi, sem er augljóst og er meginhvati breytinganna, er það til þess að afla fjár í ríkissjóð. Eins og hæstv. ráðherra hefur sjálfur komist að orði: Hér er um að ræða ríkisfjármálaaðgerð þar sem fjárins er aflað með sölu veiðileyfa með aðferð sem Sjálfstfl., flokkur hæstv. sjútvrh., lýsti yfir mikilli andstöðu við fyrir tæpum tveimur árum. (**Gripið fram í:** Þá var hann í stjórnarandstöðu.) Já, þá var hann í stjórnarandstöðu og minnir það á hvernig ýmsar aðrar skoðanir ráðherrans hafa breyst frá því hann var í stjórnarandstöðu og fer ég ekki út í þá sálma. Þetta sýnist mér vera megintilgangur laganna af hálfu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að afla fjár í ríkissjóð. Og þegar menn einu sinni eru byrjaðir á því er hætt við að seint gangi að snúa til baka með það þannig að ég leyfi mér að draga þá ályktun að í því frv. sem stjórnarflokkarnir munu koma sér saman um að leggja fyrir þingið um nk. áramót verði gert ráð fyrir að veiðileyfi verði seld til að afla ríkissjóði tekna og tilhneigingin hlýtur að verða fremur í þá átt að auka við þennan þátt fremur en minnka. Þar með eru menn komnir út á þá braut að fara að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega til að standa undir útgjöldum ríkissjóðs. Þetta er megintilgangur þessa frv. sem er ætlast til að verði afgreitt hér á morgun.

Það er ýmislegt fleira sem ástæða er til að gera athugasemdir við. Ég hef reyndar komið því flestu á framfæri við 1. umr. og vísa ég til þeirrar ræðu sem ég flutti þá. Ég vil undirstrika það sem fram kom hér áðan hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að menn verða að gera grein fyrir tilgangi úreldingar í aflamarki. Ef það er niðurstaða stjórnarflokkanna að leiðin til að minnka fiskiskipaflotann sé að hafa sjóð sem kaupi skipin út þá bendi ég á að þessir sömu stjórnarflokkar leggja mikla áherslu á að það þurfi að fækka frystihúsum um land allt. (**ÖS:** Stefán Guðmundsson líka, ef ég skil hann rétt.) Hvers vegna leggja þá þessir sömu flokkar ekki fram tillögu um úreldingarstyrk í frystihúsum? Það er ekki hægt með rökréttum hætti að halda þessu fram eins og núverandi stjórnarflokkar gera því að ef eitthvað er þá eru fiskiskipaeigendur betur settir að losa sig við sín skip og fá verðmæti fyrir en frystihúsaeigendur því að frystihús úti á landi er verðlaust. Það er enginn sem kaupir það. Ef menn eru á þeirri skoðun að *úreldingarsjóður verði að vera fyrir fiskiskip geta menn* ekki komist hjá því að vera á sömu skoðun varðandi frystihús og ég óska eftir því að fulltrúar stjórnarliðsins í þessu máli rökstyðji hvers vegna þeir gera ekki ráð fyrir hinu sama varðandi frystihúsin. Þvert á móti, það sem maður hefur heyrt frá stjórnarliðinu um þetta eða öllu heldur hæstv. forsrh. er að menn eigi að fara á dúndrandi hausinn. (**Gripið fram í:** Þú vilt leggja á nýjar álögur.) Ja, ég vil fá rökstuðning stjórnarliðsins fyrir þeirri afstöðu að vera frekar með úreldingarstyrki þeim megin sem er auðveldara að gera sér verðmæti úr eigninni.

Ég vil svo, virðulegi forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta frv. sem hér liggur fyrir en ítreka almenna andstöðu mína við þessi áform og lýk máli mínu, virðulegi forseti.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 5. þm. Vestf. óskaði eftir skýringum á því hvers vegna ekki væri gert ráð fyrir sérstöku úreldingarstyrkjakerfi fyrir frystihúsin og bað um að núv. ríkisstjórn svaraði spurningum hans þar að lútandi. Það er vitaskuld nauðsynlegt og rétt að minna hv. þm. á að hér er um að ræða breytingar á lögum sem sett voru í tíð fyrri ríkisstjórnar sem Alþb. átti nokkra aðild að. Sú ríkisstjórn, sem stóð að þessari lagasetningu, taldi ekki rétt að setja inn í þau lög ákvæði um úreldingarstyrki vegna frystihúsa. Það er alveg sjálfstætt mál sem menn geta íhugað og skoðað en hér er verið að breyta lögum sem fyrri ríkisstjórn setti og taldi ekki á þeirri stundu a.m.k. að rétt væri að fella þar inn í úreldingarstyrki vegna frystihúsa.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. vék að því álitaefni sem nokkrum sinnum hefur komið upp í þessari umræðu þar sem hann hélt því fram með skírskotun í blaðaviðtöl að hér væri um að ræða fyrsta vísi að auðlindaskatti eða leigugjaldakerfi í sjávarútveginum. Það er óþarfi af minni hálfu að eyða löngum tíma í frekari umræðu um þetta, svo mjög sem þessi spurning hefur áður verið rædd. En vegna þess að menn eru enn að velta fyrir sér og einkanlega þeir sem að þessari lagasetningu stóðu hvenær fyrsti vísirinn varð til þykir mér rétt að vitna í viðtal við fjmrh. fyrrv. ríkisstjórnar, þeirrar ríkisstjórnar sem stóð að þessari lagasetningu um Hagræðingarsjóðinn. Viðtal þetta birtist 1. maí árið 1990. Þar sagði fyrrv. fjmrh., formaður Alþb., hv. 8. þm. Reykn., svo um þetta frv., með leyfi forseta:

„Ég tel það því í góðu samræmi við okkar stefnu fyrir þremur árum að taka þessi 12 þús. tonn frá til þess að gera tilraunir með leigugjaldakerfi í fiskvinnslunni“ eins og hann orðaði það. Með leigugjaldakerfi. Með öðrum orðum: Það var mat formanns Alþb. að hagræðingarsjóðsfrv., eins og það var samþykkt í tíð fyrri ríkisstjórnar, hefði verið tilraun til að koma á leigugjaldakerfi. Hér er ég aðeins að vekja athygli á mati formanns Alþb. vegna ummæla hv. 4. þm. Norðurl. v. En ég hef skilið það svo að Framsfl., sem nú hefur nokkrar áhyggjur af því hvaða menn hafa valist til setu í þingflokki sjálfstæðismanna, hafi talið að landinu yrði ekki vel stjórnað nema Alþb. sæti í ríkisstjórn. Ég hef ekki orðið var við aðra afstöðu hjá hv. þm. Framsfl. en þá að þeir sjái ekki aðra kosti til að stjórna landinu vel en Alþb. sitji með þeim í ríkisstjórn. Og það er athyglisvert að leiðtogi þess flokks, sem framsóknarmenn hafa helst valið sér til fylgilags í landsstjórnarmálum, taldi og telur að fyrrv. ríkisstjórn hafi stofnað til tilraunar með leigugjaldakerfi þegar Hagræðingarsjóðnum var komið á fót. Þetta vildi ég, frú forseti, aðeins rifja upp vegna ummæla hv. 4. þm. Norðurl. v. án þess að ég sjái ástæðu til að gera lengra mál úr því svo mjög sem það hefur verið rætt hér fyrr við þessa umræðu.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék hér málefnalega að tveimur atriðum í frv. eins og það liggur nú fyrir, annars vegar að því er varðar túlkun þeirra ákvæða sem lúta að úthlutun kvóta til byggðarlaga. Þar er eðlilega gerð sú krafa að aflanum sé komið til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Hér er um að ræða nákvæmlega sömu kröfu og er í gildandi lögum, þ.e. hér er ekki verið að gera neina breytingu frá gildandi lagaákvæðum. Síðan spurði hv. þm. um það hvernig farið yrði með forkaupsréttinn þegar horft væri fram hjá þeim hluta kvótans sem boðinn yrði byggðarlögum. Eins og kveðið er á um í frumvarpsgreininni skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips á þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Það verður staðið að framkvæmd þessa máls nákvæmlega eins og tilgreint er í þessari frumvarpsgrein. Þegar búið er að bjóða byggðarlögum kvóta verður það sem eftir er boðið með forkaupsrétti til þeirra sem veiðiheimildir hafa í réttu hlutfalli við þær veiðiheimildir og allt saman boðið þannig að aðeins það sem ekki selst með þeim hætti verður selt á þann veg að tilboða verði leitað. Það eru engin áform um að standa með öðrum hætti að framkvæmd þessa máls. Ég tel það vera í bestu samræmi við lagaákvæðið sjálft og í bestu samræmi við fiskveiðistjórnarlögin að öðru leyti.

Fleiri athugasemdir sé ég ekki ástæðu til að gera í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa orðið í dag, frú forseti.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram í stefnu þessarar ríkisstjórnar, m.a. í ræðum hæstv. forsrh. og vísa ég fyrst og fremst til framsöguræðu hans fyrir frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992, að eitt af því brýnasta að hrinda í framkvæmd strax er að fækka vinnslustöðvunum. Fyrst núv. ríkisstjórn telur á annað borð ástæðu til að breyta lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þá er óeðlilegt annað en hún geri það til að ná þá þeim markmiðum sínum. Ég vek athygli á því að þessi lög heita lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins en ekki fiskveiða. Sjávarútvegurinn nær ekki einungis til fiskveiða heldur líka vinnslu. Með því að ekki er lagt til í þessum brtt. stjórnarflokkanna að taka upp úreldingarstyrkjakerfi á fiskvinnslustöðvum er ekki hægt að líta öðruvísi á en svo að það sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar að gera slíkt, hvorki nú né síðar því þessi hagræðing á að fara fram núna strax en breytingar varðandi stjórn fiskveiða, sem er verið að endurskoða á vegum stjórnarflokkanna, tekur gildi í fyrsta lagi 1. sept. 1993. Ég get þannig ekki dregið þá ályktun að stjórnarflokkarnir hafi áform um að taka slíkt kerfi upp með þeirri breytingu svo að niðurstaðan verður sú að stjórnarflokkarnir ætla ekki að stuðla að fækkun vinnslustöðva með sama hætti og þeir hugsa sér að stuðla að fækkun fiskiskipa.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Af andsvari hv. 5. þm. Vestf. má ráða að honum hefði farið betur að taka ábendingu minni

þegjandi um þetta efni. Hagræðingarsjóðurinn hét líka Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins þegar fyrri ríkisstjórn hleypti þessum sjóði af stokkunum. Þar á hefur ekki orðið nein breyting og ekki tilefni til nýrra gagnályktana vegna þessa frv. fremur en þegar flokkur hans stóð að samningu þessa frv. og samþykkt þess hér á Alþingi í upphafi. Fyrri ummæli mín um þetta efni standa því óhögguð.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eiga sér fleiri fortíð en Alþb. Ég vísa til afstöðu Sjálfstfl. til þessara laga þegar þau voru sett. Og ef flokkurinn hagar sér í einhverju samræmi við þá afstöðu þá legði hann til að þessi lög yrðu numin úr gildi. Það gerir flokkurinn ekki og það dugar ekki hæstv. sjútvrh. að vitna til afstöðu aftur í tímann þegar hann reynir að rökstyðja gerðir sínar fram í tímann. Til þess eru engin efni, a.m.k. ekki hvað mig varðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það væri gaman að halda þessari umræðu talsvert áfram, satt best að segja, jafnvel eitthvað fram í morgunsárið ef því væri að skipta, og ég hefði alveg skap í mér og væntanlega úthald til þess að gera það ef því væri að skipta og ræða það dulítið við hæstv. sjútvrh. og jafnvel láta kalla til ýmsa fleiri menn því að það er mörg matarholan í þessu máli, það er alveg hreint ábyggilegt. (**ÖS:** Og lesa fleiri viðtöl við Ólaf...) Lesa mikið af viðtölum og fara yfir stefnu íslenskra stjórnmálaflokka og afstöðu og umræður um sjávarútvegsmál á undanförnum árum, t.d. fara aftur til ársins 1983, hefja umræðuna í októbermánuði 1983 þegar hér upphófust fyrir alvöru umræður sem leiddu til setningar fyrstu kvótalaganna og slíkra hluta. Þá kæmi margt skrautlegt í ljós, hæstv. sjútvrh. Ég hygg að ferill Sjálfstfl., hringsnúningar, klofningur í þeim flokki og sjónarmið út og suður, mundu sennilega slá út öll önnur met í þessum efnum. Það er t.d. staðreynd að ýmsir þingmenn Sjálfstfl. hafa á undanförnum árum, sérstaklega þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu, nánast farið úr öllum mannlegum ham í árásum sínum og gagnrýni á ýmsa þætti þeirrar fiskveiðstefnu sem hæstv. sjútvrh. núna framfylgir meira og minna óbreyttri. Hæstv. sjútvrh. sjálfur, þegar hann var laus og liðugur í stjórnarandstöðu eða var að spreyta sig sem nýtilkominn formaður Sjálfstfl. með ýmiss konar frískrifum í blöð, reið með himinbrautum í gagnrýni á ýmsa þætti sjávarútvegsmála sem hann hefur ekki hróflað við eftir að hann komst til valda.

Auðvitað er það þannig að um þetta mál má ýmislegt segja og ég held að sú staða sem núv. ríkisstjórn er í í þessum efnum og það algjöra stefnuleysi stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum sem er staðreyndin í dag ætti að vera þeim ákveðið umhugsunarefni. Nú veit ég að vísu að þeir eru ekki þannig skapi farnir, t.d. hv. 17. þm. Reykv. og 1. þm. Suðurl., hæstv. sjútvrh., að þeir hafi gaman af því að reyna ekki að verja sig og ég skil og met að nokkru leyti viðleitni þeirra til þess hér í umræðunum um þessi mál. En þeir ættu nú samt að minnast þess áður en þeir gerast mjög stórorðir að staðan er einfaldlega þannig hjá núv. stjórnarflokkum að þeir hafa ekki komið sér saman um neitt í sjávarútvegsmálum, ekki eitt einasta hæti, ekki neitt nema vera ósammála og setja það í tvíhöfða nefnd. (**ÖS:** Það eruð þið líka.) Það er alveg rétt, hv. framm íkallandi, að oft áður hafa menn verið að berjast við að koma sér saman um einhverja stefnu í þessum erfiða málaflokki. Þar með er réttlætingin komin, ekki satt? Af því að mönnum hefur áður gengið illa að koma sér saman um eina sameiginlega stjórnarstefnu er það allt í lagi hjá okkur eins og í öllum öðrum málum, ef það hefur bara skeð einhvern tíma áður í stjórnmálasögu veraldarinnar er það allt í lagi. Þá erum við í góðum málum, segir hæstv. ríkisstjórn núna. (Gripið fram í.) Síðan skulum við koma aðeins að því, hv. 17. þm. Reykv., mjög gjarnan. Mér er hreint yndi að því að ræða um þau mál. En fyrst ætla ég að ljúka við að ræða stöðuna á þessum málum hjá hæstv. ríkisstjórn.

Í hvítu bókinni stendur ekki eitt einasta hæti. Í græna skeininu frá því sl. vor, örkinni, stendur ekki eitt einasta hæti um sjávarútvegsmál. Menn reka upp hlátur þegar þeir sjá — ég held það séu fjórar línur, ég man það ekki, það er alla vega mjög ræfilslegt skeini sem varð til þarna úti í Viðey og gefið út í einni örk. Sem sagt í þessum tveimur meginstefnuskjölum ríkisstjórnarinnar er ekki neitt um sjávarútvegsmál frekar en önnur mál sem hönd er á festandi. Það er alveg ljóst að stjórnarflokkarnir hafa ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum. Það er allt í upplausn, öllu er vísað út í bæ í nefnd, tvíhöfða nefnd, og guð má vita hvað út úr því kemur eða hvort nokkurn tíma kemur nokkuð út úr því og kannski er skást að aldrei verði nein niðurstaða. Enda virðist margt benda til þess að stjórnarflokkarnir dragi vísvitandi lappirnar og reyni að tefja það verk á alla enda og kanta af þeirri ósköp einföldu ástæðu að þeir hafa ekki í sjónmáli að þeir geti komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Við þessar aðstæður og undir þessum formerkjum, hæstv. sjútvrh., er alveg guðvelkomið að fara í umræður um stefnu annarra flokka, þ.e. þeirra sem nú eru í stjórnarandstöðu.

Það er t.d. þannig að Alþb. reið á vaðið með mörg þau atriði sem núna vildu allir kveðið hafa í sambandi við ábendingar og gagnrýni á kvótalögin í upphafi, 1983. Þannig rembdist t.d. Alþfl. og sérstaklega formaður hans eins og rjúpan við staurinn að eigna sér ýmis þau ákvæði sem Alþb. flutti fyrst á þingi 1983 og 1984 í formi brtt. við þáverandi kvótafrv. Við komum síðan inn í lögin á árinu 1985, t.d. um sameign á auðlindinni. Um þetta eru óhrekjandi skjalfest gögn fyrir hendi hér í þinginu. Fjölmargt fleira bentum við á á þessum tíma, t.d. varðandi málefni byggðarlaga, smábáta o.fl. sem síðan hefur orðið viðtekin staðreynd í umræðum um þessi mál.

Á árinu 1985 mótaði síðan Alþb. stefnu, nánast eitt flokka með sérstakri samþykkt á landsfundi, um byggðakvóta eða byggðatengingu veiðiheimildanna, sem við reyndar vildum ekki kalla byggðakvóta vegna þess misskilnings, sem var ekki hugmyndin samkvæmt

okkar stefnu frá árunum 1985 og 1986, að úthluta veiðiheimildunum sem slíkum til byggðarlaganna. Hins vegar er í þessari stefnu, sem var afgreidd á landsfundi flokksins á árinu 1987, eða ítrekuð með því að taka undir samþykkt miðstjórnar þar um, útfærð ákveðin öryggistenging veiðiheimildanna eða hluta þeirra við byggðarlögin ef um sölu skipa burt úr byggðarlögum er að ræða. (**Gripið fram í:** Kvennalistinn ...) Kvennalistinn útfærði á svipuðum tíma annars konar hugmyndir um beinan byggðakvóta, þ.e. úthlutun hluta veiðiheimildanna til byggðarlaganna. Það er annað mál og um það getur hv. 17. þm. Reykv. þráttað við Kvennalistann en ekki mig hvort Kvennalistinn hefur útfært þetta nægjanlega eða ekki.

Það var síðan í tengslum við þessa stefnu Alþb. um byggðatengingu veiðiheimildanna sem ákvæði var sett um það að til greina gæti komið að gera tilraunir með leigugjaldskerfi á þeim hluta veiðiheimildanna sem ekki félli þarna undir innan mjög skýrt settra takmarka sem kveðið er á um í okkar stefnu. Það er með vísan til þessa, hygg ég, sem formaður Alþb. er í þessu viðtali þar sem hann reifar sínar persónulegu skoðanir eins og skýrt kemur fram ef lesið er meira upp úr viðtalinu. Það er með vísan til þessarar stefnu sem formaðurinn telur væntanlega að það svigrúm sem ákvæðin um Hagræðingarsjóð skapa, ef það væri nýtt í þessu skyni, gæti verið í ágætu samræmi við þennan hluta af okkar sjávarútvegsstefnu sem mótaður var á þessum tíma. Í þessu samhengi ber að skoða þessi ummæli ef menn vilja halda öllu til haga, hæstv. sjútvrh., og ræða þessi mál með rökum og í ljósi staðreynda en ekki eingöngu af stráksskap eins og ég hef hæstv. sjútvrh. grunaðan um.

Að öðru leyti er formaður Alþb. fullkomlega fær um að standa fyrir sínum ummælum frá þessum tíma og svara fyrir þau sjálfur. Sá sem hér stendur hefur ekki tekið það sem sérstakt hlutskipti í sínu lífi að taka það að sér, það er ekki svo, hæstv. sjútvrh. Að sjálfsögðu getur sjútvrh. beint þessum ummælum og spurningum sínum til þess sem þau lét falla á sínum tíma þar sem reifuð voru persónuleg viðhorf til þessara hluta. Ég hef upplýst um samhengi þessara hluta sem ég tel réttast og held að sé ástæða til að halda því til haga.

Það er líka þannig með Alþfl. að hægt væri að ræða við hann heilmikið lengur en t.d. til fimm mínútur yfir átta í dag eða kvöld um ýmislegt sem snertir sjávarútvegsmál og Alþfl. Ræðumaður er þeirrar skoðunar að sá flokkur á Íslandi sem hefur langheimskulegust viðhorf til þessara hluta á Íslandi sé í dag og hafi um nokkurt skeið verið Alþfl., ákaflega fjarstæðukennd viðhorf að ýmsu leyti. Ég held að þar séu á ferðinni einhvers konar þröngsýn bókstafstrúarviðhorf, fræðimennskuviðhorf, manna sem aldrei hafa í saltan sjó migið og í raun og veru eru ekkert að hafa fyrir því að setja kenningar sínar um kvótaleigu eða auðlindaskatt eða annað slíkt í nokkurt samhengi við raunveruleikann *í íslenskum sjávarútvegi og íslenskum þjóðarbúskap.* (**ÖS:** Ég var á sjó í þínu kjördæmi.) Fyrir þessum hugmyndum hafa ákveðnar málpípur Alþfl. algjörlega fallið, trúa þessu eins og nýju neti án þess að gera nokkrar tilraunir til að setja þetta í samhengi við raunveruleikann og blása sig svo út með þessar hugmyndir, jafnvel inni í þinginu. Þetta er auðvitað óskaplega barnalegt og lítilsiglt og miklu meiri virðingu ber ég t.d. fyrir tilraunum Kvennalistans á undanförnum árum til þess að nálgast þann hluta þessa vandamáls sem allir viðurkenna og er öryggisleysi verkafólks og byggðarlaganna í þessu kerfi. Þar eru þó rök fyrir hendi að reyna að nálgast vandamálið a.m.k. að einhverju leyti úr þeirri átt. Það hef ég skilið að Kvennalistinn sé að gera eða reyna að gera með sínum hugmyndum um beinan byggðakvóta þótt ég telji að vísu að rétt sé að halda því til haga að á þeirri útfærslu séu ýmsir gallar sem erfitt er að ná fyrir.

Ég tel þess vegna að hin óbeina byggðatenging veiðiheimildanna, sem í stefnu Alþb. felst, sé miklu betri í framkvæmd og auðveldari viðfangs og nái betur að samræma að nokkru leyti andstæð sjónarmið. Annars vegar er það sjónarmið að halda til haga hvata á hagræðingu og möguleikum á þróun í greininni sem við viljum ekki hefta með því að frysta allt fast. Hins vegar að tryggja með tilteknum hætti atvinnuhagsmuni og hagsmuni verkafólks og byggðarlaga í þessu dæmi öllu saman. Auðvitað eru menn að nokkru leyti að reyna að leita að bestu málamiðlun andstæðra hagsmuna. Það er alveg augljóst mál og það er það sem gerir þetta vandamál svo erfitt.

Síðan kemur Alþfl. með sínar kostulegu hugmyndir, tiltölulega lausbeislaðar og algjörlega ótengdar veruleikanum, og hefur innan borðs snillinga eins og hæstv. heilbrrh. sem sýndi aldeilis á sér betri hliðina hér í dag. Hver er þáttur hæstv. heilbrrh. í sjávarútvegsstefnu Alþfl.? Hver er hlutur hans í þeim efnum? Hæstv. forseti t.d. kemur austan af fjörðum þar sem menn hafa talsvert stutt kvótakerfið. Hið stórbrotna hlutskipti hæstv. heilbrrh. í þessum málum er að þegar hann fer vestur á firði, t.d. á fundi, hvort sem það er á Flateyri eða annars staðar, sver hann og sárt við leggur að hann muni aldrei styðja kvótakerfið og hann muni aldrei styðja ríkisstjórn sem byggi á kvótakerfinu. Fyrir þessu eru ótal vitni, helmingurinn af íbúum Vestfjarða hefur heyrt hæstv. heilbrrh. fara með þessa rullu á undanförnum árum. Tala sig heitan á kosningafundum þar, skrifa um það greinar í Skutul eða hvað hann nú heitir, málgagnssnepillinn fyrir vestan sem hinn svokallaði Jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem þyrfti nú aðeins að lengja nafnið, gefur út þarna vestra.

Hvað gerir svo hæstv. heilbrrh. þegar hann kemur hingað suður til Reykjavíkur annað en skríða upp í fyrsta ráðherrastólinn sem honum býðst, í ríkisstjórn sem styðst við kvótakerfið. og með sjútvrh. sem lætur það verða eitt af sínum fyrstu verkum í embætti að fullvissa menn um að hann ætli að flýta sér hægt í því að breyta þessu kerfi og Alþfl. geti verið rólegur. Það sé sko sjútvrh. sem fari með sjávarútvegsmálin. (**ÖS:** Annað segir Stefán Guðmundsson.) Þannig er nú þetta, hv. 17. þm. Reykv.

Ef við förum út í umræður um það almennt að sjónarmið séu eitthvað mismunandi innan einstakra flokka

hvað varðar afstöðu til sjávarútvegsmála, þá hallast þar sannarlega ekki á klyfjunum. Ég hygg að einna lágkúrulegast hlutskipti allra flokka eigi Alþfl. í þessum efnum. Með annars vegar sína kostulegu bókstafstrú, sem ákveðnir menn hafa tekið, fræðilegar hugmyndir um kvótaleigu eða auðlindaskatt, sem aldrei hafa verið færðar inn í íslenskan veruleika, enda stendur það ekki til, ekki er til þess ætlast. Þetta eru „patent" til að veifa. Hins vegar hafandi innan borðs jafnkostuleg eintök og hæstv. heilbrrh., mann dagsins á Alþingi sem setti hér gjörsamlega allt í upplausn með kostulegri framkomu sinni sem seint verður til jafnað að ég hygg.

Nei, það er þannig, herra forseti, að við munum ýmsir eiga eftir nokkra möguleika á því að halda hér ræður og erum svo sannarlega tilbúnir til þess, a.m.k. ræðumaður ef hæstv. sjútvrh. og 17. þm. Reykv. vilja gera okkur þá skemmtan að halda þessu áfram. Að öðru leyti hafði ég ekki ætlað að ræða þetta mál meira efnislega. Það er auðvitað alveg ljóst að þetta mál frá hæstv. ríkisstjórn er bastarður, þetta er klúður í þrengingum ríkisstjórnarinnar við að koma saman fjárlögum. Hæstv. sjútvrh. var þarna að nokkru beygður, hann varð að brjóta ákveðinn odd af oflæti sínu og gat ekki alveg keyrt sína línu eins og hann hefði sjálfsagt viljað og Alþfl. reynir nú að nýta sér það til pólitískra ávinninga á fundum þar sem hæstv. sjútvrh. er ekki viðstaddur. Þá tala þeir alþýðuflokksmenn í áramótaviðtölum í Alþýðublaðinu um að þeir hafi verið að koma þarna fram sinni stefnu.

Ég spái því í annað sinn í umræðum um þetta mál, og eru það ekki hrakspár heldur ósköp einfaldlega mat mitt á aðstæðum, að við séum ekki búnir að sjá fyrir endann á þessu máli. Það mun eiga eftir að heyrast talsvert meira af því og ýmislegt meira að ganga á á þessu almanaksári, 1992, áður en öll vötn verða til sjávar runnin varðandi þetta atriði um Hagræðingarsjóðinn og sölu veiðileyfa sem honum hafði verið úthlutað, sem og auðvitað málefnin varðandi fiskveiðistjórnunina og fiskveiðistefnuna almennt. Það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn er í hinum mestu ógöngum með þessi mál, algjöru baksi, hefur ekki neitt til að festa hönd á og fleytir sér á einhvers konar hundasundi í gegnum þessi mál þegar umræður eru um þau hér á þingi eða annars staðar. Hún talar aðallega út og suður, hver túlkar þar hlutina með sínu nefi og les það sem honum hentar upp úr hinum fátæklegu ákvæðum stjórnarsáttmálans og Viðeyjarskeinisins.

Og þannig er nú staðan, hæstv. forseti, þegar við erum að ræða þetta hér á miðri vetrarvertíðinni á Alþingi Íslendinga þann 21. janúar 1992 og mætti margt um það segja en verður ekki gert að sinni frekar nema viðbótartilefni gefist.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég hér að fara að metast um hver hafi bestu byggðakvótastefnuna. Ég tel raunar að eitt það merkilegasta sem fram hefur komið í umræðu um þetta mál sé hve margir láta sér annt um hag byggðarlaganna þó það sé aðeins í orði í sumum tilvikum. Ég hef þegar gert ítarlega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég tel það langalvarlegast að hér er verið að skerða möguleika byggðanna til þess að hafa kvóta til ráðstöfunar þegar á þarf að halda. Ég vildi auðvitað sjá þetta mál fremur reifað sem heildarstefnu í sjávarútvegsmálum. Við höfum margtekið það fram hér að slíkt er nauðsynlegt, að taka þetta sem hluta af heild. Það hefur hins vegar ekki verið gert og er það mjög miður.

Stærsta málið nú er að reyna, eins fljótt og auðið er, ef þau mistök verða gerð að þetta frv. verði samþykkt, að leiðrétta og taka upp vitræna umfjöllun um hvernig kvóta verði best ráðstafað hér á landi. Ég er sannfærð um að sú umhyggja fyrir byggðarlögum, sem hér hefur komið fram í umræðu og tillögum sumra, muni skila sér í því að við munum sameinast um að fara nærri því að taka upp byggðakvótastefnu Kvennalistans. Ég er ekki í nokkrum vafa um það.

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Jóhann hefur farið hér með hótunum og hótað því að tala hvað af tekur kvöldið og nóttina. Ég verð að segja það að ég er einn af þeim mönnum sem hafa alltaf gaman af því að hlusta á þennan hv. þm. þannig að ég kikna ekki í hnjáliðunum þótt hv. þm. setji fram þessa ógnun. Hins vegar vildi ég auðvitað mælast til þess að þingmaðurinn gætti hófs í orðavali. Ég vil til að mynda, svo ég setji örlítið ofan í við þennan ágæta félaga héðan úr þinginu, segja honum að ég kann ekki við það þegar hann er að fara orðum um fjarstadda þingmenn og ráðherra, jafnvel þótt honum kunni að vera eilítið í pólitískri nöp við þá, þegar hann tekur til orða eins og um hæstv. heilbrrh. og kallar hann kostulegt eintak. Það stappar nærri mannfyrirlitningu að taka þannig til orða um jafnágætan mann og góðan ráðherra, sem er þar að auki að mínum dómi mjög fínt „exemplar" af góðum Vestfirðingi.

Hins vegar skil ég það vel að hv. þm. Steingrímur Jóhann þurfi að setja hér á miklar ræður vegna þess að það er ekki gert á örfáum mínútum að skýra út stefnumun innan Alþb. í sjávarútvegsmálum — eða ættum við frekar að kalla það stefnuleysi?

Mér þótti mjög merkilegt og fróðlegt að sjá þennan upprennandi leiðtoga Alþb. taka svo til orða um núv. formann Alþb., að hann mætti svo sem hafa sínar prívatskoðanir á sjávarútvegsmálum. Og hann lýsti hér góðu viðtali og mjög merku sem hæstv. sjútvrh. las upp úr, viðtali við þennan leiðtoga Alþb., hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem prívatskoðunum hans. Það kann auðvitað vel að vera en síðan hvenær hefur formaður stjórnmálaflokks haft leyfi til þess að vera með einhverjar prívatskoðanir sem eru á skjön við skoðanir flokksins? Getur verið að staðan sé einfaldlega sú að þrátt fyrir allt þá hafi hv. þm. Jóhann Ársælsson rétt fyrir sér þegar hann kallar stefnu eða stefnuleysi Alþb. í sjávarútvegsmálum grín, svo ég leyfi mér að lesa upp úr grein í Morgunblaðinu þar sem fjallað var um málflutning þessa ágæta þingmanns frá landsfundi Alþb. Það var laugardaginn 23. nóv. og þar segir, með leyfi forseta:

„Jóhann Ársælsson alþingismaður sagði lítið fara fyrir umfjöllun um sjávarútvegsmál í drögum að stjórnmálaályktun og kvartaði yfir óljósu orðalagi um sjávarútvegsstefnuna." Og síðan bætir þingmaðurinn við, herra forseti: „Það er svolítið líkt því sem við vorum að gera grín að hjá Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar."

Hér talar sá maður sem mér finnst fjalla af hvað dýpstu mannviti um sjávarútvegsmál úr röðum Alþb. Hann kallar stefnuleysi Alþb. í sjávarútvegsmálum grín. Ég veit ekki hvað hv. þm. Steingrímur Jóhann og varaformaður Alþb. segir um þetta.

En mig langar líka að leiðrétta það sem Steingrímur sagði hér áðan, að skoðanir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar á veiðigjaldi og kvótaleigu væru eitthvert prívatmál hans. Það vill svo til að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er á allt annarri skoðun en Steingrímur Jóhann hvað þetta varðar. Þess vegna langar mig til þess að lesa upp úr öðru viðtali við þennan ágæta kollega Steingríms Jóhanns. Þar segir formaður Alþb. beinlínis í viðtali við tímaritið Þjóðlíf, 10. tölublaði 1990, að hann fylgi kvótaleigu og ekki bara hann heldur flokkurinn allur. Eða eins og hann segir, með leyfi forseta:

„Alþb. hefur ályktað um það og tekið upp þá stefnu á Akureyrarfundinum að kvótaleiga verði tekin hér upp." Síðan bætir hann við: „Þetta er orðin stefna Alþb."

Ég verð því að segja, virðulegi forseti, með fullri virðingu fyrir hv. þm. Steingrími Jóhanni að ég trúi því frekar þegar formaður Alþb. segir að kvótaleiga sé stefna flokksins en þegar varaformaðurinn kemur hér í stólinn og reynir að draga þar úr. Það er því auðvitað alveg ljóst að formaður Alþb. er þeirrar skoðunar að kvótaleiga sé það sem koma skal. Hann hefur gengið lengra en nokkur sem talað hefur á þessu þingi þegar hann segir í viðtali við Þjóðviljann 1. maí að það eigi ekki bara að selja aflamark Hagræðingarsjóðs á gangverði heldur eigi að bjóða það upp. Með öðrum orðum, við höfum hérna hv. þm. Steingrím Jóhann sem segir að það vitlausasta sem til er í sjávarútvegsmálum sé að koma á veiðigjaldi. Og síðan höfum við hv. þm. og formann Alþb. sem segir að stefna Alþb. sé að koma á veiðigjaldi. Síðan höfum við þriðja þingmanninn, hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem segir í Morgunblaðinu 23. okt. að þessi stefna Alþb. sé bara grín.

Ég verð auðvitað að taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, sem er greindur maður. Hann hefur skilið þetta alveg hárrétt. Stefna Alþb., eins og hún birtist í skoðanamun formanns og varaformanns Alþb., er auðvitað ekkert annað en grín.

Ég hef dálítið gaman af því, virðulegi forseti, að bera saman það sem menn segja hér í umræðum milli mála. Annars vegar höfum við alþýðuflokksþingmenn mátt heyra það, m.a. af munni hv. þm. Steingríms Jóhanns og margra framsóknarþingmanna, að Alþfl. sé bara vesalings garmurinn hann Ketill sem liggi undir Sjálfstfl. í öllum málum. Síðan höfum við hérna góðan og gegnan Norðlending, hv. þm. Stefán Guðmundsson, og hvað segir hann? Hann segir að illt sé til þess að vita að Alþfl. sé búinn að snúa Sjálfstfl. niður í þessu máli. Hvorum á maður að trúa, hv. þm. Steingrími Jóhanni sem hefur sagt hið gagnstæða í mörgum umræðum eða Stefáni Guðmundssyni? (**Gripið fram í:** Hverju trúir þú?) Ég trúi Stefáni Guðmundssyni en ég skal taka fram að ég læt þar óskhyggju ráða. Staðreyndin er auðvitað sú að þegar um er að ræða tvo flokka í ríkisstjórn þá hlýtur alltaf að vera um málamiðlun að ræða. Það er það sem gerist í stjórnarsamstarfi, hvernig sem stjórnarandstöðunni líkar niðurstaðan, þá er auðvitað staðreyndin sú að menn gefa og menn taka, það verður málamiðlun. Og við því er ekkert að segja. Það er einu sinni eðli stjórnmála, enginn flokkur getur hreinsað sig af því.

Hins vegar er líka mjög gaman, virðulegi forseti, að fylgjast hér með ýmsum þingmönnum koma upp og ræða um Hagræðingarsjóðinn og segja að hér sé verið að leggja út á mjög skýrt afmarkaða braut veiðigjalda. Menn tala um það t.d. í nefndaráliti minni hlutans að hér sé lagt út á hættulega braut. Það sé verið að marka nýja stefnu. Með öðrum orðum, þeir halda því fram að verið sé að marka stefnu. Síðan kemur Steingrímur Jóhann, varaformaður Alþb. upp og kvartar. Yfir hverju? Yfir stefnuleysi í sjávarútvegsmálum. Svona málflutningur dæmir sig sjálfur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Þó er eitt mál sem ég get ekki komist hjá að ræða lítillega. Hverjir eru það í íslenskum stjórnmálum sem eru fylgjandi veiðigjaldi? Það er auðvitað hluti Sjálfstfl., hluti Alþb., eins og fram hefur komið m.a. í viðtölum við formann Alþb., og það er Kvennalistinn. Það er nefnilega svo að tveir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa lýst yfir stuðningi við veiðileyfasölu, ekki bara Alþfl. heldur líka Kvennalistinn. Í stefnuskrá Kvennalistans kemur mjög skýrt fram að fimmtungur veiðiheimilda eigi að renna í sameiginlegan veiðileyfasjóð. Og hvað á að gera við þennan veiðileyfasjóð? Það á að leigja heimildirnar, það á að selja þær eða ráðstafa þeim vegna sérstakra aðstæðna. Hvað á að gera við tekjurnar — og „nota bene" það kemur skýrt fram að tekjur eiga að verða af sjóðnum sem þýðir auðvitað og undirstrikar það sem segir annar staðar í stefnuskránni, það á að leigja eða selja þessar veiðiheimildir. Þar segir: „Tekjum sjóðsins verði varið í þágu sjávarútvegs."

Hér er auðvitað um að ræða stefnu sem ekki er hægt að segja annað en sé vel fylgt fram í því frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram um Hagræðingarsjóð. Hvað er að gerast þar? Þar er verið að leggja til — að vísu ekki 20% veiðiheimilda, eins og Kvennalistinn vill að verði settur í veiðileyfasjóð — að u.þ.b. 3% allra veiðiheimilda verði sett í einn sjóð. Það á að selja þær eða leigja. Hvað á að gera við afraksturinn? Það á að verja honum til hafrannsókna. Þarna er um að ræða fulla samsvörun við stefnuskrá Kvennalistans þar sem sagt er: Tekjum sjóðsins verði varið í þágu sjávarútvegs. Eigi að síður kemur fulltrúi Kvennalistans í sjútvn. upp og leyfir sér að fara vísvitandi gegn stefnu Kvennalistans. Hún gerir það með því að taka undir að ekki eigi að koma á veiðigjaldi, sem er þrátt fyrir allt stefna Kvennalistans, og þrátt fyrir það að í þessu frv.

segi að verja eigi tekjum sjóðsins til sjávarútvegs, til hafrannsókna. Með öðrum orðum: Ég get ekki annað sagt en að hér er um fullkomna hentistefnu að ræða af hálfu Kvennalistans og ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson skuli með þessum hætti ekki svíkja bara stefnuskrá Kvennalistans, ekki bara svíkja Kvennalistann, heldur það fólk sem kaus Kvennalistann á grundvelli þessarar stefnuskrár. Vegna þess að ekki er hægt að segja neitt annað en að þetta eru svik við stefnuskrá Kvennalistans. Ég segi það, virðulegi forseti, fulltrúi Kvennalistans í sjútvn. þingisins skuldar þinginu og kjósendum sínum og kannski ekki síst stallsystrum sínum í Kvennalistanum skýringu á þessum sinnaskiptum og á því hvers vegna í ósköpunum hún leyfir sér þá ósvinnu að fara gegn opinberri og yfirlýstri stefnu Kvennalistans í þessu máli.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að þessi umræða hafi tekið nokkuð skyndilega nýja stefnu og menn hljóti að eiga eftir að leggja hér nokkur fleiri orð í belg en þeir reiknuðu með fyrir örskammri stund síðan. Því langar mig til þess að spyrja virðulegan forseta að því hvernig hann hugsar sér að þessi mál gangi fram í kvöld, hvort ekki eigi að gefa hér matarhlé. Ég hef áhuga fyrir að fá að vita um það. Ég á a.m.k. eftir að segja hér nokkur orð í viðbót og ég trúi því að svo sé um fleiri.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. að gert er ráð fyrir því að ljúka þessari umræðu í kvöld. Umræðan er komin nokkuð fram yfir venjulegan matmálstíma en gert var ráð fyrir því að ljúka umræðunni án þess að gera sérstakt hlé.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég óska eftir að veita andsvar við ræðu hv. 17. þm. Reykjavíkur er skoðun sem kom fram í hans ræðu varðandi stefnu Alþb. í sjávarútvegsmálum og þá sérstaklega hvernig að stjórn fiskveiðimála skuli staðið. Það vekur sannarlega athygli þegar hann upplýsir að í viðtali við formann Alþb. í tímaritinu Þjóðlífi, 10. tbl. frá árinu 1990, þar sem segir orðrétt að Alþb. álykti um það að tekin verði upp sú stefna að kvótaleiga verði tekin hér upp. Þetta eru náttúrlega tíðindi þegar þau eru skoðuð í ljósi orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér úr þessum ræðustól í kvöld, varaformanns Alþb., sem lætur eins og þessi stefna hafi aldrei komið þar til umræðu. Manni verður á að spyrja hvort þessi hv. þm. sé í þann mund að ganga úr Alþb. til liðs við einhvern annan flokk eða hvort hann yfir höfuð þekkir ekki stefnu síns eigin flokks eða hvort hann er hættur að njóta þar trausts og er farinn að boða nýja stefnu. Það hljóta náttúrlega að vera eðlilegar kröfur að Alþb. geri þinginu og þjóðinni grein fyrir stefnu sinni í svo veigamiklu máli og hér er til umræðu. Það dugar ekki að koma fram hér með margar stefnur þó að flokkurinn sé kominn í stjórnarandstöðu. Hér er beðið eftir svörum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Ég hef raunar beðið um orðið og mun þá fá tækifæri til þess að útskýra í smáatriðum fyrir hv. 17. þm. Reykv. sjávarútvegsstefnu Kvennalistans þar sem hann skilur hana ekki. Ástæðan fyrir því að ég kem hér í andsvar er einfaldlega sú að mér þykir mjög undarlegt að hann skuli koma hér upp í ræðustól til þess að hreykja sér af því að hann skilji betur stefnu ákveðins flokks en aðrir. Það er alrangt eins og mun koma fram í ítarlegri ræðu minni hér á eftir. Ég treysti mér mjög vel til að hrekja það. Hann hefur raunar verið að dylgja í frammíköllum, sem ekki er hægt að svara í andsvari, um eitthvað í þessa veru en ég hélt nú satt að segja að hann væri búinn að uppgötva það að þarna fer hann með reginfirru.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er ekki spurt um skilning heldur staðreyndir. Það er alveg ljóst að í stefnuskrá Kvennalistans er tekið fram að 20% allra veiðiheimilda sem veittar eru eigi að renna í sérstakan sjóð. Síðan eigi að leigja eða selja eða ráðstafa með einhverjum hætti þessum veiðiheimildum. Það þýðir þá að koma á afgjaldi fyrir, a.m.k. fyrir hluta þeirra. Þessu afgjaldi á að verja til hafrannsókna. Með öðrum orðum, þetta er veiðigjald í mun ríkari mæli heldur en þau 3% veiðiheimildanna sem fyrirhugað er að leigja með því frv. sem nú liggur fyrir um Hagræðingarsjóðinn. Engum blöðum er um það að fletta að Kvennalistinn er fylgjandi því að hluti veiðiheimilda verði seldur og afgjaldinu varið til hafrannsókna. Það er nákvæmlega þetta sem er gert með Hagræðingarsjóðnum. Með öðrum orðum: Kvennalistinn hlýtur að vera fylgjandi veiðigjaldi.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson skrifar hins vegar án fyrirvara undir minnihlutaálit sjútvn. Þar er tekið fram m.a. að ein af ástæðunum fyrir því að minni hlutinn er á móti þessu sé sú að þar er stefnt að veiðigjaldi. Þar er sem sagt stefnt að því sem Kvennalistinn vill. Hér er um hreina hentistefnu að ræða og ekkert annað. Auðvitað ætti viðkomandi kvennalistaþingkona að biðja stallsystur sínar og kjósendur afsökunar á þessum mistökum og segja það bara hreint út hér í ræðustól að þetta hafi verið glöp.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég myndi hafa hljótt um hentistefnu ef ég væri hv. 17. þm. Reykv. En það er hans vandamál og ekki mitt.

Hitt er annað mál að ég held að ekkert skorti á lestrarkunnáttu hv. þm. Hins vegar hefur verið haft á orði að lesskilningur yngri kynslóðarinnar væri nokkuð lélegur og ég verð að viðurkenna að það hryggir mig að maður sem er aðeins einu eða tveimur árum yngri en ég skuli tilheyra þessari yngri kynslóð sem engan skilning hefur á því sem hún les. Hann gerir sér nefnilega ekki grein fyrir því að það „að ráðstafa vegna

ýmissa aðstæðna" er léleg veiðileyfasala. Það er einfaldlega allt, allt annað sem þar býr að baki og það er mín helsta gagnrýni að ekki sé hægt samkvæmt lagabreytingum á Hagræðingarsjóði að ráðstafa veiðiheimildum þegar á þarf að halda. Ég veit ekki hvaða arður eða hvaða hagnaður og hvers konar auðlindaskattur kemur frá slíkri ráðstöfun. Það er einungis ef um sölu væri að ræða en þetta get ég áreiðanlega útskýrt betur fyrir hv. 17. þm. Reykv. hér á eftir í ræðu minni.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson vera komin út í verulegar ógöngur þegar hún reynir að halda því fram að það sé ekki örugglega stefna Kvennalistans að selja eitthvað af þessum veiðiheimildum. Það er alveg klárt að talað er um sérstakan veiðileyfasjóð í stefnuskrá Kvennalistans og talað er um að þessi sjóður fái tekjur. Það er meira að segja sagt hvað eigi að gera við þessar tekjur. Þessi málflutningur dæmir sig því algjörlega sjálfur.

Alveg er ljóst samkvæmt þessu að Kvennalistinn getur ekki verið andsnúinn einhvers konar veiðigjaldi. Þingmaðurinn skrifaði hins vegar undir nefndarálit gegn veiðigjaldi án nokkurs fyrirvara og í rauninni er þetta bara enn eitt dæmi um það hvernig Kvennalistinn er farinn að standa algjörlega þétt upp að stjórnarandstöðunni bara til þess að vera á móti stjórninni. Ég sakna þeirra tíma þegar Kvennalistinn tók sjálfstæða afstöðu, afstöðu út frá eigin stefnu, út frá eigin skoðunum en ekki eins og í þessu máli þar sem fulltrúi Kvennalistans í sjútvn. virðist algjörlega hafa látið karlremburnar kúga sig.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður sanna eins og aðrar umræður, sem hafa farið fram um þessi mál, að svo sannarlega er ástæða til þess að vanda sig við það að setja af stað endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Í þeirri umræðu sem hefur farið fram núna kemur fram fortíðarhyggja þar sem menn eru að draga upp ummæli ýmissa forustumanna flokkanna, eins og Ólafs Ragnars Grímssonar, þar sem hann hefur sett fram sínar skoðanir. Þó að þær fari ekki saman við skoðanir annarra í flokknum þá held ég að það eigi ekki að þurfa að vera tilefni til sérstakrar fordæmingar vegna þess að í öllum flokkum er hægt að segja að verulegur ágreiningur hafi verið um sjávarútvegsstefnuna. Þess vegna teljum við það mikinn ábyrgðarhluta af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að fara þannig að í sambandi við að hrinda af stað endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni að leggja inn í umræðuna slíkt frv. sem þetta sem virkilega vísar inn í framtíðina með ákveðnum hætti og er stefnumarkandi ef þannig færi að ekki næðist samkomulag um breytingu á núv. sjávarútvegsstefnu. Um það er ekki hægt að þræta. Í frv. eru ákvæði sem benda til þess að menn hafi haft það bak við eyrað þegar þeir voru að semja þetta lagafrv. að það ætti að vera ein trappan í þeim stiga sem lægi að veiðileyfasölunni. Kannski er rétt að endurtaka það sem bent hefur verið á áður: Ef veiðileyfin verða seld með þessum hætti eins og sagt er í frv. má í framtíðinni búast við að menn feti sig enn lengra á þeirri braut.

Það er líka annað sem gerist með þessu frv. Í fyrsta skipti verður nú farið að skerða þá úthlutun sem almennt er á veiðiheimildum í þeim tilgangi að selja. Þær veiðiheimildir sem Hagræðingarsjóður hefur haft samkvæmt lögum að undanförnu hafa menn reiknað út með því að leggja saman þá skerðingu sem orðið hefur á veiðum skipa sem hafa siglt með aflann eða sent hann til sölu á erlendum mörkuðum. Það sem gerist núna er virkileg breyting. Ákveðin heildarsumma skal blífa. Það er sama hvað hefur verið flutt út. Það þýðir að skert verður til viðbótar það sem vantar upp á 12 þús. tonn og svo verður mönnum boðið upp á að kaupa það. Það er ný skerðing á úthlutun veiðiheimilda og bendir allt eindregið í þá átt að menn séu að feta sig inn á braut veiðileyfasölu.

Hv. 17. þm. Reykv. sagði líka áðan að hann hefði snúið Sjálfstfl. niður í málinu. (**ÖS:** Nei.) Jú, þú sagðir það. (**ÖS:** Nei, að menn segðu það.) Að menn segðu það, ég greip fram í fyrir þingmanninum og spurði hvað hann teldi og þá tók hann undir þetta þannig að ekki ætti nú að vefjast fyrir mönnum hvað hann átti við. Og formaður hans flokks, en þingmaðurinn tekur mikið mark á flokksformönnum, sagði í viðtali við Alþýðublaðið á gamlársdag að þetta væri vísbending um að Alþfl. væri að vinna slaginn um veiðileyfasöluna. Ýmsar vísbendingar eru því um að þeir sem hafa þessa skoðun telji þetta fyrsta skrefið og líti svo á að þeir séu að vinna áfangasigur í sínu máli.

Ég ætla enn að leggja áherslu á að ég tel að þarna hafi verið illa af stað farið og málið hafi verið sett í upplausn með þessum aðferðum ríkisstjórnarinnar. Ég er hræddur um að það eigi eftir að koma mönnum í koll og erfiðara verði að ræða saman um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Ég tel að við þurfum á allt öðru að halda en því að skipta málinu á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í sambandi við þá endurskoðun. Við hefðum þurft á því að halda að þessi endurskoðun hefði verið sett af stað sem eins konar verkefni stjórnar og stjórnarandstöðu þar sem allir hefðu lagst á eitt um að vera sammála um a.m.k. þann farveg sem menn settu endurskoðunina í þó að þeir hefðu mismunandi skoðanir á því hvað út úr henni ætti að koma. Ég er því miður mjög svartsýnn á að eitthvert samkomulag geti komið út úr þeim farvegi sem málið er komið í núna og ég er hræddur um að það þurfi að brjóta það upp á einhverju augnabliki ef það á ekki að gerast sem ég hef margsagt hér að kvótakerfinu verði ekki breytt, en það fái að trénast yfir í veiðileyfagjald með þeim hætti sem hér er gefin vísbending um. Og þá erum við að fara, eins og ég hef áður sagt, inn í versta kerfi sem við getum tekið upp við stjórn fiskveiða, þ.e. sölu veiðileyfa sem mun gjörsamlega verða til þess að menn missa alla stjórn á því hvernig atvinnan í landinu dreifist vegna fiskveiðanna.

Sjútvrh. svaraði því áðan og sagði að það ætti að bjóða allar aflaheimildirnar til sölu, til þeirra sem hefðu aflaheimildir fyrir, þ.e. allar þær heimildir sem

sveitarfélögum yrðu ekki boðnar. Þá spyr ég: Hvers vegna er orðalag ekki ákveðnara í frv.? Hvers vegna er orðalagið í frv. þannig að sjútvrh. er raunverulega heimilt að ákveða að hafa þetta lægra? Felst ekki líka vísbending í því um að menn séu að mynda möguleika á að skilja á milli aflaheimildanna og skipanna sem er eitt aðalbaráttumál þeirra sem hafa þær skoðanir að það eigi að koma á veiðileyfasölu? Með þessum hætti er hægt að skilja á milli veiðileyfa og skipa. Satt að segja vona ég að það sé ekki meiningin með þessu.

Mér fannst athyglisvert að hv. 17. þm. Reykv. skyldi ekki treysta sér til þess að útskýra fyrir okkur hvernig hann fer að því að samþykkja í frv. það að bjóða eigi aflaheimildirnar til sölu til vinnslu í viðkomandi byggðarlögum því það getur náttúrlega alls ekki farið saman við þær hugmyndir Alþfl., sem hafa verið settar fram með mjög ákveðnum hætti og miklu brambolti í fjölmiðlum, að Alþfl. vildi koma því kerfi á að fiskur verði seldur sem allra mest og helst alls staðar á mörkuðum. Í frv. er samt sagt skýrum orðum: Það verður að selja þetta beint til vinnslu. Þetta verður vandamál í þeim sveitarfélögum sem markaður er fyrir hendi vegna þess að þá verður að semja einhvern veginn fram hjá markaðnum um hvernig eigi að fara með þann afla sem skipin koma með að landi og hafa veitt samkvæmt þeim ákvæðum sem talað er um að beita. Mér finnst undarlegt að hv. 17. þm. Reykv. skyldi ekki geta útskýrt fyrir okkur hvernig þetta fari saman við stefnu hans og flokksins í fisksölumálum vegna þess að yfirleitt getur það nú staðið upp úr honum sem hann hefur áhuga á að tala um. (Gripið fram í.) Já, það er sannarlega ástæða til þess að ræða þessi mál meira en við höfum reiknað með að gera í kvöld. Alla vega hafa forsetar þingsins ekki reiknað með að þessi umræða stæði mjög lengi. En það kann vel að vera að menn geti lifað matarlitlir fram eftir nóttu og ef menn fá áhuga á umræðu þeirri sem fer í gang láta þeir sig hafa það að hafa ekki borðað of mikið og verða kannski skrafhreifnari eftir en áður.

Mig langar til þess að fara aðeins nánar út í það atriði sem ég nefndi fyrr og er um þá skerðingu sem orðið hefur að undanförnu á þeim afla sem hefur verið fluttur úr landi. Hann hefur minnkað og þar af leiðandi er Hagræðingarsjóðurinn minni en hann var áður. Þetta þýðir, eins og ég sagði áðan, að mun minna kemur inn með þessum hætti og mun meira verður þá skert. Við höfum ekki fengið neinar tölur en ég hef heyrt menn giska á að það gæti verið komið niður í 7–8 þús. tonn sem Hagræðingarsjóðurinn hefði með óbreyttum reglum, en samkvæmt frv. verði úthlutað 12 þús. tonnum. Þennan mismun verður þá að skerða aðra aðila um og það er bara svolítið! Það eru um 4–5 þús. tonn. Og svo á að bjóða þeim að kaupa hann. Þeir sem standa áfram í útflutningi á ferskum fiski og hafa undanfarið fengið þessa skerðingu á sig standa þá frammi fyrir nýjum staðreyndum. Núna fá þeir að kaupa aftur aflaheimildir á móti því sem þeir hafa verið skertir áður. Það er kannski svolítill plús fyrir þá.

Nei, hér er margt sem menn hefðu þurft að skoða betur. Að mati þeirra sem flutt hafa frv. hefur aðalástæðan verið sögð sú að efla ætti hafrannsóknir og að þetta væri bara breyting en ekki nýjar álögur á sjávarútveginn. Við höfum mótmælt þessu og ég tel að það hafi verið alveg sannað í umræðunum og ekki þurfi að hjakka á því meira. Það hefur alveg skilað sér í umræðunum. Auðvitað eru þetta nýjar álögur á sjávarútveginn ofan á allar aðrar álögur og ofan á það ástand sem sjávarútvegurinn á við að glíma núna. Sannarlega hefði verið ástæða til þess að gera kröfur til sjávarútvegsins á öðrum tíma en í dag þegar hann er rekinn með lélegri útkomu ofan á alla þá slæmu skuldastöðu sem er hjá sjávarútvegsfyrirtækjum allt í kringum landið.

Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um þetta mál. Til viðbótar langar mig að nefna það aftur og lýsa yfir óánægju minni með málsmeðferðina og það hvernig staðið var að þessu máli. Ég hef ekki langa reynslu en ég ætla að vona að það sé einsdæmi að ekki skuli hafa verið hægt að vinna skipulegar og betur að þessu máli. Að þetta skuli hafa verið rifið út úr nefndinni með þeim hætti sem gert var fyrir jólin og að ekki skuli hafa mátt fá mál til skoðunar sem var síðast til umræðu í nefndinni, þ.e. endurskoðunarákvæðin, fá skoðun á því hvers virði slík endurskoðunarákvæði væru sem virt væru að vettugi, áttu reyndar að detta út úr frv. en sjútvrh. hefur nú mannað sig upp í að endurflytja þau, og gefið í skyn að það hafi eiginlega verið óvart sem þetta datt út. Ég spyr nú bara: Er það virkilega svo að ákvæði detti bara óvart út þegar menn eru að skrifa upp á nýtt? (Gripið fram í.) Bara grín? Og hv. 17. þm. Reykv. minnir mig þar með á það sem hann var að tala um áðan að ég hefði sagt að sjávarútvegsstefna Alþb. væri grín.

Það kann vel að vera að ég sé einn af þeim sem ekki gæta allt of vel að orðum sínum. (Gripið fram í.) En ég ætla bara að segja að ég held að menn ættu að spara sér að ræða mikið meira um það hvað menn hafa sagt um sjávarútvegsmálin því að ég er sannfærður um að það finnst enginn flokkur þar sem ekki hefur verið hver höndin upp á móti annarri í þessum málum. Segja má að vegna stöðu fyrrv. sjútvrh. í gegnum tíðina og í gegnum allt þetta kvótamál, hafi honum kannski tekist að fylkja Framsfl. að mestu leyti á bak við sig og að sá flokkur hafi kannski staðið nokkurn veginn heils hugar að því. Ég efast ekkert um það. En aðrir flokkar hafa meira og minna verið í brotum og það eigum við bara að viðurkenna. Á þeim grundvelli hefðum við átt að geta sameinast um að reyna að finna sameiginlegan farveg fyrir þessa endurskoðun og ríkisstjórnarflokkarnir hefðu ekki átt að þjóta fram með þeim hætti sem þeir hafa gert, að setja þetta í þessa tvíhöfða nefnd. Í stað þess hefðu þeir átt að semja um farveginn við okkur í stjórnarandstöðunni og reyna að snúa sér að málinu með þeim hætti að menn væru a.m.k. sæmilega sáttir um aðferðina.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim hér í þingsölum sem telja hv. þm. Jóhann Ársælsson einna vand-

aðastan manna í orðavali og að hann hugsi yfirleitt alltaf áður en hann talar. Hann er að því leyti til ólíkur mörgum öðrum þingmönnum. Ég er því sannfærður um að hann var búinn að hugsa málið til enda og brjóta það til mergjar þegar hann lét út úr sér þann dóm yfir sjávarútvegsstefnu Alþb. að þar væri á ferðinni grín.

Mér þykir merkilegt, virðulegi forseti, að stjórnarandstaðan hefur hnýtt mjög í ákvæði í frv. að Hagræðingarsjóði þar sem rætt er um að fjórðungur veiðiheimildanna skuli fara til byggðarlaga í vanda. Eigi að síður eru sumir á því, t.d. hv. þm. Jóhann Ársælsson, að þarna sé ýmislegt ekki nógu vel unnið. Hann bendir réttilega á að talað er um að þessum fjórðungi veiðiheimilda verði veitt til byggðarlaga í nauðum gegn því að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Síðan spyr sami þingmaður: Þýðir það að banna eigi að sá afli sem berst til byggðarlagsins fari yfir markað? Ég get bara svarað eins og hæstv. sjútvrh. svaraði áðan. Auðvitað er alveg ljóst að tryggja verður að afla sem er beint til byggðarlaga í erfiðleikum með þessum hætti, verði komið í vinnslu til þess að skapa atvinnu og verðmæti virðisauka í viðkomandi byggðarlagi. Og ég vil ganga skrefi framar en mér fannst hæstv. sjútvrh. gera og segja: Ef það þýðir að með einhverjum hætti þurfi að eyrnamerkja viðkomandi afla fram hjá fiskmörkuðum, verður svo að vera. Að öðru leyti get ég lýst því yfir að ég og Þorsteinn Pálsson, Sjálfstfl. og Alþfl., tala einni röddu í þessu máli. Það er alveg ljóst.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta segir okkur bara eitt og það er að ekki er hægt að koma til móts við byggðarlög sem lenda í erfiðleikum ef fiskmarkaðir eru á staðnum. (Gripið fram í.) Mig langar þá að fá betri útskýringar á því með hvaða hætti menn ætla að standa að því. Vegna þess að sú útgerð sem fær þetta í hendurnar þarf að fá markaðsverð fyrir fiskinn. Hún kaupir hann á markaðsverði og hún kaupir aflaheimildirnar á gangverði og hún hlýtur því að þurfa a.m.k. sama arð og aðrar útgerðir sem eru á sama tíma að selja á markað. Og mig langar virkilega að vita hvernig menn ætla sér að standa að þessu í reynd, hvernig þeir ætla að útfæra þær aðferðir við að selja aflann eða koma honum til vinnslu fram hjá markaði sem fyrir hendi er.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Allra fyrst vil ég nefna þessar nýju aðferðir við að gefa mönnum orðið um þingsköp eins og hér hefur verið sagt um áratuga skeið á þinginu. Nú heitir það að menn séu að kveðja sér hljóðs um gæslu þingskapa og nú síðast um framkvæmd þingskapa. Ég er að biðja um orðið um þingsköp eins og gert hefur verið um áratuga skeið á Alþingi.

Ég ætla að spyrja hæstv. forseta í fyrsta lagi að því hvað hann og forsetadeildin hugsa sér um fundahaldið hér í kvöld. Dagskrá þingsins er að verða með nokkuð skrautlegum hætti dag eftir dag. T.d. virðist vera komin á einhver regla að byrja fundi kl. 10 eða 11 á morgnana og færast þeir fram um hálftíma á dag að því er virðist. Ég veit ekki hvernig þetta endar. Er ætlunin að halda þinghaldinu svona áfram? Svo gerast þau tíðindi að haldið er áfram fundi allan kvöldmatartímann. Ég hef setið á þingi hátt í níu ár og svo lengi sem ég man hefur kvöldmatartíminn nánast aldrei verið lagður undir samfelld fundahöld. Ef ekki hefur tekist að ljúka fundi um hálfáttaleytið er nánast án undantekninga gert hlé. Hér er því verið að brjóta í blað og ég hlýt að spyrja hæstv. forseta á þessu stigi málsins hvað sé áformað að gera vegna þess að aðstæður í umræðunni hafa gerbreyst.

Hv. 17. þm. Reykv. hefur heldur betur hellt bensíni á bál umræðnanna með stórfelldum árásum á talsmenn annarra flokka og hefur þar uppi háttu hæstv. heilbrrh. sem ég mun ekki hafa talað alveg nógu virðulega um að mati þingflokksformanns Alþfl. Hæstv. heilbrrh. er svo einstaklega virðuleg persóna að það þarf að vanda sig alveg sérstaklega að vera nægilega hátignarlegur í orðavali þegar maður ræðir við hann. Sem sagt, ég lét ekki alveg nógu virðuleg ummæli falla um hæstv. heilbrrh. En hann er greinilega fordæmi formanns þingflokks Alþfl. í þessum efnum því að formaður þingflokks Alþfl. gerði nokkurn veginn nákvæmlega það sama og heilbrrh. fyrr í dag, grjóthélt ... — nú verð ég að vanda mig — sagði ekki eitt einasta orð í umræðunni fyrr en heilbrrh. í atkvæðagreiðslum að umræðum loknum en formaður þingflokks Alþfl. í lok þess sem menn héldu að væri 3. umr. um Hagræðingarsjóðinn. Þá allt í einu fellur sprengjan. Kemur ekki upp hv. 17. þm. Reykv. veifar gömlum viðtölum og ummælum héðan og þaðan sem einhverjir talsmenn flokkanna fyrr á öldinni hafa látið falla, rýkur í að tala fyrir hönd Kvennalistans sem að vísu er alveg ljóst að hv. 17. þm. Reykv. hefur mjög mikinn áhuga á. Það hefur komið fram áður í umræðum að hann talar mjög mikið fyrir stefnu Kvennalistans og vill gæta hagsmuna hans. Sú saga hefur flogið um bæinn — a.m.k. í „Ekki-fréttum“ — að þetta sé næsti flokkur sem hv. 17. þm. Reykv. hyggi á inngöngu í og með aðstoð læknis ef ekki vill betur til og ber þar allt að sama brunni, þessum mikla áhuga hv. þm. á stefnu Kvennalistans. En það er eiginlega deild sem er meira innbyrðis í viðskiptum milli þessa ágæta fyrrv. flokksbróður míns sem mér fannst satt best að segja kostulegt að heyra saka aðra um hentistefnu áðan.

Herra forseti. Aðalatriðið er að ég tel að ekki sé hægt að halda fundahaldi svo áfram þegar ljóst er að miklar umræður geta orðið um málið vegna ummæla 17. þm. Reykv. Ég er t.d. á mælendaskrá — a.m.k. bað ég um orðið — og gæti þurft að fara í þó nokkru máli yfir það sem hv. 17. þm. Reykv. lagði til umræðunnar. Þannig stendur á að í kvöld er fram undan sjónvarpsþáttur þar sem verða umræður í sjónvarpi um eitt af málum þingsins. Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt er það í raun og veru hluti af nokkurs konar samkomulagi um framkvæmd mála — ef svo má að orði komast og þó tæplega — að sendur verði út lengdur þingsjárþáttur síðar í kvöld í sjónvarpinu og þar verð ég meðal þátttakenda. Ég hlýt því að spyrja

m.a. af þessu tilefni þó ekki kæmi annað til eins og svelti manna hvað hæstv. forsetar hugsa sér í þessum efnum og fara fram á einhver svör fljótlega því að ég get ekki verið hér miklu lengur vegna þess að nokkurn aðdraganda þarf að slíkum þætti og m.a. þurfa menn að vera mættir með góðum fyrirvara til þátttökunnar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill ítreka það sem fyrr var sagt að það var gert ráð fyrir því að umræðunni lyki og ekki væri gert hlé. Einungis tveir eru á mælendaskrá þannig að forseti hafði vonast til þess að hægt væri að ljúka umræðunni og e.t.v. hægt að semja um það að hv. 4. þm. Norðurl. e. komist svo snemma á mælendaskrá að ekki raski þeim áformum sem hann hefur uppi um þátttöku í sjónvarpsþætti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í annað sinn á örstuttum tíma sé ég það gerast hér að þegar svo virðist sem umræða sé að renna á enda — raunar um Hagræðingarsjóð í báðum tilvikum — og talað er um að e.t.v. megi sjá í gegnum fingur sér með um hálftíma af kvöldmatarhléi, þá er það einhver úr stjórnarliðinu sem kastar olíu á eld og magnar upp umræðuna og verður það til þess að ekki verður hægt að ljúka umræðunni á tilætluðum tíma. — Ég man ekki betur en í báðum tilvikum hafi verið um að ræða sama mann, hv. 17. þm. Reykv. — Menn hafa verið mjög umburðarlyndir og hafa séð til þess að það sé allt í lagi að halda áfram til hálfátta, jafnvel átta, jafnvel hálfníu. Seinast var haldið áfram fram til 10.30 og höfðu allir lagst á eitt nema e.t.v. einhverjir stjórnarþingmenn við að reyna að stytta mál sitt þrátt fyrir að ærið tilefni væri til þess að gera svo ekki. Ég er ein þeirra sem stytti mjög mál mitt við 2. umr. vegna þess að mér var farið að hrjósa hugur við því að halda fólki við umræðurnar og ég gerði þetta þrátt fyrir það að ég ætti margt eftir ósagt. Ég stillti mig mjög um að lengja ekki umræðuna um Hagræðingarsjóð þar sem ég taldi mig þrátt fyrir allt hafa gert nokkra grein fyrir stefnu Kvennalistans en svo sannarlega verður það sama ekki sagt um aðra að þeir taki tillit til þess að verið sé að reyna að ljúka umræðunni. Ég tel algerlega útilokað að umræðunni verði lokið í kvöld þó að ég teldi mjög líklegt um sjöleytið að svo yrði. En hér urðu þau tíðindi sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti svo ljómandi vel áðan að hér kom upp ræðumaður sem hleypti umræðunni í uppnám eins og virðist vera flokkslína þeirra krata í lengd og bráð. Ég sé ekki fram á að umræðunni muni ljúka í kvöld og ég tel fulla ástæðu til þess að horfast í augu við staðreyndir. Það væri öllum fyrir bestu að við færum skynsamlega að og lykjum umræðunni. Hún er orðin alllöng og ég er sannfærð um að það væri heilladrýgst.

Ég vil líka taka fram að fleiri hafa gert athugasemdir við að haldið var áfram í kvöldmatarhléi. Ég er ein þeirra sem vissi ekki að það stæði til. Ég vissi hins vegar að til stóð að ræða Hagræðingarsjóð og menn töldu sig sjá fyrir endann á þeirri umræðu en það held ég að sé ekki nú. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur stjórnarliða í þeim efnum. Ég veit að það eru fleiri sem hafa hugsað sér að tala í kvöld en þeir sem eru á mælendaskrá svo að ég beini þeirri áskorun til forseta að láta skynsemina ráða og fara ekki verr með þingmenn en orðið er.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hafði skilið það svo, eins og bæði forseti sjálfur og þeir ræðumenn sem hafa tekið til máls, að ætlunin væri að ljúka umræðunni í kvöld. Ég geri ráð fyrir því að flestir hafi reiknað með að það þyrfti ekki að taka langan tíma og því hafi ekki verið talin ástæða til þess að gefa sérstakt kvöldmatarhlé.

Það má með nokkrum sanni segja að umræðan hafi orðið líflegri en ýmsir reiknuðu með þegar þessar ráðagerðir voru uppi. Það þarf ekki að koma á óvart. Við vitum það öll að um er að ræða mál sem staðið hefur mikill ágreiningur um og þegar menn grípa til andsvara á báða bóga er ekki óeðlilegt að það leiði til nokkurrar umræðu.

Þó verður ekki sagt að stofnað hafi verið til langra ræðuhalda eða nokkur hv. þm. hafi gefið tilefni þess að ætla að menn væru að reyna að draga umræður á langinn. En í ljósi þess að um þetta mál hafa orðið miklar umræður, að öll efnisatriði í ágreiningi milli flokka eru ljós og í raun og veru hefur okkur öllum tekist að koma sjónarmiðum okkar fram, þá vil ég mælast til þess að menn finni leiðir til að ljúka umræðunni í kvöld þó að ég geri mér fulla grein fyrir því að allir þeir sem hlut eiga að máli gætu haldið sjónarmiðum sínum málefnalega til haga með ítarlegri málflutningi en orðið hefur. Ég fer þess vinsamlega á leit að við getum á þennan veg staðið við ráðagerðir okkar. E.t.v. væri hyggilegt, herra forseti, að gera nokkurra mínútna hlé á fundinum til þess að ræða það á milli manna með óformlegri hætti en hér á þingfundinum hvernig mætti standa að lokum umræðunnar þannig að allir geti verið sáttir við þau málalok.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og fleiri taka undir að mér finnst að nú sé mál að umræðunni linni í kvöld. Þessi dagur hefur verið á margan hátt býsna kostulegur og ekki verður við stjórnarandstöðuna að sakast í því. Við mættum til leiks kl. 10 í morgun. Síðan hefur fundinum verið haldið áfram í dag. Að vísu þurfti að fresta þingfundum lengi dags vegna þess að stjórnarflokkarnir voru ekki búnir að koma sér saman um atkvæðagreiðslu í málum og þurfti þess vegna að fresta fundi í langa stund. En það er hart að láta okkur þingmenn stjórnarandstöðunnar gjalda þess ósamkomulags stjórnarflokkanna. Einnig er meiningin að byrja fundi kl. 10 í fyrramálið þannig að mér finnst pressan vera orðin æðimikil.

Ég sé ekki fara mikið fyrir þingmönnum Sjálfstfl. í þinghúsinu. Kannski eru ástæður fyrir því en ég held að ekki væri óeðlilegt að reynt yrði að hafa samband við þingmenn Sjálfstfl. og þeir vissu af því hvað væri

á dagskrá. Ég vil ekki trúa öðru en einhverjir þeirra vilji koma nokkrum vörnum við og reyna að hjálpa okkur sem erum að reyna að verja þessa atvinnugrein, sjávarútveginn, gegn því að á hana verði lagður sá margumræddi auðlindaskattur. Ég trúi því a.m.k. ekki að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem ég hef aðeins séð í hillingum, muni ekki standa með stjórnarandstöðunni í þessum leik.

Auðvitað hafa orðið tilefni til líflegri umræðna vegna ræðu hv. þm. og formanns þingflokks Alþfl. Hann hefur stofnað til þess að hér þarf margt að segja. Hann hefur vikið að mönnum sem eru fjarstaddir og væri ekki óeðlilegt að þeir óskuðu eftir því að fá að koma hér og segja nokkur orð.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. sjútvrh. vil ég taka skýrt fram að búið var að greina þetta mál og taka fyrir í mjög ítarlegri umræðu og ég deildi þeirri skoðun hans að ég hélt að málið væri á lokaspretti. Síðan gerist það að dregin eru hér inn — að vísu með ekki mjög málefnalegum hætti — æðimörg ný mál sem þarf að svara og það greinilega í ítarlegra máli en andsvör gefa kost á. En það er greinilegt að hér var hleypt í gang nýjum umræðum sem varða í rauninni heildarsjávarútvegsstefnu allmargra flokka á þinginu. Þetta er það sem gerist í millitíð frá því augnabliki að allar umræður voru á lokaspretti og búið að segja flest það sem segja þurfti, menn missáttir við niðurstöðuna en engu að síður var málið langt komið. Við þurfum því miður að fara að ræða órökstuddar árásir, túlkanir og sérkennilegar skoðanir ákveðinna þingmanna og þetta er auðvitað alveg nýtt. Frómt frá sagt hef ég þess vegna ekki trú á því að fundurinn núna í kvöld muni verða stuttur ef honum verður haldið áfram. Mér þykir líka mjög ósanngjarnt gagnvart okkur þingmönnum ef við eigum að halda hér áfram, við eigum að vera hér í umræðu meðan mjög eldfimur þáttur er í sjónvarpi því að ekki er nóg með að ekki sé tekið tillit til þeirra sem eru að fara í þennan þátt heldur er algerlega hunsað hvað menn kynnu að vilja horfa á. Nú vill t.d. þannig til að ég get ekki tryggt að ég geti horft á einhverja videoupptöku í nótt af þættinum og ég hef mikinn áhuga á því að horfa á þáttinn, fylgjast með gangi mála fyrir atkvæðagreiðslu í fyrramálið. Mér þykir þetta svoleiðis út í hött að ég höfða nú enn og aftur til sanngirni, skynsemi og jafnvel mannúðar forseta þingsins. Þeir hafa oft sýnt skynsemi, þeir hafa oft sýnt ráðsnilld við erfiðar aðstæður en því miður er ekki komið að því hér í kvöld enn.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Til forseta hefur verið beint þeirri ósk að gert verði hlé á fundinum. Ég tel nauðsynlegt að reyna að komast að niðurstöðu um framhaldið og hef því ákveðið að gefa 10 mínútna hlé ef tök væru á því að ná niðurstöðu um framhald fundarins en eins og forseti hefur greint frá áður var gert ráð fyrir því að ljúka þessu máli. — [Fundarhlé.]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ætli það sé ekki óhjákvæmilegt í þágu umræðunnar að fá í salinn, hæstv. sjútvrh. og hv. 17. þm. Reykv. Þeir munu vera niðri að horfa á sjónvarpið ef hægt væri að aðvara þá um að umræðan sé hafin. (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að kalla hæstv. sjútvrh. og hv. 17. þm. Reykv. í salinn.) Þeir hafa lítillega blandast inn í umræðurnar á síðari stigum, hæstv. forseti. — Enn vantar okkur hinn brosmilda þingflokksformann Alþfl., herra forseti, til að unnt sé að hafa þetta alveg fullkomið og ræða sjávarútvegsmálin að öllum helstu stórmennum á viðkomandi sviði viðstöddum. En það er ljóst að hv. 17. þm. Reykv. gerir sig nú mjög gildandi í umræðum um sjávarútvegsmál innan Alþfl. Honum er tamt að taka svo til orða að menn séu ungir og á uppleið, hefur m.a. heiðrað þann sem hér stendur með síkum ummælum og það er þá best að ég endurgjaldi greiðann og leyfi mér að halda það að þetta viti á eitthvað hvernig hv. 17. þm. Reykv. gengur fram á málasviðið varðandi sjávarútveginn með nokkrum tilþrifum svo að ekki sé nú meira sagt. Að vísu fannst mér hann svona heldur slappur í ræðu sinni þegar hann var aðallega að tala fyrir Kvennalistann og svolítið brugðið. (Gripið fram í.) Já, það vantaði eitthvað á til að það væri alveg ekta hljómur í öllu sem hann sagði þegar hann var að tala um stefnu Kvennalistans og sennilega skýrist það af því að hv. þm. hefur alla vega ekki enn þá fengið inngöngu í samtökin og mun vera einhvers konar regla um að menn þurfi að vera kvenkyns til að sitja á þingi fyrir þann lista og sennilega er það þar sem strandar á enn sem komið er því að ekki mun stranda lengi á hugsjónunum ef hv. 17. þm. Reykv. metur veg sinn vænlegri innan Kvennalistans en þar sem hann hefur viðdvöl nú. Það þekkjum við af reynslunni að það þvælist þá ekki fyrir hv. 17. þm. þó hann þurfi lítið eitt að skipta um kubba í „instrúmentinu". Það er nú það. Og er það nokkuð sérkennilegt að heyra hv. þm. væna, eins og ég sagði hér áðan, talsmenn annarra flokka um mikla hentistefnu. Satt best að segja hefur sú málsvörn hv. 17. þm. Reykv., sem nokkuð hefur borið á hér í umræðum á þingi, verið mér svolítið umhugsunarefni af því að ég er svona í og með að fylgjast með því hvernig þessi nýi þingmaður spjarar sig hér í umræðum.

Það hefur borið dálítið á því að hv. þm. byggi málsvörn sína á því að hjóla allt í einu svona næstum óforvarandis í einhverja andstæðinga sína og meira og minna gera þeim upp sakir og væna þá um hentistefnu og hringsnúninga varðandi stjórnmál eða stjórnmálaskoðanir. Það vakti t.d. mikla athygli mína að hv. 17. þm. Reykv. skyldi ráðast með þeim hætti sem hann gerði að hv. 1. þm. Austurl. og af öllum hlutum væna hann um hentistefnu og hringsnúning varðandi þetta mál sem hér er til umræðu m.a. Þar réðist hv. 17. þm. Reykv. svo sannarlega ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Það skal að vísu viðurkennt og lofað því að fátt er hv. 1. þm. Austurl. jafnþekktur fyrir eins og einmitt það að skipta ekki um skoðun og helst aldrei og það var næstum því orðin þjóðtrú að hann gæti það

ekki og mundi aldrei gera það, aldrei haggast í þeim efnum. En málsvörn hv. 17. þm. Reykv. var sú sama. Hann reyndi ekki að tala fyrir stefnu Alþfl. Hann ræddi ekki mismunandi sjónarmið sem uppi væru í þeim efnum eða mismunandi ummæli sem fallið hefðu um málið á undanförnum árum af hálfu alþýðuflokksmanna eða t.d. samstarfsflokksins, Sjálfstfl. Nei, hann byggði málsvörn sína í þessu máli upp á því að hv. 1. þm. Austurl. hefði skipt um skoðun. Það voru aðalrökin, aðalvörnin, aðalréttlætingin. Það sama hefur í raun og veru gerst í dag í tveimur tilvikum. Undir lok umræðunnar kemur hv. 17. þm. Reykv. upp og byggir málsvörn sína, hreinsar samvisku sína í þessum efnum að því er manni skilst með því annars vegar að segja að það sé ágreiningur í Alþb. um sjávarútvegsmál og formaður og varaformaður þess flokks séu ekki sammála og vitnar í þeim efnum í ýmis gömul viðtöl og hins vegar byggir hann vörn sína á því að talsmaður Kvennalistans við umræðurnar og áheyrnarfulltrúi í sjútvn. sé að svíkja stefnu Kvennalistans og talar með stórum orðum um hentistefnu og fleira þar fram eftir götunum.

Fyrir utan þessar ásakanir, sem eru svona á sínum stað og menn mundu undir öðrum kringumstæðum ekki kippa sér mikið upp við og ég geri satt best að segja ekki yfirleitt, það er allt á sínum stað, þá er þessi sérkennilega varnartækni hæstv. ríkisstjórnar og hv. 17. þm. Reykv. nokkurt umhugsunarefni. Og ég ætla að leyfa mér að gefa þeim ágæta þm. hv. 17. þm. Reykv. þau ráð að mín að varast það að lenda of langt út á þessa braut, að byggja nú upp stólpana undir sjálfum sér í íslenskum stjórnmálum á þessari vörn, að það skipti í sjálfu sér ekki máli hvaða skoðun maður sjálfur hafi eða manns eigin flokkur ef maður geti komið einhvers staðar skotum á andstæðingana, borið þá einhverjum sökum sem e.t.v. getur reynst þvælingssamt fyrir þá að bera af sér, þá sé þetta allt í lagi.

Þessi pólitík er vel þekkt og hún er praktíseruð og sums staðar með miklum árangri að því er séð verður svona á yfirborðinu, t.d. vestur í Bandaríkjunum. Og það er mat stjórnmálafræðinga að síðustu þrennar forsetakosningar í Bandaríkjunum hafi einmitt unnist á þessari aðferð, þegja sem allra mest um eigin skoðanir, eigin afstöðu og eigin flokks en ráðast á andstæðingana, reyna að finna einhverjar þær ásakanir, ávirðingar, grafa upp eitthvert hneykslismál eða einhverjar vammir eða skammir af einhverju tagi sem erfitt geti reynst fyrir andstæðinginn að hreinsa sig af, þá sé björninn unninn. Og þó að hér séu kannski ekki alveg hliðstæður á ferð ... (**Gripið fram í:** Er nokkuð þess háttar til?) Jú, það getur hugsast, það er oft lengi hægt að finna eitthvað slíkt eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. veit best sjálfur. (Gripið fram í.) Og ætli það ekki. Það verður bara hver að byrja á því að leita í eigin garði ef eitthvað er týnt, hv. þm.

En ég ætla að vara þennan unga og upprennandi stjórnmálamann, þar sem er hv. 17. þm. Reykv., hann er reyndar einu eða tveimur árum eldri en ég en hvað um það, við því að leggja út á stjórnmálabrautina með þessum hætti alveg sérstaklega. (**ÖS:** Þakka þér fyrir landsföðurleg ráð.) Ég held að út af fyrir sig sé það nú eins og gengur. Auðvitað skjóta menn svona einhverjum skotum í og með og í bland við sitt mál á andstæðingana og allt er það nú á sínum stað. En þessi vörn eingöngu er ekki vænleg og mun ekki erfast mönnum lengi frekar en ýmislegt fleira ef það er stundað eingöngu.

Ég gerði athugasemdir, herra forseti, og ætla að koma því að meðan ég man að fundahaldið hér væri orðið nokkuð óvenjulegt og hefur nú síst dregið úr því. Ég tek það fram til þess að fyrirbyggja misskilning að ég var ekki að gagnrýna þau áform sem hæstv. forsetar höfðu í samráði við forustumenn þingflokka lagt um að reyna að ljúka þessari umræðu hér í kvöld og höfðu ástæðu til að ætla að það gæti gerst með þeim hætti að ekki þyrfti að funda hér með afbrigðilegum hætti, en nú hefur það gerst. Þannig hafa atvik þróast. Það var það sem ég vék að og gagnrýndi og það er ákaflega óvenjulegt að gefa alls ekkert kvöldmatarhlé. Það hét í máli gamalla manna í minni sveit að menn væru óétnir. Menn tóku stundum svo til orða að þeir væru óétnir ef þeir höfðu ekki komist til þess að snæða máltíð lengi. Og það var einu sinni ort í stað langafabróður míns vísa sem byrjar svona:

Er fólk var í sofum, þá fór ég í gang
og flakkaði óétinn lengi,

og var þarna raðað saman nokkrum máltækjum gamla mannsins. Við erum sem sagt óétnir hér, sem er fremur óvenjulegt, að halda áfram þessari umræðu og það leyfði ég mér m.a. að benda á.

En — að svo miklu leyti sem ég ætla út í orðaskak við hv. 17. þm. Reykv. umfram það sem ég var búinn að gera og aðallega spratt af tilefni sem hæstv. sjútvrh. gaf — að svo miklu leyti sem ég ætla út í þetta efnislega hvað snertir ásakanir hans eða tilraunir til þess að snúa út úr ummælum formanns Alþb. og reyna að dikta hér upp einhvern ágreining umfram eðlilega ólík sjónarmið þá vil ég segja þetta: Í fyrsta lagi er það rangt sem hv. 17. þm. Reykv. sagði og hafði ranglega eftir mér að ég hafi ekki gert greinarmun annars vegar á stefnu Alþb. með þeim hætti sem eðlilegt er að gera og hins vegar persónulegu viðtali sem tekið er við þennan formann. Það er staðreynd, hv. 17. þm. Reykv., að stjórnmálamenn viðra iðulega sín persónulegu viðhorf til mála og gera þá greinarmun á sjálfum sér sem slíkum og hins vegar sér verandi í því hlutverki að vera beinlínis að tala fyrir samþykktri stefnu sinna flokka. Ég t.d. geri þetta iðulega, þegar ég fer út fyrir og er til hliðar við það sem afgreitt hefur verið eða útkljáð í mínum flokki, að ræða viðhorf mín t.d. til byggðamála þar sem ég er í sumum tilvikum nokkur kantmaður í sjónarmiðum innan míns flokks og tel þess vegna eðlilegt og réttmætt að gera vissan greinarmun á því hvenær ég tala út frá hinni samþykktu og afgreiddu stefnu flokksins annars vegar og hvenær ég til viðbótar því og til hliðar við það viðra mín persónulegu viðhorf og sjónarmið sem geta verið nokkuð önnur eða tengst því með öðrum hætti. Þetta er altítt. Til að mynda tók hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, iðulega svo til orða þegar svo bar undir og

mikið lá við, ég man eftir því á kjörtímabilinu 1983–1987, að persónulega fyndist honum svo þetta eða hitt og var það oft handhægt í hans munni þegar hann þurfti að sigla fram hjá skerjum að bregða sér þá úr gervi forsætisráðherra yfir í persónuna Steingrím Hermannsson og tala fyrir hönd hennar. Þannig að þetta er mjög vel þekkt og auðvitað verður hv. 17. þm. Reykv. að viðurkenna að þetta er t.d. ekki mjög óvenjulegt í blaðaviðtölum. Það ættu þeir alþýðuflokksmenn að þekkja. Það hrýtur ýmislegt út úr formanni Alþfl. á laugardagskvöldum þegar blaðamenn taka við hann viðtöl eins og dæmin sanna og það er ekki allt stefna Alþfl. eða ég hef ekki skilið það svo. (**ÖS:** Það er rétt hjá þér.) Það var t.d. ekki samþykkt stefna Alþfl. að Karvel Pálmason hv. fyrrv. alþm. sé svo ómerkilegur að ekki sé hægt að tala við hann. Ég vona að svo sé ekki. (**Gripið fram í:** Síður en svo.) Nei, það hefur enginn haldið því fram, enginn andstæðinga Alþfl. hefur komið hér upp í ræðustólinn og reynt með slíkum hætti t.d. að gera Alþfl. sem slíkan ábyrgan fyrir persónulegum ummælum formannsins sem þarna hrutu í endemis frægu blaðaviðtali þannig að ekki er langt að sækja dæmin, hv. 17. þm. Reykv., um það að menn láti slík ummæli falla með ýmsum hætti.

Ég tel að ég hafi í minni fyrri ræðu sýnt fram á í hvaða almennum tengslum við gildandi stefnu Alþb. — sem landsfundur þess flokks, Alþb., sem ég tala hér fyrir og er varaformaður í, hefur samþykkt og ekki hefur verið numin úr gildi — þessi sjónarmið formannsins voru. Það er að vísu rétt að í einni miðstjórnarsamþykkt var með tilteknum hætti fjallað um þessar hugmyndir um leigugjöld en miðstjórnarsamþykktir taka ekki af samþykktir landsfundar eins og hv. 17. þm. Reykv. verður að átta sig á úr því að hann er að gerast hér sérstakur fræðimaður um stefnu annarra flokka. Hann þarf að vita hvernig stjórnkerfi þeirra er uppbyggt og hvaða samþykktir eru öðrum æðri og þá ber allt saman að sama brunni að hlutirnir eru hér í fullkomlega eðlilegu samhengi. Og það er alveg vonlaust að hv. 17. þm. Reykv. hafi neina sérstaka uppskeru út úr þessari leikfimi sinni, fyrir utan það að hann hefur auðvitað gott af því að fara í leikfimi af og til, að reyna að snúa út úr, túlka og dikta upp ummæli og stefnur annarra flokka til þess að reyna að leiða fram ímyndaðan ágreining sem ekki er fyrir hendi.

Staðreyndin er nefnilega sú að innan Alþb. eru og hafa verið mjög heilbrigð skoðanaskipti um þessi mál, opin umræða þar sem menn láta jafnvel ýmislegt flakka, gefa sjálfum sér ófeimnir stundum einkunnir eins og hv. 3. þm. Vesturl. gerði í ágætis andrúmslofti þegar verið var að ræða þessa hluti alveg tæpitungulaust á landsfundi Alþb. og var þar ekki farið í launkofa með hlutina. Og einhvern tíma hefði ég haldið að hv. 17. þm. Reykv., sem þóttist vera af einhverri lýðræðiskynslóð hér fyrr af öldinni og talsmaður opinnar umræðu og væri á móti svona haltu-kjafti-línum og svoleiðis hlutum, hefði ekki lötrað hér upp í ræðustólinn til að gagnrýna það alveg sérstaklega að fram færu hreinskiptin og heilbrigð skoðanaskipti í flokki sem væri „dínamískur" og lifandi og væri alveg óhræddur við að takast á við ólík sjónarmið sem að nokkru marki eru innan þess flokks, Alþb. Það er rétt að þau eru að sjálfsögðu uppi þar eins og víða annars staðar. Það er t.d. alveg þekkt, að hv. fyrrv. þm. Skúli Alexandersson annars vegar og hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hins vegar voru ekki alltaf nákvæmlega hjartanlega sammála um þessi mál á undanförnum kjörtímabilum frekar en er í mjög mörgum öðrum flokkum. Sem betur fer er það svo í Alþb. að það hefur farið fram, stendur yfir og mun fara fram hressileg umræða um þetta mikilvæga hagsmuna mál okkar Íslendinga, sjávarútvegsmálin og stefnuna í þeim efnum. Og það er síður en svo að hún sé drepin í dróma eða heft í viðjar þess að þar verði hver einasti kjaftur að tala nákvæmlega einum rómi og sömu röddu. Það jaðrar við að manni bæri að skilja hv. 17. þm. svo að það væri keppikeflið í þessum efnum innan flokkanna. Ja, sérkennileg ræða þótti mér það þá ef svo bar að skilja. Vona ég að svo sé ekki og hv. 17. þm. Reykv. sé með þessum tilkomumiklu höfuðhreyfingum hér úti í salnum að taka undir það, sem hlýtur að vera niðurstaða manna, að það sé fullkomlega eðlilegt að upp að vissu marki séu ólík sjónarmið innan flokkanna og viðhorf í þessum efnum, m.a. sem tengjast ólíkum hagsmunum byggðarlaganna, og mismunandi viðhorfum til þess með hvaða hætti besti samnefnari ólíkra hagsmuna, sem hér að sjálfsögðu vegast að nokkru leyti á, verður fundinn. Þeirri leið mun seint ljúka. Það er alveg borðleggjandi, held ég, að hún mun standa yfir svo lengi sem við sækjum sjó á Íslandi og erum að baksa við að reyna að vinna úr þessum verðmætum og dreifa þeim með einhverjum tilteknum hætti út um þjóðarbúið, menn munu seint verða sammála um að þeir hafi fundið hinn endanlega og fullkomna samnefnara ólíkra sjónarmiða, hin óskeikula og fullkomna málamiðlun sé í höfn. Ég held að hún sé býsna langt frá því, a.m.k. nú um stundir milli hæstv. stjórnarflokka.

Ég veit að hv. 17. þm. Reykv. er annt um Alþb., eins og iðulega kemur hér fram, og Kvennalistann og fleiri flokka. Eiginlega talar hann eins og hann hafi fyrst og fremst áhyggjur af öðrum flokkum en Alþfl., sennilega vegna þess að hann er svo nýkominn í hann að hann er ekki enn búinn að temja sér þann hugsunarhátt að honum komi sá flokkur eitthvað við, en það lærist sennilega hjá hv. þm. Ég ætla að fullvissa hann, til að hann geti farið rólegur í bólið ef hann fer eitthvað að sofa í nótt, að þetta er í góðu lagi í Alþb., þar á meðal í góðu lagi milli varaformanns og formanns þess flokks. Og áhyggjur hv. 17. þm. Reykv. um að svo sé ekki eru óþarfar. (**ÖS:** Það er nú gott.) Já, nú veit ég að hv. 17. þm. líður miklu betur og hefur hann stórlega róast af þessu tilefni.

Eins er það með hv. 5. þm. Austurl., sem hér blandaði sér lítillega inn í þetta mál áðan, ég held að ég geti, til að gera langt mál stutt, fullkomlega afþakkað aðstoð hans við að fara með þessi mál innan Alþb. nema hv. þm. vilji ganga í flokkinn og fara í þá vinnu með okkur sem við erum í m.a. þessa mánuðina að ræða og móta okkar framtíðaráherslur í ljósi breyttra aðstæðna

í íslenskum sjávarútvegsmálum. Og ef hv. þm. vill ganga í flokkinn og koma á ráðstefnu t.d., sem við ætlum að halda um sjávarútvegsmál núna síðar í vetur, þá er hann velkominn. En svona utanaðkomandi aðstoð, sett fram með þeim hætti sem hv. 5. þm. Austurl. hér bauð, held ég að gangi bara ekki, hv. þm. Ég held að það sé þannig og þá sé hægt að spara þér erfiðið, hv. þm., auk þess sem mér sýnist að hv. 5. þm. Austurl. hafi alveg nóg með sjálfan sig, t.d. að samræma núv. stöðu sína í íslenskum stjórnmálum málflutningi sínum fyrir síðustu alþingiskosningar. Eitthvað höfum við heyrt af því austan af fjörðum að hv. þm. hafi þar farið um býsna borubrattur og beðið fólk að kjósa sig í stórum stíl út á þetta og hitt sem hafi farið svona hinsegin eftir kosningar og sé ýmislegt dálítið í skötulíki af því sem hv. þm. ætlaði sér að standa fyrir svo sem eins og það að mynda vinstri stjórn eftir kosningar og svo sem eins og það að betrumbæta búvörusamninginn í þágu bænda alveg stórlega eftir kosningar og nokkur fleiri atriði sem hv. 5. þm. Austurl. lofaði þeim kjósendum sem í allt of miklum mæli glöptust til að kjósa hann þarna fyrir austan. Er það til marks um nokkra hnignun mála á Austurlandi að þessi hv. þm. skyldi fá svona mörg atkvæði. En það lagast örugglega næst eins og ljóst má vera.

Herra forseti. Hér munu gefast fjölmörg tækifæri til að ræða þessi mál og þar á meðal stefnu flokkanna, sem ég satt best að segja, hæstv. forseti, fagna mjög að verði hér á Alþingi. Það hlýtur að verða í framhaldi af þessari umræðulotu í kvöld frá því um kl. 8 að hv. 17. þm. Reykv. komst hér í ræðustólinn. Auðvitað mun fara hér fram miklu ítarlegri umræða um stöðuna í þessum málum almennt og afstöðu einstakra flokka til þessara mála. Það held ég að liggi alveg í hlutarins eðli að við getum ekki skilið við þetta mál svona. Sárafáir þingmenn eru viðstaddir og stór orð hafa fallið sem miklu fleiri en þeir sem eru viðstaddir munu sjá sig knúna til að svara og blanda sér í umræðuna. Útskrift af þessum ræðum verður að sjálfsögðu höfð við höndina og notuð hér í áframhaldandi umræðum um sjávarútvegsmál síðar í vetur. Þar á meðal munu endanlega verða tekin af öll tvímæli um það að útúrsnúningar 17. þm. Reykv. á stefnu Alþb. í þeim efnum voru út í hött og hitta hann sjálfan fyrir og hans loðnu fortíð alla saman. Auðvitað er það síðan þannig að Alþfl. liggur svo vel við höggi að mér fer næstum eins og Þorgeiri Hávarssyni forðum að ég á ákaflega erfitt með að við bindast þegar ég sé strjúpann svona nakinn eins og hann birtist á Alþfl. Þegar talsmenn Alþfl. eru að reyna að gera upp ágreining á milli formanns og varaformanns í öðrum flokkum þá verður manni hugsað til þess ástarhaturssambands sem ríkt hefur um árabil milli formanns Alþfl. og varaformanns og öll þjóðin hefur horft upp á oftar en einu sinni, næstum því í beinni útsendingu og lesið um í endemis frægu blaðaviðtali. Það er sama hvar borið er niður í þessum málum. Alþfl., er tæplega í aðstöðu til þess að henda miklu af grjóti ef hann vill ekki taka áhættuna af verulegum skemmdum á eigin híbýlum eins og þau eru upp byggð og úr þeim efnum sem þau eru gerð í þessu máli öllu saman.

Herra forseti. Af vissum ástæðum stendur svo á að ég get ekki undir neinum kringumstæðum haldið þessu máli miklu lengur áfram, ég þarf að hverfa héðan úr húsinu innan skamms og ætla þess vegna að eftirláta öðrum ræðustólinn. Ég hef haft nokkra ánægju satt best að segja af þessari umræðu sem upphófst hér og er síður en svo að gagnrýna það að hv. 17. þm. Reykv. skyldi loksins koma úr felum og treysta sér í ræðustólinn undir lok 3. umr. málsins, sem er að vísu nokkuð seint, og verður að benda hv. þm. á að snúa þessu öðruvísi næst ef hann vill afreka eitthvað í þessum efnum. En með tilliti til aðstæðna verður það að vera svo, a.m.k. af minni hálfu, að framhald þessara áhugaverðu umræðna bíði eitthvað betri tíma en svo sannarlega munu tækifæri gefast hér og verða vel nýtt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól undir mjög sérkennilegum kringumstæðum. Svo er mál með vexti að alla þessa umræðu hefur mig langað til þess að fjalla um heildarstefnuna í sjávarútvegsmálum, einfaldlega vegna þess að þar tel ég að þessi umræða ætti heima. Ég hef hins vegar, eins strangt og ég hef mögulega getað, reynt að halda mig við efnisatriði málsins en nú er svo komið að því miður hefur ásökunum, beinum og órökstuddum, verið beint til mín um að ég sé að fara á skjön við sjávarútvegsstefnu Kvennalistans. Það kemur því í minn hlut hér í þessari umræðu að sýna fram á að svo er ekki. Ég hef rætt þessi mál mjög ítarlega við kvennalistakonur og haft samráð við þær. Ég tala því fyrir munn þeirra allra en rengi mig einhver hlýt ég að fara fram á að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hægt verður að kalla fleiri til vitnis um að ég fer ekki með fleipur.

Ég verð að taka það fram í upphafi að ég er ekki að víkja frá stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum heldur að halda henni á lofti. Kvennalistakonur hafa verið samstiga frá upphafi í mótun sinnar sjávarútvegsstefnu og þótt raunar óþarflega stefnufastar og óvenju stefnufastar í þeim efnum. Eins og ég gerði mjög klárlega grein fyrir við 1. og 2. umr. þessa máls er grunnur þessarar stefnu Kvennalistans byggðakvóti og ein helsta og öflugasta ástæðan fyrir því að ég hef haldið uppi harðri gagnrýni á það frv. um Hagræðingarsjóð, sem við ræðum hér, er það að við erum ... Má ég heyra frammíkall, svo virðist sem þingmaðurinn tjái sig aðallega með frammíkalli. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. 17. þm. Reykv. um að gefa hv. þm. sem er í ræðustól næði til þess að tala.) Mæl forseti manna heilastur. Það hefur ekki verið friður fram til þessa fyrir frammíköllum en e.t.v. verður hér breyting á, ég veit það ekki.

Ég kem síðar að þessari meintu veiðileyfastefnu okkar kvennalistakvenna. (Gripið fram í.) Ég gerði lesskilning hv. þm. að umræðuefni fyrr í kvöld. Kjarni málsins er sá að hann les eitt og eitt orð og heldur að þau standi sér og að því leyti til gæti stefna Kvennalistans í sjávarútvegsmálum alveg eins verið „og" eða „að". Hann fann þarna orð sem var mjög kunnuglegt sem honum þykir greinilega mjög vænt um: veiði-

leyfasala. Hann tók þetta orð úr samhengi og gerði að sjávarútvegsstefnu Kvennalistans. En það er ekki rétt og mun ég hrekja það hér á eftir og ætla ég ekki að fjalla meira um lesskilning hv. þm. hér í bili. (Gripið fram í.) Lesskilningur er það sem ég held að hafi hér skort á og mun ég fara mjög ítarlega í gegnum þetta á eftir, einmitt þennan kafla í samhengi því það láðist hv. þm. að gera. Ég verð raunar að geta þess að þetta er aldeilis ekki eina tilfellið sem þessi orðaást hv. þm. hefur leitt hann á villigötur og blindað hans heildarsýn. Ég læt sagnfræðinga framtíðarinnar um að úrskurða um upphaf auðlindaskatts á Íslandi. En flestar fyrri ræður hv. þm. hafa raunar fjallað um nákvæmlega þetta. Það er eins og hv. þm. hafi hér verið gripinn aðferðafræði tölvunnar og ákveðið að fletta upp alls staðar þar sem hann finnur í ræðum eða riti orðið „auðlindaskattur". Þar hefur hann séð að tölvan hringdi einhverjum bjöllum og þar mætti e.t.v. taka orð *úr samhengi og klína á aðra og segja:* Þetta er stefna. Þannig er þetta auðvitað ekki.

Þá er fyrst til að taka að ég hef raunar reynt að leysa þetta mál utan þingfunda — og bíð ég nú þar sem ég tel nauðsynlegt að hv. þm. hlusti á. Ég hef reynt að leysa þetta í mesta bróðerni og með systurlegri umhyggju milli þingfunda, reynt að útskýra þetta því að ég hef litla trú á því að ekki sé hægt að tjónka við menn ef menn hafa rök. Í einu tilfelli verð ég að játa að ég held að það dugi ekki rök og mun ég þess vegna blanda fleirum í umræðuna vegna þess að því fleiri sem skilja að mál mitt er rétt og mál hv. 17. þm. Reykv. misskilningur þeim mun betra. Ég er ekki að lá honum það þó að hann skilji ekki stefnu Kvennalistans. Hann hefur bara einfaldlega ekki verið að móta sjávarútvegsstefnu Kvennalistans. Hann skýrði það m.a. í þessum samtölum og er víst ekkert launungamál að hann bæri sérstaka umhyggju fyrir þessari stefnu okkar kvennalistakvenna þar sem hann hefði kosið Kvennalistann og að mér skilst út á sjávarútvegsstefnuna. Síðar kom það raunar í ljós að það var Kvennaframboðið sem hann hafði kosið og væntanlega út á sjávarútvegsstefnu Kvennaframboðsins. Kvennaframboðið hefur boðið fram í Reykjavík og á Akureyri. Því miður er byggðakvóti ekki kominn á og þar af leiðandi byggist afskaplega lítill hluti af bæjar- og borgarmálum á því að móta þurfi sjávarútvegsstefnu hvers byggðarlags fyrir sig. Ég held að hér sé enn eitt dæmið *um þann sérstaka hæfileika hv. þm. til þess að misskilja,* misskilja alvarlega, bíta sig í sinn misskilning og segja: Víst. Það er svona jafnvel þó að búið sé með rökum að sýna fram á að svo er ekki. Ég var að vísu ekki aðili að Kvennaframboðinu í Reykjavík þegar boðið var fram til borgarstjórnar en ég held ég geti þó fullyrt það og hafi það mikla þekkingu á málefnum þar að sjávarútvegsstefna hafi ekki verið það sem mest var rætt og e.t.v. sáralítið þegar Kvennaframboðið fór að glíma við borgarmálefni í Reykjavík og á Akureyri. Ég held því að hér sé einfaldlega um eðlilegan misskilning hv. þm. að ræða sem hann reynir að finna stað í stefnuskrá Kvennalistans. Þar er nefnilega skýrt mótuð sjávarútvegsstefna. (**ÖS:** Hvar eru málefnin?) Málefnin. Hvar vantar málefnin? (**ÖS:** Þetta er bara skítkast.) Þetta er ekki skítkast. Ég frábið mér það að hér sé með frammíköllum verið að væna mig um skítkast. Mér þykir þetta ómaklegt. Ég þykist ekki hafa verið hér með skítkast heldur að reynt að kryfja til mergjar hvers vegna þessi misskilningur er til kominn. Ég er ekki tilbúin að sitja undir slíku né standa og ég verð að segja það að væntanlega mun hv. þm. dæma sig sjálfur í þessum málum.

Grundvallarmunurinn á stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum og þeirri stefnu, sem ég ætla ekki að túlka en heyrist þó að helst hafi komið hér fram í umræðum að sé stefna Alþfl. í sjávarútvegsmálum, er sá að Kvennalistinn hefur mótað heildstæða stefnu um byggðakvóta. Grundvöllur þessa byggðakvóta er að ráðstafa kvóta til byggðarlaga og þetta er velflestum þingmönnum hér ljóst. Ég ítreka að einmitt vegna þessarar byggðakvótastefnu okkar kvennalistakvenna höfum við m.a. tekið undir að sett væru í lög ákvæði um að ef í nauðirnar ræki væri hægt að ráðstafa einhverjum veiðiheimildum til byggðarlaga. Þetta gerðist þegar samið var, eftir ærið starf, um sameiginlega niðurstöðu varðandi mótun fiskveiðistefnu, kvótastefnuna. Þetta var raunar það sem við kvennalistakonur felldum okkur helst við að ákvæðið var sett í lög um Hagræðingarsjóð. Það var okkar einasta vísbending um það að menn hefðu hlustað á það sjónarmið að byggðakvóti væri nauðsynlegur. Hér var aðeins um heimildarákvæði að ræða. Auðvitað hefðum við viljað ganga lengra en þetta var vissulega miklu skárra en ekki neitt. Þetta er það sem verið er að taka úr gildi núna. Í stað þess er verið að setja inn heimild um það að byggðarlög hafi forkaupsrétt á hluta kvóta á fullu verði. Það er allt annað en ráðstöfun til byggðarlaga. Munurinn á því að hafa örlítinn kvóta til ráðstöfunar til byggðarlaga og þess að ráðstafa 80% kvóta til byggðarlaga held ég að hljóti að vera auðsær.

Ég held að enginn þurfi að efast um það hver stefna Kvennalistans er í sjávarútvegsmálum. Hér hef ég verið beðin um útfærslu og vegna ítrekaðrar beiðni neyðist ég til þess að gera hv. 17. þm. Reykv., sem er sá eini sem virðist ekki skilja þessa stefnu, grein fyrir því hvernig við hugðumst útfæra hana og hlusti hann nú vel á svo að ég þurfi ekki að endurtaka þetta enn einu sinni. (Gripið fram í.) Ég mun tala um það. Ég vil bara biðja hv. þm. að ætla sér ekki líka að skipuleggja í hvaða röð ég ræði hér mál. (Gripið fram í.) Það er orðið nokkuð langt gengið að hér hefur hv. þm. sýnt jafnmikla ósvífni úti í sal eins og hann sýnir í ræðustól og er þá langt til jafnað. Ekki er hann að stytta hér umræður, það er eitt sem víst er.

Eins og hv. þm. veit væntanlega, ef hann hefur þann lesskilning sem ég held þó að hljóti að vera eftir hjá honum, þá byggist stefna Kvennalistans á því að 80% veiðiheimilda sé ráðstafað til byggðarlaga. Það hefur verið mjög ítarlega rætt innan Kvennalistans hvernig þetta verður best útfært og þegar þessi stefna var fyrst lögð fram var hún útfærð á þann hátt að þessum 80% yrði ráðstafað til byggðarlaga eftir töluvert flóknum reglum. Þar var byrjað á því að taka það þannig fyrir

að tekið yrði tillit til landaðs afla seinustu fimm ára á undan 1985 áður en ... (**ÖS:** Hvað með útflutninginn? Var ekki tekið tillit til hans?) Virðulegi forseti. Má ég e.t.v. fá að ljúka hér einum kafla áður en ég tek annan fyrir? Þetta eru þær útfærðu hugmyndir sem við kvennalistakonur komum með 1985. Þá hafði ekki orðið sú röskun á kvóta sem nú hefur orðið. Það hefur sýnt sig að hefði okkar stefna verið við lýði hefðu ekki orðið þau vandræði með kvótatilfærslur sem nú hafa orðið. Í ljósi þessa höfum við kvennalistakonur gert okkur grein fyrir því að við þyrftum e.t.v. að taka fleiri þætti inn í heldur en bara landaðan afla seinustu fimm ára. Það hefur líka gerst í millitíðinni að útflutningur hefur aukist. Við höfum verið með mjög skýra stefnu í sambandi við útflutning: Útflutningur verði ekki nema fiskvinnslan hafi fyrst möguleika á að bjóða í fiskinn. Þetta byggist á því að afla sé landað og hann vigtaður og boðinn til kaups hér á landi, ekki siglt með hann beint. Þetta er mjög skýrt og velflestir skilja þetta. Við höfum meira að segja verið gagnrýndar fyrir þessa stefnu en hún er heilsteypt og rökstudd. Við tökum eina hagsmuni fram yfir aðra hagsmuni og við erum bara tiltölulega stoltar af því.

Við höfum líka gert okkur grein fyrir því að tækni þróast, ýmislegt þróast hér í samfélaginu sem betur fer, en við þurfum líka að hafa möguleika á því að stýra þessari þróun og það er kannski það mikilvægasta, ekki með einhverju miðstýrðu valdi sjútvrh., hversu góður sem hann er, heldur með því í fyrsta lagi að valddreifing sé við lýði og það er ekki síst mikilvægt í sjávarútvegsmálum. Valddreifing skiptir verulegu máli og er kannski kjarni okkar sjávarútvegsstefnu. Við ætlum ekki að segja byggðarlögunum hvernig þau eigi að ráðstafa afla hvert fyrir sig heldur að sjá til þess fyrst að afla sé ráðstafað til þeirra byggðarlaga þar sem allt byggist á fiskvinnslu. Síðan á, í stað þess að vera ævinlega með valdboð, að treysta því að í hverju byggðarlagi séu hagsmunir byggðarlagsins hafðir að leiðarljósi. Þetta gefur kannski fjölbreyttasta möguleika allra fiskveiðistefna á að ráðstafa afla skynsamlega. Ég held að þeir sem hafa talað gegn miðstýringu — ég hef ekki heyrt mikið af því í Alþfl., þó er það í ákveðnum málum eins og t.d. í sambandi við fjármagn að það hefur nú heyrst — og ég held að þeir sem bera virkilega valddreifingu fyrir brjósti skilji svona lagað. Ég er ekki ein í hópi þeirra sem vantreysti byggðarlögum til þess að fara með vald, raunverulegt vald, efnahagslegt vald, kvóta m.a.

Ég ætla ekki að eyða mínum í að fjalla ítarlega um stefnu annarra flokka en ég vil bara benda á það að ég átti aðild að nál. þar sem bent var á að hér væri verið að leggja út á þá braut að taka upp auðlindaskatt. Það var ekki að ástæðulausu að við í minni hlutanum höfðum miklar áhyggjur af því að hér væri verið að taka upp auðlindaskatt. Að marggefnu tilefni, vegna yfirlýsinga hv. alþýðuflokksmanna ekki síður en vegna þess sem var í frv. sjálfu, töldum við fulla ástæðu til að vara við þessari stefnu. Það er reginmunur á því að stefna grímulaust beint eða undir einhverju yfirskini að auðlindaskatti og þess að móta sjávarútvegsstefnu sem byggist á byggðakvóta. Ég treysti því að allir hv. þm. hafi það mjög skýrt í huga. Við sem vöruðum við þessari þróun mála í nál. settum fram mjög ákveðna aðvörun og bentum á að hér væri verið að fara út á stefnumótandi braut. Það er nefnilega til sjávarútvegsstefna af fleiri en einu tagi. (**ÖS:** Stefna Kvennalistans.) Stefna Kvennalistans er byggðakvóti. (Gripið fram í.) Ég á eftir að koma að þessu með veiðileyfin en vill hv. þm. gera svo vel og hætta að reyna að skipuleggja ræðu mína. Ég er fullfær um það sjálf.

Við stöndum frammi fyrir því núna sem við hefðum átt að vera að gera allan tímann, þ.e. að takast á um meginstefnur. Meginstefna Kvennalistans mjög ákveðið er byggðakvóti og ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að því. Hann er vel útfærður, 80% af kvóta á að ráðstafa til byggðarlaga. 20% í viðbót má mjög gjarnan ráðstafa til byggðarlaga samkvæmt stefnu Kvennalistans þar sem það stendur skýrum stöfum. (Gripið fram í.) Ég verð að ítreka það og biðja hv. þm. sem les orð en ekki merkingu að hætta að grípa fram í. Ég ætla að lesa sjálf og bið hv. þm. að vera þá ekki eins og páfagaukur að endurtaka frammíköll úti í sal sem er mjög hvimleitt. „Kvennalistinn telur affærasælast að 80% heildarafla verði úthlutað til byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla næstliðinna ára." Þetta er skýrt. „20% aflans renni hins vegar í sameiginlegan veiðileyfasjóð og verði til leigu, sölu eða til ráðstöfunar vegna sérstakra aðstæðna." Þessi ráðstöfun vegna sérstakra aðstæðna er eitt af því sem var okkur ofarlega í huga og efst í huga þegar við vorum að ræða þessi mál þar sem við vissum að eitthvert svigrúm yrði að vera innan kerfis í sjávarútvegi á Íslandi til þess að flytja einhvern hluta veiðiheimilda á milli, jafnvel á því tímabili sem liggur á milli endurskoðunar fiskveiðistefnu. (**ÖS:** Lestu lengra.) Ég skal lesa áfram. Að beiðni hv. 17. þm. Reykv. les ég hér áfram:

„Markmiðið er að rjúfa það óeðlilega samband ..." (**ÖS:** Það vantar eina setningu.) Já, fyrirgefðu, það er ekki viljandi. Ég var búin að strika sérstaklega undir þessa setningu og taldi mig vera búin að rekja hana:

„Tekjum sjóðsins verði varið í þágu sjávarútvegs. Markmiðið er að rjúfa það óeðlilega samband sem nú er milli skips og veiðiheimilda, taka tillit til byggðasjónarmiða, draga úr ofstjórn og miðstýringu, efla rannsóknir, hvetja til betri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans, treysta innlenda fiskvinnslu og búa betur að fólki í sjávarútvegi.

"Þetta eru margvísleg markmið og þarna eru margvísleg sjónarmið en hv. þm. kýs að taka aðeins eitt og eitt orð út. Þetta kalla ég rangfærslur af versta tagi. Ég er að gera honum grein fyrir því að fyrir utan það að vilja taka 80% af veiðileyfum til ráðstöfunar byggðarlaga viljum við kvennalistakonur hafa möguleika á því að taka 20% til viðbótar og ráðstafa til byggðarlaga sem þurfa á honum að halda. Ekki er endilega víst að alltaf þurfi á því að halda. Það getur komið upp sú staða að einhver vilji kaupa. Það getur komið upp sú staða að einhver vilji leigja. (**ÖS:** Á nú að leigja og selja samkvæmt henni?) Ég ætla sjálf að stýra þessari ræðu, hv. þm., og reyna nú að hætta að gera þetta að

samtali vegna þess að ég geri ráð fyrir því að hv. þm. geri sér grein fyrir því að hans tal og hans ræður hafa ekki verið til góðs. Ég bið hér um að fá að tala án þess að þurfa að standa hér í hrókasamræðum við mann úti í sal. Ég held að það sé sanngjarnt. Hafi hv. þm. eitthvað meira að segja, þá ætla ég að biðja hann vinsamlegast að hafa það í ræðu hér á eftir en ekki í samtölum. Það er mér ekki að skapi að þurfa hér að standa í hrókasamræðum.

Ég held þá áfram að útskýra þetta og bið hæstv. forseta, ef meiri brögð verða að þessu, að átelja hv. þm. Ég geri ekki ráð fyrir því að þetta sé sá stíll sem er til fyrirmyndar hér í Alþingi, að menn úti í sal reyni að stýra ræðum þess ræðumanns sem hefur orðið. Það er alla vega ekki til fyrirmyndar og ekki mér að skapi.

Ég hef hér reynt að útskýra það og hygg ég að flestum skiljist það mjög vel að við kvennalistakonur vildum hafa ákveðið svigrúm innan okkar kerfis. Við vildum hafa svigrúm til þess að geta ráðstafað veiðiheimildum til byggðarlaga sem ættu erfitt uppdráttar vegna breytinga. Við vildum hafa sveigjanleika til þess að geta selt eða leigt veiðiheimildir, 20% en ekki þau 100% sem eru núna á leigu- og kaupmarkaði af ýmsu tagi. Nú ganga veiðileyfi kaupum og sölum og það gagnrýnum við harðlega. Við erum mjög á móti því að kvóti sé hér verslunarvara en við teljum eðlilegt að hér sé eitthvað sem hægt er að ráðstafa án endurgjalds eða leigja eða selja vegna þess að breytingar verða ávallt *á því tímabili sem fiskveiðistefna er sett.* Við höfum gert okkur grein fyrir því að það þarf að koma til móts við það. Við tökum ekki 80% í hrossakaupasjóð heldur 20%. Við erum ekki að fénýta veiðiheimildir, ef okkar stefna væri hér í praxís, heldur erum við að gefa svigrúm og sveigjanleika.

Ég vildi ekki sjá Hafrannsóknastofnun þurfa að treysta á tekjustofn sem byggðist á því að e.t.v. væri öllu því sem ætlað væri til þess að standa straum af kostnaði við hafrannsóknir ráðstafað án endurgjalds og hafrannsóknir bara því miður lagðar niður það árið. Þetta er sú fráleitasta stefna sem ég get ímyndað mér. En ég held að þetta sé bara hreinlega öfund í hv. þm., hann geti ekki unnt okkur þess að hafa dottið niður á svona skynsamlega leið að takmarka þann hluta veiðiheimilda sem hægt væri að leigja eða selja eða ráðstafa skynsamlega, allt eftir því hvaða aðstæður eru í landinu hverju sinni. Við vitum öll að þær eru margbreytilegar. Ég ítreka að hér er ekki um hliðstæðu að ræða við það frv. sem við erum að ræða um einfaldlega vegna þess að Hafrannsóknastofnun hefur ekkert við svona stopula tekjulind að gera. Hafrannsóknastofnun þarf trausta tekjustofna og ég hef lýst því hér áður að mér finnst að það sé hlutverk okkar allra að sjá til þess að Hafrannsóknastofnun hafi það. Hún eigi ekki að þurfa að vera undir það komin að verið sé að fénýta hluta veiðiheimilda og ég hef gert grein fyrir því hvers vegna. Ég er ekki þar með að segja að það sé ekki undir nokkrum kringumstæðum skynsamlegt að veiðiheimildir eða kvóti sé seldur eða leigður. En það sem hefur verið að gerast í sjávarútvegsstefnu og við kvennalistakonur höfum gagnrýnt mjög er að þetta hefur verið feikilega mikið magn af kvóta sem hefur gengið kaupum og sölum. Þetta hefur þýtt að skipulagið hefur verið lélegt, tillit til byggðarlaga lélegt og ekkert svigrúm til að ráðstafa kvóta til byggðarlaga sem virkilega þurfa á kvóta að halda m.a. vegna atvinnuástands. Mér er þetta mikið mál og það brennur á mér.

Ég veit að þessi ræða mín er varla þeim að skapi sem hefur knúið mig til þess að fara í stólinn og gera grein í tiltölulega fáum orðum fyrir stefnu Kvennalistans að þessu leyti. Ef ég hef ekki gert það á fullnægjandi hátt er ég reiðubúin til þess að fara aftur í stólinn seinna. Ég hef ekki lokið ræðu minni en ég er að reyna að hafa mál mitt það stutt að hér dragist ekki umræður úr hófi á langinn. En það virðist vera sama hvað ég útskýri málin vel, ég er eilíflega krafin frekari skýringa. Endalaust er ekki hægt að glíma við að útskýra fyrir þeim sem ekki vill skilja. Ég mun ekki halda áfram endalaust en ég mun örugglega halda áfram lengi og vonandi vel, sé þess þörf. Þrátt fyrir allar þessar útskýringar — útskýringar sem ég hef m.a. margoft ítrekað á fundum Kvennalistans, því við erum svo sannarlega krafðar skýringa á stefnu Kvennalistans og þar er ekki tekið á okkur með neinum silkihönskum. Menn geta verið sáttir eða ósáttir við stefnu Kvennalistans en þeir skilja hann. Og þeir skilja hann þegar ég útskýri hvernig stefna Kvennalistans er og ég get ekki að því gert þó að ég hitti hér mann, því miður *í þingsölum, sem er ekki þessum gáfum gæddur.* Nógu marga hef ég hitt sem eru það. — Og þrátt fyrir afskaplega mikinn vilja minn til að skýra þetta nógu vel, nógu ítarlega, nógu fyllilega þá er ekki endalaust hægt að hlaupa eftir því þótt einum og einum verði það á að skilja ekki sem skyldi.

Mér þykir það hálfpartinn miður ef ég er að spilla einlægri og fölskvalausri gleði hv. 17. þm. Reykv. með *því að sýna hér fram á að ég hef ekki breytt um skoð*un á sjávarútvegsstefnu Kvennalistans. Ég er stolt af henni. Ég stend jafnframt við stuðning minn á áliti minni hluta sjútvn. Ég hef jafnframt útskýrt það og ég er stolt af því að vera ein af þeim sem varar við því að e.t.v. sé Alþfl., eða sá hluti Alþfl. sem trúir á auðlindaskatt í staðinn fyrir byggðakvóta, að stíga sitt fyrsta skref og e.t.v. það fyrsta af mörgum í áttina að auðlindaskatti. Þetta er í rauninni kjarni málsins. Ég er ekki þar með að fordæma þá sem skipta um skoðun, síður en svo. Ég hef enga sérstaka fordóma gagnvart þeim þó að ég sé ekki í þessu tilviki í þeirra hópi og ég verð að viðurkenna það að ég fordæmi t.d. ekki þá hv. þm. sem hér hafa verið sakaðir um að skipta um skoðun. Ég ætla ekki að leggja dóm á slíkt. Mér finnst það bara ekki sæmandi og ég get væntanlega vísað í fyrri ræður hér því til stuðnings. Ég verð að viðurkenna það að í ýmsum málum hefur verið gefið í skyn að þeir sem eru með háværastar ásakanir á aðra ættu kannski að skríða inn í glerhúsið sitt og hætta að kasta grjóti en það verður hver að hafa stíl? (**GunnS:** Hverjir eru það?) Vegna þess sem hv. 5. þm. Austurl. kallar hér fram í, þrátt fyrir að ég hafi gert athugasemdir við það að mér þættu frammíköll ekki til fyrirmyndar

hér og hafi reyndar beint orðum mínum til forseta, sem þá sat í stólnum, mun ég nú svara þessu. Ég á hér við a.m.k. hv. 17. þm. Reykv., ég á hér raunar einnig við fleiri alþýðuflokksmenn og jafnvel þann hv. framsíkallanda sem rauf nú ræðu mína. Ég ætla hins vegar ekki að fara að tíunda hér dæmi. Það hafa aðrir gert með bara nokkuð skemmtilegum stíl á köflum. En ef ég neyðist til mun ég gera það síðar. (Gripið fram í.) Þetta er loforð hv. framsíkallandi.

Ég skil það mjög vel að sumir hv. þm. hafi kosið að fjalla frekar um stefnu annarra en sína eigin stefnu, einkum ef þeir telja að þeirra stefna njóti ekki mikils fylgis hversu trúir sem þeir eru henni. Hins vegar skil ég ekki hvernig það getur gerst aftur og aftur að menn kjósi að hreyta ónotum og ásökunum í aðra og beri það varla við að fjalla um sjálfa sig. Ég er bara að undrast á þessu. Ég get hneykslast seinna. (**Gripið fram í:** Þú hneykslast líka.) Hv. framsíkallendur hafa sínar skoðanir á málinu, ég hef mína skoðun á málinu. (**ÖS:** Kvennalistinn hefur enn aðra skoðun.) Hv. framsíkallandi sagði: „Kvennalistinn hefur enn aðra skoðun." Það er rangt. Ég hef sömu skoðun og aðrar kvennalistakonur í sjávarútvegsmálum a.m.k. Ég held líka að ég hafi sömu skoðun og aðrar kvennalistakonur á því hvað sé velsæmi í sambandi við þingsköp. Ég held líka að við deilum skoðunum og höfum raunar þótt óþarflega siðavandar því að við viljum að menn fjalli málefnalega um það sem þeir eru að fjalla um. Og það er ég að gagnrýna. Ég er að gagnrýna það að hér hefur nokkuð skort þar á. Mér þykir leitt að hafa orðið að eyða hluta af ræðu minni í að setja ofan í við menn eftir árásir, en ég ætla hvorki að sitja undir því né standa að verið sé að ráðast á mig eða stefnu Kvennalistans. Engin ástæða er til þess.

Ég held að ég hafi tíundað nógu nákvæmlega nú þegar að ég skil nákvæmlega hvernig eigi að fjármagna Hafrannsóknastofnun. Ég held að það fari ekkert á milli mála. Peningar eiga að koma fyrir veiðileyfi samkvæmt þessu frv. og það er öfugt við stefnu Kvennalistans. Að því leyti til er hér ekki um hliðstæður að ræða heldur andstæður. Samkvæmt fiskveiðistefnu Kvennalistans er í fyrsta lagi verið að ráðstafa 80% af kvóta til byggðarlaga. Í öðru lagi er verið að taka 20% frá vegna ýmissa aðstæðna og þar er ekki verið að tryggja einum eða neinum tekjustofn. Hins vegar er, eins og réttilega hefur verið bent á, sérstaklega tekið fram að tekjur og þá er ekki verið að segja árvissar tekjur, fastar tekjur, öruggar tekjur, heldur eingöngu tekjur sem gætu orðið af þessari ráðstöfun muni renna til sjávarútvegs.

Það er jafnframt ekkert leyndarmál að við kvennalistakonur höfum átt miklar viðræður okkar á milli og við fólk víðs vegar um landið um það hvernig eigi að bregðast við því ef færa þarf kvóta á milli byggðarlaga. Það er ein helsta gagnrýni sem við fáum á okkar byggðakvótastefnu, að hún sé of stefnuföst og hún sé of ósveigjanleg. Þessi 20%, sem við höfum í handraðanum samkvæmt okkar stefnu, eru nákvæmlega það sem við höfum bent á og þetta skilur fólk mjög vel. Það vill þannig til og þess vegna er ég hér í þessari umræðu um Hagræðingarsjóð að mjög oft er nauðsynlegt að geta fært til kvóta vegna sérstakra aðstæðna. Þetta hefur gerst meira og minna tilviljunarkennt vegna þeirra markaðslögmála sem hafa ráðið á kvótamarkaði og eru okkur andstæð. Við viljum frekar að búið sé að festa kvóta við byggðarlög og síðan sé þar að auki hægt að koma til móts við byggðarlög sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa á meiru að halda. Þetta er svo sáraeinfalt.

Ég minnist þess ekki að við höfum þurft að gera grein fyrir því hvað við mundum gera ef við þyrftum að selja eða leigja kvóta. Við höfum þurft að gera grein fyrir því hvað hægt sé að gera ef færa þarf kvóta á milli og þá bendum við á þessi 20% og þar er inni möguleiki á sveigjanleika. Við höfum jafnframt haft miklar áhyggjur af því hvernig kvóti hefur þeyst um markaðinn og aðallega, eins og ég sagði hér einhvern tíma í umræðu, með rútunni norður. Nú er ég ekki að hafa á móti því að kvóti færist að einhverju leyti til á milli byggðarlaga en það er staðreynd að kvóti hefur safnast á fárra hendur. Ég veit að oft er farið ljómandi vel með þennan kvóta en eftir sitja byggðarlög meira og minna í sárum. Ef nóg væri af fiski í sjónum væri svo sannarlega ástæða til þess að allur kvóti, sem þeir geta tekið við sem eru að stækka við sig, færi þangað. Svo er ekki. Þess vegna er byggðatengingin svo mikilvæg. Það er ekkert grín að skilja byggðarlög eftir í sárum. Það er dýrt að slá þessi byggðarlög af, eins og mér heyrist einstaka stjórnmálamenn og menn úti í samfélaginu vilja, ég ætla ekki að væna neina þingmenn um það. Það er dýr lausn, það er vond lausn, það er heimskuleg lausn og ekki í anda lýðræðis. Fólk á að geta ráðið því hvort það vill búa á ákveðnum stað eða ekki. Til þess þarf það atvinnumöguleika og við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að við byggjum okkar afkomu, ekki síst á landsbyggðinni, á því að hafa ráðstöfunarrétt yfir kvóta. Þetta er feikilega mikilvægt í mínum huga.

Mér er sjávarútvegsstefna Kvennalistans e.t.v. svo mikið mál vegna þess að hún er líklega sá hluti af stefnuskrá Kvennalistans sem ég hef hvað oftast og hvað mest lent í umræðum út af. Það eru ekki dagheimilin, ekki merkileg skólamál heldur sjávarútvegsmálin. Það helgast væntanlega af því að einu sinni til tvisvar á ári förum við kvennalistakonur eins víða um land og við komumst í eina aða tvær vikur. Við reynum að fara í öll þau fiskvinnsluhús, hitta fólk í sjávarútvegi og öðrum atvinnuvegum eins og við mögulega getum og þetta er alltaf það sem spurt er um, þetta er alltaf það sem við ræðum. Þetta er alltaf það sem fólk þekkir okkur á. Það hefur ekki gengið illa að útskýra þetta og, eins og ég sagði áður, þar með er ekki sagt að allir séu sammála. En þeir eru býsna margir og ég held að hlusta ætti á það hér.

Ég var að tala hér um byggðarlög í sárum. Ég ætla ekki að fara út fyrir efnið nema núna til þess að gera ykkur grein fyrir því, af því að ég er sagnfræðimenntuð eins og fleiri kvennalistakonur, hvað gerðist hér við Faxaflóa rétt fyrir aldamótin þar sem byggðarlög voru skilin eftir í sárum vegna þess að þau misstu fisk. Í því

tilviki var það vegna ofveiði breskra togara upp við landsteinana á síðasta áratug síðustu aldar og þá gerðist það sem aldrei ætti að gerast aftur. Við ættum að geta lært af sögunni. Heilu byggðarlögin voru lögð í rúst vegna þess að þau voru svipt fiski. Nú höfum við kvóta til þess að reyna að koma í veg fyrir að fiskurinn verði tekinn af byggðarlögum með þeim hætti. Í staðinn höfum við kvótastefnu sem því miður útilokar það ekki. Og við erum að taka út þau ákvæði sem áttu þó að vera örlítið mildandi, allsendis ófullnægjandi, en þó örlítið mildandi. Við erum að taka þau út úr lögum um Hagræðingarsjóð.

Ég hlýt að óska eftir því með einum eða öðrum hætti og m.a. hér formlega í umræðunni að ekki verði beði lengi með að fjalla um heildarendurskoðun sjávarútvegsstefnunnar hér á Alþingi, hvort sem er innan sjútvn. sem hefur unnið gífurlega gott starf. Ég er mjög ánægð með það starf sem þar hefur verið í nefndum þótt einstaka slys hafi þar átt sér stað sennilega vegna pólitísks þrýstings. Ég tel mjög mikilvægt að við setjumst fordómalaust niður og ræðum framtíðarsjávarútvegsstefnuna. Ég kem ekki tómhent í þá umræðu. Ég kem með stefnu Kvennalistans með öllum þeim útfærslum, blæbrigðum, umræðum, ræðum, greinum sem skrifaðar hafa verið, auk þess með opnum huga og vonandi fordómalaus þrátt fyrir að í hita umræðunnar fyllist ég ákveðnum fordómum gagnvart þeim sem mér þykja hvað einsýnastir og ósveigjanlegastir. Ég tel að slíkt fólk sé ekki mjög gott í samstarfi og eigi illa heima í samstarfi og umræðum. Ég treysti því að þegar menn fara t.d. að lesa þær málefnalegu umræður sem hér hafa átt sér stað um Hagræðingarsjóð muni menn verða reiðubúnir að setjast niður og endurskoða sjávarútvegsstefnuna með skynsemi og hagsmuni byggðanna að leiðarljósi. Ég ætla ekki að binda það á hvern hátt það verður best gert. Ég veit að því miður verður stefna Kvennalistans ekki tekin upp óbreytt. Ég vildi þó óska þess að svo yrði en á meðan við kvennalistakonur höfum ekki meiri hluta hér á Alþingi ætla ég ekki að svo verði.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að koma hér upp aftur en að gefnu tilefni geri ég það. Fyrst og fremst er það vegna þess að formaður þingflokks Alþfl. fór hér býsna mikinn í umræðunni og því sé ég ástæðu til þess að koma hér upp. Ég ætla hins vegar ekki að hefja hér almenna umræðu um stjórnun fiskveiða og kvótaumræðu. Það mundi taka drjúgan tíma og alla nóttina. Mér væri hins vegar að mörgu leyti ánægja að því að gera það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði orð á því að við tækjum hér umræðu síðar í vetur um stjórn fiskveiða og ég tek undir það. Það er náttúrlega umhugsunarefni fyrir okkur sem hér erum í kvöld og erum að fjalla um þetta mikilsverða mál, stefnuna í sjávarútvegsmálum, að tala og skiptast á skoðunum í nánast tómum þingsalnum.

Mesta athygli mína vekja þó fjarvistir þingmanna Sjálfstfl. sem ég satt að segja hélt að hefðu meiri áhuga á sjávarútvegsmálum heldur en komið hefur hér fram í kvöld. Það eru mér sár og mikil vonbrigði hvernig þessi Sjálfstfl. er orðinn. Einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi að þingmenn Sjálfstfl. létu ekki í sér heyra þegar rætt væri um sjávarútvegsmál á Alþingi. En svo illa er komið fyrir þessum flokki.

Menn hafa einfaldað þessa umræðu um of þegar talað er um fiskveiðistjórnunina og talað um kvóta og kvóta. Það er ekki málið. Kjarni málsins er, þegar við fjöllum um stjórnun fiskveiða, hvað úr hafinu má draga. Það er málið. Og hvernig okkur tekst að ná sem bærilegastri sátt þeirra sem við eiga að búa um að skipta þessari takmörkuðu auðlind. Þetta er galdurinn. Um þetta hefur sem betur fer tekist bærileg sátt, ekki fullkomin sátt. Það er mér ljóst. Það tókst vegna mikillar vinnu sem lögð var fram af þingmönnum, af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og fleirum. Það gaf góða raun. Því finnst mér það gallað form, sem nú var tekið upp við endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar, að mér finnst að þar séu ákveðnir aðilar sem hafa miklu meiri þyngd en æskilegt mætti teljast. Það verður nú einu sinni svo að það verður okkar þingmanna að taka lokaákvörðun í þessu máli.

Menn tala hér og Kvennalistinn hefur talað mikið um byggðakvóta og þá stefnu sem þær hafa haft. Mér er hún ljós. Ég hef oft vikið að því hér í máli mínu áður og ég get gert það einu sinni enn. Menn þurfa að glöggva sig á því að hvorki meira né minna en um 80% af aflaheimildum flotans eru í eigu fiskvinnslufyrirtækjanna sjálfra. Þar með má segja að þær séu nokkurn veginn bundnar stöðunum. Það er ekki það sem hefur verið að gerast. Það sem hefur verið að gerast er að þessi atvinnugrein hefur ekki haft þau rekstrarskilyrði sem hún þarf að hafa. Afkoman hefur ekki verið nógu góð. Þess vegna hefur farið illa fyrir mörgum fyrirtækjum. Þau hafa misst skip og það er ekkert nýtt að afli sé bundinn skipum. Það hefur aldrei neitt fiskast nema á skip.

Mér er það líka í minni þegar verið var að fjalla um fiskveiðistjórnunina, eftir að málið kom til þingsins, eftir að hafa fengið jafnmikla umræðu í nefndum hagsmunaaðila, hversu gífurlegur tími fór í ákveðinn þátt kvótamálanna, þ.e. afla smábáta. Margir héldu því fram að þeir sem hefðu tapað mestu í þessari fiskveiðistjórnun væru smábátarnir. Fyrrv. sjútvrh. lagði það til að mörk yrðu sett á stækkun bátaflotans, smábátana. Á það var því miður ekki fallist af ákveðnum flokkum sem sátu á Alþingi og sitja enn. Þetta er einn af stærri göllunum á núverandi fiskveiðistjórnun að menn komu ekki böndum á þá miklu fjölgun sem varð á smábátunum. Til þess að menn átti sig aðeins á því um hvað verið er að tala þá var aflahlutdeild þessara báta um 11 þús. tonn þegar kvótalögin voru sett 1984. Hún er núna komin í hvorki meira né minna en um 40–50 þús. tonn þannig að menn geta séð hvort þessi þáttur hefur ekki skekkt myndina. Auðvitað hafa menn verið að reyna að sníða annmarka af. (**Gripið fram í:** Eru það ekki tuttugu og eitthvað þúsund sem smábátarnir hafa?) Nei, þeir voru komnir upp í 40 þús. eða nær 50 þús. tonn.

Mér er ljóst að einn aðalgalli núverandi kerfis var það að mönnum tókst ekki að standa við þær áætlan-

ir sem þeir höfðu gert um veiðar. Menn fóru langt fram yfir þær áætlanir sem þeir ætluðu sér. Þess vegna var gerð breyting á lögunum og sóknarmarkið afnumið og aflamark tekið upp. Ég er sannfærður um að árangur verður af því. Þannig hafa menn verið að læra af þessu kerfi, lagfæra og sníða af því vissa annmarka. Enda er svo komið að aðrar veiðiþjóðir hafa verið og eru að koma til Íslands, senda menn hingað til Íslands til þess að læra af þeirri fiskveiðistjórnun sem við Íslendingar höfum tekið upp.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði það hér áðan og hafði það eftir mér að Alþfl. hefði snúið Sjálfstfl. niður í þessu máli. Ég skal ekki segja hvort ég hef orðað það svo. En ég sagði það og sagði það hér rétt áðan að ég harma afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Það er ömurlegt fyrir þingmenn Sjálfstfl. að þurfa að rétta hér upp hönd, trúlega á morgun, með því að taka upp auðlindaskatt á sjávarútveginn, að þurfa að koma heim til sín og segja sínum stuðningsmönnum og kjósendum að nú hafi þeir samþykkt að gefa hæstv. sjútvrh. heimild til þess að skrifa þeim bréf og tilkynna þeim hvað þeir eigi að borga til ríkissjóðs áður en þeir fara á sjóinn. Þetta eru skilaboðin. Þetta ætla þingmennirnir að fara að samþykkja. Þetta er staðreyndin. Þetta er veiðileyfagjaldið. Þetta er auðlindaskatturinn sem er verið að koma á.

Ég gæti lesið upp úr ræðum sem fluttar voru á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna um þessi mál og önnur sem snerta þessa grein en ég ætla ekki að gera það hér í kvöld. Ég ætla ekki að lengja umræðuna og þess vegna ætla ég ekki að gera það hér. En það er verðugt fyrir þá menn, ef einhverjir hafa áhuga á sjávarútvegsmálum hér á Alþingi, að lesa þær ræður sem þar voru fluttar.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og reyndar hæstv. sjútvrh. líka eru að reyna að verja sig og þessar gerðir sínar með því að þetta fjármagn sem inn komi fari til hafrannsókna. Þetta er ein allsherjarblekking vegna þess að þegar við skoðum hvað það er sem fer til hafrannsókna á árinu 1992 og árinu 1991, þá kemur í ljós að það er nákvæmlega engin aukning á milli ára. Það sannar okkur að þessir peningar fara beinustu leið í ríkissjóð, beinustu leið í ríkishítina. Það er öllum ljóst.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er títt að grúska í fortíðinni og hvað menn hafa sagt og ég er hræddur um að í þessu myrkri sínu gerist maðurinn myrkfælinn fyrr en varir og mér finnst það stundum koma fram í hans tali. Hv. þm. gat um að ¼ þessara veiðiheimilda færi til byggðarlaga í landinu. Ég fór yfir þetta fyrr í kvöld. Hann hefur látið fjölmiðlana hafa það eftir sér að ¼ aflaheimilda færi til byggðarlaga í vanda. Hið rétta er að það á að gefa þeim forkaupsrétt. Nákvæmlega eins er hægt að segja við þá austur á fjörðum sem kusu hann Gunnlaug, sem aldrei ætlaði að koma þessu á, að þeir eigi bara að fara og kaupa þessar aflaheimildir á Faxamarkaði. Það er ákvæmlega það sem verið er að segja. Það er verið að segja þessu fólki að fara á markaðinn og þar eigi það að kaupa þennan fisk.

Einnig væri fróðlegt að fá það upp og fá fram umræðu um það hér og nú hvernig menn ætla sér að ná fram þeirri hagræðingu sem er nauðsynlegt að ná fram í þessari atvinnugrein. Mér finnst að flestir sem tala hér séu sammála því að það sé eitt af því sem við þurfum að einbeita okkur að sé að ná fram aukinni hagræðingu. En hvernig ætlum við að ná henni fram? Við staðnæmumst ekki við það. Er það rétt? Því miður eru þeir ráðherrar Alþfl. ekki hér þessa stundina og voru það ekki um daginn þegar ég sagði hér nokkur orð. Ég fór þá yfir það m.a. hverjir hefðu skrifað undir og hvenær hefði verið skrifað undir þá samninga um byggingu skipa sem nú eru í smíðum, ekki í innlendum skipasmíðastöðvum heldur erlendis. Ég vonast til þess að menn viti að þessar lánsheimildir Fiskveiðasjóðs voru allar veittar eftir síðustu kosningar þegar mönnum var það ljóst hvaða ríkisstjórn var að koma. Er það sú stefna sem við ætlum að taka upp að fara með aflann út á sjó og vinna hann þar í verksmiðjuskipum? Þurfum við ekki að taka okkur tak áður en endurnýjun skipastólsins fer hér á fulla ferð og gera okkur grein fyrir því hvernig við ætlum okkur að hafa þetta? Á tilviljunin ein að ráða? Á hendingin ein að ráða hvernig að þessum málum verður staðið? Ég held það væri mikil ógæfa ef menn áttuðu sig ekki á því að um þessi mál þarf að fjalla.

En það er fleira en auðlindaskatturinn sem hrellir mann. Svo hastarlega er vegið að þessari grein með skattlagningu að ég get á engan hátt séð hvernig menn ætlast til þess að hún geti gert það sem er svo nauðsynlegt í dag, að hafa betri afkomu til þess að borga hærri laun til þeirra sem í greininni starfa og hærra fiskverð þegar við höfum verið að leggja hvorki meira né minna en tæplega 1 milljarð í nýjum sköttum á þessa atvinnugrein á sama tíma og aflaskerðingin ein þýðir í kringum 6 milljarða í tekjutap fyrir greinina. Við höfum ekki gagnrýnt hæstv. sjútvrh. fyrir að ákveða aflaskerðinguna, þessi 50 þús. tonn þýða að loka mætti sjö eða átta fiskvinnsluhúsum á Íslandi. Fyrir utan þetta er í sjónmáli gífurleg ný skattlagning á sjávarútveginn, örugglega upp á fleiri milljarða. Ef menn hafa hlustað á hæstv. fjmrh. tala geta þeir ekki verið með neinar efasemdir um hver stefnan er.

Og ekki má gleyma í þessari umræðu aðförinni að sjómönnunum sjálfum og er kapítuli út af fyrir sig hvernig að þeim er vegið. Ég trúi því ekki, ef ég þekki sjómennina rétt, að þeir eigi ekki eftir að koma skilaboðunum frá sér.

Það lá mikið á að fá þetta mál hér í gegn. Ég skil ekki hvers lags ósköp liggja á í þessu máli. Ég geri mér grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur vinning í málinu, hún nær málinu fram, því miður. Ég hélt satt að segja um tíma að þeir þingmenn væru til í Sjálfstfl. sem vildu stöðva þetta mál með stjórnarandstöðunni, þeir myndu sjá að sér. En ég er orðinn vonlaus um það í dag, því miður. Svo illa er komið fyrir þessum Sjálfstfl. Svo mikið lá á að fá þetta mál afgreitt út úr þingnefndinni að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem stýrði þessari nefnd, hafnaði þeirri ósk okkar minni hlutans að fá að leita umsagnar um þetta mál. Við óskuðum eftir því og hann hafnaði því. Það er nýtt fyr-

ir mér að menn standi þannig að málum. En með nýjum herrum koma nýir siðir og það er kannski þetta sem koma skal.

Menn þrátta endalaust um það hér hvort verið sé að tala um auðlindaskatt eða ekki auðlindaskatt. Í mínum huga er það ekki aukaatriði. Það er kjarni málsins og það fer einna mest í mig hvaða braut menn eru að feta sig eftir. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hæstv. fjmrh. túlkar þetta, mér finnst það ekki liggja alveg nógu ljóst fyrir. En a.m.k. var það ljóst sem hæstv. sjútvrh. sagði í sjútvn. 15. jan., að þetta hefði komið frá fjmrh. til að létta á ríkissjóði og kom því inn sem aðgerð ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Það var kjarninn í því sem hæstv. ráðherra sagði við okkur úti í sjútvn. Ég sé því ekki betur en þetta undirstriki það enn og aftur, sem ég vék að fyrr í kvöld í áramótagrein formanns Alþfl., að hér séu menn að taka upp þá stefnu að feta sig inn á nýjar brautir í auðlindaskatti á sjávarútveginn. Það fer ekki á milli mála hver stefnan er.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. sjútvrh. hafa vikið að því að þetta sé ekki nýtt og menn hafi hér áður verið búnir að ákveða að taka upp auðlindaskatt. Mig langar til þess, með leyfi forseta, að lesa það sem ég sagði þegar ég talaði fyrir þessu máli 2. maí 1990 þegar Úreldingarsjóður fiskiskipa var til umræðu hér. Ég gerði grein fyrir því þá að hér væri ekki um auðlindaskatt að ræða og af hvaða ástæðum svo væri ekki. Ég vil að þetta komi skýrt hér fram vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur látið að öðru liggja í blaðaviðtali sem hann lét hafa við sig. En 2. maí 1990 sagði ég, virðulegi forseti, m.a.:

„Ástæðan fyrir því að lagt er til að setja þennan sjóð á laggirnar er fyrst og fremst að stuðla að því að minnka það misræmi sem er á milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskstofnanna."

Og síðar: „Eignist sjóðurinn á einhverjum tíma meira en sem nemur 5% af heildarveiðiheimildum, sem lætur nærri að séu um 30 þús. þorskígildistonn, mun því verða skipt á milli skipa miðað við aflahlutdeild án endurgjalds. Ég endurtek: Mun því verða skipt á milli skipa miðað við aflahlutdeild án endurgjalds. Hér er um lokaðan sjóð að ræða sem vinnur fyrir sjávarútveginn í heild. Það er því víðs fjarri í mínum huga að með stofnun þessa sjóðs sé verið að stíga skref í átt til auðlindaskatts. Í mínum huga er auðlindaskattur það að rentan af fiskveiðunum sé tekin og færð til almenningssjóðs til samneyslu í þjóðfélaginu. Hlutverk sjóðsins er hins vegar fyrst og fremst að stuðla að því að auka rentuna af fiskveiðunum, en hún er einmitt allt of lítil vegna þess hversu flotinn er stór. Það eru því alveg fáránlegar kenningar hjá þeim er halda því fram að með slíkri sjóðsstofnun, hagræðingarsjóði innan greinarinnar sjálfrar, sé verið að stíga skref að auðlindaskatti."

Það er hér sem skilur á milli okkar. Ég tel að það sé ekki um auðlindaskatt að ræða þegar við erum að tala um það að verja einhverjum ákveðnum ávinningi til þess að hagræða í greininni sjálfri, til þess að bæta afkomu í greininni.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu meira og skal ljúka máli mínu en ég undirstrika það og ítreka enn og aftur að ég harma að við skulum þurfa að tala hér yfir nánast tómum sal um það mál sem skilar okkur hvorki meira né minna en yfir 80% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Við tökum eftir því hverjir það eru sem gefa sér tíma til þess, mega vera að því að vera hér, taka þátt í umræðum, skiptast á skoðunum við okkur og reyna að koma einhverjum vitrænum hlutum í þessa vitlausu tillögu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði til að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir ýmsar góðar upplýsingar sem fram komu í hans máli og raunar þeim ræðumönnum sem hafa tekið þátt í málefnalegri og upplýsandi umræðu. Ég held að þessi umræða hafi að mörgu leyti verið þörf en ég harma niðurstöðurnar.

Aðeins eitt vil ég þó að hér komi fram sem mín athugasemd og það er að víst eru mér kunnar skoðanir hv. ræðumanns, enda komu þær skýrt fram í hans ræðu. Hann hefur mikinn skilning á, þó að hann sé ekki alveg sammála sjávarútvegsstefnu Kvennalistans. Ég geri nokkurn greinarmun á því hvort veiðiheimildir eru í eigu fiskvinnslufyrirtækja — vegna þess að oft eru sömu eigendur að útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslufyrirtækjum, þetta eru sömu fyrirtækin — og því að vera með markvissan byggðakvóta. Ég ætlast ekki til þess að allir séu sammála mér um að byggðakvóti sé heppilegri en sá kvóti sem við höfum heldur að það sé skýrt að hér er ekki um nákvæmlega það sama að ræða. Það sýnir hins vegar afskaplega vel hversu nátengt þetta er. Spurningin er bara: Er það gert í anda byggðastefnu Kvennalistans eða er það eins og nú er að þarna hefur vissulega rekstrargrundvöllur útgerðarinnar fyrst og fremst stýrt málum? Ég er sammála mörgu því sem fram kom hjá hv. ræðumanni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þar sem þessari umræðu er nú senn að ljúka er rétt að hafa fáein orð um það sem komið hefur fram, sérstaklega núna í kvöld.

Það sem liggur eftir að lokinni þessari umræðu er í fyrsta lagi það að stjórnarflokkarnir eru að hlaupa frá sinni fyrri stefnu, Alþfl. frá þeirri stefnu að styðja Hagræðingarsjóðinn og Sjálfstfl. að hlaupa frá þeirri stefnu að vera honum andsnúinn.

Í öðru lagi eru stjórnarflokkarnir að taka upp nýjung í stjórn fiskveiða. Þeir eru að taka upp þann sið að selja fiskveiðiheimildir til þess að greiða kostnað ríkissjóðs. Þessi breyting er mjög afdrifarík, eins og margoft hefur verið bent á, og hún er einn af mörgum þáttum sem mun ganga hvað harðast yfir landsbyggðina. Hún mun leggjast á landsbyggðina með meiri þunga en á höfuðborgarsvæðið og bætast þar við aðrar aðgerðir núv. stjórnarflokka í byggðamálum sem eru m.a. þær að afnema öruggt þjónustukerfi sjóleiðis um landið og draga úr vegaframkvæmdum um landsbyggðina. Eins og menn vita eru það samgöngur og sjávarútvegur sem er lífankeri landsbyggðarinnar.

Þessi ríkisstjórn er í raun og veru landsbyggðarfjandsamleg, henni er stýrt af flokkum þar sem í forustu hafa valist markaðssinnaðir höfuðborgarmenn sem vinna út frá þeirri hugmyndafræði að markaðurinn eigi að stýra hlutunum og engin önnur hugmyndafræði kemst að. Það eru því ekki bjartir tímar fram undan fyrir landsbyggðina undir þessari ríkisstjórn og því miður benda þær umræður sem hér hafa farið fram í kvöld og ræður þingmanna Alþfl. ekki til þess að neinna breytinga sé að vænta heldur miklu fremur styrkja þá skoðun að Alþfl. sé genginn endanlega í björg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

72. FUNDUR

miðvikudaginn 22. jan.,
kl. 10 árdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum sem eru á dagskrá í dag munu fara fram utandagskrárumræður samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræður. Þessar utandagskrárumræður eru í fyrsta lagi að beiðni 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, um ummæli forsrh. í fjölmiðlum um stöðu EES-samninganna, í öðru lagi að beiðni hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, um greiðslu umönnunarbóta, og í þriðja lagi að beiðni hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, um afstöðu ríkisstjórnarinnar til aðildar Eystrasaltsríkjanna að Norðurlandaráði.

Það er ekki gott að tímasetja þessar utandagskrárumræður frekar á þessari stundu, það fer eftir því hve langan tíma atkvæðagreiðslurnar taka. Forseti er að vona að það geti orðið ekki seinna en eftir kl. 1.

Samningur við Flugleiðir hf. um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli.

Beiðni ÓÞÞ o.fl. um skýrslu, 233. mál. — Þskj. 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðni leyfð til samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, EGuðn, FI, GAK, GHall, JónS, KSG, KÁ, ÓÞÞ, RA, SP, StH) fjarstaddir.

Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 124. mál. — Þskj. 381, brtt. 387, rökst. dagskrá 393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Dagskrártill. 393 felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, SalÞ.

8 þm. (EgJ, EGuðn, JónS, KÁ, GAK, ÓÞÞ, RA, StH) voru fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Með breytingum á lögum um Hagræðingarsjóð er, eins og hæstv. utanrrh. Jón Baldvin hefur orðað það, kominn fyrsti vísir að komandi veiðileyfagjaldi. Hæstv. sjútvrh. upplýsti það einnig á fundi sjútvn. 15. þessa mánaðar að þessi gjaldtaka væri komin til að létta á ríkissjóði og sem aðgerð ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Því hefur verið haldið fram að þessi gjaldtaka væri til að styrkja hafrannsóknir. Ef fjárlög áranna 1991 og 1992 eru borin saman kemur í ljós að um nær enga hækkun er að ræða á þessum lið á milli ára þannig að sá málflutningur stenst ekki.

Þess er einnig að geta að sú aðstoð sem áður var við byggðarlög sem orðið höfðu fyrir verulegum skakkaföllum er nú felld út.

Í lögunum um Hagræðingarsjóð frá 5. maí 1990 var um lokaðan sjóð að ræða sem virkaði hvetjandi fyrir sjávarútveginn í heild. Hlutverk sjóðsins var fyrst og fremst að auka arðsemi innan sjávarútvegsins sjálfs. Það að taka rentuna af fiskveiðunum og færa til ríkissjóðs til samneyslu í þjóðfélaginu eins og nú á að gera er auðlindaskattur sem ætlunin er að leggja á þá atvinnugrein sem dregur á veisluborð þessarar þjóðar yfir 80% af útflutningstekjum hennar. Hér er farið inn á ranga og hættulega braut í skattheimtu. Því segi ég já við því að vísa þessari tillögu frá.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. ríkisstjórn væri mikill greiði gerður með því að taka frá henni þann

kaleik að samþykkja þetta frv. Hér er í fyrsta lagi um að ræða nýjar álögur á íslenskan sjávarútveg upp á áætlaðar 525 millj. ísl. kr. í mjög erfiðu árferði. Í öðru lagi er því öryggisneti sem verið hefur að gildandi lögum um fiskveiðistjórnun og Hagræðingarsjóð varðandi hagsmuni byggðarlaganna kippt í burtu og það öryggisnet eyðilagt. Í staðinn koma forkaupsréttarákvæði veiðiheimilda á fullu markaðsverði sem sveitarfélögum við erfiðar aðstæður væri þá ætlað að nýta sér og verður ekki séð í fljótu bragði í hverju það bjargráð felst. Í þriðja lagi er hér verið að knýja fram lagasetningu í ákaflega umdeildu máli í fullkominni andstöðu við alla hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi. Og í fjórða lagi það sem verra er: Lögboðið samráð við þessa sömu hagsmunaaðila sem og sjútvn. Alþingis var einskis virt í þessu máli.

Enn er þess að geta að á nýbyrjuðu ári á að ljúka heildarendurskoðun ákvæða laga um Hagræðingarsjóð og laga um stjórn fiskveiða. Með þessum breytingum er verið að rífa þá hluti úr samhengi og skapa óvissu um þetta áframhaldandi endurskoðunarverkefni. Það er trúa mín að afleiðingar þessa frv., ef að lögum verður, muni verða mikil óvissa og mikil vandræði varðandi stjórn fiskveiðimála og framkvæmd sjávarútvegsstefnu þegar á síðari hluta þessa árs þegar hæstv. sjútvrh. fer að senda útgerðarmönnum um land allt bréf og biðja þá að senda sér ávísun fyrir hluta af veiðiheimildunum.

Ég segi þess vegna, hæstv. forseti, með miklum sannfæringarkrafti já þegar ég legg til og greiði því atkvæði að þessu máli verði nú vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá þó að það sé svo sem ekki félegt heldur.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér flytur sjútvrh. þá brtt. að ákvæði til bráðabirgða II í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins standi en þar er gert ráð fyrir því að sjútvrh. skuli fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skuli um það samráð við sjútvn. Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun. Hér hefur farið fram mikil endurskoðun á þessari löggjöf þannig að á henni hafa verið gerðar grundvallarbreytingar og nánast hverri einustu lagagrein þessara laga verið breytt.

Þær grundvallarbreytingar sem hafa átt sér stað eru í fyrsta lagi að það er ekki lengur mögulegt að úrelda skip þannig að það gagnist flotanum í heild, heldur er eingöngu gert ráð fyrir því að hjálpa til við að úrelda skip einkaaðila þannig að það gagnist þeim með millifærslum milli skipa. Í öðru lagi er verið að taka fjármuni frá sjávarútveginum til opinberra nota til að fjármagna rekstur Hafrannsóknastofnunar og hafrannsókna í landinu sem er sameiginlegt mál þjóðarinnar í heild. Og í þriðja lagi er verið að gera byggðahlutverk sjóðsins óvirkt.

Ég tel að þessi endurskoðun hafi með þessum breytingum í reynd farið fram og því þjóni það litlum sem engum tilgangi að þetta ákvæði til bráðabirgða standi áfram. Við munum hins vegar ekki leggjast gegn því og sitja hjá við atkvæðagreiðslu þessa ákvæðis en að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessari lagabreytingu sem mun hafa veruleg áhrif og er mikil breyting á gildandi fiskveiðistefnu.

Brtt. 387 samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: KSG*.

21 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv., svo breytt, samþ. með 31:21 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS.

2 þm. (GHelg, ISG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 397).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill beina því til hv. viðstaddra þm. að ef þeir ætla ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslu þurfa þeir að ýta á hnapp til þess að koma í veg fyrir að þeir verði skráðir sem fjarstaddir. Það er skylda viðstaddra þingmanna að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178, nál. 260, 261 og 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36:3 atkv., 14 þm. greiddu ekki atkv.

2.–4. gr. samþ. með 36:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, KSG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GÁ.

16 þm. (GB, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, MF, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StG, StH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv., 4 þm. greiddu ekki atkv.

Lánsfjárlög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 30, nál. 226 og 245, frhnál. 377 og 380, brtt. 246, 276, 378 og 382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 246,1 kölluð aftur.

Brtt. 378,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við í minni hlutanum teljum ekki tímabært að afgreiða lánsfjárlagafrv. Það er mikil óvissa í efnahagsmálum, það standa yfir kjarasamningar og það er ljóst að gera verður veigamiklar breytingar á fjárlögum og lánsfjárlögum ef kjarasamningar eiga að takast með farsælum hætti. Þetta er okkar afstaða og við munum ekki taka afstöðu til málsins miðað við þessar forsendur og munum því sitja hjá við afgreiðslu þess hér á Alþingi.

1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,2.a kölluð aftur.

Brtt. 378,2 samþ. með 32 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,2.b samþ. með 32 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 246,3.a samþ. með 31 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 378,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

. . .

9 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 276,2 samþ. með 32 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,3.b kom ekki til atkvæða.

Brtt. 246,3.c samþ. með 32 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 246,4 samþ. með 30 shlj. atkv., 21 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 378,4 samþ. með 31 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., 20 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,5.b kölluð aftur.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil benda meiri hluta efh.- og viðskn. eða formanni nefndarinnar og/eða forseta og stjórnarmeirihlutanum hér á það þó að við ætlum okkur ekki að taka afstöðu til þessa máls eins og aðstæður eru í kringum það að nóg held ég að sé nú komið af buslugangi við lagasetningu á Alþingi þó að þessi grein verði ekki borin upp. Ég held að það eigi að kalla alla þessa brtt. aftur þar sem í afgreiðslu hennar hér fælist að hluta til ákvörðun um afturvirkar lagasetningar. Allar dagsetningar sem inni í greininni eru, í hverjum einasta staflið miða við 31. des. 1991 og ég get ekki ímyndað mér að það sé ætlun manna hér að fara að standa að því að samþykkja þetta svona. Ég held að þá væri ekki lengur nóg að tala um það að menn væru að nota handarbökin hér við lagasmíðina heldur væri nær að menn væru að reyna að koma þessu fram með herðablöðunum ef svo væri að þessu unnið þannig að þetta hlýtur að vera misskilningur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram hér á meðan hv. þm. var að gera athugasemd við atkvæðagreiðslu að óskað er eftir því að kalla allar greinarnar aftur og verður þessi brtt., 5. tölul. á þskj. 246, kölluð aftur.

Brtt. 246,5 (a- og c-liðir) kölluð aftur.

Jón Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum hér á Alþingi hefur efh.- og viðskn. þingsins beðið Seðlabanka um upplýsingar um stöðu síldarmálanna eins og þau eru nú. Þær upplýsingar hafa enn ekki fengist en í trausti þess að efh.- og viðskn. fái þær upplýsingar og fulltrúar Seðlabanka mæti á fund hennar milli 2. og 3. umr. dreg ég brtt. 382 til baka til 3. umr.

Brtt. 382 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 246,6 kölluð aftur.

Brtt. 378,5 kölluð aftur.

6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv., 19 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 246,7 kölluð aftur.

7. gr. samþ. með 31 shlj. atkv., 19 þm. greiddu ekki atkv.

8.–11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv., 19 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 276,1 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, ISG, JónS, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

12.–13. gr. (verða 13.–14. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv., 7 þm. greiddu ekki atkv. — [Fundarhlé.]

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 2. umr. (frh. atkvgr.).

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 181, nál. 285 og 299, frhnál. 383 og 388, brtt. 263, 286, 307, 339, 353 og 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Í gær varð að fresta hluta af þessari atkvæðagreiðslu vegna rangfærslna sem hæstv. heilbrrh. hafði í frammi. Hann viðurkenndi frammi fyrir alþjóð í sjónvarpinu í gærkvöldi að um handarbakavinnu hafi verið að ræða við gerð þessa lagafrv. og meðferð. Að þeirri yfirlýsingu fenginni tel ég að ekkert sé því til fyrirstöðu að halda áfram atkvæðagreiðslunni.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Atkvæðagreiðslu í gær var frestað að beiðni þess hv. þm. sem lauk hér máli sínu áðan. Ég mun að sjálfsögðu við 3. umr. um þetta mál rökstyðja allt sem ég hef látið frá mér fara, líka það sem sagt var í sjónvarpinu í gær.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Áður en við ljúkum við að greiða atkvæði um breytingar á lögum um almannatryggingar sem ríkisstjórnin hefur lagt hart að sér við að breyta til að afla fjár til ríkisútgjalda og til þess að viðhalda velferðarkerfinu, þá vil ég, vegna þess að nú hefur verið gengið að öryrkjum og ellilífeyrisþegum til þess að ná inn um 260 millj. kr., leyfa mér, frú forseti, að vekja athygli hv. þm. á að aðrar leiðir kynnu að hafa fundist en að ganga að þessu fólki sem síst skyldi.

Í Morgunblaðinu í dag á baksíðu er svohljóðandi fyrirsögn „Hluthafafundur Sameinaðra verktaka: Greiða 900 milljónir króna út til hluthafa“ og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinaðir verktakar ákváðu á hluthafafundi í fyrradag að hækka hlutafé félagsins um 900 millj. kr. og færa niður um sömu upphæð aftur og greiða þá upphæð til hluthafa. Í fundarlok voru hluthöfum afhentar ávísanir í samræmi við eignarhluta þeirra. Með því“ — og ég bið hv. þm. að hlýða á mál mitt — „að hafa þetta fyrirkomulag á greiðslum til hluthafanna komast þeir hjá því að greiða skatt af þessum fjármunum, samkvæmt þeim upplýsingum sem Morgunblaðið aflaði sér í gærkveldi. Sami háttur hefur verið hafður á hjá Sameinuðum verktökum undanfarin ár, þar sem hlutafé hefur verið hækkað með jöfnunarhlutabréfum, og svo lækkað aftur með því að hækkunin hefur verið greidd út til hluthafanna. Hlutafé Sameinaðra verktaka stóð í 1.210 millj. kr. nú um áramót þannig að eftir stendur nú 310 millj. kr. hlutafé Sameinaðra verktaka. Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins hefur undirbúningur þessarar ákvörðunar staðið í allnokkurn tíma.“

Frú forseti. Mér reiknast svo til að með eðlilegri skattgreiðslu af þessu fé hefði mátt finna nokkurn veginn það sem hæstv. heilbrrh. hefur verið að leita að hjá ellilífeyrisþegum og öryrkjum og þar sem nú er enn eftir 3. umr. þessa máls vil ég benda hæstv. heilbrrh. og hæstv. menntmrh. og ríkisstjórninni allri sem hefur nú gengið að námsmönnum, sjúklingum, ellilífeyrisþegum, öryrkjum, sjómönnum og öðrum slíkum, að einfalt væri að ræða við forstöðumann þessa félags þar sem sami stjórnarformaðurinn er í eftirtöldum félögum: Sameinuðum verktökum hf., Hf. Eimskipafélagi Íslands, Burðarási hf., Hafnarbakka hf., Skipaafgreiðslu Jes Ziemsens hf., háskólasjóði Eimskips, Eimskipafélagi Reykjavíkur hf., Byggingarmiðstöðinni sf. og Borgarvirki hf.

Halldór H. Jónsson, stjórnarformaður þessara fyrirtækja, er einnig stjórnarmaður í eftirtöldum fyrirtækjum:

Garðari Gíslasyni hf., Skeljungi hf., Bændahöllinni, Íslenskum aðalverktökum hf., Flugleiðum hf., Lífeyrissjóði hf. Eimskipafélags Íslands. Þar sem þessi félög mörg hver eru að allra bestu manna mati allstöndug vil ég stinga upp á því við hæstv. ríkisstjórn að matarhola verði nú leitað hjá þessum aðilum áður en frekar verður gengið að þeim sem erfiðast eiga í þessu þjóðfélagi.

Brtt. 384,2.d (ný grein, verður 16 gr.) samþ. með 36 shlj. atkv., 19 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 384,2.e–f (2 nýjar greinar, verða 17.–18. gr.) samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: PP.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG,

IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EGuðn, FrS, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

15. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 286,5 samþ. með 44 shlj. atkv., 11 þm. greiddu ekki atkv.

16. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., 22 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 384,3.a samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, MF, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 286,6, svo breytt, samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA.

2 þm. (GHelg, MF) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. sem við greiðum nú atkvæði um á þskj. 286, 6. tölul., svo og brtt. sem áður voru greidd atkvæði um og nokkrar aðrar sem eru merktar meiri hluta efh.- og viðskn. eru í raun og veru samhljóða tillögum frá heilbr.- og trn. Ég tel að það sé galli við framsetningu þessara skjala að það skuli ekki koma fram hvernig fagnefndir hafa fjallað um málin, sérstaklega þegar þar næst algjör efnisleg samstaða um afgreiðslu mála. Þetta vil ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, ef það mætti verða til athugunar þegar atkvæðagreiðsluskjöl verða útbúin í framtíðinni að það liggi fyrir að hér er ekki einungis um að ræða stjórnarmeirihlutann í þessu tilviki heldur var hér um að ræða algjöra samstöðu um þetta mál í meiri hluta og minni hluta heilbr.- og trn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessar brtt. eru formlega bornar fram af efh.- og viðskn. Það kemur hins vegar fram í greinargerð með brtt. í nál. hver var afgreiðsla heilbr.- og trn. á málinu.

Brtt. 307 felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

17. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: IBA.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Hér á undan hafa verið greidd atkvæði um þrjár brtt. við 17. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Tvær þessara brtt. voru frá heilbr.- og trn. allri og stóð hún sameiginlega að þeim tillögum og höfum við í minni hluta nefndarinnar auðvitað greitt atkvæði með þeim. Þriðja tillagan var frá Finni Ingólfssyni, þeirri sem hér stendur, Ingibjörgu Pálmadóttur og Svavari Gestssyni, sem erum fulltrúar stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn. Sú tillaga fól það í sér að möguleiki á endurgreiðslu tannréttinga hjá börnum og unglingum 16 ára og yngri kæmi inn í 17. gr. og þar með 44. gr. almannatryggingalaga og var þetta heimildarákvæði til að greiða allt að 50% kostnað við tannréttingar. Að felldri þeirri tillögu, sem ég tel að skipti miklu máli, treysti ég mér ekki til að styðja 17. gr. frv. og mun því ekki greiða henni atkvæði mitt heldur sitja hjá.

Brtt. 384,3.b samþ. með 49 shlj. atkv., 5 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 286,7, svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv., 6 þm. greiddu ekki atkv.

18. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv., 20 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 286,8 samþ. með 33:1 atkv., 20 þm. greiddu ekki atkv.

19. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

20. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

21. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG,

SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, SJS, SvG.

13 þm. (AÓB, GB, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JVK, KE, ÓRG, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EGuðn, GAK, GÁ, IBA, JónK, JónS, KÁ, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

22.–24. gr. (verða 26.–28. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv., 23 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 286,9.a (ný grein, verður 29. gr.) samþ. með 32:23 atkv.

Brtt. 384,4 ný grein, verður 30. gr.) samþ. með 32:18 atkv.

Brtt. 286,9.b kom ekki til atkvæða.

Brtt. 286,9.c–d (2 nýjar greinar, verða 31.–32. gr.) samþ. með 31:4 atkv.

Brtt. 286,10 (ný grein, verður 33. gr.) samþ. með 31:1 atkv.

Brtt. 384,5 (2 nýjar greinar, verða 34.–35. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

22 þm. (SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, ÓRG, PP, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, EGuðn, JónS, KÁ, MF, GAK, ÓÞÞ, RA, StH) fjarstaddir.

Brtt. 384,6 (ný grein, verður 36. gr.) samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, SalÞ.

nei: ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG.

8 þm. (JónS, KÁ, GAK, ÓÞÞ, RA, StH, EgJ, EGuðn) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni hið fræga ákvæði *um eftirlitssveitir*, lögreglusveitir hæstv. ríkisstjórnar inn í opinberar stofnanir. Á það var bent strax í upphafi að þetta ákvæði væri bæði illa undirbúið, vanhugsað og vitlaust eins og það var fram lagt. Það ber að vísu að viðurkenna að hv. stjórnarliðar hafa tekið nokkurt mark á þessari réttmætu gagnrýni og viðurkennt í reynd þau handarbaka- eða herðablaðavinnubrögð *sem þarna voru viðhöfð með einum tveimur eða* þremur tilraunum til að laga þetta ákvæði til. Samt er það enn svo úr garði gert að það er ónothæft. Og til að kóróna vitleysuna endar ákvæðið á því að kostnaður við starf tilsjónarmannanna skuli greiðast af viðkomandi stofnun. En forsenda þess að unnt sé að setja tilsjónarmennina til starfa er að sömu stofnanir séu *komnar fram úr fjárveitingum sínum þannig* að það er til að kóróna sköpunarverkið að það á þá enn að auka á fjárhagsvanda þeirra og setja þær enn lengra fram úr fjárlögum að bæta við útgjöld þeirra kostnaði af störfum tilsjónarmanna hæstv. ríkisstjórnar.

Fjölmargar athugasemdir hafa komið fram, réttmætar, um það að þetta ákvæði standist í raun og veru ekki allar góðar stjórnsýsluvenjur og vísa ég þar ekki síst til *athugasemda Ríkisendurskoðunar um* að með ófullnægjandi hætti sé gengið frá spurningum sem varða valdsvið og ábyrgð þessara manna þegar þeir koma til starfa í viðkomandi stofnun.

Það er því langvænlegasti kosturinn, hæstv. forseti, að forða hér slysi og fella þetta vitlausa ákvæði og ég segi því nei.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að brjóta grundvallarreglur að því er varðar eftirlit og stjórnun stofnana. Starfssvið þessara tilsjónarmanna samkvæmt frumvarpstextanum er í fyrsta lagi að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana. Þessir tilsjónarmenn eiga að skipuleggja bókhaldið, hafa eftirlit með bókhaldinu. Þeir eiga að skipuleggja fjárhagsáætlanir og hafa eftirlit með fjárhagsáætlunum. Þetta er verksvið sem aðrar eftirlitsstofnanir ríkisins hafa samkvæmt lögum og samkvæmt venjum. En það er ekki nóg með að tilsjónarmennirnir eigi að gera þetta því að síðan segir í frumvarpstextanum: „...og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds ...“ Þeir eiga ekki eingöngu að hafa eftirlit og skipuleggja allt reikningshald, heldur eiga þeir líka að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar og umfang starfsmannahalds. Þeir hafa sem sagt allsherjarvald þar sem öllu er hrært saman.

Það er með ólíkindum að meiri hluti Alþingis skuli brjóta með þessum hætti allar hefðir í sambandi við framkvæmd slíkra mála og jafnvel þótt nokkrar lagfæringar hafi verið gerðar eru þær alls ekki nægilegar. Ég segi því nei.

Brtt. 339 felld með 31:23 atkv.

25. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 32:22 atkv.

26.–27. gr. (verða 38.–39. gr.) samþ. með 32:4 atkv.

Brtt. 353 kölluð aftur.

28. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

29.–33. gr. (verða 41.–45. gr.) samþ. með 32:4 atkv.

34. gr. (verður 46. gr.) samþ. með 30:18 atkv.

35.–42. gr. (verða 47.–54. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 263 felld með 32:21 atkv.

43. gr. (verður 55. gr.) samþ. með 32:18 atkv.

Brtt. 286,11 (ný 44. gr., verður 56. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 286,12.a (ný grein, verður 57. gr.) samþ. með 30:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, StG, SJS.

1 þm. (EKG) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EGuðn, JHelg, JónS, KÁ, GAK, ÓÞÞ, PJ, RA, StH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Frá upphafi hef ég lýst andstöðu minni við skerðingu á fjárveitingum til vegamála. Fram hefur komið að ætlunin mun að lækka framlög til framkvæmda við jarðgöng á Vestfjörðum um u.þ.b. 250 millj. kr. á þessu ári. Nú hefur verið upplýst að unnt er að opna jarðgöngin fyrir umferð á tilsettum tíma þrátt fyrir að fjárveitingar á þessu ári verði lægri en ætlunin hafði verið. Með tilvísan til þessa greiði ég ekki atkvæði.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Við atkvæðagreiðslu fyrir jól var ákveðið að skerða framlög til Vestfjarðaganga þannig að menn gera nokkuð seint grein fyrir atkvæði sínu með því að gera það nú. En auk þeirrar sérstöku skerðingar á framkvæmdum til vegamála á Vestfjörðum er um að ræða skerðingu í þessu frv. upp á tæpar 300 millj. og samtals mun skerðingin til samgöngumála á þessu ári nema um 1.000 millj. kr. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að skerða framlög til samgöngumála á sjó. Ég segi nei.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Með vísan til þess að þrátt fyrir það að hér hefur orðið að fresta eða draga úr vegaframkvæmdum hefur ríkisstjórnin ákveðið að Vestfjarðagöng skuli opnuð á sama tíma og ráð var fyrir gert þó svo að fullnaðarfrágangi verði ekki lokið og að engar breytingar eru gerðar á upphaflegum framkvæmdaáformum, þá segi ég já.

Brtt. 286,12.b (ný grein, verður 58. gr.) samþ. með 33:5 atkv.

Brtt. 384,7 samþ. með 31:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, SalÞ.

nei: MF, ÓRG, PP, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KE.

10 þm. (GAK, ÓÞÞ, PJ, RA, StH, EgJ, EGuðn, JHelg, JónS, KÁ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það ákvæði sem hér er á ferðinni á í raun rót sína að rekja til hins illræmda næturfundar ríkisstjórnarinnar en þá ákvað ríkisstjórnin einhliða að henda í sveitarfélögin verkefnum á sviði málefna fatlaðra og samsvarandi útgjöldum upp á hundruð millj. kr. Sem betur fer tókst að afstýra þeirri óhæfu að málefnum fatlaðra, þeim viðkvæma málaflokki, væri með þeim hætti hent á milli manna eins og til stóð. Í staðinn kom ríkisstjórnin upp með þá hugmynd á öðrum næturfundi að skella á sveitarfélögin 700 millj. kr. útgjöldum og merkja þau að nafninu til kostnaði við löggæslu í landinu. Eitt af því allra alvarlegasta fyrir utan þær byrðar sem þannig eru einhliða lagðar á sveitarfélögin án nokkurra tengsla við viðkomandi verkefni er að við vinnslu þessa máls hundsaði ríkisstjórnin algerlega ákvæði laga um samráð við sveitarfélögin um sameiginleg verkefni. Þau lagaákvæði er að finna í 116. gr. laga um sveitarstjórnarmál. Það eru þau ákvæði sem hæstv. heilbrrh. fór rangt með í sjónvarpsþætti í gærkvöldi og var það reyndar ekki það eina og ekki um það eitt sem heilbrrh. ló til í gærdag. Þessi ákvæði eru svona, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila."

Með öðrum orðum: Það stendur hvergi í þessari lagagrein, er út í hött og lýsandi dæmi um skammarlegan málflutning hæstv. heilbrrh. sem hann sagði í sjónvarpsþættinum í gærkvöldi að þetta samráð snerist um það að ríkisstjórnin þyrfti að láta sveitarfélögin vita um þá stefnu sem hún hefði ákveðið að framkvæma gagnvart sveitarfélögunum. Þarf nú ekki frekari vitnanna við um sannleiksást þessa hæstv. heilbrrh. sem gerði sig að endemum frægan með frammistöðu sinni hér í gær.

Með vísan til þessa, hæstv. forseti, í fyrsta lagi að lögboðið og lögbundið samráð ríkisvalds og sveitarfélaga hefur hér verið brotið, í öðru lagi að hér er bersýnilega óréttlát skattheimta á sveitarfélögin þar sem um nefskatt er að ræða án tillits til aðstöðu sveitarfélaganna að öðru leyti og mismunandi háan eftir íbúafjölda í sveitarfélögum, og þá í þriðja lagi með vísan til þess að þar er mjög sennilega á ferðinni brot á svonefndri jafnræðisreglu í skattalögum, þá hljótum við að mótmæla mjög harðlega þessu ákvæði og þeirri framkomu sem ríkisstjórnin með þessum hætti sýnir sjálfstæðu stjórnsýslustigi í landinu þar sem sveitarfélögin eru. Ég segi því nei, hæstv forseti.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í 1. gr. samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga kemur eftirfarandi fram: Aðilar eru sammála um að ríkið og sveitarfélögin samræmi eftir því sem kostur er stefnu sína í opinberum rekstri með það fyrir augum að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem ríkisstjórn og Alþingi ákvarða á hverjum tíma. Ég segi já.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við undirbúning þeirrar tillögu sem hér hefur gengið til atkvæða um hefur lögbundið

samráð við sveitarfélögin verið virt að vettugi. Tillagan gengur þvert á hugmyndafræði þá sem liggur að baki verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að saman fari stjórn og fjárhagsleg ábyrgð. Með þessari tillögu er skattlagningu stjórnvalda velt yfir á sveitarfélögin og íbúum þeirra mismunað. Ég segi nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó að með þessari brtt. sé um lítils háttar lækkun að ræða á fyrirhuguðum nefskatti á sveitarfélögin, þá er ég algjörlega andvíg þeirri stefnu sem ríkisstjórnin tekur hér gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ég er algjörlega andvíg þessari skattlagningu og því segi ég nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Tekjur sveitarfélaga dragast saman með sama hætti og tekjur ríkissjóðs þegar samdráttur er í þjóðfélaginu. Ég vil minna á það að þegar verkaskipting var ákveðin fyrir tveimur árum milli ríkis og sveitarfélaga, þá tóku sveitarfélögin að sér tiltekin verkefni og fengu til þess ákveðna tekjustofna.

Tekjur sveitarfélaga á árinu 1990 voru minni en útgjöld þeirra. Þau áttu ekki fyrir útgjöldum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að bæta á sveitarfélögin 750 millj. kr. útgjöldum til viðbótar. Auk þess hvíla á sveitarfélögunum mörgum hverjum lögbundnar kvaðir um úrbætur í umhverfismálum og í sumum sveitarfélögum neyðast menn til að verja stórfé til atvinnumála til að halda þar uppi einhverri sómasamlegri atvinnu. Ég segi því, virðulegi forseti, nei.

Brtt. 286,12.c (ný grein, verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 30:20 atkv.

Brtt. 384,8 (ný grein, verður 60. gr.) samþ. með 32:1 atkv.

Brtt. 384,9 (ný grein, verður 61. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 384,10 samþ. með 31:6 atkv.

Brtt. 286,13 samþ. með 31:1 atkv.

45. gr. (verður 62. gr.), svo breytt, samþ. með 31:2 atkv.

Brtt. 384,11.a (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. I) samþ. með 31:3 atkv.

Brtt. 384,11.b (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 286,14 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. III) samþ. með 32:1 atkv.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í því ákvæði til bráðabirgða sem við greiðum næst atkvæði um segir m.a.: „Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir 15. jan. 1992 auglýsa með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem telja sig eiga rétt samkvæmt framansögðu og ber þeim, sem ekki hafa þegar sent inn umsóknir að gera það fyrir 15. febr. 1992 á eyðublöðum sem stofnunin lætur í té."

Það er alveg augljóst mál að það tekst ekki auglýsa þetta fyrir 15. jan. ef ég kann dagatalið rétt þannig að það sýnist vera óhjákvæmilegt að laga þetta ákvæði í 3. umr. málsins.

Ákv. til brb. I–II (verða ákv. til brb. IV–V) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 286,15 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. VI) samþ. með 31:3 atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum um stöðu EES-samninganna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið greint frá hefst nú utandagskrárumræða. Fyrst er umræða að beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v. um ummæli forsrh. í fjölmiðlum um stöðu EES-samninganna.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Á fyrra ári fóru sem kunnugt er fram samningaviðræður EFTA við Evrópubandalagið um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Tvisvar sinnum var okkur kynnt að niðurstaða væri fengin í þeim umræðum og því lýst af talsmönnum ríkisstjórnarinnar sem íslenskum stórsigri. Við nánari könnun kom í ljós að samningsdrögin voru ekki eins tvímælalaus stórsigur fyrir Íslendinga og hæstv. utanrrh. vildi vera láta og eftir því sem samningsdrögin hlutu nákvæmari skoðun í utanrmn. og annars staðar komu fleiri og fleiri annmarkar í ljós. Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi dró til baka stuðningsyfirlýsingu sína við þessi samningsdrög af þessum sökum. Ég varð þess var í vetur þegar ég hafði tækifæri til að hitta þingmenn frá Evrópuþinginu að þeir töldu samninginn eiga miklu lengra í land en okkur hafði verið sagt hér heima og Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi samningsdrög samrýmdust ekki Rómarsáttmálanum og slógu þar með á hendur EFTA-ríkjanna.

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins þann 20. jan. var viðtal við hæstv. forsrh. um þetta efni. Þar sagði hann að enginn vafi væri á því að afskaplega þungt væri fyrir fæti í þessum samningum og síðan orðrétt: „Þannig að ef við horfum á málið í dag, þá er það ekki bara tvísýnt. Það er flest sem bendir til þess að við séum komir þar í afskaplega þrönga stöðu." Fréttamaðurinn spyr hvort það megi telja kraftaverk ef takist að semja úr þessu. Og hæstv. forsrh. svarar: „Já, það væri að mínu viti kraftaverk ef það gengi fram og ástæðurnar eru kannski margar."

Í tilefni þessara ummæla vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Eru ummæli hæstv. forsrh. mat ríkisstjórnarinnar á stöðu málsins? Hvað hyggst þá ríkisstjórnin gera? Vonandi hefur hæstv. ríkisstjórn engin áform á prjónunum um að sækja fyrir Íslands hönd um aðild að Evr-

ópubandalaginu. Ég vona að hér séu allir sammála um að slíkt komi ekki til greina og þá spyr ég: Er ekki tímabært að hefja nú þegar undirbúning að tvíhliða viðræðum um viðskiptasamning við Evrópubandalagið?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þau ummæli sem ég lét falla í þessum efnum og málshefjandi vitnaði til eru auðvitað mitt mat á stöðunni. Ég geri ekki í sjálfu sér ráð fyrir því að neinn ágreiningur sé um það mat meðal ráðherra í ríkisstjórninni. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafði 15. og 16. des. sl. gefið til kynna að reynt yrði að vinna í þágu samningsaðilans við Evrópubandalagið, EFTA-ríkin, með þeim hætti að sú dómsumsögn sem Evrópudómstóllinn gaf mundi ekki koma í veg fyrir það að samningar gætu gengið fram. Ég vona að enginn velkist í vafa um það að ég tel afskaplega mikilvægt að slíkir samningar nái fram að ganga.

Mér hefur þótt sem þær yfirlýsingar hafi ekki gengið eftir og mér hefur þótt sem þær hugmyndir sem helst hafa verið í gangi og í rauninni ganga í þá áttina að auka vægi Evrópudómstólsins eða a.m.k. minnka vægi EES-dómstólsins séu til þess fallnar að skapa okkur mjög mikla erfiðleika. Ég vona auðvitað enn að pólitísk lausn fáist í málinu en mér hefur þótt því miður að við höfum engin tákn séð um það að slík lausn sé í sjónmáli.

Við sjáum líka að EFTA-ríkin eru hvert af öðru að ganga hraðar þann veg að sækja um beina aðild að þessu bandalagi og hugsanlega gætu flest EFTA-ríkin fellt sig við þessa breytingu sem umsögn EB-dómstólsins leiðir til, nema helst við og Norðmenn. Það hefur yfirleitt verið mat íslenskra lögfræðinga að það fyrirkomulag sem var á EES-dómstólnum mundi ekki stangast á við íslenska stjórnarskrá en það mál hlyti að koma til endurmats ef það sigldi í það far sem Evrópudómstóllinn í raun vildi leggja samningsviðræðunum með sinni dómsumsögn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að þessi mál komi hér til umræðu bæði í ljósi stöðunnar og eins vegna ummæla hæstv. forsrh. sem féllu á sama veg á Alþingi í fyrradag, í fyrrakvöld, þegar við ræddum þessi mál í tengslum við mál sem þá var á dagskrá. Hér upplýsir forsrh. og ítrekar þetta mat sitt og segir að það sé einnig mat ríkisstjórnarinnar eða telur svo vera og utanrrh. hlýtur auðvitað að segja orð í þessum umræðum á eftir.

Það er líka athyglisvert að forsrh. gerir ráð fyrir því að sú niðurstaða sem einna líklegust sé og verið er að knýja á um af hálfu Evrópubandalagsins varðandi dómsþátt samninganna yrði Íslandi óaðgengileg og kannski einnig Norðmönnum en hinum löndunum ekki. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um að staðan er auðvitað orðin afar snúin að því er Ísland varðar frá sjónarhóli þeirra sem vilja ná þessum samningum.

Forsrh. talar um að það þurfi að fara að móta stefnu um aðrar leiðir og ég tek undir það með málshefjanda að vonandi eru menn ekki að hugsa um inngöngu í Evrópubandalagið eða sækja um aðild þar eins og nú gerist með æ fleiri EFTA-ríki. En það skyldi þó ekki vera að hugrenningar væru í þá átt innan hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef hér fyrir framan mig ljósrit úr Dagens Nyheter frá 19. jan. sl. þar sem greint er frá fundi formanna norrænna krataflokka og þar voru einnig fulltrúar verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum. Þar er greint frá því að þar hafi formenn krataflokkanna í norrænu ríkjunum tekið þátt, þar á meðal Jón Baldvin Hannibalsson, sem hafi greint frá því sem hann hefði orðið áskynja í Brussel, og síðan segir orðrétt í Dagens Nyheter, virðulegur forseti: „Deltagarna var helt eniga om EGs betydelse och om vikten af att deras länder satsar på medlemskap i EG." Þetta stendur í blaðinu og við hljótum að spyrja hæstv. utanrrh. sem er einn í þessum hópi: Er þetta hans skoðun sem þarna er verið að vitna til? Hann hefur áður á erlendri grund, á fundi með stúdentum í mars 1989 að mig minnir, sagt það sem sitt sjónarmið að ef Noregur sækti um hlyti Ísland að fylgja á eftir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að taka þetta mál til umfjöllunar nú og krefjast þess að hæstv. ríkisstjórn upplýsi hvaða nýjar upplýsingar liggja að baki þeim yfirlýsingum sem hafa verið að birtast síðustu daga, m.a. frá hæstv. forsrh., um að þeir telji að það sé kraftaverk ef eitthvað verður úr samningnum við EES. Ég segi þetta í ljósi þess að í fyrrakvöld bárust mér upplýsingar um það að hjá hagsmunaaðilum í íslensku atvinnulífi sé farið að ræða um tilboð sem EB hafi gert EFTA-þjóðunum um sérstaka hraðferð inn í EB þar sem þær þjóðir sem sækja um aðild á árinu 1992 fái aðild á árinu 1995. Að öðrum kosti sé óvíst hversu lengi þær þurfi að bíða. Þetta eru upplýsingar sem eru, eins og ég sagði, þessa dagana til umfjöllunar hjá hagsmunaaðilum í íslensku atvinnulífi. Það hlýtur að vera krafa Alþingis að hæstv. ráðherrar upplýsi hér hvort þeim hafi borist þessar upplýsingar. Mér þykir ótrúlegt að upplýsingar, sem koma á minnisblöðum frá aðilum sem eru í beinu sambandi úti í Brussel, hafi ekki borist til íslensku ríkisstjórnarinnar. Í ljósi þessa, ef hagsmunaaðilar í íslensku atvinnulífi eru farnir að ræða þetta mál á þessum nótum innan sinna samtaka, þá er það enn þá nauðsynlegra og enn þá brýnna að hæstv. ríkisstjórn taki af skarið um það að aðild að EB komi ekki til greina en í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga og stöðu málsins verði nú þegar hafinn undirbúningur að beinum tvíhliða viðræðum milli Íslands og EB.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög ánægjulegt að þessi fyrirspurn skuli hafa komið fram og raunar nauðsynlegt. Við höfum auðvitað rætt þessi mál mjög rækilega í hv. utanrmn. og gerum alltaf öðru hvoru enda einna mikilvægustu málin sem við fjöllum um.

Þessi mál voru líka rædd mjög oft og mörgum sinnum í Evrópustefnunefnd sem raunar hefur ekki starf-

að upp á síðkastið en gaf út álitsgerð á sínum tíma þar sem m.a. segir að enginn íslenskur stjórnmálaflokkur hafi á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkar orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina.

Með hliðsjón af þessu höfum við auðvitað fylgst mjög náið með starfi þeirra til að reyna að koma á Evrópsku efnahagssvæði. Nú er ljóst að það tefst allt saman og ég held að það sé af hinu góða. Við þurfum að átta okkur betur á stöðunni.

Sannleikurinn er sá að Evrópubandalagið er enn þá í skuld við okkur en ekki öfugt og við eigum þess vegna réttar að gæta þar. Henning Christophersen mikill valdamaður í EB lýsti því yfir sem bókað er í fundargerð, og ekkert launungamál, þegar Evrópustefnunefndin var á ferðalagi ytra að við Íslendingar hefðum veitt Evrópubandalaginu öll fríðindi, tollfrelsi á innflutningi þeirra til okkar en við hefðum ekkert fengið í staðinn og það ættum við að sækja og gætum gert það en við hefðum vanrækt það. Við höfum ekki gengið nógu langt í því að gæta réttar okkar og það er sjálfsagt að herða nú sóknina því að við eigum réttinn en ekki þeir.

Við þurfum að minnast þess líka að við eigum nú stærra svæði af yfirborði jarðar en EB-þjóðir og miklu verðmætara eins og menn kannast við. Þingmenn hafa allir fengið þessa kortabók sem ég er hér með í hendur og raunar þessa merku bók „Ísland og Evrópa" líka, sem þeir ættu að kynna sér mjög rækilega. En málið er þannig vaxið að við eigum að gæta okkar réttar og hvika hvergi og skal ég nú láta máli mínu lokið, virðulegi forseti.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. segir að hann sé nú orðinn svartsýnn á að hugmyndir um EES verði að veruleika. Hann segir einnig að það sé hans mat að erfitt verði fyrir Íslendinga að samþykkja aukið vægi EB-dómstólsins. Þetta þykja mér ágætar fréttir ef réttar eru og kom mér raunar á óvart því að ég hefði ekki orðið undrandi á því þótt EFTA-löndin og þeir sem fara með samningsumboð fyrir hönd EFTA-landanna mundu samþykkja hverja þá niðurstöðu sem EB legði fram í dómstólamálinu. Svíar og Austurríkismenn segjast líta á EES sem stökkpall inn í EB og sama má segja um þá sem ráða ferðinni bæði í Noregi og Finnlandi. Málflutningur ýmissa þeirra sem sæti eiga í ríkisstjórn Íslands, ég á þar kannski sérstaklega við hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. þó að aðrir hafi e.t.v. gefið eitthvað í skyn, hefur verið með þeim hætti að þeir telji, eins og aðrir, að EES sé stökkpallur inn í EB. Þess vegna hafði ég fremur reiknað með því að hæstv. utanrrh. hefði samþykkt hvað eina sem EB byði fram sem lausn á þessu máli. Ég byggi það sérstaklega á því að hér áður fyrr taldi hæstv. utanrrh. að dómstóllinn væri mjög mikilvægur fyrir Íslendinga og talaði fjálglega um það bæði hér úr þessum ræðustól og í fjölmiðlum að mjög mikilvægt væri fyrir Ísland að þessi dómstóll yrði settur á. En um leið og ljóst var hver niðurstaða EB-dómstólsins var, þ.e. að þessi drög yrðu ekki samþykkt og dómastólakaflinn fengi ekki að standa óbreyttur, þá kom það fram hjá utanrrh. í fjölmiðlum að dómstóllinn skipti í raun engu máli fyrir land eins og Ísland. Ég bjóst því fremur við því að það svartsýnistal sem nú hefur borið á hjá ríkisstjórninni væri einungis til þess fallið að hægt væri að tala um stórsigur þegar einhver bastarður kæmi sem lausn frá EB í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að unnt er að hreyfa þessu máli hér þó að í knöppu formi sé. Það sem fyrst vekur auðvitað athygli og er endurtekið er hið kolranga stöðumat hæstv. utanrrh. sem virðist endurtekið hafa leitt menn í ógöngur í þessum efnum og endurtekið hefur sigurvissa og sigurvíma hæstv. utanrrh. reynst tilefnislaus.

Það sem hæstv. forsrh. ræðir nú um eru engar nýjar fréttir, að EFTA-ríkin séu hvert á fætur öðru á hlaupum inn í Evrópubandalagið. Það hefur lengi legið fyrir og þeim mun minna hefur traust manna á hugmyndum hæstv. utanrrh. um þetta svæði verið. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að spyrja: Hvaða ráðstafanir hyggst hæstv. ríkisstjórn gera, ekki bara einhvern tíma í framtíðinni heldur þegar í stað, til að marka Íslendingum aðra möguleika, aðra valkosti í þessum efnum?

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann ekki að stefna hans hafi beðið skipbrot og er það ekki slíkt alvörumál að óhjákvæmilegt sé fyrir hæstv. utanrrh. að hugleiða hvort honum beri ekki að segja af sér embætti?

Að lokum vil ég ítreka spurningar hv. 4. þm. Austurl. til hæstv utanrrh. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. skýri afstöðu sína til þeirra frétta úr norrænum blöðum sem hér var vitnað til en í lauslegri þýðingu stendur þar að þátttakendur á þessum fundi, þar með talinn hæstv. utanrrh., séu alveg sammála um þýðingu Evrópubandalagsins og gildi þess að lönd þeirra taki stefnu á aðild að Evrópubandalaginu. Stendur hæstv. utanrrh. að þessari yfirlýsingu eins og þarna er frá henni skýrt? Ef svo er, þá eru það stór tíðindi í íslenskum stjórnmálum að formaður Alþfl. hafi tekið upp í stefnu sína aðild að Evrópubandalaginu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég flokkaði það undir mikla guðs mildi þegar samningar um Evrópskt efnahagssvæði sigldu í strand. Með trú á áframhaldandi guðs mildi vona ég að þeir verði ekki vaktir upp á nýjan leik. Þess vegna hlýtur það að vera verkefni hæstv. utanrrh. að vinna að því á breiðum grundvelli að við náum viðskiptasamningum við aðrar þjóðir. Það voru gleðifréttir þegar það barst frá fjölmiðlum að farið væri að ræða við Ameríku um aukin viðskipti. Halli er búinn að vera á viðskiptum við Vestur-Evrópu frá því að ég man eftir og ég hef ekki mikla trú á því að nýlenduveldi heimsins hafi eitthvað breytt um stefnu frá því að

þeirra markmið var að arðræna sem mest þau lönd sem þau höfðu eitt sinn náð tökum á. Ég verð að segja eins og er að það hlýtur að vera spurning dagsins hvort Sjálfstfl., sem á sínum tíma vildi að teknar yrðu upp tvíhliða viðræður og formaður Sjálfstfl. barðist fyrir því hér í þinginu, hefur tapað trúnni á tvíhliða viðræðum. Hafi það verið rétt þá að taka upp tvíhliða viðræður, þá hlýtur það að vera eðlilegt nú. Það getur auðvitað verið að sú breyting hafi orðið á Sjálfstfl. að sjálfstæðið sé ekki aðalatriðið lengur. Við höfum trúað því að Alþfl. væri að verða útibú frá Sjálfstfl. Þetta hefur kannski snúist við og menn búnir að afskrifa sjálfstæðið. Ég trúi því að þessari þjóð sé fyrir bestu að viðhalda því fullveldi sem hún hlaut og því fullveldi sem hún hefur. Slík þjóð þarf að leita eftir viðskiptasamningum en hún hefur ekkert að gera inn í eitthvert efnahagssvæði Evrópu, hvaða nafni sem það verður nefnt og ég vona að það verði aldrei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þau svör sem hann veitti. Ég skil það svo að mat hans sé mat ríkisstjórnarinnar og ég sé ástæðu til þess að hvetja ríkisstjórnina til þess að hefja nú þegar raunhæfan og skipulagðan undirbúning að viðræðum um tvíhliða viðskiptasamning Íslands og EB. Ákvæðin um EES-dómstólinn voru yfirdrifið nógu óhagstæð fyrir Íslendinga í samningsdrögunum frá því rétt fyrir jólin þar sem skipan dómsins var sú að þrír dómarar voru frá EFTA-hliðinni á móti fimm dómurum frá EB og hagsmunir EB hefðu þá átt að vera tryggðir. Hefði verið meiningin að þessi dómstóll starfaði á jafnréttisgrundvelli og dæmdi eftir gildandi reglum hefði auðvitað verið nægilegt að dómararnir væru jafnmargir frá hvorri hlið.

Ég vil líka láta það koma fram að ég tel að við meðferð málsins hafi það verið ámælisvert að greina ekki utanrmn. og Alþingi rétt frá stöðu málsins, greina Alþingi, utanrmn., hagsmunaaðilum og þjóðinni allri frá hinni raunverulegu stöðu málsins. Ekki var greint skilmerkilega frá því að Evrópubandalagið hefði endanlega neitað að taka við langhala og endurgjald yrði að vera karfi. Því má bæta við og undirstrika að sú loðna sem við höfum fengið í skiptum fyrir þennan karfa hefði á nokkrum undanförnum árum einungis verið pappírsfiskur. Þá fer að nálgast það að við færum að brjóta þau prinsipp sem við höfum haldið fast við í þessari samningagerð allri, að veita ekki einhliða aðgang að fiskimiðum fyrir tollaívilnanir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hafði beðið um orðið. Ég bað um orðið á eftir honum. Þá óskaði hæstv. utanrrh. eftir því að verða fluttur aftar á mælendaskrána. Hver er ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh. þorir ekki að tala í þessari umræðu fyrr en aðrir þingmenn hafa nýtt sér rétt sinn til að tala? Það er athyglisverð spurning.

Hæstv. utanrrh. veitir þinginu ekki þá sjálfsögðu kurteisi að koma hér inn í umræðuna með eðlilegum hætti þótt til hans hafi verið beint mjög þungum og mjög alvarlegum spurningum. Hann er það hræddur við eitthvað að hann leitar skjóls í því að vera svo afiarlega í umræðunni að enginn geti talað á eftir honum. Hvað er nú orðið um kjarkmanninn sem hitti bændur á Suðurlandi í gærkvöldi? Hefur hann misst kjarkinn hér í þingasalnum? Þetta er mjög undarlegt. Þetta er sérstaklega undarlegt vegna þess að utanríkismál eru að mörgu leyti æðri og mikilvægari en þau daglegu málefni sem við erum hér að fást við.

Mér finnst margt benda til þess, m.a. ræða hæstv. forsrh. hér og ég vitna einnig í svör hæstv. forsrh. sem birtust í Morgunblaðinu í desembermánuði, að afgerandi þingmeirihluti sé á Alþingi fyrir að hefja nú þegar undirbúning að tvíhliða viðræðum Íslands og Evrópubandalagsins. Ég tel að sá meiri hluti sé fyrir hendi ef dæma má yfirlýsingar forsrh. síðustu daga, hér í stólnum í dag og í viðtali við Morgunblaðið fyrir rúmum mánuði síðan. Spurningin er hins vegar sú: Fær þessi meiri hluti á Alþingi að koma fram og birtast? Eða ætlar hæstv. utanrrh. og Alþfl. að koma í veg fyrir að þessi meiri hluti á Alþingi fái að segja sína skoðun á sama hátt og hann hagar sér þannig hér í þessum umræðum að hann þorir ekki að taka þátt í þeim þannig að þingmenn geti með eðlilegum hætti tjáð sig að ræðu hans lokinni?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Spurningin um örlög samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er þessi: Getur Evrópubandalagið staðið við þann samning sem það hefur gert og fullnustað hann? Svar við þeirri spurningu liggur ekki fyrir og meðan svo er, þá er hann í tvísýnu og það er óvissu undirorpið hvort samningurinn tekst endanlega og verður hrundið í framkvæmd.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda, sem var hér næstliðna daga, var þetta meginmál umræðna. Þar spurðum við utanríkisráðherrar EFTA-ríkja utanríkisráðherra Danmerkur, sem sæti á í ráðherraráði Evrópubandalagsins, fyrst og fremst eftirfarandi spurninga:

Hvert er þitt mat á því hvernig skilja beri samningsstirfni framkvæmdastjórnar EB varðandi lausn á dómstólsmálinu? Ber okkur að skilja það sem skilaboð um breyttar pólitískar áherslur? Ber að skilja það á þann veg að áhugi Evrópubandalagsins hafi nú minnkað á því að standa við samningsskuldbindingar sínar? Ber að skilja það svo að þau öfl innan EB, sem að sjálfsögðu eru fyrir hendi og sem vilja frekar fjölga aðildarríkjum en efna þennan samning, séu að verða ofan á? Hefur fjölgun yfirlýsinga um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu þannig styrkt stöðu þeirra innan EB sem eru andvígir EES-samningnum?

Svar danska utanríkisráðherrans var efnislega þetta: Ég hef engar upplýsingar í höndum sem renna stoðum undir þessa túlkun og tel hana ósennilega vegna þess að þau ríki innan EB sem andstæðust eru EES-samkomulaginu eru jafnframt þau hin sömu sem hafa lýst andstöðu við fjölgun aðildarríkja.

Virðulegur forseti. Því miður gefst ekki tími til að

segja miklu meira en að gefu tilefni vil ég taka það fram vegna fyrirspurnar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að á leiðtogafundi jafnaðarmanna á Norðurlöndum í Stokkhólmi 14. og 15. jan. gerði ég að sjálfsögðu grein fyrir afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar með nákvæmlega sama hætti og ég gerði hér á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda, þ.e. að ríkisstjórn á Íslandi hefði engin áform uppi um umsókn að Evrópubandalaginu. Hins vegar var ég farinn af fundi þegar fréttamannafundur var og veit ekki hvað þar fór fram af hálfu annarra.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það gleður mig að heyra að hæstv. utanrrh. dregur hér til baka það sem fram hefur komið í norrænum blöðum varðandi þennan fund leiðtoga krataflokka. Ég held að ástæða væri til þess fyrir hæstv. utanrrh. að gefa yfirlýsingu þannig að fréttir berist einnig til Norðurlanda um að hann sé ekki einn í þessum hópi því að auðvitað geta fregnir af svona vettvangi haft áhrif á þróun mála. Það er auðvitað þáttur í því sem er að gerast í þessum efnum er að EFTA-ríkin eitt af öðru eru að búa sig undir að sækja um aðild eða hafa þegar gert það. Síðustu fregnir frá Noregi sem menn hafa metið svo að yrði seint á ferðinni með að sækja um aðild eru þær að forsætisráðherra Noregs er farinn að tala mjög opinskátt um það að Norðmenn eigi að slást í hópinn, hóp þeirra EFTA-ríkja sem sækja um aðild að Evrópubandalaginu og það er vaxandi þrýstingur á norsk stjórnvöld að stíga þetta skref og kunngera niðurstöðu á miðju þessu ári ef þau ætla ekki að missa af lestinni á þessum áratug. Og auðvitað hefur það áhrif á Evrópubandalagið þegar slíkar fregnir berast.

Ég tel vegna þess sem hér kom fram hjá hæstv. utanrrh. að hann geti ekki frekar en önnur EFTA-ríki lagt það í hendur Evrópubandalagsins að koma fram með einhverja lausn í þessum málum, lausn, sem eins og hæstv. forsrh bendir réttilega á, mundi að líkindum stangast á við íslenska stjórnarskrá í sambandi við dómsþáttinn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna beinna spurninga til mín þá tek ég undir það sem hæstv. utanrrh. sagði. Það er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið. Ég vil líka vekja athygli á því að tíminn líður. Ef dæmið gengi allt saman upp lægi mikil löggjafarvinna fyrir hjá okkur hér á þinginu og það er afskaplega bagalegt að þetta skuli dragast með þessum hætti. Ég vek athygli á því að hæstv. utanrrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið að helst þyrfti að fást lausn í þessu máli innan tveggja vikna eða svo og hæstv. utanrrh. gegnir nú formennsku EFTA-hópsins í þessum viðræðum.

Það er spurt sérstaklega um tvíhliða viðræður. Ég ítreka að ég tel að meðan þetta mál er ekki útkljáð endanlega eigum við ekki að breyta um stefnu í þeim efnum. Hvað sem menn hafa sagt hér á árum áður, þá var þessi stefna tekin og við eigum að fylgja henni fast fram. En auðvitað er það svo að ef þetta strandar, sem við eigum að gera okkur grein fyrir að gæti gerst, þá hlýtur að reka að því að í slíkar viðræður þurfi að fara og þá tel ég að þær viðræður sem hafa átt sér stað í EFTA-hópnum muni gagnast okkur afskaplega vel í þeim efnum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gaf hér og er í beinu framhaldi af þeirri skoðun sem hann lýsti í Morgunblaðinu fyrir rúmum mánuði síðan og í ljósi þeirra yfirlýsinga sem komið hafa fram hjá forustumönnum Framsfl., Kvennalistans og Alþb., þá tel ég nauðsynlegt og fer hér með formlega fram á að utanrmn. komi saman til fundar í þessari viku og hefji þegar viðræður um undirbúning Íslands að tvíhliða viðræðum milli Íslands og Evrópubandalagsins. Ég fer hér með formlega fram á það að á vettvangi utanrmn. verði sú vinna hafin, undirbúningsvinna að tvíhliða viðræðum Íslands og Evrópubandalagsins, til þess að sá augljósi þingmeirihluti sem er hér til staðar hvað snertir slíkan undirbúning geti tekið til starfa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sá tíminn er nú liðinn sem þessi umræða má taka svo að forseti á erfitt með að gefa fleirum orðið. En ef hæstv. utanrrh. vill nota eina mínútu þá stendur það til boða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom skýrt í orðum hæstv. forsrh. hér áðan, þá lýsti hann því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að meðan þessar viðræður eru ekki til lykta leiddar, þá verði ekki af hálfu stjórnarliða breytt um stefnu. Forusta þess máls er nú í höndum Íslendinga að því er EFTA-hópinn varðar. Það mun koma í ljós á sínum tíma en þangað til verður að sjálfsögðu ekki breytt stefnu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka ósk mína um að utanrmn. komi saman til fundar næstu daga og hefji þessa vinnu. Utanrrh. talar ekki fyrir alla þingmenn stjórnarliðsins þó að ljóst sé að málið er honum mjög viðkvæmt. Hann telur greinilega hagsmuni EFTA vera meira virði en hagsmuni Íslands og er að reyna að koma í veg fyrir það með yfirlýsingu sinni hér að þjóðþingið fái með eðlilegum hætti að sinna þessu verkefni. Ég ítreka því hina formlegu ósk mína um að utanrmn. komi saman til fundar til að hefja viðræður um undirbúning að tvíhliða viðræðum Íslands og Evrópubandalagsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mótmæla áburði af því tagi sem fram kom í máli hv. seinasta ræðumanns, sem fullyrðir um þann sem hér stendur að greinilegt sé að hann hafi meiri áhyggjur og sé meir

umhugað um hagsmuni EFTA-ríkjanna en hagsmuni Íslands. Þetta eru brigsl, sem hv. þm. hefur ekki rökstutt og getur ekki rökstutt, og ég andmæli þessu og vísa þessu á bug sem smekklausum dylgjum og ástæðulausum.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu mun ég reyna að koma á fundi í utanrmn., helst á morgun, og tilkynni það hér með að ég mun reyna að ganga á milli manna í nefndinni þannig að það dragist ekki og finna góðan tíma eins og venjan er að gera. Hvenær sem til mín kemur ósk um að halda fund í utanrmn. þá verður hann að sjálfsögðu haldinn.

Umræður utan dagskrár.

Greiðsla umönnunarbóta.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. 9. des. sl. mælti hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Breyting þessi fól í sér að greiðslur umönnunarlauna vegna fatlaðra barna, sem áður heyrðu til 10. gr. laga um málefni fatlaðra, voru færðar undir lög um almannatryggingar. Breytingin fól einnig í sér — og það er ekki síður mikilvægt — að foreldrum eða forráðamönnum barna með langvarandi erfiðan sjúkdóm, sem áður höfðu fengið greidd umönnunarlaun skv. ákv. til brb. í reglugerð, voru nú tryggð þessi réttindi með lögum. Vegna þess að umrætt ákv. til brb. átti að öðru óbreyttu að falla úr gildi um síðustu áramót var áhersla lögð á það hér á hv. Alþingi að afgreiða þetta mál svo fljótt sem unnt væri til að greiðslur þessar féllu ekki niður.

Frv. varð að lögum 23. des. sl. vegna þess að allir lögðust á eitt um að klára þetta mál í tíma. Nú hefur það hins vegar gerst að Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki getað greitt þessar bætur í samræmi við hin nýju lagaákvæði vegna þess að reglugerð um framkvæmdina vantar. 15. jan. sl. barst heilbr.- og trmrn. bréf frá Tryggingastofnun ríkisins þar sem óskað var eftir fyrirmælum ráðuneytis varðandi greiðslur vegna örorkustyrkja barna og umönnunarlauna. Í svari ráðuneytis við þessu bréfi, dags. 16. jan., kemur fram að ráðuneytið hafi farið þess á leit við tryggingaráð að það semdi tillögur að reglugerð um þetta efni hið allra fyrsta í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga. Jafnframt að fram að þeim tíma að slík reglugerð liggi fyrir þá telur ráðuneytið óhjákvæmilegt annað en að greiða örorkustyrki barna og umönnunarlaun á sama hátt og gert var fyrir setningu laganna.

Nú mætti ætla að málið væri leyst með þessu svari og bæturnar yrðu greiddar á sama hátt og áður var. En svo er ekki, virðulegi forseti, og þess vegna hef ég kvatt mér hljóðs utan dagskrár. Félmrn. úrskurðaði áður um greiðslur vegna umönnunarlauna til foreldra mikið veikra barna og þar á meðal til aðstandenda krabbameinssjúkra barna. En þar sem greitt var í samræmi við ákv. til brb., sem féll úr gildi um síðustu áramót, þá var það einnig þannig í mörgum tilvikum að úrskurðir þessa ráðuneytis féllu úr gildi á sama tíma. Tryggingastofnun hefur ekki í fórum sínum þau gögn sem lögð eru til grundvallar þeim ákvörðunum sem teknar voru í félmrn. um greiðslur í hverju einstöku tilfelli. Þess vegna hefur ekki verið hægt að greiða öllum þeim aðilum bætur sem rétt eiga til þeirra. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið er allsendis óljóst enn þá hvenær þetta fólk fær greitt eins og það hefur rétt til samkvæmt nýsamþykktum lögum.

Hæstv. ráðherra lýsti yfir í umræðu sem fram fór hér á hv. Alþingi, þegar hann mælti fyrir umræddum breytingum á lögum um almannatryggingar, eindregnum vilja sínum til að lögfesta greiðslur umönnunarlauna til foreldra mikið veikra barna. Þetta kom einnig fram í svari hæstv. ráðherra nokkrum vikum áður við fyrirspurn minni um úrbætur í réttindamálum krabbameinssjúkra barna og tók hann þá skýrt fram að brýnt væri að ganga frá þessu máli fyrir áramót.

Við vitum, hæstv. heilbr.- og trmrh., að vandi og ábyrgð þeirra foreldra, sem eiga og annast fötluð eða mikið veik börn, er mikill. Við vitum að ýmsar af fyrirhuguðum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum munu koma illa niður á þessum sömu fjölskyldum og að hagur þeirra verður verri en á síðasta ári vegna þess. Við vitum líka að veikindi barna hafa oft í för með sér verulega röskun til hins verra á fjárhag heimilanna. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvenær vænta megi reglugerðar um greiðslur umönnunarlauna og örorkustyrkja barna samkvæmt þeim lögum sem samþykkt voru í desemeber sl. og með hvaða hætti ráðherrann hyggst tryggja að allir, sem rétt eiga á þessum greiðslum og hafa notið þeirra, fái þær fram að þeim tíma að reglugerðin tekur gildi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í lögum þeim um breytingu á lögum um almannatryggingar sem hv. fyrirspyrjandi rakti hér áðan stendur orðrétt í 3. gr.:

„Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbr.- og trmrh. setur í samráði við félmrh. að fengnum tillögum tryggingaráðs."

Ég skal taka það fram að umræddar lagabreytingar voru samdar í samráði við formann tryggingaráðs. Fyrir áramót óskaði ég eftir því að fá þessar tillögur frá ráðinu. Þegar þær ekki bárust sendi ég bréf eða það var sent í mínu nafni til tryggingaráðs, dags. 13. jan. Í bréfinu er þess óskað að tryggingaráð sendi ráðuneytinu tillögur hið allra fyrsta. Þetta bréf er dagsett þann 13. jan.

Það er hins vegar ekki alveg rétt og einhver misskilningur á ferðinni þegar segir að greiðslur hafi ekki farið fram. Þann 3. jan. sl. voru greiddar 6 millj. 954 þús. kr. í barnaörorkustyrki samkvæmt gildandi úrskurðum og 11 millj. 742 þús. kr. í barnastyrki samkvæmt 10. gr. óbreyttri. Greiðsla fyrir janúarmánuð hefur því þegar farið fram. Hins vegar hefur okkur

borist frá Tryggingastofnun ríkisins — ekki tillögur enn að greinargerð — heldur fyrirspurn um það hvernig skuli fara með greiðslur þann 3. febr. nk. Það liggur fyrir að félmrn. er búið að úrskurða fram í tímann um greiðsluréttindi allra þeirra barna eða umannenda barna sem félmrn. veit af þannig að engin vandkvæði verða með greiðslurnar þann 3. febr. nk. til þeirra sem fengið hafa umönnunarbætur. Þær umönnunarbætur munu verða greiddar í samræmi við fyrirliggjandi úrskurði, í samræmi við þá reglugerð sem áður var stuðst við.

Hins vegar verður nokkur vandi varðandi nýja úrskurði sem ekki er hægt að fella fyrr en reglugerð verður gefin út. Samkvæmt lagatextanum get ég ekki gefið út reglugerð fyrr en ég hef fengið tillögur frá tryggingaráði. Ég ítrekaði beiðni um það í bréfi þann 16. jan. og bíð enn eftir tillögum tryggingaráðs sem ég vona að komi sem allra fyrst svo að hægt sé að setja reglugerð á grundvelli þeirra tillagna. Ef það verður unnt á næstu dögum að fá tillögur frá tryggingaráði þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að hægt verði að setja reglugerð strax í framhaldi af því þannig að greiðslur þann 3. febr. geti farið fram í samræmi við hin nýju lög. Ef ekki, þá munu þær fara fram í samræmi við reglugerðina sem áður gilti, þannig að þeir sem hafa fengið úrskurði munu fá greiðslur samkvæmt þeim. En vandamálið, virðulegi forseti, verður fyrir þá aðila sem bíða eftir nýjum úrskurði.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég hugsa að vonbrigði aðstandenda þessara krabbameinssjúku barna séu nokkuð mikil nú eftir að hafa hlustað síðan í sumar á fagrar yfirlýsingar heilbr.- og trmrh. um að það væri sjálfsagt að leysa úr öllum þeim vandamálum sem þessi hópur stæði frammi fyrir. Það sem nú hefur gerst er að fyrir krukk í almannatryggingalöggjöfina, óvönduð vinnubrögð og oft á tímum allt of nauman tíma til þess að framkvæma þá hluti sem þarna eru á ferðinni og margoft var bent á í störfum heilbr.- og trn. þingsins, stendur þessi hópur sem átti að fá þessar réttindabætur frá ráðherranum, og hann lofaði strax í vor, án greiðslna.

Auðvitað veit ráðherrann miklu betur þegar hann talaði áðan um að hann viti ekki annað en að allir hafi fengið þær greiðslur sem þeir áttu að fá á grundvelli 10. gr. Það er alveg klárt að með lögunum, sem samþykkt voru hér fyrir áramót, nr. 79 frá 23. des. 1991, þá féllu 3. og 5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra niður þannig að þessi hópur, krabbameinssjúku börnin, sem voru þó á greiðslum áður, missa þessar greiðslur. Það er náttúrlega aumt fyrir ráðherra að standa hér upp og kenna tryggingaráði um. Mér finnst það vera eðlilegt að varaformaður tryggingaráðs, sem á sæti hérna á Alþingi, Sólveig Pétursdóttir, sé viðstödd þessa umræðu og fái a.m.k. að bera hönd fyrir höfuð sér gagnvart svona ásökunum fyrst ráðherrann treystir sér ekki til að axla þá ábyrgð sem hér er um að ræða og ætlar að kenna tryggingaráði um. Auðvitað væri líka eðlilegt að hæstv. félmrh., sem ber einnig ábyrgð á þessu klúðri sem hér er á ferðinni, sé viðstaddur þessa umræðu.

Það sem hér hefur gerst, virðulegi forseti, er að tveir ráðherrar Alþfl., sem bera ábyrgð á þessum málaflokkum, félmrh. á 10. gr. laga um málefni fatlaðra og hæstv. heilbr.- og trmrh., sem ber ábyrgð á almannatryggingalögunum, hafa klúðrað þessu máli svo gjörsamlega að núna stendur þessi hópur uppi og fær engar greiðslur. Þetta er auðvitað til skammar fyrir þennan flokk, Alþýðuflokkinn — Jafnaðarmannaflokk Íslands, og þetta er í samræmi við margt annað sem hann er að flytja hér inn á þingið núna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að hér sé mikið af vandræðagangi sem hefur mjög slæmar afleiðingar fyrir þann hóp sem þetta bitnar á, þ.e. foreldra þeirra barna sem ekki fá umönnunarbætur greiddar núna vegna þess að þessa úrskurði vantar. Hér er um að ræða m.a. foreldra krabbameinssjúkra barna.

Ég fagna því að við höfum hv. 6. þm. Reykv. í umræðunni en það var að vísu afleitt að hún skyldi ekki vera hér þegar hæstv. heilbrrh. vísaði allri ábyrgð á tryggingaráð. Það vill svo til að ég var rétt áðan að tala við fulltrúa Kvennalistans í tryggingaráði og ég fékk allt annars konar tilfinningu fyrir því máli sem hér er til umræðu eftir að hafa spjallað við hana. Það var ekki á henni að skilja að það stæði upp á tryggingaráð í þessum efnum og geri ég ráð fyrir að fá frekari upplýsingar um þetta.

Mér þykir þetta aum frávísun og sætti mig ekki við hana. Mér sýnist því að hér sé einfaldlega að gerast það sem hefur gerst áður: Að vegna einhvers konar vandræðagangs er ekki gengið svo úr skugga um málin, áður en þau eru tekin til afgreiðslu, að ekki gerist einhver svona slys. Annað slíkt gerðist raunar haustið 1989 þegar skyndilega voru skertar mjög greiðslur samkvæmt 10. gr. laganna, sem eru hliðstæðar þeim sem nú er verið að færa frá félmrn. yfir til heilbr.- og trmrn. Það var vegna fjárskorts. Þetta kemur mjög illa við þá sem eiga í hlut, óöryggi þeirra er mikið og þetta er óviðunandi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Seint í nóvember var lagt fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem gerði ráð fyrir því að umönnunarbætur yrðu teknar inn í lögin um almannatryggingar. Jafnframt yrði barnaörorka felld niður. Það varð niðurstaða heilbr.- og trn. að breyta þessu þannig að barnaörorka yrði áfram í almannatryggingalögum og umönnunarbætur eru tengdar barnaörorku og öfugt, eins og eðlilegt er.

Þetta varð svo samhljóða niðurstaða Alþingis, samhljóða niðurstaða heilbr.- og trn., þar á meðal hv. 6. þm. Reykv., sem mun vera varaformaður tryggingaráðs. Við lögðum til að frv. yrði samþykkt svona og niðurstaðan varð sú að Alþingi féllst á þá tillögu okkar samhljóða og okkur datt ekki annað í hug en að menn mundu vinda bráðan bug að því að tryggja fram-

kvæmd þessa máls. Það hefur bersýnilega ekki verið gert. Hér er um að ræða hóp af fólki sem ekki hefur fengið bætur samkvæmt þessum nýju lagaákvæðum, það liggur þannig. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. að koma hér núna og vitna til talna frá 3. jan. og væntanlegra talna 3. febr. því að hitt er alveg ljóst að fjöldi fólks hefur ekki enn þá fengið bætur og það gengur ekki. Hæstv. heilbr.- og trmrh. ber ábyrgð á því máli.

Auðvitað er það þannig að tryggingaráð á samkvæmt lögum að gera tillögur í þessum efnum. En að sjálfsögðu getur hæstv. heilbrrh. stuðlað að því að þær tillögur berist og ekki bara núna heldur hefðu borist fyrir áramót. Það var auðvitað embættisskylda hæstv. heilbrrh. að ganga þannig frá þessum málum að þessar tillögur bærust fyrir áramót. Hér er auðvitað um að ræða endemis vinnubrögð sem enn þá einu sinni sýna hvernig sambandið — eða sambandsleysið öllu heldur — er á milli Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrrn. Nýlegt dæmi um það er auðvitað framkvæmdin á skerðingu ellilífeyris, m.a. ellilífeyris sjómanna, sem stjórnarliðið var að samþykkja hér í gær og í dag. Þar kom í ljós að Tryggingastofnun ríkisins hafði ekki fengið neinar upplýsingar um málið. Þó að það hefði legið fyrir hér á Alþingi vikum saman þá hafði enginn úr heilbrrn. haft fyrir því að ræða við Tryggingastofnun ríkisins um framkvæmd þessa máls.

Ég tel að hæstv. heilbr.- og trmrh. eigi núna að viðurkenna mistök sín og hann eigi strax í dag að gefa út viðhlítandi reglur í þessum efnum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hv. þm. að stilla skapi sínu í hóf og skoða málið með efnisrökum og á efnislegum grunni og vera ekki stöðugt með stóryrði á lofti sem þeir eru ekki menn til að standa við.

Því verður ekki breytt að í lögum sem Alþingi samþykkti er fyrir mælt að áður en umrædd reglugerð er sett skuli liggja fyrir tillögur tryggingaráðs. Ég hef skýrt frá því að heilbr.- og trmrn. óskaði eftir því fyrir áramót að slíkar tillögur bærust. (**Gripið fram í:** Hver er formaður tryggingaráðs?) Hann heitir Jón Sæmundur Sigurjónsson, það veit hv. þm.

Í annan stað þá var — virðulegi foreti, eigum við ekki reyna að hafa sæmilega stjórn á þessum hv. þm. sem eru að spyrja, þannig að menn geti fengið upplýsingar í rólegheitum. (**Forseti:** Forseti biður hv. þm. að hafa hljóð á meðan hæstv. ráðherra er að ljúka máli sínu.)

Í öðru lagi liggur það fyrir að þegar umræddar tillögur höfðu ekki borist þá sendi ég með bréfi þann 13. jan. ítrekun þar sem ég óskaði eftir að fá þessar tilllögur. Í þriðja lagi liggur líka fyrir að greiðslur fóru fram í janúar og þá var greitt öllum þeim sem rétt áttu á greiðslum og búið var að úrskurða um. Í fjórða lagi liggur fyrir að félmrn. er búið að fella úrskurði um alla þá sem eftir hafa sótt fram í apríl á þessu ári. Með öðrum orðum, það eru aðeins þeir sem annast börn og eru með nýjar umsóknir inni sem ekki hefur verið hægt að fella úrskurð um vegna þess að frá reglugerðinni hefur ekki verið gengið. Þeirra mál ættu að koma og eiga að koma til afgreiðslu 3. febr. Þetta er ekki stór hópur en hópur samt og vissulega er það ekki viðunandi að það skuli ekki vera hægt að úrskurða um þeirra mál. Ég vænti þess og á ekki á öðru von en að fá tillögur frá tryggingaráði um efnisatriði slíkrar reglugerðar. Ég mun að sjálfsögðu ganga frá þeirri reglugerð um leið og tillögurnar liggja fyrir.

Hv. þm. geta gagnrýnt ráðherra fyrir ýmislegt en hv. þm. geta ekki gagnrýnt ráðherra fyrir það eitt að fara að lögum.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Bara örstutt athugasemd varðandi þennan hóp sem fékk greiðslur á grundvelli 10. gr. og þeirrar reglugerðar sem gilti um greiðslur til krabbameinssjúkra barna. Þar var sérstakt ákvæði, sem krabbameinssjúk börn voru flokkuð undir og höfðu fengið úrskurð, til að hægt væri að greiða á grundvelli reglugerðarinnar. Þessi úrskurður gilti fyrir allan þennan hóp til síðustu áramóta. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, þær eru kannski aðrar en hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur og það verður þá að koma í ljós hvor fer hér með rétt mál, hefur enginn úr þessum hópi sem hafði úrskurð til síðustu áramóta fengið greiðslur fyrir janúarmánuð. Þar að auki er ráðherrann að lofa að fyrir febrúar skuli þessi hópur fá greiðslu. Auðvitað er hann að lofa upp í ermina á sér og blekkja það fólk sem bíður eftir greiðslum. Það er bara staðreynd, og ráðherrann á að þekkja það, að það er nauðsynlegt að fyrir 15. næsta mánaðar áður en greiðsla fer fram þurfa allar þessar upplýsingar að liggja fyrir. Reglugerðin hefði auðvitað þurft að vera tilbúin fyrir 15. jan. til að hægt sé að greiða út á grundvelli hennar 1. febr. Ég skil ekki hvernig ráðherrann ætlar að fara að slíku, að lofa því nú að þessar greiðslur komi 1. febr. þar sem reglugerðin er ekki tilbúin og greiðslugögn öll til Skýrsluvéla ríkisins þurftu að liggja fyrir um miðjan janúar til að hægt sé að greiða út 1. febr.

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Bara örstutt um þetta mál. Ég var að vísu ekki hér við byrjun þessarar umræðu en mér skilst að það hafi verið minnst á sök tryggingaráðs í þessu máli. Þar sem það hefur komið réttilega fram að ég er varaformaður tryggingaráðs, hef þó að vísu haft varamann inni fyrir mig í desember og janúar sökum anna hér í þinginu, þá kannast ég ekki við að hér sé við tryggingaráð að sakast, að þeir hafi ekki sett sínar reglur nægilega fljótt. En hvernig sem því máli er háttað þá virðist sem orðið hafi eitthvert sambandsleysi þarna á milli ráðuneyta, þá á ég við félmrn. og heilbr.- og trmrn. annars vegar og svo Tryggingastofnunar hins vegar.

Mér er tjáð að það séu tiltölulega fá mál sem um er að ræða þótt það sé að sjálfsögðu mjög miður að þessar greiðslur hafi ekki komið á réttum tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið er reglugerð í smíðum og væntanlega munu liggja fyrir drög að henni á morgun og verður hún kynnt fyrir tryggingaráði nk.

föstudag. Vonandi leysist því fljótt úr þessu máli.

Varðandi þau orð sem féllu hér áðan í sambandi við það hvenær greiðslur geti borist, þá skilst mér að það sé hægt að greiða þessum foreldrum strax um næstu mánaðarmót þ.e. að það verði greitt með afbrigðum.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem hann veitti en þau koma manni vissulega á óvart. Í fyrsta lagi vegna þess að ítrekað hef ég spurst fyrir um það hjá Tryggingastofnun ríkisins hvort greidd muni verða umönnunarlaun til aðstandenda krabbameinssjúkra barna eða mikið veikra barna sem fengu greidd umönnunarlaun samkvæmt bráðabirgðaákvæði við reglugerð. Ég hef ávallt fengið sömu svörin. Nei, það er ekki hægt og mun ekki verða gert vegna þess að úrskurðir varðandi umönnunarlaun þessa fólks liggja ekki fyrir. Þeir féllu úr gildi 31. des. 1991 og þess vegna mun þetta fólk þurfa að sækja um aftur. Það þarf að senda inn nýjar umsóknir.

Ráðherra sagði hér að greiðslur hefðu átt sér stað 3. jan. og nefndi tölur þar um. Það er rétt. Allir þeir sem höfðu úrskurð sem gilti fram á árið 1992 fengu greiðslur, aðrir ekki. Það er eins og ráðherra viðurkenndi reyndar, það er hópur sem ekki fékk greiðslur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum mun þessi hópur ekki heldur fá greiðslur um næstu mánaðamót þrátt fyrir þær yfirlýsingar ráðherra að félmrn. hafi tryggt að þessi hópur fengi sínar greiðslur fram í apríl. Þetta höfum við fengið staðfest frá þeim aðstandendum sem nutu þessara greiðslna fram að áramótum, en þá féllu þær út. Við verðum auðvitað að treysta því að hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. félmrh. leysi málið.

Umræður utan dagskrár.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til aðildar Eystrasaltsríkjanna að Norðurlandaráði.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Nú fer fram mikið starf í því skyni að endurskipuleggja starfsemi Norðurlandaráðs. Allir þeir sem bera hagsmuni norræns samstarfs fyrir brjósti eru sammála um að mikilvægt sé að styrkja það inn á við með tilliti til ýmissa breytinga sem eiga sér stað í umhverfi Norðurlandanna. Þannig sé nauðsynlegt að styrkja tengslin við Evrópu, styrkja tengslin til austurs og jafnframt til vesturs. Það hefur verið samdóma álit þeirra sem starfa innan Norðurlandaráðs að þessum málum, og fjalla um samskiptin við baltnesku löndin, að ekki sé rétt að bjóða baltnesku löndunum aðild að Norðurlandaráði. Þetta hefur jafnframt verið skoðun talsmanna ríkisstjórna Norðurlandanna nema Íslands. Nú hefur verið stofnað baltneskt ráð og það var gert 8. nóv. sl. Fyrsta þing þess er í Ríga um næstu helgi. Þar munu fulltrúar úr forsætisnefnd Norðurlandaráðs, m.a. sá sem hér stendur, eiga viðræður um framtíðarsamvinnu milli Norðurlandaráðs og baltneska ráðsins og leitast við að finna þessu samstarfi form. Það er mjög mikilvægt að Norðurlöndin séu samstiga í þessum efnum og því kemur það á óvart hvers vegna íslenska ríkisstjórnin hefur aðra skoðun en aðrar ríkisstjórnir á Norðurlöndum. Utanrrh. núv. ríkisstjórnar hefur svarað spurningum fréttamanna þegar hann hefur verið spurður um hvort hann sé fylgjandi aðild Litáens að Norðurlandaráði, þá svarar hann með einföldu jái. Ef hann er hins vegar spurður um það hvort rétt sé að bjóða þeim aðild að EFTA kemur hann með langar útskýringar á því. Hvernig getur utanrrh. Íslands leyft sér að svara slíkri spurningu með einföldu jái og hvernig stendur á því að ríkisstjórn Íslands hefur allt aðra skoðun í þessu máli en ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna? Eða getur það verið að utanrrh. Íslands tali ekki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í málinu? Það þykir mér ótrúlegt því ef svo er er ómögulegt að átta sig á því hvenær utanrrh. Íslands er að tala fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar, þjóðar sinnar, hvenær hann er að tala fyrir sína hönd persónulega, eða hvort hann er að tala sem formaður Alþfl. Við hljótum að gera kröfur til þess að utanrrh. sé í svo alvarlegum málum ávallt að tala fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Ég bið um skýringu á því í hverju þessi afstaða er fólgin.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hefur ekkert tilefni verið til þess að ríkisstjórn Íslands tæki afstöðu til aðildarumsókna Eystrasaltslandanna að Norðurlandaráði fyrr en þá í fyrri viku af þeirri einföldu ástæðu, að hvað sem líður óformlegum viðræðum milli aðila, hefur ekki legið fyrir ósk þeirra um aðild að Norðurlandaráði fyrr en þá. Þá vísa ég til þess að 13. jan. sl. beindu þeir Landsbergis, forseti Litáens, og Gorbunovs, forseti Lettlands, sameiginlegu erindi fyrir hönd ríkisstjórna landa sinna til Norðurlandaráðs þar sem þeir óska eftir því að afstaða verði tekin til slíkrar aðildarumsóknar. Þess vegna er það að ég hef hvergi lýst neinu yfir fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar um afstöðu í þessu máli. Ég hef hins vegar verið spurður af fréttamanni: Ert þú fylgjandi aðild Litáens að Norðurlandaráði? Ég hef svarað því játandi. Það kemur skýrt fram að þar er ég að lýsa minni persónulegu afstöðu.

Þetta mál var rætt á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda og þar kom á daginn að ríkisstjórnir landanna hafa ekki tekið neina bindandi afstöðu í málinu af þeirri einföldu ástæðu að til þess hefur enn ekki verið beint tilefni. Hins vegar tjáðu menn okkur að það væru nokkuð skiptar skoðanir í þessum málum. T.d. sagði danski utanríkisráðherrann að persónulega væri hann fylgjandi þessu.

Nú geri ég mér fyllilega grein fyrir því að þetta er auðvitað álitamál. Allir hafa utanríkisráðherrar Norðurlanda lýst því yfir að þeir telji rétt að Norðurlönd hafi sem allra nánast samstarf við Eystrasaltsríkin. Auðvitað er hægt að hugsa sér fleiri en eitt form á því samstarfi en í þessum umræðum, sérstaklega þegar menn ræddu framtíð Norðurlandasamstarfs og samstarfs innan Norðurlandaráðs og hlut Norðurlanda í

samrunaferlinu í Evrópu, þá eru menn þeirrar skoðunar að við ættum að vinna að því að Norðurlöndin gætu verið sem eitt svæði og þá einnig í sem nánustum tengslum við Eystrasaltsríkin og reyndar, af ýmsum sögulegum ástæðum, jafnvel stærri nærsvæði Norðurlanda í austurátt heldur en eingöngu Eystrasaltsríkin.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er sannarlega tilefni til að ræða þetta efni hér utan dagskrár á Alþingi og enn frekar eftir það sem fram hefur komið hjá hæstv. utanrrh. varðandi málið.

Ég vil taka það fram fyrir mig, og ég segi persónulega, að ég tel að ekkert eigi að útiloka, litið til lengri framtíðar, varðandi samstarf og samskipti Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Það er hins vegar spurningin um afstöðuna núna. Hver er afstaðan á þessu ári, þessa dagana, til málsins? Hér upplýsir hæstv. utanrrh. að hann í opinberri heimsókn í Litáen á dögunum hafi verið að tala fyrir sig persónulega en ekki sem utanrrh. Íslands. Þannig skildi ég orð hæstv. ráðherra. Ég spyr þá: Var hæstv. utanrrh. að lýsa persónulegum skoðunum á fundi utanríkisráðherra Norðurlands þar sem hann einn utanríkisráðherra Norðurlanda, samkvæmt frásögn Ríkisútvarpsins í orðréttri tilvitnun í gær í hádegisfréttum, svarar þeirri spurningu fréttamanns: „Ert þú fylgjandi aðild Litáens að Norðurlandaráði?" Svarið er já. Það er aðeins já og engar frekari skýringar af hálfu ráðherrans samkvæmt þessari frétt. Þetta er á sameiginlegum fundi að viðstöddum hinum utanríkisráðherrum Norðurlanda sem gera síðan grein fyrir sinni afstöðu. Hvað eiga menn að halda? Auðvitað taka þeir þetta fyrir gilda afstöðu ríkisstjórnar Íslands þegar þannig er málum háttað. Ég spyr hæstv. forsrh. sem hér er viðstaddur: Hefur verið fjallað um þetta mál í ríkisstjórninni og hefur verið tekin afstaða til þess? Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar í málinu? Við sem störfum í Norðurlandaráði þurfum að vita hvað upp snýr í þessum efnum af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. Ef málin liggja svona fer maður að spyrja sig: Í hvaða gervi stendur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hér í þessum ræðustól? Er hann þar sem formaður Alþfl., sem alþingismaðurinn Jón Baldvin Hannibalsson eða er hann hér sem utanrrh. Íslands? Ég var að spyrja hann um fregnir úr norrænum blöðum. Ég er satt að segja ekki mjög viss, eftir það sem hér hefur komið fram, hvernig á að meta svör hæstv. ráðherra.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér þóttu mjög merkilegar yfirlýsingar hæstv. utanrrh. að þetta hefðu verið hans persónulegu skoðanir. Ekki veit ég hvernig við áttum að ráða af þeim viðtölum sem hann átti við blaðamenn að hann væri þarna að tala í eigin persónu en ekki sem utanrrh. Íslands. Þá fer að verða vandi að ráða í það sem hæstv. ráðherra segir, að því er ég hélt, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ekki bara í þessu máli heldur í ýmsum öðrum málum. Hann skuldar okkur skýringar á þessum yfirlýsingum sínum. Hann telur sig kannski ekki þurfa að færa nein rök eða skýringar fyrir þessu eina jái sínu sem hann kom þarna með. Við þurfum að fá frekari skýringar á þessari yfirlýsingu hans, að þarna hafi verið um hans persónulegu skoðun að ræða. Þá þarf hann að skýra það nánar í öðrum yfirlýsingum, hvenær hann er að tala fyrir sig sjálfan og hvenær fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Hann verður að muna að hann er utanríkisráðherra. Engin leið er fyrir okkur að skilja á þessum viðtölum að þarna hafi hann ekki verið að tala sem utanríkisráðherra Íslands.

Í þessu máli almennt vil ég lýsa því hér að ég tel að auðvitað eigi Norðurlandaráð að hafa sem nánasta samvinnu við baltnesku löndin enda held ég að það standi ekkert á Norðurlandaráði að hafa það. Hins vegar er allt annað mál að þessi lönd verði aðilar að Norðurlandaráði. Ég tel að það sé mjög margt sem þurfi að taka til athugunar áður en það getur orðið. Það var alveg nýtt fyrir mér að heyra að þau hefðu sótt um aðild 13. jan. Það hafði ég ekki heyrt áður. En ég tel að það muni kalla á mjög margar breytingar í Norðurlandaráði ef þetta á að geta orðið. Ég get t.d. bent á tungumálaerfiðleika sem því mundu verða samfara.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Á því er enginn vafi að allar ríkisstjórnir Norðurlanda og öll þjóðþing Norðurlanda vilja styðja við bakið á hinum nýfrjálsu þjóðum í Eystrasaltsríkjunum eins og unnt er.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að tal um að þessi ríki verði aðilar að Norðurlandaráði í núverandi mynd sé ótímabært. Það yrði þá ekki lengur um að ræða norrænt ráð heldur allt annars konar samkomu sem ekki mundi byggjast á þeim grunni sameiginlegrar menningar, sögu og tungumála sem Norðurlandaráð gerir í dag. Engu að síður er ástæðulaust að útiloka breytingar í þessu efni í framtíðinni. Þetta mál er hins vegar ekki á dagskrá ef svo mætti segja á þessu augnabliki eða á þessu ári. Ég tel fyllilega ótímabært að gera því skóna eins og sakir standa. Um það hefur verið, eftir því sem ég best veit, rík samstaða á Norðurlöndum.

Ég minni á að á aukaþingi Norðurlandaráðs sem haldið var á Álandseyjum í nóvembermánuði sl. var borin fram tillaga um þetta efni af þingmönnum Framfaraflokksins, Framsóknarflokksins í Danmörku. Sú tillaga fékk einungis fjögur atkvæði, þ.e. þessara þingmanna og flokksbræðra þeirra frá Noregi. (Gripið fram í.) Framfaraflokknum í Danmörku og Noregi og fékk fjögur atkvæði . . . (Gripið fram í.) Það veit ég ekki en hins vegar er Framsóknarflokkur á dönsku þýtt sem Fremskridtsparti, þannig að ég leyfði mér að snúa því við.

Málið er það að sú tillaga fékk fjögur atkvæði og allir aðrir þingfulltrúar voru þessu andvígir. Ég held að málið liggi ósköp einfaldlega þannig fyrir að þetta er ekki tímabært. Það hafa ekki borist neinar umsóknir um þetta. Það er ekkert vitað hvort þessi ríki kæra sig um slíka aðild. Við eigum að hjálpa þessum löndum eins og við getum og standa við bakið á hinu nýja baltneska ráði sem nú er að hefja störf, efla samskipti milli þess og Norðurlandaráðs og taka síðan stöðuna reglu-

lega í þessu máli, þ.e. með hvaða hætti við getum best hjálpað við þróunina í þessum efnum. En aðild að ráðinu, eins og það er nú, er ekki tímabært mál að mínum dómi.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil undirstrika sterklega málflutning málshefjanda í þessari umræðu og raunar það sem kom fram hjá hinum fulltrúa okkar í forsætisnefndinni, hv. þm. Geir H. Haarde, rétt áðan. Ég tel að forsætisnefnd Norðurlandaráðs sé á réttri leið að móta frambúðarfyrirkomulag á samskiptum Norðurlandaráðs og Eystrasaltsríkjanna. Að sjálfsögðu ber okkur að aðstoða Eystrasaltsríkin þar sem við megum og verða þeim að sem mestu liði. En ég tel að forsætisnefndin sé á réttri leið og hafi fundið eða sé að leita að því heppilegasta formi sem á því gæti orðið í framtíðinni.

Ég tel að norrænt samstarf sé hið mikilvægasta sem við eigum við aðrar þjóðir. Því miður fela yfirlýsingar hæstv. utanrrh. það í sér að hann vill umbylta þessu samstarfi. Leggja niður Norðurlandaráð í núverandi mynd því að ef svo færi að Eystrasaltsríkin gerðust aðilar að Norðurlandaráði yrði það orðið allt annað ráð en það er nú, gera það eitthvert allt annað Eystrasaltsráð eða guð má vita hvað. Ég tel að hæstv. utanrrh. verði að gera skýran greinarmun á sínum persónulegu skoðunum sem enginn getur bannað honum að hafa og utanríkismálastefnu Íslands. Ef hann setur fram sínar persónulegu skoðanir á hann að gera grein fyrir því, eins og t.d. utanríkisráðherra Dana gerði um þetta efni, ef hans persónulegu skoðanir stangast á við utanríkismálastefnu Íslands.

Því miður er nokkurt áhugaleysi um norrænt samstarf að verða áberandi innan stjórnarflokkanna, sem betur fer ekki útbreitt enn, en ég vil þó geta þess í þessari umræðu að Samband ungra sjálfstæðismanna ætlar ekki að taka þátt í næsta þingi Norðurlandaráðs. Það hefur afþakkað boð um það með hortugu bréfi og ég hef áhyggjur af þeirri þróun. Aðstaða okkar Íslendinga í samfélagi þjóðanna mundi versna að mun ef norrænt samstarf yrði skert eða lagt fyrir róða. Það er einkennandi, frú forseti, að þeir sem leggjast einkum gegn norrænu samstarfi eru á sama tíma mjög fýsandi sem allra nánustu samstarfi við Evrópubandalagið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Skammt er nú stórra högga í milli. Við vorum áðan að ræða um hvorki meira né minna en afstöðu til Evrópsks efnahagssvæðis og Evrópubandalagsins og þá utanríkisstefnu sem við þurfum að marka. Alþingi í heild sinni markaði að vísu mjög merkilega utanríkismálastefnu vorið 1985, ég held að það hafi verið í maí, sem stendur í meginatriðum enn þá. Það var mjög merk ályktun sem þingmenn kannast við.

Nú er farið að ræða möguleika á því að Eystrasaltsríkin gerist aðilar að Norðurlandaráði eða hugsanlega að þessu bandalagi sem gæti myndast hér. Þá er ég aftur með þessa möppu sem við vorum að tala um áðan. Það hefur verið mjög mikið rætt í utanrmn. og það er rétt að upplýsa það hér að ég ræddi reyndar um þetta við Bogdanas, aðstoðarmann Landsbergis, þegar ráðamenn Eystrasaltsríkjanna voru hér í fyrra. Það vakti mikla athygli þeirra, sagði hann mér, ef það væri hugsanlegt að þetta kort sem ég var að sýna sem nær til átta ríkja, frá Kanada til Eystrasaltslanda og þau innifalin.

Ég hef ekki viljað orða þetta opinberlega áður en það er byrjað að tala um það víðar. Ég hef margsýnt í hv. utanrmn. uppkast að bréfi til Bogdanas, svarbréfi út af þessu máli. Ég held að þetta sé ágætt tækifæri til að rifja upp þessa hugsun: Hvers vegna ættu ríkin frá Kanada til Eystrasaltsins, að því meðtöldu og Eystrasaltsríkjunum, ekki að starfa saman í einhvers konar lauslegu bandalagi til þess að vernda þetta hafsvæði og þessi landsvæði og nýta þau og rækta þó að það væri ekkert annað? Það þyrfti ekki að vera neitt bandalag öðruvísi en sem einhvers konar samningur um slíkt samstarf. Það er rétt að þetta komi hér fram nú því vissulega á þetta að koma inn í umræðuna um Norðurlandaráð. Það er að veikjast svo mjög að það þarf á styrk að halda. Ég held að við getum kynnt þessa hugsun hjá ráðamönnum þessara ríkja og alla vega er hún hér með kynnt í Alþingi.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Nokkuð sérkennileg staða er hér uppi þar sem hæstv. utanrrh. hefur tiltekna skoðun á þeim málum sem verið er að ræða. Í framhaldi af því spyrja menn gjarnan: Já, en ríkisstjórnin? Þeir eiga þá við alla hina ráðherrana og tala um ríkisstjórnina eins og hún sé nefnd eða fjölskipað stjórnvald. Staðreyndin er auðvitað sú að utanrrh. er ríkisstjórnin í utanríkismálum og það getur enginn frá honum tekið nema meiri hluti Alþingis með vantrausti, sem kannski kemur að einn góðan veðurdag, um það veit ég ekki neitt.

Aðalatriðið er þó það að Alþingi taki afstöðu í málinu og ég held að vegna þeirra viðhorfa sem hæstv. utanrrh. hefur í þessu máli sé óhjákvæmilegt fyrir Alþingi, sem aðila að hinu norræna þingmannasamstarfi, að taka af skarið. Það getur gerst með þrennu móti. Í fyrsta lagi með samþykkt þingsályktunartillögu um málið. Í öðru lagi með því að fulltrúar okkar í Norðurlandaráði geri sérstaka samþykkt um þetta mál. Ég vil spyrja: Hefur þetta verið rætt í þeim hópi og eru þar uppi hugmyndir um að gera sérstaka samþykkt um málið í framhaldi af umfjöllun forsætisnefndarinnar og þessarar umræðu sem fram fer hér? Í þriðja lagi er auðvitað sá möguleiki að utanrmn. geri sérstaka samþykkt um þetta mál. Ég tel að það sé algerlega óhjákvæmilegt að eitt af þessu þrennu gerist og helst þó það að Alþingi Íslendinga taki af skarið. Ég skil auðvitað utanrrh. ósköp vel þó að hann vilji hafa sínar persónulegu skoðanir á máli af þessu tagi og það er í sjálfu sér ekki hægt að setja mikið út á það þótt slíkt gerist. Ég get líka vel skilið að menn vilji gjarnan leita að einhverjum hálmstráum eða leiðum til að rífa upp þetta norræna samstarf. Ég tel satt að segja að það þurfi á því að halda að menn taki þar rösklega til hendinni með allt öðrum og nýjum hætti, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem er að gerast í Evrópu.

En okkar vandi er sá að utanrrh. þjóðarinnar, sem starfar í umboði meiri hluta Alþingis, hefur aðra skoðun en meiri hluti Alþingis. Þess vegna þarf meiri hluti Alþingis að staðfesta sinn vilja og formanni fulltrúaliðs okkar hjá Norðurlandaráði eða formanni utanrmn. eða forseta Alþingis er skylt að ganga þannig frá hnútunum að vilji Alþingis komi fram með skýrum hætti af því að eins og sakir standa er hæstv. utanríkisráðherra ekki treystandi til að fara með hann af því að hann hefur aðrar skoðanir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég er hins vegar ekki sammála því mati, sem m.a. hefur komið fram hjá mörgum, að það sé mjög heppilegt að utanrrh. landsins hafi eina skoðun og ríkisstjórnin aðra í utanríkismálum. Það er mikilvægt að utanríkisráðherra Íslands tali ávallt fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þegar hann lætur skoðun í ljós í tilteknum málum verður að vera ljóst, sérstaklega hvað utanríkismál varðar, að hann tali fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar. Ef hann hefur aðra persónulega skoðun á hann að mínu mati að hafa heldur hægt um sig þar til niðurstaða er komin í málið.

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem störfum á vettvangi Norðurlandaráðs eða í öðrum alþjóðlegum stofnunum og alla að vita gjörla um afstöðu ríkisstjórnar Íslands í utanríkismálum. Ég veit það núna að hér var um að ræða persónulega skoðun utanrrh. Ég get þá svarað því til ef ég verð spurður um það, sem ég á von á þegar þessi mál verða rædd, því ég heyri að utanrrh. landsins hefur rætt þetta mál við fulltrúa þessara landa og þeim hlýtur að vera það ljóst. Ég vænti þess að utanrrh. hafi þá tekið fram við þessa fulltrúa að hér væri um persónulega skoðun hans að ræða en ég hef ekki fengið svör um hver er skoðun ríkisstjórnar Íslands. Utanrrh. landsins hefur upplýst að það hafi ekkert tilefni gefist til að taka afstöðu til þessa máls. Samt hefur hann persónulega tekið afstöðu til þess í viðtölum við fulltrúa þessara ríkja. Þetta gengur ekki, hæstv. utanrrh., og þannig er ekki hægt að starfa.

Ég er ekki að útiloka það um alla framtíð að þarna geti orðið breyting á. Ég tel það hins vegar ekki þjóna hagsmunum Norðurlanda eða hagsmunum þessara landa að ræða form af þessu tagi við þessar kringumstæður. Það er verið að ræða um annars konar samstarfsform og telur utanrrh. það heppilegt að hann láti í ljós slíka skoðun meðan slíkar viðræður eiga sér stað milli fulltrúa þessara landa og Norðurlandaráðs? Svörin eru fengin og utanrrh. hefur lýst sínum persónulegu skoðunum en þá vita menn það, sérstaklega fréttamenn landsins, að þeir verða ávallt að spyrja utanrrh. Íslands þegar hann segir já eða nei: Er það í nafni ríkisstjórnar Íslands eða er það í nafni persónunnar Jóns Baldvins Hannibalssonar eða er það í nafni annars embættis? Þetta er viðbótarspurning sem allir fréttamenn verða að bæta við héðan í frá.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mikið er það skemmtileg tilbreyting í umræðum á hinu háa Alþingi þegar menn geta rætt mál án þess að hafa fyrir brjóstinu þyngslin af þessari eilífu hneykslunarhellu.

Ég sagði: Það hefur ekkert tilefni gefist til þess að ríkisstjórn Íslands, sem stjórnvald, taki afstöðu til umsóknarbeiðni frá þessum löndum — fyrr en þá núna. Þá vísa ég einfaldlega til staðreynda. Fyrir þann tíma hafa margvíslegar umræður farið fram um þetta mál og menn hafa, aðilar að ríkisstjórnum á Norðurlöndum og þingmenn á þjóðþingum Norðurlandaþjóða og hópar innan þessara þinga, lýst afstöðu sinni sem bindur ekki stjórnvöld, en hafa gert það engu að síður. Starfsbróðir minn, danski utanríkisráðherrann, hefur skýrt frá því að hann sé persónulega hlynntur því að þetta verði niðurstaðan. En jafnframt er það vitað að meiri hluti danska þingsins er ekki sammála þessari persónulegu afstöðu hans.

Ég sagði hér áðan að auðvitað er hægt að hugsa sér margvíslegt form þessarar samvinnu. Aðalatriðið er fyrst og fremst í mínum huga og margra annarra að það svæði, sem smám saman verður til innan samrunaferilsins í Evrópu, geti orðið úrvíkkuð Norðurlönd. Svo geta menn velt því fyrir sér: Eru málörðugleikar einhver hindrun í þessu efni? Ein þessara þjóða talar mál náskylt finnsku. Það vill svo til að innan Norðurlandaráðs eru tvær þjóðir sem raunverulega þurfa annaðhvort að láta þýða sitt móðurmál eða læra móðurmál Skandínavanna. Ég held að málörðugleikar séu þess vegna aukaatriði í þessu máli. Fyrir þessu máli eru fyrst og fremst auðvitað söguleg rök, menningarleg rök, efnahagsleg rök og svo náttúrlega ef menn vilja líta á þá lífsnauðsyn Eystrasaltsþjóðanna að tengjast sem allra fyrst kerfisbundnu samstarfi við aðrar þjóðir til þess að auka öryggi þeirra gagnvart því hættu- og óvissuástandi sem skapast getur austanhallt.

Menn hafa verið að ræða um, og það er kjarni umræðunnar um framtíð Norðurlanda innan Evrópu, og lýsa áhyggjum sínum af því ef Norðurlandaþjóðirnar tvístrast að því er varðar afstöðuna til Evrópubandalagsins. Ég hef áhyggjur af því máli því það er fyrst og fremst þar sem hætta kann að leynast á því að við getum ekki viðhaldið innihaldsríku norrænu samstarfi. Það vill svo til að Eystrasaltsþjóðirnar eru ekki á leið inn í EB. Ég sæi ekkert að því að hafa þær að bandamönnum.

73. FUNDUR

miðvikudaginn 22. jan.,
að loknum 72. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Á dagskrá þessa fundar eru þrjú mál sem leita verður afbrigða um að megi koma á dagskrá og til um-

ræðu vegna þess að of skammt er liðið frá 2. umr. Á dagskránni eru jafnframt brtt. við hvert þessara þriggja mála, það er við 1. dagskrármálið, Framkvæmdasjóður Íslands, brtt. á þskj. 399, við 2. dagskrármálið, Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, brtt. á þskj. 402 og við 3. dagskrármálið, Lánsfjárlög 1992, brtt. á þskj. 401. Þarf því að leita afbrigða um að þessar brtt. megi koma á dagskrá og til umræðu. Verður nú, ef ekki verða gerðar athugasemdir við það, leitað afbrigða við alla þessa þætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRA, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KE, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, GAK, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓÞÞ, PJ, RA, SAÞ, SP, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Framkvæmdasjóður Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178, brtt. 399.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Nú er komið að því að Alþingi muni samþykkja að leggja niður Framkvæmdasjóð Íslands. Meginrökin eru þau að sjóðurinn hafi verið gjaldþrota. Engu að síður liggur það fyrir að ríkisendurskoðandi staðfesti með undirskrift sinni reikninga sjóðsins fyrir árið 1989 og einnig fyrir árið 1990 og fann ekkert athugavert og sá enga ástæðu til að vekja athygli á því að sjóðurinn væri illa staddur. Það hefur einnig komið fram í þessum umræðum að þáv. fulltrúi fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs óskaði 1989 sérstaklega eftir því að haldinn yrði fundur til að ganga úr skugga um að fulltrúi Ríkisendurskoðunar teldi aðspurður að fjármál sjóðsins væru með þeim hætti að nægilegt fé hefði verið lagt í afskriftasjóð þannig að fjárhagur Framkvæmdasjóðs Íslands væri traustur. Það kom fram að aðspurður svaraði fulltúi Ríkisendurskoðunar að svo væri og einnig að þær reglur, sem settar hefðu verið um afskriftasjóð, hefðu verið samdar af Ríkisendurskoðun. Það hefur einnig komið fram að í mars á sl. ári staðfesti ríkisendurskoðandi með undirskrift sinni ársreikninga Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1990 en í ágúst á sama ári, fáeinum mánuðum síðar, var í skýrslu til núv. hæstv. forsrh. því lýst yfir af hálfu Ríkisendurskoðunar að sjóðurinn væri gjaldþrota og að um 1.700 millj. kr. skorti til að nægilegt fé væri til að standa við skuldbindingar sjóðsins. Það hefur einnig komið fram að í skýrslu sem núv. hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lagði fram á Alþingi 23. des. sl. er frá því greint að nefnd forsrh. telur að ekki hafi komið fram fullnægjandi skýring af hálfu Ríkisendurskoðunar á þeirri furðulegu niðurstöðu að sjóður, sem Ríkisendurskoðun taldi með undirskrift ársreikninga fyrir árið 1989 vera traustan, endurtók þá skoðun sína með undirskrift undir ársreikninga fyrir árið 1990, var að dómi þessarar sömu stofnunar, án þess að nokkuð sérstakt nýtt hefði gerst, og ég legg áherslu á það, án þess að nokkuð sérstakt nýtt hefði gerst, orðinn gjaldþrota þannig að það skorti 1.700 millj. kr. í sjóðinn.

Í skýrslu til núv. hæstv. forsrh. kemur fram að sú nefnd, sem forsrh. skipaði, telur að ekki hafi komið fram fullnægjandi skýringar af hálfu Ríkisendurskoðunar á þessum mismunandi niðurstöðum og það eina sem Ríkisendurskoðun hafi fært fram sér til réttlætingar sé sú ábending að ný ríkisstjórn hafi tekið við sl. sumar og þess vegna sé hægt að ályktа sem svo að sjóðurinn sé gjaldþrota. Það er satt að segja furðuleg yfirlýsing að fjármál sjóðsins breytist svo gjörsamlega á fáeinum mánuðum vegna þess að ný ríkisstjórn sé komin til sögunnar. Það getur einfaldlega ekki verið frambærileg ástæða.

Sú breyting var gerð á stjórnskipun Íslands fyrir nokkrum árum að Ríkisendurskoðun var færð frá framkvæmdarvaldinu til löggjafarvaldsins. Ríkisendurskoðun starfar á ábyrgð Alþingis. Það er grundvallaratriði í okkar stjórnskipan að þegar Ríkisendurskoðun hefur skrifað upp á reikninga og staðfest með nafni ríkisendurskoðanda að þeir séu réttir þá geti þjóðþingið treyst því að svo sé. Það gerði þjóðþingið og framkvæmdarvaldið varðandi ársreikninga Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1989. Það gerði þjóðþingið og framkvæmdarvaldið varðandi reikninga Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1990 en nú kemur Ríkisendurskoðun allt í einu, fáeinum mánuðum síðar og segir: Þessar undirskriftir voru allar marklausar, sjóðurinn er gjaldþrota. Við getum ekki búið við það að sú stofnun, sem ber ábyrgð á því að endurskoða reikning íslenska ríkisins, ber auk þess ábyrgð á því að endurskoða reikninga fjölmargra opinberra sjóða og ber einnig ábyrgð á því, og ég vek athygli á því, að hafa eftirlit með fjármálum ríkisviðskiptabankanna, geti allt í einu komist að þeirri niðurstöðu eftir fáeina mánuði að undirskriftir hennar upp á reikninga séu marklausar.

Við höfum þess vegna lýst þeirri skoðun hér í umræðunum að nauðsynlegt sé að fá botn í þetta mál. Það verði að knýja Ríkisendurskoðun til að gefa Alþingi formlega skýrslu um hvers vegna hún kemst að svo ólíkum niðurstöðum og hverjar séu málsbætur hennar í þessu furðulega máli. Þess vegna vil ég láta það koma fram sem fram kom frá formanni Alþb. á viðræðufundi formanna þingflokka og forseta þingsins fyrir tveimur dögum að við munum skrifa formlegt bréf og óska eftir formlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem hún geri tilraun til að útskýra þennan alvarlega mun. Síðan munum við beita okkur fyrir því þegar sú skýrsla liggur fyrir hvort nauðsynlegt sé að Alþingi biðji óháðan aðila, þó það sé sérkennilegt að biðja óháðan aðila að segja álit sitt á Ríkisendurskoðun, að skoða málið. Það er ekki hægt að skilja við málið án þess að þjóðþingið geri alvarlega tilraun til þess að fá botn í það.

Ég vildi láta koma fram að næstu daga munum við, ég og formaður þingflokks Alþb., beita okkur fyrir því að skrifað verði formlegt bréf til forseta þingsins þar sem óskað verður eftir því að Ríkisendurskoðun geri Alþingi grein fyrir því hvers vegna hið mikla misræmi er á uppáskrift reikninga Framkvæmdasjóðs 1989 og 1990 og síðan þeirrar skýrslu sem þetta frv. er byggt á. Ég ætla ekki að öðru leyti að ræða þetta mál hér og nú, hef gert það áður við fyrri umræður þessa máls en taldi nauðsynlegt að greina þinginu formlega frá þessari ákvörðun okkar, að fara fram á opinbera greinargerð um þetta mál. Síðan munum við láta þingflokkum í té þær niðurstöður og efna til viðræðna hér innan þingsins um hvernig tekið verði á framhaldinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. um Ríkisendurskoðun, sem hann mælti í þessari ræðu sinni og það sem áður hefur komið fram í ræðu hans á hv. Alþingi, finnst forseta nauðsynlegt að taka fram að hann telur sér með öllu óheimilt að taka til sérstakrar rannsóknar niðurstöðu Ríkisendurskoðunar um tiltekin mál eða mat hennar á einstökum málum sem hún fæst við eða gerir skýrslur um. Sömuleiðis telur forseti sér óheimilt að gera nokkrar athugasemdir við störf ríkisendurskoðanda, t.d. áritanir hans á ársreikninga sjóða og annarra stofnana. Um stöðu Ríkisendurskoðunar og ríkisendurskoðanda eru mjög skýr fyrirmæli í lögum nr. 12/1986. Í 3. gr. þeirra segir:

„Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess."

Í athugasemdum við frv. til laga um Ríkisendurskoðun segir svo um þetta tilvitnaða ákvæði:

„Miklu skiptir að sjálfstæði ríkisendurskoðanda í starfi sé sem best tryggt. Er hér á því byggt að hann njóti svipaðrar réttarstöðu gagnvart forsetum Alþingis og ríkissaksóknari gagnvart dómsmálaráðherra."

Það er því á misskilningi byggt sem hv. 8. þm. Reykn. hefur haldið hér fram við umræðu um þetta mál að forseti, eða forsætisnefnd, bæri „ráðherraábyrgð" á ríkisendurskoðanda, hvað svo sem hann á við með því orði í þessu samhengi.

Ríkisendurskoðandi er ráðinn af forsetum Alþingis og nú forsætisnefnd til sex ára í senn og í 4. málsl. 2. gr. laganna segir að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð gagnvart því, þ.e. Alþingi. En jafnframt segir í greininni að til að koma fram ábyrgð á ríkisendurskoðanda, t.d. með frávikningu, þurfi atbeina meiri hluta Alþingis.

Forseti, eða forsætisnefnd, getur því ekki tekið á sig ábyrgð á faglegum störfum ríkisendurskoðanda og starfsliði hans. Hins vegar segir í lögunum að forsetar sjálfir eða þingmenn geti krafið ríkisendurskoðanda skýrslna um einstök mál og skýrslur Ríkisendurskoðunar hafa oft verið til umræðu hér á Alþingi, ýmist skýrslur sem stofnunin hefur unnið að eigin frumkvæði eða eftir óskum þingmanna.

Forseti vill loks benda á að árs- eða starfsskýrslur Ríkisendurskoðunar hafa verið til umfjöllunar á Alþingi árlega hin síðari ár og slík skýrsla er á starfsáætlun þingsins síðar í vetur. Þá geta þingmenn sem þess óska gert athugasemdir við störf stofnunarinnar.

Forseti og forsætisnefnd hafa átt ágætt samstarf við núverandi ríkisendurskoðanda. Vitaskuld ber starf og verkefni stofnunarinnar á góma í samtölum ríkisendurskoðanda og forseta en því fer fjarri að forseti vilji setja rannsóknarnefnd yfir Ríkisendurskoðun eða telji sig hafa nokkra heimild til þess.

Nú hefur hv. 8. þm. Reykn. upplýst að það sé væntanlegt bréf til forseta Alþingis og mun þá að sjálfsögðu verða fjallað um það bréf þegar það berst.

Þetta taldi forseti nauðsynlegt að láta koma fram vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. hefur oftar en einu sinni rætt þessi mál hér og þá hefur hist svo illa á að sá forseti sem hér talar hefur ekki setið í forsetastóli og hefur því ekki getað svarað sem slíkur hvernig þessum málum er háttað frá sjónarhóli forseta.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 399 við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Ég leyfi mér að flytja þessa brtt. við 4. gr. frv. sem varðar gildistökuákvæði laganna. 4. gr. frv. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Lánasýsla ríkisins tekur frá sama tíma við umsjá allra eigna og skulda, krafna og skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þær standa við gildistöku laga þessara." Brtt. er við 4. gr., fyrri málsliður orðist þá svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Forseti, ég tel að þessi brtt. þurfi ekki frekari skýringa við.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er dálítið sérstætt að hafa tvívegis spurt ráðherra undir þessari umræðu um ákveðinn hlut og ekki fengið svör og er þó hæstv. ráðherra staddur á landinu þessa stundina. Ég hef þess vegna mótað þá spurningu í fyrirspurnarformi en hún hljóðaði um hvaða skuldbindingar við hefðum tekið á okkur þegar við þáðum Marshall-aðstoð. Nú er það svo að áður en þeirri fsp. er svarað veit enginn hvort Alþingi er að brjóta samninga samþykki það það frv. sem hér liggur fyrir eða hvort Alþingi er ekki að brjóta samninga. En hitt er aftur á móti ærið umhugsunarefni, svo ekki sé meira sagt, að Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að ætlunin er að fara með Framkvæmdasjóð niður í Lánasýslu ríkisins og þar er ætlunin — (**Forseti:** Var hv. þm. að biðja um utanrrh. eða forsrh.?) Ég bið afsökunar hafi ég ekki talað nógu skýrt. Ég tel að ég hafi eiginlega áður spurt utanrrh. nægilega oft til að fullvíst sé að af þekkingarleysi en ekki illvilja liggur það fyrir að hann svarar ekki þeirri spurningu sem til hans var beint. Ég vænti þess aftur á móti að hann muni afla sér þeirra upplýsinga og komi með svarið þegar þar að kemur.

Ég vil aftur á móti undirstrika að með því að færa Framkvæmdasjóð niður í Lánasýslu er verið að setja hann undir embættismenn, ekki stjórnendur, hvorki

skipaða af ráðherrum eða kosna af þinginu. Það þýðir að þegar ákvarðanir verða teknar um eignir sjóðsins, eignir sem hann eignast við gjaldþrot, þá er fjmrh. Íslands kominn með þær eignir til að geta gefið þær næsta manni. Og hann hefur skriflegt bréf frá ríkisendurskoðanda upp á að þær séu einskis eða lítils virði. Svo lítils virði að sjóðurinn sé orðinn gjaldþrota. Og því eins fær það staðist að búið sé að ákveða að afhenda eignir Framkvæmdasjóðs flokksgæðingum, pólitískum flokksgæðingum Sjálfstfl., annars fær það ekki staðist að sjóðurinn sé svo grátt leikinn sem verið er að tala um. Það er það sem blasir við. Og hvar á að vinna þetta myrkraverk? Það er ekki hægt að vinna það með því að hafa stjórn yfir sjóðnum, það á að geyma hann niður í Lánasýslu.

Það vill nú svo til að sá hæstv., — það er best að sleppa því. — Það vill svo til engu að síður að fyrir liggur undirskrifað mat sama Íslendingsins á fjárhagsstöðu þessa sjóðs, eins og hér hefur komið fram, áður en þessi ríkisstjórn komst til valda og eftir að þessi ríkisstjórn komst til valda. Ef einstaklingur hefði orðið jafntvísaga við yfirheyrslu í réttarsal þá hefði dómari annaðhvort tekið ákvörðun um að vísa vitninu frá sem ónothæfu eða hann hefði gengið mjög hart að vitninu til að reyna að komast að því hvor framburðurinn væri sá rétti.

Nú hefur sá sem hér stendur nokkrum sinnum skrifað undir reikninga Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar. Hann hefur gert það í þeirri góðu trú að þegar endurskoðandi, sem stofnunin hafði á sínum vegum, og ríkisendurskoðandi voru búnir að skrifa undir, þá mætti treysta því að mannorð undirritaðs væri ekki í hættu þó hann skrifaði undir. Ég spyr aftur á móti sjálfan mig þeirrar spurningar þegar kemur að því að reikningur Byggðastofnunar verður lagður fram á þessu ári: Get ég skrifað undir? Mér sýnist allt benda til þess að ég geti ekki skrifað undir reikninginn eða þá að ég skrifi undir reikninginn þau einföldu orð: hef ekki hugmynd um hvort hann er réttur eða rangur. (**Gripið fram í:** Ólafur Þ. Þórðarson.) Ólafur Þ. Þórðarson. Skýringin er nefnilega sú að þeir sem verða þá búnir að skrifa undir hann eru staðnir að því að hafa breytt textanum sem þeir skrifuðu undir með svo stuttu millibili að það fær ekki staðist, eins og kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. Jafnvel slæm ríkisstjórn getur varla hafa haft möguleika til að gera slíkan óskunda á jafnstuttum tíma og þar kemur fram. Þetta hlýtur því að vera alvarlegt umhugsunarefni. Hæstv. forseti hefur komist að þeirri niðurstöðu að réttarstaða hæstv. forseta gagnvart ríkisendurskoðanda sé sama og réttarstaða dómsmrh. gagnvart saksóknara, ef ég tók rétt eftir.

Nú er það svo að ég tel að ráðherra beri ráðherraábyrgð á saksóknara. Segjum að hann verði bara vitlaus, hreint út sagt, heilbrrh. komi með skýrslu til þingsins og segir alla sérfræðinga sína hafa komist að því að hann sé orðinn vitlaus, þá hlýtur ráðherra að þurfa að grípa til einhverra aðgerða. Ég segi þetta til að vekja á því athygli að dómsmrh. kæmist í verulega slæma klípu ef hann gerði ekkert. — Nú sé ég að heilbrrh. er kominn í salinn og hefur tekið gleði sína því auðvitað yrði þetta stór stund fyrir heilbrrh., ef þetta kæmi upp á. — En hver væri þá staða forsetans? Yrði hann bíða í sex ár ef eitthvað hliðstætt kæmi upp á með ríkisendurskoðanda og ekkert væri hægt að gera? Hæstv. forseti er kjörinn af meiri hluta Alþingis og að sjálfsögðu getur forseti lagt fyrir meiri hluta Alþingis að taka sínar ákvarðanir en vald forsetans er ekki tilskipunarvald, það er alveg rétt og það á ekki að vera neitt tilskipunarvald yfir ríkisendurskoðanda. En auðvitað liggur það í hlutarins eðli að þingið verður að geta treyst undirskriftum. Og það er gjörsamlega vonlaust að koma með nýja Njálu á þriggja mánaða fresti. (Gripið fram í.) Jafnvel þingflokksformaður Alþfl. mundi aldrei treysta sér til að verja slíkt í þingflokksherbergi Alþfl. Það koma fram efasemdir en ég tek nú ekki mark á þeim undir þessum kringumstæðum.

Hér blasir nefnilega við að Alþingi Íslendinga hefur undir höndum undirskriftir frá sama aðila en það sem hann skrifar undir er svo gjörólíkt að annað hvort fær ekki staðist. Spurningin er: Hvað á áð gera?

Ég verð að segja eins og er að það hlýtur að vera Alþingi Íslendinga verulegt áhyggjuefni ef það tekur upp á því að gagnálykta undir svona kringumstæðum og spyr: Eru þá aðrar undirskriftir meira virði? Það hefur ekki komið fram tvöfalt álit. Það hafa ekki komið út tvær útgáfur á íslenska ríkisreikningnum, kannski birtast þær líka. Og hvor væri þá rétt? Það þýðir ekki að tala um þetta eins og ekkert hafi gerst. Það þýðir ekki að tala um þetta út frá þeim nótum. Ef ríkisendurskoðandi hefur aftur á móti upplýsingar um það undir höndum að það sé staðföst stefna stjórnvalda að gefa eignir Framkvæmdasjóðs, getur hann sagt að þess vegna sé sjóðurinn kominn á hausinn, þess vegna sé þetta allt tapað. Jafnvel hæstv. forsrh. hefur látið í ljós trú á að laxeldi eða fiskeldi eigi eftir að verða íslenskri þjóð til blessunar í framtíðinni. Það var svona bjartsýnisstef sem kom fram í ræðu hjá hæstv. forsrh. Hver tekur ekki undir það? Auðvitað eru sveiflur á öllum mörkuðum. Ef menn ætla að verðleggja þessar eignir þegar mesta niðursveiflan er — þá eru þær náttúrlega lítils virði — og gefa þær. Og þá er náttúrlega miklu skynsamlegra að hafa þessa starfsemi niðri í Lánasýslu ríkisins, geta skrifað bréfin þaðan út og látið vera að þvælast með eitthvert eftirlit á því hvað gert er við eignirnar. Þá er hægt að gefa flokksgæðingum þetta eins og mönnum sýnist, það er einfalt mál. Jafnvel formaður þingflokks Alþfl. tekur undir það með handahreyfingum. Auðvitað er þetta auðveldasta lausnin ef þetta er markmiðið. Það er verið að hreinsa út frumkvöðlana í fiskeldi á Íslandi, það er verið að ganga frá þeim. Hvort þeir verða settir vaxmyndasafnið eða ekki er ekki vitað. En það er verið að afgreiða þessa menn eins og þetta hafi allt verið fjárglæframenn sem hafi fyrst og fremst viljað sóa peningum í vitleysu.

Það er umhugsunarefni fyrir Íslendinga hvernig Norðmenn brugðust við þegar fiskeldið þar nötraði. Var Ríkisendurskoðun send af stað til að ganga frá því í eitt skipti fyrir öll? Var ákveðið að senda „biksið" niður í lánasýslu hjá Norðmönnum eða ákváðu þeir að

verja fiskeldið? Það er eins og mig minni að það hafi komið í fréttum að þeir hafi ákveðið að verja fiskeldið. Það er sorgleg staðreynd að hér hefur umræðan snúist upp í það að þeir, sem ekki standa bara í skuldabréfaútgáfu og sölum, kaupum á hlutabréfum og sölum, þeir, sem hafa staðið í því að byggja upp fyrirtækin, eru nánast stimplaðir sem stórglæpamenn fyrir það að hafa verið ákveðnir í að byggja upp atvinnurekstur sem er stundaður í löndunum í kringum okkur og verður stundaður þar áfram. Og þeir fóru í að byggja þetta upp hér við erfiðari skilyrði og minni stuðning en var á nokkrum hinum stöðunum.

En núna á að safna saman brotunum, senda niður í Lánasýsluna og afhenda gefins til flokksgæðinga, ef það er rétt að sjóðurinn eigi að tapa jafnmiklu og verið er að tala um.

Sérfræðingur ríkisstjórnarinnar í „sósíalisma andskotans" ætti að skrifa skýrslu um þetta mál. Það bar nefnilega svo við að í gær kom það í ljós í sjónvarpinu að það var einn sem kunni það hvernig Vilmundur landlæknir útlistaði að „sósíalismi andskotans" liti út. Ég hlýt að spyrja sjálfan mig þeirrar spurningar: Ætla Alþingi Íslendinga og forseti þingsins að una því að fyrir liggi tvö álit á eignum sjóðsins, svo ólík að þeim ber alls ekki saman? Ég er ekki viss um að fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík hefði látið bjóða sér að fá tvenns konar útgáfu á hver væri eignastaða hitaveitunnar þar sem það hefði orðið helmings hrun á þriggja mánaða tímabili og skýringin væri aðeins sú að nú væri nýr borgarstjóri sennilega að taka við. Menn verða náttúrlega að gera upp á milli þess hvort þeir eru í skemmtiritaútgáfu eða ganga frá tölulegum upplýsingum.

Ég verð þess vegna að segja eins og er að þó ég meti það mjög mikils að opinberir aðilar hafi það framtak að þeir svari bréfum þá finnst mér það eiginlega of mikið framtak ef farið er að svara bréfunum nánast áður en þau berast. Það finnst manni slík ofvirkni að maður undrast. Hún er ekki til staðar í heilbrrn. þessa stundina, í það minnsta, miðað við það sem maður fréttir þaðan.

Ég verð að segja eins og er að mig undrar það satt best að segja að menn geti gengið til verks á þennan hátt. Nýr forsrh. heimtar nýjar skýrslur, ný álit, gömlu álitin duga ekki sem menn hafa skrifað undir fyrir nokkrum mánuðum og hann fær nýjar skýrslur, nýjar tölur. Hvaða ógnarvald og skelfing liggur þarna á bak við? Það liggur við að menn hlaupi kviknaktir til að sinna yfirboðara sínum. Þetta flokkast kannski undir það að hafa aga á mönnum en mér kemur þetta á óvart. Ég átti satt best að segja ekki von á því eftir að þetta embætti var komið undir þjóðþingið að maður gæti þurft að lenda í þeirri stöðu að þurfa að spyrja sig: Er þetta bara hollusta við húsbóndann á hverjum tíma sem birtist? Ég vil ekki trúa að svo sé. En það er gjörsamlega óásættanlegt fyrir þingið að fá ekki skýringar á þessu máli. Og það er mikil fljótaskrift í vinnubrögðum að ætla að hraða þessu máli í gegnum þingið.

Hver á þá að fara með valdið? Þetta mikla vald sem liggur í því að ráðstafa eignum? Er það fjmrh. einn eða embættismennirnir í Lánasýslu ríkisins? Trúa menn því virkilega að hér sé um einhverja skiptimynt að ræða? Í sumum tilfellum er um að ræða samninga um mannvirki mörg ár fram í tímann, sennilega á bestu stöðum Íslands til fiskeldis, miðað við aðstöðu þar sem notkun á heitu vatni er samningsbundin m.a., langt fram í tímann. Ætla menn kannski að vakna eins og menn eru að vakna núna í Bandaríkjunum með eignayfirráðin yfir skipunum sem stunda veiðar við Alaska? Ætla menn að vakna þannig upp við vondan draum? Það vekur undrun, svo ekki sé meira sagt, að ekki skuli vera viðhöfð virðulegri jarðarför þegar þessi sjóður er sendur niður í Lánasýslu ríkisins. Dánarvottorðið var gefið út af Ríkisendurskoðun, ákveðið að senda sjóðinn niður eftir, til hvers?

Að hinu hlýt ég að spyrja sjálfan mig: Hvoru álitinu trúa hæstv. forsetar? Er það fyrra álitinu eða síðara álitinu? Það getur ekki verið að þeir trúi báðum, það gengur ekki upp. Það væri svona álíka og ef þau tíðindi væru boðuð að Jón Jónsson í fyrri skýrslunni hefði látist um páska en í þeirri seinni hefði verið staðfest að hann hefði verið dáinn í tvö ár. Þeir verða að trúa öðru ef þeir yfir höfuð vilja taka skynsemi sína alvarlega. Hvoru álitinu trúa þeir? Hvoru álitinu trúir t.d. hæstv. forseti sem nú situr í stólnum? En fyrir fram að lýsa því yfir að Alþingi Íslendinga ætli að sætta sig við það skýringalaust að fá jafnólíkar niðurstöður á efnahag tveggja sjóða eins og fram hefur komið er alveg furðuleg niðurstaða. Hún er svo furðuleg að maður spyr sjálfan sig: Færi þá þannig ef tvær niðurstöður kæmu á því um næstu áramót hver hefði verið hallinn á ríkisreikningnum, annars vegar upp á 10 milljarða, hins vegar upp á 5 milljarða yrði þá afgreiðslan sú að bæði erindin yrðu lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu þannig að Alþingi hefði þá samþykkt það sem rétt var en látið sig engu skipta hvort væri rétt?

Ég verð að segja eins og er að það hlýtur að vera nóg verkefni hjá forsætisnefnd þingsins að komast að niðurstöðu. Og ekki ættu stjórnarsinnar að vera þar til að spilla fyrir því að hægt væri að ræða þetta mál í ró og næði og kalla til þá aðstoð sem þarf til að meta málið.

Nei, það virðist hafa verið gert samkomulag um að í þessu efni ætti að leggja heilbrigða skynsemi til hliðar, setja hana í geymslu á meðan afgreiðslan færi fram og loka öðru auganu, horfa bara á seinni skýrsluna en gleyma því að skömmu áður hafði verið skrifað undir gjörólíkt álit. Er sá aðili marktækur sem þannig stendur að verki? Það hlýtur að vera spurning. Ef hann er marktækur, sem við skulum trúa, þá skuldar hann Alþingi Íslendinga skýringu á því hvers vegna niðurstaðan er á þennan veg.

Ég hef að vísu einu sinni heyrt dálítið merkilega málsvörn í sérstæðu tilviki og það var formaður Alþfl. hér á árum áður sem sagði okkur, ungum nemendum í Kennaraskólanum, frá því. Prófessor hafði spurt nemendurna út úr árið áður, lagt fyrir þá próf, og allir vissu hver svörin voru sem hann hafði gefið rétt fyrir á því prófi. Nú barst sú saga út um skólann að hann ætlaði að nota gamla prófið aftur og rektor kallaði

þennan prófessor fyrir sig og spurði hvort það væri satt að hann ætlaði að nota sama prófið og hann hefði notað árið áður. Prófessorinn sagði að þetta væri rétt. Þá spurði rektorinn: En veistu ekki að allir nemendurnir vita þetta? Jú, sagði prófessorinn, en það kemur ekki að sök því ég er búinn að breyta öllum svörunum. Mér sýnist að starfað sé eftir þessari kenningu í dag varðandi niðurstöðurnar þegar farið er yfir stöðu sjóðakerfisins hjá Ríkisendurskoðun.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál var á dagskrá efh.- og viðskn. einhvern tímann í desembermánuði, ég man nú ekki nákvæmlega hvenær það var. Þá hafnaði þáv. formaður því að fá stjórn Framkvæmdasjóðsins á fund nefndarinnar og studdi það þeim rökum að hér væri um einfalda formbreytingu að ræða, í raun samið eftir tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs og þetta væri eiginlega ekki neitt mál. Það var ekki fyrr en í morgun að nefndin fékk stjórn Framkvæmdasjóðs á sinn fund og þá kom í ljós að málið er ekki eins einfalt og menn vildu vera láta. Það er í raun ámælisvert og er það ekkert síður við minni hluta en meiri hluta hv. nefndar að sakast að ekki skyldi hafa verið unnið meira að málinu á þeim tíma.

Fundurinn í morgun varð þess valdandi að við höfum smám saman í dag, nefndarmenn, verið að fá gögn um málið frá Framkvæmdasjóði Íslands sem við höfum náttúrlega ekki haft nokkurt tækifæri til að kynna okkur til hlítar. En það sem við heyrðum í morgun og höfum séð í þessum gögnum væri nóg til þess að fara fram á það að afgreiðslu þessa máls verði frestað.

Ég býst ekki við að menn hafi áttað sig á því þegar farið var af stað með þetta mál hverjar afleiðingar það gat haft. Það kemur hér fram, og ég mun fara í gegnum það á eftir með þeim gögnum sem okkur bárust áðan með faxi frá Framkvæmdasjóði og Þjóðhagsstofnun, að það hefur engu mátt muna að vegna glannalegrar meðferðar á málinu væri komin upp sú staða að erlendir lánardrottnar hefðu getað gjaldfellt allt heila „dótið" á heilu bretti. Það er náttúrlega algerlega óviðunandi að hæstv. ríkisstjórn skuli í flumbruganginum á sl. sumri, þegar allur krafturinn fór í fortíðarvandann, hafa getað gengið fram með þessum hætti. Svo virðist sem seinni umsögn Ríkisendurskoðunar hafi byggst á því að búið hafi verið að telja Ríkisendurskoðun trú um að fiskeldi á Íslandi væri búið að vera og ástæða væri til að afskrifa á einu bretti meiri hluta útlána Framkvæmdasjóðs til fiskeldisins.

Ég er ekki mjög kunnugur þessum málum en ég spurði eftir því í morgun hvernig veðstöðu Framkvæmdasjóðs væri háttað í íslensku fiskeldi. Þá kom í ljós að nánast í öllum tilfellum er Framkvæmdasjóður með 1. veðrétt og hefur haldið sig við svipaðar reglur varðandi lánafyrirgreiðslu og aðrir stofnlánasjóðir þ.e. að lána ekki yfir 67% af framkvæmdafé. Það er svo aftur annað mál að menn geta velt því fyrir sér með slíkan áhætturekstur hvort ekki hefði þurft að vera meira áhættufé í þessari uppbyggingu. En málið stendur þannig í dag að Framkvæmdasjóður hefur eignast 15 fiskeldisstöðvar. Hann leigir þær sumar hverjar út, aðrar eru ekki í rekstri eins og er sem staðfestir það, sem ég sagði áðan, að þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir þá skoðun ríkisstjórnarinnar að fiskeldinu sé þannig komið að best sé að afskrifa það á einu bretti. Ég held, virðulegi forseti, að þegar kom fram á veturinn og menn sáu að áldraumar og kannski fleiri draumar áttu við lítil rök að styðjast hafi menn vaknað upp við vondan draum og séð að við getum ekki hent frá okkur svona á einu bretti atvinnugrein sem verulegar vonir voru bundnar við og ekkert hefur komið fram enn þá sem bendir til annars en hún geti orðið ein af máttarstoðunum í okkar atvinnulífi á næstu árum.

Það kom fram í nefndinni, þó að nánast enginn tími væri til að ræða þetta mál sem reyndist miklu stærra heldur en álitið var áður, að stjórnarmenn í Framkvæmdasjóði sem þarna mættu, Tómas Árnason seðlabankastjóri, Þórður Friðjónsson, framkvæmdastjóri Þjóðhagsstofnunar og Benedikt Jóhannesson, voru allir saman mjög ósáttir við meðferð og umfjöllun Ríkisendurskoðunar um þetta mál.

Ég ætla, virðulegur forseti, að grípa niður í þau gögn sem við höfum verið að fá í dag og eru m.a. bréfaskipti Framkvæmdasjóðs við forsrh. og Seðlabankann. Reyndar kom fram til viðbótar í morgun að látið var heita svo í fyrri umfjöllun nefndarinnar að þessar breytingar væru gerðar að tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs. Þegar á stjórnarmenn var gengið kom hins vegar í ljós að þær tillögur voru settar fram að fyrirmælum hæstv. forsrh. Þar voru því líka mál nokkuð blendin.

Að fyrirmælum hæstv. forsrh. gerði stjórn Framkvæmdasjóðs tillögur um tvær leiðir. Annars vegar þá leið að Framkvæmdasjóður yrði lagður niður, sem þýddi að ríkissjóður yrði þá að taka við öllum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs beint. Hins vegar að Framkvæmdasjóður yrði starfræktur áfram en með breyttum tilgangi og undir breyttir stjórn. Í raun komust menn að því við nánari skoðun að ekki væri hægt að leggja Framkvæmdasjóð niður. Hann verður að vera til og starfa áfram, þannig að eina breytingin var að setja hann undir Lánasýsluna. Með leyfi forseta, vitna ég í bréfið: „Í þessari leið", — leið tvö sem var valin — „er gert ráð fyrir því að hlutverki Framkvæmdasjóðs verði breytt þannig að sjóðurinn hætti allri lánastarfsemi. Gerð er tillaga um að sjóðurinn heyri beint undir fjmrh., sem ákveði með hverjum hætti verkefni sjóðsins verði lokið, þ.e. innheimta kröfur, ráðstafa eignum, annast afborganir lána o.s.frv. Gert er ráð fyrir heimild til ráðherrans til þess að fela Lánasýslu ríkisjóðs umsjón og rekstur sjóðsins. En allt eins getur ráðherra ákveðið aðra skipun mála, t.d. að gera samning við Seðlabanka Íslands um að bankinn taki verkefnið að sér. Tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar sem af þessari leið leiddu eru á fylgskjali II."

Þarna kemur alveg skýrt í ljós að Framkvæmdasjóður verður að vera til áfram, það er bara spurning í hvers umsjón hann verður. Þrátt fyrir það að hann hætti lánastarfsemi þá er mikið verk á næstu missirum og árum að varðveita eignir hans og gera sem mest úr

þeim. Þetta hlutverk er þeim mun stærra þar sem Framkvæmdasjóður Íslands gegnir lykilhlutverki við að koma fiskeldinu í landinu af stað á ný. Það ræðst að verulegu leyti af því hvernig til tekst með þetta starf á næstu árum hversu mikið sjóðurinn þarf að afskrifa af eigum sínum. Stjórnarmenn sjóðsins lögðu áherslu á að það kæmi ekki í ljós fyrr en að löngum tíma liðnum, tíma sem er talinn í árum, hverjar eignir sjóðsins raunverulega eru. Þess vegna er þeim mun óskiljanlegra að ríkisvaldið skuli hafa lagt það til í sumar að afskrifa þetta allt saman á einu bretti.

Virðulegi forseti. Ég ætla að bera niður á öðrum stað í þessu bréfasafni, reyndar í sama bréfi, þ.e. bréfi Framkvæmdasjóðs frá 9. sept. til forsrh. Davíðs Oddssonar, um þær leiðir sem þarna kunna að vera fyrir hendi. Það er b-kaflinn, um ábyrgð ríkissjóðs og skuldbindingu Framkvæmdasjóðs Íslands. Með leyfi foseta les ég hér upp úr því:

„Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu Framkvæmdasjóðs frá ágúst 1991 er talið að framlög í afskriftasjóð hefðu þurft að nema 1.800 millj. kr., árið 1990 í stað 200 millj. kr., sem lagðar voru fram. Samkvæmt þessu telur Ríkisendurskoðun að eigið fé Framkvæmdasjóðs hafi verið neikvætt um 1.200 millj. kr. í maí 1991 ef afskriftarreikningur væri færður í samræmi við mat stofnunarinnar. Ef leið tvö verður valin [sú sem ég las upp áðan] verður ekki hjá því komist að jafna reikninga sjóðsins. Gildir þá einu hverjum yrði falin umsýsla hans. Nauðsynlegt verður að ríkissjóður, á grundvelli ábyrgðar sinnar á skuldbindingum sjóðsins, annaðhvort yfirtaki tilteknar skuldbindingar sjóðsins eða leggi honum til fé. Þetta þarf að gerast fyrir næstu áramót þannig að ársreikningur Framkvæmdasjóðs sýni þá jákvæða stöðu. Þetta leiðir m.a. af því að samkvæmt lánasamningum er Framkvæmdasjóði skylt að senda lánardrottnum sínum ársreikninga sjóðsins. Sé það ekki gert eða sýni ársreikningurinn neikvæða stöðu sjóðsins eru beinar heimildir fyrir lánardrottna til þess að gjaldfella lánin."

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur það að hér telfdi ríkisstjórnin svo djarft í framtíðarvandadraugnum á sl. sumri að engu munaði að menn lentu í þeirri stöðu að erlendir lánardrottnar hefðu getað gjaldfellt öll lán við Framkvæmdasjóð Íslands. Það er náttúrlega ekki verjandi að svona sé unnið. Það er ekki mikið þó að nú sé svo komið að ríkisstjórnin forðist eins og hún getur að ræða um fortíðarvandann nema þá aðeins þegar hún þarf að réttlæta framlagningu einhverra mála sem hún telur sig geta fundið hliðstæðu við hjá fyrri ríkisstjórn. Það er að renna upp fyrir hæstv. ríkisstjórn að hún eyddi fyrstu mánuðum starfsferils síns í fortíðarvandatal sem í flestum tilfellum þjónaði engum tilgangi, hefur valdið skaða og hér er sýnt svart á hvítu að munaði engu að ylli stórkostlegu tjóni. Þetta er nákvæmlega sá tími sem hver ríkisstjórn hefur til að koma fram með sína stefnu sem hún hyggst byggja á til framtíðar.

Virðulegur forseti. Ég er búinn að koma á framfæri þeim sjónarmiðum sem mér finnst skylt og rétt að komi hér fram í þessari umræðu á eftir þeim upplýsingum sem við fengum í morgun. Mér finnst það, virðulegur forseti, mikill ábyrgðarhluti að ætla að afgreiða málið núna eftir að hafa fengið þessar upplýsingar í hendur, sumar fyrir örfáum mínútum og aðrar fyrir klukkutíma eða svo, upplýsingar sem varða grundvallarþætti í meðferð þessa máls.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi, sérstaklega vegna síðustu ræðu, óska eftir að hæstv. forsrh., sem er flutningsmaður þessa frv., verði viðstaddur umræðuna. Og þegar ég kem að yfirlýsingu hæstv. forseta þingsins verði forsetinn í stólnum en ekki varaforsetar. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. hefur verið gert viðvart og kemur væntanlega í salinn.)

Virðulegi forseti. Það var leitt að hæstv. forsrh. skyldi ekki heyra hér ræðu sem hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, flutti. Þingmaðurinn greindi frá því að það hefði verið fyrst í dag sem efh.- og viðskn. þingsins hefði fengið á sinn fund stjórnarmenn Framkvæmdasjóðs. Á síðustu mínútum og síðustu klukkustund hefðu nefndarmönnum verið að berast í hendur bréfaskriftir og greinargerðir frá Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdasjóði sem stjórn sjóðsins hefur látið frá sér fara, svo og Seðlabanki Íslands og Lánasýsla ríkisins.

Hæstv. forsrh. man væntanlega að ég óskaði eftir því í síðustu viku að 2. umr. um þetta mál yrði ekki lokið fyrr en nefnd þingsins hefði tækifæri til að ræða við stjórnendur sjóðsins. Ég vakti athygli á því að það væri óverjandi að svo mikilvægur sjóður væri lagður niður með þeim hætti sem hér er lagt til án þess að viðkomandi þingnefnd hefði tækifæri til að ræða við ábyrgðaraðila sjóðsins. Það stóð í nokkrum strekkingi við þáv. sitjandi forseta, hv. þm. Björn Bjarnason, sem greinilega var mjög tregur til að verða við þessari ósk minni eins og oftast þegar maður ber fram einhverjar óskir við hann. Þá eru alltaf hans fyrstu viðbrögð að vera tregur. En ég náði því þó fram að atkvæðagreiðslunni yrði frestað og leitaði eftir því að nefndin fjallaði um málið. Ég verð að segja það eftir þá ræðu sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson flutti að ég er nokkuð undrandi á því að formaður efh.- og viðskn., starfandi formaður nefndarinnar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, skyldi ekki greina þinginu frá þeim efnisatriðum sem hér komu fram í ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar.

Það sem hér kemur fram er m.a. það að á bls. 3 í bréfi stjórnar Framkvæmdasjóðs til hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, dags. 9. sept. 1991, kemur fram að samkvæmt hinum erlendu lánasamningum er Framkvæmdasjóði skylt að senda lánardrottnum sínum ársreikninga sjóðsins. Sé það ekki gert eða sýni ársreikningurinn neikvæða stöðu sjóðsins eru beinar heimildir fyrir lánardrottnana til að gjaldfella öll lánin.

Nú blasir það við að Ríkisendurskoðun hefur skilað formlegri skýrslu til forsrn. þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu að sjóðurinn sé gjaldþrota. Það er nýjasta orðið um stöðu sjóðsins. Hæstv. ríkisstjórn tókst ekki að afgreiða þetta mál fyrir áramót. Á því

geta verið ýmsar skýringar, ég ætla ekki að ræða neitt um það hér, málið var á fyrri forgangslistum ríkisstjórnarinnar en ekki á hinum síðari. Það er í raun og veru aukaatriði í málinu á þessu stigi. En ég vil spyrja hæstv. forsrh. í ljósi þeirra upplýsinga sem nú hafa komið fram: Hvernig hyggst forsrn. ganga frá ársreikningum Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1991? Samkvæmt lögum landsins er sjóðurinn enn að fullu starfandi og þarf þess vegna að skila formlegum ársreikningum fyrir árið 1991.

Nú kemur það fram í þessu bréfi, sem mér var ekki kunnugt um fyrr en það var kynnt hér úr ræðustól fyrir fáeinum mínútum síðan, að ef ársreikningurinn sýnir neikvæða niðurstöðu, sem hann hlýtur að gera ef forsrn. ætlar að fylgja nýjustu niðurstöðu Ríkisendurskoðunar, þá gætu erlendir lánardrottnar verið í fullum rétti að krefjast greiðslu frá íslenska ríkinu á öllum lánsupphæðunum í einu. Ég vek athygli hæstv. forsrh. á því að í gildandi fjárlögum fyrir þetta ár eða í lánsfjárlögum, sem hér á að fara að samþykkja, er ekki ætluð ein einasta króna til slíkra greiðslna. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Hafa farið fram viðræður við hina erlendu lánardrottna? Það er upplýst í þessum gögnum að það séu 22 erlend lán, ég held að ég fari rétt með það, sem eru útistandandi hjá Framkvæmdasjóði. Það er rétt, það kemur fram í bréfi til Framkvæmdasjóðs frá Seðlabanka Íslands dags. 3. sept. Öll þessi lán virðast samkvæmt þessum gögnum vera þannig úr garði gerð að þau gætu gjaldfallið næstu vikur eða mánuði á grundvelli lánasamninganna og þeirrar ársskýrslu fyrir árið 1991 sem gefin verður út. Ég minni hæstv. forsrh. og forseta þingsins á að ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, þarf samkvæmt lögum að skrifa upp á þá ársskýrslu. Hann getur ekki skotið sér undan þeirri lagaábyrgð. Væntanlega mun hæstv. ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, í þeirri uppáskrift láta það koma fram að nú sé sjóðurinn gjaldþrota. Þá fyrst yrði farsinn fullkominn, virðulegi forseti, ef ríkisendurskoðandi hagaði sér í þeirri uppáskrift eins og í uppáskrift á reikningunum 1989 og 1990, að sjóðurinn væri í góðu standi og ætti fyrir skuldum.

Við skulum ætla þar til eitthvað nýtt kemur fram, enn eitthvað nýtt frá Ríkisendurskoðun í þessu máli, að eftir fáeinar vikur birtist ársreikningurinn, t.d. í marsmánuði eins og gerðist í fyrra, frá Framkvæmdasjóði með uppáskrift ríkisendurskoðanda um að nú sé neikvæð staða sjóðsins upp á 1.700 millj. Þá blasir við samkvæmt þeim formlegu bréfum sem hér liggja fyrir frá Seðlabankanum Íslands og Framkvæmdasjóði Íslands að þessi erlendu lán gætu öll gjaldfallið. Hæstv. forsrh., sem ábyrgur aðili, hlýtur því nú þegar að vera búinn að gera sér grein fyrir því og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þessi gjaldfelling eigi sér ekki stað. Það er auðvitað hægt að gera með því að gera samkomulag við þá sem veittu lánin. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh.: Hafa slíkar viðræður farið fram? Er hæstv. forsrh. með staðfestingu undir höndum frá þessum lánardrottnum um að þeir muni ekki nýta sér þessi ákvæði samninganna? Ég teldi það satt að segja mikið glæfraspil að ljúka þessari 3. umr. og láta atkvæðagreiðslu fara fram án þess að forsrh. eða fjmrh. séu komnir með formlega staðfestingu í hendur frá hinum erlendu lánadrottnum um að þeir hafi skilning á eðli málsins og muni lúta því að fyrri ákvæði um eðlilegar afborganir þessara lánasamninga séu áfram í gildi. Þess vegna er það sjálfsagt að sú ábending, sem kom fram frá hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni um að beðið væri með að afgreiða málið endanlega þar til það lægi skýrt fyrir, sé íhuguð hér í mikilli alvöru. Ég er ekki viss um að forráðamenn stjórnarliðsins hafi kynnt sér þetta eins og það liggur núna fyrir. Ég verð að játa, þótt ég teldi mig nokkuð kunnugan þessum málum, að þá hafði ég ekki gert mér grein fyrir því að í ákvæðum lánasamninganna væru ákvæði af þessu tagi.

Ef hæstv. forsrh. hefur nú þegar látið ganga úr skugga um þetta atriði þannig að það liggi formlega fyrir í einhverjum skriflegum skuldbindingum eða niðurstöðum formlegra viðræðna milli annaðhvort Seðlabankans, Framkvæmdasjóðs, fjmrn. eða forsrn., við hina erlendu lánardrottna, þá er sjálfsagt að taka það gilt. En það er nauðsynlegt að það upplýsist hér.

Þetta er auðvitað, eins og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði, mjög alvarleg áminning til þingsins um að kasta ekki höndunum til lagasetningar, jafnvel þótt einhverjir stjórnarliðar eða ráðherrar segi að nú verði menn að flýta sér. Það kom jafnframt fram í ræðu hans að núv. stjórnarmenn í Framkvæmdasjóði, þ.e. seðlabankastjóri, Tómas Árnason, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Þórður Friðjónsson og Benedikt Jóhannesson, sem valinn hefur verið sérstakur trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar á fleiri sviðum, hafi verið mjög ósáttir við skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðu sjóðsins. Það hef ég aldrei heyrt fyrr. Mér finnst það mjög merkilegt ef það hefur komið fram, sem ég rengi ekki í frásögn hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að stjórnendur sjóðsins sem allir gegna ábyrgðarstöðum í íslenska stjórnkerfinu og peningakerfinu, hafi lýst sig á fundi nefndarinnar mjög ósátta og jafnvel ósammála niðurstöðu Ríkisendurskoðunar. Ég vil þess vegna inna aðra hv. nefndarmenn sem hér eru, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, hv. þm. Halldór Ásgrímsson og starfandi formann nefndarinnar, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, eftir því hvort þetta er rétt. Því ef svo er blasir við að þeir þrír einstaklingar, sem allir gegna ábyrgðarstöðum í íslenska stjórnkerfinu og falið hefur verið af forsrh. og núv. fjmrh. að vera stjórnarmenn í þessum sjóði, hafa allt annað mat á stöðu sjóðsins en lagt er til grundvallar í því frv. sem hér er flutt. Einnig kom fram í þessari ræðu og kemur fram í þessum bréfum sem ég fékk hér á leiðinni upp í ræðustólinn og þingmenn fengu í hendur fyrir tæpri klukkustund að af hálfu Framkvæmdasjóðs hafa fleiri leiðir verið taldar koma til greina. Kostir þeirra og gallar eru reifaðir hér í þessu bréfi.

Þar er t.d. að finna mjög athyglisverðan kafla sem ég hef ekki heldur heyrt sagt frá fyrr en ég sé það hér í þessari greinargerð sem undirrituð er á bls. 4 með nöfnum Þórðar Friðjónssonar, Tómasar Árnasonar og

Benedikts Jóhannessonar. Hér er d-liður á bls. 4 í bréfi til forsrh. Íslands, dags. 9. sept., þar sem þessir þrír ágætu menn leggja til stofnun sérstaks eignarhaldsfélags um eignir Framkvæmdasjóðs tengdar fiskeldi. Þar kemur fram í síðustu málsgreininni að „eignarhaldsfélagið yrði rekið á viðskiptalegum grundvelli og hefði það hlutverk að gera sem mest verðmæti úr eignum og fjárkröfum Framkvæmdasjóðs tengdum fiskeldi. Ekki yrði þó ætlast til þess að eignarhaldsfélagið færi sjálft út í almennan rekstur fiskeldisstöðva heldur seldi eignir sínar eða leigði og byggi þannig í haginn fyrir sölu þeirra síðar þegar tímabært þætti."

Ég minnist þess ekki að hæstv. forsrh. — er leitt að hann skuli vera genginn úr salnum — hafi gert þinginu grein fyrir þessum tillögum. Þær koma auðvitað þó nokkuð inn á það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að ræða hér áðan. Er þess vegna nauðsynlegt að hæstv. forsrh. svari því hér hver er afstaða hans til þessarar tillögu.

Virðulegi forseti. Í raun og veru er það þannig að hér hafa á síðustu mínútum komið fram alveg ný efnisatriði í þessu máli. Efnisatriði sem eru með þeim hætti að ég tel nauðsynlegt að t.d. þingflokkar og þingnefndin hafi tækifæri til að skoða það áður en menn gera upp hug sinn til endanlegrar afgreiðslu málsins. Ég tek það aftur fram, eins og ég gerði hér við 2. umr., að ég hef engan áhuga á að tefja þetta mál, og ég hugsa að ég sé einn af þeim mönnum hér í þinginu fyrir utan stjórnarliðið sem einna helst hefur stutt það að þetta næði fram að ganga. En við erum með alvarlegan hlut í höndunum. Og það er ekki hægt að kasta höndunum til afgreiðslu á málum af þessu tagi á þjóðþinginu þegar spurningar um skuldbindingar í 22 erlendum lánasamningum hafa komið fram, eins og hér hefur gerst. Ég beini því þess vegna til nefndarmanna sem hér eru, formanns nefndarinnar og forsrh. að þeir tjái sig um þau atriði sem hafa verið að koma fram í dagsljósið áður en metið verður hvernig haldið verður áfram með málið. Ég sé ekki mikinn mun á því hvort frv. verði gert að lögum 22. jan. eða 4. febr., svo ég nefni dæmi. Það breytir því ekki að ríkið verður að ganga frá ársreikningi fyrir þennan sjóð fyrir árið 1991 og Ríkisendurskoðun verður að skrifa upp á hann. Og erlendu lánardrottnarnir munu fá hann í hendur. Mér leikur óneitanlega nokkur forvitni á að vita hvernig hæstv. forsrh. hyggst leysa þá þraut án þess að fá í hausinn 22 erlend lán, — borga þau upp strax, gjörið svo vel.

Ég ætla ekki að hafa orð um það í þessum efnum eða dæma á þessu stigi hvort ríkisstjórnin hefur sjálf skapað sér þennan vanda og komið sér í þessa klípu, eins og hér var gert áðan, en óneitanlega er þetta orðið mjög sérkennilegt.

Ég greindi síðan frá því að ég og formaður þingflokks Alþb. hefðum ákveðið að beita okkur fyrir því að skrifa formlegt bréf til forseta þingsins og fara fram á að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka skýrslu um það hvers vegna hún skrifar upp á reikningana 1989 og 1990 og telur allt í góðu lagi, kemst síðan að þeirri niðurstöðu nokkrum mánuðum síðar að hér sé um stórkostlega vanrækslu og tap að ræða. Mér var fullkunnugt um þann rétt þingmanna að skrifa slík bréf til forseta þingsins. Það þurfti ekki að segja mér það af forsetastóli. Ég nefni fjölmörg fordæmi í þeim efnum. Hins vegar get ég ekki neitað því að mér fannst sumt í yfirlýsingu hæstv. forseta nokkuð undarlegt. Og ég er ekki alveg viss um, með virðingu fyrir forseta, að það hafi allt verið hugsað til enda. Væri t.d. fróðlegt að vita hvort þessi afstaða sé niðurstaða umræðna í forsætisnefnd, hvort málið hafi verið rætt þar og að þetta sé því eins konar niðurstaða forsætisnefndar eða hvort forseti hafi gengið frá þessu einn.

Í þessum orðum forseta kom fram að forseti tæki ekki á sig faglega ábyrgð á störfum ríkisendurskoðanda og starfsliðs hans. Að sjálfsögðu ekki, ekki nokkur maður hefur haldið því fram að forseti ætti að gera það. Enginn ágreiningur er við mig um það mál.

Forsetinn segir hins vegar að það sé á misskilningi byggt það sem ég hafi sagt í umræðum að forseti eða forsætisnefnd bæri það sem ég hef kallað „ráðherraábyrgð" á ríkisendurskoðanda. Síðan er reynt að rökstyðja þetta. Ég ætla ekki að fara í ítarlegar umræður við forseta um þetta mál en tel nauðsynlegt að hann og forsætisnefndin fari aftur yfir þessa niðurstöðu. Tekið var sem dæmi í umræðunum að þetta væri hliðstætt og hvað snertir ríkissaksóknara. Ég vil í því sambandi minna á að ég get almennt fallist á þá samlíkingu að staða forsetaembættisins, forsætisnefndar gagnvart Ríkisendurskoðun sé nokkuð hliðstæð stöðu dómsmrh. gagnvart ríkissaksóknara og Hæstaréttí.

Hins vegar vil ég nefna að nokkur söguleg dæmi eru um að dómsmrh. hafa talið nauðsynlegt að grípa inn í embættisfærslur hæstaréttardómara og slíkra embættismanna. Þannig að ef forsetadæmið vill halda sér við þessa samlíkingu þá er alveg ljóst að niðurstaðan í þessum yfirlýsingum er ekki alveg rétt. Það sem ég átti við með ráðherraábyrgð er m.a. hliðstæð ábyrgð forsetadæmisins gagnvart Ríkisendurskoðun og dómsmrh. hefur gagnvart Hæstaréttí og ríkissaksóknara. Eins og sagan getur kennt bæði forseta og öðrum í forsætisnefnd felur þetta samband í sér skyldur dómsmrh. til að bregðast við ef hann/hún telur að dómarar í Hæstaréttí eða ríkissaksóknari geti ekki eða hafi ekki gegnt störfum sínum með eðlilegum hætti. Ég minni virðulegan forseta á að um þetta er tiltölulega nýtt sögulegt dæmi. Þar greip dómsmrh. inn í embættisfærslu eins dómara við Hæstarétt sem leiddi til þess að hann vék úr embætti og þótt hann höfðaði mál gagnvart ráðherranum tapaði dómarinn málinu fyrir Hæstarétti.

Ég sé þess vegna ekki að forsetaembættið geti skotið sér undan ábyrgð á Ríkisendurskoðun með jafnafgerandi hætti og mér virðist vera gert í þeim texta sem forseti þingsins las upp á forsetastól. Ég beini því til forsetans að skoða málið betur og kynna sér fordæmin um samband dómsmrh. við dómara í Hæstaréttí og ríkissaksóknara.

Ég er hins vegar alveg sammála forsetanum um að forsetaembættið eigi alls ekki bera faglega ábyrgð á niðurstöðum Ríkisendurskoðunar, það eiga embættis-

menn að gera sjálfir. Það er ekki eðlilegt að forsetaembættið sé að gera einstakar athugasemdir við einstakar niðurstöður Ríkisendurskoðunar. Ég lýsi því enn og aftur yfir að ég tel að forsetaembættið og Alþingi, bæði samkvæmt lögum og siðferðislega, beri ábyrgð á því að tryggja að fullur trúnaður geti ríkt milli þjóðþingsins og Ríkisendurskoðunar og þjóðarinnar og Ríkisendurskoðunar. Á sama hátt og dómsmrh. ber sú ábyrgð að grípa inn í ef hann telur trúnaðarbrest hafa orðið milli einstakra dómara í Hæstarétti og ríkissaksóknara og þjóðarinnar, eins og hin sögulegu dæmi sína.

Þess vegna skil ég satt að segja ekki hvers vegna forsetadæmið telur nauðsynlegt að lýsa því yfir fyrir fram að það vilji ekki setja rannsóknarnefnd yfir Ríkisendurskoðun eða telji sig hafa nokkra heimild til þess. Ef forsetaembættið telur sig ekki hafa heimild þá þarf ekkert að ræða um viljann. Ég tel hins vegar að málið sé ekki komið á það stig að taka þurfi afstöðu til þessa atriðis hér og nú. Ég tek að því leyti undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að mér finnst nokkuð snemmt í þetta farið. Hins vegar má segja að málið liggi ljóst fyrir á þessu stigi. Við munum skrifa þetta bréf og rekja þar hvernig Ríkisendurskoðun hefur komist að gjörólíkum niðurstöðum varðandi ársreikninga Framkvæmdasjóðs. Við munum rekja lýsingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á meðferð málsins þegar hann var fulltrúi fjmrh. í stjórn Framkvæmdasjóðs. Við munum rekja niðurstöðu þeirrar nefndar sem hæstv. núv. forsrh., Davíð Oddsson, setti á laggirnar og við munum rekja undirskriftir hæstv. núv. ríkisendurskoðanda, Halldórs Á. Sigurðssonar, á ársreikninga Framkvæmdasjóðs fyrir árin 1989 og 1990. Í þessu bréfi munum við óska eftir því að Ríkisendurskoðun verði beðin um skýrslu til að skýra þetta misræmi í niðurstöðum. Það er beiðni sem er fullkomlega í stíl við beiðni sem þingmenn og þingflokkar hafa áður sent til Ríkisendurskoðunar. Og ég ætla alls ekki að gera að því skóna hér og nú að þeirri beiðni verði hafnað enda yrði það allsérkennilegt mál. Við getum þess vegna haft nokkuð rúman tíma til að velta fyrir okkur hvað gera skuli í framhaldinu. Vel er hugsanlegt að mönnum þyki þær skýringar fullnægjandi sem fram koma hjá Ríkisendurskoðun í þessari skýrslu þannig að ekki sé þörf á neinu framhaldi. Því fannst mér óþarfi hjá forsetaembættinu að vera að gefa sér eitthvað fyrir fram í þeim efnum. Síðan er hugsanlegt að hluta þingsins eða meginhluta þingsins finnist nauðsynlegt að aðhafast eitthvað meira í málinu. Þá ræðum við það bara okkar í millum þegar að því kemur. En ég ætla ekki að lýsa neinu í þeim efnum fyrir fram. Hitt er kjarni málsins að þjóðþingið getur ekki látið málið enda svona. Það er ekki hægt.

Ég vil ítreka tilmæli mín til hæstv. forsrh. og hv. nefndarmanna að þeir geri okkur nánari grein fyrir því máli sem hér er til umfjöllunar. Ég vil koma þeirri ábendingu á framfæri að það kann að vera nauðsynlegt í ljósi þeirra upplýsinga og viðhorfa að meta hvort skynsamlegt sé út frá fjárhagshagsmunum íslenska ríkisins að samþykkja frv. sem endanleg lög í dag.

Vel getur verið, virðulegi forsrh., að til þess að tryggja fjárhagslega hagsmuni íslenska ríkisins gagnvart þessum 22 erlendu lánum þurfi að ganga betur frá málunum í viðskiptum við þessa lánardrottna áður en þingið gerir sína samþykkt.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Vegna þeirra orða sem hv. 8. þm. Reykn. lét falla um fundarstjórn mína á fundinum 17. jan. sl. þegar Framkvæmdasjóður Íslands var til umræðu, kemst ég ekki hjá því að ræða það mál nokkuð nánar og vil vitna í ræðu sem hv. 8. þm. Reykn. flutti þá í umræðum. Eftir að hann hafði velt nokkuð fyrir sér hvernig hann vildi að meðferð þessa máls yrði hagað, sagði hann orðrétt í lokin: „Ég vil sem sagt fara fram á það að atkvæðagreiðsla um málið fari ekki fram fyrr en tækifæri hefur gefist til að skoða þessa þætti sem ég hef hér nefnt. Ég vona að menn verði við þeirri ósk í samræmi við þær venjur sem hér hafa skapast.

Ég ítreka það sem ég hef sagt hér nokkrum sinnum, ef vera mætti til að róa hæstv. forsrh., að ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því að frv. verði endanlega afgreitt áður en þingið gerir hlé á störfum sínum í þessum mánuði."

Þetta sagði hv. 8. þm. Reykn. í ræðu sinni. Þegar umræðunni lauk tók ég fram að ég mundi beita mér fyrir því að tekið yrði tillit til þessara óska þingmannsins. Ég lét þess einnig getið að sem forseti þingsins gæti ég ekki gefið nefndinni fyrirmæli um að koma saman og vænti þess að hv. þm. léti þessi sjónarmið sín í ljós við fulltrúa sína í viðkomandi nefnd. Einnig vil ég láta þess getið að ég ræddi málið við varaformann nefndarinnar, starfandi formann, og tel mig hafa tekið á máli hv. þm. af fullkomnu hlutleysi og af fullkominni ábyrgð og leyst það í samræmi við þær óskir sem fram komu í ræðu hans.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Björn Bjarnason hefði lesið meira úr ræðu minni hefði hann flutt þann texta að ósk mín um að atkvæðagreiðslunni yrði frestað var varakrafa. Aðalósk mín í umræðunni var sú að 2. umr. yrði ekki lokið formlega fyrr en nefndin hefði haft tækifæri til að koma saman. Vegna þess, hv. þm., eins og ég sagði í ræðunni, að óeðlilegt væri að setja þingmenn í þá stöðu að þurfa að greiða atkvæði um málið þegar það lægi fyrir að nefndin hefði aldrei fengið tækifæri til að ræða við stjórn sjóðsins. Ég held að þau skjöl sem lesin hafa verið í dag og gerð að umtalsefni frá stjórn sjóðsins og bárust fyrir röskri klukkustund staðfesti þá skoðun mína að mjög óeðlilegt var að greiða atkvæði um málið áður en nefndin hafði tækifæri til að ræða við stjórn sjóðsins og fjalla um þær greinargerðir og bréf sem nú hafa verið lögð fram.

En vegna þess að ég skynjaði, þó þingtíðindin geymi nú ekki þá skynjun, að bæði svipbrigði og höfuðhreyfingar hæstv. forsrh., mig minnir einnig starfandi forseta, gáfu til kynna að ekki yrði orðið við þeirri aðalósk minni að fresta umræðunni, þá setti ég fram varakröfu um að það yrði a.m.k. beðið með at-

kvæðagreiðsluna. Nú var hins vegar lagt kapp á það í dag að láta atkvæðagreiðsluna fara fram áður en menn fengu í hendur þessi bréf frá Framkvæmdasjóði. Ég tel það slæmt en er alveg reiðubúinn að taka yfirlýsingu hv. þm. Björns Bjarnasonar sem góða og gilda. Ég minni hins vegar á að aðalkrafa mín var að umræðunni yrði ekki formlega lokið. Það sem snerti atkvæðagreiðsluna var varakrafa.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði. Ég tók fram í máli mínu áðan að eftir vangaveltur komst hv. 8. þm. Reykn. sjálfur að þeirri niðurstöðu sem ég las og forseti varð við ósk hans. Ég vil að það komi alveg skýrt fram. Ég sá ekki að augu hans beindust að mér eða hann geti dæmt neitt af svipbrigðum mínum hvernig ég mundi taka ósk hans. Mér finnast þær skýringar og ásakanir fráleitar um að ég standi mig ekki sem forseti þingsins og brjóti á þingmönnum. Ég uni því ekki á þessum forsendum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg reiðubúinn að taka það gott og gilt að hv. þm. Björn Bjarnason telji sig hafa verið borinn röngum sökum. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að ósk mín var sú að 2. umr. yrði frestað. Það voru ekki vangaveltur. Það var formleg ósk. Ræðan sýnir að hún var sett fram og var rökstudd. Og ég tel að atburðurinn í dag sýni að þau rök voru gild.

Ég skynjaði hins vegar að menn væru tregir til að verða við þeirri ósk og setti þess vegna fram aðra til vara, eins og ég tók fram. Þannig að málið liggur alveg skýrt fyrir.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól vegna athugasemda sem komu fram hjá hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, til mín sem starfandi formanns efh.- og viðskn., og þar sem kallað var eftir upplýsingum um fundinn í morgun. Ég vil í fyrstu upplýsa það að þegar fulltrúar koma á fund nefndarinnar — og það hefur gilt hið sama í öll þau skipti — er óskað eftir því að viðkomandi setji fram í stuttu máli þau meginatriði sem skipta máli varðandi það sem verið er að fjalla um hverju sinni. Síðan er þingmönnum gefinn kostur á að varpa fram spurningum til gestanna. Þetta var einnig gert á fundinum í morgun og ég vil upplýsa að ekkert kom fram af hálfu stjórnarmanna Framkvæmdasjóðs á fundi efh.- og viðskn. í morgun um ótta af þeirra hálfu um að lán Framkvæmdasjóðs yrðu gjaldfelld. Ég held að ég geti sagt það alveg ákveðið að það hafi ekki verið orðað á fundinum.

Fyrir utan það að menn koma á fund nefndarinnar með þær upplýsingar sem þeir óska er oft beðið um að viðkomandi sendi viðbótargögn nefndarmönnum til upplýsingar. Það hefur oft verið gert í þeirri törn sem staðið hefur yfir og gögnin hafa borist til þingmanna án þess að ég hafi verið að segja til um þau frekar. Þetta var einnig gert núna.

Ég vil líka í örstuttu máli greina frá öðru sem ég tel að hafi verið meginatriði sem kom fram hjá þeim. Það var að stjórnin skrifaði bréf til forsrh. í maí um stöðu sjóðsins og að það hafi verið settar fram tillögur um framtíðarskipan hans, m.a. að leggja hann niður eða að umsýsla færi til Lánasýslu. Fram kom að meginhlutverk hans væri að lána öðrum fjárfestingarlánasjóðum, fram kom að veðstaðan væri góð, yfirleitt væri fyrsti veðréttur. Líka kom fram að krafa sé yfirleitt um 33% eiginfjárstöðu, sem sé hátt því að krafan sé oftast 20–33%. Fjallað var um tap og erfiðleika í ullariðnaði, seiðaeldi og að Noregsmarkaður lokaði, og ákvörðun um að slátra eða byggja upp, að það hafi orðið röskleg uppbygging upp á um 800 milljónir (Forseti hringir.) — ég er að ljúka máli mínu, forseti — og að mörg fyrirtæki væru til gjaldþrotameðferðar, að þeir ættu 15 stöðvar sem ekki væri hægt að selja, sem væri tekið lágt leigugjald fyrir, og að staða Framkvæmdasjóðs sé háð mati á hvers virði fiskeldisstöðvar eru.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka starfandi formanni nefndarinnar, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir þessar upplýsingar. Ég hefði að vísu talið eðlilegra að þær kæmu fram í ræðu vegna þess að þær voru þess eðlis að eðlilegra væri að þinmaðurinn hefði meira en tvær mínútur til þess að flytja það. En margt athyglisvert kom fram í þeirri upptalningu sem þinmaðurinn flutti hér, m.a. þau lokaorð að það hefði komið fram hjá stjórnendum Framkvæmdasjóðs að matið á stöðu sjóðsins færi algjörlega eftir því hvers virði eignir fiskeldisfyrirtækjanna væru. Ekkert hefur sveiflast eins mikið í virði á Íslandi á síðustu 2–3 árum og eignir fiskeldisfyrirtækja. Ef málið liggur virkilega þannig, hæstv. forsrh., að meginrökin fyrir því að koma inn á Alþingi með þetta frv. og leggja sjóðinn niður sé sveifluvirði fasteigna fiskeldisfyrirtækja er málið allt öðruvísi vaxið en hæstv. forsrh. hefur gefið til kynna, bæði í stefnuræðu sinni og fyrr í umræðum um þetta frv. Þarna er kannski kominn fram ágreiningur stjórnenda sjóðsins, Framkvæmdasjóðs, við Ríkisendurskoðun. Nema kannski Ríkisendurskoðun sé á þessu sama máli að sveifluvirði fasteigna fiskeldisfyrirtækja ráði öllu. Þá er líka alveg ljóst, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að segja áðan, að með því að ganga svona frá málunum eins og ríkisstjórnin er að leggja til, geti fjmrh. selt þessar eignir fiskeldisfyrirtækjanna á næstu mánuðum þegar þær eru í lágmarki og nánast gefið þær á grundvelli umsagna Ríkisendurskoðunar, en kaupendurnir fái síðan upp í hendurnar eftir fáein ár gífurlegt raunvirði vegna breytinga í sveiflum á verðgildi þessara eigna. Þetta er auðvitað þannig, virðulegi forseti, að alveg óhjákvæmilegt er að fara skýrar ofan í þennan þátt málsins í umræðunum.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Fram hefur komið í máli hv. 8. þm. Reykn. að hann muni ásamt formanni þingflokks Alþb. skrifa hæstv. forseta og forsætisnefnd formlegt bréf þar sem farið verður fram á að Ríkisendurskoðun geri

formlega skýrslu til skýringa á atriði tengdu þessu frv., sem er verið að fjalla um, sem ekki hafi fengist nægileg skýring á í meðferð málsins á Alþingi.

Einnig hefur komið fram í umræðunum að mjög lítil vinna hefur farið fram í efh.- og viðskn. um þetta mál. Með tilliti til þess vildi ég koma fram með þá ábendingu til hæstv. forseta og forsætisnefndar hvort hún vildi ekki líta á það hvort ekki gæti verið heppilegra að fram færi meiri vinna innan nefndarinnar. Á þann hátt gætu málin skýrst nægjanlega vel á þeim vettvangi svo að þær upplýsingar kæmu fram þar sem hugsað er um að fara fram á í því bréfi sem hv. 8. þm. Reykn. sagðist mundu skrifa. Ég vil beina því til forsætisnefndar að hún athugi hvort það væru ekki heppilegri vinnubrögð áður en slík þáttaskil verða er þetta frv. verður afgreitt sem lög.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun í samráði við hv. þingmenn athuga þetta mál sem hv. síðasti ræðumaður talaði hér um.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að sú umræða sem nú fer fram og þær aðstæður sem eru komnar upp í umræðum um málið við þriðju og síðustu umræðu sanni betur en margt annað hversu ákaflega bagalegt það er þegar lítill tími gefst til að athuga mál með eðlilegum og rólegum hætti í þingnefnd. Staðreyndin er auðvitað sú að þetta mál hefði þurft að ræða og skoða rækilega og fara ofan í saumana á á þeim tíma þegar það barst inn í þingnefnd fyrir jólaleyfi, í desember væntanlega. Flestar af þeim uplýsingum sem komið hafa fram í dag benda til að um nokkuð flókið og snúið mál geti verið að ræða þar sem sé eins hyggilegt að ganga hægt um gleðinnar dyr, ef svo má að orði komast. Þar á ég annars vegar við þau álitamál, pólitískt viðkvæm með ýmsum hætti, sem tengjast uppgjöri sjóðsins með langa sögu að baki og 26 milljarða útlán útistandandi, og svo hins vegar tæknileg atriði sem lúta að framkvæmd slíks og varða m.a. þá lánasamninga sem sjóðurinn hefur með höndum.

Ég tel nauðsynlegt að fram komi að þær upplýsingar sem hafa aðallega orðið mönnum tilefni til umræðna bárust ýmist efh.- og viðskn. í morgun með fyrsta og eina fundinum sem verið hefur með stjórn Framkvæmdasjóðs út af þessu máli — eða bárust okkur nefndarmönnum í bréfum í dag. Annars vegar barst afrit með faxsendingu af þeim bréfaskriftum sem gengu milli stjórnar Framkvæmdasjóðs og Seðlabanka og Lánasýslu á sl. sumri eða hausti, og hins vegar barst bréf dagsett í dag til starfsmanns efh.- og viðskn. frá Framkvæmdasjóði Íslands samkvæmt tilmælum mínum, en ég fór fram á það að okkur yrðu send talnaleg gögn til stuðnings ákveðnum umræðum sem fóru fram í efh.- og viðskn. í morgun um málið. Ég held að *nauðsynlegt sé að hv. þm. hafi þetta í huga í umræðunum* um stöðuna nú varðandi málin.

Hvorugt var okkur í raun og veru kunnugt, annars vegar afstaða stjórnar Framkvæmdasjóðs til þessara álitamála varðandi uppgjör sjóðsins — og ég tek undir það sem hér kom fram að þeir lýstu mikilli óánægju sinni með það hvernig fjallað væri um þau mál í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þar með væntanlega líka í skýrslu fortíðarvandanefndarinnar sem étur meira og minna upp sömu klisjurnar. Hins vegar gafst nánast ekki tími til að ræða þau álitamál sem varða lánasamninga Framkvæmdasjóðs og þá staðreynd að með ársreikningum fyrir árið 1991 gætu þeir allir saman verið í uppnámi ef illa tekst til. Menn hljóta að sjá í hendi sér að það er enginn annar kostur en að loka reikningum Framkvæmdasjóðs fyrir nýliðið ár á grundvelli þágildandi laga um starfsemi sjóðsins nema menn ætli að mæla fyrir um það með einhverjum nýjum hætti í afturvirkum lögum að engum ársreikningi eigi að skila á árinu 1991 eða eitthvað því um líkt. Eða að það skuli gera Egilsstaðasamþykkt um að hvað sem öllum upplýsingum líði sé fjárhagur Framkvæmdasjóðs góður, rétt eins og þegar þeir í Egilsstaðasamþykktinni samþykktu það að ríkissjóður skyldi vera skuldlaus hvað sem tautar og raular. (**Gripið fram í:** Væri skuldlaus.) Ja, væri skuldlaus, það væri bara þannig. Þetta heita Egilsstaðasamþykktir á Austurlandi og auðvitað er vel hugsanlegt og væri eftir öðru að ríkisstjórnin ætli sér að gera einhverja Egilsstaðasamþykkt um það að hagur Framkvæmdasjóðs hafi hvað sem öllu öðru líður verið blómlegur á árinu 1991. En ég hygg að það verði samt sem áður erfitt og stæðist t.d. illa skoðun erlendra lögfræðinga, viðskiptaaðila Framkvæmdasjóðs.

Aðeins varðandi álitamálin sem lúta að uppgjöri sjóðsins. Vegna þeirra fjármuna sem Framkvæmdasjóður hefur lagt í fiskeldið á undanförnum árum er alveg ljóst að það mál eitt og sér hvernig eignir Framkvæmdasjóðs, sem nú eru bundnar í fiskeldisstöðvum vítt og breitt um landið, verða bókaðar og meðhöndlaðar ræður úrslitum um hvort sjóðurinn er gjaldþrota og öfugur eða jafnvel réttum megin við strikið. Svo einfalt er það mál. Svo stórar tölur eru á ferðinni að jafnvel ýtrustu fullyrðingar Ríkisendurskoðunar um að 1.200–1.400 millj. kr. vanti upp á fjárhag Framkvæmdasjóðs svo að hann sé í lagi geta horfið inn í óvissuna og fráviksmörkin sem varða þetta eina atriði. Hvernig ætla menn að meta þær miklu eignir sem liggja í fjárfestingunni í fiskeldinu til verðs? Hvert verður verðmæti þeirra innan tveggja, þriggja ára eða þegar fram líða stundir og hvernig ætla menn að fara með þau mál? Ætla menn að raunvirða þetta allt sem tap nú á einu bretti með hliðsjón af því að markaðsvirði þessara fjárfestinga er sem stendur sáralítið eða ekki neitt? Þess vegna má með strangri túlkun eða þröngri túlkun af því tagi, bara gefa sér þá niðurstöðu að af því að enginn sé tilbúinn til þess að labba til ríkissjóðs eða Framkvæmdasjóðs í dag og kaupa þetta og borga út í hönd, sé þetta einskis virði. Út af fyrir sig er hægt að fullyrða það. En auðvitað er það ekki svo. Endurstofnverð fjárfestinganna skiptir milljörðum króna. Ég hélt satt best að segja að venjan væri sú að hafa það a.m.k. í huga hvert endurstofnverð slíkra fjárfestinga væri þó svo að markaðsverðið væri sveiflukennt. Auðvitað er alveg ljóst að markaðsverð á íbúð-

arhúsnæði á Suðureyri er ekki hátt. Það er núll. Auðvitað má halda því fram á meðan hús eru til sölu á einhverjum stað á landinu og þau seljast ekki að markaðsverðið sé þar með núll, eða hvað? En endurstofnverð húsanna getur eftir sem áður skipt milljónum króna. Auðvitað veldur þetta því að mönnum er vandi á höndum þegar menn gera slíka hluti upp, annaðhvort vegna tímabundinna eða staðbundinna sveiflna í markaðsverði.

Þetta vil ég sérstaklega taka hér fram. Einmitt í gær eða fyrradag vildi svo nöturlega til að fréttir bárust um að ákveðið fyrirtæki, þar sem eru miklir kjarkmenn sem hafa reynt ýmislegt fyrir sér á undanförnum árum, Andri hf., gerir út togara á Alaskamið og kaupir sjónvarpsstöðvar og hvað eina (**Gripið fram í:** Verksmiðjuskip.) ja, verksmiðjuskip — að þetta fyrirtæki gæti jafnvel hugsað sér að taka á leigu tvær stórar eldisstöðvar, annars vegar seiðaeldisstöð og hins vegar fiskeldisstöð. Þetta eru kjarkmenn og væri betur að fleiri slíkir væru sem þyrðu að taka einhverja áhættu og fitja upp á einhverju nýju. Okkur vantar einmitt slíka menn, einkum og sér í lagi núna á þeim tímum þegar ríkisstjórnin sjálf er að drepa allt slíkt í dróma.

En þessir menn, hvað ætli þeir séu að hugsa? Jú, manni dettur það í hug að þeir séu að veðja á að markaðsverð fyrir eldisfisk sé á uppleið, sem ýmsir tala nú um, og að öll líkindi séu til að það muni haldast sæmilegt um eitthvert árabil. Dregið hafi úr hinni gífurlegu framleiðsluaukningu og hún nánast stöðvast um sinn, en þrátt fyrir allt hafi eftirspurnin verið jafnt og þétt vaxandi. Vegna þess að það muni taka talsverðan tíma að auka framleiðsluna aftur séu líkur á að í hönd fari eitthvert tímabil þar sem framboð og eftirspurn eigi að geta verið í sæmilegu jafnvægi og verðið svona heldur hækkandi og þokkalega stöðugt. Þetta eru auðvitað bara spár og þær geta svo sem fokið og farið fjandans til en trúlegt er að þessir menn séu að velta þessum möguleikum fyrir sér, að gera sér einhver verðmæti úr aðstöðunni með því að taka þetta á leigu. Bendir það ekki frekar til þess að það sé kannski ekki alveg tímabært að slá því föstu ad infinitum að þetta séu verðlausar eignir? En þetta dæmi veltur algjörlega á því.

Ef maður fer yfir lánveitingar Framkvæmdasjóðs til fiskeldis á undanförnum árum, tekur þar þau ár sem mest uppbygging hefur á orðið, þ.e. árin 1984–1990, og á þeim tíma er talið að helstu fjárfestingalánasjóðir og aðilar hafi lagt fram lán til fiskeldis 5.400 millj. kr. u.þ.b., framreiknað til núvirðis, 5.400 millj. kr. Þar af er Framkvæmdasjóður með tæplega 2.600 millj. Auðvitað er alveg ljóst að það hvort menn meta þessi útlán að öllu leyti eða hálfu leyti töpuð getur gert þetta útslag sem Ríkisendurskoðun er að tala um. Ef þau eru að öllu leyti metin töpuð má kannski fá það út með því að leggja öll þessi lán saman, sem að vísu er rangt eins og hér hefur komið fram í umræðum bæði af hálfu hæstv. fyrrv. forsrh. og stjórnarmenn sjóðsins staðfestu einnig á fundi í morgun að um það væri að ræða í nokkrum tilvikum að lán væru sett tvisvar inn í dæmið, vegna þess að fyrir þeim væru ýmist bakábyrgðir, í einhverjum tilvikum hefur Landsbankinn bakábyrgst lánveitingar Framkvæmdasjóðs, en í öðrum tilvikum hefðu þegar verið teknar eignir eða tryggingar upp í viðkomandi lán og væri þar af leiðandi fráleitt að telja þau töpuð.

Hvernig sem þetta er meðhöndlað og þó að menn reikni ekki með að meira en 40% eða 30% af þessum lánum skili sér í fyllingu tímans sýnist mér í fljótu bragði að þar með væri Framkvæmdasjóður kominn á slétt og hið hræðilega sukk og ábyrgðarleysi og aðgæsluleysi í lánveitingum væri þá ekki verra en þetta.

Nú ber að taka það fram að auðvitað er það með ólíkindum ef öll þessi lán tapast að fullu og öllu vegna þess að Framkvæmdasjóður á nánast undantekningarlaust fyrsta veðrétt. Hann er því best tryggður allra aðila í sambandi við þessar eignir og fær þar af leiðandi allt sem út úr þeim kemur þangað til hann hefur náð sínu, ekki satt? Jú, það hlýtur að liggja þannig úr því að hann á nánast undantekningarlaust fyrsta veðrétt auk þess sem það er orðið svo að í mjög mörgum tilvikum á hann orðið þessar eignir og hefur þær algerlega til ráðstöfunar upp í skuldir sínar.

Hæstv. forsrh. fór mjög geyst í þessu máli á meðan vindurinn var í honum. Nú hefur að vísu skipt mjög um og hæstv. forsrh. verið mjög prúður á þinginu eftir áramótin og satt best að segja hefur hann engum stórum sprengjum kastað. Aðrir menn hafa tekið við af honum í því hlutverki eins og hæstv. heilbrrh. sem hefur aðallega staðið fyrir óspektum upp á síðkastið og hv. 17. þm. Reykv. sem hélt öllu í uppnámi í gærkvöldi þannig að menn fengu ekki einu sinni matarhlé. (Gripið fram í.) En hæstv. forsrh. var á mikilli siglingu í sumar og haust og fór með miklum gassagangi og hjó á báðar hendur og sakaði menn um óráðsíu og spillingu og sóun og sukk í hinum ýmsu tilvikum og þar á meðal hafði hann mjög stór orð uppi um Framkvæmdasjóð. Reyndar hafa hinir minni spámenn dregið dám af þessum stíl og bæði Ríkisendurskoðun og fortíðarvandanefndin eru að reyna að vinna fyrir kaupinu sínu hjá þessum mönnum og taka stórt upp í sig varðandi ábyrgðarleysi stjórnar Framkvæmdasjóðs á undanförnum árum. Ég spyr hv. þm. að því, er nema von til þess að menn krefjist þess að þessi mál verði upplýst úr því að svona þungar ásakanir hafa fallið? Á fundi efh.- og viðskn. í morgun mótmæltu stjórnarmenn alveg sérstaklega ásökunum um að þeir hafi með einhverjum ógætilegum hætti staðið að lánveitingum út úr Framkvæmdasjóði á undanförnum árum umfram það sem mætti þá segja yfir höfuð um aðra sem lánveitingar hafa stundað til íslensks atvinnurekstrar á undanförnum árum. Hvers vegna sögðu þeir þetta? Jú, vegna þess að Framkvæmdasjóður studdist við nákvæmlega sömu útlánareglur og aðrir fjárfestingarlánasjóðir, gerði t.d. ekki minni kröfur um eigin fjármögnun þess atvinnurekstrar sem verið væri að lána til og byggja upp, nákvæmlega þær sömu, yfirleitt 30–33%. Ýmsir fleiri lánuðu á nákvæmlega sama tíma til sömu hluta og á sömu skilmálum og með sömu kröfum og Framkvæmdasjóður. Og hverjir eru það, hæstv. forsrh., sem eru þá undir nákvæmlega sömu sök seldir og stjórn Framkvæmdasjóðs? Það er Byggða-

stofnun sem lánaði stórar fjárhæðir á þessum árum í m.a. fiskeldi m.a. aftan við veðrétt Framkvæmdasjóðs. Það er Fiskveiðasjóður, það er Iðnþróunasjóður, það er Den Norske Creditbank. Þeir eru þá návæmlega jafnábyrgðarlausir og stjórn Framkvæmdasjóðs á Íslandi. Það er Þróunarfélag Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnaðarbanki Íslands og auðvitað fjölmargir smærri aðilar sem ekki eru taldir hér með svo sem viðskiptabankar, sparisjóðir, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina eftir að hann kom til o.s.frv. Þetta er því einum of billegur málflutningur hjá hæstv. forsrh. og þessum skýrsluhöfundum og ég skil það mjög vel þó svo það sé svo fjarri því að vera einhver köllun mín í lífinu að verja fyrrum stjórnarmenn Framkvæmdasjóðs. Þeir hljóta að geta gert það sjálfir og eru mér með öllu óskyldir. Ég hef aldrei staðið fyrir því að setja þar nokkurn mann til valda. Samt vil ég láta þá njóta sannmælis þegar þeir eru bornir þungum sökum og ég tel a.m.k. að það sé rétt að menn átti sig á því að menn eru að fella nákvæmlega sama áfellisdóm yfir fjölmörgum öðrum aðilum. Ég held að það væri rétt hjá hæstv. forsrh. að hann skrifaði nú eitt bréf upp á norsku og léti þá hjá Den Norske Creditbank vita af *því hvílíkir angurgapar þeir hafa verið í lánveitingum* á undanförnum árum og varaði þá við þessu úr því að hann tekur tekið það að sér að siða menn svona til í þessum efnum.

Síðan er það þannig, hæstv. forseti, að ég hef tvisvar óskað eftir því að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur umræður um þessi efni af því að hann var um skeið formaður Sjálfstfl., og bar þar af leiðandi ábyrgð á stjórnarþátttöku Sjálfstfl. á árunum 1983–1987, þ.e. það skeið sem hann var formaður flokksins sem var mestallt þetta tímabil. Hann var fjmrh. á þessum tíma og hann var síðan forsrh. í ríkisstjórn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. á árunum 1987–1988 þannig að sá flokkur sem ber langmesta ábyrgð á þessum hlutum er Sjálfstfl., að vísu með nokkrum stuðningi Framsfl. og svo kratanna. Sá maður sem á kannski hvað mest um sárt að binda eftir árásir hæstv. núv. forsrh. er hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson. Þess vegna er rétt að upplýsa hæstv. forsrh. um það hvernig þessi sekt dreifist í milljónum kr. annars vegar á Sjálfstfl. og samstarfsaðila hans í þeim ríkisstjórnum sem sátu á árunum 1984–1988 og hins vegar á þá sem þá tóku við. Það er þannig, hæstv. forsrh., að af 4.135 millj. kr. lánveitingum til fiskeldis á vegum helstu fjárfestingarlánasjóða á árunum 1984–1988 er Framkvæmdasjóður með 2.222 millj. en aðrar lánastofnanir með 1.913 millj. Sem sagt, á þessum tíma Sjálfstfl. og hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar er Framkvæmdasjóður með 2.222 millj. Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar eru þessar tölur fyrir Framkvæmdasjóð 374 millj. og fyrir aðrar lánastofnanir 896 millj., samtals 1.270 millj. Þannig að af 2.596 millj. kr. lánveitingum Framkvæmdasjóðs til fiskeldis á árunum 1984–1990 eru aðeins 374 millj. í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það nær með öðrum orðum ekki 15% af heildarútlánum Framkvæmdasjóðs (**Forsrh.:** Hvað með ríkisstjórnina 1983–1987?) Ég á við hinar síðari tvær, 1982 og 1983. Það er að vísu alveg hárrétt hjá hæstv. forsrh. að þessi ágæti nafni minn var líka í ríkisstjórn 1983–1987 og leiddi hana (Gripið fram í.), allt rétt, en með honum var Sjálfstfl. og aðalsamstarfsaðili hv. 7. þm. Reykn., Steingríms Hermannssonar, á þessum tíma var þáv. formaður Sjálfstfl., hæstv. núv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson. Sjóðurinn heyrði að vísu undir forsrh. (**ÓRG:** Og fjmrh. Sjálfstfl.) en fjmrh. voru Sjálfstfl. Nú gerist hæstv. forsrh. órólegur. Hæstv. forseti, nú gerist hæstv. forsrh. órólegur og það er von því að hér er verið að fletta ofan af hinum svakalegu árásum hæstv. forsrh. á hæstv. sjútvrh. (**Forsrh.:** Þingmaðurinn fór rangt með.) Þingmaðurinn fór ekkert rangt með, mér varð á það eina í þessu efni, hæstv. forsrh., að taka ekki fram úr því að hæsv. forsrh. hafði tilhneigingu til að misskilja þetta, að ég átti við annað og þriðja ráðuneyti Steingríms Hermannssonar. Það skýrðist að vísu af því að ég tók ártölin sem þarna áttu hlut að máli. Hæstv. forsrh. þarf endilega að þekkja a.m.k. það mikið til stjórnmálasögu Íslands að hann viti að á árunum 1988–1990 sátu þær ríkisstjórnir Steingríms Hermannssonar sem voru númer tvö og þrjú í röðinni. Síðan kemur sjálfsagt fjórða ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fljótlega þegar þessi hrökklast frá, en það er önnur saga, það er í framtíðinni. En þetta er sem sagt svona. Hæstv. forsrh., innan við 15% af þessum lánveitingum Framkvæmdasjóðs til fiskeldis áttu sér ekki stað á tímum stjórnarþátttöku eða stjórnarforustu Sjálfstfl., tæp 86% af öllum þessum svakalegu og svívirðilegu lánveitingum í fiskeldi fóru fram á tímum Sjálfstfl. í ríkisstjórn.

Hér er mættur að góðu getinn hæstv. sjútvrh. og *velkominn til umræðunnar, hæstv. sjútvrh.* Ég tel það ekki nokkra hemju að ætla hæstv. sjútvrh. að sitja endalaust þegjandi undir þessum sífelldu árásum af því að svo vill til að hæstv. sjútvrh. leiddi þá ríkisstjórn sem í raun og veru tók þá einu, stóru opinberu ákvörðunina um fjárfestingu í fiskeldi. Eina stóra, opinbera ákvörðunin um fjárfestingu í fiskeldi er ákvörðun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá því um miðbik ársins 1988 að veita 800 millj. kr. á þávirði sérstökum lánum inn í viðbótarfjárfestingu í fiskeldi til þess að reyna að gera verðmæti úr þeim seiðum sem þá voru til landinu og seldust ekki þegar seiðamarkaðir lokuðust í Noregi. Fram að þeim tíma höfðu fjárfestingar í fiskeldi að langmestu leyti verið á vegum einkaaðila og guðfaðir fiskeldisins, hv. 4. þm. Reykv. hélt á þessum tíma (**Gripið fram í:** Hann er ekki guðfaðir.), hélt á þessum tíma merkar ræður, tilfinningaþrungnar, fullar af sannfæringarkrafti um það að fiskeldinu yrðu allir vegir færir svo lengi sem það losnaði við ríkisafskipti. Mér eru vel í minni þessar ræður fluttar uppi í efri deild sálugu, ágætar ræður, alveg fram á árið 1989 þegar ræðumaður fór að baksa við þessi fiskeldismál sem þáv. landbrh. Þannig er nú það. Enda voru það einkaframtaksmenn og jafnvel einkabankar og sjálfstæðir lánasjóðir sem lánuðu þarna „villevekk“ í fiskeldi, enda var það þá í tísku og þótti fínt og jafnvel helstu skrautfjaðrir einkaframtaksins. Fyrirtæki eins og Fjárfestingarfélagið, Þorvaldur í Síld & fiski og alls

konar slíkir heilagir menn í einkabransanum og heilög fyrirtæki lögðu fé í fiskeldi af því að það var í tísku og þótti fínt þannig að það er rangt, það er sögufölsun, það er lygi að hin mikla fjárfesting og áföll í íslensku fiskeldi séu dæmi um einhverjar viðjar opinberra afskipta. Það er beinlínis rangt. (Gripið fram í.) Fyrir utan einkaframtakið sem þarna átti náttúrlega langstærstan hlut að máli var það helst samvinnuhreyfingin sem lagði nokkurn hlut.

Síðan er auðvitað rétt að minna menn á það ef menn halda að það hallist eitthvað á klyfjunum pólitískt í þessum efnum og þessar upplýsingar dugi ekki til að draga fram hlut Sjálfstfl., að svo seint sem 1990 vildu ákveðnir hv. þm., þar á meðal hæstv. núv. fjmrh. Friðrik Sophusson, hv. 1. þm. Vestf. og hæstv. heilbrrh., lána meira í fiskeldið en þá var gert ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnar. Gott ef þeir fluttu ekki mál hér í þinginu um að lána meira og vildu bara alls ekki fara heim fyrr en þeir væru búnir að berja það í gegnum þingið að veita meira fé til fiskeldis. Auðvitað er alveg sama hvar á þetta er litið að þessir leiðangrar hæstv. forsrh. eru ekkert annað en árásir á samherjana og sérstaklega á hv. þm. Þorstein Pálsson. Hæstv. forseti, ég verð fyrir miklum vonbrigðum með karlmennsku hæstv. sjútvrh. ef hann situr enn þegjandi undir þessum endalausu árásum hæstv. forsrh. sem felast í öllu þessu máli þó að það skuli að vísu tekið fram að hæstv. forsrh. hefur verið allur til muna hógværari eftir áramótin í málflutningi. Sennilega er það einhver verkaskipting í þessum efnum innan ríkisstjórnarinnar að þeir skiptast á um að manna sprengjuvörpuna og það er þá væntanlega hæstv. heilbrrh. sem heldur þar um gikkinn núna samanber gærdaginn og allt í lagi með það.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég á að fjalla miklu meira um þetta á þessu stigi. Ég hlýt auðvitað að taka undir að það væri náttúrlega langeðlilegast við þessar aðstæður sem upp eru komnar seint í umfjöllun um málið að fresta umræðunni, og gefa nefndum þingsins eða nefnd þingsins færi á því að skoða þetta betur. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann telji að þetta mál sé þannig statt úr því að hvort eð er kominn 22. jan. að það skipti einhverjum sköpum þó að lögfesting þess biði fram í febrúarmánuð þannig að við gætum þá frestað umræðunni, tekið málið til betri skoðunar og lokið hins vegar því að afgreiða þau mál sem hér liggja fyrir og menn tala um að klára og eru tengd fjárlögunum, þ.e. ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjárlögum.

Ég vil nefna í þessu sambandi hv. þm. til upplýsingar að stjórn Framkvæmdasjóðs mun halda fund nú um helgina og þar mun stjórn Framkvæmdasjóðs fara yfir tillögur eða greinargerð sem starfsmenn sjóðsins í samráði við stjórn hafa verið að vinna þar sem fram kemur mat Framkvæmdasjóðs sjálfs á eignastöðu sjóðsins um þessar mundir. Þar verða væntanlega á ferðinni tilraunir starfsmanna Framkvæmdasjóðs og stjórnarmanna að meta til einhverra verðmæta, þeirra sem réttlætanlegt getur talist, eignir Framkvæmdasjóðs bundnar í fiskeldi. Ég tel að það séu gögn í þessu máli sem eigi fullt erindi inn í umræðu um málið áður en Alþingi lýkur afgreiðslu frv. að stjórn Framkvæmdasjóðs og starfsmenn fái a.m.k. í þessum skilningi tækifæri til að bera hönd yfir höfuð sér og leggja fram gögn sín og mat sitt og niðurstöður sínar varðandi þessa eignastöðu sjóðsins á lokastigi starfsemi hans ef svo fer gegn þeim sakfellingarskýrslum sem hér hafa verið reiddar fram af Ríkisendurskoðun og fortíðarvandanefnd — fortíðardraugaleitarnefnd forsrh. finnst mér nú eiginlega nær að kalla það, sem birtist í Þorláksmessuskýrslunni hinni fölbláu.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta á þessu stigi málsins, en ég ítreka spurningar mínar til hæstv. forsrh. og bæti þeim við þær sem ég hef þegar fengið í umræðunni. Sú mikilvægasta er auðvitað sú hvort hæstv. forsrh. sé tilbúinn að til að íhuga það að fresta umræðunni og gefa færi á að skoða þetta mál betur. Ef svo væri og hæstv. forsrh. gæti komið hér upp og fullvissað okkur um það þá þurfum við ekki í sjálfu sér á þessu stigi málsins að ræða það frekar. Þá held ég að tvímælalaust væri til bóta að gera strax hlé á umræðunni og halda henni ekki áfram fyrr en að lokinni miklu vandaðri skoðun á þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar Alþingi Íslendinga tók upp þá skipan að hér skyldi starfað í einni deild höfðu farið fram miklar umræður í báðum deildum þingsins um það hvort það væri skynsamlegt. Í efri deild var verulegri málsvörn haldið uppi fyrir því að hafa tvær deildir og sá sem hér stendur var ekki trúaður á að það loforð stæðist um vandaðri vinnubrögð í nefndum. Satt best að segja hefur þessi dagur verið hrollvekja hvað það snertir.

Ömurlegt er til þess að vita að búið er að hirða síurnar úr þinginu. Og fyrrv. hæstv. landbrh. minnist nú helst þeirra ræða sem hann hlustaði á í efri deild. Ég verð að segja eins og er að þegar formaður efh.- og viðskn. gefur þá lýsingu á vinnubrögðum í nefndinni að menn séu kallaðir fyrir, brýnt fyrir þeim að vera stuttorðir, númer eitt að vera stuttorðir því að þeir eigi að hypja sig út eftir stuttan tíma — innskot frá þeim sem hér stendur — en miklu kurteislegra orðalag að sjálfsögðu notað af starfandi formanni. Aðalatriðið sé að vera stuttorður. Nefndarmenn bera hendur fyrir höfuð sér og reyna að vera stuttorðir. En þeir eru allir í því að reyna að verja að þetta verði ekki gert og þess vegna fara þeir ekki út í að lýsa hverjar afleiðingarnar verði ef menn sigli nú fram af og útskýra ekkert að það geti kostað brotlendingu. En það er upplýst að menn eru að fjalla um tugi milljarða og ég er hér um bil viss um að það hefur farið fram virðulegri umræða í bæjarstjórn Garðabæjar þegar taðhúsagjaldið var lagt á sem hæstv. umhvrh. er búinn að gera að reglugerð. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Taðhúsagjald. En ég vil nú ekki reyna svo á þolinmæði hæstv. forseta að ég fari að lýsa því mjög náið.

Hér eru menn að fjalla um slíkar upphæðir að það er hreinasta skop að hlusta á lýsinguna á því hvernig staðið sé að nefndarstörfum. Svar vantar við einu atriði

sem er aðalatriðið varðandi það hvaða afleiðingar þetta geti haft fyrir sjóðinn í sambandi við lausafé. Það er svar við því hvort ákvæðunum í skuldabréfunum verði e.t.v. beitt þar sem heimildin er til staðar að óska eftir gjaldfellingu ef sjóðurinn er gjaldþrota. Ekkert skrýtið. Það er reglan ef einhver verður gjaldþrota að þá er gengið að og allir heimta sitt. Ákvæðin eru í skuldabréfunum. Það hlýtur náttúrlega að vera mjög freistandi. Sum þessi lán sem þarna er um að ræða eru mjög hagstæð. Þau eru mishagstæð. Það hlýtur að vera freistandi fyrir þá aðila sem vildu gjarnan hafa betri kjör á sínum lánum og hafa lánað Íslendingum fé, að nota tækifærið. Þetta yrði náttúrlega tilkynnt um alla banka. Heitið á þessum sjóði er sennilega virðulegasti stimpillinn sem við höfum erlendis og höfum haft til þessa í lánaviðskiptum í skjalasöfnum erlendra banka. Hann hefur þótt það góður pappír að hann hefur verið notaður til þess að taka lán fyrir alla fjárfestingarsjóði Íslands megnið af þeim tíma sem hann hefur starfað. Til hvers? Til þess að fá betri kjör en aðrir áttu kost á. Það er söguleg staðreynd. Núna virðist það eiga að vera nokkurs konar lottó hvort snara þurfi þessum peningum út eða ekki. Ekki er skrýtið þó menn vilji leggja höfuðkapp á að yfirheyra menn með hraði í nefndinni. Þetta minnir þó nokkuð mikið á einu sinni kom maður utan af landi til okkar úti í fjvn. (**RG:** Þingmaðurinn afflytur það sem ég sagði.) Það er nú vel ef það væri satt. Ég vil spyrja, hvað fengu mennirnir að vera lengi inni? (**RG:** Hálftíma.) Hálftíma. Hálftíma umfjöllun um 26 milljarða. Ekki er skrýtið þó að þingmaður sé hreykinn af vinnubrögðunum. Það minnir á saumaklúbbsstarfsemi hvernig staðið er að afgreiðslu mála ef menn telja þetta virðulega afgreiðslu. (Gripið fram í.)

Mig minnir að það hafi verið flokksbróðir viðkomandi formanns, kannski rétt að rifja það upp, sem lagði á sig þó nokkra ferð og taldi sig þurfa að koma erindi sínu á framfæri og barðist fyrir því hetjulega að fá þann tíma sem hann þurfti til að reka erindið. Þetta var ágætur sjálfstæðismaður utan af landi. Formaður rak svo á eftir honum að klára erindið að við vorum allir orðnir hálfaumir yfir þeirri hörku sem sett var í að ná aðalatriðinu frá manninum. Ég verð að segja eins og er að ömurlegt er til þess að vita ef ekki hefur heldur fengist svar við hinu atriðinu sem hlýtur að vera aðalatriði númer tvö á þessum hálftíma og það er: Var efh.- og viðskn. með betri hugmyndir en stjórnarmenn Framkvæmdasjóðs um það hvernig ætti að gæta eignanna, hvernig ætti að gæta laxeldisfyrirtækjanna sem sjóðurinn var búinn að leysa til sín? Hvað fór löng umræða í að meta hvernig standa ætti að þeirri gæslu? Er ætlunin að starfsmenn Lánasýslunnar fari á bílaleigubílum á flakk um landið þegar vorar til þess að skoða þessar eignir? Er ætlunin að selja þetta strax eða gefa? Hæstv. fjmrh. er nú ekki viðlátinn eins og er. Þetta er nú ekki stórt mál í hans augum. Kannski er búið að semja um að gefa þetta allt til flokksgæðinga Sjálfstfl. Kannski er það skýringin á því að unnið er svona hratt. Kannski er það skýringin á því að menn vilja að þessu sé úthlutað núna og sé svo metið á lægsta verðinu. Er stefnt að því? Á meðferðin að verða svipuð og á Útvegsbankanum? Ekki eru nú miklar upphæðir komnar í ríkissjóð fyrir þá sölu hjá viðskrh. Hitt er svo umhugsunarefni, sú pólitíska aftaka sem framkvæmd er á mönnum sem hafa komið nálægt þessu og rétt að fara yfir örfá nöfn. Kannski er rétt að byrja á hæstv. menntmrh. Ég man nú ekki betur en að hann hafi verið í Framkvæmdasjóði og Byggðastofnun. Ætli sé ekki rétt að færa sig svo yfir á landbrh.? Lýsingin á möguleikunum til laxeldis í Ólafsfirði var nú ekki dónaleg. Er verið að hengja hann líka?

Þingflokksformanni Alþfl. er nú bara stillt upp, látinn dingla. Það er verið að ganga mjög tryggilega frá því að hann hafi í félagsskap með öðrum í stjórn Framkvæmdasjóðs verið valdur að því með óábyrgum hætti að moka út peningum til fiskeldis. (Gripið fram í.) Upplýst er af hæstv. fyrrv. landbrh. að fyrrv. formaður Sjálfstfl. hafi tekið stærstu áhættuna í fiskeldinu þegar seiðin voru sett á sem ekki var hægt að selja til Noregs. Kannski er í framhjáhlaupi bara verið að ganga frá því sem ekki var búið að ganga frá með hv. 1. þm. Suðurl. Það er kannski eitthvað sem var ógert í aðför að honum. En aðförin er snyrtileg. Þetta er svona blóminn úr því liði sem verið er að afgreiða. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að hv. 4. þm. Reykv. hefur talað af myndugleik um möguleika á fiskeldi í landinu. Ef horft væri á áróðurshliðina efa ég að nokkur maður hér inni hafi flutt magnaðri ræður um möguleika í fiskeldi í landinu og um það hvaða skynsemi væri í því að fara í fiskeldi. Það er enginn hér inni sem veit ekki að þessi hv. þm. hefur meira vit á efnahagsmálum en allir aðrir sjálfstæðismenn sem hér eru til samans.

Ég veit ekki til þess að þeir sem gera athugasemdir hafi skrifað mikið um efnahagsmál. Aftur á móti er spurning hvort þeir hafi lesið það sem hv. 4. þm. hefur skrifað, það er svo annað mál. Nei, það er dálítið merkileg aðför sem verið er að framkvæma með þessum vinnubrögðum. Fyrst og fremst er verið að reyna að taka menn af lífi pólitískt með þeim vinnubrögðum sem hæstv. forsrh. setti á flot með fortíðarvandanefnd sinni. Það merkilega er það hlýtur að vera að samherjunum sem málið snýr. Hann kemur hinum ekki lengra en það að vera í stjórnarandstöðu. Það liggur ljóst fyrir. Andstæðingunum kemur hann ekki lengra en það að þeir eru í stjórnarandstöðu. En það er verið að tala um að nú þurfi að raða upp á nýtt í ráðherrastólana hjá ríkisstjórninni. Það gafst ekki of vel hér um árið þegar bara var skipt á milli. Þið munið eftir því. Þessi hrókering, sem var sett á stað, gafst ekki of vel. En verði farið í að skipta vakna náttúrlega möguleikar hjá ungum mönnum sem engin vopn hafa borið og aldrei komið blóðugir frá hildi, menn með hvít klæði og vel á sig komnir, nokkuð hreint mannorð til þess að gera, miðað við hina að minnsta kosti, stórskúrkana. Það hlýtur að vera mikill möguleiki hjá þessum mönnum að komast í ráðherrastóla ef það verður farið að raða upp á nýtt, enda eru sumir dreymnir á svipinn þegar þeir hugsa til þessa möguleika sem þarna eru e.t.v. að vakna. Skyldi engan undra.

En sú aðferð að ráðast á eigin samherja og rústa þá er ekki ný. Hún hefur verið notuð af öllum valdhöfum, sem hafa náð völdum en verið hræddir um að þeir yrðu settir af aftur. Hver og einn einasti hefur gripið til þeirra vinnubragða að reyna að koma hinum neðar, auka muninn, tryggja stöðuna. Spurningin er aðeins þessi: Hvers vegna er hæstv. fjmrh. fjarverandi umræðuna? Er hugsanlegt að hæstv. fjmrh. meti það svo að með því að fá að ráðstafa líkunum geti hann keypt sér þann stuðning að það dugi til að halda sér í stólnum? Það er hugsanlegt og þess vegna sé honum ekki mjög órótt yfir þessu öllu saman. En athyglisvert er að hann skuli ekki berja í borðið og gera grein fyrir því að hin forsjála ríkisstjórn sé búin að ganga tryggilega frá því með því að senda sendimenn á fund þeirra banka sem Framkvæmdasjóður skuldar og búið sé að fá það staðfest að engin skuldabréf verði gjaldfelld. Maður á nú satt best að segja von á því að hann muni berja í borðið og gefa slíka yfirlýsingu. Þetta hafi kannski verið — hvað eigum við að segja — hliðarverk hjá hæstv. utanrrh. á ferðalögum að undanförnu. Eða þá þessi Ameríkuferð hin nýja hjá viðskrh. tengist þessu. Ekki er að fullu upplýst hvað hann hefur verið að gera. Nei. Hæstv. fjmrh. er fjarverandi, mjög tryggilega fjarverandi. Við megum kannski eiga von á því að þessir menn telji að hægt sé að geyma þetta svo tryggilega falið niðri í Lánasýslu, að hægt sé að geyma þessar ráðstafanir þannig að það síist ekki of hratt út hvernig þetta var gert, það sé kannski sett þokkalega hátt verð á eignirnar þegar þær eru seldar, greiðslukjörin verði á annan veg, kannski allt óverðtryggt, ekki vitum við það. En margt er í farvatninu ef þetta er skoðað og tilgangurinn að verið sé að verja hagsmuni ríkisins með þessu tiltæki, hagsmuni Íslendinga því að Íslendingar eiga sjóðinn, sá tilgangur fær ekki staðist vegna þess að þessir herrar hafa öll tök á því að setja þá menn yfir sjóðinn sem þeir treysta til þess að sjá um hann. En það er þetta opna form sem þeir þola ekki, það eru þessi tengsl við Alþingi Íslendinga varðandi upplýsingar sem þeir þola ekki í þessu sambandi.

Ég er ekki jafnbjartsýnn maður og hv. 8. þm. Reykn. Hann lætur sig dreyma um að hægt sé að hafa vit fyrir ríkisstjórninni. Satt best á segja vandar hann sig í málflutningi við að koma því á framfæri með mjög skýrum rökum að skynsamlegt gæti verið að fresta nú atkvæðagreiðslunni og fá ákveðin svör. Það gæti verið skynsamlegt að hv. efh.- og viðskn. komi saman til fundar og átti sig betur á vissum þáttum sem ekki sé nú búið að vinna. Ég hef ekki nokkra trú á því að þessi röksemdafærsla beri árangur. Ég hef ekki trú á því satt best að segja að það sé út frá vitsmununum með hagsmuni íslenska ríkisins að leiðarljósi sem menn starfi í þessu máli, því miður. Það er hin kalda alvara að afstökustíllinn í uppsetningu mála með fortíðarvandanefndum og slíku minnir óneitanlega á stjórnarfar sem er á undanhaldi fyrir austan tjald en virðist vera í uppsiglingu hér á landi.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst ekkert undan því að fá gagnrýni á störf mín, t.d. frá hv. 2. þm. Vestf., Ólafi Þ. Þórðarsyni. En ég harma að hann noti orð eins og saumaklúbbsvinnubrögð þegar hann vill gagnrýna störf mín.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er reiðubúinn að taka þau ummæli til baka og geri það hér með því að mér er ljóst að ég sýni saumaklúbbunum mikla vanvirðu með því að nota þessi ummæli.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins rifja upp hvernig þetta mál ber að. Það er flutt af hæstv. forsrh. og er á þskj. 178 og gekk til efh.- og viðskn. þar sem um það var fjallað á tiltölulega stuttum tíma því það var eins með þetta mál og mörg önnur mál fyrir jólin að mikið lá á við að koma því fram áður en þingmenn færu í jólaleyfi. Ég vil minna á að í nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 269 kemur eftirfarandi fram:

„Annar minni hluti óskaði eftir því að fá að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs um málefni sjóðsins. Ekki var orðið við þeirri beiðni."

Formaður efh.- og viðskn. taldi ekki ástæðu til þess, en síðan hefur varaformaður nefndarinnar gegnt formennsku í nefndinni. Ef ég man rétt, þá var talið að hér væri um að ræða tillögur stjórnar sjóðsins og þess vegna væri ástæðulaust fyrir nefndina að kalla á stjórnina. En við höfum mótmælt því við umræður og talið að það hlyti að vera óeðlilegt að leggja niður sjóð sem þennan án þess að fá tækifæri til að ræða við stjórn sjóðsins.

Vegna þess að málinu var frestað féllst varaformaður nefndarinnar góðfúslega á það að verða við því að kalla stjórnina fyrir. Var ástæða til þess kannski ekki síst vegna þess að það kemur fram í fskj. með þessu frv. á bls. 5, með leyfi hæstv. forseta: „Gera verður athugasemdir við óvarkárni í útlánum sjóðsins."

Þetta er að vísu úr skýrslu svokallaðrar fortíðarnefndar sem hefur greinilega vit á öllum hlutum — (**ÖS:** Nema fortíðinni.) nema fortíðinni, segir þingflokksformaður Alþfl. og má vera að það sé þá engin tilviljun að slíkri nefnd skuli eingöngu vera falið um að fjalla um fortíðina. En það er e.t.v. dæmi um handabakavinnu meiri hlutans að fá eingöngu menn til starfa sem ekki hafa vit á viðkomandi málaflokki. Má vera að það verði eins með tilsjónarmennina. En hvað um það. Það hlýtur að teljast eðlilegt að stjórnin sé kölluð fyrir og hún spurð um þessi mál, ekki síst með tilliti til þess hvernig umræður hafa verið að undanförnu og allur málatilbúnaður í kringum þetta mál, ekki síst af hálfu hæstv. forsrh. Nú er það óumdeilt að þessi sjóður hefur því miður tapað miklu fé. Það er hins vegar alltaf vandasamt verk að finna út úr því hverjir eiga þar mesta sök. Má vel vera að hæstv. forsrh. hafi mikla ánægju af því að vera í slíkum leik og gera það sem lengst. Það er alveg ljóst að stjórnvöld á hverjum tíma hljóta að bera ábyrgð á því sem hefur gerst en stjórnarmenn sjóðsins telja sig hins vegar hafa farið eftir útlánareglum sem miðuðu við að aldrei væri lánað nema

67% af kostnaðarverði. En það hefur hins vegar gerst að markaðir fyrir fiskeldisvörur hafa hrunið og eignirnar standa ekki undir kostnaðarverði. Það er hins vegar ekki auðvelt mál að meta með nákvæmni hvers virði þessar eignir eru. Þær eru ekki meira virði en þær hugsanlega geta skilað í framtíðinni og það er alveg ljóst að það eru tiltölulega fáir kaupendur sem geta hugsað sér að leysa þær til sín við þessar aðstæður. Þá hlýtur að vakna sú spurning hjá eigendum þessara eigna hvort rétt sé að selja þær við núverandi aðstæður eða bíða og sjá til hvort verðmæti þeirra kunni að vaxa. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á hvað sé rétt í þeim efnum en ég tók hins vegar eftir því á fundi nefndarinnar í morgun að stjórnarmenn í Framkvæmdasjóði Íslands sögðu að sérfræðingar þeirra í laxeldi vildu meta eignirnar með öðrum hætti en Ríkisendurskoðun gerir. (**ÖS:** Sem hefur ekkert vit á laxeldi.) Sem hefur ekkert vit á laxeldi, segir hv. þm. sem er eða a.m.k. var stjórnarmaður í þessum sjóði. Það var jafnframt upplýst að fram hefðu farið mjög ítarlegar umræður á árinu 1990 hvernig eignir sjóðsins skyldu metnar og þessar viðræður hefðu farið fram af mikilli alvöru af hálfu stjórnarinnar m.a. við fulltrúa Ríkisendurskoðunar og þar hefði verið komist að niðurstöðu um afskriftir eftir mjög miklar umræður. Þar hafði verið farið eftir þeim afskriftarreglum sem taldar voru réttastar á þeim tíma og Ríkisendurskoðun hafði lagt blessun sína yfir.

Ég get vel skilið að það er ekki einfalt verk að komast að slíkri niðurstöðu. Það er heldur ekki einfalt verk að meta hvers virði eignirnar eru í dag. En í fskj. með þessu frv. kemur einfaldlega fram það mat að það þurfi viðbótarafskriftir upp á 2.700 millj. kr. Þegar eignir sjóðsins hafa verið afskrifaðar um 2.700 millj. til viðbótar þá sé eiginfjárstaða sjóðsins neikvæð um 1.300 millj., eða réttara sagt hefði þurft 1.857 millj. sem tillag í afskriftasjóð á árinu 1990 í stað 224 millj. sem væntanlega hefur verið niðurstaða stjórnarinnar þá og þeirra endurskoðenda sem þá voru með í ráðslagi og það er eðlilegt að stjórnin hafi tekið fullt tillit til þess.

Það má lengi ræða þessar tölur og fara yfir það hvernig þetta hefur allt saman orðið til. Ég get tekið undir að auðvitað var farið of geyst í þessum efnum. En málið sem menn standa frammi fyrir núna er: Er hugsanlegt að gera það verð úr þessum eignum, ekki í dag heldur á næstu árum, sem getur orðið til þess að sjóðurinn verði ekki fyrir þessu mikla tapi? Þá hlýtur sú spurning að vakna í sambandi við afgreiðslu þessa máls: Hvernig á að fara með þau mál í höndum hinna nýju umsjónarmanna hjá Lánasýslu ríkisins? Hvernig ætla þeir að standa að því að koma þessum eignum í sem mest verð?

Þetta er spurning sem vaknar við yfirferð málsins á þessum morgni og henni hefur ekki verið svarað. Á einfaldlega að ganga út frá því að hér hafi orðið gífurlegt tap sem engin leið sé að bæta nema varpa því yfir á skattgreiðendur? Er það lausnin í málinu? Að 1.300 millj. skulu lagðar á skattgreiðendur til að bera uppi þetta tap? Er það það eina sem hægt er að gera?

Ég leyfi mér að hafa um það nokkrar efasemdir. Ég ætla ekki að hafa frammi neinar fullyrðingar um hvernig að þessu skuli staðið. En ég minni hæstv. forsrh. á að hann sagði í ræðu þann 6. des. að núv. stjórnarandstaða vildi vera í þeirri aðstöðu að hún gæti hyglað sér og sínum. Þetta voru stór orð af munni hæstv. forsrh. og náttúrlega órökstuddar fullyrðingar sem eru honum ekki sæmandi. Ekki ætla ég að halda því fram að mönnum sé það í huga í þessu sambandi að afhenda þessar eignir einhverjum tilteknum aðilum, en hins vegar er það með menn sem svona tala í garð annarra að þessar hugsanir virðast vera á sveimi með þeim og auðvitað spyrja menn í þessu sambandi: Hvernig í ósköpunum á að standa að þessu og hvað liggur á í sambandi við þetta mál?

Það var upplýst hjá stjórnarmönnum í Framkvæmdasjóði að nk. föstudag er fundur þar sem á að fara yfir eignamat sjóðsins, þar sem á að reyna að gera sér grein fyrir því hver staða sjóðsins er. Það gæti verið ástæða til að bíða eftir því og leggja það til grundvallar, a.m.k. svona ásamt greinargerð fortíðarnefndarinnar sem var upplýst hér af hv. þingflokksformanni Alþfl. að hefði ekkert vit á fortíðinni. Það voru ekki mín orð. En yfirleitt þarf ekki að hafa uppi miklar fullyrðingar í þessum efnum því hæstv. stjórnarliðar sjá til þess að upplýsa okkur um slík atriði. Ekki hef ég rætt við þessa menn sem eru sérfræðingar í fortíðinni. Hins vegar sýnist mér að þeir hafi tilhneigingu til að vera nokkuð fullyrðingasamir en vonandi hafa þeir gögn sem styðja slíkt háttalag.

Ég vildi fyrst og fremst ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel rétt að láta þetta mál bíða og er orðinn miklu sannfærðari um það en þegar ég skrifaði undir nál. þann 16. des. 1991, en þá lýstum við því yfir að við mundum sitja hjá við afgreiðslu málsins, m.a. í þeirri trú að stjórnarmenn hefðu mælst til þess að þessi leið hefði verið farin. Nú sýnist mér að ekki sé allt saman sem skyldi í þeim efnum.

Ég tel að hérna sé um það að ræða að nauðsynlegt sé að tryggja virði þessara eigna og líka þarf að liggja alveg ljóst fyrir að engin leið sé að gjaldfella lán sjóðsins. Það er alveg rétt sem kom fram hjá varaformanni nefndarinnar að ekkert kom fram á fundi nefndarinnar í morgun í orðum stjórnarmanna sem gæti bent til þess. Hins vegar er það jafnframt rétt að lítill tími var til að ræða málið við þá og þeir gerðu beinlínis athugasemdir við hvað þeir hefðu lítinn tíma til að gera grein fyrir málinu og vildu koma ýmsu öðru á framfæri en gátu það ekki vegna tímaskorts. Við sem störfum í minni hluta liggjum oft undir ámæli fyrir að við séum að tefja þingstörf og séum að biðja um að kallað sé á ýmsa aðila til að upplýsa sem best um mál. Við reynum að taka tillit til þess að ekki er alltaf langur tími til stefnu en það er hins vegar orðið mjög áberandi hve oft ekki er nægilegt ráðrúm til að fara ofan í málin og væri það meira virði að mínu mati að hafa góðan tíma til að fara yfir þetta mál í nefnd og þurfa ekki að vera að ræða það hér í smáatriðum í umræðum á hv. Alþingi.

Ég tel það t.d. nauðsynlegt, vegna þess sem fram

hefur komið, að fjalla um þetta mál við Ríkisendurskoðun. Mér finnst nauðsynlegt, þegar fram kemur ágreiningur að því er varðar mat á eignum með þeim hætti sem fram hefur komið í þessu máli, sett fram af stjórnarmönnum, að viðkomandi nefnd fái að ræða við trúnaðarstofnun þingsins í slíkum málum sem er Ríkisendurskoðun. Ég ætla ekki að dæma um hver hefur rétt fyrir sér. Það er enginn dómari í því nema framtíðin og það er ekki hollt fyrir þá aðila sem leggja mat á slíkar eignir að reyna að halda því fram að þeir geti haft algjörlega rétt fyrir sér í þeim efnum. Það getur enginn en hins vegar er nauðsynlegt að þar séu einhverjar samræmdar reglur sem eru hafðar til viðmiðunar en þær eru því miður alltaf háðar verulegri óvissu. Það er t.d. alveg ljóst að eignir Fiskveiðasjóðs eru ekki mikils virði ef þorskstofninn við Ísland mundi hrynja — (**Gripið fram í:** Og veiðileyfagjald yrði tekið upp.) — og eignir þjóðarbúsins mundu rýrna allverulega ef gífurlegur aflasamdráttur yrði. Það er ekki til siðs að meta eignir út frá slíkri svartsýni. Menn reyna að leggja á það raunhæft mat og miða við það sem gengur og gerist á þeim tíma. Þannig hygg ég að hafi verið að því er varðaði fiskeldið, að menn lögðu mat á stöðuna á hverjum tíma en síðan kom í ljós að hún var verri. Nú þarf að leggja mat á það hverjir eru framtíðarmöguleikarnir í þessari atvinnugrein til þess að gera sér grein fyrir því hvaða verð er hægt að fá fyrir eignirnar og það kann að vera réttlætanlegt að bíða.

Að mínu mati er fráleitt að selja Síldarverksmiðjur ríkisins þegar engin loðnuveiði er. Hins vegar kann að vera rétt að selja slíkar eignir þegar útlitið er gott og tekjur eru fram undan. Þá eru miklu meiri möguleikar á því að fá gott verð fyrir viðkomandi eignir. Ef það er hins vegar markmiðið að losa sig við eignirnar, koma þeim yfir á hendur annarra, þá skiptir það ekki meginmáli. Ef markmið er það sama og með Búnaðarbankann, að selja á hálfvirði, þá eru menn ekki að hugsa um slíkt. Ég tel það skyldu ríkisstjórnar á hverjum tíma að fá sannvirði fyrir eignir. Með því er verið að koma í veg fyrir að tap leggist á skattgreiðendur og verið að koma í veg fyrir að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum til þess að ráða við slíkt tap.

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. upplýsi hvernig standi til að fjalla um þessi mál eftir að Framkvæmdasjóður Íslands hefur verið lagður niður. Verða þeir starfsmenn, sem voru viðriðnir þetta mál, endurráðnir hjá Lánasýslunni til að fjalla þar um það? (Gripið fram í.) Ég veit ekkert um það. Ég var að beina spurningu til hæstv. forsrh. Hvernig verður á því haldið? Er það hugmyndin að gera allt sem menn geta til þess að fá sem hæst verð fyrir eignirnar og hvernig verður að því staðið?

Mér sýnist að margt mæli með því að það sé rétt að láta Framkvæmdasjóð fjalla um þetta mál áfram og setja honum þá einhverjar nýjar reglur eða nýtt eftirlit ef menn telja það ekki nægilega gott því ég hef meiri trú á því að með þeim hætti fáist hærra verð fyrir eignirnar og þar með verði tryggilegar gengið frá því að ríkið tapi sem minnstu.

Að lokum vil ég rifja upp að þetta mál allt verður til þess að við munum héðan í frá ekki hika við að sækja það af fullri einurð að aðilar séu kallaðir fyrir nefndir og ef því er neitað munum við að sjálfsögðu halda áfram að biðja um það þar til mál hefur verið afgreitt. Ég tel að það hafi komið vel í ljós í þessu máli að það á ekki að gerast að frá slíku máli sé gengið án þess að viðkomandi aðilar fái tækifæri til að gera grein fyrir sínum viðhorfum. Það vill svo til í þessu máli að stjórn sjóðsins hefur ekki fengið það ráðrúm sem hún vildi hafa fengið til að gera grein fyrir málinu. Ég tel líka mikilvægt að fá upplýsingar um það, áður en þetta mál er afgreitt, hvernig eignamat sjóðsins sjálfs verður að loknum þessum föstudagsfundi. Jafnvel þótt vera kunni að það liggi ekki endanlega fyrir þá, þá er alveg ljóst að uppi er ágreiningur milli sjóðsins og Ríkisendurskoðunar um mat eignanna.

Ég reikna með því, hæstv. forseti, í ljósi þess sem hér hefur komið fram að við munum breyta okkar afstöðu í þessu máli. Við höfum áður lýst því yfir að við munum sitja hjá við afgreiðslu málsins. Eftir það sem hér hefur komið fram, og ef á að knýja þetta mál fram nú á þessum degi eða næstu daga, býst ég við því að við munum endurskoða okkar afstöðu til málsins. En ég teldi langheppilegast að Alþingi fengi betra ráðrúm til þess að fjalla um málið.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Langar umræður hafa orðið um þetta mál hér og nú, lengri en ég átti von á eftir að tekist hafði samkomulag um að afgreiða málið og reyndar lengri en ég átti von á eftir umræður hér við 2. umr. Þá vorum við lengst af einir hér í salnum ég og hv. 8. þm. Reykn. við seinni hluta umræðnanna. Ég vil reyndar geta þess í framhjáhlaupi að blaðamaður Dagblaðsins sagði að við hefðum eytt jafnmiklum tíma í þær umræður. Ég fékk mælingu á því. (**Gripið fram í:** Ég var ekki í salnum.) Þú varst ekki í salnum, hv. þm., þegar við vorum að tala saman á þeim tíma. Ég er ekki að fjargviðrast yfir því, hv. þm. situr mjög vel í salnum. Ég fékk reyndar mælingu á því og ég hafði talað í 19 mínútur og hv. þm. í 1 tíma og 20 mínútur. Þessi ágæti blaðamaður getur þá haft það nokkurn veginn rétt. En þannig var tímamælingin í þeim efnum og við vorum, eins og ég segi, að mestu leyti einir í þessari umræðu. Reyndar hygg ég að hv. 8. þm. Reykn. hafi margoft viðurkennt það að samkomulag væri um að afgreiða þetta mál og hann margtók það fram að hann mundi beita sér fyrir því að það samkomulag yrði efnt. Ég vænti þess að hann hlaupi ekki frá slíku.

Ég vil einnig benda á að ekkert kom fram þegar stjórn þessa sjóðs mætti á fund efh.- og viðskn. — ekki hef ég a.m.k. heyrt það í þessum umræðum — um að þeir hafi þar varað við þessari málsmeðferð eða varað við því að málið færi í þann farveg sem frv. gerir ráð fyrir. Ef þeir hefðu gert það hefði kannski mátt segja að eitthvað hefði breyst við komu þeirra til nefndarinnar. En það hefur ekki gerst og við erum að koma málinu í ákveðinn farveg. Ekkert hefur gerst í dag sem breytir neinu í þeim efnum.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég var afskaplega ósáttur við ræðu hv. 2. þm. Vestf. og mér fannst sú ræða nánast ekki frambærileg, a.m.k. varðandi sumt sem fram kom hjá honum. Hann er annars ágætur ræðumaður og kemur oft með fróðlega og athyglisverða hluti en mér fannst hann ganga mjög langt í ræðu sinni. Ég ætla ekki að fjalla efnislega um það en þingmaðurinn gaf til kynna að menn hefðu ekki vitað hér að þessi sjóður hefði vélað um milljarða og reyndar tugi milljarða króna. Ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá neinum þingmanni. Menn þekkja vel til þessa sjóðs. Þingmaðurinn benti á að þessi sjóður hafi verið í tengslum við Alþingi og menn vildu koma þeim tengslum í burtu. Skárri væru það nú tengslin ef jafnreyndir og vel upplýstir þingmenn eins og þessi þingmaður hefur ekki vitað hvers konar upphæðir þessi sjóður hefur að véla um í áraraðir ef þessi tengsl hafa verið fyrir hendi. Auðvitað ætla ég ekki að fjalla um ýmsar þær hugmyndir og vangaveltur sem hann hafði uppi í sambandi við málið.

Ég vil nú, svo að það gleymist ekki, svara spurningu sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. varðandi starfsmannahald. Gert er ráð fyrir því að þeir aðilar, sem þarna er um fjallað og ekki eru að fara á eftirlaun um þessar mundir eða á næstunni, muni fylgja sjóðnum til Lánasýslunnar og fjalla um málið þar áfram.

Meginatriðið sem hefur verið rætt um í dag og menn hafa gert að töluvert miklu máli er atriði sem hv. 8. þm. Reykn. hefur mikið fjallað um, og kallað glæfraspil, þ.e. að vegna málatilbúnaðar kynnu lánveitendur Framkvæmdasjóðs að gjaldfella snöggt og skyndilega samkvæmt almennum skilmálum sem eru reyndar mjög almennir hvað slíka hluti varðar, lán sjóðsins og koma honum og eiganda hans í miklar ógöngur. Það er ekki þessi málatilbúnaður sem býr til þær aðstæður, eins og þingmaðurinn gat um sjálfur. Það er staða sjóðsins sem leiðir til þess að hægt væri að beita slíkum ákvæðum. Glæfraspilið er ekki að reyna að taka á málinu ef menn vilja nota það orð. Það að koma sjóðnum í þann farveg að gjaldfella megi skuldir ef staða sjóðsins er orðin slík, eins og þingmaðurinn nefndi. Það eru fremur slíkir atburðir sem má flokka undir glæfraspil heldur en það að taka á málinu. Ég vek athygli á því að það stangast á að mælast til þess hér að þetta mál verði áfram í óvissu og fjalla síðan mest og ítarlegast um að hætta sé á því að lánardrottnar gjaldfelli skuldir. Auðvitað var hugsað um þessi atriði þegar að málinu var unnið og það er m.a. vegna þessa atriðis sem málið er sett í þann farveg sem hér er. Það kemur fram í þeim gögnum sem þingmaðurinn hefur handbær — ef ég skildi það rétt úr ræðu hans að hafi verið afhent í dag — að þá er sú aðferð að láta Framkvæmdasjóð starfa með fyrri hætti áfram en veita honum undir Lánasýslu ríkisins ekki síst gerð vegna þessara atriða. Reyndar kemur fram í þeim plöggum að engin ástæða er til að ætla að þessi breyting muni verða til þess að lán verði gjaldfelld því staða þeirra sem lánin hafa veitt verður sterkari eftir aðgerðina en fyrir. Staða þeirra er auðvitað lakari þegar sjóðurinn á ekki fyrir skuldum sínum. Við þingmenn erum þessar stundirnar að ganga frá sérstakri heimild á fjárlögum til að bregðast við því. Það setur undir þann leka, með þeirri heimild er brugðist við því. Í annan stað er staðið að málinu þannig við yfirfærsluna til Lánasýslunnar að þeir sem best til þekkja telja enga ástæðu til að óttast að lánin verði gjaldfelld. Hins vegar væri mjög vont að hafa málið í óvissu lengur en efni eða ástæður standa til.

Hér segir, með leyfi forseta, þegar rætt er um þessi atriði í bréfi til Framkvæmdasjóðsins frá Sigurgeiri Jónssyni, sem hv. 8. þm. Reykn. hefur lýst sérstöku trausti á og ég geri líka: „Með framanskráð í huga væri öruggara að Framkvæmdasjóður Íslands starfaði áfram að forminu til meðan verið er að greiða upp lán hans eða endursemja um þau í nafni ríkissjóðs. Jafnframt verði gerðir fyrir hann ársreikningar og sendir lánveitendum. Verulegar breytingar hafa fjórum sinnum verið gerðar á stöðu og högum sjóðsins síðan Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður árið 1952. Þær breytingar munu ekki hafa verið tilkynntar lánveitendum með formlegum hætti. Sem dæmi um leið sem mætti fara til að forðast að uppsagnarákvæðum lánsamninga Framkvæmdasjóðs verði beitt væri að gera Framkvæmdasjóð að deild við Lánasýslu ríkisins eins og Ríkisábyrgðasjóður er nú. Þetta mætti gera með einföldum breytingum á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Með því móti er hægt að stilla upp ársreikningum og senda lánveitendum enda verður sjóðurinn áfram til. Hér er verjandi að fylgja fordæmi undanfarandi ára og áratuga að tilkynna ekki lánveitendum með formlegum hætti breytingar á stöðu og högum Framkvæmdasjóðs, enda breytist staða erlendra lánveitenda til batnaðar ef eitthvað er. Jafnframt gefst þannig tækifæri til þess að endursemja í kjölfarið á skipulegan hátt um lán sjóðsins í nafni ríkissjóðs, enda verða þau tekin inn í almenna umsýslu um erlend lán ríkissjóðs. Ríkissjóður nýtur að öðru jöfnu betri kjara á lánamörkuðum en aðilar með ríkisábyrgð og hefur jafnframt aðgang að fleiri og stærri mörkuðum."

Eins og kemur glöggt fram í þessum orðum hafa menn auðvitað hugleitt þessi atriði og þau gefa ekkert tilefni til þess að mála þá hryllingsmynd um glæfraspilið mikla sem hv. 8. þm. Reykn. leyfði sér að gera hér áðan og leyfði sér að gefa til kynna að þessi óvæntu atriði ættu að leiða til þess að menn hugsuðu allt málið á nýjan leik.

Seðlabankinn tekur í sínu bréfi í sama streng þegar hann fjallar um þessa aðferð sem beitt er í síðara tilvikinu, eins og þar er sagt, með leyfi forseta: „Ef Framkvæmdasjóði er lagt hjá annarri ríkisstofnun og látinn fjara út með eðlilegum hætti eins og eignir hans og skuldbindingar gefa tilefni til, virðist mega gera ráð fyrir að komast megi hjá gjaldfellingu lána sjóðsins ef gætt er almennrar venju sem tíðkast í samskiptum skuldara og lánardrottna."

Allir þeir aðilar sem helst hafa þekkingu á þessum efnum fjalla um málið með þessum hætti og undirstrika að þarna er ekki ástæða til þess að gera ráð fyrir áhættu. Auðvitað er fráleitt að halda að áhættan sé minni með því að fresta málinu meðan við getum ver-

ið hér í almennum umræðum um málið, ekki farveg þess heldur aðdraganda og ytri búnað og það er fráleitt að halda að það væri tryggari staða til að komast hjá gjaldfellingu skuldanna. Það held ég að allir menn hljóti að sjá ef þeir hugsa það af einhverri sanngirni og skoða málið niður í kjölinn.

Ég sé því ekki, herra forseti, neina ástæðu til þess að menn standi ekki við það samkomulag sem er um afgreiðslu þessa máls og láti það ganga fram. Miðað við þær ræður sem fluttar hafa verið væri það eðlilegt að tryggja að ekkert óvænt gerðist og láta málið ekki liggja lengur í þeirri óvissu sem um er að ræða.

Menn ræða um að hugsanlega væri hægt að fá gleggri upplýsingar um það hver raunveruleg staða sjóðsins sé, hvort hann sé öfugur um 1.300 millj. kr. eða einhverja aðra tölu. Ég hygg að alveg rétt sé hjá hv. 1. þm. Austurl., sem er sérfróður í þessum efnum, að sjálfsagt verður seint hægt að komast niður á eina algilda tölu, ekki fyrr en nösum lýkur og allar eignir hafa verið seldar og menn hafa allt fyrir framan sig. Menn komast ekki hjá því að byggja á mati og þá væntanlega á mati samkvæmt almennt viðurkenndum aðferðum. Þó hygg ég, vegna eðlis málsins og er þá sammála hv. þm., að þar geti mat verið mjög óvisst og ég verð að segja í báðar áttir. Ég á engan annan kost, og ég hygg að eins sé um aðra hér, en að leggja mat Ríkisendurskoðunar sem hér er byggt á til grundvallar.

Ég veit það og hef orðið var við það að menn finna að verkum og störfum Ríkisendurskoðunar, í mismiklum mæli þó og sumir hafa gengið að mínu mati mjög langt í því að, ég vil orða það svo, gera Ríkisendurskoðun tortryggilega. Hv. 2. þm. Vestf. sagði hér beinlínis efnislega að Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda væri ekki treystandi og færði rök fyrir því og margir aðrir hafa gengið mjög langt í því að gera Ríkisendurskoðun tortryggilega. Ég er ekki sammála því að það séu efni eða ástæður til þess þó ég sé ekki að halda því fram að Ríkisendurskoðun sé óskeikul frekar en við hin. En ég held að menn hafi gengið ansi langt í því að ófrægja Ríkisendurskoðun. Ég tel að á meðan við höfum þá stjórnskipulegu stöðu sem er, þá eigum við engan annan vænlegri kost en að byggja á því mati sem ítarleg úttekt Ríkisendurskoðunar er grundvöllurinn að. Það er enginn annar kostur fyrir okkur. Þó að fáir, kannski enginn hér í salnum og kannski enginn okkar hafi stöðu til þess að sannreyna út í hörgul hvort þar sé allt nákvæmt út í æsar eða einn sannleikur til eins og við kannski kysum. Þess vegna, herra forseti, sé ég ekki að neitt hafi komið hér fram sem réttlæti það að hafa þetta mál áfram í óvissu. Þvert á móti fannst mér öll ræða hv. 8. þm. Reykn. benda til þess að auðvitað ætti að koma þessu máli í fastan farveg. Ég hef ekki heyrt tortryggni eða gagnrýni, þá undanskil ég ræðu hv. 2. þm. Vestf., á það í hvaða farveg málið er sett. Auðvitað hlýtur Lánasýslan og þeir aðilar sem véla um málið að leitast við, eins og hv. 1. þm. Austurl. nefndi, að fá sem allra best verð fyrir þær eignir sem seldar verða og reyna auðvitað að sjá til þess að skaðinn verði sem allra minnstur. Fegnastur væri ég ef sjóðurinn mundi standa þrátt fyrir allt þegar upp verður staðið réttu megin við núllið, að einhver þau kraftaverk gerðust í fiskeldinu sem við sjáum því miður enn ekki nein merki um, að þær eignir sem eru illseljanlegar í dag og verðlitlar af þeim ástæðum mundu seljast. Ég er sammála þingmanninum um að hin ytri skilyrði breyta verðmætamatinu og enginn yrði fegnari en ég ef það mundi breytast en við sjáum engin tákn um það. Auðvitað hljóta þessir aðilar að leita eftir því af fremsta megni að þessar eignir verði seldar á sem hæstu verði og þá á þeim tíma þegar gera má ráð fyrir að sem best verð megi fá fyrir eignirnar. Þar er líka um vandasamt mat að ræða. Hversu lengi á að halda síkum eignum við og í hvaða mæli? Hversu miklu á að kosta til þeirra? Þetta er afskaplega vandmeðfarið þegar menn sjá ekki nein tákn um það því miður enn þá að þessi grein ætli að fara í þann farveg sem vonir manna stóðu til.

Ég veit að ég hef ekki svarað öllum atriðum sem menn nefndu í ræðum sínum og tel út af fyrir sig ekki ástæðu til þess. Margt af því hafði komið fram áður og ég hafði svarað ýmsu af því við fyrri umræðu málsins. Ég vil ítreka og vænti þess að menn geti haldið sig við það samkomulag sem gert hafði verið um að ljúka þessu máli.

Ég vek athygli á því, af því að ræða hv. 2. þm. Vestf. gat gefið tilefni til annars, að auðvitað eru þessi mál jafnaðgengileg okkur þingmönnum í stjórn og stjórnarandstöðu hvort sem þau eru hjá Framkvæmdasjóði Íslands eða Lánasýslu. Ég býst við að erfitt yrði fyrir þennan ágæta þingmanna að sýna mér fram á þótt við sætum yfir þingtíðindum að hér hefðu farið fram mjög nákvæmar umræður um þessa lánastarfsemi alla fyrr á árum eða almennir þingmenn hefðu haft mikil afskipti af þeim. Auðvitað verðum við að ætla og engin ástæða til annars en að þeir aðilar muni vinna af fyllstu trúmennsku og samviskusemi og reyna af fremsta megni að fá sem best verð fyrir þær eignir sem þeim verður falið að sjá um.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá er munurinn á þeirri stjórnskipan sem tekur við þegar Lánasýslan fær þetta til meðferðar og þeirri sem gilti áður um Framkvæmdasjóð að hér eftir mun fjmrh. einn taka ákvörðun um það hvaða eignir verða seldar og á hvaða verði. Meðan eignirnar voru hjá Framkvæmdasjóði tók þriggja manna stjórn, skipuð fulltrúum tveggja ráðherra og fulltrúum Seðlabankans, þá ákvörðun. Það er því alveg ljóst að með þessari skipan er verið að fela fjmrh. einum að fara með þessi mál. Nauðsynlegt er að það sé á hreinu í tilefni af ummælum hæstv. forsrh.

Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að ég hef ekki verið að leggjast gegn því að þetta mál verði afgreitt. Ég lét það hins vegar koma fram nú síðdegis að ég gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en ég fékk í hendur skjölin sem efh.- og viðskn. fékk síðdegis í dag, að mál væru með þeim hætti í lánaskuldbindingum Framkvæmdasjóðs að hinir erlendu lánveitendur sem hefðu lánað 22 lán til sjóðsins gætu gjaldfellt þau öll ef árs-

reikningar sýndu neikvæða stöðu. Ég óska eftir að fá svör við því frá hæstv. forsrh. hvort búið er að ganga úr skugga um það hjá þessum lánveitendum að þeir mundu ekki nýta sér þennan rétt. Nú hefur hæstv. forsrh. upplýst að það hefur ekki verið gert. Hann upplýsir að hann byggi sína skoðun á mati Sigurgeirs Jónssonar og mati Birgis Ísl. Gunnarssonar og Jóhannesar Nordals. Það getur verið að þeir hafi rétt fyrir sér en þeir eru bara ekki lánveitendurnir í þessu máli. Það liggur þess vegna nú þegar fyrir, því miður, að það hefur ekki verið rætt við einn einasta lánardrottin af þeim erlendu bönkum og sjóðum sem hafa veitt þessi 22 lán. Hæstv. forsrh. vék ekkert að því hvernig hann ætlaði að fara með ársskýrslu fyrir árið 1991 sem mun óhjákvæmilega sýna gjaldþrot sjóðsins og neikvæða stöðu og mun því veita þessum erlendu lánardrottnum þennan rétt. Þess vegna verð ég að segja að þótt ég hafi verið fullur af vilja til að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls — mér þykir nú mjög miður að tíminn skuli vera búinn og ég líka búinn að nýta tíma minn til að tala hér tvisvar — þá get ég ekki séð hvernig ábyrgir aðilar geta farið með þetta mál hér í endanlega afgreiðslu og þar með gert það að lögum án þess að menn hafi tækifæri til að ræða það aðeins nánar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ársskýrslan sem slík sem gerir það að verkum að þau ákvæði verða virk í lánasamningum að hægt er að gjaldfella lán, það er staða sjóðsins sem er orðin ófug. Hvenær sem við mundum birta þær skýrslur hefur það hina sömu virkni. Ég vek athygli á því að við erum að koma til móts við þetta vandamál, hv. þm., með því að ákveða þessa dagana heimild fyrir allt að 1.700 millj. kr. til fjmrh. til að bregðast við þessu dæmi. Það mun skapa mesta ró hjá lánveitendum. Það held ég að þingmaður sem er fyrrv. fjmrh. átti sig afskaplega vel á. Og ég vek athygli á því þegar þingmaðurinn nefnir að ekki hafi þegar verið gerðar ráðstafanir gagnvart lánveitendum að í því sambandi las ég upp nokkur lykilatriði, og af því að erlendir lánveitendur eru menn eins og við hin, hafa þau mesta þýðingu. Þau atriði segja að staða hinna erlendu lánveitenda verði betri eftir breytinguna en áður. Þess vegna getum við gefið okkur það með sæmilegri vissu að til viðbótar þeirri skýrslu sem ég las að þarna séu atriði sem menn þurfi ekki að óttast. En fyrst og fremst þá erum við ekki að bæta okkar stöðu í þessum efnum með því að draga að koma málinu í heillegan farveg. Ég held að þingmenn átti sig líka mjög vel á því.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara minna hæstv. forsrh. á það að í bréfi sem hann fékk 9. sept. frá stjórn Framkvæmdasjóðs, sem þeir undirrita Þórður Friðjónsson, Tómas Árnason og Benedikt Jóhannesson, stendur á bls. 3 að það sé einmitt ársreikningurinn sem skipti sköpum í þeim efnum að hinir erlendu lánardrottnar geti gjaldfellt allt lánið. Ef ársreikningurinn sýni neikvæða stöðu, eins og hér stendur skýrt, þá séu beinar heimildir, stendur hér, fyrir lánardrottna til að gjaldfella lánið. Það er því ekki ég sem hef fundið þetta upp. Þetta er í formlegu bréfi til forsrh. Hann getur haft þá skoðun að hann geti gefið sér það. Hér er bara um allt of stórar upphæðir að ræða til að verjandi sé að bara gefa sér það. Það er satt að segja tiltölulega auðvelt og þarf ekki að taka mjög langan tíma, fáeina dag eða svo, að kynna sér formlega hver sé skoðun hinna erlendu lánardrottna í þessum efnum. Ég skil ekki af hverju menn vilja ekki gera það.

Ég ætla ekki að ræða við hæstv. forsrh. um hverjir eigi sök í þessu máli á að hlutirnir séu komnir á þennan veg sem hæstv. forsrh. er alltaf að tala um. Ég vil bara benda honum á það — þótt það sé alveg rétt að ég hef sýnt Sigurgeiri Jónssyni mikið traust og trúnað og meiri heldur en sá maður sem nú er utanrrh. í ríkisstjórn hæstv. forsrh. — að svo vill nú til að þessi sami Sigurgeir Jónsson var einn af þremur stjórnarmönnum í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands allan þann tíma sem hæstv. forsrh. hefur gert að aðalgagnrýnisefni. Þær ákvarðanir, sem hæstv. forsrh. hefur hér verið að gagnrýna mjög harkalega, allt frá stefnuræðu sinni til þess andsvars sem hann veitti áðan, voru teknar af Sigurgeiri Jónssyni þegar hann var í stjórn Framkvæmdasjóðsins. Hann er einn hæstráðandi Lánasýslunnar þannig að með þessari ákvörðun er verið að fela honum áframhaldandi ráðslag með þessi mál. Það kann því vel að vera að hinir erlendu lánardrottnar skoði það einnig.

Ég vil svo bara nota þetta tækifæri til að minna hæstv. forsrh. á það, eins og hér kom fram, að Sjálfstfl. hefur auðvitað viljað ganga miklu lengra á þessari braut. Hér í þessum stól stóð m.a. núv. menntmrh., að mig minnir 15. mars árið 1991, eftir að núv. forsrh. var orðinn formaður Sjálfstfl. og gerði þá kröfu fyrir hönd Sjálfstfl. að afgreitt yrði, áður en þingi lyki, frv. sem Matthías Bjarnason, Friðrik Sophusson og Sighvatur Björgvinsson fluttu um lánveitingar til fiskeldis. Það var eitt af fyrstu verkum núv. forsrh. í formannsstóli hjá Sjálfstfl. að knýja á um að meira fé yrði veitt með ríkisábyrgð til fiskeldis. Það var sá sem hér stendur, sem fjmrh., sem stoppaði þá vitleysu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalástæða fyrir andsvari mínu er sú að í máli hæstv. forsrh. kom fram að ekkert hafi komið fram þegar efh.- og viðskn. fékk stjórn Framkvæmdasjóðs á sinn fund í morgun sem gerði það að verkum að við þyrftum að breyta framgangi þessa máls. Þetta er ekki rétt. Ýmislegt kom fram, ýmsar nýjar upplýsingar, m.a. þær sem okkur var ekki kunnugt um áður að það væri ekki að frumkvæði stjórnarinnar sem hún lagði til að þessi leið yrði farin heldur samkvæmt ósk, ef ekki fyrirskipun, frá hæstv. forsrh. um að Framkvæmdasjóðurinn yrði lagður niður eða sameinaður annarri starfsemi ríkisins. Ég vil einnig benda á að slæmt mat á stöðu sjóðsins er byggt á áliti Ríkisendurskoðunar sem er skilgetið afkvæmi fortíðarvandatalsins á sl. sumri. Ég er alveg sannfærður um að menn sáu ekki afleiðingar þess leiks fyrir þegar af stað var farið. Og ég vil benda hæstv. forsrh. á að hann

sagði hér áðan að enginn gæti lagt endanlegt mat á þetta, þar yrði reynslan að skera úr. Ég bendi hæstv. forsrh. á að það mat sem lagt er þarna til grundvallar, mat Ríkisendurskoðunar, er að eignir í fiskeldi á Íslandi séu nánast einskis virði. Það er það mat sem mundi endurspeglast í reikningum stofnunarinnar og sýna þennan neikvæða höfuðstól. Ef það er einhver sem hefur komið okkur í þessa klemmu núna er það hæstv. forsrh. með fortíðarvandavinnunni í ár.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ómögulegt að sitja undir því að sá sem hafi komið sjóði í vandamál sé sá sem upplýsi um stöðu hans. En það segir kannski heilmikið um viðhorf þess sem mælti að hann skuli líta þannig á. Ég hafði ekkert með það að gera að sjóðurinn var í þeirri stöðu sem hann er kominn í. Ég nefndi það sérstaklega, en þingmaðurinn hefur sennilega ekki heyrt það, að ekkert hefði komið fram í ræðu neins þingmanns sem hér hefur talað að stjórnarmenn hefðu varað við þeirri braut sem frv. gerir ráð fyrir. Þingmaðurinn kom ekki með eitt orð sem hróflaði við þeirri fullyrðingu minni. Þótt menn geti verið með vangaveltur í framhaldi af slíkum umræðum vikum og mánuðum saman er það ekki boðlegt að koma þessu máli ekki í farveg. Menn hafa gert samkomulag um meðferð málsins og það er fáránlegt að ætla að hlaupa frá því samkomulagi á jafnhæpnum forsendum og einstaka maður hér virðist hafa tilburði til að gera.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta kom það fram að stjórnarmenn voru þarna að framkvæma verk sem þeim var falið af forsrh. Það er því ekki von að þeir hafi verið með miklar varnaðartölur uppi. Í öðru lagi hefur sá sem upplýsti um stöðu sjóðsins gert það með því að leggja til grundvallar upplýsingar sem segja að eignir í fiskeldi á Íslandi séu einskis virði. Sá hinn sami hæstv. forsrh. sagði úr þessum stól fyrir örfáum mínútum að um raunverulegt virði og eignarmat gæti ekkert annað en framtíðin skorið úr.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. flutti hér mjög prúðmannlega ræðu. En frásögn hans af þessum málum, þar sem hann sendi okkur framsóknarmönnum sérstaka kveðju í blöðunum í sumar, var ekki á sömu nótunum. Hann getur varla ætlast til að menn noti baunabyssur eftir að sú stórskotahríð var á okkur sett. Ég tel þau ummæli ekki prenthæf. Ég veit að hæstv. forsrh. man vel eftir þeim.

Ef hæstv. fjmrh. ætlar að selja eitt hús í eigu íslenska ríkisins verður hann að fá heimild Alþingis til að gera það. Með þeirri afgreiðslu sem hér er verið að leggja til er verið að færa hæstv. fjmrh. söluheimildir á óhemjumiklum eignum. Og það sem verra er, það er búið að lýsa því yfir á Alþingi Íslendinga með afgreiðslunni að þessar eignir séu nánast einskis virði. Hafi nokkur fjrmh. getað ráðstafað gjöfum til gæðinga eftir afgreiðslu Alþingis Íslendinga þá er það sá hæstv. fjmrh. sem nú situr og er með uppáskrift Ríkisendurskoðunar um að hann sé ekki að gefa mönnum neitt þó hann ráðstafi uppbyggingunni í fiskeldinu til einstakra aðila. Ég tel þetta gjörsamlega siðlaust athæfi, hæstv. forsrh. Ég ber ekkert traust til hæstv. fjmrh. til að fara með það vald sem verið er að afhenda honum með þessu móti.

Umræðu frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 400, brtt. 402.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Hér fyrr í dag, við 2. umr. frv., var dregin til baka tillaga um að 14 millj. skyldu renna til norræns kvikmyndaverkefnis. Sú tillaga er endurflutt á þessu þskj. Þá er í öðru lagi tillaga um að við ákvæði til bráðabirgða IV um að í stað orðanna „15. jan. 1992“ og „15. febr. 1992“ í 2. málslið komi: 15. febr. 1992 og 15. mars 1992. Þetta eru ákvæði varðandi Tryggingastofnun ríkisins um að auglýsa skuli með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem telja sig eiga rétt samkvæmt framansögðu á endurgreiðslu sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði og að tekið skuli við umsóknum fram að næstu dagsetningu sem er þá 15. mars. Þetta eru tillögur sem komu ábendingar um í dag og var fjallað um í dag og því eru þessar brtt. fluttar nú.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í Bandaríkjunum hafa blaðamenn löngum haft þann sið að gera úttekt á því eftir að ríkisstjórn hefur starfað í 90 daga hvað hún hefur afrekað. Þessi 90 daga mælikvarði á nýja forseta hefur löngum verið notaður til að leggja mat á það hvort hægt væri að líta svo á að þeir hefðu markað einhverja þá framtíðarstefnu fyrir sitt stjórnartímabil sem byggjandi væri á. Hér á landi búum við við það stjórnskipulag, eins og allir vita, að forsetinn felur öðrum að fara með vald sitt, þ.e. forsrh., og við búum við samsteypustjórnir.

Fyrir framan okkur liggur frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Þetta frv. er afkvæmi tveggja leiðtoga íslenskra stjórnmála, hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Trúa verður því að megnið af því efni sem hér er hafi verið rætt á vordögum úti í Viðey. Þar hafi það komið undir þó að ekki verði það borið í heiminn fyrr en nú á næstunni. Satt best að segja spyr maður sjálfan sig þegar maður skoðar þetta: Hafa þessir menn áttað sig á því að heildaraðgerðir þeirra í

efnahagsmálum Íslands hafa stuðlað að svo miklum samdrætti í þjóðfélaginu að veltutekjur íslenska ríkisins munu minnka meira en sá sparnaður sem þeir eru að leggja til? Gera þeir sér grein fyrir að megnið af tekjum íslenska ríkisins byggist á því að hér séu eðlileg umsvif, hér sé blómlegt atvinnulíf og að vegna umsvifanna koma peningar í ríkiskassann? Það er ekkert sem bendir til að þeir hafi horft á þessa hlið málsins. Þeir virðast nánast hafa trúað því að með því að þrengja að á hinum ýmsu sviðum hefði það engar aukaverkanir í för með sér gagnvart ríkissjóði. Ég hlýt að spyrja sjálfan mig þegar ég horfi á þær ráðstafanir sem hér liggja fyrir: Er þeim ljóst að þrátt fyrir þessar ráðstafanir eru þeir að framansögu, m.a. með vaxtahækkunni sem þeir komu á, búnir að stuðla að því að umsvifin í samfélaginu minnka það mikið að heildartekjur ríkissjóðs munu minnka svo að þeir verða fjær markmiðinu en þeir voru? Þetta er dapurleg niðurstaða. Og jafnvel þó hæstv. heilbrrh. boði það að þessar aðgerðir komi ekki niður á þeim sem minnst mega sín, þá er það þó staðreynd í dag að það er ekki bara í Sovétríkjunum fyrrverandi sem er ótti hjá gömlu fólki. Okkur er sagt að þar færist það í vöxt að það stytti sér aldur vegna þeirrar kreppu sem þar er. Hér á landi er virkileg óvissa og virkilegur ótti og þeir eru margir sem horfa fram á að þeir geta trúlega ekki greitt þau meðul sem þeir þyrftu að kaupa.

Ég hef litið svo á að þeir ráðherrar sem hér um véla væru ekki slæmir menn í þeirri merkingu að þeir vildu vinna þjóð sinni eitthvað illt. Ég held að þeir trúi því að þeir séu að gera hluti sem munu bjarga einhverju. Ég held að þeir séu sannfærðir um að þetta frv. muni skila einhverju stóru og miklu fyrir núv. ríkisstjórn og það er kannski þetta atriði sem ég er alvarlega hræddur við. Ég er alvarlega hræddur við að þeir menn sem fara með völd í landinu virðast vera svo fjarri þeim veruleika að skynja að þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum leysir ekki þá stöðu sem þeir vilja að það leysi. Það leysir hana ekki.

Hæstv. menntmrh. hafði ekki það orð á sér, sem formaður þingflokks Sjálfstfl., að þvermóðska væri einkenni hans heldur hitt að oft og tíðum var litið svo á að hann væri samningamaður og maður sem færi leiðir málamiðlana. Það virðist aftur á móti hafa gerst þegar hann tekur við í menntmrn. að þá eru það einhverjir aðrir sem hafa stillt kompásinn og sagt: Þetta verðum við að gera og hæstv. menntmrh. hefur litið svo á að eftir að hann var búinn að samþykkja fjárlög á Alþingi Íslendinga, sem innifólu vissar staðreyndir, þá bæri honum að stilla kompásinn og sigla eftir þessum merkjum. Vandamálið við það sem hæstv. menntmrh. er að gera er aftur á móti að hætt er við því að þegar kemur að lokadögum hans ævi og okkar hinna, þá fari ávextirnir af tiltækinu að koma fram.

Það er út af fyrir sig fallegt á pappírum að hafa tíu ára grunnskóla. En ef það er stjórnleysi í kennslustofunni í tíu ár vegna þess að kennarinn ræður ekki við að stjórna þeim fjölda nemenda sem honum er ætlaður þá er ávöxturinn af tiltækinu enginn, þá hefur skóladvölin snúist upp í andhverfu sína, hún hefur ekki orðið nemandum til góðs, hún hefur orðið honum til ills. En það er skylda að sækja skóla.

Ef grunnskólalögin eru skoðuð og það markmið þeirra að kennslu væri hagað á þann veg að það kæmi öllum til góða þá blasti við að búið var að gera mikið fyrir meðalnemandann, einnig var búið að gera þó nokkuð mikið fyrir þann sem var á eftir en ekkert var búið að gera fyrir þann sem var á undan, nákvæmlega ekkert. Hæstv. menntmrh. hefði getað farið þá leið, hefði hann viljað ná árangri, að beita sér fyrir því að auðvelda nemendum sem hefðu haft áhuga og getu til að fara í gegnum námsefni grunnskólans á níu árum. Ef hann hefði gert það, hefði fækkað í bekkjunum og skólinn einfaldlega orðið betri því að þá hefði líka nemandinn sem var á undan haft árangur af erfiði sínu ef hann hefði lagt sig fram. Þetta segi ég hér og nú vegna þess að allir vita að eitt af því sem þarf að gerast í íslensku menntakerfi er að ná stúdentsaldrinum niður um eitt ár til samræmis við það sem er í löndunum í kringum okkur. Grunnskólinn er einfaldlega lykillinn að því að ná meiri árangri vegna þess að hann er tíu ára skóli. En það er kolvitlaus ákvörðun þó að ekki sé meira sagt að trúa því að það leysi einhver vandamál að fjölga í bekkjardeildum. Það er betri lausn að fækka kennslustundum en að fjölga í bekkjardeildum.

Ég trúi því að þeir, sem sátu yfir skrifborðinu í menntmrn. og töldu það skynsamlega ákvörðun að fjölga í bekkjardeildum og auka stjórnleysið í skólunum, hafi aldrei fengist við kennslu, hæstv. menntmrh. (**Gripið fram í:** Voru þeir ekki í forsrn.?) Hér er fullyrt úr hliðarsal að þeir hafi verið í forsrn. Ég ætla ekki að dæma um það. En ég trúi því ekki að þar hafi verið hlýtt á ráð þeirra manna sem hafa haft kennslu að atvinnu.

Hugmyndir um að flytja nemendur milli hverfa eru í sjálfu sér þess eðlis að ég tel ástæðulaust að fjalla um þær í þessum ræðustól. Borgarfulltrúar Sjálfstfl. í Reykjavík munu jarða þær hugmyndir. Þær eru einfaldlega vitlausari en svo að hægt sé að ræða þær, byggjast á svo mikilli félagsfræðilegri vanþekkingu að það er hreint og beint ótrúlegt að mönnum detti þetta í hug. Til eru skólar á Íslandi þar sem bætt er inn ákveðnum hópum sem eru teknir úr hliðarskólum. Yfirleitt fylgja þessu viss vandamál vegna þess að þeir sem koma mæta hörðum kjarna sem fyrir er sem ætlar sér stærri rétt en hinum sem bætast við. Það sama yrði uppi á teningnum ef menn færu að framkvæma þessar hugmyndir í alvöru.

Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. ráðherra trúir því að hann muni ekki misbeita því valdi sem hann fær í hendur með því að Alþingi ákveði ekki fjölda kennslustunda heldur geri ráðherrann það. Hins vegar kallar þessi afhending á valdi til ráðherrans á það að aðrir menntamálaráðherrar telji sig þurfa sama traust frá þinginu, þ.e. að þetta verði reglugerðarákvæði í framtíðinni. Og hæstv. menntmrh. getur ekki miðað kröfu um lagasetningu við að hann, hæstv. ráðherra, sitji alltaf í ráðherrastólnum. Hann getur alveg eins verið að framselja með þessu móti reglugerðarvald til

aðila sem hann treystir ekki til að fara með það vald. Fordæmið er þess vegna afleitt, hæstv. ráðherra.

Ég er sannfærður um að farsæld þessarar þjóðar býr í fólkinu sjálfu. Hún býr hvorki í náttúruauðæfum Íslands né því hvaða rétt aðrar þjóðir ætla okkur. Farsældin býr í fólkinu sjálfu. Og grunnskólinn er lykillinn að því að þeir einstaklingar, sem taka við þessu landi, verði hæfari en við sem í dag höfum verið að reyna að hafa áhrif á stjórn þess. Við getum ekki leyft okkur að afgreiða þessi mál með þeirri léttúð sem gert er í þessu frv.

Stefnumarkandi ákvörðun var tekin sl. vor um að börn ættu rétt á skólamáltíðum. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur í alvöru hugleitt hvers vegna börn á Íslandi hafa verið vigtuð og mæld í barnaskólum. Það er haldin skrá yfir hvort þau þyngjast eða hvort þau standa í stað og yfir hvort þau hækka. Þetta er í tengslum við læknisskoðun. Hver skyldi skýringin vera? Ætli þetta sé bara einhver fordildin sem sýnir að menn vilji hafa eitthvað fyrir stafni? Þetta er raunverulega eina opinbera athugunin sem fer fram á því hvort börnin njóti þess viðurværis heima að foreldrunum sé treystandi til að hafa þau í sinni umsjá. Þessi vigtun og mæling er ekki til skrauts, hæstv. menntmrh. Í skólakerfinu, þegar það fór af stað hér á landi, voru kennslustundirnar ekki jafnmargar en þá áttu börnin þess kost að fá sinn hádegisverð. En í dag er tíu ára skeið í lífi þeirra þar sem þau munu ekki fá hádegisverð. Á sama tíma og þetta er að gerast eru flestir foreldrar eða mjög margir farnir að vinna úti þar sem þeir fá hádegisverð. Afleiðingin af því er sú að mjög margir hafa trúlega mun léttari máltíðir á kvöldin. Minni líkamleg áreynsla kallar á að foreldrarnir hafi ekki þörf fyrir tvær máltíðir af þeim styrkleika sem er í hádeginu. Auðvitað leiðir af þessu að börnin sitja uppi með það að fá kvöldmáltíð sem ekki er jafnríflega útbúin og hádegisverðurinn er að meðaltali hjá foreldrunum. Undantekningin frá þessu eru svo tveir dagar í viku, þ.e. laugardagur og sunnudagur.

Ég fer ekki dult með og get játað það hér og nú að fyrst þegar þessi mæling og vigtun á börnum fór fram var mér alls ekki ljós alvaran sem lá á bak við það hvers vegna þetta var gert. Maður aðstoðaði við þessi störf eins og hvert annað sem maður aðstoðaði við í hugsunarleysi að sinna því verkefni sem manni var falið. En því miður hafa sennilega flestir, sem hafa haft þó nokkuð langa dvöl í barnaskólum landsins, áttað sig á að þarna er rík alvara á bak við. Í Reykjavík er alvaran mikil. Það er staðreynd að um eða yfir 10% af börnum í þéttbýlinu fá ekki þá næringu sem viðunandi getur talist. Þau eiga að mæta í skólann, það er þeirra skylda en samfélagið hefur ekki skilning á einfaldasta atriðinu til þess að þau uni sér þar, þ.e. að þau séu eðlilega nærð. Á sama tíma og íslenskt samfélag telur það ekki skyldu sína að tryggja að börn í skólum séu eðlilega nærð þá erum við að safna hjálpargögnum til að senda út um allan heim, fín þjóð með göfug markmið.

Það hlýtur að vera dapurlegt fyrir hæstv. menntmrh. að sitja í þeim sporum að hafa verið ráðherrann sem lagði til að þessi ákvæði færu út úr grunnskólalögunum. Hafi hann einhvern tíma trúað því að hann væri að gera þetta af tillitssemi við sveitarfélögin, þá hlýtur honum að vera ljóst að svo er ekki. Ekkert hik er á hæstv. ríkisstjórn að leggja byrðar á sveitarfélögin þó að þau mótmæli.

Ég verð að segja eins og er að mér þótti vænt um afstöðu hv. 4. þm. Reykv. þegar þessi mál komu til atkvæðagreiðslu. Það gerist gjarnan eftir að menn hafa setið nokkuð lengi á Alþingi að þeir vilja hefja sig yfir dægurþrasið og taka frekar afstöðu á þann veg að þeir geti verið sáttir við dóm sögunnar um þá afstöðu sem þeir tóku. Kannski er það þegar menn eru komnir á það stig að þeir eru orðnir hæfir til þess að vinna verk sín á Alþingi Íslendinga út frá réttu sjónarhorni. Því að meðan menn eru svo konungshollir að þeir hlýða skilyrðislaust þeim meiri hluta sem fer með völdin hverju sinni og dansa eftir öllum fyrirmælum í atkvæðagreiðslum hvort sem þeim er það þvert um geð eða ekki þá eru þeir í reynd miklu líkari leikbrúðum sem dansa eftir því hvernig stjórnandinn togar í strengina en viti bornum mönnum sem taka afstöðu í samræmi við skoðanir sínar. Ég er sannfærður um að hæstv. menntmrh. mun hugleiða það í alvöru hvort hann vill skiljast svo við ráðuneyti sitt að hann verði ráðherrann sem tók þetta út eða hvort hann vill nú hefja fyrir því baráttu innan ríkisstjórnarinnar og innan sveitarstjórnavaldsins á höfuðborgarsvæðinu að þetta ákvæði verði sett inn á nýjan leik. (**Menntmrh.:** Er þingmaðurinn að tala um skólamáltíðirnar?) Þingmaðurinn er búinn að vera að tala um skólamáltíðir alllanga tíð. Ég fagna því að hæstv. ráðherra vill þó fylgjast með því sem er til umræðu og sýnir vissulega með því virðingu við þann sem hér stendur og er að reyna að koma því á framfæri að hann telur að það sé ekki of seint að endurskoða þessa afstöðu hvort sem þetta mál fer út nú, endurskoða það og setja þetta inn aftur.

Mér urðu það mikil vonbrigði að þegar nefndadeild þingsins sem á að sjá um þjónustu við þingmenn sendi bréf í menntmrn. og vildi fá upplýsingar um það hvernig staðið væri að þessum málum á Norðurlöndum þá barst það svar að slíkar upplýsingar væru ekki tiltækar. Einstakir menn vissu kannski eitthvað um þetta hjá einstökum löndum en að heildarupplýsingar lægju ekki fyrir. Það verður að segjast eins og er það var alveg á mörkunum að ég tryði því að verið væri að segja mér satt. Ég lít svo á að eitt af því sem menntmrn. gerir sé að viða að sér upplýsingum um skólamál erlendis og alla þætti þeirra. Ég vissi að slík vinna fór fram í menntmrn. fyrir nokkrum árum og ég hélt að það væri enn til staðar. Ég lít á slíka gagnaöflun sem eitt af því nauðsynlegasta sem innt er af hendi í ráðuneytinu svo að ráðuneytið sé þess meðvitandi og sé um það fróðara en allir aðrir aðilar í landinu hvað sé að gerast í kringum okkur. Ég verð að játa að það voru að mörgu leyti ánægjulegir dagar í vor að vera á Alþingi Íslendinga og kynnast því í stuttan tíma að grunnskólinn virtist verða hafinn yfir flokka, þ.e. menn fóru að vinna af meiri tillitssemi hver í annars garð til að ná sátt um grunnskólann og afgreiða hann með þeim

hætti. Sjálfstæðismenn tóku ekki síður þátt í þessu en aðrir, þeir fengu ýmislegt fram sem þeir höfðu haft á óskalista sínum og samþykktu annað. Ég átti þess vegna ekki von á því að mönnum dytti í hug í bandormi eins og þessum að ganga um á skítugum skónum í þessum lagatexta. Menn létu þá fara fram formlega endurskoðun á lögunum þar sem gefinn væri nægur tími til að fara yfir efni málsins. Nei. Vaðið var í þetta verk með vinnubrögðum sem eru ekki til þess að hrósa.

Ég veit að hæstv. ráðherra hefur brotið heilann um hvaða breytingar þurfi að gera á framhaldsskólanum og hvað þurfi að gera til þess að auðveldara verði að færast á milli skólastiga á Íslandi en eins og allir vita hefur Háskólinn uppi hugmyndir um það í dag að hætta að taka stúdentsprófið gilt eða meta það með öðrum hætti en verið hefur. Hæstv. ráðherra þyrfti að hugleiða þá stöðu að framhaldsskólinn er aðeins í fjögur ár en grunnskólinn er í tíu ár og bæta við þeirri heimspeki Darwins þegar blaðamennirnir spurðu: Á hvaða árum ævinnar lærðir þú mest? og biðu svo spenntir eftir svarinu. Og Darwin svaraði: Á fyrstu þremur árunum, herrar mínir. Það er alveg tómt mál að trúa því að önnur ár séu þroskavænlegri eða skili meiru en þessi tíu ár. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að góður skóli sé það mikils virði að efli hann lestrarhneigð manna sé ekki hægt að finna grundvallarmun á því í framtíðinni hvort menn hafi stundað mikið skólanám eða ekki. Því að sá sem heldur áfram að lesa hefur sömu möguleikana til að lesa og sá sem heldur áfram í háskóla. En ef grunnskólinn bregst og ef tíu árum í ævi mannsins er sóað í hálfgerða hringavitleysu og martöð í allt of fullum bekkjardeildum með allt of litlum stuðningi við skólann til þess að hann geti sinnt sínu starfi eru menn að kasta lífi í ruslafötuna. Þá eru menn að stytta mönnum stundir en ekki að kenna. Og það er svo stutt á milli þess að stytta mönnum stundir í þeirri merkingu og að stytta sér aldur. Ég vil þess vegna skora á hæstv. menntmrh. að þó að hann hafi e.t.v. orðið að líta svo á að kaupverð gæfunnar til þess að mega vera ráðherra væri að þurfa að skrifa upp á þær kolvitlausu tillögur sem hér eru þá hugsi hann til þess að stundum er sókn besta vörnin og hann reyni að ná vopnum sínum í þessum efnum. Sagan mun engan mann vel dæma sem telur að sóun á fjármunum Íslands liggi fyrst og fremst í því hve mikið sé gert fyrir börn í grunnskólum landsins.

Hitt er svo líka umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra að barnafjöldi á Íslandi fer stöðugt niður á við í hlutfalli við þá fullorðnu. Við nálgumst stöðugt það sama og þær frægu menningarþjóðir í kringum okkur sem eru hættar að endurnýja sjálfar sig í barneignum. Þær flytja inn fólk í stórum stíl til að vinna ýmiss konar störf fyrir sig. Ef við förum svolítið aftar í söguna var glettilega stutt blómaskeið þeirra þjóða sem fæddu ekki upp það fólk sem átti að lifa í löndum þeirra heldur töldu að þeir ættu að leysa það með því að flytja inn einhverja lágstétt. Það var stutt blómaskeiðið og svo gæti farið fyrir Íslendingum ef við hættum að sinna þessu verkefni af sömu alvöru og við höfum gert að undanförnu að hafa þau markmið að reyna stöðugt að bæta skólann. Ef við hættum að sinna þessu verkefni yrði stutt í afturför á ýmsum öðrum sviðum.

Mér hefur oft verið hugsað til þess eitthvað hafi verið í þýsku skólakerfi sem gerði það að verkum að Þjóðverjar náðu slíkum afburðaárangri í framleiðslu á verðmætum. Satt best að segja staldra ég oft við það að um seinustu aldamót var það verknámsskóli Kerschensteiners sem var aðalforskrift þeirra og stuðlaði að því að jafnvel þótt menn færu í háskóla urðu þeir einnig að læra einhverja iðngrein ef þeir áttu að fá að halda áfram. Það var skilyrðið. Hér á landi virðist enn einu sinni vera að koma ný bylgja á þann veg að menn vilja ekki styðja við verknámið með eðlilegum hætti og birtist það í þeim hugmyndum sem fyrir liggja um Lánasjóð ísl. námsmanna þar sem þeir sem eru á háskólastigi telja mesta réttlætismálið að ýta þeim út úr sjóðnum sem eru við nám í iðnskóla.

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara yfir alla kafla þessa frv. Viss verkaskipting hefur verið í mínum flokki og ég hef að mestu haldið mig við menntamálin eins og hér hefur komið fram. Mér hefur einnig verið tjáð að hæstv. heilbrrh. hafi búið sig undir að flytja hér mikla ræðu áður en hann nær hálfrar aldar afmæli og ég vil ekki verða til þess að koma í veg fyrir að að sú ræða verði flutt fyrir þau tímamót.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég man ekki hvort hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var í salnum í gær þegar ég hélt ræðu mína en mér heyrist á ræðu hans að hann hafi ekki verið viðstaddur vegna þess að hann fjallaði um flest þau atriði sem ég ræddi í gær og tímans vegna ætla ég ekki að endurtaka neitt af því sem hann sagði. Ég get út af fyrir sig þakkað honum fyrir málefnalega ræðu og ég veit að hann ber mikla umhyggju fyrir skólamálum enda kunnugur þeim af starfsferli sínum. En of stór hluti ræðu hans byggðist á misskilningi. Hann talaði t.d. um skólamáltíðirnar og spurði hvort ég vildi verða ráðherrann sem tók þessi ákvæði út úr lögunum. Það vildi ég ekki vera og ég er ekki að því. Ég er ekki að því. Það er verið að taka út ákvæðin úr bráðabirgðaákvæðum grunnskólalaganna varðandi skólamáltíðirnar sem segja að ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma skuli koma til framkvæmda á næstu þremur árum. Það er þetta ákvæði sem er tekið út en eftir stendur lagagreinin óbreytt. „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatímum."

Hann gerði fjölgun í bekkjardeildum líka að umræðuefni. Ég fór rækilega yfir það atriði í ræðu minni í gær og tók skýrt fram að ekki stæði til að hefja einhvern kerfisbundinn flutning nemenda milli skóla í Reykjavík. Það hefur verið snúið út úr því sem ég sagði aðspurður í viðtalstíma í útvarpinu fyrir allnokkru, ég held að það hafi verið 8. jan., og ekkert er í þessum heimildum sem ég hef leitað eftir sem bendir til þess.

Ég held að ég verði að láta þetta nægja því að tími minn er búinn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki ljóst hvað hæstv. menntmrh. gerir ráð fyrir að sitja lengi í þessum stól. Ég hélt að það væri með það eins og tímans óvissa skeið, ákaflega erfitt væri að sjá það fyrir. Og það ákvæði sem sett var inn og átti að þrýsta á að sveitarstjórnum væri ljóst að ekki væri til setunnar boðið að undirbúa skólamáltíðirnar er að fara út og því vænti ég að hæstv. ráðherra hafi gert sér grein fyrir. Ég fagna því að upplýst er að ekki komi til að keyra nemendur á milli hverfa í Reykjavík og hafi ráðherra komið þeim boðskap til þingsins áður án þess að ég hafi orðið þess var hef ég að sjálfsögðu þá skyldu að játa að ég hef þá ekki fylgst nægilega vel með. En ég vona einnig að alveg eins og sú umræða verði ráðherranum til góðs muni hann hugleiða þau mál hvort það sé víst að ráðgjafarnir hafi allir ráðið honum heilt sem stóðu að því að leggja það til sem nú er ákveðið að gera í grunnskólalögunum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að mér hafi verið ráðið heilt af embættismönnum í menntmrn. og öðrum þeim sem ég hef leitað til.

Ég vil aðeins bæta því við varðandi reglugerðarákvæðið sem sóst er eftir í þessu frv. að menntmrh. fái til þess að ákvarða vikulegan kennslutíma er aðeins í eitt ár vegna þess að 46. gr. þar sem kveðið er á um vikulegan kennslutíma raknar við að nýju á árinu 1993.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mega skilja orð hæstv. menntmrh. á þann veg að hann muni ekki standa aftur að tillöguflutningi á þann veg að sú grein verði tekin úr sambandi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla að víkja hér að nokkrum atriðum sem þegar hafa verið afgreidd í þessum bandormi og greinilega er ríkjandi um misskilningur m.a. hjá hæstv. menntmrh. Hann sagði síðast áðan í andsvari við ræðu hv. 2. þm. Vestf. að það eina sem gerðist varðandi skólamáltíðir væri að þær færu út úr ákvæði til bráðabirgða. Þetta sagði hann líka í sjónvarpsþætti í gærkvöldi. Í ákvæði til bráðabirgða í lögunum segir: „Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara." — En það var verið í dag, eða gær kannski frekar, að fella þetta ákvæði út úr lögunum því í brtt. meiri hlutans stendur að 3. mgr. 4. gr. komi ekki til framkvæmda á árinu 1992. Hún fer því út núna. Hvort tveggja er gert að þetta er tekið út úr bráðabirgðaákvæðinu og líka út úr greininni á árinu 1992.

Ég skildi hæstv. ráðherra þannig í andsvarinu áðan við ræðu hv. 2. þm. Vestf. að hann hefði þann skilning á þessu að þetta félli ekki út. (**Menntmrh.:** Þá hef ég ekki talað nægilega skýrt.) Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að samkvæmt orðanna hljóðan í þessum texta þá vaknar greinin til lífsins um áramót, þ.e. frá 1. jan. 1993.

En þá kem ég að öðrum þáttum í þessu ákvæði til bráðabirgða sem er alveg óhjákvæmilegt að tala út um úr því að við erum á annað borð að ræða þetta. Í ákvæði til bráðabirgða stendur: „Ákvæði 46. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemanda komi til framkvæmda á næstum þremur árum frá gildistöku laga þessara."

Í 46. gr., sem núna á að falla út samkvæmt tillögunum og samkvæmt því sem afgreitt hefur verið, stendur: „Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:" — og síðan er það talið upp. Það er sem sagt ljóst að þetta ákvæði, ákvæði til bráðabirgða, samkvæmt skilningi menntmrh., lifnar við líka um áramótin vegna þess að hér stendur: „Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á árinu 1992." Þess vegna hlýtur ákvæði til bráðabirgða líka að lifna við um áramótin og spurningin er þá aðeins um það hvort telja beri þriggja ára aðlögunartíma frá þeim áramótum eða hvort þá beri að líta þannig á að liðinn sé árs aðlögunartími og eftir sé tveggja ára aðlögunartími. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að skilja þetta svona, hæstv. ráðherra, sem þýðir aftur á móti að sú skerðing á kennslutíma sem á að taka gildi í grunnskólanum núna í haust er byggð á þessum lögum og hún getur ekki haldið áfram eftir áramót nema samþykkt verði ný lög í millitíðinni. Það er alveg augljóst mál að heimild til áframhaldandi skerðingar eftir áramótin 1992/1993 er ekki til nema samþykkt verði ný lög í millitíðinni.

Eins er rétt að víkja að 3. málslið ákvæðis til bráðabirgða. Þar segir: „Ákvæði 35. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni."

Með öðrum orðum, þetta ákvæði er fellt út núna fyrir árið 1992 en það lifnar við 1. jan. 1993 og þá telur það frá og með gildistöku laganna, þ.e. 27. mars 1991. Það er alveg augljóst mál að þetta ákvæði hlýtur að lifna við á nýjan leik. Það er sem sagt verið að taka það úr sambandi fyrir árið 1992 en það lifnar við um áramót og frá sjónarmið ríkisfjármálanna er í raun óþarfi að fella þetta ákvæði úr gildi af því að málið er á valdi menntmrh. hvort eð er.

Í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða segir: „Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda þannig að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi í samræmi við það sem segir í 46. gr., skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum."

Samkvæmt orðum hæstv. menntmrh. og því sem stendur hér í textanum þá lifnar þessi grein einnig við

um næstu áramót. Það er því óhjákvæmilegt að reikna með því, nema lögum verði breytt á nýjan leik, að hér verði komið á einsetnum skóla, á tíu ára tímabili hið lengsta, frá og með gildistöku laganna sem er 27. mars 1991.

Í 5. mgr. þessarar greinar segir síðan: „Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara."

Ég vil, virðulegi forseti, fá að ljúka þessu sem snýr sérstaklega að fyrstu greininni í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þess að mér finnst að það gæti misskilnings og menn hafi ekki skilið til hlítar hvað hér er að gerast. Ég orða það þannig: Ákvæði til bráðabirgða fellur út á árinu 1992 og lifnar við um áramótin. Þá er liðinn tiltekinn hluti af aðlögunartímanum og aðlögunartíminn, að frádregnum tímanum frá 27. mars 1991, fer að telja á nýjan leik nema Alþingi setji ný lög. Það er svo aftur allt annað mál. Sérstaklega á þetta þó við um skólamáltíðirnar vegna þess að það er í raun og veru eina ákvæðið sem er tekið út. Hin eru inni, fyrir utan bráðabirgðaákvæðin. Öll hin ákvæðin eru inni: Ákvæðin með kennslutímann, vikulegan kennslutíma, með hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk o.s.frv., með námsráðgjafana og með einsetinn skóla. Öll þau ákvæði eru inni áfram en aðeins þetta ákvæði um málsverði á skólatíma er fellt út. Ég vil bara skjóta því að hæstv. menntmrh. af því að ég verð að gera hér hlé á ræðu minni smástund og spyrja hann hvernig á því stendur að þetta eina ákvæði um máltíðirnar er tekið út en hin eru öll inni. Ég held satt að segja að þetta hljóti að vera mistök. Ég sé engin efnisleg rök fyrir því að gera þetta svona, sérstaklega vegna þess að málsverðirnir tilheyra í raun og veru sveitarfélögunum.

Ég ætlaði, virðulegi forseti, að fara nokkrum fleiri orðum um atriði sem snúa að menntmrn. og til að ljúka því — ég ætla ekki að fara að lengja hér mál mitt verulega — vil ég nefna annað atriði. Það snertir bráðabirgðaákvæðið um Kvikmyndasjóð þar sem gert er ráð fyrir því að 14 millj. verði teknar af honum í ár til þess að verja í hið norræna kvikmyndaverkefni. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort ekki er von til þess, jafnvel þó að þetta yrði samþykkt svona, að reynt verði að sækja á þótt síðar yrði á árinu með 14 millj. til viðbótar í Kvikmyndasjóð vegna þess einfaldlega að við sjáum á úthlutuninni úr Kvikmyndasjóði núna að hann hefur ekki fjármuni í dag nema til þess að veita fé í eina leikna mynd. Það er náttúrlega ekki nóg, við þurfum að setja okkur það mark að við séum með kvikmyndasjóð sem ræður við hátt í tvær leiknar myndir. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort öll nótt sé úti að hans mati varðandi þessar 14 millj. sem hér er um að ræða.

Hæstv. forseti hafði nefnt það að e.t.v. yrði gert hlé á þessum ræðuhöldum í bili og ég geri það og tala þá lítillega eftir kvöldmatinn. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég fór fyrir kvöldmatarhlé aðeins yfir skólamálaþáttinn í þessu frv. og beindi spurningum um viss atriði til hæstv. menntmrh. sem ég er nokkuð sannfærður um að misskilningur hefur verið um á milli ráðherra og margra þingmanna. Sömuleiðis ræddi ég aðeins um það sem lýtur að Kvikmyndasjóði og ætla að endurtaka það meðan ég hinkra eftir öðrum ráðherrum hér.

Varðandi Kvikmyndasjóð þá er það þannig að seint á síðasta ári var ákveðið að Ísland tæki þátt í svokölluðu norrænu kvikmyndaverkefni. Ákveðið var að taka af Kvikmyndasjóði á síðasta ári einhverjar upphæðir til að standa undir því norræna kvikmyndaverkefni. Jafnframt var ákveðið að Ísland tæki þátt í því áfram sem þýðir þó nokkrar fjárskuldbindingar upp á nokkra tugi milljóna króna. Þetta er mjög mikilvægt verkefni bæði vegna þess að með því móti erum við að skapa okkur aðgang að mörg hundruð milljónum af norrænu kvikmyndafé og kannski ekki síst vegna þess að gert er ráð fyrir því að þetta samnorræna kvikmyndaverkefni gangi ekki aðeins út á það að framleiða myndir og styrkja framleiðslu á kvikmyndum, heldur gerir samnorræna kvikmyndaverkefnið, eins og það er lagt upp, líka ráð fyrir kynningarstarfi á kvikmyndum, auglýsingum á kvikmyndum og það er satt að segja mjög mikilvægt. Samkeppnin er mjög hörð á hinum alþjóðlega kvikmyndamarkaði og það er mjög dýrt að auglýsa kvikmyndir. Með því að taka þátt í verkefninu erum við að opna okkur aðgang að verulegu auglýsingafé sem lagt yrði inn í þennan heildarsjóð. Hér er því um býsna mikilvægt mál að ræða.

Nú stóð þannig á snemma á þessu ári að vel gat farið svo að skipt yrði um ríkisstjórn einhvern tímann á árinu — ég er að tala um árið 1991 — þó maður hefði ekki endilega búist við því. Miðað við kosningaúrslit hefði auðvitað átt að vera hægt að halda fyrri stjórn áfram en svo varð nú ekki eins og kunnugt er. Til að ganga sem öruggast frá þessu máli beittum við okkur fyrir því að forustumenn allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa áttu á Alþingi skrifuðu undir fyrirheit þess efnis að tryggt yrði fjármagn umfram fjármagnið til Kvikmyndasjóðs í þetta sérstaka verkefni. Undir þetta skrifuðu forustumenn flokkanna, eins og ég sagði, forustumaður af hálfu Kvennalistans, formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson og þáv. formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson. Hér var um að ræða mál sem ég taldi fyrir mitt leyti algjörlega tryggt og ég sendi sem menntmrh. stjórn verkefnisins upplýsingar um þessa niðurstöðu og stjórn verkefnisins tók hana góða og gilda og féllst á það fyrir sitt leyti að Ísland yrði út á þetta fyrirheit aðili að verkefninu þó að greiðsla kæmi líklega á þremur árum frá Íslandi í þetta samnorræna kvikmyndaverkefni.

Ég taldi sem sagt að algjörlega væri tryggt að menn mundu standa við þessi fyrirheit. Síðan kom frv. til fjáraukalaga í haust þar sem þetta verkefni var tekið inn. Ég tók eftir því — auðvitað hefði ég átt að gera það fyrr — þegar fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1991 að fjármuni mundi vanta í þetta sérstaka verkefni nema menn ætluðu að taka það af Kvikmyndasjóði. Kvikmyndasjóður er auðvitað mjög veikur til þess að taka á sig verkefni af þessu tagi. Sá grunur breyttist síðan í vissu þegar ég sá hér tillögu til breytinga á frv. til

laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá meiri hluta efh.- og viðskn. þar sem gert var ráð fyrir því að 14 millj. kr. yrðu teknar af Kvikmyndasjóði á þessu ári í norræna kvikmyndaverkefnið. Mér skilst að úthlutunin úr Kvikmyndasjóði núna, sem var tilkynnt í síðustu viku, hafi verið miðuð við þetta, þannig að ekki var úthlutað nema 50 eða 55 millj. kr. sem er í rauntölum lægsta úthlutun Kvikmyndasjóðs frá upphafi. Af þessum ástæðum, virðulegi forseti, tók ég þetta mál upp. Ég hefði viljað inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort öll nótt er úti með þetta mál, hvort ekki er hugsanlegt að fjármunir náist þó síðar verði á árinu 1992 í þetta norræna kvikmyndaverkefni. Hvað sem hæstv. fjmrh. gerir þá býst ég fastlega við því, og ég held allir þingmenn nema kannski hæstv. fjmrh., að flutt verði í haust frv. til fjáraukalaga og menn verði að horfast í augu við þann veruleika sem rekstrarniðurstöður ríkissjóðs leiða til á þessu ári. Ég er sannfærður um að sá halli, sem gert er ráð fyrir á fjárlögunum og miðað er við í þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verði því miður talsvert mikið meiri m.a. vegna þess að menn hafa ekki þorað að sækja peningana þar sem þeir eru til og líka vegna þess að sparnaðarráðstafanir í ríkisfyrirtækjum eru illa undirbúnar og sums staðar óframkvæmanlegar.

Í framhaldi af þessum athugasemdum sem snerta hæstv. menntmrh. ætla ég aðeins að víkja að öðrum atriðum í þessu frv. Tvö þeirra snerta hæstv. heilbrrh. og varða annars vegar samráð um ákvörðun kostnaðargreiðslna til sjúkrahúsa og hins vegar skerðingu á ellilífeyri og hvernig ætlunin er að framkvæma það. Síðan hafði ég hugsað mér að ræða um tilsjónarmannakerfið. Ég veit að menn hafa talað mikið um það hér en ég hef ekki lagt orð í þann belg enn þá. Ég verð að segja alveg eins og er að margt skrýtið hefur maður séð frá þessari ríkisstjórn en ég botna ekkert í hvernig menn hugsa sér að þetta verði framkvæmt. Það er best ég víki að því meðan ég bíð eftir því að hæstv. heilbrrh. komi hér og í von um að hæstv. forsrh. sem er flutningsmaður málsins birtist hér fljótlega en ég sé að varaformaður efh.- og viðskn. þingsins sem ber auðvitað mikla ábyrgð á þessu máli heiðrar okkur með nærveru sinni og getur kannski lagt hér orð í belg.

Hér er gert ráð fyrir því í þessari tillögu að heimilt verði „að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr fjárveitingum sem fjárlög ákveða.“ Starfssvið tilsjónarmanna er í fyrsta lagi að skipuleggja fjárhagsáætlanir stofnana. Í öðru lagi að hafa eftirlit með reikningshaldi stofnana. Í þriðja lagi að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar stofnana, þar á meðal um starfsmannahald. Segja má að það sé fjórði þáttur, þ.e. tilsjónarmennirnir eiga bæði að taka ákvarðnir um fjárskuldbindingar í rekstri og líka um starfsmannahald stofnana, „eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni.“

Ég skil hæstv. ríkisstjórn þannig að tilgangur með flutningi þessarar tillögu sé sá að reyna að tryggja að sparnaðurinn gangi eftir og eitthvert sæmilegt lag sé á fjárreiðum ríkisstofnana og það er út af fyrir sig gott. Ég hef heyrt hæstv. heilbrrh. vitna í fyrrv. menntmrh. í þessu sambandi, að hann hafi sýnt þarna sérstaklega gott fordæmi með því að skipa tilsjónarmann í einni stofnun hér sem heitir Þjóðleikhús. Ég ætla að víkja að því og ástæðan fyrir því að ég skipaði þann mann á sínum tíma var sú að fjárhagur stofnunarinnar var ekki í böndum og hafði ekki verið um langt skeið. Mig minnir að þegar ég kom í ráðuneytið haustið 1988 hafi yfirdráttur Þjóðleikhússins á launareikningi ríkissjóðs verið um 300 millj. kr. Þetta gat náttúrlega ekki gengið. Niðurstaðan var sú að ég réð þarna sérstakan fjármálastjóra og skrifaði undir erindisbréf til hans sem þjóðleikhússtjóri skrifaði líka undir þannig að þjóðleikhússtjóri framseldi hluta af sínu valdi sjálfur til þessa manns. Síðan vann hann samkvæmt þessu. En þegar kom t.d. að því að segja upp fólki vegna lokunarinnar í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma voru þær ákvarðanir í fyrsta lagi teknar af þáverandi þjóðleikhússtjóra og síðan voru teknar ákvarðanir af verðandi þjóðleikhússtjóra.

Í framhaldi af þessu og vegna góðrar reynslu af ráðningu þessa manns ákváðum við að kanna hvort hugsanlegt væri að prófa þetta víðar. Í minni tíð ræddum við um það að setja slíkan fjármálastjóra til þess að fara yfir fjárreiður tveggja ríkisstofnana. Ég kann ekki við að nefna þær hér en það voru stofnanir á verksviði menntmrn. og ég hygg að sé verið að skoða þær sérstaklega um þessar mundir. Þetta er út af fyrir sig algjörlega sjálfsagt mál og ég tek ekki undir gagnrýni á þessa hugsun. En hins vegar er hér í raun verið að setja í lög efni sem skerðir eða breytir verulega valdsviði þeirra manna sem ráðnir hafa verið til viðkomandi stofnana. Í raun og veru er verið að segja að þrátt fyrir skipunarbréf skólastjóra eða forstöðumanns sjúkrahúss ræður hann ekki ef ráðherranum þóknast að setja þarna inn tilsjónarmann. Ráðherrann þarf að hafa rök, hann getur náttúrlega ekki tekið sig upp svo að segja án atrennu til þess að skipa þennan mann, ráðherrann þarf að hafa rök. Hvaða rök hefur ráðherrann samkvæmt þessu? Jú, að stofnunin hafi farið fram úr fjárhagsáætlun, fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða, þ.e. þeirri fjárhagsáætlunin sem stofnunin starfar eftir. Segjum að greiðsluáætlun fjmrn. geri ráð fyrir því að þessi stofnun eyði 10 millj. á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Komi í ljós við yfirlitið í lok febrúar 1992 að stofnunin hafi kannski eytt 12 eða 13 millj. kr. er það út af fyrir sig nóg eftir þessum texta til að skipa tilsjónarmann. Hvað getur hann þá gert samkvæmt þessu? Hann getur í rauninni vikið forstöðumanninum til hliðar varðandi skipulag reikningshalds, eftirlit með reikningshaldi og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og hann getur tekið ákvarðanir um fjárskuldbindingar og um starfsmannahald. Hann getur ákveðið að segja upp mönnum í blóra við viðkomandi forstöðumann og hann getur ákveðið að ráða nýja menn í blóra við viðkomandi forstöðumann. Með öðrum orðum, það er í raun verið að taka af þessum forstöðumanni geysilega stóran þátt af hans valdsviði. Núna getur auðvitað hæstv. fjmrh. sagt: Þetta verður

bara að vera svona, það verður að líta eftir þessum mönnum og passa að þeir eyði ekki of miklu. Það eru rök í sjálfu sér. En hin hliðin á þessum peningi er sú að þessir forstöðumenn, sem standa frammi fyrir svo að segja óleysanlegum verkefnum, að skera niður núna, verða, mér liggur við að segja guðs fegnir, að fá þessa menn og losa sig þannig undan þeirri ábyrgð sem þeir eiga að hafa. Við vitum auðvitað að forstöðumenn lítilla stofnana eru oft svo tengdir sínum samstarfsmönnum að afar erfitt er fyrir þá iðulega að taka á rekstrar- og sparnaðarráðstöfunum af ýmsu tagi. Þess vegna getur meira en verið að í rauninni sé með þessu ekki verið að auka ábyrgð og aðhald heldur verið að taka af mönnum þá ábyrgð sem þeir þurfa að hafa. Ég tel þess vegna, herra forseti, að orðalagið á greininni sé enn þá ekki nægilega gott. Ég held að í greininni hefði átt að taka fram með beinum „pósitífum" hætti að þrátt fyrir þetta ákvæði haldi auðvitað skipunarbréf og lagaákvæði um viðkomandi stofnanir og forstöðumenn þeirra gildi sínu. Ef það gerist að viðkomandi forstöðumaður vill ekki starfa með ráðherranum að því að taka stofnunina fjárhagslega í gegn er auðvitað til sá flötur á málinu að ráðherrann segi forstöðumanninum upp. Ég held að þarna séu menn að búa til gildru sem muni koma ríkissjóði í koll og ekki verða til þess að styrkja hann fjárhagslega heldur þvert á móti.

Ég nefndi það hér við nokkra stjórnarsinna í dag og þar á meðal ráðherra hvort þetta væri ekki ómögulegt eins og það er, aðallega af þessari ástæðu. Mér fannst að menn tækju vel í þessar röksemdir. Ég tek það fram, herra forseti, ég er ekki að spinna þetta út úr höfðinu á mér svo að segja, ég hef hitt forstöðumenn stofnana sem eru með gríðarlega miklar sparnaðarkvaðir á sér og þeir segja þetta beinlínis. Kannski er best að þeir komi hingað. Ég held að orðalagið á þessu sé enn þá vitlaust eða rangt og þess vegna væri skynsamlegra að laga það til þess að ríkið geti haldið þessum forstöðumönnum stofnana sinna við efnið hvað sem þessu líður.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er mættur og það er gott. Það er auðvitað hann sem á að passa þetta allt. Ég held satt að segja að hann græði voðalega lítið á því að hafa þetta svona. Það getur verið að hægt sé að laga orðalagið að einhverju leyti með skipunarbréfum. Auðvitað er hugsanlegt að laga þau með einhverjum hætti að þessum veruleika sem ég er hérna að reyna að tala um og að reyna að koma á samstarfi við forstöðumenn viðkomandi stofnana um hvernig þetta verður gert.

Þessi lög sem hér er verið að breyta heyra undir hæstv. fjmrh. og ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hann hefur hugsað sér að framkvæma þetta varðandi erindisbréfin til þess að halda forstöðumönnunum við efnið samkvæmt sínum skipunarbréfum og um leið til þess að ganga þannig frá hlutunum að það markmið náist að tryggja að stofnanirnar haldi sér innan ramma fjárlaganna.

Þá ætladi ég næst, virðulegi forseti, aðeins að víkja að örfáum tæknilegum atriðum sem snerta hæstv. heilbr.- og trrh. Það fyrsta er í sambandi við 13. gr. frv., um breytingu á 11. gr. laga um almannatryggingar sem við erum hér að fjalla um og varðar skerðinguna á ellilífeyrinum. Hvenær byrjar hún? Það er ekki hægt að byrja hana 1. febr. Það er alveg útilokað vegna þess að engin gögn eru til. Í textanum, eins og hann var í höndunum á meiri hlutanum, var gert ráð fyrir því að þetta byrjaði 1. febr. Forstöðumenn Tryggingastofnunar ríkisins sögðu að þetta gæti aldrei byrjað fyrr en 1. mars vegna þess að upplýsingar um tekjur liggja ekki fyrir. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. um þetta praktíska atriði: Hvernig á að koma þessari skerðingu við? Það er í raun ekki hægt, ekki boðlegt að miða þessa skerðingu við tekjur ársins 1990. Það verða að liggja fyrir tekjuupplýsingar fyrir árið 1991 og þær verða ekki tilbúnar fyrr en komið er fram í apríl eða svo á þessu ári. Ég man eftir, þegar við breyttum fyrir einu eða tveimur árum frítekjumarkinu gagnvart lífeyrissjóðatekjunum, þá urðum við að bíða til 1. júlí með að láta það taka gildi til þess að tekjuupplýsingar lægju fyrir og til þess að þetta nýja frítekjumark vegna lífeyrissjóðanna tæki gildi á sama tíma og hið almenna frítekjumark. Nú eru menn hins vegar að búa til nýtt frítekjumark fyrir tekjur ellilífeyrisþega, atvinnutekjur nota bene, sem eru á bilinu 66.000–114.000, ef ég man rétt. Þá hefði ég haldið að það væri gífurlega flókin vinna fyrir Tryggingastofnun ríkisins að gera þetta öðruvísi en í sama tímafletinum, þ.e. frá 1. júlí, þannig að málin væru skoðuð á sama hátt. Annað þýddi feiknalega handavinnu í Tryggingastofnuninni. Þá þyrfti að reikna út hvern einasta mann sem þarna er um að ræða af þeim 2.500 sem skertir verða. Þetta mál horfir öðruvísi við en með tekjutrygginguna vegna þess að þar eru menn að sækja viðbótartekjur, meiri tekjur. Þarna væru menn að sækja skerðingu, en það sækir enginn skerðingu. Þess vegna verður Tryggingastofnunin að afla sér upplýsinga um þetta í gegnum skattakerfið. Hún getur ekki ætlast til þess að menn komi og segi: Góðan dag, get ég fengið smá skerðingu á ellilífeyrinum mínum? Það er ekki þannig. Menn verða því að reikna út hvern einasta mann af þeim 2.500 manns sem þarna koma, en það verður örugglega að reikna út fleiri. Ég ímynda mér að það sé eitthvað talsvert mikið meira til þess að hafa þarna borð fyrir báru. Þá segi ég alveg eins og er, herra forseti, að engar upplýsingar hafa komið fram enn þá sem sannfæra mig um að þetta sé framkvæmanlegt svona. Ég legg því þessa fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra.

Ég hef spurt að því áður en ekki fengið neitt svar að erlendis búa talsvert margir ellilífeyrisþegar, bæði í Evrópu og þó nokkur hópur í Bandaríkjunum. Og ég spyr: Við hvaða tekjur á að miða þegar ellilífeyrisþegar í útlöndum eru skertir? Þeir hafa engar tekjur á Íslandi. Á að biðja skattinn í Danmörku eða í Flórída eða Hollandi eða hvar það nú er, um upplýsingar um tekjur þessa fólks?

Í þessu sambandi spyr ég: Hvernig rímar þetta við tvísköttunarsamninga sem við höfum gert? Því að þetta fólk og þessar tekjur hafa verið skattlagðar áður í staðgreiðslukerfinu. Hér er í raun um afturvirka skattlagningu á ellilífeyri að ræða. Þetta er afturvirk skattlagn-

ing vegna þess að ellilífeyrir er miðaður við tekjur aftur í tímann. Í raun er verið að taka mið af tekjum sem menn hafa unnið fyrir og borgað skatt af áður. Það kann að vera að menn finni einhverjar aðferðir til þess að handreikna út hvern einasta mann hér á landi með tölvunni sinni að því er varðar ellilífeyrinn en það er ofboðslega flókið þegar kemur að fólki sem er í útlöndum. Hvernig ætla menn að skerða ellilífeyri þess fólks sem er í útlöndum? Það er þó nokkur hópur af fólki, kannski um 200 manns, ég veit það ekki nákvæmlega. Hvernig í ósköpunum á að skerða þetta fólk? Ég hef engin svör fengið við því. Ég er ekki að biðja um það, en ég spyr hvernig á að fara að því vegna þess að menn hljóta að hafa velt þessu fyrir sér. (**Heilbrrh:** Það er búið að leysa það allt saman.) Hæstv. heilbrrh. segist vera búinn að leysa það allt saman en ég get ekki sagt að það valdi mér óblandinni ánægju að honum takist að komast í gegnum þennan frumskóg vegna þess að ég held að það geti ekki verið og skynsamlegast fyrir hann að hætta við þetta sull.

Áður en ég kem að lokaorðum mínum varðandi þennan bandorm ætla ég að spyrja hæstv. trmrh. um það hvernig hann ætlar að framkvæma samráð við viðkomandi stofnanir. Það er gert ráð fyrir því (**Heilbrrh.:** Náið samráð.) að daggjaldanefnd verði lögð niður og í staðinn komi heilbr.- og trmrh. Í tillögum meiri hlutans, sem kom þarna innan úr ráðuneyti stóð upphaflega „samráð". Ég held það hafi verið Sjálfstfl. sem fann út að vissara væri að láta standa „náið samráð". Ég ætla að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. að því hvernig hann hugsar sér að iðka „náið samráð" við spítalana, hvernig það verður praktíserað og, í alvöru talað, að spyrja hvernig ráðuneytið hugsar sér að láta framkvæma þetta. Ég ímynda mér að það geti gerst með ósköp svipuðum hætti og verið hefur, jafnvel þó daggjaldanefnd hafi verið til. En ég vil fara fram á að hæstv. ráðherra fari um þetta mál nokkrum orðum vegna þess að það hefur ekki enn þá verið gert. Það er eins með þessa tillögu og aðrar hér í öllu þessu tillögumoði að ráðherrar hafa aldrei talað fyrir fjöldanum öllum af þeim. Okkar ágæti varaformaður í efh.- og viðskn. hefur oft talað fyrir nál. en ráðherrarnir hafa aldrei talað fyrir málunum. Það er náttúrlega dálítið sérkennilegt löggjafarstarf og verður flókið fyrir dómarana þegar fram í sækir að fletta upp í þingtíðindum og spyrja hvað þetta og hitt þýði, þegar niðurstaðan verður sú að þeir finna í raun engan málflutning af því að ráðherrarnir hafa aldrei mætt í stólinn til að tala fyrir málunum og sumir ekki einu sinni til að svara.

Herra forseti, nú bera hæstv. ráðherrar og ríkisstjórnin því við að þetta sé allt nauðsynlegt vegna þess að svo mikill samdráttur sé í þjóðarbúskapnum. Við höfum farið yfir það áður, hæstv. heilbrrh. sagði reyndar í sjónvarpinu í gærkvöldi að þjóðin væri að tapa 20.000 milljónum. Þá miðar hann við 6% samdrátt. Nú er verið að tala um að samdrátturinn sé nokkru minni. Menn eru að tala um að hann sé um 4%, t.d. sagði hæstv. fjmrh. það úr þessum stól fyrir einum sólarhring eða svo. 4% af 370 milljörðum eru í kringum 15 milljarðar. (**Fjmrh.:** Ef þú mælir hann í landsframleiðslu þá er hann 4,1%.) Og ef hann er landsframleiðsla þá er hann 4,1%. Alla vega er alveg ljóst að þau tíðindi sem hafa verið að gerast síðustu dagana, bæði varðandi loðnu, rækju og lækkandi verð á olíu, þýða að samdrátturinn í þjóðarbúskapnum er miklu minni en menn töldu að hann yrði þegar þeir voru að skrifa saman þessa pappíra. Auk þess liggur það fyrir að hægt hefði verið að ná í peninga annars staðar ef menn hefðu viljað. Ég hef tekið eftir að stjórnarliðarnir, vinir mínir, hafa hrist hausinn yfir því. Þeir telja það nú ekki mikla speki, og ekki sé mikið til af seðlum annars staðar. Það er alveg sama hvort maður nefnir hátekjuskatt eða fjármagnstekjuskatt, þeir hrista alltaf hausinn. Þetta séu bara órar, ekkert sé að hafa. En svo er hinni upplýstu fjölmiðlaöld fyrir að þakka að í gærkvöldi og í dag höfum við fengið upplýsingar um að það séu til seðlar í landinu sem hefði verið hægt að nota í þetta. Sagt hefur verið frá því að verið sé að borga út hluthöfum í einu fyrirtæki hér 900 millj. kr. Og hvað eru 900 millj. kr.? T.d. er hæstv. heilbrrh. að knýja fram breytingar á almannatryggingalögum sem gera ráð fyrir sparnaði upp á 260 millj. kr. Og hæstv. menntmrh. býr við þau starfsskilyrði að þurfa að skera niður skólakerfið um mörg hundruð milljónir króna, sennilega 450 millj. kr. þegar allt er tekið saman. Hér er um að ræða útborgun til nokkurra hluthafa sem er tvöföld sú upphæð sem skera þarf niður í skólakerfinu öllu. Ég segi við þá ágætu menn sem sitja mér á hægri og vinstri hönd: Er nú ekki ástæða til að staldra við þessi ósköp og reyna að ná í þessa peninga til þess að bjarga öldruðum, öryrkjum og börnum í skólum landsins undan þessum niðurskurðarhníf? Ég get nefnt sem dæmi að ríkisspítölunum einum er gert að spara 400–500 millj. kr. Menn eru að tala um að öll sjúkrahúsin í Reykjavík þurfi að spara 1.290 millj. kr. og til þess að ná því marki er bersýnilegt að loka verður heilu deildunum og álmunum í spítalakerfinu í höfuðborginni. Hefði ekki verið nær að ná í þessa seðla? Og hvaða peningar eru þetta? Skyldi það vera þannig að þetta lið hefði unnið fyrir þessum peningum í sveita síns andlits með margfaldri yfirvinnu, akkorði og guð veit hvað? Sólarhringum saman, lagt nótt við dag eins og sagt er um duglegt fólk. Ætli það sé þannig? Er þetta kannski taxtakaupið? Ónei. Það er nú ekki svo. Hér er um að ræða eftirgjald fyrir aðstöðu, einokunaraðstöðu, sem þessir menn hafa fengið til þess að vinna hjá Ameríkananum suður á velli. Þeir hafa fengið þessa aðstöðu að léni og meðgjöf með henni. Ekki er að undra þó að menn í bandaríska þinginu hafi á undanförnum áratugum oft verið að ræða um hvernig stendi á því að verktakastarfsemin á Ísland sé svo dýr. Þar hafa menn verið að reyna að skera niður og spara eins og hér og verið undrandi á því hvílík ósköp verktakastarfsemi kosti uppi á Íslandi. — 900 millj. kr.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir tók þetta mál upp hér í dag vegna þess að það er í beinu samhengi við frv. sem verið er að ræða um, um niðurskurð á ríkisútgjöldum og sparnað. Hvað er hér að gerast? Hverjir eru hér á ferðinni? Hér er um að ræða fyrirtækið Samein-

aðir verktakar með hlutafé upp á 310 millj. kr., hækkar það um 900 millj. og greiðir til eigenda 15% arð. Hér er um að ræða að eigendur fyrirtækisins fá skattfrjálst 946 millj. kr. í sinn hlut eftir skatta. Og af þessum hópi sem þarna kemur við sögu eru 107 hluthafar sem fá 1 millj. eða meira skattfrjálst í vasann. Nú er ekki eins og þessir aðilar séu á horleggjunum. Það er nú eitthvað annað. Þeir hafa átt fyrir eitt og annað í sparisjóðsbókum hér og þar er ég hræddur um. Ekki er þetta framfærsluþörf sem þarna er verið að mæta af blásnauðum almenningi þessa lands eða einhverjum hallærisfyrirtækjum sem alltaf er verið að tala illa um af hæstv. núv. ríkisstjórn. Það er nú eitthvað annað. Reginn hf. er eitthvert fyrirtæki í bænum sem einhverjir í salnum þekkja betur en ég. Það er með 72 millj. kr. út úr þessu krafsi. Fyrirtækið Sameinaðir verktakar er með 71 millj. Eitthvert fyrirtæki sem heitir Félag vatnsvirkja — ég veit ekki alveg hvaða vatn það fyrirtæki virkjar — fær 66 millj. skattfrjálst. Fyrirtæki sem heitir Brú hf. fær 43 millj. upp úr þessu krafsi. (**Gripið fram í:** Gjaldþrota fyrir 25 árum.) Gjaldþrota fyrir mörgum árum er sagt í salnum. A.m.k. er ljóst að þetta fyrirtæki er ekki í símaskrá. (**Gripið fram í:** Það er ekki brú í þessu.) Það er ekki heil brú í þessu, hv. þm., það er rétt. Síðan kemur fyrirtæki sem heitir Stoð hf. og þarf greinilega alveg sérstakan stuðning. Eftir því sem ég kemst næst í heimildarriti mínu, símaskránni, er hér um að ræða endurskoðunarfyrirtæki. Það fær út úr þessu krafsi 43 millj. kr. (**Gripið fram í:** Hver er eigandinn?) Það kemur ekki fram þar. Hins vegar eru nefndir fimm löggiltir endurskoðendur. Þá kemur fyrirtæki sem heitir Goði hf. Hverjir eru aðallega með það? Goði hf.? Hvað framleiða þeir aðallega? Pylsur? Bjúgu? Álegg? Goði hf. þurfti sérstakan styrk út á varnir landsins gegn hinni voðalegu ógn í austri. Hvað fær Goði hf.? Goði fær skattfrjálst 43 millj. kr. Hérna er svo fyrirtæki sem einhverjir þingmenn geta kannski sagt mér eitthvað um síðar í kvöld, það heitir Rafvirkjadeildin sf., Höfðabakka 9. Það mun vera hús sem hæstv. menntmrh. hefur m.a. á leigu fyrir Tækniskólann. Rafvirkjadeildin sf., Höfðabakka 9, fær 35 millj. kr. Svo kemur fyrirtæki sem er dálítið frægt, aðeins frægara en þau sem eru ekki einu sinni í símaskrá eða þau sem eru gjaldþrota eða framleiða pylsurnar. Það er fyrirtækið Byggingamiðstöðin sf. Þar er aðalleiðtogi stjórnarformaður Íslands, sem svo hefur verið nefndur, Halldór H. Jónsson. Þar eru litlar 28 millj. Segja má að hann muni minnst um þessa peninga af öllu því liði sem hér er talið upp vegna þess að hann á svo mikið fyrir. Síðan er hér fyrirtæki sem hæstv. fjmrh. ætlar líka að láta hafa peninga og líða þetta. Eða hvað? Það er fyrirtæki sem heitir Iðnsamtök hf. Ég verð að játa, virðulegi forseti, að mér gafst ekki kostur á því núna frá því að fréttirnar voru á Stöð 2 og þar til að fundur byrjaði að fara yfir lista yfir gjaldþrota fyrirtæki undanfarinna fimm eða tíu ára né lista yfir þau fyrirtæki sem lögð hafa verið niður. En allt í einu kemur hér fyrirtæki sem heitir Iðnsamtök hf. og fær pening upp á 28,4 millj. Svo kemur hér fyrirtæki sem ber sannarlega nafn með rentu. Það heitir Gulltoppur sf. Ekki veit ég hvort það framleiðir bjúgu, pylsur eða hvað. Gulltoppur sf. fær 27 millj. kr. upp úr þessu krafsi. Kannski þeir framleiði gull. (**Gripið fram í:** Þeir mala gull.) A.m.k. mala þeir gull. Síðan koma við sögu einstaklingar, Þorkell Ingibergsson 21 millj. kr., Ingólfur Finnbogason 20 millj. kr., Kristín Guðmundsdóttir 18 millj. kr., Jón G. Halldórsson 16 millj. kr. — gæti verið skyldur einhverjum öðrum sem áður hefur komið við sögu hér — Vélsmiðjan Héðinn hf. 14 millj. kr., Stálhamar sf. 12,3 millj. kr., Skipasmíðastöðin Dröfn 11,4 millj. kr., Katrín Magnúsdóttir 11,4 millj. kr., Jónína Þórðardóttir 11,4 millj. kr., Verktakafyrirtækið Málarameistarar 10,4 millj. kr., Anton Sigurðsson 10 millj. kr., Katrín Vigfússon 10 millj. kr., Sigurbergur Árnason 9 millj. kr., Snorri Tómasson 8 millj. kr., Sveinbjörn Sigurðsson 8 millj. kr., og Thor Ó. Thors rekur svo lestina með 8,5 millj. kr. Samtals er um 107 aðila að ræða sem hafa fengið 1 millj. eða meira upp úr þessum skiptum þar sem 946 millj. kr. er úthlutað skattfrjálst. Það er tvöföld sú upphæð sem hæstv. menntmrh. ætlar að skera niður af skólum landsins. Ég er hræddur um að það geti munað um þetta í húsnæðiskerfinu eða í Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég er hræddur um að það yrði upplit á vinkonu minni, hæstv. félmrh., þó hún fengi ekki nema part af þessu. Ég er hræddur um að menn hefðu t.d. getað sloppið við að skera niður skólann í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp ef þeir hefðu fengið eins og einn af þessum einstaklingum fékk sem hér eru nefndir. En þar er verið að spara 8–10 millj. kr. Ég er ansi hræddur um að þær upphæðir sem hér er um að ræða hefðu getað breytt ýmsu.

Hæstv. forsrh. hefur verið að setja á langar ræður um að fyrrv. ríkisstjórn hafi staðið þannig að málum að hún hafi farið heldur illa með almannafé og fjárfest hafi verið í alls konar vitleysu út og suður. Við höfum auðvitað mótmælt því vegna þess að við teljum að hér sé ekki rétt með farið af hendi hæstv. forsrh. Hins vegar er honum að sjálfsögðu skylt að líta yfir landið allt og sviðið og skoða bæði fortíð og nútíð og þá sérstaklega framtíðina ef hann skyldi einhvern tímann komast frá fortíðinni.

En hefur hann nokkurn tímann rætt um þessa söun á forréttindastéttirnar í þjóðfélaginu þar sem verið er að kasta til þeirra hundruðum milljóna kr.? Í framhaldi af þessu held ég að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki þetta sérstaka mál fyrir. Ég hefði talið að strax í kvöld ætti að semja brtt. við skattalögin sem gerir það ófært og ókleift að taka fjármuni með þessum hætti. Í öðru lagi ætti auðvitað að standa þannig að málum að allir þessir peningar rynnu í ríkissjóð. Af hverju? Vegna þess að hér er um að ræða tekjur af aðstöðu sem þjóðin lét Ameríkönunum í té með samþykkt meiri hluta Alþingis á sínum tíma. Þess vegna væri auðvitað vel hugsanlegt að taka þetta fé eignarnámi eins og að þessu er staðið af því að þjóðin á það og vissulega eru þarfirnar miklar hjá ríkissjóði. Hins vegar er ljóst að fáist ríkisstjórnin ekki til þess að taka á þessu máli strax í dag eða í kvöld, þá hljótum við að standa þannig að málum hér, stjórnarandstæðingar, a.m.k. mun

ég beita mér fyrir því í mínum flokki hvað sem aðrir gera, að efnt verði til sérstakrar rannsóknar á þessari fjármunamyndun, á þessari auðsöfnun, sem nú er verið að dreifa til þessara aðila upp á 950 millj. kr. án skatta. Flutt hefur verið tillaga um rannsóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni af minna tilefni. Það er algerlega nauðsynlegt að rekja það þó að það sé langt aftur í tímann hvernig stendur á því að þessir peningar eru þarna komnir með þessum hætti um leið og gerðar verða ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það að svona hneyksli endurtaki sig.

Ég vil spyrja í fyrsta lagi hæstv. fjmrh.: Til hvaða aðgerða hyggst hann grípa? Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. ráðherra Alþfl.: Hvað vilja þeir sem alþýðuflokksmenn gera í þessu máli burt séð frá því hvað kann að hafa verið rætt í ríkisstjórninni áður um mál af þessu tagi? Ég geri ekki ráð fyrir því að menn hafi rætt sérstaklega svona mál en þó hljóta þeir alþýðuflokksmenn að geta brugðist við þessu eins og aðrir stjórnmálamenn. Ég hlýt þess vegna að spyrja þá hæstv. ráðherra Alþfl. sem hér kunna að tala og kannski ekki síst hæstv. heilbr.- og trmrh. sem stendur í því að skera niður velferðarkerfið með þeim hætti sem við höfum hér rætt: Hvað ætlar hann að gera sem alþýðuflokksmaður og heilbrrh. og verndari velferðarkerfisins, eins og hann segist vera sjálfur, til að koma í veg fyrir að svona hlutir gangi áfram í íslensku þjóðfélagi? Þetta er algerlega ólíðandi. Þessi tíðindi sem hér hafa birst eru móðgun við þjóðina og þingið.

Ég hef, virðulegi forseti, farið yfir nokkur atriði. Í fyrsta lagi yfir tæknileg atriði varðandi menntmrn. og heilbrrn. Í öðru lagi hef ég sérstaklega spurt um tilsjónarmennina. Ég hef spurt hæstv. ráðherra um tilsjónarmennina. Ég hef sömuleiðis spurt hæstv. fjmrh. um hvað hann hyggst gera í þessu 900 millj. kr. máli *og ég hef beint þeirri sérstöku fyrirspurn til ráðherra* Alþfl., heilbrrh. eða félmrh., kannski ekki síst heilbrrh.: Hvað vill Alþfl. gera í máli af þessu tagi? Þetta er óþolandi, virðulegi forseti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni um að þessi mál verður að skoða og það vandlega. Hann bað um upplýsingar um þróunina, þ.e. hvað hafi valdið því að þetta gat gerst. Ég skal fúslega upplýsa það.

Árið 1979 setti Alþingi ný lög um tekjuskatt og eignarskatt. Fjmrh. þá var Tómas Árnason. Einn helsti höfundur þeirra laga var hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Í þeim lögum voru fyrst í lög leidd ákvæði um verðbreytingarfærslur og ákvæði um að fyrirtækjum væri heimilað að uppfæra eigið fé með hliðsjón af verðlagsbreytingum þannig að verðbólga hefði ekki áhrif á eiginfjárstöðu. Þessi lög voru endurskoðuð árið 1981. Fjmrh. þá var hv. þm. Ragnar Arnalds. Þá var hnykkt á þessu ákvæði og gert enn ótvíræðara. Með stoð í þessum lögum getur það gerst sem gerst hefur í sambandi við Sameinaða verktaka. Vissulega getur verið ástæða til að endurskoða þau lög. En ég vil aðeins benda mönnum á eitt sem enn ríkari ástæða er til þess að skoða. Að það hlutafé sem með þessum hætti hefur verið borgað út myndi ekki möguleika til þess að það verði ekki skattlagt sem eign, og tekjur af því verði ekki skattlagðar sem tekjur. Til þess að það verði gert þarf að taka upp fjármagnstekjuskatt á Íslandi og að því er nú unnið.

Virðulegi forseti. Ég er búinn að rekja með hvaða hætti sköpuð voru skilyrði til að þetta gæti gerst.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi skil ég hæstv. heilbr.- og trmrh. þannig að hann vilji stuðla að því að menn hirði ekki fjármuni með þeim hætti sem hér hefur gerst. Ég skil hann þannig og að hann vilji beita sér fyrir því að það gerist og ég bendi honum á að hægt er að gera það með tiltölulega mjög einföldum hætti, með einföldum breytingum á lögunum um tekju- og eignarskatt. Ekki þarf ekki að bíða eftir sérstökum lögum um fjármagnstekjuskatt í því skyni og ég bið um að það verði athugað sérstaklega.

Í öðru lagi og meira til gamans verð ég að segja að mér finnst að sú umræða sem byggir á því af hverju þessi lagaákvæði voru sett og af hverjum, þjóni kannski ekki miklum tilgangi. Aðalatriðið er að tekjuskatts- og eignarskattslögunum var breytt vegna þess að verðbólga geisaði hér á landi og allir voru sammála um að unnið yrði að þessum málum, allir flokkar. Þessi lög voru undirbúin í tíð Matthíasar Á. Mathiesens. Þau voru lögð fram í tíð Tómasar Árnasonar. Þau voru unnin í tíð Sighvats Björgvinssonar fjmrh. sem hann af einhverjum furðulegum ástæðum gleymdi að nefna áðan. Síðan var áfram unnið að þeim í tíð síðari fjmrh. Það er út af fyrir sig ekki kjarni málsins. Aðalatriðið er og ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að hér getur ekki eingöngu verið um það að ræða að menn settu inn lagaákvæði um verðbreytingarfærslur. Það getur ekki verið um það að ræða. Hér er um að ræða ákvæði sem snerta tekjuskattslögin víðar og sömuleiðis væntanlega hlutafélagalögin, reglur um það hvernig staðið er að útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Ég er sannfærður um að það er lykilatriðið vegna þess að það sem hefur gerst er að þessir aðilar hafa ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eins og þeir hefðu getað gert til þess að láta skrá fyrirtæki fyrir skattinum, til þess að sleppa svo sjálfir við að borga hann þegar þeir tækju þetta út úr fyrirtækinu. Það er kjarni málsins sem hæstv. heilbrrh. þarf að athuga aðeins betur.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var í tilefni af því að hv. þm. Svavar Gestsson sagði að rétt væri að skipa rannsóknarnefnd til þess að kanna með hvaða hætti slíkir hlutir gætu gerst, sem ég kvaddi mér hljóðs hér áðan. Það þarf enga rannsóknarnefnd. Það liggur fyrir að ástæðuna fyrir því er að finna í lögum sem sett voru árið 1979 af fjmrh. Tómasi Árnasyni og Alþingi að sjálfsögðu. Þau lög voru fyrst og fremst unnin af hv. núv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Það er ekki rétt að unnið

hafi verið að endurskoðun þessara mála á þeim fáu mánuðum sem ég sat í starfi sem fjmrh., það er rangt. Hins vegar var hafin endurskoðun á þeim um leið og ný ríkisstjórn var mynduð sem hv. þm. Svavar Gestsson sat m.a. í. Þar var þetta ákvæði gert afdráttarlaust. Þangað geta menn rakið möguleikann á því að framkvæma það sem eigendur eða hluthafar í Sameinuðum verktökum hafa gert. Þetta var einfalt svar við mjög einfaldri spurningu. Ef menn leita að upphafinu ættu þeir hv. þm. sem stóðu að þessum breytingum, m.a. hv. þm. Svavar Gestsson, að líta í eigin barm. Hins vegar er ég honum alveg sammála um að endurskoða þarf ýmis atriði í þessu sambandi og þá ekki síst ákvæði um það sem nú er í lögum, að hægt sé að nota þetta útborgaða hlutafé þannig að af því séu hvorki goldnir eignarskattar né tekjuskattar. Þeim ákvæðum á að breyta og þeim ákvæðum verður að breyta og þeim ákvæðum mun núv. ríkisstjórn beita sér fyrir að verði breytt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. er nú svo tröllaukinn útúrsnúningameistari að það þarf aðeins lengri tíma en eina og hálfa mínútu til að svara því sem hann segir. Af hverju var verðbreytingafærslan sett í skattalög? Jú, hún var sett í skattalög af því að búið var að taka upp verðtryggingu. Hverjir börðust harðast fyrir verðtryggingu hér á landi? Það var Alþfl. En hvernig stendur á því að þeir alþýðuflokksmenn vilja ekki samþykkja að strax verði sett rannsóknarnefnd í þetta mál? Hvað hafa þeir að fela? Í rauninni stendur málið beinlínis þannig pólitískt að Sjálfstfl. getur látið úthluta þessum peningum til gæðinga sinna upp á 900–1.000 millj. kr. í skjóli Alþfl. Það er Alþfl. sem veitir Sjálfstfl. skjól til þess að þola þessi ósköp sem þarna er um að ræða. Þetta er auðvitað grundvallaratriði þó að ég vilji um leið leggja á það áherslu að hér er um svo stóran hlut að ræða að þingmenn og ráðherrar þurfa að hafa manndóm í sér til þess að taka á málinu almennt og af fullri alvöru svo að vinnubrögð af þessu tagi endurtaki sig ekki því að þau eru gersamlega óþolandi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé hyggilegt að ég segi hér nokkur orð vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns og blandi mér þess vegna í umræðuna á þessu stigi málsins enda beindi hann til mín fyrirspurnum, annars vegar vegna tilsjónarmanna og hins vegar vegna útborgunar á 900 millj. kr. til eigenda Sameinaðra verktaka.

Fyrst sný ég mér að tilsjónarmönnunum. Hv. þm. spurði hvernig að því yrði staðið að ráða tilsjónarmennina svo að þeir næðu þeim árangri sem ætlast væri til. Í því sambandi vil ég segja frá því að miklu máli skiptir að mínu mati hvernig erindisbréf tilsjónarmannanna verða orðuð og mér finnst rétt að það komi hér fram að hugmynd fjmrn. er sú að efni þeirra bréfa, a.m.k. það sem er staðlað í bréfunum, verði borið undir Ríkisendurskoðun. Ákaflega miklu máli skiptir að í erindisbréfunum sé skýrt tekið fram um það hver sé ábyrgð tilsjónarmannsins annars vegar og forstöðumannsins og stjórnar hins vegar. Við búumst ekki við því sem betur fer að þurfa að grípa oft til þessa úrræðis en viljum lögfesta þetta ákvæði þótt við vitum og viðurkennt sé af lögfræðingum að stjórnvöld og viðkomandi ráðherrar geta gripið til slíkra úrræða. Hluthafaeigandi ráðherra, hver fyrir sig, verður að gæta þeirrar stofnunar sem heyrir undir ráðuneytið enda bera ráðherrar ábyrgð á stofnununum eins og svo glögglega kemur fram í umsögn Ríkisendurskoðunar sem send var til viðkomandi nefndar, hv. efh.- og viðskn. þingsins. Ég held að það sé rétt sem lögfræðingar segja að þessi réttur var og er fyrir hendi en ég held að það sé mjög til bóta að hann sé lögfestur með þessum hætti sem þarna er gert til þess að vitað sé við hvaða skilyrði stjórnvöld geta gripið til þessa úrræðis og hvernig þau úrræði verða notuð.

Þá kem ég að síðari hlutanum sem varð umræðuefni í andsvörum og svörum við andsvörum hér áðan og snertir þá frétt sem kom í Morgunblaðinu í dag um skattgreiðslur og hlutafjárútborgun Sameinaðra verktaka. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að lagaákvæðin sem snerta þetta mál eru gömul, reyndar frá árinu 1982 að ég hygg. Það liggur fyrir að þegar heimiluð var útgáfa jöfnunarhlutabréfa á sínum tíma var ákveðið að miða mætti við endurmat á eignum miðað við árslok 1978 og verðbreytingar síðan. Ég hygg að það hafi verið almenn samstaða um það mál.

Áður en lengra er haldið vil ég geta þess að hér er ekkert nýtt á ferðinni því að í lok aprílmánaðar 1989, þegar fyrirrennari minn sat í ráðherrastóli og var fjmrh., þá gerðist nákvæmlega sami hluturinn, sem byggðist á nákvæmlega sömu lagafyrirmælum með nákvæmlega sama hætti. Greitt var út hlutafé með þessum hætti með því að hækka það og lækka aftur og greiða það út án skatts. Þessi fyrirrennari minn situr nú á þingi Íslendinga sem óbreyttur þingmaður, hv. 8. þm. Reykn. og nafn hans er Ólafur Ragnar Grímsson. Ég minni á þetta hér vegna þess að það gleymdist, þegar hv. 9. þm. Reykv. var að rifja upp sögu þessa máls og ýmis málsatvik, að hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, sat á ráðherrastóli þegar þetta var framkvæmt með nákvæmlega þessum sama hætti.

Ég vil rekja þetta mál eða gera tilraun til þess til að við getum áttað okkur aðeins betur á því hvað þarna er á ferðinni. Ég hef sagt og það hefur komið fram að Sameinaðir verktakar er hlutafélag og þetta hlutafélag á hlut í Íslenskum aðalverktökum sem er sameignarfélag. Nú vill reyndar svo til að ríkið gerði kaup við Sameinaða verktaka og Regin, meðeigendur sína í Íslenskum aðalverktökum á stjórnartímabili síðustu ríkisstjórnar þar sem ríkisvaldið náði meiri hluta en tryggði um leið þessu sama fyrirtæki einokunaraðstöðu á Keflavíkurflugvelli í lengri tíma en nokkurn tíma hafði verið gert áður. Það var auðvitað gert á ábyrgð síðustu ríkisstjórnar, þeirrar ríkisstjórnar sem hv. 9. þm. Reykv. sat í sem menntmrh. Allt eru þetta þó aukaatriði málsins, sem hér hafa verið nefnd, en eru samt rifjuð upp vegna þess að svo virtist vera þegar

hlýtt var á síðasta hv. ræðumann að þetta væri eitthvað alveg nýtt, eitthvað sem núv. ríkisstjórn hefði svikist um að láta laga. Ég held að ástæða sé til þess, þegar menn rifja upp slíka hluti, að líta sér nær, átta sig á því að vera kann að þetta mál snertir fleiri en þá sem hann beinir spjótum sínum að.

Ég hef rifjað það upp að þegar heimiluð var útgáfa jöfnunarhlutabréfa á sínum tíma var ákveðið að miða við endurmat á eignum. Í því sambandi var afstaða skattyfirvalda sú að meta ætti eignarhluta hlutafélaga í sameignarfélögum á skráðu stofnvirði. Erindi Sameinaðra verktaka um útgáfu jöfnunarhlutabréfa var úrskurðað með þeim hætti á árinu 1982. Til þess að vera ekkert að giska á hver hafi verið fjmrh. þá get ég alveg spurt hv. 9. þm. Reykv. hvort hann kannist við einhvern sem sat í sæti fjmrh. árið 1982. Forsrh. var dr. Gunnar Thoroddsen í Sjálfstfl., en hver sat í sæti fjmrh.? (**Gripið fram í:** Heilbrrh. var Svavar Gestsson.) Já, ef hann vill ekki kannast við að þekkja þann mann þá skal rifja það upp fyrir honum því sá hét Ragnar Arnalds. Í hvaða flokki var Ragnar Arnalds? (**SvG:** Er ráðherrann orðinn lasinn eða hvað?) Nei, nei. Ég hef nógan tíma, þetta er allt í lagi. Ég er að rifja upp sögukunnáttu hv. þm. vegna þess að hann virtist ekki muna eftir þessi þegar hann flutti sína ræðu áðan. En það eru aukaatriði málsins hvaða menn komu að þessu. Ég er aðeins að rifja þetta upp vegna þess að hv. þm. gaf í skyn að það væri núv. ríkisstjórn að kenna hvernig farið hefði með þessa fjármuni. (Gripið fram í.) Ef núv. ríkisstjórn ætti að snúa sér að þessum verkefnum frekar en öðrum ...(Gripið fram í.) — Nú bið ég hv. þm. um að gefa ræðumanni tækifæri til að halda áfram. — Svo gerðist það að Sameinaðir verktakar gáfu fyrir nokkru út jöfnunarhlutabréf umfram þau mörk sem ríkisskattstjóraembættið telur að verið geti skattlaus. Ríkisskattstjóraembættið tók sig til og skattlagði þessar útgreiðslur eins og um arð væri að ræða. Einn af hluthöfum Sameinaðra verktaka kærði þessa álagningu, lagði hana fyrir ríkisskattanefnd sem prófmál og niðurstaka ríkisskattanefndar sem kom á síðustu dögum síðasta árs, milli jóla og nýárs að ég held, var á þann veg að fallast á kröfu hluthafans og þar með að hafna afstöðu ríkisskattstjóra. Með öðrum orðum, æðsta úrskurðarvald í skattamálum hér á landi komst að þeirri niðurstöðu að lögin sem tilgreindir ráðherrar höfðu sett á sínum tíma giltu með þeim hætti að þetta væri löglegt sem nú hefur átt sér stað. Í framhaldi af þessu — mér þætti vænt um af því að ég er að eiga orðastað við hv. þm. að hann hlusti á mig því ég veit að honum veitir ekki af þekkingu á þessum málum. (**SvG:** Þakka hógværðina.) Það var lítið, sömuleiðis, hv. þm. Í framhaldi af þessu gáfu Sameinaðir verktakar út jöfnunarhlutabréf og færðu hlutafé sitt þannig upp en ákváðu jafnframt að færa það aftur niður með því að greiða hluthöfum aftur út nokkurn hluta þess. Slík útborgun án skatts er í sjálfu sér ekkert ágreiningsmál heldur hitt hvað skattfrelsi jöfnunarhlutabréfanna nær langt og um það snýst þetta mál. Nákvæmlega eins og 28. apríl 1989.

Málið er augljóslega álitamál og það er ekki hægt að fullyrða að þessi niðurstaða þýði skattaundanskot eða opni leið fyrir slíkt. Við skulum ætla og því hefur ekki verið á móti mælt að skattar hafa hingað til verið greiddir af hagnaði Íslenskra aðalverktaka sem safnast hefur upp í því fyrirtæki. Á það var einnig lagður eignarskattur eftir venjulegum reglum um mat á eignum.

Auðvitað er alveg ljóst að með þessum úrskurði ríkisskattanefndar verður ríkið af ákveðnum tekjum miðað við þann úrskurð sem ríkisskattstjóri hafði áður sett fram. Enda hefði sá úrskurður þýtt að jafnvel hefði þurft að greiða tvisvar af arði sem var útborgaður. Það er mál sem við höfum áður rætt hér í þingsölum á yfirstandandi þingi og ætlaði allt um koll að keyra þegar það mál var í umræðunni.

Þetta mál snýst með öðrum orðum um það hvort verið er að færa eign ákveðinna tiltekinna aðila úr ákveðnu hlutafélagi og í þeirra eigin hendur, sem auðvitað lækkar eignastöðuna í viðkomandi fyrirtæki en hækkar hana og bætir hjá viðkomandi aðilum sem eiga fyrirtækið, sem í þessu tilviki eru Sameinaðir verktakar, eða hvort þeir hafi nú þegar nýtt allan rétt sinn sem þeir hafa samkvæmt lögum til að gefa út jöfnunarhlutabréf. Þá er miðað við það hvert var stofnvirðið 1978 og það framreiknað með verðbreytingum. Um það snýst þetta mál.

Ég hef þegar beðið starfsmenn í fjmrn. og þá sem starfa í skattakerfinu að kanna þetta mál mjög rækilega því auðvitað verð ég, sem fulltrúi skattgreiðenda og fulltrúi ríkissjóðs, að aðgæta hvort hér hefur að okkar áliti verið farið að lögum. Við hljótum að viðurkenna að ríkisskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili í skattamálum. Eftir sem áður má láta reyna á það hjá dómstólum hvort rétt sé að farið. Lagabreyting, jafnvel reglugerðarbreyting, hefur ekki áhrif á þessa gjörð því að lögin gætu ekki haft afturvirk áhrif. Þessi mál eru til skoðunar í ráðuneytinu, þau eru til skoðunar hjá ríkisskattstjóra og engin ástæða er fyrir þingmenn, allra síst þingmenn sem voru ráðherrar í fyrrgreindum ríkisstjórnum, að koma hér upp og gefa í skyn að staðið sé að þessum málum með einhverjum sérstökum hætti sem vekur tortryggni. Það er aldeilis af og frá. Hv. þm. notar stundum orðalagið að verða sér til skammar en ég ætla ekki að nota þau orð um hann. En ég bið hann a.m.k. í fullri alvöru, í fullri einlægni að gá að sér áður en hann heldur lengra út á þá braut að telja að núv. ríkisstjórn hafi í þessu máli ekki gætt þeirra sjónarmiða sem hún á að gæta. Úrskurðurinn er tiltölulega nýkominn. Þetta mál er í vinnslu og það sem þarna gerðist var nákvæmlega það sama og gerðist fyrir tæpum þremur árum í valdatíð fyrrv. ríkisstjórnar. Þetta vil ég að komi hér fram.

Ég tel enga ástæðu til að draga fjöður yfir það að auðvitað eiga stjórnvöld að fylgjast með málum eins og þessum og grípa til viðeigandi aðgerða. Það ætla stjórnvöld að gera. En áður en málið hefur verið fyllilega skoðað er óþarfi að kveða upp dóma og allra síst ættu þingmenn að nánast óskoðuðu máli að bera stjórnvöldum á brýn að það sem hér hefur gerst sé þeim að kenna. Það er svo langt frá því. Þetta er spurning um

túlkun á lögum, þetta er ekki spurning um annað. Auðvitað ber okkur öllum að fara að lögum og sjá til þess að skattalögum sé fylgt. En að halda því fram að þetta sé gert í skjóli Sjálfstfl. finnst mér ómaklegt í þessari umræðu og kannski ómaklegast af þeim hv. þm. sem sat í síðustu ríkisstjórn og reyndar líka í ríkisstjórninni 1980–1983.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er vissulega álitamál samkvæmt skattalögum sem ekki eru tök á að ræða til hlítar í stuttu máli eða gera sér grein fyrir á skammri stundu. Ég vil þó leiðrétta ónákvæmni í máli hæstv. fjmrh. Ríkisskattanefnd er ekki æðsti dómstóll landsins í skattamálum, það er æðsta úrskurðarstig innan framkvæmdarvaldsins. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra hefur eftir sem áður heimild til að fara sjálfur með málið fyrir dómstóla. Ástæða væri til að inna hann eftir því hvort hæstv. ráðherra ætli sér ekki að taka þetta mál og flytja það fyrir almennum dómstólum til að láta reyna á lögfræðilega túlkun í þessu máli.

Hvað varðar ummæli hæstv. heilbrrh. um að hér væri um að ræða svonefnda verðbreytingarfærslu, sem væri skjólið fyrir þessari gjörð, þykir mér það mjög affluttur skilningur skattalaga á verðbreytingarfærslu. Ég vil taka mér það leyfi, fyrst hv. þm. Halldór Ásgrímsson er ekki hér en hæstv. heilbrrh. eignaði honum þetta ákvæði og vildi þar með varpa ábyrgðinni yfir á hann, að segja það að ég tel ekki rök fyrir þessari fullyrðingu hæstv. heilbrrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að viðurkenna það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að auðvitað er ríkisskattanefnd æðsti úrskurðaraðili í skattamálum. Það að vera úrskurðaraðili þýðir að sá aðili starfar á vegum framkvæmdarvaldsins og auðvitað eru það dómstólar sem hafa æðsta dómsvald í þessum málum eins og öðrum slíkum deilumálum. Hafi ég sagt eitthvað annað þá hefur það verið sagt ranglega. Í öðru lagi tek ég alveg heils hugar undir það sem hv. þm. sagði, enda er hann manna fróðastur í skattarétti af hálfu þeirra alþýðubandalagsmanna, að það er álitamál og túlkunaratriði í skattalögum hvernig fara eigi að. Ég tek heils hugar undir það sem hann sagði um þetta atriði. Ég vil svara honum með því að segja að það er einmitt til skoðunar í ráðuneytinu nú hvort ekki sé ástæða til að láta reyna á það hjá dómstólum hvort úrskurður ríkisskattanefndarinnar stenst fyrir lögum að mati íslenskra dómstóla. Það mál er sérstaklega til skoðunar nú.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt og flókið að taka þátt í þessari fortíðarumræðu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin ber aldrei ábyrgð á neinu. Hún hefur aldrei gert tillögu um neitt. Hjá henni hefur aldrei neitt misfarist, allt er heilagt og allt er fullkomið. Hins vegar voru á undan okkur ráðherrar, t.d. sá sem hér stendur, sá sem þarna situr út í sal og fleiri hafa verið ráðherrar áður og þetta er allt saman þeim að kenna. Þessi málflutningur er auðvitað fyrir neðan virðingu nokkurs manns sem hér er og ég nenni ekki að taka þátt í honum. En ég segi: Það er óhjákvæmilegt að rannsaka hvernig þessi auðsöfnun hefur orðið til og það er athyglisvert að ráðherrar bæði Sjálfstfl. og Alþfl. verða ókvæða við þegar einn þingmaður leyfir sér að nefna að rakið sé í rannsókn á vegum Alþingis hvernig þessi auðsöfnun hefur orðið til, lið fyrir lið. Ég tel óhjákvæmilegt að það verði kannað og það rækilega. Ég segi líka og spyr: Hvaða flokkur ber annar frekar ábyrgð á þessu kerfi hermangsgróðans, fjölskyldnanna fjórtán, en Sjálfstfl.? Undan því getur hv. varaformaður Sjálfstfl. ekki vikið sér. Það er eðlilegt að hann skuli bregðast við með þessum vanstillta hætti, þessi annars sérkennilega stillti maður, miðað við það sem hann hefur orðið að standa í í seinni tíð. Ég hef aldrei séð þessum hæstv. fjmrh. eins brugðið og núna. Það er hans vandi og hans sorg líka, herra forseti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í rauninni ekkert svar, virðulegi forseti. Þetta er málfundaræfing og ég held að hv. þm. hafi bara staðið sig vel miðað við þá stöðu sem hann er kominn í í þessu máli. Hann er að víkja frá kjarna málsins. Hann er að hverfa að allt öðru máli. Ég hef gefið málefnalegt svar við þeim spurningum sem hann bar fram um skattaleg málefni og aðalatriðið í ræðu hans áðan var að gera það tortryggilegt að verið væri að gera ráðstafanir í ríkisfjármálum á meðan við vildum ekki sækja þessar 900 milljónir hjá þessu fólki. Þessu hef ég svarað málefnalega lið fyrir lið og rakið sögu málsins. Nú kemur hv. þm. með ný efnisatriði og segir að rannsaka eigi það hvernig þessi gróði hafi orðið til. Ég segi bara: Hann sat í ríkisstjórn í fjölda ár og af hverju rannsakaði hann þetta ekki? Hvernig stendur á því að síðasta ríkisstjórn veitt Íslenskum aðalverktökum einokunarleyfi á Keflavíkurflugvelli í fimm sinnum lengri tíma en áður hafði verið gert, eða í fimm ár í staðinn fyrir eitt ár í senn? (**SvG:** Við skulum svara því fyrir þig.) Já, ég vona að því verði svarað.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi síðustu spurningu hæstv. fjmrh. er nauðsynlegt að það komi fram að eins og hann kannski veit hefur utanrrh. forræði yfir þeim málaflokki sem hér um ræðir og hann var að spyrja út í. Samningarnir sem gerðir voru á sínum tíma og hann vitnaði til voru gerðir af utanrrh. einum og þeir voru aldrei bornir undir þáv. ríkisstjórn og m.a. ekki undir þáv. hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Mótmælt af fjmrh.) Auk þess lá fyrir bæði í ríkisstjórninni og með opinberum hætti mótmæli af hálfu Alþb.

Virðulegi forseti. Veruleikinn sem þjóðin stendur frammi fyrir er þessi: Verið er að skera niður ellilífeyri um 260 millj. kr., það er verið að skera niður framlög til sjúkrahúsa í Reykjavík um 1 milljarð kr. og

það er verið að skera niður menntakerfið á Íslandi um 450 millj. kr. Á sama degi og þetta gerist er verið að úthluta völdum gæðingum valdastéttanna á Íslandi 946 millj. kr. Þetta er óþolandi.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Maður er orðinn hálfþreyttur á því að hlusta á hvern ráðherrann á fætur öðrum vitna til fortíðarinnar. Þeir virðast aldrei geta talað úr ræðustóli án þess að segja: Það sem hér gerist er ekki mér að kenna. Það er nánast orðinn vani hjá þeim eða það ætti frekar að kalla það óvana. Hann sagði að þetta væru allt saman gömul lagaákvæði og ekkert nýtt í því sem þarna hefði gerst og hefði oft komið fyrir áður. Mér þykir það ekki bæta málið neitt. Við erum að breyta í þessum bandormi mörgum gömlum lagaákvæðum, þar sem við erum að skerða rétt ellilífeyrisþega og aldraða. Það er verið að skera niður í grunnskólum og fleira og fleira er verið að gera með þessum svokallaða bandormi sem við ræðum hér. Ekki vefst fyrir ríkisstjórninni að skera þar niður og koma með breytingar á þeim lögum. Það hefði því verið betra fyrir ríkisstjórnina að snúa sér að öðrum til þess að ná í fé í ríkissjóð. Það hefði verið betra að leggja strax skatt á fjármagnstekjur, setja annað skattþrep og fleira sem mundi frekar skerða kjör þeirra sem meira mega sín heldur en hinna sem minna mega sín. Þarna sýnist mér að komi berlega í ljós forgangsröð og áherslur ríkisstjórnarinnar. Þessi dæmalausi gjörningur, sem hefur átt sér stað, að Sameinaðir verktakar skuli geta greitt út 900 millj. kr. án þess að nokkur einasta króna fari í ríkissjóð sýnir að ríkisstjórnin hefur byrjað á öfugum enda í aðgerðum sínum. Og það bætir ekkert hennar stöðu þótt ákvæðin séu gömul.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi tel ég að það sé erfitt að koma við lagabreytingu nú hvað varðar þetta atriði því lögin mundu ekki gilda aftur fyrir sig. Það er frekar og eðlilegra að láta reyna á málið fyrir dómstólum.

Í öðru lagi vil ég taka fram að það er unnið að frumvarpsgerð um eignatekjuskatt eða fjármagnstekjuskatt eins og fram hefur komið reyndar. Það tekur sinn tíma, hefur reyndar verið í vinnslu um nokkurt skeið, þar á meðal í tíð síðustu ríkisstjórnar, og vona ég að mér fyrirgefist að minnast á hana og minnast á fortíðina yfirleitt. Það þarf stundum að hyggja að henni eins og ég veit að hv. þm. veit.

Það sem ég er að segja hérna er þetta: Það er út í bláinn að kenna núv. ríkisstjórn um það að peningar hafi verið greiddir út frá fyrirtækinu Sameinuðum verktökum til eigenda fyrirtækisins á grundvelli úrskurðar sem féll skömmu fyrir áramótin því það vita allir að þetta voru lög í landinu og slíkt hefur gerst áður, til að mynda á árinu 1989 hjá sama fyrirtæki. (**ÓRG:** Hvenær féll þessi úrskurður?) Ég held hann hafi fallið, ég er ekki alveg nákvæmlega viss, en ég tel að hann hafi fallið á milli jóla og nýárs. Annars skal ég ekki fullyrða það því ég veit það ekki nákvæmlega upp á dag.

Það sem ég er að segja er þetta: Það er ósanngjarnt að stilla málum upp eins og stjórnarandstaðan hefur gert og segja: Þessi stjórn hefur valið að ráðast á sjúklinga, ráðast á barnafólk, ráðast á sjómenn, en svo hyglar hún þessu fólki. Það er fyrir neðan virðingu hv. þingmanna þegar ljóst er að þetta mál er nú í þeirri skoðun sem það á að sjálfsögðu að vera í og það munu verða teknar ákvarðanir um áframhald málsins þegar þeirri skoðun er lokið.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég geri mér grein fyrir því að lög munu ekki geta gilt um þetta atriði afturvirkt. En það breytir ekki því að ríkisstjórnin hefur ekki skoðað atriði sem þetta. Það hefur margoft verið talað um að leggja skatt á fjármagnstekjur og annað skattþrep. Það hefur verið talað um það. Nú upplýsir hæstv. fjmrh. að það sé verið að endurskoða þessi lög. Það þarf auðvitað að skoða þau vel og vandlega, en það virtist ekki þurfa langa skoðun að leggja fram það frv. sem við erum hér að ræða, þ.e. ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem verulega eru skert kjör þeirra sem minna mega sín. Ég held að ríkisstjórnin hefði fremur átt að skoða vel og vandlega það frv. og þá hefði hún kannski komist að því að það gengur alls ekki að leggja slíkt lagafrv. fram en skoða kannski heldur skemur skatt á fjármagnstekjur og annað skattþrep því ég held það sé búið að skoða það mál vel undanfarin ár og hefði ekki tekið langan tíma að leggja fram slíkt lagafrv.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég ætla að gera eina tilraun til að skýra út um hvað þetta mál snýst. Það snýst um það hvort fyrirtækinu er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf út á eignir sem fyrir eru samkvæmt reglum sem eru í íslenskum lögum. Sé það gert er eignin fyrir hendi og það verða engar tekjur til þó eignin sé færð úr einum stað yfir í annan. Það verða engar tekjur til með því. Einnig var rætt hvort hérna er farið út fyrir ramma laganna og það sé í raun verið að borga út arð en ekki að flytja eign á milli aðila. Ef um útgreiðslu arðs er að ræða horfir málið öðruvísi við og þá á að skattleggja þá fjármuni eins og arður er skattlagður, en hann er skattlagður hjá þeim sem tekur við honum að fullu nema hann sé innan 15% reglunnar af hlutafé fyrirtækisins eða undir þeim mörkum sem lög ákveða.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri nauðsynlegt fyrir hæstv. fjmrh. að kynna sér langa sögu þessa máls. Ég minni á að fyrir rúmum áratug flutti ég ásamt Vilmundi heitnum Gylfasyni það mál hér á Alþingi að fram færi opinber rannsókn á fjármálum og eignum Íslenskra aðalverktaka og eignarhaldsfyrirtækja þess fyrirtækis. Það var Sjálfstfl. með þáverandi formann Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson í broddi fylkingar sem kom í veg fyrir

það hér á Alþingi að sú tillaga væri samþykkt. Sjálfstfl. hefur staðið vörð um Íslenska aðalverktaka og eignarhaldsfyrirtæki þess á Alþingi frá ómunatíð.

Ég vil einnig geta þess að þegar formaður Alþfl., núverandi utanrrh., fór í það í tíð síðustu ríkisstjórnar að eiga viðræður við þetta batterí sem á Sameinaða verktaka, undir forustu núv. hæstv. heilbrrh., sem var formaður þeirrar viðræðunefnfar, óskaði ég eftir formlegri aðild fjmrn. að þeim samningaviðræðum. Þeirri ósk var hafnað. Utanrrn. þorði ekki að veita fjmrn. aðgang að þeim viðræðum vegna þess að þeir vissu að ég mundi sem fjmrh. beita mér fyrir því að það yrði gerð heildarúttekt á þessari eignamyndum og farið í það að kanna allar leiðir til þess að sá auður, sem hefur ekki verið skapaður af þessu fólki heldur hefur fyrst og fremst verið skapaður út á einkaréttarforréttindi sem nokkrum fjölskyldum og Sambandinu hafa verið veitt í áratugi af viðskiptum við herinn, væri gerður upptækur. Núv. hæstv. utanrrh., með hæstv. heilbrrh. sem formann viðræðunefndarinnar, þáverandi formann fjárveitinganefndar, hafnaði þessari ósk.

Það er svo líka staðreynd málsins að á síðasta kjörtímabili var núv. hæstv. fjmrh. í fararbroddi þingmanna sem vildu auka skattfrelsi hlutafjár. Honum tókst meira að segja að mynda meiri hluta á Alþingi á móti mér sem fjármálaráðherra, hann fékk nokkra framsóknarmenn með sér til að mynda þingmeirihluta til að auka skattfrelsi hlutafjár.

Það er alveg ljóst að sú meginstefna sem Sjálfstfl. hefur fylgt í gegnum tíðina er að auka skattaleg forréttindi hlutafjár og standa vörð um þetta batterí í Íslenskum aðalverktökum, sérstaklega í Sameinuðum verktökum.

Ég hef barist fyrir því í þrjú ár innan síðustu ríkisstjórnar og nú í stjórnarandstöðu að hér yrði tekin upp samræmd skattlagning eignatekna sem kæmi í veg fyrir það sem hér hefur verið gert. Þegar ég hóf þá baráttu var búið til mikið gerningaveður á móti mér í þinginu af Sjálfstfl. og með núv. fjmrh. í fararbroddi, utan þings af Morgunblaðinu og sérstöku dótturfyrirtæki Sjálfstfl. í Samtökum sparifjáreigenda. Það er alveg velkomið að rifja þá sögu upp í umræðunum fyrir hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Um leið og ég þakka hv. þm. fyrir að lýsa fortíðarsögu sinni með þeim hætti sem hann hér gerði vil ég enn fremur þakka honum fyrir þá ágætu samstöðu sem milli okkar myndaðist um það á sínum tíma hvernig ætti að skattleggja hlutafé og arð því sú samvinna var með ágætum og það hefur hv. þm. stundum sagt áður þegar það hefur þótt betur henta en nú.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að þegar ég gerði mér grein fyrir því að núv. hæstv. fjmrh. hafði tekist að mynda meiri hluta með nokkrum framsóknarmönnum hér í Alþingi reyndi ég að koma í nokkru vitinu fyrir þann meiri hluta. Ég varaði hann m.a. við að það væri allt of langt gengið í því að veita skattafslátt vegna hlutabréfakaupa. Engu að síður vildu menn ekki hlusta á þau viðvörunarorð mín í upphafi, en þeir gerðu það á næsta þingi og ég þakka fyrir þá samvinnu. Ég tek eftir því að nú síðustu daga er meira að segja hæstv. núv. fjmrh. farinn að gagnrýna það að menn séu aðallega að kaupa hlutabréfin út á skattafsláttinn. Hann hefði betur hlustað á mig í upphafi fyrir tveimur árum þegar ég var að reyna að koma í veg fyrir þennan tímabundna meiri hluta hluta Framsfl. og Sjálfstfl. á Alþingi á síðasta kjörtímabili.

Grundvallarspurningin er þessi: Er forusta Sjálfstfl. reiðubúin í fyrsta sinn að ganga gegn fjárhagshagsmunum fjölskyldnanna fjórtán, kolkrabbans, þar sem Sameinaðir verktakar hafa verið hornsteinn um mjög langan tíma og ágætlega er lýst í bók sem sést hefur í þingsölum í rúman mánuð og er það ritverk sem flestir þingmenn hafa verið að lesa í þingsölum, Á slóð kolkrabbans, síðan hún kom út. Er núv. forusta Sjálfstfl. reiðubúin í fyrsta sinn í sögu flokksins að ganga gegn hagsmunum þessa batterís? Það er grundvallarspurningin. Svo geta menn leitað lagaleiða til þess, hæstv. fjmrh., í sameiningu og ég er alveg reiðubúinn til samvinnu við hæstv. fjmrh. til þess ef hann vill vera fyrsti forustumaðurinn í sögu Sjálfstfl. sem vill ganga gegn hagsmunum þessa anga kolkrabbans.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka enn á ný samstarfsvilja hv. þm. og um leið og ég þakka honum enn og ítreka þakkir mínar fyrir það, sem hann nú viðurkenndi í ræðu sinni, að hafa ásamt mér og fleirum breytt lögum á sínum tíma til að auka viðskipti með hlutabréf og auðvelda fyrirtækjum að borga út arð sem við báðir vitum að er nauðsynlegt ef hjól atvinnulífsins eiga að snúast hér á landi eðlilega eins og annars staðar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál við 3. umr. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég ætlaði að hafa nokkur orð um I. kafla frv. og beina máli mínu til hæstv. menntmrh. Ég hafði einnig hugsað mér að minnast á það mál sem var reyndar rætt undir andsvari og hafði hugsað mér að eiga orðastað við hæstv. fjmrh. í því sambandi. Hann hefur nú gert grein fyrir sínum skoðunum á því máli, þessum 900 millj. sem Sameinaðir verktakar greiddu út, svo ég ætla ekki að hafa mörg orð um það mál. En ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er mjög óþægilegt fyrir ríkisstjórnina að ganga fram með þeim hætti sem fram kemur í þessu frv. sem og fjárlögum á sama tíma og svo mikið fé liggur á lausu úti í þjóðfélaginu og menn geta velt sér upp úr fjármunum með þeim hætti sem fram hefur komið í fréttum í dag.

Ég fór að lesa nánar enn og aftur I. kafla laganna og ég er ekki alveg sammála þeirri túlkun, sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv. Svavari Gestssyni, að öll ákvæði til bráðabirgða kæmu aftur til framkvæmda eft-

ir þetta ár, þ.e. 1. jan. 1993. Ég sé ekki betur en að með frv. séu þau öll felld úr gildi. Það er einungis 1. gr. sem kveður á um það að ákveðin ákvæði laganna skuli ekki koma til framkvæmda á árinu 1992. Þar er um að ræða í fyrsta lagi að nemendur í grunnskólum eigi ekki kost á málsverði á skólatíma. Ég er búin að marglýsa því að mér finnst einkennilegt að fella þetta úr gildi því þetta er hvort sem er ekki neinn kostnaður fyrir ríkissjóð að því er ég fæ best séð. Ég vildi gjarnan fá að spyrja hæstv. menntmrh. hvað áætlað er að muni sparast, ef ég nota það orð, fyrir ríkissjóð með því að fella þetta ákvæði úr 4. gr.

Hæstv. menntmrh. hefur margoft lýst því að það gæti verið að ákvæði 46. gr. grunnskólalaganna, þ.e. 1. gr. þessa frv., geti ekki komið til framkvæmda á þessu almanaksári heldur á skólaárinu. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um ákvæði 46. gr., þ.e. um hversu langan tíma hvert barn á að hafa í skólanum, og þar stendur að þetta eigi að koma til ákvörðunar á næstu þremur árum. En ég skil þetta ákvæði svo að 1. jan. 1993 taki 46. gr. gildi, þ.e. þá verði ákvæði hennar fullgild og það eigi að fara nákvæmlega eftir henni frá og með 1. jan. 1993. Mér sýnist að með þeim heimildum sem hér er verið að veita hæstv. menntmrh. hafi hann einungis þessa haustmánuði til að spara, eins og hann kallar, en geti alls ekkert flutt það yfir á árið 1993 eins og hann hefur þó sagst ætla að gera. Alla vega hef ég útskrift af viðtali við hann í útvarpi þar sem hann lýsir því að það muni þurfa að flytja þetta yfir á árið 1993. Ég sé ekki að með þessu hafi hann nokkra heimild til þess.

Það er þess vegna alveg óskiljanlegt hvers vegna í ósköpunum verið er að gera þessar breytingar á grunnskólalögunum þegar ljóst er að það verður nánast útilokað að framkvæma það og er að mínu mati óverulegur sparnaður sem með þessu næst þó mér þyki erfitt að nota orðið sparnað í þessu sambandi.

Ég ætlaði líka að benda hæstv. ráðherra á að í ákvæði til bráðabirgða, 3. mgr. er talað um að ákvæði 35. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eigi að koma til framkvæmda á næstu fimm árum. Með því að fella þetta ákvæði út kemur ákvæði 35. gr. að fullu til framkvæmda um leið og þetta frv. er samþykkt, þ.e. að námsráðgjafar eiga að starfa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur. Ég er innilega sammála því að þetta eigi að gera hér og nú og þykir gott ef í staðinn fyrir það að þetta eigi að koma til framkvæmda á fimm ára tímabili eigi það að koma til framkvæmda nú þegar. Nú langar mig einnig til að spyrja hæstv. menntmrh. hvað sé áætlað að þetta muni kosta mikið á þessu ári af því að þarna hlýtur að þurfa að ráða marga námsráðgjafa til starfa.

Í 3. gr. grunnskólalaganna segir: „Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé einsetinn.“ Það var stefnt að því með setningu grunnskólalaganna árið 1991, 27. mars, að þetta ákvæði skyldi koma til framkvæmda á 10 ára tímabili. Með því að fella þetta ákvæði út úr lögunum, sem ég lít svo á að það sé fellt út algjörlega, þetta komi ekki aftur inn í lögin 1. jan. 1993, og er þá orðið mjög óljóst hvenær þetta ákvæði eigi að verða að veruleika, þ.e. hvenær grunnskólinn eigi að verða einsetinn. Ég óttast að þessi tími verði enn lengri en þau 10 ár sem áætlað var að þetta tæki, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Það var mín skoðun og reyndar allra þeirra sem sátu á Alþingi fyrir Kvennalistann og það er stefna Kvennalistans að þetta skuli gerast á miklu styttri tíma en 10 árum, en við féllumst þó á að það væri kannski í lagi að samþykkja þetta 10 ára tímabil og gerðum það á síðasta þingi. En að fella algjörlega niður öll ákvæði í lögunum um hvenær að þessu skuli stefnt tel ég vera mjög mikið skref aftur á bak og langaði til að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hafi kannski hugsað sér að stytta þennan tíma eftir þetta ár eða hvort það sé ætlunin að þetta ákvæði falli varanlega út úr lögunum.

Mig langaði líka til að spyrja hæstv. menntmrh. og ekki síst í ljósi þess sem kom fram í sjónvarpsþætti í ríkissjónvarpinu í gærkvöld þar sem hann talaði alltaf um að ætlunin væri að skerða vikulegan kennslutíma og fjölga nemendum í efstu bekkjum. Ég hjó eftir að talað var um 4.–10. bekk og þá eru einungis þrír bekkir eftir, þ.e. 1., 2. og 3. bekkur. Mér fannst einkennilegt að heyra að verið væri að tala um efstu bekkina. Þá hafði ég einhvern veginn hugsað mér kannski tvo til þrjá efstu, en það er meiri hlutinn af grunnskólanum sem á að lenda bæði í skerðingu á vikulegum kennslutíma sem og að fjölga í bekkjum. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en greinilega kemur fram í 3. gr. frv., að það er ætlunin að fjölga nemendum um tvo í 3.–10. bekk sem er mjög mikið. Það eru bara tveir bekkir þarna undanskildir. Og ef ég skildi hann rétt er meiningin að skerða vikulegan kennslutíma í 4.–10. bekk. Þessu vildi ég aðeins hnykkja á eftir þær umræður sem fóru fram í sjónvarpinu og reyndar hefur það komið fram hjá hæstv. ráðherra í þessari umræðu. En það var fyrst og fremst þessi skilgreining á efstu bekkjum sem mér fannst vera svolítið sérkennileg. Ég þarf varla að lýsa því hér enn og aftur hversu mikið ég er á móti þessum ákvæðum og hversu alvarleg skref aftur á bak ég tel að þessi ákvæði, sem hér er meiningin að lögleiða, séu fyrir grunnskólana og menntakerfið.

Ég ætla mér ekki að hafa um þetta fleiri orð, virðulegur forseti, að þessu sinni, svo oft hef ég rætt um þennan kafla frv. En mig langaði til að minnast á aðeins eina grein í viðbót því ég tel mig ekki þurfa að ræða aðrar greinar. Að vísu fáum við hér svör frá hæstv. heilbr.- og trmrh. síðar, sem er eitt af því sem við kvennalistakonur höfum gagnrýnt sérstaklega. En sú grein sem mig langaði sérstaklega að minnast á er 36. grein frv. eins og hún hljómar eftir 2. umr. Hefði ég gjarnan viljað fá álit annaðhvort hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. Mér er sama hvor þeirra er ef þeir gætu hlýtt á mitt mál. Ég sé að hæstv. forsrh. er í hliðarsal og e.t.v. gæti hann veitt mér svar við þeirri fyrirspurn sem mig langar til að bera fram. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að hæstv. ráðherrar verði í salnum.) Ég hefði til að byrja með haldið að það væri hæstv. forsrh. sem hefði svarað um þessa grein. En hæstv. fjmrh. hefur hins vegar mest talað um þessa grein, þ.e.

um tilsjónarmennina, svo ég átta mig ekki alveg á hvor þeirra svarar því.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan að hann vitnaði, ef ég tók rétt eftir, til erindisbréfs sem er talað um í greininni, en þar segir, með leyfi forseta: „...í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni." Svo segir: „Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra." Það var þetta atriði sem ég hefði viljað gjarnan spyrja aðeins nánar um. Ég heyrði ekki betur en að í máli hæstv. fjmrh. hefði komið fram áðan að í því sama erindisbréfi yrði líka tekið á þeim vandamálum sem hljóta að koma upp varðandi stjórnendur fyrirtækjanna, þ.e. yfirmanna, forstjóra, sem og stjórna stofnananna. En ég get ekki skilið að það geti verið í erindisbréfi til þessara tilsjónarmanna. Að mínu mati er með því að setja tilsjónarmenn eins og er kveðið á um í þessari frumvarpsgrein verið að ýta þeim manni sem fyrir er, þ.e. forstöðumanni, til hliðar. Það er að því sem mín spurning beinist — ég ætlaði að leggja spurninguna fyrir hæstv. fjmrh.: Hvernig á að fara með yfirmenn? Eiga þeir þá að fara í frí? Eiga þeir að hætta á meðan? Eða eiga þeir að taka að sér almenn skrifstofustörf? Eða hvernig er eiginlega ætlunin að þetta skuli fara? Það gildir það sama um stjórn stofnananna sem í mörgum tilvikum eru þá kosnar á Alþingi eða í e.t.v. öllum, en eins og kemur fram í þessu ákvæði segir, með leyfi forseta: „Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds". Ég sé ekki betur en að þarna sé um að ræða allt það sem er á verksviði forstöðumanna. Þannig er verið að ýta þeim til hliðar með þessu ákvæði að mínu mati.

Á fundi efh.- og viðskn. í morgun sagði Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi að verið væri í raun að fela þessum tilsjónarmanni stjórn fyrirtækisins og taka völd af stjórnendum fyrirtækisins, sem sagt að ábyrgð og verkefni fari frá forstöðumanni til tilsjónarmanna. Síðan sagði hann: „Hvað svo sem verður um þá." Þetta sagði hann eftir fyrirspurn frá mér. Það var hans mat, sem er það sama og ég hef hér flutt, að það væri í raun verið að taka völd og ábyrgð af þeim sem fyrir væru í fyrirtækinu, þ.e. yfirmönnunum. Þá velti ég því fyrir mér: Hvernig í ósköpunum á að leysa þetta sérkennilega vandamál? E.t.v. er einfaldast að gefa viðkomandi yfirmanni frí í þann tíma sem tilsjónarmaðurinn er þarna. En mér er ekki alveg ljóst hvernig á að fara með stjórn fyrirtækisins.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann að vera að það sé ekki rétt að kalla þetta andsvar í sjálfu sér heldur svar og hefði kannski betur átt heima í sérstakri ræðu síðar. En ég ætla reyna að gefa svar við fyrirspurnum hv. þm.

Ef til þess kemur að nota þurfi þetta ákvæði um tilsjónarmenn er ljóst að í erindisbréfi þarf að marka ábyrgðarsvið tilsjónarmannanna. Aðalreglan hýtur að verða sú að forstöðumenn starfi áfram í fyrirtækinu sem slíkir en með skert ábyrgðar- og starfssvið um stundarbil. Í greininni er tekið fram að um tiltekinn tíma sé að ræða. Þegar rætt er um umfang er mikilvægt að gera mun á því hverjir eru ráðnir og hinu hve margir verða ráðnir. Umfang þýðir að tilsjónarmaðurinn ræður hve marga á að ráða og hvað þeir eiga að kosta, en forstöðumaðurinn, sem er venjulega faglegur forstöðumaður, ræður hins vegar því og þá stjórnin og þeir sem lög ákveða hverju sinni hverjir verða ráðnir. Vona ég að þetta hafi skýrt nokkuð þetta ákvæði.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Svar hæstv. fjmrh. svaraði örlitlu af því sem ég spurði um. Mér var ekki ljóst og er ekki ljóst enn hvað verður um stjórn stofnunarinnar. Ég hélt einnig að forstöðumenn stofnana hefðu embættisbréf, þeir hefðu ákveðnar skyldur og hefðu ákveðin völd og ábyrgð. Þarf þá ekki jafnframt að skerða þeirra völd? Ég átta mig ekki á því hvernig þetta kemur inn í réttindi og skyldur starfsmanna. Og mér finnst ekki nægjanlega skýrt af þeim svörum sem ég hef fengið og þessu ákvæði í frv. hvernig á að fara með þá sem fyrir eru. Þá er ég aðallega að velta fyrir mér að mér finnst völd þeirra vera svo skert. Hvaða ábyrgð eiga þeir að hafa? Ja, það á e.t.v. að segja upp ákveðnum mönnum, væntanlega er það það sem á að gera ef farið hefur verið fram úr fjárlögum, en það eina sem eftir er hjá forstöðumönnum er að segja hvort það er Jón eða Pétur sem á að fara en ekki hversu margir eiga að fara eða taka þátt í fjármálalegri endurskipulagningu fyrirtækisins eða stofnunarinnar ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í langflestum tilvikum sækja stjórnendur stofnana völd og ábyrgð til ráðherra sem bera ábyrgð á viðkomandi stofnunum og ábyrgð á því að þær fari að fjárlögum t.d. Í sumum tilvikum er þó um sérstök lög að ræða og það verður að skoða mál hverju sinni, bera saman þetta ákvæði ef það verður að lögum og þau lög sem gilda um þær stofnanir þar sem um sérlög er að ræða. Það er álitaefni í hvert sinn hvor lögin gilda og hve mikið hvor lögin gilda þá.

Að öðru leyti sé ég ekki í fljótu bragði að hægt sé að svara fyrirspurn hv. þm. óðruvísi en svo að erindisbréfinu sé ætlað að taka af öll tvímæli um hver beri ábyrgðina og hvaða ábyrgðarsvið sé hjá tilsjónarmanninum annars vegar og hins vegar hjá forstöðumanninum og jafnvel stjórnum ef stjórnir sækja völd sín til ráðuneyta og ráðherra en ekki til ákvæða í sérstökum lögum sem löggjafarþingið hefur sett.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki skilið annað á svörum hæstv. fjmrh. en að þetta ákvæði heimili þá jafnframt viðkomandi ráðherra að gefa út erindisbréf líka til stjórna og forstöðumanna sem skerði þeirra valdsvið jafnframt því sem erindisbréf tilsjónarmannsins

gefur honum ákveðið vald. (**Fjmrh.:** Ef þeir sækja vald sitt og ábyrgð til ráðherra.) Ef þeir sækja vald sitt og ábyrgð til ráðherrans, segir hæstv. ráðherra. Ef ég veit rétt eru stjórnir ríkisstofnana kjörnar á Alþingi (**Fjmrh.:** Ekki allar.) Ekki allar að vísu, nei, en mjög margar. Í því tilviki væri það alla vega ekki hægt.

Ég held að það sé greinilegt af því sem hér hefur komið fram að þetta er mjög óljóst ákvæði, enda hefur því verið breytt núna í meðförum þingsins og kannski til nokkurra bóta. En mér sýnist að það hefði þurft að nota heldur meiri tíma til að fara ofan í þetta mál og gera þetta ákvæði með þeim hætti að það væri sæmilega skiljanlegt fyrir þá sem eftir þessu eiga að fara.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er kominn til 3. umr. bandormurinn. Það hefur tognað meira úr þessum bandormi en í upphafi var ætlað vegna þess að hæstv. ríkisstjórn var alls ekki tilbúin með málið þegar það var lagt fyrir í fyrra.

Einhvern tímann í upphafi umræðnanna um ráðstafanir í ríkisfjármálum sagði hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin mundi halda ró sinni og rasa ekki um ráð fram. Að sumu leyti hefur hæstv. ríkisstjórn haldið ró sinni. En það hefur verið í lífshagsmunamálum þjóðarinnar og siglt því hraðbyri sofandi að feigðarósi. Það gera þeir í málefnum atvinnulífsins almennt og nýjasta dæmið er vegna síldarsamninganna við Rússa. Þar gerði ríkisstjórnin hreint ekki neitt og beið eftir því að síldin yrði ekki saltanleg lengur. Hún er orðin allt of horuð til að það sé hægt að salta hana. Þá rumskuðu þeir aðeins en það var of seint.

Það er dálítið merkilegt sem hæstv. iðnrh. og viðskrh. sagði hér. Honum fannst ekki að ríkisstjórnin þyrfti að hafa neinar sérstakar áhyggjur af þessu máli vegna þess að þetta væri fyrst og fremst málefni Landsbankans. Landsbankastjórinn væri nú svo vel launaður að ríkisstjórnin þyrfti ekkert að hafa áhyggjur af þessu.

Þetta er almennt um það hvernig ríkisstjórnin hefur haldið ró sinni. Á meðan hún heldur ró sinni í lífsafkomumálum þjóðarinnar rasar hún um ráð fram annars staðar. Það sjáum við í ráðstöfunum í ríkisfjármálum og hún fer oft offari þar. Enda hefur hæstv. heilbrrh. viðurkennt að um mikla handabakavinnu sé að ræða. Það er út af fyrir sig viðurkenning á því sem við höfum verið að segja hér.

Ríkisstjórnin telur sig vera að spara í ríkisrekstri almennt og vera með einhverjar sérstakar sparnaðaraðgerðir í gangi. Það er mikil hugsunarvilla því það er eitt að spara og annað að láta aðra borga brúsann. En í þessu frv. felast fyrst og fremst aðgerðir þar sem er verið að svipta menn lögboðnum rétti annars vegar og láta síðan sveitarfélögin borga hins vegar. Allar þessar kostnaðarbreytingar koma hart niður víða eins og margsinnis hefur komið fram í umræðum hér á undan.

Síðan á að selja nokkur mjög vel rekin fyrirtæki og ég minni á Búnaðarbankann í því sambandi og Sementsverksmiðju ríkisins svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru svokallaðar sparnaðaraðgerðir í hnotskurn.

Það er ekkert óeðlilegt að endurskoða alla kostnaðarþætti ríkissjóðs og leita leiða til sparnaðar, en það verður að gerast í samvinnu og samstarfi við þá sem hlut eiga að máli en ekki blása svo í stríðslúðra sem hér hefur verið gert.

Sjáum t.d. hvernig hefur verið farið með sjómenn. Hvernig hefur verið tekið á þeim? Alveg frá a til ö. Það eru barnabæturnar, það er ellilífeyririnn og það er skattafsláttur inn. Á öllu þessu er tekið fyrir utan það að náttúruöflin höfðu fyrst minnkað aflann. Það er ansi hart vegið að sjómönnum þessa lands.

Það er ýmislegt haft til afsökunar þegar verið er að skerða þannig lögboðinn rétt sjómanna. M.a. að þeir hafi svindlað svo á þessum afslætti að það varð að taka á þessu. Ef það er, sem ég ætla ekkert að rengja, það kann vel að vera að það hafi verið svindlað á þessum afslætti, þá á auðvitað að taka á því á réttum stöðum og það eru skattstofur landsins sem sjá um það.

En ég er að hugsa um það núna, þegar ég horfi á hæstv. heilbrrh., þegar hann fer vestur og ætlar að hylla hetjur hafsins á næst á sjómannadegi, hvað hann muni segja. Það verður fróðlegt. Ég er að hugsa um að semja fyrir hann ræðu eða ímynda mér hvað hann gæti sagt. Það verður eitthvað á þessa leið: Kæru vinir. Þið hafið nú um áraraðir fengið allt of mikið úr sameiginlegum sjóðum þjóðfélagsins. Það er löngu tímabært að taka hressilega á ykkur og við gerðum það og við þorðum það. Svo segir hann sennilega gleðilega hátíð ef þetta verður á sjómannadaginn.

En það verður lengi í minnum haft þegar hæstv. utanrrh. *blæddi á alla línuna vegabréfi inn í 21. öldina.* Það vegabréf var kannski ekki beint falsað, en það var ógilt og þar af leiðandi ónothæft.

Nú hefur skólafólk hér í landi fengið vegabréf, splunkunýtt vegabréf inn í framtíðina. Það er vegabréf sem dregur verulega úr þeim möguleikum sem hingað til hefur verið stefnt að. Einhvers staðar stendur að framtíðin sé þeirrar þjóðar sem bestu skólana á. Við vitum nákvæmlega hvað skeður ef bóndi dregur verulega úr áburðargjöf á tún. Það dregur bara úr sprettu. Unga fólkið í landinu er hagvaxtarvon okkar. Því er kvíðvænlegt að draga svo úr fjármagni til grunnskólanna eins og raun ber vitni.

Mér finnst, eins og fleirum hér, að það skorti mikið á að hæstv. ríkisstjórn hafi framtíðarsýn. Hún hefur mikla víðsýni inn í fortíðina. Þetta eru eiginlega fornleifafræðingar að mestum hluta til og vita nákvæmlega hvað er hverjum að kenna og hver hefur sagt og gert hvað tugi ára aftur í tímann. Þetta er út af fyrir sig afskaplega góð kunnátta. En ég hjó eftir því um daginn í sjónvarpsviðtali við hæstv. forsrh. þegar var verið að ræða við hann um Perluna og þau fjárhagsglöp sem þar fóru fram að þá sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þá leið: Mér finnst að þessi umræða hljóti að vera komin fram úr áætlun. Nú langar mig að spyrja hæstv. forsrh., ef hann er einhvers staðar nálægt — hann er kannski að tefla — hvenær við megum eiga von á því að fortíðarvandi hans á þessu þingi

sé kominn á áætlun og hvenær við megum búast við því að hann fari að hugsa til framtíðar og að öllum þeim möguleikum sem við eigum hér. En hann er kannski einhvers staðar, hæstv. forsrh., að kafa í einhverjum fornleifagögnum og heyrir ekki mál mitt og það þykir mér svolítil synd því ég er búin að bíða eftir að komast að held ég síðan 18. des. þegar þessi bandormur var til umræðu.

En bragð er að þá barnið finnur og ég var hissa þegar ég sá í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sl. sunnudag að þá skrifar greinarhöfundur: Hvað gerir núverandi ríkisstjórn rangt? — Og svarar sjálfum sér: Hún talar of lítið við þjóðina. Hún á til að gleyma hvaðan umboð hennar er komið. Og það held ég að sé nokkuð sem þessi hæstv. ríkisstjórn þarf að fara að athuga, hvaðan umboð hennar er komið.

En ég ætla að hrósa ríkisstjórninni líka vegna þess að ríkisstjórnin hæstv. hefur oft tekið mark á okkur í stjórnarandstöðunni og ég ætla að hrósa félmrh. sérstaklega fyrir það að hún skyldi ekki fara þá leið, sem tillögur voru uppi um um tíma, að setja málefni fatlaðra yfir á sveitarfélögin algjörlega óundirbúið eins og var í umræðunni. En í staðinn kom lögguskatturinn margumtalaði. Mér dettur í hug í því sambandi, þegar verið var að tala um lögguskattinn, að það var gamall maður sem sagði við mig um daginn: Er þessi lögguskattur til að borga tilsjónarmennina? Hann tók það nefnilega þannig, þessi gamli maður, að einhvern veginn þyrfti að borga þessar nýju löggur, þessa tilsjónarmenn, og hélt að sveitarfélögin ættu að borga það. (**Gripið fram í:** Svo eru sums staðar engar löggur.) Svo kem ég að því. En þessi svokallaði lögguskattur er svo mikil svívirða og hann er svo mikið út í hött og svo langt frá því sem um hefur verið samið því það fer alls ekki saman þarna fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð sem hingað til hefur verið talið alveg nauðsynlegt. En mig langar til þess að spyrja félmrh., þar sem þetta verður trúlega að lögum og það væri gaman að vita það fyrir sveitarstjórnarmenn almennt, hvort sveitarstjórnarmenn hafi eitthvað meira um lögregluna að segja hér eftir. Geta t.d. sveitarstjórnir ráðið meiru um framkvæmdamál lögreglunnar og geta þær fengið lögregluna á dauðum tíma til að vinna ýmis verkefni fyrir sveitarfélögin sem sveitarfélögin eru núna farin að borga fyrir? Það væri gaman að vita það. Mér dettur t.d. í hug núna að það væri mikill snjór og kannski lítið að gera hjá lögreglunni einhvers staðar í einhverju krummaskuði og hvort það væri hægt að fá að nýta hana til að moka snjó.

En það var sl. mánudag sem hæstv. fjmrh. — ég gaf honum sérstakt leyfi til að fara í kaffi vegna þess að ég get bara hvíslað þessu að honum á eftir — talaði um að í ráðstöfunum um ríkisfjármál væri ekki þrengt svo að að það þyrfti ekki að taka lán hjá ríkissjóði, ég læt það nú vera, og hann sagði að það væri verið að sníða sér stakk eftir vexti. En ég held að þessi stakkur sé afar illa skorinn og ég held að stakkurinn sé allt of þröngur í hálsinn. Ég held það séu víðar á honum skálmarnar en hann sé allt of þröngur í hálsinn sem sést best á því að það er verið að þrengja að þeim sem síst skyldi á meðan lekur niður úr skálmunum þar sem fjármagnið er. Ég held að það þurfi að taka þennan stakk og hanna hann upp á nýtt.

En ég hefði sennilega hætt við að tala í kvöld ef hæstv. 1. þm. Vesturl., sem er ekki lengur í forsetastóli en er kannski einhvers staðar hér ... (**Gripið fram í:** Hann er háttvirtur.) Hann var í forsetastóli og var á meðan hæstv. en er nú hv. 1. þm. Vesturl. Hann er gamall sveitarstjórnarmaður til næstum 20 ára og ég er búin að starfa mikið með þessum ágæta 1. þm., virðulegum, Vesturl. Hann hefur sem sveitarstjórnarmaður barist fyrir sveitarfélögin í landinu. Hann hefur talað af svo miklum kyngikrafti að ég hef hrifist og ég hef tárast og ég hef snýtt mér vegna þess að hann hafði svo mikinn skilning á málefnum sveitarfélaga. Svo kemur hann í ræðustól á mánudaginn — og hvað segir maðurinn? Það er búið að snúa honum algjörlega við. Hann var bara í ranghverfu sinni því hann sagði að honum fyndist tími til kominn, kannski orðaði hann það ekki alveg svona, en honum fannst samt réttlætanlegt og færði rök fyrir máli sínu að hann hefði heyrt það eftir fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í haust að sveitarfélögin væru prýðilega vel stödd. Ég taldi hv. þm. vita betur. Þó svo að sveitarfélögin væru ekki alveg á horriminni tel ég að þau geti ekki tekið á sig þá byrði sem nú er verið að leggja á þau og ég er viss um að hv. þm. er sammála mér innst í hjarta sínu.

En hann fann önnur rök líka fyrir því að leggja þennan skatt á sveitarfélögin. Það voru þau rök að ekki væri dregið neitt úr hafnaframkvæmdum á þessu ári. Ég mundi gjarnan vilja, ef hv. þm. væri í salnum, spyrja hann að því ... Virðulegi forseti, er hann er í salnum? (**Forseti:** Það er verið að ná í hv. þm.) Takk fyrir, ég mun þá bíða. (**ÓÞÞ:** Er Sturla með fjarvistarleyfi?) Forseti, er hann í húsinu? (**Forseti:** Samkvæmt viðveruskránni er hann í húsinu.) Þarna gengur hv. 1. þm. Vesturl. í salinn.

Það sem ég var að ræða um hérna áðan var sem sé þessi skattur á sveitarfélögin og sú ræða sem hv. þm. flutti á mánudaginn í þessari bandormsumræðu þar sem ég skildi svo að þar sem ekki væri dregið úr hafnaframkvæmdum á þessu ári væri réttlætanlegt að leggja lögguskattinn á sveitarfélögin. Þá langar mig til að spyrja: Voru Samtök sveitarfélaga spurð að því hvort þau væru tilbúin að draga eitthvað úr hafnaframkvæmdum almennt þannig að þessi lögguskattur félli ekki á sveitarfélögin? Ég er nefnilega alveg viss um það að mörg sveitarfélög hefðu frekar viljað bíða með framkvæmdir í eitt eða tvö ár, sem eru kannski ekki afar brýnar, í staðinn fyrir að taka á sig milljónir og sum sveitarfélög milljónatugi og þurfa jafnvel að taka lán fyrir því sem ekki er hagstætt fyrir þjóðfélagið í heild þar sem á að draga úr lántökum. Ég vona að þessi spurning mín hafi skilist.

En ég ætla ekki að draga þetta mikið á langinn. Ég hef einu sinni áður kynnst bandormi. Það eru mörg ár síðan, ætli það séu ekki ein 25 ár síðan. Þá vann ég í sláturhúsi fyrir austan fjall. Þá man ég og hugsa með hryllingi til þess hvað það var ógeðslegt kvikindi sem var innvortis í einu lambinu og ég man alltaf hvað

hausinn á skepnunni var tómur og stjarfur. Ég hef hugsað mikið um það af hverju þetta nafn, bandormur, er á þessu frv., en ég skil það vel núna. Og ég veit satt að segja ekki hvort mér þykir ógeðfelldari sá sullur sem ég sá í sláturhúsinu fyrir austan fjall fyrir 25 árum eða þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem kallaðar eru bandormur og eru nú til 3. umr.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 2. þm. Vesturl. vil ég segja að það fóru engir samningar fram svo ég viti til um það við sveitarfélögin að dregið yrði úr framkvæmdum við hafnir landsins, fjarri því. Það fóru heldur ekki neinir sérstakir samningar svo ég viti til fram við sveitarfélögin um það sem kallaður er lögguskattur. Hins vegar veit ég að mjög mörg sveitarfélög, þar á meðal sveitarfélög á Vesturlandi, lögðu á það ríka áherslu að ekki yrði dregið úr framkvæmdum við hafnir landsins og við það hefur verið staðið. M.a. benti ég á í þeirri ræðu sem hv. 2. þm. Vesturl. vitnaði til að ég hefði haldið að hækkun á framkvæmdafjárlögum í hafnagerð á milli áranna 1992 og 1992 væri 53% og það væri mjög mikils virði fyrir sveitarfélögin að svo væri.

Hv. þm. benti á að það hefði verið nær að skera niður framkvæmdir, m.a. hafnaframkvæmdir, fremur en að leggja íbúagjald á sveitarfélögin. Ég er ekki sammála. Ég taldi að það væri mjög mikilvægt að gera upp við sveitarfélög það sem ríkið skuldaði sveitarfélögum. Ég taldi mjög óskynsamlegt og ekki sveitarfélögunum til hagsbóta, allra síst sveitarfélögunum úti á landi, að draga úr framkvæmdafjárveitingum til þeirra verkefna sem voru hálfkláruð eða stóðu fyrir dyrum, e.t.v. mikilvægir áfangar. Ég lýsti því í ræðu minni að það hefði þurft að hafa meira samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra vegna þessa gjalds sem títtnefnt er, en því miður verður stundum að gera fleira en gott þykir en ég tel að niðurstaðan eins og hún er sé ásættanleg fyrir sveitarfélögin vegna þess að uppgjör vegna verkaskiptingar er tryggt og fjárveitingar til sameiginlegra verkefna vel viðunandi.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið svo langt sem það nær. En ég var bara að spyrja. Ég sagði ekki að ég vildi draga úr framkvæmdum. Ég spurði aðeins hvort sveitarfélögin hefðu fengið að velja um að draga úr framkvæmdum eða borga þennan skatt. Mér finnst að ekki hafi nógu mikil samvinna ríkt um þetta og það kemur greinilega fram í ræðu hv. þm. að það voru engir samningar í gangi og það var ekkert reynt að koma á móts við hugmyndir sveitarfélaganna. Það kemur greinilega fram þarna, þau voru aldrei spurð. Auðvitað vill enginn draga úr framkvæmdum, en ef einhver stendur frammi fyrir vali velur viðkomandi.

Þessi lögguskattur er mjög óraunsær og einn hv. þm. kallaði fram í einmitt áðan og sagði að það væru mörg sveitarfélög sem hefðu aldrei séð lögregluþjón. Það eru mörg lítil sveitarfélög þar sem aldrei kemur lögregluþjónn en þessi sveitarfélög borga þennan skatt. Það er þetta sem ég er að reyna að koma fram, að það var aldrei neitt val. Ég efast ekki um að flestar þær framkvæmdir sem vitnað er til á Vesturlandi eru allar bráðnauðsynlegar, en það er spurning ef einhver stendur frammi fyrir vali en á ekki fjármuni hvort hann vill frekar um tíma draga úr framkvæmdum en taka lán á þeim vöxtum sem eru í boði.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei vitað til þess að Alþingi stæði í samningum um löggjöf, ég tel að við verðum að standa og falla með þeim gjörðum og þeirri löggjöf sem samþykkt er á hinu háa Alþingi. Ég tel að það hefði e.t.v. reynst mjög erfitt ef við hefðum lagt á þann brattann að ætla ná samningum og samkomulagi við öll sveitarfélögin í landinu um það hvaða leið ætti að fara í þeim þrengingum ríkissjóðs sem við stöndum frammi fyrir í dag. En það hefur hins vegar vakið athygli mína og ég benti á það í ræðu minni fyrr í þessari umræðu að umhyggja margra hv. þm. fyrir sveitarfélögunum hefur ekki verið eins áberandi oft áður og hún virðist vera núna í umræðunum. Fyrr í kvöld kom það m.a. fram að einn hv. þm. harmaði mjög að frestað skyldi útgjöldum hjá sveitarfélögum og m.a. í tengslum við grunnskóla. Þar á ég við kostnað vegna skólamáltíða sem er frestað.

Ég minnist þess sérstaklega að ekki voru uppi mikil samráð við sveitarfélögin í landinu þegar grunnskólalögunum var breytt á síðasta þingi, þá var ekkert samráð haft um mjög veigamikil atriði í grunnskólalögunum sem valda sveitarfélögunum miklu meiri útgjöldum (**GHelg:** Þetta er ekki rétt.) en verið er að tala um í dag. Þetta er hárrétt, ágæti hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Það voru mjög útgjaldamiklar samþykktir sem fylgdu breytingum á grunnskólalögunum og það var ekki haft samráð við sveitarfélögin í landinu um þá lagasetningu.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem svo margir nýir þingmenn koma beint úr sveitarstjórnargeiranum hélt ég að núna væri tækifærið til að hafa þessa samvinnu og skilningurinn væri ríkari en raun ber vitni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég ætlaði að byrja á að svara nokkrum spurningum frá hv. þm. Svavari Gestssyni, ég geri ráð fyrir að hann sé í húsinu. Nú, hann er mættur. Þá hef ég mál mitt með því að koma nokkrum orðum að þeirri ræðu sem hann hélt fyrr í kvöld.

Hann ræddi sérstaklega bráðabirgðaákvæði grunnskólalaganna og þær breytingar sem á þeim verða við samþykkt þessa frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það er mikilvægt að réttur skilningur ríki á því sem hér er verið að gera og þess vegna vil ég fara okkrum orðum um þessi atriði.

Hv. þm. sagði að áframhaldandi skerðing vikulegs kennslutíma gæti ekki orðið frá áramótum 1992–1993 nema nýrrar heimildar yrði aflað. Þetta er réttur skilningur hjá hv. þm. Þetta ákvæði á við árið 1992 sam-

kvæmt 1. gr. frv. Ég hef hins vegar talað um áður að mér þætti hæpið að allur sá sparnaður sem nefndur hefur verið að ætti að koma á grunnskólann næðist á haustmissirinu einu. Og ég hef talað um að það mundi hins vegar verða til muna auðveldara að ná þessum sparnaði á heilu skólaári.

Mér er alveg ljóst að ef það á að gerast með áframhaldandi skerðingu á kennslutíma, vikulegum kennslutíma, eftir áramótin 1992–1993, þá þarf að afla nýrra heimilda. Þetta er mér ljóst. 1. gr. frv. segir þetta alveg örugglega. Hins vegar raknar við 46. gr. laganna. B-liður 1. gr. frv. segir það líka. Sú grein er aðeins tekin úr sambandi á árinu 1992. Þetta held ég að ætti ekki að vera neinn ágreiningur um.

Síðan hélt hv. þm. áfram og sagði efnislega, ég vona að ég hafi rétt eftir honum, að bráðabirgðaákvæði grunnskólalaganna lifnuðu við um áramót. Það er hins vegar misskilningur hjá hv. þm. vegna þess að bráðabirgðaákvæði grunnskólalaganna þau falla öll brott með samþykkt 3. gr. frv., nema síðasta málsgreinin sem segir fyrir um endurskoðun grunnskólalaganna, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna skal menntmrh. gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.“ Þetta ákvæði er látið standa.

Ég vil bæta nokkrum orðum við þetta. Annars vona ég að við þurfum ekki að hafa uppi ágreining um þennan skilning á hvað verður um bráðabirgðaákvæði grunnskólalaganna við samþykkt 3. gr. frv. Ákvæði 3. gr. grunnskólalaganna standa. Þau standa áfram, þ.e. að stefnt verður að einsetnum skóla eins og þar segir. Tímamörkin eru hins vegar numin brott. Tímamörkin eru numin brott, þau sem voru og eru í dag í bráðabirgðaákvæðum laganna.

Við endurskoðun grunnskólalaganna, sem fer fram núna í vetur, kann að verða efni til að setja ný tímamörk. Annars stendur þetta í 3. gr.: „Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé einsetinn.“

Ákvæði 4. gr. laganna um málsverði á skólatíma standa einnig áfram. (Gripið fram í.) Ja, það eru aðeins tímamörkin sem falla brott við það að bráðabirgðaákvæðin falla brott. — Um málsverðina segir í bráðabirgðaákvæðunum: „Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.“ Í 3. gr. í frv. segir ekkert um þetta þannig að 4. gr. stendur.

Ákvæðið um námsráðgjafana stendur einnig áfram í 35. gr., en tímamörkin um það á hvaða tíma þau skuli koma til framkvæmda eru numin brott. Inn á þetta atriði kom einnig hv. þm. Kristín Einarsdóttir í sínu máli. Og ég held að þingmaðurinn hafi haft þann skilning að við það að tímamörkin féllu brott skyldu námsráðgjafarnir ráðnir. Ég hef þann skilning að það hljóti að fara eftir framlögum á fjárlögum. Og á fjárlögum ársins 1992 er ekki gert ráð fyrir að fleiri námsráðgjafar verði ráðnir. En ákvæðið í lögunum stendur áfram.

Ákvæði 6. mgr. í bráðabirgðaákvæðum laganna eru hins vegar tekin upp óbreytt í 3. gr. frv., þ.e. um sérskólana, og ég er ekki að lesa það upp. Það er fært óbreytt inn í 3. gr. frv. Ég vona að þetta sé alveg ljóst og það þurfi ekki að vera uppi ágreiningur á milli okkar um skilning á þessum atriðum.

Ég ítreka að varðandi skertan kennslutíma er um að ræða aðgerð sem stendur í eitt ár. (**ÓÞÞ:** Nema nýrra heimilda verði aflað.) Já, að sjálfsögðu, nema nýrra heimilda verði aflað. Og það eru ekki uppi í dag neinar sérstakar ráðagerðir um það. Ég hef bara haft þennan fyrirvara um hvort þyrfti að færa þetta yfir eitt skólaár og ef það verður gert þarf nýja heimild. Það er mér alveg ljóst.

Hv. þm. Svavar Gestsson beindi til mín fyrirspurn varðandi 40. gr. frv., þ.e. um Kvikmyndasjóðinn. Nú hefur verið lögð fram brtt. að nýju við 3. umr., hún var kölluð aftur við 2. umr., að við greinina bætist nýr málsliður sem orðist svo: „Þar af skulu 14 millj. kr. renna til norræns kvikmyndaverkefnis.“ Hér er um að ræða samningsbundna greiðslu eins og hv. þm. rakti alveg réttilega. Það var samkomulag á milli fulltrúa allra flokka í þinginu í fyrra um að tryggja framlag til þessa norræna kvikmyndaverkefnis. Það fór hins vegar svo við afgreiðslu fjárlaganna að það var ekki sérstök fjárveiting til þessa og kom þá til afgreiðslu til að taka af öll tvímæli um að þessi upphæð yrði greidd úr Kvikmyndasjóði. Til að fá heimild til þess, ótvíræða heimild, að Kvikmyndasjóður innti þessa greiðslu af hendi er þessi tillaga flutt. Hún skerðir auðvitað Kvikmyndasjóð um 14 millj.

Ég get því miður ekki gefið yfirlýsingu um það hér og nú hvort unnt verði síðar á árinu að bæta Kvikmyndasjóði þetta upp. Það treysti ég mér ekki til að gera, en það þarf ekkert að efast um vilja manna til að gera svo ef mögulegt reynist. En ég get ekki gefið neina yfirlýsingu um það nú að svo verði. En þessi brtt. er flutt til að taka af öll tvímæli um heimildir Kvikmyndasjóðsins til að inna þessa greiðslu af hendi til hins norræna verkefnis.

Hv. þm. ræddi svo 36. gr. um tilsjónarmennina. Hæstv. fjmrh. hefur svarað þeim spurningum ítarlega og ég hef svo sem ekki neinu við það að bæta. Hv. þm. nefndi það, sem komið hefur víst áður upp í umræðunni, að hann sem menntmrh. setti fjármálastjóra yfir Þjóðleikhúsið, hliðstætt því sem hér er talað um með tilsjónarmennina. Hann hafði víðtækt vald, sá fjármálastjóri. Hann hafði að vísu fengið erindisbréf sem þjóðleikhússtjóri skrifaði upp á líka að því er hv. þm. upplýsti, ég vissi það nú ekki. Það breytir kannski engu.

En hv. þm. gat ekki um eitt atriði sem fjármálastjórinn hafði heimild til að gera og það var að segja upp starfsfólki. Nú veit ég ekki hvort það var tekið fram í erindisbréfinu, ég hef ekki forvitnast um þetta erindisbréf. En hvort sem hann hafði heimild til þess samkvæmt erindisbréfinu eða ekki gerði hann það. Ég veit það vegna þess að ég fékk fyrirspurn á sl. sumri frá starfsmanni sem þessi fjármálastjóri hafði sagt upp starfi og sá sem fékk uppsögnina hætti starfi, hætti störfum samdægurs reyndar. En það vöknuðu hjá honum efasemdir um að réttilega hefði verið staðið að

þessari uppsögn þegar hann sá úrskurðinn um að viðtakandi þjóðleikhússtjóri hefði ekki haft heimild til að segja upp starfsmönnum við Þjóðleikhúsið. Það var eðlilegt að efasemdir vöknuðu hjá viðkomandi starfsmanni þegar sá úrskurður féll.

Ég lét kanna hvort fjármálastjórinn hefði haft heimild til að gera þetta og fékk þann úrskurð að svo væri. Við það lét viðkomandi starfsmaður sitja. Þetta er til upprifjunar og til að sýna hvert vald viðkomandi geta haft. Raunar held ég að það sé enginn vafi að ráðherrar hafa stöðug umboð til að gera eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði í sinni ráðherratíð. Og ég efast ekkert um að hann stóð þar réttilega að verki og gerði rétt. En með þessu er sem sagt verið að taka af öll tvímæli að þetta sé heimilt.

Ég get ekki stillt mig um aðeins að nefna að gefnu tilefni að hv. þm. sagði á einum stað í ræðu sinni, því var svo sem ekki beint sérstaklega að mér, að ráðherrar, væntanlega viðkomandi málaflokka, hefðu aldrei talað fyrir málunum sem undir þá heyrðu og eru í þessu frv. Það er auðvitað ekki rétt, a.m.k. ekki að því er mig varðar. Ég hef rætt hverja grein sem varðar grunnskólann þó ég hafi hins vegar af eðlilegum ástæðum ekki talað fyrir frv., það gerði hæstv. forsrh., og ég tel mig einnig hafa svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint í umræðunni allri.

Ég held að ég hafi jafnframt þessu svarað flestum þeim spurningum sem komu fram í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur. Ég er búinn að fara yfir það held ég allt saman. Ég nefndi 3. gr. þar sem eftir stendur áfram að stefnt skuli að því að hver skóli sé einsetinn. Hv. þm. lét í ljós ótta um að það yrði kannski lengri tími í að því markmiði yrði náð við það að bráðabirgðaákvæði laganna eru numin brott. Ég sé enga ástæðu til að ætla það. Það má alveg eins ætla að það verði lögð meiri áhersla við endurskoðun laganna á að þetta mikilvæga markmið náist. En þá verður að hafa samstarf við sveitarfélögin, það held ég að sé ekki nokkur minnsti vafi, því þetta kallar á aukið húsrými og það er viðfangsefni sveitarfélaganna. Ég held að það hljóti að vera áhugamál allra að það markmið náist sem allra fyrst.

Hv. þm. spurði svo hvað ég ætti við með því að segja að skerðing á vikulegum kennslutíma yrði aðeins í efstu bekkjum grunnskólans. Það má vel vera að ég hafi tekið svona til orða, „í efstu bekkjum", en ég hef látið það jafnframt fylgja, held ég ábyggilega, að ég hef nefnt 4.–10. bekk sem þýðir auðvitað, og ég hef reyndar sagt það beinum orðum, að ég hafi ekki hyggju að beita þessari heimild til að skerða kennslutíma hjá þremur yngstu árgöngunum. Þetta á að vera alveg ljóst.

Um fjölgun í bekkjardeildum. Því atriði hef ég svarað ítarlega. Ég gerði það í gær og ætla ekki að endurtaka það þótt einhverjir séu kannski nú í salnum sem ekki voru þá. Ég endurtek það aðeins einu sinni enn að með þessu heimildarákvæði er ekki verið að efna til einhverra skipulegra flutninga á milli bekkja, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar. Eins og ég hef áður sagt er óskað eftir þessari heimild um að fara megi um allt að tvo umfram hámarkið úr 28 í 30, úr 22 í 24, til að koma í veg fyrir skiptingu bekkja. Það er eini tilgangurinn með því að leita þessarar heimildar.

Ég held að þetta séu atriðin sem beint var til mín og ég vona að ég hafi svarað þeim.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Þau voru gagnleg og það er nauðsynlegt að bera sig saman um efnisleg atriði í umræðu af þessu tagi vegna þess að þetta frv. er býsna flókið og kemur mjög víða inn í lög og breytir lögunum. Ég tel því að það sé mjög mikilvægt að skilningur þingsins sé á hreinu varðandi ákveðin grundvallaratriði.

Ég vil aðeins vegna þess sem sagt var fyrr í kvöld í andsvari við ræðu hv. 2. þm. Vesturl. láta það koma fram að samkvæmt hinum nýju grunnskólalögum er gert ráð fyrir lögbundnu samráði við sveitarfélögin sem aldrei hefur áður verið í lögum. Skv. 1. mgr. 10. gr. er sérstakt ákvæði um það. Það er hlutverk menntmrh. að tryggja að þetta samráð gangi fyrir sig.

Svör hæstv. menntmrh. byggðust m.a. á því að áframhaldandi skerðing á tímum skv. 46. gr. gæti í raun og veru ekki átt sér stað eftir næstu áramót nema til kæmu ný lagaákvæði. Það var mikilvægt að það var skýrt. Í öðru lagi lagði hann á það áherslu að bráðabirgðaákvæðin lifna ekki við vegna þess að þau eru felld út gildi með 3. gr. frv. eins og það var upphaflega lagt fram. En síðan segir hann: Ákvæðin sem bráðabirgðaákvæðin vísa til halda sér inni í lögunum, t.d. varðandi námsráðgjafana og fleiri aðila og einsetinn skóla líka. Það er út af fyrir sig rétt. En gallinn er sá að þar með verða hin almennu ákvæði innihaldslaus sem skólaþróun og skólaþróunarstefna. Þess vegna er mjög mikilvægt að það verði á ný sett inn tímamörk eins og hæstv. menntmrh. gaf reyndar í skyn að hann mundi beita sér fyrir að gert yrði.

Varðandi ákvæðið um málsverði finnst mér að þar standi eftir einhver misskilningur hjá okkur vegna þess að það er tekið út í bráðabirgðaákvæðinu, við erum sammála um það. En það ákvæði er líka tekið út á árinu 1992 skv. 1. gr. því þar stendur: „Eftirtalin ákvæði laganna munu ekki koma til framkvæmda á árinu 1992: a. 3. mgr. 4. gr." — 3. málsgr. 4. gr. eru skólamáltíðirnar þannig að skólamáltíðirnar eru teknar út á árinu 1992 en lifna við um áramótin samkvæmt orðanna hljóðan hér. Ég skil það svo. Og þá erum við sammála um það.

Ég skildi hæstv. ráðherra svo að hann mundi út af fyrir sig vera tilbúinn til að beita sér fyrir því að reyna að líta á ný á málefni Kvikmyndasjóðs þó ég hafi orðið fyrir vonbrigðum með að hann vildi ekki gera það nú þegar.

Varðandi tilsjónarmanninn og dæmið úr Þjóðleikhúsinu. Mér finnst satt að segja ekki viðkunnanlegt að ræða það í smáatriðum gagnvart einstöku fólki, enda er tíminn bersýnilega liðinn og ég get þá komið að því einhvern tímann síðar ef ástæða er til. En ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir efnisleg svör.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans og ég verð að segja að hann hefur setið mjög vel yfir þessari umræðu og svarað því sem hann hefur verið spurður um sem og skýrt þessar greinar, það get ég staðfest miðað við þann tíma sem ég hef setið hér í salnum.

Ég held að nauðsynlegt sé að sett verði tímamörk á það hvenær 35. gr. grunnskólalaganna eigi að taka gildi. Að vísu finnst mér eins og lögin hljóma, og þau tóku gildi 27. mars 1991, að það sé algjörlega ótvírætt að við grunnskóla eða fræðsluskrifstofu skuli starfa námsráðgjafar. Það á í sjálfu sér ekki að þurfa að setja nein tímamörk, en miðað við þá túlkun sem hæstv. menntmrh. hafði á þessari grein er það e.t.v. nauðsynlegt. Eftir mínum skilningi á það ekki að þurfa vegna þess að það er ótvírætt í lögunum eins og þau eru núna. Þess vegna skil ég ekki, ef hann telur ekki að það þurfi að ráða námsráðgjafa nú þegar við hvern skóla, af hverju þetta ákvæði var fellt út því það hefði þá verið miðað við ákvæðið eins og það hljómar í núgildandi lögum þar sem segir að það sé samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni og hefði kannski verið auðveldara fyrir hæstv. ráðherra hverju sinni að hafa þetta ákvæði óbreytt en að vera að fella það burtu.

Ég verð að lýsa ánægju minni með að ráðherra telji að það eigi frekar að flýta en seinka því að koma á einsetnum skóla og skal ég styðja hann svo lengi sem ég er hér í því markmiði. Að sjálfsögðu verður að hafa samstarf við sveitarfélögin, en það þarf ekki síður að gera það í þessu máli en mörgum öðrum málum og er ánægjulegt að hæstv. ríkisstjórn ætlar að breyta um verklag í samskiptum við sveitarfélögin.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er búið að reyna ítrekað í umræðu um þennan bandorm um ráðstafanir í ríkisfjármálum að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina og einstaka ráðherra í þeim óheillaverkum sem stendur til að setja í framkvæmd þegar þessi bandormur verður að lögum. Þetta hefur verið reynt í mörgum umræðum. Ég ætla ekki við 3. umr. að halda þeim tilraunum mínum lengur áfram, en vil fyrst og fremst að ræða um þá útúrsnúninga og þær rangfærslur sem hæstv. heilbr.- og trmrh. var með í gær við atkvæðagreiðsluna um bandorminn sem varð að fresta í miðju kafi og það vil ég gera við 3. umr. þar sem ég því miður var ekki viðstaddur atkvæðagreiðslur í gær.

Ég er með útskrift af ræðu hæstv. heilbrrh. og það er sagt þar að bein tilvitnun sé óheimil því það á eftir að lesa þessa ræðu yfir, en hæstv. heilbr.- og trmrh. segir eitthvað á þessa leið: Í öllum þeim stóru orðum sem hér hafa fallið hefur því ekki verið mótmælt að ég hafi vitnað í réttar upplýsingar um frv. hæstv. fyrrv. heilbrrh. Það sem ég hef gert er það eitt að rifja upp fyrir flm. þess frv. hvað í því stóð. Það er auðvitað auðheyrt að þeim sárnar það, en það verður þá bara svo að vera því sannleikanum er hver sárreiðastur.

Þegar ráðherrann heldur þessu fram er auðvitað bara um tvennt að ræða. Annars vegar að ráðherrann er að segja ósatt og það vísvitandi eða hitt að ráðherrann þekkir ekki málin betur en svo að hann veit hvorki hvað stendur í þeim tillögum og því frv. sem hér liggur fyrir og ríkisstjórnin ber ábyrgð á né heldur því frv. sem fyrrv. ráðherra lagði fram í þinginu á sl. ári. Þessum orðum mínum til stuðnings ætla ég á nokkrum stöðum að vitna í þau ummæli hæstv. ráðherra við þessa makalausu atkvæðagreiðslu í gær og færa rök fyrir því að allt sem hann sagði þar er rangt og ég skil ekki öðruvísi en svo að það er af þessum tveimur ástæðum, annarri hvorri, sem ég ætla ekki að leggja mat á hvort er til staðar, bein ósannindi af hálfu ráðherrans eða þekkingarleysi.

Á einum stað segir hæstv. ráðherra: Skerðingartillögur Framsfl. gerðu ráð fyrir að skerðingin næmi 30%. Hér er aðeins stigið það skref að láta skerðinguna nema 25%. Það er eini munurinn á tillögum fyrrv. heilbrrh. og þeirri tillögu sem hér er flutt og ég lít á mótmæli Framsfl. við þessari tillögu sem mótmæli við því að skerðingin skuli ekki vera sú sama í þessum tillögum og hún var í þeirri tillögu. Ég segi já — eins og ráðherrann orðaði það.

Hér er náttúrlega um beinan útúrsnúning að ræða. Það er rétt að skerðingarprósentan var 30% í frv. fyrrv. ráðherra, en er 25% í því frv. sem hæstv. heilbrrh. flytur nú. En hvað hafði áður verið gert í frv. því sem fyrrv. heilbrrh. flutti? Og það er þetta sem heilbrrh. veit ekki eða kýs að segja ekki frá til þess beinlínis að segja ósatt. Það er í fyrsta lagi um svokallaða 90%-reglu, ef hæstv. ráðherra veit hvað það þýðir, en það er að tveir einstaklingar sem eru giftir eða njóta hagræðis af sambýli eins og það er orðað í lögunum verða fyrir 10% skerðingu á grunnlífeyri ef þessar aðstæður eru til staðar, gifting eða hagræði af sambýli. Þetta ákvæði hafði verið afnumið í því frv. sem Guðmundur Bjarnason lagði hér fram í þinginu. Sú aðgerð ein, hæstv. ráðherra, vegur auðvitað miklu þyngra en munurinn á 25% og 30% skerðingu sem er mismunurinn á frv. núv. hæstv. heilbrrh. og þess fyrri. Þar að auki var gert ráð fyrir að skerðingarmörk vegna tekjutryggingar væru lækkuð úr 45% niður í 40% og ég býst við að heilbr.- og trmrh. viti að tekjutryggingin er meira en helmingi hærri en grunnlífeyririnn. Þar að auki vega þessi 5% mun meira en mismunurinn á 25% og 30%. Og í þriðja lagi eru viðmiðunarteknamörk hjónanna hækkuð úr 70% í 75%. Þetta þrennt gerir margfalt að vega upp það sem er mismunurinn á 25% og 30%.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að leggja dóm á hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur valið það í umræðunni í gær að segja ekki frá þessu og segja þannig ósatt eða að hann hefur ekki vitað hvað það var sem í þessu fólst og hefur aldrei lesið frv. Ég verð þó að segja að ég hallast frekar að því að hæstv. ráðherra hafi aldrei lesið frv. fyrrv. heilbrrh. af þeirri ástæðu að það er svo ótrúlega margt sem hefur komið fram almennt í umræðunni um heilbrigðis- og tryggingamál sem ráðherrann er að vitna í að hafi verið í hinum og þessum gögnum sem fyrrv. ráðherra hafi flutt og er yfirleitt alltaf rangt með farið.

Á enn einum stað við þessa atkvæðagreiðslu segir hæstv. ráðherra: Að öllu öðru leyti er um sömu framkvæmd að ræða, þ.e. á tekjutengingu lífeyrisins, eins og fyrrv. heilbrrh. lagði til og þeirri sem hæstv. heilbrrh. leggur nú til.

Ég vil líka upplýsa menn um að í þessu skjali hæstv. ráðherra sjálfs kemur fram að ellilífeyrir er samkvæmt hans tillögum skertur um 400 millj. eða allmiklu meira en tillaga sem hér er gerð. Nú þykist ég vera viss um að hæstv. heilbr.- og trmrh. veit að þessi bók, nefndarálit frá október 1990, er til í heilbr.- og trmrn. Ég þykist líka vera alveg viss um að hann hefur séð þessa bók, en að hann hafi einhvers staðar séð í þessari grænu bók að lífeyrinn ætti að skerða um 400 millj. er hvergi nokkurs staðar, ekki neina slíka tölu þar að finna. Þá er aðeins um tvennt að ræða, að hann hafi lesið vitlausa bók eða að hann hafi kosið að segja ósatt við atkvæðagreiðsluna.

Staðreyndin er sú, hæstv. ráðherra, að þessi skýrsla og frv. það sem fyrrv. ráðherra lagði fram í þinginu byggir í öllum meginatriðum á þessu nál. að öðru leyti en því þó að nál. gerði ráð fyrir að lífeyrir lífeyrissjóðanna hefði áhrif til skerðingar á ellilífeyri og örorkulífeyri. Því var breytt og því var breytt í kjölfar þess að flokksþing framsóknarmanna í nóvember 1990 samþykkti að ekki skyldi koma til þessarar skerðingar eða lífeyrir lífeyrissjóðanna skyldi ekki hafa áhrif á þessa skerðingu. En það frv. fól í sér að það voru færðar 180 millj. kr. til öryrkja. 180 millj. kr. voru færðar frá þeim sem betur mega sín yfir til þeirra sem þurfa á aðstoð tryggginganna að halda sem eru að mínu viti í dag engir frekar en öryrkjar.

Þetta frv. fyrrv. heilbrrh. gerði einnig ráð fyrir að skerðing ellilífeyris yrði 235 millj. Og ef ráðherrann vill fletta upp í bókinni — ég held það sé á bls. 72 — sér hann þetta í þeim nákvæma samanburði sem þar er gerður á frv. og gildandi lögum. Þá kemur fram að þessi sparnaður, sem hugsanlega hefði náðst með tekjutengingu ellilífeyris, hefði verið 235 millj., en til hjónanna vegna breytinga á skerðingarmörkum tekjutryggingar sem voru lækkuð úr 45% niður í 40% og afnámi 90%-reglunnar og breyttum viðmiðunarteknamörkum, þá hafa verið færðar til í tekjutryggingunni 100 millj. kr. til ellilífeyrisþega frá þeim þó sem búa einir, en yfir til hjóna eða þeirra sem njóta hagræðis af sambýli. Nettóskerðingin er 135 millj. kr.

Í sjónvarpinu í gærkvöld fullyrti hæstv. heilbr.- og trmrh. að ef frv. fyrrv. ráðherra hefði náð fram að ganga hefði orðið um 80% jaðarskatt að ræða fyrir þennan hóp. Í síðustu viku, þegar hv. þm. Svavar Gestsson stóð í ræðustól og hrósaði þeim í heilbrrn. fyrir sérstaka stærðfræðikunnáttu, kinkaði hæstv. heilbr.- og trmrh. mjög kolli og ég sá að hann tók það til sín að hv. þm. Svavar Gestsson átti við hann, þó svo að hv. þm. hafi tekið fram að það væri aðstoðarmaðurinn sem hann ætti við.

En þá var einfalt fyrir hæstv. ráðherra að reikna út og það gerði hann að frv. sem hann hefur lagt fram mun leiða til 75% jaðarskatts fyrir ellilífeyrisþegana. En hann gleymdi í þessum útreikningum eins og svo oft áður, hæstv. heilbr.- og trmrh., að taka tillit til þess að 90%-reglan hafði verið afnumin. Hann gleymdi að taka tillit til þess að 45% skerðingin var komin niður í 40% skerðingu í tekjutryggingunni. Hann gleymdi einnig að taka tillit til þess að viðmiðunarteknamörkin höfðu verið hækkuð úr 70% í 75%. Og þegar tillit hefur verið tekið til þessara hluta var um langtum lægri jaðarskatt að ræða samkvæmt þessu en gert er ráð fyrir með því frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nú lagt fram í þinginu.

Á enn einum stað við þessa atkvæðagreiðslu segir hæstv. ráðherra, og ég ætla að lesa svarið í heild eins og það birtist í útskrift sem ég hef fengið frá ræðuriturum, en er óyfirlesið af hæstv. heilbr.- og trmrh.: Vegna þeirrar efnislegu umræðu sem hér hefur orðið við atkvæðagreiðsluna, sem hv. þm. mótmæltu að ættu sér stað, vil ég gjarnan upplýsa að það er rétt að það var gert ráð fyrir því í frv. fyrrv. heilbrrh., sem flokkur hans væntanlega stóð að, var gert ráð fyrir um 14% hækkun grunnlífeyris örorkulífeyrisþega og 14% hækkun á tekjutryggingu. En það var líka gert ráð fyrir því að skerða grunnlífeyri með nákvæmlega sömu aðferðinni eins og hér er gerð tillaga um að öðru leyti en því að það var gert ráð fyrir að hefja skerðingu grunnlífeyris við nokkuð lægri atvinnutekjur en hér er gerð tillaga um og að grunnlífeyrir örorkulífeyrisþega yrði að fullu skertur við mun lægri atvinnutekjur en hér er gerð tillaga um. (Gripið fram í.) Já, ég held að hæstv. samgrh. hefði gott af því að lesa þetta vegna þess að hann þekkir ekkert til í þessum málaflokki. (Gripið fram í.) Hann hafði áhuga fyrir því, ég sá það.

Þetta er líka rangt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna þess að mismunurinn á þeim tölum sem fram komu í frv. fyrrv. heilbrrh. og því frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. leggur nú fyrir þingið er aðeins verðlagsbreytingar. Og ef hæstv. ráðherra vill sannfærast um þetta þarf hann ekki annað en reikna út prósentumuninn á 11.181 kr., sem var grunnlífeyririnn á þeim tíma sem þetta frv. var lagt fram, og því sem hann er í dag, 12.123 kr., og finna síðan út hver er mismunurinn á skerðingarmörkunum. Þá kemst hann að raun um að hér er aðeins um verðlagshækkanir að ræða. Þetta held ég að ráðherrann hafi hlotið að vita við umræðuna í gær, en kaus ekki að segja frá heldur að fara rangt með staðreyndir.

Nú er það svo að Alþýðuflokkurinn – Jafnaðarmannaflokkur Íslands skammast sín fyrir þær tillögur sem hann er að leggja fyrir þingið. Og af hverju skyldi hann gera það? Jú, vegna þess að honum var boðið upp á það í síðustu ríkisstjórn að standa að heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni og fá hana samþykkta hér á Alþingi, ný heildarlög fyrir almannatryggingarnar. Hæstv. núv. ráðherra og aðrir ráðherrar sem þá voru í þeirri ríkisstjórn ásamt öllum þingflokki Alþfl. treystu sér ekki til að standa að þessu frv. sem fyrrv. ráðherra hafði lagt fram í þinginu af þeirri ástæðu að það fól í sér tekjutengingu elli- og örorkulífeyris. Þegar nú í haust er tilkynnt í fjárlögum að það eigi að skerða lífeyrinn hjá lífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum um 260 millj. kr. hafa þeir ekki önnur

úrræði en þau að tekjutengja hann og hafa því beinlínis með því að sýna andstöðu við frv. fyrrv. ráðherra staðið gegn öllum þeim réttarbótum sem fólust í því frv., eins og 14% hækkun á örorkulífeyri, eins og 14% hækkun á tekjutryggingu, 55% hækkun á sjúkradagpeningum, 55% hækkun á vasapeningum. En núna er komið inn í þingið af hálfu Alþýðuflokksins – Jafnaðarmannaflokks Íslands, frv. sem gerir ráð fyrir beinni skerðingu og sparnaði fyrir lífeyristryggingarnar og þannig á þessi hópur, gamla fólkið, að leggja sérstaklega af mörkum á þessum óskaplegu erfiðu tímum sem ríkisstjórnin er núna að upplifa og er að fást við og kýs að leggja milljarða kr. skatt á þá sem þurfa á lyfjum að halda, 700 millj. kr. skatt á þá sem þurfa að sækja til sérfræðinga, 370 millj. kr. skatt á þá sem þurfa að sækja þjónustu heilsugæslustöðva. En allar aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig í dag fyrir þessa ríkisstjórn að vandinn er heimatilbúinn og ríkisstjórnin hefur svo til algerlega útbúið þennan vanda sjálf.

Ég veit að það munu aðrir í þessari umræðu gera enn efnislegri grein fyrir því hver var og er munurinn á því frv. sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram í þinginu og þeim tillögum sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nú lagt fram.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan að það komi fram að ég hafði gert ráð fyrr að taka til máls við 2. umr. um þetta frv. Ég hafði skrifað hjá mér þær fyrirspurnir og athugasemdir sem komið höfðu fram hjá hv. þm. við þá umræðu. Ég gerði hins vegar ráð fyrir að hún héldi nokkuð áfram því það voru margir á mælendaskrá þegar ég síðast vissi til. Síðan var samið um að láta þeirri umræðu lokið og menn létu taka sig út af mælendaskrá þannig að ég komst ekki að til að svara þeim fyrirspurnum sem ég ætlaði mér að gera við 2. umr. málsins. Ég vil aðeins láta þetta koma fram til að firra þeim misskilningi að ég hafi ekki ætlað að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hafði verið beint, en ég geri það þá nú.

Í fyrsta lagi langar mig til að vekja athygli manna á því að þessi umræða um skerðingu á elli- og örorkulífeyri einkum og sér í lagi hefur verið afskaplega villandi. Það hefur verið á ferðinni þar mikill misskilningur og rangfærslur, annaðhvort meðvitaðar eða ómeðvitaðar eða hvort tveggja. Sem dæmi um þetta get ég tekið fréttaflutning sjónvarpsstöðvanna. Þegar þetta mál hefur þar verið á dagskrá hafa gjarnan fylgt fréttum af því myndir innan úr hjúkrunarheimilum aldraðra af fólki sem hefur verið rúmliggjandi eða í hjólastól. Þetta ýtir undir þann skilning að með þessum tillögum sé verið að skerða ellilífeyri fólks eins og þess sem þarna er sýnt. Svo er ekki. Hér er eingöngu um að ræða skerðingu á grunnlífeyri þ.e. á hluta af lífeyri sem gamalt fólk og öryrkjar njóta, hjá þeim sem hafa umtalsverðar atvinnutekjur. Og ég á ekki von á að þeir sem eru á hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum, í hjólastólum eða rúmliggjandi, hafi umtalsverðar atvinnutekjur. Þannig hafa sjónvarpsstöðvarnar annaðhvort vísvitandi eða vegna misskilnings fréttamanna aldrei skilið efnisatriði málsins. Þannig hafa sjónvarpsstöðvar ýtt undir misskilning, ýtt undir hræðslu hjá gömlu fólki sem engra atvinnutekna nýtur um að þarna sé verið að skerða hag þess og er það ekki vansalaust af ábyrgum fréttastofum að meðhöndla fréttir með þessum hætti, bókstaflega að snúa út úr þeim í staðinn fyrir að reyna að miðla réttum upplýsingum til fólks.

Þá hefur þess einnig gætt við þær umræður sem hafa farið fram um þetta mál í Alþingi að gætt hefur mikils misskilnings hjá einstökum þingmönnum Annaðhvort virðast þeir ekki vita um hvað málið snýst eða þeir koma mjög illa orðum að meiningu sinni. Dæmi um þetta átti sér stað þegar atkvæðagreiðsla fór fram 21. jan. sl. Þar sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir, og ég tek það fram eins og hv. síðasti ræðumaður að hér er ég að vitna í óyfirlesið handrit af ræðu hv. þm., en hv. þm. sagði eitthvað á þessa leið samkvæmt óyfirlesnu handriti eða útskrift af ummælunum, með leyfi forseta. Hún sagði:

„Móðir mín hefur nú 16 þús. kr. í makalífeyri. Hafi þessi ungu afsprengi útgerðarmanna landsins sem hér eiga sæti ekki vitað þetta, þá skulu þeir vita það núna. Þessu ætla þeir öldruðum sjómönnum að lifa af núna."

Sé það meining hv. þm. sem þarna kemur fram skilur hún ekki hvað hér er verið að gera. Skilji hún hvað hér er verið að gera tekst henni ekki að koma hugsun sinni á framfæri því að allir hljóta að hafa skilið þessi orð svo að hv. þm. liti svo á að með þessum aðgerðum væri verið að skerða lífeyri þeirra sem aðeins hefðu 16 þús. kr. lífeyristekjur á mánuði. Það er algerlega rangt eins og hv. þm. veit. Það er ekki verið að skerða lífeyri, hvorki móður hv. þm. né annarra þeirra sem þannig háttar um. Ég vænti þess að hv. þm. leiðrétti á eftir þennan misskilning sem hefði mátt leggja í orð hennar því að þær aðgerðir sem verið er að grípa til með þeirri skerðingu á grunnlífeyri sem hér er lagður til koma á engan hátt við hagsmuni þessarar ágætu konu, skipta hana engu máli nema þá að hún hafi atvinnutekjur yfir 66 þús. kr. á mánuði, en þá skerðist grunnlífeyrir hennar um 25% af því sem hún hefur í tekjur umfram 66 þús. kr. á mánuði.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir er með bestu rithöfundum þessa lands. Henni hefur hingað til látið vel að koma hugsun sinni skilmerkilega á framfæri þannig að unnt sé að skilja hvað fyrir henni vakir. En hafi hún verið að mæla þá hugsun sem ég er að lýsa með þessum orðum sínum er hún óvenjulega myrk í máli þar, miklu myrkari í máli en rithöfundurinn Guðrún Helgadóttir.

Ég vara mjög við því að menn tali með þessum hætti, vonandi óviljandi en kannski vísvitandi og ég er ekki að gera hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur það upp, (**ÓÞÞ:** En hverjum þá?) en ég er að vonast til þess — m.a. þeim sem ég var að nefna hér dæmi um um fréttamiðlun fjölmiðla af þessum málum — að menn leggi sig fram um að upplýsa gamla fólkið um þær aðgerðir sem hér er verið að gera. Ég er ekkert að biðjast undan gagnrýni á þær, en ég er að biðja fólk um að auka ekki á misskilning eða vanþekkingu með því að

haga þannig orðum sínum að það sé auðveldara að misskilja hvað fyrir viðkomandi vakir en gera sér grein fyrir því hver hugsun viðkomandi er.

Þá var það nokkuð gagnrýnt sem ég hef orðað í sambandi við samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Þó að hæstv. félmrh. hafi vitnað í samstarfssáttmálann þar sem haldið hefur verið fram að ég færi rangt með vil ég engu að síður gera það. En 1. gr. þessa samstarfssáttmála hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðilar eru sammála um að ríkið og sveitarfélögin samræmi eftir því sem kostur er stefnu sína í opinberum rekstri með það fyrir augum að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem ríkisstjórn og Alþingi ákvarða á hverjum tíma."

Markmiðið með 1. gr., sem er lykillinn að umræddum samstarssáttmála, er að samráðið milli ríkis og sveitarfélaga sé til þess gert að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem ríkisstjórn og Alþingi ákvarða á hverjum tíma. Það var hluti af efnahagsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar að sveitarfélögin tækju þátt í því þjóðarátaki sem nú á sér stað til að reyna að vinna bug á þeim erfiða vanda sem við er að etja í efnahagsmálum. Í samræmi við það markaði hún þá afstöðu að sveitarfélögin tækju þátt í þeirri lausn með því að leggja fram með einum eða öðrum hætti um það bil 750–1.000 millj. kr. og ríkisstjórnin vildi hafa samráð við sveitarfélögin um hvernig því efnahagsmarkmiði yrði náð. Um það snýst málið.

Það segir einnig í 2. gr. til að skýra þetta enn betur, með leyfi forseta: „Samstarfið felst í því að ríkisstjórnin annars vegar tekur að sér að hafa frumkvæði um nánar tiltekin atriði í löggjöf, en Samband ísl. sveitarfélaga hins vegar mælir með að sveitarfélögin fylgi nánar umsaminni stefnu í fjármálum sínum." Það er alveg ljóst og bundið í samstarfssáttmálanum sjálfum að það er ríkisstjórnin sem tekur að sér að hafa frumkvæði um löggjafarsetningu og stjórnarframkvæmd. Ég held að það sé ekki hægt að segja það með réttu að þarna hafi ég farið með rangt mál, hvað þá heldur, eins og sumir hv. þm. hafa svo kurteislega orðað, að hér hafi ég farið með haugalygi. En það má náttúrlega alltaf segja eins og Sveinn í Firði, sem hér var eitt sinn þingmaður, að lygi sé lygi þó hún sé ljósmynduð. Það orðalag viðhafði hann í þrætu hér í þinginu um tiltekin mál og sá sem hann þrætti við sýndi honum ljósmynd máli sínu til sönnunar af því sem um var þrætt. Þá sagði Sveinn í Firði þessi fleygu orð: Lygi er lygi þó hún sé ljósmynduð. Og auðvitað geta menn haldið því fram að það sem ég hef hér sagt sé lygi eða ósannindi jafnvel þó þetta standi skráð í *samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga*.

Virðulegi forseti. Ég vil snúa mér næst að því að svara spurningum hv. þm. Það vill svo til að margir þeirra hafa spurt sömu spurninganna þannig að ég held að ég láti mér nægja að svara þeim þá í senn, þeim spurningum sem fleiri þingmenn en einn hafa beint til mín og tek ég þá til við þann sem síðast spurði sem er hv. þm. Svavar Gestsson.

Hv. þm. spurði hvenær umrædd skerðing á ellilífeyri kæmi til framkvæmda. Það verður 1. febr. nk. Ég hef síðast í dag kynnt mér undirbúning þess máls hjá Tryggingastofnun ríkisins og ég get upplýst að það gengur mjög vel. Hér er um tiltölulega einfalda framkvæmd að ræða. Hér er um framkvæmd að ræða þar sem hægt er að nota nýjustu tækni, þ.e. tölvutæknina, við samanburð á upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins og frá skattkerfinu. Hér er um að ræða um það bil 3.000 framtöl og tvær tölur sem þarf að skoða sérstaklega á þeim 3.000 framtölum. Þetta verk er verið að vinna núna. Þetta verk verður tölvuunnið. Undirbúningur þess gengur mjög vel. Það er greiðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins sem sér um það og því verki verður lokið á tilsettum tíma. Undirbúningurinn gengur betur en menn þorðu að vona. Framkvæmdin verður þann 1. febr. 1992 eins og gert er ráð fyrir í frv. og ég get fullvissað menn um að Tryggingastofnun ríkisins ræður vel við það verkefni hvað svo sem hefur komið fram frá einstökum mönnum á fundi efh.- og viðskn. eða heilbr.- og trn. Um það veit ég ekki, hvað þar hefur fram komið, annað en það sem stendur hér í gögnum. En hvað svo sem því áliti líður vil ég taka af öll tvímæli um það að þessi undirbúningur gengur vel og það verður hægt að framkvæma málið eins og til var stofnað og er nú ekkert undarlegt að það skuli hægt vegna þess að það er ekki mikið verk í skattkerfi sem er tölvuvætt og í bótakerfi sem er tölvuvætt að ná upplýsingum fram um tvær tölur í skattaframtölum 3.000 einstaklinga og að sjálfsögðu vegna þess að önnur framtöl liggja ekki fyrir en framtöl ársins 1991, þ.e. fyrir árið 1990, síðustu framtöl sem fyrir liggja og við þau framtöl er stuðst í sambandi við allar þær umfangsmiklu tekjuviðmiðanir sem framkvæmdar eru í kerfinu. Það eru mjög umfangsmiklar tekjuviðmiðanir sem framkvæmdar eru í þessu kerfi því að eins og hv. þm. væntanlega vita eru innheimtir tekjuskattar einstaklinga eitthvað í kringum 30 milljarðar kr. ef ég man rétt, en um það bil 20 milljarðar kr. fara aftur til baka að verulegu leyti í tengslum við tekjuviðmiðanir sem unnar eru á grundvelli tekjuframtala þeirra sem síðast eru til þannig að það eru aðeins um 10–12 milljarðar kr. sem eftir standa af hinni miklu tekjuskattsinnheimtu. Það er engum erfiðleikum bundið í nútímaþjóðfélagi að framkvæma þá afgreiðslu sem hér fer fram. Menn þurfa ekki lengur að vinna þetta verk með því að láta fólk með blað og blýant skrifa þetta upp og fletta í einhverjum spjaldskrám. Þetta tilheyrir liðnum tíma. Þessi verk eru nú unnin á tölvutæku formi. Það er verið að vinna þau og þau verða unnin og það mun ekki valda vandræðum.

Það var spurt: Hvað um þá ellilífeyrisþega sem búa erlendis? Þessir ellilífeyrisþegar fá grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Þeim verður öllum skrifað bréf þar sem þeim verður gefinn kostur á að skila tekjuvottorði innan ákveðins frests sem sennilega verður þrír mánuðir. Skili þeir ekki tekjuvottorði innan þess tímafrests mun þá, þegar sá tímafrestur er liðinn, verða felldur niður grunnlífeyrir þeirra. Þetta verður gert svona, þetta verður gert af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins, þetta er mjög einföld framkvæmd, skýr og skilmerkileg þar sem réttur viðkomandi einstaklings er

að fullu tryggður, þ.e. honum er tryggður sá réttur að koma fram viðhlítandi tekjuvottorðum frá skattayfirvöldum á þeim stað þar sem hann býr. Viðkomandi verður gefinn rúmur tími til að afla þeirra vottorða og grunnlífeyrir verður ekki felldur niður nema því aðeins að viðkomandi tekjuvottorði verði ekki skilað eða ef tekjuvottorðið er þess eðlis að einstaklingurinn á ekki kröfu á ellilífeyri fremur en væri hann búsettur á Íslandi.

Þá er einnig spurt um tvísköttunarsamninga. Það var ekki spurt hins vegar um samninga um gagnkvæm réttindi til almannatrygginga. En það sama á við í báðum þessum tilvikum, að bæði tvísköttunarsamningarnir og samningar um gagnkvæm réttindi almannatrygginga gera ráð fyrir að samningsaðilar, þar á meðal íslenska ríkið, geti hver um sig breytt skattalegri meðferð heima hjá sér án þess að það þurfi að fá það eitthvað sérstaklega afgreitt í tvísköttunarsamningum og án þess að það ríki eða þau ríki sem að samningunum standa geti annað en fallist á þá niðurstöðu sem verður. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og ég undra mig á að þetta skuli ekki hafa komið fram í heilbr.- og trn. frá starfsmönnum heilbr.- og trmrn. því að þar lá þetta alveg ljóst fyrir.

Þá spurði hv. þm. Svavar Gestsson um samráðið sem hafa ætti við daggjaldastofnanirnar. Hann fjallaði í því sambandi um að það gæti verið nokkuð erfitt fyrir dómstóla að túlka ákvæði í lögum ef ráðherrar hefðu ekki haft framsögu um slík ákvæði þannig að dómstólar gætu fengið úrskurði sína styrkta með því að vitna í ummæli viðkomandi ráðherra við framlagninguna. Ég ætla honum ekki þær hugsanir að hv. þm. haldi að það muni einhvern tíma verða dómstólamál hvort samráð ráðherra heilbrigðismála við stjórnendur daggjaldastofnunar sé náið samráð eins og lagatextinn segir eða samráð eins og það hljómaði upphaflega í tillögum heilbr.- og trmrn. En málið er afskaplega einfalt. Málið er svo einfalt að hér er um það að ræða eins og þingmenn vita að þeim stofnunum hefur stöðugt verið að fækka sem eru á daggjaldakerfinu, fleiri og fleiri stofnanir hafa verið að flytjast inn á föst fjárlög. Sú einfalda breyting sem hér er verið að gera er sú að fella niður sérstakar greiðslur til þeirra sem í daggjaldanefnd hafa setið. Fulltrúar ráðuneytisins hafa átt sæti í daggjaldanefndinni og öll sú vinna sem unnin hefur verið á vegum nefndarinnar hefur verið unnin af starfsmanni í ráðuneytinu sem jafnframt hefur verið starfsmaður daggjaldanefndar. Það sem verið er að gera er einfaldlega að fella niður greiðslur í þessu sambandi, greiðslur til daggjaldanefndar fyrir verk sem heilbr.- og trmrn. vinnur að mestu leyti hvort eð er. Textinn í því frv. sem hér er um að ræða, sem verður væntanlega að lögum, er einfaldlega um það að um þessar ákvarðanir, sem heilbrrn. hvort eð er vinnur og óbeint tekur í dag, skuli ráðuneytið hafa samráð við sjúkrastofnanir í daggjaldakerfinu, með öðrum orðum að þetta skuli framkvæmt í stórum dráttum eins og það er framkvæmt í dag án þess að menn geri ráð fyrir því að greiða einhverjar sérstakar þóknanir til þeirra ráðuneytismanna sem vinna þessa vinnu og sitja í viðkomandi nefnd. Ráðuneytið ætlar að kosta þetta af sínu eigin rekstrarfé. Svo einfalt er það mál.

Hv. þm. spurði einnig um fjármagnstekjuskatt. Um það höfum við þegar fjallað í kvöld. Það liggur fyrir að slíka skattheimtu er nú verið að undirbúa. Það liggur fyrir að hæstv. fjmrh. hefur skýrt frá því að hann eigi von á að fá skýrslu frá sérstakri nefnd sem um þau mál fjallar innan fárra vikna. Hans áform eru þau og ríkisstjórnarinnar að leggja frv. um fjármagnstekjuskatt fram á vorþingi. Okkar óskir eru þær að slíkt frv. verði afgreitt á næsta haustþingi þannig að fjármagnstekjuskattur geti tekið gildi á næsta ári eins og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmála.

Þá spurði hv. þm. einnig um hátekjuskatt. Það hafa verið lagðar fram tillögur um hátekjuskatt. Hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði það. Sá skattur hefði skilað ef um hefði verið að ræða sameiginlega skattlagningu hjóna, þ.e. ekki sérsköttun eins og við framkvæmum nú heldur samsköttun hjóna, 400 millj. kr. Ef um væri að ræða sérskattlagningu hjóna eins og nú gerist í skattakerfinu mundi sá skattur hafa skilað 180 millj. kr., ef hann hefði verið framkvæmdur eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. lagði til. Auðvitað er sjálfsagt að skoða slík mál. En menn skulu ekki lifa í þeirri blekkingu að þetta séu fjárhæðir af þeim toga sem skipta sköpum í rekstri ríkissjóðs við þessar aðstæður.

Auðvitað hafa margar af þeim tillögum sem hér eru ræddar oft verið lagðar fram áður, undirbúnar og athugaðar. Tillögur um lækkun barnabóta voru lagðar fram í síðustu ríkisstjórn af hæstv. páv. fjmrh. Hann gerði tillögu um að barnabætur yrðu lækkaðar um 500 millj. kr., sömu fjárhæð og nú stendur til að lækka barnabætur um. Hins vegar skal það fúslega upplýst að það lágu ekki fyrir frá hæstv. páv. fjmrh. tillögur um hvernig þessi skerðing barnabóta skyldi framkvæmd og vil ég því ekkert um það fullyrða því að auðvitað er hægt að hafa ýmsar aðferðir til þess. En tillögu gerði hann um lækkun barnabóta um 500 millj. kr. þannig að það er fátt nýtt undir sólinni.

Ég man líka að í þeirri ríkisstjórn gerði sami hæstv. ráðherra tillögur um endurskoðun á ábyrgð launa við gjaldþrot. Þær tillögur voru á þá leið að felld yrði niður ábyrgð ríkissjóðs á launagreiðslum í gjaldþroti vegna lífeyrissjóðsskuldbindinga og þær tillögur gerðu ráð fyrir að ábyrgðatími greiðslu launa í gjaldþroti yrði styttur úr sex mánuðum í þrjá. Þetta voru þær tillögur sem ég man eftir að hafa fengið frá hæstv. ráðherra og voru ræddar við páv. stjórnarflokka. Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í tengslum við kjarasamninga var hins vegar fallið frá þeim tillögum, en þær voru gerðar, þær voru skoðaðar og þær voru unnar. Það er ekkert nýtt í þessum efnum undir sólinni. Mismunurinn á tímanum þá og tímanum nú er hins vegar sá að núna hefur þjóðarbúið orðið fyrir því áfalli að því er spáð af Þjóðhagsstofnun að á næsta ári tapist 20 þús. millj. kr. af þjóðartekjum. Vonandi verður það lægri fjárhæð eins og hv. þm. Svavar Gestsson gat um áðan og þá er það gott því að þá verður vandinn ekki eins mikill og ella.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði í 2. umr.

um skatthlutfall í ellilífeyriskerfinu eins og hann væri þar að uppgötva einhvern stórasannleik sem enginn hefði séð fyrr. Og hann lýsti því yfir, hv. þm., að hann hygðist taka sér það fyrir hendur að teikna um þetta línurit. Það línurit getur hann sótt í heilbrrn. því að það er til þar og það skyldi þó ekki hafa verið heilbrrn. sem upplýsti hv. þm. um skerðingarhlutföllin? Það skyldi ekki hafa verið að hann hefði ekki vitað mikið um það áður en heilbrrn. upplýsti hann um það?

Það er alveg rétt, sem hann sagði, hv. þm., að í þessu lífeyriskerfi, sem er skóbótakerfi og ég tek undir þau orð með hv. þm. Svavari Gestssyni, er skattprósentan eða ígildi skattprósentu jaðarskatts á ákveðnu tekjubili 100%. Þegar um er að ræða sérstakar heimilisuppbætur, sem það fólk fær sem býr eitt og hefur engar aðrar tekjur og eru eitthvað á sjötta þús. kr. á mánuði, er því svo varið að fyrir hverja eina krónu sem sá gamli maður eða gamla kona sem um er að ræða fær í atvinnutekjur skerðist sérstaka heimilisuppbótin um sömu fjárhæð. Það er 100% skerðing og ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að sú skerðing er óréttmæt. En virðulegi forseti, hver skyldi hafa búið hana til? Hvenær myndast þessi 100% jaðarskattur í ellilífeyrinum? Hvenær verður hann til? Það var árið 1971 þegar tekjutrygging var fyrst tekin til framkvæmda. Þá skertist tekjutryggingin krónu fyrir krónu. Fyrir hverja krónu sem viðkomandi hafði í atvinnutekjur skertist tekjutryggingin um eina krónu. Það var 100% jaðarskattur á tekjutryggingunni þá. Hver bjó það kerfi til, 100%-jaðarskattskerfið? Það var þáv. heilbrh.- og trmrh. Ég veit að þeim alþýðubandalagsmönnum lætur ekki að ræða um fortíðina og ég skil það vel. En við skulum ræða aðeins um þessa fortíð.

Hver var heilbr.- og trmrh. árið 1971 þegar þetta kerfi, 100% jaðarskattur, var innleitt? Hann hét Magnús Kjartansson. Í hvaða flokki var Magnús Kjartansson? Hann var í Alþb. Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að þetta kerfi er ekki réttlátt kerfi, en þetta óréttláta kerfi var ekki búið til af þessari ríkisstjórn.

Hv. þm. sagði líka og kvartaði yfir því að á stóru tekjubili ellilífeyrisþega væri um að ræða 76% jaðarskatt. Með öðrum orðum: á stóru tekjubili ellilífeyrisþega fengju ellilífeyrisþegar ekki nema 24 kr. í eigin vasa af hverjum 100 kr. sem þeir vinna sér inn. Og þetta er rétt. En þetta kerfi er ekki búið til af þessari ríkisstjórn. Þetta kerfi er búið að vera svona í mörg ár. Og sú tillaga sem oft hefur komið hér til umræðu, þ.e. till. fyrrv. ríkisstjórnar í því frv. sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram á Alþingi í vor, gerði ekki ráð fyrir breytingu á þessu. En ég ítreka að ég er sammála hv. þm. Svavari Gestssyni um að þetta er skóbótakerfi, þetta ellilífeyriskerfi sem við höfum byggt upp á undanförnum árum, og engum heilvita manni sem ætlaði að smíða ellilífeyriskerfið frá grunni mundi detta í hug að byggja slíkt kerfi ef hann væri að endurhanna það. Það er hins vegar orðið svona vegna sífelldra uppálappana. Og það þurfum við að skoða.

En ég beini því enn og aftur til hv. þm. að þrátt fyrir að mörgu leyti þá ágætu endurskoðun sem gerð var á almannatryggingakerfinu í tíð hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. er ekki horfið frá þessu skóbótakerfi sem er þannig að á einu tekjusviði er jaðarskattur gamla fólksins 100%, á næsta tekjusviði þar við er skerðingin engin og á tekjusviðinu sem þar tekur við er skerðingin á milli 76–77%.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hins vegar í máli sínu að gamalmenni ættu ekki að hafa hærri jaðarskatt en 40%. Hvað þýðir það í því kerfi sem við erum hér að ræða um? Ég efast um að hv. þm. hafi gert sér nokkra grein fyrir því. Það þýðir að það yrði að hækka ellilífeyri hátekjumanna um tvöfalt til þrefalt á við það sem hann er í dag. Til þess að hægt sé að lækka jaðarskattprósentuna, þ.e. samtölu skattheimtu og skerðingar, þyrfti að hækka ellilífeyri hátekjufólksins tvöfalt eða þrefalt. Og ég trúi því ekki að þegar hv. þm. skoðar þær staðreyndir betur séu þær til vitnis um þá stefnu sem hann styður. Það er nefnilega svo að það er oft gott að hugsa áður en menn tala og ef menn aðeins skoðuðu þau línurit sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagðist ætla að teikna fyrir þingheim en eru til í heilbrrn. uppgötva menn þessi einföldu sannindi, að ef við ekki gerbreytum almannatryggingakerfinu hvað ellilífeyrinn varðar og leggjum af það skóbótakerfi sem við höfum búið við og byggjum enn við ef frv. hæstv. fyrrv. heilbrrh. hefði verið samþykkt, þá væri ekki hægt að láta jaðarskattprósentu lífeyriskerfisins vera 40% nema hækka ellilífeyri allra hátekjumanna tvöfalt eða þrefalt.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún spurði um ýmis þau atriði sem ég hef þegar svarað. Hún gerði m.a. athugasemdir um flaustursleg vinnubrögð. Um það hef ég þetta að segja:

Almannatryggingalöggjöfin er mjög opin löggjöf. Þar eru ýmis túlkunaratriði skilin eftir. Þar eru ýmis atriði sem ekki eru tekin af tvímæli um og við skulum bara taka eitt dæmi.

Það er augljóst að það gæti komið upp spurning um hvað gerist ef öryrki sem nýtur barnabóta fær ekki greiddan örorkulífeyri vegna þess að hann hefur hærri atvinnutekjur eftir þessa skerðingu en svo að grunnlífeyririnn varðveitist. Og þá kom upp spurningin í heilbr.- og trn.: Hvað verður þá um barnalífeyri þessa öryrkja, fellur hann þá niður?

Svarið var og hefur alltaf verið nei. Það hefur aldrei verið ætlun hvorki þessa heilbrrh. né annarra að svo væri, enda er viðkomandi einstaklingur öryrki og úrskurðaður öryrki þó hann hafi það háar atvinnutekjur að grunnlífeyrir hans sé skertur 100%. Viðkomandi aðili er engu að síður öryrki. Ef menn vilja taka af öll tvímæli í lagasetningu um þetta er sjálfsagt að gera það, en ég bendi á í því sambandi að í þessu margfræga frv., sem hv. fyrrv. heilbrrh. lagði fram og hv. þm. Finnur Ingólfsson var nefndarformaður fyrir, eru ekki tekin af svona tvímæli, jafnvel þó um nákvæmlega sams konar skerðingar sé þar að ræða og í þeim dæmum sem við höfum tilfært hér. Mönnum þótti ástæðulaust þar að taka af svona tvímæli, okkur þótti það líka, en fyrst heilbr- og trn. óskaði eftir því að það yrði gert er það sjálfsagt. En þetta eru engin handa-

bakavinnubrögð hjá núv. heilbrrh. fremur en þetta voru handabakavinnubrögð hjá fyrrv. heilbrrh. Við vorum báðir sammála um að það væri einsýnt hvernig bæri að túlka þessi ákvæði.

Það var aðeins ein efnisbreyting gerð í meðförum heilbr.- og trn. á þessum málum. Það var efnisbreyting sem gerð var í fullu samkomulagi við samtök öryrkja vegna þess að þeir kusu að hafa annan hátt á í sambandi við framkvæmd skerðingar á grunnlífeyri öryrkja og tilflutningi á lífeyrisgreiðslum þeirra á milli en við í heilbrrn. höfðum upphaflega gert tillögu um. Okkur var mjög ljúft að fallast á þá efnisbreytingu, ég veit að heilbr.- og trn. var jafnljúft að gera það líka. Það er eina efnisbreytingin sem gerð var í þessu sambandi.

Þá sagði hv. þm. Ingibjörg Sólrún að ekkert samráð hefði verið haft við Tryggingastofnun ríkisins. Það er ekki rétt. Það var haft samráð við aðila í Tryggingastofnun ríkisins. (**ÓÞÞ:** Nei.) Það var haft samráð við aðila í Tryggingastofnun um samningu þessa frv., það vil ég fullyrða. Það veit ég að var gert. (**ÓÞÞ:** Hver var sá aðili?) En ég skal fúslega viðurkenna að það var ekki haft samband við alla þá einstaklinga sem ástæða hefði verið til að hafa samráð við, en fyrir því geta líka verið ástæður.

Þá sagði Ingibjörg Sólrún einnig að minnisblað ríkislögmanns um túlkun hans á ákveðnum álitamálum í framkvæmd skerðingar grunnlífeyrisins væri ekki álitsgerð heldur minnisblað. Um það má endalaust deila hvernig fyrirsögnin á slíku erindi eigi að vera. En ég vil aðeins upplýsa að ríkislögmaður leit svo á að hér væri um að ræða opinbert plagg. Við höfðum samband við ríkislögmann og spurðum hann að því hvort mætti gera þetta minnisblað opinbert. Hann sagði að það væri sjálfsagt. Með því lít ég svo á að hér sé um álit ríkislögmanns að ræða því hann var ekkert feiminn við að láta birta það opinberlega.

Þá spurði hv. þm. Ingibjörg Sólrún ýmissa spurninga um það af hverju þetta væri gert svona en ekki hinsegin, af hverju þessi breyting væri gerð en ekki hin. Ég skal fúslega viðurkenna, og það er ekkert launungarmál, að með þeim tillögum sem hér voru gerðar vorum við ekki að framkvæma neina heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu. Því var fjölmargt sem hefði mátt gera við þessar breytingar sem ekki var gert. Það sem við vorum að gera var einfaldlega að framkvæma ákvarðanir fjárlaga um lækkun útgjalda til lífeyristrygginga. Okkar tillögur einskorðuðust við það eitt. Ég tek undir það með henni að það er orðið löngu tímabært að taka ýmsa þætti í tryggingakerfinu til skoðunar og þá ekki innan skóbótakerfisins, sem við höfum búið við, heldur algjörlega frá grunni.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi svarað flestöllum ef ekki öllum þeim spurningum sem ég hef fengið um þessi mál nema einni. Og það varðar þær fullyrðingar sem ég hef verið með um tillögu þá sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram og hann lagði hana fram sem þingskjal. — Ég vil leiðrétta það, sem kom fram í frétt í DV, að það hafi ekki verið gert. Þetta frv. var lagt fram sem þingskjal á síðasta Alþingi. Auðvitað skiptir það engu meginmáli að hnotabítast um efnisatriði í því frv. En það er sjálfsagt að gera það til að leiða líkur að því, eins og ég hef áður sagt, að ýmsar þær hugsanir sem menn eru að hugsa þessa daga eru ekkert nýjar undir sólinni. Flestallar hugsanir hafa nú verið hugsaðar áður og þessar hugsanir líka.

Um það vil ég fyrst segja að auðvitað er það rétt, sem komið hefur fram frá hv. talsmönnum Framsfl., að það frv. var frv. um endurskoðun og breytingu á öllum þáttum almannatryggingakerfisins og grípur því á mörgum málum. Það sem við erum hér að gera er breyting á aðeins einum þætti þessa stóra máls sem er skerðing með atvinnutekjugrunni á grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega. Menn bera ekki saman eitt epli í körfu og eina eplakörfu. (**ÓÞÞ:** Hvers vegna ekki?) Það hélt ég nú að hv. þm. Ólafur Þórðarson vissi, a.m.k. mundi hann komast fljótt að raun um það ef hann yrði að gera samanburðinn með þeim hætti að eta upp úr báðum körfunum. Þá ætti hann kannski erfiðara með að torga í einu vetfangi, og þó er ég ekkert alveg viss um það, en sennilegt væri að hann ætti erfiðara með að torga í einu vetfangi eplunum úr eplakörfunni en einu epli úr körfu. En þetta held ég að hv. þm. skilji ef hann væri kominn í það umhverfi þar sem Snorri Sturluson hugsaði sínar stærstu hugsanir og vonandi hefði það góð áhrif á þankagang hv. þm. þegar þangað er komið.

En látum nú svo vera. Það sem ég hef verið að bera saman eru eingöngu þeir tveir sambærilegu hlutir sem við erum að ræða um, tillögur í frv. framsóknarmanna o.fl., frv. hæstv. heilbr- og trmrh., sem lagt var fram á Alþingi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þó það væri ekki stuðningur við frv. í öllum hennar flokkum var það engu að síður lagt fram sem stjfrv. Ég er að bera saman þær aðferðir sem notaðar hafa verið til skerðingar á grunnlífeyri ellilífeyris og þær eru, hvað svo sem menn segja, í meginatriðum þær sömu. Og nú skal ég rökstyðja það mál mitt sem ég hef viðhaft áður og bið menn þá að fletta upp, þá sem það hafa, á bls. 72 í hinni margfrægu grænu bók, þar sem bornar eru saman annars vegar breytingar í umræddu frv. og lögin eins og þau eru.

Ef við lítum fyrst á hinn fasta ellilífeyri, þ.e. hinn almenna ellilífeyri, er gert ráð fyrir að skerða grunnlífeyri í þessum tillögum um 235 millj. kr. en bæta það upp með tekjutryggingarhækkun upp á 100 millj. kr. Nettóáhrifin af þessu eru lækkun á ellilífeyri og tekjutryggingu samanlagðri um 135 millj. Síðan er gert ráð fyrir lækkun á heimilisuppbót um 522 millj., en í staðinn að innleiða nýja tegund lífeyris, svokallaða einbúauppbót, upp á 200 millj. kr. Nettóniðurstaðan af þessu, þetta er hinn almenni ellilífeyrir, er lækkun á hinum almenna ellilífeyri, ekki um 400 millj., eins og ég hef sagt, heldur um 460 millj.

Síðan koma nýmæli. Það eru í fyrsta lagi heimildarbætur ellilífeyris, þ.e. bætur sem gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun geti heimilað greiðslur á og ekki eru hluti af hinum almenna, fasta ellilífeyri. Þær eru upp á 202 millj. og svo umönnunarbætur, sem einnig eru nýjar, upp á 47 millj. kr. Nettóniðurskurður ellilífeyris, að

teknu tilliti til þessara breytinga, er því ósköp svipaður og hann er í tillögum þeim sem hér hafa verið lagðar fram eða um 260 millj. kr. Ég held að þetta liggi alveg ljóst fyrir öllum þeim sem kunna að leggja saman og draga frá. Skerðingin á hinum almenna ellilífeyri er um 460 millj. kr. samkvæmt þessum tillögum, síðan koma heimildaruppbætur og umönnunarbætur, sérstakar heimildarbætur sem draga úr þessari skerðingu um 249 millj. kr. þannig að nettóskerðing á lífeyri ellilífeyrisþega samkvæmt tillögu Guðmundar Bjarnasonar er 260 millj. kr. (**ÓÞÞ:** Er heimilt að trufla ræðumann með því að vera að dreifa pappírum?) Ja, ég ætla bara að taka fram, hv. þm., að hæstv. fjmrh. var aðeins að óska mér til hamingju með afmælið mitt sem byrjaði fyrir 25 mínútum og ég vona að menn kunni því ekki mjög illa í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Við tökum bara undir það.) Gott. (**Gripið fram í:** Ég sting upp á að við syngjum: Hann á afmæli í dag.) Gott.

Virðulegi forseti. Ég vil líka vekja athygli á því að í þessum sama dálk, á bls. 72, er gert ráð fyrir að út úr lífeyristryggingum falli fæðingardagpeningar, fæðingarstyrkur og mæðra- og feðralaun og lífeyristryggingar lækki þannig samtals um 1 milljarð 678 millj. kr. og er það allnokkur niðurskurður á lífeyristryggingum þegar að því er gáð að það eru engar tillögur sem því fylgja um hvernig eigi að koma til móts við þá sem njóta mæðra- og feðralauna annað en sagt er að það standi til að fella þær í skattkerfið, en engar slíkar tillögur höfðu verið gerðar.

Þá langar mig næst til að víkja að því sem hefur verið dregið í efa, sagt að ég segði ekki satt, að gert væri ráð fyrir því í þessum tillögum að hækka jaðarskatt á ákveðnu tekjubili upp í 82%. Og það sýnir nú, virðulegi forseti, það eitt að það getur verið örðugt fyrir menn á stundum að lesa út úr sínum eigin talnalegu upplýsingum. Og nú skal ég, virðulegi forseti, taka hv. þm. Finn Ingólfsson í eilitla kennslustund.

Við skulum fletta, hv. þm., upp á bls. 47 í þessari grænu bók. (**ÓRG:** Er þetta ókeypis kennsla?) Þetta er ókeypis kennsla, já. Við skulum fletta upp á bls. 47 í þessari ágætu bók. Þar er línurit um skerðingu tekjutryggingar og ellilífeyris hjóna. Þessi skerðing er sýnd annars vegar sem skerðing tekjutryggingar og hins vegar sem skerðing grunnlífeyris. Sérhver skynsamur maður sér það auðvitað að á ákveðnu tekjubili virka báðar þessar skerðingar saman og vænti ég nú að skilningur taki að uppljúkast fyrir hv. þm. Á tekjubilinu u.þ.b. 46 þús. kr. á mánuði hefst virkni tvöfaldrar skerðingar, bæði á tekjutryggingu og ellilífeyri, og þeirri virkni líkur við um 62 þús. kr. tekjur á mánuði. Þessi tvívirka skerðing er ígildi 82% jaðarskattheimtu hjá gömlu fólki með þessar tekjur, þ.e. hjá gömlu fólki með meðaltekjur. Ég er alveg sannfærður um að þetta hefur ekki verið tilgangur hæstv. fyrrv. heilbrrh., en þetta er svona af því að hv. þm., sem veitti umræddri nefnd forustu, hefur ekki skilið sín eigin línurit.

Og við skulum snúa blaðinu við. Á bls. 48 er sambærilegt línurit um skerðingu örorkulífeyris og tekjutryggingar hjá öryrkjum, hjá hjónum. Þar tekur tvöföld skerðing að verka við 45 þús. kr. mánaðartekjur og hún verkar upp í um 70 þús. kr. mánaðartekjur þannig að á þessu bili er jaðarskatturinn 82%. Öryrkjarnir halda ekki eftir nema 18 kr. af hverjum 100 sem þeir vinna sér inn á þessu tekjubili. Og ég spyr aftur: Er þetta stefna hæstv. fyrrv. heilbrrh. og Framsfl.? Ég trúi því ekki að svo sé. Ég tel mig vita að svo sé ekki en þeir hafi ekki skilið sínar eigin talnalegu upplýsingar fyrr en þá núna og er það vonum seinna.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nóg talað í bili. Ég gæti haldið áfram með mörg önnur efnisatriði í umræddu frv. Ég vildi aðeins sýna fram á að þær fullyrðingar sem ég hef verið með um áhrif þessa frv. standast. Og að lokum til þess að staðfesta það frekar vil ég upplýsa skerðingarmörkin samkvæmt því frv. og skerðingarmörkin samkvæmt þeim tillögum sem hér eru fluttar.

Hvað varðar ellilífeyrisþega er gert ráð fyrir að skerðingarmörkin séu hin sömu og þau eru í tillögum okkar, byrji við rúmlega 66 þús. kr. og endi við 114.339 kr. á mánuði. Samkvæmt tillögum í umræddu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að upphaf skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sé við 67.236 kr. tekjumark á mánuði, þar sem það er í okkar tillögum 68.800 kr., þannig að skerðingin hefst við lægri tekjumörk samkvæmt frv. því sem lagt var fram á vorþingi en því frv. sem hér er verið að fjalla um. Og full skerðing er komin við 115.728 kr. tekjumörk samkvæmt frv. sem lagt var fram á vorþingi, en við rúm 118 þús. kr. tekjumörk samkvæmt tillögum okkar.

Þetta er ekki mikill munur en þetta er munur þó og staðfestir það sem ég hef áður sagt í þessum umræðum og staðfestir að ég hef lesið og lesið vel frv. hæstv. fyrrv. heilbrrh. Mér er ekkert launungarmál að þar var búið að vinna góða undirbúningsvinnu um margt og auðvitað nýtum við þau verk sem vel hafa verið unnin.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að árna hæstv. heilbrrh. allra heilla á þessum merkisdegi í lífi hans, en hann er fimmtugur í dag eins og flestir hv. þm. vita. Sem ögn eldri manneskja vil ég minna á að á slíkum tímamótum er hollt að setjast niður í ró og hugsa sinn gang, gera upp við sig hvort menn hafa varið lífi sínu vel, hvort þeir umgangast æskilega einstaklinga og taka ofurlítið til. Okkur hættir til á þessum tímamótum eða við höfum tilhneigingu til að fara að velja og hafna en ekki láta reka á reiðanum og vera í vondum félagsskap sem við innst inni vitum að er ekki æskilegur.

Þær óskir á ég bestar til hæstv. ráðherra að hann geri nú slíkt, að hann hugi ofurlítið að því hvernig hann ver tíma sínum í framtíðinni. Og ég vona að hæstv. forseti fyrirgefi mér. Þó að þetta sé kannski ekki beinlínis andsvar þótti mér rétt að sýna hæstv. ráðherra þessa vinsemd.

Hæstv. ráðherra vék að því að hann hefði skilið mál mitt í andsvari í gær, að ég hygg, á mjög annan hátt en ég alla vega ætlaði að það skildist. Þingmönnum verð-

ur að fyrirgefast þó þeir séu kannski ekki skýrir í hugsun. Nú erum við t.d. búin að vera hér í 15 klst. og þetta er ekki í fyrsta skipti sem það kemur fyrir heldur er það orðið algengara en ekki að vinnudagur okkar sé á þessa lund. Vel má því vera að ég hafi ekki verið nógu skýr í máli mínu. En það er nú einu sinni svo, hæstv. ráðherra, að þegar kemur að kjörum sjómanna er alltaf eins og Íslendingar verði ofurlítið feimnir. Ég tók dæmi af sjómanni, mér harla kunnum, eftir 54 ára sjómennsku. — Og nú bið ég hæstv. ráðherra að hlýða á mál mitt og vera ekki að kyssa hv. þm. á meðan ég er að tala. Ég vil að þetta verði dregið frá ræðutíma mínum, hæstv. forseti, þetta kossaflens í ráðherranum. (**Heilbrrh.:** Vilt þú ekki fá koss líka?) Ég get ekki gert það á meðan ég er að tala. — Það sem ég var að reyna að segja, hæstv. ráðherra, var þetta: Gamlir sjómenn, eftir 54 ára sjómennsku horfa fram á lífeyri upp á 26 þús. kr. Það var þess vegna einhvern tíma ákveðið að gera þeim léttara að fara í land og þess vegna var efnt til lífeyris sjómanna við 60 ára aldur. En nú mega þeir ekki hafa yfir 67 þús. kr., þá skal það skerðast. — Ég er rétt að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. — 900 milljónirnar sem greiddar voru í gær eða fyrradag þurfa hins vegar ekkert að skerðast. Það er þetta óréttlæti sem særir hvern mann með réttlætiskennd.

Að lokum aðeins ein spurning, hæstv. ráðherra, sem ég held að sé alveg ástæða til að spyrja og ég minnist ekki að hafi verið spurt um og það er að í 44. gr. almannatryggingalaga segir svo að elli- og örorkulífeyrisþegar skuli fá greidd 75% af tannviðgerðum. Nú spyr ég: Gildir það líka fyrir þá sem hafa skertan örorku- og ellilífeyri? Hefur verið hugað að því?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Svar mitt er mjög stutt við hennar síðustu spurningu. Svarið er já.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég byrja á að óska hæstv. heilbrrh. til hamingju með afmælið, óska honum langra lífdaga og viðunandi ellilífeyris og góðs heilbr.- og trmrh. þegar hann verður orðinn gamalmenni. Það er líka góður siður á tímamótum, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir benti á áðan, að menn setji sér tiltekin kaflaskil í lífi sínu og ég held að það sé hollt að minnast þess sem amma mín sagði oft við unga sveina, sem hún hafði á sínum vegum á sumrum, að menn ættu jafnan að segja satt, en þó alveg sérstaklega að forðast lygina á afmælinu sínu. Og ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að vanda sérstaklega vel til þess langa kafla af ævi sinni sem hann á vonandi fram undan og betur en hann gerði fram að þeim tíma að hann varð fimmtugur.

Hæstv. ráðherra sagði að það yrði byggt á framtölum 1990 við tekjuskerðinguna. Það þýðir að það verður miðað við miklu hærri tekjur við skerðingu ellilífeyrisins hjá þeim sem t.d. hafa náð ellilífeyrisaldri á síðasta ári en þeir hafa haft á næstliðnum mánuðum. Hér er bersýnilega um ósanngjarna ákvörðun að ræða og ég skora á hæstv. ráðherra að fara ekki svona í hlutina heldur að taka sérstakt tillit til þessa fólks og miða við að skerðingin þar komi ekki til framkvæmda fyrr en síðar.

Í annan stað verð ég að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða lagaheimild er til til þess að fella niður ellilífeyri hjá þeim ellilífeyrisþegum sem ekki skila því tekjuvottorði sem hann nefndi áðan? Og ég vil biðja hann um að nefna þessu stað í lögum um almannatryggingar. Hér er bersýnilega verið að leggja á skatta aftur í tímann, það er augljóst mál. Hér um afturvirka skattlagningu á tekjum að ræða. Hér er um að ræða mál sem Sjálfstfl. lagði t.d. áherslu á að væri sérstaklega gagnrýnivert af hálfu vinstri stjórnarinnar 1978–1979. Hér er verið að fara inn á þá braut að því er varðar tekjur en þá var um að ræða eignir.

Ég hef því miður ekki tíma til að svara fleiri atriðum í ræðu hæstv. ráðherra. Hann vitnaði í Svein í Firði og sagði frá því þegar hann sagði þessa frægu setningu: Lygi er lygi þó hún sé ljósmynduð. Þetta var nákvæmlega sama setningin og hæstv. ráðherra notaði um sjónvarpsstöðvarnar sem hafa verið að birta myndir af ungu fólki að undanförnu. Lygi er lygi, sagði hæstv. ráðherra, þó hún sé ljósmynduð.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með fleirum að ég óska hæstv. heilbr.- og trmrh. til hamingju með afmælið í dag. En þegar klukkan sló tólf sá maður augljós elliglöp á manninum, a.m.k. í síðari hluta ræðu hans.

Flestöllum þeim spurningum er ég beindi til ráðherrans við 2. umr. er ósvarað. Ég sé mig því tilneyddan til að taka aftur til máls í annað sinn við 3. umr. til að fá svar við þessum spurningum.

Í þessu stutta andsvari gefst heldur ekki tími til að gera grein fyrir þeim rangfærslum sem ráðherra fór enn með í sínu máli og var fyrst og fremst að reyna að sanna fyrir okkur sem hér vorum og hér sátum að hann hefði lesið þetta frv. En flest af því sem hann sagði var rangt, því miður. Því verð ég að biðja hann um að lesa betur en hann hefur nú gert og skoða myndirnar enn þá betur og þarf hæstv. ráðherra ekki að fara nema á bls. 46 í þeim efnum eða 49 og 50 til að sjá að frv. það sem fyrrv. heilbrrh. lagði fram, samanborið við almannatryggingalögin, gefur þeim sem hafa lægstu tekjurnar alltaf betri og meiri rétt en lögin í dag. Það er því alrangt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Einnig talaði hann um að einhvers konar heimildarbætur ættu að koma inn samkvæmt frv. fyrrv. ráðherra og þá væri gert ráð fyrir að þær kæmu í staðinn fyrir heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót. Til að skýra nákvæmlega hvernig þessu átti að ráðstafa voru á bls. 106 í þessari grænu bók, sem ráðherrann ætti að nota sem sína biblíu, gerð drög að reglugerð um ráðstöfun þessara bóta. Ef ráðherrann lítur betur á þetta á hann eftir að sannfærast um að því miður var flest af

því rangt sem hann hélt fram í síðari hluta ræðu sinnar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn óska hæstv. heilbrrh. til hamingju með afmælið og reyndar þjóðinni allri. Ég tel að dugi ekkert minna þegar þau stórtíðindi verða að heilbrrh. þjóðarinnar verður hálfrar aldar gamall og það m.a.s. í ræðustóli á Alþingi og er mér til efs að það hafi áður gerst.

Hæstv. heilbrrh. átti þau heilræði til mín að menn ættu að hugsa áður en þeir töluðu. Á þessu var ég búinn að átta mig, hæstv. heilbrrh., en þakka þér samt fyrir. Ég hef nefnilega einmitt reynt að gera það og kynna mér málin áður en ég tala um þau. En svo mikilvægt sem það er að vita nokkurn veginn með heilli hugsun hvað maður er að tala um er hitt enn mikilvægara að menn hafi hugsað hlutina áður en þeir framkvæma. Því það er sýnu alvarlegra af tvennu alvarlegu að menn rjúki beint í framkvæmdirnar án þess að hafa hugsað um þær en þó menn segi svona eitt og annað stundum óskynsamlegt sem er oft tiltölulega meinlaust að öðru leyti.

Það sem er alvarlegast er að hæstv. heilbrrh. brýtur þessi heilræði sín, ekki bara með því að tala heilmikið áður en hann hefur hugsað, eins og hann gerði t.d. í fyrradag í atkvæðagreiðslunum með hroðalegum afleiðingum, heldur hefur hann líka lent út á þá braut að vera í stórum stíl að fara í framkvæmdir eða að framkvæma viðkvæmar breytingar á hlutum án þess að hafa hugsað þær til enda. Sá heilbrrh. sem er ber að því að gera breytingar á tryggingalöggjöfinni án þess að hafa talað við sína framkvæmdastofnun, og þegar hún svo upplýsir að ekki sé hægt að standa að framkvæmdunum eins og heilbrrh. vill og ráðherrann segir ósköp einfaldlega: Gerið þið það samt, hann þarf að athuga sinn gang og velta því fyrir sér hvort hann er enn í stakk búinn til að veita öðrum mönnum mikil hollráð hvað svona hluti snertir.

Hæstv. heilbrrh. sagði að það ætti ekki að bera saman eitt epli annars vegar og hins vegar fulla körfu af eplum. Þetta má til sanns vegar færa. En enn síður á að gera það, sem hæstv. heilbrrh. hefur verið að gera, að bera saman appelsínur og sítrónur. Það var stundum íþrótt á dansleikjum í mínu ungdæmi að láta menn keppa í áti og fékk þá annar aðilinn sítrónur en hinn appelsínur. Varð oft af því nokkuð gaman þegar tiltekinn svipur færðist yfir andlit þess sem hlaut sítrónuna í kappleiknum. Hér er alveg ljóst hver hefur verið að naga sítrónuna undanfarna sólarhringa í þessum samanburði. Það er hæstv. heilbrrh.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn byrja á að óska hæstv. heilbrrh. til hamingju með þann merkisdag í lífi hans sem nú er að hefjast. Og þó að sá dagur byrji e.t.v. með nokkrum óróleika vonast ég til þess að hann eigi eftir að eiga þægilegan dag. Ég hef grun um að hann ætli að ferðast eitthvað á þessum degi og ég vildi því gjarnan, virðulegi forseti, ef svo kynni að fara að ferðalag hans yrði hafið áður en ég hef lokið ræðu minni, að hér yrði líka viðstaddur hæstv. félmrh. sem er þar að auki varaformaður Alþfl. — Ég sé að hæstv. félmrh. er hér viðstaddur. Ég vildi gjarnan að hún hlustaði á þær athugasemdir sem ég hef við málflutning hæstv. heilbrrh. og að gera þar sem hæstv. félmrh. átti líka sæti í fyrrv. ríkisstjórn og veit hvernig fjallað var um þau mál sem nú hafa verið mest til umræðu seinustu mínúturnar, klukkustundirnar og kannski má segja dægrin. Og gjarnan mætti formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vera hér einnig, en mér er hins vegar ljóst að það er erfitt fyrir þingmenn að krefjast þess að aðrir þingmenn sitji undir ræðum þeirra þó menn geri það gjarnan hvað varðar ráðherra þegar verið er að fjalla um þeirra málaflokka.

En ég vil segja við hæstv. heilbrrh. að ég tel það heldur lélega röksemdafærslu að slíta hluti úr samhengi og það viðurkenndi hæstv. ráðherra reyndar í ræðu sinni áðan þegar hann sagði að það væri ekki hægt að bera saman eitt epli og eplakörfu. Ef ég skildi hann rétt átti hann við að það væri ekki hægt að slíta hluti úr samhengi og bera saman ólíka og óskylda hluti.

Hæstv. ráðherra nefndi það líka í ræðu sinni áðan að stundum kæmi það fyrir fjölmiðla að skýra ekki alveg rétt frá, jafnvel vera með útúrsnúninga eða þá það væri fjölmiðlunum að kenna eða það væri þeirra vandi að fjalla um málin af nægjanlegri þekkingu eða setja sig nægjanlega vel inn í málin þannig að það sem þeir skýrðu frá væri ekki ævinlega satt og rétt. Þannig skildi ég alla vega hæstv. ráðherra. Þá er hann líka að kvarta undan því eða fjalla um það sama og ég þegar ég segi að það sé léleg röksemdafærsla að slíta hluti úr samhengi.

Hæstv. ráðherra sagði t.d. í gær að framsóknarmenn ættu að geta samþykkt þær tillögur sem hann hefur lagt fram á þingi varðandi breytingar á almannatryggingalöggjöfinni af því að þær væru þær sömu og þeir hefðu áður lagt fram og ef þeir væru á móti væri það vegna þess að skerðingartillögur þeirra áður hefðu ekki gengið eins langt og skerðingartillögur hans nú. Ég verð að segja við hæstv. heilbrrh. að mér finnst þetta bæði auvirðilegur og ómerkilegur málflutningur og ég sagði það í gær og ítreka það nú að ég harma að ráðherra skuli grípa til svona málflutnings og ég býst við að það sé gert í nokkru fljótræði. Enda fannst mér hann bæði í ræðu sinni áðan og reyndar einnig í sjónvarpsþætti, sem hann tók þátt í í gærkvöld, segja að auðvitað væri fjölmargt fleira í tillögum framsóknarmanna eða fyrrv. heilbrrh. að finna en það sem hann hefði þó tekið til samanburðar og viðurkenna þá einnig þar með að hann væri að slíta hluti úr samhengi og ekki að bera saman sambærilega hluti. Það er það sem mér finnst ósanngjarnt, ómerkilegt og ég harma.

Löggjöf um almannatryggingar er afar mikilvæg og viðkvæm löggjöf, löggjöf sem þarf að skoða mjög vandlega. Ég hef lýst því yfir margoft, bæði í þessum ræðustól og eins þegar ég var að kynna það frv. sem

hér hefur verið tekið til umræðu, sem lagt var fram á seinustu dögum Alþingis í fyrra og var lagt fram til kynningar með fyrirvörum af hálfu þingflokkanna, og mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp eina setningu, sem er upphafssetning í athugasemdum við lagafrv. Þar segir:

„Frv. þetta er lagt fram til kynningar og til að vekja umræðu enda þótt umfjöllun um það í ríkisstjórn sé ekki lokið og þingflokkar hafi fyrirvara um einstaka þætti þess. Þetta er gert til þess að hægt verði að leita umsagnar um það í sumar."

Nú fór reyndar svo, virðulegi forseti, að frv. var ekki tekið hér til umræðu og þess vegna heldur ekki sent út til umsagnar, en auðvitað gátu þeir sem vildu kynna sér málið gert það af því að frv. lá orðið fyrir í þingskjali. Ég sagði áðan að ég hefði tekið það fram, bæði þá, þegar þetta kom til umræðu og almannatryggingalöggjöfin, reyndar ítrekað á undanförnum árum hef ég lýst því yfir héðan úr þessum ræðustól, og reyndar einnig þegar ég kynnti frv., að hér væri um að ræða svo flókna og viðkvæma lagasetningu og löggjöf að það hlyti að þurfa að vinna hana mjög vel og ítarlega í þingi.

Við vitum líka að þessi lög hafa verið í endurskoðun hjá fleiri ráðherrum en fyrrv. heilbrrh. Ég minnist þess að hv. þm. Svavar Gestsson, þegar hann gegndi embætti þess ráðherra, lét vinna mikið í endurskoðun á þessari lögjöf og það er vissulega tímabært því að eins og hæstv. heilbrrh. hefur nokkrum sinnum sagt við þessa umræðu hefur hann kallað löggjöfina skóbótalöggjöf. Því til vitnis má benda á í þessu frv. að lögin eru frá 1971 og öll árin síðan að tveimur undanskildum hafa verið gerðar breytingar í þinginu og sú tafla kemur fram í þinginu, tekur yfir nærri því tvær síður, allar þær lagabreytingar sem hafa verið gerðar á lögunum á hverju einasta þingi að undanskildum þinginu 1973 og þinginu 1988. Á öllum hinum þingunum hafa verið gerðar margar, oftast fleiri en ein, oft margar breytingar á lögunum þannig að það er ekki vanþörf á að taka þau til heildarendurskoðunar. Það var það sem við vorum að leggja upp með. Það voru okkar tillögur.

Og ég verð að fá að segja, og mig langar að segja það við hæstv heilbrrh., ef hann hyggur nú til hreyfings sem mér sýnist á honum, að ef það er hægt að álykta eins og hann gerði í gær við atkvæðagreiðslu, að vegna þess að framsóknarmenn hefðu viljað ganga lengra í skerðingu væru þeir á móti brtt. hans, sem er hreinn útúrsnúningur og ég er að reyna að rekja, bæði í gær og ætla að gera frekar núna, þá gæti ég gagnályktað og sagt, sem ég reyndar hélt að væri ekki ástæðan, að í fyrra, þegar þingflokkur Alþfl. lagðist gegn því að frv. þetta yrði tekið til efnislegrar umfjöllunar hér og afgreiðslu, hélt ég að það væri vegna þess að hann vildi ekki sætta sig við þessi skerðingarákvæði og hugmyndir um skerðingu á grunnlífeyri. En þegar það er eina tillagan sem ráðherra Alþfl. tekur út úr frv. gæti ég ályktað að það væri það eina sem hann vildi fylgja, það væri það eina sem hann vildi samþykkja og væri á móti öllum hinum atriðunum, væri á móti því að lífeyrir örorkulífeyrisþega væri hækkaður um 14%, væri á móti því að tekjutrygging örorkulífeyrisþega væri hækkuð um 14%, væri á móti því að örorkustyrkurinn væri hækkaður um 7% o.s.frv. Það er alveg jafnmerkilegur málflutningur og sá sem ráðherrann viðhafði í gær. Nú ætla ég ekki hæstv. heilbrrh. og öðrum þingmönnum Alþfl. að hugsa þannig til almannatryggingalöggjafarinnar. En það er efnislega alveg eins og það sem ráðherra sagði í umræðum í gær.

Mig langar til að gera nánari grein fyrir því, þegar ég segi að þetta sé ekki sambærilegt, hvað ég á þar við með því að benda á að á móti hugmyndum og tillögum sem við lögðum fram í fyrra og stóðum að, að gera breytingar á útreikningi svokallaðs grunnlífeyris, þess almenna lífeyris sem tryggingalöggjöfin hefur byggt á, og skerða hann með tilliti til tekna viðkomandi einstaklinga, gerðum við ráð fyrir margvíslegum öðrum réttarbótum á móti og það var líka það sem ég tók margsinnis fram í sambandi við allar umræður um frv. að endurskoðunin á almannatryggingalöggjöfinni væri til þess að jafna milli einstaklinga og beita almannatryggingalöggjöfinni í þágu þeirra sem þyrftu á aðstoð hins opinbera að halda og það bitnaði þá á þeim sem betur mættu sín, hefðu tekjur annars staðar frá og þeir létu nokkuð af hendi til þess að hægt væri að veita hinum réttarbótina. Flestar, sennilega allar brtt. sem unnar hafa verið á árunum frá 1971 eru í þá veru að bæta réttarstöðu einstaklinga, hafa átt að gera það, en hafa verið til að auka útgjöld ríkisins, almannatryggingakerfisins og þar með ríkissjóðs. Og fjölmargar tillögur sem komu fram í þingi þau ár sem ég gegndi embætti heilbrrh. voru allar í þá veru líka að auka útgjöld almannatrygginganna og skapa betri réttarstöðu þeirra sem á því þurfa að halda. Mín niðurstaða varð sú að við yrðum að reyna að leita lags innan tryggingakerfisins sjálfs til að mæta þessum réttarbótum. Til þess að veita réttarbæturnar yrðum við að leita leiða innan tryggingakerfisins. Það var rökstuðningurinn fyrir því að leggja til breytingar á grunnlífeyrinum, að skerða hann í hlutfalli við tekjur. Þær réttarbætur sem við vildum gera á móti og verja í þeim sparnaði sem á þennan hátt næðist voru m.a. fólgnar í því að bæta hag öryrkja stórlega. Það voru verulegar umbætur á sviði sem varðar málefni öryrkja. Örorkulífeyrinn átti að hækka um 14% eins og áður hefur verið nefnt, tekjutrygging örorkulífeyrisins átti að hækka um 14% og frítekjumark hjóna sem bæði njóta ellilífeyris var hækkað úr 70% í 75% af frítekjumarki tveggja einstaklinga, afnumið það ákvæði í núgildandi lögum að lífeyrir hjóna sem bæði fá lífeyri skuli vera 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Þá var í frv. gert ráð fyrir að hjón fái fullan lífeyri. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar vegna tekna er lækkað úr 45 í 40%, bótaflokkar, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót eru lagðir niður en í staðinn koma heimildarbætur. Þær gerðu ráð fyrir að greiða megi örorkulífeyrisþegum uppbót á tekjutryggingu, en skilyrði fyrir greiðslu uppbótarinnar eru önnur en eru fyrir greiðslu heimilisuppbótar og munar þar mestu um að einbýli verður ekki lengur skilyrði fyrir greiðslum heimildaruppbótanna eins og nú er

með heimilisuppbót. Örorkustyrkinn átti að hækka um 7%.

Ég gæti lesið upp í langan tíma þessar bætur allar og þær breytingar sem átti að gera og vitna kannski til nokkurra í viðbót, en mig langar til að nefna það, af því að hæstv. heilbrrh. var í málflutningi sínum áðan að gera samanburð á því að einstakir bótaflokkar hafa átt að lækka, aðrir að hækka, leika sér með tölur og fá fyrst 400 millj. kr. skerðingu, síðan 260 millj. kr. skerðingu og ein tala sem hann nefndi var 135 millj. kr., að þetta er allt saman mjög erfitt að bera saman nema taka málið allt í heild.

Ég nefni t.d. að hér var lagt til að slysatryggingarnar væru lagðar niður. Slysatryggingarnar væru færðar á hendur annarra aðila, fyrst og fremst atvinnurekenda, sem reyndar greiða í tryggingakerfið ákveðið *slysatryggingagjald, en slysatryggingarnar ættu bara að* vera í hinum frjálsu tryggingafélögum. Þar er gert ráð fyrir að slysatryggingarnar skiptist á atvinnurekendur, á lífeyristryggingarnar og á sjúkratryggingarnar. Þannig er ómögulegt að taka einn bótaflokkinn og segja: Þessi bótaflokkur hækkar um svona mikið, hinn lækkar um svona mikið og ætla að finna út einhverja jöfnu í sambandi við það. Reynt var að gera heildarmat á því hvernig þessar breytingar gætu orðið og niðurstaða þess varð að það kynni að verða um það bil 154 millj. kr. sparnaður í heildina á öllum þessum breytingum. Á öllum þessum breytingum gæti það orðið. En eins og allir vita sem til þekkja í almannatryggingakerfinu og hafa komið að þeim málum er hér um afar flókna löggjöf að ræða og það þarf ekki miklar breytingar til þess að tugir milljóna færist á milli og 100 millj. eru ekki lengi að hverfa ef gerðar eru smávægilegar breytingar á löggjöf sem kostar tugi milljarða, ég minni menn á það. Þær réttarbætur sem hér voru lagðar til voru svo mikilvægar að við töldum réttlætanlegt að leggja til þá breytingu á ellilífeyrinum að tengja grunnlífeyrinn svokallaða.

Auðvitað er það fjölmargt sem breytist í tímans rás og þess vegna eðlilegt að skoða þá hluti einnig. Við vitum að tekjubil hefur farið vaxandi og er þá ekki eðlilegt að athuga það, skoða hvort hægt er að hnika einhverju til um ellilífeyri þeirra aldraðra sem búa við tiltölulega góðar aðstæður, sumar reyndar mjög góðar?

Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvort það er ástæða til að eyða í það mjög löngu máli að bera þetta saman. Reyndar gerði hæstv. ráðherra það nokkuð. Hann fór yfir þær hugmyndir sem eru í hinni svokölluðu grænu bók, þ.e. nefndarálitinu sem unnið var af nefnd sem ég skipaði 17. des. 1987 þannig að þessi endurskoðun hófst snemma á mínum ráðherraferli og tók langan tíma af því að sú endurskoðun er flókin eins og margsinnis hefur komið fram. Ráðherra fór nokkuð ítarlega yfir þetta og gerði grein fyrir hvað hefði verið lagt til og hverjar breytingar væru hér, ræddi m.a. um umönnunarbæturnar sem er afar mikilvægt atriði, og ég vil líka nefna að það var lögð til veruleg hækkun á vasapeningum hjá þeim einstaklingum sem liggja á stofnunum. Nýr liður er uppihaldsstyrkur til sjúklinga og fygldarmanna sem þurfa að dvelja lengi utan heimabyggðar vegna læknismeðferðar og er afar mikilvægt ákvæði fyrir landsbyggðafólk sem þarf að leita a.m.k. allrar flóknari heilbrigðisþjónustu eða stærri og sérhæfðari aðgerða utan sinnar heimabyggðar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri. Slíkar bætur eru mikilvægar fyrir þá og þær eru ekki teknar inn í þann samanburð sem ráðherra var að fjalla um áðan.

Allt þetta er þess eðlis að hægt er að hafa um það langt mál, en þar sem hér er ekki verið að mæla fyrir nýju frv. til laga um almannatryggingar er ekki tímabært að fara ítarlega í það núna, en ég vonast til þess að þegar hæstv. ráðherra sér ástæðu til, sem ég vona að hann geri fyrr en síðar, ástæðu til þess að endurskoða þessa löggjöf í heild, nýti nokkuð þær hugmyndir sem hér hafa verið settar fram.

Í *þeirri nefnd sem vann nefndarálitið sem er grunn*urinn að frv. áttu sæti fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem nú eiga aðild að ríkisstjórn. Þar sat t.d. þáv. hv. alþm. Árni Gunnarsson. Hann var fulltrúi Alþfl. í þessari nefnd og mig langar til, með leyfi forseta, að vitna til þess sem Árni Gunnarsson setur fram sérstaklega í þessu nál. Þó svo að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokksins, þekki álitið er ekki víst að allir þingmenn geri það, kannski ekki einu sinni allir þingmenn Alþfl., og ég ætla að leyfa mér að lesa þetta álit Árna Gunnarssonar þar sem hann segir:

„Um leið og ég samþykki fyrir mína hönd þau drög er fyrir liggja um breytingu á lögum um almannatryggingar vil ég koma eftirfarandi bókun á framfæri:

Í þessu frv. eru gerðar tillögur um grundvallarbreytingar á kerfi almannatrygginga. Þar vegur þyngst tillaga um tekjutengingu aðalbótaflokka lífeyristrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris. Ég geri mér ljóst að þessi tillaga er og verður umdeild og hefur þegar verið hafnað af nokkrum fulltrúum í nefndinni sem frv. samdi.

Í þingflokki Alþfl. hefur málið verið rætt einu sinni, en ekki til fullnustu. Fram komu andmæli gegn þessari tillögu, enda hefur Alþfl. litið á þessa bótaflokka sem áunninn rétt einstaklinga en ekki sem ölmusu. Ég tel hins vegar að forsendur í þjóðfélaginu fyrir þessum tryggingum hafi á síðustu áratugum tekið slíkum breytingum að fyllilega sé réttlætanlegt að tekjutengja þessa bótaflokka. Þeir útreikningar sem fram hafa verið lagðir í nefndinni sýna ljóslega að tekjutenging bætir stöðu hinna verr settu en skaðar ekki hina tekjuhæstu. Þeir fjármunir sem sparast með tekjutengingu*nni nýtast til að auka greiðslur til þeirra er annast* sjúka og aldraða í heimahúsum og til að auka réttindi innan sjúkratryggingageirans. Að öðru leyti vísa ég til skýringa sem með frv. fylgja."

Ég vil undirstrika þetta. (Gripið fram í.) Það eru auðvitað launin, já, sem Árni Gunnarsson hefur fengið, eins og hv. þm. bendir á, að þeir felldu hann bara. Þeir vildu nefnilega ekkert annað en taka tekjutenginguna en skilja allt hitt eftir, allt sem var rökstuðningur Árna Gunnarssonar fyrir frv., fyrir nefndarsetunni, fyrir undirskrift hans við nál. Það var það að fjármunirnir sem sparast með tekjutengingunni nýtast til

þess að bæta réttarstöðu ýmissa annarra aðila innan tryggingakerfisins. Það er sá reginmunur sem er á tillögunum eins og þær voru lagðar fram í vor og á tillögunum sem Alþfl. stendur nú að og hæstv. heilbr.- og trmrh. leggur fram. En ég ætla, með leyfi forseta, að ljúka við að lesa bréf þessa ágæta nefndarmanns þannig að öllu sé til skila haldið, en þar segir áfram:

„Það er síðan á valdi ríkisstjórnarinnar að ákveða hvort þessar tillögur, ef samþykktar verða, samrýmast þeirri endurskoðun sem nú er hafin á lífeyrissjóðakerfinu. Þá vil ég að sú skoðun mín komi fram að verði fallist á niðurfellingu slysatryggingakaflans þurfi að tryggja í einu og öllu að þjóðfélagshópar eins og húsmæður og sjómenn njóti fyllstu slysatrygginga. Ég lýsi þeirri skoðun minni að í þessu frv. komi fram margvíslegar breytingar sem koma almannatryggingakerfinu og almenningi til góða og verði til mikilla bóta. Ég undirrita tillögur nefndarinnar eingöngu fyrir mína hönd, en skuldbind í engu þingflokk Alþfl. með undirskrift minni."

Undir þetta skrifar síðan þessi ágæti fyrrv. þingmaður og félagi okkar Árni Gunnarsson. Tilvitnun er sem sagt lokið í hans bréf.

Þetta undirstrikar einu sinni enn þá áherslu sem við höfum lagt á okkar mál, fulltrúar Framsfl., hér í umræðunum, ekki bara í gær og í dag heldur í allri umræðunni marga undanfarna daga þegar þetta hefur komið fram. (Gripið fram í.) Ég veit ekki alveg hvaða athugasemd þetta var hjá hæstv. samgrh. og landbrh., sem kom áðan, en e.t.v. hefði hann gott af því að sitja af og til í þingsalnum og hlusta á þær upplýsingar sem hér er verið að bera á borð. (Gripið fram í.) Það er innanbúðarvandamál hjá stjórnarliðum. Ég blanda mér ekkert í þær athugasemdir hv. formanns þingflokks Alþfl. ef hann hefur einhverjar athugasemdir við það að gera að hæstv. samgrh. sitji í salnum.

Mig langar aðeins að koma inn á að hæstv. heilbrrh. hefur ítrekað látið það fylgja í sínum umræðum um þetta mál að það hafi verið farið alveg eins með sjómenn í tillögum þeim sem ég lagði fram á þingi í fyrra og þeim tillögum sem hann leggur fram núna. Vissulega er rétt að efnislega eru þær brtt. sem hann leggur fram á almannatryggingalöggjöfinni hliðstæðar þessum þætti í heildarendurskoðuninni sem ég lagði fram, en undirstrika það einu sinni enn að frv. þetta átti auðvitað eftir að fá ítarlega endurskoðun í þinginu og að sjálfsögðu ekki óeðlilegt að taka tillit til margvíslegra breytinga sem hefðu komið fram. Ég er alveg sannfærður um að það hefði ekki verið sú eina athugasemd sem hér hefði komið fram að það þyrfti að taka þátt eins og þennan, sem varðaði sjómennina, til athugunar og endurskoðunar og breytingar. Ég er alveg sannfærður um að það hefði verið margt fleira. En þetta er ein af þeim athugasemdum sem nú hafa komið fram við frv. og hefði verið sjálfsagt að taka til skoðunar, en hæstv. ráðherra og hv. stjórnarliðar hafa ekki séð neina ástæðu til þess að verða við því þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem þingmenn, sem nú eru í virðingarstöðum í stjórnarliðinu, gáfu á sínum tíma þegar verið var að fjalla um þessi mál á Alþingi fyrir nokkrum árum og ég reyndar vitnaði til í gær og ætla ekki að lesa upp aftur núna, en annar þeirra var hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem nú gegnir stöðu formanns fjárln. þingins, og hitt voru ummæli hæstv. núv. samgrh. Halldórs Blöndal þegar hann fjallaði um það mál. En nú eru þau ummæli gleymd og grafin og ekki talin ástæða til að fara mjög ítarlega yfir þá þætti að þessu sinni.

Mig langar, virðulegi forseti, að nefna nokkur önnur mál sem tengjast bandorminum, önnur en bara þau skoðanaskipti sem hafa farið fram um endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni og þær brtt. sem hv. stjórnarliðar leggja nú til að teknar séu út úr og raska öllu samhengi og samræmi innan löggjafarinnar sem slíkrar ef það er tekið fram eitt og sér. Þá langar mig fyrst til að nefna að ég hef bent á það í umræðunum áður að það kynni að vera skynsamlegt í vissum tilfellum þegar leita á sparnaðar að ráða fólk í vinnu í stað þess að segja fólki upp. Það virðist vera ein af megintillögunum nú að segja fólki upp, draga úr yfirvinnu, beita ýmsum slíkum aðgerðum, en ég hef hér bréf fyrir framan mig frá lyflækningadeild Landspítalans þar sem gerð er grein fyrir verkefni einstaklings sem þar vinnur og ég ætla ekki að lesa það erindi allt upp, en tilefni bréfsins er að viðkomandi hefur aðeins verið í 40% stöðuhlutfalli og auðvitað unnið yfirvinnu á móti þessu stöðuhlutfalli þannig að hann hefur skilað mikið meiru en 40% vinnu. Hann hefur þurft þess vegna mikilvægis stöðu hans. Nú, með þessum nýju aðgerðum, er gert ráð fyrir því að yfirvinna hans verði skorin niður. Vegna þess að hann hefur unnið þetta verk og þessi störf er það nánast óframkvæmanlegt vegna mikilvægis starfsins, sem varðar þjónustu við t.d. nýrnasjúklinga, og mundi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar og ólýsanlegar ef starfið yrði fellt niður. Það væri auðvitað ódýrara að ráða þennan mann í 70% eða 100% starf eins og hér er lagt til í staðinn fyrir að skera starfið hans niður.

Svona geta hlutirnir snúist í höndunum á manni og á þeim sem ætla sér þó að reyna að ná fram sparnaði með slíkum aðhaldsaðgerðum að menn ganga í öfuga átt. Ég beini þessu til hæstv. fjmrh., sem ég veit að ætlar að leggja sig mjög fram um að fylgja þessari löggjöf eftir, þ.e. fjárlögunum að sjálfsögðu, að skoða svona hluti. Kannski gætu tilsjónarmennirnir hans komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri í einhverjum tilfellum ekki óskynsamlegt og hin aðferðin leiddi ekki til raunverulegs sparnaðar að skera niður yfirvinnu eða starfshlutföll án þess að skoða til hvers það í raun kann að leiða.

Það hefði verið fróðlegt að spyrja hæstv. heilbrrh. að því í sambandi við það hversu fjálglega hann talaði um að skerðingin, sem á nú að hefjast á ellilífeyrinum eða grunnlífeyrinum 1. febr. nk., gengi vel, allur útreikningur væri auðveldur og öll sú vinna í Tryggingastofnuninni gengi auðveldlega, hvort það kynni ekki að vera, þó að framtölin séu ekki nema 3.000 og allt sé tölvuvætt og allt liggi vel fyrir eins og hæstv. heilbrrh. lýsti áðan fjálglega, að einhver yfirvinna hafi verið unnin við að koma þessu í framkvæmd fyrir

mánaðamót og hvort það hefði þá ekki kostað einhverja viðbótarpeninga og hvort það hefði samrýmst reglum hæstv. ríkisstjórnar til að ná fram markmiðum fjárlaganna. En látum það eiga sig fyrst hæstv. ráðherra er vikinn af vettvangi, enda vafalaust hægt að fá um það upplýsingar þó síðar verði.

Annað atriði úr ræðu hæstv. heilbrrh. langar mig að nefna líka þó að hann sé farinn og varðaði umræður hans um jaðarskatta og hversu það skerðingarkerfi sem nú væri upp tekið og hefði verið boðað í grænu bókinni svokölluðu hefði leitt til ef fram hefði verið fylgt eins og þar var boðað. Mig langar til að velta aðeins upp þeirri hugsun hjá hv. þm. að velta því fyrir sér hvað þýðir í raun tekjutrygging. Hvað erum við að gera með því að veita einstaklingum greiðslur úr tryggingakerfi og kalla það tekjutryggingu? Við erum í raun að tryggja að viðkomandi aðilar hafi einhvern lífeyri. Við erum að tryggja að þeir hafi einhverjar lágmarksgreiðslur til þess að framfleyta lífinu, þeir sem ekki hafa úr öðru að spila. Og þegar þær greiðslur fara að skerðast, þegar þessi trygging minnkar af því að viðkomandi einstaklingar hafi tekjur annars staðar frá, þá finnst mér í raun óeðlilegt að vera að eltast eitthvað við það eða leika sér eitthvað að því hvað slík trygging á ákveðnu bili þýðir mikinn skatt þegar hún skerðist eða þegar dregur úr henni af því að það koma tekjur annars staðar frá. Mér finnst þetta vera hálfgerður skollaleikur, en ég geri ekki lítið úr því að reyna að reikna svona skerðingu út á þann hátt að hún komi sem skynsamlegast niður og hún komi á þann hátt fram að hún sé sem ásættanlegust fyrir þá einstaklinga sem hennar njóta. Ég er líka alveg viss um að þetta er t.d. eitt af þeim atriðum sem hv. Alþingi hefði tekið til ítarlegrar umfjöllunar í sinni vinnu við að endurskoða og yfirfara þetta frv. hefði það fengið hér nánari umfjöllun í þinginu og hefði kannski verið ástæða til að skoða enn betur en gert hefði verið það frv. sem nú liggur fyrir, þ.e. tillögur hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórnar varðandi breytingarnar á almannatryggingalöggjöfinni.

Hæstv. ráðherra undirstrikaði að auðvitað væri þetta ekki heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni og því væri ekki hægt að taka þetta til þess samanburðar sem hann reyndi þó að viðhafa í málflutningi sínu í gær og læt ég lokið umræðu um það sérstaklega.

Hæstv. ráðherrar munu þurfa að glíma við ýmis vandamál í að framfylgja þeim tillögum sem hér eru áætlaðar í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum ef að lögum verður og í fjárlögunum sem þegar eru búin að taka gildi. Og að gera mikið veður út af dálítið sérkennilegri auglýsingu sem hengd var upp í Borgarspítalanum á dögunum finnst mér bera keim af því að nokkur taugaveiklun sé hjá ráðherrum því að þetta er það sem þeir eru að leggja til og þeir eru að biðja um. Það er það sem hæstv. heilbrrh. var búinn að skikka sjúkrahúsin í landinu til að gera og einstaklingarnir sem hengdu upp þessa auglýsingu gera það í góðri trú og þeir eru að vinna sitt verk. Þeir eru að reyna að ná fram þeim sparnaði sem ráðherrann hefur fyrirskipað og þeir ætla að gera það með því að hætta að taka gamla fólkið fram úr rúminu og þvo því sem allra minnst, hætta t.d. að þvo því á bringunni eins og ég sá einhvers staðar í blaði í gær. Það er auðvitað sjálfsagt hægt að spara eitthvað við það þó að maður e.t.v. skilji ekki almennilega hvað átt er við með því að minnka bringuþvott.

En það er annað sem ég held að verði enn erfiðara, auðvitað margt, en eitt af því sem mig langar að nefna er það að ég þurfti að glíma við það þau ár sem ég sat í heilbrrn. að aðstandendur geðfatlaðra einstaklinga koma iðulega til mín með sín vandamál, erfiðleika sem eru miklir og við reyndum að taka á því eftir því sem mögulegt var, en ég veit að hér á eftir að herða enn að og mig langar að vitna í örstutt viðtal sem fram kemur í fréttabréfi Öryrkjabandalagsins, 4. tbl. frá 1991, þar sem aðstandandi lýsir því hvernig þetta ástand er og segir, með leyfi forseta:

„Eins og málum er háttað í dag er ekki óalgengt að sjúklingur útskrifist af geðdeild eftir 2–3 mánuði, í alls ófullnægjandi ástandi, þegar lyf hafa slegið á sjúkdómseinkennin og sendur heim til aðstandenda, sem enga fræðslu hafa fengið um sjúkdóminn og engar leiðbeiningar fengið um hvernig beri að meðhöndla og umgangast sjúklinginn. Enga hjálp er að fá fyrir aðstandendur af neinu tagi, enginn sem maður getur leitað til — vinir hverfa — maður einangrast með sjúklingnum og stendur frammi fyrir þeirri ægilegu staðreynd að maður er aleinn daga og nætur með fársjúkum einstaklingi, sem oft á tíðum er hættulegur sjálfum sér og öðrum í verstu köstunum, sökum þeirra ranghugmynda sem halda sjúklingnum í heljargreipum og hann ræður ekki við það. Það er hörmulegt ástand sem skapast og reyndar engum ætlandi, hvorki ungum né gömlum, að lifa við slíkt til langframa. Óraunhæfar kröfur sjúklingsins, ásakanir og hótanir, ásamt endalausum næturvökum og reykingum, sýkja umhverfið og heimilislífið og brjóta niður lífsvilja og þrótt, vinir hverfa flestir og jafnvel fjölskyldan fjarlægist."

Þetta er auðvitað ekki skemmtileg lýsing og hún er því miður ekki ný. En ég veit að þær eiga eftir að versna og þeim á eftir að fjölga.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa þetta öllu lengra þó að það væri hægt að hafa uppi langt mál enn vegna þess að svo er að þessum málum staðið. Aðrir hafa rætt við hæstv. menntmrh. um málefni skólanna og ég ætla því ekki að gera það.

Mig langar í lokin aðeins að koma inn á þá umræðu sem fór fram áðan um 900 millj. nokkrar sem greiddar voru fyrirtækjum og einstaklingum á seinustu dögum og eru að því er sagt er skattfrjálsar þannig að einstaklingarnir þurfa ekki að borga neitt til samfélagsins af þessum peningum. (**ÓÞP:** Það skerðir ekki ellilífeyrinn.) Nei, gerir það ekki heldur eins og aðstæður eru í dag, en þó ber að fagna því að ráðherrar hafa keppst við í þessum umræðum að lýsa því yfir og strengja þess heit að þeir ætli að taka upp skatt á fjármagnstekjur eða eignatekjuskatt og þeir fá ábyggilega stuðning við að koma því máli áleiðis. Ég vona að þeir standi við stóru orðin í því sambandi. En það sem mig

langar að segja um þá umræðu sem fór fram áðan aðeins í örfáum setningum er það að mér fannst heldur lélegt að eigna þetta allt saman einhverjum ákveðnum einstaklingum. Þetta væri að kenna, eins og mátti nánast lesa út úr ræðum manna áðan, einstaklingum eins og fyrrv. fjmrh., Tómasi Árnasyni, núv. hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og fyrrv. hæstv. fjmrh., Ragnari Arnalds. Þetta voru einhverjir sökudólgar fyrir því að þessar 900 millj. skyldu vera skattfrjálsar og kennt um verðbreytingafærslu. *Ég er enginn skattasérfræðingur* og ætla ekki að hætta mér mikið út í þessa skattaumræðu, en ég hélt að verðbreytingafærslan hefði fyrst og fremst verið til að tryggja óbreytt verðmæti og menn héldu sínum verðmætum. Það kann að vera að þessir einstaklingar hafi einhvern tíma lagt 900 millj. inn í þetta fyrirtæki og þess vegna sé réttlátt að þeir taki þessar 900 millj. aftur út skattfrjálsar. (**GHelg:** Þeir gætu aldrei lagt það inn.) Ég sagði kann að vera. Ég veit ekkert um það. Ég leyfi mér að efast um það. En hafi svo verið getur vel verið að það væri réttlætanlegt að verðbreytingarfærslan verji þessa eign þeirra.

En það sem ég vil aðeins segja um þetta mál er að *mér finnst að við svona löguðu þurfi að bregðast* og ég heyrði reyndar hæstv. fjmrh. lýsa því yfir að hann hefði fullan hug á að skoða þetta til þrautar, skoða það til hlítar. Ég er ekki að láta mér detta í hug að þeir aðilar sem hér eiga hlut að máli séu að brjóta nein lög. Þeir eru sjálfsagt að nýta sér það sem lög segja í dag, en það þarf að skoða hvort er rétt að málum staðið.

Og aðeins að lokum, hæstv. forseti, langar mig að segja að ég get með góðri samvisku sagt að ég geti alls ekki fylgt þessu frv. hæstv. heilbrrh. Ég bið hv. þm. að taka eftir þessari setningu af því að ég er að tala um breytingarnar á almannatryggingalöggjöfinni sem hann sagði að ég ætti að geta auðveldlega framfylgt af því að *ég hafði lagt þær til áður sjálfur*. Ég segi aftur: Ég get með góðri samvisku sagt að ég get alls ekki fylgt þessu frv. hæstv. heilbrrh.

Nú getur tröllaukinn útúrsnúningameistari, eins og var sagt áðan í annarri ræðu, auðvitað búið til nýja setningu úr þessum orðum mínum með allt annarri merkingu. Hann þarf engu að breyta, hann þarf engu að bæta inn í, hann þarf aðeins að fella út nokkur orð, sem sagt ekki að segja setninguna alveg alla og segja samt: Hv. þm. sagði þetta, þetta eru þau orð sem hann sagði. Ef felld eru nú niður tvö orð, „alls ekki", hljóðar setningin svona: „Ég get með góðri samvisku sagt að ég get fylgt þessu frv. hæstv. heilbrrh." og síðan yrði komið í ræðustólinn á eftir og sagt að það væri það sem maðurinn sagði. Það er aðeins búið að taka út hluta af orðunum sem hann viðhafði. Það er nákvæmlega sama meðferð og viðhöfð er á því frv. sem ég lagði fram í vor þegar sagt er að ég geti fylgt einhverjum hluta þess af því að ég hafi lagt til einhvern hluta þess. Það er líka hægt að fara svona með setningar sem menn láta frá sér fara og gerbreyta merkingu þeirra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það fer að verða lítið gaman að taka til máls um heilbrigðis- og tryggingamál þegar hinn móralski krossfarariddari er horfinn úr sæti sínu og ekki hægt að heimfæra upp á hann prívat og persónulega þau svör sem hann gaf við spurningum sem fram hafa verið bornar af þingmönnum við langar og miklar umræður um heilbrigðis- og tryggingamál í tengslum við þennan bandorm. Ég vakti athygli á því við atkvæðagreiðslu í 2. umr. um bandorminn að hæstv. heilbrh.- og trmrh. hefði alveg látið hjá líða að taka *til máls í 2. umr.* Hann hefði *einungis tvisvar* talað um þingsköp og tvisvar farið upp í andsvörum en aldrei tekið til máls og fjallað um þær breytingar sem verið var að leggja til í 2. umr. á örorkulífeyri og ellilífeyri. Í þeirri umræðu fékk hann ótal spurningar og hann leitaðist við að svara einhverjum þeirra áðan en alls ekki öllum.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. vék að hátekjuskattinum og fannst lítið til hans koma, sagði að hann gæfi í besta falli 400 millj. kr. ef um væri að ræða samskattun hjóna og sagði: Þetta eru ekki fjárhæðir sem skipta sköpum fyrir ríkissjóð. Ég held að flestir séu nú sammála um að 400 millj. kr. skipta ekki sköpum fyrir ríkissjóð, *en þessar 400 millj. kr. eru ekkert verri en 400* millj. kr. sem teknar eru úr barnabótunum. — Þetta er vitanlega ekki rétt hjá mér, þetta eru vitanlega miklu betri 400 millj., en þær gera sama gagn hjá ríkissjóði og þær 400 millj. sem kæmu úr barnabótum og þær gera sama gagn hjá ríkissjóði og 400 millj. sem teknar eru úr sjúkratryggingum, hundruð milljóna sem teknar eru úr ellilífeyri o.s.frv. Svona mætti lengi telja þannig að menn ættu ekki að fúlsa við þessum peningum fremur en öðrum ef verið er að leita dauðaleit að einhverjum aurum.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur margstagast á því að þjóðarbúið hafi orðið fyrir miklu áfalli, þar tapist 20 þús. millj. kr. segir hann. (**GHelg:** Því er spáð.) Já, 20 þús. millj. kr. tapi þjóðarbúið ef sú spá gengur eftir. Og 20 þús. millj. kr. eru auðvitað miklir peningar, ég tala nú ekki um fyrir þá sem þekkja tölur með allmiklu færri núllum en þarna er um að ræða. En þetta er þó, ef við tökum þetta sem hlutfall, um 6% samdráttur í þjóðartekjum og sá samdráttur getur út af fyrir sig verið alvarlegur. En eins og margsinnis hefur verið bent á hér er þetta engin „katastrófa", ekki frekar en 6% samdráttur í tekjum á vel efnuðu heimili sem hefur haft úr miklu að moða í mörg ár, 6% samdráttur í tekjum slíks heimilis væri engin „katastrófa". Spurningin er bara hvernig er brugðist við.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði mikið úr frv. fyrrv. heilbr.- og trmrh., þ.e. forvera síns í því embætti, og hélt því fram og sagði að þetta væru engin handabakavinnubrögð hjá sér í þessum málum, ekki frekar en hjá fyrrv. ráðherra. Mér finnast þetta satt best að segja afskaplega lítil rök og ég fæ t.d. ekki séð hvað mér kemur sá samanburður við. Hvað kemur mér sá samanburður við hvort þetta eru sömu *handabakavinnubrögð* og áður voru? Það eru engin rök. Menn verða að rökstyðja hvað þeim sjálfum finnst, hvað þeim finnst rétt að gera, hvað þeim finnast góð vinnurögð, en ekki vísa til einhverrar fortíðar.

Þá sagði hæstv. heilbr.- og trmrh. að það hefði aðeins verið gerð ein efnisbreyting á frv. í heilbr.- og trn. og taldi það til marks um að þetta hefði ekki verið illa unnið af sinni hálfu og ekki hroðvirknisleg vinnubrögð. Það kann vel að vera að það hafi aðeins verið gerð ein efnisbreyting, en það voru gerðar ótal formbreytingar, líklega einar sjö, á tillögunum sem inn í nefndina komu. Og það segir manni auðvitað að málið var ekkert fullunnið að það skuli þurfa að gera sjö formbreytingar vegna þeirra tillagna sem inn í nefndina komu og voru þó ekki mjög fjölbreytilegar. Það segir manni að málið var ekki mjög vandvirknislega unnið, það var ekki farið vel í gegnum það áður en það kom inn í nefndina.

Það stakk mig aðeins sem hæstv. ráðherra sagði um samráð við Tryggingastofnun. Hann sagðist fullyrða að það hefði verið haft samráð. Allt annað var okkur sagt í heilbr.- og trn. og í Tryggingastofnun ríkisins hefðu menn fengið allra manna síðast að vita af þeim breytingum sem til stóðu. En heilbrrh. sagði að það hefði ekki verið haft samband við alla einstaklinga og fyrir því geta verið ástæður, sagði hann. Fyrir því geta verið ástæður. (**ÓÞÞ:** Og vandaði sig mjög.) Og vandaði sig mjög þegar hann sagði þetta. Mér finnst liggja í þessum orðum ákveðnar dylgjur í garð starfsmanna í Tryggingastofnun ríkisins því að þeir sem komu á fund nefndarinnar voru deildarstjórar í þeirri stofnun sem munu þurfa að vinna eftir þeim reglum sem verið er að setja og afgreiða út lífeyrinn. Mér finnst hæstv. ráðherra skulda þingheimi einhverja skýringu á því af hverju hann lagði svo mikla áherslu á að það kynnu að vera ástæður fyrir því að ekki var haft samband við þessa tilteknu aðila í Tryggingastofnun.

Ég ætla að lýsa því yfir að ég fagna því að það skyldi loksins nást út úr heilbr.- og trmrh. yfirlýsing um að það sem hann væri að gera og þeir í heilbr.- og trmrn. væri eingöngu að framkvæma þá ákvörðun sem fjárlög leggja á þá, þ.e. þeir væru að ná sér í aura, þeir væru að leita að aurum. Það er engin réttlætisbarátta, það er engin barátta fyrir jöfnuði og réttlæti sem í því felst að leita sér að aurum þar sem þeir eru auðfengnir og auðfundnir. Ég fagna því að hann skuli hafa viðurkennt að þannig lægi í þessum málum.

En ég sagði í upphafi míns máls að trmrh. hefði ekki svarað öllum mínum spurningum og ég ætla að nefna nokkrar sem hann svaraði ekki. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort hjón fengju þá réttarbót í tekjutryggingunni sem boðuð er í tengslum við skerðingu á ellilífeyri, með öðrum orðum: það á að meðhöndla tekjur hjóna hvers um sig þegar fundin er út skerðing á ellilífeyri, þ.e. hvort hann skerðist. Til þess að hjón fái tekjutryggingu eru tekjur meðhöndlaðar sameiginlega og tekjutrygging hjóna er lægri en einstaklinga. Ég spurði að því hvort þetta boðaði að það yrði gerð sams konar breyting, sams konar réttarbót hvað varðaði tekjutryggingu hjóna og ég hef ekki fengið neitt svar við því hér. Sé slík réttarbót boðuð kostar hún umtalsvert fé. Ég mundi fagna því að hjón væru meðhöndluð sem einstaklingar, en það kostar umtalsvert fé og það væri þá ástæða til að fá að vita hver sá kostnaður er eða hvort þetta má yfirleitt kosta nokkuð, hvort á þá bara að lækka tekjutrygginguna á móti því að mér virðist sem ekkert megi kosta neitt í þessu kerfi, ekki heldur réttarbæturnar.

Þá spurði ég að því hvort það væri ekki einhver misskilningur eða rangar forsendur í útreikningi heilbr.- og trn. á þeim 14,5 millj. kr. sem þeir áætla sér vegna þess að um 100 öryrkjar mundu missa örorkulífeyri sinn vegna tekna. Því er nefnilega þannig háttað, og ég útskýrði það held ég nokkuð ítarlega, að ef menn eru metnir 75% öryrkjar vegna sjúkdóma þurfa þeir að koma til endurmats annað hvort ár. Hafi þeir náð að skapa sér fastar tekjur sem eru þá yfir skattleysismörkum er örorka þeirra metin niður í 65% þannig að það ætti í sjálfu sér enginn öryrki vegna sjúkdóms að vera með yfir 114 þús. kr. mánaðartekjur. Sá hinn sami ætti að vera kominn niður í 65% örorku samkvæmt reglum Tryggingastofnunar. Með öðrum orðum: Þeir 100 öryrkjar sem menn eru að tala um að fái á sig skerðingu og reikni sér það til tekna séu allir í raun öryrkjar af völdum slyss og sé það svo mun þeirra lífeyrir ekki skerðast vegna þess að skerðingin á ekki að ná til þess hóps. Við þessu fékk ég engin svör heldur.

Ég spurði hæstv. ráðherra að því að hvaða leyti sparaðar tekjur fyrri ára væru eðlisólíkar útborguðum tekjum í ár, af hverju væri réttlætanlegra að skerða ellilífeyri vegna útborgaðra atvinnutekna í ár en vegna uppsafnaðra tekna sem liggja í lífeyrissjóðum, hver væri eðlismunurinn þar á. Við þessu fékk ég ekkert svar.

Ég spurði líka af hverju allur grunnlífeyrir væri ekki tekjutengdur, líka mæðra- og feðralaun, ekkna- og ekklabætur o.s.frv. Við þessu fékk ég heldur ekkert svar. Ég var með öðrum orðum að fiska eftir hver grunnhugmyndin væri í þessu, hvert prinsippið væri. Við því fékk ég ekkert svar.

Þá spurði ég út í reglugerð sem nýsett er í ráðuneytinu og fjallar m.a. um að fólk skuli borga 1.500 kr. gjald á göngudeildum og ég spurði hvort ekki væri ástæða til að koma inn í reglugerðina heimild til að fella þetta gjald niður, m.a. á göngudeildum geðdeilda og göngudeild barna- og unglingageðdeildarinnar á Dalbraut, vegna þess að þangað er fólk sett nauðugt og þarf að greiða fyrir þá nauðung sem er satt að segja mjög sérkennilegt.

Ég spurði þá líka hvernig á því stæði að það væri byrjað á, þegar teknar væru greiðslur fyrir aðgerðir, glasafrjóvgun en ekki hugsanlega einhverju öðru.

Í gærkvöld sat ég í sjónvarpsþætti ásamt hæstv. heilbr.- og trmrh. og þar fór hann mikinn eins og hér og „móralíseraði" yfir þeim sem þar sátu með honum og þjóðinni allri og ég verð að segja að ég er satt að segja orðin dálítið þreytt á þessum „móralíseringum" hæstv. ráðherra. Hann segir að þetta verði að gera, þessi niðurskurður verði að gerast núna til þess að hægt sé að skila einhverju velferðarkerfi til barna okkar. Við megum ekki velta byrðunum og skuldunum af okkar gerðum yfir á börn okkar, segir hæstv. heilbr.- og trmrh. Og á það hefur verið bent með hvaða hætti

hann ætlar nú að koma í veg fyrir að þetta gerist. Hann ætlar sem sagt að velta kostnaðinum yfir á ungt fólk á barneignaaldri, fólk með ung börn, á aldrinum 20–40 ára, og hann ætlar að velta þessu á þá sem eru komnir yfir 67 ára aldur og fá bætur út úr tryggingakerfinu. Það er öllum ljóst að hæstv. ráðherra er fæddur árið 1942, hann varð fimmtugur núna. Ráðherrann hefur verið líklega 19 ef ekki 20 þing. (**ÓÞÞ:** Þetta er stríðsframleiðsla.) Þetta er stríðsframleiðsla, segir hinn vestfirski þingmaður. Það hefur kannski eitthvað með aldurinn að gera, en eins og fyrr segir: Ráðherrann er nýorðinn fimmtugur. Og þessi kynslóð, sem er einmitt á þessum aldri, ég vil leyfa mér að segja á aldrinum frá 40 ára upp í 60–70 ára, er kynslóðin sem fór í gegnum háskólanám án þess að borga verðtryggingar á námslánin sín. Þetta er kynslóðin sem keypti sér húsnæði og skuldir hennar brunnu upp í verðbólgunni og þessi kynslóð var fljót að eignast sitt húsnæði. Þetta er kynslóð sem er búin að koma börnum af höndum sér. Og nú segir þessi kynslóð við fólk á aldrinum 20–40 ára: Þið skuluð borga fulla verðtryggingu af námslánunum ykkar og þið skuluð borga vexti. Þið skuluð borga fulla verðtryggingu og háa vexti af húsnæðislánunum ykkar. Við ætlum að skerða hjá ykkur barnabæturnar og við ætlum að rýja gamla fólkið líka, sem missti allt sitt sparifé í verðbólgunni, við ætlum að ná af því líka. Mér finnst þetta í rauninni óþolandi siðaboðskapur af þessari kynslóð til minnar kynslóðar, því ég er einmitt á þeim aldri að hafa fengið allar þessar verðtryggingar yfir mig, og til þeirrar kynslóðar sem er komin yfir sjötugt. Mér finnst tímabært að þessir menn fari að finna einhverjar leiðir til að taka þetta af sjálfum sér.

Það er þá kannski ástæða fyrst ég er komin hér í ræðu minni að minnast aðeins á þessar rúmu 900 millj. sem hafa verið gerðar að umtalsefni í kvöld og munu nú verða greiddar út til hluthafa í Sameinuðum verktökum. (**GHelg:** Það er búið að því.) Já, og búið að því reyndar að afhenda þeim ávísanirnar. Og eftir því sem manni skilst er þar um skattfrjálsan gróða að ræða eða hagnað.

Þegar ég vann á blaði nokkru árið 1990 var ég fengin til þess m.a. að skoða svolítið Íslenska aðalverktaka og Sameinaða verktaka. Ég var komin aðeins af stað með það. Ástæðan fyrir því að ég var fengin til þess var að á þeim tíma ákvað hæstv. þáv. og núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson að greiða út úr Íslenskum aðalverktökum um 2 milljarða kr. Sameinaðir verktakar fengu í sinn hlut 1.340 millj. Reginn hf. fékk 670 millj. í sinn hlut á þessum tíma. Það sem gerðist þá var að á hluthafafundi í Sameinuðum verktökum kom fram tillaga um að auka hlutaféð í fyrirtækinu þá um 1.340 millj. kr. og greiða hluthöfunum síðan út allt að 2,1 milljarði kr., 2.100 millj. kr. Þá lá þessi tillaga fyrir og hún hafði ekki hlotið afgreiðslu og ég hefði sjálfsagt fjallað um afgreiðslu þess máls ef ekki hefði viljað svo undarlega til að stjórnarformaður hjá útgáfufélagi því sem gaf út þetta blað ákvað að reka ritstjórnina sem ég var þá starfandi við. Og það er kannski líka tilviljun að þessi stjórnarformaður var þáv. aðstoðarmaður hæstv. utanrrh. og núv. aðalstjóri eða ætli það heiti ekki forstjóri í Íslenskum aðalverktökum og varð það einmitt um það leyti. Ekki veit ég hvort þetta tengist nokkuð. Ég ætla ekkert að segja það. En þá var þessu fyrirtæki, Sameinuðum verktökum hf., fært á silfurfati af þáv. og núv. utanrrh. 1.340 millj. kr. og síðan hafa menn auðvitað verið að vandræðast með hvernig þeir ættu að koma þessu í hendurnar á hluthöfunum. Og þeir hafa fundið leiðina. Þeir hafa sem sagt gefið út jöfnunarhlutabréf og ætla síðan að greiða sér út um 900 millj. kr. Það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur um hvernig þetta fé er tilkomið. Það er auðvitað tilkomið í gegnum einokunaraðstöðu Íslenskra aðalverktaka á öllum framkvæmdum fyrir herinn. Þannig er þetta tilkomið og auðvitað hefur fé sambærilegt við þetta aldrei verið lagt inn í þetta fyrirtæki. Það er alveg ljóst eða ég ætla a.m.k. að leyfa mér að halda því fram hér.

En það hefur margt skrýtið gerst einmitt á hlutabréfamarkaðnum á undanförnum árum og ekki síst kannski árið 1990. Í ársbyrjun 1991 birtist grein í Frjálsri verslun sem einmitt ber yfirskriftina: „Þetta var indælt ár. Dæmi um hagnað á hlutabréfamarkaði árið 1990.“ Og svo segir í undirfyrirsögn, með leyfi forseta: „Fyrirtæki og einstaklingar njóta gífurlegs hagnaðar af hlutabréfum á Íslandi árið 1990. Hér eru nefnd nokkur dæmi sem gefa vísbendingu um að árið hefur verið hlutabréfaeigendum einkar gjöfult.“ Og það segir í inngangi að fréttinni:

„Dæmi eru um gífurlegan hagnað af hlutabréfaeign á árinu 1990 hér í landi. Þannig hækkuðu hlutabréf SÍS í Olíufélaginu hf. um 785 millj. kr. og hlutabréf Eimskips í nokkrum félögum hækkuðu um rúmar 700 millj. Hér er um raunverulegan hagnað að ræða því að markaður er fyrir þau hlutabréf sem um er að ræða og meiri eftirspurn eftir þeim en framboð. Þess vegna væri unnt að selja þau á því verði sem hér er reiknað með, gegn staðgreiðslu, og því eru þetta raunveruleg og óumdeild verðmæti.“

Það eru tekin hér nokkur dæmi um hagnað, þ.e. dæmi um hagnað af sölu hlutabréfa. Það er tekið fyrirtækið H. Benediktsson hf. og þar segir:

„Þetta fyrirtæki er stór hluthafi í m.a. tveimur félögum þar sem hefur orðið mikil hækkun hlutabréfa á árinu 1990. Litið er á hækkanir í þessum tveimur félögum, Skeljungi og Sjóvá – Almennum, en hækkunin nam samtals 137 millj.“

Það er talað um Hval og sagt:

„Hér er tekið tillit til hluta Hvals í þremur félögum. Bréf þeirra í Olíufélaginu hækkuðu um nær 40 millj. kr., tæpar 190 millj. í Granda og rúmar 25 millj. í Eimskip. Alls 255 millj. í þessum þremur fyrirtækjum“ á þessu eina ári.

Og það eru teknir einstaklingar og einn af þeim er Halldór H. Jónsson, „stjórnarformaður Íslands“. Þar segir:

„Hlutabréf Halldórs H. Jónssonar, stjórnarformanns Eimskips, og eiginkonu hans í Eimskip hækkuðu um 95 millj. kr. á þessu tæpa ári. Hlutabréf hans í Skeljungi hækkuðu um rúmar 19 millj. Hækkun nam því

samtals 114 millj. í þessum tveimur fyrirtækjum, eða um 10 millj. kr. á mánuði að meðaltali" og margur kæmist nú af með minna, það verð ég nú að segja og vona að hv. þm. séu sammála mér um það.

En þetta vil ég taka til marks um að það eru víða peningar í þessu samfélagi og við skulum ekki tala alltaf eins og allir hangi á horriminni hér. Þeir gera það ekki. Það eru víða til peningar og þess vegna er það spurningin þegar að kreppir eins og núna hvar á að taka fé. Það þarf vissulega að taka það einhvers staðar, en hvar á að taka það? Það á a.m.k. ekki að byrja á því að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Það er ekki stórmannlegt.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til frekari upplýsingar vegna þess að hv. 15. þm. Reykv. vék að hlutabréfaauði og aukningu ákveðinna aðila, þá hefur ekki þótt nóg því að í Morgunblaðinu í dag er sagt frá því að Reykjavíkurborg hafi keypt verslunarhúsnæði Geysis á 53 millj. og talar nú enginn lengur um að fækka verslunum í miðbænum. „Húsið verður upplýsingamiðstöð", stendur hér, með leyfi hæstv. forseta. Til þess að hv. þm. sé alveg ljóst hvert þessir peningar fara: bæði Halldór H. Jónsson og H. Ben koma þar við sögu, Skeljungur, Sjóvá – Almennar og allt það lið. Þarna koma aðeins 53 millj. til viðbótar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það eru fáein atriði sem ég hafði hugsað mér að reifa í lokaumræðunni um þetta margbrotna frv.

Ég vek fyrst athygli á ákveðnu ósamræmi sem mér finnst vera á frv., þ.e. einstökum ákvæðum þess, og fyrirsögn frv. Ég vildi vita, virðulegi forseti, hvort ekki væri unnt að einhver ráðherra gæti verið í salnum til að taka við ábendingum og jafnframt vil ég biðja hæstv. forseta að koma því á framfæri að ég mun aðeins ræða um húsnæðismál líka og ef hæstv. félmrh. er hér gera honum þá viðvart um að ég muni víkja að því máli. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að ráðherrar verði í salnum, en hæstv. félmrh. er hér nú þegar.) Ég þakka fyrir það.

Fyrsta atriðið sem ég vildi benda á og gjarnan fá fram svör við — ég hygg að það sé réttast að beina því að hæstv. fjmrh. þar sem ég hygg að hæstv. forsrh. sé ekki nærhendis — er að mér sýnist vera ákveðið ósamræmi í ákvæðum einstakra greina, gildistíma þeirra, og fyrirsagnar frv. Frv. heitir: „Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992." Hins vegar er það með breytilegum hætti hvað kveðið er á um í einstökum greinum. Í sumum þeirra er tekið fram sérstaklega að þær gildi einungis árið 1992. Í öðrum greinanna er það ekki tekið fram. Og í gildistökuákvæði laganna er ekki annað að sjá en ætlast sé til að þær greinar séu ótímabundnar sem ekki hafa sérstakt ákvæði um tímalengd í texta sínum. Þetta hygg ég að sé nauðsynlegt að fá á hreint því að almennur skilningur hlýtur að vera sá að frv. með þessu nafni hljóti að falla úr gildi þegar árið er liðið sem það er nefnt eftir.

Ég mun þá aðeins víkja að ellilífeyrismálum og ætla í fyrsta lagi vekja athygli á 11. gr. laganna, næstsíðustu málsgrein, þar sem kveðið er á um hvaða skilyrði sjómaður þarf að uppfylla til að fá ellilífeyri sextugur. Það er annars vegar að hann þurfi að hafa stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur við töku ellilífeyris og það ákvæði er skilgreint þannig að sjómaður þurfi að hafa verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nú velti ég fyrir mér hvort sú breyting sem gerð var á lögum um tekju- og eignarskatt varðandi ákvörðun sjómannaafsláttar og skilgreiningu á lögskráningardögum hafi áhrif í þessu tilviki og vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. athugaði hvort svo mundi verða og ef svo er að nýju lögin eru í einhverju frábrugðin hinum fyrri hvort þau gildi þá gagnvart þessu ákvæði. Ég vil ekki fullyrða um þetta af því að ég hef ekki skoðað það til hlítar, en vek athygli á að mér sýnist við fljóta yfirferð að þetta kunni að geta verið.

Annað atriði sem ég vil benda á í sambandi við ellilífeyrinn er það ákvæði um tekjur sem mega verða til skerðingar á ellilífeyri. Í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, ef ég man rétt, er ellilífeyrir eða lífeyrir almennt skilgreindur sem laun og ef á að skerða laun eftir einhverjum tilteknum reglum þarf að hafa í huga að þessi laun eins og öll önnur bera skatt þannig að þá erum við bæði að fást við að þessi laun bera skatt og síðan að taka upp einhverja reglu um að skerða þau laun. Og þá vaknar spurningin: Eftir hvaða reglum ætla menn að skerða launin? Geta menn gert það jafnharðan eða verða menn að gera það eftir á?

Í þessu tilviki sýnist mér augljóst að það verði að gera það eftir á því til þess að skerða ellilífeyri þurfa að liggja fyrir upplýsingar um tekjur viðkomandi einstaklings og þar sem talað er um árstekjur í lagatextanum verða að liggja fyrir upplýsingar um tekjur heils árs á undan. Ekki er tekið fram hvaða 12 mánaða tímabil er miðað við, en ég áætla að menn séu að tala um almanaksár sem þýðir að framtal þarf að liggja fyrir áður en menn geta tekið ákvörðun um skerðingu. Það segir mér að ef menn ætla sér að skerða ellilífeyri á árinu 1992 samkvæmt þessu ákvæði verður framtal að liggja fyrir.

Nú ætla ég að álíta að lögin geti ekki gilt aftur fyrir sig sem þýðir að það er ekki hægt að skerða ellilífeyri 1992 vegna launa 1991 sem var aflað fyrir gildistöku laganna og er búið að greiða af fulla skatta og því ekki að mínu viti rök til þess að þau laun sem eru að fullu uppgerð verði tilefni til sérstaks skatts. (**ÓÞP:** Það er skýrt tekið fram að það á samt að gera þetta.) Já, en spurningin er: Eru lagalegar forsendur til þess miðað við þennan texta? Ég er að leiða rök að því að miðað við þann texta sem hér er á blaði í frv. verði ekki hægt að beita skerðingarákvæðinu fyrr en 1993 þegar fyrir liggja árstekjur aðila vegna ársins 1992.

Þetta er atriði sem ég vildi vekja athygli á og ég vil líka vekja athygli á einu atriði enn. Það er ekki tekið fram í frumvarpstextanum hvaða árstekjur er miðað

við. 790.160, tekjur hvaða árs eru það? Það er ekki tekið fram sérstaklega þannig að það hlýtur að þýða að talan eigi við tekjur ársins sem lögin taka gildi eða tekjur ársins 1992. Enn frekari rökstuðningur fyrir því sem ég var að segja áðan, að það væri ekki hægt að beita þessu ákvæði fyrr en 1993 að óbreyttum lagatexta.

Hef ég þá lokið athugasemdum mínum við almannatryggingakaflann, enda hefur hann verið mikið ræddur og margir um hann rætt sem eru mun betur að sér í honum en ég.

Þá vil ég stuttlega koma inn á mál sem var til umfjöllunar fyrr í kvöld, útgreiðsla á peningum til hluthafa í Sameinuðum verktökum. Ég vil láta koma fram sem minn skilning á málinu, hvað sé eðlilegt og óeðlilegt í þessu efni, að það sé ekki eðlilegt að menn komist hjá því að greiða skatta af fé sem þeir fá sem er umfram það fé sem þeir lögðu fram í upphafi. Með öðrum orðum: Menn eiga að greiða skatt af virðisaukanum eða verðmætisaukningunni sem hefur orðið á því fé sem þeir lögðu fram í upphafi borið saman við það fé sem þeir fengu út.

Nú þekki ég ekki nákvæmlega þetta mál, hef ekki úrskurð ríkisskattanefndar, þannig að ég get ekki fjallað um það atriði sem slíkt. En ég tel það mjög sérkennilegt og það kæmi mér mjög á óvart ef það væri reyndin að jöfnunarhlutabréf „dekki" allan virðisaukann frá 1979–1990. Ég vek athygli á því að þetta sama fyrirtæki greiddi út peninga, á annað hundrað millj., fyrir 2½ ári þannig að það er komið á annan milljarð sem fyrirtækið hefur greitt sínum hluthöfum sem hlutdeild þeirra í eignum fyrirtækisins, ekki sem arð. Almennur andi skattalaganna er sá að menn eiga að borga skatt af verðmætisaukningunni. Því hlýtur athugun á málinu að beinast að því hvort um það hafi verið að ræða og kæmi mér á óvart, eins og ég gat um áðan, ef verðmæti þess fjár sem hluthafarnir lögðu fram í árdaga væri svo mikið sem það er greitt út nú og 1989. Þetta vildi ég segja almennt um þetta mál.

Þá vil ég aðeins víkja að sjávarútvegi. Eins og mönnum er kunnugt er ein af höfuðforsendunum fyrir þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin grípur til og telur nauðsynlegar vegna samdráttar í þjóðarbúinu samdráttur í veiðum, tekjuáfall í sjávarútvegi og erfiðleikar þar sem skila sér í ríkissjóð. Það kemur því ekki heim og saman við þessa forsendu að leggja sérstaka viðbótarskattlagningu á þessa sömu atvinnugrein sem er þá verr í stakk búin til að taka við slíku. Við erum með í þessum lögum og öðrum nálægt 1 milljarði kr. sem er lagt aukalega á sjávarútveginn eða þá sjómenn sem stunda fiskveiðar. Og það voru fréttir um það í kvöld að staða sjávarútvegsins væri þannig að atvinnugreinin skuldaði 100 milljarða kr. Hún hefði í tekjur 75 milljarða. Hún skuldaði meira en ársveltu. Er það atvinnugrein sem hefur þá burði að geta bætt við sig sköttum? Það segir sig sjálft að svo er ekki. Almennt er álitið að skuldþol fyrirtækja í sjávarútvegi sé í útgerð, ef ég man rétt, um helmingur af tekjum og í fiskvinnslu um fjórðungur. Þetta er nú eftir minni, kann að vera að eitthvað skolist til. Ef við berum þetta saman við atvinnugreinina í heild, þar sem skuldirnar eru 133% hærri en árstekjurnar, er það augljóst mál að þessi atvinnugrein getur ekki tekið á sig meiri byrðar. Og til viðbótar var upplýst að afborganir þessarar atvinnugreinar, það sem hún þarf að borga á þessu ári af þessum skuldum, séu um 20 milljarðar kr. sem er nálægt því að vera þriðjungur af ársveltunni. Það sér hver maður í hendi sér að aðgerðir sem menn grípa til vegna samdráttar í sjávarútvegi geta ekki miðast að því að auka klafann á herðunum á þessari atvinnugrein. Það hlýtur að vinna gegn markmiðinu. Það hlýtur að leiða til þess að þessi atvinnugrein verði einfaldlega í meiri vanskilum en hún er fyrir — og hvað er mikil vissa fyrir því að þessi gjöld verði innheimt? Getur ekki verið uppi sú staða að menn velji það frekar t.d. varðandi sölu á veiðileyfum að leggja skipinu en að kaupa tonnin sín? Þá fær ríkissjóður engar tekjur ef enginn kaupandi er að veiðiheimildunum. Hvaða akkur er í því fyrir skuldugan útgerðarmann að kaupa kvótann á 44 kr. kg ef hann getur ekki fengið þeim mun hærra verð? Það hlýtur að leiða til þess að útgerðarmaðurinn vill selja fiskinn óunninn til útlanda. Ef hann getur það ekki kaupir hann ekki kvótann af ríkinu af því að vinnslan getur ekki borgað þetta verð. (**ÖS:** Þá lækkar verðið.) Það er ekki sjálfgefið. Það kann að gerast, en það er ekki sjálfgefið. Það er nefnilega ekki hlutur sem við getum gefið okkur fyrir fram.

Þá vildi ég aðeins fara yfir í húsnæðismál og af því tilefni að nú er verið að loka þessu 1986-lánakerfi sem mikið hefur verið úthúðað í þingsölum á undanförnum árum. Eftir að þessi breyting hefur tekið gildi búa menn eingöngu við húsbréfakerfi. Það voru gefnir upp ýmsir kostir þess að taka upp þetta kerfi og leggja hitt af ásamt þeim breytingum sem gerðar voru með því að taka upp svokallaðar kaupleiguíbúðir. Einn af kostunum var sá að þetta átti að vera betra kerfi fyrir landsbyggðina. Nú skulum við aðeins athuga hvernig það hefur komið út á síðasta ári samkvæmt bráðabirgðatölum. Hvernig skyldi landsbyggðin hafa farið út úr þessu kerfi? Hver er hlutdeild hennar í þessu húsbréfakerfi?

Miðað við þær upplýsingar sem ég fékk í gær hafa Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fengið að krónutölu 79% af allri upphæðinni í afgreiddum húsbréfum ársins 1991, 79%. Vesturlandskjördæmi hefur fengið 2,36% þar sem búa 5% íbúa. Vestfjarðakjördæmi hefur fengið 1,9% þar sem búa 3,4% íbúa. Norðurlandskjördæmi vestra hefur fengið 1,4% þar sem búa 3,5% íbúa. Norðurlandskjördæmi eystra hefur fegnið 7,9% þar sem búa 9,1% íbúa. Austurlandskjördæmi hefur fengð 2,25% þar sem búa 4,6% íbúa. Suðurlandskjördæmi hefur fengið 5,5% þar sem búa 7,1% íbúa. Þetta kerfi hefur ekki breytt þeirri þróun, sem komin var af stað áður undir 1986-kerfinu, að vera höfuðborgarsækið. Fjármagnið fer ekki bara að tiltölu sem íbúafjöldinn gefur tilefni til heldur meira. Af rúmlega 14,2 milljörðum kr. sem ég er hér með í bráðabirgðatölum, skipt upp eftir kjördæmum, lenda 10 milljarðar í Reykjavík og Reykjanesi og meðallán þar eru hærri en í kjördæmunum úti á landi.

Og við skulum athuga að hve miklu leyti þetta nýja kerfi er hvati á nýbyggingar úti á landsbyggðinni. Eins og menn vita eða a.m.k. eiga að vita er það einn aðalvandinn í íbúðamálum á landsbyggðinni að menn þora ekki að byggja, menn þora ekki að fjárfesta í íbúðarhúsnæði vegna þess að menn álíta að það sé áhættufjármagn. Menn telja líkurnar á því að tapa svo miklu vera það miklar að þeir leggja ekki í það. Skyldi þetta hafa breyst með húsbréfakerfinu?

Nú skulum við líta á tölur yfir nýbyggingar sem eru 912 á landinu öllu sem lánað er út á. Í Vestfjarðakjördæmi voru það fimm íbúðir. Það eru allar nýbyggingarnar sem fóru af stað í þessu nýja kerfi. Í Vesturlandskjördæmi voru það 12, í Norðurlandskjördæmi vestra voru það 15, í Austurlandskjördæmi voru það 20, en í Reykjavík og Reykjanesi voru það 731 af 912 yfir landið allt.

Þetta fyrsta heila ár segir okkur að húsbréfakerfið breytir engu um þetta ástand á landsbyggðinni. Ef eitthvað er er það fremur miðsæknara en hitt kerfið af því að það er dýrara og þar af leiðandi áhættan meiri.

Hitt sem átti að vera landsbyggðinni svo gott voru almennu kaupleiguíbúðirnar og þær fóru af stað 1988 með miklum „bravúr" og var úthlutað mörgum heimildum á landsbyggðina það ár í almenna kaupleigukerfinu. Nú er þróunin sú í hverju byggðarlaginu á fætur öðru úti á landi að almennu kaupleiguíbúðirnar seljast ekki. Það finnst ekki kaupandi að þessum íbúðum og hvert sveitarfélagið á fætur öðru sækir um að fá að breyta þessum almennu kaupleiguíbúðum yfir í félagslegar kaupleiguíbúðir til þess að greiðslubyrðin verði lægri og þannig fáist einhver til að kaupa. Almennu kaupleiguíbúðirnar eru að verða eitt vandamál, virðulegi forseti.

Þá skulum við athuga almennt hvort húsbréfakerfið hefur leitt til þess að fleiri geti leyst sín húsnæðismál gegnum það kerfi og létt þannig á ásókninni yfir í félagslega kerfið sem var einn tilgangurinn með þessu kerfi, að útbúa kerfi sem dygði sem flestum, væri þeim fullnægjandi þegar tekið væri tillit til skattalegra áhrifa í gegnum vaxtabætur. Við skulum athuga málið.

Það var verið að taka saman hversu margar umsóknir hefðu verið lagðar inn um félagslegar íbúðir árið 1992 og þar kemur fram í heildartölum yfir landið allt að þörfin á félagslegu íbúðarhúsnæði er talin vera 9.363 íbúðir, miklu fleiri íbúðir en nokkru sinni fyrr. Þörfin vex. Hún vex undir húsbréfakerfinu, staðfest af tölum. Það kemur mér ekki á óvart, en það er ekki í samræmi við það sem höfundar kerfisins eða áhugamenn helstir hafa haldið fram. Af þessum 9.363 sem þörfin er talin vera eru 7.862 undir tekjumörkum og við höfum líklega milli 500 og 600 íbúðir eða þar um bil til að mæta þessari þörf og mæta henni svo með hækkandi vöxtum í þessu kerfi. En þeir hækkandi vextir auka þörfina aftur.

Þetta er þörfin eins og hún kemur í samantekt og það er sótt um samtals 2.143 íbúðir sem er nærri fjórfalt meira en menn úthlutuðu á síðsta ári og höfðu fé til. Ég held að ef menn skoða þessar staðreyndir geti menn ekki verið í vafa um að við erum ekki búin að leysa húsnæðismálin. Við erum ekki búin að finna upp hið fullkomna húsnæðiskerfi og við erum ekki búin að finna upp húsnæðiskerfi sem er fullnægjandi.

Ég ætla ekki að dæma húsbréfakerfið út af borðinu með öllum hætti og hef reyndar sagt áður að ég tel það vera vel brúklegt sem part í samfelldu kerfi, en ekki sem allsherjarkerfi. Og ég tel að menn verði á þessu ári að takast á við þessar staðreyndir og reyna að finna lausn sem dregur úr ásókninni í félagslega kerfið sem er að hrynja undan þörfinni og lausn sem dugir fyrir landsbyggðina þannig að þar fái menn aftur þá trú að það sé óhætt að eiga fasteign. Það er mikilvægasta verkefnið í húsnæðismálum um þessar mundir að mínu mati.

Ég vil nefna dæmi um þá vexti sem eru á þessum húsbréfalánum miðað við 8,5% þegar búið er að taka tillit til affalla, ég sló því upp sem meðaltali inn í reikningsdæmið, og 3 millj. kr. lán til 25 ára. Þá eru menn að borga af því láni á lánstímanum um það bil 3½ millj. í vexti ofan á höfuðstól. Síðan borga menn verðtryggingu á höfuðstólinn og verðtryggingu á vextina. Auðvitað kemur eitthvað til baka í gegnum vaxtabótakerfið á meðan það dugir og endist, en það er hins vegar engin vissa í því nema frá ári til árs. Ég tel að þegar kemur fram á þetta ár og næsta ár og húsbréfakerfið er búið að vera í gangi eða fólk búið að borga af því í kringum tvö ár eða þar um bil, þá fari að koma inn vandamálið, fólkið sem ræður ekki lengur við greiðslubyrðina. Það held ég að sé hlutur sem menn eiga eftir að upplifa og þurfi að taka upp sérstakan greiðsluerfiðleikalánaflokk að nýju, því miður. Það segi ég ekki af því að ég vilji vera með sérstakar hrakspár heldur tel ég einfaldlega að þetta muni gerast og byggi það á þeim málum sem ég hef sjálfur athugað. Ég er svo sem ekkert sérstaklega að vonast til að það gerist. En þetta er einfaldlega mín niðurstaða og mín spá um það sem muni gerast. Ég mundi alla vega ráðleggja hæstv. félmrh. að láta skoða þetta mál og fylgjast með því þannig að menn séu þá undirbúnir ef mín spá í þessum efnum kemur fram.

Þessu vildi ég koma á framfæri almennt varðandi húsnæðismálin. Þó að það væri ástæða til að ræða þau nokkuð ítarlega vil ég ekki hafa fleiri orð að þessu sinni um þau atriði sem ég hef vakið athygli á og finnst ástæða til vegna þess tilefnis að nú eru menn að leggja af sér hið svokallaða 1986-kerfi. Ég tel að við munum fá tækifæri til að ræða húsnæðismálin frekar og býst við því að skýrsla sú sem félmrh. dreifði fyrir nokkru um reynsluna af húsbréfakerfinu verði tekin til umræðu.

Þá vil ég aðeins minnast á eitt atriði og spyrjast fyrir um það. — Ég vildi athuga hvort hæstv. menntmrh. væri hér enn eða hvort hann er farinn. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að hæstv. menntmrh. er í húsinu og varla langt undan þannig að það er hægt að gera ráðstafanir til þess ef óskað er að hann sé hér í salnum.) Það væri ágætt, virðulegi forseti, því að ég ætla að leggja fyrir hann eina spurningu. En meðan við bíðum eftir hæstv. menntmrh. — og sé að hæstv. forsrh. er til hliðar og heyrir umræður — vil ég rifja upp þau

orð sem ráðherrann lét falla í upphafi umræðunnar um frv. Það er tónn sem ég kann ekki við í stjórnmálum sem hæstv. forsrh. setur fram og vildi ég gera það aðeins að umtalsefni í örfáum orðum. Í framsöguræðu sinni fyrir frv. sagði hæstv. ráðherra um forustumenn stjórnarandstöðunnar — og bið ég ráðherrann að leggja við eyrun. — Ég vil, forseti, sem fyrst geta lokið ræðu minni, en þar sem ég vildi tryggja mér að hæstv. forsrh. heyrði það sem ég segði doka ég aðeins við. Ég hygg að hann sé tilbúinn nú, sem hann er reyndar ekki, en menntmrh. er kominn og mun ég þá víkja máli mínu til hans og bera fram þá fyrirspurn sem ég boðaði áðan.

Ég vil minna á það, sem fram kom í máli hv. formanns fjárln. við afgreiðslu fjárlaga, að nefnd mundi verða skipuð til að ráðgast um framtíð Héraðsskólans í Reykjanesi. Það kom fram í máli formanns fjárln. að sú nefnd mundi skila af sér tillögum fyrir maílok. Nú hef ég ekkert heyrt um að þessi nefnd hafi verið skipuð og þar sem áformað er að ljúka þinghaldi að sinni í dag vildi ég gjarnan spyrja hæstv menntmrh. hvað líði skipan í þessa nefnd, hvort hún muni taka til starfa fljótlega og hvort það muni ekki örugglega standa að hún ljúki störfum fyrir maílok.

Vík ég þá að hæstv. forsrh. Ég gat um það áðan að hann hefði viðhaft ummæli og verið með tón sem mér líkaði ekki í pólitík. Ráðherrann lét þau orð falla í framsögu fyrir þessu frv. og beindi þeim orðum til forustumanna stjórnarandstöðunnar að umfram allt vildu þeir hafa skömmtunarvaldið hjá sér í því skyni öðrum fremur að hygla sér og sínum. Þetta finnst mér ekki vera samboðið virðingu Alþingis að segja um pólitíska andstæðinga nema menn geti þá fært fyrir því fullnægjandi rök. Þetta eru dylgjur um spillingu og vonda menn, ekki menn sem menn eru ósammála í pólitík heldur lýsir viðhorfum um mennina sjálfa. Þetta er reyndar ekki það eina sem maður hefur heyrt af þessu tagi. Því miður hefur hæstv. ráðherra haft ýmis ummæli á sl. ári, sérstaklega sl. sumar, í þessa veru.

Ég vil rifja upp líka það sem fram kemur í samþykkt landsfundar Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar, hvernig hann leggur upp í sína kosningabaráttu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hefur siðgæði í stjórnmálum versnað. Sjálfbirgingsháttur og innantómar yfirlýsingar ráðherra í tíma og ótíma setja æ sterkari svip á þjóðmálaumræður. Forsrh. leitast við að skjóta sér undan ábyrgð með því að bera kápuna á báðum öxlum. Ábendingar aðhaldsstofnana, svo sem Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis, til ráðherra og ráðuneyta eru ekki virtar sem skyldi." (**Gripið fram í:** Ertu viss um þetta?) Ég er ekki viss um þetta, virðulegi hv. þm. En þú hlýtur að vera viss um þetta því að þetta hefur þú væntanlega samþykkt. (Gripið fram í.) Hér eru býsna alvarlegar ásakanir sem menn hafa borið fram og rekið sína pólitísku baráttu á um nokkurt skeið, að halda fram að pólitískir andstæðingar séu spilltir og virði ekki almennt siðgæði. Því hlýtur að vera að menn taki dálítið á móti pólitík sem rekin er á þessum forsendum og þegar menn hafa fyrir sér að virðuleg stofnun eins og Ríkisendurskoðun er notuð sem sönnunargagn í þessari pólitísku áróðursherferð hljóta menn að staldra við. Og þegar það er þannig með þá ágætu stofnun að hún leggur fram með skömmu millibili tvær ólíkar niðurstöður í tveimur opinberum sjóðum, Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði, hlýtur maður að gera þá kröfu að við málið verði ekki skilið þannig. Ég ætla að vona að menn dragi úr að reka pólitík á þessum forsendum því að slík pólitík kallar á ekkert annað en að menn setji fram ásakanir af sama toga til þeirra sem í upphafi settu þær fram strax og tækifæri gefst og mér sýnist ekki vera skortur á tækifærum, virðulegur þingflokksformaður Alþfl. Og þeir sem hafa þá trú á aðra menn að þeir geti verið svona óheiðarlegir eru manna líklegastir til að vera óheiðarlegir.

Þessu vildi ég vekja athygli á að lokum, virðulegi forseti, með þeirri von að menn taki stjórnmálaumræður af þessu tagi út af dagskrá.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnarinnar um nefndina sem ætlunin var að skipa varðandi Reykjanesskóla vil ég segja að það er rétt, sem formaður fjárln. hafði eftir mér við afgreiðslu fjárlaganna, að nefnd verði skipuð til að ræða um framtíð Reykjanesskóla. Ég hafði hugsað mér að þessu verki væri nú þegar lokið, en það hefur dregist og það er mín sök. Ég hafði lýst því yfir að samráð yrði haft við þingmenn Vestfjarða og það ætla ég mér gera og tel eðlilegt að það samráð fari um hendur 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar, en hann hefur verið fjarverandi. Ég hef aðeins rætt þetta við hv. 2. þm. Vestf. og ég mun láta verða af því allra næstu daga að ganga frá þessari nefndarskipan að höfðu samráði við 1. þm. Vestf. sem væntanlega hefur svo samband við hópinn. Ég mun óska eindregið eftir því við þessa nefnd, hún verður jafnframt skipuð heimamönnum, að hún skili áliti eigi síðar en í maímánuði.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í kvöld átti ég þess kost að sitja fund í forsetaherbergi sem varaformaður þingflokks Alþb. Þar var óskað eftir því af formanni þingflokks Alþfl. að það yrðu skapaðar aðstæður til þess að hæstv. heilbrrh. gæti komist inn í umræður tímanlega og með skikkanlegum hætti vegna þess að hann þyrfti að fara utan í fyrramálið eða núna á eftir af persónulegum, skiljanlegum ástæðum. Stjórnarandstaðan féllst á þessa ósk og ég taldi það fyrir mitt leyti sjálfsagt mál. Mál þróuðust hins vegar þannig að hæstv. heilbr.- og trmrh. tók til máls tuttugu mínútur yfir ellefu eða svo og talaði fram undir klukkan hálfeitt. Fór með óvenjulegum ásökum að einstökum þingmönnum og málflutningi þeirra. Hann réðst að fjölmiðlum fyrir skýringar þeirra á skerðingu ellilífeyris, gagnrýndi myndbirtingu sjónvarpsstöðvanna sérstaklega, réðst sérstaklega að hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir orð sem hún lét falla fyrr í þessari umræðu í dag, fullyrti að það gengi mjög vel að ganga frá málum að því er varðar skerðingu á

ellilífeyri þó svo að vitað sé að framtöl liggi ekki fyrir, fór með ósæmilegar dylgjur um starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins og lét að því liggja að þeir væru ósamstarfshæfir. Þess vegna hefði hann kosið að hafa aðeins samband við suma starfsmenn stofnunarinnar en ekki alla og það var bersýnilegt að hann átti þarna við yfirmenn lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Eftir að ráðherra hafði flutt þessa ræðu hafa staðið yfir umræður um nokkurt skeið og t.d. hafði ég hugsað mér að eiga orðastað við hæstv. heilbr.- og trmrh. og svara ýmsum af þeim ásökunum sem hann hafði uppi í minn garð í framhaldi af þeirri ræðu sem ég flutti fyrr í kvöld. Í stað þess að taka þátt í umræðum, í stað þess að koma fram með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið af því að við vildum skapa svigrúm fyrir umræður kaus ráðherrann að víkja af vettvangi á miðri nóttu. Nú hefur umræðan staðið um tveggja tíma skeið án þess að ráðherrann væri viðstaddur og mér hefur verið tjáð að hann sé farinn og hyggist ekki koma aftur í dag eða á morgun.

Ég tel, herra forseti, að þessi framkoma hæstv. heilbr.- og trmrh. sé afskaplega óeðlileg í garð þingsins vegna þess líka að þetta er 3. umr. málsins og þetta er fyrsta ræðan sem hæstv. ráðherra kýs að halda um þetta mál — fyrsta og eina ræðan. Og til að bæta gráu ofan á svart svarar hann ekki fyrirspurnum sem bornar voru fram í andsvaratíma, m.a. frá hv. þm. Finni Ingólfssyni og vafalaust fleirum sem nýttu sér andsvarsréttinn.

Ég tel að það sé alveg augljóst mál, hæstv. forseti, að stjórnarliðið hefur engan áhuga á að ljúka þeirri umræðu sem nú stendur yfir með eðlilegum hætti. Ég tel að það sé alveg augljóst mál og hafi komið fram í nótt að stjórnarliðið sýnir stjórnarandstöðunni það virðingarleysi að það er tæplega ástæða fyrir okkur til þess að vera hér í alla nótt án þess að geta rætt við þá ráðherra sem sérstaklega hafa blandað sér í umræðurnar og þá alveg sérstaklega hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel afar vafasamt að það þjóni nokkrum tilgangi að halda áfram af minni hálfu alla vega umræðum við þessar aðstæður. Ég segi líka: Það verður bið á því að ég sjálfur a.m.k., hvað sem öðrum líður, fallist á sanngjarnar óskir sem kunna að verða bornar fram fyrir hönd hæstv. heilbr.- og trmrh. Sú lítilsvirðing sem hann hefur sýnt okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar er algjörlega óþolandi í þessari stofnun og hann þarf örugglega öflugri talsmenn til að bera fram óskir fyrir sig framvegis en hv. formann þingflokks Alþfl. sem gerði það að af myndarskap og sanngirni í kvöld á fundi þingflokksformanna og við féllumst tafarlaust á óskir hans.

Hér er um að ræða þannig löguð kaflaskipti í vinnubrögðum á Alþingi að ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti: Ég tel það engum tilgangi þjóna af minni hálfu að taka þátt í umræðu sem hæstv. heilbr.- og trmrh. vanvirðir með þessum hætti.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka stjórnarandstöðunni alveg sérstaklega fyrir þann skilning sem hún sýndi beiðni minni um að gefa færi á að koma á umræðu um bandorminn til þess að Sighvatur Björgvinsson gæti verið viðstaddur þá umræðu og gefið síðan ítarlega svarræðu. Ég greindi frá því að það væru sérstakar persónulegar aðstæður sem yllu því að hann gæti ekki verið mjög lengi og þyrfti þess vegna að fara. Reyndar talaði ég um fyrir klukkan tólf. Það er rétt að ráðherrann tók ekki til máls fyrr en klukkan rétt fyrir miðnætti. Hann gerði það með vilja vegna þess að hann vildi geta svarað sem flestum af þeim þingmönnum sem til máls tækju. Ég verð að segja að mér þykir miður að hv. þm. Svavar Gestsson skuli fella þessa dóma yfir ræðu ráðherrans sem mér fannst í hæsta máta kurteisleg þó flutt væri af festu og þunga. Ég verð líka að segja að ég get ekki fallist á að hér sé um einhvers konar kaflaskil að ræða í samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu og ég vek sérstaka eftirtekt á því að ég man ekki betur en hv. þm. Guðmundur Bjarnason hefði vikið að því í sinni ræðu að hann væri sér þess meðvitandi að heilbrrh. væri farinn og hefði þurft að fara og lét einmitt svo um mælt að vera kynni að hann þyrfti síðar einhvern tímann að reifa einhver þeirra atriða sem hafa verið rædd í kvöld.

Ég vil, virðulegi forseti, líka geta þess, vegna þess að sérstaklega var að því vikið að heilbrrh. hefði vikið orðum að hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að hún kom með andsvar, þingmaðurinn kom með andsvar við þeim hluta ræðu heilbrrh. sem varðaði hana þannig að ég tel að það mál sé úr sögunni.

Miðað við það sem ég hef hér sagt og sérstaklega miðað við þau orð sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason lét hér falla fyrr í kvöld sýnist mér að þessi umræða hafi farið fram með hætti sem vel er hægt að fallast á af beggja hálfu.

Ég vil aftur þakka stjórnarandstöðunni fyrir þá sanngirni sem hún sýndi minni ósk og ég vil líka leyfa mér að hafna því að þetta valdi einhvers konar kaflaskiptum í samskiptum okkar og ég mælist til þess, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði nú fram haldið. Ég tel að hér séu fleiri ráðherrar sem geta svarað einstökum spurningum sem fram koma.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Mér var fullkunnugt um það eins og fleiri þingmönnum að hæstv. heilbr.- og trmrh. þurfti að fara heim, hann gat ekki verið með okkur í alla nótt, og hafði undirbúið það í minni ræðu að hann gæti svarað beinum spurningum sem ég beindi til hans. Ég þurfti hins vegar að gera grein fyrir þeim rangfærslum sem hann hafði farið með í umræðum um atkvæðagreiðslu í gær. Í stað þess að svara einhverjum af þeim spurningum sem til ráðherrans var beint hélt hann áfram uppteknum hætti og sneri út úr, fór með ósatt mál og þegar hann hafði lokið því hleypur hann af vettvangi, í miðri ræðu fyrrv. heilbr.- og trmrh. sem við framsóknarmenn hefðum þó kannski getað sætt okkur við að hann hefði hlustað á og þannig kannski skilið það sem um er verið að fjalla.

En þessu til viðbótar kastaði hann inn í umræðuna ýmsum öðrum mjög viðkvæmum málum. Hann full-

yrti í fyrsta lagi að það sé hægt að greiða út bætur 1. febrúar nk. Í dag kom fram í umræðunni hjá varaformanni tryggingaráðs að vegna þess að ekki væri búið að ganga frá uppgjöri til Skýrsluvéla ríkisins fyrir útgreiðslur á bótum til krabbameinssjúkra barna þyrfti að greiða út með afbrigðum til þessa hóps um næstu mánaðamót. Hvað þýðir það að greiða út með afbrigðum? Það þýðir að hver einasti bótaþegi verður að koma í Tryggingastofnun ríkisins til að ná í ávísun þangað. Það er ekki búið að ganga frá neinu núna, það gengur ágætlega, það gengur mjög vel, sagði ráðherrann, og hafði það eftir starfsmönnum Tryggingastofnunar. 15. janúar er liðinn fyrir nokkru og það verður aldrei fyrr en undir næstu helgi sem þetta verður tilbúið. Það er útilokað að ganga frá þessum hlutum. (Gripið fram í.) Það eru a.m.k. 2.800 manns sem þurfa að koma í halarófu upp í Tryggingastofnun ríkisins til að fá þessa þjónustu ef við tökum bara þá ellilífeyrisþega sem mega búast við skerðingunni.

Þar að auki segir ráðherrann: Ja, hvað snertir þá sem eru með tekjur erlendis. Þá bara fellum við lífeyrinn hjá þeim niður sem senda okkur ekki tekjuvottorð. Ég veit ekki til þess að það sé nein lagaheimild fyrir slíku í almannatryggingalögunum.

Öllum þessum spurningum ásamt sex öðrum spurningum sem ég beindi formlega til ráðherrans þegar við 2. umr. er öllum ósvarað. Hvað með þá öryrkja sem njóta bensínstyrks og eru með tekjur yfir 100 þús. kr. á mánuði? Hvað verður með þá öryrkja sem þurfa á hjálpartækjum í sína bíla að halda og eru yfir þessum tekjum? Hver verða útgjöldin fyrir Tryggingastofnun hjá þeim öryrkjum og ellilífeyrisþegum sem fara út af vinnumarkaðnum og sækja eftir tekjutryggingu og heimilisuppbót eða sérstakri heimilisuppbót þegar þeir hætta vinnu? Öllum þessum spurningum er ósvarað og mér finnst það vera í hæsta máta óeðlilegt að ætla að halda þessari umræðu áfram með þessum hætti án þess að hafa hjá okkur hæstv. heilbr.- og trmrh. til að svara þessum spurningum. Í raun er þetta mál allt upp í loft ef ekki er vitað hvernig framkvæmdin á þessum hlutum á að vera. Ef aðrir ráðherrar Alþfl. geta svarað þessum spurningum sættum við okkur við það, a.m.k. ég.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð erfitt, og ég segi það með virðingu fyrir þeim sem situr í forsetastól, að fjalla um þetta mál og framhaldið við þær aðstæður að aðalforseti er ekki í forsetastól vegna þess að það hefur skeð hér hvað eftir annað að þeir sem gegna störfum fyrir hana treysta sér ekki til að draga einhverjar ályktanir af því sem fram kemur og þess vegna vil ég almennt koma þeirri ábendingu á framfæri við forsetadæmið að þegar þingskapaumræður af þessu tagi hefjast er yfirleitt nauðsynlegt að gera aðalforseta viðvart.

Í öðru lagi vil ég segja það við formann þingflokks Alþýðuflokksins og Alþýðuflokkinn og ríkisstjórnina almennt séð að ef hæstv. heilbrrh. væri ekki fimmtugur í dag er alveg ljóst að sú ræða sem hann flutti hefði sprengt þessa umræðu í loft upp. Það er eingöngu sú staðreynd að þingmenn sýna hæstv. heilbrrh. þá manneskjulegu kurteisi að taka tillit til þess að fyrir þremur stundum hófst merkisdagur í lífi hans og umræðunni er stillt í hóf því ræðan var náttúrlega með endemum. Þetta var fyrsta og eina ræðan sem hæstv. heilbrrh. flutti í þinginu um þetta mál þótt hann hafi verið sá sem aðallega hefur verið gagnrýndur í þinginu fyrir málið. Hann kaus í ræðu sinni að skilja eftir fjölmargar spurningar sem til hans hafa borist, en var í staðinn með ýmiss konar árásir á aðra þingmenn, m.a. á þann sem hér stendur. Það er svo sem allt í lagi. Ég kveinka mér ekkert undan því. En það er einn formgalli á því árásarefni. Ég hef ekkert talað í þessu máli, hvorki við 1., 2. eða 3. umr. svo ég muni, a.m.k. ekki við 2. eða 3. umr. Það er því nokkuð sérkennilegt hjá hæstv. heilbrrh. að nota þessa einu ræðu sína til að flytja hér hvað eftir annað mín verk og mínar tillögur og mína persónu inn í sína ræðu. Það væri tilefni til þess að ég færi að koma inn í umræðuna og hrekja ýmislegt af því sem hann var með. Ég hef hins vegar ekki beðið um orðið enn þá.

Ég vil hins vegar lýsa þeim skilningi mínum, svo það sé alveg ljóst, að það er eingöngu vegna þess að hv. þm. taka tillit til þeirrar staðreyndar að fyrir 50 árum fæddist skólastjóranum á Ísafirði myndarlegur drengur, skólastjórahjónunum, og hann hefur dafnað vel og hélt upp á afmælið sitt í ræðustólnum um miðnættið — (**Gripið fram í:** Hvað var hann þungur?) *hann var nokkuð þungur eins og fleiri sem fæddust á* Ísafirði á þessum árum — að umræðan er nokkuð hógvær. Ég vona að formaður þingflokks Alþfl. og þeir alþýðuflokksmenn, sem hafa sýnt mikinn skilning í þessum umræðum, skilji að þetta er nokkur vandi fyrir okkur í stjórnarandstöðunni. Eigum við að láta það viðgangast að heilbrrh. komi, flytji mikla þrumuræðu, láti höggin dynja fram og aftur í þingsalnum og fari svo í burtu í skjóli þess að hann er fimmtugur?

Ég vil einnig segja við forsetadæmið að margt viljum við gera til að greiða fyrir störfum, en nú hefur fundur staðið í þinginu nokkuð samfleytt í 17 klukkustundir. Ég held að það þurfi að leita nokkuð langt aftur til að finna fordæmi fyrir því. Þetta er að gerast aftur og aftur. Hér eru haldnir langir fundir af þessu tagi, það er hringlað með fundatíma þingsins fram og aftur, hefðbundinn þingtími er ekki virtur, stundum byrja fundir klukkan ellefu, stundum hálfellefu, stundum tíu, stundum hálftvö og engin regla virðist vera á þessu. Það er kannski íhaldssemi, en almennt séð finnst mér að þjóðþingið eigi að vera nokkuð fastheldið á sínar venjur í þessum efnum.

Þegar búinn er að standa hér fundur í 17 klukkustundir vil ég spyrja að því hvort ekki er tími til kominn að fara að huga að því hvernig menn geta lokið þessu með skaplegum hætti eða hvort það er virkilega ætlunin að hér standi fundur í margar klukkustundir enn ef þingmenn telja sig þurfa að tala.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. vill forseti geta þess að forsetar þingsins reyna af þolinmæði að stýra fund-

um og halda uppi dagskrá í góðri samvinnu við forustumenn þingflokka og ég vænti þess að svo verði áfram og við getum haldið áfram dagskrá og umræðum eftir því sem tilefni gefst til.

Össur Skarphéðinsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er nokkuð erfitt að taka til máls þegar menn hafa verið að ræða um fæðingarþyngd ísfirskra sveinbarna fyrir hálfri öld, sérstaklega þegar heilbrrh. er fjarstaddur. Að öðru leyti vil ég segja að ég skil vel mæðu og pirring hv. þm. Finns Ingólfssonar yfir því að hafa ekki fengið fullsvarað þeim spurningum sem hann beindi til heilbrrh. sem nú er horfinn af vettvangi. Ég er eigi að síður þakklátur fyrir þann skilning sem samt sem áður gætti í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar og vek sérstaka eftirtekt á því að hann fór ekki fram á það að heilbrrh. væri sóttur.

Ég vek líka sérstaka eftirtekt á því að enginn af viðstöddum þingmönnum Kvennalistans, sem hafa kvartað yfir því í fyrri umræðum um þetta mál, eru nú á mælendaskrá. Og ég vil líka þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni sem vissulega hefur bakið til að bera þau lítilvægu ummæli sem heilbrrh. felldi e.t.v. í hans garð en ég man raunar ekki eftir. Ég þakka honum fyrir þann skilning sem kom fram í máli hans á þessum sérstöku aðstæðum sem eru í lífi heilbrrh., en ég vil eigi að síður alls ekki taka undir að hann hafi hér verið að kasta einhverjum sprengjum og ég ætla ekki í efnislega umræðu um þá ræðu.

En bara til þess að það sé alveg skýrt vil ég að það komi fram að heilbrrh., sem fimmtugur er í dag, hverfur úr Reykjavík kl. 5 í nótt. Ég ætla ekki að þreyta ykkur, ágæti þingheimur, né sjálfan mig með umræðu um hvort það eigi að sækja hann eða ekki. Svavar Gestsson, hv. þm. Alþb., taldi ómögulegt að halda þessari umræðu áfram án þess að náð verði í ráðherrann eða ég skildi ræðu hans svo. Ég vil því fyrir hönd Alþfl. óska eftir því að Svavar staðfesti að það sé hans skilningur að það verði að sækja heilbrrh. Og ef hv. þm. Svavar Gestsson fer fram á að hinn fimmtugi heilbrrh. verði sóttur og verði hér þangað til hann þarf að fljúga burt úr landinu, þá verður hann sóttur.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér flutti hv. 5. þm. Vestf. allathyglisverða ræðu áðan og væri hollt fyrir formann þingflokks Alþfl. að gera sér grein fyrir því að hafi það verið rétt sem hann sagði hafa stjórnarliðar af því mestan hag að athuga nú sinn gang. Hv. 5. þm. Vestf. vakti á því athygli að hann efaði að sá lagatexti sem hæstv. heilbrrh. eyddi mestum tíma sínum í að ræða gæfi ríkissjóði neina fjármuni, einfaldlega vegna þess að lagatextinn heimilaði ekki þá skattlagningu sem hæstv. heilbrrh. var að tala um. Það byggir á þeirri staðreynd að ef lögin eiga ekki að vera afturvirk hljóta þau að verða að miða við tekjur þessa árs sem nú er. Þar með kemur skerðingin ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári því það á að miða við heilt ár.

Ég veitti því athygli að hæstv. fjmrh. hlýddi með athygli á þessa ræðu. Hleypti mikið brúnum og fletti blöðum og las, en andsvar veitti hann ekkert. Hugsanlegt er nú að stjórnarliðar hafi af því nokkurn hag að átta sig á því hvað skrifað er í þessum texta. Ég tók aftur á móti eftir því að hæstv. heilbrrh. lét það ekki aftra sér í málflutningi þegar hann ræddi um Svein í Firði að Sveinn í Firði er ekki staddur í þinghúsinu af skiljanlegum ástæðum. Ég tel að mér sé af sömu ástæðu út af fyrir sig ekkert að vanbúnaði að ræða við hæstv. heilbrrh. þó hann sé fjarverandi og mun að sjálfsögðu gera það fái ég til þess orðið hér á eftir. En allsérstæð væri staðan ef upp kæmi að allur málatilbúnaður hæstv. heilbrrh. hefði byggst á misskilningi.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég kem upp til að segja að mér þykir ákaflega óeðlilegt að hæstv. heilbrrh.- og trmrh. skuli ekki tala í þessu máli fyrr en núna við 3. umr. og sjá sér ekki fært að vera lengur í þinghúsinu eftir að hann flytur sína ræðu en í 15 mínútur eða svo.

Eins og hér hefur komið fram hefur hann ekki svarað fyrirspurnum þingmanna. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur lýst því að hann hefur ekki svarað hans fyrirspurnum og hann svaraði heldur ekki þeim fyrirspurnum sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagði fyrir hann nema að óverulegu leyti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. notaði sinn tíma í liðlega klukkutíma rétt fyrir miðnætti til að tala í þessu máli og stökkva svo í burtu. Ég lýsi því yfir að mér þykir þetta mjög óeðlileg framkoma, en ég ætla ekki að óska eftir því að hann verði sóttur því að hingað til hefur það gert ákaflega lítið gagn að fá hann hingað. Það breytir hins vegar ekki því að framkoma hans við þingið í öllu þessu máli er með ólíkindum.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, og þykir mér svona framkoma ekki til þess fallin að flýta fyrir þingstörfum.

Guðmundur Bjarnason *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins út af orðum hv. formanns þingflokks Alþfl. að staðfesta það, sem ég sagði hér í ræðu minni áðan, að mér var kunnugt um að heilbrrh. ætlaði að víkja af vettvangi. Auðvitað verður það að teljast afar óheppilegt í miðri umræðu um mikilvæg mál eins og hér voru á dagskrá og ég gerði honum að sjálfsögðu — sem þurfti ekki að gera — grein fyrir að ég semdi ekki fyrir aðra menn í því efni. Þegar ég gekk í ræðustólinn spurði hann að því hvort ég hefði athugasemdir við það þó hann færi. Ég sagði að ég vildi að hann hlustaði á meginhluta míns máls, en ég gæti að sjálfsögðu ekki samið fyrir aðra um það og gerði það ekki, enda er ég ekki í því hlutverki að semja um framgang þingstarfanna, það gera formenn þingflokkanna við forseta þingsins. En ég tel mér skylt að segja þetta hér þannig að það sé alveg ljóst hvað okkur heilbrrh. fór á milli.

Ég ítreka að það er afar óheppilegt og það hlýtur að vera einkennilegt að hæstv. heilbrrh. skuli ekki hafa fyrr og meira tekið þátt í þessum umræðum sem hafa snúist að svo miklu leyti um hans málaflokk og hans vandasama verkefni fram undan. En vegna þess að ég

veit að það verður vandasamt og ég veit að það á ýmislegt eftir að koma upp á í því að ætla að framfylgja ákvæðum fjárlaga á sviði heilbrigðismála eins og þau eru upp sett og þeim ákvæðum sem eru í þessum svokallaða bandormi eða ráðstöfunum í ríkisfjármálum 1992, þá er mér fyllilega ljóst að það á eftir að ræða við hæstv. heilbrrh. oft í vetur, það er ég alveg viss um. Bæði í fyrirspurnatíma og vafalaust líka í utandagskrárumræðum.

Ég fyrir mína parta gerði ekki og geri ekki héðan af athugasemd við það þó hann sé ekki viðstaddur þessa umræðu þrátt fyrir að ég hafi verði afar ósáttur við ummæli hans í gær, ég lét koma fram þá og ég gerði það reyndar aftur núna, þau ummæli sem hann hefur látið falla um mín störf og verkefni og reyndar þann einkennilega samanburð sem hann gerði annars vegar á því frv. sem ég lagði fram í vor og þeim breytingum sem hann er nú að gera, því krukki sem hæstv. heilbrrh. er nú að gera í almannatryggingalöggjöfina.

Þetta vil ég, virðulegur forseti, að komi fram af minni hálfu í þessari umræðu. Ég skil vel að hv. þm. séu afar óánægðir með þetta sem hafa viljað eiga við hæstv. ráðherra orðastað og krefja hann nánari svara en hann hefur þegar látið fara frá sér. Ég vil aðeins taka undir það að lokum með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að auðvitað er það ekki af neinni annarri ástæðu en þeirri að það er merkisatburður í lífi hans í dag, merkisafmæli, og við vitum líka að hann er að fara af landi brott að menn taka auðvitað tillit til slíkra aðstæðna. Ég a.m.k. gerði það þegar ég svaraði honum. Það var auðvitað fyrst og fremst af þessum persónulegu ástæðum hans og ég vil líka að sé alveg skýrt að það er ástæðan af minni hálfu fyrir því að gefa það eftir að hann hlýddi á allt mitt mál og hugsanlega frekari fyrirspurnir. En ég hygg að við hefðum ekki gert það undir öðrum kringumstæðum. Og ég ítreka það, eins og ég sagði áðan og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til, að ég er alveg viss um að það gefast tækifæri til að eiga alvarleg orðaskipti við þennan hæstv. ráðherra síðar í vetur.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi komið fram í máli þeirra þingmanna sem hafa tekið til máls að það er af sérstökum ástæðum sem menn óska ekki eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. komi hingað í hús. Það er vegna tímamóta í lífi hans. Ég held hins vegar að það sé hægt að finna lausn á þessu máli. Mér fyndist eðlilegt að nú þegar hann yfirgefur landið kl. kannski 6 í dag, en þá tekur annar ráðherra við og gegnir störfum fyrir hann þann tíma sem hann er í burtu, sitji sá ráðherra fyrir svörum og svari þeim spurningum sem þingmenn hafa borið upp og ekki hafa fengist svör við. Ég geri mér grein fyrir því að það getur verið erfitt verk fyrir ráðherra sem ekki er inni í málaflokknum og þar sem um mjög flókna og torskilda löggjöf oft og tíðum er um að ræða. En það væri eðlilegt að við sem teljum okkur eiga spurningar inni hjá ráðherranum sem ekki hefur verið svarað getum borið þær spurningar upp við þann ráðherra sem mun gegna hans starfi á meðan hann er í burtu og sá ráðherra fengi tíma til að leita svara hjá embættismönnum við ýmsum þeim hlutum sem þar er ósvarað. Staðreyndin er sú að mikið af þeim spurningum sem eftir er að svara eru beinlínis spurningar sem snúa að því hvort hægt sé að framkvæma og sumt af því sem ráðherra lýsti yfir standist lög.

Þessu vil ég beina til formanns þingflokks Alþfl., hvort þetta sé möguleiki, og þá kannski ekki síður til forsrh., hvort þetta sé leið í málinu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson kom með hugmynd sem gæti að vissu leyti greitt úr þessu máli, að sá ráðherra Alþfl. sem gegndi fyrir hæstv. heilbrrh. tæki þátt í að ljúka umræðunni með því að svara þeim spurningum sem fram hafa komið. Ég vona að hæstv. forsrh. fyrirgefi mér þó ég greini frá því að ég gekk til hans og spurði að því hver gegndi fyrir heilbrrh. á meðan hann væri í burtu vegna þess að ég hafði vanist því í þeirri ríkisstjórn sem ég var í að það lægi alltaf fyrir áður en viðkomandi færi úr landi hver gegndi fyrir hann. En hæstv. forsrh. tjáði mér að það væri ekki sú venja í þessari ríkisstjórn og hann gæti þess vegna ekki sagt mér hver gegndi fyrir hæstv. heilbrrh. Ég fór þá til forustumanna Alþfl., sem voru í salnum, sem tjáðu mér — ég vona að þeir fyrirgefi mér líka þó ég greini frá því — að þeir héldu að það væri Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh. Kannski er það svo að þeir hafi gengið frá því sín á milli, hæstv. heilbrrh. og hæstv. utanrrh., að utanrrh. gegni fyrir hann. A.m.k. er það ljóst að einhverjir hljóta að hafa gengið frá því. Væntanlega er stjórnskipunin ekki orðin svo laus í reipunum að enginn viti þegar ráðherra fer úr landi hver fer með ráðuneytið. Ég vænti þess að a.m.k. þeir tveir viti það, formaður Alþfl. og hæstv. heilbrrh., hver fer með heilbrrn. á Íslandi eftir þrjár klukkustundir.

Hæstv. utanrrh. er hins vegar öðrum hnöppum að hneppa eins og menn hafa heyrt þessa dagana. Hann flengríður um landið og ræðir við bændur og hefur aldrei tekið til máls í þessum umræðum um ríkisfjármál eða aðgerðir ríkisstjórnarinnar fram til þessa. Og ég hugsa að hann þyrfti alveg sérstakt námskeið áður en hann ætti að koma inn í umræðuna til að fá frásögn af því hvað hér hefur gerst. Ég efast satt að segja um að það verði mikið til að upplýsa mál að láta hann sitja fyrir svörum. En það má þó reyna. Ef hann er formlega sá sem fer með heilbrrn. er ekki um annað að gera en nota hann. (**GHelg:** Ég sting upp á að hæstv. félmrh. taki það að sér.) Já, við getum auðvitað haft þá skoðun og ég er alveg sammála um að það væri skynsamlegra að láta hæstv. félmrh. gegna ráðuneytinu, en við höfum það ekki í valdi okkar, hv. þm. Guðrún Helgadóttir.

Þetta finnst mér að þurfi nauðsynlega að skýrast áður en þetta getur haldið áfram vegna þess að við þurfum auðvitað að fá að vita hver er sá ráðherra sem svarar fyrir heilbrrn. áfram. Það er upplýst að heilbrrh. er á leið úr landi og a.m.k. gæti hann ekki verið nema

til fimm ef hann værir ræstur út. Ég óska þess vegna eftir því að það verði gert alveg skýrt áður en umræðan heldur áfram hvaða einstaklingur fer með heilbrrn. frá og með þessum morgni.

Ég vil síðan segja við virðulegan forseta að svör hans voru dálítið í þeim dúr sem staðgenglar aðalforseta yfirleitt veita hér. Þegar settar eru fram skoðanir og óskir segja þeir mjög kurteislega að það verði bara haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Nú hefur þessi umræða staðið í rúmar 17 klst. og hún er engan veginn tæmd. Það er þess vegna nauðsynlegt að forsetadæmið og ríkisstjórnin komist að einhverri niðurstöðu um hvernig þetta eigi að halda áfram. Við höfum ekki fengið nein skýr svör um það. Ég vil aftur lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst óeðlilegt að rista þannig í sundur öllum þeim venjum sem hafa tíðkast í þinginu. Það er farið að halda uppi maraþonfundi dag eftir dag og breyta öllum eðlilegum fundartímum þingsins. Aðalatriðið er þó að við þurfum að fá það alveg skýrt hver svarar fyrir heilbrrn. eftir rúmar tvær klukkustundir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst óviðfelldið hvernig menn tala til hæstv. heilbrrh., tala mjög fjálglega um að taka tillit til hans vegna hans afmælis og þess háttar, en svo hafa hér fjölmargir þingmenn í framhaldinu veist mjög ómaklega að hæstv. heilbrrh. Það gerði að vísu ekki hans fyrirrennari, hann talaði mjög málefnalega. Hins vegar hafa aðrir menn gert það hér. Og það er afskaplega óviðfelldið að gera það með þessum hætti. Það var vitað að sátt var um það mál að hann fengi að fara á þessum tíma. Það er látinn líða einn og hálfur klukkutími, þá byrjar þessi — ja, ég vil kalla það skrípaleikur sem er ekki reyndar óþekktur. Þá byrjar þessi skrípaleikur sem er ekki óþekktur.

Það hefur verið óformleg sátt um að ganga frá þessum málum hér, klára þau. Mér finnst sjálfsagt að menn tali eins og þeir þurfa. Það er sjálfsagt að menn tali eins og þeir þurfa.

Ég ætla ekki að fara að vitna í tveggja manna tal eins og menn gera — og segja svo „ég vona að menn fyrirgefi það" — um það hvaða skilyrði menn hafa sett fyrir því að slíkt geti gengið fram. Ég ætla ekki að vitna í slíka hluti eins og aðrir menn kjósa að gera. Þeir hafa þann hátt á því sem þeir auðvitað vilja. En það verður upplýst í tæka tíð ef um það er beðið, fyrir kl. 5 eða 6.30 eða hvenær sem flugvél ráðherrans fer á brott, hver gegnir fyrir hann ef eftir því verður leitað þá.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða um nærveru eða fjarveru hæstv. heilbrrh. Það hafa aðrir gert. En ég ætla að víkja örfáum orðum að ummælum hæstv. forsrh. um að hér hafi hafist skrípaleikur eins og oft áður.

Málið er það að ástæðan fyrir því að við stöndum og sitjum hér nú, komið fram undir morgun eina nóttina enn, er sú að hér flutti hæstv. ríkisstjórn mál í byrjun desember í formi svokallaðs bandorms sem er nú komið í þann hnút að það er illmögulegt að sjá lausn á því máli og hvernig við komumst frá því. Þetta er væntanlega orðið skólabókardæmi um hvernig ekki á að standa að lagasetningu.

Það hefur verið rakið að hér eru lagðar fram veigamiklar breytingar á stórum málaflokkum þar sem það gerist að viðkomandi fagráðherra mælir ekki fyrir málinu og tekur ekki til máls fyrr en undir lok 3. umr. Bandorminum hefur verið haldið opnum eins og opnum víxli þar sem dengt er inn tillögum frá ríkisstjórninni sem koma í fréttum deginum áður sem tillögur á ríkisstjórnarfundi og eru komnar á þriðja degi sem brtt. við fyrirliggjandi bandorm og á fjórða degi erum við komnir með brtt. við fyrirliggjandi brtt. í nefnd vegna þess að ríkisstjórnin sá þegar farið var að skoða málið nánar að það var ekki framkvæmanlegt. Þarna er verið að leggja til og ætlast til þess að löggjafarþingið lögfesti ákvæði sem menn segja síðan á göngunum að verði aldrei beitt, það sé búið að ná tilætluðum árangri með þeirri umræðu sem við höfum skapað. Þar á ég við ákvæðin um tilsjónarmennina. Það er verið að lögfesta hótanir. Svo talar hæstv. forsrh. um skrípaleik.

Það hefur verið settur hér á svið skrípaleikur og það liggur alveg ljóst fyrir af hverjum hann hefur verið settur upp. Hann hefur verið settur hér upp af hæstv. ríkisstjórn og þjóðþinginu er ætlað að taka þátt í honum.

Það liggur líka fyrir að það er verið að ætla þjóðþinginu að lögfesta þætti varðandi tryggingalöggjöf sem eru óframkvæmanlegir. Flumbrugangurinn er slíkur að þó það komi í ljós við meðferð í nefndum að það sem á að lögfesta sé í raun óframkvæmanlegt skal það knúið í gegn, þá skal það lögfest.

Þetta er það sem við þingmenn höfum þurft að sitja yfir. Ég þarf ekkert að rekja það við hæstv. forsrh., það hefur komið hér fram, og það hefur komið margsinnis fram í nefndastarfi bæði efh.- og viðskn. og heilbrn. að þau ákvæði um skerðingu lífeyrisgreiðslna sem eiga að taka gildi 1. febrúar eru óframkvæmanleg. Það liggur fyrir í starfi nefndanna staðfest af þeim starfsmönnum sem þetta eiga að vinna og það liggur líka fyrir að viðkomandi ráðherra hafi viðurkennt í samtölum að þetta væri óframkvæmanlegt, en það skyldi samt gert.

Ég vil, virðulegi forseti, frábiðja mér því að síðan komi hæstv. forsrh. upp og tali um skrípaleik. Það kemur einfaldlega að því að okkur þingmönnum, sem er ætlað að vinna að lagasetningu á þennan hátt, er nóg boðið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hæstv. forsrh. er orðinn mjög vanstilltur í salnum. Hann kemur upp og fer að saka menn um skrípaleik fyrir að hafa beðið með þessar umræður og þessar athugasemdir í tæpa tvo tíma. Hæstv. forsrh. veit ekkert hvað hann er að tala um. Ég skal upplýsa hann um málið og vænti þess að hann dragi þá þær fullyrðingar sínar til baka.

Hv. þm. Svavar Gestsson hóf þessa umræðu m.a. vegna þess að hann hefur deilt harkalega á heilbrrh. dögum saman og ekki fengið neitt svar. Loksins rétt fyrir miðnætti tekur heilbrrh. til máls. Það var ekki fyrr en að lokinni ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að hv. þm. Svavar Gestsson vissi að hæstv. heilbrrh. var farinn úr húsinu. Hann hafði enga hugmynd um það, ekki nokkra, og það er fjöldi þingmanna sem er vitni að því að málum var þannig háttað. Það er við fyrsta tækifæri eftir það, þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem var næstur á eftir hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur hefur lokið máli sínu, sem þetta kemur fram. Það var ekki tilkynnt af forsetastóli að heilbrrh. væri farinn. Menn urðu að hafa fylgst með hvíslingum hæstv. heilbrrh. við einstaka þingmenn í salnum til að vita að ráðherrann var farinn. Hæstv. forsrh. ætti nú að gæta tungu sinnar í þessum efnum. Og ef það er eitthvað, hæstv. forsrh., sem er skrípaleikur er það meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu frv.

Ég vil minna hæstv. forsrh. á að kröfugerð hans í desember, dagana fyrir jól, var að þingið lyki meðferð sinni á þessu máli á þremur klukkutímum. Það var krafa hæstv. forsrh. til stjórnarandstöðunnar fyrir jól og forsrh. hafði mjög þung orð um okkur suma í röðum stjórnarandstöðunnar sem vorum ekki reiðubúnir að afgreiða frv. á þremur klukkutímum fyrir jól. Ætli þessar þrjár vikur, nærri því, sem það hefur síðan tekið að vera með málið í þinginu eftir jól hafi ekki sýnt að málið var ekki tilbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar? Hæstv. forsrh. mun síðan hafa sagt í kringum jólin að það mundu duga tveir dagar eftir jólin til að afgreiða málið, en þingið var varla komið saman þegar hann sendi sjálfur þingnefndinni þrjár blaðsíður af brtt. við frv.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði, að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem hæstv. fjmrh. sagði um fyrr í kvöld að hefði mjög glögga þekkingu á skattamálum, benti á nýja hlið varðandi þann lagatexta sem hér liggur fyrir og við sem vorum í salnum hlustuðu af mikilli athygli á þær ábendingar. Þær voru satt að segja þannig að sérhver ábyrgur ráðherra hlyti að leita af sér allan grun með lögfræðiáliti áður en hann léti samþykkja þann texta sem honum hefur verið bent á í þinginu að gæti verið þess eðlis að það væri engin lagastoð til þess að nokkrar tekjur kæmu í ríkissjóð á þessu ári á grundvelli þessa texta. Annað eins hefur gerst að í ráðuneytunum hafi verið gerð þau mistök að orða textann svo ógætilega að ekki sé hægt að byggja fyrirætlanirnar á þeim texta. Það hefur enginn ráðherra stigið hér í stólinn til að lýsa því yfir að þessar athugasemdir hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar séu ekki á rökum reistar. Ef þær verða ekki hraktar af hæstv. ráðherrum og greint frá því að þeir hafi álit lögfræðinga sem tryggi að þessi ákvæði sem snúa að heilbr.- og trmrh. muni skila tekjum blasir það a.m.k. við að lagalegur grundvöllur tekjuöflunarinnar er allur í uppnámi. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. forsrh. hvort hann geti fullyrt það og nefnt þá lögfræðinga sem hafi fullvissað ríkisstjórnina um það að þessi lagagrundvöllur sé í lagi.

Ég vil svo geta þess að lokum að formaður þingflokks Alþfl. hefur tjáð mér að það muni vera utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sem gegni fyrir heilbrrh. Því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að hann geti þá svarað þeim spurningum sem er ósvarað í umræðunni.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, ítreka að það er nauðsynlegt að skýrt sé nánar hvernig eigi að halda hér áfram því það er óeðlilegt að halda fundum þannig að hér verði fundir í 17, 18 og 19 tíma með því háttalagi sem hér er og enn sérkennilegra er það að aðalforseti skuli ekki koma til viðræðna við þingmenn um gang mála í þinginu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að menn hafa nú í 55 mínútur talað um að það sé orðið nokkuð áliðið nætur í þessu fundarhaldi hér. Menn geta kallað það hvað sem þeir vilja mín vegna. Menn geta notað hvaða orð um það sem þeir vilja mín vegna. Ég hef ákveðna skoðun á því.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var raunar fyrri ræða hæstv. forsrh. sem rak mig hingað í stólinn. Ég náði ekki þeirri síðari. Hún var mælt fram of hratt til þess að alla vega ég næði því eftir þetta langar fundarsetur. En af því að hér var notað orðið ómaklegt þóttu mér það mjög ómakleg ummæli í garð okkar þingmanna sem hér höfum gert eðlilegar athugasemdir við óeðlilegt ástand. Það hefur gerst hérna, eins og margoft hefur fram komið, að það hefur verið óskað svara frá hæstv. heilbrrh. Þau svör hafa ekki fengist. Þegar hæstv. heilbrrh. loks talar kemur í ljós eftir hans ræðu að enn hafa svör ekki fengist, þau hafa verið ófullnægjandi eða engin. Og ég sé ekki að það sé neitt ómaklegt við þann mikla skilning og það óendanlega langlundargeð sem þingmenn sýna að þessu loknu að virða það við hæstv. heilbrrh. að hann vill komast burtu í tilefni af hans merkisdegi. Mér finnst ekki nema sanngjarnt að menn megi lýsa óánægju sinni yfir ástandi mála þegar ástand mála er óviðunandi. Það er ómaklegt í garð okkar þingmanna að væna okkur um ósanngirni í þessu máli.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég brá mér úr salnum áðan og mun víst hafa misst af merkri ræðu eftir því sem ég heyri þegar ég kem inn í salinn aftur. Ef ég nem það rétt sem ég hef heyrt mun hæstv. forsrh. hafa lýst því sem hér fer fram sem skrípaleik. Sé það svo verð ég nú að segja að hinn „tragíkómíski karakter“ í þeim skrípaleik er hæstv. heilbr.- og trmrh. sem nú er horfinn af vettvangi.

Það vill þannig til að hér hófst 2. umr. um þennan svokallaða bandorm 18. des. Ég er ein þeirra sem hef beðið dögum, vikum, og núna er kominn mánuður, það liggur við að maður geti sagt mánuðum saman eftir að heyra hvað hæstv. heilbr.- og trmrh. hefði fram að færa

í þeim málaflokkum sem hann snerta og voru til umræðu fyrir áramót og komu síðan í breyttu formi eftir áramót. Mér var farið að leiðast nokkuð þófið og ég var búin að spyrja hann ýmissa spurninga og hafði engin svör fengið og fór að kanna það í ræðuritun hvað hæstv. heilbr.- og trmrh. hefði sagt í þessari 2. umr. Ég hef bent á það áður að hann hefur tvisvar talað um þingsköp og tvisvar komið upp í andsvörum frá því í 2. umr. þar til núna í kvöld.

Hann kom upp og gaf svör við sumu en það vantaði ansi mikið upp á að þau væru fullnægjandi. Þegar hann var búinn að tala gekk hann á milli manna og hann talaði m.a. við mig og tilkynnti mér að hann þyrfti að fara og ég sagði honum að ég væri ósátt við það, ég hefði ekki fengið þau svör sem ég hefði óskað eftir, mörgum spurningum væri ósvarað og ég gæti ekkert annað en fjallað um þau mál hér. Ég gaf honum ekkert samþykki mitt fyrir því að hann færi. Hann varð auðvitað að gera það upp á sína eigin ábyrgð. Hann kaus að fara og hlustaði ekkert á mitt mál, hlustaði ekkert á það þegar ég endurtók mínar spurningar eða annað sem ég hafði fram að færa. Ég hef þess vegna ekki sett mig aftur á mælendaskrá og er ekki á þeirri mælendaskrá sem forseti er með vegna þess að ég sé í sjálfu sér engan tilgang í því að vera að tala inn í þingtíðindi og hafa ekki ráðherrann til að hlusta á mitt mál því það er við hann sem ég þarf fyrst og fremst að tala. En það má kannski segja að það geri álíka mikið gagn að tala inn í þingtíðindin og að tala við hæstv. ráðherra sem ekki svarar því sem að er spurt.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur setið lengi á þingi og hann hefur verið einn af óbreyttum fótgönguliðum í nærri 20 ár. Nú er þessi maður kominn í ráðherrastól og ég verð að segja að ég fæ ekki betur séð en hann hafi ofmetnast við þá breytingu ef hann getur ekki setið þingfundi, hlustað á þingmenn og svarað spurningum þeirra og tekið til máls eins og aðrir. En það er auðvitað hans böl, flokksins, en þó því miður líka þjóðarinnar.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hef að vísu ekki setið nema tólf þing og þetta mun vera það þrettánda, en ég man engin dæmi um annað eins vinnulag eins og hér viðhefst.

Nú hefur verið mikið rætt um fjarveru hæstv. heilbrrh. Ég hélt honum fyrr í kvöld hjartnæma afmælisræðu og sakna hans ekkert vegna þess að ég held að fjarvera hans skipti hér engu máli. Fundur hófst í morgun klukkan tíu. Nú er klukkan hálffjögur að nóttu. Þó hæstv. heilbrrh. væri hér í allri sinni dýrð hef ég enga orku lengur til að tala við hann. Ég er farin að hafa áhyggjur af pottaplöntunum mínum.

Þessu verður auðvitað einhvern veginn að ljúka. Ég skil einfaldlega ekki hvað er að gerast. Ég gekk hérna fram fyrir og kannaði hversu margir þingmenn eru í húsinu. — Ég bið hæstv. menntmrh. að trufla ekki nýliðann, hæstv. forsrh. Ég get nefnilega upplýst hann um að hann hefur hér engin völd. Stjórnarandstaðan er hér, 18 manns. Stjórnarliðar eru 23. Við getum ósköp einfaldlega farið með góðri samvisku og þá hefur hæstv. ríkisstjórnin ekkert vald lengur til að samþykkja eitt eða neitt. Svo heldur hæstv. forsrh. að hann geti komið hér og þanið sig!

Sú venja hefur viðhafst hér á hinu háa Alþingi, eins og hæstv. menntmrh. veit, að hæstv. þingforseti, hæstv. forsrh. og formenn þingflokka hafa talað sig saman og samið um gang þingmála. Hér lyftir ekki nokkur maður litla fingri til slíks heldur erum við látin sitja hér og við höfum ekki hugmynd um hvað við eigum að vera hér lengi. Ég segi fyrir mig og get upplýst að ég er á mælendaskrá: Mér væri ekkert ljúfara en að draga mig til baka ef það skyldi stytta þennan fund, enda við engan að tala og satt best að segja er ég ekki slíkur mælskusnillingur að mér farist að vera að tala á 18. eða 19. vinnutíma svo ég væri alveg tilbúin til að sleppa því. En ég hlýt að upplýsa hæstv. verkstjóra hinnar nýju ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., að hann á það undir hv. þm. hvort þessari endaleysu lýkur þannig að Alþingi sé sæmandi. Hann er ekki í borgarstjórn Reykjavíkur með hreinan meiri hluta. Hér hafa allir, hver einasti hv. þm., heilmikil völd. Þetta held ég að hæstv. ríkisstjórn verði að fara að gera sér ljóst. Hún getur ekkert gert á þessari nóttu nema í samningum og með fullri vinsemd við stjórnarandstöðu ef þetta er ekki skilið.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill í lok þessarar umræðu um gæslu þingskapa geta þess að að sjálfsögðu er forseti Alþingis stöðugt að leita leiða til þess að verkstjórn geti sem best orðið í þinginu og heldur því að sjálfsögðu áfram.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði það í minni ræðu áðan að ég ætlaði ekki að gera mikið mál úr því þó að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri ekki viðstaddur þessa umræðu vegna þessara tímamóta, því er hart að sitja undir þeirri ádeilu sem við þingmenn þurftum að sitja undir hjá forsrh. áðan. Ég kom því með þá hugmynd hvort það mætti leysa málið með þeim hætti að sá ráðherra sem færi með málaflokkinn meðan heilbr.- og trmrh. væri í burtu sæti fyrir svörum og vil því spyrja hæstv. forsrh.: Finnst ráðherranum óeðlilegt þó að þingmenn óski eftir svörum við þeim spurningum sem þeir hafa borið fram um þetta viðkvæma mál og ég tala nú ekki um ef sú staðreynd blasir við — og það væri gott að fá úrskurð fjmrh. við því — hvort þær tekjur sem nota á sem grunninn til skerðingar á ellilífeyri og örorkulífeyri séu tekjur sem væri þá verið að skattleggja eftir á? Ef svo er að ekki er hægt að nota þessar tekjur er þetta kerfi hrunið vegna þess að aðrar tekjur eru ekki til staðar til að nota til þessarar skerðingar og þá er allt það sem búið er að byggja upp í kringum þetta og átti að framkvæma með ónýtt af þeirri ástæðu að tekjurnar sem ekki má nýta og þær sem hægt væri að nýta eru ekki til staðar í Tryggingastofnun né í skattkerfinu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð erfitt að reyna að leiða málum til lykta þegar hæstv. forsrh. kýs að koma upp með svo óskiljanlegan skæting að þingmenn fórna höndum og segjast ekki hafa hugmynd um hvað hæstv. forsrh. hefur sagt. Ég heyrði hins vegar alveg hvað hann sagði og það var í stíl við annað.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, og það mætti kannski vera hæstv. forsrh. nokkurt umhugsunarefni, að framganga hæstv. menntmrh. í þessum umræðum hefur verið með þeim hætti að þingmenn kvarta ekkert undan því og sá háttur sem að honum snýr í umræðunni er nokkuð á enda runninn. Ekki vegna þess að menn séu sammála ráðherranum efnislega, það er víðs fjarri. En hann hefur stundað umræðuna með þeim hætti og tekið þátt í henni á svo eðlilegum grundvelli að þingmenn eru fullkomlega sáttir við það. Þannig hefur hæstv. menntmrh. sýnt að það er fullkomlega gerlegt og eðlilegt að láta mál ganga fram í þinginu þannig að það verði umræður þó hart sé deilt um efnisatriði án þess að menn kvarti yfir þátttökunni og forminu og séu til þess knúnir og fái þá á sig þessar nafngiftir forsrh. Ef hæstv. heilbrrh. hefði á undanförnum sex vikum eða svo tekið þátt í umræðunum með svipuðum hætti og hæstv. menntmrh. værum við ekki í neinum vanda og værum kannski búin fyrir nokkrum dögum. En það hefur hæstv. heilbrrh. ekki gert. Þess vegna er þessi vandi nú.

Það hefur með rökstuddum hætti verið sýnt fram á það í kvöld að svo kunni að vera að lagatexti frv. sé á þann veg að engar tekjur komi inn á árinu 1992 vegna þess að orðalagið hljóti að eiga við tekjur sem menn vinni sér inn án þess að þær hafi verið skattlagðar áður. Þessu hefur enginn svarað enn og ég spyr hæstv. ráðherra ef þetta á virkilega að halda áfram hér og nú: Er það virkilega ætlun þeirra að fara út í þessa tvísýnu með frv. þegar enn einn gallinn hefur komið í ljós?

Af því að forseti sagði á forsetastóli að forseti þingsins væri að vinna að niðurstöðum held ég að ég fari rétt með í þeim efnum að frá því um eða upp úr kvöldmat hefur enginn samráðsfundur verið milli forseta og formanna þingflokka. Ég held að það sé rétt. Ég hef ekki heyrt að neinn slíkur samráðsfundur hafi verið haldinn frá því um eða upp úr kvöldmat. Það hefur ekki verið kallað á neinn slíkan samráðsvettvang af hálfu forsetaembættisins þannig að okkur er nokkur vandi á höndum hvað það snertir.

Kannski eru skapsmunir hæstv. forsrh. með þeim hætti að það þýði lítið að koma einhverjum tilmælum á framfæri um einhver eðlileg vinnubrögð, en það væri auðvitað skynsamlegast að reyna að koma sér niður á að ákveða hvenær þessum fundi ljúki nú fljótlega og síðan semja um að umræðum ljúki á morgun með einhverjum tilteknum hætti og atkvæðagreiðslu þannig að sá ráðherra sem gegnir þá fyrir heilbrrh. geti svarað einhverju og þessu ljúki með skaplegum hætti. Ég vona að menn hafi skynsemi til að átta sig á því.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill láta þess getið vegna umræðna sem hér hafa farið fram að þrír hv. þm. eru á mælendaskrá og það er því eðlilegt að ganga til þeirrar umræðu á nýjan leik og freista þess að halda áfram jafnframt því að reyna að ná niðurstöðu í fundarhald á þessum degi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég get tekið undir árnaðaróskir til hæstv. heilbrrh. í tilefni fimmtugsafmælis. Hitt hefðu þó verið stærri og betri tíðindi ef hægt hefði verið að óska hæstv. heilbrrh. til hamingju með að hann hefði vanið sig á að segja satt. En því miður hefur það ekki náðst fram á þeim 50 árum sem nú eru liðin af ævi hans.

Hæstv. heilbrrh. hafði þagað lengi í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þegar kom að nafnakalli stóð hæstv. heilbrrh. upp til að gera grein fyrir atkvæði sínu og tók á dagskrá mál sem lagt hafði verið fram á seinasta Alþingi. Það mál var ekki á dagskrá heldur atkvæðagreiðsla, það mál er ekki á dagskrá þessa þings vegna þess að það hefur ekki verið endurflutt, en engu að síður fullyrti hæstv. heilbrrh. að framsóknarmenn hefðu framkvæmt skerðingu sem væri nákvæmlega eins og sú sem nú stæði til að framkvæma. Hæstv. heilbrrh. virtist ekki gera greinarmun á frv. sem lagt hafði verið fram til kynningar á sínum tíma og lagatexta.

Ég verð að segja eins og er að mér fannst með ólíkindum að hæstv. ráðherra skyldi koma upp og halda því fram að stjfrv. sem flutt hafði verið væri afgreitt mál úr þingsölum sem lagatexti og merkilegt má það nú vera, hv. 17. þm. Reykv., ef Árni Gunnarsson er genginn í Framsfl. (**ÖS:** Hann er framsóknarmaður.) Einn af höfundum frv. Ef það væri nú satt að framlögð frv. væru lagatexti hefur hæstv. heilbrrh. eytt mikilli vinnu að ástæðulausu á undanförnum árum þegar hann lá yfir fjárlagafrv. og samdi brtt. við það. (**ÖS:** Á að vekja hann eða ekki?) Það er best að hæstv. heilbrrh. sofi. Ég hef aldrei vitað til að hann hafi gert af sér óskunda sofandi.

Ég hygg að hæstv. heilbrrh. kannist við að mikið magn frv. hefur verið lagt fram sem ekki hefur orðið að lögum, mikið magn stjórnarfrumvarpa, og ráðherra gerir sér vafalaust grein fyrir því að þingflokkar sem slíkir heimila oft framlagningu mála vegna þess að þeir telja að málið sé þess eðlis að það verði að vinna það í þinginu, það verði aldrei fullskapað í einhverri nefnd úti í bæ.

En ég get ekki látið hjá líða að vekja á því athygli, sem hér hefur verið mikið rætt um, að jaðarskattar eru mjög vinnuletjandi. Jaðarskattar hafa kannski í upphafi verið lagðir á í þeirri góðu trú að menn mundu ekki breyta sínu vinnuframlagi, þeir mundu vinna eftir sem áður og vera sáttir við að megnið af því sem þeir ynnu sér inn tapaðist vegna þess að þeir væru skattlagðir með jaðarsköttum.

Ég hefði gaman af því að segja hv. 17. þm. Reykv. örlitla lífsreynslusögu sem henti mig fyrir um tveimur árum í þessu sambandi. Ég var staddur úti í Austurstræti á þriðju hæð og þar inn kom fyrrverandi vistmaður á Kópavogshælinu. Hann tjáði mér það að hann

hefði tapað sínum launum, hann hefði tapað launaumslaginu, taldi að það hefði verið tekið af sér, var þó ekki viss, en var aftur á móti viss um það að þetta kallaði á að hann fengi einhverja fjármuni, sagðist þurfa að kaupa sér mat til að borða. Mér var ljóst að það væri allt saman satt og rétt. Við tókum tal saman. Hann hafði út úr þessu þúsund krónur, en ég hafði aftur á móti mikinn fróðleik því hann sagði mér að það væri ekkert vit hjá sér að vinna fyrir meiri upphæð en ákveðinni upphæð sem hann tiltók því ef hann ynni fyrir meiri upphæð færi hann að tapa tryggingabótum og skaðast. Og það sótti nú að mér sú hugsun að ef þeir sem eru á Kópavogshælinu hafa þetta á hreinu, að ekki sé skynsamlegt að fara í meira vinnuframlag, sé trúlegt að einhverjir fleiri muni líka taka tillit til þess og minnka sína vinnu, hætta að vinna. En áður en hann fór, þessi ágæti maður, spurði hann mig: Heldurðu ekki að Sighvatur sé uppi? Ég er að hugsa um að fara og tala við hann líka. Þá var ég alveg sannfærður um að hvað sem hans lífshlaupi leið hafði hann það mikið fjármálavit að tryggingakerfi sem gerði ráð fyrir því að hann hugsaði ekki gekk ekki upp.

Og þá erum við komin að kjarna þessa máls. Það er talið að ákveðin fullyrðing í kenningum kommúnista hafi aflað þeim meira fylgis en nokkur önnur. Sú fullyrðing var á þann veg að menn ættu að fá eftir þörfum sínum en leggja fram eftir getu sinni. Niðurstaðan var sú að það voru allir reiðubúnir að fá eftir þörfum sínum, þá voru allir með. En þegar kom að því að menn ættu að leggja fram eftir getu sinni varð mikill misbrestur á að menn legðu það fram sem þeir væru fullfærir um. Þess vegna er ég sannfærður um að sú hin mikla umræða sem fram fór um jaðarskatta í Svíþjóð var ekkert út í bláinn. Hún byggðist á þeirri staðreynd að það gengur ekki að viðhalda þannig kerfi að um leið og menn leggja á sig einhverja vinnu séu teknar af þeim bætur á sama tíma og við látum það gerast að aðrir menn fái fullar bætur þó þeir hafi meira ráðstöfunarfé.

Ég vil sérstaklega vitna í það sem hv. fulltrúi Kvennalistans flutti tölu um þar sem vakin var athygli á því að þeir sem tækju á móti lífeyrisgreiðslum væru í reynd að taka á móti launagreiðslum sem þeir fengju í hendurnar á elliárum en hefðu unnið fyrir miklu fyrr.

Þegar það gerist að frv. eins og þetta er lagt fram og menn grípa til þess ráðs í vopnaburði til að verja það, að halda því fram að eitthvað hliðstætt hafi verið gert á öllum sviðum áður, þora ekki að standa að því að verja það efnislega heldur reyna að verja það út frá einhverjum fordæmum, þá eru menn komnir á það stig að þeir leita sér skjóls í liðinni tíð, en eru ekki að sækja fram til endurbóta á því sem hlýtur þó að vera aðalmarkmiðið með lagasetningu.

Hæstv. heilbrrh. flutti langa tölu um að Íslendingar hefðu á ýmsum tímabilum farið út í meiri jaðarskatta en skynsamlegt var og hæstv. heilbrrh. hélt því fram að þetta væri hálfgert skóbótakerfi. Engu að síður er það sem hæstv. heilbrrh. er að leggja til aðeins fjölgun á bótum. En hið merkilega gerðist að þegar hann ætlaði að fara að hnykkja á því í lokin að menn bæru ekki saman eplakörfu með einu epli í og eplakörfu með mörgum eplum í — þá spurði ég úr sæti mínu hvers vegna? — varð hæstv. heilbrrh. nánast óðamála og fór að tala um Snorra Sturluson sem stundum sækir á hans huga þegar hann veit ekki hvað hann á að segja. Það er nefnilega mjög auðvelt að bera saman eplakörfu með einu epli og körfu með mörgum eplum. Munurinn er einfaldlega sá að í annarri körfunni eru fleiri epli. Þetta er einhver einfaldasti samanburður sem til er og þarf í sjálfu sér ekki ráðherra til að komast að þeirri niðurstöðu. Ég er alveg viss um að níu ára krakkar mundu margir vera fljótir að koma með svar við þessu. Hins vegar vafðist þetta svo harkalega fyrir ráðherra að hann vitnaði í Snorra Sturluson og það umhverfi sem hann hefði lifað í. Það ætla ég þó að fullyrða að þar voru engin epli hvað sem öllu öðru líður og er mér nánast óskiljanlegt þegar menn eru að tala um eplakörfur hvers vegna þeir fara að hugsa um þann rithöfund. Það hefði ég talið eðlilegra að hann hefði farið að hugsa um Rauðhettu og úlfinn eða eitthvað því um líkt.

En hæstv. heilbrrh. féll á prófinu hvað það snertir að hann tók sig til og gerði samanburð á ósamþykktu frv., tók þaðan ómerkilegustu og lélegustu eplin, ef svo mætti komast að orði, og bar þau saman við það sem þeir væru að leggja til. Og það er alveg stórkostlega merkileg niðurstaða. Niðurstaðan er einfaldlega sú að það voru súru og skemmdu berin í frv. sem var flutt í fyrravetur sem Alþfl. telur að séu berin sem sanngjarnt sé að menn éti. Allt sem var til bóta í því frv. er saltað og geymt.

En ég ætla enn einu sinni að vekja athygli á að annað tveggja hefur gerst við þessa lagasetningu sem hér er, að menn eru að leggja á afturvirka skatta, þ.e. bæturnar byggjast á tekjunum sem voru á seinasta ári, eða þá, eins og fram hefur komið hjá hv. 5. þm. Vestf., að lagatextinn dugar ekki til að færa ríkissjóði tekjur á þessu ári. Það verður að segjast eins og er að það eru aum örlög hjá Sjálfstfl. að sitja uppi með afturvirka skatta ef það verður niðurstaðan. Það eru aum örlög að segja við sjómann að hann hafi haft svo miklar tekjur í fyrra að þess vegna eigi hann ekki rétt á ellilífeyri í ár. Ég veit ekki hvort sá flokkur, sem hefur stundum ætlað gjörsamlega að tryllast ef hann hefur talið að verið væri að leggja á afturvirka skatta, yrði svona prúður í umræðunni ef það kæmi nú fram frv., segjum frá stjórnarandstöðunni, um hvernig ætti að taka eitthvað af þessum 900 millj. sem menn voru að fá í hendur fyrir heldur litla vinnu í úthlutun frá Sameinuðum verktökum.

Nei, þetta er nefnilega merkileg staða. Hér blasir við að andlegur ávöxtur Viðeyjarferðarinnar verður tekinn til lokaatkvæðagreiðslu á morgun — eða réttara sagt á þessum drottins degi því það er víst kominn morgun eða stutt í morgun. Og það blasir við að ríkissjóður verður jafnfjarri því og áður að ná jafnvægi. Jafnvel hæstv. fjmrh. er þetta ljóst. Honum er ljóst að kreppan í íslensku samfélagi hefur verið dýpkuð af stjórnvöldum. Honum er ljóst að það er búið að hækka raungengi íslenskrar krónu og hæstv. fjmrh. tel-

ur að í lok þessa árs sé rétt að skoða stöðuna. Ef hér verði minni launahækkanir, minni verðbólga fari raungengi krónunnar aftur niður.

Sami hæstv. fjmrh. talar um að hann sé hlynntur markaðskerfi, hann vilji að markaðurinn ráði. Hvernig skyldi markaðurinn fara að því að ákveða gengi annarra gjaldmiðla, breska pundsins, þýska marksins eða dollarans? Er það einu sinni á ári sem það er uppboð á þessu og skráning í lok ársins eftir laxveiðitímabilið? Það er á hverjum einasta degi sem þetta er metið af markaðnum og skráning framkvæmd. Hér er það boðað sem framtíðarspá að það eigi að athuga í lok ársins hvað hafi gerst. Á sama tíma er það staðreynd að þessi hækkun á raungenginu hefur stuðlað að því að fækka atvinnutækifærum á Íslandi. Hversu mikið er erfitt að leggja mat á, en þó svo að atvinnuleysi í landinu verður meira á þessu ári en það hefur verið um langt árabil. Mér er ljóst að núv. ríkisstjórn hefur hugsað sér að lækka atvinnuleysisbæturnar og komast þannig hjá því að bera þennan kostnað. En söm er hennar gerð.

Ég held að það sé ástæðulaust að fara hér í kröfugerð um að hæstv. utanrrh. taki að sér að svara fyrirspurnum fyrir hæstv. heilbrrh. þó hann gegni fyrir hann. Ég held að hæstv. utanrrh. þyrfti að fara í verulega upplýsingaöflun til að verða fær um að sinna því. Og ég er sannfærður um að hæstv. heilbrrh. gerir sér ekki grein fyrir því í dag hvernig hann ætlar að framkvæma þann lagatexta sem hlýst af því að samþykkja þetta frv. Hann einfaldlega veit ekki hvernig hann ætlar að samþykkja það. Hins vegar kom fram í máli hans að í Tryggingastofnun ríkisins á hann trúnaðarmann. Hæstv. ráðherra vildi ekki gefa upp hver þessi maður er. Þess vegna þarf ekki að senda neinn tilsjónarmann inn í Tryggingastofnun ríkisins, þar er búið að finna út trúnaðarmann. En um leið og það kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann hefði þar mann sem hann gæti treyst og hefði leitað til var upplýst að það lið sem þar hefur valist til forustu virðist að mati ráðherrans gjörsamlega ófært um að veita ráðuneytinu upplýsingar eða eðlilegar upplýsingar.

Ég hygg að þetta sé svo sérstæð staða að það hljóti að vera spurning: Hvernig ætlar ráðherra að leysa þetta? Jafnvel þó hæstv. ráðherra hafi fengið stærðfræðing úr Háskólanum sér við hlið er það svo að þeir í sameiningu hafa ekki áttað sig á því hvernig þeir eigi að standa að þessum hlutum. Og í utandagskrárumræðu í þinginu í gær, sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hóf, kom í ljós að ráðherrann vissi nánast ekki hvað hann var að tala um. Hann gerði sér enga grein fyrir því að dæmið gekk ekki upp, þær fullyrðingar sem hann lét falla stóðustu ekki.

Ég tel, herra forseti, að mér sé ekki nauðsyn á að flytja lengri ræðu m.a. vegna þess að ég hygg að það sé nokkuð öruggt að hæstv. heilbrrh. fari ekki í að gera grein fyrir atkvæði sínu þegar þetta mál kemur til lokaafgreiðslu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum. Ég ætlaði að víkja að einu atriði og að ýmsu leyti væri eðlilegast að beina því til hæstv. forsrh., en ég veit ekki hvort það greiðir fyrir gangi mála þannig að það má vel vera að ég beini mínum orðum frekar til hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. Að mörgu leyti má segja að það geti líka verið eðlilegt að þessir tveir hæstv. ráðherrar tjái sig um það efnisatriði sem ég ætla að víkja að.

Hæstv. ríkisstjórn lagði af stað með þetta frv. og meginrökin voru þau að frv. væri nauðsynlegt til að festa í sessi stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu og greiða þannig fyrir gerð nýrra kjarasaminga. Frv. var annar meginarmur fjárlaganna og tengist þeirri stefnu sem þar kom fram. Yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar með frv. og fjárlögunum og lánsfjárlögum, sem einnig er ætlunin að afgreiða á þessum sólarhring, var að ná samningum á launamarkaði og jafnvægi í efnahagsmálum.

Nú held ég að það sé viðurkennt af öllum sem til þekkja að lykillinn að slíkum samningum séu samningar Verkamannasambands Íslands við vinnuveitendur og ríkisvaldið. Að öllum öðrum samtökum launafólks ólöstuðum er það raunsætt mat að Verkamannasamband Íslands er með lykilstöðu í þessu máli.

Nú hefur það gerst á síðasta sólarhring að framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands hefur komið saman og gert grundvallarályktun í væntanlegum kjarasamningum. Þessa grundvallarályktun ætlar forusta Verkamannasambandsins á þessum sólarhring að kynna fyrir forsetum Alþýðusambandsins og vinnuveitendum. Það hefur þó komið fram í yfirlýsingum forustumanna Verkamannasambandsins að á þessum framkvæmdastjórnarfundi Verkamannasambandsins hafi verið gerð sú samþykkt að ein af meginforsendum nýrra kjarasamninga væri að hæstv. ríkisstjórn breytti því frv. sem hér er verið að knýja fram með 18 klst. löngum fundi nú þegar að verði samþykkt. Ég get fullvissað hæstv. ríkisstjórn um það af reynslu minni að það er skynsamlegra fyrir stjórnvöld sem ætla sér að ná skynsamlegum kjarasamningum að vera reiðubúin til viðræðna við Verkamannasambandið og önnur samtök launafólks og taka því vel að athuga breytingar á gildandi löggjöf ef þær tillögur eru skynsamlegar og geta greitt fyrir kjarasamningum og geta haft í för með sér stöðugleika í efnahagslífi.

Nú vill svo til að ýmsar af þeim upphæðum sem hér er verið að tala um, eitt, tvö og þrjú hundruð millj., munu ekki skipta sköpum hvað stöðugleikann í efnahagslífinu snertir. Þær geta hins vegar skipt sköpum hvað afstöðu Verkamannasambandsins og samtaka launafólks snertir. Þess vegna vil ég ekki að þessari umræðu ljúki, þótt aðstæður í henni séu orðnar ærið sérkennilegar og erfiðar, án þess að hæstv. ráðherrar séu beðnir að svara þeirri spurningu: Hver er afstaða þeirra til þessarar samþykktar Verkamannasambandsins og þeirrar stefnu sem þar kemur fram og er í sjálfu sér einföld og skýr þó menn hafi ekki séð samþykktina? Stefnan er að það sé nauðsynleg forsenda nýrra kjarasamninga að því frv. sem hér á að samþykkja verði breytt.

Ég hefði talið skynsamlegt fyrir ríkisstjórnina að taka vel í þær hugmyndir og lýsa sig reiðubúna til þeirra breytinga. Síðan má meta hvað þær kosta. Hvernig er hægt að mæta þeim kostnaði með öðrum hætti og setja þær tölur í samhengi við aðrar tölur í efnahagslífinu? En það er nánast ekki hægt fyrir okkur á þjóðþinginu að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. ráðherrar geri nokkra grein fyrir þessu lykilatriði.

Eins og fram hefur komið í umræðum um þingsköp hef ég ekki tekið fyrr til máls í umræðu um þetta frv. og hafði ekki ætlað mér að taka þátt í henni því að margt góðra manna hefur þar haldið uppi málflutningi míns flokks og stjórnarandstöðunnar gagnvart frv. En ég tel mig til knúinn í ljósi reynslu minnar á undanförnum árum af hinum svokölluðu þjóðarsáttarsamningum, sem allir hafa talið grundvöll að stöðugleika á síðustu árum, að vekja athygli á þessum nýja atburði sem samþykkt Verkamannasambandsins felur í sér. Hún er í sjálfu sér ákveðin vegamót í kjaraviðræðum síðustu vikna og mánaða. Það mun ráða miklu hvort sú braut sem þar er haldið inn á leiðir til farsældarlykta hvernig hæstv. ríkisstjórn tekur í málið.

Hæstv. forsrh. lýsti þeirri skoðun fyrir nokkrum dögum að það væri ekki fyrr og ef samningar kæmust inn á sameiginlegt borð og væru þar komnir á lokastig að hæstv. ríkisstjórn kæmi inn í málið. Það má vel vera að það hafi verið skoðun ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Nú er hins vegar alveg ljóst að Verkamannasambandið hefur mótað þá stefnu að nauðsynlegt er að ríkisstjórnin komi inn í málið fyrr. Verkamannasambandið hefur þegar ákveðið að óska eftir því að ríkisstjórnin komi inn í kjaraviðræðurnar strax, ekki eftir einhverjar vikur eða einhverja mánuði heldur strax. Og forusta Verkamannasambandsins hefur sagt alveg skýrt hvaða atriði það eru sem hún vill ræða. Þar eru þau atriði efst á blaði sem eru í þessu frv. Þess vegna vil ég spyrja: Ætlar hæstv. ríkisstjórn í ljósi þessa ekki að breyta fyrri afstöðu sinni, vera nú tilbúin til viðræðna strax?

Ég get sagt hæstv. ráðherrum að það er vonlaust verk að ná farsælum kjarasamningum sem leitt geta til efnahagslegs stöðugleika í stríði við Verkamannasambandið. Það dæmi gengur ekki upp, mun aldrei ganga upp. Menn geta prófað það ef þeir vilja, en það er ekki gæfubraut.

Það hefur komið fram í meðferð frv. hvað eftir annað á undanförnum vikum að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa komið fram með ýmsar ábendingar um galla, ávirðingar, mistök sem voru á upphaflegri frumvarpsgerð eða þeim brtt. sem ráðherrar fluttu. Eins og fram hefur komið hefur oft verið farið að þessum ábendingum, m.a. sameiginlegum tillögum heilbr.- og trn., og umræðurnar í nefndunum og ábendingar frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar hafa varðandi önnur atriði einnig orðið til þess að þeim hefur verið breytt.

Afstaða hæstv. ríkisstjórnar til væntanlegra kjarasamninga, þó hún sé ekki formlega yfirlýst í frv., er líka eitt af þessum atriðum sem gagnlegt er að ríkisstjórnin íhugi að breyta. Þess vegna vildi ég óska eftir því að áður en þessari umræðu lýkur muni hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. lýsa afstöðu sinni til þessarar samþykktar Verkamannasambandsins. Ég óttast satt að segja að ef það gerist að ríkisstjórnin heldur þjóðþinginu næstum því í heilan sólarhring á fundi til að knýja þetta frv. í gegn og hirðir ekkert um að senda jákvæð merki til forustu Verkamannasambandsins um að ríkisstjórnin sé reiðubúin í viðræður um að breyta frv. geti orðið nokkuð langt í land með að árangursríkar kjaraviðræður hefjist.

Ég veit af reynslu minni að þeir menn sem eru í forustu Verkamannasambandsins líta á samningana sem mikið alvörumál. Þeir hafa allan hug á því að halda áfram á þeirri farsælu braut sem þeir tóku þátt í að móta manna mest á liðnum árum og vilja að þeir séu teknir alvarlega.

Virðulegi forseti. Í raun og veru þarf kannski ekki mikið lengri tíma til að koma þessum óskum á framfæri. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þá gagnrýni sem forusta Verkamannasambandsins hefur sett fram á frv. Ég vænti þess að það sé hæstv. ráðherrum ljóst. En ég set fram þá ósk að áður en þessari umræðu lýkur geri hæstv. ráðherrar grein fyrir afstöðu sinni til þessarar samþykktar Verkamannasambands Íslands.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki óeðlilegt að hv. 8. þm. Reykn. spyrjist fyrir um áform ríkisstjórnarinnar með tilliti til þeirra óska sem fram hafa komið eða réttara sagt fram munu koma af hálfu Verkamannasambands Íslands. Það er þó þannig og það vita forustumenn Verkamannasambandsins að ríkisstjórnin er nú að fylgja eftir áformum sínum sem koma fram í fjárlögum íslenska ríkisins fyrir yfirstandandi ár. Komi það í ljós á því sem við getum kallað lokastigum samningaferilsins að aðilar vinnumarkaðarins óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum eins og svo oft hefur gerst áður. Ég minni á að bæði í samningunum 1989 og eins 1990 kláruðust samningar með óskum til viðkomandi ríkisstjórnar sem þá sat og í framhaldi af því voru gerðar breytingar á lögum og a.m.k. áformum ríkisstjórnarinnar eins og ég veit að hv. þm. man. Það er því ljóst að á lokastigum mun ríkisstjórnin ræða við aðila vinnumarkaðarins sé þess óskað sérstaklega. Þá þurfa auðvitað allir aðilar að koma að málinu. Þessu hefur forsrh. lýst yfir áður og undir það get ég tekið, en ég held að það sé útilokað fyrir löggjafarþingið og fjárveitingavaldið að hinkra með nauðsynlega löggjafarstarfsemi sem er í takt við fjárlög sem þegar hafa verið samþykkt af þessu tilefni einu, enda er síðar ávallt hægt að grípa til þeirra aðgerða sem þarf ef á þarf að halda.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í sjálfu sér þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa gefið málefnalegt svar við minni

spurningu hér. Hins vegar verð ég að lýsa nokkrum vonbrigðum með efnisatriði svarsins.

Hæstv. fjmrh. endurtók það, sem hæstv. forsrh. sagði fyrir rúmri viku eða svo, að ríkisstjórnin mundi ekki eins og nú væri ástatt vilja koma inn í samninga*na fyrr en á lokastigi þeirra. Kjarninn er hins vegar sá* í samþykkt Verkamannasambandsins að það er óskað eftir því að ríkisstjórnin komi inn í viðræðurnar strax.

Jafnframt spurði ég um hvort hæstv. fjmrh. væri reiðubúinn að lýsa því yfir eða hæstv. félmrh. að ríkisstjórnin væri tilbúin að breyta því frv. sem hér á að samþykkja þótt á síðara stigi væri. Ég geri mér ljóst að það verður ekki gert á þessum sólarhring. Ríkisstjórnin vill væntanlega fá frv. samþykkt fyrst. En það er spurningin um viljayfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar að senda þá tilkynningu til samtaka launafólks að ríkisstjórnin sé tilbúin í viðræður um að breyta ákvæðum þessa frv. muni það greiða fyrir kjarasamningum. Verkamannasambandið hefur þegar lýst því yfir að efstu atriðin á þess blaði séu að fá breytingar á því frv. sem hér á að samþykkja, bandorminum. Þess vegna *þarf ríkisstjórnin þegar á næstu dögum að svara því,* ekki bara hér í þingsalnum heldur gagnvart Verkamannasambandi Íslands og öðrum samtökum launafólks, hvort hún er reiðubúin í slíkar viðræður nú þegar.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er næstur á mælendaskrá og það er í annað sinn sem ég tek til máls í þessari umræðu. Mér er nokkur vandi á höndum af þeirri ástæðu að með því að nýta mér þann rétt að tala í annað sinn við þessa umræðu, 3. og síðustu umræðu, er ég í raun og veru að útiloka að ég geti komið aftur inn í umræðuna. En í þingskapaumræðu áðan kom ég með þá hugmynd hvort möguleiki væri á að sá ráðherra sem kæmi til með að gegna störfum heilbr.- og trmrh. með*an sá sem er í því embætti nú fer af landi brott hefði* þá tækifæri til eða gæti svarað þeim spurningum sem ósvarað er. Ef svo færi að þessi leið yrði farin gæfist mér ekki tækifæri til að bera þessa spurningar aftur fram. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forseta hvort hann viti um hvort sá ráðherra sem kemur til með að gegna störfum heilbr.- og trmrh. muni koma í þingið til að svara þeim spurningum sem við a.m.k. þrír hv. þm., sá sem hér stendur, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hv. þm. Svavar Gestsson, eigum inni hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. og er ósvarað.

Forseti (Björn Bjarnason):

Vegna þessarar fyrirspurnar vísar forseti til þeirra umræðna sem fóru fram áður um þingsköp á þessum *fundi og þeirra upplýsinga sem þar komu fram um fjar*veru hæstv. heilbrrh. og þá staðreynd að hann gegnir störfum sem heilbrrh. þar til hann hverfur af landi brott núna í morgunsárið. Þess vegna sér forseti ekki að neinn ráðherra hafi tækifæri til að koma á þessari stundu til að svara þessum fyrirspurnum. Á þessum fundi núna, á meðan hæstv. heilbrrh. gegnir störfum sínum, er ekki þess að vænta að ráðherra komi hér sem sé hans staðgengill.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það verður sífellt erfiðara að skilja hvernig hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn á Alþingi hugsa sér að láta mál ganga fram. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur vakið athygli á því að ef hann talar nú er hann að fyrirgera rétti sínum til að geta borið upp spurningar. Ef það er ætlun ríkisstjórnarinnar að halda þannig á málum að hann fái ekki þennan rétt finnst mér hreinskilnislegra að segja það við þingmanninn en að vera með einhverja hálfgerða útúrsnúninga hér. (**ÖS:** Ert þú orðinn formaður Framsfl.?) Nei, ég er það ekki, hv. þm., ég er bara að ræða um það sem mér finnst vera eðlilegt í samskiptum manna í þinginu. (**EKJ:** Eru þeir ekki einfærir um að verja sig?) Jú, jú, það getur vel verið, enda ræddum við um það saman, ég og hv. þm., að ég mundi koma að þessu hér. (Gripið fram í.) Það var eins gott að þingmaðurinn hætti í miðri setningu. Ég veit ekki hvort ég á að vera að eyða *þessum þingskapatíma mínum í* að svara strákslegum frammíköllum hv. þm. um að hann treysti mér vel til að vera formaður í Framsfl., en ég þakka „komplímentið", það má vel vera að ég verði það einhvern tímann. Það er hins vegar ekki kjarni málsins.

Málið er að ef það er ætlun ríkisstjórnarinnar að halda þannig á stjórn þingsins að hv. þm. Finnur Ingólfsson, sem var aðstoðarmaður fyrrv. heilbrrh., fái engin svör við sínum spurningum finnst mér hreinskilnislegra og drengilegra að segja það við þingmanninn frekar en að stilla málunum þannig upp að ef hv. þm. á að fá svör verði stjórnarandstaðan að tala hér í umræðunni þangað til einhver ábyrgur ráðherra Alþfl. er reiðubúinn að veita þau svör vegna þess að starfandi forseti sagði að þingmaðurinn yrði að bíða þar til sá ráðherra kæmi sem væri ábyrgur í málinu. Þess vegna tel ég að það sé ekki hægt að halda svona áfram.

Ég vek enn athygli á því að aðalforseti þingsins hefur ekki sést í þingsalnum í ærið marga klukkutíma og þeir forsetar sem hér hafa gegnt störfum hafa ekki talið sig bæra til að taka neinar ákvarðanir. Það hefur enginn samráðsfundur verið haldinn milli formanna þingflokka og forsetadæmisins síðan frá því, að mér er sagt, klukkan sex í dag eða það mun vera senn hálfur sólarhringur síðan. Það gengur einfaldlega ekki að haga málum með þessum hætti. Það má vel vera að hv. þm. Finnur Ingólfsson verði að sætta sig við að fá ekki svör við sínum spurningum. Ég vil segja það við forsetadæmið: Mér finnst þetta ekki vera drengileg framkoma við þingmanninn og nauðsynlegt fyrir okkur að hér fari það að gerast að einhver af stjórnarliðinu hafi annaðhvort myndugleik eða kjark til að taka af skarið og greiða úr þeirri flækju sem hér er komin upp. Enn sem komið er hefur enginn gert það og síðustu fjórar, fimm klukkustundirnar hefur þetta allt verið í uppnámi.

Virðulegi forseti. Ég mælist þess vegna til þess að forsetadæmið tryggi að hv. þm. Finnur Ingólfsson,

fyrrv. aðstoðarmaður heilbrrh., fái tækifæri til að fá svör við þeim spurningum sem hann hyggst bera fram.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. var ekki í salnum þegar ég tók áðan til máls um gæslu þingskapa. Honum vil ég segja að mér þykir afar erfitt að ljúka þessari umræðu án þess að fá svör við mjög veigamiklum spurningum er snúa að því frv. sem hér er til umfjöllunar og þeim þætti frv. sem kom inn á síðustu stigum málsins, þ.e. tekjutengingu elli- örorkulífeyris. Það eru t.d. þær spurningar sem ég hef ítrekað í umræðunni, lagt fram við hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvað verði t.d. um bensínstyrk fyrir þann hóp öryrkja sem er yfir þessum tekjumörkum og flokkast þar af leiðandi ekki lengur sem örorkulífeyrisþegar. Í öðru lagi spyr ég um kaup á hjálpartækjum í bíla þeirra öryrkja sem eru yfir þessum tekjumörkum. Þannig er ég með ótal spurningar — sex spurningar — sem ég hef ekki fengið svar við í þessari umræðu og fór þess vegna fram á fyrr í nótt hvort ekki væri eðlilegt að sá ráðherra yrði kallaður til sem mun fara með málaflokkinn meðan hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki á landinu.

Ég vil því spyrja forsrh., ég reyndar spurði hann að því áðan í þessari umræðu, hvort honum fyndist það ósanngjörn krafa okkar þingmanna, sem höfum borið fram spurningar í þessari umræðu um mjög þýðingarmikil mál, að við fáum svör við þeim áður en þessari umræðu lýkur og ef hægt er að fá svör er ég sannfærður um að það geti stytt mjög umræðuna.

Eins þá það: Er hugsanlegt að sá ráðherra sem kemur til með að stýra málaflokknum meðan hæstv. heilbr.- og trmrh. er erlendis komi hingað í þingsalinn og fái þá ráðrúm til að spyrja eða ráðgast við embættismenn um svör við spurningum sem eftir er að svara. Þetta vil ég spyrja hæstv. forsrh. um.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér heyrðist að flestar þessar spurningar væru nákvæmnisútfærsluspurningar sem eðlilegast væri að fulltrúar flokka hefðu farið yfir í nefndarstarfi þar sem þetta mál var töluvert lengi til meðferðar, fremur en í almennum umræðum á þinginu þar sem menn ræða fremur um meginefni máls og meginstefnu máls.

Ég vek líka athygli á að þingmenn geta endalaust deilt um hvort spurningum hafi verið svarað með fullnægjandi hætti og við þekkjum mörg dæmi þess og sjálfsagt endalaus dæmi þess að þingmenn telja að enn hafi þeir ekki fengið fullnægjandi svör við hinum fjölbreyttustu atriðum sem þeir hafa spurt ráðherra um.

Ég vek í þriðja lagi athygli á því að hæstv. heilbrrh. svaraði allmörgum atriðum í sinni ræðu. Ég varð ekki var við að það hefði orðið til þess að greiða fyrir framgangi málsins eins og hv. þm. virðist telja að slík svör virtust gera.

Í fjórða lagi vek ég athygli á því og það veit hv. þm. ábyggilega vel að það er ekki líklegt að ráðherra sem hleypur í skarðið fyrir hæstv. heilbrrh. núna í morgunsárið sé líklegur til að veita gleggri svör við spurningum af þessu tagi en hæstv. heilbrrh. gerði sjálfur í mjög löngu máli sem hann hélt hér og menn hafa orð á.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur ítarlega verið kallað eftir þeim ráðherra sem gegnir eða mun gegna fyrir heilbr.- og trmrh. Ég gegni ekki fyrir heilbr.- og trmrh., en ég er tilbúin að svara þeim spurningum sem ég get í þeim umræðum sem hefur verið beint til heilbrrh. Ég hef að vísu ekki skrifað þær niður og er ekki kunnugt um þær allar, en ég mun eftir bestu getu reyna að svara þeim fyrirspurnum sem fram koma.

Finnur Ingólfsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum svörin.

En það er nú svo, hæstv. forsrh., með þessi tvö tilteknu atriði sem þú sagðir að væru nákvæm útfærsluatriði að við þingmenn minni hlutans í heilbr.- og trn. óskuðum einmitt sérstaklega eftir því að tryggingayfirlæknir Björn Önundarson yrði kallaður til fundar í nefndinni. Þessi atriði komu ekki upp í nefndarstarfinu fyrr en á síðustu stundu þannig að við óskuðum formlega eftir því á fundi í heilbr.- og trn. að sá maður yrði kallaður til sem best þekkir til í þessum efnum, sjálfur tryggingayfirlæknir, til að skýra okkur frá því hvað yrði um þessa úrskurði gagnvart þessum hópi. Því var neitað. Við vonuðumst hins vegar til þess að sá maður yrði kallaður til þá í umræðu í efh.- og viðskn. Ég veit ekki til að það hafi verið gert. (**RG:** Hann var veikur þegar óskað var eftir því.) Já, þetta eru nýjar upplýsingar, hann var veikur. En þessum spurningum er ósvarað. Það er þarna ákveðinn hópur öryrkja sem er alveg í lausu lofti hvað verður um verði frv. að lögum.

En ég fagna því að hæstv. félmrh. skuli bregðast svo vel við og leggja sig fram um að svara þeim spurningum sem ég hef áhuga fyrir að fá að beina til hans í umræðunni á eftir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli hæstv. forsrh., sem löngum er stórorður um þingmenn og málflutning þeirra undir þingskapaumræðu, að hér hefur komið í ljós á þessum sólarhring að tvö tilvik þar sem neitað hefur verið í nefndum að kalla á þann aðila í stjórnkerfinu sem veitt getur upplýsingar hafa orðið til þess að tefja fyrir afgreiðslu mála á Alþingi. Fyrra tilvikið var þegar í efh.- og viðskn. var á sínum tíma neitað að kalla á stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og það var ekki fyrr en eftir ítrekuð tilmæli og eftir að ég hafði tekið málið hér sérstaklega upp að farið var í það að kalla á stjórn Framkvæmdasjóðs og þær upplýsingar sem hún veitti hafa síðan orðið til þess að þingmenn hafa talið sig þurfa nánari umþóttunartíma áður en þeir tækju endanlega afstöðu til málsins. Ef fulltrúar ríkisstjórnarinn-

ar hefðu ekki neitað því í desember að kalla á stjórn Framkvæmdasjóðs gæti vel verið að það frv. væri þegar orðið að lögum.

Eins upplýsir hv. þm. Finnur Ingólfsson það að neitað hafi verið í heilbr.- og trn. að kalla á tryggingayfirlækni til að veita þessar upplýsingar. Það er auðvitað eðli nefndarstarfanna að það sé vettvangur til að greiða úr óvissu, ekki þingsalurinn. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. Það höfum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar sagt hvað eftir annað í allan vetur. En það eru þau vinnubrögð sem ríkisstjórnarliðið hefur í mörgum tilvikum en alls ekki öllum tileinkað sér í nefndunum, að neita upplýsingum, neita því að stjórnarandstaðan fengi eðlilegan tíma, sem hefur sett þessi mál oft í hnút.

Ég vil þess vegna endurtaka þá ósk, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson setti fram fyrr í dag, að ríkisstjórnarliðið dragi nú þann lærdóm af þessari reynslu að beina þeim tilmælum til fulltrúa sinna sem stýra nefndarstarfinu að þeir hætti að neita sanngjörnum og eðlilegum óskum stjórnarandstöðunnar um að kalla á æðstu embættismenn á viðkomandi sviðum.

Síðan vil ég þakka hæstv. félmrh. fyrir skynsamleg orð hjá henni. Þau hefðu betur komið fram fyrr. Það hefði greitt fyrir gangi mála og sýnir að það eru nú ýmsir í stjórnarliðinu sem hafa reynslu og skilning til að bera til að greiða fyrir umræðum.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu mjög og snúa mér því beint að þeim spurningum sem ég átti eftir að fá svör við hjá hæstv. heilbr.- og trmrh.

Það er þá í fyrsta lagi að ráðherra hefur fullyrt að frá og með 1. febrúar nk. verði hægt að greiða út öllum þeim öryrkjum og ellilífeyrisþegum sem eiga að fá greiðslur í upphafi febrúarmánaðar og þær greiðslur verði þannig framkvæmdar að þá komi þessi tekjutenging til framkvæmda. Það kom fram í umræðunni í dag að til þess að þetta sé hægt þurfa allar upplýsingar um tekjur hvers einstaklings, eða hefðu þurft, að liggja fyrir fyrir 15. janúar. Ef svo er ekki, að hægt sé að undirbúa þær keyrslur sem kallað er fyrir Skýrsluvélar ríkisins, þurfi að grípa til þess sem menn hafa kallað sérstakra greiðslna eða sérstakrar meðhöndlunar á greiðslum sem gætu þá verið 2.800 ellilífeyrisþegar og öryrkjar sem þyrftu að koma til Tryggingastofnunar ríkisins um næstu mánaðamót til að sækja sínar ávísanir. Ráðherra fullyrðir reyndar að þetta verði framkvæmt með þessum hætti og því spyr ég: Getur þessi hópur öryrkja og ellilífeyrisþega ekki örugglega treyst því að svo verði?

Í öðru lagi fullyrti ráðherrann fyrr í kvöld í umræðunni að það yrði gefinn þriggja mánaða frestur gagnvart þeim aðilum sem búa erlendis og hafa tekjur í því landi sem þeir búa, þeim yrði gefinn þriggja mánaða umþóttunartími til að senda inn tekjuvottorð í tryggingarnar. Eftir þessa þrjá mánuði, hafi tekjuvottorð ekki borist, verði ellilífeyrir felldur niður til þessa hóps. Ég spyr hæstv. félmrh.: Á grundvelli hvaða greinar í almannatryggingalögunum ætlar heilbr.- og trmrh. að grípa til þessarar aðgerðar?

Þannig er að hluti ellilífeyrisþega og ellilífeyrir nokkurra ellilífeyrisþega ræðst af því hversu lengi þeir hafa búið í landinu og eru þar af leiðandi margir hverjir með hlutfallslífeyri. Hvernig er meiningin að meðhöndla slíkan lífeyri í þessari tekjutengingu? Við þessu hafa ekki fengist svör þrátt fyrir ítrekaðar óskir.

Ég minntist áðan á að nokkur hópur, sennilega yfir 100 örorkulífeyrisþegar, og margir hverjir þeirra eru með bensínstyrk svokallaðan. Bensínstyrkur er greiddur til allra örorkulífeyrisþega sem þess óska, misjafnlega hár, en er úrskurðaður eftir tekjum og hefur þá verið miðað við 100 þús. kr. markið. Nú, þegar örorkulífeyrisþegar hafa náð þessu 100 þús. kr. marki, hætta þeir samkvæmt skilgreiningunni eins og hún er í frv. að verða örorkulífeyrisþegar. Hvernig á að meðhöndla þennan hóp eftir þessa lagabreytingu eða er hugsunin sú að skerða þessar greiðslur til þessa hóps?

Sama gildir með kaup á hjálpartækjum við fatlaða í bíla. Ég spyr því félmrh. hvort félmrh. viti hvernig hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi hugsað sér að framkvæma þetta atriði.

Það er áætlað að spara 260 millj. kr. með þessari tekjutengingu. Nú þegar er ljóst að ½ hluti þessa sparnaðar er fallinn út. Það stefnir í það að mínu viti að a.m.k. ⅔ muni falla í burtu. En það er líka ljóst að við þessa breytingu mun verða tilhneiging hjá ellilífeyrisþegum að hætta vinnu. Þar af leiðandi mun einhver hópur ellilífeyrisþega koma inn í tryggingarnar á öðrum stað, þ.e. með því að fá greiðslur í gegnum tekjutryggingu, heimilisuppbót eða sérstaka heimilisuppbót. Hafa verið gerðar áætlanir um það og eru þær áætlanir í þessum 260 millj. kr. sparnaði hvaða útgjaldaauka þetta mun hafa í för með sér fyrir tryggingarnar?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara einhverju af þeim spurningum sem hafa verið bornar fram. Reyndar hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. svarað flestum þeim spurningum sem hafa verið bornar fram af hv. þm.

Spurningin er um framkvæmdina núna 1. febrúar. Samkvæmt því sem heilbrrh. upplýsti í dag og hefur þær upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins verði framkvæmdin með eðlilegum hætti 1. febrúar.

Varðandi elli og örorkulífeyrisþega sem eru erlendis kom það fram í svari ráðherra í dag að þeir hefðu minnst þrjá mánuði til að sýna fram á þær tekjur sem þeir hafa og hvort þær þurfi að skerðast.

Varðandi bensínstyrkinn og kaup á hjálpartækjum. Spurningin er um hvort þetta hafi þá áhrif og hvort þetta mundi falla niður hjá þeim öryrkjum sem lenda í skerðingunni. Þetta mun ekki falla niður, hvorki bensínstyrkurinn né hjálpartækin, hjá þessum öryrkjum.

Varðandi tekjurnar og það sem áætlað er að þetta skili, þá er auðvitað ljóst að þegar þetta er framkvæmt mánuði seinna en til stóð verða tekjurnar því minni sem þessum mánuði svarar.

Varðandi það hvort þetta geti orðið til þess að einhverjir elli- eða örorkulífeyrisþegar dragi við sig vinnu liggur það í augum uppi að ég get ekki svarað því frekar en annar. Því verður reynslan að skera úr um.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt ef ég hef misst af þessum svörum hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrr í dag, en ég tel mig hafa setið nokkuð vel í salnum. En ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr svör. Það sem mér fannst kannski skipta mestu er sú yfirlýsing sem hér kom frá hæstv. félmrh., sem ég lít á að hún hafi gefið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að engin breyting verði á bensínstyrknum og hjálpartækjunum fyrir öryrkjana. Þetta finnst mér vera mikilvægasta yfirlýsingin og það var kannski mesta óvissan sem var í kringum þennan þátt. Og ég sé af svörum hæstv. félmrh. að sá ráðherra er mun betur að sér í þessum málaflokki og þekkir þar betur til og er með miklu skýrari svör en hæstv. heilbr.- og trmrh. og sé ég að það hefði mjög greitt fyrir allri umræðu í þinginu ef hæstv. heilbrrh. hefði aldri komið nærri og félmrh. hefði verið látin sjá um málaflokkinn. (**Gripið fram í:** Við gerum það bara framvegis.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það var afar merkileg afhjúpun sem átti sér stað á samskiptum forráðamanna ríkisstjórnarinnar við forsetaembættið. Það sem hefur gerst í dag er að aðalforseti er búin að vera fjarverandi forsetasætið frá því löngu fyrir miðnætti. Formenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna tjáðu mér fyrir nokkru að forseti þingsins Salome Þorkelsdóttir hefði boðað þá til samráðsfundar í herbergi sínu til að ræða framhald mála. Ég tek eftir því að allir formenn þingflokkanna eru fjarverandi nema nú gengur í salinn varaformaður þingflokks Alþb.

Ég hélt satt að segja að það væri þannig að verið væri að leita samkomulags og kom þess vegna fullkomlega á óvart að fjmrh. byrjar að kalla fram úr sæti sínu til forsetaembættisins að nú eigi að taka fyrir næsta mál og síðan stendur fjmrh. á fætur og fer upp í forsetastól og fer að „dirigera" forsetanum um að taka fyrir næsta mál. Ég vil biðja um að þeirri niðurstöðu samninga sem orðið hefur verði lýst áður en hæstv. fjmrh. heldur áfram að stjórna fundi. Vegna þess að ég hef grun um að það hafi kannski náðst samkomulag milli mála sem hæstv. fjmrh. hins vegar er greinilega að hafa að engu með því að fjarstýra forsetaembættinu og ganga síðan beint í forsetastólinn til að segja forsetadæminu fyrir verkum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel, þó það sé ekki nema þingtíðindanna vegna, rétt að það komi fram að hér hefur forseti að sjálfsögðu stjórnað fundinum, en ég eins og allir aðrir hlýt að hafa þann rétt að mega rifja upp með forseta hvar við vorum staddir í Dósa eins og kallað var og minna á að 3. umr. lánsfjárlaga er eftir og þar er enginn á mælendaskrá. Það var allt mitt framlag og ég vonast til þess að ég hafi ekki drýgt stóra synd með því að vera forseta innan handar við þá upprifjun.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna þeirra umræðna sem fóru fram er rétt að geta þess að að sjálfsögðu hafa farið fram umræður og hefur verið leitað samkomulags. Forsetar unnu að þinghaldi eftir dagskrá eins og gert var ráð fyrir, en nú hefur náðst samkomulag um þinghaldið og er það samkomulag á þann veg að við ljúkum þingfundi og atkvæðagreiðsla um bandorminn fari fram klukkan 11 fyrir hádegi á morgun. Umræðum og atkvæðagreiðslum um lánsfjárlög og Framkvæmdasjóð lýkur um klukkan eitt.

Í ljósi þessa samkomulags ljúkum við þingfundi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

74. FUNDUR

fimmtudaginn 23. jan.,
kl. 11 árdegis.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 167. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 400, brtt. 402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 402,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS.

18 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GAK, GunnS, HÁ, JÁ, JGS, JónS, JVK, KÁ, LMR, MF, RA, SighB, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða tillögu sem gerir ráð fyrir að skerða fjárhag Kvikmyndasjóðs á árinu 1992 um 14 millj. kr., en það eru fjármunir sem nota á til að standa að svokölluðu norrænu kvikmyndaverkefni. Með þessari skerðingu er útlánageta Kvikmyndasjóðs minni en hún hefur nokkurn tíma áður verið í rauntölum. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki treyst sér til að koma til móts við áskoranir um að hækka framlagið til sjóðsins á móti skerðingunni vegna hins samnorræna kvikmyndaverkefnis.

Ég tel út af fyrir sig óhjákvæmilegt að standa við þau loforð sem gefin hafa verið í sambandi við norræna kvikmyndaverkefnið. Ég treysti mér hins vegar ekki til að greiða atkvæði með þessari brtt. og mun því sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu, virðulegi forseti.

Brtt. 402,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, IBA, IP*, JóhS, JBH, KSG, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS.

15 þm. (AÓB, GÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KHG, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GAK, GunnS, HÁ, JÁ, JGS, JónS, JVK, KÁ, LMR, MF, RA, SighB, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv., svo breytt, samþ. með 28:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, SalÞ.

nei: GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KHG, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, MF.

15 þm. (EgJ, FI, GunnS, HÁ, JÁ, JGS, JónS, JVK, KÁ, LMR, GAK, SighB, StH, ÞorstP, ÁJ) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hér sé fleiri vondum málum hnoðað saman í einu frv. en nokkru sinni fyrr í sögu Alþingis. Ég segi nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. er um að ræða ýmsar grundvallarbreytingar í löggjöf og íslensku samfélagi og nefni ég t.d. löggjöf um ríkisábyrgð á launum og tekjutengingu ellilífeyris. Ég segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í gærkvöld var haldinn á Akureyri einhver fjölmennasti fundur sem þar hefur verið um langt árabil þar sem launafólk krafðist þess að meginatriði þessa frv. yrðu dregin til baka ef hægt á að vera að ganga til eðlilegra kjarasamninga. Í gær gerðist það einnig að forusta Verkamannasambands Íslands samþykkti formlega að ríkisstjórnin drægi til baka öll meginefnisatriði þessa frv. ef eðlilegar viðræður um nýja kjarasamninga gætu hafist.

Það er alveg ljóst að það frv. sem hér á að samþykkja er mesti friðarspillir í okkar þjóðfélagi sem fram hefur komið á síðari tímum. Hreyfing launafólks krefst þess að frv. sé breytt. Almenningur í landinu er hneykslaður á þeim siðferðisgrundvelli sem frv. er byggt á. Það væri skynsamlegast fyrir hæstv. ríkisstjórn að draga frv. til baka og ganga með heilum huga til viðræðna við samtök launafólks. Við vildum stuðla að því að slíkt gæti gerst, erum á móti þessu frv. og segjum nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Með samþykkt frv. er þjóðarsáttin rofin. Mér er ljóst að það er mikið verk að vinna í ráðuneytum á næstunni að framkvæma þann samtíning á skerðingum sem hér er um að ræða en hugsanlegt að verkið verði boðið út og Sameinaðir verktakar sjái um framkvæmdina. Ég óska ríkisstjórninni til hamingju með að fréttaflutningur af Sameinuðum verktökum og aðgerðum hennar munu birtast í blöðunum á næstunni. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er ríkisstjórnin að láta lögfesta frv. sitt um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þessi lagasetning er ótrúlega slysaleg og mun verða til óheilla í þjóðfélaginu. Undirbúningur málsins hjá stjórnarliðinu hefur verið með endemum. Við stjórnarandstæðingar höfum bent á ótal villur og mistök í frv. og gert rækilega grein fyrir afleitum áhrifum málsins á flesta sem það snertir. Stjórnarandstöðunni hefur með málefnalegri baráttu tekist að knýja fram lagfæringar á nokkrum atriðum frv. Þrátt fyrir það er hér um mjög rangláta lagasetningu að ræða. Við framsóknarmenn erum henni mjög andvígir. Ég segi nei.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. sínu gengur núv. ríkisstjórn ótrúlega vasklega fram að brjóta niður það velferðarþjóðfélag sem hér hefur verið byggt upp. Því segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Allt hefur sinn tíma og einnig það að vegferð þessa óhappamáls í gegnum þingið ljúki, a.m.k. um sinn. Að vísu standa vonir margra aðila til þess að efni frv., ef að lögum verður, fái ekki að standa lengi. Það er samdóma álit manna að hér séu á ferðinni í fyrsta lagi einhver verstu vinnubrögð sem sést hafa í háa herrans tíð hvað lagasetningarundirbúning snertir, en því miður á það einnig við hér að þrátt fyrir ófrýnilegt útlit er innrætið samt enn verra. Það er innihald þessa máls sem að sjálfsögðu er verst. Hér er í flestum tilvikum þar sem um íþyngjandi aðgerðir er að ræða ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, skertar tekjur aðila sem standa veikar að vígi í lífsbaráttu sinni á sama tíma sem ekki er hróflað við hátekjufólki landsins og eigna- og fjármagnsstéttinni.

Við lokameðferð þessa máls hér á þingi vil ég í fyrsta lagi mótmæla þessum vinnubrögðum, ég vil í öðru lagi mótmæla þeirri framkomu sem fjölmörgum aðilum hefur verið sýnd við alla meðferð málsins og í þriðja lagi sérstaklega mótmæla innihaldinu sem boðar afturför á fjölmörgum sviðum. Þetta er ójafnaðarfrv. sem ber núverandi stjórnarstefnu ójafnaðar og ranglætis alveg óhrekjandi vitni. En því miður er það

svo, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan, aðilar vinnumarkaðarins og þjóðin situr uppi með þessa ríkisstjórn sem vitinu verður greinilega ekki komið fyrir. Og þó svo það sé óhrekjandi að lögfesting þessa máls spilli stórlega fyrir líkum á kjarasamningum og farsælum tökum við stjórn þjóðmála hér á næstu mánuðum er ríkisstjórnin svo heillum horfin að hún er að knýja þetta mál í gegn. En það verður að vera upp á hennar ábyrgð og ég tel að stjórnarandstaðan hér á Alþingi hafi gert það sem í hennar valdi hafi staðið innan ramma þingræðisins til að afstýra þessu slysi. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Með samþykkt frv. er gerð atlaga að skólakerfi landsins, börnum landsins og kjörum þeirra og þar með framtíð þjóðarinnar með því að skera niður framlög til skólanna um 450 millj. á sama tíma og gæðingarnir fá 900 millj. Með samþykkt þessa frv. er verið að skera niður elli- og örorkulífeyri um 260 millj. kr. á sama tíma og gæðingarnir fá 900 millj. Með samþykkt þessa frv. er verið að fella niður lífeyrisrétt sjómanna milli 60–67 ára aldurs á sama tíma og gæðingarnir fá 900 millj. Með samþykkt þessa frv. er verið að segja í sundur friðinn í þessu þjóðfélagi. Og það getur vel verið að niðurstaðan verði sú að þetta frv. verði að lögum. Það verður þá löglegt en siðlaust. Ég segi nei, forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Samþykkt á þessu frv. er vont verk. Hér er skólastarfi stefnt í voða og það bitnar fyrst og fremst á börnum þessa lands og framtíð þessa lands. Það er verið að skattleggja sérstaklega ellilífeyrisþega. Þarna er jafnframt á ferðinni fáheyrð forræðishyggja ríkisins með því að setja tilsjónarmenn í fyrirtæki ríkisins og ríkið hefur ákveðið að leggja auknar byrðar einhliða á sveitarfélög. Vinnubrögð eru til vansa og kjarasamningar í uppnámi. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Lánsfjárlög 1992, 3. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 398, brtt. 382 og 401.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 401 við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

1. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (6. gr.)

5. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum, orðast svo:

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992. — Þarna var dagsetningin 31. des. og verið er að gefa Fiskveiðasjóði svigrúm með þessari breytingu.

b. (7. gr.)

Heimilt er að afnema ábyrgð ríkissjóðs á nýjum skuldbindingum sem Iðnþróunarsjóður stofnar til eftir gildistöku laga þessara, enda sé leitað eftir staðfestingu ríkisstjórnar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðeigandi breytingu á samningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, með síðari breytingum. — Þarna var dagsetning einnig 31. des.

2. Við 6. gr. (er verður 8. gr.) Greinin orðist svo:

Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2.–4. tölul. 4. gr. og í 5. gr. og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

Erlendar lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. og ríkissjóðs mega nema allt að 8.581 millj. kr. á árinu 1992.

Frá hámarki því er um getur í 2. mgr. má víkja svo fremi að nettó innstreymi erlends lánsfjár sé í samræmi við forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga. — Þarna er síðasta grein brtt. ný, en að öðru leyti er verið að sameina tvær brtt. varðandi hámark á erlendum lántökum.

3. Við 7. gr. Greinin falli brott, enda eru efnisatriði hennar komin inn í lið 2 í brtt.

Í greinargerðinni segir að gerð sé grein fyrir þeim brtt., sem hér er lagt til að verði samþykktar, í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 245.

Auk þess er lagt til að eftir 1. mars 1992 beri ríkissjóður ekki ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til. Þessi breyting hefur engin áhrif á eldri skuldbindingar sjóðsins sem ríkissjóður kann að ábyrgjast.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni síðasta frv. hjá hæstv. ríkisstjórn sem er nú 23. jan. loksins komið til 3. umr. sem tengist beint afgreiðslu fjárlaganna og er hluti af fjármálaafgreiðslu og fjármálastefnu hæstv. ríkisstjórnar, þeirrar sem hún hugðist knýja fram til afgreiðslu í desembermánuði sl. Ég hygg að það sé fremur óvenjulegt að sú staða blasi við mönnum að óvissa í efnahagsmálum, ríkisfjármálum og kjaramálum aukist við afgreiðslu fjárlaga og tengdra frumvarpa, en þau furðulegu tíðindi eru nú engu að síður að gerast þessa dagana að með því sem hæstv. ríkisstjórn er að knýja fram stefnu sína ef stefnu skyldi kalla varðandi fjárlög, efnahagsráðstafanir eða ráðstafanir í ríkisfjármálum og svo lánsfjáráætlun, þá er það svo að upplausnin vex í efnahagsmálum með afgreiðslu þessara mála. Óróleikinn fer vaxandi frekar en minnkandi á vinnumarkaði. Sérstaklega á það við um alla opinbera starfsmenn og ýmsar þær ráðstafanir sem í fjárlögunum og hinum sérstöku ráðstöfunum sem hér voru afgreiddar áðan illu heilli felst og hefur þannig áhrif í reynd að það spillir fyrir og eykur á óvissu í þessum efnum.

Þetta hygg ég að sé nánast Íslandsmet, hæstv. forseti, og merkilegt í reynd að ríkisstjórninni skuli lánast þetta svo illa að ekki einu sinni afgreiðsla fjárlaga og tengdra frumvarpa komi a.m.k. einhverri ró á varðandi eitthvert svið þjóðlífsins eða efnahagsmálanna. En það er ekki svo. Óvissan um opinberan rekstur á þessu nýbyrjaða ári hefur aldrei verið meiri en einmitt núna rétt eftir að fjárlögin hafa verið afgreidd. Það lýtur m.a. að því að það er allt út og suður varðandi framkvæmd hinna sérstöku ráðstafana og hins sérstaka niðurskurðar þannig að með ólíkindum er. Og sama á við um peningamarkaðinn, um vaxtastigið og síðast en ekki síst um ástandið á vinnumarkaðnum þar sem fyrir liggja yfirlýsingar allra helstu talsmanna samtaka launafólks um að afgreiðsla þessara frumvarpa ríkisstjórnarinnar torveldi í staðinn fyrir að auðvelda gerð kjarasamninga. Það var samdóma álit aðila vinnumarkaðarins þegar þeir komu til funda við efh.- og viðskn. þingsins að fjölmörg ákvæði, bæði í fjárlögunum sjálfum, í hinum sérstöku ráðstöfunum og sem með vissum hætti koma inn í frv. til lánsfjárlaga, spilltu stórlega líkunum á því að farsælir kjarasamningar gætu tekist.

Á vegum Alþýðusambands Íslands hefur verið reiknað út að í hinum margvíslegu skattahækkunum ríkisstjórnarinnar á sérstaka hópa eins og barnafjölskyldur, sjómenn og fleiri og gjaldtöku ýmiss konar, t.d. í heilbrigðiskerfinu, felist 2% kjaraskerðing fyrir almenna launamenn í landinu — og leiði menn nú augnablik hugann að því hversu vænlegt er til árangurs og líklegt til að auka frið á vinnumarkaði að leggja það nesti á borðið áður en eða vonandi rétt áður en viðræður hefjast um gerð almennra kjarasamninga að skerða kjör launafólks um 2% alveg aukalega og sérstaklega með þessum hætti. Og gera menn sér virkilega vonir um að baráttuþrek launafólks í landinu sé svo lítið að það láti sér þetta lynda þegjandi og hljóðalaust? Nei, auðvitað hlýtur það að verða nánast forsenda þess og krafa fyrir því að menn geti yfir höfuð sest niður til viðræðna að menn geri það a.m.k. á hreinu borði hvað þetta snertir. Þess vegna blasir við að e.t.v. verður það eitt af fyrstu verkum aðila vinnumarkaðarins áður en þeir geta í reynd hafið samningaviðræður, ef þá tekst að koma þeim í gang, að senda hæstv. ríkisstjórn þau skilaboð að þessu verði öllu að kippa til baka. Það sé óhjákvæmilegt. Það sé ekki hægt að byrja með 2% kjaraskerðingu í forgjöf í samningunum til viðbótar ýmsu öðru óréttlæti sem hér er verið að innleiða og skerta réttarstöðu launafólks t.d. í því tilviki að fólk missi vinnu sína vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Eitt er það að menn gætu haft trú á að við þessar aðstæður væru menn ekki með mjög miklar kröfur uppi um beinar launahækkanir í prósentum talið. Um það ætla ég ekki að dæma eða fjölyrða. En hitt hlýtur öllum að vera ljóst að enn síður við þær aðstæður að kaupmáttur hefur verið að skerðast undanfarna mánuði, að atvinnuástandið er ótryggt, að þeim fjölgar fyrirtækjunum sem verða gjaldþrota, er mögulegt fyrir verkalýðshreyfinguna að setjast niður til samningaviðræðna með margs konar réttindaskerðingu og 2% kaupmáttarskerðingu í öfuga forgjöf. Það er bara ekki þannig að það geti gerst, hæstv. forseti, — og hvernig er það þá með hæstv. forsrh. sem landið hefur um þessar mundir og hæstv. fjmrh.? Væri hugsanlegt að þeir tylldu í þingsalnum á meðan verið er að ræða þetta mál?

Ég vil alveg sérstaklega, herra forseti, undirstrika við lokaumræðu þessa síðasta frv. hæstv. ríkisstjórnar sem tengist fjárlögum og ríkisfjármálum núna við áramótin undirstrika hið mikla óvissuástand og upplausnarástand sem ríkisstjórninni hefur síður en svo tekist að eyða með málatilbúnaði sínum á Alþingi. Þvert á móti er margt á ferðinni sem stórlega torveldar þau mál. Það er nöturlegt að aðilar vinnumarkaðarins og þjóðin skuli á þessum tímum sitja uppi með svona ríkisstjórn sem í staðinn fyrir að vera búin að vinna að því síðan á miðju sumri að reyna að ná breiðri samstöðu um kjaramál áfram í anda þjóðarsáttar hefur ekkert gert sem jákvætt getur talist í þeim efnum, ekki einu sinni virt þessa menn viðlits, ekki talað við þá, ekki nennt að halda fundi með aðilum vinnumarkaðarins, gefið samninganefnd sinni þau fyrirmæli að tala ekki við opinbera starfsmenn nema senda þeim helst bréf um margs konar réttindamissi og kjaraskerðingu svona sem tilboð, jólaföstutilboð. En svo bætir ríkisstjórnin gráu ofan á svart og kórónar frammistöðu sína í þessum efnum með því að standa að afgreiðslu mála á þingi sem er yfirlýst að leggja stein í götu mögulegra viðræðna um gerð kjarasamninga. Það er algerlega yfirlýst að þessar álögur á launamenn, réttindaskerðingar, t.d. varðandi ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og álögur á atvinnulífið eða vinnumarkaðinn í því sambandi sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur harðlega mótmælt, allt þetta torveldar mjög þessum aðilum að setjast saman niður til innbyrðis viðræðna og gefur ekki miklar vonir um að jákvætt andrúmsloft geti ríkt frá upphafi slíkra viðræðna í garð ríkisvaldsins og þátttöku þess í einhverri víðtækri þjóðarsátt um kaup og kjör á næstu mánuðum. Þetta er með hreinum ólíkindum. Það er með hreinum ólíkindum, hv. alþm., vegna þess að saga undanfarinna áratuga segir okkur að flestar ríkisstjórnir, hvort sem þær hafa verið til hægri eða vinstri í íslenskum stjórnmálum, hafa þó borið gæfu til að meta og viðurkenna gildi þess og þýðingu að vel takist til í samningum um kaup og kjör. Og ríkisstjórnir jafnt til vinstri sem hægri á undanförnum áratugum hafa yfirleitt verið tilbúnar til þess og velviljaðar því að leggja sitt af mörkum gagnvart því að slíkir samningar gætu náðst. Það var að vísu a.m.k. á hluta viðreisnartímans að sögn meiri harka í samskiptum ríkisstjórnar við aðila vinnumarkaðarins og sérstaklega verkalýðshreyfinguna en síðan þá hefur verið og er þetta þá til marks um að þessi nýja Viðeyjarviðreisn ætli einnig að þessu leyti að hverfa aftur í tímann. Ýmis ummæli sem hafa fallið benda reyndar til þess svo sem eins og frá hæstv. fjmrh. sem í ræðu hér, að mig minnir rétt eftir áramótin, taldi að menn þyrftu að átta sig á þeim grundvallarmun að þingmenn stjórnarliðsins væru kjörnir og þeir yrðu bara að gera það sem

þeim sýndist í þinginu og það yrði að hafa sinn gang og þyrfti ekki mikið að taka tillit til þess sem væri á dagskrá annars staðar úti í þjóðfélaginu.

Þetta voru ákaflega óskynsamleg ummæli hjá hæstv. fjmrh. Vonandi hafa þau verið mælt í hugsunarleysi og bera ekki vott um að alvarlegustu áhyggjur manna um þessar mundir séu á rökum reistar gagnvart því að ekki bara sé ríkisstjórnin viljalaus og ólánssöm í verkum sínum gagnvart þessum hlutum heldur að verra gæti legið þar á bak við, sem sagt beinhörð afstaða ríkisstjórnar sem fæli þá í sér thatcherísk viðhorf eða viðhorf sem ríktu að hluta til á tíma hinnar gömlu ósælu viðreisnar að beita fullri hörku í samskiptum við samtök launafólks og aðila vinnumarkaðarins.

Herra forseti. Þetta liggur allt saman fyrir hér og það er m.a. með vísan til þessarar óvissu og þessarar stöðu gagnvart kjarasamningum sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til að þessu máli yrði frestað, það væri ótímabært að ljúka þeirri vinnu sem tengist fjárlögum og ríkisfjármálum með afgreiðslu lánsfjárlaga enn sem komið er. Og það er merkilegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa velt þeim möguleika fyrir sér að láta þetta mál bíða í þinginu.

Nú er það svo að oft og iðulega hafa lánsfjárlög ekki verið afgreidd fyrr en á útmánuðum. Það er e.t.v. ekki til sérstakrar fyrirmyndar og eftirbreytni, en hefur þó ekki valdið neinum stórfelldum vandkvæðum við stjórn mála. Yfirleitt hefur það ekki gert það, hæstv. forsrh., að menn telja, enda mögulegt að leysa slík mál tímabundið með margvíslegum hætti. En kosturinn fyrir hæstv. ríkisstjórn, ef hún hefði hugleitt að skilja þetta mál eftir í þinginu opið a.m.k. fram í febrúarmánuð, hefði verið sá að ríkisstjórnin hefði átt þar útleið og möguleika á að taka í gegnum lánsfjárlögin við endanlega afgreiðslu þeirra, t.d. eftir að kjarasamningar væru komnir á dagskrá, ég segi nú ekki komnir vel áleiðis eða á lokastig, taka þá í gegn með afgreiðslu lánsfjárlaganna að lokum ýmsar þær ráðstafanir sem skynsamlegt hefði reynst og nauðsynlegt að gera til að innsigla einhverja kjarasamninga.

Nei, ríkisstjórnin velur ekki þennan kost og var hann henni þó tiltölulega auðveldur og ekki hefði neinn héraðsbrestur orðið þó að hæstv. ríkisstjórn hefði haft vaðið fyrir neðan sig og beðið með afgreiðslu lánsfjárlaga af þessum sökum. En einnig í þessu efni er hæstv. ríkisstjórn heillum horfin og sér ekki hvað henni sjálfri ætti að vera fyrir bestu í þessu efni sem auðvitað hefði verið að eiga þarna áfram opna möguleika á að leggja eitthvað af mörkum í þessum efnum. Eða er það virkilega svo að það sé komin til valda á Íslandi ríkisstjórn sem skortir þennan skilning á þýðingu þess að vel takist til í samningum aðila vinnumarkaðarins? Er það kannski afstaða hæstv. ríkisstjórnar að það skipti engu máli? Manni finnst það stundum þegar hinar endalausu ræður eru haldnar hér um t.d. úrslitaþýðingu þess að hallinn á fjárlögum sé nákvæmlega 3,5 milljarðar eða 4 milljarðar en alls ekki 5 eða 2. Stundum tala hæstv. ráðherrar, sérstaklega fjmrh., eins og það sé algert úrslitaatriði og allt standi og falli með því. En á sama tíma virðast þeir ekki hafa ýkjamiklar áhyggjur af þeirri einu stóru breytu sem stendur langt upp úr öllu öðru í íslenskum þjóðarbúskap eins og yfirleitt annars staðar þar sem er ákvörðun launasummunnar í þjóðfélaginu sem er langstærsta einstaka breytan sem úrslitum ræður í okkar efnahagsmálum, líklega um 70% af þjóðarveltunni sem þar er á einu bretti afgreidd með tilteknum hætti ef tekin er heildarvelta launasummunnar sem hlutfall af okkar þjóðarbúskap. Jafnvel fjárlögin upp á sína rúma 100 milljarða eru lítil í samanburði við launasummuna í heild sinni í þjóðfélaginu. Þess vegna er það svo að flestir hafa borið gæfu til að átta sig á því hversu geysilega afdrifarík málin í samningum aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör eru nema þessi ríkisstjórn virðir að vettugi afstöðu Alþýðusambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og fjölmargra fleiri samtaka sem lagst hafa eindregið gegn því, beðið um það, mælst til þess með ýmsum hætti að ákveðin atriði sem lúta að afgreiðslu fjárlaga og ríkisfjármála á þessum tímamótum yrðu ekki látin ganga fram. Ég held að það hljóti að vera hæstv. forsrh., sem er nýr í starfi sínu, umhugsunarefni, a.m.k. í einrúmi, ef hann á einhverjar stundir einn með sjálfum sér, hæstv. forsrh., — þær eru sjálfsagt fáar eins og hjá okkur fleirum þessa dagana — hvort hann sé kannski kominn þarna út á dálítið þunnan ís.

Herra forseti. Það hefur talsvert verið rætt í tengslum við frv. til lánsfjárlaga eins og eðlilegt er um vexti. Þar er á ferðinni ein ákaflega afdrifarík stærð í þjóðfélaginu þar sem eru vextirnir eða vaxtastigið. Það liggur fyrir að sú raunvaxtahækkun sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir á sl. vori hefur fært til í þjóðfélaginu 3–5 milljarða kr. síðan í maí sl. Á ársgrundvelli má áætla að um 4–7 milljarðar kr. færist til bara vegna vaxtahækkunarinnar frá skuldsettu atvinnulífi og skuldsettum heimilum í landinu yfir til fjármagnseigendanna, m.a. til eigenda Sameinaðra verktaka sem voru að borga sér svolitla skamdegisuppbót á launin í gær eða fyrradag, litlar 900 millj. kr. skattfrjálsar. Það er m.a. til þessa hóps eignamanna og forréttindastéttarinnar í landinu sem vaxtahækkunin frá sl. vori hefur fært gífurlegar fjárhæðir — frá hverjum? Frá skuldsettum atvinnuvegum, sjávarútveginum t.d. þar sem tvíhöfða nefndin er núna að skoða um 70 milljarða skuldir sjávarútvegsins ef ég man rétt eða 100 milljarða og velta því fyrir sér hvort þessi burðarás íslenskrar útflutningsstarfsemi geti yfir höfuð nokkurn tíma endurgreitt þessar skuldir, a.m.k. miðað við núverandi rekstrarumhverfi. Það er m.a. frá sjávarútveginum, sem skuldar þessa 100 milljarða, sem peningar hafa verið færðir í vasann á liðinu sem stendur að Sameinuðum verktökum með sérstakri vaxtahækkun ríkisstjórnarinnar og frá skuldugum einstaklingum og fjölskyldum í landinu, ekki síst þeim sem ráðist hafa í að koma sér þaki yfir höfuðið á undanförnum árum og bera þungar byrðar af verðtryggðum lánum og okurvöxtum í því sambandi. En einnig í þessu efni, hvað vaxtamálin varðar, er ríkisstjórnin gersamlega heillum horfin. Þar situr allt fast og hæstv. fjmrh. heldur vöxtunum á rík-

isskuldabréfunum föstum í um 8% raunvöxtum og fyrir liggja yfirlýsingar frá bankakerfinu um að meðan svo er gerist ekki neitt. Þá standi um 10% raunávöxtun verðtryggðra lána og 16–18% raunávöxtun skuldabréfa föst. Það er þannig að þeir sem eru að taka lán hjá t.d. Íslandsbanka þessa dagana og eru með svo veikan fjárhag sem einstaklingar eða fyrirtæki að lenda niðri í lánsflokki C borga 18% raunvexti, hæstv. fjmrh., af slíkum lántökum. Einnig hér liggur það fyrir að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins eru algerlega sammála um að það sé ógerlegt og óhugsandi að nokkur sátt geti tekist á vinnumarkaði að óbreyttu vaxtastigi. Það er alveg sama hvor kemur í sjónvarpið eða útvarpið, Einar Oddur, Þórarinn V., Ásmundur Stefánsson, Björn Grétar eða Ögmundur, þeir eru allir hjartanlega sammála um að í öllu falli geti þetta ekki gengið svona. Vextirnir verði að lækka. En hvað hefur gerst? Hefur ríkisstjórninni orðið eitthvað ágengt í þessum efnum? Svarið er nei. Þvert á móti situr allt fast og hið háa raunvaxtastig, okurvextirnir, eru frosnir fastir m.a. vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki getað bakkað út úr ógöngunum sem hún kom sjálfri sér í með vaxtahækkuninni í maí sl.

Enn eru það svo að lokum, hæstv. forseti, nokkur orð um forsendur þessa alls, þ.e. þær forsendur og þá þjóðhagsspá og horfurnar sem fjárlögin, lánsfjárlögin, ráðstafanirnar og allt þetta „gúmmolaði" á nú að byggja á. Þrisvar til fjórum sinnum hefur þurft að taka þá hluti upp og endurskoða á þessu hausti og þessum vetri og enn er það svo að nú í janúarmánuði eru þessar aðstæður sjáanlega að breytast nokkuð og sem betur fer í þetta sinn að flestu leyti til jákvæðrar áttar að ég tel, þ.e. það liggur fyrir að sjávarafli verður að líkindum meiri á þessu ári en menn höfðu áður spáð, bæði loðnuveiði og rækjuveiði, og e.t.v. lítur ástandið heldur betur út með verðmæti þess sjávarafla en menn höfðu áður ástæðu til að ætla. Olíuverð er á niðurleið og það þýðir bætt viðskiptakjör auk þess sem þau eru að öðru leyti tiltölulega hagstæð. Og það var svo broslegt sem það nú er að einmitt núna í morgun komu í blöðunum upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun að það væri ástæða til að fara enn einu sinni yfir þjóðhagsforsendurnar því að þær væru greinilega að breytast. Guð láti gott á vita að þetta gangi nú eftir og menn geti með hækkandi sól farið að rífa sig upp úr svartsýniskastinu sem hæstv. ríkisstjórn hefur komið mönnum í á þessu hausti og haft alveg sérstaka forgöngu um það, alveg frá miðju sumri reyndar þegar hæstv. forsrh. upphóf sína svartagallsraust um fortíðarvandann og hinar dökku kringumstæður allar.

Þegar ríkisstjórnin lagði fram efnahagsstefnu sína og þjóðhagsáætlun birtist á öndverðu hausti voru sérstaklega dregin fram tvö stór mál sem væru fánarnir í þessu fylkingarbrjósti ríkisstjórnarinnar hvað efnahags- og atvinnumál snertir á komandi mánuðum og missirum. Það var bygging álvers og það voru samningar um Evrópskt efnahagssvæði. Hvort tveggja í senn voru af talsmönnum ríkisstjórnarinnar talin vera mikil stórmál og úrslitamál um velgengni íslensks atvinnulífs og efnahagslífs á næstu mánuðum og árum. Og frv. sem við erum að ræða í dag er enn þannig úr garði gert, þ.e. frv. sjálft, upphaflega þingskjalið, að í 4. gr. þess 1. tölul. stendur að Landsvirkjun eigi að taka að láni 6.650 millj. kr. á næsta ári, þ.e. því ári sem nú er í garð gengið, og meira að segja á aumingja Vatnsleysustrandarhreppur að taka að láni 500 millj. kr. til hafnarframkvæmda á þessu ári. Það mun að vísu hafa fallið út við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr., en eftir sem áður er mönnum stundum frv. í hendi eins og það var lagt fram hérna í byrjun, hv. þm., (Gripið fram í.) og þar standa þessi ósköp. Nú verður ekkert álver byggt og eins og segir í ágætri vísu sem var kveðin hér á Alþingi: Álver sem enginn byggir/er ekki mikils virði. Það er svo.

Þegar það var ljóst með álverið að ekkert yrði úr því og allar hinar fjölmörgu skrautsýningar og undirskriftir hæstv. iðnrh. höfðu verið til einskis og sennilega, eins og við vöruðum hann við, jafnvel spillt fyrir málinu barnalegir tilburðir til að knýja fram gagnslausar og einskis nýtar undirskriftir um álver sem aldrei verður byggt, hvað gerðu talsmenn ríkisstjórnarinnar þá? Mér er það mjög vel í fersku minni. Þeir hörfuðu í síðasta vígið sem eftir var, EES. EES er það, lausnarorðið í þrengingum íslenskra atvinnuvega og íslensks efnahagslífs. Það verður EES sem bjargar þessu þrátt fyrir allt, þó að ekkert álver komi. En svo er þetta vígi fallið. Og það var hæstv. forsrh. sjálfur sem gaf því þá miklu einkunn að það þyrfti kraftaverk að gerast til þess að Evrópusamningarnir næðust og hinn sleipi stjórnmálamaður Uffe Elleman Jensen sagði: „Ja, men jeg tror på mirakel" og leysti vandann þannig snilldarlega og gætu íslenskir stjórnmálamenn greinilega lært ýmislegt af þessum Dana í þrengingum, í kastþröng í viðskiptum við fréttamenn. „Ja, men jeg tror på mirakel", sagði Elleman og þar með var það leyst. En forsrh. sló þetta af með þessum afdráttarlausa hætti.

Þetta var svipuð líking og þegar knattspyrnulið okkar Norðlendinga, IBA, var einu sinni í ákaflega erfiðri stöðu í 1. deild, hafði fengið eitt stig þegar tveir leikir voru eftir í mótinu og fréttamaður spurði þjálfarann: En er ekki nokkurn veginn öruggt að liðið falli? Og þjálfarinn sagði: Ja, það eru svona svipaðar líkur fyrir okkur að halda okkur í deildinni og fyrir mann sem dettur út úr flugvél á miðju Atlantshafinu. Og þetta reyndust orð að sönnu. Það voru ekki miklar líkur og liðið féll. Ég held að það megi orða þetta eitthvað svipað með EES. Kraftaverkið er um það bil svo stórt sem þyrfti að gerast eins og maður sem vaknar allt í einu upp úti á miðju Atlantshafi og hefði ekkert nema hendurnar til að komast til lands.

Og þar með er þetta vígi einnig fallið og þess vegna er óhjákvæmilegt að draga upp þessa mynd og spyrja hæstv. ríkisstjórn að því: Hvað er það þá sem hæstv. ríkisstjórn hefur til málanna að leggja í þessum efnum, þegar þessi tvö stóru mál sem voru af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar sjálfrar útlistuð sem sérstakar undirstöður efnahags- og atvinnustefnunnar á komandi mánuðum eru hér að engu orðin? Og þær breytingar hafa verið gerðar á frv. að í staðinn fyrir að

Landsvirkjun taki í lán til framkvæmda innan lands á þessu ári hátt á 700. millj. kr. framkvæmdir hún fyrir nokkur hundruð millj. kr., að mestu leyti fyrir eigið aflafé. Hefur að vísu lántökuheimildir upp á um 800 millj. sem fyrst og fremst eru lántökuheimildir, að ég skil það, til að koma á móti afborgunargreiðslum hennar og framkvæmd að lokum í Blöndu og slíkum hlutum. Og ég held að það séu ekki miklar líkur á að Vatnsleysustrandarhreppur standi í hafnarframkvæmdum upp á 500 millj. fyrir eigið aflafé úr því að hann hefur ekki lengur þá lántökuheimild sem var á ferðinni.

Þetta er, hæstv. forseti, mikið umhugsunarefni við lokaafgreiðslu lánsfjárlaga, hvernig hornsteinar efnahags- og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar, þeir litlu sem fyrirfundust og voru af hennar hálfu tíundaðir í haust, eru nú í burtu teknir og húsið hlýtur því að standa harla veikt og því hlýtur að vera fokgjarnt, þessu hátimbraða húsi, atvinnustefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Það er mér mikið áhyggjuefni og mikið umhugsunarmál vegna þess að ég er sannfærður um að ef það er eitthvað sem við Íslendingar þurfum á að halda til að rífa okkur upp úr doðanum fyrir utan að skipta um ríkisstjórn er það að reyna að blása nýju lífi í og hleypa þrótti í atvinnustarfsemina og nýsköpun og uppbyggingu á því sviði. Það er algerlega lífsnauðsynlegt, hæstv. forseti. Og einhver mýraljós eins og EES eða álver sem aldrei rísa gera ekkert annað en þvælast fyrir okkur í þeim efnum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar og er ekki einn um það að telja að málflutningur ríkisstjórnarinnar og sérstaklega hæstv. utanrrh. um að EES gæti orðið það bjargráð sem þá var rætt um hafi verið út í hött. Þar var með engum sannfærandi rökum sýnt fram á hvernig þessir samningar ættu að koma okkur í einhverjum veigamiklum atriðum til góðs, a.m.k. í framtíðinni sem nær okkur liggur. En hvað sem því nú líður og hvort sem tiltrú manna á því að samningar um Evrópskt efnahagssvæði hefðu til viðbótar álverinu getað orðið einhver lyftistöng eða ekki liggur hitt ósköp einfaldlega fyrir að þetta er nú hvort tveggja fallið. Og þess vegna er, hæstv. forseti, verið að afgreiða frv. til lánsfjárlaga á brostnum forsendum og úreltum og við þær átakanlegu aðstæður að hæstv. ríkisstjórn hefur enga atvinnustefnu og enga efnahagsstefnu fram að færa þjóðinni á þessum tímamótum.

Það er þess vegna að vonum, hæstv. forseti, að við í stjórnarandstöðunni viljum ekki bera ábyrgð á frv. og munum ekki greiða götu þess fram á veginn og satt best að segja undrar mig stórlega að ríkisstjórnin skuli ekki hafa hugleitt, eins og ég sagði áður, þann kost að bíða með þetta mál, a.m.k. um sinn, átekta og sjá hverju fram vindur annars staðar í þjóðfélaginu. Greinilegt er að ríkisstjórnin sjálf hefur ekki frumkvæði að neinu, en það hefðu þó verið hyggindi af hennar hálfu að bíða átekta og sjá til hvort aðrir aðilar gætu leyst málin, þ.e. þá fyrst og fremst aðilar vinnumarkaðarins, en því miður virðist niðurstaðan sú að einnig í þessum efnum er hæstv. ríkisstjórn gersamlega heillum horfin.

Herra forseti. Þetta kann að verða síðasta ræðan sem sá sem hér talar flytur að sinni í þessari lotu umræðna um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lánsfjárlög, Hagræðingarsjóð og annað sem hér hefur staðið á þinginu og eru það talsverð tímamót að manni finnst eftir þau ósköp sem hafa yfir gengið á sl. tveimur mánuðum í desember á árinu 1991 og í janúar á nýbyrjuðu ári 1992.

En það er að lokum ljóst að eigi hér að takast betur til en á horfist erum við ekki að sjá þessi mál í síðasta sinn. Það er eitt sem er algerlega borðleggjandi og öruggt, að eigi okkur Íslendingum að hlotnast sú farsæld á árinu að þeim stórslysum og skerjum öllum sem fram undan eru verði fram hjá komist, þá munu þessi mál þurfa að koma fyrir Alþingi á nýjan leik og þeim þarf að breyta í veigamiklum mæli, fjárlögunum, lögunum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og að sjálfsögðu mun þá einnig þurfa að taka upp áform um lántökur innan lands og utan á árinu. Þess vegna kann svo að fara að að nokkru leyti hafi það verið tímasóun, sérstaklega hjá hæstv. ríkisstjórn, að reyna að knýja þessi mál með jafnóskynsamlegum hætti og raun ber vitni í gegnum Alþingi því að hún verður fyrr eða síðar og vonandi rekin til þess að koma með þau fyrir þingið á nýjan leik og lagfæra þau.

Herra forseti. Ég lýk þá máli mínu rétt um hádegisbilið 23. janúar um þetta lánsfjárlagafrv.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska þingmanninum til hamingju með þessi tímamót. Að vísu er þessum ágæta þingmanni svo létt um mál eða léttara um mál en flestum öðrum þingmönnum, og er þá langt til jafnað, að ég veit að hann á eftir að fjalla oft og mikið um þessi mál í einu eða öðru formi og reyndar get ég kannski með þessu stutta andsvari gefið honum tækifæri til að eiga enn einn stuttan sprett í ræðustólnum.

Ég vil nefna út af því sem hann nefndi um efnahagsmálin í örstuttu máli að með þessu frv. eru menn að loka þeim tillögum og aðgerðum sem ríkisstjórnin fyrir sitt leyti grípur til og eru grundvöllur efnahagsstefnu. Eins og menn vita var þenslukippur sl. vor eða í byrjun sumars. Vextir voru því hækkaðir til að slá á þá þenslu. Sú aðgerð bar árangur, viðskiptahalli fer minnkandi, ríkissjóðshallinn og fjárlagahallinn fara minnkandi og verðbólga er nánast við núllið þannig að þetta er góður grundvöllur fyrir atvinnulífið til að fá viðspyrnu inn í framtíðina. Ég veit að um það hefur verið mikill ágreiningur í þingsölum sem eðlilegt má telja með hvaða hætti ríkisstjórnin hefur staðið að þessum verkum, en þó liggur það fyrir að þessi verk hafa verið unnin.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið væri gaman ef þetta væri eins og hæstv. forsrh. er að lýsa og við gætum sameiginlega lokið þessum verkum í þeirri trú og vissu að þetta væri allt í lagi, en það er ekki svo, því miður. Hæstv. forsrh. sleppti alveg að nefna að það er vaxandi atvinnuleysi í landinu. Hann sleppti alveg að nefna að það er bullandi taprekstur í sjávarútveginum og út-

flutningsgreinunum. Hæstv. forsrh. sleppti alveg að nefna að mánuð eftir mánuð hefur hið háa raunvaxtastig haldist löngu eftir að nokkur tilefni voru fyrir því, og þau voru reyndar aldrei, að keyra raunvextina upp undir 10%. Þessum hlutum og mörgum fleirum sneiddi hæstv. forsrh. hjá og hann svaraði því ekki einu orði hvað hefði komið í staðinn fyrir álverið og hvað ætti að koma í staðinn fyrir EES sem hann er sjálfur búinn að dæma til dauða. Þess vegna er það því miður ekki svo sem hæstv. forsrh. var að gefa í skyn með andsvari sínu að með þessum merkilegu málum ríkisstjórnarinnar væri allur vandi leystur og allt komið í fína lag. Þeir eru a.m.k. ekki þeirrar skoðunar Einar Oddur, Þórarinn V., Ásmundur, Björn Grétar, Ögmundur og aðrir þeir sem eru að glíma við gerð kjarasamninga núna á þessum vikum. Við í stjórnarandstöðunni erum ekki þeirrar skoðunar og fjölmennir hópar úti í þjóðfélaginu og samtök eru ekki þessarar skoðunar að allt sé í fína lagi. Ég hygg að hagsmunagæslumenn sjávarútvegsins mundu, a.m.k. í trúnaðarsamræðum við sjútvrh., viðurkenna að þeir telja ekki vera allt í fínu lagi með stöðu sjávarútvegsins og rekstrarumhverfi hans og möguleika hans til að greiða af sínum 100 milljarða skuldum. Þetta er því miður ekki svona einfalt, hæstv. forsrh. Kannski eigum við, eins og þú réttilega stakkst upp á, eftir að ræða þetta í þinginu ítarlegar síðar í vetur, en ég hlaut að gera þessa athugasemd við þitt andsvar því að þú sagðir ekki nema hálfa söguna, reyndir að tína til fáein jákvæð atriði, sem ég tel að þú hafir oftúlkað, en slepptir öllu hinu sem úrskeiðis er enn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Á þskj. 382 liggur frammi brtt. við lánsfjárlögin sem ég flyt ásamt hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, Jóni Helgasyni, Guðna Ágústssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni. Ég mælti ítarlega fyrir þessari brtt. við 2. umr. málsins og ætla ekki að endurtaka það. Ég dró hana til baka við 2. umr. í þeirri von að málið skýrðist og einhverjar haldgóðar upplýsingar kæmu fram um hvernig ætti að meðhöndla og ljúka því klúðri sem verið hefur um þetta mál og togstreitu milli Landsbankans og ríkisstjórnarinnar. Ég knúði á hér í umræðunum um hvernig ætti að framkvæma yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17. jan. sl. um tryggingadeild útflutningslána og við Ríkisábyrgðasjóð. Það voru vægast sagt ófullnægjandi svör eða öllu heldur engin svör sem komu við því. Ég hafði gert mér vonir um að fulltrúar Seðlabanka mundu gera efh.- og viðskn. þingsins grein fyrir málinu milli umræðna eins og mér er kunnugt um að reyndar var beðið um í nefndinni. Engar upplýsingar hafa komið um það við 3. umr. málsins. Því hef ég ákveðið að láta þessa tillögu koma til atkvæða við 3. umr. til þess að Alþingi geti lýst vilja sínum um þessi mál og tryggt fjmrh. heimildir til að grípa inn í þetta mál með viðhlítandi hætti og ljúka því klúðri sem verið hefur um þetta mál og þeirri frámunalegu togstreitu og orðaskaki sem verið hefur milli Landsbankans og ríkisstjórnarinnar um þetta mikilvæga mál sem snertir atvinnu fjölmargra manna og snertir það útflutningsverðmæti sem við getum framleitt og kemur beint inn á okkar efnahagsmál.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir þessari ákvörðun minni og okkar flm. með nokkrum orðum vegna þess að ég hafði gert mér vonir um að málið yrði leitt til lykta á þessum tíma og ríkisstjórnin mundi taka betur á því en raun hefur orðið á. Þó að vissulega hafi málið komist í umræðu og ríkisstjórnin hafi örlítið tekið við sér er það algerlega ófullnægjandi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sé rétt að ég gefi örstutt andsvar í stað þess að taka til máls í umræðunum sjálfum vegna ummæla síðasta hv. ræðumanns. Ég vil einungis greina frá því, sem hv. þm. vita að sjálfsögðu, að ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að til reiðu séu ábyrgðir eða útflutningstrygging vegna hugsanlegrar síldarsölu og til ráðstöfunar eru um 150–160 millj. kr. Stjórn hefur verið kjörin og reglur um ábyrgðir liggja fyrir ef útflytjendur vilja sækja um og hafa aflað sér bankafyrirgreiðslu.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það andsvar sem hann gaf og vissulega er þessi yfirlýsing mikilvæg, en hún breytir því ekki að það er full ástæða til að samþykkja þessa heimild til handa fjmrh. Ef þessi mál leysast á farsælan hátt, sem ég vona, er náttúrlega enginn að segja að fjmrh. þurfi að nota þessa heimild, en ég trúi því ekki að hann vilji ekki hafa hana eða treysti sér ekki til að hafa hana og meðhöndla hana á skynsamlegan hátt.

Jón Helgason:

Herra forseti. Við höfum lokið við að afgreiða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég var á mælendaskrá við 2. umr. þess frv., en til að greiða fyrir afgreiðslu þess dró ég mig til baka og ætlaði þá að ræða málið við 3. umr. En vegna þess hvað það dróst á langinn nú í nótt féll ég einnig frá því. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að ræða það mál efnislega, en eftir þessa næturvöku eru tvö atriði sem ég vildi þó aðeins minnast á.

Hið fyrra er hin fullkomna fjarstýring hæstv. fjmrh. á störfum forseta Alþingis sem birtist undir lok umræðnanna í nótt og hitt eru ummæli hæstv. forsrh.

Hv. 11. þm. Reykv. knúði í umræðunum í nótt mjög fast á um að fá svör við mjög þýðingarmiklum atriðum sem snertu málefni öryrkja. Og fyrir velvilja og góðar undirtektir hæstv. félmrh. fengust mjög skýr og góð svör við því. En til að ná því fram þurfti m.a. umræður um þingsköp til að leita leiða að fá þessi svör. Og undir þeirri umræðu stendur hæstv. forsrh. upp og segir m.a.: „Þá byrjar þessi skrípaleikur hér sem ekki er óþekktur.“ Að mínu mati er það nöturleg sjálfslýsing á því sem efst er í huga hæstv. forsrh. þegar knúið er á um hagsmuni og réttindi þeirra sem lakast eru settir í þjóðfélaginu.

Að lokum ein spurning til hæstv. fjmrh. Nú stend-

ur yfir mikil vinna í öllum ráðuneytum um að framkvæma þann niðurskurð sem hér var verið að lögfesta og einnig að deila út þeim vasapeningum eða þeim milljarði sem ráðuneytin fengu til ráðstöfunar að eigin geðþótta. Maður heyrir sagt að þessu þurfi að vera lokið fyrir mánaðamót. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann muni þegar þing kemur saman aftur eftir hálfs mánaðar hlé leggja fram skýrslu um þessar útdeilingar og aðgerðir eða þurfa hv. alþm. að óska eftir skriflegri skýrslu um allt þetta mál?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal gera tilraun til að svara þessari fyrirspurn hv. 2. þm. Suðurl.

Það er rétt, sem hann segir, að það er gert ráð fyrir að á allra næstu dögum verði safnliðum dreift á ákveðin viðfangsefni í fjárlögum og enn fremur að forstöðumenn fyrirtækja og stofnana og aðrir þeir sem fara með ábyrgð á framkvæmd fjárlaga skili greiðsluáætlunum fyrir þetta ár. Við gerum ráð fyrir því að um 10. febrúar liggi þessi vinna fyrir og ég skal gera mitt besta til að gefa upplýsingar um hvernig þessum safnliðum hefur verið ráðstafað.

Í fjárlögum eru safnliðirnir settir inn í viðkomandi ráðuneyti í heilu lagi og ráðherrum ætlað að deila þeim út samkvæmt lýsingu sem kemur jafnframt fram í lagagr. fjárlaganna, en mér finnst vera eðlilegt og eðlileg krafa af hálfu fjárveitingavaldsins að þegar þessi vinna liggur fyrir þá verði niðurstöðunni komið á framfæri. Í hvaða formi það verður get ég ekki sagt á þessari stundu, en tel að við getum fundið okkur það þegar þing kemur saman aftur.

Varðandi ummæli hv. þm. um fjarstýringu mína á forseta held ég að hér gæti nokkurs misskilnings og ég held að hv. þm. hafi verið fullfljótur á sér að trúa hv. 8. þm. Reykn. sem gerði þetta að sjónarspili í gær þegar ég átti orð við hæstv. forseta. Það eina sem ég var spurður um og benti á í leiðinni af því að leitað var ráða var hvort 3. umr í þessu máli hefði hafist eða ekki eða væri að hefjast. Það var nú öll fjarstýringin. Og af því tilefni er mér ljúft að rifja upp að sú var tíðin hér á hinu háa Alþingi að hv. 2. þm. Suðurl. sat í forsetastól sem forseti sameinaðs þings og við hlið hans hægra megin sat þá ungur þingmaður, sem stendur í þessum stól núna, og ég man ekki betur en á milli okkar hafi oft farið ýmis orð og stundum hafi mér tekist að benda honum á eitthvað sem betur mátti fara og hann oftar mér án þess að við töluðum um nokkra fjarstýringu í því sambandi.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á ekkert annað en góðar endurminningar af samstarfi okkar hæstv. fjmrh. frá þeim tíma sem hann rakti, en þar er um að ræða skrifara og forseta Alþingis sem báðir voru kjörnir af Alþingi til að stjórna þingfundum.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er gott að leita ráða hjá góðum skrifurum. En hinu hefði ég ekki verið hrifinn af, að fá við getum kallað það ábendingar frá ráðherrum um það hvernig eigi að haga störfum. Mér datt þetta í hug kannski vegna þess einmitt að ég leit til baka og leit í eigin barm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 164. mál (starfslok). — Þskj. 178, brtt. 399.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég helst staldra við í þessu frv. og hef að nokkru leyti nefnt áður er ákvæði þess að sjóðurinn skuli lagður niður þegar við gildistöku þessara laga. Mér þykir rétt að doka við með slíkt þar til skýrð eru þau misræmi sem eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjóðinn sem út kom á sl. hausti annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar fyrir árið 1990. Það er ekki viðunandi fyrir Alþingi að fyrir liggi tvö ólík álit sem gefin eru út með stuttu millibili um sama málið. Þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi er eðlilegt að Alþingi látið málið til sín taka. Ég tel að Alþingi ætti að óska eftir skýringum frá Ríkisendurskoðun til að reyna að glöggva sig á því á hverju þessi munur grundvallast. Síðan eigum við að ræða þær skýringar og þegar það liggur fyrir taka menn væntanlega ákvörðun um lok málsins.

Ég tel líka að þetta sé slæmt fyrir þá stjórnarmenn, sem árituðu reikningana og staðfestu þá þar með, að vera lagðir niður áður en málinu lýkur og skýringar eru fengnar á þessum mun því að þeir eiga líka rétt á því að geta sagt sitt álit á málinu þegar og ef skýringar Ríkisendurskoðunar liggja fyrir. Fyrir því eru ákaflega eðlileg og auðskiljanleg rök. Ég bendi á að með áritun sinni hafa stjórnarmenn tekið ábyrgð á sig og með því að verða sviptir umboði sínu og lagðir niður nú þegar hvílir á þeim sú spurning hvort þeir hafi brugðist skyldu sinni og þeir eiga ekki hægt um vik að skýra sína afstöðu ellegar bera af sér sakir ef fram koma. Því tel ég eðlilegt að gildistökuákvæðið verði látið bíða þar til Alþingi hefur fjallað um skýringar sem ég vænti að verði um beðnar frá Ríkisendurskoðun.

Þetta er ekki eina skýrslan af þessu tagi. Við höfum líka annað dæmið nákvæmlega eins þar sem er verulegt misræmi á skýrslu Ríkisendurskoðunar annars vegar og ársskýrslu Byggðastofnunar hins vegar sem er árituð af Ríkisendurskoðun rétt eins og ársskýrsla Framkvæmdasjóðs. Það mál tel ég eðlilegt að fari með sama hætti og ég var að lýsa hér varðandi Framkvæmdasjóð Íslands. Það mun hins vegar gefast tækifæri til að ræða það mál í framhaldsumræðu um skýrslu Byggðastofnunar sem enn er á dagskrá og mig minnir að hafi verið frestað 26. nóv. sl. og hv. 2. þm. Vestf. er í miðri ræðu eins og hann minnir á öðru hverju svo menn gleymi því ekki. Ég kem því til með að beita mér fyrir því að málsmeðferð varðandi það

mál verði með þeim hætti sem ég var að lýsa að ég teldi eðlilegt varðandi Framkvæmdasjóð Íslands.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í rauninni er víðtæk samstaða um meðferð þessa máls eins og fram kemur á nefndarálitum. Meiri hlutann skipa fulltrúar í efh.- og viðskn. frá Sjálfstfl., Alþfl. og Kvennalista sem þó undirritar með fyrirvara og 1. minni hluti segir í sínu nál.:

„Fyrsti minni hluti efh.- og viðskn. mun ekki leggjast gegn afgreiðslu þessa frv. og telur ekki óeðlilegt að þær breytingar verði gerðar á skipan mála sem frv. gerir ráð fyrir." Þannig að um þennan farveg málsins er í sjálfu sér allvíðtæk samstaða þótt, eins og kunnugt er, menn hafi rætt aðra þætti og einkum þá umræðu sem hefur skapast um stöðu annarra sjóða og þessa sjóðs í samhengi við störf svokallaðrar fortíðarvandanefndar. En meginlínan nýtur nokkuð mikils og góðs stuðnings.

Ég vil aðeins nefna hér vegna nokkurrar umræðu sem varð hér síðast þegar málið var til umræðu um hættuna á því að stærstu skuldareigendur og jafnvel allir mundu með vísun til heimilda í skilmálum skuldabréfa gjaldfella skuldir vegna stöðu sjóðsins og breytinga á högum hans, taka fram og ítreka það sem ég talaði um í gær að í flestum ef ekki öllum tilvikum yrði staða skuldareigandans síst lakari við þær breytingar sem gerðar eru. Ég árétta að það hefur þegar verið rætt við fjóra langstærstu skuldareigendur þeirra skulda sem Framkvæmdasjóður ber og hefur komið fram að þar er ekki um nein vandamál að ræða hvað þessi ákvæði snertir.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Ég tel ekki eðlilegt að breyta neinu vegna þess sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi um gildistökuákvæðin því að þær upplýsingar og álitamál sem menn geta haft um hver sé endanleg hallatala þessa sjóðs breytir ekki neinu í þessu sambandi og öll þau sjónarmið geta auðvitað komið fram.

Ég veit að það er kannski ekki alveg viðeigandi, en ég ætla samt að fagna þeim góðu fréttum að Íslendingur skyldi fá bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að það hefur verið afstaða okkar alþýðubandalagsmanna að í sjálfu sér væri ekki ástæða til að framlengja líf Framkvæmdasjóðs. Það er hins vegar nauðsynlegt að það komi fram eins og gerst hefur fyrr í umræðunum að málsmeðferðin á þinginu um þetta frv. er óeðlileg þegar stjórnarmeirihlutinn beitti sér fyrir því í efh.- og viðskn. að nefndarmönnum var neitað að fá að ræða við stjórnarmenn sjóðsins. Þegar það var loksins gert í gærdag kemur í ljós, ýmsum á óvart, að stjórnarmenn sjóðsins lýsa því yfir að þeir hafi ýmsar athugasemdir að gera við skýrslu Ríkisendurskoðunar og í sjálfu sér hafi þeir líka ýmsar aðrar efasemdir um málið.

Þá kemur einnig fram í umfjöllun í nefndinni að lánveitendur sjóðsins hafa rétt til að gjaldfella öll lán ef neikvæðir ársreikningar koma fram eins og þeir hljóta að gera fyrir árið 1991. Hæstv. forsrh. upplýsti það nú að a.m.k. fjórir erlendir lánardrottnar og veigamiklir hefðu lýst því yfir að þeir mundu ekki fara í þá gjaldfellingu og það er mjög mikilvæg yfirlýsing. Hún hefur ekki komið fram fyrr. Við í forustu Alþb. höfum ákveðið að óska eftir sértakri skýrslu Ríkisendurskoðunar um þessa stöðu, þ.e. mótsagnir hennar í mati á sjóðnum á ólíkum dagsetningum og þegar sú skýrsla liggur fyrir gefst frekara tækifæri til að fara yfir þetta mál.

En hitt er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir, og ég sakna þess nokkuð að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. skyldu ekki fjalla um það hér enn sem komið er, með hvaða hætti verður farið með eignir Framkvæmdasjóðs þannig að trúverðugleika sé haldið, að ekki sé verið að selja þær á undirverði heldur verði allt gert til að tryggja sem mest verðmæti fyrir þær.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði þetta atriði sérstaklega að umtalsefni vegna þess að mér fannst hv. 2. þm. Vestf. hafa fjallað mjög óvarlega um þetta mál í langri og ítarlegri ræðu sinni. Og auðvitað nefndi ég það að sú höfuðskylda hvíldi á hverjum þeim sem með vörslu þessara eigna færi, hvort sem það væri Framkvæmdasjóður eða Lánasýsla ríkisins, að tryggja að verðmæti þeirra eigna sem þarna kynnu að vera fyrir hendi glötuðust ekki. Þvert á móti bæri þeim embættisleg skylda til að sjá til þess að slíkar eignir mundu, þegar þær væru settar í peninga, ef það tækist, auðvitað verða seldar á sem hæstu verði. Og ég vek athygli á að auðvitað hefur Alþingi fyrir meðalgöngu Ríkisendurskoðunar til að mynda og eins með fyrirspurnum, beiðnum um skýrslugjöf og öðrum þess háttar úrræðum fullkomin tök á að fygjast með því með hvaða hætti það er gert.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 2. þm. Vestf. ber af sér sakir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sporin hræða. Ég minni hæstv. forsrh. á sölur eigna frá ríkinu sem ég tel að hafi því miður ekki verið forsvaranlegar. Annað dæmið er frá Framkvæmdasjóði sjálfum þegar hlutabréf Framkvæmdasjóðs í Fjárfestingarfélagi Íslands voru seld. Hitt dæmið er salan á Útvegsbankanum. Það er fullkomin ástæða til að vantreysta hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum, að þannig verði staðið að sölu þessara eigna að forsvaranlegt sé.

Það er mjög mikils virði að hæstv. forsrh. hafi lýst því hér yfir að þetta verði selt á hæsta verði. En það er ekki aðeins spurning um að selja á hæsta verði. Það er spurning hve mikið er sett á markaðinn í einu og er verið að setja vöruna á markaðinn þegar ekki er hægt að selja hana. Hæstv. forsrh. gæti hugleitt hversu mikið af skíðavörum er hægt að selja í júlí. Það er nefnilega ekki sama hvernig að þessari sölu er staðið og ég

ítreka að það var full alvara á bak við mínar athugasemdir í þessum efnum. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Á þessum fundi hefur eitt frv. orðið að lögum með 28 atkvæðum. Hér standa mál þannig að fái ríkisstjórnin frumvörp afgreidd á þessum fundi er það fyrir náð, hvorki fyrir verðleika né styrkleika. Fjarverandi af hálfu stjórnarsinna eru hv. 3. þm. Norðurl. e., hv. 1. þm. Vestf., hæstv. heilbrrh. og hæstv. viðskrh., og biður nú ekki um fjarvistarleyfi venju fremur og sýnir virðingu til þingsins, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, (**GHelg:** Séra.) séra, hv. 3. þm. Suðurl. Árni Johnsen og hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson.

Nú er rétt að núverandi þingflokksformaður Alþfl. geri sér grein fyrir því hvernig hæstv. heilbrrh. taldi rétt að standa að *málum þegar ríkisstjórn hafði ekki* meiri hluta á þingi til að koma máli fram nema stjórnarandstæðingar greiddu atkvæði gegn. Þá töldu þeir rétt að hlaupa úr salnum, það væru hin rökréttu vinnubrögð.

Mér hefur einnig tjáð maður af Engeyjarætt að á þeim tíma þegar Bjarni Benediktsson stýrði stjórnarandstöðu, sem var nú aðeins einu sinni á ævinni, löngum sat hann í ríkisstjórn þegar hann var formaður, þá hafi þeir einnig gengið úr salnum. Ég tel slík vinnubrögð ekki til fyrirmyndar og ég tel að þingið þurfi að gæta vissra leikreglna. En það þarf að vera á báða vegu. Það þarf að vera gagnkvæm virðing. Það er ekki forsvaranlegt, hæstv. forseti, að geyma umræður eins og hér hefur verið gert, það eru ekki forsvaranleg vinnubrögð. Og ég vænti þess, þar sem hæstv. forsrh. hefur þó nokkuð lært í prúðmennsku á þeim tíma sem hann hefur verið forsrh. og í meiri tillitssemi við stjórnarandstöðuna en fyrst var, að við getum vænst þess að vinnubrögðin geti orðið með enn skaplegri hætti hvað það snertir að menn virði eðlilegar vinnureglur í þinginu á báða vegu.

Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu vegna þess að því hefur mjög verið haldið á loft að hér sé stjórnarandstaðan ósanngjörn og hún sé með kröfur, tefji mál og komi í veg fyrir lýðræðisleg vinnubrögð. Ég hygg að þetta sé þarft umhugsunarefni fyrir hæstv. ríkisstjórn þar til þing kemur saman aftur og einnig hygg *ég að það sé hollt umhugsunarefni fyrir hæstv. ríkis*stjórn hvort ekki sé rétt að minna hæstv. viðskrh. á að í virðingarskyni við þingið sé eðlilegt að hann biðji um fjarvistarleyfi eins og aðrir ráðherrar hafa gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni, vegna orða hv. 2. þm. Vestf., upplýsa að það er gott samkomulag um hvernig staðið er að lokum þessarar fundalotu í dag og það er rétt, sem kom fram hjá honum, að nöfn ýmissa þeirra hv. þm. og reyndar ráðherra sem eru fjarverandi voru ekki lesin upp þegar tilkynnt var um þá sem hafa beðið um fjarvistarleyfi og eru ýmsar skýringar á því. Ég vil sérstaklega geta þess að hæstv. sjútvrh. og hv. 3. þm. Suðurl., sem fóru til Vestmannaeyja á fund í gær, eru veðurtepptir í Vestmannaeyjum. Það var ekki lesið upp í upphafi fundar hvers vegna þeir væru fjarverandi og þótti ekki ástæðu til, en að þessu gefna tilefni vill forseti upplýsa þetta, jafnframt að hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, er fjarverandi vegna veikinda og það var heldur ekki lesið upp, en þetta vissi forseti vel.

Og svo er annað. Það er í góðu samkomulagi milli þingflokksformanna stjórnar og stjórnarandstöðu að leysa þessi mál vegna fjarveru þingmanna. Þess vegna eru nokkrir þingmenn ekki inni í salnum til að greiða atkvæði. Eins og hv. þm. veit að oft gerist semja menn um að fara út, sem kallað er, á móti félaga sínum úr öðrum flokki sem er forfallaður og er ekki venja að lesa upp fjarvistir þeirra hv. þm. sem svo er ástatt um.

Þetta vill forseti láta koma fram um leið og forseti tekur undir að þessari fundarlotu lýkur við þessar *óvenjulegu aðstæður. En þetta hefur verið gert í góðu* samkomulagi og góðri samvinnu við stjórnarandstöðuna og vill forseti gjarnan láta í ljós ánægju sína með það og þakklæti að þessu gefna tilefni.

Brtt. 399 samþ. með 27:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA*, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÖS.

nei: GB, GÁ, JónK, PP.

13 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, JHelg, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GAK, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JGS, JónS, JVK, KÁ, KE, SighB, SAÞ, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv., svo breytt, samþ. með 26:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, RG, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, SalÞ.

nei: ÓÞÞ, PP, StG, VS, GB, GÁ, JHelg, JónK.

10 þm. (ÓRG, RA, SJS, SvG, AÓB, GHelg, ISG, JÁ, KHG, MF) greiddu ekki atkv.

19 þm. (SighB, SAÞ, StH, ÞorstP, ÁJ, EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JGS JónS, JVK, KÁ, KE, GAK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið rakið ítarlega í umræðunum hvernig þær ákvarðanir um lánveitingar úr Framkvæmdasjóði sem teknar voru á valdatíma Sjálfstfl. frá árunum 1983 til ársins 1988, einkum á sviði fiskeldis og við sameiningu ullarfyrirtækja, hafa leitt til þess að að mati sérfróðra aðila er Framkvæmdasjóður Íslands nú gjaldþrota. Það er mjög mikilvægt að þeir flokkar og þeir forustumenn sem þannig hafa borið ábyrgð á þessari sögu geri sér grein fyrir

því hverjar eru afleiðingar verka þeirra. Þessi saga hefur verið rakin ítarlega í umræðunum og hún hefur ekki verið hrakin. Hún stendur því alveg skýr.

Í öðru lagi hefur komið fram að vanda hefði þurft betur til meðferðar málsins, bæði í þinginu og eins af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Í þriðja lagi hefur komið fram við meðferð málsins að þingið hefur í höndum tvenns konar gjörólík álit frá Ríkisendurskoðun varðandi stöðu Framkvæmdasjóðs, annars vegar ársreikninga fyrir árið 1989 og 1990 sem ríkisendurskoðandi hefur skrifað upp á og staðfest og talið í góðu lagi hvað efnahag sjóðsins snertir og hins vegar skýrslu sem afhent var hæstv. forsrh. í ágústmánuði á liðnu ári þar sem talið er að sjóðurinn sé gjaldþrota. Þingflokkur Alþb. hefur ákveðið að óska eftir sérstakri greinargerð og skýrslu frá Ríkisendurskoðun þar sem þessi undarlegi mismunur í niðurstöðu stofnunarinnar verði skýrður og þingið hafi þá tækifæri til að fjalla um þær skýringar síðar í vetur. Vegna þess hvernig er komið fjárhag Framkvæmdasjóðs teljum við alþýðubandalagsmenn ekki ástæðu til þess að leggjast gegn frv. Við teljum hins vegar ýmislegt í málsmeðferðinni og hvað snertir skýrslu Ríkisendurskoðunar vera með þeim hætti að á þessu stigi sé ekki hægt að greiða frv. atkvæði og munum þess vegna sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég greiði því ekki atkvæði.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Með þessari lagabreytingu er verið að stofna hagsmunum ríkisins í hættu og e.t.v. gera mikil verðmæti lítils virði. Við framsóknarmenn áteljum vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í málinu og leggjumst gegn samþykkt þessa frv. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 405).

Lánsfjárlög 1992, frh. 3. umr.

Stjfrv., 30. mál. — Þskj. 398, brtt. 382 og 401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 382 felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FI, GB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, AÓB.

nei: EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÖS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, SalÞ.

19 þm. (GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónS, JVK, KÁ, KE, GAK, SighB, SAÞ, StH, ÞorstP, ÁJ, EgJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að fjmrh. verði veittar lágmarksheimildir til að greiða fyrir síldarsöltun til Rússlands og grípa inn í það vandræðafálm sem verið hefur um þessi mál. Að tryggja þennan mikilvæga saltsíldarmarkað okkar til frambúðar er eitt brýnasta hagsmunamál íslenskra útflutningsatvinnuvega og þar með landsmanna allra, ekki síður en þess fólks sem beinlínis hefur atvinnu af þessari starfsemi. Ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Alþb. munum styðja þessa brtt. Við teljum rétt miðað við aðstæður að veita þessa heimild, að hún verði fyrir hendi og unnt verði að grípa til hennar í einhverjum mæli og nota hluta hennar til að hefja einhverja síldarsöltun á þessari vertíð ef ekki reynist unnt að koma þessum viðskiptum á með öðru móti. Það er ástæða til þess og óhjákvæmilegt að átelja þann seinagang og það klúður sem orðið hefur hjá hæstv. ríkisstjórn í þessu máli, einkum og sér í lagi hæstv. viðskrh. sem lá á þessu máli í 17 daga og hreytti svo í umræðum um þetta atriði hér í þinginu ónotum í allt og alla, þar á meðal í Landsbankann og síldarútvegsnefnd. Mjög dýrmætur tími hefur tapast, 5–6 vikur, frá því átt hefði að vera hægt að hefja síldarsöltun. Það er því ljóst að komi til þess að nýta þessa heimild verður það aldrei nema að einhverju mjög litlu leyti á þessari vertíð. Og miðað við þá óvissu og það klúður sem orðið hefur í þessu máli en þá ríku hagsmuni sem á móti koma að orðið geti af þessum viðskiptum í einhverjum mæli, þá styðjum við það þingmenn Alþb. að þessi heimild verði fyrir hendi. Ég segi já.

Brtt. 401 samþ. með 25:2 atkv., 13 þm. greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, IBA, JóhS, JBH, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

16 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JónK, KHG, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, EgJ, GAK, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónS, JVK, KÁ, KE, MF, SighB, SAÞ, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þau lánsfjárlög sem eru nú til lokaafgreiðslu eru veigamikill þáttur í þeirri ríkisfjármálastefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að knýja fram. Þessi stefna felur í sér róttæka stefnubreytingu varðandi okkar mikilvæga velferðarkerfi. Ráðist er að menntakerfi, félagslegri uppbyggingu og heilbrigðis- og tryggingamálum, svo sem ítarlega hefur verið rakið af fulltrúum stjórnarandstöðunnar í umræðum að undanförnu. Sérstakir skattar eru lagðir á skólafólk, sjúka og aldraða í stað þess að láta þá bera byrðarnar sem geta borið þær. Kjarasamningar eru í uppnámi vegna þessara árása á velferðarkerfið og vegna úr-

ræða- og aðgerðarleysis hæstv. ríkisstjórnar í vaxta- og atvinnumálum. Við þessar aðstæður teljum við framsóknarmenn ekki tímabært að afgreiða lánsfjárlög og munum því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 406).

Hlé á fundum Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Starfslotu Alþingis í janúar er lokið og verður nú gert hlé á þingfundum til 6. febrúar nk. Verður sá fundur boðaður með dagskrá. Ég óska þeim utanbæjarþingmönnum sem fara til síns heima í þessu hléi góðrar ferðar og góðrar heimkomu og ég vænti þess að við hittumst öll heil að hléi loknu er við tökum upp venjubundin þingstörf að nýju.

Kjörbréf Guðrúnar J. Halldórsdóttur forstöðukonu hefur þegar verið rannsakað og samþykkt.

Guðrún J. Halldórsdóttir hefur áður átt sæti á Alþingi, raunar fast sæti, og er boðin velkomin til starfa.

75. FUNDUR

fimmtudaginn 6. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Framhald þingfunda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil bjóða hv. alþingismenn velkomna til starfa eftir tveggja vikna hlé sem hefur verið á störfum þingsins, síðbúið jólahlé eða síðari hluti jólahlés eftir því hvað menn vilja kalla það. Ég vona að hv. þm. hafi nýst þetta hlé til að sinna þeim þáttum þingmannsstarfsins sem óhjákvæmilega fer fram utan þessa salar. Ég á þá við fundi og önnur störf með kjósendum svo og störf á erlendum vettvangi. Mér er kunnugt um að allmargir þingmenn hafa sótt fundi erlendis á vegum Alþingis síðustu daga.

Í tæpa hálfa öld, eða frá stríðslokum 1945, hefur ríkt nokkur festa um þingtímann hér á Alþingi. Þingfundir hafa staðið frá fyrri hluta októbermánaðar og fram til jóla en þá verið gert jólahlé og hefur það venjulega staðið fram eftir janúar. Þingfundir hafa síðan hafist að nýju og staðið fram á vorið, mislengi að vísu eftir aðstæðum.

Nú hefur það hins vegar gerst í þriðja sinn á sl. fimm árum að brugðið hefur verið frá þessari starfsvenju Alþingis og hefðbundið jólahlé rofið vegna áríðandi og aðkallandi verkefna þingsins í janúarbyrjun. Má það vera okkur alþingismönnum nokkurt umhugsunarefni og vekur raunar þá spurningu hvort ástæða sé til að endurskoða starfstíma þingsins og skipa honum með öðrum hætti en verið hefur.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 29. jan. 1992:

„Þar sem Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda, leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún J. Halldórsdóttir, forstöðukona Námsflokkanna í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í forföllum hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson,
formaður þingflokks Samtaka um kvennalista."

Slippstöðin á Akureyri, ein umr.

Fsp. VS, 191. mál. — Þskj. 211.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að koma fram með fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 211, um Slippstöðina á Akureyri, sem hljóðar svo:

„1. Á hvern hátt mun ríkisstjórnin bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu Slippstöðvarinnar á Akureyri?

2. Mun ríkissjóður að einhverju leyti taka á sig þann gífurlega fjármagnskostnað sem safnast hefur upp síðan 1987 vegna smíða á svokölluðu B-70 skipi sem nú er nýselt til Vestmannaeyja?"

Ástæða þess að ég kem fram með þessa fsp. er sú að fjárhagsstaða fyrirtækisins er mjög erfið og tap hefur verið á rekstrinum fjögur ár í röð og sennilega aldrei meira en á sl. ári þótt endanlegar niðurstöðutölur rekstrar liggi ekki fyrir.

Forráðamenn fyrirtækisins telja að 130 millj. kr. vanti inn í fyrirtækið til að það geti aftur náð eðlilegum rekstrargrundvelli. Aðalástæður þess að svona er komið fyrir þessu fyrirtæki eru tvær. Í fyrsta lagi sú að nýsmíðar hafa svo til algerlega færst úr landi á síðustu árum fyrir tilskuðlan ríkisstyrkja með skipasmíðum erlendis, sem er mál sem oft hefur komið til umfjöllunar hér á hv. Alþingi, og hins vegar er ástæðan sú að stöðin sat uppi með skip í mörg ár, svokallað B-70 skip, sem ekki seldist og safnaði á sig gífurlegum fjármagnskostnaði. Samtals eru það líklega um 80–90 millj. kr. umfram það sem gæti talist eðlilegt. Tapið á smíði B-70 skipsins var í heild um 180 millj. kr.

Á síðasta kjörtímabili kom Slippstöðin á Akureyri oft til umfjöllunar hér á hv. Alþingi vegna frv. um gjald á erlendum lánum í skipasmíðaiðnaði. Þetta frv. var lagt fram af núv. hæstv. samgrh., hv. 2. þm. Norðurl. e., þar sem var lagt til að gjaldið yrði endurgreitt. Það mál náði ekki fram að ganga. En þáv. fjmrh. gaf forsvarsmönnum fyrirtækisins góð orð um að þegar skipið yrði endanlega selt og fyrir lægi hversu mikill fjármagnskostnaður hefði safnast upp á þetta skip tæki ríkissjóður hugsanlega á sig einhvern hluta hans. Þetta eru aðalatriðin sem ég vil að komi hér fram sem greinargerð með fsp.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. er í tveimur liðum. Sem svar við fyrri liðnum vil ég segja þetta: Fjárhagsstaða Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri skýrðist verulega þegar fyrir lá niðurstaða um sölu á nýsmíðaskipi fyrirtækisins. Um sl. áramót var talið að eigið fé fyrirtækisins næmi 80–100 millj. kr. Það er að vísu eiginfjárstaða

sem er lakari heldur en verið hefur á undanförnum árum, eða u.þ.b. 9% trúi ég, miðað við 20–40% jafnvel eins og hún hefur verið á undanförnum árum. Stjórnvöld hafa beitt sér fyrir því að gripið verði til allrar þeirrar rekstrarhagræðingar sem verða má til að komast hjá frekari taprekstri. Í því sambandi hafa laun yfirstjórnenda verið lækkuð, starfsmönnum fækkað og eignir seldar. Þessar aðgerðir hafa nú þegar skilað árangri sem kemur þó fyrst fram á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin hefur ekki ákveðið aðrar aðgerðir til að mæta fjárhagserfiðleikum fyrirtækisins. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa átt fundi með ráðherrum, bæði fjmrh. og iðnrh., og gert grein fyrir stöðu mála. Jafnframt hafa farið fram viðræður við fulltrúa Akureyrarbæjar, sem er næststærsti hluthafi, um viðhorf þeirra og vilja til að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Engin niðurstaða liggur fyrir í málinu.

Á fundi sem ég átti með fulltrúum ríkisstjórnarinnar í stjórn Slippstöðvarinnar hinn 17. fyrra mánaðar fór ég fram á það að fulltrúarnir veltu upp þeim möguleikum sem þeir teldu að kæmu til greina til að leysa vandkvæði Slippstöðvarinnar. Má geta þess að auðvitað kemur til greina að fjölga hluthöfum Slippstöðvarinnar.

Annar liður fsp. fjallar um smíði á svokölluðu B-70 skipi. Svar við þessum lið er að smíðakostnaður umrædds skips er talinn vera 442 millj. kr. og fjármagnskostnaður umfram það sem eðlilegt getur talist er um 83 millj. Þegar talað er um fjármagnskostnað umfram það sem eðlilegt getur talist er verið að tala um fjármagnskostnað fyrir þann tíma sem skipið lá, var í smíðum, umfram það sem eðlilegt getur talist þegar smíðað er fyrir fastákveðinn viðskiptavin.

Söluverð skipsins var 311 millj. kr. samkvæmt samningi við Matthías Óskarsson, útgerðarmann og skipstjóra í Vestmannaeyjum. Engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvort ríkissjóður eða aðrir hluthafar taki á sig þann fjármagnskostnað sem safnast hefur upp á liðnum árum. En eins og ég hef áður sagt er málið til áframhaldandi skoðunar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og málefnum skipasmíðaiðnaðarins og Slippstöðvarinnar á Akureyri sérstaklega. Ég vil jafnframt í þessu sambandi minna á frv. sem liggur fyrir þinginu sem er flutt af okkur alþýðubandalagsmönnum um ráðstafanir varðandi málefni skipasmíðaiðnaðarins. Ég held að brýnt sé að koma því máli hér á dagskrá og taka það til umræðu.

Ég vil enn fremur segja um þetta efni að ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. kynni sér þau fyrirheit, ég segi ekki loforð, en fyrirheit sem fyrri ríkisstjórn gaf Slippstöðinni á Akureyri í tengslum við sölu á nýsmíðaverkefninu B-70 þegar hún væri í höfn. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt til að eðlileg samfella sé í embættisfærslu í fjmrn. að það liggi alveg ljóst fyrir hvaða vilyrði höfðu verið gefin um aðstoð eða þátttöku ríkisvaldsins í því sambandi. Og að hún verði m.a. nýtt í því skyni, núna þegar sala hefur farið fram, að endurskipuleggja þannig fjárhag Slippstöðvarinnar að hún komist á sæmilega traustan grundvöll. Ég set allt traust mitt á hæstv. fjmrh. í þessum efnum. Því eins og komið hefur fram er hæstv. iðnrh. ekki að gera nokkurn skapaðan hlut í þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin þó að þau væru kannski svolítið mögur. Mér er kunnugt um það að gripið hefur verið til aðgerða í Slippstöðinni til að spara í rekstri eins og kom fram í svari hans. Starfsmenn eru nú um 150 og að auki eru 20 eða 30 starfsmenn með uppsagnarbréf í vasanum. Þegar flestir starfsmenn voru hjá þessu fyrirtæki voru þeir um 300. Þetta er alveg gífurlegur samdráttur sem þarna hefur átt sér stað og segir sitt í þessu bæjarfélagi.

Ég get sagt eins og síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Norðurl. e., að auðvitað setur maður allt sitt traust á núv. hæstv. fjmrh. í þessu málefni þar sem málið heyrir undir hann. En ég get tekið undir það að mér finnst að hann ætti að kynna sér hvað fyrrv. ríkisstjórn hafði gefið af fyrirheitum í þessum efnum.

Ástæða væri til að minna hér á ýmis stór orð sem hafa verið látin falla í tengslum við það frv., sem ég nefndi áðan, og hæstv. samgrh. hafði um þetta fyrirtæki. Ég ætla þó ekki að gera það af því að hann er fjarstaddur. Ég segi það aftur að það er svo gífurlega stórt atriði fyrir atvinnulífið á Akureyri og fyrir útgerðina sem slíka að þetta fyrirtæki geti haldið áfram að vera í fullum rekstri, þótt ekki verði um nýsmíði að ræða, að stjórnvöld hljóta að hafa þar afskipti af málum.

Það er einblínt á það núna hjá fyrirtækinu að vera fyrst og fremst með þjónustu við flotann. Hugsanlega er hægt að ná frekari viðskiptum, t.d. við kaupskipaflotann. Þá þarf að bæta aðstöðuna í slippnum sem auðvitað kostar fjármuni. Þetta fyrirtæki er mjög mikils virði bæði fyrir útgerðina og ekki síst fyrir atvinnulífið á Akureyri og ég treysti því að hæstv. fjrmh. geri allt sem í hans valdi stendur til að það geti haldið áfram rekstri. Ég álít að það sem nú hefur verið gert í sambandi við samdrátt í yfirstjórnun og öðru slíku dugi ekki til. Það dugir ekki til þegar haft er til hliðsjónar að á síðasta ári tapaði fyrirtækið, eftir því sem ég best veit, hátt á annað hundrað milljónum kr.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar að minnast á örfá atriði. Það er hárrétt sem kemur fram hjá hv. fyrirspyrjanda að gífurlegur samdráttur hefur orðið í starfsemi Slippstöðvarinnar hf. Það sama má segja um fjölmörg önnur fyrirtæki í sömu grein eins og ég veit að hv. alþingismenn þekkja. Á morgun verður stjórnarfundur í fyrirtækinu og þá verða þessi mál til umræðu eins og svo oft áður. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan að stjórnarmenn fyrirtækisins, þeir sem eru á vegum íslenska ríkisins, hafa fyrirmæli um að velta upp þeim hugmyndum sem til greina koma við lausn á vandamálum fyrirtækisins.

Ég minntist á að hugsanlega kæmi nýtt hlutafé inn

frá öðrum en þeim sem nú eiga hlut í fyrirtækinu sem eru að langstærstum hluta ríkið, Akureyrarbær og að litlum hluta Eimskipafélag Íslands og síðan enn minni aðilar. Á staðnum eru sterk fyrirtæki sem hafa gagn af þessari þjónustu og skipasmíðastöð og ætla ég ekki að fara frekar út í þá sálma. En vegna orða hv. þm. vil ég að það komi mjög skýrt fram um leið og ég þakka traust sem mér er sýnt í þessu máli (**Gripið fram í:** Sem öðrum.) já, sem öðrum, ég þakka hv. frammíkallanda, þá hefur ráðherra kynnt sér fyrirheit fyrrv. ríkisstjórnar í þessum málum og fjölmörgum öðrum sem fyrir liggja og sum hver eru ansi dýr.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Mig undrar satt að segja málflutningur hæstv. fjmrh. í þessum umræðum. Þegar ég kom í fjmrn. lá fyrir mikið vandamál, Slippstöðin á Akureyri, sem skapað hafði verið í tíð ríkisstjórnar þar sem Sjálfstfl. fór með forræði þessara mála. Hv. þm. Halldór Blöndal, núv. samgrh., hafði verið í fararbroddi sem fulltrúi Sjálfstfl. í stjórn Slippstöðvarinnar til þess að láta smíða skip sem enginn kaupandi var að og engar veiðiheimildir hafði. Þegar ég átti viðræður við stjórn Slippstöðvarinnar og framkvæmdastjóra og forstjóra hennar var alveg ljóst að sú ákvörðun að smíða þetta skip, sem Sjálfstfl. bar höfuðábyrgð á, var meginástæðan fyrir rekstrarerfiðleikum fyrirtækisins. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til þess að selja þetta skip án árangurs. Síðan tók fjmrn. þá ákvörðun í samráði við annan megineignaraðila fyrirtækisins, bæjarstjórnina á Akureyri, að gefa fyrirheit um að fjmrn. mundi ásamt þessum eignaraðila beita sér fyrir því að komið yrði til móts við Slippstöðina vegna þeirra erfiðleika sem þessi ákvörðun hafði leitt af sér. Í því skyni var haldinn formlegur fundur — ég er að verða búinn, virðulegi forseti — (**Forseti:** Tíminn er búinn, hv. þm.) með fulltrúum fjmrn., fjmrh. og ráðuneytisstjóra með stjórnendum fyrirtækisins á Akureyri og með bæjarstjórn Akureyrar. Hæstv. fjmrh. ætti fremur að sjá sóma sinn í því að fylgja málum fram með eðlilegum hætti en að vera að slá ómerkilegar pólitískar keilur eins og hann var að gera í síðustu ræðu sinni.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð fjmrh. áðan hvar hann gat þess að fleiri fyrirtæki í skipaiðnaðinum eru í vanda en Slippstöðin á Akureyri. Ég vil benda t.d. á elstu slippstöðina á Íslandi, Slippstöðina í Reykjavík, sem nú sér fram á verkefnaskort. Telja má upp miklu fleiri skipaverkstöðvar eins og á Akranesi, Ísafirði og fleiri stöðum. Þetta segir manni og leiðir hugann að því að eitthvað er að í íslenskum skipaiðnaði þegar útgerðaraðilar hér á landi leita frekar á erlenda grund til þess að láta lagfæra skip sín eða breyta þeim. Nauðsynlegt er, eins og fjmrh. kom inn á áðan, að líta á skipasmíðaiðnaðinn í heild sinni og taka þeim tökum að möguleiki verði á að beina viðskiptum íslenskra útgerðaraðila til slippstöðva innan lands. Og ég ítreka það að fleiri skipaverkstöðvar eiga nú við vanda að stríða en á Akureyri.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggur frv. til laga um ráðstafanir í skipasmíðaiðnaði. Þetta frv. er flutt af mér og fleiri þingmönnum Alþb. og þar er gert ráð fyrir að taka á þessum málum heilstætt, ekki aðeins þeim málum sem snerta Slippstöðina á Akureyri þar sem fjmrh. á auðvitað að sjá sóma sinn í að fylgja þeirri stefnu og þeim fyrirheitum sem gefin voru á sinni tíð, heldur er líka tekið á vandamálum skipasmíðaiðnaðarins í heild, m.a. á innflutningi og einnig á þeirri þjónustu erlendis sem íslenskir skipaeigendur hafa kosið að kaupa. Ég tel mjög mikilvægt að frv. verði tekið á dagskrá hið allra fyrsta, virðulegi forseti, í framhaldi af þessari umræðu. Ég þakka fyrir þá ræðu sem hv. 16. þm. Reykv. flutti áðan, vegna þess að hann flutti í raun og veru hluta af þeirri framsöguræðu sem ég hafði hugsað mér að flytja fyrir því frv. sem hér er um að ræða. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því að málið komist sem fyrst á dagskrá til þess að draga þá fjmrh. og hæstv. iðnrh. til umræðna um málið og ekki síst þann síðarnefnda sem á langan feril lítilla dáða í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. fjmrh. óskar að bera af sér sakir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að skýra frá því að í fyrirspurnatímum getur ráðherra ekki talað nema tvisvar og þess vegna er mér alveg ógerlegt að svara því sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykv. sem virtist, að mínu mati, vera óþarflega viðkvæmur fyrir þeim svörum sem ég gaf. Ég fyrirgef hv. þm. það sem hann sagði af því að ég hygg að hann hafi ekki hlustað á svar mitt við fyrirspurninni þar sem greinilega kom fram að unnið er að þessu máli sem og öðrum málum sem varðar það sem hér er til umræðu, þ.e. skipasmíðar hér á landi. Ljóst er að verkefnaskorturinn bitnar á skipasmíðastöðvum og hv. þm. þarf ekkert að koma upp og segja að hann og hans ríkisstjórn hafi gefið fyrirheit sem við höfum ekki staðið við. Það eina sem ég hef sagt er að í fjmrn. er fullt af fyrirheitum sem liggja fyrir og við höfum skoðað. Auðvitað gerum við það sem við teljum okkur geta gert í þeim málum sem upp koma hverju sinni. Það er óþarfi fyrir hv. þm. að vera viðkvæmur og sýna þennan árásarhug og ég held hann geti vel geymt sér það því svo sannarlega erum við tilbúnir til að ræða þessi mál þegar til umræðna um skipasmíðaiðnaðinn kemur samkvæmt frv. sem nú liggur fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar einnig eftir að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá

hæstv. fjmrh. að ég sé eitthvað viðkvæmur fyrir orðum hans. Hins vegar var alveg ljóst í þeirri ræðu sem ég flutti að hann fór að slá þær ómerkilegu keilur að vandi skipasmíðastöðvarinnar á Akureyri sem núv. ríkisstjórn þyrfti að glíma við væri arfleifð frá síðustu ríkisstjórn. Það sem ég gerði var að rekja hvernig Sjálfstfl. hafði beitt sér fyrir því að smíðað var skip í Slippstöðinni án þess að það væri kaupandi og án þess að það væru veiðiheimildir. Það er eina raunverulega ástæðan fyrir vanda Slippstöðvarinnar á Akureyri.

Fyrst umræðan hefur þróast á þessa braut held ég að nú sé réttast, virðulegi forseti, að verða við þeim óskum sem hv. þm. Svavar Gestsson bar fram að það frv. sem hann og fleiri hafa flutt verði tekið til umræðu strax í næstu viku svo að hægt verði að ræða þessi mál ítarlega án þess að vera með þær þröngu skorður sem *fyrirspurnatími* veitir. Ef ræða hæstv. fjmrh. hér áðan gefur til kynna að ekki sé nokkur efi í huga hans um að staðið verði við fyrirheit sem gefin voru fyrir tæpum tveimur árum til lausnar þeim vanda sem Sjálfstfl. skildi eftir sig, þá er það gott og vel. En þá skil ég ekki lokaorðin í ræðu fjmrh. nema byrðarnar frá skuldadögum Sjálfstfl. séu orðnar svo miklar að hæstv. fjmrh. þurfi að væla yfir þeim í ræðustól nánast í hvert skipti sem hann kemur upp.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti stendur nú frammi fyrir því að menn vilja bera af sér sakir hver á fætur öðrum og þykir forseta það að bera af sér sakir vera orðið svolítið víðtækt hugtak. En hæstv. fjmrh. óskar eindregið eftir því að bera af sér sakir og vill forseti hlusta á hvað það er sem hann vill bera af sér. Tekur hann til máls.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði mig áðan hvort ég hefði kynnt mér fyrirheit fyrrv. ríkisstjórnar í þessu máli. Ég svaraði því að ég hefði gert það og í fjöldamörgum öðrum málum. Í svörum mínum við fyrirspurnum hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur vék ég ekki einu einasta orði að fyrrv. ríkisstjórn. Eftir að umræðum lauk hins vegar og ég hafði tvívegis talað án þess að víkja einu einasta orði að þeirri ríkisstjórn varðandi málið eða kennt henni um eitt eða neitt, stendur hv. 8. þm. Reykn. upp. Og hvert var aðalefni hans í stólinn? Það var að segja að allt þetta mál væri Sjálfstfl. að kenna. Þetta eru þær efnislegu umræður sem hafa farið fram. Og ég segi og ég spyr og ég skora á hv. þm. sem tóku þátt í umræðunum á meðan þær voru hérna um fsp., bæði hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur: Bar ég sakir á fyrrv. ríkisstjórn í þessum efnum? Bar *ég sakir á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar*? Bar ég sakir á hv. 8. þm. Reykn., sem þá var fjmrh.? Minntist ég í svari mínu einu orði á þá ríkisstjórn? Svo var aldeilis ekki. Þetta vil ég að komi fram áður en menn halda slíkum umræðum áfram.

Endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar, ein umr.

Fsp. SJS, 184. mál. — Þskj. 202.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrir hæstv. dómsmrh. fyrirspurn og gerði það reyndar á haustönninni, ef svo má að orði komast, sem varðar endurnýjun á skipakosti Landhelgisgæslunnar. Skipin hafa sem sagt elst um nokkra mánuði síðan ég lagði fram þessa fyrirspurn en það breytir ekki þeirri staðreynd nema síður sé að þau eru mjög að komast til ára sinna, sá annars ágæti skipakostur sem Landhelgisgæslan íslenska fékk í byrjun áttunda áratugarins eða í lok þess sjöunda, hvenær það nú var, og alveg ljóst að löngu er orðið tímabært að huga að endurnýjun þessa mikilvæga skipakosts. Ég hef saknað þess nokkuð að menn hafi fjallað um þennan þátt í störfum Landhelgisgæslunnar í umræðum undanfarin missiri um starfsemi gæslunnar. Mikil umræða og skiljanleg hefur farið fram um endurnýjun á þyrlukosti gæslunnar, en minna verið á það minnst að skipakosturinn er að sjálfsögðu engu síður mikilvægur og ómissandi í björgunar-, gæslu-, eftirlits- og þjónustuhlutverki sínu. Og þess vegna er alveg óumflýjanlegt að mínu mati að fara að marka stefnu í þessu efni. Hvenær og með hvaða hætti hyggjast menn endurnýja skipakost Landhelgisgæslunnar og tryggja að hann sé í góðu og nýtískulegu horfi á hverjum tíma?

Eðlilega leiða menn hugann að því hvort þarna gæti verið á ferðinni verkefni fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Ég teldi vel til fundið að það yrði kannað samhliða, þ.e. hvaða leiðir þættu vænlegastar varðandi þessa endurnýjun og áætlun unnin um það hvenær og með hvaða hætti skipakosturinn yrði endurnýjaður. Jafnframt yrði kannað hvort þar gæti ekki orðið, a.m.k. að einhverju leyti, verkefni fyrir innlendan skipasmíðaiðnað.

Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fyrir hæstv. dómsmrh. svohljóðandi spurningar:

„1. Hvað líður undirbúningi að endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar?

2. Er þess að vænta að samið verði um smíði á nýju varðskipi á næsta ári?“ — Þá er rétt að ítreka að þessi fyrirspurn var lögð fram á árinu 1991.

„3. Hefur verið eða verður kannað sérstaklega hvort innlendar skipasmíðastöðvar geti annast smíði á nýjum gæslu- og björgunarskipum fyrir Landhelgisgæsluna?“

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Landhelgisgæslan á nú þrjú varðskip. Elsta skipið er Óðinn sem var smíðað árið 1960. Á því voru gerðar meiri háttar breytingar árið 1975 og á það síðan settur krani vegna verkefna við viðhald dufla. Sú framkvæmd var gerð árið 1989. Yngri skipin eru Týr sem var byggður 1975 og Ægir sem var byggður 1968.

Óðinn er, eins og af þessum upplýsingum má sjá,

nokkuð gamalt skip en yngri skipin Týr og Ægir eru talin vera í tiltölulega góðu ástandi.

Að því er varðar fyrirspurnina sjálfa um hvað líði undirbúningi að endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar er það að segja að verkefnum hennar er raðað í forgangsröð og fyrsta verkefnið sem nú blasir við er endurnýjun og viðbót á þyrlukosti gæslunnar sem mjög hefur verið til umræðu í vetur. Það er forgangsverkefni sem nú verður tekist á við. Enn fremur er mikil þörf á að endurbæta starfsaðstöðu og stjórnunaraðstöðu gæslunnar þannig að hún geti gegnt hlutverki sínu og gegnt nýju hlutverki því að hlutverk hennar breytist vitaskuld með breyttum aðstæðum.

Að því búnu kemur að því að huga að endurnýjun skipakostsins en ég ítreka að það er álit gæslunnar að bæði Týr og Ægir séu í tilgölulega góðu standi og til þeirra nota sem Landhelgisgæslan hefur þörf fyrir. Þess vegna er þess ekki að vænta, svo ég svari 2. lið fsp., að gerður verði samningur á þessu ári um smíði nýrra skipa með tilliti til þess hvernig verkefnum hefur verið raðað í forgangsröð. En áætlað er að það geti kostað um 700 millj. kr. að smíða nýtt skip af því tagi sem Landhelgisgæslan ræður nú yfir.

Þá er spurt hvort kannað hafi verið sérstaklega hvort innlendar skipasmíðastöðvar geti annast smíði á nýjum gæslu- og björgunarskipum fyrir Landhelgisgæsluna. Í ljósi þess sem á undan er gengið liggur í augum uppi að það hefur ekki verið kannað sérstaklega. En fyrir fram virðist ekkert vera til fyrirstöðu að innlendar skipasmíðastöðvar gætu annast slík verkefni þegar þar að kemur.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Þau voru skýr og að mínu mati alveg fullnægjandi upplýsingar um stöðu málsins. Ég tek fram að ég tel að þær upplýsingar sem hann veitti um áherslu og forgangsröðun verkefna hjá Landhelgisgæslunni séu eðlilegar og í raun skynsamlegar. Ég hygg að það sé engin deila um það að endurnýjun á þyrlukostinum sé eitt brýnasta forgangsverkefnið í röð slíkra hjá gæslunni. Það breytir hins vegar ekki því að ég tel löngu tímabært, og er ekki einn um það, að marka stefnu varðandi endurnýjun á skipakosti gæslunnar. Reyndar þyrfti að taka rekstur þeirrar skipaútgerðar inn í dæmið. Því miður er það svo að þessum skipakosti verður ekki beitt á þessu ári nema að hluta til eins og hann hefur afl til sökum peningaleysis. En þarna var engu að síður upplýst að elsta skipið er yfir þrítugt að aldri og það hlýtur nú að liggja í hlutarins eðli að tímabært er að fara að marka stefnu um það hvenær ráðist verði í endurnýjun þess. Væntanlega er ekki ætlunin að úrelda skipið þegar þar að kemur og fækka skipunum í tvö. Ég vil þess vegna leggja áherslu á, um leið og ég þakka hæstv. dómsmrh. aftur fyrir svörin, að stefnumörkunarvinna og áætlanagerð verði unnin og ég tel eðlilegt að hún fari í gang nú þó svo að endurnýjun á þyrlukostinum verði það verkefni sem ráðist verður í á næstunni og vonandi á þessu ári. Vonandi verður því ekki þvælt undan lengur og auðvitað hefði þurft að ákveða kaup á nýjum þyrlum á síðasta ári. Inn í áætlun um það hvenær ráðist verður í smíðina á fyrsta nýja gæsluskipinu, sem að mínu mati þyrfti að stefna að innan ekki lengri tíma en tveggja til þriggja ára, ætti að koma athugun á því hvort ekki sé unnt að stefna að því að smíða það skip innanlands.

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Hér er mál sem virkilega þarf að gefa gaum. Eins og fram hefur komið eru allir sammála um að það forgangsverkefni sem hefur verið lagst á með væntanleg kaup á nýrri þyrlu er það verkefni sem brýnast er hvað Landhelgisgæsluna varðar. Eins og fram hefur komið er enn fremur brýn nauðsyn á að endurnýja hið 30 ára gamla varðskip okkar, Óðinn. Við verðum að hafa í huga að hér er yfir 700 þús. km^2 svæði sem við þurfum að hafa gætur á og ásókn erlendra aðila í auðlindir í hafinu í kringum Ísland fer sjálfsagt vaxandi. Sambærilegum skipum hvað aldur varðar er lagt á Norðurlöndunum og talin mjög óhentug til reksturs.

Ég tek undir það að nauðsyn er á að einhver stefna verði mörkuð um leið og Landhelgisgæslunni verði færð aukin verkefni. Þegar eru verkefni innan annarra ríkisstofnana sem eðlilegt væri að færa undir rekstur Landhelgisgæslunnar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Rétt er að taka fram í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur orðið að í dómsmrn. hefur að undanförnu verið unnið að undirbúningi þess að hefja endurskoðun á lögum um Landhelgisgæsluna, hlutverki hennar og skipulagi. Hún hefur sannarlega gegnt og gegnir enn mjög þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Störf hennar mótuðust um langt árabil eðlilega af þeim átökum sem urðu við útfærslu landhelginnar. Nú og í framtíðinni þykir mér á hinn bóginn einsýnt að hlutverk hennar ásamt hefðbundnu eftirliti á fiskimiðunum verði í ríkari mæli tengt þjónustu-, öryggis- og björgunarstörfum. Þess vegna leit ég svo á að tímabært væri að taka fyrir heildarendurskoðun á lögum og skipulagi og hlutverki stofnunarinnar og þessa daga er verið að hleypa því verki af stað. Það verður allumfangsmikið og mun taka tillit til þeirra nýju aðstæðna sem Landhelgisgæslan stendur frammi fyrir. Þar verður m.a. kannað hvort eðlilegt og skynsamlegt geti talist að sameina stofnanir eins og Almannavarnir og Landhelgisgæslu og styrkja starfsemi þeirra sem um margt er samtengd. Jafnframt verður kannað með hvaða hætti hægt er að tengja Landhelgisgæsluna við veiðieftirlitið sem nú er alfarið á vegum sjútvrn. Ég sé fyrir mér að inn í þessa athugun geta komið ýmis önnur atriði. Allt þetta er nauðsynlegt að gera í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra verkefna. Þess vegna fer verkefnið nú af stað og vænti ég þess að niðurstöður þeirrar athugunar liggi fyrir síðar á þessu ári og þá verði unnt að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem skynsamlegar verða taldar. Það er alveg

ljóst að tími er til kominn að endurskipuleggja stofnunina í ljósi breyttra aðstæðna.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu fagna ég þessu máli. En ég vil benda á að það er nú öðru nær en að gæsluhlutverki Landhelgisgæslunnar sé lokið. Við eigum stórsigra í vændum. Við þurfum að verja Reykjaneshrygg út í 350 mílur og stugga öðrum skipum burt frá þessari eign okkar. Við þurfum að verja norðurslóðir og gæta þess að við náum þeim rétti sem hafréttarsáttmálinn býður okkur. Við höfum kannski, bæði ég og aðrir, trassað þessi mál. Við höfum ekki hrint fram öllum þeim réttindamálum sem við eigum samkvæmt hafréttinum og við þurfum að kynna okkur þau betur.

Möppu með kortum af svæðunum var útbýtt hér þannig að hv. alþingismenn hafa getað kynnt sér hvað hér um ræðir. Svo sannarlega þurfum við að styrkja Landhelgisgæsluna til þess að vinna fleiri sigra sem við eigum rétt á samkvæmt alþjóðalögum. Og það er miklu meira mál en svo að menn megi hika í sambandi við kostnað við eflingu Landhelgisgæslunnar.

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, ein umr.

Fsp. RG, 204. mál. — Þskj. 231.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í nóvember 1990 mælti undirrituð, sem 1. flm., fyrir till. til þál. um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum. Eftir afgreiðslu málsins úr nefnd þann 12. mars 1991 samþykkti Alþingi síðan eftirfarandi ályktun:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,

2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:

a. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,

b. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,

c. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða."

Í framsögu með tillögunni benti ég á nauðsyn þess að stuðla að því að ungt fólk verði betur undir það búið að verða fjárráða og þá fjármálalegu umsýslu sem fylgir fullorðinsárunum, ekki síst gjörbreyttri fjármálaumsýslu heimilanna í landinu. Með fullri verðtryggingu runnu þeir dagar upp að fólk þurfti að greiða skuldbindingar sínar að fullu. Svo virðist sem á skorti að verðbólgukynslóðin hafi skilað til næstu kynslóðar þeim viðhorfum um ábyrgð í fjármálum sem nauðsynleg eru. Stöðugt fleiri einstaklingar hafa orðið gjaldþrota m.a. vegna húsnæðisöflunar og jafnvel neysluskulda og því miður sökum þess að þeir hafa gerst ábyrgðarmenn á skuldum vina eða ættmenna sem lent hafa í erfiðleikum eða misst eigur sínar. Þá lágu fyrir upplýsingar um gjaldþrot einstaklinga þar sem m.a. kom fram að 139 einstaklingar undir þrítugu voru lýstir gjaldþrota á átta mánaða tímabili bara hjá embætti borgardómara í Reykjavík.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þær góðu undirtektir og mikla stuðning sem málið fékk í þinginu.

Virðulegi forseti. Á þskj. 190 er frv. til laga um breytingu á grunnskólalögunum, flutt af Guðna Ágústssyni og Stefáni Guðmundssyni og er efnislega á sömu lund og sú þál. sem ég hef fjallað um. Þar er gert ráð fyrir að fræðsla um fjármál einstaklinga og ábyrgð á fjárskuldbindingum sé tekin upp í efstu bekkjum grunnskóla.

Framkoma þessa frv. m.a. gefur mér tilefni til að spyrja hæstv. menntmrh. hvað líði framkvæmd þáltill.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Varðandi framhaldsskólastigið er svar mitt við fsp. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur þetta:

Kennsla í fjármálaumsýslu er nokkur á ýmsum brautum framhaldsskólans. Á verslunarbrautum og hagfræðibrautum er talsvert mikil kennsla í bókfærslu, skattarétti, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Á öllum iðnbrautum er áfangi í bókfærslu þannig að allir verðandi iðnaðarmenn fá nokkra kennslu í fjármálaumsýslu.

Fyrir nokkrum árum var tekin upp tilraunakennsla í svokölluðum samskiptaáfanga í nokkrum framhaldsskólum. Í þessum áfanga er nokkuð farið í fjármál einstaklinga. Þessi áfangi þykir lofa góðu og má búast við að flestir framhaldsskólar taki hann upp á næstunni.

Varðandi grunnskólastigið er svar mitt þetta: Þingsályktun um fræðslu í fjármálaumsýslu sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 1991 var kynnt Námsgagnastofnun sl. vor. Í þegar útgefnu námsefni eða námsefni sem var í samningu á vegum Námsgagnastofnunar á síðasta ári er fjallað almennt um fjármál og fjármálaumsýslu svo sem í samfélagsfræði og heimilisfræði. Engu að síður var það álit margra skólamanna að ekki veitti af aukinni umfjöllun um þessi mál meðal unglinga. Nokkur dæmi eru um frumkvæði að fræðslu um fjármál.

Í Dalvíkurskóla var gerð tilraun með sérstaka námsbraut fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla, svokallaða sjálfsmennskubraut. Meginmarkmið þeirrar fræðslu var að nemendur yrðu ábyrgir í eigin fjármálum, fengju þjálfun í að gera fjárhagsáætlanir og öðl-

uðust þekkingu á almennum bankaviðskiptum. Menntmrn. styrkti þetta verkefni og fylgist með framgangi þess.

Bankar og sparisjóðir hafa sýnt þessu máli áhuga. Íslandsbanki hefur látið semja sérstakt námsefni sem notað er í starfsfræðslunámi í Reykjavík. Annast bankinn kennsluna sem fer fram í Gerðubergi. Þá hefur Sparisjóður Hafnarfjarðar látið semja hliðstætt námsefni sem öllum nemendum í 10. bekk í Hafnarfirði stendur til boða. Sparisjóðurinn leggur einnig til leiðbeinendur. Nemendur og foreldrar hafa látið mjög vel af þessu framtaki og efninu.

Nú standa yfir viðræður milli Námsgagnastofnunar og fulltrúa banka og sparisjóða um útgáfu á námsefni um fjármálaumsýslu. Unnið er að kostnaðaráætlun og öðrum undirbúningi með það fyrir augum að námsefnið verði til reiðu fyrir efstu bekki grunnskóla haustið 1992. Einnig hafa komið fram hugmyndir um námsgögn við hæfi yngri nemenda. Ræddar eru hugmyndir um að bankakerfið styrki útgáfu efnisins fjárhagslega og að nýttar verði hugmyndir úr því efni sem tilraunir hafa verið gerðar með. Einnig er mikilvægt að taka mið af þeirri reynslu sem frumkvöðlar í fræðslu um þessi mál hafa aflað sér.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ánægjulegt er að heyra að Sparisjóður Hafnarfjarðar og Íslandsbanki hafa tekið að sér að búa til námsgögn í íslenska skólann. Ekki veitir af hjálp einhvers staðar frá.

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli manna á því leikriti sem hér fer fram. Einn öflugasti og ötulasti stuðningsmaður núv. ríkisstjórnar, hv. 11. þm. Reykn., er að spyrja um aukna kennslu í grunnskóla og framhaldsskóla á meðan verið er að skera niður tímafjölda í öllum skólum. Ég hlýt að spyrja: Hvað á þetta að þýða? Á síðasta kjörtímabili var unnið ötullega að því að efla skólann með nýjum lögum um grunnskóla og leikskóla. Rætt var um að efla verkmenntun í skólum, rætt var um skólamáltíðir og flest það sem hv. þm. hafa verið að berjast fyrir árum saman. Öllu þessu hefur verið snúið við og frestað með öflugum stuðningi hv. fyrirspyrjanda. Nú kemur hún og fer að spyrja ráðherra sinn hvort ekki eigi að taka upp kennslu í fjármálaumsýslu. Ég hlýt að spyrja: Í hvaða tímum? Þessum sem lagðir hafa verið niður?

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka menntmrh. ágæt svör og fagna því að tilraunakennsla hefur verið tekin upp í þeim framhaldsskólum sem hann greindi frá og einnig að verið er að gera tilraunir í sérstökum áföngum í grunnskólanum.

Mér var fullkunnugt um þau námsgögn sem fyrir hendi eru þar sem fjallað er almennt um afmarkaða þætti þess sem ég spurði um. Reyndar kom það fram í nefnd þegar málið var til umfjöllunar. En eins og kom líka fram þar sem þessi gögn hafa verið notuð hefur það verið í valkennslu og í sumum skólum hafa nákvæmlega þessi gögn alls ekki verið notuð. Og um það snerist umfjöllun þeirrar tillögu sem hv. 14. þm. Reykv. stóð að, ef ég man rétt. Alla vega tók þingmaðurinn þátt í framsögu og studdi þetta mál dyggilega og þakka ég fyrir það.

Það kom líka fram við umfjöllun málsins og í máli mínu að þá þegar voru þau starfskynningarnámskeið sem vísað er í hjá Íslandsbanka komin vel í gang og voru tilraunaverkefni með stuðningi menntmrn. og Reykjavíkurborgar sem lagði til húsnæði. Mjög vel hefur verið látið af þeim en á það bent að ekki væri nægilega gott að hafa umfjöllun um málið sem valkost heldur væri mjög æskilegt að flétta það inn í lögbundið námsefni.

Hv. 14. þm. Reykv. gagnrýndi mig fyrir að koma og spyrja um aukna kennslu á niðurskurðartímum. Það er alveg hárrétt að ég hef stutt og styð ríkisstjórnina og hún hefur verið að skera niður. Það hefur líka komið fram aftur og aftur að þeim þáttum sem hefur verið frestað núna í grunnskólalögunum, sem hún vísaði til, hefur verið frestað á þessu ári. Ég trúi því að þeir erfiðleikar sem við erum að fara í gegnum nú verði leystir og sannarlega ætla ég að halda áfram að líta til framtíðar með þau mál sem betur mega fara. Þetta er einn af þeim þáttum sem við hljótum öll að vera sammála um að eigi að vera í grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Að sjálfsögðu mun ég berjast dyggilega fyrir því að þetta geti orðið, jafnvel þótt hægt gangi.

76. FUNDUR

fimmtudaginn 6. febr.,
að loknum 75. fundi.

Varnir gegn vímuefnum, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 97. mál. — Þskj. 100.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 100 um auknar varnir gegn vímuefnum. Flm. tillögunnar ásamt undirritaðri eru Karl Steinar Guðnason, Gunnlaugur Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, Valgerður Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson og Sigurður E. Arnórsson.

Sú till. sem hér er mælt fyrir er endurflutt lítillega breytt. Hún var áður flutt á 113. löggjafarþingi, fór til nefndar og til umsagnar en náði ekki að vera rædd í nefndinni né afgreidd. Hún er um það að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér þegar í stað fyrir auknum samræmdum aðgerðum til að draga úr notkun vímuefna. Tillögugreininni fylgja sex markmiðslýsingar sem ég fjalla nánar um í framsögunni.

Mikil óhamingja dynur yfir fjölskyldu þegar ein-

hver úr fjölskyldunni verður vímuefnum að bráð. Óhætt er að fullyrða að meðal þjóðarinnar er mikill einhugur um það markmið að auka varnir gegn vímuefnum, að grípa til hvers konar aðgerða til að sporna gegn dreifingu og notkun vímuefna. Þingmenn hafa gefið þessum málum gaum með fyrirspurnum og tillögum og á vegum ríkisvaldsins hafa verið skipaðar nefndir til að fjalla um þessi mál. Framkvæmdanefnd til að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna skilaði ítarlegri skýrslu með tillögum í apríl 1987. Sumum þeirra tillagna hefur verið hrint í framkvæmd, svo sem skipan samstarfsnefnda ráðuneyta í ávana- og fíkniefnamálum sem ætlað er að samhæfa aðgerðir hins opinbera í þessum efnum. Áhugamannasamtök hafa verið stofnuð um forvarnastarf og meðferðarúrræði og oft orðið eins konar þjóðarvakning um þau mál. Má í því sambandi nefna foreldrasamtökin Vímulausa æsku, Krýsuvíkursamtökin og Samtök áhugamanna um áfengisvandamálin, SÁÁ.

Þó að ég geti sérstaklega þessara aðila í tengslum við eins konar þjóðarátak skal í engu hallað á þau fjölmörgu félög og samtök sem vinna að forvörnum eða almennt að æskulýðsstarfi eða ryra þátt sveitarfélaganna því að á vegum þeirra fer víða fram öflugt forvarnastarf. Hjá sveitarfélögunum tengjast forvarnir í ávana- og fíkniefnamálum beint og óbeint félagsmálastofnunum, starfsemi útideilda, starfsemi félagsmiðstöðva og unglinga- og fræðslustarfi skólanna. Rauði kross Íslands starfrækir sérstaka hjálparstöð fyrir unglinga sem eru í vanda staddir. Þótt vandi þeirra sem þangað leita sé af ýmsum toga hefur það komið fram í könnunum að ákveðið hlutfall þessara unglinga hefur neytt fíkniefna. Öll aðhlynning skiptir máli og þess vegna er ástæða til að fagna þeirri tilraun Fríkirkjunnar á þessum vetri að hafa opið hús að kvöld- og næturlagi um helgar. Þrátt fyrir góðan vilja hefur lítt tekist að samhæfa og fylgja eftir því starfi sem ýtt er úr vör af áhugasamtökum sem hafa takmarkaða getu til að fylgja því eftir. Skort hefur á markvissa stefnumörkun hins opinbera í þessum efnum og hef ég tekið Krýsuvík sem dæmi. Ríkið og Samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi og reyndar fleiri áttu hálfbyggt skólahúsnæði í Krýsuvík sem Krýsuvíkursamtökunum var látið eftir. Þessi samtök fengu góðar undirtektir landsmanna í þeirri viðleitni sinni að koma á laggirnar fyrsta meðferðarheimilinu fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þegar uppbygging var komin vel á veg kom í ljós að stefnumörkun ríkisvaldsins var á þá lund að meðferð ungra fíkniefnaneytenda skyldi vera á vegum ríkisins og var keypt annað húsnæði til starfseminnar. Þar með var á vissan hátt kippt grundvellinum undan þeirri starfsemi sem fyrirhuguð var í Krýsuvík þótt samtökin hafi reyndar tekið einstaklinga í vistun og meðferð og haldið uppbyggingu áfram. Ég nefni þetta mál sem dæmi um hvað gerist þegar framkvæmdin kemur fyrst og stefnumörkunin seinna því það er sóun á fjármunum.

Landlæknisembættið boðaði til nokkurra samráðsfunda veturinn og vorið 1990 um fíkniefnaneyslu unglinga, áhættuhópa og úrbætur. Niðurstaða þess samstarfs var kynnt í skýrslunni Ungir vímuefnaneytendur — Hvaðan koma þeir og hvert halda þeir? Vakti hún mikla athygli, ekki síst þær upplýsingar að allt að 500 unglingar á aldrinum 13–19 ára væru djúpt sokknir í fíkniefnaneyslu og ástandið hefði versnað mjög á síðustu árum. Í skýrslunni er bent á hvað hópurinn telur helst til ráða. Jafnframt er bent á þann mikla kostnað sem er samfara vistun á sjúkrastofnunum og að stofnanameðferð geti aldrei komið í stað forvarna. Við tökum undir þau sjónarmið sem þar voru sett fram og að hluta til birtast í tillöguflutningi okkar.

Fyrir tveimur mánuðum stóð heilbrrn. fyrir ráðstefnu um áfengis- og vímuefnavarnir. Hátt í 200 manns víðs vegar að af landinu sóttu ráðstefnuna sem fjallaði um nýtt frv. til laga um áfengis- og vímuefnavarnir. Í því frv. er komið inn á félags- og fræðslumál ásamt heilbrigðisþættinum og þar með suma þá þætti sem þessi tillaga fjallar um, m.a. áfengis- og vímuvarnasjóð sem fái 2% af brúttósölu áfengis, en hlutverk sjóðsins er að kosta áfengis- og vímuvarnastarf samkvæmt lögunum. Ég vona að frv. verði lagt fram á Alþingi hið fyrsta.

Sú ályktun sem ég mæli hér fyrir í dag er niðurstaða starfshóps á vegum þingflokks Alþfl. sem á sl. vetri átti viðræður og fundi með fjölda aðila sem að þessum málum starfa. Við völdum að leggja áherslu á fáa, afmarkaða þætti og aukna samræmingu í tillögum okkar. Í fyrsta lagi leggjum við til að sami aðili fari með rannsókn fíkniefnamála á landinu öllu og hafi sjálfstæðan fjárhag. Fíkniefnasviðið er eitt þriggja sviða innan rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík. Samkvæmt reglugerð sem sett var fyrir rúmu ári var ávana- og fíkniefnadeildinni fengið aukið vægi og henni gert að sinna beiðnum um aðstoð frá embættum utan Reykjavíkur. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja þessum þýðingarmikla hluta löggæslunnar nægilegt sjálfstæði til að hún geti tekist á við þau verkefni sem henni eru ætluð. Fíkniefnadeild, sem hefur skyldur og ábyrgð gagnvart öllu landinu, á að vera annað og meira en einn hluti af rannsóknardeild lögreglustjórans í Reykjavík. Því viljum við gera fíkniefnalögregluna ábyrga fyrir þessum málaflokki, bæði hvað varðar aðgerðir og fjármál. Við teljum alveg nauðsynlegt að sé aðgerð í gangi af hálfu fíkniefnalögreglu hafi hún bæði sjálfstæði og fjárhagslegt bolmagn til að ljúka þeirri aðgerð, telji hún það nauðsynlegt til að afstýra því að vímuefni komist hér á markað. Hún má ekki tengjast annarri fjárhagslegri forgangsröðun verkefna á vegum löggæslunnar.

Því er haldið fram að viðskipti með fíkniefni á heimsmarkaði komi næst á eftir vopnaviðskiptum í fjármagnsveltu og undan olíuviðskiptum svo að hér er verið að tala um gríðarlega fjármuni. Við Íslendingar erum sem betur fer eftirbátar annarra landa hvað varðar þróun þessara mála. Þó er talið að ársvelta fíkniefnamarkaðarins hér sé 300–400 millj. kr. Fíkniefnaviðskipti hafa að sögn orðið skipulagðari hér hin síðari ár og erfiðari viðureignar fyrir yfirvöld. Með tillögunni, sem flutt var á 113. löggjafarþingi, voru birt sem fylgiskjöl skýrslur um fíkniefni sem lagt hefur

verið hald á, dómsafgreiðslur og fleira og vísa ég til þeirra. Þar kom fram að á árunum 1987–1990 var fjöldi mála hvert ár á þriðja hundrað og aldur aðila frá 15 ára. Fjöldi grunaðra var á fimmta hundrað hvert ár og yfirheyrslur á sjöunda hundrað árið 1990. Fíkniefni, sem lagt var hald á, voru umtalsverð og þess má líka geta að lagt var hald á 13 byssur, 985 skot og 29 hnífa árið 1990. Af fíkniefnum, sem tekin voru á árinu 1991, kemur fram umtalsverð aukning á amfetamíni eða úr um 200 gr árið 1990 í 1,5 kg árið 1991. Á hinn bóginn er t.d. haldlagt hass 5,2 kg á móti 6,7 kg á árinu 1990. Þó segja slíkar tölur ekki alla sögu. Heppni ræður nokkru um hve mikið magn næst hverju sinni. Þá má líka geta þess að oft hefur átt sér stað langvarandi vinna að verkefni þótt ekki hafi verið lagt hald á fíkniefni hér á landi. Ég get nefnt dæmi um verkefni sem stóð yfir á árunum 1989, 1990 og 1991 og varð þess valdandi að í maí 1991 náðust 10 kg af hassi í Hollandi sem komu ekki til landsins, m.a. vegna þess verkefnis sem var unnið hér.

Í öðru lagi leggjum við til að námsefni um vímuvarnir verði hluti skyldunáms í grunnskólum. Frjáls félagasamtök og opinberir aðilar hafa þrýst á um að námsefnið sé tekið inn í skólana. Fjölmargir aðilar hafa komið í skóla með forvarnaverkefni en hafa nú samræmt störf sín og standa flestir að verkefni sem heitir „Að ná tökum á tilverunni" og er bandarískt að uppruna. Lions-hreyfingin hefur greitt kostnað við að þýða og staðfæra verkefnið sem er gefið út í samstarfi þeirra og menntmrn. Í dag er hverjum skólastjóra í sjálfsvald sett hvort hann nýtir sér námsefnið sem í boði er. Á sl. hausti fengu 2.775 nemendur námsefnið, þar af 1.600 í Reykjavík og 233 í Hafnarfirði en þar er öllum sjöundu bekkingum boðið upp á námsefnið og er fyrirhugað að halda áfram í 8. bekk. Sveitarfélögin styrkja þessa fræðslu.

Kennarar standa nú betur að vígi en áður hvað undirbúning og þekkingu á vímuvörnum varðar því námskeið um vímuvarnir er orðinn fastur liður í kennaranámi og hafa 427 kennarar sótt sér réttindi til að nota Lions-námsefnið, þar af 150 á sl. sumri. Komið hefur fram að þrátt fyrir tiltölulega gott ástand í undirbúningi kennara hafa vímuvarnir víða átt erfitt uppdráttar í grunnskólum landsins. Níu aðilar, félagasamtök og opinberir aðilar, hafa staðið að sérstakri kynningu á vímuvörnum fyrir kennara og foreldra. Áformað er að ljúka yfirferð um landið á tveimur árum en Norðurlöndin hafa öll verið að taka þetta verkefni til kennslu í skólum.

Í þriðja lagi leggjum við til að komið verði á fót forvarnasjóði þar sem tryggt verði samræmi milli þeirra verkefna sem unnið er að. Því tökum við undir viðhorf margra þeirra sem eru að vinna að forvarnaverkefnum og eru oft á tíðum í kapphlaupi um athygli og peninga. Margir eru að vinna að sömu eða áþekkum verkefnum án þess að samráð eða samstarf eigi sér stað og hver og einn er að sækja eftir stuðningi frá hinu opinbera. Hugmyndin með sérstökum forvarnasjóði er sú að þeir, sem vinna að forvarnaverkefnum og sækja eftir fjárstuðningi til stjórnvalda, sæki beint til slíks sjóðs. Þar er síðan tekin afstaða til gildis verkefna, hvort verkefni eru af sama toga og jafnvel hægt að leggja til samvinnu á ákveðnum sviðum. Það er ekki víst að auka þurfi mikið framlög til vímuvarna ef vinnubrögð verða markviss og samræmd.

Í fjórða lagi leggjum við til að gerð verði með reglulegum hætti úttekt á fíkniefnavandanum með söfnun gagna og upplýsinga svo að auðveldara sé að gera sér grein fyrir umfangi hans. Þessa úttekt þarf að fela ákveðnum aðila. Má nefna að sú framkvæmdanefnd sem skilaði skýrslu árið 1987 lagði til að ráðinn yrði sérfræðingur að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í tvö ár til að annast rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum og yrði árangur af því starfi metinn að þeim tíma liðnum. Því miður var þeirri tillögu ekki hrint í framkvæmd. Það er líka mjög mikilvægt að hafa yfirsýn yfir hvernig þessi mál eru á landsbyggðinni. Þannig hefur orðið nokkur aukning á málafjölda tengdum fíkniefnum á Austurlandi og hafa einstaklingar þar og félagasamtök látið þessi mál til sín taka. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur óskað eftir því við dómsmrn. að það leiti leiða til úrbóta og m.a. lagt áherslu á að fá hasshund á Austurland. Þess má geta að hér á landi eru fimm hasshundar, tveir á Keflavíkurflugvelli hjá tollgæslu þar, tveir á vegum ávana- og fíkniefnadeildar og einn hjá rannsóknardeild Tollgæslu Íslands sem er í Reykjavík. Það má segja að e.t.v. þyrfti að huga að þessum málum varðandi Vestfirði og Norðurland.

Í fimmta lagi teljum við að tryggja þurfi samræmi að því er varðar sérfræðilega aðhlynningu og umönnun vímuefnaneytenda. Meðferðarstarf fer bæði fram á vegum ríkisins og frjálsra félagasamtaka. Þessar stofnanir hafa lítið sem ekkert samráð sín á milli, enda eru þær reknar á ákaflega mismunandi vegu og meðferðarstefnur eru ólíkar. Það þyrfti að gera könnun á meðferðarstefnunni og reyna síðan að meta raunverulega þörf landsmanna. Þannig á að vera hægt að samræma meðferðina og þær kröfur sem gerðar eru til einstakra sjúklinga og starfsfólks.

Virðulegi forseti. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni sem haldin var í Vínarborg 25. nóv. 1988 var gerður samningur milli aðildarríkjanna um aðgerðir gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni. Má segja að þarna hafi fulltrúar þjóða heims leitað saman leiða til að afstýra því að fíkniefni komist á markað, afstýra því að vágesturinn komist á götuna. Tilgangur samningsins er að stuðla að samvinnu aðilanna svo að þeir fái beitt sér með áhrifaríkari hætti að hinum ýmsu þáttum er varða ólöglega verslun með þessi efni. Framkvæmd skuldbindinga samkvæmt samningnum felur m.a. í sér ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Samningurinn er ítarlegur, fjallar m.a. um afbrot og viðurlög, refsivald, upptöku, framsal, gagnkvæma dómsmálaaðstoð, samvinnu og þjálfun.

5. gr. samningsins fjallar um upptöku og heimild til að gera upptækan ávinning sem fæst af refsiverðum brotum eða eign sem að verðmæti svarar til slíks ávinnings. Hér á landi er t.d. ekki til löggjöf um þetta

efni en sérstök löggjöf hefur verið sett um lönd. Lagt er til að samningurinn verði staðfestur.

Virðulegi forseti. Að meðaltali er einn maður lagður inn á sjúkrahús vegna ofneyslu lyfja þriðja hvern dag ársins. Þar virðast að mestu lögleg lyf á ferð. En miðað við aldur þeirra sem færðir eru til yfirheyrslu virðist sem aldur neytenda, m.a. þeirra sem farnir eru að sprauta sig og þeirra sem eru í innflutningi, sé að færast niður. Þannig voru á árinu 1991 í fyrsta sinn teknir tveir 14 ára unglingar til yfirheyrslu vegna fíkniefnamála, átta 15 ára á móti mest fjórum áður, tuttugu og átta 16 ára á móti mest tíu áður, sem var 1988, en neytendur á aldrinum 22–25 ára sem teknir voru til yfirheyrslu voru einungis 109 á móti 150 árið 1988. Það alvarlegasta í stöðunni er að lögreglunni er kunnugt um að sterkur orðrómur er á götunni um að heróín hafi verið til sölu hér á sl. ári. Við verðum að taka á þessum málum, hagnýta okkur reynslu annarra og fylgjast með hvaða meðul hafa reynst árangursrík annars staðar. Það er líka mikilvægt að halda umræðunni vakandi og kalla fram upplýsingar frá almenningi til hjálpar í baráttunni. Hvert skref sem tekið er í þá átt að koma í veg fyrir að fíkniefnavandinn vaxi er gæfuspor en það er vandmeðfarið að koma með tilllögu sem raunsætt er að ætla að árangur náist með. Ég trúi því að þessar tillögur séu til þess fallnar.

Virðulegi forseti. Síðast þegar þetta mál var flutt var því vísað til félmn. En með tilliti til þess að væntanlegt er frv. um þetta mál sem fer til heilbr.- og trn. legg ég til að að lokinni umræðu fari þetta mál til heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er eins og fram kom í máli hv. 11. þm. Reykn. þannig að þetta mál, vímuefna- og fíkniefnavandi, hefur býsna oft verið til meðferðar hér á hv. Alþingi með þeim hætti að menn hafa flutt tillögur til þingsályktunar, fyrirspurnir o.fl. í þeim dúr. Menn hafa einnig flutt tillögur um breytingar á fjárlögum varðandi t.d. möguleika Áfengisvarnaráðs og heilbrrn. til að taka á þessum málum. Í rauninni má segja að í þessum málaflokki stöndum við kannski frammi fyrir því ekki síður en í mörgum öðrum að eftir áramótin birtist venjulega hinn almenni jákvæði vilji þingmanna til þjóðfélagsumbóta en fyrir áramótin erum við að saxa niður fjárlögin og draga úr ríkisútgjöldunum. Staðreyndin er sú, eins og víðar annars staðar, að ef eitthvað á að gera í þeim málum sem hér um ræðir, þá þarf peninga, það þarf fjármuni og í raun og veru sáralitla fjármuni miðað við þann alvarlega vanda sem hér er um að ræða úti í þjóðfélaginu og það hvað kostnaðarsamur hann er. Hann er gríðarlega dýr fyrir einstaklinga, fyrir sveitarfélög, fyrir ríki, heilbrigðisstofnanir og aðra aðila og þá er ég bara að tala um fjármunina, að ég minnist ekki á hin mannlegu sárindi sem verða auðvitað aldrei reiknuð út með sama hætti.

Ég tel hins vegar að þær almennu hugmyndir sem hér er hreyft í tillögum hv. þm. Alþfl. séu allra góðra gjalda verðar og það sem vantar hér sé ekkert annað en ákvörðun um að t.d. á þessu ári verði varið einhverjum tilteknum fjármunum í þessu skyni og að á Alþingi bindist menn samtökum um það, þvert á alla flokka, að verja verulegum fjármunum í þessu skyni til að auka varnir gegn vímuefnum á árinu 1993. Menn bindi sig fasta í þeim efnum og ákveði að standa við það. Og ég held að það sé mikilvægast að það verði gert vegna þess að um hinn góða vilja efast enginn í þessu efni en góður vilji gerir litla stoð ef ekki eru til fjármunir.

Ég tel að vandinn við að taka á þessum málum sem hér um ræðir hafi aðallega verið tvíþættur á undanförnum árum. Annars vegar fjárhagslegur og hins vegar stjórnkerfislegur, ef svo má að orði kveða. Vímuefnavandamál spyrja ekki um heimilisfang, þau spyrja ekki um ráðuneyti, þau eru þvert á ráðuneyti. Þau snerta auðvitað öll ráðuneyti. Þau snerta menntmrn., þau snerta heilbrrn., þau snerta dóms- og kirkjumrn., þau snerta fjmrn. Vandinn hefur verið sá að mjög erfitt hefur verið að fá þessi ráðuneyti til að vinna saman með eðlilegum og faglegum hætti og fallast á að eitthvert eitt þeirra fari að lokum með það mál sem um er að ræða á hverjum tíma. Ég þekki þetta afar vel úr samstarfsnefnd um fíkniefnavarnir sem starfaði á vegum nokkurra ráðuneyta á síðustu missirum. Þessi nefnd fór af stað með myndarlegum hætti og setti sér tiltekna dagskrá. Ég hygg að hún hafi haft hliðsjón til að byrja með af því áliti sem birtist á árinu 1987. Niðurstaða þessarar nefndar var sú að það væri í raun og veru langsamlega brýnast að koma á fót meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Það væri langbrýnasta verkefnið. Niðurstaða þessarar nefndar, eftir mjög vandlega, faglega umfjöllun, var sú að skynsamlegt væri að það gerðist í tengslum við Unglingaheimili ríkisins, þ.e. starfsemi sem var til hvort eð er og sérfræðiþekkingu sem var til hvort eð er, til þess að setja ekki upp nýja stofnun sem yrði enn þá dýrari þar sem um væri að ræða kannski tvöföldun á faglegum starfskröftum frá því sem ella hefði verið.

Það er alveg ljóst að þessi ákvörðun, sem ríkisstjórnin tók á sínum tíma og Alþingi féllst á að lokum, kom að nokkru leyti þvert á þær hugmyndir sem höfðu verið uppi um stofnun heimilis í Krýsuvík. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, var þá og er enn, að þessi niðurstaða varðandi meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur, Tinda, hafi verið mjög skynsamleg vegna þess að þarna var safnað saman þeirri sérfræðiþekkingu sem til var í landinu og á Tindum hafa þegar dvalist tugir ungmenna sem hafa fengið þar mjög góða meðferð að mörgu leyti. Í framhaldi af meðferðinni á Tindum er um að ræða tiltekna endurhæfingu og endurmenntun sem einnig er kostuð úr ríkissjóði. Ég held satt að segja að meðferðarheimilið að Tindum sé allrar athygli vert og ég vil benda þeim þingmönnum á, sem eru að kynna sér þessi mál, að fara í heimsókn að Tindum og fara yfir þau prógröm sem þar er verið að vinna eftir og einnig að fara yfir að einhverju leyti vanda þess unga fólks sem þar hefur verið þ.e. hvernig vandi þess er til kominn og hvert fólk fer eftir að hafa verið á Tindum.

Ég vil einnig segja að ég tel að það hafi verið mjög

mikilvægt að það tókst á síðustu árum að koma því fyrir í aðalnámskrá grunnskóla að varnir gegn vímuefnum og fíkniefnum væru hluti af grunnskólastarfinu, algjörlega ófrávíkjanlegur hluti af grunnskólastarfinu. Til þess að undirbúa þetta var varið árlega 1989, 1990 og 1991 1,5 millj. kr. í sérstök fræðsluverkefni til þess að þróa starf sem gæti orðið öðrum grunnskólum eða öllum grunnskólum til styrktar á þessu sviði á komandi árum. Ég tel að þetta skipti mjög miklu máli og er í raun viðbót við það sem ég ætlaði að koma að næst sem er Lions-quest verkefnið sem Lions-hreyfingin fór af stað með og við ákváðum að styðja á sínum tíma. Ríkið lagði fram verulega fjármuni, ég hygg á milli 5 og 10 millj. kr. í þetta verkefni, ég man ekki nákvæmlega hvað það var mikið, og m.a. með sérstakri aukafjárveitingu á árinu 1991. Það er þáttur af hinum mikla fortíðarvanda sem stundum er talað um hér í öðru samhengi úr þessum ræðustól, það var 1,5 eða 2 millj. sem fóru í þetta Lions-quest verkefni.

Ég tel að þarna hafi sem sagt verið um að ræða mjög myndarlegar ákvarðanir og byggja eigi á þeim áfram. Menn þurfa að gæta þess að nota þá þekkingu og reynslu sem er til og byggja á þeim áfram. Það sem ég legg áherslu á í þessum efnum er fyrst og fremst tvennt.

Í fyrsta lagi að um verði að ræða samræmda opinbera stefnumótun á vegum allra þeirra ráðuneyta sem hér um ræðir. Það er númer eitt. Í öðru lagi vantar ákvörðun og vilja Alþingis um að setja fjármuni í þetta verkefni. Ég sé þetta þannig fyrir mér að samstarfsnefnd yrði til á vegum margra ráðuneyta strax. Hún fengi starfsmann og fjármuni til að vinna að hluta þeirra verkefna sem hér er um að ræða. Það mætti auðvitað telja upp einhver fleiri verkefni en aðalatriðið er að það sé til þverfaglegur aðili sem heldur utan um allt málið en menn séu ekki að potast í þessu hver í sínu ráðuneyti.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri mínum sjónarmiðum í þessu efni. Ég tel að margt hafi verið vel gert en það verður að gera miklu meira. Þar þarf almenna, samræmda, opinbera stefnumótun og vilja til að láta í þetta fjármuni vegna þess að góð orð gera enga stoð ef þeim fylgja ekki peningar.

Ég vona að ég fái tækifæri til þess að fjalla um þessa tillögu frekar ef henni verður vísað til hv. heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti. Mér skilst á hv. 11. þm. Reykn. að það sé að koma frv. um vímuefna- og fíkniefnavarnir frá hæstv. ríkisstjórn. Ég hef ekki séð frv. en mér skilst að það sé væntanlegt og þá er hægt að skoða þessa hluti í samhengi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. flm. þessarar þáltill. hefur ekki óskað eftir viðveru heilbrrh. en leggur engu að síður til að málið fari til heilbrn. Það vekur nokkra umhugsun hvort einhver dýpri merking sé þar á bak við að ekki er talin ástæða til að óska eftir hans viðveru. (**SvG:** Það er allt í lagi að sleppa honum.) Ég geri ekki ágreining við flm. en þetta vekur athygli.

Annar flm. þessarar till. er hv. formaður fjárln., Karl Steinar Guðnason. Þriðji flm. þessarar till. er einnig fjárlaganefndarmaður, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson. Nú er það svo að þessi tillaga fjallar um peninga, ekkert nema peninga. Það hefur verið upplýst hér á Alþingi að milli 200 og 300 nemendur í grunnskólanum hverfa úr skólunum. Það er fyrsti áhættuhópur ef menn vilja fara í þessa skoðun. Það liggur alveg ljóst fyrir. Þeir eru reknir úr skólunum meira og minna. Fyrst í viku og svo aftur í viku og svo er sagt að þeir hafi skrópað og ekkert annað sé að gera en að láta þetta lið fara. Þannig er starfað m.a. í því kjördæmi sem hv. 1. flm. er þingmaður fyrir.

Hvað eru vímuefni? Það hlýtur að vera næsta spurning sem maður verður að átta sig á. Er áfengi ekki talið með? Er bjórinn ekki talinn með? Þá væri þetta fyrsta land í heimi sem lifði við svo þægilegar aðstæður í vímuefnum að um ekkert nema ólögleg efni væri að ræða.

Svo kemur fyrsta tillagan: Sami aðili fari með rannsókn fíkniefnamála á öllu landinu og honum verði tryggt fjárhagslegt sjálfstæði. Það hafa margir í þeirri gerningahríð sem nú gengur yfir viljað búa við fjárhagslegt sjálfstæði hjá ríkinu og gengið misjafnlega. En skoðum þetta örlítið í framkvæmd. Við erum með löggæsluumdæmi vítt og breitt um landið. Það er framið morð. Morðinginn er undir áhrifum vímuefna. Hver á að sjá um rannsóknina? Hvernig er þetta hugsað? Á að bíða eftir sérsveit úr Reykjavík til þess að yfirheyra manninn um vímuefni eða á að yfirheyra hann um morðmálið út frá almennum forsendum í heimahéraði? Hvernig ætla menn að tengja þetta saman og ef það er ágreiningur um málið, hver á þá að skera úr? Er mönnum ekki ljóst að löggæsla almennt verður ekki sundur slitin með þeim hugmyndum sem hér eru settar fram? Það er hreinlega hringavitleysa, það er ekki til annað orð yfir það. Hvernig hugsa hv. flm. að staðið sé að þessu? Ef maður keyrir fullur þá er hann undir áhrifum vímuefna. Á þá umferðarlögreglan að hætta að sinna þeim málum, taka hann ekki, tilkynna einfaldlega suður að maðurinn hafi verið fullur fyrst það sé komin sérdeild þar sem á að sjá um málið?

Það vekur undrun mína að hugmyndir sem snúa að því að brjóta upp löggæslukerfið í landinu heyri undir heilbrigðismál, ef taka á ákvörðun um að senda þetta til heilbrn. eins og hér er lagt til af flm. Það vekur þó nokkuð mikla umhugsun. Samt yrði að standa þannig að því ef lögunum yrði breytt, þá yrði það að fara til allshn., hæstv. forseti, ef það kæmi til framkvæmda og þetta yrði samþykkt.

Ég hygg að það sem blasir við, ef þetta sem hér er verið að setja fram er skoðað, sé að raunverulega sé aðeins eitt atriði sem má segja að sé nýtt í þessari þáltill., það er forvarnasjóður. Það er það sem er nýtt. Hitt er einungis spurning um það hvernig menn greiddu atkvæði við fjárlagaafgreiðslu fyrir jól. Ekkert annað en spurning um beinharða peninga. Í hvað vildu menn setja peningana? Vildu menn setja þá peninga í þetta? Það virðist heldur betur hafa verið skorið. Við skulum vona að menn geri sér grein fyrir því að ráðuneytin eru

að vinna saman að þessum málum og hvert um sig undir forustu ríkisstjórnar Íslands. Í henni er talast við, það hlýtur að vera.

Hér kemur svo þetta seinasta atriði sem hlýtur að vera á valdi ríkisstjórnarinnar en ég veit ekki hvort það er rökrétt: „Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni."

Ég hélt að slíkan samning ætti að leggja fyrir Alþingi. (Gripið fram í.) Það er venjan. Þá er þetta spurning um að Alþingi skorar á sjálft sig að samþykkja samninginn, er það ekki? Það er formsatriði sem ég hef aldrei heyrt minnst á áður. Nema það standi svo harkalega á því að utanrrh. neiti gjörsamlega að lána penna til að skrifa undir. Það getur vel verið að það sé skýringin. Hann neiti bara að lána penna til að skrifa undir.

Nei, menn verða að skilja á milli þegar þeir eru að tala um þessi mál hvort þeir eru að tala um þau í alvöru eða að veifa hér einhverjum glanspappírum á Alþingi í von um að úti í þjóðfélaginu líti það vel út að menn hafi viljað ræða þessi mál. Ég hef engu gleymt í umræðunni um bjórinn og þeirri bylgju áhrifa inn í skólakerfið sem hann hefur þegar haft í för með sér. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það sem hv. flm. þessa máls hefur talað um vandann er satt og rétt. Þessi vandi er vissulega til staðar. Hann fer vaxandi í íslensku þjóðfélagi vegna þess að ekki hefur verið tekið nægilega á honum. En það er spurning um peninga og aftur um peninga.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt grunnskólalögum eins og þau voru afgreidd hér á síðasta þingi er óheimilt að víkja börnum úr grunnskóla á sama hátt og áður var gert. Ég segi þetta vegna orða hv. 2. þm. Vestf. um að á milli 200 og 300 börn, sem ættu að vera skráð í grunnskóla, séu ekki skráð í grunnskóla. Sú breyting var gerð á síðasta þingi með nýju grunnskólalögunum að óheimilt er að reka börn úr grunnskóla á sama hátt og áður var gert. Það verður að tryggja að barnið fái viðunandi uppeldisúrræði annars staðar ef sérstök hegðunarvandamál koma upp sem eru óleysanleg innan viðkomandi skóla. Þetta er mjög mikilvægt atriði og eitt af allra stærstu og þýðingarmestu atriðum síðustu grunnskólalaga og í raun um leið eitt af stærstu forvarnaatriðunum sem Alþingi hefur nokkurn tímann fest í löggjöf eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti að nokkru leyti á.

Ég vil svo taka undir með honum í þeim efnum að auðvitað snýst þetta mál allt um peninga. Auðvitað snýst síðasta ákvæði tillögunnar ekki um neitt annað en það að skora á utanrrh. að skrifa undir þennan alþjóðlega samning og ég vil spyrja hv. flm.: Er einhver ágreiningur um það? Af hverju gerir utanrrh. það ekki, eru einhver vandkvæði á því að skrifa undir þennan alþjóðlega samning?

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ágreiningur við síðasta ræðumann um hvaða breytingar voru gerðar á grunnskólalögunum. Ég vakti aðeins athygli á þeirri staðreynd sem kom fram í svari hæstv. menntmrh. á sínum tíma við fyrirspurn frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur um það hvernig ástandið væri í grunnskólanum. Þar kom í ljós, ég man ekki nákvæmlega hvernig fyrirspurnin var orðuð, að það voru milli 200 og 300 nemendur sem höfðu verið settir út úr grunnskólanum, voru horfnir út úr grunnskólanum. Ekki settir út. Snyrtilega var falið í svarinu að það væri engin skýring á því hvernig þeir höfðu horfið út úr skólunum, þeir voru bara farnir.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit satt að segja ekki hvað þetta síðasta andsvar hv. 2. þm. Vestf. átti að þýða. Það sem ég var ósköp einfaldlega að vekja athygli á er að þessu hefur verið breytt, mikilvægri forsendu í þessum vanda hefur verið kippt til hliðar. Í öðru lagi er það þannig að þau börn sem hér um ræddi, og kom fram í svari við þeirri fyrirspurn sem nefnd var, voru yfirleitt ekki rekin úr skóla. Það var ekki þannig sem þau höfðu dottið út úr skóla, heldur af ýmsum öðrum ástæðum. Þegar börn höfðu verið rekin úr skóla höfðu í flestum tilvikum skapast möguleikar til þess að fylgjast með þeim. Það er því rangt til orða tekið hjá þingmanninum að segja að 200–300 börn hafi verið rekin úr grunnskólum. Þannig var það ekki. Hins vegar voru þau ekki á hinni almennu grunnskólaskrá af ýmsum ástæðum sem ég hef ekki tíma til að rekja hér núna en get gert við annað tækifæri.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mörgum þessara barna hefur verið vísað tímabundið úr skóla. Það kom ekkert fram hvort þau hefðu verið látin fara og af hvaða ástæðu. Ég vil vekja athygli hv. 9. þm. Reykv. á því að það voru reykvísk börn sem neituðu að fara í sund vegna þess að þau voru búin að ráðstafa sínum tíma til margra hluta annarra, m.a. til að fara á dansnámskeið og fleira. Hvernig brást skólinn við? Skólinn bast samtökum um að neita að kenna þessum börnum og það var eftir að breytingin var gerð á lögunum.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem í lokin hafa farið fram hér í þessum stól vil ég taka það fram að það var rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að 200–300 nemendur hurfu út úr skrám skólanna. Það voru fleiri ástæður fyrir því en að þeir væru allir reknir, sem betur fer. En of stór hluti er samt rekinn.

Ég minnist í þessu sambandi að til mín kom einu sinni ungur maður, þar sem ég hef haft skólaforstöðu, og vildi komast í skólann til mín. Ég spurði: Af hverju? Hann sagðist hafa verið rekinn í viku. Og ég spurði hann hvort hann vildi ekki reyna að fara aftur í gamla skólann sinn og nota sér þennan „séns", að mega koma einu sinni aftur. Þá svaraði blessaður drengur-

inn: Já, en þetta er svo fljótt að fara, þ.e. sénsinn. Hann vildi vera öruggur um að hann kæmist inn annars staðar. Og því miður er að mínum dómi of mikið gert af því að reka nemendur úr skóla. Ég veit ekki hvernig það er nákvæmlega á þessum vetri en allt fram undir þetta hefur sú aðferð verið notuð allt of mikið. Stundum hefur það endað með skelfingu og jafnvel sjálfsmorði nemanda. Ég veit dæmi þess.

Að öðru leyti vildi ég víkja að þáltill. sem lögð var fram um auknar varnir gegn vímuefnum. Þetta er alvörumál, sem hefur verið til umræðu, og sívaxandi alvörumál. Það er alveg rétt sem komið hefur fram í umræðum að um leið og við innleiddum bjórinn færðist neysla áfengis neðar í aldursstigann þannig að yngri börn og unglingar fóru að neyta alkóhóls. Það hafa rannsóknir sýnt. Og það vita líka flestir sem vita vilja að upphafið að vímuefnaneyslu, þ.e. ólöglegra vímuefna, má oftast rekja til neyslu alkóhóls. Fæstir nemendur eða fæst ungmenni byrja á að neyta einhverra „harðra" efna, sem kallað er. Þau byrja á alkóhólinu. Því vorum við, ég og hv. 2. þm. Vestf., hrædd þegar búið var að samþykkja í þinginu að gefa bjórinn frjálsan.

Á hinn bóginn er líka vaxandi ótti í mér við ástandið í samfélaginu. Fleiri og fleiri komast á atvinnuleysisskrá. Og eins og niðurskurðurinn er í skólunum núna, munu fleiri og fleiri flosna úr skólum eða ekki komast í skóla áfram. Þetta fólk mun í örvæntingu sinni eiga á hættu að leita á náðir vímuefna, bæði löglegra og ólöglegra. Þar af leiðandi horfum við fram á það einmitt núna að þörfin muni vaxa fyrir varnir og störf til að hindra að fólk lendi í klóm þessa vágests sem hér um ræðir.

Það vill svo til að ég hef þekkt nemendur sem hafa farið inn á Tinda, sem hv. 9. þm. Reykv. ræddi áðan. Ég tel að stofnun Tinda hafi verið til mikilla bóta. Ég hef þekkt til og unnið með fíkniefnanemendur sem áttu engra kosta völ og horft upp á þá skelfingu sem þeir áttu við að búa. Nú eiga þessi ungmenni þó þann möguleika að fara inn á Tinda og reyna að rétta sig af. Ég er ekki viss um að þeim takist það öllum, því miður, vegna þess að ástæðan fyrir því að þau lentu í þessum vandamálum er af öðrum toga spunnin en löngunin í vímuefni. Hún er yfirleitt af félagslegum toga spunnin, þ.e. fólkið hefur búið við afskaplega erfiðar félagslegar og heimilislegar aðstæður og lent í þessum vanda þess vegna. Fjárhagsvandinn vex stanslaust í samfélaginu við aukið atvinnuleysi. Þá mun hættan á að nemendur og ungmenni lendi inn á þessar brautir líka tvímælalaust vaxa.

Ég veit ekki hvort þið hafið gert ykkur grein fyrir því að upphaf vímuefnaflóðs á Íslandi átti rætur suður á Keflavíkurflugvelli. Þaðan rann það á fyrstu árunum inn í samfélagið. Í mannúðarskyni er nú búið að opna leiðir þeirra sem búa á Keflavíkurflugvelli inn í íslenskt samfélag. Þeir eiga alltaf greiðan aðgang hingað inn. Ég get ekki sagt annað en að það sé eðlilegt að fólki sé ekki alltaf haldið á bak við gaddavírsgirðingar en um leið og við opnuðum hliðin, opnuðum við líka fyrir meiri mögulegum innflutningi fíkniefna. Ég veit ekki hvort þeir, sem afnámu reglurnar um aðgengi fólks á Keflavíkurflugvellinum í okkar samfélag, hafi gert sér grein fyrir því að þeir opnuðu líka leiðir fyrir öðru en þessum mannlega þætti.

Ég vil fagna þeirri þáltill. sem komið hefur fram. Það getur vel verið að hún heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti og fleiri en einn aðila. Það er bara vel því að hvert einasta ráðuneyti, hvert einasta bæjarfélag og hvert einasta heimili í landinu þarf að leggjast á eitt um varnir gegn fíkniefnum. Svo það er ekki af hinu slæma að þetta skuli heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Tillaga hv. 9. þm. Reykv. eða hugmyndir um að stofna til samstarfsnefndar eða samstarfs milli ráðuneyta um þessi mál held ég að sé mjög góð og þurfi að takast alvarlega eins og flest það sem sagt hefur verið í ræðustól í dag um málin. Þau eru það alvarleg að allir verða að leggjast á eitt. Ég mun þess vegna fagna því og leggja til að þessi þáltill. verði samþykkt hið fyrsta og fé verði veitt til þessa. Það er alveg rétt að fé verður að koma til. En það er ekki bara fé sem þarf, það þarf fyrst og fremst vilja til að gera eitthvað og ég held að hann sé fyrir hendi.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þá tillögu sem ég hef mælt fyrir og þær undirtektir sem hafa komið fram í orðum þeirra sem hér hafa talað. Ég vil aðeins svara nokkrum atriðum sem sett voru fram, m.a. í fyrirspurnum til mín og þá fyrst hv. 2. þm. Vestf., Ólafi Þ. Þórðarsyni. Hann kom m.a. inn á hvað vímuefni væri og nefndi þar áfengið og bjórinn. Það er alveg rétt að ég hef í þessari tillögu hvorki farið út í skilgreiningu á því né nefni það sérstaklega. Ástæðan er einfaldlega sú að tillagan beinist gegn hinum ólöglegu fíkniefnum. Hitt er annað mál, af því að hann innti eftir því, að ég hef verið að vísa í heilbrrn. Þannig er að þessi tillaga, sem er endurflutt, var lögð fram í þinginu í okt. Í lok nóv. var haldin ráðstefna á vegum heilbrrn. um frv. sem þar hefur verið til vinnslu. Þar sýnist mér að sú samstarfsnefnd, sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi áðan, hafi verið endurvakin og fleiri jafnvel kallaðir til. Um 200 manns sóttu ráðstefnuna, eiginlega allir sem fengu boð um hana. Það frv. sem þar var til umfjöllunar, og ég nefndi í framsögu, kemur einmitt inn á heilbrigðis- og fræðsluþátt. Og ég vil nota þetta tækifæri til að nefna það að við breytt störf Alþingis rekur maður sig á vissan vanda. Þegar ég flutti tillöguna í fyrra skiptið fór hún til félmn. sameinaðs þings sem fjallaði sérstaklega um þáltill. Núna kemur í ljós að ef maður er með tillögu eins og þessa sem snertir mörg ráðuneyti og þar með í raun fleiri en eina nefnd í þinginu, þá lendir maður í nokkrum vandkvæðum. Ástæðan fyrir því að ég lagði til að þessi tillaga færi til heilbr.- og trn. við þessar aðstæður er sú að ég hlýt að ætla að frv. komi til nefndar á þeim tíma sem tillagan er til umfjöllunar. Þetta frv. var kynnt og var komið langt í vinnslu í nóvember á vegum þessarar samstarfsnefndar. Þótt það taki ekki á öllum þeim þáttum sem ég var hér að

kynna, þá eru þarna ákveðnir þættir sem skarast.

Það er líka alveg rétt sem sagt er að þessi tillaga fjalli um peninga. En hún fjallar um miklu meira. Hún fjallar um stefnumörkun því við höfum ekki markað nægilega skýra stefnu í þessum málum og það er meginatriði. Hún fjallar um skipulag mála og hún fjallar um samræmingu. Og ef okkur tekst að koma okkur saman um þessa þætti, þá hef ég ekki áhyggjur af því að við komum okkur ekki saman um þá peninga sem þarf til. En í mörgum tilfellum er líka verið að tala um að nýta það betur sem kostað er til.

Hér var líka komið inn á það sem ég gat um að sami aðili sæi um þessi mál. Það er þannig í dag að fíkniefnadeildin, þótt hún sé undir lögreglunni í Reykjavík, vinnur samkvæmt reglugerð sem segir að hún skuli þjónusta allt landið. Í fyrri tillögunni var lagt til að fíkniefnasviðið heyrði beint undir dómsmrn. eins og tollgæslan. Ég veit að miklar efasemdir eru um það og margir telja að t.d. eigi þetta svið að heyra undir Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ég vil að þetta verði skoðað vegna þess sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi varðandi verkaskiptingu, hver á að gera hvað t.d. ef morð er framið. Önnur lönd setja fíkniefnarannsóknirnar í hærri sess en við. Þau mál eru í raun og veru flokkuð næst á eftir alvarlegum ofbeldisverkum á Norðurlöndunum, á eftir morðum, nauðgunum og öðrum slíkum ofbeldisverkum en miðað við hvar við staðsetjum fíkniefnadeildina er hún eiginlega flokkuð með almennri löggæslu.

Ég harma það, sem kom hér fram, að börnum hafi verið vikið úr grunnskólum í mínu kjördæmi. Ég þekki það ekki og get ekki tekið á mig ábyrgðina af því en vil vissulega kynna mér það mál og það er hart til að vita ef það gerist og í trássi við lög.

Ég vil líka þakka undirtektir hv. 9. þm. Reykv. og 18. þm. Reykv. sem einnig var hér og tók þátt í umræðum um málið þegar það var flutt í hið fyrra sinni og hefur látið sig þessi mál mjög miklu varða.

Það kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. að erfitt sé að fá ráðuneytin til að starfa saman og fela einu ráðuneyti umsjón mála. Ég held að það sé nokkuð rétt hjá þingmanninum. Úr því að menn tóku sig til og settust niður varðandi þessa frumvarpsvinnu, sem ég nefndi hér áðan, þá gæti verið að kominn væri nokkur samstarfsgrundvöllur á nýjan leik. Ég gagnrýndi hvernig framkvæmd kemur fyrst og stefnumörkun á eftir. Það eru m.a. rök fyrir því að við þurfum að koma okkur niður á stefnumörkun. Ég talaði um Tinda og ég talaði um Krýsuvík. Ég veit að það er mjög gott starf að Tindum en það sem er vont í málinu er að við vorum öll búin að taka þátt í uppbyggingu Krýsuvíkur. Ég var búin að taka þátt í því heima í sveitarfélagi mínu og öðrum sveitarfélögum, sem hlut áttu að máli ásamt menntmrn., að gefa hús til þessara nota og allir héldu að þar með væri það stefnumörkun að þar ætti þessi starfsemi að fara fram. Ég er ekki að gagnrýna meðferðarheimilið á Tindum heldur benda á hve nauðsynlegt sé að marka stefnu og gera hlutina í réttri röð.

Ég vil líka að það komi fram að mjög mikil fræðsla er í skólunum eins og ég nefndi í minni framsögu varðandi Lions-quest námsefnið. En það er algerlega á valdi hvers skólastjóra hvort hann velur það. Sums staðar er þessu máli tekið fagnandi og sveitarfélögin hafa sýnt því mikla vinsemd og það eru mjög margir sem standa að því en svo eru sumir sem vilja ekkert með það hafa og þau börn fá ekki fræðslu.

Aðeins í lokin um hvort einhver vandkvæði séu á að skrifa undir samning Sameinuðu þjóðanna. Þegar ég byrjaði að fjalla um þessi mál bar ég fram fyrirspurn til þáv. dómsmrh. Mér var sagt að fyrirspurn ætti að beina til hæstv. dómsmrh., Óla Þ. Guðbjartssonar, um hvort þáv. ríkisstjórn hygðist staðfesta þennan samning Sameinuðu þjóðanna. Ég fékk þá það svar að ríkisstjórnin hygðist gera það en mjög mikil lagabreyting fylgdi því og mikil vinna þyrfti að fara fram til að það yrði gert. Ég skildi svarið þannig að þetta væri fyrst verkefni sem fram færi á einhvern hátt á vegum ríkisstjórnarinnar, síðan kæmi staðfesting og að lokum yrði það borið undir Alþingi. Hafi ég farið vitlaust að verð ég að leita mér ráðlegginga varðandi það en það er orsökin fyrir því að nú er lagt til að farið verði í þá vinnu sem þarf til að hægt sé að staðfesta samninginn. Ég þakka fyrir góðar undirtektir í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla vetnis, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 96. mál. — Þskj. 99.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um framleiðslu vetnis sem er á þskj. 99. Flm. eru allar þingkonur Kvennalistans. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að hér á landi verði hafnar skipulagðar rannsóknir og undirbúningur að framleiðslu vetnis til notkunar sem eldsneyti til innanlandsnota og til útflutnings. Jafnframt verði athugað hvaða breytingar þurfi að gera á bifreiða-, skipa- og flugvélaflota og öðrum vélakosti landsins til að notkun á vetni sem eldsneyti yrði möguleg, umfang þeirra breytinga og kostnaður við þær."

Á 113. löggjafarþingi var flutt tillaga sama efnis. Atvinnumálanefnd sameinaðs þings, sem fjallaði um tillöguna, taldi „ekki tímabært að Alþingi ályktaði um þessa ítarlegu tillögu um framleiðslu á vetni". Flutningsmenn telja fyllilega tímabært að hafnar verði hér á landi skipulegar rannsóknir og undirbúningur að framleiðslu vetnis. Á þeim tíma, sem liðinn er frá því að Alþingi fjallaði um tillöguna, hafa komið fram nýjar upplýsingar og aukin rök fyrir því að myndarlega verði tekið á þessu máli hérlendis. Þess vegna er þessi tillaga endurflutt lítið breytt.

Ég tel að jafnvel á þeim tíma sem þetta var skrifað, þ.e. 19. febr. í fyrra þegar nefndarálit atvinnumálanefndar var lagt fram, þá hafi verið um mikinn mis-

skilning að ræða að telja að ekki væri tímabært að kanna þessi mál. Þeir segja í nefndarálitinu, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um þessi mál:

„Í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar kom fram að vinnsla vetnis væri mjög áhugaverður kostur fyrir Íslendinga og sjálfsagt væri að fylgjast vel með framþróun sem ætti sér stað á þessu sviði. Hins vegar væri ekki tímabært að hefja framleiðslu vetnis hér á landi þótt svo verði e.t.v. fyrir aldamót."

Þetta er sagt í nál. atvinnumálanefndar og ég bendi hv. alþm. á að ef hefja á framleiðslu á vetni fyrir aldamót, sem ég tel mikla bjartsýni að verði hægt, þá er ekki ráð nema í tíma sé tekið að fara að hefja undirbúning að framleiðslunni. Ég er ekki svo bjartsýn að halda að það verði raunhæfur kostur. En ef það er rétt sem þarna kemur fram er síður skiljanlegt hvers vegna þeir sem skrifuðu undir nál. á sínum tíma töldu að ekki væri rétt að samþykkja tillöguna og hefja rannsóknir og undirbúining á framleiðslu á vetni hér á landi.

Æ meiri áhersla er nú lögð á það víða um heim að finna mengunarlaust eldsneyti. Mengun vegna olíubrennslu er mikil og af þeirri ástæðu er talið nauðsynlegt að draga úr notkun hennar. Auk þess eru olíulindir jarðar taldar geta gengið til þurrðar eftir hálfa öld ef ekki dregur verulega úr notkun á olíu. Það er því mat sérfræðinga að tilbúið eldsneyti verði verulegur hluti þeirrar orku sem notuð verður í framtíðinni, jafnvel strax í byrjun næstu aldar.

Árið 1980 komu út skýrslur um framleiðslu eldsneytis á Íslandi, um vetni og vetnissambönd, á vegum Orkustofnunar og skýrsla á vegum iðnrn. með tillögu að rannsóknaáætlun um hugsanlega framleiðslu eldsneytis hér á landi með hliðsjón af orkubúskap landsmanna. Ekki hefur því sem fram kemur í þessum skýrslum verið fylgt eftir sem skyldi af hálfu stjórnvalda en nú er nauðsynlegt að gera átak í þessum efnum og byggja á þeim grunni sem er til staðar. Við verðum að fylgjast vel með á þessu sviði og vera þátttakendur.

Mörg efni hafa verið nefnd til sögunnar sem eldsneyti framtíðarinnar. Nú hallast flestir að því að fyrir valinu verði hreint vetni en ekki efni sem innihalda kolefni vegna þess að þau munu halda áfram að auka koldíoxíðmagn andrúmsloftsins og þar með auka hættu á gróðurhúsaáhrifunum svonefndu. Vetni er framleitt með rafgreiningu á vatni. Nú er gert ráð fyrir að flytja það milli landa sem hreint vetni en ekki tengt öðrum mengandi efnasamböndum eins og talað var um fyrir nokkrum árum. Þegar vetni brennur myndast aðeins vatn. Erfitt er að gera sér í hugarlund að betri lausn finnist á eldsneytisskorti sem blasir við í náinni framtíð.

Hér á landi er vetnisframleiðsla vel þekktur iðnaður. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur framleitt vetni í nær 40 ár. Hér höfum við mikla möguleika á að framleiða raforku og íslenskir vísinda- og tæknimenn standa framarlega á þessu sviði. Við Háskóla Íslands hafa vísindamenn unnið að rannsóknum og könnun á aðferðum til að framleiða eldsneyti og flytja á milli heimshluta. Þessar rannsóknir ber að styðja og gera íslenskum vísindamönnum kleift að hafa samvinnu við erlenda vísindamenn og taka þátt í rannsóknarverkefnum á þessu sviði. Mikilvægt er að við tökum virkan þátt í rannsóknum og undirbúningi að þessu mikilvæga máli. Það á ekkert að vera því til fyrirstöðu að á Íslandi verði framleitt vetni með íslenskri orku, hráefni og hugviti. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförnum árum á möguleikum þess að nota vetni sem eldsneyti. Tækni til að framleiða, meðhöndla og nota vetni hefur fleygt svo fram á síðustu árum að nú er ekkert því til fyrirstöðu tæknilega að hefja notkun slíks eldsneytis í miklu magni. Hins vegar hefur vetni eða annað tilbúið eldsneyti ekki verið talið samkeppnisfært við olíu, reiknað á þröngan, efnahagslegan mælikvarða. Ég vil benda á að í þessu sambandi hefur verið talað um að strax árið 2000, e.t.v. fyrr, verði komið á svokölluðum mengunarskatti, t.d. á olíu þannig að olía og bensín munu hækka mjög í verði. Þá mun vetni geta orðið samkeppnisfært ef miðað er við olíu sem eldsneyti.

Árið 1986 ákváðu nokkrir háskólar í Evrópu ásamt þýskum fyrirtækjum að kanna möguleika á því að setja af stað rannsóknarverkefni þar sem gerð yrði tilraun með framleiðslu og notkun vetnis. Áætlað var að framleiða verulegt magn vetnis úr vatni með raforku þar sem hún er framleidd án megnunar og flytja það með tankskipum til borgar í Þýskalandi sem bauðst að kaupa 100 megavött af tiltölulega ódýrri raforku frá Kanada til að framleiða vetni og átti að flytja það til Hamborgar og nota í orkukerfum borgarinnar til að knýja 900 strætisvagna. Einnig á að gera tilraun með vetnisflugvél og er miðað við að hún fari í loftið eigi síðar en 1996. Tilraunin á að geta gefið raunverulega mynd af möguleikum vetnis sem eldsneytis eftir að tilraunatímabilinu lýkur sem áætlað er sjö ár.

Í útreikningum þeirra sem standa að tilraunaverkefninu er gert ráð fyrir að kaupa orkuna á 18 mill hverja klukkustund til ársins 1995 en 35 mill eftir það. Eins og mönnum er kunnugt er mill $^1/_{1000}$ úr bandarískum dal. Þetta er mun hærra verð en það sem nefnt hefur verið í tengslum við raforkusölu til nýs álvers á Keilisnesi sem nú verður væntanlega ekkert af. Umfangsmiklar tilraunir hafa farið fram þar sem vetni er notað til að knýja þotuhreyfla og er talið líklegt að vetnið sé eitt besta eldsneyti fyrir slíka hreyfla. Fáar tilraunir hafa verið gerðar til að nota vetni sem eldsneyti á flugvélar. Rússneskri flutningaþotu hefur þó verið flogið á vetni um nokkurt skeið og Bandaríkjaher hefur gert tilraunir þar sem herþota nýtti vetni sem eldsneyti. Frekari tilraunir með vetnisframleiðslu eru fyrirsjáanlegar og gætu Íslendingar orðið þátttakendur í þeim tilraunum ef rétt er á málum haldið.

Þegar vetni er framleitt á hefðbundinn hátt með rafgreiningu og síðan þétt í vökva er einungis raforka notuð við framleiðsluna. Við Háskóla Íslands hefur verið gerð á því athugun hvort hagkvæmt gæti verið að nota gufuhverfla sem knúnir væru gufu frá háhitasvæðum til þess að þétta vetni í stað rafknúinnar þjöppu. Niðurstöður benda til að þéttingarkostnaður gæti lækkað um allt að 20% en hann er um 6% af

heildarframleiðslukostnaði fljótandi vetnis.

Við notkun vetnis í stað olíu er hægt að draga verulega úr mengun í heiminum. Hér er um að ræða stóriðju sem veldur engri mengun ef undan er skilið jarðrask af völdum byggingarframkvæmda og landnotkun vegna virkjana. Íslendingar flytja inn verulegt magn af olíu og bensíni eða þriðjung af heildarorkunotkuninni sem er um 10 teravattstundir, en ein teravattstund jafngildir þúsund millj. kílóvattstunda. Talið hefur verið hagkvæmt að framleiða hérlendis um 20–25 teravattstundir af raforku með vatnsafli á ári og um 20 teravattstundir með jarðvarma. Því er fyrirsjáanlegt að við getum ekki aðeins fullnægt innanlandsþörf heldur getum við einnig flutt út orku t.d. í formi vetnis. Það er því eðlilegt að bundnar séu vonir við orkulindir landsins. Áætlað hefur verið að aðeins sé búið að virkja 10–15% af þeirri orku í fallvötnum sem hagkvæmt er talið að virkja þegar tekið hefur verið tillit til umhverfissjónarmiða. Því er eðlilegt að nýta þessa auðlind til hagsbóta fyrir alla landsmenn. En auðvitað verður að gæta þess að ekki sé með nýtingunni gengið á náttúru landsins nema í mjög litlum mæli. Auðvitað verður alltaf að ganga á náttúruna þegar verið er að virkja en ég hef sérstaklega í huga að orkan sé ekki notuð í iðjuverum, eins og t.d. í álverum, þar sem mengunarvarnir eru ekki fullkomnar, eins og t.d. átti að vera í álverinu á Keilisnesi þar sem mengunarvarnir voru langt frá því að vera fullnægjandi að mínu mati og e.t.v. flestra annarra. Kosturinn við að nota vetni í stað olíu er sá að hægt er að nota það á vélar sem nú eru í notkun án þess að gera þurfi á þeim verulegar breytingar. Aðeins þarf að breyta eldsneytisgeymum og gera ytri breytingar á vélinni.

Í Þýskalandi hefur fyrirtækið BMW, sem framleiðir bíla, gert tilraun með að nota fljótandi vetni sem eldsneyti á bíla. Þær tilraunir hafa staðið í nokkur ár og hafa slíkir bílar nú þegar verið notaðir í umferðinni. Ég er hér með kynningarbækling frá því fyrirtæki þar sem þeir lýsa því hvernig þeir hugsa sér í framtíðinni að fara yfir í það að reyna að framleiða bíla sem eingöngu nota vetni. Mercedes Bens, sem er annað fyrirtæki í Þýskalandi, er einnig með tilraunir á þessu sviði. Þeir nota að vísu ekki fljótandi vetni heldur svokallaða vetnissvampa þar sem um er að ræða efni sem vetnið er hengt á og síðan er það brennt. Það þarf stóra tanka við það en ekki er eins mikil sprengihætta við það en sprengihætta af vetni er talin vera álíka mikil eins og af bensíni, alla vega ekki neitt verulega meiri. Notkun vetnis á vélar, bæði bíla og flugvélar, er því raunverulegur kostur sem lönd úti í heimi eru að stefna markvisst að.

Í ræðu sinni á ársfundi Orkustofnunar á síðasta ári sagði Jakob Björnsson m.a. að hann gerði ráð fyrir að árið 2030 verði vetni notað til að knýja skipaflota landsmanna. Fari svo að orkumálastjóri verði sannspár er vissulega tímabært að fara að huga að því hvernig að breytingum á skipaflotanum verði staðið. Ég tala nú ekki um ef við ætlum sjálf að framleiða það vetni sem hugsanlega verður þarna notað. Þá verðum við sem fyrst að fara að huga að þessu máli. Einn af kostum vetnisframleiðslu er að vel getur hentað að byggja nokkrar fremur smáar verksmiðjur. Stórar einingar eru tiltölulega lítið hagkvæmari en litlar. Þetta þýðir að hægt væri að hafa verksmiðjur víða um land, t.d. við hafnir og gera þannig skipaflotanum auðvelt að ná í eldsneyti í sjálfa verksmiðjuna fremur en flytja það langar leiðir með miklum tilkostnaði. Þetta mundi veita fólki víða um land atvinnu.

Það andvaraleysi sem ráðamenn hér á landi hafa sýnt þessu máli er hreint með ólíkindum að mínu mati. Öll orkan hefur farið í álver sem flestir voru fyrir löngu búnir að gefa upp á bátinn. Iðnrn. virðist ekki fylgjast með því sem er að gerast í heiminum. Stóriðja er ekki það sem iðnaðarþjóðirnar líta til. Á síðasta iðnþingi var samþykkt ályktun þar sem bent var á hve mikla áherslu iðnríkin leggja á lítil og meðalstór fyrirtæki. Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins þann 17. nóv. er einmitt sagt, með leyfi forseta, eftir að ritari Reykjavíkurbréfsins hafði fylgst með iðnþinginu:

„Á síðustu mánuðum hafa fjölmiðlar á Vesturlöndum vakið athygli á því að kjarninn og kjölfestan í þýsku atvinnulífi og þýskri útflutningsstarfsemi er ekki stóru og þekktu fyrirtækin þar heldur smáfyrirtæki og meðalstór fyrirtæki sem hafa með ótrúlegum hætti haslað sér völl í útflutningi og náð miklum árangri. Slík fyrirtæki eru uppistaðan í atvinnulífi öflugasta efnahagsveldis í Evrópu og eins öflugasta efnahagsveldis í heiminum."

Áherslan á minni fyrirtækin erlendis ætti að vera okkur hvatning til þess að horfa björtum augum til íslensks iðnaðar þar sem hér eru aðallega lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í mínum huga er enginn efi á því að við eigum að leggja mikla áherslu á að við getum framleitt vetni hér á landi, ekki síst til þess að við getum komið í veg fyrir og stöðvað innflutning á olíu og bensíni að verulegu leyti. Það mundi verða okkur mjög til framdráttar. Jafnframt því tel ég að kominn sé tími til að leita nýrra leiða í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Undanfarin ár hafa ráðamenn verið svo uppteknir við byggingu álvers að ekkert annað hefur komist að. Hafa orkusölumenn verið ótrúlega einsýnir og virðast ekki hafa komið auga á aðra kosti til að koma orku fallvatnanna í verð en að lokka hingað mengandi stóriðju. Það vakti athygli mína að þegar ljóst var að ekki yrði úr byggingu álvers hér á landi, alla vega ekki í náinni framtíð, ruku þessir sömu orksölumenn upp til handa og fóta og töldu að auðvitað væru nægir aðrir kostir í stöðunni en að byggja hér álver. Það mætti auðvitað flytja út raforkuna með sæstreng. Það er næsta mál á dagskrá og verður rætt hér á eftir. Líka var talað um það að ýmsir aðrir möguleikar væru fyrir hendi. Allt í einu var hægt að ræða þau mál en fram að því var álver það eina sem menn komu auga á og vildu ekki heyra á neitt annað minnst. Ég vona að þessi tillaga hljóti brautargengi hér í þinginu og hún verði til þess að tekið verði myndarlega á þessum málum. Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að till. verði vísað til iðnn. og síðari umr.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. 1. flm. þessarar þáltill. erum við hér að ræða till. til þál. sem er nánast samhljóða tillögu með sama heiti sem þingmenn Kvennalistans fluttu á 113. löggjafarþingi. Þeirri tillögu var samkvæmt tillögu atvmn. vísað til ríkisstjórnarinnar á fundi sameinaðs þings 25. febr. í fyrra. Í greinargerð með tillögunni, sem hér er til umræðu og reyndar kom það fram í framsöguræðu, segir m.a., með leyfi forseta:

„Á þeim tíma, sem liðinn er frá því að Alþingi fjallaði um tillöguna, hafa komið fram nýjar upplýsingar og aukin rök fyrir því að myndarlega verði tekið á þessu máli hérlendis. Þess vegna er þessi tillaga endurflutt lítið breytt."

Virðulegi forseti. Það er því miður svo að ekki hafa komið fram upplýsingar eða rök sem gefa tilefni til að ætla að nýting vetnis sé nálægari kostur en þegar fjallað var um tillöguna sem vísað var til ríkisstjórnarinnar í fyrra. Raunar þvert á móti, því miður, eins og ég ætla að fara hér um nokkrum orðum.

Meðal erlendra boðsgesta á nýafstöðnu orkuþingi sem haldið var í nóv. í fyrra var maður að nafni dr. Stumfp, aðalráðgjafi rannsóknarráðuneytisins í Bonn um orkumál. Á orkuþinginu flutti hann erindi um hugsanlegan markað fyrir vetni í framtíðinni í háiðnaðarlandi, iðnvæddu landi eins og Þýskalandi. Í erindi hans, sem var í alla staði mjög athyglisvert, kom fram að notkun vetnis sem orkubera væri vissulega ein þeirra leiða sem til greina gæti komið til að leysa mengunarvandamál þegar litið væri til lengri tíma eða eftir nokkra áratugi. Til skemmri tíma væri þessari þörf hins vegar betur sinnt með orkusparnaði og skynsamlegri orkunotkun. Hann varaði mjög við því að menn ofmeti möguleika á nýtingu vetnis, sem framleitt yrði með hreinum orkugjöfum, sem orkubera í framtíðinni. Hann benti einnig á að ekki mætti gleyma því að orkunýting yrði ávallt betri með því að nota raforkuna beint þar sem það er mögulegt en með því að nota vetnið sem millistig sem orkubera. Í viðræðum við þennan ágæta mann, dr. Stumfp, kom líka fram að hann telur mjög ólíklegt að farið verði að nota vetni sem orkubera í stórum stíl á næstu áratugum. Þar þurfi að yfirstíga mörg vandamál tæknilegs eðlis og kostnaður við flutning, geymslu og dreifingu sé mikill. Til þess að vetni megi nota í staðinn fyrir hefðbundið eldsneyti á flutningatæki þurfi ekki einungis verðið á hefðbundnu eldsneyti að margfaldast frá því sem nú er heldur verði líka að byggja upp alveg nýtt flutnings-, geymslu- og dreifingarkerfi fyrir vetnið jafnframt því sem yfirstíga þurfi margvísleg vandamál við nýtingu vetnis á vélar flutningatækja.

Á orkuþinginu sem ég nefndi og haldið var í nóv. í fyrra flutti einnig erindi Bragi Árnason prófessor sem lengi hefur fengist við vetnisrannsóknir. Hann fjallaði þar m.a. um framleiðslukostnað á vetni hér á landi ef farið yrði út í framleiðslu þess í stórum stíl. Ef við miðum við, eins og kom fram í máli hv. frsm. hér áðan, að raforkuverðið sé 18 bandarísk mill á hverja kílóvattstund, sem ég tek fram að er verð í lægri mörkum jaðarkostnaðar okkar orkukerfis eins og nú stendur á, þá verður framleiðslukostnaður vetnisgass með slíku rafmagnsverði, að áliti Braga, 12,5 Bandaríkjadollarar á hvert gígajúl. Gígajúl er hitaeiningarmæling og má taka það fram að það eru um 42–43 gígajúl í hverju tonni af venjulegri brennsluolíu. Þetta er því í raun og veru 2,6 sinnum dýrara en gasolía miðað við það að hún kosti um 200 Bandaríkjadollara á tonn. Hún er nú í lægra verði en þetta. Bragi telur reyndar hugsanlegt að lækka megi framleiðslukostnaðinn með aðferð, sem verið er að þróa og gera tilraunir með í Evrópu, niður í um það bil 900 Bandaríkjadollara á hvert gígajúl. Þessar tölur segja þó alls ekki alla söguna því flutnings- og geymslukostnaður er ákaflega mikill.

Ef við miðum við þennan framtíðarlágmarkskostnað sem Bragi lýsti, 9 Bandaríkjadollarar á hvert gígajúl, þá gæti verðið til Hamborgar verið nálægt 20 Bandaríkjadollurum á hvert gígajúl borið saman við 37 Bandaríkjadollara á hvert gígajúl á vetni sem flutt væri frá Kanada. Verðið á vetni í Hamborg, svo ég haldi nú áfram með þennan hugarreikning, væri þannig 5–6 sinnum hærra en verðið á gasolíu.

Hv. 1. flm. þessarar þáltill. nefndi skatta á koltvísýring, sem vissulega er til umræðu að tekinn verði upp innan Evrópubandalagsins. Hann er þó óvenjulegur í þessum samanburði. Talið er að slíkur skattur, eins og hann er nú ráðgerður í löndum Evrópubandalagsins, mundi e.t.v. hækka gasolíuverðið um nálægt þriðjung. Þetta sýnir að sú hugmynd, sem hv. flm., 15. þm. Reykv., nefndi hér áðan, að slíkur skattur mundi gera vetni samkeppnisfært er því miður alls ekki raunhæf eins og nú standa sakir.

Flm., hv. 15. þm. Reykv., nefndi líka ræðu Jakobs Björnssonar á ársfundi Orkustofnunar í fyrra. Slíka tilvitnun er reyndar einnig að finna í greinargerð með þáltill. og mig langar, með leyfi forseta, að lesa úr greinargerðinni nokkrar línur. Þar segir:

„Í ræðu sinni á ársfundi Orkustofnunar árið 1991 sagði Jakob Björnsson m.a. að hann gerði ráð fyrir að árið 2030 verði vetni notað til að knýja skipaflota landsmanna. Fari svo að orkumálastjóri verði sannspár er vissulega tímabært að fara að huga að því hvernig að breytingum verði staðið."

Hv. 15. þm. Reykv. endurtók þessa tilvísun í ræðu sinni áðan. Mér finnst hér farið ákaflega frjálslega með tilvitnanir. Vissulega er rétt að orkumálastjóri horfði til framtíðar í þessari ræðu sinni í mars í fyrra, en hann sagði í upphafi þess hluta ræðunnar sem hér er vitnað til, og aftur með leyfi forseta:

„Ég ætla nú að leyfa mér að líta til nokkuð fjarlægrar framtíðar eða nær fjóra áratugi fram í tímann til ársins 2030." Síðan komu þessi orð: „Það sem ég hér segi ber ekki að líta á sem spá heldur sem sviðsmynd af stöðunni á þessum tíma, eina af mörgum hugsanlegum." Og einmitt á hinu nýafstaðna orkuþingi, því sem haldið var undir lok nýliðins árs fjallaði Jakob Björnsson orkumálastjóri enn um umræðurnar um vetni sem orkubera. Hann benti á að tæknilegu vandamálin við að brenna vetni, geyma það og dreifa séu vissu-

lega talsverð en aðalvandinn sé hinn mikli kostnaður og sá langi tími sem það tæki að byggja upp dreifingarkerfi fyrir vetni sem jafnist á við það sem er við lýði í dag fyrir olíu og gas.

Hv. flm. talaði um í ræðu sinni að vetnið væri eldsneyti framtíðarinnar. Orkumálastjóri vék einmitt að þessu sínu máli á orkuþinginu. Hann benti á, eins og ég hef þegar nefnt, að framleiðsla á vetni er ákaflega dýr með því að nota rafgreiningu ef við berum hana saman við það að framleiða vetni úr jarðgasi eða olíu. Reyndar er það svo að nú er aðeins um 1% af vetnisframleiðslunni í heiminum unnið með rafgreiningu.

Orkumálastjóri ræddi líka spurninguna um það hvernig ætti að framleiða allt það vetni sem á þyrfti að halda í heiminum ef það ætti að koma í staðinn fyrir hefðbundið eldsneyti í einhverjum verulegum mæli. Hann nefndi í því samhengi að ef öll virkjanleg vatnsorka í heiminum væri notuð til að framleiða vetni, sem er auðvitað ekki raunhæft að gera ráð fyrir, þá gæti vetnið einungis komið í staðinn fyrir um 6% af því hefðbundna eldsneyti sem talið er að þörf verði fyrir á árinu 2020. Aðalhindrunin er verðið, sem er mörgum sinnum hærra á hverja orkueiningu en í olíu, jarðgasi eða kolum.

Ég vil líka taka það fram að þær athuganir sem unnið hefur verið að með vetnisfélaginu í Hamborg hafa því miður fengið nokkurt bakslag. Á liðnu sumri áttu Þorsteinn Sigfússon, prófessor við Háskóla Íslands, Andrés Svanbjörnsson, yfirverkfræðingur markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar, og dr. Ágúst Valfells efnaverkfræðingur fundi með fulltrúum þessa félags á vegum iðnrn. Hugmyndin var að ganga frá umsókn til þýska rannsóknarráðsins varðandi sameiginleg verkefni á þessu sviði. Því miður er það nú svo og er einmitt álit þessa ráðgjafa sem ég nefndi, dr. Stumfp, að við ættum þarna ekki von á styrkjum eins og vetnisfélagið í Hamborg hafði gert ráð fyrir. Reyndar er það svo að samstarfsverkefni framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og stjórnar Québec-fylkis er nú í biðstöðu og ekki séð að framhald verði á því.

Virðulegi forseti. Ég óska að segja það að lokum að á þeim tíma sem liðinn er frá því að Alþingi vísaði þessari tillögu, efnislega þessari sömu tillögu, til ríkisstjórnarinnar hefur ekkert það komið fram sem gefi tilefni til að fjalla um málið á þann hátt sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Við höfum á vegum iðnrn. ráðgjafarhóp um eldsneytisframleiðslu. Þar hefur verið ákveðið að fá sérhæfðan aðila til að vinna að úttekt á stöðu eldsneytismála með hliðsjón af íslenskum aðstæðum. Vetnið sem orkuberi verður þar einn þáttur. Það er ætlað fé til þessarar vinnu í fjárhagsramma markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og iðnrn. Af hálfu iðnrn. og annarra orkustjórnvalda verður haldið áfram að fylgjast vandlega með þessu máli og unnið að athugunum á því í samvinnu við Háskóla Íslands. Ég tel að málið sé í eðlilegum farvegi og að sú málsmeðferð, sem atvinnumálanefnd sameinaðs þings lagði til í fyrra og samþykkt var á þinginu í febrúar 1991, þ.e. að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, sé einnig rétt í þetta sinn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Fyrst er spurning um það hvort hér sé fyllilega þinglega að málum staðið. Alþingi hefur ályktað um þetta mál og talið ótímabært að það ályktaði um tillöguna sem slíka. Atvinnumálanefnd tók afstöðu til málsins á 113. löggjafarþingi og því er mér nokkuð til efs að rök séu fyrir því að taka málið upp með þessum hætti aftur. Ég beini því til forseta til umhugsunar til hvort ástæða sé til að endurflytja tillögur sem nýlega hafa verið afgreiddar. Mér fyndist eðlilegra að taka málið upp með þeim hætti að spyrja ráðherrann. Hin þinglega aðferð væri að spyrja ráðherrann hvað hann hafi gert í málinu og það mundi ég ráðleggja í svipuðum tilfellum.

Í þessari tillögu er í sjálfu sér falleg framtíðarmúsík og ekkert nema gott um það að segja og góð hugsun sem liggur á bak við þetta. En þróun vetnisframleiðslu á langt í land þangað til hún getur orðið almenningi til hagsbóta og eftir er að leysa fjölmörg vandamál. Það kostar mikla peninga að leysa þessi vandamál og ég tel heppilegra að láta aðra um að leysa þau. Við Íslendingar höfum mörg verkefni að vinna sem eru brýnni en þetta. Þó að það sé mikilsvert og ég sé út af fyrir sig mjög spenntur fyrir því að unnið sé að málinu, þá held ég að við getum ekki sett þetta verkefni fremst í forgangsröðina, enda eru aðrir að fást við þessi vandamál. Við munum að sjálfsögðu geta notið ávaxta af þeirra starfi þegar fram líða stundir.

Það er alveg sjálfsagt að hafa eyru og augu opin í þessu máli og fylgjast með þróuninni. En ég vil vara við óraunhæfum bjartsýnishugmyndum um orkunotkun. Við höfum haft allt of mikið af slíkum hugmyndum. Við höfum fengið nóg af þeim og ég vil biðja menn að reyna að vera raunsæir. Við höfum jafnvel farið út fjárfestingar í dýrum virkjunum til þess að skaffa einhverjum draumaverksmiðjum orku og síðan reyndust þessar verksmiðjur bara vera vindur í görnunum á viðkomandi draumamönnum. Við höfum gert mikil mistök í uppbyggingu íslenskra raforkuvera. Við höfum flýtt okkur of mikið án þess að hafa orkunýtinguna trygga. Við höfum reist stórar og dýrar virkjanir. Tímaritið Vísbending birti þær upplýsingar nú fyrir nokkrum vikum síðan að vegna þess að Blönduvirkjun er komin í rekstur og kostnaður af henni farinn að leggjast ofan á raforkuverð til landsmanna, þá væri það 15% hærra hér í Reykjavík en annars þyrfti að vera og 12–13% hærra ef ég man rétt annars staðar á landinu þar sem dreifingarkostnaður er meiri. Af þessu eigum við náttúrlega að reyna að læra og flýta okkur með gát. Ég er ekki að draga úr því að menn athugi alla kosti og fylgist með en ég held að það sé mjög mikilvægt að menn rasi ekki um ráð fram í þessu efni.

Við verðum að reyna að nýta þessa umframorku sem til er í kerfinu. Gripið hefur verið til þess ráðs að loka virkjunum og það er ekki besta ráðið. Það eru hugmyndir uppi, sem hæstv. iðnrh. hefur kynnt, sem mér finnst sjálfsagt að skoða, t.d. að reyna að gera það aðlaðandi fyrir skipin að tengjast landrafmagni þegar þau eru í höfnum. Það má e.t.v. hugsa sér upphitun

sundlauga. Ég minni á fiskeldi, jafnvel þótt það hafi kollsiglt sig í bili vegna óhóflegrar bjartsýni og drauma sem menn ólu í brjósti á sínum tíma og allt of mikillar fjárfestingar. Samt sem áður er ég þeirrar trúar að fiskeldi eigi eftir að verða ein af stoðunum í atvinnulífi Íslendinga og enn er stundað fiskeldi á Íslandi. Þar er möguleiki á því að selja meiri raforku ef rétt er á haldið. Þetta held ég að við þurfum allt að athuga. Það væri líka tilraun að reyna að gera rafmagn meira aðlaðandi til húshitunar. Svona mætti lengi telja. Ég held að við verðum að vaka yfir þeim möguleikum til raforkunotkunar sem kunna að vera hér í þjóðfélaginu.

Ég held að vetnisframleiðsla verði tvímælalaust raunhæfur kostur. Ég skal ekki spá hvort það verður eftir 20, 30 eða 40 ár. Vetni er enn þá hættulegt í meðförum. Kannski verða menn búnir að finna góðar aðferðir til þess að meðhöndla það. Ég held að þetta sé verkefni framtíðarinnar en ekki beinlínis verkefni morgundagsins og ég vil vara við því að fólk sé að vekja falskar væntingar um orkunotkun. Við höfum haft dæmi af því og þau sorgleg. Ég held að ekki sé tímabært að rjúka upp til handa og fóta og fara að fjárfesta mjög í undirbúningi að þessu hjá okkur Íslendingum og ég tel að það liggi ekki á að samþykkja þessa tillögu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa ánægju með þessa tillögu um framleiðslu sem þingmenn Kvennalistans hafa flutt hér og fyrir liggur á þskj. 99. Ég vil jafnframt lýsa yfir mikilli undrun yfir þeim viðtökum sem þessi tillaga hefur fengið frá hæstv. iðnrh. og hv. þm. Páli Pétursyni. Ég undrast mjög þá skammsýni sem birtist í orðum þessara hv. þm. og þeirri túlkun, mistúlkun, sem þar kemur fram, á efni þessrar tillögu.

Það er rétt að þessi tillaga er efnislega svipuð annarri sem flutt var í þinginu á næstsíðasta þingi en sú tillaga fékk að mínu mati óeðlilega afgreiðslu í þingsölum. Síðan hafa komið fram gild rök fyrir því að þetta mál verði athugað að nýju hér á Alþingi. Ég undrast það að jafnþingreyndur maður og hv. formaður þingflokks Framsfl. skuli beina tilmælum til forseta um að athuga hvort þetta sé þingleg meðferð á máli. Fyrr má nú vera. Langt er nú seilst til lokunnar þegar þannig er til orða tekið af hv. þm. Veit ekki hv. þm. að það er fullkomlega heimilt að taka upp tillögur á komandi ári þótt felldar hafi verið. Það er eingöngu varðandi yfirstandandi þing sem þetta ákvæði er sett í þingsköp að ekki megi endurflytja tillögur sem felldar hafa verið og svo er hv. þm. að biðja forseta um að bregða fæti fyrir þessa tillögu með þessum hætti.

Ég spyr: Hvaða ástæður eru fyrir því að hv. þm. Páll Pétursson bregst við með þessum hætti? Hvaða ástæður liggja fyrir því að hæstv. iðnrh. leggur sig í framkróka um það að kveða niður þessa tillögu sem hér er flutt? Ég get út af fyrir sig skilið það út frá þeim sjónarhóli sem hæstv. ráðherra talaði hér áðan, því að það er nákvæmlega sá sjónarhóll að ekki beri að athuga þetta mál sérstaklega. Þetta er ekki mál sem á að vera á dagskrá. Það var það sem kom hér fram í máli hæstv. ráðherra. Og hann var að reyna að tíunda rök fyrir því en mér fannst honum heldur fatast flugið í sambandi við þá röksemdafærslu og er það ekki í fyrsta sinn þegar verið er að tala um orkunýtingu á Íslandi. Hæstv. ráðherra hefur ekki haldið þannig á málum að hann þurfi að ráðleggja þingheimi mikið í sambandi við orkunýtingu. Ég vil alveg sérstaklega hvetja þingheim til þess að horfa á þetta mál raunsætt út frá orðanna hljóðan í þessari tillögu því þar er ekki verið að reisa neinar skýjaborgir eins og halda mætti af viðtökum hæstv. iðnrh. og hv. þm. Páls Péturssonar. Það er einfaldlega verið að leggja til að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að hér á landi verði hafnar skipulegar rannsóknir og undirbúningur að framleiðslu vetnis til notkunar sem eldsneytis til innanlandsnota og til útflutnings. Það er nú ekki annað sem hér er á ferðinni. Ætli það sé goðgá að taka þannig á máli sem getur verið mikið og stórt framtíðarmál í sambandi við búsetu í landinu. Mér fannst nefnilega hv. þm. Páll Pétursson tala gegn sínum eigin hugmyndum þegar hann var að vitna í fiskeldið og hversu geyst menn fóru í þeim efnum. Það var einmitt vegna ónógs undirbúnings. Það var vegna þess að menn uggðu ekki að sér, vegna þess að menn tóku t.d. ekki undir tillögu sem sá sem hér stendur flutti á Alþingi 1983 um allt aðra málsmeðferð og undirbúning vegna fiskeldis sem mögulegs atvinnurekstrar í landinu í einhverjum mæli. Það er einmitt það sem hér er verið að leggja til, eins og ég skil þetta mál, að menn hefji skipulega athugun á því til þess að geti metið það. Nei, það má ekki. Það á að jarðsetja þetta. Það á að kistuleggja þetta efni.

Þá vil ég koma að ákveðnum kjarna sem mér finnst að þessum hv. þm., hæstv. ráðherra og hv. þm. Páli Pétursyni, sjáist alveg yfir í sinni athugun. Það er talað um það sem sjálfgefið mál að menn búi, ekki aðeins Íslendingar heldur á Vesturlöndum almennt, við svipaða orkugjafa varðandi samgöngur og verið hefur og væntanlega í sambandi við iðnað líka að því er tekur til notkunar á olíu. En er það borðleggjandi að það sé gatan sem við eigum að ganga? Er það borðleggjandi að síðasta spá orkuspárnefndar frá 1988 um notkun olíu á Íslandi sé raunhæf þar sem gert er ráð fyrir að notkun á olíu verði svipuð að magni til á árinu 2015 og var á árinu 1987 þrátt fyrir sparnað og aukna hagkvæmni? Það hafa verið að gerast breytingar í mati manna á aðstæðum og eru tillögur uppi um það, ekki bara hjá einhverjum draumóramönnum, heldur alvarlegar tillögur um það að þjóðir heims verði að bindast samtökum um að draga úr mengun andrúmsloftsins með koldíoxíði, með koltvísýringi, og til þess að það verði staðið við þau markmið, sem m.a. eru kennd við Brundtland-skýrsluna margumtöluðu um sjálfbæra þróun, þá verða menn að hverfa frá þessum vegi og í vaxandi mæli að því að taka upp notkun orkugjafa sem eru þolanlegir fyrir umhverfi okkar og setja ekki allt í hættu, byggðir vítt um heim, vegna gróðurhúsaáhrifa og bráðnunar jökla og hækkunar sjávarborðs sem mundi lækka ansi mikið pundið í fasteignum í höfuðborginni og nágrenni ef eftir gengi. Halda menn að það

sé bara hægt að horfa fram hjá þessu? Það er einmitt inn í þetta samhengi sem menn eru að tala um að þróa aðra orkugjafa sem standist mál út frá umhverfislegum forsendum og þar er vetnið vissulega afar freistandi vegna þeirra eiginleika sem það hefur, vegna þess að það er mengunarfrítt í sambandi við brennslu, eins og menn ættu að þekkja. Menn ættu að láta það vera að draga upp kostnaðartölur til að sverta þessar hugmyndir og tala um tvöfalt eða þrefalt hærra orkuverð en á gasolíu plús kostnað vegna dreifingar o.s.frv. Þessi atriði falla um sjálf sig ef menn ætla að taka tillit til umhverfisins, þeirra krafna sem þar eru uppi. Og það á ekki aðeins að breyta um orkugjafa, það á líka að draga úr orkunotkun samkvæmt hugmyndum Brundtland-skýrslunnar um 50% á nokkrum tíma, að draga úr orkunotkun jarðarbúa um helming. Það er eitt af því sem á að vera verkefni Íslendinga.

Virðulegur forseti. Einmitt eitt af því sem við getum gert til að leggja okkar lóð á vogarskál í hinu alþjóðlega átaki í umhverfismálum með að minnka koltvísýring er einmitt að athuga nýtingu vetnis í framtíðinni. Það er kjörin leið sem við höfum möguleika á að fylgjast með en við eigum ekki að sitja auðum höndum sjálfir, því það þarf að aðlaga hlutina. Það eru ekki margir sem búa eins og við með gnótt af vatnsorku á mælikvarða þjóðarinnar, íbúafjölda, og skipaflota á höfum úti sem er undirstaða útflutningstekna okkar. Og er það ekki eðlilegt að við Íslendingar beitum okkur fyrir þróun í aflvélum skipa þannig að þær geti notað vetni sem eldsneyti og getum kannski notað slíkan búnað sem útflutningsvöru ef þessar hugmyndir ganga upp? Engu er slegið föstu um það í þessari tillögu en nauðsynin er brýn að samþykkja hana og það er ekkert annað en öfuguggaháttur ef menn, stjórnarmeirihluti og fleiri, ætla að leggjast á þetta mál og salta það með sama hætti og gerðist á næstliðnu þingi. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Þegar á árinu 1980 var unnið að því á vegum iðnrn. að athuga þessi mál, þeirri vinnu hefur ekki verið fylgt eftir. Það er nauðsynlegt að menn standi ekki í þeim sporum lengi úr þessu.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir síðasta ræðumanns en á sama hátt verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með mál hæstv. iðnrh. og hv. þm. Páls Péturssonar. Mér þykir það alveg með ólíkindum að láta sér detta í hug, eins og hv. þm. Páll Pétursson talaði um, að vara við að vekja upp falskar vonir, eins og hann orðaði það, og rjúka upp til handa og fóta núna vegna þess að þetta sé ekki mál morgundagsins heldur framtíðarinnar. Það var einmitt það sem ég sagði. Hann hefur ekki hlustað á það sem ég sagði og hann hefur ekki lesið tillöguna eins og hún er orðuð.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er búinn að lesa tillöguna fyrir þingmann þannig að ekki þarf að endurtaka það. Ekki er talað um að það eigi að hefja framleiðslu á vetni á morgun, það er einmitt talað um að hefja skipulegar rannsóknir og undirbúning vegna þess að þetta er eitthvað sem getur hugsanlega orðið á næstu öld. Menn kunna þá bara ekki að lesa og vilja ekki hlusta.

Varðandi það hvort þetta sé þinglegt mál þarf ég ekki að ræða frekar. Mér þykir það vera svo augljóst mál að ekki þurfi að ræða það í þessu samhengi vegna þess að auðvitað er það mjög eðlilegt að við kvennalistakonur flytjum þessa tillögu aftur og ekki síst í ljósi þess sem fram kom í máli hæstv. iðnrh. Ég vil benda hv. þm. Páli Péturssyni á að ástæðan til þess að ég er ekki að spyrja hæstv. iðnrh. um þetta mál er sú að hann vill greinilega ekkert gera í því. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að Alþingi verði að álykta í málinu til að knýja á um að eitthvað raunhæft verði gert, þ.e. að Íslendingar verði ekki einhvers staðar aftarlega á merinni ef þetta verður eldsneyti sem notað verður á næstu öld. Næsta öld er ekkert langt undan í framtíðinni. Menn tala um næstu öld eins og hún sé eitthvað sem komi eftir 100–200 ár. Innan við 10 ár þá erum við komin inn á næstu öld.

Ég tók eftir því í máli hæstv. iðnrh. að hann talaði um einhvern erlendan boðsgest sem hér var að tala um markað fyrir vetni. Ég lagði höfuðáhersluna á það í mínu máli að markaður fyrir vetni væri fyrst og fremst innan lands, þ.e. það mundi koma okkur best ef við gætum minnkað olíu- og bensínnotkun hér á landi. Auðvitað getur vel verið að einnig verði mögulegt að flytja út vetni en það er ekki aðalatriðið heldur hitt að við getum hér á landi nýtt innlenda orkugjafa. Auðvitað væri best ef hægt væri að nota raforkuna beint, það væri auðvitað langminnsta tapið ef það væri hægt. En ég veit ekki til þess að það sé heldur verið að kanna neitt sérstaklega að nota raforkuna beint og varla getum við notað hana á fiskiskipastólinn nema bara þegar fiskiskipin eru í landi til að keyra vélar sem þau gera víst ekki einu sinni núna vegna þess hve rafmagnið er dýrt.

En ég tel að við þurfum að fylgjast með og ég tel ekki nægjanlegt að við látum erlenda aðila eingöngu sjá um þessar rannsóknir og við fylgjumst ekki með og tökum ekki þátt í þeim rannsóknum. Ég er þar með ekki að segja að við eigum að endurtaka allt sem aðrir eru að gera eða gera það sama og aðrir heldur eigum við að vera með í rannsóknunum. Við erum auðvitað ekki það stórveldi að við getum hafið rannsóknir í sama mæli og t.d. Þjóðverjar eru að gera, en við getum vel tekið þátt í þessu og verið þátttakendur í þeim rannsóknum sem þar fara fram og það hefur okkur boðist. Háskólanum hefur t.d. boðist að taka þátt í rannsóknum í þýskum háskólum og mér þykir ekki nema sjálfsagt að okkar vísindamönnum sé gert það kleift. Mér þykir því alveg með ólíkindum að heyra hvernig dregið er úr því að við getum verið virkir þátttakendur á þessu sviði.

Ég er ekki viss um að það kosti neitt mjög mikið miðað við ýmislegt annað að taka þátt í þessum rannsóknum og ég tel sérstaklega mikilvægt fyrir Íslendinga að taka þátt í þeim með tilliti til þess að erlendis er ekki verið að gera neinar rannsóknir á því hvernig hægt verði að nota vetni á skip heldur eingöngu verið að athuga flugvélar og bíla en ekki fiskiskip og þess

vegna finnst mér t.d. á því sviði mjög nauðsynlegt að Íslendingar verði virkir þátttakendur.

Ég talaði um orkuskatt og sagði að í framtíðinni væri rætt um að hann gæti orðið mjög mikill á t.d. bensín og olíur og mundi verð þeirra hækka verulega og þá mundi vetni verða samkeppnisfært. Ég tek fram að þeir útreikningar sem ég hef séð á þessu, sem eru þeir sömu og hæstv. iðnrh. vitnaði til og sýna að gasolían sé svo og svo dýrari, hafa breyst með tilliti til einmitt þessara atriða og þá er ég ekki eingöngu að tala um Evrópubandalagið í því sambandi. Þótt Evrópubandalagið sé að tala um að koma á skatti á koldíoxíð þá er um allan heim talað um að það verði veruleg hækkun á skattinum, á þessum skatti, ekki bara að því er varðar koldíoxíð heldur einnig önnur efni, svo sem eins og brennisteinsdíoxíð og fleira og fleira sem þarna er um að ræða þannig að það er ekki bara verið að tala um koldíoxíð í þessu sambandi.

Ég tel að vetni geti e.t.v. orðið samkeppnisfært við olíu í framtíðinni og kannski ekki síst vegna þess að þar er um mengunarlaust eldsneyti að ræða og þess vegna tel ég mikilvægt að við tökum þátt í þessum rannsóknum.

Ég vík aftur að meðhöndlun atvinnumálanefndar sameinaðs þings á 113. löggjafarþingi sem lagði til að þessu máli yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég vitnaði til þess sem þar stendur og ég ætla að gera það aftur, þar segir að það sé hins vegar ekki tímabært að hefja framleiðslu vetnis hér á landi þó svo verði e.t.v. fyrir aldamót. Þeir segja að það sé ekki tímabært að hefja framleiðslu á vetni. Þessi tillaga gengur ekkert út á að það eigi að hefja framleiðslu á vetni hér fyrir aldamót, heldur að kanna möguleikana, hefja rannsóknir og undirbúning á framleiðslu á vetni. Ég veit ekki hvað menn geta séð neikvætt við það og ef ríkisstjórnin eða iðnrn. eru að hugleiða eitthvað í þessu sambandi og eru með einhverjar athuganir á þessu sviði þá hlýtur það að vera styrking við þær rannsóknir og þær athuganir á vegum ráðuneytisins ef Alþingi ályktar í þessum efnum og lýsi skoðunum sínum.

Mér þykir mjög óviðurkvæmilegt að ráðherra sé að koma með tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar enn einu sinni. Ég kann mjög illa við það að ráðherra, sem e.t.v. fær þetta mál til meðferðar, sé að skipta sér af því hvernig Alþingi meðhöndlar það. E.t.v. er kominn tími til að ráðherrar eigi ekki sæti á Alþingi heldur yrðu þeir algjörlega fyrir utan þingið, eins og t.d. er í Noregi, vegna þess að ég kann illa við það þegar verið er að leggja það til af hálfu ráðherra við 1. umr. máls, áður en að nefnd tekur málið til athugunar, að vísa því til ríkisstjórnar og ég lýsi algjörri andstöðu minni við það. Ég var líka algjörlega á móti því á sínum tíma að þetta mál yrði meðhöndlað á þann hátt sem þá var gert og var það raunar gert þegar ég var ekki inni á þingi vegna starfa fyrir Alþingi erlendis. Þannig var farið með þetta fyrir þingið með þessari afgreiðslu án þess að við mig væri talað sem er mjög óvanalegt af hálfu þingnefndar að hafa ekki samráð við flutningsmenn.

Ég vona að þetta mál fái þinglega meðferð, þ.e. að um það verði fjallað með eðlilegum hætti í iðnn. og að þeir sem sitja í iðnn. geti lesið tillöguna rétt þannig að enginn velkist í vafa um að hér er verið að tala um að hafnar verði skipulagðar rannsóknir og undirbúningur að framleiðslu á vetni en ekki að við, sem flytjum þessa tillögu, teljum að strax á morgun eigi að fara að framleiða vetni sem eldsneyti. Og enn og aftur bendi ég á að í 40 ár hefur verið framleitt vetni hér á landi þannig að tæknin er vel þekkt. Við erum ekki að tala um tæknina sem slíka heldur hvernig við getum tekið við þeim breytingum sem verða í heiminum, þ.e. við þurfum auðvitað að breyta okkar skipum og bifreiðum og það þarf að kanna með hverjum hætti það verður hægt ef þetta verður að veruleika. Ég vona að iðnrh. líti fremur á það ef Alþingi ályktar í þessu máli að það sé ráðuneytinu til framdráttar en ekki til hins verra fyrir ráðuneytið eða iðnrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alls enginn ágreiningur um að það er æskilegt framtíðarmarkmið að íslenskar orkulindir verði nýttar til að knýja farartæki og fiskiskip og íslenskir rannsóknaraðilar, bæði Háskólinn og aðrir, vinni að athugunum sem þessu tengjast. Það er fjarri öllu lagi, eins og hv. 15. þm. Reykv. hélt hér fram áðan, að iðnrh. vildi greinilega ekkert gera í málinu. Það er rangt. Málinu er sinnt við hæfi.

Ég kem þá að því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. Öll hans háværa ræða var á röngum forsendum flutt. Það er rangt að ég hafi haldið því fram að ekki ætti að gera neinar athuganir á þessu máli eða fylgjast með því. Skipuleg athugun á málinu er í gangi. Við sitjum ekki auðum höndum eins og þingmaðurinn hélt fram með miklum hávaða.

Mér þótti það líka mjög furðulegt að þingmaðurinn vildi bara banda frá sér eins og það kæmi málinu ekkert við þótt það lægi fyrir að kostnaður við vetni sem orkubera væri margfaldur sá sem það kostar að ná sömu orku úr hefðbundnum orkugjöfum. Þetta kemur málinu sannarlega við.

Ég læt þetta nægja um það sem fram hefur komið í síðari ræðum manna og í máli hv. 4. þm. Austurl. Við erum, vegna þess sem kom fram hér hjá hv. flm. 15. þm. Reykv., í samstarfi við þýska aðila með þátttöku Háskóla Íslands. Háskóli Íslands eða fulltrúi hans á aðild að eldsneytisnefnd iðnrn. sem ég nefndi áðan. Fé er ætlað til þess að fylgjast með þessum málum. Þetta er allt við hóf eins og eðlilegt er vegna efnislegra ástæðna þessa máls.

Að lokum vildi ég taka það fram að mér þótti einkar athyglisverðar ábendingar hv. 1. þm. Norðurl. v. um þinglega meðferð málsins og endurtek það að ráðherrar sem jafnframt eru þingmenn áskilja sér að sjálfsögðu rétt til þess að hafa skoðun á því hvernig þingið eigi að fara með mál og ég endurtek að það hefur ekkert komið fram sem gerir það tímabært að Alþingi fjalli með öðrum hætti um þetta mál, en sameinað þing gerði fyrir tæpu ári.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég bið menn að taka því rólega þó einstakir ráðherrar í ríkisstjórninni fari um mig lofsamlegum orðum. Ég á von á því að sá vindur geti breyst fyrr en varir. En hér hafa menn talað af nokkrum tilfinningahita. Hv. 4. þm. Austurl. talaði um skammsýni og mistök. Þar tel ég að hann kasti grjóti úr glerhúsi. Með fullri virðingu fyrir hv. þm. þá held ég að ég geti fullyrt að hann hafi ekki verið praktískur, ef ég má nota svo ljótt orð, í orkumálum Íslendinga meðan hann fór með yfirstjórn þeirra sem ráðherra. Og ég vil bæta því við að orkumál eru í sjálfu sér ákaflega mikilvæg. En það þýðir ekki að loka alveg augunum fyrir fjárhagslegum staðreyndum. Þjóðin getur ekki tekið á sig ómældar byrðar af óráðsíu í orkumálum. Það er algerlega óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér a.m.k. einu sinni í viku hvort hlutirnir borga sig eða ekki.

Menn hafa gert athugasemdir við orð mín eða velt vöngum yfir því hvort eðlilegt sé að flytja sama málið óbreytt þing eftir þing hafi það hlotið afgreiðslu. Að sjálfsögðu er þingmönnum frjálst að gera þetta og þá með vísan til þess að kosningar fóru fram í millitíðinni og og núverandi Alþingi er öðruvísi skipað en 113. löggjafarþing þegar svo til nákvæmlega eins orðaðri tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar. Atvinnumálanefnd skilaði nál. á þskj. 703. Þetta var 134. mál 113. löggjafarþings og ég mundi ráðleggja hæstv. flm. að lesa þetta nál. Þar kemur fram að atvinnumálanefnd hefur fjallað um málið með eðlilegum og vitrænum hætti og komist að þeirri niðurstöðu, sem Alþingi samþykkti, að málið væri á réttu róli. Það er verið að vinna að þessum rannsóknum með eðlilegum hætti og engin ástæða til að samþykkja þessa tillögu.

Ég fer ekki ofan af því að mér finnast það ekki skynsamleg vinnubrögð og orka tvímælis hvort þau eru þingleg að flytja sama málið ár eftir ár, þing eftir þing ef það hlýtur afgreiðslu. Það væri um allt annað tala ef málið hefði ekki verið útrætt á 113. löggjafarþingi. Þá væri auðvitað hárrétt að endurflytja það. Undirstaðan að vangaveltum mínum var sú að mér hefði fundist það eðlileg málsmeðferð að flm., eða sérstakir áhugamenn um tillöguna, gerðu formlega fyrirspurn til ráðherra og fengju að vita hvað gerst hefði í málinu síðan og fengju yfirlit yfir hvar það væri nú statt. Síðan væri e.t.v. hægt að flytja málið að nýju. En að kasta höndunum þannig til að ljósrita eða hér um bil að ljósrita tillögu sem var afgreidd í fyrra finnst mér ekki vera fyrirmyndarvinnubrögð. Ég ráðlegg hv. 1. flm. að lesa nál. á þskj. 703.

Hv. 4. þm. Austurl. ræddi um fiskeldi og stærð fiskeldisstöðva. Ég held að vandinn hafi ekki verið fyrst og fremst í því að við næðum ekki þekkingu á málinu. Vandinn var fyrst og fremst sá að menn voru allt of stórhuga. Menn fjárfestu allt of mikið í allt of stóru, trúðu á hagkvæmni stærðarinnar. (Gripið fram í.) Eins fór með loðdýraeldið. Íslendingar náðu ágætu lagi á því að koma upp loðdýrum og ágætum dýrum á tiltölulega skömmum tíma. En þeir fjárfestu of mikið í of stórum einingum. Þess vegna fór sem fór. Á meðan vetni er svo dýrt og hættulegt sem raun ber vitni þá er það ekki hagkvæmt að eyða mjög miklum fjármunum í íslensk þróunarverkefni á þessu sviði.

Ég tel t.d. að rafbílar séu miklu nærtækari kostur. Það er allt gott um það að segja að sinna umhverfismálum og reyna að komast hjá mengun í heiminum. Það væri mikil nauðsyn og þarfaverk ef það tækist. En ég tel að rafbílar séu miklu raunhæfari kostur en vetnisbílar. Hv. flm. orðaði það svo í seinni ræðu sinni að þetta gæti hugsanlega orðið á næstu öld sem vetni yrði nýtt. Ég tel víst, og þar er ég bjartsýnni en hv. 1. flm., að þetta verði raunhæfur kostur, jafnvel á fyrri hluta næstu aldar. En íslensk fjárfesting í stórum stíl er ekki skynsamleg í þetta verkefni ef við eigum að reyna að halda okkur við einhverja hagræna forgangsröðun. Ef fólk er að þráflytja sömu tillögurnar þá virkar það á mig eins og verið sé að gera það í auglýsingaskyni, eða sá grunur læðist að manni.

Mér finnst að hv. 1. flm. hljóti að vita betur en fram kemur í þessari tillögu og í málflutningi hennar. Fyrsti flm. hefur aðgang að gögnum sem sanna með óyggjandi hætti að hér er ekki um fjárhagslega raunhæft verkefni að ræða í dag og jafnframt á hún að vita að málinu er sinnt með eðlilegum hraða, m.a. af Háskóla Íslands.

Flm. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur við að ég nenni ekki að elta ólar við svo ómerkilegan málflutning eins og kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni. Í fyrsta lagi vegna þess að hann segir við mig að ég eigi að fara að lesa nefndarálit. Ég las kafla úr því fyrir hann tvisvar sinnum áðan. Ég ætla að endurtaka hluta af því vegna þess að greinilegt er að hann hefur ekki lesið það. Í nál. frá 19. febr., sem atvinnumálanefnd sendi frá sér — ég hef ekki tíma til að lesa það allt saman — telja þeir upp hverjir hafa mætt á fundinn o.s.frv. og síðan segir, með leyfi forseta: „Hins vegar er ekki tímabært að hefja framleiðslu vetnis hér á landi þótt svo verði e.t.v. fyrir aldamót. Ýmis tæknivandamál, svo sem hvernig á að geyma vetni, þarf að yfirstíga áður en framleiðsla getur hafist fyrir alvöru."

Rétt síðar kemur: „Nefndin telur ekki tímabært að Alþingi álykti um þessa ítarlegu tillögu um framleiðslu á vetni en tekur undir þau meginsjónarmið sem þar koma fram og ítrekar nauðsyn þess að Íslendingar fylgist með og taki þátt í rannsóknum á vetni." Það er nákvæmlega það sem tillagan gengur út á. Ég átta mig því alls ekki á hvers vegna hv. þm. vill ekki að Alþingi álykti um framleiðslu á vetni.

Ég hef auðvitað aðgang að gögnum, og ég tók það fram áðan, sem sýnir að framleiðsla á vetni til notkunar sem eldsneyti er ekki hagkæm í dag. En ég tók líka fram áðan og ég vona að hv. þm. hlusti nú, að ég teldi að í framtíðinni gæti vetni vel orðið samkeppnisfært við olíu, ekki síst vegna þess að þetta er mengunarlaust eldsneyti.

Auðvitað væri langeðlilegast að við notuðum rafbíla fremur en vetnisbíla ef um það væri að ræða. Ég get alveg tekið undir það. En aftur hefur hv. þm. Páll Pétursson ekki hlustað á það sem ég sagði því ég var

einmitt að tala um skipastól landsmanna og að ekki væri hægt að nota raforkuna beint á skipin heldur yrði að gera það með óbeinum hætti og þá er vetnið þar kandídat.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við þennan málflutning. Mér finnst gott að hv. flm. las þetta nál. og skilur þá væntanlega hvað í því stendur. Það sannar að óþarfi er að ræða þetta mál miklu meira hér eða að Alþingi taki afstöðu til þessarar tillögu.

Það er alveg rétt varðandi skipavélarnar að mjög mikilsvert væri ef hægt væri að nota vetni til að knýja skip. Hins vegar ef menn komast á annað borð til ráðs við það með eðlilegum og hagfelldum hætti að knýja mótora þá er skipsvél ekki mjög frábrugðin í eðli sínu öðrum vélum. Ef þessi orkugjafi verður á annað borð brúklegur í vélar þá er tiltölulega mjög einfalt og fljótlegt að gera hann nothæfan um borð í skipum líka.

Flm. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda hv. þm. á að gera þarf ákveðnar breytingar og líka á skipsvélum. Í fyrsta lagi þá tekur vetni meira pláss en olía. Það þarf því stærri geyma. Og þó þetta séu mjög líkar vélar þá skiptir samt máli að fylgjast vel með á þessu sviði.

Ég vil líka nefna Háskóla Íslands og þau orð hv. þm. að þessum rannsóknum væri sinnt með eðlilegum hætti þar. Ég efast ekki um að þeir reyna að fylgjast, eins og þeir framast geta, með þeim rannsóknum sem fram fara á þessu sviði. En mér finnst mjög mikilvægt að ríkisstjórnin og iðnrn. styrki og styðji þessar rannsóknir með myndarlegum hætti þannig að háskólanum sé gert kleift að sinna þessum rannsóknum með eðlilegum hætti. En ég held að honum sé það e.t.v. ekki fært með þeim fjárveitingum sem fara til háskólans og þá sérstaklega til rannsókna, þar er skorið við nögl eins og annars staðar. Ég tel því mjög mikilvægt að sérstaklega sé tekið á þessu máli en ekki eingöngu að háskólinn sinni þessu með þeim knöppu fjárveitingum sem veittar eru til rannsókna. Þess vegna tel ég mikilvægt að tillaga eins og þessi, sem hér er til umræðu, verði samþykkt.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að Háskóli Íslands sinni rannsóknum, jafnvel enn þá brýnni rannsóknum en á vetni. Talandi um Háskóla Íslands þá held ég að það ætti að vera forgangsmál að búa svo um hnútana að heilum árgangi verði ekki neitað þar um inngöngu næsta haust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur á raforku um sæstreng, fyrri umr.

Þáltill. SvG og SJS, 111. mál. — Þskj. 114.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 114 flytjum við tveir þingmenn Alþb., ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, till. til þál. um útflutning á raforku um sæstreng. Það má segja að þessi tillaga sé að mörgu leyti lík því máli sem var hér rætt undir síðasta dagskrárlið. Ég verð að segja það fyrir mig að mér fannst afar sérkennilegt hvernig í fyrsta lagi iðnrh. kom að því máli og í öðru lagi hv. 1. þm. Norðurl. v. Ef forseti Alþingis ætti ævinlega að kanna áður en mál eru lögð fram hvort þau hafi einhvern tímann komið fram á Alþingi áður mundi forseti ekki komast yfir að halda fundi hér í þessari virðulegu stofnun nema einn eða tvo tíma á viku. Vegna þess að staðreyndin er auðvitað sú að hér eru aftur og aftur að koma inn sömu málin þing eftir þing. Ég bendi t.d. á að á dagskrá þessa fundar í dag var till. til þál. frá þingmönnum Alþfl. um vímuefnavanda. Það er augljóst mál að öll ákvæði þeirrar tillögu nema tvö hafa verið rædd hér aftur og aftur undir ýsmum dagskrárliðum á Alþingi áður. Það eru því engin rök gegn því að mál sé tekið fyrir að það hafi einhvern tímann komið inn í þingið áður í einhverjum búningi eða að það sé óþinglegt.

Varðandi það mál sem hér liggur fyrir er nauðsynlegt að svara í fyrsta lagi nokkrum grundvallarspurningum:

1. Er til markaður?
2. Er verðið samkeppnisfært?
3. Eru menn að fást við svipaða hluti annars staðar?
4. Er orkan til?
5. Er fjármögnun á þessu verkefni möguleg?

Varðandi það hvort markaður er til fyrir raforku, sem færi héðan með sæstreng, þá er svarið já. Það þarf ekki lengi að liggja yfir orkumálapappírum nágrannalanda okkar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, t.d. pappírum sem komu fram á orkuþinginu í haust, til að sjá að það er tvímælalaust markaður fyrir hendi. Það þarf því ekkert að mylja það með sér stundinni lengur, markaðurinn er til.

Í öðru lagi, er verðið samkeppnisfært? Það verð sem við getum framleitt orkuna á og síðan flutt hana út. Svör við þeirri spurningu liggja í rauninni fyrir líka. Jakob Björnsson orkumálastjóri sagði á orkuþingi m.a.: „Að mínu mati getur útflutningur á raforku frá Íslandi því orðið fullkomlega raunhæfur möguleiki eftir svo sem 10–15 ár.“ Í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu fyrir tveimur eða þremur mánuðum við Inga Þorsteinsson, sem er aðalræðismaður Íslands í Kenýa og einn af eigendum ráðgjafarfyrirtækjanna Pat Limited og Pat Consult í Bretlandi.

Í viðtalinu kemst hann svo að orði, með leyfi forseta: „Í könnun sem Landsvirkjun lét gera árið 1988 kom fram að verð á raforku frá Íslandi væri á bilinu um 2,5–3 kr. á kwst. Viðmiðunarverð á orku sem

framleidd er við kolabrennslu var þá um 3–4 kr. á kwst. og kjarnorka kostar 4–5 kr. á kwst. Tölur sem birtar voru í Bretlandi á síðasta ári gáfu hins vegar til kynna að rafmangsverðið frá nýjum kjarnorkuverum verði nálægt 6–6,5 kr. á kwst. Þessi samanburður er okkur ótvírætt í hag, sagði Ingi, en þó er ekki í þessum útreikningum tekið tillit til þess sparnaðar sem hlýst af því að raforka okkar er vinsamleg umhverfinu." Það er með öðrum orðum alveg ljóst af þessu og í þriðja lagi af þeim pappírum sem voru lagðir fyrir á orkuþinginu sl. haust að raforka sem flutt er frá Íslandi með sæstreng er samkeppnisfær við þá raforku sem boðin er á Bretlandseyjum um þessar mundir. En það er hins vegar ljóst að hún er ekki enn þá samkeppnisfær við þá raforku sem menn eiga kost á að fá á meginlandi Evrópu um þessar mundir. En þetta er mjög í járnum. Það er líka nauðsynlegt að taka það fram.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að velta því fyrir sér hvort þetta eru óraunhæfir kostir. Er þetta eitthvað sem menn eru í raun og veru búnir að vísa frá alls staðar vegna þess að það er ekkert á dagskrá? Svarið við því er nei. Nýlega hefur t.d. verið gerður samningur við stórfyrirtækið Alcaltel um að leggja rafstreng neðan sjávar fyrir Suður-Kóreu. Þessi jarðstrengur er 202 km á lengd og liggur næstum allur neðan sjávar. Flutningsgeta á þessum streng er um 300 mw. Auk þess sem hér er nefnt að því er varðar þennan sæstreng, sem er þetta langur, um 202 km á lengd, þá liggur það einnig fyrir að uppi eru áform á ýmsum stigum um lagningu strengja víðs vegar um heim sem eru yfirleitt með flutningsgetu upp á 500 mw, en þó upp í 900–1.200 mw. Vegalengdirnar sem menn hafa verið að skoða eru frá 50 km upp í 900 km, þ.e. sá strendur sem hugsanlega yrði lagður frá Íslandi um Færeyjar til Skotlands. Hann væri 910 km, 490 km til Færeyja og 420 km þaðan til Skotlands. Með öðrum orðum, þetta eru ekki *loftkastalar heldur mál sem menn eru að fjalla um með* raunsæjum hætti annars staðar.

Fjórða spurningin sem við hljótum að spyrja okkur er þessi: Er orkan til? Svarið við þeirri spurningu er já og það er ástæðulaust að eyða frekari orðum að henni.

Í fimmta lagi hljótum við að velta fyrir okkur: Hvað með fjármögnun þessa verkefnis? Hvernig gæti henni verið háttað? Er þetta ekki erfitt verkefni? Svarið við því er einnig jákvætt vegna þess að hér er um að ræða gríðarlega dýrt fyrirtæki. Það að leggja einn 500 mw. streng kostar verulega fjármuni og í viðtalinu við Inga Þorsteinsson er það rakið mjög nákvæmlega. Einnig hefur komið fram, m.a. á orkuþingi og víðar, að ef menn ætla á annað borð að tengjast þessu alþjóðlega orkuflutninganeti væri skynsamlegt að reyna að koma hlutum þannig fyrir að um yrði að ræða tvo strengi en ekki einn eða að í upphafi væru áform um að þróa þetta yfir í tvo strengi á lengri tíma. Þar með væri hér um að ræða gríðarlega mikið og erfitt verkefni og dýrt. Spurningin er þá hvort Íslendingar gætu fjármagnað verkefni af þessu tagi. Staðan er þannig í dag að þjóðartekjur okkar eru sennilega á bilinu 370–400 milljarðar kr. á ári. Kostnaður við fyrirtæki af þessu tagi, sem ég er hér að tala um, er í minnsta lagi þegar allt kemur saman á annað hundrað milljarða kr. Það er augljóst mál að við ákvörðun um lagningu sæstrengs yrðu menn að ná samningum við ríki eða alþjóðleg fyrirtæki af einhverju tagi. Það er flókið verk og það er í raun eitt það brýnasta, ef menn ætla á annað borð að fara út í þetta verkefni, að hefja þegar í stað kannanir á því hvernig hægt er að ná samningum um fjármögnun þessa verkefnis og með hvaða hætti það gæti gengið fyrir sig.

Í framhaldi af þessum grundvallaratriðum sem ég hef farið yfir og sagt:

1. Er til markaður? Svarið er já.

2. Er verðið samkeppnisfært? Það er þegar samkeppnisfært við það verð þar sem það er lægst í Skotlandi og það er ljóst að það mun verða enn frekar samkeppnisfært á allra næstu árum.

3. Þá hef ég spurt og svarað spurningunni: Eru slík áform uppi annars staðar? Svarið er já, það er þannig.

4. Er orkan til? Svarið er já.

5. Hvernig er háttað fjármögnuninni? Þar verður auðvitað að vinna mjög mikið undirbúningsstarf áður en unnt er að svara spurningunni til hlítar.

En eigum við þá að bíða og láta þetta svo að segja koma hingað í formi símskeyta, bréfa eða sendinefnda frá einhverjum alþjóðlegum fyrirtækjum eða eigum við að aðhafast eitthvað sjálf? Niðurstaða Jakobs Björnssonar orkumálastjóra á orkuþingi í þessu sambandi er sú að strax eigi að byrja að undirbúa þetta verkefni. Hann segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því að það tekur langan tíma að undirbúa slíkan útflutning veitir ekkert af því að byrja undirbúninginn nú þegar. Ef við drögum hann of lengi getur vel svo farið að við verðum ekki tilbúnir að nýta okkur þennan möguleika þegar ytri kringumstæður á markaðnum hafa gert hann raunhæfan."

Ég hygg með öðrum orðum að það sé alveg ljóst að við verðum að koma okkur í þetta verkefni með skipulegum og kerfisbundnum hætti. Það kann vel að vera svo að iðnrn. hafi verið að sinna þessu máli og sömuleiðis Landsvirkjun. Það kann vel að vera svo að einhverjir fjármunir séu til í þetta verkefni á vegum þessa aðila. Hitt held ég þó að það hljóti að vera öllum ljóst að mikilvægt er fyrir iðnrn. og Landsvirkjun að Alþingi Íslendinga hafi látið í ljós skilning sinn á þessu máli og stuðning við þetta verkefni vegna þess að erfitt er að þróa svona verkefni öðruvísi en Alþingi sé allt með í för og þess vegna er þessi till. til þál. flutt. Í framhaldi af þessu er auðvitað eðlilegt, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. iðnrh., sem er hér viðstaddur, nokkurra spurninga.

1. Hvað hefur verið gert til að semja um sölu á raforku sem flutt yrði um út sæstreng?

2. Hvað hefur verið gert til þess að semja um framleiðslu á raforku í þessu skyni og lagningu sæstrengs? Að því er varðar lagningu sæstrengsins, þá finnst mér nauðsynlegt að taka það fram að ég lít ekki svo á að menn þurfi endilega að binda sig við það að miðstöð framleiðslunnar á sæstrengnum verði einhvers staðar

annars staðar. Hún gæti út af fyrir sig alveg eins orðið á Íslandi og ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort það sjónarmið hafi verið kannað sérstaklega.

3. Hvað hefur verið gert til að undirbúa fjármögnun þessa verkefnis?

Í sjálfu sér væri hægt, virðulegi forseti, að fara miklu ítarlegar út í þetta mál en ég tel enga ástæðu til þess vegna þess að málið er ekki mjög flókið. Það eru nokkrar grundvallarspurningar sem liggja fyrir í málinu og þeim er hægt að svara með tiltölulega skýrum og afdráttarlausum hætti. Ég tel auðvitað nauðsynlegt að taka það fram að þegar ákvörðun yrði tekin um ráðstöfun og notkun á raforku til útflutnings um sæstreng, þá yrði um leið að taka ákvörðun um orkumálastefnu til lengri tíma. Ég tel það ekki skynsamlegt að ráðstafa raforku til útflutnings með sæstreng án þess að menn hefðu um leið gert sér mynd af orkubúskapnum í heild eins og menn geta hugsað sér að hann þróist á einhverju árabili.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því að í setningarræðu á orkuþingi komst hæstv. iðnrh. þannig að orði að unnið væri að mótun orkustefnu, ef ég man rétt, á vegum ríkisstjórnarinnar. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi fara nokkrum orðum um það hér hvernig að því verkefni er unnið. Og ég vil segja það að ég tel mjög mikilvægt líka að Alþingi komi að þeirri vinnu. Ég tel mjög mikilvægt að hv. iðnn. Alþingis komi að því verkefni og reyndar er gert ráð fyrir að hún komi sérstaklega að verkefninu í þessari þáltill. Ég hefði t.d. haldið vegna tillögu um rannsóknir á vetnisframleiðslu, sem hér var rædd undir síðasta dagskrárlið, að þá væri rakið og sjálfsagt mál að hún yrði tekin til sérstakrar meðferðar í iðnn. með hliðsjón af heildarþróun orkumála og rannsókna í þágu orkumála á komandi árum.

Að undanförnu hefur núv. ríkisstjórn beitt sér mjög fyrir því, því miður, að halda því að þjóðinni að hér sé allt að sökkva á bólakaf. Svartsýnin og bölmóðurinn hefur einkennt allt hennar ráð og allt hennar tal og allan hennar áróður. Staðreyndin er samt sú að þó að ekki blási byrlega í íslenskum þjóðarbúskap um þessar mundir, þá eigum við tiltölulega mjög bjarta framtíð. Þjóðhagsstofnun birti á orkuþingi og á þingi Verkamannasambands Íslands sl. haust mjög athyglisvert yfirlit um hugsanlega framtíðarþróun efnahagsmála á Íslandi með hliðsjón af alþjóðaþróun m.a. í orkumálum og túrisma. Það var mjög athyglisvert skjal sem Þjóðhagsstofnun lagði þar fram. Þar kemur fram að t.d. á tímabilinu fram til ársins 2015 getum við Íslendingar gert okkur vonir um að ná hér verulegri aukningu þjóðartekna á mann frá því sem nú er. Í rauninni er aðallega þrennt sem getur verið eins og fáni inn í bjarta framtíð fyrir íslensku þjóðina. Það er auðvitað fyrst orkan. Það er bersýnilegt að þar eigum við mjög mikla möguleika ef við kunnum að hagnýta þá skynsamlega, ef við förum t.d. ekki of hratt í að selja orku á undirverði áður en nokkur ástæða er til slíks. Við eigum möguleika vegna þess að við erum með græna orkugjafa sem eru betri en aðrir orkugjafar og ýta hinum mengandi orkugjöfum út af sviðinu hægt og hægt á komandi áratugum. Þarna eigum við gríðarlega möguleika.

Í öðru lagi eru möguleikar okkar fólgnir í þeim kostum sem landið hefur upp á að bjóða sem hreint land, m.a. sem land fyrir ferðamannaþjónustu. Það er athyglisvert að á árinu 1991 voru útflutningstekjur, gjaldeyristekjur af ferðamönnum á Íslandi, jafnháar og allar tekjur af stóriðjunni. Það er athyglisvert að í þessum spám Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir því að á tímanum fram til ársins 2015 geti verið um að ræða tvöföldun í túrismanum og þá er byggt á þeirri forsendu að hlutur okkar í hinum alþjóðlega túrisma verði minni eftir þennan tíma en hann er í dag.

Í þriðja lagi hlýtur okkar von inn í þessa jákvæðu framtíð að vera bundin því að menn hafi vit á að raða hlutum í skynsamlega forgangsröð og setja peninga í auknum mæli í rannsóknir, vísindi, menntun og skólastarf. Ef menn hafa pólitískt þor til þess að reyna að skapa einhverja samstöðu um slíka framtíðarstefnu er ég alveg viss um að Íslendingar geta, miðað við aðrar þjóðir, búið hér við góð lífskjör á næstu öld ef stjórnarstefnu bölmóðs og svartsýni verður rutt til hliðar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. iðnn.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi tillaga hv. þm. Svavars Gestssonar og Steingríms J. Sigfússonar brýtur blað að því leyti til að þarna er í fyrsta skipti óskað eftir því að ákvæði nýrra þingskapalaga um sérstaka forustu nefnda þingsins verði beitt. Ég saknaði þess í annars nokkuð greinargóðri framsögu hv. þm. Svavars Gestssonar að hann gerði grein fyrir því hvers vegna iðnn. Alþingis í þessu tilviki hefði forustu um þá könnun sem hann leggur til að verði framkvæmd en ekki iðnrn. eða til að mynda Landsvirkjun og mér þætti vænt um að fá í örstuttu máli skýringu á þessu.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hv. 17. þm. Reykv. afsökunar á þessari vangá. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú að ég tel að það sé nauðsynlegt með hliðsjón af nýjum þingsköpum að iðnn. Alþingis reyni að mynda samstöðu um að draga upp þá framtíðarmynd sem þjóðin getur gert sér vonir um að blasi við ef við nýtum okkar kosti skynsamlega. Og ég held að það þurfi að mynda þverpólitíska flokkasamstöðu á Alþingi um þá mynd og iðnn. sé heppilegri til þess en t.d. framkvæmdarvaldið sem stendur í stöðugu stríði við stjórnarandstöðuna eins og við er að búast á hverjum tíma.

Önnur ástæðan er að sjálfsögðu sú að iðnn. hefur góðan formann.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem fram kom hjá hv. fyrri flm. þessarar tillögu að Ísland á mikla möguleika í framtíðinni, ekki síst þá sem tengd-

ir eru nýtingu orkulindanna. Þar er beinn útflutningur á raforku einn kostur sem kanna þarf.

Ég fagna því að í framsögu hv. 9. þm. Reykv. kveður nú við annan og jákvæðari tón en í greinargerð tillögunnar eins og hún var lögð fram fyrir áramótin. Ég tek fram að ég er mjög áhugasamur um eiga gott samstarf við iðnn. um mótun stefnu í þessu máli eins og öðrum sem snerta framtíðarþróun iðnaðar og orkumála á Íslandi.

Svo ég víki að tillögunni sjálfri, þá eru umræður og athuganir á möguleikum á beinum útflutningi á raforku búnar að vera á dagskrá öðru hvoru undanfarna áratugi á Íslandi. Þessir möguleikar hafa verið ræddir og kannaðir af meiri alvöru á síðustu missirum en nokkru sinni fyrr, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú eru að verða í orkumálum heimsins, m.a. með auknum markaðsbúskap og frjálsari viðskiptum milli landa einmitt á þessu sviði, en einnig og ekki síður í ljósi þeirrar umræðu sem nú fer fram um öll lönd um nauðsyn þess að draga úr útblæstri koltvísýrings og annarra svokallaðra gróðurhúsalofttegunda. Ég tek það fram að ég er sammála hv. 9. þm. Reykv. að nauðsynlegt er að móta almenna stefnu um útflutning á raforku, stefnu sem sæmilega almenn samstaða getur tekist um. Mig langar í því sambandi að víkja að nokkrum þýðingarmiklum atriðum sem ekki ber á góma í þessari þáltill. eða í greinargerð hennar eða í því sem fram kom í máli hv. flm.

Mér virðist ljóst að sá kostnaður sem yrði samfara útflutningi á raforku, bæði í virkjunum, flutningakerfi hér á landi, afriðilsstöð, sæstreng og áriðilsstöð, vera meiri en svo að Landsvirkjun gæti staðið undir slíkri framkvæmd. Ef innlendir aðilar tækju lán til þess að ráðast í útflutning raforku er hætt við því að þetta gæti bagað okkar lánstraust erlendis því að hér er um gífurlega dýra og á þessu stigi mjög áhættusama fjárfestingu að ræða. Ætla má að lagning tveggja sæstrengja — ég skírskota líka til þess sem hér kom fram hjá hv. flm. — með samtals um 1.000 mw. flutningsgetu ásamt tilheyrandi virkjunum og öðrum mannvirkjum gæti kostað 230–280 milljarða kr. miðað við verðlag núna. Þetta er mikið fé. Það þarf því sannarlega að móta stefnu um eignarhald á fyrirtækjum sem sinntu raforkuútflutningi og svara m.a. spurningunni um það hvort og að hve miklu leyti við heimilum erlendum aðilum að fjárfesta í slíkum mannvirkjum. E.t.v. þykir mönnum liggja beinast við að Íslendingar eigi virkjanirnar en kaupandi raforkunnar strenginn. Þetta finnst mér þó alls ekki sjálfgefið.

Ef raforka verður flutt út um sæstreng þarf líka að gera aðrar og meiri arðsemiskröfur en þegar orkan er nýtt til framleiðslu á Íslandi. Verðmætasköpunin á Íslandi verður minni, færri störf myndast, svo að ég taki augljóst dæmi. Því tel ég nauðsynlegt að ákveðið verði sérstakt leyfisgjald á raforkuvinnslu til beins útflutnings. Í þessu sambandi þarf að skoða mörg lögfræðileg og tæknileg atriði sem lúta að lagningu sæstrengsins, ekki bara að þessu leyti heldur líka um lagningu hans um efnahagslögsögu annarra ríkja. Ræða þarf við stjórnvöld og orkufyrirtæki á Bretlandi og á meginlandi Evrópu um hvar taka megi land. Athuganir af þessu tagi hafa farið fram og eru í gangi á vegum iðnrn. Það þarf líka að ákveða með hvaða hætti rekstri strengsins og virkjana sem honum tengjast verði háttað. Ég tel alls ekki sjálfsagt mál að Landsvirkjun sinni slíkum rekstri. Landsvirkjun á, samkvæmt sameignarsamningi um hana, að hafa forgöngu um virkjanir á sínu orkuveitusvæði, Íslandi, svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf sé ávallt fullnægt. Auðvitað er sjálfsagt að reka raforkukerfið á hverjum tíma þannig að sem hagkvæmust nýting orkulindanna náist.

Í tillögunni sem við erum að ræða hér í dag er lagt til að nú fari fram ítarleg könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum þess að flytja út raforku um sæstreng. Það starf sem fram hefur farið á undanförnum missirum og fram fer nú sinnir þessum verkefnum. Landsvirkjun hefur einkum sinnt hinum tæknilegu hliðum málsins enda býr hún yfir eða á aðgang að þeirri grunnþekkingu sem er nauðsynleg til að meta þær forsendur. Landsvirkjun hefur enn fremur fengið enskt ráðgjafarfyrirtæki, Caminus, til að skoða hagkvæmni raforkuútflutnings til Bretlands sérstaklega. Landsvirkjun hefur enn fremur fengið sænska fyrirtækið Vattenfall og bresk/ítalska fyrirtækið Pirelli til að kanna tæknilega þætti málsins í samstarfi við íslenska ráðgjafa. Þessi tvö fyrirtæki hafa mikla reynslu á þessu sviði. Auk þess verður leitað til innlendra ráðgjafarfyrirtækja.

Vegna spurningar hv. flm. vil ég líka taka fram að um staðsetningu framleiðslu á sæstreng hefur nokkuð verið rætt og hugmyndir íslenskra aðila um það mál eru í athugun hjá Orkustofnun.

Iðnrn. hefur fylgst vandlega með þessu máli lengi og m.a. tekið það formlega upp í viðræðum við fulltrúa Evrópubandalagsins með tilliti samtarfs Íslendinga og bandalagsins á sviði orku- og iðnaðarmála. Ráðuneytið og markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar hafa rætt möguleika á útflutningi, bæði við opinbera aðila og einkaaðila á Bretland og meginlandinu. Bæði tæknilegar og efnahagslegar forsendur útflutnings um sæstreng hafa verið ræddar. Erlendir fjárfestingaraðilar, einkaaðilar, hafa sýnt áhuga á samstarfi á þessu sviði. Það er auðvitað augljóst mál að tenging við raforkukerfi Evrópu getur haft ýmsa kosti fyrir íslenska raforkukerfið. Með því mætti m.a. ná betri nýtingu orkuvera okkar og auka afhendingaröryggi raforku, auðvelda þannig samningagerð í framtíðinni við stóra kaupendur á orku.

Ég vildi þá víkja nokkuð að greinargerðinni með tillögunni. Þar segir á einum stað að einungis hafi farið fram lausleg könnun á því hvort unnt sé að flytja raforku um sæstreng frá Íslandi. Þetta er alls ekki rétt. Sl. 17 ár hefur útflutningur raforku frá Íslandi verið kannaður vandlega a.m.k. fimm sinnum. Ég leyfi mér að vísa til ítarlegs erindis sem Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, hélt á orkuþingi í nóvember í fyrra. Þar gerði hann þessum athugunum nokkur skil. Það er heldur ekki rétt að orkumálayfirvöld hafi ekki sinnt þessum málum sem skyldi eins og segir í greinargerðinni. Í greinargerðinni eru mörg fleiri atriði sem

ástæða væri til að gera athugasemdir við, svo sem hugmyndir um það að nefndir þingsins ráðstafi fjárveitingum ráðuneyta eins og flm. virðast telja eðlilegt. Ég ætla þó ekki að fjölyrða um þetta enda tók ég eftir því að flm. nefndi þetta ekki í frumræðu sinni.

Að sjálfsögðu er full ástæða til þess að haldið verði áfram að kanna möguleika á útflutningi raforku frá Íslandi með það fyrir augum að hann geti orðið að veruleika í byrjun næstu aldar. Ég vil þó vara við of mikilli bjartsýni í málinu. Málið er viðamikið og í því margir óvissuþættir. Að lokum um framkvæmd þeirrar athugunar sem hér er verið að óska eftir, þá vil ég taka það fram að í fjárhagsramma Landsvirkjunar fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að varið verði 7,2 millj. kr. til undirbúningsrannsókna í þágu orkuútflutnings. Þessar rannsóknir verða unnar bæði af innlendum og erlendum aðilum. Iðnrn. og markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar munu halda áfram að ræða við erlenda aðila um þetta verkefni. Jafnframt verður unnið að almennri stefnumótun um málið eins og ég hef þegar nokkuð vikið að.

Að lokum, virðulegi forseti, nokkur orð um þinglega meðferð málsins. Ég tel að sú tillaga sem hér er gerð að iðnn. standi beinlínis fyrir framkvæmd könnunar sé ekki heppileg formlega séð. Flm. nefna sem meginástæðu fyrir flutningi tillögunnar að Alþingi hafi nýlega sett lög um frumkvæði þingnefnda, eins og þeir komast að orði í greinargerðinni. Hér er væntanlega átt við ákvæðin í 26. gr. þingskapalaganna þar sem heimilað er að nefnd fjalli að eigin frumkvæði um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar og geti gefið þinginu um þau skýrslu. Þetta ákvæði virðist mér alls ekki eiga við um þá tillögu sem hér liggur frammi. Mér virðist flm. blanda hér saman frumkvæði og framkvæmd. Eins og ég hef þegar lýst eru athuganir af því tagi sem óskað er eftir þegar í gangi í öruggum farvegi hjá framkvæmdarvaldinu og stofnunum þess. Könnunin er sem sagt þegar hafin. Áhugi iðnn. og Alþingis á þessu máli er að sjálfsögðu mikilsverður og það er rétt athugað hjá hv. flm., að það er mikil þörf á samstarfi milli stjórnar og þings um mótun hinnar almennu stefnu, en athugun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum málsins er eðlilega í höndum framkvæmdarvaldsins.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þetta er í sjálfu sér ágæt tillaga sem hér er til umræðu. Hún hefur þann augljósa kost að hún hefur ekki verið afgreidd fyrr á Alþingi þannig að ég held að við getum tekið okkur nokkrar mínútur í að ræða hana hér.

Ég á sæti í iðnn. þingsins og ég er alveg tilbúinn að vinna að þessu máli á þeim vettvangi. Ég hef reyndar tækifæri til að gera það víðar, bæði í stjórn Landsvirkjunar og eins í stjórn markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Þess vegna langar mig til að segja hér nokkur orð.

Ég held að hér sé um viðfangsefni framtíðarinnar að ræða og einhvern tímann komi að því að við þurfum að ákveða okkur um það hvort við leggjum í að selja raforkuna í gegnum sæstreng til Bretlands eða meginlandsins. Þetta er að mínu mati samt ekki viðfangsefni alveg næstu daga en það er alveg sjálfsagt að vinna að málinu á öllum vígstöðvum með samræmdum hætti, halda því vakandi og fylgjast með þróun. Nú þegar er töluverðum fjármunum varið í undirbúning og athuganir á þessu máli.

Ég er sammála hv. flm. um að e.t.v. hefur verið helst til mikil áhersla lögð á að framleiða rafmagn til álframleiðslu, þ.e. álframleiðsla hefur verið sá orkunýtingarkostur sem augu manna hafa einkum beinst að á undanförnum árum. Það er í sjálfu sér slæmt en fyrir því eru þau rök að það hefur ekki verið margra fjárhagslega hagstæðra kosta völ í þessu efni. Það er búið að skoða ýmsa kosti, t.d. á vegum markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar, en þeir eiga það flestir sammerkt að botninn hefur dottið úr þegar menn hafa kynnt sér þá nánar. Álframleiðsla fram undir a.m.k. síðustu mánuði hefur verið sá kostur sem líklegastur var til þess að geta borgað okkur eitthvað nálægt kostnaðarverði þeirrar raforku sem við ætluðum að selja.

Það er reyndar einn orkunýtingarkostur sem ég vil nefna hér og tel að sé mjög áhugaverður. Það er slípiverksmiðja sem fyrirtæki sem heitir Washington Mills í Bandaríkjunum hefur áhuga á að reisa hér. Ég held að það sé athyglisverð hugmynd og við eigum að sýna henni eðlilegan áhuga. Á hinn bóginn er ekki um neina stórkostlega orkunotkun talið að ræða og þetta er ekki mjög mannaflafrek verksmiðja.

Í sjálfu sér getur það verið okkur mjög mikilvægt að geta selt raforku eða fá markað fyrir raforku um sæstreng til almennra nota á meginlandinu eða í Bretlandi. En að vissu leyti er þó heppilegra að nýta orkuna innan lands ef þess er kostur og unnt að fá nothæfa kaupendur sem borga viðunandi verð fyrir orkuna. Verðmætasköpunin fer fram þar orkan er notuð, fyrst og fremst, ekki þar sem hún er búin til. Þar af leiðir að ef til orkuútflutnings kæmi með þessum hætti frá Íslandi, þá tel ég að það yrði að skattleggja hana þannig að hún skildi eitthvað eftir í þjóðarbúinu meira en bara framleiðslukostnaðinn. Við yrðum að hafa einhvern verulegan ágóða af þessari starfsemi því hún yrði þá ekki til verðmætasköpunar annars staðar í þjóðfélaginu eins og t.d. verksmiðjurekstur getur verið.

Nokkur erlend fyrirtæki, sem m.a. hæstv. iðnrh. taldi upp, hafa sýnt þessu máli áhuga. Fyrst beindust augu manna að því að leggja streng til Bretlands með viðkomu í Færeyjum. Það er að vísu mjög dýrt að taka strenginn í land eða dýr búnaður sem til þarf til að koma við í Færeyjum og tiltölulega lítill markaður þar líka. Þó er af ýmsum ástæðum eðlilegt að gera það. En björninn er ekki unnin þó við komumst til Skotlands. Markaðurinn yrði ekki fyrr en suður í Englandi. Og menn efast um að Skotar mundu bjóða þær raflínur velkomnar í land sitt sem til þyrftu að koma til að flytja rafmagn inn á markað í samkeppni við Skota sjálfa. Það hefur líka verið athugað að flytja þetta rafmagn til Þýskalands og eins og stendur er margt sem bendir til að það verði líklegra.

Þó er eitt atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Þau fyrirtæki sem einkum sýna þessu máli áhuga og þau erlendu fyrirtæki sem hafa frumkvæði í málinu eru ekki orkukaupendur. Það eru fyrst og fremst þeir sem ætla að framleiða sæstreng og selja okkur strengi. Og það eru alveg nægir bisnissmenn í heiminum sem eru tilbúnir til að búa til þennan sæstreng. Það eru Íslendingar sem hafa áhuga á því að blanda sér í þann leik ef af verður og hafa til þess einhverja burði að geta a.m.k. tekið þátt í því að þróa hugmyndina. Ég tel að það væri út af fyrir sig mjög mikilvægt ef unnt væri að framleiða þennan streng á Íslandi. Og ég tel að okkur beri þjóðernisleg skylda til þess að ýta heldur undir þessa menn en letja þá ef þeir vilja fjárfesta í undirbúningi að því og aðstoða þá með a.m.k. mórölskum hætti við þann undirbúning.

Þetta mál er þess eðlis að það er sjálfsagt að fylgjast með því. Það er sjálfsagt að halda því vakandi. Þetta getur verið eðlilegur og heppilegur valkostur síðar meir en ég er ekki sannfærður um að þetta sé besta lausnin til að nýta íslenska raforku.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem kemur fram í upphafi till. þar sem segir að Alþingi álykti að láta fara fram ítarlega könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum þess að selja raforku til útlanda um sæstreng. Ég tel að Íslendingar eigi að kanna alla möguleika á nýtingu orkulindanna, sérstaklega þá þætti þar sem framleiðsla veldur ekki mengun. Ég hef hins vegar ákveðna fyrirvara á því að við förum að selja mjög mikla orku til útlanda um sæstreng almennt þar sem um er að ræða hráorku eða hráefni og því muni verða lítill virðisauki hér á landi með því að flytja mikið magn af orku til útlanda um sæstreng. Ég tel hins vegar að það komi mjög vel til greina að hluti af okkar framleiðslu fari þannig beint til útlanda. En ég tel að það eigi að reyna eftir megni að nýta orkuna innan lands í iðnað sem ekki veldur mengun eða þá iðnað þar sem mengunarvarnir eru það fullkomnar að það valdi ekki mengun.

En það breytir ekki því að ég tel mikilvægt að við fylgjumst vel með á þessu sviði sem og öðrum. Og af því að talað var hér áðan um að það væri kostur við þessa tillögu að hún hefði ekki verið flutt áður þá er nú eins og mig minni að einhvern tímann hafi verið minnst á sæstreng hérna á árum áður svo það væri kannski ástæða til að athuga hvort þessi tillöguflutningur er ekki óþarfi.

Það sem er hins vegar stórgalli við þessa tillögu miðað við það sem kom fram hér áðan er að hún lítur til framtíðar og ekki miðuð við það að við förum að flytja út raforku um sæstreng nú þegar eða strax á morgun heldur er verið að fara fram á að gera könnun til þess einmitt að við séum undirbúin ef þetta verður raunhæfur möguleiki í náinni framtíð.

Það má búast við því að innan skamms — ef má nota það orð, þegar maður talar um í þessu samhengi stuttan tíma þá er maður ekki að tala um eitt eða tvö ár, maður er jafnvel að tala um tug ára eða tugi, en það er samt skammur tími til stefnu — tækninni hefur fleygt það fram að það má búast við að innan skamms verði ekki ómögulegt að flytja raforku um langan veg með sæstreng án þess að orkutap sé mjög mikið.

Það kom fram m.a. í máli hv. síðasta ræðumanns og það vita það auðvitað allir sem fylgst hafa með þessu máli að áhugi þeirra sem framleiða sæstreng er langmestur á að flytja raforku um sæstreng milli landa. Það eru aðilar hér á landi sem hafa einmitt athugað möguleika á því að við mundum framleiða sæstreng, annaðhvort við sjálf eða þá í samvinnu við erlenda aðila. Ég heyrði ekki að það hefði komið fram í máli hæstv. iðnrh. að hann minntist á þá aðila sem hér er um að ræða. Hann talaði um að Orkustofnun væri að kanna þessi mál, en mér er kunnugt um að þrjár verkfræðistofur hér í Reykjavík hafa verið að athuga með stofnun hlutafélags til að kanna möguleikana á framleiðslu á sæstreng hér á landi. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa hér örlítið upp úr þeirri greinargerð sem þeir hafa sent frá sér, en þessi fyrirtæki eru Rafteikning hf., Ráðgjöf og hönnun og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tækniþekking eykst við uppbyggingu rannsókna, öflugrar framleiðslu og prófunaraðstöðu hér á landi sem allt verður rekið af Íslendingum í samvinnu við erlenda aðila eftir þörfum hverju sinni. Verkefnið mun krefjast 50–100 manna tækniliðs ásamt miklu fjölmennara starfsliðs við framleiðsluna, auk alls þess fjölda annarra starfa sem slíku fylgja.

Þróa verður gæðaeftirlit í tengslum við Háskóla Íslands og aðra hagsmunaaðila, en slíkt eftirlit er forsenda hágæðaútflutningsframleiðslu. Ítarlegar rannsóknir með þátttöku ýmissa stofnana, svo sem Háskólans, Orkustofnunar, Hafrannsóknastofnunar, umhvrn. og fleiri, þurfa að fara fram.

Framkvæmdin felur þannig í sér umtalsverða nýsköpun. Áhrif á íslenskt atvinnulíf verður víðtæk, samanber virkjanir og annað sem þeim tengist. Þó verður aðeins um að ræða takmarkaðan hluta þeirrar orku sem hagkvæmt mun að virkja á Íslandi, jafnvel við fjórföldun orkusölunnar.

Auk þeirra beinu áhrifa sem lýst er hér að framan af því að framleiða strengi hérlendis verður á þennan hátt einnig mun stærri hluti þeirra tekna sem orkusalan skilar í þjóðarbúið eftir hérlendis þar sem hér er gert ráð fyrir að fjármagna verkefnið að verulegu leyti innan lands."

Þarna eru menn sem telja sig eygja möguleika á því að við munum framleiða þennan streng ef af verður hér á landi og hafa kannað möguleika á því og telja að þarna sé um raunhæfan kost að ræða. Ef um það verður að ræða þá verður auðvitað miklu meiri verðmæti eftir hér á landi ef um útflutning á raforku verður að ræða um sæstreng. Þá finnst mér þetta strax vera miklu fýsilegri kostur þó að ég vilji ítreka að ég tel að við eigum alls ekki að setja öll eggin í sömu körfuna, við eigum að kanna fleiri möguleika og mér finnst að það eigi aldrei að vera nema takmarkað magn af því sem við framleiðum hérlendis færi um sæstreng til annarra landa ef það verður möguleiki.

Ég vildi aðeins minnast á þetta hér, virðulegur forseti, þar sem þessi þrjú fyrirtæki telja þetta vera það góðan möguleika að þau hafa í athugun að stofna með sér hlutafélag um frekari könnun á þessu máli. Þess vegna er þetta ekki neitt fjarlægt því þarna er auðvitað um að ræða þrjú verkfræðifyrirtæki sem öll ættu að hafa einhverja þekkingu á þessu sviði. Það eru því ekki bara misvitrir alþingismenn sem láta sér detta í hug að hægt sé að flytja út raforku um sæstreng. (**Gripið fram í:** Er það Svavar sem er misvitur.) Nei, ég sjálf sem hér stend hef verið ásökuð um að tala um hluti sem séu svo langt fram í framtíðinni að það sé eins og hver önnur firra að vera að minnast á þá yfirleitt hérna. (Gripið fram í.) En ég er nú svo bjartsýn á að við getum framleitt sæstreng hér á landi og flutt út orku í náinni framtíð að ég tel að þetta sé mjög raunhæfur möguleiki fyrir okkur og beri að kanna þetta mál vel og vandlega, ekki eingöngu til að flytja raforku til útlanda, sem ég tel auðvitað koma til greina, heldur ekki síst fyrir okkur sjálf hér innan lands. Og minnist ég þá þess að ekki alls fyrir löngu vorum við að ræða hér í þinginu og var mikið rætt úti í þjóðfélaginu um línu yfir hálendið, en ég tel að það geti vel komið til greina og í rauninni miklu eðlilegra að við notum sæstreng til að flytja raforku milli landshluta fremur en leggja línur þvers og kruss yfir hálendi landsins með tilheyrandi landsskemmdum.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Sagt er að batnandi mönnum sé best að lifa. Ég verð að segja eftir að hafa hlustað á hina hófsömu framsögu Svavars Gestssonar að hann fer batnandi með hverjum mánuðinum. Framsaga hv. þm. Svavars Gestssonar var miklum mun málefnalegri og hóflegri heldur en sá skætingstónn sem einkennir greinargerðina sem fylgir þessari annars áhugaverðu tillögu hans og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég verð líka að koma að því, frú forseti, að Alþb. og Svavar Gestsson sérstaklega hafa gengið fram fyrir skjöldu til þess að ásaka Alþfl. og þó einkum og sér í lagi hæstv. iðnrh. fyrir patent-hyggju. (Gripið fram í.) Fyrir patent-hyggju. Og ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kannast ekki við þetta orð þá bendi ég honum á að lesa þá texta sem stundum hrjóta úr penna hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns Alþb., þó að það hafi að vísu komið fram hér áður í umræðum að skoðanir Ólafs Ragnars, þingmanns Alþb., eru að mati hv. þm. Steingríms Jóhanns Sigfússonar „prívatskoðanir". Ég tel mér þess vegna skylt að gera sérstakan greinarmun á skoðunum formanns Alþb. annars vegar og flokksins hins vegar.

Alþb. segir að patent-hyggjan hafi komið fram einkum og sér í lagi með þeirri áherslu, sem hefur verið í tíð þessarar ríkisstjórnar og líka síðustu ríkisstjórnar sem Alþb. reyndar átti aðild að, á ál og álframleiðslu. Eigi að síður er það svo að nú hefur Alþb. fundið sitt eigið patent og það er patentið sæstrengur. Að vísu er það svo að raunsæi hv. þm. Svavars Gestssonar er miklum mun meira heldur en formanns Alþb. Þannig hefur Svavar Gestsson fjallað af nokkru raunsæi um möguleikana á því að flytja út orku um sæstreng. Ólafur Ragnar Grímsson sér þarna hins vegar komna gróttukvörn sem malar gull.

Í merkri áramótagrein, sem ég veit að þeir þingmenn lásu sem hér eru staddir í salnum núna, grein Ólafs Ragnars Grímssonar sem birtist um áramótin, kallar hann þetta gullstreng nýrrar aldar og sennilega ætlast hv. formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, til þess að hinn nýi gulldrengur hans, þ.e. Svavar Gestsson, standi þá með fötu við enda sæstrengsins og hirði gullið sem hrýtur úr strengnum. Ég verð því að segja það, frú forseti, að mér þykir sem hérna sé búið að snúa hlutunum við og þeir aðilar sem áður skömmuðust mest út í Alþfl. fyrir patent-hyggju séu nú í ansi ríkum mæli, einkum og sér í lagi formaður flokksins, kominn með þá sömu patent-hyggju og halda að með sæstreng sé hægt að mala gull. Á því tel ég nokkur tormerki. Þó vil ég lýsa því yfir, frú forseti, að ég tel að þessu máli sem nú er hreyft beri að sýna fyllstu virðingu og það á auðvitað að hljóta þinglega meðferð. Ég hygg að það sé nokkur samstaða um þetta mál meðal flestra flokka. Þannig vil ég vísa til þess að í kosningabaráttunni skrifaði m.a. sá þingmaður sem hér talar einar tvær greinar um þá möguleika sem tengjast útflutningi á raforku um sæstreng þó að ekki hafi ég treyst mér til þess að feta í fótspor formanns Alþb. og kalla það gullstreng nýrrar aldar. En ég vænti þess að hv. þm. Steingrímur Jóhann fjalli í álíka skáldlegum tón og formaðurinn um þennan nýja möguleika í íslensku atvinnulífi.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði, og það er auðvitað grundvallarspurningin: Er markaður fyrir raforku um streng? Svavar svaraði þessu sjálfur og sagði: Það er tvímælalaust, já. En menn eiga að varast að vekja falskar vonir. Það er auðvitað svo að þegar við erum í dag að bera saman þá orku sem við kynnum að geta flutt út um streng, þá er ekki nægilegt að bera það einungis saman við rafmagn frá kola- og kjarnorkuverum eins og þingmaðurinn gerði hér áðan. Ég tel að hann hafi þá fallið í ákveðna gildru vegna þess að það eru aðrir orkugjafar sem við þurfum að íhuga líka.

Hvaðan mun samkeppnin í framtíðinni koma gagnvart slíkri orku? Hún mun nefnilega ekki, hv. þm. Svavar Gestsson, koma frá kola- og kjarnorkuverum heldur fyrst og fremst jarðgasverum. Það er alveg ljóst að það eru jarðgasver sem munu veita mögulegum útflutningi á orku frá Íslandi mesta samkeppni í framtíðinni. Nú vill svo til að það er nýbúið að aflétta ýmsum hömlum innan Evrópubandalagsins á nýtingu jarðgass. Þetta mun auðvitað draga úr möguleikunum á þeirri verðmætasköpun sem við eðlilega hefðum viljað tengja við útflutning á orku frá Íslandi.

Ég bendi líka á það að menn hafa verið að finna nýjar jarðgasbirgðir, t.d. í Norðursjó sem breyta markaðsdæminu allverulega. Þannig er alveg ljóst að í Norðursjó eru undan Bretlandseyjum vinnanlegar birgðir, sem að vísu nægja ekki nema til 13–20 ára, en það er talið að einnig sé að finna þar jarðgas sem muni nægja til e.t.v. 40 ára. Þess utan eru síðan geysilegar birgðir af jarðgasi undan Noregi á svæðinu sem stund-

um er kennt við tröll, Troll-svæðinu, og nú þegar er búið að gera áætlun og ég held að það sé verið að semja um að leggja jarðgaslínu alla leið þaðan og til Belgíu og rætt er um að leggja sérstakan streng úr þeirri jarðgaslínu til Bretlands. Það er því þetta sem við verðum að hafa í huga þegar við ræðum um samkeppnishorfur fyrir orku frá Íslandi. Síðan er líka rétt að geta þess að það er mikill vöxtur í framleiðslu á jarðgasi í löndum sem eru fjarri, t.d. í Alsír, og Nígeríumenn fyrirhuga að auka verulega sína framleiðslu á jarðgasi. Tæknin gerir það nú kleift að flytja þetta jarðgas í fljótandi formi til Evrópu. Þetta verðum við líka að íhuga.

Í viðbót við þetta vil ég síðan geta þess að jarðgasvirkjanir eru þeim kostum búnar að það tekur geysilega stuttan tíma að byggja slík ver, aðeins um þrjú ár, þannig að þau henta vel þar sem samspil framboðs og eftirspurnar eiga að stýra framkvæmdum á þessu sviði.

Síðan er líka rétt að það komi fram að jarðgas nálgast mjög að geta kallast grænn orkugjafi vegna þess að brennsla þess hefur miklu minni mengun í för með sér heldur en t.d. kolakynt orkuver. Þetta er nú það sem við þurfum að hafa í huga.

Er þá ófjallað um það sem ég tel mestu máli skipta fyrir framtíðina og það er sú merka uppgötvun sem breskir vísindamenn gerðu fyrir örfáum vikum í kjarnorkuveri í Bretlandi þar sem þeim tókst í fyrsta skipti í mannkynssögunni að framleiða orku með kjarnasamruna. Þarna er um að ræða leið sem menn hafa verið að reyna að fara mjög lengi til þess að fá ódýra orku með verulega lítilli mengun. Þetta tókst sem sé seint á síðasta ári. Þá framleiddu menn í fyrsta skipti ein tvö megavött, að vísu einungis um nokkurra mínútna bil. Eigi að síður er talið að innan 50–60 ára kunni að verða mögulegt að reisa orkuver sem byggjast á þessu. Þá er ég hræddur um að fótunum væri kippt undan samkeppnismöguleikum orku frá Íslandi.

Þetta set ég ekki hér fram til þess að draga úr áhuga hins athafnasama hv. þm. Svavars Gestssonar, heldur einungis til þess að falla ekki í gryfju patent-hyggjunnar, vekja ekki falskar vonir. Við verðum að vera algerlega raunsæ í þessu máli.

Ég er þeirrar skoðunar að ef það kemur í ljós að það verði markaður fyrir orku héðan, þá eigum við auðvitað að vinda okkur í það að framleiða þessa orku. Staðan er einfaldlega þannig í dag að við höfum ofgnótt orku og við höfum einungis virkjað um það bil 16% að ég hygg af mögulegri orkugetu vatnsaflsvirkjana. Og ef við tökum jarðgufuvirkjanir inn í dæmið, mögulegar jarðgufuvirkjanir, þá hygg ég að við eigum enn þá eftir óvirkjuð um það bil 90% af allri virkjanlegri orku á Íslandi. Þetta skiptir auðvitað miklu máli. Þess vegna tel ég að það sé rétt að við reynum að kanna þetta mál til hlítar en við eigum ekki að rasa um ráð fram og við eigum alls ekki að vekja falskar vonir hjá fólki með því að ganga fram á völlinn með upphrópunum eins og gullstrengjum jafnvel þó að sá sem gerir það telji sjálfan sig gulldreng Alþb. og um það skal ég að sjálfsögðu ekki deila við hann.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi umræða er prýðileg og í raun og veru gullsígildi. Það er ákaflega ánægjulegt að menn skuli ræða hér málefnalega og af viti og þekkingu um þetta mál og ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið þegar sem annar af flm.

Ég vil segja það í fyrsta lagi að ég held að mönnum sé það væntanlega ljóst eftir þessa ágætu umræðu, hafi mönnum ekki verið það fyrir, að þó ekki kæmi nú annað til en breyttar tæknilegar aðstæður í þessum efnum, þá er alveg sjálfsagt mál að taka þetta mál fyrir til vandaðrar skoðunar á nýjan leik. Tækni í leiðnifræðum hvers konar hefur fleygt mjög fram á undanförnum árum. Sumir spá því að menn séu jafnvel ekki búnir að sjá fyrir endann á framförunum í þeim efnum enn þá. Þar gætu jafnvel átt eftir að gerast enn stórkostlegri hlutir, en hvort sem það verður nú eða ekki er alveg ljóst að þau tíðindi hafa gerst á tiltölulega skömmum tíma að menn hafa að verulegu leyti leyst þau áður nánast óyfirstíganlegu vandamál sem voru við flutning á orku af þessu tagi.

Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á það sem mér finnst nokkuð vanta hér. Menn verða að passa sig á að misskilja ekki þessa tillögu í því samhengi og það er að mikilvægi þess fyrir okkur að fá þennan möguleika inn í myndina sem hluta af okkar orkunýtingarmálum felst ekki hvað síst í því að það gjörbreytir okkar stöðu, okkar samningsstöðu, okkar aðstöðu á allan hátt hér uppi á Íslandi gagnvart annarri nýtingu og öðrum samningum ef það liggur fyrir eða er í boði sá möguleiki að velja á milli þess að selja orkuna beint á markað með sæstreng eða semja um nýtingu hennar hér innan lands til frekari fullvinnslu í verksmiðjum eða orkufrekum iðnaði af einhverju tagi.

Ég hygg að menn þurfi ekki lengi að hugleiða til þess að sjá að tilvist sæstrengs og hugsanlega einhverrar flutningsgetu í honum sem væri á lausu eða möguleiki að losa væri valkostur í nýjum áföngum í orkunýtingunni gagnvart skammtímasamningum og gjörbreytir því umhverfi sem menn hafa verið að baksa í hér undanfarin ár og áratugi varðandi orkunýtinguna í landinu. Og ætli það væri nú ekki augljóslega þannig að iðnaðarráðherrar framtíðarinnar eða aðrir samningamenn Íslands, sem verða kannski að hugleiða og standa í viðræðum við aðila um orkunýtingu hér á fyrstu árum næstu aldar eða áratugum, telji sig vera þar í nokkurri annarri aðstöðu ef sá valkostur er í boði á móti á hverjum tíma að flytja viðkomandi orku um sæstreng eða leggja nýjan þegar um er að ræða samninga um hvers kyns nýtingu orkunnar hér innan lands.

Þetta fannst mér einnig vanta í málflutning hv. 1. þm. Norðurl. v. hér áðan. Ég tek það skýrt fram að það sem fyrir okkur vakir í þessu er að sjálfsögðu ekki einhvers konar eins máls hyggja, að sæstrengur sé lausnin og aðrir valkostir í orkunýtingu séu ekki í boði eða eigi ekki að athugast. Að sjálfsögðu ekki. Það er barnalegt að álykta svo og óþarfi með öllu. Við erum fyrst og fremst að tala um það að kannað verði hvort hér sé á ferðinni valkostur sem geti orðið hluti af orkunýtingarmynstrinu hér á Íslandi í framtíðinni. Sé svo,

þá hefur það augljósa kosti í för með sér. Það breytir okkar stöðu og bætir hana og við erum í betri færum til að ráðast í hvers kyns orkunýtingu í framhaldinu.

Varðandi það frumkvæði sem iðnn. þingsins er ætlað í þessari tillögu, þá er rétt að vekja athygli á orðalaginu sem er á tillgr. sjálfri, sérstaklega fyrir hæstv. iðnrh. Það stendur ósköp einfaldlega að iðnn. Alþingis hafi forustu um könnun þessa. Það er nokkuð annað heldur en að fullyrða, eins og mér fannst vaka í máli hæstv. iðnrh. eins og hann orðar það stundum sjálfur, að nefndin sem slík eigi að annast könnunina. Það er ekki ætlunin, hygg ég, að nefndarmenn sjálfir fari í pappírsvinnuna heldur að nefndin sem slík hafi þarna ákveðna forustu um. Það tel ég vera í prýðilegu samræmi við 26. gr. þingskapalaganna.

Ég vek líka athygli á því að auðvitað var málflutningur hæstv. iðnrh. hér með kurteislegum hætti á þá leið að *hann vildi engin afskipti Alþingis eða iðnn. Alþingis* hafa af þessu máli, eða ég skildi hæstv. iðnrh. svo. Það er athyglisvert m.a. í ljósi þess sem formaður iðnn., hv. 17. þm. Reykv., sagði hér áðan, sérstaklega þó þegar hann í athugasemd við ræðu framsögumanns spurði um þetta atriði sérstaklega og lét sér síðan svar flm. vel líka og gerði við það engar athugasemdir þegar flm. útlistaði hvað fyrir mönnum vakti varðandi frumkvæði iðnn. í þessu máli og hvers vegna t.d. iðnrn. eða Landsvirkjun væri ekki falið þetta verkefni. Ég gat sem sagt ekki betur heyrt en að hv. 17. þm. Reykv. væri ánægður með þau svör sem hann fékk frá flm. og sé þess vegna sammála því að það sé eðlilegt að *iðnn. hafi þetta frumkvæði og taki þessa forustu* og því er ég algjörlega sammála.

Staðan er líka sú, og það held ég að sé rétt að segja hér alveg umbúðalaust, að þessi orkunýtingarmál okkar Íslendinga eru í algjörri sjálfheldu. Það er algjör sjálfhelda uppi eftir að hinn mikli leiðangur hæstv. iðnrh. varðandi álverið stóra sigldi í strand. Það er þar ekkert uppi á borðinu sem hönd er á festandi og þess vegna mikil nauðsyn á að menn missi ekki móðinn og höfuðið hnígi niður á bringu manna, heldur taki menn á málum m.a. með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég tel að það sé prýðileg tillaga í alla staði og viturleg að iðnn. þingsins reyni að ná þverpólitískri samstöðu um *það að fara hér í tiltekna vinnu, en menn böðlist ekki* áfram með því jafnvel að persónugera sér málin, ekki bara í fylkingunum stjórn og stjórnarandstaða eins og viljað hefur brenna við heldur jafnvel persónugera þetta við sjálfan sig eins og hæstv. iðnrh. hefur í stórum stíl gert á undanförnum árum varðandi leiðangur sinn í álmálinu.

Ég vil aðeins segja eitt varðandi umræður hér um í hvaða samkeppnisumhverfi þessi orka frá Íslandi gæti orðið. Ég held að orka frá Íslandi gæti ekki síst orðið valkostur sem kæmi í staðinn fyrir aðra orkunýtingu sem er að leggjast af. Varðandi möguleika á nýtingu jarðgass og fleira slíks sem kemur inn í myndina, þá *eru menn jafnframt að huga að því að orkuþörfin er* vaxandi. En staðan er sú að á markaðnum á meginlandi Evrópu sérstaklega og um miðbik Evrópu er stór hluti raforkunnar framleiddur með orkugjöfum sem eru á undanhaldi, sem þeir vilja komast út úr, orkugjöfum sem verða skattlagðir í vaxandi mæli á næstu árum. Jafnvel í Vestur-Þýskalandi er framleitt rafmagn með kolakyntum orkuverum sem notast við gífurlega miklar yfirborðsnámur þar sem saman fer annars vegar mikil mengun við brennslu kolanna og mikið jarðrask vegna kolanámsins. Þannig háttar t.d. til í stóru orkuveri stutt frá höfuðborg þess sem áður var Vestur-Þýskaland. Og þar er mönnum engin launung á því að þeir vilja helst komast út úr því að nota þessa orkugjafa vegna mengunarinnar og vegna þess að þarna er verið að moka upp kolum af yfirborði með tilheyrandi umhverfisröskun. Þegar svo skattarnir leggjast ofan á, þá er alveg ljóst að menn munu reyna að forðast þessa orkunýtingu og snúa sér að annarri hagkvæmari og umhverfisvænni. Þar held ég að íslenska orkan gæti komið inn í myndina sem valkostur þegar öðrum óhagstæðari orkugjöfum er skipt út.

Að lokum þetta með patent-hyggjuna. Ég held að málflutningur okkar í þessum orkunýtingarmálum hafi margsýnt það að við erum ekki hér með neina patent-hyggju eða eins máls hyggju. Þvert á móti höfum við á undanförnum árum, þar á meðal ræðumaður, margbent á nauðsyn þess að taka heildstætt á þessum orkunýtingarmálum hér. Það er auðvitað til alveg ótrúlegrar skammar að ástandið skuli vera þannig í dag að á sama tíma og bullandi umframorka er í kerfinu skuli skipin sáralítið nýta sér rafmagn úr landi í höfnum, þá skuli allar loðnubræðslur landsins brenna olíu við sína gufuframleiðslu, þá skuli næstum því hvert *einasta mjólkurbú í landinu nota olíukynta katla í* staðinn fyrir rafkynta og eru m.a. að setja upp núna á þessum árum og endurnýja hjá sér sum mjólkurbúin, býsna orkufreka gufukatla upp á einhver megavött í hverju búi í staðinn fyrir að nota þetta rafmagn sem nóg er til af. Þessu þarf auðvitað að breyta og ég skora á hv. iðnn. að taka líka á þessum málum og fara ofan í saumana á þeim. Þetta er í megnasta ólestri og það er alveg ástæðulaust að hafa þetta svona eins og málin standa í dag. Það sem hér er verið að biðja um er einmitt að taka heildstætt á þessum orkunýtingarmálum okkar og þetta er hluti af þeirri þeirri mynd.

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Aðeins örlítil viðbót við þessa umræðu. Ég auðvitað fagna því að varaformaður Alþb. skuli hér með mjög skörulegum og afdráttarlausum hætti hverfa frá þeirri patent-hyggju sem mér virðist einkenna málflutning formanns flokksins í þessu máli og það er ekki nema vel. En ég vil eigi að síður herða enn frekar á því sem ég sagði um samkeppnishorfur fyrir orku sem flutt er héðan frá Íslandi. Það er auðvitað svo að þegar menn hafa verið að spá í framtíðina og um orkuþörf á meginlandi Evrópu, þá gera menn einmitt ráð fyrir því sem hv. þm. Steingrímur Jóhann nefndi hér áðan að það verður lagður orkuskattur á *olíu- og kolakyntar rafstöðvar og það er verið* að taka slík raforkuver úr framleiðslu einmitt núna t.d. á Bretlandseyjum þangað sem við horfum nú mest um markað fyrir okkar orku. Og það vill líka svo til að þar

er í bígerð bygging fjölmargra nýrra orkuvera sem búið er að tímasetja fram á næstu öld og það eru allt saman jarðgasvirkjanir. Þannig að það er alveg ljóst að við munum lenda í bullandi samkeppni við jarðgasið. Það kom einmitt fram í máli Jakobs Björnssonar orkumálastjóra á nýafstöðnu orkuþingi að það er fyrst og fremst jarðgasið sem mun veita samkeppni vegna þess að það er alveg rétt sem fram hefur komið t.d. hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að nú þegar stendur íslensk orka sem flutt er út um streng jafnfætis orku frá kolakyntum stöðvum, það er alveg ljóst. Það má kannski upplýsa að það var seint á síðasta ári sem bresk orkuframleiðslufyrirtæki gerðu alveg geysilega stóran samning um kaup á jarðgasi frá Noregi. Það er því alveg ljóst á hvaða braut þeir eru að fara.

Mig langar líka að herða á því sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hérna áðan að einu fyrirtækin sem í dag hafa sýnt einhvern raunverulegan áhuga á flutningi á orku frá Íslandi eru strengjafyrirtækin. Það eru því miður engin önnur. Í því landi sem við höfum horft mest til um orkukaup, þ.e. Bretlandi, ekki síst vegna þeirrar einkavæðingar sem þar hefur orðið í raforkuframleiðslunni, er enginn áhugi. Þar er enginn raunverulegur áhugi á kaupum á orku héðan. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir leggja á þetta haf.

Að lokum, um iðnn. Það er auðvitað svo að ég sem formaður þeirrar nefndar ber mikla umhyggju fyrir henni og velferð hennar. Ég tek síður en svo fyrir það að þessi nefnd hafi eitthvert sérstakt frumkvæði er lúti að því að huga að orkumálum Íslendinga, jafnvel að móta einhvers konar drög að orkustefnu. En til að taka nú alveg af skarið um mína skoðun þá er ég ekki viss um hvort það sé rétt. Ég áskil mér hins vegar rétt til að ræða það í iðnn., að þetta tiltekna sértæka mál falli beinlínis undir þann möguleika. Ég vek hins vegar athygli á því að hér fyrr í dag hefur farið fram merkileg umræða, ekki bara um orkuútflutning gegnum streng heldur líka varðandi framleiðslu á vetni. Þetta eru allt saman hlutar af nokkuð stórri framtíðarmynd og ég hygg að það væri verðugt verkefni fyrir hina þverpólitísku iðnn., sem hér hefur mjög verið dásömuð í dag, að ræða það mál og reyna að glöggva sig svolítið á þeim möguleikum sem eru á þessu sviði og e.t.v. að horfa svolítið fram á veginn fyrir framkvæmdarvaldið, fyrir Landsvirkjun. Ég sé á því þann agnúa að iðnn. hefur ekkert fjármagn. Hún þarf að leita til þingsins og forseta þingsins um fjármagn til að standa straum af slíku. Þannig að allt er þetta nú í deiglu.

Við erum að fara inn á nýja braut með þessum þingskapalögum, en ég vil hafa allan fyrirvara á því að formaður þessarar ágætu nefndar muni fallast á þá skoðun að þetta sértæka mál sé beinlínis vel hæft til þess að verða prófmál á hina nýju starfsmöguleika sem nefndunum eru settir í þingskapalögunum.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa farið fram um þessi mál og víkja fyrst að þessu með jarðgasið, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, gerði nokkuð að umtalsefni. Það er alveg rétt að samkeppnin snýst auðvitað fyrst og fremst um stöðuna gagnvart jarðgasi. En það var jarðgasið sem ég var með í huga. Ég taldi ekki upp hina einstöku orkugjafa, en ég sagði: Við erum samkeppnisfær miðað við þá orkugjafa sem taldir eru hagkvæmastir núna t.d. í Skotlandi. Og niðurstaða Jakobs Björnssonar á orkuþingi er orðrétt þessi:

„Íslensk raforka, komin inn á raforkukerfið í Englandi og Wales, er samkeppnisfær við orku frá stöðvum sem ganga fyrir jarðgasi en þær stöðvar virðast vera þær hagkvæmustu sem völ er á á Bretlandi í dag."

Sem sagt: Raforka með streng er samkeppnisfær við jarðgasið eins og það er í dag. Síðan kemur til viðbótar sú staðreynd að þetta getur auðvitað breyst enn þá frekar jarðgasinu og íslenskri raforku í hag þegar kolefnisskattar á orkuframleiðslu verða komnir til framkvæmda og ýta örugglega út ýmsum gömlum orkugjöfum sem notaðir hafa verið til þessa á undanförnum áratugum.

Í síðasta lagi skiptir það mjög miklu máli um okkar stöðu í þessu sambandi að eins og menn vita hafa verið í gangi tilraunir til þess að tryggja svokallaða frjálsa samkeppni í raforkuframleiðslu í Bretlandi. Það er hins vegar alveg ljóst að þessi svokallaða frjálsa samkeppni raforkuframleiðslu í Bretlandi á mjög erfitt uppdráttar vegna þess að það eru tvö stór fyrirtæki þar, í Englandi og Wales, Power Energy og National Power, sem hafa yfirburða aðstöðu. Og þeir aðilar, sem vilja stuðla að eðlilegri samkeppni á þessum markaði, vilja gjarnan skapa möguleika til að fá orku frá öðrum til þess að veita þessum tveimur stóru risaraforkufyrirtækjum á Bretlandseyjum eitthvert aðhald. Ég held því að á orkuþinginu, þó maður geri ekki annað en að fletta þeirri ágætu möppu sem þar var dreift og að hlusta á erindin sem þar fóru fram, aðeins þar fannst mér að kæmu fram í raun og veru fullgild rök í þessu efni þó svo auðvitað að við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon séum ekki með tillögu um eitthvað sem leysir allan vanda vegna þess að það þarf að hafa hliðsjón af öllu öðru, þ.e. forgangsröðun í nýtingu raforkunnar yfir höfuð og svo framvegis.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni almennt séð að vara við því sem hann kallar patent-hyggju. Þetta hefur verið eitt meginvandamál íslenskra efnahags- og atvinnumála undanfarin 50 ár. Menn hafa horft á tiltekin patent og ætlað sér að leysa alla hluti þannig. Einu sinni voru það togarar, einu sinni voru það frystihús, síðan voru það álver, síðan var það loðdýrarækt og fiskeldi o.s.frv. Menn voru alltaf að einblína á einhvern einn þátt án þess að horfa á sviðið í heild og það hefur orðið okkur dýrt þó að enginn hafi í raun náð eins mikilli fullkomnun í þessu máli og frambjóðandi Alþfl. í Eyjafirði fyrir eins og hálfri öld, þegar hann sagði, mismælti sig að vísu en það vakti athygli og er greinilega munað enn: „Stefna Alþfl. er sú að tryggja að það komist nýsköpunartogari á hvert heimili í Eyjafirði."

Varðandi þessi mál og stöðu þeirra að öðru leyti er kannski rétt að undirstrika það — ja, í framsöguræðu

minni hér áðan fór ég í sjálfu sér ekki í það að skattyrðast sérstaklega við hæstv. iðnrh. um þessi mál. Það vita allir að ég er auðvitað ósammála honum um margt. Út af fyrir sig taldi ég ekki að það þjónaði þeim markmiðum sem við höfum með flutningi þessarar till. En það er kannski rétt að rifja upp að það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan, ég hygg að það hafi verið seint á síðasta ári, í ágúst eða september, að Halldór Jónatansson, framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, sagði það opinberlega í blaðaviðtali að það væri ekkert pláss fyrir þessa sæstrengsumræðu af því að menn væru að undirbúa stofnun álvers og virkjanir fyrir það. Þessari sæstrengsumræðu var í raun og veru ýtt út af borðinu. Og þetta kalla ég patent-hyggju vegna þess að ég held að fyrir okkur sem orkuframleiðanda sé það mjög mikilvægt að við séum með margt undir í einu, horfum vítt yfir og látum ekki þrengja að okkur á einhverju einu sviði umfram önnur.

Hæstv. iðnrh. fann að því að menn væru kannski með þessari till. að einhverju leyti að taka verkefni af því sem framkvæmdarvaldið ætti að hafa. Í sjálfu sér getur vel verið að það megi gagnrýna það, en ég segi þá við hæstv. iðnrh.: Það er þá ekkert nýtt að það sé gert. Menn eru auðvitað mjög mikið, m.a. alþingismenn, á kafi í framkvæmdarvaldinu líka. Ég bendi á að sá sem talaði hér fyrr í dag af miklum myndugleik, hv. 1. þm. Norðurl. v. er þingmaður í stjórnarandstöðu, vissulega, hann situr í stjórn Landsvirkjunar og hann er í stjórn markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Ég held að það sé varla hægt að finna dæmi um menn sem eru jafngjörsamlega báðum megin allra borða eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. að þessu leytinu til. Og auðvitað er það þannig í þessu litla stjórnkerfi þar sem við erum með t.d. þingmenn sem hafa reynslu af því að vera í svo að segja öllum þessum verkum af ýmsu tagi að þá er ekkert óeðlilegt að menn nýti sér þá þekkingu og þann áhuga sem einstakir þingmenn kunna að hafa þó þeir séu ekki með beinum hætti inni í framkvæmdarvaldinu sem slíku. Í þessu sambandi minni ég t.d. á ítarlegar og langar ræður og tillögu sem Vilmundur heitinn Gylfason flutti hér í þinginu á sínum tíma um framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið og samspil þessara þátta. Auðvitað eiga menn að draga þarna tiltekna línu, þannig verður það a.m.k. ábyrgðarlega séð að vera en tæknilega getur það auðvitað oft komið upp að menn séu svo að segja báðum megin að skipta sér af hlutunum eins og hæstv. iðnrh. hér fyrr í dag þegar hann segir um eina tiltekna tillögu Kvennalistans að hún sé svoleiðis vitleysa að það sé engin þörf á að samþykkja hana af því að hún hafi verið afgreidd í fyrra. Þar með er hann að bregða sér í þingmanninn og þannig er hann sjálfur báðum megin borðsins og þar með falla gjörsamlega flatar þær röksemdir sem hann var að beita gegn þeim hugmyndum sem hér eru uppi um að iðnn. beiti sér í þessu máli.

Síðan verð ég líka að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst það keppikefli að Alþingi allt fjalli um mál af þessu tagi, þingmenn úr stjórn og stjórnarandstöðu. Þingmenn stjórnarflokkanna, hverjir svo sem eru í stjórn á hverjum tíma, hafa ekki allt of mikil tækifæri til það komast að einstökum málum sem framkvæmdarvaldið er á kafi í. Við þekkjum það sem höfum verið þingmenn fyrir stjórn og stjórnarandstöðuflokka eftir atvikum. Ég held að það gæti verið gott fyrir stjórnarfarið að reynt yrði að mynda breiða samstöðu um mikilvæg framtíðarmál eins og atvinnuuppbygginguna í landinu. Ég tel t.d. að ef við hefðum borið gæfu til þess að skapa slíka samstöðu, segjum á síðasta kjörtímabili, með stjórn og stjórnarandstöðu þar sem menn hefðu horft á tiltekin framtíðarsvið og raðað hlutunum upp í forgangsröð þá hefðum við ekki lent í því að fá hér yfir okkur stjórnvöld sem mér finnst, það er kannski rangt, en mér finnst að sjái bara eina lausn á öllu og það er að skera og skera og skera og skera. Og sprauta svo að segja svartsýni í alla þjóðina. Ég held að við þurfum á því að halda að þingmenn úr öllum flokkum taki höndum saman um verkefni af því tagi sem hér eru. Auðvitað er þetta bara partur af málinu. Hér er í raun og veru verið að tala fyrir því, eða ég er að tala fyrir því að við reynum að ná víðri pólitískri samstöðu um nýja sókn í atvinnulífinu til að skapa forsendur fyrir betri lífskjörum á Íslandi og ryðja svartsýninni í burtu.

Varðandi önnur einstök atriði þessa máls sem hv. þm. hafa komið að, t.d. það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir nefndi og hv. þm. Páll Pétursson, að þau töldu að það væri betra að verðmætasköpunin færi fram hér en annars staðar, þá er allt gott um það að segja en þetta finnst mér vera alveg dæmigerðar viðbárur út í loftið af því að þetta liggur svo í augum uppi. Það sem ég vil benda á í þessu sambandi er þetta: Ég horfi á sæstreng með raforku til útlanda sem tengingu okkar, fyrstu skref Íslands, í þá átt að verða hluti af alþjóðlegu orkuneti. Og það er fullkomin skammsýni að slá því föstu að við verðum lokað eyland í þessum efnum um aldur og ævi. Ísland hlýtur að verða með beinum eða óbeinum hætti hluti af alþjóðlegu orkuneti. Þegar ég segi beinum þá á ég við streng, þegar ég segi óbeinum þá á ég við það að við notum okkar orku til að framleiða tiltekna vöru sem hentar betur að framleiða hér en annars staðar. Umræðan um það að við eigum ekki að gera þetta minnir mig á umræðuna sem var hér í gangi fyrir örfáum árum um það að tengja allt Ísland saman í eitt raforkukerfi. Menn sáu alla agnúa á því. Sjálfstfl. gerði ótal samþykktir um það hvað það væri mikið hneyksli að taka við hundi að sunnan, eins og það var orðað, fyrir norðlendinga. Mér finnst stundum aðeins örla á þessu viðhorfi þröngsýninnar í þessari umræðu líka af því að hér erum við ekki bara að tala um það að við leggjum tiltekin streng og seljum orkumagnið úr honum með tilteknum hætti, heldur erum við líka að tala fyrir því að Ísland getur ekki orðið eyland um aldur og ævi í þessu efni, það hlýtur að verða hluti af þróuðu alþjóðlegu orkuneti. Og það verður ekki spurt að því þegar verður opnað fyrri rafmagnið í Breiðholtinu eða hvar það nú er, hvort þetta rafmagn er úr Þjórsárvirkjun, Sogsvirkjun, Kröfluvirkjun eða Blönduvirkjun, það gæti alveg eins verið einhvers staðar annars staðar að. Og eins er það með orkuna sem héðan fer.

Auðvitað gæti ég, virðulegi forseti, sagt sem svo að undirtektir iðnrh. hafi verið þannig að hann hafi sagt: Við erum að vinna að þessu öllu saman, við erum hér með Pirelli þar og Vattenfall hér og Caminus þar og við erum með 7,4 millj. í Landsvirkjun og við eigum nú bara að gera þetta sjálfir og þið eigið ekkert að vera að vesenast í þessu. Auðvitað gæti ég svo sem tekið þetta þannig en ég ætla ekkert að gera það. Ég ætla að leyfa mér að túlka undirtektir iðnrh. þannig að þær hafi verið afar jákvæðar og að iðnn. muni fjalla um málið málefnalega næstu dagana, næstu vikurnar. Og þá er ég ekki bara að tala um þennan sæstreng, ég er líka að tala um t.d. tillöguna sem var rædd hér undir síðasta dagskrárlið og jafnvel fleiri tillögur í orkumálum þannig að menn eygi þar einhverja vitræna umræðu og skoðanaskipti um orkumál yfirleitt.

Eitt efnisatriði er það þó sem ég ætla aðeins að nefna úr ræðu hæstv. iðnrh. og það er að hann sagði: Kostnaður við þetta er meiri en svo að Landsvirkjun geti staðið í þessari framkvæmd ein sér. Það er auðvitað alveg hárrétt. Þegar ég var að tala um það, hefur fjármögnunarþáttur þessa máls verið undirbúinn, þá átti ég auðvitað fyrst og fremst við þann veruleika að það er augljóst mál að það er mjög flókið að fjármagna þetta verkefni í heild og tryggja í senn öryggi Íslands og sjálfstæði í þeim samningum sem um þetta þarf að gera. Það er mjög flókið mál. Í raun og veru þyrfti að fara að undirbúa það. Menn þyrftu að átta sig á grundvallaratriðum í þeim efnum vegna þess að það getur verið slæmt að þurfa að ganga frá svona flóknum málum á síðustu stundu, jafnvel um leið og verið er að ganga frá sölusamningum í einstökum atriðum. Ég hvet til þess að það verði farið í þetta. Ég segi fyrir mig að ég er fullkomlega opinn fyrir því að taka á þessu með þeim hætti sem er hagkvæmastur og öruggastur fyrir Ísland og ég held að um það ætti að geta myndast allgóð og breið samstaða. En ég dreg enga dul á það — og ég gerði það heldur ekki í minni framsöguræðu, að ég tel, en það hefur þá kannski ekki verið nægilega skýrt af minni hálfu — að þetta sé eitt allra flóknasta málið í sambandi við orkumálaframtíð Íslendinga, hvernig við nýtum orkulindirnar og fjármögnum nýtingu þeirra og tryggjum um leið sjálfstæði og öryggi okkar eigin þjóðar í þessu sambandi.

Þar með læt ég máli mínu lokið og þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég fagna þeim tón bjartsýni og víðsýni sem kom fram hér í síðustu ræðu hv. 9. þm. Reykv., fyrri flm. þeirrar till. sem við ræðum hér í dag. Sérstaklega fagna ég því að hann talaði um það sem sjálfsagða og eðlilega framtíðarsýn að Ísland væri hluti af alþjóðlegu orkuneti. Og það væri skammsýni að ætla annað. Þetta er nákvæmlega sú stefna sem ég hef beitt mér fyrir í mínu starfi sem ráðherra iðnaðar- og orkumála og mig langar að vekja athygli á því að til þess að Íslendingar geti orðið aðilar að þessu orkuneti, þessu alþjóðlega orkuneti, þá þarf einmitt að móta þær viðskiptareglur milli ríkja um orku, m.a. raforku, sem tryggja frjálsan aðgang orkunnar frá Íslandi að Evrópumarkaði. Það er einmitt þetta sem felst í orkusáttmála Evrópu sem ég skrifaði undir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands í desember sl. og nokkur umræða varð um á þinginu. Þar eru einmitt hugsuð ákvæði til þess að koma í veg fyrir að mismuna megi gegn orku á Bretlandseyjum af því að hún sé upprunnin frá Íslandi. Þannig háttar í dag að þetta er unnt að gera — og yrði gert. Þarna þarf gagnkvæmt samkomulag milli ríkja og þetta er miklu mikilvægara atriði heldur en menn virðast almennt hafa gert sér ljóst fyrir okkar framtíð.

Við þurfum líka að fylgjast mjög náið með þeim viðskiptareglum sem eru að mótast innan Evrópu, ekki síst innan Evrópubandalagsins, um viðskipti með orku, raforku þar með, flutningsreglur, heimildir til þess að flytja um sameiginleg flutninganet einstakra ríkja orku sem er annars staðar upprunnin. Þetta er í raun og veru undirstaðan undir þeim viðskiptum sem hefjast mundu með sæstreng eða sæstrengjum frá Íslandi.

Það er vissulega rétt hjá þeim sem hér hafa talað og bent á að þetta væri ákaflega flókið mál og ég vildi vekja á því athygli því að mér hefur ekki fundist að það kæmi nægilega skýrt fram í máli flm. eða annarra sem hér hafa talað sem hafa látið sem svo og sagt sem svo, og m.a. vitnað til orkumálastjóra, að íslensk orka flutt um sæstreng væri nú samkeppnishæf við jarðgasstöðvar og orku sem framleidd er í þeim. Ég vil taka nokkurn vara fyrir slíkum samanburði af því að í hann kann að vanta það auðlindagjald sem ég tel alveg óhjákvæmilegt að við mundum gera að kröfu um að lagt yrði á slíka orkuvinnslu sem flutt yrði beint til annarra landa en ekki nýtt á Íslandi. Af hverju er það? Það er einfaldlega af því að þarna værum við að selja aðgang að sameiginlegri auðlind okkar sem fólgin er í fallvötnum og jarðvarma án þess að við hefðum nýtt hana til fulls hér heima. Við værum þar að fara á mis við nokkurn virðisauka sem við gætum haft með því að vinna hér og reyndar líka með því að nýta auðlindarentuna sjálfa. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt og er þáttur í því máli sem hér hefur nokkuð verið nefnt, að nauðsynlegt sé að vinna við að móta meginlínur í orkustefnu til framtíðar. Að því verki er unnið á vegum iðnrn. og ég er bjartsýnn á það að geta haft um það gott samstarf á þessum vetri og á næstu árum við iðnn. þingsins, en ég tel það skynsamlegt fyrirkomulag að slík mál séu undirbúin af framkvæmdarvaldinu, kynnt í nefndum þingsins þegar þau eru til þess fallin og það verður líka gert.

Ég vil mótmæla því að þessu máli, umhugsun, umræðum, viðræðum um sæstreng til annarra landa frá Íslandi til að flytja út orku, hafi verið ýtt út af borðinu vegna álmálsins. Þetta er fjarri lagi. Ég bendi á það að ég átti á liðnu ári, bæði í upphafi árs og aftur í maí og júní, og samninganefndir á vegum iðnrn. viðræður við fulltrúa Evrópubandalagsins í Brussel einmitt um samstarf á þessu sviði. Við áttum viðræður við stóran, alþjóðlegan fjárfestingarbanka um hugsanlega aðild hans eða milligöngu um fjármögnun svona framkvæmda, því að eins og hv. flm. benti á, það er eitt mikilvægasta atriðið í þessu stóra máli. Í þeim viðræðum við þetta

stóra, alþjóðlega fjármagnsfyrirtæki, sem ég vek athygli á að er ekki talsmaður framleiðenda sæstrengja heldur eingöngu að leita að vænlegum fjárfestingarkostum, þá var einmitt rætt mjög rækilega um mörg af þeim grundvallaratriðum sem nauðsynlegt er að taka á áður en menn fara að tala um framkvæmdir. Það eru einmitt þessi sjónarmið sem ég tel jafnmikilvæg og hin tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmið sem að sjálfsögðu er nauðsynlegt að leggja á vandað mat. Ég tel þess vegna að það sé miklu mikilvægara fyrir þá sem fara með þjóðmálin, ríkisstjórnina og þingið, að fjalla um þessa þætti málsins og ég fullvissa flm. og aðra nefndarmenn í iðnn. þingsins um það að þessum verkum er haldið áfram, þótt þau hafi ekki verið svo mjög í kastljósi fjölmiðlanna, af þeim krafti sem efni standa til og sem skynsamlegt er að gera.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að því sem kom fram í máli annarra en hv. fyrri flm. Ég ætla að víkja aðeins að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég er honum sammála um það að við þurfum að leggja kapp á að sjá hvort samningar geta tekist við þá sem hug hafa á að byggja báxítbræðslu á Íslandi. Það er angi af því viðfangsefni og viðleitni sem sérstök áhersla er nú lögð á við markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar að finna smá og miðlungsstór fyrirtæki sem eru viðbót við orkunotkun á Íslandi sem liður í þeirri viðleitni að auka hlut raforkunnar í orkunotkun af því að við höfum einfaldlega núna 610 gwst. á ári frá Blöndu sem ekki eru nýttar.

Ég hef nýlega, og þá vík ég að því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., beitt mér fyrir því að iðnrn. hefur átt viðræður við fulltrúa orkuvinnslufyrirtækja og orkuveitna og Samband ísl. rafveitna um leiðir til að nýta orku frá Blönduvirkjun sem ekki selst. Um þetta mál er nú fjallað á þeim vettvangi og ég fagna því að áhugi þingsins komi þar fram.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka það mjög skýrt fram að ég hef bæði í minni fyrri og þessari minni seinni ræðu fagnað áhuga þingsins á þessu máli og samvinnu við það. Það er vissulega rétt að það þarf að skoða í breiðu samhengi, í samhengi við orkustefnu landsins í heild, en það breytir því ekki að mér finnst að flm. hafi ruglast á framkvæmdarvaldi og frumkvæðisrétti þegar þeir sömdu sína tillögu í upphafi og greinargerðina með henni. Ég fagna því að tónninn í málflutningi þeirra er nú allur annar en hann var þegar þingskjalið var lagt fram.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið þannig á undanförnum áratugum að umræðurnar um orkumál og nýtingu orkunnar hafa verið ein alvarlegustu og erfiðustu deilumál íslenskra stjórnmála. Ég held út af fyrir sig að það hljóti að teljast mikilvægt skylduverkefni allra stjórnmálamanna að halda fram þeim almennu sjónarmiðum sem menn hafa á hverjum tíma. En ég held að það sé líka skylda stjórnmálamanna og þá ekki síst ráðherra að reyna að skapa samstöðu um eitthvað sem mætti kalla samnefnara í þessum efnum, samnefnara fyrir flokka og fyrir þjóðina, og ég tel að þær umræður sem hafa farið fram hér í dag séu með þeim hætti að það sé hægt að gera sér vonir um það ef menn setjast yfir þetta málefnalega að það sé hægt að finna slíkan samnefnara með skynsamlegum hætti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og ég skil iðnrh. þannig að hann vilji stuðla að því að þessi samnefnari finnist hér á Alþingi Íslendinga.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom mjög skýrt fram í fyrstu ræðu minni, reyndar í upphafsorðum hennar, þá tel ég það nú mikilvægast allra verka að undirstaðan sé réttilega fundin fyrir orkustefnuna og það þarf einmitt, eins og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., að finna þar almenna stefnu sem bærileg samstaða getur tekist um á hinu pólitíska sviði. Það er nú reyndar svo að menn hefur nokkuð greint á um það á undanförnum árum og áratugum hversu hratt eigi að ganga fram í því að nýta orkulindirnar til þess að byggja hér upp stóran iðnað eða til þess að selja beint til annarra landa. Ég held að það sé rétt að á síðustu missirum hafi orðið þarna nokkur breyting. Ég fagna henni af því að ég tel að stuðningur við iðjustefnuna sé nú orðinn mjög almennur og ég er alveg sannfærður um að það er mikilvægt verkefni fyrir okkur sem vinnum að þjóðmálum, það gildir jafnt um stjórn sem stjórnarandstöðu, að reyna að finna þennan grundvöll því að við þurfum fyrst og síðast að hugsa um það hvernig við getum breytt orkulindum landsins í auðlindir fyrir almenning. Það er verkefnið.

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi orð. Ég tók auðvitað eftir því og undirstrika það sérstaklega að hann sagði að það væri víðtæk samstaða um iðjustefnuna, hann sagði ekki stóriðjustefnuna. Ég held að það sé út af fyrir sig rétt að nálgast málið þannig að það sé ágæt samstaða um iðjustefnuna og svo sjáum við til hvernig okkur gengur við iðjustefnuna í iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

77. FUNDUR

mánudaginn 10. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Minning Ásmundar Sigurðssonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ásmundur Sigurðsson, fyrrverandi alþingismaður, kennari og bóndi, andaðist sl. laugardag, 8. febrúar, 88 ára að aldri.

Ásmundur Sigurðsson var fæddur 26. maí 1903 á Reyðará í Lóni, Austur-Skaftafellssýslu. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður búfræðingur og bóndi á Reyðará Jónsson bónda og söðlasmiðs á Setbergi í Nesjum Jónssonar og Anna kennari Lúðvíksdóttir bónda og verslunarmanns í Vallaneshjáleigu Hermannssonar. Þeir feðgar, Lúðvík og Hermann, báru ættarnafnið Schou, en Anna lagaði föðurnafn sitt að norrænu máli og nefndist Anna Hlöðversdóttir. Ásmundur ólst upp á Reyðará í hópi sex bræðra. Hann varð búfræðingur frá Hvanneyri árið 1927, nam við leikfimi- og lýðháskólann í Ollerup á Fjóni í Danmörku veturinn 1928–1929 og lauk kennaraprófi í Reykjavík vorið 1940. Hann var ráðsmaður við skólabúið á Hvanneyri í Borgarfirði 1929–1932 og jafnframt leikfimikennari við skólann þar. Bóndi á Reyðará var hann 1932–1958, hélt unglingaskóla í Nesjahreppi og Mýrahreppi í Austur-Skaftafellsýslu 1932–1934 og var kennari í Nesjahreppi 1934–1946, að undanskildum vetrinum 1939–1940 er hann stundaði kennaranám. Árið 1958 fluttist hann til Reykjavíkur og var fulltrúi í Búnaðarbankanum 1958–1973, hætti þar störfum sjötugur.

Ásmundur Sigurðsson var í framboði við alþingiskosningar í Austur-Skaftafellssýslu 1942 og kom fyrst á Alþingi 1944, var þá varamaður landskjörinna alþingismanna Sósíalistaflokksins. Landskjörinn alþingismaður var hann 1946–1953. Síðast sat hann á Alþingi haustið 1966, var þá varaþingmaður í Austurlandskjördæmi. Hann átti sæti á 13 þingum alls. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga var hann 1944. Sama ár var hann skipaður í milliþinganefnd til að endurskoða lög um verðlagningu landbúnaðarafurða og fleira. Í nýbýlastjórn og síðar landnámsstjórn var hann 1947–1971. Ritstjóri Nýja tímans 1950–1962.

Ásmundur Sigurðsson ólst upp á slóðum rótgróinnar sveitamenningar við almenn sveitastörf, heimanám og bóklestur. Félagsþroska öðlaðist hann í öflugu ungmennafélagi. Að loknu slitróttu en vel nýttu skólanámi stundaði hann allmörg ár kennslu barna og unglinga jafnframt búskap á föðurleifð sinni. Hann var áhugasamur um þjóðmál, var traustur flokksmaður og vann heils hugar að framgangi þeirrar stefnu sem hann markaði sér. Hann var hógvær og látlaus, ræður hans voru skýrar og fastmótaðar. Á Alþingi sinnti hann framar öðru landbúnaðar- og byggðamálum, en jafnframt voru honum hvers konar menningarmál hugleikin ásamt umbótum í kjördæmi sínu.

Ég bið hv. alþm. að minnast Ásmundar Sigurðssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varnir gegn vímuefnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 97. mál. — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og vísað til heilbr.- og trn. með 43:1 atkv.

Framleiðsla vetnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 96. mál. — Þskj. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og vísað til iðnn. með 45 shlj. atkv.

Útflutningur á raforku um sæstreng, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG og SJS, 111. mál. — Þskj. 114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og vísað til iðnn. með 45 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (breytingar vegna búvörusamnings). — Þskj. 298.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frv. þetta er samið í landbrn. en tilgangur þess er eingöngu sá að gera nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af búvörusamningnum sem undirritaður var af landbrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og samninganefnd Stéttarsambands bænda hinn 11. mars 1991. Samningur þessi ber heitið „Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt" og fjallar um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða á tímabilinu frá 1. sept. 1992 til 31. ágúst 1998.

Með samningnum eru tveir viðaukar, annars vegar viðauki I um aðlögun fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði fram til 31. ágúst 1992 og hins vegar viðauki II um ýmsar stuðningsaðgerðir til að mæta áhrifum samningsins. Þá fylgja samningnum 12 bókanir um ýmis málefni sem tengjast honum.

Samningurinn tekur við að loknum gildistíma núverandi búvörusamnings þann 31. ágúst á þessu ári. Umræður um gerð hans hófust fyrri hluta árs 1989 og í ágústmánuði það ár lögðu landbrh. og Stéttarsamband bænda fram hugmyndir um útlínur slíks samkomulags. Þá komu af hálfu beggja aðila fram hugmyndir um markaðstengdan samning til allt að 6 ára. Síðari hluta árs 1989 og framan af árinu 1990 héldu viðræður áfram og unnið var að ýmiss konar gagnaöflun. Á aðalfundi Stéttarsambandsins árið 1990 voru lögð fram sameiginleg efnisatriði til umræðu um grundvöll búvöruframleiðslunnar eftir 1. sept. 1992.

Í tengslum við febrúarsamningana svonefndu 1990

varð samkomulag um skipan nefndar, sjömannanefndarinnar svonefndu, sem hefði það hlutverk að „setja fram tillögur um stefnumörkun, er miði að því að innlend búvöruframleiðsla verði hagkvæmari og kostnaður lækki á öllum stigum framleiðslunnar, í búrekstri bóndans, á vinnslu- og heildsölustigi og í smásöluverslun". Nefndin var skipuð fulltrúum frá landbrn., ASÍ, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaga og Stéttarsambandi bænda.

Í september 1990 varð samkomulag um að viðræðum þeim sem í gangi höfðu verið milli landbrn. og Stéttarsambands bænda um nýja stefnumörkun yrði slegið á frest þar til sjömannanefndin hefði lokið störfum. Áfangaskýrsla sjömannanefndar um framleiðslu sauðfjárafurða var afhent landbrh. 14. febr. 1991, en hún lýsir þeim gögnum og hugmyndum sem liggja til grundvallar umræddri stefnumörkun í sauðfjárræktinni og í henni koma fram fyrstu hugmyndir um aðgerðir. Hinn 20. febr. óskaði stjórn Stéttarsambands bænda eftir áframhaldandi viðræðum um búvörusamning sem byggðar yrðu á hugmyndum sjömannanefndar með þeim viðaukum sem nauðsynlegir væru. Þær viðræður leiddu til ofannefnds samnings. Af hálfu Stéttarsambands bænda var hann undirritaður með fyrirvara um samþykki fulltrúafundar, en þar var hann samþykktur 14. mars 1991. Landbrh. undirritaði samninginn með fyrirvara um samþykki Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar.

Með frv. þessu eru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af undirritun búvörusamnings frá 11. mars 1991. Þá voru gerðar ítarlegar áætlanir um kostnað sem samningurinn mundi hafa í för með sér og breytingar á útgjöldum frá fyrra fyrirkomulagi. Þær áætlanir fylgja frv.

Útgjöld ríkissjóðs vegna búvörusamnings eru með þrennum hætti, þ.e. samningurinn sjálfur sem kveður á um stjórn framleiðslunnar á tímabilinu 1991–1998, þar á meðal beinar greiðslur til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum, viðauki I sem kveður á um aðlögun fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði og viðauki II sem fjallar um ýmsar stuðningsaðgerðir í framhaldi af samningnum.

Frv. þetta tekur fyrst og fremst til samningsins sjálfs og viðauka I. Ákvæði viðauka II verða lögð fyrir Alþingi með frv. til fjárlaga og ráðast af samþykkt þeirra hverju sinni.

Með frv. þessu er í 6. gr. a. vikið að þeim hluta búvörusamnings sem viðauki I fjallar um, þ.e. tilboð ríkissjóðs um að greiða fyrir allt að 3.700 tonnum fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu og allt að 55 þús. áa.

Alþingi hefur með 38. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1991 heimilað fjmrh. að stofna til skuldbindinga vegna þessa. Tilboð ríkissjóðs stendur til 1. sept. 1992, þó þannig að hærri greiðslur voru í boði til 1. sept. sl. heldur en þær sem bjóðast á þessu ári. Auk þessa eru ákvæði um niðurfærslur fullvirðisréttar að því marki sem umsamin fækkun fjár næst ekki með frjálsum samningum.

Sl. haust náðust samningar um minnkun fullvirðisréttar um 1.709 tonn auk þess sem þvingaða niðurfærslan nam 138 tonnum. Fargað var 42–43 þús. fjár í tengslum við þessar aðgerðir. Ásetningsskýrslur sem þegar liggja fyrir benda til að fé muni fækka um allt að 40.000 milli ára þrátt fyrir að margir bændur hafi tekið fé að nýju eftir riðuniðurskurð eða tímabundna leigu fullvirðisréttar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Greiðslur vegna fækkunarinnar sl. haust hafa þegar verið sendar bændum sem uppfyllt hafa skilyrði samningsins.

Hvað varðar markmið búvörusamningsins um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði standa eftir 1.853 tonn sem þarf að ná út annaðhvort með samningum eða seinni niðurfærslu næsta haust.

Stærsta breytingin er sú að stuðningi ríkissjóðs við útflutning landbúnaðarafurða verður hætt frá og með 1. sept. 1992 vegna afurða sem framleiddar verða eftir þann tíma. Hámark útflutningsbóta var miðað við 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, en með búvörulögunum frá 1985 voru þær lækkaðar í 6% árið 1987 og 5% síðan. Þó skyldu önnur 4% renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til stuðningsaðgerða vegna samdráttar í hefðbundnum búkap. Vegna þessa er lagt til í 8. gr. frv. að 36.–38. gr. búvörulaganna falli brott 1. sept. 1992.

Verðábyrgð ríkissjóðs á umsömdu ákveðnu magni sauðfjárafurða er numin úr gildi og felur það í sér mikla stefnubreytingu í landbúnaði. Framleiðslan verður eftir 1. sept. á ábyrgð framleiðenda og afurðastöðva og hefur það í för með sér að bændur verða að meta stöðu sína í nýju ljósi hvað varðar verðlagningu á framleiðslunni og sölu afurðanna þar sem ríkissjóður ber ekki lengur ábyrgð á umsömdu magni.

Samkvæmt gildandi lögum er framleiðendum tryggt fullt verð fyrir framleiðslu innan fullvirðisréttar, enn fremur eru ákvæði um staðgreiðslu samkvæmt ákveðnum reglum sem þó er heimilt að víkja frá með samkomulagi framleiðenda og afurðastöðva. Í gr. 5.1 í búvörusamningi er kveðið á um að verðlagningu skuli hagað í samræmi við gildandi ákvæði búvörulaga með ákveðnum breytingum. Á árinu 1993 skuli taka kerfi verðlagningar sauðfjárafurða til endurskoðunar og þá m.a. kannaðir kostir umboðsviðskipta. Það liggur í augum uppi eftir að verðábyrgð ríkissjóðs fellur niður að framleiðendur og afurðastöðvar verða að fá frelsi til verðlagningar með tilliti til birgðastöðu og stöðu á markaði.

Í 2. gr. frv. eru verðlagsnefnd veittar heimildir til að víkja frá gildandi ákvæðum um verðlagningu. Í fyrsta lagi er verðlasgnefnd heimilt að víkja frá því að gera ársfjórðungslegar breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda vegna breytinga á fjármagns- og rekstrarkostnaði og á launum eins og 12. gr. búvörulaga kveður á um. Þetta er í samræmi við ákvæði 5.1 í búvörusamningi.

Í öðru lagi er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins þrátt fyrir ákvæði 8.–10. gr. laganna.

Ákvæði 5.1 í búvörusamningi kveður á um að sl.

haust skyldi verð sauðfjárafurða fært niður um 2% og um 4% til viðbótar næsta haust. Í bókun II segir að samningsaðilar séu sammála um að stefna beri að því að raunverð dilkakjöts lækki í áföngum um 20% á næstu 5–6 árum. Ekki er áskilið samþykki allra nefndarmanna og nægir því einfaldur meiri hluti til ákvörðunar á grundvelli þessa ákvæðis.

Í þriðja lagi er verðlagsnefnd heimilt að breyta einstökum liðum og verði einstakra afurða á gildistíma grundvallarins og hefur frjálsar hendur um það hvenær slík ákvörðun er tekin og til hvaða vara hún nái. Þetta er nauðsynlegt ákvæði til að geta mætt breyttum markaðsforsendum og koma í veg fyrir óeðlilega birgðasöfnun.

Í stað niðurgreiðslu á heildsölustigi verða teknar upp beinar greiðslur til bænda frá og með haustslátrun 1992. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á endurgreiðslu á hluta virðisaukaskatts né á gildandi reglum um niðurgreiðslur til ullariðnaðarins. Beinar greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega, í fyrsta skipti nú í mars.

Beinar greiðslur til bænda greiðast út á greiðslumark sem ákveðið verður árlega og byggist á innanlandsneyslu kindakjöts. Í upphafi deilist það út á framleiðendur í hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra haustið 1992. Heildargreiðslumark hækkar eða lækkar í takt við breytingar á innanlandsneyslu kindakjöts eftir vissum reglum. Meginatriðið er að heildargreiðslumark er tengt innanlandsmarkaði. Verði framleiðsla kindakjöts eitthvert ár umfram sölu þannig að birgðir aukast kemur mismunur til lækkunar heildargreiðslumarki næsta ár og öfugt. Bændum verða heimiluð aðilaskipti að greiðslumarki sem ætti að stuðla að hagræðingu í greininni og auðvelda búháttabreytingar.

Í þessu frv. er ekki fjallað um mjólkurframleiðslu en í 5. gr. frv. er landbrh. heimilt að semja um beinar greiðslur til kúabænda. Eftir stjórnarskiptin sl. ár fól ég sjömannanefnd að halda áfram starfi sínu og þar á meðal að móta tillögur um nýtt fyrirkomulag í mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði. Enn hefur nefndin ekki lokið störfum varðandi þessa þætti en ég lagði áherslu á að hún skilaði skýrslu í þessum mánuði enda má það ekki dragast lengur að unnt sé að hefja samninga við Stéttarsamband bænda um nýskipan þessara mála. Að öðru leyti fjallar það um nánari útfærslu á framkvæmd þeirra kerfisbreytinga sem standa fyrir dyrum og gerð er grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frv. Skal hér aðeins stiklað á stóru í þeim efnum.

Í 1.–4. gr. er fjallað um verðlagningu og uppgjör afurðastöðva, m.a. áðurgreindar breytingar á umboði verðlagsnefndar til að víkja frá sjálfvirkum framreikningi verðs til bænda. Einnig kveður 3. gr. á um að fimmmannanefnd, sem ákveður heildsöluverð búvara, fái sams konar heimild til að gera tilteknar framleiðnikröfur til afurðastöðva. Í 4. gr. eru ákvæði um hvernig með skuli fara uppgjör fyrir afurðir umfram greiðslumark.

5. gr. veitir landbrh. heimild til að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda á sauðé og mjólkurafurða.

6. gr. er í átta liðum. a-liðurinn fjallar eingöngu um minnkun fullvirðisréttar sem ég hef þegar gert grein fyrir, b-liður er um ákvörðun heildargreiðslumagns sem er það magn kindakjöts sem beinar greiðslur til bænda miðast við. Hér er mælt fyrir um hvernig það er ákveðið og lagt til að það verði 8.600 tonn á verðlagsárinu 1992–1993. Sú tala byggist á neyslu kindakjöts árið 1990 og fyrri helming ársins 1991 sem var 8.300 tonn á ársgrundvelli. Við þetta bætast 200 tonn vegna heimtöku bænda auk 100 tonna sem eru ívilnun til einstakra búmarkssvæða á fyrsta ári samkvæmt ákvæðum búvörusamningsins og Framleiðnisjóði landbúnaðarins er gert að bera kostnað af.

Í c-lið er fjallað um skiptingu greiðslumarksins. Einungis lögbýli getur öðlast greiðslumark. Í því felst réttur á beingreiðslu úr ríkissjóði og réttur til framleiðslu fyrir innanlandsmarkað. Á hinn bóginn stendur ekkert í veginum fyrir því að framleiðendur og/eða afurðastöðvar geri samning um útflutning á dilkakjöti.

Í d-lið eru heimiluð aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla og hvernig með skuli farið. Þó eru takmarkandi ákvæði ef slík aðilaskipti þykja ganga gegn æskilegum landnýtingar- og gróðurverndarsjónarmiðum. Enn fremur er leitast við að skýra réttarstöðu jarðeigenda og leiguliða gagnvart ráðstöfun og nýtingu greiðslumarks en óljós staða þeirra mála í dag veldur margháttuðum erfiðleikum og óvissu.

Í e-lið frv. er fjallað um beinar greiðslur ríkissjóðs sem mega nema 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts og miðast við greiðslumark lögbýlis. Þeim er ætlað að koma í stað niðurgreiðslna á kindakjöti og er tilgangur þeirra einkum sá að lækka vöruverð til neytenda og minnka útgjöld ríkissjóðs vegna framleiðslunnar ásamt afnámi útflutningsbóta og að vera nokkurs konar afkomutrygging fyrir sauðfjárbændur og tryggja með því búsetu í sveitum landsins. Bændum er gefið ákveðið svigrúm í framleiðslu án þess að greiðslurnar raskist. Þannig er gert ráð fyrir því á fyrsta ári að hver bóndi fái fulla greiðslu ef framleiðsla hans er á bilinu 80–105% af greiðslumarki býlisins. Þessi mörk verða þó endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum.

Ákvæði f-liðar eru í samræmi við 6. gr. í búvörusamningi og fjallar um hvernig farið skuli með birgðir kindakjöts ef þær verða í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu. Við það er miðað að þá sé hægt að beita verðskerðingu eða lækka heildargreiðslumark næsta árs.

Í ljósi þess að hér er um opinbera verðlagningu að ræða er talið óhjákvæmilegt að ráðherra taki ákvörðun um verðskerðinguna og að ákveðið sé í lögum að verðskerðingin verði ekki umfram tiltekið hlutfall af afurðaverði kindakjöts til framleiðenda. Þessi ákvæði hljóta að koma til endurskoðunar um leið og önnur ákvæði um verðlagningu og uppgjör afurðastöðva.

Í upphafi máls míns rakti ég aðdraganda búvörusamningsins. Það sem e.t.v. er merkast við þann samning er að hann byggðist á víðtæku samkomulagi í nefnd sem í eru fulltrúar allra helstu aðila vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum bænda og stjórnvalda.

Markmið samningsins og lagafrv. sem hér er lagt fram er að aðlaga sauðfjárframleiðsluna innanlandsmarkaði, draga úr kostnaði hins opinbera og stuðla að aukinni hagræðingu þannig að greinin standi sterkari eftir og vöruverð lækki. Um þessi markmið getur varla verið ágreiningur þótt menn greini á um ýmsar aðferðir sem í samningnum felast. Staðreyndin er sú, hvað sem öðru líður, að þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir munu spara ríkissjóði mikið fé á næstu árum. Sparnaður vegna sauðfjárframleiðslu á samningstímanum er áætlaður um það bil 5 milljarðar miðað við það sem orðið hefði að óbreyttu.

Útgjöld yfirstandandi árs verða reyndar verulega hærri en ella vegna þess að nú skarast fyrirframgreiðslur vegna framleiðslu næsta hausts og niðurgreiðslur á afurðum haustsins 1991.

Það er ljóst að landbúnaðurinn stendur frammi fyrir gjörbreyttum aðstæðum. Almenn þróun í heiminum er í átt til frjálsari viðskiptahátta og Íslendingar geta ekki vísað þeirri þróun hjá dyrum. Aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði og nýjum GATT-samningi mun óumflýjanlega leiða til aukinnar samkeppni á matvörumarkaði hér. Svar landbúnaðarins við þeirri þróun hlýtur að vera sú að hagræða á öllum sviðum svo sem kostur er til að geta mætt samkeppni og stjórnvaldsaðgerðir verða að miðast við að stuðla að slíkri hagræðingu og styrkja samkeppnisstöðu landbúnaðarins jafnframt því að milda þau áhrif sem umrótið mun óhjákvæmilega hafa á einstaka bændur og byggðarlög.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók búvörusamninginn í arf. Ég lýsti því strax yfir að við hann mundi ég vilja standa en leita samkomulags um hverjar þær breytingar sem ég teldi skynsamlegar og bændum og þjóð til hagsbóta.

Með frv. er einungis stefnt að þeim breytingum á lögum sem nauðsynlegar eru til að framkvæma búvörusamninginn. Heildarendurskoðun laganna um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum frá 1985 verður eftir sem áður að fara fram. Sú endurskoðun er ekki tímabær fyrr en sjömannanefndin hefur lokið störfum varðandi aðrar greinar landbúnaðarins en sauðfjárrækt og tillögur liggja fyrir um fyrirkomulag afurðasölu.

Óvissan í GATT-samningunum veldur því einnig að ekki er unnt í dag að ganga frá lagasetningu til frambúðar. Reyndar er næsta víst að nýr GATT-samningur, þegar og ef af verður, mun krefjast vissra breytinga á þeim lögum sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Tíminn leyfir hins vegar ekki að beðið sé niðurstöðu í þeim málum. Vegna ákvæða um að beinar greiðslur til bænda skuli hefjast í næsta mánuði er knýjandi að frv. fái skjóta umfjöllun hér í þinginu. Frv. er vissulega viðamikið og lagatæknilega flókið, en til þess hefur verið reynt að vanda hvað hina lagatæknilegu hlið varðar og haft náið samráð við Stéttarsamband bænda um alla túlkun búvörusamningsins.

Það er ósk mín, hæstv. forseti, til hv. landbn. og Alþingis að afgreiðslu málsins verði flýtt svo sem verða mál. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil á þessu stigi lýsa stuðningi við það að þetta frv. fari til nefndar þar sem það að sjálfsögðu þarf að fá nákvæma skoðun. Ég er sammála hæstv. landbrh. að það þarf að hraða þeirri skoðun en ég legg sérstaka áherslu á að það er nauðsynlegt að hún sé ítarleg og ekki kastað til hennar höndunum. Því miður hefði þetta frv. þurft að vera fyrr á ferðinni og hefði þurft að lögfestast helst fyrir jól. En ég vona að menn vinni vel og rösklega að lagasetningunni þannig að hún geti farið fram sem allra fyrst.

Búvörusamningur hefur verið gerður og við stöndum frammi fyrir þeim veruleika og verðum að lifa við hann. Ég ætla ekki að ræða hann í smáatriðum hér eða nú. Með þessum búvörusamningi hefur bændastéttin tekið á sig miklar fórnir. Og það eru reyndar ekki einu fórnirnar sem bændastéttin hefur tekið á sig á undanförnum árum því að með geysilegri framleiðsluskerðingu, sem ég efast nú um að almenningur geri sér grein fyrir hvað hefur verið þungbær, hafa bændur tekið á sig feiknarlegar fórnir. Því er við að bæta að bændur gerðu þjóðarsáttina mögulega með því að falla frá kröfum, réttmætum kröfum sem þeir áttu til verðhækkana á sinni framleiðslu í framhaldi af verðhækkun aðfanga, þannig að bændur hafa út af fyrir sig tekið á sig miklu meiri skerðingu heldur en aðrar stéttir í þjóðfélaginu.

Með þessu frv. og með búvörusamningnum má þó segja að mörkuð sé innlend landbúnaðarstefna, þ.e. að við séum sjálfum okkur nógir um landbúnaðarvörur en stefnum ekki að því að flytja út dilkakjöt eða mjólkurvörur nema þá í mjög litlum mæli. Þessar hugmyndir um beinu greiðslurnar var niðurstaða sem ákveðið var að prófa. Þær eru náttúrlega fyrst og fremst hagsbætur fyrir ríkissjóð og vonandi og reyndar vissulega hljóta að verða til hagsbóta fyrir neytendur. Það er þó með því fororði að milliliðir blandi sér ekki í málið og hrifsi til sín það sem bændur fórna með þessari breytingu. Ég held að það sé langsótt að ímynda sér að þessi breyting geti orðið til hagsbóta, til fjárhagslegra hagsbóta fyrir bændur. En bændur hugsa um þjóðarhag og satt að segja finnst bændastéttinni enn þá að hún beri ábyrgð á þessu þjóðfélagi öllum öðrum stéttum fremur. Þetta er sennilega arfur frá gamalli tíð, en hugsunarháttur bænda í þessu tilfelli hefur ekkert breyst frá fyrri öld eða frá því snemma á öldinni þegar bændur voru mikils ráðandi hér um málefni þjóðarinnar og flestir Íslendingar lifðu í sveitum. Saga undanfarinna ára sýnir að samtök bænda eru reiðubúin að láta stéttina færa umtalsverðar fórnir. Ég ætla ekki að fjölyrða um það meira hér að sinni.

En eins og ég sagði áðan hefði þetta frv. þurft að koma til afgreiðslu fyrr. Því miður stendur ríkisstjórnin ekki við sinn hluta af búvörusamningnum að því leyti að beinar greiðslur þessa árs eru skertar verulega. Og beinu greiðslurnar voru hugsaðar til að nema svo sem launalið bóndans. Bóndinn þarf að kaupa sín aðföng til búsins og þar getur hann ekkert skorið niður. En með því að draga beinu greiðslurnar svo sem ákveðið var í fjárlögum þá er verið að hýrudraga

bændur um launahlutann því það er það eina sem hægt er að ganga á, það eina sem bóndinn hefur til ráðstöfunar, hitt er allt fast og óhjákvæmilegt. Þetta virkar í grófum dráttum þannig að ⅓ hluti launa bóndans á þessu ári greiðist ekki. Og mér er nú spurn: Hvaða önnur stétt í þjóðfélaginu mundi láta það yfir sig ganga að taka það á sig að vera hýrudregin um sjötta hluta launa sinna?

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að íhuga þetta, og almenning í landinu, að bændur eru með afgreiðslu síðustu fjárlaga sviptir sjötta hluta árslauna sinna. Það er ekkert lítið kjaftshögg fyrir þá. Þeir að vísu eiga von í að fá þetta uppi borið á árinu 1993 en það gerir þeim hins vegar ekki léttara fyrir að standa í skilum um næstu áramót og ég óttast að það verði lítið um jólagjafir á a.m.k. sumum sveitaheimilum um næstu jól vegna þessa tiltækis ríkisstjórnarinnar.

Ég legg á það mjög mikla áherslu að Íslendingar móti sína landbúnaðarstefnu sjálfir og taki ekki við einhverjum fyrirskipunum utan frá um hvernig skynsamlegast sé að haga landbúnaði á Íslandi. Að því leyti til er það kostur á þessu frv. að það miðar í þá átt. En eins og hæstv. ráðherra benti á þá stangast þetta frv. og hin íslenska landbúnaðarstefna í grundvallaratriðum á við þær hugmyndir sem settar hafa verið fram í GATT-samningunum og kenndar eru við Dunkel. Og ef niðurstaðan af GATT-samningunum, sem ég ætla heldur ekki að ræða í bili, yrði sú eða í líkingu við það sem tilboð Dunkels hljóðaði upp á, þá gjörbreytir það auðvitað íslenskri landbúnaðarstefnu og þyrfti tvímælalaust ekki bara að endurskoða íslenska landbúnaðarstefnu, það mundi algerlega kollvarpa íslenskri landbúnaðarstefnu, enda værum við þá heldur ekki í færum til þess að móta hana sjálfir.

Ég ætel það sem sagt að frv. skuli ekki hafa komið til afgreiðslu fyrr. Ég lýsi stuðningi við að það fari til nefndar en legg áherslu á að það fái þar nákvæma efnislega athugun og það verði unnið hratt að henni þannig að frv. þessa efnis og sem nær þeim tilgangi sem þessu frv. er ætlað að ná verði afgreitt hér sem allra fyrst.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er í raun óskað eftir enn frekari staðfestingu Alþingis á ákvæðum búvörusamningsins, þess sem gerður var fyrir tæplega einu ári síðan milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna. Eins og menn muna veitti Alþingi þegar á liðnu vori í lánsfjárlögum fyrir sl. ár heimild til að hefja framkvæmd samningsins og aðlögunarákvæða hans. Í öðru lagi voru við afgreiðslu fjárlaga nú á yfirstandandi þingi fyrir jólin veittar lagaheimildir til þess í frekari mæli að framkvæma þennan samning og segja má að nú sé í þriðja sinn og í enn ríkari mæli lagt fyrir þingið frv. um heimildir til að fullnusta þennan samning. Ég lít svo á að með afgreiðslu þessa frv., ef eða þegar að lögum verður, sé Alþingi að veita endanlega fullnægjandi lagaheimildir til framkvæmdar búvörusamningsins að öðru leyti en því sem tæknilegt má telja og að sjálfsögðu þarf að koma hér fyrir þingið sem fyrst. Það sem ég á við í þessu sambandi og vil undirstrika sérstaklega er það að með þessu frv. er beinlínis óskað lagaheimildar til að hefja framkvæmd ákvæða í aðalhluta samningsins, í aðalsamningnum sjálfum, til viðbótar viðaukum og aðlögunarákvæðum sem áður hafa verið til umfjöllunar. Ég held að það hljóti að liggja í hlutarins eðli að um leið og lögfest hafa verið ákveðin atriði aðalsamningsins, þá verði hann ekki í sundur slitinn og þar með í raun felist endanlegt samþykki Alþingis við framkvæmd hans. Því er þetta frv. að mínu mati mikilvægt þó það taki ekki á nema afmörkuðum þáttum samningsins að það er óhjákvæmilegt að líta svo á og nauðsynlegt að alþingismenn átti sig á því að með því að taka upp og lögfesta ákvæði aðalsamningsins hlýtur Alþingi að leggja blessun sína yfir gjörninginn í heild.

Það eru ekki mörg atriði í sjálfu sér, hæstv. forseti, sem ég sé ástæðu til að staldra sérstaklega við nú við 1. umr. málsins, enda er hér eins og ég hef séð það við lauslega athugun nánast um bein og borðleggjandi framkvæmdaratriði að ræða sem fyrst og fremst og beinlínis taka mið af ákvæðum samningsins sjálfs þannig að þeir sem eru kunnugir innihaldi hans og áhrifum geta gefið sér hvað hér er á ferðinni í frv. Í örfáum tilvikum tel ég þó ástæðu til að staldra aðeins við eða spyrja spurninga sem lúta að framkvæmd og orðalagi í frv. á atriðum sem tekin eru beint upp úr samningnum sjálfum.

Í 1.–5. gr. er um að ræða ákveðnar breytingar á fyrri hluta laganna um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, og er það held ég á öllum stöðum um fullkomlega eðlileg atriði að ræða og eðlilegar heimildir sem varða undanþágu verðlagsnefndar til þess að hún geti starfað í samræmi við ákvæði samningsins nýja, m.a. tekið til greina ákveðnar umsamdar eða fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur sem nauðsynlegt er að taka tillit til eða svigrúm þarf að vera fyrir hendi til að taka tillit til við verðlagningu. Í 4. gr. er kveðið á um meðferð umframframleiðslu og verðskerðingar sem nauðsynlegar eru í því sambandi.

Eitt atriði í 3. gr. þar sem er vikið að fimmmannanefnd mun ég ræða lítillega síðar en ég tel að úr því að hróflað er við lagaákvæðum um fimmmannanefnd á annað borð í þessu frv. hljóti að koma til álita að taka þá inn í ákvæðin um þá nefnd þær breytingar á samsetningu hennar sem búvörusamningurinn gerir ráð fyrir. En ég mun koma að því aðeins síðar.

Í staflið d í 6. gr. er vikið að möguleikum framleiðenda til að eiga viðskipti sín í milli með greiðslumark. Það er kallað aðilaskipti á greiðslumarki. Þar tek ég eftir að lítils háttar ósamræmi er í orðalagi milli ákvæða greinarinnar annars vegar og samsvarandi ákvæða í búvörusamningnum hins vegar. Þetta er í 3. mgr. þar sem fjallað er um hlutverk Landgræðslunnar og það tillit sem taka þarf til landnýtingarsjónarmiða og síðan segir: „Ef hætta skapast á að tilfærsla á greiðslumarki gangi gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum er landbrh. heimilt að takmarka eða stöðva

slík aðilaskipti að höfðu samráði við umhvrn."

Þetta var lítillega öðruvísi orðað ef ég man rétt í búvörusamningnum og er væntanlega að finna í viðaukaákvæðum um viðskipti með framleiðslurétt. (**Gripið fram í:** Grein 4.3.) rétt, og einnig í gr. 5.4 í kafla V í viðauka I. Þar var einmitt með sérstökum hætti tekið til orða vegna þess að það varð niðurstaða manna að beinlínis skyldi fela Landgræðslunni ákvörðunarvald að nokkru leyti um þetta efni með því að orða síðan hlutina þannig þegar að hlutverki landbrn. eða landbrh. kæmi að þar skuli fara að rökstuddu áliti Landgræðslu ríkisins, liggi það fyrir. En þar segir svo, með leyfi forseta, í lið 5.4 í viðauka I:

„Ef gróðurverndarsjónarmið mæla á móti því að sauðfjárrækt aukist á einstökum jörðum eða landssvæðum að mati Landgræðslu ríkisins og fyrir liggur rökstutt álit þar um, skal landbrh. takmarka eða stöðva kaup á fullvirðisrétti í slíkum tilvikum."

Það er þetta misræmi sem ég vildi leyfa mér að vekja athygli á og óska eftir því að það verði yfirfarið hvort mönnum hafi þarna orðið lítillega á þegar orðuð voru ákvæði frv. eða hvort einhver hugsun búi á bak við það að draga úr með þessum hætti sem yrðu hin efnislegu áhrif í því úrslitavaldi sem Landgræðslan að nokkru leyti hefur eins og þetta er orðað í búvörusamningnum sjálfum. Þarna er ákveðinn munur á, annars vegar heimild og hins vegar nánast skyldu til að bregðast við slíku rökstuddu áliti Landgræðslunnar. Og það er óþarft að taka það fram en skal gert samt að sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að það sé rétt að hafa þarna alveg ótvírætt orðalag, að það eigi ekki að leyfa slík viðskipti ef þau stríða gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum að áliti Landgræðslu ríkisins og þar liggur fyrir rökstutt álit um. Ég sé engan aðila í landinu betur til þess fallinn að ráða þá niðurstöðu málsins við slíkar aðstæður heldur en Landgræðsluna og tvímælalaust rétt að það sé þá ótvírætt orðalag á ferðinni.

Varðandi e-lið 6. gr. þar sem lögfest eru ákvæðin varðandi beinar greiðslur úr ríkissjóði til framleiðenda sauðfjárafurða er óhjákvæmilegt að staldra aðeins við þá staðreynd sem varð hér með afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin að of naumar fjárhæðir voru ákveðnar til að inna af hendi beinar greiðslur eins og samningurinn gerir ráð fyrir á árinu 1992 og það var skýrt með því að meiningin væri að fresta greiðslum á tveimur síðustu mánuðum ársins 1992 og færa þær yfir á fjárlagaárið 1993.

Eins og hv. þm. hafa eflaust áttað sig á er orðalag frv. sjálfs sem hér er á ferðinni í beinu samræmi við búvörusamninginn og þar stendur ósköp einfaldlega að beinar greiðslur skuli greiðast mánaðarlega á tímabilinu frá mars til desember fyrir það verðlagsár sem hefst 1. sept. það ár og í fyrsta sinn í mars 1992. Fullnaðargreiðsla skal innt af hendi eigi síðar en 15. des. Það er því ljóst að sé ætlunin að láta niðurstöðu fjárlaganna ráða þarf að koma til breyting á þessu orðalagi eða a.m.k. ákvæði til bráðabirgða sem undanþiggur þá yfirstandandi ár hvað þetta snertir. Nú er það að sjálfsögðu von mín að menn nái hér saman um að afgreiða frv. óbreytt og snúi sér að því að leysa þann fjármögnunarvanda sem þá stendur út af og lýtur að því að unnt sé að standa við ákvæði samningsins eins og þau hljóða og eru hugsuð og ekki þurfi að koma til þess leiðinlega atburðar strax á fyrsta ári gildistíma samningsins að hann sé brotinn að þessu leyti gagnvart bændum því að auðvitað er hér um svo gjörsamlega borðleggjandi brot efnda á ákvæðum samningsins að ræða að það er með öllu vonlaust að rökstyðja hið gagnstæða. Það þarf tæplega að lesa upp þau ákvæði búvörusamningsins sem lúta að þessu fullnaðaruppgjöri við bændur innan ársins en skal nú gert svona rétt til upprifjunar fyrir menn. Í gr. 5.2.1 í búvörusamningi segir svo, með leyfi forseta:

„Tilhögun beinna greiðslna skal tryggja framleiðendum áþekka fjármögnun og verið hefur. Fullnaðaruppgjör til framleiðenda fari fram eigi síðar en 15. des." — Ég held að það þurfi ekkert að lesa meira, en það segir síðan aftar í sömu grein: „Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega. Greiddar verði fastar mánaðarlegar upphæðir frá 1 mars, í fyrsta sinn 1. mars 1992."

Meðal annars af þessum sökum er ljóst að það er æskilegt að vegferð þessa frv. geti orðið greið hér í gegnum þingið því að í því eru ákvæði sem eiga að koma beint til framkvæmda 1. mars nk.

En það eru nokkur atriði varðandi þetta til viðbótar sem ég vildi gjarnan spyrja hæstv. landbrh. aðeins um ef ráðherra nemur mál mitt og þá vil ég taka það fram að ég var að spyrja um þetta misræmi í orðalagi varðandi „heimilt" og „skal" sem snýr að hlutverki Landgræðslunnar. Í öðru lagi vil ég spyrja í sambandi við meðferð þessara beinu greiðslna: Hvað hefur verið að því unnið að ákveða endanlega hvernig dreifing þeirra skuli vera innan ársins? Nú er ljóst að það er ekki með beinum hætti t.d. kveðið á um að þetta skuli vera jafnar upphæðir í hverjum mánuði á þessu 10 mánaða tímabili frá 1. mars til 1. des. eða að mars til desember, enda er nær að mínu mati að skoða þau ákvæði búvörusamningsins sem kveða á um að beinu greiðslurnar skuli tryggja bændum áþekka fjármögnun og verið hafi hvað rekstrarfjármagnið innan framleiðsluársins snertir. Þar er auðvitað verið að vísa til þess afurðalána- eða rekstrarlánakerfis sem við lýði hefur verið og tryggt hefur bændum ákveðið rekstrarfé, ekki endilega jafnt milli mánaða heldur í nokkru hlutfalli við tilkostnaðinn eins og menn meta að hann leggist til á framleiðsluárin. Þannig til að mynda hefur verið reynt að tryggja ákveðna fjármögnun að vori vegna áburðarkaupa o.s.frv svo að afurðalán og rekstrarlán hafa gjarnan verið hærri í mánuðunum apríl/maí heldur en mánuðunum á undan og eftir.

Ég vil því láta það álit mitt í ljós alveg tvímælalaust að eðlilegast væri að miða við það að fjármögnunin yrði hvað beinu greiðslurnar snertir a.m.k. ekki lakari en svo að í maímánuði hvers árs yrðu þeir ½ hlutar beingreiðslnanna sem þá ættu að vera til komnir miðað við jafnar upphæðir í hverjum mánuði þegar greiddir, þ.e. þó svo að greiðslurnar hefjist ekki fyrr en 1. mars á hverju ári, þá yrði í maímánuði búið að

greiða a.m.k. 1/12 hluta beingreiðslnanna. Síðan gæti eftir atvikum orðið um nokkuð jafna útgreiðslu á mánuði hverjum til og með desember að ræða eftir það. Þetta er þó að nokkru leyti skilgreiningaratriði og væri auðvitað æskilegast að samningsaðilar kæmu sér saman um hvernig þessu yrði til hagað.

Um útfærsluna að þessu leyti vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvað hafi verið unnið og hvernig áformað sé að haga greiðslunum t.d. fyrstu mánuðina nú á útmánuðum og í vor, hver verði orðin fyrirgreiðslan af hálfu ríkisins í formi beinna greiðslna þegar kemur að maímánuði. Þetta skiptir einnig miklu máli varðandi það hver verða áhrifin af þeirri frestun ef af verður nái menn ekki áttum og hætti við það þegar kemur að því að ákveða þá 1/12 hluta eða aðra fjárhæð sem ákveðið verði að færa yfir næstu áramót. Það auðvitað liggur í hlutarins eðli, ef við tökum nú dæmi, að ef menn t.d. létu sér detta það í hug að geyma 30% af beingreiðslunum og hugsuðu það svo að það væru 15% hvorn mánuðinn nóvember og desember og síðan væru þau 30% tekin og færð yfir áramót, væri það bersýnilega mjög óhagstætt bændum og allt annað en ef um væri að ræða t.d. 1/12 hluta fyrir hvorn mánuð.

Um þessi atriði er held ég óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. landbrh. af því að ljóst er og ég vona að mér hafi tekist að útskýra það að það skiptir máli hvernig þessar beingreiðslur verða útfærðar og þeim dreift milli mánaða. Það skiptir bæði máli varðandi framkvæmdina almennt og stöðu bænda í þessu sambandi. En það getur líka skipt máli, verði af þeirri frestun greiðslna sem boðuð er í fjárlagafrv., hversu miklum fjárhæðum, hversu háu hlutfalli beingreiðslnanna, verður þá frestað yfir áramót. Ég vona að hæstv. landbrh. geti veitt hér nokkur svör.

Að lokum vil ég eindregið mælast til þess að takist svo illa til að menn haldi til streitu þessari frestun sem mér finnst satt best að segja ákaflega smásmuguleg, svo ekki sé meira sagt og er auðvitað öllum ljóst að vegur sára lítið í þessum efnum öllum saman þar sem er vandi ríkissjóðs og stærð þess dæmis sem þar er um að ræða. Það er heldur smásmugulegt að mínu mati að taka á sig samningsbrot fyrir jafnlitlar upphæðir og þarna eru á ferðinni og að reyna ekki frekar að ná einhvern veginn landi með því að efna ákvæði þessa samnings. En ég vil þó, fari svo, beina þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar, hæstv. landbrh. og þá e.t.v. annarra ráðherra sem þurfa að veita hæstv. landbrh. stuðning, að reynt verði að taka á því máli sem lýtur að fjármögnun rekstrarþáttanna og launanna hjá bændum því að auðvitað eru fleiri leiðir til í þessu efni til þess að tryggja bændum fjármögnunina heldur en sú ein að þessar greiðslur berist mánaðarlega úr ríkissjóði. Auðvitað er hægt að hugsa sér að einhvern veginn verði með samstarfi við banka eða aðra aðila reynt að tryggja bændum þessa fjármögnun á réttum tíma þó að greiðslurnar úr ríkissjóði berist síðan ekki fyrr en eftir áramót. Ég vona að enginn misskilji mig þannig að ég sé að mæla því bót en það væri auðvitað hægt að hugsa sér að með einhvers konar framlengingu eða bráðabirgða rekstrar- eða afurðalánakerfi sem tæki til tímabilsins frá nóvember til febrúar á þessu ári og hinu næsta, þá væri þessi fjármögnun leyst gagnvart bændunum. Í raun væri þá fyrst verið að lána ríkissjóði þetta fé yfir áramótin með einhverjum hætti þó svo það gerðist í formi lántöku bænda sem væri greitt fyrir með samningum við banka eða með öðrum hætti. Auðvitað er alveg ljóst að það skapar ýmsum aðilum þessa máls verulegan vanda ef þetta samhengi greiðslnanna er rofið með þeim hætti sem frestun ríkisvaldsins á beinu greiðslunum mundi gera. Bændur hafa að sjálfsögðu sínar skuldbindingar sem þeir eru samningsbundnir með gagnvart öðrum aðilum og stemma af sín útgjöld í ljósi þeirra tekna sem þeir eiga von á, þess uppgjörs fyrir sína framleiðslu sem þeir hafa undanfarin ár fengið fyrir áramót. Það er kannski sá hluti þessa máls sem alvarlegastur er að menn eru orðnir vanir því að hafa fengið uppgert að langmestu leyti a.m.k., nema þá með undantekningum sem lúta að einhverjum einstökum afurðastöðvum sem samið hafa sérstaklega um annað. En menn hafa undanfarin ár, þar sem þessir hlutir hafa verið í lagi, fengið þetta uppgert í desember og þess vegna eru þeirra útgjöld og skuldbindingar gjarnan löguð að því. Það samhengi mun rofna ef ekki verður með einhverjum hætti reynt að sjá fyrir því. Þetta vildi ég aðeins ræða hér. Mér finnst það í rauninni alveg óhjákvæmilegt þar sem ákvæðin eru þess eðlis.

Mig langar að spyrja hæstv. landbrh. varðandi staflið f í 6. gr. þar sem vikið er að því að ríkissjóður ábyrgist með samningnum að birgðir 1. sept. 1992 verði ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu, þ.e. 500 tonn, hvernig þau mál standi. Hvaða horfur eru á að við þetta ákvæði verði staðið án sérstakra ráðstafana? Hafa þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til með sölu úr landi, m.a. til Mexíkó, leitt af sér eða skilað þeirri stöðu að ætla megi, miðað við sæmilegar horfur í sölumálum, að birgðastaðan verði í lagi 1. sept. nk.? Það væri fróðlegt að fá að heyra hvernig þeir hlutir standa því að sé svo ekki, sýnist mér auðvitað nauðsynlegt að athuga með hvaða hætti eftir sem áður verði unnt að tryggja það að þessi ákvæði samningsins verði framkvæmd. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að þarna takist vel til.

Einn sá draugur sem hvað hvimleiðastur var í tengslum við gamla búvörusamninginn var sú staðreynd að yfir 1.000 tonn af kjöti voru til í landinu í skemmum þegar gamli búvörusamningurinn gekk í gildi og þeim var síðan rúllað á undan samningnum allan líftíma hans. Það var ágreiningur í reynd um það hver bæri ábyrgð á þessu magni og ekki var nákvæmlega tekið á hvernig með skyldi fara þegar gamli góði búvörusamningurinn, sem hæstv. utanrrh. kallar svo, tók gildi á sínum tíma. Til þess að fyrirbyggja að um slíkan vanda yrði að ræða í þessari framkvæmd er þarna alveg afdráttarlaust kveðið á um það hver staðan skuli vera upp á kíló þegar hið nýja fyrirkomulag tekur gildi. Það er auðvitað til stórkostlegra bóta hvað sem öllu öðru líður, að þar séu hlutirnir alveg skýrir og það er nauðsynlegt, held ég, að allt verði gert sem hægt er til þess að þetta standist.

Varðandi g-lið 6. gr. vil ég spyrja hæstv. landbrh. eða kannski benda á, ef mönnum hefur þar yfirsést, að þar er enn á ferðinni lítils háttar ósamræmi milli ákvæða frumvarpsgreinarinnar annars vegar og viðkomandi ákvæða í búvörusamningi hins vegar. Í g-lið stendur að úrskurðarnefnd, sem samningsaðilar hafa komið sér saman um að sé hægt að tilnefna, sé þannig skipuð að landbrh. skipi nefndina til fjögurra ára í senn og skuli einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar, þ.e. af landbrh., og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Þetta virðist vera afdráttarlaust ákvæði um að Hæstiréttur skuli tilnefna þennan oddamann gerðardómsins eða úrskurðarnefndarinnar. En í samningnum sjálfum eru ákvæðin hins vegar þannig að það er samningsaðilum í sjálfsvald sett hvort þeir óska eftir að leita til Hæstaréttar eða hvort þeir koma sér saman um oddamann og þarf þá ekki að leita til Hæstaréttar. Ég tel miður að taka það ákvæði út úr lagatextanum að samningsaðilar geti sjálfir komið sér saman um oddamann. Ég held að það liggi í hlutarins eðli að takist svo til, þá er það af hinu góða og þá er ekki ástæða til að ónáða hinn virðulega Hæstarétt og að mörgu leyti farsælast ef samningsaðilarnir, sem gerst til þekkja koma sér sjálfir saman um það hverjum skuli þarna treyst til að gegna oddamannsstöðu. Ég held því að skynsamlegra væri að lagfæra orðalagið þannig að það væri opið gagnvart þessu atriði eins og það er í búvörusamningnum. Þá hljómaði það ekki eins og fortakslaust ákvæði varðandi það að Hæstiréttur tilnefni oddamanninn ef ekki er ástæða til. Ef samningsaðilar koma sér saman um mann, þá held ég að það eigi að sjálfsögðu að heimila samkvæmt lögunum.

Þetta voru þau beinu atriði úr lagafrv. sjálfu sem mig langaði til að nefna og spyrja um, hæstv. forseti. Mig langar þá til að bæta við spurningum sem lúta að stöðu málsins að öðru leyti og væri æskilegt ef hæstv. landbrh. gæti lauslega upplýst okkur um þá hluti. Þá er það í fyrsta lagi: Hvað líður gerð samningshlutans um mjólkurframleiðsluna? Hvar eru þau mál á vegi stödd? Í öðru lagi: Hvað líður þeirri vinnu sem sett var af stað í beinu framhaldi af þessum hluta stefnumörkunar í landbúnaðarmálum, þ.e. vinnslu- og dreifingarmálum búvörunnar? Þetta tvennt var áformað að reyna að vinna af miklum krafti í beinu framhaldi af gerð samnings um framleiðsluþáttinn sjálfan sem var útfærður í einstökum atriðum varðandi sauðfjárræktina en rammi settur um í samningnum varðandi mjólkurframleiðsluna. Inni í bókunum sem fylgja samningnum eru meira að segja ákveðnar dagsetningar um hvernig þeirri vinnu skuli hraðað sem því miður hafa ekki staðist að öllu leyti. Þær eru þegar útrunnar en eftir sem áður er jafnnauðsynlegt og ekki síður að hraða þessari vinnu. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvað líði þessu tvennu, annars vegar gerð mjólkurhlutans í samningnum og hins vegar vinnunni að stefnumörkun á sviði vinnslu- og dreifingarmálanna.

Um þetta almennt vil ég segja að ég hef hugleitt það undanfarnar vikur í sambandi við ýmislegt annað sem er að gerast úti í þjóðfélaginu að sú samstaða og merkilega breiða þátttaka hagsmunaaðila í þjóðfélaginu sem náðist við gerð búvörusamnings á sl. ári má vera mönnum þeim mun meira fagnaðarefni sem þeir sjá meira af hinu gagnstæða fyrir sér þessa dagana og þessar vikurnar. Ég vil í lengstu lög trúa því að menn muni vinna áfram að þessu máli með það að leiðarljósi að varðveita þá breiðu samstöðu sem tókst pólitískt með því að engin mótatkvæði féllu hér á Alþingi eða hafa fallið þegar búvörusamningurinn hefur átt í hlut, sem tókst úti í þjóðfélaginu með því að bændasamtökin og aðilar vinnumarkaðarins náðu samstöðu um hlutina. Vonandi verður það svo að við sjáum í þessu efni áframhaldandi samskipti sem markast af þeirri sanngirni, samstarfsvilja og kjarki sem til þurfti af hálfu ýmissa aðila til að ná saman um viðkvæm atriði í þessu máli. Það þýðir að sjálfsögðu að enginn má keyra yfir annan, svo að notuð séu nýleg orðatiltæki, heldur þurfa samskipti manna að einkennast af sanngirni og skilningi eins og þau hafa gert hingað til að mínu mati.

Auðvitað er mjög mikilvægt að sem fyrst komi sú heildarendurskoðun búvörulaganna hér inn í þingið sem er nauðsynlegur lokapunktur á afgreiðslu þessa máls af hálfu Alþingis. Ég vona sannarlega að hæstv. landbrh. geti upplýst okkur um að þau birtist hér á þinginu fyrir vorið, en í allra síðasta lagi, sýnist mér, er óhjákvæmilegt að þau komi fyrir þingið á þessu ári.

Ég ætla svo að lokum, hæstv. forseti, að nefna ákvæðin um fimmmannanefnd af því að svo háttar til að í frv. er aðeins komið inn á málefni hennar í 3. gr. frv. þar sem lögð er til lítils háttar breyting á 14. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það eru einmitt 13. og 14. gr. laganna sem fjalla um fimmmannanefnd og úr því að svo er að ákvæðin um fimmmannanefnd eru þarna opnuð, þá vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvort ekki sé þá ástæða til að taka inn í þetta frv. þær breytingar sem menn urðu sammála um í búvörusamningnum að gera á skipan fimmmannanefndar, þ.e. að fjölga í nefndinni upp í sjö. Sú breyting er fyrst og fremst gerð til þess að bændur komi sínum fulltrúa inn í fimmmannanefnd. Og hvers vegna er þetta áformað? Vegna þess að mönnum þykir óeðlilegt annað, og hefur sumum lengi þótt, en að bændur eigi fulltrúa í þessari nefnd sem semur beint um verðlagningu og þjónustu við þá, þ.e. þar sem fulltrúar afurðastöðvanna eru annars vegar við borðið að semja við — við getum þess vegna sagt bæði neytendur á öðrum endanum og bændur á hinum, sem framleiðendur annars vegar og kaupendur hins vegar að vörunni sem fer í gegnum afurða- og vinnslustigið. Það sjónarmið varð ofan á og samstaða varð um það í umræðum um þessi mál á sl. ári að auðvitað væri eðlilegt að bændur sem beinir hagsmunaaðilar ættu aðild að þessum samningum eða þessari verðlagningu á vinnslu- og dreifingarhlutanum ekki síður en neytendurnir því að þeir eru viðskiptavinir vinnslustigsins og úrvinnslustigsins frá framleiðandanum. Til þess að halda jafnvægi í nefndinni var fjölgað um tvo, sinn frá hvorum samningsaðilanum, afurðastöðvunum og framleiðendum og neytendum. Áfram er verðlagsstjóri oddamaður. Ég held að það væri að mörgu leyti einnig æski-

legt með tilliti til þess að verðlagsnefndirnar, verðlagsnefndin og fimmmannanefndin eða sjömannanefndin sem þá yrði þurfa báðar að taka til starfa á þessu ári á grundvelli hins nýja búvörusamnings. Því fyrr sem þessi nýskipan á mönnun nendarinnar kæmist á því betra. Ég tel því ástæðu til að skoða hvort a.m.k. þetta atriði sem lýtur svona að framtíðarskipan þessara mála yrði tekið með í þessari umferð þó að aðrir hlutir væru látnir bíða heildarendurskoðunar laganna. Ég leyfi mér að vekja athygli á þessu og spyrja hæstv landbrh. hvort ekki megi athuga þetta.

Varðandi ýmsa hluti sem upp koma og voru lítillega nefndir af hæstv. landbrh. og síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Norðurl. v., ætla ég ekki að lengja umræður í þessari umferð a.m.k. með því að taka inn áhrif samningaviðræðna úti í heimi, hvort heldur er á vettvangi almenna tollabandalagsins eða innan Evrópustórríkisins verðandi, á íslenska landbúnaðarstefnu á næstu árum. Ég vil segja það eitt og það finnst mér kannski skipta mestu máli að ég er þeirrar skoðunar að búvörusamninginn, sem löggerning á milli stjórnvalda og bænda á Íslandi, sem umsamda stefnu til allmargra ára, eigi og hefði átt að senda og leggja fram á vettvangi GATT þegar í stað eftir að Alþingi hafði afgreitt og heimilað að hefja framkvæmd hans. Betra er seint en aldrei því að ég tel beinlínis skylt af okkar hálfu að kynna í slíkum umræðum þá lagasetningu og þá samningagerð sem farið hefur fram á vettvangi íslenskra stjórnvalda og með aðild þeirra. Að mínu mati hefði átt að leggja búvörusamninginn fram sem plagg af Íslands hálfu í viðræðunum og vísa þá til hans varðandi fyrirvara og/eða aðlögunartíma sem við Íslendingar þyrftum að fá hver sem niðurstaðan yrði á vettvangi GATT. Mér finnst ólíklegt annað, ég verð að segja það alveg eins og er, en að vænta hefði mátt skilnings á því, a.m.k. hvað aðlögunartíma snertir, þegar í gildi var kominn slíkur samningur á grundvelli laga í einu aðildarríkjanna, Íslandi. Auðvitað hefði það verið hin besta og farsælasta niðurstaða fyrir alla málsaðila ef við hefðum getað fengið, hver sem niðurstaða GATT-viðræðnanna verður, tillit tekið til þessa samnings sem hér var á kominn á Íslandi og hagað aðild okkar að samningum um þessi mál hvað beina fyrirvara og aðlögunartíma snertir á grundvelli hans. Mér er ekki kunnugt um að samningurinn hafi verið lagður fram sem slíkur eða kynntur, þótt ekki væri nú meira, á vettvangi GATT og þess vegna spyr ég hæstv. landbrh. og jafnvel hæstv. utanrrh., sem heiðrar okkur með nærveru sinni undir umræðum um landbúnaðarmál, hvort svo hafi verið gert. Hefur búvörusamningurinn og viðaukar hans og slík málsskjöl verið þýdd á erlendar tungur og lögð fram til kynningar eða sem málsskjöl af Íslands hálfu í GATT-viðræðunum? Ef ekki, eru þá hæstv. ráðherrar tilbúnir til að beita sér fyrir að svo verði gert í anda þess að betra sé seint en aldrei?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir, frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, og landbrh. flytur fyrir hönd ríkisstjórnar er út af fyrir sig ekki frv. til laga um staðfestingu á búvörusamningi. Þetta frv. kveður á um þær lágmarksbreytingar sem gera þarf á lögum þessum til að stjórnvöld geti fyrir sitt leyti efnt umræddan samning. Um lögmæti þess samnings sem gerður var á vettvangi framkvæmdarvaldsins fyrir atbeina hæstv. fyrrv. landbrh. og fjmrh. er það að segja að það mál verður ekki til lykta leitt úr því sem komið er nema á það verði látið reyna fyrir dómstólum. Vera má að hópur bænda sem hefur nú í undirbúningi málssókn á hendur ríkisvaldinu láti á það reyna með beinum eða óbeinum hætti en upplýst er að tiltekinn hópur bænda hefur ráðið í þjónustu sína lögmenn og leitað eftir álitsgerð frá stjórnlagafræðingi við Háskóla Íslands til þess að láta kanna fræðilega hvort á þeim hafi verið brotin lög og stjórnarskrárákvæði með framkvæmd eldri búvörulaga og reglna. Fyrst og fremst lýtur það að spurningunni um framsal valds á Alþingi í hendur óskyldum aðilum utan stjórnkerfisins sem og spurningar um að verðmæti eigna hafi verið skert með mismunandi hætti með stjórnsýsluaðgerðum sem og atvinnufrelsi manna skert þannig að brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár. Allt er það hin fróðlegasta lesning og getur haft víðtækar afleiðingar fyrir Alþingi og ríkisstjórn en ekki er hægt að segja miklu meira um það á þessu stigi máls.

Meginatriði málsins í sambandi við flutning frv. er það sem hér segir í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðið hefur verið að taka búvörulögin til heildarendurskoðunar og mun landbrh. skipa nefnd til þess verkefnis. Nefndin mun gera tillögu um frv. til nýrra búvörulaga og er stefnt að því að frv. þar um verði lagt fyrir Alþingi haustið 1992. Landbrh. hefur óskað eftir því við svokallaða sjömannanefnd að hún haldi áfram störfum og skili lokaskýrslu sem fyrst, sem höfð yrði til hliðsjónar við endurskoðun búvörulaga."

Virðulegi forseti. Ástæða er til að minna á að í gildi er búvörusamningur sem gerður var fyrir kosningar 1987 og hefur gildistíma til haustsins 1992. Það var fyrst og fremst eitt atriði sem notað var sem rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að gera þennan nýja samning fyrir kosningar 1991, það að æskilegt væri ef framkvæma ætti tillögur sjömannanefndar að hafa fjárheimildir til uppkaupa í stórum stíl á framleiðslurétti einkum í tengslum við sauðfjárframleiðslu. Um það var ekki ágreiningur. Hvað varðar Alþfl. sem átti aðild að þáv. ríkisstjórn var ekki ágreiningur um það. Ágreiningurinn snerist fyrst og fremst um hvort það væru sæmileg stjórnsýsluvinnubrögð, af ríkisstjórn sem þá var að ljúka ferli sínum og stóð frammi fyrir kosningum, að ætla að binda hendur ríkisstjórna, þingmeirihluta og kjósenda næstu tvö kjörtímabil með slíkum samningi úr því að ekki rak nauður til að gera hann. Sjónarmið okkar alþýðuflokksmanna var að það væru ekki sæmileg vinnubrögð. Varast ætti fordæmi sem gefið var frá því fyrir kosningar 1987. Þetta mál ætti að afgreiða með þeim hætti að afgreiða heimildir til uppkaupa á fullvirðisrétti sér innan ramma lánsfjárlaga en að öðru leyti leggja það á vald nýs þingmeirihluta

og nýrrar ríkisstjórnar hvernig með málið skyldi farið síðan. Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að þetta hafi verið rétt sjónarmið og skynsamlegt, enda auðvelt að sýna fram á að stefnumörkun núv. ríkisstjórnar í landbúnaði styðst við rök.

Virðulegi forseti. Út af þessum umræðum um búvörusamning held ég að rétt sé að ég rifji upp hver afstaða Alþfl. var í þessu máli eins og hún birtist í sérstakri greinargerð sem formaður flokksins lagði fram í ríkisstjórn þann 10. mars árið 1991 fyrir hönd ráðherra og þingflokks. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Lagt er til að ríkisstjórnin samþykki viðaukatillögu við lánsfjárlagafrv. sem bíður afgreiðslu fyrir þinglok. Tillagan orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að stofna til skuldbindinga með útgáfu skuldabréfa að upphæð allt að 1.450 millj. kr. vegna væntanlegra samninga um fækkun fjár og aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði. Heimild þessi verði veitt að fengnu samþykki ríkisstjórnar og að höfðu samráði við fjárveitinganefndarmenn og í ljósi framvindu samingsgerðar. Heimildin gildir þar til aflað hefur verið nauðsynlegrar lagaheimildar vegna nýs búvörusamnings á næsta þingi."

Þessi tilvitnun nægir til að sýna að um heimildina til fullvirðisréttaruppkaupa var ekki ágreiningur, en þar með var líka fallin sú röksemd að nauður bæri til að knýja fram gerð þessa búvörusamnings tvö kjörtímabil fram í tímann.

Að öðru leyti birtist í þessari greinargerð þau grundvallarsjónarmið sem sett voru fram fyrir hönd míns flokks í tengslum við stefnumótun í landbúnaðarmálum. Samanburður á því og þeirri stefnumótun sem fram hefur farið í tíð núv. ríkisstjórnar leiðir í ljós að þar er í stórum dráttum stefnt að sömu markmiðum. En í greinargerð þessari segir, til viðbótar því sem ég hef þegar rakið, með leyfi forseta:

„1. Að tryggt verði hvernig yfirlýst markmið um verulega verðlækkun til neytenda á landbúnaðarafurðum nái fram að ganga. Þetta er ekki einasta hagsmunamál neytenda heldur einnig bænda sem geta því aðeins haldið markaðshlutdeild fyrir hefðbundnar búvörur að verð lækki verulega.

2. Að hlutur afurðastöðva (sláturhúsa og mjólkurbúa) í verðlækkun til neytenda verði tryggður með aukinni samkeppni á markaði.

3. Að fullbúinn verði samningur um framleiðslu mjólkurafurða sem felur í sér framleiðniaukningu, bæði í frumframleiðslu, vinnslu og dreifingu.

4. Að skýr ákvæði komi inn í samninginn um endurskoðun verðlagsgrundvallar og verðkerfisins í heild þar sem sýnt verði fram á verulega lækkun á verði allra búfjárafurða til neytenda.

5. Að landinu verði hlíft við ofbeit og þáttur umhvrn. til verndar gróðurlendi verði skýrt ákveðinn.

6. Að ullarniðurgreiðslur og vaxta- og geymslugjöld breytist í annars konar stuðning.

7. Að hlutur þeirra bænda sem fyrirsjáanlega munu þurfa að hverfa frá búum sínum sé betur varinn en gert er í fyrirliggjandi drögum.

8. Að réttur stjórnvalda til að gera fyrirhugaða samninga um Evrópskt efnahagssvæði og innan GATT-samkomulagsins verði í engu skertur og kalli ekki á endurskoðun væntalegra búvörusamninga.

9. Að endurskoðunar- og uppsagnarákvæði samningsins verði skýr. Fari útgjöld ríkissjóðs fram úr því sem gert er ráð fyrir eða verð til neytenda lækki ekki eins og ráð er fyrir gert verði unnt að krefjast endurskoðunar samningsins og segja honum upp einhliða takist ekki samningar."

Virðulegi forseti. Það er ekki hvað síst þetta ákvæði sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á. Spurningin um efndir eða vanefndir samningsins veltur mjög á því að þessar markmiðslýsingar nái fram að ganga og skili sér í reynd til neytenda yfir búðarborðið. Að lokum segir hér, með leyfi forseta:

„Með framanskráð í huga er lagt til að í stað nýs búvörusamnings er byggi á fyrirliggjandi drögum verði gerðar nauðsynlegar breytingar á frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 svo að fært verði að framkvæma aðlögun fullvirðisréttar á innanlandsmarkaði á grundvelli viðauka I í fyrirliggjandi drögum. Unnið verði áfram að gerð búvörusamnings sem m.a. taki tillit til ofangreindra atriða. Drög að nýjum búvörusamningi liggi fyrir í vor eða sumar þannig að unnt verði að gera nauðsynlegar lagabreytingar á næsta þingi hvort heldur er á sumarþingi eða haustþingi."

Með þessum hætti voru í stórum dráttum lögð drög að breytingum á þeirri stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum áratugum að því er varðar málefni landbúnaðar, bæði framleiðenda og neytenda. Reyndar kemur sú stefnumörkun að hluta til fram í þeirri verklýsingu sem svokölluð sjömannanefnd setti sér á sínum tíma og vitnað er til í greinargerð með frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sjömannanefnd hefði það hlutverk að setja fram tillögur um stefnumörkun er miði að því að innlend búvöruframleiðsla verði hagkvæmari og kostnaður lækki á öllum stigum framleiðslunnar, í búrekstri bónda, í vinnslu og heildsölustigi og í smásöluverslun. Það er meginverkefni að því er varðar stefnu í landbúnaðarmálum að vinna að því að þessi markmið nái fram að ganga."

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því, virðulegi forseti, hvernig unnið hefur verið við stefnumótun á vegum núv. ríkisstjórnar og stjórnarflokka að halda til haga þessum markmiðum og þeim ábendingum um leiðir sem fram koma af ýmsum gögnum.

Fyrst vil ég leyfa mér að rifja upp að við mótun stefnuyfirlýsingar núv. ríkisstjórnar var tveimur mönnum, sem síðar urðu aðstoðarmenn núv. hæstv. landbrh. og reyndar þeim sem hér stendur, falið að vinna að vinnuskjali þar sem sett væru fram meginsjónarmið við frekari mótun stefnu í þessum málaflokki, eins og hún reyndar síðar birtist, bæði við fjárlagaafgreiðslu og í hvítbók ríkisstjórnarinnar. Þetta skjal er dagsett 29. apríl en þar eru mál sett fram með svohljóðandi hætti, með leyfi forseta:

„1. Að tryggt verði hvernig yfirlýst markmið um verulega verðlækkun til neytenda á landbúnaðarafurð-

um nái fram að ganga, m.a. með endurskoðun verðlagsgrundvallar og verðmyndunar landbúnaðarvara. Þetta er ekki einasta mál neytenda heldur einnig bænda sem geta því aðeins haldið markaðshlutdeild fyrir hefðbundnar búvörur að verð þeirra lækki verulega. Skoðaðir verði sérstaklega allir hugsanlegir hvatar til verð- og kostnaðarlækkunar.

2. Að hlutur sláturhúsa og mjólkurbúa í verðlækkun til neytenda verði tryggður með aukinni samkeppni á markaði.

3. Að fullbúinn verði samningur um framleiðslu mjólkurafurða sem feli í sér framleiðniaukningu, bæði í frumframleiðslu og vinnslu.

4. Að landinu verði hlíft við ofbeit og þáttur umhverfisráðuneytis til verndar gróðurlendi verði skýrt ákveðinn.

5. Að athugað verði hvort núverandi fyrirkomulag á ullarniðurgreiðslum og vaxta- og geymslugjaldi megi breyta til hagkvæmari vegar.

6. Að hlutur þeirra bænda sem fyrirsjáanlega munu þurfa að hverfa frá búum sínum verði tryggður.

7. Að fyrirhugaðir samningar um Evrópskt efnahagssvæði og innan GATT gefi ekki tilefni til endurskoðunar búvörusamnings.

8. Að endurskoðunar- og uppsagnarákvæði samningsins verði skýr. Fari útgjöld ríkissjóðs fram úr því sem gert er ráð fyrir eða verð til neytenda lækki ekki eins og ráð er fyrir gert verði unnt að krefjast endurskoðunar samningsins og segja honum upp einhliða takist ekki samningar.

9. Ekki virðast forsendur fyrir hendi til að draga verulega úr kostnaði ríkissjóðs vegna fækkunar ákvæða samningsins eða samkvæmt beingreiðslustigi hans. Athuga skal þó hvort hægt sé að tengja kostnað vegna fækkunaraðgerða landgræðslustörfum bænda."

Þá segir hér, virðulegi forseti, um viðauka og bókanir með þessum samningi:

„1. Endurskoðuð verði lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Verði hann ekki lagður niður skal markmið hans í framtíðinni einkum miðast við stuðning við rannsókna- og þróunarstarf í landbúnaði. Framlög úr ríkissjóði samkvæmt viðauka II verði felld út eða lækkuð verulega.

2. Ekki er áhugi á frekari jarðakaupum ríkissjóðs en fjárhæð sú sem ákveðið er að renni í sjóðinn samkvæmt viðauka II verði lækkuð verulega.

3. Fjárframlög til Byggðastofnunar samkvæmt viðauka II verði felld niður en fjárframlög til stofnunarinnar verði ákveðin miðað við verkefni hvers tíma í samræmi við heildarbyggðaáætlun stofnunarinnar.

4. Aðilar eru sammála um markmiðssetningu í bókun 6 en hafa fyrirvara um fjárhæð.

5. Aðilar hafa almennan fyrirvara um kostnað ríkissjóðs vegna allra bókana samningsins."

Í III. kafla þessa skjals segir að búvörulögin verði endurskoðuð með það markmið í huga að auka á frelsi í viðskiptum og verðlagningu á landbúnaðarafurðum og afnema skiptingu í sölusvæði. Á kjörtímabilinu verði stofnanakerfi landbúnaðarins, sem kostað er af ríkissjóði, endurskoðað með einfaldan sparnað og aukna skilvirkni að markmiði. Loks segir hér að endurskoðaðar verði reglur um innflutning grænmetis og garðávaxta með það að markmiði að tryggja jafnara og hagstæðara framboð til neytenda en jafnframt sé tekið réttmætt tillit til samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda.

Í tilefni af fyrirspurn hv. þm. skal tekið fram að þetta er vinnuskjal sem fulltrúar stjórnarflokkanna unnu í tengslum við stefnumótun ríkisstjórnarinnar á sl. vori. Í framhaldi af því er rétt að láta þess getið að að mörgum þeirra atriða sem hér er minnst á var vikið sérstaklega í tengslum við fjárlagaafgreiðslu. Þá minni ég á að upphaflegar tillögur um útgjöld ríkissjóðs vegna viðhengja búvörusamningsins voru lækkuð mjög verulega eða um 1.100 millj. í framhaldi af þessari stefnumótun. Að öðru leyti er rétt að vekja athygli á með hvaða hætti framtíðarstefna í landbúnaðarmálum hefur verið skilgreind. Fyrst í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna og síðan í þeim kafla hinnar hvítu bókar um velferð á varanlegum grunni þar sem fjallað er um landbúnaðarmál.

Í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna var af hálfu Alþfl. lagt fram vinnuskjal eða minnisblað þar sem við lýstum viðhorfum okkar á eftirfarandi hátt:

„1. Ríkisstjórnin skipi nefnd sem taki til starfa á þessu hausti og taki til endurskoðunar neðangreind lög. Markmið endurskoðunarinnar verði að lækka framlög af almannafé til landbúnaðar um leið og dregið verður úr útgjaldasjálfvirkni í landbúnaði en endurskoðunin taki m.a. til eftirtalinna laga: Jarðræktarlaga, búfjárræktarlaga, laga um Jarðasjóð og jarðeignir ríkisins og laga um Framleiðnisjóð.

2. Ríkisstjórnin skipi nefnd til að endurskoða framkvæmd niðurgreiðslna búvöruverðs, m.a. vaxta- og geymslugjalda, ullarniðurgreiðslna, þurrmjólkur o.s.frv. í tengslum við upptöku beingreiðslna til bænda.

3. Gerðar verði ráðstafanir til að gefa álagningu á heildsölustigi búvöruframleiðslu frjálsa snemma á næsta ári og að rýmkað verði um slátursvæði. Þá er hér að því vikið að stigin verði skref til þess að nálgast það markmið að draga verulega úr kostnaði skattgreiðenda vegna þjónustu hins opinbera við landbúnaðarkerfið."

Þegar vinnu stjórnarflokkanna var endanlega lokið á sl. hausti og af hálfu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. birt stefna og starfsáætlun, voru niðurstöðurnar dregnar saman að því er varðaði landbúnaðarstefnuna með þessum hætti. Vík ég nú að þeim kafla hvítbókarinnar þar sem fjallað er um landbúnaðarmál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Búvörusamningur var gerður í marsmánuði 1991 milli ríkisvalds og Stéttarsambands bænda í framhaldi af áfangaskýrslu sjömannanefndar um framleiðslu sauðfjárafurða. Ríkisstjórnin hefur falið sömu nefnd aðila vinnumarkaðarins og bænda að vinna áfram að tillögum um skipulag annarra búgreina og afurðasölu.

Búvörusamningurinn felur í sér aðlögun sauðfjár- og mjólkurframleiðslu að innanlandsmarkaði á árinu 1992, en frá þeim tíma taka bændur og afurðastöðvar á sig alla ábyrgð á búvöruframleiðslunni. Þannig verður

horfið frá greiðslum útflutningsbóta á sauðfjár- og mjólkurafurðir og munu afskipti ríkisins af þessum framleiðslugreinum minnka verulega.

Ríkissjóður greiðir fyrir markaðsaðlögun sauðfjárframleiðslunnar á árunum 1991 og 1992 með uppkaupum á framleiðslurétti jafnframt því sem teknar verða upp beinar greiðslur til bænda frá marsmánuði 1992. Niðurgreiðslu á kindakjöti verði hins vegar hætt frá hausti 1992. Vegna kaupa á framleiðslurétti og skörunar beinna greiðslna og niðurgreiðslna er óhjákvæmilegt að útgjöld ríkissjóðs vaxi á árinu 1992." — samanber fjárlagafrv. — „en sparnaður mun koma fram þaðan í frá. Þannig er stefnt að hraðlækkandi útgjöldum hins opinbera til framleiðslu sauðfjárafurða. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hverfa frá opinberri verðlagningu kindakjöts í tengslum við þessa kerfisbreytingu."

Í framhaldi af þessu, virðulegi forseti, vil ég skjóta því inn í að hæstv. landbrh. hefur fylgt þessu eftir með yfirlýsingum sínum. En þá segir hér í beinu framhaldi, með leyfi forseta:

„Í athugun er að gefa heildsöluverð frjálst haustið 1992, en verðlagning til bænda verður endurskoðuð 1993 í samræmi við búvörusamninginn. Þá verður ávallt tryggt að bændur eigi val um slátrun eins og heilbrigðiskröfur leyfa.

Opinber stuðningur við mjólkurframleiðslu verður einskorðaður við innanlandsmarkað. Ríkisstjórnin leggur áherslu á meira frelsi í greininni, endurskoðun verðmiðlunar, afnám sérstakra sölusvæða og frjálsari verðlagningu en nú tíðkast.

Athuguð verða rekstrarskilyrði allra greina landbúnaðarins með það í huga að treysta samkeppnisstöðu þeirra vegna viðræðna um frjálsa viðskiptahætti innan GATT og samningaviðræðna um hið Evrópska efnahagssvæði og við ríki Austur-Evrópu.

Endurskoðun búvörulaga er hafin með það að markmiði að hagræða í framleiðslu, vinnslu og sölu búvara. Reiknað er með að endurskoðuninni ljúki fyrir haustþingið 1992. Stefnt er að því að draga úr sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs."

Þetta er kannski veigamesta ákvæðið sem birtist í greinargerð með því frv. sem hér liggur fyrir.

„Í tengslum við upptöku beinna greiðslna til bænda mun ríkisstjórnin endurskoða framkvæmd niðurgreiðslna á búvöruverði m.a. vegna vaxta, geymslugjalda og niðurgreiðslna á ull og þurrmjólk."

Þá segir hér, með leyfi forseta:

„Reglur um innflutning grænmetis og garðávaxta verða endurskoðaðar með það að markmiði að tryggja fjölbreytt framboð til neytenda árið um kring, en jafnframt skal tekið réttmætt tillit til samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda."

Um stofnana- og sjóðakerfi landbúnaðarins segir í þessari stefnumörkun hvítbókar ríkisstjórnarinnar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Starfsemi stofnana landbúnaðarins verður endurskoðuð með einföldun, sparnað, betri nýtingu fjármagns og aukin framlög atvinnugreinarinnar í huga. Hafin er endurskoðun á starfsemi Veiðimálastofnunar og skipulagi rannsókna á sviði fiskeldis og fiskiræktar.

Lög um sjóði landbúnaðarins verða endurskoðuð, m.a. í því skyni að þeir verði framvegis látnir standa straum af kostnaði við stofnanir hans í vaxandi mæli. Haustið 1991 verður hafin endurskoðun laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og hlutverk hans tengt rannsóknum og þróunarstarfi." — Það er ástæða til að skjóta því hér inn í að framlög til hans voru helminguð í fjárlögum og í anda þessarar stefnumörkunar. — Þá segir hér í beinu framhaldi, virðulegi forseti: „Áburðarverksmiðju ríkisins verður breytt í hlutafélag og er undirbúningur hafinn. Endurskoðun á starfi stofnana og laga um þær mun miða að því að draga úr sjálfvirkni opinberra útgjalda í landbúnaði."

Þá er ákvæði um að ríkisstjórnin muni láti fara fram athugun á því hvernig unnt sé að koma á frekari verkaskiptingu og sérhæfingu milli búnaðarskólanna þannig að menntun verði í senn markvissari og ódýrari.

Loks er hér ákvæði um endurskoðun jarða- og ábúðarlaga.

„Gildandi lög um jarðir og ábúð eru við það miðuð að heföbundinn búskapur sé stundaður á sem flestum jörðum. Lögin verða endurskoðuð vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og frv. lögð fram á Alþingi 1991–92."

Virðulegi forseti. Ég hef að gefnu tilefni farið yfir það í stórum dráttum hvernig stefnumótun í landbúnaðarmálum hefur verið hagað af hálfu ríkisstjórnar og hvernig hún birtist fyrst og fremst í hinni hvítu bók ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlagafrv. og greinargerðum þess sem og í því fyrirheiti sem hér er gefið í greinargerð þessa frv. til laga um að taka núverandi búvörulög til heildarendurskoðunar. Það er því ljóst að það er mikið verk að vinna við endurskoðun landbúnaðarstefnunar enda viðurkennt í forsendum sjömannanefndar, sem er í stórum dráttum höfundur búvörusamningsins, að sú stefna var komin út í hreinar ógöngur.

Í ljósi þess ástands sem viðvarandi er í ríkisfjármálum er einnig ljóst að við erum komin yfir þau mörk sem við höfum efni á að því er varðar heildarstuðning við landbúnaðarframleiðsluna, það sjá menn hæglega ef þeir skoða uppsafnaðan hallarekstur í ríkisfjármálum á liðnum áratug, virða fyrir sér tölur um niðurstöðu á halla ríkissjóðs á sl. ári, þann vanda sem núv. ríkisstjórn og þingmeirihluti stóð frammi fyrir varðandi 15–20 milljarða uppsafnaðan ríkisfjármálavanda við gerð fjárlaga 1992 og ég tala nú ekki um þegar menn líta til þeirra skuldbindinga sem falla munu á ríkissjóð á næstu árum í ljósi marghátta meiri háttar fjárfestingamistaka á vegum margra opinberra sjóða sem falla munu á skattgreiðendur á næstu árum.

Það er því ljóst að það eru ekki efni til þess að óbreyttri stöðu í íslenskum þjóðarbúskap að halda áfram því útgjaldastigi sem verið hefur því að væntanlega heldur enginn því fram að þess sé kostur að halda þessu kerfi áfram með erlendum lánum.

Að þessu sinni sé ég ekki ástæðu til að ræða þann þátt sem væntanlegt samkomulag um GATT kann að

hafa í þá átt að festa í sessi þessar forsendur og áherslur um breytingar í landbúnaðarstefnunni. Það mál er rækilega rætt bæði hér innan veggja Alþingis sem og á vettvangi með bændum og þarfnast ekki nánari skýringa af minni hálfu. En það er ljóst að þær breytingar, verði af þeim, hníga mjög í sömu átt og sú stefna sem hér hefur verið mótuð.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í þeirri ræðu sem ráðherrann var að flytja megi finna nokkrar skýringar á því af hverju bændur á Íslandi tortryggja nokkuð landbúnaðarstefnu Alþfl. og eru ekki sammála hæstv. ráðherra í málflutningi hans og hafi af því talsverðar áhyggjur að hann skuli allt í einu vera sá maður sem meðhöndlar íslensk landbúnaðarmál á erlendum vettvangi. Að öðru leyti ætla ég ekki að gera athugasemdir við þann heimastíl sem ráðherrann var að lesa hér áðan.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér ferst nú eins og síðasta ræðumanni að það eru ekki mörg orð sem mér dettur í hug að hafa um hans ræðu. Hins vegar kom þar ýmislegt fram sem eflaust á eftir að verða hér umfjöllunarefni. Sérstaklega upplýsingar hans úr bakskjölum Viðeyjarsáttmálans.

Það sem ég vildi lítillega koma inn á varðandi þetta frv. eru tvö atriði sem eru í 6. gr. Ég vil geyma mér að ræða um frv. að öðru leyti þar til við 2. umr. en koma á framfæri þessum spurningum sem ég hef tekið niður eftir framsöguræðu hæstv. ráðherra. Það er í fyrsta lagi ábending eða jafnvel spurning sem er raunar sú sama og áður var fram komin hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., þar sem fram kemur í 3. mgr. d-liðar 6. gr. frv. þar sem segir: „Ef hætta skapast á að tilfærsla á greiðslumarki gangi gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum er landbrh. heimilt að takmarka eða stöðva slík aðilaskipti“ o.s.frv. Þar segir „heimilt“ en í þeim samningi sem er forsenda frv. — og frv. er flutt til þess að fullgilda nokkur ákvæði búvörusamningsins — í gr. 4.3. um gróðurvernd segir „...skal landbrh. takmarka“ o.s.frv., þannig að í samningnum er kveðið á um skyldu til viðbragða af hálfu ráðherra við tilteknar aðstæður en í frv. er einungis kveðið á um heimild ráðherra. Þetta ákvæði er ítrekað í viðauka við þennan samning í gr. 5.4. þar sem orðalagið er „skal landbúnaðarráðherra takmarka“ o.s.frv. Ég vil leita eftir skýringum ráðherra á þeim mun sem er á þessu atriði frá búvörusamningnum.

Annað atriði sem ég hnýt um og mér finnst vanta inn í frv., sérstaklega þar sem þess er getið í skýringum við d-lið 6. gr., að ákvæði þeirrar greinar sé í samræmi við gr. 4.2. og 4.3. í búvörusamningi auk bókunar III með honum. Í bókun III með búvörusamningnum er ákvæði um viðskipti með fullvirðisrétt og greiðslumark og ákvæði um hvenær afskipti ráðherra eigi að koma til og þau eru upp talin hér: „Ef hætta skapast á að tilfærsla á framleiðslurétti gangi gegn æskilegum landnýtingar- og hagræðingarsjónarmiðum, eða hafi umtalsverða byggðaröskun í för með sér“. Það kemur hins vegar hvergi fram í frumvarpsgreininni heimild eða skyldur ráðherra til að grípa til aðgerða ef umtalsverð byggðaröskun verði afleiðing af væntanlegum viðskiptum með fullvirðisrétt. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvers vegna vanti ákvæði til að fylgja þessu eftir, hvort ráðherra telji nægilegt að hafa bókunina í samningnum til þess að sporna gegn byggðaröskun eða hvort ráðherra sé einfaldlega fallinn frá þeirri stefnu að vera yfir höfuð að sporna gegn því, og sé farinn að taka undir hugmyndir formanns síns, hæstv. forsrh.

Ég tel að þetta ákvæði sé nokkuð mikils um vert, sérstaklega í nokkrum sveitum landsins á Vestfjörðum og á Norðausturlandi, þar sem menn hafa atvinnu sína nær eingöngu af sauðfjárrækt og hafa í raun og veru að engu öðru að hverfa. Mér þætti því fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra um það hvernig hann ætlar að framfylgja þessu ákvæði bókunarinnar eða þá hvort hann hafi fallið frá því.

Í 5. mgr. a-liðar 6. gr. segir: „Landbrh. er heimilt í reglugerð að ákveða að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landssvæðum.“ Í þessari málsgrein er í sjálfu sér ekki vísað beint í búvörusamninginn, en ég spyr hæstv. ráðherra hvort meiningin sé að niðurfærslan verði mismunandi samkvæmt þeim reglum sem teknar eru fram í búvörusamningnum sjálfum í viðauka I eða hvort hann hugsar sér öðruvísi útfærslu á þeirri mismunandi niðurfærslu.

Eitt atriði enn langaði mig til að spyrja hæstv. ráðherra að sem er ákvæði í viðauka I í búvörusamningnum, þar sem fram kemur í gr. 5.5. að ríkissjóður hafi heimild til að leysa til sín 20% af fullvirðisrétti hverrar sölu. Síðan er það væntanlega á valdi ráðherra að ákveða hvort hann nýtir sér þessa heimild að fullu eða hluta til eða jafnvel falli frá því á ákveðnum svæðum sem byggja afkomu sína nær eingöngu á sauðfjárrækt. Og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra eftir sjónarmiði hans eða stefnu varðandi þetta ákvæði, hvort hann muni nýta sér þennan 20% innlausnarrétt í öllum tilvikum eða hvort hann muni falla frá því í einhverjum ákveðnum tilvikum sem eiga við þá forsendu sem greinin tiltekur.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka þær góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Það er rétt ábending hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að frv. þetta hefði gjarnan mátt vera lögfest fyrir áramót. Skýringin á því hversu seint það var á döfinni og seint fram lagt var fyrst og fremst sú að þetta mál var flóknara lagatæknilega heldur en okkur hafði grunað og af þeim sökum tók undirbúningur og gerð frv. lengri tíma en við höfðum ætlað. En það var þó lagt fram fyrir áramót þannig að hv. þm. hefur unnist nægur tími til að athuga efni þess og á ekki að koma að sök þó ekki hafi verið mælt fyrir því fyrr en nú í dag.

Í fyrsta lagi hefur verið vikið nokkuð að því að með fjárlögum var gert ráð fyrir því að tvær greiðslur samkvæmt búvörusamningi skyldu fara fram á fyrstu

tveimur mánuðum næsta árs. Þetta mál hefur verið rætt hér fyrr. Það er auðvitað of mikið að segja, of djúpt tekið í árinni að segja að bændur hafi verið sviptir um sjötta hluta árslauna sinna eins og raunar kom fram hjá hv. þm. í hans ræðu síðar, þeim sem hafði orð á því, þá er gert ráð fyrir að full skil komi á fyrstu tveim mánuðum næsta árs sem auðvitað léttir bændum að brúa bilið yfir áramótin. En gert hafði verið ráð fyrir því að verulegur hluti eða þyngsti hluti greiðslnanna kæmi síðast á árinu.

Það hafa enn ekki verið teknar upp formlegar viðræður við samtök bænda eða fjmrn. um það hvernig skipting beingreiðslnanna verði nú á árinu. Það var rætt lauslega og óformlega við gerð fjárlaga en auðvitað er kominn tími til þess að ljúka þeim viðræðum enda umsamið að beingreiðslurnar hefjist nú um næstu mánaðamót og eins og ég sagði af þeim sökum nauðsynlegt að þetta frv. nái fram að ganga sem fyrst og í þessum mánuði. Það er þess vegna ekki hægt að segja um það á þessu stigi hvernig beingreiðslum verði háttað innan ársins. En ég þakka á hinn bóginn ábendingu hv. 4. þm. Norðurl. e. um að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum 2. mgr. e-liðar 6. gr. til samræmis við fjárlög eins og þau voru afgreidd nú fyrir jólin. Það var rétt ábending.

Hér var spurt um birgðastöðuna nú í lambakjötinu og hvernig staðið yrði að því að birgðir hinn 1. sept. nk. yrðu ekki umfram þriggja vikna neyslu eða 500 tonn. Um það er það að segja að markaðsstaðan nú um áramót var 200–300 tonnum betri en fyrir einu ári, í árslok 1990–1991, og nægilegir fjármunir eru ætlaðir til þess á fjárlögum að hægt verði að standa við þau fyrirheit sem búvörusamningurinn gerði og það ákvæði 3. mgr. f-liðar 6. gr. að birgðastaðan verði ekki nema 500 tonn hinn 1. sept. Það er gert ráð fyrir því að standa við það með útflutningsbótafé nú á þessu ári.

Spurt var um það hvað liði gerð mjólkurhlutans af búvörusamningi. Um það er það að segja, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, að sú vinna hefur sóst verr en menn höfðu gert sér vonir um. Ég leyfi mér þó að fullyrða að, ég veit ekki hvað ég á að segja, fyrsta álit, fyrsta nefndarálit eða greinargerð, álitsgerð sjömannanefndar mun líta dagsins ljós innan skamms. Ég skal ekki dagsetja það nákvæmlega, en það líður sem sagt senn að því að áfangaálit komi frá sjömannanefnd varðandi þennan hluta búvörusamningsins. Hið sama er að segja um þá vinnu sem lýtur að vinnslu og dreifingar- og markaðsmálum búvörunnar, þar hafa málin sóst seint en eru þó í vinnslu.

Það lýtur raunar að þeim spurningum líka sem hér voru gerðar varðandi fimmmannanefndina, hvers vegna ekki væri gert ráð fyrir því í þessu frv. að fjölga úr fimm í sjö. Staðreyndin í því máli er einfaldlega sú að ekki er um það full eining milli hagsmunaaðila. Á það er líka nauðsynlegt að líta að búvörusamningurinn gerir ráð fyrir því að bændur taki sjálfir á sig ábyrgð af framleiðslunni frá næsta hausti sem hlýtur að kalla á endurskoðun á vinnslu og markaðsmálum sauðfjárframleiðslunnar og er að minni hyggju nauðsynlegt að stíga það skref að staðgreiðsluákvæðin verði numin úr lögum, en hins vegar tekið upp á nýjan leik umboðssölukerfi í búvöruframleiðslunni eins og nauðsynlegt er að gera í hverri þeirri framleiðslu sem keppir á frjálsum markaði.

Ég held að menn geti ekki neitað því að reynslan hefur sýnt að lambakjötið hefur verið svolítið til hliðar í markaðssókninni hér á undanförnum árum vegna þeirra flóknu reglna sem gilda um framleiðslu, verðlagingu og sölu á dilkakjöti. Þetta mál er auðvitað viðkvæmt og að sumu leyti byggðalegs eða félagslegs eðlis, hvernig sem maður skilgreinir það. En um leið og tími vinnst til verður unnið að því í samráði við bæði sláturleyfishafa og samtök bænda og raunar líka hverja þá aðra sem þessi mál varðar að undirbúa breytingu á sölu- og vinnslukerfi landbúnaðarvara, með það fyrir augum að draga úr heildsölu- og vinnslukostnaði og standa við fyrirheitið um lækkun búvara með öðrum hætti en þeim að bændur verði að taka á sig tvöfalda byrði vegna þess að nauðsynlegri hagræðingu verður ekki komið við í öðrum greinum landbúnaðarins.

Efnisatriði búvörusamningsins hafa að sjálfsögðu verið kynnt og lögð fram í sambandi við GATT-viðræðurnar. Ég skal ekki um það segja og er ó[1]unnugt um það hvort samningurinn hefur verið þýddur frá orði til orðs, enda sé ég ekki að það hafi neina hernaðarlega þýðingu. Á hinn bóginn liggja fyrir upplýsingar um það með hvaða hætti framleiðslustjórnunin er hér á landi og hefur jafnframt verið skýrt að samkvæmt búvörusamningi höfum við Íslendingar ákveðið að leggja útflutningsbætur niður frá næsta hausti og fólst beinlínis í samþykkt ríkisstjórnarinnar að við ætluðum okkur annan og meiri rétt af þeim sökum til þess að hafa áhrif á það með hvaða hætti innflutningi búvara yrði háttað, eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Loks hefur verið spurt um það hvernig á því standi að 3. mgr. d-liðar 6. gr. sé ekki í samræmi við búvörusamninginn og samkvæmt frumvarpinu lagt á vald landbrh. að takmarka eða stöðva aðilaskipti að greiðslumarki ef talið er að þau stríði gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum, en það vald ekki að öllu leyti lagt í hendur Landgræðslunni. Ég hef talið að það sé eðlilegra að hafa ákvæðið eins og það er í frv. Ég er á hinn bóginn síður en svo á móti því að það sé athugað nánar hvort rétt sé að viðkomandi bændur eigi málskotsrétt til ráðherra ef þeir eru óánægðir með úrskurð Landgræðslunnar um þetta atriði og hef síður en svo á móti því að landbn. athugi þetta orðalag sérstaklega og hvort skipan þessara mála fari betur með öðrum hætti. Hér er einungis um stjórnskipulegt atriði að ræða sem nauðsynlegt er að vanda sem best til. Ef endurskoðun á þessu ákvæði leiðir í ljós að heppilegra þykir að hafa það með öðrum hætti þá hef ég síður en svo neitt við það að athuga.

Hið sama á raunar við um það í sambandi við úrskurðarnefndina, hvort einn skuli tilnefndur af Hæstarétti Íslands eða sú leið farin sem gert var ráð fyrir í búvörusamningi. Satt að segja hafði það farið fram hjá mér að þessi breyting var gerð í frv. frá búvörusamningi en á hinn bóginn var farið mjög nákvæmlega yfir hin lagatæknilegu atriði og ég geri ráð fyrir því að

þessi hafi verið niðurstaðan af þeim sökum hjá þeim lögfræðingum sem fóru yfir frv. Hér er auðvitað ekki um pólitíska ákvörðun að ræða heldur eingöngu lagatæknilega og síður en svo hef ég neitt á móti því að yfir það sé farið.

Í sambandi við fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. um það hvernig skerðingarákvæðinu verði beitt í sambandi við dilkakjötið, 20% skerðingarákvæðinu, þá hefur það verið ákveðið að nýta ekki innlausnarréttinn þegar svo stendur á að viðkomandi bú er að 70% sauðfjárbú. Á hinn bóginn er ekki farið eftir landsvæðum enda sé ég ekki að rök standi til þess.

Það er auðvitað álitamál hvernig rétt sé að standa að stuðningsaðgerðum og skipulagi landbúnaðarins út frá byggðasjónarmiðum. Það er hægt að fara mismunandi leiðir í þeim efnum og veltur auðvitað á miklu nú hvernig viðbrögð verða við búvörusamningnum, hin sjálfráðu viðbrögð, hvernig bændur bregðast við þeim breyttu kringumstæðum og forsendum sem búvörusamningurinn hefur í för með sér og ýmislegt annað kemur inn í þetta dæmi. Um þetta er fjallað nokkuð í a-lið 6. gr. Auðvitað verður þetta haft til hliðsjónar og ég vil vekja sérstaka athygli á því að í sambandi við t.d. GATT-samningana er gert ráð fyrir því að almennar aðgerðir séu heimilaðar einmitt af þeim sökum.

Þessi búvörusamningur verður síðan til heildarendurskoðunar áfram um leið og þættir mjólkurframleiðslunnar verða teknir til greina. Þá hljóta þessi mál að koma til stöðugrar endurskoðunar og má vera að okkar sjónarmið breytist mjög hratt eftir því hver framvindan verður.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. þau svör sem hann veitti hér og ég skal láta mér þau nægja í þessari umferð málsins. Ég vænti þess að þau atriði sem ég vakti athygli á eða benti á verði jafnframt yfirfarin af hæstv. landbn. þegar frv. kemur þar til vinnslu, sem væntanlega verður innan skamms.

Ég vil taka það fram, vegna orða hæstv. utanrrh. hér áðan og endurtaka það sem ég sagði áðan að minn skilningur á eðli þessa máls er sá að þar sem hér eru undir í frv. allmörg veigamikil atriði aðalsamningsins sjálfs þá hljóti að liggja í hlutarins eðli að Alþingi sé með afgreiðslu þessa frv. í reynd sinni að taka afstöðu til búvörusamningsins. Það virðist gæta nokkurs misskilnings eða a.m.k. ónákvæmni í orðalagi hjá mönnum stundum, finnst mér, að samningar eru einu sinni þannig að þeir eru ein heild og hver og einn undirritaður samningur er þannig að það er ekki á valdi samningsaðilanna að taka út úr þá þætti sem viðkomandi í hverju tilviki kann að falla í geð en gleyma öðrum eða vanefna aðra. Annaðhvort stendur samningur og er virtur eða ekki. Ég lít svo á að með því að Alþingi er að taka til umfjöllunar veigamikil ákvæði aðalsamningsins sjálfs sé það í raun og veru að fjalla um samninginn sem slíkan. Það nægir að mínu mati að benda á þá augljósu staðreynd að efni þessa frv. kemur við ákvæði aðalsamningsins á nokkrum stöðum og samningurinn er fylgiskjal með þessu frv. og beinlínis í hann vísað.

Ég held þess vegna að menn muni átta sig á því að það hljóti að verða niðurstaðan þegar hv. landbn. tekur þetta mál til skoðunar að hér er í raun og veru lagður fyrir í heild sinni samningurinn sem fskj. með þessu frv. þó svo að lagabreytingarnar taki ekki til framkvæmdar nema á hluta af ákvæðum samningsins. Eftir sem áður koma þær inn í hann. Og hefði Alþingi einhverjar meiningar um það að rifta þessum samningi þá ætti sú afstaða auðvitað að koma fram nú en ekki síðar þegar fyrstu meiri háttar atriði samningsins sjálfs koma hér til umfjöllunar.

Reyndar má segja, og ég hygg að lögskýringar mundu falla á þá leið, að Alþingi, bæði það sem sat á síðasta kjörtímabili og eins það sem nú situr, hafi þegar lýst afstöðu sinni með tiltölulega afgerandi hætti þar sem eru lagaheimildir í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 annars vegar og í fjárlögum yfirstandandi árs hins vegar sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Það hlyti þess vegna að teljast til tíðinda ef í því yrði ekki talin felast í reynd blessun Alþingis á ákvæðum þessa samnings.

Varðandi það sem hæstv. utanrrh. sagði hér um aðstæður þegar samningurinn var gerður á sl. vori þá hefur það ekkert upp á sig að fara út í rökræður um það hvort þá var eðlilega að málum staðið eða ekki. Ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að svo hafi verið. Ég bendi á að samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum og það samþykki hefur nú þegar verið veitt í veigamiklum atriðum. Þannig að bæði var því Alþingi sem sat á síðasta kjörtímabili og svo því Alþingi sem nú situr falið það í sjálfsvald að taka afstöðu til málsins sem það hefur þegar gert að nokkru leyti og er enn lagt til að sé gert með þessu frv., sem er stjfrv. og ég lýsi stuðningi við og þeir aðrir sem hér hafa talað. Ég leyfi mér því að vænta þess að bærilega horfi um framgang þess hér á þinginu þar sem það er stjfrv. lagt hér fram og flutt af hæstv. landbrh., kynnt án nokkurs fyrirvara af hálfu stjórnarflokkanna og þeir talsmenn stjórnarandstöðu sem hér hafa talað hafa lýst yfir efnislegum stuðningi við það.

Í þriðja og síðasta lagi, hæstv. forseti, þá kemst ég ekki hjá því formsins vegna að vekja athygli á þeirri sérkennilegu uppákomu sem varð í ræðu áðan þegar hæstv. utanrrh. kom í ræðustólinn og tók til við að kynna efni óbirts vinnuskjals sem er til einhvers staðar á stjórnarheimilinu og frekar voru þau tvö en eitt, þessi óbirtu málsgögn (**Gripið fram í:** Það sýnir traustið.) um landbúnaðarmál sem ég skildi svo að hæstv. utanrrh. væri að vitna í. Það var út af fyrir sig fróðlegt sem þar kom fram en breytir auðvitað ekki hinu að varla er ætlunin af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að í umfjöllun um landbúnaðarmál á hinu háa Alþingi förum við að notast við einhver óbirt gögn úr skjalaskúffum einstakra ráðherra eða einhver plögg sem aðstoðarmenn þeirra hafa í góðu tómi sett stafina sína undir. Það sem við höfum hér fyrir okkur er stjfrv. í fyrsta lagi og stjórnarsáttmálinn í öðru lagi og mikið

meira er það nú ekki sem fyrir liggur um þessi mál. Ég hlýt þess vegna að setja það algjörlega innan sviga að maður taki nokkurt minnsta mark á því sem hæstv. utanrrh. var að lesa hér upp úr einhverjum óbirtum skjölum ríkisstjórnarinnar fyrr en þá að þau skjöl birtast hér með formlegum hætti og eru lögð fram sem málsgögn. Fram að þeim tíma er auðvitað tæplega mikið mark á því takandi og mér fannst það eiginlega kúnstugt að hæstv. utanrrh. skýrði ekki til hvers hann væri að vitna í eða lesa upp úr þessum óbirtu skjölum.

Eitt fannst mér þó athyglisvert í því sambandi, og það kemur inn á þennan sama misskilning aftur, að að einhverju leyti virðast í þessum skjölum vera á ferðinni hugmyndir þeirra sem þau settu saman um að hæstv. ríkisstjórn geti valið sér þau ákvæði búvörusamningsins sem hún kjósi að efna og önnur ekki. Það er ekki svo. Það er ekki á færi annars samningsaðila af tveimur að tína svona út einhver ákvæði úr samningnum og segja: Ja, þetta ætlum við nú ekki að hafa svona og hitt hinsegin, en svo ætlum við að standa við afganginn. Þannig gerist þetta auðvitað ekki.

Það er ekki þannig að menn geti ætlast til þess að bændur taki á sig stórkostlega erfiðar skuldbindingar og gangi í gegnum sársaukafullar aðgerðir í sinni atvinnugrein en til mótvægis komi svo nokkrar stuðningsaðgerðir af hálfu ríkisins, þá er það auðvitað ekki þannig að ríkisvaldið geti selt sér sjálfdæmi í því hvað það efnir af þeim stuðningsaðgerðum og hvað ekki. Það væri auðvitað alveg eftir öðru sem við höfum upplifað hér undanfarna daga og undanfarnar vikur að menn létu sér detta slíkt í hug en ég vona að þroski manna sé þó slíkur að gagnvart þessum samningi sem hefur með tvöföldum hætti, á fyrra þingi og þessu þingi, öðlast lögfestingu og er hér í þriðja sinn lagt til í stjórnarfrumvarpi að verði staðfestur, þar á meðal birtast hér í fylgiskjölum búvörusamningurinn og viðaukarnir og það gefur auga leið að samkvæmt venjum um lögskýringu yrði það talið styrkja mjög stöðu þessa plaggs. Það getur hver einasti löglærður maður væntanlega sagt okkur og þá er það enn síður svo að það hafi nokkurt minnsta gildi þó hæstv. utanrrh. komi hér og lesi upp úr einhverjum óbirtum minnisblöðum einhverjar hugmyndir einhverra manna einhvers staðar úti í bæ á einhverjum tíma um að sumt hyggist menn efna og annað ekki.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel mikilvægt að þetta mál komist sem fyrst til hv. landbn. og held að það sé þar í góðum höndum. Eins og hér hefur komið fram er mjög mikilvægt að málið nái lögfestingu nú fyrir mánaðamótin þannig að unnt sé að standa við ákvæði beinna greiðslna sem hefjast eiga 1. mars og ég vil fyrir mitt leyti og fyrir hönd míns flokks lýsa því yfir að við viljum stuðla að því að svo geti orðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

78. FUNDUR

þriðjudaginn 11. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að hér mun fara fram utandagskrárumræða að loknum fyrirspurnatíma. Hún er að beiðni hv. 10. þm. Reykv. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og er um Landakotsspítala og stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulag hefur orðið um að hver þingflokkur hafi allt að 20 mín. til umráða og auk þess málshefjandi og ráðherra 10 mín. í lok umræðunnar ef þörf er á.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (breytingar vegna búvörusamnings). — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og vísað til landbn. með 41 shlj. atkv.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þess að nokkuð er um liðið síðan slíkur fyrirspurnatími var síðast á dagskrá vill forseti minna á hvernig tilhögun hans verður.

Gert er ráð fyrir að hann taki um hálftíma. Samkvæmt þingsköpum hefur fyrirspyrjandi tvisvar sinnum þrjár mínútur og ráðherra tvisvar sinnum fimm mínútur en forseti væntir þess eindregið að þingmenn og ráðherrar fullnýti ekki þann rétt til ræðutíma sem þeim er áskilinn í þingsköpum því að þá komast aðeins tveir þingmenn að á þeim hálftíma sem okkur er skammtaður. Fyrirkomulag umræðunnar verður þannig að þingmenn kveðja sér hljóðs með því að rísa úr sæti til þess að auðvelda forseta yfirsýn yfir þá sem biðja um orðið.

Forseti vill ítreka þá ósk sína að fyrirspurnirnar verði stuttar, um eitt eða tvö efnisatriði, og ekki síður að svör ráðherra verði stutt og hnitmiðuð. Hefst nú fyrirspurnatíminn.

Áhrif hækkaðra gjalda í heilsugæslu á framfærsluvísitölu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í nýju fréttabréfi frá Hagstofu Íslands kemur fram að meginhluti eða 0,26 af 0,39% hækkun á framfærsluvísitölu vegna verðhækkana hins opinbera á undanförnum þremur mánuðum er vegna hækkana á kostnaði heimilanna vegna heilsuverndar. Í frétt í einu dagblaðanna í dag kemur enn fremur fram að þetta merkir að kostnaður heimila í landinu vegna heilsuverndar hækkaði um 11% um áramótin. Þetta er a.m.k. fertugfalt umfram aðrar breytingar á framfærsluvísitölu samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hækkanir á opinberri þjónustu vega þó langþyngst í hækkunum á framfærsluvísitölu almennt. Þetta bitnar jafnframt að öðru jöfnu á þeim sem minnst hafa fjárráðin, sjúklingum, öldruðum og fjölskyldum með ung börn sem eru gjörn á að fá ýmsa kvilla.

Því hefur verið haldið fram að kostnaður sjúklinga við heilsuvernd hafi lítið aukist. Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst að það er reginfirra. Því spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hyggst hann beita sér fyrir einhverjum breytingum á reglugerðum til að leiðrétta þessa mismunun á álögum á einstaka þjóðfélagshópa eða þá fyrir breytingum á skattheimtu þannig að hún falli ekki þyngst á lágtekjufólk, svo sem sjúklinga, aldraða og barnafólk, eins og nú tíðkast greinilega, heldur á þá sem betur mega sín svo sem fjármagnseigendur?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og menn muna sjálfsagt urðu nokkrar deilur um einmitt þessi atriði á milli heilbrrn. og ýmissa annarra aðila í þjóðfélaginu þegar frá nýrri reglugerð um greiðslu lyfjakostnaðar var gengið á sl. sumri. Ýmsir aðilar, þar á meðal aðilar vinnumarkaðarins sumir hverjir, töldu að kostnaðarleg áhrif þeirrar breytingar yrðu fjórföld á við það sem heilbrrn. áætlaði. Það kom í ljós þegar áhrifin voru gerð upp eftir á að heilbrrn. hafði rétt fyrir sér í sambandi við mat sitt á hinum kostnaðarlegu áhrifum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru áhrif hækkaðra gjalda í heilsugæslu á framfærsluvísitölu 0,25% það sem fram er komið og 0,10% það sem eftir er að koma fram þannig að hér er samtals um að ræða hækkun á framfærsluvísitölu um 0,35%. Það er ekki stór reikningur í framfærslukostnaði fjölskyldna.

Ég hef aldrei neitað því, virðulegi forseti, að auðvitað þýða þessar auknu gjaldtökur hækkaðan kostnað, hækkaðan tilkostnað fyrir fólk sem þessarar þjónustu nýtur. En við reyndum að haga gjaldtökunni þannig að þeim yrði hlíft eftir bestu föngum sem annaðhvort eru aldraðir, örorkulífeyisþegar, höfðu við langvinna sjúkdóma að etja eða höfðu börn á sínu framfæri. Og ég vil bara benda mönnum á, virðulegi forseti, að við þessa gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni lækkuðu öll almennu gjöldin á þorra lífeyrisþega. Það hefur ekki komið fram en það er full ástæða til þess að menn geri sér grein fyrir því að hin almennu gjöld sem tekin eru af lífeyrisþegum lækkuðu flestöll um allt að 50% þrátt fyrir að verið væri að auka gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu. Þannig reyndum við, virðulegi forseti, að hlífa þeim sem minna mega sín.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Okkur hæstv. heilbrrh. ber saman um tölur og ég vil taka það fram að þó að framfærsluvísitala yfir landið í heild hækki ekki um meira en 0,25% og 0,35% allt í allt, þá þýðir þetta að þessi hækkun leggst misþungt á fólk. Hún leggst þyngst á sjúklinga, á aldraða og á barnafólk og því hefur ekki verið hnekkt og við þessu hef ég ekki fengið svar nema að einhver lækkun er á gjöldum fyrir lífeyrisþega en það eru hækkanir á barnafólk og það er lækkun á barnabótum og það eru ýmiss konar aðrar hækkanir sem vega þarna margfalt á móti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það var einu sinni þingmaður hér á Alþingi sem varð frægur meðal þjóðarinnar fyrir það að hann sagði þegar hann hélt fram röngum málstað: Lygi er lygi þó hún sé ljósmynd. Það má með nokkru sanni heimfæra það yfir á þá sem fullyrða að gjaldtakan í heilbrigðisþjónustunni sé atlaga að öldruðum, sjúkum og barnafólki þó svo að það sé staðreynd að almenna gjaldtakan í heilbrigðisþjónustunni gagnvart aldraða fólkinu lækkaði í flestum tilvikum og í sumum tilvikum um allt að 50%. Þó það sé staðreynd að heildarkostnaður mikið veiks fólks sem þarf oft á læknishjálp að halda, hámarksgjöldin voru ekki hækkuð, þrátt fyrir gjaldtökuna. Þau eru 3.000 kr. fyrir aldraða og 12.000 kr. fyrir aðra og eru þau sömu og þau hafa verið á árinu 1991. Og jafnvel þó við höfum sameinað öll börn sömu fjölskyldu undir eitt kostnaðarþak, 12.000 kr., sem hvert og eitt barn þurfti áður að greiða þá er því samt haldið fram að þessi framkvæmd sé árás á mikið veika, á elli- og örorkulífeyrisþega og á barnafólk. Og ég verð bara að segja og taka mér aftur í munn þau orð Sveins í Firði, sem frægur varð fyrir þau, að hv. stjórnarandstaða gæti sagt eins og hann: Lygi er lygi þó hún sé ljósmynd.

Opinber heimsókn forsætisráðherra til Ísraels og lokun fæðingardeilda.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja þá hæstv. utanrrh. og hæstv. heilbrrh. um sitt hvort efnisatriðið: Hæstv. utanrrh. um pólitískan tilgang með opinberri heimsókn hæstv. forsrh. til Ísraels. Hvort í þessari heimsókn felist sérstakur stuðningur við stjórnarstefnu ríkisstjórnar Itzhaks Shamirs svo sem afstöðu þeirrar ríkisstjórnar til landnáms á hernumdu svæðunum og til framkomu við palestínsku þjóðina almennt.

Hæstv. heilbrrh. vil ég spyrja um afleiðingar af lokun fæðingardeilda á þó nokkrum stöðum á landinu sem þegar hefur verið ákveðin eða boðuð af stjórnendum viðkomandi stofnana sem viðbrögð við þeim harka-

lega niðurskurði á fjárveitingum til þessara stofnana sem ákveðinn hefur verið. Hefur hæstv. heilbrrh. trú á því að það muni draga úr barneignum í sumar sem nemur þessari lokun á fæðingardeildum á allmörgum stöðum á landinu? Ef svo er ekki, hvernig reiknar þá hæstv. heilbrrh. með að sparnaðurinn skili sér ef barneignir skyldu nú verða eftir sem áður svipaðar og áður stefndi til og hafði verið lagður grunnur að? Hvernig hyggst þá hæstv. heilbrrh. mæta þeim viðbótarkostnaði sem mun leiða af akstri milli heilsugæslustöðva, sem mun leiða af auknu álagi, væntanlega nauðsynlegri yfirvinnu og viðbótarmönnun þeirra fæðingardeilda sem verða þá að taka við auknum verkefnum og eru þegar fyrir fullnýttar? Þetta á t.d. við um fæðingardeildina á Landspítalanum og fæðingardeildina á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sem greinilega verða ef svo heldur sem horfir að taka við stórauknum verkefnum yfir ákveðinn tíma sumarmánaðanna og hafa þó stjórnendur þeirra stofnana reiknað með því að þurfa að rifa seglin í þessum rekstri. Að síðustu vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. hvert sé mat hans á þeim kostnaðarauka viðkomandi foreldra sem augljóslega mun fylgja þessu, vinnutapi og þjóðhagslegri sóun sem felst í því að flytja konur til þess að fæða um langan veg í burtu úr þeim byggðarlögum þar sem fæðingardeildum hefur verið lokað.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þar sem fallist hefur verið á utandagskrárumræðu þar sem hv. þm. Páll Pétursson beinir fyrirspurnum til forsrh. á morgun, þá tel ég rétt að svör við spurningu hv. þm. um markmið og tilgang þeirrar opinberu heimsóknar bíði sinnar þinglegu umfjöllunar þá.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það var svo sem eftir öðru, virðulegi forseti, að hv. stjórnarandstæðingar héldu því fram að með tillögum ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á fjárframlögum væri verið að gera tillögu um niðurskurð á fæðingum. Svo er þó aldeilis hreint ekki. Auk þess fara fæðingar að sjálfsögðu ekki fram á heilsugæslustöðvum eins og allir landsmenn vita heldur á sjúkrahúsum.

Staðreyndin er mjög einföld. Staðreyndin er sú að ég hélt fund með forsvarsmönnum allra sjúkrastofnana á Íslandi í janúarmánuði og óskaði eftir að fá frá þeim rekstraráætlanir á grundvelli þeirra talna sem í fjárlögunum eru um framlög til hverrar stofnunar. Ég óskaði eftir því að fá greinargerð frá þessum aðilum um að hve miklu leyti þeir treystu sér til þess að standa við framlögin samkvæmt ákvörðunum fjárlaga með aðhaldsaðgerðum, samdrætti og sparnaði og að hve miklu leyti þær mundu koma fram í samdrætti á rekstri þegar ekki væri lengur hægt að grípa til almennra aðgerða. Þetta vildi ég fá frá stjórnendum stofnanna til þess að geta metið það þegar ég gerði tillögur um útdeilingu á tæplega 500 millj. kr. fjárveitingu sem ég hef til þess að draga sárasta sviðann úr þessum niðurskurði, að hve miklu leyti væri þá hægt að ganga til móts við stjórnendur þessara stofnana til þess að varðveita þjónustustigið.

Ég hef fengið þessar tillögur frá allflestum sjúkrastofnunum á Íslandi á réttum tíma, mjög vel og vandvirknislega unnar og ég vil nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að færa stjórnendum þessara stofnana þakkir fyrir það hversu vel þeir hafa unnið sitt verk. Ég er nú búinn að gera tillögur til fjárln. og fjmrn. um ráðstöfun á þeim varasjóði sem ég hef til allra stofnana heilbr.- og trmrn. utan stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Og ég get fullyrt að ég tel að okkur muni takast að varðveita þjónustustig þessara stofnana að langmestu leyti þannig að ekki komi til þess neyðarástands hvorki á landsbyggðinni né hér í Reykjavík sem fólki hefur verið talin trú um að sé á næsta leiti. Það munu ekki eiga sér stað neinir hreppaflutningar hvorki á sjúklingum, konum sem bíða fæðingar né öldruðu fólki. Engir hreppaflutningar nú fremur en hafa verið á undanförnum árum. Og til allrar guðslukku held ég að okkur takist að varðveita þjónustustigið í heilbrigðiskerfinu, jafnvel á þessum aðhaldstímum.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er ekkert markmið í sjálfu sér, virðulegi forseti, að heilbrigðiskerfið og heilbrigðisþjónustan á Íslandi skuli endilega þurfa að vera í hópi þeirra dýrustu í heiminum, vegna þess að það er ekki endilega samasemmerki á milli þess að þjónusta sé mjög dýr og þjónusta sé mjög góð. Dýrasta heilbrigðisþjónusta í heiminum er í Bandaríkjunum en ég held að við flest hér inni séum þó sammála um að sú heilbrigðisþjónusta sé ekki hin besta í heiminum. Það er okkar markmið að varðveita góða heilbrigðisþjónustu en það er ekki markmið í sjálfu sér að varðveita dýrari heilbrigðisþjónustu en ástæða er til að þjóðin þurfi að borga.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ástæða til að þakka þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. heilbrrh. að ríkisstjórnin ætli ekki að fara að hlutast til um barneignir í landinu með tilskipunum og miðstýrðum ákvörðunum, það er þá eitt af því fáa sem hún ætlar að láta í friði í þeim efnum.

Auðvitað fór hæstv. heilbrrh., eins og hans var von og vísa, eins og köttur í kringum heitan graut. Hann forðaðist eins og heitan eldinn að svara því sem hann var spurður um. Hann þorði ekki út í umræður um það sem er kjarni þessa máls að í áformum stjórnenda einstakra sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana felst enginn sparnaður heldur er verið að færa verkefnin til og velta vandanum yfir á aðra. Þau útgjöld sem kunna að sparast á Sjúkrahúsinu á Húsavík og Sjúkrahúsinu á Blönduósi lenda á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri ef börnin halda áfram að fæðast sem við skulum vona að þau geri og guð lofi. Þetta forðast hæstv. heilbrrh. auðvitað að ræða vegna þess að hann vill ekki standa berskjaldaður frammi fyrir þeim staðreyndum málsins að hér rekur sig hvað á annars horn. Og enn síður ræddi hann það sem jafnframt liggur við að sá viðbót-

arkostnaður sem af þessu hlýst hlýtur í stórum stíl að lenda á þolendunum, þ.e. fjölskyldum sem ætla að eignast börn á komandi sumri í þessu tilviki. Þau þurfa að taka á sig ferðalög, vinnutap og óhagræði umfram það sem ella væri ef þeim hefði staðið til boða að eignast börnin í sinni heimabyggð. Þetta forðaðist auðvitað hæstv. heilbrrh. að gera en fór hér í langar skógarferðir um það hversu góðar tillögur hann hefði fengið frá hinum og þessum um niðurskurð.

Síðan var hann svo óheppinn, hæstv. heilbrrh., að nefna bandaríska heilsugæslukerfið sem víti til varnaðar og við skulum þá láta það verða víti til varnaðar, hæstv. heilbrrh. En ekki stefna að því, sem mér sýnist leynt og ljóst gert, að ana út í sömu ógöngurnar hér — eða hvað er í burðarliðnum hér í sambandi við einkarekstur heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu? Nei, ég fagna því auðvitað að kostur gefst að ræða við hæstv. heilbrrh. undir ítarlegra dagskrárformi hér á eftir og það er svo sannarlega ástæða til að sleppa honum ekki með jafnbilleg svör og hann var að reyna að gefa mér.

Ég var síðan að reyna að spyrja hæstv. utanrrh. um hans skoðun en hún er sem sagt ekki til og er engin og hann biðst undan því að þurfa að svara spurningum sem til hans er beint um utanríkismál og vísar þeim á forsrh. Er það orðið svo að forsrh. tali fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um stefnumörkun í utanríkismálum? Það er þá sennilega vegna þess að hann er búinn að ráða sér hernaðarráðgjafa í forsrn. í staðinn fyrir efnahagsráðunaut. Ég var að spyrja um hvernig það tengdist íslenskri utanríkisstefnu, utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar þessi mikla opinbera heimsókn hæstv. forsrh. til Itzhaks Shamirs og ríkisstjórnar hans en hæstv. utanrrh. passaði.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég get fullyrt að þau ummæli eru bæði ómakaleg og ósanngjörn sem hv. þm. sem hér talaði síðastur viðhafði um þær tillögur stjórnenda stofnana á vegum heilbr.- og trmrn. sem þeir hafa verið að skila. Að þær skili ekki árangri til sparnaðar er rangt. Þessir stjórnendur stofnana á vegum ráðuneytisins hafa unnið sitt verk afburðavel og þær tillögur, sem þeir hafa skilað mér og er nú verið að kynna fyrir forustumönnum fjárln., eru raunhæfar sparnaðartillögur og aðhaldstillögur sem munu ná miklum árangri. Hitt er jafnljóst að þær fullyrðingar hv. þm. og annarra, að hér standi til að skerða íslenska velferðarkerfið og skera það niður við trog þannig að verið sé að flytja sjúkt fólk og aldrað hreppaflutningum á milli sjúkrahúsumdæma, eru rangar. Það er jafnrangt að við séum að breyta eðli heilbrigðisþjónustunnar í átt til þess kerfis sem t.d. er rekið í Bandaríkjunum. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er betra að takast á við vandann heldur en láta velferðarkerfið brotna í höndunum á okkur eins og gerst hefur í sumum nálægum löndum.

Hlutleysi Fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fsp. til hæstv. menntmrh. Það hefur vakið athygli nú undanfarið að tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh., ásamt einum þingmanni stjórnarliðsins hv. 3. þm. Suðurl. hafa ráðist á fréttastofu Ríkisútvarpsins og sakað hana um óvandaðan fréttaflutning. Þessi fréttastofa nýtur almenns trausts, það hefur komið fram. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Er hann sammála þessum ummælum? Í öðru lagi: Hyggst hann við endurskoðun útvarpslaga láta þrengja reglur um fréttastofuna og með hvaða hætti mun hann láta gera það ef svo fer, sem ég trúi nú reyndar ekki.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er spurt hvort ég sé sammála þeirri gagnrýni sem komið hefur fram frá ákveðnum ráðherrum og einum þingmanni á fréttastofu Ríkisútvarpsins. Það er nú svo að fréttastofa Ríkisútvarpsins er ekki hafin yfir gagnrýni. Ég býst við að við séum sammála um það. Því miður er það svo að mér þykir of oft bera við að fréttaflutningur fréttastofu Ríkisútvarpsins sé ekki hlutlaus fremur en hjá öðrum fréttastofum í landinu. Ég býst við að allir þingmenn hafi orðið einhvern tímann fyrir því að þeim þyki ekki á hlutlausan hátt skýrt frá því sem þeir hafa verið að segja eða gera hér í þinginu eða á fundum sem þeir hafa sótt.

Það er ekki sérstaklega ætlun mín við endurskoðun útvarpslaganna að þrengja reglur um fréttastofu Ríkisútvarpsins. En eitt af því sem hlýtur að koma til endurskoðunar við endurskoðun útvarpslaga er auðvitað starfsemi fréttastofunnar. Ég hef sagt það og get endurtekið það hér að ríkisrekstur á fjölmiðli sem útvarpi og sjónvarpi er varla réttlætanlegur nema tryggt sé að hlutleysis sé gætt á viðkomandi fréttastofu. Mér þykir því ástæða til að það verði áréttað að fyllsta hlutleysis sé gætt á fréttastofu Ríkisútvarpsins. En það liggja ekki fyrir neinar ákvarðanir um það hvaða veganesti væntanleg endurskoðunarnefnd fær af hálfu ráðherra.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. menntmrh. valda mér miklum vonbrigðum. Í rauninni valda þau mér mikilli furðu því að það gerist hér í ræðustól á hv. Alþingi að menntmrh., yfirmaður Ríkisútvarpsins, ásakar fréttastofu Ríkisútvarpsins um hlutdrægni í fréttaflutningi. Þetta er mjög alvarlegur hlutur og hlýtur að verða að ræða á öðrum vettvangi og undir öðrum formerkjum hér á hv. Alþingi.

Það er enginn að halda því fram að fréttastofa Ríkisútvarpsins sé hafin yfir gagnrýni. Spurningin fjallaði einfaldlega ekki um það. Hún fjallaði um það að tveir hæstv. ráðherrar og einn hv. stjórnarþingmaður í kjölfarið bera fréttastofu Ríkisútvarpsins alvarlegum sökum. Það er engin tilviljun að slíkt ber næstum því upp á sama daginn. Þetta hlýtur að hafa verið rætt í stjórn-

arliðinu. Hér hlýtur að vera eitthvað meira á ferðinni. Og svör hæstv. menntmrh., staðfesta það. Hér er mjög alvarlegur hlutur að gerast. Er það hlutdrægni að skýra frá málum sem koma illa við ríkisstjórnina? Á fréttastofan að hætta því? (**Gripið fram í:** Banna slíkt bara.) Eða banna slíkt? Mér er spurn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er ekki hlutdrægni af féttastofu Ríkisútvarpsins að skýra frá málum sem varða ríkisstjórnina. Það er ekki mitt mat. En þannig kann að vera skýrt frá málum að það sé hlutdrægni. Hv. þm. sagði að það væri enginn að segja að fréttastofa Ríkisútvarpsins væri hafin yfir gagnrýni. Þá erum við sammála um það og þurfum ekkert að deila um það. Fréttastofa Ríkisútvarpsins er ekki hafin yfir gagnrýni, um það erum við sammála. (**GHelg.:** Er ríkisstjórnin hafin yfir gagnrýni?) Á ég að svara þessu sem menntmrh. hvort ríkisstjórnin sé hafin yfir gagnrýni? Hún er ekki hafin yfir gagnrýni fremur en stjórnarandstaðan. (**Gripið fram í:** Þá erum við sammála.) Það ætti hv. þm. Guðrún Helgadóttir að vita og ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um það hér á þingi. Það má vel vera að við fáum tækifæri til að ræða um Ríkisútvarpið við betri hentugleika og í rýmri tíma og ég vona það satt að segja að við fáum til þess lengri tíma en þrjár eða fimm mínútur. (**ÓRG:** Ég held það sé aðalatriðið að ræða ritskoðunarkröfu Sjálfstfl.)

Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina til hæstv. samgrh. tveimur fyrirspurnum. Sú fyrri varðar jarðgöngin á norðanverðum Vestfjörðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hafnar eru viðræður við verktaka um seinkun á framkvæmdum þar og hvort fyrir liggi eitthvert mat á því hversu mikið ríkið muni þurfa að borga þeim verktaka í bætur fyrir breytingar á verksamningi.

Ég vil í öðru lagi spyrja varðandi þessa framkvæmd: Hvernig hyggst samgrh. láta mæta þessum niðurskurði, 250 milljónum, á framkvæmd til ganganna á þessu ári? Hvernig verður því mætt í verkinu sjálfu? Hvar verði dregið úr?

Hin fyrirspurnin varðar vegsvalir á Óshlíðarvegi milli Hnífsdals og Bolungarvíkur sem er eina samgönguleið Bolvíkinga við umheiminn fyrir utan sjó. Þar hefur verið ákveðið að byggja á þessu ári tvo vegskála til að treysta samgöngur. Nú hef ég haft af því fréttir að það muni vera uppi áform um að hætta við þá framkvæmd og fresta því um ótiltekinn tíma að reisa þessa vegskála eins og áður var fyrirhugað. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hver eru áform hans varðandi byggingu þessara tveggja vegskála á Óshlíð á þessu sumri?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Jarðgöng fyrir vestan hafa áður borið á góma hér í þingsölum. Eins og ég hef marglýst yfir þá stendur ekki til að fresta því að göngin opnist þannig að umferð geti farið um þau þó svo að frágangur eða einstakir verkþættir dragist um eitt sumar eða svo. Viðræður hafa staðið yfir milli verktaka og vegamálastjóra og mér er ekki kunnugt um að þeim sé lokið.

Spurt er um vegsvalir við Óshlíð. Eins og hv. þm. er kunnugt þá liggur þáltill. um endurskoðun vegáætlunar fyrir þinginu. Það verður mælt fyrir henni eftir helgi og síðan verður unnið eftir venjulegum hætti með þingmönnum kjördæma og vegamálastjóra um hvernig rétt sé að ná fram þeim sparnaði sem ákveðinn hefur verið með fjárlögum og það verður ekki breyting á þeim vinnubrögðum. Þetta mun sem sagt skýrast í þessum mánuði.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forsti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin þó ég kunni betur við að hann svari þeim spurningum sem lagðar eru fyrir hann og láti ógert að svara spurningum sem ekki eru bornar fram. Hann var ekki spurður um hvort það mundi seinka opnun jarðganganna árið 1995 eða 1996. Hann var spurður um áformin á þessu ári. Og hvað varðar vegsvalir á Óshlíð þá liggur fyrir ákvörðun um að í þetta verk verði ráðist á þessu ári. Í þeirri þáltill. sem ráðherrann hefur lagt fram er ekki vikið að því að breyta þeirri ákvörðun en ég spyr vegna þess að ég hef það áreiðanlegar fréttir frá mönnum sem taka verður að alvarlega í þessum málum að menn sjái ekki að það verði gert á þessu ári. Það verði ekki farið í þessa framkvæmd. Og ég vil fá afdráttarlaust svar, hæstv. samgrh., við því hvort staðið verði við fyrirheit sem fyrrv. hv. formaður fjárveitinganefndar, núv. heilbrrh., gaf og talaði manna mest um í kjördæminu fyrir síðustu alþingiskosningar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hv. þm. er kunnugt um að það hefur verið óhjákvæmilegt nú að draga nokkuð saman í ríkisútgjöldum til þess að reyna að koma stjórn á fjármál ríkisins. Einn liður í því er að draga nokkuð eða lítillega saman vegaframkvæmdir. Það hlýtur að bitna á einhverjum framkvæmdaliðum á Vestfjörðum. En eins og ég sagði áðan og hv. þm. á að vera kunnugt þá verða þessi mál rædd innan þingmannahóps Vestfirðinga eins og í öðrum kjördæmum og þar ræðst hvernig verður farið með það fé sem varið er til vegaframkvæmda á Vestfjörðum.

Umræður utan dagskrár.

Landakotsspítali og stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 10. þm. Reykv. eins og forseti tilkynnti í upphafi fundar. Umræðan verður með þeim hætti að hver þingflokkur hef-

ur til umráða allt að 20 mínútur auk þess sem málshefjandi ásamt ráðherra hafa 10 mínútur í lokin ef þörf er á.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Þegar fjárlög fyrir árið 1992 voru samþykkt hér á Alþingi síðustu dagana fyrir jól voru teknar stefnumarkandi pólitískar ákvarðanir um sjúkrahúsaþjónustu á Reykjavíkursvæðinu. Þessar ákvarðanir breyta skipulagi þjónustunnar og hafa veruleg áhrif til frambúðar. Enn sem komið er hafa þær þó öðru fremur valdið glundroða og ótta hjá starfsfólki og sjúklingum sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Þessar ákvarðanir voru í aðalatriðum fjórar:

Í fyrsta lagi að leggja niður Landakotsspítala í núverandi mynd með því að skera fjárframlög til spítalans niður um 35–40% eða um 430–480 millj. Þetta var gert án undirbúnings, án samráðs við St. Jósefssystur og starfsfólk og án þess að ákvörðuninni fylgdi nokkur stefnumörkun um það hvernig niðurskurðinum skyldi mætt. Stjórn og starfsfólk spítalans var í rauninni skilið eftir í lausu lofti, enda er spítalinn að því er segja má nú ein rjúkandi rúst.

Í öðru lagi var ákveðið að draga verulega úr rekstri og þjónustu St. Jósefsspítala í Hafnarfirði með því að skera fjárframlög til spítalans niður um tæp 30% eða um 64 millj. Þessari ákvörðun fylgdi heldur engin afstaða til þess hvernig þetta skyldi gert. Þetta getur ekki þýtt annað en að aukin verkefni færast yfir á stóru sjúkrahúsin í Reykjavík.

Í þriðja lagi var ákveðið að færa rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkurborgar frá Borgarspítala yfir á Landspítala með manni og mús en aðeins 7 millj. og 7 stöðugildum. Að öðru leyti var engin formleg ákvörðun tekin um framtíð stofnunarinnar en tillaga Kvennalistans um óbreyttan rekstur var felld hér á Alþingi. Við þá afgreiðslu gaf heilbr.- og trmrh. reyndar yfirlýsingu, sem ég mun fara fram á að hann staðfesti hér á eftir.

Í fjórða lagi var ákveðið að skera rekstur ríkisspítalanna í Reykjavík og Borgarspítalans niður um 5% sem minnkar verulega svigrúm þessara stofnana til að bregðast við afleiðingum þeirra breytinga á sjúkrahúsaþjónustunni sem ég var hér að lýsa og sem mun eiga sér stað líka um land allt. Spítalar úti á landi geta lokað deildum og sent suður sem auðvitað er mikið óhagræði fyrir íbúana á staðnum og skerðir þjónustuna við þá, en spítalarnir stóru í Reykjavík verða að taka það sem hjá þeim lendir. Þeir eiga ekki annarra kosta völ.

Þessi niðurskurður sem ég hef nú rakið ásamt halla frá síðasta ári á þessum sjúkrahúsum öllum saman nemur því um það bil 1,1–1,2 milljörðum á árinu en þetta samsvarar því sem næst öllum rekstrarkostnaði Landakotsspítala á síðasta ári. Það er því í raun verið að skera niður í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu sem nemur einu 174 rúma sjúkrahúsi. Slíkur niðurskurður hlýtur að koma niður á sjúklingum nema því aðeins að stórkostlegt og vítavert bruðl hafi átt sér stað á sjúkrahúsunum í Reykjavík hingað til. Hafi svo verið liggur auðvitað beint við að segja þeim mönnum upp störfum sem ábyrgðina bera. Þá hafa þeir farið gáleysislega með opinbert fé, ef fært er að koma þessum niðurskurði við án þess að skerða verulega þjónustu við sjúklinga.

Þessum niðurskurði sem ég hef rakið fylgir í raun engin stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnar, ráðherra eða ráðuneytis. Ráðamönnum stofnana er hreinlega sagt að taka fyrir nefið, stinga sér til sunds og reyna með einhverjum hætti að ná landi. Enginn talar við starfsfólkið sem er að missa atvinnuöryggi sitt og enginn hlustar á hugmyndir þess. Á þetta jafnt við um starfsfólk Landakots og Fæðingarheimilis Reykjavíkur. Þessu fólki er vísað á guð, nýjan guð eða gaddinn. Þessi óvissa nær til rúmlega 600 starfsmanna á Landakoti sem nú eru með uppsagnarbréf í höndunum og til tæplega 20 starfsmanna á Fæðingarheimili Reykjavíkur sem eru í tæplega 16 stöðugildum.

Allt bendir til að helmingur starfsmanna Fæðingarheimilis Reykjavíkur verði að flytja sig í annað starf og ef ekki leysist úr vandræðum Landakots hið bráðasta, þá missa um 200 starfsmenn spítalans atvinnuna. Margir sem nú eru í óvissu hafa unnið vel og dyggilega fyrir ríkið í langan tíma á lágu kaupi og skýrasta og órækasta dæmið um það eru sóknarkonurnar. Af um 120 sóknarkonum sem nú hafa fengið uppsagnarbréf á Landakoti eru yfir 70% 50 ára eða eldri og það er ekki auðvelt fyrir konur á þeim aldri að komast í önnur störf.

Á sjúkrahúsunum hafa menn verið að leita leiða til að bregðast við pólitískum ákvörðunum Alþingis, því að auðvitað voru þetta ákvarðanir sem hér voru teknar og væntanlega með fullri vitund og vilja alþingismanna sem þær samþykktu, en svo virðist sem hæstv. heilbrrh. sé þar hvergi nærstaddur. Hann bíður átekta á meðan menn koma sér saman um það hvort eigi að hengja eða skjóta. Hann vísar oft til sjálfseignarstofnunarinnar á Landakotsspítala og talar um hana eins og hún ráði sér algerlega sjálf, hún sé ekki á hans ábyrgð og honum ekki viðkomandi. Það er hins vegar ástæða til þess að vekja athygli á því að sjálfseignarstofnunin á Landakotsspítala var stofnuð af heilbr.- og trmrh. á sínum tíma, Matthíasi Bjarnasyni, og þeir sem sitja í fulltrúaráði þeirrar stofnunar eru þangað skipaðir af ráðherra þannig að hún hlýtur að starfa á ábyrgð hans.

Á Landspítalanum eru núna einhverjir menn að möndla með Fæðingarheimili Reykjavíkur, ráðstafa stofnuninni og ákvarða framtíð hennar og stjórnendur Landakots og Borgarspítala eru að möndla með einhverja sameiningu sem enginn veit í hverra þágu eða þökk er. Ég reikna með að þeir aðilar sem þarna eru að möndla með framtíð þessara stofnana séu að reyna að lágmarka skaðann sem af niðurskurðinum hlýst, en jafnframt er ég býsna sannfærð um að þeir sem eru að möndla með málin hvað mest eru um leið að reyna að tryggja sína stöðu og framtíð.

Nú liggur sameining Landakots og Borgarspítala í loftinu, sameining sem ljóst er að mikill ágreiningur er um á Landakoti og sem efast má um að standist gerða samninga við St. Jósefssystur. Í þessu sambandi er rétt

að rifja það upp að ríkið keypti rekstur, fasteignir og tæki Landakotsspítala af St. Jósefssystrum árið 1976 fyrir 12 millj. nýkrónur sem samsvara líklega um 726 millj. í dag. Þetta er auðvitað ekkert verð fyrir 176 rúma hátæknispítala, enda settu systurnar ákveðin skilyrði við söluna og þau skilyrði er að finna í kaupsamningi og í skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina. Í 4. gr. kaupsamnings segir:

„Kaupandi lýsir því yfir að hann muni fela rekstur spítalans sjálfseignarstofnun sem komið verður á fót í því skyni að spítalinn verði rekinn með sama sniði og verið hefur. Sjálfseignarstofnun þessi verður í því formi sem ríkisstjórnin ákveður og seljandi samþykkir."

Í skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina, sem er eins og hér segir stofnuð af heilbr.- og trmrn., segir í 5. gr., með leyfi forseta: „Ríkið skuldbindur sig til þess að sjá spítalanum fyrir rekstrarfé til reksturs starfseminnar." Og síðar í 8. gr.: „Stofnunin skal reka St. Jósefsspítala í því formi sem hann nú er rekinn í, sérstaklega hvað snertir læknisþjónustu."

Ég held því að það sé alveg skýrt undir hvaða skuldbindingar ríkisvaldið gekkst þegar það gerði þessa samninga.

Þessar greinar sem ég var að lesa upp hafa þegar verið brotnar með tæplega 40% niðurskurði á rekstrarframlagi til spítalans. Ef af sameiningu verður án samþykkis systranna er aftur höggvið í sama knérunn og þeim sýnd grátleg óvirðing fyrir 75 ára sjálfboðastarf í þágu þjóðarinnar. Ég held að mörgum finnist yfirgangurinn og tillitssleysið við St. Jósefssystur orðinn ærinn nú þegar þó ekki sé bætt gráu ofan á svart.

Mér segir svo hugur að sumir Landakotsmenn séu tilbúnir nú til að fara út í sameiningu þó að þeir hafi ekki verið tilbúnir til þess rétt fyrir áramót til að tryggja að þeir fái einhverju ráðið um þróun mála, tryggja áhrif sín. Borgarspítalamenn hins vegar vilja auðvitað sameiningu til að verða stærri og til að tryggja stöðu sína gagnvart Landspítalanum og koma í veg fyrir að Landspítalinn gleypi þá. Það er nefnilega þannig í sjúkrahúsamálum hér í Reykjavík að þeir stóru vilja gleypa þá sem minni eru sem gera aftur allt hvað þeir geta til að komast hjá því að verða étnir. Það er þetta lögmál sem ræður för en ekki hlutlæg úttekt og mat á því hvað er í raun best fyrir sjúklinga og hagkvæmast fyrir ríkið og þar með skattgreiðendur.

Það er afskaplega óljóst hvað vinnst við sameiningu Landakots og Borgarspítala, bæði faglega og fjárhagslega, en verði ávinningur getur hann tæpast orðið fyrr en eftir allnokkurn tíma. Sameining stórfyrirtækja, ekki síst þegar um jafnviðkvæman rekstur og sjúkrahús er að ræða þarf alltaf talsverðan aðdraganda, góðan undirbúning, skipulagða framkvæmd og sameiningin kostar umtalsvert fé. Og mér finnst að alþingismenn ættu að hafa í huga sameiningu bankanna hér í landinu. Hún hefur tekið alllangan tíma og hún er enn ekki farin að skila neinum sparnaði eftir allan þennan tíma. Þó létti ríkisvaldið af bönkunum sameinuðum um 3 milljarða kr. skuld vegna Útvegsbanka og þetta er enn ekki farið að skila neinu. Ég er sannfærð um það að ef menn fara út í sameiningu, þá er ódýrast að láta hana eiga sér stað á nokkuð löngum tíma, en það er dýrast að gera hana í einum grænum hvelli eins og virðist falla best að æðibunugangi heilbrrh. og hans manna.

Það er athyglisvert viðtal í Tímanum í dag við aðstoðarmann heilbrrh. þar sem hann talar um sameininguna og segir, með leyfi forseta:

„Sumir vilja teygja þetta upp í þrjú ár eða lengur. Ég held að ríkisstjórnin vilji að þetta gangi hraðar fyrir sig þannig að þetta skili sem fyrst einhverjum árangri," sagði Þorkell. Og síðan segir hann um nefndarstarfið sem unnið var fyrir áramót og gerði ráð fyrir að sameiningin tæki fimm til sex ár:

„Auðvitað munum við byggja á vinnu nefndarinnar, en það þarf kannski að herða meira mittisólina en þarna var gert ráð fyrir. Nefndin vann sitt starf meira" — og takið nú eftir — „á faglegum grundvelli um hvernig hún vildi að svona sjúkrahús liti út ef nefndarmenn hefðu nóg fé til að fara út í þær breytingar sem þeir helst kysu."

Þetta segir aðstoðarmaður ráðherra. Það sem hann er að segja þarna stangast auðvitað algerlega á við hugmyndir þeirra sem eru núna að vinna að sameiningunni á Borgarspítalanum og á Landakotsspítala. Þeir sem þar starfa gera ráð fyrir að Landakot haldi nánast óbreyttum rekstri fram á mitt næsta ár, fram á mitt árið 1993. En á þessu ári verði lagt í 125 millj. kr. framkvæmdir við skurðstofur á Borgarspítala svo að spítalinn verði í stakk búinn til að taka við verkefnum af Landakoti á næsta ári. Sameiningunni verður, samkvæmt þessum hugmyndum, ekki lokið fyrr en að fimm árum liðnum. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að stofnframkvæmdir vegna sameiningar kosti ekki undir 1 milljarði. Og spurningin snýst því í raun aðeins um það á hve mörgum árum sameiningin eigi að gerast og þar með á hve mörg ár stofnkostnaðurinn dreifist. Þeim mun færri ár sem sameiningin tekur, þeim mun harðar kemur stofnkostnaðurinn niður á þessi tilteknu ár. En kostnaðurinn er óumflýjanlega til staðar.

Það er alveg ljóst að sameiningarmenn gera nú út á það fé sem til ráðstöfunar er í ráðuneytinu og ráðherra hefur veifað eins og gulrót framan í stjórnendur spítalanna. Hann notar það til að deila og drottna og hann gefur í skyn í Morgunblaðinu um helgina að hann muni nota það til að umbuna og refsa. Í allt er þarna um tæplega 800 millj. kr. að ræða og ef marka má viðtal við Árna Sigfússon, formann sjúkrastofnana Reykjavíkur, í Morgunblaðinu í dag gera sameiningarmenn sér vonir um að fá rúmlega 60% þessarar upphæðar. Svo er að skilja að það sé í raun forsenda sameiningarinnar að þetta fé fáist. Eftir sem áður yrði um að ræða um 360 millj. kr. niðurskurð á rekstri spítalanna tveggja á þessu ári. Í raun má segja að með þessu móti fengi Borgarspítalinn sinn niðurskurð bættan, þær 200 millj. sem hann þarf að skera niður, en eftir stæði 78% af niðurskurði Landakotsspítala. Og það er erfitt að sjá hvernig hægt er að koma þessum sparnaði við án þess að segja upp starfsfólki.

Fögur orð formanns stjórnar sjúkrastofnana, Árna Sigfússonar, tryggja ekki atvinnuöryggi og sú spurning hlýtur líka að vakna hvort eitthvert mark sé á þeim takandi. Þessi spurning vaknar ekki síst vegna þeirra atburða sem nú virðast eiga sér stað á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var reykvískum konum lofað því að Fæðingarheimilið fengi að lifa og dafna sem fæðingarstofnun um ókomna framtíð. Þeim var lofað því. Í nafni páv. borgarstjóra og núv. forsrh. var gert heiðursmannasamkomulag, eitt af þessum heiðursmannasamkomulögum sem menn gera og svíkja síðan, við starfsfólk heimilisins um áframhaldandi óbreyttan rekstur. Formaður stjórnar sjúkrastofnana sór og sárt við lagði í október sl., og þar er ég að tala um Árna Sigfússon, að konur hefðu áfram þennan valkost þegar til fæðingar kæmi þó að ríkið yfirtæki reksturinn. Og svo síðast núna í desember tók heilbrrh. í sama streng hér við afgreiðslu fjárlaga og orð hans eru auðvitað tryggilega prentuð í þingtíðindi, en þar segir hæstv. ráðherra:

„Ég vil gjarnan leiðrétta þann misskilning að hér sé um það að ræða að leggja eigi niður Fæðingarheimili Reykjavíkur sem fæðingarstofnun. Það er ekki rétt. Það er gert ráð fyrir því að starfrækja heimilið áfram sem fæðingarstofnun... Ríkisspítalarnir munu reka áfram Fæðingarheimili Reykjavíkur sem fæðingarstofnun undir sama nafni en stjórnendurnir munu að sjálfsögðu gera ráð fyrir hagræðingu á milli fæðingardeildarinnar og Fæðingarheimilisins um þann rekstur sem verður sameiginlega á vegum ríkisspítalanna."

Ýmislegt bendir nú til þess að innan mjög skamms tíma verði Fæðingarheimilinu engu að síður lokað fæðandi konum og hér í borginni er jafnvel talað um fimm daga. Þar verði aðeins boðið upp á sængurlegu en engar fæðingar. Stofnunin fái engu að síður að halda nafni sínu, en að öðru leyti verði um allt annars konar starfsemi að ræða. Það verði sem sagt haldið í skurnina en blóminn blásin úr. Þetta kemur líka ljóslega fram í viðtali við Gunnlaug Snædal prófessor í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu þar sem segir, með leyfi forseta: „Hann segir þó að líklegast verði Fæðingarheimilið haft sem sængurkvennadeild og allar fæðingar verði á kvennadeildinni." Og síðar í viðtalinu: „...að konur yrðu færðar yfir á Fæðingarheimilið nokkrum klukkustundum eftir fæðingu."

Hvað á nú svona að þýða að vera að transportera konum úr einu húsi yfir í annað rétt eftir fæðingu? Þetta er svo fráleitt.

En það var talað um fæðingarstofnun og ráðherra lofaði hér að þetta yrði rekið sem fæðingarstofnun eftir breytingu. Samkvæmt minni málvitund og reynslu getur stofnun þar sem engin fæðing á sér stað ekki verið fæðingarstofnun. Ég hlýt að spyrja heilbrrh. og aðra þingmenn hvort þeir séu mér ekki sammála í því að fæðingarstofnun geti sú stofnun ekki talist þar sem enginn fæðir. Og ef svo er, er þá ekki ljóst að hér fyrir jól var því lofað af ráðherra að fæðandi konur ættu vísan aðgang að Fæðingarheimili Reykjavíkur þó að breytt yrði um rekstraraðila?

Fæðingarheimili Reykjavíkur hefur haft gífurlega þýðingu fyrir konur í landinu og bryddað upp á margvíslegum nýjungum sem flestar hafa miðað að því að gera fæðingu barns sem eðlilegasta. Það er ekkert eins eðlilegt og að fæðast í þennan heim og mikill meiri hluti allra fæðinga er án teljandi vandamála. Það er því fráleitt að allar fæðingar þurfi að eiga sér stað á hátæknisjúkrahúsi og það getur tæpast verið hagkvæmt.

Fæðingarheimili Reykjavíkur er stofnun sem hefur verið mótuð af ljósmæðrum til mótvægis við fæðingardeild Landspítalans þar sem læknar hafa verið meira ráðandi. Þessar stofnanir eru ágætar hvor með annarri og það er mikilvægt að þær fái báðar þrifist og konur eigi eitthvert raunhæft val. Okkur finnst eðlilegt hér að hafa tvær eða fleiri lyflækningadeildir eða skurðlækningadeildir í borginni. Því ekki fleiri en eina fæðingarstofnun?

Það er óneitanlega sérkennilegt og sorglegt að þær þrjár sjúkrastofnanir á Reykjavíkursvæðinu sem konur hafa byggt upp, mótað og rekið, skuli nú allar róa lífróður. Úti í bæ og inni í ráðuneyti eru karlmenn í ráðandi stöðum að ráðskast með og gera út um framtíð þessara stofnana án þess svo mikið sem eyða orði á þær konur sem eiga heiðurinn af tilvist þeirra. Það er ekki talað við St. Jósefssystur og ekki við ljósmæður á Fæðingarheimilinu.

En það er ekki bara verið að ráða örlögum þessara stofnana heldur er líka verið að breyta fjölmennum kvennavinnustöðum, leggja niður störf kvenna, segja konum upp og flytja þær til í starfi. Og það er með öllu ólíðandi hvernig staðið hefur verið að þessum málum. Það er nauðsynlegt að fá hér á Alþingi fram pólitískan vilja ráðamanna þessa lands og þá ekki síður stefnu þeirra í kjölfar niðurskurðar. Því ætla ég að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir sameiningu Borgarspítala og að hún hefjist þegar á þessu ári og gangi í gegn á innan við einu til tveimur árum eins og ráða má af viðtali við aðstoðarmann hans í blöðum í dag?

2. Hvaða skoðun hefur ráðherra á rekstrarformi sjúkrahúsa Reykjavíkur ef af sameiningu verður? Það hefur auðvitað mikla þýðingu fyrir starfsfólk sem þar kemur til með að vinna að vita þetta.

3. Hefur ráðherra tekið upp samningaviðræður við St. Jósefssystur um breyttan rekstur Landakotsspítala eins og honum ber skýlaus skylda til hvort sem til niðurskurðar og/eða sameiningar kemur?

4. Hvaða upphæð ætlar ráðherra að verja til sjúkrahúsanna í Reykjavík af þeim 500 millj. kr. sem til ráðstöfunar eru vegna rekstrarsparnaðar?

5. Er ráðherra tilbúinn til að taka pólitíska ábyrgð á þeim uppsögnum starfsfólks sem mikill niðurskurður á framlagi til Landakotsspítala hefur óneitanlega í för með sér?

6. Ætlar ráðherra að tryggja það að fæðandi konur, sem er annað en sængurkonur, eigi áfram aðgang að Fæðingarheimili Reykjavíkur og þar sé boðið upp á þjónustu sem sé raunhæfur valkostur fyrir fæðandi konur?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég svara spurningum hv. þm. vil ég leiðrétta rangfærslur sem fram komu í máli hennar vegna málefnis sem kemur þessu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég vil gjarnan að það komi fram svo að niðurstaðan í því máli sé altént rétt að það er ekki rétt að sameining bankastofnana á Íslandi hafi engu breytt. Eftir sameininguna eru nú tæplega 100 starfsmönnum færra í bankastofnunum heldur en var fyrir þá sameiningu og það hafa verið seldar eignir sem voru í eigu bankanna fyrir yfir 500 millj. kr. Þetta kemur sjúkrahúsmálunum ekki nokkurn skapaðan hlut við. En rétt skal vera rétt og ég vil nota tækifærið til að leiðrétta hv. þm., m.a. til þess að hv. þm. fari ekki með sömu rangfærslurnar ef hv. þm. skyldi ræða þetta mál aftur. (**ISG:** Hvað hefur sparast?) Þetta sem ég var að segja, virðulegi þingmaður, hefur sparast í launakostnaði sem samsvarar 100 stöðugildum og í nýtingu fasteigna sem svarar fasteignum að verðmæti milli 500 og 600 millj. kr. Það hefur sparast, virðulegi þingmaður, og það er rétt að hafa það sem sannara reynist — eða hvað?

Virðulegi forseti. Niðurskurður í heilbrigðismálum er ekkert nýr. Jafnvel þó svo við búum við það ástand að við séum sennilega með eitt dýrasta heilbrigðiskerfi í öllum heiminum. Ef við tökum tillit til aldurssamsetningar þjóðarinnar, þá erum við sennilega með dýrasta heilbrigðiskerfi í heiminum næst á eftir Bandaríkjamönnum. Engu að síður hafa átt sér stað verulegar lækkanir á fjárveitingum íslenska ríkisins til heilbrigðismála á undanförnum árum, m.a. til sjúkrahúsanna hér í Reykjavík. Þessi lækkun á fjárveitingum hefur m.a. komið fram í því að sjúkrahúsin hafa í mörg ár ekki verið rekin með fullum afköstum. Á undanförnum tveimur árum eða svo, áður en til þeirrar lækkunar á framlögum úr ríkissjóði sem við erum að ræða um nú kom til framkvæmda, hafa sjúkrahúsin í Reykjavík samtals haft lokuð um 100 sjúkrarúm allt árið um kring sem samsvarar því að af samanlögðu sjúkrahúsabattaríinu í Reykjavík, þessum þremur sjúkrahúsum, þá sé eitt meðalstórt sjúkrahús lokað allt árið um kring. Á sama tíma, m.a. fyrir tilverknað þessarar stofnunar hér, hins háa Alþingis, hafa menn verið að byggja hjúkrunarrými í Reykjavík þar sem kröfurnar hafa verið þær að stærð í fermetrum á hvert byggt hjúkrunarrými hefur verið frá 65 og upp í 68 m^2 og kostnaður við nýbygginguna hefur verið um 8 millj. kr. á rúm. Þetta hefur Alþingi verið að gera í fjárlagaákvörðunum sínum á sama tíma og Alþingi hefur verið með fjárveitingum til reksturs þeirra stofnana sem fyrir eru að taka ákvarðanir um að starfrækja ekki 100 sjúkrarúm sem ella hefðu getað nýst til hjúkrunarvistunar. Og ég spyr: Finnst mönnum þetta eðlilegt? Mitt svar er nei. Finnst mönnum eðlilegt að þjóð sem á í efnahagsörðugleikum noti sitt fé svona? Mitt svar er nei. En það er engu að síður staðreynd að hún gerir það.

Sá niðurskurður sem átt hefur sér stað hér á Reykjavíkursvæðinu hefur ekki síst komið fram í lækkuðum fjárveitingum til Landakotsspítala. Ástæðan er m.a. sú að í þeim þrengingum sem fyrrverandi heilbrigðisráðherrar hafa staðið í með minna fjármagn til ráðstöfunar heldur en þarf til að reka þessa spítala með eðlilegum hætti, þá hafa þeir reynt að varðveita þá þjónustu annars vegar sem er á Landspítalanum, sem er háskólasjúkrahús okkar Íslendinga og sá spítali þar sem ýmsar sérhæfðar aðgerðir fara fram sem ekki er að finna annars staðar, og hins vegar Borgarspítalanum sem er aðalslysajúkrahús landsmanna. Niðurskurðurinn hefur því verulega bitnað á Landakotsspítala á umliðnum árum þannig að Landakotsspítali eins og hann er rekinn í dag er raunar ekki nema svipur hjá sjón frá því sem hann ætti að vera og er út af fyrir sig kraftaverk hvernig t.d. á síðsta ári hefur þó verið hægt að standa að rekstri spítalans. (Gripið fram í.) Það er því alveg ljóst, virðulegi forseti, að þessi þróun hefur verið að gerast.

Það hafa áður komið fram hugmyndir um það að breyta rekstri Landakotsspítala. Ég held að það séu um það bil þrjú ár síðan þáv. heilbrrh. lagði til að Landakotsspítali yrði gerður að hjúkrunarstofnun, m.a. til þess að bregðast við því ástandi sem virtist vera viðvarandi að stöðugt væri um að ræða minnkaða möguleika til að greiða þann kostnað sem íslenska heilbrigðiskerfið kostar. Og það er alveg sama hvað menn hrópa hátt, hvað menn mótmæla mikið, hvað menn halda marga fundi og hvað menn hrista mikið höfuðið, ekkert af slíku býr til peninga ef peningar eru ekki til. Og það eru fjármunir sem okkur vantar til þess að greiða þennan rekstur. Við höfum verið í sífellt meiri erfiðleikum með að standa undir þeim kostnaði.

Því er ekkert óeðlilegt að menn hafi í heilbrrn., ekki bara sá ráðherra sem hér stendur heldur margir forverar hans, viljað skoða möguleikana á því að nýta fjármuni betur með því að auka samstarf spítalanna stóru á Reykjavíkursvæðinu, hugsanlega að sameina þá tvo eða fleiri og horfa jafnframt á hlutverk sjúkrahúsanna í næsta nágrenni við Reykjavík eins og á Selfossi, Akranesi, Hveragerði, Keflavík og víðar og reyna að samræma — já, það er ekkert broslegt að gera sér það í hugarlund að hæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði taki að verulegu leyti við endurhæfingarsjúklingum frá stofnunum í Reykjavík, enda hefur verið um það samið og þar er nú rekin endurhæfingardeild fyrir 100 sjúklinga sem að verulegu leyti eru komnir frá sjúkrahúsunum stóru í Reykjavík. Og það er ekkert óeðlilegt að menn hugi að þessu. Það hafa menn verið að gera að undanförnu þegar að við blasti að það mundi vanta yfir 1,5 milljarða kr. á fjárlögum ársins 1992 til þess að hægt væri að reka sjúkrahúsin í Reykjavík með eðlilegum afköstum öllsömul í óbreyttum rekstri. Það vantar um 1,5 milljarða kr. til þess að hægt sé að reka sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík með eðlilegum rekstri miðað við það að þau séu rekin áfram sem þrjár sjálfstæðar einingar. Þetta eru fjármunir sem eru álíka miklir og það kostar að reka allt utanrrn. með öllum sendiráðum þess erlendis. Þetta eru engir smápeningar, þetta eru ekki peningar sem menn búa til á einni nóttu í einu ráðuneyti. En þetta er það sem það kostar að reka sjúkrahúsin öll með fullum afköstum, þetta er það sem það kostar í viðbót við þá

peninga sem menn hafa til ráðstöfunar.

Það er því ekkert skrýtið þótt heilbrrh. taki sömu ákvörðun og fyrirrennarar hans í starfi að vita hvort hægt sé að nýta þessa fjármuni, þá fjármuni sem til eru til reksturs sjúkrahúsanna betur með samvinnu þeirra, sameiningu einhverra þeirra og aukinni samvinnu sjúkrahúsanna. Ég ræddi við stjórnendur þessara þriggja sjúkrahúsa í Reykjavík um nauðsyn á að gera þetta, m.a. vegna þess að ég þóttist sjá að ef áfram héldi í óbreyttu fari, þá mundi Landakotsspítali halda áfram á þeirri leið sem hann var þegar kominn inn á, að fjara út smátt og smátt og enda sem annexía hjá ríkisspítölunum eftir að samningurinn við systurnar rennur út árið 1996.

Ég held að margir stjórnendur Landakotsspítala hafi verið mér sammála um þetta álit og þetta hafi m.a. orðið til þess að menn settust í alvöru niður til þess að reyna að búa til nýtt sjúkrahús, Sjúkrahús Reykjavíkur, sem tæki við þeim rekstri sem nú er á tveimur spítölum, Borgarspítala og Landakotsspítala, í því skyni að reyna að varðveita eftir föngum þá þjónustu sem þar er nú á báðum þessum spítölum en þó með eðlilegri tilfærslu á milli stofnana, milli húsa og með betri nýtingu á mannskap. Og ég ítreka að það getur ekki verið neitt heilagt í þessu sambandi hvort einhver tiltekin starfsemi fari alltaf fram innan sömu fjögurra veggjanna eða hvort starfsemin sé flutt til milli bygginga í samræmi við eðlilegar þarfir og kröfur. Það getur ekki verið markmið að eitthvað sem hefur verið gert innan tiltekinna fjögurra veggja skuli ávallt gerast innan þeirra sömu fjögurra veggja. Meginatriðið hlýtur að vera að varðveita kjarnann í þeirri þjónustu sem fram fór. Meðal annars þess vegna settust menn í alvöru yfir það, stjórnendur Borgarspítala og stjórnendur Landakotsspítala, að kanna hvort þeir gætu náð samkomulagi um faglegar forsendur að uppbyggingu á nýjum spítala í Reykjavík sem tæki að sér þau viðfangsefni sem þessir tveir spítalar höfðu haft. Og þeir luku athugunum sínum og skiluðu mér tillögum þar um í byrjun desembermánaðar.

Næsta verk var að sjálfsögðu það að eigendur þessara sjúkrastofnana og þeir sem bera ábyrgð á rekstri þeirra, þ.e. ríkisvaldið, Reykjavíkurborg og forráðamenn sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósefsspítala sem hafa rekstur þeirrar stofnunar með höndum þar til árið 1996, settust niður til þess að leita eftir því hvort þeir gætu náð samkomulagi um að standa að rekstri og byggingu slíkrar stofnunar og takast á herðar þær fjárhagslegu skuldbindingar sem því mundi fylgja. Því miður gat það ekki orðið eins og til stóð strax í desember í kjölfar af þeirri niðurstöðu sem ég fékk um faglegar forsendur fyrir nýjum spítala en það er hins vegar að gerast nú.

Hv. þm. spurði hvort ég ætlaði að beita mér fyrir sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala og hvort hún mundi hefjast þegar á þessu ári. Í morgun skipaði ég viðræðunefnd af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að ræða við forráðamenn Borgarspítala og Reykjavíkurborg annars vegar og stjórnendur St. Jósefsspítala og forráðamenn sjálfseignarstofnunarinnar hins vegar um hvort samkomulag tækist á milli þessara þriggja aðila um stofnun nýs sjúkrahúss í Reykjavík og þær fjárskuldbindingar sem því munu fylgja. Formaður þessarar nefndar og fulltrúi minn og fjmrh. sameiginlega hefur verið skipaður. Fulltrúi minn í þessum viðræðum sérstaklega er Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og fulltrúi fjmrh. hefur einnig verið skipaður, sérstakur fulltrúi hans. Þessir þrír aðilar munu vinna með starfsmönnum úr heilbr.- og trmrn. að því að leita tafarlaust samkomulags við hina tvo aðilana um stofnun nýs sjúkrahúss og þær fjárskuldbindingar sem því fylgja. Ég vonast til þess að það sé hægt að ljúka þeim samningaviðræðum með jákvæðum hætti sem allra fyrst og vonast því til að ný stofnun geti tekið til starfa mjög fljótlega með nýrri bráðabirgðastjórn sem taki við rekstri þessara tveggja stofnana. Hversu langan tíma það tekur síðan að ljúka öllum þeim áformum sem menn kunna að hafa um breytingar og tilfærslur á milli stofnananna eða milli þeirra bygginga sem hér um ræðir veit ég ekki. Það er eitt af því sem menn þurfa að ræða í þessu sambandi en sem allra fyrst þarf að koma ný sameiginleg stjórn yfir þessar stofnanir, m.a. til þess að eyða óvissu í sambandi við rekstur þeirra og ég mun beita mér fyrir því að það gerist eins hratt og við verður komið.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvaða skoðun ráðherra hefði á rekstarformi Sjúkrahúss Reykjavíkur ef af sameiningu verður. Þessir þrír spítalar sem starfræktir hafa verið hér í borginni hafa verið reknir með þremur mismunandi rekstrarformum. Landspítalinn er ríkisspítali sem ríkið á og rekur. Borgarspítalinn hefur lengi verið í eigu Reykjavíkurborgar jafnvel þó svo að ríkið greiði rekstur hans eins og annarra stofnana og Landakotsspítali er í rekstri sjálfseignarstofnunar. Hún ber ábyrgð á rekstri hans þó að ríkið greiði rekstrarkostnaðinn með fjárframlögum. Út af fyrir sig hef ég enga fyrir fram afstöðu í því, hvorki með eða á móti, hvaða rekstrarfyrirkomulag sé réttast. Ég er reiðubúinn til að skoða þær hugmyndir sem menn hafa á því og ég held að enginn þessara þriggja aðila leggi upp í viðræðurnar með einhverja fyrir fram gefna hugmynd í þeim efnum.

Þá er spurt hvort ráðherra hafi tekið upp samningaviðræður við St. Jósefssystur um breyttan rekstur Landakotsspítala eins og honum beri skýlaus skylda til hvort sem til niðurskurðar eða sameiningar kemur, eins og hv. þm. segir. Til niðurskurðar hefur komið á fjárveitingum til Landakotsspítala mörg undanfarin ár. Enginn ráðherra hefur talið sér skylt að ræða við St. Jósefssystur um þau efni, enda getur ekkert samkomulag tekið fram fyrir hendurnar á Alþingi hverju sinni þegar það afgreiðir fjárlög eins og menn vita mæta vel af margfaldri reynslu hér í þinginu. Ég lít hins vegar svo á að ef systurnar á Landakoti leggjast alfarið gegn því að Landakotsspítali sameinist rekstrarlega annarri stofnun, þá sé mjög erfitt að ganga gegn því. Þegar það lá fyrir af hálfu systranna í bréfi til mín í desember að þær legðust alfarið gegn öllum slíkum áformum og væru ekki einu sinni til viðræðu um það, þá taldi ég að ég gæti ekki haldið málinu lengur fram. Ég vil hins

vegar leiðrétta það að systurnar hafi ekkert fengið að vita um þessi mál vegna þess að þegar það var fullyrt, þá bað ég ráðuneytisstjóra minn og skrifstofustjóra að ganga til fundar við systurnar og bjóða þeim allar upplýsingar sem þær óskuðu eftir. (Gripið fram í.) en þá sögðust systurnar hafa allar upplýsingar um málið með höndum og hafa fengið þær allar frá stjórnendum Landakotsspítala, þar á meðal þeim ágæta manni sem hefur lengi verið lögfræðilegur fulltrúi systranna hér á Íslandi, framkvæmdastjóra Landakotsspítala, þannig að þær töldu sig engar upplýsingar skorta þegar ráðuneytisstjórinn og skrifstofustjóri í ráðuneytinu gengu á þeirra fund.

Þá er spurt hvaða upphæð ég ætli að verja til sjúkrahúsanna í Reykjavík af þeim 500 millj. kr. sem til ráðstöfunar eru vegna rekstrarsparnaðar. Um er að ræða þrjár fjárhæðir:

Í fyrsta lagi 199 millj. kr. sem bundnar eru á framkvæmdalið, stofnkostnaðarlið, til sjúkrahúsa í Reykjavík.

Í öðru lagi um 90 millj. kr. sem til ráðstöfunar eru til að greiða fyrir tilflutningi verkefna milli sjúkrahúsa í Reykjavík, en þó því aðeins að því tilskildu að mér takist að ná um 80 millj. kr. sparnaði í rekstri sjúkrahúsa almennt.

Í þriðja lagi 499,3 millj. kr. sem eru til ráðstöfunar fyrir allar stofnanir á vegum heilbr.- og trmrn., öll sjúkrahús, allar heilsugæslustofnanir, allar aðrar þjónustustofnanir á vegum ráðuneytisins. Ég hef óskað eftir því við stjórnendur þessara stofnana að þeir gerðu mér grein fyrir því hvað þeir þyrftu að gera til að búa við óbreyttar fjárveitingar. Það hafa þeir gert. Ég hef í dag kynnt fyrir forustumönnum fjárln. tillögur heilbr.- og trmrn. um svör til allra stofnana ráðuneytisins utan Reykjavíkursvæðisins. Ég treysti mér ekki að svo stöddu til að gera tillögur um skiptingu fjármuna til spítalanna þriggja í Reykjavík af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hef ég ekki enn fengið endanlegar tillögur ríkisspítalanna þar sem þeir sýna fram á hvað niðurskurðurinn muni kosta þá í þjónustustigi og hvað þyrfti að gera til þess að verja þjónustu Landspítalans, a.m.k. þá kjarnaþjónustu sem verður að verja í þeim spítala. Og ég treysti mér heldur ekki til þess að gera tillögu um skiptingu á milli Landakotsspítala og Borgarspítala án þess að vita hvort líkur séu á að af samruna í rekstri þessara spítala verði eða ekki þannig að ég er ekki reiðubúinn til að svara þessari spurningu hv. þm. eins og stendur.

Þá spyr hv. þm. hvort ráðherra sé reiðubúinn að taka pólitíska ábyrgð á þeim uppsögnum starfsfólks sem mikill niðurskurður á framlagi til Landakotsspítala hefur óneitanlega í för með sér. Þessu vil ég svara svo að ríkisstjórnin er að sjálfsögðu ábyrg og stjórnarflokkarnir fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru við afgreiðslu fjárlaga. Og það er alveg ljóst, menn vita það, að um 70% af kostnaði í heilbrigðisþjónustunni er launakostnaður. Og það er alveg ljóst að ef um mikinn niðurskurð fjármuna er að ræða, þá hlýtur það með einhverjum hætti að koma niður á launakostnaði starfsfólks. Það er um svo fátt annað að fást í heilbrrn.

Stjórnendur Landakotsspítala hafa tekið þá ákvörðun miðað við skertar fjárveitingar að segja öllu starfsfólki spítalans upp en hafa jafnframt látið þess getið að þeir muni endurráða starfsfólk miðað við þau umsvif sem verða í rekstri spítalans eftir því hvort um verður að ræða sameiningu eða ekki. Ég vonast til þess að umsvif spítalans geti orðið sem mest vegna þess að við þurfum á því að halda. Og ef ég er spurður um mína persónulegu skoðun á því, þá get ég svarað henni mjög einfaldlega svo að ég hef ekki miklar áhyggjur af því að það takist ekki að sjá öllu fagmenntuðu fólki spítalans fyrir störfum, ekki síst hjúkrunarfólkinu, vegna þess að það er mikil eftirspurn eftir bæði hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum og hefur þurft að loka stofnunum hér á Reykjavíkursvæðinu vegna þess að það hefur ekki verið hægt að manna þær þessu fagfólki sem mikil eftirspurn er eftir. En ég skal alveg viðurkenna það og vera ekkert að draga neina fjöður yfir það því að það er ástæðulaust, að ég hef áhyggjur af ófaglærða fólkinu sem hefur starfað á Landakoti. Ríkisstjórnin hefur sett niður nefnd skipaða aðstoðarmönnum þriggja ráðherra til að skoða vandamál þess fólks og af því hef ég áhyggjur og það er ástæðulaust að þegja yfir því. Mér finnst alveg sjálfsagt að láta það koma fram.

Þá er spurt um hvort ráðherra ætli að tryggja það að fæðandi konur, sem eru annað en sængurkonur, eigi áfram rétt á aðgangi að Fæðingarheimili Reykjavíkur. Nú standa yfir samningar á milli Landspítalans og Borgarspítalans um það að Landspítalinn taki við rekstri Fæðingarheimilis Reykjavíkur. Þeir sem um þau mál véla sem eru læknar og stjórnendur fæðingardeildar Landspítalans, þar á meðal stjórnendur Landspítalans sjálfs eru engir fúskarar. Þetta eru menn sem vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Þetta eru menn sem eru búnir að veita íslenskum sængurkonum hjálp um mörg undanfarin ár og hafa gert það vel. Það liggur eitt fyrir í þessu máli og það er að rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkur verður ekki lagður niður. Rekstur þeirrar stofnunar verður hluti af rekstri fæðingardeildar Landspítalans. Þeir eru nú að fjalla um það, læknar Landspítalans og læknar Borgarspítala og hafa rætt það við starfsfólk og ég ætla ekki að hafa nein afskipti af því fyrir fram. (Gripið fram í.) Ég ætla að leyfa þessum ágætlega hæfu mönnum að meta það sjálfir að öðru leyti en því að það er alveg ljóst að Fæðingarheimili Reykjavíkur verður starfrækt áfram.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Ég á vonandi nokkurn tíma eftir þannig að ég geti þá svarað þeim fyrirspurnum öðrum sem til mín kann að verða beint og verður sjálfsagt beint og ætla því að láta máli mínu lokið eins og stendur.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þessi umræða er fyllilega tímabær og hefði reyndar átt að takast upp í tengslum við umræður um fjárlögin sjálf. Reyndar var það reynt oftar en einu sinni að fá að ræða við hæstv. heilbrrh. um þá stefnu sem þar var mótuð varðandi

málefni sjúkrahúsanna sérstaklega og reyndar heilbrigðisþjónustunnar almennt og það er nú að sannast á hverjum degi betur og betur að það sem við stjórnarandstæðingar sögðum í þeim umræðum, bæði um fjárlögin sjálf og eins um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, að það sem hér væri verið að gera væri verulega misþyrming á okkar mikilvæga en viðkvæma velferðarþjóðfélagi, kemur betur og betur í ljós nú á hverjum degi. Reyndar eru ekki öll kurl komin til grafar í því sambandi og á eftir að koma enn betur í ljós þegar líður á árið.

Við sögðum þá að með þeim fjárlagatillögum sem fyrir lágu og hafa nú verið samþykktar sem fjárlög þessa árs væri verið að lama starfsemi Landakots, lama starfsemina og það er þess vegna furðulegt að hæstv. ráðherra skuli aftur og aftur segja að þetta sé nokkurn veginn eins og gert hefur verið undanfarin ár. Það hafi verið hert verulega að starfsemi Landakots og það hafi kannski fremur bitnað á því sjúkrahúsi heldur en öðrum sá samdráttur sem var vissulega í fjárveitingum til ýmissa heilbrigðisstofnana. Ég leyfi mér að mótmæla því.

Landakot hafði á nokkrum árum farið verulega fram úr fjárveitingum og ríkisstjórn sú sem þá sat, páv. hæstv. fjmrh., þ.e. núv. utanrrh., vann með mér m.a. að því að reyna að semja við Landakotsspítalann um að þeir færu eftir fjárlögum. Það var fyrst og fremst það sem við gerðum. Það var ekki niðurskurður á þeirri stofnun umfram það sem almennt gerðist. Við vöruðum við því að slíkur flatur niðurskurður sem nú er framkvæmdur væri óraunhæfur aftur og aftur með svo skömmu millibili. Við reyndum þetta 1989 með nokkrum árangri, ekki þeim sem þó var að stefnt og þess vegna mátti ljóst vera að það að reyna að fara þessa leið aftur nú væri einnig nánast óframkvæmanlegt. Landakot fær hins vegar alveg sérstaka meðferð í þessari fjárlagaafgreiðslu eins og allir vita og því er þessi staða uppi sem nú blasir við.

Það hafa því miður ekki farið neinar umræður fram um það af hálfu hæstv. ráðherra eða ráðuneytis hans hverjir eigi í raun að taka við þeim sjúklingum og þeirri þjónustu sem þarna er lögð niður og þeim sjúklingum sem þar verður úthýst. Landakot hlýtur með þessari afgreiðslu að þurfa að leggja niður sína bráðaþjónustu og hvað eiga þá hinar stofnanirnar að gera sem einnig verða fyrir verulegum niðurskurði, flötum niðurskurði, eins og allir vita? Eiga þær kannski að ráða sér dyravörð eða útkastara við móttöku bráðaþjónustudeildanna, slysamóttökudeildanna þar sem sagt er við fólk: Við höfum því miður ekki fjármuni til þess að annast þessa þjónustu og við getum ekki tekið við ykkur? Nei, það er auðvitað ekki þannig og verður ekki þannig, hæstv. heilbrrh. Landspítalinn og Borgarspítalinn eru nokkurs konar endastöðvar og verða það í þessari þjónustu og hljóta að taka við þessum sjúklingum. Þær geta í raun ekki annað. Þeim verður auðvitað ekki úthýst. Og þá er líka jafnljóst að ef þær stofnanir fá ekki aukna fjármuni til að taka við þessari þjónustu sem Landakot þarf að leggja af, þá lenda þær auðvitað líka í miklum erfiðleikum með sín fjárlög ef þær neyðast þá ekki til þess að fara þar umfram.

Uppsagnir fólks á Landakoti eru eftir því sem ég best veit einhverjar þær mestu, ef ekki þær mestu, fjöldauppsagnir sem um getur í íslenskri sögu. Aldrei hefur eins miklum fjölda fólks verið sagt upp í einu lagi. Og auðvitað bitna þessar uppsagnir að verulegu leyti á fólki um og yfir miðjum aldri sem á erfitt með að verða sér úti um vinnu að nýju. Reyndar hefur hæstv. félmrh. verið beðinn að hlaupa nú í skarðið fyrir hæstv. heilbrrh. og leysa málin ef hægt væri og ég veit að félmrh. mun að sjálfsögðu leggja sig fram um að gera það sem hún getur í því sambandi, en það er hins vegar dálítið hlálegt að það skuli vera tcknar upp viðræður um það í hæstv. ríkisstjórn hvernig eigi að hjálpa því fólki um vinnu á ný annars staðar þar sem aðgerðir hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar allrar hafa leitt til að þurfi að segja upp. Mér finnst þetta vera dálítið einkennileg vinnubrögð, ég verð að segja það.

Nú er unnið að stofnun nýrrar heilbrigðisstofnunar sem þó er ekki vitað með hvaða sniði á að vera og hæstv. ráðherra sagði hér áðan að auðvitað hlytu menn að skoða hvernig form ætti að vera á því, hvort það væri hlutafélag eða hvað — við höfum reyndar heyrt að verið sé að tala um hlutafélag. Hvað ræður stofnun hlutafélags? Hvað ræður framlögum manna til hlutafélaga eða kaupum manna á hlutabréfum? Hlýtur það ekki að vera hagnaðarvon eða hagnaðarsjónarmið? Og erum við þá ekki, hæstv. heilbrrh., að stefna út í það sem þú lýstir ágætlega hér áðan í annarri umræðu, einhverja dýrustu þjónustu í heimi sem er reyndar ekki sú besta, sú sem rekin er í Bandaríkjunum? Nei, við skulum reyna að varast þau víti sem við vitum að þar eru til staðar, þ.e. hina tvöföldu heilbrigðisþjónustu sem þar hefur verið byggð upp og reyndar mun nú vera víðar, t.d. í því ágæta kerfi sem járnfrúin hefur komið upp í Englandi eða gerði á sínum valdaárum, frú Thatcher, þar sem hún byggði upp tvöfalda heilbrigðisþjónustu sem ekki er til fyrirmyndar. Við skulum reyna að forðast það, hvað sem öllu öðru líður.

En það er staða Landakots sem hér er sérstaklega til umræðu að þessu sinni og auðvitað ljóst að Landakoti, forsvarsmönnum þeirrar stofnunar, var á ný þröngvað út í þessar samningaviðræður um nýtt sjúkrahús sem forsvarsmenn þar höfðu þó áður lýst sig andvíga. Þetta er gert á nokkuð þjösnalegan hátt og þó að hæstv. ráðherra reyni nú að segja það í blaðaviðtölum að honum sé ekki þröngvað og ekki sé verið að ýta neinum eða neyða neinn í þessar viðræður þá má m.a. vitna í Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins um síðustu helgi í því sambandi þar sem m.a. er sagt um stjórnendur Landakots: „Þeim er stillt upp við vegg með þeim hætti að menn hafa tæpast orðið vitni að slíkum starfsaðferðum hjá opinberum aðilum," eins og þar segir orðrétt, með leyfi virðulegs forseta. Svo segir áfram:

„Vinnubrögðin ein út af fyrir sig hafa vakið reiði hjá almenningi. Hér hefur ekki verið staðið vel að verki." Það eru því fleiri þeirrar skoðunar heldur en sá sem hér stendur að auðvitað hefur mönnum verið

þröngvað hér út í samninga um nýtt sjúkrahús eða vinnubrögð sem þeir voru ófúsir til að taka þátt í.

Áður hafa verið umræður uppi um það að sameina sjúkrahús í Reykjavík. Sá sem hér stendur hefur m.a. lagt það til. Markmiðið var auðvitað að ná fram hagræðingu og sparnaði. Ég er reyndar alveg viss um að það er hægt. Það er hægt að gera það. Það þarf nokkurn tíma til þess að vinna slíkt og það þarf að vanda til þeirrar vinnu. Það er hins vegar ekki rétt hjá hæstv. ráðherra — og það er eins og stundum hefur komið fyrir áður hjá honum að hann tekur út úr tillögum fyrirrennara síns ákveðin atriði og segir að þetta sé nú það sem hafi verið gert áður og lagt til áður og hann sé aðeins að fara í þann sama farveg, en hann slítur úr samhengi — þegar hann segir að tillögur hafi verið um það að gera Landakot að hjúkrunarheimili í ráðuneytinu áður en hann kom þangað inn. Þá var það hluti af öðru plani, öðru en því sem hann er nú að leggja til. Það var hluti af öðrum hugmyndum um sameiningu sjúkrahúsa. Þá voru uppi hugmyndir um að sameina stóru sjúkrahúsin öll.

Ég held að e.t.v. megi benda á einhvern sparnað samfara því að sameina Borgarspítalann og Landakot sé litið til skemmri tíma, en það verða hins vegar stórkostlega aukin útgjöld þegar við lítum til lengri tíma. Þetta er ekki bara mín hugmynd, heldur er þetta álit íslenskra sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu, svo og erlendra rekstrarráðgjafa sem hér hafa verið fengnir til starfa til þess að skoða hvernig við getum best komið fyrir okkar heilbrigðisþjónustu. Ég hlýt að harma það að ráðherra lýsir því yfir í blaðaviðtali að honum finnist ekki mikið til þeirrar vinnu koma. En lýsir því þó jafnframt yfir í því sama viðtali að það sé að vísu galli að við getum ekki leitað til erlendra ráðgjafa, við eigum enga íslenska ráðgjafa til hér, segir hann, til þess að leita upplýsinga um hvernig eigi að reka heilbrigðisþjónustuna, en hafnar hins vegar að taka nokkurt tillit til þeirra hugmynda sem erlendir ráðgjafar sem hafa unnið að slíkum málum áður leggja til hvað varðar okkar þjónustu hér.

Hæstv. ráðherra segir líka í blaðaviðtali um helgina að hann muni hafa skýrslu um tillögur um sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala til hliðsjónar við þá vinnu sem hann er nú að leggja upp með, en í þeirri skýrslu kemur skýrt fram að menn telja að þetta þurfi miklu lengri tíma. Þar er beinlínis sagt að það þurfi a.m.k. þrjú ár til þess að ná þessari sameiningu. Hún muni ekki leiða til sparnaðar á þessu ári, lítils sparnaðar ef nokkurs á næsta ári, og það verði ekki fyrr en 1994 sem hægt sé að fara að tala um sparnað. En það er auðvitað alveg ljóst af þessum umræðum að sá sparnaður, sá niðurskurður sem er á þessum stofnunum, og er boðaður nú, hlýtur að draga fyrst og fremst úr þjónustu í verulegum mæli.

Viðræður um verkaskiptingu við ríkisspítalana hafa hins vegar engar verið, hafa engar verið í gangi. Ef af stofnun þessa nýja sjúkrahúss verður, heldur þá hæstv. ráðherra virkilega að það verði auðveldara síðar að taka upp þessar viðræður þegar samkeppni þessara tveggja stóru sjúkrahúsa er hafin og hún verður í algleymingi? Það er alveg ljóst að hún hlýtur að koma upp. Það verður samkeppni um húsnæði, það verður samkeppni um tækjabúnað, það verður samkeppni um vinnuafl sem mun leiða til aukins kostnaðar fyrir okkar heilbrigðisþjónustu til lengri tíma. Það mun leiða til þess að skattgreiðendur verða fyrir ómældum viðbótarútgjöldum.

Ég vona sannarlega að það takist að koma í veg fyrir þær hugmyndir sem nú eru uppi hjá hæstv. ráðherra og hann gefi sér betri tíma til þess að skoða aðrar leiðir sem muni leiða til raunverulegrar hagræðingar og raunverulegs sparnaðar, bæði í bráð og lengd fyrir þessa þjónustu okkar sem er mikilvæg og viðkvæm. Við hefðum auðvitað þurft að hafa hér mikið lengri tíma til viðræðu um þetta mál og sá tími var fyrir hendi í umræðunum um fjárlögin og umræðunum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hann er því miður of skammur núna en vafalaust á eftir að ræða þetta mál hér miklu oftar og lengur en okkur gefst nú tími til, hæstv. forseti.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Útgjöld vegna reksturs sjúkrahúsa hérlendis hafa numið 40% af kostnaði í heilbrigðisþjónustu á undanförnum árum. Það er því ekki að undra að leitað skuli leiða til hagræðingar í rekstri þeirra á þeim erfiðleikatímum sem við lifum nú. Það ber hins vegar að hafa í huga að rekstur sjúkrahúsa, þ.e. rekstrarformið sjálft, hefur lítið breyst á sl. árum á sama tíma og þróunin í læknisfræði og í hjúkrun hefur fleygt fram.

Ýmsir sjúkdómar sem flokkast hafa sem bráðasjúkdómar og kröfðust áður legu jafnvel í fleiri vikur eru nú meðhöndlaðir utan sjúkrahúsa, ýmist með lyfjameðferð einni saman eða með þjónustu frá göngudeildum sjúkrahúsa eða læknastofum. Því hefur hlutfallsleg þörf fyrir rúm sem ætluð eru bráðasjúklingum minnkað. Það er einfaldlega ekki þörf fyrir öll þau rúm sem áður þurfti til að sinna þessum sjúklingum. Hins vegar hefur þörfin fyrir hjúkrunarrýmí aldraða aukist gífurlega á undanförnum árum og ekki fundist lausn á þeim vanda.

Í umræðum um þessi mál hefur mikið verið rætt um hvernig skuli bregðast við þessum breytingum. Það hefur verið skoðun mjög margra sem að þessum málum standa að nauðsynlegt sé að samþjappa eða samræma bráðaþjónustu sjúkrahúsa, en það er ekki sama hvernig það er gert. Það er t.d. forsenda og algjör nauðsyn að sjúklingar hafi áfram valfrelsi um þjónustu, að ákveðnu marki a.m.k., að gæði haldi áfram að þróast og batna og að aðhald í rekstri haldist og jafnvel aukist ef eitthvað er. Slíkt gerist ekki nema með því að unnt sé að bera saman svipaða þjónustu í mismunandi stofnunum þótt slíkt verði ekki unnt í dýrustu hátækniþjónustu á hverjum tíma. Þetta eru ástæður fyrir því að nú er rætt um sameiningu tveggja bráðaspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala. Þessi sjúkrahús, Landakotsspítali og Borgarspítali, bæta hvort annað mjög vel upp faglega séð þar sem hvort um sig hefur þjónustu sem hitt skortir. Með því móti verða hér

tvær stofnanir svipaðar að stærð, Landspítali og nýr spítali sem sinnti almennri þjónustu en skipti jafnframt milli sín dýrustu hátækniþjónustu hvers tíma.

Landakotsspítali hefur um áratugi haft sérstöðu í sjúkrahúsrekstri hérlendis og að mörgu leyti verið til mikillar fyrirmyndar. Rekstrarform þessa spítala hefur verið frábrugðið öðrum og hefur það sem slíkt laðað að sér bæði sjúklinga og starfsfólk án þess að ég sé að halla á önnur sjúkrahús. En á framangreindum forsendum um þróun undanfarinna ára og með tilliti til þess sem áður hefur verið rætt hér, þess þrönga stakks sem Landakoti hefur verið skorinn undanfarin ár, bæði hvað snertir fjármögnun og takmörkuðum möguleikum á auknu umfangi í rekstri, þá hef ég að undanförnu hallast að þeirri skoðun að Landakot og Borgarspítali tækju upp formlega samvinnu eða sameiningu. Ég tel slíkt gefa áframhaldandi möguleika á fjölbreytni í sjúkrahúsþjónustu auk þess sem ekki má gleyma að með aukinni samræmingu í þjónustu þessara stofnana gefst aukið rými fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga, en þar er þörfin brýnust.

Með því að stofna hlutafélag um nýtt sjúkrahús er verið að tryggja rétt eignaraðila núverandi stofnana en jafnframt að tryggja áframhaldandi gæði og þjónustu þar sem við höfum aðhald m.a. með samanburði milli mismunandi rekstrarforma sjúkrahúsa. Þegar ég nefni mismunandi rekstrarform milli sjúkrahúsa, þá geri ég ráð fyrir auknum sveigjanleika í rekstri og einnig að með sameiningu verði höfð hliðsjón af rekstrarformi Landakotsspítala og þá ekki eingöngu hvað snertir launalið lækna, heldur er ég að tala um allt starfsfólkið.

Við ákvörðun um verkaskiptingu milli núverandi Landakotsspítala og Borgarspítala tel ég lífsnauðsynlegt að þar verði farið að með gát og sú þjónusta sem þar er boðin nú verði færð til markvisst og með hliðsjón af þeirri aðstöðu sem til boða er nú á hverjum stað. Sá liður sem ætlaður er til stofnkostnaðar á fjárlögum þarf t.d. ekki eingöngu að deilast út til verkefna sem mega teljast naglföst, ef við getum orðað það svo. Enda byggist heilbrigðisþjónustan að meiri hluta upp á fjárfestingu í fólki fremur en í naglföstum innréttingum eða byggingum. Hins vegar er augljóst að fjárfestingar í byggingum og innréttingum geta reynst nauðsynlegar enda er slíkur kostnaður hlutfallslega lítill miðað við þær upphæðir sem gætu sparast í rekstrarkostnaði ef rétt er á spilunum haldið.

Miðað við þá stöðu sem við blasir tel ég sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala vera skásta kostinn, en mönnum ber að flýta sér hægt. Ég hef í mörg ár bent á nauðsyn þess að framleiðni sjúkrahúsanna, ef ég má leyfa mér að taka svo til orða, verði skoðuð og borin saman með tilliti til kostnaðar þannig að reynt verði að meta kosti mismunandi rekstrarforma og stjórnunar sjúkrastofnana. Þetta hefur ekki verið gert hingað til. Þeir aðilar sem nú á næstu dögum koma að þessu verki munu vonandi og væntanlega hafa þetta í huga.

Forsvarsmenn Landakots og Borgarspítala hafa nú lýst yfir vilja sínum til sameiningar. Ég tel að því gefnu nauðsynlegt að af formlegri sameiningu verði strax en ég vil ítreka nauðsyn þess að framkvæmd sameiningarinnar verði gefin nægilegur tími. Sú fjárfesting sem er í mannafla, í húsnæði og í búnaði verði nýtt til hins ýtrasta. Tilfæring á þjónustu verði markviss og á sem hagkvæmastan hátt og að það fjármagn sem menn þurfa til breytinganna verði fundið og varið rétt með hliðsjón af reynslu í væntanlegri þróun. Aðalatriðið fyrir okkur er að við missum ekki sjónar á markmiði heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. að veita landsmönnum bestu mögulegu þjónustu á sama tíma og þróunin krefst þess að við gerum áherslubreytingar, að við hagræðum og veitum aðhald.

Ég hef lokið máli mínu að sinni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa fylgst með umræðum um heilbrigðismál og þjóðmál á Íslandi á undanförnum 10–20 árum kannast vel við það að eitt af meginblöðum landsins, Morgunblaðið, hefur gjarnan skrifað langar og ítarlegar lofgjörðir um Landakotsspítala og þá brautryðjendur sem settu Landakotsspítala af stað. Það eru ekki nema örfá ár síðan einn af ritstjórum Morgunblaðsins var jafnframt starfi sínu þar, lögfræðilegur ráðunautur nunnanna sem stofnuðu Landakotsspítalann og ráku hann um áratuga skeið. Þessi lögfræðilegi ráðunautur Landakotsspítala er eini þingmaður Sjálfstfl. sem hefur látið í sér heyra um þetta mál á opinberum vettvangi til þessa, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það segir kannski dálítið um málið að eini þingmaður Sjálfstfl. sem til þessa hefur tjáð sig um þetta mál og sem þekkir það, skuli taka þá afstöðu sem hann hefur tekið í þessum málum. Það er athyglisvert og til umhugsunar að einmitt Sjálfstfl. og ríkisstjórn hans skuli ákveða að ganga milli bols og höfuðs á þeirri starfsemi sem þróast hefur á Landakoti um 90 ára skeið. Það er athyglisvert og umhugsunarvert. Bæði fyrir Reykvíkinga og reyndar aðra landsmenn líka. Þetta gerir Sjálfstfl. í skjóli þess heilbrrh. sem fyrstur allra manna í því embætti heldur því fram að heilbrigðisþjónusta á Íslandi sé dýrasta heilbrigðisþjónusta í heiminum fyrir utan Bandaríkin. Staðreyndin er auðvitað sú að kostnaður við heilbrigðisþjónustu á Íslandi hefur verið að aukast. En af hverju? Vegna þess að öldruðum hefur verið að fjölga sem hlutfalli af þjóðinni á undanförnum árum og aukinn kostnaður við heilbrigðisþjónustu stafar fyrst og fremst af því að menn hafa verið að sjá sóma sinn í því að taka í notkun heimili fyrir aldraða, bæði hjúkrunarheimili, öldrunarlækningadeildir og aðrar hliðstæðar stofnanir á undanförnum árum. Það er beinlínis rangt sem kemur fram í þeim árásum sem starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi situr nú undir frá hæstv. heilbrrh. í fyrsta sinn í sögunni, að hér sé um að ræða ósæmilega dýra heilbrigðisþjónustu. Það er ekki svo. Fólk vinnur að jafnaði mikið á þessum stöðum og ég skora á hæstv. heilbrrh. að mæta á þessar stofnanir á mestu annatímum þeirra, hvort sem það er t.d. Landakotsspítali, Borgarspítali eða Landsspítali.

Við þingmenn Alþb. höfum verið að heimsækja

heilbrigðisstofnanir að undanförnu. Í morgun heimsóttum við þrír þingmenn flokksins Landakotsspítala, fórum þar yfir mál með starfsmannaráði og forustumönnum stofnunarinnar. Það var einkar fróðlegt að heyra þetta fólk lýsa því hvernig komið hefur verið fram við það á undanförnum vikum og mánuðum. Ég skildi vel eftir þá yfirferð hvað Morgunblaðið, sem ég tek ella ekki mikið mark á, á við með orðunum, með leyfi forseta: „Naut í flagi." Þá áttaði ég mig gjörsamlega á því hvað hér var á ferðinni. Það voru mörg önnur orð alvarlegri sem þetta fólk notaði um aðförina að því sem einstaklingum, starfsheiðri þessa fólks og vinnu á undanförnum árum.

Hvað á að gera? Hvað er það sem þarna er í rauninni á ferðinni? Það sem er á ferðinni er að það á að breyta Landakotsspítala í öldrunarspítala. Það á að breyta Landakotsspítala í hjúkrunarheimili fyrir aldraða á einhverjum tíma, jafnvel þótt það liggi fyrir að það er dýrt. Jafnvel þótt það liggi fyrir að það kostar 1.000 millj. kr. Það liggur fyrir að kostnaðurinn við þessar breytingar er 1.000 millj. kr.

Hæstv. heilbrrh. var að býsnast yfir því áðan að verið sé að byggja dýr hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Mig minnir að hann hafi nefnt tiltekinn kostnað á rými. Hver er kostnaðurinn á rými samkvæmt þeim ákvörðunum og þeirri stefnu sem heilbrrh. er að taka? Jú, fjölgun á rými fyrir aldraða í Reykjavík með þessum ákvörðunum er um 34 rúm og fyrir það ætla þeir að borga 1.000 millj. kr. Þetta er hin fjármálalega viska sem ríkisstjórnin er að ákveða að vinna eftir í þessu efni. Það er furðulegt að hæstv. fjmrh. sem nauðaþekkir ýmsar þessar stofnanir eins og ríkisspítalana skuli ekki fyrir löngu hafa tekið í taumana vegna þess að burt séð frá hinni faglegu hlið þessa máls er hér um að ræða ráðstöfun á fjármunum sem er vitlaus og sem er dýr og sparar ekkert, hvorki í nútíð eða framtíð.

Hvað á að gera á Landakotsspítala fyrir utan það að breyta honum í öldrunarspítala? Það er ekki nóg með að breyta þurfi þarna öllum vistarverum verulega og byggja upp nýjar á Borgarspítalanum fyrir fleiri hundruð milljónir. Það á að rífa niður hátæknibúnað sem komið hefur verið fyrir á Landakoti á undanförnum árum fyrir stórkostlega fjármuni. Bæði frá ríkinu og eins gjafafé sem hefur borist frá fjölmörgum aðilum á undanförnum árum. Þennan hátæknibúnað á að rífa niður til þess að koma þar fyrir hjúkrunardeildum, langlegudeildum. Það á að rífa niður samkvæmt yfirliti sem liggur fyrir t.d. gjörgæsludeild Landakotsspítalans á 5. hæð og koma þar fyrir hjúkrunardeild með 11 rúmum. Gjörgæsludeildir eru, eins og allir vita, einhverjar dýrustu spítaladeildir sem til eru. Þetta á að rífa niður og koma þar fyrir 11 hjúkrunarrúmum. Það á að rífa niður á 4. hæð skurðstofur, prýðilegar skurðstofur, og koma þar fyrir hjúkrunardeild með 15 rúmum. Það á að rífa niður handlækningadeild á 3. hæð, móttökudeild og dagdeild og koma þar fyrir hjúkrunardeild með 15 rúmum. Það á að rífa niður handlækningadeild á 2. hæð og koma þar fyrir hjúkrunardeild með 15 rúmum. Það á að úthýsa augnlækningadeild á 1. hæð og koma þar fyrir hjúkrunardeild og það á að víkja úr kjallara hússins speglunardeild, sem er ein sú besta sem gerist hér á landi, og koma henni fyrir einhvers staðar annars staðar.

Ég segi virðulegi forseti: Þetta er örugglega ekki sparnaður. Í fyrsta lagi ekki út frá þeim peningum sem þarf að leggja í Borgarspítalann til að breyta honum og í öðru lagi enn síður út frá þeirri sóun á almannafé sem á sér stað þegar loftpressurnar verða sendar á hátæknideildir Landakotsspítalans til að eyðileggja þær. Nú skulum við ímynda okkur, virðulegi forseti, að það yrði þannig að menn væru með þessu svo að spara til langframa, sameina þjónustu og stokka upp faglega í heilbrigðiskerfinu í Reykjavík. En það er nú eitthvað annað. Samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir frá nefndinni sem hæstv. heilbrrh. nefndi hér áðan, þá er gert ráð fyrir því að starfsemi sjúkrahúss Reykjavíkur, sem svo er kallað, verði í raun og veru á flestöllum sviðum sú sama og er þegar til á Landspítalanum. Hér er með öðrum orðum ekki um faglega endurskipulagningu að ræða. Gert er ráð fyrir því að í sjúkrahúsi Reykjavíkur verði hjartalækningar. Það er líka á Landspítalanum. Það er gert ráð fyrir því að þar verði lungnalækningar, meltingarlækningar, innkirtlalækningar, gigtarlækningar, smitsjúkdómalækningar, krabbameinslækningar, taugalækningar og öldrunarlækningar. Það er hvergi minnst á þann möguleika að hér verði um að ræða faglega samvinnu t.d. við ríkisspítalana. Það eina sem ríkisspítalarnir heyra um þessi mál er að þeim sé bannað að ræða við Borgarspítalann og svo árásir hæstv. heilbrrh. á ríkisspítalana sem ég kýs reyndar að ræða á öðrum vettvangi.

Með öðrum orðum: Það er ekki verið að spara, það næst ekki sparnaður með þessum hætti. Verið er að eyða fjármunum umfram þarfir og eyðileggja verðmæti sem þegar hefur verið ákveðið að verja í þessa stofnun. Frammi fyrir þessu stendur fólkið sem þarna vinnur og ákveðið hefur verið að segja upp störfum. Á sjöunda hundrað einstaklingum hefur verið sagt upp störfum og það er auðvitað bersýnilegt að hér er um að ræða mjög óvenjulegar aðfarir. Þetta er ekki spurning um að vilja, eins og hv. 13. þm. Reykv. orðaði það áðan, forustumenn Landakots vilja. Hvað vill fólk sem er stillt upp við vegg, svo ég noti orð Morgunblaðsins? Það vill reyna að komast einhvern veginn af. Þetta er ekki spurning um frjálsan vilja. Fólkið er rekið, fólkinu er sagt upp og þá kemur kórónan á sköpunarverkinu þegar ríkisstjórnin samþykkir að fela hæstv. félmrh. að reyna að finna vinnu fyrir þetta fólk á heilbrigðisstofnunum í opinbera geiranum, eins og það var orðað. En það vill svo til að í opinbera geiranum hefur hæstv. fjmrh. bannað að ráða nýtt fólk í stað þess sem hættir. Það er stranglega bannað á Borgarspítalanum og á Landspítalanum að taka við fólki í stað þeirra sem hætta.

Ég tel að þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar, þessi kattarþvottur félmrh. sé í raun og veru ekkert annað en tilraun til að bíta höfuðið af skömminni og komi auðvitað einungis upp um slæma samvisku ráðherranna sjálfra sem er út af fyrir sig gott, ef þeir hafa slæma samvisku.

Hér hefur verið rætt um þessi mál mjög ítarlega og ég ætla ekki neinu að bæta við það öðru en því að ég óska eftir sem fulltrúi Alþb. í heilbr.- og trn. Alþingis að tillögurnar um skiptinguna á þeim fjármunum sem heilbrrh. hefur til að milda sárasta sviðann komi fyrir heilbr.- og trn. Ég óska eftir því að fá þær tillögur. (**Gripið fram í:** Fjárln. hefur ekki fengið þær.) Fjárln. hefur heldur ekki fengið þær en ég geri kröfu til þess sem heilbrigðisnefndarmaður að fá þessar tillögur. Auðvitað sýnir þetta ástandið í hnotskurn, að það skuli vera þannig að einn ráðherra er með 700–800 millj. kr. til að ráðstafa. Hann einn getur samkvæmt ákvörðun fjárlaga ráðstafað 700–800 millj. kr. Þetta eru auðvitað alveg yfirgengileg vinnubrögð. En frammi fyrir þeim stöndum við og mér er ekki grunlaust um að sameiningarviljinn stafi m.a. af því að menn telji að með honum geti þeir náð í stærri hluta af þessum peningum en ella. Hér er verið að veifa gulrót framan í fólk og ég tel þetta óheiðarleg og ósmekkleg vinnubrögð.

Um hinn nýja spítala ætla ég ekki að segja neitt núna nema þetta, virðulegi forseti: Hv. 13. þm. Reykv. upplýsti hér áðan að það stæði til að á hinum nýja spítala yrði komið á svipuðu verktakakerfi og verið hefur á Landakotsspítala að því er varðar lækna. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá það upplýst hvort það kerfi á að gilda á hinum nýja spítala eða ekki. Það er mjög mikilvægt vegna þess að fjöldi fólks stendur í þeirri trú að þetta verktakakerfi eigi að gilda á hinum nýja spítala. Það er mjög mikilvægt að fá upplýsingar um það.

Að lokum vil ég segja, virðulegi forseti, að ég mun óska eftir því að hér fari fram umræður um skiptingu á peningum til spítalanna þegar hún liggur fyrir þannig að Alþingi sjái nákvæmlega hvað er verið að skera niður. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að það verði tryggt.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga hefur byggst á samhjálp, samhygð og samstöðu allra landsmanna sem álíta að þannig sé þjóðarhag best borgið. Nú blása stríðir vindar um þetta kerfi. Breytingar á starfsemi, jafnvel þvert ofan í gerða samninga standa fyrir dyrum á Landakoti og uppsagnir starfsfólks hafa valdið óöryggi og kvíða þeirra sem þar starfa. Síðustu fregnir benda til þess að sama muni dynja yfir á Borgarspítalanum. Uppsagnir starfsfólks eru öllum kvíðvænlegar, þó er nokkur fjöldi fólks sem þarf ekki að óttast svo mjög vegna þess að það er ungt og hefur staðgóða menntun og krafta. En stórir hópar starfsfólks eiga ekki þessu að fagna. Bæði á Landakoti og Borgarspítala eru stórir hópar ófaglærðra starfsmanna sem geta horft með sárum kvíða til uppsagnanna. Það eru þeir sem eru komnir yfir miðjan aldur, þetta fólk sem hefur borið uppi heilbrigðiskerfið áratugum saman. Nú stendur það frammi fyrir stórum vanda. Á Landakoti eru 120 sóknarfélagar starfandi en eins og fólk veit þá hættir fólk öllum störfum þar 70 ára að aldri. Samt eru 43% þessa fólks, þessara 220 manna, yfir 60 ára og getur hver maður séð að erfitt verður fyrir það, en þetta eru um 50 manns, að fá aftur vinnu og það í vaxandi atvinnuleysi. Á Borgarspítalanum eru 275 sóknarfélagar starfandi. Þar eru a.m.k. 41% eldri en 60 ára og á aldrinum 50–60 ára eru 20%.

Í Morgunblaðinu sl. sunnudag viðraði hæstv. heilbrrh. hugmyndir um að bjóða út þau störf sem þessir starfsmenn hafa unnið. Að vísu álít ég þessar hugmyndir óraunhæfa drauma, ættaða frá kynsystur minni, Margréti Thatcher, og mun það tæpast knúið í gegn en svona hugleiðingar auka enn á kvíða og öryggisleysi viðkomandi starfsfólks. Flestir vita að tvisvar á undanförnum árum hefur komið til tals að einkavæða eða bjóða út þessi störf í heilbrigðisgeiranum. Í fyrsta lagi var það sala á Þvottahúsi ríkisspítalanna og í öðru lagi ræsting á spítölunum sem átti að bjóða út. Þetta rann hvort tveggja út í sandinn vegna þess að þetta var ómögulegt, dýrara og óhæft í alla staði. Ég leyfi mér að átelja framkomu stjórnvalda, ekki síst heilbrrh., við það fólk sem hefur unnið langa ævi og fórnað bæði heilsu og kröftum í þágu heilbrigðiskerfisins. Nú stefnir í það að skerða eigi hlut þessa láglaunafólks. Það mun koma fram í fækkun starfsfólks og skertri yfirvinnu.

Eins og allir vita hefur síaukin yfirvinna og aukastörf stuðlað að því að fólk hefur getað tekið þátt í því hamslausa kapphlaupi þess neyslusamfélags er sem við búum í og sem stjórnvöld á síðustu áratugum hafa skapað og vilja að sé í þessu landi. Það eru því dökkir tímar fram undan, tímar uppsagna, atvinnuleysis og atvinnuskerðingar og þar með afkomuskerðingar hjá fjölmörgum í þessum geira sem síst mega við því og síst eiga það skilið. Það væri fróðlegt að vita hvort heilbrrh. og aðrir þeir stjórnarliðar sem um málið hafa vélað hafa raunverulega fundið einhver úrræði fyrir þetta fólk eða hvort þau sýndarúrræði, sem síðasti ræðumaður nefndi, eru þau einu sem þeir hafa í pokahorninu. Einnig vil ég spyrja heilbrrh. um það hvort í raun séu uppi einhverjar ráðagerðir um útboð á þvotti, ræstingu, matarframleiðslu og framleiðslu innan heilbrigðiskerfisins.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að það er hægt að spara í heilbrigðis- og tryggingamálum almennt og þá sérstaklega í þeim málaflokki sem snýr að sjúkrahúsunum í Reykjavík. Hins vegar sú leið, sem þessi ríkisstjórn velur til sparnaðar, auðvitað engin leið til sparnaðar því menn eru einfaldlega þar á rangri leið. Hún mun þegar fram líða stundir auka stórkostlega þau útgjöld sem við, sem stöndum undir greiðslum til þessara sjúkrahúsa með skattpeningunum, þ.e. þjóðin, þurfum að leggja í þennan málaflokk á næstu árum. Sú aðferð sem þarna er notuð er í raun alveg sérstök.

Á síðustu dögum fyrir áramót var St. Jósefsspítalinn á Landakoti skorinn það mikið niður í fjárveitingum að hann er gerður óstarfhæfur. Þannig ætlar heilbrrh. að þvinga fram samstarf þessa sjúkrahúss og Borgarspítalans. Þetta er allt saman gert án vitundar starfsfólks spítalans. Við þingmenn Reykjavíkur átt-

um fund með starfsmannaráði Landakotsspítala í síðustu viku. Þar kom skýrt fram að starfsmannaráðið hafði ekkert heyrt um þær tillögur sem fyrir lágu. Stjórnarmaður í yfirstjórn spítalans upplýsir það um síðustu helgi að það sem þarna hafi verið á ferðinni sé leynimakk. Enn er það upplýst í þessari umræðu að leynimakkið er í fullum gangi. Hv. 13. þm. Reykv. kemur hér í ræðustólinn og segir: Það er búið að ákveða hvaða fyrirkomulag á að vera á greiðslum til lækna. Það á að vera sama fyrirkomulag og er í dag á Landakotsspítala.

Ætli starfsfólk spítalans hafi mikið heyrt um þessi vinnubrögð? Það held ég alls ekki. En þessu verkefni og þessu leynimakki sem þarna á sér stað innan dyra er stýrt af fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Það eru einstakir yfirmenn þessarar stofnunar sem þarna ganga erinda ríkisstjórnarinnar í því að koma hlutum þannig fyrir að þessir spítalar verði sameinaðir í eitt sjúkrahús og því hafa þær leiðir verið valdar til þess að þvinga starfsfólkið til þess að gefast upp í baráttunni gegn því að vilja sameina spítalann Borgarspítalanum.

Samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík þarf að auka en það á ekki að gera með því að sameina Borgarspítalann og Landakotsspítala því það er staðreynd að það er dýrasta leiðin sem hægt er að fara. Þessi fullyrðing mín hefur verið staðfest af því ráðgjafarfyrirtækið sem ríkisspítalarnir fengu til þess að gera úttekt á ríkisspítölunum. Þeir sögðu að það væri óhjákvæmilegt annað en að líta á öll sjúkrahúsin í Reykjavík sem eina heild í þessu sambandi.

Ég held að það sé orðað þannig í skýrslunni að sú aðgerð að sameina þessi tvö sjúkrahús sé aðför að skattgreiðendum í landinu. Það er sú aðför sem hæstv. heilbrrh. er nú að koma af stað og ætlar að beita sér fyrir.

Tilraun var gerð af fyrrv. ríkisstjórn til þess að koma á auknu samstarfi þessara þriggja sjúkrahúsa með sérstöku samstarfsráði sjúkrahúsanna. Þá ætlaði Sjálfstfl. vitlaus að verða með núverandi forsrh., þáverandi borgarstjóra, í broddi fylkingar þegar tala átti um það að formaður stjórnar Borgarspítalans skyldi vera skipaður af heilbrrh. Með því hefði verið hægt að koma saman í þetta samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík allri þeirri þekkingu og samstarfi sem þarf til að þessi sjúkrahús geti unnið saman. Það er það eina sem þarf. Það er verkaskipting sem þarf að koma á milli sjúkrahúsanna og með þeirri verkaskiptingu er hægt að spara. Það voru forstjóri og formaður læknaráðs Landakotsspítala sem komu í árslok 1988 til páv. heilbrrh. og óskuðu eftir því að Borgarspítali og Landakotsspítali yrðu sameinaðir. Þeir voru með ákveðnar tillögur. Ég held að starfsfólk þess spítala hafi ekki vitað um það á þeim tíma hvað til stóð. Tillögur þessara tveggja yfirmanna á sjúkrahúsinu voru að gera spítalann að öldrunarlækningaspítala og sameina hann Borgarspítalanum. Þessari leið var hafnað af páv. heilbr.- og trmrh. einfaldlega vegna þess að þetta var dýrasta leiðin sem hægt var að fara og á það voru færðar sönnur. Þá gengu menn úr nefndinni af því þeir fengu ekki fram það sem þeir vildu á þessum tíma.

Hægt er að reka Landakot áfram sem sjálfstætt sjúkrahús. Það er hægt að reka ríkisspítalana áfram sem sjálfstæð sjúkrahús og líka Borgarspítalann. Til þess að tryggja hagræðingu og sparnað í rekstri þeirra þarf að koma á þessari verkaskiptingu. Það er ekki rætt um þessa verkaskiptingu núna hjá hæstv. heilbr.- og trmrh., hver sem hún á að vera. Það er bara verið að útbúa hlutafélag og þvinga menn þannig saman til samstarfs í andstöðu við alla þá sem þarna starfa. Vinnubrögðin sem eru viðhöfð eru alveg ótrúleg og í raun ámælisverð. Hvernig skyldu þau vera? Jú, ríkisstjórnin hefur náð tilgangi sínum með þessum verkum. Spítalinn hefur verið skorinn þannig niður að hann er óstarfhæfur og þá segja auðvitað stjórnendurnir: Það er ekkert annað fyrir okkur að gera en að segja öllum upp. Heilbrrh. verður stórhneykslaður á þeirri aðgerð að segja öllu starfsfólkinu sagt upp. Hann þykist ekkert vita og segir: Mér kemur þetta ekkert við, þetta er sjálfseignarstofnun. Þessir menn ráða þessu náttúrlega algjörlega. Hann lætur eins og spítalinn hafi fengið fulla fjárveitingu á þessu ári.

En til hvers skyldi starfsfólkinu hafa verið sagt upp? Jú, því er stillt þannig upp við vegg, eins og Morgunblaðið orðaði það, og í raun ekkert annað gert en segja: Ef þið hlýðið ekki þá verðið þið bara að hætta. Þessi sjúkrahús skal sameina á hverju sem gengur. Um leið ætlar hæstv. heilbr.- og trmrh. að nota 500 millj. sem agn í baráttu sinni fyrir því að koma þessum tveimur sjúkrahúsum saman og í raun láta okkur skattgreiðendurnar borga kostnaðinn. En skyldi þetta nú vera innsta sannfæring Alþfl. að svona skuli staðið að verki? Nei, hæstv. heilbr.- og trmrh. er bara verkamaður í þessari ríkisstjórn undir forustu íhaldsins þar sem á að ná þessu fram, alveg sama á hverju gengur. Þeirri stefnumörkun á að ná fram í heilbrigðis- og tryggingamálum að hér verði hægt að koma upp tvöföldu heilbrigðisþjónustukerfi. Annars vegar stóru einkareknu sjúkrahúsi, sem mun verða ríkisstyrkt að hluta til, en það sem upp á vantar eiga einstaklingarnir að greiða fyrir. Þeir sem eiga peningana eiga núna að geta keypt sig fram fyrir þá á biðlistunum sem ekki eiga peninga. Á sama tíma mun ríkið segja: Jú, auðvitað verðum við að spara. Hvernig á að spara? Það á að spara með því að skera niður ríkisreknu heilbrigðisþjónustuna þannig að þeir, hæstv. heilbrrh., jafnaðarmaður, ráðherra Alþýðuflokksins – Jafnaðarmannaflokks Íslands, sem ekki eiga peningana og geta ekki keypt þjónustuna og ekki keypt sig fram fyrir aðra á biðlistanum, þurfi á ríkisreknu heilbrigðisþjónustunni að halda sem verður skorin niður. Hún verður verri, hún verður líka dýrari þegar upp er staðið. Þannig ætlar Alþýðuflokkurinn – Jafnaðarmannaflokkur Íslands að koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi í landinu. Að þessir jafnaðarmenn skuli ekki skammast sín.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Morgunblaðið sagði fyrir skömmu um hæstv. heilbrrh. að hann væri eins og naut í flagi á vettvangi heilbrigðismála. Mér fannst í fyrstu að þetta væru nokkuð ósanngjörn ummæli. En ég verð því

miður að segja hæstv. heilbrrh. það að eftir þriggja klukkutíma viðræður í heimsókn á Landakot í dag þar sem við nokkrir þingmenn Alþb. áttum viðræður við stjórnendur spítalans og mikinn fjölda starfsfólks, þá hef ég sannfærst um það að þessi lýsing Morgunblaðsins er líklegast því miður rétt.

Veit hæstv. heilbrrh. það — er nú ekki rétt að hugmyndafræðingur breytinganna láti heilbrrh. í friði, því það hefur auðvitað komið fram hér í umræðunum að hugmyndafræðingur þessara breytinga er hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sem keppist eftir því að búa hérna til stóran einkarekinn spítala í Reykjavík. En það var nú ekki það sem ég ætlaði að segja heldur það að í þessum viðræðum við stjórnendur og starfsfólk spítalans kom fram að það liggur ekkert fyrir um það hvers konar sjúkrahús á að vera þegar búið er að sameina Borgarspítalann og Landakot. Við komum í heimsókn og héldum að yfirlýsingar yfirlæknisins um að breyta ætti Landakoti í öldrunarsjúkrahús væru marktækar. Við fengum þau svör hjá stjórnanda spítalans að svo væri alls ekki. Við sannfærðumst líka um það með því að skoða spítalann að ef breyta á starfseminni allverulega munu þær framkvæmdir kosta mörg hundruð milljónir króna sem gera þarf á húsnæðinu. Hefur komið fram af hálfu heilbrrn. eða fjmrn. að það sé tilbúið að leggja fram það fé? Nei. Þessi umræða er þess vegna satt að segja fáránleg. Hún er fáránleg. Það eru bara reidd fram einhver töfraorð; sameining, fyrirtæki, hlutafélag, og síðan ekkert meir. Hæstv. fjmrh. hefur ekki kvatt sér hljóðs hér í umræðunni en það skiptir auðvitað mestu máli hvað hann segir. Er það stefna fjmrn. að leggja fram hundruð milljóna á ári hverju, samtals fáeina milljarða á næstu 5–6 árum, í þær breytingar og framkvæmdir sem þarf að gera á Landakotsbyggingunni og tækjakostinum og Borgarspítalabyggingunni og tækjakostinum til þess að þessi sameining geti gengið með vitrænum hætti? Við því hefur ekkert svar komið og ég skil ekki hvernig á að setja á laggirnar viðræðunefnd þegar ekki liggur fyrir eitt einasta orð frá fjmrn. um það hvað það eru mörg hundruð milljónir á ári eða margir milljarðar samtals sem á að verja í þessa aðgerð. Ef það svar kemur ekki þá eru allar viðræðurnar í fullkomnu tómarúmi. Það verður þess vegna því miður að segja það að þetta sameiningarmál er fullkomlega fáránlegt eins og það hefur verið lagt fyrir bæði af heilbrn. og fjmrn.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Mun hann ákveða viðbótarfjárveitingu til Landakots á þessu ári, áður en sameiningarviðræðunum lýkur? Já eða nei. Mér hefur verið tjáð á sjúkrahúsinu sjálfu, í þeirri heimsókn sem við áttum þar í dag, að þessar sameiningarviðræður muni taka nokkuð langan tíma. Hins vegar þarf að liggja fyrir í þessari eða næstu viku hvaða viðbótarfjármagn kemur og þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. heilbrrh. svari því strax: Mun hann ákveða viðbótarfjármagnið áður en sameiningarviðræðunum lýkur?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Síðustu missiri og ár hefur heldur sigið á ógæfuhliðina í efnahagsmálum hér á landi. Á sama tíma og árlegur hagvöxtur í OECD-ríkjunum hefur verið í kringum 3% hefur ríkt stöðnun og samdráttur á Íslandi. Því miður er ekkert sem bendir til annars en að framhald verði á þessari óheillaþróun á þessu ári þar sem fyrirliggjandi spár alþjóðastofnana gera ráð fyrir rúmlega 2% hagvexti í OECD-ríkjunum meðan spáð er allt að 4% samdrætti hér á landi. Meginástæðan fyrir þessum samdrætti er eins og allir vita að fiskafli minnkar frá því í fyrra, þjóðartekjur dragast enn meira saman vegna óhagstæðrar þróunar fiskverðs á erlendum mörkuðum. Þetta ástand hefur þegar skapað mikla erfiðleika í okkar helstu atvinnugrein, sjávarútvegi, og í kjölfarið fylgir samdráttur í öðrum atvinnugreinum vegna minnkandi eftirspurnar. Þetta ástand hefur síðan óhjákvæmilega leitt til atvinnuleysis og samkvæmt nýjustu upplýsingum voru um 4.000 manns á atvinnuleysisskrá í janúarmánuði sem er það mesta sem mælst hefur síðustu 20 árin. Til viðbótar við þennan vanda tók núv. ríkisstjórn síðan við þrotabúi síðustu ríkisstjórnar í ríkisfjármálum sem m.a. birtist í því að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1991 jukust um heila 9 milljarða kr. að raungildi og hefðu aukist um 10–11 milljarða ef núv. ríkisstjórn hefði ekki spyrnt við fótum.

Niðurstaðan varð sú að hallinn á ríkissjóði á síðasta ári varð meiri en nokkru sinni fyrr eða 12,5 milljarðar króna. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við hvort sem okkur líkar betur eða verr. Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar hefur verið að draga úr hallanum til að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum og draga úr lánsfjárþörf hins opinbera. Þannig vill ríkisstjórnin freista þess að ná fram stöðugleika í verðlagi og lækka vexti. Árangurinn er nú sjáanlegur þar sem verðbólgan í dag er einungis 2–3% og vextir fara lækkandi. Samdrátturinn í ríkisfjármálunum er erfiður og hlýtur að koma við allan almenning. Samdrátturinn er líklega 330 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu þegar tekið er tillit til lækkunar á vergri landsframleiðslu á milli ára. Þess vegna skiptir mestu máli að deila byrðunum þannig að þær lendi fyrst og fremst á þeim efnameiri. Þetta gerist m.a. með því að draga úr opinberum framlögum til hinna efnameiri og með því að láta aðra en þá sem minnstar tekjur hafa taka þátt í kostnaðinum við opinbera þjónustu. Þjónustugjöldin leika hér stórt hlutverk. Það er sú leið sem farin hefur verið á Norðurlöndum þegar þær þjóðir sem þar búa hafa lent í erfiðleikum í ríkisfjármálum á aðhaldstímum. Tilgangurinn er auðvitað að afla nýs fjár til þess að standa straum af þjónustunni þannig að allir geti notið hennar og ekki þurfi að draga úr henni að neinu ráði.

Skoðum nú þróunina á undanförnum árum í heilbrigðismálum. Þá sést að aðeins er verið að stíga á bremsurnar en ekki að setja í afturábakgír. Útgjöld ríkisins til heilbrigðismála hafa aukist að raungildi um 50% frá árinu 1984 og sem hlutfall af heildarútgjöldum úr 35% í rúmlega 40% á sama tíma. Þetta gildir að sjálfsögðu um heilbrigðismálin í heild en það er rétt sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að heldur minna

hefur gengið til sjúkrahúsanna í Reykjavík á undanförnum árum, a.m.k. minna en þurft hefði.

Þannig fara jafnmiklar fjárhæðir þegar á þetta er litið til heilbrigðismála í ár eins og á árinu 1990 ef fjárlögum verður fylgt. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eða landsframleiðslu er hlutfallið heldur meira á yfirstandandi ári.

Sá sem hér stendur var fjögur ár formaður stjórnarnefndar ríkisspítala, eins og minnt hefur verið á í umræðunum, og ég get rifjað það upp að á þeim tíma sem ég átti þar sæti var deildum á þeirri stofnun lokað fyrst og fremst á sumrum, en á síðari árum var sumum lokað allt árið. Þetta vita auðvitað fyrrv. ráðherrar sem hafa farið með heilbrigðismál og sitja hér inni og hafa tekið þátt í umræðunum.

Á sumum sviðum félagslegu þjónustunnar er þó um útgjaldaaukningu að ræða eins og t.d. hjá fötluðum en þegar búið er að taka tillit til niðurskurðarins og flata niðurskurðarins og alls þess sem ríkisstjórnin hefur þurft að láta yfir málaflokkana ganga mun reksturinn hækka í raun um 5,4% og Framkvæmdasjóður fatlaðra hækkar um 13,3%. Samt er öðru haldið blákalt fram í umræðunni.

Því er einnig stundum haldið fram að ríkisstjórnin gangi allt of langt í niðurskurði og sparnaði. Niðurskurðurinn er þó ekki meiri en svo að við höldum áfram að auka erlendar lántökur sem að nokkru marki fara í að standa undir velferðarþjóðfélaginu. Gera má ráð fyrir að á þessu ári verði viðskiptahallinn um 15 milljarðar. Þetta svarar til þess að erlendar skuldir fjögurra manna fjölskyldu aukist um 230 þús. kr. á þessu ári. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir niðurskurðinn verða ríkisútgjöld á þessu ári meiri en þau voru fyrir tveimur árum. Með öðrum orðum, þrátt fyrir mikinn sparnað á mörgum sviðum á þessu ári nær ríkisstjórnin ekki að vinda ofan af útgjaldaþenslu sl. ára. Þetta eru staðreyndir málsins.

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í sameiningarmálunum sem hér er til umræðu í dag. Þá hefur 13. þm. Reykv., Lára Margrét Ragnarsdóttir, greint frá ýmsum sjónarmiðum frá faglegu sjónarmiði er varða þessi mál.

Það var minnst á það hér áðan og spurt að því hvernig staðið yrði að skiptingu þess fjár sem til ráðstöfunar er samkvæmt lið 6.22 í 6. gr. fjárlaga. Í þeirri grein segir að það sé fjmrh., sem reyndar segir í öllum þeim greinum, sem skuli í samráði við einstaka ráðherra og fjárln. ráðstafa þessu fé. Það verður að sjálfsögðu gert enda mun málið verða undirbúið og það er gert ráð fyrir því að eftir miðjan þennan mánuð, líklega um eða upp úr 20. febr., verði hægt að leggja tillögur ríkisstjórnarinnar fyrir fjárln. Að sjálfsögðu verður staðið við fjárlögin eins og þau liggja fyrir.

Hv. þm. Svavar Gestsson minntist á það að verið væri að rífa og ætti að rífa allt út af Landakoti, lýsti því nánast þannig að fara ætti með bor, jafnvel jarðýtu þar yfir alla hluti, ryðja öllum veggjum og eyðileggja þetta hátæknisjúkrahús. Ég held, hv. þm. og virðulegi forseti, að það sé óþarfi að draga upp svo dökka mynd þótt það hjálpi kannski til í hita bardagans þegar við erum að ræða jafnmikilvægt og viðkvæmt málefni og hér er á ferðinni.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson minntist síðan á sameiningu sjúkrahúsanna með öðru sniði þar á meðal Ernst og Young skýrsluna. Það eru auðvitað til ýmsir möguleikar á því hvernig sameina skuli eða samræma rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík en allar eiga þær eitt sammerkt og það er að hagræða og draga úr kostnaðinum. (**Gripið fram í:** Ekki þessi leið.) Þessi leið er auðvitað valin með tilliti til þess — það getur enginn mótmælt því þótt menn geti haft skoðanir á því hvaða leið sé heppilegust til að ná niður kostnaðinum, fækka starfsfólki og finna leið sem kemur sjúklingum best. En við skulum viðurkenna það öll sem erum hér inni og tökum þátt í þessari umræðu að allt sem við höfum reynt að gera, þótt árangurinn hafi ekki verið mikill hjá síðustu ríkisstjórn, var einmitt að ná niður kostnaðinum, spara, og það gat aldrei verið gert nema með því að ná niður mannahaldi. Þess vegna skulum við ekki leika okkur með tvískinnung eins og mér sýnist sumir hafa gert, því miður, í þessari umræðu. (**SvG:** Ertu að tala um heilbrrh.?) Ég er að tala um ýmsa heilbrigðisráðherra, líka þá sem fyrr hafa setið. (**SvG:** Já, líka?) A.m.k. þá. Þetta var nú sagt vegna frammíkallanda sem eitt sinn var heilbrrh. en lék sér hér í ræðustólnum áðan eins og ég veit að allir áhorfendur og áheyrendur tóku eftir.

Virðulegi forseti. Þegar slær í bakseglin í efnahags- og atvinnulífinu er nauðsynlegt að leita allra ráða til að spara og lækka kostnað. Með hagræðingu má ná fram sparnaði án þess að hann bitni á þjónustunni. Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu kappkosta að samdrátturinn bitni sem allra minnst á sjúku fólki og þeim sem lökust hafa kjörin. Þess vegna hefur ekki verið farið hraðar í niðurskurðinn þrátt fyrir að staðan í efnahagsmálunum hafi gefið fullt tilefni til. Langmikilvægasta markmiðið er þó að tryggja stöðugleikann í efnahags- og atvinnulífinu, draga úr lánsfjárþörf hins opinbera, lækka þannig vexti til að hjól atvinnulífsins geti farið að snúast að nýju að fullum krafti og skilað okkur nýjum hagvexti og betri lífskjörum. Erlend skuldasöfnun og óðaverðbólga kemur þyngst niður á þeim sem verst eru settir. Þetta hefur reynslan kennt okkur.

Ég tel fulla ástæðu til að vara við hræðsluáróðri sem er eingöngu til þess fallinn að sá tortryggni og gefa í skyn að ástandið sé verra en það raunverulega er. Öll hljótum við, hvar í flokki sem við stöndum, að kappkosta að röskun á nauðsynlegum breytingum verði eins lítil og kostur er.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var út af fyrir sig hugulsamt af hæstv. fjmrh. að flytja þessa ræðu. Hún er mjög kunnugleg, hann er búinn að flytja hana nokkuð oft á undanförnum vikum og mánuðum og væri út af fyrir sig athugandi fyrir hann að taka tæknina í sína þjónustu og spila þetta fyrir þingmenn sem eru margir vel tæknilega útbúnir.

En sem svar við þessari ræðu ætlaði ég að segja

þetta: Það sem við höfum verið að leggja áherslu á er að þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið af heilbrrh. um þessi mál, munu ekki leiða til þess sparnaðar sem hæstv. fjmrh. er að tala um. Það er veruleikinn, það er hinn alvarlegi vandi sem við stöndum frammi fyrir. Í öðru lagi viljum við mótmæla vinnubrögðum heilbrrh. í þessu efni. Við teljum að þau muni kosta peninga. Það hvernig að hlutunum er farið, að það hefði verið hægt að ná meiri árangri með samvinnu, samráði og eðlilegum vinnubrögðum og viðræðum við þá aðila sem hér um ræðir. Þá mundu menn ekki nota í aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar orðin, með leyfi forseta: Naut í flagi. Þá mundu menn nota einhver önnur orð.

Að lokum þetta: Þessi umræða hefur sýnt að það er óhjákvæmilegt að málin verði tekin hér til frekari meðferðar vegna þess kannski sérstaklega að við þurfum að ræða skiptinguna og hæstv. fjmrh. svaraði ekki einu orði spurningu hv. 8. þm. Reykn.: Er fjmrn. tilbúið til að tryggja og gefa yfirlýsingar um að fjármunir fáist til þeirra breytinga sem nauðsynlegar eru á Landakoti og á Borgarspítalanum til þess að þetta verkefni varðandi sameininguna nái fram að ganga? Það var athyglisvert að hæstv. fjmrh. svaraði því ekki einu einasta orði og ég tel að það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að tryggja að þessi mál í heild komi aftur til umræðna hér í þessari virðulegu stofnun.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Varðandi fyrirspurn sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni vil ég eingöngu segja að það er að sjálfsögðu Alþingis að fjalla um það mál hvernig fjárveitingar verða til sjúkrahúsanna á næstu árum. Það liggur ekkert fyrir um það að hálfu fjmrn. annað en það að við ætlum okkur að fylgjast með því að staðið verði við þau fjárlög sem við, meiri hluti Alþingis, höfum nýlega samþykkt eins og hv. þm. þekkir.

Þegar rætt er um þessi mál hérna þá held ég að það sé hollt fyrir alla þá sem vilja fylgjast með umræðunni, líka fyrrv. fjmrh., að allar tilraunir sem hafa verið gerðar til að hagræða hafa verið gerðar til þess að ná niður kostnaði. Við hefðum hugsanlega getað valið aðra lausn, eins og t.d. þá sem stungið hefur verið upp á að sameina Borgarspítalann og ríkisspítalana. Þá spyr ég, virðulegi forseti: Telja menn að staða Landakots hefði orðið betri eða verri ef sú leið hefði verið valin? Það sem skiptir máli núna er að í fyrsta skipti hefur verið tekið á þessu máli. Það má kannski deila um það hvort það hefði átt að gerast með öðrum hætti, en stjórnir beggja sjúkrahúsanna hafa komið sér saman um ákveðna tiltekna þætti, stjórnvöld eru tilbúin til þess að ræða við þessa aðila og ég er sannfærður um að þegar tímar líða og eftir nokkrar vikur þá verður niðurstaðan sú sem best getur orðið fyrir okkur og fyrir að sjálfsögðu þjóðarhag. Því það er nú einu sinni þannig að það má eyða öllum tekjum ríkisins til heilbrigðisþjónustu ef við kærðum okkur um það, tæknin er slík. Við höfum takmarkað fjármagn og okkur ber að fara eins vel með það og kostur er og reyna að nýta það þannig að það komi sjúklingum sem allra best. Það er kjarni þessa máls.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh. að auðvitað hafa menn verið að leita leiða til að hagræða og spara á ýmsum sviðum í heilbrigðis- og tryggingamálunum og það var sérstaklega gert af fyrri ríkisstjórn. Ég minnist þess frá þeim tíma er fjmrh. var stjórnarformaður ríkisspítalanna að þá áttu sér stað mikil átök í Sjálfstfl. um það hvaða leið skyldi farin í að sameina sjúkrahús. Ég man ekki betur en hann hafi verið einn ötulasti baráttumaðurinn fyrir því að Borgarspítalinn og Landspítalinn yrðu sameinaðir í eitt sjúkrahús. Hann varð reyndar undir í þeim slag en ég er sannfærður um að hann var að gera það af fullri samviskusemi og var sáttur við sjálfan sig í þeirri baráttu. Því spyr ég: Ef fjmrh., og hann á auðvitað að hafa það fyrst og fremst að leiðarljósi, vill að sem mestur sparnaður og sem mest hagræðing náist út úr því sem hann er að gera á hverjum tíma af hverju beitir ráðherrann sér þá ekki fyrir því að sameina Borgarspítalann og Landspítalann? Ég er sannfærður um, ef sú sameining ætti sér stað, að staða Landakots, í starfstengslum við annað hvort þessara sjúkrahúsa sem sjálfstæður spítali, yrði sterkari á eftir heldur en það kæmi út úr þessari sameiningu þegar Borgarspítalinn gleypir það.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur verið bent á þá flutti fjmrh. gamalkunna ræðu, raunar er þetta alltaf sama ræðan. Þetta er ræðan um óheillaspána, um óheillaþróunina, um fiskaflann sem dregst saman, um þjóðartekjurnar sem minnka, um sparnaðinn sem þarf að ná, (**Fjmrh.:** Er eitthvað rangt í ræðunni?) um byrðarnar sem allir þurfa að bera. Og þar komum við einmitt að dálítið athyglisverðum punkti vegna þess að ráðherrann sleppir alltaf úr ræðu sinni því að það eru ekkert allir sem þurfa að bera þessar byrðar sem um er að ræða. Hraust, miðaldra fólk sem búið er að koma börnum af sér ber engar byrðar. Fólk eins og ráðherrann og ráðherrarnir. Það ber engar byrðar samkvæmt þessum tillögum.

Það var reyndar athyglisvert að ráðherrann talaði um sparnað og við getum verið sammála um að það þarf að spara, en hvernig á að spara, með hvaða aðferðum á að spara og hvar á að spara? Um það er tekist. Það hefur verið reynt að benda á það í þessum ræðustól, æ ofan í æ í dag, að þetta er spurningin um að spara í lengd en ekki bara í bráð. Það er sýndarsparnaður sem hér er lagður til.

Annað var athyglisvert í máli fjmrh., það var að hann gaf ekkert fyrirheit til sameiningarmanna um framtíðina. Hann gaf ekkert fyrirheit um það hvort einhverjir fjármunir fengjust í þágu uppbyggingar, í þágu sameiningar. Hann vísaði á fjárlögin, fjárlög næstu ára, og þar er ekki á vísan að róa.

En ég ætla ekki að eyða orðum mínum í hæstv. fjmrh., mig langar meira til að eiga orðastað við hæstv.

heilbrrh. Ég ætla að byrja á því að lýsa yfir mikilli óánægju og í raun vanþóknun með svör sem ráðherra gaf hérna. Ég heyrði ekki betur en ráðherrann virtist ætla að gera sjálfan sig að ómerkingi. Það er eitt nauðsynlegt í stjórnmálum og aðeins eitt: Það er að orð standi. A.m.k. í tvo mánuði. hæstv. ráðherra. Ráðherrann talaði orð í desember og hann virðist ekki tilbúinn til að staðfesta þau nú í febrúar. Ef ráðherrann sýnir ekki tryggð við eigin orð, ef hann sýnir ekki tryggð við loforð sem hann gefur hér af fúsum og frjálsum vilja þá er honum ekki treystandi yfir þveran þröskuld. Og þá er engu að treysta sem hér hefur verið sagt af ráðherra. Var ráðherrann að blekkja í desember eða getur hann ekki og þorir hann ekki að standa við þau orð sem hann sagði þá? Ég ætla að skora á ráðherrann að standa nú með sjálfum sér og standa með því sem hann sagði. Hann á ekki svo ríkan stuðning úti í samfélaginu að það veitir ekki af því að hann a.m.k. standi með sjálfum sér.

Mér fannst líka vera ákveðið siðleysi í svörum ráðherrans. Hann talaði um að hann væri búinn að skipa viðræðunefnd til að ræða við Borgarspítalamenn og forráðamenn sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, Landakoti. Þar vísaði hann til þess hver væri formaður, hverjir ættu að vera í nefndinni og það ætti að leita tafarlausra samninga og hann vonaðist til að ný stjórn gæti tekið við bráðlega. En hverjum sleppti hann? Hverja minntist hann ekki á? Hann minntist ekki á St. Jósefssystur, það kom ekki fyrir að hann teldi að það þyrfti að bjóða þeim t.d. aðild að viðræðunum, að það þyrfti að leita samninga við þær, að það þyrfti að eiga einhvern orðastað við þær. Nei. Það var ekki orð um það hjá ráðherranum.

Hann sagði hér sem svar við minni þriðju spurningu, um það hvort hann hefði leitað viðræðna við St. Jósefssystur: Til niðurskurðar hefur komið oft áður á framlögum til spítalans og enginn ráðherra hefur rætt við systurnar. Þetta kann að vera rétt en hvaða afsökun er í því fólgin? Það er nýtt í þessum niðurskurði, hann er nú 40%, og breytir eðli spítalans algjörlega.

Ráðherrann sagði líka — og þar kem ég að siðleysinu: Engir samningar geta tekið af þær ákvarðanir sem teknar eru á Alþingi. Hverjir staðfestu samninginn? Hver gerði samninginn? Hver lét staðfesta skipulagsskrána um sjálfseignarstofnunina? Lét forseta Íslands, æðsta vald í okkar málum, staðfesta skipulagsskrána? Það var dómsmrh., reyndar í samráði við heilbr.- og trmrh. á sínum tíma. Geta menn svo bara sagt, þessir samningar skulu ekkert standa, við getum gert það sem okkur sýnist? Það er orði ansi erfitt að semja við ríkið. Hver vill semja við ríkið? Hver vill eiga eitthvað inni hjá ríkinu? Svo mikið er víst að ekki vilja launþegar það og ég get ekki ímyndað mér að nokkur stofnun, sjálfseignarstofnun, hlutafélag, eða hvað við kjósum að kalla eitthvert félag sem verður til, vilji eiga samninga við ríkið sem þannig eru haldnir.

Ráðherrann sagði líka að hann hefði vissulega ákveðnar áhyggjur af niðurskurði, hann hlyti að koma niður á starfsfólki og sérstaklega því starfsfólki sem ófaglært væri. En hann sagði: Ég hef samt ekki áhyggjur af fagfólkinu, það vantar alls staðar fólk. Það þarf að ráða fólk á sjúkrahúsin. En þessi ráðherra, ásamt öðrum, hefur bannað að ráðið verði í stöður á sjúkrahúsunum og hvernig á þá að leysa þetta mál? Það er ekki hægt að vísa fólki á stöður sem ekki má ráða í.

En alvarlegast fannst mér sem sagt það sem kom fram í máli ráðherrans varðandi Fæðingarheimili Reykjavíkur. Sem svar við spurningu minni um það hvort hann vildi tryggja Fæðingarheimilið áfram sem fæðingarstofnun og sem valkost fyrir fæðandi konur í Reykjavík sagði hann: Ég ætla ekki að skipta mér af þessu máli. Læknar og stjórn Landspítalans eru engir fúskarar, sagði hann. Hver hefur haldið því fram að þeir væru fúskarar? Þetta eru ágætir fagmenn, góðir fagmenn sem vinna sitt starf vel, eru með mjög góða fæðingardeild, en þeir eru ekki handhafar sannleikans. Þeir eru ekki handhafar hinnar einu réttu leiðar í þessum málum frekar en aðrir. Það er það sem málið snýst um, það að til sé einhver valkostur, það sé til valkostur fyrir fæðandi konur alveg eins og hér hefur verið lögð áhersla á af hv. 13. þm. Reykv. að það eigi að vera til valkostur í heilbrigðisþjónustunni. Því þá ekki fyrir fæðandi konur? Hvers vegna í ósköpunum ekki? Og hvernig geta menn, ef þeir reikna rétt, sagt að það sé ódýrara að fæða á hátæknispítala heldur en heimilislegri fæðingarstofnun? Ég tek það fram að ég vil þá að menn reikni rétt.

Ég ætla bara, áður en ég fer hér úr pontu, eins og ég segi, að skora á ráðherra að gefa nú betri svör en hann hefur gert. Hann svaraði t.d. engu um það hvaða tímamörk væru sett á sameininguna og ég ætla að skora á hann, eins og ég gerði hér áðan, að standa með sjálfum sér og standa við þau orð og loforð sem hann gaf hér í desember. Annars er hann ómerkingur.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég held að ræða hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem talaði hér, sé gott dæmi um hvaða málflutning sumir stjórnarandstæðingar kjósa að iðka. Svör mín voru siðlaus. Ég er ómerkingur. Ég segi ósatt, er lygari.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til að gera a.m.k. nýjum þingmönnum grein fyrir því hvað er eðlilegur málflutningur og eðlilegt orðaval hér í þinginu. (Gripið fram í.) Já, virðulegi forseti. Ég get alveg eins kennt mönnum það eins og maðurinn sem tók sína pólitísku þekkingu í arf frá þeim heimshluta sem nú er að hrynja. Ég get það alveg eins.

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara málefnalega þeim spurningum sem til mín var beint án þess að nota svona orðaleppa þótt ég sé ekki sammála þeim skoðunum sem koma fram hjá hv. þm. sem hafa spurt mig og atyrt mig að nokkru leyti. En ég vænti þess að þeir hv. þm. lesi sér til í þingsköpum um hvað teljist þinglegt orðaval því auðvitað geta menn verið ósammála hér í þinginu og tekið nokkuð djúpt í árinni. En að tala um að þingmenn eða ráðherrar sýni siðleysi, séu ósannindamenn og annað slíkt, sæmir ekki hv. þm., það sæmir þeim alls ekki.

Ég vík þá fyrst að því sem kom fram hjá hv. 1. þm.

Norðurl. e. Það stendur ekki til, eins og hann segir, að lama starfsemi Landakots. Það sem stendur til er að reyna að tryggja þá starfsemi sem nú á sér stað á Landakoti og á Borgarspítala með samstarfi og sameiningu þessara stofnana tveggja því að menn, sem stjórna þessum stofnunum og eins starfsmenn í heilbrrn., eru almennt sammála um að það sé leiðin til að tryggja að sem allra minnst skerðing verði á þjónustu stofnananna. Auðvitað er það út í hött að láta sér um munn fara þau orð að það standi til að ráða útkastara á Borgarspítalann og Landakot til þess að kasta út fárveikum sjúklingum sem ekki fá þar pláss. Og ég spyr enn, virðulegi forseti: Er það á þessum nótum sem umræðan um þessi mál á að fara fram? Að ríkisstjórnin ætli að standa fyrir því að ráða útkastara að spítölum til að kasta bráðveikum sjúklingum á dyr. Er það sæmandi að láta umræðuna fara fram með þessum hætti? (**SvG:** Ertu hissa á spurningunni?)

Virðulegi forseti. Svo að ég víki næst að þessum hv. þm. sem stöðugt stundar hér frammíköll, laus undan oki fortíðar, þá skulum við aðeins líta á þá lýsingu sem hann var með hér, að það sé verið að hneppa fólk í fjötra, að gerð sé aðför að fólkinu, að það sé verið að stilla fólki upp við vegg og gefa því kost á að velja hvort eigi að skera það eða skjóta. (Gripið fram í.) Þetta, virðulegi forseti, er lýsing á tilteknu kerfi. Er það lýsing, virðulegi forseti, á því kerfi sem við þekkjum hér á Íslandi? Nei. Hvar höfum við séð svona kerfi nýlega? Við sáum það t.d. þegar járntjaldið hrundi og við fengum innsýn í heim sem þeir stjórnuðu sem m.a. hv. þm. Svavar Gestsson sagði einu sinni að væru líklegastir til þess að gegna forustuhlutverki meðal smærri þjóða sósíalismans í heiminum. (Gripið fram í.) Þegar það járntjald hrundi, virðulegi forseti, og við sáum inn í það þjóðfélagskerfi sem þannig var byggt upp, m.a. undir forustuþess þjóðarleiðtoga sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði í grein í Þjóðviljanum fyrir nokkrum árum að væri efnilegasti leiðtogi hinna smærri sósíalísku ríkja í heiminum. Þá sáum við svona kerfi. Hv. þm. spyr, hann man náttúrlega ekki fortíðina. Hv. þm. spyr: Hvar var þetta? Þetta var sami einstaklingurinn (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að kalla ekki fram í og leyfa ráðherranum að ljúka máli sínu.) og hv. samþingmaður hans lýsti svo að þar hafi hún séð ein fallegustu augu á sinni ævi. Það var á bak við þessi fallegu augu og bak við þennan væntanlega þjóðarleiðtoga hins sósíalíska heims sem þessi lýsing passaði, þ.e. það kerfi sem hv. þm. var að lýsa, var það kerfi sem þá kom fram í dagsljósið. Og það er ósköp eðlilegt, virðulegi forseti, að hv. þm. vilji ekki ræða mikið um fortíðarvanda og það er ósköp eðlilegt, virðulegi forseti, að honum líði það illa í sæti sínu að hann þurfi að stunda stöðug frammíköll og fer nú sjálfsagt í vöxt að þannig verði hans líðan. En það verður bara svo að vera. Það eina sem menn geta ekki falið í lýðfrjálsu ríki, virðulegi forseti, er pólitísk fortíð. Það geta menn ekki falið í lýðfrjálsu ríki því það sem þeir hafa sagt og skrifað er varðveitt í slíkum ríkjum.

Hv. þm. sagði einnig að það væri rangt með farið hjá mér að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á Íslandi væru með því hæsta og jafnvel hæst í heiminum. Það er ekki rétt. Ég hef fengið í hendur frumdrög að skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands þar sem m.a. er gerður samanburður á útgjöldum á Íslandi og í öðrum ríkjum heims, m.a. með tilliti til þeirra atriða sem hv. þm. nefndi og varða aðra aldursskiptingu Íslendinga heldur en flestra annarra þjóða því Íslendingar eru yngri að tiltölu en aðrar þjóðir. Í þessum bráðabirgðatölum kemur fram að ef miðað er við aldursveginn mannfjölda og meðalgengi eru útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi næsthæst allra þjóða. Ef miðað er við aldursvegnar mannfjöldatölur og þær vegnar með gengisvísitölu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands telur að sé réttari vog til þess að fá réttar og sambærilegar niðurstöður þá er heilbrigðisþjónustan á Íslandi sú dýrasta í heimi og um það bil 200 dollurum dýrari á íbúa en heilbrigðisþjónustan í Bandaríkjunum. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Ég er að vísu ekki jafnrómsterkur og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. En ég var að enda við að segja að þarna væri um bráðabirgðatölur að ræða frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem aðstoðarmaður ráðherra hefur ekkert með að gera. (**ÓÞÞ:** Reiknimeistari Háskólans?)

Virðulegi forseti. Ég verð að halda áfram að svara þótt stjórnarandstæðingar virðist vera orðnir svo órólegir að þeir geta ekki setið kyrrir í sætum sínum. Ég vil einnig víkja að því sem var sagt hér að til stæði einkavæðing á sjúkrahúsum. Það er ekki rétt. Það er rangt að það standi til að búa til slíkt kerfi að efnahagur manna ráði þeirri þjónustu sem þeir fá. Allir eru jafnir fyrir lögunum á Íslandi, það eru allir jafnréttháir í heilbrigðiskerfinu og það stendur ekki til að breyta því. Það er því úr lausu lofti gripið, virðulegi forseti, að það standi til að fólk geti farið að kaupa sig út af biðlistum til aðgerða og það er rangt að það standi til að einkavæða heilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 10. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Ýmsilegt hefur verið sagt við mann um dagana en ég hef aldrei orðið fyrir eins ósvífinni árás og af hálfu hæstv. heilbrrh. hér áðan. Hann sagði í pontu að ég hefði kallað sig lygara. Það gerði ég aldrei. Slík orð tek ég mér ekki í munn nema ég þurfi að endurtaka þau eftir ráðherrum. Það sagði ég aldrei. Ég sagði við ráðherra: Annaðhvort stendur hann við orð sín sem hann sagði í desember, eða hann er ómerkingur, sagði ég, annars er hann ómerkingur ef hann ekki stendur við sín orð. Og ég las upp orð ráðherra. Nú ætla ég bara að spyrja þingheim allan hvort ráðherra hafi ekki sagt það sem stendur í þingtíðindum. Ég er með þau hér fyrir framan mig, dagsett 22. des. 1991, 3. umr. um fjárlög, atkvæðagreiðslu, og þá sagði ráðherra ótilneyddur af fúsum og frjálsum vilja:

„Ég vil gjarnan leiðrétta þann misskilning að hér sé um það að ræða að leggja eigi niður Fæðingarheimili Reykjavíkur sem fæðingarstofnun. Það er ekki rétt. Það er gert ráð fyrir því að starfrækja heimilið áfram sem

fæðingarstofnun." Og áfram segir hann: „Ríkisspítalarnir munu reka áfram Fæðingarheimili Reykjavíkur sem fæðingarstofnun undir sama nafni en stjórnendurnir munu að sjálfsögðu gera ráð fyrir hagræðingu á milli fæðingardeildarinnar og Fæðingarheimilisins um þann rekstur sem verður sameiginlega á vegum ríkisspítalanna."

Sagði ráðherra þetta ekki? Jú, hann gerði það. Og var hann tilbúinn hér áðan til að staðfesta þessi orð? Er hann tilbúinn til þess? Er hann tilbúinn til þess að tryggja að Fæðingarheimilið verði stofnun fyrir fæðandi konur? Ef ekki, ég ætla að endurtaka það, þá er hann ómerkingur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Þjóðin stendur frammi fyrir þeirri alvarlegu staðreynd að hafa heilbrrh. sem gengur gegn velferðarkerfinu með býsna alvarlegum hætti. Þjóðin er óánægð með þennan heilbrrh. Heilbrrh. lætur reka 600 manns á Landakoti. Heilbrrh. lætur loka sjúkrahúsadeildum. Heilbrrh. lætur loka fæðingardeildum. Heilbrrh. hækkar lyf og læknisþjónustu. Eitt aðalmálgagn ríkisstjórnarinnar kallar heilbrrh. naut í flagi og það var vitnað til þess hér áðan og orðin sem notuð eru um hæstv. heilbrrh. á Landakoti eru ekki hafandi eftir og þau hafði ég ekki eftir hér áðan. Þegar menn eru búnir að koma sér svona fyrir í stöðunni, í stjórnmálunum, eins og hæstv. heilbrrh., þá eiga þeir tvo kosti. Annar er sá að koma fram við pólitíska andstæðinga sína með lítilmótlegum skætingi og útúrsnúningi eins og hann gerði hér áðan. Hinn kosturinn er sá að hann segi af sér. Það er skiljanlegt að hann skuli hafa valið fyrri kostinn þó að sá síðari kunni að liggja fyrir honum áður en langur tími líður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Nú er forseti í vafa um að hæstv. ráðherra þurfi að bera af sér sakir. Það er endalaust hægt að halda umræðunni áfram með þessum hætti. (**Heilbrrh.:** Ein setning.) Ein setning, hæstv. ráðherra. Þá tekur hæstv. heilbrrh. til máls og ber af sér sakir í einni setningu.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):
Ég ætla aðeins að segja, virðulegi forseti, að mér finnst mjög eðlilegt að þegar fortíðina ber á góma biðji hv. þm. Svavar Gestsson um orðið til að bera af sér sakir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Nú hefur verið gert samkomulag um það að taka hér fyrir frv. samkvæmt dagskrá. Það er frv. um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Gert hefur verið samkomulag um það milli þingflokkanna að þessi umræða verði með þeim hætti í dag að einn fulltrúi hvers þingflokks tali, síðan verði þeirri umræðu frestað. Er þetta gert af tillitssemi vegna fundar sem mun vera hér í nágrenninu og sem forseta skilst að hv. þm. hafi áhuga á að mæta á. Þess vegna biður forseti um að það fáist að halda hér áfram fundi með þeim hætti sem samið hefur verið um.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Það gerist æ algengara að um nokkurs konar þriðju útgáfu af þingsköpum sé að ræða sem farið er eftir hér í þinginu. Í umræðum utan dagskrár er gert ráð fyrir tveimur tilteknum formum, annars vegar hálftíma umræðu eða ótakmarkaðri umræðu. Það er ekki gert ráð fyrir fleiri möguleikum. Það er í sjálfu sér mjög óeðlilegt að einhver heimasmíði sé á þessum þingsköpum frá degi til dags þannig að það geti alveg eins verið tveggja tíma umræða sem sé samþykkt einn daginn, þriggja tíma hinn og klukkutíma þann næsta. Ég verð að segja það eins og er að þegar ráðherrar taka upp á því í slíkum umræðum að taka fyrir að vísu sitt vinsælasta umræðuefni, þ.e. stjórnskipun kommúnistaríkja, þá eru þeir náttúrlega ekki að ræða það dagskrármál sem hér er til umræðu og ætti að draga það frá ef mönnum væri alvara og menn væru með hálftíma umræðu. Hitt eru aftur á móti vinnubrögð sem ég get ekki sætt mig við, að taka hér ítrekað upp samningsbundnar umræður sem forseti semur um, ekki við þingheim og ber ekki undir þingheim.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill svara hv. 2. þm. Vestf. strax áður en umræðu um gæslu þingskapa heldur áfram. Það er hægt að gera samkomulag milli þingflokka ef um er að ræða mál þar sem talið er að umræða gæti orðið nokkuð mikil. Í þessu tilfelli var sá þingmaður, sem bað um þessa utandagskrárumræðu, ekki sáttur við hálftíma umræðu. Það hefur áður verið gert og eru til fordæmi fyrir því að samið sé um lengri tíma. (**ÓÞÞ:** Í hvaða grein þingskapa er forseti að vitna í?) Ég vísa til 72. gr. þingskapa um þetta efni. Það er það sem hefur gerst í þessu tilviki eins og áður eru mörg dæmi um.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Vestf. Svo bar til í dag að ég kom hér inn í þinghúsið utan af skrifstofu kl. 12 í dag, þá var mér af tilviljun sagt að þessi umræða ætti að fara hér fram. Mér hafði ekki verið tilkynnt það. Mér er ekki kunnugt um að þingflokksformaður minn hafi samið um það. Ég vil því spyrja: Hver samdi um þessa umræðu og hver hefur umboð til þess að festa það niður hverjir taka til máls í máli sem þessu? Sama gilti um fleiri. Ég varð vitni að því að fjöldi þingmanna hafði ekki grun um að

þessi umræða ætti að fara fram og við þetta verður auðvitað ekki unað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Með sama hætti og venja er var komið skilaboðum til formanna þingflokka. Þetta kom enn fremur fram á fundi með formönnum þingflokka í gær þar sem óskað var eftir þessari umræðu í dag. Þá skýrði forseti frá því að þessi umræða gæti ekki farið fram í dag því forseti hafði ekki ætlað sér að hafa hér utandagskrárumræðu vegna þeirra mála sem voru á dagskrá, þ.e. það frv. sem átti nú þegar að vera hafin umræða um. Þá kom í ljós að hæstv. heilbrrh. gat ekki verið við þessa utandagskrárumræðu nema í dag og þess vegna hliðraði hæstv. menntmrh. til og þannig að umræðan gat orðið með þeim hætti sem hér hefur farið fram í dag í góðu samkomulagi. Öllum formönnum þingflokka var tilkynnt um þetta í morgun eins og oft gerist þegar utandagskrárumræða fer fram. Forseti ræður náttúrlega ekki við það ef ekki hefur náðst í viðkomandi aðila. Gerðar voru ráðstafanir til að ná í einhverja aðra fulltrúa þingflokka þannig að ég held að það sé alveg öruggt að allir þingflokkar hafi vitað að þessi utandagskrárumræða stóð til.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um þá umræðu sem hér er að baki en vil geta þess í því sambandi að ég frétti af því á skotspónum núna í hádeginu að þessi utandagskrárumræða væri ákveðin í dag, ég hafði enga hugmynd um það áður. En það sem ég vildi gera að umtalsefni er sá rammi sem umræðu um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna er skapaður í þinginu sem er mjög stórt og viðamikið mál, þýðingarmikið efni og afar umdeilt eins og fram hefur komið. Og hæstv. forseti vísar til þess að nú eigi að hefja þessa umræðu, um það sé samkomulag að mælt verði fyrir málinu og talsmenn þingflokka tali með einum fulltrúa hver, en síðan sé ekki hægt að halda áfram vegna þess að það sé að hefjast fundur hér í grenndinni á vegum eins ráðherra úr ríkisstjórninni. Ég vissi miklu fyrr af þeim fundi heldur en þeirri utandagskrárumræðu sem hér hefur farið fram því að það hefur ómað á bylgjum Ríkisútvarpsins í dag auglýsing um þennan fund í húsi við Austurvöll og forseti getur þess sérstaklega að þingmenn munu verða nokkuð uppteknir af honum. Samt er hugmyndin að hefja hér umræðu um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna þó að umræddur fundur, sem verið er að kalla almenning til, og þingmenn eftir orðum forseta láta sig nokkru varða, sé að hefjast núna, um kl. 17. Ég átta mig, virðulegi forseti, í rauninni ekki á þessum ramma sem hér er dreginn upp varðandi þetta mál svo og vegna orða forseta áðan um að það væri ekki hægt að ræða þetta mál hér vegna þess fundar sem ríkisstjórnin stendur fyrir eða einn ráðherra hennar í næsta húsi við Alþingi. Mér finnst það ekki vel lukkað að marka stóru máli þennan ramma hér í 1. umr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur alveg tekið undir orð hv. 4. þm. Austurl. og er alveg sammála því sem kom fram í hans máli. En hér var um það að ræða að taka tillit til óska fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem höfðu samband við forseta út af þessari væntanlegu umræðu um lánasjóðinn sem hæstv. ráðherra bíður nú eftir að geta hafið. Það er ekki að vilja eða ósk forseta að umræðunni verði frestað með þessum hætti í dag. Forseti hafði gert ráð fyrir því að þeirri umræðu yrði haldið áfram í dag svo lengi sem þurfa þætti og ásamt því að henni yrði haldið áfram í kvöld ef henni yrði ekki lokið í dag. En því var mótmælt af fulltrúum stjórnarandstöðunnar á fundi með forseta í gær og þess vegna hefur ekki verið gert ráð fyrir fundi í kvöld en forseti er alveg tilbúinn að hafa kvöldfund ef þingmenn hafa áhuga á því og er vel hægt að breyta því.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að forseti á alla mína samúð að þurfa að stjórna þingfundi með svo óstýriláta ráðherra sem hér hafa verið í dag og hversu lítt þeir skeyta um að virða þingsköp. Ég nefni sem dæmi hinn óundirbúna fyrirspurnatíma. Gildi hans felst í því að ráðherrar svari fyrirspurnum. Því miður varð nokkur misbrestur á því í dag, m.a. hjá hæstv. samgrh. og það hlýtur að rýra gildi þessa tíma ef ráðherrar ætla sér að víkja sér undan svörum eins og var svo áberandi í dag.

Annað sem mér finnst ástæða til að nefna var að hæstv. heilbrrh. kvaddi sér hljóðs til að bera af sér sakir. Og hvaða sakir var maðurinn að bera af sér? Það kom ekki fram í hans svari. Það sem kom fram í hans máli var að hann var raunar að bera sakir á annan þingmann í því sem hann kallaði að bera af sér sakir. Mér finnst að ráðherrar verði að virða betur en verið hefur þingsköp og megi ekki gera sér svo mikið far um eins og verið hefur í dag að gera forseta fundarstjórn erfiða.

Ég vil þó segja að mér finnst ekki óeðlilegt að þingflokkar semji um tiltekna meðferð mála eins og hér hefur verið í dag og verið áður. Menn hafa samið um utandagskrárumræðu með öðru formi en formlega er gert ráð fyrir í þingsköpum. Það finnst mér ekki óeðlilegt. Mér hefur stundum fundist það vera til bóta. En það sem mér finnst og það ætti að vera lærdómur okkar af þeim athugasemdum sem fram hafa komið er að menn ættu að fara yfir framkvæmdina þannig að tryggt sé að allir þingmenn séu sáttir við þetta form hverju sinni og á því hygg ég að forseti beri ekki höfuðábyrgð.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka undir þá athugasemd sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson setti fram að hæstv. heilbrrh. vék ekki einu orði að því að bera af sér sakir heldur kom eingöngu upp í ræðustólinn til að fara lítilsvirðingarorðum um hv. þm. Svavar Gestsson.

Forsetinn hafði hikað við að veita hæstv. heilbrrh. orðið til að bera af sér sakir og það var eðlilegt, en ég saknaði þess að forsetinn skyldi ekki ávíta hæstv. heilbrrh. fyrir að misnota þá heimild sem forsetinn gaf honum með þeim hætti sem hann gerði. Og það er auðvitað dálítið óþægilegt ef hæstv. forseti leggur ekki í það að sýna það jafnrétti hér í þinginu að það sama gangi yfir ráðherra og aðra þingmenn. En það var nú ekki tilefni þess að ég bað um orðið heldur að koma því á framfæri við virðulegan forseta að íhuga alvarlega reynsluna af því að menn semji um það að takmarka ræðutíma í utandagskrárumræðum. Ég tek undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði. Það getur oft verið skynsamlegt að gera það og gera samkomulag af því tagi sem hér hefur verið gert þó að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að í strangasta skilningi mætti segja að það gengi nokkuð á skjön við þingsköpin.

En vandinn er sá, hæstv. forseti, að ráðherrarnir í framgöngu sinni í umræðunum taka ekki tillit til þeirrar sanngirni sem þingflokkarnir hafa sýnt með því að gera slíkt samkomulag. Í dag var það t.d. augljóst að hæstv. fjmrh. átti mikið erindi í umræðuna, það var ljóst. Hæstv. fjmrh. geymdi sér hins vegar að biðja um orðið þar til þingflokkarnir flestir í stjórnarandstöðunni áttu aðeins eftir eina til tvær mínútur af sínum tíma þannig að það var útilokað fyrir stjórnarandstöðuna að svara með nokkrum hætti eða fjalla um ræðu hæstv. fjmrh. *Það er ekki hægt að ætlast til þess framvegis* að þegar við í stjórnarandstöðuflokkunum sýnum þá sanngirni að takmarka umræðuna m.a. til að hæstv. menntmrh. geti mælt fyrir sínum frv. að ráðherrarnir misnoti þennan samkomulagsvilja og þessa góðvild með þessum hætti.

Ég hafði ýmislegt við það að athuga sem hæstv. fjmrh. sagði hér. Ég hafði enga möguleika til að koma því á framfæri. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafði líka ýmislegt fram að færa í umræðunni en hún hafði engan möguleika til þess á þeim tveimur mínútum sem eftir voru og átti þá fjmrh. eftir að tala. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, beina því til forsetans að annaðhvort verði horfið að því að vera bara með þau tvö form sem eru í þingsköpunum þó að menn reyni að taka svona dálítið tillit hver til annars eða þá að ráðherrarnir gerbreyti um háttalag í umræðum hér í þinginu. Ef þeir halda áfram þessu háttalagi að hagnýta sér þennan samkomulagsvilja og tala ekki fyrr en þingflokkarnir eru nánast búnir með sinn ræðutíma þá gengur þetta ekki upp.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli virðulegs forseta áðan að gert hefði verið samkomulag um að eftir að fulltrúar þingflokka hefðu talað í því máli sem hér á að vera á dagskrá, um Lánasjóð ísl. námsmanna, yrði því máli frestað til morguns. Mín spurning til forseta í framhaldi af því er: Hyggst forseti þá slíta fundi hér í dag eða ætlar forseti að halda áfram með önnur þingmál?

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég held að við séum kannski ekki endilega að deila um röng vinnubrögð hæstv. forseta og auðvitað erum við ekkert á móti því að samið sé um ákveðinn ræðutíma ef þingmenn eru látnir vita um það. En við hv. þm. eigum auðvitað allir sama rétt. Og ég vil benda á þá einföldu staðreynd að hér stendur til, kl. 15 mínútum fyrir 5, að mæla fyrir einhverju afdrifaríkasta frv. sem hér verður afgreitt á þessu þingi sem er bein árás á Lánasjóð ísl. námsmanna. Í sjónvarpi í gær birtist þingflokksformaður Alþfl. og fyrrv. formaður stúdentaráðs og telur að þetta mál verði afar erfitt í Alþfl. Hér inni, frú forseti, er ekki einn einasti alþýðuflokksmaður. (Gripið fram í.) Ég ætla að ræða við þá menn héðan úr þessum stóli og ég mótmæli því að þessi umræða fari fram án þeirra viðveru. Ef hæstv. heilbrrh. og fyrrv. formaður fjárveitinganefndar, eins og hún hét þá, sem hafði nú ekki lítið með fjárveitingar til Lánasjóðs ísl. námsmanna að gera telur mikilsverðara að ræða við fólk úti á Hótel Borg á venjulegum þingtíma, þá verður það að vera hans mál. En ég vil biðja hæstv. forseta að taka tillit til þessara athugasemda. Það er auðvitað fráleitt að krefjast þess að við förum að ræða þetta mjög svo ógeðfellda frv. að kvöldi dags. Ég mótmæli því, við höfum nógan tíma til að ræða um þetta mál, við munum gera það fram eftir vetri og vonandi hindra að það nái fram að ganga og munum beita öllum tiltækum ráðum til þess, en ég *frábið mér, frú forseti, að það sé ætlast til að hér verði* mælt fyrir þessu frv. og síðan til málamynda fái einhverjir að taka til máls einhvern tíma og síðan verði málinu frestað. Þetta mál þarf að taka allan þann tíma sem menn þurfa á að halda og ég vil biðja frú forseta að fresta umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna þar sem hæstv. ríkisstjórn má ekki vera að því að hlýða á það mál.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það atriði að einn tali frá hverjum þingflokki og svo sé umræðu haldið áfram er út af fyrir sig hlutur sem 72. gr. heimilar ef rökrétt er hugsað vegna þess að það brýtur enga jafnræðisreglu. Hitt atriðið að ætla að fara að breyta samráði í samninga um að svipta menn málfrelsi gengur einfaldlega ekki upp og breytir engu, breytir nákvæmlega engu þó að hv. 5. þm. Vestf. telji að það geti verið hagkvæmt. Þetta er ekki spurning um neina hagkvæmni. Þetta er spurning um grunnmannréttindi þingmanna, hvorki meira né minna. Það er hlutað um sæti með virðulegum hætti og menn fá ekki að ryðjast hér í stóla eins og þeim sýnist og velja sér sessunauta, heldur skulu þingmenn vera jafnir. Og það er alveg á hreinu að þingsköpin eru ekkert hagræðingartæki. Þau eru sáttmáli sem fara verður eftir.

Ég vil aftur á móti þakka hæstv. forseta fyrir það að, þegar ég hafði lokið minni ræðu áðan, þá rís forseti á fætur og gerir grein fyrir því til hvaða greinar forseti vill vitna. Það auðveldar mjög alla vitsmunalega umræðu um málið til að átta sig á því hvar menn telja að umræddar heimildir sé að finna. En það er

ekkert í 72. gr. sem heimilar að breyta ákvæðum þingskapanna á þann veg. Það eru aðeins tvær tegundir af utandagskrárumræðu, þ.e. hálftíma umræða og ótakmörkuð. Og ég vil bæta því við að forseti hefur aftur á móti fullar heimildir til að segja við hæstv. heilbrrh. að hann gegni þingskyldu hér í dag og sé í þessu húsi hvað sem öllum hugmyndum hans um fundafrelsi og fundi annars staðar úti í bæ líður. Það er nefnilega orðin dálítið merkileg skrautsýning, svo að ekki sé meira sagt, ef umræður um lánasjóðinn eiga að vera á þann hátt að Alþfl. tali í útvarpinu en Sjálfstfl. í þingsölum.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið var við að ég væri farinn að tapa verulegri heyrn. En ég sakna þess að hafa ekki heyrt svar virðulegs forseta við þeirri spurningu sem ég bar hér fram áðan, hvort það væri verið að fresta fundi fyrir einhverja ákveðna aðila hér inni vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna og síðan ætti að halda áfram með einhver önnur mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður velvirðingar á því og skal svara hv. þm. Það er ekki meiningin að halda áfram með önnur mál heldur verður tíminn notaður, eins og forseti skýrði frá áðan, til þess að fulltrúar þingflokkanna geti komist að með að tala hér við 1. umr. þessa frv. sem forseti var að boða að væri nú tekið á dagskrá og síðan verður umræðunni frestað og henni haldið áfram á morgun. En forseti hefur ekki í huga að taka fyrir önnur mál í dag en þetta mál þegar fulltrúar allra þingflokka hafa fengið tækifæri til að tjá sig um málið, einn fulltrúi frá hverjum, var forseta tjáð að óskað væri eftir og forseti hefur fallist á þetta, tekur fram að ekki var samið um þetta á fundi heldur komu menn hér til forseta þar sem hann sat í stólnum og þetta samkomulag fór fram hljóðlega og ég tel að hafi verið með góðu gert til þess að taka tillit til stjórnarandstöðu sem óskaði eftir þessu. (Gripið fram í.) Er forseti virkilega ekki búinn að skýra nægjanlega vel hvað til stendur? (**GHelg:** Nei, langt frá því.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að koma hér aftur en vegna þess að hæstv. forseti er í tvígang búinn að endursegja hér ákveðna atburðarás taldi ég nauðsynlegt að láta það koma fram sem að mér snýr í þessum efnum.

Það er alveg rétt hjá hæstv. forseta að hér var reynt að ná samkomulagi um það undir umræðum um heilbrigðismál í dag með hvaða hætti væri hægt að hefja þessar umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna. Vegna þess að varaformaður þingflokks Alþb. var hér í umræðunum um heilbrigðismálin þá tók ég að mér að ræða við hæstv. menntmrh. um það mál. Það er hins vegar nokkur misskilningur hjá hæstv. forseta að það hafi verið sérstök ósk stjórnarandstöðunnar að þetta yrði með þessum hætti, það er misskilningur. Okkar fyrsta ósk var sú að þessum umræðum um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði frestað, þær færu ekki fram í dag. Það var okkar fyrsta ósk. Og röksemdin var sú að það væri óeðlilegt að þegar væri verið að efna til mikilvægs fundar með heilbrrh. hér í næsta húsi, opins fundar í beinni útsendingu og hann er kynntur sérstaklega með þeim hætti, sem hæstv. heilbrrh. gerði í morgunútvarpinu í morgun, þá sé hæstv. heilbrrh. sá eini sem ekki þurfi að gegna þingskyldu sinni hér, því það er alveg ljóst að það eru margir hv. þm. sem hefðu gjarnan viljað vera á þessum fundi.

En vegna þess að hæstv. menntmrh. lét í ljósi þá ósk sérstaklega að menn reyndu að greiða fyrir þessu máli í dag vegna þess að hann væri tímabundinn næstu daga, þá fór ég í það verk að reyna að finna svigrúm. Ég gerði það til að reyna að sýna ákveðinn skilning á vinnuáætlun menntmrh. næstu daga. Hins vegar er það auðvitað spurning þegar í ljós kemur að þingmenn una þessu frekar illa hvort á að halda því áfram vegna þess að við bárum þetta í sjálfu sér ekki undir neinar stofnanir hér í þinginu. Við höfðum ekki tíma til þess vegna þess að málið var ekki það vel undirbúið. Ég taldi nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þetta kæmi hér fram því það er á nokkrum misskilningi byggt að það hafi verið ósk stjórnarandstöðunnar að þessi háttur yrði hafður á varðandi umræðuna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er í sjálfu sér slæmt að þurfa að slíta svona mikilvægt mál í sundur en við vildum teygja okkur til samkomulags við hæstv. menntmrh. en ef það kemur í ljós að það samkomulag veldur hér erfiðleikum þá er auðvitað spurning hvort við, sem að því stóðum, eigum að halda því til streitu.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram, vegna þess að það hefði mátt misskilja orð hæstv. forseta, að Framsfl. átti engan hlut að þeirri ósk að hér yrði einungis einn ræðumaður frá hverjum flokki. Hæstv. menntmrh. kom að máli við mig fyrir stundarkorni til þess að vita hvort ég gæti fallist á það að svo yrði. Ég vildi greiða fyrir málinu og góðum sáttum og vinnubrögðum hér á Alþingi og gat fallist á það eins og ýmislegt annað. Ég gæti líka fallist á að hér hefði verið haldinn fundur alveg óháð því hvernig hæstv. heilbrrh. rótast úti á Hótel Borg. Mig varðar ekkert um það, við getum lesið um það í blöðunum á morgun.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort fyrir því séu einhver fordæmi að fundum á Alþingi Íslendinga sé frestað vegna þess að útvarpsþáttur er í gangi frá klukkan fimm sem nefnist Þjóðarsál. Þessi útvarpsþáttur hefur verið fastur liður hjá Ríkisútvarpinu í nokkur ár. Það sem er að gerast nú er það að hæstv. heilbrrh. hefur verið boðin þátttaka í þeim útvarpsþætti í því formi að svara fyrirspurnum almennings, sem kynni að taka þátt í þættinum að þessu sinni, á Hótel Borg. Sem kunnugt er hefur almenningur átt greiðan aðgang í þessum þætti til þess að tjá sig t.d. um heilbrigðismál og höfðu komið upp óskir um að

heilbrrh. sæti þar fyrir svörum. Hvað þetta kemur þinghaldi á Alþingi Íslendinga við get ég satt að segja ekki skilið. Og að sú ósk skuli hafa komið fram frá einum þingflokki að fresta umræðu um málefni Lánasjóð ísl. námsmanna fyrir þær sakir að þessi þáttur er á dagskrá Ríkisútvarpsins á þessum tíma, eins og hann gerir að allri venju, er mér gjörsamlega óskiljanlegt. Ég veit ekki til þess að nokkur fordæmi séu fyrir því að Alþingi Íslendinga felli niður fundi eða fram komi ósk um það að Alþingi Íslendinga felli niður fundi vegna þess að Þjóðarsálin er í gangi. Það væri satt að segja nýmæli í starfsháttum þingsins.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er nú nokkur tilbreyting að hafa hæstv. utanrrh. hér í þingsalnum. Vakin var athygli á því u.þ.b korteri síðan, hæstv. utanrrh., að enginn þingmaður Alþfl. væri hér í salnum. Tilefni þess var að í sjónvarpi kom formaður þingflokks Alþfl. fram og lýsti því yfir að mjög vafasamt væri að það væri stuðningur í þingflokki Alþfl. við frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vék að því áðan, þegar hæstv. utanrrh. var ekki í þingsalnum, sem hann er sjaldnast, að það væri mjög erfitt að ræða þetta frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna vegna þess að ein meginforsenda frv. væri sú hve lánasjóðurinn væri illa staddur fjárhagslega en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði verið formaður fjárveitinganefndar á undanförnum árum og því væri nauðsynlegt að hann væri viðstaddur þessa umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna. Í sjálfu sér gerðu menn enga athugasemd við það þótt hv. þm., núv. heilbrrh., væri í Þjóðarsálinni. Það er misskilningur hæstv. utanrrh. En athugasemdin var á þá leið hvort eðlilegt væri að hefja hér umræður um Lánasjóð ísl. námsmanna án þess að sá maður, sem af hálfu þingsins bar meginábyrgðina á fjárlögunum á undanförnum fjórum árum, núv. hæstv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, væri viðstaddur umræðuna. Það er kjarni málsins, hæstv. utanrrh. Þessi fælni Alþfl. við að standa fyrir máli sínu og vera hér í þingsalnum til þess að taka þátt í umræðum er athyglisverð. Og það er auðvitað athyglisvert að formaður þingflokks Alþfl., sem sagði þjóðinni í sjónvarpinu í gær að ekki væri stuðningur fyrir frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna í þingflokki Alþfl., hefur ekki sést hér í þingsalnum. Hefur hann kannski verið settur í farbann, hæstv. utanrrh.?

Vandinn er sá að það er mjög erfitt að ræða frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna án þess að þeir menn af hálfu Alþfl., sem borið hafa ábyrgð á þessum málum á undanförnum árum og bera enn ábyrgð, séu viðstaddir. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. fái að heyra þessar skýringar hér vegna þess að hann fylgdist ekki með umræðunni. Ef hæstv. utanrrh., formanni Alþfl., finnst óeðlilegt að menn óski eftir því að Alþfl. sjáist hér í þingsölum til þess að standa fyrir máli sínu þá er rétt að hann segi það hreint út og hafi kjark til þess að segja það en sé ekki að skjóta sér á bak við svona ómerkilegar athugasemdir eins og hann var með áðan. Er það þannig að Alþfl. þorir ekki að taka þátt í umræðunni um Lánasjóð ísl. námsmanna af ótta við það að ágreiningurinn í flokknum verði afhjúpaður? Er það þess vegna sem formaður Alþfl. sést allt í einu hér í þingsalnum að hann er að reyna að koma í veg fyrir það að ágreiningurinn í Alþfl. verði afhjúpaður?

Ég held að það sé réttast, hæstv. menntrmh., úr því að við tveir tókum að okkur þessa ósvinnu að reyna að gera þetta samkomulag hér, sem greinilega er misnotað út og suður af mönnum, að menn hverfi frá því þó mér þyki það leitt því erfitt er að efna í þessa umræðu við þær aðstæður sem hér eru, einkum og sér í lagi eftir að hæstv. utanrrh. hefur séð sérstaka ástæðu til þess að koma inn í þetta mál með þessum hætti.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli forseta á því að ræða hv. seinasta ræðumanns var ekki um þingsköp heldur allt aðra hluti og kom þessu máli ekkert við. Af einhverjum ástæðum er verið að óska eftir því að ekki fari fram hér og nú sú umræða um Lánasjóð ísl. námsmanna sem á dagskrá er. Er borin fram fyrir því hver ástæðan á fætur annarri og hlaupið úr einu víginu í annað sem kemur þingsköpum ekkert við. Það fáheyrðasta af því öllu var að hv. þm., sem hér talaði seinast, er orðinn svo fælinn að hann finnur ekki betur út en það að formaður fjárveitinganefndar á liðnu kjörtímabili hafi verið ábyrgðarmaður Lánasjóðs ísl. námsmanna en ekki t.d. hæstv. fyrrv. menntmrh. eða hæstv. fyrrv. fjmrh. Svona umræður eru ekki sæmandi. Er ekki kominn tími til þess að fara að byrja umræðuna?

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég ætla að tala um gæslu þingskapa. Hvað hefur verið farið fram á við okkur hv. þm. hér? Jú, það hefur verið farið fram á að ráðherra mæli fyrir nýju frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Síðan tali einn frá hverjum flokki og t.d. hefur hv. 4. þm. Austurl. þegar kvatt sér hljóðs. Þetta er gert til að greiða fyrir umræðu vegna þess að ráðherra verður eitthvað upptekinn næstu daga. Það er verið að segja mér, frú forseti, sem ætla að halda hér langa ræðu í þessu máli að ráðherra megi ekki vera að því að hlýða á þá ræðu. Þess vegna ætlar hann náðarsamlegast að vera viðstaddur þegar einn frá hverjum flokki talar. Síðan getum við haldið umræðunni áfram næstu daga að ráðherra fjarstöddum.

Ég tel, frú forseti, að þetta sé ekki boðlegt. Ég krefst þess að umræðan fari ekki fram, enginn hluti hennar, að ráðherra fjarstöddum. Ég tel að hér sé um slíkt stórmál að ræða að sú umræða fari ekki fram nema ráðherra hlýði á mál hvers einasta hv. þingmanns sem óskar að ræða það.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur á ferðum hjá hv. þingmanni Guðrúnu Helgadóttur. Ekki hefur hvarflað annað að mér en að vera viðstaddur alla umræðuna

um frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég lét þess getið í viðtölum, sem fóru hér fram á milli mín og nokkurra þingmanna, að ég gæti ekki verið viðstaddur eftir þingflokksfundi á morgun. Það hefur aldrei hvarflað að mér, satt að segja, þótt umræðan hefði getað hafist hér klukkan tvö í dag, að henni mundi ljúka á þessum degi. Hún hlaut því að verða slitin í sundur. Það eru eðlileg vinnubrögð hjá hæstv. forseta að við upphaf þessarar umræðu tali fulltrúar frá hverjum flokki, síðan haldi umræðan eðlilega áfram. Ég taldi mig vera að hliðra hér til í dag vegna þess að óskað hafði verið eftir umræðu um sjúkrahúsmál í höfuðborginni og hæstv. heilbrrh. hafði ekki tækifæri til þess að taka þátt í þeirri umræðu nema í dag. Ég taldi mig vera að hliðra hér til. Nú hefur þingskapaumræða staðið í þrjá stundarfjórðunga um það hvort hefja eigi umræðu um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Auðvitað er það stórmál. En af hverju má ekki hefja þessa umræðu? Það var að vísu ekki samið hér við hvern einasta þingmann enda yfirleitt ekki gert. Það er samið við fulltrúa þingflokkanna og ég vona að ég verði ekki krafinn sagna um það við hverja ég talaði eða hvað okkur fór á milli. Ég tel að tekist hafi um það gott samkomulag en mér er alveg ljóst að það samkomulag var ekki gert við hvern einstakan þingmann stjórnarandstöðunnar. Ég fer fram á það að þessi umræða hefjist nú og henni ljúki ekki í dag fyrr en fulltrúar allra þingflokka hafa fengið tækifæri til þess að tjá sig. Síðan haldi hún áfram með eðlilegum hætti á morgun. Hvort henni lýkur fyrir þingflokksfundi treysti ég mér ekki til þess að segja fyrir um. Mér finnst eðlilegt að í hana verði tekinn sá tími sem þarf.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er mál nr. 214 á þskj. 284. Frv. þessu ef af lögum verður er ætlað að leysa af hólmi lög númer 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Hinn 6. júní 1991 skipaði Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um námslán og námsstyrki. Í nefndina voru skipaðir Guðmundur K. Magnússon prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Jón Bragi Bjarnason prófessor, Sigurbjörn Magnússon héraðsdómslögmaður og Vilhjálmur Þorsteinsson kerfisfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Ingólfur Bender hagfræðingur. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra 3. október sl. Ráðherra sendi hagsmunasamtökum námsmanna tillögurnar til umsagnar. Þegar umsagnir þeirra lágu fyrir var nefndinni falið að semja frumvarp þetta. Jafnframt skipaði ráðherra tvo fulltrúa námsmanna í nefndina, þau Pétur Þ. Óskarsson, fulltrúa samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna, og Elsu Valsdóttur, formann Vöku, félags lýðræðissinnaðara stúdenta. Fyrir nefndinni lágu auk ofangreinds nefndarálits hugmyndir samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna um breytingar á LÍN og tillögur Vöku í málefnum lánasjóðsins.

Fulltrúar námsmanna kynntu sjónarmið samtaka sinna í nefndinni. Þeir standa ekki að frumvarpi þessu og skila séráliti, sbr. fskj. IV og VI, en meiri hluti nefndarinnar telur sig hafa tekið tillit til sjónarmiða þeirra og tillagna á ýmsan hátt, sérstaklega varðandi tekjutengt þak á endurgreiðslur.

Samtök námsmannahreyfinganna hafa bent á að til sé einföld lausn á fjárhagsvanda sjóðsins, þ.e. að fjármagna hann að öllu leyti með beinum framlögum úr ríkissjóði þannig að hann þurfi ekki að taka nein lán. Þetta er gott og gilt en reynslan segir okkur að það sé sama hvaða ríkisstjórn eigi í hlut, ekki sé vilji til að leggja sjóðnum til nema helminginn af því fé sem hann þarf ef ekki eiga að vera um neinar lántökur að ræða. Að þessum kalda veruleika verðum við að laga okkur.

Það er oft haft að orði að Íslendingar leggi mikla áherslu á menntun. Víst er um það að allir eiga kost á almennri menntun á Íslandi og sífellt fleiri námsmenn taka nú stúdentspróf úr hverjum árgangi og sækja framhaldsnám í háskóla eða sérskólum. Mikill fjöldi íslenskra kennara hefur hlotið menntun sína og starfsþjálfun í erlendum eða innlendum skólum. Enginn vafi er á því að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur stuðlað að því að gera þeim kleift að stunda framhaldsnám eftir stúdentspróf sem til þess hafa haft vilja og getu. Engum blandast hugur um að almenn menntun kemur yfirleitt bæði einstaklingunum sjálfum og þjóðfélaginu öllu til góða. En menntun er ekki ókeypis og því verður að huga að því hvernig greitt skuli fyrir hana. Þótt ekki sé alltaf samræmi milli námslengdar og tekna manna þegar út í lífið er komið er unnt að sýna fram á að í mörgum starfsgreinum er jákvæð fylgni milli námstíma og tekna. Arðsemi menntunar skiptist milli einstaklinga og þjóðfélagsins eftir því hvort einstaklingurinn fær hærra kaup vegna meiri menntunar eða hún hefur óbein áhrif á hagvöxt og velferð. Í þeim greinum þar sem einkageirinn er sterkur eins og varðandi eftirspurn eftir viðskiptafræðingum og verkfræðingum má reikna út arðsemi menntunar og hún reynist vera meiri en markaðsvextir. En erfitt er að meta gildi margs konar menntunar fyrir þjóðfélagið þar sem óbeinu áhrifin eru illmælanleg. Mikilvægt er að varðveita kosti núv. námslánakerfis að unnt sé að lána til næstum hvaða náms sem er að uppfylltum tilteknum almennum skilyrðum, óháð efnahag námsmanns.

Núgildandi námslánakerfi getur hins vegar ekki til frambúðar tryggt lánasjóðnum það ráðstöfunarfé sem hann þarf til að geta gegnt þessu hlutverki sínu. Tilgangur þeirra breytinga sem felast í frv. þessu er fyrst og fremst að treysta fjárhagslega stöðu lánasjóðsins til frambúðar og draga úr þeirri byrði sem ríkissjóður hefur af sjóðnum. Hin mikilvægi stuðningur þjóðfélagsins við menntun verður áfram verulegur. Lánin verða hins vegar dýrari og greiðast upp fyrr en áður enda verður framtíð sjóðsins ekki tryggð með öðrum hætti án aukinna ríkisframlaga. Með þeim tillögum um breytingar á lánasjóðnum sem hér eru settar fram næst það markmið að tryggja fjárhagsstöðu sjóðsins í framtíðinni, þ.e. eftir 10–15 ár miðað við svipað ríkisfram-

lag og nú er til lánasjóðsins. Þessu má best lýsa með því að styrkhlutfall ríkisins lækkar úr um 65% nú í um 25% miðað við 6% ávöxtunarkröfu.

Vegna tekjutengingar á endurgreiðslu lána næst ekki það markmið að ríkisframlag nemi um 2,2 milljörðum kr. næstu árin með óbreyttu lántökuhlutfalli sjóðsins og óbreyttum útlánareglum. Ef stemma á stigu við aukningu ríkisframlags á næstu árum, án þess að til lækkunar á námslánum komi, verður að draga úr fjárþörf sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Þar kemur helst til greina að herða kröfur um námsframvindu, skilyrða útborgun námsláns því að námsárangri hafi verið skilað eða taka aukin lán vegna bættrar stöðu sjóðsins í framtíðinni ef þetta frv. verður samþykkt. Gert er ráð fyrir að það verði verkefni stjórnar sjóðsins að setja reglur um þessi atriði í samráði við menntmrh. Jafnvel þær breytingar sem þetta frv. felur í sér nægja ekki einar og sér til að laga LÍN að þeim fjárhagslega veruleika sem við stöndum frammi fyrir og ekki er lengur hægt að loka augunum fyrir. Verði dregið úr áhrifum þeirra ákvæða þessa frv. sem lúta að fjárhagsstöðu sjóðsins leiðir það eingöngu til þess að grípa verður til frekari skerðingar á námslánum.

Þrátt fyrir að ég hafi þurft á sl. sumri að grípa til þess ráðs að lækka námslán þurfa framlög ríkissjóðs til LÍN að aukast verulega á næstu árum ef komast á hjá frekari lækkun lánanna að óbreyttum lögum.

Ljóst er að gildandi námslánakerfi, sem byggist á lögum númer 72/1982, getur ekki til frambúðar tryggt Lánasjóði ísl. námsmanna það ráðstöfunarfé sem hann þarf til þess að geta gegnt hlutverki sínu. Fjárþörf LÍN hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þetta hefur valdið bæði auknum lántökum sjóðsins og vaxandi ríkisframlagi. Ef svo fer fram sem horfir mun eftirspurn eftir námslánum vaxa á komandi árum. Á aukinni fjárþörf sjóðsins eru ýmsar skýringar:

1. Flest nám að loknum grunnskóla er nú talið lánshæft að einhverju leyti ef undan er skilið nám til stúdentsprófs.

2. Nemendum á háskólastigi og framhaldsskólastigi hefur fjölgað umtalsvert.

3. Við mat á lánsþörf er nú tekið tillit til fleiri atriða en áður, yfirleitt til hækkunar.

4. Framfærslu- og námskostnaður almennt, þar með talin skólagjöld, hefur aukist verulega.

5. Kostnaður sjóðsins vegna eigin lántöku hefur aukist vegna þess m.a. að ríkisframlag hefur ekki aukist til jafns við útlán.

6. Lítill hvati er í núgildandi kerfi fyrir námsmann til að takmarka lántökur sínar.

Endurgreiðslur núgildandi laga eru í aðalatriðum þessar: Lánin eru vaxtalaus en verðtryggð og veitt til 40 ára. Eftirstöðvar falla niður þegar greitt hefur verið í 40 ár. Afborganir hefjast þremur árum eftir námslok og greitt er að hámarki 3,75% af útsvarsstofni ársins á undan, þó að lágmarki kr. 26.391 á ári.

Ekki verður deilt um að þessar lánareglur eru ekki í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Þær hvetja ekki til ráðdeildar, jafnframt því sem skammta verður lán verulega vegna mikillar ásóknar í þau. Núgildandi lög um námslán frá 1982 voru sett þegar aðrar aðstæður ríktu á fjármagnsmarkaði og lánskjör á öðrum sviðum, svo sem í húsnæðismálum, voru hagstæðari en nú er. Kostnaður ríkissjóðs hefur einnig aukist vegna hærri raunvaxta en áður.

Ríkisendurskoðun sendi til stjórnar LÍN og menntmrn. í apríl á síðasta ári skýrslu er nefnist „Greinargerð um fjárhagsstöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna." Skýrsla þessi var lögð fyrir Alþingi á sínum tíma. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við áframhaldandi starfsemi þarf sjóðurinn fyrirsjáanlega á miklum ríkisframlögum að halda á næstu árum vegna vaxtamunar inn- og útlána. Ríkissjóður hefur lagt mikla fjármuni í lánasjóðinn á undanförnum árum. Fyrirsjáanlegt er að framlög til sjóðsins þurfa að hækka á komandi árum vegna aukinnar fjárbindingar í sjóðnum og aukinnar ásóknar í námslán. Mikill vaxtamunur er á námslánum sem ekki bera vexti og þeim lánum sem sjóðurinn þarf að taka til þess að fjármagna útlán. Vaxtamunur þessi er í dag rúmlega 6%. Fjárbinding í námslánakerfinu er í dag rúmir 20 milljarðar í vaxtalausum námslánum að teknu tilliti til affalla vegna takmarkana á endurgreiðslum. Miðað við óbreytt útlán mun fjármagn sem bundið er í þessu kerfi verða um 40 milljarðar innan 10 ára og 650 milljarðar innan 20 ára.

Það er þó e.t.v. líklegra að útlán aukist nokkuð á komandi árum. Ef reiknað er með að útlán aukist um 2,5% á ári til ársins 2010 munu útistandandi námslán verða um 80 milljarðar kr. eftir 20 ár, sem er fjórföldun á því fjármagni sem er bundið í kerfinu í dag. Þar sem námslánin eru vaxtalaus fellur allur fjármagnskostnaður af þessari fjárhæð fyrr eða síðar á ríkissjóð.

Kostnaður ríkissjóðs við námslánakerfið er um 66% af veittum lánum miðað við að eigið fé sjóðsins á hverjum tíma nægi til að standa við skuldbindingar vegna lána. Er þá gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%.

Sem nálgun mætti segja að ríkisframlag verði að samsvara um 66% af lánveitingum lánasjóðsins miðað við að eigið fé sjóðsins standi undir skuldbindingum en þær falli ekki síðar á ríkissjóð. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%. Ef ríkisframlagið er lægra er gengið á eigið fé sjóðsins og ef það er hærra er verið að auka við eigið fé sjóðsins. Ef veitt námslán yrðu árlega 3,8 milljarðar þyrfti ríkisframlag samkvæmt framansögðu að vera 3,8 milljarðar á ári og lántaka um 1,7 milljarðar miðað við óbreytt útlán." Ég er enn að vitna hér í þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar.

„Miðað við árlegt framlag úr ríkissjóði 1,75 milljarðar kr. sem er það sama og fjárlög gerðu ráð fyrir á árinu 1991 og að þeirri fjárhæð sem á vantar verði mætt með lántökum (reiknað er með að slík lán séu til 10 ára og beri 6% vexti) fæst sú niðurstaða að lánasjóðurinn muni stöðugt þurfa að taka hærri lán og verður svo komið árið 2014 að vaxtagjöld verða orðin 3,9 milljarðar sem er hærri fjárhæð en útlán. Þannig skapast í raun vítahringur stigaukinna lántaka og vaxtagjalda.

Kostnaður lækkar hins vegar ef gert er ráð fyrir að fjármagna útlán sjóðsins alfarið með ríkisframlögum án þess að tekin séu lán. Hér fæst sú niðurstaða að ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til 4,8 milljarða kr. á árinu 1991. Stærsti hluti þessa fjár fer til fjármögnunar kerfisins og kemur þannig í stað lánsfjár. Framlög fara síðan smám saman lækkandi niður í um 800 millj. kr. Þessi fjárhæð samsvarar árlegum kostnaði sjóðsins vegna rekstrar- og affalla veittra lána vegna takmarkana á endurgreiðslum."

Og enn úr þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar um styrki vegna takmarkana á endurgreiðslum:

„Vegna endurgreiðslureglna eru námslán að hluta til styrkir. Endurgreiðsla er nú takmörkuð við 40 ár og 3,75% af tekjum. Þetta þýðir að um 19% af veittum námslánum eru í raun styrkir eða um 4.9 milljarðar kr. af útistandandi lánum í árslok 1990."

Og um styrki vegna vaxtaniðurgreiðslna:

„Námslán eru verðtryggð en bera hins vegar enga vexti. Ef námslán eru borin saman við skuldabréf á almennum markaði kemur í ljós að vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs á námslánum er veruleg. Ef gerð er 6% ávöxtunarkrafa til fjármagns verða afföll af útistandandi námslánum í árslok 1990 rúmir 9,8 milljarðar kr." Þetta sem ég hef hér lesið er úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um LÍN.

Meginbreytingin sem felst í þessu frv. er sú að teknir eru upp vægir vextir á lánin. Endurgreiðslur hefjast fyrr en áður og greitt er hraðar til baka. Það skiptir því námsmanninn miklu máli að reyna að takmarka lántökur sínar sem kostur er því þá verður greiðslubyrðin minni að námi loknu. Í núgildandi kerfi skiptir ekki máli hversu hátt lán er tekið; greiðslubyrðin verður sú sama, þeir námsmenn sem taka hæst lán fá mesta styrki. Í frv. þessu er þó gert ráð fyrir að greiðslubyrðin verði nánast sú sama fyrstu fimm endurgreiðsluárin og hún er nú.

Í frv. þessu er lögð áhersla á að LÍN geti áfram auðveldað fólki að afla sér menntunar með því að veita hagstæð lán jafnframt því sem lánareglur verði á þann veg að hvatt sé til ráðdeildar af hálfu námsmanna og framlög úr ríkissjóði minnki með því að endurgreiðslur lána standi í ríkari mæli undir útlánum.

Reynt er að varðveita þá kosti sem núverandi námslánakerfi hefur, t.d. um að lána til næstum hvaða náms sem er að uppfylltum tilteknum almennum skilyrðum. Einnig er gert ráð fyrir að endurgreiðslur á hverju ári fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af tekjum fyrra árs.

Lögð er áhersla á að raska sem minnst reglum um útlán sjóðsins en lagðar eru til veigamiklar breytingar á endurgreiðslureglum til að tryggja fjármögnun sjóðsins, þó áfram sé gert ráð fyrir að námslán séu meðal hagstæðustu lána sem í boði eru í þjóðfélaginu.

Í frv. þessu er lagt til að öll ákvæði um námsstyrki falli niður. Í því sambandi er rétt að taka fram að ég mun beita mér fyrir endurskoðun laga nr. 51/1957, um Vísindasjóð, í þeim tilgangi að hann geti í ríkari mæli en nú veitt styrki til námsmanna í langskólanámi og til skólagjalda. Það leiðir til þess að þörf t.d. doktorsnema fyrir námslán ætti að minnka.

Víkjum þá að helstu breytingum frá núgildandi lögum sem lagt er til að gerðar verði samkvæmt frv. þessu og helstu röksemdum fyrir þeim. Þá nefni ég hér í fyrsta lagi að námslán beri 3% vexti frá námslokum en séu vaxtalaus á námstíma. Helstu ástæður þess að setja væga vexti á lánin er fyrst og fremst gífurleg eftirspurn eftir námslánum vegna þess hve eftirsóknarverð þau eru. Fjöldi lánþega hefur vaxið langt umfram það sem áætlað var þegar núgildandi lög voru sett. Mörg dæmi eru um að námsmenn hafi haft meira ráðstöfunarfé meðan þeir voru í námi en þegar námi lauk og komið var út á vinnumarkaðinn. Lánasjóðnum hefur verið gert að taka allt að 55% af ráðstöfunarfé sínu að láni á 6% vöxtum sem hann endurlánar vaxtalaust. Þessi vaxtamunur leiðir til þess að sjóðurinn verður innan fárra ára gjaldþrota og ekki megnugur að gegna hlutverki sínu. Þó svo teknir séu upp 3% vextir verður vaxtamunur áfram verulegur. Vextir eru almennt á námslán á Norðurlöndum. Námslán verða áfram vaxtalaus á námstíma og bera lægstu vexti í þjóðfélaginu. Í því felst verulegur styrkur.

Þá nefni ég í öðru lagi að endurgreiðslur hefjast ári eftir námslok í stað þriggja áður. Þessi breyting hefur mikla þýðingu fyrir fjárhag sjóðsins og hefur fyrst í stað jafnvel meiri þýðingu en upptaka vaxtanna samanber það sem segir í fskj. 1 með þessu frv.

Ég nefni í þriðja lagi að lánstími verður fjórfaldur námstími. Hámark árlegrar endurgreiðslu verði þó 4% útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári fyrstu fimm árin en 8% eftir það. Í núgildandi kerfi er árleg endurgreiðsla 3,75% af útsvarsstofni ársins á undan, eins og ég hef áður sagt, og er algerlega óháð upphæð lánsins. Það skiptir námsmann engu raunverulegu máli hversu hátt lán hann tekur. Hann verður e.t.v. eitthvað lengur að endurgreiða það og því hærra sem lánið er, því meira fellur niður að loknum endurgreiðslutímanum. Í þessu frv. eru námstími og upphæð láns látin ráða hversu mikil árleg endurgreiðsla verður. Fastagreiðslan, sem ávallt er greidd, er óháð tekjum. Lánstími er skilgreindur sem fjórfaldur eðlilegur námstími og skal hann tilgreindur í skuldabréfi, þó með þeim fyrirvara að námsmaður ljúki því námi sem lánað er til, annars endurgreiðist lánið á helmingi styttri tíma. Samkvæmt þessu yrði lánstími í þriggja ára BA-námi 12 ár óháð því hversu mörg ár námsmaður nýtti sér lánsrétt sinn enda ljúki hann viðkomandi námi. Haldi hann áfram til MA-gráðu eða lengra, þá lengist námstíminn fyrir allt lánið. Sett er þak á endurgreiðslu með tilliti til tekna námsmanns að námi loknu. Segja má að með þessu sé blandað saman námsláni, sem sé endurgreitt með sama hætti og námslán samkvæmt núgildandi lögum, og jafngreiðsluláni eins og húsnæðisláni nema sett er visst hámark á árlegar greiðslur og bætist það sem umfram er við höfuðstólinn og lengir sjálfkrafa afborgunartímann.

Þá nefni ég í fjórða lagi að hætt verði að lána til sérnáms sem ekki er á háskólastigi nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári sem lán er veitt.

Lögin um LÍN miða að því að tryggja jafnrétti til náms. Á sínum tíma voru iðnskólar gerðir lánshæfir

með ákvæðum í reglugerð er menntmrh. setti. Nú hefur iðnnám færst að stórum hluta inn í fjölbrautaskóla sem liður í námi til stúdentsprófs. Það fer eftir því á hvaða braut námsmaður er hvort hann telst lánshæfur eða ekki en hefur ekkert að gera með efnahag hans að öðru leyti. Tökum dæmi. Systkin stunda bæði nám í fjölbrautaskóla. Annað fær lán vegna þess að það er á iðnbraut en hitt ekki vegna þess að það er á eðlisfræðibraut. Hefur þetta eitthvað með jafnrétti til náms að gera? Sanngjarnt hlýtur að vera að námsmenn sitji við sama borð á þessum árum og ógerlegt þykir að láta námslán taka til náms til stúdentsprófs.

Í lögum um LÍN hefur aldrei verið tekið tillit til efnahags foreldra þegar tekin hefur verið ákvörðun um rétt til námsláns að því undanskildu að lán til námsmanna í foreldrahúsum hafa verið lægri en almenn lán. Þessa reglu hefur þó verið auðvelt að misnota samanber fjölda málamyndahúsaleigusamninga sem sjóðnum berast árlega. Með þessu eru tekin af tvímæli um að séu menn í öðru námi en háskólanámi verða þeir sjálfir eða foreldrar námsmanna að fjármagna námið. Lán til þess fæst ekki fyrr en námsmaður verður 20 ára. Þessi breyting snertir m það bil 300 lánþega.

Þá nefni ég að felld verða niður ákvæði um lífeyrissjóðsgreiðslur. Í umsögn námsmannasamtakanna um þetta atriði segir m.a. að þessi ákvæði séu orðin úrelt miðað við breyttar reglur um húsnæðislán. Auk þess er það nokkuð sérkennilegt að tala um lífeyrissjóðsgreiðslur af lánum.

Ég nefni næst að sjóðnum verði heimilt að innheimta lántökugjöld til þess að greiða rekstrarkostnað. Þetta er gert til þess m.a. að standa straum af rekstrarkostnaði sjóðsins. Þó er gert ráð fyrir að lántökugjöldin verði lægri en almennt gerist, þ.e. 1,2% í stað 1,8%. Í raun eru lántökugjöld í bönkum 3,3% þegar 1,5% stimpilgjaldi hefur verið bætt við. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að skuldabréf vegna námslána verði áfram undanþegin stimpilgjaldi eins og verið hefur en fyrir því hefur skort lagaheimild sem bætt er úr í frv. þessu.

Þá er gerð krafa um tvo ábyrgðarmenn í stað eins áður. Hér er horfið til þess fyrirkomulags sem gilti fyrir árið 1982. Sjóðurinn þarf að hafa sambærilegar tryggingar fyrir endurgreiðslu og almennt tíðkast. Sá sem ekki getur útvegað slíka tryggingu getur ekki fengið lán. Ekki er gerð krafa um fasteignatryggingu eins og hjá flestum lánastofnunum fyrir svo háum lánum. Þessi breyting tengist einnig þeirri breytingu að skuldabréfin eru sameinuð jafnóðum og ég mun víkja að því hér á eftir. Í frv. er lagt til að gerðar verði strangari kröfur til lánþega, t.d. að þeir séu ekki gjaldþrota eða að beðið hafi verið um skipti á búi þeirra eða þeir séu í vanskilum við sjóðinn. Dæmi eru um að námsmaður sem er að fá lán noti lánið til að greiða lögfræðingi sem er að innheimta vanskil fyrir LÍN. Enn fremur hefur ekki verið talið hægt að neita gjaldþrota einstaklingum um lán.

Þá er gert ráð fyrir að skuldabréf verði sameinuð jafnóðum svo að ekki séu í gildi margar skuldaviðurkenningar frá lánþegum. Tekin er sem sagt upp sú nýbreytni að á hverju nýju skuldabréfi sem námsmaður gefur út komi fram heildarskuld hans. Endurgreiðsla fer fram eftir síðasta skuldabréfið sem hann gefur út. Er þá eldra bréf eyðilagt um leið og nýtt er gefið út. Samkvæmt núgildandi lögum undirrita flestir lánþegar LÍN mörg skuldabréf sem falla öll í gjalddaga á sama tíma og væru þau innheimt samtímis yrði um margfalda greiðslubyrði að ræða. Þetta fyrirkomulag er enn fremur mjög óheppilegt þegar innheimta þarf vanskil. Hefur hér vafalaust verið um yfirsjón að ræða hjá löggjafanum þegar lög nr. 72/1982 voru sett því samkvæmt lögunum frá 1976 voru öll skuldabréf, sem námsmaður hafði gefið út meðan á námi stóð, sameinuð ári eftir námslok og fóru endurgreiðslur fram samkvæmt því skuldabréfi. Með frv. þessu er sem sagt horfið til þess fyrirkomulags sem gilti fyrir 1982, þó með öðru sniði.

Þá verður námsaðstoð ekki greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur. Þetta ákvæði kemur í veg fyrir að LÍN sé að greiða út námslán ef ekki hefur verið sýnt fram á námsframvindu. Á síðasta ári þurfti LÍN að endurkrefja um það bil 55 millj. kr. vegna ofgreiddra lána vegna þess að tilsettri námsframvindu var ekki skilað. Þetta fyrirkomulag hefur fram að þessu eingöngu gilt um fyrsta árs nema og hefur m.a. leitt til þess að bankarnir hafa í sífellt ríkari mæli farið að bjóða námsmönnum þjónustu sína. Með þessu skrefi ætti þessi samvinna að aukast enn frekar. Þessa heimild er hægt að nota til þess að leysa skammtímafjárhagsvanda sjóðsins.

Þá er stjórn sjóðsins veitt heimild til að veita almenn skuldabréfalán. Hér er eingöngu um heimild að ræða. Inntak hennar hefur ekki verið mótað en gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins og menntmrh. hafi það með höndum. Ef beita þarf miklum niðurskurði gæti verið lausn að veita slík lán til tiltekinna þátta svo sem skólagjalda. Þá er heimild til að veita víxillán felld niður. Hún hefur lítið sem ekkert verið notuð og þess vegna ekki ástæða til að viðhalda henni.

Nokkrar aðrar breytingar eru gerðar sem rétt er að geta um sérstaklega. Breytt er lítillega skilgreiningu 3. gr. og hugtakinu opinber aðstoð við námsmenn og þess í stað gefin viðmiðun um það fyrir hverju skuli lánað. Ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum á útlánum sjóðsins en stjórnin hefur með þessari breytingu rýmra svigrúm til ákvörðunar á því fyrir hvaða útgjöldum námsmanni skuli lánað og hvaða tillit skuli taka til fjölskyldustærðar hans, tekna o.s.frv. Það er þrengt nokkuð ákvæði um lánveitingar til erlendra ríkisborgara annarra en Norðurlandabúa. Þannig er nú gerð krafa um að lánþegar séu íslenskir ríkisborgarar nema gagnkvæmir samningar séu milli landanna um námsaðstoð eins og er milli Norðurlanda. Það er sett inn ótvíræð heimild til að námsmaður geti sótt um lægra lán en hann á rétt á. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að með samþykkt frv. verður það hagur námsmanns að geta takmarkað sem mest lántökur sínar.

Það er dregið úr þörf að ráðherrar setji reglugerð um starfsemi sjóðsins. Það er talið nægjanlegt að sjóðstjórn setji reglur um starfsemina, reglur sem ráðherra

samþykki. Þá hafa verið tekin í lagatexta nokkur atriði úr reglugerð nr. 578/1982. Enn fremur hefur stjórn sjóðsins verið falið vald í vissum tilvikum sem ráðherra hafði áður. Það ætti að draga úr þörf á að ráðherra setji sérstaka reglugerð um starfsemi sjóðsins þó vissulega hafi hann heimild til þess. Úthlutunarreglur og aðrar reglur stjórnar, samþykktar af ráðherra, ættu að nægja.

Nokkuð er breytt ákvæðum um heimild til innheimtu félagsgjalda fyrir hagsmunasamtök námsmanna. Það er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti ekki dregið slíkt gjald af láni námsmanns nema skýr ósk námsmanns þar að lútandi hafi komið fram á umsóknareyðublaði. Þetta á ekkert skylt við verkalýðsfélög og auk þess er hér ekki um laun að ræða. Þá er rétt að minna á að í frv. þessu er lagt til að lífeyrissjóðsgreiðslur af lánum falli niður eins og ég gat um áður.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir að námsmaður hafi visst val þegar hann þarf að endurgreiða bæði af námslánum samkvæmt gildandi lögum og samkvæmt lögum þessum. Námsmaður getur valið hvernig hann vill endurgreiða skuld samkvæmt lögum 72/1982 eða eldri lögum. Annars vegar getur hann greitt þá skuld algerlega óháð og til viðbótar skuld samkvæmt þessum lögum. Hins vegar getur hann sameinað eldri skuld lánum samkvæmt nýjum lögum og endurgreitt samkvæmt því. Þó greiðir hann aldrei vexti af eldra láninu. Þetta þýðir að námsmaður þarf að velja um hvort hann greiðir af lánunum óháð hvort öðru eða endurgreiðir eldra lán samkvæmt endurgreiðslureglum þessara laga. Í hvorugu tilfellinu greiðir hann vexti af eldra láninu.

Í þessu frv. er um nokkuð veigamiklar breytingar að ræða frá fyrri lögum og þótti því rétt að leggja fram frv. til nýrra laga sem leysa af hólmi lög nr. 72/1982 þótt margt sé óbreytt frá núgildandi lögum, eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar í grg. Enn fremur heitir frv.: Frumvarp til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna en núgildandi lög eru um námslán og námsstyrki. Það er gert ráð fyrir að lög þessi taki þegar gildi og komi til framkvæmda við úthlutun námslána fyrir skólaárið 1992–1993.

Um talnaleg áhrif þeirra breytinga sem felast í þessu frv. vísa ég til fylgiskjala en drep á nokkur atriði.

Með samþykkt þessa frv. mun að líkindum draga eitthvað úr eftirspurn eftir námslánum þar sem þau verða ekki eins eftirsóknarverð og áður. Einnig er aðgangur að námslánum lítillega takmarkaður frá núgildandi lögum. Eins munu vextir, hertar endurgreiðslureglur, auknar kröfur um ábyrgðarmenn og lántökugjöld vafalaust hvetja til varfærni í lántökum. Í útreikningum þeim, sem fylgja frv. þessu, er ekki gerð tilraun til að meta hve mikið gæti dregið úr eftirspurninni. Miðað við áætlanir um fjölgun nemenda og *fjárþörf LÍN í framtíðinni valda hugmyndirnar um 3%* vexti, lánstíma sem er fjórfaldur námstími, greiðslum sem hefjast árið eftir námslok, 1,2% lántökugjald o.fl. um 138 millj. kr. lækkun ríkisframlags árið 1993. 310 millj. kr. lækkun þess árið 1997 og 2.332 millj. kr. lækkun þess árið 2010. Um frekari talnaleg áhrif breytinga samkvæmt frv. þessu svo sem um greiðslubyrði o.fl. vísa ég til fylgiskjala með frv.

Stuðningur ríkisins við menntun er áfram nauðsynlegur og er veittur með vaxtaleysi á námstíma og eftirgjöf frá markaðsvöxtum. Árið 1992 er áætlað að þessi stuðningur ríkisins nemi um 400 millj. kr. í formi vaxtaleysis á námstíma og 400 millj. kr. í formi vaxtaniðurgreiðslna. Samanlagður stuðningur ríkisins við menntun samkvæmt frv. þessu yrði í heild nálægt 1 milljarði kr. árið 1992.

Þegar framlög til LÍN eru skoðuð er einnig fróðlegt að athuga skiptingu framlaga til æðri menntunar og rannsóknastarfsemi á Íslandi. Í fjárlögum fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir rúmlega 1.800 millj. kr. til Háskóla Íslands og allra stofnana sem honum tengjast og eitthvað innan við 600 millj. til Háskólans á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands. Sé öðrum rannsóknaverkefnum bætt við, svo sem Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknasjóði, Vísindaráði og Vísindasjóði að meðtöldu framlagi Seðlabanka Íslands, rösklega 100 millj. kr., fæst að heildarframlög til allra æðri skóla í landinu og rannsóknastofnana, fyrir utan rannsóknastofnanir atvinnuveganna, nema um 2,8 milljörðum kr. á árinu 1992.

Hæstv. forseti. Ég hef hér gert nokkra grein fyrir þessu frv., frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég vænti þess að hv. menntmn. taki frv. til vandlegrar umfjöllunar. Mér er kunnugt að nefndin hefur raunar þegar hafið umfjöllun um frv. samkvæmt heimild í nýjum þingskapalögum og fyrir það þakka ég. Námsmenn hafa gert ýmsar athugasemdir við frv. og eiga sjálfsagt eftir að koma fleiru að. Mér þykir eðlilegt og sjálfsagt að á þeirra rök verði hlýtt. Eflaust má sitthvað betur fara en hér er lagt til. Það verður hins vegar að vera ljóst að meginmarkmið frv. verða að nást. Aðrar leiðir að þeim markmiðum eru ekki fyrir fram útilokaðar. Mér þykir t.d. rétt að athugað verði sérstaklega hvort réttlætanlegt er eða hvort það er yfirleitt mögulegt að tekjuhærri einstaklingar greiði hærra hlutfall en hinir tekjulægri á endurgreiðslutímanum. Námsmenn hafa bent á að regla frv. geti þýtt að samkvæmt þessu kerfi geti endurgreiðsla á ári farið niður í 2% af árstekjum móti 3,75% samkvæmt gildandi kerfi. Þetta er sjálfsagt að kannað verði betur.

Þá hafa námsmenn og raunar fleiri bent á afleiðingar þess að lánshæfni sérnáms, sem ekki er á háskólastigi, verði bundið við 20 ára aldur. Ég vísa til þeirra raka sem ég færði fram fyrir þessari tillögu sem í frv. er. Engu að síður þykir mér sjálfsagt að hv. menntmn. athugi þetta ákvæði alveg sérstaklega.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu atriðum frv. Ég læt í ljós þá von að frv. fái sem greiðasta leið hér á hv. Alþingi en mér er alveg ljóst að um þetta mál hafa menn margt að segja og ég efast ekki um að hv. menntmn. þarf að taka sér góðan tíma til þess að athuga málið.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessu frv. um Lánasjóð ísl.

námsmanna er hæstv. ríkisstjórn að sýna hug sinn til námsmanna í þessu landi. Hér er vegið að þeim grundvallarréttindum sem hefur verið nokkuð góð sátt um í landinu fram til þessa að það eigi að ríkja jafnrétti til náms án tillits til efnahags. Í umræðu um lánasjóðinn fyrr í vetur leyfði ég mér að velta því upp að jafnrétti til náms væri slíkt grundvallaratriði í jafnréttismálum að e.t.v. ætti lánasjóðurinn að heyra undir félmrn. sem jafnréttismál frekar en menntmrn. Þessa athugasemd taldi hæstv. menntmrh. vera skondna, hvað sem það átti annars að þýða.

Þau lög sem í gildi hafa verið síðustu tíu árin um námslán og námsstyrki voru og eru að mörgu leyti góð lög þótt ég ætli ekki að halda því fram að þau séu gallalaus. Allir sem rætt hafa um stöðu lánasjóðsins hafa verið sammála um að hann sé í vanda staddur og það þurfi að gera breytingar. Umræðan snýst hins vegar um hvaða breytingar. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til, eru allt of róttækar. „Hvetja til varfærni", sagði hæstv. ráðherra í framsögu sinni áðan. Ekki er ég á móti því að hvetja til varfærni. En það sem hér á sér stað er allt annað og miklu alvarlegra en að hvetja til varfærni, hæstv. forseti.

Sú nefnd, sem undirbjó lögin sem nú eru í gildi, var skipuð fulltrúum allra þingflokka ásamt fulltrúum stúdentaráðs Háskóla Íslands og fulltrúum frá Sambandi ísl. námsmanna erlendis. Auk þess tóku þátt í störfum þeirrar nefndar, án þess að hafa atkvæðisrétt, fulltrúar Vöku og fulltrúar stjórnar lánasjóðsins, sérstakur fulltrúi menntmrh. og framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þessi nefnd samdi það frv. sem síðan varð að lögum árið 1982. Nú er hins vegar staðið þannig að málum að fyrst skipar menntmrh. nefnd, sem kemur með hugmyndir að breytingum á gildandi námslánakerfi, sem skipuð er eintómum hámenntuðum stjórnarsinnum. Sú nefnd skilaði áliti í byrjun október og síðan felur ráðherrann sömu nefnd að semja frv. til laga um lánasjóðinn og bætir þá við í nefndina tveimur mönnum, þ.e. fulltrúa samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna og formanni Vöku og leggur þannig að jöfnu annars vegar samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna og hins vegar Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, þ.e. hægri manna í Háskóla Íslands.

Það fer ekki milli mála að í þessum tveimur tilfellum er mikill munur á vinnubrögðum við undirbúning mála. Í fyrra tilfellinu er reynt að vinna málið sem best fyrir fram og reynt að ná um það sem víðtækastri samstöðu en í hinu tilfellinu eru það þeir sem meiri hlutann hafa hér á hv. Alþingi sem leggja línurnar í einu og öllu og ætla svo að flýta málinu í gegnum þingið þannig að því ljúki helst í þessum mánuði eftir því sem ég hef heyrt á hæstv. ráðherra í fjölmiðlum, þótt að hann taki það ekki fram í framsögu sinni núna. Auk þess má geta þess að vinnubrögð í þeirri nefnd sem samdi þetta frv. voru slík að aldrei reyndi á það hvort hægt væri að ná málamiðlun þannig að nefndin gæti sameinast um eitt álit. Slík var pressan af hálfu hæstv. menntmrh. og aðstoðarmanns hans að koma málinu frá nefndinni. Námsmannahreyfingarnar fóru ítrekað fram á að nefndin fengi lengri tíma en fengu þær upplýsingar að ráðherra væri ekki tilbúinn að veita hann. Fyrsti fundur þessarar nefndar var 15. nóv. 1991 og sá fimmti og síðasti 25. nóv. 1991.

Ég get sagt það strax að þetta mál krefst gífurlegrar vinnu í nefnd þar sem margir verða kallaðir til og ekki bara kallaðir til heldur hlýtur að þurfa að senda málið út til umsagnar. Og ekki flýtir það fyrir umræðunni að Alþfl., samkvæmt fréttum nýverið, styður ekki málið, hefur a.m.k. athugasemdir við það samkvæmt upplýsingum frá formanni þingflokksins og það hlýtur að gera málið enn erfiðara. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvernig stendur á þessum asa? Hvers vegna liggur svona mikið á að afgreiða málið? Ég hef svo sem einhverja hugmynd um ástæðuna en það væri mikils virði að fá svör frá hæstv. ráðherra milliliðalaust. Við eigum þó nokkuð eftir af starfinu hér í vetur.

Í allri umfjöllun nefndarmanna um frv. kemur berlega fram að litið er á lánasjóðinn, og það kemur einnig fram í frv., eins og hverja aðra peningastofnun í landinu en mikilvægi menntunar fyrir einstaklingana og þjóðina í heild er ekki í hávegum höfð, svo að ekki sé meira sagt. Þær fullyrðingar að 65% af lánum sem nú eru veitt séu styrkir eru kannski ljósasta dæmið um þennan áróður. Það er þannig reiknað að að gera 6% ávöxtunarkröfu á það fjármagn sem lánað er út og tekið tillit til hversu mikið skilar sér til baka. Eflaust má færa rök fyrir því að þannig komi þetta út ef þetta er gert á þennan hátt og ekki er hægt að segja að það sé beint rangt reikningsdæmi en þetta sýnir hugsunarhátt sem ég felli mig ekki við.

Það er stundum talað um það á hátíðarstundum að langskólanám sé fjárfesting í framtíðinni, fjárfesting í menntun og þekkingu. Ég vil helst sleppa því að nota slíkar samlíkingar úr peningamáli þegar menntun er annars vegar en ég geri mér þó mjög vel grein fyrir því að það þarf að grípa til ráðstafana vegna fjárhagserfiðleika lánasjóðsins eins og hefur komið fram áður í mínu máli. Það eru einkum endurgreiðslurnar sem ekki hafa gengið upp í núgildandi kerfi og of stórt hlutfall sem ekki skilar sér til baka eða um 10%.

Lánasjóðurinn glímir einnig við mikinn „fortíðarvanda" frá árunum fyrir árið 1976 þegar lán voru óverðtryggð og lánin brunnu upp í verðbólgueldi þess tíma. Það getur ekki verið eðlilegt að þau ungmenni sem eru svo óheppin, liggur mér við að segja, að vera fædd á árunum 1970–1980, eigi að greiða þennan vanda frekar en hver annar námsmaður eða hver annar Íslendingur. Sú gegndarlausa lántaka á undanförnum árum sem sjóðurinn hefur staðið í til fjármögnunar hefur skapað gífurlegan vaxtamun. Vaxtamunurinn hefur farið upp í að vera 25% af því fjármagni sem sjóðurinn fékk í afborganir og vexti af lánum. Með frv. er einnig meiningin að láta hina óheppnu árganga, 1970–1980, borga þennan uppsafnaða vaxtamun.

Hæstv. forseti. Verði þetta frv. að lögum mun það þýða miklar breytingar fyrir námsmenn. Svo miklar að maður veltir því fyrir sér hversu stór hópur innan fimm ára leggur fyrir sig langskólanám. Þetta er gert á sama

tíma og atvinna er að dragast saman í landinu og ekki að sjá að þetta ágæta fólk fái atvinnu á hinum almenna vinnumarkaði á næstu árum þó að við leyfum okkur öll að vona að þeir erfiðleikar séu tímabundnir

Með frv. er birt fylgiskjal um sérálit fulltrúa samstarfsnefnda námsmannahreyfinganna í nefnd um endurskoðun laga um LÍN. Að þeirra sögn er ekki um fullkomið frv. að ræða. Helstu breytingar sem þar koma fram, miðað við núgildandi lög, er að finna í kaflanum um endurgreiðslur þar sem lagt er til að þeim verði breytt til hagsbóta fyrir sjóðinn. Þarna er verið að tryggja hraðari endurgreiðslur til sjóðsins en um leið að gæta þess að greiðslubyrði verði ekki óhófleg. Taka má dæmi af einstaklingi með 150.000 kr. á mánuði. Hann greiðir 4% af tekjum upp að 100.000 kr. á mánuði eða 4.000 kr. en 6% af því sem er umfram það, í þessu tilviki 6% af 50.000 kr. eða 3.000 kr. Heildargreiðslan yrði þá 7.000 kr. á mánuði eða um 4,6% af heildartekjum viðkomandi.

Þær tölur og þau þrep sem þarna eru nefnd eru til skýringar á þeirri meginhugsun sem er á ferðinni að verið er að tryggja hraðari endurgreiðslu til sjóðsins en að gæta þess um leið að greiðslubyrðin verði ekki óhófleg. Hér er ekki verið að tala um allsherjarlausnir á vanda sjóðsins. En tilfellið er að það eru fyrst og fremst endurgreiðslurnar sem hafa ekki gengið upp.

Hæstv. forseti. Ég ætla að hlaupa á þeim atriðum í frv. sem mestar breytingar eru á miðað við núgildandi lög. Kem ég þá fyrst að valdaframsalinu sem hæstv. ráðherra gerði einnig að umtalsefni og talaði um að væri til að draga úr þörf fyrir reglugerðir. Þrátt fyrir allt held ég að skárra sé að hafa þetta vald hjá hæstv. ráðherra heldur en sjóðstjórninni. Ég leyfi mér að álykta sem svo. En valdaframsalið kemur fram í mörgum greinum. Samkvæmt 2. gr. grein t.d. er stjórninni heimilt að lána til annars náms en tiltekið er í 1. gr. Hér er enn frekar verið að auka óöryggi þess fólks sem leggur stund á sérnám sem ekki telst á háskólastigi, hvort heldur er hér á landi eða erlendis. Þetta er gert þvert á þá kröfu námsmannahreyfinganna að réttur nema í sérnámi sé sambærilegur rétti nemenda í skólum á háskólastigi.

Í 3. gr. er einnig um valdaframsal að ræða. Sjóðstjórn er falið það vald að ákveða til hvaða þátta beri að taka tillit til þegar framfærsla námsmanna er ákvörðuð. Stjórninni er þannig í sjálfsvald sett að hvaða leyti hún tekur tillit til þátta eins og fjölskyldustærðar, tekna, lengdar árlegs námstíma o.s.frv., eða hvort yfir höfuð skuli taka tillit til þessara þátta.

Í 6. gr. er einnig um valdaframsal að ræða. Stjórn sjóðsins er í þessari grein falið að ákvarða hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja svo viðunandi teljist. Eins og ráðherra kom að í framsögu sinni er samkvæmt núgildandi lögum nægilegt að einn aðili taki á sig sjálfsskuldarábyrgð lánsins en í frv. er hins vegar gert ráð fyrir tveimur.

Nefna má lántökugjaldið. En þar hefur einnig stjórnin vald til ákvörðunar.

Í 13. gr. er komið inn á þetta sama. Þar er stjórninni falið vald til ákvörðunar um lánsrétt erlendra ríkisborgara sem leggja stund á nám á Íslandi. Þetta vald var áður í hendi ráðherra.

Ég held áfram. 16. gr. er síðasta greinin sem ég mun tilgreina varðandi valdaframsal. Í þessari grein er nú heimildarákvæði til handa ráðherra um setningu reglugerðar varðandi nánari útfærslu laganna. Í núgildandi lögum er þetta ákvæði skilyrt. Eins og kemur fram í greinargerðinni með frv. er markmiðið m.a. að minnka þörf fyrir setningu reglugerðar og auka í staðinn vald sjóðstjórnar frá því sem nú er. Þó er vert að veita athygli því atriði að í frv. er sett það skilyrði að óskir um frádrátt félagsgjalda komi fram á lánsumsókn frá námsmanni. Ekki er að sjá að með þessum breytingum vaki annað fyrir þeim sem að frv. standa en að ganga af þeim hagsmunasamtökum námsmanna dauðum sem hingað til hafa megintekjur sínar af þessum félagsgjöldum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er meiningin?

Hæstv. forseti. Ég mun fara örlítið yfir þær meginbreytingar sem lagðar eru til með frv. Þær eru svo sannarlega ekki neitt smávægilegar.

Fyrst er að nefna að námslánin beri 3% vexti. Samkvæmt núverandi námslánakerfi bera námslán ekki vexti, eins og allir vita, en eru verðtryggð. Verðtryggðing lánanna stuðlar að því að námsmenn greiði jafnvirði þeirra upphæða til baka sem þeir fengu að láni. Það hlýtur að gegna allt öðru máli um vexti. Vextir eru leigugjald sem kemur þegar lánveitandi gerir kröfur til arðsemi þess fjármagns sem hann lætur af hendi til lántakanda. Kannski er eðlilegt að ríkisvaldið geri slíkar kröfur til arðsemi þess fjármagns sem varið er til námsaðstoðar. Sú krafa getur ekki talist annað en eðlileg, eins og ég sagði áðan, reyndin er hins vegar sú að hin sanna arðsemi sem sett er í námsaðstoð mun seint endurspeglast í ársreikningum lánasjóðsins heldur skilar þessi arðsemi sér beint út í íslenskt samfélag, því til eflingar nú og í framtíðinni. Ekki má heldur gleyma því að námslán eru lán sem ætluð eru til framfærslu námsmanna. Um slík framfærslulán hljóta að gilda aðrar grundvallarforsendur en um lán sem ætluð eru til fjárfestinga. Þó má segja að í vissum skilningi megi telja námslán fjárfestingarlán þar sem verið er að fjárfesta í menntun og þekkingu eins og ég kom að hér áður. Hins vegar skilar sú fjáfesting ekki síður arði til samfélagsins en til einstaklingsins. Allar hugmyndir um vexti á námslán fela í sér grundvallarbreytingu frá þeim viðhorfum sem hingað til hafa gilt um námsaðstoð.

Í öðru lagi ætla ég að koma inn á styttingu greiðslufrests í eitt ár. Sá tími sem núverandi námslánakerfi gerir ráð fyrir að líði frá námslokum fram að því að endurgreiðslur hefjist er þrjú ár. Ástæðum þess má skipta í tvennt þó í raun sé um tvær greinar af sama meiði að ræða. Í fyrsta lagi bíður flestra námsmanna, þegar námi lýkur, að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þeir þurfa að koma sér fyrir í samfélaginu. Greiðslubyrði vegna fjárfestinga sem húsnæðiskaup útheimta er alltaf mest fyrstu árin eftir að ráðist er í kaupin. Ef greiðslufrestur á námslánum er styttur úr þremur árum niður í eitt girðir það fyrir möguleika til húsnæðis-

kaupa þar til greiðslum af námslánum er lokið. Þá situr fólk á miðjum aldri uppi með að eiga eftir að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Auk þess má nefna að samkvæmt því húsnæðiskerfi sem við höfum komið okkur upp, húsbréfakerfinu, er það greiðslumat viðkomandi sem ræður því hvort hann fær húsbréf eða ekki. Mér er það hulin ráðgáta að sjá hvernig þetta blessað fólk á yfirleitt að fá húsbréf í húsnæðiskerfinu þegar það kemur út á vinnumarkaðinn miðað við þær tekjur sem t.d. ríkisstarfsmenn hafa núna. Kannski stendur það allt saman til bóta, hæstv. forseti, fróðlegt væri að heyra af því.

Í öðru lagi má nefna að tíma tekur að koma sér fyrir á vinnumarkaði eftir að námi lýkur. Sá tími er vitanlega mjög misjafn og háður aðstæðum. Því má draga saman og fullyrða að það er mikið ógæfuspor að stytta greiðslufrest námslána niður í eitt ár eins og gert er ráð fyrir í þessum tillögum. Í frv. er gert ráð fyrir styttingu námstíma. Það kemur kannski svolítið skondið fyrir sjónir, eins og hæstv. ráðherra mundi kalla það, að settar séu reglur um lengd lánstíma samhliða því sem tekjutengt þak er sett á endurgreiðslurnar. Þetta þýðir í raun að slík viðmiðun vegur alltaf til lækkunar greiðslubyrði þannig að þeir sem hafa mjög háar tekjur og hafa ekki þurft á lánum að halda nema í stuttan tíma eru langt frá því að greiða það hlutfall sem tekjutengda þakið gerir ráð fyrir. Þetta er eitt af því sem hv. nefnd mun eflaust skoða í meðferð um málið. Og ég lýsi ánægju með að hæstv. ráðherra nefndi það í framsögu sinni að hann teldi að þarna þyrfti að skoða ýmsa hluti nánar og mun nefndin örugglega ekki sjá eftir tíma sínum í það.

Lagt er til að lán til sérnáms sem ekki er á háskólastigi verði bundið við 20 ára aldurinn. Þetta er ákvæði sem ég er ákaflega andvíg enda í þversögn við orð hæstv. menntmrh. að hlúa þurfi sérstaklega að stuttu starfstengdu námi frekar en að hvetja nemendur alla í langskólanám. Kemur það mér mjög á óvart að þetta skuli vera lagt til. Sú ákvörðun sem tekin var á áttunda áratugnum að gera iðnnám lánshæft kom ekki síst til vegna þrýstings frá atvinnulífinu. Ég get ekki séð að þær forsendur hafi breyst.

Síðan er ákvæði, hæstv. forseti, um að felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki, en gert ráð fyrir að Vísindasjóður verði efldur til þess að veita námsstyrki. Þessi tillaga kallar á breyttar úthlutunarreglur Vísindasjóðs. Hæstv. ráðherra hefur boðað að hann muni sennilega leggja fram frv. um Vísindasjóð og er það vel. Við höfum ekki séð það enn á fjárlögum að sjóðurinn hafi meira fjármagn úr að spila.

Eitt ákvæði felur í sér grundvallarbreytingu í sambandi við lífeyrissjóðsgreiðslurnar. Breytingin er náttúrlega miðuð við gamla húsnæðiskerfið og kannski ekki ástæða til að gera veður út af því. Það tengist því sem ég sagði áðan um nýja kerfið, húsbréfakerfið, þ.e. hvernig námsmenn eigi að fá aðgang að því og eflaust þurfum við í hv. nefnd að kalla til okkar fulltrúa frá Húsnæðisstofnun til umfjöllunar um það mál.

Ábyrgðarmenn á skuldabréfum eiga að vera tveir samkvæmt frv. og herða á kröfur til þeirra. Ljóst er út frá þeim hugmyndum sem koma fram í skýrslunni að verið er að tala um tvöfalda þá greiðslubyrði sem nú er á námslánum. Mér er til efs að það auðveldi að fá aðstandendur til að ábyrgjast greiðslur sem sýnt er að verði miklar. Það að skuldabréf verði sameinuð jafnóðum í eitt skuldabréf er í sjálfu sér ekki mál til að gera veður út af eins og það kemur mér fyrir sjónir við fyrstu sýn. Ég mun að sjálfsögðu kynna mér betur í nefnd hvernig það kemur til með að virka í framkvæmdinni.

Loks er það ákvæði sem er mjög róttækt. Það að námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur. Nái þessi breyting fram að ganga er í rauninni ekki verið að tala um annað en að skerða námslán um 10%. Það hefur sýnt sig hjá nemendum á fyrsta ári sem hafa þurft að fara þessa leið að það hefur verið allt að 10% kostnaður við slík lán. Og ef þetta endurtekur sig á hverju ári þýðir þetta verulega skerðingu.

Í sambandi við þessar breytingar ætla ég að síðustu að nefna ákvæði um almenn skuldabréfalán. Þar er ég efins um að eðlilegt sé að lánasjóðurinn hafi þetta hlutverk. Reyndar tel ég það óeðlilegt og vil spyrja hæstv. ráðherra hvað sé meint með því. Á að beina fólki inn á þessa braut?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Ég veit að fleiri vilja komast að. Það hefur verið samið um að reyna að koma öllum þingflokkum að fyrir kvöldverðarhlé. En ég vil að síðustu segja þetta: Samkvæmt frv. er endurgreiðsluhlutfall rúmlega tvöfaldað og greiðslubyrði þar með hækkuð langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Samhliða því er sá tími sem líða má frá námslokum þar til endurgreiðslur eiga að hefjast styttur úr þremur árum í eitt. Þetta gerir það að verkum að ungu fólki er gert ókleift að standa í fjárhagsskuldbindingum meðan á endurgreiðslu námslána stendur. Þetta er hvað greinilegast þegar greiðslubyrðin er skoðuð í samhengi við húsbréfakerfið.

Hæstv. forseti. Á samdráttartímum sem þessum er ástæða til þess að hlúa að hugvitinu og leita í þann fjársjóð að framtíðarlausnum fyrir land og þjóð. Síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum hefur hún hvað eftir annað vegið að menntakerfinu á gróflegan hátt. Þjóðin hefur sýnt mjög skýr viðbrögð við árásum ríkisstjórnarinnar á velferðarkerfið með fundum um allt land og þó að þessi fundahöld hafi ekki borið sýnilegan árangur enn sem komið er þá munu þau bera árangur þegar til lengri tíma er litið.

Við framsóknarmenn lýsum yfir andstöðu við frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og það liggur fyrir hv. Alþingi. Við munum að sjálfsögðu fylgja því að málinu verði vísað til nefndar að lokinni 1. umr. og fjalla um málið í nefnd eins og þingsköp gera ráð fyrir og leggja okkur fram um að gera þær breytingar á málinu sem nauðsynlegar eru til þess að námsmenn á Íslandi geti áfram stundað sitt nám til heilla fyrir okkar ágæta þjóðfélag.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga

um Lánasjóð ísl. námsmanna en námslán eru ein mikilvægasta forsenda þess að jafna aðstöðu til menntunar. Það er lykilatriði að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum jöfn tækifæri til mennta, að aðgangur að menntakerfinu sé ekki bundinn fjárráðum eða félagslegum aðstæðum. Viðhorf okkar alþýðuflokksmanna er að námslán eigi að taka mið af aðstæðum námsmanna og tekjum en einnig af almennum kjörum í samfélaginu.

Við höfum líka þá skoðun að námslán eigi að bera vexti, lága eða lægstu vexti og þeim þannig fyrir komið að það dragi sem minnst úr hvatningu til starfa námsmanna í atvinnulífinu í námshléum. Eins og fram kom í máli menntmrh. á ákveðin vinna eftir að fara fram við það frv. sem hér er til umræðu og kemur það til kasta menntmn. að fjalla um brtt. sem kunna að koma fram en hún fær frv. til umfjöllunar að umræðu lokinni. Það er áherslumunur á milli stjórnarflokkanna varðandi sum ákvæði frv. Við þingmenn Alþfl. áttum viðræður við fulltrúa námsmannahreyfinganna um það leyti sem frv. var tilbúið til framlagningar af hálfu ráðherra og þó talsvert bæri á milli sjónarmiða þeirra og forsendna frv. sýndist okkur að þarna mætti sætta sjónarmið betur. Við fórum fram á að gerðir væru útreikningar á áhrifum tillagna námsmanna á sjóðsstreymi LÍN og einnig útreikningar miðað við sömu forsendur en með 3% vöxtum.

Þegar útreikningar lágu fyrir og þar með sú staðreynd að mikill munur yrði á stöðu sjóðsins við þessar forsendur samanborið við frv. var komin mikil tímapressa á framlagningu málsins í þinginu ef takast átti að mæla fyrir frv. fyrir jól eins og áformað var. Þess vegna var sú leið valin að prenta með frv. sem fskj. tillögur námsmannahreyfingana, þ.e. þeirra drög að frv. til laga. Jafnframt eru útreikningar miðað við mismunandi forsendur meðal fskj., bæði hvað varðar greiðslubyrði lántakenda og eins fyrrgreindir útreikningar varðandi sjóðsstreymi LÍN. Það er samkomulag um að skoða nánar þá þætti þar sem áherslumunur er.

Stjórnarflokkarnir eru sammála um það sjónarmið að lánasjóðurinn fái risið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum svo að hann geti áfram tryggt jafnrétti til náms en hvers vegna skyldi þurfa að gera breytingar á lögum um lánasjóðinn? Getur hann ekki verið eins og hann er? Hafa málefni hans ekki verið í ágætu lagi hingað til þar sem svo góður vilji er í öllum flokkum til að stuðla að stuðningi við námsfólk? Svarið er því miður nei. Viljinn hefur greinilega verið meiri en getan á liðnum áratug og eins og alltaf þegar vanda er ýtt á undan sér kemur að lokum að skuldadögum.

Í árslok 1989 var hlutfall erlendra lána um 40% af heildarlánum sjóðsins. Nú fara um 30% af árlegri fjárþörf sjóðsins til afborgana af lánum. Frá og með árinu 1990 hafa allar lántökur sjóðsins verið gerðar á innlendum markaði. Ríkisframlög eru hærri en lántökur sjóðsins á árunum 1986–1989 en síðan snýst dæmið við og á árinu 1991 nema lántökur sjóðsins 3 milljörðum á móti 1.730 millj. ríkisframlagi til sjóðsins. Hæst hlutfall ríkisframlaga er á árunum 1986 og 1988. Á árinu 1986 er ríkisframlag 68% og á árinu 1988 er það 63%. Vegna þeirra orða sem svo oft hafa fallið hér úr þessum stól varðandi skoðanir formanns Alþfl. ber að geta þess að einmitt á árinu 1988, þegar framlag er 63%, var formaður Alþfl. fjmrh. Árið 1989 er framlag orðið 54%, árið 1990 er það 43%, árið 1991 32% og þarfir sjóðsins meiri og meiri.

Það er hins vegar mjög mikilvægt þegar að takast á við vandann að reyna að gera það eins mildilega og unnt er þannig að ekki skapist stórfellt misræmi á kjörum þeirra hópa sem eru að leita sér menntunar fyrir og eftir breytingu. Í þeim efnum þarf að skoða grundvallaratriði eins og vexti, endurgreiðslutímabil, þ.e. lánstíma, árlegt endurgreiðsluhámark, félagslegar aðstæður, réttinn til að hefja lántöku og hvenær eigi að hefja endurgreiðslu lána. Samband ungra jafnaðarmanna hefur sett sína skoðun á þessum þáttum fram í tillögum sem flokksstjórn Alþfl. vísaði til þingflokks og framkvæmdastjórnar. Þeir lýsa áhyggjum yfir því að þung greiðslubyrði af námslánum geti gert háskólamenntuðu fólki ókleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið að námi loknu og því að ekki sé tekið tillit til félagslegra aðstæðna á námstíma. Þeir vilja að endurgreiðslur miðist við 4% og 6% af útsvarsstofni í stað 4% og 8% og að endurgreiðslur hefjist tveimur árum eftir námslok í stað eins. Og þeir benda á að ákvæði 18. gr. geti þýtt að greiðsla verði allt að 11,75% af útsvarsstofni. Sú staða kæmi víst því aðeins upp í þeim tilfellum að viðkomandi námsmaður tæki lán bæði úr gamla og nýja kerfinu og lenti í hámarki í þeim báðum en vissulega þarf að skoða það nánar.

Í þessu frv. er hámark á endurgreiðsluhlutfalli fyrst 4% og síðar 8% af útsvarsstofni eins og fram hefur komið. Þessi viðmiðun er fyrst og fremst hugsuð sem öryggisnet og það gildir sama viðhorf gagnvart því þótt þessar tölur yrðu aðrar. Hins vegar er það svo að slíkt öryggisnet á fyrst og fremst við gagnvart þeim tekjulægri á meðan sú staða gæti komið upp að þeir tekjuhærri nái ekki þeirri sömu prósentuviðmiðun á endurgreiðslutímanum. Þannig mundu t.d. ákveðnir hópar mjög líklega lenda í hámarksprósentu allan endurgreiðslutímann meðan þeir sem stunda lengra nám, t.d. verkfræði eða læknisfræði, fá lengri endurgreiðslutíma og búa að líkindum við mun hærri tekjur að námi loknu og þar með gætu endurgreiðslur þeirra orðið undir 4% eða 8% af þeirra útsvarsstofni. Það má því velta því fyrir sér hvort það sé réttlátt að þeir tekjulægri lendi í því að greiða alltaf samkvæmt hámarksprósentuviðmiðun en tekjuhærri stéttir næðu e.t.v. ekki nema helmingnum af viðmiðun. Ef það er ekki réttlátt vaknar sú spurning hvort e.t.v. eigi að setja prósentuviðmiðun framar árafjöldanum þegar svo ber undir. Með því væri hægt að líta á prósentuviðmiðunina sem öryggisnet og þá yrðu þetta einu lánin sem væru endurgreidd miðað við tekjur. Það þarf að benda á þessa hluti og það þarf að ræða þá en ég er ekki þar með að segja að þeim eigi að breyta.

Þegar við erum að breyta fyrirkomulagi á námslánum hljótum við að leiða hugann að því hvort námslán séu betri eða verri en annars staðar og erum við þá komin að hinum óendanlega samanburði milli landa

sem reyndar verður oft afstæður. Miðað við töflu sem er á bls. 26 í frv. þá eru lánin nokkuð mismunandi eftir löndum. Aðalmunur á framlögum er að annars staðar á Norðurlöndum eru veittir styrkir að hluta en aðalmunur á fjárhæðum fyrirgreiðslu virðist hins vegar vera hjá fjölskyldufólki íslenskum námsmönnum í hag. Því er haldið fram að námslánafyrirgreiðsla okkar hvetji ekki til sparnaðar og að það fyrirkomulag sé ekki heppilegt að námsmaður verður að taka allt lánið eða ekkert.

Varðandi breytingar á lánsfyrirkomulagi eru það fyrst og fremst tvö sjónarmið sem eru yfirgnæfandi. Það er annars vegar fjárþörf sjóðs sem að óbreyttu keyrir í strand og hins vegar að endurgreiðslur bugi ekki háskólafólk eða þá aðra sem lokið hafa lánshæfu námi. Þessi sjónarmið þarf að sætta og þessi sjónarmið trúi ég að hægt sé að sætta.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og ég gat um fyrr á þessum fundi þá fara umræður um þetta stóra mál hér fram við heldur óheppilegar aðstæður, bæði síðla á degi og þannig að það þarf að slíta þær sundur. Hér hefur einnig verið gert einhvers konar samkomulag um að reyna að koma fyrsta þætti umræðunnar fram fyrir kvöldmatarhlé svo okkur sem tökum þátt í þessari umræðu er nokkur vandi á höndum því að ekki vil ég skilja þannig við þetta að einstakir þingflokkar verði þarna út undan að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við þennan fyrsta þátt. Það sem ég kem því til með að segja verða nokkur almenn atriði sem snerta þetta mál og undirbúning þess og þann anda sem svífur yfir vötnunum við meðferð málsins á vettvangi ríkisstjórnar. Ég hef ekki tækifæri til þess að fjalla í einstökum atriðum um málið eins og þó væri vert og mun þá nota minn rétt síðar við þessa umræðu eftir því sem ástæður bjóða. Ég á hins vegar sæti í menntmn. þingsins og mun á þeim vettvangi fylgjast með málinu eftir föngum og berjast fyrir þeim breytingum sem þingflokkur Alþb. telur nauðsynlegt að gerðar verði á því. En það eru í rauninni grundvallarbreytingar.

Eins og komið hefur fram í almennri umræðu um málið fram að þessu þá er Alþb. algerlega andvígt þessu frv. eins og það liggur fyrir og þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hyggst ná með þessu frv. og ég segi ríkisstjórnin því þetta er lagt hér fram sem stjfrv.

Það verður ekki hjá því komist að líta á þetta mál í almennu samhengi þeirrar stefnu sem fram kemur hjá hæstv. núv. menntmrh. á mörgum sviðum. Þetta er aðeins einn þáttur af mörgum varðandi skóla- og menntamál í landinu sem eru að koma fram af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar og þar ber flest að sama brunni. Þar svífur andi misréttis yfir vötnunum. Þar er vaxandi misrétti leiðarstjarnan sem fylgt er, takmarkanir sem gera kost þeirra sem betur eru staðir í þjóðfélaginu betri til náms og skólagöngu en rýrir að sama skapi möguleika hinna efnaminni í landinu og þeirra sem afskiptir eru til náms. Þetta gildir um þær breytingar sem hér hafa verið mjög ræddar undanfarið í þinginu varðandi aðgerðir í ríkisfjármálum, þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra var að knýja fram ásamt starfsbræðrum sínum og systrum til að breyta skólakerfinu til skamms tíma litið og til lengri tíma litið í sambandi við grunnskóla. Þetta varðar upptöku skólagjalda á hinum ýmsu skólastigum í landinu og þetta varðar sannarlega þann flata niðurskurð sem mest fer fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og hittir allt skólakerfið í landinu með mjög óþyrmilegum hætti. Þetta hittir auðvitað ekki aðeins fólk misjafnlega fyrir eftir efnahag heldur einnig eftir búsetu og það er alveg dagljóst að þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra stendur fyrir auka enn á misrétti og misvægi varðandi aðstöðu fólks í landinu til náms eins og raunar á svo mörgum öðrum sviðum sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir með tillögum sínum og ákvörðunum. Og nú er komið að Lánasjóði ísl. námsmanna, að breyta honum í það horf sem hér eru gerðar tillögur um eftir þeirri hugmyndafræði sem hæstv ríkisstjórn beitir og hefur að leiðarljósi. Og það er þessi hugmyndafræði um vaxandi misrétti, aukinn aðstöðumun, aukinn rétt hinna betur stæðu í þjóðfélaginu sem ég mæli gegn og við sem erum að andæfa gegn þessu frv. Og það gildir um fjölmörg önnur svið varðandi skólastefnu.

Nú er það svo að hæstv. ráðherra er ekki búinn að sýna nema hluta af spilunum, hluta af því sem hann hyggst bera fram í sambandi við skólamálin og nú alveg nýlega, hvort það var í gærmorgun eða í morgun, þá bárust fregnir af því að hæstv. ráðherra viðraði á fundi, sem hann stóð fyrir, að ég hygg róttækar hugmyndir um breytingar á grunnskólahaldi og fleiri þáttum sem sæta nú allnokkrum tíðindum ef að gerðar yrðu að veruleika, m.a. sú hugmynd að stytta starfstíma grunnskólans um heilt ár. Hér er um að ræða svo miklar breytingar frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið að þær hljóta að kalla á mjög hörð átök hér á Alþingi og í samfélaginu almennt. Þessi átök eru greinilega aðeins að hefjast og ef núv. ríkisstjórn heldur velli og situr áfram við völd út kjörtímabilið þá er það alveg ljóst að hér á eftir að geysa í landinu styrjöld, ekki með vopnum en með átökum, mjög miklum átökum vegna þeirrar stefnu sem hér er verið að knýja fram. Það getur verið að menn eigi ekki að vera að kvarta yfir því að ný ríkisstjórn birtist mönnum með allt aðra stefnu heldur en áður ríkti í landinu, þjóðin þurfi á því að halda að það séu einhver skil á milli stjórnmálaflokka, á milli hægri og vinstri. Það má segja að það sé nokkuð til í því. En það getur reynst dýrkeypt og það getur orðið tímafrekt og erfitt að bæta fyrir þau verk sem núv. ríkisstjórn er að knýja fram. Og það mun bitna á mörgum sem verða þolendur þeirra aðgerða í bráð og til nokkurrar lengdar sem hér er verið að fjalla um og reyna að fá lögfestingu á á Alþingi.

Undirbúningur þessa máls er líka mjög dæmigerður fyrir vinnubrögð núv. ríkisstjórnar. Það er ekki gengið að undirbúningi þessa máls með því hugarfari að reyna að laða saman fylkingar í þjóðfélaginu, laða saman stjórnmálaflokkana í landinu, að draga námsmenn til samstarfs um þær breytingar sem hugmyndin er að gera. Út af fyrir sig greinir menn ekki á um að þörf var á því að taka málefni Lánasjóðs ísl. náms-

manna, lögin um námslán og námsstyrki, til meðferðar á Alþingi og ná þar fram breytingum til að treysta í sessi það kerfi sem góð sátt hefur ríkt um frá því að lög voru sett um þetta en gera um leið á því þannig breytingar að það standist til frambúðar. En ríkisstjórnin og hæstv. menntmrh. völdu þann kost að setja á fót nefnd skipaða stjórnarliðum einvörðungu til þess að vinna að þessu máli sl. sumar, harðlæsa sig inni með undirbúning að þessu máli. Því var t.d. neitað og hafnað í menntmn. síðasta þings á síðasta sumri að verða við óskum frá þingflokki Alþb. um að orðið yrði við beiðni frá Stúdentaráði Háskóla Íslands um að geta komið á vettvang nefndarinnar til þess að kynna sínar hugmyndir. Það mátti ekki. Við því var ekki orðið og það er ekki fyrr en nefnd ráðherrans hafði lokið störfum í októberbyrjun að bætt er inn fulltrúum frá námsmönnum, eða þeim gefinn kostur á því og þá með þeim hætti að þeir fá aðeins tíu daga til að standa frammi fyrir fullmótuðum tillögum um lagafrv. sem knúið er fram í þeirri nefnd 21. nóv. sl.

Svo koma hér fulltrúar Alþfl., annars stjórnarflokksins, og eru að reyna að þvo hendur sínar af þessu verki. Hér stóð hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og lýsti því yfir að hún væri andvíg og ósamþykk þessu máli í mörgum atriðum og það tækist vonandi að ná hér fram breytingum. (**Gripið fram í:** Áherslumunur.) Áherslumunur, já. Það væri gott ef það væri ekki nema áherslumunur sem þarna ríkir á milli stjórnarflokkanna frá þeirra bæjardyrum séð. En ef einhver innstæða væri fyrir orðum hennar og formanns þingflokks Alþfl. í þessu máli, þá værum við ekki að fjalla um þetta mál hér eins og það liggur fyrir. Þá hefði þetta mál aldrei komið fram á þingi sem stjfrv. og það er það sem er kannski meginatriðið við þetta mál eins og það liggur hér fyrir að annar stjórnarflokkurinn segir í öðru orðinu: Þetta er nú eiginlega ekki stjfrv. Við stöndum eiginlega ekki að þessu máli eins og það liggur hér fyrir. Þó hafa þeir átt hlut að undirbúningi, átt fulltrúa í nefndinni sem fjallaði um frv. á sl. sumri. Ég man ekki betur en einn prófessorinn, sem stóð að undirbúningi málsins, hafi setið á þingi sem varamaður Alþfl., Jón Bragi Bjarnason prófessor. Væntanlega var tiltölulega handhægt fyrir Alþfl. að koma sínum sjónarmiðum þar á framfæri á réttum tíma, undirbúningstíma þessa máls.

Okkur er nokkur vandi á því að ræða þetta mál, virðulegi forseti, sem stjfrv. eins og þetta liggur hér fyrir. *Og ég spyr: Hvernig ætlar Alþfl. að standa að* meðferð þessa máls? Hvernig ætlar hann að gera það? Mál sem ráðherrar flokksins hafa fallist á að sé flutt inn í þingið sem stjfrv. Ætlar formaður þingflokks Alþfl. og fulltrúi Alþfl. í menntmn. að setjast á rökstóla með okkur stjórnarandstæðingum um það hvaða breytingar sé hægt að sameinast um að knýja fram gegn hæstv. menntmrh. og gegn Sjálfstfl. í þessu máli? Hvers konar vinnubrögð eru það sem Alþfl. hyggst stunda í þessu máli? Það gildir um þetta eins og annað að ekki verður bæði sleppt og haldið. Alþfl. getur ekki ætlað að koma sér undan þeirri ábyrgð að brjóta niður gildandi lög um námslán og námsstyrki og kenna síðan bara einhverjum öðrum um. Það eru ekki þolanleg vinnubrögð. Þannig geta menn ekki staðið að málum í stjórnmálum en það er auðvitað þannig að hv. formaður þingflokks Alþfl. er að átta sig á því smám saman hvaða gröf Alþfl. er að grafa sér í pólitíkinni, ekki aðeins með málafylgju í þessu tilviki að því er þetta frv. varðar og skólamálin heldur á flestum sviðum íslenskra þjóðmála þar sem verið er að snúa til hinnar hörðu peningahyggju í stað félagslegrar samhjálpar og jafnræðis. Svo er verið að kynna hér frómar hugmyndir Sambands ungra jafnaðarmanna um breytingar rétt til þess að hugga þá á meðan verið er að smeygja í gegn lagafrumvörpunum sem Alþfl. ber fulla ábyrgð á að liggja hér fyrir sem stjfrv.

Hægt er að fara yfir þetta mál lið fyrir lið og segja má að öll þau atriði sem hér eru gerðar breytingar á lúti að því markmiði að draga úr framlögum úr sameiginlegum sjóði, auka álögur á lántaka, þó þannig að gætt er misræmis en ekki jafnræðis, t.d. með tilliti til tekna. Það er verið að þrengja kosti þeirra sem standa höllum fæti bæði hvað varðar aðstandendur og tekjur í þjóðfélaginu meðan á námi stendur og einnig að námi loknu. Og það er verið að vega að einstökum þjóðfélagshópum, lágtekjuhópunum í landinu, börnum þeirra og þeim fjölmenna hópi sem mun skipa og fylla lágtekjuhópana í þessu landi ef sú stjórnarstefna, sem hér er birt, nær fram að ganga og festir sig í sessi. Þetta mun auðvitað ekki síst bitna á konum í landinu, einstæðum mæðrum í landinu, þeim fjölmenna hópi kvenna sem fyllir láglaunahópana í þessu landi öðrum fremur. Þannig æpir mismununin hvarvetna á mann þegar litið er á þá málafylgju sem hér er borin fram. Ég öfunda ekki formann menntmn., hv. þm. Sigríði Þórðardóttur, af því að þurfa að ganga í það hlutverk að bera þetta frv. fram í gegnum nefndina og knýja þar fram afgreiðslu á því eins og siglingaljósin eru stillt í þessu máli.

Það er auðvitað alveg nauðsynlegt og verður gert af hálfu okkar stjórnarandstæðinga að knýja á um grundvallarbreytingar í þessu máli. Ég get sagt það við fulltrúa Alþfl. hér að ef þeir eru reiðubúnir til að stöðva þessa siglingu — því að það er það sem þarf að gera fyrst af öllu, ef menn ætla að ná áttum í þessu máli — þá þýðir ekkert að krukka í einstaka liði, einhver smáatriði, gera einhverjar fegrunaraðgerðir á þessu frv. og segja: Ja, við í Alþfl. sáum nú til þess að það var breytt um þetta og það var breytt um hitt og safnast *þegar saman kemur. Það þýðir ekki. Menn verða auð*vitað að taka á málinu formlega og það fyrr en seinna. Ætlar Alþfl. að sjá til þess að þetta mál fái nýja meðferð frá grunni? Það er sú spurning sem við munum setja fram og er nauðsynlegt að fáist skýrð við 1. umr. málsins, áður en málið fer til nefndar.

Námsmannahreyfingin eða fulltrúar hennar sem þurftu að taka á þessu máli á sannarlega hól skilið fyrir þá viðleitni sem hún sýndi til þess að koma fram með hugmyndir við þær örðugu aðstæður sem hún starfaði við um að breyta aðstæðum lánasjóðsins að nokkru til móts við sjónarmið sem á var herjað. Þarna var rétt fram hönd, framrétt hönd, sem stjórnvöld áttu auðvitað að taka í. En hvað var gert? Það var slegið á

hana. Og í rauninni var ekkert gert annað en að gera gys að námsmönnum, hæstv. ráðherra, með því að fara að kalla til fulltrúa þeirra snemma í október og ætla þeim tíu daga starfstíma í nefnd til þess að glíma þar við frv. sem embættismennirnir báru fram í nefnd ráðherrans. Þetta eru ósiðleg vinnubrögð og ekki vinnubrögð sem eru líkleg til þess að leiða til lausnar.

Við stöndum frammi fyrir því á Alþingi að þurfa að glíma við tillögur stjórnvalda sem eru þannig að ekki er í rauninni hægt að fjalla um þær eina og eina heldur verðum við að horfa á samhengi þessara hluta. Við hljótum að skoða frv. og hugmyndirnar sem þar liggja að baki með hliðsjón af því sem verið er að knýja fram á öðrum sviðum í menntamálum landsins, svo að ég fari nú ekki út á víðari völl þótt þar mætti sannarlega víðar leita fanga. Þetta er auðvitað spurning um kjör fólks og aðstæður í bráð og í lengd. Þetta er spurningin um kjör foreldranna, láglaunafólksins sem er að reyna að aðstoða fólk sitt til mennta. Það er hvarvetna verið að reisa girðingar gegn því að þetta geti gengið fram með eðlilegum hætti. Lítið dæmi eru ábyrgðarmennirnir sem verið er að krefjast hér, hertar ábyrgðir. Hvað um hina einstæðu móður sem er ætlað að skrifa upp á þær hertu skuldbindingar sem hér eru gerðar um endurgreiðslur? Hvað með annað lágtekjufólk eins og þar er um að ræða í flestum tilvikum?

Virðulegur forseti. Þannig gæti ég haldið áfram nokkuð lengi að ræða þetta mál en ég taldi rétt að draga hér fram nokkur almenn sjónarmið á þeim örstutta tíma sem gefinn er til umræðu samkvæmt hugmyndum sem liggja fyrir um þennan fyrsta þátt umræðunnar. Ég vil greiða fyrir því að allir þingflokkar geti komist að og tjáð sín sjónarmið án þess að þar sé mjög hallað á. Það væri betur að slík viðhorf væru ráðandi í sambandi við það mál sem hér er fram borið.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér er nokkur vandi á höndum að ljúka því sem ég hefði hér gjarnan viljað segja hér við 1. umr. málsins á þeim stutta tíma sem eftir er þangað til ætlunin er að ljúka fundi. Ég mun byrja að gera einhverja grein fyrir mínu máli og við sjáum til hvernig mér gengur.

Ég vil í upphafi segja um þetta frv. að ég get alls ekki fallist á það og mun ekki styðja það frekar en aðrar kvennalistakonur. A.m.k. þarf þá að gera á því mjög verulegar breytingar til þess að hægt sé að fallast á það og heyrist mér að það sé að fjölga í þeim hópi hér á Alþingi sem telur að breyta þurfi þessu frv. til að á því geti verið sú mynd sem nauðsynleg er.

Það þarf e.t.v. ekki að rifja það upp fyrir alþingismönnum en þó væri kannski rétt að minna þá á að auðvitað var háð mikil barátta fyrir að koma þessum sjóði á, Lánasjóði ísl. námsmanna, og ég tel hann mjög mikilvægan til að auka jafnrétti til náms. Ég tel að þær breytingar sem nú á að gera á sjóðnum, ef þetta frv. verður að lögum, muni verða til að minnka jafnrétti til náms. Ég get alls ekki fallist á það sem kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að með þessu frv. sé verið að leggja áherslu á að auka jafnrétti til náms. Það er mjög einkennilegur skilningur og ég held að þingmenn ættu að lesa frv. aðeins nánar og komast þá að því að það er langt í frá.

Ég hef ekki síst áhyggjur í því sambandi af konum sem hafa einmitt notið stuðnings frá Lánasjóði ísl. námsmanna til þess að afla sér menntunar. Það vita allir sem vita vilja að konur hafa miklu lægri laun en karlar og það gildir um ungar konur líka. Þær gátu mjög illa áður fyrr og geta ekki enn aflað sér nægilegra tekna á sumrin til þess að standa undir námskostnaði. Þess vegna er lánasjóðurinn þeim ekki síst mikilvægur og hefur gert fjölmörgum konum kleift að stunda nám sem annars hefðu alls ekki getað það. Þetta gildir auðvitað um aðra sem minna mega sín, sem hafa ekki möguleika á að afla sér tekna nema að litlu leyti og þess vegna tel ég að þetta frv. sé mjög stórt skref til baka. Ég tel að jafnrétti til náms sé mjög mikilvægt og það eigi að vera grundvallaratriði varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er hins vegar ekki gert með þessu.

Árið 1982, þegar gildandi lög um námslán og námsstyrki voru sett, þá var það gert í samvinnu við námsmenn og í sæmilegri sátt við alla sem hlut áttu að máli, bæði þá sem hér voru á Alþingi á þeim tíma og námsmenn. Núna er hins vegar horfið af þeirri braut. Það hefur t.d. ekki verið haft samráð við námsmenn að því er varðar samningu á þessu frv. Það kemur mjög greinilega fram í greinargerð með þessu frv., en fulltrúi samstarfsnefndar námsmannahreyfingarinnar var beðinn um að taka sæti í þessari nefnd sem skilaði þessu frv., hvernig staðið var að vinnubrögðum í þessari nefnd. Ég veit ekki hvort ég á að vera að endurtaka það. Það geta menn lesið á bls. 88 í greinargerðinni en þar er talað um að einungis hafi gefist 9–10 dagar „til að hrista fram úr erminni frv. til laga", eins og þar er komist að orði. Það sama kemur einnig fram hjá fulltrúa Vöku, lýðræðissinnaðra stúdenta, sem einnig var skipaður í nefndina. Mér þótti mjög sérkennilegt að formaður eða fulltrúi eins félags í Háskólanum væri skipaður í nefndina en ekki fulltrúi allra námsmanna. Eðlilegra hefði verið að tveir væru skipaðir en hins vegar skiptir það engu máli fyrst það átti hvort sem er ekki að taka neitt tillit til námsmanna. Það breytti því kannski ekki neinu hvort þeir sátu þar eða ekki, enda segja báðir fulltrúarnir reyndar að það hafi greinilega ekki verið meiningin að taka neitt tillit til þeirra í þessari nefnd. Ég vil, með leyfi forseta, fá að lesa örlitla tilvitnun í sérálit Elsu B. Valsdóttur:

„Í stuttu máli sagt var lítið sem ekkert tillit tekið til hugmynda námsmanna og það frv. sem meiri hluti hennar stendur að er að mestu óbreytt frá hugmyndum fyrri nefndarinnar." Þess vegna telur hvorki hún né fulltrúi samstarfsnefndar námsmanna sig geta staðið að þessu. Í lok álits þess fulltrúa sem var fyrir námsmenn segir, með leyfi forseta:

„Námsmenn vilja setjast niður með fulltrúum ríkisvaldsins og komast að sameiginlegri niðurstöðu um þennan mikilvæga sjóð."

Ég held að aldrei hafi staðið á því hjá námsmönnum. Þeir hafa verið tilbúnir til að endurskoða þessi lög ef þess hefur verið óskað. Ég vil t.d. minna hæstv. ráð-

herra á að það var m.a. vegna tillögu frá námsmönnum á sínum tíma að námslán voru verðtryggð þannig að þeir gerðu sér grein fyrir því þá að það væri ekki hægt að halda úti þessum sjóði nema verðtryggja lán. Menn geta síðan deilt um hvort það var til góðs. En hins vegar er það ljóst að vandi LÍN hefur vaxið verulega, m.a. vegna þess að lán sem voru tekin fyrir 1976 voru óverðtryggð og þess vegna hafa þau ekki skilað sér til sjóðsins nema að óverulegu leyti.

Það hefur líka aukið vanda lánasjóðsins að ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar og sent Lánasjóð ísl. námsmanna út á lánamarkaðinn. Þar með hefur sjóðurinn þurft að taka lán með háum vöxtum og endurlána án vaxta þannig að ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa m.a. skapað þennan vanda. Auðvitað er það hluti af vandanum að útlán hafa aukist. Nemendum hefur fjölgað verulega sem betur fer. Erum við ekki ánægð með það að menntun þjóðarinnar eykst? Framhaldsskólum hefur fjölgað og framhaldsskólanemendum hefur fjölgað verulega og einnig háskólanemum. Það hefur líka aukist að krafist sé skólagjalda, nú síðast hefur Háskóli Íslands tekið upp skólagjöld. Þótt ekki væri nema bara út af því er ósköp eðlilegt að fjárþörf sjóðsins hafi aukist. Samkvæmt núgildandi reglum skila sér til baka 10–15% af því sem sjóðurinn lánar.

En aðalspurningin í þessu sambandi er sú hver eigi að taka á sig þann vanda sem LÍN á í núna. Er eðlilegt og rétt að námsmenn, sem nú eru í námi og þeir sem eiga eftir að fara í nám og taka lán hjá lánasjóðnum, leysi vanda sjóðsins sem nú er upp kominn? Ég tel svo ekki vera. Mig langar að spyrja menntmrh. hvort hann telur svo vera. Ég þarf varla að spyrja því það er greinilegt í frv., sem hér er lagt fram, að það er skoðun ríkisstjórnarinnar að svo eigi að vera. Er rétt að þeir sem nú eru í námi og þeir sem eiga eftir að taka lán eigi að taka á sig byrðar vegna óverðtryggðra lána frá því í fortíðinni? Ég segi nei. Ég tel það ekki rétt. Ég er ekki með þessu að segja að ekki megi endurskoða lögin um námslán og námsstyrki. En ég tel ekki rétt að vanda lánasjóðsins, fortíðarvanda, eins og er svo vinsælt er að segja, eigi að leysa með því að leggja auknar álögur á þá sem eftir koma, þá sem eiga eftir að taka lán.

Ef við lítum á meginbreytingarnar sem felast í þessu frv., og eru reyndar alger stefnubreyting, er fyrst að nefna að lagðir eru vextir á lánin. Þetta er mikil breyting sem ég tel að sé ekki rétt. Einnig er miðað við að hefja endurgreiðslur ári eftir að námi lýkur og síðan á að stytta endurgreiðslutímann verulega og árlegar greiðslur líka. Þetta get ég alls ekki fellt mig við.

Neðarlega á bls. 6 í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta: „Ekki verður deilt um að þessar lánareglur [þ.e. núgildandi reglur] eru ekki í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu.“ Ég er ekki viss um að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. átti sig á því að þarna er ekki verið að tala um fjárfestingarlán. Það er verið að tala um framfærslu. Mér þykir eðlilegt þegar ég þarf að fara í banka og taka lán til þess að kaupa mér húsnæði eða bíl eða eitthvað þess háttar að ég þurfi að greiða ákveðna leigu af því fé. En ég tel ekki eðlilegt að þeir sem eru að mennta sig og fá lán til þess eigi að greiða vexti af því eins og hverju öðru fjárfestingarláni. Það má svo sem rétt vera að námsmenn líti á menntun sem ákveðna fjárfestingu fyrir sjálfa sig. Ekki kannski peningalega heldur fyrst og fremst til að byggja sjálfa sig upp. Það eru vissulega forréttindi að fá að mennta sig. En ég lít fyrst og fremst á menntun sem fjárfestingu fyrir þjóðfélagið en ekki fyrir einstaklinginn sjálfan fyrst verið er að tala um fjárfestingu. Þess vegna tel ég mjög óeðlilegt að vextir skuli teknir upp með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Það má alls ekki bera þessi lán saman við önnur lán á markaðnum, eins og t.d. húsnæðislán sem hér var gert af hæstv. menntmrh.

Í greinargerð með þessu frv. stendur að tilgangurinn sé fyrst og fremst að draga úr þeirri byrði sem ríkissjóður hefur af sjóðnum. Hvergi er talað um að tilgangurinn með þessu frv. sé að auka jafnrétti til náms eða að reyna að gera reglurnar réttlátari fyrir alla aðila. Nei, það er langt frá því. Og raunar, ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vona auðvitað að verði ekki, þá mun það leiða til mikillar mismununar og óréttlætis í þjóðfélaginu að því er jafnrétti til náms varðar. Ekki er orð um það í þessu frv. að efla eigi menntun eða neitt þess háttar.

Í útreikningum sem fylgja greinargerð með þessu frv., í fylgiskjölum, kemur berlega í ljós hvað þessar auknu álögur munu þýða fyrir fólk. Ef við tökum dæmi upp úr útreikningunum í fylgiskjölum með frv. þá kemur þetta fram. Miðdæmið sýnir stöðu hjúkrunarfræðings sem er einstætt foreldri með barn og hefur þurft að taka lán upp á 648 þús. kr. á ári. Ef litið er á hvernig þetta kemur út fyrir hjúkrunarfræðinginn, sem í flestöllum tilvikum er kona, þá kemur í ljós að þegar hún er orðin 67 ára gömul er hún búin að greiða 2,5 millj. kr. í vexti en hefur einungis getað greitt 533 þús. kr. niður af höfuðstólnum. Enn þá eru eftir 1,4 millj. kr. af höfuðstólnum þegar hún er 67 ára. Ekkert ákvæði er í þessu frv. sem segir að þegar fólk hættir að vinna eigi það að hætta að greiða af láninu. Ef þessi ágæti hjúkrunarfræðingur lifir til níræðs þarf hún að fara að pilla af ellilífeyrinum, ef hún fær þá nokkurn, og af lífeyrisgreiðslum og öðru sem hún hugsanlega fær ef ég skil þetta rétt. Ég gat hvergi fundið ákvæði í þessu frv. um að greiðslur féllu niður við ákveðinn aldur. Fólk þarf því lengi að greiða af þessu. Ég vil einnig vekja athygli fólks á því að meðallaun hjúkrunarfræðinga eru ekki það há að afborganir á ári eru u.þ.b. ein mánaðarlaun. Það gildir að vísu um flestalla að það eru u.þ.b. ein mánaðarlaun sem þarf að borga af lánunum.

Mismunurinn er hins vegar töluverður þegar komið er að þeim sem hafa hærri tekjur. Við getum tekið verkfræðinga sem dæmi og úr sama flokki, þ.e. einstætt foreldri með eitt barn. Verkfræðingar hafa lokið við að greiða námslánin við 44 ára aldur og þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af að greiða af ellilífeyrinum og eru vel settir eftir 45 ára aldur. Enn get ég tekið hér upp fleiri dæmi. T.d. ef hjúkrunarfræðingurinn, sem í

flestum tilvikum er kona, er einstætt foreldri með tvö börn. Þá gerist það sama við 67 ára aldur, 3,8 millj. kr. á hún á eftir þegar hún er orðin 67 ára og sjálfsagt mun hún aldrei geta lokið við að greiða sitt lán jafnvel þótt hún verði tíræð. Á þessum töflum sem hér eru aftast í frv. sést mjög vel hvað verið er að gera. Það getur svo sem vel verið að með þessu sé ríkisstjórnin að gera ráð fyrir því að tekjur hjúkrunarfræðinga hækki verulega. Það er vel ef verið er að tala um að allir sem hafa háskólamenntun eigi að hækka í launum. En þá held ég að launamunurinn verði ansi mikill í þjóðfélaginu milli þeirra sem fara í háskólanám, sem frv. gerir þá ráð fyrir, og hinna sem ekki fara í háskólanám og eru ekki með þessar byrðar á herðunum. Þarna er að mínu mati verið að fara út á mjög hættulega braut og þarf ekki annað en að fletta upp í greinargerð með sjálfu frv. til að sjá að þetta gengur auðvitað alls ekki.

Virðulegur forseti. Ég á eftir að fara yfir nokkuð af frv. Ég hafði reiknað með að hlé yrði gert á fundinum kl. 7. Er það ekki meiningin lengur? (**Forseti:** Meiningin er sú, hv. þm., að að lokinni þinni ræðu ljúkum við þessum fundi.) Ég vil upplýsa forseta um að ég á þó nokkuð eftir af minni ræðu. Búið var að ræða um það við mig að hlé yrði á fundinum kl. 7. (**Gripið fram í:** Þetta er góð ræða, við viljum hlýða á hana.)

Ég vil þá víkja örlítið að frv. sjálfu úr því að meiningin er að halda áfram í kvöld, það er mér að meinalausu — ég hefði þó gjarnan viljað ljúka þessu fyrir kl. 9. Ég sný mér þá að 1. gr. frv. Þar segir að meginhlutverk lánasjóðsins sé að veita námsmönnum lán til framhaldsnáms við skóla. Þar er ekki talað neitt um að það eigi að vera íslenskir námsmenn, íslenskir ríkisborgarar eða námsmenn búsettir hér á landi. Ég les þetta með 13. gr. þar sem sérstaklega er talað um námsmenn frá Norðurlöndum en þar segir: „Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara ...“ Það er talað eins og á öðrum stað í frv. sé ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar einir séu lánshæfir. Ég held að það geti engan veginn staðist að hafa þetta svona, það verður að breyta þessu. Ég velti því fyrir mér hvernig þetta kemur út ef af hinu Evrópska efnahagssvæði verður. Verður þá heimilt að mismuna fólki með þessu móti? Þetta er spurning sem ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að ef hann hefur velt því fyrir sér. Ég held að þetta geti engan veginn staðist.

Með þessu frv. er verið að hverfa frá því að lána til verkmenntunar en það þykir mér þurfa sérstakrar athugunar við. Ef borinn er saman stuðningur hins opinbera til náms, t.d. annars staðar á Norðurlöndum, er greinilegt að þar er gert ráð fyrir heilmiklum stuðningi við þá sem eru í framhaldsskólum, menntaskólum og fjölbrautaskólum. Ég tel því eðlilegt að það verði athugað með hvaða hætti þetta er í nágrannalöndunum og hvort eðlilegt sé að hætt verði að styðja fólk á framhaldsskólastigi hér á landi enda geta aðstæður nemenda verið mjög mismunandi.

Ég velti því einnig fyrir mér hvort eðlilegt er að miða við að þeir einir sem eru orðnir 20 ára séu lánshæfir eins og gert er í 2. gr. Mér finnst að það þurfi að kanna mjög vel. En ég tek undir það sem hæstv. menntmrh. sagði varðandi þetta atriði í framsöguræðu sinni þar sem hann talaði um mismunun á milli nema á framhaldsskólastigi. Ég veit vel að mismunun hefur viðgengist en það er ekki þar með sagt að eðlilegast sé að fella niður alla námsaðstoð ef jöfnuði á að ná fram.

Síðan langar mig til að varpa fram einni spurningu til hæstv. menntmrh. varðandi skólagjöld við Háskóla Íslands, og reyndar getur hún gilt um öll skólagjöld. Spurningin er hvort reiknað er með því að veita lán til greiðslu skólagjalda almennt og hvort það hafi verið gert ráð fyrir því. Nú hlýtur að vera mikil aukning á útgjöldum þegar nemar við Háskóla Íslands þurfa allir að greiða skólagjöld og sú aukning hlýtur að lenda á lánasjóðnum. Ég gat ekki séð það við lestur greinargerðarinnar þegar verið var að meta niðurskurð eða sparnað eða hvað sem á að kalla það að skólagjöld hafi verið tekin með. Kannski hefur það verið gert án þess að það sé sérstaklega tekið fram.

Ég tók eftir því að hæstv. menntmrh. minntist á að það væru bankarnir sem fyrst og fremst tækju að sér að lána fyrsta árs nemum og að þær heimildir hafi ekki verið notaðar sem eru í núgildandi lögum, alla vega ekki núna í seinni tíð, um að veita fyrsta árs nemum víxillán. Ég tel nauðsynlegt að athuga þetta nánar vegna þess að ég veit ekki hvort bankarnir lána öllum, alveg án tillits til efnahags eða þess hvort þeir hafi einhvern bakhjarl, t.d. efnaða foreldra. Ég tel að þetta atriði þurfi að kanna og spyr hvort ekki væri rétt að hafa heimild inni í lögum um að veita fyrsta árs nemum lán jafnvel þótt þeir hafi ekki sýnt tilskilinn árangur. Það er mjög mikilvægt að þeir séu ekki settir út í kuldann sem eiga erfitt með að afla sér fjár á öðrum vettvangi. Eftir því sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. var þetta ákvæði lítið eða ekkert notað ef ég skildi hann rétt. Ég hefði talið eðlilegt að sú heimild gæti verið inni í lögunum þótt hún væri kannski ekki mikið notuð því það gæti þurft að grípa til hennar.

Ég set stórt spurningarmerki við ákvæði sem kemur fram í 6. gr. um sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána, þ.e. að tveir menn þurfi að vera ábyrgðarmenn. Ég veit ekki hvort þetta er yfirleitt eðlilegt. Þetta hefur auðvitað tíðkast í bönkum en ég er ekki á því að þetta sé endilega mjög gott ákvæði eins og látið er að liggja í greinargerð með frv. Þarna getur skipt verulegu máli að lántakendur eigi sterka að sem geta tekið á sig þessa sjálfskuldarábyrgð. Ég held að kanna verði málið mjög vel og mig langar reyndar að vita og væntanlega getur hæstv. menntmrh. upplýst það hvort algengt sé að lántakendur í Lánasjóði ísl. námsmanna standi ekki við skuldbindingar sínar og að þeir sem hafa skrifað upp á lánin þurfi að greiða þau. Af hverju er lagt til að í stað eins ábyrgðarmanns áður þurfi þeir að vera tveir? Einhver sérstök ástæða hlýtur að vera til þess. En það kemur ekki fram í frv., aðeins að verið sé að gera þetta líkt því sem tíðkast hjá öðrum lánastofnunum. Það eru rökin að því er ég fæ best séð. Ég tel það engin rök. Ég hefði talið að nóg væri að hafa einn ábyrgðarmann eða engan. Það ætti að vera hægt að treysta námsmönnum til að greiða þetta til baka.

Ég tel að lánstími sem er fjórfaldur eðlilegur námstími, eins og talað er um í 7. gr., sé allt of stuttur, alla vega fyrir mjög marga. Í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kom fram að það þyrfti e.t.v. að hafa ákvæði í frv. eða koma með brtt. um það að þeir sem hafa hærri laun ættu að greiða lánin hraðar niður. Ég hef ekki neitt sérstaklega á móti því en ég hef minnstar áhyggjur af þeim sem hæstu launin hafa eftir að út á vinnumarkaðinn kemur. Ég hef miklu meiri áhyggjur af þeim sem hafa lág laun. Ég hef áhyggjur af hjúkrunarfræðingnum og framhaldsskólakennaranum sem eru teknir sem dæmi í þessari greinargerð. Ég hef minnstar áhyggjur af því hvort verkfræðingurinn og viðskiptafræðingurinn, sem hér eru teknir sem dæmi, verða búnir að greiða lánið upp einu eða tveimur árum fyrr eða síðar. En ég hef áhyggjur af því hvernig hjúkrunarfræðingar og framhaldsskólakennarar fara að því að greiða af námsláninu ein mánaðarlaun alla ævi. (**ÖS:** Er þá ekki réttlátt að þeir greiði það miðað við tekjur?) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur ekki skilið það sem ég sagði. Ég sagði að ég hefði síst á móti því en ég hefði bara ekki áhyggjur af því hvort þeir borguðu meira eða minna. Þeir borga lán sín upp á tiltölulega skömmum tíma og það er ágætt. Þeir hafa alveg efni á því. Þeir eru með það há laun. Ég get tekið sem dæmi einstakling, verkfræðing, í leiguhúsnæði, verkfræðingur sem búinn er að greiða upp öll sín lán. Síðasta afborgunin er þegar hann er 39 ára og einmitt það ár er hann með 346 þús. kr. í mánaðarlaun. Ég vorkenni honum ekki. Hins vegar vorkenni ég hjúkrunarfræðingnum sem þarf að borga ein mánaðarlaun til níræðs eða tíræðs eða hvað sem viðkomandi lifir lengi. (Gripið fram í.) Það breytir ekkert þessu frv. til handa láglaunafólki og þeim sem illa standa. Það breytir eingöngu því að þeir sem hafa hærri tekjur greiða hraðar en hinir greiða ekkert hægar. Tillagan gengur ekki út á það. Hún gengur ekki út á það að rétta hlut þeirra sem hafa lág laun eftir að námi lýkur. Hún gengur eingöngu út á það að þeir sem hafa hjá laun eiga að greiða hraðar. Því miður hjálpar það ekki hinum. Ef ég heyrði rétt það sem kom fram í máli hv. þm. þá talaði hún eingöngu um þá sem hafa hærri launin, þeir ættu að greiða hraðar niður, en ekki neitt um að lækka ætti greiðslubyrði hinna eða falla frá henni.

Ég vil geta þess sem gott er. Í 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu, skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.“

Það er auðvitað til bóta að þetta skuli vera hægt en það fer eftir túlkun en hefur ekkert með það að gera að láninu sé breytt í styrk eða á neinn annan hátt.

Virðulegi forseti, mig langar síðan að minnast á 18. gr. sem fjallar um endurgreiðslu á lánunum. Þar er talað um þá sem skulda samkvæmt tvennum lögum, bæði þessu frv. ef það verður að lögum og síðan hafa fengið eldri lán, þá er gert ráð fyrir að þeir eigi að greiða það til viðbótar, þ.e. tvenns konar greiðslur bætast við. Þetta getur þýtt að endurgreiðslan sé aukin verulega. Hún getur mest orðið 11,75% sem er verulega hærra en það sem hér er talað um. Hinn kosturinn er að sameina eldri skuldina við það skuldabréf sem hefur þá verið gefið út sem þýðir þá að það mundi stytta endurgreiðslutímann verulega og breyta þeim kjörum sem námsmenn hafa tekið lánin á og má þá segja að komið hafi verið aftan að fólki.

Ég minntist áðan örlítið á framhaldsnám, að okkar lánakerfi væri verulega ólíkt því sem gerist á Norðurlöndum. Á Norðurlöndum eru námslán eða námsstyrkir með allt öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. (**Forseti:** Forseti vildi trufla hv. þm. í ræðunni og spyrjast fyrir um það hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Nú er klukkan farin að ganga átta og ef hv. þm. óskar er hægt að gefa honum færi á því að fresta ræðunni þannig að hægt yrði að halda áfram á næsta fundi á morgun.) Já, virðulegi forseti, ég á ekki mjög mikið eftir, ég gæti áætlað 10 mínútur en ég er tilbúin til bæði að fresta eða halda áfram ræðu minni eftir því sem forseti óskar. (**Forseti:** Já, ég held að það sé rétt að gefa þingmanninum færi á því að fresta ræðu sinni og ljúka henni á morgun. Ef þingmaðurinn vill velja þann kostinn þá er forseti tilbúinn til þess.) Ég hefði nú kosið að forseti ákvæði það, en ég er tilbúin til að fresta ef það er ósk forseta. (**Forseti:** Þá frestum við þessari umræðu.)

Umræðu frestað.

79. FUNDUR

miðvikudaginn 12. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að hér mun fara fram utandagskrárumræða samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræða, að beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, um ferð hæstv. forsrh. til Ísraels.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284.

Kristín Einarsdóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni

í gær var ég langt komin en á eftir nokkur orð sem ég vildi segja hér áður en ég lýk máli mínu núna við þessa umræðu. Ég var búin að gera grein fyrir afstöðu Kvennalistans til þessa frv. og lýsti því að við værum andvígar því í óbreyttri mynd. Það þarf að gera á því verulega miklar breytingar ef hægt er að fallast á það. Helstu breytingarnar eru að það er ákveðið að taka upp vexti á námslán, stytta lánstímann og hefja endurgreiðslurnar einu ári eftir að námi lýkur í stað þriggja ára nú. Þetta mun allt hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir námsmenn. Það má vel vera að hægt sé að leysa vanda lánasjóðsins með þessum aðgerðum, en ég *tel á engan hátt réttlátt að þeir sem nú eru í námi* eða þeir sem eiga eftir að fara í nám eigi að taka á sig þann vanda sem lánasjóðurinn er nú kominn í sem er fyrst og fremst vegna — ja, eigum við að kalla það fortíðarvanda, það er svo vinsælt orð núna — vegna fortíðarvanda þar sem ríkisstjórnir fyrri ára hafa vísað lánasjóðnum út á lánamarkaðinn. Síðan er einnig nokkuð mikið af lánum sem aldrei voru greidd til baka vegna þess að þau voru tekin áður en verðtrygging var tekin upp.

Breytingarnar sem á að gera á lögum um námslán og námsstyrki með þessu frv. stríða gegn því grundvallarsjónarmiði að jafnrétti eigi að ríkja til náms í þjóðfélaginu. Það á ekki að mismuna fólki eftir efnahag. Menntun á ekki að vera bara fyrir fáa útvalda, eða finnst ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar að þeir einir eigi að fara í nám sem eiga efnaða að og hinir geti bara sleppt því? Eða þá þeir sem eiga möguleika á að afla sér tekna, t.d. á sumrin og í skólaleyfum? Það virðist vera að það sé stefnan með þessu frv. Á að segja þeim sem hafa t.d. áhuga á að fara í hjúkrunarfræði eða verða kennarar eða annað það sem ekki *gefur háar tekjur eftir nám* að það sé bara þeirra mál? Þeir hafi farið í vitlaust nám eins og einn ágætur framkvæmdastjóri orðaði það fyrir nokkrum árum. Sá hinn sami er að vísu orðinn þingmaður núna en hann sagði það í sjónvarpsviðtali einu sinni að þeir sem hefðu ekki nægar tekjur eftir nám hefðu bara valið vitlaust.

Ég var komin þar að ég ætlaði að fara að bera saman námslán á Norðurlöndum og hér. Það hefur gjarnan verið gert. Það hefur verið gripið til þess að bera saman þá aðstoð sem Norðurlönd veita sínum námsmönnum og það kemur reyndar mjög vel fram í grg. með þessu frv. og ætla ég ekki að fara að tíunda það mjög nákvæmlega. Menn geta lesið það þar. Það er ágætlega gerð grein fyrir því í fskj. 2 á bls. 21–26. Þar kemur fram að vissulega eru vextir á námslánum þar, ég held á öllum Norðurlöndum. Hins vegar er veittur verulegur styrkur til námsmanna. Ef við tökum Danmörku sem dæmi — þetta kemur allt fram í grg. — þá fá nemendur í leiguhúsnæði 3.198 danskar kr. á mánuði, þetta eru tölur fyrir 1992, en geta síðan fengið lán til viðbótar. Mér er kunnugt um það að í Danmörku eru mjög margir sem reyna að láta þennan styrk duga og reyna síðan að fá lán ef um það er að ræða að endar ná ekki saman. En á öllum Norðurlöndunum, ef við tökum Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, þá er veittur styrkur til fólks í námi, mismikið eftir löndum. Það er því ekki hægt að bera saman það að fá lán með vöxtum eins og hér er verið að leggja til og það að fá styrk og svo lán þar að auki, en mér sýnist öll löndin hafa þann háttinn á, auk þess sem alls staðar eru veitt lán til nema á mennta- og framhaldsskólastigi í öllum þessum löndum, sjálfsagt eftir einhverjum ákveðnum reglum sem ekki koma fram í þessum fylgiskjölum.

Mér finnst að það sé ekki hægt að bera saman námsaðstoð hér á landi og á Norðurlöndum og segja að það sé eðlilegt að taka upp vexti hér þar sem vextir séu á lánum á hinum Norðurlöndunum.

Síðan var aðeins minnst í ræðu í gær á það *fjármagn sem nemendur hefðu undir höndum í námi* og kemur fram í töflu á bls. 26 í grg. Ef borið er saman það fjármagn sem nemendur hafa í háskólanámi, þá kemur í ljós að í mjög mörgum tilvikum, öllum nema einu held ég, hafa íslenskir námsmenn yfir að ráða hærri upphæðum en landar þeirra á hinum Norðurlöndunum. En þá verður að horfa einmitt á það að þar er um að ræða ákveðinn styrk sem að hluta til kemur til þeirra og þeir þurfa þá auðvitað ekki að greiða til baka. En það er ekki aðalatriðið að hafa háar upphæðir meðan á námi stendur, það verður auðvitað að vera hægt að greiða peningana til baka og það er einmitt það sem er erfiðast fyrir þá sem hafa lág laun þegar námi lýkur. Ég óttast því að ef þetta frv. verður að lögum, þá muni það leiða til þess að einungis þeir sem betur mega sín geti farið í nám eins og hugur þeirra stendur til, en hinir verði að gjöra svo vel að sleppa því.

Í grg. með þessu frv. er einnig talað um styrki. Það er talað um að Vísindasjóður eigi að taka að sér að styrkja nemendur til náms. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að öll ákvæði um námsstyrki falli niður. Í því sambandi er rétt að taka fram að menntmrh. mun beita sér fyrir endurskoðun laga nr. 51/1957, um Vísindasjóð, í þeim tilgangi að hann geti í ríkari mæli en nú veitt styrki til námsmanna í langskólanámi og til skólagjalda."

Og síðar segir í 5. lið, þegar taldar eru upp helstu breytingar frá núgildandi lögum, með leyfi forseta: „Vísindasjóður verði efldur".

Þetta þóttu mér auðvitað góð tíðindi og hugsaði með mér: Vísindasjóður verður efldur og auðvitað veitir ekki af. En hvað er átt við? Ég varð ekki vör við að Vísindasjóður væri efldur neitt sérstaklega á fjárlögum ársins 1992 og langar mig til að spyrja hæstv. menntmrh. hvaða upphæðir hefur verið talað um og hvort þeir námsstyrkir sem þarna er talað um séu eitthvað í líkingu við það sem námsmenn t.d. á Norðurlöndum fá eða hvort eingöngu er um að ræða einhverja fáa útvalda sem komnir eru þá langt í námi eða hvaða hugmyndir þarna eru að baki.

Ég bendi á að Ísland er meðal þeirra ríkja sem verja hvað minnst til menntamála af OECD-ríkjum þannig að sú stefna sem kemur fram í þessu frv. og reyndar sú stefna ríkisstjórnarinnar að þrengja að menntun í landinu almennt verður væntanlega til þess að Ísland verður það ríki af OECD-ríkjum sem verður í neðsta sæti

að því er þetta varðar, þ.e. ver minnstu til menntamála.

Stefna ríkisstjórnarinnar virðist vera sú að þrengja svo að menntun í landinu að til óheilla horfir. Það er ekki bara lánasjóðurinn. Það er Háskóli Íslands sem varla getur starfað eðlilega og neyðist til að taka upp skólagjöld til að geta haldið áfram starfsemi sem þó er alls ekki nægjanlega öflug. Það veit enginn hvernig fer í framhaldsskólunum næsta ár. Væntanlega verða margir nemendur sem þurfa að mæla göturnar næsta vetur og í grunnskólanum eru stigin mörg skref aftur á bak varðandi menntun barnanna okkar. Ef sú aðför að skólakerfinu sem nú er hafin nær fram að ganga, þá mun það hafa alvarlegar afleiðingar um langa framtíð.

Ég hefði getað haft mörg fleiri orð um þetta dæmalausa frv., virðulegur forseti. Ég held að ég láti þetta duga í bili. Menntmn. hefur mikið starf fyrir höndum að vinna að breytingum á þessu frv. til að um það geti orðið sú sátt sem nauðsynleg er. Þá er ég ekki bara að tala um sátt hér innan Alþingis heldur almennt í þjóðfélaginu. Og ég vil minna á að námsmenn hafa komið fram með hugmyndir um breytingar á gildandi lögum sem horfa til þess að reyna að draga úr vanda lánasjóðsins þannig að það er ekki svo að menn séu að tala um að ekki megi endurskoða gildandi lög. En mikið þarf að gerast til þess að um þetta geti orðið sú sátt sem nauðsynleg er. Því miður er ég ekki allt of bjartsýn, en það er alltaf hægt að vona og vona það að menn sjái að sér.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Líklega verður stefnu ríkisstjórnarinnar best lýst með því að í atvinnumálum er hún ákveðin að hafa þar af engin afskipti jafnvel þótt nokkur samdráttur gangi nú yfir þjóðfélagið og hefur því hvað eftir annað verið lýst sem „kemur-mér-ekki-við". Og þar verður að segjast eins og er að þar hefur stefnufesta hæstv. ríkisstjórnar verið mikil.

Hins vegar virðist hún vera ákveðin í því að skera niður við trog eins og frekast er unnt það velferðarkerfi sem hefur verið grundvöllur að því þjóðlífi sem okkur Íslendingum hefur tekist að skapa hér á undanförnum áratugum. Morgunblaðið hefur lýst aðför hæstv. ríkisstjórnar að heilbrigðiskerfinu sem þar fari naut í flagi og því miður verð ég að taka undir það.

Nú eru menntamálin til umræðu og þó að ég ætli ekki að nota lýsingar Morgunblaðsins, þá vil ég taka það fram að ég tel að það sem þar er verið að gera sé ekki síður alvarlegt heldur en aðförin að heilbrigðiskerfinu. Við höfum rætt hér í tengslum við fjárlögin um þann samdrátt sem boðaður er í skólunum og ég sé ekki að nokkur sjái fram úr. Skólastjórar halda fundi og leita leiða og lýsa því hvernig draga verður saman námið á síðustu mánuðum þessa árs og hæstv. menntmrh. heldur sína fundi og segir þar með sakleysisvip: Ja, þetta er bara Alþingi. Alþingi hefur ákveðið þetta og aumingja ég, má lesa úr orðum hans, mér er falið að framkvæma þessa ákvörðun Alþingis.

Þetta er náttúrlega undarlegur málflutningur því það er nú svo að hæstv. menntmrh. er með bréf frá forseta Íslands þar sem segir að hann sé einn ábyrgur fyrir þessum málaflokki. Ég hef verið það lengi í ríkisstjórn að ég veit hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig. Þeir ganga þannig fyrir sig að viðkomandi ráðherra verður að sjálfsögðu að samþykkja það sem fjmrh. leggur síðan fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fram í sérhverjum málaflokki og vitanlega eru þær tillögur sem í menntamálum hafa komið fram og meiri hluti Alþingis hefur samþykkt ekkert annað en tillögur hæstv. menntmrh. Hann ber á þeim alla ábyrgð samkvæmt því forsetabréfi sem ég nefndi áðan.

Að vísu má segja að í þessu máli, um lánasjóðinn, geta menn að sjálfsögðu ekki skotið sér á bak við Alþingi. Alþingi hefur ekki samþykkt þetta og reyndar þegar maður les allan aðdraganda sér maður að gengið hefur verið markvisst til verks. Það var skipuð nefnd góðra flokksmanna, stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar til að skoða þessi mál sl. sumar. Hún gerði skoðun. Síðan var skipuð önnur nefnd og ef ég man rétt þá er það ekki fyrr en 8. nóv. að skipaðir eru í hana fulltrúar námsmanna. Það eru haldnir fimm fundir eða svo. Tillögur námsmanna eru ekkert skoðaðar heldur kemur sendiboði og fulltrúi menntmrh. með fullbúið frv. sem hann leggur fram á þriðja eða fjórða fundi og segir: Þetta er það sem hæstv. menntmrh. vill.

Út af fyrir sig met ég þetta, þarna kemur greinilega fram að þetta er mál menntmrh., en mér fannst ástæða til að rekja þessa sögu því ég kann afar illa við það þegar ráðherrar eru að skjóta sér á bak við það sem Alþingi hefur að lokum samþykkt, sem er náttúrlega ekkert annað en tillögur þeirra. Mér finnst að þetta þurfi að liggja ljóst fyrir þegar þetta frv. er tekið til umræðu.

Ég vil taka það fram að við framsóknarmenn leggjust ekki gegn því að reynt verði að draga úr kostnaði og spara í velferðarkerfinu, en við teljum að þetta velferðarkerfi hafi verið byggt upp í gegnum árin að fenginni mjög mikilli reynslu. Við höfum lært af þörfinni og vissulega af mistökunum. Velferðarkerfið hefur tekið á sig miklu fleiri skyldur heldur en áður var og því hefur kostnaðurinn að sjálfsögðu aukist. Okkur er það ljóst, ekki síst eftir mjög mikla vinnu á síðustu kjörtímabilum, að þetta er vandmeðfarið mál og verður að gerast af mikilli varúð.

Ég lít satt að segja aðförina að menntakerfinu ekkert síður alvarlegum augum heldur en aðförina að heilbrigðiskerfinu og ég tel að það sé verið að vega að sjálfum grundvellinum sem íslenska þjóðin hlýtur að byggja á sína efnahagslegu velferð á næstu árum og áratugum. Afar athyglisvert er að lesa mjög ítarlegar athuganir sem farið hafa fram á framgangi ýmissa stórvelda í heiminum í efnahagsmálum, án þess að ég fari að rekja það ítarlega, og hvernig spáð er falli t.d. Bandaríkjanna og Evrópu. Þó vil ég láta það koma hér fram því það tengist þessu máli, að allar þessar athuganir komast að þeirri niðurstöðu að þar í eigi menntunin stærsta þáttinn. Til dæmis er hnignun í Bandríkjunum nú öll rakin til þess að þar hafi menntakerfið molnað, þar hafi hinir ríkisreknu skólar fallið, orðið lélegir. Ég hlustaði sjálfur á rektor eins mætasta og

merkasta skóla í Bandaríkjunum lýsa því að þetta hefði orðið til þess að í dag væru 30% Bandaríkjamanna í raun ólæsir og óskrifandi. Ég hlustaði á annan slíkan rektor lýsa því að ekki væri unnt að finna Bandaríkjamenn til að fylla ameríska háskóla, þeir væru ekki til þess hæfir. Hins vegar hafa einkaskólarnir dafnað og þeir sem hafa efni á því senda börnin sín þangað og það eru nánast þeir einu sem nú eru taldir hæfir til að ganga áfram menntaveginn.

Hér er talað um einkaskóla. Ég er alls ekki að segja og dettur ekki í hug að hæstv. menntmrh. hugsi sér þá þróun sem lýst er í Bandaríkjunum, og það er ekki mín lýsing heldur lýsing annarra. Ég efa ekki að hér vilja allir góða menntun en þá erum við líka á rangri braut. Ég held satt að segja, og tel mig tala þar af nokkurri reynslu, að það verði lítið sparað í menntakerfinu hér. Við verjum minna til menntunar á hvern nemanda heldur en t.d. nágrannaþjóðir okkar og við eigum gífurlega mikið verkefni óunnið, sérstaklega í verklegu námi, þannig að þó að okkur takist að draga saman einhvers staðar, kannski í háskólanámi — ég er ekki að boða það, en sumir hafa talið að of miklu sé varið þar, ég held nú reyndar ekki, en jafnvel þó að svo væri þá þarf áreiðanlega að auka fjármagn á öðrum sviðum, t.d. í verklegu námi í framhaldsskólum. Við eigum eftir að leysa þann vanda að koma á einsetnum skóla og þannig mætti áfram telja. Ég tel því að þessi sparnaður inn í ríkissjóð sé mikil mistök almennt í menntakerfinu og þar eigi heldur að beita sér að einhverjum tilfærslum innan menntakerfisins til þeirra þátta sem ekki hefur tekist að sinna eins og skyldi.

Það væri svo sem gaman að vita þó það komi ekki beinlínis þessu við hvað hæstv. menntmrh. ætlar sér að gera ef svo fer í haust að Háskóli Íslands treystir sér ekki til að innrita neinn nýjan nemanda. Ég hef rætt þetta við háskólamenn og ég held að þeir tali þarna af fullkominni alvöru. Þeir sjá ekki hvernig þeir eiga að ná þeim 10% samdrætti sem þar á að verða og þá „nota bene" tekið tillit til skólagjalda sem á að greiða. Þannig gæti ég margt fleira rakið.

Lánasjóðurinn hefur lengi verið litinn af nokkurri tortryggni af sumum mönnum og nokkurri öfund, vil ég segja, af ýmsum. Ég held að það sé á miklum misskilningi byggt. Ég held að sú fjárfesting sem við Íslendingar höfum í gegnum lánasjóðinn lagt í menntun okkar æsku sé ein sú besta fjárfesting sem við höfum tekið okkur á herðar. Sú athugun sem ég nefndi áðan um viðgang ríkja bendir mjög eindregið til þess. Þar er meginniðurstaðan sú að mikill vöxtur ríkjanna í Austur-Asíu núna, landa eins og Japan, Kóreu, Singapore, Tævan og fleiri, megi alla rekja til mjög vel skipulagðrar og góðrar menntunar, góðrar þekkingar. Ég vil taka það fram að þá er ég alls ekki að tala um menntun eingöngu á háskólastigi, ég er að tala um þekkingu allt frá grunnskóla og upp úr. Það er enginn vafi á því að hér þarf t.d. stórkostlega að auka og bæta aðstöðu til menntunar í iðnskólum landsins. Það er því í raun og veru allt sviðið sem þar er lagt undir.

Svo er nú hér á landi að námsmenn okkar sem ljúka framhaldsnámi þurfa margir að leita erlendis til náms og þeir sem ljúka háskólanámi til framhaldsnáms erlendis. Þess vegna hefur lánasjóðurinn gegnt hér að sumu leyti jafnvel meira hlutverki en annars staðar. Ódýrara er að sækja námið heima og þess vegna höfum við orðið að verja meira fjármagni í þessu skyni.

Engu að síður vil ég taka fram að við framsóknarmenn erum tilbúnir að skoða ýmsar leiðir til þess að draga úr útgjöldum vegna lánasjóðsins ef þær leiðir verða ekki til þess að skerða réttindi námsmanna til framhaldsnáms eða möguleika til framhaldsnáms. Við getum tekið undir að það horfir til mikilla útgjalda fyrir lánasjóðinn þegar til lengri tíma er litið en ég ætla að koma að því aðeins síðar. Við höfum hins vegar mjög ríkar athugasemdir og ákveðnar að gera við þær leiðir sem eru valdar í þessu skyni. Við teljum þær af handahófi valdar og eiginlega eigi lýsing Morgunblaðsins um heilbrigðisþjónustuna einnig við í þessu sambandi. Ég ætla að reyna að fara yfir það og vísa þá til bls. 8 í greinargerðinni.

Í fyrsta lagi er námslánum ætlað að bera 3% vexti frá námslokum, en eru vaxtalaus á námstíma. 3% vextir ofan á verðtryggt lán eru háir vextir. Í flestum siðuðum þjóðfélögum eru það háir vextir. Vextir í Bandaríkjunum núna eru 5–6% eða svo. Ég þekki það að þar er hægt að fá námslán sem eru með þeim vöxtum. Þar er verðbólga núna nokkuð há, líklega í kringum 4%, svo þetta eru mjög háir vextir borið saman við Bandaríkin í dag. Þetta eru líka háir vextir borið saman við ýmis Evrópulönd, það eru helst Norðurlöndin sem eru eitthvað á þessu róli. Að vísu er verðbólgan nú lág og vonandi helst hún lág en það er engin trygging fyrir því. Við gætum skoðað einhverja örlitla vexti þarna á en við teljum 3% vexti allt of mikið og muni íþyngja námsmönnum óeðlilega mikið á greiðslutímanum.

Við teljum einnig að óeðlilegt sé að endurgreiðslur hefjist ári eftir námslok. Á þeim tíma eru námsmenn að hasla sér völl, þeir eru e.t.v. ekki allir búnir að finna sér atvinnu, þeir eru að fá sér húsnæði, þeir eru að koma sér fyrir, getum við sagt, eftir námið. Það getur vel verið að það megi stytta þennan tíma eitthvað úr þremur árum, en við teljum eitt ár of stuttan tíma.

Mér finnst einnig að lánstími sem er fjórfaldur námstími orki tvímælis og reyndar vaknar sú spurning þegar maður skoðar þetta með fjórfaldan námstíma hvers vegna í raun er nauðsynlegt þegar 8% af brúttótekjum er krafist og reyndar vekur það mikla athygli þegar maður skoðar hér töflur eins og á bls. 62 með hjúkrunarfræðinginn og einnig með framhaldsskólakennarann. Eftir 67 ára aldur skuldar þessi hjúkrunarfræðingur 4 millj. kr. af upphaflegu láni sem var 2,6 tæplega, og framhaldsskólakennarinn skuldar 2,7 af 2,6 millj. Hér er um það að ræða að lánin hafa orðið nokkuð hærri vegna þess að hér er, ef ég man rétt, um einstæð foreldri með tvö börn að ræða. Engu að síður er þetta dæmi um ríkisstarfsmenn, þeir eru með þessi laun, nokkurn veginn, eitthvað á þessu róli og þeir ná ekki að greiða lánið að fullu. Mig langar til að spyrja hver er ætlunin, ég sá ekki að það kæmi fram, eftir 67 ára aldurinn? Falla þá lánin niður? Vekur það þá

spurningar hvort þessi stífa krafa um endurgreiðslu — hér er nú gert ráð fyrir að við hana sé staðið öll ár og greitt 8%, hins vegar eru þetta að stórum hluta vaxtagreiðslur — hvað verður þá? Fellur lánið þá niður þegar 67 ára aldri er náð?

Við teljum að það megi hækka þessa endurgreiðslukröfu eitthvað, úr 3,75% t.d. í 4% og halda henni. Kæmi síðan til greina að athuga að það breyttist eftir ákveðinn árafjölda, t.d. eftir 20–25 ár og þá yrði greiðslubyrðin eitthvað þyngd til þess að tryggja meiri endurgreiðslu.

Ég held að nauðsynlega þurfi að skoða þetta tvennt saman. Einnig má vekja athygli á því að fjórfaldur námstími, við skulum segja nemanda sem er í fimm eða sex ára námi og af persónulegum fjárhagsástæðum þarf ekki að taka lán nema, við skulum segja í eitt ár, þetta eru dýr lán og menn spara sér það, þá fær hann 20 ár til að greiða það lán sem hann fengi á einu ári. Hann gæti kannski greitt þetta upp á miklu skemmri tíma. (Gripið fram í.) Gæti hann það ekki? Jú, vitanlega gæti hann það. Sérstaklega ef hann væri með sæmilegar tekjur, þá gæti hann það vitanlega mjög auðveldlega.

Hér stendur að hætt verði að lána til sérnáms sem ekki er á háskólastigi nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári. Þetta er mjög alvarlegt ákvæði. Þetta þýðir það að þeir sem eru í iðnnámi eiga þá flestir hverjir ekki rétt á láni. Ég sé ekki betur en þetta hljóti að verða til þess að draga mjög úr lánveitingum t.d. til þeirra sem eru í iðnnámi og hljóti þá að verða til þess að mismuna mjög aðstöðu manna hér á landi til að sækja slíkt nám. Iðnskólar eru ekki á hverju strái og t.d. þeir sem búa á landsbyggðinni og geta ekki annað en flust búferlum til að sækja slíkt nám eru augljóslega langtum verr settir heldur en hinir sem geta e.t.v. búið heima hjá sér og hafa stutt að sækja. Er mikil spurning hvort það er virkilega ætlun hæstv. menntmrh. að leggja með þessu alla áherslu á háskólastigið en draga úr hinu. Er það eitthvað sem hann telur ekki þörf á í þessu þjóðfélagi, það stig sem er fyrir neðan háskólastig í raun?

Hér heyrði ég áðan að fram kom spurning um Vísindasjóð. Það er mjög athyglisvert og nauðsynlegt að fá að vita til að unnt sé að taka afstöðu til þessa frv., hvað er ætlunin að Vísindasjóður geri? Hvað á hann að styrkja mikið? Hvernig verður hann efldur? Hversu mikið fjármagn rennur til Vísindasjóðs? Það er varla hægt að ætlast til þess að menn geti samþykkt þetta frv. nema vita hvað þar felst í. Það er afar stór þáttur í þessu máli öllu, ég held að allir hljóti að geta samþykkt það.

Við sjötta liðinn hef ég ekki athugasemdir.

Við sjöunda liðinn er það að segja að lántökugjald er að sjálfsögðu ekkert annað en hækkun vaxta. Og þó að hér sé sagt að þetta sé tiltölulega rýmilegt lántökugjald þá er það hækkun vaxta frá því sem nú er og ekkert annað.

Tveir ábyrgðarmenn. Ég tel rétt sem segir í greinargerð samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna að eins og lánin eru nú uppsett, þá getur vitanlega reynst mörgum erfitt að ná í tvo ábyrgðarmenn og gæti orðið til þess að hindra það að þeir fái námslán. Ég veit nú ekki af hverju er ekki nóg að hafa einn traustan ábyrgðarmann, e.t.v. væri þá eitthvað betur gengið eftir því að hann sé traustsins verður.

Við sameiningu skuldabréfa geri ég ekki athugasemdir.

En við tíunda liðinn, að námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hafi verið fram á námsárangur, hef ég athugasemdir. Nú er það þannig að menn í fyrsta árs námi fá ekki námslán fyrr en þeir geta sýnt fram á að þeir hafi staðist öll próf eftir fyrstu önn og þá fá þeir útgreitt námslán fyrir fyrstu önn og geta þá greitt upp skuldirnar. Með þessu móti er námsmaðurinn settur í þá stöðu að þurfa stöðugt að vera að taka lán. Hann fær útgreitt eftir fyrstu önn og hann greiðir upp sínar skuldir, síðan verður hann að taka annað lán til að geta haldið áfram með næstu önn. Það vita allir að slík lán fást ekki nema með 10% vöxtum eins og nú er, verðtryggð lán, fyrir utan ýmsan kostnað. Mér finnst undarlegt að geta ekki tekið góðan námsárangur eftir fyrstu önn góðan og gildan. Að sjálfsögðu ef ekki kemur svo tilskilinn námsárangur eftir aðra önn þá er lánið fellt niður og hann fær ekki lán. Ef ég veit rétt þá eru núna sektir við því að taka of mikið út, meira en viðkomandi á rétt á. Ég sé ekki að þarna sé mikil áhætta tekin þó að námsárangur eftir fyrstu önn væri látinn gilda eins og nú er.

Ég get tekið undir það sem ég hef heyrt, að það er spurning með verkefni sjóðsins, að veita almenn skuldabréfalán, og það væri gaman að heyra meira um það hvernig ráðherra hugsar sér það framkvæmt. Með hvaða kjörum verða slík skuldabréfalán, hvaða vöxtum, til hve langs tíma o.s.frv.?

En það er líka eitt í þessu sem vekur dálitla umhugsun. Í þessu máli eru mjög miklar heimildir fyrir sjóðstjórnina. Miklu minna er bundið í lög en nú er. Það er með öðrum orðum langtum meiri óvissa fyrir námsmanninn og vekur mann til umhugsunar um það hvernig farið hefur verið með lækna í sérfræðinámi, t.d. í Bandaríkjunum, og um birtist mjög athyglisverð grein í Morgunblaðinu fyrir nokkru, það var nokkru fyrir áramótin. Ég hef ekki tekið niður dagsetninguna á þeirri grein en hún heitir „Aðför að læknum í sérfræðinámi“ og er rituð af Steingerði Sigurbjörnsdóttur sem er við nám úti í Bandaríkjunum. Ég vildi gjarnan mega spyrja hæstv. ráðherra nokkuð um þau mál. Staðreyndin er sú að nám lækna í Bandaríkjunum hefur ýmist verið talið lánshæft eða ekki. Það vildi svo til að ég hafði tækifæri til að hitta nokkra þeirra sem eru þar við nám þegar ég var á vegum þingsins hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég ræddi t.d. við mann sem fór þangað og fékk lán. Nú er búið að fella það niður. Þessi maður er með stóra fjölskyldu og hann veit ekkert hvað hann á að gera. Svona óvissu verður vitanlega að forðast. Hvers vegna er þetta gert? Jú, ég hef lesið svör formanns sjóðstjórnar en mér sýnast þau afar haldlítil. Hvers vegna má ekki draga frá eða taka tillit til lánshæfni námsmannsins þá styrki sem hann fær? Þeir eru vitanlega dregnir frá. Og ef styrkirnir eru það háir

að þeir eru taldir fullnægja framfærslukostnaði mannsins, þá fær hann engin lán. Af hverju er ekki farið með þetta eins og hverja aðra? Af hverju er ekki farið með þetta eins og t.d. þá sem sækja doktorsnám í Bandaríkjunum? Þeir fá styrki, allir svo að segja, ég hygg hver einasti maður. En þeir fá líka námslán. Þar eru fengnar upplýsingar um styrkina og þeir eru dregnir frá þegar framfærslukostnaður er reiknaður. Og vitanlega á þetta að vera það sama með lækna í sérnámi. Staðreyndin er sú að læknar hér eftir 6 ára nám verða að leita sér menntunar áfram til að komast í sérfræði. Er það ætlun hæstv. ráðherra að útiloka lækna frá því að leita t.d. framhaldsnáms í Bandaríkjunum? Þar er áreiðanlega einhverja bestu menntun að fá í læknisfræðinni og við höfum svo sannarlega notið þess í frábærum læknum sem hingað hafa komið. Og við höfum notið þess að læknar hafa getað leitað til margra landa. Hér er einkennandi dæmi um þá óvissu sem svona hringlandaháttur veldur námsmönnum sem farið hafa út í góðri trú og veldur þeim miklum erfiðleikum. Mér finnst það í raun og veru jaðra við mannréttindabrot þegar svona er komið fram. Það væri þó öllu skárra að segja strax: Þetta er ekki lánshæft. Það kemur að vísu, sýnist mér, ekki fram í þessu frv. Það er á valdi stjórnar sjóðsins. Ég vil hins vegar harðlega mótmæla svona aðför að námsmönnum í Bandaríkjunum, þeim sem eru í læknanámi þar og vil spyrja hæstv. menntmrh.: Hvers vegna er þeim ekki heimilt að sækja um lán og til frádráttar kemur sá styrkur sem þeir fá? Þeir fengu lán á síðasta ári. Þá var þetta gert svona. Það var dregið frá og vitanlega fengu þeir þá minna lán. Þessir námsmenn eru flestir með sínar fjölskyldur, þeir eru komnir á þann aldur og þurfa að sjá þeim farborða og það er bara í örfáum tilfellum sem maki fær vinnu, það er hrein undantekning í Bandaríkjunum núna. Þetta finnst mér satt að segja afar illa gert og ekki lánasjóðnum til sóma. Ég hefði gaman af að vita hvort hæstv. menntmrh., sem ég þekki ekki nema af manngæskunni, hefur verið kunnugt um svona hringlandahátt í sjóðnum og hvort hann vill ekki kippa þessu í lag.

Margt fleira mætti ræða í þessu sambandi. Ég vil spyrja um það af því að ég hef heyrt því fleygt að þar sem skólagjöld eru há, t.d. í Bretlandi og reyndar í Bandaríkjunum, þar megi segja að námsmenn verði útilokaðir frá að sækja nám. Nú fann ég það ekki í þessu frv. við yfirlestur að það væri beinlínis sagt að skólagjöld yrðu ekki greidd. Er það líka á valdi sjóðstjórnar? Og eru einhverjar hugmyndir eða reglur sem hæstv. menntmrh. veit um sem mundu t.d. útiloka námsmenn frá að sækja framhaldsnám eða háskólanám almennt á slíkum stöðum þar sem skólagjöld eru nokkuð há? Ég tel það vera mjög slæmt að gera það. Ég tel það mikinn kost að íslenskir námsmenn sæki sem víðast sitt nám. Vitanlega má segja sem svo að ef þeim verður ekki búin aðstaða í framtíðinni til að fá góða vinnu og geta greitt þessi námslán þá er til lítils að vera að sækja slíkt nám. En það á vitanlega við framhaldsnám hvar sem það er sótt. Við þessu vildi ég líka gjarnan fá svar.

Ég sagði hér í upphafi að við framsóknarmenn vildum gjarnan skoða hugmyndir sem gætu orðið til þess að draga úr kostnaði ríkissjóðs við námslánakerfið. Við erum ekki tilbúnir að taka þátt í að skera það svo niður við trog sem hér er lagt til. Ég geri ráð fyrir því að okkar fulltrúar í menntmn. muni þar leggja fram slíkar hugmyndir og reyna að fá þær þar ræddar og ég vona eindregið að hæstv. menntmrh. stuðli að því að þar geti farið fram góð umræða og það verði vilji til þess að skoða hugmyndir sem koma fram og eru til sparnaðar þó að þær séu eitthvað til að ganga á móts við námsmenn.

Ég hef kynnt mér nokkuð starf námsmanna að þessu leyti og mér sýnist að þar hafi verið tekið afar málefnalega á og satt að segja lagðar fram mjög umhugsunarverðar tillögur og ég harma að sú nefnd sem samkvæmt grg. var skipuð í október skuli ekki hafa séð sér fært að taka þær til alvarlegrar athugunar og ganga eitthvað til móts við námsmenn. Svo var gert 1982 og þá náðist sæmileg sátt. Námsmenn eru ánægðir með það kerfi, ríkissjóður ekki og menntmrh. þá sérstaklega fyrir hans hönd. En námsmenn hafa sagt að þeir væru tilbúnir að skoða ýmsar breytingar á því kerfi sem gæti orðið til að draga úr kostnaði ríkissjóðs.

Ég vil segja það sem mína persónulegu skoðun að mér finnst t.d. ofrausn af íslenska ríkinu að kosta menn með námslánum til starfa erlendis, til að setjast að erlendis. Það væri gaman að vita ef hæstv. menntmrh. hefur þær upplýsingar: Hvað eru þeir margir íslenskir námsmenn sem hafa sest að erlendis? Þeim fjölgar eflaust gífurlega á næstunni miðað við þá stefnu sem hér er í atvinnumálum. Ef þeim sem setjast að erlendis væri t.d. gert að greiða vexti og greiða lánið með jöfnum afborgunum á einhverjum ákveðnum og skemmri tíma — ég segi fyrir mitt leyti að svona hugmyndir gæti ég skoðað og ég er sannfærður um að það mundi spara ríkissjóði stórar upphæðir og þá væri jafnframt hægt að gera betur við þá námsmenn sem ætla sér að nýta sína menntun fyrir íslenska þjóð og það er vitanlega það sem við leggjum höfuðáherslu á.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að geyma það þar til síðar í umræðunni að svara beinum fyrirspurnum frá hv. þm. en það er eitt atriði sem ég vil gera athugasemd við strax. Það er það sem hv. þm. sagði að menntmrh. héldi sína fundi og segði þar að hann væri ekki að gera annað en fylgja ákvörðunum Alþingis og lét svona að því liggja að ég bæri enga ábyrgð á þessu og vísaði í því sambandi í forsetabréf um ábyrgð ráðherra.

Ég er að velta því fyrir mér hvaðan hv. þm. hefur þennan fróðleik að ég hafi á einhverjum fundi skotið mér undan ábyrgð. Ég hef þvert á móti tekið skýrt fram á fundum sem ég hef haldið um þessi mál að ég beri fulla ábyrgð á niðurskurði til skólamála eða yfirleitt niðurskurðinum í menntmrn. og það sé embættisskylda mín að framfylgja því sem þar hefur verið ákveðið og ég hef tekið þátt í þeim ákvörðunum, alveg fullan þátt og hef hvergi reynt að koma mér undan þessari ábyrgð. Ég man ekki eftir að hv. þm. hafi

verið á fundum sem ég hef verið á og rætt þessi mál. Og ég er að velta því fyrir mér hvort það geti verið að hann hafi fengið ranga mynd af málflutningi mínum gegnum ónákvæmar frásagnir fjölmiðla sem við ræddum hér svolítið í gær.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hæstv. menntmrh. tekur á sig alla ábyrgð. Þannig á það vitanlega að vera. En ég skal reyna að grafa upp hvar þetta fór fram svo ég geti sýnt hæstv. menntmrh. það. Ég man ekki betur en hann hafi einmitt sagt oftar en einu sinni að hann væri að fylgja sinni embættisskyldu og framkvæma ákvarðanir Alþingis. Ég skal grafa þetta upp. (**Menntmrh.:** Ég er að því að sjálfsögðu.) Þú ert að því, já, hæstv. menntmrh., það er alveg rétt. En í þessum orðum hefur legið að koma ábyrgðinni yfir á Alþingi. Ég vil vekja athygli á því að þetta hefur meira að segja náð svo langt að í sumum samþykktum samtaka hefur þetta verið tekið upp og sagt að mótmælt sé ákvörðunum Alþingis um niðurskurð í menntamálum og heilbrigðismálum. Jú, vitanlega hefur Alþingi sett sinn stimpil á það, en það er nánast bara stimpill.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu þar sem er verið að mótmæla er mótmælt ákvörðunum Alþingis. Þetta eru ekki prívatákvarðanir mínar, niðurskurðurinn. En ég er einfaldlega að segja það að ég ber fulla ábyrgð á honum sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands og ég hef tekið þátt í því að greiða atkvæði með fjárlögum þar sem er skýrt sagt hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar í hinum einstöku þáttum fjárlaganna. Svona einfalt er það. Ég skil vel að mótmælin beinist að Alþingi en ég ítreka að ég er ekki að skjóta mér undan ábyrgð í einu eða neinu.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu hefur hæstv. menntmrh. tekið þátt í störfum Alþingis og greitt atkvæði með þeim tillögum sem þar hafa komið fram. Það sem ég vildi að kæmi hér skýrt fram er að tillögurnar eru tillögur hæstv. menntmrh. Það eru þær. Það eru þær tillögur sem hann hefur lagt fram í ríkisstjórninni, þær tillögur sem fjmrh. flutti hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntmrh. hefur greitt hér atkvæði um sínar eigin tillögur í þessu sambandi og mér þykir vænt um að málin hafa að þessu leyti skýrst.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hinn 5. nóv. í haust fékk ég leyfi til að ræða málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna utan dagskrár og stóð sú umræða allan þann dag. Ég held að fullyrða megi að nokkur árangur hafi af henni fengist vegna þess að þegar þær umræður fóru fram voru menn hiklaust að tala um að í frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna yrðu endurgreiðslur ekki tekjutengdar. Það er þó svo í þessu frv. og er það vissulega til bóta, enda kemur fram í grg. með frv. ólundarlegur texti þar sem næstum er harmað að ekki skyldi takast að hafa endurgreiðslur ótekjutengdar.

Um þetta mikilvæga mál mætti að sjálfsögðu segja margt. Ég skal reyna að forðast að endurtaka það sem ég sagði í langri ræðu hinn 5. nóv. sl., en óhjákvæmilegt er að rifja samt ýmislegt af því upp. En fyrst vil ég benda hæstv. forseta á að mjög sérkennilega er kallað til þátttöku í þeirri nefnd sem þetta frv. samdi að lokum. Það er heldur sjaldgæft og var ekki þannig þegar lögin frá 1982 voru sett að einlitur hópur stjórnarliða væri settur til þess verks. Þar áttu að sjálfsögðu allir flokkar sína fulltrúa. Og heldur hefur það nú verið talið farsælla hingað til við gerð slíkra frumvarpa. En það er eins og annað sem þessi ríkisstjórn hyggst breyta að hún ber litla virðingu fyrir því sem stjórnarandstaðan kynni að hafa til málanna að leggja sem oft er nú samt ýmislegt. Ég vil minna á að hæstv. núv. fjmrh. vann mjög gott verk á sínum tíma þegar lögin frá 1982 voru undirbúin og var þó ekki stuðningsmaður stjórnar í þeirri tíð.

Það er allt á eina bókina lært. Hér er á bls. 101 í frv. birt sérálit frá stúlku og ekkert er nema gott um það að segja. Hún er formaður Vöku en maður hlýtur að spyrja sig, hvers vegna í ósköpunum var ekki leitað til hinna samtakanna í Háskólanum þar sem, ef ég man rétt, félögin hafa jafna tölu í stúdentaráði. Það leiðréttir mig þá einhver, en mig minnir að það sé um jafnan styrkleika að ræða. En það er sama hvaðan gott kemur og eflaust er formaður Vöku hinn ágætasti fulltrúi og ég ætla þess vegna að leyfa mér að lesa það sem hún segir í upphafi sérálits síns, með leyfi hæstv. forseta:

„Þann 8. nóv. skipaði menntmrh. nefnd til að endurskoða lög um Lánasjóð ísl. námsmanna. Undirritaðri bauðst óvænt sæti í þeirri nefnd sem ég þáði í þeirri trú að hlutverk nefndarinnar væri að reyna að sætta þau sjónarmið sem fram höfðu komið um breytingar á sjóðnum frá áðurskipaðri ráðherranefnd annars vegar og námsmönnum hins vegar. Sú trú reyndist á misskilningi byggð. Í stuttu máli sagt var lítið sem ekkert tillit tekið til hugmynda námsmanna og það frv. sem meiri hluti hennar stendur að er að mestu óbreytt frá hugmyndum fyrri nefndarinnar. Af þeim sökum sé ég mér ekki fært að standa að því frv. og skila því þessu séráliti.

Námsmenn hafa aldrei farið leynt með það að þeir séu sáttir við núgildandi lög um LÍN. Það er því af illri nauðsyn sem þeir ljá máls á breytingum á þeim, en námsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Ég tel lykilatriði varðandi allar breytingar að tryggt sé jafnrétti til náms óháð efnahag og að námsmönnum sé gefið svigrúm til að koma undir sig fótunum eftir að námi lýkur áður en endurgreiðslur hefjast af þunga."

Þetta er hluti af séráliti Elsu B. Valsdóttur, formanns Vöku. (**Menntmrh.:** Það væri nú gott að heyra aðeins meira lesið.) Ef hæstv. ráðherra óskar eftir að ég lesi allt sérálitið, þá skal það gert. (**Menntmrh.:** Nei, bara út þennan kafla.) Ég skal lesa út þennan

kafla. Ég held þá áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir liggur að ríkisframlagið á ekki að verða hærra en 2,2 milljarðar næstu árin þó þörfin sé langt umfram það eins og fram kemur í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar. Lækka má þessa fjárþörf á eftirtalda vegu:

1. Herða endurgreiðslur (sjá tillögur Vöku í þeim efnum.)
2. Láta endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja.
3. Fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur.
4. Leggja á lántökugjald.
5. Láta lánþega greiða kostnað við innheimtu.

Það er ljóst að þessar aðgerðir draga allar verulega úr fjárþörfinni en ekki sem nemur því marki sem ríkissjóður vill ná. Námsmenn eru engu að síður að taka á sig verulegar kjaraskerðingar."

Þannig hljóðar þessi texti. Um þessi fimm atriði sem formaður Vöku minnist á var ekki samkomulag meðal stúdenta eins og af sjálfu leiðir. Það eina sem allir voru sammála um var að það mætti fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur úr þessu vegna þess að þau mál hafa breyst í þjóðfélaginu. Þau voru mjög nauðsynleg þegar menn gátu ekki fengið lán úr lífeyrissjóði fyrr en fimm árum eftir heimkomu eins og einu sinni var og því var mjög gott að hafa þessar lífeyrissjóðsgreiðslur af námslánum en þær eru óþarfar núna og um það eru allir sammála. Stúdentar eru hins vegar mjög ósammála um það hvort leggja eigi á lántökugjald einmitt vegna þess að hér er ekki um nein venjuleg lán að ræða eins og ég er alltaf að reyna að segja í þessum stóli. Menn eru ekki að fjárfesta fyrir sjálfa sig þegar þeir taka námslán. Þjóðfélagið er að lána þeim framfærslueyri á meðan þeir eru að fjárfesta í menntun sinni fyrir samfélagið allt. Þess vegna eiga ekki sömu reglur við um þessi lán eins og vissulega er viðurkennt að hluta í þessu frv.

En það er margt skrýtið og skondið þegar fylgst er með flumbrulegum aðgerðum þessarar ríkisstjórnar sem virðast breytast daga á milli. Á sama tíma og hæstv. menntmrh. er að leggja fram frv. þar sem lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. gr., enda hafi þeir náð 20 ára aldri, þá les ég það í blöðum bæjarins að nú eigi að stytta tímann til stúdentsprófs niður í jafnvel 17 ár. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra, sé þetta hugmyndin og við fáum það næst á borðið hjá okkur, hvað á þá að gera við þetta fólk á aldrinum 17–20 ára? Ég held að menn verði að reyna að hugsa hlutina svolítið í samhengi.

Það sem er auðvitað meginatriði er það sem fram kemur í ræðu Sveinbjörns Björnssonar háskólarektors við brautskráningu núna 1. febr. sl. En þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Háskólinn mun ekki skorast undan því að taka á sig sömu byrðar og almennt eru lagðar á aðrar ríkisstofnanir með þessum fjárlögum. Hann hefur því enn hert reglur um hagræðingu og sparnað og mun á næstunni leita álits deilda hvaða kennslu þær telja sig geta frestað eða lagt niður. Einnig er óhjákvæmilegt að dregið verði úr þeirri þjónustu sem Háskólinn veitir sínum nemendum og nemendum margra annarra skóla og hefur í mörgum tilvikum tekið að sér fyrir beiðni ráðuneytis."

Síðan segir rektor, með leyfi hæstv. forseta, um lánasjóðsfrv. það sem nú liggur fyrir:

„Það beinir huganum að Lánasjóði námsmanna en frv. um hann verður á borðum Alþingis á næstu dögum. Þar ætti að vera ljóst að samúð Háskólans er með málstað stúdenta og við treystum því að allt það svigrúm sem stjórnvöld hafa til að treysta fjárhagsgrundvöll sjóðsins verði nýtt og innan þess ramma sem sjóðnum er settur verði fyllsta samráð haft við stúdenta um skynsamleg lánskjör og endurgreiðslur svo sem menntmrh. hefur reyndar þegar gefið fyrirheit um. Þar hlýtur framsýni að ráða gerðum með það að markmiði að sjóðurinn veiti tækifæri til náms óháð efnahag líkt og verið hefur.

Sem dæmi um áhyggjuefni mætti nefna að verði hugmyndir frv. um vexti og endurgreiðslur að lögum er líklegt að engir námsmenn sem þurfa að taka lán til náms telji sig hafa efni á að nema í þeim löndum sem krefjast skólagjalds, en það á einkum við Bandaríkin og Bretland. Nú mun þriðjungur stúdenta í framhaldsnámi vera í Bandaríkjunum. Þótt tengsl okkar við Norðurlönd og Vestur-Evrópu séu mikilvæg getur varla talist ráðlegt að skera svo á bönd við Bandaríkin og önnur enskumælandi lönd að þar geti aðeins stundað nám þeir sem eru svo vel efnaðir að þeir þurfa ekki á aðstoð lánasjóðs að halda."

Hér kemur rektor auðvitað að kjarna málsins. Til þess voru lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna sett, eða lögin um námslán og námsstyrki eins og þau hétu, að sjá svo til að efnahagur íslenskra fjölskyldna yrði ekki til að mismuna mönnum til náms eins og við öll auðvitað urðum fyrir á sinni tíð. Ég get talað þar af eigin reynslu þar sem háskólanám gat ekki hugsanlega komið til greina. Þess vegna er það skylda okkar að verja þessa mestu kjarabót sem fátækt fólk á Íslandi hefur fengið fyrr og síðar, þ.e. réttinn til að menntа börnin sín eftir hæfileikum þeirra en ekki eftir efnahag. Þessa grunnhugmynd verðum við auðvitað að verja til síðasta manns hér á hinu háa Alþingi og það gleður mig satt best að segja að eitthvert uml hefur nú heyrst frá herbúðum alþýðuflokksmanna um að þeir kyngi ekki öllu því sem hér stendur og ber að fagna því og er vonandi að það komi í ljós þegar málið verður unnið í nefnd.

Við eru nefnilega ekkert að tala um neinn fátækling þar sem Lánasjóður ísl. námsmanna er. Það hefur margkomið fram og ég hef margoft um það hér í mínu máli í þingsölum að Ríkisendurskoðun skýrði frá því í skýrslu frá því í apríl 1991 að lánasjóðurinn geti staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu og ég er hrædd um að það sé meira en segja má um marga aðra sjóði í landinu. Og þar segir, með leyfi forseta:

„Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma

9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót."

Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarkröfu verður útkoman 3 milljarðar kr. Lánasjóður ísl. námsmanna þarf þess vegna ekki þau stóru og miklu fjárframlög sem hann hlýtur að verða að krefjast um þessar mundir um alla tíð. Sjóðurinn verður einfaldlega að fá frið til þess að verða sjálfum sér nógur með endurgreiðslum og ég býst við að það sé sönnun þess að námsmenn hafa sætt sig við endurgreiðslufyrirkomulagið að um 90% gjaldfallinna skulda við sjóðinn eru í skilum og það er líka miklu hærri upphæð en almennt gerist um slík langtímalán. Og við skulum ekki gleyma því að lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna eru fyrstu fjárskuldbindingar í landinu sem voru verðtryggðar þannig að Lánasjóður ísl. námsmanna er enginn fátæklingur. Við vissum sem í nefndinni sátum, sem sömdum þessi lög, að það mundi verða þörf á miklum fjárframlögum frá ríkinu fyrstu tíu árin. Fram hjá því hefur hins vegar verið farið á ýmsa lund og á þessum árum, þessum tíu árum síðan lögin voru sett hafa framlög ríkisins verið frá 50% upp í 90% af fjárþörf. Það segir sig auðvitað sjálft að þegar stjórnvöld hafa kosið að siga sjóðnum í lántökur í stað þess að veita til hans því fé sem til þurfti, þá verður auðvitað vaxtamismunur sem nú mun vera líklega um það bil 6% þar sem námslán hafa ekki borið vexti en lánin hafa auðvitað borið háa vexti. Síðan hefur það gerst sem enginn gat séð fyrir að miklu fleiri aðilum hefur verið hleypt að sjóðnum og er ekkert nema gott um það að segja og námsmönnum hefur stórlega fjölgað. En sá tími mundi koma innan næstu ára ef menn rækju sjóðinn skynsamlega að hann færi að standa gjörsamlega á eigin fótum og hefði svo gæfulega farið, þá vil ég segja við hæstv. menntmrh. að þá væru Íslendingar búnir að koma sér upp besta námslánakerfi í veröldinni. Og þess vegna vil ég nú taka undir með formanni Vöku að best hefði verið að láta sjóðinn í friði.

Ég held að engir Íslendingar deili um það að menn vilja jafnrétti til náms og menn vilja þrátt fyrir allt sjá svo til að þessi sjóður skili því hlutverki sem hann á að skila. Því miður var það lengi svo að heyra mátti urg í garð sjóðsins eins og hv. 7. þm. Reykn. tók fram hér áðan og þá ekki síst frá þeim sem síst skyldi, þ.e. verkalýðshreyfingunni í landinu. Sú tíð er sem betur fer liðin og ég held að þar á bæ séu menn búnir að uppgötva hver kjarabót það er fyrir íslenskar fjölskyldur að samfélagið líti svo á að menntun þeirra sé sameign alls samfélagsins.

Það mætti leita fanga víða, en aðeins vegna þess sem hv. 7. þm. Reykn. sagði um menningarástandið og menntunarástandið í Bandaríkjunum. Einn merkasti og þekktasti skólamaður íslenskur utan lands, Sigurður Helgason, stærðfræðingur í Boston, sagði mér á sl. sumri að ástandið í MIT væri orðið þannig að 40% stúdenta við þann góða skóla væru útlendingar og stór hluti þeirra Japanir. Og af hverju er þetta? Sigurður Helgason var ekki í nokkrum vafa um hvers vegna: Það er búið að brjóta niður menntakerfið í Bandaríkjunum. Grunnskólakennslan er slök, framhaldsskólakennslan er enn þá slakari og nú verða menn að grípa til þess ráðs að kaupa menntað fólk annars staðar frá til þess að mennta í háskólunum í þeirri von að það síðan setjist að og samfélagið njóti starfskrafta þess sem sjálfsagt væri það æskilegasta fyrir það.

Við njótum mörg góðs af því raunar að efnilegir námsmenn eru kostaðir af Bandaríkjamönnum við bandaríska háskóla og ég vil þess vegna ítreka spurningu hv. 7. þm. Reykn.: Hvernig er þetta hugsað? Nú höfum við reynt það að námsmenn, sem hafa ókeypis skólagjöld og nokkur laun fyrir kennslu þar í landi og stunda nám við háskóla, hafa nú lokið sínu MS- eða MA-prófi og leggja svo út í doktorsritgerðarskrif. Hvernig á maður sem er tvö til þrjú ár að skrifa doktorsritgerð um flókið efni að sanna lánasjóðnum að hann sé nú raunar að gera eitthvað af viti? Ég átta mig ekki alveg á hvernig á að ganga eftir því þannig að það sé alveg skýrt og ég vil bæta því við spurningu hv. 7. þm. Reykn. um læknana.

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma hér inn á örfá atriði í sambandi við þær meginbreytingar sem hér er verið að gera og vil enn og aftur ítreka endurgreiðsluákvæðin. Það verður að vera dagljóst hver staðan er gagnvart öðrum atriðum — og nú rann loksins upp ljós fyrir formanni þingflokks Alþfl. ef marka má orð hans í fréttum í fyrrakvöld. (**Gripið fram í:** Það er stöðugt ljós yfir honum.) Það er nú hin mesta týra á stundum, en alla vega benti ég á það strax í upphafi umræðu um þetta frv. og áður en það kom til raunar að ef þessi endurgreiðsluskilyrði verða látin fram ganga, þá geta námsmenn að loknu námi hætt að hugsa um að komast inn í húsbréfakerfið. Og ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Hvar á þetta fólk að búa úr því að það á nú að refsa því fyrir að hafa verið að leggja það á sig að læra? Það vill svo til að að öllum líkindum þurfa námsmenn og fjölskyldur þeirra einhvers staðar að búa og það hlýtur þá að vera stefna yfirvalda að þeir leiti á rándýran leigumarkað vegna þess að þeir munu hafa of þunga greiðslubyrði til að vera gjaldgengir í húsbréfakerfið eins og hv. þingflokksformaður Alþfl. loksins skildi og ber að fagna því. (**Gripið fram í:** Skildi mjög fljótlega.) Það held ég að sé ekki rétt.

Ég vil endurtaka spurningu mína um 20 ára viðmiðunina og spyrja hvers þeir eiga að gjalda sem hespa nú sitt nám af miklu fyrr. Jafnvel í óbreyttu kerfi eru þess dæmi að menn hafi lokið stúdentsprófi 17 ára gamlir og ég vil spyrja: Hvers eiga þeir að gjalda ef þeir fara í nám sem ekki nákvæmlega tilheyrir 1. gr. frv. að þurfa að bíða í þrjú ár?

Er við komum að 5. lið í upptalningunni í grg., þá vil ég líka spyrja: Hvað þýðir setning eins og þessi: „Felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki en gert ráð fyrir að Vísindasjóður verði efldur til þess að veita námsstyrki"?

Ég hef áður gert Vísindasjóð að umræðuefni hér og hef gagnrýnt hvar hann er niður kominn í þjóðfélaginu. Ég hef aldrei talið minnstu ástæðu til þess að Seðlabankinn væri að vasast í Vísindasjóði. Þá ræðu ætla ég ekki að hefja hér, en það getur vel verið að ég taki hana upp aftur að þessu gefna tilefni. Það er auð-

vitað ekki hægt að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna með því að gera ráð fyrir að Vísindasjóður verði efldur. Það má alveg eins segja að við vonum öll að það rætist úr efnahag þjóðarinnar eða eitthvað álíka. Það er svona álíka handfast.

Áttundi liðurinn, að gera kröfu um tvo ábyrgðarmenn í stað eins. Ég dreg það stórlega í efa að námsmönnum gangi vel að fá tvo ábyrgðarmenn. Hingað til hafa auðvitað bæði ég og aðrir skrifað upp á námslánabréf upp á milljónir einfaldlega vegna þess að hingað til hefur það verið formið eitt, eða ég hef svo skilið, og meira til þess að lánasjóðurinn hafi einhvern tengilið við námsmanninn hvar sem hann er nú niður kominn í heiminum. Með því að einhver skrifar upp á þetta sé einhver sem geti sagt hvar maðurinn er. En að nokkrum lifandi manni hafi nokkurn tíma dottið í hug að við værum ábyrg fyrir þessum peningum, það held ég ekki, og ég veit það raunar af reynslu af margra ára starfi mínu við Tryggingastofnun ríkisins. Hafi svo sorglega farið að ungir menn sem lokið höfðu námi hafi látist, þá hafa þessar skuldir að sjálfsögðu verið felldar niður og verða aldrei borgaðar, þó það nú væri. Og hefur það þótt alveg sjálfsagt og verið auðsótt mál. En því á kannski að breyta líka. Það væri reyndar ástæða til að spyrja: Mega þeir sem hafa skrifað undir þessa milljarða sem nú liggja úti í skuldum námsmanna eiga von á því að verða að borga þær skuldir ef eitthvað kemur fyrir námsmanninn? Ég leyfi mér eiginlega að svara mér sjálf: Ég held að það geti ekki komið til greina. En ég held að á þessum síðustu og verstu tímum sé fólk gætnara og raunar hefur verið lagt mjög að fólki að skrifa ekki undir fjárhagsskuldbindingar þannig að ég er ekkert viss um að það verði auðvelt fyrir námsmenn að fá tvo menn í ábyrgð fyrir þeim peningum sem þarna er um að ræða.

Ég ítreka vegna tíunda liðar hvernig námsmenn eiga að sýna fram á að þeim miði eðlilega við ritun doktorsritgerðar eða einhverra slíkra langtímaverkefna sem erfitt er að sanna að séu nákvæmlega á réttu róli.

Herra forseti. Ég skal nú reyna að fara að stytta mál mitt og vísa til 4. heftis þingtíðinda, sem ég veit að menn lesa með mesta áhuga, til ágætrar ræðu minnar 5. nóv. sl. og mér er heldur illa við að vera að endurtaka ræður mínar oft í þingtíðindum. En ég hlýt að minnast hér aðeins á það atriði sem mér finnst ógnvænlegt í þessu frv. og það er það vald sem er lagt í hendur stjórnarinnar. Að stjórnin eigi að meta til hvers skuli tekið tillit við aðstæður þeirra fjölskyldna sem þurfa á lánum að halda finnst mér fyrir neðan allar hellur og nauðsynlegt að sem allra samræmdastar reglur séu settar um þá hluti. Auðvitað eins og í öllu mannlegu lífi verða ýmis tilvik í lífi þessa fólks. Ég þekki t.d. dæmi um námsmann í Bandaríkjunum hvers kona er þar auðvitað með honum en er að skrifa cand. mag.-ritgerð hér við Háskóla Íslands og gerir það í Bandaríkjunum. Við öllum slíkum tilvikum verður að bregðast og það verða að vera til einhverjar meginreglur um hluti sem þessa því að það verður víst aldrei of oft sagt að við skulum hætta að tala um námsmenn eins og einhverja unglinga sem búa í heimahúsum og geta bara legið uppi á pabba og mömmu. Námsmenn eru fólk, oft hátt á þrítugsaldri, komnir með fjölskyldur og börn, og varla stendur til að banna þeim það, þannig að umræðan sem oft vill verða hér í sölum að það þurfi ekkert að taka lán, það eigi að draga úr áhuga manna á lánum og það hefur hæstv. menntmrh. sagt, hvað þýðir það? Það hlýtur að þýða að það dragi úr því að menn fari í nám. Menn geta kannski á fyrsta og öðru ári í háskóla haft einhvern stuðning af fjölskyldum sínum en síðan vill nú þetta unga fólk fara að búa út af fyrir sig eins og eðlilegt er, enda oft komið með maka og jafnvel börn. Því lengra sem líður á námið, því algengara verður það. Og það er ekkert eins fáránlegt og að heyra hér endalaust klifað á að bílafloti námsmanna fyrir utan Háskóla Íslands sé dæmi um þessa dæmalausu velmegun sem menn búa við ef þeir njóta lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég spyr: Hvers vegna skyldu þessar fjölskyldur ekki þurfa á bílum að halda eins og aðrar fjölskyldur? Það er alveg jafnerfitt að keyra börnin þeirra kannski bæinn þveran og endilangan til dagmæðra og dagvistarstofnana eins og börnin okkar. Þetta fólk þarf að lifa nákvæmlega eins og aðrar fjölskyldur þannig að þessi umræða er auðvitað fráleit. Í mörgum tilvikum erum við að tala um fólk sem er orðið 26, 27 eða 28 ára gamalt. Þeir sem eiga oft erindi á hjónagarðana hér rétt hjá okkur mæta þar á göngum börnum allt upp í 10 ára aldur. Og hvers eiga þessi börn að gjalda ef ekki er hægt að þjóna þeim eins og við viljum þjóna okkar öðrum börnum? Ég held því að hér verði að verða veruleg breyting á þessari umræðu.

Það er svo sem hægt að láta hér lokið máli. En það verður aldrei of oft sagt að það er skylda Alþingis Íslendinga að tryggja jafnrétti til náms, vegna þess að ef þetta musteri lýðræðisins og frelsisins í landinu á ekki að sjá um grundvallarmannréttindi eins og jafnrétti til náms, þá veit ég ekki til hvers það er. Og ég skora á hæstv. menntmrh. og Alþingi allt að setjast nú niður í vinsemd og með skilningi á því máli sem hér um ræðir og í samvinnu við alla pólitíska aðila, því að þetta mál á ekki að vera flokkspólitískt eins og því hefur verið haldið hingað til, og viðkomandi nefnd vinni vel að þessu máli, breyti því á þann veg að þeirri mismunun sem hér er stefnt að verði útrýmt svo ekki verði um villst.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég held að allflestum hafi verið ljóst að það var orðin nauðsyn á því að breyta þeim lögum sem verið hafa í gildi frá árinu 1982 um lán og styrki til námsmanna. Þau lög voru sett í umhverfi þar sem voru neikvæðir vextir og þessi lán voru nánast þau einu sem voru verðtryggð á þeim tíma og margt hefur breyst síðan þá.

Hv. 4. þm. Austurl. tók reyndar undir það hér í þingræðu í gær að það væri mikil nauðsyn á því að breyta þessum lögum. Og hv. þm. Steingrímur Hermannsson lýsti því yfir áðan að hann og hans flokkur styddi sparnað í þessum efnum. En markmið þessa lagafrv. er að minnka fjárþörf sjóðsins þannig að hún

sé í samræmi við það sem okkar þjóðfélag þolir og almenningur sem þetta greiðir getur sætt sig við. Jafnframt að styrkja söðu sjóðsins til frambúðar til þess að hann geti gegnt sínu meginhlutverki og forðast þannig þær dýru lántökur sem hv. þm. Svavar Gestsson tíðkaði í sinni tíð sem menntmrh. Afleiðingar þessa fyrir námsmenn munu væntanlega verða þær að þeir munu þurfa að taka meiri ábyrgð á sjálfum sér og framtíð sinni. Og þegar þeir taka ákvörðun um það hvers konar nám þeir ætla að stunda þá þurfa þeir að íhuga hvort sú ákvörðun tryggir þeim þá framtíð sem þeir óska sér.

Nám og námslán eru auðvitað fjárfesting. Þau eru bæði fjárfesting námsmannsins og þjóðfélagsins. Og því er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort námið auki möguleika námsmanns til verðmætasköpunar bæði efnalegrar og huglægrar, bæði sjálfum sér til hagsbótar og þjóðfélaginu öllu.

Það hefur borið við í þessari umræðu að LÍN hafi verið ætlað að leysa ýmis önnur vandamál heldur en beint er hægt að heimfæra undir vandamál námsmanna, svo sem vændamál einstæðra mæðra, vandamál húsbyggjenda og vandamál illa launaðra opinberra starfsmanna. Þessi vandamál eru raunveruleg og þau þurfum við að leysa en þau þurfum við að leysa annars staðar en hjá Lánasjóði ísl. námsmanna.

Ræðumenn hafa hnotið um ýmis atriði í þessu frv. og hafa sérstaklega velt fyrir sér hvers vegna svokallaðri 20 ára reglu er ætlað að vera í gildi, þ.e. að ekki sé lánað til sérnáms nema lántakandi hafi náð 20 ára aldri. Þetta er einfaldlega vegna þess að mati þeirrar nefndar og ráðherrans sem leggur fram frv. að jafnræðis yrði ekki gætt á milli þeirra sem stunda nám og eru yngri en tvítugir. Þannig geta tvíburar verið í námi í sama skóla, annar í bóknámsbraut og hinn á iðnnámsbraut og annar fær lán og hinn ekki. Þegar hins vegar er komið að háskólanámi, þá eiga allir þeir sem í háskólann komast, hvort sem þeir hafa náð 20 ára aldri eða ekki, rétt á að fá lán. Og þegar og ef af því verður að aldur til stúdentsprófs lækkar þá er vel hugsanlegt og jafnvel líklegt að þarna gæti orðið breyting á.

Menn hafa einnig hnotið um að gert er ráð fyrir að lánasjóðurinn geti gefið út almenn skuldabréf og hafa viljað fá skýringar á því hvers vegna það væri. Þessi hugmynd er til komin til þess að auka möguleika lánasjóðsins á því að aðstoða námsmenn með lengri lánum á þessu formi heldur en venjulegar lánastofnanir almennt lána. Það er ekki almennt t.d. að hægt sé að fá tíu ára skuldabréfalán í banka eða sparisjóði, miklu algengara að um sé að ræða þriggja ára skuldabréf. Sé ég ekki að þetta ætti að standa í veginum fyrir einu eða neinu þar sem ekki er um neina skyldu að ræða í þessu efni, einungis verið að auka möguleika sjóðsins til að aðstoða námsmenn.

Ræðumenn hafa nokkrir borið saman þetta frv. við það hvernig málum er háttað á öðrum Norðurlöndum. Ég held að það megi vera öllum ljóst sem skoðað hafa fylgiskjöl frv. að það lánakerfi sem hér ríkir er eitt það opnasta og jafnframt má orða það gjafmildasta sem í gildi er á Norðurlöndunum í dag. Ég held að eftir sem áður muni íslenska lánakerfið standast það sem ég var að segja hér rétt áðan.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir nefndi námslán í Danmörku og tiltók tölur. Þar er málum þannig háttað að námsmaður, einstaklingur í fullu háskólanámi sem býr í leiguhúsnæði getur fengið styrk að upphæð 16.800 ísl. kr. og lán að upphæð 13.240 kr. Þetta lán er á þeim kjörum að vextir á námstíma eru 4%. Vextir á endurgreiðslutíma eru 9,5%, endurgreiðslur hefjast einu ári frá lokum náms og lánstími er 7–15 ár. Verðbólguspá fyrir Danmörku á þessu ári gerir ráð fyrir 2% verðbólgu. Verðbólga í Danmörku á árinu 1991 var 2% og verðbólga í Danmörku á árinu 1990 var 2%. Þetta þýðir að raunvextir á lánstíma eru 2% í Danmörku og að raunvextir að námi loknu eru 7,5% og ef við reiknum það gróft þannig að styrkur sé helmingur og lán helmingur þá eru raunvextir borið saman við það sem gert er ráð fyrir í þessu frv. 3,7% á móti 3%.

Í Noregi er þessum málum þannig háttað að styrkur er 6.370 kr. og lán 42.680 kr. Vextir á námstíma eru 0% en vextir að námi loknu eru 11,5%. Endurgreiðslur hefjast einu til einu og hálfu ári að loknu námi og lánstími er 20 ár. Verðbólga í Noregi er væntanlega á þessu ári eins og sl. tvö ár um 4%. Það þýðir að raunvextir eru 7,5% og ef við reiknum það gróft að styrkurinn sé um ⅓ þá eru vextir í Noregi u.þ.b. 5% samanborið við 3% á Íslandi. Þessu til viðbótar kemur að í þessu frv. er gert ráð fyrir þeim öryggismörkum að á fyrstu fimm árum eftir nám fari endurgreiðslan ekki upp fyrir 4% af útsvarsstofni og eftir það ekki upp fyrir 8% af útsvarsstofni.

Ég held því að af þessu megi vera ljóst að borið saman við Norðurlönd er það kerfi sem er í gildi hér á landi ofrausn og það kerfi sem í gildi yrði ef frv. yrði samþykkt mun betra heldur en nágrannar okkar njóta í dag. Ég tel því að þetta frv. eigi á engan hátt að skerða möguleika íslenskra námsmanna til að stunda það nám sem þeir telja að tryggi þeirra framtíð best.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að leiðrétta þessa útreikninga hv. 3. þm. Reykn. á endurgreiðslum á Norðurlöndum. Hann gleymdi einu mjög mikilvægu atriði: endurgreiðslur námsmanna eru dregnar frá skatti. Fólk greiðir miklu minni almenna skatta á meðan það er að greiða námslánin til baka þannig að þessi útreikningur er með öllu ómerkur. Auk þess sem menn eru náttúrlega að greiða upp miklu lægri upphæðir vegna þess að miklu meiri hluti af þessum framlögum eru styrkir og þar af leiðandi óafturkræfur. Ég vildi bara koma þessu á framfæri. Ég get því miður ekki sagt alveg hárnákvæmlega frá þessum skattaútreikningi en ég kynntist þessu mjög vel hjá norrænum stúdenti sem hér býr og reyndi að fá sams konar þjónustu hér að þetta yrði dregið frá skatti en það gekk að sjálfsögðu ekki.

Ég vil hins vegar minnast á eitt sem minnir mig nú dálítið á þá vini mína í Sovét austur þegar verið er að tala um að menn skuli huga að því hvernig framtíðin arti sig og velja sér námsefni eftir því. Sú var tíðin að allar kerlingar í Sovétríkjunum voru reknar í læknis-

fræði sem varð auðvitað til þess að þar hrundu síðan laun lækna niður í ekki neitt. En þvílík hugmyndafræði, svo öllu gríni sé nú sleppt, að menn hugsi í peningum þegar þeir ákveða hvað þeir ætla að læra. Ja, ég er hrædd um að ef margir hefðu hugsað þannig gegnum tíðina þá væri ástandið í heiminum einkennilegt. Það kynni að vera að menn hefðu þá ekki verið að potast yfir einhverjum undarlegum spekúlasjónum sem urðu síðan að merkum uppgötvunum sem við öll njótum góðs af, og leið oft langur tími frá því að slíkt var sett á prent og þangað til það kom í brúk. Nægir að nefna bók sem ég man nú því miður ekki hvað heitir, sem skrifuð var um skammtafræði einhvern tímann fyrir síðustu aldamót. Og einhvern tímann sá ég það einhvers staðar að 13 menn í Bretlandi hefðu verið taldir hafa lesið þessa bók. En þau fræði sem þar voru eru nú einu sinni undirstaða allrar tölvufræði í heiminum þannig að sennilega var það ekki alveg vitlaust að skrifa það ágæta rit. Ég vona því að menn haldi áfram þrátt fyrir þessa hugmyndafræði hv. 3. þm. Reykn. að fara í æðri stæðrfræði, málvísindi, í fornleifafræði og hvað annað sem ekki er þekkt af því að gera menn ríka.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að það er erfitt að fara á þessari stundu út í mikla umræðu um skattamál og samanburð á þeim hér á landi og öðrum Norðurlöndum. Við fáum sjálfsagt tækifæri til að gera það síðar annaðhvort hér í þingsalnum eða einhvers staðar annars staðar. En ég vil einungis benda á það að skattkerfin þar og hér eru um margt ólík og ég held að yfirleitt séu menn sammála því að skattar þar séu töluvert hærri en þeir eru hér á landi.

Varðandi þá hugmyndafræði sem hv. þm. gerir mér upp í sambandi við peningamál þá sagði ég hvergi í minni ræðu að menn ættu að velja sér nám eftir því hvort þeir ætluðu að verða ríkir eða ekki. Þeir verða hins vegar að gera sér grein fyrir því hvaða möguleika þeir eigi í framtíðinni miðað við það nám sem þeir velja sér. Það er tvennt ólíkt. (**GHelg:** Nei.) Það getur bæði verið í efnalegum og huglægum skilningi. Ef svo er ekki þá leggur hv. þm. Guðrún Helgadóttir meira upp úr peningum en ég geri.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fór fyrir mér eins og hv. 14. þm. Reykv. að mér þótti sú hugmyndafræði sem birtist í ræðu hv. þm. Árna Mathiesens alveg dæmalaus og fer ég þá að skilja betur hvernig þetta frv. er úr garði gert þar sem hann, ef ég man rétt, var í nefndinni sem samdi þetta frv.

Ég verð að benda hv. þm. á það að ef einstaklingar eiga eingöngu að velja sér nám eftir því hvernig þeirra staða verður eftir nám og íhuga eingöngu úr frá stöðunni eins og hún er í dag þá verður engin framþróun í þjóðfélaginu. Fólk verður að fara í mjög fjölbreytt nám. Það er ekki hægt að hugsa sér það að við mismunum fólki eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem við höfum verið að ræða hér, því það er óneitanlega þannig að þó að fólk velji sér fag sem það vill gjarnan vinna að, ég tók sem dæmi hjúkrunarfræðinga og kennara, þetta eru stéttir sem nauðsynlegt er að hafa í þjóðfélaginu. Við þurfum líka að hafa ýmiss konar fræðimenn, við þurfum að hafa fólk sem vill stunda rannsóknir en við megum ekki skapa því þannig aðstæður að það sé ógjörningur að fólk geti hugsað sér að fara í þetta. Því þó að fólk hugsi yfirleitt um fleira heldur en peninga þá er það nú einu sinni þannig að maður lifir ekki einungis á fræðunum, maður verður líka að borða og hafa þak yfir höfuðið. Og ef við gerum aðstæður námsmanna með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir og eins og fram kom í máli hv. þm. þá erum við í raun að beina öllum í það nám sem gefur mest í aðra hönd núna. En það er ekki þar með sagt að svo verði í framtíðinni. Áherslurnar breytast mjög.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Það hefur verið þannig á undanförnum árum að það hefur verið þjóðarsátt um heilbrigðismál, það hefur verið þjóðarsátt um tryggingamál, það hefur verið þjóðarsátt um kjör elli- og örorkulífeyrisþega, það hefur verið þjóðarsátt um grunnskólann og það hefur verið þjóðarsátt um Háskólann. Það hefur líka verið þjóðarsátt um Lánasjóð ísl. námsmanna.

En núna, hjá þessari ríkisstjórn, þá stendur til í raun og veru að rjúfa alla þessa sáttmála sem í gildi hafa verið hjá þjóðinni. Og öll þessi skemmdarverk, sem ég vil kalla svo, eru réttlætt með því að erfiðleikarnir sem fram undan eru séu svo gríðarlega miklir að þjóðin hafi í raun og veru aldrei staðið frammi fyrir öðru eins. Ekki hafi nokkur ríkisstjórn þurft að takast á við annað eins. Og þegar betur er að gáð þá er lyfjaskatturinn, sjúklingaskatturinn, skatturinn á elli- og örorkulífeyrisþegana, skatturinn á námsmennina og núna enn frekari skattlagning á námsmenn með þessum breytingum á lögum um lánasjóðinn, allt er þetta réttlætt með því að erfiðleikarnir séu svo svakalegir að menn hafi aldrei horfst í augu við annað eins.

Þegar menn hins vegar fara að bera saman námslánakerfið hér á landi og í öðrum löndum þá finnst mér það í raun vera fánýtur samanburður vegna þess að menn eru aldrei með nema lítinn hluta af þeirri mynd sem hægt er að bera saman vegna þess að aðstæðurnar í hverju landi fyrir sig eru svo gjörsamlega ólíkar og menn verða fyrst og fremst auðvitað að horfa á það fyrirkomulag sem er í hverju landi.

Ég er ekki í nokkrum einasta vafa um að námslánakerfið á Íslandi eins og það er núna og hefur verið frá árinu 1982 er sennilega eitt það besta í heiminum. En er það nú svo svakalegt þó við Íslendingar séum kannski fremstir á einhverjum sviðum? Að menn þurfi að hafa það sem markmið með stjórnarsamstarfi og að einstakir flokkar skuli hafa það beinlínis á stefnuskrá sinni að koma hlutunum þannig fyrir að setja okkur aftar á þann lista heldur en við erum í dag.

Hv. þm. Árni Mathiesen kom inn á það áðan að við byggjum nú við allt aðrar aðstæður en við hefðum búið

við 1982 og þess vegna væri kominn tími til að breyta þessu fyrirkomulagi. Það er bara alrangt. Við búum í dag við heldur betri og mun betri aðstæður en við bjuggum við þá og því alls ekki nokkur ástæða til að breyta því fyrirkomulagi sem nú er. Og að ætla að koma hlutunum þannig fyrir í þessu kerfi að það sé verið að beina námsmönnum á ákveðnar brautir í Háskólanum til þess að velja fög sem teljast hagnýt í dag, á morgun geta verið allt aðrar aðstæður uppi — ég get nú sem betur fer ekki lesið það út úr þessu frv. að það sé kannski beinlínis meiningin en það er auðvitað (**KE:** Það er hugmyndafræðin að baki.) já, kannski hugmyndafræðin að baki. E.t.v. væri hagnýtast fyrir forsrh. í dag að fara í fornleifafræði en áður en hann tók við sem forsrh. þá hefði kannski verið miklu hagnýtara fyrir hann að fara í verkfræði, einfaldlega vegna þess að þá hefði hann getað lagt eitthvert mat á þessar kostnaðaráætlanir sem hann hafði frumkvæði að leggja fyrir borgarstjórn varðandi ráðhús og Perlu. Þannig að það sem getur verið hagnýtt í dag, og það fyrir hvern einstakling, getur verið allt annað á morgun. Ég held því að menn eigi að varast það að fara inn á slíkar brautir með lagasetningu a.m.k.

En það sem hérna er að gerast er að mínu viti það að sá samningur sem verið hefur gildi frá árinu 1982 — og var samningur milli námsmanna, milli Alþingis og milli ríkisstjórnar, og það eru þessi lög sem núna eru í gildi um lánasjóðinn — nú ætlar Sjálfstfl. með aðstoð Alþfl. að hafa frumkvæði að því að rifta þessu samkomulagi.

Forsrh. taldi það óskaplegt af hálfu fyrri ríkisstjórnar að kjarasamningi sem gerður var við BHMR skyldi breytt. Í raun og veru var sá samningur mjög svipaður og þau lög sem núna eru í gildi um lánasjóðinn og samkomulag var um á þeim tíma. Námsmenn hafa boðið upp á viðræður um það að gera vissar breytingar á því fyrirkomulagi sem núna er. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki þegið það og komið fram með alveg einstæðum hætti við námsmenn í þessum efnum. En lögin frá 1982 höfðu þetta að meginmarkmiði:

Í fyrsta lagi að jafna aðstöðu manna til náms.

Í öðru lagi að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur.

Í þriðja lagi að ekki væru vextir á námslánunum, þar sem um alveg sérstök lán væri að ræða.

Í fjórða lagi að endurgreiðslur námslánanna að námi loknu skyldu vera tekjutengdar.

Í fimmta lagi, sem mikið var unnið að á síðustu dögum þingsins í maí 1982, að tryggja að endurheimt hlutfall lánanna yrði sem allra hæst.

En það sem hér er gert er að öllum þessum meginmarkmiðum, sem menn voru sammála um á sínum tíma að stefna bæri að með lögum um námslán og námsstyrki, er nú kollvarpað. Menn geta auðvitað sagt, það er ekki rétt, vegna þess að það eru hlutir í þessu frv. sem núna liggur fyrir eins og tekjutenging lánanna sem er gert ráð fyrir að áfram verði, en menn verða einfaldlega að horfa á öll þessi fimm meginatriði í mjög miklu samhengi. Það er ekki hægt að taka einn þáttinn út og segja: Þessu skulum við breyta en láta aðra hluti ganga fyrir sig þannig að þeir séu skildir eftir.

Ég hef það á tilfinningunni að tekjutengingin sé inn í þetta frv. komin fyrir tilstuðlan Alþfl. af þeirri ástæðu að Alþfl. vildi að námslán yrðu tekjutengd. Ég tek undir það sjónarmið og mér finnst það vera grundvallaratriði að endurgreiðsla námslánanna sé tekjutengd. En hvernig er farið að? Það er þannig staðið að að í raun og veru verður það ekki fyrir nokkurn einasta mann að endurgreiða þessi lán með þeim kjörum sem þarna eru sett á: 4% af útsvarsstofni tekna fyrstu árin og síðan 8%. Þetta þýðir auðvitað það að þetta kallar í framtíðinni á auknar kröfur um bætt kjör á almennum vinnumarkaði og auðvitað hjá ríkisstarfsmönnum einnig. Með þessu frv. eru menn því að skapa gríðarlegan framtíðarvanda og er nú lítill munur á því hvort menn eru að skapa fortíðarvanda sem fornleifafræðingarnir þurfa að rannsaka eða hvort menn ætla að skapa vanda fyrir framtíðina, einhvers konar framtíðarvanda og þá kemur auðvitað að því að verði forsrh. áfram í stjórnmálum, þá hefði verið betra fyrir hann að fara í heimspeki. Þannig að það er nú ekki allt sem sýnist í þessum efnum.

Sjálfstfl. stóð að lögunum árið 1982. Hann gerði það hins vegar með hangandi hendi og allan þann tíma er sjálfstæðismenn hafa verið í ríkisstjórn og farið með menntmrn. hafa þeir ítrekað reynt að fá þessum lögum breytt. Það hefur hins vegar ekki tekist af þeirri ástæðu að lengst af frá 1982 hafa framsóknarmenn verið með sjálfstæðismönnum í þeim ríkisstjórnum og komið í veg fyrir það að lögunum yrði breytt. Nú ber hins vegar annað við þar sem Alþfl. er það ístöðulítill flokkur að það mun verða gengið yfir þá í þessu máli eins og öllum öðrum sem hér koma inn í þingið. Auðvitað gerir maður sér grein fyrir því að þetta lagafrv. mun verða hér að lögum þrátt fyrir andstöðu stjórnarandstöðunnar, en það mun þá líka verða gert með tilstyrk Alþfl.

En af því að Sjálfstfl. hefur ekki tekist að fá þessum lögum breytt þá hafa þeir beitt reglugerðarvaldi ráðherra mjög gróft í öll þau skipti sem þeir hafa haft tök á, sjálfstæðismenn sem menntamálaráðherrar, með eilífum skerðingum og hringlandahætti á framfærslugrunni námsmanna sem hefur náttúrlega oft á tíðum sett námsmenn og heilu fjölskyldurnar í gríðarlega erfiðleika af þeirri ástæðu að það er útilokað fyrir námsmenn að búa við slíkar aðstæður að vita ekki, þegar þeir hefja nám og eru að skipuleggja sitt lífshlaup næstu fjögur til sex árin, hvað fram undan er.

Vandamál lánasjóðsins í dag eru ekki til komin vegna þess að lögin séu svo óskaplega slæm. Vandamálin eru til komin vegna þess að ríkisstjórnir, og alveg sama hvaða ríkisstjórn það er síðan 1982 — og mér fannst það ekki maklegt af hv. þm. Árna Mathiesen hér áðan að kenna Svavari Gestssyni, þáv. menntmrh., um það einum. Við framsóknarmenn berum auðvitað ábyrgð á því eins og aðrir þeir flokkar sem verið hafa í ríkisstjórn á þessum tíma — að framfærslu lánasjóðsins hefur verið haldið gangandi með vaxandi lántöku fyrir sjóðinn oft á tíðum með háum

vöxtum en lánin sem hafa verið að skila sér inn hafa verið vaxtalaus, þannig að nú eru lántökur sjóðsins orðnar allt upp í 55%.

Eitt af þeim markmiðum sem ríkisstjórn, Alþingi og námsmenn í sameiningu settu sér þegar þetta lagafrv., sem nú eru lögin í dag frá 1982, var samið, var að endurheimt hlutfall lánanna yrði um 95%. Staðreyndin er hins vegar sú að það hefur ekki gengið eftir og endurheimtuhlutfallið er sennilega einhvers staðar á bilinu 85–90%. Námsmenn hafa komið sjálfir fram með tillögur um það að bæta þarna úr og ég veit að menntmrh. hefur fengið þær í hendur. Ég hygg að allflestir, ef ekki allir, séu tilbúnir til þess að skoða þennan þátt málsins og að mínu viti er þetta reyndar það eina sem þarf að taka til skoðunar í núgildandi lögum, þ.e. hvernig hægt sé að tryggja að endurheimtan sé sem allra hæst. Sú leið sem núna er valin með þessu frv. er að mínu viti alveg kolröng leið vegna þess að það er ekki farið inn á endurheimtuna að öðru leyti en því að það er verið að gera þeim sem þurfa á aðstoð sjóðsins að halda og eiga að endurgreiða lánin, gjörsamlega ókleift að greiða þau. Þannig að þarna er nú einhver millileið til sem ég veit að hæstv. menntmrh. er auðvitað tilbúinn að skoða og mun beita sér fyrir að nefndin skoði.

Ég kastaði fram þeirri hugmynd hér í umræðu utan dagskrár um lánasjóðinn í byrjun nóvember hvort ekki væri rétt að tvískipta þessum endurgreiðslum við sjóðinn. T.d. með þeim hætti að fyrstu 25 ár endurgreiðslutímans væri endurgreiðslan tekjutengd. Staðreyndin er sú að meginþorri námsmanna mun á þessum 25 árum vera búinn að greiða upp sín lán. Það verður einhver hópur, ég þori ekki að segja til um hvað hann er stór nákvæmlega í prósentum, þó gæti ég haldið að það væru innan við 20% námsmanna sem skulduðu verulegar upphæðir við sjóðinn eftir 25 ár. Þá yrði sú skuld við þá námsmenn sem ekki hefðu greitt upp að fullu gjaldfellda og breytt um fyrirkomulag þannig að tekið yrði upp svokallað jafngreiðslulán. Með þessu er hægt að tryggja 100% endurheimtu til sjóðsins á þeim fjármunum sem lánaðir eru út, ef menn reikna það bara út á föstu verðlagi. Auðvitað hefur þessi leið líka ákveðna erfiðleika í för með sér, ég geri mér alveg grein fyrir því. Það má einnig hugsa sér það að skipta endurgreiðslunni þannig — og því held ég að menntmrh. hafi kastað fram í umræðunni í gær — að þeir sem hafa hærri tekjur greiði hærri prósentu. Námsmennirnir hafa verið með þessa hugmynd líka. Mér finnst rétt að skoða hana.

En það er eitt sem er að mínu viti grundvallaratriði í þessu, sérstaklega ef menn líta nú á að vaxtaleysi lánanna sé framlag ríkisins til menntunar í landinu, ef menn vilja hafa þau sjónarmið að leiðarljósi, þá sé eðlilegt að þeir sem ekki koma heim að afloknu námi endurgreiði sín lán með vöxtum, og það ekki með 3% vöxtum heldur markaðsvöxtum. Það mætti líka hugsa sér það að þessir aðilar greiddu sín lán á skemmri tíma en þeir námsmenn sem ljúka hér námi, fara erlendis, koma heim og afla sér tekna hér heima.

Þessar hugrenningar mínar bið ég nú hæstv. menntmrh. að velta fyrir sér a.m.k., ekki veit ég hvort hann er tilbúinn til þess að gangast inn á þær, en ég held að ef þessi leið væri farin þá væri hægt að koma í veg fyrir það vandamál sem sjóðurinn býr við sem er endurheimtan og þyrfti í raun og veru ekki öðru að breyta í núgildandi lögum og um það gæti skapast að mínu viti mjög víðtæk samstaða.

En þetta frv. sem hérna liggur fyrir mun að mínu viti mismuna námsmönnum í fyrsta lagi. Það mun leiða til misnotkunar á fé lánasjóðsins sem ég tel vera mjög alvarlegt og stjórn sjóðsins og ríkisstjórn hefur held ég ekki gert sér grein fyrir því, ef þessi leið verður farin, að hugsanlega mun útlánaþörf lánasjóðsins aukast í framtíðinni langt umfram það sem hún er í dag ef menn falla frá öllum þeim reglum sem í gildi eru um þær takmarkanir sem námsmenn verða að búa við til að geta fengið lán úr sjóðnum.

Frv., ef það verður að lögum, mun leiða til óbærilegrar greiðslubyrði fyrir þá sem að námi loknu þurfa að greiða lánin. Það dregur úr stuðningi við menntun í landinu og það er reyndar viðurkennt í þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Og í fimmta lagi þá kemur það kannski ekki í veg fyrir að menn stundi verknám eða setjist í skóla og afli sér menntunar á sviði verknáms, en það mun a.m.k. verulega draga úr áhuga manna fyrir verknámi vegna þess að nú er því ýtt út úr lögunum.

En þegar ég set þessar fullyrðingar fram þá ætla ég örlítið að fá að rökstyðja þær. Nú geri ég mér grein fyrir því að ég er að falla á tíma, en ég á örstutt eftir af minni ræðu þannig að ég ætla aðeins að fá að rökstyðja þessar fullyrðingar og spyrja þá menntmrh. um leið: Eru þær hugmyndir uppi að falla frá öllum takmörkunum á útlánum hjá sjóðnum, þ.e. að hætta að taka tillit til aðstæðna námsmanna, hætta að taka tillit til tekna og hætta að taka tillit til hvar þeir búa og þar fram eftir götunum og láta vextina eina stjórna því hvort menn sækja í lánin eða ekki og harðar endurgreiðslur? Gerist þetta, hæstv. menntmrh., þá mun það leiða til þess að allir námsmenn munu auðvitað sækja um lán í lánasjóðnum vegna þess að vextirnir sem eru á lánunum eru náttúrlega engir raunvextir, það eru lágir vextir. Menn munu fara að fjárfesta í skuldabréfum og öðru slíku, afla sér þannig tekna og greiða síðan þegar að því kemur það til baka sem þeir eiga að greiða en hafa þá átt verulegar innstæður og aflað sér þannig raunverulega tekna. Þetta er mjög varasamt og ég sé reyndar hvergi í frv. að það sé skýrt að það eigi að halda áfram þessum takmörkunum sem verið hafa. Það er viðurkennt í frv. að greiðslubyrði muni aukast alveg ótrúlega mikið og eins og ég sagði áðan er alveg klárt mál að þessi hækkun á greiðslubyrði eða þynging á greiðslubyrði mun þegar fram líða stundir skapa framtíðarvanda þannig að það mun kalla á auknar kjarabætur. Það er líka viðurkennt í frv. að það dregur úr stuðningi við menntun og það er dálítið mikilvægt að það sé viðurkennt, að mér finnst, að vaxtaleysi námslánanna í dag sé framlag ríkisvaldsins til menntunar í landinu og þess vegna er ég, og vil ítreka það, algjörlega mótfallinn því að vextir — hvort sem

það væru 0,01% eða 10% eða hvaða vextir sem væru sem ákveðnir yrðu — verði settir á námslán vegna þess að þetta er grundvallaratriði. Vextir eiga ekki að vera á þessum lánum. Vaxtaleysið er framlag ríkisvaldsins til menntunar í landinu og við vitum það að komi vextir á þessi lán í eitt skipti þá mun það verða tilhneiging ríkisstjórnar, hvort sem það er ríkisstjórn Sjálfstfl. eða hvaða flokks sem það er, að vextirnir munu verða smátt og smátt hækkaðir. Það er sú leið sem núna er verið að fikra sig inn á.

Í lokin vil ég bera fram nokkrar spurningar við hæstv. menntmrh.:

1. Getur menntmrh. hugsað sér aðra leið en þá sem er í frv. en nær sama markmiði, þ.e. varðandi endurgreiðslurnar?

2. Hver er ástæðan fyrir því að verkmenntunin í raun og veru er felld út úr frv.?

3. Eru einhverjar takmarkanir fyrirhugaðar á útgreiðslum til námsmanna sem komi til með að skerða framfærslu þeirra? Auðvitað er þetta tvennt sem kemur til greina til að draga úr fjárþörf sjóðsins. Það er í fyrsta lagi að takmarka útlánin úr sjóðnum með breytingu á framfærslugrunninum sem er reglugerðarákvæði en ekki lagaákvæði, eða hitt að herða endurgreiðslur svo þær geti staðið undir þessum miklu útgreiðslum.

4. Það á að sameina skuldabréfin í eitt skuldabréf þegar upp er staðið og skuldbreytingin fer fram. Gera menn sér grein fyrir því að námsmaður á námstíma hefur kannski fengið fleiri, fleiri aðila til að skrifa upp á þessi skuldabréf, lágar upphæðir í hvert sinn, 100–200 þús., eitthvað slíkt, en svo þegar uppgjörið liggur fyrir þá er kannski lán upp á 2–3 millj. kr.? Er hægt að fá einhvern aðila til að skrifa upp á slíkt bréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili? Hafa menn velt því fyrir sér til hvers þetta leiðir? Ég held ekki.

5. Til hvers eru skuldabréfalánin ætluð sem þarna er verið að tala um? Því er lýst að þau eigi að vera á sömu kjörum og lán úr banka. Af hverju ekki að nýta bankakerfið í þessum efnum? Ef menn ætla hins vegar að koma upp einhverjum takmörkunum, að menn geti ekki fengið lán úr lánasjóðnum eftir ákveðinn tíma, eftir ákveðinn árafjölda, þá væri eðlilegt að hafa slíka möguleika hjá sjóðnum að lána út á öðrum kjörum að þeim tíma loknum. En ég skildi ekki af lestri frv. til hvers í raun og veru þetta ákvæði er komið þarna inn.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ferð forsætisráðherra til Ísraels.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Frásagnir hafa borist af því að hæstv. forsrh. sé á förum til Ísraels í opinbera heimsókn. Nú vil ég ekki hefta ferðafrelsi hæstv. forsrh. Vissulega er að því sjónarsviptir ef hann yfirgefur landið um sinn en ekki er hann ómissandi hér heima. En það er ákvörðunarstaðurinn sem ég vil gera athugasemd við. Ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. hafi borist mörg boð frá öðrum þjóðum um að koma í opinberar heimsóknir og margar þjóðir hljóta að standa málþola eftir því að fá að fagna svo tignum gesti. Það er forgangsröð þessara heimsókna sem vekur athygli mína. Nú hef ég í sjálfu sér ekkert á móti ísraelsku þjóðinni, það ber ekki að skilja orð mín svo, hún er mikillar virðingar verð. Íslendingar studdu ríkisstofnun Ísraelsmanna á sínum tíma. En framkoma ríkisstjórnar Shamirs við Palestínumenn á hernumdu svæðunum er tvímælalaust mjög ámælisverð. Íslendingar hafa í seinni tíð reynt að leggja undirokuðum þjóðum lið þar sem þeir hafa haft tækifæri til og stutt frelsisbaráttu þeirra og tekist að hafa heilladrjúg áhrif á alþjóðavettvangi. Íslendingar hafa öðlast virðingu annarra þjóða fyrir þetta.

Val hæstv. forsrh. á gestgjöfum og gistilandi er ekki í samræmi við þá utanríkisstefnu sem Íslendingar hafa fylgt í seinni tíð og því spyr ég hæstv. forsrh.: Hefur ríkisstjórn Íslands breytt um utanríkisstefnu? Ber að skilja heimsókn hæstv. forsrh. til Ísraels svo að ríkisstjórn Íslands sé hætt að styðja frelsisbaráttu undirokaðra þjóða?

Þá er rétt að íhuga hvaða áhrif heimsókn hæstv. forsrh. kynni að hafa á stjórnvöld í Ísrael. Undanfarna mánuði hafa þjóðir heims og þó einkum Bandaríkjamenn reynt að þröngva Ísraelsmönnum að samningaborði í því skyni að fá þá til samninga við Palestínumenn. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að líta svo á að heimsókn hæstv. forsrh. til Ísraels sé viðurkenning íslensku ríkisstjórnarinnar á að stefna ísraelsku ríkisstjórnarinnar hafi verið rétt, þ.e. að þrjóskast við að taka upp samninga og ég tel mikla hættu á að hún verði til þess að þeim aukist þvermóðska fremur en hitt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Allt frá stofnun Ísraelsríkis hafa samskipti Íslands og Ísraels verið mjög góð, töluvert mikil og jákvæð. Hingað hafa komið fulltrúar Ísraels, bæði Davíð Ben Gurion og Golda Meir. Ásgeir Ásgeirsson heimsótti Ísrael, svo og Bjarni Benediktsson.

Stefna Íslands í ágreiningsmálum Ísraelsmanna og araba hefur verið skýr um langa hríð og þess verið gætt að reyna að taka tillit til réttmætra hagsmuna beggja deiluaðila. Um leið hefur viðurkenning Íslendinga á tilverurétti Ísraels verið óhagganleg og fulltrúar Íslands jafnan tekið fram að sérhver lausn þeirra mála sem þarna er deilt um verði að fela í sér að öryggi ísraelsku þjóðarinnar sé tryggt.

Íslendingar hafa stutt helstu ályktanir Sameinuðu þjóðanna um lausn mála, svo sem ályktun nr. 242/1967 og 338/1973. Þar er afstaða íslenskra stjórnvalda til aðalatriða málsins skýr og á hvaða grundvelli eigi að byggja friðarviðræður. Þessi stefna er í samræmi við stefnu yfirgnæfandi meiri hluta ríkja hinna Sameinuðu þjóða. Í henni hefur ekki falist viðurkenning á yfirráðarétti Ísraels á neinum hluta hernumdu svæðanna og

á þeirri stefnu hefur engin breyting orðið. Það sést ekki síst á því að Ísland er meðflytjandi að tillögu í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um landnám Ísraelsmanna á hernumdum svæðum og réttindi Palestínumanna í samræmi við Genfarsáttmálann. Í þeirri tillögu er litið þannig á að um hernumið svæði sé að ræða og beinlínis tekið fram að hernámið *nái til allra* hinna hernumdu svæða. Það er því fráleitt að halda því fram að heimsókn forsrh. Íslands til Ísraels feli í sér viðurkenningu á stefnu eða yfirráðarétti Ísraelsmanna á hernumdum svæðum. Það er hins vegar alveg ljóst að öll þessi mál þarf að nálgast sem pólitísk vandamál þegar lausn þeirra nær loksins fram.

Það má endalaust deila um hver sé hin eina og rétta túlkun á þessum ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og um þá túlkun hefur verið mikið deilt. Almennt hefur þó verið litið svo á að kjarni þeirra ályktana snúist um það sem nefnt er land fyrir frið en í raun er jafnframt deilt um það hvað í því hugtaki felist. Það má einnig deila um það hvort og þá hvernig Palestínumenn geti viðurkennt í reynd tilverurétt Ísraelsríkis.

Meginatriði í stefnu okkar Íslendinga hefur verið það að úr þessum málum verði að skera í samningaviðræðum deiluaðila og slíkar viðræður eru hafnar og er það meginbreyting. Það er rétt að vekja athygli á því að síðasta ríkisstjórn, sem málshefjandi studdi, samþykkti að utanrrh. páv. og núv. færi í heimsókn til Ísraels í janúar 1990 þó að þeirri heimsókn hafi verið frestað vegna stjórnarkreppu sem brast á í Ísrael. Jafnframt var samþykkt í ríkisstjórn þeirri að Steingrímur Hermannsson ætti viðræður við Yasser Arafat í höfuðstöðvum hans í Túnis, en slíkt hefur enginn forsætisráðherra *á Vesturlöndum gert hvorki fyrr né síðar.*

Á síðustu mánuðum hafa forsætisráðherrar Ungverjalands, Spánar, innanríkisráðherra Danmerkur og utanríkisráðherra Ítalíu verið í opinberum heimsóknum í Ísrael.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Eins og sá þingmaður sem hóf þessa umræðu hlýt ég að lýsa yfir furðu minni á vali hæstv. forsrh. á gestgjöfum og eins á tímasetningu þessarar heimsóknar hans til Ísraels. Ég get heldur ekki látið hjá líða að tengja saman ferð forsrh. til Ísraels til að heimsækja hinn víðfræga Shamir og þá samþykkt ríkisstjórnarinnar sem ég held að hafi verið gerð í gær að afnema viðskiptabann á Suður-Afríku. Hvort tveggja finnst mér bera utanríkisstefnu þessarar ríkisstjórnar afskaplega dapurt vitni. Í báðum tilvikum er um að ræða ríki sem byggjast á aðskilnaði kynþátta og það er verið að heiðra þessi ríki, Ísrael í þessu tilviki, og verið að milda afstöðuna til Suður-Afríku. Í rauninni finnst mér heimsóknin sýnu verri vegna þess að við höfum séð jákvæða þróun vera að gerast í Suður-Afríku og hún hefur ekki síst gerst vegna viðskiptabannsins þó enn vanti talsvert upp á. Í Ísrael hins vegar er mannúð ekki hátt skrifuð og öll samfélagsgerð þar er gegnsýrð af kynþáttaaðskilnaði og þá á ég bæði við félagslega og lagalega.

Það stakk mig í svari hæstv. forsrh. áðan að hann talaði um að það væri mikilvægt að öryggi ísraelsku þjóðarinnar væri tryggt. Hver er hin ísraelska þjóð? Ísrael er nefnilega ekki þjóðríki, lýðræðislegt þjóðríki í hefðbundnum skilningi, því þetta er ríki gyðinga og þar kemur aðskilnaðurinn inn. Það er grundvallaratriði í þessu máli. Þegar hæstv. forsrh. talar um hina ísraelsku þjóð, *um hverja er hann þá að tala? Er hann að* tala um fólkið sem byggir þetta land, og þá væntanlega líka Palestínuaraba, eða á hann við gyðingana sem byggja hið gyðinglega ríki?

Hann sagði líka að hann viðurkenndi ekki og það fælist ekki í þessu nein viðurkenning á yfirtöku Ísraels á herteknum svæðum. Mér skilst að hæstv. forsrh. ætli að hitta Shamir í Jerúsalem og Jerúsalem er hernumin borg. Samkvæmt samþykktum Sameinuðu þjóðanna frá 1947 þá á Jerúsalem að vera alþjóðleg borg sem Ísraelsmenn eða hersveitir zíonista hertóku. Mér finnst felast bara í þessu, ef rétt er og nú spyr ég forsrh., ef rétt er þá finnst mér felast í þessu ögrun.

Að lokum vil ég spyrja: Ætlar hann að hitta friðarhreyfingar? Ætlar hann að hitta frammámenn PLO? Ætlar hann að skoða herteknu svæðin og þá undir leiðsögn þeirra sem þar stjórna? Hver er meiningin með þessari ferð?

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er sannarlega tilefni til að ræða þessa fyrirhuguðu heimsókn hæstv. forsrh. Alþingi hefur lýst vilja sínum varðandi deilur Ísraels og Palestínumanna. Það var gert með þingsályktun sem ég held að hafi verið samþykkt samhljóða hér á Alþingi í maí 1989. Í þeirri ályktun segir m.a., með leyfi *virðulegs forseta:*

„Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við frelsissamtök Palestínu, PLO."

Ég spyr: Ætlar hæstv. forsh. að fylgja eftir þessum vilja Alþingis í ferð sinni fyrir botn Miðjarðarhafsins m.a. með því að hafa vinsamleg samskipti við málsvara palestínsku þjóðarinnar, PLO, í tengslum við þessa heimsókn og að gefa yfirlýsingar sem felast í viljayfirlýsingu Alþingis frá vorinu 1989?

Ég vil líka spyrja um það hvort hæstv. forsrh. hafi kynnt sér samantekt Amnesty International á mannréttindamálum í Ísrael. Ég hef hér undir höndum yfirlit fyrir árið 1990 sem dregur fram skelfilega mynd af stöðu þeirra mála eins og haldið er á þeim af forráðamönnum Ísraelsríkis. Þar segir m.a.:

Um 25.000 Palestínumenn, þar á meðal samviskufangar, hafa verið handteknir á þessu tímabili vegna uppreisnar borgara á hinum herteknu svæðum, „Intifatha". Yfir 4.000 manns voru hafðir í fangelsi á þessu tímabili án ákæru og þúsundir annarra voru dæmdir af herdómstólum og í lok ársins voru enn 13.000 manns í fangelsum þar í landi án þess að mál

þeirra hefðu verið meðhöndluð af réttum dómstólum.

Er tilefni til þess fyrir forsrh. Íslands að lýsa blessun sinni yfir þetta með því að fara í opinbera heimsókn til þessa ríkis? Ég tel það ekki við hæfi og ég vil mótmæla þessari fyrirhuguðu heimsókn forsrh. Íslands eins og hún hefur verið kynnt fram til þessa.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og taka undir þau orð sem fyrri ræðumenn hafa hér látið falla. Ég lýsi undrun minni og hneykslan á þessari opinberu heimsókn hæstv. forsrh. og mótmæli því hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Án nokkurs samráðs við Alþingi, utanrmn. eða aðra aðila og án þess að með nokkrum hætti sé gerð grein fyrir fyrirvörum af hálfu hæstv. forsrh. berst sú frétt að hann hafi ákveðið að fara í þessa opinberu heimsókn til Ísraels. Ástandinu þar hefur verið ágætlega lýst og mætti reyndar lengi bæta við þá dapurlegu mynd.

Ég vil taka undir þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram til hæstv. forsrh.: Hvaða pólitískt mat liggur á bak við þessa heimsókn? Hvaða pólitíska merkingu ber að leggja í þessa ákvörðun hæstv. forsrh.? Það er að sjálfsögðu hægt að ræða tæknilega fram og til baka um þetta mál, með hvernig flugvél hæstv. forsrh. ætli að fara o.s.frv., en það er ekki mergurinn málsins. Það snýst um pólitíska þýðingu þessarar heimsóknar. Það er vitað að Ísraelsstjórn hefur vegna óhæfuverka sinna verið að einangrast mjög á alþjóðavettvangi undanfarin ár og þeir hafa sótt eftir því að fá menn til að heimsækja sig til þess að reyna að sporna gegn þessari ásýnd vaxandi einangrunar í alþjóðastjórnmálum.

Að lokum vil ég spyrja formann Sjálfstfl. hvaða merkingu Íslandsmenn eigi að leggja í þau sérstöku stjórnmálatengsl sem augljóslega eru orðin milli Sjálfstfl. uppi á Íslandi eftir endurteknar, sem nú verða, heimsóknir formanna hans til harðstjórnarinnar í Ísrael.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. líkti opinberri heimsókn sinni til Ísraels við þá óopinberu heimsókn sem ég gerði til Arafats í Túnis. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þarna sé um mjög ólíkt að ræða. Í opinberri heimsókn felst viss viðurkenning og stuðningur við viðkomandi ríki. Það er um allt annað mál að ræða. Ég hefði ekki treyst mér, ég vil láta það koma hér fram, til að fara í opinbera heimsókn til Arafats. Ég hefði talið það óviðeigandi, jafnvel þrátt fyrir yfirlýsingu Alþingis um góðan vilja til palestínsku þjóðarinnar. En ég tel að þarna sé um slíkar deilur að ræða og yfirgang og þó hann sé jafnvel enn opinberari af hálfu Ísraelsmanna en Palestínumanna þá hygg ég að hann sé nokkuð á báða bóga. Ég tel því þessa heimsókn afar vafasama eins og nú er ástatt.

Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að við styðjum vitanlega Ísraelsmenn eins og við höfum ætíð gert í viðleitni þeirra til að tryggja sitt öryggi og sína framtíð. En við hljótum að áfellast þá mjög fyrir þann hrottaskap sem þeir hafa óumdeilanlega sýnt undirokaðri þjóð Palestínumanna. Það eru fjölmörg vitni að því og staðfestingar á því að það hljótum við að gagnrýna mjög. Mér sýnist að opinber heimsókn við þessar aðstæður sé vægast sagt afar vafasöm.

Ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann muni í þessari heimsókn leggja áherslu á það grundvallaratriði í utanríkisstefnu okkar Íslendinga að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Það var á þeirri forsendu sem við viðurkenndum sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og Slóvakíu og Króatíu. Er ekki satt að segja komin ástæða til að spyrja hvort ekki beri að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar? Er þar mikill munur á?

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Páli Péturssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Ég lýsi andstöðu minni við það að hæstv. forsrh. skuli fara í opinbera heimsókn til Ísraels, sérstaklega undir þeim kringumstæðum sem þar ríkja nú. Ég tel að með því sé hann með vissum hætti að leggja blessun sína yfir þau óhæfuverk sem Ísraelsmenn hafa unnið og þá ekki síst núna síðustu ár. Þær lýsingar sem mannréttindasamtökin Amnesty International hafa birt í skýrslu sinni um það sem þarna er að gerast eru með þeim hætti að manni verður flökurt af að lesa það sem þar stendur. Palestínumenn eru hnepptir í fangelsi, þeir eru píndir og pyndaðir þannig að augljóst er að mannréttindi eru ekki hátt skrifuð í Ísrael.

Hæstv. forsrh. lagði áherslu á það að Íslendingar hefðu viðurkennt tilverurétt Ísraelsríkis. Það er alveg rétt en Ísland hefur ekki enn viljað viðurkenna tilverurétt Palestínuríkis. Hvers vegna ekki? Telur ekki forsrh. að tími sé kominn til þess að við gerum það?

Ég tel alls ekki við hæfi að forsrh. taki sér ferð á hendur til Ísraels nema þá ef hann með þeirri heimsókn ætlar að lýsa yfir andstöðu Íslendinga við það sem þar er að gerast sem og að leggja áherslu á það að Íslendingar vilji viðurkenna tilverurétt Palestínuríkis sem er í samræmi við ályktun sem samþykkt var hér á Alþingi fyrir nokkrum árum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það felst stjórnmálaleg afstaða í því hvert nýr forsrh. kýs að fara í opinberar heimsóknir. Forsrh. Íslands Davíð Oddsson kaus að fara í sína fyrstu opinberu heimsókn til Noregs. Það var eðlilegt. Hann kýs að fara í hina aðra heimsókn til Ísraels. Það er sérkennilegt og undarlegt. Nema skýringin sé sú að enginn annar hafi boðið honum að koma og hann langi í ferðalag. Ef það er ekki skýringin þá felst í því mjög sérkennileg pólitísk afstaða hjá hinum nýja forsrh. Íslands að velja Ísrael sem land númer tvö.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því, og biðja hann að svara því skýrt hér í þingsalnum: Hefur hann lesið skýrslu Amnesty International frá árinu 1991 um mannréttindabrotin sem eru framkvæmd af herraþjóðinni í Ísrael? Las hæstv. forsrh. þessa skýrslu áður en

hann ákvað að fara í heimsókn til Ísraels? Hann hefur haft hörð orð um mannréttindabrot í Austur-Evrópu, með réttu. Hann hefur haft hörð orð um mannréttindabrot annars staðar í heiminum, með réttu. Hann hefur mér vitanlega aldrei vikið einu orði að mannréttindabrotum í Ísrael. Hefur hann lesið þessa skýrslu? Skýrt svar óskast hér í þingsalnum.

Það er auðvitað líka athyglisvert að núv. hæstv. utanrrh. Íslands kaus að halda ekki áfram þeirri ætlun sinni frá því fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan að fara í opinbera heimsókn til Ísraels.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því eins og hér hefur verið gert og óska skýrra svara: Ætlar hann í heimsókn sinni að stíga fæti sínum á hernumdu svæðin? Já eða nei. Þannig að það komi alveg skýrt fram hér í þingsalnum á Alþingi Íslendinga hvort forsrh. Íslands ætlar að leggja blessun sína ekki bara yfir mannréttindabrotin heldur líka hernumdu svæðin með því að stíga þar fæti sínum.

Það hefði verið skynsamlegra fyrir forsrh. að fresta þessari heimsókn, fara ekki, og sinna þeim vandamálum sem við blasa í íslensku þjóðfélagi. Þau eru ærin, með kjarasamninga í uppnámi og stóran hluta þjóðarinnar í uppreisn gegn aðför ríkisstjórnarinnar að velferðarkerfinu. Þá kýs hæstv. forsrh. Íslands að leggja land undir fót og fara til Ísraels. Það er sérkennilegt *pólitískt mat*.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. seildist langt í ræðu sinni hér í skýringum á þeirri staðreynd að hann hyggst fara í ferð til að heimsækja valdníðslustjórnvöld í Ísrael. Hann vitnaði til eldri tíðar og ég er svo sem ekki að bera blak af þeim íslensku ráðamönnum sem hafa tekið á móti eða farið áður til Ísraels. En ég vil benda á það að hafi einhvern tímann verið ástæða til að hika við það þá er það nú. Þetta hafa flest ríki á Vesturlöndum horfst í augu við nú þegar. Framkoma Ísraelsstjórnar á hernumdu svæðunum er mjög alvarlegt mannréttindabrot og þarna fer ástandið versnandi, ef eitthvað, þrátt fyrir að Ísrael sé að einangrast á alþjóðavettvangi. Og hafi það einhvern tímann verið slæmt fordæmi öðrum þjóðum að heimsækja stjórnvöld sem leggja blessun sína yfir og standa fyrir slæmum mannréttindabrotum þá er það sérstaklega núna. Samkvæmt fréttatilkynningu frá Amnesty International m.a. hafa menn verið teknir og hnepptir í varðhald fyrir það eitt að reisa fána lands síns.

Það er ekki hægt að sveifa vonda samvisku vestrænna þjóða vegna meðferðarinnar á Ísraelsþjóð með því að fara illa með aðra þjóð, þ.e. palestínsku þjóðina, en það er nákvæmlega það sem verið er að gera og það af síauknum krafti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Bush Bandaríkjaforseti hefur snúið sér að því verkefni sem er trúlega eitthvert það erfiðasta í heiminum í dag og það er að reyna að koma vitinu fyrir Ísraelsmenn. Hann hefur með þvingunaraðgerðum komið þeim í verulegan vanda. Og hann hefur raunverulega sýnt tennurnar og hótað að hann muni snúast gegn þessari þjóð ef hún hætti ekki þeim mannréttindabrotum sem hún hefur staðið að. Það vekur þess vegna verulega athygli, þó að hægrisinnaður forsrh. stjórni þessu landi, ef þeir hlutir eru að gerast að hann ætli sér að fara til Ísraels og e.t.v. að standa þannig að málum að alheimurinn líti á það sem stuðning við þann mann sem þar stjórnar nú, Shamir, og þess vegna aðför að þeirri utanríkisstefnu sem Bush Bandaríkjaforseti hefur markað. Ég hygg að það verði mörgum sjálfstæðismönnum ærið umhugsunarefni hvort Ísland hefur efni á slíkum skrípaleik.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. það svar sem hann gaf en það var þó að mínum dómi ekki fullnægjandi. Ferðin sem slík getur ekki skilist öðruvísi en sem opinber stuðningur við þá pólitík sem Shamir hefur rekið. Forsrh. talaði um að taka tillit til réttmætra hagsmuna beggja aðila og það tel ég eðlilega og rétta stefnu, en þessi ferð verður ekki skilin sem viðurkenning á réttmætum hagsmunum Palestínumanna.

Varðandi ferð utanrrh. hér fyrr meir þá tel ég að það sé munur á tign hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Og þó hæstv. utanrrh. hafi undirbúið ferð sem aldrei *var farin þá skiptir það ekki höfuðmáli í þessu sambandi*.

Ég er andvígur því að breyta utanríkisstefnu Íslands í þá átt sem hæstv. forsrh., í umboði ríkisstjórnar sinnar væntanlega, er að gera. Þetta er þveröfug stefna við þá sem við höfum fylgt varðandi kúgaðar þjóðir Austur-Evrópu og ég nefni framlag okkar Íslendinga og stuðning við frelsisbaráttu Eystrasaltslandanna.

Ég hef líka í höndum skýrslu frá Amnesty International. Þar segir með staðfestum hætti frá ótrúlegum grimmdarverkum Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum og ég tel að við ættum ekki að láta neina samúð í ljósi með því framferði.

Ég geri hins vegar enga athugasemd við það sem hæstv. forsrh. kann að gera prívat og persónulega, né hverja hann heimsækir óopinberlega. Mér skilst að hann ætli að hitta Margréti Thatcher í Bretlandi og mér er alveg sama um það. Ég vona að hann sannfærist um það á þeim fundi að stjórnarstefna hennar hafi verið röng. Hann getur varla komist hjá því, svona greindur maður. Það er að verða augljóst þolendum þeirrar stjórnarstefnu í Bretlandi að hún var röng. Hins vegar gæti hann e.t.v., og það væri tímabært fyrir hann, lært það af Margréti Thatcher hvernig á að vera fyrrverandi forsætisráðherra.

Ég tel sem sagt að heppilegra að forsrh. yrði ekki Jórsalafari fyrr en hann er hættur að vera forsætisráðherra.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er góð hugmynd málshefjenda að ég kynni mér það hjá frú Thatcher hvernig það er að vera forsætisráðherra eftir að maður hættir eftir

12–13 ár. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. (Gripið fram í.)

Þessi umræða er afar sérstæð, svo ekki sé meira sagt, og ég verð að furða mig sérstaklega á ummælum fyrrv. forsrh. sem beinlínis sagði hér að með heimsókn til Ísraels væri ég að leggja blessun yfir fyrir Íslands hönd — hann nikkar nú úr salnum — þau meintu mannréttindabrot sem þar hefðu átt sér stað. Var hann, þegar hann fór í opinbera heimsókn til Kína, að leggja blessun yfir mannréttindaástand í Kína? Var hann að leggja blessun yfir innlimun Tíbet í Kína með hervaldi þegar hann fór í opinbera heimsókn til Kína? Auðvitað er fráleitt að halda slíku fram. (Gripið fram í.) Eða þegar þingmaðurinn fór sem sjútvrh. og samgrh. og forsrh. til Sovétríkjanna, var hann að leggja blessun sína yfir alla þessa hluti? Auðvitað er fráleitt að halda því fram með þessum hætti. Fyrrv. forsrh. verður þá að gera grein fyrir hvers vegna hann lagði blessun sína yfir mannréttindaástandið í Kína og yfir innlimun á Tíbet með hervaldi í Kína ef hann lítur þannig á. Hann fór reyndar í heimsókn til Egyptalands og á þeim tíma ekki til Ísraels og hann sagðist ekki hafa viljað fara í opinbera heimsókn til Arafats. Hann gat ekki farið í opinbera heimsókn til Arafats af því að stjórn hans hafði ekki viðurkennt Palestínuríki, þannig að það var ekkert um að að ræða að vilja ekki fara í opinbera heimsókn. Hún var eins opinber eins og verða kann því það var samþykkt sérstaklega í ríkisstjórninni að hann færi. Það var því bersýnilega ekki um neina einkaheimsókn að ræða í þeim efnum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór til Egyptalands, ég hygg við ellefta mann. Minna mátti nú ekki gagn gera. **(Gripið fram í:** Tíu.) Nú, voru þeir bara tíu sem fóru með honum þangað, til að tryggja ferðamannastraum hingað og eini ferðamannastraumurinn var nú ferð hans til baka frá Egyptalandi til Íslands í framhaldi af þessari miklu ferð þingmannsins. Ekki kom hann við í Ísrael af því tilefni eftir því sem ég best veit. Ég tel ekki að hann hafi verið að leggja blessun sína yfir mannréttindaástandið í Egyptalandi á þessum tíma. Ég býst ekki við því. Því þar hefur því miður verið pottur brotinn eins og víða í veröldinni. Það er því fráleitt að taka til orða með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Og þegar menn hugsa til þess að fyrrv. forsrh. gaf hér til kynna að ég væri að leggja blessun yfir mannréttindabrot, heimsótti Kína í opinberri heimsókn — og ég man ekki betur en hann hafi látið mjög vel af, filmaði meira og minna heimsóknina með vídeóvél. Ég man ekki betur en hann hafi ekki gert neinar athugasemdir heim kominn við það að í þessu fælist auðvitað ekki viðurkenning á innlimun Tíbet eða blessun á mannréttindabrotum. Enda datt engum í hug á því augnabliki að fullyrða slíkt eins og hv. gerði hér áðan.

Varðandi það með hvaða hætti ég vilji kynna sjónarmið Íslands í heimsókn minni í Ísrael þá mun ég auðvitað kynna ályktun Alþingis frá 18. maí, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði til. Og ég mun vitna til þess að Ísland er meðflutningsaðili að tillögum í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem hernám er fordæmt. Auðvitað mun ég gera glögga grein fyrir þeirri afstöðu Íslands.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir hæstv. forsrh. seilast æðilangt til að rökstyðja för sína til ríkis sem stendur í mjög illvígum deilum á þessari stundu við yfirbugaða þjóð og beitir hana allri þeirri harðneskju sem unnt er að nefna. Þegar ég fór í heimsókn til Kína þá höfðu Kínverjar breytt sinni stefnu og voru að opna sitt land og fengu viðurkenningu frá öllum lýðræðisríkjum af þeirri ástæðu. Ég veit að hæstv. forsrh. veit það. Og ferðir til Sovétríkjanna voru allt annars eðlis. Geir Hallgrímsson heitinn fór líka til Sovétríkjanna í opinbera heimsókn. Sovétríkin voru stórveldi og voru þá í samningum við Bandaríkin, m.a. um að draga úr þeirri ásælni sem þau höfðu sýnt með sínum hernaðarmætti og það var vitanlega sjálfsagt að reyna að styðja það og stuðla að því eins og lítil smáþjóð getur gert. En hæstv. forsrh. svaraði engum af þeim spurningum hvort hann mundi krefja t.d. forsætisráðherra Ísraels um það að hann virti sjálfsákvörðunarrétt hinnar palestínsku þjóðar. Ef hann færi í slíkum erindum þá væri kannski eitthvað hægt að segja um þetta jákvætt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði reyndar eftir því að hæstv. forsrh. yrði hér í salnum en hann kaus að ganga út. Ræða hæstv. forsrh. hér í umræðum um alvarlegt mál var slíkur stráksskapur og slíkt hneyksli að það er ekki hægt að ljúka umræðunni um ferð hans til Ísraels og utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar með þessum hætti.

Það má vel vera að það form sem var valið fyrir þessa umræðu, hálftími, hafi sniðið henni þann stakk sem hér kom í ljós í svarræðu hæstv. forsrh. Ég bar fram við hann mjög alvarlegar spurningar, hvort hann hefði kynnt sér skýrslu Amnesty International um mannréttindabrot í Ísrael. Ég fekk ekkert svar. Ég bar fram við hann þá spurningu hvort hann ætlaði að stíga fæti sínum á herteknu svæðin. Ég fekk ekkert svar. Þetta tvennt er þó grundvallaratriði til þess að hægt sé að átta sig á því hvers konar stefna af hálfu Íslands og ríkisstjórnar þess felst í heimsókn forsrh. til Ísraels.

Vegna þess hvernig hæstv. forsrh. kaus að ljúka þessari umræðu og þess óheyrilega stráksskapar og ósvífni sem kom fram í hans svari þá vil ég, virðulegi forseti, tilkynna það hér að ég mun óska eftir því að fram fari hér á Alþingi áður en hæstv. forsrh. fer í sína ferð, sérstök umræða með ótakmörkuðum ræðutíma um viðfangsefnið „heimsókn forsrh. Íslands til Ísraels og utanríkisstefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar". Ég fer hér formlega fram á það að lokinni þessari umræðu að slík umræða með ótakmörkuðum ræðutíma fari fram hér á Alþingi áður en forsrh. leggur í för sína.

80. FUNDUR

fimmtudaginn 13. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Ferða- og dagpeningar opinberra starfsmanna, ein umr.

Fsp. IBA, 46. mál. — Þskj. 47.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Alllangt er síðan ég lagði þessa fyrirspurn fyrir en hún hefur því miður ekki getað komist til umræðu fyrr. Ég legg fyrirspurn á þskj. 47, 46. mál, til hæstv. fjmrh. um ferða- og dagpeninga opinberra starfsmanna. Töluverð umræða hefur verið um þessi mál í þjóðfélaginu og sýnist sitt hverjum. Kerfið sem nú er við lýði er viðurkennt sem ferðahvetjandi og jafnvel notað sem launauppbót og að mínu mati er fyllilega kominn tími til að endurskoða það. Ferðakostnaður og dagpeningar er talinn vera um 1.300 millj. kr., þar ef fara um 600 millj. í kostnað vegna ferða erlendis. Ég tel að hér sé liður sem megi vissulega líta á og skera hraustlega niður. Eitthvað hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því og vonandi kemur fram í svari ráðherra hvort svo hefur verið. Ég tel óhjákvæmilegt eftir þeim fréttum sem ég hef heyrt að hraustlegar verði skorið niður en gert hefur verið og nýjar og hertar reglur settar. Reyndar er skoðun mín sú að dagpeningakerfið sem slíkt eigi að leggja niður og taka upp kerfi sem mætti kalla vasapeningakerfi þar sem einungis er einhver tiltekin lág upphæð lögð fram. Þá skal gera skil með reikningum fyrir öðrum útlögðum kostnaði sem síðan yrði greiddur af viðkomandi stofnun eða ráðuneyti.

Mér finnst óhjákvæmilegt að óska eftir rökum fyrir því hvers vegna makar ráðherra fá dagpeninga. Mér er það með öllu óskiljanlegt og ég vona að við fáum skýrt svar við því.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda vil ég segja að nýlega var gefin út reglugerð um erlenda dagpeninga og ferðakostnað og sú nýjung tekin upp að inn í reglugerðina eru sett ákvæði sem snerta æðstu embættismenn íslenska ríkisins. Sá háttur hafði áður verið á að einungis var til í reglugerð ákvæði um almenna starfsmenn ríkisins en um dagpeninga þeim til handa fer samkvæmt sérstökum samningum á milli fjmrn. og félaga opinberra starfsmanna. Með þessum hætti vildum við opinbera þær reglur sem notaðar eru um dagpeninga æðstu embættismanna og alþingismanna og við teljum mjög til bóta að slíkar reglur séu almenningi kunnar með þessum hætti.

Þessu til viðbótar vil ég geta þess að nú standa yfir viðræður á milli fjrmn. og Flugleiða um hugsanlega sérsamninga fyrir ríkisstarfsmenn sem gætu lækkað ferðakostnað til útlanda. Jafnframt hafa farið fram viðræður við ferðaskrifstofur hér á landi til þess að freista þess að ná enn niður ferðakostnaði.

Sú gagnrýni hefur oft komið upp að líta megi á dagpeninga sem einhvers konar launauppbót. Ég vara við því að það sé gert einfaldlega vegna þess að þeir sem njóta dagpeninga umfram umsamda á milli ríkisins og almennra starfsmanna fara til útlanda með afar misjöfnum hætti. Þannig geta t.d. sumir ráðherrar farið tífalt meira en aðrir. Ef um launauppbót væri að ræða hygg ég að flestir mundu grípa til annarra aðgerða því að það yrði vart þolað að launauppbótakerfið væri þannig að sumir ráðherrar hefðu tífalt meiri möguleika til að afla slíkrar uppbótar en aðrir.

Hv. þm. spurðist fyrir um dagpeninga maka sem nú hafa verið lækkaðir um 20% eins og dagpeningar ráðherra og æðstu embættismanna. Því er til að svara að fyrir nokkrum árum var tekin upp sú breytni að makar ráðherra gætu ferðast með ráðherrum og notið sérstakra dagpeninga. Þetta byggir á því sjálfsagða grundvallarlögmáli að þar er um einstaklinga að ræða sem fara til útlanda á vegum íslenska ríkisins, en oft er gert ráð fyrir því að ráðherrar ferðist með maka sína. Þetta hefur að sjálfsögðu oft kostnað í för með sér, stundum vinnutap eða annað kostnað og ég held að í nútímanum þyki flestum sjálfsagt mál að makar fái greiddan kostnað með svipuðum hætti og þeir sem ferðast á vegum íslenska ríkisins. Þar sem gera má ráð fyrir því að útgjöldin séu minni þegar tveir deila kjörum hefur sú leið verið farin að einungis helmingur dagpeninga rennur til þeirra.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að hugsanlegt er að fara allt öðruvísi að en hér hefur verið gert um árabil. T.d. þekkist það annars staðar að um sérstök kort sé að ræða eða vasapeninga og síðan sé greitt eftir reikningi og í framtíðinni kemur auðvitað til greina að skoða það. Þegar síðast var tekið á þessu máli vakti tvennt fyrir mér, annars vegar að opinbera reglurnar sem notaðar eru og hins vegar að lækka dagpeningana sem renna til opinberra embættismanna, æðstu embættismanna og alþingismanna, enda eru þeir og hafa verið ríflegir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að gera örstutta athugasemd vegna þess sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. um dagpeninga til maka í ferðalögum. Nú vil ég að það komi skýrt fram að ég sé ekki ofsjónum yfir því að maka ráðherra séu greiddir dagpeningar þegar beinlínis er til þess ætlast eða farið fram á það af ríkisins hálfu að þeir fylgi maka sínum til útlanda í opinberum erindagjörðum og þá er auðvitað sjálfsagt að greiða fyrir það. Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess að ríkið sé að greiða dagpeninga til maka í þeim tilvikum þar sem það er að ósk ráðherrans að maki hans fylgir með. Við eigum sjálfsagt flest hér inni ágæta maka sem við erum allt of lítið samvistum með og vildum gjarnan eiga fleiri samverustundir og það á sjálfsagt líka við um ráðherrana og

þess vegna held ég að oft kjósi þeir að hafa maka sína með til þess að eiga þá einhverjar stundir með þeim. En mér finnst ekki rétt að ríkið sé að greiða fyrir þá með þessum hætti.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans og fagna um leið að hann hefur tekið upp viðræður bæði við Flugleiðir og ferðaskrifstofurnar með það að markmiði að reyna að lækka ferðakostnað eins mikið og mögulegt er. Ég sagði hér áðan að ég liti á dagpeninga sem launauppbót og reyndar ferðahvetjandi líka, eins og ég orðaði það. Þessu var ráðherra ekki alveg sammála og benti á að t.d. væru mismunandi aðstæður ráðherra til að nýta sér slíka launauppbót ef hún væri sem slík. Ég veit ekki hvað á að kalla þetta annað en launauppbót því að þessir dagpeningar renna óskertir beint í vasa ráðherra, hann þarf ekki að nota þessa peninga. Það segir hér í 10. gr. þeirra reglna sem ráðuneytið er nýbúið að gefa út að ráðherrum og forseta Hæstaréttar skuli greiddir fullir dagpeningar, auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður, risnukostnaður og símtöl. Þetta dekkar náttúrlega allt útgjaldasviðið þannig að þeir peningar sem greiddir eru sem dagpeningar eru hrein launauppbót og ekkert annað.

Varðandi dagpeninga til maka fæ ég alls ekki skilið til hvers á að greiða mökum dagpeningana frekar en ég fæ skilið þessar greiðslur til ráðherranna. Ég geri engan greinarmun á því hvort óskað er eftir maka í ferðina eða hvort það er ráðherrann sem óskar eftir því. Ég sé enga þörf fyrir þessar greiðslur því allur kostnaður er greiddur. Þess vegna finnst mér skynsamlegra og ég fagna því að ráðherra tók undir það að frekar ætti að horfa til einhvers konar vasapeningakerfis þar sem allur útlagður kostnaður yrði greiddur af ríkinu umfram þann vasapening sem er útvegaður. Það finnst mér hin rétta leið og er einfalt að koma slíku kerfi á. Ég fagna því að ráðherra er tilbúinn að skoða það og ég lýsi því yfir að ég er tilbúinn að skoða það með honum og standa að því að lögð verði fram tillaga í þá veru á því þingi sem nú stendur yfir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Ég vil þakka þær umræður sem hafa orðið um þessar reglur. Ég tel ástæðu til þess að árétta sjónarmið mitt varðandi maka ráðherranna. Ég tel að reglur þær sem hér eru settar séu til fyrirmyndar. Ég tel að reyndar sé sjálfsagt og eigi að gera sem oftast að makar ráðherra séu með í för og tel að fara eigi með slík mál eins og hérna segir í reglugerð og eins og samþykkt var fyrir nokkrum árum af þáverandi ríkisstjórn. Það eru hins vegar athyglisverð sjónarmið sem koma fram hjá öðrum sem hér hafa talað um þetta efni.

Ég vil síðan einungis árétta að tilgangurinn með breytingum á reglugerðinni var sá að opinbera reglurnar þannig að ekkert feimnismál væri hvaða reglur giltu um þessi efni. Þær hljóta að sjálfsögðu ávallt að vera til skoðunar og breytingum undirorpnar.

Enn fremur þótti okkur rétt að lækka þá dagpeninga sem höfðu verið greiddir æðstu embættismönnum hingað til og vona ég að það njóti skilnings á þeim tímum sem við lifum nú á.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Núv. ríkisstjórn hefur ekki svo mörgum rósum að hampa í framgöngu sinni en ég sé ástæðu til að þakka þá ákvörðun að lækka greiðslur á dagpeningum og jafnframt ástæðu til að þakka að reglur um þær greiðslur skuli birtar með þeim hætti sem hér er gert þó að vissulega geti ég tekið undir það að þessi mál þurfi að vera í athugun eins og margt annað.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svör hans og tek undir að það er til bóta að slíkar reglur séu gerðar opinberar og liggi alveg ljóst fyrir hvaða reglur gildi um þessi mál.

Ég vil hins vegar gera athugasemd við þau orð hæstv. fjmrh. sem hér komu fram að það væri æskilegast að makar færu sem oftast í ferðir með ráðherrum til útlanda. Ég tel að með þessu sé hæstv. fjmrh. að boða nýja stefnu sem þurfi að íhuga og skoða betur og hún stangist á við þær reglur sem gilt hafa að makar færu ekki á kostnað ríkissjóðs í ferðir með ráðherrum nema í undantekningartilvikum.

Áfengiskaup opinberra aðila hjá ÁTVR, ein umr.

Fsp. IBA, 47. mál. — Þskj. 48.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum missirum var mikil umræða um áfengiskaup opinberra aðila vegna ýmissa atvika sem komu upp og leiddu í ljós að mínu mati að endurskoða þarf reglur um hvernig að þeim málum er staðið. Þar liggja margar freistingar og margir pyttir sem menn geta fallið í og þess vegna eðlilegt að lögð verði vinna í að setja skýrar og hreinar reglur. Því hef ég lagt fram fyrirspurn á þskj. 48 til hæstv. fjmrh. um áfengiskaup opinberra aðila hjá ÁTVR á þá leið:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á reglum varðandi áfengiskaup opinberra aðila hjá ÁTVR? Ef svo er, á hvern hátt og hvenær?"

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda vil ég fyrst rifja upp hverjar reglur gilda um kaup á áfengi á sérstöku verði. Í bréfi frá ÁTVR sem er dagsett 12. febr. 1964 og svarað er fyrirspurn um hverjir geti fengið keypt áfengi á kostnaðarverði kemur þessi regla fram. Í bréfi þessu segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Þeir íslenskir aðilar búsettir hér á landi er fá áfengi keypt hjá oss á kostnaðarverði eru þessir: Forseti Íslands, handhafar forsetavalds, ríkisstjórn, ráðherrar, ráðuneytin, Alþingi, forseti sameinaðs Alþingis, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Eimskipafélag Íslands, Ríkis-

skip, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa deildaforsetar Alþingis heimild til að kaupa áfengi á kostnaðarverði fyrir allt að kr. 2.000 og varaforsetar Alþingis fyrir allt að kr. 1.000 á hverju þingi.

Tekið skal fram að handhafar forsetavalds hafa aðeins rétt til slíkra áfengiskaupa þann tíma sem forsetavaldið er í þeirra höndum. Áfengi það er Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip kaupa er einungis selt í siglingum á milli landa og kemur því ekki til neyslu innan lands.

Fríhöfnin selur aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra af landinu og kemur því heldur ekki til neyslu innan lands áfengi það er hún selur."

Hinn 14. okt. 1971 var á fundi ríkisstjórnarinnar gerð svofelld samþykkt, með leyfi forseta, orðrétt:

„1. Fríðindi þau við innkaup áfengis og tóbaks til einkanota er ráðherrar og forsetar Alþingis hafa notið skulu afnumin.

2. Við innkaup áfengis og tóbaks vegna boða sem ráðherra heldur í embættisnafni skulu þó haldast sömu reglur og verið hafa, enda annist hlutaðeigandi ráðuneyti umrædd innkaup."

Á árinu 1989 var reglum breytt þannig að handhafar forsetavalds duttu út samkvæmt ákvörðun þáv. ríkisstjórnar. Engin ákvörðun hefur verið tekin af hálfu núv. ríkisstjórnar um breytingu á gildandi reglum um áfengiskaup opinberra aðila. Til skoðunar er hins vegar í ráðuneytinu hvort gera skuli breytingar á starfsemi ÁTVR á næstunni. Í tengslum við slíkar breytingar er eðlilegt að mínu mati að huga að breytingum á gildandi reglum um áfengiskaup opinberra aðila.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svör hans en mér þykir reyndar miður að endurskoðun á þessum þætti mála skuli einungis tengd því að breytingar verði gerðar á rekstri ÁTVR. Þær breytingar sem ég skil sem slíkar að verið sé að ræða um einkavæðingu á ÁTVR sem ég vissulega styð og vona að verði að veruleika og þar með fellur þessi þáttur að sjálfsögðu um sjálfan sig og dettur út. Það leiðir af sjálfu sér. En meðan svo er ekki tel ég að þessar reglur þurfi að endurskoða. Það eru enn þá verulegar freistingar og það er enn þá möguleiki fyrir menn að misnota þetta ef þeir eru þannig innstilltir og ég held að mönnum væri hreinlega greiði gerður með því að setja um þessi kaup fastar reglur og afnema þetta sérverð á áfengi. Við erum dagsdaglega að tala um að vekja kostnaðarvitund fólks. Það væri liður í því að vekja þá aðila sem þessarar reglu geta notið í dag til frekari kostnaðarvitundar en verið hefur þannig að ég tel brýnt að þessi mál verði endurskoðuð án tillits til þess hvort ÁTVR verður einkavætt eða ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og lýsa því yfir að ég er sammála hans afstöðu hvað það varðar að auðvitað eiga allar stofnanir að kaupa áfengið á kostnaðarverði. Það er rökrétt. Hitt er eins og fram hefur komið og við höfum reynslu af hættulegt og hefur þegar kostað þessa þjóð veruleg óþægindi, svo að ekki sé meira sagt.

Kjarasamningar við kennara Háskólans á Akureyri, ein umr.

Fsp. JGS, 187. mál. — Þskj. 206.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. til hæstv. fjmrh. svohljóðandi:

„Hvað veldur því að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu kennara við Háskólann á Akureyri hefur ekki enn verið gerður við þá kjarasamningur?"

Ég vil vekja athygli á því að þrátt fyrir það að þessi stofnun er búin að starfa í fjögur ár þá hefur ekki enn fengist gerður kjarasamningur við kennara skólans. Þeir hafa haft launakjör þar sem þeim hefur verið raðað í launaflokka samkvæmt launaskrá Útgarðs, sem er Félag háskólamenntaðra kennara sem ekki er hægt að vista annars staðar í félögum. Í launaskrám Útgarðs er ekkert um háskólakennara og þetta gerir það að verkum að samanburður við aðra háskólakennara er óraunhæfur og stendur í raun skólanum fyrir þrifum þegar um er að ræða mannaráðningar. Ég vil benda á að samkvæmt lögum eiga allir launamenn rétt á því að vera í stéttarfélagi og njóta lágmarkskjara samkvæmt samningum þess. Háskólinn á Akureyri er ný stofnun. Í 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, segir svo:

„Nú er sett á fót ný stofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjmrh. eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar og þeirra stéttarfélaga sem í hlut eiga."

Þetta hefur ekki verið gert enn og hefur fjmrh. með bréfi boðið upp á ráðherraröðun sem er brot á öllum réttindum launafólks og í raun, ef á að halda því til streitu, er verið að svipta kennara við Háskólann á Akureyri samningsrétti. Ég held þess vegna að það sé afar mikilvægt að gengið verði nú þegar í þetta mál og kennurum við Háskólann á Akureyri tryggður kjarasamningur þar sem þeir njóti hliðstæðra kjara og aðrir háskólakennarar á landinu. Og það á við öll réttindi varðandi vinnuskyldu, framgangskerfi, vinnumatskerfi, rannsóknarleyfi og aðgang að rannsóknarsjóðum. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé tilbúinn til þess að ganga til þessara samninga við kennara við Háskólann á Akureyri eins og skýlaus lagaskylda er til, annaðhvort þá sem sérhóps innan Útgarðs eða sem betra væri ef fjmrh. væri tilbúinn til þess að veita undanþágu, þar sem kennarar við Háskólann á Akureyri eru of fáir til að teljast stéttarfélag, til þess að semja við þá sem sér félag.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 206 beinir hv. 6. þm. Norðurl. e. til mín fsp. Sem svar vil ég segja þetta:

Þegar starfsemi Háskólans á Akureyri hófst og ráðn-

ingarsamningar og önnur starfsmannagögn fóru að berast starfsmannaskrifstofu fjmrn. var fyrst litið til kjarasamningaaðildar að Félagi háskólakennara. Forvígismenn Félags háskólakennara höfnuðu hins vegar aðildarumsóknum háskólakennaranna á Akureyri og var þeim því til bráðabirgða fundinn staður í Útgarði en þar lenda þeir háskólamenn sem ekki eiga beina aðild að öðru félagi. Að mati starfsmannaskrifstofunnar má segja að þessi aðgerð hafi verið mistök því að það hefur verið stefna skrifstofunnar í vafatilvikum eins og þessum að opinberir starfsmenn séu settir í svonefnda ráðherraröðun á meðan línur eru að skýrast. Við launagreiðslur, þ.e. launaflokkaröðun, vinnutíma og þess háttar er þá litið til þeirra sem starfa við sams konar störf og hafa gert kjarasamning við íslenska ríkið. Í þessu tilviki er um að ræða kjarasamning við Félag háskólakennara.

Allar götur frá því að þetta gerðist hafa átt sér stað viðræður við Félag háskólakennara um framtíðarskipan mála á Akureyri. Fullreynt þótti í því efni um áramótin 1990–1991 er gengið var frá nýjum kjarasamningi fyrir Háskóla Íslands af fyrrv. fjmrh. Skömmu síðar komu fram kröfur Útgarðsmanna um samningsgerð fyrir norðanmenn eða háskólakennarana á Akureyri. Áður en gengið yrði til slíks vildi ráðuneytið kanna vilja háskólafólks á Akureyri. Settir voru fram þrír kostir. Sá fyrsti að gerður yrði sérstakur samningur vegna Háskólans á Akureyri, en þar sem skilyrðum samningsréttarlaganna er ekki fullnægt, a.m.k. að sinni, er þeirri leið hafnað. Hv. fyrirspyrjandi minntist einmitt á það að í 5. gr. laga nr. 94/1986 eru skilyrði sem kennararnir fyrir norðan uppfylla ekki. Annar kosturinn er ráðherraröðun með viðmiðun við samninga Félags háskólakennara og sá þriðji er samningsgerð við Útgarð.

Með bréfi dags. 6. mars 1991 og á fundi þann 8. apríl á sama ári var þessum sjónarmiðum komið á framfæri við forvígismenn starfsfólksins við Háskólann á Akureyri. Í bréfi frá þeim dags. 11. apríl 1991 er boðuð efnisleg afstaða um miðjan maí en hún liggur ekki fyrir enn. Að sögn skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins var allt framangreint ítrekað á fundi með Útgarði 23. maí 1991 og óskuðu forráðamenn félagsins eftir frestun fundarins.

Að beiðni formanns Útgarðs var aftur sest niður í des. sl. og varð niðurstaða viðræðnanna sú að freistað skyldi sjálfstæðrar samningsgerðar milli starfsmanna og fjmrn. þrátt fyrir takmarkanir samningsréttarlaganna eða laganna nr. 94 frá 31. des. 1986. Samkvæmt upplýsingum starfsmannaskrifstofunnar skýrði formaður Útgarðs fyrir skömmu frá því að hann hefði rætt þennan kost við starfsmenn Háskólans á Akureyri og mætti fjmrn. vænta tilnefningar þeirra í samninganefnd á allra næstu dögum. Þannig stendur þetta mál nú og vonandi leysist það innan tíðar.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin en af þeim má öllum vera ljóst að það hefur verið óhóflegur dráttur á því að gengið yrði frá málinu og m.a. vegna þess að fjmrh. lagði um tíma ofurkapp á það að þetta yrði leyst með ráðherraröðun, að menn væru ekki með neina stéttarfélagarómantík, eins og fulltrúar ráðuneytisins hafa sagt. En ég vil ganga eftir því við hæstv. ráðherra sem mér fannst ekki koma nægjanlega vel fram í hans svari áðan hvort hann sé þá tilbúinn til að gera það sem í hans valdi stendur til að gengið verði frá þessum samningum sem allra fyrst og þá það öðru fremur hvort hann er tilbúinn til að veita undanþágu til þess að ganga megi frá sjálfstæðum samningum við háskólakennarana á Akureyri eins og um væri að ræða sjálfstætt félag. En eins og kom fram bæði í mínu máli í upphafi og hæstv. ráðherra áðan þá þarf ráðherra að gefa undanþágu til þess að svo megi verða. Ég vil ganga eftir því hér þannig að það liggi alveg ljóst fyrir hvort það sé vilji ráðherra að ganga þannig frá þessu máli.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rangt ef skilja má hv. fyrirspyrjanda þannig að því sé haldið fram af hálfu háskólakennaranna á Akureyri að ráðuneytið hafi verið á undanförnum árum á móti stéttarfélagslegri rómantík og þess vegna kosið ráðherraröðun. Eins og þeir vita sem fengist hafa við þessi mál er svokölluð ráðherraröðun bráðabirgðafyrirkomulag á meðan verið er að finna kjarasamningum réttan farveg. Kjarasamningar af hálfu ríkisvaldsins er flókið fyrirbæri. Samningar sem ríkið verður að gera um launakjör eru á annað hundrað talsins og þess vegna hljótum við að setja reglur þar sem freistað er að gera samningana einfaldari en ella yrði.

Það kom fram í svari mínu að sú ákvörðun liggur fyrir að freista þess að gera sjálfstæðan samning milli ráðuneytisins og starfsmannanna og vonast ég til að þeir samningar verði gerðir á næstunni. Um efni þeirra get ég að sjálfsögðu ekkert sagt að svo stöddu því að enn er beðið eftir tilnefningu af hálfu samningsaðila. En um leið og hún verður gerð er hægt að hefja kjarasamningaviðræður við þessa starfsmenn Háskólans á Akureyri sem enn hafa ekki fengið formlegan kjarasamning.

Auglýsingakostnaður fjármálaráðuneytis, ein umr.

Fsp. ÁMM, 192. mál. — Þskj. 212.

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Mörg undanfarin ár hafa orðið talsverðar umræður um svokallaða blaðastyrki en þeir jukust mjög í tíð síðustu ríkisstjórnar. Núv. ríkisstjórn hefur hins vegar lækkað þessa styrki.

Í kosningabaráttunni sl. vor var talsverð umræða um það að ráðherrar greiddu kosningabæklinga sína af fé ráðuneytanna. Fyrir nokkrum árum var haldinn á Hótel Loftleiðum stofnfundur samtaka héraðsblaða. Á þann fund mætti sérstakur fulltrúi fjmrn. Mörður Árnason og

lýsti yfir áhuga ráðuneytisins á að auglýsa í slíkum blöðum og kom það jafnframt fram að um þetta yrðu settar sérstakar reglur og þess gætt að einungis væri auglýst í héraðsblöðum sem kæmu út reglulega en ekki í pólitískum kosningablöðum einstakra flokka eða framboða. Á þessum fundi urðu talsverðar umræður um þetta mál og þar var m.a. bent á það af fulltrúum eins héraðsblaðanna að þetta mundi auka kostnað ríkisins af auglýsingum umtalsvert miðað við þá dreifingu og þann auglýsingamátt sem blöð af þessu tagi hefðu. Í ljósi þessa vil ég spyrja hæstv. fjmrh.:

„1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður fjmrn. á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?

2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?

3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?

4. Fyrir hvað var greitt?

5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?"

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þar sem svar við þessum fyrirspurnum, ef nákvæmlega væri farið ofan í saumana á þeim, mundi taka lengri tíma en svo að hér ynnist tími til að gera þeim skil hef ég ákveðið að dreifa upplýsingum um þetta mál sem ég vona að alþingismenn, sem hér eru staddir, hafi fengið í sínar hendur.

Sem svar við fyrstu fyrirspurninni kemur fram að samkvæmt fjárlagalið 09-101 hefur aðalskrifstofan á árinu 1990 greitt 910.670 kr. af lið 09-212 sem heitir Skattamál, ýmis útgjöld 47,5 millj., af liðnum 09-999 sem er Auglýsingar almennt 5,5 millj. eða rétt liðlega 54 millj. samtals.

Á fyrsta hluta ársins 1991 var greitt af þessum liðum: Aðalskrifstofa 530 þús., lið 212, Skattamál, tæplega 20 millj., lið 999, Auglýsingar almennt, 770 millj. eða samtals liðlega 21 millj. Samanlagt gera þessar tölur rúmar 75 millj. kr. Þegar rætt er um fjóra fyrstu mánuðina var miðað við það sem greitt hafði verið 15. maí en síðar hafa örfáir reikningar borist þannig að talan er lítið eitt hærri.

Sem svar við annarri spurningu vil ég segja það að kostnaður sem færður er á aðalskrifstofu er aðallega vegna ferðakostnaðar fjmrh. um landið, svo og vegna ráðstefnu og kynningarstarfsemi í ráðuneytinu. Kostnaður sem færður var á Skattamál, ýmis útgjöld er aðallega kostnaður sem hlaust af átaki í innheimtu opinberra gjalda. Og kostnaður sem færður er á Auglýsingar almennt er ýmis almennur auglýsingakostnaður sem varð til í ráðuneytinu.

Í gögnum, sem hefur verið dreift til þingmanna, kemur fram sundurliðun og hverjir hafa fengið greiðslu vegna þessara kostnaðarliða. Af þessum 75 millj. hefur Hvíta húsið, auglýsingastofa, fengið samtals tæplega 63 millj. kr.

Spurt er hvaða reglur séu í gildi í ráðuneytinu varðandi þessa liði. Um 90% af auglýsingakostnaðinum verður til vegna sérstakra verkefna sem ráðuneytið lagði áherslu á. Þetta tekur til sérstakra aðgerða og fræðslu um notkun sjóðvéla, upplýsinga- og kynningarstarfs um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda. Engar fastar reglur gilda um kostnað vegna auglýsinga er snerta upplýsinga- og kynningarstarf sem tekur til ferðalaga og funda ráðuneytisins. Því hlýtur það að fara eftir verkefnum hverju sinni á hvaða liðum slíkur kostnaður lendir.

Að öðru leyti vísa ég til framlagðra gagna þar sem reynt hefur verið að sundurliða þennan kostnað. Ég vil sérstaklega benda á hvernig kostnaður auglýsingastofunnar Hvíta hússins skiptist en þar kemur fram að 20% er til hönnunar, 65% til birtingar, 10% til þjónustugjalda en 5% er aðkeypt. Því miður nægir ekki á þeim örfáu mínútum sem mér eru skammtaðar til þess að veita svör við þessum fyrirspurnum að gefa fyllri svör en vænti þess að framlögð gögn svari fyrirspurninni nægilega.

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans sem voru mjög ítarleg og ekki auðvelt að átta sig á því öllu um leið til þess að fara ítarlega í það hér í umræðunni. En þegar maður flettir þessum síðum þá nánast stökkva tölurnar fram og þá vekur náttúrlega mesta athygli að auglýsingastofan Hvíta húsið hefur fengið hér til ráðstöfunar rúmar 60 millj. kr. á þessu tímabili. Það virðist vera velta sem gæti staðið undir rekstri einnar auglýsingastofu. (**Gripið fram í:** Þetta er góð auglýsingastofa.) Já, þetta er sennilega góð auglýsingastofa enda skilst mér að Alþb. hafi notfært sér þjónustu hennar í síðustu kosningabaráttu. Einhvern veginn virðist mér að þessum peningum hafi verið deilt út frá þessari auglýsingastofu og síðan hugsanlega af fyrrnefndum fulltrúa ráðuneytisins. En mat ráðuneytisins á auglýsingagildi fjölmiðla virðist vera mjög sérstakt samkvæmt þessu. Á Stöð 2 er auglýst fyrir tæpar 73 þús. á tímabilinu en á RÚV fyrir 3 millj. 375 þús. Í Morgunblaðinu er auglýst fyrir 391 þús. en Í Tímanum fyrir 434 þús. Í Alþýðublaðinu upp á 450 þús. og Þjóðviljanum upp á 450 þús. Með því að lesa hratt yfir þetta, þá sé ég þarna mörg blöð sem ég kannast við. Flest eða alla vega mjög mörg eru pólitísk og gefin út sérstaklega í sambandi við kosningabaráttu. Ég þekki bara eitt nafn hér af þeim blöðum sem Sjálfstfl. gefur út og þar sýnist mér fljótt á litið að auglýst hafi verið fyrir 50 þús. kr. Ég sé hins vegar að í Alþýðublaði Hafnarfjarðar hefur verið auglýst fyrir 120 þús. kr. og í Hafnfirðingi, blaði Framsfl. í Hafnarfirði, er auglýst fyrir 80 þús. kr. og í Vegamótum, blaði Alþb. í Hafnarfirði, fyrir 45 þús. kr. Þetta er bara í Hafnarfirði. Svo sé ég hér að Eyjablaðið, blað Alþb. í Vestmannaeyjum, hefur auglýst fundi fjmrh. í landinu fyrir um 70 þús. kr.

Borgaraflokkurinn kemur hér fyrir á nokkrum stöðum og frjálslynd framboð. Þeir virðast vera einna stórtækastir með hátt í 1 millj. kr. í greiðslur á þessum lið. Ég held að þessar tölur tali sínu máli en ég ítreka þakkir mínar til hæstv. fjmrh.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir að birta jafnítarleg svör við þessum spurningum eins og hann gerði hér. Hins vegar er það mjög athyglisvert hver er hinn ómerkilegi, pólitíski tilgangur hæstv. fyrirspyrjanda í þessu máli. Hann hefur greinilega engan áhuga á því að kynna sér það sem rétt er og satt í þessu máli heldur er hann fyrst og fremst hér í einhverju ómerkilegu, pólitísku tortryggingarskyni.

Það kemur ekki nægilega skýrt fram samt sem áður í þessum gögnum að meginupphæðinni sem hér er um að ræða er ráðstafað á vegum ríkisskattstjóraembættisins. Meðan ég var í fjmrn. var ekki gerður neinn nýr samningur við auglýsingaskrifstofur. Það er rétt að fyrirspyrjandi hlusti á það. Samningurinn við Hvíta húsið var gerður í fjármálaráðherratíð Sjálfstfl. í fjmrn. og byggði á langvarandi þjónustu þeirrar auglýsingaskrifstofu við ríkisskattstjóraembættið. Sú upphæð sem hér er skráð á Hvíta húsið er, ef ég man rétt, að meginhluta vegna auglýsinga ríkisskattstjóraembættisins við að kynna staðgreiðslu, við að kynna skattframtöl og ýmislegt annað og hefur sjálfsagt meginkostnaðurinn farið til Morgunblaðsins, Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2. Ef það er hins vegar ámælisvert að hafa auglýst í Alþýðublaðinu í Hafnarfirði, þá held ég að það sé eini gagnrýnispunkturinn sem hægt er að finna í þessum gögnum. Hins vegar kemur það mjög skemmtilega og vel fram í skránni hve mikið hefur verið auglýst í héraðsfréttablöðum sem var eitt af því sem fyrirspyrjandi spurði um í sinni upphafsræðu.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir og hæstv. fjmrh. hefur gefið varðandi kostnað við kynningarstarf á vegum fjmrn., er mjög auðvelt að gera tortryggilegar. Ég held að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi unnið gott starf í því að kynna málefni ráðuneytisins og ég vil vara við því að slíkar upplýsingar, jafnnákvæmar og þær eru hér, verði notaðar í þeim tilgangi að gera slíkt starf torkennilegt. Við vitum að það kostar fé að standa undir kynningarstarfi og allt kynningarstarf á vegum Stjórnarráðsins verður að stórefla. Ég vil vara enn og aftur við því að svona upplýsingar verði til þess að úr slíku starfi verði dregið.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það var öllum ljóst að tilefni fyrirspurnarinnar var sá áróður sem Sjálfstfl. hafði í frammi á hendur páv. fjmrh. fyrir síðustu kosningar um að hann misnotaði fé ríkisins í þágu síns flokks og til kynningarstarfs á hans vegum. Svarið leiðir hins vegar í ljós algert skipbrot þessa áróðurs. Bæði er að fénu var ekki varið þannig að þeim flokki væri hyglað öðrum fremur og ef einhvers staðar má setja spurningarmerki af hálfu hv. fyrirspyrjanda eru það ákvarðanir um auglýsingu í Alþýðublaðinu í Hafnarfirði og málgagni Alþfl. á Vestfjörðum. Það geri ég hins vegar ekki. Ég vil líka benda á það að heildarupphæðin fyrstu fjóra mánuðina 1991 er í ágætu samræmi við ársupphæðina 1990. Það er því ekkert sem hönd er á festandi og gagnrýnisvert í þessum efnum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé út af fyrir sig góðra gjalda vert að skoða auglýsingakostnað ráðuneyta og ráðherra en það þarf kannski að gera á svolítið öðrum grunni en hér er gert. Það sem ég er sérstaklega með í huga eru fundaferðir ráðherra þar sem mjög er misjafnt hvaða siðferðisþrek þeir hafa til þess að nota þær ferðir til kynningar á vegum ráðuneytis og þess starfs sem þar er verið að vinna.

Því miður hefur það viljað brenna við að hreinar pólitískar áróðursferðir ráðherra séu auglýstar á vegum ríkisins sem kynnisfundir ráðuneyta en síðan notaðar í pólitískum áróðurstilgangi. Hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., biður um dæmi. Ég skal gera það með glöðu geði. Þar vil ég nefna tvær fundaferðir hæstv. utanrrh. Aðra til þess að kynna EES og hina til að kynna GATT. Ég hef farið á einn slíkan fund þar sem verið var að kynna hugsanlegan EES-samning á Akureyri og þar var um að ræða hreinan flokkspólitískan áróðursfund.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það ætti ekki að koma hæstv. fyrrv. fjmrh. á óvart hvernig úthlutað hefur verið fjármagni í þessu skyni sem hér er fjallað um því að aðstoðarmaður ráðherra, Mörður Árnason, stjórnaði því verki að mestu leyti en hann var aðstoðarmaður Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er auðvitað með ólíkindum þegar á þann hátt er úthlutað fjármagni í auglýsingaskyni til pólitískra vina og vandamanna svo að nemur milljónum króna.

Ég spurði Mörð Árnason, aðstoðarmann hæstv. fyrrv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar, einu sinni að því hvort auglýst væri samkvæmt ákveðnum reglum. Svarið var einfaldlega nei. Og ég vil að það komi fram að hann bætti við: Við auglýsum eins og okkur sýnist og ákveðum sjálfir hjá hverjum við auglýsum án nokkurra reglna.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé að verða öllum ljóst sem á þessar umræður hlusta að tilgangurinn með fyrirspurninni var náttúrlega sá að afhjúpa alveg óskaplegan glæp en það er rokið út í veður og vind og menn sjá að þetta er ósköp eðlilegt

Hins vegar hjó ég eftir því í inngangi fyrirspyrjanda að hann minntist á kaup ríkisins á blöðum. Nú verður maður var við það eftir að eigendaskipti hafa orðið á Pressunni að Pressan er allt í einu farin að berast þingmönnum. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Er það svo eftir þessi eigendaskipti á Pressunni að ríkið sé farið að kaupa það blað í 250 eintökum, sem það gerði ekki að ég veit best meðan Alþfl. gaf það út?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er að ég vil mótmæla harðlega þeim ummælum sem

hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, viðhafði hér áðan um fundaferðir ráðherra. Ef ég man rétt, þá var það varaformaður Framsfl. og þáv. sjútvrh. sem var brautryðjandi í slíkum ferðalögum um landið á vegum síns ráðuneytis, m.a. til að kynna fiskveiðistefnu. Ég held að það hafi verið gott og hafi verið nauðsynlegt. Ég held að þetta eigi ráðherrar að gera og það er furðulegt að landsbyggðarþingmaður skuli koma hér upp og tala með þeim hætti sem þessi hv. þm. gerði.

Ég hef sömuleiðis setið fundi sem ráðherrar hafa haldið, bæði um GATT og Evrópskt efnahagssvæði. Þar var verið að kynna þjóðinni stórmál og stefnumál fyrrv. ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnar. Ég held að þessir fundir ráðherranna, og þeir eru ekki mjög dýrir, hv. þm., séu nauðsynlegir og mjög brýnn þáttur í tengslum stjórnmálamanna og þjóðarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér er ljóst hvenær sá atburður varð að Heródes og Pílatus urðu vinir. En mér er ekki ljóst hvenær það gerðist að hæstv. fyrrv. fjmrh. og Morgunblaðið urðu vinir. Ég vil þess vegna að hv. 3. þm. Suðurl. skýri það nánar hvernig það samrýmist hans ummælum að þessum fjármunum hafi verið dreift til vina og vandamanna — það er upplýst að það blað sem mest af þessu fjármagni hefur fengið var Morgunblaðið — og hvenær vinátta hæstv. fyrrv. fjmrh. og Morgunblaðsins varð ljós hv. 3. þm. Suðurl.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þegar þessi listi er skoðaður má nefna ýmis dæmi máli sínu til sönnunar þegar menn velta fyrir sér hvaða reglum hafi verið fylgt eða hvort nokkrum reglum hafi verið fylgt. Hér var minnst á Morgunblaðið áðan. Það kemur fram að það hefur fengið 391.467 kr. á þessum sundurliðaða lista sem liggur fyrir á meðan blað eins og Þjóðviljinn hefur fengið 450 þús. Ég vek einnig athygli á því að fyrirtækið Fróði, sem gefur út fjölmörg tímarit, hefur fengið 58.689 kr. en tímaritið Þjóðlíf, sem er aðeins eitt blað, hefur fengið 273.900 kr. Menn þurfa því ekki að fara langt til að leita að því að þarna hefur aðilum greinilega verið mismunað og nauðsynlegt að skoða þetta nánar og velta fyrir sér og spyrja hvaða reglum hafi verið fylgt. Hér hefur raunar komið fram í umræðunum að engum reglum hefur verið fylgt heldur aðeins geðþótta starfsmanna fjmrn.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að blanda mér efnislega í þær umræður sem hér eiga sér stað en vegna orða síðasta ræðumanns vil ég taka fram að það er ekkert skrýtið við það að tímaritið Þjóðlíf skuli fá drjúgan skerf í auglýsingum fjmrn. vegna þess einfaldlega að á þessum tíma var tímaritið Þjóðlíf gefið út í 10 þús. eintökum. Það var samkvæmt könnunum Verslunarráðs, sem Morgunblaðið er líka þátttakandi í, talið vera útbreiddasta fréttatímaritið á þessum tíma og sennilega útbreiddara en mörg tímarit Fróða hf. til samans.

Ég vil síðan taka undir orð hæstv. umhvrh. hvað varðar fundi og upplýsingafundi ráðherra. Ég tel að slíkt sé alveg sjálfsagt. Þegar ráðherrar eru að véla um erfið mál, þá tel ég eðlilegt að þeir fari í svona upplýsingaherferðir. Dæmi: Það eru mjög miklar sviptingar í kringum heilbrigðismál. Mjög skortir á það að almenningur í landinu fái greinargóðar upplýsingar um þær breytingar sem þar er verið að gera. Þess vegna tel ég til að mynda sjálfsagt að heilbrrh. fari í upplýsingaferðir um landið.

Síðan vil ég að það komi hér fram að hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur bersýnilega verið þeirrar skoðunar að fjölmiðlar Alþfl. hafi haft verulegt auglýsingagildi og sést það á því að t.d. Alþýðublaðið í Hafnarfirði hefur þriðjung af auglýsingagildi Morgunblaðsins að hans mati. Ég vil beina því til hæstv. núv. fjmrh. að hann taki upp sömu stefnu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Upp úr þessum upplýsingum stendur og er meginmál að mínu viti hversu ógætilegt það var af formanni Alþb. að láta sömu auglýsingaskrifstofu vera í stórkostlegum viðskiptum við fjmrn. og sjá um kosningabaráttu Alþb.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég vísa á bug þessum ómerkilegu dylgjum og athugasemdum hæstv. forsrh. og var svo sem honum líkt að hlaupa inn í umræðurnar með þeim hætti sem hann gerði þegar hv. 8. þm. Reykn. á ekki kost á því að svara fyrir sig samkvæmt þingsköpum.

Ég vil hins vegar aðeins vekja athygli á því líka, virðulegi forseti, að hér er um að ræða harla ófullkomið svar vegna þess að það kemur ekki fram hvernig auglýsingabirtingar Hvíta hússins eru. Meginliðurinn hér er skráður á Hvíta húsið upp á 62 millj. kr. Það kemur fram að birtingarkostnaður þar af er um 65%, væntanlega um 40 millj. kr. og ég trúi því að Morgunblaðið sé með um 25–30 millj. kr. af þeirri tölu. Það er óhjákvæmilegt að óska eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi hvernig þessar birtingar Hvíta hússins skiptast þannig að að komi skýrt fram gagnvart Alþingi Íslendinga og þjóðinni að Morgunblaðið er að sjálfsögðu langstærsti auglýsingamiðillinn í þessu sambandi. Það liggi því alveg skýrt fyrir og svari um leið þeim ósæmilegu dylgjum sem hv. 3. þm. Reykn. hefur ákveðið að efna til hér í dag.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm., sem kallaði hér fram í að hann þurfi að bera að sér sakir, að það er full ástæða til þess að leyfa honum það þegar þar að kemur en ég lít svo á að það gerist ekki innan þessarar umræðu.

Ég tel að þessi umræða hafi verið ágæt og nauðsynlegt sé að sjálfsögðu að upplýsa um mál eins og þetta. Það er rétt að gjarnan má fá fyllri og meiri upplýsingar um vissa þætti sem erfitt er að koma við, en það stendur auðvitað eftir í þessari umræðu, og þar er

ekki verið að bea sakir á einn né neinn, að það hlýtur að vera ógætilegt af hálfu formanns stjórnmálaflokks sem gegnir jafnveigamiklu embætti og fjármálaráðherraembættinu að versla í svo stórum stíl við auglýsingastofu sem, eins og allir vita, rak meira og minna kosningabaráttu Alþb. fyrir síðustu kosningar og sá um allan prentaðan áróður flokksins annan en þann sem kom fram í Þjóðviljanum sáluga. Þetta er ekki sagt vegna þess að ég sé að gefa í skyn eitt eða annað heldur einungis vegna þess að það gefur auga leið að grunsemdir og tortryggni hljóta að vakna.

Ég kom hins vegar hingað upp til þess aðallega að svara fyrirspurn um Pressuna. Að því er ég best veit er Pressan, vegna sérstaks samnings á milli Alþýðublaðsins og Pressunnar, send út á vegum Alþýðublaðsins um nokkurra mánaða skeið því að ríkið hefur ekki heimild til þess að kaupa Pressuna eða Helgarblað Þjóðviljans eða Helgarblaðið sem það heitir víst nú þar sem í 6. gr. fjárlaga, nánar tiltekið í lið 6.1., er einungis heimild til þess af hálfu fjmrn. að kaupa dagblöð en ekki vikublöð eins og Pressuna og Helgarblaðið. Hitt er svo annað mál að einstakar stofnanir geta auðvitað keypt þetta blað og ég hef ekki kannað það sérstaklega hvort Alþingi hafi ákveðið að kaupa Pressuna og senda alþingismönnum heim með öðrum blöðum. Ég hygg að svarið sé það að sérstakur tímabundinn samningur sé á milli Pressunnar og Alþýðublaðsins og þess vegna fái alþingismenn Pressuna á vegum Alþýðublaðsins. Sé svo er kannnski hægt að þakka forráðamönnum Alþýðublaðsins fyrir þá tillitssemi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Þetta leikrit Sjálfstfl. hér í þingsalnum er satt að segja orðið mjög ómerkilegt. Og lengi skal manninn reyna, hæstv. forsrh. Að hæstv. forsrh. skuli taka þátt í þessu leikriti með svo ómerkilegum hætti sem hann gerði hér. Ég hélt satt að segja ekki, og vona að mér fyrirgefist að ég segi það, að svona skítlegt eðli væri inni í hæstv. forsrh. en það kom greinilega hér fram. (**Gripið fram í:** Hvað sagði ræðumaður?) Ég sagði: svona skítlegt eðli. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að gæta orða sinna.)

Hæstv. forsrh. gerði sér að erindi hér í ræðustólinn að koma því inn hjá þingheimi og þjóð að það væru einhver pólitísk tengsl og pólitísk afstaða að baki samninga fjmrn. við auglýsingastofuna Hvíta húsið. Hver er sannleikurinn í þessu máli? Það var ekki ég sem tók ákvarðanir um það að fela Hvíta húsinu þessi stóru verkefni sem hér koma fram á þessum tölum. Þegar ég kom í fjmrn. þá var þar samningur frá tíð fjmrh. Sjálfstfl. um að Hvíta húsið annaðist kynningar á auglýsingum vegna skattamála. Þegar síðan var ákveðið að efna til sérstakrar kynningarherferðar vegna virðisaukaskattsins var efnt til samkeppni og útboðs meðal auglýsingastofa og þær fengu að skila inn tillögum. Það var síðan ríkisskattstjóraembættið sem lagði það til að Hvíta húsið yrði ráðið. Það var gert. Eins og má ráða af þessum gögnum sem hér koma fram er hinn mikli auglýsingakostnaður Hvíta hússins vegna skattamála, vegna átaks í kynningu sjóðvéla í tengslum við betri innheimtu virðisaukaskatts 24 millj. Vegna kynningarstarfs um virðisaukaskatt um 29 millj., og vegna endurskoðunar atvinnurekstrarframtala og staðgreiðslu í skattamálum, tæpar 8 millj.

Ég sakna þess nokkuð, hæstv. fjmrh., að það skyldi ekki vera birt sundurliðun á auglýsingakostnaði Hvíta hússins, sérstaklega vegna þess að það hefur orðið þingmönnum Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. tilefni til þeirra ómerkilegu aðdróttana sem þeir fluttu hér og m.a. fer hv. þm. Björn Bjarnason hér upp og les ákveðna tölu sem gildir um Morgunblaðið. Það er auðvitað alveg ljóst að inni í þessari 62 millj. kr. tölu Hvíta hússins er Morgunblaðið með einn stærsta hlut, eðlilega. Og það er þess vegna nauðsynlegt að þessi sundurliðun sé birt.

Það var ekki pólitísk ákvörðun fjmrn. að ráða Hvíta húsið til þessara verka. Það var ákvörðun ríkisskattstjóraembættisins og átti rætur í samningum sem yfirmenn skattamála gerðu við auglýsingastofuna Hvíta húsið löngu áður en ég var fjmrh. Staðreyndin er nefnilega sú að ég réð enga nýja auglýsingastofu til þess að vinna verk fyrir fjmrn. meðan ég var fjmrh. Þær auglýsingastofur sem unnu verkefni á vegum fjmrn., bæði þessi og sú sem vann að kynningu á spariskírteinum ríkisins, voru þær sömu og unnu þau verk áður en ég var fjmrh. Það er staðreynd málsins.

Það kemur jafnframt fram í þessum gögnum að þeim litla hluta, og ég segi það, þeim litla hluta af auglýsingastarfsemi, sem ákveðinn var af fjmrn. sjálfu og nemur aðeins mjög litlum upphæðum samanborið við það sem ákveðið var í tengslum við skattamálin, var varið vítt og breitt til fjölmargra aðila, flestra þeirra ópólitískra eins og hér kemur fram á þessum lista.

Vegna þess að hæstv. forsrh. var svo ósmekklegur að fara að blanda kosningaáróðri Alþb. og vinnu okkar í kosningabaráttunni inn í þetta mál, þá skal ég segja hæstv. forsrh. það, því að það er ekkert leyndarmál, að Alþb. greiddi Hvíta húsinu 6 millj. kr. fyrir þá vinnu sem það vann fyrir flokkinn í tengslum við kosningarnar. Þá tölu getur hæstv. forsrh. fengið staðfesta hvar sem hann vill.

Við skulum ekki í samskiptum okkar hér í þinginu fara að temja okkur jafnódrengilegar athugasemdir í garð hvers annars eins og komu hér fram hjá hæstv. forsrh. áðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstv. forsrh. óskar að bera af sér sakir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera sérstakar athugasemdir við munnsöfnuð þess þingmanns sem áðan talaði. Það er uppeldislegt vandamál hans. En ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði af því að minnstur hluti athugasemdar hans fjallaði um það, að það var, svo ekki sé meira sagt, afskaplega ógætilegt af formanni Alþb. og þáv. fjmrh. að láta þessa auglýsinga-

stofu, sem hann vissi að var í stórkostlegum viðskiptum við hans ráðuneyti, vinna kosninga- og áróðursefni fyrir Alþb.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 3. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):
Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sakaði mig hér í ræðu áðan um það að vera með ómerkilegan pólitískan áróður. Ég get ekki séð annað en að þær umræður sem hér hafa farið fram og þær upplýsingar sem hafa komið fram og hvaða afstöðu einstakir menn hafa tekið hafi leitt í ljós að fullt tilefni var til þessarar fyrirspurnar og fullt tilefni til þess að við skoðum þessi mál mjög gaumgæfilega og förum varlega í framtíðinni, förum alla vega varlegar en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur farið á undanförnum árum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Eins og hér kom fram áðan er auglýsingastofan Hvíta húsið einhver besta auglýsingastofan í landinu. Það töldu forverar mínir í embætti fjmrh. þegar þeir réðu hana til starfa. Það taldi embætti ríkisskattstjóra þegar það mælti með henni. Átti ég sem formaður Alþb. að neita mér eða flokknum um viðskipti við bestu auglýsingastofu landsins einfaldlega vegna þess að aðrir höfðu talið að hún væri líka best? Er hæstv. forsrh. virkilega að gera þá kröfu til Alþb. að það skipti ekki við hina bestu á hverju sviði óháð því hvað þeir gera að öðru leyti? Ég vil nefna m.a. að Hvíta húsið, ef ég þekki rétt, er auglýsingastofa Eimskipafélagsins og fjölmargra ágætra fyrirtækja. (**Gripið fram í:** Það getur nú varla verið.) Jú, það er m.a. auglýsingastofa Eimskipafélagsins. (**Gripið fram í:** Þetta verður að rannsaka.) Ég gæti nefnt ýmis önnur fyrirtæki sem hafa verið tengd ákveðinni dýrategund í almennri umræðu og á bókamarkaðinum sem þessi auglýsingastofa er aðalauglýsingastofan fyrir. Er það kannski líka tortryggilegt? (**Gripið fram í:** Er það Alþb.?) Nei, það er ekki Alþb. En staðreyndin er sú að stofnanir ríkisins, eins og ríkisskattstjóri, og öflug fyrirtæki eins og Eimskipafélagið og fjölmargir aðrir aðilar hafa talið að þessi auglýsingastofa væri besta auglýsingastofa landsins. Það fyrirtæki, sem forsrh. var fundarstjóri hjá, komst að þeirri niðurstöðu. Og auðvitað völdum við það besta á hverju sviði eins og við leitumst yfirleitt við að gera, hæstv. forsrh., að sjálfsögðu. En það var ekkert annarlegt við það. Það var ekkert tortryggilegt við það. Og við greiddum það fullu verði að sjálfsögðu.

Ég vil nú biðja ræðumenn Sjálfstfl. að fara ekki niður á þetta plan sem þeir hafa gert hér. En hv. þm. Árni Mathiesen boðar það hér að hann ætli að gerast sérstakur rannsakandi í því hvernig ráðherrar hafa varið fjármunum. Ég fagna því að hv. þm. geri það. Ýmis ár og tímabil hjá ýmsum ráðuneytum sem standa þingmanninum nokkuð nærri sem væri fróðlegt fyrir hann að bera fram fyrirspurnir um hér í þinginu og sanna það að hann hafi raunverulegan áhuga á að kynna sér þessi mál. Ég mundi fagna því. Ég mundi líka fagna því ef hæstv. forsrh. mundi beita sér fyrir því að hans eigin ríkisstjórn birti hér jafnsundurliðaða skýrslu yfir auglýsingabirtingar ráðuneyta síðan hans ráðuneyti tók við. Ég mundi fagna því. Það væri æskilegt að núv. fjmrh. og forsrh. legðu fram jafnsundurliðaðan lista. Ég er alveg reiðubúinn að hvetja alla til þess að gera það. En þá skulum við gera það eðlilega og heiðarlega en ekki í þessum ómerkilega flokkspólitíska tilgangi sem hefur greinilega afhjúpast hér í umræðunni að var tilgangur þeirrar ferðar sem hinn nýi krossfararriddari úr Hafnarfirði, Árni M. Mathiesen, lagði í.

Dimmuborgir, ein umr.

Fsp. SvG, 108. mál. — Þskj. 111.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):
Virðulegi forseti. Ég hef fyrir allnokkru lagt hér fram á hinu háa Alþingi fyrirspurn til hæstv. forsrh. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„Hefur ríkisstjórnin ákveðið hvernig tekið verður á þeim vandamálum sem nú blasa við í Dimmuborgum vegna sandfoks, gróðureyðingar og verulega aukins ágangs ferðamanna?"

Ég skal viðurkenna, virðulegi forseti, að eins og það er nú skynsamlegt að skipta fyrirspurnum í flokka eftir ráðherrum, eins og hér er gert, gæti líka verið snjallt að skipta fyrirspurnum eftir efnisatriðum með öðrum hætti vegna þess að þessi fyrirspurn og umræða um hana er býsna ólík þeirri umræðu sem fór hér fram síðast um auglýsingakostnað á undanförnum árum. Engu að síður er hér hreyft mikilvægu máli.

Ástæða þess að ég ber þetta fram við hæstv. forsrh. er sú að þetta mál snertir í raun og veru tvö ráðuneyti, annars vegar umhvrn. og hins vegar landbrn. Ég vil ekki blanda þessari umræðu í þá deilu sem er á milli þessara tveggja ráðuneyta um verkaskiptingu á ákveðnu sviði og kaus þess vegna að bera þetta fram fyrir hæstv. forsrh. En heila málið er þetta að Dimmuborgum, sem er einhver mesta náttúrugersemi Íslands, stafar veruleg hætta af traðki ferðamanna og sandi sem berst sunnan af öræfunum. Vaxandi straumur ferðamanna veldur miklu álagi á viðkvæman gróður í Dimmuborgum og það er áætlað að um 100 þús. ferðamenn heimsæki Mývatnssveit á hverju ári og langflestir þeirra koma í Dimmuborgir. Göngustígar og aðstaða fyrir ferðafólk tekur á engan hátt mið af þessum fjölda og þrátt fyrir úrbætur sem gerðar hafa verið í samvinnu Náttúruverndarráðs Skútustaðahrepps og Landgræðslunnar er augljóst að Dimmuborgir eru í verulegri hættu ef ekki fæst aukið fjármagn til að bæta aðstöðu þar.

En í annan stað eru Dimmuborgir í hættu vegna þess að þar er um að ræða stófellt sandfok af svæðunum sunnan Dimmuborga og sunnan Mývatnssvæðisins og þetta sandfok hefur gjörbreytt landslagi þarna á undanförnum árum og áratugum eins og þeir hafa séð sem hafa komið í Dimmuborgir reglulega t.d. sl. 10 ár að það má heita að það sé áramunur á ástandinu í Dimmuborgum vegna þess gífurlega sandfoks sem þarna er um að ræða. Þess vegna er það í raun og veru tvennt sem þarf að gera. Annars vegar að efna til úrbóta vegna ferðamanna og hins vegar að leggja í framkvæmdir við að hefta sandfok og lagfæringar í því sambandi.

Fjárln. fékk í vetur bréf um þetta efni, dags. 1. nóv. 1991, þar sem bent var á aðgerðir sem kosta aðeins, ég segi aðeins, virðulegi forseti, 6,9 millj. kr. Ég tel að hér sé ekki um að ræða stóra fjármuni miðað við þá hættu sem blasir við þessum náttúrugersemum sem eru þessar einstæðu klettaborgir sem Dimmuborgir eru. Af þeim ástæðum vil ég vekja athygli á þessu máli til að leggja áherslu á nauðsyn aðgerða og þess um leið, virðulegi forseti, að þess verði gætt við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 að þá verði í síðasta lagi lagðir fram fjármunir til skipulegra aðgerða í þessu efni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. hv. 9. þm. Reykv., vil ég taka eftirfarandi fram. Um Dimmuborgir gilda sérstaklega lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, en að öðru leyti lög nr. 47/1971, um náttúruvernd, og lög nr. 17/1965, um landgræðslu. Í framkvæmd heyrir því vernd Dimmuborga vegna sandfoks og gróðureyðingar undir Landgræðslu ríkisins en vegna ágangs ferðamanna undir Náttúruverndarráð eins og fyrirspyrjandi tók reyndar fram.

Ásamt sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafa þessir aðilar haft samráð um ráðstafanir á svæðinu og hefur eftirtöldum aðgerðum verið hrint í framkvæmd á undanförnum árum. Náttúruverndarráð hefur annast eftirlit með ferðamönnum og landvörslu. Gönguleiðir hafa verið merktar með köðlum og vegvísum komið upp. Trétröppur hafa verið smíðaðar niður frá inngangi og niður í borgirnar og minni brúm og tröppum verið komið upp við sprungur. Við innganginn er upplýsingaskilti sem skýrir myndun Dimmuborga, gönguleiðir og umgengnisreglur jafnframt því sem bæklingur Náttúruverndarráðs er fáanlegur bæði fyrir Íslendinga og útlendinga. Þá hefur lágmarkssnyrtiaðstaða verið sett upp við bílastæðið.

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúruverndarráði mæta ráðstafanir þessar skilningi ferðamanna í vaxandi mæli með því að gönguleiðir og umgengnisreglur eru almennt virtar. Dimmuborgir voru girtar og friðaðar fyrir búfjárbeit árið 1949. Upphaflega var sáð melfræi og grjótgarðar hlaðnir til að stöðva framskrið sandsins, en sandfok er nú uggvænlegasta ógnunin sem steðjar að borgunum. Í ljós hefur komið af gervitunglamyndum að borgirnar liggja við norðurenda mikils uppblásturssvæðis sem nær suður á miðhálendið. Á fjárlögum fyrir árið 1992 eru Landgræðslu ríkisins veittar 2 millj. kr. til aðgerða vegna landeyðingar í Skútustaðahreppi og verður þeim veitt til aðgerða er taka til þessa svæðis sunnan Dimmuborga en ekki reyndist unnt að merkja fjárveitingu til sandskriðs og gróðureyðingar innan Dimmuborga sérstaklega nú. Hins vegar ber að taka fram að óskilgreind fjárveiting til Landgræðslu ríkisins vegna sandfoks og gróðureyðingar nemur árið 1992 79,8 millj. kr. Fjárveitingar til Náttúruverndarráðs vegna eftirlits og landvörslu á Mývatnssvæðum námu á árinu 1991 2,6 millj. kr. en hafa lækkað nokkuð á þessu ári í samræmi við almennar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. Þá hafa einkaaðilar sýnt málefnum Dimmuborga skilning og sem dæmi má nefna fyrirheit Íslandsbanka um að veita 1 millj. kr. í styrk til úrbóta og vegna álags af völdum ferðamanna á svæðinu.

Eins og fram kemur í svari þessu þá er sandfokið talin vera sú ógn sem helst steðjar nú að þessu náttúruundri eftir þær aðgerðir sem gerðar hafa verið til þess að koma í veg fyrir að álag vegna ferðamanna um svæðið spilli því. Bæði hafa sandskaflar aukist innan svæðisins og girðingar og hleðslur hafa ekki megnað að stöðva slíkt og sandskaflar eru einnig á næsta leiti. En meginvandamálið hygg ég vera, og að um það séu menn sammála, uppsprettu þessa vanda, þ.e. svæðið sem liggur miklu sunnar við Dimmuborgir og þetta sandfok kemur frá. Ég get tekið undir með fyrirspyrjandanum að það er full ástæða til, þrátt fyrir að menn fari sjálfsagt varlega með fjármuni, að hyggja sérstaklega að þessum þætti og ekki síðar en á næstu fjárlögum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þeim vanda sem hér er við að glíma. Ég hef ekki neinu við það svar, sem hæstv. forsrh. gaf, að bæta öðru en því að ég vildi gjarnan taka það fram að þetta gildir í rauninni um fleiri staði, fleiri fjölsótta og viðkvæma ferðamannastaði, að þar er við margvísleg vandamál að etja vegna vaxandi umferðar, vaxandi mannfjölda, áníðslu eða átroðslu geta menn kallað það. Þess vegna er óhjákvæmilegt að við látum með einhverjum hætti aukið fé af hendi rakna til þessara mála á næstu árum. Ég held að ein af þeim leiðum sem hljóti að koma til greina sé eins og gert er annars staðar, þ.e. að ferðamenn leggi sjálfir nokkuð af mörkum til varðveislu staðanna sem þeir heimsækja, að þeir greiði eitthvert gjald fyrir heimsóknina. Þetta er gert mjög víða um veröldina og þykir sjálfsagður hlutur. Enda er ekkert óeðlilegt við það að menn greiði fyrir að njóta þeirra verðmæta sem hér er um að ræða. Það þurfa ekki að vera háar upphæðir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að gera athugasemd varðandi sandfokið við Dimmuborgir. Landbn. Alþingis ferðaðist um þessi svæði í sumar og kynnti sér aðstæður þar. Eftir þá ferð og það sem ég hef kynnt

mér síðar er það mín skoðun að þær 3,9 millj. sem hér hafa verið nefndar til úrbóta í sandfoksmálum við Dimmuborgir séu einungis bráðabirgðaplástur. Höfuðmeinsemdin er, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., mikið sandfok og sandskaflamyndun fram á hálendinu sem getur hvenær sem er, og þetta er nánast eins og tímasprengja, brotist fram og þá yfir miklu stærri svæði en eingöngu Dimmuborgir. Þannig er málið að mínu mati það stórt að það verður ekki leyst öðruvísi en með stórátaki á hálendinu upp af Mývatnsöræfum, eitthvað í líkingu við það sem gert var á Rangárvöllum á sínum tíma.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og hæstv. umhvrh. fyrir undirtektirnar og öðrum þingmönnum sem hér hafa talað. Það er rétt að hér er út af fyrir sig um að ræða vandamál sem á sér víða sína líka. En staðreyndin er þó sú, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. gat um, að þarna er um að ræða alveg sérstakt vandamál. Það blasir við að Dimmuborgir hverfi í raun og veru ef um yrði að ræða varanlega þunga sunnanátt langtímum saman. Og ég tel að það sé réttlætanlegt að taka Dimmuborgir með einhverjum hætti út úr. Mér finnst að það skorti í almennri stefnumótun í umhverfismálum að menn raði stöðum í forgangsröð í þessu efni þannig að menn séu ekki alls staðar að setja inn smáupphæðir heldur reyni að afgreiða hlutina hvern fyrir sig. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að málið var tekið fyrir og rætt og það er rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að út af fyrir sig eru 3,9 millj. aðeins upphaf að verki. Hér þarf auðvitað margt fleira að koma til. En mér finnst skynsamlegt að taka á málinu í heild með þeim hætti sem hér hefur m.a. verið bent á og hæstv. forsrh. tók ágætlega undir að mínu mati.

Varðandi gjaldtöku af ferðamönnum þá er það mikið mál og ég skil vel að hæstv. umhvrh. skuli nefna það mál miðað við þann vanda sem hann stendur frammi fyrir án þess að ég sé í sjálfu sér að taka undir hans sjónarmið. Þetta leiðir hugann að því hvað það er nauðsynlegt að það yrði til form hér á Alþingi fyrir stefnumótunarumræður þar sem við gætum einhvern daginn borið okkur saman um hvort svona gjaldtaka er almennt eðlileg án þess að við séum á sama tíma endilega að ræða um lagafrv. eða eitthvað því um líkt í þeim efnum. Og ég mundi vilja hvetja hæstv. umhvrh. til að koma því með einhverjum hætti á dagskrá Alþingis að við ræðum um þetta mál sem er mjög stórt mál bæði gagnvart útlendum ferðamönnum og kynningu á Íslandi erlendis en þó sérstaklega gagnvart íslenskum ferðamönnum. Ég er ekki alveg viss um að gjaldtakan leysi nema mjög takmarkaðan hluta þessa vanda. Menn mega ekki líta á hana sem haldreipi sem frelsi ríkið frá því að gera allt sem það getur til þess að halda vel utan um þessar náttúrugersemar sem þjóðin á. En ég þakka umræðuna.

Samskipti ráðherra og sendimanna erlendra ríkja á Íslandi, ein umr.

Fsp. ISG, 226. mál. — Þskj. 385.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 385 ber ég fram fsp. til forsrh. um samskipti ráðherra og sendimanna erlendra ríkja á Íslandi.

Tilefni þessarar fsp. er viðtal sem birtist í Morgunblaðinu 9. jan. sl. við a.m.k. þáv. og e.t.v núna fyrrv. sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Þetta er að mörgu leyti athyglisvert viðtal við sendiherrann og hann talar þar m.a. um kosti smæðarinnar, þ.e. hvaða kosti það hafi að búa og starfa í litlu samfélagi eins og á Íslandi og það persónulega samband sem þetta bjóði upp á. Og mig langar, með leyfi forseta, að lesa hérna örstutt úr viðtalinu, en þar segir sendiherrann: „Forsætisráðherra Íslands hefur dvalið á heimili mínu í Flórída í eina viku svo og utanríkisráðherrann og Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra. Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra hefur dvalið í viku í skíðaskálanum okkar í Bandaríkjunum. Slíkt hefði einfaldlega ekki getað gerst í stærra landi", segir sendiherrann.

Steingrímur Hermannsson hefur upplýst í blöðum að það sé á misskilningi byggt að hann hafi þegið boð hjá sendiherranum en svo virðist sem rétt sé með farið hvað aðra varðar, a.m.k. hafa þeir ekki borið það til baka. Ég verð að játa að ég varð mjög undrandi á þessum ummælum Cobb, mér finnst það nefnilega ekki viðeigandi að íslenskir ráðamenn séu inni á gafli hjá sendimönnum erlendra ríkja. Hér áðan var talsvert talað um og minnt á hagsmunaárekstra og minnt á það gamla spakmæli að æ sér gjöf til gjalda. Og mér finnst að það geti átt við líka í þessu tilviki sem ég geri hér að umtalsefni.

Þegar ég las þessa grein þá hugsaði ég með sjálfri mér, hvað hefði þjóð og þing sagt fyrir tíu árum síðan ef ráðherra í ríkisstjórn hefði gist heimili sendiherra Sovétríkjanna í Moskvu og ef þingmaður hefði dvalið í sumarhúsi hans við Svartahafið? Ég er hrædd um að þingi og þjóð hefði ekki þótt það gott. Mér finnst þetta mál heldur ekki gott.

Þess vegna spyr ég nú hæstv. forsrh.:

„1. Hafa forsrh., utanrrh. og sjútvrh. dvalist erlendis í boði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi eins og fram kemur í viðtali við sendiherrann í Morgunblaðinu 9. jan. sl.? Ef svo er, þá hvenær?

2. Er forsrh. kunnugt um önnur tilvik af þessu tagi á undanförnum árum, þ.e. að íslenskir ráðherrar hafi þegið slík boð sendimanna erlendra ríkja á Íslandi?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvort forsrh., utanrrh. og sjútvrh. hafi dvalist erlendis í boði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi eins og fram kom í viðtali við sendiherrann í Morgunblaðinu 9. jan. sl. og ef svo er þá hvenær.

Því er til að svara að ég heimsótti þáv. sendiherra

Bandaríkjanna, Charles Cobb, á heimili hans í Flórída og gisti hjá honum í þrjár nætur, 17., 18. og 19. sept. og tók þar þátt í dagskrá sem skipulögð hafði verið af hálfu sendiherrans þá daga. Ég var þá á leiðinni á fund Bandaríkjaforseta í New York og til að taka þátt í dagskrá vegna komu víkingaskipa til borgarinnar.

Utanrrh. heimsótti sama sendiherra á heimili hans í Flórída hinn 26. sept. 1990 og gisti þar eina nótt. Var hann á þriggja daga ferðalagi til að heimsækja háskólann í Flórída og ræða við utanríkisráðherra Bahamaeyja.

Varðandi sjútvrh. verð ég að lesa upp svar þess ráðuneytis.

„Til forsrn. sem svar við bréfi ráðuneytisins til allra ráðuneyta, dags. 20. janúar 1992, skal þetta tekið fram: Mér er ekki kunnugt um að sjútvrh. hafi dvalist erlendis í boði sendiherra Bandaríkjanna, hvorki nú né í tíð fyrri ríkisstjórna. Á hinn bóginn vorum við hjónin í apríl 1990 á eigin vegum á ferð í Bandaríkjunum. Á milli annarra erinda í þeirri ferð gistum við í nokkra daga í húsi þáv. sendiherrahjóna Bandaríkjanna í fjallaþorpi í Klettafjöllum. Í júlímánuði sama ár gistu bandarísku sendiherrahjónin í sumarbústað fjölskyldu minnar á Flúðum í framhaldi af hestaferð yfir Fimmvörðuháls sem ég bauð til.

Óski Alþingi frekari upplýsinga um fjallaferðir okkar hjóna með þáv. sendiherrahjónum Bandaríkjanna er sjálfsagt að láta þær í té. En aðeins í þessi tvö skipti kom til þess að gist væri í húsum í þeirra eigu eða okkar.

Þorsteinn Pálsson."

Ég get bætt því við að mér er ekki kunnugt um að gisting sendiherrans á Flúðum hafi verið rædd á Bandaríkjaþingi a.m.k. enn þá.

Í öðru lagi er spurt um hvort forsrh. sé kunnugt um önnur tilvik af þessu tagi á undanförnum árum, þ.e. að íslenskir ráðherrar hafi þegið slík boð sendimanna erlendra ríkja á Íslandi.

Ég hef kannað þetta í öllum ráðuneytum og fengið þau svör að engin önnur dæmi séu þess að ráðherrar hafi fengið eða þegið boð erlendra sendimanna af því tagi sem áður var getið.

Almennt vil ég segja eftirfarandi um það málefni sem hér er til umræðu: Litið er á það sem eitt helsta hlutverk sendierindreka að koma á góðu persónulegu sambandi við stjórnvöld í viðkomandi ríkjum til að auðvelda hin stjórnmálalegu samskipti. Viðkomandi stjórnvöld gera sér einnig far um að rækta þessi persónulegu sambönd við erlenda sendierindreka af sömu ástæðum og á það ekki síst við þegar um náið samstarf milli tveggja ríkja er að ræða. Er þetta viðtekinn og eðlilegur þáttur í samskiptum milli ríkja og einn tilgangur þess að skipst er á sendimönnum yfirleitt. Um gestrisni eða gagnkvæma risnu á þessu sviði er aldrei hægt að segja að hún sé aðeins öðrum aðilanum í vil heldur getur hún komið báðum að einhverju gagni og þá í samskiptum ríkjanna.

Ráðherrar hafa sjálfir misjafnlega mikla risnuskyldu gagnvart erlendum aðilum og hið sama gildir um íslenska sendierindreka erlendis. Heðbundin gagnkvæmni í þessum efnum er slík á alþjóðavettvangi að fáum dettur í hug að gestrisni feli í sér einhverjar persónulegar skuldbindingar af hálfu þiggjenda. En vegna orða fyrirspyrjandans um að æ sjái gjöf til gjalda þá get ég út af fyrir sig tekið undir það að Charles Cobb og konu hans væri velkomið að gista heima hjá mér, það er rúmt, ef þau væru hér á ferð og mun ég auðvitað bjóða það fram til þess að þarna standi nú ekki neitt eftir, eins og þingmaðurinn nefndi.

Varðandi það sem þingmaðurinn spurði um og ræddi hér sérstaklega hvað mönnum hefði þótt um það ef íslenskur ráðherra fyrir tíu árum hefði gist á heimili sendiherra hér á landi í Moskvu, þá býst ég við að menn mundu hafa svarað því til að þar væri rýmra heldur en menn hefðu gert ráð fyrir því að þar var gert ráð fyrir, eins og menn vissu, að 6 m^2 væru á hvern mann í íbúðarhúsum í Moskvu og sennilega ekki gott að taka á móti gestum þar. En hitt er aftur annað mál varðandi þingmenn að það eru fjölmörg dæmi þess að þingmenn hafi gist jafnvel vikum saman í sumarhúsum Sovétstjórnarinnar við suðræn höf í því ríki, fyrrverandi, án þess að nokkrum detti í hug, a.m.k. ekki mér, að þeir menn hafi skuldbundið sig eða selt sig Sovétríkjunum af þeim ástæðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var sannarlega tilefni til að taka þetta mál hér upp og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa gert það. Viðtalið við sendiherra Bandaríkjanna, sem er tilefni þessarar fyrirspurnar eða að málið kemur upp á yfirborðið, vakti mjög mikla athygli hérlendis og um það var rætt í fjölmiðlum. Það var auðvitað mjög eðlilegt. Hér hefur verið staðið að, af íslenskum ráðherrum, með aldeilis óvenjulegum hætti og eins og fram kemur hjá hæstv. forsrh. þá eru engin hliðstæð dæmi sem hann gat upplýst um frá fyrri tíð. En það sem mér finnst sæta nokkrum tíðindum er að hæstv. forsrh. fjallar um þetta sem sjálfsagt mál og fallið til eftirbreytni. Undir það get ég sannarlega ekki tekið. Skiptir þá engu hvernig menn meta viðkomandi einstakling, sendiherra, persónulega sem í hlut á, hvort hann er vænlegur gestgjafi eða ekki, heldur skipta máli almennar reglur í samskiptum ríkja. Ég ætla að biðja hæstv. forsrh. í fullri vinsemd um að endurskoða þessa afstöðu og beita sér fyrir því á vettvangi ríkisstjórnar sinnar að þessu háttalagi verði ekki fram haldið því það er sannarlega ekki til eftirbreytni. (Forseti hringir.) En vegna þess, virðulegi forseti, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., þá hljóta menn hér á Alþingi að velta því fyrir sér hvort það sé ekki nauðsynlegt að Alþingi taki þetta mál til sérstakrar umfjöllunar og hvort það er ekki nauðsyn af hálfu Alþingis að gefa framkvæmdarvaldinu leiðbeiningar að þessu leyti.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka svör forsrh. við minni fyrirspurn sem voru út af fyrir sig skýr og skilmerkileg. Þessir þrír aðilar sem ég tiltók, forsrh., utanrrh. og núv. sjútvrh. en þáv. þingmaður og formaður Sjálfstfl., hafa þegið boð hjá sendiherra Bandaríkjanna á heim-

ili hans og önnur tilvik eru ekki til um slíkt. Þetta er út af fyrir sig afskaplega skýrt. Ég verð að segja að mér finnst það ekki mjög, hvað á ég að segja, til fyrirmyndar hjá þessum ráðamönnum að þiggja slík boð. Ástæðan er einfaldlega sú — og nú ætla ég ekki að gera því á fæturna að þarna hafi eitthvað misjafnt átt sér stað, alls ekki en hins vegar er þarna grátt svæði sem menn verða að passa sig á. Mér er það kunnugt að það gilda engar reglur um þessa hluti og það er raunar afskaplaga vafasamt að hægt sé að setja þær því það er aldrei hægt að niðurnjörfa svo siðaboð eða reglur að það útiloki vafamál og efasemdir. Menn verða auðvitað að gera þetta upp við sjálfa sig. En ráðherrar í ríkisstjórn, og raunar þingmenn líka, verða að reyna að forðast hvers kyns hagsmunatengsl sem gætu varpað skugga á ákvarðanir þeirra, sem gætu vakið efasemdir um heilindi þeirra og sjálfstæði. Það er það sem getur gerst í málum eins og þessu. Við vitum að það er verið að semja um ýmis viðkvæm mál við Bandaríkjamenn og það gætu auðvitað komið hugmyndir um það að menn væru kannski ekki alveg sjálfstæðir í sínum ákvörðunum ef þeir eru í of nánum persónulegum tengslum við sendimenn erlendra ríkja.

Ég verð að játa að mér finnst þetta líka svolítið smátt, ekki síst eftir viðtal sem haft er við sendiherra Bandaríkjanna í Pressunni viku eftir að viðtalið birtist í Morgunblaðinu þar sem hann talar um að það hefði auðvitað verið æskilegt að Bush hefði getað boðið þessum ráðamönnum heim en hann hafi ekki haft tíma til þess svo sendiherrann hafi bara gert það sjálfur í staðinn. Mér finnst það miður — það er reyndar ekki rétt að segja að það sé miður — því þessir menn eru ekki á sama stað í stjórnkerfinu og þótt ég haldi ekkert sérstaklega upp á íslenska ráðherra þá eru þeir engu að síður fulltrúar þessarar þjóðar og fulltrúar mínir sem slíkir og mér finnst svolítið smátt hjá þeim að vera að þiggja gistingu erlendis með þessum hætti.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér finnst tilefni þessarar fyrirspurnar harla léttvægt og lítilvægt. Mér finnast líka svör hæstv. forsrh. fullnægjandi í þessu máli. Ég tel að það sé kjarni málsins, sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan, að það eru einstaklingar sem hlut eiga að máli. Í störfum mínum sem blaðamaður kom sú spurning oft upp hvort blaðamenn ættu að þiggja boð gestgjafa og ég taldi alltaf einsýnt og er þeirrar skoðunar að það fari eftir þeim sem þiggur boðið hvernig að slíkum málum er staðið og hvort slíkar ferðir séu ámælisverðar en ekki eftir þeim sem býður. Ég held að í þessu tilviki sé ekki unnt að benda á nokkurn skapaðan hlut sem gerir það ámælisvert að þessir þrír einstaklingar sem hér er um að ræða hafi þegið boð að gista hjá sendiherra.

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera athugasemd við það svar sem hæstv. forsrh. gaf hér og tel það alls kostar fullnægjandi en það er samt tilefni til að athuga hvort ekki þurfi að setja einhverjar lágmarksviðmiðunarreglur um það hvernig þingmenn, ráðherrar og æðstu embættismenn þjóðarinnar umgangast boð af ýmsu tagi. Við Íslendingar höfum verið ansi frjálslegir í þessum efnum, t.d. að það hefur verið hefð og venja að ráðherrar þiggi boð um laxveiðar á sumrin og forsrh. hefur upplýst að þingmenn hafi þegið boð um að liggja á sólarströndum í Sovétríkjunum o.s.frv. Allar þessar upplýsingar kalla á það að ræða þetta nánar og jafnvel setja um þetta einhverjar viðmiðunarreglur.

Upplýsingaskylda ráðuneyta og opinberra stofnana, ein umr.

Fsp. FI, 175. mál. — Þskj. 192.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegur forseti. Ég ber hérna fram fsp. á þskj. 192 til forsrh. um upplýsingaskyldu ráðuneyta og opinberra stofnana. Það er nokkuð langt síðan þessi fsp. kom fram, eða á sl. ári, en vegna anna hér í þinginu hefur ekki gefist tími eða ráðrúm til að henni væri svarað og er ég ekki að ásaka neinn í þeim efnum.

Það er mjög á reiki hverjar skyldur stjórnvalda eru gagnvart félagasamtökum, einstaklingum og fjölmiðlum, alþingismönnum og borgarfulltrúum um að veita upplýsingar um ýmis mál sem eru í vinnslu í ráðuneytum eða hjá opinberum stofnunum. Það er að mínu viti afskaplega mikilvægt að um þetta séu til skýrar reglur. Það eru engin lög til um þetta og því ber ég fram þá spurningu hér við hæstv. forsrh.: „Hvaða reglur gilda um upplýsingaskyldu opinberra stofnana gagnvart alþingismönnum, félagasamtökum, einstaklingum og fjölmiðlum?"

Það hafa komið fram á Alþingi ýmsar tillögur um þetta mál. Sú fyrsta, ef ég man rétt og veit best, kom fram á þinginu 1969–1970 þegar Þórarinn Þórarinsson, þáv. þingmaður, flutti þáltill. um að samið yrði lagafrv. sem lagt yrði fyrir Alþingi um upplýsingaskyldu opinberra stofnana. Sú þingsályktun varð ekki útrædd og var endurflutt 1970. Síðan var í maí 1972 samþykkt þáltill. um þetta efni frá Þórarni Þórarinssyni og Ingvari Gíslasyni. Í kjölfar þess lætur þáv. dómsmrh. semja lagafrv. og leggur það fram á þingi árið 1973. Það mál var ekki útrætt. Það var endurflutt, reyndar endursamið, og síðan endurflutt á þinginu 1976 og enn var málið ekki útrætt. Á síðasta þingi, árið 1990, þá var lagt fram af fyrrv. forsrh. Steingrími Hermannssyni lagafrv. um upplýsingaskyldu opinberra stofnana. Það mál náði ekki fram að ganga. Af þessu má sjá að ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þá veru að koma hér á samræmdum reglum, en því miður þá hefur þingið ekki enn treyst sér til þess að samþykkja slík lög og því spyr ég hæstv. forsrh.:

„Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 11. þm. Reykv. um hvaða reglur gildi um upplýsingaskyldu opinberra

stofnana gagnvart alþingismönnum, félagasamtökum, einstaklingum og fjölmiðlum, þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Ef frá eru talin ákvæði laga um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingarblaðs, auk sérákvæða í einstökum lögum um tilteknar athafnir stjórnvalda, t.d. 17. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, gilda engar almennar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda hér á landi.

Auk þessara þátta má benda á skýrslugjöf sem mælt er fyrir í lögum um einstakar stofnanir eða fyrirtæki t.d. um starfsmenn Byggðastofnunar, svo nokkuð sé nefnt. Þá hafa myndast venjur um útgáfu margvíslegra skýrslna, fréttabréfa og fréttatilkynninga svo ekki sé minnst á blaðamannafundi.

Í þessu sambandi má geta þeirra verklagsreglna sem farið er eftir í forsrn. varðandi upplýsingar af ríkisstjórnarfundum. Ritari forsrh. gefur upplýsingar um dagskrá ríkisstjórnarfunda og blaða- og fréttamenn hafa síðan samband við viðkomandi ráðherra eða ráðuneyti um frekari fregnir af dagskrármálum. Þótt almenna reglan hljóti að vera sú að allir eigi rétt á upplýsingum frá stjórnvöldum, hvort sem þeir eru alþingismenn, fulltrúar félagasamtaka eða fjölmiðla eða einstaklingar, hafa alþingismenn betri stöðu en aðrir til að fá slíkar upplýsingar. Þeir geta þannig farið fram á skýrslugjöf um opinber málefni og borið fram fyrirspurnir, sbr. 46. og 49. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991. Einnig hafa nefndir þingsins rétt til að fara fram á upplýsingar, sbr. t.d. 3. mgr. 25. gr. þingskapalaga um upplýsingaskyldu opinberra stofnana og fyrirtækja gagnvart fjárln.

Þegar rætt er um nauðsyn á skýrum reglum um upplýsingaskyldu stjórnvalda verða menn að hafa hugfast að ýmis ákvæði eru í lögum um leyndarskyldu og þagnarskyldu bæði almenns eðlis og um sérgreind tilvik, sbr. t.d. 32. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og 136. gr. almennra hegningarlaga, um brot á þagnarskyldu. Þessi ákvæði eru þó svo almenn að af þeim verða naumast dregnar ályktanir um almennar leyndarreglur. Þó má halda því fram að upplýsingaskylda stjórnvalda hljóti ávallt að vera háð vissum takmörkunum, einkum vegna tillits til sérstakra einstaklingshagsmuna svo og ef um er að ræða sérlega ríka almannahagsmuni, t.d. að því er varðar öryggi ríkisins.

Skortur á almennum reglum um upplýsingaskyldu hefur bagað jafnt borgarana og þá sem með stjórnsýslu fara sem hafa ekki getað stuðst við leiðbeiningarreglur um það hvað megi birta og hvað sé ekki réttlætanlegt að veita upplýsingar um. Á sl. tveimur áratugum, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, hafa margsinnis verið gerðar tilraunir til að aflétta þessari óvissu en ekki borið árangur sem erfiði. Sú saga er öll rakin í greinargerð með frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi 1990 en dagaði uppi. Vísast til þess frv. um nánari greinargerð að forsögu málsins.

Síðari spurningin er svohljóðandi: „Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda?“

Því er til að svara að mikið undirbúningsstarf hefur verið unnið á undanförnum árum og ég er þeirrar skoðunar að brýnt sé orðið að sett verði lög um starfsemi stjórnsýslunnar og upplýsingaskyldu stjórnvalda. Slík lagasetning er til þess fallin að treysta réttaröryggi í landinu og koma á föstum reglum um aðgang almennings að upplýsingum sem stjórnvöld hafa. Ég vil í þessu sambandi vísa til þess sem segir í hvítbók ríkisstjórnarinnar sem hefur að geyma stefnu og starfsáætlun hennar á kjörtímabilinu en þar segir að ríkisstjórnin muni vinna að undirbúningi löggjafar á sviði stjórnsýslunnar. Orðrétt segir í hvítbókinni:

„Markmið þeirrar löggjafar er að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og gera athafnir framkvæmdarvaldsins skýrari og traustari. Þá verða jafnframt í þeim lögum ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Kannað verður hvort æskilegt sé að setja á laggirnar sérstakan stjórnsýsludómstól. Er þetta gert til þess að tryggja nauðsynlegt eftirlit með framkvæmdum og ákvörðunum stjórnvalda, en nokkuð hefur þótt skorta á að farið væri eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis. Einnig verður lögð aukin áhersla á grisjun eldri laga og reglugerða. Þessi vinna er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að leikreglur stjórnskipunarinnar skuli vera í sífelldri mótun og taki mið af kröfum tímans um réttaröryggi borgaranna.“

Góð löggjöf á þessu sviði hefur tvíþættan tilgang. Hún á að stuðla að því að treysta rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum en hún á einnig að auka skilvirkni og gæði í störfum stjórnsýslunnar. Undirbúningsvinna að þessari frumvarpssmíð mun hefjast á næstunni og ég vænti þess og vonast til að unnt verði að leggja málið fyrir þingmenn á þessu þingi og þó í allra seinasta lagi í upphafi næsta þings.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið hefur ítrekað verið minnt á þörfina á lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda og hv. fyrirspyrjandi, sem hér er að ýta á eftir málinu, rakti þessa sögu frá 1970 og árunum þar á eftir. Ég hef ítrekað tekið þetta mál hér upp á Alþingi í formi fyrirspurna. 1990 kom fram frv. til laga eins og hæstv. forsrh. nefndi sem ekki varð útrætt. Ég tel að það hafi verið ófullnægjandi að því er snerti aðgang almennings að upplýsingum hjá framkvæmdarvaldinu. Það er nauðsynlegt þegar fjallað er um nýja löggjöf eða nýmótaða löggjöf að menn séu þar mjög vakandi í sambandi við þessi mál. Það er ánægjuefni ef hæstv. forsrh. kemur því fram, sem hann nefndi hér, að leggja málið í formi frv. fyrir þingið mjög fljótlega, á þessu ári, og þá gefst okkur tækifæri til þess að ræða það efnislega. En þetta er afar brýnt og við erum orðin satt að segja mjög á eftir um þessi efni, a.m.k. miðað við lönd sem standa sig bærilega að þessu leyti. Úr þessu verður að bæta hið fyrsta.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. skýr

og greinargóð svör við þessari fsp. Ég tek undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það er afskaplega mikilvægt að þessu máli verði hraðað. Ég heyrði það á máli hæstv. forsrh. að svo mun verða og það væri gott ef þetta yrði kannski eitt af fáum verkum sem ríkisstjórnin kæmi í framkvæmd áður en hún færi frá.

Ósoneyðandi efni, ein umr.

Fsp. HG, 235. mál. — Þskj. 409.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 409 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um ósoneyðandi efni. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvernig hefur miðað samdrætti í notkun ósoneyðandi efna hérlendis með tilliti til Montreal-bókunar Vínarsáttmálans frá því Íslendingar undirrituðu sáttmálann 1989?

2. Hvaða áætlanir liggja nú fyrir um minnkandi notkun ósoneyðandi efna (klórflúorkolefna og halona) hérlendis?

3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir strangari aðgerðum af Íslands hálfu en nú er kveðið á um í Montreal-bókuninni, t.d. stöðvun á notkun ósoneyðandi efna fyrir árið 1995?"

Tilefni þessarar fsp. eru upplýsingar sem fram komu frá tveimur rannsóknastofnunum, rannsóknarhópum, í byrjun þessa mánaðar. Annars vegar var um að ræða hóp í Bandaríkjunum sem tengist NASA-stofnuninni og heitir Second Airborne Arctic Stratospheric Expedition og hins vegar hópi í Evrópu, European Arctic Stratospheric Ozoen Experiment. Mælingum og upplýsingum þessara hópa ber saman um það að mælst hafi mikil aukning á ósoneyðandi efnum í háloftunum á norðurhveli og sérstaklega yfir norðlægum breiddargráðum og Ísland fellur undir þessi svæði.

Hér er um mjög stórt mál að ræða í alþjóðlegu samhengi og viðbrögðin erlendis við þessum upplýsingum hafa verið býsna skýr og ákveðin hjá nokkrum löndum. Þannig hefur Bandaríkjaforseti nú nýverið afráðið að taka mun ákveðnari skref til takmörkunar en gildir í umræddum alþjóðasamningi og banna notkun ósoneyðandi efna þar í landi innan fjögurra ára héðan í frá eða frá miðjum þessum áratug. Bandaríkjaþing ýtti á eftir um þetta mál og þarna liggur sem sagt fyrir stefna Bandaríkjanna sem nota og eru uppspretta meiri hluta þessara ósoneyðandi efna þannig að vissulega er það þýðingarmikið. Ég tel alveg brýnt að Ísland láti ekki sinn hlut eftir liggja í þessu þýðingarmikla máli og taki einnig viðeigandi skref og lýsi sig reiðubúið til þess í aðdraganda nýrrar ráðstefnu um þessi efni og stöðu Montreal-bókunarinnar sem ráðgerð er á þessu ári.

Ég hef leyft mér vegna þessarar fyrirspurnar hér, virðulegur forseti, að bera fram við ríkisstjórnir Norðurlanda í tengslum við Norðurlandaþing í byrjun marsmánaðar fyrirspurn sem er efnislega hliðstæð þeirri sem hér er fram borin en mér þykir mikilvægt að heyra hér undirtektir hæstv. umhvrh. um þetta efni.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að svara þeim fyrirspurnum sem hér eru fram bornar.

Varðandi fyrrsta liðinn vil ég segja það að nefnd sem skipuð var árið 1988 kannaði notkun ósoneyðandi efna hér á landi árin 1986 og 1987. Þessi nefnd lauk störfum í desember 1988. Hún setti fram tillögur um aðgerðir til að draga úr notkun klórflúorkolefna og halona. Þær voru samþykktar í ríkisstjórn. Í þeim fólst að fylgja bæri svipuðum aðgerðum og önnur Norðurlönd hafa gert og undirrita Vínarsáttmálann og svonefnda Montreal-bókun. Í maí 1989 gerðust Íslendingar aðilar að Vínarsáttmálanum og Montreal-bókuninni um ósoneyðandi efni.

Í norrænu umhverfisáætluninni, sem undirrituð var í jan. 1989 og Ísland er aðili að, var samþykkt að helminga notkun ósoneyðandi efna miðað við árið 1986 fyrir árið 1995. 1989 var skipuð hér á landi framkvæmdanefnd til að fylgja þessum málum eftir. Ný nefnd var skipuð í sama skyni 1991 og hefur hún kannað notkun klórflúorkolefna og halona árin 1989 og 1990 og á fjárlögum þessa árs eru veittar 2,5 millj. kr. til að hægt verði að vinna að málinu á vegum umhvrn.

Árið 1990 hafði notkun þessara efna, klórflúorkolefna, minnkað hér á landi um 32% miðað við viðmiðunarárið 1986 og notkun halona hafði dregist saman um 60% og er þá miðað við svonefnt ósoneyðingarvægi. Samdrátturinn hefði vissulega mátt vera meiri en engu að síður hefur tekist að standa við þær skuldbindingar sem við höfum á okkur tekið. Notkunin hefur aðallega dregist saman vegna þess að hætt hefur verið að nota úðabrúsa þar sem klórflúorkolefni eru notuð sem drifefni. Notkun halona hefur minnkað verulega frá 1986 og það eru ekki sjáanleg vandkvæði á því að fylgja ákvæðum Montreal-bókunarinnar næstu ár en fyrirhugað er að setja á næstunni strangari reglur um notkun halona þannig að draga megi enn frekar úr innflutningi og notkun. Þegar á heildina er litið hefur því miðað allvel við að draga úr notkun ósoneyðandi efna og staðið hefur verið við þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Við erum hér í hópi þeirra þjóða sem fremst fara og erum aðilar að öllum þeim alþjóðaskuldbindingum sem lengst ganga í þessu efni.

Í öðru lagi var spurt: Hvaða áætlanir liggja nú fyrir um að draga úr notkun ósoneyðandi efna hérlendis? Það er unnið að því á vegum þeirrar nefndar, sem ég nefndi áðan, að móta aðgerðir á þessu sviði. Það er búið að banna með reglugerð innflutning og sölu úðabrúsa sem innihalda tiltekin ósoneyðandi efni. Jafnframt er verið að ganga frá áætlun um hvernig megi draga enn frekar úr notkun þessara efna. Reglur um bann við haloni í handslökkvitækjum til almenningsnota eru sömuleiðis tilbúnar og verða væntanlega gefnar út í byrjun næsta mánaðar. Þá er verið að vinna að gerð reglna um þessi efni í kælikerfum og kynna þær hlutaðeigandi aðilum. Í sumar verður sett reglugerð um

bann við innflutningi og sölu klórflúorkolefna þar sem sett verða ákveðin tímamörk og gert ráð fyrir að notkun á öllum slíkum efnum sem eru á bannlista verði hætt fyrir 1. jan. 1996.

Síðan er spurt hvort ráðherra sé reiðubúinn til að beita sér fyrir strangari aðgerðum af Íslands hálfu en nú er kveðið á um, t.d. stöðvun á notkun ósoneyðandi efna fyrir árið 1955. Þær áætlanir umhvrn. sem ég hef gert ráð fyrir varðandi klórflúorkolefnin eru strangari hvað varðar tímamörk en gildandi ákvæði Montreal-samningsins en væntanleg er breyting í haust á Montreal-bókuninni sem mun fela í sér strangari ákvæði, einkum að því er varðar tímamörk. Reglur sem eru í gildi í sumum aðildarlöndum Evrópubandalagsins eru mun strangari. Það má gera ráð fyrir að Íslandi þurfi að undirgangast strangari reglur en hér um ræðir og í gildi eru í dag ef EES-samningsdrögin öðlast gildi. Á þessu stigi erum við reiðubúin til að ganga til strangari aðgerða en kveðið er á um í Montreal-bókuninni að því er varðar klórflúorkolefnin en hvað halonefnin varðar þá gildir það einungis varðandi þá notkun sem ekki er nauðsynleg af öryggisástæðum. Vandamálið sem þar er við að glíma varðar t.d. slökkvikerfi í skipum og flugvélum. Þar verðum við sjálfsagt að halda okkur við ákvæði Montreal-bókunarinnar vegna þess að það er ekki talið rétt að taka þessi efni úr notkun fyrr en tryggt er að eitthvað komi í staðinn sem er jafnöruggt. Ég tel þá, virðulegi forseti, að ég hafi svarað þeirri fyrirspurn sem hv. þm. beindi til mín.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það var fróðlegt að heyra þær upplýsingar sem hann gaf hér varðandi samdrátt í notkun bæði klórflúorkolefna og halona og að á undanförnum árum hefði nokkuð áunnist. En ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að taka þessi mál fastari tökum í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið og í ljósi þess sem er alveg skýrt að verður umræðuefnið á þessu ári, þ.e. krafa til flestra þjóða um harðari aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari uppsöfnun á þessum mjög svo skaðlegu efnum í háloftunum. Ég tel að Íslandi beri að leggja sitt lóð á vogarskálina og því sé mjög þýðingarmikið í fyrsta lagi í sambandi við þær reglur sem ráðuneyti umhverfismála er að vinna að og kynna að athugað verði nú þegar að miða við strangari kröfur hvað snertir tímamörk heldur en þarna er gert ráð fyrir og jafnframt að litið verði til halonefnanna, þar sem á ferðinni er bróm en ekki klór. Bróm er mjög virkt efni í ósoneyðingu. Ég les það í gögnum að það telst um tífalt virkara á efniseiningu en klórið í sambandi við eyðingu og þess vegna afar þýðingarmikið að einnig verði tekið fyrir notkun halonefnanna.

Það er rétt að þarna eru öryggisatriði á ferðinni og auðvitað þarf eitthvað að koma í staðinn. Það má ekki falla í sömu gryfjuna og taka efni sem eru skaðleg af öðrum ástæðum. Auðvitað stefnir enginn að því en menn þurfa að gæta sín. Menn þurfa einnig að átta sig á því að hér er um gífurlega mikla vá að ræða til lengri tíma litið fyrir allt líf á jörðinni. Jafnvel þótt menn stöðvi notkun þessara efna í dag, þá er ekki komið jafnvægi á í háloftunum fyrr en kannski að öld liðinni vegna þeirra manngerðu efna sem þar hafa safnast upp á undanförnum áratugum og halda áfram að ráðast á ósonið og brjóta það niður, þennan hlífiskjöld gegn útfjólublá geislum sem jörðin hefur um sig og er eitt af skilyrðum lífs á þessari plánetu. Hér er því um svo mikið alvörumál að ræða að í rauninni er réttlætanlegt að ganga fram af mikilli festu, jafnvel þótt það rekist á önnur sjónarmið, sem að einhverju leyti teljast öryggissjónarmið, því að hér er sannarlega vá fyrir dyrum ef ekki verður úr bætt.

Hitt er svo annað mál, virðulegi forseti, að um leið og við fögnum því að stórveldi eins og Bandaríkin ganga fram fyrir skjöldu í þessum málum að því er snertir ósoneyðandi efni, þá er ekki það sama uppi á teningnum hjá þeim — og eru þau þó ekki einu svörtu sauðirnir, langt frá því í sambandi við mengun andrúmsloftsins — en það er ekki það sama uppi á teningnum þegar um er að ræða koltvísýring sem veldur gróðurhúsaáhrifum. Þar draga þau lappirnar og það er rétt fyrir Íslendinga að horfa á það í sambandi við alþjóðlega meðferð þessara mála.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. taki ákvarðandi skref um þessi efni miðað við þau markmið sem ég hef verið hér að nefna. Ég vænti þess að öll Norðurlönd sameinist um það og við fáum svör þar að lútandi innan mánaðar á þingi Norðurlandaráðs.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vissulega er það rétt hjá hv. þm. að hér er vá fyrir dyrum. Hann nefndi gróðurhúsaáhrifin og koltvísýringsmengunina. Það sem væri einfaldast að gera til þess að ná mestum árangri á sem skemmstum tíma í þeim efnum væri, að mati margra sérfræðinga, að hætta niðurgeiðslum á eldsneytisverði. T.d. er talið í nýrri sérfræðingaskýrslu að ef Rússland og hin fyrri lýðveldi Sovétríkjanna hættu öllum niðurgreiðslum á eldsneyti mundi það draga úr þessum áhrifum koltvísýringsins um 6% á heimsmælikvarða og það er gífurlegt magn sem þar er um að ræða. Ef þróunarlöndin kæmu til viðbótar líka mundi þessi minnkun verða um 10%. En auðvitað er ljóst að hér er um flókið og vandasamt mál að ræða sem hefur víðtækar, efnahagslegar afleiðingar á mörgum sviðum.

Varðandi annað sem hv. þm. sagði þá fullvissa ég hann um það að ég mun beita mér fyrir því eftir megni að við verðum ekki eftirbátar annarra í þessum efnum, hvorki að því er varðar þau efni sem fjallað er um sérstaklega í hans fyrirspurn né á öðrum sviðum.

Varðandi þá fjölmiðlaumræðu sem verið hefur að undanförnu, þá hygg ég að kannski megi segja að þar gæti sums staðar ógætilegrar túlkunar og eins er það að vísindastofnunum ber ekki öllum saman um niðurstöður. En það breytir ekki því að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og ekki síst fyrir okkur sem búum hér á norðurslóðum þar sem reynslan sýnir og rannsóknir leiða í ljós betur og betur að meir og meir af þessum

hættulegu efnum, þá er ég ekki bara að tala um það sem berst okkur í loftinu heldur líka í hafinu, berst hingað norður eftir og við þurfum því að halda vöku okkar. Við þurfum að auka umhverfisvöktun og við eigum að nota öll tækifæri á alþjóðlegum vettvangi til að beita áhrifum okkar til þess að draga úr flutning þessara efna hingað norður eftir og draga úr framleiðslu og notkun þeirra í veröldinni. Þar veit ég að við eigum sama mál, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Innheimta skyldusparnaðar ungs fólks, ein umr.

Fsp. KHG, 220. mál. — Þskj. 316.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um innheimtu skyldusparnaðar ungs fólks til íbúðabygginga. Um skyldusparnað eru ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og sérstakri reglugerð sem gefin er út með stoð í þeim lögum. Samkvæmt þessari lagaumgerð er ungu fólki skylt að spara og launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum unga fólksins og launagreiðendum er skylt að skila því til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Húsnæðisstofnun ríkisins er skylt að annast innheimtu og jafnframt ber henni að fylgjast með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaðinum.

Í ljósi þessara lagaákvæða mætti ætla að það væri tryggt með fullnægjandi hætti að skyldusparnaður skilaði sér ævinlega til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Því miður er ekki svo. Ég hef þurft að hafa afskipti af málum þar sem um verulega háar upphæðir skyldusparnaðar er að ræða sem tekinn hefur verið af ungu fólki og ekki skilað til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sum málin eru orðin býsna gömul eða nokkurra ára og þessar upphæðir hafa skipt tugum milljóna kr.

Það sem ég er einkum að benda á og spyrjast fyrir um er hversu mikið er í vanskilum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins af skyldusparnaði og hversu mikið af þeim vanskilum er eldri en sex mánaða og ég óska eftir sundurliðun eftir kjördæmum. Það hefur verið litið á skyldusparnaðinn sem hluta af launum og því litið svo á að um hann gildi lög um ríkisábyrgð á launum og þannig með hann farið að ríkisábyrgðin nái til síðustu sex starfsmánaða, þó innan síðustu 18 mánaða. Þetta hefur vissulega breyst eftir að fyrirspurnin var lögð fram þannig að með nýju lögunum, sem kölluð hafa verið bandormurinn, hefur þessi ríkisábyrgð verið stytt í þrjá mánuði.

Annað atriði sem ég vil spyrja hæstv. félmrh. um er hvernig stofnunin fylgist með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði, þ.e. hvernig stofnunin fer að því að ná í upplýsingar um skil á skyldusparnaði þegar launagreiðendur senda ekki sjálfviljugir þær upplýsingar til Húsnæðisstofnunar.

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. félmrh. hvort ráðherra muni beita sér fyrir aðgerðum sem tryggi betri skil á skyldusparnaði innan sex mánaða frá útborgun launa og hafði ég þá með þeirri tímasetningu í huga þágildandi lög um ríkisábyrgð sem þá voru til sex mánaða.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: Hver eru vanskil launagreiðenda við Húsnæðisstofnun ríkisins, sundurliðað eftir kjördæmum, og hve stór hluti vanskila er eldri en sex mánaða? Svar við því er, samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins, að heildarfjárhæð vanskila vegna skyldusparnaðar ungmenna er samtals um 25,4 millj. kr. Þar af eru um 22,7 millj. kr., eða um 89%, vegna vanskila sem eru eldri en sex mánaða. Heildarvanskil skiptast eftir kjördæmum með eftirfarandi hætti:

Reykjavík, 10,3 millj. eða 40,7% af heildarfjárhæð vanskila. Vesturland, 1,2 millj. eða 4,9% af heildarfjárhæðinni. Vestfirðir, 1,6 millj. eða 6,6% af heildarfjárhæð vanskila. Norðurland vestra, 289 þús. eða 1,1%. Norðurland eystra, 786 þús. eða 3,1%. Austurland, 2,1 millj. eða 8,3%. Suðurland, um 3 millj. eða 12,1%. Reykjanes, 5,8 millj. eða 23,8% af heildarfjárhæð vanskila.

Í öðru lagi er spurt um hvernig fylgst er með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði. Húsnæðisstofnun hefur engin ákveðin úrræði til að knýja fram greiðslur í samræmi við nefnd lög og reglugerð ef upplýst er um vanskil til stofnunarinnar. Hér er um að ræða afleidda lögtaksheimild og stofnunin óskar opinberrar rannsóknar á meintum vanskilum. Lögtaksbeiðnir og kærur byggjast svo til eingöngu á upplýsingum frá launþegum enda verða þær að vera staðfestar með launaseðlum eða launamiðum. Stofnunin hefur að lögum engar heimildir til að knýja fram upplýsingar frá launagreiðendum eða frá skattyfirvöldum um það hvort eða hvar fólk á skyldusparnaðaraldri er að störfum og hver skil ættu að vera í krónum talin. Það er því fyrst og fremst launþeginn sjálfur sem verður að fylgjast með því hvort skil hafa verið gerð frá launagreiðanda. Þrisvar á ári sendir Húsnæðisstofnun nákvæmt yfirlit þar sem greint er frá því hvenær og hvað sérhver launagreiðandi greiddi inn á tímabilinu. Einnig er vakin sérstök athygli á því ef ekkert hefur verið greitt inn á skyldusparnaðarreikninginn. Þá er alla virka daga hægt að fá upplýsingar um skyldusparnaðinn hjá Veðdeild Landsbankans. Stofnunin hefur hvatt til árverkni í þessu sambandi með auglýsingum, bréfum til launagreiðanda og samtaka þeirra og til stéttarfélaga. Einnig með sérstökum bréfum til launþega ef engar innborganir hafa verið á reikninginn í ákveðinn tíma.

Húsnæðisstofnun hefur gert ýmislegt til að kanna hugsanleg vanskil. Stofnunin aflaði tímabundinnar heimildar tölvunefndar til samkeyrslu á ákveðnum upplýsingum úr tölvuskrám ríkisskattstjóra og upplýsingum úr skrám Húsnæðisstofnunar. Sú athugun fór fram á árinu 1990 og voru gögn vegna ársins 1988 lögð til grundvallar. Í þessu sambandi var 5.700 launagreiðendum send bréf varðandi nokkur þúsund launþega þar sem skilum á skyldusparnaði var áfátt. Niðurstaðan

varð hins vegar sú að um eiginleg vanskil var ekki að ræða nema í fáum tilvikum. Í langflestum tilvikum hafði skyldusparnaðurinn ekki verið dreginn af launum viðkomandi þar sem hann átti rétt til undanþágu en hafði ekki sótt formlega um hana til stofnunarinnar. Athuganir benda einnig til þess að í mörgum tilvikum veit skyldusparandi af vanskilum launagreiðanda, en veigrar sér við að leita réttar síns.

Loks er spurt hvort félmrh. hyggist beita sér fyrir aðgerðum sem tryggi betri skil á skyldusparnaði innan sex mánaða frá útborgun launa. Spurningu um aðgerðir til að tryggja betri skil vil ég fyrst svara þannig að það er bæði kostnaðarsamt að mati Húsnæðisstofnunar og erfitt viðureignar að beita harðari aðgerðum en Húsnæðisstofnun hefur staðið að hingað til. Ég tel að endurskoða þurfi núverandi fyrirkomulag skyldusparnaðar ungmenna en á vegum félmrn. eru þessi mál til athugunar. Í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á útlánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins er nauðsynlegt að athuga sérstaklega stöðu skyldusparnaðarins og hlutverk hans í framtíðinni. Í þessu skyni óskaði ég með bréfi í ágúst 1991 eftir tillögum frá húsnæðismálastjórn um breytingar á núverandi skipan skyldusparnaðar ungmenna. Tillögur húsnæðismálastjórnar, en hv. fyrirspyrjandi á sæti í henni, hafa ekki borist ráðuneytinu.

Nefnd sem falið var að gera úttekt á framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti lagði til að athugað yrði hvort hægt væri að koma á sparnaðarhvetjandi fyrirkomulagi sem byggðist á reglubundnum kaupum einstaklinga á húsbréfum. Þessa tillögu nefndarinnar vil ég nefna í þessu sambandi en ekki hafa verið teknar frekari ákvarðanir í ráðuneytinu varðandi tillögu þessarar nefndar. Í lokin vil ég nefna að það hafa einnig komið fram tillögur um breytingar á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir nokkuð glögg svör. Þar kom fram og staðfestir það sem ég var að nefna hér áðan að úrræði til þess að knýja fram greiðslu frá launagreiðanda og staða Húsnæðisstofnunar til að fylgjast með því að jafnóðum sé til hennar skilað upplýsingum um skyldusparnað sem tekinn er af launþega eru ekki nægilega góð. Hér þarf að bæta úr og það er ekki viðunandi að launþeginn sjálfur skuli þurfa að vera sá aðili sem knýr á um og fylgist með hvort skilað sé því sem af honum er tekið, sérstaklega í ljósi þess lagaramma sem er. Ég gerði grein fyrir honum áðan þar sem skyldan er lögð á launþegann og launagreiðandann og Húsnæðisstofnun þannig að launþeginn á engra annarra kosta völ en að láta taka af launum sínum. Það er mitt sjónarmið að það ætti ekki að vera verkefni hans að fylgjast með því að fé lenti á réttum stað.

Hitt tek ég undir sem kom fram í svari hæstv. ráðherra að stundum veit launþeginn af því að fénu er ekki skilað en veigrar sér við aðgerðum. Það er staðreynd sem menn verða að horfast í augu við að í fámennum sveitarfélögum eða byggðarlögum hefur það því miður oft komið upp að viðkomandi unglingur veigrar sér við því að láta ganga eftir innheimtu og jafnvel að fela Húsnæðisstofnun ríkisins málið. Ég held því að þessi staða undirstriki að það er nauðsynlegt að tryggja með öðrum hætti fullnægjandi réttarstöðu launþegans. Það er óásættanlegt að ríkisábyrgð á þessu fé geti runnið út á fáeinum mánuðum og síðan orðið of seint að hefja aðgerðir þegar menn vakna eftir nokkra mánuði, miðað við þriggja mánaða frest eins og nú stefnir í frá og með 1. mars. Ég tel að fyrst ríkið er á annað borð að setja lög um skyldu til að taka þetta af unglingum, þá verði ríkið að bera ábyrgð á því fé sem þannig er tekið en ekki setja það að nokkru leyti á herðar þeirra sjálfra að fylgjast með því hvort fénu er skilað.

Það er út af fyrir sig rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að bréf hafi verið sent til húsnæðismálastjórnar með spurningu um endurskoðun á fyrirkomulagi. Ég vil benda á það og ég hygg að ég fari rétt með að Húsnæðisstofnun hefur skilað til ráðherra fullbúnu frv. um skyldusparnaðinn. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra staðfesti að það sé rétt.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þessara síðustu orða hv. þm. vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að eftir að við sendum bréf til húsnæðismálastjórnar í ágústmánuði sl. og höfum reyndar ítrekað aftur, þá hafa engar tillögur borist frá húsnæðismálastjórn um breytingar á því fyrirkomulagi sem nú gildir sem ég tel allar ástæður til þess að breyta eins og ég gerði grein fyrir í máli mínu hér áðan.

81. FUNDUR

fimmtudaginn 13. febr.,
að loknum 80. fundi.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 225.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Það má segja að tvær meginástæður liggi til þess að frv. þetta er flutt á þessu þingi.

Í fyrsta lagi er á það að líta að á sl. vori blöstu við mjög verulegir og alvarlegir rekstrarörðugleikar hjá Síldarverksmiðjum ríkisins sem óhjákvæmilegt var að bregðast við. Ef ekki hefði verið gripið til aðgerða er eins víst að rekstur verksmiðjanna hefði stefnt í þrot.

Í öðru lagi er á það að líta að frv. er til komið vegna þess yfirlýsta markmiðs ríkisstjórnarinnar að stefna að því að afla heimilda til að breyta opinberum fyrirtækjum, sem starfa á samkeppnismarkaði, í hluta-

félög og selja þau eftir því sem æskilegt er talið og aðstæður leyfa hverju sinni. Í samræmi við framangreinda stefnu og í ljósi þeirra aðstæðna sem voru í rekstri fyrirtækisins var hafinn undirbúningur að því að breyta rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins. Var strax á sl. sumri skipuð nefnd sem fékk það hlutverk að móta tillögur þar að lútandi. Nefndin skilaði þeim á sl. hausti og voru nefndarmenn sammála um að leggja til að rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins yrði breytt í hlutafélag. Stefna ríkisstjórnarinnar og niðurstaða nefndarmanna endurspegla þá skoðun sem hefur vaxið mjög fylgi, bæði hér á landi og erlendis, að ríkið eigi að draga sem mest úr allri atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur.

Þá er jafnframt talið henta að reka opinber fyrirtæki sem þannig háttar til um í hlutafélagsformi. Með þannig formbreytingu er öllum aðilum sem standa að atvinnurekstri í sömu grein búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem eigandi fyrirtækisins er einstaklingur, ríki eða aðrir opinberir aðilar. Þær fiskmjölsverksmiðjur sem eru í rekstri á Íslandi starfa langflestar á grundvelli hlutafélagalöggjafarinnar. Rökrétt afleiðing af því er að Síldarverksmiðjum ríkisins, sem starfa á samkeppnismarkaði og eru í eigu ríkisins, verði breytt í hlutafélag og búi þar með við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir. Ýmis önnur veigamikil rök hníga að því að nýta hlutafélagaformið fyrir fyrirtæki. Má þar nefna að hér á landi, eins og í flestum öðrum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfunda. Þar er einnig ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda. Hlutafélagaformið er að því leyti hentugt félagsform þegar margir aðilar sameinast um rekstur eins fyrirtækis. Einnig má benda á að rekstur fyrirtækis verður sveigjanlegri. Stjórn getur sótt stuðning við fyrirhugaðar aðgerðir til hluthafa. Unnt er að leita að nýju fjármagni með hlutafjáraukningu og nýjum hluthöfum.

Þess má geta að fyrstu lög um Síldarverksmiðjur ríkisins voru sett á árinu 1928. Núgildandi lög um Síldarverksmiðjurnar voru sett á árinu 1938 og hafa að mestu leyti staðið óbreytt síðan. Eru lögin í mörgum atriðum úrelt og ýmis ákvæði þess eðlis að nauðsynlegt er að fella þau úr gildi. Má þar nefna að í þeim er ákvæði um að ríkisstjórnin þurfi að veita leyfi til að reisa eða stækka síldarverksmiðjur. Jafnframt er ríkissjóði í lögunum tryggður forkaupsréttur á síldarverksmiðjum. Þá gera núgildandi lög ráð fyrir að Síldarverksmiðjur ríkisins taki hráefni til vinnslu fyrir reikning innleggjanda en kaupi það ekki. Með öll framangreind atriði í huga er með frv. þessu lagt til að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag sem taki við rekstri verksmiðjanna frá og með 1. maí nk. Hlutafélagið tekur við öllum eignum Síldarverksmiðja ríkisins, þar með töldum fasteignum. Fara mun fram mat á eignum og skuldum Síldarverksmiðjanna. Matið verður notað til viðmiðunar þegar hlutafé og eigin-

fjárstaða nýja félagsins verður ákvarðað. Ekki er gert ráð fyrir að nýja hlutafélagið yfirtaki allt uppsafnað rekstrartap Síldarverksmiðjanna en hins vegar er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki hluta skulda verksmiðjanna. Föstum starfsmönnum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú munu vera um 45 talsins, eru tryggð sömu störf við stofnun hlutafélagsins og þeir gegna nú.

Síldarverksmiðjur ríkisins reka nú verksmiðjur á fimm stöðum á landinu: Skagaströnd, Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði auk vélaverkstæðis á Siglufirði. Eru verksmiðjurnar vel tækjum búnar. Ekki er ofsögum sagt að verksmiðjurnar séu burðarás í atvinnulífi flestra viðkomandi sveitarfélaga. Á Skagaströnd er eingöngu unninn fiskúrgangur. Í hinum verksmiðjunum hefur um árabil aðallega verið framleitt mjöl og lýsi úr loðnu. Afkastageta þessara fjögurra verksmiðja er talin vera tæplega 30% af afkastagetu allra fiskmjölsverksmiðja í landinu. Á undanförnum sex árum hafa Síldarverksmiðjur ríkisins að meðaltali tekið á móti og unnið úr tæplega 25% af því magni sem landað var hjá innlendum bræðslum. Mest var móttekið á árinu 1986, 31,4% en minnst á árinu 1991, 12,5%. Það ár fór tvennt saman. Annars vegar var loðna gengin austur fyrir land þegar veiðar hófust. Verksmiðja SR á Siglufirði tók þar af leiðandi á móti litlu magni þar sem of langur siglingartími var af miðum til Siglufjarðar. Hins vegar var verið að ljúka enduruppbyggingu á verksmiðjunni á Seyðisfirði þannig að hún tók einnig á móti litlu magni.

Sjö af síðustu átta árum hafa Síldarverksmiðjur ríkisins verið reknar með tapi. Eigið fé félagsins hefur rýrnað að sama skapi. Í árslok 1986 var eigið fé félagsins um 800 millj. kr. á verðlagi ársins 1990 en í árslok 1991 má gera ráð fyrir að það hafi verið komið niður í um það bil 150 millj. kr. Tap síldarverksmiðjanna má m.a. rekja til brests í loðnuveiðum.

Á árinu 1990 var ráðist í enduruppbyggingu á Seyðisfirði. Kostnaður af breytingum fór langt fram úr áætlun og er fyrirsjáanlegt að sú framkvæmd muni verða verksmiðjunum fótakefli verði ekkert að gert. Gera má ráð fyrir að uppsafnaðar skuldir Síldarverksmiðja ríkisins hafi verið á bilinu 1.300–1.400 millj. kr. í árslok 1991. Framlag rekstrar til afskrifta og fjármagnskostnaðar miðað við framleiðslu í meðalári nemur um 13–14% af tekjum samkvæmt rekstraráætlun verksmiðjanna. Miðað við þá forsendu munu Síldarverksmiðjur ríkisins ekki geta staðið undir greiðslubyrði vaxta og afborgana af þegar teknum langtímalánum. Er því með frv. þessu, í tengslum við stofnun hlutafélagsins, leitað heimildar til að ríkissjóður yfirtaki allt að 500 millj. kr. af skuldum verksmiðjanna að undangengnu mati sjútvrn. og fjmrn. á rekstrarhæfni verksmiðjanna þannig að eiginfjárstaða hins nýja félags verði viðunandi.

Verði frv. þetta að lögum er lagður grunnur að næsta skrefi málsins sem er að einkavæða fyrirtækið. Ríkissjóður verður einn eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi í upphafi. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfanna við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hlutabréf í félaginu eða einstakar

eignir þess. Skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum þar sem verksmiðjur eru starfræktar. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Að mati fiskifræðinga eru horfur vænlegar um loðnuveiðar næstu tvö ár, vænlegri en oft áður. Það ætti að geta leitt til betri sölumöguleika og að hæfilegir samningar um sölu náist þegar þar að kemur.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera í aðalatriðum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja til þess að þetta frv. er flutt og lagt er til að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag og heimiluð verði í framhaldi af því sala á fyrirtækinu. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég er ekki sannfærður um að hér sé verið að stíga rétt eða nauðsynlegt skref og læt í ljósi þá persónulegu skoðun mína. Hins vegar vil ég greina frá því að innan míns þingflokks er meiningarmunur um þetta mál og t.d. taldi fyrrv. sjútvrh. það gott ráð að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa fært þjóðarbúinu mikinn auð á umliðnum áratugum. Það er að vísu rétt að þær hafa átt í erfiðleikum á síðustu tveimur árum sérstaklega. Þar verkar saman loðnubrestur og mikil uppbygging eða endurnýjun á verksmiðjunni á Seyðisfirði sem reyndist mjög dýr. En nú eru batnandi horfur eins og hæstv. sjútvrh. greindi frá varðandi loðnuveiðar og líklegt að Síldarverksmiðjur ríkisins geti unnið sig út úr þeim vanda sem þær eru í á næstu tveimur árum og ríkið þyrfti þá ekki að yfirtaka skuldir þeirra vegna. Það hefur staðið Síldarverksmiðjunum fyrir þrifum á undanförnum árum að þær eiga ekki loðnuskip og líka það að of margar loðnuverksmiðjur eru í landinu miðað við þann skipastól sem loðnuveiðar stundar. Þar af leiðir að hér hafa menn verið í fjárfestingum sem ekki hafa verið fullkomlega rökréttar. Samkeppnisstaða Síldarverksmiðja ríkisins hefur af þeim sökum verið örðugri en þurft hefði að vera. Hér er um mjög stórt fyrirtæki að ræða og í raun mjög gott fyrirtæki að því leyti að þær eiga tvær mjög góðar loðnuverksmiðjur og jafnframt mjög vel búið verkstæði á Siglufirði. Nú er fyrirsjáanlegt að hið stóra og góða fyrirtæki verði limað sundur og afhent öðrum. Ég vona sannarlega að það verði ekki til mikilla óheilla. Mér þætti sjónarsviptir að ef Síldarverksmiðjur ríkisins hættu starfsemi sinni á Siglufirði og ég tel að það yrði mikið áfall fyrir Siglufjörð ef svo færi. Ég sé ekki að við séum að vinna rétt eða gott verk með því að afhenda þetta einstaklingum. Um það er mikill efi í mínu brjósti.

Allt um það þá ætla ég ekki að reyna að bregða fæti fyrir málið en vildi láta þessi varnaðarorð mín koma fram við 1. umr.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ástæða er til þess að fagna því að frv. er komið fram, svo sjálfsagt og eðlilegt sem það er að breyta ríkisfyrirtæki, sem annast rekstur síldarverksmiðja, í hlutafélag vitaskuld með það fyrir augum að selja hlutabréfin á markaði þannig að eignarhald þess fyrirtækis breytist. Allt á sinn tíma, Síldarverksmiðjur ríkisins einnig. Ég efast ekki um að á þeim tíma sem það ágæta fyrirtæki hóf starfsemi sína voru rök sem mæltu með því að ríkið hlutaðist til um rekstur á síldarverksmiðjum á Íslandi. Síðan eru einfaldlega liðin býsna mörg ár og áratugir og aðstæður hafa breyst. Ekkert það sem þá var talið réttlæta eignarhald ríkisins á síldarverksmiðjum er fyrir hendi í dag. Verkkunnáttan sem þarf til þess að reka síldarverksmiðjur er fyrir hendi. Það hefur sýnt sig vegna þess að síldar- og loðnuverksmiðjur eru reknar allt í kringum landið af einstaklingum, hlutafélögum og útgerðarmönnum sem þekkja og kunna vel til verka. Möguleikar manna til þess að kaupa sig inn í þennan rekstur, sem þá voru e.t.v. ekki til staðar, þekkjast í dag og það er mjög athyglisvert þegar við skoðum þá þróun sem hefur orðið í eignarhaldsbreytingum á tilteknum verksmiðjum að þá er það svo í flestum tilvikum að ég hygg ef ekki öllum að sala á einstökum loðnuverksmiðjum hefur einatt orðið til þess að breikka það eignarhald. Sannleikurinn er sá, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. vakti athygli á, að mjög hörð samkeppni er um loðnuna við landið og verksmiðjurnar þurfa að leggja mikið á sig til þess að ná í hana. Þær hafa margar hverjar, sem það hafa getað, brugðið á það ráð að reyna að tengjast sem best útgerðum bæði með því að kaupa loðnuskip og einnig með því að laða til rekstrarins einstaka útgerðarmenn í því skyni að tryggja betur hráefnisöflun viðkomandi verksmiðja. Allt þetta hefur orðið til þess, eins og hv. þm. vakti réttilega athygli á, að staða þessara verksmiðja til þess að afla sér hráefnis hefur gerbreyst. Nú má orðið heita nauðsynleg forsenda fyrir því að geta rekið verksmiðju að einhverju viti að hafa með höndum nokkurt eignarhald á skipi í því skyni að geta tryggt sér hráefnisöflun.

Núverandi fiskveiðistjórnun gerir ráð fyrir að menn leiti fanga um að sameina veiðiheimildir einstakra skipa. Um þetta hygg ég að sé býsna mikil sátt í þjóðfélaginu. Menn eru almennt komnir að þeirri niðurstöðu að skip séu of mörg miðað við þann afla sem við erum a.m.k. að veiða í dag. Þess vegna sé það hluti af þeirri hagræðingu sem menn telja nauðsynlega í íslenskum sjávarútvegi að menn sameini aflaheimildir með einum eða öðrum hætti. Ég á ekki von á að um þetta sé svo mikill ágreiningur þó um aðra þætti fiskveiðistefnunnar sé ágreiningur. Þannig hafa menn auðvitað staðið að verki í loðnubransanum og nú er ekki óalgengt að skip séu með einn og hálfan loðnukvóta. Þetta þýðir einfaldlega að færri skip bjóða núna loðnu til sölu en fyrir nokkrum árum sem gerir það að verkum að samkeppnin um hráefnið hefur verið að aukast.

Síðan hefur það gerst, eins og allir vita og ég hef verið að nefna hér, að útgerðirnar hafa verið að tengjast æ meir verksmiðjunum sem gerir það að verkum að þær verksmiðjur sem ekki hafa átt kost á skipum eða ekki átt skip hafa einfaldlega orðið undir, hafa ekki

fengið hráefni. Dæmi eru um að skip sigli í stórum stíl fram hjá einstökum höfnum og einstökum verksmiðjum af því að þau eru á leið til heimahafnar. Útgerðarmynstur loðnuskipanna hefur verið að breytast að þessu leyti. Sú var tíðin að menn vissu nánast aldrei þegar þeir lögðu úr höfn hvar þeir mundu landa sinni loðnu. Nú er það þannig með fjölmörg skip að þau eru gerð út frá tiltekinni höfn í því skyni að landa loðnunni þar hvenær sem möguleiki er á. Þetta hefur auðvitað gerbreytt allri aðstöðunni og átt sinn þátt í því m.a. að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa átt í verulegum erfiðleikum.

Margir hafa orðið til þess að hafa stór orð um stöðu Síldarverksmiðja ríkisins, skuldastöðu þeirra, rekstrarafkomu o.s.frv. Ég ætla ekki að setja mig í neitt dómarasæti þar um. Kjarni málsins er auðvitað sá að mjög miklir erfiðleikar hafa verið í þessari grein. Það hefur verið verðfall og mjög mikið aflaleysi á loðnu undanfarin ár. Síldarverksmiðjur ríkisins, þetta stóra batterí með mikla fjárfestingu, hefur orðið mjög illilega fyrir barðinu á þessu. Eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh. er það ekki nema önnur ástæðan eða ein ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er nú að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Aðalástæðan er allt önnur og hefur í sjálfu sér ekkert með rekstrarstöðu þessa fyrirtækis að gera. Nákvæmlega sömu rök finnst mér gilda fyrir því að einkavæða þetta fyrirtæki þó að staða þess væri mjög góð, fyrirtækið væri forríkt og stæði vel, að aldrei hefði komið neinn aflabrestur og allar aðstæður hefðu verið mjög hagstæðar. Aðalástæðan fyrir því að eðlilegt er að breyta þessu fyrirtæki nú, og þó fyrr hefði verið, er sú að engin rök mæla með því að ríkið sé að fást við þennan atvinnurekstur núna. Það er ekkert fyrir hendi sem menn töldu að væri og var örugglega fyrir hendi á þeim tíma sem verksmiðjurnar voru stofnaðar. Þetta er ekki til staðar núna. Hitt er miklu óeðlilegra að ríkið sé að fást við atvinnurekstur af þessu tagi þar sem samkeppnin er svona grimm í beinni samkeppni við einstaklinga þegar til staðar er öll þessi þekking sem þarf til þess að reka loðnuverksmiðjur í landinu og þess vegna mælir ekkert með því að ríkið sé að fást við þá hluti.

Þegar verið er að stíga skref af þessu tagi sem felur það í sér að eignarhald ríkisins sleppir og einstaklingum er seld fyrirtækið vaknar mjög oft þessi spurning: Hver verður nú eigandinn? Er líklegt að það verði hinn voðalegi „kolkrabbi" sem menn telja að sé að læsa sig um allt íslenskt atvinnu-, efnahags- og athafnalíf? Því er til að svara að kolkrabbinn svonefndi hefur ekki séð mikla arðsemi í því að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi og það er út af fyrir sig dálítið umhugsunarefni og segir manni kannski nokkra sögu um stöðu sjávarútvegsins, að þeir sem hafa leitað eftir arðsemi af sínu eigin fé hafa ekki séð ástæðu til þess að fjárfesta í þessari grein. Ég held að langlíklegasta þróunin hljóti að verða sú að aðilar í þessari grein og alveg sérstaklega heimamenn, sem hafa beinna hagsmuna að gæta, muni leita leiða til þess að eignast hlut í þessum fyrirtækjum til þess að tryggja að rekstur þeirra verði sem eðlilegastur í framtíðinni, til sem mestra hagsbóta fyrir þeirra pláss. Og miðað við þá þróun sem ég rakti áðan og hefur verið að eiga sér stað er auðvitað líklegast að þeir aðilar, sem hafa þarna beinna hagsmuna að gæta og vilja tryggja þennan rekstur sem hnökralausastan í framtíðinni, muni freista þess að eignast hlutabréf í Síldarverksmiðjum ríkisins, eins og það fyrirtæki heitir nú, í því skyni að fjárfesta í þeim atvinnurekstri.

Ég held að það sé ekkert ofmælt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan að mikillar hagræðingar er þörf í þessari grein vegna þess að verksmiðjurnar eru of margar. Mér finnst að vel mætti hugsa sér og skoða í mestu vinsemd, eins og skáldið segir, hvort ekki mætti nota tækifærið sem nú gefst með sölu Síldarverksmiðja ríkisins til þess að stíga eitthvert skref í þessa átt. Á þessu stigi málsins vil ég ekki segja í hverju það ætti að vera fólgið. Ég held að eðlilegt væri að aðrir sem skoðað hafa þau mál betur hefðu meira um það að segja. En auðvitað væri hægt að hugsa sér ýmislegt í þessum efnum sem vissulega gæti þó orðið til hagsbóta fyrir atvinnulíf viðkomandi staða. Ég er ekki að tala um að leggja niður atvinnustarfsemi í tengslum við verksmiðjuna. Ég er að tala um aðra hluti sem gætu falið í sér aukna samvinnu, að menn kysu að hafa ekki endilega loðnuvinnslu með fullum þunga í hverri þeirri verksmiðju sem nú er starfandi heldur einhvers konar aðra starfsemi af því tagi. Þetta er alla vega hlutur sem mér finnst alveg ómaksins vert að menn velti fyrir sér. Ef heimamenn t.d. sjá sér hag í slíkum breytingum á atvinnurekstri í sínu heimahéraði þá reyni ríkið fremur að greiða fyrir þeirri hagræðingu en að trufla hana. Ég tel ekki að ríkið eigi að standa að málinu þannig að það sé að keyra fram einhverjar breytingar í trássi við vilja heimamanna. Ég er miklu frekar að tala um, ef hægt væri, að ríkið notaði tækifærið nú ef heimamenn, sem þarna kæmu að máli, teldu ástæðu til að gera einhverjar breytingar og að ríkið auðveldaði, greiddi fyrir þessum breytingum.

Ég vek athygli á að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fjmrh. sé heimilt að yfirtaka skuldir verksmiðjanna að fjárhæð 500 millj. Ekki er ólíklegt að með þessu skapist eitthvert svigrúm af því tagi sem ég er að tala um mjög almennum orðum vegna þess að mér finnst engin ástæða til þess að vera að slá neinu föstu um þetta eða nefna nein dæmi vegna þess að ég er ekki búinn að skoða það mál nægilega vel.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er alveg hárrétt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði. Hagræðingar er þörf í greininni. Nauðsynlegt er að breyta þannig að hin grimmilega samkeppni um hráefnið sé ekki öll á annan veginn eins og núna og þess vegna væri athugandi að við notuðum tækifærið nú til þess að hagræða í greininni.

Að lokum vil ég nefna atriði sem mér finnst skipta verulegu máli í þessu sambandi og það er hvert líklegt söluverð verksmiðjanna verður. Í loðnuverksmiðjugeiranum eru fjölmörg fyrirtæki fyrir úti um allt land eins og kemur fram í fylgiskjölum frv. Þessi fyrirtæki þurfa að starfa áfram í samkeppni alveg eins og þau eru að gera núna. Væntanlega í samkeppni við hið nýja

fyrirtæki sem rís á grunni Síldarverksmiðja ríkisins. Þess vegna þarf að búa svo um hnútana að ekki verði um neina óeðlilega viðskiptahætti að ræða, svo að ég orði það nú þannig, sem gera það að verkum að fyrirtæki sem rísa á þessum grunni hafi aðstöðu sem önnur fyrirtæki í greininni geta ekki búið við. Þau fyrirtæki sem eru í eigu einstaklinga, útgerðarmanna, hlutafélaga og almennings hafa orðið að fjárfesta í stórum stíl í mjög dýrum tæknibúnaði. Og kröfurnar sem eru fram undan í þessum efnum eru um aukna fjárfestingu, auknar mengunarvarnir, aukinn búnað til þess að nýta orku o.s.frv. o.s.frv. Við höfum fylgst með þeim deilum sem hafa farið fram í þeim stóra sjávarútvegsbæ, Reykjavík, þar sem svo virðist sem stór hópur fólks telji að hin merka og ágæta atvinnustarfsemi sem fram fer úti á Granda sé óvelkominn gestur í sjávarútvegsplássinu, verstöðinni Reykjavík, svo undarlegt sem nú það hljómar í eyrum okkar sem búum úti á landi. Engu að síður er það þannig og endurspeglar fyrst og fremst þá miklu kröfu sem uppi er í þjóðfélaginu um að fyrirtækin auki fjárfestingu sína í alls konar búnaði, tækjum og vélum, sem er býsna dýr. Þess vegna skiptir það mjög miklu máli fyrir þá samkeppnisstöðu sem fyrirtækjunum verður búin í framtíðinni og að þannig verði búið um hnútana að hin nýju fyrirtæki eða hið nýja fyrirtæki, hvernig sem þessi mál þróast, sem rís á grunni Síldarverksmiðja ríkisins hafi ekki neina óeðlilega samkeppnisstöðu í framtíðinni að þessu leyti. Ég tel nauðsynlegt að viðra þessar — ég segi nú ekki áhyggjur mínar en þessi sjónarmið mín vegna þess að ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur mikinn skilning á málinu. Ég treysti honum manna best til þess að standa vel að sölu fyrirtækisins svo nauðsynleg sem hún er. Ég vil þess vegna ítreka að ég fagna framlagningu frv. og vænti þess að það fái hraða, vandaða og góða meðferð í þinginu og verði samþykkt sem lög frá Alþingi vel fyrir vorið.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta mun vera annað frv. ríkisstjórnarinnar um sölu á ríkisfyrirtæki, eða breytingu í hlutafélag, sem kemur fram á þessu þingi og er auðvitað hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að einkavæða og selja ríkisfyrirtæki. Mig langar í upphafi að fara fáeinum orðum um þau mál almennt. Fyrst vil ég segja að ég er alls ekki á þeirri skoðun að ríkið eigi endilega að eiga öll fyrirtæki sem eru í eigu þess núna. Ég tel fulla ástæðu til þess að hafa þau mál ævinlega í skoðun og ekkert eðlilegra en ríkið selji sambærileg fyrirtæki og eru almennt orðin í eigu landsmanna og ekki neinar sérstakar röksemdir fyrir því að ríkið eigi viðkomandi fyrirtæki.

Þetta fyrirtæki, Síldarverksmiðjur ríkisins, er að mörgu leyti mjög sérstakt. Ég held að menn verði líka að skoða hvert og eitt fyrirtæki sem kemur til afgreiðslu í hv. Alþingi í tengslum við þær hugmyndir að það eigi að selja þau. Síldarverksmiðjur ríkisins eru mjög gamalt fyrirtæki í eigu ríkisins og miklar breytingar hafa orðið á löngum tíma. Ég ætla ekki að endurtaka lýsingar á því en bendi á að skuldastaða Síldarverksmiðja ríkisins hefur gerbreyst á örfáum árum. Árið 1986 skuldaði fyrirtækið alls samtals 484 millj., ef ég man rétt, en skuldar núna 1.300–1.400 millj. Tvær aðalástæður eru fyrir þessari skuldaaukningu. Önnur er gífurlegt tap verksmiðjanna á þessum árum, hin er endurnýjun eða réttara sagt ný verksmiðja á Seyðisfirði. Ef grannt er skoðað er framtíð Síldarverksmiðja ríkisins kannski fólgin í verksmiðjunni á Seyðisfirði og svar við þeirri þróun sem er í gangi, þ.e. sífellt auknum kröfum til þess að mjölið verði betra sem verið er að bjóða upp á. Í þeirri verksmiðju er unnið gæðamjöl og fyrir það fæst miklu hærra verð en annað mjöl. Afkastageta annarra verksmiðja í landinu til að framleiða slíkt gæðamjöl er lítil eins og er. Þannig verður að skoða allt sem hér er til meðferðar í því ljósi.

Þrátt fyrir möguleikana á að selja hluta framleiðslunnar á miklu hærra verði eins og er fyrir hendi hjá Seyðisfjarðarverksmiðjunni þá er niðurstaða nefndar sem fór yfir málin sú að Síldarverksmiðjur ríkisins gætu ekki vænst þess að standa undir öllum sínum skuldum með þeim áætlunum sem menn höfðu um loðnubræðslu á næstu árum, því miður. Nú ætla ég ekki að gerast spámaður um það hvort sú nefnd hafi rétt fyrir sér. Hins vegar er rétt að rifja það upp að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa ekki tekið við peningum af hendi ríkisins nema í mjög litlum mæli við stofnun fyrirtækisins. Síðan hafa ekki verið lagðir peningar inn í fyrirtækið að öðru leyti en því að yfirmenn Síldarverksmiðjanna munu hafa verið um eitt ár á launum hjá ríkinu einhvern tíma þegar verst gekk í sögu þess. Þannig má segja að Síldarverksmiðjur ríkisins séu dæmi um margt sem er æðisveiflukennt í útgerðinni hjá okkur og sannar það sem sagt var áður að svikull er sjávarafli. Að mínu viti er alls ekki öll nótt úti enn um að Síldarverksmiðjur ríkisins geti skilað miklum arði til þjóðarbúsins. Og mér segir svo hugur um að í hinum nýju kröfum um gæðamjöl muni framtíð þessarar starfsemi fólgin hvort sem hún verður í eigu ríkisins eða einhverra annarra.

Í sambandi við meðferð málsins tel ég skipta almestu máli að haldið verði um það af festu og varúð vegna þess að um mikla atvinnustarfsemi er að ræða á vegum fyrirtækisins. Styrkur fyrirtækisins hefur verið í því fólginn að geta tekið á móti hráefni á fleiri en einum stað á landinu. Ég veit vel að önnur fyrirtæki hafa leiðst út í að taka meiri þátt í útgerð og reyna þannig að fá til sín meira af því hráefni sem hefur verið til staðar á hverjum tíma. En Síldarverksmiðjur ríkisins hafa þrátt fyrir allt verið með allt að þriðjungi þess afla sem komið hefur á land og það er ekki svo lítið. Við erum því að tala hérna um mjög stórt fyrirtæki og ég vara mjög við því að menn fari að líta á hugmyndina um sölu á Síldarverksmiðjum ríkisins sem einhvers konar lykil að því skríni sem ég ímynda mér að ýmsir vilji að opnist, þ.e. að einhvers konar úreldingu á verksmiðjum í landinu eigi öll að koma niður á starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins. Ég hef ákveðinn grun um vissir aðilar í bransanum, eins og sagt var áðan, vildu nú helst að þannig yrði farið að.

Ég tel að skoða eigi þetta mál gaumgæfilega eins og ég sagði áðan. Ég get út af fyrir sig ekki sett mig upp á móti því að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag. Þó finnst mér einn stór galli vera á því og hann er sá að fram að þessu a.m.k. hafa menn haft þann hátt á gagnvart hlutafélögum sem eru að öllu leyti í eigu ríkisins að stjórnir fyrirtækjanna hafa eingöngu verið skipaðar af viðkomandi ráðherra. Þegar um stór eða jafnvel mjög stór fyrirtæki er að ræða tel ég mjög óeðlilegt að stjórn þeirra sé þannig. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að velta því fyrir sér, úr því að menn telja að hlutafélagaformið eigi að vera ráðandi í rekstri fyrirtækja, líka þeirra sem ríkið á aðild að, að menn komi sér niður á sérstaka aðferð við að skipa stjórn þessara fyrirtækja þannig að hægt sé að koma inn sjónarmiðum þeirra opinberu aðila sem hlut eiga að máli, Alþingis Íslendinga, sem auðvitað ber ábyrgð á eigum ríkisins og á að taka þátt í að stjórna þeim. Mér finnst að taka hefði átt á þessum málum fyrir langa löngu og ekki setja viðkomandi ráðherra í þá aðstöðu að skipa alfarið alla stjórn slíkra fyrirtækja. Þess vegna tel ég, ef þessi breyting verður gerð, að skoða eigi vandlega hvort í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins verði ekki kosið núna með sérstökum hætti og breyting verði þá á því þegar búið er eða ákveðið er að selja meiri hlutann í fyrirtækinu. En á meðan ríkið á hlut að máli og meiri hluta í þessu fyrirtæki verði það ekki sett á hendur einum ráðherra að velja sína flokksmenn í stjórnina.

Þannig held ég að eigi t.d. að skoða málin í sambandi við Sementsverksmiðju ríkisins ef af því verður að henni verði breytt í hlutafélag. Ég tel fráleitt að farið verði að selja hlut í því fyrirtæki vegna einokunaraðstöðu þess á markaðnum. Ég held að skoða verði hvert og eitt þeirra fyrirtækja sem er fjallað um á þessum nótum, annars vegar að breyta þeim í hlutafélag þar sem ekki eru yfirlýstar skoðanir á lofti um að eigi að selja þau og hins vegar þeim fyrirtækjum sem á að selja. Sum fyrirtæki, sem komið hafa til umræðu í vetur, eru orðin að hlutafélögum og skemmst er að minnast að við afgreiðslu fjárlaga var ákveðið að gefa heimild til þess að selja hlutafé í Bifreiðaskoðun Íslands sem mér finnst benda eindregið til þess að menn vandi sig ekki nóg í sambandi við einkavæðingu. Það að meiri hlutinn á Alþingi skuli hafa gefið heimild til þess að selja hlutafé í Bifreiðaskoðun Íslands bendir til þess að menn hafi nákvæmlega ekkert hugsað sig um og né velt því fyrir sér hvað búið er að gerast í því máli. Það sem er búið að gerast er að ríkið hefur stofnað fyrirtæki með öðrum aðilum í þjóðfélaginu og gefið því fyrirtæki einkarétt á því að skoða bifreiðar fram að aldamótum. Gjaldskráin hefur verið geysihá. Menn hafa mótmælt því og fengið þau svör að það sé eðlilegt og til hagsbóta fyrir neytendur að fyrirtækið hafi háa gjaldskrá til að byrja með en síðar meir muni það koma neytendum til góða. Hvað svo? Svo lýsir meiri hluti á Alþingi því yfir að selja eigi hlutafé í fyrirtækinu. Hvenær á að skila arðinum til neytenda? Ætlar einhver að halda því fram að þegar búið er að selja fyrirtækið eigi þeir aðilar sem boðið verður upp á og koma til með að kaupa hlutafé í fyrirtækinu að fá þau svör að þeir eigi ekki að fá neinn arð af sínum hlutafjárkaupum vegna þess að búið sé að segja við neytendur að þeir eigi að fá eitthvað til baka af því sem þeir lögðu í stofnkostnað? Nei, það verður ekki aldeilis þannig. Ef menn selja hlutaféð eru þeir að kveðja þann möguleika að skila til baka arðinum til þeirra aðila sem hafa verið að byggja upp Bifreiðaskoðun Íslands með viðskiptum sínum. Ég vara mjög við því að halda áfram á þessari braut og ég tel reyndar að gera þurfi sérstaka athugun á Bifreiðaskoðun Íslands með það fyrir augum að einhver ákveðinn árafjöldi verði tekinn í að skila þessu herfangi til baka. Ef á í raun og veru að einkavæða þetta fyrirtæki og selja hlut í því verður ríkið fyrst, meðan það hefur afl til þess og á svona stóran hlut í fyrirtækinu, að sjá til þess að svo gangi fram sem yfirlýst hefur verið að neytendur fái til baka það sem þeir hafa lagt inn. Úr því sem komið er tel ég hins vegar eðlilegt að stefna að því að Bifreiðaskoðun Íslands verði ekki einkaaðili á markaðnum og að aðrir aðilar fái tækifæri til þess að keppa við það fyrirtæki. En núna meðan það liggur fyrir að búið er að moka gróða inn í fyrirtækið með því að láta neytendur borga stofnkostnaðinn á svona fáum árum geta menn ekki rokið í það að fara að selja hlutafé í því.

Ég nefni þetta hér vegna þess að ég sé á því og fleiru að menn hafa ekki velt hlutunum gaumgæfilega fyrir sér þegar þeir voru að ákveða með hvaða hætti ætti að ná fé út úr einkavæðingu á því ári sem nú er að líða. Því hér hafa menn sett sér markmið sem er að selja hlutafé á vegum ríkisins fyrir einn milljarð á árinu og þeir munu ekki hafa þann gróða upp úr sölunni á Síldarverksmiðjum ríkisins eða svo virðist ekki vera ef menn eru í alvöru að hugsa um að leggja því fyrirtæki til hálfan milljarð um leið og það yrði hugsanlega selt. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að við munum eðlilega ræða hvert og eitt af þeim málum sem koma inn og alls ekki sé ástæða til þess að slá neinu föstu fyrir fram um að maður verði með eða móti. Það verður að skoða hvert og eitt mál sér og ég tel, eins og ég sagði áðan, að til greina komi að gera Síldarverksmiðjur ríkisins að hlutafélagi. Hins vegar hefur maður ákveðinn fyrirvara á þessum málum vegna þess að spor ríkisstjórnarinnar í þeim málum sem hún hefur verið að vinna að, hræða orðið töluvert. Þar er flumbrugangurinn gífurlegur og menn hafa ekki sést fyrir. Þess vegna vil ég meina að menn verði að gefa sér tíma til þess að fara betur af stað en gert hefur verið í vetur. Og ég óska þess mjög að menn gefi sér allan þann tíma sem til þarf vegna þess að hér er á ferðinni geysilega stórt mál sem má ekki verða til þess að setja atvinnulíf úr skorðum í þeim byggðum þar sem verksmiðjan hefur rekið starfsemi sína og það má heldur ekki verða til þess að setja meira úr skorðum en orðið er í þeirri starfsemi sem almennt er rekin í landinu í greininni. Þess vegna verða lokaorð mín hér þau að við skulum fara að öllu með gát og ekki gefa okkur það fyrir fram að farið verði að selja hlutafé í Síldarverksmiðjum ríkisins á þessu ári.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að segja megi að á þessu máli séu margar hliðar og að til sanns vegar megi færa hið fornkveðna að tvær hliðar, hið minnsta, séu á hverju máli og eigi nú mjög vel við hér. Það má auðvitað ræða þetta mál fyrst og fremst út frá spurningum pólitísks eðlis um afstöðu manna til einkavæðingar versus annarra rekstrarforma í landinu og láta það liggja á milli hluta hvers eðlis atvinnustarfsemin er og hvaða áhrif hún hefði t.d. á atvinnuhagsmuni í einstökum byggðarlögum. Það er ein nálgun í málinu en ekki sú skynsamlegasta að mínu mati þó sjálfsagt sé að hafa hana undir.

Í öðru lagi má líta á þetta frá algerlega gagnstæðri hlið og velta fyrst og fremst fyrir sér spurningum um framtíð Síldarverksmiðja ríkisins frá sjónarhóli mjöliðnaðarins í landinu, stöðu hans, afkomu og framtíðarhorfum.

Í þriðja lagi mætti skoða þetta fyrst og fremst út frá ástandi efnahags- og atvinnumála, ástandi á peningamarkaði og þeirra líklegu áhrifa af því að setja slíkt fyrirtæki á markað sem hér á í hlut.

Ég vil byrja á því að taka það fram að ég hef verið þeirrar skoðunar og margoft lýst henni á Alþingi og annars staðar að fyrirtæki af tagi Síldarverksmiðja ríkisins sé eitt þeirra í opinberri eigu sem ég tel fyllilega ástæðu til að skoða hvort betur væri komið undir öðrum rekstrarformum. Ég hefði gjarnan viljað skipta umræðum um þátttöku ríkisins í atvinnurekstri eða spurningu um einkavæðingu, allt hvað menn vilja nú kalla það, eftir því hvers eðlis viðkomandi rekstur væri og hvaða stöðu hann hefði í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að þar sem um er að ræða þátttöku ríkisins í atvinnurekstri, í fyrirtækjum sem ekki hafa einokunarstöðu eða drottnunarstöðu á íslenskum markaði sem eru í beinni samkeppni við einkarekin fyrirtæki og eru ekki það stór hluti af viðkomandi atvinnugrein að sköpum skipti, þá sé sjálfsagt mál að skoða hvort eðlilegt sé að ríkið dragi sig út úr slíkum rekstri. Dæmi um þetta hafa verið til umræðu á undanförnum árum. Fyrirtæki eins og Ferðaskrifstofa ríkisins á sínum tíma, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og segja má að nokkru leyti eigi hið sama við um Síldarverksmiðjur ríkisins. Af þessum sökum er því fullkomlega eðlilegt að menn taki málið til skoðunar. En á sama tíma er nauðsynlegt að hafa í huga að margt er að athuga og ég vona svo sannarlega að í þessu máli séu menn tilbúnir að ræða gersamlega hleypidómalaust á báða bóga um vænlegustu aðferðir í þessu sambandi, bindi sig ekki í einhverjar kennisetningar um einkavæðingu einkavæðingarinnar vegna eða öfugt ef einhverjum skyldi detta í hug að leggjast algerlega gegn þessu máli vegna þess að hann vildi fyrir alla muni sjá þennan rekstur um aldur og ævi í opinberri eigu. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, ef hann skyldi ella láta á sér kræla, þá er rétt að taka fram að ræðumaður er ekki í þeim hópi og hefur ekki verið um árabil.

Mér finnst reyndar tvennt vega þyngst í því að eðlilegt sé að taka þetta mál til skoðunar og þarft að mörgu leyti. Hið fyrra er að hér á akkúrat við að einkarekin fyrirtæki eru í samkeppni og starfa og eru stærri hlutinn af þessari atvinnugrein í landinu. Hið síðara er svo að fullkomin þörf og nauðsyn er á því að taka málefni fyrirtækisins Síldarverksmiðju ríkisins til skoðunar, taka þann rekstur til skoðunar og fara ofan í saumana á honum og hefur verið um árabil að mínu mati. Þetta tvennt tel ég að vegi þarna þyngst.

Í fyrsta lagi vil ég svo nefna að verði af þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. hvað starfssvið Síldarverksmiðja ríkisins snertir, þá er þar um grundvallarbreytingu að ræða. Það er víðtæk breyting á hlutverki þessa fyrirtækis því að þær kvaðir sem á því hafa verið samkvæmt gildandi lögum, m.a. að taka ekki þátt í veiðunum, eru hér afnumdar. Í öðru lagi segir í síðari mgr. 2. gr. frv. að heimilt sé að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi. Þannig gæti mönnum með einfaldri samþykkt á hluthafafundi fyrirtækisins Síldarverksmiðja ríkisins hf., þó svo það væri jafnvel enn þá í meirihlutaeigu eða algjörlega í eigu ríkisins, dottið í hug að gerbreyta tilgangi þess og fyrirtækið færi að hasla sér völl á einhverjum nýjum skyldum eða jafnvel óskyldum sviðum. Þetta er auðvitað mjög víðtæk breyting því að fram að þessum tíma hafa Síldarverksmiðjur ríkisins verið reknar í ákveðnum tilgangi að mestu leyti að óbreyttri skipan frá 1938, ef ég man rétt.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem reyndar hefur þegar komið fram hjá einum ræðumanni og ég tel að ástæða sé til að staldra við og væri æskilegt að heyra nánar um viðhorf hæstv. sjútvrh. til þess. Það er hið einfalda form á alræðisvaldi til handa hæstv. sjútvrh. sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir. Ég tel það orka tvímælis þegar staðið er að einkavæðingu eða breyttu formi ríkisfyrirtækis með þeim hætti sem hér er lagt til, að fyrirtæki sem hefur verið í eigu ríkisins og kosin hefur verið stjórn til af Alþingi, eins og átt hefur við um Síldarverksmiðjur ríkisins um langt árabil, sé þannig með einfaldri lagabreytingu tekið út úr þeim farvegi og sett undir vald ráðherra með mjög víðtæku framsali alræðisvalds til handa þeim hæstv. ráðherra.

Mér finnst koma mjög vel til greina, a.m.k. í ákvæðum sem væru að einhverju leyti bráðabirgðatengd, að séð væri fyrir stjórn þessa fyrirtækis áfram með svipuðum hætti og verið hefur þangað til breyttir tímar og/eða ákvarðanir um sölu þess eða endurskipulagningu í rekstri gerðu það að verkum að slíkt form væri orðið úrelt. Til dæmis gæti það verið þannig að meðan fyrirtækið væri í einu lagi og í eigu ríkisins eða að meiri hluta til í eigu ríkisins, þá sæi Alþingi áfram um að kjósa því stjórn. Það fyrirkomulag hefur tryggt aðild flestra stjórnmálaflokka að stjórn þessa fyrirtækis, breiðari skipun þeirrar stjórnar og meiri valddreifingu að mínu mati heldur en felst í því að setja þetta alfarið undir vald eins ráðherra. Ég veit að hæstv. sjútvrh er svo þroskaður stjórnmálamaður að hann tekur þetta ekki persónulega til sín enda ekki þannig meint. Ég treysti hæstv. sjútvrh. mörgum mönnum betur til að fara með umsjón þessa fyrirtækis ef sú yrði niðurstaðan og reyndin. En ég tel þetta umhugsunarefni hvað stjórnskipulag snertir og afturför í reynd

og því verður tæplega á móti mælt að í þessu felist ekki valddreifing heldur valdasamþjöppun og þannig væri það skref aftur í tímann að ég hygg og er það að flestra mati.

Í þriðja lagi vil ég svo nefna það sem mér finnst sérstaklega áfátt í frv. er að þar er ekki stafkrók að finna um það hvernig gæta skuli við þessar breytingar hagsmuna heimamanna, starfsfólks í verksmiðjunum eða viðkomandi atvinnuhagsmuna og efnahagshagsmuna í viðkomandi byggðarlögum. Hæstv. sjútvrh. nefndi þá hluti að vísu lauslega í framsöguræðu sinni en í frv. sjálfu, væntanlegum lagatexta yrði ekki stafkrók um það að finna. Þvert á móti er það algerlega opið samkvæmt þessu hvernig með þau mál yrði farið og hvernig að þeim yrði staðið. Þetta tel ég jafnframt mikið umhugsunarefni og ég held að hv. Alþingi hljóti að velta því fyrir sér, ekki síst ef það á nú fyrir okkur að liggja að standa hér áfram í miklum umræðum um einkavæðingu og uppskiptingu fyrirtækja sem verið hafa í eigu hins opinbera á næstu mánuðum og/eða árum, hvers konar verklag menn hyggjast móta sér í þeim efnum.

Ég vil í þessu sambandi aftur minna á það fordæmi sem hér var gefið fyrir nokkrum árum síðan þegar fyrirtækið Ferðaskrifstofa ríkisins var einkavædd, skulum við segja eins og nú er í tísku að kalla það eða breytt í hlutafélag og seld að hluta til. Þá var þannig um hnútana búið af hálfu Alþingis að mjög skýr leiðsögn var í lagatextanum sjálfum hvernig standa skyldi að þeim breytingum. Þar var fyrst og fremst kveðið á um það að starfsfólki fyrirtækisins skyldi tryggður réttur til þess að taka yfir fyrirtækið. Jafnframt var ákveðið í þeim lögum að ríkið skyldi áfram eiga aðild að fyrirtækinu, a.m.k. um sinn og að lágmarki að ¼ hluta þannig að ríkið gæti enn um sinn haft hönd í bagga með rekstrinum. Má þó til sanns vegar færa hvað snertir þetta eina fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem var Ferðaskrifstofa ríkisins og var hlutfallslega miklu minni aðili í þeirri atvinnugrein heldur en Síldarverksmiðjur ríkisins eru í mjöliðnaðinum, að þá hafi ekki borið jafnbrýnar ástæður til að veita þessa leiðsögn í lagatextanum eins og hér gæti átt við að mínu mati. Síðan er það önnur saga sem ekki verður rakin hér, hvernig þetta tókst allt saman til með Ferðaskrifstofu ríkisins, reyndar að lokum allvel að mínu mati og starfsfólkið náði með góðra manna hjálp að hafa tögl og hagldir í þessu fyrirtæki og rekur það nú með myndarbrag. En það hefði ekki endilega gerst og sennilega alls ekki nema vegna þess að Alþingi tryggði stöðu starfsfólksins í þessu sambandi beinlínis með lagasetningunni sjálfri og stjórnvöld sem að þeim málum komu þegar til framkvæmdarinnar kom lögðu sitt af mörkum til þess að starfsfólkinu væri kleift að eignast þennan hlut. Ríkisvaldið var áfram þátttakandi í fyrirtækinu með minni háttar eignaraðild sem auðveldaði starfsfólkinu á hinn bóginn að ná til sín sínum hluta þar sem það þurfti ekki að ráðast í það að kaupa fyrirtækið allt á einu bretti.

Þetta vil ég sérstaklega nefna, hæstv. forseti, og ég áskil mér allan rétt til þess að skoða, og vona að menn fallist á að það verði gert, hvort ekki sé eðlilegt að setja inn í lögin ákveðna skilmála, ákveðna leiðbeiningu um það hvernig að þessum breytingum verður staðið ef út í þær verður farið. Menn geta kallað það eftir atvikum hömlur eða skilmála sem fyrirtækinu Síldarverksmiðjum ríkisins yrðu settar þegar því yrði breytt í hlutafélag og síðan e.t.v. selt eða komið í hendur heimamanna í einu lagi eða fleiri hlutum. Þar held ég að eigi að koma til skoðunar hlutir eins og forkaupsréttur starfsmanna, heimamanna eða sveitarfélaga, allt eftir því hvernig menn vilja um þá hnúta búa. Ég tel það satt best að segja nokkurt undrunarefni að menn skuli a.m.k. ekki hafa lagt þetta mál fram og kynnt það hér með slíkum forkaupsréttarákvæðum. Það hefði ég talið hið minnsta til þess að sýna lit að um slíkan forkaupsrétt væri að ræða. Ég bendi á að í vissum byggðarlögum eru þessu fyrirtæki afar afdrifarík með sínum rekstri, annars vegar sem vinnustaðir en þó enn fremur vegna þeirra miklu tekjuáhrifa sem þau hafa í sínum byggðarlögum. Menn þekkja það að velta er geysimikil í gegnum þessa vinnslu og t.d. er það þannig að tekjur hafnarsjóðanna á mörgum þeim stöðum þar sem afkastamiklar loðnubræðslur eru reknar sveiflast um 50–70% og jafnvel 100% milli ára allt eftir því hvort veiðist meira eða minna af loðnu eða hversu mikið kemur til löndunar á viðkomandi stað og síðan afurðum til útskipunar. Með slíkum hætti hafa þessi fyrirtæki, til viðbótar því að vera auðvitað mikilvægir vinnustaðir í mörgum þessum byggðarlögum, haft afdrifaríka þýðingu fyrir afkomu fólks og sveitarfélaganna sem í hlut eiga.

Ég tel til viðbótar því sem ég nefndi um forkaupsrétt og væri hið minnsta að mínu mati sem ætti að vera þarna til skoðunar, þá hljóti menn að eiga að hugleiða hvort ekki sé rétt að binda jafnvel enn frekar um hnútana hvað framkvæmd þessarar breytingar snertir. Ég nefndi sem dæmi þá möguleika að starfsmenn eða viðkomandi byggðarlög hefðu ákveðinn tíma, ákveðið forskot, til þess að kanna möguleika sína til að bindast samtökum, annaðhvort í heild eða hvert á sínum vettvangi, hvert á sínum stað til þess að yfirtaka fyrirtækið. Væri það óeðlilegt að þannig væri um hnútana búið með bráðabirgðaákvæði í lögunum að fyrstu 1–3 árin hefðu viðkomandi aðilar, starfsmenn, heimaaðilar eða sveitarfélög, forgang til þess að bindast samtökum eða ráðast í það að yfirtaka viðkomandi rekstur? Ég tel svo ekki vera. Menn hljóta að gera sér grein fyrir því í sambandi við atvinnustarfsemi af þessu tagi, sem ríkið hefur staðið fyrir og hefur afgerandi áhrif á atvinnuhagsmuni og fjárhag í viðkomandi byggðarlögum, að það er ekki sanngjarnt að henda mönnum fyrirvaralaust út í óvissuna og gerbreytt umhverfi í þeim efnum. Ég tel að það sé ekki sanngjarnt. Hið minnsta væri að gildistökuákvæði þessara laga væri þannig úr garði gert að menn hefðu einhvern undirbúningstíma eftir að þeir sjá hina nýju framtíð, lögfesta þá fyrir sér, til þess að safna kröftum ef menn vilja reyna slíkt. Auðvitað eru ýmsar fleiri leiðir hugsanlegar. Til greina gætu t.d. komið reglur sem miðuðu að því að tryggja heimamönnum meirihlutaaðild í félögum eða félagi

sem yrði stofnað ef starfsmenn og heimamenn á viðkomandi svæðum þar sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið reknar vildu t.d. bindast samtökum um að reyna að tryggja sér meiri hluta, 51%, í hinu nýja fyrirtæki. Væru menn viljugir til þess að skoða það og auðvelda slíkt? Ég held að menn hljóti að átta sig á því að stórt fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði er gífurlega afkastamikil verksmiðja með 1.500 tonna afkastagetu á sólarhring. Það er stórt fyrirtæki í að ráðast að yfirtaka slíka verksmiðju. Og annað kemur svo til og það er að þessi rekstur er áhættusamur. Innan hans eru miklar sveiflur milli ára, bæði vegna sveiflna í veiðum og þó ekki síður vegna þess að þessi markaður er mjög sveiflukenndur eins og menn eru m.a. minntir á þessa dagana. Það er því augljóslega mikil áhætta í því fólgin að binda sér þungar byrðar skuldbindinga við yfirtöku á svona fyrirtæki og eðlilegt að menn sem eru þegar skuldsettir og í erfiðleikum hiki við slíkt, jafnvel á viðkomandi stöðum. Ég tel sem sagt að ef vilji er fyrir hendi til þess að tryggja með skynsamlegum og sanngjörnum hætti hagsmuni starfsfólks og byggðarlaga séu margar leiðir færar til þess og ég er þar viljugur til að skoða nánast hvaða fyrirkomulag sem menn telja heppilegast. Þess vegna mætti mín vegna bæta við í þennan hugmyndabanka möguleikum á einhvers konar kaupleigu eða leigusamningum við heimamenn yfir nokkurn tíma sem væri e.t.v. viðráðanlegri aðferð fyrir þá til þess að ná undirtökum í rekstri þessara fyrirtækja á einhverjum tíma heldur en þurfa að standa frammi fyrir spurningunni um að kaupa þau jafnvel í heilu lagi strax í upphafi.

Síðan koma ýmsar fleiri spurningar upp í þessu sambandi sem tengjast frekar atvinnugreininni sjálfri, mjöliðnaðinum sem slíkum. Þar er langveigamesta spurningin í mínum huga: Er það skynsamlegt að hluta þetta fyrirtæki í sundur? Er það af hinu góða fyrir skipulag veiða og vinnslu í landinu í þessari grein? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að setja ákveðið spurningarmerki í því sambandi. Styrkur Síldarverksmiðja ríkisins þrátt fyrir allt hefur verið sá að þetta fyrirtæki hefur vegna landfræðilegrar dreifingar verksmiðjanna verið betur varið fyrir sveiflum í veiðum og vinnslu að þessu leyti en önnur fyrirtæki sem bundin eru við einn tiltekinn stað. Það hafa menn m.a. séð á loðnuvertíðinni sem yfir stendur að loðnan fór ekki að verða veiðanleg að neinu ráði fyrr en hún var komin austur um Melrakkasléttu og Langanes og veiðitímabilið hefur nánast allt verið út af Austfjörðum. Þá hafa Síldarverksmiðjur ríkisins brætt af fullum krafti á Seyðisfirði og fyrirtækið notið þess að sjálfsögðu að geta keyrt þá nýju og ágætu verksmiðju af fullum krafti á sama tíma og verksmiðjur fyrir norðan hafa staðið tómar. Þannig geta sveiflurnar jafnast út vegna þess að fyrirtækið er þetta stórt og hefur bræðslur á nokkrum stöðum á landinu. Þessu yrði að sjálfsögðu fórnað ef fyrirtækinu yrði skipt upp í sjálfstæðar rekstrareiningar sem bundnar væru við hvern stað. Ég tel þess vegna, jafnframt þeim möguleika að heimamenn á hverjum stað gætu með einhverjum hætti náð undirtökum í rekstrinum á þeirri einingu sem þar er staðsett, að skoða eigi þá leið hvort byggðarlög, starfsmenn og e.t.v. fleiri aðilar sem hagsmuna eiga að gæta gagnvart Síldarverksmiðjum ríkisins í heild gætu e.t.v. sameiginlega myndað einhvers konar félagsskap um kaup á verksmiðjunum eða hlut í þeim eða yfirtöku þeirra að einhverju leyti. Það gæti haft ýmsa kosti í för með sér fyrir skipulag mjöliðnaðarins í landinu. Ég vona að ég þurfi ekki að rökstyðja frekar hvers vegna ég tel að svo sé.

Ég vil skjóta því að í leiðinni, þótt það sé e.t.v. annað og óskylt mál en ég efast um að betra tækifæri gefist til að nefna það hér, að ég er þeirrar skoðunar að svo sannarlega væri ástæða til að taka jafnframt til skoðunar skipulag markaðs- og sölumála fyrir mjölframleiðsluna í landinu. Það er enginn vafi á því í mínum huga að við Íslendingar bíðum nokkurn veginn árlega stórtjón af því að þeir hlutir skuli ekki vera betur skipulagðir en raun ber vitni. Ég tel að sárlega vanti sölusamtök eða sölufyrirtæki, eitt eða tvö ef menn vildu frekar það fyrirkomulag, öflug og sterk, sem annist sölu á þessari vöru með samræmdum og öflugum hætti til að ekki séu þessar geysilegu sveiflur og afföll sem verða í viðskiptunum út af þeirri stöðu sem þarna er, að fjöldi smáaðila er að baksa við að selja hist og her. Það eru kauptilboð út og suður og kæmi ýmislegt skrautlegt í ljós í þeim efnum ef það væri allt saman rakið fyrir mönnum. Hér kunna að vera menn sem gætu staðið fyrir ágætri kynningu á því ef út í það væri farið. Ég er þeirrar skoðunar a.m.k. að lítill vafi sé á því að við gætum í mjöliðnaðinum með sama hætti og við höfum um áratuga skeið, t.d. við sölu á saltfiski, náð þarna miklu betri árangri ef sterk heildarsamtök önnuðust markaðsfærslu og sölu þessarar vöru erlendis fyrir okkar hönd. Það er enginn vafi á því í mínum huga. Sú er að mínu mati skýringin á því að við Íslendingar höfum með miklu færri mönnum selt miklu meira af saltfiski á miklu hærra verði en nágrannaþjóðirnar að hér hafa framleiðendur borið gæfu til þess að bindast samtökum nokkurn veginn allir í einum stórum og sterkum og öflugum sölusamtökum sem fara með þeirra hagsmuni.

Ég veit að það er ekki í tísku í dag að halda svona ræður. Það er afskaplega ófínt og lítið í tísku og lítið móðins að tala um svona stór sölusamtök. Þetta heitir víst einokun og er víst vont mál og jafnvel guðlast í augum ýmissa nýfrjálshyggjumanna að bera sér þetta í munn. En það er nú þannig með þetta furðulega eintak sem hér stendur, mér er alveg sama þótt þeir segi það við mig því ég hef þá sannfæringu að þetta sé svona og ég tala fyrir minni sannfæringu hvaða einkunnir sem menn gefa mér út á það. Ég er viss um það að ef við berum saman árangur Íslendinga í sölu t.d. á saltfiski svo að aftur sé tekið það dæmi og hins vegar Norðmanna og Færeyinga þá geta menn ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að það hafi verið sérstök gæfa okkar Íslendinga að hafa náð að varðveita þessa einingu sem ríkt hefur um sölumálin á þessari vöru hér á Íslandi undanfarin ár og áratugi. Þeir dauðöfunda okkur auðvitað í Noregi, Færeyjum, Kanada og víðar út af þessari einingu sem Íslending-

ar hafa þarna varðveitt. Þeir eru ekki í neinum vafa um að hún er skýringin á því að Íslendingar hafa haft og halda enn að mestu leyti sinni sterku yfirburðarstöðu í markaðsmálum á þessu sviði. Sama gætum við að verulegu leyti gert innan mjölmarkaðarins, a.m.k. hér í norðurálfu og norðurhveli, því við erum langöflugustu framleiðendurnir a.m.k. á sumum tegundum fiskimjöls og stærstu útflytjendurnir. Við erum að vísu þar í samkeppni við ýmsar þjóðir, t.d. Suður-Ameríkuþjóðir, og erum ekki jafnráðandi á þessum markaði og við erum á sumum mörkuðum fyrir aðrar fiskafurðir. En það mundi vissulega styrkja stöðu okkar geysilega ef við hefðum slíkt skipulag. Ég læt þetta nægja um þennan þátt málsins sem kemur ekki beint við efni þessa frv. en mér leyfist vonandi að ræða þetta undir þessum lið, enda eins og ég segi þá er ekki víst að dagskrárefnið „skipulag sölumála mjölframleiðslu á Íslandi" verði hér á dagskrá alveg á næstunni.

Ég vil þá enn nefna það sem reyndar hefur verið bent á af nokkrum mönnum að nú stendur svo á að það horfir vænlegar í þessum atvinnurekstri en gert hefur undanfarin 2–3 ár. Það er nokkurn veginn víst að búast má við mun meiri veiði á þessari vertíð og hinni næstu og verð er a.m.k. enn þá þokkalega gott. Þetta tel ég að menn þurfi auðvitað að hafa í huga þegar ræddar eru hugmyndir um einkavæðingu og ég tala nú ekki um sölu þessa fyrirtækis nú á næstunni. Ég tel að annað tveggja hljóti að koma til álita, að ríkið skoði eignarhlut sinn í fyrirtækinu í því ljósi að vænta megi hagnaðar af því að starfrækja þessar verksmiðjur á næstu einu eða tveimur árum. Spurningin er þá sú: Vill ríkið afsala sér þeim hagnaði með því að láta hann strax úr sínum höndum eða er þá ekki eðlilegt að tillit verði tekið til þessa við verðlagningu fyrirtækisins núna? Ég minni á þau ósköp sem hentu menn í umferðarslysinu mikla, þessu eina stóra máli sem hæstv. iðnrh., þáv. dómsmrh., hefur komið hér í gegn á fimm ára embættisferli sínum þegar hann bjó til Bifreiðaskoðun Íslands hf. Glöggir menn hafa vakið athygli mína á því að það sé stærsta og reyndar má segja eina stóra framlag þáv. hæstv. dómsmrh., núv. hæstv. iðnrh. til stjórnmálasögunnar sl. fimm ár að búa til Bifreiðaskoðun Íslands. Og hvað gerðist þar? Jú, menn bjuggu til þetta einkafyrirtæki með þessum hörmulegu afleiðingum sem raun ber vitni. Búið er að okra á þjóðinni alveg gegndarlaust síðan og safna upp miklum gróða. Það versta er að svo kom í ljós að þarna var einmitt skorin niður ein besta mjólkurkýrin því að gamla, góða Bifreiðaskoðun ríkisins hafði skilað ríkissjóði hundruðum milljóna í hagnað á hverju ári. (Gripið fram í.) Það er alveg sama hvar litið er á þetta slys og hér kallar fram í góður bóndi sem veit að það er best að skera niður bestu mjólkurkýrnar og halda engu nema kálfunum, eins og núv. ríkisstjórn gerir og það geldneytum náttúrlega. (Gripið fram í.) Margt verra getur hent menn í tvísýnu ástandi en að eiga svolitlar smjörbirgðir, hv. framm íkallandi, það kennir saga íslensku þjóðarinnar okkur. Það er margt verra sem menn eiga í fórum sínum en nokkrar skökur af smjöri. En ég tel sem sagt að hæstv. sjútvrh. þurfi að skoða þetta og ég vona að hann sé tilbúinn til að taka þátt í því eða leggja því lið að sjútvn. sem væntanlega fær þetta mál til skoðunar líti á þessa hlið málsins.

Ég vil aðeins vegna þess að hv. 3. þm. Vestf. missti það hér út úr sér að þessar verksmiðjur væru allt of margar og þyrfti m.a. að líta á þetta mál í því ljósi ræða örlítið um þá hlið málsins. Búið er að segja það býsna oft að þessar loðnuverksmiðjur séu auðvitað allt of margar og svo bullandi og gegndarlaus offjárfesting sé í þessu að engu tali tekur, þetta sé náttúrlega eins og með flotann sem sé allt of, allt of stór og þeir séu búnir að reikna það út uppi í Háskóla að helmingi minni floti gæti veitt þetta allt saman. Á þessu eru tvær hliðar eins og svo mörgu fleiru. Og ég hlýt að spyrja hv. 3. þm. Vestf. úr því að hann hóf máls á þessu: Er hann þeirrar skoðunar að loðnuverksmiðjurnar séu núna of margar eða öllu heldur of afkastamiklar? Eru þær það í dag? Er hv. 3. þm. Vestf. þeirrar skoðunar að afköstin í veiðum og vinnslu mjöliðnaðarins eða bræðslunnar í landinu séu of mikil í dag? Hvað segir reynslan okkur á yfirstandandi vertíð? Hvað segir hún okkur? Þegar við erum menn til þess að taka tillit til ógæfta og frátafa sem alltaf verða og erum því skyni bornari en reiknimeistararnir sumir að við vitum að það er ekki hægt að taka hámarksafköst verksmiðja og hámarksafköst veiðiskipa og margfalda þau með 365 dögum á ári og segja: Svona á þetta að vera. Verksmiðjurnar eiga að bræða á fullu og skipin eiga að veiða á fullu 365 daga. Þar með fáum við út þessi afköst. Þetta er allt of stórt, allt of margar verksmiðjur, of mörg skip, of mikil afköst. Þetta er auðvitað kjaftæði. Staðreyndin er sú að eins og ástandið er í dag á yfirstandandi vertíð, þá veitir ekkert af öllum afköstum loðnuflotans og bræðslnanna ef við eigum að bjarga þeim verðmætum sem loðnustofninn getur fært okkur að teknu tilliti til ógæfta og þess hvernig loðnugangan hefur hegðað sér á þessu ári. Það er staðreynd og dugir e.t.v. ekki til ef við verðum ekki þeim mun heppnari með veður og gönguna. Þetta er staðreynd sem við þurfum að muna. Það er út af fyrir sig reikningsdæmi hvort það geti borgað sig að missa stundum af örlitlum toppum í svona göngum og jafnvel afskrifa, þegar hámarksvertíðir gefast, kannski síðustu 10–20% vegna þess að reikningsdæmið kemur betur út þannig að það borgi sig ekki að liggja með fjármagn eða fjárfestingu til þess að ná toppunum. Út í þá umræðu er ég alveg tilbúinn. En hitt er mér ljóst að ef menn ætla að ná öllum verðmætum út úr göngunni sem núna er á ferðinni, miðað við þann kvóta hefur verið leyfður og þann tíma sem er til stefnu, þá veitir ekkert af þessum afköstum.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar, svo að ég rói nú hv. 3. þm. Vestf., sem er farinn að ganga hér um gólf, að nokkrar af lélegustu og minnstu verksmiðjunum mættu auðvitað missa sig enda eru einhverjar þeirra sennilega á útleið. Það er því kannski réttara að reikna með svona 15 bræðslum til frambúðar en þeim 20 eða 21 sem hér eru á skrá og það er eðlilegt. Tæplega er raunhæft að endurbyggja sumar þeirra eins og þær eru á sig komnar. Ég held, eins og horfur eru varðandi loðnu-

stofninn og þær væntingar sem við höfum stundum verið að gera okkur undafarin ár um afrakstur jafnvel úr norsk/íslenska síldarstofninum í þessu sambandi, að þá hljótum við að fara mjög varlega í því að fella stóra dóma um að þarna sé um allt of mikil afköst að ræða, offjárfestingu og þar fram eftir götunum. Það er síðan þannig að á næstum sama tíma og menn halda ræður um nauðsyn þess að auka gæði, bæta nýtingu, spara orku og draga úr umhverfismengun þá hneykslast menn á fjárfestingunni, tala sig alveg upp í hita út af því hvílíkum ósköpum sé búið að eyða í þessa grein. Staðreyndin er auðvitað sú að það hefur gengið hægt að endurbyggja og tæknivæða íslenska mjöliðnaðinn til samræmis við nútímakröfur og nútímaðastæður. Það hefur gengið mjög hægt af því að afkoman hefur verið sveiflukennd, fyrirtækin sem eiga verksmiðjurnar búa mörg hver við bágan fjárhag vegna þess að þau eru í öðrum rekstri sem ekki hefur gengið vel o.s.frv. Og því miður er það svo að enn eru margar íslensku bræðslurnar að gera allt of lítil verðmæti úr þessu hráefni af því að þær eru gamaldags með eldþurrkurum, fyrir svo utan það að þær menga stórlega umhverfi sitt. Ég held að það megi alveg eins halda ræður um hið gagnstæða að það hafi í raun verið gengið of seint að endurnýja, endurbyggja og tæknivæða íslenska mjöliðnaðinn þannig að hann væri vel í stakk búinn til að gera hámarksverðmæti úr því hráefni sem þarna er í boði. Staðan er þannig hjá okkur Íslendingum ef við lítum yfir sjávarútvegssviðið og reyndar atvinnulífið allt að það er ekki svo víða sem við sjáum fyrir okkur sæmilegar framtíðarhorfur í auðlindanýtingu af þessu tagi. Ég held að mönnum ætti að vera það ljóst núna þegar menn horfa á það hrikalega tregfiskerí sem verið hefur á bolfiski alveg síðan síðsumars og í haust sem er auðvitað svo alvarlegt að maður talar helst ekki um það ógrátandi eða upphátt. Þannig er beygurinn í mönnum sem hafa fylgst með því hvernig það hefur gengið undanfarna mánuði. En það má þó hugga sig við það og sjálfsagt að gleðjast yfir því litla sem er gott að ástandið í þessum stofnum, loðnu og síld, er þokkalegt og horfurnar a.m.k. nokkuð góðar svona nær okkur litið auk þess sem menn hafa af og til verið að gæla við stóra happdrættisvinninginn sem gæti birst hér á nýjan leik ef göngur úr norsk/íslenska síldarstofninum færu aftur að leggja leið sína hingað til Íslands.

Áður hefur verið á það bent af hálfu ræðumanna að ríkið hefur ekki verið að leggja þessu fyrirtæki fé í gegnum tíðina. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa ekki verið baggi á ríkissjóði Íslendinga, öðru nær. Fyrirtækið hefur byggst upp fyrir eigið rekstrarfé og auðvitað skilað stórkostlegum fúlgum í ríkissjóð með rekstri sínum og verðmætasköpun til viðbótar því sem þjóðarbúið allt hefur notið af þeim rekstri á undanförnum árum og áratugum. Það er því kaldranalegt að fjalla um þetta fyrirtæki með þeim hætti sem ýmsir hafa gert í þjóðfélagsumræðunni á undanförnum mánuðum eins og hér sé nú enn einn fortíðarvandinn á ferðinni, enn eitt sukkið, enn ein bölvuð óráðsían, einn einn ómaginn á höfuðborgarsvæðinu skilst manni. Þessar vitlausu síldarverksmiðjur ríkisins úti um allt land sem eru ekkert nema sukk og svínarí og allt það. Undir þetta hafa valdamestu valdamenn þjóðarinnar í raun og veru ýtt með sínum málflutningi. Það er a.m.k. ljóst að þetta á ekki við um Síldarverksmiðjur ríkisins. Þetta fyrirtæki hefur ekki verið ómagi á hinu opinbera. Það hefur ekki þegið þaðan fé áratugum saman og þó svo staða þess hafi versnað núna sl. 2–3 ár vegna þess aflabrests sem þá varð, eins og hjá öllum öðrum fyrirtækjum sem unnið hafa úr þessu afurðum, þá breytir það engu um það að þetta er í gegnum tíðina búið að vera hið mesta þjóðþrifafyrirtæki og á sinn þátt í þeirri verðmætasköpun, velmegnun og hagvexti sem hér hefur orðið á undanförnum áratug. Amen.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég eindregið færa þá frómu ósk fram við hæstv. sjútvrh. að hann verði því velviljaður að þeir skilmálar breytinganna á Síldarverksmiðjum ríkisins sem að lokum verði hér lögfestir verði vandlega athugaðir Í nefnd Alþingis. Það geri menn með því góða hugarfari að þeir vilji gjarnan reyna að ná sátt um það hvernig að þessum breytingum verður staðið. Ég tel að það eigi ekkert sérstakt að þurfa að koma í veg fyrir það að hér geti tekist þverpólitísk samstaða um að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag og jafnvel að ríkið minnki síðan eignarhlut sinn í því hlutafélagi ef það verður gert með þeim hætti að sæmilega góð pólitísk samstaða takist um það. Ef skilmálarnir verða þannig útfærðir, hagsmunir starfsfólksins og byggðarlaganna verði það vel tryggðir í þessu sambandi að við getum öll orðið ásátt um það. Ég ítreka þess vegna þá ósk mína til hæstv. fjmrh. að hann verði því velviljaður að þannig verði að þessu staðið. Fáist því hins vegar ekki framgengt og verði það eitthvert trúaratriði að knýja þetta frv. hér í gegn óbreytt, þá hlýt ég því miður, herra forseti, að boða fyrirvara minn um að ég geti staðið að þeirri breytingu þótt ég sé að öðru leyti efnislega velviljaður málinu eins og ég hef hér gert sæmilega rækilega grein fyrir.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að draga í efa að hv. 4. þm. Norðurl. e. vilji mjög mikið leggja af mörkum til þess að um þetta mál megi takast þverpólitísk samstaða. Um leið og honum varð það á að andmæla einum litlum kafla í minni ræðu, þá lagði hann þá lykkju á leið sína að skipta strax um skoðun í næstu setningu og komast að annarri niðurstöðu, allt náttúrlega í þeim tilgangi að ná um þetta þverpólitískri samstöðu.

Kjarni málsins, sem lýtur að því hvort um sé að ræða of mikla afkastagetu loðnuverksmiðjanna í landinu, er einfaldlega þessi: Það er þannig að langoftast eru aðstæður þær að um mikla umframgetu er að ræða, jafnvel á háloðnuvertíðinni. Það kann að koma fyrir dag og dag að flestar þrær landsins séu fullar. Ég vek þó athygli á því að stærsta loðnuverksmiðja landsins var samkvæmt upplýsingum blaðanna í morgun ekki búin að fá nema 1.200 tonn á land og svo mikið höfðu menn við á Siglufirði þennan morgun þegar þessi 1.200 tonn bárust að landi að allir fyrirsvarsmenn bæj-

arins mættu á bryggjuna með rjómatertu til þess að fagna þessu. Þetta sýnir það auðvitað að í dag, þrátt fyrir það að aflast hafi þokkalega núna síðustu dagana, þá er það þannig því miður að umframafkastageta er við allar venjulegar aðstæður. Ég tel hins vegar að það eigi að fara með mjög mikilli gætni í úreldingu á loðnuverksmiðjunum, gera það þannig að hagsmunir einstakra byggðarlaga séu hafðir í fyrirrúmi. Slík úrelding hefur verið að eiga sér stað, ekki að hún ætti eingöngu, eins og hv. 3. þm. Vesturl.ýjaði að, að fara fram á vettvangi Síldarverksmiðja ríkisins. Hún hefur farið fram hjá þó nokkrum loðnuverksmiðjum, einkanlega hér á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum og raunar víðar sem bendir til þess að menn í greininni finni það sjálfir að það þurfi að auka hagræðinguna, m.a. með því að draga úr afkastagetu verksmiðjanna.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. er líklega námfús og hefur lært heilmikið af formanni sínum undanfarna mánuði. Hann er farinn að leggja það talsvert í vana sinn að koma hér í ræðustólinn með ómerkilega útúrsnúninga og skæting á eftir því sem ég hélt að hefði verið sæmilega málefnaleg ræða af minni hálfu. Hann gerði hvort tveggja að brigsla mér um að ég hefði skipt um skoðun, snúist eins og skopparakringla hvað mína skoðun á þessum málum áhrærir. Jafnframt gat ég ekki betur séð en dylgjur lægju í hans orðum, að ég meinti ekkert með því sem ég segði um það að ég vildi ná hér pólitískri samstöðu um þetta mál og leggja mitt af mörkum í þeim efnum. Hv. 3. þm. Vestf. verður e.t.v. svo vinsamlegur að koma hér í ræðustólinn og útskýra þá betur hvað fyrir honum vakti ef svo var ekki og tala þá mannamál sem skilst en ekki hálfkveðnar vísur.

Ég stend við það sem ég sagði. Ég tel að það þurfi að fara mjög varlega í því, það voru efnislega mín orð, að fella stóra dóma um að afkastagetan í íslensku bræðslunni sé of mikil Ég tel að það þurfi að fara varlega í það. Ástandið á þessari loðnuvertíð, sem að mörgu leyti hefur verið afbrigðileg, segir ekki mikið um þá stöðu. Það er alveg ljóst að þær væru margar loðnuvertíðirnar sem við hefðum ekki náð að nýta okkur með sama hætti og við höfum gert ef ekki hefði verið fyrir hendi þessi afkastamikla verksmiðja á Siglufirði sem hv. ræðumaður, 3. þm. Vestf., var svo smekklegur að nefna hér áðan. Þegar loðnan er að veiðast fyrir norðan og við norðaustanvert landið, þá er auðvitað geysilega þýðingarmikið að sú afkastamikla verksmiðja sé þar. Hv. þm. virðist ekki átta sig á því að skipin verða þeim mun afkastameiri við veiðarnar sem þau þurfa styttra að sigla. Þess vegna er það eðli málsins samkvæmt þannig að þær bræðslur sem næst liggja veiðisvæðinu hverju sinni leggja mest af mörkum í afköstunum. Menn nýta síðan til afgangs eftir því sem kostur er þær verksmiðjur sem fjær liggja sem þurfa þá lengri siglingu til þess að verða nýttar. Þannig er þetta einfaldlega. Það er svo hættulegt að falla ofan í reikningsstokkshugsunarháttinn þegar svona sveiflukenndar veiðar og auðlindanýting af þessu tagi á í hlut.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. (Forseti hringir.) Ég bið kannski um orðið hérna aftur til þess að geta talað án þessa bjölluglaums.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um Síldarverksmiðjur ríkisins vekur margar spurningar. Ein spurningin vaknar við lestur á 9. gr. frv. þar sem segir að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð allt að 500 millj. kr.

Það fyrirtæki sem við erum að ræða hér um er eitt mikilvægasta fyrirtæki landsmanna. Það hefur skilað þjóðinni gífurlegum arði, beint og óbeint, og ríkið hefur aldrei lagt fram eina einustu krónu til þessa fyrirtækis, hvorki fyrr né sé síðar. Fyrirtækið hefur aflað alls þess fjár sem þurft hefur til að byggja það upp, fengið að taka lán og endurgreitt þau. Að sjálfsögðu eru þeir fjármunir gífurlegir sem þetta fyrirtæki hefur skilað í þjóðarbúið.

Nú allt í einu kemur fram tillaga um að ríkið eigi að taka á sig 500 millj kr., þær eigi að borga af almannafé til þessa reksturs 500 millj. kr. Hvað veldur þessu? Fyrirtækið er ekki gjaldþrota. Að vísu hefur hæstv. forsrh. ítrekað haldið því fram að fyrirtækið sé gjaldþrota. Hann hélt þessu mjög stíft fram í kosningabaráttunni fyrir einu ári síðan en það var afhjúpað sem ósannindi. Það reyndist blekking. Gögn komu fram í fjölmiðlum af hálfu Síldarverksmiðja ríkisins sem sýndu það greinilega að eiginfjárstaða fyrirtækisins var jákvæð um verulega upphæð. Það hefur ekki verið upplýst í þessu máli að fyrirtækið sé gjaldþrota nú og þess vegna vaknar spurningin: Hvers vegna á að leggja fyrirtækinu til 500 millj. kr.? Svarið er augljóslega það að ætlunin er að koma þessu fyrirtæki í hendur einkaaðila. Fyrirtæki sem búið er að starfa í hálfa öld og hefur aldrei þurft á fjármunum að halda af almannafé er núna loksins í þörf fyrir peninga og það vegna þess að það á að koma því í hendur einkaaðila. Þetta er auðvitað mjög eftirtektarverð staðreynd.

Ég held að vandinn í þessu samhengi sé auðvitað sá að hér er um gríðarlega stórt fyrirtæki að ræða og það getur orðið vandi að finna út hverjir eiga að yfirtaka þetta fyrirtæki og með hvaða hætti. Ég tel að hér sé öfugt að farið. Auðvitað væri eðlilegast að móta einhverja stefnu í þessu máli, ákveða hvernig hugsanlegt væri að skipta upp þessu fyrirtæki, átta sig á því hvort það er mögulegt og afla síðan staðfestingar Alþingis á þeirri stefnu sem tekin er í málefnum fyrirtækisins. En hér er alveg öfugt að farið. Það er byrjað á því að biðja Alþingi að afsala sér yfirráðum yfir fyrirtækinu með því að breyta því í hlutafélag. Breytingin felur það í sér að í stað þess að Alþingi kjósi stjórn fyrirtækisins þá á fyrirtækið að verða í höndum hluthafa. Fyrst í stað er ríkið aðalhluthafinn þannig að það er sjútvrh. eða fjmrh. eða kannski þeir báðir í sameiningu sem skipa alla stjórnarmenn fyrirtækisins. Sem sagt, sú breyting sem fyrst og fremst felst í þessu frv. er þessi formbreyting að þeir sem ákvörðunina eiga að taka um stefnumótun í málefnum fyrirtækisins eru ekki fimm menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi og þar af

leiðandi tilnefndir af a.m.k. fjórum stjórnmálaflokkum heldur á að koma ákvörðunarvaldinu í hendur eins stjórnmálaflokks, þess stjórnmálaflokks sem fer með *fjármál ríkisins og hefur yfirumsjón með fjmrn.*

Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í þessu máli hvaða stefnu eigi að fylgja eftir að þessi breyting hefur verið gerð, hvernig verðlagningu á eignum fyrirtækisins verður háttað, hver verður forkaupsréttur heimamanna þegar kemur að því að fyrirtækið verði selt o.s.frv. Það er nákvæmlega engin stefna mörkuð í upphafi, aðeins verið að tryggja það í fyrsta lagi að ráðherrann hafi til úthlutunar 500 millj. kr. sem hann geti notað til þess að auðvelda að koma fyrirtækinu í hendur einkaaðila og í öðru lagi að Sjálfstfl. sé þarna einráður í málinu og engin hætta sé á að fulltrúar annarra flokka geti haft neitt um málið að segja. Ég álít sem sagt að það sé mjög einkennilega staðið að þessu máli. Ég álít þetta frv. stórgallað. Ég álít að eðlilegast væri að hæstv. ráðherra afturkallaði frv., undirbyggi þetta mál miklu betur og kæmi fram og segði hvernig á að standa í smáatriðum að því að einkavæða fyrirtækið frekar en fara svona í málið að tryggja einum stjórnmálaflokki alger yfirráð um þá stefnu sem verði mótuð og segja að öðru leyti ekkert um það hvernig á málinu verði haldið. Fyrst verða alþingismenn auðvitað að vita hvað á að gera. Fyrst verða þeir að fá tækifæri til þess að átta sig á því hvort nýtt skipulag verður eitthvað betra en það gamla og svo geta þeir tekið ákvörðun en ekki öfugt, að fyrst sé þeim ætlað að afsala sér öllum ákvörðunarrétti í þessu máli og svo eigi þeir eftir á að meta hvort það hafi verið hyggilegt af þeim eða ekki að veita þessa heimild.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er bara smáviðbót af minni hálfu. Ég hafði ekki tíma til að klára almennilega að svara hv. 3. þm. Vestf. áðan. Við áttum aðeins orðaskipti um afköst í mjöliðnaðinum og ég gerði athugasemdir við ummæli hans í ræðu og varaði hann og aðra við að hrapa að *því að fella stóra dóma um mikla umframafkastagetu* í bræðslunni. Ég var að reyna að rökstyðja það sem er mín skoðun að ef við horfum til þess hversu afbrigðilegar loðnugöngur geta greinilega orðið þar sem nánast engin vertíð hefur verið annarri lík undanfarin allmörg ár og ber enn á því að loðnugengdin sé með nokkuð óvenjulegum hætti og veiðisvæðin mismunandi eftir árum. Sum árin hér fyrr var stór hluti veiðinnar norðan við land, síðsumars og á haustin en nú hin síðustu ár hefur veiðin í raun og veru tæplega hafist fyrr en um áramót og þá ekki í neinum mæli fyrr en gangan er komin austur fyrir Langanes. Þrátt fyrir það er hér mikið magn á ferð sem betur fer og horfur á jafnvel enn meiri veiðimöguleikum á næsta ári eða næstu vertíð.

Einfalt reikningsdæmi sýnir manni að eigi að ná að vinna innan lands, sem hlýtur að vera keppikefli, loðnuna á þessari vertíð það sem eftir er að veiða af henni og miðað við nokkurn veginn fullnýtta afkastagetu íslensku verksmiðjanna, lágmarksuppihöld eða frátafir vegna ógæfta, þá stendur það svona á endum að flotinn og verksmiðjurnar hafi það af fyrir miðjan apríl að klára vinnslu þessa loðnukvóta. Það má í raun og veru ekkert út af bera til að það takist. Þess vegna hefði hv. þm. eiginlega átt að varast að nefna það dæmi hér að verksmiðjan á Siglufirði hefði enn sáralítið hráefni fengið á þessari vertíð vegna þess að hver dagur sem líður og verksmiðjan á Siglufirði fær ekki hráefni dregur úr líkunum á því að við náum að nýta til fulls verðmætin í núverandi loðnukvóta á þessari vertíð. Það þarf ekki að útskýra fyrir hv. 3. þm. Vestf. eða vonandi ekki hversu skammlíf skepna loðnan er og að sú loðna sem einu sinni fer fram hjá gengur ekki aftur mörg ár til veiða eða mér er ekki kunnugt um það að loðnan sé almennt talin í hópi þeirra dýrategunda sem á líf eftir dauðann fyrir höndum, a.m.k. ekki í efnislegum skilningi og verður ekki bræddd. Það alveg á hreinu. Þetta er einfaldlega svona að þegar maður fer yfir þessi dæmi um afkastagetu í veiðum og jafnvel í vinnslu og þegar öll þau frávik og sveiflur, sem þar er nauðsynlegt að taka tillit til og hafa vara á sér gagnvart, eru tekin með í dæmið þá reynast þessir útreikningar um hina miklu umframafkastagetu sem við höfum iðulega heyrt á undanförnum árum í flotanum og í vinnslunni oft á tíðum stórhættulegir, stórgallaðir.

Ég tók það að vísu fram að það kann að vera reikningsdæmi út af fyrir sig hvort það borgi sig ekki að hafa í landinu þá uppbyggingu og þau afköst í veiðum og vinnslu að menn nái að nýta kannski hæstu toppana þegar þeir koma. Vel getur verið að það sé ekki nægjanlega arðsöm fjárfesting sem miði að því að fullnýta kannski 10–15% möguleikana á veiðum loðnu og síldar í metaflaárum. Þá það, þá er það bara reikningsdæmi sem menn þurfa að leysa ef þeir eru á annað borð tilbúnir til þess að fara út í að reyna að hafa einhvern hemil á því að stýra því með einhverjum hætti. Ég hélt satt best að segja að markaðurinn væri alvitur og óskeikull í þeim efnum og þetta ætti bara að hafa sinn gang. Og ef einhverjir væru svo vitlausir að þeir vildu byggja hér þúsund loðnubræðslur þá mættu *þeir það því að markaðurinn mundi hafa hafa sinn* gang. En hvað sem því líður þá er það nú ljóst að a.m.k nær okkur litið skiptir sú aðstaða og þau afköst sem fyrir hendi eru og til eru í landinu miklu máli þegar með tiltölulega skömmum fyrirvara koma upp þær aðstæður eins og hafa gerst á þessari vertíð að fiskifræðingar meta það óhætt að taka mun meiri afla heldur en áður var óformað. Og þá kemur það sem sagt í ljós sem ég tel mig hafa rökstutt sæmilega að í raun megum við hafa okkur alla við til þess að ná þessum verðmætisauka inn í þjóðarbúið sem er nú einn af fáu sólargeislunum sem borið hafa upp á í þessu skammdegi, þ.e. þessir 1–2 milljarðar kr. eða hvað það er sem viðbótarveiðiheimildir á loðnu geta gefið okkur ef við náum að nýta okkur þá.

Eitt enn þarf hv. 3. þm. Vestf. líka að hafa í huga og aðrir ræðumenn og er hann kannski ekki sá sem helst þarf fræðslu við í þessum efnum hér í þingsalnum. Það er auðvitað að menn gera misjafnlega mikil verðmæti úr þessu hráefni sem þeir fá til sín og það er ekki endilega gleðiefni að verksmiðjan á Siglufirði

standi tóm á sama tíma og hráefni hleðst upp í verksmiðjum á Austfjörðum og verður þar viku, tíu daga til hálfsmánaðar gamalt, vegna hvers? Vegna þess að um leið og hráefnið er orðið meira en fjögurra til sex sólarhringa gamalt vitum við að verðmætin sem úr því koma verða minni en ef það væri brætt ferskt. Þess vegna er það líka keppikefli í sjálfu sér að nýta afkastagetu verksmiðjanna þannig að þegar vel veiðist séu þær helst allar að bræða ferskt hráefni, þá verða verðmætin mest. Bara þessi eini þáttur gerir það að verkum að það getur verið ástæða til að skoða þetta afkastadæmi og birgðarýmið í alveg nýju ljósi, 10–15% viðbótarverðmætisauki út úr gæðamjöli eða ferskara hráefni getur sveiflað stórum upphæðum í þessu dæmi þar sem gróði og reyndar tap eins og við vitum, því miður, getur verið ákaflega fljótt að myndast.

Um þetta gæti ég masað hér lengi dags og (**Gripið fram í:** Viltu þá ekki bara gera það?) við hv. 3. þm. Vestf. sjálfsagt klárað daginn til kvölds ef út í það væri farið að hella úr skálum okkar um þessi bræðslumál. Þótt ég hafi fengið hérna vinsamlega ósk um að gera það þá er ég að hugsa um að láta það bíða betri tíma a.m.k. Ég tel í sjálfu sér úr því sem komið er, þrátt fyrir það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, kannski ekki annað betra að gera nema hæstv. sjútvrh. verði við tilmælum hans. En ef ekki þá sé ekki annað betra að gera en taka þetta mál til skoðunar í sjútvn. og treysta á að þar verði skilningur á því að reyna að vinna þetta mál vel, skoða á því allar hliðar og reyna að ná um það einhverri samstöðu ef mögulegt er. Hvers vegna í ósköpunum vilja menn endilega hafa öll mál hér í illindum og ágreiningi ef kostur er á öðru? Er það orðið eitthvert keppikefli í sjálfu sér að afgreiða helst ekki nokkurn skapaðan hlut hér í þinginu nema í illsku? Manni finnst stundum að það örli á því hugarfari hjá mönnum. Ég hélt að það sem ég taldi vera ákaflega vinsamlega ræðu, m.a. í garð hæstv. sjútvrh., ítrekaði álit mitt á honum og að ég treysti honum mörgum mönnum betur fyrir því mikla valdi sem honum er ætlað með þessu frv. ef að lögum verður og reyndi svona að leggja frekar gott til umræðunnar og einhver rök inn í þetta samhengi en fékk svo þær kveðjur sem hér birtust frá hv. 3. þm. Vestf. Mér fannst það ekki vita á alveg nógu gott en ég vona að það hafi verið eitthvert stundarkast sem hljóp í ræðumanninn og hann sé nú eftir sem áður velviljaður því að menn skoði þetta í bróðerni og leiti leiða til þess að ná samstöðu um þetta mál því að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera hægt.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta fer að verða nokkur umræða um afkastagetu loðnuverksmiðja í landinu og ætti í sjálfu sér ekki að verða til þess að menn taki þetta mjög inn á sig eða séu mjög viðkvæmir fyrir einhverjum orðaskiptum af því taginu. Ég tók einfaldlega undir í mínu máli áðan mjög góða ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. sem vakti á því athygli að það væri um að ræða þá aðstöðu að við værum með umframafkastagetu og af því hefði hlotist nokkurt óhagræði. Mér er auðvitað manna best ljóst hvernig loðnuveiðarnar hafa verið að þróast síðustu árin þar sem haustveiðin hefur brugðist. Ég vakti á því að athygli að þrátt fyrir það að við værum að veiða loðnukvótann núna á enn þá skemmri tíma en oftast nær áður þá væri málum samt sem áður þannig komið að mjög góð loðnuverksmiðja sem ég nefndi, loðnuverksmiðjan á Siglufirði, hefði fengið sáralítinn afla. Og eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan þá eru verksmiðjurnar á Austurlandi farnir að búa sig undir skort á hráefni með því að bunka að sér loðnu. Mér finnst ekki að við þurfum í sjálfu sér að fara neitt að hnotabítast um þetta atriði. Ég held að þeir sem munu svara þessu best séu hagsmunaaðilarnir sjálfir. Þeir sem reka verksmiðjurnar, sem munu finna það sjálfir hvort ástæða sé til að keyra allt verksmiðjuapparatið í landinu á fullum afköstum, hvort það séu möguleikar á því. Þeir hafa í rauninni svarað því þannig að það sé þörf á að fækka verksmiðjum og þetta hefur verið að eiga sér stað smám saman á síðustu árum. Ég held einfaldlega að þær staðreyndir sem við okkur blasa segi okkur þetta og um það þurfi ekki að verða neinn pólitískur ágreiningur og sé engin ástæða fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. að hafa hér uppi orð um það.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær málefnalegu umræður sem fram hafa farið um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Það er ofur eðlilegt að um það geti verið skiptar skoðanir hvernig standa eigi að framkvæmd þessa máls. Hitt er athyglisvert að nú er miklu minni ágreiningur um það en áður hvert eigi að vera rekstrarform fyrirtækja sem eru í samkeppni á markaði. Allar aðstæður hafa breyst, bæði í rekstrarumhverfi fyrirtækjanna og eins í hinu pólitíska umhverfi þannig að það veldur nú minni deilum en áður að þegar fyrirtækjum af þessu tagi, sem eru í almennri samkeppni á markaði, er breytt úr ríkisrekstri yfir í hlutafélag með það að markmiði að selja þau síðar.

Á það hefur verið bent að nauðsynlegt sé að vanda undirbúning mála af þessu tagi og ekki síst með því að hér á í hlut eitt af veigameiri fyrirtækjum landsins. Ég fullyrði að við undirbúning þessa máls hefur þessara sjónarmiða verið gætt til hins ýtrasta. Það var skipuð sérstök nefnd til þess að fara ofan í rekstur Síldarverksmiðjanna og gera tillögur um þessar breytingar. Þessi nefnd gerði ekki það eitt að setjast niður við skrifborð og athuga reikninga. Hún átti fundi á þeim stöðum þar sem Síldarverksmiðjurnar eru starfræktar með heimamönnum og hafði um það náið samráð. Á sama tíma voru tilnefndir af hálfu sjútvrn. og fjmrn. sérstakir menn til þess að fylgjast með rekstri fyrirtækisins og í frv. sjálfu er kveðið á um mjög vandaða málsmeðferð að því er varðar mat á eignum og hvernig standa á að sölu fyrirtækisins eða hlutabréfa ríkisins þegar það hefur orðið að lögum.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. óttaðist að það gæti orðið áfall fyrir Siglufjörð ef ríkisrekstri þar yrði hætt og

ugglaust kunna það að vera sjónarmið sumra að það sé áfall fyrir viðkomandi stað ef ríkisrekstri þar er hætt. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það efli og styrki viðkomandi staði úti á landsbyggðinni þegar ríkisrekstri er hætt og stoðum er skotið undir öflug fyrirtæki í rekstri einstaklinganna. Ég er þeirrar skoðunar að það auki tiltrú fólks á þeim stöðum og örvi fjárfestingu og vilja manna til að taka sér þar búsetu og fjárfesta í öðrum fyrirtækjum því það eykur traust og tiltrú á slíku samfélagi.

Hv. 3. þm. Vestf. vék að því að það yrði að hafa í huga við sölu á þessum eignum að þær skekktu ekki samkeppnisstöðuna. Ég skil hann svo að hann sé að bera fram óskir um að bréf ríkisins í þessu fyrirtæki verði ekki seld á undirverði þannig að nýir eignaraðilar hafi allt aðra og betri samkeppnisstöðu í þessum rekstri en þeir sem fyrir eru. Vissulega ber að gæta að þessu með tilliti til samkeppnisaðstöðunnar og eins út frá hagsmunum ríkissjóðs sem hlýtur að gera kröfu til að fá fullt verð fyrir þær eignir sem seldar verða. Út frá báðum þessum sjónarmiðum er þessi krafa eðlileg og vissulega verður þessa sjónarmiðs gætt enda mun fjmrn. eiga hlut að sölu hlutabréfanna þegar þar að kemur.

Þá véku nokkrir þingmenn, hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar einnig hv. 3. þm. Norðurl. v., að því hvernig velja eigi menn í stjórn hins nýja fyrirtækis þegar því hefur verið breytt í hlutafélag. Þeir átöldu að viðkomandi ráðherra færi með atkvæði á aðalfundi og töldu eðlilegt að Alþingi kysi fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi sé ég ekki hvernig Alþingi á að fara með atkvæði á hluthafafundi eða aðalfundi félags. Hér er verið að breyta rekstrarformi úr beinum ríkisrekstri yfir í hlutafélagarekstur. Stjórn hlutafélags er kjörin á aðalfundi og það er vandséð að Alþingi geti farið með atkvæði á aðalfundi í hlutafélagi. Í annan stað er á það að líta að ástæðan fyrir því að verið er að breyta úr ríkisrekstri yfir í hlutafélagaform er m.a. sú að verið er að gera auknar kröfur um fjárhagslega ábyrgð. Eins og hlutafélagaformið er uppbyggt felst í því aukið aðhald og aukin krafa um fjárhagslega ábyrgð. Því er auðvitað ekki að leyna að rekstrarform Síldarverksmiðja ríkisins hefur verið ádeiluefni því að fyrirtækinu hefur verið kjörin stjórn af Alþingi sem í raun og veru hefur ekki þurft að bera ábyrgð gagnvart einum eða neinum. Það ráðuneyti sem ber stjórnskipulega ábyrgð á fyrirtækinu hefur enga aðstöðu til að fylgja eftir á neinn hátt rekstrarlegum kröfum og Alþingi enn síður gagnvart þeim fulltrúum sem það kýs. Þeir sem kjörnir eru af hluthafafundi í stjórn félags bera skýra ábyrgð gagnvart aðalfundinum og ráðherra sem fer með atkvæði á slíkum fundi ber stjórnskipulega ábyrgð á þeim eignum sem honum ber að gæta. Það er nauðsynlegt að hafa í huga að þetta er einn þáttur og ein af ástæðum þess að hér er verið að gera breytingar, að koma fram skýrari og gleggri ábyrgð í þessu efni. Þess vegna sé ég ekki rök fyrir því að gera breytingar af þessu tagi á frv.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi einnig um að í frv. væri hvergi að finna ákvæði um það hvernig ætti að standa að sölu fyrirtækisins og tryggja hagsmuni heimamanna. Það er vissulega svo að í 3. gr. frv. þar sem kveðið er á um heimild til að selja bréfin er ekki með skýrum hætti tekið fram um þetta enda er það í sjálfu sér ekki lagasetningarefni. En í athugasemdum við 3. gr. frv. er með skýrum hætti tekið fram um það hvernig ætlunin er að standa að sölu hlutabréfanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess, er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign þannig að enginn einn eignist meiri hluta. Frá þessu má þó víkja ef almenningshlutafélag á í hlut. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum sem verksmiðjur eru starfræktar. Skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra um hugsanleg kaup á hlutabréfunum. Ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu yrði samkvæmt þessari grein í höndum hluthafa."

Hér er með öðrum orðum mörkuð alveg skýr stefna af hálfu stjórnvalda um það hvernig á að fara með þessa hluti og hvernig á að standa að sölunni. Það er í fyrsta lagi gerð um það krafa í lögunum að mat skuli fara fram á eignum félagsins áður en því er breytt í hlutafélag. Það er gerð hér grein fyrir því að það verður metið eftir aðstæðum hvenær hagstæðast er að selja fyrirtækið. Það verður ekki hlaupið í það án skoðunar. Þvert á móti verður reynt að meta bæði markaðsaðstæður og söluhæfni bréfanna og tímasetningin ákveðin í samræmi við það. Það er markvisst stefnt að dreifðri eignaraðild. Það er skýrt kveðið á um að það verða teknar upp viðræður við heimaaðila eða samtök þeirra áður en aðrar ákvarðanir verða teknar um sölu.

Ég tel eðlilegt að slík stefnumörkun liggi fyrir þinginu þegar ákvörðun um þetta er tekin. En hitt væri óeðlilegt að binda það nákvæmlega niður í lögum hvernig að þessu skuli staðið því það er nauðsynlegt að nokkuð svigrúm sé í þessu efni þannig að þeir sem með samninga fara af hálfu ríkisvaldsins geti metið hagstæðustu kosti út frá þeim markmiðum sem hér er lýst. Þess vegna tel ég eðlilegra að hafa þessa skipan á að því er varðar það álitaefni sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði síðan í nokkrum hneykslunartón að gert væri ráð fyrir að yfirtaka allt að 500 millj. kr. af skuldum fyrirtækisins og spurði: Hvað veldur? Hann benti á að fyrirtækið væri ekki gjaldþrota og hann benti á að ríkissjóður hefði ekki þurft að leggja fyrirtækinu til fjármuni fram til þessa. Hvort tveggja er rétt. Fyrirtækið er ekki gjaldþrota og ríkissjóður hefur ekki þurft að bera þunga bagga af þessu fyrirtæki. Þvert á móti, eins og hér hefur verið bent á í umræðunni, hefur það skilað mjög umtalsverðum verðmætum í þjóðarbúið og verið mjög mikilvægt fyrirtæki bæði fyrir þjóðarbúið í heild og ekki síður þá staði þar sem það starfar. En hvers vegna að hneyksl-

ast á því að hafa þetta ákvæði inni í lögunum? Á það er að líta að fyrirtækið hefur verið rekið með tapi á undanförnum árum og eigið fé þess hefur verið að rýrna og var um síðustu áramót komið niður í u.þ.b. 150 millj. kr. Það er vissulega ekki gjaldþrota en það sér hver einasti maður hvert stefnir. Og ef hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði lesið — ég geri nú ráð fyrir að hann hafi lesið allar athugasemdir með frv. og fylgiskjöl. En það má vera vegna þess hve langt er liðið síðan frv. var lagt fram að það hafi fallið úr minni hans en í fskj. 7 með athugasemdum með frv. er bréf ríkisendurskoðanda til sjútvrn. frá því í október. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hjálagt sendist ráðuneytinu reikningsskil fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins fyrir tímabilið 1. jan. til 30. júní 1991, ásamt afriti af bréfi Endurskoðunar hf., dags. 8. okt. 1991, um reikningsskilin en Endurskoðun hf. annast endurskoðun hjá Síldarverksmiðjum ríkisins samkvæmt samningi við Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðun er kunnugt um að ráðuneytið hefur fyrirtæki þetta til sérstakrar skoðunar og miðað við ástand mála hjá því er brýn nauðsyn á að leysa vandamál þess til frambúðar sem fyrst."

Í umræddu bréfi frá endurskoðendunum sem birt er á fylgiskjali 6 segir m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Varðandi reikningsskilin fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs viljum við leggja áherslu á eftirfarandi:

Fjárhagsstaða fyrirtækisins og rekstrarhorfur eru nú með þeim hætti að fyrirtækið verður ekki talið rekstrarhæft án verulegrar fjárhagsaðstoðar með skuldbreytingum og auknu eigin fé. Fyrirhuguð lántaka að fjárhæð 300 millj. kr. nægir skammt eins og staðan er nú orðin."

Það kemur einnig fram í athugasemdum með þessu frv. að þrátt fyrir meðalvertíð á næstu árum muni reksturinn ekki skila nægilegum arði til að standa undir þeim skuldum sem á fyrirtækinu hvíla nú. Það má vel vera að einhverjir séu þeirrar skoðunar að eðlilegast hefði verið að aðhafast ekkert. Og af því að hv. 3. þm. Norðurl. v. var að skora á mig að draga þetta frv. til baka þá skulum við athuga hvað gerist ef þetta frv. er dregið til baka og allri þeirri vinnu, sem lögð hefur verið í að treysta stöðu fyrirtækisins á undanförnum mánuðum og breyta síðan rekstrarformi þess, væri kastað á glæ. Þá mundi það gerast sem endurskoðendur og Ríkisendurskoðun eru hér að benda á. Að fyrirtækið yrði ekki rekstrarhæft. Og hvað þýðir það? Því yrði siglt í þrot.

Ég hef átt viðræður við fjöldamarga aðila frá þeim stöðum þar sem Síldarverksmiðjurnar eru starfandi. Ég veit að þeim er ekki að skapi að þannig yrði tekið á málum. Og ég hygg að ef hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi við fólk á Siglufirði þá yrði ekki mikil hamingja yfir því þar ef ég yrði við ósk hans um að taka frv. til baka og henda því undirbúningsstarfi til viðreisnar þessu fyrirtæki á glæ. Því starfi sem unnið hefur verið undanfarna mánuði. Og það eru ekki einasta hagsmunir þess fólks sem starfar við fyrirtækið og býr á þeim stöðum þar sem það rekur sína starfsemi, það eru þjóðarhagsmunir að því að treysta undirstöður fyrirtækisins, breyta rekstrarformi þess, koma við rekstrarformi, nútímarekstrarformi aukinnar fjárhagslegrar ábyrgðar, breyta eignaraðildinni og koma rekstrinum yfir á herðar einstaklinga með hliðsjón af því að þetta fyrirtæki er í almennri samkeppni á markaði og ekki ástæða til að ríkið sé að halda uppi starfseminni. En að kalla frv. til baka og gera að engu þann undirbúning að endurreisnarstarfi sem unninn hefur verið undanfarna mánuði teldi ég alveg fráleitt enda gæti það einungis stefnt fyrirtækinu í rekstrarþrot. Og ég trúi því ekki og veit reyndar að það er ekki sjónarmið hv. 3. þm. Norðurl. v. Hygg fremur að þessi ósk hafi verið sett fram af einhverri vangá eins og oft getur orðið í umræðum.

Ég vil þakka hv. þm. enn á ný fyrir þessa málefnalegu umræðu og treysti því að hv. þingnefnd taki málið til umfjöllunar og vandaðrar en um leið skjótrar afgreiðslu þannig að sú endurskipulagning sem hér á sér stað og hefur verið undirbúin geti gengið fram samkvæmt þeirri tímaáætlun sem lögð hefur verið og greint er frá í frv.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað vitum við að Síldarverksmiðjur ríkisins eru í erfiðri stöðu. Hvers vegna? Vegna þess að það hefur engin loðna verið brædd þar mjög lengi. En hvers vegna er það staðreynd að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa aldrei fengið fé frá ríkinu? Halda menn að þetta sé í fyrsta skipti sem svona erfiðleikaástand kemur upp eins og núna? Halda menn að það hafi ekki áður komið fyrir að Síldarverksmiðjur ríkisins væri í vandræðum vegna þess að engin loðna eða engin síld berst? Jú, oft hefur það áður gerst. Það sem er hins vegar meginkjarninn í rekstri fyrirtækisins undanfarna áratugi er að það er það stórt fyrirtæki að það hefur getað jafnað út öldudalina með þeim toppum sem komið hafa þess í milli. Og til þess hafa fyrst og fremst verið tekin lán. Það þýðir ekkert að segja manni það núna eftir djúpan öldudal að það sé algerlega vonlaust að fyrirtækið geti bjargað sér sjálft eins og það hefur oft áður gert með eðlilegri lánsfyrirgreiðslu. Hitt er annað mál að ef fyrirtækið fær ekki eðlilega lánsfyrirgreiðslu þá er það auðvitað í stórkostlegum vandræðum. Og það er það sem hefur skeð. Núv. ríkisstjórn nýtti sér aldrei þá heimild sem Alþingi gaf henni á sl. vetri til að rétta við erfiða rekstrarstöðu Síldarverksmiðju ríkisins með töku á rekstrarláni. Ríkisstjórnin vildi frekar koma fyrirtækinu í vandræði þannig að það væri síðan hægt að segja að það væri óhjákvæmilegt að breyta rekstrinum og endurskipuleggja hann miðað við ástandið eins og það væri orðið.

Ég fullyrði að með eðlilegri rekstrarfyrirgreiðslu frá því í fyrravetur og fram á þennan dag mundi þetta fyrirtæki fullkomlega geta komist yfir þá erfiðleka sem nú er við að stríða. Og nú þegar loðna er aftur farin að veiðast eru allar líkur á því að sá toppur gæti jafnað þann öldudal sem nú er fyrir hendi.

Ég vil svo segja að lokum að Siglfirðingar, af því

hann nefndi þá áðan, hafa þungar áhyggjur af meðferð hæstv. sjútvrh. á þessu máli.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessara ummæla hv. þm. er rétt að taka fram að fyrirtækið komst ekki í þessa erfiðleika í tíð núv. ríkisstjórnar. Það er hins vegar rétt að ástæðan fyrir rekstrarerfiðleikunum er tvenns konar. Annars vegar er þar um að ræða loðnubrest og hins vegar fjárfestingu sem ekki var hægt að standa undir við slíkar aðstæður.

Það lá fyrir að útilokað var að halda rekstrinum áfram án þess að til aðgerða kæmi af hálfu eigenda fyrirtækisins. Og það er rangt að núv. ríkisstjórn hafi ekki nýtt sér 300 millj. kr. lántökuheimild til að styðja við rekstur fyrirtækisins, þar er um að ræða ókunnugleika af hálfu hv. þm. Ráðuneytið hefur stuðst við álit eigin sérfræðinga, það tilnefndi sérstaka tilsjónarmenn ásamt fjmrn. sem fóru yfir rekstur fyrirtækisins og löggiltir endurskoðendur, tilnefndir af Ríkisendurskoðun, hafa framkvæmt mat á rekstri fyrirtækisins. Allir þessir aðilar hafa komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið gæti ekki staðið undir þeim miklu lánum sem á því hvíla nú miðað við meðalloðnuvertíð á næstu árum. Það þyrfti eitthvað miklu meira þar til að koma. Hv. 3. þm. Norðurl. v. er sá eini sem hefur haldið því fram að fyrirtækið standi undir þessum lánum miðað við þær horfur í loðnuveiðum sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum. Ríkisendurskoðun og aðrir sérfræðingar sem hafa verið nefndir til hafa komist að annarri niðurstöðu. Og ég bendi hv. þm. á að ræða við viðskiptabanka fyrirtækisins þar um einnig.

Þessar staðreyndir blasa við og þess vegna er þetta gert og það er furðulegt að menn skuli lýsa yfir hneykslan á því að á þann veg skuli vera staðið að endurreisn fyrirtækisins sem hér er kveðið á um. En ég lít svo á að seinni ræða hv. þm. feli það í sér að hann hafi fallið frá kröfunni um að frv. sé tekið til baka og endurreisnarstarfið þar með eyðilagt.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það hefur teygst dálítið úr þessari umræðu og menn hafa farið um nokkuð víðan völl. Hv. 3. þm. Vestf. sagði að haustveiði loðnu hefði brugðist. Það er að vísu rétt að ekki hefur verið veitt nóg á haustin en það er a.m.k. skoðun margra að loðnuveiðar hefjist of seint á haustin. Það sé beðið of lengi með að gefa heimild til loðnuveiðanna og á því væri mikil höfuðnauðsyn að reyna að finna loðnuna fyrr að haustinu og koma veiðum í gang. Og reyndir skipstjórar halda því fram að í mörgum tilfellum hefði það verið unnt á undanförnum árum. Þá er loðnan ákaflega verðmæt og mikilvægt að reyna að finna hana sem fyrst. Auk þess sem það kemur auðvitað þeim byggðarlögum sem liggja vestan til á landinu eða norðan lands og vestan sérstaklega til góða. Og þeim er það alveg lífsspursmál að farið sé að veiða loðnu strax og mögulegt er, síðsumars eða á haustin.

Hv. þm. Einar Guðfinnsson orðaði það svo að það væri verið að breikka reksturinn á SR með þessum aðgerðum. Ég get ekki fallist á það. Hann getur ekki orðið breiðari en að hann sé almenningseign. En ég tel hins vegar að það sé verið að þrengja reksturinn með því að afhenda fáum þetta fyrirtæki sem almenningur á.

Hið mikla stjórnleysi sem verið hefur í uppbyggingu loðnuverksmiðja hefur verið gert að umtalsefni. Það eru of margar loðnuverksmiðjur í landinu miðað við skipakost og skipastóllinn er of mikill miðað við þá veiðimöguleika í hafinu sem við höfum til loðnuveiða. Og þarna hefur vinstri höndin ekki vitað hvað sú hægri var að gera. Það er út af fyrir sig sjónarmið að búta niður Síldarverksmiðjur ríkisins og fá þær í hendur einkaaðilum. Enda hefðu þeir þá getað sparað sér fjárfestingu annars staðar. Ég tel t.d. að það hafi orkað tvímælis eins og ástatt er með loðnuverksmiðjur í landinu að endurbyggja verksmiðjuna í Krossanesi. Ég tel að það hafi a.m.k. ekki endilega verið sjálfsögð þjóðhagsleg framkvæmd. En það var ekki gripið fram fyrir hendurnar á þeim sem vildu reisa þessa verksmiðju og þeir höfðu frelsi til að gera það og ég vona að þeim farnist vel. En það hefði ekki gert þjóðarbúinu mikið til þó einni loðnuverksmiðju hefði verið færra en hinar aftur betur nýttar.

Það hefur verið gegndarlaus offjárfesting á þessu sviði. Síldarverksmiðjurnar hafa að vísu tekið nokkurn þátt í því með miklum fjárfestingum, sérstaklega á Seyðisfirði og það er hluti þeirra vandræða sem Síldarverksmiðjur ríkisins eru í núna. Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því þótt hv. 3. þm. Vestf. sé ákafur einkavæðingarmaður og leggi alveg sérstaklega til að einkavæða og telji sjálfsagt að einkavæða þessar tilteknu verksmiðjur. Hann þekkir þennan rekstur væntanlega talsvert mikið og er í tengslum við þennan fiskiðnað. En í öðru orðinu bendir hann á það að af því geti fengist mikil hagræðing. Og það er hugsanlegt, a.m.k. ekki eðlilegt að loka augunum fyrir að svo geti farið að þeir sem fyrir eru, þ.e. einkaaðilar í loðnubræðslu, kaupi þetta fyrirtæki í bútum eða eignist þetta fyrirtæki í bútum beinlínis til að leggja niður einhverjar af þessum verksmiðjum í hagræðingarskyni. Ég er að vona að það fari ekki svo með verksmiðjuna á Siglufirði. En þetta er atriði sem við getum ekki lokað augunum fyrir að svo geti farið. Við höfum mörg dæmi þess t.d. frá kolkrabbanum. Hann kaupir fyrirtæki beinlínis til að loka þeim til að koma í veg fyrir rekstur þeirra áfram ef hann á önnur fyrirtæki í samkeppni. Og þetta hlýtur hv. 3. þm. Vestf. a.m.k. að vera ljóst.

Ég tel að við alþingismenn séum fjárhaldsmenn ríkisins og okkur beri á hverjum tíma að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Við erum til þess kjörnir. Og það er ekki skynsamlegt, og við bregðumst skyldu okkar, ef við afhendum verðmætar eignir ríkisins til einkaaðila langt undir sannvirði. Við höfum nýleg mjög dapurleg dæmi um afhendingu á hlutabréfum í ríkiseigu langt undir sannvirði. Og ég tel að það sé höfuðnauðsyn að breyta þeim reglum sem gilda um ráðstöfunarrétt fjmrh. á hlutabréfum ríkisins. Það verður að gilda það sama um

allar eignir ríkisins, allar verðmætar eignir ríkisins eins og fasteignir. Verslun með fasteignir verður að ganga fyrir Alþingi og hljóta þar samþykki áður en heimilt er að selja þær. Hið sama hlýtur að verða að gilda og ætti að gilda um aðrar verðmætar og hliðstæðar eignir.

Ég flutti frv. um þetta efni í fyrra en það hlaut því miður ekki afgreiðslu á því þingi. Ég hef hugsað mér að endurflytja það mál. Ég ætla ekki að taka upp umræður um einkavæðingu í sjálfu sér. Við höfum prófað okkur dálítið áfram með einkavæðinguna. Við höfum dæmi eins og Bifreiðaskoðun Íslands sem viðskrh. taldi geníala lausn á vanda Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þar höfum við einmitt ákaflega sláandi týpískt dæmi um hvernig einkavæðing vinnur. Og við höfum reynar fleiri, við höfum annað verk, það er ekki satt sem fram kom hér í ræðu áðan og ég vil bera til baka að þetta sé eina mál sem hæstv. viðskrh. hefur komið fram, hann einkavæddi líka Útvegsbankann. (Gripið fram í.) Það var ekki mjög hagstætt fyrir ríkið heldur. Svoleiðis að hann er meiri verkmaður en hv. ræðumaður vildi vera láta.

Bretar eru búnir að einkavæða sig í hrein vandræði og halda vafalaust ekki áfram á þeirri braut. Þar var það mikið trúaratriði hjá Margréti Thatcher að allur vandi leystist með einkavæðingu. En á mörgum sviðum hafa þeir orðið fyrir hroðalegum vonbrigðum með þá stefnu sína því að þeir hafa gengið allt of langt. Ég tel að einkavæðing fyrirtækja geti átt rétt á sér í mörgum tilfellum og það getur verið skynsamlegt fyrir ríkið að losa sig við fyrirtæki sem það hefur ekkert með að gera. En það leiðir hins vegar ekki alveg af sjálfu sér að ríkið sé endanlega laust við fyrirtæki þó þau séu gerð að hlutafélögum og fengin í hendur einkaaðilum. Það eru tvö frv. til meðferðar í iðnn. þingsins þar sem kemur í ljós við athugun á málunum að lífeyrismálin eru í lausu lofti eða biðlaunaréttur og það þarf a.m.k. að finna eðlilega lausn á þeim vanda þegar ríkisstarfsmenn hætta allt í einu að vera ríkisstarfsmenn og eiga að fara að gerast annaðhvort starfsmenn einkafyrirtækis að þeim forspurðum eða þá að hverfa til annarra starfa.

Ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega með SR hvort þar sé eitthvað að ráði um ríkisstarfsmenn þannig að það gildir ekki alveg það sama og með Sementsverksmiðjuna og Staðlaráðið en ég vek máls á þessu því ég tel að það þurfi að skoða þennan þátt í nefndarstarfinu.

Menn hafa talað hér dálítið um stjórnun ríkisfyrirtækjanna, hvort þau væru í hlutafélagsformi eða ekki. Það er auðvitað deginum ljósara að með því að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélagi þá fær ráðherrann vald sem Alþingi hefur. Alþingi afsalar sér valdi til að hafa áhrif á það hverjir eru stjórnendur fyrirtækisins og ráðherrann ræður einn hverjir þar sitja svo framarlega sem hann hefur þorra hlutabréfa eða kannski öll á sínu forræði.

Ég mótmæli því sem mér fannst mega skilja á ræðu hæstv. sjútvrh. að stjórn SR hefði á undanförnum árum starfað af einhverju ábyrgðarleysi. Ég tel að svo hafi ekki verið. Það getur vel verið að stjórn SR hafi gert mistök, það hefur kannski orkað tvímælis sumt af því sem hún hefur gert. En ég vil alls ekki að því sé ómótmælt hér eða það megi skilja af ræðu hæstv. sjútvrh. að þeir hafi starfað af einhverju ábyrgðarleysi sem setið hafa í stjórn SR á undanförnum árum. Ég tel að svo hafi ekki verið. Og ég ætla reyndar að vona að ráðherra hafi ekki meint það sem hann sagði. Það er heldur engin trygging fyrir því að trúnaðarmenn ráðherrans séu endilega hæfari til að stjórna fyrirtæki en þeir sem Alþingi kann að kjósa til þess. Ég gæti meira að segja nefnt dæmi um það að sendimenn ráðherra hafi farið óskynsamlega að ráði sínu með fyrirtæki sem þeir voru fyrir tilverknað ráðherra settir í að stjórna.

Varðandi það að horft yrði til heimamanna, eins og segir í þessum texta sem hæstv. sjútvrh. var að lesa, þá segir það ósköp lítið. Það er jú svona heldur vinsamlegt og gott að horfa til heimamanna en það er svo sem engin trygging fyrir því að heimamenn séu reiðubúnir eða hafi getu til að leysa til sín þau fyrirtæki eða þá hluta fyrirtækis sem eru á staðnum. Þannig að ég veit ekki hvort þeim kemur þessi gæska eitthvað að gagni. Ég sé það ekki fyrir mér að eðlileg viðskipti geti átt sér stað t.d. á Síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þ.e. að heimamenn hafi peninga til að leysa til sín þann hluta SR sem er á Siglufirði fyrir eðlilegt verð. Annaðhvort yrði ríkið að gefa heimamönnum einhvern hluta af raunverulegu, eðlilegu verði fyrirtækisins eða þá að þeir yrðu að horfa á eftir því annað.

Hæstv. sjútvrh. greindi frá fylgiskjali 7 um horfur í rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Þetta var mat Ríkisendurskoðunar. Horfur í rekstri SR voru náttúrlega aðrar í október heldur en þær eru núna sem betur fer. Sem betur fer eru aðrar horfur núna og það veit náttúrlega enginn betur en sjútvrh. því síðan í október hefur verið gefinn út viðbótarloðnukvóti og komin ný spá um loðnu.

Herra forseti. Ég ætla að fara að láta máli mínu lokið. Hæstv. sjútvrh. fagnaði því hvað frv. hans væri vel tekið og vildi meina að það væru einhver sinnaskipti hjá þingmönnum í þessu efni. Ég bið hann að líta ekki svo á mínar ræður að ég sé að lýsa stuðningi við þetta frv. Ég óttast að það sé spor aftur á bak, þetta sé ekki endurreisnarstarf, eins og hæstv. sjútvrh. kallaði það. Það er sköpuð veruleg óvissa í þeim byggðarlögum sem hafa átt mikið undir Síldarverksmiðjum ríkisins, þar sem verksmiðjurnar eru staðstettar. Alveg fyrirsjáanlega verður þetta til þess að sumum af þessum verksmiðjum verður lokað. Ég er ekki að leggja neinn dóm á það hvort þær verða fleiri eða færri og ég vona að ekki fari svo á Siglufirði því þar er þó kjarninn í þessu fyrirtæki þó mikið hafi reyndar verið fjárfest annars staðar. En það er ekki bara á Siglufirði og Seyðisfirði sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa haft starfsemi. Ég óttast töluvert að það verði ekki nein lyftistöng fyrir Raufarhöfn að þessi breyting er gerð.

Það hefur sennilega verið skökk stefna sem mörkuð var að láta ekki Síldarverksmiðjur ríkisins kaupa loðnuskip. Þær hefðu vafalaust staðið betur núna ef þær hefðu fengið að taka þátt í þeim leik, ef þær hefðu eignast loðnuskip og tekið þátt í loðnuveiðunum. Og

ég minni á málflutning varaþingmanns míns Sverris Sveinssonar sem taldi að það væri mikið nauðsynjamál fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins að eiga loðnuskip og barðist fyrir því hér á Alþingi.

Ég held að hér sé sköpuð veruleg óvissa í sumum byggðarlögum og sumum kann að verða þetta til góðs en það er engin trygging fyrir því að það verði öllum. Ég geri hins vegar ráð fyrir að það sé sterkur þingmeirihluti fyrir þessu máli og þingræðið verður náttúrlega að ná fram að ganga hvort sem manni líkar betur eða verr og þess vegna er ég ekkert að stipmast á móti því að þetta mál hafi sinn eðlilega gang. Meiri hlutinn í þessu tilfelli eins og öðrum verður að fá að hafa rangt fyrir sér ef hann vill.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það má vel vera rétt hjá hæstv. sjútvrh. að nú sé búið að nýta þá heimild sem Alþingi veitti til lántöku í þágu Síldarverksmiðja ríkisins og veitt var fyrir árið 1991. Lánsfjárlög voru samþykkt í marsmánuði á sl. ári. Mér er kunnugt um það að það leið mánuður eftir mánuð án þess að þessi heimild fengist nýtt. Ég hygg að það hafi a.m.k. liðið hálft ár frá því að heimildin var veitt og þar til hún var nýtt. Og ég dreg mjög í efa að hæstv. ráðherra treysti sér til að andmæla þessu. Ég stend því við það sem ég sagði hér áðan að á sl. vetri, sl. vori, sl. sumri var þessu fyrirtæki haldið í spennitreyju mánuð eftir mánuð á meðan verið var að hella sér yfir fyrirtækið í fjölmiðlum og benda á í hvaða erfiðleikum það ætti. En erfiðleikarnir stöfuðu ekki síst af því að fyrirtækið fékk ekki eðlilega rekstrarfjárfyrirgreiðslu með hliðstæðum hætti og aðrar verksmiðjur í landinu hafa fengið á því erfiðleikatímabili sem gengið hefur yfir. Það má vel vera að ýmsar raddir hafi heyrst um það að þörf sé á að styrkja eiginfjárstöðu Síldarverksmiðja ríkisins. Ég ætla að standa fast á því að það sé ekki tímabært. Ég hef ekki séð nein rök fyrir því enn um hversu háa upphæð eigi að vera að ræða og hvernig þeir reikningar komi út þegar tekið er tillit til þess að loðna er að byrja að veiðast á nýjan leik í miklum mæli og fyrirtækið hefur mikla möguleika til tekjuöflunar.

Ég álít það stóran hlut þegar ríkið tekur á sig 500 millj. kr. af almannafé til að leggja í fyrirtæki af þessu tagi. Ég er ekki alveg búinn að gleyma því hvernig var að standa í rekstri á ríkissjóði á sínum tíma. Ég minnist þess að það gat auðvitað oft verið þörf á því að menn styngju við fótum og kæmu í veg fyrir að stórar upphæðir af þessu tagi legðust á ríkissjóð ef þess var ekki bersýnilega brýn þörf. Ég held að fjármál ríkisins og þessi hörmulegi hallarekstur sem verið hefur á ríkinu undanfarin ár stafi m.a. af því að menn hafa verið allt of fríir af sér að fleygja stórum upphæðum til hægri og vinstri sem kannski voru ekki í öllum tilvikum fullkomlega rökstuddar eða eðlilegt að láta þær af hendi og betra að beita öðrum úrræðum. Það er auðvitað afar slæmt að þurfa að láta svona heljarstóra upphæð til atvinnurekstrar af hálfu ríkisins nema þess sé sannanlega brýn þörf og ekki verði undan því vikist. Það hefur ekki verið sannað fyrir okkur hér í þinginu þó að bent sé á að Ríkisendurskoðun hafi komist að þeirri niðurstöðu og lýst með óljósum, loðnum orðum að hugsanlega þurfi að taka þarna eitthvað á. Hún nefnir ekkert um það hversu stór vandinn kunni að vera. Eins og hér var bent á af seinasta ræðumanni, þá eru viðhorf að breytast og allar líkur á því að þetta fyrirtæki hafi allt aðra og miklu betri möguleika en virtust vera á sl. ári. Á sl. ári vildi sjútvrn. ekki leyfa neinar loðnuveiðar. Talað var um að loðnustofninn væri gersamlega hruninn og allt útlit fyrir að ekkert mundi veiðast af loðnu í bráð. Síðan hafa viðhorfin sem betur fer gerbreyst.

Ég leyfði mér hér að vekja athygli á því að fyrirtækið sem við erum að ræða um hefði aldrei fengið krónu úr ríkissjóði fram á þessa stund og hæstv. ráðherra stóð hér upp áðan og staðfesti orð mín. Ég er þakklátur honum fyrir það og ánægður með að við skulum vera sammála um þetta grundvallaratriði málsins. En hann verður að fyrirgefa mér þó að ég bendi á þá sérkennilegu staðreynd að einmitt á því augnabliki í 50 ára sögu fyrirtækisins þegar á að fara að afhenda það einkaaðilum, þá loks eftir 50 ár er talin þörf á því að taka 500 millj. kr. af almannafé og leggja í fyrirtækið. Ég spyr: Er þetta tilviljun? Ég held að það sé ekki tilviljun. Ég held að náin tengsl séu þarna á milli og að þetta sé einfaldlega heimanmundur ráðamanna, heimanmundur foreldranna þegar þeir láta fyrirtækið af hendi og það harma ég. Ég sé ekki rök fyrir að ríkið þurfi að vera eins örlátt og hér er verið að lýsa.

Að lokum bara eitt orð um heimamenn. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. seinasta ræðumanni, hv. 1. þm. Norðurl. v., að það orðalag sem tiltekið er í greinargerð, að horft verði til heimamanna í þessu samhengi, er í sjálfu sér ákaflega lítil huggun fyrir þá heimamenn sem þar eiga í hlut. Vandinn er auðvitað sá að sumar rekstrareiningar Síldarverksmiðja ríkisins eru þess eðlis að auðvelt er að koma þeim í hendur heimamanna. Það gildir t.d. um vélaverkstæði Síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Það er tiltölulega auðvelt að selja það heimamönnum og láta þá reka það og ég er ekki frá því að það geti gengið ágætlega. En þegar um er að ræða sjálfar bræðslurnar, t.d. þær sem staðsettar eru á Siglufirði, þá er þar um svo mikla fjármuni að ræða í þeim fjárfestingum að mjög erfitt er að skapa um það þess háttar rekstrareiningu sem heimamenn eiga mjög auðvelt með að höndla. Og af því stafa áhyggjur manna. Og af því stafa þau orð mín hér áðan að hyggilegra væri að upplýsa okkur þingmenn og átta sig á því til fulls hvernig menn ætla að skipta Síldarverksmiðjum ríkisins og hvort það er yfirleitt hægt að búta þær niður í svo smáar einingar með skynsamlegum hætti að einkavæðing sé skynsamleg og hyggileg. Það verður að gera áður en við þingmenn erum beðnir um að veita heimild til þess að gefa hæstv. ráðherra nánast sjálfdæmi um það hvernig hann ætli að fara að þessu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. og reyndar einnig hv. 3. þm. þess sama kjördæmis hafa haft orð á

því að ekki væri mikið gefandi fyrir það orðalag í athugasemdum um 3. gr. frv. að horft skyldi til heimamanna á þeim stöðum þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar þegar kemur að sölu þeirra. Það er vissulega rétt að þannig er til orða tekið í athugasemdunum en þeir slepptu því báðir hv. þm. að lesa það sem þar stendur til viðbótar. Þar segir svo: „Skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra umhugsanleg kaup á hlutabréfum.“ Með beinum og skýrum hætti er sagt að óskað skuli eftir viðræðum við heimamenn þegar að sölunni kemur.

Ég ítreka það að ég tel eðlilegt að sett séu fram almenn stefnumið og almenn stefnumörkun um það hvernig að sölunni skuli staðið með þessum hætti miklu fremur en rígbinda það í lögunum sjálfum þannig að þeir sem ábyrgð bera á sölunni þegar þar að kemur hafi til þess hæfilegt svigrúm. En það fer ekkert á milli mála hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli að því er þetta atriði varðar.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. vék hér aðeins að því að ekki hefði verið hafin veiði á loðnu sl. haust og það hefði komið sér illa fyrir verksmiðjurnar norðan lands og vestan. Það er vissulega rétt að það veldur erfiðleikum þegar veiði getur ekki hafist á haustin. Mjög sérstaklega stóð á sl. haust eftir loðnumælingar sem fram höfðu farið fyrr á því ári. Þá treystu fiskifræðingar sér ekki til að koma með ráðgjöf um upphafskvóta. Mælingar höfðu gengið mjög illa fyrr á árinu og það leiddi til þessarar niðurstöðu. Það var því útilokað við þær aðstæður sem voru sl. haust að ákveða upphafskvóta fyrr en að lokinni haustmælingu. Það er alkunna, og ekki ágreiningsefni meðal þeirra sem loðnuveiðar stunda, að haustathugun ber ekki árangur fyrr en loðnan fer að þétta sig síðari hluta októbermánaðar. Mælingar fyrr skila afar litlum árangri. En sem betur fer hafa mælingar gengið betur bæði í lok sl. árs og ekki síður nú í byrjun þessa árs þannig að horfur eru nú betri en áður og ljóst er að við fáum ráðgjöf um upphafskvóta áður en haustmælingar fara fram. Næsta haust á því ekki að verða töf á því að loðnuveiðarnar hefjist.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hélt því fram að ég hefði talað um ábyrgðarleysi stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og kannski þeirra einstaklinga sem þar sitja. Svo er alls ekki. Ég hélt því hins vegar fram að það fyrirkomulag að kjósa á Alþingi stjórn fyrir fyrirtæki, sem ekki gæti eðli máls samkvæmt staðið þinginu beint reikningsskap gerða sinna og þyrfti ekki að standa viðkomandi ráðuneyti reikningsskap gerða sinna, starfaði ekki við það skipulag sem skapaði best aðhald. Ég er ekki að halda því fram að einhverjir trúnaðarmenn ráðherra, hvorki trúnaðarmenn mínir né annarra ráðherra, séu betur til þess fallnir að hafa stjórn fyrirtækja á hendi en menn sem kjörnir eru af Alþingi. Skipulagið er hins vegar annað. Hlutafélagaformið er umgjörð utan um ákveðnara skipulag og meiri kröfur til ábyrgðar. Þar er ekki spurning um menn eða skyldurækni manna heldur að skipulagið sé með þeim hætti að sem mestrar ábyrgðar sé gætt hverju sinni. Þess vegna hafa menn kosið hlutafélagaformið fram yfir annað að það gefur kost á þessu. Með þessu var ég ekki að leggja á nokkurn hátt mat á störf einstakra manna eða varpa rýrð á þau.

Það er svo vissulega rétt sem kom fram hjá þeim báðum, hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. sama kjördæmis, að horfur eru nú um margt betri um loðnuveiðar á næstu tveimur árum a.m.k. en verið hafa. Vonandi leiðir það til þess að við þurfum ekki að nota alla þá heimild til 500 millj. kr. styrkingar á eigin fé fyrirtækisins eins og heimild er til í þessum lögum. Það verður vitaskuld metið þegar það mat hefur farið fram á eignastöðu fyrirtækisins sem lögin gera ráð fyrir og rekstrarhorfur hafa verið metnar að nýju. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að hafa í huga að fyrirtækið er mjög skuldugt. Það hvíldu nálægt 1.400 millj. kr. á því um sl. áramót og söluverð fyrirtækisins ræðst auðvitað af því hverjar eignir þess eru, hverjar eru skuldirnar og ekki síður hverjar eru rekstrarhorfurnar á næsta ári. Styrking á eiginfjárstöðu fyrirtækisins hefur því um leið áhrif á söluverð hlutabréfanna. Þau hljóta að seljast fyrir vikið á hærra verði eftir því sem eiginfjárstaða fyrirtækisins er betri. Hér er því ekki um það að ræða að verið sé að undirbúa það að gefa einhverjum væntanlegum kaupendum fjármuni. Þvert á móti er verið að huga að því fyrst og fremst að styrkja reksturinn og gera það að verkum að verið sé að selja rekstrarhæft fyrirtæki og að ríkissjóður tryggi og treysti sem best eiginfjárstöðu sína og eign sína þegar að þessari sölu kemur. Alveg er fráleitt að ákveði af þessu tagi megi túlka á þann hátt að verið sé að ívilna eða gefa væntanlegum kaupendum einhverjar eignir.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að draga í land með ábyrgðarleysi stjórnarmanna í Síldarverksmiðjum ríkisins en það er ekki rétt hjá honum að hlutafélagsformið í sjálfu sér geri menn ábyrgðarfyllri í störfum sínum. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja það.

Varðandi haustveiðar á loðnu tel ég að óhætt ætti að vera og ætti að vera til viðmiðunar í framtíðinni að gefa út lítinn upphafskvóta. Ég er ekki að tala um að það sé verið að vaða neitt í óvissu. En ég sting því að sjútvrh. að ég held að heppilegt væri að gefa út lítinn upphafskvóta þannig að menn færu að prófa svo fljótt sem verða má, jafnvel þótt fiskifræðingar séu ekki tilbúnir með endanlegar spár. Það á ekki að vera mjög áhættusamt.

Varðandi það að horft skuli til heimamanna, þá hafði ég að vísu lesið þessa klausu til enda með sjálfum mér þótt ég færi ekki með hana alla í ræðustólnum. Ef það gengur ekki að heimamenn séu tilbúnir að kaupa eða það semjist ekki um verð eða hvernig sem það nú fer, hvað verður þá? Þá verður fyrirtækið eða viðkomandi verksmiðja náttúrlega seld öðrum.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessar umræður um 500 milljónirnar. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hélt því fram að þarna hefði sjútvrh. verið að greiða fyrir viðskiptum með því að taka skuldir af fyrirtækinu. En hann hafði fordæmi, hæstv. sjútvrh. Þetta er nákvæm-

lega það sem hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði við Þormóð ramma.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. um upphafskvótann, þá er það svo að ekki var talið ráðlegt að gefa bráðabirgðakvóta í upphafi síðustu vertíðar fyrr en að lokinni mælingu vegna þess að mælingin fyrr á því ári hafði mistekist. Ef allt hefði verið með felldu hefði verið gefinn út bráðabirgðakvóti áður en haustleiðangur hófst. Nú horfir hins vegar betur og það liggur fyrir nú þegar, vegna þess hve mælingin í byrjun þessa árs tókst vel, að gefinn verður út bráðabirgðakvóti í upphafi næstu vertíðar áður en haustmælingin hefst sem verður svo grundvöllur fyrir endanlegri úthlutun á kvóta fyrir þá vertíð. Ástæðan fyrir því að þetta var ekki gert sl. haust var sú að mælingar fyrr á árinu höfðu verið svo slæmar að vísindamenn okkar treystu sér ekki til að veita ráðgjöf um upphafskvóta eins og þá stóð á. Það er sem betur fer undantekningartilvik og við væntum þess að meginreglan geti gilt um þetta á næstu árum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að bæta fáeinum orðum við þetta. Í fyrsta lagi finnst mér að rökstuðningurinn fyrir því að breyta félögum yfir í hlutafélög sé ósköp haldlítill og í sjálfu sér ekki eitthvað sem hægt er að taka endalaust við. Ég hef sjálfur tekið þátt í hlutafélögum og annars konar félagaformum og ég hef ekki orðið var við þennan hreinsunareld sem menn tala um hér að hluthafafundur sé. Ég held að menn standi ekkert öðruvísi fyrir máli sínu á hluthafafundum en annars staðar og að menn sem eru kosnir af Alþingi séu ekkert ábyrgðarlausari en þeir sem kosnir eru á einhverjum hluthafafundum eða fá umboð sitt beint frá ráðherra. Ég vil því vísa þessu á bug.

Ég tel líka ástæðu til þess að andmæla því sem hæstv. sjútvrh. sagði um að það væri ekki hægt að koma því við að þingið kysi menn til að fara með völd sín í hlutafélagi. Ég sé ekki annað en það hljóti að vera hægt að kjósa nefnd manna til þess að fara með eignarhlut fyrirtækisins í hlutafélagi, a.m.k. þangað til sá eignarhlutur hefur verið minnkaður niður í eitthvað ákveðið og þeir geti þá mætt sem einn hópur og farið með völd á hluthafafundi.

Mig langar að lokum til að bæta við þá umræðu sem hér hefur átt sér stað í sambandi við það hvort allt of mikið sé af þessum verksmiðjum. Ég tel ástæðu til þess að menn doki við og velti þeim hlutum vel fyrir sér. Það er engin ástæða til þess að slá hlutunum endilega föstum. Þó að Síldarverksmiðjan á Siglufirði hafi ekki fengið verkefni núna skulu menn ekki gleyma því að verið er að safna núna í baukana fyrir austan sem þýðir að í það hráefni verður sett rotvarnarefni. Það þýðir að nú þegar hefur mjölið frá Íslandi fallið í verði. Á sama tíma koma boð frá kaupendum erlendis frá, t.d. frá Noregi, þar sem gæðakröfur hafa verið auknar verulega, þar sem menn vilja frekar kaupa gæðamjöl. Þetta er það sem hefur verið að þróast mjög hratt á síðustu árum. Menn geta staðið frammi fyrir því að mjöl sem unnið er eftir marga daga og með rotvarnarefni sé ekki seljanlegt nema fyrir litla peninga. Einhvers konar geymarými, sem menn hafa notað á undanförnum árum til þess að auka afköst ákveðinna verksmiðja, er kannski bara að verða liðin tíð. Ég endurtek það sem ég sagði hér fyrr á fundinum að útlit er fyrir að Síldarverksmiðjur ríkisins fái mjög gott verð fyrir gæðamjölið sem verður framleitt og er verið að framleiða á Seyðisfirði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

82. FUNDUR

mánudaginn 17. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.
Beiðni um skýrslur.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Snemma í haust, í októbermánuði, lögðum við þingmenn Alþb. fram beiðnir um tvær skýrslur. Í fyrsta lagi er mál sem er 3. mál þingsins og fjallar um málefni og hagi aldraðra, beiðni til heilbr.- og trmrh. um skýrslu. Í öðru lagi 24. mál þingsins, sem var einnig lagt fram í októbermánuði, ég hygg í kringum 20. október, þar sem beðið var um skýrslu ríkisstjórnarinnar um stefnu í málefnum iðnaðarins. Hvorug þessara skýrslna er enn þá komin til meðferðar á hv. Alþingi og ég hef ekki orðið var við að ráðherrar hafi búið sig undir að dreifa þeim. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann geti gert ráðstafanir til þess að ræða það við viðkomandi ráðherra að þeir skili þessum skýrslum hið allra fyrsta hingað inn. Hvor tveggja málin eru reyndar mjög mikilvæg og til meðferðar úti í þjóðfélaginu, bæði það mál sem snýr að þróun iðnaðarins en ekki síður og kannski enn frekar það mál sem snýr að málefnum og kjörum aldraðra í þessu þjóðfélagi eftir þær ákvarðanir sem hæstv. heilbrrh. hefur tekið í þeim efnum. Þess vegna fer ég fram á það við hæstv. forseta að hann hlutist til um að því verði flýtt að þessar skýrslur komi hér inn og komi til umræðu.

Forseti (Björn Bjarnason):
Forseti mun verða við óskum hv. þm.

Síldarverksmiðjur ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og vísað til sjútvn. með 35 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 116. mál (málskot úrlausna). — Þskj. 119, nál. 417.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39 10. maí 1978, sbr. lög nr. 85 1. júní 1989, frá meiri hluta allshn.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson prófessor.

Frumvarpið felur í sér að málskot úrlausna í þinglýsingarmálum verður borið undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Úrskurði héraðsdómara verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kæru úrlausna í einkamálum. Verður þinglýsing því dómsathöfn líkt og í núgildandi þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frumvarpið mælir fyrir um breytingu á lögum nr. 85/1989 sem breyttu þinglýsingalögum, nr. 39/1978. Lög nr. 85/1989 taka gildi 1. júlí nk. og eru sett í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. lög nr. 92/1989, og breyta reglum um málskot í úrlausnum þinglýsingarmála verulega þannig að þinglýsing verði stjórnvaldsathöfn í stað dómsathafnar áður. Með lögum nr. 85/1989 var gerð grundvallarbreyting á eðli þinglýsingar með því að gera hana að stjórnvaldsathöfn en þegar málið var skoðað betur kom í ljós að það fyrirkomulag, sem þetta frumvarp mælir fyrir um, mun þykja hentugra.

Samkvæmt lögum nr. 85/1989 á þinglýsingarbeiðandi, sem sættir sig ekki við úrlausn þinglýsingarstjóra, tvo kosti. Annars vegar getur hann kært úrlausnina til dómsmálaráðuneytisins með stjórnsýslukæru en ekki verður séð af nefndum lögum að dómsmálaráðuneytið geti almennt verið vettvangur þess mats sem þarf að fara fram ef leysa á úr efnisatvikum að baki skjali. Hins vegar getur þinglýsingarbeiðandi höfðað mál til ógildingar úrlausninni. Dómur héraðsdóms í máli til ógildingar verður borinn undir Hæstarétt með áfrýjun.

Það getur tekið mjög langan tíma að fá úrlausn um þinglýsingarágreining ef allra leiða er leitað sem lög nr. 85/1989 koma til með að heimila, allt að þremur til fjórum árum. Málskotsleiðin, sem frumvarpið mælir fyrir um, styttir þann tíma verulega. Gæti málsmeðferðin samkvæmt því tekið átta til tíu vikur. Málsmeðferðin mun verða einfaldari og horfir til aukins réttaröryggis.

Mælir meiri hluti nefndarinnar með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Þetta er undirritað: Alþingi 11. febr. 1992. Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Ólafur Þ. Þórðarson og Össur Skarphéðinsson. Kristinn Gunnarsson skrifaði ekki undir nál.

Virðulegi forseti. Í greinargerð með þessu frv. kemur skýrt fram hver er tilgangurinn með þessari tillögu að breyttum þinglýsingalögum. Með leyfi forseta, mun ég lesa hér upp úr greinargerð frv.:

„Með frv. þessu er stefnt að því að einfalda reglur þær um málskot úrlausna í þinglýsingarmálum, sem gilda munu eftir 1. júlí 1992 samkvæmt lögum nr. 85/1989, en að öðru leyti er í frv. þessu ekki hróflað við ákvæðum þeirra laga. Felst meginefni frv. í því, að úrlausn þinglýsingarstjóra í þinglýsingarmáli sam-

kvæmt lögunum verður borin undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra, en úrskurði héraðsdómara verði skotið til Hæstaréttar með kæru samkvæmt almennum reglum um kæru úrlausna í einkamálum. Þykir fyrirkomulag þetta einfaldara í sniðum og skjótvirkara en fyrirkomulag laga nr. 85/1989, en þýðingarmikið er, að úrlausn fáist skjótt í málum, sem varða þinglýsingarágreining. Þá þykir heppilegra að fela dómstólum úrlausnarvald um slíkan ágreining fremur en stjórnvöldum."

Enn fremur má benda á grein eftir Þorgeir Örlygsson prófessor í Tímariti lögfræðinga, sem kynnt var á fundi nefndarinnar, en sú grein er í 2. hefti 41. árgangs undir heitinu Réttarfar í þinglýsingarmálum og málskotsreglur. Þar er rætt mjög ítarlega um þessi mál og nauðsyn þess að breyta þinglýsingalögum á þann hátt sem frv. það, sem hér er mælt fyrir, fjallar um.

Ég ítreka að lokum þá skoðun meiri hluta allshn. að frv. verði samþykkt óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Á þeim tíma sem málið var tekið úr nefnd var ég ekki búinn að athuga það til hlítar og skrifaði því ekki undir nál. að svo stöddu. Ég hef verið með þetta mál í athugun og hef lokið yfirferð yfir þetta frv. Niðurstaða mín er sú að þessi breyting sé til bóta og ég styð þá breytingu sem hér er lögð til, virðulegi forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Í umræðum um þetta mál í síðustu viku var beint til mín allmörgum fyrirspurnum sem ég vil nú leitast við að svara. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir gagnrýndi nokkuð nefndaskipanina og þótti of mikið liggja á við afgreiðslu þessa máls. Varðandi skipan nefndarinnar og starfstíma hennar eftir að námsmenn fengu aðild að nefndinni, þá er rétt að taka fram að námsmenn höfðu haft hugmyndir nefndarinnar til athugunar og umfjöllunar í nokkrar vikur áður en seinni nefndin tók til starfa. Þeir höfðu jafnframt skilað sínum hugmyndum til upphaflegu nefndarinnar. Mér finnst það þess vegna ekki vera réttmæt gagnrýni að einhver sérstakur æðibunugangur, eins og það hét í máli hv. þm., hafi verið á þessu starfi þótt nefndinni hafi verið ætlað að skila tillögum sínum á tiltölulega skömmum tíma. Það er hins vegar rétt að það liggur nokkuð á að þetta mál hljóti afgreiðslu þingsins sem allra fyrst.

Ég hef fyrr við umræðuna lýst stöðu sjóðsins, hver hún er, og gerði það raunar fyrr í haust og það verður að bregðast við henni, annars fer illa. Ef ekki verða samþykkt ný lög núna eru ekki mörg ráð til úrlausnar önnur en þau að skerða námslánin verulega. Heimildir eru til þess eða hægt að fá þær heimildir í reglugerðum en ég vildi síst af öllu standa frammi fyrir þeim kosti.

Hv. þm. talaði einnig nokkurt mál um það sem kallað var valdaframsal og taldi jafnvel skárra að hafa valdið hjá ráðherra. Ég met að vísu það traust en engu að síður held ég að þarna sé farið inn á rétta braut með því að fela stjórn lánasjóðsins meira ákvörðunarvald en verið hefur í dag. Nefndar voru 2., 3., 6., 13. og 16. gr. Um 2. gr. tek ég fram að þar hefur verið tekið út það ákvæði að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skuli njóta námslána samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Þegar hefur komið fram hvers vegna þessi breyting er lögð til. Leitast er við að hafa samræmi í lánareglum þannig að ekki þurfi að hringla með þær frá ári til árs. Heimild til að lána öðrum námsmönnum en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. gr. verður áfram fyrir hendi, enda hafi þeir náð 20 ára aldri. Ég hef jafnframt farið yfir rökin fyrir hinni svokölluðu 20 ára reglu en ég hef líka sagt að ef vilji þingsins er að hafa þessa reglu óbreytta þá beygi ég mig að sjálfsögðu undir það. Það kemur mér nokkuð á óvart ef menn vilja beina mönnum inn á tilteknar námsbrautir öðrum fremur í gegnum lánasjóðinn. En ég hef tekið fram og óskað eftir því að hv. menntmn. athugi þetta mál sérstaklega.

Varðandi 3. gr. og valdaframsal sem þar á að hafa átt sér stað. Þar er stjórn LÍN heimilað að taka tillit til ýmissa atriða sem áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns þegar upphæð námslána er ákvörðuð. Í núgildandi lögum eru talin upp atriði sem taka skal tillit til við ákvörðun námslána. Með þessari breytingu hefur stjórnin meira svigrúm til ákvarðana en nú er. Rétt er að geta þess að í 12. gr. er heimilað að taka tillit til ýmissa þátta varðandi hagi námsmanna og veita þeim aukalán á sömu kjörum og almenn lán. Enn fremur er í 12. gr. heimild til handa stjórn sjóðsins að veita venjuleg skuldabréfalán með bankavöxtum til allt að 10 ára. Stjórninni er ætlað að móta nánari reglur um notkun þessarar heimildar en með henni gefst að sjálfsögðu aukið svigrúm til að taka tillit til ófyrirséðra þátta.

Næst var 6. gr. nefnd. Í henni er m.a. gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins ákvarði hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn þurfi að fullnægja. Gert er ráð fyrir að um ábyrgðarmenn gildi svipaðar kröfur og í bankakerfinu. Í þessum efnum er eðlilegt að stjórnin ákveði þau skilyrði sem uppfylla þarf en það sé ekki gert í lögum eða reglugerð. Þá er stjórninni þarna heimilað að innheimta lántökugjöld.

Um 13. gr. er það að segja að þar er stjórn sjóðsins fengin heimild sem áður var hjá ráðherra. Það er rétt að þar er þrengt að lánsrétti þeirra erlendu ríkis-

borgara sem ekki eru frá Norðurlöndum. Eðlilegt er að þetta vald sé hjá sjóðstjórn en ekki hjá ráðherra. Það er a.m.k. mitt mat.

Um 16. gr. er það að segja að þar er ráðherra heimilað að setja reglugerð um frekari framkvæmd laganna. Stjórn sjóðsins er falið að setja reglur um önnur atriði laganna og gefa þær út árlega. Þessar reglur eru hins vegar samþykktar af ráðherra. Þarna kemur raunar fram óskorað forræði ráðherra yfir stofnuninni. Þó margt sé þannig fært frá ráðherra til stjórnar til hægðarauka hefur hann enn óskorað vald yfir sjóðnum innan ramma laganna. Sú breyting er gerð þarna að ekki er lengur heimilt að innheimta félagsgjald af lánþegum án þess að fyrir liggi ósk þeirra og samtaka þeirra. Hér er reglum breytt í þá veru að virða rétt þeirra einstaklinga sem taka lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Ekki þykir rétt að skylda nokkurn þann sem taka þarf námslán til að greiða af lánum sínum til félagasamtaka án hans samþykkis. Þetta vildi ég taka fram varðandi gagnrýnina sem komið hefur fram frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og raunar fleirum um hið svokallaða valdaframsal.

Hv. þm. spurði svo hvernig námsmenn ættu að fá aðgang að húsbréfakerfinu. Því er til að svara að það eru auðvitað margir sem ekki komast inn í húsbréfakerfið. Það eru ekki aðeins námsmenn með lán á bakinu. Þær breytingar sem verið er að gera á lánasjóðnum hafa óhjákvæmilega í för með sér hærri endurgreiðslur fyrir lánþega. Öðruvísi er ekki hægt að bæta hag sjóðsins nema með stórauknum framlögum frá Alþingi. Ég hef farið yfir þann þátt og látið í ljós þá skoðun, miðað við sögu undangenginna ára, að um það sé varla að ræða.

Þessar hertu endurgreiðslur hafa áhrif á getu námsmanna til að taka önnur lán, það gefur auga leið. En í þessu sambandi verður einnig að taka tillit til þess að þær reglur sem lagðar eru til munu hafa þau áhrif að lán einstaklinga verða kannski ekki eins há í framtíðinni og nú er.

Þá spurði hv. þm. hvað átt væri við með eflingu Vísindasjóðs. Ég hef rætt það áður, gerði það í framsögu minni, að niðurstaðan hefði orðið sú að blanda ekki beinum styrkjum saman við lánasjóðinn heldur yrði þeim vísað á Vísindasjóð. Það liggur hins vegar ekki fyrir með hvaða hætti það verður gert. Rætt hefur verið við stjórn Vísindasjóðs um að sjóðurinn taki þetta hlutverk að sér. Að sjálfsögðu verður það ekki gert nema hann verði efldur en núna liggja ekki fyrir ákveðnar tillögur í því efni.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gagnrýndi einnig vinnubrögð við skipan nefndarinnar en var svo sem ekki með beinar spurningar varðandi það. Ég vil bæta því við að tekin var sú ákvörðun að í undirbúningsnefnd sætu fulltrúar stjórnarflokkanna og að þeir störfuðu að undirbúningi málsins í þrjá mánuði. Starfsmaður nefndarinnar var starfsmaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þessi fyrri nefnd lét reikna fyrir sig ýmsar hugmyndir og möguleika. Þegar því starfi lauk var hagsmunaaðilum sent málið til umsagnar og þegar þær umsagnir höfðu borist var fulltrúum námsmanna bætt við í nefndina og henni falið að ganga frá endanlegum tillögum til mín.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði einnig um það í ræðu sinni að þrengdir væru kostir þeirra sem standa höllum fæti. Þeir sem standa höllum fæti eru væntanlega þeir sem ekki geta stundað nám án þess að eiga kost á lánum frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það sem við erum að gera er einfaldlega þetta. Við erum að renna stoðum undir lánasjóðinn. Lánasjóðinn sem stefnir í þrot ef ekkert verður að gert. Þetta gerum við með þeim hætti að fullt tillit verði tekið til mismunandi endurgreiðslugetu lánþega. Ég get þess vegna ekki fallist á að verið sé að þrengja kost þeirra sem standa höllum fæti. Það mundi verulega þrengja kost þeirra ef við aðhefðumst ekkert og létum sjóðinn komast í þrot. Þá mundu þeir sem ekki eiga fjársterka að ekki eiga þess kost að stunda nám. Með því að renna traustum stoðum undir Lánasjóð ísl. námsmanna erum við einmitt að tryggja áframhaldandi jafnrétti til náms.

Hv. þm. nefndi það einnig að námsmönnum hefðu ekki verið ætlaðir meira en 10 dagar í haust til að tjá sig. Ég hef rakið þetta að nokkru nú þegar. Námsmenn fengu hugmyndir upphaflegu nefndarinnar sendar til umsagnar nokkrum vikum áður en fulltrúar þeirra voru skipaðir í nefndina. Umsagnir þeirra lágu fyrir þegar þeir tóku til starfa í nefndinni og að nokkru leyti var tekið tillit til þeirra. Þess vegna er rangt að segja að námsmenn hafi einungis fengið 10 daga til að tjá sig um frv.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir talaði m.a. um að fortíðarvanda ætti ekki að leysa með því að leggja það á þá sem ættu eftir að fá lán úr sjóðnum. Vissulega er hluti af vanda LÍN fortíðarvandi. Það er hluti af þeim vanda að í tíð síðustu ríkisstjórnar voru námslán hækkuð á sama tíma og framlög ríkisins til sjóðsins voru lækkuð. Þannig þurfti sjóðurinn að fjármagna sig í auknum mæli með lántöku á fullum vöxtum á meðan sífellt hærri fjárhæðir voru lánaðar út vaxtalaust. En við erum ekki bara að tala um fortíðarvanda. Á meðan fjárveitingavaldið er ekki tilbúið að leggja sjóðnum til allt það fé sem hann þarfnast og á meðan sjóðurinn þarf að taka lán með vöxtum og lána út vaxtalaust verður til sívaxandi vandi. Við höfum ástæðu til að ætla að fjárveitingavaldið sé ekki tilbúið að leggja LÍN til alla þá milljarða sem hann þarf. Þetta eru þær staðreyndir sem við verðum að beygja okkur undir.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði hvort lánað yrði vegna skólagjalda við Háskóla Íslands. Því er til að svara að ákvörðun um þetta hefur ekki verið tekin og verður ekki tekin fyrr en frv. hefur verið afgreitt. Ég hef hef hins vegar lýst því yfir að mér þyki líklegt að lánað verði vegna skólagjalda við Háskóla Íslands.

Þá nefndi hv. þm. það ákvæði, það kom raunar fram í máli fleiri ræðumanna, að nú væri krafist tveggja ábyrgðarmanna og spurði hvort þetta gæti talist eðlilegt og hvort algengt sé að lántakendur greiði ekki og greiðslur falli á ábyrgðarmenn. Mér skilst að það sé ekki algengt að greiðslur hafi fallið á ábyrgðarmenn en ekki heldur óþekkt og einhverjar slíkar innheimtur munu núna vera á ferðinni. Ég get ekki séð að það sé

neitt óeðlilegt við það. Menn hljóta að vita hvað þeir eru að gera þegar þeir gangast í ábyrgðir fyrir þá sem taka lán.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson beindi til mín allmörgum fyrirspurnum. Raunar hóf hann mál sitt með fyrirspurn sem er að vísu þessu máli alveg óviðkomandi. Hann spurði hvað menntmrh. ætlaði sér að gera ef Háskóli Íslands innritaði ekki nýnema í haust. Ég get ekki svarað öðru en því að ef til þess kemur þarfnast það að sjálfsögðu sérstakrar athugunar. Hins vegar get ég ítrekað það sem ég hef áður sagt og við önnur tækifæri að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að í aðhaldsaðgerðum sínum muni Háskóli Íslands fara þá leið í haust að innrita enga nýnema. Ég tel að ef Háskólinn velur þá leið verði hann að skilgreina forgangsröðun sína öðruvísi en nú og gera ljósari grein fyrir henni. Hv. þm. spurði hvort eftirstöðvar lána féllu niður við 67 ára aldur og vísaði í töflur sem fylgja frv. t.d. töflur sem varða hjúkrunarfræðinga. Um þetta eru ekki ákvæði í frv. Almenna reglan þar er hins vegar sú að öll lán eigi að greiðast upp. Stjórn sjóðsins hefur hins vegar viðtækar heimildir til að taka tillit til sérstakra aðstæðna og veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti ef fjárhagsleg staða skuldara breytist verulega. Í töflum með frv. eru sýndir útreikningar til 67 ára aldurs skuldara. Eftir þann aldur eru margir hættir störfum og hafa lífeyri sér til framfæris. Af frv. verður það hins vegar ráðið að stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til slíkra breytinga á högum fólks og þá að teknu tilliti til eigna og annarra þátta. Svar mitt er því að til þess geti komið að eftirstöðvar lána falli niður þegar þessum aldri er náð en til þess þarf atbeina stjórnarinnar.

Þá spurði hv. þm. hvort ætlunin væri að útiloka lækna frá sérnámi í Bandaríkjunum. Læknar í sérnámi í Bandaríkjunum og raunar víðar eru flestir starfandi sem aðstoðarlæknar meðan á sérnámi stendur. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var sú breyting gerð á útlánareglum að ekki var litið á laun lækna í sérnámi sem laun. Þar af leiðandi fengu þeir og raunar makar þeirra ýmis réttindi sem áður voru ekki fyrir hendi. Núverandi stjórn LÍN hefur fært útlánareglur til fyrra horfs. Fái námsmaður styrki eða laun fyrir nám sitt sem eru hærri en reiknuð framfærsla LÍN á viðkomandi námsstað er viðkomandi námsmaður talinn vera í starfi en ekki námi. Vegna þess að sérstaklega er spurt um sérnám lækna í Bandaríkjunum má geta þess að mjög algengt er að þeir læknar hafi laun sem jafngilda 100.000–200.000 kr. íslenskra á mánuði. Hér er sem sagt verið að koma í veg fyrir að þessi hópur njóti sérréttinda hjá LÍN. Nú eru reglurnar eins og þær voru áður en fyrri stjórn breytti þeim. Þá hindraði þessi regla lækna ekki í því að sækja sérnám í Bandaríkjunum og það gerir hún heldur ekki nú. Þetta er svar mitt við þessari spurningu.

Hv. þm. spurði svo hvort vitað væri hversu margir íslenskir námsmenn hafi sest að erlendis. Lánasjóðurinn hefur upplýsingar um búsetu viðskiptavina sinna og það er auðvitað alltaf svo að einhverjir þeirra setjast að erlendis. Um þá gilda ákveðnar reglur um framtal launa gagnvart LÍN og ef ekki berast staðfest framtöl þá er áætlað mjög stranglega á þessa aðila. Ég held hins vegar að það sé varhugaverð leið að setja einhvers konar átthagafjötra á okkar námsfólk eftir að námi lýkur. Það kann að vera nokkurs virði fyrir okkur fámenna þjóð að hafa aðgang að löndum okkur sem starfa erlendis við aðrar aðstæður en eru hér á landi, getur haft ýmsa kosti og þýðingu í för með sér. Einnig er það svo að ef við ætluðum að láta þá sem setjast að erlendis greiða hraðar til baka þyrftum við að hafa tvenns konar skilmála í skuldabréfunum. Þetta er auðvitað hægt og ef vilji er til þess að fara þá leið er sjálfsagt að athuga hana og þetta er eitt þeirra atriða sem ég óska eftir að hv. menntmn. kanni til hlítar.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom víða við í sinni ræðu en ég held að ekki hafi verið beinar spurningar til mín nema þá um atriði sem ég hef þegar gert að umræðuefni og svarað.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson spurði hvort til greina kæmi að skipta endurgreiðslum þannig, ég vona að ég hafi tekið rétt eftir, að tekjutengja afborganir fyrstu 25 árin en taka síðan upp jafngreiðslulán og tryggja þannig endurgreiðslu lánanna að fullu, endurgreiðslu á einhverju tilteknu árabili án þess að hv. þm. nefndi það. (**Gripið fram í:** Á 15 árum.) Á 15 árum, þannig að heildarlánstíminn yrði 40 ár. Þetta er ég að láta reikna núna. Ég var að gera mér vonir um að hafa fengið niðurstöðu fyrir þennan fund en það varð ekki og ég fæ þetta ekki fyrr en seinni partinn í dag. Mér finnst þessi leið hugsanlega koma til greina ef sömu markmiðin og við höfum sett fram með frv. nást. Ég treysti mér ekki til að segja meira um þetta meðan ég hef ekki séð útreikningana. Auðvitað þarf að gefa sér ýmsar forsendur þegar verið er að reikna svona töflur og ætla ég ekki að leggja mat á hvort t.d. 25 ár séu hæfilegur tími. En mér finnst hugmyndin athyglisverð og eins og ég sagði er ég þegar búinn að óska eftir því að þetta verði reiknað út og hv. menntmn. mun að sjálfsögðu taka þetta til athugunar. Ég hef lýst því yfir að ég sé reiðubúinn til þess að skoða aðrar leiðir en settar eru fram í frv. ef þær verða til þess að við náum höfuðmarkmiðum okkar.

Hv. þm. spurði hvort uppi væru hugmyndir um að hætta að taka tillit til aðstæðna einstakra umsækjenda. Nei, það er ekki. Í athugasemdum við 3. gr. frv. segir m.a.: „Ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum á útlánum sjóðsins." Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að sjóðstjórn hafi meira svigrúm en nú er eins og ég hef raunar þegar rakið, þ.e. hvaða tillit skal tekið til ýmissa félagslegra þátta. Af sjálfu leiðir að þar á sjóðstjórnin eftir að setja reglur þar sem frv. er ekki orðið að lögum. Ég hef þegar svarað þeirri spurningu hvort ég geti hugsað mér aðrar endurgreiðsluleiðir en eru í frv.

Hv. þm. lauk máli sínu með því að beina til mín nokkrum spurningum. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi náð þeim öllum en m.a. spurði hann um heimildina til að gefa út skuldabréfalán og spurði til hvers. Hvers vegna ekki að nota bankakerfið? Í 12. gr. frv. er heimild til handa stjórn LÍN að veita almenn skulda-

bréfalán, verðtryggð og með vöxtum sambærilegum við útlánsvexti banka til allt að 10 ára. Þessi heimild er hugsuð til þess að stjórn sjóðsins hafi svigrúm til að veita lán sem ekki er hægt að lána með þeim kjörum sem tíðkast í námslánakerfinu. Ekki er farið út í að skilgreina í frv. til hvers skal lánað og undir hvaða kringumstæðum heldur er stjórninni ætlað að móta reglur um þessi lán. Ástæðan fyrir því að þessi lán eru ekki í bankakerfinu er sú að bankakerfið veitir venjulega ekki lán til svo langs tíma sem hér er heimilt. Þegar þær aðstæður hafa skapast á íslenskum lánamarkaði að bankakerfið láni til svo langs tíma má vel hugsa sér að þessi heimild verði felld niður og bönkunum falið að sjá um slík lán og til þess þarf að sjálfsögðu ekki neina sérstaka löggjöf.

Hv. þm. spurði svo hver ástæðan væri fyrir því að lán vegna verkmenntunar væru felld niður. Er það ekki rétt? Ég hef líka skýrt það út áður. Það er hin svokallaða 20 ára regla og meginrökin eru þau að ekki felst jafnræði í því að nemendur sitji hlið við hlið t.d. í fjölbrautaskólum undir 20 ára aldri en aðeins sá sem er á verknámsbraut fær lánið, ekki hinn. Ég hef rætt þetta áður og ítreka að ef mönnum þykir að rétta leiðin til þess að örva menn til verkmenntunar — og ég vil leita allra leiða til þess — að lánað sé til hennar í gegnum lánasjóðinn þá er það sjónarmið út af fyrir sig.

Hv. þm. spurði einnig, ég verð að viðurkenna að ég er í hálfgerðum vandræðum með að lesa mína eigin skrift hérna því að ég skrifaði hratt eftir honum spurningarnar, varðandi sameiningu skuldabréfanna. Ég hef líka skýrt frá því að aðrar leiðir koma til greina varðandi sameiningu skuldabréfanna en getur um í frv. Ég hef þegar látið kanna áhrif annarra leiða sem ég hef komið til hv. allshn. og sé ekki ástæðu til að rekja hér á þessu stigi. (**SvG:** Til menntmn.) Til menntmn., sagði ég eitthvað annað? (Gripið fram í.) Já, sei, sei. Til menntmn. átti það að vera.

Ég held, herra forseti, að ég hafi komið að flestum þeim spurningum, vonandi öllum, sem til mín var beint en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að taka frekari þátt í umræðunni.

Forseti (Björn Bjarnason):

Nú þegar hafa fjórir þingmenn óskað eftir að gefa andsvar við ræðu hæstv. menntmrh., fimm þingmenn. Augljóst er að ekki komast allir að á þeim 15 mínútum sem eru til stefnu. Forseti mun gefa þingmönnum orðið eftir því sem þeir báðu um það en mælist til þess að þeir verði stuttorðir ef kostur er.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst aðeins gæta misskilnings í svari hæstv. ráðherra í sambandi við læknana sem ég vildi gjarnan fá leiðrétt. Ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemd við það að læknar eða aðrir námsmenn, hverjir sem þeir eru, fái ekki lán ef þeir hafa styrki, laun eða einhverjar tekjur aðrar umfram það sem framfærslan er talin kosta í viðkomandi landi. Ábending mín og athugasemd er hins vegar sú að mér finnst að læknar, hvar sem þeir eru, eigi að sitja við sama borð að þessu leyti og aðrir námsmenn. Mér er mjög vel kunnugt um að t.d. í Bandaríkjunum eru margir námsmenn í öðru námi en læknanámi með alls konar aðstoð. Þeir eru sumir það sem kallað er „assistanceship" á ensku eða eiginlega aðstoðarmenn og fá greiðslu fyrir það. Þá hlýtur það að sjálfsögðu að dragast frá þeim framfærslukostnaði sem reiknaður er. Ég vil því leyfa mér að ítreka spurningu mína þannig: Telur ráðherra ekki rétt að læknar sitji við sama borð hvar sem þeir eru og ef þeir hafa ekki einhvers konar tekjur sem nái framfærslukostnaði fái þeir viðbótarlán frá lánasjóðnum? Þetta er í raun og veru spurning mín.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svar mitt er einfalt. Auðvitað er það sjálfsagt mál að læknar sitji við sama borð. Það sem ég var að segja var einfaldlega það að reglurnar eru eins og þær voru áður en fyrri stjórn breytti þeim. Þær eru sem sagt færðar í fyrra horf og ég tók fram að á þeim tíma hindruðu reglurnar lækna ekki í að sækja sérnám til Bandaríkjanna. Ég sé ekki að þær reglur geri það fremur nú. Það er sem sagt verið að færa þetta til hins fyrra horfs sem ekki var til að hindra lækna í sérnámi.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrra horfi, eins og kallað var, var breytt af því að það þótti ranglátt af þeirri ástæðu sem ég rakti áðan. Þar sátu þeir ekki við sama borð og aðrir í framhaldsnámi. Að sjálfsögðu sækja margir nám eða gerðu það a.m.k. án þess að fá til þess aðstoð úr lánasjóðnum. Það gerði ég t.d. og meira að segja í Bandaríkjunum. Ég veit ekki hvort það voru lán þegar hæstv. menntmrh. sótti háskóla, svo vitanlega gera menn það. En spurning mín er raunar eingöngu þessi: Af hverju mega þeir ekki sitja við sama borð hvort sem það var ranglátt áður eða ekki? Það var ranglátt áður að okkar mati.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. menntmrh. svaraði ekki einni af þeim spurningum sem ég beindi þó til hans í máli mínu. Ég spurði hann m.a. að því hvort hann teldi það réttlátt að nemendur sem væru nú í námi og ættu eftir að fara í nám greiddu þann fortíðarvanda sem LÍN ætti við að etja. Ég lýst því að ég teldi það ekki réttlátt. Það er mjög óréttlátt að þeir nemendur sem núna eru í námi og ætla að fara í nám eigi að greiða þennan vanda. Það var eingöngu það sem ég spurði um, það kom ekki fram. Hæstv. menntmrh. sagði að hann hefði ástæðu til að ætla að fjárveitingavaldið mundi ekki vilja taka á þessum vanda. Ég skora á hæstv. menntmrh. að flytja tillögu í Alþingi sem tekur á vanda lánasjóðsins með réttlátari hætti en felst í frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort það geti talist réttlátt að nemendur sem nú eru í námi og þeir sem eiga eftir að fara

í nám greiði þennan fortíðarvanda? Var það ekki spurningin? Sjálfsagt má deila um réttlæti í þessu sem öðru. En ég sé ekki hvernig við greiðum úr vanda lánasjóðsins með öðrum hætti en þeim að snúa af þessari braut nú þegar. Ég sé ekki hvernig við getum gert það öðruvísi. Og ég hef ekki fengið tillögur sem segja mér með hvaða öðrum hætti við getum þetta. En þá geng ég út frá einu ákveðnu atriði. Það er þetta sem við höfum fengið sönnur á í gegnum árin á Alþingi að Alþingi er ekki reiðubúið til þess að leggja meira í lánasjóðinn en raun ber vitni. Það er alveg sama hvaða stjórn hefur setið. Ég hef ekki séð nein merki þess að eitthvað slíkt sé að breytast núna. Og engin merki voru um það á síðasta kjörtímabili. Þá hallaði nú heldur á ógæfuhliðina, svo að ég sé ekki hvernig á að gera þetta með öðrum hætti.

Ég hef verið spurður hvort það geti virkilega verið réttlátt að þeir sem nú hafa þegar hafið nám megi ekki ljúka því á gamla kerfinu. Hvenær eigum við að byrja að greiða þennan fortíðarvanda? Er eitthvað betra að byrja á því eftir tiltekið árabil? Ég sé það ekki og á meðan sígur á ógæfuhliðina.

Til viðbótar þessu, ef það kom ekki nægilega skýrt fram áðan þegar ég var að svara hv. þm. Steingrími Hermannssyni, þá er reglan bara almenn og læknar sitja við sama borð og aðrir.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi ástæðu til þess að spyrja um það á þessu stigi málsins, þegar ég er nú næstur á mælendaskrá, hvort það frv. sem verið er að ræða um Lánasjóð ísl. námsmanna er stjfrv. eða ekki. Alþfl. hefur lýst því yfir að talsmenn hans í umræðunum, bæði varaformaður menntmn. og hv. formaður þingflokks Alþfl. utan þings, geri alvarlegar athugasemdir við frv. Ef það er rétt að Alþfl. geri við þetta alvarlegar athugasemdir og vilji ekki samþykkja frv. eins og það liggur fyrir er þetta auðvitað ekki stjfrv. Það er alveg ljóst. Ég mæli þessi orð m.a. í framhaldi af ítrekuðum ummælum talsmanna Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili um að frv. sem ekki væru frágengin í einstökum atriðum væru ekki stjfrv. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv menntmrh., er þetta frv. stjfrv.?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. og ég veit að af langri reynslu m.a. í ríkisstjórn þá veit hv. þm. Svavar Gestsson það. Hann hefur meira að segja sjálfur áreiðanlega lent í því að leggja fram frv. sem ekki var full eining um milli stjórnarflokkanna sem þá voru. Upplýst hefur verið af einstökum talsmönnum Alþfl. að áherslumunur sé á milli flokkanna í þessum málum. Það var aldrei neitt leyndarmál. Við meðferð málsins í hv. menntmn. vonast ég til að takist að jafna þann áherslumun og ég vona að það takist að jafna hann á milli allra, ekki bara stjórnarflokkanna heldur líka milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þetta er sem sagt stjfrv.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að heyra þá yfirlýsingu hæstv. menntmrh. að um sé að ræða stjfrv. en Alþfl. eða talsmenn hans hafa ekki sagt að hér væri um áherslumun að ræða. Þeir hafa sagt: Hér er um grundvallarmun í afstöðu að ræða. Það er auðvitað tvennt ólíkt hvort menn eru að fjalla um einstök tæknileg atriði, áherslubreytingar af ýmsu tagi eða grundvallaratriði.

En mér finnst athyglisvert að hæstv. menntmrh. skuli standa í þeirri trú að Alþfl. standi að þessu frv. sem stjórnarflokkur. Það bendir þá til þess að Alþfl. hafi ekki komið athugasemdum sínum á framfæri við hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég notaði orðið áherslumunur vegna þess að það orð notaði hv. varaformaður menntmn. í umræðunum í síðustu viku. Þess vegna notaði ég orðið áherslumunur. Ég hef ekki heyrt hina yfirlýsinguna að hér sé grundvallarmunur. Vel má vera að einhver hafi gefið hana en þá hefur það alla vega ekki verið formaður flokksins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Menntmrh. sagði áðan, sem svar við spurningu sem beint var til hans í ræðu, að þó ekki væri algengt þá væri það hins vegar ekki óþekkt að námslán féllu á ábyrgðarmenn. Hann sagði jafnframt að það væri kannski ekkert óeðlilegt því að þeir sem gerðust ábyrgðarmenn hlytu að vita hvað þeir væru að gera þegar þeir gengjust í ábyrgð.

Það er skoðun mín og ég vænti þess að það sé skoðun allra hér inni að fólk eigi ekki að ábyrgjast meira en það er borgunarmenn fyrir hvort sem það eru námslán eða annars konar skuldbindingar sem einhverjir takast á hendur. Hins vegar finnst mér sem ríkisvaldið geri með 7. gr. frv. kröfu til þess að einhverjir einstaklingar gerist sjálfskuldarábyrgðarmenn að hundruðum þúsunda, jafnvel milljónum kr. án þess að vita í rauninni hver framtíð þess fólks verður sem tekur þessi námslán. Ég vil benda á að í athugasemdum við 7. gr. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Tekin er upp sú nýbreytni að á hverju nýju skuldbréfi sem námsmaður gefur út komi fram heildarskuld hans. Endurgreiðsla fer fram eftir síðasta skuldbréfi sem hann gefur út. Er þá eldra bréf eyðilagt um leið og nýtt er gefið út. Skv. núgildandi lögum undirrita flestir lánþegar LÍN mörg skuldabréf, sem falla öll í gjalddaga á sama tíma, og væru þau innheimt samtímis yrði um margfalda greiðslubyrði að ræða. Þetta fyrirkomulag er enn fremur mjög óheppilegt þegar innheimta þarf vanskil. Hefur hér vafalaust verið um yfirsjón að ræða hjá löggjafanum" — er síðan sagt — „þegar lög nr. 72/1982 voru sett."

Ég held að þetta hafi ekki verið yfirsjón heldur hafi þetta vísvitandi verið gert til að hafa skuldabréfin mörg og þar af leiðandi hugsanlega marga sjálfskuldarábyrgðamenn þannig að hver sjálfskuldaábyrgðarmað-

ur bæri þá ábyrgð á minni upphæð. Þessi breyting sem nú er verið að gera þýðir það að að lokum eru það tveir einstaklingar sem standa uppi með ábyrgðina á öllu námsláninu hvort sem það hleypur á milljónum og þetta finnst mér að verði að skoða vel í menntmn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt því frv. sem hér er verið að fjalla um er gert ráð fyrir því að einhleypur námsmaður í leiguhúsnæði sem verður hjúkrunarfræðingur borgi á ári af námsláninu sínu á tíunda starfsári úti á vinnumarkaði 86.680 kr. en borgar í dag 40.631 kr. Greiðslubyrði hjúkrunarfræðingsins meira en tvöfaldast, hækkar um meira en 100%.

Samkvæmt sama frv. er t.d. gert ráð fyrir því að framhaldsskólakennari borgi á tíunda ári starfsferils síns eftir að hafa verið einhleypur námsmaður í leiguhúsnæði við nám í Háskóla Íslands 108.896 kr. en hann borgar í dag 51.045 kr. Og gert er ráð fyrir því að sálfræðingur, miðað við meðallaun þeirra, borgi á tíunda starfsári sínu úti í þjóðfélaginu 128.435 kr. en hann borgar í dag 60.204 kr. Með öðrum orðum, greiðslubyrði hans meira en tvöfaldast frá núverandi kerfi. Þrátt fyrir þetta er það þannig vegna vaxtanna sem ríkisstjórnin, Alþfl. og Sjálfstfl., ætla að taka að þessir einstaklingar munu í lok starfsferils síns eftir 42 ára starf skulda stórfelldar upphæðir. Hjúkrunarfræðingurinn sem borgar 86.680 kr. á ári mun skulda í lok starfsferils síns eftir 42 ár, 67 ára gamall, 4,4 millj. kr. og framhaldsskólakennarinn mun skulda eftir 42 ár í starfi 2,9 millj. kr. og sálfræðingurinn eftir 42 ár í starfi 2,3 millj. kr. Með öðrum orðum er lagður skattur á fólk sem er 8% af tekjum alla starfsævi þess. Það borgar 100–200 þús. kr. á ári af lánunum til viðbótar við annað. Menn þurfa að afla sér húsnæðis, menn þurfa að borga skatta, útsvör og allt það. Þrátt fyrir þessa þungu greiðslubyrði er vaxtatakan af lánunum svo rosaleg að hjúkrunarfræðingurinn sem ég nefndi á eftir enn þá 4 millj. þegar hann lýkur störfum. Lánið er ekki byrjað að lækka að raungildi frá því sem það er í upphafi þegar það er tekið. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, að þetta er nægjanleg ástæða til þess að segja í fullri alvöru að þetta fyrirkomulag gengur alls ekki. Það á ekki að reyna að leggja af stað með þetta fyrirkomulag því að menn munu ekki geta greitt þessar upphæðir vegna þess að sjóðurinn mun tapa stórfelldum fjármunum ef lagt verður af stað eða þá að hitt gerist að margir þori ekki í nám.

Þessi dæmi hér, virðulegi forseti, nefni ég í upphafi máls míns til þess að undirstrika það sem ég mun koma síðar að í ræðu minni að þetta kerfi er með öllu óbrúklegt eins og það er lagt hér upp. Það er sett saman af sjónarmiðum sem taka eingöngu mið af fjárhagslegum hagsmunum sjóðsins í augnablikinu. Það er ekki horft inn í framtíðina, það er ekki horft á það hvaða áhrif þetta hefur á stöðu menntakerfisins í heild.

Virðulegi forseti. Ég ætla í ræðu minni að víkja að nokkrum atriðum og fyrst af því sem ég nefndi aðeins áðan: Er þetta stjfrv. eða ekki? Í umræðum á Alþingi fyrir nokkrum dögum var um þetta mál fjallað og sagt frá viðtali við formann þingflokks Alþfl., hv. 17. þm. Reykv., og þar segir, með leyfi forseta:

„Já, það er t.d. varðandi endurgreiðslurnar. Það er alveg ljóst að það verður voðalega erfitt fyrir þingmenn Alþfl. að ætla að fara að samþykkja frv. um LÍN sem gerir það að verkum að þegar námsmenn koma heim sem menntamenn frá námi þá kunni þeir e.t.v. ekki að komast í húsnæðiskerfið. Eins og frv. lítur út í dag þá sýnist okkur sumum að sú sé raunin og við getum ekki fellt okkur við það og það er þetta atriði sem ég vonast helst til að hægt verði að breyta í meðförum þingsins."

Hér er auðvitað um að ræða afar alvarlegan ágreining um málið og hv. 17. þm. Reykv. segir líka í kvöldfréttum sjónvarpsins 10. febr. að þótt samkomulag hafi orðið um að leggja málið fram séu ýmsir þættir sem þingmenn flokksins eigi erfitt með að sætta sig við. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir komst þannig að orði að áherslumunur væri á milli stjórnarflokkanna varðandi sum ákvæði frv. samkvæmt frásögn í kvöldfréttum í sjónvarpinu 11. febr. sl. Ég fór yfir ræðu hennar, las yfir hennar ræðu og ég sé að hún nefnir fyrst og fremst tvö atriði. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að spyrja hv. þm. hvort það sé tæmandi listi yfir þau ágreiningsefni sem Alþfl. hefur uppi í þessu máli því að ef svo er er hér auðvitað um áherslumun að ræða en ekki grundvallarstefnumun. Það er þá rétt hjá hæstv. menntmrh. að málið liggi þannig. En það er nauðsynlegt fyrir þingheim, ekki síst þingmenn stjórnarandstöðunnar að fá upp hver er raunveruleg afstaða Alþfl. í málinu. Satt að segja er það orðið dálítið þreytandi á hv. Alþingi að það skuli gerast aftur og aftur í ýmsum málum að einstakir þingmenn Alþfl. reyna að gera sig dýrlega með því að gera athugasemdir við mál út og suður, kenna íhaldinu um þetta í dag og annað á morgun en svo þegar upp er staðið láta þeir sig hafa það t.d. að hleypa í gegn skólagjöldum eins og þingflokkslið Alþfl. gerði af því að það notaði ekki tækifærið til að fella skólagjöldin þegar hægt var að gera það meðan varaþingmaður sat inni sem var andvígur skólagjöldunum. Þessi hráskinnsleikur þingmanna Alþfl. er auðvitað algerlega ólíðandi og náttúrlega verður að ganga úr skugga um hvort Alþfl. stendur að þessu frv. eða ekki.

Varðandi frv. sjálft og viss grundvallaratriði í því sambandi vildi ég segja þetta í fyrsta lagi: Allur málflutningur hæstv. menntmrh., ríkisstjórnarinnar og hæstv. utanrrh. sérstaklega í sambandi við lánasjóðinn er að þetta sé eins og hver annar fjárfestingarlánasjóður, þetta sé í raun og veru ekki eins og jöfnunarsjóður lífskjara heldur eins og hver annar fjárfestingarlánasjóður þar sem eigi að reikna dæmið eingöngu út frá því hvernig það kemur út fyrir sjóðinn en eigi ekki að neinu leyti að skoða hvaða áhrif menntunin hefur fyrir þjóðfélagið í heild. Þau dæmi eru hvergi reiknuð út. Á Alþingi hefur það gerst á undanförnum árum og áratugum aftur og aftur að Alþingi hefur samþykkt að taka stórfelldar upphæðir, jafnvel milljarða kr. af einstökum ríkisfyrirtækjum og sjóðum til að létta greiðslu-

vanda þessara sjóða og þessara ríkisfyrirtækja. Af hverju má ekki gera það fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna? Af hverju er hann í eini sjóðurinn sem má ekki taka þannig á? Nýjasta dæmið um þetta er að fyrrv. ríkisstjórn ákvað að létta greiðsluskuldbindingum af Rafmagnsveitum ríkisins upp á mörg hundruð milljónir kr., líklega um hálfan milljarð kr. þegar allt kemur til alls. Tekið var af Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Þetta þótti sjálfsögð jöfnunarákvörðun og það studdu það allir, líka þingmenn Sjálfstfl. sem þá voru í stjórnarandstöðu á þeim tíma og núv. hæstv. heilbrh.- og trmrh. Hvernig stendur þá á því ekki má taka núna þannig á vandamálum Lánasjóðs ísl. námsmanna að a.m.k. einhver hluti af þessum fortíðarvanda sé tekinn af sjóðnum og hann fluttur yfir á ríkissjóð rétt eins og aftur og aftur hefur gerst um margvíslega sjóði á undanförnum árum? Af hverju má ekki taka þennan sjóð þannig til meðferðar eins og önnur lífskjarajöfnunarúrræði hvort sem það er í orkuverði eða einhverju öðru?

Sagt er að vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna sé þríþættur. Það sé í fyrsta lagi gamall vandi frá því fyrir 1976, það sé í öðru lagi vaxtamunur undanfarandi ára og í þriðja lagi það sem ekki skilar sér sem er 10–15% af lánunum. Lítum á þennan vanda. Ljóst er hverjir bera ábyrgð á honum. Það gerum við öll, það gera þeir flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi. Það gera þær ríkisstjórnir sem hér hafa setið.

Í öðru lagi er vaxtamunurinn eða skortur á framlagi ríkissjóðs í lánasjóðinn einnig á ábyrgð okkar sem hér erum. Skortur á framlagi í lánasjóðinn hefur auðvitað verið mjög alvarlegt vandamál. Á næstsíðasta ári, haustið 1990, gerði ég um það samning við Alþfl. sérstaklega að skerða framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 200 millj. kr. og veita þeim peningum í Byggingarsjóð verkamanna til þess að páv. hæstv. félmrh. féllist á að styðja fjárlagafrv. fyrir árið 1991. Það lá ljóst fyrir í samkomulagi milli páv. stjórnarflokka og við Alþfl. líka að þessir fjármunir yrðu teknir í lánasjóðinn á fjáraukalögum á árinu 1991 en ekki var staðið við það, það var svikið. Það var í rauninni mjög alvarlegur hlutur. En af hverju stafar þessi vandi? Hann stafar auðvitað fyrst og fremst af því að eftir 1984 var hleypt af stað hömlulausu vaxtaokri og það er það sem er að koma í hausinn á Lánasjóði ísl. námsmanna og nú á að láta námsmenn framtíðarinnar borga fyrir vaxtaokur hinna liðnu ára. Þetta er með öllu siðlaus afstaða. Út af fyrir sig var það hugsanlegur hlutur að námsmenn tækju þátt í því í framtíðinni líka að leysa þennan vanda. En þá átti ríkið líka að koma til með sérstöku átaki líkt og gert hefur verið með mörg ríkisfyrirtæki á undanförnum árum. Það fékkst ekki gert. Það er algert siðleysi að láta námsmenn framtíðarinnar eina axla byrðar af vaxtaokri frjálshyggjunnar á undanförnum árum. Það er fullkomið siðleysi.

Þriðji þátturinn í vanda lánasjóðsins er svo sá að endurgreiðslurnar skila sér ekki sem skyldi. Þar eru menn að tala um 10–15%. Hvað segja námsmenn í þessu efni? Þeir segja að þeir séu tilbúnir til þess að taka þetta á sig. Þeir segja það fullum fetum í nefndaráliti sem birt er sem fylgiskjal um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þeir segja það fullum fetum að þeir séu tilbúnir til að taka þennan vanda á sig. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, þessi almenni vandi á annars vegar að lenda þannig að menn taki námsmenn á orðinu að því er varðar þennan þátt og hins vegar á þjóðinni, á ríkinu í heild vegna þess að við berum öll ábyrgð á þessu og það er rangt að leggja þennan vanda eingöngu á námsmenn. Það er beinlínis rangt, það er beinlínis fráleitt að ætla sér að láta íslenska námsmenn næstu áratugina borga vanrækslusyndir og vaxtaokur liðinna ára. Það er algerlega rangt.

Hæstv. menntmrh. hefur talað nokkuð fyrir málefnum lánasjóðsins að undanförnu og ég hef hlustað á það með athygli. Mér finnst að hann geri sér ekki grein fyrir því að grundvallarforsendurnar, hugmyndaforsendurnar, á bak við lánasjóðinn eru tvær. Annars vegar eru það félagsleg jöfnunarsjónarmið og hins vegar eru það fjárhagsleg sjónarmið. Mér finnst að hann hafi látið hin fjárhagslegu sjónarmið bera hin félagslegu jöfnunarsjónarmið ofurliði og hafi ekki fengist til þess að horfa á þau með eðlilegum hætti, t.d. með því að leggja fram í þessu frv. tillögur um félagslegar áherslur í textanum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Í öðru lagi varðandi lánasjóðinn, að hann er jöfnunarsjóður en ekki gróðasjóður, vil ég segja að það verður að reikna út og skoða arð samfélagsins í heild. Þetta hefur oft verið gert. Alls konar athuganir liggja fyrir á því hvernig meta má heildararð samfélagsins en ekki arð viðkomandi einstaklings eingöngu varðandi lán og námskostnað. Þetta hefur hvað eftir annað verið gert og fyrir liggja ítarlegar erlendar rannsóknir í þessu efni og ég tel að það sé í alveg fráleitt að fjalla um Lánasjóð ísl. námsmanna öðruvísi en þessi heildarsýn hafi verið skoðuð. Arður samfélagsins í heild en ekki aðeins út frá þrengstu bókhaldssjónarmiðum.

Í þriðja lagi vil ég segja áður en ég kem að einstökum atriðum í þessu frv. að ef ríkisstjórnin væri nú bara, ég sagði bara, að skera lánasjóðinn í menntakerfinu þá horfðu hlutirnir öðruvísi við. En menntakerfið er allt eins og það leggur sig. Það er engin forgangsröð, það er ekkert mikilvægara en annað. Það er allt skorið. Ekki er verið að hlífa t.d. sveitarfélögunum sem eiga að reka leikskólann. Ekki er verið að hlífa grunnskólanum. Ekki er verið að hlífa framhaldsskólanum sem er sprunginn og margsprunginn og svör menntmrh. og ríkisstjórnarinnar virðast vera þau að loka framhaldsskólanum í haust gagnvart stórum hópi nemenda. Ekki er verið að hlífa Háskóla Íslands eða háskólum yfirleitt í þessu landi. Ekki er verið að hlífa framlögum til rannsókna, vísinda, þróunar og ekki Lánasjóði ísl. námsmanna. Þar er allt undir.

Nú er það viðurkennd skoðun t.d. í grannlöndum okkar að menntun, rannsóknir, vísindi, gott skólakerfi, framtíðarstefna í skólamálum sé undirstaða framfara jafnvel miklu frekar en atvinnufyrirtæki. Ég nefni í þessu sambandi og bendi hæstv. menntmrh. á að kynna sér viðhorf menntmrh. Dana í þessu efni, sem ég tek fram að ég er engan veginn alltaf sammála, en hefur lagt á það mjög mikla áherslu að rífa upp framlög til

rannsókna og vísinda. Íhaldsstjórnin í Svíþjóð, sem kallar nú ekki allt ömmu sína, hefur ákveðið að skólakerfið verði ekki skorið niður. Stefna sænsku stjórnarinnar er sú að hækka framlög til skólamála verulega og markmiðið — hvað er það? Hvert er markmið sænsku íhaldsstjórnarinnar í þessu efni? Það er að Svíar eignist besta menntakerfi í heimi, hvorki meira né minna. Af hverju leggja þeir þessar áherslur? Vegna þess að þeir vilja að Svíþjóð verði samkeppnisfær við önnur Evrópuríki á komandi árum í Evrópusamstarfinu.

Þetta vil ég benda á, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel að í grundvallaratriðum sé rangt að fara í hlutina eins og ríkisstjórnin gerir og þó alveg sérstaklega það að hún skuli hvergi á þessu sviði gera tilraun til að lyfta einum þætti heldur fer hún með hnífinn, með bredduna, yfir allt kerfið eins og það leggur sig. Þar fær enginn að vera í friði. Það er rangt að fara svona í hlutina, beinlínis rangt. Þetta mun koma niður á lífskjörum þjóðarinnar á komandi árum. Þau verða verri fyrir vikið þegar gengið er í málin af þessu tagi. Börnin eru framtíðin, menntunin er framtíðin fyrir þetta þjóðfélag og ef við vanrækjum hana missum við það fólk sem síst skyldi burt úr landinu.

Ég geri ráð fyrir því að einhverjir þingmenn hafi verið viðstaddir þegar var sýnd kvikmynd á laugardaginn var í Bíóhöllinni sem heitir á mínu tungumáli JFK, afar athyglisverð mynd sem segir frá Kennedy Bandaríkjaforseta. Menn muna kannski eftir því hvernig hann reif upp stemningu í Bandaríkjunum með geimferðaprógramminu, með þeim ætlunum sem þáverandi stjórn gerði. Sú áhersla hafði ekki aðeins áhrif á hin æðstu vísindi, hún hafði áhrif á skólakerfið eins og það lagði sig. (**ÖS:** Þetta gerði Khrústsjov líka.) Það sem tungunni er tamast er hjartanu kærast, segir 17. þm. Reykv., aldrei má hann heyra góðs manns getið án þess að nefna um leið einhvern af aðalriturum kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna og er það fróðlegt og eimir eitthvað aðeins eftir af því enn þá, en of lítið á pörtum. Staðreyndin er sú ...(Gripið fram í.) já, hann er eitthvað lasinn greyið. (Forseti hringir.) Forseti lemur í bjölluna.

Staðreyndin er auðvitað sú ef ríkisstjórnir gefa tóninn af þessu tagi eins og forseti Bandaríkjanna gerði þarna á þessum tíma hefur það áhrif, gífurleg áhrif. Ekki aðeins á háskóla og rannsóknir í þessu tilviki heldur á skólakerfið allt eins og leggur sig. Ástæðan til þess að menn telja að hagvöxtur í Bandaríkjunum fari nú minnkandi, lífskjör fara versnandi, er m.a. sú að menn hafa á allra seinustu árum vanrækt skólakerfið þrátt yfir ítrekaðar yfirlýsingar Bush í þeim efnum. Það er fróðlegt að hugsa um það, virðulegi forseti, að hér sat einu sinni í ríkisstjórn íhaldsstjórn, heldur vond, undir forystu Steingríms Hermannsonar. Hún ákvað á samdráttarskeiðinu 1985 að stofna rannsóknasjóð. Þá var látið renna í sjóðinn sem samsvaraði 150 millj. kr. á ári. Hvernig var sjóðurinn notaður? Jú, hann var m.a. notaður til að efla samvinnu við atvinnulífið. Tugir fyrirtækja hafa lagt fjármuni í rannsóknir og þróunarverkefni vegna þessa sjóðs og þótt þrengdi að á árinu 1985 og þótt ríkisstjórnin ræki almenna íhaldsstefnu var það engu að síður svo að menn tóku þetta atriði út úr. Þetta er ég að nefna vegna þess að þetta er sennilega í fyrsta sinn sem um er að ræða allsherjaratlögu að öllu skóla-, mennta-, rannsóknar- og vísindakerfinu í landinu, eins og það leggur sig. Hvergi er að sjá stingandi strá svo langt sem augað eygir.

Þessa þætti varðandi jöfnunaratriðin í fyrsta lagi, varðandi arð samfélagsins í öðru lagi og varðandi menntunina almennt í þriðja lagi vildi ég gera að umtalsefni áður en ég kem að frv. sjálfu í einstökum atriðum og ætla svo að lokum í þessum þætti að lesa upp nokkrar línur úr málgagni Vinnuveitendasambands Íslands, en það rit heitir „Af vettvangi". Þar er sagt frá fjárlagatillögum sænsku ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1992 og þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð er áhersla á gæði menntunar með það að markmiði að gera sænska menntakerfið það besta í Evrópu. Gott skólakerfi er að mati ríkisstjórnarinnar nauðsynlegt til að auka samkeppnishæfni sænsks atvinnulífs. Framlög til menntamála eru aukin og þá fyrst og fremst til æðri menntunar og rannsókna."

Þetta var lýsing á stefnu sænsku íhaldsstjórnarinnar varðandi menntamál sérstaklega. Ég hygg að það gæti verið hollt fyrir núverandi ríkisstjórn að lesa sig aðeins til um það hvernig þetta er hjá öðrum íhaldsstjórnum því að ég býst við að þær séu flestar skárri og margar reyndar miklu skárri en þessi sem kratarnir halda uppi á Íslandi í dag.

Það var auðvitað alveg ljóst að þegar núv. ríkisstjórn kom til valda var það eitt af keppikeflum hennar að ráðast á Lánasjóð ísl. námsmanna. Hæstv. utanrrh. hefur um árabil haldið uppi þindarlausum áróðri gegn Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann hefur haldið fleiri ræður en nokkur annar stjórnmálamaður á Íslandi um það hvað Lánasjóður ísl. námsmanna sé vitlaus sjóður. Það hafa verið almennir fundir í nafni hans um allt land um þessi mál á undanförnum árum. Innan síðustu ríkisstjórnar var afar erfitt að halda uppi málstað Lánasjóðs ísl. námsmanna og reyndar skólakerfisins yfirleitt gagnvart formanni Alþfl. og er auðvitað dapurlegt að Alþfl. skuli eiga slíkan formann eftir að hafa átt Gylfa Þ. Gíslason sem mennta- og menningarmálaráðherra í 15 ár, en það er önnur saga. (Gripið fram í.) Hann hefur aldrei verið formaður hjá mér, en þú hljópst til hans, en hann er í flokknum hjá þér? Já, hann er í Alþfl., hann viðurkenndi það.

Staðreyndin er auðvitað sú að þessi formaður Alþfl. hefur verið rótarlegri gagnvart íslensku skólakerfi en flestir aðrir stjórnmálamenn núna á undanförnum árum. Ég get sagt margar sögur af því hvernig það gerðist í samskiptum okkar í síðustu ríkisstjórn en þær sögur hafði ég hugsað mér að geyma til ævisögu minnar sem kemur út á næstu öld á sæmilega virðulegum tíma þegar menn eru farnir að rita sínar ævisögur. En það er satt að segja með þeim hætti að ég hygg að fáir mundu trúa því hvað formaður Alþfl. lagði mikið á sig til þess að koma að skólakerfinu með niðurskurðarhnífinn hvenær sem tækifæri gafst. Auðvitað var það þá þannig að um leið og Sjálfstfl. mætti til leiks í rík-

isstjórn með Alþfl. þá er það það fyrsta sem gert var að hjóla í lánasjóðinn. Hvernig var það gert? Ég ætla að rifja aðeins upp aðgerðirnar sl. sumar.

Í fyrsta lagi var framfærsla námsmanns lækkuð um 16,7%. Alþfl. studdi það.

Í öðru lagi var framfærslustuðull námsmanns í heimahúsum hækkaður úr 50% af framfærsluláni í 75%. Það lán var hækkað um 50%.

Í þriðja lagi var tekjutillitinu breytt úr 75% og það lækkað niður í 50% þannig að hátekjunámsmenn styrktu stöðu sína verulega samkvæmt ákvörðunum ríkisstjórnarinnar sl. sumar. Ráðstöfunarfé námsmanna sem voru með tekjur undir framfærslumörkum, þ.e. undir 165 þús. kr. skertist um 16,7%, en námsmaður með 550 þús. kr. í tekjur var skerðingarlaus eftir þessar breytingar, hvor á móti annarri, og námsmaður með 800 þús. kr. jók ráðstöfunartekjur sínar um 20%. Námsmaðurinn með 167 þús. kr. lækkaði um 17%, námsmaðurinn með 550 þús. skertist ekki neitt en námsmaðurinn með 800 þús. kr. styrkti tekjustöðu sína um 20%. Af því að tekjuskerðingin, tekjutillitið, var lækkað úr 75 í 50%. Þetta var jafnaðarstefnan sem var byrjað á að framkvæma sl. sumar. Af þeirri 16–17% skerðingu sem var hjá lágtekjunámsmönnum fór því þó nokkur partur til baka í auknum stuðningi við hátekjunámsmenn frá því sem ella hefði verið. Auðvitað kom þetta sérstaklega hart niður á stúlkum sem stunda háskólanám vegna þess að þær eru að jafnaði miklu tekjulægri en strákar sem stundum hafa möguleika á því að rífa upp sæmilegar sumartekjur. Þannig kom þetta kom þeim til góða sem höfðu möguleika á háum tekjum en hinir voru lækkaðir alveg sérstaklega. Það hefði mátt hafa lækkunina minni út frá sjónarmiðum sjóðsins ef ekki hefði sérstaklega verið lagst í víking til að auka tekjur þeirra námsmanna sem hæstar tekjur höfðu. Þetta var jafnaðarstefnan sem var framkvæmd síðastliðið sumar þegar núverandi ríkisstjórn kom fyrst að lánamálum námsmanna. Þetta var allt gert í nafni þess að lánasjóðurinn væri að fara á hausinn og það þurfti endilega að grípa til slíkra ráðstafana. Auðvitað stóðst það ekki að tekjur hátekjunámsmanna þyrfti að hækka og styrkja þannig Lánasjóð ísl. námsmanna. Auðvitað stóð ekki steinn yfir steini í þeirri röksemdarfærslu.

Síðan kemur það frv. sem hér liggur fyrir, fyrst nál. sem var mikið rætt í sumar. Að sjálfsögðu var rætt við formann þingflokks Alþfl. í hvert einasta skipti sem málið var rætt og hann var ævinlega óskaplega áhyggjufullur og sár og jafnaðarmannslegur í útliti þegar það var rætt.

Hvað er verið að leggja til í frumvarpinu? Í fyrsta lagi er það lagt til að leggja 3% á vexti á námslán og er nokkuð fróðlegt að sjá hvað það þýðir. Það þýðir samkvæmt frv. sjálfu að heildaráhrifin af þessum 3% vöxtum eru í lok þess tíma sem er hér reiknaður út, komin upp í nærri 2 milljarða kr. eins og þetta er hér sett upp. Það er einnig athyglisvert og segir sína sögu um frv. að í frv. er gert ráð fyrir því að vextir af námslánum verði 3% og megi ekki lækka. Það stendur ekki í frv. að vextir á námslánum skuli vera allt að 3%, heldur stendur „vextir á námslánum skulu vera 3%“ og af orðalagi í 6.–11. gr. má ráða að menn geri ráð fyrir því að vextirnir verði óumbreytanlegir um aldur og eilífð. (**Gripið fram í:** Þó svo að þeir lækki á markaðinum.) Jafnvel þó að þeir lækki á markaðinum. Það er auðvitað alveg yfirgengilegt að svona skuli vera að hlutunum staðið og sýnir náttúrlega handarbakavinnubrögðin við frv. eins og ég kem að síðar. Í þessu frv. eru dæmalausir fingurbrjótar og aulaháttur sem náttúrlega helgast og skýrist af því að námsmenn fengu ekki að koma nálægt frv. með athugasemdir sínar. Námsmannahreyfingunni var sýndur þvílíkur dónaskapur í málinu að það er nú kapítuli út af fyrir sig.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að endurgreiðslur hefjist fyrr en nú er. Áhrifin af því að koma fram á bls. 14 í texta frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að þetta skili þegar fram í sækir 400–600 millj. kr. á ári.

Í þriðja lagi er talað um að lánstíminn verði fjórfaldur námstími. Þó verði sett þak við 4% og 8% eftir 5 ár. Um þetta er einnig ítarleg tafla í greinargerð frv. og um þetta fjalla námsmennirnir líka sérstaklega í skjali sínu sem þeir sendu frá sér í síðasta mánuði og ég vil koma hér aðeins að á eftir. En niðurstaðan af þessum þremur aðalbreytingum, af vöxtum, endurgreiðslum, og lánstíma, er sú sem ég var að rekja áðan að hjúkrunarfræðingurinn sem borgar í dag 40 þús. á ári á tíunda ári úti á vinnumarkaði borgar samkvæmt frv. 86 þús. kr. á ári og skuldar þegar hann lýkur störfum um 4 millj. kr. Hann er því ekki farinn að lækka höfuðstólinn af því að vextirnir hafa spilað það upp allan tímann. Framhaldsskólakennari sem borgar nú 51.045 kr. á ári borgar samkvæmt frv. á tíunda ári úti á vinnumarkaði 108.896 kr. á ári. Upphæðin hefur meira en tvöfaldast. Niðurstaðan er eins hjá honum að þegar hann lýkur störfum og hefur borgað af þessu í 42 ár á á hann samt eftir milljónir króna af höfuðstól lánsins af því að vextirnir hafa spilað þetta svo mikið upp allan tímann.

Það er þetta sem ég á við, virðulegi forseti, þegar ég segi að frv., bæði út frá sjónarmiði menntastefnunnar en líka út frá hagsmunum sjóðsins sem slíks, gengur ekki upp af því að menn munu ekki ráða við að greiða þetta með þeim hætti sem þarna er verið að gera kröfur um. Það gengur heldur ekki upp út frá hagsmunum sjóðsins sem slíks.

Þetta eru þrjár aðalbreytingar frumvarpsins.

Næstu breytingar eru minni háttar eða öðruvísi en þó þýðingarmiklar og ég ætla aðeins að fara yfir þær. Það er í fyrsta lagi að ekki verði lánað til sérnáms sem ekki er á háskólastigi og þá vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvaða sérnám sem ekki er á háskólastigi verður þarna fellt út. Talað hefur verið um verknám í fjölbrautarskólum og iðnskólum. Á þetta við um Fósturskólann, á þetta við um Þroskaþjálfaskólann, á þetta við um bændaskólana? Hvaða skólar eru það sem strikast út samkvæmt þessu ákvæði?

Ég vil líka benda á, virðulegi forseti, og menntmrh. kannski alveg sérstaklega að þetta ákvæði er algjörlega fráleitt út frá fjárhagslegum forsendum, það er algjör óþarfi. Þetta skilar engu fyrir sjóðinn. Áhrif 20 ára

reglunnar — t.d. ef hv. þm. Árni Johnsen ætlaði að fara í verknám, ég sé að hann er að ræða það við hæstv. menntmrh., hann er að vísu kominn yfir tvítugt — eru þau að í mesta lagi nær sjóðurinn inn 40 millj. kr. ári þannig að miðað við sjóð sem við erum að tala um að velti 4–5 milljörðum á ári — ég er satt að segja alveg undrandi á því að menntmrh. skuli, mér liggur við að segja leggja sig niður við það að gera tillögu um þetta því þetta skiptir engum sköpum um afkomu sjóðsins en er aftur á móti afar mikilvægt frá sjónarmiði menntunar og sérstaklega verkmennta í landinu. Til samanburðar má t.d. nefna að vaxtatakan hækkar ríkisframlagið verulega eða alveg upp í 700 millj. kr. á einu ári. Þessi upphæð hér, þessi 20 ára regla, þessi sérstaka árás á iðnnemana skilar 30–40 millj. kr. á ári. Ég skora á hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstjórn að strika þetta út því að samt nóg er að gert í sambandi við vextina, lánstímann og endurgreiðslurnar.

Í öðru lagi varðandi atriði af öðru tagi sem smeygt er þarna inn sem einnig skilar í rauninni mjög litlu. Það eru áhrif niðurfellingar lífeyrissjóðsgreiðslna. Þær skila 35 millj. kr. á ári og ég endurtek það í þessu sambandi að ég skora á hæstv. menntmrh. að taka þetta út líka. Því það er alveg nóg að gert svo ekki sé meira sagt varðandi vextina, endurgreiðslurnar og lánstímann.

Og í þriðja lagi er þarna gert ráð fyrir lántökugjaldi sem skilar að vísu alveg upp í 90 millj. kr. árið 2009 samkvæmt þessum töflum aftast í skjalinu. Þetta er 1,2% lántökugjald og ég tel að það eigi að fella þetta niður líka. Þó að menn séu að breyta þessu lánakerfi, og er í raun og veru algerlega ófyrirgefanlegt hvernig að er því staðið, eiga menn ekki að vera að seilast eftir svona hlutum. Ég mundi vilja ráðleggja hæstv. menntmrh. að skoða það vel hvort ekki mætti strika út eina sex eða átta svona liði úr frv. sem raska í raun engu um heildarmarkmið frv. en það er það sem hæstv. menntmrh. hefur lagt áherslu á, það eru heildarmarkmiðin. Ég reikna með að hann eigi við hin fjárhagslegu markmið þótt það væri náttúrlega miklu skemmtilegra að hann talaði aðallega um hin menntunarlegu markmið.

Ein breytingin samkvæmt frv. er sú að Vísindasjóður eigi að taka við styrkjum. Þá verð ég að segja, virðulegi forseti, að ég vil fá þessar tillögur um Vísindasjóð. Það er alveg útilokað að afgreiða þetta mál öðruvísi en að fá þessar tillögur um Vísindasjóð. Úr því að verið er að vísa á Vísindasjóðinn þá þurfum við að fá að sjá þetta. Ég tel að menntmn. eigi að gera kröfu um að fá að sjá þessar tillögur um Vísindasjóð og helst í frumvarpsformi. Ég er alveg sannfærður um að það mundi auðvelda málið mjög í meðferð þingsins ef hæstv. menntmrh. legði fram frv. um að margefla Vísindasjóð og bæta við hann svona 400–500 millj. kr. Eða um hvað eru menn að tala í sambandi við Vísindasjóð? Er þetta bara einhver flótti? Strika út styrki hér og segja: Já, ég ætlaði að efla Vísindasjóð. Engar tillögur liggja fyrir um að efla Vísindasjóð. Og í fjárlögum fyrir árið 1992 er ekki gert ráð fyrir neinni eflingu Vísindasjóðs.

Ein breytingin samkvæmt þessu frv. er að það verði tveir ábyrgðarmenn á lánunum. Um það hefur talsvert mikið verið rætt. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. áðan, að núverandi kerfi er örugglega hugsað þannig að ábyrgðinni sé hægt að dreifa á marga einstaklinga. Menn fá í raun og veru nýtt skuldabréf í hvert skipti sem þeir taka lán eins og þetta er í núverandi kerfi, ef ég man rétt. En þarna er gert ráð fyrir að eitt heildarbréf verði gefið út í hvert skipti bæði fyrir það sem er nýtt og líka fyrir það sem komið er. Segjum að um væri að ræða meðal- eða miðlungsnámsmann í þessu efni. Ég lét reikna út fyrir mig dæmi hjá reiknistofu Háskólans um miðlungsnámsmann. Setjum svo að einn maður ætti t.d. þrjú börn sem öll ætluðu að verða framhaldsskólakennarar, hefðu heillast af þeirri starfsgrein. Þau hefðu verið einhleyp allan námstímann, þessi þrjú. Hvert um sig mundi hafa fengið lán, 2.160.000. Hvað mundi þá viðkomandi ábyrgðarmaður vera skuldsettur fyrir hárri upphæð að loknum þessum tíma? Um 6,5 millj. Og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að það væri náttúrlega nauðsynlegt að gera þá kröfu til ábyrgðarmanna að þeir væru borgunarmenn fyrir þessum ábyrgðum sem þeir væru að skrifa upp á. Það er náttúrlega alveg rétt og það er göfugur hugsunarháttur. Ég verð að segja alveg eins og er að ég stórefa að þetta gangi almennilega upp. Ef menn eru svo heppnir að eiga efnilega ómegð, efnilega og heldur vel gefna ómegð, getur það komið mönnum alveg hrottalega í koll.

Eigum við að fara að kaupa ábyrgðir fyrir krakkana okkar hjá Kaupþingi? Eða öðrum slíkum fjársterkum aðilum, kannski Eimskipafélagi Íslands. Ég er alveg viss um að þetta ábyrgðarmannakerfi gengur ekki upp. Það gengur ekki upp að ætla sér að kalla tvo ábyrgðarmenn í hverju einasta tilviki fyrir öllum upphæðunum vegna þess að fólk ræður ekki við að greiða þessar ábyrgðir. Staðreyndin er auðvitað sú að það þarf ekki nema eitt áfall af einhverju tagi til þess að viðkomandi ábyrgðarmaður sé með sín fjármál eftir það með þeim hætti að það verði ekki neitt við ráðið. Ég held þess vegna að það eigi að slá því föstu að breyta þessum ábyrgðarreglum til fyrra horfs, vera með einn mann og gefa kost á skiptingu bréfanna á fleiri en einn aðila. Þetta dæmi finnst mér vera enn eitt dæmið um það hvað menn hafa í raun og veru vandað sig lítið við þetta frv. því það liggur alveg í augum uppi að námsmenn t.d., sem hefðu komið að þessu eða foreldrar námsmanna sem eiga kannski nokkra krakka í framhaldsskólum og háskólum, hefðu séð undireins að þetta gengur ekki. Þetta mundi kollvarpa fjárhag fjölskyldna ef illa færi. Ég skora á ráðherra að breyta þessu atriði.

Eitt atriði sem ég vil einnig nefna og fara fram á að menn endurmeti alveg sérstaklega og það er að námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur. Þetta þýðir það að nemi í háskólanámi er í raun alltaf á fyrsta ári. Sá sem ekki á startkapítal frá foreldrum sínum eða sjálfum sér til að hefja nám og tekur bankalán á fyrsta ári til að framfleyta sér er í raun og veru að borga 10% vexti til

bankanna allan sinn námstíma. Þetta sakleysislega ákvæði jafngildir 6–8% eða 10% flatri skerðingu á námslánum allan þann tíma sem menn eru í námi. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta atriði verði endurskoðað og ég vil hvetja til þess í fullri alvöru að það verði endurskoðað.

Þegar ég hvet til þess að nokkur tiltekin, fimm til sjö atriði, verði endurskoðuð en nefni ekki þessi fyrstu þá geri ég mér auðvitað grein fyrir því hvað ríkisstjórnin þykist vera að gera þó ég telji það vitlaust. En ég tel að að væri kannski eðlilegt að hún héldi sig við það en væri ekki að hlaupa út um allar koppagrundir eftir minni háttar atriðum af ýmsu tagi sem eru ýmist óframkvæmanleg, dýr eða sár og ætti að vera útlátalítið að strika út úr þessum textum.

Eitt atriði sem er í 12. gr. frv. um að stjórnin geti veitt skuldabréfalán og hæstv. menntmrh. svaraði því í andsvari áðan og ég tel það út af fyrir sig alveg fullgilt svar þó að ég sjái ekki neinn tilgang með ákvæðinu hér í frv. Mér sýnist að það sé kannski verið að gefa mönnum þarna vonir sem ekki muni verða hægt að standa við af því að sjóðurinn verður náttúrlega krappur af fjármunum. Því vildi ég beina því til hæstv. menntmrh. og hv. menntmn. að þetta verði bara fellt út, vegna þess að ég sé satt að segja ekki að þetta sé til neins.

Ég hef farið yfir meginbreytingar frv., virðulegur forseti, og ætlaði síðan aðeins að víkja að örfáum einstökum greinum frv. Það eru meira og minna bæði almenn pólitísk atriði og tæknileg atriði sem ég ætla að nefna.

Í 3. gr. er fellt út þetta svokallaða „félagslega tillit" í sambandi við lánasjóðinn. Það held ég að sé eitt alvarlegasta atriðið við breytingarnar á Lánasjóði ísl. námsmanna, að það er fellt út. Þetta félagslega tillit er orðað þannig núna í gildandi lögum:

„Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns." Þetta er alveg tekið út og í staðinn segir:

„Miða skal við að námslán, samkvæmt lögum þessum, nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns."

Þetta er alveg afleitt eins og það er orðað hér. Ég er út af fyrir sig ekki að ímynda mér að ríkisstjórnin eða Alþfl. hafi neinn áhuga á því að koma þessu félagslega tilliti þarna inn aftur eftir ummæli formanns Alþfl. á fundi í Háskólabíó um daginn þar sem ekki var hægt að skilja hann öðruvísi en að hann væri að vísa námsmönnum á félagsmálastofnanir, sem eru tekjulitlar og peningalausar eins og kunnugt er. Hins vegar fyndist mér það lágmarkskrafa til Alþfl. a.m.k. og jafnvel Sjálfstfl. að það væri talað um að markmið laganna væri jafnrétti til náms. Þó það væri ekki annað en einhver almenn markmiðslýsing af því tagi. Það er ekkert slíkt þarna inni. Og ég held að ég leyfi mér að bæta við enn einni áskoruninni á hæstv. menntmrh. um að kanna hvort ekki er hægt að fá Alþfl. til að fallast á að hafa þarna jafnrétti til náms. Hvort formaður Alþfl. væri ekki til í að fallast á það að nefna jafnrétti til náms. Það gæti verið að hann gerði það svona í verulegum samningaviðræðum, það er hugsanlegt. En þarna vantar þetta ákvæði í þetta frv.

Í 6. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða beggja, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi."

Ég geri athugasemd við þennan málslið. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ég tel að það eigi ekki að hafa þetta vald eingöngu í höndum stjórnar sjóðsins. Ég tel eðlilegt að um þetta sé sett reglugerð og að um þetta mál séu nánari ákvæði í lögunum sjálfum. Hvert er hæfi ábyrgðarmanna eða ábyrgðarmanns eins og ég hefði reyndar talið að væri nóg í þessu efni.

Síðasta mgr. 6. gr. hljóðar svo:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánum." Af veittum lánum. Ég efast um að þetta standist. Ég efast um að það standist stjórnarskrá og venjur að heimila stjórn sjóðsins að ákveða lántökugjöldin, þ.e. upphæð þeirra. Ég tel að hinn beini framkvæmdarvaldshafi, þ.e. ráðherrann, eigi að ákveða þessi lántökugjöld ef þau eru tekin. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, eins og fram hefur komið áður, að ég tel eðlilegast að þetta með lántökugjöldin verði fellt niður en það er alla vega alveg fráleitt að láta stjórn sjóðsins ákveða lántökugjaldið. Með því er Alþingi að afhenda stjórn sjóðsins skattlagningarvald og það er algerlega óeðlilegt. Og ég vil fara fram á það við hæstv. menntmrh. að þetta atriði verði skoðað sérstaklega.

Ég vil einnig á ný gera athugasemd við síðustu mgr. 7. gr. Þar stendur: „Lán úr sjóðnum skulu bera 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar." Ég hef lýst þeirri skoðun minni bæði hér og annars staðar að ég tel að það eigi ekki að taka vexti af námslánum, alls ekki. En ef þetta ákvæði er inni á annað borð þá eiga menn auðvitað að segja: Lán úr sjóðnum skulu bera allt að 3% vexti, en ekki að festa það með þeim hætti sem gert er ráð fyrir hér. Þó að markaðsvextir færu niður fyrir 3% væri samkvæmt orðanna hljóðan óheimilt að lækka vexti Lánasjóðs ísl. námsmanna og það auðvitað gengur ekki að búa þannig um lagatexta.

Í 8. mgr. 8. gr., á miðri síðu 3 í frv., segir svo, með leyfi forseta:

„Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu ...skal margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjarvísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári."

Þetta hlýtur að vera villa. Hér hlýtur að eiga að

standa: Fjárhæðin sem ákvarðar, margfaldast með breytingum á lánskjaravísitölu.

Ég tel auðvitað þótt ég hafi hundrað athugasemdir að gera við þetta frv. sé mér skylt að koma svona leiðréttingum á framfæri. Ég sé ekki betur en hérna sé um að ræða beina villu og vil biðja hæstv. menntmrh. og hv. menntmn. að taka það til athugunar.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir tiltekinni nefndarskipan. Þar segir: „Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn, frá því sem nú er, skal hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 8. gr. reiknað af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntmrh. tilnefnir einn nefndarmann, fjmrh. annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar." Ég hefði talið að námsmenn ættu að eiga aðilda að þessari nefnd og það séu engin rök fyrir því að halda þeim fyrir utan hana.

Ég hef áður vikið að skuldabréfakerfinu í 12. gr. og ætla þessu næst að víkja að 18. gr. þar sem segir: „Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum, getur hann annaðhvort greitt samkvæmt þeim lögum óháð og til viðbótar endurgreiðslum samkvæmt þessum lögum eða hann getur sameinað eldri skuld á skuldabréf sem hann gefur út samkvæmt þessum lögum og endurgreitt alla skuldina samkvæmt því, þó þannig að vextir reiknist eingöngu af lánum teknum samkvæmt þessum lögum." Hvað þýðir þetta? Það þýðir að námsmaður sem hefur tekið lán á undanförnum árum og er að taka lán í ár eftir gamla kerfinu verður að breyta því láni yfir í lán samkvæmt nýja kerfinu. Eða að borga 3,75% af tekjunum sínum fyrir gamla lánið og 8% af tekjunum sínum fyrir nýja lánið. Menn eru með öðrum orðum neyddir til að velja milli þess að greiða 8% af allri summunni, líka gamla láninu, eða 11,75% af tekjunum sínum fyrir bæði lánin. Sér er hvert valfrelsið, virðulegur forseti. Ég heyrði það einhvers staðar haft eftir stjórnarliðinu að þetta væri sérstakt valfrelsi. Að velja á milli þess að borga 11,75% af lánunum eða 8% af öllu saman. Þetta náttúrlega gengur ekki. Og ég efast um að það standist að standa svona að hlutunum. Í raun og veru er verið að pína menn sem hafa átt rétt á námsláni aftur í tímann til að sæta allt öðrum og miklu verri kjörum heldur en gert er ráð fyrir þegar þeir ganga frá sínum lánum.

Ég hef gert hér örfáar athugasemdir við frv. sem slíkt en vil þessu næst benda á að á bls. 82 og áfram í frv. er annað frv. Það er frv. sem samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lagði fram. Hún hafði viku eða svo til að ganga frá sínum pappírum og það var lagt fram heilt frv., mjög myndarlegt frv. sem hefur ekki hlotið nægilega mikla athygli. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði þess frv. en benda á að í því kemur fram ábyrg og skynsamleg afstaða námsmannahreyfinganna sem gerir tillögu um að lækka veltu sjóðsins á ári um 400–500 millj. kr. Ég er ekki viss um að önnur hagsmunasamtök hafi á undanförnum árum gengið fram með jafnábyrgum hætti, eins og það er kallað, og námsmenn hafa gert og sýna í þessu frv.

Í frv. og greinargerðinni með því segja þeir, með leyfi forseta:

„Í þeirri yfirlýsingu sem undirritaður setti fram á síðasta fundi nefndarinnar kemur fram hvaða þætti námsmenn vilja skoða frekar. Námsmenn telja að allri vinnu sé í raun ólokið í þessu máli. Þau drög að frv. sem hér eru sett fram bera keim af því. Námsmenn vilja setjast niður með fulltrúum ríkisvaldsins og komast að sameiginlegri niðurstöðu um þennan mikilvæga sjóð."

Í raun og veru var það þannig þegar þetta frv. sem hér er til umræðu var samið, þá var verið að slá á útrétta sáttarhönd námsmannahreyfinganna í landinu. Hæstv. menntmrh. sagði aftur á móti á fundi í Háskólabíói fyrir nokkrum dögum að hann væri tilbúinn til þess að athuga margar þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Ég kaus að skilja hann þannig að eðlilegar viðræður gætu hafist við námsmenn og fleiri aðila um breytingar á þessu frv. frá þeim texta sem hér liggur fyrir. Það er a.m.k. greinilegt að námsmennirnir eru tilbúnir til þess að halda þessum viðræðum áfram og reyna að leiða þær til lykta með einhverjum skynsamlegum hætti. Hins vegar er það auðvitað ljóst að þeir námsmenn sem standa að þessu áliti samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna, sem er yfirgnæfandi meiri hluti íslenskra námsmanna, vilja ekki taka þátt í ýmsum þeim þáttum sem hér er verið að gera tillögu um.

Í frv. og fskj. með því, fskj. 6 á bls. 101, er birt sérálit frá Elsu B. Valsdóttur um breytingar á lánakerfinu þar sem m.a. er gert ráð fyrir leiðum til úrbóta og þar segir, með leyfi forseta:

„1. Herða endurgreiðslur.

2. Láta endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja.

3. Fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur.

4. Leggja á lántökugjald.

5. Láta lánþega greiða kostnað við innheimtu."

Hér er auðvitað bersýnilega um að ræða tillögur sem ganga auðvitað ekki eins langt og tillögur ríkisstjórnarinnar en mjög langt og hæstv. menntmrh. sagði reyndar á téðum fundi í Háskólabíói að í raun og veru væru þessar hugmyndir sem ég var hér að lesa upp mjög í ætt við tillögur frv., að ég segi ekki undirstaða, þær væru mjög í ætt við tillögur frv. eða eitthvað í þá áttina. Hitt er alveg ljóst að yfirgnæfandi meiri hluti námsmanna er samferða í þessu máli þó að félagið Vaka hafi kosið að tilnefna menn í þessa endurskoðunarnefnd.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna hefur sent frá sér ítarlega skýrslu um þetta frv. sem hér hefur verið vitnað í af fyrri ræðumönnum um þetta mál og vil ég í sjálfu sér ekki fara að tefja tímann á því frekar hér. Ég vil þó aðeins benda á eitt atriði sem fram kemur mjög skýrt í þessu áliti námsmannahreyfinga en þar segir, með leyfi forseta:

„Það kemur svolítið spánskt fyrir sjónir að settar séu reglur um lengd lánstíma samhliða því sem tekjutengt þak er sett á endurgreiðslurnar. Þetta þýðir það í raun að slík viðmiðun vegur alltaf til lækkunar greiðslubyrði þannig að þeir sem hafa mjög háar tekj-

ur og hafa ekki þurft á lánum að halda nema í stuttan tíma eru langt frá því að greiða það hlutfall sem tekjutengda þakið gerir ráð fyrir. Við getum tekið dæmi," segir hér, „af manni sem er í fimm ára laganámi. Hann á góða að og skuldar að loknu námi 1 millj. kr. Þessa 1 millj. á hann samkvæmt frv. að greiða á 20 árum, fjórföldum námstíma. Hann greiðir því 50 þús. kr. á ári plús vexti. Ef þessi maður hefði 200 þús. kr. á mánuði eða 2,4 millj. í árslaun er hér um að ræða rúm 2% af árstekjum í 20 ár. Þetta hlutfall lækkar síðan eftir því sem tekjurnar hækka. Samkvæmt núgildandi kerfi mundi þessi maður greiða 3,75% af tekjum til LÍN og klára að borga lánið upp á miklu styttri tíma en nú er."

Endurgreiðsluhlutfallið lækkar því og tíminn lengist frá því sem er í gildandi kerfi. Þetta er sem sagt hagstæðara fyrir ákveðinn hóp námsmanna sem taka lág lán en hafa miklar tekjur. Tillagan gerir ráð fyrir því að þetta fólk komist betur af en gert er ráð fyrir í núgildandi kerfi og það er auðvitað alveg fráleitt fyrirkomulag.

Ég vil einnig leyfa mér, virðulegi forseti, að finna aðeins að því að hér vantar með frv. nokkuð mikilvægar upplýsingar. Ég þakka fyrir þær töflur sem birtar eru. En mér finnst að þarna vanti ýmsar samanburðarupplýsingar og ég hef í samráði við hæstv. menntmrh. sent Hagfræðistofnun Háskóla Íslands bréf. Ég gerði það 8. jan. 1992 með spurningum um tiltekin atriði sem nauðsynlegt er að fá gleggri upplýsingar um það hvernig þetta kerfi kemur hugsanlega til með að þróast. Ég ætla ekki hér, virðulegi forseti, að fara út í það að ræða um langtímaáhrif þessa kerfis. Ég bendi á að í rauninni breytir það sáralitlu fyrir sjóðinn sem slíkan, t.d. á næsta ári. Á árinu 1993 er breytingin 168 millj. kr. Á árinu 1994 er breytingin 270 millj. kr. Það er því ekki svo að þetta frv., ef samþykkt verður, gerbreyti stöðu sjóðsins frá því sem er í dag. Það vekur auðvitað ugg að hæstv. menntmrh. segir í viðtali við fjölmiðil að hér sé ekki nóg að gert, það verði að skera meira. Eða hvað þýða þessi orð sem menntmrh. segir í viðtali við sjónvarpið 11. febr. sl.? Hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Jafnvel þær breytingar sem þetta frv. hefur í för með sér nægja ekki einar og sér til að laga LÍN að þeim fjárhagslega veruleika sem við stöndum frammi fyrir."

Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta það að skerða eigi útlánareglurnar enn frekar vegna þess að samkvæmt frv. sjálfu er ekki reiknað með lækkun á fjárþörf sjóðsins á næsta ári nema upp á 168 millj. kr. Er sem sagt verið að halda því fram að það komi enn frekari skerðing á framfærslulánin en hér er gert ráð fyrir eða hvað þýðir þetta? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um það. Það er að vísu eitt atriði, sem er ekki reiknað út í frv., ekki í fskj. frv. og getur auðvitað skipt gríðarlegu máli. Það er að frv., ef samþykkt verður, mun draga stórkostlega úr lánveitingum Lánasjóðs ísl. námsmanna, lántökur munu dragast stórkostlega saman úr þessum sjóði þegar það blasir við fólki að kannski eftir áratugi, eftir störf í áratugi og greiðslur í þennan sjóð, skuldi það eftir sem áður margar milljónir kr., t.d. eftir 40–42 ára starf eða þegar það fer á ellilífeyri við 67 ára aldur. Ég er alveg sannfærður um að ef þetta gengur eftir mun fjöldinn allur af fólki ekki leggja í það að fara í nám vegna þess að það eru svo hrottalegar hótanir um breytingar á einkafjárhag fólks sem ákvæði frv. hafa í för með sér. Það getur vel verið að það verði svo mikill fjöldi sem ekki þorir í nám strax á næsta ári að það hafi í för með sér verulegan samdrátt í fjárveitingum sjóðsins. Segja menn þá ekki: Já, allt í lagi og gott eða hvað? Skyldi það ekki geta haft áhrif á þróun íslenska þjóðfélagsins þegar því fólki fækkar sem hefur efni á því að fara í háskólanám? Auðvitað væri fróðlegt að ræða þetta mál, ekki aðeins út frá menntastefnunni í heild heldur líka út frá hagsmunum launamanna í heild sem slíkra. Ætli þetta frv. hafi t.d. verið rætt í kjarasamningunum núna? Ég held að ástæða væri til þess. Hér er verið að skerða kjör láglaunafólks á Íslandi af því að það er það fólk sem hefur notið Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Það er auðvitað ljóst að ýmsir eru óánægðir með þetta frv. þótt þeir hafi ekki hátt. Það kom hér ein lítil ályktun frá fyrirbæri sem heitir SUJ. Það mun þýða Samband ungra jafnaðarmanna. Þeir eru ekki í salnum frekar en venjulega þegar verið er að tala við þá nema hæstv. forseti og formaður fjárln., einn af verkalýðsleiðtogum þjóðarinnar til skamms tíma og einn af fyrrv. leiðtogum SUJ alveg örugglega. SUJ dáir og harmar framgöngu ráðherranna, segir hér í blaði, fyrirsögn. Dáir og harmar, það er ekki dáinn, horfinn, nei. Það er dáir og harmar. Þar segir að Samband ungra jafnaðarmanna mótmæli öllum skerðingum ríkisstjórnarinnar á fjárframlagi til menntamála. Það er greinilegt að hæstv. utanrrh. hefur ekki lesið þetta. Lýst er vonbrigðum með framgöngu þingflokks Alþfl. við afgreiðslu fjárlaga þar sem Háskóli Íslands var þvingaður til að leggja á skólagjöld. Þá skora ungir jafnaðarmenn á þingflokk sinn að styðja ekki frv. menntmrh. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nú vill svo til samkvæmt upplýsingum sem fram eru komnar að þetta er ekki bara frv. menntmrh., þetta mun vera stjfrv. Umhvrh., utanrrh., heilbrrh., félmrh. munu standa að þessu — og iðnrh. Við skulum ekki gleyma honum. Ég vona að hann frétti þetta aldrei. Allir fimm styðja væntanlega þetta frv. menntmrh. og eru sérstakir flutningsmenn þess. Þeir segja að frv. sé þannig að það gerbreyti stefnu Alþfl., það er ekkert annað, í þessu grundvallarmáli. Samband ungra jafnaðarmanna krefst þess að nú þegar verði fjárframlög til Háskóla Íslands aukin og heimildir til innheimtu innritunargjalda verði afnumin. Það er nefnilega það. Ég vona að þetta mál verði rætt í menntmn., fyndist eðlilegt að kalla þar fyrir formann SUJ, Sambands ungra jafnaðarmanna, og fara aðeins yfir málið og spjalla við hann. Er hann ekki að vestan sá? Ég held að hann sé frá Vestfjörðum. Þeir eru þekktir fyrir það að geta talað, a.m.k. þeir sem eru í Alþfl. Ég held að ástæða væri til þess að fara aðeins yfir það með forustu Sambands ungra jafnaðarmanna.

Hæstv. menntmrh. svaraði áðan í andsvörum nokkrum atriðum og ég hef komið inn á mörg þeirra núna. Hann sagði að skólagjöld við Háskóla Íslands

yrðu lánshæf eins og þetta liti út í dag. Ég vil spyrja hann að því hvað sú ákvörðun þýðir í útgjöldum fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna að leggja á skólagjöld í Háskóla Íslands. Hvað þýðir það í útgjöldum fyrir LÍN samkvæmt væntanlegum úthlutunarreglum skulum við segja? Í öðru lagi tók ég eftir þeim orðaskiptum sem fóru fram á milli hæstv. menntmrh. og hv. 7. þm. Reykn. varðandi framhaldsnám erlendis. Ég vil biðja hæstv. menntmrh. um að íhuga aðeins nánar hvort það er að öllu leyti sanngjarnt hvernig að þeim afgreiðslum er staðið. Það er þannig að ef íslenskir námsmenn eru í framhaldsnámi erlendis, jafnvel á einhverjum styrkjum frá viðkomandi skólum og/eða launum, þá mun lánasjóðurinn ætla að innheimta afborganir af gömlum lánunum sem menn hafa tekið á meðan þeir voru í aðfaranáminu. Tökum dæmi af læknum sem hafa verið hér í námi í sex eða sjö ár og hafa verið með lán frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Þeir fara út til Bretlands eða Bandaríkjanna, Bretland er algengt nú orðið. Þeir fara þangað til náms og vinna á sjúkrahúsi og fá einhverjar greiðslur fyrir en það eru ekki laun í eiginlegum skilningi, það eru styrkir. Það eru tiltölulega mjög lágar upphæðir, a.m.k. í nokkrum tilvikum sem ég þekki til. Þá er gert ráð fyrir því núna hjá Lánasjóði ísl. námsmanna að innheimta afborganir af gömlu lánunum meðan læknarnir eru í þessu framhaldsnámi. Ég hélt að þetta væri bersýnilega ósanngjarnt en mér skilst að skrifstofa lánasjóðsins hafi úrskurðað að það ætti að fara með þetta mál með þeim hætti að taka af þeim þessar afborganir. Út af fyrir sig er örugglega rétt að engar heimildir eru í skuldabréfunum til að fresta þessum afborgunum eins og skuldabréfin eru. Það getur því verið að það þyrfti að gefa út ný skuldabréf. Ég er viss um að það er heimild til þess að gefa út ný skuldabréf og þyrfti þá að breyta þeim skuldabréfum sem menn hafa þegar undirritað í þessu sambandi.

Ég hef hér, virðulegi forseti, farið yfir þessi mál, bæði almennt frá liðnum árum þau grundvallaratriði sem þetta frv. snertir, og þær breytingar í einstökum atriðum sem frv. tekur á. Ég ætla að enda mál mitt með því að segja það að ég tek undir það sem fram hefur komið hjá öðrum talsmönnum Alþb. í þessum umræðum að ég held að það sé mjög varasamt sem menn eru að gera hér. Menn eru í raun og veru að brjóta niður lífskjarajöfnunareðli þessa sjóðs. Sjóðurinn stenst ekki þannig. Hann stenst ekki sem hluti af neinni uppbyggilegri menntastefnu ef þetta fer í gegn og hann stenst heldur ekki fjárhagslega vegna þess að greiðslubyrðin verður svo ofurþung, þegar fram í sækir, að fólk muni ekki ráða við þetta. Þess vegna skora ég á hæstv. menntmrh. og hv. þm. stjórnarflokkanna sem hér eru og aðra sem um málið kunna að véla að íhuga mjög alvarlega hvort hér er ekki ranglega að hlutunum staðið, hvort ekki sé skynsamlegra að setjast niður með námsmönnum og taka í þá útréttu sáttarhönd sem fram kemur m.a. í þessu frv. þar sem þeir, samstarfsnefnd allra námsmannahreyfinganna á Íslandi, bjóðast til að fara í viðræður um fyrirkomulag þessara mála til frambúðar. Ætli það sé ekki skynsamlegra og líklegra til árangurs en að vaða fram með hrottaskap í viðkvæmu máli af þessu tagi?

Margt fleira mætti auðvitað segja um aðdraganda þessara mála á liðnum árum en ég ætla ekki að þreyta menn með því, m.a. um aðdragandann að þessu árið 1982. Ég tel satt að segja að það sé ekki of mikið sagt þó að sagt sé að Alþb. eigi mjög myndarlegan þátt í þróun námslánakerfisins á undanförnum árum og áratugum. Þar hafa menn verið með almenn jafnréttis- og jöfnunarsjónarmið í huga af því að Alþb. er og hefur verið jafnaðarmannaflokkur og vill jöfnun lífskjara. Því hefur verið haldið fram, herra forseti, að við séum með besta námslánakerfi í heimi og við höfum ekki efni á því og það sé svo dýrt. Ef menn skoða þetta frv. og fskj. með því um samanburð við námslánakerfi á Norðurlöndum, þá kemur fram að ef þetta frv. verður að lögum, þá er námslánakerfið á Norðurlöndum yfirleitt betra en hér af því að það er ekki bara námslánakerfi, það er námsstyrkjakerfi. Ég held því að við séum ekki eingöngu að ráðast að jöfnunarstefnu heldur kannski fyrst og fremst að menntastefnu sem getur orðið undirstaða betri lífskjara hér í framtíðinni. Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem láta aðvörðunarorð af því tagi sem fallið hafa hér úr þessum ræðustól undanfarna daga um þetta frv. sem vind um eyrun þjóta. Málið er miklu alvarlegra en svo að menn geti leyft sér svoleiðis vinnubrögð.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna er mikið frv. og varðar afkomu fjölda fólks. Ég minnist þess fyrir 30–40 árum, og ég geri ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. muni það líka, þegar lánakjör eða styrkir námsmanna við Háskóla Íslands voru á þann veg að við sem ekki áttum ríka að gátum ekki fengið neina styrki vegna þess að við urðum að vinna fyrir okkur. Mér sýnist að við séum örlítið að hverfa í þá átt aftur.

Samkvæmt lögum íslenska ríkisins lýkur framfærsluskyldu foreldra við 18 ára aldur. Þeir sem eru í skóla 18 ára eru sjálfsagt flestir þannig settir félagslega séð að þeir eiga styrkan stuðning foreldra sinna áfram. En það er ekki sjálfgefið að svo sé og þarna er því komið að vendipunkti í tilveru nokkuð stórs hóps ungmenna sem verður að sjá fyrir sjálfum sér og jafnframt að ganga í skóla. Margir þeirra hafa verið í iðnnámi en auðvitað í öðrum skólum líka. Ég þekki nokkuð mörg dæmi um að ungt fólk, 18 ára og jafnvel yngra, þarf að sjá fyrir sér og á ekki í styrki að sækja nema því aðeins að það sé í verknámi og það ekki einu sinni í öllu verknámi heldur bara sumu.

Lánasjóður ísl. námsmanna hefur verið þannig hingað til að hann hefur mismunað fólki frá 18 ára aldri. Hæstv. menntmrh. gerði nokkuð mikið úr því að stúlka sem væri í náttúrufræðideild fengi engan styrk en piltur sem væri að læra rafvirkjun fengi styrki frá 18 ára aldri og væru þau þó systkin og byggju við sömu aðstæður. Þetta er rétt svo langt sem það nær en Lánasjóður ísl. námsmanna hefur mismunað verr en þetta hingað til því sumt verknám hefur verið lánshæft en

annað ekki. Nægir að nefna þar t.d. sjúkraliðanám þar sem fólk fékk ekki styrk úr lánasjóðnum fyrr en það var komið á síðasta ár en piltar gátu byrjað miklu yngri og miklu fyrr að fá lán ef þeir voru í iðnnámi. Svona mismunun hefur lánakerfið, sem við eigum við að búa, boðið upp á. Þar hafa verið ýmsir fleiri vankantar. Ég hef ekki getað betur séð en þetta kerfi hafi bæði verið vinnuletjandi og líka launaletjandi, þ.e. að ungt fólk sá sér ekki hag í því að vinna nema mjög takmarkað með námi, jafnvel þótt það gæti það, vegna styrkjakerfisins. Svona hluti þarf auðvitað að lagfæra. Það þarf bæði að bæta það að allir sem eru í sams konar námi sitji að sömu kjörum og eins það að fólk sjái sér ekki hag eða óhag réttara sagt í því að vinna og afla sér fjár vegna þess að þá á á vísan að róa í lánasjóðnum. Svona vitleysa á náttúrlega ekki að líðast.

Kerfið sem nú er boðið upp á í þessu nýja lagafrv. er sýnu verra finnst mér vegna þess að nú á það unga fólk sem ætlar sér að fara í verknám eða starfsnám að bíða í tvö ár þangað til það getur farið að fá styrki til þess að læra til lífsstarfsins meðan þeir sem taka stúdentspróf, hvort sem þeir eru 17, 18 eða 20 ára, geta strax farið að fá styrki. Þetta er mismunun sem ég get ekki séð að sé hæf. Ég held það væri sýnu nær að fólk ætti möguleika á námslánum alveg frá 18 ára aldri. Einnig hefur hæstv. menntmrh. rætt um það að breyta stúdentsprófskerfinu þannig að því ljúki við 18 ára aldur. Þá yrði mismununin enn þá hrikalegri ef allir nemendur yrðu stúdentar 18 ára og færu í styrkhæft framhaldsnám meðan verkmenntafólkið ætti ekki sömu möguleika.

Ég hef alltaf litið svo á að Lánasjóður ísl. námsmanna styrkti fólk til tvenns. Annars vegar til frekari fræðiiðkana og náms og hins vegar til að búa sig undir lífsstarf. Þörf þjóðarinnar er þannig varið að við þurfum bæði fólk með trausta undirstöðu og gott verknám, kannski ekki svo afskaplega mörg ár en mjög traust verknám, og hins vegar lengra almennt skólanám og síðan viðbótarnám á háskólastigi. Það unga fólk sem núna stendur frammi fyrir því að velja verknám eða háskólanám, langt háskólanám sem hugsanlega veitir því hærri laun, mun vafalaust hika við að fara í verknámið hversu vel sem það væri hæft einmitt til þeirra starfa. Þetta er vandamál. Þeir munu hika við það og fara kannski heldur í nám sem ekki hæfir því eins vel vegna þess að lánakjörin eru mikið betri og þar af leiðandi velja nemendur það.

Ég hef nú þegar heyrt frá sérskólanemum sem láta í ljós ótta við það að taka lán og verða svo ekki búnir að borga þau þegar komið er á ellilaun. Þeir segja eins og vonlegt er: Við getum ekki þetta, þetta er ekki hægt að fara út í. Jafnframt get ég ekki betur séð en að þetta kerfi muni hvetja til þess að reynt verði að koma bæði fósturnámi, þroskaþjálfaskóla og fleiri skólum, hugsanlega bændaskólunum líka, upp á háskólastig, jafnvel þótt ekki sé þörf á því. Mér finnst að háttvirtir forustumenn þjóðarinnar, bæði forustumenn Alþfl. og Sjálfstfl. ættu að leggja vel eyrun við þessu. Ég veit að tilhneiging mun verða til þess að ýta þessu námi upp á háskólastig þó ekki sé þörf á því. Ég held að þjóðhagslega séð sé miklu hagkvæmara að þessir sérskólar, sem ég var að nefna, séu ekki endilega á þessu langa háskólastigi heldur á því sem kallast „college-stig" sem er styttra nám og ekki háskólanám. Þetta álít ég að hæstv. menntmrh. ætti að athuga og gefa orðum þessa unga fólks gaum sem segir nú þegar: Við erum óttaslegin, við þorum ekki að taka þessi lán vegna þess að þau verða okkur ofurefli og við getum ekki staðið undir því á gamals aldri að skila nokkurra milljóna kr. skuld til barnanna okkar. Það er líka fortíðarvandi.

Eins og ég sagði þá er þetta óráðlegt, ekki bara fyrir unga fólkið heldur fyrir okkur sjálf, íslensku þjóðina, að beina því fólki sem hugsanlega hefur besta hæfilega til að fara í umönnunarþjónustu, eins og fósturþjónustu og þroskaþjálfun, beina því inn á miklu lengri og kannski þjóðhagslega óhagkvæmari braut.

Afborgunarreglurnar, eins og ég var að nefna, eru hættulegar. Þær munu letja fólkið, þær munu ýta því frá þessu stutta námi, þær munu reyna að troða því yfir í nám þar sem er meiri launavon hvert sem hugur þeirra að öðru leyti stefnir. Ég get ekki látið hjá líða að minna á að við erum að fara inn í eitthvert náið samstarf, eftir því sem ríkisstjórn þessi vill, við Evrópskt efnahagssvæði. Ef hæstv. menntrmh. ræðir við forustumenn í menntamálum innan þess svæðis þá mun hann vafalaust fá að kynnast því að þeir leggja mikla áherslu á aukna verkmenntun, aukna menntun þess fólks sem nú á ekki lengur að fá námslán vegna þess að við stefnum í geysimikla samkeppni og það verður lögð höfuðáhersla á mikla verklega færni og mikla afkastagetu. Þeir sem verða undir í þeirri samkeppni munu heldur ekki eiga auðvelt með að taka þátt í þessu samstarfi. Það er því lífsnauðsyn fyrir íslensku þjóðina, ef við ætlum að taka þátt í Evrópusamstarfinu, að styrkja alla verkmenntun í landinu. Ef taka á Lánasjóð ísl. námsmanna af verkmenntafólkinu sé ég ekki annað ráð en að stofna nýjan sjóð, verkmenntasjóð landsmanna. Ef það er gert væri líka hægt að kalla þetta frv. réttu nafni, þ.e. frv. til laga um lánasjóðs íslenskra stúdenta í langskólanámi. Mér sýnist að það stefni í að það séu þeir sem fá þarna lán.

Þeir sem áttu ekki möguleika fyrir 30 árum á að fá styrk frá háskólanum af því þeir þurftu að vinna fyrir námi mundu í dag líka eiga erfitt með að fá ábekinga til að skrifa upp á lán upp á 2–4 millj. kr. Þar af leiðandi held ég að það sé skynsamlegra að það séu fleiri lægri lán og þá er auðveldara fyrir þá að kljúfa það. Við verðum að gæta þess að í hópi þeirra sem ekki eiga aðstandendur sem geta stutt þá meira og minna á þessari námsbraut er mikið af efnilegu fólki sem við höfum ekki efni á að missa frá námi. Við eigum að geta styrkt það fólk líka.

Ég ætla þá að ljúka máli mínu núna og á kannski eftir að segja eitthvað í næstu umræðu. — [Fundarhlé.]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh. er væntanlegur í salinn á hverri stundu og

þar sem ég mun tala mjög stutt mál vil ég gjarnan fá að hinkra eftir honum. Ég geri ekki ráð fyrir að það verði langur tími, hann tjáði mér að hann væri væntanlegur — og það var rétt, því hér er hann kominn.

Virðulegi forseti. Það eru ekki margar athugasemdir sem ég ætla að gera við þetta frv. Aðrar kvennalistakonur hafa nú þegar fjallað í ítarlegu máli um það hver áhrif vaxtagreiðslur og breytingar á kröfum um endurgreiðslur hafa og ég tek undir það. Ég tel að hér sé verið að stíga mjög alvarlegt skref og það í ranga átt.

En það sem ég vil gera hér að umræðuefni er að lýsa eftir menntastefnu því ég tel að lög um Lánasjóð ísl. námsmanna hljóti að bera vott um menntastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég vil þá sérstaklega taka fyrir það aldursmark sem sett er í þetta frv. þar sem gert er ráð fyrir að ekki verði veitt námslán til þeirra sem ekki hafa náð 20 ára aldri. Ég tel það mjög alvarlega þróun, einkum vegna þess að þarna er beinlínis verið að beina fólki frá verkmenntanámi og gera breytingar á þeirri stefnu, sem verið hefur, að hægt sé að velja sér stutt starfsnám en beina ekki öllum í háskóla. Þetta mun einnig, eins og hv. síðasti ræðumaður Guðrún J. Halldórsdóttir benti á, verða til þess að aukinn þrýstingur verður á skóla að vera taldir á háskólastigi. Þarna er í rauninni verið að stíga mjög óskynsamlegt skref og ég treysti því að í hv. nefnd verði þetta tekið sérstaklega fyrir.

Ég vil benda á að ég er ekki fullánægð með það ástand sem við höfum nú í skólum þar sem mikið er um að skólar sem ættu að vera á framhaldsskólastigi hafa verið leynt eða ljóst settir á háskólastig með einum eða öðrum hætti. Ég tel að það þurfi að vera svigrúm fyrir verkmenntunarnám og annað styttra nám yngri nemenda og þá nám sem leiðir til lokaprófs en ekki sé byrjað á öllu við 20 ára aldur. Það er ljóst að námslán skipta marga sem eru í sínu lokanámi, t.d. starfsnámi, miklu máli og valda miklu um hvaða nám er valið.

Ég er út af fyrir sig ekki að gera athugasemdir við það að ýmsir skólar séu nú að færast upp á háskólastig og nefni t.d. listaskólana. Í sjálfu sér er orðið tímabært að hér verði til listaháskóli en ég hlýt að spyrja, hver sá undirbúningur sé sem fólki stendur til boða undir þessa skóla. Ég held að það þyrfti að vera til annað stig þar á undan sem gæti leitt til lokaprófs og jafnframt til framhaldsnáms. Ég bendi á að sá niðurskurður í skólakerfinu, hinn almenni niðurskurður sem við höfum nú þegar setið undir að meiri hluti Alþingis hefur samþykkt leiðir til mikils niðurskurðar í framhaldsskólakerfinu. Það er mjög bagalegt vegna þess að hann mun ekki síst bitna á verknámi. Þannig er á fleiri en einn hátt verið að vega að þeirri menntastefnu sem ég held að hljóti að verða að hafa í heiðri, þ.e. að gefa nemendum raunverulegt val um lífsstarf og undirbúning undir það með menntun. Þetta eru þær athugasemdir sem ég tel að sé mjög mikilvægt að komi fram. Jafnframt vil ég benda á að á 113. löggjafarþingi og raunar á einu þingi þar á áður var flutt frv. undir forustu kvennalistakonunnar Þórhildar Þorleifsdóttur um breytingar á lögum um námslán og námsstyrki þar sem gert var ráð fyrir því að einstæðir foreldrar gætu fengið fjárhagsaðstoð og ég vil sérstaklega benda á að þar gert ráð fyrir möguleika á aðgangi að lánasjóði óháð aldri eða eðli náms. Ég tel þetta mjög brýnt réttindamál, ekki síst vegna þess að í ljós hefur komið að mjög algengt er að ungir einstæðir foreldrar hverfi frá námi. Það er mjög vond þróun. Ég vil líka benda sérstaklega á að þetta er hópur sem býr við lægstu tekjurnar í þjóðfélaginu upp til hópa. Þetta er mikið réttindamál kvenna því að enn er það þannig að meira en 90% einstæðra foreldra eru konur og það eru meira en 10 þúsund börn á framfæri þessara einstæðu foreldra. Ég held það sé alveg bráðnauðsynlegt að taka tillit til þessara aðstæðna og tek undir það að það er í rauninni mjög slæmt ef það á að fara að útiloka félagslegar aðstæður sem þessar í sambandi við veitingu námslána.

Ég vísa að öðru leyti í ræður annarra kvennalistakvenna og ætla ekki að lengja þessa umræðu hér en ég tel brýnt að þessar athugasemdir komi fram og að þær verði teknar með í umfjöllun nefndarinnar.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þær góðu og að mörgu leyti málefnalegu umræður sem hafa farið fram í dag um þetta mikilvæga mál sem er til umræðu. Ég ætla á þessu stigi ekki að hafa hér mjög langt mál. Það er alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir um ýmis atriði þessa frv. og það hefur komið fram m.a. í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, fulltrúa Alþfl. í menntmn., að það er áherslumunur um ýmis atriði milli stjórnarflokkanna í þessu. Hins vegar vil ég sérstaklega vekja athygli á því að það hafa komið fram mjög merkar yfirlýsingar frá hæstv. menntmrh. í þessari umræðu þar sem hann hefur lýst því yfir hvað eftir annað að hann sé reiðubúinn til þess að skoða ýmsar breytingar á þessu frv. Þessar yfirlýsingar hafa m.a. komið fram hér í framsögu hans fyrir frv. og jafnframt á fundi með námsmönnum í Háskólabíói. Og hann hefur sérstaklega beint því til menntmn. að kanna einstök atriði ítarlega í sinni umfjöllun. Ég tel að þessar yfirlýsingar menntmrh. setji þetta mál algerlega í nýja stöðu og ég fagna þeim. En það eru eigi að síður örfá atriði sem mig langar til á þessu stigi að drepa á.

Það er gjarnan talað um að íslenskir námsmenn hafi sérstaklega mikið ráðstöfunarfé til umráða frá lánasjóðnum í samanburði við námsmenn annarra landa. Því er jafnframt oft borið við að þeir hafi meira fé til ráðstöfunar en námsmenn þeirra þjóða sem við miðum okkur gjarnan við, t.d. í velferðarsamfélögum á Norðurlöndunum. Þess vegna er afskaplega fróðlegt að lesa þá töflu sem birt er á bls. 26 í frv. þessu. Þar kemur m.a. fram, svo að ég taki tvö dæmi, að norskur námsmaður hefur frá norskum stjórnvöldum til umráða í íslenskri mynt sem svarar 49.050 kr. á mánuði og vissulega er nokkur hluti þess styrkur. En námsmaður frá Íslandi sem nemur í nákvæmlega sama umhverfi við hlið hins norska námsmanns hefur til umráða frá Lánasjóði ísl. námsmanna örlítið minna eða

47.420 kr. Við getum líka tekið Svíþjóð sem dæmi. Þar er hinn íslenski námsmaður með 48.390 en sá sænski er með 63.120 kr. og þar af eru 18.700 í styrk. Þetta sýnir, frú forseti, að það er ekki fullkomlega rétt þegar menn eru að halda því fram að íslenskir námsmenn hafi meira fé til ráðstöfunar en hinir erlendu. Það er að vísu rétt að hið íslenska kerfi hefur þá sérstöðu umfram t.d. þau kerfi sem námsmenn á Norðurlöndum búa við að þar er tekið sérstakt tillit til félagslegra aðstæðna og ég verð að segja það að hingað til hafa Íslendingar verið stoltir af þessu og vilji menn hverfa algerlega frá þessu þá finnst mér að beri nýrra við.

Það er líka rétt að vekja athygli á því í þessu máli að íslenskir námsmenn eru yfirleitt eldri en félagar þeirra í öðrum löndum þegar þeir fara í háskólanám, þ.e. hér ljúka menn ekki stúdentsprófi fyrr en þeir eru tvítugir en gjarnan 18 vetra á öðrum Norðurlöndum og í öðrum löndum í Evrópu þannig að þeir eru yfirleitt komnir lengra á veg með að stofna fjölskyldur heldur en félagar þeirra í öðrum löndum og þess vegna er það ekkert óeðlilegt að þessu atriði sé gefinn sérstakur gaumur.

Sömuleiðis er því fleygt og því hefur verið fleygt í þessari umræðu að endurgreiðslur séu mun erfiðari í ýmsum öðrum löndum. Ég vil þá aftur líta til þessara tveggja landa. Ef við lítum t.d. á Noreg, þar eru endurgreiðslur tekjutengdar fyrstu þrjú árin, ef ég man rétt, þannig að námsmenn greiða sem svarar 5,25% af tekjum sínum af lánum og afgangurinn er síðan greiddur á allt að 15 árum. Þetta er hægt að lesa á bls. 24 í frv.

Í Svíþjóð er kerfið enn hagstæðara fyrir námsmenn. Þar greiða þeir 4% árlega af tekjum sínum af lánunum nema þá aðeins þeir sem festa sig í búsetu erlendis, þ.e. utan Svíþjóðar að námi loknu, þá greiða þeir mun hraðar niður. Ég vek athygli á því að í umræðum um þetta mál hefur komið fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það sé vel íhugunarvirði að beita einhverju svipuðu á íslenska kerfið. Og ég vil lýsa því yfir að ég tel, miðað við það erfiða ástand sem við búum við, sé þetta atriði sem menn eigi að íhuga.

Jafnframt vil ég drepa á mál sem ég þekki talsvert af eigin reynslu. Ég veit að það er afskaplega erfitt að fara í langt nám eins og til að mynda doktorsnám. Slíkt nám er geysilega dýrt og menn binda sér þunga skuldabagga meðan á því stendur. Hins vegar er nám af því tagi yfirleitt mjög mikilvægt. Það skilar sér oft, ekki síst löng og mikil menntun í raunvísindum, í verkefnum sem koma strax að notum í atvinnulífi eða í einstökum verkefnum í framleiðslu. Hins vegar er alveg klárt að óttinn við miklar námsskuldir letur mjög gott námsfólk til þess að fara í langt nám. Þetta hefur nú þegar komið fram hér á Íslandi í því kerfi sem við búum við núna. Nú þegar búum við við skort á menntamönnum í ýmsum sérhæfðum greinum og ég nefni eina grein sem skiptir miklu máli fyrir íslenskt samfélag, þ.e. fiskifræði. Ég veit ekki betur en nú sé skortur á fiskifræðingum og það er ekkert efamál í mínum huga að það er fyrst og fremst vegna þess að nám af þessu tagi er afskaplega langt og afskaplega dýrt og jafnvel það kerfi, sem við búum við núna, letur menn til að fara í svo langt nám. Ef menn þess vegna hyggjast með einhverjum hætti breyta endurgreiðslum og þyngja þær verulega þá er ég hræddur um að það verði til þess að gott námsfólk hættir við að fara í svona langt nám. Og það mun vitaskuld verða þegar fram í sækir erfitt fyrir íslenskt samfélag.

Vissulega er það í umræðunni að koma upp sérstökum styrkjum fyrir þá sem hyggja á langa skólagöngu en ég tel að það þurfi að taka mun sterkar á því og gera það mun skilmerkilegar í því frv. sem nú liggur fyrir.

Það eru ýmis atriði önnur sem hér hefur verið drepið á, m.a. auknar takmarkanir eða hömlur á því að veita lán til þeirra sem vilja fara í stutt iðnnám, séu þeir ekki orðnir tvítugir. Á sínum tíma var þetta mikið baráttumál, ekki bara fyrir námsmannahreyfingarnar heldur líka fyrir verkalýðshreyfinguna og ég hygg að það verði spor aftur á bak ef menn ætla sér að breyta þessu á hinn verra veg en ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. menntmrh. hefur rætt þetta mál og fyrr í umræðunni vísaði hann því til menntmn. að taka þetta sérstaklega til endurskoðunar, eða svo skildi ég það a.m.k.

Það atriði sem skiptir einna mestu máli fyrir námsmenn dagsins í dag og menntamenn framtíðarinnar eru endurgreiðslurnar. Það er nauðsynlegt að skoða þær mjög vel. Verði þær of harðar þá verka þær í fyrsta lagi letjandi á menn til þess að fara í langt og sérhæft nám og í öðru lagi er hætta á því að of harðar endurgreiðslur hvetji okkar bestu námsmenn til að taka upp varanlega búsetu erlendis þar sem launakjör eru hærri og betri heldur en hér og jafnframt auðveldara að komast inn í húsnæðiskerfið. Ég vil þess vegna segja að mér líst vel á þær tillögur sem hafa komið úr hópi námsmanna um tekjutengt endurgreiðsluhlutfall.

Það sem mér finnst líka afskaplega erfitt varðandi það frv. sem hér liggur fyrir eru þau áhrif sem það kann að hafa á menntamenn framtíðarinnar að því er varðar húsnæðiskerfið. Mér sýnist næsta auðvelt að reikna það út að miðað við það kerfi sem er lagt til í þessu frv. þá muni reynast afskaplega örðugt fyrir marga menntamenn með meðaltekjur að komast inn í húsnæðiskerfið. Það tel ég auðvitað afar slæmt. Slíkt kerfi og slíkar breytingar geta ekki annað en hvatt til þess að menntafólk hverfi til búsetu erlendis þar sem er miklu auðveldara fyrir það að komast inn í húsnæðiskerfið. Ég vek sérstaklega eftirtekt á því að með þeim breytingum sem kunna að verða varðandi samskipti okkar við Evrópu og mögulega aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu þá verður auðvitað miklu auðveldara um vik fyrir íslenska menntamenn að taka upp fasta búsetu erlendis. En einmitt hér skipta yfirlýsingar menntmrh. miklu máli. Hann hefur tekið á hugmyndum námsmanna af mikilli vinsemd. Hann lét svo ummælt hér á þingi að það bæri að kanna sérstaklega hugmyndir námsmanna um tekjutengt endurgreiðsluhlutfall eða eins og hæstv. menntmrh. Ólafur Garðar sagði í ræðu sinni hér 11. febr., með leyfi forseta:

„Mér þykir t.d. rétt að athugað verði sérstaklega hvort réttlætanlegt er eða hvort það er yfirleitt mögu-

legt að tekjuhærri einstaklingar greiði hærra hlutfall en hinir tekjulægri á endurgreiðslutímanum."

Ég er mjög sammála því að þetta verði kannað sérstaklega. Ég tel að þeir sem sökum náms, sökum mennta, sem þeir hafa aflað sér, lenda í háu tekjuþrepi eigi að greiða hraðar niður en hinir. Og ég vek athygli á því að að sjálfsögðu mun það leiða til þess að peningarnir skila sér hraðar til sjóðsins og greiðsluflæðið verður betra. Ég tel sjálfur að hér sé um mjög merka yfirlýsingu að ræða hjá ráðherranum sem setur málið í algerlega nýja stöðu og ég styð það að þessar hugmyndir námsmanna verði skoðaðar sérstaklega í menntmn. Áður en búið er að gera það tel ég að það sé ekki hægt að fella endanlegan dóm um það hvernig hin nýju lög munu hafa áhrif á menntamenn framtíðarinnar. Þess vegna hvet ég til þess að þetta mál sérstaklega verði tekið til djúprar skoðunar í menntmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hjó eftir því að hv. 17. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson sagði í ræðu sinni áðan að það væri mjög mikilvægt að halda hinu félagslega tilliti sem nú væri í lögum um námslán og hann sagði: Íslendingar eru stoltir af þessu félagslega tilliti og vilji menn hverfa frá því þá bregður nýrra við. Nú vil ég upplýsa hv. 17. þm. Reykv. og þingflokksformann Alþfl. að á fundi sem haldinn var í Háskólabíói nú fyrir helgina eyddi formaður Alþfl. mjög miklu af sínum tíma í það að ræða einmitt þá hugmynd að taka fjölskyldutillit út úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann lagði mikla áherslu á að þetta þyrfti að gerast, þetta væri sín skoðun og þetta þyrfti að gerast. Og hann sagði: Það eru til önnur kerfi í landinu til að sinna fjölskyldunum, og var þá væntanlega að vísa á það barnabótakerfi sem undanfarið hefur verið skorið nokkuð hressilega niður af núv. ríkisstjórn. Hann vísaði sem sagt á barnabótakerfið og sagði að það væri sín skoðun að það ætti að taka fjölskyldutillitið út úr lánasjóðnum. Og auðvitað hlýtur þetta að vekja nokkurn ugg meðal námsmanna vegna þess að úr lögunum, eins og þau eru núna, er verið að taka þá málsgrein sem tryggði þeim ákveðinn rétt, tryggði þeim ákveðið fjölskyldutillit þannig að það mætti ætla að það lægi beint við að breyta þá úthlutunarreglunum á þá lund að ekki verði tekið tillit til barna námsmanna í framtíðinni. Ég vil fá skýrt svar við því hvort um þetta sé málefnaágreiningur í Alþfl. og þingflokksformaðurinn sé á allt öðru máli heldur en flokksformaður.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði hér áðan þá hefur hæstv. menntmrh. lýst því yfir að þetta mál sé til skoðunar og þetta frv. er til skoðunar hjá menntmn. Það er alveg ljóst að þetta frv. er að því leyti til öðruvísi en mörg önnur að ráðherrann hefur lýst því yfir að hann vilji taka viðhorf námsmanna til vinsamlegrar athugunar og áður en sú vinna er búin í menntmn. þá held ég að menn ættu að spara sér allar yfirlýsingar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli þingmanna og sérstaklega þingflokksformanns Alþfl. á því að ég var ekki með neinar yfirlýsingar. Ég spurði einfaldrar spurningar. Er málefnaágreiningur milli þingflokksformannsins og formanns Alþfl. um þetta efni? Ég var ekki að tala um hæstv. menntmrh. í þessu tilviki eða hans hugmyndir eða hvaða tillit hann mundi taka þegar þar að kæmi að farið væri að vinna þetta mál í menntmn. Ég var að spyrja um grundvallarágreining í Alþfl., hvort hann væri til staðar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram miklar umræður um Lánasjóð ísl. námsmanna. En það hefur verið dálítið bagalegt að hluti af þeirri umræðu hefur ekki farið fram á íslensku og ákaflega sérstætt að menntmrh. þjóðarinnar gangi fram fyrir skjöldu og ræði um mál eins og Lánasjóð ísl. námsmanna án þess að nota íslensku. Ég verð að segja eins og er að þetta hefur skapað verulegan vanda og valdið mér hugarangri ef þessi stefna á að vera viðvarandi.

Ég hef leitað að orðinu fortíðarvandi bæði í þeirri bók sem kennd er við Blöndal og einnig nýrri útgáfu og þetta orð er ekki til. Það er til ein skilgreining á þessu orði hjá hæstv. ríkisstjórn þar sem hún felur ákveðinni nefnd ákveðið verkefni. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er orðið fortíðarvandi hugsað á þann veg að ef sjóður á ekki fyrir skuldum, hætti hann út- og innlánum á þeim tímapunkti sem nefndin var skipuð, þá búi sjóðurinn við fortíðarvanda. Nú er farið að nota orðið á þann hátt að Lánasjóður ísl. námsmanna búi við fortíðarvanda. Það er þó vitað að hann á fyrir öllum sínum skuldum. Mér er gjörsamlega óskiljanlegt, herra forseti, hvernig hægt er að halda umræðu áfram án þess að settur sé túlkur við hlið þessara manna til að skilgreina hvað þeir eru að tala um. Hver er forsendan fyrir því að hæstv. menntmrh. leyfir sér í þingsölum að tala á öðrum tungumálum en íslensku úr þessum ræðustól þegar hann er að ræða þessi mál? (**Menntmrh.**: Ég átti ekki frumkvæði að því að nota þetta orð, ég var að svara ræðu.) Það er engin afsökun hjá hæstv. ráðherra að það þurfi að skipta af íslenskri tungu yfir í einhver orðskrípafræði hér á þeirri forsendu að verið sé að svara því sem verið er að bera upp í þinginu. Ég mundi mælast til þess einnig við hv. þm. Kvennalistans að þeir haldi sig við íslensku í þessum efnum og ef þær þurfa að nota þetta orð að þær skilgreini hvað þær eru að tala um meðan ekki er hafður túlkur til þess að gera grein fyrir því hver sé hugsunin á bak við þetta. Mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. notar þetta orð eftirleiðis að það fáist skilgreint, það verði sent til Orðabókar Háskólans sem nýyrði í íslenskri tungu og kannað hvort nýyrðið hlýtur samþykki þar.

Ég vil aftur á móti víkja hér að frv. sem slíku og tala um þá stefnumörkun sem í því felst. Mér finnst það sérstæða við þá stefnumörkun að í staðinn fyrir að Alþingi Íslendinga sé gerð grein fyrir heildstæðri menntastefnu núv. ríkisstjórnar þá staðsetur hæstv.

menntmrh. sig í lánasjóðnum og horfir á þjóðfélagið og menntamenn út frá því hvað hann telur að séu hagsmunir lánasjóðsins. Nú er það svo að við erum hér í þessum sal kosnir til þess að gæta hagsmuna þjóðarinnar og hljótum að verða að horfa á þetta mál út frá þeim hagsmunum. Ef kostnaður íslenskra námsmanna við nám verður stórlega hækkaður þá hlýtur það að hafa í för með sér þá kröfu að menntamenn þessa lands munu krefjast þess að fá launahækkun. Það er mjög trúlegt að sú krafa komi strax fram. Af þeim sem stunda háskólanám og koma til starfa hér innan lands fer mjög stór hluti í störf hjá ríkinu. Það má ganga út frá því sem vísu að sú krafa sem kæmi fram um launahækkun hjá þessum starfsmönnum mundi strax leiða til stórkostlegra átaka milli ríkisstarfsmanna og ríkisins, milli annarra launþega í landinu og þeirra viðsemjenda og þannig værum við að kasta boltanum í þá veru að *menn væru raunverulega að efla hér stéttastríð*. Mér þykir aftur á móti vænt um það og það vil ég virða við hæstv. ráðherra og er honum til mikilla málsbóta að þegar hann hefur talað um þetta mál alllengi og setið undir harðri umræðu þá hefur hæstv. menntmrh. verið maður að meiri fyrir það að hann er reiðubúinn til að vera ekki sá bókstafstrúarmaður að hann geti ekki bakkað frá vissum atriðum sem ekki fá staðist þegar menn hafa skoðað þau af íhygli. Þetta virði ég við hæstv. menntmrh. Ég virði það jafnframt við hv. 17. þm. Reykv. að hann vill að þetta mál verði skoðað vel í nefnd, farið yfir það og að þar reyni menn að komast að einhverri niðurstöðu sem gæti þó verið á breiðari grunni en það sem upphaflega var rætt um.

Ég segi eins og er að ég óttast að þær hugmyndir, sem hér koma fram, kalli á stéttastríð í landinu. Nýtt tímabil átaka á vinnumarkaðinum. Ég óttast líka að ef þetta er sett fram með þeim hætti sem hér er verið að tala um séu menn að ýta út af borðinu möguleikum hjá stórum hópi Íslendinga til að komast inn í húsnæðislánakerfið. Ég tel hreinlega að það gangi ekki upp hjá Alþingi Íslendinga að horfa á þetta mál án þess að *horfa á það í samhengi*, þ.e. *húsnæðismálin* og þetta mál. Auðvitað geta einhverjir menn úti í bæ horft á þetta bara út frá hagsmunum lánasjóðsins. Hér í þessum sal hljóta menn að horfa bæði á þessa lagsetningu og einnig á lögin um húsnæðismál og reyna að láta þetta passa saman. Það var gert 1982. Þess vegna eru ákvæðin um lífeyrissjóðsgreiðslurnar inni.

Ég tel að eitt atriðið í þessu sem hér hefur verið rætt þó nokkuð fram og til baka hljóti að koma einnig til álita og það er það hvort skilyrðislaust eigi að vera eitt skuldabréf í lokin. Það er mikill misskilningur að þeir sem stóðu að því á Alþingi Íslendinga, og þar á meðal sá sem hér stendur, að hafa þetta á þennan veg hafi gert það af einhverjum misskilningi. Við litum einfaldlega svo á að þótt maður treysti sér til að gangast undir ábyrgð hjá viðkomandi *námsmanni sé ekki* sjálfgefið að sami ábyrgðarmaður treysti sér til að fylgja þeirri upphæð áfram án tillits til þess hversu há hún verður. Þess vegna tek ég fullkomlega undir það sem hér hefur komið fram og 10. þm. Reykv. hefur m.a. verið talsmaður fyrir að rökrétt sé að hafa það opið að fleiri en eitt eða fleiri en tvö skuldabréf verði gefin út til að tryggja það að ábyrgðarmennirnir geti verið fleiri. Það er nefnilega hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að menn þurfa að gera sér grein fyrir því þegar þeir skrifa undir ábyrgðir að þeir eru að skrifa undir ábyrgðir. En hæstv. ráðherra getur ekki á sama tíma gert ráð fyrir því að sá maður sem í fyrsta skipti skrifar undir hjá ungum námsmanni sjái fyrir hvaða blöð komi næst og þar næst. Það er gjörsamlega vonlaust að gera ráð fyrir þeirri framsýni hjá manni sem skrifar undir fyrsta skuldabréfið.

Ég hef talað um það hér og vil enn ítreka það að að mínu viti skiptast lánþegar hjá Lánasjóði ísl. námsmanna í tvo hópa. Annars vegar í þann hóp sem stundar sitt nám og starfar hér á landi að námi loknu. Hins vegar þann hóp, sem vissulega stundar sitt nám, en starfar erlendis að námi loknu. Sá sem stundar sitt nám *og starfar hér að námi loknu greiðir til baka að fullu* öll sín námslán. Hann greiðir þau til baka með tvennum hætti. Annars vegar greiðir hann þau til baka í gegnum skuldabréf lánasjóðsins og hins vegar með sköttum sínum til þessa samfélags. Með sköttum sínum til samfélagsins er hann að greiða þann hluta sem upp á vantar. Hinn sem stundar sitt nám hér og hlýtur sín námslán en flytur af landi brott, gerist t.d. læknir í Svíþjóð, greiðir aldrei til baka nema hluta af námsláninu, hluta af þessum kostnaði hins íslenska samfélags. Sá hluti sem greiðist með sköttunum verður einfaldlega eftir og það er hárrétt athugað hjá hv. 17. þm. Reykv. að ég hef talið að við eigum að breyta þessu. Ég vil ganga það langt í þessum efnum að ég vil að þeir sem hasla sér völl og starfa ekki á Íslandi í framtíðinni þurfi að greiða námslánin til baka með vöxtum vegna þess að mér finnst það óeðlilegt að sum ríki leiki það að hafa lélegan stuðning við námsmenn en há laun við menntamenn. Þau eru raunverulega að kaupa þessa menn frá öðrum löndum inn í sitt efnahagslíf og ég veit að það eru ódýr kaup að gera þetta. Það er hagstætt að kaupa mann þegar hann er búinn að fara í gegnum háskóla, kaupa hann þá inn í t.d. sænskt samfélag og borga honum dálítið hærra kaup en hann fengi ef hann vildi starfa hér. En ég vil hvorki una Svíum né öðrum svo auðveldra leikreglna til að ná mönnum til sín. Það kannast allir við það að á sínum tíma þegar Austur-Þýskaland menntaði sitt fólk á kostnað ríkisins voru margir úr þeim hópi sem vildu flytja beint yfir í hinn vestræna heim á eftir og komast hjá því að greiða með sköttum sínum og lágum launum í Austur-Þýskalandi til baka til samfélagsins það sem þeir höfðu fengið þar. Það var miklu betra að fara yfir til Vestur-Þýskalands eða annars lands í Evrópu og njóta þess að hafa fengið menntunina heima en geta svo komist í hálaunaðan skala á eftir.

Ég tel að Íslendingar séu með þessu að tryggja það *í fyrsta lagi að nemandinn getur valið*. Gott og vel. Hann vil fara í þetta nám, hann vill læra þetta, við viljum ekki hefta það og við viljum ekki hefta það að hann flytji til útlanda á eftir. En taki hann þá ákvörðun þá greiðir hann íslensku samfélagi til baka sín námslán með vöxtum. Vissulega höfum við engu að

síður greitt mikinn heimanmund með þessum manni. Við höfum greitt fyrir hann skólakostnaðinn hér á landi.

Það er aftur á móti algjörlega andstætt öllum mínum hugmyndum um menntastefnu að setja vexti á námslánin. Ég tel að það sé gjörsamlega út í hött. Ég sé ekki skynsemina í tiltækinu. Ég sé ekki einu sinni að það sé hægt að snúa því við og segja að námsmennirnir séu til vegna lánasjóðsins en ekki lánasjóðurinn til vegna námsmannanna. Hver er ávinningurinn af því tiltæki ef við gerum þetta? Þá erum við fyrst og fremst að setja tímasprengju inn í launakerfi opinberra starfsmanna. Þá erum við að búa til vandamál sem mundi springa innan örfárra ára. Kannski strax í næstu samningum. Kannski mundum við tryggja það að mennirnir sem komust í gegnum nám á því tímabili þegar verðbólga var hvað mest og þurftu þess vegna sáralítið að endurgreiða, fái nú gott tímabil launalega séð í þessu landi. Er það sanngjarnt? Er það keppikefli að gera það? Er það það sem við stefnum að? Erum við að tryggja að skólabræður hæstv. fjmrh. eigi kost á því að fá nú sérstaka kauphækkun af því þeir sluppu við að borga sínar námslánaskuldir til baka? Þá fá þeir sérstaka kauphækkun hjá ríkinu af því að nú vill hæstv. fjmrh. setja vexti á þá sem fara í gegn í framtíðinni? Ég sé ekki nokkra vitræna stefnu í þessum hugmyndum. Ég spyr þá sem hugleiða þessi mál í alvöru: Halda þeir að það verði til bóta í kjaraátökum í framtíðinni í landinu að stilla þessu upp á þennan hátt? Halda menn virkilega að það standi til að sú æska sem fer í þessa skóla geri það síðan af góðmennsku við ríkið að búa við launakerfi sem er það lélegt að það borgar ekki upp námsskuldirnar vegna þess að vextirnir eru komnir á þær? Trúa menn því virkilega að sparnaður verði hjá ríkinu með slíkum vinnubrögðum? Ég þekki engan sem trúir því. Ekki nokkurn aðila í reynd. Það er bara horft á málið út frá lánasjóðnum ef menn vilja líta þannig á það.

Ég geri mér grein fyrir því að því ákvæði, sem sett var inn á sínum tíma um að við vildum styðja sérstaklega við verkmenntun í þessu landi, er hægt að stilla upp eins og hæstv. menntmrh. segir: Það er ekki sanngjarnt að mennirnir sem sitja hlið við hlið í fjölbrautaskóla búi við svo ólíka aðstöðu að annar fái námslán en hinn ekki. Það er hægt að stilla þessu upp á annan hátt. Líka er hægt að segja: Er sanngjarnt að maðurinn sem fer í gegnum verknám fái enga krónu í námslán en hinn sem fer í gegnum háskólann fái háa upphæð? Er það sanngjarnt? Er það eðlilegur stuðningur við verknám og bóknám? Og hvernig hyggst hæstv. menntmrh. bæta verknámið í landinu ef hann telur að taka beri burtu það sem verknámið þó hefur fengið í stöðunni?

Ég hef miklar efasemdir við að þetta hafi verið hugsað í botn. Mér er vissulega ljóst að það er hugsanlegt að menn standi þannig að málum að þeir fari í verknám. Síðan haldi þeir áfram og fari líka í háskólanám á eftir. Ég vil sjá hversu algengt þetta er og hversu hættan er stór áður en ég skrifa upp á að það geti réttlætt þær hugmyndir um breytingu sem hér er verið að leggja fram. Það er líka hugsanlegt að hafa það ákvæði inni að ef menn hafa þannig staðið að málum þá dragist það frá þegar kemur að því að þeir fari í háskóla. Það væri þó ögn meira réttlæti að setja það ákvæði inn að vegna þess að maðurinn notfærði sér þetta kerfi meðan hann var í fjölbrautaskóla að þá komi það til frádráttar þegar hann fer í háskólann. Hitt er afleit hugmynd og það vona ég að hæstv. menntmrh. geri sér grein fyrir að láta sér detta í hug að gera nokkuð það sem verður til þess að fækka þeim Íslendingum sem vilja fara í verknám. Ég trúi því ekki að hæstv. menntmrh. telji að rétt sé að standa þannig að málum.

Ég vil einnig ræða það hér að mér finnst að mál, eins og það sem hér er til umræðu, hljóti að vera mál fleiri en einnar ríkisstjórnar. Ég tel ákaflega óheppilegt að standa þannig að málum að við hver stjórnarskipti geti menn átt von á því að stuðningi við námsmenn sé gjörbylt. Það hlýtur að skapa verulegt öryggisleysi. Hver vildi búa við þær aðstæður að vera hálfnaður í læknisnámi og standa þá frammi fyrir svo gjörbreyttu lánakerfi að hann geti ekki lokið námi? Auðvitað er það ekki rökrétt að standa þannig að hlutunum. Þess vegna vil ég líka trúa því að þó að þeir aðilar sem í dag fara með meiri hluta á Alþingi Íslendinga hafi vissulega valdaaðstöðu og allan lagalegan rétt til að kollvarpa þessu, þeir hafa umboðið til þess, þá hugsi þeir sig tvisvar um áður en þeir kalla yfir sig þau átök sem af slíku getur leitt. Ég held nefnilega að það hafi verið staðreynd að hvort sem sjálfstæðismenn, framsóknarmenn eða alþýðubandalagsmenn stýrðu þessum málum, þá þurftu þeir allir að leita eftir samkomulagi við íslenska námsmenn um þessi mál og reyna að ná fram vissum sáttum. Það er nú einu sinni svo að þetta þjóðfélag byggist ekki að öllu leyti upp á því að einhverjir örfáir hafi völdin og svo verði hinir að hlýða. Það er nefnilega staðreynd, hvort sem okkur líkar það betur eða verr og ég ætla ekki að fara að lofsyngja það, að það eru ansi margar leiðir sem þessir hópar hafa til að gera samfélaginu lífið erfitt ef algerlega á að valta yfir þá. Það hafa menn viðurkennt í gegnum tíðina. Þess vegna gerðist það að í staðinn fyrir að hér á landi yrði stúdentauppreisn — það varð aldrei nein stúdentauppreisn í þessu landi — sáu báðir þáv. leiðtogar þessarar þjóðar sem áttu í samskiptum við íslenska námsmenn, Bjarni heitinn Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason, að skynsamlegra var að leita sátta og veita þeim óróleika útrás í skynsamlegri framþróun þessara mála en fara í kalt stríð.

Ég minnist þess að þau mál voru mjög á lofti á þeim tíma þegar ég var við nám í Kennaraskóla Íslands og því er mér þetta mjög minnisstætt. Ég tel þess vegna að íslenska þjóðin hafi oft notið þess að hér voru víðsýnir menn sem sátu á valdastólum. Þeir áttuðu sig á því að það var ekki rétt í þeirri stöðu frekar en til sjós að beita kröftum einum og það þurfti líka að fara með lagni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa hér langt mál. Ég lít svo á að þetta mál hljóti að koma til ítarlegrar umfjöllunar í menntmn., þar sem ég sit, og hér er búið

að ræða það mikið um þetta mál að það yrði mikil endurtekning ef ég færi að flytja langa ræðu. Hins vegar vonast ég eftir því að sú umræða og sú vinna sem þar fer fram verði til þess að menn reyni að ná landi með breytingar á þessum lögum á þann veg að hæstv. ríkisstjórn geti við unað og einnig að stjórnarandstaðan þurfi ekki að fara í þann harða leik að greiða atkvæði gegn öllu sem lagt er til heldur að einhverjar málamiðlanir náist fram. Ég segi þetta hér vegna þess og það vil ég undirstrika að ég lít svo á að þetta mál sé stærra en svo að skynsamlegt sé að líta á það sem mál einnar ríkisstjórnar. Þessi ríkisstjórn situr vissulega við völd í dag. Hvort hún situr á morgun vitum við ekki, enn síður hvort hún situr næsta dag. Kannski situr hún næstu tólf árin, ég veit það ekki. Hvernig sem það fer, þá held ég að þeir sem nú fara með völd og stjórna þessum málum megi minnast þess hvernig þeir stóðu að á sínum tíma, Gylfi Þ. Gíslason og Bjarni heitinn Benediktsson, þegar þeir komu í veg fyrir það að stúdentauppreisnin sem þá geisaði úti í Evrópu næði til Íslands vegna þess að þeir vildu heldur semja um réttarbætur handa stúdentum en standa í þeim ófriði sem geisaði þá, m.a. í Frakklandi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil segja fyrst fáein orð almennt um þetta mál sem hér er til umræðu, frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna eða breytingu á lögum um námslán og námsstyrki, eins og það heitir að gildandi lögum. Varðandi tilgang þessarar löggjafar og sögu vil ég koma því á framfæri að að mínu mati er hér á ferðinni einhver merkilegasta félagsmálalöggjöf landsins og jafnréttislöggjöf á þessu sviði sem oft hefur í umræðum á undanförnum árum ekki notið sannmælis að mínu mati. Gjarnan hefur staðið upp úr í umfjöllun um málefni lánasjóðsins eða námslán og námsstyrki undanfarin ár að þetta kerfi sé dýrt og kosti mikil fjárframlög úr sameiginlegum sjóðum á ári hverju. Það hefur verið sú hlið þessa máls sem landsmenn hafa heyrt mest um og upplifa sjálfsagt margir hverjir út frá fjölmiðlaumfjöllun fyrst og fremst. Mönnum verður það fyrst fyrir þegar nefndur er á nafn Lánasjóður ísl. námsmanna að sjá þar fyrir sér mikil útgjöld og miklar fúlgur streyma úr ríkissjóði, ef ekki jafnvel enn verri hluti eins og beinlínis misnotkun á fé eða hálfgerða spillingu í meðferð opinberra fjármuna. Þetta er að mínu mati miður, herra forseti, vegna þess að í skuggann fellur þá hið merkilega félagslega hlutverk þessa sjóðs og sú staðreynd að okkur Íslendingum hefur með þessari löggjöf tekist á síðustu 10–15 árum að tryggja betur jafnrétti til náms en líklega flestum öðrum þjóðum. Okkur hefur tekist að tryggja betur með þessari löggjöf að menn hefðu á Íslandi sæmilega jafna stöðu til þess að afla sér menntunar eins og hugur þeirra stæði til og geta þeirra leyfði og efnahagur og aðstæður mismunuðu mönnum ekki í verulegum mæli í því tilliti. Þetta kann einhverjum að finnast óþörf orð og að sjálfsögðu ekki mikil speki. En staðreyndin er sú að þetta er talsvert mikilvæg hlið þessa máls og ekki eitthvað sem á að meta og finna léttvægt. Þvert á móti ætti að mínu mati að hafa þessa staðreynd í huga og að leiðarljósi í allri umræðu um þetta mál til þess að vega saman og meta annars vegar kostina og hins vegar útgjöldin sem starfrækslu þessa kerfis er samfara.

Nú er það ljóst, og flestir viðurkenna það, að við vanda er að stríða í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég held að fáir mæli gegn því að málefni hans verði tekin til skoðunar og farið yfir með hvaða hætti er hægt að tryggja tilvist og framtíð þessa námsaðstoðarkerfis eða jöfnunarkerfis. En menn eiga ekki að gera það með þröngsýni út frá því einu að þarna sé á ferðinni dýrt fyrirkomulag og það þurfi að skera það svo og svo mikið niður með tilliti til stöðu ríkissjóðs á líðandi stundu án þess að horfa í þær afleiðingar sem það getur haft.

Ég vil sem sagt byrja mitt mál og nálgast þetta umræðuefni út frá þeirri hugsun minni að við séum hér með í höndunum þrátt fyrir allt, og viðurkenni jafnframt þá erfiðleika sem þarna er við að glíma, einhvern merkilegasta hluta íslenskrar félagsmálalöggjafar. Ég lít ekki síður á þetta sem félagsmálalöggjöf en menntamál og held að í rauninni hafi fátt orkað meiru til þess að láta draum fyrri kynslóða á Íslandi rætast þegar menn voru hér að rífa sig upp úr eymdinni og fátæktinni á síðustu áratugum 19. aldar og framan af þessari öld, fátt stærra hafi ræst af því sem menn voru þá að gæla við og binda vonir við en einmitt það að nú sé flestum ef ekki öllum sem til þess hafa andlega getu og andlega burði sæmilega greið leið til æðri mennta í landinu. Svo var ekki eins og við vitum og þekkjum.

Framhaldsmenntun og yfirleitt einhver umtalsverð menntun var hér alveg fram á þessa öld forréttindi efnastéttarinnar og yfirstéttarinnar í landinu og síðan fengu einstaka efnilegir námsmenn, sem svo var kallað, að fljóta með fyrir einhverja slembilukku örlaganna, yfirleitt vegna þess að einhverjir framsýnir menn og stórhuga tóku þá að sér, studdu þá til náms eins og kallað var. Að sjálfsögðu ber ekki að lasta það að ýmsa mæta menn geymir Íslandssagan sem þannig gátu látið draum sinn og aðstandenda sinna um menntun rætast. En það er enginn minnsti vafi á því að oft réð hrein tilviljun því hverjir urðu þar fyrir valinu og hverjir ekki. Þeir eru ófáir efnilegu námsmennirnir, a.m.k. hvað hæfileikana snertir, sem aldrei urðu neinar námsmenn vegna þess að þá var málum þannig háttað hjá okkur að ekkert fyrirkomulag af þessu tagi sem hér um ræðir var við lýði. Almenn og útbreidd fátækt olli mestu um það að öllum þorra almennings var með öllu ókleift að koma sínum börnum til mennta.

Nú finnst mér einhvern veginn eins og menn séu búnir að búa við það ástand í nógu langan tíma til að þeir gangi að því sem gefnu að öllum sé gefinn kostur á að mennta sig án tillits til efnahags. Menn hafa sofnað á verðinum og eru búnir að gleyma því hvers virði það er að tryggja það með löggjöf og farnir að horfa á þetta viðfangsefni fyrst og fremst frá öðrum sjónarhóli, sem sagt þeim að það kosti svo og svo mikið fyrir ríkissjóð á ári og því verði að breyta. En þeir velta því ekki mikið fyrir sér hverjar afleiðingarnar

verða. Þetta segi ég vegna þess, og mun koma að því hér á eftir, að ég tel að ákveðnir þættir í þessu frv., sem hér er til umræðu, séu spor aftur á bak hvað það snertir að tryggja mönnum jafnrétti til náms. Það verður að draga úr því og vinna gegn því með skynsamlegum lögum og skynsamlegri framkvæmd að mönnum sé mismunað með tilliti til efnahags hvað þessi grundvallarmannréttindi snertir sem ég vil flokka það undir að mönnum sé, innan þeirra almennu marka sem aðstæður setja að sjálfsögðu, ekki mismunað hvað aðstöðu til náms snertir. Nú er enginn að tala um það og engan hef ég heyrt a.m.k. á síðari árum halda fram þeirri útópísku heimsmynd að allir eigi að geta menntað sig endalaust og án nokkurra takmarkana. Slíkt er að sjálfsögðu ekki vænleg stefna fyrir neitt þjóðfélag. En innan þess ramma sem settur er um menntun með almennum ákvörðunum í þjóðfélaginu tel ég að það séu nánast mannréttindi að menn séu jafnir fyrir lögunum.

Það var þannig á sínum tíma — það er nauðsynlegt að rekja aðdraganda þessa máls — að þegar sett voru lög um námslán og námsstyrki eða eldri lagaákvæði endurskoðuð á árunum í kringum 1980, sem leiddi til þeirrar lagasetningar sem nú er búið við og er frá árinu 1982, þá var unnið að því með mjög skynsamlegum hætti eins og reyndar kemur fram í greinargerð með frv. því sem námsmannahreyfingarnar komu sér saman um að leggja fram sem sitt álit nú á haustmánuðum. Þar er vitnað í greinargerðinni í það hvernig unnið var að endurskoðun laganna um námslán og námsstyrki á þeim tíma sem leiddi til lagasetningarinnar á árinu 1982. Mér er þetta nokkuð vel í minni því að þannig stóð á að ræðumaður var þá við nám í Háskóla Íslands og ég átti m.a. sæti í stúdentaráði þegar þessi endurskoðunarvinna var að fara í gang, gott ef ég var ekki varaformaður stúdentaráðs á þessum árum og í einhverri nefnd sem vann fyrir hönd stúdentaráðs að þessum lánasjóðsmálum. Þá var þetta mál til mikillar umræðu í skólunum og það gafst allgóður tími til að ræða það. Námsmenn áttu aðild að nefnd sem starfaði mikið og starfaði lengi og hafði þann tíma og fékk þann tíma sem til þurfti til að ljúka sínu starfi. Þó skipti held ég mestu og var farsælast í öllu því starfi að í þeirri nefnd sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Hvers vegna segi ég að það hafi verið það sem mestu skipti? Jú, ég segi það vegna þess að ég tel að sú staðreynd hafi hafið málið upp fyrir hefðbundna pólitíska flokkadrætti. Með því að allir flokkar áttu sína fulltrúa í nefndinni þá dróst umræðan síður niður á hið hefðbundna plan flokkadrátta, flokkspólitískra deilna eða armaskipta milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það átti ekki bara við um stjórnmálaflokkana, pólitíkina í landinu í þeim skilningi. Það auðveldaði líka námsmannahreyfingunum að hefja sig upp úr því fari að þar væru flokkspólitísk landamerki að vefjast fyrir mönnum og menn litu á eðli þessa starfs í rauninni sem þverpólitískt og unnu að því sem slíku.

Það náðist líka að lokum, eins og menn þekkja, furðubreið samstaða um lagasetninguna á þeim tíma. Nú kann ég auðvitað ekki að rekja það í einstökum atriðum hvernig þetta var en ég man ekki betur en allþokkalegt samkomulag hafi að lokum tekist um meginlínurnar í þessum breytingum. Þær gengu í grófum dráttum út á það, svo að hlutirnir séu einfaldaðir og styttir tímans vegna, að verðtrygging námslána og hertar endurgreiðslureglur, hertir skilmálar námsmanna í viðskiptum við lánasjóðinn eða lánakerfið, voru keyptir gegn því að á móti tryggði ríkið með starfrækslu lánasjóðsins fulla brúun umframfjárþarfar nemenda eins og það var kallað á vondu máli og ég veit ekki hvort betra orð hefur fundist, 100% brúun umframfjárþarfar. Þannig var kansellístíllinn eða tæknisletturnar á þeim tíma þegar ég var að ræða þetta upp úr 1980. Það var úrslitaatriði, lykilatriði, og eins og menn muna á þessum árdögum verðtryggðra lána og rétt er að minna menn á að námslánin voru með fyrstu lánum, ef ekki þau fyrstu, sem voru verðtryggð. Menn sættust á það svo og hertar endurgreiðslur og að ýmsu leyti breytta skilmála námslánanna gegn tryggingunni um að það yrði á móti séð fyrir fjármunum til þess að tryggja að fullu á hverjum tíma með starfrækslu lánasjóðsins umframfjárþörf námsmanna þegar frá væru dregnar þær tekjur sem þeir hefðu samkvæmt tilteknum reglum.

Menn áttuðu sig auðvitað á því að í þessu voru ýmis skilgreiningaratriði og ég held að menn, sem stóðu að samkomulaginu og lagasetningunni á sínum tíma, árið 1982, hafi ekki reiknað með því að þetta stæði endilega óbreytt um aldur og ævi. En menn reiknuðu hins vegar með því að meginefnið, sem þarna var teflt um, yrði ekki slitið úr samhengi. Og ég er alveg sannfærður um það að námsmenn voru við því búnir að í ljósi reynslunnar yrðu ákvæðin um endurgreiðslureglurnar skoðaðar því að þær byggðu á áætlun, að sjálfsögðu. Það var gróft mat manna að endurgreiðsluhlutfallið yrði um 80% þegar lögin voru samin. Það var þumalputtareglan á sínum tíma. En ég man vel eftir umræðum um að þetta væri auðvitað ekki í hendi. Það færi að sjálfsögðu eftir launaþróun í landinu, þ.e. af hvaða upphæð launa menn væru að greiða þarna tiltekið hlutfall, og það gæti farið eftir ýmsum fleiri hlutum hvernig endurgreiðslurnar skiluðu sér til sjóðsins. Ég ég man eftir því að menn voru við því búnir að til þess gæti komið að þessar reglur þyrfti að endurskoða til að tryggja sjóðnum svona u.þ.b. þær tekjur til baka sem reiknað var með. En ég held að menn hafi gert það í trausti þess að það yrði þá ekki á móti kippt út úr dæminu því sem námsmönnum var til hagsbóta og tryggingar í þessu samkomulagi, þ.e. að 100% brúun yrði á umframfjárþörfinni. Með því móti töldu menn sig vera og hafa fram til þessa dags talið sig vera að kaupa jafnrétti til náms. Með því og með því einu er í raun og veru hægt að fullyrða að sæmilegt jafnrétti án tillits til efnahags manna ríki í þessum efnum að þessi fjárþörf, eins og hún er mæld á hverjum tíma, sé brúuð.

En því miður fór það svo að fljótlega á eftir kom til valda ríkisstjórn fjandsamleg þessari lagasetningu og hóf árásir á þetta kerfi og segja má að samfellt í tíu ár hafi menn síðan verið að verja þessa merkilegu félagsmálalöggjöf sem þarna náðist í gegn. Þar riðu á vað-

ið hæstv. menntamálaráðherrar Sjálfstfl., hv. fyrrv. alþm. og hæstv. fyrrv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir, sömuleiðis hv. Sverrir Hermannsson, og svo nú núv. og þriðji hæstv. menntmrh. Sjálfstfl. sem situr eftir að löggjöfin tók gildi 1982, Ólafur G. Einarsson hv. 1. þm. Reykn. Hæstv. ráðherrann var ekki nema nokkurra vikna gamall í embætti þegar hann fylgdi í fótspor forvera sinna á menntamálaráðherrastóli í Sjálfstfl. og hóf árásir á lánasjóðinn. Það hefur þegar verið rakið hér í ræðunni hversu fjandsamlegar tilgangi lánasjóðsins aðgerðir hæstv. menntmrh. á sl. vori voru. Mér finnst kannski mega bæta aðeins við í þeim efnum að þær ráðstafanir stríða beinlínis gegn megintilgangi og hugsun laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna því þær ganga gegn þeim markmiðum að sjóðurinn sé til þess að reyna að tryggja mönnum jafnrétti til náms án tillits til efnahags og t.d. án tillits til hluta eins og þeirra hvort þeir hafa aðstöðu til þess að búa heima hjá sér eða ekki og hvort þeir hafa góða aðstöðu til þess að komast í hálaunaða vinnu í námsleyfum eða ekki.

Ég vil láta það koma hér fram af því það hefur skort á það í umræðunni að menn minni á að þær breytingar, sem hæstv. menntmrh. gerði á síðasta vori, voru auðvitað sérstaklega fjandsamlegar námsmönnum af landsbyggðinni. Vegna hvers? Jú, vegna þess að tekjutillitið miðað við tekjur var þarna hækkað en þó sérstaklega vegna þess að þeim var í raun og veru ívilnað alveg sérstaklega sem búa í heimahúsum. Þeirra aðstaða var löguð þannig að í sumum tilvikum batnaði fjárhagsstaða þeirra við þessar breytingar ef þeir hafa sæmilega vel launaða vinnu á sumrin. Og hverjir eru það sem ekki hafa þessa aðstöðu? Það eru einkum og sér í lagi námsmenn af landsbyggðinni. Námsmenn t.d. í Háskóla Íslands af landsbyggðinni njóta yfirleitt ekki þeirrar aðstöðu að geta búið, og alls ekki auðvitað, heima hjá foreldrum sínum. Þannig að þær breytingar hæstv. menntmrh. voru auðvitað mjög gegn anda laganna.

Þannig er það, hæstv. forseti, að saga þessara laga frá 1982 og jafnvel þó lengra væri farið er dálítið vörðuð af því að ákveðin öfl í landinu hafa sótt á um það stanslaust og samfellt að reyna að eyðileggja þessi lög, að reyna að spilla þannig framkvæmd þeirra að megintilgangi og markmiði þeirra væri stofnað í hættu. Þær eru auðvitað frægar árásir Alþfl. á lánasjóðinn. Það hefur verið þráhyggja hjá hæstv. utanrrh. að staglast á lánasjóðnum og það hefur verið sérstakt markmið hans að koma vöxtum á námslán. Þau sjónarmið hafa ærið oft skotið upp kollinum í Sjálfstfl. að þessu þyrfti öllu saman að breyta og umbylta. Þeim mun merkilegra er það í raun og veru að mönnum hefur þrátt fyrir allt tekist að verja þessa löggjöf í tíu ár og það hefur gerst vegna þess að um hana hefur ríkt, fyrir það fyrsta, mjög góð samstaða allra námsmanna í landinu með litlum frávikum, óverulegum frávikum. Það má kannski segja að sumir hafi verið linari í vörninni en aðrir en sleppum því. Í öðru lagi þá hafa hér á Alþingi jafnan verið menn sem hafa haft skilning á þessu hlutverki lánasjóðsins og hafa neitað að taka þátt í að breyta honum handahófskennt og skera hann niður án þess a.m.k. að fyrir því væri séð hvaða áhrif það hefði á jöfnunarhlutverk sjóðsins. En nú virðast því miður þessi sjónarmið vera að mestu leyti gufuð upp í núverandi stjórnarflokkum og ég tek satt best að segja sáralítið mark á þeim hráskinnsleik sem nokkrir talsmenn Alþfl. hafa verið að leika í þessu máli. Þeir eru reyndar hér víðs fjarri og væri ástæða til, herra forseti, að fá aðeins að vita um dvalarstað t.d. 17. þm. Reykv. sem hefur nokkuð talað í fjölmiðlum um þetta mál, mun vera þingflokksformaður Alþfl. svo ekki er óeðlilegt að hann sinni hér þingskyldum sínum í kvöld. Eins væri auðvitað fullkomin ástæða til að hæstv. utanrrh. léti sjá sig hér við umræðuna eins og hann hefur á undanförnum árum oft og iðulega og nú upp á síðkastið einnig talað um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vil því spyrja að því hvar þessir tveir hv. talsmenn annars stjórnarflokksins séu staddir í tilverunni og hvort þeir séu hér í húsi og hægt að gera þeim aðvart um það að nærvera þeirra væri vel þegin.

Hér er þá mættur í eigin persónu 17. þm. Reykv. og gleður það mig auðvitað stórlega. Ég var lítillega að fara yfir það, hv. 17. þm. Reykv., að þær árásir á undanförnum árum á lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna eru ekkert nýjar af nálinni, við höfum heyrt þær ræður fyrr og þar hefur alveg sérstakur krossfari verið hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., sem hefur átt það sem sérstakt áhugamál, svo að það hefur jaðrað við þráhyggju, að þjösnast á lánasjóðnum, koma vöxtum á námslán, umbylta og skera niður við trog þetta kerfi sem hann kallar svo, Lánasjóð ísl. námsmanna.

Hæstv. utanrrh. hefur nálgast þetta frá því öfuga sjónarhorni, sem ég var að gera hér grein fyrir áðan, að menn horfa eingöngu til þess að þarna sé eitthvert fyrirkomulag, einhver sjóður sem taki mikla opinbera peninga á hverju ári án nokkurs tillits til þess hvaða tilgangi þessi lánasjóður þjónar og hvaða áhrif breytingar á honum geta haft. Þess vegna er út af fyrir sig ekki hægt að segja að það komi manni á óvart hvernig stjórnarflokkarnir hafa síðan unnið að þessu máli og þó verð ég að segja að mér hefur þó komið það nokkuð á óvart, fyrst og fremst með hliðsjón af og með tilliti til forsögu málsins. Ég vil spyrja hv. 17. þm. Reykv., er hann ánægður með aðdraganda þessa frv. sem hér er til umræðu? Er hann stoltur af málsmeðferðinni? Telur hann samskiptin við námsmannahreyfinguna til fyrirmyndar? Telur hann það skemmtilegt að styðja ríkisstjórn sem hunsar námsmannahreyfinguna og talar ekki við stjórnarandstöðuna, hendir hér inn stjfrv. án fyrirvara, því það hefur enginn formlegur fyrirvari verið presenteraður gagnvart þessu máli. Ég heyrði ekki að hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir formlegum fyrirvara þegar hann mælti fyrir þessu sem stjfrv., það hefur þá farið fram hjá mér. Nei, það var ekki. Telur hv. 17. þm. Reykv. í ljósi þess hvernig unnið var að þessum málum hér á fyrri tíð þegar við vorum í háskóla og síðar þegar með ágætu samstarfi var breytt þessari löggjöf ... (**ÖS:** Með ágætu samstarfi árið 1976.) Ég er að tala um endurskoðunina 1982, sérstaklega. Það kann að vera að hv. 17. þm. Reykv. þekki ekki þá sögu eins vel, ég rifjaði hana nefnilega upp og það er alveg hár-

rétt að 1976 var þetta öðruvísi og ég var ekki að vitna til þess.

Nei, ég var að nefna það að árin fyrir 1982, þegar lögunum var þá breytt í núverandi horf, áttu allir stjórnmálaflokkar fulltrúa í þeirri nefnd sem kom að því starfi og einn af frægustu mönnum úr því starfi var hæstv. núv. fjmrh. Friðrik Sophusson og þá áttu auðvitað námsmenn sína fulltrúa þar. Unnu í þessu með eðlilegum hætti í samstarfi við stjórnvöld og fulltrúa stjórnmálaflokka og höfðu til þess nægan tíma. En hér er málsmeðferðin með slíkum endemum að engu tali tekur. Fyrst er auðvitað byrjað á því að skerða stórlega námslánin og breyta þar ýmsum lykilatriðum varðandi skilgreiningu lána, eins og ég hef hér gert grein fyrir, sem ganga þvert á tilgang sjóðsins í reynd þegar hæstv. menntmrh. gerði breytingarnar á sl. vori. á tekjuumreikningi og hlutföllum lána milli þeirra nemenda sem búa í heimahúsum og hinna. Síðan er þetta frv. undirbúið með þessum hætti.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. og hv. 17. þm. Reykv. fyrir hönd Alþfl. sem hér er einn manna úr því kompaníi til staðar — nú varð mér stórlega á í messunni og biðst ég verulega alvarlega fyrirgefningar á þessu, það var sannarlega ekki ætlun mín að horfa fram hjá 11. þm. Reykn. sem hér situr og hlýðir á umræðuna. En ég vil spyrja sem sagt þessa ágætu fulltrúa stjórnarflokkanna þá, hverjir sem verða nú til þess að svara: Er þetta orðin einhver sérstök stefna? Hefur verið tekin um það ákvörðun í ríkisstjórninni að leita yfir höfuð ekki til fulltrúa stjórnarandstöðunnar þegar um nefndaskipan eða undirbúningsvinnu af þessu tagi er að ræða? Ég verð að segja alveg eins og er að mig undrar að það skuli birtast mönnum í hverju málinu á fætur öðru þar sem jafnvel hefð er fyrir hinu gagnstæða að ekki er talað við stjórnarandstöðuna, það er ekki talað við hagsmunasamtök, eins og námsmannahreyfinguna, fyrr en þá á síðustu stigum að menn fá kannski eina viku eða tíu daga eða því um líkt til þess að það sé hægt að segja að nafninu til að þeir hafi verið hafðir með í ráðum.

Ég er búinn að gera grein fyrir því hvaða forsögu vinna að málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna á sér og vegna þess hlýtur maður að spyrja: Er þess að vænta, t.d. í næsta sinn þegar sett verður á fót nefnd til að við skulum segja endurskoða vegáætlun eða gera eitthvað af því tagi þar sem löng hefð er fyrir því í samskiptum flokka hér á Alþingi, að fulltrúar allra stjórnmálaflokka komi að vinnunni, verður þeirri skipan mála þá bara hent? Er þess þá að vænta einnig í slíkum tilvikum að það verði ekki talað við stjórnarandstöðuna, hún verði ekki virt viðlits, hennar fulltrúar komi hvergi að slíkri undirbúnings- eða endurskoðunarvinnu og jafnvel ekki neinir fulltrúar hagsmunaaðila heldur?

Ég vil fá að vita þetta og ég spyr hæstv. menntmrh.: Var þessi ákvörðun hans um það hvernig hann hefur hagað vinnunni að undirbúningi þessa frv. í tengslum við einhverja sameiginlega ákvörðun í ríkisstjórn um að kalla yfirleitt ekki til sögunnar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nokkru máli? Er það e.t.v. skýringin? Var hæstv. menntmrh. e.t.v. uppálagt af hús-bændunum í ríkisstjórninni að brjóta hefðir um samstarf að þessum málaflokki og kalla ekki til fulltrúa stjórnarandstöðunnar á neinu stigi málsins og í raun og veru ekki fulltrúa námsmannahreyfingarinnar heldur fyrr en til málamynda og þá með þessum sérstaka hætti sem raun ber vitni? Að fulltrúi eins námsmannafélags, annars pólitíska félagsins í háskólanum, er settur inn í nefndina með þeim endemum að mínu mati að það tekur engu tali. Ég hlýt að spyrja jafnframt, og það hefur sjálfsagt verið gert hér af fleirum: Hverju sæta þau tíðindi að fulltrúa Vöku býðst það óvænt, bara si svona, fær utan af sér tilboð um að koma inn í þetta starf? Hvers vegna í ósköpunum var það valið að kalla til fulltrúa annars pólitíska félagsins í Háskóla Íslands frekar en t.d. að setja inn tvo fulltrúa frá námsmannahreyfingunum öllum samanlögðum sem námsmannahreyfingin á eðlilegum grundvelli veldi sér.

Ef menn mátu hlut háskólans svona mikilvægan af hverju var þá ekki í fyrsta lagi leitað til Stúdentaráðs? Í öðru lagi af hverju var þá ekki báðum pólitísku félögunum í háskólanum, sem þar starfa og bjóða fram lista, boðið að tilnefna menn úr því að farið var út í að kalla til annan þeirra? Þetta er auðvitað hneyksli, hæstv. menntmrh. Þetta er einhver grófasta pólitíska misnotkun á tilnefningarvaldi ráðherra sem ég hef séð á ævi minni. Ég fullyrði það. Ég tel þetta slíkt hneyksli. Það er alveg sama frá hvaða sjónarhóli þetta er skoðað, það er ekki hægt að flokka þetta undir annað en grófa pólitíska misnotkun á tilnefningarvaldi ráðherrans. Fyrir utan þá hugsun að koma svona fram í raun og veru við námsmennina alla. Getur hæstv. menntmrh. ekki gert sér í hugarlund hversu þægilegt svona inngrip er í félagsmálin í Háskóla Íslands, að taka inn fulltrúa úr öðru pólitíska félaginu, biðja hann um að koma inn í nefndina? Það er ekki einu sinni svo og Vaka hafi beðið um þetta. Ef marka má sérálit fulltrúa Vöku þá býðst fulltrúanum óvænt sæti í nefndinni. Ja hérna. Ef það var ástæða til að draga inn með öðrum hætti en þeim að biðja fulltrúa námsmannahreyfinganna sem í góðu samstarfi unnu að þessum málum að tilnefna einn, tvo eða þá fleiri fulltrúa hvers vegna var þá ekki frekar horft til stærstu einstöku félaganna í því samstarfi svo sem Stúdentaráðs, Sambands ísl. námsmanna erlendis eða t.d. aðila eins og Félags námsmanna í háskólanum á Akureyri? Ég hefði talið að það hefði verið hægt að færa ýmis rök fyrir því, hæstv. menntmrh., að leyfa t.d. félagi þeirra háskólanema sem stunda allir nám úti á landsbyggðinni við þær aðstæður sem þar eru og vænta má að t.d. hlutfall manna úr öðrum byggðarlögum verði þar mjög hátt að vegna ýmissa sérstakra aðstæðna sem átt geta við þar ættu þeir sérstaklega aðild að þessu starfi. Þar geta skipt miklu máli hagsmunir námsmanna á landsbyggðinni, hlutir eins og þeir hvernig vægi lánaupphæða er milli þeirra sem búa í heimahúsum og sækja nám sitt þaðan eða þurfa að koma sér fyrir í öðru húsnæði. Ég var, hv. 17. þm. Reykv., að rökstyðja það hér áðan að breytingar menntmrh. sl. vor hefðu verið sérstök árás á háskólanema eða námsmenn af landsbyggðinni og stend við það.

Nei, mér finnst það algjörlega með ólíkindum sem hæstv. menntmrh. gerir þarna og ef skýring á að vera sú, sem ég held ég hafi einhvers staðar heyrt í fjölmiðlum eftir hæstv. menntmrh., að Vökuliðið hefði haft svo merkilegar tillögur fram að færa í þessum lánamálum þá spyr ég nú bara, hvar eru þær? Því ég hef séð myndarlegri pappíra en þetta eina blað sem birt er hér með frv. Þegar það lá fyrir á þessum tíma að námsmannahreyfingarnar allar voru í mjög góðu samstarfi að vinna sínar tillögur og sínar hugmyndir um breytingar og um sparnað í rekstri lánasjóðsins, með tilliti til vanda hans þá er þetta að mínu mati enn fráleitari framkoma hjá hæstv. menntmrh. Ég veit ekki hvort hann hefur ímyndað sér að hann mundi styrkja eitthvað stöðu sína í röðum námsmanna með því að hygla þarna bandamönnum sínum sem auðvitað leikur grunur á að séu frekar en aðrir, þ.e. að Vaka sé svona að breyttu breytanda hliðhollari Sjálfstfl. en hitt pólitíska félagið í háskólanum og menn hafa fyrir því m.a. sögulegar skýringar, söguleg rök, því það vill svo undarlega til að það hefur borið dálítið á því að forustumenn í starfi Vöku á undanförnum árum hafi haslað sér völl í flokksstarfi Sjálfstfl. þegar þeir hafa lokið námi. Ekki þarf að nefna nöfn í því sambandi. En maður sér svona í þessum skjölum nöfn eins og Sigurbjörn nokkurn Magnússon sem ég kynntist lítillega á minni sælutíð í háskólanum og fleiri slíka.

Í greingargerð með frv. námsmanna sem samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna skilaði er mjög skemmtilega rakið hvaða svigrúm námsmönnum var ætlað til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þessum efnum á þessum 9–10 dögum frá og með 15. nóv. til 25. nóv. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið hrakið í raun og veru sem þarna hefur verið sett á prent og birt sem fylgiskjal með þessu frv. Hefði hæstv. menntmrh. átt að gera athugasemdir við þetta ef hann hefði verið þessu ósammála.

Nei, herra forseti, þarna eru auðvitað sorglegir og dapurlegir atburðir á ferðinni hvað málsmeðferðina snertir. Ég held að ég hljóti að ítreka að lokum bæði spurningar mínar til hæstv. menntmrh. en líka til hv. 17. þm. Reykv. sem hefur verið að gylla nokkuð framhlið sína í málinu í fjölmiðlum undanfarið, telja námsmönnum trú um að þeir ættu í honum kannski bandamann sem mundi einhverju breyta í hagsmunabaráttu þeirra. Hvaða afsakanir hefur hv. 17. þm. Reykv. á þessu framferði? Mælir hann því bót hvernig að þessu var staðið? Ef svo er ekki af hverju notaði þá ekki Alþfl. aðstöðu sína til að tryggja að varðveitt væri eftir því sem kostur væri sú hefð að reyna að vinna að og skapa þverpólitíska samstöðu, a.m.k. gefa öllum sjónarmiðum færi á að eiga aðild að vinnu í þessum málum og rækja eðlilegt samstarf við námsmannahreyfinguna? Nema þá að hæstv. menntmrh. hafi hundsað Alþfl. líka og alþýðuflokksgreyið hafi engan mann átt í þessu sem ég trúi samt tæplega. Enda er t.d. þarna prófessor Jón Bragi Bjarnason, sem hefur verið hallur undir Alþfl., eða var það a.m.k. þegar hann sat sem varamaður á þingi fyrir flokkinn sælla minninga. Er þetta sá hinn sami maður sem mest hefur hatast við Háskólann á Akureyri og notar hvert einasta tækifæri sem hann færi til að komast í útvarp til að skattyrðast úr í hann og hafi hann litla þökk fyrir.

Herra forseti. Ég hygg að sama sé hvernig að þessu er komið. Allur aðdragandi að frv. er hinn dapurlegasti og honum er ekki hægt að mæla bót. Hann er auðvitað enn ein staðfesting þess sem við erum alltaf að upplifa hér að ríkisstjórnin velur sér það vinnulag að gera hlutina með illu. Ef manni virðast í fljótu bragði tvær leiðir koma til greina, annars vegar sú leiðin sem liggur í gegnum samstarf, a.m.k. samstarfsviðleitni, samráð og breiða þátttöku í starfi, og hin leiðin að gera þetta með illu, þá er í hverju málinu á fætur öðru sú síðarnefnda valin. Beinlínis er stílað inn á átök að því er best verður séð. Auðvitað þarf ekki að segja fullorðnum stjórnmálamönnum að einhver vænlegasta leið sem til er til að reyna að ná samstöðu um mál er að draga menn á vettvang strax í byrjun. Leyfa mönnum að komast að málinu, koma sínum sjónarmiðum á framfæri, leyfa mönnum að hafa nokkur áhrif á gang mála og gera menn þannig smátt og smátt þátttakendur í og samábyrga fyrir því verki sem verið er að vinna. Þetta eiga auðvitað allir fullorðnir og þroskaðir stjórnmálamenn að vita. Gjarnan er það svo að flokkarnir ganga smátt og smátt inn á breytingar, jafnvel erfiðar breytingar, jafnvel hluti sem geta verið pólitískt viðkvæmir í gegnum þátttöku fulltrúa sinna í svona starfi. Ef með lagni tekst að laða fram til að mynda sameiginleg nefndarálit og sameiginlegar breytingartillögur er slíkt vísasti vegurinn til að greiða götu þeirra mála þegar á þing er komið. Það er hálfbroslegt að þurfa að tala svona um þetta „gagn og gaman" stjórnmálanna sem þetta er. En maður gerir það vegna þess að maður fer að velta því fyrir sér þegar maður sér svona vinnubrögð; ja, kunna mennirnir þetta ekki? Er það hugsanlega bara vegna vanþekkingar að menn átti sig ekki á því hversu kolranga leið þeir fara? Ég ítreka því enn spurningar mínar um hvers vegna var unnið að hlutunum með þessum hætti. Hvað liggur þar á bak við? Er það einhver sérstök samþykkt ríkisstjórnarinnar að ekki beri að hafa samráð við stjórnarandstöðuna eða hvað er þarna á ferð?

Herra forseti. Ágæt samantekt um helstu breytingar sem þetta frv. felur í sér á löggjöfinni um Lánasjóð íslenskra námsmanna eða breytingu á lögum um námslán og námsstyrki er á bls. 8 í greinargerð með frv. Skylt er að geta þess sem vel er og ég held að það megi segja eitt gott um þetta mál, a.m.k. að mestu leyti, og það er að sæmilega skýrt og með greinargóðum hætti sett upp fyrir mönnum hverjar breytingarnar eru, t.d. er sundurliðun á bls. 8 þar sem taldar eru upp helstu breytingar frá núgildandi lögum. Þetta er handhægt þegar mál af þessu tagi eru rædd.

Aðrir ræðumenn hafa farið nokkuð ítarlega yfir það í umræðunni í hverju þessar helstu breytingar felast og ég sé þess vegna ekki ástæðu til að rekja það lið fyrir lið. Tímans vegna hleyp ég þar á stærstu atriðunum og þeim sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni. Þá verður að sjálfsögðu fyrst fyrir mér það ákvæði að taka upp vexti á námslán. Frv. gerir ráð fyrir því að frá og

með gildistöku beri námslán skv. 7. gr. frv. 3% ársvexti ofan á fulla verðtryggingu og skuli vextir reiknast frá námslokum. Það þýðir væntanlega að menn taka til við að greiða vexti í reynd frá og með þeim degi sem náminu lýkur og þegar á fyrsta ári eftir nám þó afborganir af höfuðstól lánsins komi ekki til fyrr en að einu ári liðnu ef ég hef skilið þennan texta rétt. Þetta er að mínu mati að mörgu leyti eitthvert alvarlegasta ákvæði þessa frv. vegna þess að það hefur tengst sjálfum grundvelli lánasjóðsins og löggjafarinnar að líta á eðli þessa námslánakerfis með tilteknum hætti og vaxtaleysi námslánanna sem hluta af því. Að nokkru leyti finnst mér að megi stilla þessu upp sem deilu um það hvort námslánin séu rétt eins og hver önnur fjárfestingarlán og því eðlilegt að þau séu með fullum vöxtum eða hvort þau séu eitthvað annað, og það hef ég talið þau vera, og þetta annað skýrði að þau ættu ekki að bera vexti. Þetta eru félagsleg lán, þetta eru framfærslulán, þetta eru ekki fjárfestingarlán í neinum hefðbundnum skilningi þess orðs. Þar af leiðandi grundvallaratriði, „prinsippatriði" eins og stundum er sagt á vondu máli, að lánin beri ekki vexti. Því sjónarmiði eru að vísu stundum hreyft að nám sé fjárfesting og það er það í ákveðnum óbeinum skilningi. Það er auðvitað fjárfesting fyrir þann sem menntar sig ef það er hans vilji, ef hugur hans stendur til þess, hann telji sig vera að auðga sig sem einstakling að atgervi með því að afla sér meira náms, víðsýni og þekkingar. Það má e.t.v. til sanns vegar færa að nám geti verið og sé í vissum skilningi bein fjárfesting en þá ekki fyrir námsmanninn heldur fyrir þjóðfélagið. Staðreyndin er sú að það hefur orðið augljósara með hverju árinu sem líður þegar skoðaðir eru kjarasamningar, annars vegar opinberra starfsmanna og langskólagenginna manna og hins vegar þeirra sem vinna á almennum vinnumarkaði að námið er ekki í neinum hefðbundnum skilningi þess orðs bein fjárfesting. Ef svo væri hlyti það að endurspeglast í betri hag, betri afkomu þeirra sem fjárfest hafa í námi. Aðrir hlutir verða þar ekki mælanlegir svo sem lífshamingja eða auðugra andlegt líf viðkomandi einstaklinga. Ég geri því ekki skóna að nokkur sé svo forstokkaður í hugsunarhætti sínum að hann eigi við slíka fjárfestingu þegar hann er að réttlæta vexti á námslán. Nei, væntanlega hlyti réttlætingin að vera sú að námslánin væru þá fjárfesting í þeim skilningi að menn hefðu efnahagslegan hag af að leggja í hana og það skilaði sér með einhverjum hætti til baka í formi betri afkomu. Ég held að við vitum allir að fjölmargt langskólanám skilar mönnum að því er séð verður í mörgum tilvikum litlum eða jafnvel engum beinum ábata í gegnum hærri laun þegar komið er út á síbreytilegan vinnumarkaðinn eins og hann er. Þess eru auðvitað fjölmörg dæmi þess að mikið misræmi sé í því annars vegar hvaða kostnað menn þurfa að leggja í til að afla sér tiltekinnar námsgráðu og þeirrar lengdar sem er á viðkomandi námi og hins vegar því að hvaða leyti menn fá það bætt í launum þegar upp er staðið. Kannski er ekki óalgengt að tiltekið langskólanám sem tekur 3–4 ár geti skilað mönnum margfalt hærri tekjum heldur en annað sem tekur 6, 8 eða 10 ár. Ekki er óalgengt að menn sem lokið hafa þriggja ára BS-námi í einhverri praktískri grein og komið ár sinni vel fyrir borð á vinnumarkaði hafi upp úr því krafsi miklu meira en aðrir sem hafa lokið doktorsnámi og 10 ára veru í háskóla. Þetta þekkjum við og m.a. rökstyður það sem ég var að segja að ekki má gera þá kórvillu að líta á námið sem beina fjárfestingu í hefðbundnum skilningi þess orðs. Það er allt annars eðlis. Ef það er fjárfesting fyrir einhvern er það fyrir þjóðfélagið númer eitt og númer tvö og þrjú en ekki í efnislegum skilningi fyrir viðkomandi námsmann. Þegar maður reynir að glöggva sig síðan á því hvernig aðstaða þeirra er sem hafa eytt drjúgum hluta bestu ára sinna í námið og stytt þar með starfsævi sína sem því nemur, safnað skuldum á sama tíma og aðrir vinna fyrir sér er það borðleggjandi að menn fara kolöfugir út úr því dæmi í mjög mörgum tilvikum. Enginn vafi er á því að aðstaða þeirra sem koma e.t.v. um þrítugt út úr námi er á margan hátt miklu lakari en þeirra sem hafa notað sömu 10–12 ár og hinir notuðu í skólann til að koma undir sig fótunum í lífinu, unnið fyrir sér og komið sér upp þaki yfir höfuðið o.s.frv. Þetta allt held ég að verði að hafa í huga þegar rætt er um þennan vaxtaþátt og endurgreiðslumálin öll eins og þau leggja sig.

Hér er síðan þrengt að endurgreiðslu með ýmsum hætti og ég vil taka það strax fram að ég er þeirrar skoðunar að þá hluti sé eðlilegt að athuga. Ég hefði verið tilbúinn til þess ef ég hefði átt sæti í endurskoðunarnefnd að ræða það í mikilli alvöru við námsmannahreyfingarnar með hvaða hætti væri unnt að auka tekjustreymi til Lánasjóðs ísl. námsmanna á næstu árum með breyttum og að nokkru leyti hertum endurgreiðslureglum þar sem að vísu væri tekið mjög skýrt tillit til tekna og aðstöðu þeirra sem væru að greiða af lánunum. Ég tel það alveg sjálfsagt mál.

Ég hef líka velt því dálítið fyrir mér og ég er ekki viss um að það hafi komið upp í umræðunni áður, ég tek það að vísu fram og vil hafa þann fyrirvara á að ég hef ekki mótaða skoðun í því efni, en ég hef velt því dálítið fyrir mér: Eigum við kannski að hugleiða það Íslendingar að gera greinarmun í framtíðinni á þeim sem nýta nám sitt þegar út í starf er komið hér heima á Íslandi annars vegar og hinum sem eru að nýta það erlendis? Er það réttlætanlegt með þeim hætti þá ef svo mætti að orði komast að við litum nánast á það sem jákvæða mismunun til handa þeim sem nýttu sitt nám í þágu hins íslenska þjóðfélags og í þágu þeirra sem lagt hafa nokkurt fé af mörkum í gegnum opinbera sjóði til Lánasjóðs ísl. námsmanna? Ég veit ekki hvort þessi flötur hefur verið eitthvað til skoðunar, ég leyfi mér að nefna hann hér af því að ég tel ekkert óeðlilegt við að menn velti þessu fyrir sér. Kannski eru á þessu meinbugir og vissulega er ekki skemmtilegt að þurfa að leggja slíkt til eða tala um slíkt, en ég tel að fyrir þessu geti verið nokkur rök. Að þeir sem íslenska samfélagið hefur aðstoðað með tilteknum hætti, stutt til náms, og kostað verulegu til en velja síðan að nýta sér það nám annars staðar en í þágu hins íslenska þjóðfélags þegar út í starf er komið gætu þá þurft að

standa frammi fyrir þeirri ákvörðun í leiðinni að þurfa að endurgreiða lán með öðrum og e.t.v. eitthvað skarpari hætti en þeir sem hér ynnu heima. Ég hefði verið tilbúinn og er tilbúinn að ræða slíka hluti. Þetta er það sem að mínu mati hefði átt að vera uppi á borðinu í samstarfi fulltrúa stjórnmálaflokka í landinu og námsmannahreyfingarinnar á síðastliðnu sumri og síðastliðnu hausti og ætti þá að vera í öllu falli núna því betra er seint en aldrei. Ég vísa aftur í álit námsmannahreyfinganna sem leggja til í frv. breytingar í þessa veru. Ég kem að því síðar hvernig mér finnst hafa verið tekið í þá útréttu hönd.

Stytting lánstímans er auðvitað heiftarleg eins og hér er lagt til, úr 40 árum niður í það sem verður gjarnan 12–20 ár. Greinilegt er að verulegur hluti af námslánunum verður endurgreiddur á 12–20 árum. Byrjað frá og með einu ári eftir að námi lýkur. Fjölmargir af þeim sem afla sér einfaldrar háskólamenntunar, BA-gráðu eða BS-gráðu í háskólanum í þriggja eða fjögurra ára námi, og fara síðan í störf munu endurgreiða námslán sín að fullu á 12–15 árum. Á þeim sömu 12–15 árum sem þeir eru að fara út á vinnumarkaðinn, eru gjarnan að stofna heimili, koma sér þaki yfir höfuðið o.s.frv. Auðvitað er alveg augljóst mál að þessar hertu endurgreiðslureglur og vextir á námslán og reyndar ýmsar fleiri ráðstafanir sem gerðar hafa verið að undanförnu gera aðstöðu þessa hóps í þjóðfélaginu mjög erfiða. Mér finnst sífellt verið að hækka girðinguna sem er á milli þeirrar kynslóðar sem kom sínum hlutum á þurrt fyrir daga verðtryggingar, misgengis og hávaxta eða okurvaxta og hinnar sem er þolandi alls þessa sama. Ef svo heldur sem horfir þá mun himinn og haf í lífskjörum aðskilja foreldrana og börnin, eldri systkinin og þau yngri. Þau sem eru núna eða fyrir nokkrum árum búin með sínar stóru fjárfestingar í lífinu, búin að afla sér menntunar, koma sér upp húsnæði og binda sér þær byrðar og hinna sem eru að gera þetta núna eða á næstu árum. Ég tel að ástæða sé orðin til þess og löngu orðin ástæða til að gera þjóðhagslega úttekt á því hvernig aðstöðumunur þessara kynslóða í landinu er að þróast. Ekki hefur mikið farið fyrir umræðum um þessa hlið mála nú á allra síðustu missirum. Það gerði það hins vegar um skeið t.d. þegar húsnæðismál voru mjög á dagskrá og svonefndur Sigtúnshópur kom til sögunnar sem hagsmunagæsluhópur þeirra þolenda misgengis, verðtryggingar og hárra vaxta sem þá varð illilega fyrir barðinu á misvitrum stjórnvöldum. En auðvitað er sá sami hópur hér á ferðinni og þeir árgangar sem tóku við af honum og verður áfram. Og nú er víða búið að laga þetta ansi myndarlega til. Auðvitað er verið að stórhækka vextina á húsnæðislánunum. Það er verið að stytta endurgreiðslur úr 40 árum niður í 25 og nú eru boðaðir vextir á námslán og stórhertar endurgreiðslureglur. Hvað er þetta annað en stórskert lífskjör þessarar kynslóðar og komandi kynslóða sem fyrir þessu verða? Á sama tíma og ekkert er hróflað við hagsmunum þeirra sem fleyttu rjómann af hinu eldri kerfi. Það upphefjast slíkir geysilegir tæknilegir erfiðleikar þegar til umræðu eru jafnsjálfsagðir hlutir og þeir að skattleggja eitthvað fjármagnsgróða þeirra kynslóða sem eru með hann í vasanum. Því verður ekki komið við.

Í þriðja lagi vil ég nefna það ákvæði frv., að endurgreiðslunum slepptum, sem mér finnst enn lýsandi fyrir þann hugarheim höfundanna að námslánin séu rétt eins og hver önnur fjárfestingarlán, að þetta sé í eðli sínu alveg eins og að lána manni fyrir trillu eða einhverju atvinnutæki sem hann ætli síðan að hala peninga út á á næstu vikum. Það er þessi klausa með lántökugjöldin á námslánin. Hún slær mig ákaflega illa. Mér finnst það tengjast sama prinsippi og með vextina. Er eðlilegt að meðhöndla Lánasjóð ísl. námsmanna með þeim hætti að leggja 1,2% eða þaðan af hærri lántökugjöld ofan á lánin eða draga af þeim? Ég hlýt að spyrja af því að nú er heimild til lántökugjalds opin. Er það jafnvel á dagskrá að það fari bara eftir geðþótta manna hversu há þau verða? Hefur hv. 17. þm. Reykv. einhverjar upplýsingar í höndunum að hann geti tryggt mér að það standi ekki til að hækka þessi gjöld? Þau þekkjast hærri en þetta. Að vísu er það svo með vextina að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Þeir eru þó festir þarna inni í lögunum. Vel að merkja festir í báðar áttir. Ef raunvaxtastigið í þjóðfélaginu lækkaði þannig að þeir færu t.d. úr þeim 10%, sem hv. 17. þm. Reykv. er áreiðanlega stoltur af að stuðla að í dag, og segjum niður í einhverja skaplega raunvexti, milli 4–5%, þá sætu námslánin áfram með 3% raunvexti sem væri auðvitað mjög slæmt. Spurning er hvort ekki væri til umræðu að tryggja frekar eitthvert hlutfall milli raunvaxtastigsins og vaxtanna á námslánunum þannig að sá kostnaður eða mismunur sem þarna væri greiddur niður, væri hafður í böndum með þeim hætti og námsmenn gætu eins og aðrir átt von í einhverjum hagsbótum af lækkandi vaxtastigi í landinu. Það mundu þeir ekki eiga með þeirri formúlu sem þarna er. Þetta og fjölmargt annað af þessu tagi vekur í raun og veru furðu manns á því af hverju hlutirnir eru settir fram með þessum hætti. Ég hef skömm á þessu lántökugjaldi og spyr: Hvers vegna var það sett þarna inn? Var það bara einhver lævísleg aðferð til þess að hækka vextina? Því auðvitað er verið að gera lánin dýrari og óhagstæðari með þessum hætti, bara vegna þess að menn þorðu ekki hærra með vextina en í 3% og ákváðu þá að smyrja lántökugjöldum ofan á. Eða er einhver önnur skýring þarna á bak við? Af hverju er þetta haft opið? Ef menn eru að hugsa um 1,2% lántökugjald af hverju setja menn það þá ekki inn í lögin í stað þess að hafa þarna opna heimild til handa einhverjum sem yrði kannski enn harðsvíraðri en núv. hæstv. menntmrh. og ákvæði að beita heimildinni til að sækja sér aukið fé?

Ég tel annað alvarlegt í þessu máli, herra forseti. Það er sú breyting sem gerð er á 3. gr. núverandi laga um námslán og námsstyrki. Þetta viðkvæma atriði vekur athygli mína sem var mönnum talsvert erfitt á sínum tíma, með hvaða hætti orða ætti framfærsluna sem brúa skyldi með rekstri Lánasjóðs ísl. námsmanna hvernig færa ætti í orð þá hugsun manna að tilgangur og markmið sjóðsins væri að gera námsmönnum kleift

að brúa þessa umframfjárþörf, brúa bilið milli þeirra tekna sem þeir hefðu og tillit tekið til aðstæðna þeirra og framfærslukostnaðar. Því þessi löggjöf er með mjög svipuðum hætti og almannatryggingabætur, lífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót o.s.frv. eiga að tryggja afkomu og framfærslu t.d. aldraðra og öryrkja. Þetta er lífskjaratrygging, framfærslutrygging, tryggir ákveðinn framfærslugrundvöll þess hóps í þjóðfélaginu sem er í sérstakri aðstöðu um tíma af því að hann er að leita sér menntunar. Þetta var á sínum tíma orðað þannig eins og 3. gr. gildandi laga ber með sér, með leyfi forseta:

„Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað," — það á greinilega ekki að mismuna mönnum eftir því — „tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns."

Þetta hefur verið skilið og framkvæmt þannig að í raun bæri að kortleggja þessar aðstæður eins og framast væri kostur og að bestu manna yfirsýn, meta þennan kostnað og brúa hann. Þannig hefur þetta verið framkvæmt. Nú er verið að leggja til grundvallarbreytingu á þessu með því að henda út öllu sem þarna segir um allt það sem lýtur að aðstæðum námsmanns og umhverfi og halda eingöngu því inni að þetta eigi að nægja hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur. Ég vek athygli á því að orðalaginu er líka breytt. Það er ekki einu sinni látið staðar numið þar að henda út þessari tilvísun til félagslegra aðstæðna námsmanns heldur er í staðinn fyrir „eðlilegt tillit til" komið orðið „nægja". Nægja, miðað við hvað? Þegar búið er að kippa þarna út eðlilegu tilliti til náms- og framfærslukostnaðar í því samhengi sem það er í gildandi lögum er verið að veikja mjög stöðu þeirra sem ætla sér að verja hagsmuni námsmanna í þessu tilliti og vilja mjög sækja þá hagsmuni. Er hv. 17. þm. Reykv. stoltur af þessu? Telur hann þetta horfa til framfara í breytingum á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna? Gaman væri að heyra álit hans á því. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Af hverju var 1. mgr. í gildandi 3. gr. laga um námslán og námsstyrki ekki látin standa óbreytt og látið nægja að henda afgangnum út? Hvers vegna var orðalaginu þar einnig breytt? (**Forseti:** Forseti vill aðeins trufla hv. þm. í ræðunni og spyrja hvort hann eigi langt mál eftir. Ef svo er vildi forseti bjóða hv. þm. upp á að fresta ræðu sinni þar til málið verður tekið fyrir aftur síðar.) Já, það er nú reyndar svo, herra forseti, að samkvæmt mínum skilningi mundi ég ekki kalla það langt mál, kannski 5–10 mínútur. Ég er ekkert sérstaklega sólginn í að fresta ræðunni. Það hefur verið reynsla mín að þær vilja lengjast dálítið þegar maður byrjar á nýjan leik af því að maður þarf stundum að rifja upp af því sem áður var komið. (**Gripið fram í:** Ég mundi ljúka henni bara.) Ja, ég er alveg til í að reyna það og halda mig við svona 6–8 mínútur. (**Forseti:** Forseti er alveg tilbúinn til að veita hv. þm. heimild til þess og þá heldur hann áfram ræðu sinni.) Já, þá skal ég bara vinda mér í það. Ég treysti því að sjálfsögðu að það komi ekki niður á þeim skilmerkilegu og greinargóðu svörum sem ég reikna með að ég fái bæði frá hæstv. menntmrh. og hv. 17. þm. Reykv. sem ég tek svo að svari fyrir Alþfl.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. menntmrh. hvers vegna ferðastyrkir væru teknir út úr lögunum. Að vísu er sagt í grg. með frv., ef ég man rétt, að það sé ekkert sem banni að tekið yrði tillit til ferðakostnaðar og lánað út á hann áfram. En mér finnst geysilega miður að sjá hann hverfa út úr lögunum, tel það mikið óráð. Ég tel að það ætti að vera beinlínis ætlað fyrir því að ferðakostnaður gæti í vissum tilvikum verið lánshæfur. Það er hið minnsta að mínu mati, styrkir væru að mörgu leyti eðlilegri. Ég tel að það geti verið skynsamlegri leið til að jafna aðstöðu manna að mega taka sértækt á slíkum þáttum en að hafa námslánin yfir alla línuna e.t.v. eitthvað hærri. Í grófum dráttum geta verið tvær aðferðir ef menn vilja taka eitthvert tillit til slíks kostnaðar. Annars vegar að reikna út hver hann er að meðaltali hjá námsmönnum og lána svo út á það yfir heilu línuna, hin leiðin væri sú að sannanlegur og útlagður ferðakostnaður væri með einhverjum hætti tekinn til greina. Ég held að það væri miklu betri leið en sú að henda þessu út og segja svo með einhverju aumingjalegu orðalagi að það sé hins vegar þannig að ekkert banni stjórninni að taka tillit til ferðakostnaðar.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að ég hlýt að harma það og gagnrýna hvernig tillögum námsmanna í þessu sambandi hefur verið tekið. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst námsmannahreyfingin hafa sýnt ábyrgð og mikinn þroska með því að ganga sjálf í það verk að gera tillögur um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna sem bæta verulega fjárhagsstöðu hans og minnka þörf ríkisins til að leggja honum fé og þyngja að sama skapi hlut námsmanna, viðskiptamanna sjóðsins. Mér finnst námsmannahreyfingin hafa sýnt með því ábyrgð, þroska og kjark vegna þess að ég veit að það var erfitt verk fyrir þá fulltrúa námsmanna líðandi stundar sem í hlut áttu að axla þá byrði. Mikið auðveldari afstaða fyrir þá hefði verið að vera á móti þessu öllu. Taka þá hefðubundnu línu að segja bara: Við erum bara á móti þessu, engar breytingar. En námsmenn gerðu það ekki. Þeir lögðu þvert á móti til tillögur sem hefðu skilað þó nokkru fé og í fyllingu tímans geta munað sjóðinn miklu. Ég er alveg sannfærður um að í því ljósi má líka ætla að þeir hefðu verið tilbúnir til þess að ræða þær tillögur og jafnvel ganga lengra ef samkomulag hefði tekist um slíkt.

Hvernig var tekið í þessa útréttu hönd námsmanna? Það var slegið á hana. Það var einskis virt af hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstjórn að námsmannahreyfingin tók þessa ábyrgu afstöðu og það er þeim mun fráleitara og þeim mun verra að mínu mati að vinna þannig að hlutunum. Mér dettur í hug það dæmi að námsmenn hafi hvað þetta snertir að nokkru leyti verið í svipaðri aðstöðu og bændur hafa verið á undanförnum árum. Þeir hafa staðið frammi fyrir því að

ákveðin ríkisútgjöld til þeirra málaflokks hafa verið mikil og verið mönnum þyrnir í augum. Menn á þeim bæ hafa áttað sig á að ekki væri líklegt að það fyrirkomulag fengi varið sig öllu lengur. Báðir hóparnir tóku þá ábyrgu og skynsamlegu afstöðu að lýsa sig reiðubúna í sársaukafullar og erfiðar breytingar á þessu, bændur annars vegar á fyrirkomulagi opinbers fjárstuðnings við landbúnaðarframleiðsluna í hefðbundnum greinum, námsmenn gagnvart lánasjóðnum. Í fyrra tilvikinu, reyndar í tíð fyrri ríkisstjórnar, var brugðist þannig við að tilboði af hálfu bænda var tekið tveim höndum fagnandi af ríkisstjórn og aðilum vinnumarkaðarins. Menn settust saman og náðu samkomulagi sem enginn maður hefur enn gert á Alþingi. Þó þrisvar hafi slíkt mál komið til atkvæða voru greidd atkvæði gegn því. En hér er slegið á slíka útrétta hönd.

Að lokum, herra forseti, held ég líka að þegar menn ræða stærðargráður í þessum efnum og velta því fyrir sér hvað sé nú mikilvægt, hvað stórt og hvað lítið í þessu þjóðfélagi, er þá framlag íslenska ríkisins að lánasjóðnum meðtöldum til menntunar og lífskjarajöfnunar í þessu landi svo mikið? Er mjög mikið þó að af íslenskum fjárlögum fari 1,5–2,5% inn í jafngeysilega mikilvægan hlut og það er að tryggja öllum landsmönnum jafnrétti til náms og tryggja afkomu þessa stóra hóps í þjóðfélaginu á meðan á náminu stendur? Við skulum átta okkur á því að hér er um lífskjaragrundvöll og afkomutryggingu 6–8 þús. manns að ræða. Þetta eru auðvitað miklir fjármunir fyrir ríkissjóð sem er rekinn með halla og á í erfiðleikum. Í hundraðshluta af ríkisútgjöldunum, miðað við mikilvægi og stærð þessa málaflokks, velti ég því stundum fyrir mér hvort það sé beinlínis rétt að tala um þetta með þessum hætti. Ég er ekki endilega viss um það. Ég held að menn ættu aðeins að gá að sér þegar þeir eru að vega og meta þessa hluti saman. Ég vona að enginn misskilji orð mín svo, enda væri það ástæðulaust. Ég hef þegar tekið það fram að í ljósi þess hvernig staðan er tel ég ekki nema eðlilegt að menn vilji setjast niður og skoða málefni lánasjóðsins og ræða þau. Getum við náð samkomulagi, með tilliti til þess vanda sem þar stefnir í og hefur stefnt undanfarin ár og menn eru meira og minna samábyrgir fyrir jafnt í stjórn og stjórnarandstöðu, að gera þarna tilteknar breytingar? Getum við gert áætlun til 10–15 ára um það hvernig við tökum á þessum vanda með kannski blandaðri aðferð, ef svo má að orði komast, að námsmenn, nútímans og framtíðarinnar, leggi þarna nokkuð af mörkum? Að fyrrverandi námsmenn leggi e.t.v. nokkuð af mörkum í gegnum það að menn litu svo á t.d. að ákveðin tekjuöflun í ríkissjóð tengdist þessu verkefni, t.d. hátekjuskattur? Væri það ekki alveg upplagt að sérstakt þrep eða 1% þrep í tekjuskatti eða eitthvað því um líkt væri greitt af þeim sem notið hafa náms á undanförnum árum? Eða almennir þegnar þjóðfélagsins sem njóta núna betri lífskjara vegna þess að íslenska þjóðin er menntaðri og öflugri á sinn hátt en áður var, legðu eitthvað af mörkum? Verðum við í þriðja lagi ekki að gera ráð fyrir því að leggja lánasjóðnum til verulega fjármuni um alllangt skeið meðan hann er að komast yfir það erfiða bil í sögu sinni sem stafar af mikilli fjölgun námsmanna, þyngri sveiflu í þá átt sem ætla má að fari nú að stöðvast og stafar af fortíð óverðtryggðra lána og mikils vaxtamunar vegna vaxtaokursins á lánamarkaðnum? Allt þetta og fleira til þyrfti að skoða að mínu mati. Að lokum vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er virkilega svo að það sé bjargfastur ásetningur hans að keyra frv. í gegn eða er menntmrh. tilbúinn til þess að gefa tíma til þess að málið verði skoðað í rólegheitum í nefnd í þinginu, jafnvel kallað til nýs samstarfs á meðan málið bíður þar eða er þar til vinnslu, nýs samráðs við námsmannahreyfinguna og e.t.v. fleiri aðila í landinu? Mér þætti t.d. ekkert óeðlilegt þó að verkalýðshreyfingin yrði kölluð til samráðs um þessa mikilvægu löggjöf. Augljósir hagsmunir til að mynda opinberra starfsmanna og háskólamenntaðra manna í stéttarfélögum ætti að liggja þar til grundvallar. Er hæstv. menntmrh. tilbúinn a.m.k. til þess að ljá máls á því að einhver tími verði tekinn í slíka tilraun? Af því að ég held að þrátt fyrir allt sé ákaflega mikilvægt að um þessa grundvallarlöggjöf geti ríkt sæmilegur friður og sama á við um skóla- og menntamál almennt.

Herra forseti. Ég ætla þá að ljúka máli mínu með tilliti til þess sem ég áður sagði. Ég hefði kannski viljað nefna nokkur atriði sem lúta að samspili menntunar og atvinnustigs. Þannig háttar til því miður að atvinnuástand er verra nú en verið hefur um áratugaskeið. Það vekur upp ýmsar spurningar m.a. í tengslum við námslánafyrirkomulagið og mikilvægi menntunar í því sambandi. Margar þjóðir hafa ekki hvað síst reynt að glíma við þann leiða draug, atvinnuleysið, með því að beina auknum kröftum í þjóðfélaginu yfir í menntun í þeirri von og trú að það sé nú hvort tveggja í senn hollari iðja fyrir menn að mennta sig heldur en mæla götumar í atvinnuleysi og hitt að það geti jafnvel skilað þjóðarbúinu nokkru í aukinni framlegð, auknum krafti og betri þegnum í þeim skilningi að þeir noti tímann meðan þeir hafa ekki störf eða létt sé á vinnumarkaðnum með einhverjum hætti með því að menn beini þá auknum krafti í menntun á meðan svo stendur. Þetta samhengi hefði verið ástæða til þess að ræða í ljósi þeirra dökku upplýsinga sem við erum að fá dag eftir dag um atvinnuástandið og verður kannski gert. Þetta samspil sumarvinnu námsfólks og námslána sem kannski fer að heyra sögunni til af því að það verði engin sumarvinna fyrir námsfólk og fleira af því tagi. En e.t.v. dregur til þeirra tíðinda síðar í umræðunni að ég kveðji mér aftur hljóðs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að það hefur orðið að samkomulagi að umræðan haldi áfram nk. miðvikudag og hefjist að loknum þingflokksfundum, eða kl. 6. Ef ekki tekst að ljúka henni á þeim tíma, milli sex og hálfátta til átta, verði kvöldfundur til að ljúka umræðunni. Um þetta varð samkomulag og vill forseti þess vegna láta þess getið.

Umræðu frestað.

83. FUNDUR

þriðjudaginn 18. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti láta þess getið að utandagskrárumræða mun fara fram að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefáns Guðmundssonar, um á hvern hátt ríkisstjórnin hyggst bregðast við því atvinnuleysi sem orðið er í landinu.

Forseti hefur fallist á að slík umræða standi í tvær klukkustundir, þ.e. 20 mín. á hvern flokk auk 10 mín. til málshefjanda og ráðherra í lok umræðu. Um þetta fyrirkomulag umræðunnar er samkomulag milli þingflokka.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 116. mál (málskot úrlausna). — Þskj. 119.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 428).

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 228.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Frv. þetta eins og það birtist hér og liggur frammi var unnið af nefnd af hálfu umhvrn. Upphaflega var frv. raunar samið af nefnd sem skipuð var 13. júní 1988 af páv. menntmrh. Þar áður höfðu allmargar stjórnskipaðar nefndir glímt við svipað verkefni.

Sumarið 1990 fékk umhvrn. frv. nefndarinnar til meðferðar eftir að málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands höfðu verið lögð til ráðuneytisins. Þá þótti ástæða til að skoða nokkur atriði þess betur áður en það yrði lagt fyrir Alþingi og voru það einkum efasemdir um þær greinar frv. er lúta að stjórn og skipulagi Náttúrufræðistofnunar. Að endurskoðuninni unnu Jón Gunnar Ottósson frá umhvrn. og Davíð Þór Björgvinsson, dósent við Háskóla Íslands. Einnig var haft samráð við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar. Nokkrar breytingar voru gerðar á frv. og það síðan lagt fram skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi. Þá var mælt fyrir frv. og það sent til nefndar. Allsherjarnefnd neðri deildar sendi þá frv. út til umsagnar en lengra náði sú umfjöllun ekki í það sinn og málið var ekki tekið til 2. umr. Þá bárust umsagnir m.a. frá eftirtöldum aðilum: Náttúrufræðistofnun Norðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og aðalfundi þess, Háskóla Íslands, Rannsóknaráði ríkisins og Orkustofnun, veiðistjóra, Grasagarði Reykjavíkur og Landssambandi hestamanna og fleiri aðilum. Í ljósi þeirra athugasemda sem komu fram í þessum umsögnum taldi ég nauðsynlegt að endurskoða frv. og skipaði til þess nefnd í ágúst sl. Þar áttu sæti fulltrúar allra þingflokka en formaður nefndarinnar og ritari voru fulltrúar umhvrn. Í nefndinni áttu sæti Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður, Össur Skarphéðinsson alþingismaður og Jón Gunnar Ottósson frá umhvrn. sem var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Þórir Ibsen frá umhvrn.

Nefndin fór yfir frv. og hafði þar til hliðsjónar þær umsagnir og athugasemdir sem ég greindi frá áðan. Full samstaða varð í nefndinni um þær breytingar sem gerðar voru og skilaði nefndin því frv. fullbúnu sem er nú mælt fyrir.

Í athugasemdum við frv. er fjallað um aðdraganda þess og störf nefndarinnar sem fyrrv. menntmrh. skipaði og ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um það hér. En þessu frv. er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 48/1968 um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ákvæði um almennar náttúrurannsóknir falla að mestu burt þannig að í frv. er einkum fjallað um skipulag og verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands í töluvert breyttri mynd frá því sem áður var. Þá eru í frv. ný ákvæði sem m.a. kveða á um stofnun náttúrustofa í kjördæmum og um sýningarstarfsemi.

Helstu nýmæli frv. eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi er Náttúrufræðistofnun skilgreind sem landsstofnun og getur setur hennar verið á allt að fimm stöðum á landinu. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða er aðeins gert ráð fyrir að eitt setur utan Reykjavíkur verði stofnað á næstu tveimur árum en það yrði á Akureyri. Miðað er við að heimild frv. yrði notuð til að breyta Náttúrufræðistofnun Norðurlands í setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á næsta ári. Þess má geta að bæjarstjórn Akureyrar hefur óskað eftir aðild ríkisins að starfsemi Náttúrufræðistofnunar Norðurlands m.a. varðandi yfirtöku á kostnaði varðandi vegna náttúrurannsókna sem þar eru stundaðar.

Í öðru lagi eru það nýmæli að stofnunin lúti sérstakri stjórn sem skipuð er af ráðherra og að ráðinn verði forstjóri að Náttúrufræðistofnun Íslands sem starfi í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild.

Í þriðja lagi er heimild í frv. til að veita náttúrustofum í kjördæmum fjárstuðning frá ríkinu ef þær uppfylla skilyrði um verkefni og stjórn sem sett eru.

Í fjórða lagi verður uppbygging og rekstur náttúru-

sýningarsafna ekki lengur lögbundið verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, eins og er í gildandi lögum, heldur á vegum sérstakra félaga eða jafnvel sjálfseignarstofnana. Þó er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnunin aðstoði eftir sem áður við uppbyggingu slíkra safna og hún getur gerst aðili að þeim með leyfi ráðherra.

Eins og áður sagði eru felld burtu ákvæði gildandi laga um almennar náttúrurannsóknir. Mikil breyting hefur orðið á aðstöðu og tilhögun náttúrurannsókna frá því að sett voru lög um Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1965. Stofnanir á þessu sviði hafa eflst og nýjar tekið til starfa. Lög um Rannsóknaráð Íslands hafa verið endurskoðuð. Sett hefur verið á fót sérstakt vísindaráð sem m.a. hefur það verkefni að marka stefnu fyrir vísindastarfsemi í landinu. Við samningu frv. var leitast við að taka tillit til þessara breyttu aðstæðna án þess þó að fjalla um náttúrurannsóknir á vegum þeirra fjölmörgu stofnana sem slíkar rannsóknir stunda nú. Það var ekki talið vera í verkahring þeirra nefnda sem unnið hafa að gerð frv. Þetta er í raun meginástæðan fyrir því að ekki þótti eðlilegt að setja í frv. ákvæði um náttúrurannsóknir sambærileg við þau sem eru í gildandi lögum um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Þess í stað var valin sú leið að skilgreina nokkuð nákvæmlega verksvið Náttúrufræðistofnunar Íslands. Frv. er þannig takmarkað við málefni stofnunarinnar og náttúrustofa og því þótti rétt að breyta heiti laganna í samræmi við það.

Með frv. er ekki verið að takmarka verksvið annarra rannsóknastofnana frá því sem verið hefur, né heldur að veita Náttúrufræðistofnun eða náttúrustofu neinn einkarétt til rannsókna á náttúru landsins eða umhverfisþáttum.

Náttúrufræðirannsóknir á vegum Háskóla Íslands hafa aukist mjög verulega á undanförnum áratugum og samfara því hefur sú skoðun heyrst að rétt væri að leggja Náttúrufræðistofnun Íslands niður í núverandi mynd og fela öðrum stofnunum verkefni hennar. Ég er andvígur þeirri skoðun. Það er og verður nauðsynlegt að reka stofnun sem hefur lýsingu Íslands að meginverkefni. Það er hins vegar rétt eins og gert er með frv. þessu að breyta starfsemi Náttúrufræðistofnunar og auðvelda þannig tengsl og samskipti stofnunarinnar við aðra rannsóknastarfsemi á sviði náttúruvísinda. Nefndin sem gekk frá þessu frv. er sömu skoðunar og eru færð fyrir því eftirtalin rök, með leyfi forseta:

1. Æskilegt er að sérstök stofnun hafi það verkefni að sjá um skipulega söfnun heimilda um náttúru Íslands og að varðveita niðurstöður í fræðilegum söfnum sem verði öllum opin og aðgengileg.

2. Eðlilegt er að aðstaða til slíkra rannsókna sé til staðar á nokkrum stöðum á landinu og að stofnunin sé þannig landsstofnun sem eigi sér fleiri en eitt setur.

3. Fræðileg söfn og rannsóknir eru víðast hvar bakhjarl sýningarsafna á sviði náttúrufræði fyrir almenning. Því þykir rétt að tryggja áfram tengsl Náttúrufræðistofnunar við sýningarsöfn.

4. Eðlilegt er að ætla Náttúrufræðistofnun almannatengsl og fræðsluhlutverk. Einnig af þeirri ástæðu eru samskipti við sýningarsöfn eðlileg þótt slík söfn verði byggð upp og rekin sem sjálfstæðar stofnanir með þátttöku fleiri aðila en ríkisins.

5. Hefð er fyrir nánu sambandi milli almennra náttúrurannsókna, náttúrusýninga og áhugamannafélaga í Reykjavík og víðar á landinu. Ástæða er til að hlúa að síkum samskiptum fremur en að rjúfa þau enda þótt komið verði á breytti skipan um sýningarsöfn frá því sem verið hefur fram til þessa.

6. Rannsóknir á sviði umhverfismála hafa verið stundaðar af Náttúrufræðistofnun og náttúrugripasöfnum undanfarin 15 ár. Það er eðlilegt að þær verði hluti af starfsemi þeirra einnig framvegis þótt margir aðrir hljóti einnig að koma við sögu. Tengsl Náttúrufræðistofnunar við náttúrustofur í kjördæmum landsins falla vel að slíkri starfsemi og fleiri verkefnum sem tengjast umhverfisvernd. Við þetta síðastnefnda má bæta að alveg er ljóst að á næstu árum mun verða lögð mjög aukin áhersla á umhverfismat sem undanfara ákvarðana um mannvirkjagerð og skipulagsvinnu á Íslandi.

Það liggur beint við að Náttúrufræðistofnun annist að verulegu leyti nauðsynlegar rannsóknir á náttúru landsins vegna mats á áhrifum mannvirkjagerðar og landnotkunar á náttúruna. Af þessari upptalningu má ráða að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélagi okkar. Þessu hlutverki eru gerð ítarleg skil í 5. og 6. gr. frv. sem kveða á um helstu verkefni stofnunarinnar, réttindi hennar og skyldur.

Ég mun nú fara, virðulegi forseti, nokkrum orðum um einstaka kafla og greinar frv. sem ástæða er til að skýra kannski örlítið frekar.

Í 2. gr. segir að Náttúrufræðistofnun Íslands sé stofnun í eigu íslenska ríkisins óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggi ekki af þeim framlög eða gjafir. Þetta ákvæði vísar til þess að stofnuninni er óheimilt sem rannsóknar- og umsagnaraðila að veita viðtöku gjöfum frá stofnunum eða fyrirtækjum sem gætu átt sitt undir Náttúrufræðistofnun vegna umsagna sem hún á að veita stjórnvöldum. Hins vegar er stofnuninni að sjálfsögðu heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum og náttúrugripum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki teljast hagsmunatengdir aðilar. Hér er vissulega um að ræða grátt svæði ef svo má taka til orða og þess vegna er kveðið á um að ef upp kemur ágreiningur um túlkun þessa ákvæðis þá skuli ráðherra skera úr.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands geti byggst upp af allt að fimm setrum sem hvert um sig hefði sjálfstæðan fjárhag. Auk Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík getur ráðherra heimilað eitt setur í hverjum landsfjórðungi. Sú ákvörðun yrði þó tekin í fullu samræmi við fjárlagaheimildir hverju sinni eins og gefur að skilja. Ekki er gert ráð fyrir því að hvert setur hafi sérstaka stjórn heldur verði ein stjórn yfir stofnuninni allri eins og kveðið er á um í 4. gr. Rökin fyrir því að aðsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands verði í framtíðinni fleiri en eitt eru þau að með þessu fyrirkomulagi er í senn stefnt að landfræðilegri dreifingu og samhæfingu verkefna. Gert er ráð fyrir að

setrin auki á sveigjanleika innan stofnunarinnar og verði hvetjandi fyrir starfsemina m.a. á frumkvæði hvers seturs varðandi rannsóknir og fræðslu.

Samkvæmt 4. gr. frv. skipar ráðherra stjórn Náttúrufræðistofnunar til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn hvers seturs tilnefna einn mann í stjórnina og forstöðumenn náttúrustofanna í kjördæmunum einn mann. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

Samkvæmt þessu yrðu stjórnarmenn tveir við samþykkt frv. en yrði fjölgað í þrjá með tilkomu seturs á Akureyri 1. jan. 1993 og fjóra með tilkomu náttúrustofu á Austurlandi 1. jan. 1994, eins og gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða.

Líklegt verður að telja að þessi tala stjórnarmanna, eða fjórir, muni haldast óbreytt um alllangt skeið. Því þótti ástæða til að kveða á um að ákvæði formanns stjórnar réði úrslitum í þeim tilvikum þar sem atkvæði féllu jöfn innan stjórnarinnar.

Hlutverk stjórnarinnar er skýrt í 4. gr. Henni ber að fjalla um starfsáætlanir, fara yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgjast með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Stjórnin samræmir eftir föngum rannsóknir á vegum setranna og stuðlar að samvinnu við náttúrufræðistofur. Ein ástæðan fyrir því að sett er stjórn yfir Náttúrufræðistofnun Íslands og kveðið er á um einn forstjóra fyrir öll setrin er að tryggja að setrin verði rekin sem ein stofnun þrátt fyrir ákveðið sjálfstæði og dreifingu um landið og að einn aðili komi fram fyrir hönd stofnunarinnar þegar þörf er á slíku.

Í 5. og 6. gr. er kveðið á um verkefni Náttúrufræðistofnunar, réttindi og skyldur. Þar er m.a. gert ráð fyrir að stofnunin stundi almennar rannsóknir á náttúru Íslands á sviði dýrafræði, grasafræði og jarðfræði og annist skipulega söfnun og vörslu heimilda um náttúru landsisns. Niðurstöður rannsókna sem eru í vörslu stofnunarinnar eiga að vera aðgengilegar og öllum opnar. Þær eiga að vera skráðar á samræmdan átt þannig að fá megi á einum stað sem best yfirlit yfir náttúru Íslands. Gert er ráð fyrir að stofnunin leggi eins og verið hefur áherslu á söfnun upplýsinga um útbreiðslu og flokkun lífvera og vistfræði þeirra, enn fremur á söfnun og greiningu sýna af steinum, bergtegundum og steingervingum. Upptalning verkefna í 5. gr. frv. er nokkru fyllri en í gildandi lögum og tekur mið af breyttum aðstæðum eins og áður er rakið og ég nefni þessi verkefni sem eru einkum að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands, varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru. Að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda. Að styðja við uppbyggingu sýningasafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla að þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Hér er áhersla lögð á aðstoð, upplýsingar og ráðgjöf. Ekki er lengur kveðið á eins og í gildandi lögum um að stofnunin skuli koma upp sýningasafni en hún getur vissulega gerst aðili að sýningasöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu, sbr. 8. gr.

Þá nefni ég hér það að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúru landsins. Á þessu sviði munu umsvif stofnunarinnar áreiðanlega fara mjög vaxandi á næstu árum.

Þá nefni ég það til sögunnar að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra, sjá um fuglamerkingar — og hefur Náttúrufræðistofnun raunar ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi. Þetta ákvæði er óbreytt frá gildandi lögum.

Þá nefni ég það að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu. Rétt er að taka það fram að í þessu frv. er létt af stofnuninni þeirri kvöð að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi. Þetta er gert vegna þess að það starf hefur í reynd verið í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins, sbr. ákvæði reglugerðar frá 1968 og hefur síðan verið falið Vísindaráði með lögum nr. 48/1987.

6. gr. frv. fjallar um rétt Náttúrufræðistofnunar til að fá upplýsingar er varðar starfsemi hennar frá öðrum opinberum stofnunum og um skyldur hennar til að veita öðrum upplýsingar. Gert er ráð fyrir að settar verði nánari reglur um þetta efni. Þá er fjallað um rétt vísindamanna til að nota niðurstöður rannsókna og grunngögn í vörslu stofnunarinnar.

Í 7. gr. er heimild til að deildaskipta setrum með reglugerð til að skapa meiri sveigjanleika í uppbyggingu. Þá er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um menntunarkröfur deildarstjóra og sérfræðinga hliðstæðar því sem gerðar eru í Háskóla Íslands.

II. kafli frv. fjallar um náttúrustofur. Þar er lagt til skv. 9. gr. að ráðherra verði heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi landsins með fjárhagslegum stuðningi ríkisins eins og nánar er tiltekið í 10. gr. Framlag ríkisins takmarkast við laun forstöðumanns og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga, bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi þá fyrir trygging fyrir jafnháu framlagi frá heimaaðilum. Gert er ráð fyrir að heimaaðilar standi að öðru leyti undir stofn- og rekstrarkostnaði en fái í sinn hlut sértekjur.

Gert er ráð fyrir að náttúrustofur starfi í nánum tengslum við Náttúrufræðistofnun, m.a. með því að í 4. gr. er kveðið á um rétt allra forstöðumanna til setu á árlegum fundum starfsmanna Náttúrufræðistofnunar þar sem samræmd er starfsemin og niðurstöður rannsókna kynntar. Þá er samstarfið einnig tryggt með því ákvæði 4. gr. að forstöðumenn skuli tilnefna sameiginlega einn mann í stjórn stofnunarinnar. Þótt heimild ráðherra sé bundin við eina náttúrufræðistofu í hverju kjördæmi er gert ráð fyrir að starfsemi stofunnar geti verið á fleiri en einum stað í kjördæminu og á sama hátt geta kjördæmi auðvitað sameinast um rekstur einnar náttúrustofu.

Helstu hlutverk sem náttúrustofu er ætlað að rækja

eru skilgreind í 11. gr. og felast öðru fremur í verkum sem tengjast viðkomandi svæði eða landshluta. Helstu hlutverk þar gætu verið:

1. Að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.

2. Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál.

3. Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Náttúrustofum er heimilt að gerast aðili að sýningarsafni en heimildin er bundin því skilyrði að fjárhagur slíks safns og stofunnar verði aðskilinn. Nýting á þessari heimild breytir engu um fjárstuðning af hálfu ríkisins nema sérstakt samkomulag hafi verið gert þar að lútandi.

Stjórn náttúrustofu skal skipuð þremur mönnum, eigendur í heimahéraði tilnefna tvo en ráðherra umhverfismála einn. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga og ef um samstarf tveggja eða fleiri kjördæma er að ræða tilnefnir hvert kjördæmi tvo menn í stjórn.

Í III. kafla frv. eru almenn ákvæði. 15. gr. fjallar um rétt náttúrufræðinga og aðstoðarmanna þeirra, þ.e. þeirra sem stunda náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinberra til frjálsra ferða um lönd manna. Þeim ber þó að forðast óþarfa átroðning og er skylt að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda. Sömu aðilum er einnig heimilt skv. frv. þessu að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða náttúrugripi sem eru verðmætir fyrir landeigendur eða aðra rétthafa lands.

Ef í ljós koma verðmæti sem áður voru ókunn er rannsakanda skylt að tilkynna það rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru. Þessi grein er samhljóða 2. gr. gildandi laga nr. 48/1965, sem áður er vitnað til að öðru leyti en því að 4. mgr. er nýmæli. Samkvæmt henni er óheimilt að flytja náttúrugripi úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og þeim skilyrðum er hún kann að setja. Þetta ákvæði er talið nauðsynlegt m.a. vegna vandamála sem upp hafa komið í tengslum við aukinn straum ferðamanna til landsins og sókn þeirra í náttúrugripi af ýmsu tagi.

17. gr. gerir ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. jan. 1992. Þetta frv. var lagt fram í haust en komst ekki á dagskrá þingsins fyrr en nú og auðvitað verður sú nefnd sem fær frv. til meðferðar að endurskoða þetta gildistökuákvæði sem segir sig nú raunar sjálft.

Þá er að lokum ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um stofunun seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993 og innan tveggja ára þaðan í frá verði komið fót náttúrufræðistofum í tveimur landsfjórðungum. Með þessu ákvæði til bráðabirgða er mótuð stefna um notkun heimildar frv. varðandi setur Náttúrufræðistofnunar Íslands og um náttúrustofur.

Hér er verið að hrinda af stað þeirri þróun sem þetta frv. felur í sér og frv. varðandi uppbyggingu og skipulag Náttúrufræðistofnunar Íslands er að setur hennar utan Reykjavíkur vaxi upp úr náttúrustofum sem starfræktar hafa verið undir nafninu Náttúrugripasafn um nokkurt skeið. Það liggur því beint við þegar horft er til umsvifa og í sögulegu samhengi að fyrsta setrið utan Reykjavíkur verði stofnað á Akureyri og fyrsta náttúrustofan á Austurlandi. Með sömu rökum kæmi Suðurland næst á eftir Austurlandi að því er varðar náttúrustofur.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum bera fram þá ósk að þetta mál, sem hefur fengið mjög mikla, langa og ítarlega umfjöllun í fleiri en einni nefnd eins og ég rakti hér í upphafi míns máls, fái skjóta og góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Það hafa mjög margir aðilar komið að undirbúningi frv. Auk þeirrar nefndar sem sá er þetta mælir skipaði og gekk frá frv. eins og það liggur fyrir og þeirrar nefndar sem fyrrv. menntmrh. skipaði hafa fjölmargir aðilar sem á þessu sviði starfa komið að verkinu, ýmist með því að ræða við nefndirnar eða senda þeim skriflegar ábendingar. Öllu þessu fólki vil ég þakka góð störf og sérstaklega þó nefndinni sem gekk endanlega frá því frv. sem hér er nú mælt fyrir. Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að segja hér nokkur orð við 1. umr. þessa máls, en eins og kemur fram í greinargerð þá var ég ein af þeim sem samdi frv. í þeim endanlega búningi sem það lítur út nú. Í nefndinni sem samdi frv. var alger samstaða að skila því frá sér eins og það er hér lagt fyrir Alþingi þannig að ég þarf ekki að hafa mörg orð, en mig langar, hæstv. forseti, að segja nokkur orð við þessa umræðu.

Ég tel að þetta frv. sé mikil framför frá núgildandi lögum og grundvallarbreyting er lögð til á fyrirkomulagi náttúrurannsókna í landinu með setraskipulagi sem er mjög að mínu skapi. Gengið er út frá því að allir landsfjórðungar komi sér upp setri í samráði við ríkisvaldið sem sameiginlega myndi Náttúrufræðistofnun Íslands. Ekki er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi sem hefur mjög svo tíðkast að stofnanir séu í Reykjavík og hafi útibú úti á landsbyggðinni, heldur að jafnrétthá setur myndi sameiginlega Náttúrufræðistofnun Íslands enda hlýtur náttúran að vera þeim mun áhugaverðari eftir því sem minna hefur verið malbikað af henni og á ég þar við landsbyggðina.

Undirbúningur að þessu máli á sér langan aðdraganda og hann þekkja aðrir sem hér eru betur en ég og ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það mál. Óhætt er að fullyrða að miklar breytingar hafa átt sér stað á aðstöðu og tilhögun náttúrurannsókna frá því að lög um Náttúrufræðistofnun Íslands voru sett fyrst. T.d. hafa atvinnuvegirnir aukið rannsóknir sínar verulega og náttúrugripasöfn hafa verið stofnuð á nokkrum stöðum á landinu þar sem rannsóknir eru stundaðar. Hverjum þykir sinn fugl fagur og ég gæti nefnt að t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu hafa slíkar rannsóknir verið stundaðar lengi og þær eiga sér langan og merkilegan aðdraganda og langa og merkilega hefð. Sennilega er

hægt að fara þar aftur til ársins 1880 með stofnun Möðruvallaskóla. Rannsóknum hefur síðan verið haldið við af kennurum gagnfræðaskólans, síðar af starfsmönnum Ræktunarfélags Norðurlands og Náttúrufræðistofnun Norðurlands.

Mig langar að vitna örlítið í fylgiskjöl sem snerta einmitt það mál eða rannsóknir norðan fjalla en þar segir að árin 1964–1970 megi segja að Náttúrugripasafnið hafi tekið við þessari arfleifð og hafi síðan verið miðstöð náttúrurannsókna í Norðurlandsfjórðungi. Um áramótin 1987 voru formlega sameinuð Náttúrugripasafnið á Akureyri og Lystigarðurinn og hinni sameinuðu stofnun gefið nafnið Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Samstarf Náttúrugripasafnsins og Lystigarðsins hafði þá um árabil verið mikið og náið en með heitinu Náttúrufræðistofnun Norðurlands var áhersla á það lögð að henni væri ætlað að þjóna Norðurlandi öllu. Akureyrarbær sér um rekstur Náttúrufræðistofnunar Norðurlands en þess hefur verið farið á leit við menntmrn. að ríkissjóður fjármagi rannsóknastarfsemi stofnunarinnar og má það teljast nokkuð einstakt að slíkar grundvallar- og grunnrannsóknir í náttúrufræðum hafa verið starfræktar þarna á kostnað bæjarfélagsins.

Eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæði er einmitt meiningin að fyrsta setur utan Reykjavíkur verði sett á stofn á Akureyri eftir um það bil ár og fagna ég því sérstaklega.

Frv. fjallar einnig um náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum. Þeim er ætlað að rækja mjög mikilvægt hlutverk og geta m.a. gerst aðilar að sýningarsöfnum en fjárhagur slíkra safna skal vera aðskilinn. Þetta er eitt af mikilvægum atriðum í frv. að það á að greina rekstrarlega á milli rannsóknastarfsemi og varðveislu á náttúrugripum til vísindalegra nota annars vegar og náttúrusýninga hins vegar. Samt sem áður geta Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur stutt við starfsemi sýningasafna með ýmsum hætti og ríkið getur að sjálfsögðu verið eignaraðili að slíkum stofnunum eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Eins og allir vita hafa náttúrusöfn mikið gildi fyrir skóla og almenning og mjög mikilvægt að tengja þau náttúrunni eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Ég leyfi mér að vona það og taka undir það með hæstv. ráðherra að þetta mál eigi greiðan gang í gegnum Alþingi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að þakka fyrir það að þetta frv. skuli vera flutt en ég átti dálitla aðild að undirbúiningi málsins með því að skipa nefnd til að vinna að þessu verkefni 19. júní 1989 eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh. Nefndin var undir forustu Hjörleifs Guttormssonar sem stýrði verkum hennar af miklu öryggi og myndarskap. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði áður komið að þessu máli sérstaklega á hv. Alþingi með því að vera fyrsti flutningsmaður að þáltill. sem hreyfði verulega við málinu en tillöguna fluttu held ég einir tíu þingmenn úr öllum flokkum sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. Ég tel ástæðu til þess að segja það að ég tel að þarna hafi verið unnið mjög gott starf í nefndinni á árunum 1989–1990 vegna þess að það verk að koma saman nefndaráliti á grundvelli skipunarbréfs nefndarinnar var ótrúlega flókið verk. Hlutverk nefndarinnar var í fyrsta lagi að semja drög að frv. til laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands með hliðsjón af tilhögun frá fyrri árum og það frv. höfum við hér. En í öðru lagi að kanna möguleika á samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgarsvæðinu með aðild Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og hugsanlega fleiri aðila og í þriðja lagi að kanna aðra þætti sem tengjast þessum málum og nefndin vildi koma á framfæri. Eins og fram kom hér í máli hæstv. umhvrh. er þetta frv. afurð af starfi þeirrar nefndar sem var kölluð NNN-nefnd. Síðan fékk önnur nefnd málið í hendur undir forustu Jóns Gunnars Ottóssonar, deildarstjóra í umhvrn. Ég hygg að sú nefnd hafi verið skipuð í tíð núv. hæstv. umhvrh. en frv. var afhent umhvrn. með ákvörðun um breytta verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Ég hygg að það hafi verið sumarið 1990 sem umhvrn. fékk þetta mál í sínar hendur.

Sannleikurinn er sá að þeir sem hafa ekki fjallað um þessi mál að neinu marki eiga kannski erfitt með að gera sér grein fyrir því hvað þetta er orðin ótrúlega löng vegferð. Deilur um þetta mál hafa verið mjög miklar og voru um áratugaskeið. Ég held að það sé næstum hægt að segja að hálf öld sé liðin síðan lagt var af stað með tilraunir til þess að ná samkomulagi um skipulag náttúrurannsókna hér á landi og byggingu náttúrufræðihúss. NNN-nefndin skilaði áfangaáliti til ráðuneytisins 20. sept. 1989 og helstu niðurstöður þessa álits voru kynntar í tengslum við 100 ára afmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags 1. okt. 1989.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara hér yfir einstök mál í frv. þessu. Ég sé að um frv. er fullt samkomulag og ég er auðvitað sérstaklega ánægður með að heyra það að menn skuli hafa náð samkomulagi. Ég er alveg viss um að þær nefndir sem að þessu hafa starfað nú og áður, bæði þessi nefnd sem starfaði síðast í málinu og eins sú nefnd, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veitti forstöðu, lagði á það áherslu að laða saman alla þá aðila sem hér eiga hlut að máli. Þeir eru ótrúlega margir. Það eru aðilar eins og Vísindaráð, náttúruvísindadeild Vísindaráðs, Rannsóknaráð ríkisins, Hið íslenska náttúrufræðifélag að sjálfsögðu, embætti veiðistjóra og síðan fulltrúar frá Náttúrufræðistofnun Austurlands, Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Vestmannaeyjabæ og fleiri aðilum.

Það eitt er stórkostlega mikið fagnaðarefni að menn skuli hafa náð þetta víðtæku samkomulagi. Ég segi það fyrir mig að ég læt þá ósk í ljós og tek undir með hæstv. umhvrh. og öðrum sem hér hafa talað að ég vil að þetta frv. verði að lögum. Ef það dregst þá er hætt við að svona mál lendi í útideyfu. Það er nauðsynlegt að halda þétt utan um mál af þessu tagi og hætt er við því að gömul ágreiningsefni geti risið upp á ný ef menn halda ekki þétt utan um mál af þessum toga.

Ég vil, um leið og ég þakka fyrir sem þingmaður hér, leyfa mér að inna hæstv. umhvrh. eftir því hvað sé að frétta af öðrum þætti í starfsemi þeirrar nefndar, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veitti forstöðu á sínum tíma, en það var að kanna möguleika á samkomulagi um byggingu náttúfræðihúss á höfuðborgarsvæðinu með aðild Náttúrufræðistofnunar, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og hugsanlega fleiri aðila. Ég tók ekki eftir því að hæstv. umhvrh. nefndi stöðu þess máls sérstaklega í sinni ræðu en við undirbúning málsins kynnti NNN-nefndin sér sérstaklega hvernig slíkum söfnum og slíkri starfsemi er háttað erlendis, m.a. með heimsókn í Heureka-safnið í bænum Vanda rétt fyrir utan Helsinki í Finnlandi og forstöðumaður Heureka-safnsins, Hannu Miettinen, kom hingað til lands og ræddi við forustumenn Hins íslenska náttúrufræðifélags, Náttúrufræðistofnunar og nefndarmenn sem þá áttu hlut að máli og reyndar ræddi hann við fleiri aðila. Það varð til samkomulag á milli menntmrn., staðfest af ríkisstjórninni, Háskóla Íslands og borgarstjóranum í Reykjavík, Davíð Oddssyni, um það hvernig staðið yrði að uppbyggingu náttúrufræðihúss. Mig minnir að þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir sl. haust hafi verið gert ráð fyrir því að setja einhverja upphæð í þetta hús á árinu 1992. Í fjárlögum ársins 1991 var smá upphæð inni í undirbúningi þessa verkefnis og hún var á forræði umhvrn. þó að tillaga um þá fjármuni hafi upphaflega verið flutt, eins og við var að búast, af menntmrn. Við meðferð fjárlaganna varð niðurstaðan sú að þetta var ein af þeim upphæðum sem var felld út eða lækkuð mjög verulega. Ég held að hún hafi verið felld út. Ég minnist þess að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir flutti litla brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1992 þar sem gert var ráð fyrir fjármunum inn í þetta verkefni. Sú tillaga náði ekki fram að ganga frekar en aðrar brtt. minni hlutans. En ég tel ástæðu til þess að inna hæstv. umhvrh. eftir því hvernig hann hefur hugsað sér að halda á því máli sem lýtur að byggingu náttúrufræðihúss. Á sama hátt og lagafrv. er viðkvæmt verk sem margir aðilar hafa verið kallaðir að, margir aðilar með mjög ákveðnar skoðanir á hlutunum svo að ekki sé nú meira sagt, þá er hitt líka alveg ljóst að það eru mjög ólíkar áherslur að sumu leyti sem þeir hafa sem þarf að tengja saman í kringum náttúrufræðihús, þ.e. Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og ríkið í þessu tilviki. Þess vegna er nauðsynlegt að halda áfram að framkvæma það samkomulag sem tókst um uppbyggingu náttúrufræðihúss á sínum tíma, lítið eða ekki breytt eftir atvikum. Þess vegna vil ég inna hæstv. umhvrh. eftir því. Ég hlýt að segja það hér að þegar menntmrn. átti viðræður við páv. borgarstjóra í Reykjavík, Davíð Oddsson, þá fékk málið mjög góðar undirtektir Reykjavíkurborgar, mjög góðar undirtektir. Og ég er sannfærður um að í hópi starfsmanna Reykjavíkurborgar, þeirra sem þar eru enn — sumir eru nú komnir í Stjórnarráðið eins og kunnugt er — eru margir, menn eins og Jóhann Pálsson grasafræðingur, sem hafa sýnt þessu máli mjög mikinn áhuga, skilning og velvilja. Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það eftir þeirri þekkingu sem ég hef á innviðum Reykjavíkurborgar að þar er mikill áhugi á að vinna að þessu verki. Ég hlýt því að leyfa mér, um leið og ég þakka fyrir frv. og óska því velgengni hér, að spyrja hæstv. umhvrh. hvar það mál er á vegi statt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég átti sæti í síðustu nefnd sem fjallaði um þetta mál og þeirri sem síðasti ræðumaður nefndi sem var undir forsæti Hjörleifs Guttormssonar. Ég hef því komið að þessu máli, á síðustu stigum þess alla vega.

Það er alveg rétt sem hér kom fram að verkefni nefndarinnar, svokallaðrar NNN-nefndar, var mikið og nokkuð flókið. Það var ekkert auðhlaupið að leysa það verkefni sem menntmrn. fékk okkur í hendur. Við töluðum við fjölmarga, ef ég man rétt voru það hátt á annað hundrað manns sem komu nálægt málinu, og það var ekki auðvelt að taka tillit til allra sjónarmiða, sérstaklega að því er varðaði 4. gr. frv., þ.e. um stjórnunarþáttinn. Það var nokkuð erfitt en okkar mat var að ásættanlegt væri að hafa þetta mál með þeim hætti sem kemur fram í frv. og ráðherra hefur nú skýrt nokkuð vel og tel ég óþarft að fara nánar út í það. Okkar niðurstaða var sú að að engin ein stofnun ætti að vera æðri öðrum. Náttúrufræðistofnun Íslands ætti að vera á mörgum stöðum á landinu en ekki aðeins á einum stað. Hér hafa aðrir lýst þessu og ætla ég ekki að gera það en vil leggja áherslu á að með þessu móti verður auðvitað að efla mjög verulega Náttúrufræðistofnun Íslands og gefa henni aukið hlutverk varðandi umhverfisþætti, umhverfismat og rannsóknir eins og reyndar kom fram í máli hæstv. umhvrh. Ef við ætlum að dreifa þeim litlu fjármunum sem Náttúrufræðistofnun Íslands fær nú á enn fleiri staði, þá er verr af stað farið en heima setið. Auðvitað verðum við með þessu að efla Náttúrufræðistofnun Íslands verulega.

Ég vil gera að umtalsefni það ákvæði þessara laga sem felst í 8. gr., þ.e. að Náttúrufræðistofnun Íslands geti gerst aðili að sýningarsöfnum. Jafnframt því að þessi grein er þarna er fellt niður það ákvæði úr núgildandi lögum að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli koma upp sýningasafni, eins og segir orðrétt og er vitnað til í grg.: „að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit yfir náttúru Íslands og sé opið almenningi“. Ég reikna með að flestir hv. þm. hafi farið upp á Hverfisgötu og skoðað safnið sem þar er. Það er mjög gott safn þó að það sé í þröngum húsakynnum og lítið. Ég vona að sú samvinna sem var sé enn í fullum gangi milli Reykjavíkurborgar, Háskólans og ráðuneytisins að því er varðar sýningarsafn vegna þess að það er alveg ótækt að fella þetta ákvæði úr lögum ef ekkert annað kemur í staðinn. Tillaga okkar var að þetta yrði fellt burtu til þess að það yrði ekki lengur skylda Náttúrufræðistofnunar, sem er auðvitað ákveðin kvöð og kostar peninga, að koma upp sýngarsöfnum. Jafnframt er það alveg sjálfsagt að aðilar eins og Reykjavíkurborg taki þátt í kostnaði við sýningarsöfn á sínu svæði enda stóð alls ekki á því á sínum tíma að Reykjavíkurborg vildi taka þátt í þessum kostnaði.

Varla þarf að rekja það, enda gerði hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir það mjög vel, að á Akureyri hafa verið stundaðar rannsóknir og ágætt sýningarsafn er þar sem Akureyrarbær hefur einn rekið eða nánast einn. Okkur, sem þetta frv. sömdum, þótti eðlilegt að ríkið kæmi inn í rannsóknir hvort sem þær eru stundaðar í Reykjavík, á Akureyri eða annars staðar ef fleiri setur verða stofnuð sem ég ætla auðvitað að vona.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., virðulegur forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að það skuli hafa verið tekið til endurskoðunar af ráðuneytinu nú á síðari stigum því að ég var ekki ánægð með frv. eins og það kom frá ráðuneytinu á 113. þingi. Ég vona að það verði að lögum nú og mun ég hafa tækifæri til að fjalla um það enn frekar í umhvn. þar sem ég á sæti.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er í veigamiklum atriðum mikil breyting frá þeim hugmyndum sem ég hygg að flestir þingmenn hafi haft allt frá því að ég tók sæti á Alþingi. Hér hefur skotið upp kollinum í mörg ár og nærri á hverju þingi hugmyndum um Náttúrufræðistofnun Íslands sem væri af umtalsverðri stærð, m.a. sýningarhús eða safn.

Þegar við tölum um náttúrugripasafn eins og þau eru rekin í dag er auðvitað safnið okkar hér í Reykjavík ekkert í líkingu við slíkt safn og er svo gamaldags að mér er til efs að því væri haldið opnu í höfuðborgum hér í kringum okkur. Ég vænti þess að margir hv. þm. hafi verið gestir t.d. í Náttúrugripasafni Kaupmannahafnar og ég er ansi hrædd um að það sé órafjarri því sem við eigum að venjast.

Nú er það kannski gott og blessað að skipta Náttúrufræðistofnun í fimm setur, eins og það hefur verið nefnt. En með tilliti til þess að hér á landi búa 250 þús. einstaklingar, eða 260 þús. líklega núna, gefur auðvitað auga leið, eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á, að þar með dreifist auðvitað mjög það fé sem lagt er til Náttúrufræðistofnunar. Eins og fjárlög líta út í dag er ekki að sjá að mikill hugur sé í mönnum að auka framlög til hennar. Eins og mál standa nú á að reka Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir 30,7 millj. kr. og segir sig sjálft hve langt það færi í fimm stofnanir. Ég ætla aðeins að koma að því seinna.

Mig langar til að beina hér fyrst og fremst spurningum til hæstv. ráðherra af því að mér finnst ýmislegt, sérstaklega í greinargerðinni, ofurlítið óljóst. T.d. er spurt hér á bls. 7 í kafla sem ber fyrirsögnina: „Er þörf á Náttúrufræðistofnun?“ Og svarið er: „Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort ekki sé rétt að leggja Náttúrufræðistofnun Íslands niður í núverandi mynd og fela öðrum stofnunum verkefni hennar. Hefur þá einkum verið bent á náttúrufræðirannsóknir sem vaxið hafa upp við Háskóla Íslands.“ Og ég vil lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„NNN-nefnd taldi það ekki verkefni sitt að svara þeirri spurningu litið til langs tíma en velti því hins vegar fyrir sér hvort svo róttæk breyting væri skynsamleg og framkvæmanleg við núverandi aðstæður. Niðurstaða nefndarinnar er eindregið sú að svo sé ekki, heldur beri að gera breytingar á aðstöðu og starfsemi Náttúrufræðistofnunar sem m.a. auðveldi tengsl og samskipti við aðra rannsóknastarfsemi á sviði náttúruvísinda.“ Síðan koma, hæstv. forseti, rök nefndarinnar fyrir þessu.

Ég get ekki að því gert að mér finnst nefndin þess tæplega umkomin að skila frv. ef hún er þess ekki umkomin að svara því hvort þörf sé fyrir náttúrufræðistofnun. Ég hefði haldið að flestir Íslendingar væru á þeirri skoðun að full þörf væri fyrir hana. En þá þarf auðvitað að skilgreina hvar verkefni hennar liggur. Auðvitað hlýtur Háskóli Íslands að stunda náttúrufræðirannsóknir þó að Náttúrufræðistofnun geri það líka enda er sjálfsagt að þessar stofnanir séu í tengslum hvor við aðra. Mér finnst því þetta svar nefndarinnar allsérkennilegt.

Hér var fyrir mörgum árum verið að berjast fyrir því, og ég átti m.a. frumkvæði að því, að koma skipulagi á almenningsbókasöfn í landinu sem hafa auðvitað liðið fyrir það að vera of mörg og of fátæk. Hugmyndin var að koma á eða reyna að hleypa af stokkunum stórum söfnum með útibúum til þess að reyna að samræma störf almenningsbókasafna þannig að allir landsmenn ættu jafnan rétt að almenningsbókasöfnum. Ég get vel skilið og fagna því að auðvitað er áhugi úti í hinum dreifðu byggðum landsins fyrir því að reka náttúrufræðisöfn og víða er það gert af mesta myndarskap. En það gefur auga leið að þau verða aldrei af neinni stærð þannig að hægt sé að tala um að þar séu náttúrfræðisöfn. Það er útilokað. Hvorki sveitarfélögin né ríkisvaldið hafa bolmagn til þess, a.m.k. ef svo fer sem nú stefnir. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Eru menn alveg horfnir frá því að einhvern tíma renni upp sá dagur að hér á fjölbyggðasta svæði landsins rísi myndarlegt nútímanáttúrufræðisafn, sem hægt er að tala um í sömu setningu og önnur slík í löndunum hér í kringum okkur? Eða erum við að vinna að litlum byggðasöfnum, þ.e. byggðasöfnum um náttúrufræði? Ég held að það verði að vera alveg ljóst hvort þetta er alger stefnubreyting frá því sem menn hafa verið að hugsa um, a.m.k. síðustu árin, að upp rísi myndarlegt náttúrugripasafn, ef það er ekki orðið of gamaldags nafn, það er búið að finna upp svo fín orð um þetta eins og setur og annað slíkt. Þetta er orðin löng og mikil saga og mér sýnist að hún sé að taka ansi mikilli stefnubreytingu sem ég hefði áhuga á að vita hvernig er hugsuð. Minna má á að hér var einhvern tíma búið, ef ég man rétt, að veita lóð undir nýtt náttúrufræðihús eða náttúrufræðistofnun á háskólalóðinni.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég sat ekki í nefndinni og hef ekki átt neinn aðgang að umræðu um málið meðan þetta verk fór fram. En ég undrast það dálítið að um þetta virðist vera algjör samstaða og ekki skal ég spilla fyrir því. En ég held að þetta hljóti að koma ýmsum á óvart miðað við þá umræðu og þær þáttill. sem hér hafa verið bornar fram á undanförnum árum.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér leggur umhvrh. fram frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Ísland og náttúrustofur sem boðar talsverðar nýjungar í skipulagi og hugsun að því er varðar stofnanir ríkisins. Ég ætla ekki að fara hér yfir sögu þessa máls, hún er rakin í fylgiskjölum með frv. Ég ætla hins vegar að fara nokkrum orðum um þessar nýjungar og aðdragandann að því hvernig þær urðu til og þá merkingu og þýðingu sem þessar nýjungar geta haft á rannsóknastarf á Íslandi á sviði náttúruvísinda svo og á viðhorf almennings til þessa þáttar í vísindastarfi þjóðarinnar og einnig viðhorf almennings til náttúruverndar og umhverfisrannsókna almennt.

Ég vil sérstaklega vekja athygli þingmanna á þeirri hugmynd að setja á stofn ríkisstofnun sem hefur setur víðs vegar á landinu þar sem svo er um hnútana búið að í stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands sitja fulltrúar frá hverju setri og eru jafnréttháir. Hér er verið að setja fram með hugmyndum um setrin og með hugmyndum um stjórn stofnunarinnar nýmæli sem verða til valddreifingar í uppbyggingu rannsóknastarfsemi í landinu.

Þessi hugmynd varð ekki til átakalaust. Þegar NNN-nefndin, sem hér er sagt frá í fylgigögnum, kom að þessu máli þá er mér fullkunnugt um það af þeim gögnum sem þá lágu fyrir að þessar hugmyndir, sem hér eru lagðar fram, höfðu þá ekki mótast. Þær mótuðust í þessari NNN-nefnd við það starf sem þar var unnið og ég vil nota tækifærið sem ég hef til þess að lýsa því yfir að vinnubrögðin í þeirri nefnd voru skynsamleg. Þar var tekið á málinu af mikilli víðsýni og niðurstaðan varð í samræmi við það. Ég átti þess kost að koma að undirbúningi þessa máls með þeim hætti að ég sat í nefnd sem Akureyrarbær skipaði til viðræðna við ríkisvaldið um það með hvaða hætti sú rannsóknastarfsemi sem fram hefur farið í meira en 25 ár á vegum Náttúrufræðistofnunar Norðurlands yrði tengd almennri rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera og hvernig hægt væri að viðurkenna í reynd það starf sem hefur farið fram hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands.

NNN-nefndin fékk þetta verk inn á sitt borð og leysti það með prýði. Hluti af því sem við höfum hér fyrir framan okkur í frumvarpsformi er einmitt lausn á þeim vanda sem snertir Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Ég mun koma að því aftur í þessu stutta erindi sem ég ætla að flytja ykkur núna. En ég ætla líka að vekja athygli á öðrum þætti, sem ég flokka undir nýmæli í þessu frv., og hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom raunar svolítið inn á í sínu máli. Það er aðskilnaður vísindastarfsins sem er Náttúrufræðistofnun Íslands og sýningarstarfseminnar. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að hér verði skilið á milli og það held ég að sé skynsamleg ráðstöfun. Það er svo að sýningarstarfsemin er mjög mikilvægur þáttur í því að tengja rannsóknastarfsemina við almenning. Hins vegar hafa þar miklu fleiri aðilar möguleika á að koma að því starfi, leggja því fé og styrkja, enda njóta mun fleiri góðs af starfsemi sýningarsafnanna heldur en beinlínis af starfsemi vísindasafnanna. Sýningarsöfnin eru hluti af því sem hvert sveitarfélag hefur upp á að bjóða. Sveitarfélögin hafa af sýningarsöfnunum óbeinar og beinar tekjur og það er eðlilegt að þau komi inn í það mál með auknum krafti.

Ég vil taka það fram að í þessu frv. er fólgin viðurkenning á áratuga vísindastarfi sem unnið hefur verið hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Það er einnig rétt að vekja athygli þingmanna á því sérstaklega að í áratugi hefur farið fram á Akureyri almennt vísindastarf á sviði náttúruvísinda sem er á sama grundvelli og rekið með sama hætti, með sömu markmiðum og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í starfi Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur ætíð verið tekið tillit til þess almenna vísindastarfs sem unnið hefur verið í Náttúrufræðistofnun Norðurlands sem áður hét Náttúrugripasafnið á Akureyri. Þetta þýðir það að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur getað sérhæft sig á sviðum sem Náttúrufræðistofnun Norðurlands hefur ekki sinnt. Þannig hefur komið upp vísir að verkaskiptingu milli þessara tveggja stofnana. Hins vegar hefur það verið svo að á sama tíma og Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið rekin fyrir almennt skattfé hafa skattborgarar á Akureyri greitt fyrir starfsemi Náttúrufræðistofnunar Norðurlands fyrir utan smávægilega styrki sem stofnunin hefur notið úr almennum sjóðum.

Í frv. er því fólgin viðurkenning á þessu viðamikla starfi sem nær marga áratugi aftur í tímann og það er vel. Ég fagna því hve vel hefur tekist að koma þessu frv. saman.

Ég vil taka fram að það gefst nægilegt tækifæri til að koma að þessu frv. aftur og gera það að umræðuefni hér í þingsalnum. Í lok máls míns vil ég fara nokkrum orðum um það á hvern hátt uppbyggingin á Náttúrufræðistofnun Íslands, eins og hún er hugsuð í frv., er í samræmi við eðli þeirra málaflokka sem þetta frv. snertir með ýmsum hætti og á hvern hátt ég held að þetta frv. muni styrkja umhvrh. í hans starfi og á hvern hátt ég held að það muni efla skilning Íslendinga á náttúru Íslands og umhverfismálum almennt.

Það er ekki hægt að reka skynsamlega umhverfismálapólitík nema með umhverfissinnaðri þjóð. Umhverfismálum verður ekki stjórnað úr ráðuneytum eða Stjórnarráði öðruvísi en það sé umhverfissinnuð þjóð sem tekur við þeim skilaboðum sem þaðan koma. Samstarfið við þjóðina í þessum málum þarf að vera mjög náið og beint. Nú er það svo að ég hef orðið vitni að því hvernig Náttúrufræðistofnun Norðurlands hefur í langan tíma skapað í kringum sig ákveðið mannlegt samfélag sem hrærist í náttúruvísindum, áhuga á náttúrunni og áhuga á umhverfismálum almennt. Það sama hefur gerst í Neskaupstað og það sama hefur gerst raunar víða um land í kringum náttúrugripasöfn. Með tíð og tíma þegar þetta frv. er orðið að lögum, sem ég vona að muni ekki mæta mikilli fyrirstöðu í þinginu, þá mun það falla mjög vel að eðli umhverfisverndar. Það mun stuðla að því að víða um land munu vaxa upp fræðistofnanir, vísindastofnanir sem munu skapa í kringum sig skilning og velvild í garð náttúruvísinda. Þær munu skapa aukinn skilning á náttúru Íslands og almennan áhuga á umhverfismálum. Þess vegna mun

þetta verða til þess að styrkja stöðu okkar, bæði inn á við og út á við í þessum málaflokki og þess er full þörf. En það er líka góður jarðvegur fyrir slíka starfsemi þannig að ég held að hér sé að ferðinni athyglisvert mál, athyglisverðar nýjungar sem mér finnst full ástæða til þess að segja hér í upphafi umfjöllunarinnar á Alþingi að ég bind miklar vonir við.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhvrh. fyrir það að leggja þetta frv. hér fyrir þingið og mæla fyrir því. Þetta frv. kveður á um mörg nýmæli og víst er að það mun skipta sköpum fyrir náttúrurannsóknir í landinu og efla þær mjög, ef og þegar að lögum verður. Það hefur komið fram hér að náðst hefur samstaða um flest meginatriði sem áður ollu deilum í þessu frv. Það er skiljanlegt þegar tekist er á um jafnstórt og viðamikið mál og þetta að skoðanir kunni að vera skiptar og það virðist sem nokkuð gott samkomulag hafði náðst um þessi ágreiningsatriði. T.d. er eitt atriði sem rétt er að nefna í þessu sambandi og hlýtur jafnan að vera í umræðunni. Það er hvort höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar Íslands eigi að vera í Reykjavík. Það er náttúrlega ekkert lögmál sem segir að höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar Íslands skuli vera í Reykjavík. Hér er að vísu farið inn á nýja leið þar sem Náttúrufræðistofnun getur skipst eða getur verið samsett af fjórum öðrum setrum sem hafa aðsetur úti á landsbyggðinni, auk heimilda í II. kafla laganna um svokallaðar náttúrustofur, sem ég tel mjög merkilegt nýmæli, og getur orðið til þess að koma betra skipulagi á þær náttúrurannsóknir sem nú þegar er staðið að vítt og breitt um landið. En eins og ég segi, það getur alltaf orkað tvímælis þegar um það er að ræða hvort höfuðstöðvarnar eigi að vera í Reykjavík eða ekki. Alla vega þegar við lesum yfir 5. gr. frv. þar sem fjallað er um aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar þá kemur manni í hug hvort höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar ættu ekki betur heima úti í náttúrunni heldur en í Reykjavík. En þetta verður náttúrlega skoðað. Það hlýtur náttúrlega að vera sístætt umræðuefni hvar við setjum slíkar stofnanir niður nema við byggjum yfir þær eins og þessi nefnd, sem undirbjó þetta frv. í upphafi, gerði tillögur um, að byggja stórt náttúruhús í Reykjavík sem átti að kosta nærri einn milljarð króna. Um slíkar fyrirætlanir þarf náttúrlega að ræða þegar að ákvörðun kemur. n ég held að það hafi verið skynsamlegt hjá nefndinni að skipta þessu í tvö aðskilin verkefni. Annars vegar frv. til laga um Náttúrufræðistofnun og svo hins vegar um byggingu náttúruhúss í Reykjavík og blanda þessum tveimur málum ekki saman.

Í þriðja lagi kemur fram hér í frv. að í skipunarbréfi nefndarinnar hafi verið gert ráð fyrir því að kannaðar yrðu hugmyndir um byggingu náttúrufræðihúss á Akureyri. Það kemur ekki fram í grg. með frv. hver niðurstaða nefndarinnar var í sambandi við athugun á byggingu náttúrufræðihúss á Akureyri en eigi að síður kemur fram í sérstöku áliti sem þessi svokallaða NNN-nefnd lagði fram að fyrirhugað væri að byggja náttúruhús í Reykjavík sem yrði stórt í sniðum og mundi fyrst og fremst hýsa Náttúrufræðistofnun og sjá um sýningarstarfsemi. En hér í þessu frv. er gert ráð fyrir því að sýningarstarfið verði ekki beint á vegum Náttúrufræðistofnunar heldur verði aðalhlutverk stofnunarinnar að efla náttúrurannsóknirnar í landinu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Þetta verður tekið til gaumgæfilegrar skoðunar í umhvn. og ég vona að störfin þar megi ekki tefja framgang þessa góða máls.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að þetta frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur skuli vera komið fram og hljóta rækilega umræðu hér og þátttöku í umræðunni, þegar mælt er fyrir málinu. Mér finnst það vera mjög góðs viti og bera vott um það að áhugi er á þessu máli hjá hv. Alþingi. Ég held að skilningur hafi glæðst á þessu máli á undanförnum árum vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið. Vissulega kom þetta mál fram, að vísu í svolítið öðrum búningi en þó í aðalatriðum eins og það liggur hér fyrir, í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þannig hefur málið áður komið fyrir Alþingi en það gerðist í aðdraganda alþingiskosninga. Þá var hugur manna bundinn við margt annað en stjfrv. sem voru flutt til kynningar einvörðungu eins og ljóslega var um það frv. sem lagt var hér fram í þinginu af þáv. hæstv. umhvrh., Júlíusi Sólnes, sem fékk þetta mál frá menntmrh. í eins konar heimanmund.

Eins og fram kom í ágætu máli hæstv. umhvrh., þegar hann fór yfir málið, þá er hér verið að fitja upp á nýmælum af ýmsum toga. Ýmsir þeirra sem rætt hafa málið hér hafa gert því skil og ég ætla ekki að fara að ræða það efnislega. Ég hef komið að því á fyrri stigum og haft aðstöðu til þess að móta það að nokkru leyti ásamt því ágæta fólki sem skipaði þær nefndir sem síðast fóru yfir málið á vegum menntmrn. og umhvrn. Ég á því hlut að því eins og aðrir sem unnu að þessum undirbúningi og náðu samstöðu um þær hugmyndir sem hér liggja fyrir.

Það hefur komið fram við umræðuna að málið á sér býsna langan aðdraganda. Ég vil nefna það hér að árið 1972, að ég held, skipaði þáv. menntmrh., Magnús Torfi Ólafsson, nefnd til þess að fjalla sérstaklega um stöðu náttúrugripasafna utan Reykjavíkur. Við vorum þrír sem áttum sæti í þeirri nefnd, þar á meðal núverandi forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Hörður Kristinsson, svo og Sveinn Jakobsson, sem ég held að hafi þá verið forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands. Við sömdum drög að frv. sem við skiluðum til menntmrn. 1973 í formi viðbótarkafla við þágildandi og núgildandi lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og fjölluðum þar um hugmyndina um náttúrustofur að verulegu leyti hliðstætt því sem síðan kemur fram í þessu frv. Þannig að rætur þess máls eiga sér tveggja áratuga sögu ef svo má segja, en því miður var málinu ekki fylgt eftir á árunum sem á eftir fóru.

Einnig hefur verið nefnt að vorið 1985 sameinuð-

umst við tíu alþingismenn um till. til þál. um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu og hreyfðum þar við þeirri hugmynd að hraða í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndin var tengd væntanlegu 100 ára afmæli Náttúrufræðistofnunar Íslands sem var 1989. Sú breiða aðild að þáltill. varð til þess að ýta við málinu og þáv. hæstv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, skipaði nefnd í málið sem skilaði áliti 1987 og við fengum í arf sem störfuðum í nefnd á vegum menntmrn. að málinu. Á þessum 7–8 árum sem liðin eru frá flutningi þeirrar tillögu hefur því margt gerst í málinu og tekist hefur að renna bæði stoðum undir þá tillögu að nýju frv. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur sem hér er rætt, svo og mótaðar tillögur um náttúrusafn á höfuðborgarsvæðinu sem nefnd menntmrn. á sínum tíma skilaði tillögum um sem hluta af álitsgerð sinni og var kynnt í sérstöku málsskjali undir heitinu Náttúruhús í Reykjavík í mars 1990. Það er því ósköp eðlilegt að hv. þm. átti sig kannski ekki fyllilega á samhenginu í þessari vinnu sem þarna var unnin á vegum menntmrn. vegna þess að ekki er fjallað ítarlega um það mál. Í grg. með þessu frv. er aðeins drepið á þennan þátt, þ.e. tillögurnar um náttúruhús í Reykjavík.

Ég ætla ekki að fjalla um hugmyndir einstakra þingmanna sem hafa komið inn í umræðuna, en vil þó nefna það vegna þess að hv. 14. þm. Reykv. vék að ákveðnum þætti í grg. með þessu frv., þ.e. spurningunni um það hvort rétt væri að halda við Náttúrufræðistofnun Íslands sem sérstakri stofnun. Þeirri spurningu var varpað fram í álitsgerð NNN-nefndar og er hér einnig að finna í grg. með þessu frv. Ástæða þess að nefndin orðaði niðurstöður sínar um þetta mál með þeim hætti sem þarna var gert var sú að hún hafði skipunarbréf frá þáv. hæstv. menntmrh. sem gaf út af fyrir sig ekki kost á því að við færum að vísa því frá enda var það heldur ekki hugur nefndarmanna. Að athuguðu máli vorum við eindregið á þeirri skoðun sem niðurstöðu að við þáverandi aðstæður væri rétt og skynsamlegt að viðhalda Náttúrufræðistofnun Íslands en renna undir hana fleiri stoðum eins og hugmyndir komu fram um.

Réttilega hefur verið vikið að tengslum náttúrurannsókna og þeirri starfsemi sem fer fram og á eftir að fara fram á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands við umhverfismál í landinu og var margt prýðilega sagt um það mál af hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasi Inga Olrich, sem talaði áðan. Ég vil taka eindregið undir þau meginsjónarmið sem komu fram í máli hans að þarna er sterkur þráður á milli og þekking á náttúrunni og aðgengilegar upplýsingar um náttúru Íslands eru auðvitað mjög gilt veganesti og verðmætt veganesti fyrir náttúruverndarstarf í landinu. Ég óttast ekki að þær stofnanir sem hér er rætt um, þ.e. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur í landshlutunum skorti verkefni í framtíðinni. Verkefnin eru gífurlega mörg sem bíða á þessu sviði, við getum sagt því m.a. vegna þess sem ekki hefur verið komið í verk á liðinni tíð, ég vil ekki kalla það vanrækslu þó að manni detti það kannski í hug að betur hefði mátt gera. Einnig vegna þess að komin eru upp ný viðhorf í þessum málum sem kalla á auknar upplýsingar, þekkingaröflun og rannsóknir. Til þess að náttúruvernd takist svo vel sem hugur flestra Íslendinga stendur til þurfum við að hafa öflugar náttúrurannsóknir og heyja okkur vitneskju um land okkar allt og þar eru menn vissulega að vinna að máli en þar má lengi við bæta.

Ég vona að þær hugmyndir sem tekist hefur að móta með þátttöku mjög margra sem hafa komið að þessu máli fái gott brautargengi á Alþingi. Ég vona það af einlægni.

Ég vil vekja athygli á því að til þess að gott vinnulag og góður friður geti ríkt um þessi mál þurfa menn einnig að gæta að tengslum við aðra rannsóknaraðila í landinu. Reynt var að líta til þeirra mála eftir því sem umboð stjórnskipaðra nefnda gáfu tilefni til og ég held af þeirri reynslu sem við fengum að nauðsynin á því að viðhalda þeim tengslum og í rauninni kannski að taka mál til enn víðtækari skoðunar en hér liggur fyrir, rannsóknamálum í landinu og tengslin á milli rannsóknaraðila, sé eitt af þeim verkefnum sem Alþingi og umhvrn. þurfi að líta til í samvinnu við önnur ráðuneyti eins og menntmrn. vegna þess að við þurfum að gæta sem bestra tengsla þeirra sem þurfa að hafa samskipti í landinu. Auðvitað er það svo að fátt sem kallar jafnmikið á að landsmenn allir leggist á árar eins og þekkingaröflun um umhverfið, um náttúru Íslands og það ásamt öðru rennir stoðum undir þær tillögur sem hér eru fram bornar í þessu frv. hæstv. umhvrh. um að setur og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands geti í framtíðinni orðið víðar en á einum stað og með þessu frv. er verið að afla hugmynda og heimilda til þess að slík setur geti orðið allt að fimm talsins. Ég held að sé eitt af því sem verði til að styrkja þetta mál sé að vaxtarrými er í þeim hugmyndum sem liggja hér fyrir. Vaxtarrými skiptir mjög miklu fyrir það sem þarf að dafna og stækka eftir því sem skilningur og möguleikar leyfa, þar á meðal fjárveitingar og fyrir því er séð í tillögum frumvarpsins, bæði að því er snertir Náttúrufræðistofnun Íslands en einnig að því er varðar samvinnu ríkis við heimaaðila, sveitarfélög og fleiri um starfsemi minni eininga sem hér eru kallaðar náttúrustofur á nokkrum stöðum á landinu. Í raun var gert ráð fyrir heimild um að þær geti starfað með þátttöku ríkisins eftir ákveðnum reglum í öllum kjördæmum landsins.

Hér hefur eðlilega verið nokkuð rætt um náttúruhús í Reykjavík í tengslum við þetta mál og fyrirspurnir til hæstv. ráðherra liggja fyrir. Ég vil segja um það mál að það er afar mikils virði að mínu mati að um það geti einnig tekist gott samstarf og samvinna þeirra sem hafa tekið höndum saman um undirbúning þess mikla máls, þ.e. Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og ríkisvaldsins. Þetta náttúruhús í Reykjavík er hins vegar ekki einangrað fyrirbæri og ekkert eitt sér heldur er það einn þátturinn til þess að efla þann skilning sem þarf að verða á umhverfi okkar og náttúru landsins. Þar skiptir fræðslan gífurlega miklu máli og

þar eru nútímaleg söfn mjög veigamikill og þýðingarmikill þáttur til þess að miðla þeirri fræðslu, ekki síst til yngstu kynslóðarinnar og skólaæskunnar í landinu. Slík söfn munu því vaxa upp víðar en í Reykjavík og þurfa að geta dafnað þar en við þurfum ákveðna verkaskiptingu í landinu og við þurfum að geta sameinast um áherslur á þessum sviðum. Auðvitað liggur það þannig að á þessu stóra þéttbýlissvæði landsins eru heimaaðilarnir með meira bolmagn en, við getum sagt því miður, úti í öðrum landshlutum eða landsfjórðungum. Því eru efni til þess að ná saman um þjóðarsafn, þ.e. öflugt náttúrufræðisafn hér á þessu svæði vegna þess fjölda sem hér hefur búsetu. Þetta skiptir ekki aðeins máli fyrir Íslendinga alla og fólk á þessu svæði heldur varðar þetta auðvitað andlit Íslands út á við mjög miklu. Við söknum þess þegar við fáum gesti til Íslands á þetta svæði sem annars staðar að við búum ekki nógu vel að þessu leyti. Ég er ekki í vafa um það að gott náttúruhús í Reykjavík með nútímalegri sýningaraðstöðu yrði verulega til styrktar fyrir ferðamennsku á Íslandi fyrir utan allt annað sem því mun fylgja og geta verið liður í því, ef rétt er á haldið, að dreifa ferðamannastraumi um landið, beina honum inn á upplýsingar og söfn annars staðar á landinu sem munu rísa og eru sumpart reyndar til staðar nokkur vísir að.

Frv. veitir heimild til þátttöku ríkisins við uppbyggingu slíkra safna en greinir þarna á milli með skýrum hætti rekstrar þeirra, gerir ráð fyrir að þær séu sjálfstæðar rekstrareiningar og þar komi fleiri að. Gert er ráð fyrir því að ríkið þurfi ekki endilega að vera frumkvæðisaðili í slíku máli en eins og hér hefur verið réttilega bent á skiptir mjög miklu að náttúrusöfn hafi möguleika á aðdráttum frá vísindasöfnum og ráðgjöf og stuðning vísindamanna til þess að byggja upp sýningar sínar og fræðslu á sem bestum grunni. Ég vona að þeim misskilningi verði eytt sem mér finnst hafa gætt dálítið í sambandi við safnþáttinn sem tengist að vísu ekki með beinum hætti málinu en er þó hluti af því, ef við lítum á það heildstætt og við náum einnig saman um þann þátt málsins. Vissulega reynir á fleiri en Alþingi og stjórnvöld hverju sinni, það reynir einnig á hug annarra aðila sem þurfa að leggja þeim málum lið.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að af þeim nýmælum sem eru fram bornar með þessu frv. megi margt gott spretta og að um málið takist samstarf á Alþingi og stuðningur verði eins og mér heyrist að öll efni standi til þannig að við fáum nýja löggjöf áður en þinginu lýkur um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið mjög góð og málefnaleg umræða um þetta frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands. Það atriði sem ég ætlaði að leggja áherslu á tengist ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. þar sem hann kom að mikilvægi uppeldisstarfs gagnvart náttúruvísindum og náttúruvernd sem ég vil taka mjög undir. Ég vil leggja mikla áherslu á samspil allra þessara þátta, þ.e. rannsóknanna, náttúruverndarinnar og landnýtingarinnar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn nái að láta alla þessa þætti spila saman.

Mér hefur fundist á stundum að það hafi vottað svolítið fyrir einangrun fræðimanna þegar kemur að náttúruvísindum og náttúruvernd og ég verð að segja að mér hefur fundist það að nokkru endurspeglast í störfum Náttúruverndarráðs. Mér hefur fundist á stundum að það hafi ekki verið alveg í takt við eðlilega náttúrunýtingu og eðlilega umgengnishætti þjóðarinnar við landið. Náttúruverndarstarf hefur eilítið borið keim af því að þar hafa menn ætlað að stjórna með boðum og bönnum vegna þess að hinum almenna manni hafi ekki verið treystandi til þess að umgangast landið og viðkvæma náttúru þess. Þessi stefna leiðir aldrei til góðs að mínu mati og ég held að hún sé víkjandi um leið reyndar og það er í takt við tímann að miðstýrðar tilhneigingar eiga minni hljómgrunn. Við náum aldrei árangri fyrr en við náum að virkja hinn almenna mann sem náttúruverndarmann og það gerum við ekki öðruvísi en að hann fái tækifæri til þess að umgangast landið og öðlast á þann hátt virðingu fyrir náttúru þess og að hana beri að varðveita um leið og við nýtum landið okkur til framdráttar.

Ég ætla að nefna einn þátt í því sambandi sem kemur ekki fram hér þegar rætt er um við hverja eigi að gæta samráðs. Hér er nefnt Náttúruverndarráð, Vísindaráð, Rannsóknaráð og aðrar rannsóknastofnanir. Í e-lið 5. gr. stendur um hlutverk: „að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna."

Þetta finnst mér jákvætt að sé hér inni en ég vil um leið án þess að ég vilji á nokkurn hátt vekja upp um það hér umræður og allra síst deilur, benda á hið viðkvæma umhverfi sem ríkir í þessum þáttum núna þar sem Landgræðslan er undir landbrn. — og ég held ekki vilji til þess að breyta því, a.m.k. ekki fyrst um sinn þó svo ég geti tekið undir það að til lengri tíma litið þá þurfum við að finna leið þar sem allir þessir þættir falla undir sama stjórnskipaða valdið. En af reynslu minni m.a. af ferðalögum á síðasta sumri veit ég að árangur á ýmsum sviðum landverndar og landnýtingar á næstunni byggist á að áfram geti haldist það trúnaðarsamband sem hefur myndast á milli þeirra sem nýta landið í þessum tilfellum sem eru bændurnir og Landgræðslunnar sem heyrir undir landbrn. Þetta samband er mjög viðkvæmt og mjög mikilvægt að því verði við haldið og ekkert gert sem brýtur það niður.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég að fara örfáum orðum um náttúruverndarhús í Reykjavík. Ekki er laust við að það setji að mér eilítinn þjóðarbókhlöðuhroll þegar náttúruhús í Reykjavík er til umræðu. Ég er þeirrar skoðunar að áður en að því kemur séu stórvirki óunnin gagnvart náttúruvísindum og landnýtingu. Mjög mikið á eftir að vinna í grunnstarfinu, mikil grasrótarvinna er óunnin áður en að því kemur. Þegar að því kemur þurfa menn líka að leggja það niður fyrir sig hvort leiðin sé sú að það sé eitt yfirsafn. Ég er ekki

viss um að það sé hið rétta. Mér finnst reyndar að með starfi sínu hafi nefndarmenn lagt grunninn að annarri leið og ég held að það sé vel. Ég held að engin þörf sé á því nú eða allra næstu missirum að leggja drög að nýrri stórbyggingu undir safn í Reykjavík meðan við hvorki getum klárað Þjóðarbókhlöðuna né haldið við þeim söfnum sem fyrir eru svo sómalegt sé.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. einstaklega jákvæðar undirtektir við frv. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir undraðist þá samstöðu sem hefði tekist um þetta mál. Ég undrast hana raunar ekki, ég fagna henni og þakka hana. Hún er árangur mjög mikillar vinnu. Eins og komið hefur fram t.d. hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þá á þetta mál sér mjög langan aðdraganda. Erfitt hefur verið að ná samkomulagi vegna þess að ólík sjónarmið hafa verið um ýmsa meginþætti málsins. Það hefur tekist og ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur átt drjúgan þátt í að það samkomulag tókst og ég færi honum þakkir fyrir, vegna þess að hann er mikill áhugamaður um þessi mál. Ég ítreka þakkir fyrir hinar einstaklega jákvæðu undirtektir og ég trúi því að þær muni tryggja þessu máli framgang í þinginu.

Mig langar að víkja örfáum orðum að nokkrum athugasemdum úr ræðum einstakra þingmanna og skal, virðulegi forseti, vera stuttorður.

Hv. þm. Jóhannes Geir gerði Landgræðsluna að umtalsefni. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma enda þótt það sé skylt mál er það kannski ekki einn af meginþáttum þessa máls. Það er vissulega rétt að samband Landgræðslunnar og bænda er mikilvægt. Mikilvægara er samband Landgræðslunnar og almennings í landinu vegna þess að það er auðvitað hlutverk Landgræðslunnar að bæta götin á gróðurkápunni en ekki fyrst og fremst að rækta land til beitar. Það er a.m.k. mitt grundvallarsjónarmið. Ég ætla síðan ekki að hafa fleiri orð um það.

Vikið var að því hvort höfuðstöðvar ættu að vera í Reykjavík. Þær væru betur komnar úti í náttúrunni en í Reykjavík, sagði hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson. Ég ætla nú með fullri virðingu að benda honum á að í Reykjavík er líka náttúra og merkileg fyrir margra hluta sakir þótt ævinlega megi deila um það hvar eigi að hafa höfuðstöðvar slíkrar starfsemi. Þó hygg ég að með frv. sé gengið lengra til dreifingar og víðtækrar starfsemi víðs vegar um landið en gert hefur verið í mörgum málum. Ég hygg að þetta mál hafi nokkra sérstöðu fyrir það hversu langt er gengið í því einmitt að hafa starfsemina dreifða um landið og dreifa henni um náttúru landsins, ef menn vilja orða það svo, og meðal fólksins í landinu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði hvort horfið væri frá hugmyndinni um myndarlegt safn í Reykjavík. Það er ekki. Því er að nokkru svarað á bls. 9 í grg. með frv. En samkvæmt frv. er greint fjárhagslega og rekstrarlega milli rannsóknastarfsemi og varðveislu rannsóknagagna og náttúrugripa til vísindalegra nota annars vegar og sýninga hins vegar. Ég held að þetta sé alveg rétt og eðlileg stefna. Eðlilega hefur sérstaklega verið spurt um náttúrufræðihús í Reykjavík. Hv. þm. Svavar Gestsson beindi til mín spurningum um það og rakti réttilega að í fjárlagafrv. á sínum tíma hefði verið lítilsháttar framlag til náttúruhúss í Reykjavík sem síðan náði ekki fram að ganga og harma ég það.

Ég vil skýra frá að samstarfshópur, þar sem í eru fulltrúar ríkisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, hefur unnið að þessu máli og kom saman til fundar á skrifstofu minni 10. febr. sl. þar sem einmitt var rætt um framhald málsins. Niðurstaðan varð sú að litið er á það að ekki var veitt fé í fjárlögum yfirstandandi árs til framhaldsframkvæmda í málinu, sem frestun frekar en höfnun málsins í heild. Um það held ég að ekki sé neinn ágreiningur. Í samstarfshópunum hefur tekist mjög gott samstarf og tekið sérstaklega fram að fyrrverandi borgarstjóri, Davíð Oddsson núv. forsrh., hefði stutt málið vel og dyggilega. Á það skortir heldur ekki frá hendi núverandi borgarstjóra í Reykjavík, Markúsar Arnar Antonssonar. Á þeim fundi sem haldinn var á skrifstofu umhvrh. 10. febr. sl. varð það sammæli að halda undirbúningi málsins áfram þó kannski á nokkuð hægari ferð en gert var fram að áramótum. Til umráða er enn nokkurt fjármagn, ekki mikið að vísu, sem nægir þó til þess að halda áfram að vinna að ítarlegri forsögn um þetta hús þannig að auðnast megi að hafa um það samkeppni eins og ákveðið hefur verið þó að framkvæmdir færist eitthvað lengra inn í framtíðina. Það er auðvitað alveg rétt sem hefur komið fram að við erum með býsna mikið undir í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að hefjast handa um byggingu þessa húss fyrr en í samstarfi við samstarfsaðila, Reykjavíkurborg og Háskólann, að við sjáum til lands um að geta lokið verkefninu. En undirbúningsvinnunni verður haldið áfram. Samstarfshópurinn mun starfa áfram, það er vilji allra aðila sem að þessu máli hafa komið. Ég undirstrika mikilvægi þessa samstarfs sem tekist hefur með þremur aðilum, ríkinu, Reykjavíkurborg og Háskólanum, og tel afar brýnt að varðveita það samstarf í góðum anda þannig að þetta mál geti vakað áfram þó þrengingar þessara tíma valdi því að það hefur ekki eins greiðan gang og við hefðum kosið.

Ég held ekki að ástæða sé til að tíunda hér fleiri atriði. Þau voru raunar ekki svo mörg sem athugasemdir voru gerðar við. Ég tek undir þau orð hv. þm. Tómasar Inga Olrich sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði raunar einnig, að slíkt náttúrufræðihús er mjög mikilvægt fyrir margra hluta sakir. Ef við héldum rétt á málum gæti það orðið eins konar musteri hins íslenska umhverfis og umhverfismála á Íslandi vegna þess að náttúrugripasöfn eins og við, sem nú erum á miðjum aldri og þar um kring, þekktum þau í gamla Náttúrugripasafninu í Safnahúsinu við Hverfisgötu heyra sögunni til. Þessar stofnanir hafa öðlast miklu meiri vídd, breidd og hæð, ef þannig má til orða taka, og gegna miklu víðtækara hlutverki en þær gerðu áður, bæði varðandi fræðslu, boðskap og varðveislu. Þetta hvort tveggja. Ég held, hvernig sem menn líta á

málin, að eðlilegt og óraunhæft sé að tala um annað en að slík stofnun rísi á því landshorninu þar sem fólkið er flest og þangað sem flestir koma. Þessi mál eru í rauninni aðskilin með frv. Það var skynsamleg stefna og ég, virðulegi forseti, ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Ég ítreka og undirstrika þakkir fyrir þá miklu samstöðu sem hefur tekist um málið og gefur til kynna að það muni eiga greiðan gang í gegnum þingið enda er nú tími til kominn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst mega skilja það á orðum hæstv. umhvrh. áðan að ekki gætu farið saman hagsmunir bænda og annars almennings, bændur eru nú hluti af öllum almenningi í landinu gagnvart Landgræðslunni. Ég vona að ekki hafi verið hægt að skilja ræðu mína á þennan hátt. Ég held þvert á móti að við náum aldrei landi í landgræðslumálum öðruvísi en að finna hina sameiginlegu hagsmuni. Það er ég sannfærður um að hægt sé að gera.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð aðeins að taka það fram til að fyrirbyggja misskilning að í máli mínu vék ég ekki að náttúruhúsi í Reykjavík heldur byggðist mitt mál út frá því frv. sem hér liggur fyrir og mikilvægi þeirra nýjunga sem þar er að finna og þeirra áhrifa sem setrin mundu hafa á viðhorf almennings til umhverfismála almennt. Ég ætla að eiga inni aðrar athugasemdir í umræðu um þau mál sem fjalla um náttúruhús í Reykjavík. Ég mun koma að því síðar þegar tækifæri gefst til. Ég vildi aðeins fyrirbyggja þarna misskilning.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hér hafi kannski ekki verið neinn misskilningur á ferðinni vegna þess að náttúrustofurnar, setrin, munu þjóna því sama markmiði sem við teljum mikilvægt og sem er í rauninni tilgangur frv. Ég hygg þannig að við hv. þm. Tómas Ingi Olrich séum fullkomlega sammála enda þótt ég viðurkenni að það hafi kannski mátt skilja mál mitt einum um of út frá fyrirhuguðu náttúrufræðihúsi í Reykjavík. Annars hygg ég að okkur greini hreint ekki á í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 222.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir var lagt fram á 113. löggjafarþingi 1990 en varð ekki útrætt. Frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði til að endurskoða lög nr. 57/1987, um eftirlit með skipum. Í nefndinni áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, formaður, Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands íslenskra kaupskipaútgerðar, Helgi Laxdal, sem þá var varaforseti FFSÍ, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri.

Nefndin fór enn fremur yfir umsagnir sem samgn. neðri deildar bárust um frv. meðan það var til athugunar og hefur það tekið nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að hér er lagt til að siglingadómur verði lagður niður en það er í samráði við tillögur réttarfarsnefndar, laganefndar Lögmannafélags Íslands og meiri hluta siglingadóms. Vísast til V. kafla um athugasemdir við einstakar greinar frv. í því sambandi.

Með gildandi lögum um eftirlit með skipum var leitast við að færa lagaákvæði um þetta efni til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau voru einfölduð.

Við samingu frv. hafði nefndin til athugunar og hliðsjónar löggjöf Danmerkur og Noregs um öryggi skipa og hefur ýmislegt úr þeirri löggjöf verið haft til hliðsjónar. Nefndin hefur kallað til sín og leitað álits annarra aðila, t.d. formann siglingadóms og formann réttarfarsnefndar vegna siglingadóms og ríkissaksóknara vegna refsiákvæða. Auk þess er, eins og áður segir, tekið mið af umsögnum fjölmargra annarra aðila sem veittu samgn. 113. löggjafarþings umsögn.

Veigamiklar breytingar eru gerðar á nokkrum aðalþáttum laganna, ákvæðum um haffæri skipa, hámarksaldur innfluttra skipa og farbann, auk þess sem aukin áhersla er lögð á mengunarvarnir í skipum og aðbúnað og hollustuhætti. Helsta breytingin er væntanlega sú, eins og áður segir, að hér er lagt til að siglingadómur verður lagður niður.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis frá 28. okt. sl. hefur frv. ekki teljandi breytingar og kostnað í för með sér.

Herra forseti. Hér er um lagatæknilegt frv. að ræða og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um einstaka þætti þess en legg til að því verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðsaga skipa, 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (heildarlög). — Þskj. 223.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er samið í samgrn. í samráði við Vitastofnun og hagsmunaaðila. Gildandi lög um leiðsögu skipa eru lög nr. 48 19. júní 1933, en samkvæmt þeim hefur verið sett reglugerð um leiðsögu skipa nr. 215 28. júlí 1972. Þá er í gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa nr. 396 15. ágúst 1989. Ljóst er að gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og þjóna ekki markmiðum sínum og þykir því brýn þörf á endurskoðun laganna.

Tillögur þær sem settar eru fram í frv. miða að tvennu. Í fyrsta lagi auknu öryggi siglinga við strendur landsins og í öðru lagi einföldun á leiðsögukerfinu.

Fyrra markmiðið á að nást með þeirri skyldu að ávallt sé nærtækur á skipi skipstjórnarlærður maður sem trygging er fyrir að hafi nokkra staðarþekkingu og skyldur til að aðstoða yfirvöld við framkvæmd við störf þeirra. Síðara markmiðið á að nást við að útgerðarmaður eða umboðsmaður skips getur sjálfur ráðið hver leiðsögumaðurinn er. Þau stærðarmörk sem sett eru miðast við að flest fiskiskip séu undanþegin því að þurfa að taka um borð sérstakan leiðsögumann enda munu skipstjórar hinna stærri skipa yfirleitt hafa öll skilyrði til að öðlast öll réttindi leiðsögumanna. Þá er við það miðað að ekki þurfi að setja almenna leiðsögumenn um borð í íslensk flutningaskip að öllu jöfnu þar sem stjórnendur þeirra muni uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í öllu falli varðandi þau svæði er þeir sigla oftast um eða þá að viðkomandi útgerð á kost á að hafa í áhöfn skipstjórnarlærðan mann með staðarþekkingu á því svæði sem skipið á leið um.

Varðandi erlend skip mun aðalreglan verða sú að íslenskur leiðsögumaður kemur um borð í fyrstu höfn og fylgir síðan skipinu uns það snýr af landi brott. Ekkert á þó að vera í vegi fyrir því að erlendur skipstjórnandi fái löggildingu leiðsögumanns og þar með heimild til að sigla skipi sínu um þau svæði sem hann hefur kynnst í fylgd löggiltra leiðsögumanna.

Sú leiðsöguskylda sem frv. gerir ráð fyrir er mun minna krefjandi en almenn leiðsöguskylda í nágrannalöndunum. Hér er að aðeins gert ráð fyrir að skylda sé að staðkunnugur maður sé til taks hvenær sem er án þess að hann sé á stöðugri vakt á stjórnpalli svo sem almennt er skylda leiðsögumanna annars staðar á Norðurlöndunum og víðar.

Hafnayfirvöld meta hvort hafnsögumaður eigi að leiðbeina skipinu inni á hafnarsvæðið. Við sumar hafnir getur þó verið hafnsöguskylda og verða þær hafnir taldar upp sérstaklega í reglugerð um leiðsögu skipa.

Bráðabirgðaákvæði frv. gefur núverandi leiðsögu- og hafnsögumönnum tækifæri til að halda áfram starfi sínu en gera ráð fyrir að að loknum umþóttunartíma taki ákvæðin um hæfni að fullu gildi. E.t.v. mun á smærri stöðum þurfa að sjá í gegnum fingur varðandi réttindi hafnsögumanna en aftur á móti munu þangað aðeins leita smærri skip og þá yfirleitt með fullgildan leiðögumann um borð svo að fagþekking ásamt staðarþekkingu ætti ávallt að vera fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara fleiri orðum um þetta frv. sem er tæknilegs eðlis en legg til að því verði vísað til samgn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (sóttvarnardýralæknir). — Þskj. 315.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samkvæmt 2. málsgr. 9. gr. laga nr. 54 16. maí 1990, um innflutning dýra, er sóttvarnardýralækni óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að smitefni geti borist úr sóttvarnastöð í búfé og önnur dýr utan stöðvarinnar.

Ekki er ástæða til að ætla að sóttvarnardýralæknir geti ekki stundað lækningar annarra dýra en hann hefur eftirlit með þar sem smitefni verður að teljast hættulaust öðrum dýrategundum en þeim sem eru í umsjá hans í stöðinni og viðurkenndum sóttvarnaaðferðum er beitt. Því er lagt til að landbrh. geti heimilað sóttvarnardýralækni að starfa utan sóttvarnastöðvar. Leyfi ráðherra er háð því að yfirdýralæknir setji sérstakar reglur um störf sóttvarnardýralæknis utan sóttvarnastöðvar.

Reynst hefur erfitt að framkvæma lögbundið eftirlit í sóttvarnastöð eftir núgildandi ákvæði laganna. Sé unnt að veita sóttvarnardýralækni leyfi til starfa utan stöðvar eins og hér er lagt til er augljóst að með því væri unnt að spara umtalsverða fjármuni þar sem hægt er að fela honum önnur störf án þess að dregið sé úr smitvörnum í stað þess að hann sinnti eingöngu því eftirliti sem lögin gera ráð fyrir. Jafnframt er fellt niður ákvæði um sérþekkingu dýralækna í eggjaflutningi og sæðingu búfjár þar sem slíka sérþekkingu er auðvelt að fá utan stöðvarinnar og því óþarft að binda þá starfsþekkingu við sóttvarnardýralækni.

Frv. það sem ég mæli fyrir miðar að því að draga úr kostnaði ríkissjóðs af rekstri sóttvarnastöðvarinnar. Það hefur að sjálfsögðu ekki kostnaðarauka í för með sér.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. en ég vil þó aðeins spyrja hvort það sé eingöngu vegna sparnaðar sem verið er að gera tillögu um þessar breytingar. Ég hélt að ekki væri nema einn sóttvarnardýralæknir til og það væri sá sem væri í Hrísey. En það getur verið að það sé misskilningur hjá mér og vildi ég spyrja að því hvort þeir séu fleiri. Mér þykir mjög mikilvægt ef frv. verður að lögum að þær reglur sem yfirdýralæknir setur verði mjög strangar ef dýr eru í sóttkví eða einangrun eins og t.d. er gert ráð fyrir í Hrísey. Ef ég veit rétt er þar bæði búfé og eins gæludýr og fleiri dýr sem eru sett í einangrun. Mér finnst mikilvægt að mjög strangar reglur gildi um samgang á milli slíkra einangrunarstöðva og annarra staða þar sem dýr eru vegna þess að okkur er mjög mikilvægt hér á landi að ekki berist smitsjúkdómar frá innfluttum dýrum í búfé okkar.

Ég vildi aðeins minnast á þetta við 1. umr., virðulegi forseti, og jafnframt spyrja hvort þarna sé eingöngu verið að hugsa um sparnað og hvort það sé mat t.d. yfirdýralæknis að óhætt sé að dýralæknar starfi bæði innan og utan sóttvarnarstöðva. Hefur eitthvað verið rætt um hvers konar reglur þarna verði um að ræða? Ég tel nánast nauðsynlegt að Alþingi fái hugmynd um það áður en það getur samþykkt slíka breytingu hvers konar reglur þarna eru hafðar í huga.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er ekki flutt af sparnaðarástæðum heldur er þetta frv. flutt vegna þess að reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa heimild af þessu tagi í lögum til þess að sóttvarnarlæknir geti starfað utan sóttvarnastöðvar, að sjálfsögðu undir eftirliti dýralæknis sem samdi þetta frv. og er hvatamaður að því. Hér stendur ekki til að draga úr sóttvörnum eða öryggi að því leyti, einungis að rýmka reglur með þeim hætti þó að ekki sé hætta á því að smit berist úr sóttvarnastöð til meginlandsins. Við tölum sérstaklega um Hrísey í þessu sambandi þannig að frumkvæðið að þessu máli kemur frá yfirdýralækni og hann telur nauðsynlegt að ná þessum breytingum fram. Eins og stendur hér í greinargerð verði undanþága eða leyfi sem sóttvarnardýralæknir fær til að stunda lækningar annarra dýra með þeim hætti að smitefni berist ekki í land. Ég vona að þetta sé skýrt. Um tæknileg atriði mun yfirdýralæknir auðvitað gefa nánari upplýsingar í landbn. en hér er sem sagt ekki um sparnaðarfrv. að ræða heldur er óhjákvæmilegt til að hægt sé að reka sóttvarnastöðina í Hrísey með eðlilegum hætti að heimild af þessu tagi sé í lögum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér þykir gott að heyra að ekki eigi að slaka neitt á kröfum um sóttvarnir. En ég vil þó ítreka spurningu mína um hvers vegna er þetta er þá talið nauðsynlegt. Hefur verið erfitt að fá dýralækna til starfa með þeim skilyrðum að þeir séu staðbundnir í Hrísey, þ.e. þeir fá ekki að starfa utan sóttvarnastöðvarinnar? Það kom fram í máli hæstv. landbrh. að komið hefði í ljós að ekki hefði verið hægt að reka stöðina án þessa — ég man ekki nákvæmlega orðalagið — en það væri af nauðsyn sem þetta væri gert. Þá langar mig til að spyrja hver sú nauðsyn er, og fyrst og fremst hvort hafi verið skortur á því að dýralæknar hafi tekið á sig þær kvaðir sem í núgildandi lögum eru faldar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ekki hefur verið skipaður dýralæknir í stöðu sóttvarnardýralæknis í Hrísey. Það embætti er laust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsviðskipti, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 114. mál. — Þskj. 117.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Það er orðið alllangt síðan ég lagði þetta frv. fram. Þetta er annað skiptið sem ég legg það fram. Ég mæli fyrir frv. til laga um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna og fleira. Flm. ásamt mér eru aðrar þingkonur Kvennalistans.

Frv. er tvíþætt. Annars vegar felur það í sér þá sjálfsögðu kröfu að viðskiptatraust lántakanda og þær tryggingar sem hann getur sjálfur lagt fram eigi að vera undirstaða lánsviðskipta lánastofnunar og lántakanda eins og segir í 1. gr. frv. Í þeirri grein er einnig kveðið á um að greiðsluáætlun skuli vera grundvöllur þessara lánsviðskipta í stað þess að krafist sé, eins og nú er jafnan, ábyrgðarmanna eða veðs. Þótt frv. láti ekki mikið yfir sér mundi það fela í sér veigamiklar breytingar, ef að lögum verður, á lánsviðskiptum hér á landi. Á Íslandi er lánsviðskiptum lánastofnana og einstaklinga þannig háttað að oft er ekki spurt um greiðslugetu eða greiðsluáætlanir heldur hvort hægt sé að útvega ábyrgðarmenn eða veð. Þetta eru ekki heilbrigðir viðskiptahættir að mínu mati og hlýtur því að vera meira en tímabært að taka upp nýja siði.

Í annan stað felst í frv. að sá sem lánar öðrum veð, eins og mjög oft tíðkast vegna þeirra hátta sem nú eru á viðskiptum einstaklinga við lánastofnanir, hefur nú meiri möguleika á að fylgjast með fjárhag þess sem lánið fær og því hvernig greitt er af lánum. En því miður hefur það viljað brenna við að menn hafa í góðri trú lánað t.d. einhverjum ættingja veð og ekki haft möguleika á að athuga hvernig gengur að greiða af láninu fyrr en á það er kominn mikill kostnaður og mikil vanskil og jafnvel útilokað að greiða upp skuldina sem hefði verið hægt á fyrri stigum. Þetta er mjög alvarleg brotalöm í því kerfi viðskipta einstaklinga sem nú er við lýði. Því tel ég mjög mikilvægt að einnig þessi ákvæði frv. nái fram að ganga og verði að lögum.

Sl. vetur, þegar frv. var lagt fram á 113. löggjafarþingi, var það sent til umsagna og ég hef haft möguleika á að kynna mér efnisatriði þeirra umsagna. Ég er því miður ekki með þau með mér þar sem ég var orðin úrkula vonar um að það næðist nú frekar en aðra daga að koma málinu á dagskrá. Í stórum dráttum má segja að kerfið gæti að sínu í umsögnunum og ýmis tæknileg tormerki eru fundin á því að framkvæma megi ákvæði laganna samkvæmt því sem frv. segir. En ég vil vekja athygli á að enginn mælir gegn efnisatriðum frv. og séu einhverjir tæknilegir vankantar, sem ég er reyndar alls ekki sammála um að séu á frv., vonast ég til að hv. nefnd muni líta á þá og leysa vegna þess að ég held að óhjákvæmilegt sé að taka upp nýja siði í viðskiptum hér á landi. Enda benda mikil gjaldþrot undanfarinna ára til þess að hér sé víða pottur brotinn. Að vísu hefur örlítið lát orðið á þeirri fjölgun gjaldþrota sem verið hefur en þó eru fjölskyldur, ábekingar, ábyrgðarmenn og þeir sem lána veð auk þeirra sem taka lán enn að verða gjaldþrota, komast í greiðsluerfiðleika, greiðsluþrot, með þeim félagslegu og efnahagslegu afleiðingum sem það hefur. Því miður eru brögð að því að fólk hafi svift sig lífi vegna slíkra fjárhagsörðugleika og þeirra félagslegu hliðarverkana sem fylgja.

Þetta er auðvitað fullkomlega óviðunandi og geti löggjafinn eitthvað gert í málinu ber honum að gera það. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt.

Mig langar til að árétta það sem stendur í greinar-

gerð og varðar sérstaklega það frv. sem hér liggur fyrir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á að meginregla í öllum lánsviðskiptum sé gagnkvæmt traust lántakanda og lánveitanda. Eðlilegt er að við lántöku sé greiðslugeta lántakanda metin, greiðsluáætlun gerð og að hún sé grundvöllur viðskiptatrausts hans. Í flestum lánaviðskiptum tíðkast nú að krefjast tryggинga fyrir skilvísum greiðslum lántakanda. Algengt er að lántakandi leggi sjálfur fram slíkar tryggingar, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslum lántakanda. Þarf lántakandi að útvega þessa ábyrgðarmenn sem oft eru ættingjar lántakanda. Þá er einnig algengt að lántakandi fái lánað veð í eign annars manns til tryggingar greiðslum sínum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup. Segja má að nánast sé meginregla að lántakandi geti ekki fengið lán án þess að afla tryggинga frá öðrum. Slíkt ætti þó einungis að vera í undantekningartilvikum og gilda um það skýrar reglur.

Margir sem veita ábyrgð sína á endurgreiðslum af lánum annarra gera sér ekki grein fyrir því hvert eðli og umfang slíkrar ábyrgðar er. Ef til ábyrgðarinnar þarf að taka ábyrgist sjálfskuldarábyrgðarmaður greiðslur lántakanda með öllum eigum sínum, en sá sem hefur lánað fasteignarveð leggur viðkomandi fasteign undir. Ábyrgðarmaður þarf oft að greiða verulegar fjárhæðir fyrir lántakanda sem hann ábyrgist. Ef ábyrgðarmaður getur ekki greitt skuldir lántakanda missir hann eigur sínar í hlutfalli við skuldir lántakandans, oft allt sitt. Á síðustu árum hafa gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja aukist mjög mikið og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa þurft að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður verður líka gjaldþrota. Gjaldþrot hafa ekki einungis viðskiptalega hlið því að oft leysast heimili gjaldþrota einstaklinga upp.

Með þessu frumvarpi er gengið út frá þeirri meginreglu að lántakandi ábyrgist sjálfur skilvísar endurgreiðslur sínar og geri sér grein fyrir sinni lánshæfni með gerð greiðsluáætlunar. Frumvarpinu er einnig ætlað vekja athygli á stöðu ábyrgðarmanna og tryggja lágmarksréttindi þeirra til upplýsingaöflunar. Nauðsynlegt er að flytja sérstakt frumvarp um þessi efni því almenn lög um skuldabréf hafa aldrei verið sett hér á landi og ekki þótti rétt að setja þessi ákvæði í lög um viðskiptabanka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki þar sem fleiri lána fé en þær stofnanir. Frændur vorir á Norðurlöndum hafa búið við almenna löggjöf um skuldabréf í langan tíma og væri þörf á að setja slík lög hér á landi þótt ekki sé ráðist í það nú með þessu frumvarpi. Verði frumvarpið að lögum geta ábyrgðarmenn á auðveldan hátt áttað sig á efni þeirra ábyrgða sem krafist er. Einnig geta þeir gripið mun fyrr en nú er í taumana ef lántakandi greiðir ekki af skuldbindingum sínum. Bitur reynsla undanfarinna ára hefur sannað að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga hafa brýna hagsmuni af því að þessi löggjöf nái fram að ganga."

Hér lýkur tilvitnun í greinargerðina. Ég vil taka fram að ein af þeim athugasemdum sem kom í umsögnum um þetta frv. varðaði það að ekki væri nægjanlega skilgreint hvað væru lánastofnanir. Því er mjög einfalt mál að bæta þar úr. Því miður hafði ég ekki fengið þá umsögn í hendurnar þegar ég lagði þetta frv. fram á nýjan leik en þetta er einungis eitt af dæmunum sem ég get tekið um að það virðist vera nokkur tregða í kerfinu að styðja jafnsjálfsagt frv. og þetta er. Eflaust er hægt að kenna þar um m.a. tregðu kerfisins sem vill varðveita sinn eigin gang en ég hvet til þess að menn skoði þetta mál með opnum huga, líti á að þarna er um lítilvæg atriði að ræða sem e.t.v. þarf að kveða skýrar á um og jafnframt kalli eftir þeim umsögnum sem ekki hafa borist því að þær varða einmitt sérstaklega neytandann, lántakandann. Svo virðist sem þeir þjónar kerfisins sem spurðir voru hafi verið fúsir til að veita sínar umsagnir en aðrir hafi e.t.v. ekki gert sér grein fyrir því að ef þeir sendu ekki umsögn þegar í stað þá er hætta á því að þeirra viðhorf komist ekki til skila.

Ég tók sérstaklega eftir því að ekki hafði verið beðið um umsögn frá Samtökum gjaldþrota einstaklinga og vil mælast til við hv. nefnd, þegar hún tekur málið til umfjöllunar, að leitað verði eftir umsögnum og e.t.v. viðræðum við þau samtök og jafnframt ítreka ég það að ég tel að samtök eins og Neytendasamtökin og fleiri ættu að koma nálægt málinu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við atvinnuleysi í landinu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Eins og tilkynnt var í upphafi fundar hefst nú utandagskrárumræða um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við því atvinnuleysi sem orðið er í landinu. Samkomulag hefur orðið milli þingflokka um að umræðan standi í tvær klukkustundir. Ræðutími skiptist þannig að hver þingflokkur hefur 20 mínútur til umráða en málshefjandi og viðkomandi ráðherra tíu mínútur að auki í lok umræðunnar.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 4. þm. Norðurl. v.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að hefja hér umræðu utan dagskrár um á hvern hátt ríkisstjórnin hyggst bregðast við því atvinnuleysi sem orðið er í landinu. Þá er ekki aðeins verið að tala um atvinnuleysið heldur einnig minnkandi ráðstöfunartekjur þar sem atvinna hefur dregist mjög saman og sífellt fleiri verða nú að framfleyta fjölskyldu sinni af nánast strípaðri dagvinn-

unni. Samkvæmt upplýsingum vinnumálaskrifstofu félmrn. hefur aldrei fyrr verið skráð jafnmikið atvinnuleysi og í sl. janúar eða um 3,2%. Sem hlutfall af mannafla á vinnumarkaðinum er atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu um 1,6% en á landsbyggðinni um 5,5%. Skráðir atvinnuleysisdagar voru 87.340, þ.e. 47 þús. karlar og 41 þús. konur.

Því miður er það svo að mun fleiri eru án atvinnu en þessar tölur segja og heyrt hef ég nefnda töluna 8–10% atvinnuleysi á ákveðnum stöðum. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi á árinu verði um 2% og til greiðslu atvinnuleysisbóta er áætlað að verja um 1,1 milljarði. Það er ljóst að ef ekki verður tafarlaust gripið inn í þá óheillaþróun sem nú virðist stefnt í munu þeir fjármunir sem ætlaðir eru til greiðslu atvinnuleysisbóta hrökkva skammt.

Það mikla atvinnuleysi sem nú virðist skollið á ætti að valda öllu hugsandi fólki áhyggjum. Það kemur varla sá fréttatími að ekki séu sögð ill tíðindi af uppsögnum starfsfólks hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja með ríkið sjálft í fararbroddi. Bölmóður ríkisstjórnarinnar grasserar sem illkynja og nánast ólæknandi sjúkdómur í atvinnulífi þjóðarinnar. Ríkisstjórninni má ekki líðast það að halda svo fast í það stefnumark sitt sem kallað hefur verið „kemur-mér-ekki-við"-stefnan að hörmungar atvinnuleysis, sem um langt skeið hefur verið hér nær óþekkt, verði nú viðvarandi og verði beitt sem hagstjórnartæki. Fyrr verður að finna þau ráð sem duga til að koma slíkri ríkisstjórn frá völdum.

Peningar eiga nú að vera aðgöngumiði að þeirri félagslegu þjónustu sem áður var talið sjálfsagt að veita og þeim einnig sem ekki eiga kreditkort eða eru í verðbréfaviðskiptum. Núv. ríkisstjórn er að umbreyta því velferðarþjóðfélagi sem hér hefur verið byggt upp. Fjármagn og völd eru flutt á fárra hendur og þaðan skal síðan deilt og drottnað. Samráð og samvinna eru þeim framandi hugtök.

Hvað hefur núv. ríkisstjórn gert til að viðhalda og rækta vinsamleg samskipti við aðila vinnumarkaðarins sem gæti orðið til að treysta þá þjóðarsáttarsamninga sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lagði grunn að og Morgunblaðið sagði í ritstjórnargrein að búið hefði íslenska þjóð þannig að hún hefði aldrei í sögu sinni verið betur í stakk búin til að takast á við efnahagsleg vandamál og nú? Úrtölur núv. ráðherra um möguleika þjóðarinnar til að lifa af gæðum þessa lands hafa valdið ótrúlegu tjóni og dregið mátt úr fólki til athafna. Þannig hefur ríkisstjórnin lagt lamandi hönd á atvinnulífið og vísvitandi reynt að draga mátt úr launafólki og samtökum þess til að rétta hlut sinn til kjarabóta og kjarajöfnunar. Ummæli formanns Vinnuveitendasambands Íslands vekja menn til umhugsunar um hvert stefnir. En hann segist vera sannfærður um að þetta mikla atvinnuleysi og sú niðursveifla sem við erum í sé ekkert sem ljúki á morgun. Slík orð eru mikil og alvarleg tíðindi og alvarlegur áfellisdómur á atvinnustefnu stjórnvalda og sýnir að hún hefur mistekist. Það er alvarlegur hugsunarháttur sem ráðandi er í þessari ríkisstjórn að atvinnulífið í landinu sé eitthvað sem komi ríkisstjórninni ekkert við. Halda ráðherrar ríkisstjórnarinnar að það komi þeim ekki við þegar þúsundir launafólks ganga um án atvinnu og atvinnuleysið hefur ekki verið svo alvarlegt áratugum saman? Getur það verið að ráðherrar þeirrar ríkisstjórnar sem hét þjóðinni velferð á varanlegum grunni séu svo rótslitnir frá fólkinu sem landið byggir að þeir átti sig ekki á því hvaða óhappaverk hefur hér verið unnið og kemur með svo skelfilegum hætti niður á þeim sem síst skyldi?

Virðulegi forseti. Atvinnustefna þessarar ríkisstjórnar er engin. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar fengu ekki umboð í síðustu alþingiskosningum til að stjórna með þeim hætti að hér yrði fjöldaatvinnuleysi. Þeir lofuðu öðru, frambjóðendur Sjálfstfl. og Alþfl., fyrir síðustu kosningar. Þess vegna hefur þessi ríkisstjórn komist til valda á fölskum forsendum.

Getur það verið að ráðherrarnir geri sér ekki grein fyrir því hver ábyrgð þeirra er í þessum málum? Við alþingismenn hljótum að krefjast þess að ríkisstjórnin geri hér grein fyrir atvinnu- og launastefnu sinni og þeim áformum sem draga mega úr og koma í veg fyrir þá ískyggilegu þróun sem aðgerðir núv. ríkisstjórnar hafa leitt af sér fyrir íslenskt atvinnulíf og launafólk. Allt annað er okkur alþingismönnum óásættanlegt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum frá félmrn. voru rúmlega 4 þús. manns atvinnulausir í janúarmánuði 1992 en það er um 3,2% af mannafla. Þetta er mesti fjöldi atvinnulausra sem verið hefur á skrá frá því að skráning atvinnuleysisdaga hófst árið 1975. Þó munar litlu á fjölda atvinnulausra nú og fjölda þeirra sem voru atvinnulausir í janúar 1990 og reyndar er það svo að 1984 í janúar var hærra hlutfall atvinnulausra að heildarmannafla en nú. Skipting atvinnuleysis eftir búsetu og kyni hefur breyst nokkuð síðustu árin. Þannig hefur hlutfall atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu aukist töluvert en minnkað að sama skapi á landsbyggðinni. Nú skiptist atvinnuleysið nánast jafnt milli kynja en undanfarin ár hafa töluvert fleiri konur verið atvinnulausar en karlar. Enda þótt atvinnuleysi í janúar hafi verið mun meira á landsbyggðinni stafar það fyrst og fremst af því að mörg frystihús voru ekki komin í fulla starfsemi eftir jólafrí. Það má því búast við því að talsvert dragi úr atvinnuleysi úti á landi ná næstunni.

Þá er rétt að hafa í huga að töluvert er um útlendinga í vinnu hérlendis. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði um 2,6% af mannafla en það samsvarar því að um 3.400 manns verði atvinnulausir allt árið. Þetta er mun meira atvinnuleysi en mælst hefur hér á landi síðustu áratugina og þarf að leita allt aftur til ársins 1969 til að finna svipaðar atvinnuleysistölur. Þá var atvinnuleysi um 2,5% af vinnuafli.

Ríkisstjórnin hefur markað stefnu í efnahagsmálum á grundvelli stöðugs gengis sem miðar að því að draga úr ríkisútgjöldum, koma í veg fyrir skattahækkanir, stöðva hallarekstur ríkisins, minnka viðskiptahallann og hemja erlenda skuldasöfnun. Með stefnu ríkisstjórnar-

innar er leitast við að skapa atvinnulífinu viðunandi rekstrargrundvöll með almennum aðgerðum. Ríkisstjórnin telur að tími sértækra styrktar- og niðurgreiðsluaðgerða sé liðinn enda ljóst að þess háttar aðgerðir leysa yfirleitt ekki vandamál heldur skjóta þeim einungis á frest. Afleiðingar styrktarstefnunnar eru stóraukin ríkisútgjöld og auknar álögur á almenning, minnkandi framleiðni og óhagræði í rekstri. Og síðast en ekki síst gjaldþrot fyrirtækja og aukið atvinnuleysi. Það er verkefni þessarar ríkisstjórnar að fást við skipbrot þessarar stefnu. Þær fjárhagsskuldbindingar sem lagðar hafa verið á ríkissjóð mörg undanfarin ár verða þungur baggi á skattgreiðendum um ókomin ár. Jafnvel má búast við því að það þurfi að afskrifa 8–10 milljarða kr. vegna lánveitinga og ábyrgða ríkissjóðs hjá ýmsum lánasjóðum. Þetta þrengir að sjálfsögðu verulega svigrúm stjórnvalda og bætist í rauninni við þær efnahagsþrengingar sem þjóðarbúið á nú við að stríða vegna aflabrests og lækkandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Í samræmi við þá stefnu að stuðla að aukinni framleiðni í atvinnurekstri hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum til að greiða fyrir hagræðingu. M.a. má nefna breytingar sem gerðar voru á reglum Fiskveiðasjóðs sl. sumar til að gera honum kleift að veita sérstök hagræðingarlán til fyrirtækja í sjávarútvegi. Jafnframt var ákveðið að létta undir með rekstri sjávarútvegsfyrirtækja með skuldbreytingum og lánalengingu, bæði í Fiskveiðasjóði og í Byggðasjóði. Þá var ákveðið að fresta tímabundið inngreiðslum sjávarútvegsfyrirtækja í Verðjöfnunarsjóð í ljósi lækkandi afurðaverðs á mörkuðum erlendis.

Þessar aðgerðir miða að því að auka hagræðingu í sjávarútvegi enda er vandi þeirrar atvinnugreinar ekki einungis minnkandi afli og lækkandi afurðaverð heldur einnig skipulagsvandi sem kallar á sérhæfingu, samvinnu eða sameiningu fyrirtækja og betri nýtingu hráefnis. Það er nauðsynlegt að greiða fyrir þessum breytingum þannig að ekki komi til röskunar á byggð landsins.

Í tengslum við framtíðarhorfur í atvinnumálum er rétt að benda á mikilvægi þess að samningar um Evrópska efnahagssvæðið takist þar sem þeir munu opna ýmsa möguleika á Evrópumarkaðnum, bæði fyrir sjávarafurðir og reyndar eins og ekki síður fyrir ýmsar aðrar atvinnugreinar og starfsemi eins og t.d. á sviði menntunar og rannsókna sem geta komið atvinnulífinu til góða. Í því sambandi er rétt að geta þess að framtíð íslensks útflutnings og framleiðni í atvinnulífinu hlýtur að byggjast á því fyrst og fremst að við aukum gæði framleiðslunnar því að varla verður um miklu meira magn að ræða, sérstaklega ekki þegar um sjávarfang er talað.

Þá má einnig minna á að ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir aðgerðum á öðrum sviðum til þess að liðka fyrir frjálsri atvinnustarfsemi í landinu, svo sem um þróun svonefndra pappírslausra viðskipta og opnun frísvæða. Niðurstaðan er því sú að með stefnu ríkisstjórnarinnar er lagður grunnur að stöðugleika og bættum rekstrarskilyrðum atvinnulífs og heimila. Með gengisfestu er stuðlað að lækkun verðbólgunnar, með minni hallarekstri ríkisins og minni lántökum opinberra aðila er lagður grundvöllur að lækkun vaxta á fjármagnsmarkaði. Þetta er ekki auðvelt verk. Ytri aðstæður eru erfiðar og því reynir enn frekar á efnahagsstjórnina.

Ríkisstjórnin hefur þurft að grípa til óvinsælla aðhaldsaðgerða. Á síðustu vikum hefur árangur stefnunnar hins vegar verið að koma í ljós. Verðbólgan hefur lækkað verulega og sama máli gegnir um nafnvexti. Verðlagsþróunin það sem af er árinu er hagstæðari en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt síðustu tölum er árshraði verðbólgunnar kominn niður í 2,5% ef tekið er mið af meðalhækkun vísitölunnar síðustu þrjá mánuði. Það liggur fyrir að gjaldskrárbreytingar ríkisfyrirtækja eru að mestu leyti komnar fram og fram til áramóta má gera ráð fyrir að áhrif þeirra á verðlag verði nálægt núlli vegna niðurfellingar jöfnunargjalds. Miðað við þessa þróun og launaforsendur fjárlaga gæti hækkunin frá upphafi til loka ársins orðið nokkuð minni en áður var áætlað eða innan við 2,5% og meðalhækkunin milli ára gæti orðið um 4,5%. Til samanburðar má nefna að í síðustu spám OECD, sem eru frá því í desember 1991, er gert ráð fyrir að verðbólgan verði að meðaltali 5% í Evrópuríkjum OECD á árinu. Miðað við þessar tölur er Ísland því komið í hóp þeirra Evrópuþjóða sem hafa lægsta verðbólgu. Þetta er auðvitað verulegur árangur.

Ríkisstjórnin einsetti sér strax í upphafi ferils síns að draga úr beinni fjárþörf hins opinbera og skapa þannig skilyrði til lækkunar vaxta samhliða stöðugleika í efnahagsmálum. Á þeim tíma sem liðinn er hefur tekist að ná fram miklum breytingum á lánamarkaði. Á árinu 1991 er talið að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila hafi orðið um það bil 40 milljarðar kr. í stað 24,4 milljarða samkvæmt lánsfjáráætlun. Nú er hins vegar áætlað að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila verði innan við 20 milljarðar kr. eða helmingi minni en á síðasta ári. Með auknum stöðugleika í efnahagsmálum og lækkandi verðbólgu hefur tekist að ná fram verulegri lækkun nafnvaxta. Þannig hafa forvextir víxla lækkað úr tæplega 21% í ágúst niður í 12,5–15% nú í byrjun febrúar. Hvað raunvexti varðar þá er ljóst að áhrif þessara umskipta á lánsfjárþörf hins opinbera eru þegar farin að koma fram á lánamarkaði. Þannig hefur verulega dregið úr eftirspurn eftir húsbréfum, bæði vegna fasteignaviðskipta og nýbygginga. Fyrirgreiðsla Seðlabanka vegna ríkissjóðs er nú um miðjan febrúar um 2,8 milljarðar en nam 8,3 milljörðum á síðasta ári á sama tíma. Þá hefur lausafjárstaða viðskiptabankanna verið að batna og er lausafjárhlutfall nú um 13,1% samanborið við tæp 10% á sama tíma í fyrra. Áhrif þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr útgjaldaþörf ríkisins á eftirspurn opinberra aðila eftir lánsfé eru þannig farin að skila sér. Þetta gefur tilefni til þess að stíga fyrsta skrefið í átt til lækkunar raunvaxta. Því hefur ríkisstjórnin ákveðið að ríða á vaðið og lækka vexti á spariskírteinum um tæplega 0,5% frá og með morgundeginum, úr 7,9% í 7,5%. Þessi ákvörðun er tekin í ljósi markaðsaðstæðna og stöðu

lánamarkaðarins og í trausti þess að henni fylgi lækkun hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum. Jafnframt ætti þessi lækkun að gefa tilefni til enn frekari lækkunar nafnvaxta á næstunni. Þessi vaxtalækkun sýnir hve mikilvægt það er að ríkisstjórnin haldi fast við þá stefnu að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera og skapa þannig aukið svigrúm fyrir atvinnulíf og heimilin í landinu. Ríkisstjórnin mun því áfram leggja kapp á að viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur og skapa atvinnulífinu betri starfsskilyrði í skjóli lægri vaxta. Það er mikilvægt að þessu jafnvægi verði ekki raskað í komandi kjarasamningum þannig að það takist að lækka vexti enn frekar á árinu.

Brýnustu verkefnin á næstunni eru mörg. Meginmarkmiðið hlýtur þó ekki síst að vera í komandi kjarasamningum að verjast þeim áföllum sem við blasa á þessu ári, sérstaklega gagnvart þeim sem búa við kröppust kjör. Besta ráðið er að tryggja sem mestan stöðugleika í verðlagsmálum. Þjóðarsáttarsamningarnir skiluðu íslensku þjóðinni ótvírætt meiri kjarabótum en hefðbundnir verðbólgusamningar hefðu gert. Þess vegna þarf að byggja ofan á þjóðarsáttarsamningana með raunsæjum kjarabótum. Varanlegustu kjarabæturnar felast í stöðugu verðlagi og lægri vöxtum. Þannig er einnig hægt að tryggja atvinnulífinu öruggan rekstrargrundvöll og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Ríkisstjórnin hefur á fundum sínum rætt atvinnuástandið ítarlega. Ríkisstjórnin mun á næstunni halda áfram að kanna horfur í atvinnumálum í samvinnu við sveitarfélög og aðila á vinnumarkaði. Það verk verður unnið undir stjórn félmrh. í samráði við ráðherra einstakra atvinnugreina. Brýnasta verkefnið hlýtur þó að vera að laga útgjöld þjóðarinnar að minnkandi tekjum og draga þannig úr skuldasöfnun hennar. Takist okkur að halda verðlagi í skefjum, lækka vexti og örva atvinnulífið til ábatasamra verkefna sköpum við á nýjan leik skilyrði fyrir hagvöxt og batnandi lífskjör. Því fyrr sem víðtæk samstaða næst um þetta markmið ríkisstjórnarinnar, þeim mun auðveldara verður fyrir þjóðina að vinna sig út úr vandanum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það sem er einkennandi fyrir síðustu könnun um atvinnuástandið er í fyrsta lagi að ⅔ af skráðum atvinnuleysisdögum féllu til á landsbyggðinni. Í öðru lagi að mjög vaxandi atvinnuleysis gætir á höfuðborgarsvæðinu, en þar er um að ræða 50% aukningu milli mánaða, og í þriðja lagi er um að ræða verulega aukið atvinnuleysi hjá konum á landsbyggðinni, einkum á Suðurnesjum, en atvinnuleysi karla er meira á höfuðborgarsvæðinu en hjá konum. Samkvæmt athugun sem gerð hefur verið í Reykjavík fyrstu 15 daga febrúar virðist atvinnuleysi þar fara mjög vaxandi en 200 manns hafa bæst á atvinnuleysisskrá þessa 15 daga til viðbótar 853 sem voru atvinnulausir í janúarmánuði. Sömu sögu má segja um Akureyri. Þar hafa bæst við 50–60 manns fyrstu tvær vikur af febrúarmánuði.

Það er vissulega ástæða til þess að hafa áhyggjur af atvinnuástandinu þegar atvinnuleysi svarar til 3,2% af mannafla nú í sl. mánuði sem jafngildir því að 4 þúsund manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum. Að vísu er það svo að atvinnuleysi er yfirleitt hátt í janúarmánuði og oftast um eðlilega árstíðarsveiflu að ræða. Yfirleitt gengur það atvinnuleysi til baka í febrúarmánuði þannig að marktæk spá um hvort um aukningu er að ræða á atvinnuleysi frá fyrri spá, sem var 2,6% fyrir árið, liggur ekki fyrir fyrr en í fyrsta lagi í næsta mánuði þegar febrúarkönnun um atvinnuástandið liggur fyrir. Hinu er ekki að leyna að þær vísbendingar sem koma fram og ég nefndi áðan um verulega aukningu á fjölda atvinnulausra fyrstu tvær vikur febrúarmánaðar gefa ekki mikið tilefni til bjartsýni í þeim efnum.

Hitt er líka áhyggjuefni að fyrirtæki tilkynntu uppsagnir hjá 1.300 starfsmönnum á síðasta fjórðungi liðins árs, sem ekki koma fram í þessum tölum, og verður varla ljóst fyrr en að lokinni marskönnun um atvinnuástandið hve mikið af þessu fólki hefur fengið endurráðningu. Fyrir utan mikið atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni og aukið atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er það einkennandi nú fyrir atvinnuástandið, sem ekki hefur verið áður, að atvinnuleysi í janúarmánuði hefur áður að verulegu leyti mælst aðallega í fiskvinnslunni. Þær breytingar sem við erum að sjá á vinnumarkaðinum eru að atvinnuleysi kemur einnig að verulegu leyti fram í iðnaði, verslun og þjónustugreinum og hjá opinberum starfsmönnum.

Í könnun sem nú liggur fyrir frá Þjóðhagsstofnun, þar sem leitað var eftir áformum fyrirtækja um fjölgun eða fækkun starfsmanna og sumarafleysingar, en könnunin náði til um 75% af allri atvinnustarfsemi í landinu, kemur fram að atvinnurekendur á landinu öllu áforma fækkun starfsmanna um 430 en fækkun starfsmanna var talin æskileg hjá atvinnurekendum í öllum atvinnugreinum nema sjúkrahúsarekstri og þjónustustarfsemi þar sem atvinnurekendur töldu æskilegt að fjölga starfsmönnum um 60. Mest er fækkunin í iðnaði, byggingarstarfsemi, verslun og veitingastarfsemi. Til samanburðar vildu atvinnurekendur fækka starfsmönnum um 120 í janúar í fyrra, mest í fiskiðnaði og byggingarstarfsemi. Þótt áform atvinnurekenda fyrir þetta ár séu að fækka starfsmönnum töluvert meira en á sama tíma í fyrra, þá er ljóst að fækkunin sem í fyrra beindist aðallega að fiskiðnaðinum beinist núna miklu meira að iðnaði þar sem atvinnurekendur vilja fækka um 200 á móti því að þeir vildu fjölga um 20 á landinu öllu í fyrra. Einnig beinist fækkunin að verslun og veitingastarfsemi en nú vilja atvinnurekendur fækka þar um 140 manns en vildu í janúar í fyrra fjölga um 60. Sama má segja um samgöngur en þar eru áform um fækkun en í janúar í fyrra vildu atvinnrekendur fjölga þar starfsmönnum um 70. Af þeim 430 starfsmönnum sem áformað er að fækka um er talið æskilegt að fækka starfsmönnum um 330 á höfuðborgarsvæðinu en um 100 á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu er fækkunin mest í iðnaði, verslun og veitingastarfsemi, um 140 manns, og í þjónustu um 80 manns en á móti er talið æskilegt að fjölga á sjúkrahúsum um 50 manns. Á landsbyggðinni er áformuð mest fækkun í byggingarstarfsemi um 120 manns, í

fiskiðnaði um 70 manns, um 50 manns í iðnaði en í þjónustu er hins vegar talið æskilegt að fjölga um 140 manns.

Þær tölur, sem ég hef nefnt, gefa vísbendingar um eftirspurn eftir vinnuafli í helstu atvinnugreinum og þótt þær séu dökkar þá er ástæða til þess að benda á að í janúar 1990 var atvinnuleysi svipað og núna í janúar eða 3,1% en þá benti könnun til svipaðs samdráttar í mannafla og nú er spáð og það sama gilti raunar í janúarmánuði 1989. Raunar má einnig benda á að í janúar 1989 var spáð hemingi meiri samdrætti í vinnuafla á höfuðborgarsvæðinu eða um 660 manns á móti 330 í þeirri spá sem við höfum núna. Þótt útlitið sé dökkt í þeim vísbendingum sem nú liggja fyrir um mannaflaþörf á árinu hefur Þjóðhagsstofnun ekki talið ástæðu til að breyta sinni fyrri spá um 2,5–2,6% atvinnuleysi á árinu. Til þess eru óvissuþættirnir of margir, m.a. hver verður niðurstaða í kjarasamningum, hvort og þá að hve miklu leyti atvinnuleysi verður hjá opinberum starfsmönnum, svo og að niðurstaða úr könnun á atvinnuástandi í febrúarmánuði þarf að liggja fyrir til að hægt sé að endurmeta spána.

Ég tel mikilvægt að fá fram frekari upplýsingar úr þeim könnunum sem nú liggja fyrir um atvinnuástandið, svo sem aldursdreifingu atvinnulausra, skiptingu eftir kynjum og stéttarfélögum og að atvinnuleysi verði nánar brotið niður í einstakar greinar. Athuga þarf hve mikill fjöldi hefur verið lengur en eitt ár á atvinnuleysisskrá og er dottinn út af atvinnuleysisbótum. Í nóvembermánuði sl. voru 7,3% atvinnulausra búnir að vera lengur en eitt ár á atvinnuleysisbótum en þá detta þeir út af bótum í 16 vikur. Einnig þarf að athuga hvort takmarka þarf ný atvinnuleyfi til útlendinga en samtals voru veitt atvinnuleyfi til samtals 2.210 útlendinga á síðasta ári. Að fengnum þessum upplýsingum er betra að gera sér grein fyrir hvernig við eigum að bregðast við en að þessu er nú unnið.

Einnig er ástæða til að hafa áhyggjur af áformum atvinnurekenda um sumarafleysingar. Áform atvinnurekenda um sumarafleysingar eru um 10.800 störf en búast má við að þeir sem sækjast eftir afleysingastörfum séu um 15 þús., þar af 12–14 þús. skólanemar sem koma út á vinnumarkaðinn í sumar. Áform atvinnurekenda um sumarafleysingastörf eru tæplega 15% færri störf en mældist í atvinnukönnun sem gerð var í apríl í fyrra. Fækkunin varðandi sumarafleysingar er einkum í rekstri sjúkrahúsa og í byggingarstarfsemi. Það sem er einnig alvarlegt er sú staða að á höfuðborgarsvæðinu mátu atvinnurekendur þörf fyrir 8.150 sumarafleysingastörf sem eru um 5% minna en í fyrra en á landsbyggðinni mátu atvinnurekendur þörf fyrir um 2.660 sumarafleysingastörf sem eru um 35% færri störf en í fyrra. Munar þar mestu um fækkun sumarafleysingastarfa í iðnaði, byggingarstarfsemi, þjónustu og rekstri sjúkrahúsa.

Ég vil geta þess hér að frá því í nóvember hefur verið starfandi nefnd á mínum vegum sem einmitt er að skoða atvinnumál skólafólks og hvað sé til úrbóta í þeim málum og vænti ég að nefndin skili niðurstöðum á næstu vikum. Á undangengnum árum hafa verið erfiðleikar í að útvega skólafólki atvinnu og í því sambandi hljótum við að hugleiða hvort hér getur verið um viðvarandi ástand að ræða og hvernig eigi við að bregðast. Í því sambandi hlýtur að aðlögun skólakerfisins að breyttum aðstæðum á vinnumarkaði með lengingu skólaársins að koma til athugunar.

Mikilvægasta verkefnið fram undan er að tryggja atvinnuöryggið en í því sambandi skiptir mestu máli að við getum búið hér við áframhaldandi stöðugleika með nýrri þjóðarsátt. Mikilvægt er að við getum tryggt að spá um lága verðbólgu gangi eftir. Takist okkur að ná þeim markmiðum, þá auðveldar það okkur að vinna okkur út úr vandanum og að tryggja hér atvinnuöryggi. Það er forsenda fyrir úrbótum sem við þurfum að vinna að í atvinnu- og efnahagsmálum.

Samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði munu einnig skapa ný tækifæri í sjávarútvegi og fiskvinnslu og við þurfum að vinna að nýsköpun í atvinnutækifærum með því að leggja aukna áherslu á rannsóknaog þróunarverkefni. Ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein þarf einnig að efla en gjaldeyristekjur landsmanna og þjónusta við erlenda ferðamenn hafa vaxið mikið undanfarin ár. Ég vil einnig nefna fjarvinnslu sem brýnt er að gera skipulagt átak í. Ég nefni ferðaþjónustu bænda sem skapað hefur mörgum tækifæri að undanförnu og félmrn. hefur stutt við bakið á. Einnig þarf að kanna sérstaklega og skapa skilyrði fyrir stofnun iðnfyrirtækja á landsbyggðinni. Við þurfum einnig að efla okkar fiskmarkaði þannig að afli landsmanna verði í auknum mæli seldur á innlendum mörkuðum. Ég vil einnig nefna að ég tel mjög mikilvægt fyrir bætt skilyrði atvinnurekstrarins og þar með atvinnuöryggi að endurskoða ýmsa þætti í rekstrarumhverfi fyrirtækja, m.a. að samræma skattlagningu fyrirtækja. Í því sambandi legg ég áherslu á að sem fyrst verði fellt niður aðstöðugjald á fyrirtæki og sveitarfélögunum verði fundinn annar tekjustofn. Ég bind miklar vonir við það að samstaða náist um að stíga nú verulega stórt skref í stækkun og eflingu sveitarfélaganna sem að mínu mati eru eitt stærsta byggðamálið. Því þarf að fylgja aukin verkefni og auknar tekjur sveitarfélaga ásamt samstilltum aðgerðum á sviði samgöngumála og atvinnumála en þar vil ég sérstaklega nefna flutning opinberrar þjónustu til landsbyggðarinnar. Ljóst er að stækkun sveitarfélaga ásamt bættum samgöngum er víða um land forsenda fyrir samstarfi eða undirstöðu atvinnufyrirtækja. Þar sem mörg sveitarfélög eru á sama atvinnu- og þjónustusvæði kemur oft upp togstreita um staðsetningu atvinnufyrirtækja. Með stækkun sveitarfélaganna væri hægt að koma í veg fyrir slíkt sem aftur gæti leitt til meiri hagkvæmni og styrkt atvinnulífið á stöðunum. Ef það markmið yrði sett að fækka sveitarfélögunum úr 200 í 25–30 þannig að sveitarfélögin yrðu yfirleitt ekki með undir þúsund íbúa, þá mundi það skapa skilyrði til þess að tryggja öflugt atvinnulíf á landsbyggðinni og þar með atvinnumöguleika launafólks. Takmarkanir á möguleikum á samruna fyrirtækja vegna sveitarfélagamarka mundu að mestu verða úr sögunni og stjórnsýslan öll mundi verða mun einfaldari, skilvirkari og ódýrari. Að-

stæður mundu skapast fyrir dreifingu valds frá miðstjórnarstofnunum ríkisins út til sveitarfélaganna og skilyrði mundu einnig skapast fyrir hreinni verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þannig að samstarfsverkefni þeirra gætu lagst af að mestu.

Í lokin vil ég nefna að brýnt er að gera átak í atvinnumálum kvenna en til þess var veitt fjármagn nú á fjárlögum. Ég nefni einnig að við þurfum að stórefla alla starfsmenntun í landinu og lögfesta það frv. sem nú liggur fyrir í þinginu. Fjármagn sem við höfum yfir að ráða á þessu ári hefur þrefaldast frá síðustu fjárlögum þannig að verulegt átak er hægt að gera til að efla starfsmenntun á þessu ári. Það er sú leið sem okkar nágrannaþjóðir fara helst til að vinna gegn atvinnuleysi og tryggja atvinnuöryggi, einkum ófaglærðra. Fjármagn sem til þess fer mun skila sér margfalt aftur í auknu atvinnuöryggi launafólks, aukinni framleiðni fyrirtækja og hagvexti í þjóðfélaginu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru 200 manns á atvinnuleysisskrá hjá Dagsbrún. Þeir biðu eftir því að heyra svör ráðherranna í dag um hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera. Það eru um 190 manns á atvinnuleysisskrá hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Þeir biðu eftir því að heyra svör ráðherranna hér í dag um hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera. Það eru 130 manns á atvinnuleysisskrá hjá Iðju í Reykjavík. Þeir biðu líka eftir því að heyra hér í dag hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera. Það eru 225 manns á atvinnuleysisskrá í Keflavík einni. Þeir biðu eftir því að heyra hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera. Það eru 125 á atvinnuleysisskrá í Njarðvíkum einum saman, meira að segja 40 í Vogunum. Allt þetta fólk og hundruð í viðbót allt í kringum landið biðu eftir því að heyra hér í dag hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera.

Svörin voru skýr og einföld. Ríkisstjórnin ætlar ekki að gera neitt. Hún ætlar í hæsta máta að halda áfram að safna tölum um þá atvinnulausu, flokka þá eftir kyni, starfsgreinum, búsetu, aldri og hjúskaparstétt og skila svo einhverjum töflum um þessa flokkun. Það er ekki þetta sem verið er að biðja ríkisstjórnina um að gera. Það er verið að biðja ríkisstjórnina um atvinnustefnu, um frumkvæði, um aðgerðir, um breytingar á þjóðfélaginu sem minnki atvinnuleysið. Sameining sveitarfélaga, sem hæstv. félmrh. nefndi hér, getur verið góð og blessuð út af fyrir sig en hún er engin lausn á þessum vanda. Vaxtalækkun um tæplega fjórðung af því sem ríkisstjórnin sjálf hækkaði vextina um þegar hún kom til valda er að vísu lítið skref í rétta átt en hún segir ekkert um breytingar á þessu atvinnuleysisástandi. Inn í þessar tölur sem við erum nú að heyra eru þeir þó ekki komnir sem fara á atvinnuleysisskrá vegna niðurskurðar ríkisstjórnarinnar sjálfrar, þau mörg hundruð sem sagt hefur verið upp á Landakoti eru ekki komin inn á þessa skrá. Framhaldsskólanemendurnir, sem ekki munu fá inngöngu í skólana vegna niðurskurðar í menntakerfinu, eru ekki heldur komnir inn á þessa skrá. Staðreyndin er sú að það stefnir í það í kjölfar þessarar stjórnarstefnu að atvinnuleysistölurnar haldi áfram að aukast umfram það sem verið hefur um langan tíma.

Formaður Iðju í Reykjavík segir að í áratug hafi ekki sést aðrar eins tölur eða horfur verið jafndökkar. Við erum nú í fyrsta sinn í mjög langan tíma að horfa fram á eðlisbreytingu í okkar þjóðfélagi, eðlisbreytingu sem er fólgin í því að atvinnuleysi er ekki lengur tímabundið eða staðbundið eða bundið við fáeinar atvinnugreinar. Atvinnuleysi er að verða í fyrsta sinn í áratugi viðvarandi og útbreitt einkenni á öllu íslensku þjóðfélagi þar sem þeir atvinnulausu eru í öllum starfsgreinum, öllum byggðarlögum og öllum aldursflokkum. Og í okkar landi er í fyrsta skipti í langan tíma, áratugi, fólk sem er búið að vera á atvinnuleysisskrá svo lengi að hætt er að skrá það. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Hver eru svörin hér í dag? Þau eru engin, hæstv. forseti, engar aðgerðir aðrar en halda áfram að safna upplýsingum. Hvað á að gera á Suðurnesjum til þess að rétta atvinnulífið við þar? Það eru held ég þrír mánuðir síðan hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. fóru í sérstaka heimsókn til Suðurnesja. Þeir ræddu þar við fulltrúa bæjarfélaganna og sveitarfélaganna og létu vel af heimsókninni, tóku við ábendingum frá heimamönnum um yfirvofandi atvinnuleysisástand, sögðust ætla að athuga málið og koma með tillögur og hugmyndir. Hvað hefur gerst á þessum þremur mánuðum? Ekki neitt. Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur haldið áfram að aukast.

Hæstv. ríkisstjórn er greinilega komin með þá efnahagsstefnu sem við þekkjum frá löndum þar sem hægrisinnuð efnahagsstefna hefur verið fest í sessi, í Bretlandi og Bandaríkjunum, og atvinnuleysið er hagstjórnartæki. Það var nefnilega kjarninn í því sem hæstv. fjmrh. sagði hér, að atvinnuleysið var liðurinn í að ná stöðugleikanum. Hersveitir hinna atvinnulausu eru þeir sem eiga að fórna sér fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það er kjarni málsins. (**Eg.J:** Þín orð.) Það er sannleikurinn, hv. þm. Egill Jónsson, vegna þess að sú ríkisstjórn sem þú styður kom ekki fram með neitt sem hún ætlar að aðhafast hér. Það rétta heiti sem henni var valið sl. haust, „kemur-mér-ekki-við"-stefnan á einnig við í þessum efnum því miður.

Auðvitað er ekki verið að biðja um það að ríkisstjórnin fari að taka hér einhver stórfelld erlend lán til þess að setja inn í hagkerfið. Það er heldur ekki verið að biðja um það að ríkisstjórnin hefji einhvern ríkisrekstur, því er víðs fjarri. En það er verið að biðja um forustu, frumkvæði og hvatningu til atvinnulífsins og til byggðarlaganna, að kraftar manna séu leiddir saman, að það sé leitað nýrra hugmynda, að það sé tekið vel í að skoða tillögur hvort sem þær koma frá fyrirtækjum sem vilja leggja vegi og bjóða upp á nýjar leiðir í þeim efnum eða öðrum. Nei, þær eru ekki til skoðunar. Ef það koma samtök úr atvinnulífinu og bjóða til athugunar tvöföldun Reykjanesbrautarinnar, jafnvel innan Sjálfstfl. sjálfs er á Suðurnesjum safnað undirskriftum þessu til stuðnings, þá er svarið líka nei. Jafnvel fótgönguliðarnir í Sjálfstfl. á Suðurnesjum fá nei þegar þeir ganga til ríkisstjórnarinnar og biðja um

einhverjar athafnir. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem stundum hefur það hlutverk að segja sannleikann í þessari umræðu, boðar það í dagblöðum í dag að atvinnuleysið eigi að halda áfram. Það er það sem upp úr stendur í þessari umræðu

Hæstv. ríkisstjórn var m.a. mynduð um álver. Hún byggði sína atvinnustefnu á álveri. Látum það liggja milli hluta hvort það hefði verið jákvætt eða neikvætt, það er fullkomið aukaatriði. En það sýndi skammsýnina að hún hafði ekkert annað með í farangrinum. Þegar það er tekið út af borðinu er ekkert eftir.

En hvað kennir reynslan okkur á Vesturlöndum þar sem hagvöxturinn hefur verið mestur? Hún kennir okkur það að 70–80% af nýjum atvinnutækifærum eru í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Í Vestur-Þýskalandi, jafnvel í Bandaríkjunum að ekki sé minnst á ríkin í Asíu þar sem hagvöxturinn hefur verið mestur er nýsköpun atvinnulífsins í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og stjórnvöld þar kappkosta að styrkja vaxtarmöguleika þessara fyrirtækja. Hefur það verið gert hér? Nei. Þvert á móti fylgir ríkisstjórnin stefnu sem beinlínis stuðlar að því að skógur hinna smáu og meðalstóru fyrirtækja sé grisjaður, að þeim fækki og eiringarnar stækkaðar. Það var það sem hæstv. fjmrh. var að boða hérna áðan, stækka rekstrareiningarnar, fækka fyrirtækjunum, sameina. Það heitir hagræðing. Þeir hafa ekki einu sinni lært þá grundvallarlexíu vestrænnar hagþróunar á síðustu 10–15 árum að það eru smáu og meðalstóru fyrirtækin sem halda uppi vexti atvinnulífsins. Hefur þessi ríkisstjórn einhverja stefnu gagnvart þeim fyrirtækjum? Nei, það hefur hún ekki. Er hún að efla smáfyrirtækin í sjávarútveginum? Nei. Er hún að efla smáfyrirtækin í ferðaiðnaði? Nei. Er hún að efla smáfyrirtækin í iðnaðinum? Nei. Er hún að efla smáfyrirtækin í samgöngum? Nei. Það er ekki hægt að benda á eitt einasta svið á okkar landi þar sem þessi ríkisstjórn er markvisst að vinna að því að efla vöxt smárra og meðalstórra fyrirtækja sem eru burðarásinn í hagþróun á Vesturlöndum. Það er þess vegna alveg ljóst að ef stefna þessarar ríkisstjórnar fær áfram að vera við lýði, þá mun atvinnuleysi því miður halda áfram að vaxa í okkar landi. Það eru hin döpru tíðindi sem þessi umræða flytur fólkinu í landinu og því miður er það þannig, hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., að það, sem þið boðuðuð hér, að ætla á næstu vikum og mánuðum að halda áfram að safna gögnum um atvinnuleysið, hið vaxandi atvinnuleysi, verður því miður ærið verk.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Atvinnuástandið á landinu er mjög alvarlegt um þessar mundir. Aldrei hafa verið skráðir jafnmargir atvinnuleysisdagar hér á landi og í janúarmánuði samkvæmt yfirliti um atvinnuástandið frá Vinnumálaskrifstofu félmrn. Aðeins að litlum hluta er hægt að skýra þetta mikla atvinnuleysi með því að fiskvinnsla komst ekki fyrir alvöru í gang fyrr en undir lok mánaðarins. En það skýrir aðeins hluta vandans. Því miður verð ég að deila skoðun með þeim sem telja að hér sé um alvarlega vísbendingu að ræða um að hér geti skapast varanlegt atvinnuleysi. Við höfum þegar fundið ákveðin hættumerki. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum er nú um 12%. Þar er því miður ekki um að ræða tímabundið ástand í verstu hefðbundnu atvinnuleysismánuðunum í upphafi árs. Nei. Á Suðurnesjum er ástandið þetta: Frá því í október hafa meira en 8% kvenna verið atvinnulaus og er þá ekki talið með dulið atvinnuleysi sem er verulegt í hópi kvenna alls staðar á landinu. Þessar tölur hef ég fengið staðfestar hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja og þeir sendu mér áðan mjög ógnvekjandi yfirlit um hvernig mál hafa gengið að undanförnu. Þar á bæ hafa menn verulegar áhyggjur af ástandinu og reyna eftir bestu getu að finna úrbætur í þessari alvarlegu stöðu.

Ég tel ástæðu til þess að vekja athygli á þáltill. sem ég hef flutt ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar á Reykjanesi um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar. Í greinargerð með þeirri tillögu kemur fram að á árunum 1981–1989 varð verulegur samdráttur í fiskvinnslu á Suðurnesjum en þó hefur keyrt um þverbak á undanförnum tveimur árum og það blasir hreinlega við hrun í þessari atvinnugrein. Árið 1981 voru 15% starfa í Keflavík í fiskvinnslu en 8% árið 1989. Í Njarðvík fækkaði störfum í fiskvinnslu á sama tíma úr 13% niður í 6%. Á að krefja ríkisstjórnina svara? Ég lýsi auðvitað eftir ábyrgð hennar. Þar með á ég alls ekki við að ríkisstjórnin eigi að reka atvinnulífið í landinu. Hins vegar má ekki gleyma því að ríkið er stór atvinnurekandi og ég er ekki í hópi þeirra sem vilja sá menntakerfið eða heilsugæsluna einkavætt. Ég tel því að ríkisstjórnin verði nú sannarlega að líta í eigin barm.

Ríkisstjórnin getur gert og hefur gert ýmislegt sem hefur áhrif á atvinnulífið auk þess að vera mikill atvinnurekandi. Vextir eru enn háir og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem sækist grimmt eftir lánsfé landsmanna. Sú lækkun sem hér hefur verið boðuð er hvergi nærri nóg.

Í öðru lagi er sá samdráttur sem ríkisstjórnin boðar þannig að hann hefur alvarleg áhrif á atvinnulífið. Ég tek sem dæmi að ég var um helgina á sjúkrahúsinu í Keflavík í mjög fróðlegri heimsókn ásamt fleiri þingmönnum, allt of fáum að vísu. Þar kom fram að auðvitað verður samdrætti, þeim flata niðurskurði sem þeim ber að lúta, mætt með því að draga úr starfsemi, m.a. með því að ráða ekki sumarafleysingafólk og loka að sumri til. Ég sé ekki annað en þarna gangi á skjön námslánastefna ríkisstjórnarinnar og atvinnumöguleikar námsmanna í fríum svo ekki sé meira sagt, auk þess sem allir tóku undir það á þessum fundi að þarna væri mjög alvarlega vegið að atvinnumálum á Suðurnesjum. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum.

Atvinnustefna ríkisstjórnar þessarar og fyrri ríkisstjórnar raunar að einhverju leyti hefur byggst á röngum áherslum. Í stað þess að hlúa að nýsköpun og auka fjölbreytni hefur verið einblínt á aðeins eina lausn og hún heitir stóriðja. Ferðaþjónusta t.d. skapar gjaldeyristekjur upp á 12 milljarða, meira og minna af eigin rammleik, þótt ekki sé ég að lasta það sem stjórnvöld

hafa vel gert. En stóriðjan er sá aðili sem fær fyrirgreiðslu, hún fær nánast alla fyrirgreiðsluna. Samt er ferðaþjónustan mannfrekur og gjaldeyrisskapandi atvinnuvegur og að mínu mati skapar hann mun meiri gjaldeyri en stóriðja. Dregið úr fjárveitingum til menntamála, rannsókna og nýsköpunar. Það er vont veganesti í atvinnumálum framtíðarinnar.

Á Suðurnesjum má ýmislegt gera, m.a. í ferðaþjónustunni og þar mætti t.d. byggja upp, svo að ég nefni bara eitt dæmi, öfluga heilsumiðstöð við Bláa lónið og fleira slíkt sem mundi skapa miklu betri og meiri atvinnu ef saman kæmi sú lausn og fleiri en stóriðja gerir nokkurn tíma. Það er mál til komið að ríkið axli þá ábyrgð að ýta undir frumkvæði og skapa atvinnuvegum góð skilyrði.

Samdráttur hins opinbera á tímum vaxandi atvinnuleysis er siðlaus aðgerð og hlýtur, þegar allt kemur til alls, að verða mjög dýr leið til sparnaðar. Atvinnuleysi kostar sitt, bæði í peningum og ómældum vandamálum, ekki síst þeim félagslegu, að ég tali ekki um þá sem eru búnir að vera atvinnulausir svo lengi að þeir eiga ekki rétt á neinum bótum. Ég hef ekki séð lausn á vanda þeirra.

Við kvennalistakonur höfum bent á ábyrgð ríkisstjórnarinnar á samdráttartímum og hvatt til aukinna arðbærra framkvæmda á vegum ríkisins, og ég ítreka arðbærra. Jafnvel þótt það gæti þýtt að leggja yrði skatta á þá sem geta borgað og jafnvel þótt það gæti þýtt erlendar lántökur vegna þess að önnur lausn, samdráttur, atvinnuleysi og þeir fylgifiskar sem því fylgja, er of dýr. Ríkisstjórnin getur ekki hrist af sér ábyrgðina á atvinnuástandinu í landinu. Sá gífurlegi samdráttur sem hún boðar mun magna vandann. Hér verður að snúa við blaðinu. Við vitum hvernig ekki á að gera hlutina. Atvinnustefnu núv. og fyrrv. ríkisstjórnar má að nokkru leyti líkja við grátbroslegt ævihlaup Birtings í skáldsögu Voltaire. Hann flengdist um höf og lönd og fann að lokum út að líklegast væri réttast að rækta garðinn sinn. Eins má segja um ráðamenn með stóriðjudrauma. Þeir hafa flengst heimshluta á milli í leit að erlendu fjármagni og erlendum iðjuhöldum til að kaupa íslensku orkuna á spottprís og menga umhverfið fyrir okkur. En hefðu menn ræktað garðinn sinn í stað þess að leggjast í ferðalög og skilja garðinn sinn eftir í megnustu vanhirðu, og garðurinn er atvinnulíf þjóðarinnar, þá væri hér e.t.v. blómlegt atvinnulíf og frjósamur jarðvegur fyrir nýsköpun í atvinnuháttum, nýsköpun sem okkur vantar svo sárlega. Birtingur komst að raun um það að lokum að hann yrði að rækta garðinn sinn og það er vonum seinna að t.d. hæstv. iðnrh. hefur í allra seinustu tíð sýnt áhuga á því að leita fleiri leiða í uppbyggingu atvinnulífs en stóriðju. Í útvarpsviðtali þann 4. des. sl. kvað við nýjan tón hjá honum, tón sem var nýr hjá honum en er sá tónn sem við kvennalistakonur þekkjum mætavel. Hann nefndi nefnilega bæði ferðaþjónustu, þróun fiskveiða og fiskvinnslu, heilsuþjónustu, hugbúnað og vatnsútflutning sem nýsköpun í íslensku atvinnulífi. En að vísu sá hann ekki annan hagvöxt en þann sem tengdist orkufrekum iðnaði. Vonandi mun það uppljúkast fyrir ríkisstjórninni að það dugar ekki að rækta ekki garðinn sinn og það dugar ekki að draga saman, hætta að bera á. Það verður að byggja upp atvinnumál þjóðarinnar.

Við kvennalistakonur höfum löngum boðað það að smátt sé gott í atvinnumálum og efla þurfi fjölbreytt smáfyrirtæki. Mig langar að lokum að benda á lítið dæmi frá Humber-svæðinu í Englandi. Við Hull og Grimsby hafa sveitarfélög lagt til húsnæði og aðstöðu undir alls konar atvinnustarfsemi, smáiðnað, þjónustu og fleira en fólkið sjálft hefur komið með hugmyndir og reynt þær í þessari aðstöðu í einn dag, eina viku eða mánuð án þess að leggja í stórfelldan kostnað í fjárfestingu í húsnæði og búnaði. Þetta kalla ég að rækta garðinn sinn.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki margt sem lifir góðu lífi undir oki hæstv. ríkisstjórnar. Atvinnuleysisvofan er næstum hið eina sem vex hér og dafnar lýðnum til leiða. Óvissa og óöryggi eru fylgifiskar aðgerðaleysis í atvinnumálum og háir vextir leika mörg atvinnufyrirtæki og heimili grátt. Að vísu sagði hæstv. fjmrh. hér áðan að lánsfjárþörf ríkissjóðs væri mjög minnkandi og þar með mundi vextir lækka. En hann gleymdi að geta þess að lánsfjárþörf sveitarfélaga vex að sama skapi vegna aukinna byrða sem á sveitarfélög eru lagðar og erfiðleika atvinnulífsins sem sveitarfélög þurfa að taka meiri þátt í en áður hefur verið og hefur þó verið nóg um það.

Ársreikningar fyrirtækja fyrir sl. ár lofa því miður ekki góðu um framhaldið ef ekkert kemur til. T.d. telja Samtök fiskvinnslustöðva að heildartapið á vinnslunni sé um 6–7%. Þetta tap hvetur til aukins útflutnings á óunnum fiski sem leiðir svo áfram til minni atvinnu, sérstaklega hjá konum. Varanlegt gæftaleysi bætir ekki úr skák og minnir okkur á að við lifum á sveiflukenndum atvinnuvegi og því er oft nauðsynlegt að grípa til almennra aðgerða, ég segi almennra, því að hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að tími sértækra aðgerða væri liðinn. Hinar almennu aðgerðir geta t.d. verið fólgnar í því að greiða úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins þá 3 milljarða sem þar eru og sjávarútvegurinn hefur safnað. Þar með væri hægt að lækka skuldir sem liggja hjá ríki og bönkum og lækka þar með vaxtakostnað fyrirtækja. Fjármunir færu þá ekki út úr kerfinu. Þeir færu í bankana og til ríkisins til að lækka þessar skuldir.

Hér er hæstv. ríkisstjórn jafnvel að boða tengingu íslensku krónunnar við ECU og vill festa sig í því á meðan hæstv. ríkisstjórn er ekki tilbúin að taka minnstu áhættu í atvinnumálum sem sést best á aðgerðarleysi í kringum síldarsamningana við Rússa, atvinnuveg sem hefur skapað hér þúsundum manna vinnu og mikinn gjaldeyri. Nú þegar svona horfir er hæstv. ríkisstjórn að segja upp fjölda manna í ríkisgeiranum. Hvert ætlar hæstv. ríkisstjórn að beina þessum starfskröftum, konum og körlum á öllum aldri? Það er löngu tímabært fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma sér upp úr fornleifagröfunum, sem þeir hafa nú verið fast-

ir í, og takast á við nútímann, tímann sem við lifum á í dag, tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækjanna, hverfa frá barlómi og bölmóði til framsýni og bjartsýni því að hér á Íslandi eru möguleikarnir miklir ef rétt er á spöðum haldið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil í tilefni af þeirri umræðu, sem hér fer fram, greina með örfáum orðum frá stöðu sjávarútvegsins og afkomuhorfum enda hygg ég að flestum hv. þm. sé ljóst að afkoma sjávarútvegsins ræður mestu um atvinnu í landinu, verðmætasköpun og lífskjör fólksins sem hér býr.

Á vegum sjútvrn. starfar sérstök nefnd að endurskoðun fiskveiðistefnu og mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu. Þessi nefnd hefur að undanförnu unnið að athugunum á rekstrarstöðu og afkomu sjávarútvegsins. Þjóðhagsstofnun hefur unnið að frumkvæði nefndarinnar sérstaka greinargerð um greiðslu- og skuldastöðu fyrirtækja í sjávarútvegi. Mér barst þessi greinargerð í síðustu viku og gerði ríkisstjórninni grein fyrir meginniðurstöðum hennar í morgun. Hún byggir á úttekt á rekstri fyrirtækja á árinu 1990.

Meginniðurstaðan í þessari úttekt Þjóðhagsstofnunar er sú að á árinu 1990 hafi 45% fyrirtækja í sjávarútvegi átt í verulegum greiðsluerfiðleikum, ekki átt með eðlilegum hætti fyrir afborgunum og vöxtum og á þann veg verið á beinni gjaldþrotabraut. Að minni beiðni hefur Þjóðhagsstofnun gert framreikning á þessari úttekt miðað við rekstrarstöðu á þessu ári. Lausleg niðurstaða nefndarinnar er sú að meiri hluti fyrirtækja í sjávarútvegi við núverandi aðstæður, eða um 59%, eigi ekki með eðlilegum hætti upp í afborganir og vexti og sé með þeim hætti á beinni gjaldþrotabraut. Hér er um að ræða yfir 200 fyrirtæki í sjávarútvegi sem eiga við erfiðleika af þessu tagi að etja. Í úrtakinu, sem í eru rúmlega 140 fyrirtæki, eru um 85 fyrirtæki sem eiga við þessa erfiðleika að etja.

Þá hef ég fengið niðurstöðu af athugunum Hagfræðistofnunar Háskólans á afkomu útgerðarfyrirtækja sl. áratug. Meginniðurstaðan í þeirri úttekt er sú að á sl. áratug vanti 50–60 milljarða kr. upp á að fiskvinnslan hafi verið rekin með eðlilegum hætti, haft eðlilegan hagnað. Í morgun gerði ég ríkisstjórninni grein fyrir þessari niðurstöðu og ég hef óskað eftir því við Hagfræðistofnun Háskólans að hún geri sams konar úttekt á rekstri fiskvinnslunnar á liðnum áratug.

Þá hefur Þjóðhagsstofnun gert athugun á rekstrarstöðu sjávarútvegsfyrirtækja í byrjun þessa árs miðað við rekstrarskilyrði í janúar. Niðurstaða þeirrar athugunar er sú að sjávarútvegurinn í heild, veiðar og vinnsla, eru við þær aðstæður með 4% tapi, það er 4% hallarekstur á sjávarútveginum í heild. Þegar nánar er litið á tölurnar sést að veiðarnar eru reknar með 2% hagnaði en þar er fyrst og fremst um að ræða hagnað af rekstri frystitogaranna en tap á rekstri bátaflotans. Þegar litið er á fiskvinnsluna kemur í ljós að hún er rekin með 8% halla, bæði frysting og söltun. Hér er um mjög alvarlegar tölur að ræða en til viðbótar er á það að líta að við megum frekar vænta þess að verð lækki á erlendum mörkuðum á næstu árum en að það hækki. Ég hef fengið minnisblað frá Samtökum fiskvinnslustöðva þar sem reynt er að meta væntanlegar verðbreytingar á næstu mánuðum. Þar kemur fram að að mati Samtaka fiskvinnslustöðva er gert ráð fyrir því, miðað við óbreytt framboð á fiski, að verðlækkun á botnfiskafurðum á næstu 6–8 mánuðum verði 4–6%. Ef verðþróun verður með þessum hætti sem Samtök fiskvinnslustöðva reikna með verður hallarekstur sjávarútvegsins á þessu ári enn meiri en Þjóðhagsstofnun hefur gert hér ráð fyrir. Í heild gæti hallarekstur sjávarútvegsins, ef þessar svartsýnu spár ganga eftir, orðið 7–8% og halli á fiskvinnslunni gæti orðið 12–13%.

Hér er um mjög alvarlegar tölur að ræða. Eigi að síður er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að þetta eru blákaldar staðreyndir, staðreyndir sem við *þurfum að horfast í augu við, getum ekki lokað* augunum fyrir og þurfum að taka á málum hvarvetna í þjóðarbúskapnum, ríkisrekstrinum og einkaneyslu í samræmi við þessar alvarlegu staðreyndir sem eru alvarlegri en við höfum þurft að horfast í augu við um langan tíma.

Fyrir þessu eru vitaskuld ýmsar ástæður en tvær meginástæðurnar eru, eins og flestir hv. þm. vita, að annars vegar hafa breytingar orðið á ytri skilyrðum í rekstri sjávarútvegsins en hins vegar, og það er ekki síður ástæða að hafa í huga, að við höfum a.m.k. í tvo áratugi búið við grundvallarskekkju í rekstri sjávarútvegsins, grundvallarskekkju í íslenskum þjóðarbúskap þar sem of lítið hefur verið gert úr stöðu framleiðslunnar en of mikið vægi lagt á neysluna. Það hefur verið viðvarandi viðskiptahalli mörg undangengin ár ef árið 1986 er frá talið. Hagnaður íslenskra fyrirtækja er um 30% eða rúmlega það meðan hagnaður að meðaltali í OECD-ríkjunum er um 40%, þ.e. hagnaður og afskriftir. Ef við ætlum að búa hér til hagsældarríki og halda í við aðrar þjóðir, treysta lífskjörin í landinu þarf að taka á þessum grundvallarvanda. Það er vitaskuld flókið verkefni og leysist ekki með einföldum aðgerðum.

Nú eru í gangi mjög umfangsmiklar, sértækar aðgerðir af hálfu sveitarfélaga til hjálpar sjávarútvegsfyrirtækjum við þessar aðstæður. Það er stefna núv. ríkisstjórnar að hverfa frá sértækum aðgerðum hvort heldur þær eru á vegum ríkisins sjálfs eða annarra opinberra aðila eins og sveitarfélaga. Þess vegna verður ekki undan því vikist til þess að tryggja rekstri sjávarútvegsins eðlileg skilyrði svo að hann geti gengið án ríkisafskipta að taka á þeim grundvallarvanda sem hér er við að etja í íslensku hagkerfi. Að ætla að leysa þennan vanda með deyfilyfjum einum saman væri ábyrgðarleysi. Sú nefnd sem starfar um mótun sjávarútvegsstefnu á vegum sjútvrn. með aðild beggja stjórnarflokkanna hefur unnið að athugunum á þessum málum. Á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun varð hún sammála um að fela nefndinni frekari könnun á stöðu sjávarútvegsins að þessu leyti og íslenska þjóðarbúsins og gera þar um tillögur til úrbóta til þess að við getum til lengri tíma tekið á þessum vanda, stefnt íslenskri þjóð og íslenskum þjóðarbúskap til sóknar á nýjan leik.

Það er deginum ljósara að við þessar aðstæður getum við ekki hagnýtt okkur sem skyldi þá möguleika sem fyrir hendi eru til sóknar í atvinnumálum með nýsköpun og vöruþróun og nýjum markaðsaðstæðum nema við treystum enn betur rekstrarskilyrði útflutningsatvinnuveganna. Það verður verkefni nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu að taka á þessu viðfangsefni og skila tillögum um nauðsynlegar aðgerðir. Það hefur þegar verulega áunnist með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í ríkisfjármálum og dregið hafa úr lánsfjáreftirspurn opinberra aðila og stuðlað að vaxtalækkun, lækkun á nafnvöxtum og fyrstu skrefum í lækkun raunvaxta. Allt eru þetta nauðsynlegar og óhjákvæmilegar aðgerðir til þess að skapa atvinnulífinu eðlilegt svigrúm til áframhaldandi viðreisnaraðgerða til eflingar íslensku atvinnulífi.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Sagt er að brennt barn forðist eldinn. Það kom glöggt fram í ræðu sjútvrh. að alvarlegir tímar eru fram undan. Það eru ekki nýjar fréttir því að fyrir þremur og hálfu ári stóð íslenskur sjávarútvegur frammi fyrir gjaldþroti nema gripið væri til alvarlegra aðgerða.

Það væri vert fyrir þessa ríkisstjórn að minnast þess að hún með aðgerðum sínum á sl. vori lagði mjög þungar byrðar á íslenskan sjávarútveg sem gerir það að verkum að hann er nú á ný kominn í mjög erfiða stöðu. Vaxtahækkunin ein og sér, hvert prósentustig á útlánsvöxtum sem hækkað var, þýddi 300 millj. á íslenskan sjávarútveg. Þessi ríkisstjórn hafði það sínar fyrstu aðgerðir að hækka vaxtagrunninn í landinu. Hún hækkaði vextina um 3–4% sem þýðir að með þessum hætti lagði hún 1 milljarð á íslenskan sjávarútveg. Það er þungur baggi og er gott að hæstv. sjútvrh. hefur áttað sig á að nú er mikilvægt að taka til höndum.

Ég fagna því að fjmrh. lækkar vexti. En því miður er vaxtahækkun ríkisstjórnarinnar kannski það atriði sem hefur þyngt mest á fyrirtækjunum og ræður þeirri alvarlegu stöðu sem nú er í þjóðfélaginu. Það eru alvarlegir tímar fram undan. Þó að þeir lækki raunvexti af spariskírteinum niður í 7,5% þá eru það háir vextir. Enn þá býður fjmrh. sparifjáreigendum 15,8% nafnvexti á ríkisbréf sem eru hreinir vextir á sparifé í 0% verðbólgu. Ef ríkisstjórnin tekur það ekki til alvarlegrar íhugunar með hvaða hætti hún ætlar að hjálpa atvinnulífinu út úr þeim erfiðu kröggum sem fjármagnskostnaðurinn er þá mun hér allt stranda.

Á því er enginn vafi að nú er mikilvægt fyrir alla Íslendinga að staldra við og hugsa um framtíðina. Hér er atvinnuleysi mjög mikið. Hæstv. félmrh. kom og tilkynnti óvænt í þessari umræðu 1.300 uppsagnir starfsfólks sem ekki var með í síðustu skráningu, 1.300 manns í viðbót við þau 4–5 þúsund sem hér var tilkynnt um þannig að nú eru alvarlegir tímar og menn verða að staldra við. Það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn. Menn verða að setjast niður með öllum hagsmunahópum þessa þjóðfélags til að leita úrræða.

Við skulum gá að það er ekki björt framtíð sem blasir við því unga fólkið sem lýkur námi í vetur. Ríkisstjórnin hefur ráðist á opinbera geirann, sagt upp fólki á sjúkrahúsum og hinum ýmsu stofnunum þannig að neyð atvinnulífsins er sú að hún mun láta aðgerðirnar bitna á sumarvinnunni. Unglingarnir munu eiga mjög erfitt með að fá vinnu í vor. Þess vegna vil ég hafa það mín lokaorð hér — ég vil heita á hæstv. félmrh. Þetta mál er á hennar ábyrgð eins og það stendur í dag. Þjóðin væntir þess að hæstv. félmrh. vakni til vitundar og hætti að lesa tölur heldur setji glóðina undir ráðherrana og hér verði hafið starf til þess að snúa vörn í sókn, stöðva atvinnuleysið, reisa við atvinnulífið og sækja fram. (**Gripið fram í:** Hvar átti hún að setja glóðina?) Ég treysti á félmrh. og vænti þess að unnið verði öðruvísi en gert hefur verið fram að þessu. Ríkisstjórnin hefur gengið of hart fram. Hún líkist Thatcher-stjórninni í Bretlandi á öllum sviðum. Hún veldur hér ótta og ógn. Nú verður hún að slaka á sér og hefja vinnu í samráði við þessa þjóð. Hún kemst ekki hjá því öllu lengur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið rætt um hina uggvænlegu þróun í atvinnuástandinu í landinu. Mig langar í framhaldi af því sem hér hefur verið rætt um að koma inn á það að í afgreiðslu Alþingis á fjárlagafrv. var framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkað um 150 millj. kr. þar sem sýnt þótti að atvinnuleysi yrði meira en 2% eins og gert hafði verið ráð fyrir í fyrstu forsendum fjárlaga. Síðasta spá var reyndar 2,6% og samkvæmt þeim tölum sem nú birtast fyrir desember, janúar og það sem af er febrúar stefnir í að atvinnuleysi verði enn meira, 3,5% gæti ég trúað að það verði samkvæmt því sem það nú stefnir í. Þá eru útgreiðslur sjóðsins áætlaðar 1 millj. 508 þús. og átti framlag ríkisins að vera 1.130 millj. en var sem sagt hækkað í 1.280 millj.

Nú vitum við að tekjur sjóðsins koma að ¼ af tryggingagjaldi sem er greitt af launum og það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að það tryggingagjald lækkar þar sem atvinna minnkar. Ríkissjóður skal síðan leggja fram þrefalda þessa upphæð á móti. Jafnframt var í forsendum fjárlaga boðað að það ætti að endurskoða þann bótarétt sem sjóðurinn veitir og rekstrarkostnað hans eða eins og segir í skýringum með fjárlagafrv., með leyfi forseta:

„Sú endurskoðun mun m.a. snúa að réttindum til bótagreiðslna með það að markmiði að allir launþegar, sem iðgjöld eru greidd fyrir til sjóðsins, njóti sambærilegra réttinda og komið verði í veg fyrir misnotkun."

En jafnframt segir þó að þessi endurskoðun eigi að leiða til 150 millj. kr. lækkunar á framlagi ríkisins þannig að mér finnst að þarna stangist aðeins á þau markmið sem eru með þessari endurskoðun. Hvernig hefur ríkisstjórnin hugsað sér að bregðast við með Atvinnuleysistryggingasjóð? Það er alveg sýnt að útgreiðslur úr honum munu aukast eftir því sem á líður árið því að það atvinnuleysi sem hér hefur verið sagt frá að sé komið í janúar og það sem af er febrúar er

ekki tímabundið atvinnuleysi, ég vil árétta það. Það er ekki tímabundið atvinnuleysi sem oft hefur verið kennt við vertíðaskipti eða að bátar væru ekki byrjaðir róðra. Það hefur aðallega verið í sjávarútveginum en það er það ekki núna. Og sú aukning sem hefur orðið í Reykjavík er einnig uggvænleg. Þar er 50% aukning atvinnuleysis á milli mánaða. Það bendir einnig til þess að þegar skólafólkið kemur út á vinnumarkaðinn í vor verði lítið fyrir það að gera og ég hef haft spurnir af því að fólk er þegar farið að leita sér að atvinnu í sumar og mér hefur verið sagt að það séu svona um 10–20 manns um hvert það starf sem kemur til greina. Þannig að ekki er útlitið bjart. Og það mun ekki af veita að hugsa fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður geti staðið undir einhverjum þeim kostnaði sem af þessari stefnu ríkisstjórnarinnar leiðir. Ég tel að atvinnustefna hennar hafi verið lítil sem engin og að nú þurfi að bregaðst við.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur á margan hátt verið merkileg. Hæstv. fjmrh. fjallaði um stöðu ríkisfjármála og nokkuð um stöðu atvinnumála, hæstv. félmrh. ræddi um atvinnuleysistölur en síðan kemur hæstv. sjútvrh. og upplýsir þingheim og þjóð um það að staðan í sjávarútveginum sé mun verri en menn hafa áður talið og er í reynd að segja að það sé mikil hætta á því að atvinnuleysi muni vaxa allverulega á næstu mánuðum. Þrátt fyrir það kemur jafnframt skýrt fram að ríkisstjórnin hefur á engan hátt gert það upp við sig hvað hún hyggst gera í þessu sambandi. Hæstv. sjútvrh. tilkynnti það áðan að þessi vandi yrði settur í nefnd, að nefnd sú, sem var ætlað að fjalla um mótun sjávarútvegsstefnu til næstu ára, ætti að fjalla um þetta mál. Henni var ekki ætlað það í því skipunarbréfi sem var ritað fljótlega eftir Viðeyjarsamkomulagið. Þessi nefnd átti ekki að fjalla um rekstrarvanda sjávarútvegsins. En nú ætlar hæstv. ríkisstjórn að setja þennan vanda í nefnd.

Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að hún væri þeirrar skoðunar að það þyrfti að fella niður aðstöðugjald. Það var mjög mikilvægt að hæstv. félmrh. tilkynnti það hér. En ég vildi heyra það frá hæstv. fjmrh. hvort hann ætlar að standa með hæstv. félmrh. í því sambandi vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur ekki viljað taka undir það fram að þessu og ekki heldur hæstv. forsrh., sem nú er fjarstaddur.

Við vöruðum mjög við því að sjávarútvegurinn væri sérstaklega skattlagður til að standa undir rannsókna-starfsemi sjávarútvegsins. Stendur það til, hæstv. fjmrh., að falla frá því í ljósi þeirra alvarlegu upplýsinga sem komu fram frá hæstv. sjútvrh.? Hæstv. félmrh. talaði um að nú þyrfti að efla rannsókna- og þróunarstarf. Það hefur staðið til að gera það á kostnað atvinnuveganna og stórauka skattlagningu á atvinnuvegina til að standa undir þessu starfi. Hvernig fer það saman að ætla sér að efla rannsókna- og þróunarstarf og leggja það allt saman á atvinnuvegi sem nú eru reknir með tapi?

Það hefur verið boðað af hæstv. ríkisstjórn að nú standi til að selja ríkisbankana og selja þau hlutabréf á almennum markaði. Á sama tíma hefur hæstv. ríkisstjórn sett ákvæði inn í skattalög sem fælir mjög frá að atvinnuvegurinn geti sótt aukið eigið fé til markaðarins. Er nú tími til þess, hæstv. ríkisstjórn, að setja mikið af hlutabréfum í ríkisfyrirtækjum inn á markaðinn þegar atvinnulífið er þannig statt eins og raun ber vitni? Er það aðgerð sem er hugsuð til þess að auka atvinnu í landinu? Væri ekki rétt að tilkynna það að ekki sé svigrúm til þess á íslenskum fjármagnsmarkaði að selja mikið af hlutabréfum í ríkisfyrirtækjum, hlutabréfamarkaðurinn eigi nóg með að standa við bakið á íslensku atvinnulífi. Svona rekst hvað á annars horn í því sem hæstv. ríkisstjórn er að segja.

En það sem er þó aðalmálið er hvernig verða þessir þjóðarsáttarsamningar — sem skiluðu miklu, hæstv. fjmrh., eins og þú sagðir og það var það eina jákvæða sem þú sagðir um fortíðina — verða framlengdir með aðstoð hæstv. ríkisstjórnar. Telur hæstv. fjmrh. að skattastefnan sem ríkisstjórnin hefur rekið að undanförnu, þar sem barnafólk hefur sérstaklega verið skattlagt og gjöld á ýmsa heilbrigðisþjónustu verið lögð á, sé gott innlegg í framlengingu þjóðarsáttar? Telur hæstv. fjmrh. að það hafi verið staðið þannig að niðurskurði ríkisútgjalda að það sé líklegt að það muni hjálpa til við að framlengja þjóðarsáttarsamningana? Er hæstv. ríkisstjórn almennt mjög bjartsýn um að henni muni takast það eða ætlar hæstv. ríkisstjórn e.t.v. ekkert að skipta sér af því máli? Er hún enn í aukahlutverki í þeim málum, eins og hæstv. forsrh. tilkynnti hér fyrir alllöngu síðan?

Hér hafa vissulega komið fram mjög alvarleg tíðindi sem við í stjórnarandstöðunni höfum varað við. Við vorum þeirrar skoðunar að það væri ekki svigrúm til þess að skattleggja atvinnureksturinn sérstaklega, m.a. sjávarútveginn. Við vöruðum við því að breyta lagareglum um hlutabréf og arð af hlutabréfum sem vakti mikla mótspyrnu hjá atvinnulífinu og hæstv. félmrh., að því er sagt er, stóð sérstaklega fyrir, þ.e. það var gert að kröfu félmrh. Nú er að koma í ljós að trúlega hefur það aukið atvinnuleysi. Við vörum við því að setja ríkishlutabréf inn á þennan markað og það er mikilvægt að fá við þessum spurningum skýr svör. Hæstv. ríkisstjórn hefur því miður afar litlu svarað í þessari umræðu. Hún hefur komið hins vegar með váleg tíðindi sem við hljótum að taka alvarlega en það þarf að gera meira en að vísa þessum válegu tíðindum í nefnd. Það er hlutverk ríkisstjórnarinnar að taka á þessum vanda og fjalla um hann hér á Alþingi og ná samvinnu á Alþingi og í þjóðfélaginu um úrlausn hans en það er fráleitt að vísa honum í nefnd.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Málshefjandi í þessari umræðu og ýmsir aðrir ræðumenn hafa spurt hvað ríkisstjórnin hafi gert og hvað hún hyggist gera til að tryggja atvinnu í landinu. Þar er mikilvægast að hinar almennu forsendur atvinnulífsins séu í lagi. Í því sambandi langar mig til að benda á að verðbólga er nú á bilinu 2–6% miðað við heilt ár eftir því hvernig mælt er og hefur

reyndar ekki lægri verið frá því á viðreisnartímanum. Menn hafa bent á vextina sem íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Mig langar að benda á að nafnvextir í bankakerfinu eru nú lægri en þeir voru þegar ríkisstjórnin tók við í vor, reyndar lægri en þeir hafa verið í 20 ár. Og frekari lækkunar er án efa að vænta á næstunni. Spariskírteinavextir ríkissjóðs, raunvextir, verða lækkaðir á morgun eins og kom fram hjá fjmrh. Reyndar mun svo komið að ávöxtunarkrafa spariskírteina á lánsfjármarkaði er nú lægri en hún var í maí 1991. Þetta er ákaflega mikilvægt. Vextirnar voru í vor er leið hækkaðir til þess að örva innlenda lánsfjáröflun fyrir ríkið. Betra jafnvægi á lánamarkaðinum núna gefur svigrúm til lækkunar raunvaxta og frekari lækkunar á aföllum húsbréfanna. Hér er um mjög jákvæða þróun að ræða sem mun örva atvinnustarfsemina í landinu og kemur bæði fyrirtækjum og almenningi til góða.

Vegna orða hv. 1. þm. Austurl. vil ég nefna að ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu gæta þess að eignasala á hennar vegum raski ekki þessu markaðsjafnvægi á fjármagnsmarkaðnum. En helsta vandamál þjóðarbúsins núna er, eins og okkur öllum er ljóst, að atvinnuvegirnir hafa í heild því miður ekki skilað aukinni framleiðslu á síðustu árum. Sem betur fer eru frá þessu undantekningar. Ég vil sérstaklega nefna að iðnaðarframleiðslan jókst um 1,5% árið 1990 og 2,5% í fyrra samfara framleiðniaukningu í greininni. En atvinnulífið á við erfiðleika að stríða víða um land og þar kemur margt til en fyrst og fremst það að þjóðin glímir nú við viðskiptakreppu í umheiminum, aflasamdrátt og minnkandi umsvif hér heima. Þessir erfiðleikar birtast okkur í auknu atvinnuleysi, bæði í heild og í einstökum landshlutum.

Eins og fram hefur komið var atvinnuleysið í janúar 3,2% af mannafla. Í því sambandi vil ég benda á að atvinnuleysið mælist yfirleitt hæst í þessum mánuði vegna lítilla fiskveiða. Það er ástæða til að benda á að ef maður tekur tillit til þessarar árstíðarbundnu sveiflu þá lækkar atvinnuleysistalan í um það bil 1,5%. En víða er mjög alvarlegt staðbundið atvinnuleysi. Ég nefni t.d. atvinnuleysi meðal kvenna á Reykjanesi sem er nálægt því að vera 10%. Þetta er mikið áhyggjuefni því að atvinnuleysi er einstaklingum og fjölskyldum ómælanlegt böl.

Það er athyglisvert í þessu máli að atvinnuleysið nú í janúar á þessu ári er því sem næst hið sama og það var í janúar 1990, fyrir tveimur árum. Þetta nefni ég m.a. vegna orða hv. 8. þm. Reykn. sem talaði um að atvinnuleysið væri nú meira en verið hefði áratugum saman. Viðbrögðin við þessum aðstæðum í hittiðfyrra voru sáttargjörð á vinnumarkaði um kyrr kjör. Þetta eru líka rétt viðbrögð nú en það er fráleitur málflutningur að halda því fram að lélegt atvinnuástand sé að kenna afskiptum eða afskiptaleysi stjórnvalda eins og vakað hefur í máli sumra ræðumanna hér. Flestir þingmenn, þar á meðal hv. málshefjandi Stefán Guðmundsson, ættu að vera í nægilega góðu sambandi við atvinnulífið til þess að vita að við eigum enn í höggi við fornan fjanda, einhæfni atvinnulífs. Það gildir bæði um byggðirnar utan Reykjavíkur og atvinnulífið í heild. Þegar samdráttur verður í sjávarútvegi kemur hann alls staðar niður en ríkisstjórnin hefur gert allt sem í hennar valdi hefur staðið til þess að sækja fram gegn samdrættinum og einhæfni atvinnunnar.

Ég vil fyrst nefna niðurskurð ríkisútgjaldanna sem er algerlega og óumflýjanlega forsenda þess að hægt sé að ná niður verðbólgu og vöxtum. Lækkandi vextir og stöðugleiki í efnahagslífinu munu gera bæði starfandi fyrirtækjum og nýgræðingi auðveldara að ná sér á strik. Ríkisstjórnin hefur líka lagt sig alla fram um það að ná árangri í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið. Þessa dagana, þessa klukkutímana, eru örlagastundir í þeim samningum. Við eigum afar mikið undir því komið að tengjast þeirri alþjóðlegu verslunar- og iðnaðarsamvinnu sem stöðugt styrkir sig í sessi í Evrópu. En EES-samningsdrögin fela í sér sem næst fullt tollfrelsi fyrir íslenskar sjávarvörur í Evrópu. Tollar munu þá ekki lengi enn standa í vegi fyrir flakaútflutningi til Evrópu í stað útflutnings á óunnum fiski. Þetta verður mikil búbót fyrir íslenska fiskvinnslu. EES felur líka í sér aðgang fyrir Íslendinga að ýmiss konar tæknisamvinnu sem mun leggja grunninn að atvinnulífi álfunnar í byrjun nýrrar aldar og því er ekki síður mikilvægt fyrir iðnað og þjónustu að við tengjumst EES.

Ríkisstjórnin hefur unnið og vinnur nú að margvíslegum atvinnumálum. Ég nefni t.d. frv. sem er hér í þinginu sem m.a. felur í sér heimildir fyrir erlend skip að landa hér og kaupa margvíslega þjónustu. Ég nefni að undirbúningsvinna og undirbúningsrannsóknir vegna álvers á Keilisnesi halda áfram eins og um var samið í árslok í fyrra og þegar álverð og efnahagur umheimsins batnar mun bygging álversins hefjast.

Þá eru nú í gangi mjög umfangsmiklar undirbúningsrannsóknir vegna hugsanlegs útflutnings raforku um sæstrengs til Evrópu. Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar hefur nýlega verið falið að athuga sérstaklega leiðir til að koma hér upp smáum og meðalstórum orkufrekum fyrirtækjum. Ég nefni saltverksmiðju á Reykjanesi sem hefja mun störf í vor. Ég nefni viðræður við bandaríska aðila um uppsetingu slípimassaverksmiðju. Ég nefni viðræður um þilplötuverksmiðju. Ég nefni það að raforkufyrirtækjum hefur verið falið að leita leiða til að auka hlut raforku í orkunotkun landsmanna. Ég nefni það að vatnsútflutningur fer nú vaxandi. Ég nefni það að sérstakar viðræður hafa farið fram við talsmenn Eyjafjarðarsvæðisins og Austfirðinga um samstarf við iðnrn. um að koma sambandi á við fyrirtæki sem líkleg væru til að setja hér upp orkufrekan iðnað sem henta mundi aðstæðum á þessum slóðum. Iðnrn. hefur látið taka saman upplýsingar um og fara sérstaklega yfir þá aðstoð og aðstöðu sem fólki og fyrirtækjum stendur til boða sem vill brydda upp á nýjungum í framleiðslu vöru eða þjónustu eða stofna ný fyrirtæki. Þetta er gert bæði til þess að unnt sé að kynna það sem í boði er og einnig til þess að hægt sé að skipuleggja þessa stuðningsstarfsemi betur. Á næstu vikum verður kynnt samstarfsverkefni iðnrn., Iðntæknistofununar og fleiri að-

ila sem nefnist „Snjallræði" til þess að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Það hefur verið komið á fót samstarfsverkefni fyrirtækja í málmiðnaði og í undirbúningi er átak í húsgagna- og innréttingaiðnaði.

Íslendingar hafa tengst upplýsinganeti Evrópuþjóða um samstarf og viðskipti milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samstarf fyrirtækja í svokölluðum fyrirtækjanetum felur í sér margvíslega möguleika.

Virðulegi forseti. Aflasamdrátturinn og ýmiss konar rekstrarbreytingar í sjávarútvegi, samruni fyrirtækja, fjölgun vinnsluskipa og útflutningur óunnins afla hafa valdið miklum breytingum á högum fólks og fyrirtækja víða um land. Á næstunni mun fara fram sérstök athugun á þessu máli í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins til að kanna betur en áður hefur verið gert efnahagsleg tengls iðnaðar, þjónustu og sjávarútvegs og meta rétt viðbrögð við þessum aðstæðum. Iðnaður og þjónusta sem tengjast sjávarútveginum taka auðvitað dýfur um leið og hann. Skipaiðnaðurinn er gott dæmi um þetta og eins og stendur býr hann við erfiðleika, ekki síst vegna þess að fjárfestingar útgerðarinnar hafa nú beinst að kvótakaupum fremur en meiri háttar endurbótum eða skipakaupum. Þessi mál hef ég rætt og kynnt mér með viðtölum við fjölmarga aðila sem í greininni starfa. Við munum snúast við þessum vanda. Ég nefni að á fjárlögum er nokkurt fé hjá iðnrn. til hagræðingar, könnunar og markaðsöflunar til þess að hjálpa skipaiðnaðinum í gegnum þann öldudal sem hann er nú í og búa hann betur undir sín framtíðarverkefni.

Virðulegi forseti. Íslenska þjóðarbúið glímir nú við nokkurt andstreymi. En það er einmitt við slíkar aðstæður sem þörf er fyrir nýjar lausnir og sannleikurinn er sá að sem betur fer hvetur viðnám erfiðleikanna menn oft til dáða. Eitt mikilvægasta atvinnuverkefni þings og stjórnar er nú að tryggja stöðu Íslands í alþjóðaviðskiptakerfinu til þess að við getum unnið okkur út úr vandanum. Þess vegna eru EES- og GATT-samningarnir mikilvægustu milliríkjasamningar Íslands á lýðveldistímanum. Við þurfum að róa á ný mið og til þess þurfum við að opna ný hlið út í heim í gegnum EES og GATT.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að mér þykja þau tíðindi, sem hæstv. sjútvrh. flutti áðan, mjög alvarleg. Hann er í raun að segja það, með þeim tölum sem hann nefndi, að aðstæður í sjávarútvegi séu eitthvað svipaðar og þær voru þegar hann fór frá sem forsrh. hér síðast. En í því sambandi sagði hann reyndar í haust að það hefði verið vegna þess að Framsfl. hefði ekki getað fallist á þá gengislækkun sem hefði verið nauðsynleg til að laga til fyrir sjávarútveginn. Og kannski eru það þessar raunhæfu aðgerðir sem hann nefndi áðan, þ.e. að breyta genginu til þess að lagfæra þá grundvallarskekkju sem hann talaði um í hagkerfinu og væri ástæðan fyrir því að ekki hefði verið hægt að reka þessa atvinnuvegi okkar á undanförnum árum.

Ég tel að full ástæða sé til að líta þau tíðindi mjög alvarlegum augum sem hæstv. sjútvrh. var hér að flytja og ég vara við því ef Alþingi Íslendinga fær ekki að fjalla um þau mál eðlilega og að þau fá ekki þá umræðu sem þau þurfa hér í þinginu vegna þess að ef að taka þarf á málunum með afdrifaríkum hætti, sem tölurnar virðast benda til, þarf um það samstöðu í þjóðfélaginu. Þessi ríkisstjórn getur ekki vaðið fram með einhverjar stórkostlegar breytingar á hagkerfinu til þess að rétta við hag sjávarútvegsins nema í samráði við þjóðina og atvinnuvegina í landinu.

Ég tel mikla ástæðu til að efna til þeirrar umræðu sem hér fer fram en því miður er sá tími sem til hennar er ætlaður allt of stuttur. Mér finnst reyndar fráleitt að efna til tveggja tíma umræðu um atvinnumál eins og hér er gert. Hér hefði átt að vera ótakmarkaður tími, þ.e. tíminn hefði átt að takmarkast eingöngu af þeim reglum sem eru í þingsköpum um lengri umræður utan dagskrár.

Mig langar í upphafi að spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi ekki stundum litið á sjónvarp undanfarið og séð þar myndir af brosandi og hamingjusömum Íslendingum sem vitnuðu um góðan arð af gullbókinni sinni, metbókinni eða skiptikjarareikningnum eða hvað aðrir sparikostir fjármagnseigenda, sem nú er boðið upp á, heita. Það virðist vera nýjasta eftirlætisíþrótt okkar Íslendinga að ávaxta fé hraðar en þekkist í öðrum löndum og ekki er lengur með í umræðunni að allir ættu að leggja vinnuframlag sitt af mörkum og hljóta í staðinn hlutdeild í arðinum af atvinnuvegum þjóðarinnar. Nú eru nýir tímar. Gróðinn leitar þangað sem hann margfaldast hraðast og hann á að stjórna þróuninni. Það eru engin takmörk fyrir því hver gróðinn má vera. Lögmálið um framboð og eftirspurn á að ráða í heimi fésýslunnar. Þar eiga ekki að gilda siðareglur almennra viðskipta eins og þær að það sé okur ef einhver leggur miklu hærra á en annar eða tekur til sín óeðlilega hátt endurgjald fyrir það sem hann leggur af mörkum. Það eru hinar vinnandi hendur í þjóðfélaginu sem skapa auðinn og þær verða að bera uppi þenna okurgróða sem verður til á fjármagnsmarkaði um þessar mundir. Þau atvinnutækifæri sem við höfum haft undanfarin ár hafa mörg hver ekki staðist þessar gróðakröfur sem nú eru uppi fyrir fjármagnið. Í þessum nýju kröfum til atvinnulífsins er að finna eina aðalskýringuna á því að atvinna minnkar ár frá ári. En skýringarnar eru reyndar fleiri. Þjóðfélagið hefur smám saman verið að opnast meir og meir fyrir erlendri samkeppni og þá án tillits til þess hvort viðkomandi starfsemi er niðurgreidd eða styrkt af þeim stjórnvöldum sem hlut eiga að máli.

EFTA-aðildin hefur kostað okkur mörg atvinnutækifæri. Hið Evrópska efnahagssvæði mun gera að líka. Leikreglurnar eru einfaldar. Finnist einhver hlutur ódýrari á viðskiptasvæðinu en sá sem framleiddur er hér mun okkar framleiðsla verða undir. Smæð þjóðarinnar mun koma okkur í koll. Fyrirtæki okkar eru of lítil til að ná tökum á hinum stóru mörkuðum. Húsgagnaiðnaðurinn hrundi við EFTA-aðildina. Fataiðnaðurinn heyrir nánast sögunni til. Skipasmíðaiðnaðurinn hefur verið látinn deyja út og hin stórfurðulega rík-

isstjórn Davíðs Oddssonar sem ætlaði að setja af stað mestu (**Gripið fram í:** Hvar er iðnrh.?) þenslufram-kvæmdir allra tíma, þ.e. byggingu álvers, skipti yfir í mestu samdráttaraðgerðir sem sést hafa. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einu sinni tilburði til að liðka fyr-ir samningum um kaup og kjör. Hún hefur enga við-leitni sýnt til að auka atvinnu. Þvert á móti hefur hún með sinni dauðu hönd aukið á atvinnuleysið í landinu. Það er enginn vafi á því að því meir sem landið verð-ur opnað í viðskiptalegu tilliti því öflugri þurfa upp-sprettur nýjunga og nýsköpunar að vera í atvinnulíf-inu. Þessi dæmalausa ríkisstjórn vill tengja okkur við alla Evrópu í markaðslegu tilliti án þess að hún sýni nein merki um að hún ætli að gera átak sem miðar að því að gera atvinnulífið í landinu fært um að standa sig í þeirri samkeppni. Ég segi þetta þrátt fyrir orð hæstv. iðnrh. áðan. Það var upptalning á góðum áformum, sumum hverjum, en allt of lítið og allt of seint því ég geri ráð fyrir að ríkisstjórnin ætli sér að koma áhuga-málum sínum í framkvæmd mjög bráðlega.

Aðrir alvarlegir hlutir eru að gerast sem tengjast undirstöðuatvinnuvegum okkar. Svo ég taki sem dæmi hefur flutningur á óunnum fiski sífellt verið að aukast t.d. af Vesturlandi á höfuðborgarsvæðið eða beint í út-flutning. Þannig er þetta líka annars staðar á landinu. Hin hefðbundna fiskvinnsla, frysting og söltun innan lands hefur verið að tapa samkeppninni við aðra kosti, t.d. fiskmarkaði erlendis sem geta keypt óunninn fisk tollfrjálsan en útflytjendur okkar verða að borga tolla ef tekið er svo mikið sem hausinn af þeim fiski sem fluttur er út. Þá hefur nýr útflutningur á fiski á háu verði með flugi komið til sögunnar og síðast en ekki síst er nú komið í ljós að útgerð á ísfiskstogara og vinnsla á þeim afla í hefðbundnum frystihúsum allt í kringum landið stenst engan veginn samkeppni við afla sem unninn er ferskur úti á sjó. Við öllu þessu þarf að bregðast með margvíslegum hætti.

Við alþýðubandalagsmenn lögðum fram tillögu í haust um gæðamál og sölumeðferð á ferskum fiski og aðra tillögu um ráðstafanir í sjávarútvegi. Þær tillög-ur hafa auðvitað strandað í þinginu eins og aðrar til-lögur stjórnarandstöðunnar sem komast yfirleitt ekki til umræðu. Ekki er hægt að ræða okkar úrræði en þó er sannarlega ástæða til að spyrja ríkisstjórnina hvað hún hyggist fyrir í atvinnumálum og hvort ekki sé farið að örla á spurningarmerkjum hjá henni um þá samdrátt-arstefnu sem ofan á erfiðar aðstæður er að mynda neyðarástand í atvinnumálum. Hér dugar auðvitað ekk-ert minna en ný stefna í atvinnu- og kjaramálum. Reyndar er það umhugsunarvert að hin almenna af-staða ríkisstjórna á undanförnum árum, að hlutverk rík-isstjórna sé að sjá til þess að fólkið í landinu hafi tæki-færi til þess að taka þátt í atvinnulífinu, virðist hafa hopað fyrir átrúnaði á leiðsögn fjármagnsins. Ástæða er til að vara við þeim annaðhvort ótrúlega sofanda-hætti ríkisstjórnarflokkanna eða því sem verra er og ég nefndi áðan, að menn trúi því að ekki þurfi og ekki eigi að koma til afskipti stjórnvalda í því skyni að hafa áhrif á þróun atvinnumála í landinu. Alla vega er ótrú-legt að á sama tíma og við horfum upp á atvinnu-leysistölur hækka stöðugt séu ekki uppi neinir tilburð-ir stjórnvalda til að hamla á móti. Mesta áhugamál stjórnarflokkanna virðist vera að koma okkur inn í samstarf, þ.e. hið Evrópska efnahagssvæði, sem á að vera aðgöngumiði inn í 21. öldina eða þannig hafa menn reynt að vekja vonir um að við munum upp-skera í atvinnulegu tilliti vegna EES-samninganna. Á meðan hrannast hættumerkin upp, hættumerki sem segja okkur að margir þættir í atvinnulífi okkar stand-ist ekki samkeppni í opnu og hindrunarlausu við-skiptaumhverfi.

Augljóst virðist að ný atvinnutækifæri munu eiga erfitt uppdráttar, nema kannski í sjávarútvegi, eftir að EES-samningarnir koma til ef þeir verða þá að veru-leika. Ljóst er reyndar að mikil hætta er á að við töp-um einhverjum af þeim atvinnutækifærum sem við nú höfum. Menn verða að gera sér grein fyrir að í því starfsumhverfi sem hér er komið á og er að myndast þarf miklu öflugra starf til nýsköpunar en iðnrh. hef-ur verið að lýsa fyrir okkur.

Ríkisstjórnin eða stjórnvöld geta ekki verið stikk-frí. „Kemur-mér-ekki-við"-stefnan gengur ekki. Ríkis-stjórnarflokkarnir virðast ekki sýna nein merki þess að þeir séu að rakna úr rotinu. Forustumennirir hljóta að hafa fengið högg á höfuðið, eins og einn hv. þm. komst að orði í haust. Það bólar alla vega ekki á nein-um aðgerðum til að styðja atvinnulífið í landinu. Við horfum á erlend fyrirtæki flytja atvinnuna úr landi í óunnum hráefnum. Við horfum á atvinnutækifærin skreppa saman og flytjast út á sjó í frystiskipin og horfum á skipaiðnaðinn sigla til annarra landa. Við horfum á atvinnutækifæri í húsgagnaiðnaði, fataiðn-aði, fiskeldi og loðdýrarækt hverfa. Við sjáum að reynsla síðustu ára hefur kennt þeim, sem annars hefðu hugsanlega haft frumkvæði til nýsköpunar, að láta vera að taka áhættu fyrir sig og fjölskyldu sína í þeim efn-um. Þetta er greinileg þróun og því miður ástæða til svartsýni. Í stað þess að takast á við hin stóru vanda-mál atvinnulífsins eykur ríkisstjórnin á vandann með samdráttaraðgerðum. Það bólar ekkert á stefnu henn-ar í kjara- og atvinnumálum og hún hefur sett mál-efni sjávarútvegsins í nefnd. En hún veit hver á að borga pillurnar og skólagjöldin.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvers ég vænti í þess-ari umræðu en e.t.v. einhverra svara. Þau hafa ekki verið mörg, þó einhver. Ég er sammmála hæstv. iðn-rh. að erfiðleikar eiga að sjálfsögðu að hvetja til dáða. En ég vil þá sjálf fá að skilgreina hvað dáðir eru.

Hins vegar tala ráðherrarnir nokkuð ólíkt. Það var mikið svartnætti í ræðu hæstv. sjútvrh. og mér finnst að boðskapur hans ætti nú raunar að vera hvatning til nýrrar og betri atvinnustefnu hér á landi. E.t.v. renn-ur brátt upp fyrir ráðherrum að þörf er t.d. á byggða-kvóta. Atvinnuleysi er nefnilega afskaplega mikið á landsbyggðinni og það eru þær byggðir sem helst þurfa á slíku að halda. Ég vil bera saman atvinnuleysistölur janúarmánaðar þar sem landsbyggðin var með 5,5% atvinnuleysi á móti 1,6% á höfuðborgarsvæðinu. Hvort

tveggja er reyndar of mikið. Ég held að hægt sé að gera ráð fyrir því með nokkurri vissu að ræða hæstv. sjútvrh. hafi borið mjög vott um að kjarasamningar eru fram undan. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það, til þess gefst ekki tími.

Við súpum hins vegar seyðið af rangri atvinnustefnu fortíðar eins og ég gat um áðan. En í nútíð eigum við a.m.k. tvo kosti. Að ríkið haldi áfram að íþyngja fyrirtækjum með háum vöxtum og auka á atvinnuleysi með samdrætti hins opinbera með ófyrirsjáanlegum afleiðingum eða að við snúum okkur að uppbyggingu í stað niðurrifs. Það má t.d. gera með því að ríkið hætti við niðurskurð í heilsugæslu og menntamálum. Enn er ekki of seint að snúa við. Með því vinnst a.m.k. tvennt, þjónusta við sjúka og aldraða verður ekki skert til vansa eins og nú blasir við og menntakerfið ekki rústað eins og einnig blasir við. Atvinnuástandið ætti þá a.m.k. ekki að versna. Það má nefnilega gera ýmislegt fleira en að draga saman. M.a. má fara betur með fé. Það er ein leiðin og afla má fjár með skattlagningu á breiðu bökin, þ.e. hátekjufólkið og fjármagnseigendur. Meira að segja má taka erlend lán í arðbærar framkvæmdir eins og ég gat um áðan. Það skilar sér nefnilega. Meira kemur í kassann gegnum beina og óbeina skatta með meiri veltu og það kæmi bæði ríki og sveitarfélögum til góða. Ekki veitir af. Við þurfum að marka heilbrigðari atvinnustefnu en tíðkast hefur fram til þessa. Það má t.d. gera með bættri nýtingu sjávarfangs. Það veitir ekki af og ég trúi ekki öðru en þar sé verið að reyna eitthvað. Atvinnuvegirnir þola ekki að þeim sé íþyngt með því að standa straum af slíkum kostnaði. Sá kostnaður er okkar allra.

Einnig þarf að efla rannsóknir í atvinnulífi í stað þess að velta hlutverki t.d. Lánasjóðs ísl. námsmanna á rannsóknasjóði en það er ein af mörgum fáránlegum tillögum sem við höfum heyrt að undanförnu. Meiri hvatningu þarf líka til nýsköpunar t.d. með aðgerðum eins og ég nefndi áðan og útvega aðstöðu til þess að koma ýmsum tímabundnum tilraunaverkefnum á laggirnar. Með því er hægt að byggja upp heilbrigðari atvinnustefnu framtíðarinnar. Ég varð fyrir örlitlum vonbrigðum, ekki þó undrandi, að heyra enn talað um álver. Ég varð ekki eins undrandi á að heyra talað um EES en vara við þeim afleiðingum sem aðild að EES getur haft á atvinnulíf okkar.

Sem betur fer hefur nú fleira flotið með, m.a. verkefnið „Snjallræði" sem er nokkuð í þeim anda sem ég hef nefnt og byggir á smærri fyrirtækjum, hugmyndaauðgi og fjölbreytni. Þetta er sá tónn sem við verðum að spila. En það stangast á við það að vera um leið að skerða framlög til menntamála, rannsókna og nýsköpunar. Annað vil ég sérstaklega nefna. Við megum ekki íþyngja einstaklingum og fyrirtækjum landsins með álögum á nauðþurftir og fjármagn til rekstrar eða húsnæðiskaupa einstaklinga og fyrirtækja. Við megum ekki íþyngja fólki svo með því að leggja auknar álögur á skólagöngu, læknisþjónustu, lyfjakostnað og þess háttar að það lami hreinlega allt þrek í samfélaginu. Að það þrúgi menn svo að ekki sé eftir nokkur orka til frumkvæðis vegna þess að allt þrekið fari til brauðstritsins. Við megum ekki halda áfram rangri stefnu. Við verðum að snúa við blaðinu og það nú þegar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá hafa þingflokkar fullnýtt ræðutíma sinn. Hv. 4. þm. Norðurl. v. tekur nú til máls en að lokinni ræðu hans mun hæstv. fjmrh. ljúka umræðum.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa á margan hátt verið fróðlegar umræður. Okkur er í fersku minni þegar ríkisstjórnin var mynduð og ráðherrar hennar riðu úr hlaði í sína örlagamiklu ferð. Þá veitti þjóðin því athygli að ráðherrarnir sátu öfugir í hnakknum þegar þeir riðu úr hlaði frá Bessastöðum. Þegar þeim var bent á mistök sín (**Gripið fram í:** Þetta voru latar bikkjur, þeir þurftu að lemja í rassinn á þeim.) svöruðu þeir ábúðafullir: Hvað vitið þið hvert við erum að fara? Þannig sitja þessir heiðursmenn enn, því miður, og það sem verra er að í stað þess að halda nokkuð traustum höndum um tauminn þá sitja þeir öfugt og halda fast í reiðann. Og það er alvarlegt mál og slæmt. En við þetta má þjóðin búa.

Vitaskuld er frammistaða ríkisstjórnarinnar í þessum málum hörmuleg og langverst er að það virðist hvergi nokkurs staðar vera glætu að sjá, nánast hvergi nokkurs staðar vonarneisti nema það sem hæstv. iðnrh. gat um. Þar er greinilega farið að birta af degi. Satt að segja datt mér í hug að kosningar væru í nánd. Auðvitað er gott að slá svona hugmyndum fram og vonandi verður eitthvað að veruleika sem þar var sagt, en við skulum fara með gát. Nógur var skaðinn þegar rætt var um álver, bæði fyrir norðan og sunnan. Það er nógur tími að telja fólkinu trú um þessa þætti þegar meira og betur hefur verið að þeim unnið.

Hæstv. fjmrh. og núsitjandi forsrh. segja að dregið hafi úr atvinnuleysinu. Þetta er rangt og sem verra er, þetta sýnir okkur hversu lítið ríkisstjórnin hefur hugsað um þessi mál. Það er hið alvarlega í málinu. Ég vitnaði í orð formanns stjórnar Vinnuveitendasambandsins. Menn hafa vitnað í skrif hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, hvað hann segir um málið. Menn hlustuðu á hvað hæstv. félmrh. sagði um þessi mál, vantalin í upptalningunni um 1.300 störf og ástandið verulega dökkt. Þannig veldur það mér miklum áhyggjum að hæstv. ráðherrar og hv. þm., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, virðast ekki tala sama mál. Er þetta allur áhuginn á því sem er að gerast í landinu?

Ég má ekki gleyma því sem hæstv. sjútvrh. sagði, og er trúlega með því merkilegra sem komið hefur fram í umræðunni, að þær dapurlegu niðurstöður sem hæstv. sjútvrh. kom með benda til þess að ástandið sé ekki glæsilegt. En hvernig má vera að við þessi starfsskilyrði sem sjávarútveginum eru búin og kannski mestar vonir bundnar við — og ég fullyrði að þar liggja milljarðatugir í möguleikum í sjávarútvegi ef menn hafa skilning á að taka á þeim málum og reyna að nýta þá möguleika sem þar eru fyrir hendi — en því gengur hæstv. fjmrh. þá fram fyrir skjöldu með því að leggja fleiri milljarða í nýjum álögum á sjávarútveg-

inn eins og gert var nú í vetur þrátt fyrir stórminnkandi afla? Ég tala ekki um þann mikla fjármagnskostnað sem fyrirtækin mega búa við. Ég nefni það að auðlindaskattur var lagður á til þess að þjónka Alþfl. og svínbeygja þá sjálfstæðismenn sem vildu berjast gegn þeirri gjaldtöku. Hvers lags stjórn er þetta sem hér situr?

Atvinnustefna ríkisstjórnarinnar er greinilega engin og atvinnulífið er því miður á undanhaldi. Hæstv. iðnrh. gat þess áðan að verðbólgan væri lægri en fyrr og þakkaði þjóðarsátt. Ég er sammála því. Ég gat um það í mínum upphafsorðum. En ég spyr aftur á móti og spurði um það í mínum upphafsorðum: Hvað hefur ríkisstjórnin og hæstv. ráðherrar gert til þess að reyna að tryggja nýja þjóðarsátt? Ekkert hefur komið fram í umræðunni sem bendir til þess nema orð hæstv. fjmrh. áðan að vextir verði lítillega lækkaðir á morgun. Eftir að hafa hækkað vextina á atvinnuveginn, sjávarútveginn, ekki um hundrað milljónir heldur um hundruð milljóna, trúlega milljarða, koma þessir menn og gorta af því að á morgun eigi lítillega að lækka vexti.

Hæstv. iðnrh. segir að atvinnulífið muni trúlega skila litlum bata. Það er eftir því, hæstv. ráðherra, hvernig menn snúa sér að þessum málum og vinna að þeim. Ég fullyrði, og sagði það rétt áðan, að í möguleikum í sjávarútveginum einum liggja milljarðar. En það þarf að vinna að og nýta þá möguleika.

Hæstv. iðnrh. nefndi einnig skipasmíðaiðnaðinn og að því þyrfti að vinna að endurreisa hann. Hver eru afrekin þar? Trúlega er verið að byggja 3 eða 4 ný skip í dag fyrir Íslendinga og a.m.k. tvo báta. Allt eru þetta verksmiðjuskip sem eiga að fullvinna aflann úti á sjó. *Slippstöðin sem var með 300 manns í vinnu er nú með* rétt um 100 manns. Getur það hafa verið tilviljun að Fiskveiðasjóður samþykkti þessa samninga alla eftir síðustu kosningar? Er þetta viljinn til þess að styrkja íslenskan skipaiðnað? Öll nýsmíðin er flutt úr landi. Og ég spyr: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi endurnýjun togaraflotans sem allir sjáandi menn hljóta að sjá að er á næsta leiti? Hvar hefur sú umræða farið fram? Hvergi. Hún hefur hvergi farið fram. Er það virkilega atvinnustefna þessarar ríkisstjórnar að skera niður framkvæmdafé til Byggðastofnunar stórlega, skera niður Framleiðnisjóð landbúnaðarins um 340 millj. kr. sem átti þó að verða til þess að auka atvinnutækifæri í sveitum landsins? Nei, virðulegi forseti. Hægt væri að halda lengi áfram og skeggræða við þessa ríkisstjórn um atvinnukostina og ráðaleysið sem hér hefur ríkt um of langan tíma.

Ég vil segja að lokum, virðulegi forseti, að þótt tíma mínum sé lokið, hefði ég haft áhuga á því að fá að ræða aðeins við hæstv. sjútvrh. um þá stórmerkilegu ræðu sem hann flutti hér. Ég sé ekki annað, eftir að hafa hlýtt á þau orð, en að við séum tilneyddir til þess. Við berum ábyrgð og umræða um þann vanda sem þar liggur fyrir verður að fara hér fram. Hún á að fara hér fram en ekki í einhverri nefnd úti í bæ. Hér er um svo mikið og stórt alvörumál að ræða að alþingismenn geta ekki látið það líða hjá.

Það sem út úr þessari umræðu kemur er vissulega dapurlegt. Það eru engin svör við því hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við því atvinnuleysi sem orðið er í landinu. Það sem hefur komið upp er að atvinnuleysið er meira en birt hefur verið, það er staðfest af ráðherra. Og til viðbótar: Spá ráðherra ríkisstjórnarinnar er um það að atvinnuleysið eigi eftir að vaxa verulega enn. Þrátt fyrir það sýna ráðherrar enga tilburði til þess að bregðast hér við.

Virðulegi forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. Þessi ríkisstjórn á hins vegar ekki um marga kosti að velja. En versti kosturinn fyrir þjóðina er örugglega sá að hún sitji mikið lengur. Það er versti kosturinn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera hér tilraun til þess að svara örfáum fyrirspurnum og ræða örfá atriði sem komið hafa fram í þessum umræðum.

Hv. síðasti ræðumaður gat um skipaiðnaðinn og spurðist fyrir um það hvað ríkisstjórnin hygðist gera varðandi framtíð hans. Því er til að svara að starfandi er nefnd iðnrn. og sjútvrn. um þetta mál. Þar eru þessi mál auðvitað til umræðu en jafnframt hafa þau að sjálfsögðu verið rædd í ríkisstjórninni. Um þessi mál er því fjallað á þeim vettvangi sem eðlilegastur er.

Ég get verið sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að það er mikilvægt fyrir atvinnulífið í landinu að þróa rannsókna- og þróunarstarfsemi en ég vil benda á af því að hún mælti gegn þátttöku okkar í EES að einmitt með þátttöku okkar þar opnast nýir möguleikar, sérstaklega á þessu sviði og einnig á menntunarsviðinu. Það þekkja þeir auðvitað sem starfa til að mynda við háskóla eða rannsóknir.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að staðan í sjávarútveginum í dag væri jafnslæm og hún var 1988. Því miður verð ég að hryggja hv. ræðumann með því að staðan, þegar á heildina er litið, er mun verri vegna þess að skuldastaða fyrirtækjanna hefur versnað, skuldirnar hafa hækkað. Til viðbótar því hafa tapast milljarðar í gegnum sjóðakerfið í þeim sjóðum sem páv. ríkisstjórn setti á laggirnar og áttu að bjarga öllu. Það er sú staðreynd, sem við stöndum frammi fyrir, að þær aðgerðir sem þá var gripið til reyndust aðeins vera frestsaðgerðir, því miður. Það sem vantar í sjávarútveginn er að sá skilningur — hann hefur ekki verið fyrir hendi allt of lengi því miður og þar ætla ég ekkert að kenna einni stjórn annarri fremur um — að gróða þarf í sjávarútveginn, það þarf ágóða til að standa fyrir þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er til þess að við náum meiru út úr þessari grein. Og þar kem ég að því sem kannski er mikilvægast og það er að við aukum gæðin í greininni því um meira magn verður vart að ræða á komandi missirum og jafnvel árum.

Hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, ræddi hér nokkuð um þjóðarsáttarsamninginn og spurðist fyrir um það hvert hefði verið framlag ríkisstjórnarinnar til þess samnings og framhalds af honum. Hann svaraði reyndar spurningunni sjálfur. Ég vil heldur að ég fái að leggja þar til málanna og ég vil benda hv. þm. á að

kannski er veigamesta og mikilvægasta framlag ríkisstjórnarinnar það að hafa sýnt það í verki að hægt er að ná stöðugleika við verðbólgustig sem ekki hefur þekkst í áratugi og eins að nú fara vextir lækkandi og eru um það bil þeir sömu og þegar ríkisstjórnin tók við. Það er talsvert afrek miðað við þann viðskilnað sem þá var við að etja.

Ég vil hins vegar benda hv. þm. Framsfl. á að það er kannski einn ákveðinn munur á stjórnarandstöðu Sjálfstfl. þá og stjórnarandstöðu Framsfl. nú. Stjórnarandstaða Sjálfstfl. þá hafði skilning á þjóðarsáttarsamningi og studdi slíkan samning og hafði skilning á stöðugleikanum sem þarf að vera í þjóðfélaginu. Því miður, það gildir að vísu ekki um alla framsóknarþingmennina, þá finnst mér stundum örla á því í þeirra röðum að þeir hafi nú misst sjónar á þeim skilningi sem þeir höfðu þá.

Varðandi hlutabréfamarkaðinn vil ég geta þess að það mál er að sjálfsögðu í skoðun hjá ríkisstjórninni ásamt eignatekjum og eignatekjuskatti. Ég get fullvissað hv. þm. um það að við munum ekki koma fram með tillögur eða frumvörp sem munu leiða til þess að þeir sem vilja spara, til að mynda með hlutabréfum, sjái minni ástæðu til þess en ella.

Hv. þm. Jóna Valgerður fjallaði nokkuð um Atvinnuleysistryggingasjóð að vonum. Í því sambandi vil ég taka fram að samkvæmt útreikningum, sem ég er hér með, má búast við því að mismunur á áætlun í fjárlögum og því sem hugsanlega gæti þurft að greiða úr sjóðnum gæti verið á bilinu 150–350 millj. kr. eftir því hvort miðað er við 2,3% eða 2,6% atvinnuleysi eins og verstu spár sýna. Ég vil eingöngu segja að auðvitað stendur ríkissjóður á bak við sjóðinn þannig að enginn þarf að kvíða því. Eins vil ég nefna að Atvinnuleysistryggingasjóður á vel á annan milljarð í eignum þótt þær eignir séu þess eðlis að erfitt geti reynst að selja sumar þeirra, t.d. bréf í atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar o.s.frv.

Hv. þm. Guðni Ágústsson ræddi hér nokkuð um vextina og hélt því fram að ríkisstjórnin hefði hækkað vextina með þeim hætti að það hefði kostað atvinnuvegina milljarð, eða skilja mátti hans orð á þann veg. Ég er alveg hissa á formanni bankaráðs Búnaðarbankans að orða þetta svona því hann veit jafn vel og ég sem sat í bankaráði líka á sínum tíma að skráðir vextir á eftirmarkaði, um það leyti sem stjórnin kom að völdum, voru 8,4% á húsbréfum og 7,85% á ríkisskuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs. Það var þess vegna nánast formsatriði að hækka þessa vexti í takt við það sem markaðurinn sagði. Það eru hins vegar aðrir sem lána atvinnuvegunum. Það eru bankarnir sem lána atvinnuvegunum og þeir hækkuðu vextina langt umfram það sem þurfti til að halda starfseminni gangandi á síðari hluta ársins. Þeir voru, og það hafa forsvarsmenn bankanna viðurkennt, að vinna inn það tap sem þeir urðu fyrir á fyrri hluta ársins þegar þeir urðu fyrir því óláni að fara eftir tillögum þáv. ríkisstjórnar. Þetta veit hv. þm. auðvitað mætavel.

Hv. þm. sagði að við gengjum of hart fram. Ég vil eingöngu minna hann á að enn þá er ástandið svo í landinu að viðskiptahalli er líklega upp á 15 milljarða kr. Við erum því enn að safna skuldum. Af OECD-þjóðunum eru Íslendingar með langmestan viðskiptahalla vegna þess að ríkisstjórnir hér á landi hafa ekki viljað taka þannig á málum að horfið sé til þeirrar stefnu að fullt jafnvægi ríki í viðskiptum við aðrar þjóðir til þess að höggið verði ekki of mikið. Það sama á við í ríkisfjármálunum. Þetta hefur verið gert viljandi og við höfum ekki sett markið hærra en svo að ríkissjóðshallinn á þessu ári á að verða sá sami og hugmyndir fyrrv. ríkisstjórnar voru um. En vegna vaxtanna vonast ég að sjálfsögðu til þess að hv. þm. Guðni Ágústsson, sem ætlar að tala hér á eftir, lýsi því yfir fyrir hönd bankaráðs Búnaðarbankans að hann hugsi sér að lækka vextina á föstudaginn þegar vaxtaákvörðun fer fram í þeim banka.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom hér í ræðustól og minntist á nokkur atriði. Hann sagði til að mynda að ríkisstjórnin notaði atvinnuleysi sem stjórntæki. Ég hef sagt það hér að þetta er alrangt því að ríkisstjórnin hefur farið mjög mjúklega í sakirnar eins og tölur og dæmi sanna. Í Finnlandi er atvinnuleysi nú um 10–11%, í Svíþjóð 4–5%, í Danmörku nálægt 10%. Samt er efnahagssamdrátturinn á Íslandi á milli áranna 1991 og 1992 líklega fjórum sinnum meiri en þar sem hann er mestur í þessum löndum. Þetta skulum við hafa í huga þegar menn tala um efnahagshrun í þessum löndum og erfiðleika hjá okkur.

Hv. þm. sagði að engar aðgerðir hefðu komið frá ríkisstjórninni. Eru það engar aðgerðir að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs, opinberra aðila? Eru það engar aðgerðir að lækka vexti? Eru það engar aðgerðir að hafa náð stöðugleikanum niður í lægsta verðbóglustig sem hér hefur þekkst í áratugi? Eru það engar aðgerðir sem gripið var til í sjávarútveginum seint á síðasta ári? Ég var auðvitað sammála hv. þm. um að það á ekki að grípa til nýrra erlendra lána né heldur ríkisreksturs. En hvað var það sem hv. þm. lagði til að gert yrði? Hafði hann skoðun á því? Nefndi hann eitthvað til sögunnar? Jú, hann nefndi eina hugmynd, sem hann fékk lánaða hjá sjálfstæðismönnum á Suðurnesjum, og það var að tvöfalda Reykjanesbrautina. Það var eina hugmyndin sem frá honum kom í hans ræðu og sýnir kannski vel hugmyndafátækt stjórnarandstöðunnar.

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu. Ég vil eingöngu segja það að erfiðleikarnir sem við stöndum frammi fyrir eru alvarlegir. Ég lýsi því yfir að enginn stjórnmálaflokkur á Íslandi, og ég treysti mér þar til að tala fyrir hönd þeirra allra, stefnir að því að auka atvinnuleysi hér á landi. Atvinnuleysi er sá bölvaldur sem við viljum síst hafa í okkar landi. Hins vegar eru mismunandi sjónarmið uppi um það hvernig ráðast skal að draugnum.

Við skulum líka viðurkenna þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir. Það getur enginn læknað vandamálin, það getur enginn ráðist að rótum vandans nema sá sem viðurkennir að hann sé til. Það sem skiptir máli fyrir okkur er að styrkja samkeppnisstöðuna með því að halda stöðugleikanum, með því að lækka vexti en umfram allt að byggja upp hagvöxt sem hlýt-

ur að hvíla á arðsömum rekstri og bæta þannig lífskjör þjóðarinnar. Við getum lært margt af þeim þjóðum sem þannig hafa farið að að treysta á framtak og frumkvæði einstaklinganna því að þeim hefur vegnað best þegar þær þjóðir hafa verið að keppa að sem bestum lífskjörum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Á grundvelli samkomulags sem gert var um þessa umræðu milli þingflokkanna og lýst var mjög greinilega í upphafi umræðunnar þá er þessari umræðu nú lokið. Óskað hefur verið eftir því að veita andsvar. Ég tel að það geti ekki rúmast innan 56. gr. þingskapanna þar sem segir að forseti „geti" leyft þingmönnum að veita stutt andsvar. Ég tel að hann geti það ekki á grundvelli þess samkomulags sem þingflokkar höfðu gert fyrir þessa umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil enn einu sinni vekja athygli á því að sú umræða sem hér fer fram er ekki í samræmi við þingsköp. Það er nánast út í hött hjá hæstv. forseta að ætla svo að vitna í þingsköp til að segja að hér sé ekki málfrelsi. Það er ekki rökfræðileg hugsun til í þessum útlistunum. Það getur náttúrlega enginn samið af þingmönnum þann rétt sem þeir hafa hér í þinginu samkvæmt þingsköpum. En ég vil minna hæstv. forseta á að senn kemur hæstv. forsrh. til landsins aftur ef guð lofar. Hér er umræðu um byggðamál, skýrslu Byggðastofnunar, ólokið. Hæstv. forsrh. hefur gefið út reglugerð um Byggðastofnun og það er eitt og annað órætt í því sambandi. Undir þeim dagskrárlið er hægt að tala um stefnu Sjálfstfl., stefnuna að fjöldaatvinnuleysi á Íslandi. Þar er hægt að tala um stefnu hæstv. iðnrh. sem virðist telja að vitlaust gengi krónunnar sé besta tryggingin til að koma íslenskum iðnaði á hausinn sem hann hefur unnið dyggilega að á sínu tímabili.

Hæstv. forseti. Það þarf ekki að biðja um andsvar þegar sú umræða verður leyfð. Það þarf ekki að biðja um leyfi til andsvars. Þá verða eðlilegar umræður samkvæmt þingsköpum og forsetar verða að gera sér grein fyrir því að þá verður ekki liðinn sá leikaraskapur við stjórn þingsins eins og verið hefur. Annaðhvort gilda hér þingsköp eða það verður það magnaður ófriður að sumir mundu heldur kjósa að vera kyrrir í prestakalli austur á landi.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um það að gert var samkomulag um þessa utandagskrárumræðu og ég vil að sjálfsögðu sem þingmaður að staðið sé við það samkomulag. Það er hins vegar svo að í þingsköpum er gert ráð fyrir því að forseti geti leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Það er nýtt fyrir mér ef þessi réttur er ekki fyrir hendi í utandagskrárumræðum þar sem samið er um ákveðna tímalengd á flokk. Ég ætla ekki að fara að rökræða það hér við hæstv. forseta en ég tel mikilvægt að það tekið sé fyrir á fundum forsetadæmisins, sem væntanlega hefur verið gert, en gallinn er sá að forsetadæmið er eingöngu skipað fulltrúum stjórnarflokkanna því miður og því verður þetta kannski rætt sérstaklega á fundi þingflokksformanna. Hafi þingflokksformenn gert slíkt samkomulag um að það yrðu ekki andsvör, þá skal ég fallast á það en mér er ekki kunnugt um að svo hafi verið. Ég vil því spyrja hæstv. forseta eða þá þingflokksformenn sem hér eru hvort svo sé litið á að þingmenn hafi samkvæmt slíku samkomulagi ekki rétt til þess að fara í andsvör.

Hæstv. forseti. Í þingsköpunum stendur: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvör." Þingsköpin segja að það sé á valdi forseta. En ég skil það svo að forsetadæmið neiti því í þessu tilviki og væri þá fróðlegt að fá upplýst í hvaða tilvikum forsetadæmið hyggst beita slíkum neitunum í framtíðinni eða hvort það muni geta orðið almenn regla að forsetar beiti slíkri neitun eftir því sem henta þykir í hvert skipti. Við erum vissulega að fara inn á nýja braut að því er varðar þingsköpin og það er mikilvægt að þau séu túlkuð með þeim hætti að flestir geti við unað. Ég á erfitt með að una við þann úrskurð að ekki sé hægt að veita andsvar, sérstaklega þegar hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar nota tækifærið sem síðustu ræðumenn í slíkum umræðum til þess að veitast sérstaklega að einum stjórnarandstöðuflokknum eins og hæstv. fjmrh. gerði hér. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að síðasti ræðumaður hverju sinni, sem er hæstv. ráðherra, hagi þá orðum sínum með þeim hætti að ekki sé líklegt að það muni kalla á sérstök andsvör.

Hitt er svo annað mál að næg tækifæri gefast, virðulegi forseti, til að ræða við þessa ríkisstjórn á næstu dögum. Við getum vissulega gert það undir öðrum dagskrárliðum, eins og hv. 2. þm. Vestf. benti réttilega á, ef slíkir dagskrárliðir fást almennt teknir hér á dagskrá.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil að gefnu tilefni minna hv. þm. á að það er löng hefð fyrir utandagskrárumræðum á Alþingi Íslendinga en það var fyrst árið 1985 að ákveði voru tekin í þingsköp Alþingis um umræður utan dagskrár. Allt til þess tíma grundvölluðust þessar umræður, utandagskrárumræðurnar, á samkomulagi milli þingflokka, samkomulagi sem þingflokkar leituðu eftir að standa við, eins og allir hv. þm. sem tóku þátt í þessari umræðu reyndu að gera í hvívetna, og virða þann tímaramma sem hverjum þingflokki var settur. Það er ekkert í þingsköpum sem bannar forseta að gera slíkt samkomulag við þingflokka um umræður utan dagskrár. Ef á þetta mál er litið af fullri sanngirni hljóta hv. þm. að sjá að skyldugt er að standa við samkomulag sem gert er hér milli þingflokka. Ég leit svo á að hér ætti að standa við samkomulag sem á sér stoð í ákvæðum 72. gr. þingsakapa.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl. notaði allnokkrum sinnum í ræðu sinni hugtakið „forsetadæmið". Ég hef

tekið eftir því í löngum umræðum um þingsköp hér í vetur að allmargir hv. þm. stjórnarandstöðunnar nota gjarnan þetta hugtak, forsetadæmi. Ég hef af þessu tilefni litið í þingsköpin. Þar finnst þetta hugtak hvergi. Ég veit ekki til þess að á vegum Alþingis sé til nokkur hlutur eða nokkurt fyrirbrigði sem heitir forsetadæmi. Við höfum hér forseta Alþingis og við höfum forsætisnefnd. Ég hygg að þegar þingmenn taka svo til orða að þeir beini orðum sínum eða athugasemdum til forsetadæmisins, þá eigi þeir ýmist við forseta þingsins eða forsætisnefnd. Ég beini því til forseta að hann geri athugasemdir við þennan málflutning í þeim tilgangi að fá menn til þess að nota hér tilvísanir í þær stofnanir þingsins sem stjórna þinginu og til eru að réttum þingskapalögum.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er að verða sorgarsaga á þessu þingi að forsetarnir fara því miður dálítið frjálslega með þingsköpin, búa til hinar og þessar reglur sem jafnvel henta ríkisstjórninni betur. Ég harma það að forseti sem stýrir hér fundi skuli leyfa sér að brjóta þau þingsköp sem svo skýrt eru skrifuð í bók sem liggur á forsetaborðinu. Ég hygg að það sé almenn skoðun þingmanna um styttri umræðu utan dagskrár, þar sem menn mega nánast ekki tala nema í tvær mínútur, að þá hlaupi menn ekki upp með andsvör í þeim tíma. En þegar um lengri umræður er að ræða — sem verður að líta svo á að sé í þessu dæmi sem hér hefur verið í dag, þó að menn hafi samið um styttri tíma þá var hér almenn stjórnmálaumræða — þá gilda þingsköpin að fullu. Um andsvörin segir ekkert annað en það sem stendur í 56. gr. Það er helgur réttur þingmannsins að fá að nota sér það að bera fram andsvar því að ...(Gripið fram í.) Það eru töluverð vandræði hér með tvo þingmenn á fremstu bekkjum, hv. formann þingflokks Alþfl., Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Egil Jónsson, vegna sífelldra frammíkalla. En þetta er helgur réttur. Hér kemur hæstv. fjmrh. upp í lok tveggja tíma umræðu og ber sakir á þingmenn, telur þá hafa farið með rangt mál. En honum leyfist það hér að geta gengið út úr salnum og enginn kemur leiðréttingu við. Í lok ræðu sinnar fór hann með mjög rangt mál. Þess vegna harma ég það, hæstv. forseti, að það hefur hent forsetann í þetta sinn að brjóta þingsköpin því að hér var almenn umræða og það segir um andsvarið: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari."

Síðan get ég haldið áfram lestrinum en ég sleppi því. Hefðum við komist í þann rétt, sem við áttum hér, að nota okkur andsvarið, gat það þó ekki staðið lengur en í 15 mínútur því að það segir líka í þessari grein. Þess vegna harma ég mistök forsetans en ég segi, eins og aðrir, að við fáum auðvitað næg tækifæri til þess að tala við ríkisstjórnina og ráðherrann og ég erfi það ekki við vin minn forsetann þótt þetta hafi hent hann í þetta sinn. En ég veit að það mun ekki henda hann í annað sinn héðan í frá.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Enn og aftur að gefnu tilefni vegna ávirðinga hv. 5. þm. Suðurl. um að ég hafi brotið þingsköp og að ég hafi gert mistök með fundarstjórn. Ég tel að ég hafi stjórnað fundi hér fram að þessu í krafti þingskapa og samkomulags sem þingflokkar gerðu um þá umræðu sem hér fór fram. Ég tel mig skyldugan að gæta þess að samkomulag sé haldið og þeim tíma, sem samkomulag náðist um að mundi skiptast jafnt á milli flokkanna, yrði ekki misskipt.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að forsetadæmið mun ekki til í þingsköpum. Það er eins með fortíðarvandann, hann er ekki til í orðabók Blöndals og er þó notaður í þingsölum og væri hugsanlegt að semja um að bæði féllu út. Hitt þykir mér þó langalvarlegast ef það eru fortíðarinnar þingsköp sem eru komin í gildi. Hér vitnaði hæstv. forseti, sem er nýkosinn á þing, í þingsköpin eins og þau voru árið 1985 og fyrir 1985 og taldi að á grundvelli þess hvernig þingsköpin voru fyrir 1985 væru efni til þess að standa hér upp og halda fróðleiksræðu yfir þingmönnum. Ég bjó við það þegar ég fór á þing árið 1979 að menn notuðu þingsköpin sem voru þá í gildi en ekki þau sem voru í gildi 1974. Mér sýnist nú fortíðarvandinn fara stórkostlega vaxandi ef hann er kominn á það stig að menn snúi sér að því að fara eftir þingsköpum sem jafnvel hæstv. iðnrh. hlýtur að vita að eru fallin úr gildi og eiga ekki að notast hér við stjórnun þingsins. Þess vegna vona ég að þetta gerist aldrei aftur þegar menn ætla að leiðrétta það að ekki sé verið að fara eftir þingsköpum heldur eftir samkomulagi sem er fyrir utan þingsköp og rúmast þar ekki. Það eru aðeins tvær heimildir til í þingsköpum varðandi þessar umræður, annaðhvort hálftíma umræða eða frjáls umræða. Það er verið að taka rétt af þingmönnum ef farið er út fyrir þetta. Það breytir engu hvað menn ræða í skrifstofu forseta þar um.

En ég vil aðeins undirstrika að ég óska eftir skýru svari frá hæstv. forseta um það hvort hann ætlar að notast í framtíðinni við þau þingsköp sem eru í gildi nú og verða í gildi í framtíðinni eða hvort hann ætlar að notast við þingsköp sem voru í gildi fyrir 1985.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti, sem nú situr á forsetastóli, mun hér eftir sem hingað til stjórna fundum þingsins á grundvelli þingskapa og hefða og þess fyrirkomulags sem eiga stoð í þingsköpum og almennt samkomulag er um á milli þingflokka og þingmanna að hæfi umræðum og starfsháttum í þinginu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Til okkar formanna þingflokkanna var beint fyrirspurn og ég tel bæði rétt og skylt

að svara henni. Það samkomulag sem náðist fjallaði ekki um andsvör, ekki var rætt um slíkt, heldur aðeins um þann heildartíma sem hver flokkur hefði til umráða. Ég get því ekki tjáð mig um andsvör en get raunar látið þess getið að það hefur verið rætt áður og er óleyst vandamál hvernig bregðast megi við þegar lokaræður í slíkri umræður gefa tilefni til andsvara. Þetta er óleyst mál og ég tel í rauninni að þetta sé alvarlegt vandamál.

Ég vil einnig árétta það að ég lít svo á að þegar samkomulag hefur náðst milli þingflokksformanna um tveggja tíma umræður, þá sé það vegna þess að hálftíma umræða dugi ekki en ekki vegna þess að það þurfi að takmarka hina löngu umræðu. Hálftímaformið hentar mjög sjaldan og þess vegna höfum við oft brugðið á það ráð að reyna að ná einhvers konar samkomulagi sem í rauninni er ekki hægt að nýta þingskaparammann til, strangt til tekið. Samt sem áður hefur það virkað í megindráttum, eins og annað samkomulag af ýmsu tagi og svo sannarlega hefur verið reynt að fara eftir því. Slíkt samkomulag er gert vegna þess einfaldlega að hin styttri umræða hefur mjög oft reynst of stutt, bæði að mati málshefjanda og þess ráðherra sem hann vill tala við. Því lít ég svo á að samkomulag um tveggja tíma umræðu sé fyrst og fremst viðurkenning á því að hálftímaumræðan eigi mjög sjaldan við.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að orðið „forsetadæmi" kemur ekki fram í þingsköpunum. Það er hins vegar ljóst að þegar það orð er notað er átt við forsætisnefndina. Við teljum að það sé verkefni aðalforseta að túlka þingsköpin þótt rétt sé að varaforsetar komi í stað aðalforseta í öllum störfum. Það er mjög mikilvægt að forsætisnefndin ræði það ítarlega hvernig túlka beri þingsköp og aðalforseti þingsins komi þeirri túlkun á framfæri.

Ég vil hins vegar minna hæstv. sjútvrh. á að ekkert samkomulag er við stjórnarandstöðu þessa þings um skipan forsætisnefndarinnar og það er engin sátt um það mál hér á Alþingi. Vel má vera að það sé einmitt þess vegna sem menn nota stundum annað orð. Ég vil minna á að það er mikilvægt að bærileg sátt ríki um stjórn þingsins en meiri hluti Alþingis hefur ekki lagt sig fram í því máli svo að ekki sé meira sagt.

Ég vil svo að lokum segja að ég vil að sjálfsögðu standa við samkomulag þingflokksformanna. En ég hygg að enginn alþingismaður sé tilbúinn til þess að afsala sér þeim rétti eða vilji að um það sé sérstaklega samið að þegar ráðherrar í ríkisstjórn Íslands nota tækifærið í síðustu ræðu til þess að koma með sérstakar ávirðingar á hendur ákveðnum þingmönnum eða stjórnmálaflokkum að þá sé ekki hægt að svara fyrir það. Þegar þannig stendur á tel ég að forseti þingsins eigi að hafa þann skilning á málum að hann leyfi andsvar í slíkum tilvikum þótt e.t.v. sé rétt að það eigi ekki ávallt að leyfa andsvör í utandagskrárumræðu. En þegar sá ráðherra sem talar síðastur gefur sérstakt tilefni til þess, þá tel ég að forseti þingsins eigi að vera það vísýnn að hann leyfi slík andsvör. Það mundi m.a. tryggja meiri frið um þinghaldið ef forsetar þingsins hefðu slíka víðsýni til að bera.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þegar þingflokksformenn gera samkomulag eigi að standa við það. Hins vegar eiga forsætisnefndin og þingflokksformenn að draga ályktanir af þeirri umræðu sem hefur farið fram. Það er náttúrlega algerlega ófært að ekki sé hægt að veita andsvör við lokaræðu í umræðu eins og hér fór fram.

Ég tek þátt í umræðunni vegna þess að ég vil láta það koma fram að mér finnst einkennilegt að það sé á brattann að sækja að fá umræðu um þetta mál sem hér var á dagskrá samkvæmt síðari mgr. 50. gr. um umræður utan dagskrár en þessi utandagskrárumræða byggist á 50. gr. þingskapanna. Í síðari mgr. segir að hægt sé að leyfa utandagskrárumræður um mikilvæg og aðkallandi mál og þá mega þingmenn tala í 15 mínútur hver. Búið er að takmarka umræðuna frá því sem var frá þingsköpunum 1985 með nýjum þingsköpum. En greinileg tregða er á því að veita þessa lengri umræðu og þarf trekk í trekk að semja sig áfram. Hvað eru mikilvæg og aðkallandi mál ef ekki það hraðvaxandi atvinnuleysi í landinu sem hefur verið lýst hér? Auðvitað er það mikilvægt og aðkallandi mál og ekki á að þurfa að standa í hörkusamningum til þess að fá lengri utandagskrárumræðu um það. Ég veit ekki hvað er aðkallandi mál ef ekki það þegar þúsundir manna eru atvinnulausar í landinu.

Þetta vildi ég láta koma fram en að öðru leyti á auðvitað að standa við samkomulag sem þingflokksformenn hafa gert og ég vona að menn dragi ályktanir af þeirri þingskapaumræðu sem hefur farið fram.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að vekja athygli forseta á því að þingskapaumræða hefur staðið yfir í líklega 30–40 mínútur. Ef forseti hefði verið svolítið sveigjanlegur í sinni og brugðist við aðstæðum á þinginu væri umræðum lokið fyrir eins og 15 mínútum og þingmenn farnir heim vegna þess að í 56. gr. þingskapa segir að orðaskipti í andsvörum megi ekki standa lengur en í 15 mínútur í einu. Forseti hefði því ekki þurft að óttast að þessi fundur teygðist fram úr hófi og menn væru í andsvörum fram eftir kvöldi. Ég vil bara vekja athygli á þessu til að sýna fram á fáránleika þess að vera svo stirður við þá þingmenn sem óskuðu eftir að gefa andsvör við lokaræðu fjmrh. Það var ekki verið að fara fram á andsvör í miðri umræðu og þingmenn héldu sig mjög stíft við það samkomulag sem gert var. Einungis var farið fram á að bregðast við lokaræðu fjmrh. Eins og ég segi værum við öll komin heim núna ef rétt hefði verið við brugðist.

Jón Helgason *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Austurl. að forsætisnefndin ræði í framhaldi af umræðum um það málefni sem hefur nú verið rætt í hálf-

tíma. Mér er ljóst að hæstv. forseti er í vanda í þessu tilviki, þ.e. að gæta þess að allir flokkar hafi jafnan rétt og þess vegna kannski erfitt að fara fram úr umsömdum tíma. Ég vil taka undir að sjálfsagt er að virða þegar samkomulag hefur verið gert. Hins vegar vil ég benda á það sama og kom reyndar fram hjá síðasta ræðumanni og fleirum að andsvör geta aldrei staðið lengur en í 15 mínútur og hámarksræðutími er tvær mínútur hjá hverjum ræðumanni. En hins vegar er í 55. gr. heimild til þess að jafnan sé hægt að bera af sér sakir og kannski voru það mistök þeirra sem hér vildu svara eða gera athugasemdir að óska ekki eftir því að bera það undir ákvæði þeirrar greinar að bera af sér sakir. Sú ræða má þó standa í fimm mínútur og forseti getur ekki neitað því skv. ákvæði 55. gr. Ég held þess vegna að það sé miklu betri kostur í þessu tilviki að nota andsvaraformið en að fá umræður um þingsköp þar sem bæði er lengri ræðutími og engin takmörk þá fyrir því hversu oft er hægt að taka til máls.

84. FUNDUR

miðvikudaginn 19. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að um kl. 15.30 mun hefjast umræða utan dagskrár samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, svokölluð hálftíma umræða. Umræðan fer fram að beiðni hv. 5. þm. Vestf. og fjallar um ummæli hæstv. menntmrh. í fjölmiðlum um störf kennara.

Þá vill forseti geta þess að þessum fundi verður frestað um kl. 4 á venjulegum fundatíma þingflokka en verður haldið áfram eigi síðar en kl. 6, að loknum þingflokksfundum. Verður þá tekið til við 9. dagskrármálið, frh. 1. umr. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Er stefnt að því að ljúka þessari umræðu. Takist það ekki fyrir kl. hálfátta eða rúmlega það, eða sýnt sé um það leyti að það takist ekki, verður kvöldfundur sem hefst þá um kl. 9. Þessi tilhögun fundarhalds í dag er í góðu samkomulagi við formenn þingflokka.

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og vísað til umhvn. með 45 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (heildarlög). — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og vísað til samgn. með 47 shlj. atkv.

Leiðsaga skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (heildarlög). — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og vísað til samgn. með 46 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (sóttvarnardýralæknir). — Þskj. 315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og vísað til landbn. með 46 shlj. atkv.

Lánsviðskipti, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 114. mál. — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 392.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Þetta er 230. mál þingsins á þskj. 392.

Þessi breyting á lögunum er nauðsynleg vegna þess að í þeim er kveðið á um að skattskylt mark sérstaks eignarskatts skuli breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattvísitalan er ákveðin í fjárlögum fyrir hvert ár en í fjárlögum fyrir árið 1992 var skattvísitalan ekki ákveðin og því hækkaði skattskylt mark til sérstaks eignarskatts ekki milli ára

1991 og 1992. Þetta hefði leitt af sér raunverulega skattahækkun. Til að koma í veg fyrir að greiðendur þessa sérstaka eignarskatts lendi í skattahækkun er frv. þetta flutt og umrætt mark hækkað um 6%.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. efh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 38 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 354.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um málefni fatlaðra. Núgildandi lög um málefni fatlaðra sem tóku gildi 1. jan. 1984 mörkuðu tímamót í þjónustu við fatlaða, en grunnurinn hafði þá þegar verið lagður með lögum um aðstoð við þroskahefta frá árinu 1979. Fyrirkomulag stjórnsýslunnar á þannig rætur að rekja til ársins 1979 með skiptingu landsins í átta starfssvæði, svæðisstjórnir og stjórnarnefnd. Uppbyggingin á þjónustunni, sem hafin var með lögum um málefni þroskaheftra, hélt áfram eftir gildistöku núgildandi laga undir sömu formerkjum og í samræmi við hugmyndafræði um jafnrétti og að skapa fötluðum eðlileg lífsskilyrði í þjóðfélaginu eins og framast er unnt. Þróun þessi hefur haldið áfram sleitulaust síðan. Hefur þjónusta við fatlaða þannig tekið stórstígum framförum á þessu tímabili, ekki síst á landsbyggðinni.

Á árinu 1989 þótti kominn tími til að taka til athugunar hvernig núgildandi lög hefðu reynst í framkvæmd með það í huga að endurskoða lögin kæmi í ljós að þörf væri á því. Í desember 1989 skipaði ég því nefnd til að sinna þessu verkefni.

Í nefndina voru þá skipaðir Bragi Guðbrandsson félagsmálastjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Arnþór Helgason deildarstjóri, tilnefndur af þingflokki Framsfl., Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp, Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Alþb., séra Jón Einarsson prófastur, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Páll Svavarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af þingflokki Borgaraflokks, en hann lét af störfum í nefndinni sumarið 1990, og Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Alþfl.

Eftir ríkisstjórnarskiptin á sl. ári var tveimur fulltrúum bætt í nefndina, þeim Sólveigu Pétursdóttur alþingismanni, sem tilnefnd var af þingflokki Sjálfstfl., og Guðrúnu Halldórsdóttur skólastjóra, sem tilnefnd var af þingflokki Kvennalista.

Með nefndinni störfuðu Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri, skipuð ritari nefndarinnar, og Þorgerður Benediktsdóttir lögfræðingur.

Ég vil leggja áherslu á það hér í upphafi að að því frv. sem hér er lagt fram standa þannig fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi, Samband ísl. sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðra. Sú samstaða er mjög þýðingarmikil, einkum þegar haft er í huga hversu viðkvæmur þessi málaflokkur er og að frv. tekur til margra flókinna úrlausnarefna.

Nefndin aflaði umsagna um reynsluna af framkvæmd laganna frá ýmsum aðilum, til að mynda svæðisstjórnum og hagsmunasamtökum fatlaðra. Að lokinni athugun á framangreindum umsögnum sem fólu í sér margar gagnlegar ábendingar og öðrum þeim gögnum sem nefndin viðaði að sér þótti sýnt að brýnt væri orðið að endurskoða núgildandi lög þannig að á ný yrðu sett sérlög um málefni fatlaðra.

Í þeim lögum skyldu nýjar hugmyndir um skipulagningu málaflokksins annars vegar og þjónustu við fatlaða hins vegar fá nokkurt rúm eins og rakið verður hér síðar. Að vísu átti það sjónarmið fylgi að fagna innan nefndarinnar að sérlög um málefni fatlaðra væru óþörf og kveðið skyldi á um málefni fatlaðra í heildarlöggjöf í félagsmálum sem tækju til almennrar félagsþjónustu landsmanna. Hins vegar töldu nefndarmenn að forsendur væru ekki enn fyrir hendi til að svo megi verða nú. Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eru fyrsta skref í átt til heildstæðrar félagsmálalöggjafar. Með þeim er lagður grunnur að almennri félagsþjónustu sem nái til allra landsmanna. Ljóst er þó að nokkur tími mun líða þar til því markmiði er náð. Niðurstaðan varð því sú að enn um sinn sé óhjákvæmilegt að sérstök lög gildi sem tryggi hag fatlaðra. Nefndin benti á nokkra annmarka gildandi laga annars vegar hvað lýtur að stjórn og skipulagningu málaflokksins og hins vegar varðandi þjónustu við fatlaða. Um stjórn og skipulagningu er bent á eftirfarandi annmarka:

Málefni fatlaðra heyra undir þrjú ráðuneyti þótt félmrn. annist þau málefni er lögin sjálf taka tillit til. Yfirstjórnin er samkvæmt lögunum í höndum stjórnarnefndar sem þó er í störfum sínum í of ríkum mæli bundin af ráðstöfun fjár Framkvæmdasjóðs. Nefndin áleit að þetta fyrirkomulag stæðist tæplega enda hafi reynslan sýnt að á vettvangi stjórnarnefndar fari meira fram samkeppni um fjármagn á milli ráðuneyta en starfi er lýtur að samræmingu og stefnumörkun í málaflokknum.

Samkvæmt núgildandi lögum eru meginviðfangsefni svæðisstjórna að afla upplýsinga um þarfir fatlaðra fyrir þjónustu og vinna að tillögum um það efni, auk þess að samræma þjónustu við fatlaða á svæðinu. Jafnframt er svæðisstjórnum ætlað að hafa eftirlit með rekstrinum. Í lögunum er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að svæðisstjórnir hafi með höndum rekstur á umfangsmikilli þjónustu við fatlaða. Hvað síðastnefnda atriðið varðar hefur reyndin orðið önnur. Mestallur rekstur á þjónustu við fatlaða er á vegum svæðisstjórna. Ljóst er að illa fer á því að sami aðili hafi á sinni könnu rekstur, eftirlit og samræmingu. Raunar skortir mjög á ákvæði um rekstur í lögunum. Í annan stað er það athyglisvert að félmrn., sem ber fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd laganna, á ekki sérstakan

fulltrúa í svæðisstjórnum sem sjálfar kjósa sér formann og ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfslið. Hinum umfangsmikla rekstri er í reynd stýrt af framkvæmdastjórum svæðisstjórnanna, en um þá eða annað starfslið svæðisstjórna eru engin lagaákvæði.

Að mati nefndarinnar er einn mesti ágalli gildandi laga sá að í þeim er ekki kveðið á um skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna varðandi þjónustu við fatlaða. Hins vegar er það svo að sveitarfélögin hafa almennar skyldur á sviði félagsþjónustu og mörg hver reka mjög fjölþætta og umfangsmikla þjónustu sem fatlaðir ættu að eiga rétt á. Raunar eru fatlaðir fjölmennur hópur neytenda hinnar almennu félagsþjónustu og hafa lengi verið. Með gildistöku núgildandi laga um málefni fatlaðra má segja að víða hafi dregið úr frumkvæði sveitarfélaga til að veita fötluðum þjónustu og eru jafnvel dæmi þess að svæðisstjórnir hafi tekið yfir þjónustu, sem sveitarfélög höfðu stofnað til og rekið, og þannig hamlað gegn virkni sveitarfélaga á þessu sviði. Þessi þróun er á margan hátt varhugaverð þar sem hún stuðlar að því að aðskilja þjónustu við fatlaða frá almennri þjónustu við aðra íbúa sveitarfélagsins.

Um skilgreiningu á fötlun og þjónustu við fatlaða bendir nefndin einnig á nokkur atriði sem betur mættu fara.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að fatlaðir séu þeir sem eru líkamlega eða andlega hamlaðir. Við framkvæmd laganna virðist sem þessi skilgreining sé ekki fullnægjandi, auk þess sem þar er ekki að finna afdráttarlaus ákvæði um hverjir eigi rétt á þjónustu. Þannig hefur t.d. verið dregið í efa hvort geðfatlaðir eigi tilkall til þeirrar þjónustu sem lögin kveða á um. Málefni geðfatlaðra hafa ekki vegið þungt í uppbyggingu þjónustu við fatlaða og hafa svæðisstjórnir haft lítil afskipti af þeim hópi. Ein skýring á þessu kann að vera sú að félagslegur styrkur þeirra er ekki til jafns á við aðra. En jafnframt ber hér að líta til fortíðar, til þess hvernig unnið hefur verið að löggjöf um fatlaða stig af stigi, fyrst með lögum sem einskorðuðust við þroskahefta, síðan var það hugtak rýmkað mjög með orðinu fatlaður, sbr. núgildandi lög, og nú er sá tími kominn að skrefið skuli tekið til fulls og öllum hópum fatlaðra tryggður réttur samkvæmt sömu lögum. Í samræmi við þessa þróun hefur þannig fram til þessa ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu fremur verið beitt vegna uppbyggingar og reksturs þjónustu við geðfatlaða, t.d. sambýla og áfangastaða, en lögum um málefni fatlaðra. Þannig hafa áfangastaðir fyrir geðsjúka verið reknir undir heilbrrn. sem endurhæfingarstöðvar og sambýli sem sjúkrahúsdeildir. Nefndin telur nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það að geðfatlaðir eigi rétt til þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra til jafns við aðra fatlaða.

Þótt ákvæði sé að finna um rétt fatlaðra til þjónustu á almennum stofnunum í núgildandi lögum (6. gr.) verður að segjast að lögin í heild sinni kveði að mestu á um sértæk úrræði í þjónustu við fatlaða. Enda þótt slíkt sé eðlilegt í sérlögum um fatlaða hefur reynslan sýnt fram á mikilvægi þess að skýrt sé kveðið á um rétt þeirra til að fá notið allrar almennrar þjónustu á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hér er um grundvallaratriði að ræða miðað við þau markmið sem lúta að því að tryggja fötluðum jafnrétti á við aðra.

Telja verður að núgildandi lög leggi ekki nægjanlega mikla áherslu á stoðþjónustu sem miði að því að gera fötluðum kleift að lifa í samfélagi við aðra. Þannig hefur skort ákvæði um rétt fatlaðra til heimaþjónustu, svo og annarrar stuðningsþjónustu, m.a. til að geta stundað nám og vinnu. Í nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eru ákvæði um rétt fatlaðra til heimaþjónustu sem bætir nokkuð úr réttarstöðu þeirra. Hins vegar skortir á að kveðið sé á um sértæka stoðþjónustu fyrir fatlaða í lögum.

Í frv. því sem hér er lagt fram er leitast við að bæta úr þeim ágöllum sem nefndin benti á. Eru því helstu nýmæli frv. þessi:

Lagt er til að yfirstjórn málefna fatlaðra heyri undir eitt ráðuneyti, félmrn. Lögum samkvæmt fara heilbr.- og menntmrn. með þau mál er lúta að heilbrigðisþjónustu og menntun fatlaðra, sem og annarra landsmanna. Tilgangur þessara breytinga er að gera yfirstjórn skýrari, ábyrgð ljósari og eftirlit með málaflokknum markvissara. Í samræmi við þessa afstöðu eru lagðar til breytingar á skipan og verksviði stjórnarnefndar. Í stað þess að stjórnarnefnd skipi sjö fulltrúar er nú lagt til að þeim verði fækkað í fimm og að horfið verði frá þeirri skipan að ráðuneyti menntamála og heilbrigðismála eigi sæti í nefndinni. Breyting þessi er lögð til með hliðsjón af því að öll þjónusta, sem frumvarpið tekur til, heyrir undir félagsmálaráðuneyti þannig að óeðlilegt og óþarft er að önnur ráðuneyti komi að framkvæmd hennar. Hins vegar er sjálfsagt að búa svo um hnútana að samráð sé haft á milli ráðuneytanna um framkvæmd lagaákvæða í heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum er varða fatlaða svo samræmis sé gætt. Jafnframt má telja eðlilegt að heildarsamtök fatlaðra eigi kost á að hafa áhrif á framkvæmd almennra lagaákvæða er varða fatlaða. Því er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um samráð í þessum efnum með skipan sérstakrar samráðsnefndar þar sem fulltrúar þessara aðila eigi sæti.

Meginhlutverk stjórnarnefndar verður, samkvæmt frumvarpinu, að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra svo sem verið hefur. Þar sem lagt er til að málaflokkurinn verði óskiptur á ábyrgð félagsmálaráðuneytis er gert ráð fyrir því að fjárveitingu úr Framkvæmdasjóði verði eingöngu varið til þeirra verkefna sem lögin taka til og heyri þannig undir það ráðuneyti. Í því felst að í almennum fjárveitingum til stofnkostnaðar þeirra stofnana, sem ætlaðar eru fötluðum á vettvangi heilbrigðisþjónustu og menntamála, verður að gera ráð fyrir þeim útgjöldum. Telja verður þetta fyrirkomulag mun eðlilegra en það sem nú gildir þar sem ráðuneytum er att saman í togstreitu um takmarkaða fjármuni. Ríkjandi fyrirkomulag var réttmætt þegar til Framkvæmdasjóðs var stofnað enda aðstæður aðrar og réttur fatlaðra til almennrar þjónustu á sviði menntunar og heilbrigðisþjónustu ekki jafnsjálfsagður og nú.

Gert er ráð fyrir því að fulltrúi úr fjárlaganefnd Alþingis taki sæti í nefndinni þegar stjórnarnefnd fjallar um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði, en með þeirri tilhögun getur fjárlaganefnd betur fylgst með ráðstöfun fjármagns en ella væri. Með því ætti að vera unnt að samræma ráðstöfun fjármagns vegna stofnkostnaðar betur áætlunum um rekstrarfé til málaflokksins en verið hefur.

Í frumvarpinu er lagt til að verkefni svæðisstjórna í málefnum fatlaðra verði greind í tvennt: framkvæmd þjónustu og rekstur annars vegar og eftirlit, samræmingu og réttindagæslu fatlaðra hins vegar. Þannig er lagt til að núverandi skrifstofur svæðisstjórna beri heitið Skrifstofur í málefnum fatlaðra og annist þær rekstur stofnana á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða. Svæðisskrifstofur þessar lúta stjórn framkvæmdastjóra sem ráðinn er af félmrn. og starfar samkvæmt erindisbréfi. Hins vegar komi svæðisráð í stað núverandi svæðisstjórna, sem leggi fram tillögur um þjónustu, hafi eftirlit með framkvæmd hennar og samræmingu ásamt réttindagæslu fatlaðra. Svæðisráð verði skipuð fimm fulltrúum en svæðisstjórnir skipa sjö samkvæmt gildandi lögum.

Tilgangur með þessum breytingum er sá að komast hjá því mótsagnakennda hlutverki sem nú hvílir á svæðisstjórnum og fólgið er í að meta þörf fyrir þjónustu, framkvæma hana og hafa eftirlit með þeirri sömu framkvæmd. Jafnframt verða framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa nú ráðnir af félmrn. og bera þeir ábyrgð gagnvart því í stað þess að sækja umboð sitt til svæðisstjórna. Með þeirri breytingu má ætla að stjórnunarleg og rekstrarleg ábyrgð ráðuneytisins verði auðveldari í framkvæmd en nú er.

Lagt er til að þjónusta við fatlaða falli eftir því sem við verður komið að almennri félagsþjónustu sveitarfélaga. Þess vegna beri að auka ábyrgð og þjónustu sveitarfélaga í þessum efnum enda verði þeim gert það kleift fjárhagslega með flutningi fjármagns frá ríki til sveitarfélaga.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur þróun í þjónustu við fatlaða verið í þessa veru og hafa viðamikil verkefni þannig verið færð frá ríki og millistjórnstigum (ömtum, fylkjum, landsþingum) til sveitarfélaganna. Á árinu 1988 var t.d. ákveðið í Noregi að frá ársbyrjun 1991 verði ábyrgð málaflokksins alfarið á vegum sveitarfélaganna og verður samhliða flutt fjármagn frá ríki til sveitarfélaganna til að standa undir þjónustunni. Athyglisvert er að þessi þróun er í beinu samhengi við aukna áherslu á stoðþjónustu, samhliða því að dregið er úr stofnanaþjónustu. Þannig hafa Norðmenn ákveðið að allar sólarhringsstofnanir fyrir fatlaða verði lagðar af árið 1996. Rök fyrir þessum breytingum eru einkum að með þeim sé enn frekar stuðlað að samskipun og jafnrétti fatlaðra á við aðra þjóðfélagsþegna. Með áherslu á ábyrgð sveitarfélagsins sé komið á nærþjónustu sem tryggi betur en ella að staðbundin þekking nýtist til hagsbóta fötluðum, jafnframt því sem áhrif þeirra sjálfra í eigin málum fái betur að njóta sín.

Á sama tíma og nefnd sú, sem vann að þessu frv., hóf störf tóku gildi lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989. Rétt þótti að hafa hliðsjón af þeim lögum varðandi hlut sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra. Þrátt fyrir það komu þau sjónarmið fram í nefndinni að í náinni framtíð bæri að stefna að yfirtöku sveitarfélaganna á þjónustu við fatlaða að mestu leyti. Hins vegar var nokkur skoðanamunur um það hversu stór skref væri unnt eða rétt að stíga í þá átt nú. Ljóst er að auðveldara verður að ná þessu markmiði fram ef sveitarfélög verða stækkuð til mikilla muna. Þessu markmiði má einnig ná fram með samvinnu sveitarfélaga í byggðasamlögum og á vettvangi héraðsnefnda. Þar sem mikil umræða fer nú fram um breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög þykir nefndinni rétt að bíða frekar átekta í þessum efnum.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögin eru rammalög sem fela í sér að komið verði á ákveðinni skipan félagsþjónustunnar jafnframt því sem skyldur sveitarfélaganna eru afmarkaðar. Lögin taka til fjölmargra þjónustuþátta, einkum á sviði stoðþjónustu, sem hafa mikla þýðingu fyrir fatlað fólk. Þannig er t.d. kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að veita fötluðum heimaþjónustu, auk þess sem lögin taka til fleiri málaflokka, svo sem félagsráðgjafar og atvinnu- og húsnæðismála. Búast má við að áhrifa hinna nýju laga fari ekki að gæta fyrr en að nokkrum tíma liðnum í hinum dreifðu byggðum þar sem aðgangur fólks að félagsþjónustu hefur verið lítill. Í hinum stærri sveitarfélögum, á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri, er að finna fjölþætta félagsþjónustu. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að til hliðar við hina almennu félagsþjónustu sveitarfélaga reki ríkið sérstaka þjónustu við fatlaða. Stríðir það gegn viðhorfum um blöndun að aðskilja fatlaða og aðra íbúa að með þeim hætti. Þá er augljóst að þetta fyrirkomulag veldur óhagræði og auknum kostnaði. Einnig má ætla að þjónustan verði ómarkvissari og óaðgengilegri fyrir fólk. Reikna má með að þessir ókostir verði ljósari í framtíðinni eftir því sem stoðþjónustu fatlaðra vex fiskur um hrygg og dregur úr vægi stofnanaþjónustu.

Nefndin athugaði einkum þrjá kosti sem til greina komu varðandi aukna ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Í fyrsta lagi kom til álita að flytja afmörkuð verkefni á sviði stoðþjónustu og þjónustu við börn, t.d. stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun, frá ríki til sveitarfélaga. Um væri að ræða verkefni sem féllu vel að félagsþjónustu sveitarfélaga og væru ekki það umfangsmikil að erfiðleikar sköpuðust í framkvæmd.

Annar kostur var sá að kveða á um tilflutning málaflokksins innan ákveðinna tímamarka samhliða því að unnin yrði áætlun í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga um að sveitarfélögin tækju yfir málaflokkinn. Kostur þessarar leiðar væri sá að með henni yrði sveitarfélögum gefinn aðlögunartími, áhrifa laga um félagsþjónustu sveitarfélaga væri farið að gæta og nægur tími gæfist til að undirbúa tilflutninginn í samvinnu við sveitarfélögin og samtök þeirra. Ekki náðist samstaða í nefndinni sem undirbjó frv. um þessa leið. Hins vegar er það samdóma álit nefndarinnar að í lögunum

verði kveðið á um endurskoðun þeirra innan fjögurra ára með það fyrir augum að auka ábyrgð sveitarfélaga. Við það verk verði höfð samvinna við Samband ísl. sveitarfélaga og hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum.

Sú leið, sem varð fyrir valinu, fólst í því að draga fram skyldur og ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra umfram það sem lög um félagsþjónustu eða önnur lög kveða á um. Þetta er gert án þess að hróflað sé í neinu við núverandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægara er þó að í frv. er lagt til að félmrn. hafi frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti. Reiknað er með að það sama geti gerst á vettvangi héraðsnefnda eða með myndun byggðasamlaga á sérstökum þjónustusvæðum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði kostnaðinn til að standa undir þjónustunni. Einkum má búast við að fjölmenn sveitarfélög, þar sem rekin er fjölbreytt félagsþjónusta, sjái kosti þess að færa sér þetta ákvæði laganna í nyt.

Í frv. er með ótvíræðari hætti en í gildandi lögum kveðið á um hverjir eigi rétt til þjónustu. Þannig er kveðið á um að sá eigi rétt sem þarfnist sérstakrar þjónustu eða aðstoðar vegna fötlunar sinnar og er svæðisskrifstofum falið það verkefni að úrskurða í þeim efnum. Þá eru tekin af öll tvímæli um rétt geðfatlaðra til þjónustu en réttarstaða þeirra samkvæmt lögunum hefur verið mjög á reiki svo sem fyrr er vikið að. Þannig hafa geðfatlaðir ekki nema að takmörkuðu leyti getað notið þeirrar uppbyggingar í þjónustu við fatlaða sem átt hefur sér stað undanfarinn áratug. Af þeim sökum er gert ráð fyrir sérstöku átaki í málefnum geðfatlaðra og í því skyni er lagt til að Alþingi ákveði árlega sérstakt framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra næstu fimm árin til uppbyggingar þjónustu fyrir geðfatlaða. Þá er að finna í frv. ákvæði um áfangastaði sem eru ætlaðir geðfötluðum, en um er að ræða nýmæli í lögum verði frv. samþykkt. Áfangastöðum er ætlað að auðvelda geðsjúkum að aðlagast samfélaginu að nýju að aflokinni sjúkrahúsdvöl og draga þannig úr endurteknum innlögnum.

Í frv. er lögð sérstök áhersla á stoðþjónustu en með stoðþjónustu er átt við þjónustu sem gerir fötluðum kleift að búa í eðlilegu samfélagi við aðra, eiga heimili, stunda atvinnu, nám og geta notið tómstunda, allt til jafns við annað fólk. Þannig er stoðþjónusta fötluðum nauðsynleg til að þeir geti notið almennra lífsgæða og er hún því forsenda samskipunar fatlaðra og ófatlaðra. Í frv. er fjallað sérstaklega um rétt fatlaðra til stoðþjónustu en um leið dregið úr þeirri áherslu sem núgildandi lög leggja á stofnanir. Þessa áherslubreytingu er að finna í mörgum köflum og í einstökum greinum frv., t.d. að því er varðar búsetu og húsnæðismál, atvinnumál, málefni barna, liðveislu og ferlimál.

Í frv. er lögð sérstök áhersla á rétt fatlaðra til almennrar þjónustu á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála. Sérstaklega er kveðið á um að ávallt skuli leitast við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum. Í því skyni að fylgjast með framkvæmd þessa ákvæðis er gert ráð fyrir sérstakri samráðsnefnd með aðild ráðuneytanna þriggja ásamt hagsmunasamtökum fatlaðra.

Segja má að réttur fatlaðra til almennrar þjónustu sé grundvallaratriði hvað lýtur að mannréttindum þeirra. Markmiði frv. um jafnrétti og sambærileg lífskjör fatlaðra við aðra þjóðfélagsþegna verður ekki náð án þess að þetta grundvallarsjónarmið sé virt. Blöndun fatlaðra og ófatlaðra hefur verið helsta baráttumál fatlaðs fólks undanfarna tvo áratugi. Stór skref hafa verið stigin í þessa átt en talsvert skortir enn á að framkvæmd almennrar þjónustu sé viðunandi í þessum efnum.

Eitt veigamesta nýmæli þessa frv. er ákvæði þess um réttindagæslu fatlaðra. Með réttindagæslu er átt við að fylgst sé með því að fatlaðir njóti lagalegs réttar síns, að ljóst sé hvernig með skuli fara leiki grunur á að brotinn sé réttur á hinum fatlaða og að hann fái notið aðstoðar til að leita réttar síns. Samkvæmt frv. er svæðisráðum í málefnum fatlaðra falið þetta veigamikla verkefni.

Á undanförnum árum hafa hagsmunasamtök fatlaðra bent á nauðsyn þess að fatlaðir sem búa á sambýlum, vistheimilum og öðrum heimilum fyrir fatlaða geti leitað til sérstaks trúnaðarmanns, réttindagæslumanns með einkamál sín og fjármál. Hér eru hafðir í huga þeir einstaklingar sem ekki hafa sérstakan vandamann eða vin að leita til. Bent hefur t.d. verið á nokkur tilfelli þar sem slíkur réttindagæslumaður hefði getað komið í veg fyrir mistök við meðferð fjármuna fatlaðra. Til að koma til móts við þetta sjónarmið er lagt til að á hverju svæði skuli skipaður trúnaðarmaður fatlaðra sem hinn fatlaði sjálfur, aðstandendur hans, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir sem láta sig hag hins fatlaða varða, geti leitað til. Trúnaðarmanni ber þegar í stað að kynna sér málið og leggur það fyrir svæðisráð ef hann telur það nauðsynlegt. Það er síðan svæðisráðs að sjá um að málið fái þá meðferð sem við á hverju sinni lögum samkvæmt.

Frumvarpið hefur að geyma mun skýrari ákvæði um réttindi fatlaðra barna og fjölskyldna fatlaðra en áður hefur verið. Stuðningsfjölskyldur eru hér eitt helsta nýmælið. Fötluðum börnum gefst kostur á að dveljast tímabundið hjá stuðningsfjölskyldum í því skyni að létta álagi af heimilum þeirra. Þjónusta stuðningsfjölskyldna hefur verið veitt um nokkurra ára skeið og á grundvelli heimildar í núgildandi lögum var sett reglugerð um stuðningsfjölskyldur árið 1985. Reynslan af þeirri þjónustu hefur verið afar góð og því full ástæða til að kveða sérstaklega á um hana í lögum.

Oft þarfnast fatlaðir persónulegs stuðnings ásamt þjónustu á heimili sínu eigi þeir að geta búið utan stofnana. Með setningu laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, fyrr á þessu ári, öðluðust fatlaðir í fyrsta sinn lagalegan rétt til heimaþjónustu. Í þessu frv. eru hins vegar ákvæði um svonefnda liðveislu við fatlaða. Annars vegar er um að ræða liðveislu sem fólgin er í persónulegum stuðningi sem miðar að því meðal annars að rjúfa félagslega einangrun hins fatlaða. Þjónustu

þessa hafa stærstu sveitarfélögin veitt fötluðum þó í mismiklum mæli sé, svonefnda tilsjón með fötluðum. Í frv. er ákvæði sem hvetur sveitarfélögin til þess að bjóða upp á þessa þjónustu í auknum mæli. Hins vegar er um svonefnda „frekari" liðveislu að ræða en með henni er átt við margháttaða aðstoð, innan og utan heimilis, sem miðar að því að gera hinum fatlaða kleift að lifa utan stofnana. Reiknað er með að frekari liðveisla verði veitt mikið fötluðum einstaklingum og kemur hún til viðbótar heimaþjónustu og jafnvel heimahjúkrun. Ekki hefur slík „frekari" liðveisla verið veitt hér á landi þótt hún sé vel þekkt annars staðar á Norðurlöndum. Í frv. er heimildarákvæði sem gerir kleift að veita þessa þjónustu í sérstökum tilfellum.

Til að stuðla að jafnrétti fatlaðra við aðra þjóðfélagsþegna þykir rétt og sjálfsagt að auka valkosti þeirra hvað búsetu varðar. Það verði gert með því að gera þeim sem þess óska og til þess teljast færir kleift að búa í félagslegum íbúðum með sérstökum stuðningi. Hér eru fyrst og fremst félagslegar íbúðir til leigu hafðar í huga, en þær íbúðir eru ýmist byggðar og reknar á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana. Reiknað er með að algengt verði að fleiri en einn deili með sér íbúð þótt það sé að sjálfsögðu ekki einhlítt.

Til að ýta undir að félagslegum íbúðum fyrir fatlaða verði komið á fót er lagt til að Framkvæmdasjóði fatlaðra verði heimilt að greiða framlag framkvæmdaraðila þegar um íbúðir í leigu er að ræða, þ.e. að hálfu leyti þegar sveitarélög eiga í hlut en að öllu leyti þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Samkvæmt núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nemur framlag framkvæmdaraðila 10% af kostnaðarverði íbúðar.

Eins og áður er að vikið er skilyrði þess að sjálfstæð búseta fatlaðra í félagslegum íbúðum verði að raunveruleika það að fötluðum verði veittur nauðsynlegur stuðningur á heimilum sínum. Er þar fyrst og fremst átt við heimaþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, heimahjúkrun samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og liðveislu samkvæmt frv. þessu.

Í frv. er að finna ítarlegri ákvæði um atvinnumál fatlaðra en verið hefur. Jafnframt er þar að finna nýjar áherslur sem miða að því að auka möguleika fatlaðra til að starfa á almennum vinnumarkaði. Jafnframt er dregið úr áherslu á verndaða vinnustaði þannig að í stað þess að lög mæli fyrir um að verndaða vinnustaði skuli starfrækja á hverju svæði er nú einungis lagt til að heimilt sé að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Rökin fyrir þessum nýju áherslum eru þau að annars vegar hefur komið í ljós að verndaðir vinnustaðir eru mjög fjármagnsfrekir og líkur benda til að þeim fjármunum yrði betur varið með því að stuðla að því að fatlaðir fái atvinnu á óvernduðum vinnumarkaði. Hins vegar hafa margir orðið til að draga í efa raunverulegt gildi verndaðra vinnustaða til hæfingar þar sem athuganir benda til að mörgum þeirra sem útskrifast á almennan vinnumarkað vegnar ekki alltaf vel þar. Ljóst er þó að verndaðir vinnustaðir henta ákveðnum hópi fatlaðra sem undirbúningur undir störf á almennum vinnumarkaði og jafnframt að viss hluti fatlaðra kýs fremur að eiga kost á varanlegri atvinnu á vernduðum vinnustöðum en að reyna fyrir sér í óvernduðu starfsumhverfi.

Hinar nýju áherslur í atvinnumálum felast einkum í atvinnuleit, starfsráðgjöf, starfsþjálfun á almennum vinnustöðum og liðveislu á vinnustað. Kveðið er á um heimild til að gera samninga við fyrirtæki vegna starfsþjálfunar fatlaðra og greiðslu kostnaðar. Þá er kveðið á um liðveislu á vinnustað þannig að hinn fatlaði fái beina aðstoð til að inna störf sín af hendi og enn fremur að samstarfsmönnum hans sé veitt fræðsla og leiðbeiningar um fötlun.

Í frv. er aukin áhersla lögð á aðgerðir í ferlimálum fatlaðra með ákvæðum um skyldur sveitarfélaga til að vinna að þeim málum með skipulögðum hætti. Þá er áhersla lögð á samstarf byggingarnefnda og svæðisskrifstofa um úrbætur á sviði ferlimála.

Loks er að finna það nýmæli að heimilt sé að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga. Ljóst er að það er fyrst og fremst í eldri byggingum sem pottur er brotinn í þessum efnum þar sem ákvæði byggingarlaga tryggja að aðgengismál ættu að vera í viðunandi horfi í nýlegum og nýjum byggingum.

Mikilvægt nýmæli frv. er að lagðar eru skyldur á sveitarfélög um að veita fötluðum ferðaþjónustu þegar þeir ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki. Er þá miðað við ferðir til og frá vinnustað eða skóla eða vegna tómstunda. Fjölmennustu sveitarfélögin hafa veitt þessa þjónustu enda er það fyrst og fremst á þéttbýlisstöðum sem verulegt tilefni er til hennar. Ákvæði um skyldur ríkisins vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna sértækrar þjónustu eru óbreytt.

Rétt er að vekja athygli á því að frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, þar sem teknar eru upp umönnunarbætur sjúkra og fatlaðra barna, var samþykkt sem lög frá Alþingi í desember sl. og tóku lögin gildi þann 1. jan. 1992. Með þeirri lagabreytingu féll úr gildi ákvæði 10. gr. laga um málefni fatlaðra um fjárhagsaðstoð til framfærenda fatlaðra barna sem njóta takmarkaðrar þjónustu utan heimilis. Þetta frv. er í fullu samræmi við þá lagabreytingu enda hafði nefndin sem samdi frv. lagt slíka breytingu til.

Rökin fyrir þessari breytingu eru tvíþætt. Annars vegar er réttmætt að tryggja að framfærendur barna með langvinna sjúkdóma eigi rétt til sömu aðstoðar og framfærendur fatlaðra barna enda aðstæður þeirra sambærilegar. Raunar hafa þeir undanfarin ár notið þeirrar fjárhagsaðstoðar með sérstökum tímabundnum lagaákvæðum sem sett hafa verið árlega. Hins vegar þykir eðlilegt að lagaákvæði af þessu tagi sé að finna í lögum um almannatryggingar, m.a. vegna samræmingar á bótagreiðslum. Þá fer ekki vel á því að í sérlögum um málefni fatlaðra, sem eru í eðli sínu þjónustulög, sé kveðið á um greiðslur bóta enda hefur Tryggingastofnun ríkisins annast þær. Á hinn bóginn er eðlilegt að svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra sé falið að meta umönnunarþörf sem umönnunarbætur byggj-

ast á, enda tengist sú umönnunarþörf þeirri þjónustu sem barn fær á vegum svæðisskrifstofa.

Í frv. eru ákvæði sem styrkja Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins til að annast lögbundin verkefni sín. Meginviðfangsefni hennar er athugun, rannsókn og greining á fötluðum, sem og ráðgjöf til foreldra og þeirra sem annast þjálfun, kennslu og meðferð. Þjónustan hefur hingað til nýst fyrst og fremst fötluðum börnum og ungmennum þar sem stofnunin hefur ekki haft bolmagn til að anna fötluðum sem komnir eru á fullorðinsár. Í frv. er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri göngudeild fyrir fullorðna þar sem m.a. fari fram greining, ráðgjöf og mat á starfshæfni. Að mati sérfræðinga Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar er nauðsynlegt að stofna sérstaka göngudeild, enda er þörf fyrir annars konar fagþekkingu þegar fullorðnum er veitt þessi þjónusta en þegar börn eiga í hlut.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að skipuð verði sérstök stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Þannig verði horfið frá þeirri skipan að stjórnarnefnd gegni því hlutverki, enda hefur reyslan sýnt að sú tilhögun fær tæplega staðist.

Af þeim nýmælum frv. sem hér hafa verið rakin og snerta þjónustu við fatlaða standa nokkur atriði upp úr. Þau skulu nú ítrekuð:

1. Að geðfatlaðir heyri undir lögin, en í því felst skilgreining á fötlun.
2. Aukin áhersla á rétt fatlaðra til almennrar þjónustu svo og stoðþjónustu.
3. Húsnæðismál fatlaðra og réttur þeirra til að búa í almennum íbúðarhverfum.
4. Réttindagæsla fatlaðra.
5. Nýjar áherslur í atvinnumálum.

Líta ber svo á að í frv. þessu felist enn frekari áhersla á þau markmið sem fatlaðir hafa haft að leiðarljósi í baráttu sinni fyrir jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og rétti til fullrar þátttöku í þjóðfélaginu. Þannig er andi frv. sá að fatlaðir skuli njóta þeirrar þjónustu sem fært er að veita til að þeir megi lifa eðlilegu lífi.

Sumum kann að virðast sem óþarft ætti að vera að ítreka þessi markmið, svo sjálfsögð og eðlileg sem þau eru. Þeim vil ég benda á að því miður er réttindabarátta fatlaðra ekki svo langt komin. Sú umræða sem átt hefur sér stað á síðustu mánuðum um sambýli fatlaðra hefur fært heim sanninn um hversu mikilvægt er að tryggja grundvallarmannréttindi fatlaðra í löggjöf.

Enda þótt í athugasemdum með frv. í núgildandi lögum um málefni fatlaðra komi fram að lögin taki til andlega fatlaðs fólks og að andleg fötlun geti bæði verið vegna greindarskerðingar og geðfötlunar hefur lagaframkvæmdin verið svo að geðfatlaðir hafa í litlum mæli notið þeirra réttinda sem lögin um málefni fatlaðra veita hvað varðar húsnæðismál og önnur félagsleg réttindamál fatlaðra. Ein skýring þess kann að vera sú að litið hefur verið á geðfatlaða sem sjúklinga sem eiga heima innan heilbrigðiskerfisins. Við það bætist að þau verkefni sem blöstu við í ársbyrjun 1984 þegar núgildandi lög tóku gildi voru ærin og var kröftum og fjármagni því beint að uppbyggingu sambýla og annarrar þjónustu fyrir þroskahefta auk margs konar þjónustu við líkamlega fatlað fólk. Hefur aðbúnaður og öll þjónusta við þennan hóp tekið stórstígum framförum í gildistíð laganna og þykir nú kominn tími til að víkka gildissvið þeirra og tryggja geðfötluðum þar öruggan sess.

Með geðfötlun er átt við fötlun vegna geðsjúkdóms, þ.e. þeir teljast geðfatlaðir sem hlotið hafa meðferð á sjúkrahúsum vegna geðsjúkdóms en eru við útskrift þaðan ófærir um að sjá um sig án félagslegs stuðnings. Þar sem heilbrigðiskerfið hefur ekki haft nægileg félagsleg úrræði upp á að bjóða höfnuðu hinir geðfötluðu í einhvers konar tómarúmi milli félagsmála- og heilbrigðiskerfisins. Því var það í ársbyrjun 1991 að ég setti á laggirnar starfshóp til að gera tillögur um úrbætur í húsnæðis- og félagsmálum alvarlega geðsjúkra sem útskrifaðir eru af geðdeildum og búa við óviðunandi aðstæður. Skyldi starfshópurinn kynna sér umfanga vandans, þ.e. hversu stór hópurinn væri og við hvaða aðstæður einstaklingar innan hópsins byggju og leggja síðan fram tillögur um úrbætur í húsnæðis- og öðrum félagsmálum geðfatlaðra.

Athugun þessi leiddi í ljós að 124 geðfatlaðir einstaklingar féllu undir þá skilgreiningu sem starfshópnum var falið að athuga en það var mun meiri fjöldi en talið var. Einnig voru aðstæður fólksins verri en menn höfðu gert sér grein fyrir. Meiri hluti þessara einstaklinga bjó á Reykjavíkursvæðinu eða 75 manns en 49 manns víðs vegar um landið.

Höfuðatriðin í tillögum starfshópsins voru þau að á næstu fjórum árum væri komið á fót sambýlum fyrir geðfatlaða og verði það forgangsverkefni í málefnum fatlaðra. Jafnframt var gerð tillaga um að Framkvæmdasjóði fatlaðra verði veitt sérstakt framlag vegna stofnkostnaðar þessara sambýla.

Í öðru lagi lagði starfshópurinn til að gert verði átak í því að útvega geðfötluðum íbúðir fyrir þá sem eru tiltölulega vel sjálfbjarga með daglegar athafnir en þurfa þó reglubundinn stuðning, allt frá daglegum heimsóknum stuðningsaðila til vikulegra heimsókna eða jafnvel sjaldnar.

Hér er að sjálfsögðu horft til félagslegra íbúða og þeirrar ábyrgðar sem hvílir á sveitarfélögum að sjá til þess að framboð af félagslegum íbúðum sé fyrir hendi. Undirstaða þess að leið þessi sé fær er sú að sveitarfélögin bjóði upp á nauðsynlega heimaþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, svo og liðveislu, sbr. 25. gr. þessa frv., en ríkið veiti „frekari“ liðveislu í sérstökum tilvikum.

Auk framangreindra tveggja tillagna um úrbætur í húsnæðismálum geðfatlaðra lagði starfshópurinn til að aukin áhersla verði lögð á að efla starfsþjálfun og starfsráðgjöf geðfatlaðra. Í samræmi við þessar tillögur er í 3. tölul. 40. gr. frv. lagt til að á næstu fimm árum frá gildistöku laganna veiti ríkissjóður Framkvæmdasjóði fatlaðra sérstakt framlag samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra.

Hvað búsetumál fatlaðra varðar eru í frv. lagðar einkar þungar áherslur á tvennt: möguleika fatlaðra til

að búa í félaglegum íbúðum og þann sjálfsagða hlut að búseta fatlaðra skuli vera í almennum íbúarhverfum. Hvort tveggja er rakið ítarlega í frv. og vísast hér til þess. Þó er ekki hægt að láta hjá líða að taka hér til nokkurrar umfjöllunar í lokin þau andmæli sem komi hafa í ljós að undanförnu gegn því að sambýli og heimili fyrir fötluð börn séu staðsett í almennum íbúðarhverfum. Þó er sérstaklega tekið fram í athugasemdum frv. að núgildandi lögum að sambýli skuli vera í almennum íbúðarhverfum og endurtekið í reglugerð um sambýli frá 1985. Vegna þessarar umræðu er því lagt til að þessi sjálfsagði réttur verði tilgreindur beinlínis í lagatexta, sbr. 9. gr. frv., enda þótt slíkt eigi í raun að vera óþarft.

Í þeim andmælum sem komið hafa fram gegn því að sambýli og heimili fyrir fötluð börn séu staðsett í venjulegri íbúðarbyggð felst það sjónarmið að slík notkun íbúðarhúsnæðis feli í sér breytta notkun í skilningi byggingarlaga og skuli sú breytta notkun lögð fyrir nágranna til grenndarkynningar í skilningi byggingarreglugerðar. Verði sú tilhögun ofan á leiðir hún til þeirrar niðurstöðu að íbúðareigendur geti valið sér fólk að nágrönnum, nokkuð sem engum dytti í hug þegar ófatlað fólk á í hlut. Því er haldið fram að um breytta notkun í skilningi byggingarlaga sé að ræða þar sem umrædd heimili fatlaðra séu stofnanir. Það er að sjálfsögðu rétt að heimili þess eru fjármögnuð af ríkinu, þó þannig að hinir fötluðu greiði sjálfir fæði og almennan rekstur en ríkissjóður launagreiðslur. Burt séð frá fjármögnun líkjast þessi heimili meira venjulegum heimilum en stofnunum enda er um að ræða fámenn heimili fatlaðs fólks sem ekki megnar að búa út af fyrir sig í íbúð en þarf á slíku búsetuformi að halda ásamt vissum stuðningi.

Það stafar því af misskilningi og vanþekkingu að leggja slíka ofuráherslu á það hvort sambýli sé stofnun eða ekki. Aðalatriðið er það líf sem lifað er innan veggja sambýla. Það líf líkist venjulegu heimilislífi svo og að fatlaðir skuli njóta sömu mannréttinda og annað fólk. Ég get ekki orðað þessa hugsun betur en gert var í leiðara Morgunblaðsins hinn 14. nóv. sl. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Hvað sem líður orðalagi í lögum og reglugerðum eða mismunandi túlkun á lögum og reglum er af og frá að aðrar reglur eigi að gilda um fatlaða þegar um heimilishald er að ræða en annað fólk. Það eru engin rök fyrir því, það hlýtur að stríða gegn réttlætistilfinningu fólks og það eru einfaldlega sjálfsögð mannréttindi að fólk geti búið sér heimili þar sem það óskar og þar sem það á kost á vegna efnahags eða öðrum ástæðum. Ef nokkrir fatlaðir einstaklingar vilja búa saman í sambýli í íbúðarhúsi í íbúðarhverfi eiga þeir sama rétt á því og allir aðrir. Þess eru dæmi að námsmenn taki hús á leigu saman. Enginn efast um rétt þeirra til þess. Það er óhugsandi að aðrar reglur eigi að gilda um þá sem fatlaðir eru.

Fólk er oft hrætt við það sem það ekki þekkir. Þeir sem kynnst hafa þroskaheftu fólki vita að þau samskipti eru ótrúlega gefandi. Fordómar gegn geðveiki hafa lengi verið miklir. Þeir byggjast á þekkingarskorti sem seint gengur að útrýma. Reynslan af sameiginlegu heimilishaldi þeirra sem haldnir eru slíkum sjúkdómum er svo góð að sambýlum þeirra á áreiðanlega eftir að fjölga án þess að vera nágrönnum til nokkurs ama."

Það sem gerir þau andmæli sem hér eru til umræðu bæði furðulegri og í senn dapurlegri er sú staðreynd að um alla Reykjavík og víða um land hafa slík heimili fatlaðra starfað um langt skeið án þess að fram hafi komið að þau hafi truflað nágrannana. Má hér nefna heimili geðsjúkra á vegum ríkisspítala sem starfað hafa í áratugi án nokkurra mótmæla frá nágrönnum nema ef vera skyldi í upphafi starfseminnar en þær raddir hjöðnuðu fljótt. Sömu sögu er að segja um áfangastaði og sambýli á vegum Reykjavíkurborgar. Í gildistíð laga um málefni fatlaðra hefur verið komið á fót á fimmta tug sambýla og meðferðarheimila, flest staðsett í almennum íbúðarhverfum. Ekki hefur komið til þess fyrr en nýlega að byggingarnefndir sveitarfélaga hafa látið sig málið varða.

Ég óttast að sú umræða sem átt hefur sér stað um heimili fatlaðra að undanförnu sýni fram á einhvers konar afturhvarf frá umburðarlyndi og víðsýni fólks. Eins og ávallt nærist slík afstaða á vanþekkingu sem nauðsynlegt er að uppræta. Þess vegna voru niðurstöður þjóðmálakönnunar Landssamtakanna Þroskahjálpar um afstöðu almennings til sambýla fatlaðra í íbúðarhverfum sem framkvæmd var í nóvember sl. mjög ánægjulegar. Þær niðurstöður voru að jákvæðir til sambýla fatlaðra í almennum íbúðarhverfum voru 73,5% til 88,5% eftir tegund fötlunar en neikvæðir voru 12,4% niður í 1,6%. Andstaðan var mest við sambýli geðfatlaðra sem endurspeglar þá fordóma og hindurvitni sem þeir þurfa að lifa við.

Nýlega úrskurðaði umhvrn. í ágreiningsmáli er lýtur að sambýli geðfatlaðra í Þverárseli í Reykjavík. Meiri hluti borgarstjórnar taldi að nauðsynlegt væri að fá samþykki byggingarnefndar borgarinnar áður en starfræksla þess var hafin. Svæðisstjórn í málefnum fatlaðra vísaði málinu til umhvrn. í samræmi við framkvæmd félmrn. á lögum um málefni fatlaðra frá gildistöku þeirra. Í umsögn stjórnarnefndar í málefnum fatlaðra til umhvrn., er stjórnarnefnd úrskurðar samkvæmt gildandi lögum um ágreiningsatriði sem upp koma vegna framkvæmdar laganna, er ítrekaður sá skilningur löggjafans við setningu laganna að sambýli skuli staðsett í almennum íbúðahverfum. Umhvrn. óskaði umasagnar Lagastofnunar Háskóla Íslands um sama efni. Fram kemur í því áliti Lagastofnunar að líta beri á sambýli fatlaðra sem heimili fatlaðs fólks og sú breyting sem verður á notkun húss þegar í það flytur fatlað fólk sem nýtur lögbundinnar aðstoðar vegna fötlunar sinnar varði ekki atriði sem eiga undir valdsvið byggingarnefndar. Enda þótt þannig sé að mínu mati ljóst hver var vilji löggjafans þegar núgildandi lög voru sett hlýtur reynsla undangenginna mánaða ótvírætt að sýna fram á hversu mikilvægt er að í þessu frv. er með afgerandi hætti tekið af skarið um rétt fatlaðs fólks til að eiga heimili í sambýlum eða venjulegum íbúðum í almennum íbúðarhverfum.

Að lokum vil ég fara örfáum orðum um fjármálaleg atriði þessa frv. Með þeim breytingum á stjórnkerfinu sem frv. gerir ráð fyrir er verið að afnema bein afskipti hagsmunasamtakanna af framkvæmd laganna en þess í stað gert ráð fyrir að þau sinni eftirliti og réttindagæslu. Með þessu er mat á þjónustuþörf, fjárlagatillögur og framkvæmd áætlunar í rekstri og virkri fjármálastjórn því ólíkt meiri en ella. Enda þótt skyldur ríkisins og þar með réttur fatlaðra séu skýrari samkvæmt frv. en gildandi lögum má ekki draga þá ályktun að það leiði sjálfkrafa til útgjaldaaukningar. Áhrif þessa ganga í báðar áttir, þ.e. um leið og hinn fatlaði á auðveldar með að sækja réttinn leiðir hinn skýri réttur einnig til þess að réttur ríkisins til að synja beiðni um þjónustu og fyrirgreiðslu er jafnframt skýrari.

Meginatriði þessa frv. snúast um stefnu í málefnum fatlaðra og framkvæmd hennar. Sérstaklega vil ég vekja athygli á því að hvergi í frv. er verið að skylda ríkið til að bjóða upp á þjónustu sem ekki hefur nú þegar verið veitt í áraraðir. Eina undantekningin frá þessu er fullorðinsdeild Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar, sbr. 17. gr. frv.

Í þessu samhengi vísast til umsagnar fjmrn., fskj. með frv., þar sem bent er sérstaklega á það að með þeim breytingum á stjórnkerfinu sem lagðar eru til í frv. aukist möguleikar til aðhalds í rekstri og virkri fjármálastjórn. Auk þess er þar bent á fleiri atriði í frv. sem leitt geta til lækkunar á kostnaði fyrir ríkissjóð. Má þar nefna fjárveitingar úr Framkvæmdasjóði til viðhalds á stofnunum fatlaðra, aukna áherslu á félagslegar íbúðir sem létt geti á rekstrarkostnaði ríkissjóðs, áherslubreytingar í atvinnumálum fatlaðra sem felst í því að fatlaðir fari eftir því sem kostur er á almennan vinnumarkað með sérstökum stuðningi sem komi í stað verndaðra vinnustaða, aukna áherslu á stoðþjónustu í stað stofnanaþjónustu og innheimtu þjónustugjalda vegna skammtímavistunar og stuðnings fjölskyldna. Enn fremur er bent á að sérstakt framlag ríkissjóðs í þágu geðfatlaðra geti leitt til þess að dragi úr sjúkrahúsinnlögnum geðsjúkra, einkum sífelldra endurinnlagna. Og síðast en ekki síst heimild til þess að ríkið geti gert samninga við sveitarfélög um að annast einstaka þjónustuþætti við fatlaða sem gætu orðið til hagræðingar og lækkunar á kostnaði.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni þessa frv. Ég vil að lokum leggja á það áherslu að í nefnd þeirri sem undirbjó frv. náðist samstaða milli allra stjórnmálaflokka, hagsmunasamtaka fatlaðra, svo og Sambands ísl. sveitarfélaga. Slík eining er óneitanlega gott veganesti fyrir þetta mikilvæga frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að fagna því að þetta frv. skuli nú fram komið því ég held að það hafi verið orðið mjög tímabært að leggja fram hér á Alþingi nýtt frv. um málefni fatlaðra. Á núgildandi lögum, sem eru frá 1983, eru ýmsir annmarkar eins og hæstv. félmrh. hefur rakið hér að einhverju leyti og skilmerkilega er skýrt frá í greinargerð með frv. Það er eiginlega þrennt sem mér finnst alvarlegustu gallarnir við lögin sem nú eru í gildi um málefni fatlaðra og ætla ég fyrst aðeins að gera hér lítillega grein fyrir því.

Í fyrsta lagi er í þeim lögum engin áhersla lögð á frumkvæði sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Það verður því miður að segjast eins og er að það dró enn úr þessu frumkvæði með verkaskiptalögunum árið 1990 því að þá voru málefni fatlaðra flutt alveg frá sveitarfélögunum og yfir til ríkisins. Þetta hefur sjálfsagt átt að verða til þess, eða verið hugsað þannig, að einfalda málið, en það er ýmislegt sem bendir til þess að þetta hafi síður en svo orðið til þess að bæta þjónustuna. Svo að dæmi sé tekið má nefna að það er hugsanlegt að sveitarfélögin vísi á stofnanir á vegum ríkisins þegar leitað er til þeirra um þjónustu fyrir fatlaða og síðan vísi stofnanir á sveitarfélögin um heimilishjálp og heimaþjónustu með ýmsum hætti, þannig að menn vísi hver á annan. Þetta er sérstaklega bagalegt hvað varðar fólk með geðræn vandamál vegna þess að það hefur ekki einu sinni átt sér einhverja vörn í lögum um málefni fatlaðra. Það er hópur sem aldrei hefur verið skilgreint hvort þjáist af sjúkleika eða fötlun þó að manni fyndist nú kannski að í velferðarsamfélaginu ætti það ekki að skipta máli hvort um sjúkleika eða fötlun væri að ræða. Einstaklingur á að njóta þjónustu til þess að hann geti lifað mannsæmandi lífi burt séð frá því hvað það er sem veldur lakri stöðu hans.

Þetta hefur sérstaklega verið skoðað hjá Reykjavíkurborg hvað varðar geðsjúka og ég tek það kannski hér á eftir. En fyrst langar mig til að fjalla um þessa skilgreiningu á fötlun sem er í gömlu lögunum og sem er afskaplega takmörkuð vegna þess að geðfötlun er þar ekki inni. Þeir einstaklingar, sem eru fatlaðir af völdum geðsjúkdóms, eru óvinnufærir eða geta ekki staðið á eigin fótum vegna þess að þeir eru geðsjúkir, eiga ekki inni í þessum lögum. Og eins og ráðherra drap á eru 130 einstaklingar í landinu sem eru algjörlega úti í kuldanum og njóta ekki þjónustu sem þeir þurfa á að halda og búa við algjörlega ómannsæmandi skilyrði.

Mig langar í þessu sambandi að vitna til — af því að ég er að tala hér um geðsjúka — frásagnar sem bróðir ungrar geðsjúkrar konu lét birta eftir sér í tímaritinu Geðhjálp og sem lýsir kannski þeim aðstæðum sem þetta fólk býr við margt hvert, en hann segir, með leyfi forseta:

„Systir mín hefur í 14 ár verið á stöðugu hringli milli stofnana fyrir geðsjúka. Henni er hent af einum staðnum yfir á annan. Meðferðin felst í því að sprauta hana en meira er ekki gert fyrir hana. Hún býr núna við algerlega óviðunandi aðstæður í húsnæði á vegum Félagsmálastofnunar. Umhverfið er þess eðlis að hún þarf sífellt að verja sig og berjast fyrir lífi sínu. Það er nánast daglegt brauð að það sé setið fyrir henni og stolið af henni bæði peningum og lausamunum. Hún hefur margsinnis verið beitt ofbeldi, enda notfæra ofbeldismenn og drykkjusjúklingar sér þörf hennar fyrir félagsskap. Hún er mjög sjúk manneskja, en eins og málin standa í dag á hún ekkert betra líf í vændum en þetta vegna sjúkleika síns.

Sjálfsagt spyr einhver hvernig á því standi að hún búi ekki heima hjá fjölskyldu sinni. Ástæðan er ósköp einföld. Hún er svo erfið í umgengni og ofbeldishneigð, sérstaklega gagnvart móður sinni."

Þetta eru aðstæður, eða aðstæður þessu líkar sem 130 einstaklingar búa við í íslensku velferðarsamfélagi í dag eða stór hluti af þessum 130 einstaklingum. Þetta er auðvitað engan veginn viðunandi og er satt að segja ljótur blettur á velferðarsamfélaginu. En í þessu frv. er gerð tilraun til þess að taka eitthvað á þessu og geðfötlun er komin inn í skilgreiningu á fötlun í 2. gr. frv.

Það má auðvitað spyrja sig: Hvernig stendur á því að fólk sem svona er ástatt um fær ekki eðlilega félagsþjónustu og eðlilegan stuðning af þessu samfélagi okkar? Fyrir því eru ýmsar ástæður og ekki bara sú ein að það hafi vantað skilgreiningu á fötlun þessa hóps. Önnur skýring er sú að stofnanir í samfélaginu hafa verið að kasta þessum hóp á milli sín og það hefur vantað verndaðar stofnanir þar sem mönnun væri nægileg til þess að sinna þessu fólki. Eins og við vitum er reynt að hafa starfsmannahald alls staðar í lágmarki nema þá helst á sjúkrahúsum og þetta er hópur sem ekki kemst af á stofnunum nema þar sé um sólarhringseftirlit að ræða og sólarhringsstuðningur. Ég sagði að stofnanir hefðu kastað þessum einstaklingum á milli sín og það er vissulega rétt en það hafa ráðuneytin líka gert því að hingað til hafa þrjú ráðuneyti haft með þennan málaflokk að gera. Mér var einu sinni sagt frá máli einstaklings, sem reyndar var geðfatlaður, en mál hans var til umfjöllunar hjá fimm aðilum sem féllu undir þrjú ráðuneyti og það var engin lausn í sjónmáli á aðstæðum þessa einstaklings. Þessu verður að bregðast við, þessu verður að breyta og mér sýnist að í þessu frv. sé reynt a.m.k. að taka á þessu. Það eru gefin fögur fyrirheit en svo er það auðvitað undir fjárveitingum komið hvernig tekst að standa við þau því að peningarnir eru jú afl þess sem gera skal.

Hvað varðar vinnubrögð við samningu þessa frv. þá langar mig til þess að vekja athygli á því að þó að Kvennalistinn sé nefndur sem hafandi átt fulltrúa í nefndinni sem samdi frv., þá var Kvennalistanum ekki boðin aðild að þessari nefnd fyrr en eftir stjórnarskipti sl. vor. Okkur datt helst í hug að það hefði verið vegna þess að eftir stjórnarskiptin þurfti að koma inn fulltrúa Sjálfstfl. og þá var auðvitað ekki hægt annað en að leyfa Kvennalistanum að fljóta með inn í nefndina svo að hann væri ekki einn flokka á þingi utan þessarar nefndar. En fulltrúi Kvennalistans kom sem sagt inn í nefndina nú í vor þegar frv. var því sem næst frágengið þannig að við höfum í sjálfu sér ekki haft mikið um samningu þess að segja. En það breytir þó ekki því að þarna er mjög þarft mál á ferðinni sem við munum auðvitað styðja með ráðum og dáð ef okkur sýnist að það sé þess eðlis þegar það hefur fengið umfjöllun í nefnd.

Mig langar til að nefna það þar sem þess er sérstaklega getið í greinargerð með frv. að fram hafi farið opinber kynning á frv., þ.e. verið haldinn fundur þar sem boðið var fulltrúum ýmissa samtaka fatlaðra. Jafnframt var fundurinn auglýstur opinberlega þannig að þangað gat hver sem var komið og þar var þetta frv. til umfjöllunar og umræðu. Það finnst mér vera til fyrirmyndar í svona máli, að frv. sé til opinberrar kynningar og til opinberrar umræðu þannig að almenningur úti í bæ geti reynt að hafa áhrif á það sem hér er að gerast. Hins vegar er það alltaf spurning á hvaða stigi frv. eigi að fá slíka kynningu, hvort það á að gerast áður en það er lagt fram hér á Alþingi eins og gert var í þessu tilviki eða eftir að það er fram komið hér. Það er aftur álitamál sem mér finnst að megi vel velta fyrir sér.

Í greinargerð með frv. er gerð mjög skýr grein fyrir því hver eru helstu nýmæli frv. og það er í sjálfu sér óþarfi að ég fari að rekja það. Mörg hver eru þau mjög mikilvæg og til mikilla bóta en þó vekja þau spurningar. Mig langar til þess að varpa hér fram til umfjöllunar eða umræðu eða umhugsunar nokkrum atriðum og kannski spurningum til ráðherra sem hún getur e.t.v. gefið mér svör við.

Það er í fyrsta lagi hvað varðar skiptinguna milli almennrar þjónustu sveitarfélaga og síðan sérhæfðrar þjónustu fyrir fatlaða sem ríkið á að veita samkvæmt þessum lögum. Á það er lögð áhersla í þessu frv. að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga og ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á hvaða sviði sem það er, hvort það er menntunar-, heilbrigðis- eða félagsþjónustu. Engu að síður er viðurkennd sú staðreynd að fatlaðir þurfa því miður enn þann dag í dag á sérhæfðri þjónustu að halda sem þarf þá að gera grein fyrir í sérstökum lögum til þess að tryggja þeirra rétt og þá þjónustu á ríkið að greiða. Það sem ég er að velta fyrir mér í þessu sambandi er hvort það muni ekki eftir sem áður verða þannig að þessi lög muni ekki breyta því að ríki og sveitarfélög muni hugsanlega kasta verkefnum á milli sín og upp gæti komið ákveðin togstreita.

Almennt má segja að það sé afskaplega óheppilegt að tveir aðilar veiti þjónustu á sama sviði. Við þekkjum þetta úr öldrunarþjónustunni, þekktum það í raun inni betur áður en verkaskiptalögin tóku gildi heldur en núna. Það hefur heldur lagast. En þá var það þannig að ríki og sveitarfélög köstuðu mjög gjarnan á milli sín þjónustunni við þessa einstaklinga og við getum kannski sagt að það sé vegna þess að þá ráku sveitarfélögin vistheimilin en ríkið rak hjúkrunarheimilin og þá var það alltaf spurningin, hvort átti nú að vista einstaklinga á vistheimili eða hjúkrunarheimili, hvor átti að bera kostnaðinn, ríki eða sveitarfélögin. Það má kannski segja að þetta gildi að vissu marki í dag. Það er ríkið sem greiðir fyrir heimahjúkrunina. Það eru sveitarfélögin sem greiða fyrir heimaþjónustuna að öðru leyti og þá kemur upp spurningin: Hvernig á að skilgreina hvort einstaklingur þarf heimahjúkrun eða heimaþjónustu? Við vitum líka að það hefur verið tilhneiging til þess hjá stofnunum fyrir aldraða sem loka á sumrin að vísa fólki á heimaþjónustu sveitarfélaganna, spara sem sagt í útgjöldum ríkisins og vísa á sveitarfélögin sem hefur svo aftur skapað útgjöld hjá

þeim. Þetta er afskaplega slæmt fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og ég er ekki sannfærð um að þetta frv., ef að lögum verður, taki fyrir þetta. Ég get nefnt nokkur atriði því til stuðnings. Það má benda t.d. á að í 25. gr. frv. er talað um liðveislu og þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu þegar þörf er á. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs."

Það skal tekið fram að sum sveitarfélög gera þetta í dag. T.d. er hjá Reykjavíkurborg skipulagt svokallað tilsjónarmannakerfi þar sem fötluðum einstaklingum og einstaklingum sem eiga við félagsleg vandamál að stríða stendur til boða ákveðin tilsjón og það kann vel að vera að þetta sé líka í öðrum sveitarfélögum. En þá kemur til viðbótar þessu ákveðin liðveisla sem ríkið ætlar að veita og er skilgreind í 26. gr., en þar segir:

„Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér marghátttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sú hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun."

Þarna gæti auðveldlega skapast ákveðin togstreita milli ríkis og sveitarfélaga, þ.e. sveitarfélagið mundi segja: Þessi einstaklingur þarf á „frekari" liðveislu að halda og það er ríkið sem á að greiða það. En fulltrúar ríkisvaldsins mundu segja: Þetta er liðveisla sem eðlilegt er að sveitarfélagið veiti. Þetta nefni ég nú vegna þess að við vitum að þessi tilhneiging er alltaf til staðar.

Þá er það 36. gr. þar sem talað er um ferðaþjónustu við fatlaða. Tveir aðilar eiga að veita þessa ferðaþjónustu, þ.e. annars vegar sveitarfélögin, þau eiga að veita fötluðum almenna ferðaþjónustu, en síðan er jafnframt tiltekið að fatlaðir skuli eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum ríkisins vegna aksturs á þjónustustofnanir. Þarna eru sem sagt tveir aðilar komnir inn í málið og eiga að veita þessum einstaklingi ferðaþjónustu. Mér finnst það spurning hvort ekki hefði verið hægt að ganga einhvern veginn öðruvísi frá þessum málum þannig að það væri alfarið sveitarfélagið, sem fengi þá einhverjar tekjur með því og það er skoðun mín að best væri að þetta væri hjá sveitarfélögunum.

Það er reyndar hægt að nefna fleira í þessu sambandi. Í 9. gr. er fjallað um stoðþjónustu. Þar er sagt að stoðþjónustan skuli „miðast við eftirtaldar þarfir fatlaðra:

1. Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds." Það er í rauninni um þessa liðveislu að ræða sem ég greindi áðan frá sem á þá bæði að vera í höndum sveitarfélags og ríkis.

Þá má nefna þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri aðstoð við fjölskyldur þeirra. Í því tilviki er, án þess að ég hafi skoðað það mjög náið, hugsanlegt að þar komi líka upp ákveðin togstreita milli ríkis og sveitarfélaga.

Þetta er eitt af því sem mér finnst að verði að skoðast þegar málið kemur til umfjöllunar í félmn. og ég mun auðvitað leggja mitt þar af mörkum, enda á ég sæti í nefndinni.

Í öðru lagi langar mig til þess að nefna það að í greinargerð með frv. er talað um að draga úr vistun á stofnunum og efla stoðþjónustu, þ.e. gera fötluðum kleift að búa sem lengst heima hjá sér og nýtast þá við þjónustu á sínu heimili og dagvistun eða aðra slíka dagþjónustu fyrir utan heimili. Er þetta alveg í samræmi við þá stefnu sem almennt er í þjóðfélaginu og varðar t.d. aldraða líka, að þeim skuli gert kleift að búa sem lengst á sínu heimili. Þetta er mjög jákvæð stefna að mínu mati. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þó að þetta séu göfug markmið og fögur fyrirheit þá er auðvitað ekki hægt að bjóða upp á alla þessa heimaþjónustu sem verið er að tala um í dag og lagt er svo mikið upp úr í dag meðan launin eru með þeim hætti sem gerist í heimaþjónustu. Það fæst ekki fólk til þessara verka með þeim launum sem í boði eru. Ég vil líka benda á að það er ekki hægt að setja fram svo fögur fyrirheit á sama tíma og verið er að skera niður í þessum málaflokki. Það verða að fara saman orð og athafnir í þessum málum. En ég vona sannarlega að það horfi til bóta og það verði hægt að veita viðunandi heimaþjónustu eins og menn gjarnan vilja gera.

Það má kannski geta þess hvað varðar heimaþjónustuna að það hefur stundum verið sagt að dýrasta heimaþjónusta sé ódýrari en ódýrasta stofnanaþjónusta. Og að mínu mati má fjárfesta dálítið í þeirri þjónustu og það má og ber að greiða þeim góð laun sem þessa þjónustu veita vegna þess að það borgar sig fyrir samfélagið.

Mig langar líka til að geta þess í þessu sambandi að sú stefna að draga úr vistun á stofnunum er eins og ég sagði jákvæð, en hún má heldur ekki ganga of langt þannig að aldraðir eða fatlaðir í þessu tilviki eigi þess ekki kost að komast á stofnun ef þeir óska og þurfa raunverulega á því að halda. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það verða alltaf til hópar í þessu samfélagi sem þurfa á mjög mikilli þjónustu að halda, meiri þjónustu en hægt er að veita inni á venjulegu heimili og meiri en hægt er, ef við getum sagt sem svo, að leggja á venjulegt heimili.

Í þriðja lagi langar mig til þess að gera hér lítillega að umtalsefni þau ákvæði laganna um hæfingu eða endurhæfingu sem eiga líka að miða að því að draga úr stofnanavistun. Það á að reyna að gera einstaklingana hæfa til þess að taka þátt sem mest í hinu daglega lífi, hinu almenna samfélagi. Þetta er vissulega mjög mikilvægt og aldrei nógsamlega lögð áhersla á það að endurhæfing og hæfing getur skilað mjög miklum árangri ef einstaklingunum stendur það til boða. Hins vegar verðum við líka að hafa það í huga í þessu sambandi að það eru ákveðnir einstaklingar sem aldrei öðlast verulegt hæfi, ef við getum sagt sem svo, sem aldrei munu aðlagast og þetta á ekki síst við um geðfatlaða einstaklinga. Það eru slíkir einstaklingar sem eru m.a. í hópi þessara 130 sem eiga núna hvergi höfði sínu að halla. Slíkir einstaklingar þurfa á mikilli vernd að halda og þeir þurfa á stofnunum að halda þar sem veruleg

þjónusta er veitt og þar sem kannski öðru fremur er lögð áhersla á það að þeim líði vel og þeir öðlist vissa lífshamingju þrátt fyrir sína alvarlegu fötlun.

Í fjórða lagi langar mig til þess að fjalla lítillega um búsetuna eins og hún er skilgreind í frv. Það er í VI. kafla frv., aðallega 11. gr. sem kveðið er á um búsetu. Þar er talað um nokkur búsetuform: félagslegar íbúðir, verndaðar íbúðir, sambýli, vistheimili, heimili fyrir börn og áfangastaði.

Nú er það svo að sambýli er afskaplega vítt hugtak og sambýli gæti í sjálfu sér verið mjög nálægt heimilisforminu. Það hefur líka stundum verið talað um vernduð heimili og þar með vil ég leggja áherslu á að það þarf að sjá fyrir því í reglugerð með þessu frv., ef að lögum verður, að það sé hægt að bjóða upp á mjög vernduð heimili hvort sem þau kallast nú sambýli, vistheimili eða eitthvað annað.

Þá langar mig til þess að vekja athygli á því að í dag rekur Reykjavíkurborg sjö sambýli og einn áfangastað. Þessar stofnanir eru ætlaðar fyrir geðfatlaða einstaklinga og er mjög mismikil þjónusta veitt á þessum sambýlum eða áfangastöðum. En nú vaknar sú spurning hvort ætlunin sé með frv. að ríkið yfirtaki þessar stofnanir að fullu og öllu og hvort þá sé verið að draga úr frumkvæði sveitarfélaganna með þessu móti.

Það var sett saman greinargerð hjá Reykjavíkurborg um vistunar- og húsnæðismál sjúklinga með geðræn vandamál sem var lögð fram í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar í mars árið 1990 og þar er m.a. fjallað um þessi sambýli. Þetta hefur í rauninni þróast smátt og smátt. Í upphafi hafa þetta bara verið venjulegar leiguíbúðir en síðan hefur þjónustan verið aukin þannig að í raun má segja að þetta séu í dag sambýli, sjö sambýli og einn áfangastaður. Hjá mér vaknar sú spurning hvort ætlunin sé hjá ríkinu að þetta flytjist alfarið yfir til ríkisins og þá frá sveitarfélaginu sem ég teldi vera til baga vegna þess að það er mikilvægt að frumkvæði eins og þetta fái að njóta sín.

Hvað aðra þætti þessa frv. varðar langar mig líka til þess að nefna — og þá er ég enn inni á málefnum sveitarfélaganna — það sem sagt er í 14. gr. að félmrn. geti átt frumkvæði að því að gerðir séu samningar milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti, ýmist á vettvangi sveitarfélaga, byggðasamlaga eða héraðsnefnda. Og þá vaknar sú spurning hjá mér, ef ríkið semur nú við sveitarfélag um að það yfirtaki með öllu þjónustu við fatlaða — og það gæti hugsanlega gerst hér í Reykjavík og er ekkert óeðlilegt að það gerist hér í Reykjavík þar sem það er aðeins eitt sveitarfélag sem rekur umfangsmikla félagsmálaþjónustu — hvað gerist þá með tengslin milli svæðisráðs og skrifstofu um málefni fatlaðra? Þá er það spurningin hvort svæðisráðið verði áfram á vegum ríkisins eins og frv. gerir ráð fyrir. Frv. gerir svo aftur ráð fyrir því að starfsmenn eða skrifstofa um málefni fatlaðra sinni störfum fyrir svæðisráðið, en ef skrifstofan um málefni fatlaðra verður á vegum sveitarfélagsins, hvernig verða þá tengslin milli svæðisráðs sem er ríkisskipað og skrifstofu um málefni fatlaðra sem yrði þá væntanlega á vegum sveitarfélagsins vegna þess að það er skrifstofan sem á að veita þjónustuna? Og þá vaknar líka sú spurning hvort ráðherra eigi eftir sem áður að skipa forstöðumann skrifstofunnar eins og frv. gerir ráð fyrir. Það gerir ráð fyrir því að ráðherra skipi forstöðumanninn. Ef við gefum okkur það nú að Reykjavíkurborg yfirtaki þennan rekstur og yfirtaki þessa skrifstofu, á þá ráðherra að skipa forstöðumanninn? Ég held að það gæti reynst erfitt, ef ég þekki mitt sveitarfélag rétt.

Þá langar mig líka til þess að spyrja út í 15. gr. þar sem segir:

„Leyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að setja á fót og reka stofnanir skv. 10. gr. eða heimili fyrir fatlaða skv. 3.–6. tölul. 11. gr. veitir félmrh. að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs. Félmrh. er heimilt að binda starfsleyfi til handa félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að starfrækja verndaða vinnustaði og vistheimili því skilyrði að félmrh. eigi fulltrúa í stjórn þeirra."

Ég fór að velta því fyrir mér, ef ríkið leggur nú þessum félagasamtökum eða sjálfseignarstofnunum ekki til neitt fjárframlag, er þá ekki óþarfi að ráðherra eigi fulltrúa í stjórninni? Ég get mjög vel skilið að ráðherra telji mikilvægt að hafa eftirlit með slíkum stofnunum en það er hægt að gera því að í 16. gr. segir: „Svæðisráð annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða" og það á þá væntanlega við um allar stofnanir fyrir fatlaða. Ég vil aðeins fá útskýringu á því hvort það sé talið nauðsynlegt að félmrh. eigi fulltrúa í stjórn stofnana sem reknar eru af félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum ef ekki er um að ræða umtalsverða fjármuni frá ríkinu til þessara stofnana.

Í IX. kafla frv. er fjallað um málefni barna og fjölskyldna fatlaðra. Ég fagna því að í þessum kafla er mjög skýrt kveðið á um rétt barna og fjölskyldna því að það segir m.a.: „Fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar. Þau skulu eiga kost á þjónustu leikfangasafna. Fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna. Og foreldrar skulu eiga kost á skammtímavistun. Þetta er mjög ágætlega skilgreindur réttur sem er í þessu frv.

Það er nú kannski smáatriði í þessu sambandi að í 19. gr. er sagt: „Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu skulu sérstaklega gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi barna." Mér fannst satt að segja svolítið sérkennilegt að sjá þessa setningu þarna vegna þess að ég hefði litið svo á að þetta væri starfsskylda þessara stétta. Það væri hrein og klár starfsskylda starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og í skólakerfi og félagsþjónustu að gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi þeirra barna sem þeir eru með sem sína skjólstæðinga. Mér fannst það eiginlega spurning hvort það þyrfti virkilega að setja þessa setningu í lög um málefni fatlaðra.

Þá langar mig aðeins til þess að víkja að atvinnumálunum sem fjallað er um í XII. kafla frv. Þar erum við kannski komin að akkilesarhælnum í málefnum fatlaðra vegna þess að það hefur reynst mjög erfitt að

útvega fötluðum vinnu og þegar harðnar í ári eru það þessir einstaklingar sem eiga hvað erfiðast með að fá atvinnu og detta fyrst út af vinnumarkaði. Ég sé ekki beinlínis að í þessum kafla sé fundin lausn á því vandamáli að það sé með einhverjum sértækum úrræðum sem sagt fundin lausn á þessum málum. Ég vildi gjarnan fá aðeins betri útskýringu á því með hvaða hætti þetta breyti einhverju í grundvallaratriðum fyrir fatlaða á vinnumarkaði.

Að lokum, virðulegi forseti, áður en ég fér héðan úr stólnum langar mig til þess að nefna lítillega Framkvæmdasjóð fatlaðra. Í 40 gr. frv. er kveðið á um það að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra skuli vera:

1. Óskertar tekjur Erfðafjársjóðs.

2. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hvers árs.

3. Sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara.

Það er þessi 3. liður 40. gr. sem mig langaði til þess að nefna hér. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Það er mjög mikilvægt að sett verði fjármagn til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra á næstu árum og það talsvert fjármagn því að ástandið er, eins og ég hef nú reynt að rekja, algjörlega óviðunandi. Það segir í útreikningum frá fjmrn. með þessu frv., ef ég man rétt, að það þurfi líklega 50–60 millj. á ári í þennan þátt frv. Og ég hugsa að það megi ekki minna vera. En ég hlýt samt að spyrja: Við hverju má búast í þessu efni ef við miðum við reynsluna af lögunum um málefni fatlaðra frá 1983? Þar var kveðið á um að að næstu, minnir mig, fimm árin skyldu vera 55 millj. kr. á fjárlögum hvers árs frá Alþingi til þess að gera sérstakt átak í uppbyggingu í þágu fatlaðra. Og við vitum alveg hvernig það var. Þetta framlag var yfirleitt talsvert lægra og síðustu árin held ég að ég muni rétt að hafi verið um 1 millj. á fjárlögum. Ein milljón. Og það er samt kveðið á um það í lögunum frá 1983, að það skuli vera 55 millj. Ég er því ekkert sérstaklega bjartsýn á að þetta haldi þó að ég voni svo sannarlega að Alþingi sjái sóma sinn í því að gera átak í málefnum geðfatlaðra einstaklinga.

Ég hef sem sagt ákveðnar efasemdir en auðvitað getur maður aldrei fengið það algjörlega handfast að fjárframlög verði sett í þetta. Það ræðst auðvitað alltaf af fjárlögum hvers árs og þó svo að inn í frv. væri sett tiltekin upphæð, þá vitum við að í fjárlögum á hverju einasta ári eru þessi svokölluðu „þrátt-fyrir-ákvæði" þar sem tiltekið er að þrátt fyrir að lög segi að svo og svo mikið skuli renna í ákveðin verkefni þá skuli það ekki gerast að þessu sinni.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu hefur átt sér töluvert langan aðdraganda og mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning þess og til þess liggja vissulega ríkar ástæður. Málefni fatlaðra, málefni þess hóps þjóðfélagsþegna sem oft eiga hvað erfiðast með að berjast sjálfir fyrir hagsmunum sínum eiga að njóta sérstakrar athygli þegar um þau er fjallað þannig að þeir sem þeirrar gæfu hafa verið aðnjótandi að lifa án fötlunar fái sem besta innsýn inn í aðstæður og öðlist þannig djúpan skilning á högum fatlaðra.

Það er nauðsynlegt að hafa fyrst og fremst hinn fatlaða einstakling í huga þegar unnið er að lagabreytingu sem hafa mun áhrif á nánast alla félagslega hagi einstaklingsins. Það verður að huga að því hvað er þeim fatlaða fyrir bestu og taka tillit til þess að þótt hópur einstaklinga búi við sams konar fötlun, jafnvel á svipuðu stigi, þá þurfa kröfur þeirra eða þarfir ekki nauðsynlega að vera þær sömu. Fatlaðir hafa ekki aðeins misjafnar kröfur eða þarfir eftir eðli og stigi fötlunar, heldur einnig eftir persónuleika þeirra en hann hefur ekki síður áhrif á þessar kröfur eða þarfir fremur en hjá þeim sem ófatlaðir eru.

Ef ég má, með leyfi virðulegs forseta, bæta við smáathugasemd sem gæti hugsanlega jaðrað við heimspeki eða siðfræðileg efni, þá mætti einnig spyrja hvað sé fötlun, hvar hin opinbera skilgreining á skorti á líkamlegu eða andlegu atgervi hefst, hvernig samfélagið skoðar slíka fötlun og síðast en ekki síst hvenær viðkomandi einstaklingur sjálfur lítur á ástand sitt sem fötlun. Ég tel nauðsynlegt að hafa m.a. þessar athugasemdir í huga þegar unnið verður að þróun þessa frv. sem hér er um fjallað.

Að þessu framansögðu og þar sem um svo viðkvæman og veigamikinn málaflokk er að ræða er nauðsynlegt að umfjöllun hans í nefndum verði gefinn nægur tími og að kallaðir verði til fulltrúar allra þeirra hópa sem um málefni fatlaðra fjalla, svo sem fulltrúa hinna ýmsu hópa fatlaðra og frá hagsmunasamtökum þeirra, fulltrúa svæðisstjórna, stofnana, heimila og annarra þeirra sem sinna þjónustu við fatlaða, að ógleymdum fulltrúum sveitarfélaga og ráðuneyta þeirra sem fjallað hafa um félagslega þjónustu, heilbrigðisþjónustu og fjármögnun félagslegrar þjónustu við fatlaða.

Ég tel nauðsynlegt að huga að framkvæmdaþætti hins opinbera, hver hlutur hins opinbera á að vera á því sviði og hver hlutur sveitarfélaga á að vera. Ég vil í því sambandi nefna að ný lög gengu í gildi í Noregi 1. jan. sl. og þar var tekin sú stefna að færa málefni þroskaheftra aftur alfarið til sveitarfélaga.

Það má einnig spyrja með tilliti til þessara vangaveltna minna að framan um skilgreiningu fötlunar hvort þörf sé á sérlögum fyrir fatlaða yfirleitt, hvort ekki sé réttara að málefni fatlaðra féllu undir almenna félagsmálalöggjöf.

Við lestur frv. um málefni fatlaðra vil ég t.d. tæpa á nokkrum greinum sem gefa tilefni til ítarlegrar umræðu í væntanlegri umfjöllun um frv. í nefndum. Þessir nokkrir þættir eru: II. kafli, um stjórn og skipulag málefna fatlaðra; VI. kafli, 11. gr., um búsetu fatlaðra; 12. gr.; um skilgreiningu á stofnun; VII. kafli, 13. gr., um ábyrgð á framkvæmdum sem fjármagnaðar eru úr Framkvæmdasjóði fatlaðra; 14. gr., um greiðslu rekstrarkostnaðar einstakra þjónustuþátta; 15. gr., um skilyrt starfsleyfi félagasamtaka og sjálfseignarstofnana; 16. gr., um skilgreiningu á kröfu ráðuneytis til rekstraraðila; VIII. kafli, 17 gr., um starfsumfang Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og þá einkum með til-

liti til annarrar fötlunar en þroskahefti; X. kafli, um skilgreiningu á hlutverki hins opinbera um fjármögnun samskiptamiðstöðvar heyrnarskertra, sbr. 25. og 26. gr. frv.; XV. kafli, 38. gr., um starfsvettvang trúnaðarmanna fatlaðra; XVII. kafli, 44. gr., um greiðslu stofnkostnaðar annarra þjónustustofnana heimila fatlaðra en þeirra sem veita þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Með tilliti til þess að viðhorf til málefna fatlaðra hafa góðu heilli breyst mjög hratt nú á undanförnum árum og með tilliti til þess að þau eru sem betur fer enn í örri þróun, eins og sjá má á þróun löggjafar á Norðurlöndum um þennan málaflokk, þá tel ég nauðsynlegt að umfjöllun um frv. um málefni fatlaðra verði afar vönduð og framsýn. Þessu til áherslu eru framangreind dæmi sem ég tel að við umfjöllun í nefndum þurfi ítarlegrar umræðu og viðamikilla upplýsinga, m.a. með tilliti til framkvæmdaáætlunar og áætlunar um umfang félagslegrar þjónustu við fatlaða er lögin verða komin að fullu til framkvæmda.

Þar sem með frv. þessu er að auki verið að færa verkefni frá heilbrrn. til félmrn. tel ég nauðsynlegt og óska eftir því að heilbr.- og trn. Alþingis verði einnig sent frv. þetta til umsagnar. Þannig, virðulegi forseti, vonast ég til að sá mikli undirbúningur sem unninn hefur verið fyrir framlagningu þessa frv. skili sér við lokaafgreiðslu málsins á yfirstandandi þingi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir gerð þessa frv. sem ég held að sé um margt mjög til bóta og framför á þeirri leið sem við öll ætlum að ganga, eða svo höfum við haldið til skamms tíma, að því marki að allir Íslendingar eigi rétt á því að lifa sem eðlilegustu og bestu lífi hvernig sem þeir kunna að vera á sig komnir. Hitt er svo annað mál að það er auðvitað ekki nóg að semja frv. sem vissulega eykur þjónustu og bætir hag fatlaðra ef ekki er veitt fé þar til. Minna má á að nýlega hefur farið fram skerðing á rekstri stofnana fatlaðra að upphæð 48,5 millj. kr.

Það er satt að segja sólargeisli á þessum dimma vetri að loksins skuli koma hér frv. sem stefnir að því að auka velferðina í þjóðfélaginu og vinna þeim gagn sem minna mega sín og við öll berum ábyrgð á, á sama tíma og verið er að skera niður velferðarþjónustu á öllum sviðum. Og ég get ekki stillt mig eftir ræðu hv. 13. þm. Reykv. sem hér talaði síðust að segja henni smásögu ef hún er ekki farin langt burt. Það vill nefnilega svo til að hv. þm. átti verulegan þátt í því að undirbúa sameiningu tveggja sjúkrahúsa hér í bæ. Ég hitti í gær gamlan og gegnan þingmann sem sat í 24 ár í fjárveitinganefnd Alþingis. Hann sagði: Af mörgu vitlausu sem ég hef upplifað og séð til Alþingis Íslendinga held ég að það vitlausasta sé að eyða milljarði í að breyta Landakotsspítalanum í öldrunardeild og öðrum milljarði í að breyta öldrunardeild Borgarspítalans í almennt sjúkrahús. Þetta er helsta afrek þessa umræddа þingmanns á þessum vetri þannig að ég held að hvorki ég, hæstv. félmrh. eða hv. 10. þm. Reykv. þurfi á hennar ráðum að halda þegar kemur að sjúkum og fötluðum, að ég nú ekki tali um fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem hér situr fyrir framan mig.

En snúum okkur svo að þessu frv. og ég get svo sem verið heimspekileg líka ef þess er óskað. Sannleikurinn er sá að auðvitað verðum við öll fötluð fyrr eða síðar ef við lifum nógu lengi. Fötlun er auðvitað ekkert annað — og þarf enga æðri heimspeki þar til — en mismunandi geta manneskjunnar til að lifa lífinu eins og fólk almennt gerir. Það getur mjög gamalt fólk auðvitað ekki, það getur fólk ekki á tímabilum þegar það er veikt, það geta börn ekki þannig að ef manneskja lifir og nær meðalaldri, þá verður hún fötluð fyrr eða síðar. Málefni fatlaðra eru því ekkert einkamál lítils hóps fólks heldur okkar allra. Þetta hef ég sagt ansi oft hér í þingsölum og hefur það verið hvort sem er um ferlimál fatlaðra, aðstöðu til heilsugæslu og hvers svo sem er um að ræða. Þannig að auðvitað fjallar þetta frv. um okkur öll á einhverjum tíma ævi okkar.

Auðvitað hljóta málefni fatlaðra óhjákvæmilega að skarast við aðra málaflokka og önnur ráðuneyti. Það er óhjákvæmilegt. Vitaskuld sækja fatlaðir skólavist sína til stofnana sem heyra undir menntmrn. Auðvitað þiggja þeir hjúkrun og sjúkrahjálp á stofnunum sem heyra undir heilbrrn. Og ég get vissulega spurt annarrar spurningar: Er virkilega þörf á frv. um málefni fatlaðra? Svar mitt er já, ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt og ég held að það hafi verið einhver mesta framför í málefnum fatlaðra þegar farið var að tala um sérstaka löggjöf um þau efni og þar á núv. hæstv. félmrh. ekki minnsta þökk skilda sem flutti hér á árdögum þingsetu sinnar frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, eins og hann hét þá, og skal það aldrei vanmetið. Síðan þróuðust mál í áranna rás og síðari tíma hæstv. ráðherrar tóku síðan við og nægir þar að nefna ýmsa ágæta hæstv. heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra að sjálfsögðu. Og eitt er víst að það eru ekki ýkjur að í þessum málum hefur orðið bylting á sl. 12–14 árum. Um það held ég að enginn deili. Það er svo ótrúlega stutt síðan fólk utan Reykjavíkur varð að sækja alla þjónustu varðandi fötluð börn til Reykjavíkur og öll kunnum við frá þeim tíma sögur af fólki sem neyddist til að flytja á höfuðborgarsvæðið vegna þess að enga þjónustu var að fá í heimabyggð þess.

En það er nú einu sinni svo að stjórnmál eru ekki þakklátt starf. Það gleymist harla fljótt sem vel er gert. Menn muna betur það sem illa var gert. Og nú held ég að ýmsir telji það svo sjálfsagt að slík þjónusta sé í öllum kjördæmum og flestum byggðarlögum og geri sér enga grein fyrir því að einungis 10–12 ár eru síðan enga slíka þjónustu var að finna. Og allt ber þetta að þakka. En auðvitað hljóta mál að þróast eftir því sem þjóðfélagið þróast og við skulum ekki loka augunum fyrir því að við búum auðvitað við allt aðra þjóðfélagsgerð en við gerðum fyrir áratug síðan og ég tala nú ekki um fleiri áratugum þar sem varla er lengur um fullorðið fólk að ræða á heimilum á venjulegum vinnudegi. Þess vegna verður auðvitað að sækja þá þjónustu sem veitt var á heimilunum annað og við því hefur verið reynt að bregðast með hvers kyns þjónustu

sem enn er verið að reyna að bæta.

Ef við lítum fyrst á sjálfan Framkvæmdasjóð fatlaðra þá verður að undirstrika það eins og hv. 10. þm. Reykv. gerði hér áðan að hann er auðvitað einskis virði nema til hans sé veitt fé. Það hefur raunar verið gert að þessu sinni. Hins vegar er því ekki að neita að verkefni sjóðsins hafa verið aukin og það setur óneitanlega að mér ugg að þar kunni nýmæli að gerast fjárfrek og verður að reyna að stýra því, og til þess er auðvitað stjórn sjóðsins, en þar eru þrjú mikilsverð nýmæli kynnt.

Í fyrsta lagi skal sjóðnum heimilt að greiða framlag framkvæmdaraðila sem byggja eða kaupa félagslegar íbúðir til leigu í þágu fatlaðra að hálfu leyti þegar sveitarfélög eiga í hlut en að fullu þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að heimilt verði að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda. Þarna er um að ræða sömu þróunina og hefur orðið með Framkvæmdasjóð aldraðra að æ meira fer til viðhalds. Þetta er kannski ekkert undrunarefni. Það er ljóst að þessar fjölmörgu stofnanir sem nú eru til hljóta auðvitað að kalla á viðhald og það segir sig sjálft og einhvers staðar verður að finna peninga til þess. Ég treysti mér því ekki til að gagnrýna það harkalega, en það felur auðvitað í sér að það verður að auka verulega framlög til sjóðsins.

Og síðan er þriðja atriðið, sem ég er enn þá hræddari við, og vil biðja hæstv. félmrh. að útskýra fyrir okkur í hverju það gæti falist, en það er að allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins megi verja til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga. Svo mikið verk er þar óunnið að ég sé fyrir mér að það verði fljótlegt að tæma sjóðinn. Þó að vissulega sé ekki gert ráð fyrir meiru en 10%, þá held ég að þau verkefni kalli í sífellu á meira fé og ekki kæmi það mér á óvart þó að sú prósentutala yrði hækkuð. Ég veit ekki hvort það er einu sinni verjandi að það sé verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra að sjá um að opinberar byggingar séu aðgengilegar öllum, því að eins og ég hef oftlega áður sagt: Sérhver bygging sem er aðgengileg fötluðum er aðgengileg okkur öllum. Ég býst við að þó nokkrir hv. þm. hér hafi reynt að komast áfram um þessa borg með barnavagna, sem næstum jafnast á við fötlun eða gerði það til skamms tíma þar sem svo sannarlega var æskilegt að aðgengi fyrir fatlaða væri að finna við opinberar stofnanir og þar með aðgengi fyrir fólk með smábörn eða með gamalt fólk þó það sé ekki endilega í hjólastól. Ég vildi því kalla það aðgengi opinberra bygginga fyrir alla, og ég sé ekki að það sé endilega verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra að annast það.

Sú var nú tíðin að hæstv. fyrrv. félmrh., Alexander Stefánsson, átti hér í mikilli orðræðu við mig og tók máli mínu mjög vel en þá ræddum við einmitt aðgengi fatlaðra og þá lofaði hann raunar að vinna þar stórátak. Ég er hrædd um að því miður hafi orðið minna úr því en til stóð. En við skulum vona að þar rætist úr. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar á því að ég skuli grípa fram í ræðu hans. Mig langaði til að spyrja hann að því hvort hann væri reiðubúinn til að gera hlé á ræðu sinni vegna þess að kl. hálffjögur var ætlunin að hefja hér utandagskrárumræðu sem á að standa í hálftíma, síðan yrði hlé vegna þingflokksfunda og umræðu um þetta mál yrði þá frestað.) Það sýnir nú mildi míns hjarta að ég mun að sjálfsögðu verða við þessu. En því tala ég um mildi að hæstv. forseta, sem nú situr í forsetastól, láðist að skrá mig á mælendaskrá þegar ég bað um orðið og það var ekki gert fyrr en eftir að hæstv. forseti var farinn úr stólnum. Allt þetta fyrirgef ég af kristilegum kærleika og mun að sjálfsögðu gera hlé á máli mínu í trausti þess að ég fái að halda áfram ræðu minni að hálftímanum og þingflokksfundum loknum.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ummæli menntamálaráðherra í fjölmiðlum um störf kennara.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Eins og tilkynnt var í upphafi fundar hefst nú utandagskrárumræða að ósk hv. 5. þm. Vestf. um ummæli hæstv. menntmrh. í fjölmiðlum um störf kennara. Umræðan fer fram samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa og stendur því í allt að hálftíma. Hver ræðumaður hefur tvær mínútur nema málshefjandi sem hefur þrjár mínútur. Hver ræðumaður má tala tvisvar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs vegna þeirra ásakana sem hæstv. menntmrh. hefur borið fram opinberlega á eina stétt landsmanna, kennarastéttina. Það má segja að ásakanir hans séu þríþættar.

Í fyrsta lagi að kennaramenntun í landinu sé áfátt að verulegu leyti. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað er það sem er áfátt við kennaramenntun landsins og hvernig hyggst hann bæta þar úr?

Í öðru lagi ber hann á kennara og skólastjórnendur að hafa ófrægt menntamálaráðherra persónulega og ríkisstjórnina í kennslustundum að undanförnu.

Í þriðja lagi ber hæstv. menntmrh. það á kennara og skólastjórnendur að hafa gefið nemendum frí til að geta tekið þátt í útifundi grunnskólanema í síðustu viku á Lækjartorgi.

Þegar maður skoðar ummæli hæstv. ráðherra er ljóst að öll þessi þrjú atriði eru ákaflega alvarleg. Þau eru alvarleg fyrir kennara, þau eru alvarleg fyrir skólastjórnendur og þau eru sérstaklega alvarleg fyrir foreldra. Ef það er svo, sem hæstv. ráðherra fullyrðir, að starfsmenn hans hafi brotið sínar starfsskyldur og farið þar út fyrir, þá ber honum að sjálfsögðu að taka þau mál upp og fylgja þeim eftir með venjulegum hætti samkvæmt lögum og samningum. Ég kæri mig ekki um það sem foreldri að þeir kennarar sem kenna mínum

börnum liggi undir ámæli frá hæstv. menntmrh. um að misnota aðstöðu sína til innrætingar börnum mínum.

Eftir stendur þegar saman eru dregin ummæli hæstv. ráðherra undanfarna daga eftirfarandi fimm atriði:

Í fyrsta lagi. Skólastjórnendur höfðu gefið nemendum frí til að sækja fund grunnskólanemenda á Lækjartorgi. Þó tekur hæstv. ráðherra fram að honum hafi borist sú vitneskja að einhverjir skólastjórnendur muni hafa neitað því þannig að það eigi ekki við þá alla.

Í öðru lagi. Kennarar gáfu nemendum frí í sama tilgangi og stóðu á bak við útifundinn.

Í þriðja lagi stendur sú ásökun að samtök kennara önnur en Kennarasamband Íslands stæðu á vissan hátt á bak við fundinn.

Í fjórða lagi. Kennarar hafa notað kennslustundir til þess að ófrægja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðherra persónulega, þó ekki sé þar öll kennarastéttin að verki, svo vitnað sé í bréf hæstv. ráðherra til Kennarasambandsins og fjölmiðla fyrir tveimur dögum.

Í fimmta lagi stendur það eftir sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra að hann geti ekki sannað mál sitt, en þeir taki það til sín sem eiga.

Ég vil segja að það er óviðunandi að skilja málið eftir með þessum hætti því að allir sem starfa að þessum málum hljóta að liggja undir grun ef ekki er meira gert í málum eða hæstv. ráðherra dragi til baka þessar fullyrðingar sínar ef það er svo sem hann sjálfur heldur fram að hann geti ekki sannað þær.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að lokum að þessi áróðurslota síðustu daga af hálfu hæstv. menntmrh. og reyndar aðstoðarmanns hans í garð kennara hefur vakið mig til umhugsunar um viðbrögð ráðherra í ríkisstjórn Íslands að undanförnu. Ég skoða þessi viðbrögð í því ljósi að hæstv. heilbrrh. réðist sérstaklega að fjölmiðlum fyrir tveimur vikum. Ég skoða það í því ljósi að hæstv. menntmrh. réðist á fréttastofu útvarpsins fyrir nokkru og sakaði hana um það að vera of oft hlutdræg. Og ég skoða þau í því ljósi sem hæstv. samgrh. lét falla í blöðum fyrir nokkru að ef menn sýndu mótþróa, þá verði einfaldlega að keyra yfir þá, virðulegur forseti.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil að gefnu tilefni biðja hv. þm. um að virða reglur um ræðutíma til þess m.a. að flestir hv. þm. sem þess óska geti komist að í umræðunni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er rétt að ég hafi látið þau orð falla að mér sé kunnugt að hent hafi kennara að ófrægja gerðir ríkisstjórnarinnar og mig persónulega í kennslutíma. Við þessi orð stend ég. Ég hef einnig sagt að kennarar sumir hverjir hafi á óbeinan hátt staðið að fundi grunnskólanema á Lækjartorgi sl. fimmtudag með því að gefa nemendum frí. Ég stend líka við þessi orð mín.

Sl. föstudag fékk ég bréf frá Kennarasambandi Íslands þar sem ásökunum mínum á hendur kennarastéttinni var andmælt. Í þessu bréfi var lesið úr orðum mínum að Kennarasamband Íslands hefði á einn eða annan hátt staðið að undirbúningi fundarins á Lækjartorgi. Ég svaraði þessu bréfi sl. mánudag og læt nægja að lesa upp úr því sem svar við ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Og ég vitna hér í bréfið:

Ég hef ekki sagt eða látið að því liggja að Kennarasamband Íslands hafi á einn eða annan hátt staðið að undirbúningi útifundar grunnskólanema á Lækjartorgi þann 13. þ.m. Þessum orðum er því vísað á bug. Áður en fundurinn á Lækjartorgi var haldinn hafði ég öruggar upplýsingar um að í ákveðnum skólum hefði þeim boðum verið komið til nemenda að ekki yrði tekið á fjarvistum eftir hádegi nefndan dag. Mér var líka kunnugt dæmi þar sem nemendum var tilkynnt að frí fengist bærist um það ósk undirrituð af foreldri. Vegna þessarar vitneskju gat ég leyft mér að segja aðspurður í sjónvarpsviðtali að kennarar hlytu að hafa staðið á bak við þetta vegna þess að þeir gáfu krökkunum frí.

Þegar þessi orð féllu var mér hins vegar ókunnugt um skólastjórnendur sem höfðu alfarið neitað að gefa nemendum frí til þess að sækja fundinn. Mér þykir afar slæmt ef orð mín eru skilin þannig að allir hafi hér átt jafnan hlut. Ég hef alveg ákveðin dæmi um að kennarar hafi notað kennslustundir til að ófrægja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og mig persónulega. Enginn má skilja orð mín svo að þar sé öll kennarastéttin að verki og ég hef ekki gefið neitt tilefni til að þannig verði orð mín túlkuð. Það má hins vegar ljóst vera að með tilliti til barna og unglinga sem á slíkan lestur hafa hlýtt og sagt frá, mun ég ekki sanna þessi orð mín með því að nefna nöfn hvorki viðkomandi kennara né nemenda. Þeir taka þetta til sín sem eiga, aðrir ekki.

Ég ítreka það að ég hef hvergi látið að því liggja að samtök kennara, hvorki kennarasamtök í Kennarasambandi Íslands né önnur samtök kennara, hafi hér verið með skipulega starfsemi. Það hef ég ekki sagt. En ég veit þetta sem ég hef hér sagt og ég vil heldur liggja undir ásökunum sem ósannindamaður heldur en að nefna hér nöfn máli mínu til sönnunar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Af ummælum hæstv. menntmrh. og aðstoðarmanns hans undanfarið mætti ætla að þeir telji það brýnasta verkefnið að fara í stríð við kennara í landinu og þá alveg sérstaklega grunnskólakennara. Ráðherra fullyrðir að kennarar segi nemendum ósatt. Hann segir að þeir beri ábyrgð á því að eggjum sé kastað í sig. Hann heldur því fram og ítrekar það hér að kennslutímar séu notaðir til að ófrægja ríkisstjórnina og sig persónulega. Hann segist hafa dæmi um slíkt. Ég á ákaflega erfitt með að trúa þessari staðhæfingu en ef það er satt, þá á auðvitað að taka á slíkum málum. Það er ekki hægt að kennarar þurfi að liggja undir slíkum dylgjum. Og það er ekki bjóðandi ráðherra að koma fram opinberlega með slíkar dylgjur. Meðan ráðherrann dregur ekki ummæli sín til baka og nefnir dæmi um dylgjur, þá verður auðvitað að líta svo á að þessar ásakanir séu ómerkar. Ég get ekki fallist á þær skýringar sem hér koma. Það er enginn að fara fram á það að hann nefni dæmi hér úr þessum ræðu-

stól, en hann hlýtur að þurfa að taka á þessu máli. Annars eru þessar ásakanir ómerkar, ég endurtek það.

Aðstoðarmaður ráðherrans telur að kennarar svíkist undan vinnu vegna þess að skólahald sé ekki allt árið um kring og opinberar vanþekkingu sína á störfum kennara með því móti sem vinna af sér sumarmánuðina með lengri vinnuviku yfir veturinn og veitti ekki af að hann færi í kennslustund um skólamál, sá ráðherrasveinn.

Ég harma að yfirmaður menntamála skuli standa fremstur í flokki í að atyrða kennarastéttina. Ummæli hans síðustu daga bæta gráu ofan á svart eftir þann mikla niðurskurð sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir gagnvart skólunum sem bitnar umfram allt á börnum landsins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram einstæð umræða í sögu skólamála, menntamála á Íslandi, algjörlega einstæð umræða. Þannig er komið vinnubrögðum og samskiptum menntmrn. við kennarastéttina í landinu og skólana að *ráðherrann ber fram í opinberu máli og* ítrekar hér það sem ekki er hægt að kalla neinu öðru nafni en dylgjur í garð kennarastéttarinnar í heild og ræðst að henni með býsna athyglisverðum hætti, kennir kennarastéttinni um óánægjuna í þjóðfélaginu með ástandið í skólunum rétt eins og það séu ekki til t.d. foreldrar, rétt eins og það sé ekki þannig að í grunnskólunum séu 42 þús. börn og þau eigi foreldra. Auðvitað er það þannig að það er almenn óánægja í þjóðfélaginu með þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gripið til í menntamálum. Og það er vesældarlegt að ætla sér að víkjast undan þeirri staðreynd með því að ófrægja kennarastéttina eins og hæstv. menntmrh. og aðstoðarmaður hans hafa gert ítrekað undanfarna daga.

Hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að hann ætli að breyta kennaramenntuninni með hliðsjón af þeim atburðum sem hafa átt sér stað að undanförnu. Hvernig? Hvaða aðferðir eru það sem á að taka upp í Kennaraháskóla Íslands til þess að koma í veg fyrir það að kennarar ófrægi menntamálaráðherrann í framtíðinni? Ætlar menntmrh. að taka í sínar hendur námsskrárgerð fyrir Kennaraháskóla Íslands? Hvað ætlar hann að gera? Ætlar menntmrh. að senda eftirlitsmenn inn í grunnskólana, tilsjónarmenn eins og það heitir í bandorminum? Og það er liður í þessari sömu stefnu þegar hæstv. menntmrh. lætur það koma fram að hann vilji endurskoða lög um fréttastofu Ríkisútvarpsins. Hún á ekki lengur að vera frjáls fréttastofa, fagleg og óháð, heldur á að setja um hana sérstakar lagaskorður. Ég sé þetta allt sem hluta af sömu stefnunni, ofstjórnar- og ritskoðunarstefnunni sem núv. ríkisstjórn fylgir og er auðvitað dapurlegast ef hún teygir anga sína inn í skólana.

Ég skora á hæstv. menntmrh. að íhuga sitt mál vel og velta því fyrir sér hvort það geti ekki verið að honum og ríkisstjórninni hafi orðið einhvers staðar á í þessu efni, að velta því fyrir sér hvort hann þurfi ekki að líta í eigin rann og skoða málin aðeins betur. Ég skora á hann þó síðar verði að biðjast afsökunar á ummælum sínum í garð kennarastéttarinnar, í garð foreldra og í garð barna og sérstaklega finnst mér ástæða til að ítreka það því að ég tel að ummæli hans á útifundinum í garð barnanna um að þau hefðu ekkert vit á þessum málum (**Menntmrh.:** Það sagði ég aldrei.) og ættu þess vegna ekki að vera að skipta sér af þeim, (**Menntmrh.:** Þetta er rangt.) þau ummæli eru ósæmileg og ósanngjörn og ég skora á hæstv. menntmrh. að nota þennan ræðustól til að draga þau og fleiri ósæmileg ummæli sín til baka.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er furðulegt að eins reyndur og gætinn stjórnmálamaður og ég hef álitið að hæstv. menntmrh. væri skuli fara eins að ráði sínu og hann hefur gert í því máli sem hér er til umfjöllunar. Og það eru í raun gjörsamlega óþolandi og ólíðandi vinnubrögð að frammi séu hafðar af hæstv. ráðherra dylgjur í garð sinna undirmanna á þann hátt sem hér hefur verið gert og segja svo á eftir eins og hæstv. ráðherra gerir að hann ætli ekki að fylgja málinu eftir, hann *treysti sér ekki til að nefna nöfn þó hann geti gert það* og þar með liggur öll stéttin undir þessum ásökunum þar til hæstv. menntmrh. hefur dregið þessi ummæli sín til baka og beðist á þeim afsökunar.

Það væri kannski ekki gert eins mikið veður út af þessu ef þetta væri einsdæmi í framferði núv. hæstv. ríkisstjórnar en það er bara ekki. Það er með ólíkindum hvernig hæstv. ríkisstjórn kemur fram við sína starfsmenn, opinbera starfsmenn. Það er ráðskast með þá eins og tölur á blaði, fram og til baka, og ef þeir svo mikið sem dirfast að hreyfa andmælum, þá er þeim mætt á þann hátt sem hæstv. menntmrh. hefur gert í þessu máli.

Ég vil því aftur ítreka það að meðan hæstv. ráðherra hefur ekki dregið ummæli sín til baka og beðist á þeim afsökunar eða gert grein fyrir þeim á annan hátt, þá liggur kennarastéttin í heild undir þessum áburði og það er mjög skiljanlegt að hún geti ekki á nokkurn hátt liðið það.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu málefni þar sem mér finnst allmjög að þeirri stétt manna vegið sem ég tilheyri og hef tilheyrt um áratugi, þ.e. kennurum. Ég get fullvissað hæstv. menntmrh. um það að þá áratugi sem ég hef starfað sem kennari hef ég aldrei vitað til þess að kennarar notuðu kennsluaðstöðuna til þess að ófrægja stjórnvöld. Þeir hafa beinlínis álitið það skyldu sína að gera það ekki. Hlutleysi innan veggja kennslustofnunnar hefur verið okkur brýnt og við höfum staðið við það.

Á hinn bóginn er það þannig að þegar nemandi í bekk í gagnfræðaskóla spyr einhverrar spurningar, þá skilur hann svarið sem hann fær á þann hátt sem honum hentar. Við verðum að gera okkur grein fyrir því. Og það getur vel verið að börn hafi komið heim á fleiri en eitt heimili, kannski mörg heimili hér á Reykjavíkursvæðinu og sagt: Kennarinn minn sagði þetta, kennarinn minn áleit þetta o.s.frv. en kennarinn

hafi bara aldrei sagt það. Þetta er staðreynd. Ég hef svo oft orðið vör við það að bæði ungir og aldnir og náttúrlega ekki síst krakkar sem vilja gjarnan fá viss svör skilja svör manns allt öðruvísi en þau voru sögð. Ég er hrædd um að í þessu máli hafi komið eitthvað svona upp. Ég get ekki trúað því að félagar mínir í kennarastétt hafi fleiri en einn hvatt nemendur sína til þess að brjóta þær reglur sem þeir brutu. Og að þeir hafi ófrægt menntmrh. inni í kennslustofu, það held ég að komi varla til. En eins og ég sagði, þá er afskaplega auðvelt að leggja spurningu fyrir kennara og fá svar frá honum sem hann skilur á einn veg en nemandinn skilur á annan veg. Þetta þekkjum við kennarar afskaplega vel og ég harma það að þetta mál skuli hafa komið upp. Ég vildi óska þess að það hefði ekki gert það og ég vona að hæstv. menntmrh. beri gæfu til að greiða úr þessu máli svo öllum aðilum sé sæmandi.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með þeim sem hér hafa talað að mér finnst að hæstv. menntmrh. hafi lítilsvirt kennara í ýmsum ummælum sínum sem hann hefur haft uppi nú að undanförnu. Ef hæstv. menntmrh. finnst að þeir nemendur, sem hafa beitt sér í þessu máli í niðurskurði í grunnskólakerfinu, séu óeðlilega vel að sér um málefni skólans og um þann niðurskurð sem nú á sér stað, sem er vissulega mjög alvarlegur, þá get ég bent honum á það að foreldrar hafa fylgst alveg sérstaklega vel með þessu máli og hafa beitt sér í því. Ég held að það sé einsdæmi hversu foreldrafélög og foreldrar almennt hafa beitt sér í sambandi við málefni grunnskólans nú á þessum vetri. Það er einstakt og það er til fyrirmyndar og það sýnir að foreldrar bera hag barna sinna fyrir brjósti og þar með grunnskólans.

Ég rakst á það í gær í Morgunblaðinu að þeir nemendur sem stóðu fyrir fundinum á Lækjartorgi skrifuðu hæstv. menntmrh. bréf þar sem þeir spyrja ráðherrann um það hvað þau hafi sagt ósatt á fundinum á Lækjartorgi, hvað það sé sem ráðherra telur ekki rétt í þeirra málflutningi. Nú er þessi umræða það stutt að ég get ekki því miður, hæstv. forseti, lesið upp það sem þar var sagt en ég efast ekki um að hæstv. menntmrh. hefur kynnt sér það bréf og gæti þá kannski komið inn á það hér í sinni seinni ræðu þó svo að það sé kannski aðeins á skjön við málefnið sem hér er fyrst og fremst á dagskrá.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að blanda sér í þessa umræðu hér en ég gat þó ekki á mér setið, kannski ekki síst vegna þess að ég þekki grunnskólann nokkuð vel af eigin raun, á þar börn og veit ekki til þess, ef ég tek bara dæmi af sjálfri mér, að um þessi mál hafi verið rætt hvað mín börn varðar a.m.k. í grunnskólum Reykjavíkur. Við sem þekkjum börn vitum það að börn hafa ekki sömu hömlur á sér og fullorðnir. Tilfinningar þeirra eru ákafari heldur en hinna sem fullorðnir eru og réttlætiskennd þeirra er einarðari heldur en hinna fullorðnu. Börn bregðast harðar við atburðum sem upp á koma.

Ég held því að eggjakastið á Lækjartorgi sé því miður, og ég verð auðvitað að segja því miður, nokkuð góður mælikvarði á þá miklu óánægju sem er í þessu samfélagi. Börnin finna þessa kraumandi óánægju og bragð er að þá barnið finnur, hæstv. ráðherra. Börnin vilja vera með, unglingarnir, þau vilja vera með, þau vilja gera sig gildandi, þau vilja taka þátt. Þeim finnst líka nærri sér vegið í þeim niðurskurðaráformum sem fyrir liggja og þau vilja vera virkir þátttakendur í samfélagi hinna fullorðnu og mótmæla líka. Það er ekkert óeðlilegt við það. Börnin hafa sjálf myndað sér þessa skoðun. Þau hafa sjálf komist að þessari niðurstöðu. Það þarf ekki kennara til þess að innræta þetta. Börn eiga foreldra og þau heyra foreldra sína tala um það sem er að gerast í samfélaginu og þau mynda sér skoðun þegar þau hlusta á þetta. Börn horfa líka á fjölmiðla og þau móta sér skoðun af lestri blaða og af því að hlusta og horfa á fjölmiðla. Ég get nefnt ykkur dæmi um einn sex ára pottorm sem ég heyrði af um daginn sem hafði spurt hvort til stæði að gera Landakot að öldrunarspítala. Og þegar hann fékk svarið já, þá sagðist hann ætla að lemja þessa menn. Þessi drengur hafði ekkert heyrt talað um málið, hann hafði bara fylgst með fjölmiðlunum. Hann er auðvitað ekki nema sex ára og það má auðvitað draga í efa réttmæti þessarar ályktunar hans. En hin eru eldri og geta myndað sér skoðun.

Ég verð að segja það að mér finnst viðbrögð hæstv. ráðherra og ákveðins skólastjórnanda hér á höfuðborgarsvæðinu mjög röng í því sem gerðist þarna. Þau voru mjög röng og ekki síst út frá sjónarhóli ráðherrans og þeirra hagsmuna og þeirra sjónarmiða sem hann stendur fyrir vegna þess að ég held að með þessu hafi í rauninni verið kynt enn frekar undir réttlætiskennd þessara krakka, kynt enn frekar undir róttækum hugsjónum þessara krakka sem eiga eftir að fara í framhaldsskólann og við vitum ekki nema þetta verði öflugur stokkur róttækra unglinga þá.

Mig langar aðeins til að segja eitt, ég held að þetta mál komi ráðherra í koll, þessi hörðu viðbrögð. Ég ætla að nefna það að á Rás 2 í gær, held ég að það hafi verið, var verið að tala við auglýsingamenn og spyrja um hvaða ráðherra hefði lakasta ímynd um þessar stundir. Þeir vildu ekki svara því, en annar þeirra sagði: Ef ég segi það þá verður Ríkisútvarpinu lokað.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það eitt um svör hæstv. ráðherra að ég harma þau. Ég harma þau viðbrögð hans að grípa til þessara ásakana þegar kennarar hafa mótmælt kröftuglega áformum ríkisstjórnarinnar og ég harma þau viðbrögð hans að neita að draga til baka þær ásakanir sem hann sjálfur hefur viðkennt að hann geti ekki sannað.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna hér í kvöldfréttir Sjónvarpsins, sem hv. stjórnarþingmenn sumir eru ákaflega ánægðir með — eins og t.d. hv. 3. þm. Suðurl., sem hér sést í salnum óvænt — 17. febr. sl. Þar segir hæstv. ráðherra:

„Ég tek að sjálfsögðu mark á formanni Kennarasambands Íslands og viðurkenni að hún er í nánara sambandi við kennara heldur en ég og ef það er svo, eins og hún segir, að kennarar hafi þarna hvergi nærri komið þá verð ég sjálfsagt bara að láta í minni pokann vegna þess að ég get ekki sannað mál mitt."

Þetta er niðurstaðan úr fullyrðingum hæstv. menntmrh. sem í raun og veru komu fram í svari hans hér áðan. Hann hefur sagt meira en hann getur staðið við.

Það vekur mér dálítinn ugg hversu hörð viðbrögð ýmissa ráðherra eru við hópa í þjóðfélaginu sem ekki eru sammála hæstv. ríkisstjórn og hversu hörð viðbrögð ráðherra eru gagnvart þeim sem eiga að flytja fréttir af aðgerðum þings og ríkisstjórnar til þjóðarinnar. Þar nægir að minna á hæstv. menntmrh. sem hefur lýst því yfir að fréttastofa Ríkisútvarpsins sé of oft hlutdræg — of oft hlutdræg — og boðar endurskoðun á starfsemi fréttastofu útvarpsins við endurskoðun útvarpslaga.

Sá hópur í þjóðfélaginu sem hvað mest hefur mótmælt áformum ríkisstjórnarinnar eru kennarar. Öllum eru kunnugar þær ásakanir sem hæstv. menntmrh. ber á kennara. Mönnum eru kunnug ummæli hæstv. samgrh., að ef menn sýni einhvern mótþróa þá verði bara að keyra yfir þá. Mönnum er kunnugt um árásir hæstv. heilbrrh. á fjölmiðla. Sú spurning hlýtur að vakna hvort það sé meðvituð stefna ríkisstjórnarinnar að berja niður með valdi þá sem mótmæla hennar stefnu og berja niður með valdi þá sem eiga að flytja fréttir af gjörðum þings og ríkisstjórnar.

Ég vil því segja, virðulegur forseti, að mér finnst að þessi uppákoma hafi verið ákaflega dapurleg og ég vil skora á hæstv. menntmrh. að taka upp viðræður við samtök kennara og foreldra til að ræða þessi mál út.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur að ég telji það brýnast verkefni að fara í stríð við kennara. Það er líka rangt að aðstoðarmaður minn hafi borið vinnusvik á kennarastéttina. Það er líka rangt að ég hafi verið að ófrægja kennarastéttina í heild. Það er alrangt. Það er ekkert sem gefur tilefni í mínum ummælum til þess að túlka þau á þennan hátt.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvernig ég vildi breyta kennaramenntuninni að gefnu þessu tilefni. Ég vildi gjarnan að kennd yrði meiri háttvísi í skólunum heldur en mér sýnist vera gert nú á þessum tímum. Ég þarf ekki að biðjast afsökunar á ummælum mínum og sé ekki nokkra ástæðu til þess að gera það. Það var rangt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að ég hefði sagt á útifundinum á Lækjartorgi við unglingana sem þar voru, að þau hefðu ekkert vit á því sem væri verið að ræða um. Það er rangt.

Við hv. þm. Jóhannes Geir vil ég segja að það sem ég hef sagt er á vitorði foreldra þeirra barna sem hlýtt hafa á í kennslustundum og sagt frá heima hjá sér og raunar komið með bréf heim til sín líka.

Það væri e.t.v. sjónarmið að ég drægi ummæli mín alfarið til baka, þó ekki væri nema í þeim tilgangi að kanna hver yrðu viðbrögð þeirra foreldra sem vita betur. Það er dálítið freistandi að gera það en ég ætla samt ekki að gera það.

Hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir sagðist aldrei hafa vitað til þess að kennarar notuðu kennslustofurnar til að ófrægja einhvern. Ég trúi hv. þm., skólastjóra, alveg þegar þingmaðurinn segir þetta. Og ég satt að segja vona að þetta sé alveg einstæður atburður sem hefur gerst, því miður í fleiri en einni skólastofu. En það var dálítið skrýtin skýring hjá hv. þm. og skólastjóranum að krakkarnir hafi bara sagt eitthvað allt annað þegar þeir komu heim heldur en kennarinn hafði sagt. Það má vel vera. Það er þá skýring út af fyrir sig, ef hún er rétt. Ég dreg hana hins vegar í efa.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að foreldrar hefðu fylgst vel með þessu máli og það er alveg rétt. Ég fagna því hversu foreldrar hafa fylgst vel með þessum málum. Þeir hafa boðað til fjölmargra funda. Ég hef sótt nokkra þeirra og það hafa verið mjög málefnalegir fundir og ég hef fagnað því tækifæri sem ég hef þar fengið til þess að segja hvað við í raun og veru erum að gera. Ég ítreka það að þeir fundir hafa verið afar málefnalegir.

Í bréfi nemendanna sem birtist í blöðunum í dag var sami texti og var lesinn yfir mér á Lækjartorgi. Nemendur munu fá svar við þessu bréfi.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún sagði að börn mynduðu sér skoðun með því að fylgjast með fjölmiðlum. Það er áreiðanlega rétt. En í fjölmiðlum hefur því miður komið fram allt of mikið af rangfærslum um það sem ríkisstjórnin er nú að gera.

Svo vil ég aðeins segja það að lokum vegna lokaorða hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar. Hún sagði að Ríkisútvarpinu yrði lokað ef tiltekin orð yrðu sögð. Ef eitthvað flokkast undir dylgjur þá eru það þessi orð. — [Fundarhlé.]

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. *mál* (heildarlög). — Þskj. 284.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér skuli vera til umræðu frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það fer ekki hjá því að löggjöf sem lýtur að því að styrkja námsmenn er afar mikilvæg í okkar þjóðfélagi og þess vegna ber að fagna því hversu einarðlega hæstv. menntmrh. hefur gengið fram í því að láta vinna frv. til laga sem ég trúi að muni marka tímamót og muni styrkja mjög Lánasjóð ísl. námsmanna þó að ég telji að það megi e.t.v. gera á frv. breytingar sem muni tryggja enn betur en frv. gerir ráð fyrir hagsmuni sjóðsins og hagsmuni námsmanna. Það er hins vegar ástæða til þess að nefna það að miklar stökkbreytingar eða að sífellt sé verið að breyta lögum um námslánakerfið er ekki heppilegt. Mikil skil milli aldurshópa og ég tala nú ekki kynslóða hvað varðar styrki til náms eru óheppileg. Það þekkjum við sem höfum á umliðnum

árum kynnst námslánakerfinu allt frá því það var nánast ekki til og til þess tíma sem við upplifum í dag þar sem talið er að námslánakerfið sé að miklu leyti raunverulegir styrkir til náms þó að í orði kveðnu sé um að ræða lán.

Ég reikna með því að hv. menntmn. muni taka þetta frv. til rækilegrar umræðu og frekari skoðunar, en vil í þessari umræðu nefna örfá atriði sem ég tel að þurfi nánari skoðun.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það að með því að settir eru vextir á námslánin og endurgreiðslutími styttur þá er alveg augljóst að greiðslubyrði námsmanna mun aukast frá því sem er í dag. Ég tel að hv. menntmn. þurfi að láta skoða þetta rækilega og meta það m.a. með því að fá álit frá Húsnæðisstofnun ríkisins hvernig einstakir hópar námsmanna muni standa að vígi þegar þeir koma frá námi með námslánaskuldir og þurfa að leita eftir lánum frá húsnæðiskerfinu. Ég tel að þetta sé nauðsynlegt að skoða og eðlilegt að menntmn. taki þetta til meðferðar vegna þess að auðvitað verður að tryggja að staða námsmanna sem koma frá löngu námi sé bærileg miðað við aðra þjóðfélagsþegna þegar þeir leggja á þann brattann að koma sér þaki yfir höfuðið að loknu námi. Þess vegna legg ég á það ríka áherslu að hv. menntmn. skoði þessa hluti rækilega, skoði greiðslubyrðina þegar vextir eru komnir á námslánin.

Ég ætla ekki að ræða um það hvort 3% ársvextir af námslánum séu hin eina sanna rétta tala, ég legg ekki mat á það. Meginatriðið er endurgreiðslubyrðin og svo hins vegar möguleikar sjóðsins til þess að standa undir því mikilvæga hlutverki sem er að tryggja námslán til framhaldsnáms.

Í annan stað vil ég nefna það að ég hef nokkrar áhyggjur af því ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að einungis þeir sem náð hafa 20 ára aldri fái lán úr sjóðnum. Í núgildandi lögum er það svo að nemendur, m.a. í iðnnámi, eiga aðgang að sjóðnum. Ég tel þetta afar mikilvægt. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir hv. menntmn. að taka þetta atriði til skoðunar, ekki síst vegna þess að ég tel að það eigi að hvetja námsmenn og ungt fólk til þess að leggja út á braut verknáms ekki síður en í annað nám og það eigi að leggja áherslu á það m.a. með því að veita námslán.

Eins og sést í fskj. með því frv. sem hér er til umfjöllunar þá er það þannig í nágrannalöndum, hjá Norðurlandaþjóðunum, að veittir eru námsstyrkir og námslán til þeirra sem stunda nám á menntaskóla- eða fjölbrautaskólastiginu. Við höfum ekki gengið svo langt enda hafa íslenskir námsmenn haft möguleika á því að stunda vinnu, sem betur fer, yfir sumartímann og afla sér tekna með ýmsum hætti til þess að standa straum af sínu námi. Ég tel að það sé mjög af hinu góða og vona svo sannarlega að það verði áfram í okkar þjóðfélagi þannig að námsmenn geti sjálfir að verulegu leyti kostað sitt nám með eigin vinnu. En samt sem áður held ég að við þurfum að huga að þessari stöðu og e.t.v. læra eitthvað af okkar nágrönnum hvað þetta varðar. Ég tel nauðsynlegt að hv. menntmn. taki það til skoðunar hvort ekki sé ástæða til að gera breytingu á frv. hvað þetta varðar enda tel ég að hæstv. menntmrh. hafi í sinni framsögu gefið færi á því að ýmislegt yrði skoðað í þessu frv. ef það gæti horft til hins betra.

Annað sem ég vildi nefna við þessa umræðu, er það svigrúm sem í 3. gr. er talað um að stjórn lánasjóðsins hafi til þess að úthluta lánum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og það sé nauðsynlegt að það sé alveg skýrt að stjórninni sé ætlað að taka tillit til fjölskyldustærðar og búsetu námsmanna. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að lánasjóðurinn taki tillit til þess og þess vegna vil ég nefna það hér og vekja á því athygli hvort ekki sé ástæða til að það sé gert með ótvíræðum hætti í lagatexta að taka skuli tillit til fjölskyldustærðar og búsetu, ferðakostnaðar og annars sem lýtur að raunverulegum námskostnaði.

Að síðustu vil ég nefna það að ég tel eðlilegt að lagt sé á lántökugjald til þess að standa undir rekstri lánasjóðsins. Hins vegar vil ég vara við því að þetta sé einhver sjálfvirk trygging fyrir því að útgjöld sjóðsins, stjórnun og rekstur sjóðsins, geti verið ótakmörkuð að þessu marki sem lántökugjaldið er. Við þekkjum það að lánasjóðir eru þeirrar náttúru að geta þanist út og Parkinsons-lögmálið er fljótt að gera vart við sig í slíkum opinberum sjóðum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að á því sé haldið mjög fast og þessi útgjaldaþáttur jafnvel takmarkaður í löggjöf, þ.e. rekstur Lánasjóðs ísl. námsmanna, þannig að lántökugjaldið skuli ekki ótvírætt og algerlega ganga til þess að greiða rekstrarkostnað sjóðsins.

Að öðru leyti vil ég ekki lengja þessa umræðu eða gera fleiri athugasemdir við þetta frv. Ég vil bara ítreka það að ég fagna því að hæstv. menntmrh. skuli hafa lagt frv. fram. Ég trúi því að það muni treysta þegar til lengri tíma er litið námsaðstoð í landinu.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Svo oft hef ég rætt þetta mál á þessu þingi að ég skal ekki taka mikinn tíma nú, enda mun hv. 9. þm. Reykv. taka hér til máls á eftir og ræða þetta mál ítarlegar. En það eru nokkur atriði sem ég hlýt þó enn að benda á og mun ekki tala um málið í heild. Hér eru allar umræður slitnar í sundur þannig að ég man ekki einu sinni hvenær ég bað um orðið en ég vil þó nýta þennan tíma minn til þess að ræða við hæstv. menntmrh. um þann reginmisskilning sem er vaxtagreiðslur af námslánum. Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir að hann ætlar að láta menn borga vexti af framfærslulánum? Þetta er eins og kostnaður við greiðslukort sem menn nota til þess að kaupa í matinn, því miður. Menn eru ekki að fjárfesta í eigin eign þegar þeir taka námslán. Þeir eru að fjárfesta í menntuninni í landinu og það er með öllu fráleitt að krefjast lántökugjalds og vaxta af slíkum lánum. Það væri svona ámóta og félagsmálastofnanir í landinu tækju vexti af framfærslulánum. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta hlýtur hver einasti heilvita maður að sjá. Menn eru ekki að taka húsnæðislán eða lán til fjárfestingar. Þeir eru að taka lán til að hafa eitthvað að borða af því að þeir geta ekki unnið á meðan þeir eru að læra. Ég bið hæstv. ráðherra að íhuga þetta aðeins.

Það er auðvitað ekki námsmönnum að kenna hvernig komið er fyrir sjóðnum sem ég held raunar að sé mjög vel leysanlegt mál. Hvort tveggja var að fleiri námsmenn komu til sem þurftu á lánum að halda en fyrst og fremst það að ríkisstjórnir stóðu ekki við það að veita í sjóðinn það sem hann þurfti þangað til hann gerðist sjálfbjarga. Hefði það fengið að gerast værum við með fínasta námslánakerfi í veröldinni, ég leyfi mér að segja það. Það eru ekki nema örfá ár sem þarf til með skynsamlegum aðgerðum að gera sjóðinn sjálfbjarga og þá verður hann ekkert vandamál. Ég held því að sanngjarn maður eins og hæstv. menntmrh. hljóti að sjá þetta. Menn hafa talað hér um og lesið töflur um hvernig menn komist hjá að greiða af þessu, og ég hef séð þessar töflur og er með þær. Þar er talað um námsmann sem tekið hefur 1 millj. að láni, verið þrjú ár í námi, fjögur ár í námi, fimm ár í námi, einstakling með 2 millj. Þetta eru algjörlega óraunhæfar tölur. Það sem ég held að verði algengast eru hjón með tvisvar sinnum 3 millj.

Það vill nú svo til sem hið háa Alþingi virðist gleyma að gamli lánasjóðurinn, þ.e. eiginkonur landsins, eiginkonur námsmanna sem voru lánasjóður íslenskra námsmanna hér í eina tíð, eru farnar að læra líka vegna þess að nú eigum við Lánasjóð ísl. námsmanna og þar með er yfirleitt námsskuldin tvöföld því oft er það svo að fólk kynnist þar sem það vinnur og algengt er því að námsmenn giftist og kvænist hver öðrum og þar með eru þetta miklu hærri skuldir en hér er verið að tala um en ég býst við að hv. 9. þm. Reykv. hafi aflað sér nýrra talna um þetta í dag. Síðan hef ég bent á að með þessari greiðslubyrði eru slík hjón útilokuð frá húsnæðislánakerfinu. Og ég spyr: Hvað hefur fólk gert af sér að hafa lagt í það að stunda nám? Síðan er talað digurbarkalega um að nú skuli menn bara reyna að vinna svolítið með námi sem gerist æ örðugra. Það er kannski dálítið grátbroslegt að þess vegna stend ég hér núna að ræða mín komst ekki að í gær vegna þess að hv. þm. Stefán Guðmundsson óskaði eftir tveggja tíma umræðu um atvinnuleysi. Ég hygg að það geti orðið svo á komandi sumri að það verði ekkert auðhlaupið í vinnu þegar námsmenn koma út úr Háskólanum auk þess sem fleiri og fleiri deildir krefjast þess einfaldlega að menn séu við sitt nám og maður getur leitt hugann að þeim sem stunda nám erlendis að þeir eiga nú ekki auðvelt með að hlaupa til vinnu.

Ég ætla ekki að fara í fleiri atriði. Það er greinilegt að fleiri hafa tekið eftir því sem ég minntist á í upphafi umræðu um þetta mál sem var 20 ára aldurstakmarkið sem auðvitað verður að breyta, það er óhjákvæmilegt. Ég held að hæstv. ráðherra hafi tekið undir það í sinni ræðu og ýmis önnur atriði ræðu minnar og ég er ekkert að leggja það á ritara þingtíðinda að halda hér sömu ræðuna aftur og aftur. Ég hóf umræðu um þetta í utandagskrárumræðu 5. nóv. í vetur og talaði þá allítarlega fyrir þessu máli og hef ekki skipt um skoðun á því. Ég vona að hæstv. menntmrh. beri það traust, sem ég held að við séum öll tilbúin til að sýna honum, að málið fái að fara til nefndar. Ég treysti því að hæstv. ráðherra sé ekki að plata okkur því að við viljum auðvitað ekki greiða fyrir því að þetta mál gangi óbreytt til afgreiðslu. En í trausti þess að ráðherra hafi meint það og talað af heilum hug þegar hann sagði hér í einhverri ræðu sinni að hann væri tilbúinn til að skoða ýmis atriði málsins, þá skal ég ekki tefja hér tímann þó ég gæti haft margt að segja og skal ljúka nú máli mínu. En ég endurtek, í trausti þess að hæstv. ráðherra sé nú tilbúinn til þess að setjast niður með námsmönnum, fulltrúum þeirra hvar í flokki sem þeir standa, og lagfæra frv. því að mér er fullkunnugt um að allir námsmenn við Háskóla Íslands eru tilbúnir til að setjast niður og reyna að leysa vanda sjóðsins í góðu samráði við hæstv. ráðherra ef þeim verður sýnt það traust.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur nú verið til umfjöllunar hér í þinginu í rúma viku. Mjög margir þingmenn hafa látið í ljós skoðun sína á þeim breytingum á starfsemi lánasjóðsins sem lagðar eru til í frv. Þessi umræða hefur verið gagnleg og málefnaleg. Það hefur og komið glöggt fram að skoðanir manna eru skiptar um þetta mikilvæga mál. Eitt hygg ég þó að allir séu sammála um. Það er aðgerða þörf í starfsemi sjóðsins til að tryggja tilvist hans í framtíðinni. Um þetta eru menn ekki bara sammála hér á Alþingi heldur einnig námsmennirnir sjálfir sem eiga beinna hagsmuna að gæta, svo og almenningur í landinu.

Hver er hann svo, þessi vandi sem allir eru að tala um? Hann er fólginn í því að á liðnum árum hafa ríkisstjórnir Íslands ekki verið reiðubúnar að leggja sjóðnum til þá fjármuni sem hann hefur þurft til starfsemi sinnar á hverjum tíma, heldur hefur hann orðið að taka lán til að brúa bilið og standa við skuldbindingar sínar gagnvart námsmönnum. Það segir sig sjálft að þegar svo er komið að um 55% af ráðstöfunarfé sjóðsins er tekið að láni, þá er hætta á ferðum og ef haldið verður áfram á sömu braut endar það aðeins á einn veg, þ.e. sjóðurinn verður gjaldþrota. Þetta er ástæðan fyrir erfiðleikum sjóðsins sem er engin ný bóla heldur vandi sem menn hafa lengi ýtt á undan sér og skotið sér undan að leysa.

Á undanförnum árum hefur námsmönnum fjölgað sem er út af fyrir sig mikið gleðiefni en að sama skapi hefur lánþegum Lánasjóðs ísl. námsmanna fjölgað jafnt og þétt. Sú spurning vaknar við að skoða málefni lánasjóðsins hvort öll þessi lán séu tekin af þörf. Ég hygg að málið horfi einfaldlega svo að það taka nánast allir námslán hvort sem þeir hafa þörf fyrir þau eða ekki vegna þess að lánin eru svo hagstæð. Það er engin hvatning í þessu kerfi til að taka ekki lán. Stór hluti lánanna er í raun styrkir vegna endurgreiðslureglna og þess að þau bera ekki vexti. Þeir sem taka hæstu lánin fá mestu styrkina. Ég hef raunar lengi talið að athuga bæri að koma upp styrkjakerfi samhliða námslánum.

Að lokinni þessari 1. umr. fær menntmn. frv. til umfjöllunar. Mér þykir líklegt að frv. eigi eftir að taka

einhverjum breytingum í meðferð nefndarinnar. Það er a.m.k. ljóst að mikil vinna er fram undan í þessu mikilvæga máli sem snertir hverja einustu fjölskyldu í landinu.

Það hefur verið deilt á ríkisstjórn og menntmrh. í umræðum um lánasjóðinn utan þings og innan. Ýmsir hafa haldið því fram að vegið væri að jafnrétti til náms. Þá finnst mér hátt reitt til höggs því að meginmarkmið frv. er í raun að koma sjóðnum til bjargar, að tryggja áfram jafnrétti til náms og styðja við menntun í landinu sem enginn deilir lengur um að er besta fjárfesting í framtíðinni sem til er í nútímaþjóðfélagi.

Finnur Ingólfsson:

Þingforseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs vegna þeirra umræðna sem nú hafa farið fram, vegna orða hv. 10. þm. Reykn. og 1. þm. Vesturl.

Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Vesturl., Sturlu Böðvarssyni, að það er afskaplega mikilvægt í þessari stöðu að 3. gr. frv. verði lagfærð þannig að það sé ljóst að það eigi að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur. Þar þarf að skilgreina hverjar þessar aðstæður eru, t.d. tekjur, búseta og fjölskyldustærð. Verði það ekki gert býður greinin upp á það eins og hún er hér orðuð að það verði hætt að taka tillit til allra þessara aðstæðna þegar stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um hverjum skuli lánað.

Þá kem ég að því að mér fannst gæta mikils misskilnings í orðum hv. 10. þm. Reykn. þegar hún sagði að það tækju auðvitað allir lán af því að lánin væru svo hagstæð. Það eru hins vegar þær fyrirstöður í lögunum í dag og í útlánareglunum að það fá ekki allir lán. Það er tekið tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur og þess vegna fá ekki allir lán. Verði 3. gr. hins vegar ekki breytt og það skilgreint hverjar aðstæður námsmanna eru, þá geta allir farið að taka lán. Og vextirnir sem eru 3% munu auðvitað engu stjórna um það hverjir taka lánin og hverjir ekki vegna þess að allir munu taka lán ef vextirnir verða 3% og allir geta fengið lán vegna þess að þeir geta ávaxtað það lán sem þeir fá úr lánasjóðnum miklu betur annars staðar og taka þess vegna lán þó þeir þurfi ekki á þeim að halda. Þannig að þetta er atriði sem verður að skilgreina.

Mér finnst að menntmrh. þurfi að svara þeirri spurningu, og það bið ég hann um að gera, hvers vegna er verið að setja 3% vexti á námslánin? Og hvernig lítur hann á og hefur hann litið á að hafi verið tilgangurinn með vaxtaleysi námslánanna eins og þau hafa verið? Ég tel að það hafi verið skilningur manna á því að vaxtaleysi lánanna væri til komið vegna þess að menn litu svo á að það væri framlag ríkisvaldsins til menntunar í þjóðfélaginu og þess vegna bæru þessi lán ekki vexti. Ætli menn hins vegar nú að stíga það skref að leggja vexti á námslánin þá er það alveg ljóst að það er bara verið að stíga fyrsta skrefið með 3% vöxtum. Það mun síðan smátt og smátt hækka þegar ríkisstjórn og menntamálaráðherra á hverjum tíma treystir sér ekki til að standa við það ríkisframlag sem upphaflega átti að vera stór hluti af því sem lánasjóðurinn gat vænst frá ríkinu.

Ég heyrði reyndar ekki svar hæstv. menntmrh. við þeirri fyrirspurn minni hér við umræðuna fyrr hver væri hans afstaða til þess að hafa annað endurgreiðslufyrirkomulag á lánum til þeirra sem hafa notið aðstoðar lánasjóðsins og ekki koma heim frá námi. Ef svo er litið á að vaxtaleysi námslánanna sé framlag ríkisins til menntunar í þjóðfélaginu sem síðar muni endurgreiðast með aukinni þekkingu sem kemur inn í samfélagið með námsmönnum, þá get ég verið menntmrh. sammála og þá finnst mér vera eðlilegt að námsmenn eða þeir sem ljúka námi og hafa fengið aðstoð sjóðsins til þess en koma ekki heim og skila þar af leiðandi engu inn í íslenskt þjóðarbú, hvorki í sköttum né aukinni þekkingu, greiði vexti á sín lán og greiði þau jafnvel hraðar til baka því ef þeir gera það ekki og menn líta á vextina sem framlag ríkisins til menntunar, þá er auðvitað hægt að líta á vaxtaleysi á lánunum til þessara manna í raun og veru sem útflutningsbætur Íslendinga með námsmönnum erlendis og það er auðvitað það sem við ætlum ekki að gera.

En ég ítreka það og tek hér undir hvert einasta orð sem hv. 1. þm. Vesturl. talaði hér um. Það sem þarf að skoða er 3. gr. um aðstæðurnar, það eru vextirnir á lánin og það er iðnmenntunin sem í raun og veru er verið að kippa fótunum undan í fjölbrautaskólunum og stuðningi almennt við iðnmenntun í landinu ef menn ætla að taka hana út úr aðstoð sjóðsins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Þessi umræða um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur staðið alllengi hér á þingi og þarf kannski engan að undra það því að hér er slíkt stórmál á ferðinni að það þarf auðvitað mjög ítarlega umræðu. Ég ímynda mér að það séu margir þingmenn sem vilji láta þetta mál til sín taka áður en það fer í nefnd því að þar eru aðeins níu þingmenn sem um það fjalla.

Hér hefur mikið verið talað um vanda Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ráðherra og talsmenn ríkisstjórnarinnar almennt hafa gert mikið úr þessum vanda og sagt að verði hann ekki leystur með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv. þá muni sjóðurinn verða gjaldþrota áður en yfir lýkur og þá verði ekki hægt að tryggja neitt jafnrétti til náms vegna þess að peningarnir verða ekki til. Þetta er það sem margir hafa talað um sem fortíðarvanda og ætla ég að leyfa mér að nota það hugtak þó að það fari hugsanlega fyrir brjóstið á einhverjum þingmönnum.

Þessi svokallaði fortíðarvandi felst í lántökum lánasjóðsins á undangengnum árum, lántökum sem sjóðurinn hefur farið út í vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki séð honum fyrir þeim fjárframlögum sem þurfti miðað við úthlutunarreglur sjóðsins. Það segir sig auðvitað sjálft, og það hefðu menn mátt vita þegar farið var út í þessar lántökur, að þetta hlaut að enda illa. Um margra ára bil hefur Lánasjóður ísl. námsmanna verið að taka lán á markaðsvöxtum og endurlána þessa peninga vaxtalaust. Ég vil minna á það að árlega varaði Kristín Halldórsdóttir, sem þá var þingkona Kvennalistans, við því að þetta væri gert. Árlega við

afgreiðslu fjárlaga varaði hún við því hér á Alþingi að þetta væri gert og benti á að þetta hlyti að fara illa. Ég held að hún hafi gert þetta öll þau ár sem hún sat á Alþingi.

Vegna þess vanda sem talað er um varðandi lánasjóðinn og kallaður er fortíðarvandi langar mig aðeins að fara aftur í tímann, til áranna 1974–1976, og rifja upp þegar umræða átti sér stað hjá námsmönnum og hér á Alþingi um nýja tilhögun námslána, þegar vísitölutryggingu námslána var komið á hér á Alþingi. Þá stóð auðvitað mikill styrr um það mál vegna þess að námsmannahópurinn, sem hafði verið í námi á undan okkur sem þá vorum að byrja háskólanám, hafði fengið námslán á að því er mig minnir 5% vöxtum og þau lán voru ekki vísitölutryggð og þau brunnu að sjálfsögðu upp í verðbólgunni á þeim árum. Þá var okkur sagt að þarna væri fortíðarvandi á ferðinni og við yrðum að taka þetta á okkur. Við yrðum að sæta því að fá lán með öðrum kjörum og við yrðum að sæta því að greiða okkar lán að fullu til baka. Auðvitað voru menn misánægðir með það en þetta var gert og við trúðum því þá staðfastlega að við værum að fallast á það að greiða lánin okkar til baka, hverja einustu krónu, flest hver, vegna þess að þetta var vísitölutryggt og við ætluðum að greiða aftur það sem við höfðum fengið að láni. Þá óraði okkur auðvitað ekki fyrir því að farið yrði með sjóðinn eins og gert hefur verið. Okkur óraði ekki fyrir því að það yrðu tekin lán til þess að fjármagna sjóðinn á markaðsvöxtum. Það var enginn sem orðaði það. (**ÓÞÞ:** Á hvaða vöxtum var gert ráð fyrir að slík lán yrðu tekin?) Það var ekki gert ráð fyrir yfirleitt að það væru lántökur sem fjármögnuðu sjóðinn heldur framlög frá ríkinu. (**ÓÞÞ:** Þetta er rugl hjá ræðumanni.) Þú kemur þá hér upp og rekur það eins og þú kannt þá sögu, ég rek hana eins og ég kann hana frá námsmannahlið á þessum árum.

Vandi lánasjóðsins, þessi svokallaði fortíðarvandi, sem mér finnst oft talað um hér sem vanda bara Lánasjóðs ísl. námsmanna og vanda námsmanna, er miklu frekar almennur útgjaldavandi ríkissjóðs sem við er að etja. Það var ekkert sjálfgefið að Lánasjóður ísl. námsmanna yrði fjármagnaður með lántökum en ekki einhver önnur starfsemi hins opinbera, þ.e. ríkisins. Það er ekkert sjálfgefið að lánasjóðurinn yrði einhvers konar afgangsstærð og menn segðu: Nú höfum við sett fjármagn í þessa þjónustu og hina og nú eigum við ekki meiri peninga til, nú verðum við að taka lán. Þetta er auðvitað almennur útgjaldavandi ríkissjóðs og verður að líta á hann sem slíkan.

Hér hefur verið rætt um það að varðveita jafnrétti til náms með því að breyta lánasjóðnum og það hefur verið orðað m.a. að námsmenn verði að eiga aðgang að þessum fjármunum. Það verði að tryggja það að þeir eigi aðgang að þessum fjármunum. Menn hafa jafnvel sagt það á fundum, ekki hér inni á Alþingi, heldur úti í bæ, að það þurfi að reyna að komast hjá því að takmarka aðganginn í gegnum úthlutunarreglur, þá eigi menn bara að ákveða það sjálfir hvað þeir vilja taka í lán vegna þess að þeir greiða af þessu vexti. Mér finnst þetta vera dæmigerður íslenskur peningamórall, þ.e. það þarf að tryggja aðganginn að peningum og svo á það að ráðast hvernig gengur að borga af lánum, hvernig gengur að láta enda ná saman síðar meir. Þetta er þessi dæmigerði íslenski mórall. Mér finnst miklu réttara að takmarka aðganginn að peningunum með einhverjum hætti eins og námsmenn leggja reyndar sjálfir til, þeir leggja til að það verði reynt að skera niður í gegnum úthlutunarreglurnar og mér finnst miklu nær að fara þá leið, þó að ég viti líka og viti vel að það mun ekki skila því sem ráðherra hefur talað um að frv. til laga um lánasjóðinn þurfi að skila.

Ég vil segja það að ég er í grundvallaratriðum andsnúin þessu frv. sem liggur fyrir. Ég held að ef svo illa fer að þetta frv. fari hér í gegnum Alþingi svo til óbreytt þá séum við hér á Íslandi komin með versta námslánakerfi á Norðurlöndum. Þá erum við komin hér með kerfi sem styrkir námsfólk ekki með svo mikið sem einni krónu. Ég veit að reiknimeistarar ráðuneytisins líta á málið allt öðrum augum. Í grg. með frv. reikna þeir nefnilega með að stuðningur ríkisins við námsmenn muni nema 1 milljarði á ári hverju og þeir reikna það þannig út að sjóðurinn þurfi að taka lán, fjármagna sig með lánum á markaðsvöxtum og endurlána síðan með 3% vöxtum. Mismunurinn þar á sé stuðningur við námsmenn. Vaxtaleysið á námstímanum sé líka stuðningur við námsmenn. Afsláttur á lántökugjaldi sé stuðningur við námsmenn. Þannig reikna þeir sér út 1 milljarð í stuðning við námsmenn á ári hverju. En ég segi, þeir eru ekki studdir með svo mikið sem einni krónu í gegnum þetta frv. Í rauninni þurfa námsmenn að greiða fyrir aðgang sinn að menntun með þessu kerfi.

Í fyrsta lagi, og það kemur kannski ekki lánasjóðsfrumvarpinu við, þurfa þeir að greiða fyrir aðgang að menntun í formi skólagjalda sem nú eru komin á á háskólastigi og eru um 19.000 kr., það er bein greiðsla fyrir aðgang að námi, og þeir þurfa að greiða meðan á námstíma stendur lántökugjald sem á að vera 1,2% samkvæmt frv. Það er í rauninni greiðsla fyrir að fá þetta fé að láni á meðan á náminu stendur og það er greiðsla fyrir aðganginn að menntuninni. Eftir að námi er lokið eru greiðslurnar fyrir þennan aðgang, sem þeir fengu kannski í þrjú ár, kannski sex ár, í formi vaxta og það er jafnvel ævina á enda sem fólk á að greiða fyrir aðgang að menntun í þrjú til fimm ár meðan það var á þrítugsaldrinum. Því það eru auðvitað reiknuð út dæmi í þessu frv. sem eru alveg með ólíkindum sem sýna okkur það að fólk sem komið er á ellilífeyrisaldur er enn að greiða til ríkisins og það er jafnvel ekki farið að greiða af höfuðstólnum, það er að greiða vexti enn þá og hefur jafnvel ekki tekist að höggva neitt í höfuðstólinn.

Ég var að tala um aðganginn að menntun og ef við lítum á einstæða móður í námi með eitt barn, og þá er ég auðvitað að miða við úthlutunarreglurnar sem eru í dag og það er engin trygging fyrir því að þær haldi, það getur vel verið að þær verði allt aðrar ef þetta frv. verður að veruleika, slík kona greiðir í skólagjald meðan á námi stendur 17.000–19.000 kr., það fer eftir því hvernig á það er litið, hún greiðir í lántökugjald á

hverju ári af námsláni um 7.800 kr., þannig að þetta eru tæp 25.000 sem hún greiðir á vetri fyrir aðganginn að náminu í þau þrjú ár sem hún er í námi og þá er ég að miða við þriggja ára háskólanám. Þegar námi lýkur þarf hún að greiða árlega um 60.000 kr. í það sem ég kalla eftirágreitt aðgangsgjald í formi vaxta. Vextirnir eru auðvitað ekkert annað en leiga sem hún þarf að greiða vegna námslánsins.

Ég vék hér áðan að því hvernig ráðuneytið fer að því að reikna sér til styrks til námsmanna, 1–1,2 milljarða í frv. og þá vil ég geta þess að þarna er ríkið í rauninni að reikna sér fórnarkostnað vegna þess að það getur ekki ávaxtað sitt fé á áþreifanlegan og handfastan máta á fullum markaðsvöxtum. Það er þessi fórnarkostnaður sem talinn er styrkur við námsmennina. Það er hægt að meðhöndla allar opinberar fjárveitingar á þennan sama máta, það er hægt að taka fjárveitinguna til Háskóla Íslands og reikna sér út hvaða fórnarkostnaður það er að þessir peningar skuli ekki vera ávaxtaðir á markaði. Það er hægt að taka fé til rannsókna, til sjúkrahúsa, til grunnskólans, til vegaframkvæmda o.s.frv. Það er hægt að fara svona með allt opinbert fé og sjá hver er fórnarkostnaðurinn vegna þess að peningarnir gefa ekki arðsemi beinharða og útreiknanlega, því auðvitað er mikil arðsemi af námi, en það er kannski ekki hægt að reikna hana út í krónum og aurum og ekki heldur í prósentum.

Hugmyndin um vexti er sú hugmynd sem ég set mig hvað mest upp á móti í þessu frv., mér finnst hún fráleit, því vextirnir koma þyngst niður á þeim tekjulægstu, þ.e. þeim sem þurfa að hafa peningana lengst að láni. Þeir þurfa að greiða mest í vexti. Við getum litið á dæmið sem ég var með áðan um einstæða móður sem er í hjúkrunarfræði. Hún tekur í lán á þriggja ára tímabili miðað við óbreyttar úthlutunarreglur um 1,9 millj. kr. Þegar þessi kona er 67 ára hefur hún greitt 2,5 millj. kr. í vexti frá því hún var 25 ára gömul eða svo og hún hefur greitt 500 þús. í afborganir af höfuðstól. Eftirstöðvarnar af láninu sem var upp á 1,9 millj. er 1,4 millj. 72% af höfuðstólnum stendur enn eftir og samt hefur hún í öll þessi ár greitt 8% af tekjum sínum samviskusamlega til ríkisins fyrir það að hafa verið þrjú ár í námi. Það sem er auðvitað athyglisverðast við þetta dæmi er vaxtaþátturinn, þ.e. 2,5 millj. kr. í vexti sem hún hefur greitt af þessum peningum.

Við getum svo tekið annað dæmi af manneskju sem er barnlaus og er í verkfræði sem er nám sem gefur meira í aðra hönd. Hún tekur í fjögurra ára námi 1,7 millj. kr. í lán. Þegar sú manneskja er 40 ára er hún búin að borga upp höfuðstólinn, hún er sem sagt orðin laus af þessum klafa, en hún hefur á þessu tímabili greitt 550 þús. í vexti af nánast sömu upphæð. Á þessu sést auðvitað þessi reginmunur og hvað vaxtaálagið kemur miklu harðar niður á þeim sem eru tekjulægri að námi loknu og þurfa að hafa peningana lengur að láni.

Þessi síðari manneskja sem ég talaði hér um er 12–16 ár að greiða niður lánið og hefur ekki náð að greiða 8% af tekjum sínum til ríkisins en hin hefur alltaf gert það.

Mér finnst sem sagt mjög óeðlilegt að námslán beri vexti, ekki síst vegna þess að þetta eru ekki fjárfestingarlán, heldur eru þetta framfærslulán. Ég þekki það ekki annars staðar frá að framfærslulán beri vexti. Það er auðvitað hægt að takmarka aðganginn að þeim lánum með ýmsum hætti. Ég vil bara benda á það fyrst við erum að tala um framfærslulán að þau eru auðvitað veitt í dag að vissu marki í gegnum félagsmálastofnanir sveitarfélaganna. Það eru ekki allir sem hafa aðgang að þeim peningum eins og þeim sjálfum sýnist. Það eru ákveðnar reglur þar um. Þannig þarf það auðvitað að vera hjá lánsjóðnum og er þannig.

Menn hafa gjarnan vísað til þess að á hinum Norðurlöndunum öllum séu vextir á námslánum. Þetta er alveg rétt. Þar eru alls staðar vextir á námslánum, reyndar misháir og sums staðar jafnvel hærri raunvextir en hér er verið að gera ráð fyrir. En þá verðum við að hafa það í huga að alls staðar eru vextirnir á námslánum tengdir styrkjakerfi sem allir námsmenn eiga aðgang að. Og þar eiga námsmenn val um það hvort þeir taka bara styrk, sem er takmarkaður og reyna að komast af með hann og vinna síðan hugsanlega einhverja hlutavinnu með námi og taka þá ekki meira og lifa spart, eða hvort þeir vilja reyna að komast hjá því að vinna með námi og taka styrk og lán að auki, en þá eru þeir auðvitað að hnýta sér ákveðna ól að námi loknu og þeir eru meðvitaðir um það. Það er ekki gert ráð fyrir neinu slíku í þessu frv. sem hér liggur fyrir. Menn hafa hins vegar talað hér um einhvers konar styrkjakerfi og vísað þar til Vísindasjóðs og sagt að þar ætti að koma á einhverjum styrkjum. En mér finnst það alveg óviðunandi og algjörlega óábyrgt að tala um eitthvert styrkjakerfi, hugsanlega hjá Vísindasjóði, sem muni mæta þörfum margra námsmanna án þess að leggja það þá fyrir Alþingi með hvaða hætti það á að vera. Þetta tvennt verður að haldast í hendur. Ef menn eru að tala um það í einhverri einlægni og einhverri alvöru að koma hér á einhvers konar styrkjakerfi þá verður það að liggja fyrir Alþingi samhliða þessu frv. um námslán. Það er ekki hægt að taka þetta tal alvarlega nema þetta sé gert.

Ég var að tala um norræna kerfið og ég vil benda á það að ef við hefðum danska kerfið þá hefði íslenska ríkið þurft að greiða á árinu 1988–1989 rúman milljarð í styrk til námsmanna, þetta er auðvitað afrúnnuð tala, en það hefði bara verið beint framlag til námsmanna í formi styrkja. Þar að auki hefði ríkið auðvitað þurft að brúa þarna bil vegna þess að í danska kerfinu eru, ef ég man rétt, námslánin vaxtalaus á meðan á námi stendur, þannig að þar er ákveðið bil sem þyrfti líka að brúa og þyrfti þá að gerast með framlögum úr ríkissjóði. Ég get því ekki séð kostina þegar menn eru að vísa í þetta danska kerfi því ef þeir vildu hafa það að fyrirmynd mundi það þýða aukin útgjöld fyrir ríkissjóð frá því sem þetta frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir.

Ég hef talað hér mikið um vexti en það er fleira sem ég er ósátt við í þessu frv. Ég hef reyndar bent á það hér fyrr að ég tel að sú tilhögun á skuldabréfi sem gert er ráð fyrir í frv. orki mjög tvímælis, þ.e. að sam-

eina námslánið allt, að safna því upp og sameina það allt á eitt skuldabréf sem tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn eigi síðan að standa í ábyrgð fyrir að lokum. Ég held það geti skapað námsmönnum talsverðan vanda að fá slíka sjálfskuldarábyrgðarmenn. Þeir geta hugsanlega fengið einn, þ.e. annað hvort foreldri sitt, en að fá hinn sjálfskuldarábyrgðarmanninn hlýtur að reynast mörgum þeirra mjög erfitt. Ég veit það bara nú þegar í dag með það námslánakerfi sem við höfum, sem er þó ekki með vöxtum heldur einungis vísitölutryggt, reynist þetta mörgum erfitt því það er ekkert gaman að fara jafnvel til óskyldra aðila og biðja þá að skrifa undir hundruðir þúsunda ef ekki milljónir. Þess vegna held ég að það væri ráð að gefa fólki kost á því að hafa bara eitt skuldabréf fyrir hvert ár, fyrir hvert námsár, og þessi skuldabréf verði ekki sameinuð.

Þá vil ég líka nefna 20 ára aldurstakmarkið sem gert er ráð fyrir í frv. Það hefur reyndar verið kynnt þannig að þarna væri um eitthvert réttlætismál að ræða að fólk eða námsmenn sem sætu hlið við hlið í sama skóla ættu ekki að una því að annar ætti kost á námsláni en hinn ekki, þ.e. sá sem væri á bóknámsbraut ætti ekki kost en hinn sem væri á verknámsbraut gæti fengið námslán. Ég get ekki séð að það sé eitthvert sérstakt réttlætismál í því sambandi að svipta þann sem nú hefur rétt á námsláni og er í verknámi þeim rétti. Þeir sem eru í verknámi eru að sækja sér starfsmenntun, þeir eru í sérnámi sem gefur þeim ákveðna starfsmöguleika þegar þeir koma út á vinnumarkað og reynslan sýnir okkur að þetta er fólk sem kemur fljótt út í atvinnulífið, hefur tekið lán í stuttan tíma og greiðir það mjög hratt upp, þannig að þetta er ekki vandamál að því leytinu til. Þarna væri heldur ekki um sparnað að ræða heldur einungis frestun vegna þess að sumt af þessu fólki tekur það námslán sem það þarf á að halda á þessum árum, jafnvel frá 18 ára aldri til 20 eða 21 árs og síðan ekki söguna meir. Ef þetta fólk ætti ekki kost á námsláni þá mundi það væntanlega fresta þessu námi og koma síðar út í atvinnulífið með sína starfsmenntun. Það mundi fresta náminu og taka lánið síðar þannig að þetta er ekki sparnaður fyrir ríkið.

Þá vil ég nefna 8% hlutfall af tekjum sem endurgreiðsluhlutfall. Mér finnst það of hátt og ekki síst fyrir hina tekjulægri. Ég vil nefna hér dæmi af hjónum sem hafa verið í námi, annað í hjúkrunarfræði og hitt varð framhaldsskólakennari að námi loknu. Við getum gefið okkur það að við 40 ára aldur, ef við tökum bara dæmin og tölurnar úr frv., hefðu þessi hjón 2,1 millj. í árstekjur. Af þessum tekjum, hafi þau tekið námslán bæði, bara sem einstaklingar — það skiptir reyndar ekki máli hvort þau hafa tekið lán sem einstaklingar eða með framfærslu á sínum snærum — ættu þau að greiða 30% í skatt, 8% í námslán og þau þyrftu væntanlega að greiða svona um 25% af tekjunum sínum í húsnæðiskostnað. Eftirstöðvarnar hjá þessum hjónum væru, að gefnum þessum tekjum sem ég nefndi í upphafi, um 66.000 kr. á mánuði sem ættu þá að fara í fæði, klæði, rafmagn, ljós, hita, rekstur á bíl, barnagæslu o.s.frv. Það segir sig náttúrlega sjálft að þetta eru ekki upphæðir sem auðvelt er að lifa af.

Að lokum, hæstv. forseti, áður en ég fer héðan úr pontu þá finnst mér mjög mikilvægt að fá einhver svör við því frá menntmrh. hvernig hann sér fyrir sér það félagslega tillit sem tryggt er með óyggjandi hætti í núgildandi lögum en á að taka út úr lögunum samkvæmt þessu frv. og sem jafnframt er tryggt í úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Nú er ekkert sem segir að það sé ekki hægt að viðhalda því tilliti í gegnum úthlutunarreglurnar þó að ekki sé skýrt kveðið á um það í lögunum þó auðvitað væri miklu æskilegra að námsmenn þekktu sinn rétt í því efni, að þeir vissu að það ætti að taka félagslegt tillit og lögin kvæðu á um það. En spurningin er sú hvernig úthlutunarreglurnar verða og hvernig ráðherra sér það fyrir sér. Ég hef fulla ástæðu til að óttast um þetta mál ekki síst vegna þess sem haft hefur verið eftir, og reyndar hæstv. utanrrh. hefur sagt á fundi með námsmönnum að það sé hans skoðun að það eigi að taka þetta félagslega tillit út úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Það séu önnur kerfi í landinu sem styðji fjölskyldur, styðji við bakið á fjölskyldum og barnafólki. (Gripið fram í.) Nei, hæstv. utanrrh. sagði þetta. Þess vegna ber ég ákveðinn ugg í brjósti yfir þessu máli vegna þess að hann er formaður hins stjórnarflokksins og ég vænti þess að hann hafi eitthvað um það að segja hvað út úr þessari vinnu kemur.

Mér finnst mjög mikilvægt að námsmenn fái einhver svör við því hvort þetta félagslega tillit verði tryggt áfram í úthlutunarreglunum. Þetta er sérstaklega mikilvægt, og ég nefni það af því að ég hef oft talað hér um einstæðar mæður, þetta er sérstaklega mikilvægt vegna þeirra. Námslánakerfið eins og það er í dag hefur gert mjög mörgum þeirra kleift að mennta sig og það hefur að mörgu leyti gert það fýsilegt fyrir þær að fara í nám. Konur sem eru einar og með börn á framfæri hafa haft ekki minna á milli handanna í námi heldur en ef þær væru á lágum launum á vinnumarkaði og þetta hefur auðvitað gefið þeim kost að mennta sig til starfa sem seinna meir gerir þær kannski enn betur sjálfbjarga, þannig að þetta er mjög mikilvægur þáttur. Fyrir utan það að ég held að sem námsmenn, sem eru ekki alveg bundnir á klafa vinnumarkaðarins eins og svo margt fólk er og margar einstæðar mæður, eigi þær meiri kost á að vera með og sinna börnum sínum en ef þær væru á vinnumarkaði. Þannig að þetta er mjög mikilvægt atriði og nauðsynlegt að fá svar við því. Ég legg áherslu á það að fá svar við þessu og eins varðandi styrkjakerfið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegur forseti. Ég vildi flytja hér nokkrar athugasemdir við síaukna umræðu um fortíðarvanda og loforð um að lánasjóðurinn ætti aldrei að taka lán. Mér kemur það mjög á óvart ef löggjafarsamkoma íslenskrar þjóðar hefur gefið slíkt loforð. Ég veit ekki hvenær það hefur verið og hvar það er að finna í þingskjölum. Og hafi verið að semja út í bæ þá vildi ég gjarnan vita hverjir hafa það vald að þeir séu orðnir prókúruhafar fyrir Alþingi Íslendinga til að afgreiða

lagatexta. Það er náttúrlega alveg út úr kortinu að halda því fram að fyrri kynslóðir hafi átt að leggja af ríkisins fé inn í þennan sjóð alla þá fjárhæð sem sjóðurinn hafði þörf fyrir hverju sinni, vitandi það að búið var að setja inn ákvæði um endurgreiðslur bundnar vísitölu. Það hefði aldeilis verið uppsöfnun á fjármunum sem hefði orðið í sjóðnum ef þetta hefði verið gert. Ég veit ekki hvaða nafn menn hefðu haft yfir það fyrirbrigði ef þannig hefði verið staðið að málum. Og hvers vegna átti sú kynslóð bæði að kosta sjálfa sig til náms og einnig að sjá um það að skilja eftir milljarða, tugi milljarða fyrir þá næstu? Á hverju byggist það réttlæti?

Það er orðið dálítið þreytandi að hlusta á það að menn tala alltaf um þær skuldir sem Íslendingar búi við á efnahagsreikningnum. Það er aldrei talað um eignirnar sem eru á móti. Eignirnar sem fyrrverandi kynslóðir hafa verið að skilja eftir sem arf handa þeim sem taka við. Er svo komið að stærilætið sé slíkt að ef menn fengju hús að arfi með 100 þús. kr. í skuld, þá neituðu þeir að taka við því nema það væri fyrst gengið frá þessu láni? Eru það viðhorfin sem hafa tekið yfir?

Ég man ekki eftir því þegar þessi mál voru tekin fyrir á þeim tíma sem ég hef setið á þingi, 1982 var þetta mál til umræðu og afgreiðslu hér, ég man ekki annað en það hafi verið fullur skilningur á því að þessi sjóður þyrfti að taka lán, m.a. vegna þess að það er hárrétt sem fram hefur komið að það voru sett inn þung ákvæði um endurgreiðslur, vegna þess að vísitölubinding er þung ákvæði. Og þá ætla ég að víkja að hinu atriðinu.

Það þýðir ekkert að segja að í Danmörku séu vextir svona og svona miklir og segja að á Íslandi séu engir vextir. Það er algjörlega út úr kortinu. Er ekki verðbólga í Danmörku? Hefur þar verið alveg kyrrstætt verðlag? Ekki kannast ég nú við það. Það hefur ekki verið sama verðbólga og hér en hún hefur örugglega verið meiri en 4%. Hverjar hafa orðið hækkanirnar á lánunum hér á landi? Það er ekki svo lítið sem þau hafa hækkað vegna vísitölubindingarinnar. Og vísitölubindingin er harður húsbóndi ef það er skoðað. Vísitölubindingin tekur allt með. Bifreiðaskoðun Íslands hf. hefur aukið skuldir landsmanna, þeirra sem skulda og eru með vísitölutryggð lán, svo einfalt er það mál. Það er allt tekið inn.

Ég held þess vegna að þegar það er skoðað hver styrkurinn er á Norðurlöndum, hverjir vextirnir eru og miðað við að þá er verið að tala um óverðtryggð lán, þá komi það í ljós að þar eru í reynd engir vextir. Þar eru í reynd engir vextir. Þessar fjárhæðir, styrkurinn og verðbólgan þar koma algjörlega á móti þessum vaxtagreiðslum.

Hæstv. ráðherra ætti auðveldan leik að labba til námsmanna og segja: Gott og vel nú tökum við vísitöluna af og bjóðum ykkur danska kerfið, 4% vexti og 9,5% eftir að þið hafið lokið námi. Það væru þá eitthvað skrýtnir menn í Háskólanum ef þeir hefðu ekki vit á að skrifa undir strax og fá styrkina að sjálfsögðu líka. Það þýðir ekkert að halda því fram að það sé eitthvert aukaatriði í þessu og eigi ekki að ræða það í samhengi að vísitölubindingin er komin á. Hún er ekki erlendis og það er verðbólga í þessum löndum.

Þegar menn hafa verið að skoða hvað vísitölubindingin þýðir þá deilir vísitölukrónan við japanska jenið sem sterkasti gjaldmiðill í heimi, hvorki meira né minna. Hún kemur næst á eftir japanska jeninu sem sterkasti gjaldmiðill í heimi. Það er sko ekki nein ruslkróna sem verið er að skila til baka.

Ég held þess vegna að þessi samanburður eins og hann hefur verið settur upp sé greinilega út í hött. Og ég vil líka bæta því við að mér leiðist að heyra þá umræðu sem hér hefur dunið að Lánasjóður ísl. námsmanna hafi verið sparifé eiginkvenna þeirra. Mér er ljóst að margar konur studdu sína námsmenn. En ætli þeir sem vilja nú vera heiðarlegir viti það ekki líka að foreldrar studdu sína námsmenn? Og er það ekki það sem verið er að ræða hér? Er ekki verið að tala um það að jafnréttið til náms hrynji ef lánasjóðurinn fari út vegna þess að þá verði þeir eignaminni ekki í aðstöðu til að stunda nám? Ef þetta væri svo einfalt að þetta væri bara spurning um giftingu þá mundu þeir sennilega ná sér í eina tælenska strax og fara svo bara í háskólann og gera hana út. Ég held að þó menn vilji blanda einhverri baráttupólitík á milli kynjanna inn í þetta þá held ég að það sé sanngjarnara og heiðarlegra að horfa á þetta þeim augum af hreinskilni að hvort heldur sem það eru stúlkur eða drengir sem búa við það að þurfa að berjast áfram á eigin kröftum án stuðnings sinna foreldra, þá geta þau það ekki ef lánasjóðurinn er ekki til staðar. Og þá á ég við lánasjóð sem er þjóðfélagslegt jöfnunartæki.

Ég vil halda því fram, og segi það enn og aftur og það hefur komið hér fram einnig hjá hv. 14. þm. Reykv. mjög ákveðið: Lánasjóður ísl. námsmanna á fyrir skuldum, það vita allir. En hann á ekki fyrir þeirri ævintýrasiglingu ef menn halda áfram að halda uppi jafnháum vöxtum og verið hafa í landinu og menn halda áfram að líta svo á að það sé hæpið að leggja fjármagn á fjárlögum til sjóðsins í eðlilegu hlutfalli. Mér finnst nefnilega að þessir fórnarútreikningar sem hér er verið að tala um það stórmerkilegasta sem er í þessu frv. sem upplýsingar um andlega líðan þeirra sem sömdu þetta. Það er eins og þeim hafi sumum hverjum liðið álíka illa og Abraham þegar hann fór með einkasoninn og ætlaði að fórna honum. Þeir hafi séð eftir hverri krónu sem hefur farið til þessara hluta miðað við það að koma þessu einhvers staðar á framfæri erlendis í bönkum. Þessir fórnarútreikningar eru nefnilega, eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., útreikningar sem eru náttúrlega út úr kortinu. Það eru útreikningar sem eru út úr kortinu.

En ég vara við því að stilla þessu þannig upp, og það skulu vera mín lokaorð, ég vara við því að stilla þessu þannig upp að það sé eitthvað í fortíðinni sem valdi því að nú þurfi að grípa til þessara aðgerða. Menn eru að fást við nútíðina og framtíðina en fortíðin stendur fyrir sér í þessum efnum. Þessi sjóður á fullkomlega fyrir skuldum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gat ekki betur heyrt í ræðu hv. þm. sem hér talaði áðan en að ég ætti þar a.m.k. eina ef ekki tvær sneiðar. Þingmaðurinn hafði hátt um það að aldrei hefði verið gefið neitt loforð um að Lánasjóður ísl. námsmanna ætti aldrei að taka lán. Námsmönnum á þessum árum frá 1974–1976 hefði aldrei verið gefið neitt loforð um það og hann hefði ekki trú á því. Það hefði ekki verið gert á þingi, hafi það verið gert út í bæ þá hafi einhverjir verið að semja um þau mál sem ekki hefðu verið þess umkomnir. Nú vil ég benda hv. þm. á það að ég talaði aldrei um að slíkt loforð hefði verið gefið. Ég sagði: Okkur sem þá vorum að meðhöndla þessi mál frá námsmanna hálfu óraði ekki fyrir að lánasjóðurinn yrði fjármagnaður með þessum hætti, með eins miklum lántökum og raun bar vitni. Auðvitað mátti reikna með að það yrðu einhverjar lántökur hjá sjóðnum, en að þær yrðu eins miklar og raun bar vitni því óraði okkur ekki fyrir og það var hreinlega ekki í umræðunni á þessum árum og við það stend ég.

Annað sem þingmaðurinn kom hér inn á og ég held að hafi að hluta til verið beint til mín varðaði eiginkonurnar sem hafi verið lánasjóður íslenskra námsmanna á árum áður. Ég gerði það í sjálfu sér ekki að umtalsefni hér í ræðustól en ég hef gert það annars staðar og ég held að þingmaðurinn hafi kannski verið að eiga við mig orðaskipti á öðrum fundi. Ég held að það blandist engum hugur um að þannig var það. Ég var auðvitað að tala um fortíðina, hv. þm. Þannig var það að eiginkonur unnu og lögðu á sig talsverða vinnu til þess að eiginmenn þeirra gætu stundað nám. Þetta vitum við vel og við skulum athuga það að allt kerfið í kringum þetta var þannig. Við getum tekið dæmi um dagvistun. Ef karlmaður var í námi þá gátu hjón fengið pláss á dagvistarheimili fyrir barn sitt, ef kona var í námi þá var það ekki hægt. Með öðrum orðum, það var litið þannig á að væri námsmaður karlmaður í námi væri konan á vinnumarkaði og þyrfti á dagvistun að halda, en ef hún var í námi þá þótti sjálfsagt að hún sinnti barnauppeldinu jafnhliða. Þannig var þetta. Ég er að tala um fortíðina og þetta kemur auðvitað aldrei aftur vegna þess að aðstæður eru allt aðrar. Hugmyndir fólks um hlutina eru allt aðrar þannig að þetta kemur ekki aftur og þetta á ekki við nútíðina.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fullyrða neitt hvað kemur aftur, það er mér hulið. Hins vegar ætla ég að fullyrða það að Alþingi Íslendinga ber ekki ábyrgð á því hvernig að dagvistarmálum var staðið af hálfu Reykjavíkurborgar. Ég ætla líka að halda því fram að umræðan eins og hún hefur verið um fortíðarvanda í þessu sambandi gengur ekki upp vegna þess að þessi sjóður á fyrir skuldum. Auðvitað er ekki hægt að deila um það hvað hvern og einn óraði fyrir á sínum tíma. Það eru hugrenningar hvers og eins og verða hvorki sóttir né varðir af þeim sem eru þar fyrir utan. En hitt vil ég fullyrða að í þeirri umræðu sem átti sér stað í menntmn. 1982 voru menn sér þess mjög vel meðvitandi um það að þessi sjóður mundi taka lán og m.a. þess vegna væri nauðsynlegt að hafa einhverja tryggingu fyrir því að peningarnir sem verið væri að lána út mundu ekki gjörsamlega gufa upp.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það eru býsna mörg atriði sem komið hafa hér fram í ræðum manna sem ástæða væri til að gera að umtalsefni og svara. Ég hef það á tilfinningunni að menn vilji heldur reyna að stytta umræðuna og ég skal reyna eftir bestu getu að stytta mál mitt. Ég vona að það verði ekki tekið þannig að ég sé að reyna að víkja mér undan að svara áleitnum spurningum sem hafa komið fram í máli hv. ræðumanna.

Frá því ég talaði hér síðast hafa allmargir þingmenn talað og beint til mín spurningum. Hv. þm. Svavar Gestsson beindi raunar til mín fjölmörgum spurningum og sagði ýmislegt sem gefur tilefni til bollalegginga skulum við segja, en ég reyni að stytta mál mitt.

Hann nefndi fyrst í sinni ræðu að menn mundu ekki geta greitt afborganir af lánunum og kerfið væri óbrúklegt og við tækjum eingöngu mið af fjárhagslegum hagsmunum sjóðsins og hann gagnrýndi hvað eftir stæði þegar menn hefðu náð 67 ára aldri eins og sést í sumum töflunum. Af sjálfu leiðir auðvitað að þegar endurgreiðslur hækka úr 3,75% í allt að 8% af tekjum, þá er verið að rúmlega tvöfalda greiðslubyrðina. LÍN verður ekki bjargað án þess að endurgreiðslur þeirra sem taka lán verði hertar, því höfum við haldið fram. Þetta gefur tilefni til þess að spyrja hvar mörkin liggja. Í dag er þetta 3,75%. Hérna er lagt til að það verði 4–8% og spurningin er hvar við eigum að draga mörkin. Við höfum dregið þau þarna um leið og við gerum ýmsar aðrar breytingar á lögunum með þessu frv.

Varðandi það hvað ógreitt er hjá vissum hópum við 67 ára aldur, þá hef ég svarað því áður að stjórn lánasjóðsins hefur heimild til þess að gefa eftir það sem eftir stendur, m.a. þá með tilliti til eignarstöðu og fleira þannig að það er ekkert sem segir að þessar greiðslur sem eftir standa við 67 ára aldurinn eins og sýnt er í töflunum verði innheimtar. Það er mat stjórnarinnar.

Þingmaðurinn spurði hvers vegna mætti ekki strika út skuldir LÍN og nefndi hliðstæð dæmi sem fyrrv. ríkisstjórn hefði staðið frammi fyrir og afgreitt. Ég veit ekki hvort ég má taka mér lengur í munn orðið fortíðarvandi, það telst víst ekki íslenska þannig að ég ætla að tala þá bara um vanda sem á rætur sínar í fortíðinni. Ég vona að það sé íslenska. Hluti vandans á sér vissulega rætur í fortíðinni og ekki síst frá allra síðustu árum. Það er alveg ljóst. En ég held að það megi samt segja að þótt við strikuðum út skuldbindingar sjóðsins, þá duga ríkisframlög og endurgreiðslur lána ekki fyrir útlánum. Það er þess vegna ekki alveg rétt að kalla þetta vanda frá fortíðinni og ætla sér að bjarga lánasjóðnum með einhverjum pennastrikum. Það held ég einfaldlega að gangi ekki upp.

Þingmaðurinn sagði að menntmrh. gerði sér ekki grein fyrir því að LÍN hafi tvenns konar gildi. Annars

vegar væri þetta félagslegur jöfnunarsjóður og hins vegar hefði hann fjárhagslegt gildi og ráðherrann vildi sem sagt ekki hugsa um félagslegt jöfnunarhlutverk sjóðsins. Ég mótmæli þessu en tel hins vegar að hv. þm., sem þá var menntmrh., hafi ekki hugsað nægilega um fjárhagslega þáttinn en svo sem ágæta vel um hinn félagslega. Þarna verður hins vegar að vera jafnvægi á en það var það ekki og þess vegna er það sem við stöndum frammi fyrir þessum vanda.

Þingmaðurinn sagði líka að menntun væri mikilvægari en einhver atvinnufyrirtæki. Ég held að ég sé ekkert að snúa út úr orðum hans, ég held að ég hafi tekið rétt eftir. Ég vil halda því fram í þessu samhengi að við séum einmitt með aðgerðum ríkisstjórnarinnar yfirleitt að renna stoðum undir íslenskt atvinnulíf til þess að það geti í framtíðinni staðið undir góðu og batnandi menntakerfi. Öflugt og traust atvinnulíf er einmitt forsenda þess að við getum haldið hér uppi öflugu skólakerfi.

Hv. þm. nefndi hina nýju borgaralegu stjórn í Svíþjóð og hefur við önnur tækifæri hrósað Carl Bildt forsætisráðherra. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur kynnt sér þær breytingar sem verið er að gera á sænsku skólakerfi. Þær eru margar mjög athyglisverðar en ég hefði nú haldið svona að óreyndu að þær væru ekki allar að skapi hv. þm., en vel má svo vera. Ég hef kynnt mér þetta lítillega og það er vissulega ástæða til að fagna því að Svíar, sem eru í miklum landa með sín ríkisfjármál, skuli hækka ríkisframlög til skólanna. Ég hef grun um að þeir hafi talið það algjöra nauðsyn vegna þess að skólakerfi þar var einfaldlega ekki nógu gott og þeir eru að breyta því. Ég tel satt að segja að skólakerfið hér á Íslandi hafi ekki verið svo vont þegar núv. stjórn tók við að það út af fyrir sig krefðist stóraukinna fjárframlaga. Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram með neinum rétti þó að það væri kannski hægt að slá því fram eftir að hafa heyrt yfirlýsingar eins og hér hafa margoft komið fram.

Hv. þm. rifjaði upp lækkunina sem gerð var á sl. sumri, um 16,7%. Ég hef rakið það hvers vegna þörf var á þeirri aðgerð. Við drógum úr umframfjárþörf sjóðsins um 300 millj. með þeirri aðgerð en urðum samt að bæta 700 millj. við lánasjóðinn frá því sem ákveðið hafði verið í fjárlögum fyrir árið 1991.

Ég vísa á bug þeirri gagnrýni sem sett er fram á hækkun stuðla til þeirra sem búa í heimahúsum og lækkun tekjutillits við úthlutun lána. Það þarf að minna á hvernig stór hópur viðskiptavina LÍN varð sér úti um fullt lán með því að skrá sig annars staðar þótt þeir byggju í foreldrahúsum. Þetta eru staðreyndir og þessari aðgerð mótmæltu námsmenn ekki.

Mér finnst það líka ógeðfellt að ganga út frá því sem allir námsmenn sem búa í foreldrahúsum, flestir komnir yfir tvítugt, geri sér það að kostnaðarlausu. Við vitum vel að víða tíðkast það að fólk leggur með sér til heimilisins þegar það er komið á þennan aldur. Það hefur síðan aldrei verið neitt leyndarmál að við teljum að rétt sé að hvetja námsmenn til að afla tekna þannig að þeir þurfi ekki að taka meiri námslán en nauðsynlegt er.

Hv. þm. spurði hvaða sérnám sem ekki er á háskólastigi verði fellt út, nefndi Fósturskólann, bændaskólana o.fl. og talaði í þessu samhengi um 20 ára regluna. Í sjálfu sér verður ekkert sérnám fellt út heldur aðeins sett sú almenna regla að jafnræði skuli gilda með námsmönnum í mismunandi námi. Þetta er jafnréttisregla sem hér er lögð til, að mönnum verði ekki mismunað eftir því hvaða nám þeir velja sér í fjölbrautaskóla. Ég hef hins vegar lýst því yfir hér fyrr í umræðunni að ég telji rétt að menntmn. athugi þetta atriði alveg sérstaklega. Ég hef líka lýst því yfir að ég muni beygja mig ef menn vilja fara þessa leið, að stjórnvöld stýri vali fólks á námsgreinum með því að mismuna því. Ég hef líka sagt að ég haldi að dæmin sýni okkur að slík miðstýring hafi ekki gefist vel. En þetta er alveg sjónarmið út af fyrir sig.

Ég hefur áður rætt nokkur atriði sem hv. þm. kom inn á, niðurfellingu lífeyrissjóðsgreiðslnanna og þarf ekki í sjálfu sér að endurtaka rökstuðninginn fyrir því. Lántökugjöldin hef ég einnig rætt. Um Vísindasjóðinn, þar sem hv. þm. setti fram ákveðna kröfu um að fá tillögur um hvernig Vísindasjóður ætti að taka við þessu hlutverki sem talað er um að hann taki, þ.e. við styrkjunum. Ég hef lýst því að við meðferð frv. hafi þetta komið til tals að taka jafnframt upp styrkjakerfi sem lánasjóðurinn sinnti, en þetta hafi orðið niðurstaðan, að fela fremur Vísindasjóði að taka að sér þetta hlutverk. Ég hef sagt og þarf ekkert að lýsa því að það liggja ekki fyrir neinar tillögur enn þá um með hvaða hætti Vísindasjóður verði efldur til þess að hann taki að sér þetta hlutverk, en það liggur í hlutarins eðli að það verður að efla hann til þess að hann taki við þessu hlutverki. Tillögur um það liggja ekki enn þá fyrir.

Það hefur töluvert verið rætt hér um ábyrgðarmennina og í því samhengi benti hv. þm. á og fleiri hafa gert að áður hafi ábyrgðarmenn verið á mörgum bréfum og gátu verið mismunandi ábyrgðarmenn á mismunandi bréfum, en nú eigi tveir menn að ábyrgjast allt lánið. Ég vísa aftur til þess að hér er um lán að ræða og þess vegna hljótum við að gera kröfur um ábyrgðarmenn jafnframt því sem við gerum ákveðnar kröfur til lántakenda sjálfra. Það er mikilvægt að lánasjóðurinn hafi tryggingar fyrir þeim lánum sem hann veitir.

Það var nefnt að það hafi örugglega verið vísvitandi sem því kerfi var komið á 1982 að hafa skuldabréfin mörg og leyfa mismunandi ábyrgðarmenn. Ég ætla ekki að dæma um það. Mér finnst vel koma til greina að gera kröfur um fleiri ábyrgðarmenn en gert er ráð fyrir í frv. til að leitast við að ábyrgð hvers og eins sé minni. Það er hins vegar afar mikið óhagræði af því fyrir sjóðinn og kostnaðarauki að þurfa að innheimta mörg skuldabréf þar sem í raun er um eina skuld að ræða.

Þá nefndi þingmaðurinn það ákvæði að námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hafi verið fram á námsárangur og þetta jafngilti því að allir séu alltaf á fyrsta ári og þetta þýði að menn borgi 10% námslána sinna til bankanna, sem sagt flöt 10% skerðing eins og hv. þm. nefndi. Ég minni enn á það að við erum að

tala hérna um lánasjóð sem lánar fólki svo að það megi stunda sitt nám. Það er því eðlilegt að gera þá kröfu að til þess að fá lán fyrir tiltekið tímabil skuli námsmaður sýna fram á að hann hafi staðist þær námskröfur sem gerðar eru til hans. Þetta þýðir einfaldlega það að ekki verði lánað úr LÍN nema um raunveruleg námslán sé að ræða. Ég bendi á að gert er ráð fyrir að námsmenn muni hafa aukið svigrúm til að afla sér eigin tekna í nýju kerfi. Auk þess hafa bankarnir verið að gera hosur sínar grænar fyrir námsmönnum varðandi skammtímalán þar til lánasjóðurinn greiðir út námslán. Ég bendi líka á í þessu samhengi að skólaárið 1990–1991 fengu 502 námsmenn slík ofreiknuð lán. Ofreiknuð lán, segi ég venga þess að þeir höfðu ekki skilað námsárangri og gerðu það ekki. Það voru 502 námsmenn. Og vegna þessa er lánasjóðurinn að glíma við innheimtu á 55 millj. kr. Þetta er það sem við gerum að girða fyrir. Það eru dæmi um að námsmaður hafi fengið allt upp í 700 þús. kr. með svona ofteknu láni eins og ég vil kalla það vegna þess að ekki var gerð krafa um að sýna námsárangur. Þetta eru blákaldar staðreyndir.

Hv. þm. ræddi um 3. gr., um að þetta félagslega tillit væri tekið út. Þetta er ekki rétt túlkun. Stjórn sjóðsins hefur með þessari grein eins og hún stendur núna í frv. heimild til að taka tillit til félagslegra þátta við úthlutun námsláns. Það má líta svo á að það sé rýmri heimild fyrir stjórnina að taka tillit til félagslegra þátta en er í núgildandi lögum. En ég skil vel hvað hér er verið að tala um þegar þetta er gagnrýnt. Það er ósk ýmissa sem hér hafa talað að þetta verði bundið í lögum. Mér þykir það einfaldlega ekki skynsamleg leið. Mér finnst rétt að þetta sé í höndum sjóðstjórnarinnar.

Ég hef áður rætt um 6. gr. sem hv. þm. gerði hér líka að umtalsefni og tel einfaldlega vera um valddreifingu að ræða.

Við erum búin að ræða oft um vextina. Hv. þm. talaði að vísu um að hér væri talað um að sjóðurinn skyldi bera 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar, sem er alveg rétt, nefndi það hvort ætti að túlka þetta þannig að vextir féllu á lánið þegar við námslok. Það er ekki svo. Þegar sagt er að vextir reiknist frá námslokum, þá þýðir það ekki að það sé farið að greiða þá strax eða áður en til reglulegrar afborgunar kemur. Vextir eru greiddir ásamt afborgunum á gjalddögum. Þessa áréttingu í frv. um að vextir reiknist frá námslokum ber frekar að líta á sem áréttingu þess að námslán eru vaxtalaus á námstíma.

Varðandi það hvort ætti að setja inn ákvæði um að vextir skyldu ekki vera hærri en tiltekin prósenta, það er sjónarmið út af fyrir sig. Hérna er miðað við vexti sem eru hóflegir, hvernig sem litið er á. Það má vel vera að það komi til greina að miða vextina við t.d. einhvern tiltekinn hluta vaxta sem greiðast af ríkisskuldabréfum, það er hugsanlegt. Hálfir vextir ríkisskuldabréfa, þriðjungur eða eitthvað slíkt. Mér finnst alveg koma til greina að hv. menntmn. athugi slíkt.

Hv. þm. nefndi að í 8. mgr. 8. gr. kynni að vera um villu að ræða. Mér sýnist við athugun að svo geti vel verið og óska eftir að menntmn. athugi það sérstaklega.

Varðandi það hvort námsmenn ættu að eiga aðild að nefnd sem setur reglur um útreikning endurgreiðslustofns ef breyting verður á því sem nú er skilgreint sem útsvarsstofn, þá er þessi grein nú nánast samhljóða þeirri sem kveður á um þetta í núgildandi lögum og spurning þá hvort nokkur þörf er á breytingu.

18. gr. gerði hv. þm. að umtalsefni. Ég hef þegar lýst vilja mínum að hv. menntmn. líti sérstaklega á þá grein og veit að það verður gert.

Hv. þm. gerði nokkurt mál úr því að slegið hafi verið á útrétta sáttarhönd námsmanna. Ég hef áður vikið að þessu. Námsmenn lögðu fram sínar tillögur eftir að hafa haft tillögur upphaflegu nefndarinnar til athugunar í nokkrar vikur. Þeir lögðu síðan fram sitt eigið frv. Við létum útreikninga fylgja frv., útreikninga sem gerðir voru samkvæmt frv. námsmannanna. Þar kemur glöggt fram að þeirra tillögur nægja ekki til þess að ná þeim markmiðum sem nauðsynlegt er að ná. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að það var tekið tillit til ákveðinna hugmynda og athugasemda námsmanna við gerð þessa frv. Tekjutengdar endurgreiðslur voru upphaflega ekki með í tillögum nefndarinnar. En það var fyrir tilstuðlan námsmannanna sem tekjutengingin er í þessu frv. Við höfum hins vegar ekki tekið til greina að hvika með vextina þrátt fyrir verulegan þrýsting frá námsmönnum og fleirum vegna þess að án þeirra sjáum við ekki leið til þess að bjarga lánasjóðnum. Og ég hef ekki orðið var við tillögur hér í þessari umræðu sem leiða okkur að þessum markmiðum sem við höfum sett ef fallið verður frá vöxtum.

Það hefur verið talað um, ég held að hv. þm. Svavar Gestsson hafi nefnt það líka, að afmörkuð lengd námstíma og tekjutengt þak fari illa saman. Þetta er ein athugasemd sem við höfum líka fengið frá námsmönnum. Þeir hafa bent á þetta atriði, að afmörkuð lengd lánstíma geti aðeins orðið til þess að lengja lánin og minnka greiðslubyrði þeirra sem hafa tiltölulega háar tekjur. Ég hef óskað eftir því sérstaklega að hv. menntmn. athugi þetta. En tilgangurinn með því að hafa þetta svona var sá að hafa hvata inni í kerfinu til námsmanna til að taka ekki hærri lán en þeir þurfa á að halda. (Gripið fram í.) Þetta er ekki prinsippatriði í mínum huga eins og ég hef sagt og ég get vel fallist á að athuga að allir greiði ávallt tiltekinn hundraðshluta tekna sinna í afborganir.

Hv. þm. spurði í hvað það þýddi fyrir útgjöld LÍN ef lánað verður fyrir skólagjöldum í Háskóla Íslands. Það er áætlað að skólagjöldin skili Háskóla Íslands nú þegar þau verða lögð á á haustmissiri 75 millj. kr. Það taka ekki allir háskólastúdentar námslán en við skulum gefa okkur að þetta auki útlán sjóðsins um einhverja tugi milljóna. Þetta verða hins vegar lán sem verða greidd til baka eins og námslánin.

Síðan var spurt hvort LÍN ætlaði að innheimta afborganir af gömlum lánum hjá þeim sem eru í framhaldsnámi erlendis og þiggja styrki eða laun fyrir nám sitt sem eru hærri en reiknuð framfærsla LÍN. Þetta hef ég líka sagt áður að þurfi að athuga sérstaklega, hvort

heimilt er að veita undanþágu frá afborgunum undir þessum kringumstæðum. Stjórn LÍN hefur heimild til að veita slíkar undanþágur þegar sérstaklega stendur á og ég legg áherslu á það enn og aftur að þetta verði sérstaklega athugað.

Hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir spurði hvað yrði ef stúdentsaldurinn lækkaði niður í 18 ár. Ég get ekkert svarað því öðruvísi en þannig að ef svo fer, þá hlýtur auðvitað að verða að breyta frá 20 ára reglunni sem hér er sett, ef hún verður samþykkt. Það kallar vitanlega á breytingu en við getum ekki sagt um það í dag hvort slík breyting verður á lögum um grunnskóla og framhaldsskóla.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson lýsti eftir menntastefnu. Ég hef að undanförnu greint frá ýmsum þeim spurningum sem mér finnst þörf á að svara varðandi bæði grunnskólann og framhaldsskólann. Ég er þessa dagana að ganga frá skipan í nefnd sem á að fjalla um þau mál. Ég er einnig að ganga frá skipan sérstakrar þróunarnefndar fyrir Háskóla Íslands, það er gert í samvinnu við stjórnendur Háskólans. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði í þessari umræðu sem er um Lánasjóð ísl. námsmanna en vænti þess að við fáum tækifæri til að ræða stefnu í skóla- og menntamálum á þessum vettvangi síðar.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson kom einnig inn á þessa 20 ára reglu sem ég er margbúinn að svara.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talaði fyrst um íslenskukunnáttuna, ég er búinn að ræða orðið fortíðarvanda og skal þegar ég ræði við hann um þau atriði tala bara um vanda sem á upptök sín í fortíðinni. Við erum væntanlega sammála um hvað það þýðir.

Þingmaðurinn gerði töluvert úr því að ég horfði bara á hagsmuni LÍN en gerði ekki grein fyrir menntastefnunni. Ég hef áður vikið að þeim þáttum og vísa til þess. Við erum hér að ræða um LÍN sem við segjum að sé í kreppu. Við höfum tekið að okkur að leiða LÍN út úr þessari kreppu. Það er hluti af menntastefnu ríkisstjórnarinnar að hér verði starfræktur öflugur lánasjóður námsmanna sem hafi burði til að tryggja námsmönnum jafnrétti til náms. Það er annars athyglisvert, finnst mér, í þessari umræðu að ýmsir sem hér hafa talað, og það hefur líka heyrst frá námsmönnum, virðast ganga út frá því sem gefnu að þeir sem njóta námsaðstoðar hjá LÍN verði allir opinberir starfsmenn. Ég lít ekki á það sem lögmál og raunar er það dapurleg tilhugsun ef lánasjóðurinn aðstoðar fólk til þess eins að undirbúa sig undir störf hjá hinu opinbera. Við hljótum að ætla okkur að mennta einnig fólk fyrir hinn almenna vinnumarkað til að starfa hjá fyrirtækjum, einkafyrirtækjum og til sjálfstæðs atvinnurekstrar.

Þingmaðurinn spurði hvort skilyrðislaust ætti að vera um eitt skuldabréf að ræða. Ég hef líka talað um það áður. Við höfum álit þeirra sem staðið hafa í að innheimta vanskilaskuldir fyrir LÍN að það sé til mikils hagræðis að hver námsmaður hafi aðeins eitt skuldabréf. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég hef áður sagt.

Hv. þm., eins og margir fleiri, talaði um vextina og sagði raunar það vera alveg út í hött að setja á vexti og þetta væri tímasprengja í launakerfi opinberra starfsmanna. Ávinningurinn af því að setja vexti á námslán er sá að með því móti getur sjóðurinn staðið við skuldbindingar sínar. Hann þarf nefnilega að fjármagna hluta af útlánum sínum með lántökum, taka lán sem bera vexti. Ef ekki verða teknir upp hóflegir vextir þá veldur það þroti LÍN. Þetta eru blákaldar staðreyndir. Ég segi enn og aftur að það er margreynt að fjárveitingavaldið er ekki reiðubúið til þess að leggja fram það fjármagn sem þarf til þess að komast undan því að taka vexti af námslánum. Þetta eru blákaldar staðreyndir.

Hv. þm. kom líka inn á 20 ára regluna og ég er ekki að endurtaka það sem ég hef áður sagt þar. Þingmaðurinn taldi óheppilegt að standa þannig að málum að það sé verið að gjörbylta lánakerfinu, ef ég hef skilið hann rétt, öðru hverju. Ég er honum alveg sammála um það, en ég vil biðja aðeins um að það verði skoðað hvers vegna við erum að þessu. Orsökin liggur í þessu sem ég hef rakið, að fjárveitingavaldið hefur ekki verið reiðubúið til þess að láta sjóðnum í té það fjármagn sem hefur þurft til þess að hann gæti staðið við sínar skuldbindingar samkvæmt þeim úthlutunarreglum sem í gildi hafa verið. Því miður er þetta svo.

Þingmaðurinn nefndi líka tilraunir sjálfstæðismanna áður til þess að breyta þessum sjóði. Það er alveg rétt að tilraunir hafa verið gerðar áður. Þær voru gerðar í menntamálaráðherratíð Sverris Hermannssonar og einnig Birgis Ísl. Gunnarssonar en voru stöðvaðar. Framsfl. stöðvaði það í menntamálaráðherratíð Sverris Hermannssonar. Í tíð Birgis Ísl. Gunnarssonar var einfaldlega ekki tími til þess að ljúka málinu. En frv. hafði verið samið.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að eyða tíma í að svara nokkru sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, hún er ekki í salnum og ég get svo sem spjallað við hana privat um það sem hún nefndi í sinni ræðu. En hún kom, eins og raunar fleiri hafa gert, nokkuð inn á hvar ætti að finna námsmönnum stað í húsbréfakerfinu ef þessi breyting næði fram að ganga. Við höfðum óskað eftir því við Húsnæðisstofnun ríkisins að reiknuð yrðu einhver dæmi fyrir okkur og ég var rétt í þessu að fá í hendur álit Húsnæðisstofnunar sem ég hef ekki haft tækifæri til þess að skoða en ég get aðeins skýrt frá hér í örstuttu máli og tekið dæmi sem hér eru sýnd að vitanlega hefur þetta áhrif á húsbréfakerfið eða möguleika manna til þess að komast inn í það. Í dæmum sem hér eru reiknuð er gengið út frá þeim sömu forsendum og eru í frv., þ.e. 3% vextir, endurgreiðslutíminn fjórfaldur námstími, endurgreiðslur hefjist einu ári eftir námslok og hámarkið 4% fyrstu fimm árin og 8% síðar. Þá sé ég hér dæmi þar sem gengið er út frá vissum forsendum, fjölskyldustærð fjórir, námstími fjögur ár, fjárhæð námslána 2 millj. og íbúðakaup eigi sér stað fimm árum eftir námslok. Laun séu 200 þús. og hámarksíbúðarverð fyrir breytingar 7–8 millj. kr. og eigið fé 2 millj. þá fer þetta niður, þetta hámarksíbúðarverð úr sem sagt 7–8 niður í 6,5–7 millj. Ég veit að það er erfitt að nema svona tölur þegar þær eru lesnar hratt. Það er hérna annað dæmi þegar laun eru þau sömu en eigið fé 1

millj. Hámarksíbúðarverð fyrir breytingar 5–6 millj. að það færi aftur niður í 4–5 millj. Þannig að þetta hefur vissulega áhrif. En mér hefur ekki unnist tími til að skoða þetta frekar.

Ég skildi orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur svo að hún vildi gjarnan greiða fyrir því að málið kæmist til nefndar með formlegum hætti núna og treysti því, eins og hún orðaði það, að ráðherra hefði ekki verið að plata þegar ég sagðist tilbúinn til þess að skoða ýmis atriði sem komið hefðu fram í máli manna. Ég vil að það sé alveg ljóst að ég hafði ekki uppi neinar blekkingar þegar ég beindi þeim tilmælum til hv. menntmn. að hún tæki til alvarlegrar íhugunar ýmislegt af því sem hér hefur komið fram í máli manna og sumt af því hef ég beðið um að verði reiknað út af starfsmanni nefndarinnar. Ég hef ekki fengið þá útreikninga í hendur en ég vona að þeir komist til hv. menntmn.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði um 3. gr. og gerði grein fyrir sínum skoðunum varðandi hana, að hún yrði lagfærð og það gerði raunar líka hv. þm. Sturla Böðvarsson. Það mál verður kannað en ég hef lýst mínum skoðunum.

Hv. þm. spurði líka þeirrar beinu spurningar hvers vegna væri verið að setja 3% vexti á námslánin og talaði um að þetta vaxtaleysi hefði verið framlag ríkisvaldsins. Ég tel mig hafa svarað hvers vegna er verið að leggja á vextina og ég hef líka nefnt það, sem ég veit að við hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir erum ekki sammála um, að bein aðstoð við námsmenn kemur fram í vaxtaleysi námslánanna á námstímanum og þar til endurgreiðslur hefjast. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún rakti ágætlega í sinni ræðu hvaða tölur væri þar um að ræða en við erum þar hins vegar ekki sammála.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson sagðist ekki hafa heyrt svar mitt við þeirri spurningu hvort ég teldi koma til greina annað endurgreiðslufyrirkomulag hjá þeim sem setjast að erlendis. Ég svaraði því þannig að það væri sjálfsagt að athuga það en ég lýsti miklum efasemdum um að fara inn á þá braut.

Ég er búinn að svara spurningunni um það hvort hið félagslega tillit hverfi alveg. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ætlunin er að Þessi heimild verði hjá stjórn lánasjóðsins og ég hef rætt það og ég hef heyrt kröfur manna hér um að þetta verði áfram í lögum.

Ég held, herra forseti, að ég hafi komið að flestum þáttum sem hér hafa verið nefndir en viðurkenni þó að ég fór nokkuð hratt yfir sögu í von um að það yrði ekki tekið illa upp þótt ég reyndi eftir megni að stytta mál mitt.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta skal vera örstutt. Ég hjó eftir því í ræðu ráðherra hér áðan og ég hef reyndar heyrt hann margsegja það að hann telji ekki rétt að stjórnvöld stýri námsvali með því að mismuna og þá á hann við það að í núgildandi kerfi geta námsmenn undir 20 ára aldri fengið lán ef þeir eru í verknámi en ekki ef þeir eru í bóknámi.

Nú er það mín skoðun og ég held að við getum verið nokkuð sammála um það að það eru ekki stjórnvöld sem stýra valinu í dag með námslánum, það er gildismatið í samfélaginu sem stýrir valinu og það stýrir inn í bóknámsgreinarnar vegna þess að það er almennt talið í samfélaginu að andleg mennt sé göfugri en verkleg. Ég hef litið svo á að stjórnvöld væru að reyna að vinna gegn þessari stýringu með því að bjóða fólki sem fer í verknám námslán til þess m.a. að fá fyrr út á vinnumarkaðinn vel menntað starfsfólk í verklegum greinum og ýta undir verkmenntun í landinu. Það hélt ég að væri meiningin með þessu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég gat um það að ég teldi að um 50% þeirra sem útskrifast úr háskóla mundu stunda nám hjá hinu opinbera, um 90% af nýjum störfum verða til í þjónustu, mikill meiri hluti, 60–70%, verður til hjá hinu opinbera.

Fjárveitingavaldið hefur vissulega lagt lánasjóðnum til mikið fé. Frá 1987 hefur ekki verið um þann hagvöxt að ræða í landinu sem við höfum vænst og á því tímabili hefðu menn gjarnan viljað leggja lánasjóðnum til meira fé en gert hefur verið. Það er rétt. Ég vil trúa því að við komumst út úr þessari kreppu og að nýtt hagvaxtarskeið taki við. En það var sérstaklega eitt atriði sem ég vildi koma á framfæri hér við hæstv. ráðherra og biðja hann að hugleiða. Við höfum leitað eftir því mjög ákveðið að það sé ekki um eitt skuldabréf að ræða. Hæstv. ráðherra bauð upp á það að ábyrgðarmenn skyldu þá verða fleiri. Nú er það svo að þó maður skrifi undir sjálfskuldarábyrgð og sé einn af tíu sem ábyrgðarmaður, þá getur sá sem rukkar tekið sig til og heimtað allt af einum þannig að það er ekki sú lögfræðilega vörn í þessu sem sýnist við fyrstu sýn. Þess vegna bið ég hæstv. ráðherra að hugleiða það hvort óeðlilegt væri að leyfa að bréfin yrðu fleiri.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í dag fékk ég í hendur útreikninga sem mér finnst óhjákvæmilegt að vekja sérstaka athygli hæstv. menntmrh. á og ég hef lagt á borð til hans. Ég hef einnig afhent formanni þingflokks Alþfl. þessa útreikninga því þeir eru mjög umhugsunarverðir og ég skil það svo að þessi umræða fari fram til þess að menn reyni að skilja hlutina sameiginlegum skilningi og átta sig á því málefnalega hvað hér er á ferðinni.

Í þessum dæmum sem ég hef látið taka saman er miðað við hjúkrunarfræðing en það er fjögurra ára nám, ekki þriggja ára nám eins og stendur í þessu skjali, það er fjögurra ára nám. Einstaklingur í leiguhúsnæði getur tekið í heildarlán 1,8 millj. kr. á öllum sínum námstíma. Þegar þessi einstaklingur hefur lokið ævistarfi sínu þá á hann eftir 643 þús. kr. Hann er búinn að borga 8% af kaupinu sínu í 42 ár og hann á eftir 643 þús. kr. þegar hann er búinn að ljúka ævistarfi sínu 67 ára.

Ég er hérna með annan einstakling, líka hjúkrunarfræðing, einstætt foreldri með eitt barn sem á eftir að loknu ævistarfi sínu 3.753.459 kr., 67 ára, og hefur

aldrei náð að lækka höfuðstólinn í raun og veru, byrjaði með 2.592.000 og endar með 3.753.000. Þetta gengur ekki, herra forseti, þetta er ekki skynsamlegt. Þetta gengur ekki upp.

Ég er hér með einn einstakling enn sem er hjúkrunarfræðingur, einstætt foreldri með tvö börn. Þessi einstaklingur fær í lán 3,4 millj. og þegar hann er búinn að borga í 42 ár af þessu láni 67 ára gamall, þá á hann eftir 6,8 millj. kr.

Með öðrum orðum: Þó að menn hafi varið 8% af tekjunum sínum öll þessi ár til að borga niður lánin þá er svona mikið eftir af því. Auðvitað geta menn sagt að tekjurnar séu svo lágar en menn eru væntanlega ekki að taka upp þetta nýja kerfi til þess að skapa launasprengingu hjá opinberum starfsmönnum, eins og hv. 2. þm. Vestf. hefur oft bent á hér. Ég gæti tekið auðvitað fleiri dæmi en hjúkrunarfræðinga, menn með hliðstæð laun. Ég gæti tekið presta. Guðfræði er fjögurra eða fimm ára nám í Háskóla Íslands. Laun þeirra eru svipuð og hjúkrunarfræðinga. Þegar upp væri staðið væri prestur sem hefði þjónað segjum í Heydölum í 42 ár og væri í hárri heiðurselli að yfirgefa brauðið sitt og horfði yfir Breiðdalinn, (**ÓÞÞ:** Eru þá aukatekjurnar teknar með?) (**Gripið fram í:** Já, þú gleymir aukatekjunum.) þá er ég auðvitað að tala um föst laun, þá ætti hann eftir 6,8 millj. kr. Og ég segi við ykkur í fullri alvöru: Er það meining ykkar að koma á svona námslánakerfi? Er það meining Alþfl. og Sjálfstfl. að koma á svona námslánakerfi? Þetta gengur ekki. Þetta getur ekki gengið. Og burt séð frá deilunni um vextina sem grundvallaratriði þar sem við höfum lýst mörg okkar sjónarmiðum, þá segi ég: Þetta er óframkvæmanlegt kerfi.

Ég hef auðvitað notað ýmis orð til þess að hvetja stjórnarliða hér til að átta sig á þessum málum. En mér liggur við að segja að ég sé tilbúinn til að fara bónarveg að þeim að þeir reyni að nota það vit sem þeim er gefið til að skilja að þetta gengur ekki upp. (**Gripið fram í:** Össur veit þetta.) Þetta gengur ekki upp. (**ÖS:** Það kallaðirðu hráskinnsleik í síðustu ræðu þinni, þegar við vorum ýmsir að skilja að ýmislegt væri að.) Mér þykir vænt um ef hv. þm. hefur skilið eitthvað nýjum skilningi og mér þykir vænt um það ef umræðan hér hefur orðið til þess að hann hafi áttað sig á einhverjum atriðum í þessu máli. En það er alveg greinilegt að það frv. sem hann samþykkti að leggja fram hér á Alþingi Íslendinga hefur þetta í för með sér.

Hæstv. menntmrh. hefur opnað fyrir það að þetta verði tekið til endurskoðunar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Sturla Böðvarsson hafa í raun og veru krafist endurskoðunar á þessu líka. Hér er staddur í salnum hv. formaður menntmn. og ég tel að það sé mjög mikilvægt að fólk athugi það í fullri alvöru að þetta kerfi eins og það er gengur ekki upp. Og hvað er það í kerfinu sem gengur ekki upp? Það sem gengur ekki upp í þessu kerfi eins og það er hér er vaxtatakan. Ef menn skoða dæmin nákvæmlega þá kemur það í ljós að það er vaxtatakan sem í raun og veru gengur alls ekki upp.

Lítum á öftustu opnuna í þessu þskj., töflu C, þar sem birt er yfirlit yfir greiðslur inn í sjóðinn á tilteknu árabili. Þar kemur það fram að ríkisframlag fram til ársins 2036 er 190 milljarðar. Það kemur fram að heildarlækkun á ríkisframlagi á þessum tíma er 163 milljarðar. Það kemur fram að í lok þessa tíma er sjóðurinn farinn að taka inn tekjur af námsmönnum umfram það sem ríkið borgar í sjóðinn, á síðasta árinu upp á 1,2 milljarða. Ég hygg að það sé hægt að halda því fram með mjög skýrum rökum að með þessu kerfi sé verið að afnema raunverulegt námsaðstoðarkerfi ríkisins við íslenska námsmenn, (Gripið fram í.) afnema þetta kerfi og tekjuöflunin sem þarna er um að ræða fari fyrst og fremst til þess að borga niður vanda liðsins tíma sem við höfum áður rætt hér um og ég tel að eigi ekki að leggja á námsmenn framtíðarinnar heldur eigi að leggja það á okkur öll, þ.e. ríkissjóð Íslands og þá sem í hann greiða, þjóðina.

Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan afar athyglisverða hluti og ég þakka honum fyrir þátttöku hans í þessum umræðum yfirleitt þó að ég sé ósammála mjög mörgu sem hann sagði en ég ætla ekkert að fara að rekja það hér, það tekur því ekki. Eitt af því sem hann sagði mjög athyglisvert var það að stjórn LÍN getur þá gefið eftir með tilliti til eignastöðu. Þá vil ég benda hæstv. menntmrh. á það og hv. þm. sem hér eru en þá að það þyrfti að reikna það út hversu miklum afföllum má búast við í hinu nýja kerfi. Það er hvergi reiknað út og ég sé í raun hvergi reiknaðan út Lánasjóð ísl. námsmanna ár fyrir ár sem slíkan. Það þyrfti að gera vegna þess að það sem reiknað er út í þessum stóru töflum aftast í þingskjalinu eru áhrif breytinganna á þörf fyrir ríkisframlög en ekki lántökur og vextir sem þarf að greiða af bæði nýjum og eldri lánum. Í raun og veru þyrfti að gera upp sjóðinn sem slíkan ár fyrir ár til þess að menn gætu áttað sig á því hvað er hérna á ferðinni. Ég er viss um að í því kerfi sem menn eru hér að taka upp eru meiri afföll en í gamla kerfinu af því að það stendur svo mikið út af þegar menn hætta sínu ævistarfi. Þessir útreikningar fylgja ekki frv. og auðvitað munum við leita eftir þeim í menntmn.

Það var afar mikilvægt sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. líka að þó að við strikuðum út skuldir fortíðarinnar þá dugir það ekki til. Þetta er alveg hárrétt hjá honum. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra vegna þess að vandinn sem menn eru hér að fjalla um er ekki margumtalaður fortíðarvandi — sem ég má örugglega tala um þó að hv. 2. þm. Vestf. vilji banna öðrum að tala um hann — vandinn er vaxtamunurinn í þjóðfélaginu sem þarna er bersýnilega verið að láta menn borga. Þegar þetta dæmi er gert upp og fortíðarvandinn lagður til hliðar, þá er nettóniðurstaðan sú að það er ekki til eftir þetta neitt raunverulegt námsstuðningskerfi af hálfu ríkisins af því að námsmen borga það allt og rúmlega það. Það er verið að fella það niður. Þetta munu menn sjá þegar þeir skoða þessa útreikninga vandlega og bera tölurnar saman.

Ég hvatti hæstv. menntmrh. í fyrri ræðu minni við umræðuna til að taka nokkur atriði út úr frv. Ég ætla ekki að endurtaka það. En ég ætla að endurtaka þau atriði sem ég skora á hann að sjá um að verði breytt.

Í fyrsta lagi varðandi 3. gr., að jafnrétti til náms og áherslan á það og fjölskyldutillit komi þar inn, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Sturla Böðvarsson hafa tekið undir.

Í öðru lagi ætla ég að skora á ráðherrann að breyta *ábyrgðarmannaákvæðinu*. Það gengur ekki eins og það er með rökum sem hv. 10. þm. Reykv. hefur flutt hér mjög skýrt.

Í þriðja lagi ætla ég að hvetja hæstv. ráðherra til þess að athuga frumvarpsákvæðin um lántökugjald því að mér finnst það ekki við hæfi að stjórn sjóðs ákveði lántökugjald. Ég tel að það eigi ráðherrann að gera sem fulltrúi Alþingis, sem framkvæmdarvaldshafinn og það sé óeðlilegt að stjórn geri þetta.

Ég vil enn fremur — ef menn ætla sér að halda inni vöxtum á annað borð, sem ég skora á meiri hlutann að endurskoða vegna þess að ég tel að þetta 3% vaxtastig gangi alls ekki, en ef menn ætla að vera með það — hvetja menn til þess að segja a.m.k. í lögunum að 3% vextir séu hámark og þetta séu allt að 3% vextir þannig að þá verði hægt að lækka ef markaðsvextir fara niður fyrir 3%.

Þá vil ég enn fremur hvetja ráðherrann og þá sem um þetta fjalla af hálfu stjórnarmeirihlutans, fyrir utan aðra hluti sem hér hafa verið ræddir, að fara núna í raunverulegar samningaviðræður við námsmenn. Námsmenn lögðu fram frv. Það liggur frammi í þessum fylgiskjölum. Ráðherrann sagði áðan að það frv. dygði ekki til þess að koma til móts við þau fjárhagslegu markmið sem hann setti. Ég sé það út af fyrir sig reikningslega að það er rétt hvað sem innihaldi málsins líður að öðru leyti. En þrátt fyrir það vil ég benda á að í greinargerð námsmanna kemur fram að þetta sé þeirra fyrsta tillaga. Það stendur í greinargerðinni að þetta sé þeirra fyrsta tillaga og þeir séu tilbúnir til þess að skoða ýmsa aðra þætti og viðurkenna að endurgreiðsluvandi núverandi kerfis upp á 10–15% — það geti vel komið til greina að þeir séu til samkomulags um að þeir taki þann þátt á sig. Og það er auðvitað *æðimikill munur á því eða öllum þeim ósköpum* sem þeim er ætlað að borga í þessu sambandi.

Ég á kost á því að fjalla um þetta mál í hv. menntmn. og ætla þess vegna ekki að eyða í þetta mikið fleiri orðum núna, en mér fannst nauðsynlegt að koma þessum *mikilvægu upplýsingum á framfæri* sem ég rakti hér áðan sem sýna að kerfið gengur ekki upp af því að það er svo mikið eftir af lánunum þegar starfstíma fólks er lokið og þessir útreikningar sýna að afföllin eru svo mikil að þetta gengur ekki upp.

Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegi forseti, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan um húsnæðismálin. Þar kom fram að námsmaður sem er með greiðslugetu upp á 5–6 millj. kr. íbúð í dag færi í 4–5 millj. kr. íbúð eftir að þetta kerfi hefði verið sett á. Og ég geri ekki ráð fyrir því að okkur, mér og hæstv. menntmrh., hefði þótt það góður kostur sem ungum mönnum að vera vísað á 40, 50, 60 fermetra íbúð fyrir okkur og fjölskyldu okkar eftir að hefðu lokið einhverju háskólanámi sem hæstv. menntmrh. gerði á sínum tíma og margir fleiri hér í þessum sal. Ég held því satt best að segja að staðreyndin sé sú að þessar tillögur eins og þær eru ganga ekki upp og þeim þarf að breyta í grundvallaratriðum, bara tæknilega, burt séð frá öllu öðru og þess vegna væri skynsamlegast fyrir meiri hlutann að láta semja nýtt frv., kalla þetta frv. til baka vegna þess að það er óframkvæmanlegt eins og það lítur út nú. Algjörlega óframkvæmanlegt. Ég tel að þessar nýju upplýsingar sem ég lagði á borð þingmanna núna fyrir nokkrum mínútum sanni þetta. Þetta gengur engan veginn upp.

Ég ætla ekki í þessari umræðu, virðulegi forseti, að fara út í almennar umræður um hlutina út og suður með svipuðum hætti og hér hefur dálítið gerst. Ég ætla t.d. ekki að fara að svara fyrir eiginmenn fortíðarinnar, sem ég gæti svo sem rætt við tækifæri, en ég ætla að ræða það við annað tækifæri við hv. 10. þm. Reykv. En ég vil aðeins vekja athygli á því að 8. jan. sl. skrifaði ég Hagfræðistofnun Háskólans og óskaði eftir útreikningum á mjög mikilvægum þáttum í sambandi við þetta frv. Í fyrsta lagi óskaði ég eftir útreikningum á því hvað þurfi að gera, hverju þurfi að breyta til að ríkisframlagi verði haldið óbreyttu allan útreikningstímann til ársins 2036 og hversu mikil vaxtabreyting þyrfti þá að eiga sér stað. Hvernig lítur dæmið út um sjóðinn ef vaxtabreytingin er 1%? spyr ég. Ef hún er 2%? Og ef hún er 1,5%? Ég spyr hér um afskriftir og ég spyr hér um ýmsa fleiri þætti sem er mjög mikilvægt að verði teknir til athugunar. Ég tel, herra forseti, að umræðan sem hér hefur farið fram hafi verið góð, hún hafi verið gagnleg, en ég segi alveg eins og er að ég treysti engu fyrr en ég sé það. Ég treysti engu fyrr en ég sé það í hendi að ríkisstjórnin ætli í raun og veru að breyta frv. í grundvallaratriðum. Og þó að hæstv. menntmrh. hafi góðan vilja og hv. 17. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vesturl., þá sé ég víða fjandmenn á fleti fyrir, fremstan í þeim flokki auðvitað hæstv. utanrrh. Ef þeim félögum tekst að komast yfir þann þröskuld sem heitir Jón Baldvin Hannibalsson, þá eru þeir meiri afreksmenn en ég hélt þeir væru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

85. FUNDUR

fimmtudaginn 20. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Sementsverksmiðja ríkisins, ein umr.

Fsp. IP, 206. mál. — Þskj. 237.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 237 er svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi Sementsverksmiðju ríkisins:

1. Er fyrirhugað að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni á almennum markaði verði hún gerð að hlutafélagi?

2. Ef svo er, á hve löngum tíma er fyrirhugað að selja hutaféð og kemur til greina að selja verksmiðjuna í einu lagi?

3. Hvaða breytingum er ætlað að ná fram með sölu hlutafjár í verksmiðjunni?

Ég tel mjög mikilvægt að fá skýr svör við þessum spurningum. Í upphafi umræðna um einkavæðingu almennt kom fram hjá hæstv. forsrh. að einokunarfyrirtæki skyldu ekki seld. En síðar, það var í umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum, kom fram hjá sama hæstv. ráðherra að sama Sementsverksmiðja ríkisins skuli vera eitt þeirra fyrirtækja sem beri að selja.

Eins og öllum er kunnugt er Sementsverksmiðjan eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiðir sement. Þrátt fyrir að innflutningur hafi verið gefinn frjáls árið 1975 eftir að Ísland gerðist aðili að EFTA nýtur íslenska sementið eðlilegrar fjarlægðarverndar. Því er spurt: Er sala einokunarfyrirtækja það sem koma skal án þess að hér séu í gildi lög um einokun og hringamyndun?

Það fyrirtæki sem er til umræðu, Sementsverksmiðja ríkisins, hefur aldrei verið baggi á ríkissjóði. Þvert á móti hefur hún staðið af sér öll áföll og efnahagssveiflur og hefur fjármagnað nýjar framkvæmdir af eigin rammleik. Því spyr ég: Er það vegna stundarvandræða ríkissjóðs að slíkar hugmyndir koma upp? Eða hver er hugmyndafræðin á bak við breytinguna? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að freista þess að ná fram lægra sementsverði með sölu? Sjá menn einhver merki þess að slíkt sé auðveldara með einkavæðingu? Er eitthvað í rekstri fyrirtækisins sem hæstv. ríkisstjórn telur að megi betur fara ef um einkavæðingu er að ræða?

Um nokkurra ára skeið hefur farið fram markviss hagræðing hjá fyrirtækinu sem þýðir að starfsfólki hefur fækkað með aukinni tæknivæðingu. Því spyr ég hvort um er að ræða einhverjar nýjar hagræðingarhugmyndir sem hæstv. ríkisstjórn hefur í huga með sölu?

Á sl. ári var fyrirtækið réttum megin við strikið hvað hagnað snertir og hefur reyndar verið það nokkur undanfarin ár og sum árin skilað verulegum hagnaði. Fyrir Akurnesinga er Sementsverksmiðjan afar mikilvægt fyrirtæki og góður atvinnurekandi. Því vil ég sem hérna stend kanna hvaða hugmyndir hæstv. iðnrh. hefur í huga því að ég tel að hlutafélagsformið sem slíkt auki sveigjanleika í stjórnun fyrirtækisins en tel rétt að hlutaféð sé allt í eigu ríkissjóðs. Svör ráðherra skipta því miklu máli um að hvaða ákvörðun ég tel rétt að taka þegar frv. um Sementsverksmiðjuna kemur til endanlegrar afgreiðslu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. hefur borið fram þrjár spurningar varðandi Sementsverksmiðjuna. Í fyrsta lagi er spurt hvort fyrirhugað sé að selja hlutabréfin í verksmiðjunni á almennum markaði verði hún gerð að hlutafélagi. Svar mitt við þeirri spurningu er að eins og vel er kunnugt hefur ríkisstjórnin á sinni stefnuskrá að selja ríkisfyrirtæki eins og hér er um að ræða og því hlýtur sala bréfa í verksmiðjunni að koma til greina á kjörtímabilinu. Þar kemur bæði til álita sala hlutabéfa til að afla fyrirtækinu aukins eigin fjár og einnig sala á hlut ríkisins í félaginu.

Í frv. um þetta efni sem hefur verið til umfjöllunar á nokkrum undanförnum þingum og nú hefur enn verið endurflutt er lagt til að samþykkt Alþingis sé áskilið við sölu hluta í verksmiðjunni. Að sjálfsögðu er áfram ætlunin að þannig verði búið um hnútana.

Fyrirspyrjandi spyr líka um það á hve löngum tíma sé fyrirhugað að selja hlutaféð og hvort til greina komi að selja verksmiðjuna í einu lagi. Ég tel að komi til sölu hlutabréfa í verksmiðjunni, og það er að sjálfsögðu háð ákvörðun Alþingis, eigi að reyna að ná tveimur markmiðum. Í fyrsta lagi þurfi ríkissjóður að fá sannvirði fyrir þessa eign sína og í öðru lagi að stuðla að sem jafnastri og sem mestri dreifingu eignaraðildar í fyrirtækinu. Um framkvæmdaratriði í málinu ætla ég ekki að segja neitt að þessu sinni. Þegar heimild Alþingis liggur fyrir mun m.a. verða haft samráð við verðbréfafyrirtæki og banka og síðan ákveðið hvernig nánar verði staðið að málinu í því skyni að ná þessum markmiðum. Ég bendi líka á að ríkisstjórnin hefur sett sérstaka nefnd til að samræma aðferðir við sölu ríkiseigna og þar mun þetta mál líka koma til álita.

Þá var í þriðja lagi spurt hvaða breytingum sé ætlað að ná fram með sölu hlutafjár í verksmiðjunni. Ég svara því þannig að í fyrsta lagi sé afar mikilvægt að breyta verksmiðjunni í hlutafélag, m.a. af ástæðum sem hv. fyrirspyrjandi nefndi. Verði síðan tekin ákvörðun um að selja hlutafé í verksmiðjunni getur það verið gert í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi, eins og ég hef þegar nefnt, til þess að afla fyrirtækinu aukins eigin fjár og um leið minnkar hlutur ríkisins þótt það selji ekki eign sína í fyrirtækinu eins og hún er nú. Í öðru lagi getur ríkið að sjálfsögðu ákveðið síðar að selja hlut sinn ef fyrirtækinu hefur verið breytt í hlutafélag til þess að afla fjár og að hætta afskiptum af sementsframleiðslunni. Það er vissulega ekki svo eins og fyrirspyrjandi lét að liggja að hér ráði einhver skammtímavandamál í ríkisbúskapnum. Það sést best af því að frv. hefur verið flutt ítrekað á mörgum þingum við mismunandi aðstæður í ríkisfjármálum. Hins vegar er það mín skoðun að ríkissjóður hafi með Sementsverksmiðjunni byggt upp blómlegt fyrirtæki og nú sé kominn tími til að ríkið dragi sig í hlé og láti aðra aðila um að reka hana ef það getur gerst með þeim hætti sem gæti vandlega hagsmuna skattborgaranna.

Þá vil ég líka nefna það vegna þess sem fram kom hjá fyrirspyrjanda að auðvitað eru í gildi í landinu lög um óréttmæta viðskiptahætti og alls ekki hægt að lýsa aðstæðum svo að neytendur séu gjörsamlega óvarðir fyrir einokunaraðilum. Vandamál sem kynnu að koma upp vegna sterkrar stöðu Sementsverksmiðjunnar á markaði af því að hún nýtur fjarlægðarverndar yrði að leysa á grundvelli laga um samkeppnismál. Á vegum ríkisstjórnarinnar er í bígerð að flytja frv. til nýrra samkeppnislaga sem mundu færa íslenska löggjöf í

fremstu röð löggjafar á því sviði í þeim löndum sem við höfum nánastan samgang við.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að segja fleira að sinni og vonast til að þetta hafi svarað spurningunum þremur.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fsp. Ástæða er til að vekja athygli á þessu máli sem reyndar liggur fyrir í þinginu í frumvarpsformi. Ég held að menn þurfi að gera sér fulla grein fyrir því að í fyrsta lagi var málið upphaflega kynnt sem breyting yfir í hlutafélag og það eigi að vera fyrst og fremst í því skyni að auka skilvirkni í stjórn fyrirtækisins og annað því um líkt sem hér hefur verið lýst. Þegar var verið að fá stuðning við þessar fyrirætlanir hjá þessum aðilum, t.d. á Akranesi og reyndar fleirum, var þetta kynnt þannig að ekki stæði til að selja fyrirtækið. Nú er orðin yfirlýst stefna þeirra stjórnvalda sem eru við völd að selja hlut í fyrirtækinu og þá verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir því að þetta er einokunarfyrirtæki. Menn verða að gera sér grein fyrir öðru líka og það er að um leið og fyrsta hlutabréf verður selt í fyrirtækinu er kominn nýr útgjaldapóstur inn í rekstur fyrirtækisins sem felst í því að auðvitað verður að borga þeim arð sem kaupa hlutafé í fyrirtækinu. Ekki er hægt að bjóða á almennum markaði til sölu hlutabréf öðruvísi en að þeir sem eiga kost á þeim kaupum viti fyrir fram að þeir eigi að fá arð af fé sínu.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin. Í svörum hans kom ekkert fram að mínu mati sem réttlætir sölu fyrirtækisins. Hæstv. ráðherra telur að nýtt fé muni koma inn í fyrirtækið og verði því til góða. Nú er Sementsverksmiðjan ekki í fjárþörf þannig að það eina svar sem var gildandi er að mínu mati ekki gilt. Þannig að í upphafi skyldi endirinn skoða og ég minni á það að innan tíðar ganga í gildi ný lög þar sem útlendingar geta keypt hlutafé í íslenskum fyrirtækjum að undanskildum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það eitt finnst mér líka vera íhugunarefni. Ég tel því að svör ráðherra hafi ekki gefið neitt til kynna sem réttlæti sölu á þessu einokunarfyrirtæki.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi vil ég láta koma fram vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. að Sementsverksmiðja ríkisins er ekki einokunarfyrirtæki. Innflutningur á sementi er frjáls. Það er rétt eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda að Sementsverksmiðjan hún nýtur verulegrar fjarlægðarverndar og aðstöðumunar vegna þess hvernig hún er til komin í krafti ríkisframlags og ríkisaðstöðu. Hins vegar mun fyrirtækið jafnan þurfa að starfa undir ströngu samkeppniseftirliti samkvæmt gildandi íslenskum lögum um óréttmæta viðskiptahætti bæði fyrr og síðar. Í öðru lagi vil ég nefna vegna orða 3. þm. Vesturl. að að sjálfsögðu er eðlilegt að arðkrafa sé gerð til þess fjár sem í fyrirtækið er lagt. Arður hefur fengist af fyrirtækinu m.a. í uppbyggingu þess.

En að lokum vegna þess sem fram kom í máli hv. 2. þm. Vesturl. vil ég láta það koma fram að Sementsverksmiðjan hefur oft og einatt verið í þörf fyrir aukið fé, stofnfé sem rekstrarfé, og hefur þá tekið það að láni. Það er að mörgu leyti óhagkvæmt og óheppilegt fyrir fyrirtæki sem stundar sveiflukenndan atvinnuveg eins og Sementsverksmiðjan gerir að eiga þess ekki kost að leita til sparifjáreigenda og sparenda með hlutfjárútboðum. Ég er alveg sannfærður um það að ef hv. fyrirspyrjandi beindi slíkum spurningum til stjórnenda fyrirtækisins, hvort þetta væri ekki æskilegt og fýsilegur kostur, yrði svarið já. Reyndar stendur einmitt svo á nú að aukins fjár er þörf vegna þess að afturkippur er í byggingarstarfseminni og rekstur fyrirtækisins því í vissum vanda. Þetta segi ég fyrst og fremst vegna þess að þetta er æskilegt hver sem á fyrirtækið og ég tek það fram að breytingin í hlutafélag hefur alveg sjálfstætt gildi, er sjálfstæð ákvörðun til þess að gera fyrirtækið öflugra, sterkara og betra fyrir Akraneskaupstað og aðra sem á því byggja.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ljóst er af þeim svörum sem hér hafa verið gefin að markmiðið með því að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag er í raun og veru ekkert annað en þær gömlu trúarkreddur sem ákveðnir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar hafa tekið ástfóstri við sem er það að allt sem heitir hlutafélag er betra en allt það sem ríkið hefur verið með. Ég vara við þessu sjónarmiði, að afhrópa alla þá starfsemi sem ríkið hefur haft með höndum og koma því inn hjá þjóðinni að það sé vond starfsemi.

Ég vil segja um þessa breytingu að einmitt sú staðreynd að innflutningur hefur verið frjáls en enginn innflutningur verið segir okkur að þetta fyrirtæki muni sitja eitt að markaðnum. Þeir munu kaupa það sem hefðu annars orðið innflytjendur og höndlarar með innflutt sement. Auðvitað reka þeir þetta fyrirtæki með allt öðru markmiði heldur en Sementsverksmiðjan er rekin í dag. Fyrst og fremst mun sú breyting tefla í tvísýnu hagsmunum landsbyggðarinnar, virðulegi forseti. Ég minni á að flutningsjöfnun á sementi hefur verið um allt land, a.m.k. til skamms tíma og er kannski enn.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er um tvö mál að ræða í raun inni, þ.e. að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag og síðan hvort selja eigi hlutabréf í slíku félagi. Þegar frv. um Sementsverksmiðja ríkisins verður afgreitt er verið að taka ákvörðun um að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur kannski ekki fylgst svo gjörla með þessari umræðu en aldrei hefur staðið til og stendur ekki til að leggja niður þá flutningsjöfnun á sementi sem hefur verið við lýði. Því er ekki verið að bera þá hagsmuni landsbyggðarinnar fyrir borð sem hv. þm. taldi sig bera sérstaklega fyrir brjósti. En það er furðulegt og einkennileg tímaskekkja að þegar ríkisrekstur kommún-

ismans um gjörvalla Austur-Evrópu er hruninn að þá skuli talsmenn þess sjónarmiðs koma í ræðustól og predika á hinu háa Alþingi að það sé sáluhjálparatriði að ríkið standi í stórkostlegum fyrirtækjarekstri.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi síðasta ræða var allsérkennileg en það er ekkert óvanalegt hljóð frá hæstv. umhvrh. Hann svarar því hér til í máli sínu að bara sé verið að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag. Það sé bara mál út af fyrir sig og ekkert liggi fyrir um sölu þeirra. Hér kom þó hæstv. iðnrh. og lýsti því yfir sem markmiði ríkisstjórnarinnar, sem ekkert hefur farið leynt, að selja fyrirtækið. Þessum hæstv. ráðherrum Alþfl. sem hér tala ber ekki sérstaklega saman.

Nú er það auðvitað svo að ekki er sama hvaða rekstur ríkið hefur með höndum. Geta gilt um það mismunandi sjónarmið hvort það er skynsamlegt. Alþb. hefur ekki nein kredduviðhorf að því er það snertir og hefur ekki haft. Alþb. hefur ekki verið talsmaður ríkisrekstrar almennt séð en hefur hins vegar ekki verið andvígt því að í vissum tilvikum stæði ríkið að atvinnurekstri og alveg sérstaklega í sambandi við þjónustufyrirtæki. En einnig þau á nú að falbjóða á almennum markaði samkvæmt stefnu núverandi ríkisstjórnar og eru þar síðast á blaði Rafmagnsveitur ríkisins. Hvað um jöfnunarsjónarmiðin, virðulegu ráðherrar? Er ekki verið að boða það í sambandi við olíusölu í landinu að gefa hana frjálsa? Hætta flutningsjöfnun þó deilur standi um það innan ríkisstjórnar nú? Ætli það geti ekki orðið upp á teningnum varðandi orkumál í landinu, varðandi sementsverð í landinu og fleira? Þeir taka þetta í áföngum.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Mér er fullljóst að verið er að tala um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag. Hins vegar verður það að vera fullkomlega ljóst hvaða hagræðingu menn ætla að ná með því. Ekki er hægt að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag og segja bara: Af því bara. Það eru trúarbrögð. Hvaða hagræðing á að nást með slíku? Ég man eftir því í efri deild fyrir nokkrum árum að ég hjálpaði þingmönnum Vesturlands við að fella frv. um Sementsverksmiðjuna. Ég man að hæstv. umhvrh. var þá ákaflega glaður yfir þeirri liðveislu. (**EGuðn:** Það var svo vitlaust frv.) Mér er spurn: Hvað hefur breyst síðan?

En eitt að lokum. Það verður náttúrlega að vera fullkomlega ljóst að hér vantar algerlega reglur um sölu hlutabréfa í ríkisfyrirtækjum. Áður en menn fara inn á þessa braut þá verða slíkar reglur að vera til. Það vantar alveg inn í þetta dæmi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Sá aðili sem stórtækastur hefur verið að breyta rekstrarformi yfir í hutafélagaform heitir Samband ísl. samvinnufélaga. Ég efast um að það sé sérstakt trúaratriði hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég er alveg viss um að hv. þm. Framsfl. gætu fengið upplýst hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga hvernig stendur á því að þeir tóku þá ákvörðun að breyta öllum sínum rekstri yfir í það form. Það vafðist ekkert fyrir þeim heldur að gera ráð fyrir því að hver sem vildi gæti keypt hlutabréf í þeim rekstri þannig að ég mundi vísa hv. þm., sem talaði hér áðan, í skóla hjá samvinnuhreyfingunni, hann hefur verið þar áður.

Ég vil hins vegar segja alveg hreint eins og er að ég bíð alltaf með nokkurri óþreyju í hvert skipti sem hv. 4. þm. Austurl. biður um orðið um skipulagsbreytingar í atvinnulífi einfaldlega vegna þess að nú er mikil eftirspurn eftir mönnum með þekkingu á því kerfi sem verið er að leggja niður í Austur-Evrópu. Fáir menn á Íslandi hafa eins mikla þekkingu á því kerfi og hann og ég er alltaf að vonast til að hann ausi úr viskubrunni sínum og upplýsi þjóðina sem bíður í ofvæni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að á ýmsu á maður von þegar hæstv. heilbrrh. stígur hér í stól. Ég vil reyndar alveg frábiðja mér það að hann taki okkur í einhverjar kennslustundir um uppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar og þær ástæður sem liggja að baki því að þar hefur verið ákveðið að setja vissa hluti yfir í hlutafélög. Þetta sýnir ekkert annað en það að hæstv. ráðherra kann ekki að greina á milli rekstrarforma annars vegar, sem eru bara tæki til þess að vinna eftir, og hugmyndafræði hins vegar og kemur þetta ekkert á óvart miðað við málflutning hans í öðrum málum að undanförnu. Ég ber engan kvíðboga fyrir hlutafélagsforminu sem slíku. Ég ber hins vegar mikinn kvíðboga fyrir áformum, leyndum og ljósum, núv. hæstv. ríkisstjórnar um að einkavæða ýmsa þætti í okkar rekstri og þætti þar sem um er að ræða einokun og einokun verður áfram. Ég nefni þar sérstaklega óskabarn núv. hæstv. iðnrh. í einkavæðingu, þ.e. Bifreiðaskoðun Íslands.

Að lokum, virðulegi forseti, voru ummæli hæstv. heilbrrh. í garð hv. 4. þm. Austurl., eftir að hann hafði lokið sínum tíma í þessari umræðu, forkostuleg og alls ekki sæmandi ráðherra.

Verðmunur á nauðsynjavörum, ein umr.

Fsp. GunnS, 244. mál. — Þskj. 420.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Í fréttatilkynningu frá Verðlagsstofnun, dags. 4. febr. 1992, kemur fram að eftir að Verðlagsstofnun hafði kannað verðlag á matvörum í matvöruverslunum vítt og breitt um landið kom í ljós að mismunur á verðlagi á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hafði hækkað frá því í október 1989 úr 3,8% í 4,9%. Þessi þróun um aukinn verðmun á nauðsynjavörum milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar veldur sannarlega miklum áhyggjum. Það er líka ástæða til að spyrja hvort ríkisstjórnin sjái ekki að það er kominn tími til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að stemma stigu við þessari þróun. Hærra

verðlag á nauðsynjavörum á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið skapar aðstöðumun sem erfitt er að líða.

Upplýsingar hafa einnig komið fram um það að hugsanlega njóti smásöluverslunin á landsbyggðinni verri viðskiptakjara í viðskiptum við heildsala á höfuðborgarsvæðinu. Flutningskostnaður réttlætir ekki eins mikinn verðmun á nauðsynjavörum milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins og raun ber vitni. Það er rétt að smásöluverslunin á landsbyggðinni á víða við mjög mikla erfiðleika að stríða. Meðaltalstölur segja ekki alla söguna, sérstaklega á smærri stöðum þar sem kannski er ein verslun og hún berst í bökkum eins og komið hefur fram.

Einnig kemur fram í fréttatilkynningu frá Verðlagsstofnun að þessi munur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar er mismunandi eftir kjördæmum. Hann kemst upp í það að verðlag er um 9% hærra á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu og 6,2% hærra á Austurlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Þarna tek ég tvö dæmi. Þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. viðskrh.: Hyggst ríkisstjórnin grípa til sértakra ráðstafana til þess að hamla gegn verðmun á nauðsynjavörum á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og í hverju yrðu slíkar ráðstafanir fólgnar?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forsti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Austurl., hefur komið í ljós í víðtækum verðkönnunum sem Verðlagsstofnun hefur gert, einkum í matvöruverslun á síðustu árum, að verðmunur milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar í þessari verslunargrein hefur farið nokkuð vaxandi. Þar má nefna að meðaltölurnar í þessu, sem ég er sammála hv. fyrirspyrjanda að segi ekki alla sögu, voru þær að þessi verðmunur var í október 1989 3,8% en 4,9% í október 1991. Hverjar skyldu vera skýringarnar á þessu? Þær eru að sumu leyti augljósar. Samkeppni á milli verslana á höfuðborgarsvæðinu er mun meiri en víðast utan þess og hún hefur leitt til hlutfallslegrar lækkunar á verðlagi í Reykjavík og nágrannabyggðum. Ég leyfi mér að halda því fram að á undanförnum árum hafi þessar breytingar fyrst og fremst verið þannig að aukin samkeppni hafi lækkað verð á þéttbýlisstöðunum.

Stærð markaðarins á höfuðborgarsvæðinu og nálægð verslana þar við þorra innflytjenda og innlenda framleiðendur leiðir líka til þess að flutningskostnaður leggst ekki ofan á vöruverðið á höfuðborgarsvæðinu í sama mæli og þegar er farið út um land. Verðlagsstofnun bendir líka á að miklu minni verðbólga á síðustu missirum hafi leitt í ljós aukinn verðmun á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, en skýringin á því er auðvitað sú að veltuhraði vörubirgða úti um land er mun minni en á höfuðborgarsvæðinu. Af þeirri ástæðu er gjarnan eldra verð í birgðunum úti á landi. Þegar verðbreytingar voru miklar, verðbólga ör, var verð á eldri birgðum lægra en verð á nýjum vörubirgðum. Tregðulögmálið olli því að þetta dró úr hinum almenna verðmun á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sem núna hefur komið betur í ljós við kyrrari kjör. Hins vegar er lítill sem enginn munur á nýjum birgðum og eldri birgðum við núverandi aðstæður vegna þess að verðlag á matvöru hefur lítið sem ekkert hækkað og í sumum tilfellum lækkað núna hin síðustu missiri.

Önnur ástæða fyrir auknum verðmun á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins er m.a., eins og ég hef þegar nefnt, síaukin samkeppni á höfuðborgarsvæðinu sem hefur leitt til aukins afsláttar sem verslanir á því svæði fá frá framleiðendum og heildsölum. Aukin umsvif umboðs- og heildverslana úti um land eru líka að áliti Verðlagsstofnunar ein af ástæðunum fyrir hækkandi vöruverði þar. Þar má t.d. nefna að dreifbýlisverslunum er í mörgum tilfellum meinað að kaupa inn beint frá framleiðendum eða innflytjendum heldur er þeim gert að kaupa af umboðsmanni í héraði. Á þessum aðstæðum fer nú fram athugun og Verðlagsstofnun vinnur að því að kanna hvort óeðlileg mismunun kunni að eiga sér stað í afsláttarkjörum hjá þeim sem versla hjá framleiðendum og heildsölum hér og úti um land. Jafnframt hef ég beðið stofnunina að kanna áhrif umboðsverslunar á landsbyggðinni á vöruverð. Það hafa þegar verið lögð fram gögn í málinu og drög að þessari vinnu og að henni verður áfram unnið og reynt að þrýsta þar á að innkaupsverð til dreifbýlisverslananna verði hagstæðara.

Þá vil ég líka láta það koma fram að viðskrn. hefur látið gera sérstaka úttekt á vandamálum dagvöruverslunarinnar í strjálbýli og byrjað á því að taka fyrir dagvöruverslun á Vestfjörðum en eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda þá er verðmunur á höfuðborgarsvæði og Vestfjörðum mestur í samanburði við önnur svæði á landinu. Af þeirri úttekt, sem þegar liggur fyrir, er mjög ljóst að víða eru þarna miklir erfiðleikar að halda uppi þessari nauðsynlegu þjónustu og þrátt fyrir hærra vöruverð en í stórmörkuðum höfuðborgarsvæðisins á verslunin á Vestfjörðum við mikla fjárhagserfiðleika að stríða. Ég ráðgeri á næstunni sérstakan fund viðskrn. með verslunareigendum, fulltrúum sveitarstjórna og fleiri aðilum í því skyni að leita lausnar á þessum vanda, sérstaklega fyrir Vestfirði. Þess er vænst að við finnum þar einhverjar þær lausnir sem einnig gætu átt við í öðrum landshlutum. Einkum er ég þar með í huga ráðgjöf, samstarf um innkaup og fleira af því tagi en ráðuneytið hyggst síðar gera sams konar úttekt á dagvöruverslun á öðrum landsvæðum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta svari a.m.k. að nokkru þeirri spurningu sem hér var fram borin.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli sem vissulega er brýnt. Svör ráðherra voru á þann veg að þau voru upptalning á því af hverju þessi verðmunur stafaði. Það eru engin tíðindi fyrir okkur. Við viljum frekar vita hvort ríkisstjórnin hugsar sér að gera eitthvað í þessu máli. Að gera úttekt og halda fund á næstunni er góðra gjalda vert. En hins vegar er veruleikinn þannig að ríkisstjórnin hef-

ur gert sitt til að auka þennan verðmun með því t.d. að fella niður alla flutningsstyrki út á land, með því að leggja á hafnagjald og vörugjald sem margfaldar þennan kostnað og margfaldar þennan verðmun. Þetta er veruleikinn sem menn búa við. Síðan er hægt að halda fundi með sveitarstjórnarmönnum og athuga hvað er hægt að gera. Ég held að það væri nærtækast að afturkalla þær nýju álögur sem lagðar hafa verið á dreifbýlisverslunina. Ég held að það væri gott að byrja á því, hæstv. viðskrh.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu nauðsynlega máli. Spurning hans var einföld: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera? Svarið kom ekki fram en við höfum í vetur fengið svör um það sem ríkisstjórnin er að gera. Hún er í fyrsta lagi búin að fella niður allar greiðslur úr ríkissjóði til að flytja vörur út á land. Það mun hækka flutningskostnað á vörum til landsbyggðarinnar og það mun hækka vöruverð enn meira frá því sem þessi könnun gefur upp.

Í öðru lagi. Ríkisstjórnin neitar að ívilna strjálbýlisverslun í sérstakri skattlagningu sem hún knúði hér í gegn fyrr í vetur, skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þar talaði ég fyrir því sjónarmiði að hlífa þeim sem verst stæðu, þ.e. dreifbýlisversluninni, og ég met það við hæstv. viðskrh. að hafa tekið að nokkru undir þau sjónarmið. En þau fengu engan stuðning hjá ríkisstjórninni og flokkum hennar. Það er þetta sem ríkisstjórnin er að gera. Hún er að auka enn þennan mun sem er eins og skýrt var frá í máli hv. fyrirspyrjanda.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa bráðnauðsynlegu fsp. til hæstv. viðskrh. Og ég tek undir það að mér finnst að svör ráðherrans hafi alls ekki gefið tilefni til bjartsýni um að úr þessum málum sé neitt að rætast. Ég minni á að það hafa legið fyrir mjög lengi tillögur um að bæta hag dreifbýlisverslunarinnar í landinu en ekki hefur bólað á því að það sé hugmyndin að fara að framkvæma þessar tillögur í einu eða neinu.

Ég tel að sú könnun sem fram hefur farið á verðmuninum sé hins vegar ekki alveg nægjanleg og ég hefði viljað fá athugun á því hver sé verðmunur í dreifbýlisversluninni annars vegar og hins vegar almennri smásöluverslun. Ég geri mér grein fyrir því að auðvitað er það þannig eðli málsins samkvæmt að stórmarkaðir hér í Reykjavík munu alltaf hafa einhverja yfirburðaaðstöðu. En þrátt fyrir það verðum við hins vegar að tryggja það að þeir geti ekki mismunað og þeir geti ekki notað stærð sína og kraft sinn til þess að ná niður verðinu frá heildsölum og öðrum birgjum þannig að fólk á landsbyggðinni sé í raun og veru að borga herkostnaðinn af þeirri samkeppni sem nú á sér stað í Reykjavík milli þessara stórverslana.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda þessa fsp. og að hreyfa þessu máli hér á Alþingi. Hins urðu svör hæstv. viðskrh. mér vonbrigði. Hann skipaði nefnd í fyrri ríkisstjórn til þess að kanna ástand og horfur strjálbýlisverslunar. Það nefndarálit hef ég séð og spurt um á þingi hvað ætti að gera við. Ekkert hefur gerst í þessum málum og ástandið fer sífellt versnandi.

Ég verð að taka undir með hv. 2. þm. Austurl. varðandi álögur á strjálbýlisverslunina. Það er eini árangurinn sem hefur náðst því miður og það er kominn tími til, hæstv. viðskrh., að það sé eitthvað gert annað en að kanna og kanna og líta á eða gleyma nefndarálitum sem þegar hafa legið fyrir allt of langan tíma án þess að neitt hafi verið gert.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég skil vel óþolinmæði þeirra þingmanna úr landsbyggðarkjördæmunum sem hér hafa talað en vil þó beina því til þeirra að það er mjög mikilvægt að fá réttan skilning á þessum vanda og til þess þarf kannanir hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt. Á ég þar sérstaklega við orð hv. 2. þm. Austurl. Það er fráleitt að halda því fram að ríkisstjórnin hafi staðið fyrir, eins og hann sagði, að fella niður alla flutningsjöfnun í landinu. Þetta er fjarstæða og þingmaðurinn hlýtur að vita betur. Á borðum þingmanna liggur nú tillaga um flutningsjöfnun á olíuvörum. Það er enn í gildi flutningsjöfnun á sementi og ég vil leyfa mér að láta í ljós þá skoðun að aukin hagkvæmni í strandflutningunum kunni að draga úr flutningskostnaði þegar fram í sækir, m.a. vegna samruna Ríkisskipa og Samskipa.

Það er líka fjarstæða sem þingmaðurinn hélt fram að nýjar álögur hefðu verið lagðar á landsbyggðarverslunina. Hann getur alls ekki fundið þeim orðum sínum stað þótt ég skilji vel að í hita leiksins finnist honum þetta hljóma vel. En þetta er ósatt.

Ég vildi líka láta það koma fram að ég vonast til þess að eiga gott samstarf við Byggðastofnun og ekki síst formann stjórnar þeirrar stofnunar um þetta byggðaverkefni. Honum verður sannarlega boðið til þeirra funda sem til verður stofnað í kjördæmi hans, Vestfjörðum, til þess að ræða vanda dagvöruverslunar í þeim strjálbýlu héruðum. Það er yfirboð og sýndarmennska að halda því fram að ríkið eigi að veifa einhverjum töfravendi til þess að breyta þessu máli. Þingmenn verða í þessu efni eins og öðrum að sætta sig við að það er skynsamlegt að leita hagkvæmni eftir farvegum markaðarins en jöfnuðar eftir öðrum leiðum og þar kemur til kasta þingsins að ákveða hversu miklu fé menn eru fúsir til að verja til þess. En menn eiga ekki að leita jöfnuðar í hverri einustu úrlausn í atvinnulífinu. Þar þurfum við fyrst og fremst að leita hagkvæmi og þetta tvennt rekst yfirleitt alls ekki á. Þvert á móti er oftast nær hægt að finna lausnir sem eru bæði hagkvæmar og réttlátar með því að sérhæfa þær á sínu sviði.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og

hv. þm. sem hafa lagt þessu máli lið. Það má sannarlega um það deila hvernig túlka megi svör ráðherrans en meginmálið er þetta: Hvenær má þess vænta að það sem ráðherrann ætlar að gera skili árangri? (**Gripið fram í:** Hvað ætlar hann að gera?) Hvenær má þess vænta að við fáum að sjá verðmun á verðlagi á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar minnka? Er óhætt að gefa hæstv. ráðherra kannski sex mánuði, sjö eða átta mánuði til þess að sýna þennan árangur? Það er náttúrlega það sem skiptir máli. Ef árangur sést ekki þá, þá tel ég nauðsynlegt að það verði íhugað gaumgæfilega að grípa til nýrrar löggjafar sem tryggi með einhverjum ráðum jöfnun á verðlagi á nauðsynjavörum á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Frjáls samkeppni leysir ekki alla hluti. Við verðum að taka tillit til þess að það býr fólk í þessu landi og þau kerfi, sem við veljum okkur til þess að lifa við, eru ekki svo heilög að ekki megi breyta þeim ef við getum hugsað okkur að fólki líði betur við önnur kerfi. Ég held að við þurfum að taka tillit til þessa þegar við erum að ræða jafnmikilvægt mál sem er nú kannski mál málanna. Það er verðlagið á þeim vörum sem við kaupum.

Ég vil einnig vekja athygli á því að ef við ætluðum bara að miða við verðlag í stórmörkuðunum í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við verðlag í smásöluverslunum á landsbyggðinni, þá er um 10% mun að ræða. Og ef þessi þróun heldur áfram sem horfir þá getum við verið að tala um 20% mun hér á næsta eða þar næsta ári ef ekki verður gripið til afgerandi aðgerða. Ég trúi ekki öðru en að ráðherra sé þessi vandi ljós og ætli sér að taka hraustlega á þessu máli ella verðum við hér í þinginu að grípa til sérstakra aðgerða með nýrri löggjöf.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þegar borin eru saman svör hæstv. viðskrh. og væntingar hv. 5. þm. Austurl. þá sýnist mér ekki vera eftir neinu að bíða að hefja vinnu að þeirri lagasmíð sem hv. þm. var að boða. Og mér sýnist það vera nærtækt að hv. þm. Alþfl. með ráðherrum sínum setjist á rökstóla hið fyrsta til þess að leggja drög að þessari löggjöf. Ég vona að það verði gert fljótlega og við sjáum ávextina hér inni í þingsölum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 2. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil bera af mér þær sakir að ég hafi sagt ósatt hér í ræðustól áðan. Það er út af fyrir sig þó að mér, sem hef unnið við dreifbýlisverslun í 20 ár, sé sagt að ég skilji þetta ekki réttum skilningi. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. En hins vegar þykir mér verra þegar sagt er að ég hafi sagt ósatt í því — hvað er vörugjald, sem er lagt á vörur út á land mörgum sinnum, annað en álögur á dreifbýlisverslunina? Ég tek það ekki aftur.

Gjafakort sem heimila líffæraflutninga, ein umr.

Fsp. MF, 225. mál. — Þskj. 379.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 379 hef ég borið fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um gjafakort sem heimila líffæraflutninga. Á síðustu áratugum hefur það færst í vöxt að fólki, sem hefur átt við erfiða ólæknandi sjúkdóma að stríða, hefur verið bjargað með því að það hefur þegið líffæri frá öðrum. Slíkar aðgerðir hafa ekki verið framkvæmdar hér á landi en engu að síður hefur lífi nokkurra Íslendinga verið bjargað á þennan hátt. Þær aðgerðir hafa allar verið framkvæmdar erlendis. Nokkrir líffærabankar eru starfandi í heiminum en líffærabanki er stofnun sem tekur við líffærum frá þeim sem veitt hafa heimild til brottnáms líffæris eða líffæra úr líkama sínum eftir dauða. Á vegum heilbrigðisstofnana eða heilbrigðisráðuneyta víða um heim eru gefin út svokölluð gjafakort sem er yfirlýsing þess, sem undir kortið ritar, að nota megi líffæri hans að honum látnum til ígræðslu í aðra eða til læknismeðferðar í þágu annarra.

Hér á landi eru slík kort í umferð þó ekki séu þau á vegum heilbrrn. eða stofnana þess. Þessi kort eru framtak eins manns, Snorra Ólafssonar. Fjölskylda hans hefur af eigin raun kynnst mikilvægi þess að eiga kost á ígræðslu líffæra. Snorri hefur, eins og ég sagði, hafið dreifingu á slíkum gjafa- eða heimildarkortum. Kortin fær hann frá Englandi og eru þau því með enskum texta en íslensk þýðing fylgir með. Samkvæmt upplýsingum hans bera nú um 500 Íslendingar þessi kort á sér. Þetta framtak Snorra er lofsvert og eftir því sem ég best veit er þetta gert með vitund landlæknis og heilbrrn. Ekki veit ég þó hvaða gildi þessi kort hafa hér á landi á meðan ekki hafa verið settar reglur um þessi efni. Eðlilegra verður því að telja að útgáfa slíkra korta sé ekki aðeins með fullri vitund ráðuneytis heldur á vegum þess og undir eftirliti og kortunum verði dreift samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Hvarvetna í heiminum þar sem gjafakort, sem heimila brottnám líffæris eftir andlát, eru gefin út er það gert samkvæmt ákvörðun yfirvalda heilbrigðismála og reglum settum af þeim.

Nú þegar hefur lífi nokkurra Íslendinga verið bjargað með ígræðslu líffæra. Þótt slíkar aðgerðir séu ekki gerðar hér á landi getum við lagt okkar af mörkum með því að stjórnvöld gefi út þessi umræddu kort og sjái til þess að þeir sem vilja gefa líffæri eftir andlát sitt hafi kost á að undirrita gildandi yfirlýsingu þar að lútandi. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

„Mun ráðuneytið beita sér fyrir útgáfu og dreifingu á svokölluðum gjafakortum þar sem einstaklingur gefur samþykki til brottnáms líffæris úr eigin líkama? Ef

svo er, hvenær má vænta þess að slík kort verði tilbúin? Verða settar ákveðnar reglur um dreifingu þeirra?"

Ég vil í framhaldi af þessari spurningu og í ljósi þeirrar staðreyndar að nú ganga a.m.k. 500 Íslendingar með umrædd ensk gjafakort á sér spyrja hæstv. ráðherra að því hvort samningur hafi verið gerður eða sé í undirbúningi við einhverja erlenda líffærabanka eða erlenda sjúkrastofnun um líffæri hugsanlegra líffæragjafa.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Á sl. vori samþykkti Alþingi lög um ákvörðun dauða. Þessi lög eru nr. 15/1991. Samkvæmt þeim er nú hægt að úrskurða mann látinn þegar öll heilastarfsemi er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Með þessu er dauðaskilgreiningin rýmkuð því að áður var eingöngu hægt að úrskurða mann látinn þegar hjartastarfsemi var hætt.

Rýmkuð dauðaskilgreining samkvæmt þessum lögum opnar möguleika á brottnámi líffæra úr látnu fólki til nota við læknismeðferð annarra einstaklinga. Samhliða lögunum um ákvörðun dauða samþykkti Alþingi því önnur lög, þ.e. lög um brottnám líffæra og krufningar. Samkvæmt þeim getur hver sem orðinn er 18 ára gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Liggi samþykki einstaklings fyrir má að honum látnum nema á brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans. Liggi samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri og lífræn efni úr líkama hans ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Lögin hafa ekki að geyma nein ítarleg ákvæði um það í hvaða formi samþykki hins látna skuli vera. Af greinargerð sem fylgdi frv. má þó ráða að slíkt samþykki skuli vera skriflegt því að þar segir orðrétt:

„Vottur þarf að geta staðfest munnlegt samþykki."

Ráðuneytið hefur nú um hríð haft til athugunar útgáfu svokallaðra gjafakorta hér á landi líkt og tíðkast víða erlendis. Ráðuneytið hefur einnig fengið óformlegar fyrirspurnir um þessi efni og svarað þeim á þá leið að í náinni framtíð sé útgáfa slíkra korta ekki fyrirhuguð en ekkert væri því til fyrirstöðu að einstaklingar og félagasamtök beittu sér fyrir dreifingu slíkra korta.

Nýverið lauk störfum nefnd á vegum læknaráða Borgarspítala, Landakotsspítala og Landspítala um brottnám líffæra og ígræðslu. Nefndin ræddi sérstaklega hugsanlegan ávinning af gjafakortum. Í nefndarálitinu segir um þetta efni, og er það orðrétt tilvitnun, með leyfi forseta. Þar segir svo:

„Það mun reynsla manna að kort þessi skili afar fáum ígræðslulíffærum. Raunin mun sú að leitað sé samþykkis ættingja hvort sem hinn látni bar kort eða ekki. Hins vegar geta kortin leitt til umræðu um þessi mál innan fjölskyldna og þannig verið til góðs. Kostnaður við dreifingu slíkra gjafakorta er verulegur en eftirtekja rýr. Nefndin [þ.e. nefnd læknaráða Borgarspítala, Landakotsspítala og Landspítala] mælir ekki með útgáfu gjafakorta af hálfu heilbrigðisyfirvalda. Hins vegar verður tæpast amast við dreifingu slíkra korta á vegum samtaka eða einstaklinga." Lýkur þar tilvitnun í skýrslu nefnda læknaráða þessara þriggja spítala.

Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöðu ráðuneytisins. Ráðuneytið hyggst hins vegar á næstu mánuðum beita sér fyrir ítarlegri kynningu á efni laganna um ákvörðun dauða og laganna um brottnám líffæra og krufningar.

Virðulegi forseti. Auk þessara spurninga sem eru á þskj. 379 frá hv. þm. beindi hv. þm. til mín fyrirspurn sem ekki er á því þskj., þ.e. hvort til standi að gera samninga við erlenda líffærabanka um brottnám líffæra íslenskra aðila og þá aðgerðir í sambandi við það um flutning líffæra í íslenska sjúklinga. Læknaráðin sem um ræðir hafa verið að skoða þau mál og hafa undirbúið bráðabirgðaskýrslu til ráðuneytisins þar um. Til þess að geta rekið endahnút á þá skýrslu er nú beðið eftir svari dr. Yacobi frá Bretlandi við ákveðnum fyrirspurnum sem til þeirra aðila hefur verið beint sem hafa veitt íslenskum sjúklingum slíka þjónustu. Þar á meðal er Scandia Transplant sem er hinn skandinavíski líffærabanki sem stofnaður hefur verið. Endanleg niðurstaða þar sem læknaráðin munu þá væntanlega gefa meðmæli til heilbrrn. um hvernig þessum málum verði fyrir komið mun ekki fást fyrr en dr. Yacobi hefur svarað þeim fyrirspurnum sem hann hefur fengið ásamt hinum stofnunum sem leitað hefur verið til og hafa þegar gefið svör. Þannig að nú er beðið eftir því að hinn breski læknir sem hefur framkvæmt m.a. hjartaaðgerðir á ýmsum íslenskum sjúklingum veiti svar við þeim fyrirspurnum sem aðrir hafa svarað. Betur get ég ekki svarað þessari fsp. hv. þm. á þessari stundu.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans þótt ég hafi vissulega gert mér vonir um að ákveðnari afstaða lægi fyrir. Ég tel það ekki rétt að einstaklingum eða félagasamtökum sé gefin frjáls heimild til þess að hefja útgáfu og dreifingu svokallaðra gjafakorta vegna líffæraflutninga vegna þess að ég tel að eðli málsins samkvæmt þurfi slík útgáfa og dreifing að vera undir eftirliti og samkvæmt ákveðnum reglum sem heilbrigðisyfirvöld setja.

Viðbrögðin við kortadreifingu Snorra Ólafssonar, sem reyndar á dóttur sem nú dvelur á sjúkrahúsi í London þar sem hún bíður eftir líffærum, lungum og hjarta, hafa verið svo mikil að það sýnir að Íslendingar vilja gjarnan bera slík kort á sér og gefa líffæri eftir andlát sitt ef það megi verða öðrum til bjargar. Ég get hins vegar ekki hugsað mér að það gerist að líffærakort eða gjafakort vegna líffæraflutninga séu t.d. meðal ýmissa spjalda eða korta sem maður sér liggja frammi í hinum ýmsu opinberu stofnunum eða bankastofnunum landsins og þar geti bæði börn og kannski aðrir, sem vita ekki hvað um er að ræða, tekið og gengið með á sér. Þessi kort verður að undirrita og í flestum tilvikum eru settar ákveðnar reglur um aldur þess sem undirritar og jafnframt er það gert undir eftirliti eða eftir heimild frá lækni þannig að ég teldi að

þetta þyrfti að gerast eftir ákvörðun ráðuneytis.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að hér er um að ræða samhljóða álit læknaráðs spítalanna þriggja og heilbrrn. þar sem m.a. kemur fram að það muni ekki vera talið fullnægjandi til þess að líffæri verði numið brott úr látnum einstaklingi að hann beri slíkt kort heldur yrði undir öllum kringumstæðum að leita samþykkis nánusta ættingja.

Ég vil einnig láta það koma fram að við munum að sjálfsögðu fylgjast með þeirri kortaútgáfu sem kann að vera í boði á vegum samtaka eða einstaklinga og við munum stöðva kortaútgáfu af slíku tagi ef mönnum finnst hún vera óeðlileg eða ekki í samræmi við hlutverkið. Við höfum skoðað þessi kort sem Snorri gefur út og við höfum ekkert við þau að athuga. En ég ítreka að þarna er um að ræða afstöðu ekki bara heilbrrn. heldur læknaráða þessara þriggja spítala.

Veðurathuganir við strönd Austurlands, ein umr.

Fsp. HÁ, 232. mál. — Þskj. 395.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Á þskj. 395 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. umhvrh. um veðurathuganir við strönd Austurlands.

Á sl. ári var ákveðið að hætta veðurathugunum á Kambanesi, m.a. vegna þess að ekki þótti fært af kostnaðarástæðum að ráðast í endurbætur sem voru nauðsynlegar til þess að starfsemi gæti haldið þar áfram. Veðurathuganir á Kambanesi eru afar mikilvægar, sérstaklega fyrir sjófarendur við allt Austurland. Það er reynsla sjómanna að mælingar þar skipti mestu máli að því er varðar sjóveður og öryggi sjófarenda þar um slóðir. Það voru því afar slæmar fréttir þegar fréttin um þessa ákvörðun barst og hún olli mikilli óvissu og óöryggi hjá mörgum sjómönnum þar um slóðir.

Mér er fullkomlega ljóst að síðan hefur verið athugað með hvaða hætti þetta mál verður leyst en mér er ekki ljóst hvort þar er um fullnægjandi lausnir að ræða. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. umhvrh.: Með hvaða hætti verði staðið að fullnægjandi veðurathugunum við strönd Austurlands þannig að öryggi þeirra, sem sjómennsku stunda þar um slóðir, verði fullnægjandi eftir því sem hægt er? Eins og öllum er ljóst eru veðurathuganir mikilvægastar fyrir sjófarendur og það hefur einmitt komið í ljós á þessum vetri að þótt veður hafi verið gott til lands oft og tíðum, þá hefur sjóveður verið með versta móti í ár og valdið því að miklir erfiðleikar hafa komið upp í sjávarútvegi. Þess vegna hefur þessi vetur leitt enn betur í ljós en oft áður hversu mikilvægt það er að veðurathuganir með strönd landsins séu með fullnægjandi hætti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. spyr um veðurathuganir við strönd Austurlands. Veðurathuganir féllu niður á Kambanesi um síðustu áramót þegar vitinn þar varð sjálfvirkur og starf vitavarðar var lagt niður en vitavörðurinn annaðist jöfnum höndum vitavörslu og veðurathugun. Óvíða er búseta á ystu annesjum og þess vegna var úr vöndu að ráða fyrir Veðurstofuna þegar þessar athuganir féllu niður. Það varð að ráði að setja upp veðurstöð á Núpi á Berufjarðarströnd sem er næsti bær innan við Streiti en á Streiti er ekki föst búseta. Athuganir á Núpi hófust 23. jan. og daginn eftir var byrjað að lesa veðurfregnir þaðan í útvarpi. Athugunartímar eru þeir sömu og áður voru á Kambanesi, þ.e. kl. 6, 9, 12, 18 og 21.

Núpur er mjög miðsvæðis milli veðurstöðvanna Dalatanga og Hjarðarness í Hornafirði og að því leyti heppilegur athugunarstaður að mati Veðurstofu. Stöðin er fyrir opnu hafi og því ættu sjólagsathuganir að vera allvel marktækar. Hins vegar ber að viðurkenna að Kambanes er betur sett en Núpur vegna vindmælinga til leiðbeininga fyrir sjómenn. Af þeirri ástæðu og til að koma til móts við óskir sjómanna og annarra aðila um áframhaldandi veðurathuganir á Kambanesi hefur veðurstofan ákveðið að gera tilraun með sjálfvirkar mælingar á vindátt, vindhraða og lofthita á Kambanesi allan sólarhringinn. Á þessu eru þó ýmsir erfiðleikar, bæði fjárhagslegir og tæknilegir enda var ekki gert ráð fyrir þessari starfsemi í fjárhagsáætlun. Starfsmenn tæknideildar Veðurstofu hafa sett upp nauðsynleg mælitæki á Kambanesi og þar hófust tilraunamælingar 25. jan. Mjög æskilegt hefði verið að fá viðbótar símanúmer til að koma þessum athugunum inn á gagnanet Landsímans en því fylgir allnokkur kostnaður og fyrst í stað verður því notaður farsími við þessar tilraunasendingar. Reynslan verður að skera úr um hvernig tekst til með þessa sjálfvirku veðurstöð og mæta þarf nokkrum rekstrar- og viðhaldskostnaði auk stofnkostnaðar sem er um 800 þús. kr.

Skeytasendingar frá þessari nýju stöð á Kambanesi eru nú komnar í allgott horf. Vind- og hitamælingar koma reglulega á þriggja klukkustunda fresti allan sólarhringinn og ekki annað að sjá en að þeim beri vel saman við skeyti frá nálægum stöðvum eftir því sem við er að búast og þetta eru upplýsingar frá Veðurstofu Íslands frá því í gær. Þó telja Veðurstofumenn að skeytasendingarnar séu enn á tilraunastigi. Skeytum frá Kambanesi er útvarpað klukkan 6.45, 10.10 og 18.45 og að auki klukkan 1 að nóttu.

Nýja stöðin að Núpi reynist ekki síður en vænst var og skeytin eru lesin í útvarp þaðan þrisvar á dag eins og var um veðurfregnir frá Kambanesi fyrir breytinguna. Það er von Veðurstofu Íslands að með þessum aðgerðum verði sómasamlega bætt fyrir þá skerðingu veðurathugana sem varð þegar búseta á Kambanesi vegna vitavörslu lagðist niður.

Það er rétt í þessu sambandi, ekki aðeins að því er varðar þetta landssvæði, að benda á að verði framhald á því að vitavarsla verði skert í sparnaðarskyni þá mun það auðvitað gera Veðurstofunni erfiðara fyrir um veð-

urathuganir á annesjum. Við því verður reynt að bregðast með öllum tiltækum ráðum og til þess þarf þá aukið fjármagn en þjónusta við sjómenn er auðvitað einn allra þýðingarmesti þátturinn í starfsemi Veðurstofunnar, bæði af öryggis- og hagkvæmniástæðum.

Vona ég þá að þessari fsp. hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sé svarað.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með þessari fsp. er hreyft máli sem hefur verið mikið til umræðu hjá sjómönnum á Austurlandi að undanförnu og það ekki að ástæðulausu. Auðvitað skiptir mjög miklu máli að upplýsingar sem varða öryggi sæfarenda séu í sómasamlegu horfi og það nær ekki nokkurri átt að gripið sé til skerðinga af kostnaðarástæðum án þess að séð sé fyrir að ekki sé verið að rýra þjónustu og öryggi sæfarenda. Þetta gildir ekki síst um smábáta og þá sem gera út á smábátum Austurlands og fiska á grunnslóð en auðvitað alla sæfarendur sem þarna fara um. Ég tel að flutningur að Núpi á Berufjarðarströnd sé ekki sannfærandi úrlausn í málinu, t.d. að því er varðar athuganir á þoku og slíkum skilyrðum og sjólagi sem snerta ekki síst smábátana mjög miklu máli. Fyrir þessu er reynsla og þeir sem búa við þær aðstæður eins og t.d. á Norðfirði þar sem menn sjá til hafs hafa möguleika sem aðrir hafa ekki sem eru lengra innfjarða. Við gerum því kröfu um það, við hljótum að gera það, að horfið verði frá þessu ráði og reynt að tryggja þær athuganir sem gera þarf ef ekki fæst úrlausn með þeim aðgerðum sem ráðherra var að boða sem ég dreg í efa að verði fullnægjandi.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Mig langar fyrst til að leiðrétta það sem fram hefur komið að búseta hafi breyst á Kambanesi. Hún hefur ekki breyst, þar búa enn sömu ábúendur og bjuggu þar fyrir áramót og mörg undanfarin ár og hafa þjónað veðurathugunum og vitavarðarvörslu mjög vel mörg undanfarin ár.

Fram hefur komið að það á að reyna að leysa þessi mál með veðurathugunarþjónustu fyrst og fremst frá Núpi og frá Kambanesi þó í takmörkuðum mæli og með sjálfvirkum búnaði. Það eru kannski innan við 15 km í beinni sjónlínu á milli Núps á Berufjarðarströnd og Kambaness en þess ber þó að gæta að veðurlag á þessari stuttu sjónlínu getur verið mjög mismunandi, sérstaklega hvað varðar vindáttir og þoku, eins og kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

En ég spyr hæstv. umhvrh.: Ef þetta var gert til þess að spara, verður ekki af þessu kostnaðarauki ef hinn sjálfvirki búnaður og rekstur hans kostar um 800 þús. kr. til viðbótar við fulla þjónustu á Núpi?

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans og tel að þær aðgerðir sem hefur verið farið í séu að sjálfsögðu til bóta. Hitt er svo annað mál að ég fell ekki frá þeirri skoðun að það hafi verið afar bagalegt að fella niður veðurathuganir á Kambanesi og mikilvægt að fara yfir þessi mál í ljósi þeirrar reynslu sem þarna hefur átt sér stað, ekki aðeins að því er varðar Kambanes heldur önnur annes landsins. Ég minni t.d. á mikilvægi veðurathugana á Dalatanga á Austurlandi og sömu sögu má áreiðanlega segja um marga staði víðs vegar um landið.

Ég get vel skilið að það þurfi að gæta aðhalds að því er varðar kostnað við vitavörslu og veðurathuganir en öryggi í þessum málum er svo þýðingarmikið að til þess verður að líta með mjög afgerandi hætti. Ég efast ekkert um vilja hæstv. umhvrh. í því sambandi og skilnings hans í málinu en ég tek undir að það verður að draga í efa að það svari kostnaði að fella niður slíkar veðurathuganir eins og þarna hefur verið gert ef síðan þarf að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að koma upp sjálfvirkum búnaði. Ég tel að með því að koma upp þessum sjálfvirka búnaði hafi verið fallist á þær röksemdir að nauðsynlegt sé að veðurathuganir séu á Kambanesi, sérstaklega vindmælingar. Það hefði átt að liggja ljóst fyrir þegar ákvörðun var tekin. En ég vænti þess að í ljósi reynslunnar verði staðan endurmetin og það er ekkert því til fyrirstöðu að mínu mati að hefja veðurathuganir á nýjan leik á Kambanesi sem er að allra mati betri staður og betur til þess fallinn en Núpur, jafnvel þótt aðeins sé um tiltölulega litla fjarlægð milli þessara staða að ræða. Ég vil því hvetja hæstv. umhvrh. til þess að endurmeta málið í ljósi þeirrar reynslu sem kemur eftir að þessi sjálfvirki búnaður hefur verið tekinn í notkun og taka ákvörðun sem gæti m.a. falist í því að taka upp veðurathuganir á Kambanesi að nýju.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið er rétt að ítreka það að þessi starfsemi á Kambanesi er á tilraunastigi og að sjálfsögðu er rétt og skylt að meta málið að nýju þegar meiri reynsla er á það fengin. Hins vegar er það nú svo eins og hv. fyrirspyrjandi þekkir áreiðanlega mætavel að vindmæling á landi segir ekki allt um vind á sjó. Í fyrradag mældist 15 hnúta vindur á Kambanesi, skip á siglingaleið þar skammt fyrir utan mældi hins vegar 30 hnúta vind. Þannig að þó að mikilvægar upplýsingar fáist á slíkri veðurathugunarstöð skiptir auðvitað líka máli að góð tengsl séu við þá farmenn og sjómenn sem eru á miðunum og gefa þaðan upplýsingar.

Ég hygg að við munum standa andspænis svipuðum vandamálum víðar eftir því sem sjálfvirkni í vitakerfinu verður aukin og störf vitavarða lögð niður og þá kemur auðvitað til álita hvort launa eigi sérstaka veðurathugunarmenn á þessum stöðum. Talið er að því fylgi meiri kostnaður en sjálfvirkum búnaði en auðvitað gefur sjónmat miklu meiri og öðruvísi upplýsingar í flestum tilvikum en hin sjálfvirku mælitæki geta gert. Þá held ég að menn þurfi líka að búa sig undir það sem mér finnst raunar athugunarefni að þá þarf að afla Veðurstofu Íslands aukinna tekna til að standa undir auknum kostnaði og sjálfsagt hljóta að koma þar til

álita eins og með marga aðra þjónustu að notendur greiði a.m.k. hluta þjónustunnar.

Úrræði fyrir vegalaus börn, ein umr.

Fsp. SvG, 238. mál. — Þskj. 412.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. 5. febr. 1990 skilaði starfshópur áliti um málefni vegalausra barna. Í starfshópnum voru Arthur Morthens, Gunnar Sandholt, yfirmaður fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, Ingvar Kristjánsson geðlæknir, Halla Þorbjörnsdóttir barnageðlæknir og Víðir Kristinsson, forstöðumaður sálfræðideildar skóla, en Arthur Morthens er sérkennslufulltrúi á fræðsluskrifstofu Reykjavíkur.

Niðurstaða hópsins var sú að hann lagði fyrir ríkisstjórnina tillögu um málið þar sem meginhersla er lögð á að stofnuð verði tvö meðferðarheimili fyrir vegalaus börn þar sem verði möguleiki á vistun í allt að tvö ár, en auk þess yrði stofnað fjölskylduheimili fyrir svokallaða langtímavistun.

Niðurstaðan varð sú að þetta mál færi til meðferðar í félmrn. og af þeirri ástæðu hef ég lagt fyrirspurnir hér fyrir hæstv. félmrh. í fjórum liðum:

„1. Hve mörg börn eru talin „vegalaus" að mati félagsmálaráðuneytisins?

2. Hvar eru þau börn aðallega vistuð um þessar mundir?

3. Hvaða úrræði eru nauðsynleg að mati ráðherra til þess að koma til móts við þarfir þessara barna?

4. Hvaða áform eru á döfinni af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum?"

Hvaða börn eru vegalaus? Það eru börn sem eiga hvergi höfði sínu að halla. Samkvæmt íslenskri málvenju er langbest að orða það þannig. Skilgreiningin sem notuð var í starfi nefndarinnar var þessi:

Í fyrsta lagi börn sem eiga enga trausta forsjáraðila. Í öðru lagi börn sem eiga við geðræna og félagslega erfiðleika að stríða. Í þriðja lagi börn sem eiga við svo alvarlega hegðunarörðugleika að etja að fósturheimili megna ekki að taka við þeim eða sinna þeim. Í fjórða lagi börn sem eiga við að stríða mikla náms- og félagslega örðugleika í skóla. Talað er um að þau börn sem hér um ræðir séu á aldrinum 7–12 ára.

Þær tölur sem heyrst hafa um fjölda þessara barna eru mismunandi. Menn hafa talað um allt að 200 börn í þessu sambandi og án þess að það liggi út af fyrir sig fyrir nákvæm rannsókn á því er fullkomlega ljóst að um er að ræða allmarga tugi barna sem ekki er hægt að koma neins staðar fyrir samkvæmt venjulegum vistunarúrræðum í þessum efnum. Stjórnvöld, hvort sem þau eru á vegum menntmrn., félmrn., heilbrrn. eða sveitarfélaga kunna engin úrræði í þessu efni vegna þess að ekki hefur verið tekið skipulega á málinu af því fyrst og fremst að þessi málefni ganga þvert á ráðuneyti og heyra undir margar og mismunandi stofnanir.

Félagið Barnaheill hefur ákveðið að efna til söfnunar núna á útmánuðum fyrir meðferðarheimili í þágu vegalausra barna. Frá því er skýrt í síðasta tímariti Barnaheilla sem kom út núna í desembermánuði þar sem formaður samtakanna, Arthur Morthens, skýrir frá því hvaða hugmyndir eru þarna á ferðinni. Um leið og ég legg þessar fyrirspurnir fyrir hæstv. félmrh. vil ég bæta þeirri fyrirspurn við hvort hugsanlegt sé að ríkið muni koma til móts við þetta söfnunarátak með beinum hætti að því er varðar stofnkostnað og síðar að því er varðar rekstrarkostnað þessa meðferðarheimilis fyrir vegalaus börn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Áður en vikið verður að þeim spurningum sem til mín er beint er nauðsynlegt að skoða forsögu málsins og fjalla stuttlega um þann hóp barna sem hefur verið gefið það heiti að vera vegalaus.

Í ársbyrjun 1990 barst páv. menntmrh. Svavari Geststsyni erindi frá nokkrum sérfræðingum sem höfðu starfað saman í því skyni að finna úrræði fyrir vegalaus börn. Fyrirspyrjandi hefur farið yfir hvernig þessi hópur er skilgreindur og skal ég ekki endurtaka það hér. Erindi var sent páv. menntmrh. þar sem barnaverndarmál heyra undir ráðuneyti menntamála. Að mati menntmrn. lá hins vegar ekki beint við undir hvaða ráðuneyti mál þetta heyrði þar sem venjuleg barnaverndarúrræði virtust ekki eiga við, þ.e. fósturheimili. Því leitaði menntmrn. eftir samstarfi heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins í því skyni að finna lausn á málinu. Líklega lá þessu til grundvallar sú spurning hvort líta bæri á umrædd börn sem sjúklinga sem þá gæfu þeim rétt á þjónustu í heilbrigðiskerfinu eða fötluð sem í því tilviki ættu að njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þetta var aðdragandi þess að stofnað var til samstarfshóps þessara þriggja ráðuneyta, félags-, mennta- og heilbrigðisráðuneyta sem áttu að vinna að tillögum um að komið yrði á fót meðferðarheimili fyrir 6–7 börn á aldrinum 7–12 ára.

Niðurstöður þessa hóps voru á þá lund að keypt yrðu hús á Stór-Reykjavíkursvæðinu þar sem starfrækt yrðu meðferðarheimili fyrir vegalaus börn. Ég kynnti tillögur ráðuneytahópsins fyrir ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á fundi ríkisstjórnarinnar 17. júlí 1990. Þar var samþykkt að fulltrúar þeirra þriggja ráðuneyta sem unnið höfðu í málinu ásamt fulltrúa dómsmrn. undirbyggju málið til athugunar við gerð fjárlaga fyrir árið 1991. Ekki náðist samstaða við fjárlagagerðina á árinu 1990 um að leggja fé til þessa máls sem lagt var til af hálfu félmrn. það árið.

Skal nú vikið að spurningum hv. þm. Fyrst skal svarað þeirri spurningu sem lýtur að mati mínu á úrræðum sem nauðsynleg eru til að koma til móts við þarfir þessara barna. Ég hef látið yfirfara málefni þessa hóps barna í félmrn. á nýjan leik frá grunni. Niðurstaða þeirrar yfirferðar er sú að óhjákvæmilegt er að líta á málið sem barnaverndarmál og því verði lausnin að verða á grundvelli barnaverndarlaga. Samkvæmt sérfræðiáliti sem samstarfshópur ráðuneytanna lét vinna geta umrædd börn ekki talist fötluð í skilningi laga um

málefni fatlaðra. Að mati sérfræðinga þarfnast börn þessi ekki fyrst og fremst læknishjálpar heldur heimilis þar sem boðið er upp á félagslega hæfingu og meðferð. Það sem einkennir þennan hóp barna er að þau skortir fyrst og fremst trausta forsjáraðila og því eru þau flest á ábyrgð barnaverndarnefnda. Talið er að finna megi fósturheimili fyrir sum barnanna að lokinni 1–2 ára meðferð. Önnur eru það illa stödd að búast má við að þau þurfi varanleg meðferðarheimili til fullorðinsára. Unglingaheimili ríkisins sinnir þeim börnum sem eldri eru en 12 ára. Því hefur vöntunin fyrst og fremst verið fyrir þá sem yngri eru. Unglingaheimili ríkisins er rekið á grundvelli barnaverndarlaga fyrir sveitarfélögin en barnaverndarmál eru viðfangsefni sveitarfélaga svo sem kunnugt er. Með sama hætti tel ég að ríkinu beri að reka meðferðarheimili fyrir hin vegalausu börn. Ég skal viðurkenna að ákvæði gildandi barnaverndarlaga eru ekki jafnafdráttarlaus um skyldu ríkisins til að reka meðferðarheimili fyrir börn eins og unglinga. Hins vegar tel ég að heimildin til þess sé óyggjandi.

Á þessu þingi verður lagt fram stjfrv. að nýjum lögum um vernd barna og ungmenna. Frv. þetta var samið að mestu leyti í embættistíð hv. fyrirspyrjanda sem lagði það fram á síðasta þingi og varð það þá ekki afgreitt.

Þannig segir í 56. gr. þess frv. sem ber heitið „Heimili fyrir börn og ungmenni“, með leyfi forseta:

„Heimili sem undir kafla þennan falla eru hvers konar vistheimili eða meðferðarheimili fyrir börn eða unglinga, hjálparstöðvar eða neyðarathvarf fyrir unglinga, sumardvalarheimili, sumarbúðir eða önnur heimili sem taka börn til uppeldis, umönnunar eða aðhlynningar um langan tíma eða skamman enda falli þau ekki undir önnur lög.“

Þá segir í sömu grein: „Félmrn. er skylt að reka unglingaheimili svo og meðferðarheimili fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða.“ Frv. gerir ráð fyrir að málaflokkurinn flytjist frá menntmrn. til félmrn. Verði frv. afgreitt á yfirstandandi þingi mun ég láta mál þetta sérstaklega til mín taka vegna fjárlagagerðar 1992.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja á því athygli hversu núverandi rekstrarform Unglingaheimilis ríkisins er óheppilegt og því er að mínu mati það rekstrarform ekki heppileg fyrirmynd að meðferðarheimili fyrir vegalaus börn. Þannig háttar nú að enda þótt rekstur unglingaheimilisins sé á vegum ríkisins er sveitarfélögunum gert að greiða daggjald fyrir dvöl unglinga á deildum þess. Á þessu er þó ein undantekning, deild fyrir unga vímugjafaneytendur, meðferðarheimilið að Tindum þar sem rekstrarkostnaður fellur að öllu leyti á ríkissjóð. Ekki er í sjálfu sér til nein eðlileg skýring á þessu mismunandi fyrirkomulagi. Meiru skiptir þó að daggjöld á aðrar deildir unglingaheimilisins eru mjög há. Þannig geta sveitarfélög þurft að greiða vel á aðra milljón fyrir vistun eins unglings í eitt ár. Því er augljóst að það er ekki á færi annarra en fjársterkustu sveitarfélaganna að færa sér unglingaheimilið í nyt. Fyrir það líða margir unglingar. Nýting rýma á unglingaheimilinu hefur jafnframt verið slök af þessum ástæðum. Enn fremur hef ég vitneskju um að afar illa gengur að innheimta daggjöldin hjá sveitarfélögunum og er það ein meginskýring þess að heimilið hefur farið fram úr á fjárlögum. Ég álít að þessu þurfi að breyta og að ríkissjóður reki úrræði af þessu tagi enda er um mjög sérhæfða þjónustu að ræða. Einstök sveitarfélög og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafa oft ályktað um afnám þessara daggjalda. Auðvelt ætti því að vera að ná samningum við sveitarfélögin um að þau tækju önnur útgjöld á móti greiðsluskyldu vegna rekstrar unglingaheimilisins. Þannig mætti hugsa sér að ríkið hætti á móti að greiða framlag vegna umönnunar fatlaðra barna á leikskólum eða aksturs fatlaðra en um svipuð útgjöld er að ræða í báðum tilvikum auk þess sem slík breyting fæli í sér einföldun í stjórnkerfinu.

Í fsp. er spurt hversu mörg börn séu talin vegalaus að mati félmrn. Í gögnum málsins frá þeim tíma að það var til skoðunar á vegum samstarfsnefndar ráðuneytanna kom fram að hér væri um um það bil 20 börn að ræða. Ekki hefur verið gerð athugun á því síðan. Nú er hins vegar í undirbúningi sérstök athugun á þeim fjölda barna sem um gæti verið að ræða. Slíkt þarf að kanna mjög vandlega áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar svo að úrræði verði hæfileg. Ég vil sérstaklega vara við þeim hugmyndum að meðferðarheimili séu vænleg lausn í barnavernd, almennt séð. Við verðum að gæta þess að hér á landi verði ekki komið upp munaðarleysingjahælum sem víða þekkjast erlendis. Áfram verður að fylgja þeirri stefnu að freista þess að finna börnum fósturheimili þangað til það er fullreynt.

Spurt er hvar þau börn, sem um ræðir, eru vistuð. Flest þessara barna eru nú vistuð á barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Meðferðarheimili barna á Kleifarvegi og vistheimili barna á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur við Mánagötu og Hraunberg hafa einnig vistað þennan hóp. Álitið er að nokkur hluti þeirra sé í tímabundnu fóstri og raunar séu tíð skipti fósturheimila hlutskipti þeirra barna sem kölluð hafa verið vegalaus.

Að lokum vil ég láta það álit mitt í ljós að fyllilega er tímabært að barnaverndarmálum sé meiri gaumur gefinn. Umhyggja okkar fyrir þeim sem eru smæstir á meðal hinna smáu hefur verið meiri í orði en á borði. Á því verður að verða veruleg breyting svo um munar.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir ágæt svör. Tilgangur minn með flutningi þessarar fsp. var fyrst og fremst sá að flytja þetta mál hingað inn á Alþingi. Það hefur ekki áður verið rætt eða alla vega ekki oft áður verið rætt hér. Annar tilgangur minn var að undirstrika nauðsyn þess að á málinu verði tekið við afgreiðslu næstu fjárlaga eins og hæstv. félmrh. gat reyndar um í sinni ræðu. Ég er viss um að hún á marga stuðningsmenn hér á Alþingi til þess að ýta á eftir því að til verði meðferðarheimili, að sjálfsögðu á þeim forsendum sem hæstv. ráðherra rakti og ég tel í sjálfu sér enga ástæðu til að fjölyrða um. Það liggur auðvitað í

augum uppi að við höfum engan áhuga á því að fara að koma hér upp neinu sem heitir munaðarleysingjahæli. Það er ástæðulaust að tala um slíkt í þessu samhengi. Það sem skiptir máli er að hér er um fjölda barna að ræða sem eru vegalaus og eru núna vistuð á stöðum þar sem þau eiga ekki eða ættu ekki að þurfa að vera öllu heldur, t.d. á barna- og unglingageðdeildinni.

Varðandi rekstrarformið er ég þeirrar skoðunar að svona stofnun, ef hún er til á annað borð, eigi að vera á vegum ríkisins og hún eigi að sjálfsögðu að vera fjármögnuð eins og meðferðarheimili ungra fíkniefnaneytenda á Tindum en ekki eins og Unglingaheimili ríkisins. Fyrirkomulagið á fjármögnun Unglingaheimilis ríkisins er fyrir neðan allar hellur. Þar er um að ræða gamla sveitauppgjörskerfið þar sem spurt er um það hvar fólk á heima en ekki hvað er að því áður en vistunin er ákveðin. Þess vegna er eðlileg skýring á þessum mismun á rekstrinum á Tindum annars vegar og unglingaheimilinu hins vegar af því að við vildum ekki að Tindar yrðu reknir á sömu forsendum og Unglingaheimili ríkisins.

Ég vil í framhaldi af þessu að sjálfsögðu taka undir það með hæstv. félmrh. að ég tel að í langflestum tilvikum sé hér um að ræða barnaverndarmál. Ég tel að í rauninni falli þessi mál engu að síður og þrátt fyrir gildandi lög mjög vel að verkefnum félmrn. Ég flutti á síðasta þingi sem menntmrh. frv. til laga um vernd barna og ungmenna, mjög ítarlega endurskoðun á þeim lögum sem hafði verið unnin af nefnd undir forustu Ingibjargar Rafnar lögfræðings. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvernig stendur á því að þetta frv. er ekki komið hingað inn nú þegar. Það eru þegar liðnir margir mánuðir af þessu þingi og ég skil ekkert í því hvað menn eru að gaufa. Af hverju er það ekki komið fyrir löngu? Er ekki samkomulag um málið? Mér er kunnugt um að hæstv. dómsmrh. hefur af ýmsum ástæðum möguleika á því að kynna sér stöðu málsins og ég er viss um að bæði hann og félmrh. hafa áhuga á því. Ég skil því ekki alveg hvernig stendur á því að málið er ekki komið inn fyrir löngu. Þetta var á málefnalista ríkisstjórnarinnar í haust þannig að ég vil leyfa mér að bæta þeirri fyrirspurn við til hæstv. félmrh. Ég ítreka svo að lokum spurningu mína: Mun ríkisstjórnin með einhverjum hætti vera tilbúin til að koma til móts við það söfnunarátak sem efnt verður til á vegum Barnaheilla núna á útmánuðum vegna stofnunar meðferðarheimilis fyrir vegalaus börn?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með fyrirspyrjanda að það er mjög slæmt að frv. um vernd barna og ungmenna sé ekki komið inn í þingið. Ég hef leitað eftir því við menntmrh. hvort þess sé ekki að vænta fljótlega. Ég hef orð menntmrh. fyrir því að frv. muni verða lagt fram á næstu dögum. Töluvert hafði verið unnið í þessu máli í þinginu þegar hv. fyrirspyrjandi, sem fyrrv. menntmrh., lagði það fram hér á Alþingi. Það var komið úr nefnd og hafði fengið vinnu þar svo að ég tel að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að ná samstöðu um þetta mál hér í þinginu og það þurfi ekki langa meðferð. En ég legg áherslu á að þetta mál komi sem fyrst inn í þingið.

Varðandi þá spurningu hv. fyrirspyrjanda hvort ríkisstjórnin muni með einum eða öðrum hætti styðja við bakið á því söfnunarátaki sem fyrirhugað er og hv. fyrirspyrjandi nefndi, þá hefur þetta mál ekki verið tekið sérstaklega upp í ríkisstjórninni. En ég mun athuga málið og væntanlega færa það inn í ríkisstjórnina eftir að ég hef kannað það og skoðað.

Staðfesting alþjóðasamþykktar um jafnrétti karla og kvenna, ein umr.

Fsp. SvG, 239. mál. — Þskj. 413.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka mér það bessaleyfi undir umræðum um þennan lið að þakka hæstv. félmrh. fyrir það svar sem hún gaf síðast í umræðunni um síðasta dagskrármál. Ég vona að ég verði ekki gagnrýndur fyrir það af hæstv. forseta að hlaupa þannig á milli dagskrárliða.

Ég hef borið fram fyrir hæstv. félmrh., á þskj. 413, eftirfarandi fyrirspurnir:

„1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum verði staðfest af ríkisstjórn Íslands?

2. Ef svo er, hvenær má vænta þess að samþykktin verði staðfest?

3. Hvaða lögum telur ráðherra óhjákvæmilegt að breyta verði Ísland aðili að þessari samþykkt?"

Þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er nú komin nokkuð til ára sinna. Ég hygg að hún sé frá Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1981 en ástæðan til þess að þessi fsp. er borin fram nú, sem er um leið ábending um það að ég er þeirrar skoðunar að æskilegt sé að staðfesta samþykktina, er sú að fram undan er svokallað ár fjölskyldunnar, árið 1994, og sú samþykkt sem hér um ræðir snertir það ár alveg sérstaklega. Ég hefði talið að það væri eðlilegt að Ísland staðfesti þessa samþykkt þegar á þessu ári í aðdraganda að ári fjölskyldunnar.

Í þessari samþykkt er lögð meginhersla á ábyrgð vinnumarkaðarins gagnvart því sem kallað er fjölskylduábyrgð, þ.e. að fólk geti rækt ábyrgð sína við fjölskyldu sína, börn eða aldraða eða aðra á heimilum enda þótt það hafi skyldur á vinnumarkaði. Íslenski vinnumarkaðurinn hefur í raun aldrei fengist til þess að skilja að það fólk sem vinnur á vinnumarkaðinum er líka fjölskyldufólk. Það á ekki aðeins við um konur, það á líka við um karla. Íslenska félagsmálakerfið og stjórnmálakerfið hefur ekki fengist til að viðurkenna þennan veruleika heldur, að við sem erum starfandi í stjórnmálum og félagsmálum eru líka fjölskyldufólk, eigum börn og fjölskyldu. Ég hygg að þetta hafi kom-

ið niður á báðum kynjum með býsna alvarlegum hætti í mörgum tilvikum.

Sú samþykkt sem hér er vitnað til tekur aðeins á þessu máli. Auðvitað hefur það gerst á undanförnum árum að menn hafa tekið aðeins á þessu í kjarasamningum. Ég hygg að samningarnir sem voru gerðir við starfsmannafélagið Sókn árið 1981 eða 1982 þar sem gert var ráð fyrir heimild til þess að vera heima hjá börnum sínum í veikindum þeirra, kannski verið fyrsti samningurinn á vinnumarkaðinum af því tagi sem sýndi skilning í þessa átt. Mér er sagt að í núv. kröfum Sambands ísl. bankamanna sé gert ráð fyrir vissum möguleikum í þessa átt og líka því að foreldri, móðir, geti verið í hlutastarfi allt fram að tveggja ára aldri barnsins en gengið þá inn í fullt starf á ný og haldið öllum sínum réttindum. Þetta er auðvitað ákaflega mikilvægt atriði.

Fyrir um það bil 20 árum var stofnað hér á landi tilraunadagheimilið Ós. Það mun vera starfrækt enn þá. Þá var tekin um það ákvörðun að þeir sem ættu þar börn yrðu að vera a.m.k. einn vinnudag í mánuði, hvort foreldri ef um tvo var að ræða, með börnum sínum inni á barnaheimilinu. Staðreyndin er sú að mörgum þótti þetta fráleitt til að byrja með en niðurstaðan varð sú að allir viðkomandi atvinnurekendur voru fúsir til þess að lokum að taka undir þessa nauðsyn og fallast á leyfi til starfsmanna sinna, sem voru að vísu við þær aðstæður, launalausir. Ég tel að hér sé um að ræða umræðu sem við þurfum að þróa talsvert mikið hér á Íslandi og við höfum ekki gert lengi. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. félmrh.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur beint til mín fsp. á þskj. 413 um það hvort félmrh. hyggist beita sér fyrir að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum verði staðfest af ríkisstjórn Íslands, eins og segir í fyrirspurninni. Ég vil fyrst geta þess að Alþjóðavinnumálastofnunin eða réttara sagt Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt samtals 172 alþjóðasamþykktir. Af þessum samþykktum eru tvær sem sérstaklega fjalla um jafnrétti karla og kvenna. Önnur þeirra er nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Hin er nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Ísland hefur fullgilt báðar þessar samþykktir og gefur félmrn. alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra eins og fram kemur í árlegri skýrslu félmrh. til Alþingis.

Þriðja samþykktin sem hér er til umfjöllunar er alþjóðasamþykkt nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu, starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem er hið rétta heiti samþykktarinnar í íslenskri þýðingu, og Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi árið 1981. Þessi samþykkt hefur verið til umfjöllunar í þríhliða samstarfsnefnd félmrn. og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins sem fjalla um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Árið 1988 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að setja lög til að framfylgja ákvæði 8. gr. samþykktarinnar en þar er kveðið á um það að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Á Íslandi eru aðstæður þannig að ekki þarf að gefa upp ástæður uppsagnar.

Ég vil upplýsa það að haustið 1990 var tekin saman skrá yfir nokkrar alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með fullgildingu að markmiði. Samþykkt nr. 156 var á þeirri skrá. Þann vetur varð þó að ráði að leggja áherslu á fullgildingu alþjóðasamþykktar sem snertir öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Frá því þetta gerðist hef ég síðan skipað landsnefnd sem vinnur að undirbúningi að alþjóðaári fjölskyldunnar 1994 sem Sameinuðu þjóðirnar standa að. Í landsnefndinni eiga m.a. sæti fulltrúar heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og fjölmargra samtaka er láta sig fjölskyldumál varða. Nefndin hefur afar víðtæk markmið sem m.a. felur í sér að styrkja fjölskylduna á þann hátt að hún geti betur annast meðlimi sína samhliða atvinnuþátttöku. Landsnefndin hefur víða skilgreiningu á fjölskyldunni til hliðsjónar þannig að hinar mismunandi fjölskyldugerðir eru teknar með í allri undirbúningsvinnu. Hins vegar hefur verið ákveðið að huga sérstaklega að barnafjölskyldum með það að markmiði að auðvelda þeim að annast ung börn sín ásamt því að taka þátt í atvinnulífinu. Framangreind alþjóðasamþykkt ILO tekur til vinnandi kvenna og karla sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum á sínu framfæri þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra undirbúnings þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Ákvæðin taka einnig til þeirra sem hafa skyldum að gegna gagnvart nánum vandamönnum, þ.e. þeirra sem greinilega þarfnast umönnunar. Starfshópur innan landsnefndarinnar er að huga að lögum og reglugerðum sem áhrif hafa á fjölskyldulíf og hefur hann fengið samþykktina til athugunar.

Ég vil vekja athygli á 9. gr. samþykktarinnar. Samkvæmt henni má ná markmiðum samþykktarinnar m.a. með setningu laga og ákvæða í kjarasamningum þótt enn hafi ekki farið fram ítarleg úttekt á því hvaða lögum þurfi að breyta eða hvaða atriði þarfnast sérstakrar lagasetningar. Samkvæmt því sem ég sagði hér áðan er ljóst að ef hrinda á markmiðum hennar í framkvæmd kallar það á samstarf ríkis, sveitarfélaga og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Ég hef einnig óskað eftir því, auk þess sem landsnefndin fjallar nú um þessa samþykkt, að samstarfsnefnd félmrn. og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins, sem fjallar um samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina, taki á nýjan leik upp þetta mál og þar verði kannaðir möguleikar á því að ná samstöðu um fullgildingu umræddrar samþykktar sem fyrirspyrjandi spyr hér um og fyrir mig verði lagt hvaða lagabreytingar þarf að gera til að við getum fullgilt umrædda alþjóðasamþykkt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna þeirri umræðu sem hér er og þeim upplýsingum sem fram komu í máli hæstv. félmrh. Ég vona að það verði ekki löng bið á að

þessi umrædda samþykkt verði tekin fyrir, afgreidd og gerðar þær lagabreytignar sem nauðsynlegt er til að hún verði fullgild. Það er ekki síst vegna þess að til þess að fólk hafi möguleika á að geta sinnt fjölskyldu sinni, jafnframt því að stunda vinnu, þá þurfa að vera skýlaus ákvæði í kjarasamningum og lögum að það sé réttur fólks að geta annast t.d. veik börn sín. Það hefur því miður verið nokkur misbrestur á að þessi réttur sé fyrir hendi þrátt fyrir að ýmsir möguleikar séu til eftir mismunandi starfsstéttum. Ég held líka að máli skipti að þetta sé lögfest og vel frá því gengið í kjarasamningum til þess að gera það mögulegt að báðir foreldrar, bæði faðir og móðir, hafi möguleika á jafnri foreldraábyrgð því annars hefur reynslan og kannanir, m.a. lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar, sýnt að þessi ábyrgð lendir fyrst og fremst á mæðrunum og vinnuveitendur feðranna sýna lítinn skilning.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða sennilega eitt allra stærsta mál sem komið hefur fyrir þingið mjög lengi vegna þess að ef á þessum málum yrði tekið mundi það sjálfsagt breyta þjóðfélaginu meira en mjög margt annað. Ef víðtæk samstaða næðist um að þjóðfélagið, vinnumarkaðurinn sérstaklega, viðurkenndi fjölskylduábyrgð, þá værum við í allt öðru þjóðfélagi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt sem fram kom í máli hæstv. félmrh. og vil þakka henni fyrir góðar undirtektir og skilning á þessu máli. Ég vek athygli á því sem hún sagði að í rauninni þyrfti að breyta lögum að hluta til, sérstaklega vegna 8. gr. þar sem segir: „Fjölskylduábyrgð sem slík skal ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs." Það væri byltingarkennd breyting ef þetta tæki gildi. Og ég vil inna hæstv. félmrh. eftir því hvort ætlunin er í þessum þríhliða viðræðum við aðila vinnumarkaðarins að taka á þessu máli í því skyni að breyta lögunum um uppsagnir verkafólks og rétt verkafólks við uppsagnir. Það er auðvitað alveg augljóst að eins og sakir standa eru þau lög mjög rúm og menn geta sagt upp fólki svo að segja að ástæðulausu eða án þess að gefa upp ástæðu. Ég er sannfærður um að ef þetta ákvæði væri bundið í lög mundi það breyta mjög miklu að því er varðar stöðu fólks á vinnumarkaði en þó alveg sérstaklega að því er varðar stöðu fjölskyldunnar yfirleitt.

Ég vil einnig leyfa mér að inna hæstv. félmrh. eftir því hvað líður starfi fjölskyldunefndar, vegna árs fjölskyldunnar, og spyrja að því hvort það er hugsanlegt að einhver bráðabirgðaskýrsla eða skýrsla um áform nefndarinnar komi til umræðu á Alþingi þannig að við getum áttað okkur á því strax á þessu ári hvað ætlunin er að gera á árinu 1994 til þess að styrkja fjölskylduna og stöðu hennar á Íslandi. Um það sem gerst hefur í þeim efnum eru mjög skiptar skoðanir eins og kunnugt er. Spurningin er hins vegar sú hvort okkur gæti auðnast að ná samstöðu um það sem á að gera þrátt fyrir það sem gerst hefur.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar sérstaklega að taka undir orð 9. þm. Reykv. sem benti á það að ef þessi alþjóðasamþykkt sem um ræðir verður staðfest á Alþingi þá verður gjörbreyting á högum fjölskyldna í landinu og þar með gjörbreyting á þjóðlífinu öllu. Mig langar sérstaklega til að benda á að það eru náin tengsl á milli þess að bæta aðstöðu fjölskyldunnar í gegnum slíka löggjöf og þess að bæta hag hinna vegalausu barna sem var rætt um hér á undan. Þetta eru náskyld efni því að hinar raunverulegu úrbætur fyrir vegalaus börn framtíðarinnar á Íslandi eru að bæta hag fjölskyldunnar og gefa foreldrum, hvar í stétt eða stöðu sem þau eru, möguleika á að annast börnin.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hafa talað að hér er um mjög mikilvæga samþykkt að ræða og brýnt að um hana geti tekist samstaða. Ég vil þó segja að þegar alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru lagðar fyrir þingið þá er það mjög mikilvægt að um slíkar samþykktir náist samstaða í samstarfsnefnd ráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um þessar samþykktir og undirbýr þær fyrir Alþingi. Árið 1988 var fjallað um þessa samþykkt og þá náðist ekki samstaða um hana. Eins og ég gat um áðan hef ég óskað á nýjan leik eftir að umrædd samþykkt sé tekin til skoðunar í þessari nefnd og fyrir mig verði lagðar ákveðnar breytingar sem þarf að gera á lögunum ef við fullgildum samþykktina.

Ég vona að þessi málsmeðferð geti leitt til þess að við sjáum þessa samþykkt á Alþingi. Ég tek undir mikilvægi hennar sem hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað.

Varðandi fjölskyldunefndina þá hefur hún mjög víðtækt verksvið að vinna eftir samkvæmt skipunarbréfi og ég tel sjálfsagt að skoða það að Alþingi geti á einhverju stigi málsins fjallað um áfangaskýrslu þessarar nefndar og áform hennar. Ég á þó ekki von á því að starf nefndarinnar verði komið það langt á þessu ári að hægt sé að leggja það fyrir þingið en þegar á næsta ári mundi ég leggja áherslu á að slík áfangaskýrsla væri til og þá fyrr en seinna á því ári. Alþingi gæti þá haft yfirlit yfir það hvað þessi nefnd er að fjalla um, áform nefndarinnar, lagabreytingar og reglugerðir sem hún er að fjalla um og snerta málefni fjölskyldunnar. Ég mun beita mér fyrir því að slík áfangaskýsla komi eins fljótt og auðið er inn í þingið en ég á ekki von á að það geti orðið fyrr en í byrjun næsta árs.

Úrræði fyrir fatlaða, ein umr.

Fsp. GJH, 242. mál. — Þskj. 416.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Atvinnuleysi eykst nú frá viku til viku hér í Reykjavík sem og víðar á landinu. Spár eru misdökkar og sú skoðun hefur heyrst að allt að 5.000 einstaklingar verði atvinnulausir innan tíðar. Það liggur í augum uppi að í samkeppni um þau fáu störf sem

losna, standa fatlaðir höllum fæti. Ekki síst vegna þess að fatlaðir hafa margir hverjir ekki fengið þá menntun sem ungu fólki almennt veitist hér á landi. Einnig er það vitað að fatlaðir geta ekki unnið hvað starf sem er. Komi að uppsögnum starfsfólks þegar vinnuveitandi verður að spara eða hagræða þá er hann oft knúinn til að segja fötluðum starfsmanni upp hversu sárt sem honum finnst það. Í hinu harða kapítalíska kerfi, sem frjálshyggjumenn í stjórninni vilja innleiða hér á landi, mun hinn fatlaði standa mjög illa verði ekki brugðist til varnar.

Í hinu nýja frv. um málefni fatlaðra sem hv. félmrh. lagði fram í gær er rætt um fækkun verndaðra vinnustaða og tilkomu verndaðrar vinnu á almennum vinnumarkaði. Í lögum eru ákvæðin óljós og ógjörningur að sjá hvernig á að framkvæma þetta áform. En eitt er víst, nú á þessum atvinnuleysistímum verður að bregðast sérstaklega við auknum atvinnuvanda fatlaðra.

Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hv. félmrh. um úrræði fyirr fatlaða í atvinnumálum:

„1. Hve margir fatlaðir hafa misst atvinnu nú á síðustu atvinnuleysismánuðum?

2. Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta stöðu þeirra fatlaðra er standa uppi atvinnulausir og eiga því fáar færar leiðir?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er: Hve margir fatlaðir hafa misst atvinnuna á síðustu atvinnuleysismánuðum? Svarið er að við könnun sem gerð var á þremur fjölmennustu svæðunum, þ.e. í Reykjavík, á Reykjanesi og á Akureyri, kom í ljós að 19 fatlaðir einstaklingar hafa fengið uppsögn á síðustu fjórum mánuðum. Þeir skiptast þannig: Reykjavík átta karlar og þrjár konur, Reykjanes tveir karlar og ein kona og Akureyri fimm karlar. Samtals fimmtán karlar og fjórar konur.

Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta stöðu þeirra fatlaðra sem standa uppi atvinnulausir og eiga því fáar færar leiðir? Fyrir hv. Alþingi liggur nú í þriðja sinn frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er ljóst að frv. þetta, ef að lögum verður, mun ekki einungis gagnast ófötluðum á vinnumarkaði heldur einnig fötluðum þar sem starfsmenntun gæti tengst endurhæfingu.

Hingað til hafa tiltölulega fleiri fatlaðir einstaklingar verið á vinnumarkaði hér á landi samanborið við nágrannalönd okkar sökum þess góða atvinnuástands sem við höfum búið við. Reynslan kennir okkur einnig að á samdráttartímum missa þeir hópar gjarnan fyrstir vinnu sem höllustum fæti standa á vinnumarkaðnum. Öflug og virk atvinnuleit og vinnumiðlun gegnir því margþættu lykilhlutverki í atvinnumálum fatlaðra. Í lögum og reglugerð um vinnumiðlun er að finna ótvíræð ákvæði um skyldur vinnumiðlunarskrifstofu sveitarfélaga til að veita sérstaka aðstoð við atvinnuleit fatlaðra í samvinnu við svæðisstjórnir og aðrar hlutaðeigandi stofnanir er einkum fjalla um málefni fatlaðra. Svæðisstjórnum er jafnframt gert skylt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra að sinna atvinnuleit. Ágæt samvinna hefur tekist um þessi mál í Reykjavík og á Akureyri þar sem ríkissjóður greiðir ákveðið framlag til vinnumiðlunarskrifstofu viðkomandi bæjarfélaga.

Í öðrum umdæmum sinna svæðisstjórnir sjálfar þessari starfsemi. Sammerkt hefur verið þessari starfsemi að hún hefur öðrum þræði beinst að því að sinna þeim hópum fatlaðra sem erfiðast hafa átt með að fá störf á almennum vinnumarkaði. Varðandi aðgerðir fyrir þessa hópa hafa svæðisstjórnir lagt aukna áherslu á úrræði eins og liðveislu og verndaða vinnu á almennum vinnustöðum en minna lagt upp úr uppbyggingu verndaðra vinnustaða. Á nokkur þessara atriða er m.a. lögð áhersla í því frv. til laga um málefni fatlaðra sem hefur verið lagt fram hér á hv. Alþingi. Í frv. er að finna ítarlegri ákvæði um atvinnumál fatlaðra en verið hefur. Jafnframt er þar að finna nýjar áherslur sem miða að því að auka möguleika fatlaðra til að starfa á almennum vinnumarkaði. Um leið er dregið úr áherslu á verndaða vinnustaði þannig að í stað þess að lög mæli fyrir um að verndaða vinnustaði skuli starfrækja á hverju svæði er nú einungis lagt til að heimilt sé að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Rökin fyrir þessum nýju áherslum eru þau að annars vegar hefur komið í ljós að verndaðir vinnustaðir eru mjög fjármagnsfrekir og líkur benda til að þeim fjármunum sé betur varið með því að stuðla að því að fatlaðir fái vinnu á óvernduðum vinnumarkaði. Hins vegar hafa margir orðið til að draga í efa raunverulegt gildi verndaðra vinnustaða til hæfingar þar sem athuganir benda til að mörgum þeirra sem útskrifast á almennan vinnumarkað vegnar ekki alltaf vel. Ljóst er þó að verndaðir vinnustaðir henta ákveðnum hópi fatlaðra sem undirbúningur undir störf á almennum vinnumarkaði og jafnframt að viss hluti fatlaðra kýs fremur að eiga kost á varanlegri atvinnu á vernduðum vinnustöðum en að reyna fyrir sér í óvernduðu starfsumhverfi.

Á grundvelli laga um almannatryggingar var á árinu 1979 sett reglugerð um öryrkjavinnu. Reglugerð þessi fól í sér viðleitni til að auka atvinnuþátttöku fatlaðra þar sem Tryggingastofnun ríkisins var falið að annast milligöngu um ráðningu öryrkja hjá fyrirtækjum. Reglugerð þessi hefur því miður ekki gagnast eins og vonir stóðu til. Í frv. til laga um almannatryggingar sem lagt var fram á síðasta þingi hefur ákvæði þetta verið endurskoðað og vankantar þess sniðnir af. Afar býnt er að fá þetta ákvæði lögfest þar sem það getur m.a. liðkað fyrir samningum um starfsþjálfun fatlaðra í almennum fyrirtækjum sem er eitt af áhersluatriðum varðandi atvinnumál í frv. um fatlaða.

Til starfsþjálfunar fatlaðra eru áætlaðar 8,5 millj. kr. á fjárlögum þessa árs. Á þeim fjórum árum sem starfsþjálfun fatlaðra hefur verið rekin hafa 60 nemendur lokið vinnu við skólann. Í könnun sem gerð var á síðasta ári meðal fyrrv. nemenda kom í ljós að 54% þeirra voru útivinnandi, 25% heimavinnandi og 20% í námi. Hvort heldur er um að ræða starfsþjálfun fatlaðra eða starfsmenntun almennt er ljóst að afstaða atvinnurekenda almennt hlýtur að ráða þar miklu. Í sumum löndum hefur verið farin sú leið að skylda atvinnurekendur til að taka fatlað fólk í vinnu. Má nefna sem dæmi

Þýskaland, en þar verða fyrirtæki yfir ákveðinni stærð að bjóða fötluðum ákveðið hlutfall launaðra starfa. Ef þeir sinna því ekki verða þeir að greiða sektir. Sektarfé rennur til að greiða fyrir atvinnumálum fatlaðra. Sú leið að setja kvóta á störf til að tryggja fötluðum eðlilega hlutdeild miðað við fjöldann hefur aldrei verið reynd hér á landi. Ég tel eðlilegt að við reynum til þrautar að fá atvinnurekendur, bæði opinbera og einkareksturinn, til frjálsrar þátttöku til að veita fötluðum úrlausn í atvinnumálum. Hyggst ég á næstunni taka atvinnumál fatlaðra sérstaklega upp við aðila vinnumarkaðarins.

Það er vel hugsanlegt að hið opinbera greiði fjárhagslega fyrir þeim á sama hátt og það leggur fram bein framlög til rekstrar verndaðra vinnustaða ef um væri að ræða stuðning á almennum vinnumarkaði. Minna má á að ríki og sveitarfélög hafa sérstakar skyldur gagnvart þeim sem notið hafa endurhæfingar.

Sumarið 1991 veitti félmrn. Landssamtökunum Þroskahjálp fjárstyrk, 1,7 millj. kr., til að vinna að nýjungum í atvinnumálum fatlaðra. Tillögur hafa nú borist frá tíu aðilum úr öllum kjördæmum landsins og beiðni um fjárstuðning til að hrinda hugmyndum í framkvæmd frá sjö aðilum. Þær beiðnir sem borist hafa eru nú til athugunar hjá verkefnastjóra sem starfar á vegum Þroskahjálpar. Þær umsóknir sem þegar hafa borist eru til útbóta í atvinnumálum 65 öryrkja og styrkbeiðnir að upphæði 5,9 millj. kr. Er nú í athugun hjá félmrh. hvort hægt er að verða við þessari beiðni og mun ég leggja allt kapp á að af þátttöku félmrn. í þessu viðfangsefni geti orðið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er heldur napurt í íslenska þjóðfélaginu um þessar mundir. Ekki bara vegna tíðarfarsins heldur vegna hins almenna ástands sem við búum hér við. Það var sagt frá því í gær að við því mætti búast að 4.000 framhaldsskólanemar fengju ekki atvinnu næsta sumar. Það hefur verið sagt frá því í fjölmiðlum að atvinnuleysistölur eru þær næsthæstu um þessar mundir sem verið hafa síðan 1969. Þá var sjötti eða sjöundi hver félagsmaður Alþýðusambands Íslands atvinnulaus. Og það er alveg ljóst að atvinnumál fatlaðra verður auðvitað að ræða í þessu ljósi. Veruleikinn er allt annar en hann hefur áður verið. Og það er þess vegna sem þessi fsp. frá hv. 18. þm. Reykv., Guðrúnu J. Halldórsdóttur, er mikilvæg. Vegna þess að hún hreyfir við grundvallaratriði. Í rauninni þýðir ekkert fyrir okkur, hvorki ríkisstjórn né stjórnarandstöðu, að ætla að vísa fötluðum á lög eða lagagreinar sem innihalda óljós loforð af ýmsu tagi. Frv. um málefni fatlaðra tekur í raun og veru ekkert á þeim vanda sem er við að glíma í dag. Frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu tekur ekkert á þeim vanda sem við er að glíma í dag. Þetta fólk er að fara út af vinnustöðunum þessa dagana. Það er ljóst að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári, ef svo heldur fram sem horfir, verða 2–3 milljarðar kr. Ég tel að hæstv. félmrh. þurfi að beita sér fyrir því að eitthvað af þeim fjármunum verði tekið núna til þess að tryggja betur atvinnutækifæri fatlaðra. Auðvitað á að ræða þessi mál við aðila vinnumarkaðarins. Reyndar hefur Alþýðusambandið óskað eftir því að fá allra náðarsamlegast að ræða um atvinnumál við hæstv. ríkisstjórn. Vonandi verða þá atvinnumál fatlaðra líka þar til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hennar við fsp. Ég hef aldrei dregið í efa góðan vilja hennar til að standa með þeim sem höllum fæti standa í þessu þjóðfélagi, síður en svo. Ég veit að hún gerir eins og hægt er og það sem hún getur gert. En hvað getur hún gert? Það kom fram í ágætu máli 9. þm. Reykv. að vandinn er stór nú og það verður að gera eitthvað núna. Það er ekki hægt að setja bara lagaákvæði, sem á að vísa þessu ágæta fólki á, um eitthvað sem muni gerast í framtíðinni. Við verðum að gera þetta núna.

Í skýrslum um atvinnumál fatlaðra á vernduðum vinnustöðum og á almennum vinnumarkaði sem félmrn. lét gera og kom út 1990 eru margvíslegar upplýsingar og tillögur um útbætur. Þar kemur fram að tiltekinn hópur fatlaðra á auðveldara með aðgang að vinnu en aðrir, t.d. hreyfihamlaðir og heyrnarskertir. En þessi skýrsla er frá 1990. Og sannleikurinn um heyrnarskerta er allt annar í dag. Ég vil ekki fullyrða um hreyfihamlaða. Einnig vil ég fullyrða að fjölmargir koma í nám, eru kannski skráðir í nám, í kvöldnám eins og ég hef kynnst en eru í rauninni atvinnulausir. Það getur verið að þeir skrái sig í skóla en þeir eru atvinnulausir. Ég held að enginn fatlaður hafi komið í Námsflokka Reykjavíkur núna á miðjum vetri sem ekki var atvinnulaus. Þess vegna beinast augu mín kannski sérstaklega að þessu af því að ég rekst hreinlega á þetta.

Í ljós kemur í skýrslu félmrn., sem ég efast ekkert um að félmrh. þekkir vel og hefur nýtt sér, að vinnumarkaðurinn veit lítið um vinnumiðlun og vinnuleit fatlaðra. Þannig var það árið 1990. En mér virðist að nú á undanförnum árum hafi verðið lögð áhersla á starfsemi vinnuleitarinnar og vinnumiðlunarinnar og ég tel að það sé af hinu góða og sú stofnun vinni gott verk og það átak sé gott í dag.

Mér finnst það sem hæstv. félmrh. sagði um verndaða vinnu úti á vinnumarkaðnum nokkuð óljóst og lítið sem komið er út úr því. Ég kannast ekki við þessa vernduðu vinnu á almennum vinnumarkaði. Hún getur vel verið fyrir hendi fyrir því. Hún er að því leyti mjög athyglisverð að hún gerir tilraun til þess að rjúfa félagslega einangrun fatlaðra sem er geysimikil hjá mörgum þeirra. Því held ég að þetta sem nú er hafið sé geysimikilvægt og það þurfi að eyða miklu fé í þetta og orku.

Verndaðir vinnustaðir verða alltaf að vera til. Hópur fólks getur aldrei verið annars staðar og því má vara sig á því að hafa ekki oftrú á hinni vernduðu vinnu úti á vinnumarkaðnum því að vernduðu vinnustaðirnir verða alltaf að vera og þangað verður stór hópur fólks að geta leitað. Við megum ekki taka trú á hin og þessi kerfi og hinar og þessar stefnur sem leiða okkur út í

ófarnað fyrir þá sem mest þurfa á hjálp okkar að halda.

Vandi rækjuiðnaðarins, ein umr.

Fsp. EKG, 240. mál. — Þskj. 414.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hin skelfilega staða íslensks rækjuiðnaðar eru ákaflega slæm tíðindi fyrir íslenskt þjóðarbú og íslenskan sjávarútveg og fyrir ýmsar byggðir landsins. Mikilvægi rækjuiðnaðarins fyrir íslenska þjóðarbúið sést best á því að hlutfall rækju í útflutningsverðmæti sjávarafurða var á sl. ári 8,56% og 7% árið á undan. Þetta er álíka hlutfall og til að mynda á útflutningi á loðnuafurðum árið 1990 en miklu hærra hlutfall en útflutningur á loðnuafurðum var árið 1991 og miklu hærra hlutfall en útflutningur á síldarafurðum svo dæmi séu tekin af atvinnugreinum sem hafa líka mikla þýðingu fyrir íslenskt þjóðarbú.

Vegna þessara ástæðna er bullandi taprekstur rækjuverksmiðjanna ár eftir ár afar alvarlegur fyrir okkur öll en þó sérstaklega fyrir þær byggðir sem byggja verulegan hluta af atvinnulífi sínu á rækjuiðnaðinum. Ég nefni byggðirnar við Ísafjarðardjúp, ég nefni staði eins og Hólmavík, ég nefni Hvammstanga og ég nefni Siglufjörð og gæti bætt við enn þá fleiri stöðum.

Sannleikurinn er sá að Þjóðhagsstofnun áætlaði í október á síðasta ári að tap rækjuvinnslunnar væri eitthvað nálægt 22%. Þetta er auðvitað ótrúleg tala og sýnir vel í hnotskurn þennan mikla vanda. Sem betur fer er flest sem bendir til þess að tap þetta sé verulega minna núna, bæði vegna þess að aðstæður hafa gert það að verkum að yfirborganir hafa orðið minni, einnig hefur hráefnisverð lækkað og nú er það mat þeirra sem í þessari grein starfa að taprekstur rækjuvinnslunnar í landinu sé 10–12% og telst þó ærið. Alveg er ljóst að við svo búið getur ekki gengið miklu lengur enda hefur það verið að gerast á síðustu mánuðum og síðustu missirum að rækjuverksmiðjur hafa orðið gjaldþrota og allar eiga þær við mikla erfiðleika að stríða. Sem dæmi um þá miklu verðlækkun sem orðið hefur á síðustu árum og er auðvitað helsta ástæðan fyrir vanda rækjuiðnaðarins vil ég nefna það að frá árinu 1987 hefur rækjuverð lækkað um 39% og þá er verið að tala um vegið meðaltal innan hvers árs. Frá árinu 1989, sem margir telja ósköp venjulegt ár, hefur verðlækkunin numið 25% erlendis, þ.e. gagnvart íslenskum rækjuframleiðendum. Þetta segir okkur auðvitað að engin atvinnugrein, hversu vel stæð sem hún var fyrir getur þolað slíkt ástand til langframa. Í ljósi þessara upplýsinga og ljósi þess að þessi atvinnugrein er svo mikilvæg fyrir okkar þjóðarbú hef ég lagt fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir aðgerðum til að bæta rekstrarstöðu rækjuvinnslunnar í landinu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hef ég átt nokkrum sinnum viðræður við forustumenn í samtökum rækjuframleiðenda og stjórnendur einstakra fyrirtækja í þessari atvinnugrein um þann mikla vanda sem hún hefur staðið frammi fyrir. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur verið verulegur hallarekstur í rækjuframleiðslunni að undanförnu og að sumu leyti hefur hún átt við mun meiri erfiðleika að etja en aðrar greinar í sjávarútvegi vegna þess að á sama tíma og aðrar greinar hafa búið við mjög hátt markaðsverð hefur orðið verðfall í rækjuframleiðslu. Það er úr vöndu að ráða þegar þannig stendur á. En hitt er ljóst að um mjög mikilvæga atvinnustarfsemi er að ræða eins og kom reyndar fram í máli hv. þm. Eftir því sem úthafsveiðar á rækju hafa vaxið hefur þýðing rækjuframleiðslunnar fyrir þjóðarbúskapinn og atvinnu í einstökum byggðum vaxið mjög verulega. Fyrir áratug var útflutningur á rækjum um 1–2% af útflutningstekjum en er nú 7–8% þannig að hér er um mjög umtalsverðan þátt að ræða í útflutningi á sjávarafurðum.

Ljóst er að að hluta til hefur verðfallið ekki komið fram í lækkuðu útsöluverði á erlendum mörkuðum þannig að milliliðir hafa tekið til sín aukinn hlut og það gefur ástæðu til þess að atvinnugreinin beini sjónum sínum að markaðsstarfsemi. Hún hefur verið mjög sundurlaus. Ekki hafa verið skipuleg samtök eða samstarf rækjuframleiðenda um útflutningsmál. Mér er kunnugt um að á vettvangi þeirra hefur hins vegar farið fram umræða um skipulagt átak í þessum efnum. Ráðuneytið hefur fylgst með þeim umræðum og boðist til þess að greiða fyrir átaki í því efnum og ég tel að það sé mikilvægur þáttur í aðgerðum til að treysta rekstrarstöðu atvinnugreinarinnar.

Þá var verð á hráefni allt of hátt miðað við afurðaverð og á því hefur orðið nokkur breyting þannig að hallareksturinn er ekki jafngeigvænlegur og hann var við lok sl. árs en er enn svo mikill að ekki verður við unað til lengri tíma. Á það er svo að líta að mikil nauðsyn er á frekari hagræðingu innan greinarinnar. Athugun sem gerð hefur verið á vegum nefndar sjútvrn. um stefnumótun í sjávarútvegsmálum hefur leitt í ljós að nýting á vélakosti sem fyrir hendi er til rækjuframleiðslu er ekki nema 61%. Unnt er að vinna um 57 þús. lestir í þeim vélum sem eru fyrir í landinu en framleiðslan er um 35 þús. lestir. Því væri auðveldlega hægt með 38% minni vélakosti að vinna þá rækju sem fyrir hendi er. Mikilvægt er að aukin hagræðing eigi sér stað í greininni til þess að almennar aðgerðir treysti frekari undirstöðu í rekstri fyrirtækjanna.

Þegar litið er á stöðu greinarinnar í heild og þær aðgerðir sem óhjákvæmilegt er að grípa til innan greinarinnar, bæði í markaðsmálum og innri hagræðingu, er augljóst að ekki er við því að búast að verðsveiflur verði upp á við á erlendum mörkuðum. Því er ekki þess að vænta að ytri skilyrði batni á komandi árum að þessu leyti. Fyrir þá sök hljóta aðgerðir til þess að treysta rekstrarstöðuna að tengjast almennum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til þess að styrkja rekstur sjávarútvegsfyrirtækja í landinu.

Þær upplýsingar sem birtar hafa verið um afkomu í sjávarútvegi eru þannig, eins og öllum hv. þm. er

kunnugt, að með ótvíræðum hætti þarf að bregðast við þeim vanda og rækjuiðnaðurinn er hluti af því viðfangsefni. Ég vænti þess að þegar menn hafa komist að niðurstöðu um með hvaða hætti er eðlilegast að taka á þeim vanda verði um leið skotið sterkari stoðum undir rekstur rækjuframleiðslunnar í landinu. Ég ítreka að rækjuframleiðslan er svo veigamikill þáttur í sjávarafurðaframleiðslu landsmanna að á þennan vanda verður að líta með sama hætti og aðra mikilvæga þætti í sjávarútvegi okkar Íslendinga.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er nokkuð mikið mál til umræðu. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á málinu þótt það sé út af fyrir sig atriði sem maður tekur eftir að stjórnarþingmaður telur sig knúinn til að spyrja hæstv. sjútvrh. í sinni ríkisstjórn hvað hann hyggist gera í þessum málum.

Ég hef áður kvatt mér hljóðs um þessi mál í umræðum um Hagræðingarsjóð og vil endurtaka það að langáhrifaríkasta aðgerðin í þessum málum er að breyta þeirri stöðu sem rækjuvinnslan er í gagnvart útgerðinni þar sem við búum við það kerfi að veiðileyfin eru á hendi útgerðar en ekki vinnslu. Þetta þýðir í úthafsveiðum að vinnslunni hefur verið stillt upp við vegg og hún hefur orðið að kaupa hráefnið, ekki bara á því verði sem Verðlagsráð hefur sett upp, heldur yfirborga það, greiða hærra verð en talning gerir ráð fyrir. Í öðru lagi með því að taka á sig að greiða útgerðarkostnað skipanna, olíu- og veiðarfærakostnað og ýmislegt. Taka verður tillit til þessa atriðis áður en menn fella þann dóm að hráefnisverðið sé endilega of hátt miðað við afurðaverð þannig að þetta er sú breyting sem menn þurfa fyrst að gera.

Ég vil svo í lokin, virðulegi forseti, af því að ég sé að hér er ég kominn á rautt ljós, láta það koma fram að ég tel hins vegar að þessar ábendingar mínar eigi ekki við um innfjarðarækju og ég hef áður farið yfir það mál og hæstv. sjútvrh. er kunnugt um skoðanir mínar í þeim efnum.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans við fsp. minni um vanda rækjuvinnslunnar. Mér er það mætavel ljóst að það er ákaflega erfitt að finna ákjósanlega lausn á þessu mikla vandamáli sem afkoma rækjuvinnslunnar er og ef sú lausn væri auðfundin hefðu menn vitaskuld farið í að framkvæma þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru.

Ég vil hins vegar árétta nokkur atriði sem hæstv. sjútvrh. nefndi í ræðu sinni og þá í fyrsta lagi það hversu nauðsynlegt það er að standa vel að baki því markaðsátaki sem greinin sjálf hyggst núna efna til í því skyni að tryggja að verðmyndunin á markaðnum erlendis skili sér með fullum hætti inn til greinarinnar hér á landi. Ég veit að þetta mál er ekki alveg einfalt vegna þess að við kunnum í því sambandi að tefla öðrum hagsmunum okkar í greininni í nokkra tvísýnu en engu að síður er það auðvitað grundvallaratriði að við getum komist fram hjá þeim milliliðum sem selja vörur okkar á neytendamarkaðnum og við getum notið afrakstursins af þeirri sölu beint inn í atvinnugreinina okkur til hagsbóta.

Í öðru lagi það sem hæstv. sjútvrh. nefndi varðandi innri hagræðingu sem þyrfti að eiga sér stað í greininni og ég er honum sammála um. Hins vegar er ástæða til þess að árétta það að slík innri hagræðing hefur verið að eiga sér stað og rækjuverksmiðjum hefur fækkað mjög frá því sem þær voru flestar, ég hygg um allt að 40% á bara örfáum árum. Jafnframt er alveg ljóst að greinin sjálf megnar ekki við óbreyttar aðstæður að láta þessa úreldingu fara fram og ég vil þess vegna ítreka þá hugmynd sem ég setti raunar fram fyrr í vetur í umræðum um byggðamál að sá kostur sé skoðaður mjög rækilega að reynt sé að setja upp úreldingarsjóð fiskvinnslunnar líkt eins og við erum nú með úreldingarsjóð fiskiskipa í því skyni að fækka fiskiskipunum í landinu. Þetta er raunar hugmynd sem hefur verið að fá byr undir báða vængi í umræðunum upp á síðkastið um þennan almenna vanda sem við er að glíma í íslenskum sjávarútvegi og snertir vitaskuld rækjuna eins og aðra þætti þeirrar atvinnugreinar.

Þriðja atriðið er auðvitað það sem er langsamlega stærst og það eru þær almennu aðgerðir sem nauðsynlegt verður að grípa til gagnvart sjávarútveginum í heild í ljósi þeirra skelfilegu upplýsinga sem birst hafa upp á síðkastið, bæði í útreikningum Þjóðhagsstofnunar og Hagfræðistofnunar Háskólans sem sýna það einfaldlega að skuldsetning greinarinnar af ýmsum ástæðum er orðin svo mikil í heildina séð að ljóst er að meiri hluti fyrirtækjanna ræður ekki við hana þegar til lengri tíma er litið.

Ég vil að lokum árétta það og hvetja til þess að þeirri vinnu sem hæstv. sjútvrh. nefndi að nú færi fram til þess að létta á byrðunum hjá rækjuvinnslunni verði hraðað í því skyni að skapa þessari mikilvægu atvinnugrein eðlilegt rekstrarumhverfi, ekki síst í ljósi þess að fyrir ýmsar hinar dreifðu byggðir landsins, byggðirnar við Ísafjarðardjúp, Hólmavík, Hvammstanga, Siglufjörð og fleiri, er hér um að ræða svo gríðarlegt hagsmunamál að öllum má vera ljóst að ef illa fer mun það líka kosta okkar þjóðfélag ómældar fjárhæðir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil í tilefni af ummælum hv. fyrirspyrjanda taka undir það sjónarmið að það er ekki ólíklegt að við verðum að taka mjög til athugunar hvort ekki er nauðsynlegt að koma á einhvers konar úreldingu í fiskvinnslu með svipuðum hætti og við höfum komið á að því er útgerðina varðar. Ég er þeirrar skoðunar að ef ætlunin er að gera þær ráðstafanir sem treysta undirstöður rekstrar í sjávarútvegi til lengri framtíðar geti það verið mikilvægur þáttur í slíkum aðgerðum að koma slíkri úreldingu fram. Þess vegna tek ég undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta kemur vel til athugunar við þá skoð-

un sem nú fer fram á úrræðum til þess að mæta þessum gífurlega vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Nýr langbylgjusendir, ein umr.

Fsp. ÁJ, 190. mál. — Þskj. 210.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. um endurreisn langbylgjusendis og er það í tilefni og framhaldi af því að í miklu ofviðri í ársbyrjun 1991 féll langbylgjusendir á Vatnsenda. Síðan hefur allt langbylgjukerfi landsins verið í miklum ólestri og öll þjónusta Ríkisútvarps, sem öryggisaðila í þjóðfélaginu, verið í lamasessi. Fsp. lýtur að því hver staða mála sé varðandi endurnýjun langbylgjusendis.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Þann 19. apríl 1991 var nefnd skipuð til að fara yfir þá möguleika sem fyrir hendi eru um þá þjónustu sem langbylgjustöð Ríkisútvarpsins á Vatnsendahæð hefur annast og leggja fram álit um hvernig best verði að þeim málum staðið til frambúðar. Nefnd þessi var skipuð í framhaldi af því að langbylgjumastrið á Vatnsenda féll í byrjun febrúar 1991 en þá komu upp efasemdir um að réttmætt væri að byggja nýja langbylgjustöð í stað Vatnsenda. Var það hlutverk nefndarinnar að fjalla um þá kosti sem í boði eru.

Nefndin skilaði áliti ásamt ítarlegri greinargerð hinn 9. des. sl. Athugaði hún ítarlega alla þekkta möguleika á lausn í dreifingarmálum Ríkisútvarpsins og fékk m.a. til liðs við sig erlenda ráðgjafa frá Evrópusambandi útvarpsstöðva. Niðurstöður nefndarinnar eru í meginatriðum að áfram verði notuð blönduð lausn í dreifingarmálum Ríkisútvarpsins með FM-, langbylgju- og metrabylgjustöðvum í þeim mæli sem heppilegt er talið til að þjóna settum markmiðum og ólíkum þörfum notenda á sem hagkvæmastan máta, m.a. með endurbyggingu langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda. Samspil þessara dreifingarkerfa geti fullnægt dreifiþörf mikils meiri hluta þjóðarinnar og á helstu fiskimiðum. Lögð verði áhersla á öflugar langbylgjusendingar og að langbylgjustöðvarnar á Vatnsenda og Eiðum verði endurnýjaðar.

Það er mat nefndarinnar að heildarkostnaður við endurbyggingu langbylgjustöðvar með hámarksafli á Vatnsenda kosti um 800–900 millj. kr. Þá leggur nefndin enn fremur til að langbylgjustöðin á Eiðum, sem líkast til endist í 1–2 ár til viðbótar, verði endurnýjuð. Áætlaður kostnaður við þá endurnýjun er um 100–200 millj. kr. Með þessum aðgerðum telur nefndin að viðunandi þjónusta útvarpsins á einni rás nái til alls landsins og næstu fiskimiða um leið og undirstrikað er að dreifikerfi þurfi á hverju ári stöðugrar endurnýjunar og styrkingar við.

Spurt var hvort einhver önnur áform um lausn málsins en endurbygging öflugri langbylgjusendis en var á Vatnsendahæð væri í kortunum.

Nú liggur fyrir að lóranstöðin á Gufuskálum, sem rekin er af Pósti og síma í umboði bandarísku strandgæslunnar, verði rekin með óbreyttu sniði fram til ársins 1994 en þá mun hún verða lögð niður. Vel kemur til álita að leita eftir samningum við viðkomandi aðila um yfirtöku á þeirri aðstöðu sem þar er, þ.e. húsi, mastri sem unnt er að breyta í langbylgjuloftnet, varaafstöð og fleira. Engar viðræður hafa farið fram en ég tel rétt að athugað verði vandlega hvort ekki séu tök á því að fá þarna aðstöðu fyrir langbylgjusendingar Ríkisútvarpsins sem mundu hugsanlega hefjast síðla árs 1995. Gera má ráð fyrir því að þessi kostur kunni að vera fjárhagslega hagkvæmur. Ef af verður má ætla að þeim áfanga, að endurnýja langbylgjustöð Suðvesturlands, verði náð eins og nefndin um langbylgjuna lagði til. Fullt samráð er milli mín og samgrh. að viðræður verði hafnar af hálfu íslenskra stjórnvalda við bandarísk yfirvöld um möguleika á yfirtöku lóranstöðvarinnar í Gufuskálum.

Eins og nú stendur mun sá möguleiki að nýta lóranmastrið í Gufuskálum vera sá kostur sem gæti tryggt uppbyggingu langbylgjukerfisins á sem skemmstum tíma. Eins og ég vék að í upphafi, þá er um gífurlega kostnaðarsamt verkefni að ræða enda þótt yfirtaka á lóranstöðinni kunni að leiða til lækkaðs heildarkostnaðar miðað við útreikninga nefndarinnar. Of snemmt er að segja til um hversu mikill fjárhagslegur ávinningur kunni að verða af því að nýta lóranstöðina á Gufuskálum til langbylgjusendinga en það er ljóst að heildarkostnaður mun verða hundruð milljóna kr. Þetta fé er ekki handbært. Samkvæmt útvarpslögum er einn af tekjustofnum Ríkisútvarpsins aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Þessar tekjur áttu að renna í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem m.a. á að verja í að tryggja viðunandi tækjakost og dreifikerfi. Með lánsfjárlögum hefur á undanförnum árum verið ákveðið að þessi tekjustofn Ríkisútvarpsins renni beint í ríkissjóð. Með þessu móti hefur Ríkisútvarpið í raun orðið af 625,5 millj. kr. á árunum 1987–1989. Það fé sem hefur árlega verið til ráðstöfunar til uppbyggingar dreifikerfisins hefur verið á bilinu 15–25 millj. kr. á ári eða 1% af brúttótekjum stofnunarinnar. Framgangur þessa verkefnis, að reisa nýja langbylgjustöð á Suðvesturlandi, ræðst að sjálfsögðu af því hvort og þá með hvaða hætti unnt er að tryggja fjármagn til þess.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Rétt ár er nú síðan farviðrið skall á sem felldi langbylgjumastrið á Vatnsenda. Í utandagskrárumræðum sem ég stóð þá fyrir á Alþingi tók ráðherra til máls og lagði mikla áherslu á að full ástæða væri til að flýta eins og kostur væri uppbyggingu þessarar þjónustu. Ljóst er að með falli mastursins á Vatnsenda hefur öll þjónusta Ríkisútvarpsins snarversnað, ekki aðeins í almennri þjónustu við landsmenn heldur ekki síður í þjónustu við bátaflotann, er lýtur að veðurfréttum og öllum tilkynningum þar að lútandi. Það er

þar sem mest reynir á og vandinn er mestur. Raunar er ekki boðlegt að á stórum hluta landsins skuli ekki vera hægt að ná útsendingum Ríkisútvarpsins sem á að vera hinn sameiginlegi tengifjölmiðill allra landsmanna í þeirri þjónustu sem við eigum sameiginlega og ekki er ágreiningur um. Öryggisþátturinn vegur þyngst í þessu, bátaflotinn. Og mikilvægt er að flýta sem kostur er þeirri vinnu að þarna sé hægt að rétta við.

Það á að gera Ríkisútvarpinu kleift að ná til allra landsmanna og miðanna í kringum landið. Tillögur um að byggja 500 kw. langbylgjusendi liggja fyrir. Sá gamli var 100 kw. þannig að styrkaukningin er mjög mikil og skiptir máli. Jafnframt er niðurstaða nefndarinnar, sem ráðherra gat um, að hafa áfram samspil FM- og langbylgju og að endurnýja sendinn á Eiðum. Þetta er dýr framkvæmd en með því að tryggja þær tekjur sem Ríkisútvarpinu eru ætlaðar væri unnt að gera þetta á skynsamlegan hátt og tryggja þar með hið mikilvæga þjónustuhlutverk.

Ástæða er til að vekja athygli á að dreifikerfi Ríkisútvarpsins stendur höllum fæti. Þeir sendar sem nú eru á landinu og snerta FM-sendingar, örbylgjur, eru alls um 300 talsins. Þeir hafa verið endurnýjaðir og haldið við í lágmarki um árabil og á því sviði stefnir í raun og veru einnig í hrun sem getur dunið yfir nákvæmlega eins og gerðist með langbylgjusendinn á Vatnsenda. Gott er að heyra að sameiginlegt álit hæstv. ráðherra samgöngu- og menntamála er að taka nú þegar upp viðræður um hugsanlega nýtingu mannvirkja á Gufuskálum sem ætlað er að starfrækja til 1994. Ég held að jafnframt megi segja að mjög mikilvægt sé að setja þar tímamörk vegna þess að afgreiðslufrestur á langbylgjusendibúnaði er 12–18 mánuðir. Samkvæmt þeirri skýrslu sem hæstv. menntmrh. vitnaði í er ljóst að verði ekkert að gert mun miðbylgjustöðin á Höfn í Hornafirði loka á næsta ári. Langbylgjustöðin á Eiðum lokar eftir 1–2 ár og langbylgjustöðin á Vatnsenda lokar eftir 5–7 ár. Það tekur eitt og hálft til tvö ár að fá þau tæki sem þarf og reikna þarf með þeim tíma. Þess vegna er mikil ástæða til þess að ljúka öllum undirbúningi ekki seinna en fyrir haustið. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu vegna þess að tími hans er búinn og rúmlega það.) Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Málið er mjög mikilvægt og það undirstrikast kannski af því að það hefur tekið heldur meiri tíma en ætlast var til.

Viðskiptahættir í tengslum við gjaldþrot einstaklinga, ein umr.

Fsp. GJH, 248. mál. — Þskj. 424.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrri fsp. mín er til hæstv. dómsmrh. Þegar litið er í dagblöðin blasa oft við langir dálkar af auglýsingum um uppboð fasteigna. Um síðustu helgi taldi ég 100 slíkar auglýsingar í Dagblaðinu/Vísi. Bak við hverja auglýsingu býr löng saga rangra áætlana, brostnar vonir, erfiðleikar og þjáningar. Sem betur fer fara ekki allar þær fasteignir á uppboð sem auglýstar eru en þegar komið er fram í þriðju auglýsingu blasir uppboðið eitt við. Allar aðrar leiðir eru lokaðar. Sú saga og þær raunir sem að baki þessum litlu formlegu auglýsingum leynast eru oft hörmulegar. Stundum hafa lánveitendur eða lánseljendur komið við sögu sem virðast aðeins hafa gengið það eitt til með lánafyrirgreiðslum sínum að ná taki á lánþegum og möguleika á að sölsa undir sig eignina þegar í gjaldþrot og uppboð er komið.

G-samtökin, samtök gjaldþrota fólks, geta frætt okkur um ýmis dæmi þessa. Raunar rekumst við stundum sjálf á þetta í kringum okkur. Oft býður öllu venjulegu fólki við aðferðum hrægammanna sem koma og þykjast í fyrstu vera bjargvættir og lánendur en spyrna síðan lántakandanum, sem í ógöngur er kominn, út yfir gjaldþrotsbrúnina.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig með slíkum málum er fylgst og hvernig á þeim er tekið ef þau komast upp og vænti svara þó um sé að ræða hinn svonefnda gráa fjármagnsmarkað þar sem leikið er innan marka eða á mörkum hins löglega en áreiðanlega langt utan við mörk hins siðlega. Ég spyr einnig hversu mörg slík mál hafi komið til kasta dómstóla að undanförnu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fsp. er það að segja að stjórnvöld hafa ekki almennt eftirlit með lánastarfsemi fyrirtækja eða einstaklinga nema að því leyti sem það á lögum samkvæmt undir bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Í reglum um bankaeftirlitið í VI. kafla laga um Seðlabanka Íslands er verksvið þess afmarkað þannig að það tekur til starfsemi innlánsstofnana, þ.e. viðskiptabanka og sparisjóða. Því til viðbótar má finna sérreglur í öðrum lögum um eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins svo sem ákvæði III. kafla laga um eignarleigustarfsemi og VI. kafla laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Eftir þessum lagareglum felst hlutverk bankaeftirlitsins öðru fremur í því að gæta að fjárhagsstöðu bankastofnana, eignarleigufyrirtækja og verðbréfafyrirtækja m.a. með tilliti til áhættu af viðskiptum þeirra og fyrirgreiðslu við einstaka viðskiptamenn sem getur talist óeðlileg í ljósi fjárhagsstöðu þeirra. Með þessu má segja að eftirlit sé haft með viðskiptaháttum vissra stofnana og fyrirtækja sem hafa gagngert með höndum lánastarfsemi og skyldan rekstur. Þetta eftirlit beinist hins vegar að áhrifum viðskipta á hag lánveitandans eða kröfu eigandans en ekki að aðstöðunni gagnvart lánþeganum eða skuldaranum.

Á öðrum vettvangi en þeim sem nú hefur verið getið er ekki um að ræða afskipti stjórnvalda eða annarra handhafa ríkisvaldsins af lánastarfsemi fyrirtækja eða einstaklinga með tilliti til þess hvort eðlilegum viðskiptaháttum sé beitt nema að því leyti sem refsiverð háttsemi kann að vera drýgð í viðskiptum. Ef litið er sérstaklega í þessu sambandi til lánafyrirgreiðslu við einstaklinga í fjárþröng má hafa í huga að í 20. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, er mælt fyrir um refsinæmi

þess að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjenda síns eða annan aðstöðumun til að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Varðar slík háttsemi sektum, varðhaldi eða fangelsi sem getur numið allt að tveimur árum fyrir ítrekað brot. Þá liggur sama refsing við því skv. 253. gr. almennra hegningarlaga að maður noti sér bágindi annars manns, einfeldni, fákunnáttu eða það að annar maður sé honum háður til að áskilja eða afla sér hagsmuna í samningum þannig að bersýnilegur munur sé milli þess sem hvor lætur af hendi. Mál vegna brota af þessum toga geta almennt ekki komið til kasta yfirvalda nema með kæru af hendi þess sem misgert er við eða eftir atvikum í tengslum við gjaldþrotaskipti á búi þess sem brot hefur beinst að.

Í síðari spurningunni sem borin er fram er leitað svara við því hve mörg mál hafi komið til kasta dómstóla af þessum sökum á síðustu fjórum árum. Eftir því sem næst verður komist hefur ekkert sakamál á þessu tímabili varðað brot af þeim meiði sem fsp. lýtur að. Enginn kostur virðist vera á því að afla upplýsinga um hvort einkamál hafi verið rekin á síðustu fjórum árum vegna atvika af þessum uppruna, t.d. til ógildingar á lánssamningum eða riftunar á ráðstöfunum vegna þeirra, enda eru málaskrár um einkamál við dómstólana ekki svo ítarlega færðar að hægt sé að rekja þar uppruna hvers og eins máls með þeim hætti sem hér þyrfti til.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. greinargóð svör. Mér býður samt í grun að lög okkar séu ekki nægilega afdráttarlaus gagnvart því fólki sem stundar slíkt atferli eins og ég lýsti áðan. Ég vil skora á stjórnvöld og hið háa Alþingi að setja miklu strangari reglur um meðferð og rannsókn á slíkum málum. Ég skora á ráðherra og Alþingi að þegar um gjaldþrot er að ræða sé í hverju tilviki athugað hvernig lánveitendur hafa staðið að málinu.

Mér finnst líta út eins og hið íslenska þjóðfélag sé að ala upp peningahrægamma innan hagkerfisins, fólk sem eirir engu og skirrist ekki við að eyðileggja heilsu og framtíð fólks sér til auðsuppsprettu.

Staða táknmálstúlkunar, ein umr.

Fsp. GJH, 241. mál. — Þskj. 415.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Hinn 21. des. 1990 voru samþykkt í þinginu lög um samskiptamiðstöð heyrnarlausra. Í umfjöllun þingmanna heyrðist hvorki skætingur né dylgjur né neitt annað krassandi en samt sem áður var málið svo gott að fjölmiðlar sögðu allvel frá því. Já, það ríkti eining andans. Nú héldum við að að gera ætti verulegt átak en því miður virðast framvæmdir hafa látið á sér standa, enda stuttur tími liðinn og fjárskortur í landi. Og hver á þá að blæða? Þeir sem síst mega við því eru einmitt skjólstæðingar og viðskiptavinir samskiptamiðstöðvarinnar. Þegar skyggnst er til baka og saga fræðslu heyrnarlausra eða heyrnarskerta er skoðuð þá blasir það við að um langan aldur var sú stefna við völd að kenna heyrnarlausum að tala og lesa af vörum. Táknmál var bannfært. Fylgjendur þessarar stefnu unnu starf sitt af ósérplægni og vissu ekki betur en þeir væru að gera allt hið besta fyrir skjólstæðinga sína og nemendur. En því miður var árangurinn oft grátlega lítill. Út úr Heyrnleysingjaskólanum komu sumir ólæsir að því leyti að þeir kunnu tæknina að kveða að en skildu ekki það sem þeir lásu. Stærðfræðikunnáttan var líka oft í molum. Það lætur að líkum að á vinnumarkaði átti þetta fólk oft erfitt uppdráttar, hvað þá í öðru námi.

Fram til 1989 áttu heyrnleysingjar möguleika á að sitja í Heyrnleysingjaskólanum eftir grunnskólanám og bæta við þekkingu sína og einnig fylgdu kennarar skólans oft nemendum inn í aðra skóla, einkum inn í Iðnskólann, og voru þeir þeim þar til leiðbeiningar og aðstoðar. Þetta fólk var þó ekki táknmálstúlkar, til þess skorti það þekkingu en ekki vilja. Nokkrir þeirra hafa síðan farið í táknmálsnám í Kennaraháskólanum en hlotið litla stoð ríkisvaldsins, hvað þá umbun fyrir það. Eftir 1989 hefur þessi þjónusta Heyrnleysingjaskólans fallið niður að því er ég best veit því að nú átti nefnilega að koma á jöfnuði, blöndun í bekki og í skóla. Allar leiðir áttu að opnast fyrir nemendur inn í framhaldsskóla og táknmálstúlkar áttu að taka við.

Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að táknmál íslenskra heyrnleysingja hlaut viðurkenningu sem tungumálatjáningartæki. En samþykkt laga um samskiptamiðstöð var einmitt merkur áfangi í þeim efnum. Hlutverk hennar á að vera rannsóknir á táknmáli, kennsla í táknmáli og aðstoð og túlkun. Áætlað var að upp yrði tekið samstarf við málvísindadeild við Háskóla Íslands, um rannsóknir og er það samstarf hafið þrátt fyrir fjárskort. Einnig er fyrirhugað að koma á kennslu til BA-prófs í táknmálstúlkun, þ.e. var fyrirhugað. Nú óttast ég að töf verði á því að sú kennsla komist á en mjög brýna nauðsyn ber til að mennta fleiri táknmálstúlka.

Nú standa mál þannig að 20–30 nemendur bíða táknmálstúlkunar og aðstoðar til að komast í framhaldsnám eftir því sem ég best veit en kannski veit menntmrh. eitthvað betur um þetta. Við þeim blasir ekkert nema biðin í dag. Aðeins þrír táknmálstúlkar eru í föstu starfi og þar af mun einn fara í barneignarfrí á næsta hausti. Vandamál þessara ungmenna og aðstandenda þeirra er því hrikalegt. Vandamálin eru bæði félagslegs og andlegs eðlis og beinlínis vegna einangrunar og eilífðarhindrana við samskipti og þess að þeir komast ekki inn í skólana.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Eins og fyrirspyrjandi sagði þá samþykkti Alþingi lög um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra haustið 1990. Hlutverk samskiptamiðstöðvar er fjórþætt: Að annast rannsóknir á tákn-

máli, annast kennslu táknmáls, annast túlkaþjónustu og annast aðra þjónustu sem stöðinni kann að vera falið að inna af hendi.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta hefur tekið til starfa og verið til húsa í Heyrnleysingjaskólanum. Til starfseminnar á þessu ári eru ætlaðar 6,4 millj. kr. á fjárlögum. Mjög stutt er síðan þörfin fyrir táknmálstúlka varð ljós. Það er vegna þess að aðrar áherslur voru í málakennslu heyrnarlausra. Það var ætlast til þess af heyrnarlausum að þeir lærðu að lesa af vörum og að tala íslensku. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að heyrnarlausir sjálfir ásamt sérfræðingum í málefnum heyrnarlausra hafa talið að táknmál heyrnarlausra væri það mál sem bæri að leggja áherslu á. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er ætlað að flýta þeirri þróun.

Spurt var hve mörg heyrnarskert ungmenni hafa útskrifast úr grunnskóla og bíða eftir að geta komist í framhaldsskólanám en komast ekki í námið vegna skorts á táknmálstúlkun. Samkvæmt lauslegum upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér hafa bæði félög heyrnarlausra og starfsfólk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra metið stöðuna á undanförnum árum þannig að um 30 heyrnarlausir hafi hug á að stunda nám í framhaldsskóla og telja sig ekki geta það vegna skorts á táknmálstúlkun.

Spurt var hve margir táknmálstúlkar eru í landinu. Á þessu skólaári eru tveir táknmálstúlkar starfandi í framhaldsskólunum og túlka fyrir fimm til sex heyrnarlausa. Einnig er hálf staða túlks við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra. Alls er menntmrh. kunnugt um átta einstaklinga sem taka að sér táknmálstúlkun fyrir heyrnarlausa.

Spurt var: Hvað líður kennslu fyrir táknmálstúlka við Háskóla Íslands? Hefur fé verið tryggt til þess að slík kennsla komist á hið fyrsta?

Þessa dagana standa yfir viðræður milli Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra um fyrirkomulag náms til BA-prófs í táknmálstúlkun. Samskiptamiðstöð gerir ráð fyrir að hægt verði að fara af stað með nám í táknmálstúlkun næsta haust fyrir fimm til átta einstaklinga sem hafa gott vald í táknmáli heyrnarlausra og hafa hug á að gera táknmálstúlkun að atvinnu.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur fyrir að koma fram með þessa fsp. og eins þakka ég ráðherra. En það er samdóma álit okkar sem stóðum að samþykkt laga um samskiptamiðstöð að við álítum að með samþykkt laganna hafi verið stigið nokkuð stórt skref fram á við og vona ég enn að svo hafi verið og reyndar fannst mér það koma fram í svari hæstv. ráðherra. En mig langar, hæstv. forseti, að lesa hluta úr örstuttu bréfi frá Félagi heyrnarlausra sem þingmönnum barst nú í sumar sem er nokkuð sláandi og ég var einmitt með í höndunum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kæra Valgerður. Viltu heyra okkar mál. Segjum að við komum á fund til þín augliti til auglitis. Þú býður okkur sæti. Við setjumst. Enginn segir neitt. Við tökum fram verkefnalistann. Allt hefur gengið eins og í sögu þangað til núna. Listinn er lesinn upp — á táknmáli auðvitað. Það er okkar móðurmál. En þú skilur ekki, segir samt eitthvað, við skiljum ekki. Aðstæðurnar verða vandræðalegar."

Í bréfinu koma einnig fram upplýsingar þar sem bornar eru saman aðstæður hér á landi við aðstæður á hinum Norðurlöndunum og þær segja okkur að við erum því miður komin ákaflega stutt áleiðis í því að bæta málefni heyrarlausra.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur fyrir að hafa borið fram þessa fsp. Ég vil aðeins leyfa mér að bera fram þá viðbótarfyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort unnið sé að þeim rannsóknum á táknmálinu sem hann og ráðuneytið telur að séu óhjákvæmilegar til þess að unnt verði að viðurkenna táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra. Ég tel að það sé í raun og veru óhjákvæmilegt að fram fari rannsóknir á þessu viðfangsefni, ítarlegar rannsóknir og þær verði auðvitað best unnar með því að þróa táknmálið í samvinnu við málvísindastofnun Háskólans. Ég tel að það væri ómaksins vert að það yrði rætt hér á hv. Alþingi með hvaða hætti væri skynsamlegast að standa að því táknmálið væri viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem til máls hafa tekið og tekið undir þessa fsp. og hæstv. menntmrh. þakka ég einnig ágæt svör. Ég vil þó leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Er hægt að treysta því að þessi kennsla hefjist næsta haust?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til þess að svara því með einföldu jái hvort hægt sé að treysta því. Ég hef þær upplýsingar sem ég gat um áðan að nú stæðu yfir viðræður milli Háskóla Íslands og samskiptamiðstöðvarinnar. Samskiptamiðstöðin gerir ráð fyrir samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá henni að unnt verði að hefja þessa kennslu á hausti komanda. Annað hef ég því miður ekki í höndunum en ég mun að sjálfsögðu gera mitt til að þetta geti orðið.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort unnið væri að þeim rannsóknum, ég held að ég hafi tekið rétt eftir, sem ég mæti viðunandi þannig að unnt yrði að viðurkenna táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki alveg ljóst hvernig þær rannsóknir standa en ég veit að í ráðuneytinu er vel fylgst með þessum málum og læt í ljós þann vilja minn að stutt verði við þetta eins og mögulegt er því að hér er áreiðanlega um mjög mikilvægt mál að ræða. Fyrir því er fullur skilningur í menntmrn.

86. FUNDUR

fimmtudaginn 20. febr.,
að loknum 85. fundi.

Yfirtökutilboð, fyrri umr.

Þáltill. MB og EKJ, 66. mál. — Þskj. 67.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því á þessum þingdegi að tekin séu á dagskrá mál þingmanna. Má segja að það teljist heldur til nýlundu að það sé gert. Eins og menn sjá eru hér á dagskrá 38., 64., 66. og 67. mál til fyrri umræðu. Ég vil þakka hæstv. forseta sérstaklega fyrir það að slík dagskrá skuli loksins liggja fyrir í hv. Alþingi.

Það mál sem ég ætla að tala fyrir var lagt fram á síðasta þingi, að vísu seint á þinginu, í febrúar, en þinglok voru 20. mars. Það var nokkrum sinnum á dagskrá en kom aldrei til umræðu. Nú vildum við flm. þessarar þáltill. vera í fyrra fallinu og lögðum málið fram 24. okt. á síðasta ári. Það er búið að vera aðeins tíu sinnum á dagskrá í allan vetur og nú kemur loksins að því að mér gefst kostur á að mæla fyrir þessari tillögu. Þetta sýnir að töluvert er að í vinnubrögðum þingsins og ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð. Það gefst væntanlega tækifæri til þess síðar.

Þessi till. til þál. sem er flutt af mér og hv. 4. þm. Reykv. er um yfirtökutilboð og almenn tilboð í hlutafélög og er þess efnis að fela viðskrh. að undirbúa þegar löggjöf um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög til þess að vernda félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Ég hefði gjarnan viljað, og við flm. þessa máls, flytja frv. um yfirtökutilboð en það er mikil vinna að standa að slíku frv. fyrir þingmenn og mjög kostnaðarsöm. Þingmenn almennt verða því alltaf að leita til þess að stjórnkerfið sjálft undirbúi slík mál fyrir Alþingi á meðan ekki er horfið að því að gera þingmönnum almennt kleift að vinna að málum þannig að hægt sé að flytja mál og kaupa aðstoð við slíkan flutning eins og nauðsynlegt er að gera. Þess vegna er stjórnkerfið alltaf valið.

Hér á landi er ekki að finna almenn lög og reglur um yfirtökutilboð og almenn tilboð. Reglur af þessu tagi hafa í aðalatriðum tvíþættan tilgang. Annars vegar að vernda hagsmuni hluthafa, ekki síst minni hluthafa, þeirra hlutafélaga sem yfirtökutilboð er gert í. Hins vegar að hafa eftirlit með því að einokunaraðstaða og samþjöppun valds á fárra hendur verði ekki til skaða á kostnað einstaklinga og hagsmuna þjóðfélagsins í heild.

Hér á landi byggja hlutafélög í æ ríkari mæli á þátttöku almennings. Almenningur er að verða í meira mæli þátttakandi í hlutafélögum en hann var fyrr á árum og það er vel. Á aðeins örfáum síðustu árum hefur áhugi almennings á því að leggja fé í hlutafélög til ávöxtunar og uppbyggingar atvinnulífs farið mjög vaxandi þó að við getum leitað langt aftur í tímann að hinum almenna áhuga þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað á sínum tíma. Þá mátti segja að almenningur væri virkur þátttakandi í stofnun þess félags. Síðan liðu mörg ár og almenningur hvarf frá því að vera þátttakandi í hlutafélögum sem höfðu víðtæku hlutverki að gegna. Að dómi okkar flm. teljum við óheppilegt að einstakir aðilar geti stjórnað slíkum fyrirtækjum, nánast eins og einkafyrirtækjum, án þess að eiga nema tiltölulega takmarkaðan hluta þeirra. Af þessum sökum er orðið tímabært að setja reglur sem tryggja að einstaklingar eða lögaðilar geti ekki náð virkum yfirráðum slíkra hlutafélaga með því að kaupa tiltekinn hluta hlutafjárins sem tryggir þau yfirráð án þess að þeim sé um leið gert skylt að bjóða öðrum hluthöfum að kaupa þeirra hluta. Verði þetta ekki gert er hætta á því að það kunni að gerast að stór hluti hluthafanna sitji uppi með verðlaus eða verðminni hlutabréf en þeir áttu fyrir yfirtökuna.

Í lögum um hlutafélög er að finna ákvæði sem er ætlað til þess að vernda hagsmuni minni hlutans gegn tilteknum ráðstöfunum meiri hlutans. Þar er trygging fyrir minni hlutann varðandi ýmis réttindi eins og boðun funda, ótilhlýðilegar ályktanir um arðgreiðslu, félagsslit, samruna og innlausn við samruna og loks um skaðabótakröfur. Þessum reglum hlutafélagalaganna er ekki ætlað að þjóna sama tilgangi og reglum um yfirtökutilboð og geta því á engan hátt komið í þeirra stað. Í lögum um hlutafélög eru engin ákvæði um yfirtökutilboð. Þau hafa einungis að geyma reglur um innbyrðis samskipti hluthafa. Engin ákvæði taka til slíkra aðila sem standa fyrir utan hlutafélagið. Það er ekki rétt að breyta uppbyggingu hlutafélagalaganna. Þess vegna verður að okkar dómi að setja lög um yfirtökutilboð.

Mér finnst rétt að rifja lítillega upp hvernig þetta er í nágrannalöndunum og þá vil ég byrja á Danmörku. Þeirra reglur um yfirtökutilboð er að finna í siðareglum kauphallarinnar þar í landi. Þar eru þó ekki sett fram nákvæm mörk um hvenær hluthafa er skylt að setja fram tilboð í hlutabréf. Hins vegar er kveðið á um að slíkt tilboð ber að gera þegar einstakir hluthafar hafa náð ráðandi stöðu innan viðkomandi fyrirtækis og tekið fram að þetta geti átt við aðila sem eigi minna en 50% hlutabréfanna. Tilboðið skal fela í sér sambærilegt verð og hinn ráðandi aðili þarf að greiða til að komast í þessa aðstöðu.

Í Noregi ber aðila sem eignast 45% hlutafjár í tilteknu fyrirtæki að gera tilboð í öll önnur hlutabréf í fyrirtækinu og skal þá miðað við hæsta gengi sem hann greiddi fyrir hlutabréf á síðustu sex mánuðum á undan. Þessi lög eru hins vegar ný af nálinni og hefur ekki verið framfylgt enn sem komið er að því er ég best veit. Svíar hafa þann hátt á að skilmálar um yfirtökutilboð eru settir í samning viðkomandi fyrirtækis við kauphöllina. Þar eru þó ekki tilgreind ákveðin mörk um yfirtökutilboð en tilboðsgjafi getur skilið tilboð þannig að það sé háð því skilyrði að hann nái ákveðnum eignarhlut. Í Finnlandi eru tiltekin ákveðin mörk um yfirtökutilboð í lögum og er þar miðað við ⅓

hluta af atkvæðisrétti í viðkomandi fyrirtæki.

Ég vil vekja athygli á því að áhugi stjórnvalda í landinu á að einkavæða meira í atvinnurekstrinum fer vaxandi. Ég tel það gott og blessað en ég tel afar mikilvægt að í slíkri einkavæðingu sé þátttaka nógu almenn. Það séu ekki bara þeir stóru, þeir sem eiga mikla peninga, sem geta lagt fram hlutafé í hlutafélög heldur eigi almenningur að vera í vaxandi mæli þátttakandi í atvinnurekstrinum. Lengi var háð hörð barátta um það að ýta undir þetta með því að heimila skattþegnum landsins að draga frá vegna fjárfestinga í atvinnurekstri tiltekna upphæð. Undir þetta var tekið af mönnum úr flestum stjórnmálaflokkum og þá ekki síst úr mínum flokki, Sjálfstfl. Á árinu 1991 var heimilað að menn gætu dregið frá vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, einstaklingurinn 126 þús kr. en hjón 252 þús. kr. Nú hefði þetta átt að hækka með tilliti til verðbólgu milli ára. En hvað skeður? Við skattaframtöl núna lækkar frádráttarheimild vegna fjárfestinga í atvinnurekstri fyrir einstaklinginn úr 126 þús. kr. niður í 94 þús. og fyrir hjón úr 252 þús. niður í 188 þús. kr. Þetta finnst mér ekki vera í takt við það sem ráðherrarnir í núv. ríkisstjórn hafa verið að predika að undanförnu, að hvetja til fjárfestingar í atvinnurekstri. Mér þykir ansi hart að Ólafur Ragnar Grímsson skuli hafa gengið þarna miklu lengra heldur en flokksbróðir minn fjármálaráðherrann og má það vera umhugsunarefni fyrir báða og líka okkur hin. Þetta er ekki að vera sjálfum sér samkvæmur. Þess vegna geri ég þetta hér að umræðuefni. Það þýðir ekki að tala um einkavæðingu ef hugur fylgir ekki máli. Ef einkavæðingin á að fara fram með því að almenningur í landinu eigi að taka ríkari þátt í einkavæðingunni, þá eiga stjórnvöld að gera sitt til þess að hvetja almenning til slíkrar þátttöku. Það þýðir ekkert að koma svo fram og segja: Sumir hafa notað þetta til að selja hlutaféð eftir nokkra mánuði eða vikur. Auðvitað verður að koma með ákvæði um að það megi ekki selja í tiltekinn tíma eins og nú er komið. Það á ekki að ganga yfir þá sem vilja vera virkir þátttakendur í atvinnurekstri og meina það.

Evrópa þarf ekki á þvingaðri samræmingu lagareglna að halda heldur heilbrigðri samkeppni milli ríkisstjórna. Refskák yfirtökufélaga þarfnast ekki Evrópureglna heldur skýrra reglna einstakra landa sem farið er eftir svo að að fjárfestar viti hvað þeir eru að kaupa og verðleggi hlutabréfin í samræmi við það. Góðar lagareglur munu nægja til að laða hluthafa sem eru í minni hluta til kaupa á hlutabréfum jafnframt því að það tryggir möguleika yfirtöku til að halda stjórnendum hlutafélaga við efnið. Þrír meginþættir skipta hér máli. Upplýsingar um hlutafé, upplýsingar um tilboð og sanngjörn meðferð á hluthöfum þeirra félaga sem fyrirhugað er að yfirtaka. Því síðastnefnda ætti að vera hægt að ná, ekki með því að tilboðsgjafar komi með endanleg tilboð heldur að þeir kaupi hlutfallslega jafnmikið af öllum þeim hluthöfum sem vilja selja. Hvert land verður samt sem áður að móta sínar vinnureglur í samræmi við hefð í eigin fjármálaheimi. Slíkum hefðum er ekki hægt að koma á. Þær verða að keppa hver við aðra og þróast eins og Evrópusamfélagið gerir.

Mér er það ánægja að hæstv. viðskrh. gefur sér tíma til að vera hér við þessa umræðu og ég legg á það ríka áherslu að þáltill. fái afgreiðslu á þessu þingi og ég vænti þess að hæstv. viðskrh. taki vel því efni sem þessi þáltill. fjallar um. Brýn nauðsyn er orðin á því að setja hér reglur umfram það sem er í gildandi lögum um hlutafélög.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. um yfirtökuboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög sem hér er til umræðu er athyglisverð. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að í samningum um Evrópskt efnahagssvæði er að finna ákvæði einmitt um samstarf aðildarríkja á sviði félagaréttar. Ákvæði þessa samnings munu leiða til þess að gera þarf breytingar á íslenskri félagalöggjöf, fyrst og fremst hlutafélagalöggjöfinni. Það er stefnt að því að undirbúa frumvörp um smærri hlutafélög og almenningshlutafélög sem hvort tveggja væri nýjung í íslenskri löggjöf. Jafnframt þarf að undirbúa frv. til laga varðandi ársreikninga hlutafélaga en reglur um það efni verða samræmdar evrópskri löggjöf. Ýmsar breytingar á íslensku löggjöfinni eru líka nauðsynlegar vegna ákvæða í ýmsum tilskipunum og einnig reglugerð Evrópubandalagsins sem munu taka gildi á Evrópska efnahagssvæðinu þegar samningurinn um það hefur verið staðfestur.

Tillagan, sem við ræðum hér í dag, tengist félagaréttarstarfinu á vettvangi EES m.a. að því leyti, eins og fram kemur í greinargerð flm. með till., að nú liggur fyrir tillaga á vettvangi Evrópubandalagsins um nýja tilskipun, svokallaða 13. félagaréttartilskipun ráðs Evrópubandalagsins, einmitt varðandi yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Ástæða er til að benda á að liðið er a.m.k. tvö og hálft ár frá því að sú tillaga kom fram og enn er ekki alveg ljóst hvenær hún verður samþykkt og tekur gildi. Það líður reyndar oft nokkuð langur tími frá því að tillögur um slík málefni eru lagðar fram í Evrópubandalaginu og þangað til þær eru samþykktar.

Í grg. með þessari till. er hins vegar bent á það réttilega að nokkur Evrópubandalagsríki hafi þegar sett lagareglur um þetta efni og auðvitað er nauðsynlegt að hér á landi gildi slíkar reglur sjálfra okkar vegna, hvað sem líður allri aðlögun og samræmingu. Það er þó ljóst að um þessar mundir er ekki samræmi fyrir að fara í löndum Evrópu eins og mér finnst eiginlega látið í veðri vaka í greinargerðinni. En hins vegar er að þessari samræmingu stefnt með tillögu Evrópubandalagsins sem ég hef þegar nefnt. Mér sýnist því helst eiga að líta á ákvæðin í Evrópubandalagstillögunni, eins og reyndar flm. þáltill. gera, þegar við hugsum til þess hvort og hvernig við ættum að haga löggjöf um þetta hér á landi.

Eins og flm. taka fram þá eru ekki í íslenskum lögum um þessar mundir nein ákvæði um yfirtökuboð eða almenn tilboð í hlutafélög og þá ekki nein ákvæði um

að þeim sem kaupa vill hlut í hlutafélagi til að tryggja yfirráð yfir því beri skylda til að gera yfirtökutilboð, þ.e. boð í öll hlutabréf sem fáanleg eru í félaginu en ekki einungis í þann hluta þeirra sem honum eru auðveldlega föl til kaups. Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég er algerlega sammála fyrri flm., hv. 1. þm. Vestf., að við einkavæðingu atvinnufyrirtækja í eigu ríkisins eigi einmitt að stefna að dreifðri eignaraðild, almenningseign, og girða fyrir samþjöppun efnahagslegs valds á fárra hendur.

Vegna þess sem fram kom í ræðu hans um skattaskilyrði við hlutafjársparnað vil ég taka fram að ég tel nauðsynlegt að gætt sé samræmis í skattmeðferð mismunandi sparnaðarforma. Það má vel vera að fullrausnarlega hafi verið að verki staðið hér á þinginu í fyrra og hittiðfyrra, sem reyndar var ekki alfarið að frumkvæði hv. 8. þm. Reykn., þáv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar, heldur ekki síður vegna frumkvæðis þingmanna Sjálfstfl. og Alþfl. Þetta leyfi ég mér að segja hér því að ég tel að þau ákvæði hafi verið nauðsynlegur upphafsáfangi, eins konar tannfé handa nýjum heimi aukinna viðskipta með hlutabréfum og sparnaði almennings í því formi. En ég vildi taka það mjög skýrt fram, virðulegi forseti, að þær ábendingar sem fram koma í þessari tillögu eru allrar athygli verðar og þær verða sannarlega hafðar í huga við aðlögun hlutafélagalöggjafarinnar hér að Evrópuréttinum.

Ég tek það fram og minni þingheim á að samkvæmt þeim drögum sem fyrir liggja að samkomulagi um EES fær Ísland tveggja ára aukafrest varðandi aðlögun að félagaréttarákvæðum Evrópska efnahagssvæðisins, þ.e. til 1. jan. 1995 í stað 1. jan. 1993 sem almennt gildir. Það þarf því að meta sérstaklega hvort ástæða sé til þess að setja ákvæði um yfirtökuboð í íslensk lög fyrr en aðlögun að EB-réttinum nær almennt að ganga fram og svo hvort eigi að setja slík ákvæði áður en tillaga EB verður samþykkt sem tilskipun. Ég tek það þó fram í þessu sambandi að undirbúningur að samningu frv. á sviði félagaréttarins er þegar hafinn og það er alls ekki víst að við þurfum á þessum aðlögunartíma að halda.

Ég vil líka benda á að í tillögu Evrópubandalagsins um yfirtökuboð er einungis fjallað um svonefnda stærri gerð hlutafélaga og almenningshlutafélög, þ.e. hlutafélög sem hafa meira en 25 þús. evrópskar mynteiningar sem hlutafé, þ.e. a.m.k. 2 millj. kr. Það er því spurning hvort við eigum að fylgja ákvæðum Evrópubandalagstillögunnar að þessu leyti. Ef við gerum það mundi þorri íslenskra hlutafélaga verða undanskilinn efnisákvæðum um yfirtökuboð. Mér virðist heppilegra að við athugum þetta út frá okkar eigin aðstæðum og tel það mjög æskilegt að efh.- og viðskn. leiti umsagnar hjá þeim sem láta sig þessi málefni varða, t.d. til hvaða félaga hugsanleg yfirtökuákvæði ættu að varða og einnig við hvaða mark ætti að miða varðandi skyldu til yfirtökuboðs. Ég nefni að í grg. er þriðjungur nefndur eins og mun vera í drögunum að tilskipun hjá Evrópubandalaginu. Þetta er einn möguleikinn en þetta þarf að kanna betur eins og það snýr að okkar staðháttum. Ég er sammála flm. um þörfina fyrir löggjöf á þessu sviði og mun leggja það fyrir þá menn sem nú starfa á vegum viðskrn. og iðnrn. að breytingum á félagaréttinum og aðlögun að réttarreglunum sem gilda víðast í Evrópu. Það er sannarlega mikilvægt að tryggja rétt þeirra sem eiga lítinn hlut í félögum sem kunna að verða yfirtekin. Þetta er hið þarfasta mál og það er alveg hárrétt, sem kom fram hér hjá fyrri flm., að við eigum að reyna að gera rekstrarskilyrði atvinnulífsins á Íslandi samkeppnisfær meðal Evrópuþjóða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans við þetta frv. sem hv. þm. Matthías Bjarnason var svo elskulegur að leyfa mér að flytja með sér en hann hefur borið hita og þunga af því að viða að upplýsingar og ganga frá okkar sameiginlega málflutningi. Ég þarf út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta sem hv. þm. sagði um yfirtökutilboð. Þau hafa auðvitað verið tíðkuð um langa tíð og þá oft og tíðum í þeim tilgangi að fámennur hópur manna eða jafnvel einn maður hefur verið að reyna að tryggja sig á kostnað annarra með því að kaupa það mikið af hlutabréfum að hann geti ráðið framvindu mála og þá hefur það gerst, eins og verða vill, að misnotkun hefur átt sér stað.

Ég leyfi mér hér að geta lítillega um þessa hlið málanna og vitna þá til lítillar bókar sem var skrifuð 1968, um hlutafélög og samanburð á hlutafélögum í Evrópulöndum og bandarískum rétti. Þar er fjallað sérstaklega um sögu hlutafélaganna en hún er orðin alllöng og er raunar runnin frá miðöldum og það þekkja þeir sem sögufróðir eru. Hér á landi reyndum við hlutafélög í ákveðinni mynd þegar það gerðist á þeim stað sem við stöndum á að Innréttingar Skúla Magnússonar risu um miðja 18. öldina. Þar var um að ræða félagastofnun með hlutabréfum. Það er því ekki nýtt af nálinni að Íslendingar hugsi sér til hreyfings með því að bindast samtökum og ekki síst í hlutafélögum. Nú eru hlutafélög í tísku en áður fyrr voru það gjarnan samvinnufélög, a.m.k. við hliðina á hlutafélögunum. Samvinnuhreyfingin, bæði hér á landi og annars staðar, hefur aftur gripið til atvinnurekstrar í formi hlutafélagaeignar og hlutabréfasölu. Það hefur þrátt fyrir allt reynst það form sem þjóðirnar hafa helst horfið til.

Við skulum vera þess minnug að í vestrænum löndum, þeim engilsaxnesku t.d., varð slík fjármálaspilling samhliða þessu félagaformi, slík samþjöppun valdsins, að árið 1790 má segja að hlutafélög hafi verið afnumin og bönnuð í hinum engilsaxenska heimi í nærri því heila öld. Framfarir urðu áreiðanlega miklu minni þess vegna en hins vegar fóru menn að hugsa sitt mál á nýjan leik. Nú síðustu tvær aldirnar og þó einkum á þessari öld hefur meginframtak í atvinnumálum einmitt verið í formi hlutabréfaeignar og þá hafa gjarnan komið til almenningshlutafélögin.

Óteljandi reglur hafa verið settar, ekki síst hér á Íslandi, því að við búum við mjög fullkomna hlutafélagalöggjöf sem unnið var að hér á hinu háa Alþingi

árin 1977 og 1978. Allir flokkar unnu að þeirri löggjöf og það var gífurlega gaman að vinna þá í fjárhags- og viðskiptanefndunum sameinuðum að þessu mikla máli þar sem sameinað var í okkar löggjöf margt það besta úr engilsaxneskri löggjöf og hinni evrópsku. Við höfum þess vegna fulla ástæðu til þess að geta treyst á núgildandi löggjöf sem grundvöll. En hinu er ekki að leyna að enn í dag þekkist það að menn reyni að notfæra sér vankantana og það sem ekki er sagt en hægt að sniðganga í þessu félagaformi. Skal ég ekki fara lengra út í þá sálma en reynslan fyrr og síðar á þessari öld og síðustu áratugum bendir til þess að rétt hafi verið að flytja þessa þáltill. sem hér er til umræðu og þakka ég fyrri flm. fyrir það.

Það eru mörg úrræði önnur en hann nefndi sem eru nú í íslensku hlutafélagalögunum. Þar er fyrst að geta ákvæða sem tryggja dreifingu hlutafjár þannig að ákveðnir menn eða ákveðnir hluthafar, sem taldir eru persónur að lögum, mega ekki eiga nema einhvern örlítinn hluta í viðkomandi félagi. Raunar var þetta líka í gamla Eimskipafélaginu okkar, eins og hv. þm. gat um, þar sem fjöldi hluthafa var gífurlega mikill. Nærri því allir Íslendingar tóku þátt í því mikla átaki og það var sannkallað almenningshlutafélag meðan upphafleg lög voru í gildi og þeim var ekki breytt. En síðan urðu auðvitað miklar breytingar sem að sumu leyti voru óæskilegar en út í þá sálma ætla ég ekki að fara nú.

Í síðari tíma sögu, t.d. sögu Þýskalands þegar það var að byggja upp veldi sitt eftir styrjöldina síðari, þá komu hlutafélögin þar auðvitað fyrst til sögunnar. T.d. voru Volkswagen-verksmiðjurnar og þýski stálhringurinn almenningshlutafélög og þannig var búið um hnútana að starfsmennirnir fengu jafnvel gefins hlutabréf til þess að þeir væru allir með. Síðan urðu þetta nokkurs konar fjölskyldubætur. Stórar fjölskyldur fengu mikinn afslátt af hlutabréfakaupum ef þær skuldbundu sig til að eiga bréfin einhvern ákveðinn tíma. Það sama átti við um tekjulítið fólk. Þannig tókst Þjóðverjum að sameina þjóðina um það gífurlega átak sem gert var til endurreisnar Þýskalands sem alltaf hefur síðan verið kallað þýska undrið. Það var vegna þess að þeir höfðu vit á því að dreifa valdi, dreifa áhrifum, dreifa möguleikum fólks til þess að komast sjálft af eigin ramleik áfram í lífsbaráttunni og þess vegna eru þetta engin nýmæli sem við erum að tala um nú. Við getum hins vegar lært af því sem mistókst hér áður fyrr og fram á þennan dag, þ.e. að tryggja að valdið væri raunverulega hjá eigendunum, þ.e. fólkinu.

Þá kem ég að þeim atriðum sem eru í núgildandi lögum en hefur ekki verið fylgt nægilega vel eftir. Það eru auðvitað hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar. Ég tek fram aftur að þau voru einróma samþykkt af Alþingi Íslendinga 1978 og voru einhver merkustu hlutafélagalög þá. Ég hygg að útlendingar hafi sumir hverjir lært talsvert af þeirri löggjöf og veit það raunar að hún hefur vakið athygli, t.d. í nágrannalöndunum. En það er óþarft að fara lengra út í þá sálma nú. Það verður gert miklu ítarlegar síðar enda er tíminn víst búinn og lýk ég máli mínu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Það er rétt að vekja athygli á því að flm. hefur 15 mínútur tvisvar sinnum til umráða, aðrir þingmenn og ráðherrar 8 mínútur tvisvar sinnum til ræðuhalda.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst að víkja örlítið að því sem flm. þessarar tillögu, 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, nefndi í upphafi máls síns að þetta mál sé búið að vera tíu sinnum á dagskrá þingsins. Hann vék að númeri þess, 66, og hversu seint það er komið hér til umræðu. Ég minnist þess við þinglok á sl. vetri að þáv. forseti þingsins fjallaði um fjölda mála á Alþingi og ef ég man rétt, þá skerum við okkur úr með málafjölda borið saman við nágrannalöndin. Hvort það er mikið framtak ríkisvaldsins eða óvanaleg þátttaka þingmanna skal ég ekki segja. En eðli málsins samkvæmt virðast þingmannamálin vera nokkuð víkjandi og þar sem þau eru einnig víkjandi í störfum nefndanna er það nokkurt áhyggjuefni að í raun er það þannig að ef mál koma ekki fram snemma að hausti, ef þau eru að koma fram um þetta leyti vetrar, þá er eiginlega nokkuð ljóst að þau eru borin til endurflutnings. Þá eiga þau lítinn möguleika á afgreiðslu á þeim vetri. Ég held að það sé ágætt að við þingmenn hugum nokkuð að þessu og veltum fyrir okkur hvernig þetta megi bæta.

Ég kem hér til þess að víkja stuttlega að þeirri till. til þál., sem hér er til umræðu, um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög og vil þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Það hefur komið fram hér og í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að uppi eru áform um einkavæðingu. Fyrir mér er það afar brýnt, ef af því verður, að það verði mjög almenn þátttaka í hlutabréfakaupum ef ríkisfyrirtæki verða seld. Þess vegna er það mjög gott að þessi mál eru tekin til umræðu hér og þeim hreyft og ég er mjög ánægð með undirtektir iðnrh. í þessu máli. Að vísu nefnir hann að það þurfi að samræma okkar löggjöf þeirri evrópsku en jafnframt að huga að því sem líta þarf á hjá okkur sjálfum. Það hefur einmitt verið sagt af hálfu ríkisstjórnarinnar að stefna þurfi að því við sölu fyrirtækja að sett verði skýr markmið um dreifingu eignarhalds þannig t.d. að hlutabréfaeign verði sem almennust.

Það er mjög mikilvægt, ekki síst í dag, að sporna gegn einokun og hringamyndun með sérstakri löggjöf. Margir telja að íhlutun fárra í atvinnulífinu og eignaraðild fárra að of mörgum fyrirtækjum sé jafnvel komin í hámark og að þessu þurfi að huga. Mér finnst að með því að hreyfa þessu máli um yfirtökutilboð sé einmitt verið að hreyfa anga af því sama máli. Þess vegna vel ég að koma hér og taka undir sjónarmiðið sem hér kemur fram. Sum ríkisfyrirtæki eru þess eðlis að við einkavæðingu er það lykilatriði að almenningur eignist hlutabréf og það er það sjónarmið sem ég vel að vekja hér athygli á og setja fram sem mitt.

Ég vil aðeins að lokum koma að því sem flm. þáltill. nefndi að það hefði verðið nokkuð vel tekið á því að draga frá skatti fjárfestingu fólks í atvinnurekstri en nú væri svo komið að það hlutfall hefði lækkað á

milli ára. Það er meira til gamans sem ég nefni þá einkennilegu áráttu okkar landans að þegar verið er að setja lög sem eiga í raun að vera til góðs, í þessu tilfelli fyrir atvinnulífið og til að fólk velji að setja fjármagn, jafnvel þó lítið sé, til að leggja sinn skerf til atvinnulífsins, þá gerist það alltaf hjá okkur að þetta verður eins konar leiksoppur skattskýrslunnar. Mér sýnist að það sem hafi gerst hér enn einu sinni sé að það er dregið úr þessu annars ágæta ákvæði vegna þess að það varð nærri því að reglu fremur en hitt að fólk keypti hlutabréf fyrir jól og seldi þau aftur eftir jól.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að sumu leyti merkileg tilviljun að mál þetta skuli vera til umræðu tveimur dögum eftir athyglisverðar upplýsingar um stöðu helstu atvinnugreinar landsmanna, sjávarútvegsins. Það sem fram kemur í þeim upplýsingum, sem menn máttu þó vita, að skuldir þeirrar atvinnugreinar eru gríðarlega miklar og hægt að setja mörg spurningarmerki aftan við það hvort þær verði greiddar til fulls. Það er nefnilega þannig í íslensku atvinnulífi að skortur á eigin fé er eitt helsta vandamálið hvort heldur eignarformið er hlutafélag eða samvinnufélag. Því eigum við að reyna að útbúa okkar löggjöf þannig að hún verki hvetjandi á einstaklinga og aðra aðila til að leggja fé til inn í atvinnulífið t.d. með því að kaupa hlutabréf. Þrátt fyrir að hlutafjárlöggjöfin sé nokkuð góð, og þar er ég að mörgu leyti sammála hv. 4. þm. Reykv., eru samt agnúar á löggjöfinni í heild sinni sem ég tel að þurfi að sníða af til að almenningur öðlist nægjanlegt traust sem þarf að vera fyrir hendi þannig að menn séu reiðubúnir að leggja fram fé.

Mér sýnist að þessi þáltill. komi inn á þessi sjónarmið þannig að hún tekur á einu af þeim atriðum sem er nauðsynlegt að lagfæra, á því atriði að vernda rétt minni hluta í félögum og reyna að draga úr hættunni á samþjöppun valds. Að því leyti fagna ég þessari þáltill. og tel hana vera til góðs og vil hvetja þingheim til þess að ná samstöðu um að afgreiða hana fyrir þinglok, annaðhvort óbreytta eða þá lítillega breytta.

Ég get nefnt dæmi þar sem einmitt skorturinn á löggjöf af þessu tagi kom berlega í ljós. Það var á síðasta ári þegar bæjarsjóður Bolungarvíkur tók sig til og keypti meiri hluta hlutafjár í einu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á staðnum. Það fyrirtæki var reyndar þannig haldið vegna skorts á eigin fé að hlutabréf í því voru ekki ýkja verðmæt en af því við búum við svo vitlausa löggjöf í fiskveiðimálum þá mynduðust verðmæti þar þannig að íbúar staðarins vildu halda fyrirtækinu innan bæjar og koma í veg fyrir að það yrði selt burt. Á þeirri forsendu gerðist það að bæjarsjóður keypti meiri hluta hlutafjárins á nokkuð háu verði. Í þessu máli reyndust hagsmunir minni hluta hlutafjáreigendanna algjörlega fyrir borð bornir. Það voru bara ákveðnir aðilar sem höfðu yfir að ráða meiri hluta hlutafjár sem seldu, hinir komu málinu ekkert við. Þeir fengu ekkert, fengu engu að ráða. Þeirra hlutabréf eru verðlaus og engin kaupandi fyrir hendi. Hver kaupir hlut í fyrirtæki sem hann ræður engu í? Það gerir enginn nema eiginfjárstaða þess sé þannig að von sé á arði af þeim peningum.

Ef þessi löggjöf hefði verið fyrir hendi hefði kaupandinn þurft að kaupa öll hlutabréfin sem hefði í þessu tilviki verið mun sanngjarnara og ég er ekki viss um að það hefði leitt til hærra verðs. Ég held að það verð sem menn greiddu fyrir meiri hlutann hefði verið nokkurn veginn sama og menn hefðu greitt fyrir allt þannig verðið hefði lækkað á hlut.

Fleiri dæmi er hægt að finna sem gera það að verkum að nauðsynlegt er að breyta frá núverandi horfi, einmitt í þá átt að verja stöðu þeirra sem eru í minni hluta í fyrirtækjum. Þetta er mjög mikilvægt finnst mér á landsbyggðinni þar sem þessi fyrirtæki sum hver eru afar stór í sínu byggðarlagi á sínum vinnumarkaði. Þeir sem eru þar í meiri hluta ráða býsna miklu og völdin eru nokkuð eftirsótt. Það er æskilegt að koma í veg fyrir að menn geti tekið sér og fengið svona mikil völd með 51% hlutafjár í einhverju einu fyrirtæki.

Mér sýnist að sú hugsun, sem liggur hér að baki, muni draga úr þessari hættu og þó ég telji að fleira þurfi að gera til að búa svo um hnútana að fyrirtæki verði fyrst og fremst fyrirtæki og að menn séu reiðubúnir að leggja í það fé, bæði til að verja sína stöðu, síns byggðarlags, atvinnu sína og líka til þess að fá gjald af því fé sem menn leggja þar inn. Alla vega þarf það að vera þannig að sá kostur sé a.m.k. fýsilegur og mun fýsilegri en í dag því að það sem gerði landsbyggðinni mest gagn væri að menn sæju sér fært að verja því fé, sem menn á annað borð eru að verja í aðra hluti en framfærslu, til þess að styrkja atvinnufyrirtækin. Það er það sem staða sjávarútvegsins kallar á, hún kallar á það að fólkið leggi fram fé. Sjávarútvegsfyrirtækin í plássunum eru oft á tíðum grundvöllur, hvert í sínu plássi, þannig að menn eru meira og minna nauðbeygðir að reyna að halda þeim uppi eða endurreisa þau með einhverjum hætti. Það er auðveldara ef löggjöfin er þannig að fólk treystir sér til að leggja fé í atvinnurekstur í stað þess að eyða því í eitthvað annað.

Þetta eru almenn viðhorf mín til málsins, virðulegi forseti, og læt ég máli mínu lokið.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir þeirra sem hafa talað í umræðum um þessa tillögu og sömuleiðis undirtektir hæstv. viðskrh. En ég vek athygli á því, sem ég sagði hér í upphafi, að hvert land verður, þrátt fyrir það sem er að gerast í þessum stóru bandalögum, að móta sínar eigin vinnureglur í samræmi við hefð í eigin fjármálaheimi. Þess vegna tel ég, hvað sem líður EES, EB og öllu því, nauðsyn á því að þessar reglur verði mótaðar hér heima og lagðar fyrir löggjafarsamkunduna. Það er liðin tíð sem var hér á árum áður þegar eigendaskipti áttu sér stað í hlutafélögum á bak við lokaðar dyr og þau voru samþykkt af stjórnendum, bankastjórum og stórum fjárfestum sem voru sammála. Hluthafar sem stóðu fyrir utan urðu að sætta sig við það sem hinir gerðu. Þarna hafa orðið verulegar breytingar samfara endurskipulagningu í hlutafélögum

í Evrópu með sameiginlegum markaði. Ég má til með að segja frá því hér að nýleg aukning kauptilboða hefur t.d. reitt franska og belgíska hluthafa í minni hluta til mikillar reiði. Þeir töldu sig vera fórnarlömb tilboðsgjafa sem linna ekki látum fyrr en þeir ná yfirhöndinni í stjórn fyrirtækja, jafnframt því sem þeir mismuna minnihlutahóp hluthafa sem ekki seldu þeim sín hlutabréf. Það var komið í veg fyrir að t.d. ítalski hjólbarðaframleiðandinn Pirelli, við könnumst við það nafn hér, gæti eignast meiri hluta í stjórn keppinautar síns, Continental, þar sem Pirelli tókst ekki að komast fram hjá takmörkunum í meðferð atkvæða samkvæmt þýskum lögum. Minni hluti hluthafa í Continental kvörtuðu yfir því að þessar takmarkanir hefðu svipt þá töluverðu yfirverði.

Mér finnst líka rétt að vekja á því athygli að reglur hinna einstöku þjóða Evrópubandalagsins eru nokkuð mismunandi. Bresku reglurnar endurspegla breskan markað sem er sá eini sinnar gerðar í allri Evrópu. Reglurnar um yfirtöku leggja mikla áherslu á að verja hluthafa minni hlutans eins og reglurnar um útgáfu hlutabréfa og réttindabréfa. Í þessu tilviki til að koma í veg fyrir að með nýjum eignarmeirihluta verði eignarhluti þeirra minna virði en ella. Þessi áhersla á óhluttdrægni hefur eflt greiðslugetu breska hlutabréfamarkaðarins um leið og fjármagnskostnaður hlutafélaga þar í landi hefur lækkað. En það eru líka meinbugir á þessu kerfi. Það er erfitt fyrir fjárfesta að eignast hlutafé sem gæti orðið til þess að þeir fengju áhuga fyrir því hvernig félagið er rekið. Til þess að svo megi verða verða þeir að leita eftir áhrifum. Það er auðveldara fyrir þann sem fjárfestir að losna úr félagi en að eignast aðild að því. Auðveldara er að vera fjárhættuspilari en eigandi. Til þess að halda stjórnendum við efnið verða hluthafar að reiða sig nær eingöngu á ógnunina af yfirtöku.

Það má segja að yfirtaka hlutafélaga sé ekki algeng hér á landi enn sem komið er en við verðum að ætla að það verði svipuð þróun hér og erlendis þar sem yfirtaka hlutafélaga hefur færst mjög í vöxt á undanförnum árum og ekki síst vegna sífellt opnari fjármagnsmarkaða og aukins frelsis til flutnings á fjármagni. Af þessum sökum hafa mörg ríki, eins og í Evrópubandalaginu, sett sínar lagareglur um þessi efni og Evrópubandalagið sjálft er að undirbúa löggjöf um þetta efni sem á að taka til þeirra aðildarríkja. En þó að við séum ekki aðilar að Evrópubandalaginu, og verðum það vonandi ekki, þá sé ég enga ástæðu til annars en við fylgjumst með því sem er að gerast hjá öðrum þjóðum og sofum ekki á verðinum. Við eigum að móta okkar eigin reglur en hafa hliðsjón af reglum þeirra þjóða sem eru næstar okkur og við höfum mest samskipti við og þær reglur eru mismunandi. Þær hafa líka reynst mismunandi. Við eigum auðvitað að læra af reynslu annarra sem hafa sett sér þessar reglur.

Höfuðatriðið með flutningi þessarar þáltill. og vonandi samþykkt hennar er að stjórnvöld í landinu undirbúi löggjöf, löggjöf sem tryggi rétt minni hluta um leið og við höfum það að leiðarljósi að við ætlum okkur ekki í framtíðinni að hlutafélög og fyrirtæki verði aðeins eign örfárra manna í landinu heldur eigum við að hvetja með margvíslegum hætti til þess að allur almenningur leggi fram fjármagn til fyrirtækja og sé virkur þátttakandi í störfum þeirra. Við eigum ekki að stefna að því að fjármagnið fari á hendur örfárra manna því að almenningur þarf að vera þátttakandi í þeirri atvinnuuppbyggingu sem hér á sér stað, sérstaklega á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og þeirrar höfuðatvinnugreinar sem þessi þjóð byggir fjárhagslegt sjálfstæði og í raun og veru sitt sjálfstæði á.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill., um athugun á viðbót og lagfæringu á lögum um hlutafélög. Þó að við, sem unnum að setningu laganna um hlutafélög árið 1978, reyndum að gera okkar besta og þau hafa staðið allan þennan tíma þá koma fram nýjar aðstæður sem kalla á að þau séu endurskoðuð og þeim breytt. Nú að undanförnu hefur sérstaklega verið til umræðu sú hætta að hlutafélög safnist í eigu fárra aðila en okkur er auðvitað öllum ljóst að hlutafélög eru undirstaða meginhluta atvinnurekstri okkar og því skiptir mjög miklu máli að löggjöfin sé þannig úr garði gerð að hún hvetji menn til þátttöku í atvinnurekstrinum. Það er að sjálfsögðu skylda löggjafarvaldsins og ríkisvaldsins að stuðla að því að svo megi verða. Það voru mér því mikil vonbrigði þegar í vetur var verið að breyta ákvæðum skattalaga þannig að það sást ekki annar tilgangur með því en að reyna að fæla almenning frá því að kaupa hlutabréf og styrkja þannig atvinnulífið í landinu. Ég vil vonast til þess að samþykkt þessarar þáltill. leiði til þess að slíkum handarbakavinnubrögðum verði hætt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling ferðaþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 115. mál. — Þskj. 118.

Flm. (Jón Helgason):

Herra forseti. Snemma á þessu þingi lagði ég fram ásamt þingmönnunum Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Guðmundssyni till. til þál. um eflingu ferðaþjónustu á þskj. 118. Till. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera athugun á því hvaða framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til að gera kleift að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum og fá þannig betri nýtingu á mannvirkjum og arð af rekstri fyrirtækja sem þegar eru fyrir hendi í landinu.

Á grundvelli þeirrar athugunar verði þeim aðilum, sem ráðast vilja í þessi verkefni, veittur nauðsynlegur stuðningur til að gera það þegar á næsta ári.“ Það er að segja á því ári sem nú er komið, árinu 1992.

Það hefur komið skýrt fram í umræðum að undanförnu og tölur sýna það að aukin ferðaþjónusta er vænlegasti kosturinn til að styrkja íslenskt atvinnulíf miðað við reynslu síðustu ára. Þeir sem svartsýnastir eru hafa jafnvel tekið svo djúpt í árinni að segja að ferðaþjónustan sé eini vaxtarbroddurinn um þessar mundir. En úr því að svo er þá er nátturlega ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað þarf að gera til þess að nýta sér þennan vaxtarbrodd sem best. Og hvað þarf að gera til að auka hann og efla og um leið gera markvissa áætlun um að hrinda því í framkvæmd sem mönnum sýnist að að gagni megi verða.

Víða um land er aðstaða til að taka á móti fleiri ferðamönnum, bæði að hýsa þá og flytja um landið, jafnvel á aðalferðamannatímanum en með því að lengja ferðamannatímann væri unnt að nýta þessa aðstöðu mun betur. Sums staðar er þessu þveröfugt farið svo að þröskuldar myndast og kemur það í veg fyrir að ferðamannastraumur geti aukist og jafnvel er það svo að örtröð og öngþveiti skapast á einstökum stöðum, t.d. á hálendinu þar sem náttúra er viðkvæm og því horfir til vandræða.

Það er að sjálfsögðu hin fjölbreytta og fallega náttúra ásamt öðrum landkostum sem dregur ferðamenn hingað. Á síðustu árum hefur verið unnið að mikilvægum verkefnum í ferðaþjónustunni. Þar má nefna byggingu glæsilegra hótela í Reykjavík og uppbyggingu ferðaþjónustu bænda sem nýtur sívaxandi vinsælda og viðurkenningar allra þeirra sem hennar njóta bæði innlendra og erlendra ferðamanna. Það eru slíkar framkvæmdir sem gera okkur nú kleift að auka umsvif ferðaþjónustunnar með því að styrkja veikustu hlekkina með tiltölulega litlum kostnaði. Og það er óhætt að fullyrða að aldrei hefur verið fyrir hendi meiri áhugi en nú og reyndar líka þekking um allt land til þess að hefjast handa og vinna að þessu. Vonir stóðu til að með lögum um Byggðastofnun á sl. ári mundi hún verða betur í stakk búin til að styðja við þessa þjónustugrein. Þær vonir hafa þó að sumu leyti brugðist með þeirri þróun mála sem þar hefur orðið á undanförnum mánuðum. Í fjárlögum þessa árs hefur fjármagn til hennar verið minnkað og með reglugerð hefur stjórninni verið sniðinn þrengri stakkur en áður til að taka ákvarðanir um þessi mál. En ég þekki það af eigin reynslu að það er æði þungur róður að afla hlutafjár til þessarar starfsemi jafnvel þó að rekstur fyrirtækja gangi allvel og því var efni þeirrar þáltill. sem var hér til umræðu næst á undan mikilvægt í þessu sambandi og nauðsynlegt að reyna að gera allt sem hægt er til að stuðla að því að menn vilji leggja fram fjármagn til þessarar nauðsynlegu starfsemi.

Efling ferðaþjónustu er mikilvæg bæði til þess að taka á móti þeim sem okkur vilja heimsækja og einnig til að nýta þá atvinnumöguleika sem hún getur skapað og sannarlega veitir ekki af því nú eins og horfur eru á að þróunin verði næstu mánuði hér á landi á þessu sviði.

Ég veit ekki hversu hratt Alþingi getur afgreitt þetta mál með athugun í nefnd og síðan afgreiðslu í þinginu né heldur hversu stjórnvöld munu bregðast fljótt við þannig að árangurinn af þessari tillögu kemur kannski ekki mikið fram á þessu ári úr því að svo langur tími hefur liðið áður en hún var tekin til umræðu. Engu að síður hygg ég að þörfin verði áfram fyrir hendi og því sé mikilvægt að vinna að þessu máli þó að það skili kannski árangri eitthvað seinna en við flm. gerðum okkur vonir um þegar við lögðum till. fram á sl. hausti.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu leggja til að till. verði vísað til síðari og samgn.

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt hjá hv. þm. Jóni Helgasyni að ferðaþjónusta er sannkallaður vaxtarbroddur í dag hjá íslensku atvinnulífi og það er alveg ljóst að þar hafa Íslendingar mikla möguleika. Því ræður ekki síst fegurð og hreinleiki íslenskrar náttúru en líka mannfæðin sem er einn þeirra kosta sem menn sækja hingað. Þannig hygg ég að það sé alveg ljóst að á næstu árum ættum við með réttri markaðssetningu að geta enn aukið þær tekjur sem Íslendingar hafa í dag af ferðaþjónustu. Ég hygg að það megi lesa úr töflum að gjaldeyristekjur hafi verið næstmestar af ferðaþjónustu af öllum atvinnugreinum Íslendinga á síðasta ári. Að þessum vaxtarsprotum þurfum við vitaskuld að hlúa. Það er líka rétt að það er mikill áhugi hvar sem er á landinu að reyna að laða til sín fleiri ferðamenn og hafa af þeim eins miklar tekjur og hægt er. Ég minni t.d. á hversu vel hefur tekist til við Jökulsárlón og á Vestfjörðum þar sem með sérstöku markaðsátaki hefur tekist að fá tugþúsundir manna til heimsóknar sem fyrir nokkrum árum stöldruðu ekki við þegar þeir fóru yfir landið.

Mér þótti merkilegt að heyra í ræðu hins ágæta þingmanns Jóns Helgasonar drepið á það að búið væri að taka fjárræði af Byggðastofnun og jafnframt að skera niður framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Af þeim sökum virðist sem þingmaðurinn telji að það sé verið að vega að þessari þjónustu. Mig langar til að varpa þeirri spurningu til hv. þm. Jóns Helgasonar hvort þessi ágæta till. til þál. um eflingu ferðaþjónustu varði eitthvað sérstaklega Ferðaþjónustu bænda vegna þess að það er einkum og sér í lagi í sambandi við Ferðaþjónustu bænda sem þessir sjóðir hafa látið til sín taka. Það er hins vegar ekki tekið fram í þessari þáltill. að það sé eingöngu verið að ræða um það verkefni. Það eru fleiri sjóðir sem hafa tekið rösklega á þessum málum. Ég nefni til að mynda Ferðamálasjóð sem hefur m.a. líka lánað til bænda, til bænda á Vestfjörðum sem hafa verið að breyta húsum sínum til að geta betur þjónustað ferðamenn. En ég tel hins vegar að eitt af því sem við þurfum sérstaklega að leggja rækt við sé að reyna að fá fleiri ferðamenn hingað að vetrinum til. Og einmitt með þeim hætti væri hægt að nýta mannvirki betur og fá meiri arð af þeim eins og flm. vilja að gert verði með þessari tillögu. Að öðru leyti vil ég segja það að mér þykir þetta ágæt tillaga og legg til að hún fái jákvæða meðferð hjá þinginu.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil leggja örfá orð inn í þessa umræðu um till. til þál. um eflingu ferðaþjónustu sem þrír félagar mínir í þingflokki Framsfl. flytja undir forustu *Jóns Helgasonar*. *Þessi tillaga er tímabær þótt hún sé* vissulega ekki sú fyrsta sem flutt hefur verið hér í hv. Alþingi um ferðamál. Þær hafa nefnilega verið nokkuð margar á undanförnum árum. En því miður er það svo að það er kannski meira talað í þessum málaflokki heldur en framkvæmt er til að létta undir með þeim sem eru með ferðaþjónustu. Það er talað um það á góðum stundum, og ég er þá ekkert að deila frekar á *núverandi stjórnvöld í því en fyrrverandi, að ferðaþjónusta sé vaxtarbroddur í atvinnulífinu.* Hún er það vissulega. Það þarf ekkert um það að deila. Hún er það mikill vaxtarbroddur og toppurinn í ferðaþjónustunni er einmitt á mjög góðum tíma fyrir okkur. Toppurinn í ferðaþjónustunni kemur á þeim tíma sem mikið vinnuafl kemur inn á vinnumarkaðinn. Það væri ábyggilega öðruvísi um að litast á vinnumarkaðnum yfir sumarið ef ferðaþjóustunnar nyti ekki við því það er drjúgur starfskraftur sem hún tekur. En hana þarf vissulega að skipuleggja. Og það þarf að nýta þau mannvirki sem fyrir hendi eru vegna þess hve þessi tími er stuttur, ég tek alveg undir það með hv. 17. þm. Reykv. að auðvitað þarf að lengja hann en það er ekkert auðvelt viðfangs, en það er verkefni sem við þurfum að vinna að.

Það er víða pottur brotinn í ferðaþjónustu. Þeim mannvirkjum, sem við erum að bjóða ferðamönnum inn í á sumrin, skólum og öðrum, verður að halda við, gera þau aðlaðandi fyrir ferðafólk og ekki síst að ferðafólk hafi fjölbreytta afþreyingu þegar það kemur hingað. Við höfum treyst mjög á landið í þeim efnum en við þurfum að sjálfsögðu að gera fleira. En það sem rak mig í þessa umræðu er sú staðreynd að fólk hefur mikinn áhuga fyrir þessum atvinnuvegi. Í öllum landshlutum er mikill áhugi fyrir að gera átak í þessum efnum, efla leiðbeiningaþjónustu, efla alls konar leiðbeiningastarfsemi í þessu. Fólk hefur stofnað með sér samtök, Ferðamálasamtök landshlutanna og víða er unnið mjög gott starf en það gengur bara ekki neitt að koma þessum samtökum á fjárhagslegan grundvöll, satt að segja. Ég veit að félagar mínir í fjárln. geta vitnað um það að ég bar fram fyrirspurnir um það trekk í trekk á ótal fundum við fjárlagagerðina hvernig þessum málum yrði fyrir komið á næstunni. Ég fékk engin svör og hef ekki fengið enn þá hvernig eigi að efla þessi samtök eða koma þeim á grundvöll eða hvort þau eiga að njóta einhvers tilstyrks fjárhagslega, annaðhvort frá því opinbera eða frá þeim sjóðum sem sinna þessum málum og hafa gert á undanförnum árum eins og hv. ræðumaður sagði.

Þetta vildi ég ítreka við umræðuna vegna þess að það er svo sárgrætilegt að þetta ágæta fólk, sem við þetta vinnur og hefur mikinn áhuga að gera góða hluti, efla þessa starfsemi, efla leiðbeiningarstarfsemi í því að taka á móti ferðamönnum og koma upp einhverri afþreyingu fyrir þá, fær ekki jafnmikinn hljómgrunn og skyldi. Vonandi verður þetta tekið til umræðu í hv. samgn. þegar þessi till. kemur þangað. Því það er sannarlega þörf á að ræða þessi mál og efla frumkvæði þeirra úti um allt land sem vilja vinna að þessu. Við getum ekki endalaust treyst á það að beita ferðamönnum á íslenska náttúru þótt þar séu miklir möguleikar í þeim efnum. Ferðafólk kemur líka til þess að, ef nota má svo ljótt orðalag, slappa af, sem er náttúrlega ekkert ljótt, og njóta afþreyingar. (**ÖS:** Það mætti setja upp spilavíti). Ég ætla ekki að hafa nein orð um uppástungur hv. formanns þingflokks Alþfl. En sjálfsagt mun hv. samgn. taka þessa ábendingu hans til athugunar. En erindi mitt var fyrst og fremst það að árétta þessi mál og auðvitað að láta í ljós þá von að þessi tillaga *fái vandaða meðferð, sem ég efast ekki um*, og að hún verði samþykkt. Það er náttúrlega alls ekki nóg að hún verði samþykkt héðan frá hv. Alþingi. Það er aðalatriðið að síðan verði gert eitthvað í framhaldinu. Og framkvæmdin verði raunveruleg. En það vill oft verða með tillögur sem þó hafa hlotið samþykki hér á hv. Alþingi að framkvæmdin verður ekki sem skyldi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér er til umræðu. Það hefur svo oft verið sagt úr þessum ræðustól að kannski er óþarfi að endurtaka það hversu mikilvæg ferðaþjónustan er, hversu mikilvæg atvinnugrein ferðaþjónustan er og mikilvæg fyrir efnahag landsmanna. Ferðaþjónusta hefur eflst mjög á undanförnum árum og gefur í aðra hönd *verulega miklar gjaldeyristekjur* þannig að sú ályktun sem hér er borin fram er mjög mikilvæg til þess að kanna hvað þarf að — (**ÖS:** ... það Kvennalistanum við?) Hvað segir hv. þm.? Við fáum að heyra það á eftir — þannig að ferðaþjónustan geti tekið við því fólki sem vill heimsækja landið. Það er alveg rétt sem kom fram hér í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, 17. þm. Reykv., að fólk sækir hingað fallega náttúru. Að vísu talaði hann mikið um hversu hrein hún væri en um það má deila því við erum ekki barnanna best í umgengni við landið og þess vegna þurfum við að fara mjög varlega í því að hleypa hingað ferðamönnum ómælt án þess einmitt að skapa aðstöðu. Það hefur allt of oft vantað. Mjög nauðsynlegt er því að gera athugun á því hvaða þættir eru brýnastir og munu geta skilað mestum árangri til þess að við eyðileggjum ekki landið. Þótt við viljum fá ferðamenn hingað er ekki þar með sagt að við getum boðið þeim upp á hvað sem er. Við verðum auðvitað að hafa aðstöðu til að taka á móti fólki og gæta þess að ofbjóða ekki landinu.

Ég vil geta þess að vorið 1986 samþykkti Alþingi tillögu um að kannaðar yrðu aðstæður fyrir móttöku ferðamanna um allt land og gerðar tillögur til úrbóta. Þetta var tillaga sem Kristín Halldórsdóttir, þáverandi þingmaður Kvennalistans, lagði fram og var samþykkt einróma á Alþingi. Könnun þessi fór fram og árið 1987 var gefin út skýrsla þar sem lýst var þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru. Sá hluti tillögunnar sem fjallaði um úrbætur hefur ekki enn þá verið framkvæmdur. Ég vil því taka undir með þeim sem töluðu á undan mér að auðvitað er ekki nóg að samþykkja tillögur og segja

að nauðsynlegt sé að fram fari úrbætur og endurbætur eða láta gera kannanir. Þó þær séu gerðar verður að fylgja þeim eftir. Ég hefði talið nauðsynlegt að í tengslum við þessa tillögu væri litið til þeirrar könnunar sem gerð var og athugað um úrbætur á þeim stöðum sem fyrir hendi eru því það er ekki síður nauðsynlegt en að koma upp nýrri og betri aðstöðu víða um land.

Við höfum oft rætt um ferðamál á Alþingi og síðast á sl. ári þegar frv. um ferðamál var lagt fram, sem því miður hlaut ekki afgreiðslu. En auðvitað var ekki tekið á þáttum eins og fram koma í þessari tillögu og þess vegna vil ég aftur lýsa því yfir að ég tel nauðsynlegt að Alþingi samþykki þáltill. og reyni að sjá til þess að eitthvað verði framkvæmt. Í þessu sambandi minni ég enn og aftur á þá tillögu sem Alþingi samþykkti vorið 1987 og væri kannski ráð fyrir okkur að líta aðeins til baka og sjá hvernig þær tillögur sem Alþingi hefur samþykkt hafa verið framkvæmdar.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég stend hér upp til þess að lýsa yfir stuðningi við tillöguna svo langt sem hún nær. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. 15. þm. Reykv., Kristínu Einarsdóttur, að á síðasta þingi var lagt fram frv. til laga um ferðaþjónustu sem hún, eins og hún orðaði það, sagði að því miður varð ekki samþykkt. Ég skal fúslega taka hluta af því á mig því að ég gagnrýndi mjög harkalega það frv. þar sem mér fannst það hreint ekki nógu gott.

Ég held að á Alþingi hafi aldrei verið nein alvara að baki þegar aðgerðir í ferðamálum hafa verið á dagskrá. Það er nú einu sinni svo að þeir sem eiga þess kost að fara hvert á land sem þeir vilja og búa á bestu hótelum hafa ekki hugmynd um hvað hér er verið að tala um. Það sem við erum að tala um er að reyna að byggja upp ferðaþjónustu fyrir allan þorra manna, fjölskyldufólk, launþega og láglaunafólk sem vill ferðast til annarra landa og kynnast íbúum þeirra, en ekki lúxusferðamönnum sem geta svo sem verið hvar sem er og búið hvernig sem er og gert það sem þeim sýnist.

Ég held að nokkur meginatriði hafi verið gerð eins illa og möguleiki er á. Það er í fyrsta lagi svokölluð landkynning. Hvernig er hún? Við þurfum ekki annað en að líta í algengustu tímarit sem nú eru gefin út eins og Iceland Review, hvers konar bæklinga um Ísland. Hvernig eru þeir? Þar eru myndir af auðnum Íslands, kannski einum fallegum hlut eftir einhvern listamann og síðan getið um að það sé hægt að komast á veitingastað á kvöldin. Fólk er engu nær um það í hvers konar landi við búum og ég held að við sem höfum allnokkuð farið ættum að hætta að skrökva að sjálfum okkur að umheimurinn viti eitthvað um Ísland. Hann veit ekki neitt um Ísland. Svo furðulegar spurningar fær maður erlendis um það mannlíf sem hér er lifað að það satt best að segja sætir undrun. Nægir að nefna að ég á sæti í svokallaðri EFTA-nefnd og hef tvisvar sinnum verið suður í Genfarborg í Sviss. Í bæði skiptin hefur það reynst hótelmóttökustjóranum gersamlega ómögulegt að finna út frá hvaða landi ég væri. Ég hygg þó að íslensku sendinefndirnar búi ævinlega á þessu eina og sama hóteli. Þegar hann komst að því að við bjuggum ekki á Írlandi þá gafst hann bara upp. Ég hirði ekki um að skýra frá því hvernig nafn landsins míns leit út á reikningnum sem Alþingi barst síðan. Þannig að við skulum byrja á byrjuninni, landkynningunni.

Ég opnaði skandinavískt tímarit um daginn og þar var Íslandi aldrei þessu vant gefið dálítið rými. Um hvað skyldi það nú hafa verið? Jú, það var viðtal við eina spákonu og einn allsherjargoða. Þetta eru hugmyndir manna um Ísland. Skrýtið fólk í reyndar fallegu landi, um það eru allir sammála. En að hér sé venjulegt og tiltölulega háþróað nútímaþjóðfélag hefur fólk bara ekki hugmynd um. (Gripið fram í.) Jú, jú, þá skal ég koma að því. Og þetta er nefnilega misskilningurinn sem Íslendingar ganga með að við séum svo skrýtin og sérkennileg og að það sé það sem við eigum að lokka ferðamenn með. Þetta held ég að sé allsendis alrangt. Landið okkar er auðvitað engu líkt og ekkert land er neinu öðru líkt. Það á vissulega mikinn þátt í að draga hingað ferðamenn. En eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan, venjulegt fólk í sumarfríi vill auðvitað líka láta sér líða vel. Það vill kannski eyða einhverjum peningum í það, ekki endilega mjög miklum en það vill búa vel, borða vel og almennt láta fara vel um sig. Vitaskuld er svo víðs fjarri að upp á þetta sé boðið hér á landi. Ég tók nærtækasta dæmið sem ég hef í ræðu minni í fyrra sem mjög fór fyrir brjóstið á þáv. hæstv. samgrh., flokksfélaga mínum Steingrími J. Sigfússyni. Hvað ætli komi margir ferðamenn til Íslands án þess að líta á Gullfoss og Geysi? Enn þann dag í dag er ekki hreinlætisaðstaða á þessum stað. Í raun og veru er stórfurðulegt að annað eins og þetta skuli geta gerst. Svo lokaðir eru Íslendingar fyrir frumstæðustu þörfum mannanna þegar landslagið er annars vegar að þeir halda að meira þurfi bara ekki til.

Ég skal reyna að stytta mál mitt, hæstv. forseti. Góð ferðamannaþjónusta er spurning um hugarfar. Það er spurning um vilja þjóðarinnar til að taka vel á móti öðru fólki. Það er auðvitað ekkert hægt að kenna og ekki hægt að skipuleggja það. Auðvitað ber stjórnvöldum að aðstoða hinar ýmsu byggðir landsins til að koma sér upp ekki bara gistiaðstöðu, það er ekki nóg, heldur aðstoð við að hlúa að öllu því sem best þrífst í því byggðarlagi. Og það getur enginn fundið á sér og vitað betur en þeir sem búa á hverjum stað hvað þeir hafa ferðamönnum að bjóða. Ég veit ekki hvað er best að skoða á Vestfjörðum. Ég gæti sagt mönnum hvað væri ráð að skoða í Hafnarfirði og Reykjavík. En það hlýtur að vera eðli góðrar ferðaþjónustu að íbúarnir á hverjum stað hlúi að sinni menningu, uppbyggingu sinna byggðarlaga og langi til að fá gesti, langi til að láta þeim líða vel. Þessu verður ekki skipað sunnan frá Reykjavík með einhverri miðstýringu eins og mér fannst, því miður, frv. á síðasta þingi allt of mikið byggt á.

Í stuttu máli er ferðamannaþjónusta okkar skelfing frumstæð. Vissulega eru undantekningar. En við skul-

um ekki gleyma þeim hópum ferðamanna sem við verðum að gera ráð fyrir. Auðnir Íslands eru stórkostlegar en þangað fara ekki fjölskyldur með smábörn nema í undantekningartilvikum. Við vitum hvers konar fólk sækir þangað. Það er ekki endilega fólkið sem skilar okkur miklum peningum enda er það í því tilfelli ekki aðalatriðið. Það er góður hópur og skemmtilegt að fá hann. En ef við ætlum að afla einhverra umtalsverðra tekna af ferðamannaiðnaði erum við að reyna að laða til okkar hinn breiða fjölda, fólkið sem kemur í sumarleyfi með börnin sín, fólk á öllum aldri. Þessu fólki verðum við að finna eitthvað að gera.

Það er nú einu sinni svo að við þrælar hversdagsins höfum ótrúlega mikinn tíma þegar síminn hættir að hringja, þegar gestir hætta að koma og þegar við förum ekki í vinnuna okkar lengur. Og við erum auðvitað ekki á ferðinni allan þann tíma. Þess vegna þarf fólk að hafa einhverja afþreyingu. Fólk þarf að geta borðað vel og ég ætla að herða upp hugann og þora að segja að það er nú svo með marga erlenda menn að þeim finnst sjálfsagt að geta fengið sér í glas. Ég þekki ekki einn einasta Breta, þó ég hafi búið þar í þrjú ár, sem finnst ekki eins sjálfsagt og að skrúfa frá krana að fá sér bjór einhvern tíma dagsins. Við verðum að geta veitt slíka þjónustu og komið til móts við þarfir þess fólks sem við erum að sækjast eftir.

Ég veit ekki nema ég verði að taka aftur til máls vegna þess að einn þáttur er eftir sem ég legg jafnmikla áherslu á. Við hv. 2. þm. Austurl. vorum sammála um það í fjárln. að hægt er að gera íslenska list að arðbærri útflutningvöru. Bækur og minjagripi, ég ætla ekki að tala aftur illa um þá vegna þess að það fór líka fyrir brjóstið á einhverjum á síðasta ári. Ég ætla samt að segja að þeir eru hræðilegir og við eigum að nýta það listafólk sem við eigum til þess að búa til almennilega hluti sem við þurfum ekki að blygðast okkar fyrir. Og skal ég nú láta ræðu minni lokið, hæstv. forseti. Það vill svo til að ég er mikil áhugamanneskja um þetta og ég fagna þessari tillögu. Mér finnst kannski svolítið óljóst hvernig veita á þennan stuðning og vildi gjarnan heyra hv. 1. flm. skýra það aðeins hvernig hann hugsar sér að honum væri skipað.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram strax um þessa þáltill. að ég tel hana allra góðra gjalda verða og markmiðið með henni gott og við ættum að sameinast um að reyna að láta hana ná fram að ganga. Þó svo að flm. hafi kosið að taka fyrir afmarkaðan þátt í ferðamannaþjónustunni er ályktunin ekki verri fyrir það og ég tel fulla nauðsyn á því að menn gangi skipulega til verka í þessum málum. Það er einu sinni þannig að við búum í það agnarlitlu samfélagi að við getum ekki látið markaðslögmálin leysa alla þætti tilviljunarkennt. Við verðum að leyfa okkur að vera dálítið aðhaldssöm á það fé sem við leggjum til þessa málaflokks hvort sem það er af opinberri hálfu eða frá einkageiranum. Því þurfum við oft og tíðum að vera með miðstýrðar áætlanir að nokkru leyti og best er í þeirri stöðu þegar af litlu er að taka að hið opinbera hafi frumkvæðið. Þetta verðum við líka að hafa í huga þegar við erum að reyna að skipuleggja ferðaþjónustu um allt land, ekki bara hér á suðvesturhorni landsins. Það hlýtur að vera markmið okkar að stuðla að því að ferðamenn ferðist líka til hinna fámennu byggða og að þar sé fyrir hendi sú lágmarksaðstaða að hægt sé að taka á móti hópum ferðamanna.

Ég vil minna á að á síðasta reglulega þingi var lagt fram frv. til laga um ferðaþjónustu eins og hér hefur verið getið um og einnig var lögð fram till. til þál. um ferðamálastefnu. Hvort tveggja var lagt fram af þáv. hæstv. samgrh. og var afrakstur nefndar sem ráðherrann skipaði og starfaði undir forustu hv. 4. þm. Austurl. Ég tel að þessi nefnd hafi unnið óvenjugott starf í þessum málum og skilað af sér mjög ítarlegum tillögum, bæði um ferðamálastefnu og um ferðaþjónustu. Það væri margt betra í þessum málaflokki núna ef ekki hefði verið komið í veg fyrir samþykkt þessara ályktana. Þar ber auðvitað Sjálfstfl. höfuðábyrgð þar sem hann beitti sér fyrir því sérstaklega að koma í veg fyrir samþykkt þessara tveggja mála sem ég nefndi. Og undir forustu hv. þáv. þm. Halldórs Blöndals, sem Sjálfstfl. var svo ánægður með að hann gerði að ráðherra ferðamála á eftir. Eins og við sjáum þá sést ekki einn einasti sjálfstæðisþingmaður í salnum, hvorki ráðherrar né aðrir og það segir okkur hver áhugi þeirra sjálfstæðismanna er á ferðamálum. Ég sé að vísu að hv. 5. þm. Reykv. er í salnum en ég vissi af því þegar ég sagði þetta.

Virðulegi forseti. Ég hef vakið athygli á þessum tveimur málum sem lögð voru fram og ég vil aðeins benda á að t.d. í till. til þál. um ferðamálastefnu eru markmið m.a. rækilega skilgreind og gerðar eru tillögur um leiðir til að ná þeim markmiðum. Þar kemur t.d. mjög skýrlega fram að ein leiðin er að ná fram sem bestri nýtingu á fjármagni sem lagt er í ferðaþjónustu m.a. með því að lengja ferðamannatímann og samnýta húsnæði og samgöngutæki þar á meðal í samvinnu við aðrar atvinnugreinar. Auðvitað er afar skynsamlegt að reyna að koma upp nauðsynlegri aðstöðu sem víðast fyrir sem minnst fé og fellur saman við markmið það sem er í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Fleira get ég nefnt úr þessari þáltill. sem að mínu mati er hið merkilegasta plagg og hefði farið betur að hefði verið samþykkt.

Eitt vil ég þó nefna að lokum sem kemur fram í frv. til laga um ferðaþjónustu sem er mjög athyglisvert, þ.e. að framlag hins opinbera til ferðamála sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins 1980–1990 var minnst árið 1987. Það er árið sem Alþfl. gekk inn í ríkisstjórn eftir nokkurra ára útlegð. Þá náði þessi málaflokkur botni. Strax árið eftir, þegar skipt hafði verið um ríkisstjórn og nýjar áherslur teknar upp í samgöngumálum og ferðamálum, þá vex þetta hlutfall og það vex á árunum 1988–1990 um nærfellt 100%, úr liðlega 0,04% af útgjöldum ríkisins upp í 0,09%. Það segir okkur að þær áherslur sem síðasta ríkisstjórn hafði í þessum málum stefndu greinilega til réttrar áttar, virðulegi forseti. Nú getum við ekki annað en vonað að núverandi

ríkisstjórn fylgi þessu háleita markmiði eftir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ekki hefur farið ýkja mikið fyrir umræðu um ferðaþjónustu og málefni sem tengjast henni á þessu þingi. Því er flutningur þessarar þáltill. af hálfu þriggja þingmanna Framsfl. góðra gjalda verður enda þótt væri ekki til annars en að minna á þá atvinnugrein og hvetja til þess, eins og er efni tillögunnar, að gerð verði athugun á því hvaða framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og fleira sem segir þar í texta tillögunnar. Ég tel að tillagan sé góðra gjalda verð og verður kannski aðeins til að minna hæstv. ríkisstjórn á málefni atvinnugreinarinnar sem hefur legið óbætt hjá garði frá því að hún settist að völdum sl. vor. Ég teldi að samþykkt þessarar þáltill. hugsanlega með breytingum og frekari áherslum væri þörf til þess að minna stjórnvöld á þennan atvinnuveg. Ég hef haft mjög litlar spurnir af því hvað hæstv. núv. samgönguráðherra er að bauka í sambandi við málefni ferðaþjónustunnar að svo miklu leyti sem stjórnvöld hafa af henni afskipti. Nú fer að verða tilefni til þess að spyrja frétta ofan úr Stjórnarráði um það mál.

Hér er ekki margt af flokksbræðrum hæstv. samgrh. í þingsal, einhverja sá ég hilla undir í hliðarsölum. Að vísu er hér hv. 5. þm. Reykv. viðstaddur umræðuna en af valdamönnum og bjarghellum ríkisstjórnarinnar er þó einn hér staddur sem hefur þegar tekið þátt í umræðunni, hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl. Ég vil leyfa mér að beina máli mínu til hans í ósk um að hann upplýsi þingheim um hvað líði frumvarpi eða frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn boðaði um málefni ferðaþjónustunnar í fylgiskjali með stefnuræðu forsrh. sl. haust. Nú er að koma góa og skammt í einmánuð og ekki langt til þingloka þannig að tími fer að styttast ef ríkisstjórnin og stuðningslið hennar ætlar að efna það sem heitið hefur verið af hennar hálfu að bera fram stefnu sína í málefnum ferðaþjónustunnar á þessu þingi. Ég óska því eftir því að hv. stjórnarliðar sem hér viðstaddir umræðuna greini okkur frá því hvað líði þeirri vinnu.

Ég held að ég segi engin tíðindi þó ég upplýsi það litla sem ég veit um þessi mál, þ.e. að mjög lítið hefur farið fyrir sjálfstæðri vinnu að þessu máli nema þá mjög lokað í kontórum hjá hæstv. samgrh. Ég hef a.m.k. þær spurnir að ferðamálaráð hafi ekki fengið að heyra hósta eða stunu um væntanlega stefnu ríkisstjórnarinnar í þeirri atvinnugrein og er það þó sá stjórnskipaður vettvangur sem er ætlað að fjalla um málefni ferðaþjónustunnar og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þau efni og tengiliður milli stjórnvalda og atvinnugreinarinnar.

Það er alveg rétt sem segir í greinargerð með tillögunni að ferðaþjónusta hefur skilað íslensku þjóðarbúi síauknum tekjum og er auðvitað snar þáttur í daglegu lífi fólks í landinu og vaxandi þáttur fyrir utan það að heimsóknir erlendra ferðamanna hingað til lands eru alltaf að aukast. En hinu er ekki að leyna að vandkvæðin í málefnum atvinnuvegarins eru mörg og þau verða tæpast leyst svo vel sé nema fyrir forustu ríkisvaldsins. Ég á við eina meginundirstöðu ferðamennsku í landinu sem er hin ósnortna náttúra landsins, ekki vegna þess að það sé hún ein sem menn eigi að njóta á ferðum sínum heldur líka hið manngerða umhverfi og það sem varðar menningu fólks vítt um land. Á fjölsóttum ferðamannastöðum er ástandið þannig að vart telst boðlegt nema með undantekningum og víða er slík örtröð og átroðsla og bágborin heilbrigðisaðstaða að í rauninni bæri stjórnvöldum skylda til að hindra aðkomu ferðamanna þar.

Ég ætla ekki að lýsa þeim tillögum sem lágu fyrir á síðasta þingi. Það var gert þegar þær voru til umræðu og hefur aðeins verið að því vikið í umræðunni. Ég ætla ekki að fara að ræða þau efni og þau orð sem féllu um það heldur aðeins minna á að hér var samþykkt úr neðri deild þingsins fyrrverandi þetta frv. með góðu samkomulagi flestra. Ég man ekki nákvæmlega hvernig atkvæði féllu við afgreiðslu þegar málinu var vísað til efri deildar á síðasta þingi með nál. sem undir rituðu allir fulltrúar í þáverandi samgn. neðri deildar, jafnt stjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar. Í efri deild fór svo að fjallað var um málið í nefnd og afgreitt úr nefnd af fulltrúum þingflokka sem þar áttu sæti nema fulltrúa sjálfstæðismanna sem var sá eini, sá flokkur og þingmenn hans í efri deild vel að merkja, sem brá fæti fyrir afgreiðslu þessa máls rétt fyrir þinglok í fyrravetur. Auðvitað hvíla enn meiri skyldur á núv. hæstv. samgrh. að bera fram stefnu sína og standa þjóðinni skil á því hvað það í rauninni var sem hann greindi á við meiri hluta þingheims á síðasta ári í þessum efnum, að hann láti það koma fram á Alþingi með flutningi mála á þessu sviði eins og hann hefur boðað. Vonandi gefst tækifæri til að eiga orðaskipti við hæstv. ráðherra um þetta efni á grundvelli frv. þessara plagga sem mér skilst að hafi verið unnið að á kontórum í ráðuneyti hæstv. samgrh. en með mikilli leynd gagnvart samtökum í ferðaþjónustu bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar að því er ég best veit. Auðvitað er þetta engin skrautfjöður í hatt núv. ríkisstjórnar, ef hún hefur þá eitthvað á höfðinu lengur, og er mál til komið að við förum að sjá eitthvað af þeim fjöðrum sem hún ætlar að tjalda til í málefni greinarinnar.

Ég vil, virðulegur forseti, ljúka máli mínu með því að þakka fyrir flutning málsins hér. Ég tel að beri að athuga það af gaumgæfni í nefnd og hafi menn ekki þá skoðun að tillöguna beri að afgreiða umsvifalaust þá hefur hún a.m.k. nú þegar gert nokkurt gagn með því að minna á greinina og brýn málefni sem snerta hana á þinginu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forsti. Þessi tillaga sem hefur verið lögð fram er vissulega tímabær. Ég vil þakka flm. fyrir að hafa komið fram með hana. Svo sannarlega veitir ekki af nú á tímum þegar við ræðum samdrátt í atvinnulífinu og fyrirsjáanlegt atvinnuleysi fram undan að styðja við það sem helst er einhver vaxtarbroddur í og hefur verið vaxtarbroddur í. Ekki hvað síst á það við dreifbýlið því að þau störf sem hafa bæst við í ferðaþjón-

ustunni á undanförnum árum hafa að miklum meiri hluta orðið þar til. Það hefur sýnt sig að Ferðaþjónusta bænda á þar drjúgan hlut að máli og er mjög gott að bændur finni nýja möguleika til þess að treysta búsetu sína. Þessi tillaga virðist fyrst og fremst vera tilkomin til þess að hægt sé að gera eitthvað strax því að talað er um að strax á næsta ári þurfi að ráðast í þau verkefni sem þessi athugun mundi leiða í ljós að þyrfti að vinna.

Ég vil aðeins nefna nokkur verkefni sem ég þekki að gætu verið mjög brýn og er það að efla tengsl á milli ferðamöguleikanna. Víða myndast þröskuldar eins og segir reyndar í greinargerð með þessari tillögu. Sem dæmi get ég nefnt það að þar sem ferjurnar sigla með ferðafólk, sem mikið notar þær á sumrin, er það iðulega svo að þegar fólk kemur einhvers staðar að bryggju þá er ekkert farartæki á bryggjunni sem flytur það áfram. T.d. eru ferðir með Baldri yfir Breiðafjörð en engar rútuferðir eru í tengslum við þær ferðir. Reyndar hefur verið reynt að skipuleggja ferðir að einhverju leyti á Látrabjarg einu sinni til tvisvar í viku en að öðru leyti getur fólk ferðast þarna á milli og staðið svo bara á bryggjusporðinum, vegalaust. Þarna myndast því oft og tíðum þröskuldur.

Í öðru lagi þarf að byggja upp þá staði úti um landið sem hafa aðdráttarafl. Þar nefni ég fyrst og fremst ýmsar gamlar byggingar sem þurfa viðhald. Það eru byggðasöfnin og það eru hugsanlega fleiri söfn, t.d. náttúrusöfn ýmiss konar. Margar gamlar byggingar liggja undir skemmdum sem ekki yrði hægt að bæta ef ekki verður brugðist við og viðhald þeirra tryggt mjög fljótlega. Enn eitt atriði vil ég nefna sem er kannski ekki mjög stórt mál en það er að merkja þá staði sem áhugaverðir eru að sjá. Við þekkjum það úr kvæði að „landslag yrði lítils virði ef það héti ekki neitt." Það er mjög mikils virði að merkja heiti þeirra staða sem fólk langar til að skoða.

Síðan vil ég einnig nefna að hreinlætisaðstöðu er víða mjög ábótavant. Það gengur afskaplega hægt að koma á lágmarkshreinlætisaðstöðu á fjölsóttum stöðum. Hægt væri að beina fólki á fleiri staði út um landið en það kostar athugun, skipulagningu og síðan framkvæmd. Örugglega væri hægt að efla ferðaþjónustu mikið með því að koma ýmsu slíku í verk.

Ég ætla ekki að nefna hér fleira. Ég kom inn í umræðuna eftir að hún hófst þannig að ég veit ekki allt sem hefur verið sagt. En eins og ég sagði í upphafi þá þakka ég flutningsmanni fyrir tillöguna og vonast til að hún fái framgang og að eitthvað verði gert í framhaldi af því.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær góðu undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið þótt mér sé að sjálfsögðu ljóst eins og hefur komið fram í máli sumra hv. ræðumanna að hún fjallar um mjög afmarkað efni. Það var með vilja gert að reyna að spenna bogann ekki of hátt með tilliti til þeirra aðstæðna sem við búum við. Það var sem sagt til að reyna að ná fram raunhæfum árangri en ekki til að spila einhverja pólitíska keilu eins og mig minnir að hv. 17. þm. Reykv. hafi sagt um þennan tillöguflutning. (**ÖS:** Ég nota ekki svona orðbragð.) Ég hygg samt sem áður að það hafi verið eitthvað á þá leið, hv. þm. En svo ég víki kannski fyrst að orðum hans þá er það misskilningur, hv. þm., að ég sé hér að hugsa fyrst og fremst um Ferðaþjónustu bænda. Ferðaþjónusta bænda hefur byggst mjög skipulega og vel upp nú síðustu árin. Uppbyggingin hefur verið markviss og þar þarf að halda áfram að fylgja þeirri stefnu sem þeirra samtök hafa gert að gæta þess að ekki fari of margir af stað til að drepa niður grundvöll fyrir þeim sem byrjaðir eru. Þess hefur verið reynt að gæta og jafnframt að gera þær kröfur að ferðamenn verði ekki fyrir vonbrigðum með þá þjónustu og það hefur tekist mjög vel. Erlendis frá heyrist það t.d. hjá þeim sem sjá þar um ferðakynningu að þeir eru mjög ánægðir með þessa þjónustu m.a. vegna þess að sú starfsemi svarar þeim bréfum sem send eru og veitir upplýsingar. En nóg um það.

Það sem ég er þarna með í huga er kannski af minni eigin reynslu. Ég veit ekki hvort hv. 17. þm. Reykv. veit að ég er búinn að vera aðili að fyrirtæki í 18 ár við að reyna að byggja upp ferðaþjónustu. Og það á stað sem er sagt af þeim sem skipuleggja ferðir um landið í stórum stíl að ef ekki væri fyrir hendi ferðaþjónusta þar þá mundi það þýða 20–25% samdrátt í ferðaþjónustu í landinu vegna þess hversu mikilvægur hlekkur þetta er. Við búum sem sagt hringinn í kringum landið og hringferðirnar byggjast a.m.k. á því að þarna sé nokkuð skipulagt kerfi uppbyggt. Þetta hefur tekist furðanlega vel nema það sem hér kom fram hjá einum hv. þm., mig minnir 14. þm. Reykv., að við höfum ekki getað tekið á móti öllum þeim gestum sem hafa viljað koma. Þess vegna þurfum við að fá meira rými. Þessi aðstaða hefur fyrst og fremst orðið til þess að hægt er að sinna hópferðunum sem vilja halda áfram hringinn og panta með löngum fyrirvara en hinn venjulegi ferðamaður, sem vill dvelja í héraðinu einhverja daga og njóta þar náttúrunnar, hefur orðið að sitja á hakanum. Þetta finnst mér mjög slæmt. Þetta erum við að reyna að lagfæra núna en róðurinn er því miður þungur.

Við höfum fengið stuðning bæði frá Framleiðnisjóði og Byggðasjóði af því að þeir höfðu fjármagn og heimildir og vilja til að styðja þessa þjónustu í gegnum það að hluthafar þarna eru að miklum meiri hluta íbúar héraðsins. Þetta er almenningshlutafélag með upp undir 200 hluthafum og út á þá var veittur stuðningur. En Ferðamálasjóður hefur því miður ekki farið inn á þá braut, sem var ákveðin í lögum þegar þau voru endurskoðuð einhvern tíma fyrir 1980, að hann mætti leggja fram áhættufjármagn eða styrki. Hann veitir eingöngu lán sem er aðeins 33% af byggingarkostnaði. Þá þarf einhvers staðar annars staðar að fá það fjármagn sem á vantar, 67%. Og fyrir staði úti á landi er það ekki dregið upp úr vasanum á augnablikinu. Þess vegna höfum við verið að leita eftir fjármagni frá fleirum.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í umræðu í vetur — mig minnir að það hafi verið fjmrh. frekar en forsrh. — að

nú vonaðist hann til þess að lífeyrissjóðirnir færu að leggja fram fjármagn sem hlutafé í vaxandi mæli. Það hefur því miður ekki tekist enn þá. Þess vegna brennur það á fólki úti um land, því sem vill vinna að þessu og byggja þetta upp, að það fær þarna lítinn stuðning. Segja má að lítil þúfa geti velt þungu hlassi. Það kannski vantar herslumuninn að þessir aðilar ráði við verkefnið sem getur skipt sköpum fyrir ferðaþjónustuna almennt í landinu eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, t.d. þar sem ferjur koma að landi og annað slíkt. Víða eru þessir þröskuldar en það þarf kannski ekki svo mikið til þess að komast yfir þá og það er það sem við flm. höfðum fyrst og fremst í huga með þessari tillögu. Eins og ég sagði verður að reyna að spenna bogann ekki hærra en svo að hann verði viðráðanlegur fyrir hæstv. núv. ríkisstjórn.

Auðvitað væri hægt að ræða margt fleira í sambandi við ferðamál en það sem hér hefur komið fram en tíminn líður og ég skal ekki fara langt út í það. Þó langar mig að minnast á að fyrir nokkrum árum flutti ég ásamt fleirum frv. til laga um breytingu á lögum um ferðamál í páv. hv. efri deild um það að heimamenn gætu verið leiðsögumenn þótt þeir væru ekki mjög skólaðir í því. Þetta fékk heldur slæmar undirtektir hjá sumum og náði ekki fram að ganga. Ég gerðist svo djarfur, ég held sumarið eftir, að ég braut þessi lög og gerðist leiðsögumaður í nokkra daga um mitt heimahérað og það var ánægjulegt starf, ekki síst vegna þess að mér fannst fólkið taka því mjög vel þó að ég væri þingmaður sem ekki væri metinn réttur til þess að vinna að slíku. Ég held að leiðsögumennirnir þurfi að hafa æði nána tilfinningu fyrir náttúrunni sem þeir eru að fara um. Það dugar ekki þó að menn þekki ýmislegt úr bókum og séu vel að sér í málum og annað slíkt, sem vissulega ber ekki að lasta og auðvitað væri gott að sem flestir hefðu á valdi sínu, en það má ekki gleyma þeirri hliðinni að hafa tilfinningu fyrir náttúrunni og þá er hægt að finna marga staði sem ferðamenn eru hrifnir af. Oft hafa sandarnir og sandströndin austur í Skaftafellssýslu verið mér ofarlega í huga en mér finnst það vera heimur út af fyrir sig. Og það er þannig með fleiri sem þangað hafa komið. Þessi hópur sem ég var með og fór með þangað fannst tíminn of stuttur sem þar var dvalið. Það er því hægt að finna víða fagra staði og lagfæra það sem miður hefur farið, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, m.a. hjá hv. 4. þm. Austurl. og ég gat einnig um í minni framsögu. T.d. er örtröð of mikil á einstaka staði en ferðamönnum þarf að dreifa. Þá er mikilvægt að menn þekki þá staði sem hugsanlegt er að nota í þessu sambandi, ef þannig má að orði komast, og þekki líka söguna. Saga er ríkur þáttur í því að vekja áhuga.

Ég vonast til þess að ég hafi með þessum orðum skýrt nánar hvað fyrir mér vakir. Það er að reyna að ýta við því að gert sé yfirlit yfir þetta. Eins og hér hefur komið fram í umræðunum eru til gögn með mjög miklum upplýsingum. Það þarf ekki að eyða tíma í að safna þeim heldur draga fram þessar staðreyndir og bregðast við þeim og létta undir, eins og ég sagði, þeim fjölmörgu sem eru brennandi af áhuga víðs vegar um landið að láta þarna til sín taka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

87. FUNDUR

mánudaginn 24. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa tvö bréf er varða varaþingmenn. Hið fyrra er svohljóðandi, dags. 24. febr.:

„Þar sem utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Magnús Jónsson veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson,
formaður þingflokks Alþýðuflokksins."

Magnús Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi ná ný.

Síðara bréfið er svohljóðandi, dags. 24. febr. 1992:

„Þar sem Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Suðurl., Þuríður Bernódusdóttir verkstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Páll Pétursson,
formaður þingflokks Framsflokksins."

Kjörbréf Þuríðar Bernódusdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni, en vegna óveðurs og samgönguerfiðleika er varaþingmaðurinn ekki enn kominn til þings og mun því undirrita drengskaparheitið síðar á fundinum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv., og vísað til menntmn. með 40 shlj. atkv.

Yfirtökutilboð, frh. fyrri umr.

Þáltill. MB og EKJ, 66. mál. — Þskj. 67.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 42 shlj. atkv.

Efling ferðaþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 115. mál. — Þskj. 118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og vísað til samgn. með 41 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1990, frh. 2. umr.

Stjfrv., 79. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 81, nál. 292, brtt. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv., 8 þm. greiddu ekki atkv.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 293 samþ. með 31:1 atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Dýravernd, 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (heildarlög). — Þskj. 344.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um dýravernd. Aðdragandi þessa frv. er orðinn langur og sögulegur að ekki sé meira sagt því það var 26. febr. 1974, fyrir réttum 18 árum, að menntmrh. fól páv. dýraverndarnefnd að endurskoða lög um dýravernd nr. 21/1957, með síðari breytingum. Sex og hálfu ári síðar, í september 1981, skiluðu meiri hluti og minni hluti dýraverndarnefndar hvor sínu frv. ásamt greinargerðum en hvorugt þessara frumvarpa var raunar lagt fram á Alþingi. Í mars 1983 fól menntmrh. þá nýlega skipaðri dýraverndarnefnd að fara yfir fyrrgreind tvö frv. og semja nýtt.

Nefndin skilaði frv. til ráherra þremur árum síðar, í maí 1986. Menntmrn. sendi frv. út til umsagnar og var frv. breytt nokkuð í framhaldi af því. Þetta frv. dýraverndarnefndar var aldrei lagt fram á Alþingi en

eftir að málefni dýraverndarnefndar voru færð undir umhvrn. fékk ráðuneytið frv. til meðferðar. Fyrrv. umhvrh. fól þá dýraverndarnefnd að endurskoða frv. vegna þess að það þótti nokkuð viðamikið og ítarlegt að mati ráðuneytisins og í því ýmis ákvæði sem fremur ættu heima í reglugerð en lagatexta. Dýraverndarnefndin skilaði styttri útgáfu á frv. til ráðherra í janúar 1991. Nokkrar breytingar voru síðan gerðar á því og það var lagt fram á Alþingi til kynningar skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi, rúmum 17 árum eftir að hafist var handa um að endurskoða dýraverndarlögin frá 1957.

Í ágúst sl. skipaði sá er þetta mælir nefnd sem fékk það verkefni að fjalla um þessa síðustu útgáfu frv. og endurskoða lögin. Í nefndina voru skipuð þau Árni M. Mathiesen alþingismaður, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, Páll Hersteinsson veiðistjóri, Sigurður Richter dýrafræðingur og Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhvrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Þórir Ibsen frá umhvrn.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. í lok nóvember og það er nú lagt fram í þeirri mynd sem nefndin varð sammála um. Það frv. sem hér liggur fyrir og mælt er fyrir tekur í aðalatriðum mið af tillögum dýraverndarnefndar frá því 6. jan. 1991. Greinargerð, sem fylgdi frv., var skilað til menntmrh. í maí 1986 og athugasemdum einstakra aðila sem fengið hafa málið til meðferðar á undanförnum árum. Frv. er ætlað að koma í stað gildandi laga um dýravernd, nr. 21/1957. Helstu breytingar, sem gerðar eru, varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna. Lagt er til að í stað þeirrar dýraverndarnefndar sem starfar samkvæmt gildandi lögum komi dýraverndarráð sem taki til landsins alls. Þá er gert ráð fyrir að settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Jafnframt er opinberum aðilum fengið nokkuð aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum. Auk þessara helstu breytinga eru ýmis ákvæði gildandi laga umorðuð og bætt til að gera þau markvissari. Einnig eru ýmis ný ákvæði í frv. sem ekki eru í gildandi lögum.

Í 1. gr. frv. er gildissvið laganna skilgreint sem er nýmæli. Samkvæmt greininni er lagt til að lög um dýravernd taki til allra hryggdýra. Eðlilegt þykir að leggja sérstaka áherslu á dýr sem eru í vörslu eða umsjá manna vegna þess hversu erfitt er að láta sum ákvæði frv. ná til villtra hryggdýra, t.d. fiska og fugla. Nokkur ágreiningur hefur verið um þetta atriði og hafa ýmsir talsmenn dýraverndar viljað ganga enn lengra og láta lög um dýravernd ná til allra dýra. Að mati meiri hluta þeirrar nefndar sem gekk frá frv. er það þó ekki framkvæmanlegt. Í athugasemd með greininni er áhersla lögð á að þrátt fyrir þessa takmörkun á gildissviði beri augljóslega öllum að fara vel með öll dýr.

3. gr. frv. er sambærileg við 2. gr. gildandi laga en nokkuð ítarlegri. Áhersla er lögð á að aðbúnaður og umhirða dýra sé fullnægjandi með tilliti til tegundar viðkomandi dýrs og aldurs. Það er álitamál hversu nákvæmur lagatextinn þarf að vera þannig að tryggt sé að hann gegni því hlutverki sem honum er ætlað. Í fyrri gerðum frv. sem dýraverndarnefnd samdi hefur textinn verið ítarlegri en í þeirri gerð sem nú hefur verið lögð fram á Alþingi. Reynt hefur verið að hafa einstakar greinar frv. stuttar í stað þess að útskýra hvert efni í smáatriðum. Áhersla er lögð á að setja almennar reglur í stað þess að tíunda öll hugsanleg dæmi sem upp kynnu að koma. Hins vegar hafa þessi vinnubrögð hugsanlega það í för með sér að hægt er að mistúlka einstök atriði, einstök ákvæði og setningar úr frv., ef menn hafa áhuga á því. Ég nefni t.d. síðustu setninguna í 3. mgr. 3. gr. sem kveður á um að forðast beri óþarfa hávaða. Þar er augljóslega ekki átt við að nauðsynlegt sé að hvísla í eldhúsinu meðan heimiliskötturinn er innan húss þótt hugsanlega væri hægt að leggja þá túlkun í þau orð. Þennan texta verður auðvitað að skoða með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Ég nefni þetta hér vegna þess að ég veit að nefndin sem undirbjó frv. færði mörg atriði, lík því sem ég nefndi, til betri vegar frá fyrri gerðum frv. og á þar þökk skilið.

Í 4. gr. frv. eru ný ákvæði sem eru mikilvæg. Svokallaður verksmiðjubúskapur þar sem störf eru vélvædd hefur færst í vöxt hér á landi hin síðari ár. Þetta á kannski einkum og sér í lagi við búskap með hænsnfugla, svín, kálfa, loðdýr og fiska. Eftir því sem vélvæðingin er meiri því meiri er hættan á að virkt eftirlit með líðan einstakra dýra minnki. Þess vegna þótti nauðsynlegt að setja bein fyrirmæli í lög um eftirlit *með dýrum á svonefndum verksmiðjubúum*. Í 2. mgr. er kveðið á um að héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum á stórvirkum tæknibúum.

Í 5. gr. frv. er fjallað um þarfir og meðferð búfjár sem gengur úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið að vetrarlagi. Í þeim tilvikum er skylt að hafa á staðnum vistarverur við hæfi að teknu tilliti til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda og er áhersla lögð á að dýrin hafi öruggt og hentugt skjól. Orðalag greinarinnar ber þess merki að þarfir hinna ýmsu tegunda eru misjafnar. Hugtökin „vistarverur" og „öruggt og hentugt skjól" fela í sér ólíkar kröfur eftir því um hvaða dýrategund er að ræða. Kveðið er á um daglegt eftirlit með dýrum sem látin eru liggja við opið að vetrarlagi og er þetta ákvæði ekki síst tilkomið vegna þekktra einstakra dæma um slæma meðferð á hrossum.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um að umhvrh. setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðbúnað dýra og umhirðu. Slíkar reglur yrðu settar í samráði við landbrn. samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 46/1991.

7. gr. frv. er samsvarandi 3. gr. gildandi laga um dýravernd og fjallar um umgengni við dýr. Sýna skal þeim vægð og nærgætni í brúkun og kveðið er á um að einungis sé heimilt að nota dýr í keppni sem eru heilbrigð og vel þjálfuð.

8. gr. frv. samsvarar 5. gr. gildandi laga. Þar er fjallað um mörkun dýra en sérákvæði um eyrnamörkun á fé sem er í gildandi lögum er fellt burt, enda gildir almenna ákvæðið eftir sem áður.

9. gr. frv. er nýmæli í lögum um dýravernd. Grein-

in er tilkomin vegna þess hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum á vegum úti. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

10. gr. frv. samsvarar 6. og 16. gr. gildandi laga og fjallar um skyldur gagnvart sjúkum, lemstruðum eða bjargarvana dýrum.

Í 11. gr. frv. eru nýmæli. En það þykir eðlilegt að leggja þá skyldu á herðar eigendum og umsjónarmönnum dýra að þeir geri ráðstafanir til að hafa upp á dýrum sem villast frá heimkynnum sínum. Löggæslumönnum er heimilt samkvæmt greininni að taka þessi dýr í sína vörslu. Jafnframt er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttamál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði.

12. gr. frv. samsvarar 7. gr. gildandi laga og fjallar um flutning dýra. Ávallt skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og eftirlit sé með dýrum meðan á flutningi stendur. Gert er ráð fyrir að umhvrh. setji nánari reglur um þetta efni.

III. kafli frv. fjallar um sérstakt dýrahald í atvinnuskyni annað en í landbúnaði.

Í 13. gr. er kveðið á um sérstakt leyfi þurfi til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni þegar þetta fellur ekki undir búfjárhald. Einnig þurfi sérstakt leyfi til að setja á stofn dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti. Sérstakt leyfi þarf einnig til að veiða villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra. Þessi grein samsvarar að mestu leyti 4. gr. gildandi laga en er þó ítarlegri.

Varðandi hugtakið „dýrahald í atvinnuskyni" hefur sú leið verið valin að miða við að tekjur af viðkomandi starfsemi nái lágmarki virðisaukaskattslaga en þessi mörk þurfa að vera skýr svo að hægt sé að framfylgja lögunum. Hér er hugsað til ýmiss konar starfsemi, m.a. má nefna ræktun hunda til sölu og tamningu hrossa. Gert er ráð fyrir að umhvrh. setji nánari fyrirmæli um þessar leyfisveitingar í reglugerð.

IV. kafli er um aðgerðir á dýrum og aflífun.

14. gr. frv. svarar til 10. og 11. gr. gildandi laga. Þar er kveðið á um að dýralæknum einum sé heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum en lyfjagjafir eru þó undanþegnar þessu ákvæði. Gert er ráð fyrir að umhvrh. setji nánari fyrirmæli í reglugerð varðandi aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

15. gr. frv. samsvarar að mestu leyti 9. gr. gildandi laga um aflífun dýra. Umhvrh. getur samkvæmt frv. sett nánari reglur um það hvernig staðið skuli að aflífun dýra í sláturhúsum.

V. kafli fjallar um veiðar á dýrum. Í honum er aðeins ein grein, sú 16. Þessi grein er nýmæli og til að árétta að ávallt skuli staðið þannig að verki við veiðar að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Kveðið er á um að veiðimönnum sé skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka. Því miður er það of algengt að veiðimenn særi dýr og láti þar við sitja.

Þá er hér minnt á lög um vernd, friðun og veiðar dýra. M.a. er átt við frv. sem ég mun væntanlega leggja fram á Alþingi innan fárra daga. Þar eru settar nákvæmar reglur um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Orðalag þessarar greinar er þó með þeim hætti að ekki ætti að vera ástæða til að breyta því þótt umrætt frv. um veiðar, vernd og friðun dýra nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Í VI. kafla, 17. gr., er kveðið á um tilraunir á dýrum. Greinin svarar til 12. og 13. gr. gildandi laga um dýravernd. Helsta breytingin frá þeim lögum er að í frv. er gert ráð fyrir að tilraunir með lifandi dýr verði bannaðar. Þó er heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði.

Í VII. kafla er fjallað um skipan og stjórn dýraverndarmála. 18. gr. svarar til 17. gr. gildandi laga. Umhvrh. fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd. Ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar er dýraverndarráð sem skipað er til fjögurra ára. Í ráðinu eiga sæti fimm menn, einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhvrh. skipar formann ráðsins.

Dýraverndarráð kemur í stað dýraverndarnefndar sem starfar samkvæmt gildandi lögum og er hlutverkið sambærilegt. Þessi nafnbreyting er gerð til að aðgreina dýraverndarráð frá dýraverndarnefndum sem áformað er að skipa skv. 19. gr. frv. Kveðið er á um að við setningu reglugerða, leyfisveitingar og önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða dýravernd skuli ætíð leita eftir tillögum eða umsögnum frá dýraverndarráði. Jafnframt skal dýraverndarráð láta dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd. Kostnaður vegna starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Í 19. gr. frv. er kveðið á um að í hverju umdæmi héraðsdómstóls skuli skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Umhvrh. setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan þessara nefnda og hlutverk. Stofnun slíkra dýraverndarnefnda er nýmæli og meginástæða fyrir því að þær fylgja umdæmum héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1988, er að nauðsynlegt er talið að náið samstarf verði með dýraverndarnefndum og dómsvaldi. Töluverður misbrestur hefur verið á að lögum um dýravernd hafi verið framfylgt á undanförnum árum.

VIII. kaflinn fjallar um eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

20. gr. frv. svarar til 14. gr. gildandi laga. Þar er m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem verða varir við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila. Í 3. og 4. mgr. eru heimildir til handa dýraverndarnefndum, héraðslæknum og löggæslumönnum að grípa til aðgerða vegna brota á lögum þessum.

Í 21. og 22. gr. frv. eru ákvæði þess efnis að brot á lögunum varði sektum og varðhaldi. Jafnframt mun verða heimilt, ef frv. fær jákvæða afgreiðslu, að svipta mann leyfi með dómi til að hafa dýr í sinni umsjá hafi viðkomandi gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum eða þeim reglum sem settar kunna að verða með stoð í þeim.

Í 23. gr. frv. eru ákvæði þess efnis að foreldrum eða forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að börn þeirra hlýðnist fyrirmælum laganna. Um rannsókn og meðferð mála vegna brota á lögum þessum skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir efnisatriði frv. Ég tel að tekist hafi vel til með endurskoðun og tillögur um breytingar frá gildandi lögum. Það var löngu orðið tímabært að frv. um þetta efni kæmi fram. Gildandi lög eru að mörgu leyti úrelt og nauðsynlegt að breyta þeim í samræmi við breytt þjóðfélag og breytta tíma. Ráðuneytinu hafa borist tilmæli víða að um að endurskoða lög um dýravernd og leggja frv. um það efni fyrir Alþingi. M.a. skoraði 22. kirkjuþing, sem haldið var í Bústaðakirkju 1991, á umhvrh. að leggja endurskoðað frv. til laga um dýravernd hið fyrsta fyrir Alþingi. Áskorun þessa sendi biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, með bréfi dagsettu 10. des. sl.

Það er von mín að frv. fái jákvæðar undirtektir á Alþingi og fái afgreiðslu nægilega fljótt til þess að geta öðlast gildi nú í sumar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir að flytja frv. til laga um dýravernd þar sem í því felst endurskoðun á núgildandi lagaákvæðum um það efni. Eins og fram kom í máli ráðherra þá er nauðsynlegt og eðlilegt að við þær miklu breytingar sem orðið hafa á öllum aðstæðum að lagaákvæði séu endurskoðuð. Fyrir þá sem daglega umgangast dýr er sérstaklega mikilvægt að reglur um dýravernd séu hafðar í heiðri.

Ráðherra taldi upp fjölmörg atriði sem frv. fjallar um og ætla ég ekki að fara út í einstakar greinar þess. Það mun verða skoðað rækilega af þeirri nefnd sem um það fjallar.

Ráðherra minntist á að forðast bæri að taka einstakar setningar út úr og rangtúlka þær og vil ég vissulega taka undir það. Þó langar mig aðeins að minnast á 17. gr. í því sambandi að óheimilt er að nota lifandi dýr við tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun lyfja og sjúkdómsgreiningu og að það verði þá ekki misskilið. Við vitum að oft er verið að gera alls konar tilraunir í búrekstri á skepnum án þess að það snerti nokkuð líðan skepnanna. Það má þá ekki rangtúlka þetta þannig að það þurfi að fá leyfi ráðherra fyrir slíkum tilraunum í hvert skipti. Því er nauðsynlegt að það komi skýrt fram í nál. við hvað sé átt því það mundi æra mjög ráðherra ef hann ætti að veita undanþágu um slík atriði. Ég nefni þetta aðeins til þess að undirstrika það sem ráðherra sagði að ekki mætti misskilja ákvæði frv. og þau verði túlkuð á sem skýrastan hátt í nál. umhvrn. Að öðru leyti vil ég endurtaka stuðning minn við frv. í heild þó að einstök atriði verði að sjálfsögðu skoðuð af nefndinni og tökum við þá afstöðu til þess sem þar kemur fram.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Eflaust er ástæða til að fagna því að komið er fram frv. til laga um dýravernd, enda hefur það lengi staðið til og ég skal nú ekki tala langt mál um það. Það mál á eftir að fara í nefnd þar sem eiga sæti hv. þm. sem kunnugir eru þessum málum. En það sem ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir er að mér finnst dálítið óljóst hvað í raun og veru hefur breyst í stjórnun dýraverndunarmála. Á bls. 6 er talað um helstu breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir að því er varðar stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar."

Þar með get ég nú ekki séð að neitt hafi breyst frá því að dýraverndarnefnd starfaði og þar til dýraverndarráð tekur til starfa. Síðan er talað um að settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit, eins og þar segir. Mér finnst hins vegar dálítið óljóst hvert hið raunverulega hlutverk nefndanna er, hvaða umboð þær í raun og veru hafi til eftirlits og þá á ég við raunverulegt eftirlit með meðferð dýra. Vera má að reglugerðir eigi eftir að skýra það nánar.

Úr frv. sakna ég kannski umfram allt þess að mér þykir mjög lítið rými fyrir dýr sem eru á stórvirkum tæknibúum. Hér er meira átt við dýr sem ganga laus en ég held að ekki beri síður að hafa náið eftirlit með dýrum sem eru á búum. Nægir þar að nefna alifuglabú, refabú og önnur slík og ég hygg að ekki verði sagt að sérlega vel fari um dýrin eða að þau séu í eðlilegu umhverfi. Ég sé ekki annað um það en talað er um í síðari mgr. 4. gr. að sérstakt eftirlit skuli haft með dýrum sem haldin eru á stórvirkum tæknibúum. Þar er einnig talað um að áður en slík bú séu tekin í notkun og a.m.k. árlega eftir það skuli héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoða vistarverur og tæknibúnað sem ætlaður er dýrum og fullvissa sig um að hvort tveggja sé í samræmi við lög og reglugerðir. Mér þykir það ekki strangt eftirlit ef talið er nægja að yfirdýralæknir, fulltrúi hans eða héraðsdýralæknir líti þarna inn einu sinni á ári. Og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort ætlast sé til að nefndirnar í hinum einstöku héruðum taki að sér eitthvert raunverulegt eftirlitshlutverk.

Í stórum dráttum sýnist mér dálítið óljóst hvert hlutverk dýraverndarnefndanna sé og mér þykir lítið ráð gert fyrir raunverulegu eftirliti með dýrabúum sem rekin eru í atvinnuskyni. Ég neita því ekki að ég hefði kosið að sjá miklu þykkara og efnismeira frv. um þessi mál því ég held að sannarlega sé ekki vanþörf á. En ég vil að sjálfsögðu bíða eftir því hvernig hv. umhvn. fer með málið þegar það verður tekið til umfjöllunar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það er rétt að það er hv. umhvn. sem fær þetta mál til meðferðar. Ég vil þakka þeim hv.

þm., sem hafa talað, fyrir þeirra undirtektir. Tími er til kominn að við rekum af okkur slyðruorðið og látum því verki lokið sem í rauninni hófst fyrir 18 árum. Það var alveg rétt ábending sem kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. að það orðalag sem hann nefndi kann að gefa tilefni til mistúlkunar. Ég hygg þó að öllum sé ljóst við hvað er átt en auðvitað hlýtur nefndin að taka þetta til athugunar.

Varðandi athugasemdir hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hygg ég að það sem hún fjallaði um, þ.e. valdsvið og verkefni nefndanna, sé býsna vel skýrt í 20. gr. frv. En það er svo álitamál og raunar nefndi ég það í framsögu að auðvitað hefði mátt gera frv. miklu þykkara, stærra, ítarlegra og taka þar til fleiri atriði. En ég er í sjálfu sér ekki sannfærður um að það hefði verið betri löggjöf. En um slíkt má auðvitað deila. Ég hygg að við séum sammála um tilganginn og nauðsyn laga á þessu sviði.

Varðandi dýraverndarráðið sem kemur í stað dýraverndarnefndar núna og síðan dýraverndarnefndir sem munu starfa í umdæmum héraðsdómstólanna. Verið er að laga þetta kerfi að því kerfi sem við höfum tekið upp varðandi héraðsdómstólana og ég held að það sé skynsamlegt. Hún nefndi hin stórvirku tæknibú og í síðari mgr. 4. gr. er fjallað um þau. Ef mönnum þykir ekki, við nánari athugun, nægilega vel haldið utan um og að meira eftirlit þurfi þá er það að sjálfsögðu til athugunar. Umhvn. mun væntanlega hafa athugasemdir hv. þm. til hliðsjónar í umfjöllun sinni um málið. Í umhvrn. var talið að þetta mundi duga, þ.e. að haft skuli alveg sérstakt eftirlit með dýrum sem eru á slíkum stórvirkum tæknibúum og áður en slík bú eru tekin í notkun skuli héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoða vistarverur og tæknibúnað og fullvissa sig um að allt sé þar í samræmi við lög og reglugerðir. En ég ítreka þakkir til þeirra hv. þm. sem hafa tjáð sig um málið og vona að málið fái greiðan gang í gegnum þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að Þuríður Bernódusdóttir, sem tekur sæti Guðna Ágústssonar, 5. þm. Suðurl., er nú komin til þings og skv. 2. gr. þingskapa ber henni að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni og mun hún nú gera það.

Þuríður Bernódusdóttir, 5. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þuríður Bernódusdóttir hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Málefni fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 354.

Guðrún Helgadóttir (frh.):

Hæstv. forseti. Nú er þingmaðurinn í nokkurri klemmu. Fundur, sem ég þarf nauðsynlega að sitja, stendur yfir í hliðarsal. Ég vil því spyrja frú forseta: Er möguleiki á að næsti maður á mælendaskrá víki ræðu sinni til og ég fengi síðan að halda áfram þeirri ræðu sem ég var í miðjum klíðum með þegar umræðunni lauk síðast? Eða eru kannski ekki fleiri á mælendaskrá? (**Forseti:** Jú, það eru reyndar fleiri á mælendaskrá og ég held að það hljóti að vera í lagi að hv. þm. fresti ræðu sinni og sá sem næstur er á mælendaskrá komi þá inn í á meðan.) Ég þakka fyrir það.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sat í nefnd þeirri sem samdi þetta frv., þó þannig að ég kom mjög seint inn í samninguna og var því ekki stefnumótandi á þann hátt sem ég hefði getað orðið ef ég hefði komið fyrr inn í nefndina. Eins og fram hefur komið áttu Sjálfstfl. og Kvennalisti ekki aðild að nefndinni fyrr en nokkuð seint á starfsævi hennar.

Ég lít svo á að þó ég hafi átt þátt í samningu þessa frv. þá sé eins með mig og raunar alla aðra að við getum kannski orðið örlítið vitrari eftir á. Og ég vil benda á nokkur atriði sem mér finnst að við þyrftum að gæta betur að.

Í fyrsta lagi er í kafla II rætt um réttargæslu fatlaðra. Nefnd sú sem talað er um kallast svæðisráð og fer eftir kjördæmum svæðisstjórnar, gamla orðið yfir líka stofnun. Svæðisráð á að annast m.a. réttargæslu fatlaðra, að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Það er gott að einhver aðili skuli vera til sem sér um það. En mér finnst að í frv. vanti nokkuð á að það sé ákveðið hver hin raunverulega þjónusta sé sem fólkið á rétt á.

Í kaflanum um almenna þjónustu er talað um að fatlaðir eigi rétt á sömu þjónustu og aðrir þegnar þjóðfélagsins. En svo er bætt við: „Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum."

Mér er ekki ljóst og mér finnst ekki koma verulega fram í þessu frv. hver borgi þá þjónustu og mér er t.d. spurn: Munu heyrnarlausir geta fengið greidda aðstoð við táknmálstúlkun þegar þeir þurfa á henni að halda? Það er meiri þjónusta en fjöldinn þarf en samt sem áður mjög réttlátt að þeir fái hana. Mér finnst sérstaða heyrnleysingja koma mjög lítið í ljós í frv. enda eru þetta almennt og kannski erfitt að kveða sérstaklega á um þetta. En mér er enn spurn: Hver á að borga þetta og hvernig er með þjónustu eins og táknmálstúlkun? Hvert getur fólkið snúið sér til þess að fá aðstoð við hana?

Í stoðþjónustukaflanum er á sama hátt talað um að fatlaðir, sem þarfnast endurhæfingar, eigi rétt á henni.

Þá kemur aftur að því hver greiði slíka aðstoð. Munu heyrnarlausir fá stoðþjónustu að þessu leyti, þ.e. þýðingu og túlkun? Vel getur verið að einhverjum detti í hug að þetta heyri fyrst og fremst undir menntmrn. Ég held að við séum þarna á mörkum menntmrn. og félmrn. vegna þess að táknmálstúlkar munu bæði vinna við túlkun í kennslu og líka í ýmsum öðrum þjónustugreinum.

Í köflunum um þjónustustofnanir og búsetu er rætt um hinar ýmsu gerðir þjónustustofnana og bústaða, þar með talin vistheimili. Sumar stofnanir eru bæði heimili og þjónustustofnun eins og t.d. Sólheimar, sem eru mjög skýrt dæmi. Mér finnst að kveða hefði mátt nokkuð skýrar á um vistheimilin og stöðu þeirra.

Í 13. gr., í kafla um framkvæmd þjónustunnar, er talað um að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu. Þar vantar enn á ný þjónustu eins og táknmálstúlkun. Táknmálstúlkun og viðurkenning á táknmáli er svo nýtt fyrirbrigði í samfélaginu að það er hugsanlegt að okkur sem í nefndinni vorum hafi láðst að gæta hags hennar eins og skyldi. Táknmálstúlkun er miklu meiri stuðningur en það sem gamalgróið er í kerfinu. Ég vona að hæstv. ráðherra og hv. þm. skilji hvað ég er að fara. Með frv. þurfum við að styðja sérstaklega við þetta fyrirbrigði sem við á Íslandi erum fyrir svo stuttu farin að skilja að er undirstaðan þess að heyrnarskertir og heyrnarlausir geti notið eðlilegs lífs í samfélaginu.

Í VIII. kafla er getið um hin ýmsu hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Mér finnst að þar ætti að bætast við nýr töluliður sem fjallaði um að Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins hefði samstarf við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra. Það er fjöldinn allur af öðrum stofnunum sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin þarf að hafa samstarf við. Þær stofnanir eru merkar og alls góðs maklegar. En það þarf að styrkja stöðu Samskiptamiðstöðvarinnar og viðurkenna táknmál sem mjög þýðingarmikinn hlut og þess vegna þarf sérstaklega að geta um það.

Í 19. gr. höfum við, í hinni ágætu nefnd, kveðið dálítið sérkennilega að orði. Þar stendur:

„Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu skulu sérstaklega gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi barna.“ Sérkennilegt er að það skuli sérstaklega vera nefnt því þetta er auðvitað hlutverk þessara aðila. En þetta höfum við nú gert. Ég veit ekki af hverjum við orðum þetta svona en það stingur í augu þegar maður fer að lesa þetta upp á nýtt. Kannski mætti orða þetta öðruvísi og betur og hlutverk félmn. er að laga það til.

Í 22. gr. í IX. kafla er talað um að fjölskyldur fatlaðra skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Að dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skuli bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil o.s.frv. Þetta er allt harla gott. Stuðningsfjölskylda, sem hefur fatlað barn á heimili sínu, fær 2.300 kr. í greiðslu, eftir því sem mér er best kunnugt. Svo undarlegt sem það nú er þá er þetta allt skattskylt þótt vitað sé að mikill hluti af þessu eru útgjöld vegna þess að barnið er á heimilinu, bæði matarútgjöld og önnur útgjöld. Ég nefni þetta þó þetta sé ekki inni í frv. En þetta er hlutur sem hæstv. félmrh. og hans lið þyrftu að hlutast til um að laga. Í 23. gr. er talað um skammtímavistun og ég spyr: Mundi eins vera farið með þær greiðslur sem fólk fengi fyrir skammtímavistun? Þetta er ekki réttlátt og það verður að laga.

X. kafli fjallar um liðveislu og er harla góður, finnst mér. Mjög mikilvægt er að stuðla að því á allan hátt að fatlað fólk geti átt sem mest samskipti við alla aðra í samfélaginu og hefur víða tekist vel til þar sem ég þekki til. Þess vegna vil ég sérstaklega lýsa yfir því að þetta er nauðsynlegur og mikilvægur kafli.

Í kafla XI, um félagslega hæfingu og endurhæfingu, stendur í 28. gr., um styrk til þess að standa undir endurhæfingu, að nemi geti fengið styrk til að greiða námskostnað sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Þá er mér enn á ný spurn: Mundi t.d. undir þessum lið vera hægt að vænta þess að táknmálstúlkun yrði greidd?

E.t.v. þykir það undarlegt að ég skuli tala svona mikið um táknmálstúlkun. Ég hef í störfum mínum úti í samfélaginu — en eins og hv. þm. vita þá er ég varaþingmaður sem er stödd hér næstum fyrir tilviljun — mjög oft að rekist á að táknmálstúlkun er erfitt að fá greidda. Það eru engar stofnanir til sem álíta sér það skylt að greiða túlkunina en samt sem áður vita allir að túlkunarinnar er þörf. Því hef ég verið svo margmál um táknmálstúlkun.

Í kaflanum um atvinnumál, XII. kafla, er rætt um ýmis störf, þ.e. störf á vernduðum vinnustöðum. Einnig er mikið er gert úr því að á hverju starfssvæði skuli fötluðum standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Mér finnst þetta afskaplega góð og falleg hugsun en ég óttast, eins og ég hef raunar sagt áður í þessum stól, að við gerum okkur allt of miklar vonir um skjótan árangur í þessum málum, sérstaklega eins og ástandið er í atvinnumálum á Íslandi í dag. Hinir vernduðu vinnustaðir verða að fá að blómstra líka þrátt fyrir það að þeir hafi kannski ekki veitt fólki þá þjálfun sem vonast var eftir svo það gæti komist út í atvinnulífið. Í dag eru allt of margir fatlaðir atvinnulausir, allt of margir fatlaðir að missa atvinnu og við getum ekki vænst þess að þetta ágæta ákvæði um verndaða vinnu á almennum vinnumarkaði verði nema lítill hluti af úrræðunum fyrir fatlaða.

Það er auðvitað dýrt að standa undir alls konar félagslegri þjónustu. En ég álít að það sé miklu dýrara að veita ekki þá þjónustu sem við getum veitt til þess að hver einstaklingur í íslensku samfélagi geti innt það af hendi sem honum er megnugt og það er allt of dýrt að stuðla ekki að því að hver einn hljóti þá lífshamingju sem möguleg er. Ég held að í heild stuðli þessi lög að því og því fagna ég frv. En allt það sem ég hef sagt hingað til og kannski hefði ég átt að segja margt fleira mætti að mínum dómi athuga vandlega í þeirri nefnd sem núna fjallar um þessi lög.

Guðrún Helgadóttir (frh.):

Virðulegi forseti. Það er alltaf dálítið erfitt að kljúfa

ræðu sína í tvennt og fari svo að líði nokkrir dagar á milli getur farið að skolast til hvað ræðumaður var búinn að segja og hvað hann átti ósagt. Ég skal þó reyna að rifja það upp.

Ég hafði farið nokkrum orðum um meginverkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra og þau nýmæli sem eru í ákvæðum um hann. Þau eru í þá veru að auðvitað fer stærri og stærri hluti sjóðsins í viðhaldsframkvæmdir. Ég lýsti efasemdum mínum um að 10% af honum gætu farið til þess að greiða fyrir aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum. Síðan að heimilt væri að ráðstafa öðrum 10% í ótiltekin verkefni sem ekki eru skilgreind nákvæmlega eins og þar segir. En áður en ég held áfram máli mínu vil ég vekja athygli hv. þm. á ræðu hv. 13. þm. Reykv. þegar fyrri hluti umræðu fór fram. En hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir kom í ræðustól og talaði ekki beinlínis í þá veru að hér væri um að ræða stjfrv. sem stjórnarflokkarnir væru báðir sammála um. Hv. þm. taldi að málið þyrfti að fara til margra nefnda, nauðsynlegt væri að hv. heilbr.- og trn. þingsins fjallaði ítarlega um það og kalla þyrfti til mikinn fjölda aðila til að segja álit sitt á þessu frv. Ég hygg að allmargir áhugamenn um frv. hafi orðið dálítið undrandi vegna þess að mikil vinna hefur þegar farið í að undirbúa frv. Við sem teljum okkur þekkja nokkuð til þessara mála höfum lýst því yfir að við teljum þetta frv. vel unnið og allgott á marga vegu og sannarlega til bóta ef fjármagn fæst svo til þess að framkvæma ákvæði þess. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort öruggt sé að við hv. stjórnarandstöðuþingmenn megum reikna með því að þetta frv. hafi stuðning stjórnarinnar allrar. Annars tel ég tímaeyðslu að vera að ræða það mikið hér þegar mjög er liðið á febrúarmánuð og lítið hefur verið gert í þinginu við afgreiðslu mála. Þess er þá varla að vænta að slíkt frv. nái fram að ganga ef stjórnin stendur ekki einhuga að því.

Ég ætla að fara örfáum orðum um þær athugasemdir sem ég vil koma á framfæri við hv. nefnd sem tekur við málinu. Þá kem ég strax að 10. gr. en þar eru taldar upp þær þjónustustofnanir fyrir fatlaða sem heyra undir þessi lög. Þar er minnst á dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaða vinnustaði, þjónustumiðstöðvar, leikfangasöfn og skammtímavistun en jafnframt hæfingar- og endurhæfingarstöðvar. Þarna get ég ekki varist því að mér finnst skarast dálítið hlutverk félagsmála og heilbrigðismála. Ég bið hæstv. ráðherra að taka eftir því sem ég er að segja og bið hv. þm. að ræða við ráðherra sinn seinna því að hér er um meginmál að ræða. Er þá ætlast til þess að í landinu verði reknar tvenns konar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar? Annars vegar fyrir fatlaða, sem er hópur sem oft er erfitt að greina frá öðrum sem þurfa á endurhæfingu að halda. Heilbrigðiskerfið reki þannig eina tegund hæfingar- og endurhæfingarstöðva og félmrn. aðra. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hafa skýrt.

Ég fagna því að sjálfsögðu að búsetu fatlaðra sé samkvæmt lögum þessum ætlað að vera í almennri íbúðabyggð en það kemur fram í 11. gr. Ég tel það svo sjálfsagt að ekki þurfi um að ræða þó að vissulega hafi komið upp leiðindamál en ég vænti þess að þau verði færri og færri.

Í 14. gr. er augljóslega gert ráð fyrir því að æ meiri þjónusta sé lögð á sveitarfélögin. Ég vil því spyrja hvort sveitarfélögunum hljóti þá ekki að verða tryggðir auknir tekjustofnar til þess að standa undir sívaxandi þjónustu hvort sem hún er fyrir fatlaða eða aðra. Það er auðvitað tómt mál að tala um að hið háa Alþingi feli sveitarfélögunum æ meiri verkefni ef ekki koma tekjur til.

Hið sama gildir í raun og veru um 17. gr. sem fjallar um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er ein ágætust og merkust stofnana hér í landi. Þar er nýmæli sem ég hnaut um en það er að göngudeild skuli nú komið á fót fyrir fullorðna einstaklinga. Eins og ástandið hefur verið hefur Greiningarstöðin í raun einungis haft bolmagn til að annast fötluð börn. Nýmælið er auðvitað gott og blessað. En ég spyr: Hvar á að taka fé til nýrra verkefna fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins? Mér hefur sýnst að hún eigi fullt í fangi með rekstur sinn eins og er og ég tel að nauðsynlegt sé að tryggja fé til þessa aukna reksturs.

Þegar komið er að atvinnumálum fatlaðra fer sjálfsagt fyrir mér eins og fleirum að við verðum svolítið vandræðaleg. Hver lögin eftir önnur hafa verið sett um jafnrétti fatlaðra til atvinnu, hver aðgerðin á aðra ofan verið gerð til að tryggja það og satt að segja hefur þetta ekki borið mikinn árangur. Atvinnurekendur, hvort sem það er ríki, sveitarfélög eða aðrir, hafa ekki verið mjög ginnkeyptir fyrir að fá fatlaða í sína þjónustu og allt hefur þetta mál verið heldur vandræðalegt. Ég get auðvitað ekki annað en óskað þess að á því verði breyting en það þarf fyrst og fremst mikla hugarfarsbreytingu til að eitthvað af viti náist varðandi atvinnumál fatlaðra.

Enn er í 36. gr. gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu og vissulega er það gert í sumum sveitarfélögum en hreint ekki öllum. Þarna kemur auðvitað enn að því hvort fé fæst eða ekki. Ég dreg eitt lítið setningarbrot í efa sem er í 39. gr. um Framkvæmdasjóð fatlaðra en þar segir að nú skuli fulltrúi fjárlaganefndar taka sæti í nefndinni þegar fjallað verði um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég vil þá a.m.k. biðja hæstv. ráðherra að tryggja að það sé einstaklingur úr fjárlaganefnd sem hafi eitthvert hugboð um um hvað málefni fatlaðra snúast. Ég held að það væri til lítilla bóta að einhver, sem einungis kann að lesa úr talnadálkum, taki sæti í þeirri mikilvægu nefnd.

Í 40. gr. er ástæða er til að fagna þriðja atriðinu sérstaklega en það er að sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis komi til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu fimm ár frá gildistöku laganna. Um það er þó það að segja að mér er dálítill þyrnir í augum að geðfatlaðir séu teknir út úr öðrum hópum fatlaðs fólks. Ég tel það eiginlega svo sjálfsagt að ekki þurfi sérstaklega um að tala að fólk, sem berst við geðfötlun, njóti sömu réttinda í þjóðfélagi okkar og annað fatlað fólk eða fólk yfirleitt. En ég get skilið hæstv. ráðherra. Svo virðist sem nauðsyn beri til

að hafa slíkt ákvæði inni en ég vænti þess svo sannarlega að við getum tekið það út næst þegar lögin verða endurskoðuð.

Ég vil minnast þess að meðan ég átti sæti í borgarstjórn Reykjavíkur og hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson var félmrh. var stofnað hér í borg Trönuhólaheimilið svokallaða en það er fyrir einhverf börn. Mér er það eilíf ánægja að hafa átt verulegan þátt í að þetta heimili komst á laggirnar og við áttum kost á að ráða þangað afburðagott fólk. Þetta hús er í miðri íbúðabyggð og ég hef aldrei fyrr eða síðar heyrt að það skapaði minnstu vandræði. Enginn virðist hafa tekið eftir því því að það hefur aldrei verið rætt. Þetta heimili hefur verið rekið af miklum myndarskap og létt nokkrum fjölskyldum næstum óbærilegt líf. Það kom mér þess vegna mjög á óvart þegar mikið uppistand varð þegar stofnað skyldi á ný til slíks sambýlis. Ég held að þar sé á ferðinni einhver reginmisskilningur en ég trúi ekki öðru en hægt verði að leysa það svo að sómi sé að. En úr því að ástandið er þannig er ákvæðið sjálfsagt nauðsynlegt. Ég vil einnig geta þess að af tilviljun veit ég að sambýli fyrir geðfatlaða er í því hverfi sem ég bý í. Það er einfaldlega vegna þess að ég þekki lauslega til eins einstaklings þar, þ.e. ég veit hver hann er og sé að hann gengur til vinnu sinnar daglega fram hjá húsinu mínu. Ég veit ekki nákvæmlega í hvaða húsi sambýlið er þrátt fyrir að það hafi verið starfrækt í nokkur ár. Það hefur því ekki verið mikið fyrir okkur íbúum í því hverfi. Ég vona því svo sannarlega að þessum misskilningi megi eyða.

Ég skal nú stytta ræðu mína en ég vil nefna smáatriði sem kunna að vera óljós. Það er í 52. gr. þar sem segir: „Ferðir fatlaðra til og frá þjónustustofnunum samkvæmt 1.–5. tölul. 10. gr. og vegna annarrar nauðsynlegrar þjónustu, sem veitt er fötluðum sérstaklega, greiðast úr ríkissjóði.“ Tekið er fram að ákvæði þetta eigi ekki við um akstur til og frá sumardvalarheimili og skammtímavistun. En ég átta mig ekki alveg á hvernig þessu er hagað þegar um er að ræða verulegan akstur á eigin bíl innan búsetusvæðis. Það kann vel að vera að ég hafi eitthvað misskilið þetta en mér þykir þetta ekki ljóst.

Enn vil ég minnast á atriði sem er að mínu viti rugl, en það er umræðan að undanförnu varðandi annars vegar barnaörorku og hins vegar umönnunarbætur með fötluðum börnum skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra. Hér er enn bætt um betur og mér finnst enn vera rugl á ferðinni. Barnaörorka hefur um árabil verið greidd af Tryggingastofnun ríkisins til foreldra barna sem eru að einhverju leyti sjúk eða lasburða, þó ekki meira en svo að þau geta hugsanlega verið á alls kyns stofnunum, svo sem dagvistarstofnunum og öðrum stofnunum, en af veikindum þeirra er talinn sá kostnaðarauki að greiddar hafa verið svokallaðar barnaörorkubætur. Þetta getur verið allt frá meðalakostnaði, sykursýkisprófunum og öðru slíku sem þarf að greiða vegna sjúkleika barnsins. Þetta hafa verið ósköp lágar upphæðir, mig minnir að þær séu greiddar í þremur stigum og það lægsta hefur verið, ef ég man rétt, í kringum 5 þús. kr. og upp í u.þ.b. 15 þús. kr. á mánuði. Umönnunarbætur hins vegar skv. 10. gr. eru umtalsverðar og voru yfir 40 þús. kr. síðast þegar ég vissi. Þær eru greiddar vegna þess að annað foreldri eða bæði verða að haga vinnudegi sínum öðruvísi vegna umönnunar barnsins á heimili. Oftast er það svo að annað foreldrið getur ekki stundað vinnu utan heimilis. Þess vegna hafa þessar bætur verið af þeirri stærðargráðu að þær nálgast lágmarkslaun. Síðan hefur það verið svo að hafi barnið getað verið einhverja dagstund á stofnun, hvort sem er á dagheimili, í skóla eða einhverju slíku, þá hafa þessar bætur verið skertar. Það hefur mér þótt ósköp eðlilegt því að þá hefur foreldrið haft einhvern möguleika á að afla tekna þann tíma sem barnið er ekki heima. En nú sýnist mér að eigi að taka upp annan hátt. Það kann vel að vera að það komi svipað út en fái barnið einhverja slíka vist á foreldrið að greiða fyrir þá vist. Ég skil ekki af hverju ekki má hafa það ágæta kerfi sem var að bæturnar skerðist einfaldlega ef barnið fær slíka vist.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt. Það á eftir að fjalla vandlega um þetta í nefnd. Eitt er það mál sem ég hlýt þó að gera aðeins að umræðuefni og bið hæstv. ráðherra að koma og hlýða á mál mitt, ég skal reyna að hafa það stutt. Með tilkomu lottós, sem þarf ekki að útskýra fyrir hinu háa Alþingi hvað er, hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum að verulegar upphæðir hafa komið vegna lottósins til málefna fatlaðra. Þá á ég við lög um talnagetraunir, eins og þau heita, en í 5. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annarri starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.“

Nú hefur svo vel tekist til er mér tjáð að nær 100 íbúðir hafa verið keyptar til afnota fyrir fatlaða. Þar hlýtur að muna verulega um. Nú á ég ekki von á að slíkar íbúðir séu keyptar án samráðs við hæstv. ráðherra feli þær í sér einhvern rekstur eða þjónustu. Ég geri ráð fyrir að þarna sé um íbúðir að ræða sem eru aðgengilegar fötluðum sem geta rekið sín heimili sjálfir. Sé það rangt hjá mér mundi ég biðja hæstv. ráðherra að segja mér það. Verið er að reyna að gera vel í þessum málaflokki og ég skal ekkert draga úr því að hæstv. ráðherra hefur reynt að gera vel við þennan málaflokk og sú sem hér stendur hefur reynt að styðja það. En vitaskuld breyta slíkar fjárupphæðir sem hér er um að ræða stöðu þessara mála. Ég þarf ekki að minna á að þegar við hæstv. félmrh. komum svo til samtímis til þings í fyrsta sinn voru þessi mál í hreinum ólestri. Mér er óhætt að segja að á þeim þrettán árum sem við höfum setið hér, þótt ég sé ekki að þakka okkur einum það, þá hefur orðið bylting í þessum málum. En við höfum svo sannarlega fylgst með þeirri þróun.

Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig er framkvæmd á meðferð þessara fjármuna varið? Eru skýrslur fáanlegar um hvernig þeir fjármunir hafa nýst? Er nokkuð í veginum fyrir því að hv. þm. fái að fylgj-

ast með því? Ég spyr vegna þess að ég óskaði eftir þessu í fjárln. Alþingis en fékk satt best að segja stuttaralegt bréf sem svar sem ég sætti mig auðvitað ekki við.

Ég vil því spyrja í fyrsta lagi: Eru þessir fjármunir notaðir til stofnana sem ríkið þarf síðan að reka og valda því verulega auknum kostnaði ríkisins eða er hér eingöngu um að ræða íbúðir handa fötluðum sem geta annast heimili sín sjálfir?

Í öðru lagi vil ég spyrja: Er skilað reglulega skýrslum um notkun á þessu fé og jafnvel einhverjum áætlunum um hvenær þörfinni fyrir slíkt húsnæði verði fullnægt eða hverjar framtíðaráætlanir menn hafa? Ég tel mjög mikilvægt að allar aðgerðir sem í gangi eru séu samræmdar því vitaskuld samþykktum við þessi lög um talnagetraunir af því við töldum ágóðann fara til góðra mála.

Þessar athugasemdir mínar skulu ekki verða fleiri í bili. Ég hef sjálfsagt gleymt einhverju í hléinu sem varð í nokkra daga á ræðu minni en bæti þá úr því seinna ef þurfa þykir þegar ég hef fengið að lesa ræðu *mína í heild.*

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til þess að veita andsvar við hluta af fyrri parti ræðu hv. síðasta ræðumanns sem hér var fluttur fyrir helgi. Ræðumaður, hv. 14. þm. Reykv., sá þá ástæðu til að vega sérstaklega að starfsheiðri og framgöngu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur hér í þinginu og gefa í skyn að hún væri ekki starfi sínu vaxin og lét þess getið að til hennar þyrfti ekki að sækja sérstök ráð þegar kæmi að málefnum sjúkra og fatlaðra. Eins og kunnugt er þá hefur þessi þingmaður sérmenntað sig í málefnum heilsugæslu og í heilbrigðismálum. Ég vil eingöngu, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að mótmæla þessum ummælum. Ég tel að þau séu ósanngjörn, ómakleg og ekki sæmandi.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. 13. þm. Reykv. ætti að vera fær um að annast sín klögumál sjálf. En auðvitað stend ég við það sem ég sagði. Það er ekkert leyndarmál að hv. 13. þm. Reykv. hefur átt mikinn þátt í svo fáránlegum aðgerðum sem sameining Borgarspítala og Landakotsspítala er og er að mörgu leyti ósiðleg vegna þess að hún er gerð í trássi við þær sem stofnuðu þetta sjúkrahús og gerðu að skilyrði að það fengi að vera í friði með eðlilegum rekstri þó að þær létu það af höndum. Ég vil því bara ítreka að ég tel ekki að hv. 13. þm. Reykv. sé neinn sérfræðingur í þessum málum, eins og Sjálfstfl. hefur viljað meina, og eftir ræðu hv. þm. hér í umræðum um málefni fatlaðra tók ekki betra við.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í þessu svari snerust athugasemdir hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur ekki um það mál sem hér er til umræðu. Það var verið að vega að viðkomandi þingmanni vegna allt annars máls sem ekki er hér til umræðu í dag. Ég ítreka að þessar aðdróttanir í garð hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur eru ómaklegar og ósanngjarnar en e.t.v. eftir þessa síðustu ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur henni sæmandi.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykja sumir hv. þm. vera orðnir allviðkvæmir. Ég hélt að menn mætti greina hér á um aðgerðir í veigamiklum málum eins og heilbrigðismálum og raunar hvaða málum sem er áður en þingflokksformenn stæðu hér upp til að tala um að vegið væri að starfsheiðri einhvers. Og það maðurinn sem hleypti af stað varðandi þann þingmann, sem hérna stendur, þjóðarfári fyrir nokkrum árum, ómaklega og ósiðlega án þess að ástæða væri talin til að þingflokksformaður þingmannsins kæmi hér upp og gréti fyrir undirritaða.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra frá árinu 1983. Með þeim lögum varð gjörbylting á málefnum fatlaðra og í kjölfar þeirra jókst uppbygging og viðhorf almennings breyttust og skilningur á málefnum fatlaðra hefur stóraukist á þessu tímabili með nokkrum leiðinlegum undantekningum þó sem ég ætla ekki að gera sérstaklega að umræðuefni hér.

Ég tel mig tala fyrir munn þingflokks Framsfl. þegar ég segi að þetta frv. horfi til jákvæðrar áttar. Það er jákvætt í öllum meginatriðum og þeir þingmenn sem um þetta mál fjalla í félmn. eru reiðubúnir að vinna ötullega að því svo að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Eigi að síður eru nokkur atriði sem ég vil koma að við þessa 1. umr. málsins. Ég vil fyrst geta um nokkur atriði sem mér finnst jákvæð og nefni ákvæði í 3. og 4. gr. frv. um að félmrn. eitt fari með málefni fatlaðra. Það er mjög til bóta og einfaldar meðferð málefna þeirra að þeir falli undir sömu lög og aðrir varðandi menntunarmál og heilbrigðismál. Þetta er meginatriði í þessu frv. sem við teljum mjög til bóta. Jafnframt eru í frv. ákvæði um að styrkja og efla Greiningarstöð ríkisins og setja henni sérstaka stjórn. Það atriði teljum við einnig til mikilla bóta.

Í 25. og 26. gr., X. kafla frv., eru ákvæði sem varða þátttöku sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Við teljum ástæðu til þess að félmn. skoði sérstaklega þetta ákvæði og fleiri því að mikil þörf er á að vanda sig í þessum efnum þar sem verið er að skipta málaflokknum milli stjórnsýslustiga. Það er vart nægilega skilgreint í frv. hvaða þjónustu eða hvers konar þjónustu sveitarfélögin eiga að veita. Þegar löggjöf er loðin í þessu efni og mikið af vafaatriðum getur það haft í för með sér leiðindamál í framkvæmdinni, dregið dilk á eftir sér og leitt til árekstra.

Ég er með þessu ekki að segja að ekki sé eðlilegt að sveitarfélög komi inn í einhverja liðveislu við fatlaða, eins og hún er kölluð í frv., en það verður að vera vel skilgreint í hverju sú liðveisla er fólgin, hvað er liðveisla og hvað er sérstök liðveisla. Að vísu eru talin

upp nokkur atriði í frv. um þau mál en eigi að síður þarfnast þessi ákvæði frv. mjög náinnar skoðunar í nefnd.

Í 11. gr. frv. er rætt um búsetu fatlaðra og þar segir: „Fatlaðir skulu eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er.“ Síðan eru taldir upp ýmsir kostir í þessu efni og segir svo: „Búseta fatlaðra samkvæmt lögum þessum skal vera í almennri íbúðabyggð.“

Ég er sammála þessu atriði, þessari stefnumörkun, og geri ekki athugasemd við hana út af fyrir sig. En ég vil samt spyrja hæstv. félmrh.: Hvað flokkast undir almenna íbúðabyggð í þessum efnum? Hvað er, að þessum lögum samþykktum, með þær sjálfseignarstofnanir sem reknar eru og vista fatlaða? Nefna má sem dæmi Sólheima í Grímsnesi. Flokkast það sem almenn íbúðabyggð? Á það aðeins við þéttbýli eða á það við dreifbýli einnig? Er meiningin að þessar sjálfseignarstofnanir sæki um starfsleyfi á ný að þessum lögum samþykktum? Ég vil inna hæstv. félmrh. eftir þessu.

Koma mætti inn á fjölmargt í þessu frv. en ég ætla ekki að halda langa ræðu hér við 1. umr. Ég á sæti í þeirri nefnd sem um málið mun fjalla og get komið þar að athugasemdum. Við félagsmálanefndarmenn þingflokks Framsfl. höfum fyrirvara um málið og áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til þess að athuga alla þætti þess í nefnd.

Af því að það hefur komið hér til umræðu varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra og aðild fulltrúa fjárln. að Framkvæmdasjóðnum vil ég segja að ég tel það til bóta að fulltrúi fjárln. eigi þar aðild. Ég er sannfærður um að það eru menn í fjárln. sem hafa skilning og þekkingu á málefnum fatlaðra hverju sinni. Ef þeir hafa ekki þekkinguna þá held ég að þeir öðlist hana það með því að starfa að málefnum Framkvæmdasjóðsins og nefndin hafi þar með tengingu við þessi mál og betra yfirlit um þá fjármuni sem þar er fjallað um. Ég held að þetta sé til bóta fyrir báða aðila og þess vegna er ég fylgjandi því sem segir í 39. gr. frv. um Framkvæmdasjóðinn.

Ég tek undir það sem hv. ræðumenn, sem talað hafa á undan mér, hafa sagt um atvinnumál fatlaðra. Því miður er ég ekki bjartsýnn á að það vinnist stórir sigrar á almennum vinnumarkaði eins og atvinnuástandi er háttað nú um stundir. Það stóra mál, atvinnumál fatlaðra og atvinnumál almennt, ætla ég ekki að taka til umræðu nú. Það er mál sem þarfnast sérstakrar umræðu og meðferðar hér í hv. Alþingi ef svo heldur fram sem horfir og ætti náttúrlega að vera okkur þingmönnum mesta áhyggjuefnið af öllu þessa dagana sem hér fer fram í þessu þjóðfélagi. Við eigum auðvitað að hafa áhyggjur af atvinnumálum fatlaðra en það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af atvinnumálum almennt. Ég vil taka undir það að lagasetning í þessum efnum gerir enga stoð ef ekki er vilji til þess að aðrar aðgerðir fylgi.

Ég tel að frv. horfi til bóta í heildina. Það er ávöxtur af nokkuð ítarlegri vinnu en auðvitað má alltaf gera betur og frv. þetta þarfnast auðvitað vandlegrar yfirferðar í hv. félmn. Ég mun taka þátt í því að frv. geti orðið að lögum en tek auðvitað undir það að lagasetningin ein er ekki nóg. Framkvæmdin fer eftir þeim fjármunum sem til þessa málaflokks er veitt. Ég verð hins vegar að segja að þessi málaflokkur hefur orðið betur úti núna samanborið við marga aðra og verða menn að eiga það sem jákvætt er í þessum efnum. Ég vil láta það koma fram. En eigi að síður má alltaf gera betur og ég vona að þessi lagasetning verði til þess.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum tveimur áratugum hefur verulega skilað áleiðis með fjárveitingar og löggjöf í þessum málaflokki. Og eðlilegt er að menn reyni að halda áfram á þeirri braut. Einn liður í framfaraátt er að fara yfir gildandi lög og reglur og leitast við að leggja fram breytingar til bóta eftir því sem menn koma sér saman um.

Í svo viðamiklu máli sem frv. er, er að mínu viti nauðsynlegt að fara afar vandlega yfir það í nefnd og fá álit hjá þeim aðilum sem málið varða, bæði þeirra sem að frv. standa og annarra. Um það þýðingarmikið mál er að ræða að verulegu máli skiptir að vandað sé til verka við endurskoðun laganna.

Ýmislegt í frv. þykir mér vera til bóta og tel að menn séu að stíga þar skref fram á veginn. Ég vil ekki nefna nein atriði þar að lútandi en láta hins vegar koma fram við umræðuna það sem ég hef efasemdir um á þessu stigi.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að mér þykir fullmikil miðstýringarárátta í frv. Það er mjög greinileg tilhneiging að fela vald og forræði beint undir félmrn. og draga það úr annarra höndum. Þeirri tilhneigingu í stjórnsýslu er ég í grundvallaratriðum andsnúinn, almennt séð og hef efasemdir um þá tilhneigingu sérstaklega í þessum málaflokki.

Ég hef engin rök sem sannfæra mig um að rétt sé að fræðslustjórar eigi ekki lengur aðild að svæðisstjórn og ég sé heldur ekki rök fyrir því að nauðsynlegt sé að taka verkefni sem lúta að stjórn Framkvæmdasjóðs undan heilbrrn. og menntmrn. Sú nefnd hefur hingað til gert tillögur til skiptingar fjár og hefur þurft staðfestingu þriggja ráðuneyta. Nú er gert ráð fyrir að félmrh. einn staðfesti þær tillögur og ég hef ekki séð sannfærandi rök fyrir þeirri breytingu. Hins vegar er mér kunnugt um ágreining hæstv. félmrh. við núv. stjórnarnefnd en ég tel þann ágreining ekki nægan rökstuðning fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð fram.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. að nauðsynlegt sé að skilgreina nokkuð vel hlutverk sveitarfélaga í þessum efnum, bæði til þess að ekki verði deilt um það hverjar skyldur sveitarfélaga eru og eins hygg ég nauðsynlegt að sveitarfélög átti sig á því hvað þeim sé ætlað í þessum efnum og að þau séu reiðubúin að axla þá ábyrgð og þau verkefni sem í frv. er gert ráð fyrir að þeim séu falin.

Ég hef líka efasemdir um það sem fram kemur í 15. gr. frv. að félmrh. sé heimilt að setja það skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis til sjálfseignarstofnana að hann eigi fulltrúa í stjórn þeirra stofnana. Ég tel nauðsyn-

legt að fara rækilega yfir rökin með og móti þeirri tillögu. Eins hef ég verulegar efasemdir um það ákvæði í 39. gr. frv. að í stjórnarnefnd skuli taka sæti fulltrúi fjárln. Alþingis þegar stjórnarnefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ef Alþingi er á annað borð er að setja lög og fela tilteknum aðilum að fara með tiltekin verkefni og komist menn að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að hafa eftirlitsmann á þeim stað til að fylgjast með verkefnum þeirra sem þar vinna, tel ég það mun víðtækari stefnumörkun en svo að hún afmarkist eingöngu við stjórnarnefnd um málefni fatlaðra. Þau rök sem ég þykist sjá þarna á bak við segja mér að menn hljóti þá að ætla að setja fulltrúa Alþingis í stjórnir annarra stofnana um allt þjóðfélagið sem fara með fjármuni á vegum ríkisins. Ég þykist líka sjá að ef nauðsynlegt er að fulltrúi Alþingis sitji í stjórnarnefndinni við þetta verkefni þá sé jafnsjálfsagt að fulltrúi Alþingis sitji í sömu nefnd þegar fjallað er um önnur verkefni stjórnarnefndarinnar og mætti þá nefna að eðlilegt væri að fulltrúi félmn. Alþingis sæti í stjórnarnefndinni þegar hún fjallar um önnur verkefni en málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég tel að við verðum að ræða þetta atriði mjög rækilega í nefnd og þá almennu stefnumörkun sem felst í þessu ákvæði.

Að svo komnu máli, virðulegi forseti, tel ég ekki rétt að bæta miklu við það sem ég hef sagt. Ég hef verið með frv. til athugunar um nokkurt skeið og hef viðað að mér áliti aðila sem eru sérfróðir um þessi mál þannig að ég mun geyma mér að fjalla rækilegar um það þar til eftir umfjöllun í nefnd. Ég vil þó segja það almennt og endurtaka það sem kom fram hjá mér áðan að ég tel nauðsynlegt að menn vandi sig mjög við þessa lagasmíð og fari rækilega yfir frv. í nefndastarfi.

Virðulegi forseti, ég hef þá gert grein fyrir þeim atriðum sem ég hef sérstakar efasemdir um. Ég hef ekki farið þá leið að tiltaka þau atriði sem ég tel vera til bóta en þau eru vissulega býsna mörg.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja tímann í langri umræðu um þetta annars ágæta frv. sem hefur margt að geyma varðandi málefni fatlaðra og er allrar athygli vert þó ekki sé nema fyrir það eitt hve nauðsynlegt er að líta til þeirra sem oft og tíðum hafa búið við þröngan kost og vegna þess að þeim hefur lítill gaumur verið gefinn í þjóðfélaginu. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði að nauðsynlegt er að málið fái mikla og góða umfjöllun í nefnd og svo verði um búið að allir megi sæmilega við una og lifa í sátt við frv.

Hvað varðar 11. gr. frv. er athyglisvert þegar talað er um að fatlaðir skulu eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Þar er sagt hvernig búseta fatlaðra getur verið og henni skipt í 6 liði og í 4. liðnum er talað um vistheimili. Hins vegar stangast það á við það sem segir í athugasemdum við einstakar greinar frv. og m.a. um 11. gr. og varðar vistheimili. Þar segir:

„Hér er átt við sólarhringsstofnanir eins og Skálatún, Sólheima og Sólborg. Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um breytt hlutverk þessara stofnana í þágu fatlaðra eða að leggja þær af. Vistun fatlaðra á slíkum stofnunum þykir ekki lengur í samræmi við hugmyndafræði samskipunar."

Mér þykir þetta nokkuð einkennilegt orðalag og eins og það sé algert ómark sem stendur í 11. gr., 4. lið. Ég vænti þess að ráðherra gefi frekari skýringar á því hvað hér sé verið að fara. Er það einlægur ásetningur þeirra sem að frv. stóðu að leggja niður hinar ágætu stofnanir sem hér eru tilteknar? Það mál þarf nánar skoðunar við.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að tefja tímann frekar í umræðunni. En ég hnaut um þetta eitt öðru fremur þegar farið var yfir frv. Fjölmörg önnur atriði þurfa ítarlegri skoðunar við og það verður væntanlega gert í nefnd.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mig langaði til þess að koma að örfáum atriðum í sambandi við frv. um leið og ég tek undir margar þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá hv. 14. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf. Ég tel að mörg atriði séu í frv. sem þarf að skoða og velta aðeins nánar fyrir sér.

Það sem mér finnst ástæða til að undirstrika, svona til að byrja með, er það að núv. kerfi í þjónustu við fatlaða hefur gengið vel og hefur skilað miklum árangri. Stórfelldar breytingar hafa orðið á högum fatlaðra á Íslandi og þjónustu við þá á undanförnum árum eða frá því að lögin um málefni fatlaðra voru sett. Til marks um það eru nokkrar tölur.

Í fyrsta lagi er t.d. sú staðreynd að á síðustu árum frá því að lögin voru sett hafa verið sett upp 50 sambýli og meðferðarheimili fyrir fatlaða á Íslandi.

Í annan stað er sú staðreynd að ákveðið hefur verið að veita fjölskyldum beina aðstoð með sérstökum hætti. Á síðasta eða næstsíðasta ári fengu 634 fjölskyldur beina aðstoð samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra.

Í þriðja lagi má benda á að leikfangasöfn eru núna 14 talsins og þaðan er veitt margvísleg ráðgjöf af ýsmu tagi.

Í fjórða lagi má benda á að framlög til málaflokksins árið 1983 voru 655 millj. kr. en 1992 1.926 millj. kr. á sambærilegu verði. Hækkun úr 655 millj. kr. í 1.926 millj. kr. er þreföldun eða hækkun um 200% á 10 árum.

Hér er auðvitað um byltingarkenndar breytingar að ræða og ástæða er til að hafa í huga að í grófum dráttum hefur þjónustukerfið við fatlaða reynst vel. Það hefur þróast skynsamlega. Á undanförnum árum hefur það verið þannig að hingað hafa komið m.a. útlendingar sem hafa verið að kynna sér málefni fatlaðra almennt. Þeir hafa verið mjög ánægðir með það kerfi sem komið hefur verið upp á Íslandi. Í alþjóðlegum tímaritum um málefni fatlaðra er kerfið talið til fyrirmyndar af ýmsum ástæðum, bæði faglegum en ekki síður vegna þess að hér hefur verið unnt að dreifa þjónustunni um allt land með skipulegum hætti þannig

að nú er þjónusta við fatlaða í öllum landsfjórðungum.

Ég hef fylgst dálítið með þessum málum á 10 árum og ég verð að segja að ég held að fáir þættir hinnar félagslegu þjónustu hafi skilað eins miklum árangri og þjónustan við fatlaða. Ástæða er til að þakka fyrir það. Stjórnarnefndin um málefni fatlaða fer í deild félmrn. sem hefur haft með þessi mál að gera og öllum þeim stofnunum sem hér um ræðir. Og það er ekki lítill árangur að sjá tugi einstaklinga sem maður þekkir sjálfur og höfðu verið vistaðir á stofnunum t.d. á þéttbýlissvæðinu um árabil og höfðu í raun og veru mjög lítinn árangur sýnt. Þessir einstaklingar hafa síðan komist á ýmsar stofnanir fatlaðra úti um landið, ég nefni Bræðratungu sem dæmi, þar sem þeir hafa tekið stórstígum framförum, taka nú þátt í atvinnulífinu með skilmerkilegum hætti og verða þannig öllum sem til þekkja til ánægju og gleðiauka.

Þær röksemdir sem ég flyt hér eru röksemdir fyrir því að menn eiga að fara mjög varlega í að breyta lögunum um málefni fatlaðra. Menn eiga ekki að breyta þeim öðruvísi en að þeir séu alveg vissir um að breytingin sé til bóta. Þessu á ekki að breyta breytinganna vegna. Í frv. eru nokkur atriði sem ég satt að segja sé ekki að séu að öllu leyti til bóta án þess að ég sé neitt ða fordæma þau í sjálfu sér. Það fyrsta sem ég nefni í því sambandi eru ákvæðin um vernduðu vinnustaðina. Því virðist algerlega vera slegið föstu að verndaðir vinnustaðir tilheyri sögunni, þeir eigi eiginlega að hverfa og að fatlaðir einstaklingar eigi að vera úti á hinum almenna vinnumarkaði. Það er allt gott um það að segja, það er allt rétt. Því er jafnframt slegið föstu að vernduðu vinnustaðirnir hafi ekki skilað þeirri endurhæfingu og hæfingu fyrir fatlaða einstaklinga sem nauðsynlegt sé að krefjast. Það er sjálfsagt líka rétt, en ekki í nærri öllum tilvikum. Ég nefni t.d. vinnustaðinn Örva sem hefur skilað miklum árangri í þessum efnum og ég gæti nefnt fleiri dæmi.

Ég held að sú staðreynd að vernduðu vinnustaðirnir hafi kannski ekki skilað þeim árangri sem menn vonuðust til stafi ekki af því að vernduðu vinnustaðirnir hafi byggst á rangri hugmyndafræði í upphafi. Ég held hins vegar að það þurfi að endurskoða starfsemi þeirra sem slíkra. Ég held að verndaðir vinnustaðir þurfi að vera til en þeir þurfi aftur á móti að vera í nánu og skipulegu samstarfi við hinn almenna vinnumarkað og við atvinnuleit fatlaðra líka. Það þarf að byggja þá með lifandi, skilvirkum og gagnkvæmum hætti inn í þjónustukerfi fatlaðra yfirleitt. Þess vegna segi ég: Ég er ekki tilbúinn til að skrifa upp á það nema ég heyri einhver önnur rök og þá áskil ég mér allan rétt til að fallast á þau. En á þessu stigi málsins er ég ekki tilbúinn til að skrifa upp á það að vernduðu vinnustaðirnir hafi sungið sitt síðasta vers og ástæða sé til að samþykkja lagafrv. sem í raun og veru stefnir að því að leggja þá niður.

Í öðru lagi verð ég að gera þá athugasemd við frv. að mér finnst að í því séu gefin mörg óljós loforð án þess að ég sjái innstæðurnar fyrir þeim. Ég held að á þeim samdráttartímum tímum sem við lifum núna eigi menn ekki að gefa önnur loforð en þau sem innstæður eru fyrir. Annað veldur vonbrigðum og menn eiga að gæta sín á því. Ég nefni t.d. húsnæðismálin í því sambandi. Hver á að borga það? Það eru sveitarfélögin. Hefur verið talað við sveitarfélögin? Munu sveitarfélögin taka þátt í því að byggja upp húsnæði fyrir fatlaða, taka hluta af hinu félagslegu húsnæði fyrir fatlaða? Virðulegi forseti, ég dreg í efa að það liggi fyrir í öllum tilvikum. Ég held þess vegna að ekki sé hægt að vísa fötluðum frá sambýlunum og yfir í hið félagslega húsnæðiskerfi. Ég held að það sé ekki sönn tilvísun vegna þess að hún er innstæðulítil í þessu efni. Þó að margt megi segja um sambýlin og vafalaust margt gagnrýna og sjálfsagt að hugsa þá hugsun til enda hvort hægt sé að breyta starfsemi þeirra þannig að þetta verði nær því að verða almennar íbúðir fyrir fatlaða. Ég held að þarna sé ekki um að ræða hlut sem við værum alveg tilbúin til að ákveða. Ég vil a.m.k. fyrir mitt leyti skoða það mál aðeins nánar.

Í þriðja lagi verð ég að segja alveg eins og er að ég sé engan tilgang með því að setja mennta- og heilbrigðisráðuneytið út úr þessu þjónustukerfi. Menntmrn. og heilbrrn. hafa tekið þátt í þessu kerfi með þeim hætti að vera með mann í stjórnarnefndinni um málefni fatlaðra og ég veit ekki betur en samstarfið hafi bara verið gott. Ég get ekki neitað því að í þau skipti sem ég hef gegnt starfi menntmrh. eða heilbrrh. hefur komið fyrir að manni hafi fundist tillögurnar kannski ekki alveg 100% miðað við þau ráðuneyti og hafi því viljað gagnrýna þær. En staðreyndin er samt sú að menntmrh., a.m.k. sá sem hér stendur, skrifaði alltaf upp á niðurstöður úthlutunarnefndarinnar á sínum tíma þannig að ekki var um að ræða ágreining við menntmrn. á undanförnum árum. Þó að við værum auðvitað oft mjög óánægð með það hvernig þessum peningum var ráðstafað þá féllumst við þá þær niðurstöður.

Ég held að við þurfum á því að halda að félagsþjónustukerfið við fatlaða sé samþætt kerfi. Ég held að við þurfum á því að halda að sem flestir komi að því. Ég held að í málefnum fatlaðra eigi við alveg sömu rökin og t.d. í málefnum ungra fíkniefnaneytenda, svo að ég nefni dæmi, eða í málefnum vegalausra barna, svo að ég nefni annað dæmi, eða í málefnum unglinga, svo að ég nefni þriðja dæmið. Vandamálin hjá þessum hópum spyrja ekki um „addressur" í ráðuneytum. Vandamálin verða bara til með ýmsum hætti. Þau spyrja ekki um það hvar ráðuneytið situr, hvort sá sem lendir í vandamáli er ekki „akkúrat" að hugsa um það undir hvaða ráðuneyti hans vandamál heyrir. Þess vegna held ég að það sé rangt að hólfa þetta fast inn í eitt ráðuneyti eins og hér er gert þó að ég taki auðvitað það fram, virðulegi forseti, að ég áskil mér allan rétt til þess að fallast á rök félmrh. í þessu efni en ég heyrði þau ekki þegar hún hafði framsögu fyrir málinu að þar væri um nægilega gild rök að ræða.

Í fjórða lagi finnst mér að ýmis ákvæði í frv. séu óljós og stuðli eins og hv. 10. þm. Reykv. nefndi að óþarfa togstreitu milli ríkis og sveitarfélaga. Í því sambandi nefni ég 22. gr., ég nefni 25. gr., ég nefni 34. gr.

um félagslegar íbúðir, ég nefni 35. gr. um ferlimálin og ég nefni einnig 36. gr. Ég ætla ekki að fara fyrir þessar greinar í einstökum atriðum. Ég get svo sem gert það við annað tækifæri ef þörf krefur og mun koma þessum athugasemdum á framfæri við félmn. Alþb., hv. 5. þm. Vestf. Ég held að menn þurfi að gæta þess að kveða skýrt að í slíkri löggjöf, ekkert hér um bil og kannski heldur skýrt og gefa ekki innstæðulítil eða innstæðulaus loforð.

Ég vil líka taka undir það sérstaklega sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan um fjárlögin. Hvað er verið að þvæla henni inn í þetta? Ætla menn þá kannski að breyta kerfinu hér þannig að fjárlögin verði yfirleitt með fulltrúa í svona stjórnum? En af hverju þá ekki Húsnæðisstofnun? Af hverju þá ekki Byggðastofnun? Af hverju þá ekki stjórnarnefnd ríkisspítalanna svo að ég nefni dæmi. Hvaða rök eru fyrir því að hún sé þarna sérstaklega? Ef Alþingi tilnefnir mann í nefnd, á að gera það beint og milliliðalaust. En það er ekki og það er slæmt fyrir fjárlögin að koma að málinu með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir þannig að ég sé satt best að segja engin rök fyrir því.

Svo spyr maður sig að því sem er því miður náttúrlega aðalatriðið: Hvar eru peningarnir? Þá flettir maður upp í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ég vil segja alveg eins og er að ég hef ekki gefið allt of mikið fyrir þær umsagnir um kostnað á félagslegri þjónustu yfir höfuð og ég geri það heldur ekki enn. En hér er talað um nokkrar breytingar á fjármögnun þessara málaflokka, og hverjar eru þær? Að því er varðar aukið fé í málaflokknum gæti verið um að ræða að þjónusta við fatlaðra í skólum og sjúkrastofnunum verði fjármögnuð beint af ríkissjóði og verði 20–30 millj. sýnist mér. Ég ætla að segja hins vegar við virðulegan forseta, ég hef ekki mikla trú á því að þessir peningar náist frekar þarna sem sérstakt framlag úr ríkissjóði en sem hluti af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég held að það sé betra að það sé Framkvæmdasjóður fatlaðra sem sér um þessi mál. Ég held að það sé betra fyrir málaflokkinn því að reynsla okkar, sem höfum verið lengi á Alþingi og tekið þátt í því að skerða og skera hluti sundur og saman aftur og aftur, er sú að það er miklu auðveldara að verja sjóðinn en margt annað. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að ekki eigi að taka þetta út úr. Þetta eigi áfram að vera verkefni Framkvæmdasjóðsins og menntmrn. og heilbrrn. eigi að vera aðilar að þessu svo sem verið hefur. Ég sé a.m.k. ekki að þetta aukna fé sé í hendi.

Nú fæst aukið fé með því að félagslegar íbúðir koma til sögunnar og sveitarfélögin koma inn í það. Það er sýnd veiði en ekki gefin. Gert er ráð fyrir göngudeild fullorðinna við Greiningarstöðina sem kosti 10–12 millj. Ég á eftir að sjá að það verði samþykkt að stofna hana. Eru nýjar stöðuheimildir væntanlegar í þeirri stofnun á fjárlögum ársins 1993 eða hvað? Er það þannig að menn séu tilbúnir til þess að slá því föstu? Það eina, sem þarna haldfast að mínu mati, er tillaga um 60 millj. á ári í nokkur ár í sambandi við íbúðir geðfatlaðra. Það er mjög gott og ég þakka hæstv. félmrh. og ríkisstjórninni fyrir rausnarskap á þessu sviði en ég á eftir að sjá að það takist að ná þessum peningum en vonandi tekst að ná þeim og við skulum ekkert vera að gera lítið úr því og við skulum hjálpa til við það að þeir náist.

Þar á móti kemur svo að ýmsar aðrar breytingar eru á þeim þjónustuþáttum sem verið er að gera. Verið er að taka 10% til þess að lagfæra opinberar byggingar en samkvæmt lögum á ríkið að gera þetta. Það stendur í sérstökum lögum sem voru sett vorið 1980 eða 1981 um aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum að ríki eigi að gera þetta. Af hverju er verið að létta þeirri lagaskyldu sérstaklega af ríkissjóði eins og hér er gert? Auðvitað er rétt eins og bent hefur verið á að lítið hefur gengið í ýmsum ríkisstofnunum í þessum efnum. En ég segi við þingheim: Ég stórefa að þetta gangi neitt betur með þessum hætti. Ég sé engin rök fyrir því að ætla það. En hérna er bersýnilega verið að skerða sjóðinn um allt að 10% frá því sem ella hefur verið.

Ég vil einnig víkja sérstaklega að 49. gr. í sambandi við fjármuni en þar sé ég ekki betur en sé verið að leggja á þjónustugjöld. Þjónusta og annar rekstrarkostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu sveitarfélög greiða kostnað vegna liðveislu, ferlimála og ferðaþjónustu. Um kostnað vegna leikskóladvalar fatlaðra barna sbr. 20. gr. fer samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 48/1991, segir í þessari grein. En í greinargerð frá fjárlaga- og hagsýslustofnun eru þessi ákvæði túlkuð eins og hér sé um að ræða þjónustugjöld.

Rétt er að vekja athygli á því að til lækkunar á kostnaði ríkissjóðs er í frv. heimild til að innheimta þjónustugjöld vegna skammtímavistunar fatlaðra og stuðningsfjölskyldna. Þá er í 14. gr. heimild til að semja við sveitarfélög um að annast einstaka þjónustuþætti við fatlaða sem gætu orðið til hagræðingar eða lækkunar á kostnaði. Ég held að óhjákvæmilegt sé að spyrja aðeins nánar út í þetta en þegar maður skoðar fjárhagskaflann í frv., bæði plúsa og mínusa, frá sjónarmiði fatlaðra þá held ég að mínusarnar séu a.m.k. jafnmargir og plúsarnir þrátt fyrir þetta 60 millj. kr. framlag til geðfatlaðra. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að hv. nefnd sem fær þetta til umfjöllunar skoði sérstaklega hvort það geti verið að þegar upp er staðið séu ekki miklu meiri peningar í þessu, jafnvel minni en eru í lögum um fatlaða nú þegar.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi, virðulegi forseti. Þjónustukerfið við fatlaða hefur gengið vel. Það eru 50 sambýli og meðferðarheimili á 10 árum. Það er hækkun á fjárframlögum úr 650 millj. í 1.920 millj. á 10 árum. Það er gríðarleg hækkun, það er 200% raunhækkun. Úr því að kerfið hefur þó gengið þetta vel og skilað þó þetta miklum árangri fyrir fatlaða skulum við fara varlega í að breyta því öðruvísi en það sé tryggt að breytingarnar séu ekki aðeins breytinganna vegna heldur í þágu fatlaðra.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegur forseti. Vegna þeirra ummæla sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir viðhafði í umræðum í dag vil ég gjarnan taka fram eftirfarandi:

Ég tel mig fullfæra um að svara gagnrýni á sjálfa mig en hitt er annað að ég kýs að velja þann tíma sjálf. Athugasemdir mínar við frv. þetta um málefni fatlaðra eru gerðar á málefnalegum grunni og er ekki nema eðlilegt að einhver áherslumunur sé á milli manna í svo viðkvæmum og viðamiklum málaflokki. Slíkt eru ekki nema sjálfsögð vinnubrögð. Ég ætla ekki að endurtaka athugasemdir mínar við frv. sem ég viðhafði í sl. viku en ég hef ekki trú á öðru en þau vinnubrögð sem ég hef lýst verði málefni fatlaðra til bóta og væntanleg lög þar af leiðandi verði því enn betri að öllu leyti. En ég vil við þetta tækifæri segja að ég hef átt því láni að fagna að gegna fjölbreyttu starfi bæði hérlendis og erlendis. Á sl. ári var ég kjörin til Alþingis í fyrsta sinn. Alls staðar sem ég hef unnið fram til þessa hef ég notið þess að starfa á málefnalegum grundvelli og án persónulegra ávirðinga þótt menn hafi auðvitað greint á og ég vonast til þess að ég geti starfað á sama grundvelli hér á hinu háa Alþingi. Eins og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og mörgum öðrum er kunnugt hef ég starfað mestmegnis við heilbrigðisþjónustuna á undanförnum 25 árum en ég hef einnig komið að starfsemi í þjónustu þroskaheftra, einkum á Kópavogshæli og á Sólheimum í Grímsnesi. Ég hef mikinn áhuga á þjónustu við fatlaða vegna þessara starfa og ekki síður af löngum kynnum mínum af starfsemi Reykjalundar sem endurhæfingarstofnunar.

Ég veit vart hvort ég á að taka þessa skoðun hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og jafnvel fleiri þingmanna Alþb. sem hrós þegar mér er kennd hugmyndasmíði í stefnu heilbrrh. Verra þykir mér þó það persónulega skens í minn garð sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur viðhaft hér í umræðum um frv. um málefni fatlaðra. Mér er kunnugt um í viðræðum við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem forseta sameinaðs þings hversu annt henni hefur verið um virðingu Alþingis og mikilvægi málefnalegra umræðna. Því þykir mér miður að hv. þm. skuli ekki hafa verið samkvæm sjálfri sér að þessu sinni og fylgt þessari þáverandi skoðun sinni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið allmiklar umræður um það frv. sem hér er til umræðu og ég vil leyfa mér að segja að ég tel að þær hafi verið í heild jákvæðar þótt vissulega hafi komið hér fram athugasemdir við einstakar greinar og beiðni um svör og skýringar við einstakar frumvarpsgreinar. Ég vildi vinda mér strax í að svara því sem til mín hefur verið beint og vil byrja á því sem fram kom í máli hv. 10. þm. Reykv. Hún taldi að ríki og sveitarfélög gætu hugsanlega farið að kasta verkefnum á milli sín og nefndi þar sérstaklega til og spurði um hver mismunurinn væri á liðveislu samkvæmt frv. sem ríkið á að veita og þeirri heimaþjónustu sem sveitarfélög eiga að veita. Heimaþjónustan er skilgreind þannig að um er að ræða þjónustu til að veita aðstoð vegna heimilisinnkaupa og þess háttar og ýmiss konar félagslegan stuðning. Það er veitt allt frá einu skipti á viku til fullrar þjónustu, kannski átta klukkustundir daglega.

Sú liðveisla á vegum sveitarfélaganna, sem hér er nefnd í frv., er fyrst og fremst hugsuð sem hvatning til sveitarfélaganna en ekki skylda og stærri sveitarfélög veita þegar þessa liðveislu núna. Þetta er nýmæli í frv. Hér er um að ræða persónulegan stuðning sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun viðkomandi svo dæmi sé tekið, stuðningur við ungt fatlað fólk til að taka þátt í menningar- og félagsstarfi. Nefna má einnig geðfatlaða en í liðveislu væri fólginn stuðningur við að ráða fram úr ýmsum viðfangsefnum daglegs lífs.

Varðandi frekari liðveislu sem hér er einnig nýmæli er þetta fyrst og fremst sett fram til þess að koma í veg fyrir að þurfi að vista fatlaða einstaklinga á stofnunum. Þetta er stuðningur fólginn í viðbótarþjónustu umfram heimaþjónustu sem er þá gjarnan veitt að kvöldlagi og um helgar. Ég tel að mikilvægt sé að slík þjónusta sé í boði. Hún getur oft og tíðum komið í veg fyrir stofnanaþjónustu við fatlaða og það er örugglega hagstæðara í mörgum tilfellum að ríkið veiti fjármagni til slíkrar frekari liðveislu og þjónustu til að draga þá úr stofnanaþjónustu.

Varðandi ferðaþjónustu fatlaðra sem hv. 10. þm. Reykv. gerði einnig að umtalsefni vil ég taka undir það sem fram kom í máli hennar að æskilegra væri að ferðaþjónusta fatlaðra væri alfarið á vegum sveitarfélaganna. En samkomulag náðist ekki í þeirri nefnd sem fjallaði um málið. Ég held þó að það sé skýrt skilgreint hvernig ferðaþjónustan skiptist milli ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélög greiða fyrir ferðaþjónustu, þ.e. almenna ferðaþjónustu, svo sem akstur til og frá vinnu og til að komast milli staða, t.d. vegna þátttöku fatlaðra í menningar- og félagslífi. Ríkið greiðir fyrir sértæka ferðaþjónustu vegna þjálfunar og keyrslu milli stofnana fatlaðra. En ég tel að eðlilegra væri eins og hv. þm. nefndi að þetta væri alfarið á vegum sveitarfélaganna en um það náðist ekki samkomulag.

Ég hef nefnt það hér við annað tækifæri þar sem þessi málaflokkur var til umræðu að ég tel að það eigi að skoða það að ríkið greiði t.d. allan kostnað vegna Unglingaheimilis ríkisins sem sveitarfélög greiða núna í formi daggjalda til unglingaheimilisins en í staðinn taki sveitarfélög við akstri og ferðaþjónustu fatlaðra en þar er um að ræða svipaðar fjárhæðir.

Sami hv. þm. nefndi að erfitt væri um vik að veita viðunandi heimaþjónustu og aðra stofnþjónustu vegna lágra launa þeirra starfsmanna sem hafa þau störf með höndum. Ég tel að þetta sé fyllilega réttmæt ábending hjá hv. þm. og tek undir það. Ég tel æskilegt að fram fari heildarendurskoðun á fyrirkomulagi heimaþjónustu sem raunar taki jafnframt til heimahjúkrunar.

Síðan spurði sami þingmaður hvað gerist ef ríkið yfirtekur sambýli á vegum Reykjavíkurborgar en á vegum Reykjavíkurborgar eru rekin sjö sambýli og einn áfangastaður. Þessi sambýli hafa ekki verið rekin sem sambýli í skilningi laga um málefni fatlaðra heldur er fyrst og fremst um að ræða félagslegar íbúðir með tilheyrandi stoðþjónustu. Þjónusta á þeim sambýlum hefur verið takmörkuð og sker sig lítið úr venjulegri heimaþjónustu sem veitt er af sveitarfélögunum. Þar er engin breyting fyrirhuguð með þessu frv. varðandi sambýlin sem ég nefndi hér og þar yrði ekki

um yfirtöku að ræða, verði þetta frv. að lögum. En ég vil nefna að þetta fyrirkomulag í búsetu hjá Reykjavíkurborg er einmitt í þeim anda sem frv. leggur áherslu á að verði í auknum mæli hjá sveitarfélögunum í þjónustu við fatlaða.

Síðan spyr hv. 10. þm. Reykv. hvað gerist ef t.d. Reykjavíkurborg gerir samning um yfirtöku á þjónustu við fatlaða. Hvað verður þá um tengslin milli svæðisráðs og svæðisskrifstofu og verður svæðisráð í því tilviki á vegum ríkisins? Á ráðherra í slíku tifelli eftir sem áður að skipa forstöðumann svæðisskrifstofa? Ljóst er að í slíku tilviki yrði ekki starfrækt svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra á vegum ríkisins. Reykjavíkurborg mundi annast framkvæmd þjónustunnar og skipa þeim málum á þann hátt sem hún teldi skynsamlegastan. Svæðisráð yrði eftir sem áður að starfa með þeim hætti sem mælt er fyrir um í frv. Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti tekið við verkefnum þeirra enda er fyrst og fremst um eftirlitshlutverk að ræða og áhersla lögð á að sé aðskilið framkvæmdinni.

Spurt er hvort félmrh. sé heimilt að binda starfsleyfi því skilyrði að hann eigi fulltrúa í stjórn stofnana á vegum félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, um þetta spurðu reyndar fleiri. Allar stofnanir á vegum félagasamtaka og sjálfseignarstofnana eru reknar á fjárlögum. Hér er um heimild að ræða sem eingöngu yrði beitt þegar ríkið hefur veruleg útgjöld af starfseminni.

Spurt er um eftirlit svæðisráðanna með stofnunum félagasamtaka og sjálfseignarstofnunum. Ef þeim eru ekki lagðir til verulegir fjármunir er þetta bundið við faglegt eftirlit. En í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir bæði faglegu og fjárhagslegu eftirliti.

Hv. 10. þm. Reykv. gerði einnig athugasemd við 19. gr. frv. sem fjallar um að starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu skuli sérstaklega gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi barna. Þingmanninum þótti óþarfi að taka slíkt fram. Hér er um atriði að ræða sem er efnislega að finna í núgildandi lögum en er í sjálfu sér umdeilanlegt eins og hv. þm. benti réttilega á. Nefndin sem samdi frv. taldi rétt, með hliðsjón af því hversu mikilvægt væri að lagaákvæðið héldi sér, að benda á að því miður væri dæmi þess að líkamlegu og andlegu atgervi barna væri ekki nægjanlegur gaumur gefinn og má í þeim efnum nefna misþroska börn en fötlun þeirra er ekki ætíð auðsæ.

Varðandi atvinnumál fatlaðra er vissulega hægt að taka undir með hv. þm. að í ákvæðum frv. er hvorki fundin lausn á atvinnumálum fatlaðra né lausn á að útvega öllum fötluðum, sem vantar vinnu, störf. En frv. hefur að mínu viti að geyma þýðingarmikil nýmæli svo sem áherslu á atvinnumál, starfsráðgjöf, starfsþjálfun á almennum vinnumarkaði og stuðning eða liðveislu á almennum vinnumarkaði. Hv. 10. þm. Reykv. nefndi einnig það ákvæði sem felur í sér að næstu fimm árin eigi að veita ákveðið framlag til geðfatlaðra og spurði við hverju mætti búast. Það er Alþingis hverju sinni að ákvarða hvaða fjármagni verði veitt til geðfatlaðra. Ég vil í þessu sambandi líka nefna það sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi í ræðu sinni. Um er að ræða skerðingu á fjármagni á rekstri til fatlaðra um 48,5 millj. kr. á þessu ári. Ég tel þetta ekki alls kostar rétt vegna þess að þegar frv. til fjárlaga var lagt fram var gert ráð fyrir á annað hundrað millj. kr. aukningu í rekstur á stofnunum fatlaðra. Og þrátt fyrir skerðinguna sem við höfum þurft að ganga í gegnum núna er aukningin um 82 millj. kr. á þessu ári miðað við sl. ár. Kannski er sérstaklega um aukingu til geðfatlaðra að ræða en hún er um 30 millj. kr. á þessu ári. Einnig vil ég segja að þegar er hafið átak varðandi geðfatlaða vegna þess að á sl. ári var veitt fjármagn til eins sambýlis fyrir geðfatlaða og á þessu ári er fyrirhugað fjármagn til tveggja nýrra sambýla fyrir geðfatlaða.

Varðandi það að verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi, væru aukin er það vissulega rétt. Ég vil einnig nefna að fjármagn til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hefur verið aukið á þessu ári um að raungildi 13%. Hv. þm. nefndi sérstaklega aðgengismál fatlaðra. Það er sú heimild þar sem kveðið er á um að veita 10% til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga. Ég vil nefna að þetta atriði er ekki síst komið inn fyrir mjög ákveðna beiðni Sjálfsbjargar en þar er um heimild að ræða til þess að styðja brýn viðfangsefni á þessu sviði. Ég nefni t.d. Þjóðleikhúsið. Þrátt fyrir stórkostlegar endurbætur fyrir mikla fjármuni er það ekki enn aðgengilegt fötluðum. Hér er vissulega aðeins um heimildarákvæði að ræða og það er bundið því skilyrði að viðkomandi stofnun leggi sjálf fram a.m.k. helming af kostnaði við hverja einstaka framkvæmd.

Hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttir nefndi málefni heyrnarlausra og þar er vissulega um mikilvægt mál að ræða. Hún nefndi sérstaklega táknmálsþjónustu við heyrnarlausa. Ekki er ýkjalangt síðan samþykkt voru lög á Alþingi um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og samkvæmt ákvæðum þeirra laga er hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra að annast t.d. kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og aðra þjónustu. Vissulega getur það verið umdeilanlegt hvort samkvæmt lögunum eigi að fjármagna almenna táknmálstúlkun og aðstoð við þá en ég tel að þetta mál þurfi að skoðast sérstaklega. Ég veit að nefnd á vegum menntmrh. er að störfum varðandi þetta mál. Ég hef átt samtöl við heyrnarlausa og samtök þeirra um þetta mál og ég tel eftir þau samtöl að full ástæða sé til þess að félmrn. og menntmrn. skoði það í sameiningu og reyni að finna lausn á því svo brýnt sem það er fyrir heyrnarlausa.

Fleira kom hér fram eins og í máli Guðrúnar Helgadóttur varðandi endurhæfingarstöðvar. Hún nefndi að um ákveðna skörun gæti verið að ræða milli félagslegrar endurhæfingar og læknisfræðilegrar endurhæfingar. En ég tel að nokkuð skýrt sé tekið fram í ákvæðum frv. varðandi þetta atriði. Svo ég nefni dæmi þá kemur fram í frv. varðandi félagslega hæfingu og endurhæfingu að fatlaðir skuli njóta félagslegrar hæfingar eða endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Og um læknisfræðilega endurhæfingu fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Ég tel að það komi mjög skýrt fram í frv. og þegar vitnað er til 10. gr. frv. þar sem talað er um hæfingar- og endurhæfingarstöðvar kemur fram að hér geti verið um félagslega hæfingu og starfshæfingu að ræða. Hlutverk hæfingarstöðvarinnar er að veita fötluðum alhliða þjálfun og búa þá undir störf á almennum vinnumarkaði eftir því sem unnt er. Nokkrar hæfingarstöðvar eru starfandi og þar eru nefndar til Hæfingarstöðin að Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði, Hæfingarstöðin Bjarkarás í Reykjavík og Starfsþjálfun fatlaðra í Reykjavík. Þannig tel ég að nokkuð skýrt sé tekið fram að ekki er átt við læknisfræðilega endurhæfingu heldur fyrst og fremst félagslega hæfingu og starfshæfingu. (**Forseti:** Forseti vildi trufla hæstv. ráðherra og spyrja hvort ráðherra eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég get lokið máli mínu á einni til tveimur mínútum. (**Forseti:** Þá veitir forseti heimild til þess að hæstv. ráðherra ljúki ræðu sinni ef takast mætti að ljúka umræðunni.)

Hv. 2. þm. Austurl. nefndi til búsetu fatlaðra og ákvæði um að hún skuli vera í almennri íbúðabyggð. Hvort hér væri átt við t.d. sólarhringsstofnanir fatlaðra. Í því sambandi vil ég nefna að hér er fyrst og fremst um að ræða heimli fyrir fatlaða, þ.e. átt er við sambýli og félagslegar íbúðir.

Varðandi það sem bæði hefur komið fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og Kristni H. Gunnarssyni um að fulltrúi fjárln. taki sæti í stjórnarnefnd þegar fjármagni úr Framkvæmdasjóðnum er úthlutað vil ég vitna til þess að þessi tilhögun er viðhöfð varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra að þá er kallaður til fulltrúi frá fjárln. Ég skal viðurkenna að ég var ekki alls kostar sátt við þetta ákvæði en þar sem nefndin sem um þetta fjallaði náði breiðri samstöðu um þetta mál gerði ég ekki athugasemd við það en auðvitað hlýtur nefndin sem fær málið að skoða sérstaklega hvort það sé til bóta að hafa þetta með þessum hætti.

Hv. 16. þm. Reykv. nefndi sólarhringsstofnanir fatlaðra og að það sem fram kemur í greinargerðinni sé ekki í samræmi við hugmyndafræði samskipunar, tilvist sólarhringsstofnana. Ég er ekki sammála þessu vegna þess að ég held að sólarhringsstofnanir geti í mörgum tilfellum átt fullkominn rétt á sér en ég vil nefna það að löndin í kringum okkur t.d. Noregur hafa stefnt að því að leggja niður allar sólarhringsstofnanir. Þar er stefnt að því að leggja niður allar sólarhringsstofnanir á árinu 1994. En ég vona það að um frv. geti náðst góð samstaða og ég tel að þær umræður sem hér hafa átt sér stað gefi tilefni til þess að vona það. Um ýmis atriði sem hér hafa komið fram mun verða fjallað um í nefndinni sem fær málið til úrlausnar en ég vona að það verði að lögum á þessu þingi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók ekki eftir því að hæstv. félmrh. svaraði spurningu minni um þjónustugjöld og ég vil ítreka hvort það er rétt skilið hjá fjárlagastofnun að verði frv. að lögum opni það heimildir til að fjármagna starfsemi og þjónustu við fatlaða með því að leggja á þjónustugjöld.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að fyrst og fremst er um heimildarákvæði að ræða og ekki hægt að reikna með því að þetta skili inn neinum tekjum. Þetta ákvæði er sett inn vegna þess að þjónusta vegna skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldna hefur hingað til ekki skert upphæð umönnunarbóta, m.a. vegna þess að það getur verið mjög breytilegt hversu mikið foreldrar færa sér þessa þjónustu í nyt en önnur dagleg þjónusta skerðir umönnunarbætur sem fatlaðir fá. Þess vegna var talið æskilegt og um það full samstaða m.a. við hagsmunasamtök fatlaðra að heimildarákvæðið væri inni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið og vil jafnframt segja að ég tel óhjákvæmilegt að sú nefnd sem um málið fjallar fái þetta til athugunar því að þó að hér sé einungis um heimild að ræða er bersýnilega nauðsynlegt að skoða það mál aðeins betur.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja málið en ég ætla aðeins að ítreka við hæstv. ráðherra, af því að ég virðist hvergi geta fengið neitt svar við því: Hvernig er háttað samstarfi félagsmálayfirvalda og Öryrkjabandalagsins varðandi þá miklu fjármuni sem koma um talnagetraunir?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Félmrn. hefur ekki haft afskipti af ráðstöfun þess fjármagns sem Öryrkjabandalagið hefur vegna lottósins. Eftir því sem ég best veit hefur því verið fyrst og fremst ráðstafað í íbúðir fyrir fatlaða sem búa sjálfstætt og þurfa á engri þjónustu að halda. Í einstaka tilvikum hefur það komið til, t.d. varðandi sambýli, að Öryrkjabandalagið hefur fjármagnað stofnkostnað við það. Þá hefur það verið gert í fullu samráði við félmrn. að því er varðar kostnað við rekstur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

88. FUNDUR

þriðjudaginn 25. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess

að síðar í dag fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, um ferð hæstv. forsrh. til Ísraels. Þessi umræða mun fara fram eftir síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga. Umræðan hefst væntanlega upp úr kl. 4.

Fyrirspurnir til ráðherra samkvæmt 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. Ég vil spyrja hann hvort ríkisstjórnin hyggist eitthvað fyrir varðandi það að greiða fyrir eða reyna að koma hreyfingu á viðræður um kjarasamninga í landinu og afstýra þannig því sem annars virðist blasa við, yfirvofandi átökum, jafnvel allsherjarátökum á vinnumarkaði innan fárra vikna. Ég vil sem sagt spyrja hæstv. forsrh. í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem sjáanlega er komin upp í viðræðum um kjarasamninga hvort hæstv. ríkisstjórn hyggist aðhafast eitthvað í þeim málum og þá hvað eða hvort hæstv. ríkisstjórnin líti e.t.v. svo á í þessum málum sem fleirum að henni komi þetta ekki við.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur á undanförnum vikum átt óformleg samtöl við forustumenn vinnuveitenda og launþega þar sem farið hefur verið yfir stöðuna í kjaramálum. Samningar hafa verið lausir um mjög langan tíma. Það hefur komið fram af ríkisstjórnarinnar hálfu að hún telur eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins beini sameiginlega kröfum eða óskum um atbeina ríkisins til hennar svo að hægt sé að taka afstöðu á virkan hátt í lausn kjarasamninga með þeim hætti að sameiginlegar óskir hafi borist á borð ríkisstjórnar.

Í þriðja lagi má nefna að Alþýðusambandið hefur ritað ríkisstjórninni bréf og beðið um viðræður sem tengjast kjarasamningum, viðræður um atvinnumál og fleira þess háttar. Ríkisstjórnin hefur þegar svarað því bréfi og lýst sig fúsa til að taka þátt í slíkum viðræðum. Það er mitt mat að enn hafi aðilar vinnumarkaðarins ekki komið sér saman um með hvaða hætti þeir kjósi að ríkisvaldið gerist aðili að samningum eða hafi afskipti af þeim en það er forsenda þess að mínu mati að ríkisstjórnin gangi til þess verks. Hins vegar hefur hún margoft látið koma fram í viðtölum við þessa aðila að hún er reiðubúin til að kanna alla þá þætti sem upp kunna að koma í nánu samráði við þessa aðila.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör svo langt sem þau ná. Ég skil hæstv. forsrh. svo að það beri ekki að taka mikið mark á þeim yfirlýsingum sem hæstv. utanrrh. var með fyrir nokkrum dögum síðan, m.a. í blaðaviðtölum, að ekki kæmi til greina að bakka með neitt af þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum og ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefði ákveðið. Ég vona að það sé þannig að það beri að taka mark á hæstv. forsrh. en ekki á hæstv. utanrrh. í þessu efni.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. forsrh.: Í þeim tilvikum þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa í raun sameiginlega óskað eftir breytingum, t.d. varðandi lagasetningu um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, er ríkisstjórnin þá tilbúin til þess að draga slíkar ráðstafanir til baka? Eins og hæstv. forsrh. man eflaust var það sameiginleg afstaða aðila vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambands, Alþýðusambands og annarra aðila, að leggjast gegn þeim breytingum sem þar voru gerðar. Að öðru leyti sýnist mér ljóst að ríkisstjórnin skjóti sér á bak við það að menn hafa ekki náð saman um sameiginlegar kröfur í þessu efni sem er ekki nema að hluta til rétt eins og ég hef hér bent á. Ég vil gjarnan að hæstv. forsrh. tjái sig aðeins nánar um þetta atriði þar sem fyrir liggur sameiginleg afstaða aðila vinnumarkaðarins. Er ríkisstjórnin tilbúin til að draga slíkar ráðstafanir til baka til að greiða fyrir því að samningaviðræður komist af stað? Augljóslega gerist ekki mikið í þessum efnum ef hver bíður eftir öðrum. Það er varla hægt að tala um að viðræður hafi komist af stað enn þá, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekkert lagt þar af mörkum. Þvert á móti torveldaði hún upphaf samningaviðræðna með ráðstöfunum sínum sem jafngilda 2% kjaraskerðingu á hinum almenna vinnumarkaði að mati Alþýðusambands Íslands. Og er hæstv. forsrh. ekki ljóst að e.t.v. eru ekki nema fáeinar vikur til stefnu þangað til hér kunna að verða skollin á allsherjarátök á vinnumarkaði?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að út úr mínum orðum hafi mátt lesa að það væri ósamhljómur milli þess sem ég sagði og þeirra orða hæstv. utanrrh. sem vitnað var til. Varðandi ríkisábyrgð á laun, þá er rétt að það kom fram í ákveðinni málsmeðferð hér í þinginu að þessir aðilar lýstu báðir andstöðu, kannski hvor með sínum hættinum þó, við þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar en það mál hefur ekki komið upp á borð sérstaklega vegna kjarasamninganna.

Ég vil vekja athygli á því, vegna þess sem hv. þm. nefndi um aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem hefðu torveldað gerð kjarasamninga, að þá hefur komið fram að aðilar vinnumarkaðarins leggja mikla áherslu á það að hér skapist skilyrði til vaxtalækkana og þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til og þingmeirihluti var fyrir hér á Alþingi við lagasetningu í tengslum við fjárlög voru auðvitað til þess fallnar að skapa grundvöll til að vextir mættu lækka. Ég vek athygli á að raunvextir fara lækkandi. Nafnvextir eru nú þeir lægstu sem hér hafa verið þó raunvextir séu enn þá nokkuð háir. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs hafa verið lækkaðir og afföll af húsbréfum minnka. Allt eru þetta þættir sem vit-

að er að aðilar vinnumarkaðarins meta mikils eins og fram hefur komið í yfirlýsingum þeirra.

Byggðaáætlun.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil bera fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. Fyrir tæpu ári síðan voru samþykkt hér á Alþingi lög um breytingar á lögum um Byggðastofnun. Þar segir svo m.a. í 8. gr., með leyfi forseta:

„Byggðastofnun gerir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Ráðherra leggur tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í forsendum áætlunarinnar gerir Byggðastofnun grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum, sem æskileg eru talin og þjóðhagslega hagkvæmt að stefna að í þróun byggðar landsins í heild."

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvenær hann hyggst leggja þessa byggðaáætlun fyrir Alþingi. Það *liður ört á þinghaldið og ljóst að það er mikil vinna* fyrir nefnd að fjalla um þetta mál þegar það kemur fram. Það hlýtur því að vera mjög brýnt að það gerist sem fyrst og þörfin fyrir að taka þessi mál hér til umræðu á Alþingi er áreiðanlega brýnni en oftst áður.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það var nauðsynlegt að mínu mati að vinna að því að setja Byggðastofnun reglugerð sem hafði láðst að gera í háa herrans tíð. Það hefur nú verið gert. Stofnunin vinnur að áætlun af því tagi sem þingmaðurinn nefndi og ég vænti þess að það muni ekki dragast lengi. Ég get því miður ekki nefnt þá dagsetningu þegar hægt verður að leggja slíka áætlun fyrir þingið. Ég er þingmanninum sammála um að það er brýnt.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svar hans þó að ég sé því ekki sammála að þurft hafi að bíða eftir setningu reglugerðar um Byggðastofnun við undirbúning þessa máls. Svo skýrt er það orðað í lagagreininni sem ég nefndi. Vissulega væri fróðlegt að vita hvenær hæstv. forsrh. sendi erindi til Byggðastofnunar um að gera þessa áætlun.

Dýravernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (heildarlög). — Þskj. 344.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv., og vísað til umhvn. með 37 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. umhvn. með 38 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv., og vísað til félmn. með 40 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1990, 3. umr.

Stjfrv., 79. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 440.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JHelg, JónS, LMR, MJ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, StB, ÞBern, ÖS.

10 þm. (AÓB, FI, GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, ÓRG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, EKG, FrS, GB, GHall, HÁ, IP, JóhS, JGS, JónK, KSG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 444).

Vegáætlun 1991–1994, fyrri umr.

Stjtill., 216. mál. — Þskj. 297.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Vegáætlun fyrir árin 1991–1994 var samþykkt á Alþingi í mars sl. Þar var gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnir yrðu nýttir til hins ýtrasta, þ.e. þeir yrðu hækkaðir eins og lög heimiluðu. Þá var einnig miðað við að afsláttur sá af blýlausu bensíni sem tekinn var upp 1989 af páv. ríkisstjórn yrði lagður niður. Með hliðsjón af markmiðum ríkisstjórnarinnar um að halda verðbólgu niðri og stuðla að hófsömum samningum á vinnumarkaði þykir ekki fært að nýta markaða tekjustofna eins og fyrirhugað var. Bensíngjald og þungaskattur var hækkað um 2% í upphafi árs og verður ekki hækkað frekar á árinu.

Samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar mætti hækka bensíngjald um 5% og þungaskatt um 10% umfram það sem gert var um áramót. Þessar heimildir verða hins vegar ekki notaðar eins og á stendur. Þá

verður heldur ekki lagður niður afsláttur af blýlausu bensíni eins og áformað var en hann nemur nú 2 kr. og 4 aurum á lítra. Af þeim ástæðum sem hér eru raktar verða markaðar tekjur um 250 millj. kr. lægri 1992 en reiknað var með við samþykkt vegáætlunar. Til að draga úr halla ríkissjóðs var enn fremur ákveðið við afgreiðslu fjárlaga að 265 millj. kr. af tekjum Vegasjóðs rynni í ríkissjóð. Til ráðstöfunar í vegáætlun verður því 515 millj. kr. lægri fjárhæð en gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir og eru þá tölur bornar saman á sambærilegu verðlagi. Lækka verður gjaldahlið áætlunarinnar til samræmis við þetta. Þar sem öllum útgjöldum var skipt á verkefnaliði og öllum fjárveitingum til nýrra framkvæmda skipt á einstök verkefni verður ekki komist hjá að endurskoða vegáætlunina á Alþingi og því er tillagan flutt.

Við lækkun útgjalda í tillögunni hefur viðhalds- og þjónustuliðunum verið hlíft. Er það byggt á þeirri skoðun að þessir liðir þola ekki lækkun ef halda á vegakerfinu í nothæfu ástandi og tryggja umferðinni sæmilega þjónustu. Þó vil ég geta þess að vegna hagstæðrar tíðar í haust og fram undir þetta af þessum vetri hefur tíð verið góð og af þeim sökum var greiðsluafgangur af vetrarþjónustu um síðustu áramót.

Liðurinn Stjórn og undirbúningur er lækkaður um 15 millj. kr. en þar er um að ræða hina almennu lækkun launa og rekstrargjalda sem ákveðin var við gerð fjárlaga. Aðrir liðir lækka samtals um 500 millj. kr. Sú lækkun dreifist hlutfallslega á aðalliði en tilraunir, fjallvegir og brúargerð lækka þó hlutfallslega heldur minna en aðrir. Þar er þó um smáar tölur að ræða sem litlu breyta í heildardæminu. Einstakir verkefnaflokkar innan nýbygginga lækka hlutfallslega jafnt með tveimur undantekningum. Í apríl sl. gerði þáv. fjmrh. og borgarstjóri Reykjavíkur samning um greiðslu skuldar ríkisins við borgina sem myndast hefur á undanförnum árum vegna mikilla framkvæmda borgarinnar á þjóðvegum í þéttbýli. Samningurinn kveður á um mun hærri greiðslu 1992 en tiltekið var í vegáætlun. Til að standa við samninginn þarf að hækka fjarveitingu til skuldargreiðslunnar um nálega 74 millj. kr. á árinu. Þetta veldur því að fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins hækkar lítillega í heild þó að allar aðrar fjárveitingar innan þessa liðar lækki. Þá er reiknað með í tillögunni að fjárveiting til Vestfjarðaganga lækki ekki. Við afgreiðslu vegáætlunar var gert ráð fyrir að aflað yrði lánsfjár til viðbótar fjárveitingu í vegáætlun til að halda mætti uppi eðlilegum framkvæmdahraða. Verksamningur sem gerður var sl. sumar var í samræmi við þetta. Samkvæmt honum þyrfti að afla lánsfjár að upphæð 250 millj. kr. til viðbótar fjárveitingunni en það er um þriðjungur heildarkostnaðar við verkið á árinu. Við gerð fjárlaga var ákveðið að afla ekki þessa lánsfjár. Við þær aðstæður er lagt til í tillögunni að fjárveitingin haldist óbreytt. Semja verður við verktaka verksins um að hægja á verkinu og eru viðræður um það hafnar og eftir því sem ég veit best ekki annað fyrirsjáanlegt en góð niðurstaða verði á þeim. Aðrar fjárveitingar innan stórverkefna lækka hlutfallslega eins og aðrar nýbyggingar. Í heild lækkar liðurinn þó minna en aðrir vegna þess að fjárveiting til Vestfjarðaganga er óbreytt eins og áður sagði. Þrátt fyrir þá lækkun útgjalda sem felst í tillögunni verða heildarútgjöld til vegamála heldur meiri en verið hefur undanfarin ár. Fjárveitingar til nýrra framkvæmda verða svipaðar nú og á síðasta ári en viðhald og þjónusta fær heldur meira í sinn hlut en verið hefur undanfarin ár.

Ég tel ástæðu til að víkja nokkrum orðum að vegalögum. Þau eru að stofni til frá árinu 1963 og eru því að nálgast þrítugsaldurinn. Lögunum hefur að vísu verið breytt nokkrum sinnum en þær breytingar hafa beinst að einstökum atriðum laganna. Engin heildstæð endurskoðun hefur farið fram á lögunum og lætur að líkum að full þörf er orðin á því. Forveri minn á stóli samgrh. fól vegamálastjóra að vinna upp hugmyndir að endurskoðun vegalaga. Hefur verið unnið að því í Vegagerðinni undanfarin missiri. Um áramótin fékk ég þessar hugmyndir í hendur og var það raunar síðasta embættisverk fráfarandi vegamálastjóra, Snæbjarnar Jónassonar, að afhenda mér þær. Ég hef skipað nefnd sem tekur þessar hugmyndir til skoðunar og frekari vinnslu. Formaður hennar er Þórhallur Jósefsson en aðrir nefndarmenn eru Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Vegagerðar ríkisins, og alþingismennirnir Árni Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson, Karl Steinar Guðnason og Pálmi Jónsson. Ég vænti þess að þeir muni skila niðurstöðu nú á þessum vetri.

Hæstv. forseti. Það er álitamál til hvaða nefndar rétt sé að vísa þáltill. þessari og umbreyting á þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 og enn fremur till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1992–1995 sem einnig er á dagskrá þessa fundar. Að athuguðu máli og höfðu samráði við hæstv. forseta og formenn fjárln. og samgn. legg ég til að tillögunum verði báðum vísað til samgn. Ég tek fram að ég tel eðlilegt að fjárln. fái tillögurnar til umsagnar til að fara yfir útgjalda- eða tekjurammann og ganga þannig úr skugga um að hann sé í samræmi við forsendur fjárlaga. Ef tillögur eru uppi um að brjóta upp ramma fjárlaga er rétt að fjárln. fjalli sérstaklega um þær.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 af ástæðum sem hann hefur gert grein fyrir, þ.e. að ríkisstjórnin hefur ákveðið og fengið samþykkt Alþingis fyrir því að skera niður framlög til vegagerðar. Slíkt hefur gerst áður en yfirleitt hefur það verið við þær aðstæður að þensla hefur verið í þjóðfélaginu. Í baráttu við verðbólgu sem oft var býsna erfið var talið óhjákvæmilegt að reyna að draga eitthvað úr henni með því að ríkið hægði á framkvæmdum sínum þegar mikið var að gera á öðrum sviðum. Nú er þessu þveröfugt varið og því hlýtur viðhorfið að vera nokkuð annað til þessa niðurskurðar. Jafnframt er vitað að margar framkvæmdir í vegagerð eru mjög arð-

bærar og því hagkvæmt fyrir þjóðfélagið og ríkið að þær séu unnar á þeim tímum þegar tilboð í vinnu eru mjög lág, kannski þriðjungi og allt niður í helmingi lægri en kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir.

Síðan er það hin hliðin, þ.e. atvinnuþátturinn. Við þessar aðstæður þegar þeim fjölgar sífellt sem skortir atvinnu þá fer að verða lítill viðbótarkostnaðurinn sem þjóðfélagið þarf að greiða við það að nýta vinnuafl og verkfæri, verkfæri sem eru fyrir hendi hvort sem er og vinnuafl sem þarf að greiða atvinnuleysisbætur til. Því hlýtur þessi niðuskurður mjög að orka tvímælis svo ekki sé dýpra í árinni tekið. En þessi stefna var mörkuð með fjárlagagerðinni fyrir áramótin og í sjálfu sér er það því gerður hlutur og afráðinn. Hér er því aðeins verið að ræða hvernig eigi að bregðast við þessari breyttu stefnu, hvernig á að skera niður þær framkvæmdir sem búið var að setja á áætlun. Það er vissulega meira en lítið þegar almennar framkvæmdir í vegagerð dragast saman um rúmlega 19% og það hlýtur einnig að koma niður á mörgum brýnum og arðbærum framkvæmdum. Um þetta verður samgn. að fjalla og ég skal ekki fara frekar út í það hér. Hins vegar eru nokkrar spurningar sem fróðlegt væri að heyra svör við. Hver er t.d. stefna núv. ríkisstjórnar um framhaldið? Hér er aðeins tekin fyrir áætlun þessa árs og að sjálfsögðu er það mjög bagalegt þegar komið er þetta fram á árið að gera slíkar ráðstafanir og það liggur ekki enn fyrir hvað verður fyrir barðinu á niðurskurði. Því væri það mjög æskilegt að fá að vita um er stefna ríkisstjórnarinnar um framhaldið. Ætlar hún að skera niður svipað á árunum 1993 og 1994 og gert er nú og hvenær er líklegt að þjóðin og Alþingi fái að vita um þann vilja og það áform ríkisstjórnarinnar?

Eins og ég sagði áður er niðurskurður til almennra framkvæmda um 19%, þar af líklega einna mestur til sýsluvega. Þetta verkefni var algerlega fært yfir til ríkisins fyrir nokkrum árum. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það frá samgrh. hve miklu nemur raungildislækkun frá því síðasta ári áður en þetta var alveg fært yfir til ríkisins og til þeirrar tölu sem nú er gert ráð fyrir að renni til þessarar starfsemi samkvæmt þessari endurskoðuðu vegáætlun. Hæstv. ráðherra drap á að gerður hefði verið samningur á sl. ári við Reykjavíkurborg til að grynna eitthvað á skuldum ríkisins við hana vegna framkvæmda á þjóðvegum í þéttbýli og vissulega er hægt að taka undir orð hæstv. ráðherra að það er æskilegt og rétt að standa við gerða samninga. En óneitanlega kom þá strax í huga minn af hverju hæstv. landbrh. telur ekki nauðsynlegt að standa við gerða samninga um bændastéttina um launagreiðslur til hennar, eins og ég hef gagnrýnt fyrr á þessu þingi og talið hægt að standa við. Af hverju telur hæstv. ráðherra að það gildi ekki það sama um alla samninga?

Ég skal ekki teíja þessar umræður lengur nú því eins og fram kom hjá mér fyrr tel ég að það sé mjög brýnt að þetta mál verði sem fyrst tekið til skoðunar í nefnd og afgreitt frá Alþingi. Nógu slæmur er sá dráttur sem þegar er orðinn á því að fá að vita hvernig niðurskurðinum verður beitt þó að reynt verði að hraða vinnunni hér eftir. Að sjálfsögðu þarf samt að ætla nefnd þann tíma sem henni er nauðsynlegur til að fjalla um allar hliðar þess.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um þá vegáætlun eða tillögu um aukaendurskoðun á gildandi vegáætlun, sem er kannski réttar að kalla þetta, fyrir árin 1991–1994. Eins og hæstv. samgrh. gerði hér grein fyrir eru svo miklar breytingar lagðar til af hálfu ríkisstjórnar á vegáætlun að ekki er annars kostur en taka hana til meðferðar hér á Alþingi á þessum vetri þó svo að reglubundin endurskoðun hefði samkvæmt lögum ekki átt að fara fram fyrr en á næsta ári. Það ber vissulega að harma að þetta skuli vera niðurstaðan, sérstaklega í því ljósi að þær breytingar, sem lagðar eru til, eru til skerðingar á framkvæmdum í vegamálum.

Ég vil fyrst gera lítils háttar athugasemd við eitt atriði sem kom fram í máli hæstv. samgrh. Ég tel að hann hafi ekki orðað það á réttan hátt miðað við það sem lagt var upp með við afgreiðslu vegáætlunar vorið 1991. Þar var ekki meiningin eða ég tel það ekki nákvæma lýsingu að tala um að staðið hafi til að fella niður afslátt á blýlausu bensíni. Það var alls ekki ætlunin að afnema þann verðmismun sem væri á bensíni með blýi og blýlausu bensíni. Þvert á móti var meiningin að hæfilegur verðmunur yrði látinn halda sér til að hvetja til notkunar á blýlausu bensíni. Um það var mörkuð stefna í fyrri ríkisstjórn á árunum 1989–1990. Hins vegar ráku menn sig á það að ef þessi verðmunur yrði áfram búinn til með því eingöngu að veita afslátt frá fullri gjaldtöku á þeim hluta bensínsins sem seldur væri án blýs mundi það smátt og smátt rýra tekjumöguleika Vegasjóðs. Það var ekki ætlunin þegar afsláttur var innleiddur á blýlausu bensíni að það skyldi koma sérstaklega niður sem tekjuminnkun hjá Vegasjóði. Tilgangurinn var sá að hvetja til notkunar á blýlausu bensíni og búa þurfti til hæfilegan verðmun á blýlausu og blýbensíni til þess að neytendur sneru sér í vaxandi mæli að notkun blýlauss bensíns. Þetta hefur blessunarlega gengið eftir og þessum tilgangi hefur verið náð. Hins vegar ráku menn sig á að tæknilega verður það þannig að breyta verður ákvæðum laga um innheimtu bensíngjalds með einhverjum hætti og annaðhvort lyfta því þaki sem þar er sett eða útbúa heimildir til töku bensíngjalds þannig að Vegasjóður geti þrátt fyrir þennan verðmun haldið óbreyttum tekjumöguleikum sínum að raungildi. Þetta er tæknilegt úrlausnarefni sem þarf að leysa með einhverri lítils háttar breytingu á lögum um fjáröflun til vegamála. Ætlunin var að slíkar breytingar yrðu unnar á síðasta ári og lagðar fram á þessu þingi. Þær hafa því miður ekki látið á sér kræla og ég vil þess vegna spyrja hæstv. samgrh. hvort ekki sé ætlunin að gera þessar breytingar þannig að til framtíðar litið geti Vegasjóður aflað svipaðra tekna að raungildi innan ramma laga um fjáröflun til vegamála en eftir sem áður haldi sér hæfilegur verðmunur í útsölu á bensíni með tilliti til þess hvort það inniheldur blý eða ekki. Ég hygg að um þetta mál sé enginn ágreiningur, ég trúi því ekki. Ég

held að allir séu sammála um að það sé æskilegt að hvetja til notkunar á blýlausu bensíni og það hefur gengið vel eins og ég sagði en um 70% bíleigenda nota blýlaust bensín. Hins vegar þarf svo sannarlega að tryggja það að Vegasjóður hafi eftir sem áður óbreytta tekjumöguleika við álagningu þessara gjalda. Það er tæknilegt úrlausnarefni að breyta þannig lagaákvæðum um þessa innheimtu að þetta hvort tveggja geti farið saman. Ég hef vonandi skýrt það út með fullnægjandi hætti að það var ekki ætlunin að láta þennan verðmun hverfa. Hins vegar sáu menn að ráðast þyrfti í þessa breytingu til þess að unnt væri að tryggja tekjuforsendur Vegasjóðs til frambúðar eins og þær voru fyrir daga blýlauss bensíns.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra upplýsti hér um þann slaka sem er í hinum mörkuðu tekjustofnum á innheimtu bensíngjalds og þungaskatts, þá er ekki mikið um það að segja annað en að það er pólitísk ákvörðun ríkisstjórnar að nýta ekki þessa tekjustofna til fulls. Það kemur að sjálfsögðu niður á tekjum Vegasjóðs og möguleikum þar til framkvæmda. Ég hlýt að lýsa því sem minni skoðun að æskilegast hefði verið að halda sig við áform um að ná upp fullri nýtingu á þessum tekjustofnum í áföngum eins og áformað var að gera við afgreiðslu vegáætlunar vorið 1991. Þeir væru því fullnýttir á þessu ári og til frambúðar og það væri sá grunnur sem vegáætlun og langtímaáætlun um framkvæmdir í vegamálum byggði á.

Það hlýtur að vera nokkuð nöturlegt fyrir þá hv. þm. sem áttu þátt í því að semja tillögur um langtímaáætlun í vegamálum, þar sem þessi stefna var mörkuð í sæmilegri samstöðu, að það væri ekki raunhæft að reikna með að framkvæmdir í vegamálum á komandi árum mundu grundvallast á öðru en mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs. Það þarf ekki að rekja það fyrir hv. alþm. að fram til þess tíma að síðasta vegáætlun og langtímaáætlun voru afgreiddar, höfðu menn jafnan reiknað með því að til viðbótar fullri nýtingu hinna mörkuðu tekjustofna kæmu umtalsverðar beinar fjárveitingar úr ríkissjóði til að standa undir framkvæmdum í vegamálum. Þannig var hin upphaflega langtímaáætlun afgreidd á sínum tíma og allar vegáætlanir frá þeim tíma og til ársins 1991 þótt vegáætlun vorið 1989 tæki að vísu að nokkru leyti mið af þessum breytta veruleika. Hitt er svo staðreynd að allan þennan tíma létu þessar beinu fjárveitingar úr ríkissjóði á sér standa. Hver vegáætlunin á fætur annarri var endurskoðuð og samþykkt hér á Alþingi á níunda áratugnum á grundvelli þeirrar óskhyggju að á næsta ári eða þar næsta mundu menn verða svo rausnarlegir að leggja stórar fjárhæðir í formi beinna framlaga úr ríkissjóði inn í vegamálin til viðbótar hinum mörkuðu tekjum. En þetta reyndist jafnan óskhyggja. Við þetta var aldrei staðið og þess vegna var það niðurstaðan, að mínu mati alveg með réttu og á grundvelli raunsæis, að hverfa frá þessu ráði, hætta að byggja vegáætlanirnar þannig lagað séð á sandi en treysta hins vegar á pólitíska samstöðu um að fullnýta hina mörkuðu tekjustofna til framkvæmda í þessu skyni. Hér er því miður horfið frá því. Nú gefast menn upp við það þannig að þá stendur ekki einu sinni það eftir að menn ætli sér að nota til framkvæmda í vegamálum af fullu afli tekjur á grundvelli hinna mörkuðu tekjustofna. Þetta er sú afturför sem við mönnum blasir í þessum efnum. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að rifja hér upp og þyrftu þó að vera í salnum ýmsir hv. alþm. sem hafa látið ýmislegt í sér heyra á undanförnum árum, t.d. hv. 2. þm. Norðurl. v., hv. þm. Pálmi Jónsson. Það er mikill skaði að hann skuli ekki treysta sér til að vera viðstaddur umræður um vegamál nú við þessar aðstæður, m.a. í ljósi þess hversu skörulega honum mæltist hér á árinu 1989. Þá var hv. þm. mikill hugsjónamaður í vegamálum og taldi að þeir sem þá stóðu að hlutunum slægju illilega slöku við, gott ef hæstv. núv. samgrh. gekk ekki í lið með honum við að gagnrýna frammistöðu þeirra sem stýrðu málum á þeim tíma. (**Landbrh.:** Og var ástæða til.) Og var ástæða til, segir hæstv. samgrh. Hvað má þá segja núna, hæstv. samgrh.? Hvað má þá segja um garpskapinn núna? Hafi stór orð hv. þm. á árunum 1989 og 1991 átt rétt á sér, hvað má þá segja núna þegar við mönnum blasir þessi frammistaða sem ég hef hér verið að gera grein fyrir?

Nei, staðreyndin er auðvitað sú, hæstv. forseti, að þetta er ákaflega dapurlegt nesti sem hæstv. samgrh. leggur hér á borðið. Ég held að fáir samgrh. hafi byrjað feril sinn dapurlegar en einmitt þessi núv. hæstv. samgrh. sem varð að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum síðasta vor að skera niður framkvæmdir í vegamálum um 350 millj. kr. Niðurskurðurinn sem hér er lagður til frá gildandi vegáætlun er upp á 766 millj. kr. að raungildi í skerðingu á vegafé. Þessi skerðing stafar af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi er horfið frá 250 millj. kr. lántöku til að flýta framkvæmdum við Vestfjarðagöng. Sá kostnaður er tekinn yfir á almennar vegaframkvæmdir og skerðir að sjálfsögðu framkvæmdagetuna þar sem þessu nemur. Í öðru lagi eru 265 millj. kr. gerðar upptækar í Vegasjóð og það gera samtals 515 millj. úr Vegasjóði í ríkissjóð. 265 millj. kr. eru gerðar upptækar í Vegasjóði og færðar yfir í ríkissjóð. Þeim er stolið, ef notuð er íslenska, úr Vegasjóði. Í þriðja lagi vantar svo 251 millj. upp á að hinir mörkuðu tekjustofnar skili eins og þeim er beitt eða verður beitt á árinu því fé inn í vegamálin sem þeir ættu að gera. Og þegar þessar þrjár tölur eru lagðar saman, þá gera það 766 millj. kr. sem vantar upp á að framvæmdagildi haldi sér í vegamálum.

Ég hlýt jafnframt að gera athugasemdir við framsetningu í fskj. með þáltill. þar sem bersýnilega er verið að gera tilraunir til að blekkja menn varðandi uppsetningu á hlutunum en ég tel það ámælisvert. Þar á ég við þær framkvæmdir árið 1991 sem settar eru upp í töflu á bls. 4 eða öftustu síðu þskj., að eingöngu eru sýnd útgjöld til vegamála á árinu 1991 eins og þau urðu eftir að hæstv. ríkisstjórn hafði ákveðið og að skera niður fjárveitingar til vegamála um 350 millj. kr. Síðan er komið og sagt að fjárveitingar aukist nokkuð milli ára og menn fá þennan snilldarlega samanburð út með því að setja eingöngu inn hina niðurskornu tölu á árinu 1991. Það er þannig sem hæstv. samgrh. og hv. stjórnarþingmenn fá þennan ánægjulega samanburð út.

Þeir bera saman núverandi niðurstöðutölur þessarar till. til þál. um vegáætlun og eigin niðurskornar framkvæmdir, þá fá þeir nokkurn vöxt. Þarna þyrfti að standa a.m.k. til samanburðar samreiknuð niðurstöðutala vegáætlunar fyrir árið 1991 eins og hún var afgreidd hér á Alþingi vorið 1991 og þá mundi láta nærri að það væru um 5.770–5.780 millj. kr. Frá þeirri tölu er auðvitað um umtalsverðan niðurskurð á raungildi fjárveitinga að ræða. En þetta liggur tiltölulega ljóst fyrir, hæstv. forseti, og vonandi þarf ekki að fara út í miklar rökræður um þetta. Sú staðreynd blasir við mönnum að raungildisskerðingin er 776 millj. kr. Að nafngildi eru þetta 1.003 millj., þ.e. ef tekin er niðurstöðutala vegáætlunar fyrir árin 1991–1994, eins og hún stendur er þarna um lækkun upp á 1.003 millj. kr. að ræða. Það skýrist af því að vegáætlunin gerði ráð fyrir 8% verðlagsbreytingu milli áranna 1991 og 1992 en reyndin varð síðan 3,5%–4%. Þegar þetta er tekið inn í myndina er raungildisskerðingin ekki 1.000 millj. heldur 766 millj. Ég hef orðið var við að menn hafa svolítið verið að rugla þessu saman. Báðar tölurnar hafa verið í umferð, að niðurskurður vegafjár væri 1 milljarður eða hann væri 766 millj. kr. Báðar tölurnar eru að nokkru leyti réttar og skiljanlegt að þær séu í umferð þegar þetta er skoðað.

Ég hlýt að mótmæla líka og harma þennan niðurskurð með þeim rökum, sem eru gamalkunn hér á Alþingi, að ástand í samgöngumálum þjóðarinnar er auðvitað þannig að ef einhvers staðar er ástæða til þess að verja framkvæmdaflokk fyrir niðurskurði þá er það í samgöngumálum. Það eru jafnbrýnar ef ekki brýnni ástæður fyrir því að þjóðin verður að reyna til hins ýtrasta að leggja í þennan málaflokk fjármuni á næstu árum. Það er lífsnauðsynlegt ef byggð á að geta haldist í landinu nokkurn veginn í því horfi sem hún er. Það er í öðru lagi algert úrslitaatriði fyrir einstök byggðarlög að þau fái samgöngubætur vegna þess að samkeppnisstaða byggðarlaganna, fyrirtækja og sveitarfélaga, einstaklinga og atvinnulífs í öllu tilliti verður í æ ríkara mæli háð því að samgöngurnar séu greiðar. Ég hygg að flestir hv. alþm. átti sig á þessu. Þess vegna eru samgöngurnar og samgöngubæturnar og möguleikar hinna einstöku byggðarlaga til framfara og þróunar gersamlega óaðskiljanlegir hlutir. Það á að sjálfsögðu við samgöngur í almennu samhengi, ekki bara samgöngur á landi heldur einnig í lofti og á legi og með öllum öðrum hugsanlegum aðferðum.

Í þriðja lagi vil ég nefna atvinnuástandið í landinu. Það er nokkuð þekkt að fáar framkvæmdir eru þrátt fyrir allt jafnatvinnuskapandi vítt og breitt um landið og framkvæmdir í samgöngumálum. Vinnulaunaþátturinn í slíkum framkvæmdum er umtalsverður og velta, sem við slíkar framkvæmdir kemur inn í einstök byggðarlög, er mikil. Ég hefði talið ekki síst í ljósi þeirra breyttu aðstæðna að hér verður ekkert úr þeim stórframkvæmdum í iðjumálum og orkumálum sem hæstv. ríkisstjórn hafði nánast sem einu ljóstýru sína í myrkrinu varðandi atvinnumál og efnahagsmálaþróun hér á komandi árum, þ.e. álversdrauminn mikla, þá hlyti það að vera hvað nærtækast að horfa til samgöngumálanna og vegamálanna sérstaklega sem eru þar fyrirferðarmest í framkvæmdum. Er þá ekki ástæða til að líta á þann málaflokk og reyna að afstýra þeim mikla samdrætti sem annars er fyrirsjáanlegur í umsvifum og framkvæmdum á árinu? Við höfum fengið mjög ljótar tölur á undanförnum vikum, herra forseti, um atvinnuástandið í landinu og horfurnar þar og mér finnst það allt bera að sama brunni. Þeim mun dapurlegri er þessi mikli niðurskurður í vegaframkvæmdum.

Mér finnst enn fremur óhjákvæmilegt að nefna að þessu sinni þá ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar, sem nú er verið að bera hér undir Alþingi með þessari þáltill. og var að nokkru leyti gert óbeint við afgreiðslu fjárlaga, að hverfa frá því samkomulagi og þeirri samþykktu stefnu Alþingis sem liggur fyrir um tilhögun framkvæmda við jarðgangagerð á Vestfjörðum. Mér virðist það gleymast að þetta er ekki bara spurning um einhverjar framkvæmdir í vegamálum sem menn geta ýtt fram og til baka eins og þeim sýnist, mér liggur við að segja að eigin geðþótta. Embættismenn Vegagerðarinnar eða öllu heldur hæstv. samgrh. ber hér alla ábyrgð. Nei, fyrir þessari tilhögun framkvæmda liggur samþykkt ályktun Alþingis. Á Alþingi var sérstök þál. afgreidd um það hvernig skyldi ráðist í þessar framkvæmdir og með hvaða hraða og hvernig sá kostnaður yrði brúaður sem af því hlytist að hraða framkvæmdum tímabundið. Sú samþykkt var alveg afdráttarlaus. Hún felur í sér að flýtingarkostnaðurinn skuli tekinn að láni og fjármagnskostnaðurinn sem hlýst af því skuli greiðast úr ríkissjóði. Því var beinlínis ætlunin að ríkissjóður legði þessum framkvæmdum til lántökukostnaðinn í formi framlags sem hlytist af hröðun framkvæmdanna. Þessa samþykkt Alþingis er verið að brjóta með þeim ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið og ég hefði talið lágmark að leggja það fyrir Alþingi á nýjan leik í formi sérstakrar tillögu að breyta þessari fyrri samþykkt. A.m.k. finnst mér að hæstv. samgrh. eigi að gera grein fyrir þessum þætti málsins þegar hann mælir hér fyrir vegáætlun og gera hv. alþm. ljóst að þá er verið að fara fram á að Alþingi breyti fyrri afstöðu sinni og samþykki nýja og breytta tilhögun þessara mála sem er á þá leið að Vegasjóður sjálfur beri allan kostnað af framkvæmdunum án lántökunnar og án þess að ríkissjóður leggi því lið með því að greiða fjármagnskostnaðinn eins og ákveðið var.

Rökin sem menn höfðu m.a. fyrir sér í því að láta ríkissjóð bera fjármagnskostnaðinn voru að ríkissjóður á í vændum sparnað af ýmsu tagi þegar þessar framkvæmdir koma í gagnið. Það eiga vonandi fjölmargir aðrir aðilar, þar á meðal Vegasjóður sem ætla má að spari 20–30 millj. kr. lauslega áætlað í minni snjómoksturs- og rekstrarkostnaði vegakerfisins á þessu svæði á norðanverðum Vestfjörðum þegar göngin koma í gagnið. Mér finnst alls ekki hafa verið staðið að þessum þætti málsins með eðlilegum hætti, herra forseti, og verð að láta þá skoðun mína koma í ljós. Í raun og veru er verið að hafa að engu þál. Alþingis sem staðfesti þá ákvörðun að hraða framkvæmdum við jargangagerðina á Vestfjörðum óháð vegáætluninni án

þess að það hefði nokkur bein áhrif á vegáætlunina. Það var einmitt mjög veigamikill hluti af því samkomulagi sem um þetta tókst við þingmenn allra kjördæma að flýtingin var algerlega sjálfstætt mál óháð vegáætlun og ef samþykkt Alþingis hefði verið virt hefði hún ekki haft nokkur minnstu áhrif á framkvæmdir í vegamálum í öðrum kjördæmum landsins. Á þeim grundvelli tókst að skapa algera samstöðu um málið á Alþingi. Mér finnst komið aftan að þeim þingmönnum annarra kjördæma sem studdu ákvörðunina um jarðgangagerð á Vestfjörðum með þessari málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Því verður ekki á móti mælt að framkvæmdafé í vegamálum í öðrum kjördæmum landsins er nú skert sem nemur 250 millj. kr. lágmark vegna þess sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til.

Herra forseti. Fróðlegt verður síðan að heyra í þeim stjórnarliðum, stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar, sem á annað borð þora að vera inni í þingsalnum þegar vegamálin eru rædd. Fjarvera manna eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. vekur sérstaka athygli mína og reyndar mætti segja sama um hv. 3. þm. Austurl. sem ég sé allt í einu að er ekki lengur inni í þingsalnum og hvort það er nú hugsanlega þannig að þeir hafi slæma samvisku yfir því sem hæstv. ríkisstjórnin þeirra er að gera í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Þeir eru komnir út úr þinghúsinu.) Það er jafnvel upplýst hér að þeir séu lagðir á flótta út úr húsinu og er það náttúrlega skiljanlegt.

Herra forseti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum mínum með það að þessi niðurskurðaráætlun skuli vera lögð fram af hæstv. samgrh. Ég tel það í hróplegu ósamræmi við aðstæður í landinu. Ég tel það í hróplegu ósamræmi við þörfina á þessu sviði og ég tel mjög miður að með ýmsum hætti er málafylgja hæstv. ríkisstjórnar í vegamálum þannig að hún er ekki til þess fallin að varðveita eða halda utan um þá samstöðu um þennan málaflokk sem reynt hefur verið að skapa og hafa í heiðri á undanförnum árum. En ég sé á þessu stigi málsins ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta en þætti vænt um að hæstv. samgrh. svaraði spurningu minni um hin tæknilegu atriði varðandi innheimtu bensíngjaldsins og verðmun á blýlausu bensíni og blýbensíni sem ég spurði um áðan.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Mig langar til að upplýsa hv. þm. um það að ræðutími í umræðunni er skv. 44. gr. þingskapa átta mínútur tvisvar sinnum en flutningsmanni er heimilt að tala í fimmtán mínútur. Ég kannaði það á meðan hv. þm. var í ræðustól hvort óskað hefði verið eftir því að þessi umræða færi fram skv. 55. gr. þingskapa og hvort ósk hefði komið fram um það áður en umræðan hófst. Mér er tjáð að svo hafi ekki verið þannig að þá fer umræðan fram skv. 44. gr. þannig að ræðutími flutningsmanns er fimmtán mínútur en annarra átta mínútur.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Ég vil helst fá orðið um þingsköp, herra forseti, ef hægt væri að veita mér það eins og gert hefur verið í níu ár þangað til þessi óvenja var tekin upp í haust að veita mönnum orðið um eitthvað sem þurfi endilega að heita athugasemd við gæslu þingskapa. Ég er að sjálfsögðu ekki að gera athugasemdir við það. Ég vil fá að ræða hér við hæstv. forseta um það sem reyndar kom hér fram í orðaskiptum okkar milli stólanna áðan að ég hafði einhvern veginn talið að það væri sjálfgefið að þegar meiri háttar framkvæmdaáætlanir væru til umræðu væri ræðutími ótakmarkaður eins og jafnan var. Ég vil leyfa mér að halda því fram að þegar ákvæði nýju þingskapanna voru afgreidd lá það í skilningi manna að jafnan yrði um það að ræða að þegar vegáætlun, flugmálaáætlun, hafnaáætlun og síðan meiri háttar þingsályktanir sem vörðuðu utanríkismál væru til umræðuu yrði ræðutími ótakmarkaður.

Nú kann að vera að mönnum hafi verið ætlað að gera við það athugasemdir eða óska sérstaklega eftir því að umræðan færi fram skv. 55. gr. áður en hún hófst, ella sé forseta heimilt að láta hinn takmarkaða ræðutíma gilda. Ég vil þá vekja athygli hæstv. forseta á því að við erum kannski að ræða í fyrsta sinn framkvæmdaáætlun af þessu tagi með hinum nýju þingsköpum. Ég hefði þess vegna talið eðlilegt að hæstv. forseti hefði í byrjun umræðunnar upplýst okkur um það hvernig málin stæðu gagnvart hinum nýju þingsköpum. Ég hefði að sjálfsögðu óskað eftir því að umræðutíminn yrði ekki endilega takmarkaður hér við átta mínútur ef ég hefði áttað mig á því að bera þyrfti fram ósk um það í upphafi.

Ég vil með tilliti til þessara aðstæðna spyrja hæstv. forseta hvort hann fallist ekki á að eftir sem áður skuli gilda ákvæði 55. gr. eða a.m.k. sé heimilt að koma með ósk um það nú þótt menn hafi ekki áttað sig á að það þyrfti að gera í upphafi umræðunnar. Ég hygg að mönnum hafi kannski ekki almennt verið það ljóst eða kunnað það utan að hvernig þessir hlutir stæðu gagnvart hinum nýju þingsköpum. Mér finnst það því sanngirnismál, líka með hliðsjón af því að forseti gerði mönnum ekki grein fyrir því hvernig þetta væri á grundvelli ákvæða hinna nýju þingskapa, að umræðan lokist ekki af ef svo má að orði komast miðað við takmarkaðan ræðutíma. Með því er ég ekki endilega að segja að hér muni verða einhverjar maraþonumræður. Mér finnst visst grundvallaratriði að mönnum sé ljóst undir hvaða skilmálum umræðurnar fara fram hverju sinni.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af ræðu hv. þm. vil ég geta þess að hann talaði í sautján mínútur. Ég taldi mér ekki fært að grípa fram í ræðu hans vegna þess að ég hafði gefið honum til kynna að mér var ókunnugt um hvort slík ósk hefði komið fram. Það er hárrétt að hér eru ný þingsköp í gildi og ég tel að hér þurfi að hafa mjög góð samráð. Ég tel rétt að við gerum hlé á fundinum í fimm mínútur á meðan við leitum samráðs um það hvernig við höldum áfram fundi og fundarstjórn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu má deila um það hvort forseti hafi ætlað að heimila lengri eða styttri umræðu um þetta mál. En þess eru engin ákvæði í þingsköpum að fyrst skuli leyfa hina lengri og svo hina styttri þannig að það er sjálfgefið að eftir að hæstv. forseti hefur leyft hv. 4. þm. Norðurl. e. að tala í sautján mínútur samfellt hefur hann heimilað hina lengri. Hitt gengur alls ekki upp að þetta verði eins og jójó fram og til baka eftir því hver er í ræðustól hvort það er hin lengri eða styttri umræða sem fram fer. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en haldið er áfram með 6. dagskrármálið vill forseti láta þess getið að sú málsmeðferð sem fyrirhuguð var á málinu, þ.e. að hér mætti aðeins frsm. þáltill. tala í fimmtán mínútur en aðrir þingmenn í átta mínútur tvisvar hver, er skv. 44. gr. þingskapalaga þar sem gert er ráð fyrir að umræðan fari fram með þessum hætti nema ósk liggi fyrir um annað, þ.e. að ræður séu án tímamarka. Hins vegar getur forseti alveg fallist á að eðlilegt hefði verið og tillitssemi við hv. þm. að taka þetta fram í upphafi vegna þess að hér er um nýtt ákvæði í þingskapalögunum að ræða og ekki hefur áður reynt á þetta nú á þessu þingi. Því vill forseti taka tillit til þess og leyfa að umræðan fari fram eftir almennum ákvæðum 55. gr.

Forseta langar jafnframt til að gefnu tilefni, af því að það hefur nú nokkrum sinnum verið gerð athugasemd við það að forseti væri tekinn upp á því að gefa orðið um „gæslu þingskapa“ taka fram að það er gert samkvæmt orðanna hljóðan eins og 2. mgr. 55. gr. þingskapalaganna segir til um. Vill nú forseti lesa það til upplýsingar:

„Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.“

Þegar menn biðja um orðið um þingsköp, eins og áður var sagt, gefur forseti orðið um gæslu þingskapa eins og stendur í 2. mgr. 55. gr. Vonast forseti til þess að nú hafi þingmenn skilið hvers vegna þetta orðalag er notað. Það er ekki fundið upp af forseta heldur er það samkvæmt þingskapalögum.

Um gæslu þingskapa tekur til máls hv. 4. þm. Norðurl. e. og nú þætti forseta gaman að því að hv. þm. notuðu líka þetta orðalag eins og þingsköpin gera ráð fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka forseta fyrir úrskurðinn varðandi ræðutímann. Ég fagna honum og tel hann réttlátan úrskurð og forseti vaxi af því að fella þann úrskurð. Ég er sannfærður um að hv. alþm. munu sýna þakklæti sitt m.a. í verki með því að umræðan gangi greiðlega fyrir sig.

Í öðru lagi vil ég segja varðandi þá málvenju sem er áratugagömul það ég best veit að biðja um orðið um þingsköp og ég held jafnframt málvenja að veita orðið um þingsköp er það að sönnu örugglega rétt hjá forseta að samkvæmt ákvæðum þingskapalaganna er talað um að gera athugasemdir við gæslu þingskapa. En það sem ég var að vísa til var sú málvenja sem ég vandist í þinginu að menn báðu um orðið um þingsköp og fengu orðið um þingsköp. Spurningin er sú og það er rannsóknarefni út af fyrir sig hvort það hefur bara ekki staðið þannig áratugum saman að ekki hafi farið þarna nákvæmlega saman annars vegar ákvæði þingskapanna og hins vegar málvenjan sem notuð hefur verið í þinginu. Það er sem sagt málvenjan sem ég sé eftir, hæstv. forseti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem liggur frammi um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árið 1991–1994 gerir ráð fyrir því að framlag til vegagerðar skuli skert um 750–760 millj. kr. og tel ég að ekki sé hægt að fá minni tölu út úr því. Að vísu hefur verið rætt um að það væri allt að einn milljarður en fyrsta vegáætlun sem samþykkt var fyrir þetta ár gerði ráð fyrir 6 milljörðum 318 millj. og í dag er gert ráð fyrir 5 milljörðum 566 millj. Skerðingin er því umtalsverð eins og ég hef sagt.

Þá er spurningin hvar allur þessi niðurskurður kemur niður á framkvæmdum í vegamálum og ræðumenn á undan mér hafa nú lýst því nokkuð. Við höfum einnig í samgn. og fjárln. fengið að heyra að markmið muni verða að auka viðhald og skerðingin muni ekki koma niður á viðhaldsfé. Þó er staðreyndin sú ef tölur síðustu ára eru skoðaðar að viðhald hefur verið mjög í lágmarki. Það hefur sífellt farið minnkandi á síðustu árum en aðeins verið aukning í nýframkvæmdum, m.a. bundnu slitlagi. Ég á því eftir að sjá að að viðhaldið muni ekki skerðast því eins og ég sagði hefur það verið mjög af skornum skammti, a.m.k. víða út um landið á undanförnum árum.

Þá má einnig geta þess að sá sparnaður sem þarna er fyrirhugaður hlýtur að koma mjög mikið niður á þeirri atvinnu sem þetta hefur skapað heima fyrir — virðulegi forseti, mér þykir nokkur hávaði hér í hliðarsölum. (**Forseti:** Forseti biður þá sem eru í hliðarsölum að hafa hljótt um sig svo að það trufli ekki hv. þm. sem er í ræðustóli.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir þessa athugasemd og bendi einnig á að hæstv. samgrh., sem þingmenn ætlast til að hlusti á mál þeirra, er einmitt rétt við þennan hliðarsal þannig að ég er að hugsa um að hann heyri líka það sem hér er sagt. Ég var að ræða um það að sá sparnaður sem hér er fyrirhugaður í vegamálum mun koma mikið niður á atvinnu heima fyrir. Ég get nefnt jarðgangagerð á Vestfjörðum sem er fyrirhugað að draga úr á þann veg að hún standi yfir einu ári lengur en ætlað hafði verið samkvæmt þeirri þál. sem hér var samþykkt í fyrra. Vegna þessarar ákvörðunar mun verða dregið úr þeirri framkvæmd sem heimaaðilar gætu sinnt, en verður þó reynt að standa eftir því sem hægt er við það samkomulag og þá samninga sem búið er að gera við verktaka um jarðgöng. Þar sem búið er að gera útboð og samþykkja mun samdráttur koma niður á vinnu heimaaðila. Ekki bætir það atvinnuástandið þegar þessi

skerðing í samgöngumálum kemur til viðbótar.

Heildarútgjöld til vegamála hafa verið að minnka sem hlutfall af þjóðarframleiðslu undanfarin ár. Á árinu 1972 voru þau 2,35% af þjóðarframleiðslunni en voru árið 1990 1,46%. Mismunur milli nýbygginga og viðhalds er sá að nýbyggingar vega og brúa hafa þó staðið í stað en hlutfall vegna viðhalds hefur minnkað.

Ég vil líka benda á að fjárfesting í samgöngubótum hefur alltaf verið talin arðbær. Menn ættu að athuga það þegar ákvörðun er tekin, eins og í þessu tilfelli, að hætta við lántökur sem fyrirhugaðar voru til þess að standa straum af vegáætlun eins og hún upphaflega var, þá tel ég að það hefði einmitt réttlætt lántöku til slíkra framkvæmda að þessi fjárfesting er arðbær, það fer ekkert á milli mála.

Að öðru leyti hefur ekki enn þá verið fjallað í þingmannahópum um þann niðurskurð sem hér mun koma fram og það er því lítið vitað um það hvar hann kemur endanlega niður.

Þá er einnig eftir að skoða það, eins og hæstv. samgrh. upplýsti áðan, að hægt mundi verða á framkvæmdum við jarðgöng. Hver verður kostnaðurinn af því að hægja á þessum framkvæmdum? Er ekki með því verið að brjóta samninga og hvaða tugi milljóna er þá verið að tala um að þurfi að greiða þegar ekki er staðið við þá samninga sem búið er að gera?

Að öðru leyti í sambandi við jarðgöng, sem ég gæti flutt langt mál um en hef þó ekki hugsað mér að gera, þá vil ég taka það fram að þegar Alþingi samþykkti það í fyrra að flýta gerð jarðganga í gegnum Breiðadals- og Botnsheiðar um eitt ár þá fóru menn á Vestfjörðum að sjá fram á að sá langþráði draumur yrði að veruleika því þessi jarðgöng eru ekki bara venjuleg vegaframkvæmd heldur marka þau tímamót í tengingu þeirra byggða sem hér er um að ræða. Við höfum séð fram á að þarna yrði eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Með því átti byggðin að eflast, fólkið að færast nær hvert öðru og samvinna og samstaða aukast. Þannig yrði hagræðing í samnýtingu ýmissa annarra mannvirkja sem yrði þá til sparnaðar fyrir ríkissjóð líka. Það var meira að segja sett á stofn nefnd sem átti að hafa það verkefni að sjá til þess að ekki yrði ráðist í óþarfa fjárfestingar sem ekki nýttust eftir tilkomu jarðganga. Nú þegar búið er að ákveða að hægja á þessu og fresta því að framkvæmdum ljúki er samt sem áður búið að bjóða út fyrsta áfanga verksins. Þetta er ákvörðun sem mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir byggðaþróun á Vestfjörðum. En það er slæmt þegar fólk getur ekki treyst því að ákvörðun sem búið er að taka standi. Það brýtur enn meira niður trú manna á það að orð stjórnmálamanna séu marktæk og það dregur úr þeirri bjartsýni sem ég hef fundið að hefur aukist eftir að ákvörðun var tekin um jarðgöngin. Sú framtíðarsýn sem fólkið sá fyrir sér er ekki sú sama.

Ég held að þessi ákvörðun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, sem er e.t.v. stefnumarkandi um það hvernig hún hyggst taka á málefnum hinna dreifðu byggða, verði mjög afdrifarík.

Mig langar til að spyrja hæstv. samgrh. um nokkur atriði sem tengjast þessari þáltill. Í sambandi við Ó-vegaframkvæmdir, sem hér voru ákveðnar fyrir nokkrum árum, voru fyrirhugaðir fjórir vegskálar á Óshlíð. Í dag er búið að byggja tvo þeirra. Allir vita hversu hættulegur sá vegur getur verið og hve mikil nauðsyn er þá á því að byggja þessa vegskála. Það hefur ekkert heyrst um það núna hvenær þeir muni vera byggðir en aftur á móti hefur það gengið mjög milli manna fyrir vestan að byggingu þeirra verði frestað. Þá hefði átt að byggja í sumar samkvæmt loforði en því muni enn verða frestað. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. hvað sé fyrirhugað í þeim málum. Einnig hvort ekki sé fyrirhugað að gera frekari ráðstafanir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á Óshlíð. Menn hafa þar uppi hugmyndir um að það sé hægt að gera ýmsar ráðstafanir sem ekki muni þurfa að kosta svo mjög mikið. Vegskálarnir eru nokkuð dýrir og ef vel ætti að vera þyrftu auðvitað að vera vegskálar við miklu fleiri gil en aðrar leiðir eru til. Ég veit að heimamenn og Vegagerð ríkisins á Ísafirði vita um þær leiðir og þær *hugmyndir sem eru í gangi. Því langar mig að heyra* hjá samgrh. hvort uppi eru einhverjar hugmyndir um að gera frekari úrbætur í öryggismálum á Óshlíð.

Snjómokstursreglur eru alltaf í endurskoðun og eftir því sem Vegagerð ríkisins segir okkur er það yfirleitt frekar til að fjölga mokstursdögum heldur en hitt þegar þær eru endurskoðaðar og er það vel. En eitt er það atriði sem oft hefur komið upp þegar rætt er um snjómokstursreglur, þ.e. hversu vegagerðarmenn virðast vera fastbundnir á daga sem fyrir fram eru ákveðnir og hefur það oft valdið erfiðleikum og óþægindum fyrir fólk að komast leiðar sinnar. Þessi fastheldni vegagerðarmanna kemur þannig fram að ef mokstursdagar eru t.d. þriðjudagar og það hefur ekkert snjóað á mánudag og þriðjudag en svo snjóar á miðvikudag og fólk þarf að komast leiðar sinnar þá er ekki mokað vegna þess að mokstursdagurinn var á þriðjudegi. Sjálf hef ég lent í þessu og ætla ég að segja eina sögu til gamans. Einu sinni í vetur þegar ég var á leiðinni heim til mín, og ætlaði að sjálfsögðu að lenda á Ísafirði, var okkur sagt að þar væri ekki lendandi en hægt væri að lenda á Þingeyri og keyra síðan yfir Breiðadalsheiði því vegurinn væri fær. En sem flugvélin er lent á Þingeyri kemur tilkynning um það frá Vegagerðinni að farið sé að skafa uppi á heiði og nú sé ófært yfir, það sé ekki mokstursdagur í dag, hann hafi verið í gær og þar með sátum við kyrr á Þingeyri og urðum að fara aftur til Reykjavíkur. Þetta er eitt dæmi um hvernig þetta getur verið.

Eitt vil ég líka minnast á í sambandi við mitt kjördæmi en það er vegurinn yfir Hálfdán sem hér hefur verið minnst á í ýmsum umræðum. Eftir þá ákvörðun að leggja Skipaútgerð ríkisins niður er enn nauðsynlegra en áður að flýta framkvæmdum yfir Hálfdán en mér sýnist á þessari vegáætlun að það sé ekki ætlunin heldur sé frekar um samdrátt að ræða en flýtingu og vil ég einnig spyrja hæstv. samgrh. hvort hann hefur hugsað sér eitthvað annað í þeim efnum en hér kemur fram eða hvort ekkert á að gera til að bæta samgöngur við Bíldudal.

Það kom fram hjá hæstv. samgrh. að nokkur ágreiningur hefði orðið um það hvort ætti að vísa þessari þáltill. til samgn. eða fjárln. Venjan hefur verið sú undanfarin ár að henni hefur verið vísað til fjárln. eða fjárveitinganefndar, eins og hún hét, en ég tel að sú ákvörðun sé rétt að vísa henni til samgn. vegna þess að með nýjum þingsköpum er ætlunin að fara inn á þá braut að fagnefndir hafi meira um málin að segja og þá minnki e.t.v. eitthvað vinna fjárln., sem reyndar er tímabundin að miklu leyti. Sú vinna er mest að haustinu, en ég tel það rétta stefnu að vísa þessu máli til samgn. fyrst og fremst, þó að fjárln. fari yfir málið eftir hennar umferð.

Ég gleymdi því áðan í sambandi við þá vegáætlun sem hér liggur frammi að talsverð skerðing á framkvæmdum úti um land kemur líka fram vegna þess að verið er að gera upp gamla skuld úr þéttbýlisvegasjóði til höfuðborgarsvæðis. Ákveðið hefur verið að á næstu þremur árum skuli greiða 370 millj. kr. úr vegasjóði til höfuðborgarsvæðis vegna þjóðvega í þéttbýli. Þar mun skuldin vera um einn milljarður og ekki er þó enn búið að ákveða hvernig hinar 700 millj. greiðist. Ég tel líka að það sé a.m.k. mjög athugaverð ákvörðun hvort rétt hafi verið á sama tíma og verið er að skerða annað framkvæmdafé til vegagerðar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Með þessari þáltill. er verið að staðfesta ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna um niðurskurð í vegamálum sem er auðvitað búinn að liggja fyrir í langan tíma. Út af fyrir sig sýnist mér aðferðin við staðfestinguna samkvæmt þessu þskj. ekki óeðlileg en ég mótmæli, eins og við höfum reyndar áður gert, þeim niðurskurði sem í þessu felst. Það er ekki skynsamlegt að skera niður framkvæmdafé til vegamála við þær aðstæður sem við búum við núna og reyndar er erfitt að skilja hvernig ríkisstjórn, sem ætlaði út í einhverjar mestu þensluframkvæmdir sem menn hafa nokkurn tímann séð framan í á þessu landi, hefur gjörsamlega skipt um forrit og reynir nú að draga saman á öllum sviðum. Við sjáum að það stefnir í verulegt atvinnuleysi sem er reyndar skollið á sums staðar en mun auðvitað halda áfram að aukast eftir því sem fleira kemur fram af fyrirætlunum um samdrátt frá hendi stjórnvalda því auðvitað er þessi samdráttur ávísun á minni umsvif og færri atvinnutækifæri um allt land. Þetta á eftir að kosta mjög erfitt ástand í ýmsum byggðarlögum í landinu og líka hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég held að eðlilegt hefði verið við þessar aðstæður að stjórnvöld hefðu beitt sér fyrir því að halda uppi fullum framkvæmdum í vegamálum og reyna með því að hamla dálítið á móti samdrættinum sem fyrirsjáanlegur er.

Mig langar til að koma hér að fáeinum öðrum atriðum. Reyndar er búið að ræða þessi mál töluvert og hv. 4. þm. Norðurl. e. fór mjög nákvæmlega yfir þau atriði sem við höfum verið að gagnrýna í haust og vetur þannig að ég ætla að reyna komast hjá að endurtaka mikið af því. Mig langar til að ræða það sem kom fram í máli hæstv. samgrh., að hann er búinn að skipa nefnd sem á að endurskoða vegalög. Í þeirri nefnd eru eingöngu stjórnarliðar. Ég átel það og ég verð að segja að mér finnst þessi ríkisstjórn ganga fram með eindæmum í þeim málum sem hún vill endurskoða. Hún skipar eingöngu stjórnarliða í mjög mikilvægar nefndir sem eiga að fjalla um endurskipulagningu á málum sem eru stór mál í augum þjóðarinnar. Þar má t.d. nefna endurskoðun fiskveiðistefnunnar og mér er kunnugt um að menntmrh. ætlar að fara að skipa nefnd sem á að fara að endurskoða grunnskólalögin og framhaldsskólalögin og í þeirri nefnd eiga einungis að vera stjórnarliðar og ekki á einu sinni að óska eftir tilnefningum frá aðilunum sem eiga mestra hagsmuna að gæta, skólafólki eða öðrum. Hann ætlar að skipa alla nefndina án tilnefningar. Þannig er allt á sömu bókina lært í sambandi við framgang ríkisstjórnarinnar með þau mál sem hún ætlar að endurskoða. Það er sárt að finna til þess þegar þingið er að byrja að vinna eftir nýju skipulagi þar sem menn höfðu við orð að þingnefndir ættu að verða stærri aðili í mótun mála og þingmenn fengju þar tækifæri til að fjalla um málin og ræða hugmyndir sem væru á ferðinni í stjórnkerfinu. Nei, það er allt dregið út og sett í nefndir út um bæ. Í þær er sjálfsagt valið ágætt fólk en með þeim formerkjum sem ríkisstjórnin setur að það skuli vera einlægir stuðningsmenn flokkanna sem standa að ríkisstjórninni og að ekki skuli heldur hlustað á tillögur þeirra aðila sem eiga hlut að utan úr þjóðfélaginu.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh. hvaða hugmyndir hann hafi í sambandi við mál sem hér er nefnt, þ.e. endurskoðunina á þungaskattskerfinu. Er hann að hugsa um að leggja það kerfi niður? Mér finnst það ekki koma skýrt fram. Ég hef verið einn þeirra sem hafa talið að þetta ætti að endurskoða og að skoða ætti vel hugmyndir um það að leggja gjaldmælana af og finna aðra leið til þess að innheimta þungaskattinn. Það mætti vel gera með álagi á dísilolíu sem ekki legðist þó á þá olíu sem seld er til skipa. Það er mun einfaldara kerfi en það sem nú er í gildi. Það yrðu auðvitað fleiri sem mundu borga með þeim hætti en þá væri hægt að lækka gjaldið sem legðist á dísilolíuna. Mig langar að spyrja um hvaða hugmyndir hæstv. samgrh. hafi í þessu efni.

Við höfum auðvitað rætt um þennan samdrátt svo oft í vetur og hvernig hann hefur birst í þeim tölum sem hér eru. Ég ætla ekki að fara yfir það aftur nema að benda á að auðvitað kemur þessi samdráttur næstum alfarið niður á almennum vegaframkvæmdum og enn sárara vegna þess að þar er atvinnumálaþátturinn einmitt stærstur í vegamálum og samgöngumálunum. Þess vegna mun hann virka mun þyngra en ef menn hefðu verið að skera niður með öðrum hætti. Ég er svo sem ekki að leggja til að það sé gert heldur eingöngu að benda á að þessi samdráttur hlýtur að hafa mjög veruleg áhrif bæði á það fólk sem hefur unnið að þessum vegaframkvæmdum og ekki síður þau fyrirtæki sem hafa byggt sína tilveru á að starfa við vegagerð allt í kringum landið.

Ég vil samt ekki láta hjá líða að mótmæla einu sinni enn þeim aðferðum sem voru notaðar í sambandi við

jarðgangagerðina á Vestfjörðum. Þau vinnubrögð finnast mér algjörlega forkastanleg. Þar er ákveðið að breyta út frá samningum sem höfðu verið gerðir og samþykktum sem Alþingi hafði gert og án þess að vera búið væri að ná samkomulagi við þá sem eiga hlut að máli og eru verktakar í þessari gerð. Það finnst mér fáránlegt. Ef eitthvert samkomulag hefði legið fyrir og menn vissu hvað þeir væru að tala um og hefðu getað lagt fram hugmyndir um breytingar hefði þetta kannski verið hugsanleg aðferð. En að mínu viti er það fyrsta skilyrði til þess að hægt sé að ákveða svona breytingu að fyrir liggi að þeir aðilar sem eiga hlut að máli séu tilbúnir til þess að semja um aðra tilhögun og það sé nokkurn veginn heilleg tillaga sem liggi borðinu um hvernig eigi að fara að því.

Ég á sæti í samgn. og þar verður þetta rætt og skoðað og ég vona að það verði eitthvert mark tekið á því sem samgn. segir um þessi mál en í raun og veru er ekki hægt að búast við miklum breytingum. Það er raunverulega búið að ákveða þetta. Þetta er staðfesting á ákvörðunum sem hafa verið ræddar hér í vetur og þess vegna er kannski ekki mikið um það að segja annað en það að ég tel út af fyrir sig að þessi staðfesting sé hvorki verri eða betri en við var að búast.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. 2. þm. Suðurl. að þetta er ekki í fyrsta skipti sem við stöndum andspænis því að framlög til vegamála eru skert. Það hefur margoft gerst áður við ýmsar aðstæður og við stöndum frammi fyrir þeim veruleika líka nú. Þrátt fyrir það er rétt að vekja sérstaka athygli á að framlög til vegamála nema nú rúmum 5,5 milljörðum kr. Einu sinni áður hafa framlög til vegamála verið hærri að raungildi en það var árið 1984. Þrátt fyrir skerðingu er nemur 250 millj. samkvæmt fjárlögum, þá erum við samt að stíga spor fram á við þótt um skerðingu sé að ræða.

Aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig að talið hefur verið nauðsynlegt að taka af mörkuðum tekjustofnum til vegamála um 265 millj. kr. Ástandið í ríkisfjármálum er þess eðlis að það hefur verið talið nauðsynlegt þótt sárt sé fyrir okkur landsbyggðarfólk að horfa á eftir afmörkuðum tekjustofnum inn í almennan ríkissjóð.

Það er líka hárrétt sem hér hefur komið fram að framkvæmdir í vegamálum stuðla mjög að atvinnulífi í sveitum og byggðum landsins. Auðvitað er það átak til atvinnusköpunar á landsbyggðinni að gera sérstakt framkvæmdaátak í vegamálum og það er þekkt að sú leið hefur verið farin. Ég tel að þessa leið eigi sérstaklega að kanna núna þegar við horfum fram á vaxandi atvinnuleysi í landinu. Það er eitt stærsta byggðamálið að treysta samgöngurnar í landinu. Það hefur verið gert mikið átak í vegamálum á síðustu árum og gjörbylting hefur orðið hvað alla vegagerð snertir. Því ber að fagna. Þrátt fyrir að fjárveitingum til jarðgangagerðar á Vestfjörðum sé breytt, þá eru fyrirheit gefin um að framkvæmdum þar eigi að ljúka á áætluðum og tilsettum tíma. Ég vil minna á það í þessari umræðu að þegar framkvæmdum við jarðgangagerð verður lokið á Vestfjörðum, þá verður undirbúningi jarðgangagerðar fyrir Austurland lokið þannig að það verður hægt að snúa sér að framkvæmdum þar í framhaldi af framkvæmdalokum á Vestfjörðum. Það er mjög stórt og brýnt byggðamál fyrir mannlíf og atvinnulíf á Austurlandi að hægt verði að ráðast þar í jarðgangagerð og þess vegna vil ég ítreka það hér að þegar verði hafist handa við raunhæfan undirbúning að jarðgangagerðinni á Austurlandi þannig að ekki standi á því að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar þegar framkvæmdum lýkur á Vestfjörðum. Ég vil enn og aftur ítreka þetta.

Það er sárt að þurfa að standa andspænis þessum veruleika að sjá af fjármunum úr Vegasjóði inn í almennan ríkissjóð sem líta má á sem framlag til þess að brúa þann ríkissjóðshalla sem við höfum búið við allt of lengi. Þrátt fyrir það er meiri fjármunum varið til vegamála en oft áður. Það er líka sárt að þurfa að sjá af svo miklum fjármunum renna hingað til höfuðborgarsvæðisins í sambandi við samning sem gerður var á síðasta ári, er nemur 1 milljarði kr., um að greiða uppsafnaðan kostnað við framkvæmdir sem spurning er um hvort hafi verið innan marka gildandi vegáætlunar. Það renna á ári um 370 millj. kr. af framkvæmdafé vegamála til Reykjavíkurborgar upp í þennan samning og þetta fé skerðir náttúrlega það sem til umráða er. Hér er því um hærri tölu að ræða en nemur skerðingu á vegafé og rennur í almennan ríkissjóð.

Þrátt fyrir að svona sé staðið að málum að þessu sinni vænti ég þess að horft verði til framtíðar og út frá því megi ganga að ríkisstjórnin ætli sér að gera átak í vegamálum og að framkvæmdir í vegamálum á kjörtímabilinu verði eitt af forgangsverkefnum þessarar ríkisstjórnar.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er í senn mjög mikilvægt og vekur líka ætíð mikla athygli, sérstaklega úti um landið, enda er hér verið að fjalla um mikið hagsmunamál fólksins sem býr úti á landsbyggðinni. Framvinda vegamálanna hverju sinni kemur til með að ráða mjög miklu um búsetuskilyrðin á landsbyggðinni og möguleika fólks til þess að efla atvinnulífið og gera það fjölbreytilegra og traustara þegar til lengri tíma er litið. Það er þess vegna ekki að undra að mjög náið sé fylgst með þessari umræðu og þingmenn sýni henni áhuga og kjósi að ræða hana nokkuð ítarlega. Ég tel að hún sé af hinu góða og mjög eðlilegt og sjálfsagt og stjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar taki þátt í umræðunni með þeim hætti sem þeir kjósa.

Ég held að umræðan það sem af degi hafi leitt í ljós að sú fullyrðing sem æ ofan í æ hefur skotið upp kollinum í þeirri umræðu sem fram hefur að undanförnu um niðurskurð til velferðarmála sé alröng, þ.e. sú fullyrðing að hægt sé að fjármagna rekstur hins opinbera, sjúkrahúsin, skólana og þar fram eftir götunum með því einu að skerða framlög til vegamála. Ég tel að niðurstaðan af þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag sé sú að þingmenn séu þeirrar skoðunar að vegamál-

in séu alls ekki aflögufær í þessum efnum. Að ekki sé ráðrúm eða ástæða til þess eða sérstök rök sem mæli með því að fjármagna skólakerfið eða heilbrigðisþjónustuna í landinu með því að hætta við gerð jarðganga á Vestfjörðum eins og hefur komið fram hvað eftir annað. Menn hafa sagt sem svo: Jarðgöng á Vestfjörðum og vegaspottar á þessum útnárum eru óeðlilegar framkvæmdir, óarðbærar framkvæmdir, sem fullkomin rök eru til að skera niður, sérstaklega núna, í því skyni að mæta skerðingu sem óhjákvæmileg er á öðrum sviðum.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi umræða í dag hafi leitt í ljós að það er ekki vilji þingmanna að standa þann veg að málum. Menn skilja það einfaldlega að vegamálin eru svo þýðingarmikil, sérstaklega fyrir byggðarlögin úti á landi, að þar er ekki ráðrúm, þar er ekki lag til þess að skera niður. Ég held nefnilega að slagurinn upp á síðkastið hafi m.a. staðið um það hvort menn ætluðu sér að reyna að standa vörð um framkvæmdirnar í landinu, fjárfestingu hins opinbera, eða að leggja í enn eina atlöguna á þessu sviði. Án þess að ég hafi tölur um það handbærar held ég að það sé alveg ljóst að fjárveitingar til framkvæmda og fjárfestingar hins opinbera hafa verið að dragast saman ár frá ári á sama tíma og rekstur hins opinbera hefur verið að aukast. Þetta sýnir okkur fyrst og fremst að mínu mati að engin efni standa til þess að auka enn á skerðinguna í vegamálunum, síst af öllu á það við jarðgöngin á Vestfjörðum eins brýn og þau eru.

Í þessari umræðu hefur verið gagnrýnt að núv. ríkisstjórn standi að skerðingu á vegamálum. Ég ætla ekki að þræta fyrir það að með þessum tillögum sínum og fjárlögunum efnir ríkisstjórnin til skerðingar á því sem við höfðum hugsað okkur, því sem áður hafði verið ákveðið og því sem áður hafði verið lagt til í vegáætlun sem var samþykkt á Alþingi. Það er í fyrsta lagi vegna þess, eins og fram hefur komið, að horfið hefur verið frá því að fjármagna Vestfjarðagöngin með lántökum sem greiðast ættu upp af vegafé á nokkuð lengri tíma en gert er ráð fyrir nú með því að hverfa frá lántökuheimild til Vestfjarðaganga. Í öðru lagi hefur verið orðið, eins og fram hefur komið, sérstök skerðing á framlaginu á þessu ári til Vestfjarðaganganna. Í þriðja lagi, sem ég hyggst koma aðeins betur að hér á eftir, þá var gerður á síðasta vori rétt fyrir þingkosningar samningur á milli þáv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar og Davíðs Oddssonar, þáv. borgarstjóra Reykjavíkur, um að ríkissjóður greiddi svokallaða skuld Vegasjóðs við borgarsjóð sem þá var áætluð um 1 milljarður 25 millj. kr. Hún yrði greitt mun hraðar en gert hafði verið ráð fyrir í gildandi vegáætlun. Allt þetta mun auðvitað hafa það í för með sér að framkvæmdageta okkar á þessu ári verður minni en ella og það ber vissulega að harma. Ég dreg ekki neina dul á það.

Vegna þess að mér hefur stundum fundist örla á því að menn tali hér, þótt það sé ekki reyndar í þessari umræðu, eins og í fyrsta skipti sé vegið að mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs eða horfið frá gildandi vegáætlun, þá langar mig til þess að fara yfir þessi mál nokkuð ítarlega frá árinu 1987 með tilvísun í tölur, tölulegar upplýsingar, sem ég aflaði mér hjá Vegagerð ríkisins og fékk framreiknaðar miðað við verðlag í ár svo að þær séu samanburðarhæfar. Þessi samanburður á tölum leiðir auðvitað mjög margt athyglisvert í ljós. Hér er um að ræða nokkra talnarunu sem ég verð að biðja hv. þm. um að hafa þolinmæði með mér til þess að hlýða á. Tölurnar eru nauðsynlegar til þess að varpa ljósi á það sem ég er hér að halda fram.

Tökum fyrst árið 1987. Samkvæmt vegáætlun sem samþykkt var fyrir árin 1985–1988 var gert ráð fyrir því að til vegamála yrði varið á árinu 1987 6 milljörðum 915 millj. kr. Samkvæmt vegáætlun sem átti að gilda á árunum 1987–1990 var búið að skerða þessa upphæð niður í 4 milljarða 853 millj. kr. Útgjöld til þessa málaflokks, til vegamálanna samkvæmt skýrslu samgrh. þetta ár urðu 4 milljarðar 611 millj. kr., sem sagt, veruleg skerðing frá upphaflegri vegáætlun. Vík ég nú að árinu 1988. Þá er enn samkvæmt vegáætlun fyrir árin 1985–1988 gert ráð fyrir útgjöldum upp á rúma 7 milljarða 54 millj. kr. Samkvæmt vegáætlun 1987–1990 var talan komin í 8 milljarða 126 millj. Endurskoðun sem fram fór 1988 leiddi niðurstöðuna í 5 milljarða 332 millj. Útgjöld samkvæmt skýrslu samgrh. fyrir þetta ár urðu síðan 4 milljarðar 971 millj. kr. Samkvæmt þessari títtnefndu vegáætlun 1987–1990 var árið 1989 gert ráð fyrir að til vegamála yrði varið 8 milljörðum 330 millj. kr. Samkvæmt vegáætlun sem gilti 1989–1992 var sú tala komin niður í 5 milljarða 238 millj. kr. Útgjöld samkvæmt skýrslu samgrh. yrði álíka upphæð, 5 milljarðar 251 millj. kr. Árið 1990 var enn samkvæmt títtnefndri vegáætlun 1987–1990 gert ráð fyrir 8 milljörðum 530 millj. kr. Samkvæmt vegáætlun 1989–1992, sem áður er nefnd, voru 6 milljarðar 120 millj. kr. Endurskoðun 1990 leiddi það af sér að útgjöldin urðu 4 milljarðar 956 millj. og útgjöld samkvæmt skýrslu samgrh. 5 milljarðar 253 millj. Samkvæmt vegáætlun 1989–1992 áttu útgjöldin 1991 að verða 6 milljarðar 260 millj. Samkvæmt vegáætlun sem átti að gilda 1991–1994 var þessi tala komin í 5 milljarða 759 millj. og eftir sérstakan niðurskurð sem fram fór í júlí 1991 var sú tala komin í 5 milljarða 423 millj.

Þessi langa talnaruna, sem mér var nauðsynlegt að lesa hér, sýnir okkur það að við erum ekki í fyrsta sinn að horfa framan í niðurskurð sem veldur gagnrýni. Við þingmenn, fulltrúar stjórnmálaflokka, höfum allir, hver og einn einasti, átt aðild að niðurskurði af þessu tagi. Hv. 4. þm. Norðurl. e., sem nú er horfinn úr salnum, fyrrv. hæstv. samgrh., sagði að gerð væri tilraun til þess að blekkja í þeirri till. til þál. um vegáætlun sem hér er lögð fram með því að bera saman annars vegar niðurskorna áætlun frá því í fyrra og tölurnar miðað við vegáætlun í ár. Það er auðvitað ekkert verið að gera tilraun til þess blekkja. Hér er bara verið að bera saman tvær tölur. Við skulum taka tölurnar frá árinu 1991 fyrir niðurskurð og bera þær saman við áætlunina fyrir árið í ár. Mismunurinn þar eru 194 millj. kr. Þetta segir okkur auðvitað að hér er um niðurskurð að ræða, eins og ég nefndi áðan, og það hef ég gagnrýnt

í mínum hópi og hef sem ekkert legið á þeirri skoðun minni. En ég er hér að rekja þessar tölur til þess að sýna ákveðið samhengi þessa máls og bregða ljósi á það með þeim hætti.

Ég hef stundum lesið yfir umræður um vegáætlunina eftir að þær hafa farið fram. Þá hefur verið fróðlegt að sjá að þingmenn hafa gjarnan í stjórn og stjórnarandstöðu veifað tölum um hlutfall fjárveitinga til vegamála sem hlutfalli af þjóðarframleiðslunni. Þetta hafa menn gert oft og notað sitt á hvað. Stundum til þess að sýna að verið sé sérstaklega að vega að vegamálunum með niðurskurði og stundum til þess að halda því á lofti að ríkisstjórn sé að gera eitthvað sérstaklega vel, allt eftir því hvernig stendur í bólið hjá mönnum hverju sinni. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að rifja hér upp hvert hlutfall vegamála af þjóðarframleiðslu hefur verið síðustu árin. Það er alveg laukrétt, sem hér hefur komið fram, að þetta hlutfall hefur farið lækkandi eins og ég vék raunar að eða gaf til kynna í upphafi máls míns. Hlutfall útgjalda til framkvæmda og fjárfestinga almennt hjá hinu opinbera hefur farið lækkandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni. 1987 var þetta hlutfall 1,16%, 1988 1,25%, 1989 1,35%, 1990 1,46%, 1991 1,44%. Miðað við þjóðhagsspá í desember verður þetta hlutfall á þessu ári samkvæmt þeim upplýsingum sem ég aflaði mér hjá Vegagerð ríkisins, 1,57% þrátt fyrir niðurskurð nú. Þetta segir okkur í hvaða efnahagslega andrúmslofti og efnahagslega umhverfi við erum stödd við gerð núverandi vegáætlunar. Við kvörtum annars vegar sáran, og sá sem hér stendur hefur staðið í því, undan því að verið sé að skera niður vegamálin. En hins vegar blasir staðreyndin við engu að síður, jafnsérkennileg og hún er, að þrátt fyrir þennan niðurskurð erum við með hærra hlutfall nú af þjóðarframleiðslu til vegamála á þessu ári en á árunum frá 1987. Þetta segir okkur m.a. það að við erum í afar þröngri stöðu með litla þjóðarframleiðslu á þessu ári og þess vegna er auðvitað minna til skiptanna.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það að skerða lögbundið gjald til Vegasjóðs um tiltekna upphæð. Ég held að ástæða sé til í þessu sambandi að rifja upp að á þennan veg var einnig staðið að málum á árinu 1989 þegar ákveðið var að skerða lögbundnar tekjur, lögbundið gjald til Vegasjóðs á þávirði um 682 millj. kr. Enn fremur var ákveðið við gerð þeirrar vegáætlunar, sem gilti fyrir árið 1989, að greiða ekki meinta skuld ríkisins við Vegasjóð sem menn töldu að hefði myndast vegna umframtekna á árunum 1987 og 1988. Grófur framreikningur á þessum skerðingum leiðir í ljós að á núgildandi verðlagi var um að ræða skerðingu upp á u.þ.b. 1,2 milljarða kr. ef hvort tveggja er tekið með. Þetta segir okkur það að við viðlíka aðstæður þegar menn töldu að þrengingar steðjuðu að þá hafa þeir ekki hikað við það að skerða lögbundnar tekjur Vegasjóðs. Að því stóð hæstv. fjmrh. og hæstv. þáv. samgrh. og töldu vitaskuld efnisleg rök mæla með því þá. Þetta er ég eingöngu að rifja upp til þess að fá hið sögulega samhengi til að við skiljum að hér er ekki um að ræða nýmæli að þessu leytinu. Við erum hér með skerðingu á þessu ári sem er talsvert minni en var á árinu 1989 miðað við þessar forsendur, en skerðingu engu að síður.

Ég nefndi það fyrr í ræðu minni að mig langar til að koma að hinum umdeilda og umtalaða samningi sem gerður var milli þáv. hæstv. fjmrh. og þáv. borgarstjóra Reykjavíkur. Samningur um sérstakar flýtigreiðslur til Reykjavíkurborgar, sem fela í sér hraðari greiðslu skuldar hins opinbera við Reykjavíkurborg en gert var ráð fyrir í gildandi vegáætlun. Í gildandi vegáætlun var gert ráð fyrir því að greiða á árinu 1991 18 millj. kr., 46 millj. árið 1992, 126 millj. 1993 og 147 millj. 1994. Hér var hins vegar um að ræða samkomulag sem þáv. fullmektugir forráðamenn ríkissjóðs og borgarsjóðs gerðu með sér um það að ríkissjóður greiddi borginni rúman milljarð á verðlagi í ársbyrjun 1991. Greitt yrði með skuldabréfi með jöfnun greiðslum fram að 1. júlí 1998.

Það út af fyrir sig sérstakt mál að gera svona samning rétt áður en kjörtímabili tiltekinnar ríkisstjórnar lýkur, gera skuldbindandi samning um stórar greiðslur sem fela það í sér að greiðslum til stórs sveitarfélags er flýtt rétt fyrir kosningar. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fella neina dóma um það mál. (Gripið fram í.) Ég var ekki spurður að því þá. (Gripið fram í.) Ég ætla að koma betur að þessu máli ef þingmenn vilja hafa svolitla biðlund með mér. (Gripið fram í.) Það er gott að heyra það, hv. þm. Þetta samkomulag var gert á grundvelli heimildargreinar 6.7 í fjárlögum fyrir árið 1991. Sú heimildargrein hljóðar upp á það að fjmrh. hafi verið heimilað „að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar." Ég endurtek síðustu setninguna: „...að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar." Fulltrúa Alþingis.

Nú hef ég óskað eftir því að fá upplýsingar um það hvort þessu máli hafi verið af hálfu hæstv. þáv. fjmrh. beint til fjárveitinganefndar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér — en ég get ekki fullyrt að mér hafi tekist að fara í þá lúsaleit að ég kæmist að því endanlega hvort þarna leynast einhver plögg, einhver bakskjöl sem menn hafa stundum kallað — þá liggur þetta tilskilda samþykki fjárveitinganefndar fyrir þessum gjörningi ekki fyrir. Það er ekki til. Ég hef spurt fyrrverandi fjárveitinganefndarmenn um þetta. Ég minnist þess ekki sem núverandi fjárlaganefndarmaður að þetta hafi komið inn á okkar borð. Þess vegna tel ég eðlilegt áður en frekari dómar eru felldir í þessu máli, því hvatvísi borgar sig ekki í þessu máli, að beina því til samgn. þingsins sem mun fá þetta mál, vegáætlunina, til meðhöndlunar að hún skoði það sérstaklega hver sé lagaleg staða þessa samnings, hvernig beri að fara með þetta mál í framtíðinni.

Ég ítreka að ég hef ekki ætlað mér að fella um þetta neinn dóm. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt, ekki síst fyrir þá sem stóðu að þessum samningi, að um þetta séu tekin af öll tvímæli vegna þess að það er mjög þýðingarmikið varðandi hvaða fjárveitingar við mun-

um fá til vegamála, til framkvæmda, á þessu ári hver staða þessa samnings er.

Virðulegi forseti. Það væri auðvitað hægt að hafa langt mál um þetta allt saman. Ég hef með almennum hætti reifað vegamálin og lagt fram nokkrar tölulegar upplýsingar sem mér finnst eiga erindi inn í þessa umræðu. Auðvitað verður tækifæri til að fjalla frekar um vegamálin við 2. umr. málsins og þess vegna mun ég geyma mér frekari umfjöllun að sinni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær voru margvíslegar skuldirnar sem Sjálfstfl. skildi eftir sig á árunum 1983–1988. Ég hafði það sem verkefni í fjmrn. að reyna að koma skikk á þessi mál sem Sjálfstfl. skildi eftir sig, m.a. kom ég með hér inn í þingið nánast öll fjáraukalagafrv. frá fjármálaráðherratíð Sjálfstfl. á árunum 1983–1987 og fleira mætti nefna þessu til sönnunar.

Eitt af þessum verkefnum sem biðu mín í fjmrn. var það að fjármálaráðherrar Sjálfstfl. höfðu algjörlega neitað að ganga með skýrum hætti frá uppgjörum við Reykjavíkurborg vegna vegamála. Þessi samskipti voru á þann veg að allt frá tíð Alberts Guðmundssonar, sem varð fjmrh. 1983, öll hans ár, öll ár Þorsteins Pálssonar og fjármálaráðherraár Jóns Baldvins Hannibalssonar, söfnuðust upp slíkar vanskilaskuldir að ekkert sveitarfélag á landinu átti jafnlangan skuldahala inni hjá ríkissjóði og Reykjavíkurborg. Þáverandi borgarstjóri lagði á þetta mjög mikla áherslu. Satt að segja var ekkert mál sem hann lagði eins mikla áherslu á við mig og að frá þessu yrði gengið. Ég gerði það sem fjmrh. og mér er kunnugt um það að Landsbankinn tók síðan þetta bréf og á grundvelli þess strikaði hann út vanskilaskuld Reykjavíkurborgar við Landsbankann af sérstökum vanskilareikningi til þess að láta reikninga Reykjavíkurborgar líta svolítið laglega út þegar Davíð Oddsson núv. forsrh. fór fram sem borgarstjóri. Með því móti kæmi ekki alveg skýrt í ljós hvað Reykjavíkurborg skuldaði mikið en það var auðvitað mál Landsbankans. Ef sjálfstæðismenn á Alþingi vilja nú láta kanna sérstaklega hvort þetta hafi verið löglegur gerningur, hvort beri að ónýta þetta skuldabréf og rífa það í tætlur og borga ekki samkvæmt því þá er það alveg meinalaust af minni hálfu. Ég hvet þá sjálfstæðismenn, sem hafa talað í þessa veru hér á þinginu, til að fylgja þessum orðum sínum eftir vegna þess að ég ætla ekki að sitja undir því hér að þetta hafi verið ólöglegur gerningur. Ég hvet þá hv. þm. Einar K. Guðfinnsson til þess að láta verða af þessum orðum sínum og fjalla um málið í samgn. og fjárln. og öllum þeim nefndum þingsins sem hann vill láta um það fjalla.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sennilega ekki verið nægilega skýrmæltur hér áðan. Ég þurfti vitaskuld enga hvatningu til að biðja um að þessi mál yrðu skoðuð í samgn. Ég bað um það. Kafli í minni ræðu fjallaði um það. Ég bað um að þessi mál yrðu skoðuð í hv. samgn. og farið ofan í þau til að menn væru ekki að fella neina sleggjudóma. Það er út af fyrir sig ágætt til þess að vita að hv. þm., þegar hann var fjmrh., hafi viljað koma til móts við óskir þáverandi borgarstjóra. Ég hef ekkert við það að athuga. Ég var hins vegar að benda á að hluti af þessu samkomulagi byggðist á heimildargrein í fjárlögunum fyrir árið 1991 og sú heimildargrein kvað á um það að þetta mál ætti að leggjast fyrir fjárveitinganefnd. Mér var ekki kunnugt um að þetta hafi verið gert og þess vegna vildi ég fá fram hver væri lögformleg staða þessa máls. Um það fjallaði ósk mín, ekki annað.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir þessi orð. Mér finnst sjálfsagt mál að samgn. kanni það hvort þetta er lögformlegur gerningur eða ekki. Og fjárln. líka og kannski Ríkisendurskoðun. Hvernig væri að láta hana kanna þetta líka? Ég tek eindregið undir það og vona að þetta verði kannað af öllum. En það er rétt að Landsbankinn fái vitneskju um að hér hafi, ef ég man rétt, nefndarmaður í fjárln. Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, dregið í efa að þessi samningur væri lögformlegur. Þar með er útstrikun Landsbankans á vanskilaskuld við Reykjavíkurborg á síðustu vikum og mánuðum í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar ógild. Sú gagnrýni sem fram hefur komið í bankaráði Landsbankans á þann gerning á við rök að styðjast. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir í opinberum gögnum að Reykjavík var með yfirdrátt í Landsbankanum sem ég kalla vanskilaskuld, yfirdráttur af þessari stærðargráðu, var u.þ.b. 2 milljarðar eða svo. Hann var minnkaður á grundvelli þessa bréfs af Sverri Hermannssyni, bankastjóra Landsbankans. Nú hefur Einar K. Guðfinnsson dregið í efa að það sé lögformlegt. Það eina sem Landsbankinn getur gert nú er að hækka skuld Reykjavíkur á yfirdráttarreikningnum um þennan rúma milljarð og innheimta vexti af Reykjavíkurborg fyrir það. Ég veit að innan Landsbankans hafa menn dregið í efa hvort það hafi verið rétt hjá bankastjóranum að nota framtíðarbréf af þessu tagi til að minnka skuldina á yfirdráttarreikningnum gagnvart Reykjavíkurborg þó það liti pent út fyrir fráfarandi borgarstjóra. Flokksbróðir hans bankastjórinn gerði honum þennan greiða. Svo ég fagna því í sjálfu sér að þetta hefur komið hér upp og hvet til þess að þingmaðurinn fylgi þessu eftir og að samgn. geri þinginu grein fyrir athugun sinni, fjárln. einnig og væntanlega Ríkisendurskoðun og svo verði Landsbankinn látinn vita.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málflutningur hv. síðasta ræðumanns gekk út á það að ég hefði fellt hér dóm. Það er ekki einkennilegt að hv. þm. finnist að menn eigi að fella hér sleggjudóma því það er hans list í þessum ræðustól. Það sem ég gerði að yfirlögðu ráði var að vekja hér athygli á tilteknum samningum sem hv. þm. gerði fyrir hönd ríkissjóðs þegar hann var fjmrh. Ég spurði hér nokkurra spurninga og óskaði eftir því að samgn. þingsins, sem fær þetta mál til meðhöndlunar, færi yfir það eins og mjög eðlilegt er. Það hefur ekki komið fram í máli hv. þm. að hann hafi séð ástæðu til

þess að fara að heimildarákvæði fjárlaganna um það að vísa þessu máli til fjárveitinganefndar eins og honum þó bar. Þess vegna er sjálfsagt að sú nefnd Alþingis sem hefur með vegamálin að gera, samgn., fari yfir málið til þess m.a. að uppfylla þetta ákvæði, þessa skyldu þingsins, að fara yfir málið í því skyni að taka af öll tvímæli hvort um lögformlegan gerning sé að ræða. Það var efnisatriði þess máls sem ég flutti hér áðan og allir þingmenn heyrðu og auðvitað líka hv. 8. þm. Reykn. þótt hann kysi hér af pólitískum ástæðum að snúa út úr því en það er önnur saga.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem kom fram í lok ræðu síðasta ræðumanns þá er auðvitað eðlilegast ef ræðumaður telur að gerður hafi verið samningur sem ekki hafi fengið staðfestingu þess aðila, fjárveitinganefndar, sem kveðið er á um, að málið verði tekið upp innan fjárln. Mér sýnist það vera vettvangurinn til að ganga úr skugga um þetta mál. Ég bendi þingmanninum líka á að hann getur snúið sér til fyrrverandi formanns fjárveitinganefndar, sem nú er hæstv. heilbrrh. og hann ætti að geta upplýst hann líka um þetta mál. Það kemur dálítið á óvart að þingmaður Sjálfstfl. skuli taka þetta mál sérstaklega upp af því að það getur ekki verið tekið upp í neinum öðrum tilgangi en að vefengja samninginn. Að hafa það að markmiði að vefengja samninginn þýðir að þingmaður Sjálfstfl. er á móti honum. Hv. þm. Einar Guðfinnsson er greinilega á móti þessum samningi sem gerður var við Reykjavíkurborg og vill freista þess að láta fella hann úr gildi. Það er mjög athyglisvert sjónarmið. (Gripið fram í.) Ég er ekki á móti samningi sem gerður var af fyrrv. fjmrh. til að gera upp vanskilaskuldir, sérstaklega þegar þær eru frá tíð Sjálfstfl., virðulegi formaður samgn., og ég veit að formaðurinn getur kynnt sér vel og rækilega og hefur öll gögn um hvernig þau vanskil mynduðust á undanförnum árum. Auðvitað verður að hreinsa til í gömlum skúffum, hreinsa upp syndirnar sem sjálfstæðismenn skildu eftir sig. Það er ekkert að því að taka á þeim málum. Það kemur miklu fremur í veg fyrir að þau vandamál bitni á okkur síðar, verði þá að framtíðarvanda svo maður bregði fyrir sig hugtaki sem er ofarlega í huga núv. ríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Já, þeir kalla það nú víst fortíðarvanda en þeir vilja alltaf beina honum inn í framtíðina þannig að hann er áhersla inn í framtíðina af hálfu núv. ríkisstjórnar.

Ég vil fara yfir þær tölur sem hv. 3. þm. Vestf. kom hér fram með um framlög til vegamála á undanförnum árum. Ég er hér með yfirlit yfir framlög til vegamála, útbúið af Vegagerð ríkisins á síðasta ári á verðlagi 1991. Ef ég ber það saman við þær tölur sem hv. þm. var með þá má segja að tölum ber ekki fyllilega saman. Athyglisvert er þó að í tölum 3. þm. Vestf. er hluturinn á árinu 1987 gerður verri en hann er í yfirliti Vegagerðar ríkisins. Menn skulu rifja upp hverjir fóru með samgrn. árið 1987. Hvaða flokkur var það? Tölum fyrir 1988 og 1989 ber heldur ekki saman við tölur Vegagerðarinnar. Fyrir árið 1988 eru þær rúmlega 200 millj. kr. lægri en Vegagerðin hefur gefið upp í sínu yfirliti. Hins vegar eru tölurnar fyrir 1989 hærri en í yfirliti Vegagerðar. Ef þetta er dregið saman og ef við lítum svo á að þær nýju tölur sem hv. þm. var með séu réttari en tölurnar frá í fyrra þá kemur út sú niðurstaða að menn stóðu sig lakar árið 1987 en áður var talið og menn stóðu sig betur 1989 og 1990 en áður var talið. Með öðrum orðum í tíð síðasta samgrh. hafi menn varið meiru fé til vegamála en Vegagerðin hafði áður gefið upp í sínu yfirliti. Og ég vil þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir að beina athygli þingheims að því að síðasta ríkisstjórn gerði betur í samgöngumálum en Vegagerðin hafði áður gefið upp. Þó ég sé sammála hv. þm. að því leyti að aldrei sé nógu mikið gert í þessum efnum og að menn þurfi að taka á og standa saman eftir því sem kostur er, að auka í stað þess að draga úr.

Einnig er athyglisvert að hlutfallið miðað við þjóðarframleiðslu er langlægst árið 1987, ekki bara lægst frá 1987–1992 heldur lægst frá 1964. Og það er dálítið merkilegt að í þessu línuriti virðist reglulega vera dalur. Dalbotnarnir í línuritinu eru þau ár sem Sjálfstfl. fer með samgrn. (Gripið fram í.) Svo verða þeir sem við taka að búa til fjallveg. Og þannig er dalur 1984, 1985, 1986 og 1987, þá fara framlögin lækkandi og verða þau lægstu sem um getur árið 1987 eða 1,16%. Vaxa síðan ár frá ári til 1991 upp í 1,46% 1990 og 1,44% 1991, en þá er líka búið að taka tillit til aðgerða núv. ríkisstjórnar um 350 millj. kr. niðurskurð. Ég vil benda á að tölur fyrir 1992 um að hlutfallið sé 1,52% miðast við spá Þjóðhagsstofnunar í des., ef ég tók rétt eftir í máli ræðumanns. Ég veit ekki betur en búið sé að endurskoða þá spá og talið að þjóðarframleiðsla verði meiri en hún var í des. Þegar hún vex þá lækkar hlutfallið. (**Gripið fram í:** Fjallið hrunið og dalur myndast.) Fjallið hrunið. Og fróðlegt væri ef t.d. samgn. léti athuga hvað áætlað sé að hlutfallið verði á þessu ári miðað við þessa þáltill. og miðað við síðustu spá Þjóðhagsstofnunar. Að gefnu tilefni væri fróðlegt að fá þá tölu fram í þinginu.

Þriðja gagnrýnisatriðið sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vestf. var það að ríkisstjórnin sem sat 1987 og 1988 tók inn í ríkissjóð tekjur sem með réttu hefði átt að skila er inn í Vegasjóð. Ég get hins vegar ekki tekið undir þá gagnrýni að þeir sem tóku síðan við hafi ekki skilað því sem fyrrv. ríkisstjórn var búin að taka upp á 1,2 milljarða kr. Þetta er í raun og veru Albaníuaðferðin, gagnrýni á þá ríkisstjórn sem sat 1987 og fram á haust 1988. Sú ríkisstjórn sem tók við einbeitti sér að því að auka framlög til vegamála eins og allar tölur sýna. En það er ekki hægt að ásaka hana fyrir að hafa ekki skilað þeim peningum sem ríkisstjórnin á undan henni, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, tók í ríkissjóð en áttu með réttu að fara í Vegasjóð. Ég vil vísa þessari gagnrýni alveg á bug, nema menn eigi að skilja þetta sem svo að hv. þm. sé í raun að gagnrýna þá ríkisstjórn sem sat á árinu 1987. Það get ég út af fyrir sig tekið undir að er nauðsynlegt að gera.

Ég vil þá aðeins víkja að þáltill. Í fyrstu vil ég velta upp þeirri spurningu hvaða þýðingu það hafi yfir höfuð að samþykkja þál. um vegáætlun. Það er spurning

því það er ekki sjálfgefið og er greinilega ekki eins og menn skilja þál. Þar vísa ég til tveggja þingmanna sem hafa látið í ljós mjög ólíkar skoðanir á því hvað þessi þál. er. Annar er hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason og hinn er hæstv. samgrh. Og spurningin er: er vegáætlun einungis heimildaráætlun? Er hún einungis heimild fyrir framkvæmdarvaldið til að framkvæma fyrir þær fjárhæðir að því hámarki sem tilgreint er í áætluninni þannig að framkvæmdarvaldið geti af sjálfsdáðum og eigin ákvörðun lækkað þær tölur hvenær sem því sýnist eða er vegáætlun samþykkt þingins um tiltekin verkefni og áætlun um kostnað vegna þeirra? Hér eru menn ekki sammála og ég vil nú vitna í viðtal við hv. 1. þm. Vestf. sem birtist í Morgunblaðinu 29. maí sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að það sé ekki ráðuneytis eða Vegagerðar að taka sér það bessaleyfi að skera niður framkvæmdir. Alþingi hefur samþykkt vegáætlun og þingmenn viðkomandi kjördæma skipt framkvæmdafénu á milli verkefna. Og ég tel að Alþingi eitt geti breytt þeirri ákvörðun."

Hins vegar sendi hæstv. samgrh. þingmönnum bréf dagsett 27. maí þar sem hann tilkynnir þeim að ákveðið verkefni hafi verið skorið niður um ákveðna upphæð. Og ég get vitnað í sama blað sem ég var að lesa upp úr áðan þar sem ráðuneytisstjóri í samgrn. segir m.a. að það sé grundvallaratriði að fjárlög Alþingis séu heimildarlög og þyrfti að leita heimildar Alþingis til að fara fram úr þeim en ekki ef heimildin væri ekki nýtt að fullu. Þetta er svar hans við spurningu í framhaldi af yfirlýsingu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Hann telur sem sé að ráðuneytið hafi allar þær heimildir sem það þurfi til þess að draga úr framkvæmdum og skera niður upphæðir sem eru í vegáætlun. Þetta verðum við að hafa á hreinu. Erum við að samþykkja eitthvað sem á að gera eða erum við einungis að samþykkja heimild fyrir framkvæmd og síðan verður það að ráðast hvort samgrh. á hverjum tíma nýtir sér þá heimild og þá að hve miklu leyti? Ég tel grundvallaratriði að fá úr þessu skorið því ef skilningur hæstv. samgrh. og ráðuneytisstjóra er réttur hefur það miklu minna gildi fyrir þingheim að vera að fjalla um þetta mál.

Hvað varðar það sem fram kemur í sjálfri tillögunni að þeirri vegáætlun sem er í gildi má segja að hana einkenni það að skera niður en með dálítið mismunandi hætti eftir því hvernig litið er á verkefnin. Þ.e. skorið niður framkvæmdafé til verkefna á landsbyggðinni. Framkvæmdafé til höfuðborgarinnar er ekki skorið niður. (Gripið fram í.) Það er m.a. samningurinn. En það er líka til samningur um Vestfjarðagöng, hv. þm. Egill Jónsson, og ríkisstjórnin velur þann kost að breyta samningnum um Vestfjarðagöng en breyta ekki samningnum við Reykjavíkurborg og það gefur upp pólitískar áherslur, hv. þm., þeirrar ríkisstjórnar sem þú styður. Áherslan í samgöngumálum hjá ríkisstjórninni er að verja vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og heldur að auka við ef eitthvað er en láta allan samdrátt koma fram á landsbyggðinni, allan eins og hann leggur sig. Og þar verða Vestfirðir sérstaklega illa úti vegna þeirra framkvæmda sem eru í gangi við Vestfjarðagöng og annarra framkvæmda raunar líka. Það er ekki bara að Vestfirðingar þurfi að taka á sig skerðingu vegna jarðganganna heldur verða þeir líka að taka á sig skerðingu vegna annarra framkvæmda í kjördæminu. Og það bætist ofan á þann niðurskurð sem var um 350 millj. á síðasta ári og af þeim 350 millj. voru 122 millj. í Vestfjarðakjördæmi eða þriðjungur alls niðurskurðarins. Þetta láta þingmenn Vestf. í Sjálfstfl. yfir sig ganga og koma eingöngu upp til þess að flytja einhverjar varnarræður fyrir ríkisstjórnina sem hefur það megininntak að einhvern tíma á undan henni hafi verið vondir ráðherrar úr öðrum flokkum. Ég segi nú bara að það er lítið gagn fyrir Vestfirðinga að slíkum málflutningi. Ég held að menn ættu frekar að standa saman gegn því að sérstakur niðurskurður verði á Vestfjörðum umfram aðra staði á landinu. (**Landbrh.:** Þurfa Vestfirðingar að kvarta? Það held ég ekki.) Vestfirðingar geta mikið kvartað yfir ástandi vega, hæstv. samgrh. (Gripið fram í?) Og ég vil ítreka, fyrst hæstv. samgrh. er að minna mig á ástand vega á Vestfjörðum, þá fyrirspurn sem kom fram áðan frá hv. 6. þm. Vestf. af því tilefni að hæstv. samgrh. hefur lagt niður Skipaútgerð ríkisins og hann hafði við þau orð þegar sú ákvörðun var undirbúin að athuga þyrfi hvort ekki væri rétt að flýta vegaframkvæmdum yfir Hálfdán til þess að tryggja vegasamgöngur við Bíldudal sem er einn þeirra staða sem ekki eru reglulegar skipasiglingar til. Ég hlýt því að spyrja hæstv. samgrh.: Felst í þessari þáltill. að þeirri framkvæmd verði flýtt?

Virðulegi forseti. Ég vil ekki lengja mál mitt mikið meira. En ég vildi vekja athygli á því að þessi niðurskurður hefur óhjákvæmilega í för með sér að framkvæmdum við Gilsfjarðarbrú, sem margir þingmenn hafa borið fyrir brjósti, m.a. þingmenn Vesturl. og þá sérstaklega þingmenn Sjálfstfl. þar, mun óhjákvæmilega seinka frá því sem gert er ráð fyrir í langtímaáætlun. Ég held að þingmenn ættu að gera sér grein fyrir því, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Heimsókn forsætisráðherra til Ísraels.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti gat um í upphafi fundarins fer nú fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 8. þm. Reykn. um ferð hæstv. forsrh. til Ísraels. Þessi umræða fer fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapalaga en þar segir: „Málshefjandi og ráðherra, sem hlut á að máli, mega eigi tala lengur en þrjátíu mínútur og aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en fimmtán mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar." Þetta vildi forseti láta koma fram strax í upphafi svo að ekki verði neinn misskilningur um tímasetningu á þessari umræðu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að beina ýmsum spurningum til hæstv. forsrh. í tilefni af heimsókn hans til Ísraels og tengslum þeirrar heimsóknar við utanríkisstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ekki þarf að rekja í löngu máli útlínur þeirra atburða sem urðu í heimsókn forsrh. til Ísraels en eins og fram hefur komið var ærið margt sem þar gerðist, bæði í málefnum Ísraels og Miðausturlanda og eins í samskiptum Ísraels og Íslands.

Ég vil í upphafi geta þess að á fundi í utanrmn. 10. febr. sl. óskaði ég eftir því að fjallað yrði um ferð forsrh. til Ísraels á vettvangi utanrmn. Á þeim fundi kom fram hjá hæstv. utanrrh. að heimsókn forsrh. Davíðs Oddssonar til Ísraels hefði ekki verið rædd í ríkisstjórninni áður en hún var ákveðin og tilkynnt opinberlega. Það vakti undrun mína og æðimargra að ekki skyldi hafa verið fjallað um svo viðkvæmt mál í ríkisstjórninni áður en ákvörðun var tekin um heimsóknina þar eð öllum mátti vera ljóst að það gæti orðið afar viðkvæmt og erfitt bæði fyrir forsrh. Íslands persónulega og samskipti Íslands og Ísraels að halda þangað í heimsókn einmitt á þessum tímum.

Í umræðu á Alþingi 12. febr. komu fram eindregnar viðvaranir frá talsmönnum allra stjórnarandstöðuflokkanna og hæstv. forsrh. var bent á að ástand mála væri með þeim hætti í Miðausturlöndum og framganga Ísraelsstjórnar sérstaklega í mannréttindamálum og í hernaðarmálum gagnvart nágrönnum sínum að afar óheppilegt væri að forsrh. Íslands færi sérstaklega á þessum tíma í slíka för. Engu að síður kaus forsrh. að halda sínu striki og fara til Ísraels.

Í þeirri viku sem heimsóknin stóð urðu örlagaríkir atburðir í samskiptum Ísraels og Sameinuðu þjóðanna og nágranna Ísraelsríkis. Þrír ísraelskir hermenn voru myrtir af samtökum sem börðust fyrir sjálfstæði Palestínumanna og er það hörmulegur atburður sem vissulega ber að telja miður að hafi átt sér stað. Svör Ísraelsstjórnar við þessum atburði voru hins vegar á þann veg að Ísraelsher ákvað að myrða leiðtoga Hizbollah-samtakanna, Abbas Musawi, í þrautskipulegri aðgerð sem hefur komið fram að var ákveðin með margra mánaða fyrirvara og eingöngu beðið eftir „hentugu tækifæri" til þess að myrða hann. Það sem meira var að Ísraelsher hikaði ekki við að framkvæma morðið á þann hátt að skjóta á bifreið leiðtogans þannig að bæði kona hans og ungur sonur létust í árásinni. Ísraelskar þyrlur og árásarflugvélar voru notaðar til þess að skjóta á bílalestina og ekkert hirt um það hvort óbreyttir borgarar, konur og börn, yrðu fyrir árásinni. Eins og fram hefur komið í fréttum var slíkt ekki nóg fyrir Ísraelsher heldur skutu þeir eftir árásina á Volvo-bifreið sem flutti særða og látna á sjúkrahús.

Nokkrum dögum síðar ákvað ríkisstjórn Ísraels að ráðast með her Ísraels á líbönsku þorpin Kafra og Yater og í þeirri árás var engu skeytt um það að öryggissveitir Sameinuðu þjóðanna höfðu það verkefni að vernda þetta svæði. Ísraelsher réðst með skriðdrekum sínum á friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna og beindi skotvopnum sínum að friðargæslumönnunum og skaut á þá án nokkurs hiks. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Boutros-Ghali, hefur eindregið fordæmt þessa árás Ísraelshers á friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna og tilraunir Ísraelshers til þess að myrða þá friðargæslumenn sem hið alþjóðlega samfélag hefur falið að vernda líf óbreyttra borgara. Engu að síður hefur Ísraelsstjórn ákveðið að hirða ekkert um vilja Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum og ráðast ekki bara á konur og börn á þessu svæði heldur líka á þá fulltrúa sem hið alþjóðlega samfélag hefur falið að varðveita friðinn.

Það ber auðvitað að harma að á þeim tímum þegar stjórnvöld í Ísrael framkvæma ákvarðanir af þessu tagi, framkvæma margra mánaða áætlun um að myrða úr launsátri leiðtoga Hizbollah-samtakanna, konu hans og ungan son og ráðast síðan með öflugum herafla að tveimur varnarlausum þorpum og skeyta ekkert um hvort friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna verði í vegi þeirra sem árásina gera.

Í umræðunni á Alþingi var eðlilega spurt um afstöðu ríkisstjórnar Íslands. Þegar slíkir atburðir gerast um leið og opinber heimsókn forsrh. Íslands á sér stað er óhjákvæmilegt að þjóðþingið leiti svara við því hver er afstaða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar til þessara ákvarðana, árásaraðgerða og morða sem Ísraelsstjórn lét framkvæma í sömu vikunni og forsrh. Íslands var gestur þeirra.

Einnig kom fram í umræðunni á Alþingi að margvísleg mannréttindabrot eru framkvæmd í Ísrael. Í skýrslu Amnesty International hefur komið fram að 25 þúsund Palestínumenn eru í fangelsum og hafa verið handteknir af stjórnvöldum í Ísrael. Þeirra á meðal eru fjölmargir samviskufangar. Um 4.000 manns hafa á rannsóknartímabili Amnesty International verið hafðir í fangelsum af yfirvöldum í Ísrael án ákæru og um 13 þúsund manns er haldið í fangelsi án þess að málefni þeirra séu tekin fyrir dómstóla. Ísraelsríki hagar sér ótvírætt eins og ríki æðri kynþáttar gagnvart íbúum Palestínu sem þar hafa búið um árhundruð og árþúsundir, eiga það land sem sitt land ekkert síður en þeir íbúar í Ísrael sem hlotið hafa land sitt að gjöf.

Í umræðum á Alþingi var spurt að því hvort hæstv. forsrh. hyggðist ræða skýrslu Amnesty International um mannréttindabrot Ísraelsstjórnar og framgöngu gagnvart íbúum Palestínu í heimsókn sinni. Spurt var vegna þess að Íslendingar, bæði Alþingi og þessi ríkisstjórn og fráfarandi ríkisstjórn hafa kappkostað það á alþjóðavettvangi á síðari árum að vera málsvarar fyrir sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna, verið málsvarar baráttunnar fyrir mannréttindum, hafa verið í fararbroddi gagnrýninnar á það að menn væru fangelsaðir og líflátnir fyrir skoðanir sínar. Þess vegna væri óhjákvæmilegt að beint væri sams konar gagnrýni gagnvart Ísraelsstjórn og við höfum sameinast að beita gagnvart yfirráðum Rússa í Eystrasaltsríkjum og í málefnum þjóðanna sem áður byggðu Júgóslavíu.

Það sem ég hef hér rakið er auðvitað ærið tilefni til þess að ríkisstjórn Íslands fordæmi með skýrum hætti þær árásaraðgerðir sem ríkisstjórn Ísraels lét fram-

kvæma meðan á heimsókn forsrh. Íslands stóð, bæði morðið á leiðtoga Hizbollah-samtakanna og fjölskyldu hans og árásina á hin varnarlausu þorp og friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til viðbótar gerðist svo í þessari heimsókn sá einstæði atburður að með atbeina yfirvalda í Ísrael afhenti Wiesenthal-stofnunin forsrh. Íslands bréf þar sem lagðar voru fram ákærur á hendur íslenskum ríkisborgara. Sá verknaður hefur orðið tilefni til margvíslegra ummæla á Íslandi meðan forsrh. hefur verið fjarverandi. Hefur þar verið í fararbroddi hæstv. utanrrh. sem talað hefur skýrt og greinilega og einnig gripið til þeirrar ákvörðunar að afþakka formlega heimboð til Ísraels til að mótmæla framkomu yfirvalda í Ísrael við hæstv. forsrh. Í umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um þessa atburði hefur margt komið fram. Ég vil aðeins vitna í tvö útbreiddustu dagblöð landsins en í leiðara Morgunblaðsins 20. febr. 1992 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú framkoma stjórnvalda í Ísrael að hafa milligöngu um afhendingu á bréfi um meintan stríðsglæpamann á Íslandi er auðvitað óafsakanleg með öllu. Hafi ísraelsk stjórnvöld ætlað að efla tengsl ríkjanna tveggja með boðinu til forsætisráðherra, hefur þeim tekist það þveröfuga. Almenn reiði ríkir á Íslandi vegna framkomu Ísraela í þessu máli."

Í leiðara Morgunblaðsins er einnig vitnað í eftirfarandi ummæli hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í mínum huga má líkja þessu við það að leiða mann í gildru. Hafi það vakað fyrir Ísraelum að eyðileggja þessa opinberu heimsókn forsætisráðherra Íslands þá gátu þeir ekki fundið til þess betra ráð."

Ályktunarorð leiðara Morgunblaðsins eru svo á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það liggur beint við að Ísraelsstjórn biðji hann og íslensku þjóðina afsökunar á því frumhlaupi sem hér hefur átt sér stað. Á meðan það er ekki gert mun þetta mál valda vandkvæðum í samskiptum Íslands og Ísraels."

Í leiðara DV sama dag, fimmtudaginn 20. febr., einnig vikið að heimsókninni og þar er sagt m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Davíð Oddsson forsætisráðherra var eindregið varaður við að fara í opinbera heimsókn til ofbeldisríkis á borð við Ísrael." Í leiðaranum er einnig sagt að stjórnvöld í Ísrael hafi haft forsætisráðherra okkar að fífli, eins og þar stendur orðrétt, og er ferðin til Ísraels orðin hin mesta sneypuför. Í leiðaranum segir einnig: „Ísraelsfararnir Davíð Oddsson forsætisráðherra og Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra, verða nú að opna að nýju mál sem klýfur Sjálfstfl. í stuðningi hans við Ísraelsríki annars vegar og Eðvald Hinriksson hins vegar. Þetta er vond staða sem ekki verður flúin. ...Gegn góðra manna ráði álpaðist forsætisráðherra til Ísraels og lét sprengja mál þetta í andlit sér."

Ég ætla í sjálfu sér ekki að taka afstöðu til þessara ummæla en þetta var dómur tveggja víðlesnustu dagblaða landsins um atburðina sem gerðust í Ísrael og för forsrh. Vegna þessa sem ég hef rakið hef ég leyft mér að kveðja mér hljóðs og bera fram eftirfarandi tólf spurningar til hæstv. forsrh. sem ég afhenti honum einnig í upphafi umræðunnar.

1. Hvers vegna var heimsókn forsrh. til Ísraels ekki rædd í ríkisstjórninni áður en heimsóknin var ákveðin?

2. Hver er afstaða forsrh. og ríkisstjórnarinnar til morðsins á Abbas Musawi, eiginkonu hans og ungum syni sem Ísraelsher myrti eftir að hafa skipulagt morðið mánuðum saman?

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar og forsrh. til árásar Ísraelshers á þorpin Kafra og Yater, en í þeirri aðgerð réðst Ísraelsher á friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna og skutu á friðargæslumenn Sameinuðu þjóðanna?

3. Er forsrh. og ríkisstjórnin sammála fordæmingu Boutros-Ghali, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, á framgöngu og árás Ísraelshers á þorpin Kafra og Yater og árás Ísraelshers á friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna?

4. Ræddi forsrh. skýrslu Amnesty International um mannréttindabrot í Ísrael við forsrh. Ísraels eða aðra forustumenn ríkisstjórnarinnar í Ísrael?

5. Hvers vegna heimsótti forsrh. Íslands herteknu svæðin og lagði þar með blessun sína yfir hernám Ísraels á landsvæðum Palestínumanna?

6. Er forsrh. sammála þeirri niðurstöðu sem fram kemur í leiðara Morgunblaðsins 20. febr. 1992 en þar er sagt að Ísraelsstjórn eigi að biðja forsrh. og íslensku þjóðina afsökunar á því frumhlaupi sem átti sér stað í heimsókn forsrh. til Ísraels og einnig að á meðan það er ekki gert muni þetta mál valda vandkvæðum í samskiptum Íslands og Ísraels?

7. Fela ummæli utanrrh. í sér að forsrh. hafi verið leiddur í gildru í heimsókninni í Ísrael? Hafi það vakað fyrir Ísraelum að eyðileggja þessa opinberu heimsókn forsætisráðherra Íslands þá gátu þeir ekki fundið til þess betra ráð. Fela ummæli utanrrh. í sér afstöðu ríkisstjórnar Íslands og er forsrh. sammála þessum dómi utanrrh.?

8. Túlkar sú afstaða utanrrh. að afþakka heimboð til Ísraels dóm ríkisstjórnarinnar yfir framkomu stjórnvalda í Ísrael við forsrh. Íslands? Hvers vegna var ákvörðun utanrrh. um að afþakka heimboð til Ísraels tekin án þess að ræða við forsrh.?

9. Er forsrh. nú að lokinni heimsókn til Ísraels ekki sammála þeim viðvörunarorðum sem mælt voru til hans á Alþingi áður en hann fór til Ísraels? Er ekki ljóst í ljósi þess að utanrrh. telur að yfirvöld í Ísrael hafi eyðilagt heimsókn forsrh. til Íslands að betur hefði verið að forsrh. hefði hlýtt ráðum okkar á Alþingi og ekki farið í heimsóknina?

10. Forsrh. hefur hafnað þeirri skoðun utanrrh. að forsrh. hefði átt að hætta við heimsókn sína til Ísraels þegar stjórnvöld í Ísrael stuðluðu að því að Wiesenthal-stofnunin gæti afhent honum bréf um Eðvald Hinriksson en utanrrh. sagði að forsrh. hefði átt að taka leigubíl út á flugvöll, svo að notað sé óbreytt orðalag hæstv. utanrrh. Hvers vegna telur forsrh. þessa afstöðu utanrrh. vera ranga þótt ljóst sé að margt bendir til að

hún njóti víðtæks stuðnings meðal almennings á Íslandi?

11. Mun ríkisstjórn Davíðs Oddssonar endurskoða afstöðu sína til stefnu Ísraelsstjórnar og málefna Miðausturlanda í ljósi þess sem gerst hefur og rakið hefur verið í upphafsræðu minni? En eins og kunnugt er hefur afstaða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar verið mjög hliðholl og jákvæð gagnvart ríkisstjórn Ísraels.

12. Hver verða viðbrögð ríkisstjórnar Íslands við bréfi Wiesenthal-stofnunarinnar sem afhent var forsrh. í Ísrael?

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka fyrir það tækifæri að geta vakið máls á þessu hér á Alþingi og óskað svara á vettvangi þingsins við spurningum sem brunnið hafa á vörum fjölmargra í okkar landi á síðustu dögum, síðustu rúmri viku, vil ég harma það að veikindi hindra hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson að vera við þessa umræðu. Ég vona að hann öðlist fljótt heilsu og geti komið hér vaskur og hress til starfa á Alþingi á ný. Þótt vissulega hefði verði æskilegt að hafa hann hér með okkur í þessari umræðu þá verður því miður ekki að því gert. En ég vil nota þetta tækifæri til að óska honum góðs bata í veikindunum.

Ég vona svo, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. geti greitt úr þessum spurningum og starfandi utanrrh. komi síðan inn í umræðuna eftir því sem honum finnst ástæða vera til.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka mál þetta fyrir. Rætt hafði verið um það hygg ég að eðlilegt væri að taka málið fyrir eftir að ég kæmi heim og ég hafði lýst því yfir að ég væri því sammála að gera það við fyrsta hentugt tækifæri sem er núna.

Ég mundi kannski ekki almennt svara spurningarlista af þessu tagi í umræðum eins og þessum. En ég ætla samt sem áður að leitast við að gera það hér á eftir, eftir því sem efni standa til. Ég tel nauðsynlegt að fara aðeins nánar yfir þetta mál því ég verð að segja alveg eins og er að mér hefur fundist umræðan um heimsókn til Ísraels og reyndar samskipti við ríki á þessu viðkvæma svæði hafi verið afskaplega sérkennileg hér á Íslandi, bæði í blöðum og jafnvel hér á Alþingi og mjög úr takt við það sem gerist með öðrum ríkjum. — Er takmarkaður tími? (**Forseti:** Forseti vill ítreka að hæstv. ráðherra hefur hálftíma tvisvar sinnum, hálftími í senn.)

Ég vil þá í upphafi rekja nokkuð ástand á þessum svæðum sem menn hafa rætt hér um og að mínu viti oft mjög villandi. Ef við tökum undanfarin tvö ár, vegna þess að vikið er að stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar, þá hafa helstu áhrifaþættir og atburðarás á þessu svæði að undanförnu verið að ríkisstjórn Likud-bandalagsins og Verkamannaflokksins féll 15. mars 1990 og það var í fyrsta sinn sem ísraelsk ríkisstjórn féll vegna deilna Araba og Ísraelsmanna. Klofningur var þá um friðartillögur Bakers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, einkum snerist deilan um það hvaða Palestínumenn, þ.e. frá hvaða svæðum, gætu tekið þátt í friðarviðræðunum. Likud-bandalagið vildi ekki samþykkja Palestínumenn frá austurhluta Jerúsalem því að sá hluti væri ekki hernuminn heldur hluti af Ísrael. Þeir vildu ekki heldur landfótta Palestínumenn því að þar með væri PLO, sem Ísraelsmenn viðurkenna ekki, komið með fingurna í þessa samninga. Verkamannaflokkurinn var hins vegar reiðubúinn til að fallast á að tveir landflótta Palestínumenn, búsettir erlendis, og tveir búsettir í austurhluta Jerúsalem gætu tekið þátt í viðræðum af þessu tagi. Afleiðingin varð sem sagt sú að þessi stjórn sprakk. Verkamannaflokkurinn reyndi að mynda nýja ríkisstjórn, það tókst ekki. Likud-bandalaginu tókst að mynda bandalag með heittrúuðum og sú stjórn sprakk fyrir skömmu. Eftir að Jassir Arafat neitaði að fordæma hryðjuverk félaga úr PLO hætti Bandaríkjastjórn um hríð að leita eftir möguleikum á friðarviðræðum á þessu svæði.

Síðan hefur mjög margt gerst á svæðinu og þó má kannski segja að það sem meginmáli hefur skipt er að Sovétríkin, sem bökkuðu upp Sýrlendinga og aðra áhrifaaðila á svæðinu — því það eru aðrir aðilar sem stýra þar ferð í samningaviðræðum við Ísrael en Palestínumenn sem eru meira peð í því tafli en áhrifavaldar — hrundu í þeirri mynd sem menn þekktu þau og eftir að Jassir Arafat studdi Saddam Hussein við innrás í Kúvæt minnkuðu verulega hans áhrif á svæðinu. Segja má að þar með hafi verið hægt að leggja grundvöll að þeim samningaviðræðum sem nú hafa staðið yfir.

Við Íslendingar höfum alla tíð stutt þau sjónarmið að það sé nauðsynlegt til að ná fram niðurstöðu á svæðinu að aðilarnir ættust við beint og sjálfir. Utanaðkomandi aðilar mundu aldrei finna þá lausn sem duga mundi á þessu svæði.

Ef ég fer aðeins lauslega yfir stefnu Íslendinga frá 1989 til þessa dags, þá kom hún fram í skýrslu utanrrh. til Alþingis vorið 1989. Þar kemur fram að vænlegasta leiðin til að koma á friði í Miðausturlöndum sé að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu undir merki Sameinuðu þjóðanna. Þar verði samningaumleitanir grundvallaðar á ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 1967, þ.e. ályktun 242 og ályktun 338 frá 1973. Alþingi ályktaði síðan 18. maí 1989 um deilur Ísraels og Palestínumanna. Um það orðalag var, eins og kom hér fram í umræðum áður en ég fór til Ísraels, samstaða allra flokka í utanrmn. Í þeirri ályktun segir m.a. að ísraelsk stjórnvöld verði að vernda óbreytta borgara samkvæmt alþjóðasamþykktum um íbúa hernuminna landsvæða. Einnig er talið nauðsynlegt að báðir aðilar forðist ofbeldisverk. Einnig kemur fram að tafarlaust eigi að halda ráðstefnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt sé að bæði Palestínumenn og Ísraelsmenn viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 1967 og frá 1973. Viðurkenna ber sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna og loks er sagt að Alþingi telji að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við PLO.

Í skýrslu utanrrh. til Alþingis vorið 1990 segir að

brýna nauðsyn beri til að binda enda á hernám Ísraelsmanna á vesturbakkanum og Gasa. Ástandið á herteknu svæðunum sé óviðunandi og harkalegar aðgerðir ísraelskra yfirvalda séu áhyggjuefni. Það verður að krefjast þess að Ísrael sem hernámsaðili virði ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum og að deiluaðilar forðist að grípa til ofbeldis og sýni þannig fram á einlægan vilja til að ná varanlegum friði. Hins vegar sé ekki unnt að líta eingöngu á aðra hlið málsins og skella allri ábyrgðinni á Ísraelsmenn eða halda að málið verði leyst á þann hátt eingöngu að þeir yfirgefi hin herteknu svæði. Palestína verði viðurkennd sem ríki og PLO sem ríkisstjórn þess. Aðstæður krefjist þess að litið sé á málið í víðara samhengi. Vert sé að ítreka að Ísrael sé umkringt af ríkjum sem ekki viðurkenni tilvistarrétt þess og að sérhver lausn verði því að tryggja tilverurétt Ísraelsríkis. Þetta er stefna sem kom fram þegar málshefjandinn var í ríkisstjórn Íslands.

Í óformlegum viðræðum sem Steingrímur Hermannsson þáv. forsrh. átti við Jassir Arafat í Túnis 2. maí 1990 var Arafat kynnt þessi ályktun en Steingrímur tók jafnframt fram að í þeirri heimsókn sinni fælist engin viðurkenning Íslands á Palestínuríki og nauðsynlegt væri að viðræður hæfust milli Ísraels og Arabaríkja um friðsamlega og réttláta lausn deilumála.

Í skýrslu utanrrh. til Alþingis haustið 1990 kemur aftur fram gagnrýni á aðgerðir Ísraelsmanna á herteknu svæðunum. Í umræðum um skýrsluna kom einnig fram að utanrrh. hefði sent David Levy, utanríkisráðherra Ísraels, bréf þar sem þess var óskað að Ísraelsstjórn tryggði vernd á lífi og limum íbúa á hernumdu svæðunum í samræmi við alþjóðasamþykktir um rétt íbúa á hernumdum landsvæðum. Þetta kom sérstaklega til vegna manndrápa ísraelsku lögreglunnar í Jerúsalem 8. okt. 1990 sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fordæmdi einróma. Hjá utanrrh. kom og fram að friðsamleg lausn á deilum Ísraelsmanna og Palestínumanna yrði að vera hluti af nýrri heildarlausn í Miðausturlöndum sem Arabar og Ísraelsmenn yrðu sjálfir að hafa forgöngu um að koma til leiðar. Taka yrði tillit til tveggja grundvallarsjónarmiða: Í fyrsta lagi nauðsynjar þess að tryggja Ísraelsríki tilverurétt og öryggi innan umsaminna landamæra. Í öðru lagi yrði að taka fullt tillit til eðlilegra krafna Palestínumanna um rétt til sjálfstjórnar.

Íslendingar voru í fyrra meðflytjendur ásamt 80 öðrum ríkjum að tillögu um að ógilda ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1975 sem lagði síonisma og kynþáttamisrétti að jöfnu en allsherjarþingið samþykkti þessa tillögu með atkvæðum 111 ríkja.

Íslendingar hafa tekið þátt í að ítreka þá skoðun Sameinuðu þjóðanna að einhliða ákvörðun Ísraelsmanna að Jerúsalem skuli vera höfuðborg Ísraels sé ógild. Síðast greiddu Íslendingar atkvæði með slíkri ályktun á allsherjarþinginu í fyrra. Þá greiddu Íslendingar einnig atkvæði með ályktunum þar sem stefna Ísraelsstjórnar á hernumdu svæðunum er gagnrýnd og tekið fram að ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum næðu til allra hernumdu svæðanna, þar á meðal til Jerúsalem. Í annarri ályktun sem Ísland greiddi atkvæði um er landnám Ísraels á hernumdu svæðunum harðlega gagnrýnt. Í þessum atkvæðagreiðslum sem og öðrum um málefni Miðausturlanda var afstaða Norðurlandanna samræmd.

Íslendingar hafa, eins og fram kom í svari mínu hér áður en ég fór í heimsókn til Ísraels, gerst meðflytjendur að tillögu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf, sem á rætur að rekja til Evrópubandalagsins, um byggðir Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum. Þar er minnt á að samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna hafi hver maður rétt til að yfirgefa hvaða ríki sem er, þar á meðal sitt eigið, og rétt til að snúa aftur til eigin lands. Ítrekað er að ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stíðstímum eigi við palestínskt landsvæði og öll arabísk landsvæði sem Ísraelsmenn hernámu 1967, þar á meðal austurhluta Jerúsalem sem er innifalinn í þessum ályktunum. Þar er lýst yfir alvarlegum áhyggjum vegna stórfellds landnáms Ísraelsstjórnar á hernumdu svæðunum og ítrekað að landnám ísraelskra borgara á hernumdu svæðunum sé ólöglegt og brjóti í bága við ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Bent er á að nauðsynlegt sé að skapa aðstæður sem hvetji til árangurs í friðarviðræðum en það eru þær viðræður sem hófust með Madrid-ráðstefnunni 1991. Þeirri skoðun er lýst að ef Ísraelsmenn hætta landnámsstefnu sinni mundi það verða jákvætt framlag til að skapa slíkar aðstæður.

Ég tel að þetta yfirlit sýni að stefna íslensku ríkisstjórnarinnar, en að henni er vikið í spurningum málshefjanda, sé afgerandi og skýr, samstæð, heildstæð stefna, og í þessari stefnu felist, og þess er jafnan gætt þegar hún er kynnt, að taka verði tilliti til réttmætra hagsmuna beggja deiluaðila. Jafnframt hefur komið fram bæði hjá þessari ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum og engin breyting hefur verið þar á gerð, að það sé óhagganleg skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar og hafi ætíð verið að tryggja verði tilverurétt Ísraelsríkis.

Þessi stefna, eins og ég rakti, byggist á stuðningi Íslands við helstu ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur stefna íslenskra stjórnvalda fram svo að enginn þarf að fara í grafgötur um hana. Þessi stefna Íslendinga er í samræmi við stefnu yfirgnæfandi meiri hluta ríkja hinna Sameinuðu þjóða. Auðvitað er það ljóst að í þessari stefnu felst ekki viðurkenning á yfirráðarétti Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum eða um réttindi Palestínumanna þar sem Íslendingar telja að séu í samræmi við Genfarsáttmálann. Það er litið þannig á af hálfu Íslendinga að þau svæði sem umdeild eru séu hernumin svæði í alþjóðlegum skilningi þeirra orða og með þau eigi að fara samkvæmt því. Það er alveg fráleitt að halda því fram, enda heldur enginn aðili slíku fram erlendis, að í heimsókn forsætisráðherra ríkis, hvort sem það er Íslands eða annarra ríkja, til Jerúsalem til að mynda, felist viðurkenning eða staðfesting á réttmæti aðgerða Ísraelsmanna innan hernumdu svæðanna eða viðurkenning yfirleitt á yfirráðarétti þeirra þar. Hins vegar er algerlega ljóst að það er verið að

nálgast öll þessi mál að mínu viti sem pólitísk vandamál.

Ég hef haldið því fram að ef menn einblíndu á lagabókstafinn varðandi þessa þætti mundi enginn árangur nást. Ef aðilar gerðu það sjálfir þá stæðu ekki yfir núna neinar friðarviðræður í Madrid eða innan Madrid-formúlunnar.

Ég átti í heimsókn minni mjög gagnlegar viðræður við ráðamenn Ísraelsríkis. Þrátt fyrir það að ástandið hafi auðvitað verið erfitt, eins og kom fram hjá málshefjanda, gáfu þeir sér mjög ríkulegan tíma til viðræðna af þessu tagi. Viðræðurnar tóku jafnvel lengri tími en venjulega þegar svokallaðar kurteisisheimsóknir eða opinberar heimsóknir standa yfir. Þar átti ég þess kost að láta sjónarmið Íslendinga koma fram og gerði það auðvitað. En það kom líka glöggt fram að gestgjafinn fór mjög nærri um okkar sjónarmið. Þeir hafa auðvitað allar ályktanir okkar, þeir hafa afstöðu okkar þegar málin hafa verið rædd hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir hafa atkvæðagreiðslurnar, þeir sjá hvernig atkvæði eru greidd. Þeir vita um afstöðu okkar til hernumdu svæðanna. Ég ítrekaði andúð mína og andstöðu við byggð á þeim svæðum, taldi þau bæði ólögleg og auk þess líkleg til að sýna að friðarvilji Ísraelsmanna væri ekki heill. Þessu var auðvitað mótmælt af hálfu gestgjafanna en allt þetta var rætt. Amnesty International hefur komið sínum athugasemdum á framfæri við þessa aðila eins og þau alþjóðasamtök gera. Það fór ekkert á milli mála. Auðvitað höfum við komið okkar sjónarmiðum mjög ákveðið á framfæri við þessa aðila.

Það var líka fróðlegt að fylgjast með þeirra sjónarmiðum, þeirra afstöðu og þeirra áherslu. Hún er auðvitað töluvert önnur en við mundum kjósa og okkar mat og þeirra er mjög öndvert. Ég ætla ekki að vitna í þessi samtöl, það er ekki venja, ekki beint. En ég get þó sagt að þar kemur fram í öllum þessum viðræðum bæði við forsætisráðherrann, forsetann og utanríkisráðherrann og reyndar fleiri embættismenn sem við áttum tal við þarna að þeir leggja mikla áherslu á þessar friðarviðræður og þeir eru sannfærðir um að þær muni skila árangri fyrr eða síðar og jafnvel fyrr en síðar. En þeir segja jafnframt að þessar friðarviðræður muni aldrei breyta þeirri afstöðu þeirra að hermdarverkum, sem þeir kalla svo, og auðvitað eru það hermdarverk í ýmsum skilningi sem þarna eru framin, eins og morðin á hermönnunum sofandi í herskálunum, muni þeir ætíð og alltaf svara af fullkominni hörku. Friðarviðræður munu engu breyta í þeim efnum. Það hafi verið stefna þeirra frá upphafi og það muni þeir gera áfram. Það er engin vafi á því að þetta er þeirra sjónarmið.

Það er líka ljóst að þeir gera sér fulla grein fyrir því að hernumdu svæðin eru ekki þeirra um aldur og ævi. Þeir tala kannski óðruvísi um austurhluta Jerúsalem sem er þeim heilög borg eins og reyndar fleiri þjóðum og trúarhreyfingum. En þeir gera sér grein fyrir því að þeir munu ekki ríkja á hernumdu svæðunum alla tíð. Þess vegna eru viðræðurnar haldnar núna undir Madrid-formúlunni, sem reyndar útilokar umræður um austurhluta Jerúsalem. Þeir halda því hins vegar fram þegar við vörum við og mótmælum byggingu á hernumdum svæðum að það vandamál leysist og verði úr sögunni þegar sátt náist um þau svæði og um þá sjálfstjórn sem þeir hafa boðið og boðin var fram fyrst í Camp David-viðræðunum á sínum tíma. Þeir halda því fram að þá leysist mál af þessu tagi.

Svo ég víki, þar sem tíminn er naumur, nokkuð að þeim spurningum sem málshefjandinn, hv. þm., bar hér fram þá ætla ég að lesa þær upp og svara þeim jafnharðan.

1. Hvers vegna var heimsókn forsrh. til Ísraels ekki rædd í ríkisstjórninni áður en hún var ákveðin? Svarið er: Hún var rædd í ríkisstjórninni.

Utanrrh. mun hins vegar hafa verið erlendis en starfandi utanrrh. var á fundinum þegar um málið var rætt.

2. Hver er afstaða forsrh. og ríkisstjórnar til morðsins á Abbas Musawi, eiginkonu hans og ungum syni sem Ísraelsher myrti eftir að hafa skipulagt morðið mánuðum saman? Hver er afstaða forsrh. og ríkisstjórnarinnar til árása Ísraelshers á þorpin Kafra og Yater en í þeirri aðgerð réðst Ísraelsher á friðargæsluliðsveitir Sameinuðu þjóðanna og skutu á friðargæslumenn Sameinuðu þjóðanna?

Hér er ekki spurt um afstöðu okkar til árásanna á ísraelsku hermennina sem voru drepnir með öxum og hnífum á mjög viðurstyggilegan hátt. Af einhverjum ástæðum er ekki spurt um það. Hér er heldur ekki spurt um afstöðu okkar til þess að Hizbollah-hreyfingin skaut eldflaugum yfir á svæði Sameinuðu þjóðanna og særði tugi manna og m.a. lést barn, eins og kunnugt er.

Ég lét það koma fram í samtölum mínum við Shamir forsætisráðherra að auðvitað harmaði ég þessa atburði báða, morðið á ísraelsku hermönnunum og þann atburð sem fyrirspyrjandi fjallar um. Ísraelsmenn halda því fram, reyndar gera það fleiri, að þessi leiðtogi hafi staðið fyrir morðum á ekki bara tugum heldur hundruðum manna. Hann hafi staðið fyrir gíslatökum erlendra manna, verið þar í fyrirsvari, og séð um og gefið fyrirmæli um að slíkir aðilar væru teknir af lífi. Þetta eru þeirra rök. Og þeir halda því fram að þeir hafi haft harma að hefna, ekki sérstaklega vegna árásarinnar á ísraelsku hermennina heldur vegna gamalla synda þessa tiltekna manns, en auðvitað hörmum við þessa atburði alla.

Innrásin í gegnum línu Sameinuðu þjóðanna. Að vísu er nokkuð deilt um þennan aðdraganda gagnvart liðsmönnum Sameinuðu þjóðanna enn sem komið er og eftir því sem ég best veit. Við vöruðum við þáttum af slíku tagi fyrir fram á fundum með forráðamönnum Ísraelsríkis. Við settum okkur ekki í dómarasæti en vöruðum við atburðum af þessu tagi. Og sem aðilar að Sameinuðu þjóðunum hljótum við að harma að til þessara atburða skuli hafa komið.

Varðandi skýrslu Amnesty International um mannréttindabrot þá ræddi ég hana ekki við ísraelska forsætisráðherrann. Ljóst er að þessi samtök hafa komið skýrslum sínum á framfæri og að við gagnrýndum

ákveðna þætti í stefnu Ísraelsmanna, einkum á hernumdu svæðunum.

Í fimmta lagi er spurt hvers vegna ég hafi lagt blessun mína yfir herteknu svæðin með heimsókn minni á landsvæði Palestínumanna. Ég svaraði því í yfirliti mínu áðan að í heimsókn forsrh. þessa ríkis eða annarra, utanrrh. þessa ríkis eða annarra, felst auðvitað engin slík blessun og engin slík yfirlýsing. Það er afskaplega merkilegt og menn hafa sagt hér að ég hafi tekið þátt í því að rjúfa einangrun Ísraelsríkis með heimsókn minni. Það hafa tugir utanríkisráðherra, forsætisráðherra og forseta komið í opinberar og óopinberar heimsóknir til Ísraels. Ég efast um að nokkurt annað land hafi verið jafnmikið heimsótt að undanförnu af opinberum aðilum, ef frá eru taldar Sameinuðu þjóðirnar, vegna þess að á Vesturlöndum telja menn mjög mikilvægt að fá upplýsingar frá fyrstu hendi frá þessum aðilum og láta sjónarmið sín koma fram við þá. Engum dettur í hug, eins og gert hefur verið á þessu þingi og reyndar í blöðunum, að túlka það með þeim hætti sem menn hafa gert hér og lýsir afskaplega miklu þekkingarleysi á samskiptum manna úti í hinum breiða heimi, svo ekki sé nú meira sagt. Ég er hér með lista yfir þessar heimsóknir og það er ótrúlegur fjöldi sem hefur komið í heimsókn á örskömmum tíma. Ætli það hafi ekki komið álíka fjöldi á einu og hálfu ári til Ísraels og komið hefur til Íslands á undanförnum 30 árum eða svo. Og auðvitað er fráleitt að halda því fram að þar með séu allir þeir forustumenn ríkja á Vesturlöndum að viðurkenna allt sem Ísraelsríki gerir.

Síðan er vikið að leiðurum Morgunblaðsins. Að vísu er ekki spurt um leiðara Dagblaðsins enda geri ég ekki ráð fyrir að menn taki þá leiðara almennt mjög alvarlega hér í þessum sal. En spurt er um leiðara Morgunblaðsins og hvort Ísraelsstjórn eigi að biðja forsrh. og íslensku þjóðina afsökunar á því frumhlaupi sem átti sér stað í heimsókn forsrh. til Ísraels og einnig að á meðan það er ekki gert muni þetta mál valda vandkvæðum í samskiptum Íslands og Ísraels. Ég er hér með skeyti til utanrrn. frá Yngva Yngvasyni sendiherra, sem ég fékk afrit af í dag, og þar stendur:

„Vegna endurtekinna missagna íslenskra fjölmiðla um hvernig margumrætt bréf Simons Wiesenthals Center barst í hendur Davíðs Oddssonar forsrh. skal tekið fram að bréfið var afhent mér af gestamóttöku Hótel King David í Jerúsalem. Bréfið til forsrh. var inni í umslagi sem merkt var mér. Fréttir þess efnis að ísraelska utanríkisráðuneytið hafi afhent bréfið eru því ekki á rökum reistar. Umrædd ákæra barst ekki í tal á fundum sem Davíð Oddsson forsrh. átti við forseta, forsætisráðherra og utanríkisráðherra Ísraelsríkis. Hins vegar tók Dov Shilansky þingforseti málið upp er forsætisráðherra heimsótti þingið. Sagðist hann gera það að eigin frumkvæði."

Það er rétt að þetta komi fram vegna þess að í raun gerir það flestar þær spurningar sem hér koma á eftir óþarfar því þau ummæli sem þar er vitnað til byggjast að verulegu leyti á þessum misskilningi með hvaða hætti þetta bréf var afhent.

Þrátt fyrir það vil ég taka fram að mér brá nokkuð þegar ég fékk þetta bréf í hendur, nánast áður en ég var búinn að setja niður handtöskuna inni á mínu hótelherbergi á þessu ágæta hóteli. Ég hefði kosið að slíkir aðilar, sem eru þekktir og viðurkenndir aðilar, heimsþekktir, hefðu sýnt þá kurteisi að koma þessu bréfi til skila annaðhvort áður en ég fór í þessa ferð eða þá eftir hana eða með öðrum hætti. En það að þeir gerðu það með þessum hætti hafði auðvitað engin áhrif á heimsókn mína í Ísrael. Flestar þær spurningar sem koma fyrir síðar tengjast þessum misskilningi og því er ekki ástæða fyrir mig í sjálfu sér að fjalla sérstaklega um þær.

Ellefta spurningin var hvort við munum endurskoða afstöðu okkar til stefnu Ísraelsríkis í ljósi þess sem gerst hefur, og þá skilst mér að einkum sé verið að vísa til þessa bréfs. Það hefur auðvitað ekki verið gert og ég vek athygli á því að afstaða núv. ríkisstjórnar og þeirrar fyrrverandi er mjög áþekk, ef ekki alveg sú sama, til þeirra deilna sem á þessu svæði hafa verið.

Síðan er spurt: Hver verða viðbrögð ríkisstjórnar Íslands við bréfi Wiesenthal-stofnunarinnar sem afhent var forsrh. í Ísrael? Þetta bréf birtir af hálfu þessarar stofnunar mjög alvarlegar ákærur á hendur íslenskum ríkisborgara. Mér fannst það ekki viðeigandi að ég ræddi það mál á erlendri grundu og lýsti því jafnvel yfir að málið mundi ég ekki taka til efnislegrar umræðu nema á Íslandi þar sem það snerti íslenskan ríkisborgara. Þetta mál er um atburði sem gerðust fyrir 50 árum, hálfri öld. Ég tel afskaplega mikilvægt að menn tali mjög varlega um mál af þessu tagi. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að skoða réttarstöðu þessa íslenska ríkisborgara. Ég tel að hann eigi kröfu til þess. Ég tel rétt að það sé skoðað mjög vandlega með hvaða hætti íslenska stjórnkerfið tekur á málum af þessu tagi, hvaða kröfur til sannana ber að gera til þess sem lætur uppi jafnþungar ákærur og þessi aðili gerir. Ég vek athygli á því að þrátt fyrir það að hér sé um mjög virta stofnun að ræða sem hefur margoft reynst hafa rétt fyrir sér í ásökunum af þessu tagi er það fjarri því að vera algilt. Til þess hefur verið vitnað að í Bretlandi hafi um 200 manns verið tilnefndir vegna þátttöku í glæpum af þessu tagi eða svipuðum en rannsóknastofnun breska þingsins hafi aðeins getað samþykkt að fótur væri fyrir eða nægilega sannanir fyrir málum örfárra einstaklinga. Þetta mál er afskaplega viðkvæmt og vandmeðfarið og ég tel ekki rétt að ræða það frekar úr þessum ræðustól núna en vil sem svar við 12. spurningu frá hv. þm. taka fram að ríkisstjórnin mun athuga málið vandlega og skoða réttarstöðu þess einstaklings sem þarna er mjög svo að vegið og jafnframt hver séu eðlileg skref af ríkisstjórnarinnar hálfu áður en þessum aðilum verður svarað. Ég tel að hér verði menn að fara afskaplega varlega.

Ég tel, virðulegi forseti, að í öllum megindráttum hafi för mín til Ísraels sem ég fór með samstarfsmönnum mínum verið afskaplega vel heppnuð, að frátöldum umræðum um bréf þetta sem olli kannski meiri tilfinningahita hér á Íslandi en efni stóðu til. Hún var stórfróðleg. Það gafst tækifæri til þess fyrir mig, eins

og fjölmarga forustumenn lýðræðisþjóða á Vesturlöndum að undanförnu, að láta í ljós mínar skoðanir, heyra um afstöðu þessara aðila sem ráða svo miklu um það hvernig mál munu skipast á þessu viðkvæma svæði. Við vitum öll að ef eitthvað fer úrskeiðis á því svæði getur það haft áhrif miklu víðar en staðbundin áhrif jafnan gera. Þess vegna hafa Íslendingar fylgst mjög náið með atburðum á þessu svæði. Við höfum stutt þá stöðu Ísraelsríkis að mega tryggja tilveru sína. Við höfum viðurkennt það að hér er um að ræða fjögurra milljón manna þjóð með þjóðir sem eru tugir milljóna í kringum sig sem ekki hafa viðurkennt tilveru þess, ríki sem ekki búa við lýðræðisstjórn eins og Ísraelsríki eitt gerir á þessu svæði, ríki eins og Sýrland þar sem rökstuddar ákærur hafa verið uppi um að þarlendur þjóðarleiðtogi hafi fyrirkomið ekki hundruðum, ekki þúsundum heldur tugþúsundum landa sinna á undanförnum árum. Menn þekkja til annarra ríkja t.d. Íraks sem er ekki lýðræðisríki, Jórdaníu og svo mætti áfram telja. Við höfum viðurkennt þetta land sem er fámennt miðað við þau fjölmörgu ríki sem hafa ekki viljað viðurkenna tilveru þess, reyndar lýst því yfir að hvern Ísraela bæri að reka á haf út. Við höfum viðurkennt að það bæri að fylgja eftir ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem við studdum um stofnun þess ríkis. Þar berum við ábyrgð eins og aðrir sem tóku þátt í þeim ákvörðunum. Frá þeirri ábyrgð getum við ekki hlaupið. Ég tel ekki einungis mikilvægt að fara í slíkar ferðir. Það er jafnframt mikilvægt hvernig menn haga sér á þeim stöðum og hvað menn segja í viðræðum.

Ég taldi heimsókn fyrrv. forsrh. til Jassirs Arafats ekki heppilega. Ég taldi afskaplega óheppilegt þegar Jassir Arafat sýndi þáv. forsrh. þening, nýútgefinn þening, sem sýndi Stór-Ísraelsríki sem átti að taka yfir Sýrland, Jórdaníu og Líbanon og sagði honum að þetta væri nýr peningur sem sýndi yfirráðastefnu Ísraels. Forsrh. kom í íslenska fjölmiðla og sagði: Ég trúi Arafat. Síðan kom á daginn að þessi mynd á peningnum var 2.000 ára gömul. Ég tel það ekki heppilegt. Ég taldi það heldur ekki heppilegt þegar þáv. forsrh. lýsti því yfir að íslenska ríkisstjórnin væri alfarið fylgjandi stefnu Mubaraks, forseta Egyptalands, um friðarviðræður á þessu svæði þegar íslenska ríkisstjórnin, sem hann var í forustu fyrir, hafði aðra stefnu á þeim tíma. Það taldi ég heldur ekki heppilegt.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Forsrh. sagði hér áðan undir lok sinnar ræðu að þetta hefði verið afskaplega vel heppnuð ferð til Ísraels. Ég er ansi hrædd um að hann sé einn um þá skoðun, næstum því aleinn nema ef vera kynni að einhverjir stuðningsmenn hans hér á Alþingi reyni að halda í þá skoðun líka. Ég held að ferðin geti ekki talist vel heppnuð. Í rauninni er þetta leiðindaferð sem hefði betur aldrei verið farin.

Þessi ferð var rædd hér á Alþingi ekki alls fyrir löngu og forsrh. var þá eindregið varaður við því að leggjast í þetta ferðalag en hann virti það að vettugi. Það verður að segjast eins og er að þegar ráðamenn leggjast í ferðalög á kostnað skattborgara, þá er afskaplega mikilvægt að þeir eigi eitthvert erindi, að ferðin þjóni einhverjum tilgangi og hægt sé að upplýsa hvert erindið sé, hver tilgangurinn sé. Það hefur forsrh. tekist afskaplega illa. Ferð hans var ferð án fyrirheits og það verður að segjast eins og er að hann reið ekki feitu hrossi heim aftur.

Í þessa umræðu hefur blandast bréf Wiesenthal-stofnunarinnar sem afhent var forsrh. meðan hann gisti Ísrael. Ég geri hvorki mikið með þetta bréf né heldur með hvaða hætti því var komið á framfæri við forsrh. Það er mín skoðun og það skal vera mín persónulega skoðun að ekki sé sjálfgefið að menn fari hefðbundnar leiðir ef þeir telja mikið liggja við. Ef þeir telja að réttlætinu sé misboðið og réttlætiskennd þeirra, þá sé ég í sjálfu sér ekki neitt saknæmt við það að sniðganga ýtrustu kurteisi. Ég reikna með því að strangtrúaðir gyðingar líti málið þeim augum. En það er bara þannig að mönnum sýnist sitt hvað í þessum málum. Ég ætla því ekki að ræða það mál hér í dag út frá því að íslensk þjóð hafi verið móðguð með framkomu Wiesenthal-stofnunarinnar og ráðamanna í Ísrael við hæstv. forsrh. Mér finnst þetta mál gefa miklu betra tilefni til að benda á að hin síonísku stjórnvöld í Ísrael eru ekki sérstakir handhafar réttlætis þrátt fyrir þá skelfilegu helför sem farin var gegn gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni. Sú helför var skelfileg og hefur auðvitað rist rúnir í reynslu gyðinga. En það gerir þá samt ekki að handhöfum réttlætis um aldur og ævi. Í raun má segja að þeirra réttlæti í dag sé harla vont því að alvarleg mannréttindabrot hafa fylgt Ísraelsríki allt frá stofnun þess. Rótin að þessum mannréttindabrotum er auðvitað hugmyndafræði síonismans, sú hugmyndafræði sem Ísraelsríki byggist á. En um hvaða mannréttindabrot er ég þá að tala? Það er af mjög mörgu að taka og væri hægt að halda hér ræður daginn út og daginn inn um þá hluti en ég ætla aðeins að stikla á stóru.

Í fyrsta lagi má benda á að þótt Sameinuðu þjóðirnar hafi núna illu heilli samþykkt að síonisminn teljist ekki kynþáttastefna, þá breytir það ekki því að margs konar lög sem í gildi eru í Ísrael eru brot gegn alþjóðasamningnum um kynþáttamismunun og að þeim samningi er Ísland aðili. Ég get nefnt í því sambandi að palestínskir ríkisborgarar Ísraelsríkis eru í dag um 750 þús., þeir eru um 16% þjóðarinnar. Afskaplega flókinn lagavefur er notaður er til að mismuna þeim gróflega á margan hátt. Í fyrsta lagi má benda á það að 92% af flatarmáli Ísraelsríkis, þá er ég að tala um flatarmál ríkisins eftir hernámið 1948 og 1967, eru í eigu svokallaðs þjóðarsjóðs gyðinga. Palestínskir ríkisborgarar, þessi 750 þús., mega ekki búa á, leigja né nýta jarðir í eigu þessa þjóðarsjóðs. Með öðrum orðum, 92% af landsvæðinu eru óaðgengileg fyrir þessi 16%.

Þá má benda á það, sem ég gerði reyndar áður en forsrh. fór í þessa för vegna þess að stundum finnst mér hugtök dálítið sérkennilega notuð í umræðum um Ísraelsríki, að Ísraelsríki er ekki lýðveldi þeirra íbúa sem búa á tilteknu landsvæði. Ísraelsríki er ríki gyðinga burt séð frá því hvar þessir gyðingar búa. Mér dettur þetta í hug vegna þess að forsrh. sagði áðan að

Ísraelsmenn væru fjögurra milljóna manna þjóð með óvinveitta aðila í kringum sig sem vilja reka þá á haf út. Hvaða þjóð er þetta? Hvaða fjögurra milljóna manna þjóð er þetta? Er það þjóðin sem byggir Ísraelsríki eða er það gyðingaþjóðin sem hæstv. forsrh. er að tala um og sem stofnaði það gyðingaríki sem þarna er og er ekki lýðveldi í hefðbundnum skilningi þess orðs né heldur lýðræðisríki?

Stór hluti þessa lands, sem Ísraelsríki byggir núna, var fenginn árið 1948 þegar 750 þús. Palestínuarabar voru reknir frá heimilum sínum og það er grunnurinn að því landsvæði sem nú er í eigu þjóðarsjóðs gyðinga.

Annað sem má nefna sem dæmi um kynþáttamismununina er að sveitarfélögum Palestínumanna er mismunað mjög gróflega innan Ísraelsríkis. Þá er ég að tala um sveitarfélögin sem voru á svæði sem afmarkað var árið 1947 af Sameinuðu þjóðunum. Fjárveitingar til þeirra eru lægri en til annarra sveitarfélaga, þjónusta er þar verri og skipulag hefur ekki fengist staðfest í þessum sveitarfélögum eins og annars staðar. Órækasti votturinn um mismunun er kannski að barnadauði er mun meiri í sveitarfélögum Palestínumanna en gyðinga.

Í þriðja lagi má nefna að þeir sem gegna herþjónustu eða hafa gegnt herþjónustu í Ísrael njóta ákveðinna forréttinda. Þeir fá t.d. mun hærri barnabætur með börnum sínum en hinir sem ekki hafa gegnt herþjónustu. Það vill nú þannig til að Palestínumenn eru ekki kallaðir til herþjónustu og þá kemur þetta niður á þeim. Í þessu birtist líka kynþáttamismununin. Ég get tekið dæmi um skólalögin í Ísrael. Í skólalögum er kveðið á um það að menning gyðinga skuli lögð til grundvallar í skólunum og það er gerð krafa um tryggð við ríkið og gyðingaþjóðina í skólalögum Ísraelsríkis. Þetta er auðvitað kynþáttamismunun vegna þess að í þessu landi búa bæði gyðingar og þeir sem eru ekki gyðingar. Ekki er hægt að stofna stjórnmálaflokka í Ísrael nema þeir viðurkenni ríki gyðinga. Auðvitað er spurning hvort Palestínumenn geta gert slíkt, hvort þeir geta viðurkennt ríki gyðinga sem er auðvitað kynþáttaaðskilnaðarríki, það byggir á kynþáttaaðskilnaðarstefnu meðan það heitir svo. Þetta var um brot á lögum eða alþjóðasamningum gegn kynþáttamismunun.

En brotin á Genfarsáttmálanum frá 1949 eru miklu alvarlegri, t.d. brotin á Genfarsáttmálanum um vernd hins óbreytta borgara á stríðstímum. Alvarleg brot á þeim sáttmála hafa verið framin allt frá árinu 1948 og eru enn framin. Það vakti athygli mína að í forsögu Ísraels, sem forsrh. rakti hér áðan, fór hann tvö ár aftur í tímann, lengra náði forsaga hans ekki. Það eru alvarleg brot framin á þessum sáttmála í Ísrael og samkvæmt Genfarsáttmálanum eru mörg þessara brota skilgreind sem stríðsglæpir. Hér hefur Rauði krossinn nýlega gefið út meginreglur Genfarsáttmálanna. Ekki þarf lengi að glugga í þá bók til að sjá að Ísraelsmenn eru brotlegir, hafa gerst alvarlega brotlegir við þann sáttmála, með öðrum orðum gerst sekir um stríðsglæpi. Hér nægir að nefna ólöglegar brottvísanir eða flutning úr landi, sem telst vera alvarlegt brot, eyðileggingu og upptöku eigna sem ekki réttlætist af hernaðarhagsmunum og framkvæmd er ólöglega í stórum stíl, árásir á almenning og óbreytta borgara, eignir almennings, flutning hernámsaðila á eigin borgurum inn á svæði sem hann hefur hertekið, brottvísun eða brottflutning allra íbúa af þessum svæðum o.s.frv. og þannig mætti lengi telja. Allt teljast þetta vera stríðsglæpir, hæstv. forsrh., samkvæmt Genfarsáttmálanum sem Ísland er aðili að.

Ég minntist áðan á að hluti af landsvæði núverandi Ísraels hefði verið hernumið 1948 og þá voru 750 þús. Palestínumenn hraktir á flótta og urðu að yfirgefa heimili sín. Það sem Ísraelsmenn gerðu í kjölfarið og öllum er kunnugt, sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál, var að þeir settu jarðýtur á heimili þessa fólks og jöfnuðu 385 byggðarlög við jörðu. Árið 1967 endurtók sig svipuð saga. Það var hernámið á svæðunum á vesturbakka Jórdan og Gólanhæðum og á Gasasvæðinu o.s.frv. Þá voru Palestínuarabar aftur hraktir af jörðum á þessum herteknu svæðum og nú er verið að reisa þar landnemabyggðir í stórum stíl. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að Ísraelsmenn, þ.e. þeir sem eru í forsvari þar, væntanlega Shamir, hafi sagt við sig að landnám á herteknu svæðunum væri vandamál sem mundi leysast þegar friðarviðræðunum er lokið. Mér er spurn: Hvernig verður það vandamál leyst? Hvernig verður það vandamál leyst að leyfa því fólki að snúa aftur sem bjó á svæðunum sem hertekin voru 1948, 750 þús. manns? Verða því bættar upp eignir þess? Hvernig verður vandamálið leyst sem er að skapast núna með landnemabyggðunum á svæðunum sem tekin voru 1967? Mér þætti gaman að fá eitthvert svar við því frá hæstv. forsrh. hvaða lausn þeir hafa dregið upp fyrir hann.

Heimsbyggðin öll er sammála um að hernámið á svæðunum, sem tekin voru 1967, sé ólögleg en Ísraelsríki viðurkennir ekki að þetta séu hernámssvæði. Það telur sig hafa umsjón með þessum svæðum og þar af leiðandi njóta íbúar hvorki borgaralegra réttinda né heldur verndar samkvæmt Genfarsáttmálanum, þ.e. íbúar sem búa á þessum svæðum. Það er einmitt á þeim forsendum sem Ísraelsstjórn réttlætir landnámið á umræddum svæðum, þ.e. að þetta séu ekki hernámssvæði. Ef þetta væru hernámssvæði og þeir viðurkenndu það gætu þeir ekki flutt íbúa inn á þessi svæði með þeim hætti sem þeir gera í dag.

Það má því segja að Ísraelsríki brjóti flestar grundvallarreglur réttarríkis á herteknu svæðunum. Það rekur íbúa í útlegð, það beitir hóprefsingum, það beitir efnahagslegri kúgun, líkamlegu ofbeldi, það takmarkar tjáningarfrelsi og það fangelsar fólk án dóms og laga.

Vegna alls þessa sem ég hef talið upp hér og gæti haft upptalninguna miklu lengri þá átti forsrh. ekki að fara í þessa ferð. Vegna þessa var það líka rétt ákvörðun hjá utanrrh. að afþakka boð um opinbera heimsókn til Ísraels.

Eins og ég sagði áðan, er Ísland aðili að Genfarsáttmálanum og með aðild sinni að sáttmálanum hefur það tekist ákveðnar skyldur á herðar vegna þess að

sáttmálinn er ekki pappírsgagn. Ég ætla að vara við því þegar hæstv. forsrh. segir hér: Ef farið væri eftir lagabókstafnum þá fengist engin lausn. Menn eiga ekki að fara eftir lagabókstafnum. Ég ætla að vara við þessu viðhorfi því ef eitthvert plagg skiptir máli fyrir fólk, fyrir mannréttindi, fyrir líf fólks, þá er það Genfarsáttmálinn.

Mig langar til þess að vitna hér í grein sem Sölvi Sölvason lögfræðingur skrifaði og á að vera almenn kynning á Genfarsáttmálanum. Hún er í riti sem heitir „Mannréttindi koma þér við".

Þar segir Sölvi, með leyfi forseta: „Öll lög eru dauður bókstafur ef yfirvöld viðurkenna þau ekki eða þau eru ekki kunn meðal þeirra sem eiga eftir þeim að fara. Í fyrstu grein allra Genfarsáttmála er kveðið á um það að aðildarríki skuldbindi sig til að virða og tryggja helgi sáttmálanna undir öllum kringumstæðum. Með því að setja ákvæði þetta strax fram í 1. gr. allra samninganna er verið að beina athyglinni að mikilvægi þessa ákvæðis. Það hefur þá þýðingu að ef aðildarríki staðfesta þessa sáttmála þá eru þau ekki aðeins að skuldbinda sig til að ganga að þeim að svo miklu leyti sem eitthvert annað ríki heldur samningana gagnvart þeim, heldur skuldbinda þau sig til þess að virða samningana að öllu leyti hvað sem á dynur. Einnig eru ákvæði í sáttmálanum sem skuldbinda aðildarríki til að gera ráðstafanir til að tryggja virðingu fyrir þeim.

Aðildarríki sáttmálanna eiga ekki aðeins að sjá til þess að borgarar þess ríkis fari að sáttmálanum, heldur eiga þau einnig að vinna að því að önnur ríki virði þá." Því ber Íslendingum skylda til að einangra þá siðferðilega sem gerst hafa alvarlega brotlegir við sáttmálann og þess vegna ber okkur Íslendingum siðferðileg skylda til að vera ekki í kurteisisheimsóknum hjá ríkisstjórnum sem hafa gerst alvarlega brotleg við þennan sáttmála.

Það er mín skoðun að íslenska ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir því í rauninni að fá slíka aðila lögsótta, aðila sem hafa völd og hafa gerst brotlegir við sáttmálann en heiðra þau ekki með heimsókn.

Menn hafa talað hér um mál Eðvalds Hinrikssonar í fjölmiðlum sérstaklega. Mín skoðun á því máli er sú að í stað þess að einblína á gamlan og valdalausan mann á Íslandi ættu menn að finna leiðir til að koma lögum yfir þá valdamenn heimsins sem hafa framið og fremja enn alvarleg mannréttindabrot og stríðsglæpi og fara ekki leynt með það, hæstv. forsrh.

Að lokum finnst mér afskaplega mikilvægt að fá við því eitthvert svar hér með hvaða hætti íslensk stjórnvöld hyggjast ganga eftir því að stjórnvöld í Ísrael virði mannréttindasáttmála og virði Genfarsáttmálann, að þau gangi eftir því eins og þeim ber skylda til úr því að þau eru aðilar að þessum sáttmála á annað borð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Málshefjandi fór mörgum orðum um nýafstaðna heimsókn forsrh. til Ísraels. Ég vil láta það koma fram hér að ég taldi það í alla staði eðlilegt að forsrh. þekktist boð forsætisrráðherra Ísraels um að koma þangað í opinbera heimsókn. Meira en aldarfjórðungur er liðinn frá því að íslenskur forsrh. fór til Ísraels í slíka heimsókn og samskipti landanna hafa lengi verið vinsamleg. Heimsóknir æðstu manna og ráðherra Evrópuríkja til Ísraels hafa, eins og kom fram hjá forsrh. hér áðan, verið ákaflega margar á síðustu mánuðum og engin þessara heimsókna er talin eða hefur verið talin fela í sér nokkra viðurkenningu á stefnu eða yfirráðarétti Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum. Heimsókn forsrh. var m.a. liður í þeirri viðleitni Íslendinga að stuðla að friðsamlegum, samningsbundnum lausnum á deilum Ísraelsmanna og nágranna þeirra.

Ég ætla hér ekki að víkja að einstökum spurningum málshefjanda en vil þó láta það koma fram að auðvitað harmar íslenska ríkisstjórnin árásir og líflát saklausra manna í þessum átökum og sérstaklega vegna þeirra atburða sem til var vitnað í spurningum hans. Það er að sjálfsögðu skoðun sem íslenska ríkisstjórnin tekur undir að fordæma beri árásir á friðsama borgara og friðargæslusveitir eins og aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur gert og öryggisráðið hefur ályktað um.

Það var einkar óheppilegt, svo ég víki að öðru atriði sem báðir ræðumenn, hv. málshefjandi 8. þm. Reykn. og 10. þm. Reykv. nefndu, að heimsókn forsrh. var notuð sem tilefni til þess að afhenda bréf Wiesenthal-stofnunarinnar með alvarlegum ásökunum á hendur íslenskum ríkisborgara. Það mál fær nú vitaskuld eðlilega meðferð eftir viðeigandi farvegum. Þessi atburður varpar því miður nokkrum skugga á heimsóknina en er henni annars algjörlega óviðkomandi.

Eins og kunnugt er hefur utanrrh. nýlega ákveðið að hætta við áformaða opinbera heimsókn til Ísraels í vor, m.a. með vísan til þess að heimsókn forsrh. er nú nýafstaðin. Þessa ákvörðun hefur utanrrh. tilkynnt starfsbróður sínum ísraelskum með bréfi.

Virðulegi forseti. Þessi umræða gefur tilefni til þess að fara nokkrum orðum um afstöðu Íslands til deilna Ísraels og Arabaríkja. Kjarnann í þeirri afstöðu og í þeirri stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa fylgt gagnvart deilum Ísraels og Arabaríkja er að finna í ályktun Alþingis frá 1989 um deilur Ísraels og Palestínumanna. Þar eru tvö sjónarmið lögð til grundvallar.

Í fyrsta lagi að tryggja verði tilverurétt Ísraelsríkis. Í öðru lagi að virða beri í verki sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar. Í samræmi við þessa ályktun Alþingis um deilurnar hafa þessi tvö grundvallaratriði ætíð verið höfð að leiðarljósi þegar tekin er afstaða til deilna Ísraels og Arabaríkja á alþjóðavettvangi.

Hv. 10. þm. Reykv. vék hér sérstaklega að mannréttindabrotum á herteknu svæðunum. Hvað varðar ástandið á þeim svæðum, á vesturbakkanum, Gólanhæðum, Gasa og Jerúsalem, hefur afstaða Íslands jafnan verið afdráttarlaus, þ.e. að brýna nauðsyn beri til að binda endi á hernámið sem varað hefur í meira en 20 ár. Ástandið á herteknu svæðunum hefur verið óviðunandi á undanförnum árum og harkalegar aðgerðir ísraelska stjórnvalda mikið áhyggjuefni. Í því sambandi má minna á að Bandaríkjastjórn hefur sett Ísraelsmönnum þau skilyrði fyrir áframhaldandi efnahagsaðstoð og lánsábyrgðum að þeir hætti við áform sín um

að hefja þar frekara landnám gyðinga eins og fram hefur komið í fréttum nýlega.

En á þessum vanda á herteknu svæðunum eru engar auðteknar lausnir. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur komið mjög skýrt fram í ræðu og riti og í samtölum við ráðherra Ísraels, í atkvæðagreiðslum, meðflutningi að tillögum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í tvíhliða samskiptum við Ísraelsríki á öllum stigum.

Vegna orða hv. 10. þm. Reykv. um Genfarsáttmálann vil ég nefna tvö dæmi um það hvernig þessi afstaða hefur birst. Í fyrsta lagi kom Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. haustið 1990 á framfæri við utanríkisráðherra Ísraels með bréfi áskorun um það að Ísraelsmenn færu að ákvæðum alþjóðalaga og fylgdu Genfarsáttmálanum til varnar almenningi á hernumdu svæðunum. Þetta bréf var sent vegna ítrekaðra frétta af líflláti óbreyttra borgara og hermdarverkum af hálfu Ísraels á hernumdu svæðunum.

Annað dæmi um þessa afstöðu er að Ísland er nú meðflytjandi að tillögu sem liggur fyrir fundi Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf þar sem landnám ísraelskra stjórnvalda á hernumdu svæðunum er fordæmt og einmitt minnt á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Tillagan hefur enn ekki verið afgreidd en flest bendir til að hún verði samþykkt. Ég vil líka minna á að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa Norðurlandaþjóðirnar yfirleitt verið alveg sammála í afstöðu sinni til þeirra mála sem varða Ísrael. Í því sambandi vil ég benda á að á 46. allsherjarþinginu hafa Norðurlandaþjóðirnar haft samhljóða afstöðu í öllum atkvæðagreiðslum sem þessi mál varða. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga að alls ekki er hægt að skella allri ábyrgð á Ísraelsmenn í deilum þeirra og Araba og Palestínumanna. Því hefur verið haldið fram að þessar deilur verði ekki leystar á annan hátt en þann að Ísraelar yfirgefi herteknu svæðin, Palestína verði viðurkennd sem ríki og frelsissamtök Palestínumanna, PLO, sem ríkisstjórn þess. Hins vegar krefjast aðstæðurnar þess að litið sé á þetta mál í stærra samhengi og í því sambandi er ástæða til að hafa í huga að Ísrael er umkringt ríkjum sem ekki viðurkenna tilverurétt þess. Friðsamleg lausn deilunnar verður því að vera hluti af heildarlausn í Miðausturlöndum. Ásamt öðrum ríkjum hafa Íslendingar um alllangt skeið hvatt til þess að haldin verði alþjóðleg friðarráðstefna um Miðausturlönd í kjölfar Persaflóastríðsins og breyttra aðstæðna í alþjóðamálum.

Nú hafa skapast alveg nýjar aðstæður, nýjar forsendur, sem hafa gert það að verkum að loksins hefur tekist, einkum fyrir tilstilli Bandaríkjamanna, að koma af stað formlegum friðarviðræðum milli Ísraels og Arabaríkja. Þessar viðræður sem hófust í Madrid á síðasta hausti eru í senn tvíhliða, milli Ísraels og Arabaríkjanna þar sem Palestínumenn taka þátt í einni sendinefndinni og um leið fara fram fjölþjóðlegar viðræður með þátttöku ríkja bæði utan svæðis og innan. Þau djúpstæðu deilumál sem við er að etja í Miðausturlöndum eru að sjálfsögðu hið beina viðfangsefni tvíhliða viðræðnanna og það er ljóst að fyrst og fremst er undir þeim komið hvort varanlegur friður kemst á í Miðausturlöndum. Upphaf þessara viðræðna hefur gengið brösótt en þó virðist fullkomið tilefni til þess að halda þeim áfram og von um að þær geti skilað einhverjum árangri. Fjölþjóðaviðræðurnar geta hins vegar ekki leyst deilur Ísraels og Arabaríkjanna en þær geta veitt tvíhliða viðræðunum verulegan stuðning með alþjóðlegum aðgerðum og jafnvel ábyrgðum eða tryggingum. Íslendingar hafa lýst yfir eindregnum stuðningi við þær friðarviðræður sem hafnar eru. Í því sambandi vil ég minna á að Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. tók þátt í sérstökum undirbúningsfundi, skipulagsfundi, vegna fjölþjóðlegu viðræðnanna í Moskvu í síðasta mánuði. Þar kom hann fram sem formaður EFTA-ráðsins þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu EFTA-ríkjanna sjö að ósk frumkvöðla Madrid-ráðstefnunnar, þeirra Bakers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og utanríkisráðherra Rússlands.

Virðulegi forseti. Ég hef hér í stuttu máli lýst stefnu Íslands gagnvart deilum Ísraels og Arabaríkjanna eins og lýst var eftir í máli málshefjanda og hv. 10. þm. Reykv. Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni þá byggir þessi afstaða, þessi stefna Íslands, einkum á ályktun Alþingis frá árinu 1989. Það var að mínu áliti full ástæða til þess að forsrh. sækti Ísraelsmenn heim, kynntist viðhorfum þarlendra ráðamanna og skýrði þeim persónulega frá þeirri afstöðu Íslendinga sem ég hef nú lýst.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið. Mér finnst að skaðinn sé skeður og þá veit ég ekki hvað við bætum okkur á því að ræða þessa ferð mikið hér í þinginu. Kannski væri best að reyna að gleyma henni. Ég reyndi að fá hæstv. forsrh. til að hætta við að fara þessa för eða fresta henni og hóf máls hér utan dagskrár nokkrum dögum áður en hann fór. Hæstv. forsrh. þáði því miður ekki góðar leiðbeiningar mínar eða annarra þeirra sem voru sama sinnis. Hann fór för sem betur hefði ekki verið farin.

Nú veit ég ósköp vel að hæstv. forsrh. réðst ekki inn í Líbanon og hann hlýtur að harma þau hervirki Ísraela sem voru unnin meðan hann dvaldi í Ísrael eða nokkrum klukkutímum áður en hann kom þangað og eins í kjölfar heimsóknar hans. En hann dróst vegna óvarlegrar ferðar sinnar inn í atburðarás sem hann réð ekki við. Hann veitti stjórnvöldum í Ísrael því miður ákveðinn siðferðilegan styrk með nærveru sinni og heimurinn kann að líta svo á að Íslendingar séu á bandi Ísraelsmanna og séu samþykkir því framferði sem þeir hafa sýnt af sér undanfarna daga.

Hæstv. forsrh. var persónulega auðmýktur með viðtökunum í Ísrael. Það er út af fyrir sig hans mál og Ísraela. Það sem verra er er hins vegar að íslensku þjóðinni var sýnd óvirðing með því að veita honum ekki virðulegri viðtökur og það er í mínum huga hið alvarlega í málinu. Hæstv. forsrh. er hér býsna kokhraustur og lætur sem hann skilji ekki hvað hefur gerst. Kannski vill hann ekki láta bera á því að hann

skammist sín og það tel ég líklegra. Ég vona að hann kunni það. Íslendingar vilja að forsrh. þjóðarinnar sé sómi sýndur hvarvetna þar sem hann kemur fram fyrir hönd þjóðarinnar. Um það held ég að allir séu sammála, hver svo sem forsrh. er á hverjum tíma, eða hver sem í hlut á, hvort sem hann fylgir forsrh. að málum í stjórnmálum eða ekki. Þess vegna tek ég upp þykkjuna fyrir hæstv. forsrh. þó að hann geri það ekki sjálfur eða láti ekki á því bera að hann geri það sjálfur.

Við þekkjum viðtökurnar í Ísrael af þeim fréttum sem við höfum fengið og ég er sammála því mati sumra fréttamanna að hæstv. forsrh. hafi verið leiddur í gildru. Tækifærið var notað til að fá honum í hendur bréf frá Simon Wiesenthal-stofnuninni. Þetta bréf var engin sakleysisleg óvænt uppákoma. Að vísu var hún óvænt. Forsrh. var ekki varaður við því fyrir fram að honum mundi verða afhent þetta bréf og það skiptir ósköp litlu máli hvort það hefur farið um hendur sendiherrans, Yngva Yngvasonar, eða hvort hæstv. forsrh. tók við því áður en hann setti niður töskuna sína á Hótel King David í Ísrael. Það sem máli skiptir er það að forsrh. var ekki varaður við því fyrir fram að hann ætti von á þessu bréfi eða það mundi berast honum í hendur. Ég ætla ekki að ræða efni þessa bréfs og mér finnst hvorki staður eða stund til þess. Hæstv. forsrh. er hissa á því að þetta bréf hafi vakið sterkar tilfinningar og umræðu hér á Íslandi. Ég er ekki hissa á því. Það eru bornar þyngstu sakir á íslenskan ríkisborgara og ég tel að forsrh. hafi brugðist rangt við þegar hann lét þessa auðmýkingu yfir sig ganga. Hann spjallaði við blaðamenn um efni bréfsins og hvað hann mundi gera í málinu þegar hann kæmi heim.

Hæstv. utanrrh. líka hefur tjáð sig um þetta mál opinberlega og skýrt frá því hvað hann hefði gert hefði hann verið í sporum hæstv. forsrh. Hann telur að rétt viðbrögð hefðu verið að slíta þessari heimsókn og ég er sammála honum. Meðan á heimsókninni stóð, rétt fyrir hana og eins rétt eftir að henni lauk, gengu Ísraelar lengra í hervirkjum en þeir hafa gert um langt skeið. Árásin á leiðtoga Hizbollah og fjölskyldu hans var vandlega undirbúin. Henni var frestað að sögn fréttamanna vegna þess að Hizbollah-menn höfðu gísla á valdi sínu en þegar Hizbollah-menn höfðu látið gísla lausa var látið til skarar skríða. Þetta finnst mér ekki sérstaklega viturlegt athæfi hjá Ísraelsmönnum eða hernaðarfræði þeirra líkleg til árangurs til að gera friðsamlegra í þessum heimshluta. Þetta getur ekki kennt Hizbollah-mönnum annað en það að það er ákveðin trygging í því að hafa gísla og Ísraelsmenn eru beinlínis að mana þetta lið, sem ég ætla síður en svo að bera í bætifláka fyrir, til að taka nýja gísla.

Hæstv. forsrh. túlkaði hér úr þessum stól, með talsverðum þunga, málstað Ísraelsmanna en ég get ekki að því gert að mér finnst þessi afstaða Ísraelsmanna ekki vera skynsamleg og ég tel að þeir séu að safna glóðum elds að höfði sér. Þeir fara eftir kenningum Gamla testamentisins um hefndina sem þar má finna. Þeir vilja auga fyrir auga og tönn fyrir tönn.

Varðandi það að stjórnvöldum í Ísrael hafi ekki verið kunnugt um það að hæstv. forsrh. yrði afhent þetta bréf er ég ófáanlegur til að trúa því. Ef svo hefði ekki verið, hvaða hættur hefðu þá getað leynst í vegi hæstv. forsrh. — ef hans heimsókn var ekki betur skipulögð en svo, ef hans öryggis var ekki gætt betur en svo í þessu ófriðarins landi að menn hefðu getað komist að honum eða hans fylgdarliði, í þessu tilfelli væntanlega sendiherranum, með bréf og sendingar?

Hæstv. forsrh. segist hafa í höndum lista um gesti sem opinberlega hafi heimsótt Ísraela á undanförnum mánuðum. Það væri fróðlegt að heyra af þessum lista hvaða forsætisráðherrar sjálfstæðra lýðvelda eru í þessum hópi, hvaða aðilar jafntignir hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni eru á þeim lista. Ég tel hins vegar að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson hafi brugðist myndarlega við þegar hann afþakkaði boð um að koma í opinbera heimsókn til Ísraels og ég hef leyft mér að leggja fram tillögu í utanrmn. þar sem lýst er stuðningi við þá ákvörðun hæstv. utanrrh. Utanrmn. Alþingis á að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um utanríkismál samkvæmt þingsköpum og það er einmitt hennar verkefni að láta utanrrh. vita hvað henni líkar og hvaða leið hún vill að utanrrh. fari. Texti þessarar tillögu er ósköp stuttur og hann er á þessa leið:

„Utanríkismálanefnd Alþingis styður þá ákvörðun Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. að afþakka með formlegum hætti boð um að koma í opinbera heimsókn til Ísraels."

Þessi tillaga bíður afgreiðslu til næsta fundar í utanrmn. en í sjálfu sér getur þessi afgreiðsla ekki orðið nema ein því að utanrmn. hlýtur að sjálfsögðu að styðja ákvörðun utanrrh. Ég tel það hins vegar gott fyrir utanrrh. að fá að vita það formlega hver hugur nefndarinnar er í þessu máli.

Það kom í ljós í ferðasögu hæstv. forsrh. að Itzhak Shamir virti hann viðlits og talaði meira að segja við hann langa stund. En mig langar að spyrja hvaða gestrisni forsætisráðherra Ísraels sýndi forsætisráðherra Íslands, t.d. hvort hann hafi haldið kvöldverðarboð honum til heiðurs í þessari opinberu heimsókn eða hverjir það voru sem héldu slík boð forsætisráðherra Íslands til heiðurs í þessari ferð. (**Gripið fram í:** Og hvað var borðað.) Mig varðar ekkert um hvað var borðað í veislunum, en það skiptir máli hver aðdragandinn er og hver er gestgjafinn.

Hæstv. forsrh. var að reyna að verja afstöðu sína með því að jafna henni saman við heimsókn fyrrv. forsrh. til Mubaraks í Egyptalandi. Þetta tel ég vera ákaflega ósambærilegt. Egyptar hafa hvað eftir annað á undanförnum árum reynt að bera klæði á vopnin í þessum heimshluta og meira að segja einstöku sinnum sýnt verulega dirfsku í því að ganga lengra til samkomulags og samninga en maður hefði getað búist við. Ég minnist þess ekki að þeir hafi ráðist á nágranna sína meðan hv. þm. Steingrímur Hermannsson, þáv. forsrh. Íslands, dvaldi í opinberri heimsókn í Egyptalandi. Ég minnist ekki að þeir hafi, eða ég hef ekki frétt af því, myrt konur og börn eða stjórnmálaleiðtoga meðan Steingrímur Hermannsson dvaldi sem opinber gestur hjá Egyptum. Ég tel að ferð hæstv. fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar til fundar við Arafat í

Túnis hafi ekki verið opinber heimsókn, enda Arafat ekki opinber þjóðhöfðingi. Það var einkaheimsókn sem Steingrímur Hermannsson fór í til Arafats, ekki formleg heimsókn sem hann fór í til stéttarbróður heldur einkaheimsókn, hliðstæð því þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson fór og heimsótti Margréti Thatcher. Ég fetti ekkert fingur út í þá heimsókn. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson má hitta eða heimsækja hvaða erlenda aðila sem hann vill í einkaheimsóknum, enda sé það ekki gert í nafni þjóðarinnar.

Starfandi utanrrh. kom mér dálítið á óvart eins og stundum áður hér í ræðustólnum. Hann reyndi að bera blak af hæstv. forsrh. Það kom mér ekki á óvart því að hæstv. viðskrh. er drengskaparmaður og það var út af fyrir sig eðlilegt. Hann leggur hins vegar annað mat á hlutina en Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., og þar með snuprar hann með óbeinum hætti þennan flokksbróður sinn.

Það er öðru mikilvægara að reyna að stuðla að friði milli Ísraels og Pelstínumanna. Þeir eiga báðir sök. Ríkisstjórn Bush í Bandaríkjunum á þakkir skildar fyrir þær tilraunir til að knýja Ísraela til friðarviðræðna sem hún hefur sýnt af sér undanfarna daga og það er verðugra verkefni fyrir Íslendinga að reyna að leggjast á sveif með þeim. Að endingu, frú forseti, vonast ég til að þrátt fyrir allt verði þessi heimsókn, þessi gáleysislega heimsókn hæstv. forsrh. til Ísraels, ekki til að spilla varanlega sambandi Íslands og Ísraels.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að lýsa vonbrigðum mínum með það að hæstv. forsrh. skyldi fara í þá ferð sem hann fór til Ísraels. Tel ég að hann hefði betur hlustað á viðvörunarorð þeirra sem hér tóku til máls á Alþingi áður en hann fór og hefði þá hætt við ferðina. Þá hefði verið betri svipur á stefnu Íslands gagnvart því sem er að gerast í Ísrael og þar í kring.

Heimsóknin var afskaplega vel heppnuð, sagði hæstv. forsrh. og samkvæmt því sem hann sagði hér, virtist hann ekki hafa lært mikið um það sem þarna fer fram. Hann lýsti því áður en hann fór að hann mundi að sjálfsögðu heimsækja bæði Ísraelsmenn og jafnframt fulltrúa Palestínumanna. Mér þætti fróðlegt að vita hvaða fulltrúa Palestínumanna hann hefur heimsótt og hvort þeir fulltrúar sem hann heimsótti hafi verið ánægðir með ástandið á þessu svæði og hvort þeir voru réttir fulltrúar Palestínumanna, þ.e. hvort Palestínumenn líti á þá sem sína réttkjörnu fulltrúa til að tala við forsrh. Íslands. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki í máli hans áðan að það kæmi fram. Hann lýsti eingöngu sjónarmiðum Ísraelsmanna.

Ég tel því að það hafi verið mjög óheppilegt að þessi ferð var farin en hún hefði þó getað orðið til góðs á einn þátt ef ríkisstjórnin hefði endurskoðað afstöðu sína því að ég get ekki sagt að ég sé ánægð með þá afstöðu og þá stefnu sem hefur komið fram í stefnu ríkisstjórnarinnar hingað til.

Hér var vitnað til ályktunar Alþingis frá maí 1989. Hæstv. forsrh. vitnaði til hennar, og langar mig til að ítreka nokkur orð af því sem kom fram í máli hans, en þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO."

Hæstv. viðskrh. sem gegnir stöðu utanrrh. talaði um að ríkisstjórn Íslands færi eftir þessari ályktun. Mér hefur fundist nokkuð skorta á að það væri gert. Ég hef ekki orðið vör við það að íslenska ríkisstjórnin viðurkenni sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar, því miður. Ég hef reyndar talið nauðsynlegt og að ekki verði hjá því komist að Ísland viðurkenni ríki Palestínumanna og viðurkenni einnig PLO sem réttmætan fulltrúa palestínsku þjóðarinnar þar sem palestínska þjóðin telur þau samtök vera sína fulltrúa. Ég tel að það væri mjög í samræmi við ýmislegt annað sem ríkisstjórnin hefur gert varðandi viðurkenningu á ríkjum, t.d. baltnesku ríkjunum og Króatíu þar sem ríkisstjórnin hefur haft forgöngu á þessu sviði og því hefði ég talið eðlilegt að ríkisstjórn Íslands hefði forgöngu um það að viðurkenna ríki Palestínumanna og mundi þá að mínu mati stíga stórt skref í áttina til þess að þarna gæti orðið friðsamleg lausn á deilumálum. Ég spyr því hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki rétt að þarna verði tvö rétthá ríki, þ.e. að auk þess að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis, eins og Ísland hefur gert, eigi ekkert síður að viðurkenna ríki Palestínumanna. Ég tel að ekki komi annað til greina.

Við verðum að athuga það að Ísland ber mikla ábyrgð, meiri ábyrgð en margar aðrar þjóðir vegna aðildar okkar að stofnun Ísraelsríkis. Við getum ekki setið hjá og látið sem okkur komi ekki við það sem er að gerast á þessu svæði. Ísraelsmenn hafa gengið fram með þeim hætti að ekki verður við unað. Margoft hefur verið vitnað til skýrslu Amnesty International og ég vænti þess að hæstv. forsrh. hafi kynnt sér þá skýrslu. Ég veit ekki hvort það er að bera í bakkafullan lækinn að vitna til hennar en það er óhugguleget að lesa það sem þar kemur fram. Talað er um pyndingar við yfirheyrslur, talað er um alls konar aðferðir, hryllilegar aðferðir sem notaðar eru við yfirheyrslur. Fólk er barið með kylfum og byssuskeftum, séð er til þess að það geti ekki sofið. Það er talað um hér að eistu karlmanna séu kreist. Þeir eru lokaðir inni í dimmum klefum. Þetta eru hryllilegar lýsingar sem hér eru dregnar upp og fullyrt að Ísraelsmenn noti við sína fanga. Ég tala ekki um alla þá fanga sem eru í fangelsi án dóms og laga upp í ár eða meira. Þessi skýrsla sýnir svo ekki verður um villst að Ísraelsmenn eru sakaðir um mannréttindabrot og ég held að það þurfi ekkert að fara í grafgötur um það.

Með því að fordæma þessi mannréttindabrot er ekki verið að segja að það sem aðrir hafi gert sé eitthvað betra. Ég tel ekki sambærilegt að tala um Palestínumenn í sömu andrá sem eru að berjast fyrir að lifa af. Hér er talað að vopn þeirra séu fyrst og fremst grjót og

að það séu unglingar sem kasta grjóti. Síðan eru þeir pyndaðir og her er beint gegn þessu fólki. Ekki er hægt að bera þetta tvennt saman og segja svo að líta verði á þetta eins og tvo deiluaðila sem eru jafnréttháir. Ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. hljóta að viðurkenna að þarna eru menn ekki jafnir. Ísraelsmenn virðast ekki telja sig þurfa að fara að nokkrum alþjóðasáttmálum um mannréttindi og þeir hunsa allar samþykktir Sameinuðu þjóðanna.

Það sem veldur kannski mestum óhug er að þeir skuli beita Palestínumenn sömu aðferðum og þeir voru sjálfir beittir í síðari heimsstyrjöldinni og sýnir einna best að ofbeldi getur aldrei leitt annað af sér en ofbeldi. Þessar deilur sem þarna eru verða aldrei leystar með átökum. Það verður að leita friðsamlegra leiða og það er verið að reyna að gera núna með þessum friðarviðræðum. En einmitt þá telja Ísraelsmenn sig umkomna að ráðast inn í önnur ríki. Framferði þeirra og hegðun gengur út yfir allt velsæmi í þessum málum.

Hvað er forsrh. Íslands að gera með að heimsækja slíka þjóð? Það hefur ekki komið fram enn til hvers var farið. Af hverju taldi forsrh. Íslands nauðsynlegt að fara? Hæstv. viðskrh. taldi einnig að mjög eðlilegt væri að íslenskur forsætisráðherra færi til Ísraels, en ég heyrði ekki af hverju.

Norðurlönd njóta virðingar á alþjóðavettvangi vegna afstöðu til friðar og mannréttinda. Ég tel að forsrh. hafi með heimsókn sinni sett blett á þessa mynd. Ég harma að forsrh. skyldi ekki fara að ráðum góðra manna. Úr því sem komið er verðum við að taka því. Ég vona enn að hann hafi lært eitthvað þótt ég gæti því miður ekki heyrt það af hans máli hér áðan. Ísland á að beita sér fyrir friði og auknum mannréttindum. Ferð forsrh. var ekki í samræmi við slíka stefnu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. flutti hér nokkuð ítarlega ræðu sem svar við upphafi máls míns í þessum umræðum. Í sjálfu sér er rétt að þakka hæstv. forsrh. fyrir þann málflutning. Hins vegar verð ég að lýsa því yfir að ég varð fyrir allnokkrum vonbrigðum með ýmis svör hæstv. forsrh. og nokkuð undrandi á ýmsu því sem hann taldi nauðsynlegt að reiða fram í sinni ræðu. Hæstv. forsrh. kaus að lýsa því sem fram hefur komið í skýrslu utanrrh. um afstöðu Íslendinga á alþjóðavettvangi í málefnum Ísraels. Út af fyrir sig geri ég ekki athugasemd við það. En hitt fannst mér sérkennilegt að hæstv. forsrh. varði nokkuð löngu máli af sínum takmarkaða tíma til að útskýra afstöðu Ísraelsstjórnar. Í þeim útskýringum kom ekkert fram sem þeir sem eru sæmilega lesnir á dagblöð og fréttatímarit höfðu ekki heyrt áður.

Það undrar mig nokkuð að hæstv. forsrh. skuli telja nauðsynlegt að flytja þinginu hér slíkar frásagnir, stundum með jákvæðu og skilningsríku orðalagi varðandi afstöðu Ísraelsstjórnar þegar ekki var verið að spyrja neitt sérstaklega um það í mínum upphafsorðum. Ég vildi fyrst og fremst knýja á um að fá svör við því hver væri afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar og forsrh. Íslands. Það olli mér líka nokkrum vonbrigðum að fram kom hjá hæstv. forsrh. að hann taldi enga ástæðu til þess að endurskoða afstöðu ríkisstjórnarinnar til ríkisstjórnar Ísraela og stefnu þeirrar sem hún fylgir. Hæstv. forsrh. taldi enga ástæðu til að endurskoða slíkt. Engu að síður er það staðreynd að utanrrh. þessarar sömu ríkisstjórnar hefur í fyrsta sinn, að því að sagt er, í sögu íslenska lýðveldisins og sjálfstæðrar utanríkisþjónustu á Íslandi talið ástæðu til að afþakka formlega heimboð til Ísraelsstjórnar. Það mátti ráða af orðum hæstv. forsrh. hér áðan að þessi ákvörðun utanrrh. væri byggð á misskilningi. Að ákvörðun utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, um að afþakka formlega heimboð til Ísraels, væri byggð á misskilningi.

Þetta vekur auðvitað upp margvíslegar spurningar um það hver sé eiginlega stefnan hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum málum og hvernig hún vill bregðast við því sem gerst hefur nema ágreiningurinn eða áherslurnar séu svo mismunandi innan ríkisstjórnarinnar að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til að svara fimm af þeim spurningum sem ég lagði fram. Hæstv. forsrh. treysti sér ekki til að svara tæpum helmingi af þeim spurningum sem ég bar fram. Sérstaklega ber að vekja athygli á því að í þeim hópi voru spurningar sem víkja að afstöðu hæstv. utanrrh. Afsökun hæstv. forsrh. var fólgin í því að lesa hér bréf frá Yngva Yngvasyni þar sem fram kemur í bréfi sendiherrans að erindi Wiesenthal-stofnunarinnar hafi verið lagt inn í umslag sem merkt var sendiherranum og hann komið því áleiðis til forsrh. Það hefur bara ekkert með málið að gera hvort sú leið var farin eða einhver önnur. Eins og hér hefur komið fram í umræðunum er alveg ljóst að gestgjöfunum í Ísrael var kunnugt um þetta bréf Wiesenthal-stofnunarinnar. Það hefur komið fram hér í fréttum og ekki verið borið til baka að það hafi verið utanríkisráðuneytið í Ísrael sem í viðræðum við Wiesenthal-stofnunina benti Wiesenthal-stofnuninni á leiðir til að koma bréfinu áleiðis þegar heiðurskonsúll Íslendinga hafði neitað að taka við því.

Hæstv. forsrh. segir: Allt það sem sagt hefur verið hér á Íslandi um viðbrögð Íslendinga og utanrrh. Íslands við þessum atburðum er byggt á misskilningi. Fyrsta spurningin sem hæstv. forsrh. vék sér undan að svara snerist um afstöðu forsrh. til þeirrar skoðunar Morgunblaðsins að þetta mál mundi skapa vandkvæði í samskiptum Ísrels og Íslands nema beðið væri afsökunar. Ég er sammála þessari skoðun Morgunblaðsins. Ég lýsti henni hér heima áður en hæstv. forsrh. kom til landsins. Og það bréf sem hann las hér frá hv. sendiherra Yngva Yngvasyni breytir engu þar um.

Næsta spurning, sem hæstv. forsrh. vék sér undan að svara, eru þau ummæli hæstv. utanrrh. að stjórnvöld í Ísrael hafi eyðilagt hina opinberu heimsókn og leitt forsrh. í gildru. Yngvi Yngvason sendiherra er undirmaður utanrrh. Er hæstv. forsrh. að segja það hér að samskipti manna í utanríkisþjónustunni séu með þeim hætti að hæstv. utanrrh. taki ákvarðanir í fljótræði eða lýsi yfir einhverjum vanhugsuðum skoðunum og hann viti ekki hvað hann sé að segja vegna þess að það var í reynd það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan.

Síðan kemur að því atriði að heimsókn til Ísraels hefur verið formlega hafnað af utanrrh. Íslands. Það er auðvitað mjög sterk diplómatísk aðgerð af hálfu Íslands gagnvart Ísraelsríki og Ísraelsstjórnvöldum. Að utanrrh. Íslands formlega hafni að fara þangað í heimsókn. Og það verður kannski enn sterkari aðgerð í ljósi þess sem hæstv. forsrh. sagði hér að hann hefði lista undir höndum yfir fjölmarga utanrrh. og aðra sem hefðu þegið boð um að fara til Ísraels. En utanrrh. Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, hefur tilkynnt að hann ætli ekki að þiggja slíkt boð. Það er þess vegna líka, í ljósi yfirlýsinga hæstv. forsrh., mjög sterk aðgerð af hálfu hæstv. utanrrh. að hafna slíku formlega. Forsrh. vék sér undan því hér á Alþingi Íslendinga að fjalla nokkuð um þessa ákvörðun hæstv. utanrrh. En það mátti leiða það að líkum af því sem hann sagði almennt um bréf Yngva Yngvasonar að það sem menn hefðu sagt og gert hér á Íslandi varðandi afhendingu bréfs Wiesenthal-stofnunarinnar væri byggt á misskilningi og þess vegna marklaust og þar með einnig hin formlega akvörðun utanrrh. að hafna heimboði til Ísraels. Staða samskipta Ísraels og Íslands nú, hæstv. forsrh., er sú að utanrrh. landsins hefur formlega hafnað því að fara í heimsókn til landsins og sú höfnun barst Ísraelsstjórn um það leyti sem forsrh. var að halda brott frá Ísrael.

Ég held að það sé einsdæmi að sama dag og forsætisráðherra lands heldur brott frá gistilandi sínu, tilkynni utanríkisráðherra formlega að hann hafni að koma þangað. Svo heldur hæstv. forsrh. að hann geti bara leitt slíkt hjá sér hér í þingsalnum eins og eitthvert smámál, eins og eitthvert fis sem engu máli skipti og sé bara byggt á misskilningi. Ef hæstv. forsrh. er þeirrar skoðunar að þessi ákvörðun utanrrh. Íslands, sem er hin síðasta sem stendur í samskiptum Ísraels og Íslands, sé röng ákvörðun og byggð á misskilningi þá á hæstv. forsrh. að hafa kjark og þor til að segja það hér í þingsalnum.

Það er þess vegna alveg ljóst að í umræðunni hefur hæstv. forsrh. algerlega skotið sér undan því að fjalla á marktækan hátt um það sem útbreiddustu dagblöð landsins og utanrrh. íslensku þjóðarinnar hafa gert að *grundvelli sinna ákvarðana og umsagna.*

Ég spurði um það hvort sú afstaða utanrrh. að afþakka heimboð til Ísraels túlki afstöðu ríkisstjórnarinnar? Ég fékk ekkert svar við því en það er grundvallarspurningin í þessum umræðum vegna þess að við þurfum að vita hér og nú hver eru samskipti Íslands og Ísraels eftir heimsókn forsrh. Handhafi framkvæmdarvaldsins samkvæmt íslenskri stjórnskipan í þessum málaflokki, utanrrh. Íslands, hefur slitið kurteislegum samskiptum við Ísraelsstjórn í kjölfar heimsóknarinnar. Er hæstv. forsrh. sammála þeim slitum eða ekki? Það verður þingið að fá að vita. Þetta er enginn Viðeyjarleikur heldur samskipti tveggja ríkja. Og það er ekkert jafnmikilvægt og viðkvæmt hjá lítilli þjóð eins og okkar en hafa það alveg skýrt hver eru hin formlegu samskipti og afstaða ríkisstjórnarinnar við önnur ríki. Auðvitað er það mikið áfall fyrir hæstv. forsrh. bæði persónulega og pólitískt að hans eigin utanrrh. og formaður Alþfl. skuli slíta kurteislegum samskiptum við Ísrael um leið og forsrh. heldur brott frá landinu. En hæstv. forsrh. verður að geta fjallað um þá formlegu ákvörðun hér í þingsalnum því það er síðasta aðgerð ríkisstjórnar Íslands gagnvart Ísrael. Vegna þess að formlega fer utanrrh. með vald ríkisstjórnar Íslands gagnvart Ísrael. Það er ekki forsrh. heldur utanrrh. sem fer með það vald. Hann hefur beitt því á þann hátt að lýsa yfir gagnvart Ísrael: Við ríkisstjórn Ísraels vil ég engin kurteisleg samskipti hafa að svo komnu máli. Þess vegna þýðir lítið fyrir hæstv. forsrh. að flytja hér langa ræðu um nauðsyn svona samskipta, gagnsemi svona heimsókna, lýsa heimsóknina vel heppnaða og annað í þeim dúr, vegna þess að hún hefur leitt til þess að handhafi framkvæmdarvaldsins á þessu sviði, hæstv. utanrrh., hefur fyrir hönd Íslands, hæstv. forsrh., slitið kurteislegum samskiptum við Ísrael að sinni. Það var ekki einkatilboð eða heimboð til hæstv. utanrrh. sem hann var að afþakka. Það var formlegt heimboð til utanrrh. Íslands, þess ráðherra sem fyrir hönd lýðveldisins annast samskiptin fyrir hönd ríkisins.

Þess vegna ítreka ég það, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. svari þeim spurningum sem ég bar hér fram, a.m.k. þeim sem lúta að afstöðu hæstv. utanrrh. og formlegum ákvörðunum hans þótt ég hafi kannski skilning á því að hæstv. forsrh. vilji skjóta sér undan að svara spurningu um dóm Morgunblaðsins, látum það vera. En hann getur ekki hér í þingsalnum skotið sér undan því að gefa þinginu svar varðandi formlegar aðgerðir og formlega afstöðu hæstv. utanrrh. nema málið sé svo viðkvæmt í ríkisstjórninni að það sé ekki hægt að tala um það. Að þessi ferð sé orðin slíkt tabú milli stjórnarflokkanna og þessara tveggja ráðherra að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til þess að segja eitt einasta orð hér í þingsalnum um þá dóma og þær aðgerðir sem hæstv. utanrrh. hefur framkvæmt varðandi þessa heimsókn. Auðvitað hljóta stjórnvöld í Ísrael að horfa á það sem nú stendur formlega. Hvað er það sem nú stendur formlega? Það eru slit, hæstv. forsrh., á kurteislegum heimsóknum á milli Íslands og Ísraels. Það voru endalok þessarar heimsóknar. Þess vegna er það auðvitað furðulegt að hæstv. forsrh. skuli lýsa því yfir *að heimsóknin hafi verið vel heppnuð. Getur heim*sókn sem leiðir til formlegra slita utanrrh. á samskiptum við gistiríkið verið vel heppnuð? Ég spyr. (**Gripið fram í:** Eftir því hver tilgangurinn var.) Satt að segja var það furðulegt að hæstv. forsrh. skyldi nota þá lýsingu hér að segja að heimsóknin hefði verið vel heppnuð. (Gripið fram í.) Það er hins vegar greinilegt að stjórnvöldum í Ísrael hefur tekist að koma sínum sjónarmiðum vel á framfæri við hæstv. forsrh., það sáum við í endursögn hans hér í þingsalnum.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir að heimsókn hans hefði verið rædd í ríkisstjórninni áður en hann tilkynnti um hana opinberlega en hæstv. utanrrh. hefði ekki vitað af því. Það var sérkennileg yfirlýsing. Kannski er hún rétt og ég ætla ekkert að draga það efa. En eitthvað er málum hagað með sérkennilegum hætti við ríkisstjórnarborðið og í frásögnum af ríkisstjórnarfundum ef hæstv. utanrrh. er ókunnugt um það að opinber heim-

sókn forsrh. Íslands til Ísraels hafi verið umræðuefni á ríkisstjórnarfundi. Á maður virkilega að trúa því að þannig séu boðleiðirnar í hæstv. ríkisstjórn að þótt hæstv. utanrrh. hafi verið fjarstaddur, sem auðvitað getur verið af eðlilegum ástæðum, fái hann ekki að vita það sem rætt er um á vettvangi utanríkismála í ríkisstjórninni? Ég vil segja það að mér fannst svar forsrh. við þessari fyrirspurn vera enn sérkennilegra en sú lýsing hæstv. utanrrh. í utanrmn. að heimsóknin hefði ekki verið rædd í ríkisstjórninni. Ég ætla að vona að þetta sé eina dæmið um utanríkismál í ríkisstjórninni sem utanrrh. viti ekki af að hafi verið rætt.

Í öðru lagi verð ég að segja að mér fundust svör hæstv. forsrh. við 2. og 3. spurningu um morðið á Musawi og fjölskyldu hans og árásina á friðargæsluliðsveitir Sameinuðu þjóðanna vera á þann veg að þau ollu mér vonbrigðum. Hann kaus þar að segja að ekki hafi verið spurt um morðið á hermönnunum þremur. Ég vék hins vegar að því í minni ræðu, hæstv. forsrh., fordæmdi það, var ekkert að skjóta því hér undan umræðunni. En það vill svo til að sá verknaður sem ég spurði um var framkvæmdur af gestgjöfunum. Hizbollah-samtökin voru ekki gestgjafar hæstv. forsrh., það var stjórn Ísraels sem hafði látið skipuleggja morðið á leiðtoga Hizbollah og fjölskyldu hans mánuðum saman og kaus jafnvel eftir morðið að skjóta flugskeytum á bílana sem voru að flytja sjúka og særða burtu þannig að ekki einu sinni sjúkrabílarnir voru hultir fyrir árásunum.

Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir það að hann tók myndarlega af skarið í sinni ræðu hér varðandi þessar spurningar. Hann var ekkert að hika við það að lýsa eindregnum stuðningi við afstöðu Boutros-Ghalis í þessu máli. Ég þakka honum fyrir það. Og hann talaði hér fyrir hönd utanrrh. og sú yfirlýsing stendur.

Ég harma einnig að hæstv. forsrh. skyldi ekki hafa manndóm í sér til þess að nefna skýrslu Amnesty International í viðræðum sínum við stjórnvöld í Ísrael. Voru mannréttindabrotin eitthvert feimnismál? Var það eitthvert brot á kurteisi að nefna að þessi virtu samtök hefðu skilað mjög alvarlegri skýrslu um mannréttindabrot, skýrslu sem hér var tekin til umræðu á Alþingi og óskað eftir því að hæstv. forsrh. fjallaði um sérstaklega. Það er auðvitað engin afsökun fyrir íslenska ráðamenn að líklegast hafi Amnesty International haft tækifæri til að ræða málin við ríkisstjórn Ísraels. Er það afstaða okkar gagnvart mannréttindabrotum í öðrum heimsálfum að ef samtökin sem rannsaka mannréttindabrotin hafa haft tilefni til þess að ræða þau við viðkomandi stjórnvöld eigum við ekki að taka þau á dagskrá? Er það siðferðisgrundvöllurinn sem við eigum að starfa eftir að nóg sé að einhver annar hafi rætt þau? Það hefði ekki verið mikil fyrirhöfn fyrir hæstv. forsrh. að víkja að því nokkrum setningum að skýrsla Amnesty International hefði komið til umræðu á Alþingi Íslendinga. Það hefði verið ein aðferð, kurteisleg en samt sem áður myndug, til þess að koma því á framfæri við gestgjafana að menn vissu af þeirri lýsingu sem fram kemur í skýrslu Amnesty International. Ég harma það að hæstv. forsrh. skyldi ekki hafa manndóm til að nefna skýrslu Amnesty International í þessum viðræðum.

Hæstv. forsrh. gerði nokkuð mikið úr því að margir hefðu heimsótt Ísrael á síðustu mánuðum og síðasta ári eða svo. Ég hef ekki skoðað þann lista. En ég tel þó að ég viti það engu að síður að í þeim hópi eru ýmsir ráðherrar sem hafa heimsótt Arabaríkin í þessum landshluta á sama tímabili. Það hefur hæstv. forsrh. Davíð Oddsson ekki gert. Hann hefur að vísu vitnað í það sér til réttlætingar að fyrrv. forsrh. hafi heimsótt Egyptaland og Jassir Arafat og þess vegna sé kannski réttlætanlegt að hann heimsæki Ísrael. Það var a.m.k. það sem hæstv. utanrrh. sagði í utanrmn. að væru rökin sem forsrh. hefði flutt fram fyrir heimsókninni. En þá finnst mér sérkennilegt að vera líka í þessum umræðum að ráðast á fyrrv. forsrh. fyrir heimsókn til Jassir Arafats og það sem hann sagði í heimsókninni til Egyptalands. Auðvitað er það þannig að ýmsir ráðherrar, utanríkisráðherrar og forsætisráðherrar, hafa heimsótt löndin í þessum heimshluta og gætt þess þá jafnan að heimsækja ekki bara annan deiluaðilann heldur fleiri. En það hefur núv. forsrh. ekki gert.

Ég held líka að í hópi þeirra sem hann hefur á sínu blaði yfir ráðherra sem hafa heimsótt Ísrael séu ýmsir ráðherrar nýrra ríkisstjórna í Austur-Evrópu sem hafa farið víða um veröld á síðustu mánuðum til þess að kynna ný lýðveldi og ný stjórnvöld í sínum heimshluta og gegnir auðvitað allt öðru í þeim efnum en í þeirri heimsókn sem hér um ræðir. Ég vakti athygli á því í fyrri umræðu að mér fyndist sérkennilegt að núv. hæstv. forsrh. skyldi velja Ísraelsríki þegar hann færi í opinbera heimsókn í annað sinn. Það væri dálítið merkileg forgangsröð og hún hlyti að túlka ákveðna pólitíska afstöðu því að ekkert væri í samskiptum landanna sem kallaði á slíkt.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér að ríkisstjórn hans mundi ekki endurskoða neitt í sinni afstöðu til Ísraelsstjórnar eftir atburði síðustu daga og vikna. Þetta er ekki rétt svar, hæstv. forsrh. Hæstv. utanrrh. hefur endurskoðað afstöðu sína. Hann hefur ákveðið að hafna kurteislegum samskiptum við Ísraelsstjórn á grundvelli heimboða. Það er satt að segja einhver sterkasta tilkynning sem hefur farið frá íslenskum stjórnvöldum og talar skýrara máli en margt annað sem felst í ýmsum ályktunum sem Ísland hefur verið aðili að á erlendum vettvangi. En þegar hæstv. forsrh. segir hér að hann sjái enga ástæðu til þess að endurskoða neitt vekur það auðvitað upp spurningar um það hvort afstaðan innan ríkisstjórnarinnar hafi verið samstillt eða ekki. Því miður er það þannig að í Ísrael ríkir ekki lýðræði, hæstv. forsrh., eins og í Suður-Afríku er ekki lýðræði. Við Íslendingar megum ekki, og alls ekki forsrh. Íslands, fara að lýsa því að í ríki þar sem hluti þjóðarinnar eða íbúanna er sviptur grundvallarmannréttindum sé lýðræði. Þá erum við að varpa röngu ljósi og setja skugga á það heiðursnafn sem fólgið er í því að vera lýðræðisríki. Hvorki Suður-Afríka né Ísrael eru lýðræðisríki í réttum og almennum skilningi þess orðs. Í Suður-Afríku fá bara þeir hvítu að kjósa og búa við mannréttindi, bara þeir

sem hafa réttan litarhátt. Í Ísrael eru það þeir sem hafa hina einu og sönnu trú sem fá að kjósa og hafa mannréttindi. Þessu megum við ekki rugla saman við það stjórnskipulag lýðræðis sem við höfum haft í heiðri í okkar heimshluta og erum að berjast fyrir á alþjóðavettvangi.

Virðulegi forseti. Ég átti satt að segja von á ýmsu öðru í svari hæstv. forsrh. en hér kom fram. Við erum því miður litlu nær um hvað tekur við í samskiptum Ísraels og Íslands eftir þessa heimsókn. Við höfum hlustað á þá furðulegu lýsingu hér að hæstv. forsrh. telur heimsóknina vel heppnaða og hann hefur skotið sér undan því á grundvelli bréfs frá Yngva Yngvasyni sendiherra að lýsa því á Alþingi hvaða afstöðu hann hefur til þeirrar ákvörðunar utanrrh. að slíta kurteislegum samskiptum við stjórnvöld í Ísrael. Ég held að það sé rétt sem hefur verið sagt í þessum umræðum að það hefði verið betra að þessi för hefði ekki verið farin. Það væri betra fyrir Ísland. Það væri betra fyrir okkar málstað. Það hefði verið betra fyrir samstöðuna hér heima því það er auðvitað ekki af hinu góða að þurfa að heyja umræður af þessu tagi sem bæði voru hér áður en hæstv. forsrh. fór í heimsóknina, sem voru hér í landinu meðan hann var í heimsókninni og eftir að hann kom heim því yfirleitt þurfum við að reyna að kappkosta það að hvað sem líður ágreiningi hér innan lands sé sæmilegur friður um samskipti ráðamanna okkar á erlendum vettvangi og við erlend ríki vegna þess að þar eru þeir ekki bara fulltrúar flokka eða sjálfra sín heldur fulltrúar íslenska lýðveldisins, fulltrúar okkar allra.

Björn Bjarnason:

Virðulegur forseti. Þessar umræður snúast um það hvort það hafi verið rétt hjá forsrh. að fara í för til Ísraels. Hv. fyrirspyrjandi hóf umræðurnar á þeim forsendum að hann ætlaði að ræða um þá för en síðari ræða hans snerist að mestu leyti um það að hæstv. utanrrh. hefði ákveðið að hætta við að fara til Ísraels. Það er aðeins til marks um hvernig umræður geta þróast hér á hv. Alþingi að menn gleyma oft upphafinu. Upphaf málsins er það að við erum að velta því fyrir okkur hvort það hafi verið rétt af hæstv. forsrh. að fara í opinbera heimsókn til Ísraelsríkis. Ég held að samskipti Ísraels og Íslands hafi verið með þeim hætti allt frá því að Ísland stóð að því með öðrum aðildarþjóðum Sameinuðu þjóðanna að þetta ríki skyldi stofnað fyrir botni Miðjarðarhafsins að það sé fullkomlega réttlætanlegt að forsrh. Íslands fari í opinbera heimsókn til Ísraelsríkis. Ég held að það sé meira en réttlætanlegt. Ég held að það sé nauðsynlegt, m.a. til þess að umræður, eins og þær sem hér hafa farið fram, geti átt sér stað.

Ég sé að á Alþingi 18. maí 1989 var samþykkt ályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna. Þar segir í næst síðustu málsgrein: „Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis." Það er ákaflega sjaldgæft að Alþingi álykti með þessum hætti. Ég held að það sé næstum einsdæmi að Alþingi álykti á þann veg að viðurkenna eigi tilverurétt einstaks ríkis. Ég held að það hjóti að vera með hag Alþingis einnig í huga að forsrh. fer til Ísraels til að skýra þessi sjónarmið og láta þau koma fram og ítreka þá stefnu sem mótuð hefur verið á Alþingi og mótuð hefur verið af ríkisstjórnum Íslands á undanförnum árum og áratugum. Eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir í ræðu sinni var það einmitt tilgangur ferðar hans til Ísraels að skýra þessa stefnu og kynna sér viðhorf ráðamanna í Ísraelsríki og aðila að þeim deilum sem þar eiga sér stað. Fram kom í fréttum og því hefur ekki verið mótmælt að hann hitti bæði talsmenn Ísraelsstjórnar og Palestínumanna og m.a. fulltrúa Palestínumanna í þeim friðarviðræðum sem nú fara fram undir handarjaðri stórveldanna og Sameinuðu þjóðanna og við öll þekkjum. Ég held því að ef menn vilja skoða tilefni fararinnar á þeim forsendum sem eðlilegt er að leggja til grundvallar þegar rætt er um samskipti Íslands við aðrar þjóðir, þá hafi þessi ferð verið fullkomlega réttlætanleg. Það var ástæða til þess fyrir forsrh. Íslands, m.a. á grundvelli þingsályktunarinnar, að fara til Ísraels og hafa það í öðru sæti í sínum ferðalögum og opinberu heimsóknum. Eins og ég sagði er sjaldgæft ef ekki einsdæmi að Alþingi álykti þannig um tilveru ríkja eins og gert er í ályktuninni frá 18. maí 1989 og það hlýtur að vera alþingismönnum sérstakt kappsmál að þessi sjónarmið komi fram og séu skýrð í Ísraelsríki eins og annars staðar.

Ég vil einnig láta þess getið hér að á fundi þings Evrópuráðsins sem haldið var í byrjun þessa mánaðar í Strassborg kom forseti Ísraelsríkis, Chaim Herzog, og flutti þar ræðu og kynnti sjónarmið Ísraela og svaraði fyrirspurnum þingmanna. Þar var það m.a. gert af tillitssemi við hann og það var ljóst að það var af tillitssemi við hann að tekin var af dagskrá þingsins ályktunartillaga um Miðausturlönd og m.a. um Ísrael og henni frestað vegna þess að menn töldu nauðsynlegt að heyra sjónarmið forseta Ísraels, hlusta á þau og kynna sér viðhorfin áður en ályktað yrði um jafnmikilvæg mál og þessi.

Ég held að það hljóti að vera akkur fyrir Alþingi Íslendinga eins og önnur þing og aðrar löggjafarsamkundur að menn fái tækifæri þar til þess að kynnast sjónarmiðum og ræða um ólík viðhorf. Ég tel þess vegna að heimsókn forsrh. til Ísraels sé gagnleg fyrir okkur alþingismenn eins og þessar umræður benda til. Í umræðunum hefur komið fram grundvallarágreiningur að því er virðist um stöðu Ísraelsríkis, um stjórnarfar innan Ísraels, yfirlýsingar um að Ísrael sé alls ekki lýðræðisríki og jafnvel dregið í efa réttmæti þess að Ísraelsríki sé til. Mér finnst nauðsynlegt að þessi sjónarmið komi fram og séu rædd. Æskilegra væri náttúrlega að ræða þau undir öðrum formerkjum en þeim að annars vegar sé verið að gagnrýna forsrh. fyrir að fara til Ísraels og hins vegar hafa það uppi sem sérstakt ámælisatriði á ríkisstjórnina að utanrrh. fari ekki til Ísraels. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn ræði þessi mál á málefnalegum forsendum og mér finnst að forsrh. hafi í svörum sínum hér gefið mjög góðar skýringar og fullnægjandi að öllu leyti á því hvers vegna

nauðsynlegt er fyrir íslenska ráðamenn að eiga sem nánust samskipti við stjórnvöld í Ísrael eins og önnur stjórnvöld á þessum slóðum til að þessi viðhorf Íslendinga komi fram og til að við séum færir um að taka ákvarðanir um þessi mikilvægu mál á þeim stöðum í heiminum þar sem við þurfum að láta álit í ljós eins og hæstv. utanrrh. gerði nú síðast fyrir hönd EFTA-ríkjanna á fundi í Moskvu á dögunum. Ég vek einnig athygli á því og finnst ástæða til þess ef það hefur farið fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að hæstv. viðskrh., sem nú er starfandi utanrrh., gaf hér skýringar á þeirri ákvörðun utanrrh. að hætta við Ísraelsförina. Ég held að það sé ofmælt að hér forðist menn að ræða það mál. Auðvitað er full ástæða til þess að ræða það og að taka til þess afstöðu. Ákvörðunin er tekin og að sjálfsögðu hljóta stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar að standa með utanrrh. við þá ákvörðun og ástæðulaust að útmála hana með þeim hætti sem hv. 8. þm. Reykn. gerði. Ég tel að sú ákvörðun hæstv. utanrrh. að hætta við Ísraelsförina afturkalli t.d. ekki þál. frá 1989 og sé ekki stefnumarkandi að nokkru leyti varðandi efnisleg samskipti Ísraelsríkis og Íslands. Það eigi að skoða málið í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið af íslenskum stjórnvöldum og hvernig þau standa að meðferð mála á alþjóðavettvangi og utanrrh. gerði sjálfur síðast í ræðu sinni í Moskvu á dögunum. Ég vil því ljúka þessum orðum mínum með því að ítreka að ég tel að fullkomin ástæða hafi verið fyrir hæstv. forsrh. að fara til Ísraels. Raunar má orða það svo að honum hafi verið það skylt á þeim forsendum sem hér liggja fyrir, m.a. með samþykkt Alþingis frá 18. maí 1989.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það að þessar umræður eru leyfðar og fara hér fram. Ég held að það sé mikilvægt að menn fái tækifæri til að skiptast á skoðunum um þetta efni. Fyrst leikur mér sérstök forvitni á að fá að heyra það frá hæstv. forsrh. að ef þessi ferð, sem hér hefur verið til umræðu, er að hans mati vel heppnuð opinber heimsókn, hvernig er þá illa heppnuð opinber heimsókn? Hvað þarf eiginlega að draga til tíðinda í heimsóknum svo að þær geti talist miður vel heppnaðar að mati hæstv. forsrh. ef þetta er vel heppnað? Ég veit það, hæstv. forsrh., að það vefst ekki fyrir hæstv. ráðherra að svara þessari litlu spurningu.

Ég vil einnig fjalla örlítið um það sem hv. 3 þm. Reykv. ræddi, sumt nokkuð sérkennilega að mínu mati. Sú túlkun hans, sem hér kom fram á samþykkt Alþingis frá 1989, er auðvitað mjög sérkennileg, að í henni hafi falist alveg sérstök réttlæting þess og viðurkenning á Ísraelsríki og tilvist þess og nýmælin í þeirri ályktun hafi snúið að Ísraelsríki. Það veit auðvitað hvert mannsbarn sem fylgst hefur með umræðum um utanríkismál að tíðindin í þeirri samþykkt var sá stuðningur sem palestínsku þjóðinni var með þeirri ályktun sýndur hér á Alþingi. Það var sú staðreynd að lýst var stuðningi við sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar. Það er nýmæli og boðaði viss tímamót í afstöðu Alþingis og Íslendinga að ég hygg til deilumála fyrir botni Miðjarðarhafs. Og það er einmitt þessi sami sjálfsákvörðunarréttur sem ályktun Alþingis fjallar ekki síst um sem Ísraelsríki fótumtreður og viðurkennir ekki. Ég er því hræddur um að hv. 3. þm. Reykv. lendi harkalega í mótsögn við sjálfan sig og verði fyrir barðinu á eigin rökfimi ef hann fer lengra út á þessa braut túlkana á ályktun Alþingis frá 1989.

Í öðru lagi sagði hv. 3. þm. Reykv. að honum hefði fundist það mjög vel til fundið að einmitt Ísrael væri annað í röðinni í heimsóknaprógrammi hæstv. forsrh. Mig langar til að spyrja hv. 3. þm. Reykv. hvað honum fyndist vera hæfilegt ríki númer þrjú. Væri það t.d. Suður-Afríka, gæti þá Tyrkland orðið númer fjögur og kannski Indónesía númer fimm? Þeim Indónesíumönnum gengur bærilega í samskiptum við þjóðina sem byggði áður Austur-Tímor. Samkvæmt nýjustu upplýsingum sem ég hef úr erlendum tímaritum telst svo til að það sé búið að myrða um helming þjóðarinnar sem byggði Austur-Tímor áður en Indónesíumenn réðust þangað inn. Hvers konar klúbbar eru það, hvaða þjóðir eru það sem hv. 3. þm. Reykv. finnst sérstaklega vel til fundið og við hæfi að séu svona fremst í heimsóknaröð hæstv. núv. forsrh. ef honum endist aldur til að fara í mikið fleiri heimsóknir í þessu embætti?

Að lokum varðandi málflutning hv. 3. þm. Reykv., þá voru auðvitað tilburðir hans til að rökstyðja það að afþökkun utanrrh. á heimboðinu væri ekki í nokkru minnsta samhengi við opinbera heimsókn forsrh. sem stóð yfir sömu daga næsta broslegir. Ég hygg að íslenska þjóðin hafi upplifað þetta það sterklega með öðrum hætti og í raun og veru allir sem með málinu fylgdust að þá a.m.k. gruni að það sé eitthvað meira en tilviljun að hæstv. utanrrh. skyldi allt í einu á nákvæmlega þessum sólarhringum, mörgum mánuðum fyrir fram afþakka þetta tilboð. Það sé eitthvað pínulítið meira en tilviljun. Það læðist nú sá grunur að einum og einum manni. Það finnst mér a.m.k.

Herra forseti. Það er þannig að þessi ferð hæstv. forsrh. lagðist illa í mig frá upphafi. Ég skrifaði lítið greinarkorn í blöð daginn eftir að þessi ferð var gerð heyrum kunnug og lagði þá nokkrar spurningar fyrir hæstv. forsrh. og varaði hann við að fara í ferðina. Og sömuleiðis var þetta mál tekið hér upp á Alþingi til umræðu nokkrum dögum síðar. Þá var hæstv. forsrh. staffírugur mjög og lét engan bilbug á sér finna og vísað til föðurhúsanna öllum spurningum, ábendingum og ráðleggingum varðandi þessa för. Ég átti satt best að segja von á því að hæstv. forsrh. bæri gæfu til þess þegar hann kæmi heim að hafa lært eitthvað pínulítið og hagaði orðum sínum með svolítið gætilegri hætti gagnvart þessum hlutum nú eftir ferðina og þá þær hörmungar sem yfir hæstv. forsrh. gengu í þessari ferð en lítið fór fyrir því satt best að segja. Og heldur fannst mér ömurlegur sá endurómur málflutnings Ísraelsmanna, harðlínuaflanna í Ísrael, sem meira og minna kom fram í svörum hans áðan. Satt best að segja fannst mér það heldur dapurlegt að heyra málflutning harðlínuaflanna í Ísrael enduróma meira og minna í svörum hæstv. forsrh.

En vonandi hefur hæstv. forsrh. lært eitt af þessu:

Það að opinberar heimsóknir af þessu tagi, ég tala nú ekki um ósköpin til Ísraelsríkis eins og ástandið er þar nú um stundir, eru bara ekki svona eins og að skreppa út í búð eftir mjólk. Þær eru annað og meira, hæstv. forsrh. Það er sem sagt pólitísk hlið á opinberum heimsóknum. Og hversu margar ræður sem hæstv. forsrh. heldur hér til þess að reyna að afsanna það, hversu margar greinar sem aðstoðarmenn hans skrifa í blöð, þá held ég að það sé alveg borin von að hæstv. forsrh. og hans nánustu bandamenn hafi bolmagn til að breyta þannig viðhorfum heimsbyggðarinnar að menn hverfi frá þeirri túlkun að í opinberum heimsóknum felist ákveðin pólitík því það væru þá ný stórtíðindi í alþjóðlegum samskiptum, þessi kenning sem hér er verið að reyna að flytja um að svona heimsóknir komi yfirleitt stjórnmálum ekkert við, því að hvað eru opinberar heimsóknir ef þær koma ekki pólitík við, hafa ekki á sér stjórnmálalega hlið? Þær eru ekki venjuleg ferðalög. Þær eru ekki skemmtiferðir viðkomandi ráðamanna eða eiga ekki að vera það.

Eitt nýlegt dæmi fyllir blöðin þessa dagana þar sem eru þrýstingur á þjóðhöfðingja Svía um að hætta við áður ákveðna opinbera heimsókn til Írlands vegna pólitískra atburða þar í landi. Og hvers vegna er það? Það er ósköp einfaldlega vegna þess að sú heimsókn hefur á sér pólitíska hlið og dæmin eru auðvitað óteljandi og mýmörg út um allt. Ég tek undir það sem ég hef áður sagt, að hæstv. forsrh. ætti þá að fara yfir það, ef hann er að birta talnarunur um heimsóknir utanríkisráðherra og þjóðhöfðingja til Ísraels á undanförnum mánuðum og árum, hvers eðlis þær heimsóknir hafa verið og í hvaða samhengi þær hafa verið stjórnmálalega séð. Er t.d. hæstv. forsrh. þar að telja með tugi ferða utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Bakers, sem hefur þvælst fram og aftur um allan þennan heimshluta, heimsótt deiluaðilana á víxl stanslaust og endalaust? Fjölmargar aðrar slíkar heimsóknir hafa farið fram sem maður veit um en jafnan eins og hér hefur komið fram hafa þá hinir hyggnari stjórnmálamenn gætt þess að jafnvægi væri í þeirra íblöndun í málin með einhverjum þeim hætti þannig að báðir deiluaðilar væru heimsóttir, rætt væri við þá báða eða þeim með einhverjum hætti sýnd sambærileg athygli. Það væri fróðlegra fyrir okkur að vita hversu margar einhliða gagnrýnislausar heimsóknir af því tagi sem hæstv. forsrh. fór hafi verið farnar.

Nei, herra forseti. Staðreyndin er sú að þessi heimsókn sem í fyrstu leit e.t.v. ekki út fyrir að verða meira en minni háttar óhapp snerist upp í pólitískt stórslys og mistök sem hæstv. forsrh. væri maður að meiri að viðurkenna. Honum mundi verða nokkur málsbót í þeim atburðum sem þarna urðu með því ósköp einfaldlega að viðurkenna að hann hefði ekki mátt sjá fyrir að öllu leyti þau ósköp sem þarna dundu á, eða finnst hæstv. forsrh. virkilega ekki neyðarlegt að hafa staðið fyrir opinberri veislu í Ísraelsríki og haft þá gesti hina sömu menn sem á sömu mínútum voru að skipuleggja innrásina í Líbanon? Það liggur fyrir að líklega það kvöld sem þeir sátu veislu hæstv. forsrh. hafi verið lagt á ráðin og teknar ákvarðanir um innrásina sem hófst sömu nótt. Ég hygg að hæstv. forsrh. hefði komið sér miklu betur út úr þessu klúðri með því ósköp einfaldlega að vera nógu stór í stykkinu til þess að viðurkenna a.m.k. eins og málin þróuðust að þá hafi þessi heimsókn snúist upp í mistök.

Að lokum aðeins þetta, og það er þá önnur spurning til hæstv. forsrh.: Hefur sú tilfinning ekkert sótt á hæstv. forsrh. að hann sé að verða svolítið einmana í þessu hlutverki sem gagnrýnislaus bandamaður Ísraelsríkis og stjórnvalda þar eins og þau hegða sér? Þeirra sömu harðlínuafla og hann réttilega lýsti hér í sinni tveggja ára söguupprifjun að tóku völdin við stjórnarskipti í Ísrael þegar hógværari samsteypustjórn sprakk og harðlínuöflin náðu saman um landsstjórnina og hafa haldið henni síðan. Þegar þeir atburðir hafa nú gerst að Bandaríkjamenn hafa í fyrsta skipti opinberlega sett Ísraelsmönnum stólinn fyrir dyrnar og reyna með fjármálalegum þvingunaraðgerðum til að koma þeim frá landnámi á hernumdu svæðunum og þar með hafa í raun og veru orðið tímamót í samskiptum bandarískra stjórnvalda og Ísraelsríkis þá leitar það á mann, er það virkilega svo að einasti og síðasti bandamaðurinn sem gagnrýnislaust styðji stjórnvöld í Ísrael sé íslenski forsrh. og hefur ekki einu sinni til þess stuðning síns eigin utanrrh.? Ég leyfi mér þess vegna að spyrja hæstv. forsrh.: Er hann ekkert orðinn einmana í þessu hlutskipti og telur hann að þeir atburðir sem nú síðast hafa orðið í samskiptum Ísraelsríkis og bandarískra stjórnvalda breyti engu um um þá stöðu sem hér hefur verið til umræðu?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða sem hefur farið fram hér í dag um för forsrh. til Ísraels hefur að mörgu leyti verið mjög gagnleg og málefnaleg þó að menn hafi kannski seilst mislangt eftir rökum í þessu máli. Lengst fannst mér hv. 3. þm. Reykv. sækjast eftir rökum þegar hann sagði áðan að það hefði ekki aðeins verið æskilegt heldur beinlínis nauðsynlegt að forsrh. færi þessa ferð til að umræða eins og þessi gæti átt sér stað hér á Alþingi. Ég verð að segja það að mér finnst lítið leggjast fyrir alla þá kappa sem hér sitja dags daglega ef þeir þurfa slík stórtíðindi og slíkt deiluefni til þess að verma þessa pontu. Ég hef ekki orðið vör við að þess þyrfti og þessi umræða gæti farið fram án þess að við þyrftum að senda hæstv. forsrh. alla leið til Ísraels.

Hæstv. 3. þm. Reykv. gerði að umtalsefni ályktun Alþingis frá 18. maí 1989 og sagði að það væri náttúrlega full ástæða til þess að kynna mönnum þá ályktun því að það væri einsdæmi að Íslendingar ályktuðu um tilverurétt Ísraelsríkis. Í fyrsta lagi vil ég segja að það hefði þá verið ástæða til þess að kynna hana fyrr en ekki núna og í öðru lagi vil ég taka það fram að þetta er auðvitað áréttun hvað varðar tilverurétt Ísraelsríkis á þekktum og viðteknum skoðunum hér á Alþingi þannig að það er ekkert nýtt í því máli. Íslendingar viðurkenndu það þegar árið 1947 þannig að það er ekkert nýtt í því máli, hv. þm. Og mér finnst athyglisvert í þessu samhengi fyrst þingmaðurinn benti

á þennan punkt að kanna hvort það sé ekki þannig að Steingrímur Hermannsson þáv. forsrh. hafi einmitt heimsótt Arafat eftir að Alþingi gerði þessa ályktun. Hafi svo verið þá get ég ekki séð neitt athugavert við það í sjálfu sér vegna þess að það er nýmæli í ályktuninni, eins og hv. þm. sem hér talaði á undan mér benti á. Nýmælið er viðurkenning á sjálfsákvörðunarrétti palestínsku þjóðarinnar. Og hafi þáv. forsrh. farið eftir að sú ályktun var gerð þá get ég ekki séð með rökum þess þingmanns sem hér talaði, hv. 3. þm. Reykv., að það væri neitt athugavert við það að hann kynnti Arafat þessa ályktun Alþingis.

Hæstv. viðskrh. og núv. utanrrh. í forföllum sagði með réttu að grunntónninn í afstöðu Alþingis væri annars vegar sá að virða bæri tilverurétt Ísraelsríkis, og það er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt mál og ætti ekki að vefjast fyrir mönnum hér, Alþingi hefur lýst því yfir oftar en einu sinni, og í öðru lagi væri grunntónninn sá að virða bæri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og það er einmitt nýmæli sem ég gat um áðan.

Ef við tökum fyrst þetta með tilveru Ísraelsríkis, þá sagði ég að það væri sjálfsagt og eðlilegt mál að gera það. En það er ekki þar með sagt að það sé ástæða til að viðurkenna að það sé ríki síonismans vegna þess að það er það í dag. Mér finnst sjálfsagt að viðurkenna að það sé ríki allra sem þar búa. Og ég vil aftur ítreka þetta með þjóðernið í Ísraelsríki. Það er ekki til neitt sem heitir ísraelskt þjóðerni í Ísrael. Á persónuskilríkjum manna er gefið upp þjóðerni og þar stendur annaðhvort fyrir aftan gyðingur eða eitthvað annað. Og ef einhver fær persónuskilríki sem stendur á gyðingur, þá koma þar líka fram trúarbrögð: gyðingur. Það getur ekki komið fram að þjóðerni sé gyðingur og trúarbrögð kristni vegna þess að þetta verður að fara saman. Og sá einn fær persónuskilríki með þjóðerni gyðingur sem er líka trúaður gyðingur. Aðrir eru eitthvað allt annað. Það er ekki til og ekki hægt að fá það upp gefið að maður sé ísraelskur að þjóðerni.

Hvað varðar sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar þá finnst mér kannski ástæða til þess að spyrja að því hvernig stjórnvöld á Íslandi, ef þetta er nú grunntónninn í þeirra stefnu gagnvart málum í Ísrael og fyrir botni Miðjarðarhafs, ætla að standa að því að virða þennan sjálfsákvörðunarrétt? Með hvaða hætti ætla þau að gera það? Það kom fram í máli hæstv. forsrh. áðan að helstu áhrifaþættirnir í málum þarna sl. tvö ár væru deilurnar um það hvaða Palestínumenn gætu tekið þátt í friðarsamningunum í Washington vegna þess að ísraelsk stjórnvöld vildu ekki fallast á Palestínumenn sem eru búsettir erlendis þar sem þá væri PLO komið inn í málið. Það eru með öðrum orðum ísraelsk stjórnvöld sem eiga að ákvarða það og hafa puttana í því hverjir taka þátt í friðarviðræðum fyrir hönd Palestínumanna og forsrh. réttlætti það eiginlega hér í pontunni áðan. Er þetta að virða sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar? Ég fæ ekki séð það. Og ég spyr, hvar getur forusta Palestínumanna verið annars staðar en erlendis? Hvar getur hún verið annars staðar? Getur hún verið innan núverandi landamæra Ísraelsríkis eftir að það hefur hertekið svæðin bæði 1948 og núna 1967? Halda menn að hún fengi þrifist þar? Ég er ansi hrædd um ekki. Ég er ansi hrædd um að hún þurfi að vera einhvers staðar annars staðar.

Þetta er það sem mig langar helst til þess að vekja athygli á. Mér finnst það skipta meginmáli að Íslendingar setji ekki bara í einhverjar ályktanir, einhver pappírsgögn, að þeir ætli að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar heldur sýni það þá í verki með einhverjum hætti að þeir virða hann, hæstv. forsrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það var alveg rétt athugað hjá hv. þm. Reykv., hinum 3. og hinum 10., að kjarnann í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Ísraels og deilnanna við nágranna þeirra er að finna í þál. um deilu Ísraels og Pelestínumanna sem var samþykkt af Alþingi samhljóða þann 18. maí 1989. Hún geymir kjarnann í þessari stefnu þar sem Alþingi leggur ríka áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Mér þótti þess vegna nokkuð furðulegt að hv. 15. þm. Reykv. sem hér talaði, sem var einn af flm. þeirrar tillögu sem endanlega var samþykkt sem nefndarmaður í utanrmn., fór hér þeim orðum um þá stefnu, sem ég hef lýst í minni ræðu, að hún ylli þingmanninum vonbrigðum. Þetta er nákvæmlega sú stefna sem flutt var fram á þinginu vorið 1989 og sem hefur verið leiðarljós fyrir stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Síðan var spurt eðlilega: Hvernig hefur íslenska ríkisstjórnin unnið að framgangi þessarar stefnu? Svarið er fyrst og fremst fólgið í því að Íslendingar hafa sem góðir heimsins borgarar tekið þátt í þeim friðarviðræðum sem hafnar eru milli aðilanna á svæðinu með því að taka þátt í því að beita sér fyrir samningsbundnum, friðsamlegum lausnum á þessum djúpstæðu, illvígu deilum. Við höfum tekið þátt í Madrid-samningaferlinu m.a., eins og fram kom hér í minni fyrri ræðu, með þátttöku Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. á sérstökum undirbúningsfundum í Moskvu nýlega og með því höfum við stutt að Palestínumenn fái að taka þátt í þeim samningaviðræðum. Þeir gera það nú í samninganefnd Jórdaníu. Það er vafalaust hægt að hugsa sér þar aðrar leiðir og við viljum vinna að framgangi þess máls en það þýðir alls ekki að við slítum sambandi við Ísrael. Það gamla samband munum við halda áfram að rækta þótt ég telji, eins og fram hefur komið og hæstv. utanrrh. hefur bent á, að atburðir sem tengdust heimsókn forsrh. hafi varpað nokkrum skugga á þau um sinn. Það er hins vegar algerlega óskylt mál og hefur ekkert að gera með heimsókn forsrh. til Ísraels sem var nauðsynleg til þess að kynna ráðamönnum þar í landi persónulega einmitt þessa stefnu sem ég hef hér lýst, einkum í minni fyrri ræðu og til þess að kynnast viðhorfum þeirra. Því neiti menn að tala við menn sem eiga í deilum verða deilurnar aldrei niður settar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Eins og hv. 3. þm. Reykv. benti á þá

hefur þessi umræða farið nokkuð út um víðan völl eins og verða vill en engu að síður held ég að hún hafi verið að mörgu leyti gagnleg. Ég nefndi í lok minnar fyrri ræðu að ég teldi að heimsókn mín til Ísraels hefði verið mjög vel heppnuð ef undan væri skilið það atriði sem ég sérstaklega nefndi, það bréf sem mér var afhent í upphafi ferðarinnar og það sem því fylgdi. Allt annað var vel heppnað, vel heppnuð ferð sem gekk upp eins og til var stofnað og ekkert öðruvísi en til var stofnað. Ég átti viðræður við þá aðila í Ísrael sem best þekkja til mála og mestu ráða þar um þessar mundir, ítarlegar og gagnlegar viðræður, og ég tel að með þeim hætti hafi íslenskum forsrh. á alla lund verið sýndur sómi ef þetta atriði sem ég nefndi í upphafi er fráskilið. Það er áríðandi þegar menn fjalla um orð mín um þetta efni að þeir hafi alla myndina með.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. og reyndar fleiri hygg ég vildu fá að vita hvers konar menn það hefðu verið sem hefðu verið að sækja heim Ísraelsríki. Eins og menn vita þá er það að jafnaði svo að opinberar heimsóknir til ríkja eru svona tvær til þrjár á ári hverju og kannski eru utanríkisráðherrar viðkomandi ríkja sem koma álíka margir. En á níu mánuðum kom fjöldinn allur af utanríkisráðherrum til Ísraels og þá er ég auðvitað ekki að telja margar ferðir sama manns sem á reyndar aðallega við bandaríska utanríkisráðherrann. En það eru tugir ferða á örfáum mánuðum og ég skal nefna lönd utanríkisráðherrana á níu mánaða tímabili: Þýskaland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Kanada, Spánn, Danmörk, Grikkland, Bretland, Portúgal, Japan, Kenýa, Belgía og Ítalía. Á örfáum mánuðum. Og hvað er svo merkilegt við okkur hér og okkar afstöðu til Ísraelsríkis að allir þessir utanríkisráðherrar geti sótt þetta ríki heim, án þess endilega að fara til annarra ríkja um leið, án þess að menn standi upp í þjóðþinginu með þeim hætti sem þeir gera hér? Hvaða forpokunarháttur er þetta í þessu þingi? (Gripið fram í.) Hvaða forpokunarháttur er þetta hjá tilteknum þingmönnum hér og undarlegheit? (**Gripið fram í:** Ertu viss um að það hafi ekki verið rætt í hinum þingunum?)

Tökum forsætisráðherra og leiðtoga á sjö mánaða tímabili og nefnum nokkur nöfn. Það er Walesa, forseti Póllands, það er forsætisráðherra Spánar, það er forseti Þýskalands og næstur er forsætisráðherra Grikklands. Á sjö mánaða tímabili. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert veður út af þessum málum með þeim hætti sem gert hefur verið hér. Hvað er það sem gerir það að verkum í sambandi Íslands og Ísraels að forsætisráðherra héðan geti ekki farið til þessa ríkis en allir þessir menn, þjóðhöfðingjar og forustumenn þessara ríkja, geta gert það? Hvað er það sem veldur því? Þetta sýnir að þessar fullyrðingar eru náttúrlega afskaplega sérkennilegar og allur þessi málatilbúnaður afskaplega sérkennilegur svo ekki sé meira sagt.

Hv. 8. þm. Reykn. gerði mikið mál úr því að utanrrh. hefði ákveðið að fara ekki til Ísraelsríkis um sinn. Starfandi utanrrh. hefur gert grein fyrir ástæðum þess og er í sjálfu sér engu við það að bæta. En það er algerlega ljóst að það er ekki neinn meginágreiningur milli okkar um sambandið við Ísraelsríki. Þannig vill til að hæstv. utanrrh. flutti ræðu í Moskvu. Utanríkisráðherra Ísraels, David Levy, hlustaði á þá ræðu og hafði orð á því við mig á sérstökum fundi sem við áttum hvað sér hefði líkað vel ræðan, tónninn, innihaldið, boðskapurinn. Forsætisráðherra Ísraels hafði ekki heyrt þá ræðu en hann hafði lesið hana og að fyrra bragði tók það upp við mig að sér hefði líkað vel framganga íslenska utanrrh. Það getur því varla verið svo að það sé mikill munur á stefnu minni og stefnu íslenska utanrrh. hvað þetta snertir. Þó er það svo að ef ræða utanrrh. er lesin þá fer því fjarri að þar sé öllu fram haldið sem Ísraelsmönnum hentar eða þóknast. En það er málefnalega á þeim málum tekið.

Menn tala hér á víxl um að það sé nauðsynlegt að ræða við báða deiluaðila, eins og það er orðað, eða jafnvel sækja heim báða deiluaðila, eins og það er orðað. Og þegar maður hlustar á ræðurnar kemur í ljós að menn eru þar að tala á víxl, sumir um Palestínumenn en sumir um Arabaríkin í kring. Reyndar er það kannski von að menn tali með þeim hætti, því ef við tökum þær styrjaldir sem þarna hafa átt sér stað, 1948, 1967 og 1973, þá hafa þær ekki verið við Palestínumenn. Þær hafa verið við Arabaríkin í kring. Það hafa verið hinir raunverulegu deiluaðilar. Má segja að Palestínumenn hafi að sumu leyti verið fórnarlömbin í þeim deilum en hinir raunverulegu deiluaðilar, stríðsaðilar, hafa verið löndin í kringum Ísrael.

Ég sótti heim Freij, borgarstjóra í Betlehem, sem á sæti í friðarviðræðunefnd Palestínumanna. Það kom glöggt fram hjá honum að hann taldi nauðsynlegt að fulltrúar vestrænna ríkja sæktu heim þetta svæði, afskaplega nauðsynlegt. En hann taldi að vísu nauðsynlegt að þeir heimsæktu bæði Palestínumenn og ræddu við þá og Ísraelsmenn. Hann taldi það afskaplega mikilvægt að menn reyndu að koma og kynnast sjónarmiðum þessara manna á staðnum en þættust ekki geta áttað sig á öllum staðháttum og hlutum úr fjarlægð. Hann sagði og það kom glöggt fram hjá honum að hann trúði á þessar friðarviðræður, sagðist hafa þráð þær í áraraðir. Hann sagði hins vegar að krafa Ísraels um að halda hernumdu svæðunum á meðan á friðarviðræðum stæði stæðist ekki. Í raun væri það óhaldbær krafa og hann tók jafnframt fram að byggð á hernumdu svæðunum væri ögrun við friðarviðræðurnar. Og hann orðaði það svo að það væri misskilningur hjá Ísraelsmönnum að halda að þeir kæmu á friði í gegnum byssukjaftinn. Það var afskaplega fróðlegt að ræða við þennan talsmann sem var harður og ötull fyrir sína menn. En hann lagði mikla áherslu á það að menn kæmu á þetta svæði og ræddu við menn og kynntu sér málin og sýndu vilja sinn og ekki afskiptaleysi sitt til málsins.

Hv. 10. þm. Reykv. reyndi að gera lítið úr því að hv. 3. þm. Reykv. hefði sagt að þessi för hefði þó orðið til þess að umræður hefðu orðið um þetta mál, en það er reyndar staðreynd og er ekki hægt að gera lítið úr því. En við þurfum slík tilefni til að ræða slík mál. Við höfum ekki verið mikið að ræða ástandið í Sýrlandi, er það? Og mannréttindabrotin þar? Tugir þúsunda manna hafa verið líflátnir þar. Við höfum ekki

rætt um það af einhverjum ástæðum þó að við séum svo burðug að við þorum að fara í pontuna eins og nefnt var. Ekki heldur um málefni í Írak eða önnur slík annars staðar um veröldina. Það þarf nefnilega tilefni til. Og það var auðvitað útúrsnúningur þegar þingmaðurinn nefndi að það væri ekkert sérstakt við það að ályktað væri að tryggja þyrfti tilveru Ísraelsríkis. Það segir einmitt mikla sögu að Alþingi Íslendinga skuli telja að þegar ríki hafi verið til í 45 ár eða svo að þá þurfi enn að álykta um að tryggja þurfi tilveru þess ríkis. Við erum ekki að álykta um að tryggja tilveru Ítalíu, Danmerkur eða annarra slíkra ríkja en eftir næstum hálfa öld þurfum við enn að álykta um að tryggja þurfi tilverurétt ríkis sem við stóðum að að stofna. Auðvitað segir það heilmikla sögu um stöðu mála, heilmikla sögu sem menn geta ekki annað en litið til.

Hv. 10. þm. Reykv. spurði með hvaða hætti við ætluðum að tryggja það sem við töluðum um, sjálfsákvörðunarrétt Palestínuríkisins. Við erum ekki dómarar eða örlagavaldar í þeim leik í sjálfu sér þó við getum lagt okkar lóð á vogarskál. Við höfum sagt að í þeim friðarviðræðum sem yfir standa verði að tryggja sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. Þessu höfum við lýst yfir og það er áríðandi að komast á vettvang og koma sjálfir okkar sjónarmiðum á framfæri.

Ég get tekið undir með hv. þm. Steingrími Hermannssyni í viðtali við Morgunblaðið 9. maí eftir ferð sína til Mubaraks, þar segir hann, með leyfi forseta: „Ég lýsti því yfir að við Íslendingar legðum mikla áherslu á að tilveruréttur Ísraels verði viðurkenndur en það hafa Egyptar gert framar flestum. Ég sagði honum einnig að við treystum okkur ekki til að viðurkenna Palestínuríki þar sem því hefur ekki verið markað landsvæði og hann sagðist skilja það vel." Þetta er vandinn. Og þetta verður ekki leyst nema í friðarviðræðunum sem sem betur fer eru hafnar. Og það er í tengslum við það sem við setjum fram þessa kröfu okkar og óskir að sjálfsákvörðunarréttur Palestínumanna verði tryggður. Og það er algerlega ljóst í okkar huga að það gengur aldrei saman í friðarviðræðunum nema þetta tvennt gangi saman að öryggi Ísraelsríkis sé tryggt og sjálfsákvörðunarréttur Palestínumanna sé tryggður.

Það er rangt sem hér var gefið í skyn að ég hefði eingöngu flutt sjónarmið Ísraelsríkis. Ég sagði frá nokkrum þeim sjónarmiðum sem voru svör við athugasemdum mínum og það var bæði nauðsynlegt og fróðlegt þó að mjög lesnir menn þættust náttúrlega þekkja það allt saman fyrr og ég geri ekki lítið úr því, þá hefur mér þótt umræðan vera slík að ekki veitti af að öll þessi sjónarmið heyrðust. Þegar Ísraelsmenn segja það að deilur um landnám þeirra á herteknu svæðunum muni leysast þegar friðarsamningur hefur verið gerður þá er ekki þar með sagt að ég sé að taka undir það, fjarri því. Ég var einmitt að segja og sagði við forsætisráðherra Ísraelsríkis að ég teldi að þjóðir heims hlytu að telja að áframhaldandi landnám þeirra á herteknu svæðunum sýndi eða væri a.m.k. mjög sterk vísbending um það að friðarvilji þeirra væri bara í orði en ekki á borði. Ég sagði hins vegar frá rökum þeirra að þetta mál mundi leysast og þá er hugsunin væntanlega sú að þegar sjálfsstjórnarréttur Palestínumanna á þessu svæði hefur verið ákveðinn þá geti einhverjar byggðir Ísraelsmanna verið þar og einhverjar byggðir Palestínumanna inni á því landi sem ekki er umdeilt út af fyrir sig að það sé land Ísraelsmanna. Ég er ekki að segja að ég sjái fyrir mér þessa lausn. En þetta atriði þarf að leysa í samningum. Og meginatriðið nú er að stöðva frekari uppbyggingu, frekara landnám á þessu svæði. Og einmitt Bandaríkjamenn hafa sett skilyrði fyrir ábyrgðum, að þær verði ekki veittar ef þessu landnámi verður haldið áfram. Bandaríkjamenn geta sett slík skilyrði. Við getum ekki sett slík skilyrði. Við getum aðeins komið okkar sjónarmiðum hart á framfæri og það höfum við gert og það er mjög áríðandi að við gerum og hvikum aldrei frá því í neinu.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði hvar ég hefði setið veislur. Sú opinbera veisla sem forsætisráðherra Ísraelsríkis hélt var hádegisverðarveisla á Hótel King David. Síðan var opinber veisla ríkisstjórnarinnar um kvöldið í Hótel Jerúsalem Plaza og kveðjuboð mitt var síðan í Hótel King David þar sem mættu forsætisráðherra, utanríkisráðherra, dómsmálaráðherra og fimm af tólf hæstaréttardómurum Ísraelsríkis og fleiri aðilar. Það boð var því afskaplega vel sótt þrátt fyrir að um þessar mundir væru miklar annir því báðir stærstu flokkarnir voru með landsfundi, það er svolítið öðruvísi kerfi hjá þeim, frambjóðendakjör einmitt þessa sömu daga. Ég var síðan í vel á annan klukkutíma í viðræðum við ísraelska forsetann. Sá fundur varð reyndar til þess að ég missti af fundi með Peres þar sem hann beið eftir mér á þessu sama hóteli, King David, en gat ekki beðið lengi. Hann var þá að berjast fyrir pólitísku lífi sínu sem hann reyndar tapaði daginn eftir en vegna þess að fundurinn hjá forsetanum dróst á langinn þá missti ég af honum. Ég hef reyndar hitt hann áður þegar hann var forsætisráðherra Ísraels.

Ég var síðan í morgunverðarboði með gömlum kollega mínum, Teddy Kollek, sem hefur verið borgarstjóri þar í Jerúsalemborg töluvert á þriðja áratug. Svo að maður geri grein fyrir þeim þættinum fyrir utan alla þá fundi sem haldnir voru. Prógrammið var afskaplega strangt og tíminn afskaplega vel nýttur svo ekki sé meira sagt.

Ég ítreka það að ég tel að í öllum meginatriðum hafi þessi ferð verið vel heppnuð en þá undanskil ég þann þáttinn sem ég hef áður nefnt og því verða menn að taka vel eftir og átta sig á.

Ég tel að þessi umræða, virðulegi forseti, hafi á marga lund verið gagnleg og fróðleg og þakka þeim aðilum sem hafa tekið þátt í henni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst ég knúin til að veita andsvar við ræðu forsrh. hér áðan, ekki síst vegna þess að mér fannst gæta þess í málflutningi hans að við hér inni sem höfum talað gegn opinberri heimsókn hans til Ísraels séum með því að styðja eitthvert afskiptaleysi

eða mæla með einhverju afskiptaleysi af málum fyrir botni Miðjarðarhafs. Því er alls ekki þannig háttað. Ég held að enginn hér mæli með afskiptaleysi. Hins vegar skiptir máli hvernig menn standa að afskiptum sínum af málum, sérstaklega á svæðum eins og þessum þar sem miklar deilur standa yfir. Og við höfum gagnrýnt það hér að forsrh. fari í opinbera heimsókn til Ísraelsríkis sem er bara einn aðili af fleirum sem eiga þátt í þessari deilu og heiðri þá þannig með heimsókn sinni og veiti þeim með því einhvers konar — hvað getum við sagt, siðferðisvottorð, eins og hér var nefnt áðan. Ég held að hér hefði enginn maður gert athugasemd við það ef forsrh. hefði ákveðið að fara til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs og kynna sér ástand mála og hann hefði látið þá aðila sem stjórna málum á herteknu svæðunum, þ.e. Palestínumenn sem þar stjórna málum, taka á móti sér með svipuðum hætti og hann lét ísraelsk stjórnvöld taka á móti sér. Og ég held að það hefði enginn haft neitt við það að athuga að Íslendingar hefðu, kannski ekki núna heldur fyrir löngu síðan, ákveðið að gera út þingmannanefnd og skoða ástand mála þarna eins og mörg þjóðþing hafa gert. Það er hinn sanni stuðningur við þau öfl sem þarna eru að berjast fyrir mannréttindum.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en mér fannst ég knúinn til þess að koma hér og taka undir með þeim sem hafa látið í ljós undrun sína á margítrekaðri yfirlýsingu hæstv. forsrh. að þessi heimsókn til Ísraels hafi verið vel heppnuð að öllu leyti nema einu. Ég a.m.k. vil ekki trúa því að hæstv. forsrh. hefði farið í þessa ferð ef hann hefði vitað það fyrir fram að hann yrði settur í þá erfiðu stöðu að gestgjafar hans notuðu þann tíma er hann byði þeim til sinnar veislu til að leggja síðustu hönd á undirbúning að innrás í Líbanon. Ég vil ekki trúa öðru en hann hefði þá tekið ákvörðun um að hætta við þessa ferð.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér fannst ræða hv. 3. þm. Reykv. frekar undarleg. Hann átaldi það að umræðan hefði farið að snúast um að hæstv. utanrrh. hefði afþakkað heimsókn til Ísraels en gerði hana svo að miklu umræðuefni sjálfur. En ég kem hér m.a. vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. vakti athygli á ágætri ályktun Alþingis frá 18. maí 1989. Ég er svo hamingjusamur að hafa verið flm. að þeirri ályktun ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Kristínu Einarsdóttur. Ég er reglulega stoltur af því að hafa átt hlut að því máli og ég tel að heppilegt sé að lesa þessa ályktun frá orði til orðs úr því að hún var gerð hér að umræðuefni. Ályktun okkar, sem við lögðum fram og er á þskj. 105 frá 111. löggjafarþingi, kom frá utanrmn. með ofurlitlum breytingum. Hún var einróma samþykkt hér á Alþingi. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og fjórða Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóv. 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO."

Ég tel að þessi ályktun eigi erindi í þessa umræðu í heild. Ég er samþykkur hverju orði sem í henni stendur. Ég tel að þar hafi verið mörkuð skynsamleg stefna af hálfu Alþingis og ég er, eins og ég sagði áðan, stoltur af að hafa átt hlut að því máli.

Ég tel að ferð hæstv. forsrh. hafi ekki verið nákvæmlega í samræmi við þessa ályktun. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, þáv. forsrh., fór með þessa ályktun í farteski sínu til Egyptalands. Hann fór í einkaheimsókn til Jassir Arafats beinlínis samkvæmt og í samræmi við þessa ályktun en niðurlag hennar hljóðar svo: „Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO." Þetta var samþykkt 18. maí 1989 samhljóða af þingheimi.

Hæstv. forsrh. svaraði spurningu minni um gestgjafana. Ég spurði ekki um hvað hann hefði borðað í þessum veislum. Það skiptir mig engu máli og mér hefði meira að segja verið alveg sama þótt hann hefði fengið lítið að borða. Í kvöldverði, aðalveislunni, sem ríkisstjórnin hélt honum gat hann ekki um aðalgestgjafann. Það var nefnilega ekki Shamir sem var aðalgestgjafinn. Það var samkvæmt blaðafregnum — og nú hef ég það ekki staðfest frá hæstv. forsrh. sjálfum því hann vék sér undan að upplýsa það hér í ræðustólnum — sjálfur innflytjendamálaráðherrann. Hvers vegna skyldi ríkisstjórn Ísraels sýna forsrh. Íslands þá virðingu eða hitt þó heldur að velja nákvæmlega innflytjendamálaráðherrann til þess að vera gestgjafi í þessari veislu? Þetta finnst mér ekki smekklegt hjá Ísraelsmönnum, það verð ég að segja. Innflytjendamálaráðherrann er með nokkrum hætti tákn fyrir þau vandamál sem hafa verið sköpuð á þessu svæði og þá hernaðar- og útþenslustefnu sem þarna er rekin.

Hæstv. forsrh. nefndi fleiri lönd sem við værum ekki að gera athugasemdir við að hann hefði ekki

heimsótt. Ég ætla bara að vona að hæstv. forsrh. fari ekki að flana í opinbera heimsókn ti Íraks að heimsækja Saddam Hussein. Ég mun þá óska eftir umræðum utan dagskrár á Alþingi áður en hann fer í þá ferð.

Hann taldi upp hóp af utanríkisráðherrum sem hefðu heimsótt Ísrael á undanförnum mánuðum. Ég tel því ekki saman að jafna. Þessir utanríkisráðherrar eru allir að tign langt undir standi hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. (**Forsrh.:** Ég nefndi forsætisráðherra.) Hann nefndi líka forsætisráðherra en ég tók eftir því að hann nefndi ekki einn sem blöðin gátu um að hefði verið þarna á ferðinni um þetta leyti, forsætisráðherra Suður-Afríku. Ég tel að þessi ferð hafi verið misráðin frá upphafi. Ég tel að ferðin hafi verið óheppileg. Það hafi verið illa og með dónaskap tekið á móti forsrh. hvað svo sem honum kann að finnast sjálfum. Hún er vel heppnuð að því leyti einu að hæstv. forsrh. er blessunarlega kominn heim heill á húfi. Ég verð að segja að ég saknaði hans ekkert sérstaklega þessa daga en mér þykir betra að hann er kominn heim heill á húfi svo að ég ætla að segja eins og altítt er meðal Íslendinga: Velkominn heim.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns. Sinn er siður í hverju landi og aðalveisla gestgjafanna var hádegisverður forsætisráðherra. Forsætisráðherrar eru náttúrlega svo góðir með sig. Þeir telja víst að þar sem þeir eru gestgjafar sé aðalveislan og mun það jafnan vera svo ef forsætisráðherrar eru í heimsókn.

Varðandi forsætisráðherra Suður-Afríku sem var nefndur áðan vil ég taka fram að hann er ekki á þeim lista sem utanrrn. hefur látið mér í té en ég get ekkert um það sagt. Ég nefndi aðeins nokkra af þeim sem þarna hefðu verið á ferðinni á fáum mánuðum. Ég býst við að það sé, eins og ég sagði, ekki nokkurt land sem jafnmikill áhugi er fyrir að sækja heim og Ísrael. Það er vonlegt vegna þeirra viðkvæmu tíma sem nú eru. Af forsætisráðherrum og forsetum nefndi ég forseta Þýskalands, forsætisráðherra Spánar, Walesa, forseta Póllands, og reyndar mætti fleiri telja. Næsti forsætisráðherra sem kemur í aprílmánuði er forsætisráðherra Grikklands. Reyndar sleppti ég að nefna utanríkisráðherra Frakklands sem var þarna í janúar sl. Menn sjá því að gríðarlegur áhugi utanríkisráðherra og þjóðhöfðingja er fyrir að sækja þetta land heim og fá að ræða við þá aðila sem gerst til þekkja á staðnum. Væntanlega hafa flestir haft tök á því eins og ég að ræða jafnframt við Palestínumenn og skynja að þeim finnst áríðandi að þeir komi þarna á staðinn sjálfir og kynni sér mál.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Pétursson lýsti því yfir að ályktun Alþingis hefði verið samþykkt áður en Steingrímur Hermannsson, þáv. hæstv. forsrh. fór í heimsókn til Egyptalands og hitti Jassir Arafat í einkaheimsókn. Sú lýsing hans er aðeins rökstuðningur fyrir þeirri skoðun sem ég hélt hér fram að það var meira en tímabært fyrir forsrh. Íslands að fara til Ísraels og kynna stefnu Alþingis þar.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vona að sú kynning sem hæstv. forsrh. sá um á ályktun Alþingis í Ísrael eigi eftir að bera árangur. Það urðu ekki skjót viðbrögð við ályktuninni í þá átt sem Alþingi ætlaði, ekki skjót viðbrögð í jákvæða átt, miklu fremur hið gagnstæða.

89. FUNDUR

miðvikudaginn 26. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 313.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Háskólann á Akureyri, það er 218. mál þessa þings.

Umræður um stofnun háskóla á Akureyri hófust af fullri alvöru snemma á níunda áratugnum. Á vegum menntmrn. starfaði um hríð nefnd er sinnti undirbúningi málsins auk undirnefnda sem fjölluðu um einstakar námsgreinar. Frá því í nóvember 1985 vann svo nefnd á vegum Akureyrarbæjar að stofnun skólans í samvinnu við aðra undirbúningsaðila. Skilaði nefndin þremur skýrslum um væntanlegan háskóla á Akureyri á tímabilinu frá því hún var sett á fót og fram til febrúar 1987.

Háskólinn á Akureyri hóf starfsemi í samræmi við heimild í fjárlögum með kennslu á tveimur brautum, iðnrekstrar- og hjúkrunarbraut, hinn 5. sept. 1987. Páv. menntmrh., Birgir Ísl. Gunnarsson, mælti fyrir stjfrv. um Háskólann á Akureyri 12. des. 1987 en það frv. var síðan eftir nokkrar breytingar samþykkt á Alþingi 5. maí 1988 sem lög nr. 18/1988. Reglugerð fyrir Háskólann á Akureyri var svo undirrituð af páv. menntmrh., Svavari Gestssyni, 1. okt. 1990.

Samkvæmt núgildandi reglugerð eru þrjár deildir við Háskólann á Akureyri: heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Síðastliðið haust hófu um 170 nemendur nám við skólann og er það töluverð fjölgun frá undanförnum árum. Auk fleiri beinna umsókna má einnig greina vaxandi fjölda fyrirspurna um þá námskosti sem skólinn býður upp á.

Háskólinn er nú til húsa á tveimur stöðum í bænum. Annars vegar hefur hann aðstöðu í mestöllum fyrri húsakynnum Verkmenntaskólans, áður Iðnskólans, á

horni Þingvalla- og Þórunnarstrætis. Það hús er að hálfu í eigu Akureyrarbæjar en að hálfu í eigu ríkisins. Hins vegar léði Kaupfélag Eyfirðinga skólanum húsnæði í Glerárgötu 36, leigulaust til þriggja ára. Þá hefur sjávarútvegsdeild rúmar tvær hæðir til afnota í húsnæðinu, en í húsnæðinu eru jafnframt útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Í 14. gr. laga nr. 18/1988 er kveðið á um endurskoðun þeirra áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991. Í samræmi við þetta ákvæði skipaði Svavar Gestsson, þáv. menntmrh., nefnd 28. júní 1990 til þess að endurskoða umrædd lög. Í nefndina voru skipaðir Haraldur Bessason, rektor Háskólans á Akureyri, Lárus Ægir Guðmundsson framkvæmdastjóri, Skagaströnd, og Þorsteinn Gunnarsson, deildarsérfræðingur í menntmrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Ólafur Búi Gunnlaugsson, skrifstofustjóri Háskólans á Akureyri, var ritari nefndarinnar.

Nefndin skilaði drögum að lagafrv. 17. maí 1991 og það frv. var síðan sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Háskólanefnd Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Bæjarstjórn Akureyrar, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknaráði ríkisins, Vísindaráði og Bandalagi háskólamanna.

Við lokafrágang frv. í menntmrn. var höfð hliðsjón af þeim athugasemdum sem borist höfðu. Frv. var síðan lagt fram á Alþingi í desember sl. en ekki hefur gefist tími til að mæla fyrir því fyrr en nú.

Í stefnu- og starfsáætlun núv. ríkisstjórnar kemur fram eindreginn vilji um eflingu Háskólans á Akureyri. Þar er bent á að öflugur háskóli á Akureyri fjölgi námsmöguleikum í landinu og geti orðið ný vagga menningar og menntalífs. Ég vil einnig minna á að starfsemi Háskólans á Akureyri er mikilvægur þáttur í byggðastefnu, þ.e. að fólk í hinum dreifðu byggðum landsins fái aukna möguleika á að notfæra sér þá menningu og þau lífsgæði sem felast í þróttmikilli háskólamenntun og vísindastarfsemi. Í þessu ljósi ber að skilja þau nýmæli og breytingar frá núgildandi lögum sem hér eru lögð til.

Frv. það sem hér liggur fyrir er reist á grunni laga nr. 18/1988 en þó eru þar lagðar til ýmsar breytingar og viðbætur sem hafa eftirfarandi mennta-, vísinda- og byggðapólitísk markmið að leiðarljósi, þ.e. að stuðla að eflingu Háskólans á Akureyri sem rannsóknastofnunar. Þannig er skýrar kveðið á um rannsóknahlutverk Háskólans og jafnframt er heimilað að koma á fót rannsóknastofnun við hann. Einnig er gert ráð fyrir samstarfi háskólans við aðra háskóla og rannsóknastofnanir í því skyni að styrkja kennslu og rannsóknir í skólanum og gera menntunartækifæri fjölbreyttari. Enn fremur eru sett ákvæði um rannsóknaorlof kennara og annarra fastráðinna starfsmanna háskólans. Síðast en ekki síst er lagt til að bundið verði í lög að rannsókna- og sérfræðibókasafn starfi við skólann.

Rannsóknir eru undirstöðuþáttur í starfi nútímaháskóla og eins og fram kemur í áfangaskýrslu þróunarnefndar háskólans sem birt er sem fskj. með frv. þessu hafa umtalsverðar rannsóknir farið þar fram allt frá stofnun hans. Gert er ráð fyrir að rannsóknirnar tengist einkum fræðasviðum skólans, sbr. 9. gr. og þeim rannsóknastofnunum sem starfa á Akureyri.

Háskólinn hefur þegar hafið umfangsmikið samstarf um rannsóknir við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hefur tekist samkomulag um að tiltekinn fjöldi sérfræðinga við þessar rannsóknastofnanir hafi kennsluskyldu við háskólann. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og er til fyrirmyndar um samstarf háskóla og rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Sjálfstæði háskólans er eflt og stjórnsýsla hans skilgreind betur en áður. Lagt er til að háskólinn fái aukið forræði um mannaráðningar og inntöku nemenda. Ítarlegri ákvæði eru um verkaskiptingu og hlutverk stjórnsýslu háskólans svo sem háskólanefndar, rektors, framkvæmdastjóra, forstöðumanna deilda og deildafunda.

Lagt er til að skipaðar verði dómnefndir um hæfi umsækjenda um rektorsembætti. Í þessu sambandi skal bent á að frv. gerir ráð fyrir að Háskólinn á Akureyri skipi meiri hluta þeirra dómnefndarmanna sem fjalla um hæfi umsækjenda um rektorsembætti. Frv. leggur einnig til að háskólanefnd, þar sem fulltrúar sem kjörnir eru innan háskólans eru í meiri hluta, hafi í raun endanlegt vald yfir ráðningu rektors.

Háskólinn er skoðaður í samhengi við umhverfi sitt. Lagt er til að háskólinn tengist nágrenni sínu traustari böndum með því að einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar og annar af heildarsamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eigi aðild að háskólanefnd. Þannig er aðilum utan háskólans gert kleift með beinni þátttöku í yfirstjórn að setja sig inn í málefni skólans og að þeir geti á grundvelli reynslu sinnar aukið skilning annarra aðila sem næst honum standa á þörfum hans. Þrátt fyrir þetta ákvæði um aðild fulltrúa utan háskólans að yfirstjórn er sjálfsstjórn hans og starfsmannalýðræði tryggt á þann hátt að af ellefu nefndarmönnum sem sæti eiga í háskólanefnd eru sjö valdir í beinum lýðræðislegum kosningum innan háskólans.

Mun ég nú gera grein fyrir einstökum greinum frv. og breytingum sem í þeim felast.

Í 1. gr. er kveðið á um hlutverk Háskólans á Akureyri. Þar kemur fram sú breyting frá gildandi lögum að skýrt er kveðið á um rannsóknahlutverk háskólans. Gert er ráð fyrir að rannsóknirnar tengist þeim greinum sem kenndar eru við skólann svo og þeim rannsóknastofnunum sem starfa á Akureyri. Þar er nú gert ráð fyrir að háskólanum verði heimilt að annast endurmenntun.

Í II. kafla frv. er fjallað um stjórn háskólans. 2. gr. er að nokkru leyti byggð á 2. og 4. gr. gildandi laga en einnig koma fram nokkur nýmæli. Lögð er áhersla á að háskólinn tengist umhverfi sínu og nágrenni traustari böndum en nú er með því að aðild fái að háskólanefnd fulltrúar frá bæjarstjórn Akureyrar og heildarsamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eins og ég sagði áðan. Hér er reynt að fara leið málamiðlunar milli

nokkuð andstæðra sjónarmiða þar sem annars vegar eru uppi skoðanir um að yfirstjórn háskóla skuli alfarið vera í höndum starfsmanna hans og hins vegar að einungis skuli þar koma að aðilar utan skólans. Í þessari grein er hnykkt á því að þar er háskólanefnd sem er yfirstjórn Háskólans á Akureyri.

3. gr. byggist á 2. og 3. gr. gildandi laga en felur jafnframt í sér eftirtaldar breytingar. Lagt er til að dómnefnd fjalli um umsækjendur um rektorsembætti. Rektor Háskólans á Akureyri er ekki valinn í beinni kosningu eins og tíðkast í Háskóla Íslands og því þykir rétt að dómnefnd fjalli um umsækjendur og hæfni þeirra til að gegna rektorsembætti. Búast má við að endurskoða þurfi ákvæði um ráðningu rektors eftir því sem nemendum og kennurum við háskólann fjölgar og færa það til samræmis við það sem tíðkast í Háskóla Íslands.

4. gr. er að mestu nýmæli. Hér er hnykkt á rekstrarlegu sjálfstæði Háskólans á Akureyri með því að lagt er til að rektor verði heimilt að ráða framkvæmdastjóra að háskólanum í stað þess að menntmrh. skipi skrifstofustjóra eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Í 5. gr. er starfssvið forstöðumanna deilda skilgreint en svo er ekki í gildandi lögum. Einnig eru ákvæði um ráðningu forstöðumanna og hæfniskröfur svo og að dómnefnd skuli meta hæfni umsækjenda um embætti forstöðumanns deildar.

6. gr. er nýmæli. Hún fjallar um skipan, hlutverk og helstu verkefni deildarfunda.

7. gr. er að mestu óbreytt frá 7. gr. gildandi laga utan hvað kveðið er á um að með reglugerð skuli fjallað nánar um deildarfundi.

Í 8. gr. er fjallað um samvinnu háskólans við aðra skóla sem tengjast starfssviði hans. Þetta getur þýtt meiri fjölbreytni í menntun og rannsóknum, auk þess að stuðla að hagkvæmni og sparnaði. Kveðið er á um ráðningu starfsfólks sem ráðið er til starfa við samstarfsverkefni og að réttindi þess og skyldur skuli nánar ákveðin í reglugerð.

Í III. kafla frv. er fjallað um kennara, deildir og stofnanir háskólans.

9. gr. fjallar um skiptingu háskólans í deildir og námsbrautir. Nefndar eru til þær deildir sem nú eru starfræktar og heimild til að setja á fót nýjar deildir. Nýmæli eru þau atriði og markmið sem samstarf deilda háskólans á að beinast að. M.a. er heimild til að kveða á um að starfsskylda sé ekki takmörkuð við eina deild háskólans.

10. gr. fjallar um starfslið háskólans og er að mestu óbreytt frá því sem er í gildandi lögum að öðru leyti en því að forræði háskólans varðandi ráðningu kennara er aukið. Lagt er til að tímabundin ráðning lektora verði í höndum háskólanefndar. Þetta er í samræmi við þá stefnu menntmrn. að auka ábyrgð háskólastofnana í starfsmannahaldi.

11. gr., sem kveður á um heimild til að veita starfsmönnum orlof til rannsókna, er nýmæli. Sambærilegt ákvæði er í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Með þessu ákvæði er verið að tryggja starfsmönnum Háskólans á Akureyri sambærileg réttindi og tíðkast við aðrar háskólastofnanir hérlendis.

12. gr. heimilar háskólanum að koma á fót rannsóknastofnun þar sem rannsóknir á fræðasviðum skólans yrðu stundaðar.

13. gr. er ný. Í henni er lagt til að við háskólann starfi rannsókna- og sérfræðibókasafn. Það er mjög mikilvægt að háskólinn hafi yfir að ráða vel búnu bókasafni til að geta sinnt kennslu-, rannsókna- og þjónustuhlutverki sínu. Bókasafnið hefur einnig hlutverki að gegna við að tengja skólann atvinnulífi Norðurlands. Lagt er til að rektor ráði yfirbókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar en í gildandi lögum er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi bókavörð.

IV. kafli fjallar um nemendur, kennslu og próf.

14. gr. felur í sér þá breytingu frá gildandi lögum að skólaárið er talið hefjast 15. ágúst í stað 1. sept. Þetta er gert til að hægt sé að ná 15 vikna kennslumissiri. Háskólanum er þó heimilt að hafa fleiri en 15 kennsluvikur á missiri.

Í 15. gr. er sú breyting frá gildandi lögum að háskólanum er heimilað að setja nánari inntökuskilyrði en nú er gert, ef þörf krefur, m.a. er heimild til að takmarka með almennum hætti inntöku nemenda í skólann að fengnu samþykki menntmrn.

16. gr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki útskýringa.

V. kafli laganna, ýmis ákvæði, þarfnast heldur ekki skýringa.

Með frv. eru lögð fram þrjú fylgiskjöl:

Fskj. 1 er áfangaskýrsla þróunarnefndar Háskólans á Akureyri frá því í október á síðasta ári.

Fskj. 2 er kostnaðarumsögn menntmrn. um frv. þar sem lagt er mat á það hvaða kostnaðarbreytingar verða vegna breytinga frá gildandi lögum.

Fskj. 3 er umsögn fjmrn. um þetta frv. þar sem fram kemur að ráðuneytið telur óæskilegt að festa í lög fyrirmæli um kjör starfsmanna ríkisins með þeim hætti sem gert er í 11. gr. frv.

Rétt er að ítreka að ákvæði 11. gr. um réttindi starfsfólks eru hér sett inn til að tryggja starfsmönnum Háskólans á Akureyri sambærilegan rétt til rannsóknaorlofa og tíðkast við aðrar háskólastofnanir hérlendis.

Hæstv. forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þessu frv. til laga um Háskólann á Akureyri og ætla ekki í framsögu að orðlengja þetta frekar, en legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn. Alþingis og 2. umr.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi lýsa ánægju með það að þetta frv. skuli vera fram komið og að hæstv. menntmrh. hafi þegar mælt fyrir því hér á Alþingi. Ég vil láta þá ósk í ljósi strax að það verði að lögum á þessu þingi, en samkvæmt núgildandi lögum skyldu lögin endurskoðuð og er staðið við það með þessu frv.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra á Háskólinn á Akureyri sér alllangan aðdraganda og stofnsetning hans. Það er ekki ástæða til þess að rekja það í

smáatriðum en það eru að ég held 30 ár nákvæmlega, eða á 100 ára afmæli Akureyrar, síðan Davíð Stefánsson frá Fagraskógi viðraði þessa hugmynd fyrst opinberlega að stofnaður skyldi háskóli á Akureyri. Síðan er það 1964 sem málið er gert að þingmáli að frumkvæði Ingvars Gíslasonar, fyrrv. menntmrh., með þáltill. sem vísað var til ríkisstjórnarinnar. Árið 1982 skipaði þáv. menntmrh., Ingvar Gíslason, nefnd þriggja manna til þess að móta tillögur um hugsanlega stofnun háskóla á Akureyri. Sú nefnd skilaði jákvæði áliti, og það er svo 1987 sem skólinn tekur til starfa.

Það hefur alltaf verið mikill einhugur um það á Norðurlandi og mikil samstaða um að þessi skóli fái að dafna og eflast og reyndar vil ég meina að sú samstaða og sá áhugi nái miklu víðar yfir heldur en Norðurland og það sé orðin nokkuð góð samstaða um skólann almennt í landinu.

Ég minnist þess líka að hafa lesið það haft eftir Steindóri Steindórssyni, fyrrv. skólameistara, að það væri betra að byrja af vanefnum en að byrja ekki og það má í sjálfu sér segja að það var byrjað af vanefnum. Þau lög sem nú eru í gildi bera það með sér, sérstaklega í sambandi við rannsóknaþáttinn sem aldrei var fullmótaður en er aftur á móti tekið á í því frv. sem hér er til umræðu. Ég vil því sérstaklega lýsa ánægju með að þar er gert ráð fyrir að heimila að sett verði á stofn rannsóknastofnun við skólann og tel það eitt mikilvægasta atriðið í þessu nýja frv.

Skólinn hefur verið að sanna sig og þróast en það fer þó ekki á milli mála að það þarf að skjóta styrkari stoðum undir starfið. Það er að hluta til gert með þessu frv. Það var gert með stofnun sjávarútvegsbrautarinnar um áramótin 1989–1990. Hún hefur virkilega sýnt það að hennar var þörf í þessu þjóðfélagi. Það má geta þess að félag stúdenta í sjávarútvegsfræðum hefur núna í vetur sýnt það frumkvæði að efna til fyrirlestraraðar og ráðstefnu um fiskveiðistjórnun og sjávarútvegsstefnu á Íslandi víðs vegar um Norðurland sem hefur mælst mjög vel fyrir og ber að þakka.

Það var á síðasta ári sem fyrrv. sjútvrh. tók þá ákvörðun að rannsóknaskipið Mímir skyldi flutt til Akureyrar og tengjast háskólanum þar og það var mjög mikilvæg ákvörðun fyrir framtíð skólans. Það mætti nokkurri andstöðu, sem ég ætla ekki að tíunda hér, við Háskóla Íslands þegar þessi ákvörðun var tekin og ég hef hér grein undir höndum sem ber yfirskriftina „Glapræði sjávarútvegsráðherra". Því miður þekkjum við örlög þess skips en okkur er ekki ljóst hvað kemur í staðinn og við trúum því og vonum að fyrir því verði séð að nýtt skip verði keypt í stað þess sem fórst og það verði staðsett við Háskólann á Akureyri og sjávarútvegsbraut þess. — Nú er hæstv. sjútvrh. ekki hér viðstaddur en það hefði verið forvitnilegt að heyra álit hans á því máli.

Mig langar í örfáum orðum, hæstv. forseti, að koma inn á einstaka atriði í þessu frv. en vil að sjálfsögðu að það komist sem allra fyrst til nefndar þannig að það eigi greiða leið í gegnum þingið. Það er t.d. ákvæði þess efnis að aðilar utan skólans bæði frá Akureyrarbæ og samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eigi aðild að stjórnun skólans. Ég veit að það er nokkuð umdeilt mál, eitthvað umdeilt alla vega, en ég held að það sé mjög af hinu góða og reyndar var það í lögunum frá 1988 í bráðabirgðaákvæði þess efnis sem nú er fallið úr gildi. En það má fullyrða að sú reynsla hafi leitt það af sér að nú er það ákvæði sett inn í þetta frv. sem er miklu ítarlegra frv. og tekur miklu betur á framtíð skólans heldur en þau lög sem nú eru í gildi. Það er eins og hæstv. ráðherra sagði að Háskólinn á Akureyri er byggðamál. Það er byggðapólitík sem liggur að baki þess að hann er stofnsettur og alveg ástæðulaust að fara í launkofa með það en eins og ég sagði áðan er mikilvægt að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir skólann. M.a. er mikill áhugi á að stofnsetja kennaradeild við skólann og ég veit að hæstv. ráðherra hefur lýst stuðningi við þá hugmynd, en spurningin er hvenær hún verður stofnsett og vona ég að sjálfsögðu að það verði sem fyrst.

Þetta frv. ber það með sér að verið er að auka sjálfstæði skólans sem ég lýsi miklum stuðningi við. 8. gr. er ein af allra mikilvægustu greinum frv. en þar er fjallað um samvinnu skólans við aðra skóla og aðrar stofnanir sem tengjast starfssviði hans, sérstaklega hvað varðar menntun og rannsóknir.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að hafa fleiri orð að sinni um þetta ágæta frv. Þar sem ég sit í menntmn. hef ég tækifæri þar til þess að fjalla ítarlegar um málið en ég vil endurtaka það að ég lýsi ánægju með það að frv. skuli vera fram komið.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. til laga um Háskólann á Akureyri hefur verið lagt hér fram. Hér er um að ræða frv. sem, ef það verður að lögum, kemur til með að styrkja starfsemi háskólans til mikilla muna og kveður mun skýrar á en gildandi lög um hlutverk hans.

Ég ætla ekki að vera langorður um frv. á þessu stigi málsins. Það er mjög brýnt að það komist sem fyrst til nefndar. Það er mjög brýnt að það verði að lögum á þessu þingi og liggja til þess ýmsar ástæður en þó umfram allt sú að í þessu frv. er kveðið á um rannsóknastofnanir við háskólann sem mjög er brýnt að fái lagagildi sem fyrst.

Ég held að það sé rétt í þessum inngangsorðum mínum um þetta lagafrv. að líta á frv. í ljósi þeirra meginmarkmiða sem sett voru þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Þessi markmið voru nokkuð mörg en meðal þeirra sem stóðu upp úr voru eftirtalin: Með stofnun Háskólans á Akureyri átti að efla menntun og vísindi utan höfuðborgarsvæðisins og þar með að styrkja landsbyggðina, bæði atvinnuvegi, atvinnuþróun og menningarstarf á landsbyggðinni. Það var einnig meiningin með stofnun háskólans að bjóða upp á nýmæli í íslensku menntakerfi og laga það að þörfum atvinnulífsins en laga það einnig almennt að þörfum þjóðfélagsins í heild. Þá var og tilgangurinn með stofnun háskólans að bjóða upp á nýja valkosti í háskólamenntun. Ef við lítum til þessara markmiða, þá held ég að það sé staðreynd að Háskólinn á Akureyri hefur nú

þegar náð að þjóna þeim þó að hann eigi eftir að gera það í ríkari mæli í framtíðinni. Ég ætla að drepa hér á nokkur atriði sem benda til þess að þessi háskólastofnun hafi náð þessum markmiðum.

Meðal þess merkasta sem hefur gerst innan háskólans var stofnun sjávarútvegsbrautar við hann. Það voru nýmælin sem Háskólinn á Akureyri braut upp á. Allt frá því að stofnun háskólans var á undirbúningsstigi var lögð áhersla á það af hálfu heimamanna að boðið yrði upp á sjávarútvegsnám við þessa stofnun. Brautin hefur nú starfað tiltölulega stuttan tíma og það er langt frá því að komin sé reynsla á starfsemi hennar. Hún hefur efnt til mjög árangursríks samstarfs við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og er í raun og veru að skapa vettvang á sviði rannsókna er tengjast sjávarútvegi með þessu samstarfi við rannsóknastofnanirnar. En sjávarútvegsbrautin við Háskólann á Akureyri hefur líka lagt sig eftir því að tengjast fyrirtækjum með ýmsum hætti. Ég ætla hér að nefna eitt dæmi um slíkt samvinnuverkefni sem skólinn hefur staðið fyrir. Hann hefur sent nemendur til náms vestur á Ísafjörð. Þar er um að ræða nám í veiðitækni og þar hefur háskólinn séð sér fært að nýta þá þekkingu og færni sem er til staðar á Ísafirði á þessu sviði, þ.e. á sviði veiðitækni og sent nemendur sína þangað til náms. Þetta er eitt dæmi um það á hvern hátt sjávarútvegsbrautin hefur efnt til samstarfs við atvinnulífið og það eru fleiri dæmi um þetta innan Háskólans á Akureyri.

Á sviði hjúkrunarfræðibrautarinnar, sem er eina brautin sem starfar innan heilbrigðisdeildar háskólans, hefur verið imprað á nýjungum. Sú námsbraut hefur verið skipulögð með nokkuð öðrum hætti heldur en hjúkrunarfræðinám við Háskóla Íslands. Má þar nefna að verkleg þjálfun nemenda hefst strax á fyrsta ári og vægi hjúkrunargreina er meira fyrstu tvö árin en í Háskóla Íslands. Mér er kunnugt um það að þessi nýmæli hafa vakið athygli innan Háskóla Íslands og eru að sjálfsögðu af hinu góða.

Ég vil einnig taka það fram að verklegt nám í hjúkrunarfræði fer fram á mjög mörgum heilbrigðisstofnunum, bæði fyrir norðan og víða um land. Nefni ég þar sérstaklega sjúkrahúsin á Húsavík og Sauðárkróki, heilsugæslustöðina á Dalvík, Reykjalund. Ég held að hjúkrunarfræðinemar við nám þar séu með fyrstu hjúkrunarfræðinemum sem stunda þar nám. En ég ætla líka að geta þess sérstaklega að innan heilbrigðisdeildarinnar er nú lögð síaukin áhersla á að taka sérstakt tillit til þarfa landsbyggðarinnar í skipulagi námsins. Nú er verið að auka þá þætti námsins sem á reynir þegar hjúkrunarfræðingar starfa í mjög fámennum byggðum, t.d. þar sem læknar starfa ekki. Hér er t.d. um að ræða bráðabirgðahjúkrun. Það er verið að ræða þarna um viðbrögð við meiðslum og í undirbúningi er nú innan stofnunarinnar tvískipting á námi í hjúkrunarfræði þannig að þar yrði annars vegar um sjúkrahjúkrun að ræða og heilsugæsluhjúkrun hins vegar og tengjast þessar áætlanir áherslubreytingum sem nú er verið að vinna að innan heilbrigðisdeildar háskólans.

Þetta er dæmi um það að skólinn telur það vera hlutverk sitt að laga sig að þörfum landsbyggðarinnar og ég ætla þá að láta það vera mín síðustu orð í þessari fyrstu umfjöllun minni um Háskólann á Akureyri að tíunda það sem ég tel hafa verið meginmarkmið með stofnun þessa skóla og hér var komið inn á áðan af hv. 3. þm. Norðurl. e. en hæstv. menntmrh. gerði einnig ítarlega grein fyrir því hlutverki Háskólans á Akureyri.

Meginmarkmiðið með stofnun þessa háskóla var að sjálfsögðu að hafa veruleg áhrif til breytinga á vísindasamfélagið á Íslandi og þar með á þjóðfélagið allt. Það átti að ýta undir fjölbreytileika í háskólastarfi, það átti að auka þeim víðsýni sem innan háskólanna starfa, það átti að tengja háskóla- og vísindastarf betur þeim viðhorfum og þeim hagsmunum sem einkenna landsbyggðina. Tilgangurinn var sá að skerpa vísindalega innsýn í vandamál og sérstöðu landsbyggðarinnar, styrkja þar með málefnalega umfjöllun um stöðu landsbyggðarinnar og auka skilning á hlutverki hennar í íslensku þjóðlífi. Háskólinn á Akureyri hefur nú þegar blandað sér í umræðu um þjóðlíf og þróun íslensks samfélags. Rödd hans á eftir að verða sterkari og áhrif hans meiri.

Frv. sem hér er lagt fram styrkir Háskólann á Akureyri í þessu mikilvæga hlutverki og ég vil því vona að um þetta mál náist, eins og hingað til hefur ríkt í málinu, víðtæk og breið pólitísk samstaða og málið fái hér góðan en snöggan framgang.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. hefur verið unnið að þessu frv. alllengi og ég tel víst að um efni þess sé í meginatriðum allgóð sátt og ég held reyndar að það hafi verið forsenda þess að Háskólinn á Akureyri varð til að það var sátt um málið. Það var ekki þannig staðið að málum að neinn einn flokkur væri að flagga með þetta mál þó að það hafi nú aðeins borið á því í seinni tíð í ræðum vissra manna að norðan, að aðallega einn stjórnmálaflokkur hafi kannski öðrum fremur sinnt þessu máli. Það er ekki svo. Þar hafa allir lagt hönd á plóginn með myndarlegum hætti, að vísu með örfáum undantekningum sem er ástæðulaust að ræða hér og best fyrir þjóðina og sérstaklega þá aðila sjálfa að gleyma. En það hefur verið sátt um málið og það er kjarni málsins, eins og hv. síðasti ræðumaður reyndar benti á áðan þó að hann hafi nú ekki alltaf í málflutningi sínum um Háskólann á Akureyri verið með það í huga að stuðla að sátt um Háskólann á Akureyri, samanber greinar sem hann skrifaði um þessi mál aftur og aftur á undanförnum árum sem höfðu þann tilgang einan að vega að þeim mönnum sem voru að reyna að vinna að framgangi Háskólans á Akureyri með býsna ómerkilegum hætti. Það er gleymt eins og fleira sem misjafnt var sagt um þennan skóla á undanförnum árum og verður ekki rifjað upp frekar hér þó að það væri fróðlegt sagnfræðinnar vegna.

Varðandi frv. að öðru leyti þá held ég að það sé mjög mikilvægt ákvæði í þessu frv., meginákvæði þess

og það sem er rauður þráður í frv., það er áherslan á rannsóknaþáttinn, þ.e. að ætlunin er að gera Háskólann á Akureyri að virkum háskóla, ekki aðeins kennsluskóla heldur einnig rannsókna- og vísindastofnun. Það er mjög mikilvægt og um það var ágreiningur þegar lögin voru sett á sínum tíma.

Kennslumálanefnd Háskóla Íslands gerði tillögur um breytingar á frv. á sínum tíma og það er mjög athyglisvert að lesa þessar brtt. kennslumálanefndarinnar núna þar sem í rauninni er fyrst og fremst verið að gera tillögur í þá átt að styrkja rannsóknaþáttinn. Ég man eftir því að við ræddum þetta ítarlega í efri deild þegar málið var til meðferðar á sínum tíma og ég starfaði með hv. menntmn. efri deildar. Fyrsta brtt. kennslumálanefndar Háskóla Íslands er svona:

„Sé það ásetningur löggjafans að ætlast í alvöru til vísindalegs fræðslustarfs verður ekki undan því vikist að gera veg rannsóknastarfs meiri en gert er í frv." Ég tel að þetta frv. komi til móts við þau viðhorf sem uppi eru í háskólasamfélaginu almennt um Háskólann á Akureyri og ég tel að það sé mjög þýðingarmikið.

Í grg. um 2. brtt. kennslumálanefndar Háskóla Íslands segir m.a.: „Með því að ráðherra skipar rektor er sjálfræði skólans skert miðað við það sem skynsamlegt og sjálfsagt er talið í Háskóla Íslands." Þegar málið var til meðferðar í menntmn. efri deildar man ég eftir að þetta mál var rætt sérstaklega. Niðurstaðan varð sú sem liggur fyrir í lögunum og ég tel satt að segja að það hafi kannski verið mistök að standa þannig að lagaákvæðunum um skipan rektors eins og gert var en það varð niðurstaðan og það er ekkert um það að segja núna. Ég tel að hér sé hins vegar með fumvarpsákvæðinu, eins og það liggur fyrir, sé stigið skref í rétta átt þannig að ef þetta frv. verður að lögum og um það næst pólitísk samstaða hér í þessari virðulegu stofnun rétt eins og síðast, þá takist ekki einasta að ná um þetta víðtækri flokkspólitískri samstöðu á Alþingi Íslendinga heldur takist væntanlega líka að ná um það faglegri samstöðu í íslenska háskólasamfélaginu yfirleitt.

Ég tel að ýmsar greinar frv. staðfesti þetta og komi mjög til móts við þau sjónarmið sem ég er hér að reyna að gera grein fyrir. Ég tel reyndar að 8. gr., eins og ég hygg að hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi nefnt áðan, sé kannski ein sú merkilegasta vegna þess að þar er því slegið föstu að Háskólinn á Akureyri er ekki eyland. Hann er hluti af íslenska háskólasamfélaginu yfirleitt, rannsókna- og vísindasamfélaginu á Íslandi yfirleitt því að þar stendur:

„Háskólinn á Akureyri og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunartækifærum."

Hér er um að ræða mjög mikilvægt ákvæði og ég man það ekki satt að segja hvort hliðstæð ákvæði eru í lögum annarra háskólastofnana á Íslandi. Ef svo er ekki finnst mér að vel komi til greina að hafa það þannig að allir háskólar á Íslandi, en þeir eru fimm eða sjö talsins eftir því hvernig menn vilja telja, hafi þessa víðtæku skyldu til þess að hafa samráð og samvinnu við aðra háskóla- og rannsóknastofnanir.

Ég saknaði þess í ræðu hæstv. menntmrh. að hann skyldi ekki fara aðeins yfir vinnuna sem hefur verið í gangi núna um nokkurra missira skeið um samstarf skólanna á háskólastigi og ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig sú starfsemi gengur því að það er auðvitað mjög mikilvægt að starfsemi háskólanna verði betur samræmd og samstillt en nú er gert, ekki af fjárhagslegum ástæðum heldur fyrst og fremst af faglegum ástæðum en reyndar líka fjárhagslegum. Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp að í stefnu menntmrn., „Til nýrrar aldar", sem gefin var út á næstsíðasta ári með ágætri samstöðu við skólasamfélagið á Íslandi yfirleitt, var lögð áhersla á þessa samvinnu háskóla og rannsókna- og vísindastofnana, m.a. möguleika á því að þær skiptust á kennurum, vísindamönnum, rannsóknamönnum og jafnvel nemendum þannig að ekki væri um það að ræða að menn væru að vinna sömu verkin, kenna sömu greinarnar á mörgum stöðum í senn.

Það er oft talað með býsna mikilli lítilsvirðingu um þessa mörgu háskóla á Íslandi og sérstaklega verður þess vart hér á þessum ferkílómetrum sem við erum stödd á hér í kringum Alþingi Íslendinga. Staðreyndin er þó sú að margar af þessum litlu háskólastofnunum á Íslandi eru afar merkilegar vísindastofnanir. Ég gæti nefnt í því sambandi fyrir utan háskólana stofnun eins og Kennaraháskóla Íslands en ég get að sjálfsögðu líka nefnt stofnun eins og búvísindadeildina á Hvanneyri sem er afar merkileg rannsóknastofnun. Fræðimenn þar hafa sent frá sér fræðigreinar í erlend tímarit aftur og aftur sem hafa vakið talsvert mikla athygli. Ég held því að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að við eigum hérna fimm háskólastofnanir sem eru á mörgum sviðum burðugar og gætu orðið enn þá burðugri og öflugri með enn þá skipulegra samstarfi en verið hefur. Mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. gæti hugsað sér að fara um það nokkrum orðum hvernig samvinnunni er háttað í samstarfsnefnd háskólastigsins sem ég hygg að hafi tekið þessi mál til meðferðar m.a. núna eftir áramótin. Þessi nefnd var lengst af undir forustu háskólarektors og reynt var að kalla til fulltrúa háskólanna og reyndar sérskólanna að einhverju leyti líka. Auk þeirra skóla sem ég hef hér nefnt, þessara fimm, eru náttúrlega ýmsar stofnanir, t.d. Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn sem gera kröfur til þess að framhaldsdeildir þeirra séu taldar hluti af háskólasamfélaginu. Ég vil ekki koma hér inn á deilurnar um það hvort það er rétt skilgreining eða ekki en ég tel alla vega að það sé umræðuvert mál.

Ég vil aðeins víkja að einstökum greinum frv. lauslega og þá fyrst að 1. gr. Ég fagna því sérstaklega, eins og fram hefur komið áður, að þar er rannsóknaþátturinn tekinn inn í gagnstætt því sem var í upphaflegum lögum, ég tel það ánægjuefni. Ég bendi á að í 2. gr. eru ákvæði um að bæjarstjórn á Akureyri og samtök sveitarfélaga á Norðurlandi geti kosið menn í háskólanefnd og ég vil rifja upp að það hlýtur náttúrlega að vera umræðuvert mál. Ég tel út af fyrir sig að þarna

séu menn að reyna að finna meðalveg með því að hafa fulltrúa frá þessum aðilum — ég veit nú ekki alveg hvað samtökin eru en þau eru væntanlega fyrir allt Norðurland þá — þannig að ef þau skiptu sér, þá yrðu þau að koma sér saman um þennan fulltrúa. En út af fyrir sig eru þrjár leiðir hugsanlegar í þessum efnum. Ein er sú að háskólasamfélagið sjálft ráði þarna úrslitum eitt eins og t.d. gerist í Háskóla Íslands, Kennaraháskólanum og í fjölmörgum öðrum háskólum. Hin leiðin er sú, sem er einnig mjög algeng erlendis, að aðilar utan háskólans ráði háskólanefndunum alveg. Hér eru menn að reyna að fara millileið og það er mín skoðun að þegar fram í sækir og stofnunin væri orðin enn þá burðugri, eins og þróunarnefndin gerir reyndar ráð fyrir, að stofnunin verði með um þúsund nemendur um aldamót, ég veit ekki alveg hvort það næst en það er spá þróunarnefndarinnar, þá er auðvitað hugsanlegt að stofnunin ein ráði því hverjir verði í háskólanefndinni. En eins og sakir standa held ég að það sé mjög mikilvægt að byggðarlögin eigi aðild að henni. Akureyrarbær hefur verið ötull við að ýta við stjórnvöldum, Alþingi og ríkisstjórn í sambandi við þennan skóla og ég held að það væri mikilvægur lífshlekkur skólans í sundur ef þessi tengsl væru rofin þó að þau frá sjónarmiði hins almenna háskóla- og rannsóknasamfélags séu a.m.k. umræðunnar virði.

Í 3. gr. er áfram haldið inni því ákvæði að menntmrn. skipi rektor, skólinn kjósi sér ekki rektor heldur verði sett niður dómnefnd og það er þó framför að það skuli vera dómnefnd. Hæstv. menntmrh. nefndi þann möguleika að þetta væri kannski skemmri tíma fyrirbrigði að hafa þetta svona og hugsanlegt væri að þegar skólinn yrði stærri, þá yrði komið á kosningu innan háskólasamfélagsins um rektor. Ég sé ekkert á móti því að hann verði kosinn núna. Ég hef eiginlega ekki nein rök fyrir því að þetta skuli endilega vera svona. Hæfnismat er út af fyrir sig sjálfsagt en því skyldi skólinn ekki fá að ráða sínum rektor? Ég sé satt að *segja engin efnisleg rök fyrir því, jafnvel þótt skólinn* sé enn þá lítill, að hafa það svona. Það væri auðvitað líka í betra samræmi við stefnu frv. almennt þar sem gert er ráð fyrir auknu sjálfstæði skólans og þar er farið í fótspor síðustu ríkisstjórnar að því er varðar Háskóla Íslands þar sem mannaráðningavald og fjármunaráðstöfun er núna á vegum Háskóla Íslands í stórauknum mæli. Hér er þeirri stefnu fylgt og það er fagnaðarefni að Sjálfstfl. skuli hafa horfið frá þeirri stefnu miðstýringar í háskólamálum sem kom m.a. fram þegar Hannes Hólmsteinn Gissurarson var skipaður, ég held lektor við eina af deildum Háskólans, í blóra við alla starfsmenn Háskóla Íslands og ég held nemendur líka. Það er því út af fyrir sig framför hjá Sjálfstfl. að flytja svona fumvarpsákvæði.

Ég held að það sé einnig spurning í sambandi við sjálfstæði skólans hvort það er nauðsynlegt að vera með jafnnákvæma sundurliðun á verkefnum skólans í frv. eins og hér er gert ráð fyrir. Það getur vel verið að það sé og fyrir því séu einhver efnisleg rök. En ég sé ekki að þau komi fram t.d. í grg. með frv. og þau komu heldur ekki fram í framsöguræðu hæstv. menntmrh. Mér finnst t.d. að 9. gr. sé afar ítarleg þar sem segir:

„Í Háskólanum á Akureyri eru þessar deildir: heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild." Síðan segir: „Menntmrn. getur samþykkt stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum." Út af fyrir sig held ég að þessi grein sé kannski arfur að nokkru leyti frá liðnum tíma og fyrir henni kunni að vera rök í núinu líka en ég er almennt þeirrar skoðunar að lagaákvæði af þessu tagi eigi að hverfa út úr lögum um háskólastofnanir og skólinn eigi sjálfur með samþykki menntmrn. að fá að ráða niðurstöðum í þessum efnum.

Það er dæmi um óþarfa nákvæmni í lagasetningu í háskólalögum nú orðið sem mér finnst koma fram í 14. gr., þar sem sagt er að háskólaárið eigi að byrja 15. ágúst. Það var að vísu 1. sept. Svona ákvæði eiga ekkert að vera í lögum. Svona ákvæði eiga að ákveðast í reglugerð ellegar þá að skólinn ákveði þetta sjálfur. Í lögum um Háskóla Íslands var ákvæði um það að háskólastarfið ætti að byrja, mig minnir að það hafi verið 10. jan. Nú stóð allt í einu þannig á helgi eitthvert árið að það þurfti að breyta þessu þannig að menntmrh. varð að flytja frv. um að háskólaárið mætti þó hefjast 11. eða 12. jan. Það er náttúrlega vitleysa að vera með svona ákvæði í lögum og því held ég að þetta eigi að falla út.

Í 15. gr., síðasta málslið fyrri mgr., er ákvæði þar sem segir: „Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði." Ég skil ekki alveg hvað þetta á að þýða. Það eru almenn ákvæði um inntökuskilyrði þar sem segir að sá sem hafi lokið stúdentsprófi frá íslenskum skóla geti sótt um aðild að þessum skóla að greiddu skrásetningargjaldi og síðan segir: „Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé *að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskól*ann." Síðan segir þetta: „Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði." Ég skil ekki alveg af hverju á að vera að framselja það vald til ráðherra að setja reglugerð um inntökuskilyrði. Þetta er alveg dæmigert verkefni skólans sjálfs. En fyrir þessu geta auðvitað verið einhver fagleg rök og ég vil þá biðja hæstv. menntmrh. um að rifja þau upp fyrir okkur.

Varðandi önnur atriði sem hér koma fram ætla ég ekki að vera margorður. Það er fróðleg taflan á bls. 13 í þskj. þar sem kemur fram að framlög til skólans hafa tvöfaldast frá árinu 1988–1991 og er svo sem ekkert sérstakt um það að segja annað en að það sýnir að menn hafa tekið á þessum málum og nemendafjöldi hefur aukist úr 73 nemendum í 154 nemendur árið 1991 þannig að þetta barn hefur verið að dafna og þroskast og það hefur verið gaman að fá að fylgjast með því.

Eitt af þeim atriðum sem ég saknaði pínulítið úr ræðu hæstv. menntmrh. var að ekki skyldi vera farið sérstökum orðum um kennaranám við Háskólann á Ak-

ureyri. Það hefur verið dálítið rætt um þau mál og í skýrslu þróunarnefndarinnar er fjallað nokkuð um kennaradeildina og vitnað til þess að dr. Kristján Kristjánsson hafi skilað skýrslu um þetta mál í lok september á síðasta ári. Þegar ég er að tala um kennaradeild við Háskólann á Akureyri, þá er ég að sjálfsögðu að tala um að öllu leyti fullburða og öfluga kennaradeild. Ég tel t.d. að það mætti hugsa sér að byrja starfsemi hennar með því að miðstöð fyrir dreifða og sveigjanlega kennaramenntun, sem verður auðvitað tekin upp hér á landi, verði á Akureyri. Hún verði ekki endilega við Kennaraháskólann heldur verði hún á Akureyri og í einhvers konar starfstengslum við Háskóla Íslands. Það mætti hugsa sér að byrja þannig og ég held reyndar að miðstöðin fyrir dreifða og sveigjanlega kennaramenntun eigi að vera úti á landi. Ég held að málið liggi þannig. Við höfum ágæta reynslu af því út af fyrir sig að vera með starfsmenn víðs vegar um landið sem hafa verið að þjóna stofnunum hér og annars staðar á landinu þó að um nokkurn veg sé að fara. Háskólastofnanir eru ósköp einfaldlega öðruvísi en aðrar skólastofnanir að því leytinu til að þar er kannski ekki um að ræða daglegar mætingar á sama hátt og víða annars staðar. Þess vegna hefði ég viljað spyrja hæstv. menntmrh. um það og bæta svo við lítilli spurningu um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun í leiðinni án þess að það sé kannski beint hluti af þessu máli en þó tengist það því með vissum hætti.

Það er niðurstaða þróunarnefndarinnar sem birt er með þessu þskj. að skólinn sé of einangraður enn þá. Það er sagt hér fullum fetum: „Skólinn er einnig of einangraður." Og síðan segir: „Gera þarf gagnkvæma samninga við aðra skóla, hér landi og í útlöndum, um viðurkenningu námsáfanga og námsbrauta, nemenda- og kennaraskipti, rannsóknir o.fl. Slíkt samstarf er varla til enn."

Þetta er í raun og veru mjög alvarleg ábending til Alþingis og ríkisstjórnar um stöðu Háskólans á Akureyri og ég tel ástæðu til að vekja athygli á þeirri ábendingu hér. Sömuleiðis er auðvitað rétt að vekja athygli á því að þó að fjármunir til skólans hafi tvöfaldast á undanförnum fjórum árum þá hefur uppbygging skólans gengið hægar en gert var ráð fyrir í upphafi, talsvert mikið hægar. Miðað við þær spár sem gerðar hafa verið núna er gert ráð fyrir því að um aldamótin verði um 10.000 íslenskir stúdentar við háskólanám. Það má gera ráð fyrir því að 2.200–2.500 af þeim verði við nám erlendis og ef þróun háskólastigsins verður með svipuðum hætti og menn hafa verið að tala um þá ættu menn að geta gert ráð fyrir því að við Háskólann á Akureyri verði jafnvel hátt í 1.000 nemendur fljótlega eftir næstu aldamót. Þetta kemur fram í mjög athyglisverðri skýrslu þróunarnefndarinnar sem birtist sem fylgiskjal með frv. og ég þakka fyrir að þessi skýrsla skuli birt því það er ekki allt of oft sem stjórnarfrumvörpum fylgja einhverjir brúklegir pappírar til þess að reyna að átta sig á málinu í einhverri samfellu.

Það eru í sjálfu sér ekki stór tíðindi að þróunarnefnd Háskólans á Akureyri telur stofnun hans vera, með leyfi forseta, orðrétt: „einn merkasta viðburðinn í menntamálum síðasta áratugar." Ég tel engu að síður að þetta sé rétt, þessi ákvörðun hafi verið mjög merkileg, mjög athyglisverð. Stofnun Háskólans á Akureyri er ekki fyrst og fremst byggðamál að mínu mati. Hún er fyrst og fremst ákvörðun um það að háskólasamfélagið á Íslandi sé íslenskt háskólasamfélag sem tekur tillit til allra þeirra þátta í lífi þjóðarinnar sem háskólasamfélag þarf að glíma við. Þannig að ég leit ekki þannig á að þjóðin væri að taka ákvörðun um það að gera byggðarlaginu Akureyri eða Eyjafirði sérstakan greiða með því að stofna háskóla á Akureyri. Þvert á móti. Ég tel að þetta hafi verið skynsamlegur liður í almennri þróun æðri menntunar og vísindarannsókna hér á landi.

Í þskj. kemur það fram að þróunarnefndin muni skila lokaskýrslu sinni í febrúar 1992 og ég vildi spyrja hæstv. menntmrh. um það hvar þessi skýrsla er á vegi stödd. Ég varð ekki var við það að hún kæmi hér fram.

Ég vil vekja sérstaka athygli að lokum, virðulegi forseti, á athugasemd fjmrn. við 11. gr. frv. þar sem segir að það sé fullkomlega óviðeigandi að setja í lög fyrirmæli um kjör starfsmanna ríkisins með þeim hætti sem gert er í 11. gr. frv. Þetta eru nákvæmlega sömu ákvæðin og eru í lögum um Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og það er auðvitað alveg dæmigert fyrir naglaskapinn þegar menn eru stundum að meta kostnað við svona frv. að þá leita menn uppi ákvæði af þessu tagi og gagnrýna svo að lokum eitt ákvæði sem fjmrn. sjálft hefur gert kjarasamninga um.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. gerði það að umtalsefni hér áðan og kvartaði raunar undan því að ég hefði í blaðaskrifum eignað Sjálfstfl. frumkvæði í þessu háskólamáli. Ég vil taka það fram að ég er almennt þess sinnis að mér finnst það skipta miklu máli að þeir sem á annað borð hafa frumkvæði í málum njóti sannmælis. Ég hef t.d. gert mér far um það að hæla fyrrv. hæstv. landbrh. fyrir það að hann skyldi hrinda því í framkvæmd sem Alþingi hafði ályktað um, en það var að flytja Skógrækt ríkisins austur á land. Ég hef einnig lagt á það áherslu þegar ég hef haft tækifæri til að geta þess í hvívetna hve góðan þátt Framsfl. átti í undirbúningi háskólamálsins og hef þar sérstaklega nefnt þátt Ingvars Gíslasonar sem var verulegur í aðdraganda að stofnun Háskólans á Akureyri. Þess vegna vil ég geta þess hér að mér finnst alveg ástæðulaust að Sjálfstfl. njóti ekki sannmælis fyrir það að hann hafði forustu um afgerandi ákvörðun að stofnun Háskólans á Akureyri. Hann hafði forustu á úrslitastundu. Þegar Sverrir Hermannsson kom að þessu máli á árunum 1985–1987 þá var ekki búið að taka ákvörðun um að hrinda starfi Háskólans á Akureyri af stað og það var heldur ekki byrjað að ræða um að stofnunin yrði sjálfstæð stofnun. Þess vegna hafði flokkurinn forustu á úrslitastund og það er alveg sjálfsagður hlutur að hann njóti sannmælis fyrir það eins og það er sjálfsagt að aðrir njóti sannmælis fyrir það sem þeir gera

vel. Eins er sjálfsagt að hv. 9. þm. Reykv. njóti sannmælis fyrir það að hann tók ákvörðun um það að setja af stað sjávarútvegsbraut, sem skiptir sköpum fyrir þennan háskóla, og það hef ég raunar tekið fram í skrifum mínum um þetta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns koma að því sem hér var rætt um síðast, þ.e. pólitíska forustu í þessu máli. Um það vil ég segja að ég held að í það minnsta meðal stjórnmálamanna á Norðurl. e. hafi ríkt algjör samhugur og samstaða um það að hver reyndi á sínu sviði að þoka þessu máli fram sem hægt væri. Það hefur ekki verið einfalt mál, það var langt frá því að það væri nóg að þetta væri sameiginlegt áhugamál Norðlendinga. Til þess að fá fyrir þessu pólitískan hljómgrunn og samþykki á Alþingi varð að vinna þann hljómgrunn á miklu víðara sviði og það hefur tekist. Ég tel því að deilur á þessu stigi um þætti einstakra stjórnmálamanna eða stjórnmálaflokka þjóni ekki mjög miklum tilgangi. Í okkar upplýsingaþjóðfélagi hafa þegnar landsins alla möguleika á því að fylgjast með málum og draga af þeim sínar ályktanir. Þessu mundi ég kannski beina ekki síst til hv. 9. þm. Reykv. þar sem mér fannst aðeins brydda á því í hans ræðu að hann vildi fara að vekja upp einhverjar pólitískar ýfingar um þetta mál.

Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á mikilvægi þess að það takist að afgreiða þetta frv., gera það að lögum á þessu þingi. Það er einu sinni þannig að starf háskólans fram að þessu hefur að miklu leyti verið borið uppi af eldhugum sem hafa starfað við skólann og hafa ekkert vílað fyrir sér að leggja í það ómælda vinnu, í raun nótt við dag, að móta skólann og vinna sjónarmiðum hans fylgi. Það endast engir til slíkrar vinnu til langframa, þannig að það er mjög mikilvægt að háskólinn fái nú nýja löggjöf sem setji honum ákveðinn ramma um stöðu hans í stjórnkerfinu og gagnvart hinu opinbera, þannig að starfsmenn hans geti farið að einbeita enn frekar en verið hefur fram að þessu kröftum sínum að því að byggja skólann upp faglega og akademískt. Þess vegna legg ég á það mjög mikla áherslu að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Í þriðja lagi vil ég benda á rannsóknaþáttinn. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er grundvallarskilyrði fyrir viðgang og vöxt skólans að hann nái að festa sig í sessi sem akademísk stofnun sem byggi að verulegu leyti á rannsóknum. Og ég tel að það sé heillaspor fyrir skólann og festi hann í sessi að rannsóknaþátturinn hefur frá upphafi beinst að grundvallaratvinnuvegi okkar, sjávarútveginum. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna það að þó svo að viðhorf hæstv. menntmrh. gagnvart skólanum sé mikilvægt fyrir framtíðaruppbyggingu hans, þá hefur reynslan sýnt að fyrir sjávarútvegsdeildina og rannsóknastarfi tengdu henni er það ekki síður mikilvægt að góður vilji og góður hugur sjútvrh. á hverjum tíma til Háskólans á Akureyri og til rannsóknastarfsemi hans liggi fyrir.

Nú vil ég alls ekki efa það að hæstv. núv. sjútvrh. beri svipaðan hug til skólans og fráfarandi sjútvrh. sýndi í raun í verki og vil ekki eitt augnablik efast um það að hæstv. núv. sjútvrh. muni halda því starfi áfram. Ég vil hins vegar nota tækifærið hér og nú og ítreka þá spurningu til hæstv. sjútvrh. sem var borin fram óbeint fyrr í umræðunni, hvernig hann hyggist bregðast við gagnvart rekstri rannsóknaskips sem gert verði út frá Akureyri í tengslum við háskólann þar eftir að svo sviplega tókst til með skólabátinn Mími á sl. hausti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það liggi fyrir sem allra fyrst á hvern hátt sjútvrh. hyggst koma inn í það mál og sjá til þess að þetta sviplega slys þurfi ekki að verða til þess að niður falli það rannsóknastarf sem var meiningin að tengdist komu bátsins norður.

Gagnvart rannsóknaþættinum ætla ég að nefna eitt atriði enn. Ég tel og hef reyndar sagt það áður að í tengslum við það rannsóknastarf sem er að þróast við Háskólann á Akureyri sé fyllilega grundvöllur til þess að þróa það til þeirrar áttar að með tíð og tíma, við getum sagt að um það verði gerð 10 ára áætlun, yrði innan vébanda Háskólans á Akureyri miðstöð matvælarannsókna á Íslandi. Ég held að þarna sé tækifæri til þess að sýna í verki það sem menn hafa oft á orði, að það sé nauðsynlegt að flytja þjónustustofnanir út á land, og þarna sé einmitt tækifæri til þess að gera nokkurra ára þróunaráætlun um slíkt. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að slík rannsóknastarfsemi styrkist hér á landi. Við erum matvælaútflytjendur fyrst og fremst. Við viljum ná hærra verði fyrir okkar afurðir með því að skírskota til ómengaðrar hollustuvöru, en við seljum okkar vöru ekki sem slíka nema við getum sýnt fram á það á vísindalegan hátt að við séum með slíka vöru í höndunum og það gerist ekki nema með öflugu rannsóknastarfi, nánast daglegu eftirliti með okkar útflutningsvöru. Ég tel því að hér sé um að ræða mjög mikið hagsmunamál fyrir íslenska þjóð.

Ég nefni til viðbótar við rannsóknir sem tengjast sjávarútvegi að mér fyndist ekki úr vegi að matvælarannsóknaþáttur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins mundi flytjast norður og tengjast háskólanum.

Örfá orð um kennaradeildina sem ég tel mjög mikilvægt að komist á laggirnar sem fyrst. Því miður sjáum við ekki eins og mál standa núna að það geti orðið á næsta hausti eins og vonir háskólamanna fyrir norðan stóðu til, en ég vísa til góðra orða hæstv. menntmrh. í þá átt og ég treysti því að hann fylgi því máli eftir. Ég hef áður sagt það hér úr ræðustól að það er tvennt sem að mínu mati er mikilvægt gagnvart kennaradeildinni. Annars vegar er það innra starf skólans, þetta stækkar umfang skólans og honum er það mjög mikilvægt að vaxa að nemendafjölda á næstunni. Í öðru lagi tel ég að þetta gæti verið liður í því að bæta úr kennaraskorti í dreifbýlinu. Það ætla ég að rökstyðja með örfáum orðum.

Það þarf ekki annað en að skoða samsetningu nemenda við Kennaraháskóla Íslands til að sjá að það er ekki mjög líklegt að stór hluti nemenda þar fari til starfa úti í dreifbýlinu. Meiri hluti nemendanna eru giftar konur sem eru búnar að stofnsetja sín heimili hér

á höfuðborgarsvæðinu, eiga sinn maka í vinnu hér, þannig að það er töluvert átak fyrir þá aðila að rífa sig upp til starfa annars staðar á landinu.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég leggja áherslu á að það verði, og þá sameiginlega af öllum stjórnmála- og hagsmunaöflum, farið að huga að því alveg á næstunni hvernig hægt verði að tryggja Háskólanum á Akureyri einhverja sjálfstæða tekjustofna til sinnar uppbyggingar. Ég er þeirrar skoðunar að Háskóli Íslands í Reykjavík hefði ekki náð því umfangi sem hann hefur í dag og alls ekki því akademíska frelsi sem háskólastofnun er nauðsynleg ef hann hefði ekki notið þess fjár til uppbyggingar sem hefur komið frá Happdrætti Háskólans. Nú er ég ekkert að gera kröfu í þann sjóð í þessu tilfelli en ég bendi einfaldlega á þetta. Ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir vöxt og viðgang skólans á næstu árum og áratugum að menn finni leið til þess að Háskólinn á Akureyti fái einhverja sjálfstæða tekjustofna.

Virðulegi forseti. Þetta mun ég hafa mín síðustu orð í þessari umferð en ég legg áherslu á það sem ég sagði í upphafi að þetta frv. fái skjóta meðferð á þessu þingi og verði að lögum áður en þingmenn fara heim í vor.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. um skólaskipið Mími og hver verði viðbrögð sjútvrn. Eftir að það sviplega slys varð að skipið fórst hefur það mál verið til athugunar. Hér var um að ræða skólaskip sem fyrst og fremst var keypt í þeim tilgangi en jafnframt notað við vísindarannsóknir. Það er að mjög mörgu að hyggja í þessu efni vegna þess að stærð og búnaður skipsins fer mjög eftir því til hverra nota skipið er. Í sumum efnum fer ekki saman svo sem best verður á kosið notkun á skipinu til skólarannsókna annars vegar og til vísindarannsókna hins vegar. Því verður hugað að því sérstaklega hvernig þessum málum verður skipað til lengri tíma. Engin endanlega ákvörðun hefur verið tekin í því efni. Það þótti ekki rétt að ganga til þess þegar í stað að endurnýja skipið fyrr en frekari athugun hefði verið gerð í þessum efnum. En á móti var ákveðið að bjóða fram sérstakan styrk vegna þeirra rannsóknaverkefna sem unnin eru á Akureyri eða í Eyjafirðinum. Ætlunin er að vinna þar og ég vona að það leysi að hluta til þann vanda sem hér er um að ræða. En við þessar aðstæður var ekki hægt að taka tafarlausa ákvörðun. Það var talið nauðsynlegt að kanna málið betur til þess að marka stefnumótun í þessu til lengri tíma.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svar hæstv. sjútvrh. En ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á það að staðið verði við þær ákvarðanir sem búið var að taka varðandi þann bát sem fórst, að skip verði gert út frá Akureyri, í tengslum við háskólann þar, og að það verði séð fyrir því að sú útgerð nýtist fyrir rannsóknaþátt Háskólans á Akureyri.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skömmu eftir að ég kom í ráðuneytið komu fram mjög ákveðnar óskir um það að ákvörðun yrði breytt um útgerðarstað skipsins þannig að það yrði flutt á ný til Reykjavíkur. Þeirri ósk var af minni hálfu hafnað og ákveðið að fyrri ákvörðun um staðsetningu og útgerðarstað skipsins skyldi standa óhögguð og sú afstaða hefur ekki breyst.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mitt erindi hingað í ræðustól er aðallega það að lýsa stuðningi við meginefni þessa frv. og fagna framkomu þess. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að flytja frv. hér og styðja þannig við tillögur þær um framtíðarþróun Háskólans á Akureyri sem frv. felur í sér og tillögur þess starfshóps, hvert efni er uppistaða í frv., bera í sér. Ég vil einnig við þetta tækifæri leyfa mér að þakka hv. fyrrv. menntmrh., sem hér tók til máls áðan, sömuleiðis fyrir hans þátt í því að hlúa að og efla Háskólann á Akureyri, úr því að farið er út í umræður um slíka hluti og liðinn tíma á annað borð. Einn hv. ræðumaður sagði hér áðan að menn ættu að njóta sannmælis og það er vissulega rétt og best að allir geri það.

Ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að fara yfir töflur sem fylgja hér í fylgiskjali þar sem fram kemur aukning fjárveitinga til Háskólans á Akureyri sl. fjögur ár, þar sem tekist hefur að meira en tvöfalda að raungildi fjárveitingar til háskólans á þessum tíma, úr 60 millj. rúmum í 130 millj. á síðasta ári. Nú er það að sjálfsögðu eðlilegt við stofnun sem er í uppbyggingu og er að hefja starfsemi að fjárveitingar aukist. En þeir sem þekkja til fjárlagagerðar, bæði nú um stundir og á undanförnum árum, vita að það er ekki alltaf það léttasta sem menn glíma við að stórauka milli ára fjárveitingar til einstakra liða af þessu tagi. Það hefur tekist á þessum tíma fyrir Háskólann á Akureyri og skiptir auðvitað sköpum um fyrstu árin í tilvist stofnunarinnar að hann hefur mætt þeim skilningi og haft þann stuðning sem til hefur þurft að byggjast upp með eðlilegum hætti á sínu fyrstu starfsárum.

Hér er á ferðinni endurskoðun laga um háskólann frá árinu 1988 og vegna þess sem menn hafa minnst á varðandi það sem þeim lögum kann að hafa verið áfátt um vil ég segja að það var vissulega með vilja gert og með fullri meðvitund um það að lagasetningin þyrfti að koma til endurskoðunar í ljósi þess hvernig háskólanum reiddi af á sínum fyrstu árum. Þess vegna var innbyggt í lögin á þeim tíma endurskoðunarákvæði sem hér er verið að framkvæma með þessu frv. Ég held að það sé samdóma álit þeirra sem fylgst hafa með þróun háskólans að hann hafi í öllum aðalatriðum farið vel af stað og þær vonir sem við hann voru bundnar hafi að mestu leyti ræst. Ég held að aðsókn, metnaður í starfi og annað því um líkt sem þar skiptir sköpum hafi verið í góðu lagi og reynslan sýni að það var rétt ákvörðun og skynsamleg að stofna til háskólanámsins nyrðra. Það er óþarft að taka fram að metnaður starfsmanna við stofnunina stendur til þess að afsanna þær

hrakspár sem uppi voru á sínum tíma. Þeir voru sem betur fer fáir sem síkt höfðu í frammi og ég hygg að þær raddir séu nú að mestu leyti þagnaðar.

Ég er sammála þeim sem hér hafa tjáð sig um mikilvægi þess að rannsóknastarfsemin er mjög styrkt með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verða, og ég held að það sé úrslitaatriði fyrir Háskólann á Akureyri að rannsókna- og vísindaþátturinn í starfsemi skólans styrkist nú þannig að hér geti orðið um fullburða akademíska stofnun að ræða.

Sömuleiðis er með þessu frv. fest í sessi sjávarútvegsdeildin við Háskólann á Akureyri, sem byggt hefur á heimild frá ráðuneytinu frá 4. jan. 1990 en er ekki inni í gildandi lögum sem ein af deildum stofnunarinnar. Það er tvímælalaust mikilvægt að fá sjávarútvegsdeildina þannig tekna upp í lagatextann sjálfan sem eina af þremur deildum skólans eins og það yrði þá skilgreint. Ég vil enn fremur í þessu sambandi undirstrika gildi þess að Háskólinn á Akureyri er að sérhæfast sem háskólastofnun varðandi málefni sjávarútvegsins. Ég held að það frumkvæði sem þar hefur þegar verið sýnt í ýmsum málum sanni hversu mikilvægt það er, þó seint sé, að við Íslendingar förum á æðri menntunarstigum að fást við meginviðfangsefni þessarar undirstöðuatvinnugreinar. Ég vil nefna sérstaklega það starf sem farið hefur fram í samstarfi fyrirtækja og Háskólans á Akureyri og reyndar fleiri aðila varðandi gæðamál sjávarútvegsins og gæðamálefni almennt, þar á meðal kennsluna í gæðastjórnunarbraut við háskólann. Það er enginn vafi á því, og það hef ég iðulega sannreynt í viðtölum við forsvarsmenn fyrirtækja, ekki síst í sjávarútvegi, að menn binda beinlínis miklar vonir við það starf sem fer fram innan Háskólans á Akureyri varðandi málefni sjávarútvegsins og sjá þar möguleika nýsköpunar og vaxtarbrodda þróunar í ýmsum efnum, til að mynda í öllum þeim greinum sem lúta að gæðamálum í framleiðslunni. Og svo sannarlega veitir okkur ekki af eins og nú blæs í okkar atvinnumálum, Íslendingum, að sjá þarna einhver ljós af þessu tagi. Það er ástæða til að fagna því að sú samtvinnun kennslunnar, rannsóknastarfsemi og atvinnulífsins, sem er ein grunnhugsunin á bak við Háskólann á Akureyri, hefur a.m.k. á þessu sviði gengið bærilega, stór og öflug fyrirtæki á Norðurlandi og Austurlandi standa á bak við samstarf af því tagi sem ég hef hér verið að nefna.

Varðandi rök fyrir því að þessi stofnun var sett á fót og starfar má kannski segja að það ætti ekki að þurfa að vera í rökræðum um slíkt, sjálf tilvist skólans og vöxtur hans segja allt sem segja þarf um það efni, og menn geta skilið það eftir til handa sagnfræðingum að fást við síðar meir ef menn svo vilja, hvað leiddi til þess að menn hurfu að því ráði að setja á stofn háskóla norður í landi. Ég vil þó taka undir það sem hér hefur verið sagt að í mínum huga er hin byggðapólitíska hlið málsins, stofnun Háskólans á Akureyri sem byggðapólitísk aðgerð, ekki nema ein af mörgum og ekki endilega sú mikilvægasta. Ég tel að almenn menntunar- og vísindarök séu líka mjög gild varðandi hlutverk Háskólans á Akureyri og enn fremur þau að menn sjá í þessari stofnun og starfsemi hennar, sérhæfðri vísindastofnun á háskólastigi sem m.a. sérhæfir sig í ákveðnum greinum atvinnulífsins, framfara- og þróunarviðleitni af því tagi sem mikið er til umræðu á Íslandi, sérstaklega þegar á móti blæs í atvinnulífinu og efnahagsmálum. Þá er það eins og við manninn mælt að upp hefst mikil umræða um mikilvægi menntunar og gildi rannsókna- og þróunarstarfs. Þetta vill síðan eins og sofna út af þegar skár árar í bili. En ég held að einmitt Háskólinn á Akureyri og starfsemi hans sé eitt af fáu sem við getum beinlínis bent á af þessu tagi sem hefur verið gert en ekki bara talað um og er beinlínis framlag inn í þessa umræðu um framfarasókn og þróunarviðleitni í gegnum æðri menntun og rannsókna- og vísindastörf í tengslum við atvinnulífið. Þann þátt nefni ég og ekki sístan í þessu samhengi.

Í fjórða lagi mætti svo tína til ef menn svo vilja ýmis réttlætisrök og jöfnunarsjónarmið sem eru fullgild gagnvart þessari stofnun og ákvörðun um að setja hana á fót.

Ég held að það megi segja að með frv. þessu, ef að lögum verður, séu frumbýlisár, í vissum skilningi, Háskólans á Akureyri að baki. Hér kæmu þá til ótímasett lög án nokkurra sérstakra endurskoðunarákvæða sem ættu við um málefni háskólans og tvímælalaust styrkja stöðu hans, koma honum á fastari framtíðargrundvöll og tryggja með varanlegum hætti stöðu Háskólans á Akureyri í hinu íslenska menntakerfi og menntasamfélagi.

Það sem ég hef aflað mér upplýsinga um, m.a. úr röðum háskólamanna á Akureyri með símtölum við rektor o.fl., er að ágæt samstaða ríkir þar á bæ um efni þessa frv. og ég hygg að þar séu menn sammála um það ekki síst að nauðsynlegt sé að hraða afgreiðslu þess og gera það að lögum á yfirstandandi þingi.

Sem betur fer hefur nánast án undantekninga ríkt mikil samstaða þeirra sem saman hafa þurft að eiga um málefni Háskólans á Akureyri. Þannig hefur það til að mynda ætíð verið í þingmannahópi Norðurl. e., sem eiga þó engan einkarétt á þessari stofnun eða umræðum um málefni hennar, að þar hefur ríkt algjör samstaða og flokksbanda ekki gætt. Ég fyrir mitt leyti hef talið þetta mál svo mikilvægt að ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tímann látið það eftir mér að ræða um það með tilliti til stjórnmálaskoðana eða flokkspólitískra landamæra. Ég vil gjarnan hafa það hafið yfir þá umræðu. Hitt skiptir held ég mestu máli að gæfa háskólans hefur verið sú að þeir sem á hverjum tíma hafa haft með málefni hans að gera, haft aðstöðu til að hafa áhrif á gang mála, þeir hafa stutt háskólann. Og ég veit ekki hvort einn er þar öðrum meiri. Þeir sem fyrst og fremst hafa farið með málefni hans á hverjum tíma, bæði þegar til umræðu var að stofna hann, þegar hann var stofnaður og þegar hann var studdur á frumbýlisárunum, hafa gert það og afleiðingin er sú stofnun sem við sjáum fyrir okkur í dag og bindum miklar vonir við.

Ég vil að lokum undirstrika stuðning minn við þetta frv. og óska eftir því og gjarnan leggja því lið að vegferð þess hér í gegnum þingið megi verða sem greið-

ust. Það er aðeins eitt atriði sem ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. menntmrh. tjá sig eitthvað um ef hann kemur hér í ræðustólinn á nýjan leik og það eru horfurnar varðandi hina nýju kennaradeild við skólann, hvort hæstv. menntmrh. getur eða treystir sér til að segja okkur eitthvað um horfurnar því efni. Vissar vonir voru bundnar við að það tækist að koma henni af stað þó að litlar væru fjárveitingarnar, a.m.k. að undirbúa og tímasetja upphaf þeirrar starfsemi. Ég hygg að mönnum væri í raun og veru mestur akkur í því að fá þar eitthvert fast land undir fætur og meira en kannski nákvæmlega hvenær tækist að hrinda úr vör. Það er þetta sem ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. menntmrh. tjá sig eitthvað meira um.

Sigbjörn Gunnarsson:

Herra forseti. Það er langur aðdragandi að stofnun Háskólans á Akureyri. Sú saga er löng og eflaust efni í stóra bók og mun án efa verða skráð þótt síðar verði. Ég held að ég megi fullyrða að þingmenn Norðurl. e., svo og flestir þeir sem hafa tekið þátt í umræðum og tóku þátt í umræðum þegar lögin voru samþykkt um háskólann í mars 1988, hafi verið nokkuð sammála um mikilvægi þess að sá háskóli yrði sú stofnun sem hún er í dag og vilji hafi verið til að auka hana og efla. Ég tel í sjálfu sér óþarft að hafa uppi flokkspólitískar deilur um það en ég tek þó undir að það er sjálfsagt og eðlilegt að menn njóti sannmælis.

Þegar lögin um háskólann voru sett í mars 1988 urðu nokkrar umræður hér á hinu háa Alþingi og ekki síður utan þings um þá stofnun. Það er í sjálfu sér eðlilegt að skoðanir á slíkum málum séu skiptar og það er óþarft að rifja þær deilur upp frekar. Það má þó til gamans minna á að þessar deilur voru ekki ósvipaðar þeim sem áttu sér stað þegar verið var að heimila Gagnfræðaskólanum á Akureyri, síðar Menntaskólanum á Akureyri, að útskrifa stúdenta 60 árum áður. M.a. sagði Bjarni frá Vogi í ræðu við það tækifæri að yrði frv. að lögum yrði þess vart langt að bíða að Norðlendingar heimtuðu háskóla. Bjarni var nokkuð sannspár þó svo að það liðu u.þ.b. 60 ár þar til spádómurinn rættist. Því má e.t.v. til sanns vegar færa að hugmyndin um háskóla á Norðurlandi sé komin frá Bjarna frá Vogi.

Menntmrh. og ræðumenn hér á undan hafa farið efnislega yfir það frv. sem hér er til umræðu og er óþarft í sjálfu sér að bæta þar miklu við. Það eru þó nokkrar greinar frv. sem ég vil gera sérstaklega að umræðuefni. Hér hefur verið minnst á 8. gr. frv., sem er nýmæli og tekur til samráðs háskólans við aðrar háskólastofnanir. Ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni sem sagði hér á undan að það væri mikilvægt að stofnanir á háskólastigi hafi með sér samráð og samstarf en berjist ekki hver gegn annarri eins og dæmi eru um.

Í 2. mgr. 9. gr. frv. eru nýmæli frá fyrri lögum. Þar segir:

„Deildir háskólans skulu hafa með sér náið samstarf. Þannig skal með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einhverja deild háskólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild."

Þessi grein þykir mér til mikillar fyrirmyndar. Þar eru tekin af öll tvímæli um að starfsskylda sé ekki takmörkuð við eina deild, sem mun auka fjölbreytni námstækifæra og koma í veg fyrir tvíverknað í kennslu. Lögfesting þessa ákvæðis mun leiða til aukinnar hagkvæmni, fyrir stjórnendur og nemendur og þá ekki síður fjárveitingavaldið.

Í 12. gr. er kannski það sem hvað mikilvægast er í þessu frv. en þar er fjallað um að háskólanum sé heimilt með samþykki menntmrn. að koma á fót rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra aðila. Í umræðum á Alþingi í mars 1988 kom fram að ýmsir höfðu af því áhyggjur að kennarar við skólann mundu ekki og hafa ekki aðstöðu til að sinna rannsóknum sem skyldi. Raunin hefur sem betur fer orðið önnur með samstarfi við ýmsar stofnanir sem tengjast Háskólanum á Akureyri, svo sem útibú Hafrannsóknastofnunar þar fyrir norðan. Þessi grein mun festa og efla rannsóknir við þær deildir háskólans sem starfa nú og koma til með að starfa á Akureyri og er því fagnaðarefni.

Þá er í þessu sambandi rétt að geta þess að fyrir hinu háa Alþingi liggja tvær till. til þál. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs annars vegar og um sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri hins vegar. Þessar tillögur ganga mjög í sömu átt og í báðum tillögum er gert ráð fyrir miklum tengslum við Háskólann á Akureyri.

Í 9. gr. frv. er talið upp hvaða deildir skulu vera við háskólann. Þar er jafnframt kveðið á um að menntmrn. geti samþykkt stofnun fleiri deilda. Öllum ætti að vera ljóst að mikill áhugi er meðal norðanmanna á stofnun kennaradeildar eða menntadeildar eins og ýmsir kjósa að nefna deildina. Menntmrh. hefur tekið vel í stofnun þessarar deildar. Á því leikur vart vafi að stofnun kennaradeildar við skólann mundi gera mörgum kleift að öðlast kennaramenntun sem ekki hafa til þess möguleika í dag. Á því leikur heldur ekki vafi að stofnun kennaradeildar á Akureyri mundi draga úr kennaraskorti á landsbyggðinni sem mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég hvet til að frv. fái vandaða og skjóta meðferð hjá menntmn. og Alþingi þannig að það verði að lögum fyrir vorið.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ef ég man rétt voru dálítið deildar meiningar innan Kvennalistans um það hvort háskóli á Akureyri væri æskilegur eða ekki. Ég ætla ekki að draga neina dul á að það voru raddir innan okkar hóps sem litu svo á og aðrar voru á annarri skoðun eins og gengur en mér heyrist að allir sem í þennan ræðustól koma núna vildu Lilju kveðið hafa og hafa sjálfsagt gert það en þannig var þetta í okkar hópi og við skömmumst okkar ekkert fyrir það.

Háskólinn á Akureyri hefur aftur á móti borið gæfu til þess að marka sér svo sérstakan sess innan háskólalífs á Íslandi að hann hefur sýnt það og sannað að hann er lífvænleg stofnun og að rétt var að setja hann á stofn, vegna þess að hann markaði sér braut, markaði sér sess annars staðar en aðrar háskólastofnanir hafa verið á. Og það er mikilvægt fyrir allar skólastofnanir, ef þær ætla að eiga sér líf, að vita hvaða sess þær hafa og hvernig þær geta unnið við hliðina á öðrum stofnunum. Þetta hefur tekist vel til og ég vona svo sannarlega að á brautinni fram undan muni fleiri þættir atvinnulífsins verða teknir sem viðfangsefni í Háskólanum á Akureyri.

Margir hafa nefnt hér kennaramenntunina. Ég geri ráð fyrir að þá sé verið að ræða um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun sem er það sem við bíðum eftir fyrir landsbyggðina núna. Ég álít að það hafi verið mismæli hjá hv. 9. þm. Reykv. þegar hann sagði að sú menntun ætti að fara fram í samvinnu eða samstarfi við Háskóla Íslands. Ég álít að það sé Kennaraháskóli Íslands sem hún á að vera í samstarfi við, eindregið. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt, eiginlega brennandi nauðsyn, hæstv. menntmrh., að þessi menntun og þetta starf geti komist á næsta haust. Svo lengi hefur landsbyggðin verið í svelti, kennaramenntunarlega séð.

Mig langar að nefna eitt sem ég hef tekið eftir að Háskólinn á Akureyri hefur rækt kannski betur en aðrar háskólastofnanir sem ég hef séð, það er að hafa skrifað fræðandi greinar fyrir allan almenning. Þó það geti kannski verið rétt að skólinn hafi verið einangraður gagnvart einhverjum stofnunum þá hefur hann borið gæfu til þess að vera ekki einangraður gagnvart öllum almenningi í landinu. T.d. í blaðinu Degi á Akureyri, sem ég sé stundum, hef ég oft séð greinar frá þessum háskóla sem eru girnilegar fyrir almenning í landinu að lesa og í ýmsum öðrum blöðum hef ég séð þetta líka. Þetta kalla ég mjög góða starfsemi og alla vega er engin einangrun frá skólans hendi eða gagnvart skólanum að þessu leyti.

Einn af hv. þm. Norðurl. e., sem flestir hafa talað hér, nefndi að það væri æskilegt að skólinn yrði miðstöð matvælarannsókna, að þar færu þær fram. Ég álít að það sé góð hugmynd og styð það en ég er ekki eins viss um að það eigi að taka rannsóknir og háskólastarfsemi Bændaskólans á Hvanneyri þaðan og flytja norður af því að Háskólann á Akureyri vanti eitthvað til þess að vinna að. Það er vitleysa. Ef skólinn á Hvanneyri hefur unnið gott og frækilegt starf þá á hann að fá að vinna það áfram án þess að verið sé að reyna að ræna því af honum.

Ég tók eftir því þegar ég fletti þessu frv. eða skjölunum með því að enginn kennari við Háskólann á Akureyri hefur hærri titil heldur en lektor að því er virðist. Það er enginn dósent, hvað þá prófessor. Þetta þýðir að *mínum dómi* að *þetta fólk er ekki nógu vel launað*. Það er illa launað en ég held að það sé yfirleitt mjög vel í stakk búið til þess að hljóta bæði dósents- og prófessorsstöður. Það sem er að er að skólinn er ungur og ekki búið að sjá til þess að fólkið fái þær stöður sem hæfir til þess að það geti unnið að verkefnum sínum. Við vitum það að lektorar vinna auðvitað rannsóknastörf en ekki síður prófessorar. Prófessorar eru þeir sem maður væntir mestra rannsóknastarfa af. Og ef háskólinn á að vinna að rannsóknum þá álít ég að þarna eigi að starfa bæði dósentar og prófessorar hið fyrsta.

Þegar rætt var um stofnun þessa skóla í upphafi fannst mér hugmyndin dálítið girnileg og ég dreg ekki nokkra dul á að það var ekki síst af því að ég vildi gjarnan veg landsbyggðarinnar meiri. Hins vegar eru til mismunandi tegundir af háskólastofnunum. Það er til sem kallast „Universitas", það er líka til það sem í Danmörku kallast „Teknologisk Insitut" og í Bandaríkjunum kallast „Institute of Technology" og eru skólar á mjög háu stigi og svo það sem heitir á Norðurlandamálunum víða „høgskole" eða „højskole" og á ensku „college". Ég hélt að það mundi hugsanlega koma þarna á stofn eitthvað sem líktist college eða højskole. En með þessu lagafrv. og þeirri þróun sem mér sýnist vera að verða þá mundi ég frekar segja að skólinn væri hliðstæður teknólógískum skóla þó að deildirnar séu svona margvíslegar og kannski falla ekki beint undir teknólógíu, en að staða skólans sé slík. Ég kalla þetta allt til bóta og mér finnst að frv. sé hið mætasta.

Það hafa verið örlög margra skólastofnana á Íslandi að starfa æði lengi án þess að fá nokkur lög til að styðjast við. Það mætti nefna ýmsar slíkar stofnanir. Þessi skóli hefur ekki starfað mjög lengi en nú er þetta lagafrv. komið fram og ég held að það muni örugglega hljóta skjóta og góða afgreiðslu, svo vel hefur verið tekið undir þetta lagafrv. frá öllum hliðum.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það leikur ekki nokkur vafi á því að Háskólinn á Akureyri var á sínum tíma afar mikilvægt nýmæli í skólastarfi og háskólastarfi á Íslandi. Þegar við lítum til baka þá fer það ekkert á milli mála að með stofnun háskólans var stigið rétt skref sem hefur haft ómetanlega þýðingu, ekki bara fyrir Akureyri og nágrannabyggðirnar, heldur líka fyrir skólastarfið sjálft, vísindastarfið, þekkingaröflunina, og hefur auðvitað því til viðbótar verið nauðsynlegur liður í ákveðinni byggðapólitík sem við höfum viljað reka hér á landi. Ég er þó sammála því sem ræðumenn hafa nefnt hér áður að í sjálfu sér eru það ekki þó hin byggðalegu rök sem eru meginrök skólastarfsins á Akureyri. Fyrir þessu skólastarfi eins og öðru eru það vitaskuld almenn vísindaleg og menntaleg rök sem hníga að því að skólinn eigi að vera á Akureyri og með því sniði sem honum var markað í upphafi starfs síns.

Menn hafa spurt sem svo: Til hvers eru menn að dreifa þessu háskólastarfi út fyrir Reykjavík? Er ekki eðlilegra, hagkvæmara og skynsamlegra að hafa skólann í Reykjavík, helst í sem nánustum tengslum við eða í Háskóla Íslands? Er það ekki óþarfa metnaður og óþarfa lúxus af þjóðinni að standa þannig að málum?

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því sem væntanlega hefur ekki farið fram hjá þeim sem hafa hugsað þessi mál, að háskólastarf víðast erlendis fer

fram með hvað mestum þrótti í háskólabæjum, í skólabæjum utan höfuðborgarinnar. Og það er varla nein tilviljun að þannig hefur verið staðið að uppbyggingu þessara skóla. Menn hafa talið vera fræðileg rök fyrir því að háskólastarfið færi ekki síst fram úti á landi, í skólabæjum þar sem hægt væri að sinna því starfi sem best.

Með þessu frv. um Háskólann á Akureyri má segja að sé komið að nokkrum þáttaskilum og þess vegna kannski ekki úr vegi að velta almennt nokkuð vöngum um framtíðarþróun starfsins við Háskólann á Akureyri. Ég tel að ein forsendan fyrir því að efla megi starf skólans sé sú að farið verði í það að skoða mjög gaumgæfilega hvernig megi færa skólastarf sem nú fer fram annars staðar í landinu til Háskólans á Akureyri. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á nokkrum þáttum sem ég held að mætti a.m.k. skoða vel og vil beina því til hæstv. menntmrh. og menntmn. að þessum málum sé gefinn nokkur gaumur.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að Háskólinn á Akureyri hefur verið byggður upp með það í huga að dreifa ekki kröftum skólans um of. Raunar var það þannig í upphafi, þegar menn reyndu að skoða hvernig æskilegast væri að byggja upp þetta háskólastarf, að þá var það niðurstaðan að skólinn ætti ekki að dreifa kröftum sínum um of heldur sérhæfa sig í vissum greinum og laga sig síðan að þörfum atvinnuvega þjóðarinnar. Það má segja að það sé í anda þessarar stefnu sem skólinn hefur núna byggst utan um þrjár megindeildir, þ.e. heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Mér finnst ekkert óeðlilegt að á grunni þessara deilda sé tekið til við að efla starfsemi skólans þó að ég taki vissulega undir það og telji það raunar mjög mikilvægt að hefjast megi handa um kennaranám við Háskólann á Akureyri.

Ég bendi á það t.d. að menntun á sviði heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsemi fer núna fram m.a. við Háskóla Íslands og mér fyndist ekki úr vegi að skoða það a.m.k. mjög gaumgæfilega á hvern hátt megi færa hluta af því námi til Háskólans á Akureyri í ljósi þess að við teljum nauðsynlegt að skólarnir sérhæfi sig nokkuð, dreifi ekki kröftum sínum. Við erum með hjúkrunarfræðinám, sjúkraþjálfunarnám og fleira í þeim dúr sem er kennt núna við Háskóla Íslands og víðar í skólastofnunum landsins og a.m.k. það nám sem er kennt á háskólastigi á þessu sviði fyndist mér ekki óeðlilegt að væri skoðað að flytja norður til Akureyrar. Ég minni á það jafnframt að uppi hafa verið hugmyndir um það að hefja kennslu í iðjuþjálfun á háskólastigi á Íslandi. Það hefur verið talin ástæða til að hefja slíka kennslu. Mér fyndist ekkert óeðlilegt að það yrði a.m.k. skoðað að slíkt nám færi þá fram við Háskólann á Akureyri.

Jafnframt hefur verið bent á að sjávarútvegsdeildin við Háskólann á Akureyri sé að vinna sér æ merkari sess og það er auðvitað vel. Í því sambandi vil ég nefna hvort ekki mætti skoða það að auka þetta sjávarútvegsnám. Núna fer t.d. fram sjávarútvegsnám við Tækniskóla Íslands. Nám í matvælaverkfræði fer núna fram, að ég hygg, í Háskóla Íslands. Mætti skoða það að nám af þessu taginu yrði sett upp við Háskólann á Akureyri og Háskólinn á Akureyri yrði þannig raunveruleg miðstöð náms á þessu sviði á Íslandi.

Ég held nefnilega að það sé komið að því að við skoðum það í mjög mikilli alvöru að viljum við efla nám við Háskólann á Akureyri þá sé skrefið stigið mjög fljótlega í þá átt að efla þennan skóla með því að færa þangað starfsemi. Ýmsir gagnrýnendur þessa skólastarfs á Akureyri hafa bent á það að kostnaðurinn á nemanda við þennan skóla væri verulega hærri en til að mynda við Háskóla Íslands. Það helgast vitaskuld af því að þessi skóli okkar á Akureyri er í uppbyggingu, þetta þróunarstarf og uppbyggingarstarf kostar peninga og þetta er kannski ekki mjög hagkvæm eining frá þessu rekstrarlega sjónarmiði. En eðlilegast að mínu mati til þess að snúa því við væri að efla skólann með þeim hætti að færa til hans starfsemi.

Ég skal fúslega játa það að ég hef ekki þá þekkingu á skólastarfinu í landinu að ég geti hér og nú fullyrt að eitthvað af því sem ég hef verið hér að velta upp ætti fortakslaust að færast til Háskólans á Akureyri, en ég er að varpa því fram, í ljósi þess að við erum að skipta fjármunum sem eru af skornum skammti og við viljum fara vel með okkar fé, líka í menntamálum, hvort ekki megi líta þannig á að það horfi til hagræðingar og fjárhagslegs ábata að standa þann veg að málum.

Ég vara hins vegar við því að hugmyndir af þessu tagi séu notaðar til þess að koma höggi á háskólastarf á Akureyri eða til þess að efla úlfúð milli menntastiga. Það fyndist mér alveg út í loftið og alls ekki tilefni til þess. Hér er eingöngu verið að velta upp hugmyndum sem fela það í sér að sýna í orði sem í verki að það er ástæða til þess að efla þetta skólastarf og það verður vitaskuld ekki gert nema færa verkefni til skólans.

Ég ítreka það, og það eru mín lokaorð, að vitaskuld eru það fyrst og fremst hin menntalegu og vísindalegu rök sem hníga að skólastarfi á Akureyri en um leið eru þetta byggðaleg rök sem alls ekki eru ómerkileg eða ástæða til þess að líta fram hjá. Það hefur stundum verið sagt að virkasta byggðastefnan sé að efla menntunina úti um landið og undir það get ég fúslega tekið. Ég held, eins og hér hefur komið fram í máli mjög margra, að það væri mikið happaskref, ef stigið væri, að efna til kennaramenntunar við Háskólann á Akureyri. Það er staðreynd að skipulag kennaramenntunar í landinu hefur ekki skilað okkur kennurum út um land og á því eru ýmsar skýringar. Ég er sannfærður um það að stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri væri mikilvægt skref í þá átt að leysa kennaravandamálið á landsbyggðinni sem ég er ekki í nokkrum vafa um að er eitt mesta byggðavandamál sem við okkur blasir nú um stundir.

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf. nefndi að það væri hugsanlega rétt að flytja alla hjúkrunarmenntun norður á Akureyri. Einhver ræðumaður í dag nefndi það að nemendur í Kennaraháskóla Íslands væru mik-

ið til giftar konur og þar af leiðandi væri borin von að þær flyttu út á land. Ég vil benda á að þó nokkuð stór hópur af þeim nemendum sem eru í hjúkrunarnámi hér í Reykjavík eru einmitt giftar konur og ef við flyttum alla hjúkrunarmenntun norður í land þá værum við að skerða námsmöguleika þeirra allmikið. Þær mundu ekki hlaupa frá heimilum sínum og börnum norður á Akureyri í nám þó þær langaði mikið til að verða hjúkrunarkonur. Þar af leiðandi held ég að hjúkrunarfræði verði að vera kennd á báðum stöðum.

Mig langar til viðbótar, af því að ég er að tala um hjúkrunar- og heilsufræði, að benda á það að hitastigið og loftið í þessum sal er ábyggilega mjög andstætt því sem hjúkrunarfræðideild, hvort sem hún væri á Akureyri eða í Reykjavík, ákvæði að væri rétt. Ég hvet til að það verði opnaður gluggi.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hætta mér mjög langt út í það að ræða hér um hjúskaparstöðu nemenda við hjúkrunarfræðideildina í Háskóla Íslands. Hins vegar skil ég ekki almennilega það sem hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir sagði að það geti verið rök fyrir að vera ekki með hjúkrunarfræðimenntunina í landinu norður á Akureyri. Ég fæ þetta bara einfaldlega ekki heim og saman. Staða fólks sem er gift og býr úti á landi og þarf að sækja menntun sína til Reykjavíkur er nákvæmlega hin sama og hjá giftu fólki í Reykjavík og ég fæ ekki séð að það geti nokkurn tímann verið rök fyrir því að ekki mætti flytja menntun eins og hjúkrunarfræði norður til Akureyrar. Eða er verið að leggja það til að þeir sem stunda nám við Háskólann á Akureyri séu bara einhleypingar, piparsveinar og piparmeyjar?

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sem piparmey vil ég náttúrlega halda okkar hlut, ég ætla að taka það sérstaklega fram. En því miður heyrði hv. 3. þm. Vestf. ekki eitt lítið orð sem ég sagði, ég sagði ekki alla. Þ.e. ég álít að hjúkrunarmenntun eigi að vera á báðum stöðum og á því byggist misskilningurinn í þessu tilfelli.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir mjög góðar undirtektir sem komið hafa fram í máli allra hv. ræðumanna við þetta frv. og stuðning við það. Það er mjög mikilvægt að fá slíkar undirtektir eins og hér hafa komið fram. Nokkur atriði sem komið hafa fram í ræðum hv. ræðumanna vil ég gera að umtalsefni.

Allir hv. ræðumenn, held ég að ég megi segja, hafa nefnt stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri og spurt hverjar líkur séu á að slík deild verði stofnuð og þá hvenær.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri er mjög mikilvægt skref í þá átt annars vegar að efla skólann — og kannski eitt það besta sem hægt er að gera til þess að efla skólann — og annað sem einnig hefur komið fram í máli nokkurra ræðumanna hér, er sú trú að stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri muni hafa mjög ákveðin áhrif í þá átt að draga úr kennaraskortinum í landinu. Ég trúi því að svo muni einmitt verða. Við þekkjum reynslu t.d. Norðmanna af því að stofna til kennaranáms í norðurhluta Noregs. Það liggur fyrir alveg ótvírætt að þegar svo var gert þar dró mjög úr kennaraskortinum, einkum í hinum dreifðu byggðum landsins og ég er alveg sannfærður um að stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri muni hafa áhrif í þessa átt, það verði reynsla okkar sem annarra.

Ég get ekki svarað því á þessari stundu hvenær af því gæti orðið að til kennaranáms yrði stofnað við Háskólann á Akureyri en ég er að gera mér vonir um að það gæti orðið á næsta ári, haustið 1993. Ég veit að hugur manna hefur staðið til þess að það mætti hefja þá kennslu fyrr, jafnvel í haust. En ég tel það hæpið, fyrst og fremst vegna þess að ekki eru fjárveitingar til þess. En ef hægt yrði að taka ákvörðun í þessa veru nú á vordögum þá mundi ég beita mér fyrir því að undirbúnigur gæti haldið áfram og fé fengist til þess með einum eða öðrum hætti á þessu ári. Meira get ég ekki fullyrt um stofnun kennaradeildar en lýsi eingöngu yfir áhuga mínum á að svo verði gert og mun beita mér fyrir því.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði hér um samvinnu þeirra skóla sem á háskólastigi eru og spurði hvað liði störfum samstarfsnefndar háskólastigsins. Ég veit ekki annað en að unnið sé vel að samvinnumálum skólanna á háskólastiginu. Ég hef rætt sérstaklega við rektora Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans og veit að vilji þeirra allra stendur til náinnar samvinnu og er reyndar ekki í vafa um að þar muni takast mjög náið og gott samstarf. Ég hef þar sérstaklega í huga samstarf Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands og get ekki bætt neinu við þetta annað en að ég hef sannfærst um vilja stjórnenda þessara skóla fyrir því að ná sem allra bestu samstarfi.

Hv. þm. gerði 3. gr. frv., sem fjallar um val á rektor, nokkuð að umræðuefni. Ég nefndi það í ræðu minni að svo kynni að fara að breyta þyrfti þessum ákvæðum í frv. eða í lögum, ef þetta frv. verður að lögum, þegar Háskólinn á Akureyri stækkar og færa ákvæðin til samræmis við löggjöf um kjör rektors við aðrar sambærilegar stofnanir. Það má vel vera að ástæðulaust sé að vera með sérreglur í þessum efnum núna. En ég hef skilið það svo að þetta hafi orðið að samkomulagi og ástæðan einkum verið sú hversu fámenn þessi stofnun er enn þá.

Um inntökuskilyrðin, sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði einnig að umtalsefni, þ.e. ákvæði 15. gr., hef ég svo sem ekkert sérstakt um að segja. Ég bendi aðeins á að gert er ráð fyrir, eins og í gildandi lögum, að stúdentsprófið sé að meginreglu til skilyrði fyrir inngöngu í háskólann eins og í aðra skóla á háskólastigi, en hins vegar geti önnur undirbúningsmenntun þó komið í stað þess ef hún telst fullnægjandi til að stunda nám við háskólann. Það sýnist eðlilegt að heimila yfirstjórn skólans að setja nánari inntökuskilyrði ef þörf krefur, m.a. þá til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann, vegna óviðráðanlegs fjölda um-

sókna ef til kæmi og heimild til að kveða á um lágmarkseinkunnir eða sérstakan undirbúning í einstökum greinum eins og segir í athugasemdum við 15. gr. frv.

Hv. þm. Svarvar Gestsson og raunar einnig hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir nefndu dreifða og sveigjanlega kennaramenntun. Það er unnið að undirbúningi þess að taka upp dreifða og sveigjanlega kennaramenntun við Kennaraháskóla Íslands og stefnt að því að sú kennsla hefjist eigi síðar en á næsta ári og ég sé ekkert í veginum fyrir því að það geti orðið.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvað liði lokaskýrslu þróunarnefndarinnar, hvar hún væri á vegi stödd, en í umsögn þróunarnefndarinnar segir að hún verði tilbúin í lok febrúar. Ég hef fregnir af því, m.a. eftir fund með forráðamönnum Háskólans á Akureyri fyrr í þessari viku, að sú skýrsla verði tilbúin í lok mars. Þeir telja sig þurfa u.þ.b. einn mánuð til viðbótar.

Um athugasemd hv. þm. um athugasemd fjmrn. við 11. gr. hef ég svo sem ekkert að segja. Þessi athugasemd fjmrn. í sambandi við þetta frv. skiptir ekki meginmáli og sýnist óþörf, ég er honum sammála um það.

Það voru kannski ekki fleiri atriði sem ég tel mig þurfa að svara beint. Eins og ég sagði komu fram í máli allra hv. ræðumanna fyrirspurnir um kennaradeildina og áhugi á að hún verði stofnuð.

Hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir vakti athygli á því að engin dósents- eða prófessorsstaða væri skipuð við háskólann og það er rétt. Í lok maímánaðar í fyrra, 1991, voru auglýstar nokkrar stöður lausar við Háskólann á Akureyri, prófessorsstaða eða dósentsstaða í fiskihagfræði við sjávarútvegsbraut, dósentsstaða í iðnrekstrarfræði við rekstrardeild og dósentsstaða í hjúkrun við heilbrigðisdeildina. Það er skemmst frá því að segja að engar umsóknir bárust um þessar stöður. Á því kunna svo sem að vera skýringar. Það munu vera fáir sem hafa þá menntun sem krafist er til að fylla þessar stöður, en þetta eru sem sagt staðreyndir málsins.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki fleira sem ég tel ástæðu til að nefna hér. Ég ítreka þakkir fyrir góðan stuðning við þetta frv. og vonast til að það fái greiða leið hér í gegnum þingið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti. Ég vildi aðeins ítreka hér af minni hálfu nokkur atriði og þá fyrst kennaradeildina sérstaklega. Ég held að það sé býsna brýnt mál að það verið kannað rækilega hvort hægt er að koma henni á fót hið fyrsta. Þá er ég auðvitað að tala um alvöru kennaramenntun á háskólastigi. Ég er ekki að tala um að þarna verði um neina fljótaskrift á eins konar bráðabirgðakennaraleyfum að ræða heldur verði hér um að ræða mynduga kennaramenntun. Þetta nefni ég vegna þess að ég hafði heyrt hitt að það kæmi til greina að húrra í gegn leiðbeinendum með tiltölulega auðveldum hætti í Háskólanum á Akureyri. Ég mundi fyrir fram lýsa andstöðu minni við slíkt vegna þess að ég held að það sé ekki til bóta fyrir kennslu í landinu og uppeldisstéttirnar yfirleitt að höfð sé fljótaskrift á menntun þeirra ef hún á annað borð er skipulögð.

Það atriði sem rak mig kannski helst upp í stólinn var það að ég gleymdi áðan að Háskólinn á Akureyri er auðvitað stofnun sem hefur m.a. fjallað um þá möguleika að vera með stutt, hagnýtt nám í auknum mæli. Þá er ég að tala um starfsmiðaðar brautir af ýmsum toga, eins eða tveggja ára háskólabrautir sem er auðvitað mjög nauðsynlegt að koma upp vegna þess að það er ekki skynsamlegt frá sjónarmiði þjóðfélagsins eða nemendanna að allir fari í fjögurra eða sjö ára háskólanám eða eitthvað því um líkt. Við höfum í raun og veru ekki þörf fyrir slíkt. Nú mun það hafa gerst fyrir nokkrum mánuðum að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna undir forustu Gunnars I. Birgissonar hefur tekið ákvörðun um að fella niður námslán handa þeim sem leggja stund á stutt starfsmiðað háskólanám, þ.e. eins eða tveggja ára háskólanám. Satt að segja finnst mér þessi ákvörðun lánasjóðsins vera mjög sérkennileg og algjörlega á skjön við þá almennu menntastefnu sem við höfum í grófum dráttum verið sammála um hér í dag og er að nokkru leyti undirstaðan undir Háskólanum á Akureyri. Og ég hefði viljað inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort á þessu máli hafi verið tekið af hans hálfu vegna þess að þetta er náttúrlega afar sérkennilegt ef lánveitingar til þessa náms verða felldar niður. Ég held að við höfum ekkert síður þörf fyrir stutt, starfsmiðað háskólanám en lengra háskólanám sem kannski tekur fimm, sex, sjö, átta ár eða þaðan af lengri tíma.

Ég vil einnig í sambandi við dreifða og sveigjanlega kennaramenntun sérstaklega taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið í þeim efnum frá hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur og fleirum og bæta því við að þegar ég var að tala um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun varðandi Háskólann á Akureyri þá var ég að tala um að miðstöð hennar væri á Akureyri þó hún væri auðvitað í faglegum starfstengslum við Kennaraháskóla Íslands.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði hér áðan að verkaskipting skóla á háskólastigi á Íslandi á stöðugt að vera í endurskoðun og endurmótun. Það er hins vegar flókið, brotamikið, að flytja til, segjum háskóladeildir frá Reykjavík eða öðrum stöðum á einhvern annan stað í öðrum landshluta. Reynslan sýnir að það er mjög erfitt verkefni og menn þekkja dæmi um það frá undanförnum árum. Hins vegar er það að setja nýja starfsemi niður annars staðar, eins og t.d. var gert í sambandi við hagstofu landbúnaðarins, ef ég man rétt, allt annað mál. Þess vegna held ég að það að koma upp miðstöð fyrir dreifða og sveigjanlega kennaramenntun á Akureyri væri skynsamlegt. Ég tel að dreifð og sveigjanleg kennaramenntun eigi að hafa miðstöð úti á landi vegna þess að annars er hætt við að hún fjarlægist þær þarfir sem hún á að þjóna. Ég held að þetta gæti líka verið fyrsta skrefið að því að koma upp fullgildri kennaramenntun á Akureyri. Reynsla mín er líka sú að það sé að mörgu leyti auðveldara, svo dapurlegt sem það kann að virðast, en það

er líka heimild í sjálfu sér um jákvætt viðhorf að hinu leytinu til, að það kann að vera auðveldara að fá Alþingi og fjárveitingavaldið til að leggja fjármuni til þess að miðstöð dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar verði á Akureyri, heldur en að hún bætist við það sem fyrir er í Kennaraháskóla Íslands, svo gott sem það starf er sem þar fer fram og er í sjálfu sér engin ástæða til þess að gera lítið úr því.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé ástæða til þess að ítreka þetta sjónarmið hér og fara fram á það við hæstv. menntmrh. að hann hugleiði það sérstaklega hvort ekki sé hægt að taka um það ákvörðun fljótlega að miðstöð hinnar dreifðu og sveigjanlegu kennaramenntunar verði á Akureyri og að sú starfsemi hefjist hið allra fyrsta eða í tengslum við ákvörðun um fjögurra ára kennaramenntun. Ég man satt að segja ekki nákvæmlega hvernig fóru að lokum viðskipti hæstv. menntmrh. við Kennaraháskólann en eins og kunnugt er hafði Kennaraháskólinn tekið um það ákvörðun og það var samþykkt í menntmrn. að hefja svokallað fjögurra ára kennaranám. Fljótlega eftir að hæstv. menntmrh. kom til starfa var hins vegar ákveðið að breyta þessu þannig að í vetur er miðað við þriggja ára kennaranám áfram. Það var sagt að þetta væri m.a. af fjárhagsástæðum en einnig af þeirri ástæðu að fjögurra ára kennaranám mundi þýða væntanlega færri kennara en þriggja ára kennaranám — og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í þá umræðu hér vegna þess að um það mætti margt segja og það tekur óþarflega langan tíma — en um leið og tekin yrði ákvörðun um þetta fjögurra ára kennaranám væri auðvitað eðlilegt að ákveða hvar miðstöðin fyrir dreifða og sveigjanlega kennaramenntun verður. Mín skoðun er sú að sú miðstöð eigi að vera á Akureyri, geti verið á Akureyri í faglegum starfstengslum við Kennaraháskóla Íslands og hún þurfi alla vega að vera utan Reykjavíkursvæðisins. Það liggur í raun og veru í eðli þess starfs sem hér er um að ræða að það þarf að vera utan Reykjavíkursvæðisins.

Auðvitað væri ástæða til þess, virðulegi forseti, að ræða hér aðeins almennt um stöðu háskólasamfélagsins á Íslandi. Til þess er því miður ekki neinn tími. Það er ekki neinn tími til þess að fara hér yfir það hvernig háskólasamfélagið stendur almennt eftir niðurskurð á fjárveitingum til háskólanna. Það er ekki tími til þess að fara t.d. yfir afleiðingar þess að framlög til rannsókna eru á þessu ári skorin niður um 20%. Og það eru ekki forsendur til þess heldur að ræða það ítarlega hér að t.d. ein ástæðan til þess að Bandaríkjamenn telja að lífskjör þeirra fari versnandi er sú staðreynd að þeir hafa skorið niður í skólakerfinu. Það má kannski rifja það upp að framlög til skólamála á Íslandi eru sem hlutfall af þjóðarframleiðslu þau lægstu á Norðurlöndum. Við erum með framlög til skólamála sem eru milli 3,5 og 4% af þjóðarframleiðslu, en t.d. í heilbrigðismálum erum við með framlög sem eru svipuð og gerist í grannlöndum okkar. En í grannlöndum okkar, t.d. í Svíþjóð eru framlög til skólamála 7% og framlög til skólamála í Danmörku eru á bilinu 6–7%. Þannig að það er auðvitað miklu alvarlegra frá þessum bæjardyrum séð miðað við samkeppni við aðrar þjóðir að skera niður framlög til skóla og mennta og rannsókna heldur en flestra annarra þátta, liggur mér við að segja, í okkar samfélagi. Hættan er auðvitað sú að þessi niðurskurður verði til þess að stofnun eins og Háskólinn á Akureyri, sem er ungbarn á þessu sviði, staðni og nái ekki að þroskast og dafna eins og hún hefur gert á undanförnum árum og hún þarf að gera og hugur mann stendur til eins og kemur fram í áliti þróunarnefndarinnar sem gerir ráð fyrir því að nemendur við Háskólann á Akureyri geti um aldamótin orðið í kringum 1.000.

En það sem rak mig upp í stólinn núna, virðulegi forseti, var aðallega þetta tvennt. Í fyrsta lagi sú ákvörðun stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna að fella niður lán til stuttra hagnýtra námsbrauta á háskólastigi, eins og tveggja ára brauta. Og í öðru lagi þessi spurning um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun og að velja henni miðstöð til frambúðar á Akureyri.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég er sammála því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það væri þörf fyrir stuttar námsbrautir á háskólastigi og það beri fremur að hlúa að þeim en hitt. Ég er þess vegna ósammála því ef Lánasjóður ísl. námsmanna hefur tekið einhverja ákvörðun til frambúðar um það að lána ekki til þessara stuttu námsbrauta og mun athuga það mál sérstaklega.

Varðandi dreifðu og sveigjanlegu kennaramenntunina og mögulega miðstöð hennar á Akureyri þá þykir mér þar hreyft mjög athyglisverðri hugmynd. Ákvörðun um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun fylgdi hins vegar viðræðum sem teknar voru upp við Kennaraháskóla Íslands eftir að ákvörðun var tekin um frestun fjögurra ára námsins á síðasta sumri. Það varð niðurstaða þeirra viðræðna að unnið yrði nú að undirbúningi fjögurra ára náms en það var ákveðinn fyrirvari um hvort það yrði í sama formi sem ákveðið hafði verið á sl. ári. Það verður athugað nánar hvort fjórða árið kann að verða einhvers konar kandídatsár, en á sama tíma var sem sagt tekin sú ákvörðun að tekin yrði upp dreifð og sveigjanleg kennaramenntun. Þá lá ekki fyrir frekar en nú nein ákvörðun um að tekið yrði upp kennaranám við Háskólann á Akureyri, en það að þessi ákvörðun hefur verið tekin um dreift og sveigjanlegt kennaranám við Kennaraháskóla Íslands þarf ekki að koma í veg fyrir að miðstöð slíkrar kennslu yrði við Háskólann á Akureyri og mér þykir alveg sjálfsagt að athuga það. Ég held ég hafi þá um leið gert grein fyrir hvernig viðskipti menntmrn. við Kennaraháskólann hafa verið eftir að ákvörðunin um frestunina var tekin, en það er sem sagt gert ráð fyrir að fjögurra nám í einu eða öðru formi hefjist á næsta ári, haustið 1993.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skilmerkileg svör bæði að því er varðar miðstöð fyrir hina dreifðu og sveigjanlegu kennaramenntun. Það er auðvitað hægt að hafa hana á Akureyri og þó að menn séu

að undirbúa það í Kennaraháskólanum þá þarf endilega að huga að því hið allra fyrsta að miðstöðin fyrir þetta nám verði annars staðar. En hitt var þó ekki síður mikilvægt að hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að hann mundi taka í hnakkadrambið á forráðamönnum Lánasjóðs ísl. námsmanna varðandi stuttar og starfsmiðaðar háskólabrautir og þykir mér vænt um að heyra það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

90. FUNDUR

fimmtudaginn 27. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa svohljóðandi bréf, hið fyrsta dags. 27. febr. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík taki 2. varamaður Samtaka um kvennalista, Guðný Guðbjörnsdóttir uppeldisfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf skrifar hv. 15. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir.

Þessu bréfi fylgir annað bréf sem er frá 1. varamanni Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, sem reyndar hverfur af þingi nú í dag en bréfið er dags. 27. febr. 1992 og er svohljóðandi:

„Þar sem ég hef setið á Alþingi undanfarnar þrjár vikur sem varamaður Kristínar Ástgeirsdóttur, 18. þm. Reykv., get ég ekki vegna starfs míns tekið sæti Kristínar Einarsdóttur, 15. þm. Reykv., nú."

Undir þetta bréf ritar Guðrún J. Halldórsdóttir.

Kjörbréf Guðnýjar Guðbjörnsdóttur hefur verið rannsakað en hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað drengskaparheit. Hún er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Borist hefur bréf dags. 27. febr. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Guðmundur Stefánsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.

Kjörbréf Guðmundar Stefánssonar, varamanns Framsfl. í Norðurl. e., hefur verið rannsakað og samþykkt. Guðmundur Stefánsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber nú samkvæmt 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Guðmundur Stefánsson, 1. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Guðmundur Stefánsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Aðgerðir í fiskeldi, ein umr.

Fsp. ÖS, 133. mál. — Þskj. 142.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Engum dyljast þær hremmingar sem hafa dunið yfir fiskeldi, þessa ungu atvinnugrein, sem svo miklar vonir voru bundnar við. Þess vegna er það afskaplega mikilvægt að stjórnvöld hlutist til um aðgerðir sem gera það sem hægt er til að vernda þá þekkingu sem hafur skapast í greininni þrátt fyrir allt hér á síðustu árum. Nú er það svo að ýmis teikn eru á lofti sem benda til að betur muni ára á næstu missirum í greininni. Þessar vísbendingar eru til að mynda hækkandi verðlag á fiskeldisafurðum og aukin áhugi kaupenda úti í heimi á íslenskum fiski. Nú er það svo að núv. ríkisstjórn lýsti því yfir skömmu eftir að hún tók til starfa, nánar tiltekið 5. júní sl., að hún hygðist beita sér fyrir tilteknum aðgerðum í fiskeldi. Því hef ég lagt fram fsp. til landbrh.: mig fýsir að vita hvernig þessum aðgerðum miðar áfram.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að útvega fjármuni til sérstakra rekstrarlána til fiskeldis að upphæð 300 millj. kr. á síðasta vori. Á síðasta ári sóttu 30 fyrirtæki um sérstakt rekstrarlán. Tólf fiskeldisfyrirtæki uppfylltu skilyrði um lánveitingu og var veitt sérstakt rekstrarlán að upphæð samtals 142 millj. kr. Reglur um úthlutun sérstakra rekstrarlána til fiskeldis voru samþykktar í ríkisstjórn. Reglur þessar eru almennar útlánareglur þar sem mið skal tekið af eiginfjárstöðu fyrirtækja, lausafjárstöðu, eldisaðstæðum og eldisárangri. Einnig skyldi reynt að sjá til þess að allar tegundir fiskeldis sem stundaðar eru hér á landi verði reknar á úthlutunartímabilinu. Við fyrir lánun-

um skal tekið í fiski, fasteignum eða lausafé stöðvanna. Ekki er tekið við persónulegum ábyrgðum einstaklinga á þessum lánum. Ekki skal nota lánin til að greiða niður tap sem þegar er orðið.

Eiginfjárstaða þeirra fyrirtækja sem úthlutað fengu lánum á síðasta ári var samtals metin jákvæð um 300 millj. kr. Eiginfjárstaða þeirra fyrirtækja sem sóttu um sérstakt rekstrarlán og ekki fengu úthlutað láni var metin neikvæð um samtals 700 millj. kr. Auglýst hefur verið eftir umsóknum fyrir árið 1992 og er reiknað með að seinni úthlutun þessara rekstrarlána fari fram í næsta mánuði.

Leitað hefur verið eftir því við Stofnlánasjóð, Byggðasjóð, Framkvæmdasjóð og Fiskveiðasjóð að *langtímalán til fiskeldis verði fryst þannig að ekki* verði borgað af þeim lánum a.m.k. næstu tvö ár og helst fjögur. Þessari málaleitan hefur verið vel tekið.

Um nokkurt skeið hefur Landsvirkjun veitt 50% afslátt af heildsöluverði rafmagns til fyrirtækja sem nota minnst eina gwst. á ári. Síðasta vor nutu 11 eldisstöðvar þessa afsláttar en hann var hugsaður af hálfu Landsvirkjunar sem tímabundinn styrkur til fiskeldis. Alls nam hann 37 millj. kr. á árinu 1990. Ekki munu veitustofnanir hafa gefið hliðstæðan afslátt af þjónustu sinni en þær bera því m.a. við að þær hafi orðið fyrir verulegum áföllum vegna vanskila og gjaldþrota fiskeldisfyrirtækja.

Sl. haust ræddi ég við fulltrúa Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Suðurnesja um möguleika á að lækka frekar raforkuverð til fiskeldisfyrirtækja. Þeirri málaleitan var hafnað. Nú er á hinn bóginn hafin könnun á því á hvern hátt megi best koma í verð þeirri umframorku sem við höfum í landinu og munum fyrirsjáanlega búa við um einhver ár. Ég mun leita sérstaklega eftir því hvort breytt viðhorf að þessu leyti megi nýtast fiskeldinu og þá ekki síst hvort unnt sé að semja um afsláttarkjör fyrir fleiri fyrirtæki en njóta þeirra nú þegar, þ.e. smærri stöðvarnar.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. þessi skýru svör. Ég vil sérstaklega gera að umræðuefni orkusölu til fiskeldisfyrirtækja. Það er skemmst frá því að segja að smærri fiskeldisfyrirtæki njóta einskis afsláttar hjá orkuveitum. Ég verð að harma það sérstaklega að ekki hefur tekist betur til í samskiptum hæstv. ráðherra og orkuveitna en hér hefur komið fram. Það er staðreynd að orkukostnaður, einkum hjá smáum fiskeldisstöðvum, til að mynda seiðastöðvum, er þungur baggi á þeim. Ég verð að segja að það er algjörlega nauðsynlegt að fleiri þessara smærri stöðva, sem í dag eru kjarninn í greininni, njóta afsláttar af orkuverði. Njóti þessar stöðvar ekki lægra orkuverðs en nú tíðkast og eigi þær ekki að fá svipaðan afslátt og stærri stöðvarnar tel ég að mjög illa sé komið fyrir þeim Þess vegna vil ég skora á hæstv. landbrh. að taka höndum saman við hæstv. iðnrh., sem hefur lýst því yfir að hann hyggist beita sér fyrir því að selja þá umframorku sem til er í landinu, og koma því svo fyrir að litlar fiskeldisstöðvar muni einnig í framtíðinni njóta þessa afsláttar vegna þess að það er alveg ljóst að þar er um mál að ræða sem mun skera úr um framtíð þeirra.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir frumkvæði í þessum efnum og enn fremur hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Ég deili þeim áhyggjum með fyrirspyrjanda að það er auðvitað afar alvarleg staða hversu illa raforkufyrirtækin hafa brugðist við þeirri eðlilegu málaleitan að lækka raforkuverðið til fiskeldisins. Ég vil sérstaklega nefna þetta því mér finnst líklegt og mjög margt benda til þess að í þeim uppskiptum sem nú eiga sér stað í fiskeldinu í kjölfar gjaldþrotanna muni það gerast að á rústum þeirra rísi litlar fiskeldisstöðvar heimaaðila, manna sem vilja starfa áfram í greininni í því skyni að efla atvinnu heima í héraði. Þess vegna er alveg sérstaklega þýðingarmikið fyrir þessar stöðvar að á þessum málum verði tekið af festu og ákveðni. Auðvitað er framkoma raforkuyfirvaldanna í landinu óþolandi varðandi verðlagningu á raforkunni. Þetta dæmi um fiskeldið er eitt af mörgum í því sambandi.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Í síðustu viku sótti ég ráðstefnu skoskra fiskeldismanna í Glasgow og fékk þar m.a. tækifæri til að ræða við þarlenda bankamenn um framtíð fiskeldis. Það kom skýrt og greinilega fram hjá þeim að þeir eru bjartsýnir á framtíð þessarar atvinnugreinar til lengri tíma litið þrátt fyrir það að nú um stundir séu þar í landi erfiðleikar sem við eigum einnig við að glíma hér. Okkar erfiðleikar eru að sumu leyti meiri og annars eðlis en í Skotlandi. Þá má kannski helst rekja til vandræða sem við urðum fyrir vegna brests á seiðasölu til Noregs og sérstakrar og dýrrar uppbyggingar fiskeldis í landeldisstöðvum hér á landi en þar liggja mjög miklar fjárfestingar. Til þess að þær fjárfestingar megi nýtast er það grundvallaratriði að orkuverð lækki því þessar stöðvar byggja á mikilli orkunotkun með dælingu vatns úr holum eða úr sjó í kerin sem á landi standa.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er lítið um þetta að segja. Að sjálfsögðu verður reynt að ýta á það hvort hægt sé að ná betri kjörum fyrir fiskeldisfyrirtæki varðandi orkukostnað. Það sama á raunar við um aðra samkeppnisgrein sem suma dreymir um að verði útflutningsgrein, ylræktina. Hún býr að vísu ekki við hærra orkuverð en í öðrum löndum en mundi muna miklu ef hægt væri að nýta umframorkuna nú til þess að bæta rekstrarskilyrði þessara tveggja greina, ylræktar og fiskeldis.

Staða leiguliða á bújörðum, ein umr.

Fsp. RA, 243. mál. — Þskj. 419.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er var fullvirð-

isréttur í sauðfjárbúskap frá öndverðu miðaður við fjölda fjár á hverri jörð á ákveðnum viðmiðunarárum. Þessi réttur var ákveðinn með reglugerð og hann var aldrei skilgreindur með lögum. Fljótlega kom upp spurningin hver væri réttur leiguliða gagnvart jarðeigendum. Samkvæmt úrskurðum landbrn. var fullvirðisréttur talinn réttur jarðarinnar og eiganda hennar og óviðkomandi ábúendum jarðarinnar. Þetta var frá öndverðu nokkuð ósanngjarnt þegar haft er í huga að í fjöldamörgum tilvikum er það einmitt ábúandinn, leiguliðinn, sem hefur skapað þennan rétt en alls ekki jarðeigandinn, ef jarðeigandinn hefur ekki búið á jörðinni.

Mörg dæmi eru um það að ábúandi jarðar hafi stórlega aukið fullvirðisrétt jarðar án nokkurs tilverknaðar jarðeiganda, jafnvel unnið upp verulegan rétt úr engu ef jörðin var fjárlaus fyrir viðmiðunarárin þegar ábúandi tók jörðina á leigu. En það hefur sem sagt verið jarðeigandinn sem að forminu til á fullvirðisréttinn. Samt er þetta svo bersýnilega ósanngjarnt að þeir sem hugleiða málið sjá strax að ekki verður við unað.

Þegar ríkisvaldið byrjar nú uppkaup á fullvirðisrétti í stórum stíl er sérlega brýnt að fundin sé niðurstaða í þetta mál sem viðunandi sé. Ríkisvaldið hefur þegar viðurkennt fyrir sitt leyti að eðlilegt sé að ábúendur ríkisjarða njóti að nokkru góðs af þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á ríkisjörðum og gengur því greiðsla vegna kaupa fullvirðisréttar af ríkisjörðum til ábúenda eftir sérstökum reglum. Ríkið hefur þannig viðurkennt að reglan um jarðeigandann, sem eina réttháfa fullvirðisréttar þótt hann búi ekki á jörðinni, standist ekki í reynd. Með svari sínu við fyrsta lið fsp. minnar vænti ég þess að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir þessari reglu ríkisins hvað varðar ríkisjarðirnar. En þegar um er að ræða aðra eigendur en ríkið sjálft vantar skýrar og ótvíræðar reglur. Við greiðslu fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar hefur því verið farin sú leið að leitað hefur verið til leiguliða og landsdrottna og spurst fyrir um, áður en greiðsla er innt af hendi, hvort þeir hafi útkljáð það sín í milli hvor taki við greiðslunni. Virðist greiðslan hafa gengið til ábúanda ef eigandi hefur samþykkt það skriflega. Af þessu tilefni eru fyrirspurnirnar bornar fram:

„1. Hvaða reglur gilda um greiðslur til bænda fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar samkvæmt búvörusamningi þegar jörð er í leigu, annars vegar þegar um er að ræða ríkisjarðir og hins vegar aðrar jarðir?"

Aðrar fsp. eru á þskj. 419 og les ég þær ekki þar sem tími vinnst ekki til þess.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hvaða reglur gilda um greiðslur til bænda fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar samkvæmt búvörusamningi þegar jörð er í leigu, annars vegar þegar um er að ræða ríkisjarðir og hins vegar aðrar jarðir?"

Í reglugerð þeirri sem unnið er eftir við uppkaup og niðurfærslu fullvirðisréttar segir um þetta efni:

„Fullvirðisréttur á lögbýli fylgir því og er kaupverð hans greitt til eiganda þess eða eftir tilvísun hans nema sá fullvirðisréttur sem ábúandi hefur keypt eða flutt með sér á leigujörð sem er greiddur ábúanda. Samningi um sölu fullvirðisréttar þarf fylgja samþykki eiganda og ábúanda lögbýlis sem nýtir fullvirðisrétt af lögbýlinu haustið 1991 ef ekki er um sama aðila að ræða. Fullvirðisréttur utan lögbýla er seljanlegur ríkissjóði á tímabilinu á sama hátt og fullvirðisréttur lögbýla en ella fellur hann niður af fullvirðisréttarskrá 31. ágúst 1993."

Samkvæmt ákvörðun jarðadeildar landbrn. hafa greiðslur fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar runnið til leiguliða ríkisjarða á vegum landbrn. og skulu fyrnast á tíu árum. Þetta er þó háð því skilyrði að ábúendur *eigi sjálfir eignir af jörðunum umfram fyrnanlegar* greiðslur. Afstaða jarðeignadeildar var kynnt öllum búnaðarsamböndum bréflega 28. apríl 1991. Jafnframt var athygli vakin á því að ábúendur ríkisjarða sem búið höfðu lengur en tíu ár ættu rétt á að fá jarðirnar keyptar. Þá hafa slíkar greiðslur runnið til leiguliða annarra jarða hafi samþykki eigenda legið fyrir. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerði tillögu um framkvæmd þessa sem var staðfest af ráðuneytinu.

Spurt er: „Ef greiðsla til bænda fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar gengur til leiguliða getur þá landsdrottinn krafið leiguliða um greiðsluna?"

Samkvæmt framansögðu er greiðsla fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til leiguliða háð samþykki jarðareiganda og ákvörðun um slíkt samþykki liggur fyrir vegna jarða á vegum landbrn. Líta verður svo á að jarðareigandi geti ekki krafið leiguliða um greiðslu fyrir niðurfærslu hafi hann veitt samþykki sitt án fyrirvara.

Spurt er: „Ef greiðslan gengur til leiguliða er hann þá bótaskyldur vegna rýrnunar fullvirðisréttar þegar hann stendur upp af jörðinni?"

Samþykki jarðareigandi án fyrirvara að greiðslur fyrir niðurfærslu renni til leiguliða verður ekki séð að jarðareigandi geti haft uppi slíka kröfu síðar við ábúðarlok leiguliða.

Spurt er: „Ef greiðsla gengur til landsdrottins á þá ekki leiguliði rétt á lækkun jarðarleigu?"

Greiðsla til landsdrottins fyrir niðurfærslu mundi ekki vera innt af hendi án samþykkis leiguliða og þá hefur hann það í hendi sér að áskilja sér hlutfallslega lægri leigu eftir ábýlisjörð sína.

Spurt er: „Er í undirbúningi að setja ákvæði í lög um kaup og sölu fullvirðisréttar og réttarstöðu ábúenda og leiguliða í því sambandi?"

Vísa má í þessu sambandi til frv. til laga um breytingu á búvörulögum sem nú hefur verið afgreitt í landbn. Í 6. gr. c-liðar er kveðið á um að greiðslumark sé bundið við lögbýli. Í 6. gr. d-lið kemur fram að aðilaskipti að greiðslumarki geti því aðeins átt sér stað að fyrir liggi samþykki jarðareiganda og leiguliða. Þar af leiðir að jarðareigandi getur ekki upp á sitt eindæmi ráðstafað greiðslumarki án samþykkis leiguliða.

Þá er í sömu grein kveðið á um að leiguliði geti keypt greiðslumark á ábýlisjörð sína og látið skrá það sérstaklega sem séreign sína. Jarðareiganda er hins vegar tryggður forkaupsréttur að slíku viðbótargreiðslu-

marki. Þá segir í sömu grein að landbrh. setji nánari reglur um aðilaskipti að greiðslumarki og skráningu þess.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Það kom fram í máli ráðherrans og var staðfest af honum sem ég hafði bent á hér áðan að á ríkisjörðum hefur verið tekin upp sú regla að greiðslan gengur til leiguliða en gert er ráð fyrir því að ef leiguliði flyst af jörðinni komi til uppgjörs á þessum greiðslum sem þó fyrnist á 10 árum. Það er því greinilegt að tekin hefur verið upp sérstök regla varðandi ríkisjarðirnar og maður spyr sig að því hvort sú regla sé þá ekki hin eðlilega regla fyrir öll viðskipti af þessu tagi.

Ég hef margspurt að því í hv. landbn. hvort ekki komi til greina að setja inn í búvörulögin, sem hæstv. ráðherra nefndi áðan, ákvæði sem taki af öll tvímæli um þetta efni. Seinast í gær tjáði formaður nefndarinnar mér það að ráðuneytið væri farið að inna af hendi greiðslur á bótum af þessu tilefni með þeim hætti að þær gengju til leiguliða. Þar hefði því orðið stefnubreyting við framkvæmd málsins. Mér fannst hins vegar ekki að svar ráðherrans bæri á nokkurn hátt vott um það og ég hlýt því að vænta þess að málið verði nánar athugað í landbn. Þó að hún hafi að vísu skilað frá sér nál. fyrir 2. umr., þá er greinilegt að þörf er á því að fá á hreint hvernig þessum málum verður háttað og hvort ekki sé hyggilegt að taka af skarið með það í lögunum sjálfum.

Eins og ég hef áður rakið er alveg augljóst mál að sú meginregla að setja ábúanda algerlega til hliðar er fullkomlega ósanngjörn og óeðlileg. Ríkisvaldið hefur þegar viðurkennt að sú regla sé óeðlileg einmitt með þeim reglum sem ríkið hefur tekið upp varðandi ríkisjarðirnar. Það liggur því í hlutarins eðli að líta verður á þetta mál hvað varðar önnur viðskipti milli leiguliða og landsdrottna.

Að öðru leyti þakka ég fyrir.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Auðvitað er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að hagsmunir leiguliða og jarðareiganda stangast á. Á hinn bóginn liggur það ljóst fyrir að eftir að kvótinn var upp tekinn hefur hann verið metinn til verðs og í sumum tilvikum er hann jafnvel meiri hluti af jarðarverði þar sem gæði jarðar eru að öðru leyti rýr. Hér er því vissulega um hluta af jarðargæðum að ræða. Það hefur verið skoðun landbrh. og ég held að það hafi verið skoðun þingmanna líka að líta verði svo á að kvótinn verði eign jarðareiganda. Á hinn bóginn er það rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þessi kvóti er til kominn með ýmsum hætti. Stundum er það auðvitað svo að leiguliðar eldast á jörðum sem hefur haft það í för með sér að bú dragast saman. Undir öðrum kringumstæðum koma ungir og vaskir menn til starfa sem vilja auka umsvif sín og með þeim hætti hefur þeim tekist að auka verðmæti jarðarinnar eins og hún er nú metin.

Þetta er bara einn þáttur af þessu máli. Settar hafa verið ýmsar og mismunandi reglur um kvóta frá einu ári til annars. Sigurður Líndal prófessor hefur skrifað um það lærða ritgerð sem kemur bráðlega út. Má raunar segja að ýmislegt hafi verið í óvissu um framkvæmd fullvirðisréttarmálanna á undanförnum árum og hvort rétt hafi verið að þeim staðið og má vera að ekki séu öll kurl komin til grafar í þeim efnum.

Réttargeðdeild fyrir geðsjúka afbrotamenn, ein umr.

Fsp. FI, 169. mál. — Þskj. 184.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég er hér með fsp. á þskj. 184 til heilbr.- og trmrh. um réttargeðdeild fyrir geðsjúka afbrotamenn. Þessi fsp. er fyrir nokkuð löngu síðan fram komin en aðstæðurnar hafa hagað því þannig að hvorki hefur gefist tími né ráðrúm til þess að svara fsp. fyrr en nú.

Lengi hefur staðið til að koma upp réttargeðdeild fyrir geðsjúka afbrotamenn. Hér er hins vegar um afar viðkvæmt mál að ræða, tilfinningamikið mál og það eru, eins og menn hafa nú orðið varir við í umræðum um það að undanförnu, miklir fordómar sem viðgangast í garð þessa hóps. Ég veit að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur unnið ötullega að því að koma réttargeðdeild á fót. Búið var að vinna talsvert starf, bæði á vegum dómsmrn. og heilbrrn. áður til undirbúnings málinu en því miður er það svo að þetta mál hefur ekki enn náð fram að ganga. Ráðherra hefur hins vegar látið hafa það eftir sér að til standi að opna þessa réttargeðdeild að Sogni í Ölfusi og því spyr ég:

„1. Hvenær verður réttargeðdeild fyrir geðsjúka afbrotamenn opnuð að Sogni í Ölfusi?"

Það eru einkum þrír hópar sem þurfa á þjónustu réttargeðdeildar að halda. Í fyrsta lagi þeir sem dæmdir eru til vistar á viðeigandi hæli, svokallaðir öryggisgæslumenn. Í öðru lagi geðsjúkir afplánunarfangar eða fangar sem hafa geðræn vandamál og í þriðja lagi menn sem úrskurðaðir eru til að undirgangast geðrannsókn. Ef réttargeðdeild á að standa undir nafni þarf hún að veita þessum þremur hópum þjónustu.

Nú heyri ég það á máli ráðherra að hann og heilbrrn. eru hætt að tala um þessa stofnun sem réttargeðdeild heldur kallar hana vistheimili fyrir geðsjúka, ósakhæfa afbrotamenn. Á þessu tvennu getur verið reginmunur, hvort menn eru að tala um vistheimili fyrir þennan hóp eða réttargeðdeild sem er í starfstengslum við geðsjúkrahús. Ef menn eru að tala um vistheimili hvarflar það að manni að þarna sé verið að koma upp stofnun þar sem hugmyndin sé að vista fólk til langframa án þess að reyna að koma því aftur út í samfélagið með læknisþjónustu. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„2. Hversu mikla öryggisgæslu og hve víðtæka læknisþjónustu mun réttargeðdeildin veita?

3. Verður réttargeðdeildin í starfstengslum við geðdeild einhvers sjúkrahúss, og þá hvaða sjúkrahúss?"

4. og 5. spurningin á þskj. 184 skýra sig sjálfar en þær hljóða svo:

„Hve margir vistmenn geta vistast á deildinni hverju sinni?" og „Hve margir starfsmenn verða við réttargeðdeildina og hver er áætlaður kostnaður við rekstur hennar?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er stórt orð Hákot og rétt er það að hugmyndir stjórnvalda um takmarkaða og tímabundna lausn á þessu vandamáli sem hér er til umræðu hafa aldrei verið á þá lund að menn væru að hugsa um að byggja réttargeðdeild eins og þá sem hv. síðasti ræðumaður ræddi um, samanber áformin sem hafa verið og til stóð að leysa þetta mál með, með kaupum á húseign í Kópavogi til samrekstrar með ríkisspítölum til að leysa vandamál þessa fólks. Þar var um að ræða meðferðarheimili fremur en réttargeðdeild þá sem hv. fyrirspyrjandi talaði um hér áðan og það er sama mál sem verið er að leysa í ráðuneytinu nú. Við höfum því ekki gert ráð fyrir að stofnuð yrði réttargeðdeild að Sogni í Ölfusi heldur hefur verið undirbúið að setja þar á stofn ekki vistheimili heldur meðferðarheimili fyrir ósakhæfa, geðsjúka afbrotamenn. Engar áætlanir liggja fyrir í ráðuneytinu, hvorki unnar af mér né öðrum um stofnun og starfrækslu réttargeðdeildar sem að sjálfsögðu hefur miklu víðtækara starfssvið en vistheimili það sem hér um ræðir með þeirri meðferð sem þar á að fara fram.

Staða undirbúnings vegna breytinga á Sogni er þannig að allri hönnunarvinnu var lokið um miðjan ágúst sl. og samkomulag hafði verið gert við tæknisvið ríkisspítala um að framkvæmdir yrðu á þess vegum. Gert er ráð fyrir að breyting á húsnæðinu taki um þrjá mánuði og eru öll tilskilin leyfi fengin, þ.e. frá skipulagsyfirvöldum og frá eigendum viðkomandi húsnæðis en tafir hafa orðið vegna þess að byggingarnefnd Ölfushrepps synjaði fyrst um leyfi til breytinganna og sveitarstjórn Ölfushrepps samþykkti þá ákvörðun byggingarnefndar. Eins og hv. alþm. er kunnugt vísaði ég málinu til umhvrh. til úrskurðar. Hann felldi sinn úrskurð þannig að synjun byggingarnefndar Ölfushrepps á þeim forsendum sem þar voru gefnar stæðist ekki. Byggingarnefnd Ölfushrepps hefur tekið málið til nýrrar athugunar og fengið allar þær viðbótarupplýsingar sem hún óskaði eftir frá heilbr.- og trmrn. og hún hefur samþykkt að veita leyfið. Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur haft það mál eða þá fundargerð byggingarnefndar til afgreiðslu á tveimur fundum sínum. Ég á von á því að lokaafgreiðsla málsins eigi sér stað á fundi sveitarstjórnarinnar sem haldinn verður í kvöld. Það er ekkert því til fyrirstöðu að ef sú samþykkt verður jákvæð eins og ég vonast til þá verði þegar í stað hægt að hefjast handa við framkvæmdir. Það bíða og hafa beðið um nokkurra mánaða skeið þjálfunarpláss fyrir starfsfólk þessarar meðferðarstofnunar á tveimur geðsjúkrahúsum í Svíþjóð þar sem gert er ráð fyrir því að fólkið sem þarna muni starfa fái faglega þjálfun í meðferð sjúklinga af þessu tagi sem standi í a.m.k. sex vikur. Sú þjálfun verður okkur Íslendingum að kostnaðarlausu og hefur verið boðin fram af mikilli velvild og vináttu af forstöðumönnum tveggja geðsjúkrahúsa í Svíþjóð sem hafa slíka sjúklinga til meðferðar.

Þá er spurt í öðru lagi: „Hversu mikla öryggisgæslu og hve víðtæka læknisþjónustu mun réttargeðdeildin veita?"

Svarið við því er að vistheimilið mun hafa sömu öryggisgæslu og sambærilegar deildir í Svíþjóð og öllu meiri öryggisgæslu að mínu mati eftir að ég hef sjálfur ferðast til Svíþjóðar til að kynna mér hvernig þessum málum er háttað í því geðsjúkrahúsi sem vistar nú fjóra Íslendinga. Ég hef skoðað það og kynnt mér það af eigin raun og rætt við þessa fjóra vistmenn. Ég gerði það í tengslum við fund sem heilbrigðisráðherrar Norðurlanda héldu til undirbúnings Norðurlandaráðsþingi. Ég get fullyrt eftir að hafa kynnt mér það að þær aðstæður sem verið er að bjóða á Sogni eru ekki lakari heldur mun betri en þær aðstæður sem ég kynnti mér þar.

Læknar og hjúkrunarfræðingar frá Svíþjóð þar sem íslenskir ósakhæfir og geðsjúkir afbrotamenn hafa verið vistaðir hafa verið með í ráðum um þær breytingar sem gera þarf á húsnæðinu að Sogni og hefur verið fallist á allar þeirra tillögur. Meðferðarheimilið mun veita þá almennu læknisþjónustu sem á þarf að halda, þar á meðal geðlæknisþjónustu og verður í því sambandi höfð samvinna við sjúkrahúsið á Selfossi. Viljayfirlýsing bæði heilbrrn. og forsvarsmanna sjúkrahússins á Selfossi liggur fyrir um að sjúkrahúsið muni veita alla þá þjónustu, þar með talda geðlæknisþjónustu, sem meðferðarheimilið þarf á að halda.

„Hve margir vistmenn geta vistast á deildinni hverju sinni?" Gert er ráð fyrir því að sjö ósakhæfir afbrotamenn geti vistast að Sogni til jafnaðar en að auki verði hægt að vista þar þrjá vistmenn til skammtímavistunar.

„Hve margir starfsmenn verða við réttargeðdeildina?" Gert er ráð fyrir um 30 starfsmönnum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 41,8 millj. kr. til þessa verkefnis og í heilbrrn. liggja nú þegar fyrir margar umsóknir um störf bæði frá ófaglærðu fólki og faglærðu. Ég sé engin vandkvæði á því, virðulegi forseti, að hægt sé að tryggja þessum vistmönnum alla þá meðferðarþjónustu sem þeir þurfa á að halda, þar á meðal sérfræðilega læknishjálp og sérfræðilega þjálfun. Stefnt verður að því að þetta fólk fái þá fullkomnustu læknisþjónustu og geti útskrifast af meðferðarheimilinu að Sogni þegar heilsa þeirra leyfir.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ef ég hef tekið rétt eftir þá sagði hæstv. heilbr.- og trmrh. að engin plön lægju fyrir í heilbrrn. um stofnun réttargeðdeildar. Þetta er ekki alls

kostar rétt því að í maí 1990 skipuðu heilbrrh. og dómsmrh. í sameiningu nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag réttargeðdeildar hér á landi og með hvaða hætti geðsjúkir afbrotamenn skyldu vistaðir. Sá sem hér stendur var formaður þeirrar nefndar. Sú nefnd skilaði af sér í mars 1991 og niðurstöður nefndarinnar voru þessar:

„Nefndin leggur til að komið verði á fót hér á landi réttargeðdeild sem verði í starfstengslum við einhver geðsjúkrahús og er slíkt fyrirkomulag í samræmi við það sem viðgengst í nágrannalöndunum. Hlutverk réttargeðdeildar verði þjónusta við þessa ósakhæfu afbrotamenn, þjónusta við geðsjúka afplánunarfanga og þjónusta við þá sem undirgangast þurfa sérstakar geðrannsóknir."

Reginmunur er á því hvort menn eru að tala um meðferðarheimili eða réttargeðdeild og því er að verða grundvallarbreyting á eins og ég hef skynjað af umræðunni.

Að mínu viti er mikilvægt af hagkvæmnisástæðum að fangelsum sé veitt slík þjónusta frá réttargeðdeild og einnig þarf að veita mun víðtækari og betri geðlæknisþjónustu en nú viðgengst í fangelsum og þess vegna gæti réttargeðdeild einnig haft því hlutverki að gegna. En eins og ég skil hæstv. heilbr.- og trmrh. verður hlutverk vistheimilisins að Sogni í Ölfusi fyrst og fremst til þess að vista öryggisgæslumenn en geðsjúkir afplánunarfangar og þeir sem undirgangast þurfa geðrannsóknir sitja við sama borð og áður og verður engin breyting á réttarstöðu þeirra. Því er að mínu viti um grundvallarbreytingu að ræða frá þeim hugmyndum sem áður fyrr voru uppi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil koma á framfæri viðbótarupplýsingum ef ég skyldi hafa talað óskýrt áðan. Á Sogni er gert ráð fyrir að fram fari geðlæknisþjónusta. Einnig er gert ráð fyrir því að með þeirri lausn sem þar verður ákveðin, og ég tel ekki tímabært að kynna fyrr en samningar hafa tekist um hana, verði líka leyst geðræn hjálp við fangana á Litla-Hrauni sem ekki hefur staðið til boða hingað til. Enda þótt þeir afplánunarfangar, sem þurfa á geðrænni hjálp að halda og hafa ekki fengið hana, muni ekki vistast á Sogni þá munu þeir fá þá geðrænu hjálp sem þeir hafa lengi beðið eftir án þess þó að það sé gert í þeim byggingum sem verða á Sogni heldur af þeim geðlækni sem mun sinna þeim málum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki rétt og tímabært að kynna það samkomulag sem tekist hefur um lausn málsins núna. Ég vil aðeins árétta að gangi það fram þá verður ekki aðeins hinum ósakhæfu afbrotamönnum sem verða á Sogni tryggð geðlæknismeðferð heldur einnig föngum á Litla-Hrauni. Út af fyrir sig mætti halda um það langa tölu og fara um það mörgum orðum hversu heilbrigðiskerfið hefur brugðist þeim þjónustuþætti í mörg undanfarin ár og eru margar ófagrar sögur af afleiðingum þess.

Stöðugildi í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum, ein umr.

Fsp. JVK, 253. mál. — Þskj. 430.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Sá mikli niðurskurður í heilbrigðismálum sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir hefur ekki farið fram hjá alþjóð. Margt hefur verið rætt og ritað um þau mál frá því að fjárlagafrv. fyrir árið 1992 leit dagsins ljós. Í þeim niðurskurði hefur verið höggvið á báðar hendur og oft af meira kappi en forsjá. Nú á að skera niður á launalið þrátt fyrir að sjúkra- og heilsugæslustofnanir hafi margar hverjar á liðnum árum verið of fáliðaðar miðað við umfang starfsins. Hjúkrunarfræðinga hefur vantað til starfa, ekki síst úti á landi. Þar hafa lág laun og mikið vinnuálag átt sinn þátt í að ekki hefur verið sóst eftir þeim störfum. Ef fólk með tilskilda menntun býr ekki á staðnum er mjög erfitt að manna stöður og ekki gert mikið af því að laða fólk til flutnings þangað, t.d. með því að útvega húsnæði eða lofa öruggri barnagæslu.

Nú hefur verið brugðið á það ráð að skera enn niður framlag ríkisins til launagreiðslna á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum. Því væri fróðlegt að heyra frá hæstv. heilbrrh. hvort enn eigi að skera niður launalið til þeirra stofnana þar sem ekki hefur verið hægt að manna stöður á undanförnum árum sökum skorts á menntuðu starfsfólki. Ég spyr því hæstv. heilbrrh.:

„1. Hversu mörg stöðugildi eru í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum og hversu mörg voru ómönnuð 1. jan. sl.?

2. Verður þeim heilbrigðisstofnunum þar sem stöður voru ekki fullmannaðar á síðasta ári gert að draga úr launakostnaði á þessu ári í samræmi við áform um flatan niðurskurð á launalið fjárlaga?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Spurt er: „Hversu mörg stöðugildi eru í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum?" Svarið er: Stöðugildi í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum eru þannig að á heilsugæslustöð á Patreksfirði eru 6 stöðugildi, á heilsugæslustöð á Þingeyri eru 2,15 stöðugildi, á heilsugæslutöð á Flateyri 2,65 stöðugildi, í Bolungarvík 2,75 stöðugildi, á Ísafirði 14,30 stöðugildi, á Hólmavík 3,55 stöðugildi, eða samtals 31,40 stöðugildi á heilsugæslustöðvum á Vestfjörðum.

Stöðugildi á sjúkrahúsum eru þannig að á Patreksfirði eru 31,5 stöðugildi, Þingeyri 7 stöðugildi, á Önundarfirði 5 stöðugildi, Bolungarvík 20 stöðugildi, Ísafirði 67,5 stöðugildi, Hólmavík 12 stöðugildi, þ.e. samtals eru á sjúkrahúsunum 143 stöðugildi. Samtals eru því á Vestfjörðum á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum 174,4 stöðugildi.

Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt eru ráðningarmál ekki lengur í höndunum á ráðuneytinu heldur eru allar ráðningar gerðar af stjórnum og framkvæmdastjórum heima í héraði. Ráðningarmál fara því ekki lengur í gegnum ráðuneyti þótt þau hafi gert það

á árum áður. Þess vegna hefur ráðuneytið engar upplýsingar um hve mikið af þessum stöðugildum eru mönnuð. Þær upplýsingar hafa þeir sem stjórna ráðningarmálunum og sjá um þau heima í héraði, en ekki í ráðuneytinu því að það fyrirkomulag var lagt af fyrir nokkrum árum. Við höfum hins vegar þær upplýsingar frá landlækni að allar stöður lækna á Vestfjörðum voru setnar hinn 1. jan. sl.

Í öðru lagi er spurt: „Verður þeim heilbrigðisstofnunum þar sem stöður voru ekki fullmannaðar á síðasta ári gert að draga úr launakostnaði á þessu ári í samræmi við áform um flatan niðurskurð á launalið fjárlaga?“ Hér held ég að sé um misskilning hjá fyrirspyrjanda að ræða því að hvort sem stöðurnar eru mannaðar eða ekki ganga launagreiðslurnar fyrir stöðunum til stofnananna. Ef stofnanirnar hafa ekki mannað stöðurnar með einhverjum hætti hafa þær engu að síður launaframlögin til ráðstöfunar. Hafi stöðurnar verið mannaðar fólki með lægri menntun og minni launakröfur en gert er ráð fyrir kemur það samt sem greiðsla til viðkomandi stofnunar. Ég held því að það sem kemur fram í fsp. sé misskilningur. Svarið er að ráðuneytið hefur ekki kannað hvaða stöður voru ósetnar á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum um sl. áramót í sambandi við afstöðu til hins flata niðurskurðar, enda skiptir það ekki máli þar sem launagreiðslurnar koma til stofnananna engu að síður. Fjármálaskrifstofa ráðuneytisins hefur hins vegar kannað mjög gaumgæfilega rekstrarstöðu allra heilbrigðisstofnana og endanlegur niðurskurður var síðan ákveðinn í samræmi við það og að niðurskurðurinn hefði sem minnst áhrif á rekstur stofnananna hverrar fyrir sig.

Ég vil í þessu sambandi til frekari áréttingar á því sem ég hef sagt benda á að þess eru dæmi að starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, við skulum segja þrír starfsmenn á stöðum þar sem eru fimm stöðugildi, skipti á milli sín launakostnaði hinna fimm stöðugilda þótt aðeins þrír sitji í stöðunum. Þetta ætti hv. þm. að vita. Þetta er vegna þess að launagreiðslurnar ganga í samræmi við stöðugildin til stofnananna alveg án tillits til þess hvort stöðurnar eru að fullu mannaðar eða ekki þannig að ég tel að seinni fyrirspurnin byggist á einhverjum misskilningi hv. þm. um þessi efni.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin þó að hann haldi að um misskilning sé að ræða hjá mér. Ég held að misskilningurinn liggi hjá honum.

Það er vissulega rétt að ráðningar fara fram heima á stöðunum en launin eru eftir sem áður greidd úr ríkissjóði. Ég vil geta þess líka að t.d. á Ísafirði eru 2,5 stöðugildi í heilsugæslu. Það hefur verið mannað af þremur hjúkrunarfræðingum. Álag hefur verið mjög mikið þar, ekki hvað síst vegna þess að þær hafa þjónað heilsugæslunni á Suðureyri sem hefur ekki haft neinn hjúkrunarfræðing að störfum sl. tvö ár Þær hafa einnig þjónað Súðavík og því er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort skerðing á launalið heilsugæslustöðvarinnar muni koma að fullu til framkvæmda þar sem mönnunin er í algeru lágmarki og þær þurfa að þjóna nágrannabyggðum og fá enga viðbót á stöðum þess vegna. Til upplýsingar er hér frá heilbrrn. útdeiling úr safnliðum. Flatur niðurskurður var til heilsugæslustöðvarinnar á Ísafirði 1 millj. 930 þús. Samkvæmt safnlið áttu að koma til baka 772 millj. en þeir fá til baka 700 millj. Þeir taka því á sig fulla skerðingu á því sem flati niðurskurðurinn gerði ráð fyrir og þrátt fyrir að verið sé að sinna nágrannabyggðum þá er ekki tekið neitt tillit til þess.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Auðvitað eru dæmi um að einstakar stofnanir hjá ríkinu hafi fleira fólk í störfum en stöðuheimildir gera ráð fyrir. Þær geta greitt það með því að taka af öðru rekstrarfé. Ef um er að ræða fólk, sem af einhverjum ástæðum hefur ekki full starfsréttindi í þeim stöðum sem stöðuheimildir gera ráð fyrir, hefur það því með lægri laun en gert er ráð fyrir í fjárlagaáætlun og geta þær stofnanir haft fleiri einstaklinga í störfum.

En ég ítreka, eins og hv. þm. veit, enda á hv. þm. sæti í fjárln., að launaáætlanir til stofnananna eru gerðar á grundvelli þeirra stöðuheimilda sem stofnanirnar hafa án tillits til þess hvort allar stöðuheimildir eru mannaðar og án tillits til þess hvort allar stöðuheimildir eru mannaðar af sama réttindafólki og þar er gert ráð fyrir þannig að þar er ekki um að ræða tvíniðurskurð. Það er misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að launakostnaði vegna ómannaðra stöðugilda sé ekki engu að síður haldið til haga til viðkomandi stofnunar. Ég tel því að fsp. sé á þeim misskilningi byggð að hv. fyrirspyrjandi telji að þær stofnanir sem fullnýta ekki stöðuheimildir sínar séu, ef svo má segja, tvískornar. Fyrst séu teknar af þeim þær launagreiðslur sem þær greiða ekki vegna þess að þar er með einhverjum hætti tímabundin eða varanleg vöntun á fólki til að fylla upp stöðugildin, það sé tekið af stofnununum og síðan komi flati niðurskurðurinn ofan á það. Þetta er misskilningur, hv. þm., eins og hann væntanlega veit ef hann hugsar til baka hvernig fjárlagaáætlanir fyrir stofnanirnar eru gerðar.

91. FUNDUR

fimmtudaginn 27. febr.,
að loknum 90. fundi.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 313.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er að gera tilraun til að fá nógu marga hv.

þm. svo að hægt sé að láta fara fram atkvæðagreiðslu. Samkvæmt töflu eiga að vera nægjanlega margir þingmenn í húsinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er ónóg þátttaka í atkvæðagreiðslu um að vísa málinu til nefndar. Einungis 31 þingmaður tók þátt í atkvæðagreiðslunni og verður gerð tilraun til að endurtaka hana. — Enn er það sama sagan, þátttakan er ónóg. (**ÓÞÞ:** Það verður bara að biðja um nafnakall.) Það má segja að þessi atkvæðagreiðsla jafngildi nafnakalli. (**ÓÞÞ:** Ég bið um nafnakall.) (**Gripið fram í:** Ekki nafnakall, ýta á takkann.) Forseti ætlar að gera þriðju tilraunina til að ná fram atkvæðagreiðslu og biður nú hv. þm. að taka þátt í atkvæðagreiðslu með því að ýta á einhvern af þeim tökkum sem er skýrt og skilmerkilega greint frá á borðum þingmanna, hvort sem þeir greiða atkvæði með, á móti eða greiða ekki atkvæði. Hefst nú atkvæðagreiðaslan að nýju en það er skylda að taka þátt í atkvæðagreiðslu eins og allir vita.

Frv. vísað til menntmn. með 33 shlj. atkv.*
[*Sjá orð forseta og nýja atkvæðagreiðslu í dálki 5650.]

Evrópuráðsþingið, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 261. mál. — Þskj. 438.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Erindi mitt í ræðustólinn er að fylgja úr hlaði skýrslu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sem liggur frammi sem 261. mál á þskj. 438. Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir þátttöku Íslendinga í störfum 43. þings Evrópuráðsins. Þar er einnig greint frá málum sem snerta þessa þátttöku og verkefni sem fulltrúum í Íslandsdeildinni hafa verið falin.

Eins og aðrar stofnanir í Evrópu stendur Evrópuráðið á tímamótum vegna hinna sögulegu og miklu breytinga sem orðið hafa á stjórnmálum og þjóðfélagsþróun í Mið- og Austur-Evrópu, og eftir að stjórnkerfi kommúnista hrundi í Sovétríkjunum. Evrópuráðið er meðal þeirra samstarfsstofnana Evrópuríkja sem almenn samstaða er um að gegni áfram mikilvægu hlutverki. Hinar stofnanirnar eru Evrópubandalagið, Atlantshafsbandalagið, Vestur-Evrópusambandið og Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu. Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, eru ekki nefnd í sömu andrá og fyrrtaldar stofnanir, sem varanlegur samstarfsvettvangur, þar sem ljóst er að EFTA hljóti að breytast á næstu árum þegar þátttökuríkin gerast hvert af öðru aðilar að Evrópubandalaginu.

Til Evrópuráðsins var stofnað þegar Evrópa var enn í sárum eftir síðari heimsstyrjöldina. Með virðingu fyrir lögum og rétti, vernd mannréttinda, lýðræðislegra stjórnarhátta og félagslegra réttinda, skyldi grunnur lagður að friðsamlegu samstarfi Evrópuþjóða á sama tíma og þau stefndu að sameiginlegum vörnum með þátttöku Bandaríkjamanna og Kanadamanna innan Atlantshafsbandalagsins og stofnað var til samstarfs í efnahagsmálum sem síðar gat af sér Evrópubandalagið. Til þessa samstarfs var efnt fyrir tæplega hálfri öld þegar óttinn við framsókn kommúnista í Evrópu setti sterkastan svip á utanríkis- og varnarstefnu lýðræðisþjóðanna. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu er á hinn bóginn afsprengi slökunarstefnunnar sem var ráðandi í samskiptum austurs og vesturs á fyrri helmingi áttunda áratugarins. Ráðstefnan var samstarfsvettvangur aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins auk hlutlausra ríkja í Evrópu. Varsjárbandalagið hefur nú verið lagt niður en Atlantshafsbandalagið hefur stofnað til formlegra samskipta við fyrrverandi aðildarríki þess. Hlutlausu ríkin æskja aðildar að Evrópubandalaginu, ekki síst vegna breyttra aðstæðna í öryggismálum. Innan Evrópubandalagsins er litið á Vestur-Evrópusambandið sem sérstakan samstarfsvettvang Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum og hugsanlega sem evrópska stoð innan Atlantshafsbandalagsins. Innan vébanda Vestur-Evrópusambandsins er þingmannasamkunda þar sem fjallað er um landvarnarmál en þau eru utan verksviðs Evrópuráðsins og þings þess.

Samkvæmt stofnskrá Evrópuráðsins, sem Ísland gerðist aðili að í mars 1950, er höfuðstjórn þess skipt í þrennt: ráðherranefnd, Evrópuráðsþing og aðalskrifstofu. Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins, þar sem fjallað er um þau málefni sem eru á verksviði ráðsins. Auk þessara aðalstofnana hefur verið komið á fót sérstökum stofnunum eða nefndum til að fylgja eftir einstökum sáttmálum sem hafa verið gerðir innan vébanda Evrópuráðsins. Þar ber hæst sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Á grundvelli hans starfar mannréttindanefndin þar sem Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis, á sæti og Mannréttindadómstóll Evrópu þar sem Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari er meðal dómara.

Við Íslendingar höfum þegar kynnst áhrifamætti þessara stofnana. Til kæru fyrir þær má rekja þá ákvörðun að skilja á milli framkvæmdarvalds og dómsvalds hér á landi sem kemur til framkvæmda næsta sumar. Ætti okkur alþingismönnum að vera betur ljóst en flestum öðrum hve hér er um mikilvæga ákvörðun að ræða vegna þeirra lagabálka sem samþykktir hafa verið í kjölfar hennar. Fyrir Mannréttindadómstólnum er nú eitt mál er snertir Ísland og varðar það gildi 108. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir mannréttindanefndinni bíða a.m.k. tvö mál frá Íslandi afgreiðslu, annars vegar vegna laga frá 1989 um atvinnuréttindi leigubifreiðastjóra og hins vegar vegna skattamála Þýsk-íslenska verslunarfélagsins. Til þess að Mannréttindadómstóllinn dæmi í málum verða þau fyrst að hafa farið í gegnum mannréttindanefndina.

Vorið 1990 samþykkti Alþingi að Ísland gerðist aðili að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og

ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Á grundvelli þessa samnings hefur verið komið á fót eftirlitsnefnd og hefur Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins gert tillögu um að séra Jón Bjarman verði fulltrúi Íslands í þeirri nefnd sem hefur m.a. það hlutverk að gera úttekt á því hvernig staðið er að framkvæmd þessa viðkvæma málaflokks í einstökum aðildarríkjum. Er þess að vænta að slík úttekt verði gerð hér á landi. Skal engu spáð um hvort íslenskar stofnanir eða framkvæmd frelsissviptinga hér standist kröfur samkvæmt þessum samningi.

Alþingi heimilaði árið 1975 að ríkisstjórnin gerðist aðili að Félagsmálasáttmála Evrópu. Þessi sáttmáli, sem talinn er meðal hornsteina Evrópuráðsins, kom til sögunnar 1961 og tók gildi 1965. Eins og nafnið gefur til kynna er sáttmálinn um félagsleg réttindi en Mannréttindasáttmálin er um persónuréttindi. Með Félagsmálasáttmálanum er í fyrsta sinn reynt að framfylgja félagslegum réttindum með alþjóðlegu eftirliti. Á grundvelli sáttmálans starfar sérfræðinganefnd sem á tveggja ára fresti fær skýrslur um stöðu félagsmála í aðildarríkjunum.

Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félmrn., situr í embættismannanefnd um Félagsmálasáttmálann á vegum ráðherranefndar Evrópuráðsins. Hefur Gylfi staðið fyrir ítarlegri skýrslugerð til sérfræðinga nefndarinnar sem síðan hefur sagt álit sitt á stöðu mála hér á landi. Þar vekja sérstaka athygli athugasemdir sérfræðinganna um að Ísland fullnægi ekki kröfum skv. 5. gr. félagsmálasáttmálans. Í henni er mælt fyrir um frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna stéttarfélög og til að ganga í þau. Einnig er mælt fyrir um skuldbindingar samningsaðila um að sjá til þess að landslög skerði ekki þetta frelsi. Sérfræðinganefndin lítur þannig á að í þessari grein felist jafnframt frelsi til að standa utan við stéttarfélög þótt bein ákvæði séu ekki um það í henni. Þessi túlkun sérfræðinganna leiðir til þess að hún telur hvers kyns lagaákvæði eða ákvæði í kjarasamningum um skylduaðild að stéttarfélögum brjóta í bága við 5. gr. Telja sérfræðingarnir að ákvæði í íslenskum lögum gangi þvert á anda 5. gr. og benda á 1. gr. laganna um Atvinnuleysistryggingasjóð og lögin nr. 77/1989, um leigubifreiðar, þar sem bílstjórar eru skyldaðir til að vera í stéttarfélagi. Fulltrúi Íslands í embættismannanefndinni um Félagsmálasáttmálann hefur mótmælt þessari túlkun sérfræðinganefndarinnar. Á þessu stig er ekki víst hvaða stefnu þetta mál tekur á vettvangi ráðherranefndarinnar. Ljóst er að verði það almenn niðurstaða að Ísland fullnægi ekki ákvæðum Félagsmálasáttmálans verður óskað eftir því við íslensk stjórnvöld að endurskoða löggjöf sem brýtur í bága við sáttmálann.

Á Evrópuráðsþinginu í september sl. var samþykkt tillaga til ráðherranefndarinnar um Félagsmálasáttmálann og framkvæmd hans þar sem m.a. er lagt til að í 5. gr. hans verði tekin af öll tvímæli um að menn eigi einnig að hafa frelsi til að standa utan við stéttarfélög. Þetta er enn aðeins tillaga þingsins en hún gefur vísbendingu um það annars vegar að talið er nauðsynlegt að taka af skarið um þetta vafaatriði og hins vegar að breytingin tekur af allan vafa um að íslensk löggjöf er ekki í samræmi við skuldbindingarnar samkvæmt Félagsmálasáttmálanum ef tekið er mið af niðurstöðu fyrrgreindra sérfræðinga.

Á meðan Félagsmálasáttmálanum hefur ekki verið breytt að tillögu Evrópuráðsþingsins kann fulltrúum Íslands í embættismannanefndinni og ráðherranefndinni að takast að koma í veg fyrir frekari aðgerðir gagnvart íslenskum stjórnvöldum vegna 5. gr. Flest bendir hins vegar til þess að þar yrði aðeins um tímabundinn frest að ræða. Brýnt er að tekin verði pólitísk afstaða um framtíðarstefnu í þessu máli. Að mínu viti á sú stefna að miða að því að auka frelsi hér á landi í samræmi við það sem almennt er viðurkennt hæfilegt hjá aðildarríkjum Evrópuráðsins. Skylduaðild að stéttarfélögum samrýmist greinilega ekki mati sérfræðinganefndarinnar og líklega verður þess ekki langt að bíða að niðurstaða mannréttindanefndarinnar liggi fyrir um það hvort gildi laganna um leigubifreiðar verði samræmt fyrir Mannréttindadómstólnum á grundvelli 11. gr. Mannréttindasáttmálans um félagafrelsi.

Í tilefni af því að skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins er lögð fram hef ég kosið að gera framangreint atriði að sérstöku umtalsefni á Alþingi þar sem þau snerta öll beina þátttöku okkar Íslendinga í Evrópuráðinu og hvernig við stöndum að þessari þátttöku. Dæmin sýna einnig að hin virku úrræði, sem Evrópuráðið hefur til að fylgja eftir að sáttmálar gerðir í nafni þess séu virtir, hafa þegar haft áhrif hér á landi og það hefur komið til kasta Alþingis að bregðast við þeim með breytingum á íslenskri löggjöf. Þá er einnig nauðsynlegt fyrir þingmenn að hafa í huga við lagasetningu að hún stangist ekki á við hina mikilvægu sáttmála Evrópuráðsins sem Alþingi hefur staðfest.

Hér á landi gera æ fleiri sér grein fyrir því að þeir geta leitað réttar síns annars staðar en fyrir íslenskum dómstólum og stjórnarstofnunum ef þeir telja á sér brotið. Athyglin á eftir að beinast í enn ríkari mæli að réttindum sem felast í ýmsum alþjóðasamþykktum. Eftirlitsstofnanir á grundvelli slíkra samþykkta eiga eftir að láta meira að sér kveða hér eins og annars staðar. Alþingi og stjórnvöld almennt verða að vera undir þetta búin. Fullgilding alþjóðasamþykkta er oft upphafið að löngu ferli þar sem bæði er höfðað til réttinda og skyldna. Við lagasmíð og lagasetningu er ekki unnt að hundsa slíkar alþjóðlegar skuldbindingar. Að mínu mati eiga þær að vera hvati til þess að færa ýmsa mikilvæga löggjöf í nútímalegra horf. Gleymum því ekki að úrelt lög tefja fyrir framförum og geta stuðlað að hættulegri einangrun þjóðarinnar á miklum umbrotatímum sem einkennast af æ meiri samvinnu þjóða á milli, meiri samvinnu en nokkru sinni fyrr.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri en er að sjálfsögðu fús til að svara spurningum hv. þm. sem vakna við lestur skýrslu Íslandsdeildarinnar. Jafnframt vil ég hvetja virðulegan forseta til að staðfesta sem fyrst starfsreglur Íslandsdeildarinnar sem birtar eru sem fskj. með skýrslunni svo starfsemi deildarinnar komist í fast horf. Þar með verður auðveldara að skipu-

leggja starf hennar og nýta þá fjármuni sem til þess eru ætlaðir. Í lokin vil ég þakka samdeildarmönnum mínum gott og ánægjulegt samstarf og einnig þeim sem gegnt hafa ritarastörfum fyrir deildina á liðnu ári, Ólafi Ólafssyni og Þóru Guðnadóttur, en Þóra annast nú skjalavörslu og önnur störf fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og hjá henni er unnt að fá aðgang að öllum samþykktum þingsins og öðrum gögnum þess.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka formanni Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir hans innlegg hér áðan, en ég vil taka það fram að þar komu fram hans persónulegu skoðanir eins og varðandi framtíðarstarf í ýmsum alþjóðasamtökum. Ég efast t.d. um að Atlantshafsbandalagið eigi mikla framtíð fyrir sér vegna hinna miklu breytinga sem átt hafa sér stað í Evrópu.

Það sem mig langaði aðallega til að gera að umræðuefni vegna þessarar skýrslu er að ég hef oft velt því fyrir mér í framhaldi af þeirri reynslu sem ég hef fengið í starfinu innan Evrópuráðsins og það er sú aðstaða sem okkur þingmönnum er búin varðandi þetta alþjóðlega starf og hvers við væntum af því og hvernig þingmenn vilja að því standa. Nú er það svo að starfssvið Evrópuráðsins er gríðarlega víðtækt eins og fram kemur í skýrslunni og margar nefndir sem starfa á vegum þess. Regluleg þing eru haldin fjórum sinnum á ári og nefndarfundir mjög oft. En Alþingi Íslendinga er þröngur stakkur skorinn og það fjármagn sem við höfum til umráða í Íslandsdeildinni er því miður afar takmarkað. Það hlýtur að valda því að við spyrjum okkur hvað eigum við að vera að leggja mikið á okkur til að setja okkur inn í öll þau mál sem þarna eru til umræðu, til hvers erum við að þessu? Erum við bara að fara á þessi þing rétt til þess að fylgjast með eða vilja þingmenn vera virkir í þessu starfi? Ég verð að segja það fyrir mig, virðulegi forseti, að ég hef mikinn áhuga á mörgu því sem þarna er á ferðinni en ég fæ illa séð að það sé hægt að sinna þessu starfi eins og ég gjarnan vildi vegna hins þrönga fjárhags.

Í framhaldi af þessu finnst mér í raun og veru nauðsynlegt að það fari fram umræða meðal þingmanna, hvort sem það á að gerast í viðkomandi nefndum eða hér í salnum, almenn umræða um það hvernig alþjóðasamstarfi okkar skuli háttað og hvernig menn vilja að því standa. Erum við bara að þessu upp á punt eða viljum við gera okkur gildandi í þessu alþjóðasamstarfi? Ég ítreka það að mér finnst að okkur sé allt of þröngur stakkur skorinn því að litlu samfélagi eins og okkar er afar mikilvægt að fylgjast með alþjóðlegri umræðu. Eins og við höfum rekið okkur á er ýmsu ábótavant í okkar kerfi eins og fram hefur komið t.d. varðandi réttarkerfið og formaður Íslandsdeildarinnar nefndi áðan, þá hafa verið gerðar athugasemdir varðandi okkar löggjöf um vinnumarkaðinn. Það er margt sem við getum lært af ríkjum Evrópu og ýmsum öðrum ríkjum og ég vildi sjá það að okkur sé gert kleift að sinna þessu starfi af fullum krafti. Ég vildi að þetta kæmi hér fram og ég ítreka það að mér finnst þörf á að við þingmenn ræðum það hvernig að alþjóðasamstarfi skuli staðið.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram vegna ummæla í ræðu hv. síðasta ræðumanns að að sjálfsögðu voru þær skoðanir sem ég setti fram í þeirri ræðu sem ég flutti aðeins mínar, þær voru ekki skoðanir Íslandsdeildarinnar og ekki bornar undir neinn í henni. En textinn hins vegar sem við leggjum hér fram sem skýrslu er sameiginlegur texti okkar.

Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi að það er ákaflega mikilvægt fyrir Alþingi að fjalla um það á einhverjum vettvangi, hvort sem það er hér í þingsalnum eða annars staðar, hvernig eigi að standa að þátttöku Alþingis í alþjóðasamstarfi. Þetta samstarf milli þjóðþinga fer stigvaxandi, ef þannig mætti að orði komast, það er alltaf verið að setja á laggirnar fleiri og fleiri samstarfssvið þar sem þingmenn koma saman og ræða sameiginleg mál og fjalla um mál sem snerta samstarf ríkjanna. Ein slík stofnun er í fæðingu núna, þ.e. þingmannasamkunda sem tengist Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og einmitt er fjallað um í skýrslu Íslandsdeildarinnar. Þar er bent á að þetta RÖSE-þing svokallað mun koma fyrst saman í Búdapest næsta sumar og það er skýrt frá því í skýrslunni að forsætisnefnd Alþingis hafi að þessu sinni ákveðið að aðalfulltrúar á Evrópuráðsþinginu skuli taka þátt í fundum RÖSE-þingsins í Búdapest í sumar vegna þess að sumarþing Evrópuráðsins verður haldið í þeirri borg rétt áður en RÖSE-þingið hefst. En Alþingi á eftir að taka ákvörðun um hvernig þátttöku okkar í RÖSE-þinginu verður háttað. Þannig má fjalla um enn fleiri málefni sem snerta alþjóðasamstarf þingmanna. Það er ákaflega mikilvægt að um það sé mótuð skynsamleg stefna af Alþingi hvernig að öllu slíku samstarfi skuli staðið.

Starfsreglur Íslandsdeildarinnar gera ráð fyrir því að menn geti sinnt bæði þátttöku í þingunum og einnig nefndastarfi. Hins vegar er okkur þröngur stakkur skorinn, eins og fram kom, vegna fjárveitinga og við verðum að haga okkar starfi í Evrópuráðsþinginu með hliðsjón af fjárveitingum. Á þinginu sitja þrír kjörnir fulltrúar Íslands. Ísland hefur rétt til þess að hafa þrjá þingfulltrúa en í Íslandsdeildinni eru sex þingmenn og varamenn taka þátt í þingstörfum til skiptis, ef þannig mætti orða það. Á hvert þing eru að jafnaði sendir fjórir þingmenn þannig að það er ávallt einn varamaður á þingstaðnum á meðan fundir fara fram. En aðrar sendinefndir hafa það þannig að þær senda allar sínar nefndir og varamenn eru á þingstaðnum og taka þátt í nefndastörfum á meðan á þinghaldinu stendur. Við förum ekki inn á þessa braut í okkar starfsreglum, töldum okkur ekki fært að hafa þá reglu, setja hana fram, en auðvitað væri það æskilegast að fjárveitingar til Íslandsdeildarinnar tækju mið af því að þátttakan gæti verið sem mest, bæði í þingstörfunum og nefndastörfunum. En málum er ekki þannig háttað nú.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í ræðu minni að starfsemi Evrópuráðsins er farin að hafa mun meiri

áhrif hér á landi og beinni áhrif á lagasetningu og framkvæmd mála hér á landi en kannski starfsemi nokkurra annarra alþjóðlegra samtaka sem við tökum þátt í. Það kemur best fram í því að við höfum orðið að breyta réttarfarslöggjöfinni og nú er eitt mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu sem varðar almennu hegningarlögin og tvö mál fyrir mannréttindanefndinni, annað sem varðar skattalög og hitt sem varðar atvinnuréttindi og eitt mál í kæru fyrir sérfræðinganefnd vegna Félagsmálasáttmálans. Það er því ákaflega mikilvægt að með þessum málum sé fylgst, ekki síst af löggjafarvaldinu sem setur lög og þarf að taka ákvarðanir um þessa samninga og setja lög í samræmi við þá, og nánar sé fylgst með þessu starfi heldur en áður eftir að menn hafa valið það í ríkara mæli en áður að kæra málefni til stofnana Evrópuráðsins. Þess vegna ítreka ég þá skoðun sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns að um það þarf að ræða alvarlega hvernig að þessu skuli staðið miðað við þann fjárhagslega ramma sem okkur er settur.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. framsögumanni þessarar skýrslu fyrir að hafa vakið máls á ýmsum málum sem hafa óbeint komið til kasta Evrópuráðsins eða aðila á þess vegum og varða löggjöf á Íslandi. Hér er vissulega margt á ferðinni sem ástæða er til að gefa fullan gaum og ég vek athygli á því að á síðasta þingi var til að mynda sjómannalögum breytt vegna sérstakra ábendinga frá nefnd þeirri sem fylgist með framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu. Það var talið að ákvæði í þeim lögum stangaðist á við þennan sáttmála.

Ég vek jafnframt athygli á því, eins og fram hefur komið á nýjan leik nú að undanförnu, að af hálfu þessarar eftirlitsnefndar, sérfræðinganefndar, er gerð alvarleg athugasemd við ákvæði laga um Atvinnuleysistryggingasjóð hér á landi, en þannig háttar til að réttur til bóta er skilyrtur því að viðkomandi atvinnuleysingi sé félagi í stéttarfélagi. Ég hef flutt hér á Alþingi frv., að mig minnir í tvígang, sem gengur í þá veru að tryggja mönnum rétt til atvinnuleysisbóta óháð því hvort þeir eiga aðild að stéttarfélagi og hef m.a. reitt fram því máli til stuðnings þessar athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins að því er varðar ákvæði Félagsmálasáttmála Evrópu. Það mál fór hér í gegnum neðri deild á síðasta þingi og átti skamman veg eftir í gegnum efri deild þegar komið var í veg fyrir að það yrði að lögum. Ég vil vekja athygli á þessu máli á nýjan leik nú í framhaldi af ræðu hv. 3. þm. Reykv. og hvetja eindregið til þess að ríkisstjórnin taki þessi mál öll upp á breiðum grundvelli og hafi sjálf frumkvæði að því að tryggja að ekkert í okkar eigin löggjöf stangist á við þennan Félagsmálasáttmála, hvorki þetta né annað. Ég held að það sé miklu hyggilegra fyrir okkur Íslendinga að eiga sjálfir frumkvæði að því að tryggja að löggjöf okkar sé þess eðlis að hún brjóti ekki í bága við okkar alþjóðlegu skuldbindingar í stað þess að fá athugasemdir og jafnvel ákærur erlendis frá.

Tilkynning um atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en forseti gefur næsta hv. þm. orðið vill hún skýra frá því, og þykir mjög miður að þurfa að gera það, að forseti hefur verið upplýst um að við atkvæðagreiðslu hér áðan um að vísa frv. til laga um Háskóla á Akureyri til hv. menntmn. hafi verið greitt atkvæði fyrir fjarstaddan þingmann. Þetta má að sjálfsögðu aldrei koma fyrir og þess vegna neyðist forseti til að ógilda þá atkvæðagreiðslu. Hún mun fara fram síðar á fundinum og væntir forseti þess að hún verði með eðlilegum hætti.

En forseti vill ítreka það að svona lagað gengur ekki, það er ekki hægt að greiða atkvæði fyrir fjarstaddan þingmann og vill forseti leyfa sér að líta á þetta sem alvarleg mistök.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hafa brugðist við í þessu máli og úrskurðað þessa atkvæðagreiðslu ógilda. Hins vegar hlýtur það að leiða hugann að því að hér er ekki fullnægt þeim skilyrðum að atkvæðagreiðsla fari fram í heyranda hljóði. Þingmenn geta vissulega óskað eftir skráningu og jafnframt geta þeir óskað eftir að fá afrit eftir hverja atkvæðagreiðslu. Það er nú svo að fæstir þingmenn standa í því að staðaldri að leita eftir því hvort löglega hafi verið staðið að atkvæðagreiðslunni eða ekki. Ég lít svo á að þetta sé mjög alvarlegt áfall fyrir það atkvæðagreiðslukerfi sem hér er. Vissulega var hér aðeins verið að greiða atkvæði um það hvort máli yrði vísað til nefndar. Það sem eftir situr er það að hinn almenni þingmaður hefur ekki hugmynd um hvort þetta er einstakt atvik eða hvort þetta hefur verið ástundað af og til í vetur. Ég tel að þetta kalli á það alveg skilyrðislaust að forsetar þingsins ræði það hvort hægt sé að standa þannig að atkvæðagreiðslunni að nöfn þingmanna sjáist hér á vegg þegar atkvæðagreiðslan fer fram eins og þar sem atkvæðagreiðsla í ljósabekk eða með ljósaskiltum er framkvæmd mjög víða þar sem ég hef setið á þingum erlendis. Ég tel að þetta sé því miður mjög alvarlegur hlutur og get ekki litið á þetta sem einhver einstök mistök. Ég hef einfaldlega ekki hugmynd um hvort svo er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er sammála hv. 2. þm. Vestf. að öðru leyti en því að forseti lítur á þetta sem einstök mistök og hvarflar ekki að henni að slíkt sé tíðkað hér að staðaldri af hv. þm. Það hvarflar ekki að forseta að hv. þm. séu ekki ábyrgari en svo í athöfnum sínum og gjörðum. Hitt er annað mál varðandi slíka töflu að þá hefur það vissulega verið rætt, og var rætt í forsætisnefnd þegar verið var að undirbúa atkvæðagreiðslukerfið á sl. sumri, að setja hana upp hér í þingsalnum. Það er bæði mikið mál og mikill kostnaður við að koma slíku upp en það hefur verið í athugun. Forseti vill aðeins geta þessa.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (breytingar vegna búvörusamnings). — Þskj. 298, nál. 460 og 466, brtt. 461.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og tillögum til breytinga við frv. til laga um verðlagningu og sölu á búvörum, sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi.

Frv. byggir einkum og sér í lagi á þeim ákvörðunum sem teknar voru í landbúnaðarmálum við gerð síðasta búvörusamnings, sem ég hygg að muni nú vera u.þ.b. eins árs, og kemur að sjálfsögðu í kjölfar þeirra breytinga sem verða á þessum málum eftir að búvörulögin í núverandi horfi hafa verið í gildi í tæplega sjö ár. Þau framleiðslumarkmið og þær breytingar sem þau kváðu sérstaklega á um falla einmitt úr gildi 1. sept. nk. Það væri út af fyrir sig löng saga að fara yfir það sem hefur gerst á þeim tíma og til þess er ekki tími að þessu sinni en þó er eðlilegt að sú skoðun komi fram frá þeim sem hér hefur orðið að það vekur í rauninni athygli hvað þau markmið og áform sem þá voru ákveðin hafa gengið upp með skýrum hætti. Víst er um það að þrátt fyrir að miklu hafi verið breytt á þessum tíma, ýmislegt hefur ekki gengið eftir svo sem vænta hefði mátt, þá hefur íslenskur landbúnaður komist í gegnum þetta tímabil með sæmilega góðum árangri. En nú verða breytingar á og þetta frv. er einmitt staðfesting á því. Það hefur verið nokkuð í umræðunni að með þessu frv. eða síðasta búvörusamningnum hafa verið teknar nýlegar ákvarðanir og nýjar áherslur í landbúnaðarmálum. Hér er þó í rauninni frekar um staðfestingu að ræða því að stefnunni var breytt árið 1985 og hún miðuð við fimm og síðan sjö ár. Við þær breytingar voru einmitt teknar þær ákvarðanir sem hér eru ýmsar hverjar til staðfestingar eins og að eyða þeim birgðum sem voru til í landinu og miða framleiðslu hefðbundinna greina einvörðungu við sölu á innanlandsmarkaði.

Eins og ég sagði áðan er þetta frv. fyrst og fremst til þess að færa búvörulögin til þess horfs sem nýr búvörusamningur gerir ráð fyrir. Vert er að undirstrika sérstaklega að þetta frv. er á frekar stirðu lagamáli. Mikil vinna hefur verið lögð í að fara yfir þennan texta og hugsanlega með það fyrir augum að gera framsetningu á honum liprari. En með því að textinn tekur svo rík mið af búvörusamningnum er auðvitað ekki hægt að taka áhættu í því að gera miklar breytingar á. En textinn hefur hins vegar verið afar nákvæmlega yfirfarinn. Mér þykir líka vert að geta þess og beini því sérstaklega til hæstv. landbrh., sem á eftir að fjalla um þessi mál að greinargerð með frv. — og held ég að ekki sé mjög algengt að menn geri athugasemd við greinargerðir — en hún er ónákvæm og í sumum tilvikum bókstaflega röng og stenst ekki miðað við búvörusamninginn. (**Gripið fram í:** Þetta er ljótt, Halldór.) Ég held að menn þurfi að horfa á þetta vegna þess að svo er oft um túlkanir á lögum að leitað er til nánari skýringar eftir því hvað greinargerðir hafa frá að segja. Þess vegna undirstrika ég alveg sérstaklega að í greinargerðinni eru afskaplega vondar villur.

Eins og hér liggur fyrir hefur landbn. ekki átt samleið í þessu máli og hér er ég að sjálfsögðu að mæla fyrir meirihlutatillögum en ekki nefndarinnar í heild. Þó eiga nefndarmenn að mestu leyti samleið, það verður skýrt síðar. Vegna þess að ég var að finna að frágangi í sambandi við frv. sem er til umræðu og skekkjum í greinargerð, þá vil ég líka játa á mig ávirðingar að því leyti að í nál. er sums staðar talað um nefndina en ekki einvörðungu um meiri hlutann. Það verður að sjálfsögðu leiðrétt og lagfært við betri yfirlestur í þinginu.

Nefndin hafði ekki mikið ráðrúm til þess að fjalla um málið og þar af leiðandi hefur ekki farið fram víðtæk umræða um það meðal hagsmunaaðila. Núna á þessum morgni barst mér t.d. erindi frá afurðastöðvum sláturleyfishafa sem auðvitað hefði verið lagt fyrir landbn. ef við hefðum ekki verið búnir að afgreiða málið frá okkur. Hins vegar vill svo til að bændasamtökin, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda höfðu stofnað til samstarfs um endurskoðun á búvörulögunum með skipun nefndar sex valinkunnra manna undir forustu formanns Stéttarsambands bænda. Sú nefnd fór mjög nákvæmlega yfir frv. og þannig fékkst vilji eða skoðun bændasamtakanna á frv.

Auk þess ræddi nefndin við bæði fulltrúa Stéttarsambandsins, Framleiðsluráðs og landbrn. Þannig er um þær tillögur sem hér liggja fyrir að 1. og 2. gr. okkar tillagna er í rauninni tæknilegs eðlis, orðskýringar og lagfæringar, og frá því er greint skýrlega í nál. meiri hlutans. Eins er að flestu leyti um 3. gr. en þó vil ég leggja sérstaka áherslu á að í c- og f-lið eru gerðar undantekningar og settar inn heimildir til að víkja frá meginreglunni um beinar greiðslur. Meginreglan er sú að nái framleiðandi ekki 80% í framleiðslu af greiðslumarki sínu ber að skerða beinar greiðslur. Nú er það svo að allmargir bændur eiga samninga við ríkisvaldið vegna útrýmingar á riðuveiki og í þeim samningum eru að sjálfsögðu kvaðir á ríkisvaldið um vissan stuðning. Hér er lagt til að heimilt sé ef fjármagn verður fyrir hendi að líta fram hjá því við skerðingu að einhverju leyti eða öllu þótt bændur séu innan þessara neðri skerðingarmarka. Þetta á við þá bændur sem eiga samninga um riðuveiki. Raunar er rétt að taka sérstaklega fram að reynist þessi leið fær er um sparnað að ræða fyrir ríkið en ekki það gagnstæða því að ríkið er bundið af samningum í þessum efnum.

Önnur heimild er tekin inn líka og ástæðan fyrir því er sú að um þessar mundir, og nú í fyrsta sinn sem farið er af stað undir þessum nýju áformum, þá er erfitt að átta sig á því hver fullvirðisrétturinn er. Niðurfærslur og sölur hafa átt sér stað og síðan þarf að flytja greiðslumark úr fullvirðisrétti og af þessari ástæðu þykir rétt að samræma nú beinar greiðslur og greiðslu-

mark þannig að í staðinn fyrir að beinar greiðslur séu einungis innan 80% og 100% af framleiðsluheimildum sé á þessu ári heimilt að fara allt að 105% eins og greiðslumarkið eða framleiðsluheimildin gefur til kynna. Hins vegar er skýrlega tekið fram að þessar heimildir er því aðeins unnt að nota að ekki verði farið yfir grundvallarviðmiðunina upp á 8.600 tonn. Það er hinn skýri samningur milli ríkisvaldsins og bændanna. Í þessu felast að sjálfsögðu engar fjárkröfur umfram það sem samið er um í þessum efnum.

Ég beini því sérstaklega til hæstv. landbrh. í þessu sambandi að þótt hér séu teknar inn heimildir þá má ekki undir nokkrum kringumstæðum nýta þær öðruvísi en að búið sé að gera full skil og fullnægja öllum skyldum varðandi uppgjör við bændur almennt séð. Ég óttast að þessar beinu greiðslur og það fjármagn sem þar er á ferðinni leiði kannski til þess að ekki verði langt eftir því að bíða að litið verði á þetta sem um félagsmálapakka sé að ræða. Til þess má með engu móti koma. Ég tek sérstaklega fram að ekki hefur verið haggað við þeim rétti sem bændur eiga fullkomlega rétt á og dómar hafa gengið um á grundvelli búvörulaganna um að þeim beri fullnaðaruppgjör á sínum afurðum. Þess vegna má þessi heimild ekki með nokkrum hætti verða til þess að hagga þeim ásetningi.

Ég vil líka geta þess að samkvæmt tillögu bændasamtakanna lifir enn þá hálf grein af 8. kafla frv. sem að sjálfsögðu er að mestu leyti úreltur og átti að falla úr gildi 1. sept. nk. en það er hálf 37. greinin. Hún felur í sér þá tilhögun sem Framleiðnisjóði landbúnaðarins ber að hlíta við ákvarðanir sínar. Hæstv. landbrh. hefur getið þess að það standi til að endurskoða lögin um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Sú endurskoðun liggur ekki fyrir og þar af leiðandi er nauðsynlegt að hafa þó þessa leiðsögn áfram. Þó að hún sé kannski ekki ýkja víðtæk er þó afturför að fella hana alveg úr samhengi.

Mér þykir vert að geta þess í þessu sambandi að auðvitað kom það til umræðu að færa inn í búvörulögin þau ákvæði búvörusamningsins sem kveða á um fjárveitingar úr ríkissjóði til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til áframhaldandi uppbyggingar á þeim grundvelli sem hann hefur eftir að vinna. Með því að um fleiri samningsbundnar greiðslur til landbúnaðarins er að ræða í nýgerðum búvörusamningi var í rauninni óeðlilegt og ekki til að styrkja málið að taka þessar greiðslur einar sérstaklega út úr. Þessar greiðslur, þessar tillögur og þetta samkomulag er samningsbundið og auðvitað á að virða það samkvæmt þessum samningi eins og önnur þau ákvæði sem menn gera samninga um hvort heldur sem það er ríkisvaldið eða einhver annar.

Þá á ég einungis eftir að tala um síðustu grein tillagna okkar. Það er um bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að landbrh. er heimilt að færa um ⅙ af því fjármagni sem bændum landsins ber samkvæmt samningi sem er undirritaður af fulltrúum ríkisvaldsins og á að koma allt til skila á þessu ári, færa allt að ⅙ hluta þess yfir á næsta ár. Það var að því er ég hygg einvörðungu þetta sem gerði það að verkum að leiðir okkar skildu í nefndinni. Sú afstaða minni hlutans, stjórnarandstöðunnar, er að sjálfsögðu fullkomlega eðlileg. Um er að ræða slíka ákvörðun að það hlýtur að teljast fullkomlega eðlilegt að þeir sem styðja ríkisstjórnina beri ábyrgð á henni og er það að sjálfsögðu alveg nógu fast undir tönn fyrir suma hverja.

Eins og menn kannast við var tekin sú ákvörðun við fjárlagaafgreiðslu að skerða fjárveitingu til beinna greiðslna með tilliti til þess að ⅙ hlutinn yrði greiddur í janúar og febrúar. Að sjálfsögðu er ýmislegt hægt að leggja á sig í þessum efnum þegar um er að ræða ákvarðanir sem leiða til árangurs. Fyrst það er metið svo — og það hlýtur að fara að skýrast — að það sé árangur í efnahagsmálum að færa 300 millj. kr. sem á að greiða í desember til greiðslu eftir áramótin, í janúar og febrúar, verð ég að segja eins og er að ákvarðanir sem stjórnvöld taka í efnahagsmálum vigta ekki allar afskaplega mikið. Ég hélt satt að segja að ekki breytti afskaplega miklu um afkomu ríkissjóðs hvort slík greiðsla er innt af hendi einum mánuðinum fyrr eða seinna. En auðvitað hefur það mikil áhrif á fólkið sem hefur gengið út frá þessum fjármunum og lifir á þeim.

Ég hafði það að orði við fjárlagaumræðuna hvort ekki væri skásti kosturinn að stíga skrefið til fulls og viðhafa sams konar vinnubrögð gagnvart öllum almenningi í landinu sem á samninga við ríkissjóð og laga skekkjuna á ríkissjóði með því að draga þannig tveggja mánaða greiðslur hjá öllum almenningi í landinu yfir áramótin og spara þannig um 6–7 milljarða kr. og laga þennan blessaða greiðsluhalla þá um leið. Ég get ómögulega fundið rök fyrir því að frekar eigi að brjóta samninga á einni stétt en almennt er gert í landinu. Ef menn telja sig hafa stöðu til þess að breyta slíkum ákvörðunum einhliða gagnvart einhverri einni stétt, því þá ekki gagnvart öllum landslýð sem á í samningum við þetta ríkisflykki? Frá mínum bæjardyrum séð kemur hvorugt til greina.

Þetta þykir kannski nokkuð sérkennilegur formáli eða skýring fyrir síðasta tillöguliðnum. En frá mínum bæjardyrum séð felast í honum miklar ákvarðanir. Enn þá hefur ekki verið gengið frá því með formlegum hætti að ríkisvaldið mundi ekki vera bundið af þessum greiðslum. Ef lögin eða frv. hefði farið fram óbreytt hefði ríkissjóði að sjálfsögðu borið að greiða þetta. Það er fastur ástetningur meiri hlutans að breyta í engu frá því sem ákveðið hefur verið í fjárlögum og til þess að spilla ekki þeim mikilvæga efnahagsárangri sem næst með því að taka ⅙ hlutann af launum sauðfjárbænda og færa hann yfir á næsta ár. Ekki eru gerðar nokkrar einustu breytingar sem hagga þeim ásetningi. Hins vegar er greinin þannig að þetta er á valdsviði landbrh. Hann hefur þessa heimild til að færa ⅙ hlutann af greiðslunum yfir á næsta ár.

En hæstv. landbrh. tekur líka við skyldum samkvæmt þessari grein og þær skyldur eru í sem stystu máli þær að þessi tilfærsla verður að eiga sér stað án þess að bændur landsins sem hér eiga hlut að máli verði fyrir tjóni eða óþægindum af þessari ráðstöfun. Hér er bæði kveðið á um heimild og líka skyldu. Ég

vek alveg sérstaklega athygli á því hvað bændasamtökin, þ.e. milliþinganefndin, sem eins og ég hef sagt áður er skipuð af þessum tveimur höfuðsamtökum í íslenskum landbúnaði, hefur fjallað um þetta viðkvæma mál af mikilli ábyrgð. Í áliti nefndarinnar sem landbn. Alþingis var afhent segir svo um þetta efni:

„Frumvarp þetta mælir fyrir um ákveðið fyrirkomulag á beinum greiðslum til bænda. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 var ákveðið að fresta hluta af þeim greiðslum þar til í janúar/febrúar 1993 án þess að um það væri samið við bændur."

Þarna er greinilegt ósamræmi milli frv. og fjárlaga. Verði þær leiðir valdar sem breyta samhljóða ákvæðum frv. og búvörusamningsins um skil á beinum greiðslum til bænda er eindregin krafa að um þær leiðir verði samið við samtök bænda. Eins og skýrlega kemur fram í áliti meiri hlutans er niðurlag bráðabirgðaákvæðisins til samræmis við þessa kröfu bændasamtakanna. Þetta er svar meiri hlutans til bændasamtakanna og það eru mjög eindregin tilmæli til hæstv. landbrh., sem ég tel hann raunar bundinn af, að hann hefji sem fyrst viðræður við Stéttarsamband bænda um þetta mál þannig að það megi fara sem best úr hendi. Ég ætla ekki að ræða hverjar leiðir eru.

Ég undirstrika það sem ég sagði áðan að þó að um sé að ræða heimild til ráðherrans er alls ekki til þess ætlast að meira fjármagn komi til þessara verkefna úr ríkissjóði á þessu ári en tilgreint er í lögum. Það vil ég að liggi alveg ljóst fyrir. En eins og ég sagði áðan eru ýmsar leiðir til að ná fram þeim árangri að bændur geti fengið sinn hlut algerlega óskertan. Annað eins hefur verið gert og um það hef ég fengið plögg og kannski fyrst og fremst með tilstuðlan bændasamtakanna sjálfra að útvega fjármagn til greiðslu á þessum hluta afurðaverðsins og með fulltingi bændasamtakanna sjálfra, enda er ekki nema í mesta lagi um eins til tveggja mánaða lán að ræða. Reyndar eru til fleiri leiðir sem hægt er að beita í þessum efnum. Á þetta legg ég sérstaka áherslu í lok máls míns og ég treysti að sjálfsögðu engum manni betur en hæstv. núv. landbrh. til þess að fá þá lausn í þetta mál sem ég hef lagt sérstaklega áherslu á.

Ég endurtek svo þakklæti mitt til samnefndarmanna minna fyrir starf þeirra að þessu nál. og ég tek alveg sérstaklega fram að nefndin vann sameiginlega að þessum tillögum alveg til enda og ég lít svo á að það séu þessar pólitísku leikreglur sem gerðu það að verkum að leiðir skildu. Í heild sinni hef ég ekki orðið þess var að um sérstakan málefnaágreining væri að ræða nema að því er varðaði þetta bráðabirgðaákvæði sem ég hef sérstaklega fjallað um.

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985. Það er rétt sem kom fram hjá formanni nefndarinnar, hv. 3. þm. Austurl., að nefndin vann sameiginlega og einum rómi að vinnu við frv. þar til kom að ákvæðinu um frestun á beinum greiðslum til sauðfjárbænda. Ég vil einnig leggja áherslu á að í raun er komið á síðasta dag að afgreiða þetta mál til þess að hægt sé að standa við ákvæði búvörusamningsins um beinar greiðslur til sauðfjárbænda sem áttu samkvæmt samningnum að hefjast 1. mars, þ.e. fyrsta greiðslan. Ég mun því ekki halda langa ræðu til þess m.a. að undirstrika að það er áríðandi að afgreiða málið frá hinu háa Alþingi nú fyrir helgi.

Meginefni frv. er að breyta búvörulögunum til samræmis við þann búvörusamning sem gerður var á síðasta ári. Minni hlutinn styður þess vegna meginefni frv. og einnig þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til, að undanskildu ákvæðinu um heimild landbrh. til þess að fresta hluta af beinu greiðslunum yfir á næsta ár. Þær brtt. sem annars eru lagðar fram eru að mestu leyti tæknilegs eðlis, að vísu eru nokkur efnisatriði. Þau efnisatriði snúa fyrst og fremst að því að auðvelda aðlögun frá fyrri búvörusamningi til þess sem nú hefur tekið gildi

Kannski eru meiri breytingar og meiri munur á búvörusamningnum frá 1985 til þess samnings sem gerður var á síðasta vori en látið er í veðri vaka. Meginbreytingarnar eru þær að útflutningsbótum er algerlega hætt. Í hnotskurn þýðir samningurinn að sauðfjárbændur fá ákveðnar lagaheimildir til þess að skipta á milli sín þeim innanlandsmarkaði sem er á hverjum tíma. Ríkisábyrgð á magn og í raun á verð líka er aflögð. Þetta þýðir, eða þær breytingar sem þarna eru gerðar m.a. á verðlagsupphæðum, að sauðfjárbændur sitja að verulegu leyti við sama borð og aðrir kjötframleiðendur í baráttunni um innlenda markaðinn.

Þar er þó eitt veigamikið atriði sem er að brugðið var á það ráð að beina þeim niðurgreiðslum sem hafa verið á kindakjöti yfir í að vera beinar greiðslur til bænda. Þetta er þannig útfært að helmingur verðsins er greiddur beint til bænda og eins og verðlagsgrundvöllur sauðfjárbúsins er samansettur er þarna um að ræða launalið bóndans. Þetta er sú aðstoð sem ríkið veitir sauðfjárframleiðslunni til þess að halda sinni markaðshlutdeild. Það er mjög mikilvægt atriði vegna þess að enn í dag, þrátt fyrir u.þ.b. þriðjungs samdrátt í sauðfjárframleiðslunni á tíu ára tímabili, þá er sauðfjárframleiðslan enn þá grundvallaratvinnuvegur í mörgum af strjálsbýlustu héruðum landsins. Því er afar mikilvægt að ríkið dragi ekki til baka þann stuðning sem hefur á síðustu árum tryggt þá markaðshlutdeild sem sauðfjárframleiðslan heldur enn þá.

Bændur landsins og þá kannski sérstaklega sauðfjárbændur hafa á síðustu árum gengið í gegnum aðlögun sem oft á tíðum hefur verið mjög sársaukafull. Þeir hafa sýnt þar meiri sveigjanleika og meiri samstarfsvilja við stjórnvöld þessa lands en ég hygg að við munum finna dæmi um í nágrannalöndum okkar. Út frá þessum forsendum er þeim mun sárara að núv. hæstv. ríkisstjórn skyldi hafa gripið til þess ráðs við það að búa til sér þóknanlega niðurstöðu fjárlaga að fresta síðustu beinum greiðslum til bænda á þessu ári yfir áramótin.

Hv. 3. þm. Austurl. gerði rækilega grein fyrir því

áðan í sinni ræðu að hér er ekki um neina efnahagsaðgerð að ræða. Verið er að fresta þessum greiðslum um nokkrar vikur. Sú frestun hefur enga grundvallarþýðingu varðandi stöðu ríkissjóðs eða efnahagsmála en getur hins vegar komið mjög þungt niður á þeim sem áttu að njóta greiðslnanna þegar launaliðnum hjá sauðfjárbændum er kippt út á tveim síðustu mánuðum ársins. Þetta er enn óskiljanlegra þegar tekið er tillit til þess að aðspurðir margítrekuðu hæstv. ráðherrar núv. ríkisstjórnar sem fara með málið, hæstv. landbrh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að staðið yrði við búvörusamninginn.

Fram kom þegar hæstv. landbrh., að vísu sem hæstv. samgrh., fjallaði um vegáætlun fyrir þetta ár að þar væri veruleg skerðing vegna samnings sem gerður var við Reykjavíkurborg um greiðslu á skuld ríkisins við borgina vegna vegaframkvæmda. Þarna var allt í einu um að ræða samning sem varð að standa við þó svo um sé að ræða samning við einn fjársterkasta aðila í landinu, Reykjavíkurborg. Þegar hins vegar kemur að því að greiða samkvæmt samningi við sauðfjárbændur launalið þeirra með beinum greiðslum þá er allt í lagi að fresta greiðslum og standa ekki við samninginn. Það ætti því ekki að koma nokkrum manni á óvart að minni hluti landbn. gat ekki skrifað undir álit meiri hlutans.

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi að hvergi í umfjöllun um málið kom nokkuð það fram um vilja hæstv. ríkisstjórnar að leysa þetta á annan hátt, t.d. með lántöku. Miðað við hvernig samráði ríkisstjórnarinnar við hagsmunaaðila hefur verið háttað, þá gef ég ekki mikið fyrir niðurlagsorðin í frestunartillögunni þar sem rætt er um að hafa samráð við Stéttarsamband bænda. Samráð hæstv. ríkisstjórnar við hagsmunaaðila felst einfaldlega í því að segja þeim frá því að búið sé að taka ákvarðanir eða taka eigi ákvarðanir sem komi við viðkomandi aðila.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri en ítreka að minni hluti landbn. leggur til að frv. og brtt. verði samþykkt að undanskildu frestunarákvæðinu á beinu greiðslunum.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem hér er fram komið. Við sem erum í stjórnarandstöðu og sitjum í hv. landbn. skilum séráliti þar sem við teljum að frestun á beinum greiðslum til sauðfjárbænda um ⅙ hluta á því ári sem er að líða sé brot á gerðum samningi og komi því ekki til greina. Að öðru leyti erum við samþykkir því að frv. nái fram að ganga og reyndar mælum við eindregið með því að það verði afgreitt hið allra fyrsta.

Ég tel að það sé afar slæmt upphaf efnda búvörusamnings að ætla að skera greiðslurnar niður um ⅙ hluta nú þegar á fyrsta ári og ég óttast að það geti dregið dilk á eftir sér ef efndirnar eru ekki meiri í upphafi. Hv. frsm. minni hluta nefndarinnar, sem hér talaði á undan mér, hefur að öðru leyti gert grein fyrir málinu og ég þarf litlu þar við að bæta. Ég ítreka aðeins að ég hefði að sjálfsögðu verið til viðtals um þá málamiðlunarlausn að lán hefði verið tekið til þess að standa skil á þessum greiðslum og það lán hefði verið tekið af Framleiðsluráði en því aðeins að lántökukostnaður og vaxtakostnaður hefði verið greiddur af ríkinu. En því er sem sagt ekki að heilsa. Hvorki er staðið við gerðan samning né boðið upp á neina málamiðlunarlausn.

Ég vil leyfa mér að ítreka hér ýmis sjónarmið sem fram komu í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, fyrrv. landbrh., án þess að endurtaka þau hér. Hann benti á margt sem huga þyrfti að í þessu samhengi, m.a. um réttarstöðu einstakra bænda og vísa ég til ræðu hans sem hann flutti við 1. umr. málsins.

Ég vil að endingu láta þess getið að við eitt atriði þessa máls er ég ekki sáttur og það varðar leiguliðana. Hér í morgun urðu orðaskipti milli mín og hæstv. landbrh. um réttarstöðu leiguliða í tengslum við greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar. Þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf voru ekki í neinu samræmi við þær upplýsingar sem hv. formaður landbn. gaf okkur í gær um afstöðu ráðuneytisins. Hv. þm. Egill Jónsson sagði okkur í gær að ráðuneytið væri búið að endurskoða þær reglur sem giltu um greiðslur ríkisins til sauðfjárbænda vegna niðurfærslu fullvirðisréttar en það var ekki hægt að greina það af máli ráðherrans hér í morgun að svo væri. Ég tel óhjákvæmilegt í framhaldi af þeim umræðum sem urðu hér í morgun og í tengslum við afgreiðslu málsins að þessi hlið málsins verði athuguð nánar áður en málið verður afgreitt endanlega. Ég er reiðubúinn að flytja brtt. við frv. en vil auðvitað frekar að málið verði fyrst rætt í nefnd. Efni brtt. gæti hugsanlega verið eitthvað á þá leið að við 42. gr. laganna bættist ný málsgrein sem gæti hugsanlega verið efnislega eitthvað á þennan veg: Greiðslur ríkisins til sauðfjárbænda vegna niðurfærslu fullvirðisréttar skulu ganga til ábúenda sé hann annar en jarðareigandi. Við úttekt á jörðinni, þegar ábúð lýkur, skal greiðslan koma til frádráttar kröfum ábúanda við uppgjör milli ábúanda og jarðareiganda þó þannig að greiðslan skal fyrnd um 10% á ári hverju næstu tíu árin. Þetta er sú regla sem ríkið hefur tekið upp í sambandi við ríkisjarðirnar og ég sé ekki neina ástæðu til annars en sams konar regla gildi í öðrum tilvikum. Það er fullkomlega órökrétt að tvær reglur séu uppi í þessum efnum.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að hv. formaður nefndarinnar, sem ég hef vissulega haft ágæta samvinnu við og efast ekki um að ég á eftir að eiga góða samvinnu við, hafði greinilega ekki fengið sömu upplýsingar í landbrn. um framkvæmd þessara mála og þær sem hæstv. ráðherra Halldór Blöndal gaf hér í morgun. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að nefndin taki þetta til nánari athugunar milli 2. og 3. umr.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. búvörusamningurinn eða frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem er til þess að samþykkja eða staðfesta þann samning sem gerður var á síðasta ári við bændur.

Eins og fram hefur komið hjá þeim sem hér hafa talað á undan mér var efnislega ekki neinn ágreiningur milli nefndarmanna fyrr en kom að síðustu ákvæðunum til bráðabirgða sem felast í þeim brtt. sem hér hafa verið lagðar fram af meiri hluta landbn. Ég get fyllilega tekið undir það sem þeir hafa hér sagt um það mál. Ég kom inn í þessa vinnu á síðustu dögum vegna veikinda nefndarkonu Kvennalistans og fylgdist því með þessum umræðum og afgreiðslu málsins.

Ég tek undir það sem sagt hefur verið og ég er því mjög ósammála að fresta þurfi allt að ⅙ hluta af launagreiðslum til bænda. Ég tel að hægt hefði verið að finna leiðir með lánum t.d., sem ríkissjóður hefði tekið og greitt vexti af, til þess að hægt hefði verið að standa við laun til bænda. Það hefur enda komið fram hjá hv. 3. þm. Austurl., formanni landbn., að hann er efnislega sammála okkur í minni hlutanum.

Það er ákaflega einkennilega að verki staðið að ætla sér að fjármagna ríkissjóð að einhverju leyti á síðustu mánuðum þessa árs með því að halda eftir hluta af þeim launagreiðslum sem búið er að semja um við eina stétt. Að það skuli gert aðeins við eina stétt er líka nokkuð einkennilegt.

Ég vil einnig taka fram að í þessum ákvæðum til bráðabirgða er rætt um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins skuli bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992. Það er vegna ákvæða í reglugerð sem landbrh. setur vegna mismunandi niðurfærslu á greiðslumarki eftir landsvæðum. Ég er mjög ánægð með það að þetta ákvæði skuli hafa verið sett inn í lögin, þ.e. vísað er í ákvæði í 6. gr. sem er til breytingar á 3. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Landbrh. er heimilt að ákveða í reglugerð, ..., að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landssvæðum." Jafnframt er heimilt að undanþiggja einstaka framleiðendur niðurfærslu að því marki sem þegar gerðir samningar við ríkissjóðs kveða á um.

Síðan segir til áréttingar í þessum brtt. á þskj. 461, með leyfi forseta: „Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti ..." Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur enga möguleika á því að bera kostnað við sölu á kindakjöti sem félli til. Hann er illa á vegi staddur þar sem hann hefur ekki fengið nema helming af því framlagi sem lögin kváðu á um. Við afgreiðslu fjárlaga og bandorms var hann skertur um helming, í stað 700 millj. sem framlagið átti að vera á þessu ári fékk sjóðurinn aðeins 340 millj. Hann mun því engan veginn geta tekið á sig þetta ákvæði og það vil ég benda á.

Að öðru leyti er ég, eins og ég sagði í upphafi, efnislega sammála þessu frv. Ég tel nauðsynlegt að það fái þinglega meðferð hér þannig að það geti tekið gildi 1. mars nk. Ég legg til að frv. fái skjótan framgang í þinginu. Við í minni hlutanum höfum skilað sérálíti sem er á þskj. 466 og búið er að mæla fyrir. Við erum efnislega sammála frv. að öðru leyti en því að við erum ósammála þessu ákvæði til bráðabirgða um laun bænda sem um hefur verið getið. Meiri hluti landbn. hefur ákveðið að taka það samt sem áður með í sínum brtt. þó að greinilega hafi komið fram í máli hv. formanns landbn. að hann sé því eiginlega ekki sammála. En ég legg til að við látum frv. fá hér þinglega meðferð svo það geti tekið gildi 1. mars.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir það hversu greiðlega hún gekk í það mál að athuga þetta frv. sem hefur legið fyrir þinginu síðan fyrir jól.

Ég vil taka sérstaklega fram að ég er mjög sáttur við það að leitað skuli samráðs við bændur í sambandi við það hvernig dregið verður úr beinum greiðslum til bænda á þessu ári í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og fjárlög og vil reyna að standa við þau orð mín að ég hafi samráð við bændaforustuna um mikilsverðustu mál landbúnaðarins eins og ég tel mig raunar hafa gert.

Ég hygg að það verði að reyna að tryggja það að Framleiðnisjóður geti staðið við að greiðslur vegna þeirra 100 tonna sem talað er um vegna mismunandi skerðingar í héruðum og hef ekki áhyggjur af þeim efnum.

Ég vil aðeins segja við hv. 3. þm. Norðurl. v. að það frv. sem hér liggur fyrir er tæknilegs eðlis. Það er í samræmi við búvörusamning til að hægt sé að greiða bændum beingreiðslurnar nú um mánaðamótin og vil spyrja hvort ekki sé hægt að ná um það samkomulagi að brtt. hans verði flutt sem sérstakt þingmál. Efni hennar er af öðrum toga, það er ekki alveg einfalt og greinilegt að það ætti að fara til þeirrar athugunar sem óhjákvæmilegt er með hliðsjón af eignarréttarákvæðum stjórnarskrár og ýmsum öðrum atriðum. Þannig mun þetta frv. dragast mjög á langinn. Ég held að brtt. af þessu tagi geti naumast verið afgreitt á einum degi eða tveim, hvað þá broti úr sólarhring án þess að menn geti athugað textann nákvæmlega og vil beina þeim tilmælum til hans að hann taki þetta mál upp með öðrum hætti en leyfi þessu frv. að hafa sinn gang til þess að hægt sé að standa við ákvæði búvörusamnings um beingreiðslur til bænda. Í þessu frv. er ekkert annað en það sem lögmenn töldu rétt og óhjákvæmilegt að kæmi inn í frv. að höfðu samráði við bændaforustuna sem fékk það til umsagnar áður en það var lagt fram hér á þinginu.

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram og sérstaklega fagna ég þeim orðum hæstv. landbrh. að hann muni ræða sérstaklega við Stéttarsamband bænda um með hvaða hætti bráðabirgðaákvæðið gæti gengið fram og þá væntanlega á þeim grundvelli að það yrði sem líðanlegast fyrir bændur landsins.

Það kom fram í máli hv. þm. Ragnars Arnalds að upplýsingar sem ég gaf í landbn. hefðu verið á annan veg heldur en það sem hefði komið fram í fyrirspurnatíma í morgun. Það sem ég sagði um þessi efni var raunar ekki úr landbrn., hefur kannski verið ónákvæmt frá minni hendi, en ég hafði það eftir formanni Stéttarsambands bænda.

Ég er ekki alveg viss um að við hv. þm. Ragnar Arnalds skiljum hvor annan í þessum efnum. Það sem mér tókst eftir að lægi fyrir að yrði haft til viðmiðunar í landbrn. var að á þá niðurfærslu á fullvirðisrétti, sem kann að eiga sér stað, væri litið sem skaðabætur eða bætur. Og þá slíkar bætur til þeirra sem á jörðunum sitja. Þetta var það sem ég var að reyna að koma á framfæri í landbn. og má vera að um þetta mál hefði þurft víðtækari og aflmeiri umræðu en þar var. En ég bendi á það, sem reyndar kom fram í máli hæstv. landbrh. áðan, að mál sem þessi þurfa náttúrlega að fara í umræðu til þeirra sem hlut eiga að máli. Mér finnst tæpast nokkur leið að afgreiða jafnstefnumarkandi ákvörðun sem þessa öðruvísi en hún hafi verið rædd hjá þeim sem eiga hlut að máli. Og ég vek aðeins athygli á því að hv. frsm. minni hlutans, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, lagði fram í nefndinni tillögu sem mér fannst og finnst vera alveg sjálfgefið að komi til löggildingar í búvörulögunum en hún snerti skipulag þessara samtaka, þó reyndar væri hægt að finna um það fundasamþykktir að hér ætti breyting að verða á. En þrátt fyrir þetta féllst sá hv. þm. á að geyma þá tillögu til betri tíma þannig að mér þætti afar mikilvægt ef við gætum komist að þeirri niðurstöðu að t.d. yrði horfið að því ráði, sem hæstv. landbrh. talaði hér um, að fram kæmi tillaga á þinginu um breytingar á búvörulögunum sem fæli þetta í sér og þá skyldi ekki standa á mér og skárra væri það að hún gæti ekki gengið til þeirrar eðlilegu umfjöllunar sem slík tillaga þarf að fá.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég hef vakið athygli á þessu vandamáli núna um nokkurra vikna skeið. Ég bar fram þessa fyrirspurn fyrir tveim til þrem vikum og hef ítrekað óskað eftir því að málið væri tekið fyrir til alvarlegrar umfjöllunar í nefndinni. Það virðist hafa farið tvennum sögum af þessu máli, annars vegar hvað varðar upplýsingar frá formanni Stéttarsambandsins og hins vegar þær fréttir sem berast úr landbrn. og ég tel óhjákvæmilegt vegna þess að þetta eru þau lög sem einmitt varða þá spurningu sem ég er hér að velta upp að þetta sé þá tekið til alvarlegrar umræðu og alvarlegrar úrlausnar í tengslum við afgreiðslu þessara laga. En mér geta auðvitað ekki nægt á nokkurn hátt ábendingar hæstv. ráðherra um það að mér sé í lófa lagið að flytja bara sjálfstætt þmfrv. um þetta. Hæstv. ráðherra veit auðvitað jafn vel og ég að það hefur dálítið aðra merkingu að einn þingmaður flytji hér frv. og svo hitt að stjfrv. sé á ferðinni þar sem verið sé að fjalla um málið og afgreiða það. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá einhver skýrari svör um það hvernig tekið verði á þessu máli. Þess vegna hef ég óskað eftir því að fundur verði haldinn í landbn. þar sem málið sé tekið fyrir áður en það er endanlega afgreitt hér í þinginu.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga að landbn. þingi milli 2. og 3. umr. um þetta mál. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði á fyrirspurnafundi í morgun að væntanleg er nú í næstu viku mjög ítarleg skýrsla eftir Sigurð Líndal prófessor þar sem hann fjallar um aðdraganda fullvirðisréttarins og þær lagaheimildir sem hafa verið fyrir honum og þær venjur sem um hann hafa skapast, og óhjákvæmilegt er fyrir þá sem ætla að standa að löggjöf um þau efni að setja sig rækilega inn í þá greinargerð áður en ákvarðanir eru teknar hér í þinginu eða málið rætt út frá forsendum stjórnskipunar eða eignarréttar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðaþingmannasambandið 1991, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 262. mál. — Þskj. 439.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil hér í örstuttu máli fylgja úr hlaði skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir sl. ári. Henni hefur verið útbýtt á þskj. 439.

Skýrslur þessar sem á sínum tíma voru nýmæli hér í þingstörfum hafa komið árlega um nokkurra ára skeið og reyndar liggur sú ánægjulega staðreynd fyrir að allar aðrar alþjóðanefndir í þinginu hafa tekið upp sama hátt og leggja nú fyrir þingið skýrslur um starfsemi sína og verður það að teljast mjög til bóta frá því sem áður var.

Alþjóðaþingmannasambandið er elst af þeim þingmannasamtökum sem Alþingi tekur þátt í, átti 100 ára afmæli fyrir þremur árum síðan. Það var í upphafi fyrst og fremst frjáls samtök þingmanna en hefur á síðustu árum þróast yfir í að verða meira í líkingu við önnur alþjóðasamtök þar sem þingin sem slík eiga aðild og tilnefna formlega sínar sendinefndir.

Á sl. ári urðu nokkrar breytingar í störfum sambandsins að því leyti til að allnokkuð fjölgaði þeim þingum sem aðild eiga að sambandinu og nú munu 116 þjóðþing eiga aðild að þessum samtökum. Á síðasta þingi bættust m.a. við þjóðþingin í Eistlandi, Lettlandi og Litáen en þessi ríki áttu fulltrúa í samtökunum á árunum fyrir síðara stríð og var það sérstakt fagnaðarefni að geta boðið þau velkomin í hópinn á nýjan leik á síðasta þingi. Gengust norrænu þjóðdeildirnar sérstaklega fyrir því sín í milli, bæði að kynna Böltunum þessa starfsemi og greiða fyrir því að aðildarumsóknir bærust en jafnframt að þeir gætu tekið þátt í síðasta þingi sem haldið var í Santíagó í Síle á síðasta hausti. Fyrir mig persónulega var það sérstaklega ánægjulegt að geta sem þingforseti á því þingi veitt fulltrúa Eistlands orðið í fyrsta skipti á þessum vettvangi í rúmlega 50 ár.

Á síðasta ári er óhætt að segja að starfsemi Íslandsdeildar hafi verið í lágmarki fyrri hluta ársins. Það skýrist að sjálfsögðu af þeim þingkosningum sem fram fóru í apríl. Við tókum þátt í norrænum þætti samstarfsins með venjulegum hætti, áttum m.a. aðild að

bréfi til forseta sovéska þingsins í janúar á sl. ári þar sem mótmælt var framferði Sovétmanna í Litáen. Það bréf var sent Ivan Laptev þáverandi þingforseta og afhent í sendiráði Sovétríkjanna í Reykjavík. Einnig tók ritari deildarinnar þátt í sérstakri kynningu sem fram fór í Stokkhólmi fyrir fulltrúa baltnesku ríkjanna. Það var í mars á sl. ári en því miður höfðu þingmenn ekki aðstöðu eða tíma til þess að taka þátt í því eins og á stóð.

Vorþing sambandsins var haldið í Norður-Kóreu í aprílmánuði en vegna kosninganna var ekki um að ræða neina þátttöku af Íslands hálfu í því þingi. Það hefur reyndar áður komið fyrir að sleppt hafi verið þátttöku á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins við þessar aðstæður og ég minnist þess að vorið 1987 þegar þingið var haldið í Nikaragúa var sömuleiðis ekki um að ræða neina þátttöku af hálfu Íslandsdeildar.

Hins vegar sendi Íslandsdeildin fjóra fulltrúa á sínum vegum á haustþing sambandsins sem haldið var eins og ég áður sagði í Santíagó í Síle og voru þar auk þess sem hér stendur þingmennirnir Gunnlaugur Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir og Einar K. Guðfinnsson. Óhætt er að segja að þessi sendinefnd, sem naut góðrar aðstoðar Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar, hafi tekið virkan þátt í störfum þingsins. Það voru fluttar margar ræður í nafni Íslandsdeildarinnar og virk þátttaka að ýmsu öðru leyti í þessum störfum. M.a. var formanni deildarinnar falið að gegna formannsstörfum í sérstakri undirnefnd sem annaðist drög að ályktun um aukna fríverslun í heiminum og GATT-viðræðurnar sem kenndar eru við Úrúgvæ og var honum jafnframt falið að mæla fyrir tillögu sem síðan var samþykkt einróma á þinginu.

Á vissan hátt má segja að starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins skeri sig nokkuð úr því sem tíðkast almennt í alþjóðasamstarfi þingsins. Hér er ekki um að ræða nefndastörf milli þinganna heldur fyrst og fremst tvö þing ár hvert, vor og haust, sem þingmenn sækja og nefndastörf sem fram fara eru unnin á þessum þingum. Það er ekki um að ræða nefndafundi milli þinga nema um sé að ræða alveg sérstök málefni, sérstaka þætti sem er kosið eða valið sérstaklega til milli þinga og um þátttöku í slíku hefur ekki verið að ræða af okkar hálfu á þessu ári. En ég vek sérstaklega athygli á því í þessu sambandi að á vegum þessa sambands hefur um langt árabil verið unnið mjög þarft verk að því er varðar mannréttindamál þingmanna og sérstök fastanefnd á vegum sambandsins hefur beitt sér um árabil fyrir því að þingmenn í löndum þar sem lýðræðið hefur verið fótum troðið nái rétti sínum og lýðræðisleg skipan komist á á nýjan leik. Þess eru því miður allt of mörg dæmi að þingmenn séu handteknir víða um lönd án dóms og laga og standa þessi samtök fremst í því að reyna að tryggja að þessir aðilar nái rétti sínum. Þeim hefur orðið verulega ágengt í sumum tilvikum en því miður ekki alls staðar, ekki enn þá.

Það var mörgum sérstakt ánægjuefni að síðasta þing sambandsins skyldi vera haldið í Santíagó í Síle eftir að þar er komin á nýjan leik lýðræðislega kjörin ríkisstjórn. Þannig stóð á haustið 1973 að þá hafði verið ráðgert að halda reglulegt þing sambandsins í þeirri borg. En vegna atburðanna sem þá urðu þar í landi og stjórnarbyltingarinnar sem þá var gerð var því frestað og landinu reyndar vikið úr sambandinu stuttu síðar og átti Síle ekki aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu um langt árabil eða þar til í fyrra að þeir fengu þar aðild á nýjan leik og beittu sér síðan fyrir því að boða til þingsins á síðasta ári.

Ég hyggst ekki, virðulegi forseti, fara mjög nákvæmlega í saumana á ályktunum eða öðru því sem á þessum þingum hefur verið samþykkt. Þessar ályktanir liggja fyrir sérstaklega í tveimur útgáfum sem jafnan koma fram að loknum þessum þingum. Annað eru eingöngu ályktanir og niðurstöður atkvæðagreiðslna sem ég hef hér í höndunum og svo hins vegar er sérstök samantekt á öllum ræðum sem fluttar hafa verið og annað sem gerst hefur á þessum þingum rakið mjög nákvæmlega og ítarlega. Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér það geta að sjálfsögðu fengið þau gögn hjá Þorsteini Magnússyni, ritara deildarinnar.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, virðulegi forseti, að á síðasta ári var jafnframt haldin aukaráðstefna, utan við hin venjulegu vor- og haustþing sambandsins. Sú ráðstefna fjallaði um málefni Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og var bundin við þau 35 ríki sem þá áttu aðild að þeirri samkomu.

Þessi ráðstefna var haldin í Vínarborg á síðasta sumri. Á hana féll að vísu skuggi átakanna í nágrannaríkinu Júgóslavíu sem þá voru nýhafin og settu vissulega mikinn og leiðan svip á þessi störf. Á þessari ráðstefnu var samþykkt ályktun um málefni héraðanna í þáverandi Júgóslavíu og fram kom í umræðum, m.a. hjá þeim sem hér stendur, áhugi á því að tryggja hinum einstöku lýðveldum í Júgóslavíu fullan rétt sem sjálfstæðum og fullvalda ríkjum ef ekki ræðst úr þessum málum. Allir vita síðan hver þróunin hefur orðið í þessum efnum og Íslendingar hafa viðurkennt sjálfstæði Slóveníu og Króatíu og er vonandi að úr þessum deilumálum leysist með friðsamari hætti en virst hefur undanfarið.

Hv. 3. þm. Reykv. vakti máls á því í framsögu sinni fyrir skýrslu Evrópuráðsins að stofnfundur sérstaks þings þingmanna frá löndunum sem eiga aðild að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu verður haldinn í Búdapest í sumar og þar verður komið á laggirnar nýju fjölþjóðaþingi þessara ríkja. Þar með mun væntanlega afskiptum Alþjóðaþingmannasambandsins af þessu verða lokið. Þetta þing mun koma í staðinn auk þess sem það mun væntanlega taka að sér víðtækari verkefni. Ég fagna því að forsætisnefnd hefur ákveðið að taka þátt í þeim störfum í samræmi við tillögur sem fram komu á síðasta ári frá fulltrúum okkar í Evrópuráðinu sem m.a. sóttu undirbúningsfund í Madrid út af þessu máli. Ég lýsi stuðningi við þá ákvörðun að fulltrúar Alþingis í Evrópuráðinu taki þátt í þessum störfum a.m.k. fyrst um sinn.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlegar í saumana á þessu þskj. eða gera nánari grein fyrir því. Vissulega kunna að vera skiptar skoðanir um

það hvað Alþingi eigi að verja miklu ráðstöfunarfé eða þingmenn miklu af sínum tíma í alþjóðlegt samstarf. Ég vildi fjalla nokkrum orðum um það atriði í lokin og leyfa mér að vitna í það sem hv. 18. þm. sagði í umræðu um skýrslu Evrópuráðsins áðan og taka undir það að vissulega er það svo að þessi þáttur í starfsemi Alþingis hefur farið mjög vaxandi en ekki bara Alþingis Íslendinga heldur annarra þjóðþinga samtímis og er orðinn mjög mikilvægur hlekkur í starfi allra þjóðþinga í kringum okkur og víðar um heim sem vilja láta taka sig alvarlega. Vissulega er það svo að þessu fylgir auðvitað einhver kostnaður og þingmenn verða að verja tíma sínum í þetta samstarf. Ég hygg hins vegar að þeim tíma sé yfirleitt vel varið og þeim fjármunum sömuleiðis. Ég held að það sé ekki síst mikilvægt fyrir lítil ríki og lítil þjóðþing sem hafa þó einhverja reisn, eins og við teljum að Alþingi Íslendinga hafi, að sýna sig á þessum vettvangi, hvar sem tækifæri gefst, hafa sig þar í frammi og koma á framfæri íslenskum sjónarmiðum. Að öðrum kosti vofir yfir okkur sú hætta að forpokast og einangrast yfir okkar vandamálum sem eru að vísu oft og tíðum alvarleg en hins vegar gjarnan smámunir í samanburði við það sem ýmsar aðrar þjóðir eiga við að glíma. Þessu mega menn ekki gleyma og þetta mega menn ekki vanrækja að kynna sér og taka þátt í.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, virðulegi forseti, en ég vil áður en ég lýk máli mínu sérstaklega flytja samstarfsmönnum mínum á síðasta ári í þessari deild þakkir fyrir mjög ánægjulegt samstarf sem engan skugga hefur á borið. Það virðist vera reynslan að flokkspólitísk deilumál hverfi í skuggann þegar fólk sameinast á vettvangi sem þessum og nær að vinna saman á eilítið öðrum grundvelli heldur en gerist í þinginu sjálfu. Það er vissulega ánægjulegt. Einnig vildi ég í lokin þakka Þorsteini Magnússyni, ritara deildarinnar, fyrir hans störf sem öll hafa verið unnin af alveg sérstakri prýði á þessu ári sem endranær.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu 1991, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 264. mál. — Þskj. 442.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að segja nokkur orð í tilefni af þessari skýrslu sem er hér á borðum þingmanna. Ég vil byrja á að þakka meðnefndarfólki mínu sem hefur verið með mér í þessari nefnd og eins ritara nefndarinnar, Þórði Bogasyni, en starfsemin í nefndinni hefur öll verið hin ánægjulegasta og vonandi gagnleg fyrir okkur öll sem höfum tekið þátt í henni.

Sú breyting varð á nefndinni í kjölfar síðustu alþingiskosninga að í henni var fjölgað. En á 113. löggjafarþingi áttu sæti í henni aðeins tveir þingmenn, þeir Matthías Á. Mathiesen og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Jafnframt ber þess að geta að Matthías var jafnframt varaformaður þingmannanefndar EFTA. En á þessu löggjafarþingi var fjölgað úr tveimur í fimm og þar að auki einn áheyrnarfulltrúi kosinn til viðbótar. Í nefndinni eru núna Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson, Villhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson, sem eru tilnefnd af þingflokkum til setu í Íslandsdeildinni á yfirstandandi kjörtímabili. Sá sem hér stendur var kosinn formaður deildarinnar.

Þetta þýðir að allir þingflokkar eiga fulltrúa í Íslandsdeild nefndarinnar og hafa allir þessir fulltrúar farið á fundi nefndarinnar ýmist hér í Reykjavík eða í Genf. Síðan höfum við jafnframt sótt fundi í Strassborg en við skulum koma að því síðar. Starfsemi nefndarinnar hefur verið mjög í tengslum við þær umræður sem hafa átt sér stað um hið Evrópska efnahagssvæði og þær samningaviðræður sem hafa staðið yfir um það.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi aðili innan EFTA. Þetta er annar af tveimur slíkum aðilum en auk þingmanna frá ýmsum löndum er jafnframt starfandi ráðgjafarnefnd fulltrúa atvinnulífs og verkalýðshreyfingar. Þessir tveir ráðgefandi aðilar starfa saman og þeir gefa sitt álit á því sem er að gerast innan EFTA og því starfi sem þar er fyrirhugað að vinna.

Þingmannanefndin hefur jafnframt haft það hlutverk að hafa samskipti við þingmenn Evrópuþingsins. Meiningin er að í kjölfarið af væntanlegri samþykkt samninga um hið Evrópska efnahagssvæði verði formlegt samstarf milli þingmanna EFTA-ríkjanna og þingmanna Evrópuþingsins. Það hefur töluverð vinna farið í það innan nefndarinnar að móta það samstarf. Eins er að koma inn í myndina í starfi nefndarinnar samstarf við Austur-Evrópuríkin, þ.e. Pólland, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland í tengslum við fríverslunarsamninga sem væntanlega verða gerðir við þau ríki af EFTA. Enn fremur hefur verið rætt lítillega um samstarf við önnur ríki sem fríverslunarsamningar verða gerðir við á næstunni.

Það hafa verið haldnir nokkrir fundir á þessu ári. Tuttugasti fundurinn var haldinn 4.–5. febr. 1991, síðan var 21. fundurinn haldinn í tengslum við þann fund, 23. fundurinn var haldinn hér í Reykjavík 18.–20. júní, 22. fundurinn var haldinn í Vínarborg í maímánuði, 24. fundurinn var haldinn í Genf í október og 25. fundurinn var haldinn í desember í Genf.

23. fundurinn, sem var haldinn hér í Reykjavík, var aðalfundur nefndarinnar. Þá skipti formennskan yfir til Íslands og það kom í hlut þess sem hér talar að gegna formennsku í þingmannanefndinni. En í júní nk. mun formennskan væntanlega færast yfir til Svíþjóðar í hendur Nic Grönvall sem er þingmaður fyrir sænska Íhaldsflokkinn.

Jafnframt fundinum sem var haldinn í Reykjavík var fundur með þingmönnum Evrópuþingsins og þar fóru fram miklar umræður um samstarf þessara aðila. Það er óhætt að segja að þar voru nokkrar deilur á milli manna sem síðan leystust og þeir þingmenn Evrópu-

þingsins sem þar komu hafa haft töluverðan áhuga á þessu samstarfi við þingmenn EFTA-ríkjanna og eru væntanlega í fararbroddi þeirra þingmanna Evrópuþingsins sem hafa áhuga á því að samþykkja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Í desember var haldinn annar fundur með þingmönnum á Evrópuþinginu í Strassborg. Þar komu fram ýmis sjónarmið sem síðan hafa komið meira inn í myndina í kjölfar þess að samningur um hið Evrópska efnahagssvæði er tilbúinn. Þar fengu þingmenn EFTA-ríkjanna þau skilaboð að þingmenn Evrópuþingsins væru ekki alls kostar ánægðir með samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði enda kom á daginn að Evrópuþingið samþykkti kröfu um að honum yrði vísað til Evrópudómstólsins í annað sinn.

Það er alveg ljóst að helsta verkefni þessarar nefndar nú á næstu mánuðum verður að sannfæra eins marga af þingmönnum Evrópuþingsins og hægt er um að þessi samningur um hið Evrópska efnahagssvæði sé pappírsins virði og hann eigi að samþykkja. En það hefur eins og ég sagði áðan töluverð andstaða verið við hann innan Evrópuþingsins. Enn fremur mun þingmannanefndin þurfa á næstunni að móta afstöðu til samskipta við þing Austur-Evrópu, Tyrklands og jafnvel Ísraels í ljósi væntanlegra fríverslunarsamninga við þau ríki.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins í framhaldi af þessari ræðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar varpa fram þeirri spurningu hvort það sé ætlunin að koma á fót sérstöku EES-þingi og hvort þar eigi þá að starfa EFTA-ráðgjafarnefnd þingmanna, þessi nefnd sem hér hefur verið gefin skýrsla um, og síðan sé ætlunin að koma á fót annars konar þingmannanefnd sem eigi að sinna EES-málum eða hvort umræður miði að því að þessi nefnd sameinist einhverri nefnd frá Evrópuþinginu um þessi EES-málefni? Hvort hann geti svarað spurningu um það efni.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þessi mál hafa verið allmikið rædd innan nefndarinnar og fyrstu hugmyndir þingmannanefndarinnar gengu út á það að þingmannanefndin sjálf væri í rauninni samskiptaaðilinn við Evrópuþingið þannig að það væri ekki verið að búa til, þrefalt eða fjórfalt batterí í kringum þessi samskipti við Evrópuþingið. Þingmannanefnd EFTA starfar að sjálfsögðu samkvæmt Stokkhólms-samningnum um EFTA og er þessi ráðgjafaraðili innan EFTA. Síðan er í EES-samningnum ákvæði um sameiginlega þingmannanefnd sem hefur ráðgefandi hlutverki að gegna innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það náttúrlega er öllum sem um þetta hafa fjallað ljóst að það væri mikill tvíverknaður og kostnaðarauki því samfara ef það væru ekki sömu aðilarnir í þingmannanefnd EFTA og þingmannanefndum Evrópska efnahagssvæðisins. En þegar þetta var rætt kom á daginn að viss vandamál komu upp vegna mismunandi tilnefningar EFTA-þinganna í þingmannanefnd EFTA. Þannig var þetta fyrirkomulag ekkert vandamál fyrir nokkurn aðila nema Finna, en þannig háttar að utanríkismálanefnd finnska þingsins hefur tilnefnt í þingmannanefnd EFTA á meðan við höfum t.d. það fyrirkomulag að það eru þingflokkarnir sem tilnefna í okkar nefnd.

Niðurstaðan varð sú að reiknað er með að einstök þing tilnefni beint í hina sameiginlegu þingmannanefnd EFTA en þingmannanefndin hefur lagt það til að Stokkhólms-sáttmálanum verði breytt með þeim hætti að það verði tryggt að sömu menn sitji í báðum nefndum. Síðan getur þetta verið spurning um það líka hvort þingmannanefnd EFTA er í sjálfu sér stærri heldur en hin sameiginlega nefnd. En það er ekki búið að kveða upp úr um það enn þá einfaldlega vegna þess að starfsreglur hinnar sameiginlegu nefndar, sem kveða á um fjölda nefndarmanna, hafa ekki enn þá verið samþykktar. En ég get fullvissað hv. 3. þm. Reykv. um að það er fullur vilji fyrir því að haga þessu samstarfi með eins litlum kostnaði og mikilli skilvirkni og unnt er, alla vega af hálfu þingmannanefndar EFTA.

Norður-Atlantshafsþingið 1991, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 265. mál. — Þskj. 443.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Þingmannasamtök Norður-Atlantshafsþjóðanna voru stofnuð árið 1955. Fulltrúar Alþingis á stofnfundinum voru Björn Fr. Björnsson, Guðmundur Í. Guðmundsson og Jóhann Hafstein. Í þingmannasambandinu eru 188 þingmenn frá öllum aðildarríkjum bandalagsins en samtökin eru vettvangur þar sem þingmenn frá Norður-Ameríku og Evrópu koma saman til að ræða mál er varða sameiginlega hagsmuni. Hefur það jafnframt verið eina samkoman þar sem fulltrúar þessara heimsálfa koma saman reglulega. Með stofnun RÖSE-þings bætist ein slík stofnun við en þing hennar kemur saman í fyrsta sinn í júlí á þessu ári.

Ráðherrar, eða aðrir sem eiga beina aðild að ríkisstjórnum, mega ekki vera fulltrúar í samtökunum. Fulltrúatala aðildarríkja er í hlutfalli við mannfjölda og eru þeir tilnefndir af þjóðþingum í samræmi við starfsreglur þingsins. Samkoman endurspeglar því breitt pólitískt svið og sem dæmi um það má nefna að Ítalía og Frakkland hafa um árabil sent fulltrúa kommúnistaflokks á þingið.

Með árunum hafa samskipti þingsins við NATO tekið á sig fastara form. Meðal formlegra samskipta má nefna að framkvæmdastjóri bandalagsins skilar formlegu svari fyrir hönd Atlantshafsráðsins við öllum samþykktum þingsins. Framkvæmdastjórinn ávarpar þingið á aðalfundi þess að hausti og að frumkvæði Carringtons lávarðar, fyrrum framkvæmdastjóra NATO, er efnt til fundar milli helstu fastafulltrúa á þinginu og

fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft verður þingið að bregðast við örum breytingum á alþjóðavettvangi. Þörfin fyrir slíkt bandalag, sem sameinar þjóðir beggja vegna Atlantshafs, er enn fyrir hendi þrátt fyrir að ekki sé lengur þörf á því að verjast sameiginlegum óvini í austri sem voru ríki Varsjárbandalagsins. Breytinga og aðlögunar er nú þörf í ljósi þess að skýr og yfirvofandi ógnun er ekki lengur til staðar. Umfram allt kallar þetta á þróun varnarfyrirkomulags sem byggir á samvinnu frekar en árekstrum. Öryggi á grundvelli samstarfs mun krefjast aukinna viðræðna milli þeirra aðila sem áður stóðu í andstæðum fylkingum. Norður-Atlantshafsþingið hefur tekið forustuna í tilraunum til að koma á slíkum tengslum og viðræðum. Árið 1990 samþykkti þingið á fundi sínum í Róm ályktun um að það skyldi starfa sem vettvangur beinna samskipta við þingmenn frá Varsjárbandalagsríkjum til að skiptast á hagnýtri reynslu og hugmyndum um hlutverk löggjafarþinga í mótun innanríkis- og utanríkisstefnu og eftirlit með framfylgd hennar samkvæmt þingræðislegum reglum.

Meginverkefni Atlantshafsþingsins er að upplýsa og efla samstöðu. Þingið gerir löggjöfum kleift að koma á framfæri áhugaefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum varðandi mikilvæg sameiginleg hagsmunamál. Enn fremur er Atlantshafsþingið mikilvægur tengiliður milli bandalagsins og þjóðþinga aðildarríkja þess. Fulltrúar á þinginu geta nýtt sér á þjóðþingum upplýsingar og reynslu sem þeir fá með þátttöku sinni í störfum þingsins og tryggt þannig að málefni og áhugaefni bandalagsins fái sem mesta umfjöllun og athygli.

Þingið er jafnframt mikilvægur vettvangur til að meta viðhorf þjóðþinga og almennings til málefna bandalagsins. Það liggur í augum uppi að stuðningur almennings er lífsnauðsynlegur fyrir framtíðarvelgengni bandalagsins og að viðhorf almennings er grunnþáttur í umræðum um framtíðarfyrirkomulag varnarmála. Með umræðum sínum veitir Atlantshafsþingið góða innsýn í álit almennings og þingmanna á málefnum bandalagsins. Á þennan hátt má segja að þingið gegni mikilvægu hlutverki í stefnumótun þótt áhrif þess séu óbein.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo fundi árlega, auk stjórnarfundar, svokallaðan vorfund og allsherjarþing að hausti. Þingin eru haldin í aðildarríkjum bandalagsins. Innan Norður-Atlantshafsþingsins starfa fimm fastanefndir en þær eru stjórnmálanefnd, efnahagsmálanefnd, félagsmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd og vísinda- og tæknimálanefnd. Óski nefnd að kanna til hlítar einstök málefni sem fram koma á nefndarfundum og heyra undir starfssvið hennar skipar hún undirnefnd eða vinnuhóp sem er falið að gera vettvangskönnun og skila nefndinni skýrslu um málið. Á grundvelli þeirra eru gerð drög að ályktunum sem lögð eru fyrir þingið fái þau samþykki nefndarinnar. Þannig er enginn texti lagður fyrir þingið nema að hafa áður hlotið samþykki viðkomandi nefndar. Ályktunum, sem samþykktar eru á þinginu, er vísað til Atlantshafsráðsins eða viðkomandi ríkisstjórna, þjóðþinga eða alþjóðastofnana, eftir eðli þeirra.

Stjórn Atlantshafsþingsins skipa fimm menn og er forseti þess Charlie Rose frá Bandaríkjunum. Sérstök stjórnarnefnd er einnig ásamt stjórninni og skipa hana einn fulltrúi frá hverju landi. Karl Steinar Guðnason er í stjórnarnefndinni fyrir Íslands hönd en Sólveig Pétursdóttir til vara.

Fulltrúar Alþingis á fundi Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Eru tilnefndir þrír aðalmenn og þrír til vara. Á fyrri hluta árs 1991 voru þau Guðmundur H. Garðarsson, formaður, Jóhann Einvarðsson, varaformaður, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Ingi Björn Albertsson og Ásgeir Hannes Eiríksson í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins. Eftir alþingiskosningar í apríl 1991 var skipuð ný sendinefnd samkvæmt 35. gr. þingskapalaga. Þá völdust í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins: Karl Steinar Guðnason, formaður, Alþfl., Sólveig Pétursdóttir, varaformaður, Sjálfstfl., Jón Kristjánsson, Framsfl., Ingi Björn Albertsson, Sjálfstfl., Tómas Ingi Olrich, Sjálfstfl., og Finnur Ingólfsson, Framsfl. Þá tók Þóra Guðnadóttir við starfi ritara Íslandsdeildarinnar af Aðalheiði Birgisdóttur.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins í samræmi við vilja og ákvörðun viðkomandi sendinefnda. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins fullan atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram hverjir sitja í hverri nefnd og vísa ég til þess.

Á árinu 1991 var þátttaka Íslandsdeildarinnar í störfum Norður-Atlantshafsþingsins óvenju lítil einkum vegna alþingiskosninganna í apríl.

Haldinn var stjórnarfundur 5.–6. apríl 1991 í Key West í Bandaríkjunum. Hann var ekki sóttur af hálfu Íslandsdeildarinnar.

Vorþingið var haldið 23.–27. maí 1991 í Rotterdam. Þingið sóttu Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Ásgeir Hannes Eiríksson og Aðalheiður Birgisdóttir, ritari Íslandsdeildarinnar. Ein meginniðurstaða þingsins var stofnun svokallaðs „Rose-Roth" framtaks sem eru tvíhliða viðræður milli Norður-Atlantshafsþingsins og Austur-Evrópu og nefndar eftir núverandi forseta Norður-Atlantshafsþingsins, Charlie Rose og bandaríska öldungadeildarþingmanninum William Roth. Þessar viðræður miða aðallega að því að veita aðstoð við lýðræðisþróun og eflingu lýðræðis í Austur-Evrópu. Í þessu felst í fyrsta lagi að auðvelda á fulltrúum austur-evrópskra þjóðþinga að taka þátt í störfum Norður-Atlantshafsþingsins. Í öðru lagi er um að ræða stofnun sérstakrar samstarfsnefndar sem skipuð er fulltrúum Norður-Atlantshafsþingsins og áheyrnarfulltrúum frá Austur-Evrópu. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um uppbyggingu nýs öryggiskerfis í Evr-

ópu. Þá hefur verið efnt til serstakra funda með þingum í Austur-Evrópu og aðalskrifstofa samtakanna hefur tekið við starfsfólki frá Austur-Evrópu til starfsþjálfunar.

Dagana 10.–14. júní fór undirnefnd vísinda- og tæknimálanefndar um sannprófun og tækni í vettvangskönnun til Þýskalands. Markmið ferðarinnar var að rannsaka framkvæmd og eftirlit afvopnunar í Þýskalandi svo og sameiningu herja Vestur-Þýskalands og fyrrum Austur-Þýskalands. Farið var í höfuðstöðvar fyrrum varnarmálaráðuneytis Austur-Þýskalands í Strausberg en þar var Varsjárbandalagið stofnað fyrir rúmlega 40 árum. Ferðina fóru Salome Þorkelsdóttir, varamaður Íslandsdeildarinnar, og ritari, Þóra Guðnadóttir.

Allsherjarþing samtakanna var haldið 18.–22. október 1991 í Madrid. Sóttu það Karl Steinar Guðnason, formaður, Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Ingi Björn Albertsson og Þóra Guðnadóttir ritari. Þá var Eystrasaltsríkjunum, Eistlandi, Lettlandi og Litáen veitt áheyrnarfulltrúastaða og flutti einn fulltrúi frá hverju landi stutt ávarp. Umræða síðasta daginn í sameinuðu þingi bar yfirskriftina „Staða NATO eftir hrun Sovétríkjanna" en allt starf þingsins snerist að mestu leyti um þetta málefni að þessu sinni, þ.e. stöðu samtakanna í breyttri heimsskipan og þær breytingar sem sameining Evrópu hefði í för með sér á sviði öryggis- og varnarmála. Undirbúin var skýrsla um viðbrögð Bandaríkjanna við sameiningu Evrópu og breytt hlutverk varnarbandalagsins í ljósi þess. Efnahagsaðgerðir og aðstoð við Austur-Evrópuþjóðir sem væru að þróa lýðræðislega stjórnarhætti voru ræddar svo og mikilvægi efnahagsmála í mótun nýs pólitísks landakorts. Þá var fjallað um nýtt öryggis- og varnarumhverfi í Evrópu og aðgerðir til að tryggja virkt vopnaeftirlit.

Eins og fram hefur komið hafa gífurlegar breytingar átt sér stað í samtökunum nú allra síðustu árin. Hröð breyting heimsmála hefur vissulega haft áhrif á samtökin og er það athyglisvert hve aðlögunin hefur tekist vel. Atlantshafsbandalagið var á sínum tíma stofnað í því skyni að stöðva framrás kommúnismans, stöðva útþenslu einræðisríkjanna í austri sem með valdbeitingu, ógnunum, svikum og prettum ógnuðu öryggi Vesturlanda. Þjóðir Evrópu, sem örfáum árum fyrr höfðu háð blóðuga baráttu sín á milli, skynjuðu hættuna og þá einkum þegar þróuð menningarríki eins og Tékkóslóvakía höfðu fallið fyrir ránshendi Sovétkommúnismans. Bandaríkjum Ameríku var á sama hátt ógnað.

Á milli Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna hafa ætíð verið sterk tengsl. Þau sterku bönd urðu enn sterkari í heimsstyrjöldinni síðari með þeirri gífurlegu aðstoð sem Bandaríkin veittu þjóðum Evrópu í baráttunni gegn Hitlers-Þýskalandi. Stofnun Atlantshafsbandaslagsins var í raun rökrétt framhald af varnarbaráttu þessara þjóða fyrir tilveru sinni, fyrir sjálfstæði sínu.

Nú þegar kommúnisminn er hruninn og öllum Vesturlandabúum er ljóst hve kommúnisminn var grimmilegt kúgunartæki gagnvart alþýðu manna er ástæða til að minnast þess að hér á landi var býsna sterk hreyfing sem varði Sovétríkin og skipulag þeirra í einu og öllu. Það var sama hvað á gekk þar eystra. Íslenskir kommúnistar vörðu Sovétríkin og gerðir þeirra. Þeir sem aðhylltust vestræna samvinnu og Atlantshafsbandalagið voru úthrópaðir, beittir rógi, illmælgi og meira að segja sakaðir um landráð. Upplýsingar sem hingað bárust af kúgun fólksins í Sovétríkjunum voru vissulega af skornum skammti. Járntjaldið var býsna þykkt. Það eru ótrúlega fá ár síðan því var haldið fram, bæði í Þjóðviljanum og af aðstandendum hans, að allt misjafnt sem fréttist væru lygar og óhróður. Nú er öllum ljóst að fylgjendur Atlantshafsbandalagsins höfðu rétt fyrir sér. Í dag er öllum ljóst að stofnun Atlantshafsbandalagsins var rökrétt og jafnvel nauðsynlegri en menn töldu þá. Sennilega höfðu ummæli þeirra er gagnrýndu Sovétríkin og fylgifiska þeirra hér á landi verið fullmild. Engum datt í hug að ástandið væri verra en þær fréttir sem þó bárust þaðan. Nú þegar hulunni er svipt af og leyniskýrslur að austan eru opnaðar hefur komið berlega í ljós, reyndar verið staðfest, það sem áður var sagt að Noregur væri í verulegri hættu fyrir innrás Sovétríkjanna og helstu bandamenn okkar Íslendinga töldu mjög áþreifanlega hættu á að Sovétríkin réðust á Ísland í því skyni að færa víglínuna nær. Heimildir segja einnig að óttast var að flokksmenn Sósíalistaflokksins — Sameiningarflokks alþýðu, sem síðar var kallað Alþb., kæmi þessum hugsanlega innrásarher til aðstoðar.

Ástæða er til nú þegar skjalasöfn Sovétríkjanna og leppríkja þeirra hafa verið opnuð fræðimönnum að rannsaka gaumgæfilega alla þá þætti er tengdu Sovétríkin og nytsama sakleysingja á Íslandi. Nú þegar hefur komið í ljós að sovéski kommúnistaflokkurinn studdi flokksbræður sína á hinum Norðurlöndunum með verulegum fjárframlögum til hvers konar áróðurs- og undirróðursstarfsemi. Ég hygg að þegar grannt verður skoðað komi ýmislegt skuggalegt í ljós er varðar tengsl einstaklinga og flokks við einræðisríkin í austri. Nokkrir heiðarlegir Íslendingar hafa t.d. upplýst hvernig austur-þýska leyniþjónustan, STASI, reyndi að fá þá til að njósna um félaga sína. Ástæða er til að rannsaka hvort allt hafi verið upplýst, hvort allir þeir styrkþegar í Austur-Þýskalandi eða þeir sem títt voru gistivinir kommúnistanna þar hafi greint frá því er þá varðaði í þessum efnum.

Á meðal manna í þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsins eru þessi mál rædd, þ.e. nauðsyn þess að skoða sögulegar heimildir og þátt fylgifiska kommúnismans í tilraunum til að veikja Atlantshafsbandalagið og varnir Vesturlandanna. Nú a.m.k. um sinn er ógn kjarnorkuveldisins í austri að baki. Það er friðvænlegra á slóðum Atlantshafsins þótt vissulega sé ástæða til að óttast þróun mála í fyrrum Sovétríkjum.

Ég minntist áðan á „Rose-Roth" frumkvæðið sem auðveldar fulltrúum austur-evrópskra þjóðþinga að taka þátt í störfum Norður-Atlantshafsþingsins. Áður fyrr funduðu aðeins fulltrúar frá þjóðþingum Atlantshafsbandalagsins. Þar var rætt um leiðir til að efla banda-

lagið og skýra fyrir almenningi nauðsyn þess að hafa öflugar varnir gegn risanum í austri. Nú er allt gerbreytt. Þjóðir Austur-Evrópu eiga nú gestafulltrúa í öllu nefndum þingsins og taka þar virkan þátt. Nú er þingið fjölmennara og litrófið breytt. Það er vissulega ánægjulegt þegar þingmenn frá Austur-Evrópu eru að fjalla um nauðsyn Atlantshafsbandalagsins, hve það hafi átt þýðingarmikinn þátt í að frelsa fólkið frá kommúnismanum, hve styrkur þess, staðfesta og einbeitni hafi haft mikið að segja. Þeir segja hiklaust að Atlantshafsbandalagið sé friðarbandalag sem í raun hafi bjargað því sem bjargað var. Reyndar eru það ekki fréttir fyrir okkur hina en býsna ánægjulegt að heyra þessi ummæli úr þessari átt. Þær eru líka átakanlegar sumar reynslusögurnar sem þingmenn þessara þjóða segja. Sumir þeirra hafa lengi gist fangelsi kúgaranna og orðið fyrir hvers kyns áreitni vegna skoðana sinna. Fundir þingmannasamtakanna hafa yfirleitt verið mjög líflegir. Þar hafa þingmenn skipst á skoðunum og stundum deilt hressilega um ýmis mál.

Nokkuð hefur borið á því frá seinni tíð, einkum eftir að ógnin í austri var frá, að t.d. Frakkar og reyndar fleiri hafi viljað brjóta samtökin upp og stofna sérstakt varnarbandalag Evrópuríkja og þá án samfylgdar Bandaríkjanna. Í umræðum og atkvæðagreiðslum um tillögur hafa íslensku fulltrúarnir lýst sig andvíga þeim sjónarmiðum. Við höfum lagt á það þunga áherslu að Bandaríkin og Evrópa hafi sem víðtækasta og nánasta samvinnu á sviði varnarmála.

Oft er spurt hvaða gagn sé af þátttöku í þingmannasamtökum sem þessum. Ég er þeirrar skoðunar að þátttaka okkar í þessum samtökum sé afar gagnleg. Víðsýni og þekking eykst við það að heyra sjónarmið annarra þjóða og unnt er að koma sjónarmiðum okkar á framfæri hvenær sem þörf krefur. Persónuleg kynni þingmanna vinaþjóða geta og skipt miklu máli. Mér er sagt t.d. að þegar við Íslendingar stóðum í landhelgisdeilunni við Breta hafi persónuleg kynni, sem orðið höfðu til á þessum vettvangi, hjálpað mikið til og á fundum þingmannasamtakanna hafi íslenskir þingmenn haldið fast á málstað Íslendinga sem eflt hafi skilning og þekkingu á viðhorfum okkar.

Það er skoðun nefndarmanna að Atlantshafsbandalagið sé mjög nauðsynlegt friðargæslutæki sem þurfi að starfa áfram af fullum styrk. Hrun kommúnismans hefur reyndar breytt aðstæðum en þrátt fyrir það eru blikur á lofti því enginn veit hver þróunin verður í hernaðarmálum fyrrum sovétlýðvelda. Bitur reynsla hefur kennt okkur að óviðbúin lýðræðisríki geta tapað frelsinu áður en minnst varir því skjótt skipast veður í lofti.

Jafnframt er nauðsynlegt að þingmannasamtökin starfi á sama hátt og fyrr. Þau hafa breyst í áranna rás og aðlagað sig aðstæðum á trúverðugan hátt. Þau eru vettvangur skoðanaskipta og auka skilning milli þjóða.

Að lokum þakka ég samnefndarmönnum mínum og riturum, þeim Aðalheiði Birgisdóttur og Þóru Guðnadóttur, fyrir mjög gott samstarf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þeirrar utandagskrárumræðu sem ákveðið var að ætti að hefjast kl. 2 verður að fresta umræðu um þessa skýrslu.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög sérstök ræða sem við hlýddum á hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Ég blanda mér ekki mikið inn í þá fortíð sem ég þekki ekki eða er ekki partur af. En ég tók eftir því að hann dró Alþb. þar inn í og undir sama hatt og það sem hann var að gagnrýna. Það er því óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, og ekki góð fundarstjórn, að loka umræðu á þessu stigi þegar einn hv. þm. hefur vegið með grófum hætti að þingmönnum í öðrum flokki og ég tel fulla ástæðu til að það verði rætt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur gert samkomulag um utandagskrárumræðu og telur það rétta fundarstjórn að fara eftir slíku samkomulagi. Það er ekki verið að loka fyrir umræðu um þessa skýrslu heldur einungis verið að fresta henni. Forseti væntir þess að þingmenn fái síðar næg tækifæri til að ræða hana til hlítar.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (breytingar vegna búvörusamnings). — Þskj. 298, nál. 460 og 466, brtt. 461.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 461,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 461,2 samþ. með 40 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

3.–5. gr. (verða 4.–6. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 461,3 samþ. með 41:3 atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 41:2 atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 461,4 (7. gr. falli brott) samþ. með 41 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 461,5 samþ. með 43:1 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 461,6.a (nýtt ákv. til brb., I-liður) samþ. með 35:6 atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 461,6.b (nýtt ákv. til brb., J-liður) samþ. með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁJ, ÁMM, BBJ, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, MJ, JónS, KSG, LMR, SalÞ.

nei: MF, PP, RA, StG, STH, VS, AÓB, GuðmS, ÞBern, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, GGuðbj.

16 þm. (MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, SJS, SvG, ÁRÁ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHall, IP, JóhS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Páll Pétursson:

Frú forseti. Við framsóknarmenn getum með engu móti fallist á að heimila landbrh. að brjóta nýlega gerðan búvörusamning. Hér er um það að ræða að greiða sauðfjárbændum ekki í ár ½ hluta af launum þeirra. Þetta þýðir með öðrum orðum að haldið er eftir tveggja mánaða kaupi bændafjölskyldnanna í landinu. Ég segi nei.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Við alþýðubandalagsmenn teljum það illa byrjun á efndum búvörusamnings að byrja á því að brjóta hann. Við getum alls ekki á það fallist að bændur eigi að bera bótalaust þann kostnað sem felst í því að þessum greiðslum er frestað. Ég segi nei.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. B-liðurinn fjallar um brest en ekki brot. Ég segi já.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem hér er verið að fjalla um það að halda eftir af launum einnar stéttar, eins og ég gat um í umræðum um frv. áðan, þá erum við ósammála því og höfum gagnrýnt það mjög á undanförnum mánuðum. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, MB, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, MJ, JónS, JVK, KSG, KHG, GGuðbj, LMR, SalÞ.

13 þm. (PP, StG, StH, VS, GuðmS, ÞBern, GHelg, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JónK, KÁ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, SJS, SvG, TIO, ÁRÁ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHall, IP, JóhS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Páll Pétursson:

Frú forseti. Við framsóknarmenn styðjum meginefni þessa frv. en þar sem við það hefur nú verið hengd heimild til landbrh. til að halda eftir ½ hluta launa þeirra bændafjölskyldna sem starfa við framleiðslu sauðfjárafurða og brjóta þannig nýlega gerðan búvörusamning, þá getum við ekki fallist á frv. í núverandi búningi og greiðum því ekki atkvæði.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þá alvarlegu ágalla sem eru á þessu frv. tel ég að málið sé það mikilvægt í eðli sínu og jákvætt að það nái fram að ganga að ég tel ekki ástæðu til að standa í vegi fyrir framgangi málsins. Ég segi því já.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir það að hér hafi verið samþykkt ákvæði sem ég mótmælti áðan í atkvæðagreiðslu legg ég áherslu á það að þessi búvörulög geti tekið gildi hinn 1. mars nk. Ég segi því já.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 313.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti tilkynnti hér fyrr á fundinum, þá var ógilt atkvæðagreiðsla um að vísa 1. dagskrármálinu til hv. menntmn. og verður því að endurtaka þá atkvæðagreiðslu núna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til menntmn. með 43 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Staða sjávarútvegsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræðan. Hún fer fram að beiðni þingflokks Framsfl. og er um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar með sérstöku tilliti til stöðu sjávarútvegsins. Umræðan fer fram eftir síðari mgr. 50 gr. þingskapa. Málshefjandi og viðkomandi ráðherra mega eigi tala lengur en hálftíma, tvisvar hvor, og aðrir þingmenn og ráðherrar 15 mínútur tvisvar.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við höfum leyft okkur að biðja um umræðu utan dagskrár um efnahagsmál, sérstaklega með tilliti til þess að sá atvinnuvegur sem skapar okkur hvað mestar gjaldeyristekjur á við verulega erfiðleika að etja. Vaxandi atvinnuleysi er í landinu, vinnumarkaðurinn er í uppnámi, aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa margar hverjar verið til þess að skapa meira uppnám á vinnumarkaði en aðallega viljum við gagnrýna aðgerðarleysi hennar.

Við beinum máli okkar til forsrh. þar sem mál þetta varðar alla ríkisstjórnina. Það er svo þýðingarmikið að við hljótum að biðja um svör við því hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í þessum efnum. Það er skoðun okkar að aðalmarkmið efnahagsmála um þessar mundir eigi að vera að skapa meiri atvinnu í landinu og minnka halla á viðskiptum við útlönd. Slík niðurstaða fæst ekki með samdrætti. Hún fæst ekki með því að stefna meginhluta fyrirtækjanna í landinu í gjaldþrot heldur fæst hún með því að halda framleiðslunni uppi og auka verðmætasköpunina. Það ber að hafa í huga að þrátt fyrir mikinn aflasamdrátt komu 80% útflutningstekna

þjóðarinnar frá sjávarútvegi á sl. ári. Ef menn skilja ekki að það er aðalatriðið til þess að viðhalda verðmætasköpun í landinu að halda þeirri atvinnugrein í öllum megindráttum gangandi þá átta menn sig ekki á því umhverfi sem við lifum í um þessar mundir.

Þau atriði sem við höfum gagnrýnt harðlega hjá núv. ríkisstjórn í þessu efni eru mörg og ég vil nefna nokkur. Í fyrsta lagi er það skattastefnan. Fyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi, hafa verið skattlögð og hefur verið áætlað að skattahækkanir á þessa atvinnugrein nemi um 650 millj. kr. á árinu 1992. Breytt hefur verið skattlagningarreglum á arði hlutabréfa sem hefur skapað verulega óvissu í sambandi við fjárfestingu í atvinnurekstri. Við þurfum á því að halda um þessar mundir að sem flestir vilji fjárfesta í íslensku atvinnulífi, að menn séu tilbúnir að leggja eitthvað af mörkum í stað þess að hlusta á bölmóð og svartsýni og þá átti ekki að breyta þessum reglum.

Við höfum gagnrýnt það að nú virðist ekki lengur unnið að því að fella niður aðstöðugjald sem er mjög mikilvægt mál fyrir atvinnuvegina en okkur er jafnframt ljóst að aðrir skattar þurfa að koma í staðinn. Við höfum jafnframt gagnrýnt skattastefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart einstaklingum. Skattar hafa verið hækkaðir á einstaklingum en það hefur verið gert með þeim hætti að það hefur vakið mótmæli og uppnám á vinnumarkaði. Sérstaklega hafa skattar verið hækkaðir á barnafólki.

Við höfum gagnrýnt vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Fyrsta verk hennar þegar hún kom til valda var að hækka vexti verulega og það má vera ljóst að íslenskt atvinnulíf þolir ekki þá vexti sem eru nú á íslenskum fjármagnsmarkaði. Ekki er hægt að reikna með því að nokkur atvinnuvegur geti staðið undir þessum vöxtum. Núv. ríkisstjórn hefur eins og í öðru kennt fyrri ríkisstjórn þar um en aðalatriðið er að atvinnulífið þolir ekki þessa vexti og því verður ríkisstjórnin að breyta um vaxtastefnu ef einhver árangur á að nást. Þessi vaxtastefna veldur gjaldþroti og kyrkir atvinnulífið.

Við höfum gagnrýnt stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í skipulagsmálum sjávarútvegsins. Þar koma fram svör sitt á hvað. Alþfl. virðist halda því fram að það eigi að taka upp veiðileyfagjald og ég vil m.a. vitna í það sem annar af formönnum þeirrar nefndar sem nú endurskoðar stefnuna í sjávarútvegi svaraði aðspurður þegar spurt var um hvort veiðileyfagjaldið væri endanlega komið út af borðinu. Svar formannsins var: Nei, veiðileyfagjaldið hefur aldreið verið út af borðinu. Er hægt að bjóða íslenskum sjávarútvegi upp á það í þeirri umræðu sem nú fer fram, jafnvel þótt það sé aðeins frá öðrum stjórnarflokknum, að til standi að leggja á veiðileyfagjald? Er það hægt þegar fulltrúar Alþfl. segja að sjávarútvegurinn geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum, þá skuli formaður flokksins koma fram á sjónarsviðið og segja að þær 900 millj. sem nokkrir aðilar skipta á milli sín í sambandi við Aðalverktaka séu aðeins smáaurar, eins og hann sagði í Morgunblaðinu 8. febr., aðeins smáaurar í samanburði við þá 90 milljarða eða svo sem sjútvrh. úthlutar kvótahöfum í sjávarútvegi.

Er það traustvekjandi þegar fulltrúi Alþfl. í nefndinni sem á að fjalla um þennan vanda skuli annars vegar segja að sjávarútvegurinn geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum og þar séu trúlega tapaðir 50 milljarðar af þeim tæplega 100 milljörðum sem iðnaðurinn og útvegurinn skuldar þá sé því haldið fram að beri að innheimta af þessum sama iðnaði 90 milljarða? Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega? Er hægt að reikna með því að einhver hafi traust á því sem verði gert í sjávarútvegsmálum? Það er grundvallaratriði að sjávarútvegurinn geti búið við fast skipulag, vissu um framtíðina þannig að þar sé hægt að hagræða með þeim hætti sem til hefur verið stofnað. Þar eru miklir möguleikar en þá möguleika er að sjálfsögðu hægt að eyðileggja með því að tala út og suður í þessu mikilvæga hagsmunamáli.

Við gagnrýnum ríkisstjórnina fyrir svartsýni, úrræðaleysi og gjaldþrotatal. Í því sambandi hefur mikið verið vitnað til skýrslu Þjóðhagsstofnunar um ástand í sjávarútveginum og lagt út af henni með þeim hætti að 45% af greininni væru jafnvel á gjaldþrotabraut. Þar er miðað við það að þessi atvinnuvegur greiði allar sínar skuldir til baka á 8,4 árum. Menn verða að gera sér ljóst að það er ekki það sama að vera gjaldþrota og vera í greiðsluerfiðleikum. Þeir sem eiga lán hjá viðkomandi aðilum verða að gera upp við sig hvort ekki sé rétt að gefa viðkomandi atvinnugrein tækifæri til að greiða skuldirnar á lengri tíma. Ef menn ætlast til þess að þessi atvinnugrein greiði allar sínar skuldir á næsta átta og hálfu ári geta menn gengið út frá því að svo stór hluti hennar sé gjaldþrota. Það virðist vera af ummælum margra að þannig eigi að ganga fram.

En fylgir því einhver sérstök blessun að fyrirtæki verði gjaldþrota? Er það lausn mála, þótt ég sé ekki að mæla með því að fyrirtækjum sem ekki hafa rekstrargrundvöll sé hjálpað. Hins vegar verður að meta þennan rekstrargrundvöll með tilliti til lengri framtíðar en ekki aðeins þegar til skamms tíma er litið.

Við gagnrýnum ríkisstjórnina fyrir að vísa málinu í nefnd. Við gagnrýnum að svo alvarlegt mál sem þetta skuli ekki vera til úrlausnar á borði ríkisstjórnarinnar allrar heldur sent í hendur nefndar sem var sett á stofn til þess að móta stefnu að því er varðar fiskveiðar og almenna sjávarútvegsstefnu. Nefndin á ekki að skila af sér fyrr en síðar og ég sé ekki hvert tilefni þess er að setja alvarlegt mál sem þetta í nefnd með þessum hætti nema þá að svo mikill ágreiningur sé um málið milli stjórnarflokkanna að það hafi orðið að koma því í þessa sérstöku nefnd sem er einsdæmi að því leytinu að *hún á sér tvo formenn. Annar formaður nefndar*innar hefur talað mikið að undanförnu og menn hljóta að spyrja: Er hann orðinn málsvari ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Á þjóðin að taka alvarlega allt sem hann segir eða hvert er umboð nefndarinnar í málinu?

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja ríkisstjórnina nokkurra spurninga til viðbótar.

Er ríkisstjórnin tilbúin að breyta skattastefnu sinni? Er ríkisstjórnin tilbúin að taka til baka álögur á atvinnuvegina? Ég geri mér fulla grein fyrir því að mikilvægt er að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og ég er sam-

mála því markmiði að það þurfi að draga saman í ríkisútgjöldum. Ég vil hins vegar minna á að það sem skiptir meginmáli er viðskiptahallinn og hann verður ekki lagfærður með því að þjarma að atvinnulífinu og draga úr mætti þess. Jafnvel þótt það muni eitthvað laga stöðuna í ríkisfjármálum verður það til þess að auka viðskiptahallann og slík skattastefna er óskynsamleg. Því hljóta menn að spyrja: Hvert var tilefni þessarar álagningar? Var það fyrst og fremst til þess að þjóna einhverri kreddutrú hjá Alþfl. um auðlindaskatt og skattlagningu atvinnuveganna eða hvernig var það hugsað að leggja slík gjöld á atvinnugrein í vanda?

Ég vil jafnframt spyrja hvað miði endurskoðun aðstöðugjaldsins sem hæstv. félmrh. upplýsti fyrir stuttu að bæri að leggja niður en fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa fram að þessu ekki tekið undir það. Hins vegar er mér ljóst að það mun koma við tekjumál sveitarfélaga og verður að skoðast í því ljósi en ekki verður hjá því komist að tekjur þeirra sveitarfélaga sem mest hafa í dag rýrni eitthvað við þær aðstæður sem menn standa nú frammi fyrir.

Ég vil jafnframt spyrja í framhaldi af því sem ég sagði áðan um vaxtastefnuna, hvort ríkisstjórnin sé ekki tilbúin við þessar aðstæður sem nú eru að hjálpa til hvort sem það er með fortölum eða öðru því afli sem til nægir til að pressa vextina niður. Er ekki svo mikilvægt að gera það um þær mundir þegar atvinnulífinu er að blæða út? Eða halda menn að íslenskt atvinnulíf þoli það mikið lengur að bera raunvexti upp á allt að 10% og jafnvel meira? Raunvextirnir hafa vissulega lækkað nokkuð upp á síðkastið en alls ekki nægilega. Og ég minni á að í útreikningum Þjóðhagsstofnunar er enn þá gert ráð fyrir 6% raunvöxtum í öllum dæmum sem hún reiknar út en það eru lægri raunvextir en eru á markaði.

Ég vil jafnframt spyrja hvort veiðileyfagjald sé á borði ríkisstjórnarinnar, hvort það sé rétt sem annar formaður nefndarinnar segir eða rangt?

Ég vil jafnframt spyrja hvort ríkisstjórnin sé tilbúin að stuðla að lengingu lána, stuðla að því að atvinnuvegurinn geti greitt skuldir til baka á lengri tíma í þeirri von að fiskgengd aukist á næstu árum? Það hlýtur að vera aðalspurning hvort við getum gert okkur þær væntingar um framtíðina að slík lánalenging geti orðið til þess að atvinnugreinin lifi erfiðleikana af.

Ríkisstjórnin hefur gagnrýnt lánalengingu sem átti sér stað í tíð síðustu ríkisstjórnar. Samt vill nú svo til að ríkisstjórnin hefur samþykkt að framlengja lán Atvinnutryggingarsjóðs án skilyrða og má segja að það sé í allmikilli mótsögn við það sem haldið hefur verið fram um lánalengingu í tíð síðustu ríkisstjórnar. Hvernig getur ríkisstjórnin leyft sér að gagnrýna lánalengingar í tíð síðustu ríkisstjórnar en gera svo hið sama nú? Ég er ekki að gagnrýna núv. ríkisstjórn fyrir það. Ég er aðeins að gagnrýna málflutninginn og tvískinnunginn sem kemur fram í þessari afstöðu.

Ég vil spyrja ríkisstjórnina og þá sérstaklega hæstv. sjútvrh. hvort það hafi verið rætt og hvort komi til greina að breyta reglum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins við þessar aðstæður. Ég geri mér grein fyrir því að málið er vandmeðfarið því Verðjöfnunarsjóður bætir eingöngu verðfall sem verður á afurðum en tekur ekki tillit til aflaminnkunar. Hugmyndin með Verðjöfnunarsjóðnum var aldrei sú að taka tillit til slíkra atriða. En þegar aflaminnkun er mjög mikil tel ég rétt að athuga hvort Verðjöfnunarsjóður geti komið inn við ákveðin skilyrði t.d. ef aflabrestur verður svo mikill að ekki verði við neitt ráðið. Rétt er að minna á að þar eru þrátt fyrir allt til verulegir fjármunir eða um 3 milljarðar kr. Þannig er rangt sem hæstv. forsrh. segir skipti eftir skipti að allir sjóðir sjávarútvegsins hafi verið tómir. Þar að auki stendur fjárfestingarlánasjóður sjávarútvegsins mjög vel og á verulegt eigið fé og í gegnum tíðina hefur tekist að verja hann fyrir meiri háttar áföllum. Ég vil því spyrja hvort ekki sé ástæða til að endurmeta stefnuna um útflutning á ferskum fiski við þessar aðstæður þótt það gleðilega hafi gerst að þar hafi orðið verulegur samdráttur?

Jafnframt vil ég spyrja um áætlanir ríkisstjórnarinnar að því er varðar úreldingu fiskiskipa og vinnslustöðva. Nýlega hefur komið fram í blöðum að hæstv. sjútvrh. vill láta skoða hvort ekki sé rétt að greiða fyrir úreldingu vinnslustöðva. Kemur það nokkuð á óvart vegna þess að ákveðið hafði verið að greiða fyrir úreldingu loðnuverksmiðja með þátttöku loðnuiðnaðarins en núv. ríkisstjórn féll frá þeim áformum. Í því sambandi hlýtur að þurfa að spyrja hvort standi til að taka upp leyfisveitingar til þess að mega standa í fiskvinnslu en vandinn við slíka úreldingu er einmitt sá að ekki er nein vissa fyrir því að aðrir byggi ekki upp vinnslustöðvar í staðinn. Ég geri mér því grein fyrir að um vandmeðfarið mál er að ræða en þessari spurningu hlýtur að þurfa að svara í ljósi þeirra umræðna sem hafa átt sér stað.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ríkisstjórn um gengisstefnu hennar. Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að hann telji að að taka eigi upp ECU-tengingu innan tiltekins tíma en hæstv. sjútvrh. hefur sagt að slíkt komi ekki til greina. Í þessu sambandi vil ég minna á að raungengi krónunnar er töluvert hærra en það var á árinu 1990. Ég er ekki að mæla með gengisfellingu. En menn hljóta að þurfa að halda raungenginu innan skynsamlegra marka. Eða er einhver sem getur reiknað með því að atvinnulíf landsmanna þoli hærra raungengi en á árinu 1990?

Á árinu 1990 var allgóð afkoma í sjávarútvegi. Greinin þurfti á þeirri afkomu að halda og það þurfti að viðhalda því raungengi. Nú hefur greinin hins vegar orðið fyrir mun meiri áföllum vegna aflabrests og þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að raungengið sé hærra en það var á árinu 1990. Auðvitað má ná fram raungengisbreytingu með ýmsum hætti en ég er þeirrar skoðunar að það sé heldur of hátt.

Ég vil að lokum spyrja um áætlun ríkisstjórnarinnar varðandi nefnd sem hefur fengið mál þetta til umfjöllunar. Hvað mun nefndin hafa málið lengi? Hvers er að vænta í starfi hennar? Og hversu lengi er ríkisstjórnin tilbúin að bíða eftir nefndinni? Ég vil þá ítreka spurninguna um það hvort ekki sé rétt að bíða annan

formann nefndarinnar að gæta sín á því að grafa sig ekki niður í of margar skotgrafir áður en vinnan hefst. En sú umræða virðist ekki boða mjög gott.

Við í Framsfl. erum tilbúnir til samstarfs við núv. ríkisstjórn um þennan vanda. En við erum því aðeins tilbúnir til samstarfs að skapaður sé rekstrargrundvöllur fyrir heilbrigð fyrirtæki til þess að þau geti staðið við skuldbindingar sínar. Við teljum þá stefnu fráleita að ganga út frá því sem gefnu að helmingur skulda sjávarútvegsins sé tapaður. Gera menn sér grein fyrir því hvað það muni hafa í för með sér ef menn taka slíkan pól í upphafi og láta sér lynda að ganga þannig til verks? Hafa menn reynt að gera sér grein fyrir afleiðingunum? Hafa menn reynt að gera sér grein fyrir þeim félagslegu vandamálum sem upp koma, atvinnuleysi, tapi sem bankar og sjóðir, þjónustufyrirtæki og fjölmargir aðilar í landinu munu verða fyrir? Skiptir þetta engu máli? Er ekki rétt að standa þannig að málum að þessar skuldir verði að mestu leyti greiddar til baka? Eða eru menn búnir að gefast upp og ætla sér ekki að innheimta þetta? Á að ganga svo langt í því að sanna að fyrri ríkisstjórn hafi gert rangt, að menn ætli bara að segja sem svo: Þetta var tapað fé frá upphafi. Þetta var aldrei tapað fé og er ekki tapað fé enn þann dag í dag. Þá voru gerðar nauðsynlegar arðsemiskröfur til fyrirtækjanna og ég veit ekki betur en að um þær hafi verið góð samstaða í fyrri ríkisstjórn. *Fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. viðskrh. segir um* það eða hvort formaður Alþfl. í nefndinni talar fyrir hönd hans þegar hann lýsir þessum málum.

Hins vegar er rétt að stofnaður var svokallaður Hlutafjársjóður sem lagði hlutafé í allnokkur fyrirtæki þar sem menn töldu að ef viðkomandi fyrirtæki færu yfir um, 13 fyrirtæki, þá mundu slík byggða- og félagsvandamál skapast að rétt væri að standa þannig að málum. Það eiga að vera undantekningartilvik. Í þessi fyrirtæki var lagður 1 milljarður. Inn í viðkomandi fyrirtæki kom jafnframt nýtt hlutafé frá öðrum aðilum upp á 460 millj. Skuldir voru felldar niður í þessum fyrirtækjum upp á tæpar 400 millj. Eignir úr þessum fyrirtækjum voru seldar upp á 600 millj. Skuldalækkun þeirra var þannig samtals 2,5 milljarðar. Ég ætla ekki að dæma um það hvort rétt var staðið að málum í hverju og einu tilviki. Hins vegar er alveg ljóst að ef þetta hefði ekki verið gert hefðu skapast gífurleg vandamál á viðkomandi stöðum og vel gæti verið að grípa þyrfti til einhverra ráðstafana til að koma til móts við þau vandamál. Það vill nú svo til að atvinnuleysi landsmanna skapar útgjöld hjá ríkissjóði. En sú var einmitt hugsunin sem að baki bjó réttlætingu þess að gera ýmislegt til að koma í veg fyrir þjóðarbölið atvinnuleysi og að koma í veg fyrir að ríkissjóður þyrfti að leggja út mikla peninga í því skyni.

Virðulegur forseti. Tími minn er á enda en ég vænti þess að hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. sjái sér fært að svara í nokkru því sem ég hef haft fram að færa. Fyrst og fremst til þess að skapa meiri vissu á vinnumarkaði og koma því til leiðar að grundvallaratvinnuvegur þjóðarinnar geti búið við meiri vissu um framtíð sína, sérstaklega með tilliti til þess hve mikilvægt það er að menn auki verðmætasköpun og reyni að vinna sig út úr þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. 1. þm. Austurl., fyrir að hefja umræðuna. Við þrír ráðherrarnir sem tökum þátt í umræðunni munum leitast við að svara þeim spurningum sem til okkar er beint að svo miklu leyti sem það er hægt á þessari stundu. Óhjákvæmilegt er að umræðurnar skarist að nokkru leyti við þær umræður sem áttu sér stað fyrir ekki allt of mörgum dögum, einkum og sér í lagi um atvinnumál. Ég var að vísu ekki viðstaddur þær umræður en hef fengið upplýsingar um efni þeirra. Þar komu fram upplýsingar frá hæstv sjútvrh. um mat á stöðu sjávarútvegsins í heild. Þær athuganir og það mat sýnir að sjávarútvegurinn er nú rekinn með um 4% tapi.

Einnig er athyglisvert að sú greinargerð sem hæstv. sjútvrh. kynnti þá eða gat um á þinginu þann 18. febr. sýnir að árið 1990, síðasta heila ár síðustu ríkisstjórnar, hafi rétt tæpur helmingur fyrirtækja í sjávarútvegi átt í verulegum greiðsluerfiðleikum, hafi ekki með eðlilegum hætti átt fyrir afborgunum og vöxtum og að því leyti verið á beinni gjaldþrotabraut eins og það var orðað. Þessi erfiða staða var ekki mjög gerð að umtalsefni í umræðunni sem átti sér stað fyrir síðustu kosningar. Auðvitað hefði verið nauðsynlegt að draga rétta mynd upp þá þannig að menn hefðu getað gert sér grein fyrir því að aðgerðirnar 1988 höfðu ekki leyst mikinn vanda eins og reyndar hefur verið bent á, heldur aðeins slegið málum á frest.

Auðvitað er rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að það má heldur ekki draga of víðtækar eða veigamiklar ályktanir af greinargerð Þjóðhagsstofnunar og einnig er rétt hjá honum að skuldareigendur hljóta að skoða sameiginlega hagsmuni skuldara og kröfuhafa og leitast við að skapa þeim fyrirtækjum, sem lífsvon eiga, skilyrði til þess að greiða sínar skuldir þó að það taki lengri tíma en skilmálar kunna að kveða á um.

Þegar rekstrarumhverfi sjávarútvegsins er skoðað má segja að þar sjái menn bæði jákvæða og neikvæða þætti um þessar mundir. Við getum ekki neitað því að markaðsaðstæður hafa á flesta lund verið hagstæðar, a.m.k. hjá flestum þýðingarmestu þáttum eða sviðum sjávarútvegsins á undanförnum árum þó að einstakir mikilvægir þættir eins og rækja, mjöl og lýsi hafi stundum staðið veikt markaðslega. Því er ekki hægt að segja með sönnu að markaðsaðstæðum sé um að kenna hvernig staða sjávarútvegsins er við núverandi aðstæður.

Á hinn bóginn höfum við búið við vaxandi aflaleysi. Að ráðum fiskifræðinga hefur verið dregið úr heimildum til veiða og upp á síðkastið hefur gæfta- og aflaleysi bætt um betur við þær ákvarðanir. Höfuðvandinn er kannski sá að við ætlum okkur, þrátt fyrir að afli á mikilvægustu tegundum hafi dregist saman, að halda afkasta- og vinnslugetunni á miklu hærra stigi heldur en þær aflatölur gefa í raun tilefni til. Ég hygg að ekki síst þetta misvægi skapi þá erfiðleika sem

menn eru nú að horfast í augu við. Mér finnst þetta vera mjög mikilvægt atriði ekki síst vegna þess með hvaða hætti umræðan um sjávarútveg í landinu hefur verið um lengri tíma. Okkur hættir til að ræða um sjávarútveginn í einni heild rétt eins og sjávarútvegurinn sé eitt fyrirtæki sem lúti einni stjórn en auðvitað vita menn að svo er ekki. Sjávarútvegurinn greinist í mörg hundruð fyrirtæki og afkoma þeirra og aðstæður eru ákaflega misjafnar. Stjórnun fyrirtækjanna er líka afskaplega misjöfn. En ef menn líta á sjávarútveginn í heild, nánast sem eitt fyrirtæki, sjávarútveginn hf. eða eitthvað þess háttar, sem sé stjórnað af ríkisstjórninni þá leita menn jafnan að einhverri lausn sem dugar þessu eina fyrirtæki. En af því að staðreyndin er önnur og sjávarútvegurinn í raun margskiptur og aðstæðurnar mjög breytilegar þá henta slíkar lausnir fyrirtækinu afskaplega illa. Segja má að staða sjávarútvegsins sé erfið almennt séð og að mjög mörg fyrirtæki eigi í verulegum erfiðleikum en engu að síður er staðan misjöfn. Þar sem ekki er algerlega hægt að líta á sjávarútveginn í heild eins og hann sé eitt fyrirtæki er líka erfitt að segja nákvæmlega fyrir um hver skuli vera rekstrarskilyrði sjávarútvegsins.

Í þessari umræðu spyr hv. málshefjandi um stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart þeim vanda sem við er að glíma. Þessi vandi er ekki afmarkaður og takmarkaður alfarið við sjávarútveginn þótt hann vegi auðvitað mjög þungt. Stefna ríkisstjórnarinnar hlýtur því að mínu viti að miðast að því hvað gagnist þjóðarbúinu í heild þegar til lengri tíma er horft. Ég tel ekki að forsendur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hafi breyst. Þær tölur sem menn hafa gert að umræðuefni og sem hæstv. sjútvrh. kynnti og málshefjandi gerði að umtalsefni gefa ekki tilefni til þess að meginforsendum efnahagsstefnunnar sé breytt í veigamiklum atriðum frá því sem ríkisstjórnin mótaði við afgreiðslu fjárlaga. Þvert á móti tel ég að mikilvægast sé að treysta þá stefnu stöðugleika sem ríkisstjórnin hefur unnið að og með þeim hætti að skapa vaxandi trú á framtíðina.

Það er rétt sem málshefjandi vék að að nauðsynlegt er að skapa skilyrði og undirbúa breytingar á skattkerfinu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar til að stuðla að því að íslenskt atvinnulíf búi við sömu skattakjör og erlendir keppinautar. En ég tek undir með honum að í því sambandi verðum við að hafa í huga að þetta er vandasamt verk og þarf að vinna í nánu samstarfi margra aðila og þá ekki síst í samstarfi við sveitarfélögin. Ég er ekki í vafa um það eftir að hafa hlustað á mjög ítarlegar umræður við afgreiðslu fjárlaga að öllum þingmönnum hlýtur að bera saman um það að slíkar breytingar, a.m.k. að því leyti sem þær snerta sveitarfélögin, megi ekki gera nema í mjög nánu samstarfi við þau og eins mikilli sátt við sveitarfélögin eins og frekast er kostur. Hæstv. félmrh. mun á morgun ræða í ríkisstjórn álit nefndar sem unnið hefur að því að gera grein fyrir þeim kostum sem fyrir hendi væru ef aðstöðugjald yrði fellt niður með hvaða hætti mætti bæta þeim aðilum þær tekjur sem þeir yrðu af með niðurfellingu aðstöðugjaldsins.

Í umræðunni 18. febr. gerði hæstv. fjmrh. ítarlega grein fyrir stöðu mála og var rætt um atvinnuleysið. Hæstv. fjmrh. vakti athygli á því að þó að hægt sé að segja að atvinnuleysi sé um þessar mundir meira en oftast áður þá skakkar reyndar ekki mjög miklu. Atvinnuleysið er mjög svipað, kannski örlítið meira en það var um líkt leyti árið 1990. Ég hygg að rétt sé að menn hafi það í huga. Það skakkar afskaplega litlu. Við vitum líka að það er hæpið að tala um atvinnuleysi til lengri tíma þegar svo ber við að gæfta- og aflaleysi getur hafa gert það að verkum á tilteknum tíma að hefðbundin atvinna í heilum byggðarlögum dregst saman eða leggst jafnvel niður um stundarsakir. Enginn vafi á því að atvinnuleysi í janúar, ekki síst á landsbyggðinni, kemur fyrst og fremst til vegna þess að mjög mörg frystihús og fiskverkunarhús hafa ekki haft fulla starfsemi allt fram til byrjunar febrúar allt frá því allmörgum dögum og jafnvel vikum fyrir jól. Þegar atvinnuleysi er mælt og miðað við eldri tíma er líka rétt að hafa í huga að töluvert er um útlendinga í vinnu hérlendis um þessar mundir og miklu meira en var á árum áður. Sá vinnukraftur hefur komið til vegna þess að Íslendingar hafa sjálfir ekki getað annað eftirspurn eftir tilteknu sérhæfðu vinnuafli og þá kannski ekki síst í frumvinnslunni.

Ég tel að lausatök í ríkisfjármálum á undanförnum árum hafi orðið til þess að mjög hefur hallað bæði á ríkissjóð umfram það sem fjárlög hafa gefið til kynna, eða hvað væri hollt í þeim efnum, og eins í viðskiptum Íslands við erlend ríki. Þessir þættir eru undirrót þeirra háu vaxta sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi, þeirra háu vaxta sem hann segir réttilega að hafi verið að sliga fyrirtækin. Ekki skiptir máli hver tekur ákvörðun um skrásetningu vaxta. Það eru vaxtaforsendurnar sem skipta máli og þær höfðu gersamlega farið úr böndum á árum áður. Þess vegna greip ríkisstjórnin til margvíslegra aðgerða, aðgerða sem mjög voru ræddar og þóttu koma mjög hart niður á mörgum hópum en þetta var gert til þess að snúa vörn í sókn í þeim efnum. Ég tel að árangurinn hafi þegar orðið nokkur og mikilvægur. Tekist hefur að slá á útgjaldaaukningu ríkisins. Reyndar hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt afskaplega harðlega margar þessar aðgerðir og ekki var annað skilið í umræðum um fjárlög en svo að verulegur hluti stjórnarandstöðunnar, kannski hún öll, hefi talið skynsamlegast að láta reka á reiðanum í þessum efnum og stórauka útgjöld ríkissjóðs á þessu ári og jafnvel á þeim næstu en ríkisstjórnin hafnaði slíkum hugmyndum. Lánsfjárþörf opinberra aðila á árinu 1991 var rúmir 40 milljarðar kr. Hins vegar er nú gert ráð fyrir því að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila verði um 20 milljarðar á þessu ári eða næstum því helmingi minni en var í fyrra. Enginn vafi er á því að ríkisstjórnin hefur með þessum aðgerðum stuðlað að stöðugleika og festu sem til langs tíma mun skapa skilyrði þess að atvinnulífið komist á skrið og hjól þess fari að snúast á nýjan leik.

Ef við horfum aðeins yfir sviðið og skoðum hvernig rammi atvinnulífsins er þá fer það ekki á milli mála að um þessar mundir er rólegt á íslenskum fjármagnsmarkaði. Tiltölulega lítil hreyfing er á bankainnlánum

og lausafjárstaða bankanna er bærilegri en áður var. Það er líka ljóst að ríkisstjórninni hefur tekist að skapa skilyrði til vaxtalækkunar. Ríkisstjórnin hefur þegar haft frumkvæði að því að raunvextir geti lækkað með því að vextir spariskírteina hafi verið lækkaðir og enginn vafi er á því að bankarnir munu lækka raunvexti að sama skapi. Eftirmarkaður fyrir spariskírteini og húsbréf er nú að þokast niður. Það sjá menn á þeim tölum sem birtar hafa verið. Þeir sem gerst þekkja til í viðskiptalífinu núna telja bersýnilegt að trú manna á stöðugleika sé að eflast og við slíkar aðstæður skapist grundvöllur til frekari lækkunar vaxta.

Verðbólgan er lægri hér á landi en hún hefur verið í áratugi á Íslandi. Þá er ég ekki aðeins að tala um mælingu til eins mánaðar heldur þegar horft er til lengri tíma. Það er ljóst að verðbólgan er í böndum og það er afskaplega áríðandi að menn leysi hana ekki úr þeim böndum.

Menn ræða gjarnan um það eins og hv. 1. þm. Austurl. gerði að afskaplega mikilvægt sé að forsendur atvinnulífsins séu í lagi svo að forsvarsmenn fyrirtækjanna og stjórnendur fái rétt skilyrði til þess að stýra sínum fyrirtækjum með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Ég tel að þessar forsendur séu að skapast. Stöðugleiki í verðlagi, afskaplega lág verðbólga er að mínu viti grundvallarforsenda í þessum efnum. Ég minntist áðan á vextina sem menn hafa nefnt réttilega að séu íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Meginaflgjafinn í þeirri vaxtasprengingu var ríkisvaldið og svo auðvitað þeir sem fóru með forsvar þess á þeim tíma. Sú harða og ég vil segja ódrengilega samkeppni um sparifé sem ríkissjóður stóð fyrir þeytti vöxtunum upp í þær hæðir sem þeir hafa verið í. Aðgerðir núverandi ríkisstjórnar hafa verið að skapa skilyrði til þess að vextir geti lækkað, raunverulega lækkað og þeir fara lækkandi um þessar mundir. Nafnvextir í bankakerfinu eru reyndar lægri en þeir voru þegar þessi ríkisstjórn settist að völdum og þeir hafa ekki verið lægri í 20 ár. Enginn vafi er á því að þessir vextir munu enn fara lækkandi og það er rétt að menn átti sig á því sem er mikilvægt út af umræðunni að ávöxtunarkrafa spariskírteina, ekki skrásetning þeirra heldur ávöxtunarkrafa spariskírteina á lánsfjármarkaði er núna lægri en hún var þegar ríkisstjórnin tók við. Það eru ekki síst þau skilyrði sem ríkisstjórnin hefur skapað fyrir betra jafnvægi á lánamarkaðinum sem hefur náð fram þessu svigrúmi til að lækka raunvexti og til að lækka afföllin á húsbréfum. Mjög lág verðbólga og lækkandi vextir munu auðvitað vera meginþátturinn í því að skapa skilyrði til þess að styrkja stöðu atvinnulífsins í landinu almennt.

Auðvitað hafa menn haft áhyggjur af því hvar í flokki sem þeir hafa staðið hversu einhæfni atvinnulífsins hefur verið að aukast á nýjan leik því að allir höfðu haft áhuga á því að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið en þeim sem sjávarútvegurinn einn gat skaffað. Við sjáum núna, eins og nefnt var í ræðu málshefjanda, að hlutur sjávarútvegsins hefur verið að færast í sitt gamla form vegna þess að nýjungar í atvinnulífinu hafa ekki staðist. Það er nefnilega þannig að miðstýrðar áætlunargerðir og atbeini stjórnvalda til að mynda í fiskirækt og loðdýrarækt, jafnvel í afskiptum ríkisins af ullariðnaði, hefur leitt til ófarnaðar og til þess að stórkostlegir fjármunir hafa tapast. Hér á landi sem annars staðar hefur sannast að ríkið á ekki sjálft að reyna að leiða atvinnulífið á nýjar brautir. Það á að leitast við að skapa grundvallarskilyrðin, leggja til landið, plægja akurinn en síðan eiga aðrir að koma til og sá og uppskera. Það er einmitt þetta sem ríkisstjórnin hefur verið að gera og vinna að á þeim tiltölulega fáu mánuðum sem hún hefur verið við völd.

Ég hef áður rakið hvernig verðbólgan stendur og hvernig vaxtaskilyrðin eru að breytast til batnaðar þótt hægt fari en ég tel að vaxtaskilyrðin séu að breytast með þeim hætti að líklegt sé að vaxtastigið verði lægra og varanlegra með þeim hætti en áður hefur verið.

Hv. 1. þm. Austurl. ræddi um raungengi krónunnar og taldi að það væri í það hæsta miðað við árið 1990 þar sem það væri örlítið hærra núna en árið 1990. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því að raungengið er svipað núna og það hefur verið að meðaltali í þennan áratug nánast á hvaða mælikvarða sem það er mælt og það er 15–20% lægra en það var þegar það fór mest böndum fyrir þremur árum. Engu að síður er ég sammála hv. 1. þm. Austurl. að raungengi þyrfti að lækka en það þarf að lækka með þeim aðferðum sem menn hafa rætt um, þeim aðferðum að séð sé til þess að kostnaðarhækkanir innan lands séu lægri um hríð en annars staðar gerist og með þeim hætti mun þegar fram í sækir slakna á genginu. Ég tel að við getum ekki miðað raungengi krónunnar við stöðu þeirra fyrirtækja sem lakast standa í sjávarútvegi, enda mælti málshefjandi ekki með því.

Við höfum séð mjög víða að undanförnu að menn hafa gripið til þess ráðs að sameina fyrirtæki og hagræða og það hefur þegar skilað verulegum árangri. Ég tel að sá ferill hafi hafist þegar Bæjarútgerð Reykjavíkur og Ísbjörninn voru á sínum tíma sameinuð. Bæði þessi fyrirtæki, Bæjarútgerðin og Ísbjörninn, stóðu illa á þeim tíma og Bæjarútgerðin hafði sótt hundruð milljóna, jafnvel árlega, í borgarsjóð til að haldast á floti. Þessi fyrirtæki voru sameinuð, hagræðingin er orðin mikil og upp hefur risið fyrirtæki sem stendur á eigin fótum og sækir ekki styrk til bæjarfélagsins en þvert á móti greiðir þangað skatta og gjöld. Þess háttar sameining er mjög víða að eiga sér stað en það tekur tíma rétt eins og hjá Granda að slík sameining skili árangri en hún mun gera það.

Við höfum séð hvernig þær aðgerðir sem gripið var til á Suðureyri hafa þegar skilað verulegum árangri og bætt stöðuna í atvinnulífinu í því byggðarlagi sem hafði verið byggðarlag samfelldra erfiðleika um háa herrans tíð. Aðgerðir af framangreindu tagi eru nauðsynlegar og menn mega ekki af pólitískum ástæðum fordæma þær né heldur loka augunum fyrir nauðsyn þeirra. Það vita allir sem vilja að afkastageta íslensks sjávarútvegs er mun meiri en afraksturinn sem við megum hafa úr hafinu samkvæmt ráðum þeirra sem best til þekkja um þessar mundir. Þessar staðreyndir geta menn ekki falið með aðgerðum þess opinbera.

Þetta eru blákaldar staðreyndir sem menn verða að laga sig að.

Stjórnarandstaðan segir stundum að ríkisstjórnin hafi ekki vilja til að gera eitt eða neitt og í hinu orðinu segir hún að þessi ríkisstjórn hafi lagt til atlögu við þjóðfélagið allt, hvorki meira né minna. Enginn vafi er á því að þessi ríkisstjórn hefur ekki veigrað sér við að ganga til verka þótt hægt væri ófrægja þau verk um stund, þótt hægt væri að skapa óvild og andúð vegna þeirra aðgerða um stund. Ríkisstjórnin hefur gert þær aðgerðir ekki vegna þess að hún vilji vera í andstöðu við þjóðina, hvaða ríkisstjórn vill það, eða við einstaka stéttir til lengri tíma. Engin ríkisstjórn þráir að verða óvinsæl um aldur og ævi enda þótt þær verði það margar.

Ríkisstjórnin hefur gengið til þessara verka vegna þess að þau hafa verið nauðsynleg og vegna þess að það er ekki vafi í okkar huga sem að stjórninni stöndum að þau verk munu í framtíðinni gerbreyta skilyrðum til uppbyggingar atvinnulífs og til þess að snúa vörn í sókn í landinu.

Við höfum búið við kreppu í fimm ár. Ekkert ríki á Vesturlöndum hefur búið við jafnlangvarandi samdráttarskeið og við höfum gert. Við heyrum í umræðunni erlendis að Þjóðverjar, Bandaríkjamenn og nú síðast Bretar eru að kveinka sér undan því að afturkippur hafi orðið hjá þeim um eins árs skeið. Við höfum búið við slíkar aðstæður í fimm ár. Það var sú staða sem hafði verið um fjögurra ára skeið þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum. Það er við slíkar aðstæður sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að brjóta í blað, skapa traust skilyrði til þess að koma megi í veg fyrir samfellt kaupmáttarhrap eins og átti sér stað í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég viðurkenni þó að ytri aðstæður nú munu leiða til þess að kaupmáttur mun eitthvað dragast saman en ef vinnuveitendur, launþegahreyfingin og ríkisvaldið ná að skapa samstöðu um að takast á við þessi ytri áföll er algerlega ljóst í mínum huga að sú kaupmáttarminnkun sem ytri samdráttur skapar verður miklu minni en ella og við fáum fyrr tækifæri til þess að spyrna okkur á nýja braut framfara, aukinna tekna, aukins kaupmáttar og vaxandi velferðar á ný. Ég tel að grundvöllurinn sé að skapast, verðbólgan er í núlli, vextir fara lækkandi, trúin á stöðugleikann eflist, jarðvegur hefur verið plægður og nú er að sá og síðan munu menn uppskera.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera athugasemd við nokkrar setningar í ræðu hæstv. forsrh. Mér fannst hún vera sönnun fyrir því að ekki eigi að gera mikið til þess að rétta af hag sjávarútvegsins. Mér fannst hún vera sönnun fyrir því sem hefur komið fram síðustu dagana að skoðanir þeirra manna, sem vilja að það fari fram svokölluð grisjun í sjávarútveginum, munu vera ofan á í ríkisstjórnarflokkunum. Forsrh. tvítók eina setningu í ræðu sinni, það var að afkastagetan væri of mikil. Hann lýsti ekki nánar hvernig ætti að minnka hana en ég tel að annað sem hann sagði í þessari ræðu bendi til þess að hann líti svo á að gjaldþrotaleiðin muni smám saman losa menn við vandamál í sjávarútvegi. Ég tek fram að ég er ekki að segja að einhver fyrirtæki í sjávarútvegi megi ekki fara á höfuðið og það gerist í hverjum mánuði allt árið. Þar hefur orðið grisjun og það verður ævinlega. Þannig er rekstraraðstaða fyrirtækja í sjávarútvegi að ekki geta allir blómstrað.

Hæstv. forsrh. virtist undrandi á því að ávöxtunarkrafa spariskírteina væri jafnvel orðin lægri nú en hún var þegar ríkisstjórnin tók við. Ég er ekkert hissa á því þó að ávöxtunarkrafan hafi eitthvað lækkað. Það er ákveðið svikalogn í þjóðfélaginu. Menn búa við það að kjarasamningar hafi ekki komist á. Enginn veit hver niðurstaða þeirra verður. Það er ýmislegt sem bíður í þessu þjóðfélagi. Í allan vetur hafa menn auðvitað beðið eftir einhvers konar efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar sem ekki hafa látið á sér kræla. Hvað mun gerast ef það verður gjaldþrotahrina í sjávarútvegi? Mun það ekki hafa hækkunaráhrif á vexti? Hvar halda menn að bankastofnanir taki til baka það sem þær tapa í gjaldþrotum? Auðvitað með hærri ávöxtunarkröfu, með því að taka meira til sín en áður. Þannig hlýtur það að gerast. Ef bankarnir fá ekki tækifæri til að taka það til baka eru aðrir sem lenda í því. Ég býst við að ríkissjóður muni þurfa að taka á sig verulegar upphæðir ef bankarnir geta ekki staðið af sér þá holskeflu sem yrði ef þessi hugsanlega gjaldþrotaleið, sem menn hafa talað um, verður farin.

Forsrh. sagði áðan að þær tölur sem hæstv. sjútvrh. viðraði hér — og það er kannski sérstök ástæða til að vekja sérstaklega athygli á því hvað forsrh. gerir lítið úr málinu í kjölfar þess að hæstv. sjútvrh. kemur eins og hann hafi fundið hinn stóra sannleika og segir okkur að sjávarútvegurinn sé allur að fara á hvolf. Hann talar eins og þetta séu alveg nýjar fréttir og kemur inn í atvinnumálaumræðu með þessum hætti. Í hvaða tilgangi og hvers vegna? Ég tel að hann hafi komið í þeim tilgangi að reyna að efla vígstöðu sína innan ríkisstjórnarinnar og í ríkisstjórnarflokkunum vegna þess að hann hefur orðið undir í átökunum um hvort eitthvað eigi að gera eða ekki fyrir sjávarútveginn. Þannig tel ég að málið liggi, það má sanna einfaldlega með því að skoða hvað hæstv. sjútvrh. sagði við umræður um sjávarútvegsmál hér í haust þar sem hann lýsir afkomuhorfum sjávarútvegsins. Sú lýsing er nánast í samræmi við það sem Þjóðhagsstofnun spáir nú. Þar er ekki mikill munur þar á. Ég skal taka hér einstök dæmi. Núna áætlar Þjóðhagsstofnun að 4% halli verði á tekjum sjávarútvegsins. Það var talað um 5–6% í haust. Það var talað um að 2% hagnaður yrði af veiðunum. Nú er spáð 1–2%. Því var spáð að á vinnslunni yrði 8% halli en í haust var talað um að það stefndi í 9–10%. Þessar tölur segja okkur að í vetur hafa þessar upplýsingar og hugmyndir legið fyrir og í umræðunum um sjávarútvegsmál í haust voru menn sammála um að svona stefndi og menn ræddu fram og til baka um hvort ekki ætti að gera eitthvað í málunum. Hæstv. sjútvrh. lagði sjálfur fram hugmyndir um hvað ætti að gera. Hve mikið af þeim hugmyndum var framkvæmt?

Ég tel að útspil hans í umræðunum um atvinnumál í síðustu viku sé að stórum hluta vegna þess að hann hefur ekki haft erindi sem erfiði og það verður fróðlegt að sjá hvert framhaldið verður.

Ég tel að alþýðuflokksmenn og sá armur ríkisstjórnarinnar, sem virðist standa við hliðina á þeim í afstöðunni til sjávarútvegsmála, hafi unnið þarna aðra lotu. Hin lotan vannst í vetur þegar ákveðið var að leggja þá skatta og gjöld á sjávarútveginn sem ákveðið var í sambandi við afgreiðlu fjárlaga. Núna vannst þessi lota. Nú eftir að þessi vandi hafði verið geymdur í allan vetur er honum vísað til nefndar. Hann er búinn að liggja fyrir og núna er honum loksins vísað til sjávarútvegsnefndar stjórnarflokkanna þar sem á að taka á málunum. Síðan hefur annar formaður þeirrar nefndar talað og sagt hvernig hann líti á þessi mál og hans skoðanir eru mjög skýrar, það á ekkert að gera. Það á að láta þetta grisjast. Við skoðum þetta fram á haustið, sjáum hvernig þetta lítur út þá. Og í Alþýðublaðinu má fá fróðlega lýsingu á afstöðunni í málinu. Þar er fréttaskýring þar sem farið er yfir það sem formaður sjávarútvegsnefndar ríkisstjórnarflokkanna hefur verið að segja og niðurstaða fréttaskýranda Alþýðublaðsins er skýr og ljós. Hann segir m.a., með leyfi forseta: „Þýðir þetta að stefnan felist í því að leyfa fyrirtækjunum að fara á hausinn?" Þröstur svarar því hvorki játandi né neitandi en segir: „Það þarf að grisja, færa saman fyrirtæki, lækka skuldbindingar, stækka kvótann þannig að þeir sem eftir eru hafi einhverjar lífslíkur."

Með leyfi forseta, er hér á öðrum stað: „Heimildarmönnum sem blaðamaður ræddi við ber saman um að mjög ólíklegt sé að það verði farið út í aðgerðir á næstunni. Ríkisstjórnin mun taka þann kostinn að bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar og hugsanlega ýta undir að hún skili af sér fyrr þannig að pólitískt verði hægt að undirbúa málin vel fyrir haustþingið." Hv. 1. þm. Austurl. gerði svo grein fyrir því hvað í þessari grein var sagt um veiðileyfagjaldið og það sé enn uppi á borðinu.

Sem sagt, það er verið að spyrða saman af hendi stjórnarflokkanna niðurstöðu á endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar og fjármál sjávarútvegsins núna. Sem sagt stefnuna bæði í bráð og lengd og þetta þýðir að menn ætla að geyma sér að gera hlutina fram á haustið og jafnvel lengur.

Fyrirsögnin í þessari umfjöllun blaðsins er: „Ólíklegt er að farið verði út í sérstakar aðgerðir. Beðið verður tillagna sjávarútvegsnefndar stjórnarflokkanna sem skilar af sér fyrir haustið."

Mér finnst þetta ekki fara á milli mála, en ég tel að þetta sýni okkur líka mjög skýrt og greinilega að það er verulegur ágreiningur í stjórnarflokkunum um þessi mál.

Hvað er það þá sem ætti að gera í þessum málum núna? Við alþýðubandalagsmenn höfum sagt hvað við viljum að sé gert í þessum málum. Við sögðum það bæði í umræðunum í haust um sjávarútvegsmálin sem við stóðum fyrir og við höfum lagt fram tillögur í þinginu um það hvað við teljum að eigi að gera. Við teljum að það eigi að skipta þessum vanda í tvennt. Grípa eigi til aðgerða til að reyna að gera ástandið bærilegra nú og fram að þeim tíma sem ný sjávarútvegsstefna getur tekið gildi. Og við teljum að það eigi að setjast yfir það að ná breiðu samkomulagi í öllu þjóðfélaginu um nýja sjávarútvegsstefnu. Þessi ríkisstjórn er ekki að vinna þannig að málunum. Þar er hver höndin upp á móti annarri og ríkisstjórnin hefur tekið málið, eins og allir vita, og sett í nefnd þar sem einungis tveir stjórnarflokkar eiga aðild. Við teljum að það verði að skrúfa niður vextina til að sjávarútvegurinn og annað atvinnulíf í landinu geti lifað áfram. Það hefur ekki þolað þessa vexti og þegar til lengdar lætur getur það ekki verið hagstætt, hvorki bönkum eða sparifjáreigendum að atvinnulífið í landinu beri þá vaxtakröfu sem nú er gerð. Það getur það ekki til lengdar.

Við viljum að raungengi krónunnar sé haldið stöðugu. Við förum ekki fram á að hér séu gengisfellingar sí og æ, en það vita allir hvað gerðist á þeim tíma sem menn bjuggu við svokallað fastgengi. Þá var gengið bara fast í annan endann og ástandið er í raun svolítið líkt því núna og hefur verið það undanfarin missiri. Það er engu líkara en gengið sé fast í annan endann og það hefur hækkað. Menn hefðu þurft að horfast í augu við það og sjá til þess að gengið væri stöðugt en hækkaði ekki því öllum var ljóst að sjávarútvegurinn þoldi ekki raungengishækkun og reyndar ekki aðrar atvinnugreinar í þjóðfélaginu heldur.

Við vorum á móti þessum nýju álögum á sjávarútveginn í haust og við börðumst gegn þeim. Það voru mjög óskynsamlegar ráðstafanir og ég tel víst að þær muni verða ríkisstjórninni erfiður biti í framhaldinu þegar þarf að fara að taka á málefnum sjávarútvegsins. Við teljum líka að það megi margt gera til að létta rekstur sjávarútvegsfyrirtækja, t.d. má skoða lækkun á raforkuverði og öðrum útgjöldum vinnslunnar þannig að t.d. vinnslan í landi verði samkeppnisfærari við vinnsluna úti á hafi. Það er ekkert eðlilegt að fyrirtækin í landi borgi töluvert hærri gjöld af ýmsu tagi en sú vinnsla sem fram fer úti á hafi. Það verður að skoða þetta og reyna að finna leiðir út úr því. Ég tek líka undir það sem kom fram áðan að það á að skoða það af alvöru að reyna að losna við aðstöðugjaldið en hvernig menn lenda svo í öðrum sköttum í staðinn er eftir að sjá en það gæti komið inn í þessa hugsanlegu leiðréttingu á stöðu sjávarútvegsins í landinu.

Við höfum lagt fram tillögu um að létta fiskvinnslunni í landi og byggðalögunum sem á henni lifa þessa erfiðu tíma. Við teljum ábyrgðarleysi að gera ekki allt sem er mögulegt til að skapa stöðugleika í þessum efnum og í þessum mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar og að koma í veg fyrir að atvinnutækifærin glatist. Ég er ansi hræddur um menn eigi eftir að sjá útgjöld sem muni koma á hið opinbera vegna byggðalaganna sem verða verst úti ef ætlunin er að bíða eftir að það brenni ofan af þessum fyrirtækjum allt í kringum landið. Við teljum að margar tímabundnar ráðstafanir af ýmsu tagi sem við höfum gert grein fyrir hér í þinginu muni skila árangri og mér finnst það ámælisvert að

hafa ekki undirbúið þetta tímabil, þ.e. fram að þeim tíma sem ný fiskveiðistefna tekur gildi með ráðstöfunum sem gilda þangað til.

Virðulegi forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur vitað af öllum þeim vandamálum, sem hér eru til umræðu, alveg frá því í haust en hún hefur lítið gert til að koma til móts við hagsmuni sjávarútvegsins. Þvert á móti hefur hún lagt nýjar álögur á greinina. Í ríkisstjórnarflokkunum er ekkert samkomulag um að leysa málefni mikilvægasta atvinnuvegar þjóðarinnar, hvorki í bráð né lengd. Þessu fjöreggi hafa þeir nú kastað á milli sín í allan vetur og nú í nefnd úti í bæ. Formaður þeirrar nefndar segir: Það er best að bíða átekta, við segjum kannski eitthvað í haust.

Það er mín skoðun að ríkisstjórnarflokkarnir séu gjörsamlega klofnir í afstöðu til sjávarútvegsmálanna og þess vegna eigi hæstv. ríkisstjórn að segja af sér. Ef hæstv. ríkisstjórn gerir það ekki sé ég ekki betur en hæstv. sjútvrh., sem hefur hvað eftir annað lýst vanda sjávarútvegsins og síðast með þeim áhrifaríka hætti sem hann gerði í síðustu viku og talaði um nauðsyn aðgerða, verði að taka pokann sinn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Afkoma sjávarútvegsins er í brennidepli umræðna um efnahags- og atvinnumál um þessar mundir. Hv. síðasti ræðumaður og ýmsir fleiri hafa stór orð um erfiðleikana og taka jafnvel svo djúpt í árinni að fjöldagjaldþrot blasi við verði ekki gripið til stórtækra skyndiráðstafana. Atvinnan úti um allt land byggir auðvitað á sjávarútvegi. Við verðum þess vegna að skoða slíkar fullyrðingar alvarlega. Eins og nú stendur á er allra mikilvægast að atvinna fólks sé tryggð en til þess duga enga skyndiráðstafanir, aðeins yfirvegun og þrautseigja. Hv. málshefjandi, 1. þm. Austurl., hefur rétt fyrir sér að því leyti að það er sitt hvað gjaldþrot og greiðsluerfiðleikar. En hugum fyrst að afkomunni.

Staðreyndin er sú að sjávarútvegur hefur búið við bærilega afkomu undanfarin tvö ár. Þannig var hagnaður botnfiskveiða og vinnslu 2,5% af tekjum árið 1990 samkvæmt tölum Þjóðhagsstofnunar og áætlanir bentu til að greinin væri rekin með um 1% hagnaði við skilyrðin í síðasta septembermánuði. Það var því ekki fyrr en á þessu ári að menn sáu fram á að töluvert tap kynni að verða í þessari grein. Auðvitað greinir okkur ekki á um það að okkar bíður vandasamt verkefni til úrlausnar í sjávarútvegi á næstu missirum. En sú mynd, sem menn hafa verið að draga upp af því að við stöndum nú á barmi hengiflugs og séum í þann veginn að missa jafnvægið, er alröng.

En í hverju birtist þá vandinn? Vandinn birtist m.a. í rekstrarhalla. Það er áætlun Þjóðhagsstofnunar að um þessar mundir sé botnfiskveiðiflotinn rekinn með 2% hagnaði af tekjum en botnfiskvinnslan aftur á móti með 8% halla. Í heild séu því veiðar og vinnsla með um 4% halla af tekjum. Þessi meðaltöl dylja þó, eins og við vitum öll, ákaflega mismunandi afkomu eftir greinum. Þannig er talið að frystitogararnir séu reknir með 11% hagnaði en söltunin með 8,5% halla. Innan hverrar greinar er svo ákaflega mismunandi afkoma frá einu fyrirtæki til annars.

En hverjar eru rætur þessa vanda? Annars vegar stafar hann af aflasamdrætti sem er óhjákvæmilegur nú til þess að varðveita fiskstofnana. Þjóðhagsstofnun hefur slegið mati á það að aflaminnkun á síðustu þremur árum rýri afkomu veiða og vinnslu sameiginlega um nálægt 4%, þ.e. að hallann sem nú blasir við megi allan skýra með aflaminnkun. Þetta er annar þáttur vandans. Hins vegar stafar hann af því að afkastageta í veiðum og vinnslu var umfram viðfangsefni áður en afturkippur varð í aflanum, og hvað þá nú. Skuldir vegna þessarar umframafkastagetu hvíla auðvitað þungt á greininni. Þá er það öllum vel kunnugt að kvótakaup hafa tekið til sín verulegt fjármagn á síðustu missirum. Þetta nefni ég ekki síst vegna orða hv. 1. þm. Austurl. þegar hann var að ræða það hversu fráleitt það væri að tala um gjald fyrir veiðiheimildir. Sannleikurinn er sá að afar háar fjárhæðir hafa skipt um eigendur þótt eigandinn sjálfur, þjóðin, sem á að sjálfsögðu fiskimiðin og fiskstofnana í kringum landið, hafi ekki fengið eyri af þessu fé fyrr en nú í litlum mæli til að kosta bráðnauðsynlegar hafrannsóknir.

Til viðbótar þessum vanda glímir fiskvinnslan í landi við sérstakan vanda sem fylgir breytingum á ráðstöfun aflans því vinnslan hefur misst hráefni vegna aukinnar sjófrystingar þótt úr útflutningi á ósunnum fiski hafi nokkuð dregið. En það kemur fleira til en þessar magnbreytingar sem ég hef verið að lýsa. Það er nefnilega tekjuskiptingarvandamál innan sjávarútvegsins, hráefniskostnaður vinnslunnar tekur í æ ríkara mæli mið af verðþróun á uppboðsmörkuðum innan lands og utan. Meðalverð á kílói af slægðum botnfiski, seldum hér heima, hefur hækkað um 23% frá því í febrúar 1990, á þjóðarsáttartímanum. Á sama tíma hefur meðalgengi haldist óbreytt, útflutningsverð á botnfiskafurðum hækkað um rúmlega 8% en framfærslukostnaður um 13% og launavísitölurnar um nálægt 13%. Þessi þróun hefur að sjálfsögðu veikt stöðu vinnslunnar mjög og knýr á um breytingar í skipulagi sjávarútvegsins, bæði á sjó og landi, líka hvað varðar tekjuskiptingaraðferðir.

En hugum þá að ytri skilyrðum sjávarútvegsins, markaðsverði afurða og aðfangakostnaði. Málshefjandi vék nokkuð að þessu. Sannleikurinn er sá að verðlag á sjávarafurðum hefur haldist mjög hátt um nokkurt skeið. Þannig var verðlag sjávarafurða í janúar á þessu ári að meðaltali 23% hærra mælt í erlendri mynt en það var á árinu 1989. Þetta mælir að mínu áliti ekki með útgreiðslum úr Verðjöfnunarsjóði þegar á heildina er litið.

Lítum á gengið. Raungengi krónunnar hefur haldist viðunandi á undanförnum missirum þótt meðalgenginu, nafngenginu, hafi verið haldið stöðugu frá því í ársbyrjun 1990. Að mati Seðlabankans verður raungengið á fyrsta fjórðungi þessa árs aðeins lítillega hærra á mælikvarða verðlags en það hefur verið að meðaltali síðustu tíu ár en þó reyndar nokkru lægra en það var 1987. Ef við lítum hins vegar á hlutfallslegt verðlag og raungengi á mælikvarða launakostnaðar er

raungengið tiltölulega lágt um þessar mundir og hvorki meira né minna en 20% lægra en það var árið 1988. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar þeir ræða gengisstefnuna.

Lítum á vextina. Víst er það rétt að innlendir vextir voru háir á árinu 1991. Nafnvextir innan lands hafa hins vegar farið ört lækkandi með hjaðnandi verðbólgu á síðustu vikum og nú hafa, eins og kunnugt er, verið stigin ákveðin skref í þá átt að lækka raunvexti auk þess sem markaðsforsendur eru greinilega að þróast í þá átt. Vegna orða hv. 1. þm. Austurl. um raunvexti og vaxtakostnað sjávarútvegsins skyldu menn líka hafa í huga að ¾ hlutar skulda sjávarútvegsins eru í erlendri mynt, fylgja erlendum vaxtakjörum. Á síðasta ári fóru vextir erlendis lækkandi. Ég get nefnt sem dæmi um þá þróun að meðalvextirnir á útlánum Fiskveiðasjóðs voru 10% í byrjun ársins 1991, eru núna komnir í 8,9% og munu væntanlega enn lækka. Ég nefni það líka að að mati Seðlabankans eru raunvextir sjávarútvegsins nú lægri en þeir hafa verið sl. fimm ár og varla hærri en 4–6%. Loks nefni ég að olíukostnaður útvegsins hefur farið lækkandi á síðustu mánuðum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur hann lækkað um 5% frá árinu 1990. Af þessu sem ég hef tæpt á má ljóst vera að almenn rekstrarskilyrði eru sjávarútveginum tiltölulega hagstæð. Það sem á vantar er afli og bætt skipulag í rekstri. Við þurfum líka að samræma skattkjör atvinnuveganna því sem tíðkast í samkeppnislöndunum. Að því er unnið, m.a. hvað varðar aðstöðugjaldið.

En hvernig er þá rétt, virðulegi forseti, að snúast við þeim vanda sem ég hef lýst? Hv. málshefjandi vék nokkuð að aðgerðunum haustið 1988 og var það að vonum. Þá var rekstrarstaða sjávarútvegsins ákaflega erfið. Við henni var brugðist með skuldbreytingum fyrir milligöngu opinberra sjóða og með hægfara leiðréttingu á gengi, enda var raungengi þá orðið úr hófi hátt. Að sumu leyti náðu þessar aðgerðir tilgangi sínum, að öðru leyti ekki. Og ég hygg að það hafi verið rétt hjá hv. málshefjanda að nefna þar Hlutafjársjóðinn meðal þess sem ekki heppnaðist sem skyldi. Þá tókst ekki heldur, og það verðum við öll að viðurkenna, að knýja fram í kjölfar þeirra aðgerða sem þá voru ákveðnar þær skipulagsbreytingar og hagræðingu í greininni sem að var stefnt. Hefði það tekist væri staða sjávarútvegsins vissulega betri um þessar mundir en raun ber vitni.

Víkjum þá að núinu. Ríkisstjórnin hefur þegar gripið til ýmissa aðgerða sem að því miða að skapa atvinnuvegunum rekstrarskilyrði. Afborgunum af lánum Atvinnutryggingarsjóðs hefur verið frestað um tvö ár eins og gert var í lok síðasta árs. Þetta var hins vegar aðeins bið leikur. Við þurfum varanlegri ráðstafanir og til að ná þeim þurfum við tíma. Þar er mikilvægast að með raunhæfum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum hefur ríkisstjórnin lagt grunn að áframhaldandi lækkun vaxta.

Þá vil ég víkja að viðskiptamálum. Þar hefur ríkisstjórninni tekist að ljúka samningaviðræðum um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Tollalækkanir og tollfrelsi í Evrópu munu gefa færi á stórauknum útflutningi á ferskum flökum og fullunnum afurðum á neytendamarkaði í aðildarríkjum Evrópubandalagsins frá byrjun næsta árs. Við það mun miklu stærri hluti af verðmæti vörunnar en áður renna til íslenskra aðila. Á vettvangi GATT er einnig unnið að mjög mikilvægum verkefnum. Þótt athyglin hér hafi einkum beinst að landbúnaðarhluta þeirra samninga má það alls ekki gleymast að í þessari samningalotu á vegum GATT er einnig fjallað um markaðsaðgang fyrir aðrar afurðir, þar á meðal sjávarafurðir. Ég minni á nýafstaðnar viðræður mínar við viðskiptaráðherra Bandaríkjanna um fríverslunarsamstarf milli Íslands og Bandaríkjanna. Allar þessar viðskiptaviðræður miða að því að tryggja stöðu Íslands í viðskiptakerfi heimsins. Þar þurfum við sífellt að vera vakandi fyrir nýjum tækifærum, opna ný hlið út í heim. Hagsæld okkar sem þjóðar ræðst að mestu leyti af því hversu greiðlega okkur gengur að selja afurðir og þjónustu á erlendum markaði og þangað þurfum við að koma þeim, tryggja þeim aðgang án tolla eða annarra hindrana.

Hverfum aftur að vanda sjávarútvegsins. Hann er nú að verulegu leyti fólginn í skipulagsvanda. Á slíkum vanda verður ekki tekið með svokölluðum hefðbundnum, venjulegum efnahagsaðgerðum. Ég bendi á að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er afar mikill munur á afkomu einstakra sjávarútvegsfyrirtækja. Það sér það hver maður að afkoma annarra fyrirtækja og greinarinnar í heild yrði mun betri ef þau lakast settu hyrfu úr rekstri. Eitt er alveg morgunljóst. Vandann sem nú blasir við má ekki og á ekki að leysa með gengisbreytingu. Með því móti væri honum aðeins slegið á frest og ekki tekið á hinu raunverulega vandamáli sem er verkefnaskortur margra fyrirtækja og skekkja í sjálfum grundvellinum. Stefnumótun ríkisstjórnarinnar í gengismálum er alveg skýr. Við viljum festa fastgengisstefnuna í sessi. Sé nauðsynlegt að þoka raungenginu eitthvað niður verður það að gerast hægt og sígandi, smám saman með minni hækkun tilkostnaðar og minni verðbólgu á Íslandi en í okkar viðskiptalöndum. Aðalatriðið er þó að hér verða að gilda sömu lögmál í þessari atvinnugrein og öðrum. Minnki verkefni fyrirtækis verður það að draga saman seglin. Við verðum að meta vandamálin af raunsæi og taka líka á þeim félagslegu og mannlegu vandamálum sem þeim fylgja af sanngirni og skynsemi. Ég nefni þar að iðnaður og þjónusta sem sjávarútvegi tengjast taka auðvitað dýfu um leið og hann. Þar get ég nefnt sem dæmi skipaiðnaðinn. Um leið og sjávarútvegurinn réttir úr kútnum, og til þess hefur hann alla burði, má búast við að hagur ýmissa iðnaðar- og þjónustugreina fari batnandi og á þann hátt breiðist jákvæð margfeldisáhrif um allt samfélagið.

Ég nefndi áðan umframafkastagetu bæði í veiðum og vinnslu. Sú spurning vaknar eðlilega hvort ekki sé með einhverjum leiðum unnt að nýta hana að hluta. Þar má benda á úrræði eins og að efla rannsóknir og hefja veiðar á vannýttum fisktegundum, að sækja á fjarlæg mið með umframflotann og loks að útvega fisk frá öðrum löndum til vinnslu hér á landi og dreifingar héðan. Í þessu fælist fyrst og fremst viðleitni til þess

að nýta þá dýrmætu þekkingu og reynslu sem fólgin er í okkar fólki, sjómönnum, fiskverkafólki og sölumönnum. Aðalatriðið er að einstaklingar og fyrirtæki í greininni séu ávallt vakandi og leiti allra leiða til að bæta afkomu sína. Aðgerðir stjórnvalda, heildarráðstafanir þeirra, mega aldrei verða til þess að draga úr sjálfsbjargarviðleitni heldur þvert á móti að greiða henni leið. Það er nauðsynlegt, eins og hér hefur komið fram í umræðunum, að huga að úreldingarvanda vinnslunnar ekki síður en veiðanna.

Virðulegi forseti. Það hefur borið á góma í umræðunni, sem rétt er, að stjórnarflokkarnir hafa skipað nefnd til að undirbúa mótun heildstæðrar sjávarútvegsstefnu sem nái jafnt til veiða, vinnslu sem markaðsmála og, ég nefni það síðast en ekki síst, gerir það að veruleika í framkvæmd að fiskimiðin og fiskstofnanir séu sameign þjóðarinnar. Þótt þetta mikla starf hafi verið falið þessari nefnd er það að sjálfsögðu svo að ríkisstjórnin sjálf er vakandi yfir þessu verki og fylgist með því hvern dag. Við þurfum að setja skýr framtíðarmarkmið fyrir þessa mikilvægu grein í okkar þjóðarbúskap. Við þurfum að ná þjóðarsátt um leiðir til þess að ná þeim markmiðum. Þannig munu skapast góðar forsendur til að sjávarútvegurinn geti framvegis sem hingað til orðið undirstaða að framförum og góðum lífskjörum á Íslandi. Ég vona af einlægni að hv. málshefjandi og flokksmenn hans, sem hann talaði hér fyrir áðan, verði í reynd reiðubúnir til samstarfs í þessu máli eins og hann gaf fyrirheit um.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Það er ástæða til þess, virðulegi forseti, að veita andsvar vegna þess að hæstv. viðskrh. sagði að 525 millj. kr., sem teknar voru af Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins, og var hann nánast að hrósa sér af því að þar hefði tekist að skattleggja sjávarútveginn, hefði verið varið til Hafrannsóknastofnunar. Þetta er alrangt og hæstv. viðskrh. fer hér vísvitandi með rangt mál. Þessar 525 millj. kr. fóru beinustu leið í ríkissjóð og fóru í eyðsluhítina þar. Ef menn bera saman fjárlög ársins 1991 og 1992 sést þetta svart á hvítu vegna þess að fjárveitingar til hafrannsókna aukast ekki hið minnsta.

Einnig vék hann að vaxtaþættinum og var að gera lítið úr því að vextirnir hefðu áhrif á afkomuna í sjávarútveginum vegna þess hve greinin skuldaði mikið í erlendri mynt. Það er að vísu rétt að greinin skuldar mikið í erlendri mynt en hvert prósentustig í breytingu í vöxtum kostar þessa atvinnugrein rúmlega 300 millj. kr. samt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeim sem hér hóf andsvör er vitaskuld fullkunnugt um það að því fé sem fæst fyrir aflaheimildir Hagræðingarsjóðs verður varið til að kosta Hafrannsóknastofnun samkvæmt sérstakri heimild í lögum og ákvæðum fjárlaga. Allt annað er hreinn útúrsnúningur. **(Gripið fram í:** Nei.)

Um vextina. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að hvert prósentustig hjá sjávarútveginum kunni að breyta greiðslum hans um verulegar fjárhæðir. Það var nákvæmlega það sem ég nefndi, virðulegi þingmaður, að frá því í ársbyrjun í fyrra þar til í byrjun þessa árs hafa raunvextir í sjávarútvegi, og vextir Fiskveiðasjóðs, lækkað um meira en 1% þannig að hann veit það sjálfur hvaða áhrif það hefur haft.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka upphafsmanni þessarar utandagskrárumræðu fyrir að hefja þetta mál. Mér heyrist að umræður ætli að verða mjög málefnalegar og ég vænti þess að svo verði áfram til að hægt verði að finna leið sem menn geta hugsað sér að fara við þær aðstæður sem í þjóðfélaginu eru í dag.

Þegar rætt er um málefni sjávarútvegsins á Íslandi erum við að ræða um grunninn undir allri okkar tilveru hér á landi. Það eru bæði gömul sannindi og ný að gangi vel í sjávarútveginum er góðæri á Íslandi og þegar illa árar kemur það fram í erfiðleikum í þjóðarbúskapnum. Við erum svo háð því og eigum svo mikið undir í þessum efnum að enginn Íslendingur ætti að láta sér það óviðkomandi.

Hæstv. sjútvrh. hefur í umræðum hér á Alþingi komið með þær yfirlýsingar um stöðu sjávarútvegs og horfur á þessu ári að ekki verður hjá því komist að ræða það nokkru nánar. Það er verið að ræða um stefnu eða stefnuleysi ríkisstjórnarinnar. Hvort heldur sem við köllum það mun það hafa afgerandi áhrif á stöðu greinarinnar. Það verður að vísu mikið tekist á um stefnu núv. ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórna. En það leysir engan vanda að leita aðeins að sökudólgi. Það verður að hafa góða yfirsýn yfir gang mála án þess endilega að draga fram hverjum sé um að kenna og tæplega er hægt að finna neina eina orsök þess að málum er svo komið sem raun ber vitni.

Skoðum dæmið aðeins nánar. Í kringum 1980 var uppgangur í sjávarútvegi. Fyrirtækin byggðu sig upp, þau fjárfestu í dýrum framkvæmdum. Það var hægt að láta aukinn afla og meira verðmæti standa undir þeim framkvæmdum. Það var talið hagkvæmara en að safna í sjóði til erfiðari ára því þá misstu menn af lestinni vegna þess að hagnaður var skattlagður svo hátt að betra var talið að koma hagnaðinum fyrir með aukinni fjárfestingu. Sú ákvörðun skattyfirvalda að fyrirtæki skyldu greiða helming hagnaðar í beina skatta auk annarra viðbótargjalda gerði það að verkum að menn söfnuðu ekki í sjóði á þessum tíma.

Um miðjan síðasta áratug var kvótakerfið sett á. Tilgangur þess var að takmarka sóknina, minnka fiskiskipaflotann sem talinn var orðinn allt of stór og vernda fiskstofnana. En spurningin er, náðist það markmið? Svarið er hreint nei. Það náðist ekkert af þessu. Sóknin hélt áfram, fiskiskipaflotinn stækkaði í brúttólestum talið og fiskstofnarnir fóru síminnkandi þrátt fyrir aflatakmarkanir og hólfalokanir. Hins vegar byrjaði siðlaus verslun með kvóta. Menn seldu óveiddan fisk í sjó og sumir gátu rekið skip sín á því að hafa þau bundin við bryggju allt árið. Sóknin minnkaði ekki. Aflinn varð alltaf meiri en áætlað var og leyfi var fyrir. En síendurtekin skerðing á þeim kvóta sem út-

hlutað var í upphafi hefur gert útgerðarfyrirtækjum erfiðara fyrir að stunda hagkvæman rekstur. Það var ekki lengur hægt að auka aflann og bæta þannig stöðuna og þá byrjuðu erfiðleikarnir fyrir alvöru. Skuldir söfnuðust upp og vextir hækkuðu. Menn gátu ekki lengur greitt afborganir af lánum. Og ekki batnaði staðan þegar ríkisstjórnin sem mynduð var 1987 ákvað að taka upp fastgengisstefnu. Nú gátu sjávarútvegsfyrirtækin ekki lengur selt aflann á því verði sem kostaði að framleiða hann innan lands því að verðlagið innan lands var á fullri ferð. Verðbólgan hélt áfram þar. En Seðlabankinn skammtaði þeim gjaldeyrinn sem seldu fiskinn.

Haustið 1988 var allt að hruni komið eins og öllum er kunnugt þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð. Sú ríkisstjórn ákvað að grípa til aðgerða með því að koma á Atvinnutryggingarsjóði og síðar Hlutafjársjóði. Við kvennalistakonur studdum hugmyndir um Hlutafjársjóð á sínum tíma. Þær hugmyndir áttu fullan rétt á sér og fóru vel af stað. Ég tel þó að á fastgengistímanum hafi verið teknir af sjávarútveginum þeir fjármunir sem hann átti rétt á. Það varð því að grípa til aðgerða til að leiðrétta það misræmi sem þarna skapaðist í gengismálunum og það var gert með lánum Atvinnutryggingarsjóðs og stofnun Hlutafjársjóðs en hann átti að bæta eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna. Það að mörg þessara fyrirtækja eiga nú ekki fjármuni né hafa stöðu til að greiða þessi lán til baka er það ok sem þjóðarbúskapurinn verður að taka á sig vegna þess að fastgengisstefnan á árinu 1987 og 1988 var röng. Verður ekki þjóðin ævinlega að súpa seyðið af misviturlegum ákvörðunum stjórnmálamanna?

En hvernig er þá staða þeirra fyrirtækja sem á árunum 1988 og 1989 fengu fyrirgreiðslu stjórnvalda í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð? Það er spurningin í dag. Hver þeirra hafa náð sér á strik? Hver þeirra framkvæmdu þá fjárhagslegu endurskipulagningu sem var skilyrði fyrir lánveitingu? Einhver þeirra gerðu það, en hver? Við getum ekki látið meðaltalið duga. Við verðum að vita hvernig hvert og eitt fyrirtæki stendur. Hvar eru þau á landinu og er eitthvað sameiginlegt með þeim sem illa standa? Eru þau bundin við ákveðinn landshluta eða ákveðna starfsemi? Fyrst þá er hægt að leita lausnar þegar vitneskjan liggur fyrir.

Skýrsla sú sem hæstv. sjútvrh. vitnaði til á dögunum frá Þjóðhagsstofnun þar sem rætt er um áhrif afkomubreytinga á greiðslu- og skuldastöðu fyrirtækja í sjávarútvegi er vissulega fullrar athygli verð. Það verður þó að árétta að um vinnuskjal er að ræða og jafnframt er tekið fram að hér sé mjög lausleg áætlun gerð um stöðuna. Þessi tafla gerir ráð fyrir 4% halla af tekjum af veiðum og vinnslu, sameiginlega á árinu 1992. Sambærileg tala var, eins og reyndar hefur komið fram áður, 2,5% árið 1990. Ef við tökum veiðarnar eingöngu þá eru þær reknar með 3% hagnaði 1990 en áætlunin nú gerir ráð fyrir 2% hagnaði. Togarar verði reknir með 2%, en frystiskip með 11,5% hagnaði. Bátar aftur á móti með 1,5% halla og fiskvinnslan, eins og einnig hefur komið fram, verður rekin með 8% tapi. Þessi athugun er byggð á ársreikningum fyrir árið 1990 hjá 141 fyrirtæki. Þá var staðan þannig að mismunur eigna og skulda var 9 milljarðar í plús. Fyrirtækin áttu því vel fyrir skuldum árið 1990 og í september sl. voru fyrirtækin enn rekin með 1% hagnaði þrátt fyrir háa raunvexti frá því að núv. ríkisstjórn tók við. Hún hóf feril sinn með hækkun vaxta og hleypti þannig af stað vaxtaskriðu sem nú er að fara með undirstöðuatvinnugrein okkar á heljarþröm því að fyrirtækin ganga ekki til lengdar með þessum háu vöxtum. Það verður ekki gengið til samninga hjá launþegum fyrr en vextir lækka. Heimilin í landinu standa ekki heldur undir þessu vaxtafargani. Þjóðarbúið í heild getur ekki borið slíka hávaxtastefnu.

Sl. vor þegar ríkisstjórnin hleypti vaxtaskriðunni af stað var fullyrt að vextir mundu lækka þegar liði á árið. Strax sl. haust átti það að gerast. Ef verðbólga héldist lág mundu vextir lækka. En ekkert gerðist og lítið gerist enn. Núv. ríkisstjórn heldur sínu striki. Hún lækkar ekki vexti svo neinu nemi af skuldabréfum eða ríkisvíxlum, þrátt fyrir lága verðbólgu er það ekki gert jafnvel þó að menn viti að meðan ríkið lækkar ekki vextina, þá gera bankarnir það ekki heldur. Ég kalla það ekki lækkun þó að vaxtastigið lækki um 0,5% á margra mánaða bili.

Heildartekjur þessara 140 fyrirtækja sem gerð var könnun hjá voru áætlaðar 57 milljarðar á árinu 1990 á sama tíma og skuldir voru sagðar 51 milljarður. Það er síðan framreiknað og sú útkoma fengin að nú stefni tvö af hverjum þremur fyrirtækjum í gjaldþrot. Endalaust er hægt að lesa upp tölur og gefa sér misjafnar forsendur til að fá upp þá útkomu sem til er ætlast. Í umræddu vinnuskjali sem hér hefur verið gert að umtalsefni segir, með leyfi forseta:

„Hér hefur verið leitast við að leiða fram greiðsluvanda fyrirtækja í sjávarútvegi. Einnig er reynt að nálgast hve mikið af umsvifum í sjávarútvegi er í fyrirtækjum sem ættu enn við greiðsluvanda að etja þrátt fyrir nokkuð eðlilegar skuldbreytingar. Hér er að vísu um úrtak úr fyrirtækjum að ræða og erfitt að meta slíkan vanda til heildar. Reikna má með að úrtak úr rækju- og mjölvinnslufyrirtækjum nái nánast yfir heildina í þeim greinum en í botnfiskveiðum og vinnslu má reikna með að úrtakið sé 40%. Marga fyrirvara þarf að hafa á þessum útreikningum."

Það er einmitt allrar athygli vert að marga fyrirvara þarf að hafa á útreikningunum. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að vissulega sé vandi fyrir hendi. Ég tel þó að hann sé ekki eins mikill og af er látið og mjög misjafn á milli fyrirtækja.

En hvað er fram undan? Ætlum við að halda áfram að reka fiskveiðistefnu í anda þeirra kvótalaga sem nú gilda? Verður kvótasalan látin viðgangast áfram þrátt fyrir þá spillingu sem hún leiðir af sér og röskun á búsetu? Fiskstofnanirnir eru sameign þjóðarinnar, segir í 1. gr. laga um fiskveiðistjórnun en rétturinn til að veiða þá og nýta er tekinn af fólkinu sem býr í sjávarþorpum landsins. Með sama áframhaldi eiga 10–20 fjölskyldur í landinu allan kvótann þegar 21. öldin hefst.

Þá hefur rannsóknarþættinum verið illa sinnt á undanförnum árum þar sem fjármagn til þeirra hefur verið af mjög skornum skammti. Hafrannsóknastofnun hefur að vísu gert sitt besta en þyrfti að geta gert enn betur og enn meira. Nú eru fyrirhugaðar fjölstofnarannsóknir á þessu ári. Það var sú röksemd sem notuð var við breytingu á hlutverki Hagræðingarsjóðs en samkvæmt þeim upplýsingum sem fjárln. fékk nýlega á fundi mun verða seinkun á því. Ég spyr því: Hvenær á að fara út í þessar fjölstofnarannsóknir sem eru undirstaða þess að hægt sé að taka skynsamlega fiskveiðistefnu?

Hagfræðistofnun Háskólans hefur látið vinna skýrslu í því skyni að leggja sjálfstætt mat á verðmæti afla, arðsemi í fjárfestingum og afrakstur þeirra. Í inngangi skýrslunnar er bent á að ekki sé hægt að bera saman afkomumælingar í sjávarútvegi við hefðbundnar afkomumælingar. En er það ekki alltaf gert í of ríkum mæli? Þótt tap sé á fiskveiðum er það ekki merki um að hætta eigi við þær vegna þess að þær séu óarðbærar. Aðra mælikvarða verður að nota til að meta hagkvæmni þessarar atvinnugreinar en á henni byggist tilvera okkar Íslendinga. Ef fyrirtækin verða látin fara gjaldþrotaleiðina getum við alveg afskrifað búsetu hér, ekki bara á Vestfjörðum og Austfjörðum og ekki bara á Suðurnesjum eða Snæfellsnesi. Slóðin verður um allt land.

Sífellt er verið að segja okkur að markaðurinn og frjáls samkeppni eigi að stjórna öllu hagkerfinu. Markaðurinn átti að sjá um lækkun vaxta á sl. hausti, það hefur bara ekki gengið eftir. Framboð og eftirspurn áttu líka að sjá um að ekki yrði um of mikla útgáfu húsbréfa að ræða. Það gekk ekki heldur. Útgáfa húsbréfa fór öll úr böndum á síðasta ári þrátt fyrir mikil afföll. Markaðurinn svaraði ekki eins og til var ætlast. Er ekki kominn tími til að viðurkenna að við verðum að lifa við blandað hagkerfi. Við erum of lítil eining til þess að geta hagað okkur eins og milljónastórþjóð.

Því fyrr sem við fáum ríkisstjórn sem hefur til að bera heilbrigða skynsemi byggða á raunsæju mati, því betra.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ekki er um það deilt að erfiðleikar eru í íslensku efnahagslífi, erfiðleikar í sjávarútvegi sem alls staðar finnast hvar sem borið er niður í íslensku efnahagslífi, sem von er. Raunar eru þessir erfiðleikar víðtækari. Hins vegar er töluverður ágreiningur um hver orsök erfiðleikanna sé, hve alvarlegir þeir séu og hvernig eigi að mæta þeim.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hóf umræðuna og gerði grein fyrir þessum málum, bæði almennt og sérstaklega með tilvísun til sjávarútvegsins. Ég ætla að reyna að endurtaka sem minnst af því en mun reyna að draga upp nokkra mynd. — Ef forsrh. þarf að fara úr salnum ... (Gripið fram í.) Já, mér þætti vænt um það því hæstv. sjútvrh. er hér. Það er gagn að því.

Ég vil vekja athygli á að í þeim tölum sem fram hafa komið m.a. frá hæstv. sjútvrh. er ástand sjávarútvegsins að vísu ekki orðið eins slæmt og það var talið 1988 en nálgast það þó. Í þeim tölum sem núna liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun er talið að rekstrarskilyrði í sjávarútvegi séu núna mínus 4%, þ.e. 4% halli á veiðum og vinnslu. Hins vegar er mjög athyglisvert að í þeim tölum sem nú birtast eru veiðarnar taldar vera með 2% jákvæða rekstrarafkomu, hins vegar er fiskvinnslan með 8% neikvæða rekstrarafkomu. Hér er um afar mikla breytingu að ræða frá því sem var 1988. Þá var rekstrarhalli veiða og vinnslu talinn 5%, meiri en hann er núna. Hins vegar var þó talinn halli bæði á veiðum og fiskvinnslu, halli á veiðum um 5–6% og fiskvinnslunni um 2–3%. Þá var að vísu einnig góð afkoma frystiskipa. Ég hygg að hún hafi verið um 8% en er núna um 11,5%.

Inn í umræðuna hafa spunnist alls konar bollaleggingar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar haustið 1988 þegar rekstrarhalli var orðinn 5%, á þeim tíma þegar samtök fiskvinnslunnar lýstu því yfir að mjög fá fiskvinnsluhús mundu hefja starfsemi eftir áramótin. Þá var vandinn enn meiri en nú er og að öllum líkindum voru deilurnar um vandann eða hvernig ætti að mæta honum meginástæðan fyrir því að upp úr stjórnarsamstarfinu slitnaði þá. Ekki vegna þess að hæstv. þáv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, vildi ekki mæta vandanum með ýmsum opinberum aðgerðum heldur voru deilur um það hvernig ætti að mæta honum. Þetta er að sjálfsögðu stóri munurinn á því sem nú er að gerast að því er virðist. Nú sýnist mér að vísu að hæstv. sjútvrh. vilji opinberar aðgerðir til þess að rétta hlut sjávarútvegsins. Hins vegar stendur hæstv. forsrh. gegn því og boðar að engra slíkra aðgerða sé þörf og það gerir hæstv. viðskrh. í raun og veru ekki síður. Þarna er því um mjög stóran mun að ræða á afstöðu þeirra sem ríkisstjórn leiða. Þá vildu allir mæta vandanum með opinberum aðgerðum, nú er mjög deilt um það innan ríkisstjórnarinnar. Jafnvel hefur verið boðað að árið 1988 hefði átt að fara gjaldþrotaleiðina, þ.e. þá leið sem hæstv. forsrh. og talsmenn hans boða nú, ekki síst fulltrúi Alþfl. í þeirri nefnd sem fjallar um vandamál sjávarútvegsins. Þessi leið varð ekki ofan á 1988. Þá var valin blönduð leið sem að hluta fólst í að leiðrétta raungengið um nálægt 15% á einu og hálfu ári sem talið var nauðsynlegt eftir gengisfestu á árunum 1987–1988. Þá var veitt aðstoð í gegnum Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og ráðist var í skuldbreytingu. Um þessa skuldbreytingu hefur nokkuð verið deilt. Eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni kemur það fram í greinargerð Þjóðhagsstofnunar frá 12. febr. sl. að meðalafborgunartími lána var átta og hálft ár. Raunar er það eftir að skuldbreytingin var framkvæmd. Meðalafborgunartími lána áður en ráðist var í skuldbreytinguna hjá sjávarútveginum var 5,8 ár. Ég held að það hljóti að vera öllum ljóst að enginn atvinnuvegur, eða alvöruatvinnuvegur má segja, þó að einhverjum fjármagnsspekúlasjónum dugi svo skammur afborgunartími, getur í raun þolað svo skamman afborgunartíma eða 5,8 ár. Fullkomið samkomulag var í þeirri ríkisstjórn sem þá sat m.a. og ekki síst af hálfu Alþfl., sem nú situr enn í ríkisstjórn, um að þennan afborgunartíma lána sjávarútvegsins yrði að lengja. Þá

var sett sú viðmiðun að lengja ætti lánin þannig að framlegð til fjármagnskostnaðar dygði til þess að standa undir fjármagnskostnaði þeirra fyrirtækja sem á annað borð væru talin hafa rekstrargrundvöll. Af þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem sóttu um, hygg ég að hátt í 100 hafi verið hafnað. En þessi viðmiðun var lögð til grundvallar og vitanlega var miðað við þau rekstrarskilyrði sem voru þá. Og það er athyglisvert að í yfirliti Þjóðhagsstofnunar frá 17. febr. kemur fram að árið 1990 eru rekstrarskilyrði sjávarútvegsins orðin með því besta sem verið hafði um langan tíma, þ.e. veiðar og vinnsla eru komnar í plús með 2,5%, veiðarnar í 3%, fiskvinnslan í 1%, frystingin í 4% en söltunin í nokkrum mínus. Í raun sýnir þetta betur en flest annað að þessar aðgerðir, þ.e. leiðrétting á gengi, skuldbreytingar og lenging afborgunartíma lána, dugðu til þess að koma rekstrinum í viðunandi horf. Ég er alls ekki að segja að þessi afkoma sé sérstaklega góð en hún er þó betri en hafði verið í mörg ár.

Nú er það alls ekki svo að á þessum árum hafi verðmæti heildarafla sjávarútvegsins aukist þó það hafi í raun bætt þessa aðstöðu. Á árinu 1990 lækkar verðmæti heildarafla sjávarútvegsins um 2,6%. Athyglisvert er að í janúar 1992, sem reyndar er ekki táknrænt fyrir árið allt, þá eykst verðmæti heildarafla um hvorki meira né minna en 37%. Að sjálfsögðu eru það fyrst og fremst miklar loðnuveiðar núna í janúar og ég endurtek að það lýsir ekki þeirri útkomu sem verður á árinu í heild. Sem sagt, þrátt fyrir samdrátt í afla tekst að forða fjöldagjaldþrotum og skapa sjávarútveginum viðunandi greiðslustöðu með þessum fjölbreyttu aðgerðum. Það er staðreynd samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun að á þessu ári, frá 1990 og fram á byrjun 1991, lækka heldur skuldir sjávarútvegsins. Hann er sem sagt að byrja að rétta úr kútnum.

Athyglisvert er að um það bil ¼ af því fjármagni sem varið var til skuldbreytinga rann til lífeyrissjóða, tryggingafélaga, banka og annarra skuldheimtuaðila hjá sjávarútveginum. Enginn vafi er á því að ef gjaldþrotastefnan hefði verið valin, sem m.a. aðstoðarmaður hæstv. utanrrh. boðar að hefði átt að gera, þá hefði þeirra gjaldþrota gætt æði víða í þjóðfélaginu, m.a. hjá þeim stofnunum sem ég hef nú nefnt. En ég skal ekki fara fleiri orðum um það.

Að mínu mati er ein meginorsök vandans sú að ríkisstjórnin hefur tekið afar undarlega á málum eftir að hún kemur til valda. Þegar hún tekur við liggur fyrir að afli mun frekar dragast saman heldur en hitt, a.m.k. alls ekki aukast. Og ríkisstjórnin leggur álögur á sjávarútveginn sem nema gífurlegum upphæðum. Nefndar hafa verið 650 millj. kr. en í raun eru þær miklu hærri. Ríkisstjórnin hækkar vexti á verðtryggðum lánum um 2–3%, sína eigin um 2% og hjá öðrum lánastofnunum í kjölfarið um önnur 2% eða nálægt 3%, hún hefur ekki afskipti af því, og af óverðtryggðum lánum miklu meira. Þegar þetta er rætt er nauðsynlegt að hafa í huga að vaxtahækkun um 1 prósentustig þýðir hátt í 2 milljarða í auknum útgjöldum fyrir atvinnulífið. Og það er gert á krepputímum. Fyrir sjávarútveginn þýðir hækkun á innlendum vöxtum um 1 prósentustig um 300 millj. eða rúmlega það. Þannig að til viðbótar þessum 650 millj. eru lagðar á álögur með vöxtum sem nema um a.m.k. 600–800 millj. kr. því að nafnvextirnir á óverðtryggðum lánum hækka langtum meira.

Ég hlýt að taka undir það sem segir í Staksteinum Morgunblaðsins í gær, með leyfi forseta. Þar segir:

„Atvinnulífið í landinu ber einfaldlega ekki þá fráleitu vexti sem bankarnir hafa kúgað upp á fyrirtækin í dag."

Hér er það rakið að þessu muni fylgja hrina gjaldþrota sem hlýtur vitaskuld að lenda harkalega á bönkunum sjálfum. Þetta er hárrétt. En það mætti bæta því við að hækkun á vöxtum hins opinbera hefur í raun og veru, eins og þarna er tekið til orða, kúgað hærri vexti upp á bankakerfið. Þar er heldur ekkert eftirlit viðhaft, engin viðleitni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, engin viðleitni af hálfu Seðlabankans, sem er tæki ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi, til að ná niður vöxtum.

Vitanlega hlýtur að vera spurt að því hvað eigi þá að gera í þessari stöðu. Fyrst og fremst verður að létta þessum álögum af sjávarútveginum. Það er undirstöðuatriði. Einnig er alveg ljóst að gera verður átak til þess að vinna meira að aflanum hér heima. Þarna hefur stefnt í mjög vafasama átt. Ég vek athygli á því að frystiskipin í dag koma með 11,5% í hagnað. Það er vissulega ánægjulegt. Ef ég veit rétt þá fjölgar í ár slíkum frystiskipum um fjögur. Ég hygg að fjögur skip séu á leiðinni til landsins.

Hefur hæstv. ríkisstjórn skoðað þær tillögur sem fram hafa komið frá t.d. Verkamannasambandinu um að takmarka, miklu meira en áður hefur verið gert, vinnslu eða útflutning á afla? Ljóst er að með þessu framhaldi stefnir í að minna og minna af afla verður unnið í landi. Er það þróun sem hæstv. ríkisstjórn telur æskilega? Eða hefur ekkert verið gert? Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh.: Hefur ekkert verið gert til að hamla gegn þessari þróun? Það getur vel verið að sum vinnsla í frystihúsum landsins, eins og t.d. frysting á blokk o.s.frv., sé ekki til framtíðar. En enginn vafi er á því að í frystihúsum landsins liggur möguleikinn í að fullvinna sjávarafurðirnar t.d. í neytendaumbúðir sem reyndar er sums staðar hafið. Ef einhverjir telja að fiskvinnslan í landinu sé óþörf þá vil ég vara við slíkri hugsun og leggja áherslu á að fiskvinnslunni í landinu verður að viðhalda, bæði vegna vinnunnar í landi og einnig vegna þeirrar verðmætasköpunar sem þar getur orðið svo mikil. Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn hugsað sér í því?

Atvinnuvegirnir leggja áherslu á að annaðhvort verði að lækka skatta eða lækka gengi. Svörin sem atvinnuvegirnir fá eru í raun, að því er mér heyrist, að hvorugt verði gert. Ég tek hins vegar undir þetta með atvinnuvegunum. Ef rétta á úr kútnum er ekki um annað að ræða en að lækka álögurnar á atvinnulífið eða leiðrétta gengið eða hvort tveggja.

Tíma mínum er nú lokið. Ég hefði gjarnan viljað koma að því sem ég tel einna alvarlegast í aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar en það er afstaða hennar til nýsköpunar atvinnulífs í landinu, þar er ekkert gert,

bókstaflega ekki nokkur skapaður hlutur gerður. Samkvæmt síðustu fréttum frá Rannsóknaráði ríkisins og Vísindasjóði eru skornar niður 90 millj. kr. til rannsóknastarfseminnar í landinu en hún er áreiðanlega grundvöllur þess að okkur megi takast betur til í framtíðinni heldur en hingað til. Rannsóknastarfsemin í landinu er grundvöllur að nýsköpuninni. Ég hefði viljað ræða miklu meira um þá fjölmörgu möguleika sem við höfum en það verður því miður að bíða seinni tíma.

Matthías Bjarnason:

Forseti. Það er mikið talað um atvinnumál og nokkuð rætt um það hverjar séu ástæður þess hvernig komið er og þá jafnvel hverjum sé um að kenna. Það hefur bryddað nokkuð á því hér að hv. stjórnarandstæðingar hafa viljað koma því ástandi yfir á þá ríkisstjórn sem nú situr og hefur verið við völd í tæpa tíu mánuði. Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því — hér hefur mest verið rætt um offjárfestingar í sjávarútvegi og vissulega eru þær miklar og allt of miklar og liggja til þess ýmsar orsakir sem er nauðsynlegt að koma inn á — að það eru líka offjárfestingar í landbúnaði, í verslun og iðnaði, alveg stórkostlegar umframfjárfestingar sem hafa átt sér stað á mörgum undanförnum árum, ekki á síðustu tíu mánuðum. Og ekki má gleyma offjárfestingum í virkjunarframkvæmdum. Það vantar markaðinn fyrir rafmagnið frá virkjunarframkvæmdum. Það kostar þjóðina fleiri hundruð milljóna. Farið var í þessar virkjunarframkvæmdir fyrir allmörgum árum og þetta er eitt af því sem núna dynur yfir.

Ekki má heldur líta fram hjá því að um offjárfestingu er að ræða í húsnæðismálum. Ég veit að hæstv. félmrh. er áhugamaður um húsnæðismál og hefur viljað gera hlut þess málaflokks sem mestan. En það er bara staðreynd að það er orðið meira en fullbyggt af íbúðarhúsnæði, ekki síður víða úti á landi en hér í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Þar hefði ég viljað sjá enn meiri niðurskurð hjá hæstv. ríkisstjórn við afgreiðslu síðustu fjárlaga vegna þess að sú þörf er ekki lengur, sem menn hafa alltaf haldið að væri fyrir hendi. Þannig má lengi telja.

Hvað er svo með skattalögin? Letja þau atvinnuvegina og einstaklingana til að fara í framkvæmdir? Fyrningarákvæði skattalaga, bæði í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði eru með þeim hætti að það ýtir undir fjárfestingar og ríkið tapar þar verulegum fjármunum í sköttum.

Núv. ríkisstjórn hefur komið einu góðu til leiðar. Hún hefur komið verðbólgunni niður þannig að hún hefur ekki verið minni í fleiri átatugi. Það ber að virða. Þá komum við að atvinnuvegunum og aftur að sjávarútvegi. Hér hefur verið tekin upp skömmtun til skipa hvað snertir veiðar. Það var eitt af því sem átti að draga verulega úr útþenslu í sjávarútvegi. Hefur það tekist? Togurum yfir 500 brúttólestum hefur fjölgað frá 1980 til 1990 úr 16 í 33. Ekki hefur verið minni sveifla í hestaflatölunni því að hún hefur hækkað á þessu tíu ára tímabili úr 42 þús. hestöflum í næstum því 87 þús. hestöfl. Brúttórúmlestafjöldi togara stærri en 500 tonn hefur hækkað á þessum tíu árum úr 13.200 lestum í næstum því 25 þús. lestir. Bara frá 1985–1990 hefur hann hækkað úr 16,4 þús. í tæpar 25 þús. brúttólestir. Nú er verið að færa vinnsluna meira út á sjó. Það er verið að tala um það alla daga að fækka þurfi fiskvinnslustöðvum, þær séu allt of margar í landinu. Á sama tíma heldur fiskvinnslustöðvum áfram að fjölga en ekki í landi heldur úti á sjó. Þær færast úti á sjó og vinnan færist frá ýmsum byggðarlögum út á sjó. Hvað hefur verið að gerast í sjávarútvegi? Það sem hefur verið að gerast er að það hefur orðið stórkostlegur samdráttur í veiðum. Sá samdráttur hlýtur að gera það að verkum að atvinnugrundvöllurinn er ekki sá sami víða á landinu. Samhliða samdrætti í veiðum færist vinnslan, eins og ég sagði áðan, í stórauknum mæli út á sjó og svo er stóraukinn útflutningur á fiski. Allt þetta hefur ekki verið að gerast núna á síðustu tíu mánuðum. Þessi óheillaþróun hefur verið að gerast á mörgum undanförnum árum og menn hafa ekki enn snúið sér að því sem nauðsynlegt er að gera.

Ég ætla ekki að taka undir það sem hefur verið sagt að þær ráðstafanir sem gerðar voru af fyrri ríkisstjórn með stofnun Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs hafi orðið útgerðinni til bölvunar. Það dettur mér ekki í hug að gera. Hins vegar ætla ég að segja að um þær aðgerðir sem þurfti að gera strax 1987 var bara engin samvinna eða samstarf. Í staðinn fyrir að fara í þær aðgerðir var heilt ár látið líða þangað til gripið var til þessa ráðs. Það var of seint að gera það þá en hins vegar neita ég því ekki að fleiri hefðu gjaldþrotin orðið og það miklu fleiri ef ekki hefði verið gripið til þeirra aðgerða en það hefði þurft að gera mun fyrr. Og þá segja menn: Hverjum er um að kenna? Auðvitað er öllum flokkunum um að kenna sem sátu í ríkisstjórn og gripu ekki til slíkra aðgerða. Það þýðir ekkert fyrir neinn einn flokk að ætla að hvítþvo sig af því að hafa ekki tekið þátt í aðgerðum.

Nú er svo komið að það er slæmt ástand víða um land, atvinnuleysi fer vaxandi. Það er vaxandi atvinnuleysi í fjölmörgum löndum. Atvinnuleysi er vaxandi í Danmörku, það er vaxandi atvinnuleysi víðast hvar í hinum vestræna heimi, að maður tali nú ekki um ógnir og erfiðleika fjær okkur. Allt gerir þetta það að verkum að við stöndum frammi fyrir miklum vanda. Þá þýðir ekki að tala um það hver hafi ekki staðið sig á liðnum árum heldur verða menn, hvort sem þeim líkar betur eða verr, hvort sem þeir eiga aðild að ríkisstjórn eða eru í andstöðu við ríkisstjórnina, að vera góðir þegnar síns þjóðfélags. Við þurfum að ná saman til að gera úrbætur, til að treysta aftur atvinnugrundvöll þjóðarinnar. Það dugar ekki að láta öll þau fyrirtæki sem nú hallast fara á hausinn, verða gjaldþrota. Gjaldþrot hefur í för með sér að aðrir tapa þegar þessi fyrirtæki líða undir lok. Hverjir eru það sem tapa á gjaldþrotum? Það eru auðvitað allir þeir sem hafa lánað til fyrirtækjanna á undanförnum árum og þá ekki síst bankarnir. Stærsti bankinn er ríkisbanki,

Landsbankinn, sem er með um 70% af sjávarútveginum í viðskiptum.

Fjölmargar þjónustustofnanir sligast við gjaldþrotið. Það er staðreynd að mikill meiri hluti sjávarútvegsins og fleiri atvinnugreinar eru of skuldsettar, fjármagnskostnaðurinn er of hár. Allir hafa talað um að lækka vexti. Fyrrv. ríkisstjórn ætlaði að nota handaflið til vaxtalækkunar. Það fór nú minna fyrir því eins og allir vita og vextir voru háir og þeir eru allt of háir enn. En nú segja menn: Það má ekki nota handaflið. Áður sagði fyrri ríkisstjórn að það ætti að nota handaflið en notaði það aldrei. Þessi ríkisstjórn segir að ekki megi nota handaflið. Og hvort sem handaflið er notað eða ekki, þá er það nú á þann veg að vextirnir lækka þó en allt of hægt. Fjármagnseigendurnir hafa farið með hagnaðinn á kostnað atvinnuveganna og þessu verðum við að gera okkur grein fyrir.

Það er ekki gaman núna að vera lánveitandi og hefur ekki verið á undanförnum árum. Lán til framkvæmda hafa yfirleitt farið eftir framkvæmdakostnaði. Tekið hefur verið mið af fasteignamati, brunabótamati og fleiru þess háttar. Þegar fyrirtækin fara á hausinn geta lánastofnanirnar ekki selt þessar fasteignir og fyrirtæki nema fyrir lítinn hluta af því sem þau höfðu áður lánað út. Við skulum taka dæmi eins og Ólafsvík á síðasta hausti. Svo segja menn þegar þeir eru að endurbæta eða gera einhverjar breytingar: Ósköp eru þeir slæmir þessir lánasjóðir eða bankar. Þeir vilja ekki lána okkur. Við erum ekki tekin trúanleg. Þeir eru farnir að draga fæturna. Nú eru viðbrögð margra sjóða gagnvart fjárfestingu víða úti á landsbyggðinni þannig að ekki sé nokkur leið að lána út á landsbyggðina því að mat sé orðið allt of hátt. Auðvitað er hægt að reikna skattana eftir fasteignamatinu og iðgjöld eftir brunabótamatinu en það fylgir ekki hvað þetta er í raun og veru. Meira að segja hér í Reykjavík þar sem hefur verið yfirverð til skamms tíma á brunabótamati er að verða veruleg breyting. Ég veit um hús sem seljast ekki orðið fyrir brunabótamati hérna. Það veldur öllum mönnum miklum áhyggjum.

Ég get ekki verið sammála hæstv. iðnrh. í því sem hann sagði hér áðan að fyrirtæki sem lökust eru verði að hverfa úr rekstri. Það eru til fyrirtæki sem hafa alltaf átt lítið eigið fé en eru kannski undirstaða atvinnurekstrar í tiltölulega litlu samfélagi. Það er ekki svo auðvelt að segja: Þau skulu bara fara á hausinn og hverfa úr rekstri. Hvað á þá að gera við fólk og verðmæti sem er á þessum stöðum? Eigum við bara að segja allt í einu: Okkur kemur það ekkert við. En okkur kemur það við. Við höfum skyldum að gegna. Það er engin furða þó að fiskvinnslan sé orðin allt of stór. Við verðum að taka tillit til þess að það er ekki í fyrsta skipti núna sem verið er að skerða aflaheimildir. Það er búið að gera í mörg ár. Áður var sagt: Við verðum að hafa almennilega fiskvinnslu sem getur unnið úr okkar afla. Þess vegna er fiskvinnslan nú orðin allt of stór. Við höfum verið á fjárfestingarfylliríi í mörg ár. Það er aðeins byrjað að rofa til. Menn sjá aðeins með öðru auganum enn og mættu gjarnan fara að opna bæði.

En hvað er til ráða? Hagræðing á öllum sviðum, fækkun á fólki í atvinnurekstri í þjónustustörfum? Allt þetta gerir það að verkum að það vantar ný atvinnutækifæri fyrir fjölmarga landsmenn. Við þurfum að vinna að því að efla íslenskan iðnað, efla framleiðsluna, fá meira út úr framleiðslunni, vinna markvisst að því og ég vona að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. sjái að kominn er tími til þess að setja ákveðna starfsemi á fót til að efla framleiðslu, auka framleiðslugetu í ýmsum greinum atvinnulífsins og hefja stórfelldan áróður fyrir því að Íslendingar kaupi íslenska framleiðslu frekar en þá erlendu. Þannig eigum við að vinna, þannig getum við náð töluverðum árangri.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er býsna mikill vandi sem hér er til umræðu, vandi sem snýst ekki aðeins um hagsmuni sjávarútvegsins heldur í raun og veru stöðu efnahagsmála í okkar þjóðfélagi og afkomu allra atvinnugreina í landinu. Sjávarútvegurinn er svo viðamikill þáttur í íslensku efnahagslífi að afkoma hans hefur áhrif á alla þætti í þjóðarbúskapnum og afkomu annarra atvinnuvega og í því ljósi verður þessi umræða að fara fram.

Menn hljóta líka að gera kröfu til þess, þegar við stöndum frammi fyrir svo alvarlegu viðfangsefni sem hér er til umræðu, að menn ræði það af fullri ábyrgð hvert er eðli þessa vanda og hverjar eru orsakir vandans sem við stöndum frammi fyrir. Hv. þm. er ekki samboðið að fara í hefðbundið hnútukast og skæklatog um þessi efni. Menn verða að ræða þau á ábyrgan hátt.

Segja má að tvær meginástæður liggi til þess vanda sem hér er verið að fjalla um. Annars vegar langvarandi skekkja í íslensku efnahagslífi. Við höfum í tvo áratugi a.m.k. búið við viðvarandi og mjög alvarlegan viðskiptahalla sem er ein meginorsökin fyrir því að við höfum tekið of mikla fjármuni út úr framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar og látið neysluhliðinni of mikið í té. Vissulega bera allir stjórnmálaflokkar í landinu, sem hafa meira og minna setið í ríkisstjórnum til skiptist á þessu tímabili, ábyrgð á því að þessi skekkja hefur verið látin viðgangast. En ég hygg að við ættum að geta verið sammála um að nú sé kominn tími til að taka á þessu viðfangsefni, hætta að gefa deyfilyf, hætta að framlengja með bráðabirgðaráðstöfunum frá einum tíma til annars og treysta á tímabundna happdrættisvinninga. Við verðum að taka á þessum málum með almennum aðgerðum til að laga þessa skekkju. Það er tilgangslaust að kasta hnútum hér hver í annan því að allir stjórnmálaflokkarnir bera meiri og minni ábyrgð á ástandinu.

Annar höfuðþáttur þessa vanda er sú mikla aflaskerðing sem við höfum orðið fyrir og þurfum vitaskuld að mæta. Það er ekki svo lítið áfall þegar 8.000 millj. kr. hverfa úr útflutningstekjum á einu bretti. Það hlýtur alls staðar að hafa áhrif.

Menn velta því fyrir sér hvort unnt sé að leysa þetta með því sem kallað er gjaldþrotaleið. Úttekt Þjóðhagsstofnunar benti til þess að þegar á árinu 1990, en hv.

7. þm. Reykn. var að tala um sjávarútvegurinn hefði skilað mjög góðum árangri á því ári, hafi tæplega helmingur fyrirtækja í sjávarútvegi ekki átt með eðlilegum hætti fyrir afborgunum og vöxtum og nú hefur enn hallað á. Þegar nálægt 60% af fyrirtækjum í sjávarútvegi eru í þeirri stöðu leysa menn ekki vandann með því að láta þann hluta sjávarútvegsins, burðarás í íslensku atvinnulífi, fara á hausinn. Það hlýtur hver einasti maður að sjá og ég hef reyndar ekki heyrt nokkurn mann halda því fram að sú leið leysti vandann. En hitt vitum við að afkastageta í veiðum og vinnslu er meiri en afrakstursgeta fiskstofnanna er. Það hlýtur að vera verkefni okkar að standa á þann veg að stjórn efnahagsmála að saman fari fjárfesting í veiðum og vinnslu og afrakstursgeta fiskstofnanna þannig að við nýtum sem best hverja krónu sem fjárfest er í atvinnutækjum sjávarútvegsins. Þannig sköpum við þjóðinni bestan arð og það þarf virkilega að taka á í því efni. Fram hjá þeim vanda getum við ekki litið.

Ég hygg að hægt væri að skýra þessa stöðu með tiltölulega einföldum hætti. Þegar jöfnuður er í viðskiptum við útlönd geta stjórnvöld sagt við atvinnulífið: Þau fyrirtæki sem ekki standa sig við slík skilyrði hljóta að ganga fyrir ætternisstapa því að þá hlýtur eitthvað að vera að í rekstrinum. En slíkt geta menn ekki sagt fyrr en jöfnuður er kominn á í viðskiptum við útlönd, jöfnuður á milli þess sem við flytjum út og þess sem við flytjum inn. Í raun og veru ætti sjávarútvegurinn að segja við stjórnvöld á hverjum tíma: Tryggið jafnvægi í viðskiptunum við útlönd og við skulum reka sjávarútveginn og þá þurfið þið ekki að hafa áhyggjur. En það er vitaskuld hægara sagt en gert að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Það tekur tíma en það hlýtur að vera meginmarkmiðið og rekstur sjávarútvegs og annarra greina, t.d. iðnaðarins, verður ekki tryggður til frambúðar nema með þeim hætti. Það er út í hött að halda því fram að hægt sé að leysa þennan vanda endalaust með nýjum lántökum.

Ég þykist vita að lántökurnar haustið 1988 hafi verið gerðar af góðum hug en þær leystu ekki vandann. Þær tryggðu að hægt var að halda rekstri fyrirtækjanna lengur áfram. En við sjáum það í dag þegar við erum að framlengja þessi lán enn einu sinni að þær leystu ekki rekstrarvanda sjávarútvegsins og því síður mundi viðbótarlántaka af því tagi í gegnum opinbera sjóði leysa vandann í dag. Þeir sem leggja það til eru ekki að hugsa um að létta vaxtabyrðinni af sjávarútvegsfyrirtækjunum því að vaxta- og fjármagnskostnaðurinn er ekki bara fólginn í því hvert vaxtahlutfallið er á hverjum tíma. Það er líka fólgið í því hversu mikið fjármagn fyrirtækin þurfa að taka að láni. Því meira sem þau eru knúin til að taka að láni, því meiri verður fjármagnskostnaðurinn. Menn þurfa með öðrum orðum að draga úr honum og það gera menn með því að bæta rekstrargrundvöllinn en ekki með því að bæta við lánin. Ég held að skýrsla Þjóðahagsstofnunar hljóti að sýna mönnum fram á að fyrirtækin ráða ekki við meiri lán. Ég efast meira að segja um að hægt væri að nota viðbótarlántökur sem deyfilyf í dag eins og hægt var að gera haustið 1988, m.a. vegna þess að þá fór verðlag í kjölfarið mjög hækkandi á helstu mörkuðum erlendis.

Hv. 1. þm. Austurl. varpaði fram nokkrum spurningum til mín sem ég skal reyna að svara. Hann spurði hvort til greina kæmi að leggja á veiðileyfagjald, eins og hann nefndi í ræðu sinni, við þessar aðstæður. Í raun og veru ætti að vera óþarfi að bera spurningu af þessu tagi fram þegar hallarekstur sjávarútvegsins er með þeim hætti sem verið er að tala um. Eðlilega á sjávarútvegurinn að greiða þá skatta sem honum ber og þegar hann hagnast á hann að greiða hluta af þeim hagnaði til sameiginlegs sjóðs landsmanna. En að láta sér detta í hug við þessar aðstæður að leggja á nýja skatta á sjávarútveginn er gersamlega út í hött. Ég las í Morgunblaðinu einhvern tíma í vetur að sjávarútvegurinn gæti hæglega greitt aukna skatta vegna þess að hann væri að ráðstafa peningum í kvótakaup. Þetta er skringilegasta hagfræðikenning sem ég hef heyrt í langan tíma. Verðmæti fiskiskipa með kvóta í dag er mjög svipað og það var áður en kvótakerfið var sett á. Þessi kenning felur það í sér að ef menn hafa efni á að kaupa skip hafi þeir líka efni á að borga viðbótarskatta. Það væri álíka gáfulegt að halda því fram að af því að Morgunblaðsmenn ætla að byggja nýja Morgunblaðshöll sé tími til kominn að leggja nýjan skatt á blaðaútgáfu í landinu. Ég held að menn hljóti að gera sér grein fyrir því að þessi hagfræði er jafnfráleit og nokkuð getur verið í þeim vísindum.

Hv. 1. þm. Austurl. spurði síðan um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hvort endurskoðun á honum kæmi til álita og hvort útborgun kæmi til greina úr sjóðnum við þessar aðstæður en þar er innstæða upp á u.þ.b. 3 milljarða kr. Rétt er að minna á að inngreiðslur í sjóðinn voru stöðvaðar með sértakri löggjöf fyrr á þessu þingi og nú situr sérstök nefnd að störfum undir forsæti hagstofustjóra sem er að endurskoða lög sjóðsins og hlutverk hans, m.a. með tilliti til þeirra aðstæðna sem við stöndum nú frammi fyrir. Innan ekki langs tíma er að vænta álits nefndarinnar og fyrr er ekki tímabært að kveða upp úr um það hvað gert verður í því efni.

Þá var spurt um breytta stefnu að því er varðar útflutning á ferskum fiski. Ástæða er til að rifja upp og minna á að á síðasta ári minnkaði útflutningur á ferskum fiski mjög verulega, einkum útflutningur á þorski og ýsu, mikilvægustu tegundunum. Hitt er annað mál að það er ekki jafnarðbært að vinna karfa og þorsk og ýsu og þess vegna hefur áfram verið talsverður útflutningur á karfa. En hér hafa með öðrum orðum orðið mjög ánægjuleg umskipti og fiskvinnslan hefur fengið meira hráefni til vinnslu vegna þess að þessi breyting hefur orðið.

Þá spurði hv. þm. hvort til greina kæmi að stofna til úreldingar í fiskvinnslu. Nefnd sem vinnur að mótun sjávarútvegsstefnu hefur greint frá því að slíkar hugmyndir séu þar til skoðunar og ég tel rétt að nefndin kanni þennan möguleika. Það er vissulega rétt að meiri vandi er þar á höndum en við úreldingu fiskiskipa, m.a. vegna þess að ég hygg að engum manni detti í hug að fara að leyfisbinda fiskvinnslu í landinu. Eigi

að síður hygg ég að það sé óhjákvæmilegt við núverandi aðstæður að skoða þennan kost í ljósi þess að fjárfestingin í sjávarútvegi er meiri en afrakstursgeta fiskstofnanna. Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á Hagræðingarsjóði og með því að nota eigið fé sjóðsins á að vera unnt að úrelda fiskiskipastólinn um 10%.

Það hafa verið teknar ákvarðanir um skuldbreytingar sem vissulega eru ekki lausn heldur bráðabirgðaúrræði. Þær ákvarðanir sem teknar hafa verið lúta að atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, að fresta afborgunum um 1,5 milljarða á þessu og næsta ári og sams konar aðgerðir í Fiskveiðasjóði um að fresta afborgunum um 1,3 milljarða kr.

Við þurfum svo að taka á ýmsum öðrum málum sjávarútvegsins eins og einstakir hv. þm. hafa hér minnst á. Það er mikilvægt að auka rannsóknir á vannýttum tegundum og þær rannsóknir hafa þegar verið hafnar eins og hv. þm. er kunnugt um. Rannsóknir á úthafskarfa eru hafnar og þarf að auka mjög verulega svo og rannsóknir á öðrum vannýttum tegundum. Við þurfum að skjóta traustari stoðum undir eldi sjávardýra og á því sviði er verið að vinna hægt og örugglega að tilteknum verkefnum, bæði að því er varðar þorskklak og mjög merkilegar tilraunir með lúðueldi eru í gangi. Við höfum verið að fjalla í þinginu í vetur um breytingar á löggjöf um löndunarrétt erlendra skipa sem hugsanlega gætu aukið þjónustuverkefni hér í landinu. Fyrir þinginu liggur frv. sem kveður á um nýjar reglur um fullvinnslu afla um borð í fiskiskipum. Það hefur borið nokkuð á góma hér í þessari umræðu. Það er mjög brýnt að taka á þeim málum og gera auknar gæðakröfur og auknar kröfur um betri nýtingu á aflanum sem unninn er um borð í fiskiskipunum og jafna um leið aðstöðumuninn milli vinnslu á sjó og í landi. Ég legg þess vegna mikla áherslu á að þingið hraði umfjöllun um það málefni.

Ég vil svo að lokum, frú forseti, minna á að það eru einnig í gangi ýmis verkefni á vegum aflanýtingarnefndar sem miða að því að nýta auðlindina og hráefnið betur en gert hefur verið. En kjarni málsins er þó sá að allir þeir möguleikar, þar á meðal nýir markaðsmöguleikar okkar með Evrópusamningum, eru undir því komnir að þessi mikilvæga atvinnugrein fái að græða peninga og skila arði.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki almennilega á orðum hæstv. sjútvrh. þar sem hann segir að ekki eigi að fara í hnútukast og skæklatog að mér skildist af því að hér er hafin umræða um atvinnumál og þá fyrst og fremst um vanda sjávarútvegsins. Hv. 1. þm. Austurl. bar fram margar spurningar um það hvað ríkisstjórnin ætlar að gera en vissulega gagnrýndi hann ríkisstjórnina. Við framsóknarmenn höfum gagnrýnt álögur ríkisstjórnarinnar á sjávarútveginn við þessar aðstæður og við höfum líka gagnrýnt hæstv. forsrh. fyrir það að hann hefur talið óþarfa að fara eftir tillögum hæstv. sjútvrh. um aðgerðir í sjávarútvegi eins og við minnumst frá því í byrjun desember eða í nóvemberlok. Við erum sem sagt fyrst og fremst að ýta á það að tekið sé tillit til tillagna hæstv. sjútvrh. því að hann hefur lært af hinni dýrkeyptu reynslu frá 1988. Í september var spáð 10% taprekstri á næsta ári samkvæmt fyrirsögn í Morgunblaðinu og enn er spáð miklu tapi, a.m.k. 8% tapi á fiskvinnslu. Við teljum að hver vika sem líður við þessar aðstæður án þess að ríkisstjórnin fari eftir tillögum hæstv. sjútvrh. um að gera eitthverjar breytingar sé svo dýr að við það verði ekki unað. Vissulega gagnrýnum við hæstv. sjútvrh. fyrir það að una því að sitja undir þessu aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Umræðuefnið er vissulega mikilvægt og vandinn stór sem við er að etja. Því hlustaði ég grannt eftir orðum hæstv. ráðherra um það hvernig þeir skilgreindu vandann og kannski ekki síður hvað þeir ætluðu að gera. Það verður að segjast eins og er að svör þeirra hafa orðið mikil vonbrigði og niðurstaða mín er sú að engar aðgerðir eru í sjónmáli sem einhverjum sköpum skipta fyrir þessa atvinnugrein aðrar en að fresta vandanum áfram.

Ég get að vissu leyti tekið undir það sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að þær tvær skýringar sem hann færði fram hafa haft veruleg áhrif á afkomu atvinnugreinarinnar. Annars vegar það sem hann kallaði langvarandi skekkju í íslensku atvinnulífi og ég skildi sem rangt skráð gengi um of langan tíma á síðustu tveimur áratugum. Hins vegar er aflaskerðingin sem hefur af eðlilegum ástæðum í för með sér minni tekjur á sama fastakostnað. Hæstv. sjútvrh. sagði að ekki væri hægt að leysa vandann með nýjum lántökum en bæta þyrfti rekstrargrundvöllinn.

Það sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera er fyrst og fremst að fresta afborgunum í tvo opinbera sjóði, atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar og Fiskveiðasjóð. Það eru þær aðgerðir sem létta greiðslubyrði af sjávarútvegsfyrirtækjum svo einhverju nemur en það eru ekki aðgerðir sem leysa neinn vanda. Það eru aðgerðir sem skjóta málunum á frest.

Það hefur komið mér á óvart, í umræðunni síðustu daga, að upplýsingar um stöðu sjávarútvegsins skuli koma mönnum á óvart. Það hefur legið fyrir í meginatriðum hver staðan væri allt frá því í haust. Ég get t.d. vitnað því til staðfestingar í Fiskifréttir frá því í byrjun október á síðasta ári. Þar er rætt við þrjá menn sem eru gjörkunnugir íslenskri fiskvinnslu, Jón Pál Halldórsson, forstjóra Norðurtangans, og Arnar Sigurmundsson í Vestmannaeyjum auk Sigurðar Einarssonar. Fyrirsögnin viðtalsins við þessa þrjá menn heitir: „Er fimbulvetur fram undan í fiskvinnslu?“ Í þessum viðtölum eru í raun og veru dregnar fram þær staðreyndir sem lágu þá á borðinu og eru í meginatriðum þær sömu og menn eru að tala um núna. Vonbrigðin eru því fyrst og fremst þau að það skuli vera stefna ríkisstjórnarinnar núna í febrúar, fimm til sex mánuðum síðar að gera ekki neitt. Í þessari umræðu er kjarninn í málflutningi hæstv. forsrh. og viðskrh. að ekki eigi að gera neitt annað en að láta hlutina velta áfram

í því markaðsumhverfi sem þeir eru og láta skeika að sköpuðu um lendinguna. Það er út af fyrir sig stefna en ég hygg að hún eigi sér fáa formælendur úti í þjóðfélaginu.

Ég vil draga fram fáein atriði sem ég tel að hafi skipt verulegu máli um versnandi afkomu sjávarútvegsins í heild á undanförnum árum.

Ég vil í fyrsta lagi nefna þá þróun sem orðið hefur í sjófrystingu. Ég hef hér hjá mér skjal, sem ég greip með mér af handahófi, í því kemur fram að frystitogarar voru þrír 1984 en 21 árið 1989. Ég hygg að þeim hafi frekar fjölgað en hitt síðan og minni á að Fiskveiðasjóður afgreiddi lánveitingar til smíði á nýjum frystitogurum ekki alls fyrir löngu upp á nokkra milljarða kr. Hæstv. sjútvrh. vaknaði ekki fyrr en búið var að veita þessi lán. Er einhver í salnum sem heldur að það bæti stöðu sjávarútvegsins að auka við í sjófrystingu og minnka það magn sem fer í gegnum þau frystihús sem til eru í landinu? Það eru tugir þúsunda tonna af þorski sem eru unnin úti á sjó sem áður voru unnin í landi. Þannig að sú fjárfesting sem áður hafði tiltekið magn af fiski og gat þar af leiðandi skilað tilteknum tekjum býr nú við þær aðstæður að fá minna magn ekki bara vegna aflaskerðingar heldur líka vegna þessarar breytingar.

Þær upplýsingar hafa verið gefnar, sem ég tel áreiðanlegar, að verðmæti vinnslu úti á sjó sé mun minna en verðmæti vinnslu í landi. Ég hef nefnt þær tölur áður og vil endurtaka þær. Ef allur sá afli sem árið 1990 var unnin í vestfirskum frystihúsum og var að útflutningsverðmæti 4 milljarðar kr. hefði verið unninn um borð í frystitogurum hefði útflutningsverðmætið orðið um 3 milljarðar kr. Þetta þýðir að munurinn er um 60 kr. á kg sem er sú verðmætaaukning sem þjóðarbúið verður af við það að fiskurinn er ekki unninn í landi. Það þýðir færri störf sem aftur kallar á atvinnuleysi.

Núv. ríkisstjórn hefur því miður of seint stungið niður fæti til að sporna gegn þessari óheillaþróun varðandi sjófrystingu. Á næstu árum mun vinnslan flytjast út á sjó enn frekar þar til þeir togarar eru komnir inn í flotann sem nú er verið að smíða. Annað atriði sem hefur leikið landfrystinguna grátt er útflutningur á óunnum fiski.

Í Fiskifréttum frá september sl. staðhæfa fróðir menn að samkeppnisstaða íslenskra frystihúsa miðuð við þau bresku sé þannig að þegar íslenska frystihúsið þarf að borga 100 kr. fyrir þorskkílóið verði það að greiða allan þann pening úr eigin vasa en breski kaupandinn sem borgar sama verð eða 100 kr. greiðir ekki nema 70 kr. frá sjálfum sér, 30 kr. koma í ríkisstyrkjum. Við höfum verið of andvaralaus í því að verja hinn íslenska frystiiðnað fyrir niðurgreiðslum erlendra keppinauta.

Það er vissulega í þá átt að draga úr þeim mun með því að hafa skerðingu á aflaheimildum við útflutning en sú skerðing hefur ekki verið nægilega mikil til að vigta út þennan ríkisstyrkjamun sem er á milli atvinnugreinarinnar hér og erlendis.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna sem hefur verið og mun verða heldur til óhagræðis fyrir sjávarútveginn eru þær breytingar á skattalögum sem ríkisstjórnin knúði í gegn um síðustu áramót. Breytingar sem ekki laða fjármagn inn í atvinnugreinina heldur þvert á móti vinna gegn því að almenningur sé reiðubúinn að leggja fé inn í þessa atvinnugrein. En það er að mínu viti sú aðgerð sem best mundi duga fyrir atvinnugreinina til að greiða niður sínar skuldir að fá fé frá almenningi í gegnum kaup á hlutabréfum eða með öðrum álíka hætti. Því verður íslensk hlutafélagalöggjöf að mínu viti að vera þannig úr garði gerð í skattalegu tilliti að hún beini fénu í þessa átt en ekki einhverjar aðrar áttir.

Fjórða atriðið sem er íþyngjandi fyrir sjávarútveginn og þó einkum og sér í lagi fyrir fiskvinnsluna er séreignarfyrirkomulagið í fiskveiðistjórnuninni þar sem menn verðleggja réttinn til að fara á sjó og hann gengur kaupum og sölum. Hér er um að ræða kostnaðarauka sem lendir meira og minna á fiskvinnslunni.

Fimmta atriðið vil ég nefna og þar á hæstv. sjútvrh. nokkurn hlut að máli. Það er vaxtafrelsið sem tekið var upp ef ég man rétt árið 1985. Ég hygg að þeir séu nokkrir sem enn muna þá umræðu þegar ákveðið var að taka upp verðtryggingu á sparifé og skuldbindingum. Þá voru kostirnir sem upp voru lagðir tveir. Annars vegar háir nafnvextir, hins vegar verðtrygging með 2–3% vöxtum. Það var ævinlega talað um málið á þann veg að verðtryggingu fylgdu ekki háir vextir. Hins vegar hefur hæstv. núv. sjútvrh. talið það eitt af sínum mestu afrekum að hafa getað sparkað vöxtunum upp í 10% á örfáum mánuðum fyrir nokkrum árum. Þeir vextir gera ekkert annað en að taka fé út úr þessari atvinnugrein. Hún getur ekki velt þessum kostnaðarauka á kaupandann.

Ég vil líka nefna það atriði sem menn hafa notað sem eina helstu röksemd fyrir þeirri kröfu sem gerð er til sjávarútvegsins í dag að þar þurfi að hagræða einhver gríðarleg ósköp. Að hér sé um að ræða feiknarlega offjárfestingu og menn hafi hagað sér eins og vitleysingar árum saman og eytt peningum í allar áttir. Hér er að mínu viti ranglega dregin upp myndin og menn gera meira úr fjárfestingu en efni standa til. Við skulum samt muna áður en við förum að skoða tölur um fjárfestingu í sjávarútvegi að þetta er sú atvinnugrein sem skilar um 80% af okkar gjaldeyri. Í riti Þjóðhagsstofnunar, sem heitir Fjárfesting 1945–1989, kemur fram að árið 1989 er talið að heildarfjárfesting í landinu sé um 850 milljarðar kr. Hvað skyldi nú mikið af þessum 850 milljörðum vera bundið í sjávarútvegi? Það eru 49 milljarðar í fiskveiðum og 23 milljarðar í fiskiðnaði. Þetta gerir ekki nema 72–73 milljarða kr. (Forseti hringir.)

Nú heyri ég á að tíma mínum er lokið þannig að ég get ekki farið ítarlega út í greiningu á því fjármagni sem bundið er í sjávarútvegi. En ég segi að það er ekki meira en efni standa til og það er ekki meira en við mátti búast þegar haft er í huga að á þeim tíma sem er stofnað til fjárfestingarinnar voru menn að veiða um 360 þús. tonn á ári af þorski.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, af því að ég sé að forseti er staðinn upp svo það er vissara fyrir mig að fara að koma mér af stað, geta þess að sjávarútveg-

urinn hefur mjög mikla aðlögunarhæfileika og hagræðing gengur nokkuð greitt fyrir sig. Og sem dæmi um það er að á tveimur til þremur árum fækkaði ársverkum í frystingu, söltun og herslu úr 9.000 í 7.000. Og ég spyr, hvaða atvinnugrein hefur hagrætt svona hratt á svona stuttum tíma? (**Gripið fram í:** Fiskeldið.)

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Eitt af vandamálunum sem sjávarútvegurinn glímir við í dag er sú staðreynd að flotinn er of stór. Og til þess að hægt sé að ná einhvers konar sátt um að minnka flotann þarf skipulagsbreytingu. Jafnvel áður en kom til þess að veiðiheimildir voru þrengdar, að ráði fiskifræðinga, var ljóst að flotinn var of stór. Eftir kvótaskerðinguna er svo mismunurinn á afrakstursgetu stofnanna í sjónum og veiðigetu flotans enn meiri en áður. Við höfum einfaldlega allt of mörg skip til að veiða allt of fá tonn. Af sjálfu leiðir að kostnaðurinn við veiðarnar er of mikill og það verður að fækka skipum. En um leið og það er gert er hætt við að einstök byggðarlög tapi veiðiskipum og um leið tapast afli úr byggðarlaginu og þar með atvinna. Þetta er einn stærsti þröskuldurinn í vegi þeirrar nauðsynlegu hagræðingar sem felst í minnkun flotans. En hvernig getum við yfirstigið þennan þröskuld? Eina leiðin er sú að allur afli sem veiðist á Íslandsmiðum fari á innlendan markað. Það er stefna okkar jafnaðarmanna. Þetta kæmi í veg fyrir að heilu byggðarlögin rústist ef kvóti hverfur á brott vegna sölu skips til að mynda þegar verið er í hagræðingarskyni að sameina veiðiheimildir á færri skip. Byggðarlögin, sem njóta nálægðar við miðin og hafa þannig forskot á fjarlægari staði, ættu auðvelt með að keppa um hráefnið á markaðnum og atvinnan helst á staðnum, jafnvel þó viðkomandi byggðarlag hafi ekki lengur formlegan aðgang að miðunum í gegnum kvótann. Þannig er sala alls afla yfir markað forsenda þess að það takist að ná þeirri langþráðu hagræðingu sem felst í minnkun flotans. Sömuleiðis þarf nauðsynlega að auka frelsi í útflutningi sjávarafurða. Í dag er útflutningurinn að verulegu leyti í höndum sölusamtaka sem hafa verndaðan rétt til útflutnings og aðrir en þau fá ekki að flytja út nema með harmkvælum. Á sínum tíma átti þetta fyrirkomulag vissulega rétt á sér en ekki lengur. Við þurfum aukið frelsi þar sem frumkvæði smáfyrirtækjanna fær notið sín. Ef við gefum þessum aðilum aukin tækifæri þá mun það skila sér í miklu skilvirkari markaðsleit og verulegri tekjuaukningu fyrir þjóðarbúið.

Hv. 1. þm. Austurl. ræddi áðan um að menn töluðu um sjávarútveginn af allt of mikilli svartsýni. Ég er sammála honum um það. Þess vegna ætla ég að leyfa mér þann munað, virðulegur forseti, að hugsa aðeins til framtíðar og reyna að fitja upp á nýjum leiðum. Á meðan staðan í sjávarútvegi og atvinnumálum almennt er jafnalvarleg og raun ber vitni þá verðum við að leita allra ráða til að efla atvinnu og til að nýta þá fjárfestingu sem liggur fyrir í formi fiskiðjuvera og flotans og þar vil ég einkum nefna tvennt.

Í fyrsta lagi bendi ég á þann möguleika að feta í fótspor grannþjóðanna og kaupa óunninn fisk til landins sem yrði unninn hér á landi til að skapa atvinnu og nýta þá miklu umframgetu sem er að finna í fiskvinnslunni. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna að það hefur verið kleift að kaupa til landsins frystan Alaskaþorsk sem slægður og hausaður hingað kominn hefur ekki kostað mikið meira en 120 kr. á kg. Þetta verð er fyllilega samkeppnisfært. Jafnframt skulum við ekki heldur horfa fram hjá því að þrjár nágrannaþjóðir eru nú farnar að kaupa óunninn þorsk af Rússum sem þær vinna svo sjálfar. Nú síðast í þessari viku voru Grænlendingar að festa kaup á 4.000 tonnum fyrst og fremst til að tryggja atvinnu heima. Hvers vegna gerum við þetta ekki líka?

Í öðru lagi vil ég vekja eftirtekt á því að miklir möguleikar eru á að afla veiðiheimilda fyrir íslensk skip í lögsögu erlendra þjóða þar sem þekktir, vannýttir stofnar eru. Ég nefni lönd eins og Oman, Kamtsjatka, og sum lönd Afríku. Með þessum hætti væri hægt að nota umframgetu íslenska flotans. Og ég undirstrika sérstaklega að hin nýju lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt voru í janúar, gera þennan kost miklu nærtækari en ella.

Svartsýni, já. Í þeim umræðum sem yfirleitt hafa orðið um sjávarútveginn þá finnst mér átakanlegt hvað hugmyndaflug og áræði er dapurlegt og miklu minna en áður. Við skulum ekki gleyma því að fyrr á árum þegar aflabrestur varð og erfiðleikar steðjuðu að sjávarútvegi — hvað gerðu Íslendingar þá? Það varð ævinlega til þess að menn leituðu á vit nýrra miða og nýrra tegunda, gjarnan fjarri heimaslóðinni. Íslensk skip leituðu til Nýfundnalands, í Hvítahafið og á Grænlandsmið. Þar eru núna þekkt fengsæl mið sem eru nefnd eftir íslenskum skipum sem hófu þar fyrst veiðar, ég nefni Fylkismið og Jónsmið. Ég er sannfærður um að við eigum enn ónumin lönd í formi nýrra tegunda og nýrra miða. Og eins og ég mun rekja þá tel ég að enn sé von á verulegri nýsköpun í veiðum og veiðitækni.

Það er sérstaklega vert að undirstrika að umhverfis landið er enn að finna fjölda tegunda sem eru lítt kannaðar, en væri hægt að skapa umtalsverð verðmæti úr. Um þetta væri hægt að nefna tugi dæma en ég ætla einungis að nefna örfá. Menn hafa talað um karfa. Á hafsvæðum við Ísland eru þrjár karfategundir, þar af tveir stofnar af einni. Við höfum lengi nýtt stóra karfann. Fyrir aðeins þremur árum hófum við nýtingu á úthafskarfa eftir tiltölulega erfiða byrjun á veiðunum. Árið 1989 veiddum við 3.000 tonn og sá afli hafði aukist upp í 9.000 tonn árið 1991. Þessar veiðar standa vel undir sér og afkoman virðist fara batnandi. Hins vegar er miklu meira af úthafskarfa til. Á síðasta áratug veiddu Sovétmenn fast að 100 þús. tonn á ári. Þeir hafa nú dregið verulega úr sókninni eins og raunar aðrar þjóðir líka. Það er því óhætt að segja að úthafskarfi er vaxandi auðlind í forðabúi okkar Íslendinga. En smæsta tegundin, litli karfinn, er enn algerlega ónýttur. Af honum er hins vegar geysilegt magn sem hefur farið heldur vaxandi af sérstökum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja núna. Þennan stofn er auðvelt að

veiða og það er hægt að flaka hann í vélum. Þar líka er ónýtt auðlind.

Fáir virðast svo hafa gert sér grein fyrir því að til er djúpkarfi sem er afbrigði sömu tegundar og úthafskarfinn og ætti í vinnslu að skila svipuðum afrakstri og hann. Í leiðöngrum sem farnir voru til að kanna útbreiðslu úthafskarfa þá tóku menn stundum nokkur djúptog sumarið 1990 að ég hygg, á 500–600 metra dýpi. Alls staðar fengu menn djúpkarfa og talsvert af honum. Það virðist sem sagt þannig að á hafsvæðunum úti fyrir Íslandi sé að finna mjög útbreiddan nær alveg ókannaðan stofn af nytjafiski, djúpkarfa, sem ætti að geta fært Íslendingum mikla björg í bú. Þarna er líka um ónýtta auðlind að ræða.

Leyfist mér, virðulegi forseti, að nefna í þessum sölum fiskinn langhala? Hér við land eru tvær tegundir langhala, sá snarpi og hinn slétti, báðar nýtanlegar, báðar eftirsóttar, báðar dýrar á mörkuðum. Margt bendir til að á miklu dýpi við Reykjaneshrygginn sé að finna umtalsvert magn af þessum tegundum. Árstíðabundin veiði á langhala upp á nokkur þúsund tonn yrði ómetanleg búbót fyrir sjávarútveginn og e.t.v. lífgjöf fyrir einhver fyrirtæki og atvinna fyrir nokkrar fjölskyldur.

Gulllax, hann hefur stundum veiðst í miklu magni hér við land og er eftirsótt tegund af Norðmönnum og á sínum tíma veiddu Kanadamenn 40.000 tonn af þessum ágæta laxi. Ég er líka sannfærður um að við eigum enn eftir að finna stóran hrygningarstofn af grálúðu vestur og suður af Reykjaneshrygg. Hvers vegna? Vegna þess að í dag stendur afli okkar Íslendinga af þessari dýrmætu tegund fyrst og fremst saman af ókynþroska og nýhrygndum fiski. Hvar er stóri kynþroska fiskurinn? Nákvæmlega sömu spurninga spurðu Kanadamenn sig. Þeir fóru og leituðu og þeir fundu stóru grálúðuna. Þetta eigum við eftir. Og hvað með búrfiskinn? Hér við landa hafa menn verið að fá góð skot af búrfiski, stórum búrfiski, en við eigum hins vegar eftir að finna verulegt magn af búrfiski í viðbót. Við Nýja-Sjáland voru menn til skamms tíma að veiða fast að 50 þús. tonnum árlega af búrfiski. Þar og við Ástralíu veiddist ársaflinn yfirleitt á aðeins þremur vikum. Það yrði svo sannarlega ávinningur fyrir þjóðarbúið, fyrir íslenskan sjávarútveg, ef okkur tækist að nýta umframgetu flotans til að taka á nokkrum vikum hér við land nokkur þúsund tonn af hinum dýrmæta búrfiski.

Enn vil ég svo nefna að lauslegar kannanir hafa sýnt að mjög víða í úthafinu er geysileg mergð fiska um miðbik hafbolsins yfir allmiklu dýpi. Þetta eru furðufiskar á borð við álsnípur, marsnáka og slóansgelgju. Enginn er enn farinn að nýta þessar tegundir og engar kerfisbundnar rannsóknir hafa farið fram á útbreiðslu þessara fiska eða í hvaða magni væri hægt að veiða þá. Fiskifræðingar vita hins vegar að þarna er um verulegt magn að ræða sem er útbreitt á mjög stórum svæðum. Fiskifræðingar hafa stundum orðað það svo að þessar lítt þekktu tegundir myndi þykkt miðsjávarbelti í úthafinu. Við eigum enn eftir að kanna möguleika á stórfelldum flotvörpuveiðum í úthafinu á þessum tegundum. Er ekki þarna líka um mikla ónýtta auðlind að ræða?

Virðulegi forseti. Ég nefndi í upphafi máls míns að Íslendingar ættu enn eftir að finna ný mið. Eins og hafréttarmál hafa þróast þá er það vitaskuld ljóst að við getum ekki, eins og fyrr á öldinni, sent fullhuga til veiða á hafsvæðum fjarri Íslandi sem nú eru vitaskuld undir lögsögu annarra ríkja. En við getum gert annað. Við getum farið niður á við, sótt dýpra í sjóinn, farið að nytja djúpmiðin. Næsti kafli í sókn Íslendinga í nýjar tegundir og nýja stofna mun snúa að veiðum á djúpmiðum. Tilraunir annarra þjóða með ný veiðarfæri, til að mynda sérstakar djúplínur, hafa gefið góða raun. Hinn ágæti fiskur langhali hefur verið veiddur á línu niður á 3.000 m dýpi, þó best hafi veiðin verið á 1.200–2.200 m dýpi þar sem stóð fiskur á þriðja hverjum öngli í tilraunaveiðum.

Hvarvetna í kringum okkur eru fiskveiðiþjóðirnar byrjaðar að kanna djúpin. Það er hins vegar sláandi hversu mikil leynd hvílir yfir þessum tilraunaveiðum sem aftur bendir til þess að eftir miklu sé að slægjast.

Virðulegi forseti. Enginn hefur verið jafnóþreytandi og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson að minna þingheim og þjóðina alla á þá staðreynd að samkvæmt hafréttarsáttmálanum eiga Íslendingar rétt á geysilegum hafsvæðum norður með Kolbeinseyjarhrygg og suður með Reykjaneshrygg. Á þessum svæðum verða hin nýju fiskimið framtíðarinnar, í miðsjónum og niður við botninn. Við verðum að fara að huga að nýtingu þessara auðlinda sem þarna er að finna í lítt könnuðum tegundum og stofnum. Það er rétt að vekja eftirtekt á því að nú þegar er nokkur fjöldi stórra skipa frá öðrum þjóðum að veiðum milli 200–350 mílna sjólínanna á svæði sem Íslendingar eiga rétt til samkvæmt viðurkenndum alþjóðasamningum. Er ekki kominn tími til að við Íslendingar förum að sýna öðrum þjóðum fram á það að heimildirnar til að veiða á þessum svæðum tilheyra okkur? Er ekki kominn tími til að við förum að staðsetja varðskip okkar þar til að leggja áherslu á rétt okkar til þeirra miða, til þeirra stofna sem á þessum svæðum er að finna. Með slíkum aðgerðum, virðulegi forseti, erum við að verja framtíðina, búa okkur undir nýja sókn á sviði fiskveiða næstu áratuga, næstu aldar. Að því verður líka að huga ekki síður en vandamálum líðandi stundar.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki nema ég sé að fara í kringum þingsköp ef ég kalla þetta andsvar. Tilgangur minn með því að koma hér upp í pontuna er að lýsa yfir stuðningi við allt það sem ræðumaðurinn, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagði og ég fagna hans merkilegu ræðu. Það er nefnilega svo að til eru fiskitegundir hér allt um kring sem við að réttum hafréttarlögum eigum, getum nýtt einir. Við þurfum að fara að nytja þær og það er ekki bara, eins og ræðumaður gat um, Reykjaneshryggur út í 350 mílur, það eru norðurslóðir allar, að sumu leyti í samvinnu við Norðmenn, að öðru leyti í samvinnu við Breta og Íra. Við getum gert

þetta allt saman á örskömmum tíma ef við gefum okkur tóm frá dægurþrasi.

En það góða við að talað er um kreppu — kannski er allt of mikið talað um hana — er það að menn fara að hugsa svolítið víðar og um aðra hluti. Hvar er auður Íslands? Hann er auðvitað í hafinu. Hann er þarna alls staðar þar sem ræðumaður taldi upp. Þetta hafa fiskifræðingar verið að rannsaka og segja okkur frá en við höfum daufheyrst. Við gerum ekki nokkurn skapaðan hlut annan en að rífast um einskis verða hluti. Þess vegna fagna ég sérstaklega framtaki hins ágæta þingmanns og því að hann skuli vekja athygli á því að framtíðin er fram undan en ekki aftur undan. Það er mergurinn málsins og við ættum að fara að sameinast um að ná þessum auði. Ekki bara fyrir okkur heldur fyrir mannkynið allt saman.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 17. þm. Reykv. góða ræðu. Það er mjög ánægjulegt að heyra svona tón úr stjórnarherbúðunum. Ég verð að segja að ég held kannski að vandamál núverandi stjórnarflokka séu að einhverju leyti þau að ekki hafi tekist að skipa rétt í ráðherrastóla.

Ég ætla að nefna atriði við hv. þm. sem hann kom að en það var að leysa þyrfti upp sölusamtök okkar til þess að ná betri árangri í útflutningi. Ég ætla ekki að deila við hann um það hvort æskilegt geti verið að fleiri aðilar komi þar að. En ég bendi á að þegar kemur að málflutningi þess flokks, sem viðkomandi þingmaður hefur kosið að starfa innan, varðandi innlenda búvöruframleiðslu, þá eru alltaf höfð uppi stór orð um það að öflug samtök framleiðenda um vinnslu og sölu séu fyrst og fremst til að vernda hagsmuni framleiðenda og halda uppi verði framleiðsluvörunnar. Þegar aftur kemur að því að sami stjórnmálaflokkur ræðir um útflutninginn þá er rökunum snúið við. Þá er það allt í einu orðið lausnarorðið að margir aðilar berjist og keppi innbyrðis um söluna. Ég vil ekki fara í neina hugmyndafræðilega úttekt á þessu við hv. þingmenn því ég veit að þetta er ekki einfalt mál og á sér margar hliðar. En ég bendi einfaldlega á þessa þverstæðu í málflutningi Alþfl.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vera kann að ég misskilji hv. þm. Jóhannes Geir en mér fannst eins og hann væri að andmæla þeirri skoðun minni að það ætti að gefa smærri miðlurum aukin tækifæri til að selja sjávarafurðir. Ég hef ekki kannað rækilega hvernig þetta er hjá öðrum þjóðum en ég vil vísa hv. þm. Jóhannesi Geir á leiðara DV í þessari viku þar sem greint var frá því að Norðmenn hefðu gefið saltfisksölu frjálsa. Það leiddi til þess að í staðinn fyrir að kaupendur, til að mynda í Portúgal, væru að versla við stóra heildsala í sínu eigin landi gátu smærri framleiðendur í Noregi verslað beint við hótelkeðjur og verslanakeðjur. Það leiddi til þess að verulega mikill gróði færðist frá Portúgal til framleiðendanna í Noregi eftir því sem sagt var í þessum leiðara í DV sem aftur vísaði til heimilda í blaðinu Dagens Næringsliv, að mig minnir. Þetta olli því að á einu ári jókst útflutningsverðmæti Norðmanna af saltfisksölu aðeins til eins lands, Portúgals, um 450 millj. norskra króna eða röska 4 milljarða íslenskra króna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það fram að ég ætlaði ekki í neina málefnalega umræðu um þetta atriði, ég vildi bara benda á þverstæðu í málflutningi Alþfl. Ég vil auk þess taka fram að ég tel leiðara DV enga sérstaka biblíu, hvorki í þessum málum né öðrum, þó að ég viðurkenni að leiðarahöfundi DV hefur farið fram í leiðaraskrifum á síðustu vikum og þá sérstaklega þegar rætt er um núv. hæstv. ríkisstjórn.

En ég vil benda hv. 17. þm. Reykv. á það að ef hann hefur lesið fleira en leiðarann í blaðinu, þ.e. fréttina inni í blaðinu, þá hefði annað komið í ljós. Það er eflaust rétt að þeir hafa hækkað verðmæti saltfisksins á Portúgal en það kom fram að útflytjendur hefðu einbeitt kröftum sínum að því að plokka augun hver úr öðrum á Portúgalsmarkaði en á sama tíma vanrækt mikilvæga markaði á Ítalíu og sem gæfu betra verð.

Nú sel ég það ekki dýrara sem stóð í fréttinni á innsíðum DV en það sem stóð í leiðaranum en það komu sem sagt fram í blaðinu tvær hliðar á þessu máli.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæsv. forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og vissulega fór hann vítt yfir sviðið. En þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kom upp varð ég satt að segja fyrir vonbrigðum vegna þess að ég hélt að erindi þess þingmanns hingað upp væri allt annað en það raunverulega var. Össur Skarphéðinsson var að lýsa miklum möguleikum sem við ættum hér í hafinu í kringum okkur og gerði það allfjálglega. Yfir þetta fórum við á síðasta nefndarfundi í sjútvn. en þó ekki nema hluta af þeim miklu möguleikum sem við Íslendingar eigum í hafinu í kringum Ísland og höfum verið að reyna að rannsaka af miklum vanefnum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór hér yfir þetta svið. Hann hefur samt verið harðasti talsmaður þess að frv. sjútvrh., sem hér liggur fyrir og heitir frv. um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, verði samþykkt. (**ÖS:** Ertu ósammála því?) Ég er ósammála því og ég trúi því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sé það einnig. Það var það sem ég hélt að væri erindi hans hingað upp, til að vara við að frv. yrði samþykkt. Trúlega munu þessir draumar, sem hér var verið að tala um að við ættum í hafinu, ekki rætast ef við samþykkjum slíkt frv. (**EKJ:** Ég á eftir að tala um það.) Þú átt eftir að tala um það. Þá er tilgangi mínum að nokkru leyti náð með því að koma hingað upp. Það væri nefnilega vert að við töluðum um það hér og það allítarlega áður en þingmenn mundum glepjast til þess að samþykkja frv. óbreytt.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og gjarnan er háttur hv. þm. Stefáns Guðmundssonar í andsvörum þá er hann yfir-

leitt að svara allt öðru en því sem hér hefur farið fram. Ég vil benda hinum ágæta þingmanni Stefáni Guðmundssyni á að lesa 3. gr. í því frv. sem sjútvrh. hefur lagt fram og fjallar m.a. um heimildir til þess að leyfa erlendum skipum að landa afla sínum á Íslandi. Þar er tekið skýrt fram að þar er heimild sem ráðherrann hefur til þess að hafna leyfum til löndunar ef um er að ræða afla sem tekinn er úr stofnum sem ekki er búið að semja um. Ég vil því í framtíðinni fara þess á leit við hv. þm. Stefán Guðmundsson að hann kynni sér málin áður en hann fer að tala fjálglega um þau hér, svo ég noti hógvært orðalag. (**StG:** Það var rætt á síðasta nefndarfundi sem þú mættir ekki á.)

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það var í senn átakanlegt og hvetjandi að hlusta á ræðu hv. 17. þm. Reykv. hér áðan því það vantaði eitt mjög tilfinnanlega í ræðuna. Hver ætlar að fjármagna alla nýsköpunina, alla þessa fiskileit, rannsóknastarfið, þróunarstarfið? Kannski þrautpínd fiskvinnslan? Áreiðanlega ekki. Ríkisstjórnin? Nei, greinilega ekki. Það dugar ekki að leita til einhvers hagræðingarsjóðs staðreynda, sé hann ekki til.

Ég vík þá að ræðu minni. Það er oft sagt að sá sem kemur öðrum að óvörum geti stýrt umræðu. Sé það rétt, sem ýmislegt bendir til, þá hlýtur það að geta ýtt undir ómálefnalega umræðu. Það eru ekki rökin eða efnisatriðin sem ráða heldur tæknibrellur nýjustu meðlima stéttar sem mætti e.t.v. kalla taltækna í anda annarra skrípiyrða og stöðuheita sem hér hafa heyrst. Taltæknar eru vitanlega þeir sem hafa náð mestri tækni í að tala, burt séð frá því hver boðskapur þeirra er og burt séð frá því hvort óvænt tíðindi eru í raun óvænt.

Ég nefni þetta hér að gefnu tilefni. Fyrir níu dögum ræddum við í þinginu alvarlegt atvinnuástand í landinu. Atvinnuástand sem m.a. lýsir sér í því að 8–12% kvenna á Suðurnesjum hafa gengið atvinnulaus síðan í haust. Það atvinnuleysi er ekki síst rakið til samdráttar í fiskvinnslu. Erfið staða fiskvinnslunnar er nefnilega þekkt stærð nú þegar. En þetta erfiða vandamál er hægt að leysa ef vilji er fyrir hendi, a.m.k. að verulegum hluta. Það sem hins vegar er að gerast núna er að menn eru farnir að varpa sprengjum í stað þess að leysa erfið vandamál, svo ég víki enn að talsmáta fjölmiðla. Í nefndri umræðu um atvinnuleysið varpaði hæstv. sjútvrh. t.d. þeirri fjölmiðlasprengju að tvö af hverjum þremur fyrirtækjum í sjávarútvegi stefndu hraðbyri í gjaldþrot. Öllum var kunnug erfið staða sjávarútvegsfyrirtækja. Í þeirri umræðu leyfði ég mér að benda á að með því að mála ástandið svona svart gæfi hæstv. ráðherra tóninn í þeim kjarasamningum sem eru fram undan. Ummæli hans nú áðan um eyðslu þjóðarinnar benda til þess að þetta sé á nokkrum rökum reist. Ég er ekki að gera lítið úr alvarlegu ástandi í sjávarútvegi, um það höfum við rætt ítarlega í þeim umræðum sem verið hafa á Alþingi, m.a. í þeim umræðum þar sem talað hefur verið um hvort réttlætanlegt sé að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn eins og hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera nú í vetur. Ég tala ekki um ef af auðlindaskatti Alþfl. yrði. En í þessum umræðum var ekki verið að hafa áhyggjur af greiðslugetu útgerðar eða fiskvinnslu. Kannski er þó betra seint en aldrei. Hins vegar hafna ég því að næstum tvö af hverjum þremur sjávarútvegsfyrirtækjum séu á beinni gjaldþrotabraut eins og hæstv. ráðherra kaus að nefna það, nema slíkt hafi beinlínis verið ákveðið og þá er það pólitísk ákvörðun og með fullri ábyrgð stjórnvalda.

Sem betur fer sýnist mér, eftir að hafa lesið forsendur þessara niðurstaðna hæstv. sjútvrh., að hann máli ástandið nokkuð svartar en það er og ég hlýt auðvitað að spyrja eins og aðrir: Hvers vegna?

Komandi kjarasamningar eru hugsanlega ástæðan og ég vil ekki líta fram hjá henni. Ef svo væri þá væri hæstv. ráðherra ekki sá eini sem nýtti sér svartar tölur í þeim tilgangi.

En á hverju byggi ég það álit mitt að ástandið sé ekki eins slæmt og hæstv. ráðherrar vilja vera láta? — Virðulegi forseti. Ég vona að það verði ekki dregið frá tíma mínum þótt ég biði eftir að hér verði kyrrð, ég nenni ekki að tala meðan fólk er upptekið við eitthvað annað. Ég sé að það er hægt að halda áfram og bið um u.þ.b. hálfa mínútu í viðbót við tíma minn út á þessa töf.

Í þeim gögnum sem hæstv. ráðherra vísaði til í ræðu sinni vega þær greinar sjávarútvegs sem verst standa, rækjan og bræðslan, nokkuð þyngra en sú grein sjávarútvegsins er skást stendur, þ.e. botnfiskveiðarnar. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar stendur, eins og fram hefur komið hér í umræðunni, með leyfi forseta, og hér les ég orðrétt:

„Hér er að vísu um úrtak á fyrirtækjum að ræða og erfitt að meta slíkan vanda til heildar. Reikna má með að úrtak úr rækju- og mjölvinnslufyrirtækjum nái nánast yfir heildina í þeim greinum. Í botnfiskveiðum og vinnslu má reikna með að úrtakið sé um 40%."

Auk þess eru ýmsir aðrir fyrirvarar settir svo sem rakið hefur verið. Ég tek fram að spárnar virðast miðast við það að ekkert verði gert af hálfu stjórnvalda til að milda ástandið, engin kostnaðarlækkun verði, engin vaxtalækkun. Vextirnir eru nefnilega eitt af því sem gersamlega er að sliga þann hluta útgerðarinnar sem er skuldsettastur. Þarna er auðvitað ekki verið að tala um neinar rannsóknir eða framþróun, síður en svo. E.t.v. er þetta raunsætt mat hæstv. sjútvrh. á stöðunni.

En ég ítreka það að ég sé ekki betur en hér sé ákveðin skekkja á ferð og ástandið, þótt alvarlegt sé, sé ekki það sem hæstv. sjútvrh. segir. Enda spyr ég, ef þetta væri staðreynd, hvað værum við þá yfirleitt að gera hér? Ættum við ekki bara að pakka saman og fara? Við erum verstöð norður í hafi hvort sem okkur líkar betur eða verr, verstöð sem byggir 80% af efnahagslífinu á fiskifangi. Mér blöskrar það ábyrgðarleysi að halda því fram að best sé að láta bara nógu marga fara á hausinn. Hinir geti þá skipulagt sig upp á nýtt eins og heyra má hjá þröstum og þjóðarsálum.

Ég geri mér grein fyrir því að einhverjum gjaldþrotum verður ekki afstýrt. Einhver endurskipulagning muni eiga sér stað en sú endurskipulagning geti orðið þeim stöðum sem í hlut eiga bæði dýr og sárs-

aukafull og því miður leiðir endurskipulagning ekki alltaf til hagræðingar eins og dæmin eftir aðgerðirnar 1988 sanna. Það ætti út af fyrir sig að vera umhugsunarefni. En hvað á að gera? Láta allt vera í anda „kemur-mér-ekki-við"-stefnunnar? Það væri ábyrgðarleysi. Það virðist jafnframt vera stjórnarstefna. Á að byrja á ný með sjóða- eða styrkjakerfi? Við kvennalistakonur höfum löngum varað við slíkum leiðum þótt við höfum ekki þvertekið fyrir þær. En það er komið í ljós að þær hafa ekki skilað okkur miklu fram til þessa, ekki engu en litlu miðað við það fjármagn sem hefur verið lagt til.

Mér heyrðist raunar áðan að það væri komið með nokkuð góða hugmynd í þessa umræðu, að taka bara upp nokkurs konar byggðakvóta. Forsendurnar, sem hv. 17. þm. Reykv. gaf sér, voru ljómandi góðar, niðurstaðan að vísu kolvitlaus en ég tek viljann fyrir verkið.

Við kvennalistakonur höfum bent á það að búa þarf atvinnulífinu sómasamlegt umhverfi. Sala kvóta landshlutanna á milli hefur því miður ekki reynst leiða til þeirrar hagræðingar sem núverandi kvótakerfi átti að skila. Ég er sannfærð um það að byggðakvóti Kvennalistans hefði skapað meiri stöðugleika og öryggi í rekstri fyrirtækja en núverandi kerfi. Þetta er meðal þess sem þarf til að geta hagrætt í alvöru. Vextir vega þungt í þessu dæmi og ábyrgð stjórnvalda á háum vöxtum er mikil. Slík hefur sókn ríkisins verið í innlent lánsfjármagn og afleiðingarnar hafa heldur ekki látið á sér standa.

Mér finnst það skylda stjórnvalda að hafa ákveðið frumkvæði að því að lækka vexti mun myndarlegar heldur en nú hefur verið gert. Þeir eru enn allt of háir. Ég hafna þeim röksemdum, sem hafa komið fram í máli nokkurra hæstv. ráðherra, að hér séu í raun ekki svo óskaplega háir vextir og séu þeir miðaðir við einhvern tímapunkt séu þeir hér um bil bærilegir. Ég hygg að bæði fyrirtæki og einstaklingar hafi bara allt aðra sögu að segja þannig að þetta aðgerðarleysi er vítavert. Vaxtalækkun er eitt af því sem stjórnvöld hafa í hendi sér þótt þau taki ekki til við handaflið. Það er ýmislegt fleira hægt að gera og það veit þingheimur mjög vel. Kannski skortir upp á þor og vilja. Getan er til ef viljinn er til.

Enn má nefna það að með pólitískum ákvörðunum má hafa áhrif á hvaða veiðar og vinnsla skila arði. Nú er staðan sú að frystitogarar virðast vera eina útgerðin sem skilar arði. Það er ekki aðeins fiskverð, hagræðing, fjárfestingarkostnaður og annað sem er frystitogurum í hag sem ræður afkomu mismunandi útgerðar. Meðal þess sem veldur því að frystitogararnir skila arði er minni tilkostnaður við fiskvinnsluna sjálfa um borð en hjá fiskvinnslu í landi. Það er ekki hægt að útilokað að minnka megi tilkostnað í landi með hagræðingu. Ég er alveg sannfærð um að það er hægt, t.d. með betri nýtingu fjárfestinga og e.t.v. því að taka upp lengri vinnudag með svo dýr tæki. Eitt af því sem veldur svo góðri nýtingu á tækjum um borð er að það er verið að vinna allan sólarhringinn svo að segja. En við verðum líka að líta á hvað veldur litlum tilkostnaði úti á sjó. Sumt er ekki til fyrirmyndar. Því miður eru lýsingar á vinnuaðstæðum manna um borð oft mjög ógnvekjandi. Mikið vinnuálag og miklar vökur. Hvar skyldu vökulögin nú vera? Aðbúnaður er sjálfsagt misjafn, sem betur fer stundum góður. Og ekki er gerð sama krafa um eftirlit með fiskvinnslu á sjó og landi. Á Alþingi nú er til umræðu stjórnarfrumvarp, það er raunar til umfjöllunar í nefnd, er varðar hið síðastnefnda. Því er, að sögn hæstv. sjútvrh., beinlínis ætlað að draga úr þeirri þróun að öll fiskvinnsla flytjist út á sjó eins og væri kannski raunsæ áætlun þeirra sem ætla að fara að fjárfesta núna. Þeir færu bara út í að veðja á frystitogarana og margir hafa gert það. Hæstv. ráðherra staðfesti þetta raunar í þingræðu er hann svaraði spurningu minni þar um. Hér er um mikilvægt atriði að ræða, ekki síst vegna þess að fiskvinnsla í landi er þjóðhagslega hagkvæm þótt henni fylgi meiri tilkostnaður. Þar nefni ég t.d. að hvert starf í landi skiptir máli. Þar eru margfeldiáhrifin meiri, eins og getið hefur verið, og ekki síður skiptir það máli að fiskvinnslu á sjó fylgir yfirleitt meiri sóun því miður en á landi. Aðeins bestu bitarnir eru hirtir. Hinu er hent fyrir borð. Vonandi er að ekki komi upp aftur sú staða sem var á Faxaflóa fyrir aldamót er bátar gerðu út á svokallaðan tröllafisk, þ.e. þann fisk sem togararnir hentu. Bátarnir gerðu beinlínis út á það sem ensku togararnir hentu. Það var mikil niðurlæging og slíkt má náttúrlega ekki endurtaka sig. En maður hlýtur að spyrja þegar miklum verðmætum er hent: Hvað á að gera?

En nóg um frystitogara í bili. Málið snýst um að skapa fiskvinnslu í landi viðunandi skilyrði og það rakti ég hér áðan og tel hægt. Fiskvinnsla í landi er atvinna og afkoma fjölda fólks bundin við hana. Hæstv. félmrh. hefur upplýst að hvert prósentustig í atvinnuleysi kosti á sjöunda hundrað milljóna kr. og atvinnuleysi er verulegt í fiskvinnslu. Það er til nokkurs að vinna að halda þessum störfum við.

Frammi fyrir hverju stöndum við nú? Varðandi sjávarútveginn er kvíðvænlegt ef nota á erfiða stöðu í greininni til þess að knýja launafólk til örþrifasamninga, jafnvel um launalækkun eins og heyrst hefur. Stjórnvöld geta búið betur að sjávarútvegsfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum svo og fjölskyldum í landinu án þess að fara út í nein meiri háttar sjóða- eða styrkjakerfi. Ég hef nefnt að frumkvæði að frekari vaxtalækkun vegi þungt. Ég vil líka nefna það að ef ríkið aflaði tekna á skynsamlegan hátt, t.d. með því að skattleggja fjármagnstekjur og háar tekjur, væri e.t.v. hægt að fara út í raunhæfa aðstoð við fiskvinnslu og við útgerð í formi rannsókna og markaðsöflunar og með því að fara út í tilraunaveiðar, leita nýrra miða, leita nýrra tækifæra. Ekki vantar það að hægt sé að nýta fjármagn skynsamlega á þennan hátt því það er nefnilega þannig að sé kyrkingur í nýsköpuninni verður kyrkingur í öllu samfélaginu. Það verður að greina á milli þess að skynja hættumerki, sem nú eru vissulega á lofti, og bregðast við þeim annars vegar og hins vegar að láta þessi hættumerki verða til þess að gera jafnvel illt verra, stökkva undan, fara undan í flæmingi.

Atvinnuleysi er dýrt. Vaxtaokur er dýrt því það leiðir til gjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga. (Forseti hringir.) Nú bið ég hæstv. forseta að fá þessa hálfu mínútu sem ég þóttist hafa verið rænd hér áðan vegna hávaða og lýk þá ræðu minni.

Það dugar ekki minna en átak til uppbyggingar í stað niðurrifs. Nóg er lagt á almenning á Íslandi með hækkun lyfja, skólagöngu og annarra nauðþurfta og minnkandi þjónustu þótt launalækkun og atvinnuleysi fylgi ekki líka. Ég gat þess í upphafi máls míns að fleiri en ég litu á svarta skýrslu í sjávarútvegi sem þvingunarbragð í komandi kjarasamningum. Mig langar í lokin að vitna til ummæla Óskars Vigfússonar hjá Sjómannasambandinu og Guðmundar J. Guðmundssonar hjá Dagsbrún í fjölmiðlun. Þeir segja að slík stefna leiði ekki til annars en harðra átaka á vinnumarkaðnum. Fólk muni ekki láta setja sér afarkosti. Erfiðleikarnir eru miklir en þeir eru yfirstíganlegir en til þess að yfirstíga þá þarf vilja stjórnvalda og atvinnurekenda og því miður heyrist mér að hann sé ekki endilega fyrir hendi.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson orðaði það svo að sumir hlutar ræðu minnar hefðu verið átakanlegir. Ég verð að segja það að mér finnst átakanlegt heyra þennan þingmann enn einu sinni skrumskæla stefnu síns eigin flokks varðandi veiðigjald. Það er alveg ljóst að tveir flokkar hafa tekið undir hugmyndir um veiðigjald. Annars vegar er það Alþfl. og hins vegar Kvennalistinn. Það er alveg morgunljóst að í stefnuskrá Kvennalistans, sem þessi ágæti þingmaður háði sína kosningabaráttu eftir, er talað um það að fimmtungur allra veiðiheimilda eigi að renna í sérstakan sjóð. Og hvað á að gera við þennan sjóð? Það á að leigja, selja eða ráðstafa þessum heimildum með öðrum hætti þannig að hún getur ekki flúið stefnu síns eigin flokks. Það er einfaldlega staðreynd að Kvennalistinn hefur með vissum hætti tekið undir hugmyndir um veiðigjald.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því að þessi ágæti þingmaður orðaði það svo að ekki hefði verið nógu sniðugt af mér að koma hér fram með hugmyndir um nýja sókn í nýja stofna. Síðan spurði hún: Hvernig á að fjármagna þetta? Ég er viss um það að þessum ágæta þingmanni, sem á sæti í sjútvn. þingsins, er mætavel kunnugt um það hvernig þeir fóru að þegar þeir voru að byrja að nytja úthafskarfann. Það var þannig að tiltekið fyrirtæki lagði fram áhættufjármagn, olíufélög lögðu fram styrk og ríkið einnig. Hvað gerði hið opinbera? Það styrkti þetta með því að veita grálúðukvóta til fyrirtækisins. Ég sé ekki annað en vel sé hægt í framtíðinni að gera eitthvað slíkt og mun auðvitað hvetja til þess með dyggri aðstoð þessa ágæta þingmanns sem í stefnuskrá sinni fylgir veiðigjaldi en af einhverjum undarlegum ástæðum er alltaf á móti veiðigjaldi hér í þessum sölum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er alltaf mjög ljúft að útskýra sjávarútvegsstefnu Kvennalistans fyrir hv. 17. þm. Reykv. en því miður er það alltaf til einskis. Sem betur fer eru aðrir þingmenn hér í salnum sem skilja hana mætavel og það dugar mér nú orðið. Ég ítreka að sjávarútvegsstefna Kvennalistans felst í því að koma á byggðakvóta sem deilist milli byggða landsins. Það er grundvöllurinn og það er rétt að einhver sveigjanleiki verður að vera í þessu kerfi. Þetta höfum við kosið að útfæra með þeim hætti að hafa 20% veiðiheimilda til ráðstöfunar, leigu eða sölu eftir því hvað á við á hverjum tíma. Þetta er stefna sem byggir á sanngjarnri úthlutun en ekki á því að setja á veiðileyfagjald sem er allt annar handleggur.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli hv. þingkonu Önnu Ólafsdóttur Björnsson að hér í salnum séu þingmenn sem skilja sjávarútvegsstefnu Kvennalistans. Ég vil því fara fram á að þessir þingmenn gefi sig fram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að valda þingheimi þeim vonbrigðum að ég var ekki að gefa mig fram til þess að lýsa því yfir að ég skildi fiskveiðistefnu Kvennalistans enda ekki velt henni svo mikið fyrir mér. Ég veit ekki hvort ég skil hana, ég hef a.m.k. aldrei nokkurn tíma séð byggðakvótann útfærðan. Ég er tilbúinn hvenær sem er að fara í rökræður um það. Ég skil hugmyndirnar að baki en ég hef þá reynslu af fiskveiðum og vinnslu, óbeina að vísu, að ég geri mér grein fyrir að þetta er ekki einfalt mál. Málið er einfaldlega það að engin einföld lausn er til á stefnunni í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Hér er um svo flókið mál að ræða og það eru svo margþættir hagsmunir í húfi að þetta er miklu flóknara en það sé hægt að segja sem svo: Stefna okkar er byggðakvóti. En, virðulegi forseti, ég ætlaði ekki hér í rökræður við Kvennalistann um byggðakvóta.

Í upphafi vil ég fara nokkrum orðum um þær ræður sem ráðherrar fluttu hér. Ég verð að segja það að ég varð mjög hissa þegar hæstv. forsrh. lauk sinni ræðu án þess nokkurn tíma að koma að því máli sem hér var til umræðu. Megininntakið í hans máli var að ríkisstjórnin væri með aðgerðum sínum í ríkisfjármálum búin að plægja akurinn og nú væri hann tilbúinn fyrir hagsmunaaðila í sjávarútvegi og annars staðar til þess að erja og uppskera. Það var á honum að heyra að nú sigldum við nokkuð lygnan sjó og þetta væri allt í lagi. Hann gleymdi hins vegar einu grundvallaratriði. Hann gleymdi því að kjarasamningar eru lausir og það skiptir verulegu máli eins og ég mun koma að hér á eftir.

Í öðru lagi hlustaði ég með athygli á ræðu hæstv. sjútvrh. Ég veit að sjútvrh. er ekki í öfundsverðu hlutverki innan ríkisstjórnarinnar. Hann skilgreindi vandann af skörungsskap og hann lýsti því fyrir okkur líka af sama skörungsskap að það yrði að skapa sjávarútveginum viðunandi rekstrarskilyrði. En því miður þegar kom að því að segja hvað ætti að gera til að skapa

sjávarútveginum rekstrarskilyrði varð minna úr skörungsskapnum. Þá var eins og ráðherrann koðnaði allur niður og það var nánast ekki neitt sem við fengum að vita um hvað hæstv. núv. ríkisstjórn ætlaði að gera. Ég túlka þetta ekki þannig að hæstv. sjútvrh. kunni ekki að eygja einhverja möguleika og einhverjar lausnir á þessum vanda Ég túlka þetta þannig að aðrir ráði ferðinni í núv. ríkisstjórn. Að það sé stefna hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. sem þar ráði ferðinni og þar megi sjútvrh. sín lítils.

Ef við lítum á hver staðan er nú get ég tekið undir það með sjútvrh. að sameiginlega bera líklegast allir stjórnmálaflokkar sem hér eru inni nema e.t.v. Kvennalistinn ábyrgð á þeim vanda sem sjávarútvegurinn er í í dag. Það er ekkert eitt atriði sem þar hefur ráðið meiru en fastgengisstefna á tímum þegar menn réðu ekki við aðra þætti efnahagslífsins og lentu í því að raungengi hækkaði þegar verst gekk yfir 20% á einu ári. Ofan í þessar aðstæður, og nú vona ég að hæstv. sjútvrh. túlki þetta ekki sem pólitískt skæklatog, knúði síðan Sjálfstfl. fram frelsi í vaxtamálum með miklu meira offorsi og miklu meiri hraða en nokkurt vit var í. Sjálfstfl. fékk síðan dyggan liðsmann í vaxtamálum þegar hæstv. núv. viðskrh. komst í ráðherrastól og sagði, eins og þeir, að markaðurinn ætti að ráða vöxtunum. En mér heyrðist hins vegar á hæstv. viðskrh. í ræðu hans fyrr í vetur að augu hans hefðu allt í einu opnast fyrir því að kannski væru hér ekki að öllu leyti þær aðstæður sem þyrftu til þess að hægt hefði verið að sleppa vöxtunum lausum með svo snöggum hætti og gert var. Ég man ekki betur en hæstv. viðskrh. hefði lýst því hér yfir á Alþingi í vetur að meðan lánsfjármarkaðurinn væri ekki opnaður fyrir erlendri samkeppni mundi atvinnulífið ekki njóta viðunandi kjara á lánsfé. Hann sagði með öðrum orðum að í skjóli fákeppni á okkar markaði hefðu milljarðar verið færðir frá atvinnulífinu og yfir til fjármagnseigenda á síðustu árum. Þar hafa verið að ávaxta sig milljarðarnir sem hæstv. sjútvrh. nefndi réttilega að vegna skekkju í hagkerfinu hafa flust frá grunnatvinnuvegunum og til þjónustugreinanna. Þeir hafa síðan náð að margfalda sig í gegnum ranga peninga- og vaxtastefnu. Þetta er nú því miður að nokkru leyti sú mynd sem við okkur blasir.

En hvað hefur hæstv. núv. ríkisstjórn gert í þessum málum? Hvað hefur hún gert til að laga þetta misvægi í hagkerfinu? Ég heyri að hæstv. sjútvrh. skilur hvert það misvægi er. Maður les hins vegar skýrslur sérfræðinga ríkisstjórnarinnar og hlustar á málflutning þeirra innan stjórnarinnar sem halda akkúrat öfugu fram, hafa haldið því fram að það þurfi að leggja sérstakt gjald á sjávarútveginn til að ná jafvægi og hafa haldið því fram að gengi hafi um árabil verið skráð út frá hagsmunum sjávarútvegsins. Hér stangast fullyrðingar á á þann hátt og það er kannski ekkert undarlegt því að hér erum við e.t.v. komin að því atriði sem mestur ágreiningur er um í núv. hæstv. ríkisstjórn. Og bæði við þingmenn, Alþingi og raunar þjóðin öll hlýtur að eiga heimtingu á því að ríkisstjórnin upplýsi hver sé hennar stefna í þessum málum, hvort það sé viðhorf hæstv. sjútvrh. sem segir að hér sé og hafi verið viðvarandi skekkja í hagkerfinu, sjávarútveginum, fiskvinnslunni og útflutningnum í óhag eða hvort það sé stefna hæstv. viðskrh. sem segir að það þurfi að koma á veiðileyfagjaldi til að skapa eðlileg starfsskilyrði milli atvinnugreina í landinu. Hér ber svo mikið á milli að það hlýtur að vera eðlileg krafa þingmanna að það verði upplýst hver sé hin raunverulega stefna.

Ég ætla að koma aðeins örlítið að þróun fiskvinnslu og veiða að undanförnu og bendi á í því sambandi að þar hafa verið að eiga sér stað miklar breytingar, m.a. með tilkomu frystitogaranna sem síðan hafa knúið landvinnsluna til breytinga. Og ég held að lausnin þar sé ekki sú að agnúast stöðugt út í frystitogarana þó að þeir eigi auðvitað að starfa eftir eðlilegum starfsreglum. Ég held að hlutirnir séu að þróast á þann hátt að landvinnslan sé að breyta sínum vinnsluaðferðum og hún sé að hasla sér völl á nýjum sviðum sem aldrei verði unnin úti á sjó nema þá í verksmiðjuskipum af margfaldri stærð við það sem við þekkjum í dag. Með tilkomu og þróun flæðilínanna og síðan fullvinnslu í neytendapakkningar í framhaldi af því er landvinnslan að hasla sér völl á sviðum sem frystitogararnir geta ekki. Þetta hefur tvíþættan tilgang. Þetta eykur aflaverðmætið til lengri tíma litið og þetta dregur úr sveiflum fyrirtækja í landvinnslu þar sem það sýnir sig að verð á fullunnu vörunni í neytendapakkningunum sveiflast miklu minna en í hálfunnu vörunni, flökum, ferskum eða frystum. Þarna er mikið verk óunnið og ég tek undir það með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að til viðbótar þessu þarf að nýta nýja stofna. Og þar vil ég sérstaklega benda á hlutverk öflugu fyrirtækjanna í veiðum og fiskvinnslu í dag. Ég held að nú sé komið að þeim að veita hluta af hagnaði sínum í þróun bæði við fiskveiðar og vinnslu. Og ég held raunar að þetta sé sterkasta vopnið sem sjávarútvegurinn á Íslandi á í dag til þess að slá á veiðileyfagjaldstalið. Ef þau fyrirtæki, sem öflugst eru í sjávarútveginum í dag, fara að þróa nýjar vinnsluaðferðir, leggja í það peninga, leggja peninga auk þess í tilraunaveiðar á nýjum tegundum munu þau slá vopnin úr höndunum á veiðileyfagjaldspostulunum. Ég get alveg tekið undir það að ef þróunin yrði hins vegar sú að hagnaðurinn yrði að mestu eða öllu leyti tekinn út úr greininni þá væru allt önnur viðhorf uppi.

Ég vil til viðbótar varðandi veiðileyfagjaldið benda postulum þess á það að ég skal alveg taka þá viðræðu upp við þá aftur eftir svona u.þ.b. tíu ár þegar fiskvinnslan hefði haft tækifæri til þess að byggja upp sitt eigið fé. (**ÖS:** Ætlar þú að vera hérna þá?) Hv. 17. þm. Reykv. spyr hvort ég ætli að vera hér þá. Ég vona að við munum vera hér báðir eftir tíu ár og geta tekið þá umræðu upp aftur á þeim tíma en ég get tekið hana upp á öðrum vettvangi ef svo færi að ég yrði ekki hér. En að tala um veiðileyfagjald meðan sjávarútvegurinn er eins skuldsettur og hann er í dag er algerlega út í hött.

Að lokum örfá orð um lausa kjarasamninga. Ég held að það sé afar mikilvægt að það takist að viðhalda þeirri þjóðarsátt sem komst á í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég bendi á að nánast það eina sem hæstv. núv. rík-

isstjórn hrósar sér af er að verðbólgan sé að komast niður undir núllið. En skyldi það nú ekki vera hluti af arfinum, skyldi það ekki vera hluti af fortíðarvandanum? Hvað hefur hæstv. núv. ríkisstjórn gert til þess að svo megi vera? Þess vegna held ég að það hljóti að vera meginmál að tryggja áframhaldandi þjóðarsátt, tryggja það og leiða saman aðila vinnumarkaðarins á þann hátt að það náist samstaða um leiðir sem allir aðilar geti verið ánægðir með. Og ég vil hafa það sem mín lokaorð að ég trúi því með stuðningi góðra manna muni það takast, ekki vegna stefnu núv. ríkisstjórnar heldur þrátt fyrir stefnu núv. ríkisstjórnar.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það var auðvitað aldeilis makalaust að heyra orð hv. 9. þm. Reykn. áðan sem lét í það skína eða sagði hér um bil bókstaflega að ástæðan fyrir því að hér lægju á borðum þingmanna upplýsingar um stöðu íslensks sjávarútvegs væru einhvers konar þvingunarbragð, eins og þingmaðurinn vogaði sér að orða það. Einhvers konar þvingunarbragð af hálfu ríkisvaldsins, hins opinbera, vinnuveitenda væntanlega til þess að koma kjarasamningaviðræðum í ákveðinn farveg. Þetta er auðvitað alveg fáheyrð yfirlýsing og gengur alveg á skjön við allt annað sem talað hefur verið um í þessum efnum upp á síðkastið hér í þingsölum. Vitaskuld var hér um að ræða eðlilegt innlegg í þá umræðu sem þarf að fara fram um sjávarútveginn í landinu og fer fram um sjávarútveginn í landinu hverju sinni og þetta var þýðingarmikið innlegg að því leytinu að það varpaði ljósi á stöðu þessarar mikilvægustu atvinnugreinar okkar. Skýrsla Þjóðhagsstofnunar og skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um útgerðina hafa valdið þáttaskilum vegna þess að þær hafa gefið okkur tækifæri til að ræða málefni sjávarútvegsins á allt öðrum grundvelli en áður voru kannski tök á og þær eru að minnsta kosti tilefni til að menn drífi sig upp úr hjólfarinu og hætti að spæna svona hver framan í annan og tala í þeim dúr að ástæðurnar séu misjafnlega vondar ríkisstjórnir. Kjarni málsins, sem þessi skýrsla varpar ljósi á, er auðvitað sá sem hæstv. sjútvrh. hefur marglýst í ræðu að þessar skýrslur sýna okkur það fyrst og fremst svart á hvítu að það hefur hallað á sjávarútveginn í gegnum tíðina. Þess vegna er sérstök ástæða til að hvetja til málefnalegrar umræðu um sjávarútveginn og stöðu hans á Íslandi og ég vara við talsmáta af því tagi að það megi rekja vandmál sjávarútvegsins nokkra mánuði aftur í tímann. Þessar skýrslur, sem hér hefur verið lýst, gefa okkur fyrst og fremst tilefni til að skoða rót vandans.

Meginniðurstaðan er einfaldlega sú að miðað við núverandi aðstæður og þrátt fyrir að um lítils háttar skuldbreytingu yrði að ræða í sjávarútveginum stæði meiri hluti greinarinnar eftir þannig að hann ætti við verulega greiðsluerfiðleika að stríða. Það er auðvitað rétt sem hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan að þetta dæmi gæti auðvitað snúist við ef skrefið yrði stigið lengra í skuldbreytingu í íslenskum sjávarútvegi og þetta kannski varpar ljósi á það umhverfi sem sjávarútvegurinn starfar við í dag. Upplýsingar Þjóðhagsstofnunar leiða það nefnilega fram að afborgunartími langtímalána sjávarútvegsins er í dag 5,8 ár en með tiltekinni lánalengingu sem stofnunin miðar við yrðu þetta 8,4 ár. Ég vil biðja þingmenn að hafa í huga hver meðallánstíminn er á ýmsum öðrum sviðum okkar þjóðfélags. Ég nefni sem dæmi húsnæðislánin. Húsnæðislán er hægt að taka hér til allt að 42 ára. Námslánin og fleira mætti tína til í þessum efnum. Þetta sýnir okkur auðvitað hver afstaðan hefur verið, hvert umhverfið hefur verið sem íslenskur sjávarútvegur hefur orðið að búa við. Og ég er sammála hv. 1. þm. Austurl. um það að vitaskuld mundi staðan breytast við það að lánin yrðu lengd. En því miður hygg ég að það sé ofmælt að við kæmumst út úr þeim vandamálum, og það voru raunar ekki orð hv. 1. þm. Austurl., með því einu að fram færi ein skuldbreytingarhrinan til viðbótar.

Það hefur stundum verið talað um í þessu sambandi að allt hafi hér verið með öðrum róm áður í páfadóm, eins og sagt var, árið 1990 og þá hafi aldeilis ekki verð nein vandræði í íslenskum sjávarútvegi. Ég vil minna á í þessu sambandi að skýrslurnar sem verið er að vitna til byggja á tölum frá árinu 1990 þannig að þessi spá, þessi lýsing um sjávarútveginn á við árið 1990.

Og nú skulum við aðeins huga að útgerðinni. Niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskólans er sú að tapið á árunum 1980–1990 í útveginum einum, hafi numið upphæð sem svarar til þjóðarauðsmati fiskiskipaflotans á árinu 1990. Þetta finnst mér vera kjarni málsins og allt tal um það að einhver ríkisstjórn hafi á örfáum mánuðum söðlað hér um, skapað sjávarútveginum svo vond skilyrði er auðvitað tilraun til þess að komast hjá því að ræða það sem er kjarni þessa máls og niðurstaða þessarar talnalegu skýrslu sem ég hef verið að gera að umtalsefni.

Ég held að aðalástæðan fyrir því að íslenskur sjávarútvegur er í þessari kreppu sé sú að sú verðmætasköpun, sem átt hefur sér stað innan greinarinnar, hefur ekki fengið að taka sér þar bólfestu. Henni hefur verið ýtt út í þjóðfélagið og notuð til annarra þarfa sem m.a. endurspeglast í þessum mikla viðskiptahalla sem margoft hefur verið talað um hér í þessum umræðum og engin ástæða er til þess að orðlengja sérstaklega.

Menn hafa talað mjög mikið um það að óhagkvæmni og óhagræði sé ríkjandi í íslenskum sjávarútvegi. Ég hef áður farið með tölur um þar sem borin er saman arðsemi í íslenskum sjávarútvegi og þeim norska sem við erum m.a. að keppa við og þær tölur eru mjög fróðlegar. Ég hef að vísu ekki nýrra talnaefni en frá 1990 en það leiðir hins vegar margt athyglisvert í ljós. M.a. það að ef við berum saman útgerðarkostnaðinn almennt í Noregi við útgerðarkostnaðinn hér á landi og ef við byggjum við álíka arðsemi í okkar sjávarútvegi og ríkir í þeim norska þá væri útgerðarkostnaðurinn almennt 16 milljörðum hærri á verðlagi ársins 1990 en hann er í dag. Launakostnaður sjómanna einna sem útgerðin yrði að borga væri 9 milljarðar og samtals er um að ræða 25 milljarða. Þessi ávinningur sem íslenskur sjávarútvegur hefur skapað með sínu skipulagi og sínum starfsháttum hefur greini-

lega ekki orðið eftir í greininni heldur skilað sér út í þjóðfélagið. Þetta er sá kaldi veruleiki sem við okkur blasir.

Menn tala líka mjög um offjárfestinguna sem átt hafi sér stað í íslenskum sjávarútvegi og víst er það svo að margt hefði mátt betur fara í þeirri grein, líka í fjárfestingunum. En það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að fjárfestingin í fiskveiðum og fiskvinnslu hefur verið þetta á bilinu 4–8% að jafnaði á síðasta áratug, einu sinni farið upp fyrir 8% sem hlutfall af heildarfjárfestingum á Íslandi á þessum tíma. Og ég efast um að það geti talist ýkjamikil heildarfjárfesting í þessari atvinnugrein í ljósi hennar mikla mikilvægi. Og líka í ljósi þeirrar kröfu sem er í okkar þjóðfélagi um að hún aðlagi sig sífellt að nýjum og breyttum aðstæðum, stundi nýjar veiðar eins og hv. 17. þm. Reykv. gerði hér mjög að umtalsefni í sinni ræðu sem á margan hátt var mjög athyglisverð en ég vek athygli á því að nýsköpun af þessu taginu kostar auðvitað peninga.

Ég tek undir það að ræða hv. 17. þm. Reykv. var á margan hátt mjög athyglisverð og fróðleg og þar var sleginn á margan hátt nýr tónn og öðruvísi tónn, svona bjartsýnni tónn en hann féll auðvitað í þá gömlu gryfju sem menn hafa verið sem óðast að falla í á þessu ári að tala mjög illa um bölmóðinn í þjóðfélaginu. Það er eitthvert tískufyrirbrigði núna að tala mjög illa um bölmóðinn og segja sem svo að þeir sem bendi á hinar sáru staðreyndir í íslensku efnahagslífi og íslensku atvinnulífi séu fullir af bölmóði. Hin hliðin á því að vera ekki fullur af bölmóði er auðvitað að vera fullur af óþarfa bjartsýni og sjá ekki þau vandamál sem fram undan eru.

Ég held hins vegar að þessi ræða hafi gefið fullt tilefni til þess að vekja athygli á þeim miklu breytingum og þeirri miklu hagræðingu og þeirri miklu nýsköpun sem hefur verið að eiga sér stað í íslenskum sjávarútvegi síðustu árin. Eða hafa menn borið saman íslenskt frystihús í dag og íslenskt frystihús fyrir fimm eða tíu árum og séð hversu gjörólíkt fyrirbrigði er þar á ferðinni? Íslensk frystihús hafa verið að aðlaga sig og íslensk frystihús hafa verið að breytast. Íslenskir sjávarhættir hafa verið að breytast. Er öll sú nýsköpun, sem m.a. hefur orðið hér í fjölmörgum litlum fiskvinnslustöðvum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, ekki einmitt vitni um það að hér sé lifandi og öflug atvinnugrein sem hefur mikla aðlögunarhæfni og þorir að takast á við nýjungar? Menn mega ekki tala eins og það sé ekkert að gerast í íslenskum sjávarútvegi því að þannig er það ekki.

Ég nefni dæmi um atvinnugrein sem er að komast í tísku að tala heldur illa um. Ég tók eftir því að annar formanna sjávarútvegsnefndarinnar talaði um rækjuvinnsluna í einu slengi með alls konar atvinnugreinum sem hann taldi til mikilla vandræða í íslensku þjóðfélagi. Rækjan var þó á sínum tíma ein merkasta nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi og hefur fært okkur milljarða, tugmilljarða, hundruða milljarða verðmætauka í þjóðfélagið. (Gripið fram í.) Það efast ég um, hv. þm. Ég bendi hins vegar á hversu ört þessi þróun hefur átt sér stað í rækjuvinnslunni og rækjuveiðunum. Allt er þetta dæmi um það hversu vel menn eru þó að reyna að taka á.

Vandinn í þeirri stöðu sem menn eru almennt í í íslenskum sjávarútvegi er hins vegar sá að þróunarstarfið, svo mikilvægt sem það er, kostar fé. Og svo langt er náttúrlega hægt að ganga að greinin treysti sér ekki til að taka þá áhættu sem alltaf er samfara slíku þróunarstarfi. Við höfum auðvitað stundum leitað út á fjarlæg mið eins og kolmunnaveiðarnar á sínum tíma eru dæmi um. Þannig er sífellt verið að reyna að leita að nýjum hugmyndum.

Virðulegi forseti. Ég held að það blandist engum hugur um að ef allt fer á hinn versta veg verða afleiðingarnar skelfilegar. Mér dettur ekki í hug að nokkur vilji að þannig vindi þessum málum fram. Nú eru þau mál sem snúa að vanda íslensks sjávarútvegs í meðferð í sjútvn. sem er að störfum til að móta til langs tíma sjávarútvegsstefnu. Þeirrar nefndar bíður ærið hlutverk. Hvað þetta mál sérstaklega áhrærir ber henni auðvitað að hraða mjög störfum sínum. Afleiðingin, ef allt fer á versta veg, kemur fram í byggðarlögunum allt í kringum landið, hjá þjónustufyrirtækjunum, hjá bönkunum og hjá sjóðunum, og við okkur mun blasa nýtt samfélag sem ég efast um að nokkurt okkar kjósi að horfa framan í.

Skilaboðin, ef ekkert er gert, eru auðvitað þau að menn verða að bjarga sér hver sem betur getur við óbreyttar aðstæður. Skilaboðin hljóta enn fremur að vera þau að hverfa í frekari mæli frá landfrystingu, frá því að vinna fisk í landi, eins og þó hefur verið uppistaðan í okkar íslenska sjávarútvegi, og að því að auka sjófrystinguna og aðrar atvinnugreinar af því taginu. Eins og menn vita er afkoman í sjófrystingunni allmiklu betri en í sjávarútveginum í heild sinni og þess vegna eru hin óbeinu skilaboð, ef aðstæður í íslenskum sjávarútvegi breytast ekki, að menn verði að bjarga sér með þeim hætti. Ég veit hins vegar að hæstv. ríkisstjórn mun taka á þessu máli af festu og ákveðni. Það hefur verið að skapast nýtt andrúmsloft fyrir íslenskt atvinnulíf með lækkandi vöxtum og ört minnkandi verðbólgu og það eitt út af fyrir sig er verulegur árangur.

Tíminn undanfarið hefur farið í það að hreinsa til í ríkisfjármálum og reyna að koma lagi á þau mál öll. Það hefur tekið mikinn tíma. Verkefnin fram undan eru þau að snúa sér frekar að atvinnumálunum en gert hefur verið og þess vegna held ég að ástæðulaust sé að fella hér einhverja sleggjudóma. Ég vek athygli á að menn hafa talað mjög almennt um þessi mál. Menn hafa talað um að bæta gengisumhverfið án þess að það væri nokkurn tímann útskýrt hvað það þýddi, hvort það þýddi gengislækkun eða hækkun eða hvað. Menn hafa með öðrum orðum talað mjög á almennum nótum þar sem staðan er einfaldlega sú að við erum að safna upplýsingunum, meta aðstæðurnar, og á þeim grundvelli verða ákvarðanirnar teknar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil svo sem ágætlega sárindi hv. síðasta ræðumanns þótt þau bitni að hluta til

á mér. Hann er í erfiðum félagsskap og á erfitt, eins og kom fram í ræðu hans, í þessari umræðu þar sem ríkisstjórnin virðist ekki ætla að gera margt þótt full ástæða sé til og ég tek undir það með hv. þm. Hann taldi það raunar fáheyrðar röksemdir, sem ég kom með, að benda á að það að mála ástandið svartara en það er í raun í sjávarútvegi væri að taka undir raddir um kjaraskerðingu. Ég stend við mín orð. Þótt það hafi að vísu verið rétt hjá honum að þetta hefur ekki verið mikið rætt á þessum nótum á Alþingi hefur það verið rætt þeim mun meira úti í þjóðfélaginu. Hér er ég í raun að koma með rödd sem er í takt við áhyggjur forsvarsmanna launþega sem standa nú í kjarasamningum.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær tölur sem birtar hafa verið um afkomu sjávarútvegsins sýna auðvitað svart á hvítu að þó að ekki hefði verið greint frá þeim hér í þinginu hefði veruleikinn birst mönnum fyrr eða síðar. Það hefði að sjálfsögðu verið innlegg í kjarasamninga út af fyrir sig, sá veruleiki að íslenskur sjávarútvegur væri í miklum þrengingum. Hins vegar hefur líka verið frá því greint að þessar upplýsingar um stöðu sjávarútvegsins hafi ekki komið mönnum á óvart. Fjölmargir hafa vitnað, m.a. í ræðustól á Alþingi, um að allt þetta hafi verið þeim kunnugt, þetta hafi bara verið staðfesting á því sem menn hafi vitað. Er það þá ekki á sinn hátt líka innlegg í kjarasamninga? Vitaskuld eru upplýsingar af þessu tagi ekkert innlegg í kjarasamninga eða hugsaðar þannig. Eru menn þá, ef þeir tala á bjartsýnum nótum, eins og t.d. hv. 17. þm. Reykv., að gefa mönnum undir fótinn með að semja eigi á allt öðrum nótum, semja hér um miklar kauphækkanir? Vitaskuld ekki. Menn eru bara að ræða stöðu sjávarútvegsins og það sem einangrað fyrirbrigði er ekkert innlegg í þessa kjarasamninga.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst málflutningur hv. stjórnarliða dálítið undarlegur þar sem þeir segja, eins og hv. síðasti ræðumaður, að við komumst ekki út úr vandamálum sjávarútvegsins með skuldbreytingu einni saman og munu þá vera að gera lítið úr aðgerðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1988–1989. Þar erum við framsóknarmenn að sjálfsögðu sammála því að sú ríkisstjórn gerði meira en það. Hún breytti raungenginu og lækkaði vexti þannig að hér skapaðist eðlilegt rekstrarumhverfi eins og útkoman á árinu 1990 sýndi. Þeim mun athyglisverðari er þessi málflutningur vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur ekkert gert annað en að skuldbreyta fyrir sjávarútveginn, þ.e. að lengja lán Atvinnutryggingarsjóðs og Fiskveiðasjóðs, að viðbættu því að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn. Það eru þær aðgerðir einar sem núv. ríkisstjórn hefur enn þá gert.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað misskilningur hjá hv. 2. þm. Suðurl. að ég hafi verið að gera lítið úr aðgerðum fráfarandi ríkisstjórnar. Ég nefndi það satt að segja ekki. Það hefur kannski verið mat hv. þm. að með því móti væri ég að lýsa frati á þær aðgerðir. Það var ég ekkert að gera. Þær komu ekki til tals í mínu máli. Ég hafði 15 mínútur til að flytja mitt mál og kaus að eyða þeim til annarra hluta. Ég er einfaldlega að árétta það með mínu máli að skuldbreytingaraðgerðir einar og sér við þessar aðstæður, við þá stöðu sem íslenskur sjávarútvegur er í, duga ekki. Reynslan sýnir okkur einfaldlega að árið 1990 var það líka mat Þjóðhagsstofnunar að skuldbreytingin, sem þá átti sér stað og var þá lokið, dugði ekki. (**Gripið fram í:** Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?)

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bið hv. 3. þm. Vestf. afsökunar á misskilningi mínum þar sem eingöngu áttu að vera ádeilur á núv. ríkisstjórn en ekki gagnrýni á fyrrv. ríkisstjórn í máli hans.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseit. Ég heyri að hv. 2. þm. Suðurl. kemst ekki upp úr sínu gamla spólfari. Mín vegna má hann svo sem spæna þar eins og hann vill. Aðalatriðið er einfaldlega þetta: Við erum ekki að tala um tilteknar einstakar ríkisstjórnir. Við erum að tala um gamlan vanda sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir. Ég hef rakið það að þau gögn sem við höfum handbær sýna okkur að þessi vandi hefur verið að koma til á undanförnum árum. Ég vara hins vegar mjög við því að málflutningur af þessu tagi eigi að vera ríkjandi í umræðum um sjávarútveginn því að ef við ætlum að reyna að leita lausna á vanda hans verðum við að greina ástæðurnar. Og ástæðurnar er ekki að finna í verkum einhverra tiltekinna, einstakra ríkisstjórna. Við verðum að líta yfir lengri tíma eins og hæstv. sjútvrh. hefur reynt að lýsa rækilega fyrir þingmönnum og ég held að flestir séu farnir að skilja, en því miður einungis flestir.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þjóðfélagið er í miklum vanda statt. Ég vonaðist til að við heyrðum gagnleg úrræði frá ríkisstjórninni um það hvernig ætti að bregðast við þessum vanda og til þess var boðið um þessa umræðu. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með að hlusta á hæstvirta ráðherra. Mér fannst ræða hæstv. forsrh. vera hreint ótrúleg. Þætti mér betra að hæstv. forsrh. heyrði mál mitt. Gæti forseti ekki beitt sér fyrir því að hæstv. forsrh. kæmi í salinn? (**Gripið fram í:** Þorsteinn er í salnum.) Það er ekki nóg. — Hér gengur hæstv. forsrh. í salinn. Ég var að lýsa því að ég hefði orðið fyrir vonbrigðum með að heyra ekki betri og meiri úrræði í ræðu hans í upphafi þessarar umræðu.

Það er eins og ríkisstjórnin hafi ekki önnur úrræði en að láta hlutina danka og bíða eftir að fyrirtækin verði gjaldþrota. Það er út af fyrir sig stefna en það er ekki góð stefna. Hæstv. forsrh. sagði að fyrrv. stjórn

hefði ekki dregið upp rétta mynd fyrir kosningar. Þetta er rangt. Frá kosningum er mikið vatn runnið til sjávar þó að ekki séu nema 10 mánuðir síðan ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum. Hún hefur verið aðgerðalaus og þær litlu aðgerðir sem hún hefur viðhaft í málefnum sjávarútvegsins hafa verið kjaftshögg á kjaftshögg ofan. Þeir hækkuðu vextina að ástæðulausu og sköðuðu sjávarútveginn meira með því en hægt var að gera með annarri aðgerð. Þeir kipptu með því fótunum undan fyrirtækjum sem voru að komast á lappirnar eftir aðgerðirnar 1989. Síðan hafa þeir hlaðið útgjöldum, aukaköttum, á greinina. Svo talar hæstv. forsrh. um að menn séu að sá og síðan muni þeir uppskera. Ég held að uppskeran verði ekki góð með þessu móti. Hann talaði um hagræðingu og sannarlega hefur hagræðing átt sér stað. Hann nefndi sem dæmi um heppilega hagræðingu þegar Bæjarútgerð Reykjavíkur var afhent fáeinum vildarmönnum úti í bæ og borgin hélt eftir skuldunum. Það er út af fyrir sig kannski aðferð við að hagræða en hún er ekki til fyrirmyndar. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina kom fótunum undir Granda sem blessunarlega gengur bærilega að því er virðist og veitti til þess fyrirtækis fyrsta lánið sem úr sjóðnum kom. Mér finnst forsrh. loka augunum fyrir staðreyndum og því til sönnunar nefni ég að hann vill gera lítið úr því atvinnuleysi sem herjar í landinu.

Hæstv. iðnrh. flutti mjög sparilega ræðu að vanda og talaði reyndar öðruvísi en sumir flokksbræður hans og skynsamlegar eins og hans var von og vísa. Þó fannst mér ekki allt vera raunsætt í mati hans. Hann taldi almenn rekstrarskilyrði nokkuð hagstæð sjávarútvegi í dag, en það vantaði eitt, aflann. Það vantaði aflann til að þetta væri allt í góðu lagi. Mér fannst hæstv. viðskrh. ekki taka réttan pól í hæðina þegar hann var að bera í bætifláka fyrir það vaxtastig sem er í landinu. Hann reiðir sig helst á aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði. Ef svo heldur fram sem nú horfir verður atvinnugreinin, og þar með fjöregg landsmanna, hins vegar fyrr en varir komin að verulegu leyti í hendur útlendinga því að auðvitað koma einhverjir hér og veiða fiskinn þó að fyrirtækin á Íslandi séu gerð gjaldþrota.

Hann gerði mikið úr því að nefnd væri að störfum til að móta sjávarútvegsstefnu í framtíðinni. Nefndin er meira að segja með tveimur höfðum og höfuðin eru ekki sammála. Ríkisstjórnin fríar sig ekkert frá ábyrgð þó málið sé sett í nefnd. Svo tekur nú steininn úr þegar hæstv. iðnrh. hótar veiðileyfagjaldi ofan á allt hitt sem yfir sjávarútveginn hefur dunið.

Eina ljósglætan í þessum umræðum frá ríkisstjórnarinnar hendi var raunar ræða hæstv. sjútvrh. Hann talaði mínútum saman eins og hann væri framsóknarmaður og ég fagna því að sjálfsögðu. Morgunblaðið hefur ekki fengið fastari skot úr þessum ræðustól í vetur en komu frá hæstv. sjútrvrh. í ræðu hans áðan. Það þykir mér út af fyrir sig ágætt. Það virðist vera staðfest djúp á milli skoðana hæstv. sjútvrh. og annarra ráðherra í ríkisstjórninni sem hér hafa tjáð sig. Það sló að vísu dálítið út í fyrir honum þegar hann taldi að aðgerðirnar 1988 og 1989 hefðu ekki leyst vandann. Sjúklingurinn hafi ekki læknast til fullnustu. Kannski er nokkuð mikils krafist ef ætti að leysa allan vandann til frambúðar. Sjúklingurinn hlaut bata. Hann varð að vísu ekki alheill vegna þess að hann fékk ekki frið til þess, en að heimta það að fyrrv. ríkisstjórn hafi átt að gefa sjávarútveginum eilíft líf, hvernig sem látið væri við hann af öðrum ríkisstjórnum sem á eftir kæmu, er til of mikils mælst.

Það dugir ekki fyrir hæstv. sjútvrh. að fara bara í talstöðina og senda út neyðarkall á mánaðar fresti. Hann verður að reyna að fá að hafa áhrif á stjórn skipsins. Úr því að aðrir ekki gera það verður hann að reyna að stýra skipinu því að annars fer allt í strand.

Einn stjórnarsinni enn, hv. 17. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson, fór hér með stórhuga áætlanir og ræddi um ýmsa furðufiska í djúpinu og það er út af fyrir sig gott að menn séu hugmyndaríkir og ekki nema fagnaðarefni.

Niðurstaða þessara umræðna sýnist mér vera sú að ríkisstjórnin veit ekki sitt rjúkandi ráð. Hún stendur bara í höm og horfir á þegar sjávarútvegsfyrirtækjunum blæðir út. Það er helst eining um það að reyna að rífa niður það sem fyrrv. ríkisstjórn gerði. Það er ákaflega óviturlegt pólitískt mat og hreinn barnaskapur að brenna húsið bara af því að aðrir byggðu það. Þeir eru ekki að byggja nýtt og betra hús. Nei, nei, þeir horfa bara á húsið brenna. Með því verða að þeir fyrr en varir staddir á víðavangi og þeir spilla fyrir sjálfum sér með því að einbeita sér einungis að því að fordæma og eyðileggja verk síðustu ríkisstjórnar.

Aðgerðirnar 1988 og 1989 voru réttar í stöðunni og tókust allvel. Núv. ríkisstjórn hefur komið í veg fyrir að þær bæru fullkominn árangur, því miður. Við eigum við mikla erfiðleika að stríða og alvarlegast er náttúrlega fiskleysið því að það ráðum við ekki við, en það sem við ráðum við eru of háir vextir og það er hægt að laga. Það er hægt að laga rekstrarskilyrðin í sjávarútvegi. Það er hægt að létta álögum af greininni. Gjaldþrotaleiðin, að bíða og láta fyrirtækin markvisst verða gjaldþrota, er mjög slæm og hún kemur allt of þungt niður á þeim byggðarlögum sem fyrir verða og hver veit hvar staðar nemur. Þetta kemur líka niður á bönkum, tryggingafélögum, olíufélögum, Fiskveiðasjóði og sveitarfélögum. Allir þessir aðilar fá þungan skell af þessari óheillagjaldþrotaleið. Skuldbreytingar koma til greina og það er eins og menn átti sig ekki á því að hagur sé af því að skuldbreyta, jafnvel þótt fyrirtæki séu orðin talsvert skuldsett. Að standa undir vanskilum í dráttarvöxtum er náttúrlega fljótvirkasta leiðin til að drepa fyrirtækin. Auðvitað verður að laga rekstrarumhverfið og það verður að hagræða í greininni, það er offjárfesting í sjávarútvegi eins og reyndar í mörgum öðrum þáttum í okkar þjóðlífi, og það þarf að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu eða gera hana mögulega. Mér finnst að auðlindaskattur á sjávarútveginn væri þrælslegt högg sem menn ættu bara að passa sig á að minnast ekki á og þeir ættu að gleyma þeim hugmyndum sem þeir hafa verið að veifa framan í þjóðina. Markmiðið með þeim aðgerðum sem þurfa að koma til framkvæmda er að koma sjávarút-

veginum á réttan kjöl, en það verður að gera líka með því móti að þjóðarsáttinni stafi ekki ógn af.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er svo sannarlega þörf á því að ræða stöðu sjávarútvegsins um þessar mundir í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið, bæði í þessum umræðum og ekki síður í umræðum um atvinnumál sem fóru fram fyrir nokkrum dögum.

Rekstrarvandi sjávarútvegsins og þau skilyrði sem sjávarútvegurinn á við að búa og móta framtíð hans er allt saman samofið. Það er ekki nema rúmlega ár síðan við samþykktum nýja löggjöf um stjórn sjávarútvegsmála. Í þeirri löggjöf voru veigamiklar breytingar frá fyrri löggjöf og við erum búnir að reka sjávarútveginn samkvæmt þessum nýju skilyrðum í eitt ár. Það er kannski ekki síst fyrir það að óvissa og uggur ríkir í þessari grein að það er alls ekki ljóst hvaða stefnu ríkisstjórnin hyggst taka varðandi stjórn sjávarútvegsmála og þau skilyrði sem sjávarútvegurinn á að búa við í framtíðinni. Erfiðleikar hafa að sjálfsögðu alltaf verið í sjávarútveginum, atvinnugreinin er þannig. Það skortir oft á það þegar vandamál sjávarútvegsins eru rædd að dregið sé fram í dagsljósið sem skyldi að þetta er sveiflukenndur atvinnuvegur. Hann er það og verður það. Það vita auðvitað allir. Hæstv. viðskrh. sagði áðan að skilyrði sjávarútvegsins væru býsna góð. Það vantaði ekkert nema aflann til þess að þetta væri allt í lagi. Það verður lengi svo. Það hefur verið mikið aflaleysi undanfarið og það hefur verið meira en aflaleysi, það hefur verið gæftaleysi líka. Menn hafa ekki komist á sjó langtímunum saman. Þetta vantar æ oftar þegar ýmsir spekingar eru að ræða málefni sjávarútvegsins, að þeir taki það með í reikninginn að sjávarútvegurinn er og verður sveiflukenndur atvinnuvegur. Við slíkan atvinnuveg duga ekki alltaf hefðbundin úrræði sem falla að hagkerfi nágrannalandanna eins og er svo vinsælt að vitna í. Það er talað um að ekki megi undir neinun kringumstæðum framkvæma sértækar aðgerðir. Við slíkan atvinnuveg, eins og sjávarútveginn, þarf stundum sértækar aðgerðir og það verða stjórnvöld á hverjum tíma að viðurkenna. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að halda því fram að allir erfiðleikar sjávarútvegsins séu núverandi ríkisstjórn að kenna eða megi rekja til hennar. Það er langt í frá. Við höfum barist við þessa erfiðleika í áraraðir og þeir erfiðleikar eru ekki síst vegna þess að það hefur orðið að skera niður aflaheimildir, og ég er vissulega sammála því að við getum ekki tekið áhættu í þeim efnum, og það bregðast heilu vertíðirnar í fiskstofnun sem hafa gefið okkur milljarða í tekjur. Þetta finnst mér að verði að taka oftar með í reikninginn í opinberri umræðu.

Hinu vil ég einnig víkja fáeinum orðum að, af því að það hefur mikil áhrif á vandann í atvinnugreininni, hvaða skipulag menn eigi að búa við í veiðunum í framtíðinni. Það var óljóst fyrir kosningar hvaða stefnu Sjálfstfl. tæki í þessum efnum og Alþfl. talaði ekki eins mikið um veiðileyfagjald fyrir kosningar eins og nú og þó var það frekar að sú skoðun kæmi fram. Síðan eru þessi mál sett í nefnd, eins og fram hefur komið, og sú nefnd á að gera meira en að ákveða fiskveiðistjórnunina. Hún á að taka til meðferðar öll önnur rekstrarvandamál. Þessi nefnd er dálítið einkennilega til komin, eins og hefur verið rakið. Vegna ósamkomulags í stjórnarflokkunum var ekki samkomulag um það að sjútvrh. gæti skipað formann, eins og hefði auðvitað verið eðlilegt. Ég man ekki betur en að til stæði að hv. 5. þm. Norðurl. v. yrði formaður þessarar nefndar, sem ég tel að hann hafi alveg haft burði til, en vegna ósamkomulags við Alþfl. þurfti að skipa tvo formenn yfir nefndina. M.a. er ein ástæðan fyrir þessari umræðu að annar formaðurinn er farinn að tala út um borg og bý um að það þurfi að fara svokallaða gjaldþrotaleið í sjávarútveginum. Allt þetta vekur mikla óvissu og ugg í sjávarútveginum.

Þær ræður sem hér hafa verið haldnar af hæstv. ráðherrum og hv. stjórnarliðum hafa ekki eytt þessum ugg og það er dálítið merkilegt að sjá forustugrein öflugasta málgagns ríkisstjórnarinnar, Morgunblaðsins, í gær því að þeir á Mogganum hafa barist fyrir annarri stefnu í fiskveiðimálum en a.m.k. hæstv. sjútvrh. Hann skaut myndarlega á þá í ræðu sinni áðan. Þeir eru búnir að fá nýjan bandamann þar, að því er þeir telja og eru þeir í leiðara sínum í fyrradag að skipa liði upp á nýtt, í því að koma á veiðileyfagjaldi eða auðlindaskatti. Þeir telja sig hafa fengið nýjan liðsmann, bara heilan flokk til liðs við sig í þeim málum, og það er Alþb., og vitna í ályktun miðstjórnarfundar Alþb. í því sambandi. Þeir segja svo, með leyfi forseta, í umræddum leiðara: „Hin pólitíska staða sýnist því vera sú, eftir að miðstjórn Alþb. samþykkti ályktun sína, að Framsfl. er eini stjórnmálaflokkurinn sem í heild rígheldur í kvótakerfið. Auðvitað eru innan Sjálfstfl. sterk öfl sem vilja viðhalda kvótakerfinu og þau njóta forustu Þorsteins Pálssonar sjútvrh. Sú staðreynd blasir hins vegar við að umfjöllun formanns og varaformanns flokksins er á allt annan veg." Þarna er búið að skipa liði. Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Það er því tæpast ofmælt að segja að það sé vaxandi pólitískur stuðningur við þá fiskveiðistefnu að undirstrika í reynd lagaákvæðið um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum. Í því ljósi verður að telja samþykkt miðstjórnar Alþb. bæði markverð pólitísk tíðindi og sérstakt fagnaðarefni."

Hér segir einnig: „Nú starfar sérstök nefnd á vegum stjórnarflokkanna að endurskoðun laganna um fiskveiðistjórnun. Starf þessarar nefndar á eftir að verða mjög til umræðu þegar líður á árið. Hins vegar hafa stjórnmálamenn, þar á meðal alþingismenn, lítið fjallað um þessi veigamiklu mál á undanförnum mánuðum. Æskilegt er að þeir láti meira að sér kveða í þessum umræðum á næstunni og ekki síst er nauðsynlegt að fram fari víðtækar umræður um málið á vettvangi Sjálfstfl. til þess að auðvelda flokksmönnum að gera upp hug sinn."

Mat Morgunblaðsins er það að kominn sé tími til að ræða starf þessarar nefndar þegar líður á árið og nauðsynlegt sé að taka upp umræður á vettvangi Sjálfstfl. til að reyna að móta stefnuna í sjávarútvegsmálum. Er nú

furða þó að þeir sem að þessum málum vinna, berjast í þeim á vettvangi við ýmsar aðstæður og sveiflur og erfiðleika, séu ekkert bjartsýnir og það sé uggur í brjósti yfir þessari forustu? Er þetta mat Morgunblaðsins rétt? Ég vil beina þeirri fyrirspurn t.d. til hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á stjórnarstefnunni og efnahagsstefnunni. Hvenær mun þessi nefnd skila frá sér áliti um þá erfiðleika sem sjávarútvegurinn býr við núna? Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. Er það þegar líður á þetta ár að tímabært verði að fara að hafa einhver skoðanaskipti í þessum efnum? Eða hvað er fram undan í þessari grein?

Ég verð að segja það eins og er að hæstv. sjútvrh. hefur tekið af skarið um það í þessari umræðu að hann er ekki fylgjandi auðlindaskatti. Hins vegar er það mat t.d. Morgunblaðsins og ég er sammála því. Ýmsar yfirlýsingar hafa fallið í þá átt að formaður og varaformaður Sjálfstfl., sem ráða ferðinni í þessum málum, séu á annarri skoðun.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að þessi mál blandist inn í þessa umræðu þó að hér sé til umræðu afkoma sjávarútvegsins því auðvitað hefur það mikil áhrif á vilja þeirra sem starfa í sjávarútveginum til hagræðingar að vita hvað framtíðin ber í skauti sínu. Búa þeir við svipuð skilyrði eða þurfa þeir innan tíðar að fara að borga fyrir þau fiskveiðiréttindi sem þeir hafa núna? Það er alveg óhjákvæmilegt að inn í þessa umræðu komi yfirlýsingar um það frá formanni Sjálfstfl. hvort meiningin sé að flokkurinn taki upp þá stefnu að koma á veiðileyfagjaldi í sjávarútvegi. Þær yfirlýsingar sem hafa gengið frá formanni Alþfl. í þessu efni fyrr í vetur, í umræðum hér á Alþingi, eru öllum í fersku minni. Hann sagði að sala á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs væri fyrsta skrefið að nýju veiðileyfagjaldi í sjávarútvegi. (**Gripið fram í:** Veiðileyfakerfi.) Veiðileyfakerfi í sjávarútvegi. Ég þakka leiðréttinguna, en meiningin er nokkuð svipuð.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að fá svör hafi komið við þessa umræðu, hún hafi lítið róað þá sem vinna að þessum atvinnuvegi, og þau svör sem gefin hafa verið hér í dag hafi litla framtíðarsýn gefið.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að mótmæla skilningi hv. síðasta ræðumanns á því sem hann las út úr forustugrein í Morgunblaðinu frá því í gær. Það sem stendur í þessari forystugrein er þetta, með leyfi forseta: „Það er því tæpast ofmælt að segja að vaxandi pólitískur stuðningur sé við þá fiskveiðistefnu að undirstrika í reynd lagaákvæðið um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum."

Samkvæmt mínum skilningi þýðir það ekki að þó að einhver flokkur, eins og Alþb., vilji að þetta ákvæði verði að veruleika að hann vilji koma á veiðileyfasölu. Við teljum að aðrir möguleikar séu til þess að gera sameignarákvæðið virkt og við höfum sett okkur ákveðinn ramma til þess að fara eftir við endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem miðar að því.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held því miður að hv. 3. þm. Vesturl. hafi ekki lesið Morgunblaðið nógu vel á undanförnum árum. Ég tel mig hafa lesið það nógu vel til að vita að það sem Morgunblaðið kallar að undirstrika lagaákvæði um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum felur í sér að leggja á veiðileyfagjald. Ég sagði ekkert í ræðu minni um að Alþb. vildi leggja á veiðileyfagjald, ég lagði ekki þann skilning í ályktun þeirra. Hins vegar komast þeir auðvitað ekki hjá því frekar en aðrir að útskýra með hverjum hætti þeir ætla að undirstrika sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum frekar en nú er gert því sannleikurinn er sá að þjóðin á þessi fiskimið og nýtur afraksturs af þeim þótt óbeint sé.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Margt er búið að ræða um efnahagsmálin en það sem mig langaði fyrst til að koma að er að margir hv. þm. hafa talað um efnahagsstærðir, vexti, laun, verðlag og verð á erlendum gjaldmiðlum eins og þetta væri allt saman hlutir sem væri hægt að ákveða alveg án samhengis við hvað er að gerast í efnahagslífinu yfirleitt og að þetta væri bara spurning um hvað mönnum þætti vont og slæmt og svo ættu menn að ákveða hlutina út frá því. En þannig eru hlutirnir ekki heldur er það þannig að ef ein stærð er ákveðin með handafli eða af einhverri óskhyggju þá hefur það venjulega afleiðingar. Ef við lítum á þau vandamál og það sem við höfum við að glíma og lítum í kringum okkur þá skerum við okkur úr miðað við þær viðmiðunarþjóðir sem við höfum alltaf borið okkur saman við, OECD-þjóðirnar, að við verðum á þessu ári eina þjóðin sem verður með yfir 4% viðskiptahalla. Við skerum okkur líka úr með það að hér hefur nánast engin framleiðniaukning átt sér stað síðustu 10 árin meðan framleiðniaukning í ríkjum OECD hefur orðið 1,6% að meðaltali. Þess vegna eru kjörin á Íslandi svipuð eða jafnvel verri en þau voru fyrir 10 árum meðan kjörin hjá okkar viðmiðunarþjóðum hafa batnað.

En hvað þýðir þessi viðskiptahalli? Hann þýðir að við höfum samsvarandi hallarekstur á skuldasöfnun. Við erum að tala um yfir 15 milljarða króna á þessu ári og þessi hallarekstur og þessi skuldasöfnun kemur einhvers staðar fram. Hún er hjá fyrirtækjunum, hún er hjá heimilunum, hún er hjá ríkinu. Hún er einhvers staðar. Við skulum bera okkur líka saman við eina grannþjóð okkar, Finna. Þeir stóðu frammi fyrir því á síðasta ári að þriggja ára viðskiptahalli hjá þeim var 14–14,5%. Staða okkar er sú að á árunum 1990–1992 stefnir í 12% viðskiptahalla hjá okkur. Ef við skoðum tölur fyrir næsta ár þá stefnir í að viðskiptahalli okkar verði á bilinu 13–14%. Hvernig hugsuðu Finnar sér að bregðast við í fyrrahaust? Jú, þar gekk maður undir manns hönd í allri umræðu um efnahagsmál að reyna að lækka kostnað í finnsku atvinnulífi og sérstaklega að reyna að styrkja samkeppnishæfni finnsks útflutnings. Búið var að ná samningum á vinnumarkaði um 7% lækkun á kaupi í Finnlandi yfir línuna. Síðan gerð-

ist það þar að eitt verkalýðsfélag eða landssamband frestaði að afgreiða samninga. Það var eins og við manninn mælt að það kom áhlaup á finnska markið og verð á ECU var hækkað um 14%. Við skulum skoða þetta í þessu ljósi að viðskiptahalli gæti hugsanlega gengið ef við værum á sama tíma að sjá fram á það að tekjur okkar væru að aukast og endurgreiðsluhæfni þessara skulda væri að aukast. En því er ekki að heilsa og okkar mikli vandi er sá að tekjur okkar aukast ekki. Ef við hefðum verið að fá álver eða einhverjar aðrar slíkar arðgefandi framkvæmdir væru í gangi þar sem við sæjum fram á aukningu þjóðartekna á næstu árum þá hefði verið hugsanlegt að vera með þennan viðskiptahalla. En það gengur ekki meðan staðan er eins og í dag. Við þurfum að ná þessu jafnvægi og hætta þessum hallarekstri.

Eitt af því sem liggur fyrir þinginu er stjfrv. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Þar er gert ráð fyrir því að komið verði á virkum gjaldeyrismarkaði og gengi krónunnar ráðist af markaðsaðstæðum. Þetta gæti tekið gildi strax í haust. Ég tel að eitt þýðingarmesta mál þingsins sé að gengi krónunnar fái að ráðast af markaðsaðstæðum vegna þess að gengisstefna og gengi krónunnar er að sjálfsögðu mælikvarði annars vegar á styrk efnahagslífs okkar og hins vegar á efnahagsstefnuna. Gengisstefna er ekki eitthvað sem hægt er að ákveða út í loftið óháð öllu öðru, gengisstefna er efnahagsstefna. Ef fastgengisstefna eða stöðugleiki á að vera í gengismálum þá þarf það að eiga sér einhverja samsvörun í þeirri efnahagsstefnu sem er rekin og besti mælikvarðinn á það hvort efnahagsstefnan og gengisstefnan fari saman er að frjáls markaðsskráning sé á gengi eins og fyrirhugað er að taka upp.

Við Íslendingar höfum upplifað töluverðan tíma þar sem allmikill stöðugleiki hefur verið í verðlagi. Ég hygg að reyndin sé sú fyrir mörg heimili í landinu að þessi stöðugleiki hafi reynst mesta kjarabót sem völ er á. Nú hafa vextir verið að lækka, sérstaklega nafnvextir, raunvexir aðeins, og þetta hefur komið sér vel fyrir mörg skuldug heimili. En stöðugleikinn gerir líka það að aðstæður á vinnumarkaði hljóta að breytast. Við skulum velta því fyrir okkur hvort þeir heildarsamningar sem eru í gangi á vinnumarkaði séu ekki hálfgerð tímaskekkja við þessar aðstæður, einfaldlega vegna þess að þegar verðlagið er stöðugt með þeim hætti sem er það er í dag getur ekki orðið raunhækkun á launum nema einhver samsvarandi framleiðniaukning verði í atvinnulífinu. Þegar til kastanna kemur er það framleiðniaukningin sem skilar kjarabótunum, nema menn vilji fara að fjármagna kjarabæturnar með enn þá meiri erlendum lánum. Það getur vel verið. En ég tel að aðilar vinnumarkaðarins ættu að bregðast við þeim aðstæðum sem eru komnar upp með þessum stöðugleika og leggja miklu meiri áherslu á sérkjarasamninga þar sem hægt er að taka á mismunandi aðstæðum í mismunandi atvinnugreinum og í mismunandi fyrirtækjum. Ég veit t.d. um að verið var að setja flæðilínu í frystihús norður á Sauðárkróki nýlega. Líkur eru til þess að það leiði til 10% launahækkunar hjá því fólki sem vinnur í því frystihúsi. Ekki vegna þess að gerðir hafa verið einhverjir nýir kjarasamningar, heldur vegna þess að það hefur orðið framleiðniaukning í þessu húsi sem leiðir til þess að fólkið fær hærra kaup. Menn eru oft að velta því fyrir sér að samningarnir séu viðkvæmir og það þurfi að fara í gegnum einhverja mikla erfiðleika og miklar viðræður og verkalýðsforingjarnir séu ekki með á nótunum með þetta allt saman. En ég efast um það vegna þess að verkalýðsforingjarnir, sem leiða verkalýðshreyfinguna hringinn í kringum landið í dag, eru menn sem eru á kafi í vandamálum fyrirtækjanna. Þetta eru menn sem eru stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum sem eru að rukka þessi fyrirtæki um bæði iðgjöld til þeirra og stéttarfélagsgjöld. Þetta eru menn sem eru í sveitarstjórnum sem eru mörg hver að ausa peningum í dauðvona fyrirtæki. Þeir hafa því þessi vandamál fyrir sér og spurningin er sú hvort einhverjir heildarsamningar séu á vinnumarkaðinum þar sem verið er að hækka laun óraunhæft, sem eiga sér ekki stað í verðmætasköpun atvinnulífsins, eiga yfirleitt rétt á sér. Er ekki best að vera án samninga fram á haust?

Menn hafa mikið talað um sjávarútvegsmálin og þannig er að sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir miklum kröfum af hendi þjóðfélagsins. Menn vilja hafa óbreytt gengi, hækka launin, láta sjávarútveginn greiða fyrir þjónustu og sumir vilja láta hann borga auðlindaskatt þar til viðbótar. Menn verða að átta sig á því að við þær aðstæður sem nú eru getur sjávarútvegurinn ekki risið undir þessum kröfum nema hann fái tækifæri til þess að auka verðmætasköpun sína. Þannig er staðan nú að framlegð fiskvinnslu upp í greiðslu vaxta og afskrifta er á bilinu 0–1%. Framlegð af botnfiski til greiðslu vaxta og afskrifta er 17% og svo á sjávarútvegurinn með þessu að standa undir 100 milljarða skuld. Hvernig í ósköpunum halda menn að þetta gangi upp? Skuldirnar hlaupa ekki í burtu. Þessar skuldir verður að borga. Staðan er sú að sjávarútvegurinn getur ekki borgað skuldirnar og menn verða að horfast í augu við að það. Hvernig fara menn þá að? Ég tel að það þurfi að koma til eins konar uppgjörs þar sem menn fari í gegnum þetta og ákveði hvernig menn ætla sér að borga skuldirnar og það er augljóst mál að þær geta ekki allar fallið á sjávarútveginn. Með þessu er ég ekki að segja að það eigi að gera fyrirtæki gjaldþrota í stórum stíl. Finna þarf einhverja leið til þess að komast út úr þessu án þess að valda einhverjum gífurlegum skaða en þetta eru greinilega skuldir sem sjávarútvegurinn borgar ekki við þessar aðstæður og við verðum að finna leiðina út úr vandanum.

Þessi mál eru m.a. rædd í þeirri nefnd sem ég sit í og hefur verið margnefnd hér. Ég get fullvissað þá sem hafa áhyggjur af þeirri nefnd og þeim umræðum sem þar eru að þar eru málin rædd á málefnalegum grundvelli og ekkert bendir til annars en að sú nefnd muni skila árangri í störfum sínum og fullt samkomulag hefur þar verið á milli manna.

Ég vil koma inn á eitt í sambandi við sjávarútveginn og er það að menn samþykktu á síðasta ári lög um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútveginum. Þau lög

eru afar óheppileg. Þau eru á góðri leið með að gera sjávarútveginn að holdsveikrasjúklingi á íslenskum hlutabréfamarkaði. Þau eru svo stíf að fái ég einn erlendan vin minn til þess að kaupa af mér hlutabréf sem ég get farið og keypt á stundinni í Granda eða Útgerðarfélagi Akureyringa eða einhverjum af þessum opnu félögum og selt honum bréfið og hann neitar síðan að selja bréfið þá á sjútvrh. væntanlega engan annan kost en að rífa kvótann af viðkomandi fyrirtæki. Núna liggur fyrir bréf frá viðskrn. til sjútvrn. þar sem vakin er athygli á því að erlendir aðilar hafi með óbeinum hætti fjárfest í öllum stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og spurningin er sú hvað ætli menn að gera. En lögin eins og þau eru í dag koma beinlínis í veg fyrir að sjávarútvegurinn hafi eðlilegan aðgang að íslenskum hlutabréfamarkaði. Ég tel að afar mikil óheillaþróun sé að eiga sér stað hvað sveitarfélög eru nú að komast inn í sjávarútveginn. Þetta er langt umfram fjárhagslega getu sveitarfélaganna sem í þessu lenda og er alls ekki í samræmi við eðlilegt hlutverk þeirra.

Það sem við þurfum að hugsa um í sambandi við efnahags- og atvinnumál er að gera okkur grein fyrir þeirri stöðu sem við erum í, en ekkert þýðir að æðrast þótt staðan sé erfið. Taka verður að taka á þeim vanda sem við er að glíma en líka að horfa til framtíðarinnar. Það þýðir ekkert annað en að vera bjartsýnn en bjartsýnin verður að vera raunsæ. Það sem menn hafa haft í huga í því sambandi er það að við verðum fyrst og fremst að virkja stærstu auðlind okkar sem er fólkið sjálf. Við höfum treyst allt of mikið á nýtingu náttúruauðlinda, að við sætum á einhverjum auði sem mundi sjálfkrafa færa okkur auknar tekjur, hvort sem það er fiskurinn í sjónum eða orkan í vötnunum. Vel getur verið að það séu vannýttar fiskitegundir, en ekkert þýðir heldur að vaða út í nýtingu þeirra í einhverri fiskeldisbjartsýni. Menn verða að vera raunsæir í sambandi við nýtingu á þeim auðlindum en ekki að fjárfesta og fjárfesta og fá svo ekkert út úr því nema tap.

Það sem þarf að gera til þess að auka framleiðni í efnahagslífinu er að huga að því að framleiðni í viðskiptum er farin að skipta miklu meira máli en áður. Við lifum í þjónustuþjóðfélagi. Atvinnulíf nútímans er þjónustuatvinnulíf og framleiðni í viðskiptum, þjónustu, verslun skiptir alltaf meira og meira máli fyrir framfarir. Margt er hægt að gera til að auka framleiðni í verslun, margt hægt að gera til að auka framleiðni í bankakerfinu, margt hægt að gera til að auka framleiðni í samgöngum og við getum séð hvernig bætt flutningatækni hefur stóraukið verðmæti á sjávarafurðum með útflutningi á gámafiski og jafnvel ferskum flökum í gámum. Allt þetta þarf að koma inn. Við sjáum líka að margir möguleikar eru fyrir hendi þegar Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika. (**Gripið fram í:** Hvenær verður það?) Vonandi um næstu áramót. Þá verður hægt að stórauka markaðssókn okkar inn á Evrópu fyrir verðmætari afurðir íslensks sjávarútvegs. Við skulum líka reyna að huga að því hvernig við getum nýtt hið gífurlega fjármagn sem er í lífeyrissjóðunum til þess að það nýtist íslensku atvinnulífi sem eigið fé.

Við þurfum að átta okkur á því að við þurfum að gera ýmsar grundvallarbreytingar á hagkerfi okkar, við höfum lifað allt of mikið í skjóli náttúruauðlinda okkar en núna þurfum við að virkja betur stærstu auðlind okkar sem er fólkið í landinu.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessi umræða hefur valdið mér vissum vonbrigðum og þó var kannski til of mikils ætlast að halda að við fengjum eitthvað raunhæft frá núverandi ríkisstjórn, að eitthvað væri verið að gera til þess að finna lausn á þeim skelfilega vanda sem sjávarútvegurinn má nú búa við. Ég harma það mjög að við skulum ekki hafa fengið nokkur svör og alls engin svör um það sem er verið að vinna.

Hv. síðasti ræðumaður, Vilhjálmur Egilsson, vék aðeins að viðkvæmu máli sem er hlutdeild útlendinga í sjávarútvegi. Ég vil aðeins segja, og ætla ekki að eyða fleiri orðum í ræðu Vilhjálms, að ég held að við þurfum að gæta mikillar varúðar við því að erlendir aðilar komist ekki inn í íslenskan sjávarútveg. Ég held að við ættum fremur að leita í innlenda sjóði en að fara og leita til erlendra aðila til þess að komast inn í þessa atvinnugrein. Þar erum við Vilhjálmur ósammála.

Hæstv. forsrh. sagði í upphafsorðum sínum að ekki væri þörf á að breyta stefnu núv. ríkisstjórnar. Ég verð að segja að mér finnst það merkileg niðurstaða. Mér finnst það merkileg niðurstaða ef hæstv. forsrh. er ekki búinn að átta sig á því að óhjákvæmilegt er að sveigja aðeins af leið ef menn ætla að forðast þá vá sem við sjáum fram á. Þetta eru ekki mín orð, hæstv. forsrh., þetta eru orð hæstv. sjútvrh. sjálfs. Það er hann sem talar og það er hann sem varar við þeirri stefnu sem nú er uppi þar sem hann segir, með leyfi forseta, að meiri hluti sjávarútvegsfyrirtækja eða 59% þeirra eiga við núverandi aðstæður ekki fyrir afborgunum og vöxtum og eru á beinni gjaldþrotabraut samkvæmt mati nefndar skipaðri af sjútvrh. og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði um og sagðist eiga sæti í.

Þetta eru ill tíðindi og það er alvarlegra að hæstv. sjútvrh. segir einnig að fiskvinnslan í dag — og það hefur komið fram hjá fleirum — sé rekin hvorki meira né minna en með 8% tapi. Menn eru að spá því ef svo heldur fram sem horfir að menn séu að tala um 11–12% tap í fiskvinnslunni þannig að ég trúi ekki öðru en að ríkisstjórnin sveigi af leið.

Hæstv. forsrh. vék einnig að atvinnuleysismálunum, því miður var hann ekki við þá umræðu sem fram fór um þau mál fyrir fáum dögum, en hann sagði að atvinnuleysið væri ekki meira nú en hefði verið hér fyrir ekki mörgum árum. (**Forsrh.:** 1990.) 1990. Ég er alveg sannfærður um að þetta er alrangt. Ég held nefnilega að staðreyndin sé sú að atvinnuleysið er miklu meira og hæstv. félmrh. upplýsti reyndar við þá umræðu að það væri meira en þessar tölur gæfu til kynna og það töluvert miklu meira. Ég hef heyrt þá tölu og nefndi það í þeirri umræðu og því var ekki mælt í gegn að ég hef heyrt minnst á staði sem væru með allt upp

í 10% atvinnuleysi. Og útlitið er verulega dökkt. Auðvitað er það núv. ríkisstjórn sem hefur skapað og búið til það rekstrarumhverfi sem þessi atvinnugrein starfar við og allar aðrar. Því verður ekki á móti mælt. Það er með ólíkindum eins og hér hefur margsinnis komið fram að láta sér detta í hug að leggja með sköttum og öðrum íþyngjandi aðgerðum marga milljarða kr. á þessa atvinnugrein. Það er óskiljanlegt, það eru óskiljanlegar aðgerðir og merkilegt að við skulum ekki fá nokkur svör. Við erum búnir að ræða þetta mál klukkutímum saman og fáum enga vísbendingu um að það eigi nokkuð að gera.

Hæstv. viðskrh. sagði líka að myndin sem dregin væri upp af stöðu þessarar atvinnugreinar væri alröng. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég las upp úr Morgunblaðinu og hæstv. sjútvrh. sagði þegar umræðan fór fram um atvinnumálin. Ég veit ekki í hvers lags umhverfi þessir menn búa og lifa sem halda slíku fram. Mér er ómögulegt að skilja það. Ég gerði athugasemd við mál hæstv. viðskrh. í dag í sambandi við Hagræðingarsjóðinn, það fjármagn sem þar hefði verið tekið til hafrannsókna og hann mótmælti því. Þess vegna vildi ég spyrja hann, ef hann ætti eftir að koma hér upp á eftir, hvort hann vilji mótmæla því sem ég sagði um að fjárveitingar til hafrannsókna hafa ekki aukist á milli áranna 1991 og 1992. Hvar eru þá þessar 525 millj.? Við erum að tala um sama fjármagn sem fer til hafrannsókna á milli þessara ára þannig að það stenst sem ég sagði að þetta fjármagn var tekið beinustu leið í ríkissjóð og þaðan var því eytt.

Menn hafa rætt mikið um verðbólguna og hælst um af því að hún væri lág og hv. þm. Matthías Bjarnason sagði það að núv. ríkisstjórn hefði þó komið a.m.k. einu góðu til leiðar, þ.e. að lækka verðbólguna og verðbólgan væri aldrei lægri en nú. En er það alveg sanngjarnt, virðulegi hæstv. viðskrh., hjá hæstv. fyrrv. viðskrh. og fyrrv. sjútvrh. Matthíasi Bjarnasyni að segja að það sé þessari ríkisstjórn að þakka? Ætli það sé alveg sanngjarnt? Ætli þeir þjóðarsáttarsamningar sem gerðir voru af fyrrv. ríkisstjórn og hún lagði grunn að séu ekki töluverður þáttur í því að lækkun verðbólgu var möguleg? En eðlilegt er að sú ríkisstjórn sem hefur ekki mikið af blómum til að skreyta sig með reyni að fá þau úr öðrum görðum og mér sýnist að það sé verið að reyna að gera hér.

Hv. þm. Matthías Bjarnason vék einnig að því að vinnslan væri að færast út á sjó, og af hverju? Menn hafa talað um það í allan dag að vinnslan sé að fara út á sjó og að mikill voði sé á ferðum. En ekki nokkur maður hefur minnst á af hverju vinnslan er að fara út á sjó. Hins vegar hefur komið fram að hagnaður af vinnslu í þessum skipum úti á hafinu er 11–12% á meðan tapið í vinnslunni er um 11–12%. Eru menn þá eitthvað hissa á því þó að þessi þróun verði vegna þess að menn sjá að ekki er lyft litla fingri til þess að rétta hag vinnslunnar í landinu. Eitt af því sem maður átti von á að fá fram í umræðunum var að við sæjum að eitthvað væri verið að gera og menn sæju til lands í þessu máli. Annars mun þetta gerast. Það sem alvarlegast er að þetta mun allt gerast stjórnlaust.

129 Alþt. 1991. B. (115. löggjafarþing).

Hv. þm. Matthías Bjarnason — mér er títt að vitna til hans vegna þess að hann þekkir þessi mál nokkuð mikið — sagði líka að vextirnir væru að lækka og voru það nú blóm til ríkisstjórnarinnar sem hann færði þeim. Láir nokkur ríkisstjórninni það þótt hún lækki vexti? Var það ekki hennar fyrsta verk að hækka vextina? Það var eitthvert mesta ógæfuspor sem þessi ríkisstjórn hefur stigið þegar hún hækkaði vextina í vor vegna þess að þá mátti ekki grípa til svokallaðra sértækra aðgerða vegna þess að það voru verk framsóknarmanna og þeir ætluðu alls ekki að brenna sig á því að nota þau.

Ég vil einnig biðja um að fá skýrari svör um það hvort menn í þessari ríkisstjórn eru enn að tala um veiðileyfagjald. Er þessi ríkisstjórn á því að efni og ástæður séu til þess að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi? Greinin bíður eftir svari við þessari spurningu. Menn eru að reyna aðlaga sig að því kerfi sem við lifum við og menn þurfa að fá að vita slíka hluti. Menn þurfa að fá að vita við hvað þeir eiga að búa til frambúðar. Þeir eiga rétt á því að fá svör við þessu. Það þýðir ekki að segja mönnum: Þið eigi að hagræða og hagræða og hagræða. Menn þurfa að fá að vita á hverju þeir eiga von í næstu framtíð. Ekki er til of mikils mælst að menn tali og það hreint út.

Einnig hefur verið minnst á úreldingu fiskvinnslustöðva. Ég vil einnig ítreka þá spurningu: Eru menn að vinna að því að koma upp úreldingu fiskvinnslufyrirtækja? Ég hlýddi á hæstv. sjútvrh. og það fór fram hjá mér og vildi ég óska eftir að það yrði þá endurtekið ef einhver af ráðherrunum kemur upp á eftir.

Menn eru ekki sammála um hvort réttlátt sé að fara út í slíkt. Ég tel að réttlætismál sé að taka upp úreldingu fiskvinnsluhúsa vegna þess að greinin hefur mátt þola svo mikla aflaskerðingu og það er ekki af völdum þeirra sem starfa í greininni heldur er það stjórnvaldsákvörðun. Það hefur verið stjórnvaldsákvörðun að gera slíkt og þá er eðlilegt að hjálpað verði til við úreldingu þessara húsa. Vegna þess hvernig farið var með Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins hef ég líka áhyggjur af því að þá verði kannski erfiðara um fjármagn til slíkra hluta og hvernig menn ætla þá að fjármagna þessa úreldingu? Gaman væri að fá að heyra um það líka. Ég vildi líka fá að heyra aðeins í hæstv. iðnrh. vegna þess að hann var að velta fyrir sér hvernig hann mætti auka orkusölu þar sem við höfum mikið framboð af ónýttri orku í dag og hvort það sé hugsanlega inni í myndinni að lækka verulega orku til fiskvinnslufyrirtækjanna. Það hefur ekkert komið fram og þess vegna vildi ég spyrja um það.

Ég skal svo, virðulegi forseti, ekki lengja þessa umræðu neitt frekar. Ég er búinn að segja að hún hefur valdið mér vonbrigðum. Mér hefur ekki fundist að við þingmenn fengjum svör við því sem við höfum spurt um frá þeim sem tala fyrir ríkisstjórnina. Vísað er á nefnd úti í bæ. Þegar hún var sett á laggirnar átti hún að vinna að endurskoðun á fiskveiðistjórnuninni, en nú er eilíft bætt á hana verkefnum og nú er einnig verk hennar að vinna að lausn fjárhagsvanda greinarinnar. Langt verður að bíða fyrir suma sem í atvinnugreininni starfa ef það á að koma á nýrri fiskveiðistjórnun

sem verður örugglega ekki tilbúin fyrr en á haustdögum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi svara strax spurningu hv. 4. þm. Norðurl. v. um orkuverð til sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Ég hef nýlega átt viðræður við orkuvinnslufyrirtæki og orkuveitur og samtök þeirra um samstarf þessara aðila ásamt iðnrn. til þess að finna leiðir til að auka hlut raforkunnar í orkubúskapnum. Ef hægt er að finna leiðir til að færa orkunotkun sjávarútvegsins frá innfluttum orkugjöfum til innlendra kemur m.a. til greina að greiða sérstaklega fyrir því, m.a. til þess að nýta 610 gígavattstundirnar frá Blöndu. Þetta er nú í virkri athugun en að sjálfsögðu er ekki um það að ræða að lækka tekjurnar til fyrirtækja eins og til Rafmagnsveitna ríkisins af þeirri raforkusölu sem þegar er heldur er unnið að því að reyna að fá þarna viðbótarsölu, bæði hvað varðar landrafmagn til bátanna sem ég held að sé mögulegt og e.t.v. í fiskvinnslunni. Það er einmitt málið sem nú er athugað.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hafði farið fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að hæstv. sjútvrh. fjallaði um úreldingarþátt varðandi vinnslu og það kom fram hjá honum að það væri til sérstakrar athugunar. Hann benti jafnframt á þá erfiðleika sem því gætu fylgt að ná fram niðurstöðu þar sem staðan væri talsvert önnur en hvað útgerðarþáttinn snertir vegna þess munar sem þar er á um atbeina ríkisins, leyfisbindingar og annað þessar háttar. En hæstv. sjútvrh. tók allnokkurn tíma af stuttum tíma sínum til að fjalla um þennan þátt.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Mig langar fyrst til þess að segja að mér fannst alveg óþarfi af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að svara skemmtilegu hugmyndaflugi 17. þm. Reykv. með því að kalla það fiskeldisbjartsýni. Ég held að svona hugmyndaflug eigi alltaf rétt á sér og menn eigi alltaf að vera að hugsa um nýjungar og nýja atvinnumöguleika í sjávarútveginum og svo sem einnig í öllum öðrum atvinnugreinum. Mér fannst það sem hann nefndi vera áhugaverðir hlutir. Ég hef reyndar heyrt flest af því áður og ég tel að við eigum að sinna því.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði um að sveitarfélögin ættu ekki að koma inn í útgerðarfyrirtækin á landinu. Honum fyndist það vera óheillaþróun sem væri farið að örla þar á. Ég er alveg sammála því að sveitarfélögin eiga ekki að standa í atvinnurekstri nema þau megi til og ég er sannfærður um að ekki fyrirfinnast mörg sveitarfélög í landinu sem hafa lent út í atvinnurekstri nema af neyðarástæðum. Ég er óskaplega hræddur um að þær neyðarástæður kunni að verða fyrir hendi víða um land á næstunni ef menn gá ekki að sér og þá munu sveitarfélögin auðvitað taka þátt í því að bjarga fólki frá atvinnuleysi á stöðunum allt í kringum landið.

Hann hafði líka áhyggjur af því sem hann kallaði að sjávarútvegurinn væri eins og holdsveikrasjúklingur í íslenskum hlutabréfamarkaði vegna þess að útlendingar mega ekki eiga í sjávarútvegsfyrirtækjunum. Ég held að menn verði að gá að sér þarna. Að vísu lítur þetta sakleysislega út að einhver erlendur aðili eigi hlut í olíufélagi sem aftur á móti á svo hlut í sjávarútvegsfyrirtæki. En hvar ætla menn að stöðva sig af? Hvar ætla menn að draga línuna ef þetta verður leyft? Hvernig ætla menn þá að sjá til þess að útlendir aðilar kaupi sig ekki inn í fiskveiðarnar og útgerðina? Ég tel að það sé ekki hægt og ég held að við verðum að fylgja þessum hlutum eftir þótt erfitt verði.

Eitt enn nefndi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem ég vil hér gera að umræðuefni og hann orðaði það á þessa leið: Er ekki best að vera án samninga fram á haustið? Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. hvort þetta sé stefna ríkisstjórnarinnar. Það sé kannski best að vera án samninga fram á haustið. Ég tel nefnilega að það sé þá ástæða til þess að það komi skýrt fram. Ég held að verkalýðsfélögin í landinu, öll launþegasamtökin þurfi að fá svör við slíkri spurningu þegar þingmaður úr liði stjórnarflokkanna, þungavigtarmaður úr efnahagspeklantanefnd Sjálfstfl., segir á Alþingi: Ætli það sé bara ekki best að vera samningslaus fram á haustið? Mig langar að fá svar við þessum spurningum.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um úreldingu fiskvinnslustöðva. Ég set spurningamerki við hugmyndir um úreldingu fiskvinnslustöðva og reyndar skipa líka að því leyti til að ég tel að svona úreldingar eigi að vera á hendi atvinnugreinarinnar með frjálsum hætti. Ég held að við séum komin út á alvarlega braut í sambandi við þessa hluti, þ.e. við erum að skammta mönnum atvinnuréttindi í greinunum. Við látum menn hafa einkarétt til atvinnu með því að koma á svona úreldingarfyrirkomulagi nema því aðeins að það sé þá opið að menn geti stofnað ný fyrirtæki. Þetta er mjög erfitt og vandsiglt mál og ég tel að út af fyrir sig sé hægt að hugsa sér úreldingu þótt það sé opið fyrir nýja aðila inn í greinina. En menn verða þá að horfast í augu við að ný fyrirtæki kynnu að spretta upp í staðinn fyrir þau sem keypt eru út á úrelt. En auðvitað er ætlast til að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir nýjum fyrirtækjum og þau hafi þá upp á að bjóða einhvers konar betri vinnslutækni eða betri rekstur en þau sem falla út. En menn verða að hugsa sig mjög vel um ef halda á áfram á þeirri braut að búa til einhvers konar stokk af aðilum sem hafa leyfi til að vera með fyrirtæki í greinunum og ég vara við því og bendi á að þar verða menn að sigla þannig að frelsi sé sem mest í atvinnugreinum á Íslandi.

Kannski var aðalástæðan fyrir því að ég kom í ræðustól sú að til umræðu hefur verið stefna Alþb. í stjórn fiskveiða. Þar hafa menn ekki verið sammála frekar en á öðrum bæjum um hvernig fara ætti að. Hér var gerð að umræðuefni í kvöld forustugrein í Morgunblaðinu þar sem er nánast verið að fagna því að Alþb. sé komið með einhverja stefnu í sjávarútvegsmálum og í sjálfu sér má kannski fagna því að Alþb. hefur fetað sig af stað til að endurskoða sína afstöðu til

þess hvernig eigi að stjórna sjávarútvegsmálum í landinu og ég tel að Alþb. hafi farið rétt af stað þar. En ég vil útskýra aðeins nánar hvað við eigum þar við. Í þessari stjórnmálaályktun frá miðstjórnarfundinum var eingöngu sagt eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Jafnframt þarf að skapast samstaða um nýja stefnu í sjávarútvegsmálum. Þar verða stjórnvöld að horfast í augu við þróun undangenginna missira þar sem rekstrarumhverfi hefur breyst til hins verra, ekki síst með stórhækkun vaxta. Komið hefur skýrar í ljós að stefnan í sjávarútvegsmálum fullnægir ekki eðlilegum kröfum um arðsemi fyrirtækja, vöxt og viðgang fiskstofna. Vextir verða að lækka verulega og endurskipulagning verður að eiga sér stað."

Þetta var allt og sumt og þótti a.m.k. mér ekki mikið. Ég vil aftur á móti benda á að á landsfundi Alþb. í haust setti flokkurinn sér ákveðinn ramma sem hann vill fara eftir við endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Þar eru sex aðalatriði sem við urðum sammála um og viljum fara eftir við þessa endurskoðun. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Til að fyrirhuguð endurskoðun byggi á almannahag og sæmileg sátt geti náðst um hana þarf hún að hafa m.a. að leiðarljósi:

1. Að tryggður verði til frambúðar óumdeilanlegur eignarréttur þjóðarheildarinnar á auðlindum íslensks hafsvæðis.

2. Að stjórnkerfi fiskveiða stuðli að því að bæta meðferð afla, vernda smáfisk, verja lífríki í sjónum fyrir óheppilegum áhrifum veiðiaðferða.

3. Að réttlætis verði gætt gagnvart byggðarlögum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og útgerðaraðilum.

4. Að komið verði í veg fyrir að fiski verði hent í sjóinn.

5. Að stjórnkerfi fiskveiðanna feli í sér hvata til hagræðingar í fiskveiðum.

6. Að stuðlað verði að nýsköpum og eðlilegum aðgangi nýrra aðila að sjávarútvegi."

Þetta voru þau sex atriði sem Alþb. samþykkti á sínum landsfundi að ættu að vera eins konar leiðarvísar fyrir nýja fiskveiðistefnu, skilyrði sem menn reyndu að stefna að að uppfylla. Það hefur ekki tekist að uppfylla þessi skilyrði með því kerfi sem nú er í gangi. Ég tel að allir stjórnmálaflokkar í landinu verði að sameinast um það að fara yfir málin með það fyrir augum að uppfylla ámóta skilyrði og við setjum fram. Það kann vel að vera að menn hafi mismunandi áherslur en ég held að stærstu atriðin muni leiða menn saman að lokum og þar er stærsta atriðið, og ég endurtek það vegna þess sem kom fram fyrr á fundinum, stærsta atriðið er að við viljum tryggður verði til frambúðar óumdeilanlegur eignarréttur þjóðarheildarinnar á auðlindum íslenska hafsvæðisins. Það er ekki hægt með því kerfi sem er í gangi núna nema breyta því með einhverjum hætti og þeir sem vilja viðhalda því hafa ekki getað bent á leið til þess enn í dag. Við eigum kannski eftir að sjá þær tillögur og þá skoðum við þær. En það er ekki hægt að halda því fram, eins og menn hafa reyndar gert, að íslenska þjóðin eigi auðlind sem þegnarnir hver og einn geta gengið um og selt hver öðrum. Það gengur ekki upp. Menn verða að finna aðrar leiðir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. spurðist sérstaklega fyrir um ummæli hv. 5. þm. Norðurl. v. sem sagði að hugsanlega væri best að samningar yrðu lausir til haustsins þar sem hann sá annmarka á því að hægt væri að ná samningum á einu borði nú. Hann lýsti því með hvaða hætti kjör manna gætu batnað án þess að samningar kæmu til og nefndi dæmi um það frá sinni heimabyggð. Ég tel ekkert athugavert við það að þingmenn lýsi skoðunum sínum. Mínar skoðanir hafa hins vegar komið fram áður í tíma óundirbúinna fyrirspurna. Sl. þriðjudag svaraði ég því til að ég teldi afskaplega mikilvægt að samningar næðust og þá helst ekki til skemmri tíma en eins árs vegna þess að það hafa verið óvissutímar og ég er sannfærður um að það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið og fyrir launþega að menn hafi fast land undir fótum til ekki skemmri tíma en eins árs. En ég sé ekkert á móti því að þingmenn velti hlutum fyrir sér með þessum hætti eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gerði sem hefur mikla þekkingu á þessum málum. En ég held engu að síður að það sé mjög áríðandi, og það er mín skoðun, að samningar megi takast. Á morgun er boðaður fundur að beiðni Alþýðusambands Íslands með fjórum ráðherrum til þess að fjalla um þau sjónarmið sem þeir hafa fram að færa þar og ég vona að ekki líði á löngu þar til nokkur skriður kemst á samningaviðræðurnar. Ég tel það mjög mikilvægt eins og ég segi, bæði fyrir aðila vinnumarkaðarins og þjóðina í heild, að menn hafi fast land undir fótum í þeim efnum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem þeir hafa veitt þótt ekki telji ég að þau svör geri okkur mikils vísari. Það er hins vegar mikilvægt að umræður af þessu tagi fari fram og jafnvel þótt við höfum ekki fengið mikil svör hér í dag þá vænti ég þess að hæstv. forsrh. geti með meira afgerandi hætti sannfært þá mikilvægu menn sem á hans fund koma á morgun eins og hann gat um hér áðan því að þess óska allir að vinnufriður geti ríkt í landinu. Við megum ekki við því að missa atvinnulífið í þá óvissu sem verkföllum fylgir og þótt ég sé ekki stuðningsmaður núv. ríkisstjórnar þá óska ég þess ekki að ófriður ríki á vinnumarkaði. Það eru hugleiðingar sem enginn stjórnmálaflokkur eða stjórnmálamaður má ala með sér, en stundum ber á því að menn eru allt að því að láta í það skína að einstakir stjórnmálaflokkar vilji sjá slík átök. Það er alls ekki rétt, a.m.k. að því er Framsfl. varðar. Við teljum að hér sé hægt að ná samningum og það beri að vinna að því af fullum krafti en erum hins vegar ekki ánægðir með hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur gengið fram í þeim málum.

Í þessum umræðum hefur komið fram mikill áherslumunur að mínu mati. Það er mikill áherslumunur milli þess sem hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh.

segja annars vegar og síðan hæstv. sjútvrh. Það er greinilegt að hæstv. sjútvrh. hefur miklu meiri áhyggjur af ástandinu en þeir aðrir ráðherrar sem ég hef nefnt. Hann segir hins vegar afar lítið um hvað hægt er að gera, enda greinilegt að um það ríkir ekki samstaða. Ég ætla ekki að fara frekar út í það en það verður fróðlegt að heyra hvað forustumenn atvinnulífsins segja um ummæli hæstv. ráðherra og hvort þeir eru sammála því að hér sé e.t.v. ekki svo mikill vandi á ferð. Ég er að vísu sammála því að annar formaður nefndarinnar gerði of mikið úr vandanum og ég er sammála því að það er rangt að halda því fram, eins og hæstv. forsrh. sagði í upphafi, að hér væru 45% af sjávarútveginum á beinni gjaldþrotabraut. (**Forsrh.:** Ég vitnaði til orða sem höfðu fallið.) Já, ég tók það nú svo, hæstv. forsrh., að þú værir að taka undir það. En ég tek það þá að sjálfsögðu til baka. En þetta er það sem menn hafa verið að segja og ef formaður nefndarinnar hefur ekkert umboð til að tala með þessum hætti þá er lágmark að sjá til þess að hann sinni sínum nefndarstörfum en sé ekki með slíkar yfirlýsingar út yfir þjóðfélagið því að það er ekkert gamanmál að tilkynna samfélaginu að líklegt sé að 45% af sjávarútveginum verði gjaldþrota, sérstaklega ef menn ætla síðan bara að vera nokkuð rólegir yfir því.

Hér hefur verið mikið talað um að lítill hagvöxtur sé í landinu og það er rétt. Hæstv. forsrh. orðaði það eitthvað á þá leið að núv. ríkisstjórn ætlaði ekki að sætta sig við kaupmáttarhrap eins og í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það hefði verið vond stjórn og hún hefði stuðlað að kaupmáttarhrapi en bætti síðan við að í tíð hans sem forsrh. mundi kaupmátturinn minnka mun minna en ella hefði orðið. Þetta er markmið út af fyrir sig. En ég vænti þess að hér sé um einhver mismæli að ræða því að ég trúi því vart að nokkur ríkisstjórn vilji sjá kaupmáttinn minnka eða hrapa. Hins vegar verða menn oft að taka áföllum og þá verður að spyrja: Hvar eru vaxtarbroddarnir? Hvar eru möguleikarnir til að sækja fram? Hafa menn efni á því að láta það hrynja sem þeir hafa í höndunum? Hvernig stendur á því að sú aukning tekna sem hefur þó orðið í landinu hefur komið frá sjávarútveginum? Hvernig stendur á því að almennur útflutningsiðnaður hefur ekkert vaxið? Honum hefur heldur hnignað síðustu tvo áratugina. Auðvitað eru engar einhlítar skýringar á því og engum einum um að kenna. En það er hins vegar staðreynd að á sama tíma sem almennur útflutningsiðnaður hefur verið að vaxa í öllum löndunum í kringum okkur hefur hann ekki vaxið hjá okkur. Það er að sjálfsögðu að einhverju leyti vegna skilyrðanna, smæðar landsins, fjarlægðar frá mörkuðum og ég spyr: Eru miklir möguleikar sem menn sjá á þeim vettvangi? Ég vona vissulega að svo sé. En sagan segir okkur annað. Það eru vissulega miklir möguleikar í sjávarútveginum. Það hefur hann sýnt og hann hefur líka sýnt það á undanförnum árum og áratugum að þar er mikill sveigjanleiki. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að hér er við skipulagsvanda að etja að nokkru leyti. En það má ekki gera allt of mikið úr því að eingöngu sé um skipulagsvanda að ræða. Það hefur náðst verulegur árangur. Hins vegar er það rétt að menn hafa keypt ný skip og ég skal taka undir það að sum þessara skipa eru það dýr að mér fannst óþarfi að kaupa þau. En maður getur hins vegar ekki neitað því að því er varðar nýjustu loðnuskipin að þeim hefur gengið vel. Þeim hefur vegnað vel í rækjuveiðum. Það gekk illa í rækjuvinnslu í landi en það gekk hins vegar vel í rækjuvinnslu úti á sjó og þessi skip sýndu yfirburði og það kom í ljós að þau stóðu þrátt fyrir allt undir sér. Frystitogararnir margir eru áreiðanlega óþarfir að því leytinu til að önnur skip geta veitt það sem þeir eru að veiða. Það hefur hins vegar komið í ljós að það eru þessi skip sem fyrst og fremst geta sótt í úthafskarfa. Það eru ekki önnur skip í flotanum en þessi öflugu og sterku skip sem geta sótt í þessar nýjungar. Og þegar á að fara að sækja í meira mæli á meira dýpi þá eru það þessi öflugu skip sem sýna yfirburði. Það er ekki þar með sagt að það réttlæti þá miklu umframgetu sem er í flotanum. Ég er ekki að segja þetta vegna þess. En þetta er aðeins sönnun fyrir því að framfarir byggja á því að einhverjar nýjungar eigi sér stað. Og það má ekki drepa allt niður og standa gegn því að menn geti sótt fram þótt það sé oft og tíðum erfitt að skilja hvernig menn ætla sér að standa undir miklum fjárfestingum.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að lengja þessa umræðu. Ég hef skilið svör hæstv. ráðherra þannig að þeir sjái ekkert athugavert við skattastefnu ríkisstjórnarinnar, þar hafi allt rétt verið gert. Vaxtastefnan sömuleiðis, allt rétt. Lenging lána og skuldbreytingar. Tekið hefur verið undir það að rétt sé að standa að slíku. Það hefur enginn haldið því fram að skuldbreytingar einar út af fyrir sig bjargi rekstrargrundvelli fyrirtækja. Ég held að yfirleitt detti ekki nokkrum manni það í hug sem þekkir eitthvað til reksturs í þessu landi. Hver hefur haldið því fram? Aldrei hef ég haldið því fram. Hins vegar er oft rétt að skuldbreyta lánum ef menn geta skapað rekstrargrundvöll og sjá fram á að hægt sé að borga lánin til baka. Ég veit ekki betur en það sé verið að gera þetta í hverju einasta fyrirtæki meira og minna allt árið um kring. Jafnvel stór fyrirtæki eins og Landsvirkjun eru að taka ný lán til þess að endurfjármagna gömul lán á hverju einasta ári. Ég býst við að sveitarfélögin í landinu séu að þessu og þannig mætti lengi telja. Engum dettur þá í hug að gefa út miklar yfirlýsingar um það að allir sem leita eftir skuldbreytingum séu á gjaldþrotabraut.

Ég get vel skilið hæstv. forsrh. í því að hann þráir það ekki að ríkisstjórn hans verði óvinsæl alla tíð. Í okkar lýðræðislega skipulagi er ævi ríkisstjórna ekki óskaplega löng og ég er ekki að hvetja hæstv. ríkisstjórn sérstaklega til að afla sér vinsælda. Hún verður fyrst og fremst að gera það sem skynsamlegt er og ég tel að henni beri að standa við bakið á atvinnulífinu og sýna því skilning að þaðan kemur verðmætasköpunin. Mér finnst að í þessari umræðu hafi sá skilningur ekki komið fram.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það. Ég tel þrátt fyrir allt að þessi umræða hafi verið gagnleg. Hún hefur þó leitt það í ljós að áhyggjur eru í ríkisstjórn-

inni, a.m.k. hjá sjútvrh. Mér finnst ekki vera nægilegur skilningur á málinu hjá hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. Ég vil segja það við hæstv. viðskrh. vegna þess að hann sagði að þjóðarsátt yrði að nást um stjórnun fiskveiðanna að ég get verið sammála því. En dettur hæstv. ríkisstjórn í hug að einhver þjóðarsátt náist í þessu máli ef ekki á að vinna að því í neinu samráði við stjórnarandstöðuna í landinu? Hvernig er það hugsað? Og dettur hæstv. viðskrh. það í hug að einhver þjóðarsátt verði um það veiðileyfagjald sem hann og Alþfl. boða nánast í hvert einasta skipti sem haft er við þá viðtal? A.m.k. er það svo með utanrrh. sem er nú ekki staddur hér. Meira að segja þegar hann er að tala um Íslenska aðalverktaka fer hann að tala um veiðileyfagjald og telur 900 millj. vera eins og lítinn sparibauk í samanburði við það allt saman. Eru þetta menn-irnir sem ætla að ná þjóðarsátt í þessum málum? Það mun ekki takast, hæstv. viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með málshefjanda að þessi umræða hefur að mörgu leyti veri gagnleg. Ég er sammála hv. 1. þm. Austurl. um að hér hefur að sjálfsögðu komið fram munur á skoðunum manna um það hvernig ástatt er í sjávarútveginum. Það er rétt og það er eðlilegt. En hitt vil ég segja alveg skýrt að að sjálfsögðu eru horfurnar þar og viðfangsefnin áhyggjusamleg í augum allrar ríkisstjórnarinnar en þó ekki þannig að mönnum sortni fyrir augum. Ef talað er um það hvernig menn meti stöðuna, þá er alveg víst að þar var mat hv. 1. þm. Austurl. býsna nærri því sem fram kom í mínu máli þar sem sérstaklega var á það bent, að það væri sitt hvað greiðsluerfiðleikar og gjaldþrot. Mér fannst hann því nokkuð klofinn í ræðu sinni hvað þetta varðar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka aðeins á nokkrum beinum atriðum sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi í síðustu ræðu sinni. Í fyrsta lagi um skattana. Það var ekki sagt að þeir væru óumbreytanlegir. Þvert á móti var á það bent, bæði af mér og hæstv. forsrh., að þeir skattar sem leggjast á kostnað atvinnuveganna væru í endurskoðun, samræming væri þar fram undan. Aðstöðugjaldið er einn af þessum sköttum. Þetta ætla ég að hv. þm. hafi heyrt. Hann hlýtur að hafa heyrt það.

Í öðru lagi um vaxtastefnuna. Vaxtastefnan er á réttri leið. Vextir fara nú lækkandi. Vaxtastigið er orðið lægra en það sem ríkisstjórnin tók við. Er hægt að hafa gagnrýni uppi á stjórnina fyrir það að halda sig við þá stefnu sem dugað hefur á þennan hátt? Ég tek undir með hv. þm. að skuldbreyting, þegar séð er fram á rekstrargrundvöll, getur oft verið skynsamleg og nauðsynleg aðgerð enda hefur stjórnin hvergi sagt að hún hafni því. Það er rétt hjá hv. þm. að við glímum hér við mikinn skipulagsvanda í sjávarútveginum og ég fagna því sem fram kom hjá honum hvað það varðar.

Að síðustu um þjóðarsáttina um stjórn fiskveiðanna. Ég er enn þeirrar skoðunar að það sé eitt mikilvægasta verkefni okkar þjóðmála að ná slíkri þjóðarsátt. Ég er í huga og hjarta sannfærður um það að stjórnin sem nú situr hefur allar forsendur til þess að ná slíkri sátt, sérstaklega ef sáttfýsi og samstarfsvilji ríkir með stjórnarandstöðunni í málinu. Það verður aldrei nein málamiðlun nema menn tali sínu máli. Það gildir að sjálfsögðu um stefnu okkar alþýðuflokksmanna að við hljótum að tala fyrir henni. En jafnframt erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til að leita að málamiðlun þar sem sjónarmið fá sanngjarna þyngd í niðurstöðunni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál nú. Þetta hafa verið langar og ítarlegar umræður og gagnlegar fyrir margra hluta sakir hygg ég. Vegna þess sem kom fram síðast hjá hv. 1. þm. Austurl. um þá greinargerð sem vitnað hafði verið til um stöðuna 1990, að rétt tæpur helmingur fyrirtækja í sjávarútvegi hafi átt í verulegum greiðsluerfiðleikum, þá sagði ég hér nokkurn veginn orðrétt: Auðvitað er það rétt hjá málshefjanda að ekki má draga of víðtækar ályktanir af greinargerð af þessu tagi. Og ég bætti við að auðvitað hlytu skuldareigendur að skoða sameiginlega hagsmuni skuldara og kröfuhafa og leitast við að skapa þeim fyrirtækjum sem lífsvon eiga skilyrði til þess að greiða skuldir sínar þótt á lengri tíma væri en skilmálar skuldabréfanna kvæðu nú á um. Ég hygg að ég hafi sagt þetta nokkurn veginn svona í fyrri ræðu minni þegar ég var að koma inn á þá hluti úr ræðum hv. þm. sem ég tók að mér að víkja að. Aðrir ráðherrar tóku síðan að sér að víkja að öðrum þáttum.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að ekki hafi komið mörg svör frá ráðherrum. Ég er ekki alveg sammála því. Það hafa komið svör frá ráðherrum en auðvitað koma ekki þau svör sem stjórnarandstaðan vildi fá. Það er út af fyrir sig eðli máls. Menn greinir á um með hvaða hætti eigi að taka á málum. Ég get sagt, án þess að ég sé að víkjast undan ábyrgð ríkisstjórnarinnar, að ég hef ekki heyrt í þessum ágætu ræðum stjórnarandstæðinga miklar leiðbeiningar um það með hvaða hætti þeir telja rétt að taka á málum. Ég hef ekki beinlínis heyrt kröfur um gengisfellingu. Ég hef ekki heyrt kröfur um það að menn slái nú stórtæk erlend lán og spýti inn í fyrirtækin, ekki til þess að breyta grundvellinum heldur til þess, eins og hæstv. sjútvrh. segir, að koma deyfilyfjum inn í reksturinn. Ég hef ekki heyrt neitt þess háttar og er út af fyrir sig ánægður með það. Ég hef ekki heldur heyrt neitt sérstakt sem ég gæti sagt að væri svar fyrir mig. Kannski byggist það á því að við erum í stjórn og stjórnarandstöðu og aðilarnir eru ekki sammála um það með hvaða hætti er rétt að standa að málum. En umræðan hefur verið mjög gagnleg. Hún hefur skýrt stöðuna. Ég hygg að það hafi verið búið að mála stöðuna kannski óþægilega og óþarflega dökka, eins og okkur hættir dálítið til hér á landi, að draga upp stöðuna í skörpum litum. Það er ekkert að því þótt hæstv. sjútvrh., sem ber ábyrgð á málaflokknum, hafi aðeins meiri áhyggjur af honum en við hinir ráðherrarnir. Ég er ekki að finna að því en ég tel að myndin hafi skýrst við þessar umræður allar og

því finnst mér sérstök ástæða til að lýsa ánægju með það að umræðan fór fram.

92. FUNDUR

föstudaginn 28. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Tilkynning um atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þess atviks sem gerðist hér á þingfundi í gær og leiddi til þess að ógilda varð atkvæðagreiðslu vill forseti, áður en gengið er til dagskrár, geta þess að formenn þingflokka Framsfl., Alþb. og Samtaka um kvennalista skrifuðu skrifstofustjóra Alþingis bréf í gær og óskuðu eftir því að kannað yrði hvort og hve oft eitt atkvæði hafi ráðið úrslitum í atkvæðagreiðslu á Alþingi síðan atkvæðagreiðslukerfið var tekið í notkun. Þetta hefur þegar verið gert og hefur skrifstofustjóri ritað þingflokksformönnunum bréf þar sem fram kemur að ekkert dæmi er til þess síðan atkvæðagreiðslukerfið var tekið í notkun að úrslit máls hafi oltið á einu atkvæði.

Forseti vill endurtaka þau orð sem hún lét falla í gær að hér hafi verið um mjög alvarleg mistök að ræða og treystir því að slíkt komi aldrei fyrir aftur.

Þá er þess enn fremur að geta að síðan í haust hefur verið til athugunar að setja upp búnað til þess að sýna í sjálfum þingsalnum með einhverjum hætti hvernig hver og einn þingmaður greiðir atkvæði og er þess að vænta að niðurstöður í því máli liggi fyrir næstu daga.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 217. mál (breytingar vegna búvörusamnings). — Þskj. 470.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hv. landbn. Alþingis kom saman milli 2. og 3. umr. og fór yfir álitamál sem upp höfðu komið og vörðuðu stöðu leiguliða á bújörðum í tengslum við þetta frv. Það varð samhljóða niðurstaða nefndarinnar í góðu samkomulagi að að þessu máli yrði hugað nú eftir mánaðamótin, en þannig háttar til að það er mjög þýðingarmikið fyrir framgang þessa frv. að það fái afgreiðslu fyrir mánaðamót og því þótti nefndarmönnum ekki rétt að tefla framgangi þess í tvísýnu með því að taka upp efnislega umræðu um mál sem gæti kostað nokkra íhugun og þyrfti nokkurrar íhygli við. Ég vildi láta þetta koma hér fram. Á þessum fundi ræddum við þessi mál nokkuð og raunar komu önnur mál örlítið þar líka til umræðu. Ásamt landbúnaðarnefndarmönnum sátu þennan fund Helgi Jóhannsson, lögfræðingur úr landbrn., Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur og Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda. Ég hygg að það sé sami skilningur allra nefndarmanna á framgangi þessa máls og afstöðunni hvað þetta atriði áhrærir. Og verður tekið til við þau verk strax og tækifæri gefst til í næsta mánuði.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Með frv. því sem hér er til afgreiðslu er verið að staðfesta búvörusamning sem gerður var á sl. ári. Undirstöðuhugtak í þessum samningi er fullvirðisrétturinn. Fullvirðisrétturinn snertir að sjálfsögðu þá sem búa á jörð og ef ekki er um að ræða að sami maður eigi jörð og búi á henni, þá snertir fullvirðisrétturinn báða aðila, jarðareigendur og ábúendur. Hins vegar hafa ekki fyrr verið tekin í lög nein ákvæði um fullvirðisrétt. Þetta er í fyrsta sinn sem við fjöllum um þann rétt. Og þá verður löggjafinn auðvitað að setja skýr ákvæði sem taka af allan vafa um það hvernig með skuli fara bæði í samskiptum ríkisins og jarðareigenda og ábúenda annars vegar og í samskiptum bænda hins vegar. Þetta er ekki gert í þessu frv. hvað varðar stöðu jarðareigenda og ábúenda. Það hefur láðst að líta á það vandamál. Ég bar hér fram umkvartanir fyrir alllöngu um það að á þetta mál þyrfti að líta og hef rætt það í landbn. Ég kynnti svo hér við 2. umr. málsins brtt. sem var til þess fallin að skera úr um það hver ætti að fá greiðslu vegna fullvirðisréttar ef jörð væri í ábúð annars en jarðareiganda. Því miður hefur þessi tillaga ekki hlotið náð fyrir augum landbn. sem stendur og málið þótti of flókið til að leysa úr því áður en frv. yrði afgreitt.

Ég verð auðvitað að segja það alveg eins og er að ég tel að þetta sé glöggt dæmi um það þegar löggjafarvaldið sinnir ekki skyldum sínum og sendir frá sér lög með bersýnilega mjög lausum endum sem hugsanlega geta valdið vandræðum á síðara stigi, og reyndar ekki hugsanlega heldur nokkuð örugglega, nema úr verði bætt.

Löggjafinn hefur sem sagt innleitt ákveðinn rétt sem mældur er í milljörðum kr. án þess að setja skýrar reglur sem taka af skarið um eðli þessa réttar. Ríkisvaldið hefur fallist á það að ábúendur eigi hér meiri hagsmuna að gæta og þegar um er að ræða ríkisjarðir þá skuli ábúendur fá greiðsluna en samt sem áður er fullvirðisrétturinn tengdur jarðareigendunum og því alveg augljóst mál að báðir aðilar geta gert kröfuna. Fulltrúar ráðuneytisins sem komu á fund nefndarinnar játuðu það að ef báðir aðilar gerðu kröfu um þessa greiðslu þá væri ráðuneytið auðvitað í miklum vandræðum statt og gæti ekki borgað út að svo stöddu nema að taka ákvörðun um það að borga öðrum aðilanum en ekki hinum.

Ég hef því talið miklu eðlilegra að Alþingi kveði hér upp úr um hvernig á þessu skuli tekið þannig að ráðuneytið þurfi ekki að gera það eftir geðþótta sínum, án stoðar í lögum, að taka ákvörðun um það hverj-

um skuli greitt. Alþingi hefur skyldu til þess í tilviki sem þessu að höggva á hnútinn. Og mér finnast það léleg rök þegar sagt er að menn vilji fá lögfræðilega álitsgerð um það hvernig staða málsins sé án nokkurrar lagareglu. Auðvitað segir það sig sjálft að sú álitsgerð getur orðið býsna flókin og niðurstaðan hlýtur að vera sú að málið sé í hnút vegna þess að Alþingi hefur brugðist í þessu máli og ekki sett neina skýra reglu.

Það var svo aftur upplýst á þessum fundi, sem var auðvitað það merkilegasta í málinu, að Stéttarsamband bænda mun mælast til þess við ráðuneytið að ábúendur fái greiðsluna ef báðir gera kröfuna, jarðareigandi og ábúandi, og lögfræðingar ráðuneytisins töldu þá líklegast að sú yrði niðurstaðan hvað ráðuneytið varðar. En þá er málið að sjálfsögðu ekki leyst því þá tekur ráðuneytið þá ákvörðun án þess að nokkur heimild sé í lögum, án þess að nokkur regla sé til að styðja sig við og mun nokkuð örugglega fá á sig býsna mörg mál vegna þess að jarðareigendur munu telja að ráðuneytið hafi ekki rétt til þess að greiða ábúandanum greiðsluna án þess að hafa samþykki sitt fyrir því. Þeir munu segja að þeir séu hlunnfarnir og þeir geta hugsanlega farið í skaðabótamál við ríkið ellegar reynt að leita réttar síns á öðrum grundvelli.

Niðurstaða málsins var sem sagt sú að vegna þess hvað málið var illa undirbúið, vegna þess að við teljum okkur ekki hafa tíma hér í þinginu til þess að hugsa um málið, hvað þá að taka ákvörðun um það, þá neyðumst við til að fresta því. Það var hins vegar fullur skilningur á því meðal nefndarmanna að það þyrfti að setja lagaákvæði um þetta efni og ég held að efni þeirrar brtt. sem ég kynnti í nefndinni hafi átt talsvert miklu fylgi að fagna innan nefndarinnar eftir því sem þar kom fram. En niðurstaðan varð sem sagt sú að af hálfu nefndarinnar yrði því lýst yfir að málið yrði til frekari skoðunar á næstunni og hef ég þá frekar kosið að sætta mig við þá niðurstöðu þó ófullkomin sé heldur en að láta fella brtt. hér við 3. umr. málsins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ræða hv. 3. þm. Norðurl. v. kom mér mjög á óvart. Hann talaði í þeim dúr að þetta atriði sem hann gerði sérstaklega að umtalsefni hefði ekki verið í athugun né umræðu sl. ár sem er auðvitað mikill misskilningur. Þetta atriði var m.a. rætt sérstaklega á fundi Stéttarsambands bænda, bæði á göngum frammi og inni á fundinum sjálfum að ég hygg á sl. vori tengslum við búvörusamning og hefur raunar alltaf komið upp þegar búvörusamningurinn hefur verið ræddur. Við erum því ekki að tala um eitthvert *óvænt mál sem hefur komið upp núna á síðasta stigi* (**RA:** Það sagði ég ekki.) heldur erum við að tala um lögfræðilegt álitaefni sem hefur fengið mjög vandlega athugun bæði í landbrn. og einnig hjá bændasamtökunum. Þetta álitaefni hefur líka komið upp með þeim hætti að leiguliðar á ríkisjörðum tóku þetta mál upp alveg með sérstökum hætti á sl. ári eins og hv. þm. á að vera kunnugt. Hitt er rétt að fullvirðisrétturinn og aðdragandi hans hefur skapað margvísleg álitaefni, hvort línur hafa verið rétt dregnar, hvort stjórnskipulegar heimildir hafa verið til þess að ákveða framleiðslurétt á jörðum með þeim hætti sem gert hefur verið og uppi eru gagnvart einstaklingum og jörðum fjölmörg álitamál hver réttur viðkomandi aðila sé ef til málaferla kæmi. Saga þessa máls sýnir að á undanförnum árum hefur verið farið mjög ógætilega í sambandi við framleiðslumál sauðfjárbænda og auðvitað er það ekki til fyrirmyndar en sýnir á hinn bóginn að þeir sem eru handhafar framkvæmdarvaldsins verða á hverjum tíma að gæta mjög að lögum og rétti og sérstaklega ber þeim að gæta að því hver sé atvinnuréttur manna og mega ekkert gera það sem brýtur í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Í þessu sérstaka álitaefni er venjulega um það að ræða að leiguliði tekur við jörð sem er með framleiðslurétti. Í langflestum tilvikum hefur það verið svo. Og leigan er ákveðin á hinum frjálsa markaði með hliðsjón af því, undir flestum kringumstæðum nema sérstaklega standi á, hver sé afrakstur jarðarinnar eða við hverju megi búast að sé afrakstur jarðarinnar. Þannig er framleiðsluréttur inn í flestum tilvikum ekki neitt það sem leiguliði hefur sjálfur skapað heldur nokkuð sem hefur fylgt jörðinni frá örófa aldri eða svo lengi sem menn muna. Vegna þess að framleiðsla í landinu er meiri en matarlyst landsmanna sjálfra nær að torga en á hinn bóginn eru ekki forsendur fyrir útflutningi og vegna þess að sá kostur var tekinn að bændur skyldu ekki berjast á frjálsum markaði um sölu sinna afurða heldur að ríkið taki ábyrgð á sölu framleiðslunnar, þá er tekin sú ákvörðun að reyna að draga úr offramleiðslu með opinberum aðgerðum þannig að framleiðsluréttur var bundinn hverri jörð. Hér áður fyrr var það gert með þeim hætti, til að reyna að koma í veg fyrir ofbeit, að það var ákveðin ítala á afréttir. Því miður hefur ekki verið fylgt nægilega eftir lögum um ítölu sem veldur því að sumar jarðir þurfa að nýta land sem öðrum tilheyrir eða nýta land sem þyrfti á frekari friðun að halda vegna ofbeitar. Það er hins vegar annað mál. En þegar við horfum til þess hver sé réttur þess sem á jörðina og réttur hins sem hefur jörðina á leigu þá er greinilegt að þeirra hagsmunir í þessu tilviki þurfa ekki að fara saman og undir sumum kringumstæðum fara þeir alls ekki saman.

Hv. þm. gerði sig sekan um það að slá því föstu að hann hefði fundið einhverja endanlega lausn á því hvernig eigi að úrskurða um þetta viðkvæma álitamál um leið og hann sagði í hinu orðinu að afgreiðsla málsins hér á þingi væri í miklum hasti og það hefði ekki fengið fullkomna skoðun sem auðvitað gefur í skyn að hann sjálfur hafi ekki íhugað málið nema nú *rétt síðustu dagana, kannski vikurnar, álitamál sem* uppi hefur verið og rannsakað af fjölda lögfræðinga og sem bæði hefur verið rætt á þeim grunni og einnig út frá pólitískum forsendum.

Ég get nefnt dæmi um það að leiguliðar hafa setið jarðir um langan aldur. Þeir hafi auðvitað elst eins og menn gera þegar tíminn líður en á hinn bóginn hafi ekki verið aðrir til þess að taka við. Það hefur auðvitað haft það í för með sér að fullvirðisréttur viðkomandi jarða hefur minnkað frá því að viðkomandi aðil-

ar voru ungir, a.m.k. borið saman við annan búrekstur í landinu, sem auðvitað leiðir til þeirrar niðurstöðu að framleiðsluréttur jarðarinnar hefur minnkað. Út frá því mati sem nú er á jörðum væri auðvelt að sýna fram á að verðmæti jarðarinnar hefði minnkað í réttu hlutfalli við þann samdrátt sem orðið hefði í búrekstri á jörðinni. Á hinn bóginn vitum við líka um dæmi þess að ungir menn og vaskir, ungar konur og vaskar hafa verið að byggja upp bú á jörðum sínum þó leiguliðar séu. Við vitum líka dæmi þess að bændur búa á fleiri en einni jörð. E.t.v. er búreksturinn skráður á eina jörðina, jarðarbrot, þó bóndinn búi raunverulega á fleiri jörðum. Undir sumum kringumstæðum er um mjög marga eigendur að tefla að jörðum og erfitt að fá heimildir frá þeim öllum til þess að gera ráðstafanir í sambandi við búrekstur eins og að taka ákvarðanir um niðurskurð. Þessi dæmi eru því margvísleg og mjög flókin. En aðalatriðið er að sjálfsögðu að í þessum efnum verður að huga vel að því hver eru eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og Alþingi getur ekki hlaupið til, eins og hv. þm. var að gefa í skyn að e.t.v. væri rétt, og samþykkt hér eitthvað það sem bersýnilega væri mjög hæpið eða yfirgnæfandi líkur væru til að yrði hnekkt fyrir dómi.

Ég er auðvitað fullkomlega sammála því að það sé ástæða fyrir þingnefnd að kynna sér þetta mál eftir mætti og mjög vandlega. Ég hef síður en svo neitt á móti því að hinir hæfustu menn séu til þess fengnir að skrifa um það álitsgerð hvernig þetta mál blasir við þeim út frá atvinnuréttarsjónarmiði og út frá ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er ekkert nema gott um það að segja, eins viðurhlutamikið mál og þetta er og bersýnilega viðkvæmt í einstökum atriðum og getur snert fjölskyldur mjög sárlega.

En við getum líka spurt sjálfa okkur: Ef við ætlum að gefa leiguliðanum allan réttinn til þess að skera niður búpeninginn og allan réttinn til þess að hirða það sem fyrir hann fæst og hirða það sem fæst fyrir framleiðsluréttinn, hver er þá réttur þess manns sem á jörðina? Mundi þetta með öðrum orðum þýða það að leiguliðinn verði að sækja eftir framhaldi á ábúðinni út frá hinum breyttu forsendum og að slík ákvörðun jafngildi í raun uppsögn á leiguskilmálum þannig að eiganda jarðarinnar sé frá þeirri sömu stundu heimilt að segja leiguliðanum upp ábúðinni og geti með þeim hætti komist að greiðslum fyrir þann fullvirðisrétt sem alþingismaðurinn gerði hér sérstaklega að umræðuefni?

Þetta mál hefur margvíslegar hliðar. Það hefur auðvitað fyrst og fremst margvíslegar hliðar vegna þess að við erum nú að ákveða verðmæti fyrir atvinnurétt sem fram að þessu hefur ekki þurft að greiða fyrir og fram undir þetta hefur verið ótakmarkaður. Það hefur margvíslegar flækjur í för með sér en það er ekki hægt að tala um þetta út frá einhverjum einföldum forsendum og það er undir öllum kringumstæðum ekki hægt að tala um þetta eins og þetta sé eitthvað nýtt undir sólinni, eins og þetta hafi ekki verið rætt meðal bænda, eins og þetta hafi ekki verið rætt meðal þeirra sem hafa tekið jarðir á leigu og reka búskap, eins og þetta hafi ekki verið rætt í landbrn. né hjá þeim mönnum sem hafa kynnt sér þessi mál og látið þau til sín taka.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið nokkur ys og þys af sáralitlu tilefni. Sannleikurinn er sá að innan landbn. var um það samkomulag að þetta mál yrði skoðað öllu nánar. Ég held að það blandist engum hugur um það að einmitt um þetta viðkvæma atriði, eins og fram hefur komið í máli hæstv. landbrh., þurfi að ríkja alveg klár skilningur. Það gerðist í sumar þegar á það fór að reyna, sölu á fullvirðisrétti, þá kom upp þessi staða gagnvart fjölmörgum leiguliðum og ég geri ráð fyrir því að þingmenn, a.m.k. í dreifbýliskjördæmum, hafi flestir fengið fyrirspurnir um mál af þessu taginu. Það var mjög margt sem mátti teljast til álita þar og fjölmargt kom raunar mönnum nokkuð á óvart í þessu sambandi. Það var hins vegar rakið og því var lýst á fundi landbn. sem ég nefndi hérna áðan að um þessi mál hafi verið að mótast nokkur skilningur og lögfræðingar hafi verið að komast að þeirri niðurstöðu að það mætti draga af laganna hljóðan og leiða af texta laganna ákveðinn skilning sem væri augljós í þessum efnum. Það breytir hins vegar ekki því að það er mjög þýðingarmikið að allir séu sammála um það hvernig eigi að fara með þessi mál og þess vegna varð það niðurstaða landbn. að fara nánar ofan í efni laganna og glöggva sig á þeim í því skyni að það væri enginn ágreiningur um þetta mál í framtíðinni. Ég taldi þess vegna að af þessu mundu ekki hljótast neinar efnislegar umræður og mér finnst raunar ekki standa efni til þess hér og nú að taka þessa efnislega umræðu vegna þess að sú vinna sem landbn. hyggst takast á hendur er eftir. Hitt er auðvitað alveg ljóst að í þessum efnum eru afar viðkvæm atriði sem lúta að sjálfum eignarréttinum og eignarréttarfyrirkomulaginu. Sambúð leiguliðans og eiganda jarðarinnar er auðvitað með þeim hætti, og vegna þessa nýja fyrirkomulags þar sem fullvirðisrétturinn er farinn að mynda verðmæti og skapa jörðinni verðmæti, að þá verður auðvitað að ganga mjög varlega til verka ef hugsunin er sú að fara að gera breytingar á núgildandi lögum af því að við vitum það að jörð með eða án fullvirðisréttar er auðvitað sitt hvað, verðmæti jarðarinnar ræðst af fullvirðisréttinum sem á henni hvílir.

Þess vegna held ég að það hafi verið skynsamleg niðurstaða sem landbrn. komst að, þ.e. að leggja þetta mál til hliðar, afgreiða frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr., taka það til efnislegrar meðferðar núna, ganga síðan til þess verks að skoða þetta álitamál sem hér hefur verið til umræðu, gera það í rólegheitum og rasa ekki að neinu, kalla eftir sérfræðilegu áliti og móta þá lagabreytingar ef ástæða þykir til og leggja síðan fyrir hv. Alþingi. Aðra málsmeðferð kem ég ekki auga á sem gæti talist skynsamlegri. Þetta varð niðurstaða landbn. og þess vegna endurtek ég það sem ég sagði hér í upphafi að mér finnst að það hafi orðið nokkuð mikill ys og þys af litlu tilefni.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra gerði það að meginatriði máls síns að þetta mál væri ekkert nýtt. Ég sagði það aldrei í minni ræðu hér áðan. Mér er það fullljóst að málið hefur valdið umræðum og vandræðum og áhyggjum á fundum og utan funda um margra mánaða skeið. Og það er einmitt kjarni þessa máls að menn eru búnir að vera að velta þessu á undan sér í langan tíma og þegar svo kemur að því loksins núna í febrúarlok 1992 að afgreiða lög þar sem í fyrsta skipti er kveðið á um fullvirðisrétt, þá er ekki tekið á þessu máli og þar hefur ráðuneytið brugðist.

Við skulum átta okkur á því að það lögfræðilega álitaefni sem menn eru að tala um að sé hér komið upp stafar af því að Alþingi hefur ekki sett lög um málið til að skera úr um það. Orsökin er sem sagt hjá Alþingi og afleiðingin kemur fram í álitaefninu.

Formaður Stéttarsambands bænda og lögfræðilegur ráðunautur ráðuneytisins upplýstu það hér áðan að til stæði að leysa úr þessu máli með þeim hætti að greiða greiðslurnar til ábúendanna ef ekki yrði samkomulag milli jarðareigenda og ábúenda. Ég verð að segja það ósköp einfaldlega að það væri miklu betra, miklu hreinlegra að Alþingi setti þá slíka reglu þannig að ráðuneytið hefði heimild til þess að borga út á grundvelli slíkrar reglu því að reglan sem ég hef hér verið að gera tillögu um er nákvæmlega sama reglan og ráðuneytið hyggst byggja á. Munurinn er bara sá að þegar ráðuneytið tekur sína ákvörðun, þá mun það gera það í algeru heimildarleysi og þá munu spretta hér upp málaferli vegna þess að greiðslan á sér stað í heimildarleysi og án þess að nokkur lagagrundvöllur sé fyrir hendi.

Ráðherrann talaði síðan um það að fullvirðisrétturinn fylgdi gjarnan jörðunum og leiguliðinn hefði yfirleitt ekki skapað þennan rétt. Hann kæmi að jörðunum eins og þær væru og þá væri rétturinn á þeim. Þetta er auðvitað rétt. Þetta er langalgengast svona. En vandinn stafar einmitt af því að í mörgum tilvikum er þetta hins vegar á annan veg. Oft hefur leiguliðinn byggt upp þennan rétt á jörðunum og það er einmitt þess vegna sem ráðuneytið og lögfræðilegir ráðunautar þess og Stéttarsambandið telja sig til knúna að taka þá afstöðu að greiðslan eigi að ganga til ábúendanna.

Ég vil svo segja það að lokum að ég hef aldrei sagt það að tillagan sem ég hef flutt um þetta mál hljóti að vera hin eina rétta lausn á vandanum. Það getur verið álitamál á hve löngum tíma eigi að fyrna þennan rétt ábúandans. Ég nefndi tíu ár. Ég viðurkenni vel að þessi fyrningarregla er svona slumparegla eins og fyrningarreglur eru yfirleitt. En tillaga mín var ósköp einfaldlega sú aðferð sem ráðuneytið sjálft hefur valið sér. Ráðuneytið hefur valið nákvæmlega þessa reglu sem ég gerði tillögu um í samskiptum við ábúendur á ríkisjörðum og ég taldi eðlilegast að sú regla yrði látin gilda í öllum viðskiptum af þessu tagi.

Ég tek það svo fram að ég er á engan hátt að áfellast landbn. fyrir það að vilja hugleiða þetta mál betur. Ég sætti mig alveg við þá niðurstöðu sem fengin er en tek það hins vegar fram, og þess vegna kom ég hér upp, að það er ekkert víst að landbn. ljúki sínu hlutverki fyrir þinglok í vor. Það liggur ekkert fyrir um það að þetta mál verði afgreitt sérstaklega hér í þinginu. En ef svo fer verð ég að segja að þá hefur Alþingi brugðist hlutverki sínu og skilið eftir lausa enda sem eiga eftir að valda talsverðum málarekstrum í framtíðinni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í því frv. sem hér er fjallað um er tekið fram hvernig heildargreiðslumark skuli ákveðið og hvaða aðferðum skuli síðan beitt með því að deila því niður á einstakar jarðir. Það er jafnframt tekið fram að greiðslumark skuli bundið við lögbýli en á hinn bóginn er einnig heimilt að ábúendur á lögbýlum geti keypt framleiðslurétt sem skuli skráður á lögbýlið en vera hans eign en eigandi jarðar að vísu hafa forkaupsrétt á, þannig að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að kveða á um það í lögum hvernig farið skuli með greiðslumark í framtíðinni og framleiðsluréttinn þar með.

Á hinn bóginn liggur það alveg ljóst fyrir að þessi lög sem hér eru geta ekki kveðið upp úr um það eftir á hvernig farið skuli með eignarrétt á framleiðslurétti í fortíðinni. Ef ágreiningur kemur upp um það hvort hann tilheyri eigendum eða leigjendum er það álitamál sem óhjákvæmilegt er að reka fyrir dómstólum en verður ekki kveðið upp úr með lögum á Alþingi eftir á því að þar komum við einmitt inn á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og ég skal ekkert fyrir fram fortaka að til málaferla kunni að koma af þeim sökum.

Ég kannast ekki við það sem hv. þm. sagði um það að tekin hafi verið ákvörðun í landbrn. um að ábúendur á jörðum fengju greiðslur fyrir fullvirðisrétt ef svo stendur á að ábúendur séu þar á öndverðu máli við jarðareigendur. Þetta er nokkuð sem ég kannast ekki við og hlýtur að vera byggt á misskilningi.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það geti verið mikið álitamál hvort fullvirðisréttur flokkast undir eignarrétt eða afnotarétt og mér þykir harla ólíklegt að fullvirðisréttur verði nokkurn tímann talinn eignarréttur í skilningi stjórnarskrárinnar á þeim rétti. Þetta er réttur sem ríkisvaldið hefur skapað núna á allra seinustu árum, réttur sem ekki var til en ríkisvaldið hefur skapað. Það var auðvitað fullkomlega eðlilegt, sjálfsagt og reyndar nauðsynlegt fyrir löngu að ríkisvaldið sjálft setji þá fastar reglur um meðferð þess réttar sem það sjálft skapar. En að eiga að lúta skilningi ráðherrans í þessum efnum, að það sé eðlilegast að ríkið búi til rétt og sendi svo bara ágreiningsefni til dómstólanna til þess að láta menn rífast um það þar hver eigi réttinn í raun og veru vegna þess að ríkisvaldið tók ekki sjálft af skarið þegar það veitti þennan rétt, er auðvitað hin mesta fjarstæða og einmitt dæmi um vinnubrögð sem ég get ekki fellt mig við. Þess vegna hef ég kvatt mér hljóðs út af þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sum efnisatriði í þessi andsvari áttu betur heima í andsvari við ræðu forvera míns í sæti landbrh. en geta ekki átt við þann tíma sem liðinn er eftir stjórnarskipti. Auðvitað er afnotaréttur takmörkun á eignarrétti og við getum þess vegna ekki talað um annað hugtakið án þess að koma inn á hitt og ég veit að við erum sammála um það, ég og hv. þm. Ef við á hinn bóginn höldum því fram að ríkið sé að búa til einhvern ákveðinn rétt með því frv. sem við erum nú að fjalla um, þá er það auðvitað alveg rétt. Ríkið er að búa til ákveðinn rétt. Ríkið er að búa til reglur og ákvæði um það hverjir eigi rétt á að fá greiðslur úr ríkissjóði, beingreiðslur úr ríkissjóði. Og auðvitað er óhjákvæmilegt að skilgreina slíkt nákvæmlega og með lögum. Þetta er þess vegna ekkert sem dettur af himnum ofan. Þetta er ekkert sem er búið til heldur er staðið undir þessu með skattgreiðslum á almenning og peningarnir koma úr ríkissjóði og er nauðsynlegt að hafa á því góðar heimtur eftirleiðis. En óvissan um réttarstöðu einstakra bænda vegna forsögunnar er eftir sem áður fyrir hendi þó rösklega hafi verið tekið til eftir síðustu stjórnarskipti og reynt að koma góðri skipan á þessi mál.

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál frekar. Það er hins vegar rangt hjá hæstv. ráðherra að ég sé með orðum mínum að deila á fyrrv. landbrh. Ég vek á því athygli að það er í fyrsta skipti núna við afgreiðslu þessa frv. sem við erum að setja lagareglur um fullvirðisrétt. Það var ekki raunhæft að gera það í fyrra vegna þess að búvörusamningurinn var gerður um það bil sem þingi var að ljúka og það var ekki tiltækilegt þá að leggja hann fyrir Alþingi með frv. um búvörulög. En nú er verið að þessu og það er akkúrat núna sem þarf að skera úr um þetta atriði um leið og ákvæði um fullvirðisrétt eru sett inn í lög í fyrsta skipti og það er í þeim efnum sem við bregðumst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, HBl, IBA, MJ, KSG, KHG, LMR, MF, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁJ, ÁMM, SalÞ.

nei: FI.

9 þm. (GuðmS, GHelg, ISG, JónK, JVK, KÁ, PP, VS, AÓB) greiddu ekki atkv.

28 þm. (DO, EgJ, FrS, GHall, ÞBern, GunnS, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, GGuðbj, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÁRÁ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þótt ég sé efnislega sammála frv. þá er í því að finna atriði sem ég get ekki sætt mig við og þar á ég við frestun á greiðslum til bænda. Því greiði ég ekki atkvæði.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Við framsóknarmenn styðjum meginefni þessa frv. en ákvæði til bráðabirgða hefur verið hengt á frv. þar sem landbrh. fær heimild til að fresta greiðslum á tveggja mánaða launum sauðfjárbænda. Við viljum ekki veita þessa heimild. Ég greiði ekki atkvæði.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það er alvarlegur ágalli á þessu frv. vegna þess að frv. veitir ráðherra heimild til þess að fresta seinustu greiðslunum sem ganga eiga til bænda á þessu ári. Hitt væri þó miklu verra ef frv. næði ekki fram að ganga og málið leystist upp og ekkert yrði af framkvæmd búvörusamnings. Þess vegna get ég alls ekki á það fallist að þó að þessi ágalli sé á sé rétt að málið dagi uppi og því hlýt ég að segja já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 475).

Skaðabótalög, 1. umr.

Stjfrv., 250. mál. — Þskj. 426.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér er til umræðu frv. til laga sem er frumvoryrkja á því sviði íslensks réttar sem að mestu hefur stuðst við óskráðar lagareglur og lýtur að skaðabótum utan samninga. Ég fól með sérstöku bréfi í júlímánuði sl. Arnljóti Björnssyni prófessor að gera tillögur til dómsmrn. að reglum um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón og önnur atriði á sviði skaðabótaréttar utan samninga sem tímabært væri að lögfesta. Í bréfinu var tekið fram að tillögur þessar yrðu eftir atvikum í formi draga að lagafrv. Drög að frv. til skaðabótalaga bárust síðan ráðuneytinu í desember 1991 og sendi ráðuneytið þau drög ýmsum aðilum til umsagnar. Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur gerði ýmsar tölulegar athuganir og útreikninga sem stuðst var við þegar frv. var samið.

Í fskj. I eru nokkur dæmi um bótafjárhæðir eftir frv. og samanburður við danskar og sænskar reglur um ákvörðun fjárhæðar skaðabóta fyrir slys, svo og reglur sem myndast hafa með dómafordæmum hér á landi. Skaðabótaréttur var áður fyrr eina úrræði tjónþola til þess að fá fébætur frá öðrum fyrir orðið tjón. Síðar komu til sögunnar önnur bótaúrræði, aðallega vátryggingar, almannatryggingar og lífeyrissjóðir. Á þessum bótaúrræðum er mikill munur þótt megintilgangur þeirra allra sé sá að veita tjónþola fjárgreiðslu fyrir tjón sem hann hefur orðið fyrir. Elsta bótaúrræðið, skaðabótarétturinn er að sumu leyti takmarkaðra en hin nýrri því að reglur hans koma oft að engu eða litlu haldi fyrir tjónþola, einkum sökum þess að atvik að tjóni eru þannig að hann á ekki bótarétt eða hann verð-

ur að sæta frádrætti vegna eigin sakar. Ýmsir tjónþolar fá jafnvel ekki tjón sitt bætt þó þeir eigi fullan skaðabótarétt vegna þess að hinn bótaskyldi getur hvorki greitt kröfuna sjálfur né hefur ábyrgðartryggingu til þess að greiða hana fyrir sig. Þessir annmarkar skaðabótaréttar eru ein af ástæðum þess að hvarvetna í heiminum hefur verið stofnað til margvíslegra úrræða eða bótakerfa sem ætlað er að leysa betur úr þeirri þörf manna fyrir fébætur sem ekki er unnt að fullnægja með reglum skaðabótaréttar. Þó að skaðabótareglur leiði í færri tilvikum til bótagreiðslna en önnur helstu bótaúrræði, svo sem vátryggingar sem keyptar eru á frjálsum markaði eða almannatryggingar, hefur skaðabótaréttur þann kost sem önnur bótakerfi hafa almennt ekki, að reglur hans leiða yfirleitt til þess að sá sem á skaðabótarétt að lögum getur krafist fullra bóta fyrir tjón sitt svo framarlega sem hann er ekki meðvaldur að tjóninu.

Frv. það sem hér liggur fyrir tekur ekki til annarra bótaúrræða en reglna skaðabótaréttar. Frv. er ekki að neinu leyti ætlað að breyta rétti þeim sem þegnar þjóðfélagsins eiga á hendur velferðarkerfinu samkvæmt lögum um almannatryggingar eða lögum um lífeyrissjóði. Ákvæði frv. breyta heldur ekki rétti sjóðfélaga í ólögbundnum lífeyrissjóðum eða rétti þeirra sem keypt hafa vátryggingu á eignum eða öðrum fjárhagslegum hagsmunum sínum. Hins vegar felur frv. í sér nokkur nýmæli um tengsl hins hefðbundna skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða, m.a. brottfall eða takmörkun á endurkröfurétti vátryggingafélaga, lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins á hendur þeim sem tjóni hefur valdið eða ber af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem þessir tryggingaaðilar hafa greitt bætur fyrir.

Önnur ríki Norðurlanda en Ísland hafa allt frá því um miðja þessa öld átt nána samvinnu um undirbúning löggjafar á sviði skaðabótaréttar utan samninga. Skaðabótalög sem fela í sér ýmsar almennar reglur voru sett í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku á árunum 1969–1984. Við sum þessara laga hefur síðar verið aukið. Í lögunum eru ýmsar almennar reglur um stofnun skaðabótaábyrgðar, ákvörðun fjárhæðar skaðabóta vegna líkamstjóns o.fl. Lögin eru hins vegar ekki heildarlög í þeim skilningi að í þeim séu reglur um öll eða flest meginatriði almenns skaðabótaréttar. Þrátt fyrir það fela þau í sér mikilvægar almennar reglur er leysa úr óvissu sem ríkti um ýmis atriði. Íslendingar tóku hvorki þátt í þessu samstarfi né settu hliðstæðar skaðabótareglur. Íslenskur skaðabótaréttur er að mestu ólögfestur og flestar settar lagareglur um skaðabætur utan samninga má telja til sérákvæða. Meðal þjóða sem Íslendingum eru skyldastar að menningu hefur ekki verið álitið nauðsynlegt að setja ítarleg heildarlög með meginreglum um skaðabætur utan samninga. Telja verður að ekki sé heldur þörf á slíkri löggjöf hér á landi. Á sviði íslensks skaðabótaréttar er hins vegar nauðsyn vissra úrbóta sem ekki verða gerðar án þess að grípa til lagasetningar.

Brýnast virðist að setja reglur um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón. Mál af því tagi eru einna mikilvægasti flokkur mála um skaðabætur utan samninga. Reglur um það efni eru nú að mestu ólögfestar og aðstaða dómstóla til að gera gagngerar breytingar á þeim er því mjög erfið. Auk þess sýnist brýnt að lögleiða ákvæði sem veita svigrúm til þess að taka meira tillit til hagsmuna hins bótaskylda en nú er heimilt. Núgildandi reglur um þetta eru afar takmarkaðar og þeim verður ekki komið í viðunandi horf án atbeina löggjafans. Enn fremur má telja æskilegt að setja lagareglur um nokkur önnur atriði svo sem ég mun nánar víkja að síðar.

Íslenskar réttarreglur eru reistar á norrænum grunni. Enginn vafi leikur á að heppilegustu fyrirmyndina er að leita í norrænum rétti þegar semja þarf íslensk lög um skaðabótarétt. Niðurstaða athugana á norrænu lögunum varð sú að hin nýjustu þeirra hentuðu best, bæði að efni til og formi, til þess að ná þeim markmiðum sem hér er talið nauðsynlegt að stefna að. Fyrirmynd þessa frv. eru því dönsku skaðabótalögin frá 1984. Bótafjárhæðir frv. svara til danskra reglna. Bætur fyrir varanlegt mein eru þó miklu hærri en eftir dönsku lögunum. Reglur 9. gr. frv. um bætur vegna slysa á mönnum sem eru 56 ára eða eldri eru einnig hagstæðari tjónþola en eftir dönsku lögunum. Ef frv. verður að lögum verða íslenskar reglur á þessu sviði í stórum dráttum í samræmi við danskar, finnskar, norskar og sænskar reglur. En meginmarkmið frv. eru þessi:

1. Að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda. Aðalefni frv. eru ákvæði um þetta efni.

2. Að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.

3. Að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð.

Auk þess eru í frv. ákvæði um nokkur önnur atriði sem tengjast greindum breytingum, t.d. reglur 25. gr. um skiptingu bótaábyrgðar milli aðila sem bera ábyrgð vegna sama tjóns, reglur 26. gr. um aðilaskipti að bótakröfu og reglur 27. gr. um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sem ekki verður rakið til líkamstjóns.

Í 27. gr. er kveðið á um að margar reglur frv. séu ófrávíkjanlegar, þ.e. að bannað sé að víkja frá þeim með samningi. Verður nú vikið nánar að meginmarkmiðum frv. og helstu nýmælum.

Bótum fyrir líkamstjón má skipta í tvo meginflokka. Annars vegar eru dánarbætur og hins vegar bætur fyrir slys sem ekki hafa dauða í för með sér. Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingu á reglum um bætur fyrir kostnað sem beinlínis hlýst af slysi, svo sem útfararkostnað, útgjöld vegna læknishjálpar, endurhæfingar o.s.frv. Ákvæði frv. um greiðslu bóta fyrir vinnutekjutap tjónþola frá slysadegi til þess tíma þegar ekki er að vænta frekari bata eru einnig í aðalatriðum óbreytt frá því sem verið hefur. Nýmæli frv. um bætur fyrir líkamstjón snerta fyrst og fremst aðferðir við ákvörðun bóta fyrir þá þætti tjóns sem erfiðast er að meta til fjár, þ.e. bætur fyrir þjáningar og annað ófjárhagslegt tjón, bætur fyrir fjártjón sem ætla má að tjónþoli verði fyrir vegna varanlegrar örorku og bætur til þeirra sem misst hafa framfæranda við andlát manns.

Bætur fyrir þessa þætti tjóns eru nú ákveðnar eftir reglum sem dómstólar hafa mótað. Við þessar reglur verður að styðjast hvort sem bótamáli lýkur með samningi eða dómi.

Enda þótt dómvenja hafi myndast um mörg atriði varðandi ákvörðun bótafjárhæðar fyrir líkamstjón gætir verulegrar óvissu og ósamræmis á þessu mikilvæga sviði laga og réttar. M.a. ríkir bagaleg óvissa um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, svonefndar miskabætur, áhrif skattfrelsis á bótafjárhæð, fjárhæð örorkubóta til þeirra sem vinna heimilisstörf og ákvörðun dánarbóta til eftirlifandi maka og barna. Telja má að í ýmsum tilvikum séu bætur óeðlilegar lágar en í öðrum of háar. Reynt var að gera reglur frv. þannig úr garði að tjónþoli fái almennt auk hæfilegra miskabóta fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla. Jafnframt er með reglunum stefnt að því að menn öðlist ekki rétt til bóta fyrir fjártjón nema slíkt tjón hafi í raun orðið eða fyrir liggi raunhæft mat á fjártjóni á ókomnum árum. Ef frv. verður að lögum ætti það almennt að leiða til réttlátari niðurstöðu í bótamálum þeirra sem bíða tjón vegna slysa.

Tímabært þykir að draga úr vafa og ósamræmi með því að setja lagaákvæði um aðrar aðferðir en nú tíðkast við ákvörðun bóta. Frv. felur m.a. í sér gerbreytingu á reglum um örorkumat og að reglur um að bótafjárhæðir verði í ríkum mæli staðlaðar. Um það vísast sérstaklega til kafla 4.1 og 4.2 í almennum athugaemdum við frv.

Í frv. eru skýrari reglur um bætur en nú tíðkast samanber t.d. ákvæði um stöðlun og nánar tilteknar reikningsaðferðir við ákvörðun fjárhæða. Einnig er veruleg einföldun fólgin í því að gert er ráð fyrir að tjónþoli eigi almennt kröfu á óskertum örorkubótum eða bótum fyrir missi framfæranda þótt hann hafi fengið greiðslur frá almannatryggingum, vátryggingafélagi eða lífeyrissjóði.

Reglur frv. um bætur fyrir slys eru í heild einfaldari og skýrari en þær venjureglur sem nú er farið eftir. Einfaldari uppgjörsreglur ættu að leiða til sparnaðar og hagræðingar, greiða fyrir málsmeðferð og flýta fyrir því að tjónþolar fái bótafé í hendur. Reglur frv. eru einnig til þess fallnar að efla réttaröryggi þannig að tjónþoli og hinn bótaskyldi, og eftir atvikum lögmenn þeirra eða vátryggjendur, eigi auðveldara með að gera sér grein fyrir hve miklar skaðabætur skuli greiða vegna líkamstjóns sem orðið hefur.

Eitt meginhlutverk skaðabótareglna er að bæta mönnum fétjón sem þeir hafa orðið fyrir. Sú skoðun er ríkjandi að ýmis önnur bótaúrræði, einkum vátryggingar og almannatryggingar, gegni þessi hlutverki að mörgu leyti betur en hinar hefðbundnu skaðabótareglur. Á þetta ekki síst við um tjón á mönnum og munum. Þjóðfélagslegt gildi skaðabótareglna þykir þó svo mikið að almennt hefur ekki verið álitið fært að fella þær niður og taka í þeirra stað upp önnur eða annað bótakerfi. Þróun vátrygginga, almannatrygginga og lífeyrissjóða hefur dregið stórlega úr mikilvægi skaðabótaréttar, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum. Hér á landi skiptir endurkröfuréttur vátryggingarfélaga og almannatrygginga óverulegu máli um fjárhagslega afkomu þessara tryggingakerfa. Réttur til að gera skaðabótakröfu á hendur tjónvaldi skiptir tjónþola yfirleitt engu máli ef hann á greiðan aðgang að fullum bótum fyrir tjón sitt úr hendi tryggjanda. Þykir því tímabært að laga skaðabótareglur að raunveruleikanum og leggja til að skaðabótaréttur verði takmarkaður í ríkara mæli en nú er. Einnig þykir ástæða til þess að takmarka með sama hætti skaðabótarétt opinberra aðila sem dreifa áhættu sinni án vátrygginga.

Ákvæði frv. um tengsl skaðabótareglna og annarra bótakrafna eru allflókin og þeim til skýringar er bent á yfirlit í kafla 6.9 á bls. 25–26 í almennu athugasemdunum við frv.

Á sl. áratugum hefur réttarþróun víða um lönd orðið sú að skaðabótareglur hafa verið hertar til þess að koma til móts við kröfur er gerðar hafa verið í þjóðfélaginu um ríka vernd þeirra sem verða fyrir tjóni, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum og munum. Ekki hefur dregið úr þessum kröfum þótt ný og öflug bótaúrræði hafi verið tekin upp við hlið skaðabótaréttar. Jafnframt kröfum um víðtækar bótareglur hefur talsvert verið fjallað um hina hlið málsins, nefnilega þá sem snýr að réttarvernd tjónvalds eða annarra sem bótaábyrgð bera á tjóni. Bent hefur verið á að í ýmsum tilvikum geti verið ósanngjarnt að tjónvaldur beri skilyrðislaust allt tjón sem hann hefur valdið af gáleysi.

Ljóst er að með breytingu á skaðabótareglum er ekki unnt að ná í senn andstæðum markmiðum, annars vegar að auka bótarétt og hins vegar að draga úr bótaskyldu. Á hinn bóginn geta önnur bótaúrræði veitt tjónþola fullnægjandi bætur án þess að sá sem valdið hefur tjóni verði fyrir fjárútlátum vegna skaðabótakröfu. Önnur bótaúrræði leysa þó ekki alltaf vandann því að oft verður tjón með þeim hætti að tjónþoli á ekki aðra leið til bóta en að krefja þann sem skaðabótaskyldur er að lögum. Þykir því nauðsynlegt að opna leið til þess að létta í sérstökum undantekningartilvikum tjónsbyrði hins bótaskylda ef sérstakar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. þegar efnalítill maður veldur stórfelldu tjóni vegna lítils háttar yfirsjónar. Í 23. og 24. gr. frv. eru ákvæði þessa efnis og einnig regla um samsvarandi tilslökun þegar tjónþoli er meðvaldur að tjóni.

Þótt ekki fari mikið fyrir greindum ákvæðum í frv. varða þau afar mikilvægt velferðarmál. Skal sérstök athygli vakin á því að í 23. gr. er tekin upp almenn heimild til að draga úr eða fella niður eftir sanngirnissjónarmiðum skaðabótaábyrgð starfsmanns sem veldur tjóni í vinnu. Örfá svipuð ákvæði eru nú í sjómannalögum og fáeinum öðrum lögum og er löngu orðið tímabært að allir launþegar njóti sömu réttarstöðu í þessu efni.

Um fjárhagsleg áhrif frv. vísast til 5. kafla almennra athugasemda, svo og umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. Í fskj. hefur þó slæðst sú misritun að rætt er um endurkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins vegna tjóns á hagsmunum sem hið opinbera vátryggir ekki. Hér er um að ræða tvö óskyld atriði, annars vegar end-

urkröfurétt vegna bótagreiðslna Tryggingastofnunar og hins vegar skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélaga eða stofnana hin oinbera vegna tjóns sem orðið hefur á óvátryggðum opinberum eignum.

Eins og fram hefur komið felur frv. í sér stórfelldar breytingar á skaðabótareglum, þó einkum reglum um ákvörðun slysabóta. Mun frv., ef að lögum verður, marka tímamót á þessu sviði, ekki aðeins vegna þess að leiddar verða í lög reglur um efni sem nú eru lítil sem engin ákvæði um í settum lögum heldur einnig vegna þess að hinum nýju ákvæðum er ætlað að bæta úr helstu annmörkum núgildandi reglna. Nýmæli frv. um ákvörðun bóta fyrir ófjárhagslegt tjón, varanlega örorku og missi framfæranda einkennast af stöðluðum bótaákvæðum sem létta og einfalda afgreiðslu bótamála innan réttar sem utan. Jafnframt draga staðlaðar reglur úr kostnaði við skaðabótamál og álagi á dómstóla. E.t.v. kunna einhverjir að gagnrýna hinar stöðluðu reglur með þeim röksemdum að þær hafi ekki til að bera þann sveigjanleika sem nauðynlegur er til þess að geta sniðið bætur eftir tjóni og aðstæðum hvers einstaks tjónþola. Þau rök eiga þó takmarkaðan rétt á sér vegna þess að ákvörðun bóta fyrir fjártjón vegna taps tjónþola verður í framtíðinni alltaf háð mati sem í eðli sínu getur aldrei orðið annað en ónákvæm spá á grundvelli margra óvissuþátta. Reyndin hefur líka orðið sú að þær reglur sem nú gilda og myndast hafa fyrir dómvenju eru að nokkru staðlaðar en hafa ýmsa ókosti sem reglum frv. er ætlað að draga úr. Svipuðu máli gegnir um ákvörðun bóta fyrir þjáningar og annað ófjárhagslegt tjón sem vitanlega verður ekki mælt eftir raunvísindalegum aðferðum.

Frú forseti. Hér er um mjög efnismikið frv. að ræða sem varðar mjög mikilvæga hagsmuni, snertir almannahagsmuni í mjög ríkum mæli. Það kallar eðlilega á vandaða og ítarlega meðferð hér í þinginu. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og síðan til 2. umr.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja þetta frv. hér fram og fyrir framgöngu hans í þessu máli. Það kom fram í máli hans að það var á sl. sumri sem hann tók frumkvæði í því að lög yrðu sett um ákvæði um skaðabótaskyldu með þeim hætti sem liggur fyrir í þessu frv. Ég tel að það sé tímabært hér á landi eins og annars staðar að festa í lög þessar reglur um skaðabótaskylduna og hvernig að greiðslu bóta skuli staðið. Ég tel þess vegna að þetta frv. sé ákaflega merkilegt varðandi framvindu réttarfars í landinu og varðandi stöðu borgaranna í þeim málum sem hér er um að ræða.

Eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. hefur þessi málaflokkur verið alfarið á sviði dómara, meðferð skaðabótamála hefur verið í höndum dómara og á vegum dómstólanna og fyrir dómvenju hafa skapast ákveðnar reglur. En í frv. er gert ráð fyrir því að horfið verði frá þeirri meginreglu sem hér hefur ríkt, þ.e. það verði horfið frá svokölluðu læknisfræðilegu örorkumati í skaðabótamálum og í stað þess verði tekið upp svonefnt fjárhagslegt eða félagslegt örorkumat. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vísa á bls. 11 í grg. með frv. þar sem segir: „Við læknisfræðilegt mat er stuðst við örorkumatstöflur þar sem ýmsar tegundir líkamsspjalla eru metnar til örorkustigs í hundraðshlutum. Í hreinu læknisfræðilegu mati felst að sams konar áverkar (eða eftir atvikum geðrænt tjón) eru metnir til sama hundraðshluta, án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að líta til þess hver áhrif örorkan hefur á getu hans til að afla vinnutekna. Við fjárhagslegt örorkumat er hins vegar leitast við að meta til örorkustigs þau áhrif sem líkamsmeiðsli (eða geðrænt tjón) hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi hans til að afla tekna með vinnu."

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 12:

„Hér á landi hefur lengi verið rætt um að æskilegt væri að hverfa frá læknisfræðilegu örorkumati í skaðabótamálum, en dómvenja hefur ekki breyst í þessu efni, enda má telja eðlilegt að svo veigamikil breyting verði gerð með lagasetningu. Rök með breytingu í þessa átt eru m.a. þau að töflur, sem notaðar eru við læknisfræðilegt örorkumat, miðist um of við áhrif líkamsspjalla á vinnugetu manna sem vinna erfiðisvinnu."

Og enn segir um þetta mál, þessa miklu breytingu sem í þessu felst: „Breyting á réttarreglum á þessa lund leysir þó að sjálfsögðu ekki allan þann vanda sem er samfara því að meta til fjár tjón af völdum skerðingar á vinnugetu á ókomnum árum eða áratugum."

Ég tek undir þessa meginstefnu í frv. að með því að leggja til grundvallar þessa nýju reglu, þ.e. fjárhagslegt örorkumat í staðinn fyrir læknisfræðilegt örorkumat, þá sé verið að nálgast þá meginstefnu sem á að ráða við uppgjör í skaðabótamálum, að það sé verið að gera upp eins og frekast er kostur hið raunverulega tjón. Það sé verið að bæta mönnum tjónið með fjárgreiðslum og mat á tjóninu sé nálgast með þeim hætti að hið raunverulega tjón sé bætt. Þetta tel ég að sé ákaflega mikilvægur liður í þessu nýja frv. að þessi regla skuli upp tekin og hún þjóni hagsmunum þeirra sem fyrir tjóni verða, en mér finnst að löggjöf um þetta efni eigi einmitt að tryggja rétt tjónþola sem best.

Það er athyglisvert að þegar um þessi mál er rætt má segja að það sé í sjálfu sér enginn varnaraðili fyrir tjónþola. Enginn veit hver á eftir að verða fyrir tjóni eða hver á eftir að bíða skaða. Hins vegar er ljóst hverjir þurfi um málið að fjalla og hverjir þurfi að borga tjónið. Það eru þá annars vegar skaðvaldurinn, tryggingafélög, og þeir sem um málið hafa fjallað hingað til hafa verið dómarar og dómstólar. Með frv. er leitast við að koma til móts við þessa aðila einnig og það er gert með hinum stöðluðu reglum. Það er alveg ljóst að fyrir dómara er þetta frv. kjörið vinnutæki, það auðveldar þeim störfin, það leggur þeim reglur í hendur sem munu mjög auðvelda þeim að komast að niðurstöðu í skaðabótamálum. Hins vegar verður einnig auðveldara fyrir tryggingafélögin að átta sig á ýmsum meginþáttum í þessum málum með hinum stöðluðu reglum í frv. Þar kem ég að því sem ég tel að sé kjarnaatriði fyrir okkur alþingismenn þegar við skoðum þetta frv., það er að meta og velta fyrir okk-

ur hvort hinar stöðluðu reglur sem eru settar fram í þessu frv. skerða á þann veg hagsmuni tjónþolanna að ástæða sé til að hreyfa við þeim hugmyndum sem í frv. koma fram. Þar finnst mér að við alþingismenn hljótum að skipa okkur í stöðu tjónþolanna hugsanlegu og velta þessu máli fyrir okkur með hagsmuni þeirra í huga og taka mið af þeirra sjónarmiðum. Hverjir eru talsmenn væntanlegra tjónþola? Það eru líklega helst lögmenn í landinu sem taka að sér málflutning fyrir þá sem verða fyrir skaða eða tjóni og þurfa að sækja mál sitt og sækja rétt sinn á grundvelli þessara laga og hafa orðið að gera það hingað til fyrir dómstólum án þess að við slíkar lagareglur sé að styðjast. Þetta tel ég að sé vandi okkar alþingismanna varðandi þetta ágæta frv., þ.e. að fara yfir það nákvæmlega og vega og meta hvernig á þeim atriðum er tekið í frv. sem lúta sérstaklega að hagsmunum tjónþolanna.

Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að það hefur verið vel að þessu verki staðið. Það var á sl. sumri sem hann fól Arnljóti Björnssyni að semja frv. og það lá fyrir í desember og er nú komið hér inn á borð okkar þingmanna. Það kemur einnig fram í grg. með frv. að þar er stuðst við, eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh., reglur á Norðurlöndunum og segir í frv. einnig að þær séu ávöxtur nokkurra áratuga starfs margra sérfræðinga og engan tel ég færari hér á landi til þess að fjalla um þessi mál en einmitt Arnljót Björnsson prófessor sem hefur tekið þetta frv. saman og búið það í þann búning sem fyrir okkur liggur.

Ég vil hins vegar leyfa mér hér að nefna atriði sem má staldra við. Ef alþingismenn ætla að taka þá afstöðu að huga að stöðu tjónþolans sérstaklega í þessu máli, þá vil ég nefna atriði sem ástæða er til að staldra við og velta fyrir sér, t.d. í 4. gr. þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Engar bætur skal greiða þegar orkuskerðing er metin minni en 5%." — Síðan segir í 5. gr.: „Bætur greiðast ekki ef örorka er minni en 15%." — Og loks í 9. gr.: „Ef tjónþoli var 56 ára eða eldri þegar tjón varð lækka örorkubætur um 7% fyrir hvert ár umfram 55 ár."

Ég nefni þessi atriði því þarna er með hinum stöðluðu reglum settar ákveðnar skorður við því annars vegar að menn fái tjón sitt bætt, engar bætur skal greiða þegar orkuskerðing er metin minni en 5% og bætur greiðast ekki fyrir varanlega örorku ef örorka er minni en 15%. Hvers vegna eru þessi mörk dregin? Hvað er það sem býr á bak við það að þarna eru sett þessi mörk, 5% og 15%? Er þarna beinlínis verið að taka upp ákvæði úr dönsku lögunum sem eru meginfyrirmynd þessa ágæta frv.? Ef svo er, eiga þá þær sömu reglur við og það sama við hér landi og í Danmörku? Í grg. frv. er ekki fjallað um þessa þætti með þeim hætti að svör fáist. Einnig varðandi aldursmörkin í 9. gr., hvers vegna er miðað við 55 ára aldur? Hvað með bætur barna? Miðað við aldur manna, á 18 ára maður að fá jafnháar bætur og 55 ára maður og á eins árs barn að fá jafnháar bætur og 15 ára barn? Alls kyns slík atriði koma upp í hugann þegar menn fara að velta þessu fyrir sér og skoða þetta.

Ég tel ákaflega mikilvægt að þetta mál hljóti framgang í góðri sátt hér innan þings, ég tel ekki ástæðu til að menn deili í sjálfu sér mikið um grundvallaratriðin í þessu frv. ef menn vilja viðurkenna það markmið sem í því er sett að reyna að nálgast það sem best er að menn fái raunverulegt tjón sitt bætt. En til þess að víðtæk sátt náist um þetta tel ég að það sé nauðsynlegt að líta á þessi atriði, velta þeim fyrir sér og skoða. Og ég tek undir það með hæstv. dómsmrh. að frv. þarf að fá vandaða meðferð hér í þinginu. Menn þurfa að skoða þetta og velta því fyrir sér og ræða þannig að ekki sé sköpuð tortryggni í garð frv. og þessara væntanlegu laga, heldur sé hver þáttur veginn og metinn. Þar hlýtur þingið m.a. sérstaklega að leita álits lögmanna sem, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, hafa komið fram fyrir hönd tjónþolanna, það vanti inn í þetta mál þann þátt og það sé sá þáttur sem við alþingismenn eigum sérstaklega að huga að.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri strax við 1. umr. málsins. Ég mun síðan í allshn. hafa tækifæri til þess að fylgja þeim eftir og fjalla um þetta mál. En ég vil ítreka það að ég þakka hæstv. dómsmrh. frumkvæðið og þakka honum það sjónarmið sem kom fram í máli hans að þetta mál þyrfti að fá gaumgæfilega skoðun á Alþingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í máli þeirra sem talað hafa hér á undan mér, hæstv. dómsmrh. og 3. þm. Reykv., þá er hér á ferðinni mjög mikilvægt mál og í rauninni alveg nýtt mál. Það eru ekki til lög um skaðabætur hér á landi þannig að hér eru alveg ný lög á ferðinni. Þetta er mál sem varðar einstaklingana afskaplega miklu og því mikilsvert að við hér á þingi skoðum þetta mjög gaumgæfilega, ekki síst vegna þess að það má segja að það sé ekki til neinn hagsmunahópur úti í þjóðfélaginu sem getur bent á það hvernig þessum málum skuli komið fyrir fyrir tjónþola vegna þess að við erum að tala um tjónþola framtíðarinnar og enginn veit hverjir þeir verða.

Eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. er þarna aðallega um tvenns konar bætur að ræða. Annars vegar bætur fyrir líkamstjón og þær bætur eru eiginlega ferns konar samkvæmt frv. Í fyrsta lagi er um að ræða bætur vegna tímabundins atvinnutjóns, í öðru lagi bætur vegna þjáninga, í þriðja lagi bætur vegna varanlegs meins og í fjórða lagi bætur vegna varanlegrar örorku. Síðan er að auki gert ráð fyrir bótum í þessu frv., og tíundaðar reglur um það, hvað varðar missi framfæranda. Þær bætur geta annars vegar verið til maka eða sambúðaraðila og hins vegar til barna.

Ég ætla hér að fjalla fyrst og fremst um bætur fyrir líkamstjón, þ.e. bætur fyrir varanlegt mein, eins og það heitir í frv. og varanlega örorku. Fjallað er um varanlegt mein í 4. gr. frv. og varanlega örorku í 5.–9. gr. frv.

Ég hef velt þessu máli talsvert fyrir mér á undanförnum mánuðum og ástæðan er aðallega núgildandi dómapraxís í skaðabótamálum sem að mörgu leyti er mjög gallaður og hefur verið sýnt fram á, kannski ekki síst á undanförnum mánuðum, hvernig þessir gallar

koma út. En það hefur reynst mjög erfitt að breyta þessum dómapraxís vegna þess að fyrri dómar hafa fordæmisgildi og dómstólar eru kannski ekki í stakk búnir til þess að breyta algjörlega um stefnu í málum eins og þessum. Því held ég að það hafi verið mjög tímabært að setja lög eins og reyndar öll Norðurlöndin hafa gert á undan okkur, væntanlega að gefnu tilefni.

Þegar ég hef verið að velta þessum málum fyrir mér þá er það fyrst og fremst tvennt sem hefur vafist fyrir mér í gildandi dómvenjum og hefðum. Í fyrsta lagi hversu þær eru óhagstæðar konum og í öðru lagi hvað þessar dómvenjur eru óhagstæðar ungu fólki sem ekki er komið á vinnumarkað, sérstaklega ungum stúlkum. Ég ætla í fyrsta lagi aðeins að fjalla hér um konurnar. Það má kannski segja að það sem ég segi hér um þær og hvernig þessi dómapraxís kemur út fyrir konur eigi við um láglaunafólk almennt líka. Ástæðan fyrir því að núgildandi dómapraxís kemur illa út fyrir þessa hópa er að bætur fyrir líkamstjón byggja algjörlega á læknisfræðilegu örorkumati eins og hér hefur verið sagt frá. Örorkumatið er síðan túlkað sem vitnisburður um að hinn slasaði muni tapa þessari tilgreindu prósentu tekna sinna framvegis vegna afleiðinga slyssins. Það má reyndar geta þess að það er ákveðinn umreikningur á prósentunni í núgildandi dómapraxís en það breytir ekki því að þessari prósentu er alltaf beitt á tekjur tjónþola, þ.e. það skiptir máli hverjar tekjur tjónþola eru þegar bætur til hans eru reiknaðar út og þar kemur misskiptingin inn. Um þetta hefur verið fjallað í mörgum greinum að undanförnu, sérstaklega í tímariti lögfræðinga og Úlfljóti, tímariti laganema. Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur fjallaði sérstaklega um þetta í tímariti lögfræðinga árið 1984 og mig langar til þess að lesa hér gott dæmi um hvernig þessi misskipting kemur fram í dag. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nýlegt dæmi sýnir misskiptingu bóta af þessu tagi" — og þá er hann að bera saman hvernig það kemur út fyrir konu og karl. — „Hjón voru á ferð í bíl og urðu fyrir aftanákeyrslu. Fengu þau bæði svokallaðan „whiplash" áverka sem metinn var til 12% örorku. Maðurinn var embættismaður með nokkuð háar tekjur. Konan var húsmóðir með allstórt og gestkvæmt heimili, m.a. var mjög fatlaður sonur þeirra á heimilinu. Auk þess starfaði konan að félagsmálum. Ekkert benti til þess að maðurinn mundi láta af embætti vegna slyssins eða lækka í tekjum þess vegna, en ljóst þótti að bæði mundu þau hafa óþægindi af áverkunum um ófyrirsjáanlega framtíð. Niðurstaðan varð sú að maðurinn fékk u.þ.b. tvöfaldar bætur á við konuna vegna mismunandi launa sem lögð voru til grundvallar. Eðlilegt hefði verið, að því er mér sýnist, að bæði fengju sömu bætur," segir Jón Erlingur. Og áfram heldur hann:

„Yfirleitt virðist mér ekki vera þörf á að bætur fari eftir tekjum þegar um minni háttar varanlega örorku er að ræða. Þá geng ég út frá því að bætur fyrir tímabundið tjón sé sjálfstæður liður. Því má jafnvel halda fram með nokkrum rétti að láglaunamaður bíði oft meira tjón af slysi en sá sem hefur hærri launin. Hvort tveggja er að hinn vinnandi þarf gjarnan meira á öllum líkamanum að halda við vinnu sína, en einnig hitt að hann hefur e.t.v. að öðru jöfnu minni aðlögunarhæfni og má síður við áföllum."

Niðurstaða Jóns Erlings er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þá er komin einföld aðalregla. Bætur fyrir minni háttar líkamstjón eiga að fara eingöngu eftir áverkanum eða örorkunni en vera óháðar aldri, kyni og tekjum. Með öðrum orðum: bætur fyrir sama áverka eiga að vera hinar sömu til allra."

Það má segja að þessari reglu sem hann leggur þarna til sé í rauninni komið á í frv., sérstaklega hvað varðar varanlegt mein. En varanlegt mein í frv. er ófjárhagslegt tjón sem fólk verður fyrir vegna líkamsspjalla. Þetta eru líkamsspjöll sem geta hamlað fólki að lifa eðlilegu lífi þó það tapi kannski ekki beinlínis einhverju í tekjum vegna þessa. Um þetta er fjallað, eins og ég sagði, í 4. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegt mein er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola."

Þetta er ekki spurningin um vinnuskerðingu heldur ýmsa erfiðleika sem það getur valdið fólki og komið í veg fyrir að það geti lifað fullkomlega eðlilegu lífi.

Hv. 3. þm. Reykv. benti á það að þarna væri líka regla inni í 4. gr., þ.e. í 2. mgr. 4. gr. þar sem segir:

„Hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár."

Ég get tekið undir það að þetta orkar mjög tvímælis, að það sé verið að lækka bætur fólks sem komið er yfir 60 ára aldur því þarna erum við fyrst og fremst að tala um líkamsspjöll, þ.e. eitthvað sem hamlar fólki að lifa eðlilegu lífi en ekki vinnutap og það má alveg eins halda því fram með góðum rökum að aðlögunarhæfni fólks minnki með aldrinum, það sé hugsanlega tilfinnanlegra að missa fingur eða fá stirðan lið eða eitthvað slíkt, missa heyrn á öðru eyra þegar fólk er orðið 60 ára heldur en þegar það er yngra. Ég tel því alls ekki einhlítt að það sé réttlátt eða sanngjarnt að lækka bætur vegna varanlegs meins þó að fólk sé komið yfir þennan aldur. Og þá má geta þess að 65 ára einstaklingur getur átt 15–20 ár ólifuð. Ég vil beina því til allshn. sem fær þetta mál til umfjöllunar að hún athugi þetta vel vegna þess að þarna er verið að takmarka réttinn á tilteknu aldursskeiði.

Eins og ég sagði er í 5.–9. gr. fjallað um varanlega örorku, en það eru bætur vegna skerðingar á getu til að afla vinnutekna. Er þá horfið frá þessari meginhugmynd um varanlegt mein, þ.e. þá er ekki lengur verið að tala um staðlaðar bætur heldur miðast bæturnar í þessu tilviki við atvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári. Bent var á að komið verði á stöðluðum reglum um hvernig örorkubætur skuli reiknaðar út þótt bæturnar sjálfar séu ekki staðlaðar. Örorkubæturnar eru reiknaðar þannig út að tekjur næstliðins árs eru margfaldaðar með sex og örorkustiginu. Síðan er gefið ákveð-

ið hámark. Ekki er reiknað með hærri tekjum en 4,5 millj. í árstekjur og hámarksbætur samkvæmt þessu geta því orðið 4,5 millj. sinnum sex sem gerir 27 millj. sem eru hámarksbætur samkvæmt þessu. Þessar bætur getur einstaklingur væntanlega fengið sem hefur 4,5 millj. eða meira í árstekjur ef hann er metinn 100% öryrki og getur ekki stundað launaða vinnu.

Lítum svo aftur á dæmi um bætur. Við getum tekið sem dæmi ófaglærða verkakonu eða verkakarl sem er með 780 þús. kr. árstekjur. Margfaldað með sex fær þessi einstaklingur um 4,7 millj. kr. í fullar örorkubætur samkvæmt þessari reiknireglu. Við skulum taka annað dæmi. 50 ára hálaunamaður, sem við getum ímyndað okkur að eigi allt til alls, búinn að koma þaki yfir höfuðið, eigi innbú, eigi bíl og búinn að koma sér upp fjölskyldu. Hann getur fengið 27 millj. kr. í örorkubætur vegna 100% örorku en 25 ára ófaglærð ung kona sem er með tvær hendur tómar og á eftir að koma fótum undir sig fær 4,7 millj. kr. í örorkubætur. Mér finnst að í þessum reglum sé innbyggt kynbundið óréttlæti vegna þess að konur eru almennt með lægri laun en karlar og þar af leiðandi fá þær lægri örorkubætur samkvæmt frv. vegna þess að tekjur næstliðins árs eru lagðar til grundvallar. Enn þá er stéttbundið óréttlæti innbyggt í frv., þ.e. hátekjumenn fá hærri örorkubætur en lágtekjumenn. Þess má þó geta til að gæta fyllstu sanngirni að í 2. mgr. 5. gr. segir með leyfi forseta:

„Þegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta, sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við.“ Þetta getur auðvitað komið þannig út að örorka þeirra sem vinna ekki við líkamlegt erfiði verði ekki metin eins hátt eins og örorka hinna sem vinna líkamlega erfiðisvinnu þótt þeir fatlist á einhvern máta. En ef við lítum bara á 100% örorkuna, tvo einstaklinga sem báðir verða 100% öryrkjar og geta með engu móti sótt vinnu, verður misréttið í þessu augljóst. Þegar kemur aftur að fólki sem hefur ekki fastar tekjur og þess vegna ekki hægt að nota tekjuviðmiðun næstliðins árs sem grundvöll gilda aftur staðalreglurnar eins og um varanlegt mein. Þarna eru við fyrst og fremst að tala um börn, unglinga og heimavinnandi fólk. Núgildandi kerfi eða dómvenjur hvað þetta fólk varðar orkar mjög tvímælis. Ég held að það hafi einmitt verið í fyrrasumar sem Jafnréttisráð ályktaði um þetta mál og taldi að mismunurinn á því hvernig meðhöndlunin væri á ungum stúlkum og piltum væri brot á jafnréttislögum. Mig langar aðeins til þess að vitna í afstöðu Jafnréttisráðs vegna þessa máls. Ég held að þetta sé ályktun frá því á síðasta ári, en þar segir að dómapraxísinn leiði að jafnaði til þess að bætur til kvenna verði lægri en til karla þó svo að um sömu örorku sé að ræða. „Ástæðan er sú að tekjur kvenna eru almennt mun lægri en tekjur karla og sá tekjumunur skilar sér síðan inn í útreikning örorkubótanna. Hið sama gildir þegar um er að ræða tjónþola sem eru í sérnámi. Námsval kvenna og karla er enn mjög hefðbundið og staðreynd er að konur velja að jafnaði nám sem gefur mun lægri tekjur þegar á vinnumarkað er komið.“

Áfram er haldið hér í þessari ályktun Jafnréttisráðs: „Það er mat Jafnréttisráðs að þó svo slík niðurstaða sé að mörgu leyti óréttlát þá brjóti hún ekki í bága við ákvæði laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Til grundvallar útreikningunum eru lagðar sömu forsendur óháð kynferði tjónþola. Í þessu sambandi má benda á að karl sem vinnur við hefðbundið kvennastarf eða kona sem vinnur við hefðbundið karlastarf mun fá sömu bætur og aðrir í viðkomandi starfsgrein fyrir sömu örorku. Hið sama gildir um þá tjónþola sem vinna einvörðungu eða að hluta innan veggja heimilisins. Þó svo í flestum tilvikum ef ekki öllum sé um að ræða konur sem falla undir þann hóp yrðu sömu forsendur lagðar til grundvallar þegar tjónþoli er karlmaður.“ Með öðrum orðum segir Jafnréttisráð að sömu forsendur gildi við útreikning hjá þessu fólki sem er á vinnumarkaði en hins vegar kemur óréttlætið fram því að tekjur kvenna almennt eru lægri en tekjur karla. Hér segir áfram:

„Eftir stendur sá hópur tjónþola sem ekki er í sérnámi, er ekki á vinnumarkaði eða vinnur við heimilisstörf, þ.e. börn og unglingar. Samkvæmt upplýsingum frá Jóni E. Þorlákssyni tryggingafræðingi er gerður greinarmunur á því hvort tjónþoli í þessum hóp er stúlka eða piltur. Sá munur leiðir til þess að útreiknað tjón 14 ára stúlku er 11% lægra en tjón pilts á sama aldri með sömu varanlegu örorkuna. Þessi munur getur orðið allt að 24,5% og þetta gerist við 25 ára aldurinn. Þá fer pilturinn 24,5% yfir stúlkuna þó bæði séu í námi, hvorugt komið út á vinnumarkað og hvorugt búið að sanna aflagetu sína.“

Þá segir hér áfram: „Þau rök sem fram koma fyrir þessum mun eru þau að bætur fari eftir tekjum viðkomandi þegar út í atvinnulífið er komið, í þessu tilviki líklegum tekjum. Staðreynd er að meðaltekjur kvenna eru lægri en meðaltekjur karla og því er þessi munur gerður. Ef enginn munur væri gerður á stúlkum og piltum mundi unglingsstúlka að jafnaði verða betur sett en fullorðin kona sem komin er á vinnumarkað.“ Og svo segir: „Það er álit Jafnréttisráðs að sú regla sem lögð er til grundvallar ákvörðun bóta til barna og unglinga, þ.e. að taka út kynferði sem einn þátt við ákvörðun bótafjárhæðar, brjóti í bága við ákvæði laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 1. málsl. 3. gr. laganna.“

Um þetta má segja að komið er til móts við þessa skoðun Jafnréttisráðs í frv. sem við erum hér með til umfjöllunar. Piltar og stúlkur eru lögð að jöfnu en hins vegar eru þau eftir sem áður víðs fjarri hinum eldri og tekjuhærri í örorkubótunum. Þetta er ekki síst alvarlegt vegna þess að fyrir þessu fólki á að liggja að búa við varanlega skerðingu alla sína ævi. En þeir eldri búa aðeins við varanlega skerðingu hluta af ævi sinni.

Mig langar aðeins til þess að geta um þá reiknireglu sem notuð er til þess að finna út örorkubætur þessara hópa, þ.e. barna, unglinga og heimavinnandi fólks. Hún kemur fram í 8. gr. frv. Fljótt á litið virkar þessi reiknregla nokkuð flókin en hún er það alls ekki í raun. Til þess að finna út örorkubætur þessa fólks er notaður hundraðshluti af bótum fyrir varanlegt mein sem eru hámark 4 millj. kr. Þá skulum við

t.d. líta á ungling sem metinn er 75% öryrki. Reiknireglan er sú að fyrst eru teknar þessar 4 millj. sem eru hámarksbætur vegna varanlegs meins. Þær eru margfaldar með 325% og það þýðir að þessi unglingur fær um 13 millj. kr. í fullar bætur. Nú skal ég viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á hvort við þessar 13 millj. bætast síðan 4 millj. vegna varanlegs meins eða hvort bætur vegna varanlegs meins falla niður ef fólk fær örorkubætur. Mér finnst það ekki koma ljóst fram í frv. eða athugasemdum með því. Þessi unglingur fær sem sagt um 13 millj. kr. í örorkubætur. Það sem vekur auðvitað athygli í þessu sambandi er að þó að hann sé alls ekki ofsæll af þessu þá fær hann hærri bætur en fullvinnandi manneskja á vinnumarkaði sem er með lágar tekjur. Ég tók áðan dæmi af konu sem er með um 800 þús. kr. árstekjur sem fær tæpar 5 millj. í örorkubætur vegna þess að tekjur hennar eru svo lágar þannig að unglingur sem skerðist fær hærri bætur en jafnvel ung manneskja á vinnumarkaði með lág laun. Ég vona að ég fari rétt með þetta og ég verð þá leiðrétt ef það er ekki.

Þá má geta þess að heimilisstörf skulu reiknuð samkvæmt þessari reglu. Ef manneskja, sem vinnur við heimilisstörf að aðalstarfi, verður 100% öryrki þá fær hún þessar 13 millj. kr. en ég fæ ekki betur séð en að ef þessi manneskja hefði verið í hálfu starfi eða rétt rúmlega það og verið með lágar tekjur í slíku starfi þá væri hún verr sett í hálfu vinnunni og örorkubætur hennar væru lægri heldur en ef hún sinnti heimilisstörfum sem fullu starfi. Þarna finnst mér orðið svo margháttað misræmi í útreikningnum á bótunum að ég vildi biðja allshn. að skoða það sérstaklega.

Ég talaði um að unglingurinn sem er metinn 75% öryrki fengi samkvæmt þessu 13 millj. kr. í örorkubætur. Ástæðan fyrir því að ég fór á sínum tíma að velta þessu máli fyrir mér var dæmi sem ég þekki af 17 ára stúlku sem þannig er ástatt fyrir í dag, þ.e. hún er 75% öryrki og hún fékk samkvæmt þeim reglum sem gilda í dag um 14 millj. kr. Hún var metin út frá meðaltekjum kvenna. Skoðað var hverjar eru meðaltekjur kvenna og út frá því voru örorkubætur hennar reiknaðar. Þess vegna má segja að þegar verið er að skoða 17 ára unglingsstúlku sé miðað við kyrr kjör, þ.e. að kynbundnu launamisrétti verði ekki breytt í framtíðinni af því að það er verið að skoða framtíðartekjur hennar og menn gefa sér þá að þessu kynbundna launamisrétti verði ekki breytt. Hún muni alltaf hanga í meðaltekjum kvenna eins og þær eru í dag.

En þannig er komið fyrir þessari 17 ára stúlku, sem ég er hér að segja frá, að hún er lömuð, hún er heyrnarskert og hún er sjónskert. Hún er mikið skömduð á ýmsum innri líffærum og hún þurfti að gangast undir 14 aðgerðir áður en búið var að gera það sem menn töldu sig geta gert fyrir hana. Hún stendur auðvitað með tvær hendur tómar, þ.e. hún á ekkert, hún er 17 ára og 17 ára fólk er ekki vant að eiga nokkurn skapaðan hlut. Þessi stúlka var alger þolandi í því slysi sem hún varð fyrir og hún fékk 14 millj. kr. Þessar örorkubætur eru sá grunnur sem hún þarf að byggja allt sitt líf á. Mikill kostnaður fylgir fötlun og þess má geta í þessu tilviki að breyta þurfti húsnæði foreldra hennar fyrir 3 millj. kr. til þess að hún gæti búið þar. Þessi stúlka þarf auðvitað seinna að eignast eigin íbúð, eignast eigið heimili og hún á auðvitað rétt á svipuðum lífsgæðum og annað fólk þótt hún hafi orðið fyrir þessu áfalli í lífinu.

Ég nefni dæmi hennar vegna þess að mér finnst mjög mikilvægt þegar þetta frv. verður skoðað í nefndinni að mál unglinganna verði skoðuð sérstaklega. Við vitum að það er alltaf fleira og fleira ungt fólk sem slasast, ekki síst í umferðarslysum og mun sá hópur vega þungt í þessum málum öllum í framtíðinni. En þó að þurfi að skoða unglingana sérstaklega, þá vil ég líka benda á það misræmi sem ég gerði hér að umtalsefni áðan. Það er mjög nöturlegt að fullvinnandi láglaunakona eða karl skuli koma verst út úr útreikningum sem eru gefnir upp í frv., þ.e. ef þessi manneskja missir algerlega vinnugetu sína, og þetta verður auðvitað að skoðast betur líka. Mér finnst reyndar athugunarefni hvort ekki er ástæða til þess að taka upp staðlaðar bætur í mun ríkari mæli en frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að allir fái nokkurn veginn sömu bætur en síðan verði heimilt að greiða bætur umfram þessar staðalbætur ef sýnt þykir að hinn slasaði verði fyrir meira tjóni en sem nemur staðalbótunum. En að öllu samanlögðu finnst mér þó skipta meginmáli að koma málum þannig fyrir að þeim sem verða fyrir mikilli varanlegri örorku sem takmarkar tekjumöguleika þeirra þegar á unga aldri sé borgið með þeim reglum sem við munum samþykkja hér á Alþingi fyrr eða síðar. Knappur fjárhagur má ekki takmarka enn frekar möguleika þessa fólks í lífinu því að fötlunin ein er slíkur tálmi fyrir þetta fólk að það má alls ekki gerast að fjárhagslegar takmarkanir bætist þar ofan á. En ég held sem sagt að enn þá sé innbyggt í þetta frv. ákveðin skekkja og ákveðið misrétti.

Tryggingarfræðinga greinir auðvitað á um það í hversu miklum mæli bætur skulu vera staðlaðar. Ég hef vitnað aðeins í grein Jóns Erlings Þorlákssonar í tímariti lögfræðinga og hann leggur einmitt til í grein sinni að komið verði á stöðluðum bótum í mun ríkari mæli en verið hefur. Hann segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að ég skrifa þessar línur er sú að ég hef komist að þeirri niðurstöðu við kynni af slysamálum að þær tvær meginreglur sem notaðar eru við uppgjör bóta fyrir líkamstjón séu báðar óhæfar. Á ég þá við reglurnar um að bætur séu í beinu hlutfalli við læknisfræðilegt örorkustig og í beinu hlutfalli við vinnutekjur hins slasaða."

Hann leggur sem sagt til að það sé komið á kerfi með nokkuð stöðluðum bótum. Ég ætla ekki að gera hugmyndir hans í þessari grein beinlínis að mínum en ég bendi nefndarmönnum þó á þær því að þær eru allrar athygli verðar.

Það vakti líka athygli mína við að lesa þetta frv. að þarna er í raun og veru dönsku skaðabótalögin tekin upp svo til algerlega óbreytt. Þetta sá ég þegar ég fór að glugga í grein eftir Guðnýju Björndóttur hdl. í Úlfljóti árið 1989 en greinin heitir einmitt „Reglur dönsku

skaðabótalaganna um bætur fyrir slys á mönnum". Ég fékk ekki betur séð þegar ég las þetta en að þetta væri nánast algerlega óbreytt, dönsku skaðabótalögin væru tekin hér upp. Ég ætla ekki að gagnrýna það í sjálfu sér að það sé gert því að vel kann að vera að þau séu mjög góð. En mér finnst samt spurning hvort hægt sé að heimfæra dönsku lögin svo til óbreytt upp á íslenskan veruleika sem er talsvert annar en sá danski.

Áður en ég fer úr pontu, virðulegi forseti, langar mig til þess að benda fólki á þau dæmi sem gefin eru aftast í frv. Þar eru nokkur dæmi reiknuð út um bætur, þ.e. hvernig þær væru samkvæmt núgildandi reglum og hvernig þær væru samkvæmt frv. ef það yrði að veruleika. Það vekur auðvitað athygli manns að í öllum tilvikum þegar um líkamstjón er að ræða hefur frv. í för með sér lækkun bóta þar til kemur að makabótum. Þar virðast bætur hækka. En ég fékk ekki betur séð en í öllum hinum tilvikunum hefði frv. í för með sér lækkun örorkubóta og það finnst mér vera áhyggjuefni vegna þess að það getur tæpast verið markmiðið með þessu frv. heldur hlýtur markmiðið að vera að gera reglur skýrari, einfaldari, gera rétt fólks skýrari en ekki að lækka upphæð bóta.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur komið í ágætri ræðu sinni inn á mörg þau atriði sem ég ætlaði að gera athugasemd við svo ég skal til að spara tíma ekki vera að endurtaka þau. Vissulega var tími til kominn að Alþingi fengi til meðferðar frv. til laga um skaðabótalög og ber svo sannarlega að fagna því. En auðvitað er um mjög flókna löggjöf að ræða sem verður svo sannarlega að vanda vel til eins og hæstv. ráðherra gat um hér áðan. Þar sem ég á ekki sæti í hv. allshn. ætla ég aðeins að minnast á örfá atriði.

Það sem kemur strax fram í greinargerð með frv. og stingur í augu er þar sem talað er um hver séu meginmarkmið frv. en þar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Meginmarkmið frv. eru þessi:

1. Að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda.

2. Að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.

3. Að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð."

Einhvern veginn hljómar þetta þannig, eins og hv. 3. þm. Reykv. kom raunar inn á, að áherslan sé ekki í nógu miklum mæli á tjónþolann því að vissulega hljóta lög sem þessi fyrst og fremst að vera til þess gerð að tryggja réttindi þess sem verður fyrir tjóninu.

Ég ætla ekki að endurtaka hér þau atriði sem hv. 10. þm. Reykv. minntist á um útreikning bótanna sjálfra og taflna um örorkustig. Það er auðvitað ljóst að þau geta aldrei verið einhlít. Ég vil taka undir það, bæði með hv. þm. og Jóni Erlingi Þorlákssyni, sem skrifaði greinina sem hv. þm. las, að ég held að nauðsynlegt sé að hafa lægstu bætur meira staðlaðar en þær hæstu. Þó er það heldur ekki einhlítt því að það gefur auga leið að miklu máli skiptir við hvað maður starfar sem t.d. missir framan af fingri — það hljómar í fljótu bragði ekki sem mikil örorka og flestir komast vel áfram í lífinu þrátt fyrir það. En hafi svo illa viljað til að þar sé um að ræða hljómlistarmann, t.d. pianóleikara eða fiðluleikara, gerist málið alvarlegra. Það er því óhjákvæmilegt að sveigjanlegt mat sé á því hver áhrif örorkan hefur á alla framtíð mannsins miðað við það sem hann hefði annars gert. Ég hlýt að fagna því að hér er tekið meira tillit til möguleika á tekjum við örorkumat en áður hefur verið gert.

Við höfum barist fyrir því alþýðubandalagsmenn allar götur síðan ég kom inn á hið háa Alþingi að örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins gæti ekki verið og ætti ekki að vera og væri ekki samkvæmt lögum einungis læknisfræðilegt. Tryggingayfirlæknir í þeirri stofnun hefur barið hausnum við steininn, svo að það sé nú bara orðað eins og það er, og metið örorku á þann veg að einungis sé tekið tillit til hinnar læknisfræðilegu örorku. Það er auðvitað fráleitt vegna þess að margur maðurinn sem situr í hjólastól og er mikið fatlaður hefur full tök á því að afla verulegra tekna. Þá er auðvitað engin ástæða til þess að hann njóti örorkubóta þó að honum beri auðvitað að fá einhvern kostnað greiddan vegna sérstöðu sinnar.

Ég vil taka undir það að ég held að það sé ákaflega hæpið að lækka örorkubætur fólks á miðjum aldri. Ég er hrædd um að það sé dálítil fornaldarhyggja þar sem fjölmargir Íslendingar vinna langt fram yfir miðjan aldur og allflestir til sjötugs. Ég held að það geti varla verið bærilegra á nokkurn hátt fyrir manneskju á miðjum aldri að verða fyrir slysum og líkamstjóni en aðra. Ég held því að það sé atriði sem þyrfti að skoða og jafnframt, eins og hv. 10. þm. sagði, að fyrst og fremst sé tryggt jafnrétti allra Íslendinga, hvort sem það eru karlar eða konur, til bóta fyrir líkamstjón. Annað væri gersamlega fráleitt. Þess vegna held ég að skoða verði 6. gr. mjög vel vegna þess að einhvern veginn á ég erfitt með að sætta mig við að unnt sé að miða við sexföld árslaun upp á 4,5 millj. kr. en síðan sé miðað við sexföld árslaun sem kannski eru langt undir 1 millj. kr. Ég held að þarna verði að reyna að finna einhverja vitrænni viðmiðun. Hitt er svo annað að í okkar landi er ákaflega erfitt að komast fram hjá því að skoða fleira en tekjur. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að líta líka til þess hvaða kvaðir hvíla á hinum slasaða og fjölskyldu hans þegar slysið verður. Það skiptir ekki litlu máli hvort hinn slasaði á skuldlaust húsnæði eða hvort hann hefur kannski verið nýlega byrjaður á að koma sér þaki yfir höfuðið. Ég held að grípa þurfi til einhverra ráða til að koma til móts við slíkt ef meiningin með þessum lögum er að tryggja það að fólk eigi kost á því að lifa svo sómasamlegu lífi sem unnt er þrátt fyrir slæma fötlun.

Ég tek eftir því í 17. gr. þar sem talað er um endurkröfur — ég tek fram að það kann að vera misskilningur minn og verður þá kannski leiðrétt — að þar er talað um að endurkrafa vegna greiðslu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar verði ekki gerð á hend-

ur þeim sem er skaðabótaskyldur og sama eigi við um bótagreiðslur lífeyrissjóða eða vátrygginga. Hins vegar á vinnuveitandi sem greitt hefur þeim slasaða, eða þeim sem misst hefur framfæranda, laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, rétt á að krefja hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna þessi mismunun er gerð. Ég sé ekki af hverju hinn almenni skattborgari á ekki alveg eins að eiga endurkröfurétt eins og vinnuveitendur. Nú kann að vera að ég sé eitthvað að misskilja en þó varla því að ég sé það að í almennum ákvæðum er gert ráð fyrir að 59. gr. almannatryggingalaga falli úr gildi.

Ég held þó að hér sé vissulega hið merkasta frv. á ferðinni. Ég tel líka að það hljóti að eiga hér allnokkra framtíð í hv. allshn. því að ég er ekki í vafa um að leggja þarf fram mikla vinnu til að við fáum vönduð og góð lög um skaðabótarétt sem svo lengi hefur vantað í okkar landi. Ég vil því vona að þetta mál fái vandaða meðferð og við þingmenn Alþb. munum svo sannarlega greiða því götu ef við getum sætt okkur við þá afgreiðslu sem það hlýtur í hv. allshn.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð í tilefni af því frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir framlagningu þessa frv. um skaðabótalög. Hér er um afar merkilegt mál að ræða og margir góðir hlutir sem þar koma fram. Einnig vil ég þakka hv. þm. fyrir ræður en þar hafa komið fram ýmsar athyglisverðar athugasemdir sem vert er að gaumgæfa. Þær snúa ekki síst að þeim ákvæðum frv. sem fjalla um varanlegt mein og varanlega örorku og ákveðnar hömlur sem lagðar eru á skaðabótakröfur.

Hv. 10. þm. Reykv. hélt því fram m.a. að enn þá væri innbyggð í frv. ákveðin skekkja og ákveðið misræmi. Hún fór fram á það að misræmið í örorkuútreikningi yrði athugað sérstaklega í allshn.

Hv. 14. þm. Reykv. gagnrýndi nokkuð það læknisfræðilega örorkumat sem fram fer í Tryggingastofnun ríkisins. Ég held þó að þar komi félagslegir þættir einnig við sögu. Hún ræddi um fleiri atriði, t.d. hvort rétt sé að lækka bætur miðað við aldur o.s.frv. Þessi atriði verða að sjálfsögðu athuguð í allshn. Það er ljóst að fara þarf fram mjög vönduð vinna á þessu frv. í nefndinni, ekki síst vegna þess að tjónþolar eru hópur sem óljóst er hvernig má skilgreina og geta því ekki gætt hagsmuna sinna sjálfir.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja fram þetta mál. Það er nú svo að tryggingar og skaðabótamál eru flókin málefni sem þarf náttúrlega að skoða mjög gaumgæfilega. Þau mega eigi að síður aldrei verða svo flókin að að þeim geti ekki aðrir komið en sérfræðingar og þá einvörðungu löglærðir og tryggingasérfræðingar.

Þegar við lesum yfir frv. vekur það strax athygli að hér er verið að staðfesta mjög ákveðna stefnu í skaðabótamálum sem hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Það er sú stefna að miða skaðabætur við arðsemi einstaklingsins áður en hann varð fyrir tjóni. Með öðrum orðum, laun sem einstaklingurinn hafði áður en hann varð fyrir tjóni eigi að ráða miklu um hvaða skaðabætur hann fær. Þessi stefna var tekin upp árið 1988, t.d. með nýjum skaðabótareglum í sambandi við umferðarslys. Þar ræður sú regla núna, eins og kunnugt er, að allir borga sama iðgjald, ökumannstryggingu, til tryggingafélagsins. En þau laun sem viðkomandi hafði áður en hann varð fyrir tjóni ráða mestu um bætur. Þetta kemur meira að segja líka fram í dánarbótum. Ef einstaklingur, sem lætur lífið í umferðarslysi var tekjulaus, kannski vegna þess að hann var öryrki eða vegna þess að hann var í skóla eða atvinnulaus, þá fá aðstandendur hans aðeins lágmarksupphæð sem dugar fyrir útförinni. En ef viðkomandi hefur haft nokkur hundruð þús. kr. á mánuði gefur það aðstandendum rétt til bóta er nemur nokkrum milljónum.

Í frv. er verið að staðfesta álíka stefnu. Hún kemur fram strax í 4. gr. þar sem rætt er um að draga úr bótum til þeirra sem eru orðnir 60 ára eða eldri. Það kemur líka fram í 5. gr. en kannski helst í 6. gr. þar sem segir að bætur skuli meta til fjárhæðar sem nemur *sexföldum árslaunum tjónþola*, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi, sbr. 3. mgr. 5. gr. Síðan er sett þak á þessa upphæð í 7. gr. Eigi að síður er tryggður lágmarksréttur skv. 4. gr. frv. þannig að allir njóti lágmarksmannréttinda hvað varðar stöðu þeirra gagnvart skaðabótalögum. Ég er ekki viss um að þessi stefna, að meta fólk út frá arðsemi á vinnumarkaðnum, sé alls kostar rétt. Ég held að taka þurfi tillit til margra fleiri atriða í þessum efnum en hér er gert. Ég veit að nefndin, sem kemur til með fjalla um þetta frv., mun gera það. Hér kunna að skipta máli pólitísk viðhorf að einhverju leyti. En ég vil að lokum fagna því að frv. er komið fram í þinginu og gefinn er kostur á því að ræða málið út frá öllum hliðum. Ég veit að það mun verða gert í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um málið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og stuðning í meginatriðum við höfuðstefnumið frv. sem hér liggur fyrir. Það er vissulega svo að hér er um mjög viðamikið og flókið viðfangsefni að ræða. Ýmis álitaefni sem hafa komið fram í umræðum er mikilvægt að hv. allshn. taki til skoðunar. Með frv. er verið að gera grundvallarbreytingar í ýmsum efnum um leið og verið er að lögfesta í fyrsta sinn lagareglur á þessu mikilvæga réttarsviði.

Hér hefur verið á það minnst, það gerði m.a. hv. 3. þm. Reykv., að tjónþolarnir, sem vitaskuld eru þeir sem mestra hagsmuna eiga að gæta, eiga sér ekki talsmenn. Það er vitaskuld rétt, við vitum ekki hverjir þeir eru. Hann gat þess þó að líklegast væri að lögmenn gætu verið helstu talsmenn tjónþola og það er vissulega svo. Lögmenn hafa mjög mikla reynslu af þessum málum og þekkja þau gjörla og það er mikilvægt fyrir hv. nefnd að heyra sjónarmið þeirra. En því má

ekki gleyma að hér eru líka atvinnuhagsmunir þeirrar stéttar í húfi og þess vegna verður að líta á þá stöðu einnig. Það er ljóst þegar gerðar eru svo umfangsmiklar breytingar, sem hér er verið að mæla fyrir til einföldunar og meiri skilvirkni, þá minnka störf lögmanna á þessu sviði. Vissulega verður áfram þörf fyrir þeirra þjónustu og ugglaust verður til þeirra leitað í ýmsum efnum. En störf lögmanna á þessu sviði minnka mjög verulega ef þessar meginreglur verða lögfestar. Þeir eru því einnig hagsmunaaðilar að málinu að þessu leyti og það verður að hafa í huga.

Það eru fleiri hagsmunaaðilar í málinu en tjónþolarnir. Það eru þeir sem greiða iðgjöld vegna bóta. Því hefur til að mynda verið haldið fram af einum mjög virtum hæstaréttarlögmanni að frv. þjóni fyrst og fremst hagsmunum tryggingafélaga. Því fer vitaskuld víðs fjarri vegna þess að tryggingafélög hafa ekki einasta rétt til þess að hækka iðgjöld sín eftir því hver fjárhæð bóta er á hverjum tíma. Þeim er beinlínis skylt að láta iðgjöldin ráðast af því hver fjárhæð bóta er og hversu miklir tryggingarskyldir hagsmunir eru í húfi. Tryggingafélögin eru jafnsett hvort sem bætur eru hærri eða lægri. Það eru þeir sem tryggingaiðgjöldin greiða sem eiga þar hagsmuni. Hv. þm. er vitaskuld rétt og skylt að gæta einnig að hagsmunum þeirra og í umræðum, ekki síst á undanförnum missirum, hefur athygli manna beinst að iðgjöldum tryggingafélaga. Þess vegna er ástæða til að hafa líka í huga hagsmuni þeirra sem greiða tryggingariðgjöldin.

Að því hefur verið vikið hér að frv. feli í sér ýmsa réttarbót að því er varðar þá mismunun sem fram hefur komið í gildandi reglum um þetta efni sem helgast af dómapraxís. M.a. hefur verið vakin athygli á því að til að mynda fá heimavinnandi makar á grundvelli þeirra reglna sem hér er verið að leggja til mun rýmri bætur en fyrri reglur segja til um.

Hitt sjónarmiðið, sem hér hefur verið rætt, er spurningin um það hvort skaðabætur eigi að verða meiri en sem nemur því tjóni sem viðkomandi aðili verður fyrir vegna þess að fyrir hendi eru í þjóðfélaginu mismunandi aðstæður og þar á meðal mismunandi launakjör. Meginreglan er sú að skaðabætur bæti það tjón sem menn hafa orðið fyrir en upphefji ekki aðra mismunun. En umræður um þetta hafa lengi verið þáttur í umræðum um skaðabótareglur og þau meginviðhorf sem á því sviði gilda og því er ekki óeðlilegt að þau sjónarmið komi fram hér í þessari umræðu.

Hv. 10. þm. Reykv. vék að því að hún taldi sig hafa komist að því með lestri greinar í tímariti lögfræðinga eða Úlfljóti að frv. væri í meginatriðum byggt á dönsku reglunum. Það er vitaskuld rétt og kemur með mjög skýrum hætti fram í athugasemdum við frv. Ég gerði grein fyrir því í minni framsöguræðu að við frv. hefur mjög verið stuðst við þá löggjöf sem á síðustu árum hefur verið sett á öllum Norðurlöndunum. Danska löggjöfin er sú nýjasta sem fyrir hendi er. Skandinavískur réttur eða norrænn réttur hefur þróast með mjög líkum hætti og okkar réttur, hann er byggður í grundvallaratriðum á þeim sjónarmiðum sem gilda í norrænum rétti og það er því eðlilegast að við tökum mið í þessu efni af norrænni löggjöf. Sú athugun sem fram fór á þeim lögum sem í gildi eru á Norðurlöndunum leiddi til þess að mönnum þótti eðlilegast að byggja á dönsku reglunum, bæði vegna þess að þær voru nýjastar og taldar henta best okkar aðstæðum.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi helst víkja að hér, herra forseti, í lok þessara umræðna. Ég ítreka að það er mjög mikilvægt að hv. nefnd athugi bæði þau sjónarmið og athugasemdir við einstakar greinar sem hér hafa komið fram og kalli til þá ráðgjöf sem nauðsynleg er því að frv. eins og þetta þarf vitaskuld ítarlega meðferð. En ég ítreka að hér hafa átt sér stað góðar og efnislegar umræður.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að ráðherra sagði áðan að hér hefðu komið fram þau sjónarmið að skaðabætur ættu jafnvel að verða meiri en sem næmi því tjóni sem fólk yrði fyrir. Ég held að hér hafi enginn sett fram það sjónarmið. Spurningin er sú hvernig eigi að meta tjónið. Auðvitað er hægt að fara ýmsar leiðir í því. Það má t.d. benda á eitt í því sambandi. Ég tók dæmi áðan af fimmtugum manni sem væri í góðum álnum, hefði góðar tekjur og væri búinn að koma yfir sig húsnæði, væri skuldlaus o.s.frv. en gæti engu að síður við 100% örorku fengið 27 millj. í örorkubætur. Hins vegar væri ung stúlka, 25 ára gömul, sem ætti lífið allt fram undan sem öryrki en fengi kannski um 5 millj. kr. Spurningin er sú í því sambandi hvort aldur ætti ekki að tengjast mati á fjárhagslegu tjóni. Sá sem er fimmtugur, á eftir að verða öryrki og missa tekjur í 20–30 ár. Tvítug stúlka eða strákur sem á eftir að verða öryrki missir tekjur í 60 ár. Auðvitað er alltaf spurning hvaða hluti á að taka inn í mat á tjóni. Við erum líka að meta framtíðina þegar við erum að meta bætur vegna fjárhagslegs tjóns. Það er alltaf afskaplega erfitt að meta framtíðina og þar hljóta mörg álitamál að koma inn. Mér finnst ekki um það að ræða að leggja eigi beinlínis til að skaðabætur verði meiri en sem nemur tjóninu heldur er um að ræða vangaveltur og spurningar um það hvernig beri að meta tjónið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er vissulega rétt að ýmis atriði þarf að meta þegar um er að ræða mat á fjárhagslegu tjóni inn í framtíðina. Það eru sannarlega atriði eða álitamál tengd þeim tillögum sem hér eru í frv., til að mynda um aldursmörk bóta. En ég fagna því ef ég hef misskilið hv. þm. að því er varðar hugmyndir sem stundum eru uppi um það að skaðabótaréttur eigi að upphefja mismunun sem fyrir hendi er eða mismunandi aðstæður sem fyrir hendi eru sem torvelt er að sjá að unnt sé að upphefja á grundvelli skaðabótareglna þó að menn almennt séð séu á því að þá mismunun þurfi að upphefja. Ég fagna því ef ég hef misskilið hv. þm. að þessu leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 60. mál (ökupróf o.fl.). — Þskj. 61, nál. 446 og 450, brtt. 447.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta hv. allshn. með frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, á þskj. 446 og brtt. á þskj. 447. Með leyfi forseta mun ég gera grein fyrir þessu áliti. Þar er byrjað að telja upp fjölda gesta sem komu á fund nefndarinnar og allar þær umsagnir og bréf sem bárust nefndinni en síðan segir orðrétt:

„Í frumvarpinu er lagt til að Umferðarráð skuli hafa með höndum umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu og annast ökupróf, undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins. Það samræmist hlutverki stofnunarinnar og þeirri þekkingu á umferðarmálum sem hún hefur yfir að ráða. Þessi tilhögun skapar og tengsl milli stofnunarinnar og ökunema, foreldra og ökukennara og eykur þannig möguleika hennar á að ná árangri í starfi sínu. Í dómsmálaráðuneytinu er nú unnið að setningu reglugerðar um ökuskírteini, ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að þar verði kveðið á um þær gæðakröfur sem gera á til ökunámsins, m.a. að því er varðar námsskrár og námsefni og þær kröfur sem þeir aðilar verða að uppfylla sem ætla að annast ökukennslu. Auk faglegra sjónarmiða mæla rekstrarleg sjónarmið með því að færa umsjón ökukennslu frá Bifreiðaprófum ríkisins til Umferðarráðs. Fjárhagslega hagkvæmara er að starfrækja eina stofnun á þessu sviði en tvær.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að Áhugahópur um bætta umferðarmenningu fái sæti í Umferðarráði. Þau samtök hafa auk þess félagsskapar sem getið er í 2. gr. frumvarpsins óskað eftir að eiga fulltrúa í Umferðarráði. Þykja engar ástæður vera í vegi fyrir því. Umferðarráð er fyrst og fremst vettvangur umræðu um umferðarmál og er eftirsóknarvert að sem flestir sem hlut eiga að máli eigi rödd í ráðinu. Eðlilegt er að það verði athugað við almenna endurskoðun á umferðarlögum sem nú stendur yfir.

2. Lagt er til að síðasti málsliður 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins falli brott. Niðurlag þess málsliðar, sem kveður á um að samþykki dómsmálaráðuneytisins þurfi til ráðningar starfsfólks Umferðarráðs, hefur sætt nokkurri gagnrýni. Bent hefur verið á að heppilegra sé að Umferðarráð geti ráðið til sín starfsfólk án samþykkis ráðuneytisins. Nefndin styður það sjónarmið. Ef niðurlagi málsliðarins er sleppt þykir rétt að fella hann allan niður. Í ákvæðinu er þá einungis getið um frávik frá því sem annars mundi vera, þ.e. að skipun framkvæmdastjóra megi vera tímabundin, en um annað fer eftir almennum stjórnsýslureglum.

3. Lagt er til að lögin taki gildi 1. maí 1992. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins um gildistöku á ekki lengur við."

Og undir álitið rita Sólveig Pétursdóttir, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Össur Skarphéðinsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson, sú síðastnefnda með fyrirvara.

Virðulegur forseti. Ég mun nú víkja fremur að efni þessa frv. og ekki verður hjá því komist að víkja nokkuð að áliti þeirra þriggja nefndarmanna sem skilað hafa minnihlutaáliti. Fjölmargar umsagnir bárust nefndinni og voru þær í heild sinni mjög jákvæðar í garð þessa frv. Þó komu fram ýmsar ábendingar sem tekið var tillit til, bæði í þeim brtt. sem hér eru gerðar og eins í nál. þar sem meiri hluti nefndarmanna vekur m.a. athygli á nauðsyn þess að í reglugerð verði kveðið á um þær gæðakröfur sem gera þarf til ökunáms. Þeir sem koma til með að móta og hafa eftirlit með ökukennslu og ökuprófum þurfa vissulega að hafa nokkra sérþekkingu á því sviði. Í þessum málaflokki þarf að vanda vel til verka.

Í greinargerð með frv. er m.a. vakin athygli á því að fjárhagslega sé hagkvæmara að reka eina stofnun á sviði umferðarfræðslu en tvær og ein stærri stofnun hefur meiri möguleika á að byggja upp þekkingu og fagmennsku en tvær minni stofnanir þannig að fagleg og rekstrarleg rök fari saman í þessu máli. Þó að nú sé reynt að gæta sparnaðar á sem flestum sviðum, enda full ástæða til, þá eru það ekki meginrökin í þessu máli. Það er lögð mest áhersla á hina faglegu hlið þessarar breytingar, þ.e. að efla starfsemi Umferðarráðs því að eins og öllum er kunnugt er forvarnarstarf og fræðsla afar mikilvægur þáttur í ökuámi. Þetta sjónarmið tóku umsagnaraðilar almennt undir. Í nefndinni var samt nokkuð rætt um fjárhagslega hlið þessa máls og hvort nýleg hækkun á prófgjöldum ökumanna ætti að einhverju leyti að standa undir auknum umsvifum Umferðarráðs. Varleg áætlun gerir ráð fyrir því að sú hækkun skili um það bil 8,5 millj. kr. hækkun sértekna til Umferðarráðs sem er nokkuð umfram markmið fjárlaga. Hvernig fjárhagsleg útkoma verður skiptir í sjálfu sér ekki máli fyrir þá skipulagsbreytingu sem frv. gerir ráð fyrir en meiri hluti nefndarmanna vill þó minna á að forvarnir í umferðarslysamálum er fræðsla og eftirlit sem kostar peninga og að því verður að hyggja í svo mikilvægum málaflokki. En varðandi hækkunina á prófgjöldunum er rétt að geta þess að þau hafa staðið óbreytt í tvö ár.

Ýmsir eru á þeirri skoðun að ekki sé óeðlilegt að ökumenn taki þátt í kostnaði við umferðarfræðslu. Það eru náttúrlega ekki bara 17 ára unglingar enda þótt þeir séu í meiri hluta þeirra sem próf taka. En að halda því fram eins og minni hlutinn gerir í sínu áliti að ætlunin sé að láta 17 ára unglinga borga brúsann við starfsemi Umferðarráðs í stað framlags úr ríkissjóði þykir mér furðulegt. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp setning úr áliti minni hlutans en þar segir m.a.:

„Þessi tekjuöflun ríkisstjórnarinnar er að sjálfsögðu í takt við þau úrræði ríkisstjórnarinnar sem komið hafa fram á mörgum öðrum sviðum, að gott sé að sækja fjármagn sérstaklega til nemenda til að bæta stöðu ríkissjóðs." Það er miður ef málaflokkur sem þessi, sem þarf málefnalega umfjöllun, skuli gerður að pólitísku bitbeini vegna ákvarðana sem Alþingi hefur fyrir löngu

samþykkt með fjárlögum. Það er líka athyglisvert að engar athugasemdir komu fram við afgreiðslu fjárlaga við lið 301 um umferðarmál sem minni hlutinn gagnrýnir nú í sínu áliti.

Þá má einnig geta þess að fskj. IV frá lögreglustjóranum í Reykjavík sem minni hlutinn lét fylgja með sínu áliti fjallar ekkert um þetta frv. sem hér er mælt fyrir heldur er þar getið nokkurra atriða sem athuga mætti við heildarendurskoðun umferðarlaga.

Í nefndinni var rætt um hlutverk Umferðarráðs og nauðsyn þess að sem flestir hagsmunaaðilar ættu þar aðild að. Á þeirri forsendu er m.a. lagt til að Landssamband ísl. akstursíþróttafélaga og Áhugahópur um bætta umferðarmenningu fái sæti í ráðinu. Kemur hugsanlega til álita við síðari lagabreytingar að hverfa frá þeirri skipan að telja upp í lögum þá sem eiga fulltrúa í Umferðarráði. Væri þannig komið til móts við þau sjónarmið sem landlæknir bendir á í umsögn sinni að æskilegt væri að fulltrúar ýmissa hópa fengju aðild að ráðinu. Hér er því ekki verið að bregða fæti fyrir þátttöku áhugafólks heldur þvert á móti verið að efla starfsemi þeirra. Áhugasamtök hafa haft heilmikið að segja en sum þeirra hafa reyndar viljað starfa fyrir utan Umferðarráð og að sjálfsögðu hafa þau fullt frelsi til þess.

Í þessu sambandi er rétt að ítreka það sem segir í áliti meiri hlutans um 1. brtt. en þar segir:

„Umferðarráð er fyrst og fremst vettvangur umræðu um umferðarmál og er eftirsóknarvert að sem flestir sem hlut eiga að máli eigi rödd í ráðinu. Eðlilegt er að það verði athugað við almenna endurskoðun á umferðarlögum sem nú stendur yfir."

Þetta orðalag er skýrt og fer varla á milli mála hvað átt er við. Þar að auki má benda á 112. gr., 2. mgr. umferðarlaga sem hljóðar svo:

„Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða." Það er ekki verið að breyta þessari lagagrein.

Þá þykir mér rétt að víkja nokkuð að umsögn landlæknis sem prentuð er sem fskj. II með áliti minni hlutans og vakið hefur nokkra athygli. Í 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga er talið upp hverjir eiga sæti í Umferðarráði. Það eru eftirtaldir aðilar: Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bílgreinasambandið, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumrn., Félag ísl. bifreiðaeigenda, heilbr.- og trmrn., Landssamband vörubifreiðastjóra, landssambönd klúbbanna Öruggur akstur, lögreglustjórinn í Reykjavík, menntmrn., Reykjavíkurborg, Samband ísl sveitarfélaga, Samband ísl. tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands. Þar að auki munu bætast við þeir tveir hópar sem áður hefur verið getið ef frv. verður að lögum.

Dómsmrh. skipar fulltrúa eftir tilnefningu, þ.e. hóparnir sjálfir velja sína fulltrúa þannig að það er alfarið þeirra mál hvort um er að ræða konu eða karl eða hver aldur þeirra er. Landlæknir ætti því að beina ábendingum sínum til þeirra hópa sem aðild eiga að ráðinu. Þótt hann telji viðbrögð stjórnmálamanna stundum treg, þá er varla við þá að sakast í þessu máli en landlæknir á að ég held sjálfur aðild að Umferðarráði, skipaður af heilbr.- og trmrn. Hitt er annað mál að vafalaust má taka undir orð framkvæmdastjóra Umferðarráðs um þennan málaflokk að gagnrýni sé ávallt til góðs.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun á umferðarlögunum sem hafa verið í gildi í tæp fjögur ár og vænta má að frv. þess efnis verði lagt fyrir Alþingi á þessu vorþingi. Þessari endurskoðun hefur þó ekki enn verið lokið. Þótt vissulega megi taka undir það sjónarmið að oft fari betur á því að allar breytingar á stórum lagabálkum komi fram í heild sinni, þá eru rök fyrir því að sú skipulagsbreyting sem hér er lögð til sé tekin fyrir nú þegar. Brýnt þykir að breytingin taki gildi svo fljótt sem auðið er því að málefni, sérstaklega Bifreiðaprófa ríkisins, eru í nokkurri óvissu þar til breytingin gengur eftir og Bifreiðapróf sameinast Umferðarráði. Það eru enda engin nýmæli að breytingar séu gerðar á umferðarlögum í einstaka atriðum. Það var gert 1988 þegar heimild var veitt til að fela hlutafélagi að annast verkefni Bifreiðaeftirlits ríkisins og 1990 þegar lögfest var notkun öryggisbeltis í aftursæti bifreiða. Það er því ekki hægt að fallast á þau rök minni hlutans í nefndinni að vísa þurfi málinu til ríkisstjórnarinnar þar til heildarendurskoðun á umferðarlögunum liggi fyrir.

Þá er rétt að benda á það að umferðarlög þurfa nánast sífellt að vera í endurskoðun þar sem umhverfi okkar er alltaf að breytast, umferðin eykst, bílarnir verða hraðskreiðari og tækninni fleygir fram í þróun margvíslegra ökutækja og öryggisbúnaðar.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir það að í 2. gr. frv. sé kveðið á um að Bifreiðaskoðun Íslands hf. skuli tilnefna fulltrúa í Umferðarráð í stað Bifreiðaeftirlits ríkisins. Því er til að svara að það hlýtur að teljast mikilvægt öryggisatriði að fá þá aðila inn í ráðið sem sjá um að bifreiðarnar séu í lagi. Minni hlutinn telur einnig að ákvæði 3. gr. frv. muni breyta Umferðarráði í algera ríkisstofnun. Umferðarráð er stofnun sem kostuð er af ríkinu, m.a. skv. 2. mgr. 115. gr. umferðarlaga, og hlýtur því að teljast ríkisstofnun. Ég veit a.m.k. ekki um aðrar skilgreiningar á þessu orði.

Eina breytingin sem lögð er til á fimm manna stjórn Umferðarráðs er að dómsmrh. mun nú skipa stjórnina, formann og varaformann eins og hann gerir nú þegar og einn fulltrúa til viðbótar úr ráðinu en ráðið sjálft mun tilnefna tvo fulltrúa. Þessi breyting ætti öllu fremur að gera störf Umferðarráðs markvissari. Þá má heldur ekki gleymast að skrifstofa og starfsfólk Umferðarráðs hefur mjög mikilvægum störfum að gegna þannig að það eru ekki einvörðungu fulltrúar hagsmunahópa í ráðinu sem vinna að umferðarmálum og fræðslu í þeim efnum.

Frv. þetta felur fyrst og fremst í sér að lögfest verði breyting á hlutverki Umferðarráðs að því er verkþætti varðar og nauðsynlega breytingu á yfirstjórn ráðsins svo að það verði betur fært um taka að sér hið nýja verkefni. Í 3. gr. frv. er því verið að styrkja stöðu og

ábyrgð framkvæmdanefndar sem stjórnarstofnunar vegna hinna nýju verkefna Umferðarráðs. Meiri hluta nefndarinnar þótti þó ekki ástæða til þess að kveðið væri sérstaklega á um það að dómsmrn. þyrfti að samþykkja ráðningu starfsfólks en á þetta atriði var einnig bent af hálfu ýmissa umsagnaraðila.

Virðulegi forseti. Aukið umferðaröryggi er meginmarkmið skipulagsbreytingarinnar sem nú er gerð með þeirri breytingu á umferðarlögunum að færa eftirlit með ökukennslu, ökuprófum og gerð kennsluefnis til Umferðarráðs. Það markmið liggur að baki þeirri hugmynd að þróa framkvæmd þessa málaflokks frekar á *vettvangi Umferðarráðs. Umferðarráð gegnir nú þegar* því hlutverki að stuðla að öruggari umferð, bættum umferðarháttum og aukinni umferðarmenningu.

Ökukennsla er einn þáttur umferðarfræðslu og það mun auka möguleika Umferðarráðs á að ná árangri í starfi sínu að geta náð betur til ökunema með sinni fræðslu. Aukin tengsl Umferðarráðs, ökunema, nýrra ökumanna og ökukennara geta líka nýst til að koma upplýsingum og viðhorfum á framfæri og efla þannig umferðarvitund og umferðaröryggi. Með þessu frv. er líka verið að koma til móts við það sjónarmið að í ökufræðslunni eigi umferðin að vera meginviðfangsefnið fremur en bifreiðin sjálf og tæknibúnaður hennar. Aðalatriðið er að með sameiningu þeirrar skyldu starfsemi sem Umferðarráð og Bifreiðapróf hafa haft á hendi sé þessum málum komið fyrir á hagkvæman hátt í faglegu og fjárhagslegu tilliti. Umferðarfræðsla verði markvissari og þjónusta við ökunema batni þannig að markmiðið um aukið umferðaröryggi verði að veruleika en það hlýtur að vera takmark okkar allra.

Að lokum ítreka ég það álit meiri hluta nefndarmanna sem mælt hefur verið fyrir og vona að hv. þm. veiti þessu frv. brautargengi sem allra fyrst.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það vissulega dálítið ankannalegt að frsm. meiri hluta skuli vera farinn að útskýra og túlka að eigin mati nál. minni hlutans áður en mælt hefur verið fyrir því. Kannski er þetta siður hér í þinginu, ekki veit ég það.

Það sem ég vil gera athugasemdir við strax, annað læt ég bíða því að ég tala hér á eftir, er í fyrsta lagi sú röksemd fyrir verulegri hækkun gjalda, fyrir próf ökumanna og skírteini og leigu á ökutækjum til mannflutninga, að þau hefðu ekki hækkað í tvö ár. Próf ökumanna hækkar um 50%. Skírteini hækkar um 67% og leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns hækkar um 150%. Ég vil spyrja hv. þm., frsm. nefndarinnar, 6. þm. Reykv., hvað verðlag hafi hækkað mikið á undanförnum árum.

Annað sem frsm. gerði athugasemdir við í nál. minni hlutans, reyndar við fylgiskjal með nál. okkar, var umsögn lögreglustjórans í Reykjavík, að hún kæmi málinu ekki við. Það er nefnilega þannig að lögreglustjórinn í Reykjavík sá ekki ástæðu til þess að veita umsögn um þetta frv. því það hefur greinilega ekki snert meginatriði málsins. Hann sendi, eins og skynsamlegt er, athugasemdir sínar og ábendingar um breytingar á umferðarlögum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hér gera grein fyrir fyrirvara mínum við það nál. sem meiri hluti allshn. lagði fram. Ég lít svo á að þetta mál sé tvíþætt. Annars vegar er verið að gera ákveðnar skipulagsbreytingar og þær tel ég vera til bóta. Hins vegar gagnrýni ég harðlega þá útfærslu sem stjórnvöld hafa valið nú. Hún varðar *fjármögnun Umferðarráðs eftir skipulagsbreytinguna.* Ég tel að það sé mjög háskalegt ef farið verður út í að skerða framlög ríkisins til Umferðarráðs í kjölfar þessarar skipulagsbreytingar. Hins vegar er ekkert í frv. sjálfu sem festir það að sá háttur verði hafður á þannig að ég get ómögulega verið á móti máli sem ég er efnislega sammála. En ég ítreka það að ég gat ekki skrifað undir nál. nema með fyrirvara vegna þessarar framkvæmdar sem ég tel til háborinnar skammar. Mér þykir ekki verjanlegt undir nokkrum kringumstæðum að hækka sérstaklega gjöld vegna ökuprófs og þar með skattleggja hóp sem er að mestum hluta samsettur af unglingum eins og komið hefur fram hér. *Ég tel ekki að neinar málsbætur séu fyrir slíkri* ákvörðun og ég get ekki tekið undir slíkt.

Hins vegar er ég afskaplega sammála þeirri kerfisbreytingu sem hér er verið að gera og ég tel hana ekki síst mikilvæga vegna þess að með henni er verið að setja samfellu á milli umferðarfræðslu og umferðaráróðurs á öllum aldursstigum vegna þess að það er ekkert launungarmál að einn af bestu og árangursríkustu þáttunum í starfsemi Umferðarráðs er fræðsla, t.d. til ungra vegfarenda. Þetta skiptir verulegu máli. Ég tel að það sé mikilvægt að sami aðili hafi umsjón með umferðarfræðslu allt frá því að ung börn fá að njóta hennar og þar til komið er að því stigi að fólk fer út í umferðina sem ökumenn. Ég get ekki séð annað en það hljóti að vera til góðs. Ég get vissulega tekið undir þá gagnrýni að áreiðanlega megi bæta eitthvað liðsskipan í Umferðarráði en það er ekkert sem kemur í veg fyrir það í þessu frv., síður en svo.

Ég er ekki ein um það álit að þarna sé um jákvæða kerfisbreytingu að ræða. Ég fór lauslega í gegnum umsagnir áður en ég kom hér í pontu. Það hefur þegar komið fram hverjar athugasemdir landlæknis eru efnislega og ég geri ráð fyrir að það sé mjög auðvelt að sjá það í nál. hv. minni hluta allshn. En ég vil vekja athygli á því að Félag ísl. bifreiðaeigenda telur þessa kerfisbreytingu framfaraspor. Öryrkjabandalagið lýsir sig jákvætt og telur Umferðarráð vel fært um að taka við þessu hlutverki. Stjórn Bandalags ísl. leigubílstjóra fagnar þessum breytingum. Ökukennarafélagið sendi mjög jákvæða umsögn en gerir athugasemdir við ákveðin efnisatriði sem fyllilega er ástæða til að líta á þar sem endurskoðun á umferðarlögum fer fram. Bílgreinasambandið lýsir sig fylgjandi þessari breytingu, Samband ísl. sveitarfélaga mælir með frv., Vegagerðin tekur fram að hún gerir ekki athugasemdir við það.

Námsstjóri í umferðarfræðslu styður það að Umferðarráð sjái um ökupróf og telur það vera til góðs. Samband ísl. tryggingafélaga lýsir eindregnum stuðningi við að færa ökupróf og umsjón ökunáms til Umferðarráðs. Landssamband ísl. akstursíþrótta er sammála efni frv. og Slysavarnafélagið lýsir sig samþykkt efni frv. Ég stikla hér í gegnum þær umsagnir sem ég greip með mér. Það kom líka fram í nefndinni að engir mæltu gegn þessari tilteknu kerfisbreytingu en mjög margir voru meðmæltir henni. Athugasemdir voru gerðar við 3. mgr. 3. gr. í mjög mörgum ef ekki öllum umsögnum sem á annað borð fjölluðu eitthvað um 3. gr. Sú athugasemd var tekin til greina. Ákvæði sem kvað á um það að dómsmrn. hefði þarna óeðlilegan íhlutunarrétt varðandi ráðningar starfsfólks Umferðarráðs var gagnrýnt. Alveg þótti óþarfi að það þyrfti samþykki dómsmrn. til ráðningar starfsfólks Umferðarráðs enda hefur hér verið gerð grein fyrir því að ríkisvaldið hefur möguleika á því að stýra þessari ríkisstofnun.

Varðandi breytt hlutverk Umferðarráðs sem margir hafa talað um að væri e.t.v. til hins verra, að hlutverk ráðsins væri of stofnanagert þar sem það hefði þetta mikilvæga hlutverk með höndum, þá er alls ekki sjálfgefið með þessu frv. að dregið verði úr virkni Umferðarráðs í umferðarfræðslu. Þvert á móti held ég að Umferðarráð hafi betri aðstöðu til að koma sinni fræðslu á framfæri og það hlýtur óhjákvæmilega að vera mjög heppilegt að umferðarfræðsla og umferðaráróður séu í fleiri en einum farvegi á hverjum tíma. Ég vil sérstaklega taka það fram að við hliðina á þessari kerfisbundnu fræðslu sem Umferðarráð hefur sinnt með miklum sóma að mínu mati, þá hafa áhugasamtök ævinlega sprottið upp, oft vegna sérstakra tíðinda í umferðinni og ég tel það mjög jákvætt. Þess vegna held ég að það sé mjög gott ef af verður að opna Umferðarráð fyrir slíkum hópum eins og raunar hefur verið gert formlega núna með því að Áhugahópur um bætta umferðarmenningu mun eiga aðild að Umferðarráði eftir þessa breytingu. En ég sé heldur ekkert óeðlilegt við það og tel það reyndar mjög heppilegt að óháðir hópar starfi utan við Umferðarráð, veiti því aðhald og veki sérstaklega athygli á þeim þáttum sem betur mættu fara. Ævinlega þarf í svona viðkvæmum málaflokki að hafa mjög ríka möguleika á því að benda á það sem miður fer og það er betur gert ef menn eru ekki inni í þeirri stofnun sem sér um hina formlegu fræðslu sem fer fram á vegum ríkisins. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram og ekki síst vegna fyrirvara míns.

Ég legg ríka áherslu á að því aðeins verður hlutverk Umferðarráðs rækt af einhverri reisn og einhverjum myndarskap að fjárveitingar til áróðurs og fræðslu verði ekki skertar og að ekki verði skapað neikvætt andrúmsloft gagnvart Umferðarráði, t.d. með því að fólk fari að líta á þetta sem peningahít sem þurfi að greiða ógnarupphæðir í bara til þess að fá nauðsynlegt ökupróf. Því aðeins nær þessi jákvæða breyting sínum tilgangi að farið verði myndarlega með fjárveitingar af hálfu ríkisins til Umferðarráðs og ekki farið út á þá háskalegu braut að láta ökupróf fara að standa undir nauðsynlegri umferðarfræðslu hér í landinu.

Frsm. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Frsm. meiri hluta nefndarinnar hefur gert allítarlega grein fyrir áliti minni hlutans. Ég ætla þó að leyfa mér að fara hér nokkrum orðum um það nál. og afstöðu minni hlutans. Eins og fram hefur komið varð allshn. ekki sammála við afgreiðslu málsins.

Það er rétt sem komið hefur fram hjá frsm. meiri hluta og einnig hv. síðasta ræðumanni að nefndinni bárust margar umsagnir sem upp hafa verið taldar þar sem mælt var með þessari breytingu ef — en það kom gjarnan þegar líða fór á umsagnirnar. Ein þeirra umsagna sem hv. síðasti ræðumaður gat um var frá Bandalagi ísl. leigubifreiðastjóra og ég ætla að lesa hana til þess að sýna þann tón sem þar kemur fram og reyndar hjá fleirum. En umsögnin er svo, með leyfi forseta:

„Við höfum fengið til umsagnar frv. til laga um breytingu á umferðarlögum.

1. Stjórn Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra fagnar því að með breytingunum er ætlað að koma yfirumsjón bifreiðaprófa undir Umferðarráð.

2. Stjórnin gerir ekki athugasemd við það að Landssamband ísl. akstursíþróttafélaga fái fulltrúa í Umferðarráði.

3. Stjórn Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra er hins vegar andvíg þeim breytingum sem gert er ráð fyrir samkvæmt 3. gr. frumvarpsins."

Það er mjög mikilvægt í þessu tilliti að Umferðarráð verði sjálfstæð stofnun og eins óháð öðrum stjórnvöldum og mögulegt er. Það að dómsmrh. eigi að skipa meiri hluta stjórnar ráðsins og einnig að skipta sér af mannaráðningum er á skjön við þessa skoðun og reyndar einnig í mótsögn við yfirlýsta stefnu stjórnvalda. Enn er það tillaga Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra að frv. verði samþykkt en með þeim breytingum að í 2. mgr. 3. gr. verði sleppt orðunum „tvo þeirra" og í 4. mgr. 3. gr. verði sleppt orðunum „og með samþykki dómsmrn."

Þarna kemur fram annað aðalágreiningsatriði nefndanna, þ.e. að samkvæmt frv. skal dómsmrh. skipa Umferðarráði stjórn. Það er nýmæli. Það er misskilningur hjá hv. frsm. meiri hlutans að svo hafi verið áður. Það hefur verið kosin framkvæmdanefnd fyrir Umferðarráð en stjórn hefur ekki verið þar starfandi fyrr en nú að dómsmrh. skal skipa hana. Í gærmorgun var viðtal við framkvæmdastjóra Umferðarráðs þar sem kom skýrt fram hjá honum að nú yrði það ekki lengur Umferðarráð sem stjórnaði þessi stofnun heldur hin ráðherraskipaða stjórn. En Umferðarráð, þessi fjölmenni hópur, gæti í framtíðinni komið með umsagnir og ábendingar. Það er annað grundvallaratriðið sem veldur því að við leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarnnar og það skoðað frekar í sambandi við þá endurskoðun sem nú fer fram á umferðarlögunum samkvæmt ákvæðum í þeim og átti að ljúka á síðasta ári.

Vafalaust er rétt að oft getur verið hagkvæmni í því

að hafa stofnanir færri og stærri en þó verður að taka tillit til þess hvaða breytingar er óhjákvæmilegt að gera við slíka sameiningu. Það er vissulega hægt að sameina margar stofnanir með þeim árangri að ein stofnun verði þá stór þegar búið er að safna mörgum saman. En þarna bendum við á að verið er að taka forræði af hinum frjálsu félagasamtökum í þessu máli og Umferðarráð verður þarna, eins og framkvæmdastjóri Umferðarráðs sagði, umsagnar- og tillöguaðili. Okkur sýnist að ekki liggi svo á þessari skipulagsbreytingu að hún megi ekki bíða eftir hinni almennu endurskoðun og þá væri kannski hægt að finna leiðir til að ná báðum þessum markmiðum, hagkvæmni í rekstri og hins vegar að skerða ekki áhrif hinna frjálsu félagasamtaka.

Í umsögn landlæknis kemur fram að æskilegt væri að breyta skipan Umferðarráðs. Það er atriði sem að mínu mati væri rétt að skoða líka. Alltaf er hætta á því þegar sömu einstaklingar hafa setið lengi í svona stofnun að þá hætti að koma fram nýjar hugmyndir. Því gæti það vissulega verið athugandi að a.m.k. sumir þeirra aðila sem þarna eiga nú aðild og aðrir sem kann að verða bætt við sætu um takmarkaðan tíma í Umferðarráði. Þá yrði öðrum aðilum hleypt inn og það mundi vafalaust stuðla frekar að því að endurnýjun yrði á einstaklingunum. Í þessu starfi eru alltaf auðvitað að koma fram ný viðhorf og breytingar verða í umferðarmálum eins og hér hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum.

Hitt atriðið sem við í minni hlutanum gagnrýnum sérstaklega er sú stefnumörkun sem sett var fram í fjárlagafrv. fyrir þetta ár en í greinargerð með því segir: „Til að bera uppi hluta af kostnaði Umferðarráðs er reiknað með auknum tekjum af prófgjöldum. Í því augnamiði verður gerð breyting á reglugerð um dómsmálagjöld o.fl." Í samræmi við það var síðan lækkuð fjárveiting úr ríkissjóði til Umferðarráðs og sértekjunum ætlað að taka þar við í vaxandi mæli.

Það er rétt að við gerðum ekki sérstaka athugasemd við þennan lið í fjárlagafrv. þegar það var til umræðu fyrir síðustu áramót en fyrirvari stjórnarandstöðunnar var sá að svo lítil vinna hefði verið lögð í fjarlagafrv. að erfitt væri að taka þar alla liði út úr og gera sérstaklega grein fyrir þeim. Við lýstum því yfir að við tækjum enga ábyrgð þar á neinum tölum svo að ég held að það sé ákaflega erfitt að gera okkur ábyrga fyrir þessum tölum vegna þess að við höfum ekki gert sérstakar athugasemdir um það fyrr en nú. En það hefur þegar komið fram að hinn 30. des. sl. voru gjöld fyrir próf hækkuð um 50%. Í umsögn dómsmrn., sem nefndin fékk, kemur fram að á undanförnum árum hafi sértekjurnar vegna bifreiðaprófa nægt fyrir útgjöldum og reyndar vel það þó að þær hafi hins vegar verið vanáætlaðar og gjöldin líka. En við 50% hækkun er auðvitað ljóst að tekjurnar hækka mjög mikið. Það segir í þessari greinargerð frá dómsmrn. að tekjur vegna almennra prófa hafi á síðasta ári numið 17 millj. og 50% hækkun á þeim sé því 8½ millj. kr. Það kom hins vegar ekki fram í nefndinni hvaðan hinar sértekjurnar koma sem á síðasta ári hafa þá numið rúmlega 21 millj. kr. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það hjá frsm. hvort sá hlutinn hafi ekki líka hækkað við þessa reglugerðarbreytingu. Ef allar sértekjurnar hækka um 50% sjáum við að það eru um 19 millj. Það er hér um bil sú upphæð sem á fjárlögum síðasta árs var ætluð til Umferðarráðs, það voru um 24 millj. kr. Það vantar því ekki mikið á að það jafnist. Það hefur komið þegar fram hjá hv. 5 þm. Vestf. að sumir liðir í reglugerðinni hækkuðu meira en um 50% og er þá kannski spurningin sú hvort þessar 21 millj. kr. hækki meira en um 50%. Ég óska eftir því að frsm. meiri hluta gefi okkur skýringar á því.

Þetta teljum við sem sagt vera ranga stefnu. Ég held að það sé lítill hluti af þeim sem taka bifreiðapróf núna sem er mikið eldri en 17 ára, svo almennt er það nú orðið í þjóðfélaginu og alger nauðsyn að hafa bílpróf. Langflestir þeirra sem á annað borð ætla sér að taka próf gera það á þeim aldri. Ég held að það sé ekki ofsagt að fyrst og fremst sé verið að leggja þetta á 17 ára nemendur.

Þessi atriði sem ég hef hér rakið valda því að við í minni hlutanum leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og athugað hvort ekki verði hægt að ná þeim árangri sem að er stefnt með frv. og jafnframt reynt að komast fram hjá þeim annmörkum sem við teljum vera á því.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem er til umfjöllunar fjallar um breytingu á núgildandi umferðarlögum sem gengið var frá í marsmánuði, ef ég man rétt, 1987. Þar er kveðið á um það, í ákvæði til bráðabirgða, að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 1991. Því hefur það verið embættisskylda hæstv. dósmmrh., þegar hann tók við embætti 1. maí sl., fyrst hann á annað borð sá sig tilknúinn til þess að líta á umferðarlögin og hugsa fyrir breytingum á þeim, að láta fara fram heildarendurskoðun á lögunum eins og kveðið er á um og lögboðið. Því verður að segjast eins og er að hæstv. dómsmrh. hefur brugðist embættisskyldu sinni með því að láta þessa endurskoðun ekki fara fram á tilskildum tíma. Hér hefur verið upplýst að sú endurskoðun standi yfir nú og frv. til breytingar á lögunum verði lagt fram á þessu þingi. Þá spyr maður sjálfan sig frekar en oft áður: Til hvers er þá verið að taka ákveðinn þátt út úr umferðarlögunum og breyta honum fyrst á annað borð er lögboðið að endurskoða lögin og verið er að gera það. Við því hafa ekki nein svör fengist. Meiri hlutinn hefur ekki getað upplýst hvers vegna þetta mál er tekið út úr og verður ekki samferða heildarendurskoðun. Rökin sem helst hafa heyrst eru þau að flytja þurfi umsjón með ökuprófum og ökukennslu á milli stofnana. Það má vel vera að niðurstaðan verði sú að menn telji það skynsamlegt. En menn geta ekki tekið afstöðu til þess hvað er skynsamlegt í þeim efnum fyrr en hæstv. dómsmrh. er búinn að gera það upp við sig og setja í reglugerð eins og honum ber að gera samkvæmt umferðarlögum hvaða kröfur á að gera í ökunámi og ökukennslu. Það er algert reglugerðaratriði. Hafi ráðherra hug á, eins og upplýst hefur verið, að

gera breytingar á þessu máli, setja stífari kröfur og eitthvað því um líkt, þá gerir hann það og hefur fullt vald til þess í reglugerðinni. Nefndin hefur hins vegar ekki verið upplýst um það hvaða efnisatriði þar eru á ferðinni. Við getum því ekki tekið afstöðu til þeirra og enn síður til þess hvort núverandi fyrirkomulag sé þannig að þessari nýju reglugerð verði sinnt með viðunandi hætti eða hvort því þurfi að breyta. Það er nefnilega venjulegur háttur í starfi manna að ákvarða fyrst hvað menn ætla að gera, síðan að ákvarða hvernig menn ætla að framfylgja því, ekki snúa hlutunum við. Hins vegar hef ég tekið eftir því að hæstv. dómsmrh. hefur mikið yndi af embættisveitingum og ýmsar þeirra hafa mér þótt dálítið undarlegar svo ekki sé meira sagt. Kannski er það skýringin á þessari breytingu. Hann getur fengið Umferðarráð beint undir valdsvið sitt. Meira að segja er svo langt gengið í frv. að það má ekki ráða nokkurn einasta mann til starfa án samþykkis hæstv. dómsmrh., ekki einu sinni skúringakonu nema með samþykki hæstv. dómsmrh. Þannig er frv. lagt fram af hæstv. dómsmrh. Þetta kalla ég miðstýringarárättu.

Hin breytingin er sú að draga völdin eða áhrifin úr höndum Umferðarráðs og yfir í fimm manna stjórn sem ráðherrann skipar að meiri hluta til. Það er ekki valddreifing heldur hið gagnstæða og kemur mér á óvart að fulltrúi Kvennalistans lýsi yfir stuðningi við valdasamþjöppun.

Eftir þessa breytingu sem áformað er að gera verður Umferðarráð ekkert annað en bænasamkoma sem getur gert sínar samþykktir og sent bænarskjöl til ráðherra eða stjórnar Umferðarráðs. Viljið þið vera svo vænir að samþykkja það sem við ætlum að gera eða það sem við leggjum til. Og stjórnin svarar: Ja, við skulum skoða málið. Í dag er það ekki þannig. Í dag starfar framkvæmdastjórn Umferðarráðs samkvæmt samþykktum Umferðarráðs. Umferðarráð getur því sagt framkvæmdastjórn fyrir verkum. Það á að fella út. Stjórnsýslulegar breytingar sem eru hér á ferðinni eru í miðstýringarátt.

Ég skal ekki fortaka það að svo kunni að fara að ég geti orðið sammála því þegar ég sé hvernig hlutirnir verða varðandi ökupróf og ökukennslu, að það kunni að vera að Bifreiðapróf ríkisins valdi ekki því verkefni sem þær kröfur kalla á og þurfi því að flytja verkefnið. Ég skal ekki fortaka það. En mér er lífsins ómögulegt að samþykkja það að leggja niður stofnun „af því bara". „Af-því-bara"-rökin duga ekki í íslenskri stjórnsýslu.

Umsagnir aðila voru með ýmsum hætti og ég vil fyrst, til þess að taka af öll tvímæli um það sem gefið er í skyn í nál. meiri hlutans, að umsagnir hafi verið gefnar um efnisatriði frv. af hálfu Bindindisfélags ökumanna, lögreglustjórans í Reykjavík eða menntmrn., segja að þessir þrír aðilar gáfu enga umsögn um þetta frv. Ég vil, til þess að því sé til haga haldið og mönnum verði það ljóst, vitna í bréf menntmrn. en þar segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið tekur ekki að sinni formlega afstöðu til frumvarpsins." — Það er afstaða menntmrn., virðulegi forseti, að taka ekki afstöðu til frv.

Lítum næst á umsögn sem kom frá Bindindisfélagi ökumanna til þess að átta okkur á því um hvað hún fjallar. Hún fjallar um úrbætur, sem sá félagsskapur vill gera, við 3. gr. umferðarlaga, 9. gr., 12. gr., 17. gr., 22. gr., 23. gr., 25. gr., 31. gr., 32. gr., 37. gr., 40. gr., 41. gr., 45. gr., 46. gr., 48. gr., 50. gr., 55. gr., 56. gr., 63. gr., 65. gr., 67. gr., 89. gr., 91. gr. og 92. gr. Þetta var umsögn Bindindisfélags ökumanna. Hún var um þessar greinar. En um hvaða greinar fjallar frv.? Það væri kannski ekki út vegi að líta aðeins á það því frv. fjallar nefnilega um allt aðrar greinar en umsögnin er gefin um.

Þriðji aðilinn sem ég nefndi er lögreglustjórinn í Reykjavík. Hann gaf enga umsögn um þetta frv. Hann gaf umsögn um endurskoðun umferðarlaga almennt, eins og Bindindisfélag ökumanna gerði. Hann gaf umsögn, eins og fram kemur í fskj. með okkar nál. og ég þarf því ekki að lesa upp þær lagagreinar sem hann gaf umsögn um. En hún fjallar ekki um frv.

Síðan eru athugasemdir og viðvaranir í umsögnum annarra aðila. Hér erum við með umsögn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra. Þeir leggja mikla áherslu á að Umferðarráð verði sjálfstæð stofnun og eins óháð öðrum stjórnvöldum og mögulegt er. Þeir vara við miðstýringunni.

Félag ísl. bifreiðaeigenda varar við þeim hugmyndum að hér sé eingöngu um sparnaðarráðstöfun að ræða sem er það sem birtist í fjárlagafrv. Útgjöld ríkisins til þessa málaflokks eiga að minnka úr tæpum 24 millj. niður í 18–19 millj. kr. Ríkið ætlar að leggja minna til málaflokksins.

Öryrkjabandalag Íslands leggur áherslu á að Umferðarráði verði gert sem best kleift á hverjum tíma að gegna viðbótarhlutverki sínu samkvæmt frv. Það tekur sérstaklega fram að það þurfi fjármagn.

Hvað skyldi Umferðarráð sjálft segja? Það segir, með leyfi forseta:

„Leggur Umferðarráð mikla áherslu á að fjárveitingar til ráðsins verði á engan hátt skertar frekar en orðið er heldur verði stefnt að því að auka þær á komandi árum. Í því sambandi ber sérstaklega að geta þess uggs sem margir ráðsmenn bera í brjósti um að prófgjöld til ökuprófs verði hækkuð úr hófi fram til þess að standa undir rekstri stofnunarinnar. Varar Umferðarráð sérstaklega við slíkum hugmyndum." — Það er einmitt það sem verið er að gera.

Hvað skyldi Ökukennarafélag Íslands segja? Það er fagaðili varðandi þann afmarkaða málaflokk sem menn eru að ræða um og á að vera annað meginefni frv. Það segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Ökukennarafélags Íslands vill leggja áherslu á að ökukennsla er mjög sérhæft starf sem krefst yfirgripsmikillar þekkingar á umferðarmálum, virkni og byggingu vélknúinna ökutækja, reynslu eða sérþekkingar í uppeldis- og kennslufræðum og ýmissi annarri sérþekkingu. Ekki verður séð af frv. né meðfylgjandi athugasemdum að tillit sé tekið til þessara þátta, að þeir sem komi til með að eiga að móta og hafa eftir-

lit með ökukennslu og ökuprófum hafi til að bera nokkra sérþekkingu á þessu sviði. Stjórn Ökukennarafélags Íslands óttast að svo kynni að fara að yfirstjórn þessara mála yrði með pólitískum gjörningi fengin í hendur aðila eða aðilum sem ekki byggju yfir þeim hæfileikum né þeirri þekkingu sem telja verður nauðsynlegar forsendur þess að vænta megi jákvæðs árangurs af störfum þeirra og yfirstjórn.

Stjórn Ökukennarafélags Íslands telur því að eigi fyrirhuguð tilfærsla á tilgreindum þáttum til Umferðarráðs að skila þeim árangri sem flm. vænta, sé nauðsynlegt að búa svo um hnútana að um málefni ökukennslu og ökuprófa verði fjallað af einhverjum þeim aðilum sem þekkingu og reynslu hafa á viðfangsefninu. Því leggur stjórn Ökukennarafélags Íslands til að sett verði á laggirnar sérstök nefnd er fjalli um öll þau málefni er tengjast þessu nýja verksviði Umferðarráðs. Má í því sambandi benda á samhljóða niðurstöður tveggja stjórnskipaðra nefnda sem unnu að tillögugerð um framtíðarskipan ökukennslu og ökuprófa, en báðar þessar nefndir komust að þeirri niðurstöðu að slík nefnd væri höfuðforsenda þess að unnt væri að efla og bæta til muna ökukennslu í landinu. Stjórn Ökukennarafélags Íslands telur að sé þetta ekki gert sé verr farið en heima setið."

Slysavarnafélag Íslands er einn umsagnaraðilinn enn sem upp er talinn. Hvað skyldi sá aðili segja? Í umsögn þess segir um breytinguna í 3. gr. frv. „að þar sé í raun verið að rýra áhrif þeirra aðila sem tilnefna fulltrúa í ráðið og flytja allar ákvarðanatökur stjórnar til dómsmrh. eða ráðuneytis hans." Enn fremur segir: „Umferðarráð yrði þá aðeins umsagnaraðili um gerðir ráðuneytismanna." Þá leggur Slysavarnafélagið til að fundir Umferðarráðs verði æðsta stofnun ráðsins og taki endanlega ákvörðun um starfsemi þess. Það er tillaga Slysavarnafélags Íslands að sú breyting verði ekki gerð að Umferðarráð verði á forræði dómsmrh. heldur sjálfstæð stofnun.

Áður hefur verið vikið að umsögn landlæknis og hún birt í nál. svo að ekki þarf að fara yfir hana.

Þannig er, virðulegi forseti, að umferðarmál eru ákaflega mikilvægur málaflokkur og mikilvægt að þeim málum sé sem best skipað. Það er kannski sérstaklega vegna þess að umferðarmál eru að svo miklu leyti heilbrigðismál. Umferðarslysin lenda öll yfir á heilbrigðisgeiranum. Í skýrslu Umferðarráðs frá fyrsta umferðarþingi er birt mat, einhver nálgun sem verið er að reyna að gera til að meta tjónið af völdum umferðarinnar eða kostnað þjóðfélagsins af völdum umferðarslysa, svo ég orði þetta nákvæmlega. Það mat, sem auðvitað er háð ákveðnum forsendum og fyrirvörum og verður því aldrei annað en vísbending eða nálgun um það hvað gæti verið, hljóðar upp á það að árlegur kostnaður sé 5–6 milljarðar króna. Þetta mat gerði hagfræðingur hjá ríkisspítölum sem nú er hv. 13. þm. Reykv. Það hlýtur því að vera meginverkefni og markmið þess ráðherra sem ræðst í endurskoðun umferðarlaga að taka á þeim atriðum sem helst eru slysavaldar, draga úr slysum og minnka það tjón sem þau valda. Það kýs hæstv. dómsmrh. að gera ekki. Hann leggur það mál til hliðar en leggur ofurkapp á formbreytingar.

Mér er lífsins ómögulegt að vera sammála þessari áhersluröð og ég vil minna á það sem kom fram við framsögu þess máls, sem síðar varð núverandi umferðarlög, á Alþingi 13. mars 1987 og var útskýring á því hvers vegna menn settu inn bráðabirgðaákvæðið um endurskoðun umferðarlaga. Það voru tvö atriði sem menn vildu taka á. Það var annars vegar að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám og hins vegar að setja skýr ákvæði um kennslu sem veitir réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki. Auðvitað eiga menn í framhaldi af þeirri skýringu á málinu að virða þann vilja sem lá að baki þeirri lagasetningu. Hið sorglega er að það bólar ekki á upplýsingum um það hvernig hæstv. ráðherra hyggst taka á þessu stóra máli, sem mjög margir eru sammála um að er einn af höfuðþáttum í umferðarslysum, þ.e. ökukennslu og ökunámi. Það er verkefni sem hann hefði átt fyrir nokkru að vera búinn að klára og birta í reglugerð svo að okkur væri ljóst hvað væri um að ræða.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var afskaplega fróðleg ræða og ég get tekið undir þann þátt hennar sem varðar fjármögnun. Ég er hjartanlega sammála því að ekki má skerða fjármagn til umferðarfræðslu hér á landi eins og kom fram í framsögu minni fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á því að skrifa undir nál. En það breytir því ekki að ég styð mjög eindregið að umsjón ökuprófa verði færð undir Umferðarráð. Rétt er að ítreka enn einu sinni að þrátt fyrir ýmsar þarfar og góðar ábendingar, sem hér hafa verið raktar, um það hvernig t.d. stjórn Umferðarráðs verði best fyrir komið þá mæltu þessir sömu aðilar með því að þessi háttur yrði hafður á. Þar var ekki áhyggjum fyrir að fara nema hjá einstaka aðila um að þetta mundi leiða til þess að vald safnaðist á fárra hendur. Eins og réttilega var bent hér á þá er Kvennalistinn mjög lítið hrifinn af slíku og valddreifingarsinnaður og ég þakka fyrir að athygli var vakin á því. En mín valddreifingarhugsjón gengur m.a. út á það að taka mið af þeim umsögnum sem koma víðs vegar að úr þjóðfélaginu og það gerði ég. Á því byggði ég mína niðurstöðu að sjálfsögðu.

Ég vil leiðrétta eitt smálegt hérna. Talað var um í ræðu eins ræðumanns hér á undan að í þremur umsögnum hefðu umsagnirnar fjallað um heildarendurskoðun en ekki um þetta tiltekna frv. Þetta er rétt í sambandi við tvær þeirra en frá menntmrn. kom efnisleg umsögn þótt hún væri ekki á vegum menntmrn., eins og ég gat um áðan, heldur frá námsstjóra í umferðarfræðslu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst sagði síðasti ræðumaður að ég hefði farið með rangt mál og síðan sagði hann að ég hefði farið með rétt mál svo að ég þarf ekki að leiðrétta það. Ég vil aðeins undirstrika það sem er kjarninn í þessu máli hvað varðar Kvennalistann, fyrst það mál var vakið upp, að Kvennalistinn styður báðar

breytingarnar. Bæði um tilflutning verkefnisins og um miðstýringuna, valdasamþjöppunina.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir því hvers vegna ég styð frv., ég tek nefnilega mark á þeim umsögnum sem komu frá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sem telja að völd sín verði ekki skert. Um er að ræða þá aðila sem eiga aðild að Umferðarráði að stórum hluta. Þeir telja ekki að verið sé að skerða völd þeirra og ég virði það.

Af því mér vannst ekki tími til þess að víkja að þeirri umsögn sem kom frá Guðmundi Þorsteinssyni námsstjóra í umferðarfræðslu þá ætla ég að gera það nú í þessum öðrum ræðutíma mínum. Ég tek undir þær efnislegu athugasemdir sem hann kemur með. Í fyrsta lagi segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem tekjur ríkisins af umferð munu áætlaðar 16 milljarðar á árinu 1992 verður að telja við hæfi að rekstur Umferðarráðs og þar með meginhluti kostnaðar vegna forvarnastarfa verði borinn uppi af ríkissjóði." Undir þetta tek ég heils hugar.

Ég á samleið með hv. síðasta ræðumanni að því leyti að ég gagnrýni harðlega ef á að skerða framlög til umferðarmála á vegum ríkisins. En ég tek líka undir það sem námsstjóri í umferðarfræðslu segir í sinni umsögn hér og ég tek enn tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta: „Loks tek ég undir þau sjónarmið í almennum athugasemdum um frumvarpið að umsjón Umferðarráðs með ökunámi og prófum muni skapa því aukna möguleika á að ná árangri í starfi sínu og tækifæri m.a. til betri samræmingar og öryggis í umferðarmálum."

Undir þetta tek ég líka heils hugar, þetta er kjarni málsins.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bæta því við að ég las einmitt úr umsögnum nokkurra þeirra aðila eða flestra sem lýstu yfir stuðningi við þá breytingu að flytja verkefnið milli stofnana. Flestir af þeim höfðu fyrirvara um afstöðu sína, þeir vöruðu við því að skert yrði fé til umferðarmála. Það er nákvæmlega það sem hefur gerst, fyrirvarinn er virkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fráveitumál sveitarfélaga, síðari umr.

Þáltill. SHl og MF, 180. mál. — Þskj. 198, nál. 458, brtt. 459.

Frsm. umhvn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 458. og brtt. á þskj. 459, sem á jafnframt við um þáltill. 214, 194. mál sem lagt var hér fyrir þingið. Þetta nál. og brtt. er frá umhvn. og nál. hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna samhliða þingsályktunartillögu um skolphreinsun, 194. mál. Fékk nefndin á sinn fund Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og ræddi við hann um efni tillagnanna. Einnig bárust umsagnir frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Hollustuvernd ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Landvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Báðar þær þingsályktunartillögur sem hér um ræðir voru lagðar fram á haustþingi. Tillagan um fráveitumál sveitarfélaga, 180. mál, gerði ráð fyrir því að umhverfisráðherra yrði falið að gera úttekt á stöðu fráveitumála hjá sveitarfélögum í landinu, meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um hvernig sveitarfélögum yrði auðveldað að standa undir kostnaði við úrbætur. Tillagan um skolphreinsun, 194. mál, gerði ráð fyrir hönnun skolphreinsibúnaðar sem hæfi íslenskum aðstæðum og möguleika á framleiðslu slíks búnaðar hérlendis.

Þann 12. febrúar 1992 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera úttekt á ástandi fráveitumála, móta stefnu og gera tillögur um bætta skipan fráveitumála í landinu svo og semja kostnaðaráætlun þar að lútandi. Nefndinni er ætlað að kanna ástand fráveitumála um land allt og benda á leiðir til úrbóta sem bæði taka mið af sérstöðu Íslands og þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig eða líklegt er að þeir muni gera. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, Siglingamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Samtaka tæknimanna sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni er ætlað að skila áfangaskýrslu fyrir 15. september 1992 og tillögum um nauðsynlegar úrbætur ásamt greinargerð í upphafi árs 1993.

Umhverfisnefnd fagnar því að umhverfisráðherra hafi skipað starfshóp til að gera úttekt á ástandi fráveitumála sem byggir meðal annars á efni þeirra tillagna sem fyrir umhverfisnefnd lá að afgreiða. Nefndin telur þó nauðsynlegt að árétta nokkur atriði um leið og hún vill styðja þetta framtak með því að leggja til að Alþingi álykti um það. Hefur verið valin sú leið að flytja breytingartillögu við 180. mál en með hliðsjón af efni 194. máls og lítur nefndin svo á að afgreiðslu beggja þessara mála sé þar með lokið.

Umhverfisnefnd vill benda á nauðsyn þess að nefnd sú sem gerir úttekt á ástandi fráveitumála skili tillögum sínum í upphafi árs 1993. Einnig að nefndin kanni hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirliggjandi varðandi skolphreinsun. Þá telur umhverfisnefnd mjög mikilvægt að metinn verði kostnaður við úrbætur og að gera þurfi tillögur um hvernig megi auðvelda sveitarfélögum að standa undir honum. Umhverfisnefnd leggur sérstaka áherslu á að úrbótatillögur nefndarinnar taki mið af að fráveitumál byggðanna verði leyst til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali."

Undir nefndarálitið rita Gunnlaugur Stefánsson, Tómas Ingi Olrich, Hjörleifur Guttormsson, Árni R. Árnason, Valgerður Sverrisdóttir, Kristín Einarsdóttir,

Ólafur Ragnar Grímsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Árni M. Mathiesen.

Brtt. við till. til þál. um fráveitumál sveitarfélaga frá umhvn. hljóðar þá svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að hraða úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga. Kannað verði hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirliggjandi varðandi skolphreinsun, metinn kostnaður við úrbætur og hvernig auðvelda megi sveitarfélögum að standa undir honum. Áhersla verði lögð á úrbætur sem leysi fráveitumál byggðanna til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar."

Herra forseti. Þannig hljóðar nál. og brtt. Það er rétt að geta þess í lokin að þetta er fyrsta nál. umhvn. sem lagt er fyrir Alþingi með formlegum hætti. Þess má geta að umhvn. sendi hv. fjárln. umsögn sína um umhverfisþátt fjárlagafrv. fyrir áramót. En þetta er í raun fyrsta nál. og fyrsta tillaga til þál. sem kemur frá umhvn. enda kunnugt að hún var stofnuð á síðasta ári með nýjum lögum og þingsköpum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna þeirri tillögu sem hefur verið lögð hér fram. Það er verið að samræma þarna tvær tillögur og ég tel að það sé vel. Þær ganga raunverulega út á svipaða hluti þ.e. að reyna að ýta af stað einhverjum aðgerðum í sambandi við skolphreinsimál sveitarfélaganna. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál um þessa hluti en mig langar þó til að segja það, því ég tel að sú vísa verði aldrei of oft kveðin, að ríkisvaldið hefur ekki staðið sig sem skyldi í því að fylgja eftir þeim reglum sem eru núna í gildi um fráveitumál. Það þyrfti að vinda bráðan bug að því að fylgja betur eftir reglum um þessi mál öll. Ég veit um mörg dæmi sem ég gæti talið hér upp um það að árum saman hafa reglur um heilbrigðismál verið brotnar í sambandi við frárennslismál hjá sveitarfélögunum og að heilbrigðiseftirlitið á stöðunum hefur ekki fylgst með eða fylgt eftir reglum um það hvernig eigi að ganga frá skolpveitum. Það er ekki nóg að setja reglur, það verður líka að fylgja þeim eftir.

Ég hvet til þess að málið gangi hér í gegnum þingið og það hratt því nú bíða sveitarfélögin í landinu eftir því að sjá hvort ríkið ætli með einhverjum hætti að koma inn í þessi mál. Menn bíða með að ákveða hvernig þeir ætli að skipuleggja dýrar framkvæmdir fram í tímann vegna þess að gefið hefur verið til kynna að komið verði til móts við sveitarfélögin með einhverjum hætti í sambandi við fjármögnun. Jafnvel er hugsanlegt að hið opinbera komi með einhverjum hætti með fjárframlög í þessar framkvæmdir sem sveitarfélögin þurfa að fara í. Þær eru geysilega kostnaðarsamar hjá sumum sveitarfélögunum. Auðvitað er eðlilegt að þau hinkri við og reyni að átta sig á því hvort vænta megi stuðnings frá hinu opinbera. Þess vegna þarf að hraða því að það komist á hreint hver hlutur hins opinbera verður í þessum málum. En ég vil endurtaka það að ég tel að nú liggi einnig á að fylgja eftir þeim reglum sem eru nú þegar í gildi.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er annar tveggja flm. að till. til þál. á þskj. 198 um fráveitumál sveitarfélaga vil ég aðeins koma hér til að þakka hv. nefndarmönnum umhvn. fyrir umfjöllun þeirra og afgreiðslu og tel að sú tillaga, sem nefndin flytur, feli í sér allt það sem við lögðum til í tillögu okkar sem var rædd hér fyrr í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

93. FUNDUR

þriðjudaginn 3. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Minning Hermanns Guðmundssonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hermann Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og alþingismaður, andaðist á Borgarspítalanum síðastliðinn fimmtudag, 27. febrúar, 77 ára að aldri.

Hermann Guðmundsson var fæddur í Reykjavík 15. júní 1914. Foreldrar hans voru hjónin Guðmundur vélstjóri þar og síðar í Hafnarfirði Guðlaugsson bónda í Sogni í Kjós Jakobssonar og Marsibil Eyleifsdóttir húsmanns í Mýrarhúsum á Akranesi Eyleifssonar. Tólf ára að aldri fluttist hann til Hafnarfjarðar og átti þar heimili síðan. Hann lauk gagnfræðaprófi í Flensborgarskóla vorið 1932 og var verkamaður og sjómaður næstu árin. Hann var erindreki Sjálfstæðisflokksins 1939–1942. Næstu árin sinnti hann aðallega formennsku í verkalýðssamtökum. Framkvæmdastjóri Íþróttasambands Íslands var hann frá 1951 til 1985, lét af því starfi sjötugur.

Hermann Guðmundsson starfaði mikið að íþróttamálum. Hann var formaður Knattspyrnufélagsins Hauka í Hafnarfirði 1933–1938, var í Íþróttaráði Hafnarfjarðar 1935–1945 og í stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar 1945–1959. Hann var formaður Íþróttanefndar ríkisins 1946–1949 og átti áfram sæti í nefndinni til 1952. Árið 1959 var hann kosinn í framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, varð varaforseti þess 1951, en lét af því starfi þegar hann varð framkvæmdastjóri sambandsins. Árið 1958 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Störf Hermanns Guðmundssonar að verkalýðsmálum voru umfangsmikil. Hann var formaður Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði 1940–1952 og 1954–1978. Í stjórn Alþýðusambands Íslands var hann 1942–1948 og 1968–1980, forseti þess 1944–1948. Hann var ritari í stjórn Verkamannasambands Íslands 1964–1968 og varaformaður þess 1968–1976. Í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs var hann 1955–1983, stjórnarformaður Sparisjóðs alþýðu 1966–1970 og formaður bankaráðs Alþýðubankans 1970–1976. Árið 1971 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um orlof. Árið 1977 varð hann formaður fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði.

Á sviði stjórnmála var Hermann Guðmundsson einnig kjörinn til trúnaðarstarfa. Hann var formaður Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 1938–1939. Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar var hann 1942–1943 og jafnframt í útgerðarráði Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Við alþingiskosningar árið 1946 var hann í kjöri í Hafnarfirði fyrir Sameiningarflokk alþýðu – Sósíalistaflokkinn, varð landskjörinn þingmaður og sat á Alþingi til 1949, á fjórum þingum alls.

Hermanni Guðmundssyni auðnaðist að starfa lengi og vel að áhugamálum sínum. Ungur að árum tók hann að sér forustu í félagi ungra knattspyrnumanna í Hafnarfirði. Eftir það var honum falinn margs konar trúnaður í íþróttamálum heimabæjar síns. Síðar var hann á fjórða tug ára framkvæmdastjóri heildarsamtaka íþróttahreyfingarinnar í landinu. Þar leysti hann af hendi umfangsmikið starf fyrir þau fjölmennu og vaxandi samtök, bæði í miðstöð þeirra í Reykjavík og á ferðalögum í þeirra þágu innan lands og utan. Störf að verkalýðsmálum hóf hann einnig í heimabæ sínum, en hófst síðan til forustu í landssamtökum verkalýðsins. Af því áhugamáli hans mótaðist vera hans og störf í stjórnmálasamtökum fram til þess að hann hvarf af Alþingi. Eftir það var hann ekki bundinn stjórnmálaflokki.

Margt og mikið hefur áunnist í íþrótta- og verkalýðsmálum á starfsárum Hermanns Guðmundssonar, og þar munaði jafnan um það sem hann hafði fram að leggja, meðal annars með veru sinni á Alþingi.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Hermanns Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa bréf er varða varaþingmenn. Hið fyrsta er svohljóðandi, dags. 3. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Elín R. Líndal hreppstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegi forseti.

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v."

Elín R. Líndal hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og er því boðin velkomin til starfa á ný.

Þá er annað bréf svohljóðandi, dags. 28. febr. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, María E. Ingvadóttir viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn."

María E. Ingvadóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þá er þriðja bréfið sem hljóðar svo og er dags. 3. mars 1992:

„Þar sem heilbr.- og trmrh. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestfjarðakjördæmis, er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér að beiðni hans, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétur Sigurðsson, formaður Alþýðusambands Vestfjarða, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson,
formaður þingflokks Alþýðuflokksins."

Pétur Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá er fjórða bréfið, dags. 3. mars 1992, og hljóðar svo:

„Þar sem ég, vegna sérstakra anna, get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurl., Hrafnkell A. Jónsson, formaður verkalýðsfélagsins Árvakurs á Eskifirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl."

Kjörbréf Hrafnkels A. Jónssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hrafnkell A. Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa á þingi á ný.

Þá eru hér tvö bréf til viðbótar. Hið fyrra hljóðar svo og er dags. 27. febr. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varamanns Alþfl. í Vesturl. taki 2. varamaður Alþfl. Vesturl., Sveinn Þór Elinbergsson kennari, Ólafsvík, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Eiður Guðnason, 4. þm. Vesturl."

Með þessu bréfi fylgir svofellt bréf 1. varamanns Alþfl. í Vesturl., dagsett 26. febr. 1992:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi næstu vikur sem 1. varaþingmaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Gísli S. Einarsson."

Síðustu bréfin hljóða svo, dags. 27. febr. 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varamanns Alþb. í Austurl. taki 2. varamaður Alþb. í sama kjördæmi, Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Með þessu bréfi fylgir bréf 1. varaþingmanns Alþb. í Austurlandskjördæmi og það er dags. 21. febr. 1992:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varaþingmaður Alþb. í Austurlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Einar Már Sigurðarson."

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem rannsaka þarf kjörbréf Þuríðar Backman og Sveins Þórs Elinbergssonar skv. 4. gr. þingskapa verður nú gert fimm mínútna fundarhlé meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sveins Þórs Elinbergssonar, sem er 2. varaþingmaður Alþýðuflokksins – Jafnaðarmannaflokks Íslands í Vesturlandskjördæmi. Það er gefið út af landskjörstjórn 28. febr. 1992. Svohljóðandi bréf fylgir frá 1. varaþingmanni Alþfl. í Vesturlandskjördæmi:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi næstu vikur sem 1. varaþingmaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Gísli S. Einarsson."

Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við þetta kjörbréf og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Þá fékk kjörbréfanefnd einnig til athugunar kjörbréf Þuríðar Backman. Það kjörbréf var gefið út 28. febr. og undirritað af landskjörstjórn, en Þuríður er 2. varaþingmaður Alþb. í Austurlandskjördæmi. Svohljóðandi bréf fylgdi frá 1. varaþingmanni Alþb. í Austurlandskjördæmi:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varaþingmaður Alþb. í Austurlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Einar Már Sigurðarson."

Kjörbréfanefnd er sammála um að mæla með samþykkt þessa kjörbréfs og er þetta afgreitt frá henni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Þuríðar Backman og Sveins Þórs Elinbergssonar samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þuríður Backman og Sveinn Þór Elinbergsson hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þuríður Backman, 4. þm. Austurl., og Sveinn Þór Elinbergsson, 4. þm. Vesturl., undirrituðu drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þuríður Backman og Sveinn Þór Elinbergsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Vegáætlun 1991–1994, frh. fyrri umr.

Stjtill., 216. mál. — Þskj. 297.

Sturla Böðvarsson:

Frú forseti. Tillaga til breytinga á vegáætlun fyrir árin 1991–1994 er til umræðu og vil ég nota tækifærið og ræða okkur atriði sem lúta að vegamálum og hljóta að koma til umræðu þegar vegáætlun er til endurskoðunar.

Á 113. löggjafarþingi var samþykkt þáltill. sem lagt er til að verði gerðar breytingar á. Á því sama þingi var til umfjöllunar svokölluð langtímaáætlun í vegagerð sem ekki hlaut afgreiðslu þá en var samt sem áður fjallað nokkuð ítarlega um, bæði í þinginu og í þingnefnd, þ.e. hv. fjárveitinganefnd, sem þá var. Í tengslum við brtt. á vegáætlun vil ég gera þætti, sem fram komu í umræðum um langtímaáætlun, örlítið að umtalsefni. En að sjálfsögðu náði langtímaáætlun um vegagerð til þessa tímabils, áranna 1991–1994. Áður vil ég segja að í sjálfu sér er það ekki sérstakt áhugamál mitt að fjalla um miklar breytingar á vegáætluninni í þá veru að lækka útgjöld til vegamála. Engu að síður hljótum við að takast á við þau verkefni sem við höfum fyrir okkur í dag í ljósi staðreynda um þjóðarhag og ástands í ríkisfjármálum með minnkandi þjóðartekjum. Samt er ástæða til þess að vekja athygli á því sem fram kom fyrr í umræðunum að oft er litið til þess hversu mikið fjármagn fer til vegagerðar hverju sinni miðað við þjóðartekjur og það kom fram hjá einum hv. þm. að árið 1990 var 1,46% af þjóðartekjum varið til vegamála og árið 1991 var áætlað 1,44%. Miðað við áætlaðar þjóðartekjur, miðað við þjóðhagsspá í desember, er þetta hlutfall 1,57%. Auðvitað vitum við að um lækkun í krónutölu er að ræða á föstu verðlagi en engu að síður hljótum við að verða að taka tillit til þjóðartekna þegar við ræðum um útgjöld til vegamála eins og þegar við fjöllum um alla aðra þætti í útgjöldum ríkisins.

Fyrr í ræðu minni nefndi ég það sem fjallað var um í langtímaáætlun til vegagerðar en vegáætlun er mjög mikilvægur þáttur í okkar þjóðmálum. Vegamál lúta auðvitað að uppbyggingu atvinnulífsins um allt land. Miklu máli skiptir fyrir atvinnuvegina hvernig samgöngur eru. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það. Einnig skiptir mjög miklu máli hvernig uppbygging vegakerfisins er þegar við gerum áætlanir til lengri tíma um þróun byggðar í landinu. Nefna má mörg dæmi um það, t.d. þá miklu samgöngubót sem varð með Ólafsfjarðargöngum. Ég trúi því að það hafi haft afgerandi þýðingu fyrir byggðirnar við Eyjafjörð þegar Ólafsfjarðargöngin opnuðust. Ég er viss um að það mundi hafa mjög afgerandi þýðingu fyrir atvinnumál á norðanverðu Snæfellsnesi ef samgöngur væru betri en þær eru á milli sjávarbyggðanna, þar sem þær eiga nú, eins og margar sjávarbyggðir, mjög undir högg að sækja í atvinnulegu tilliti. Þess vegna hljótum við alþingismenn að líta mjög til uppbyggingar í vegakerfinu þegar við fjöllum um atvinnumál. Um það þarf ekki að fara mjög mörgum orðum.

Þegar litið er til þess og reynt að meta ástand vegakerfisins er í dag þá verðum við því miður að viðurkenna, þrátt fyrir að mjög mikilvægir áfangar hafi náðst, að vegakerfið á Íslandi er um margt mjög á eftir og í rauninni vanþróað miðað við marga aðra þætti þjóðfélagsins þar sem hafa orðið miklar framfarir á undanförnum áratugum. Mjög víða er því verk að vinna í samgöngumálum, ekki síst í vegamálum. Og sérstaklega má líta til þess þegar við horfum til ferðaþjónustu sem atvinnugreinar. Talað er um að ferðaþjónusta sé einn af mikilvægustu kostum okkar til atvinnuuppbyggingar í landinu. En það er deginum ljósara að við getum ekki búist við miklum árangri í því að efla ferðaþjónustu og ekki búist við því að draga mikið af erlendum ferðamönnum til landsins á næstu árum ef ekki verður gert verulegt átak í því að bæta vegasamgöngur í Íslandi. Ég held að allir séu á einu máli um það og að ekki þurfi að hafa mörg orð um það.

Þegar fjallað var um langtímaáætlun í vegagerð hafði nefnd, sem hæstv. þáv. samgrh. skipaði og í voru fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum, starfað um nokkurn tíma. Nefndin lagði fram tillögur og mótaði þau markmið sem gert var ráð fyrir að vinna eftir við uppbyggingu vegakerfisins þau 12 ár sem gert var ráð fyrir að áætlunin næði til. Í þessum markmiðum sem fram koma í till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð segir, með leyfi forseta:

„Við gerð áætlunarinnar er miðað við, að atvinnu- og skólasvæði verði tengd saman í samgöngusvæði eftir því sem unnt er. Skil milli samgöngusvæða markast af fjallvegum, víðáttumiklu strjálbýli eða eyjasundum. Samgöngusvæði skal almennt ekki vera stærra en svo, að fjarlægð innan þess að þjónustumiðstöð sé ekki meiri en 70 km á norðanverðu landinu og 100 km á sunnanverðu landinu. Er þá verið að taka tillit til snjóþyngsla og veðráttu.

Vetrarþjónusta taki mið af samgöngusvæðum. Þannig er þjónustan best innan samgöngusvæða og stefnt að því á áætlunartímanum að halda stofnbrautum þar opnum alla virka daga, og alla daga þar sem umferð er mikil. Á milli nágrannasvæða verði opnað 3–5 sinnum í viku, þar sem tiltækilegt þykir. Sama opnunartíðni verði á hringveginum og helstu stofnbrautum út frá honum.

Að öðru leyti skal stefnt að eftirtöldum jafngildum markmiðum:

1. Stofnbrautir hafi fullt burðarþol (10 t) allt árið,

svo og þýðingarmeiri þjóðbrautir. Við nýbyggingar vega og brúa á þessum leiðum skal miða við 11,5 t öxulþunga. Aðrir opinberir vegir hafi að lágmarki 7 t burðarþol.

2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því, sem unnt er, og með tilliti til vetrarþjónustu, sem veita á skv. því, sem rakið er hér á undan.

3. Bundið slitlag sé lagt á allar stofnbrautir svo og þær þjóðbrautir, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag.

4. Á umferðarmestu þjóðvegum séu byggð umferðarmannvirki, sem tryggi greiða umferð bifreiða og öðrum vegfarendum öryggi.

5. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við byggingu og viðhald vega. Vegagerð ríkisins skal vinna að því að draga úr umferðarslysum, og sé leitað samvinnu við aðra aðila sem fást við þau mál. Stefnt verði að því að umferðarslys með meiðslum verði færri í lok áætlunartímans, en þau eru nú, þrátt fyrir aukningu í umferð, sem búist er við.

6. Vegfarendum séu veittar upplýsingar og önnur þjónusta, sem miði að greiðum og öruggari samgöngum."

Með þessum tilvitnunum um markmið í langtímaáætlun, sem vegáætlun er hluti af, hlýtur okkur að vera ljóst að mjög langt er í land með að framangreindum markmiðum sé náð. Þess vegna hljótum við að harma að ekki skuli takast að halda þeim áætlunum sem við höfum sett okkur um vegaframkvæmdir. En eins og ég nefndi fyrr verðum við að sjálfsögðu að semja okkur að þeim staðreyndum sem efnahagslífið setur okkur. Þess vegna fjöllum við um endurskoðun á þeirri vegáætlun sem nú er til umfjöllunar.

Samt sem áður hljótum við að leita allra leiða til að hraða þessum vegaframkvæmdum þannig að ekki dragist langt fram á næstu öld að ná þeim mikilvægu markmiðum sem vitnað er til úr langtímaáætluninni.

Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir að vegáætlun yrði endurskoðuð. Við fáum það viðfangsefni í þinginu núna að taka hana upp og semja hana að þeim forsendum sem við settum okkur við afgreiðslu fjárlaganna. Engu að síður tel ég nauðsynlegt miðað við núverandi aðstæður að leita allra leiða til þess að nálgast sem mest að halda vegáætluninni og skoða, ekki síst með tilliti til ástands í atvinnumálum þjóðarinnar, hvort nokkur leið sé til þess að auka fjármagn til vegagerðar þó það verði líklega ekki hægt eins og hlutirnir standa núna.

Fyrr við umræðuna var samningur við Reykjavíkurborg, sem gerður var af fyrri ríkisstjórn rétt fyrir kosningar sl. vor, gerður að umræðuefni. Ekki er óeðlilegt að sá samningur hafi komið til umræðu en ég vil leggja áherslu á að samninga sem ríkið gerir við sveitarfélög á að halda. Og að sjálfsögðu hljótum við að leggja áherslu á að staðið verði við þann samning þó hann hafi komið mörgum á óvart, ekki síst vegna þess að hann var gerður á þeim tíma þegar unnið var að gerð vegáætlunarinnar. Í þessu sambandi vil ég nefna að nú þegar vegalög verða endurskoðuð, en nú mun vera starfandi nefnd við það verkefni, tel ég nauðsynlegt að taka lögin um þjóðvegi í þéttbýli til athugunar og skoða með hvaða hætti ríkisvaldið kemur inn og tekur þátt í kostnaði við gerð þjóðvega í þéttbýli og að endurmetið og endurskoðað verði hvaða samgönguæðar innan mesta þéttbýlisins sé eðlilegt að Vegasjóður greiði hluta í. Gagnrýnt hefur verið og fer ekkert á milli mála að hinir ólíklegustu vegir, jafnvel húsagötur, á höfuðborgarsvæðinu séu skilgreindir sem þjóðvegir í þéttbýli sem ríkissjóður greiðir kostnað við. Þetta þarf auðvitað að skoða og ég legg á það áherslu að þegar vegalög verða endurskoðuð verði þetta sérstaklega tekið upp.

Að undanförnu hefur mjög mikið verið rætt um stórframkvæmdir í vegamálum. Þar má nefna göng undir Hvalfjörð. Á vegum hlutafélags sem stofnað var og nefnist Spölur hefur verið unnið mjög merkilegt starf að undirbúningi þess að koma á göngum undir Hvalfjörð. Það yrði auðvitað mjög mikilvæg samgöngubót og kæmi öllum landsmönnum að notum. Í því sambandi vil ég nefna að bættar samgöngur, þar á meðal samgöngur út frá mesta þéttbýlinu í landinu, skipta þjóðina mjög miklu máli. Auðvitað er deginum ljósara að allir flutningar til og frá mesta þéttbýlinu, stærsta markaðssvæðinu, hljóta að vera mjög mikilvægir. Á næstunni hlýtur því að verða litið til þess hvaða möguleikar séu á að hrinda framkvæmdinni við göng undir Hvalfjörð af stað. En þetta er risaverkefni sem er nauðsynlegt að skoða rækilega og leita allra leiða til að koma þeirri framkvæmd á, ekki síst eins og ástatt er hjá okkur í atvinnumálum um þessar mundir.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki lengja umræðurnar núna. Ég fæ tækifæri til þess í samgn. og væntanlega í fjárln. að fjalla um vegáætlun og mun þá síðar fjalla nánar um þá áætlun sem hér liggur fyrir og er til umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í umræðu á Alþingi viljum við gjarnan setja málið þannig upp að sjálfgefið sé að fjármagn til vegamála sé skorið niður þegar ákvarðanir eru teknar um að skera niður ýmis framlög til framkvæmda. Með þessu er ég ekki að halda því fram að hæstv. samgrh. hafi viljað stefna að niðurskurði. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi staðið frammi fyrir því í ríkisstjórninni að verða að lúta því, sem aðrir ráðherrar, að taka þátt í niðurskurðinum. Ég vil aftur á móti með þessu koma því fram að Vegagerðin fær ekki framlög úr ríkissjóði í þeirri merkingu að tekið sé af hinum almennu skatttekjum heldur er um það að ræða að henni eru markaðir tekjustofnar. Ég er þeirrar skoðunar að Vegagerðina þyrfti að gera að sjálfstæðu fyrirtæki, byrja á því að gera hana að B-hluta fyrirtæki sem hefði fullar lánsheimildir til þess að ganga til verks í vegaframkvæmdum eins og skynsamlegast er. Ég er sannfærður um að verulega mikil sóun á sér stað í dag í framkvæmdum í vegagerð einfaldlega vegna þess að við erum að skipta verkunum niður í of smáar einingar og það skilar ekki nægilega miklu áfram. Þetta má orða svo að framkvæmdir þarf að vinna eftir því verklagi hvernig skynsamlegast er að standa að verki í

miklu ríkari mæli en gert hefur verið.

Vissulega er þrýst á að koma ákveðnum vegarköflum áfram og vissulega hef ég tekið þátt í því sem aðrir. En það breytir ekki þeirri staðreynd að heildarnýting fjármunanna skiptir verulega miklu máli. Ég hygg að svo sé með flesta þingmenn í dag að þeir horfi á hvað er líklegt til þess að geta orðið til að hagvöxtur verði aftur staðreynd á Íslandi og þá komi fyrst upp í hugann hjá mörgum ferðamál. Ef við náglumst þetta út frá því marki þá þótti mér athyglisvert þegar ég hlýddi á umræður um þróun ferðamála á ráðstefnu í Borgarnesi að varðandi bændagistinguna sem hefur verið einna mest aukningin í þá er það svo gagnvart fyrirspurnum erlendis frá að þrír af hverjum fjórum hætta við þegar þeir fá að vita hvað bílaleigubíll á Íslandi kostar. Hvers vegna hætta þeir við? Jú, forsendan fyrir því að þeir ferðist og stundi dreifða gististaði eins og bændagistingu er að þeir leigi sér bíl. Annars á það sér ekki stað því að rútur fara ekki heim að hinum ýmsu sveitabæjum.

Þegar skoðað er hver er kostnaðurinn af bílaleigubílunum er hann svo miklu hærri hér en í nágrannalöndunum að þeir hrökkva frá. Vegirnir eru þar númer eitt. Við erum með það lélegt vegakerfi að afleiðingin er sú að kostnaður við bílaleigubíla er meiri hér, fyrir utan það að það hefur að mínu viti átt sér stað eitthvert slys í tryggingarlöggjöfinni um bíla svo ekki sé meira sagt. Ég fæ ekki séð að það geti verið réttlátt að greiða eigi lækni sem slasast miklu meiri bætur en verkamanni sem slasast en svo er núna gengið frá þeim málum. Að mínu viti er það hringavitleysa. Hins vegar kostar þetta stórar fjárhæðir. Þetta kostar stórar fjárhæðir í tryggingakerfinu og við borgum miklu hærri tryggingaiðgjöld en aðrar þjóðir. Ég er þess vegna sannfærður um að við þurfum að átta okkur á að framfarir í vegagerð tengjast hagsæld þjóðarinnar.

Ég tel t.d. að það sé rétt hjá hæstv. samgrh. að það sé stórmál fyrir Norðlendinga og Austfirðinga að vegurinn þar á milli verði bættur. Ég er sannfærður um að það hefði mikil áhrif á það hvort menn keyra hringveginn eða ekki.

Ég ætla að víkja ögn að öðru máli sem tengist þessu líka og það er spurningin um það ef fjölskylda ákveður að eyða 150 þús. í sínu sumarleyfi til ferðalaga og velur á milli hvort hún fer til útlanda eða hvort hún ferðast um eigið land. Þá er sá stóri munur á að mjög mikill hluti af þeim fjármunum sem hún eyðir í sínu fríi fer í ríkiskassann ef hún ferðast um Ísland. Fari hún til útlanda aftur á móti fer sama og ekkert af þeim fjármunum til ríkisins. Þess vegna hlýtur það að vera mikið hagsmunamál hjá þjóð sem var með 14 milljarða kr. í viðskiptahalla á seinasta ári að gera sér grein fyrir því að forsendan fyrir því að Íslendingar ferðist um land sitt, að Reykvíkingar aki hringveginn, er m.a. að hringvegurinn verði með bundnu slitlagi. Líka hitt að það verði viðurkennt að hringvegurinn á að sjálfsögðu að vera hringvegur um Ísland sem heild en ekki að það sé litið svo á að það sé nóg að hafa hringveg norður Holtavörðuheiði og svo austur fyrir. Auðvitað lítum við svo á sem búum í Vestfirðingafjórðungi að Vestfirðingafjórðungur sé hluti af landinu. Ég hef heyrt bæði viðhorf Vestfirðinga og þeirra sem búa á Snæfellsnesi til þeirrar hugmyndar að menn séu búnir að keyra hringinn í kringum landið þegar þeir hafa farið hringveginn.

Ég ræði þetta út frá þessum athugasemdum vegna þess að ég tel að það reyni mjög á þingmenn ríkisstjórnarinnar að taka afstöðu til þess hvort þeir líta svo á að það sé sjálfgefið að það sé til blessunar fyrir þjóðina að framlög til vegagerðar séu skorin niður. Ég held að svo sé ekki. Ég held að það skaði íslenskt efnahagslíf að skera þetta niður.

Ég vil líka nálgast þetta mál út frá því að búið er að taka ákvörðun um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Ég ætla ekki að hefja um það langar umræður. Engu að síður þótti mér dálítið merkilegt þegar hagfræðingur var kallaður til og látinn lýsa því yfir hvað þetta væri gott dæmi um einkavæðingu, hvað það hefði tekist vel og þjónustan hefði batnað. Ég veit ekki hvort þeir sem gefa slíkar yfirlýsingar átta sig á því að það er viti borið fólk hringinn í kringum landið sem veit þó nokkuð um þessi mál og lætur ekki segja sér hvað sem er. Auðvitað getur líka verið spurning hvort tilfellið sé að einkavæðingin eigi að vera á þann hátt að leggja fyrirtækið niður. Það er önnur hlið á því máli. En það sem eftir stendur og er staðreynd og verður að taka afstöðu til er að vissir staðir munu ekki fá neina þjónustu með skipaútgerðum hinna sjálfstæðu skipafélaga sem rekin eru í einkageiranum á félagslegum grunni undir stöfunum hf eins og allir vita. Hvað á t.d. að verða með Árneshreppinn? Hvernig ætla menn að standa að samgöngum þangað? Það hlýtur náttúrlega að kalla á það að hraða verði vegagerð norður í Árneshrepp þannig að megnið af árinu sé hægt að komast á flutningabílum norður eftir. Flutningar á sjó koma svo til greina á þeim tíma sem þessi leið er algerlega lokuð.

Svo ég nefndi annað dæmi, hvað verður með vegagerð yfir Hálfdán, þ.e. milli Tálknafjarðar og Bíldudals? Þessi ákvörðun að leggja niður Skipaútgerð ríkisins hlýtur að kalla á ákvarðanatöku og afstöðu gagnvart þessum tveimur svæðum. Allt annað er óraunhæft. Ég horfi á það sem staðreynd að jarðgöngin munu leysa vandamál Vestur-Ísafjarðarsýslu og einnig má segja sem svo að þau eiga eftir að gera það gagnvart Austfjörðum en þar verður náttúrlega um þó nokkuð langan biðtíma að ræða og menn verða líka að taka afstöðu til hvernig menn ætla að leysa það mál meðan á þeim biðtíma stendur.

Það vill nú svo til, herra forseti, að Alþingi er ráðherralaust þessa stundina þó að hér hafi verið ráðherrar salnum og ég tel sanngjarnt að hæstv. samgrh. sitji í salnum meðan umræðan fer fram.

Ég hlýddi með athygli á það mál sem Sturla Böðvarsson flutti og ég verð að segja að ég er honum sammála um þau meginmarkmið sem þar koma fram og sú nefnd sem fjallaði um þau mál leit á sem eðlilega áfangaröðun í sangöngumálum. Hins vegar vil ég undirstrika að sú ákvörðun að leggja niður Skipaútgerð ríkisins hlýtur að kalla á ákvörðun um meiri alvöru

varðandi snjómoksturinn en verið hefur. Það hlýtur að kalla á þá alvöru að menn moki ákveðna fjallvegi, hvort sem það er erfitt eða ekki, til þess að hægt sé að halda uppi samgöngum af öryggi til þess að flytja mat í matvöruverslanir þeirra svæða sem lokast af. Ekki þýðir að ætla að hafa það í einhverju „ef-til-vill"-formi þegar búið er að taka ákvörðun um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins.

Ég vil líka vekja athygli á því að enn hagar svo til sums staðar á landinu að þungatakmarkanir á vegum loka því að hægt sé að nota vöruflutningabíla til þess að flytja vöru eftir vegakerfinu á vorin eða seinni part vetrar. Ég fagna út af fyrir sig þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið hvernig eigi að standa að uppbyggingu vega í framtíðinni, við hvaða staðla eigi að miða, en það breytir ekki því að það er ákaflega skrýtið ef ekki verður með skipulögðum hætti reynt að tryggja að einhver ákveðin leiðin sé fær flutningabílum. Svo við tökum Vestfirði sem dæmi, að tryggt verði að það sé hægt að keyra með flutningabílum að Ísafjarðardjúpi. Það gengur ekki að þannig sé staðið að verki að í Hrútafirði lokist vegurinn vegna þess að þar séu komnar þungatakmarkanir. Ég kem þessu á framfæri vegna þess að mér virðist að heildarstefna í því að ná árangri eigi því miður varla þann hljómgrunn sem skyldi.

Ég vakti á því athygli á sínum tíma við hæstv. páv. samgrh., Matthías Á. Mathiesen, að ég teldi að það væri grundvallaratriði að menn hættu að byggja einbreiðar brýr á hringveginn, brýr sem væru hreinar slysagildrur. Ég tel líka að það eigi að steinhætta að setja einbreitt slitlag á stofnbrautir á Íslandi. Að mínu viti eru það líka hreinar slysagildrur. Þó að við viljum hraða lagningu bundins slitlags má það ekki vera á kostnað öryggisins, hvorki með því að menn byggi einbreiðar brýr sem eru í reynd eins og hálfs breiðar og verða svo til þess að þeir sem koma eftir þessum vegum átta sig ekki á því fyrr en allt of seint að ekki er hægt að mætast á viðkomandi brú. Sem betur fer held ég að meginreglan sé sú að þetta sé að verða liðin tíð en það er þá stutt síðan ef Vegagerðin er hætt að byggja einbreiðar brýr.

Varðandi bundna slitlagið gildir alveg það sama að ef bundið slitlag er aðeins á einni akrein þá verður það nánast átakapunktur í hvert skipti sem menn mætast hvor þorir að halda sig lengur á bundna slitlaginu og láta á það reyna hvort hinn forðar sér út af. Vissulega má gera ráð fyrir því að þeir sem eru á stærri bílum hafi kannski meiri kjark til að halda sig á slitlaginu þannig að þeir sem eru á smærri bílunum verði að forða sér út af. Hitt gerist svo alltaf af og til að menn hálffrjósa undir stýri og stoppa nánast á miðjum veginum þannig að sá sem mætir þeim verður að forða sér algerlega út á ystu vegarbrún til að sleppa fram hjá. (**SJS:** Er þetta svona á Vestfjörðum?) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. samgrh., þekkir dálítið til landsins, enda jarðfræðingur, og veit að þetta er svona á Vestfjörðum vegna þess að m.a. þegar hv. þm. var samgrh. taldi hann eðlilegt að þar ætti að vera einbreitt slitlag þó að bílarnir væru af sömu breidd og annars staðar. (**Gripið fram í:** Ég hélt að það vantaði slitlagið á Vestfjörðum.) Nei, en það verður hver að eiga það sem hann á og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var aftur á móti ákaflega þarfur samgrh. á sínum tíma vegna sinnar afstöðu til jarðgangagerðar og það skal hann fá hrós fyrir hér úr þessum stól frá mér um leið og ég veiti honum athugasemdirnar fyrir hitt.

Ég verð að segja eins og er að mér þótti líka dálítið merkilegt og ætla að víkja ögn að fyrirbrigði sem ég hélt að hefði verið aflagt fyrir meira en 30 árum í vegagerð og það var að hafa útskot á vegum svo að menn gætu mæst. Ég áttaði mig á því þegar ég var að aka ákveðinn veg á Vestfjörðum sem nýlega var búið að byggja upp að þar voru komin alveg sérstök merki sem ég vissi nú ekki hvað þýddu. Svo þegar ég var búinn að aka fram hjá þó nokkuð mörgum slíkum merkjum og mæta mjólkurbílunum og forða mér algerlega út á ystu nöf til að sleppa fram hjá þá átta ég mig á því að þetta voru sérstök útskot þar sem menn áttu að mætast. Kannski getur það farið svo að fleiri sem aka þennan veg átti sig á því eftir mjög hæpna reynslu að það er enn verið að byggja vegi með útskotum á Íslandi, splunkunýja vegi með alveg fádæma fallegum útskotum. Sérstakt merki, M-merkið, er notað út á útskotin.

Af því að hæstv. samgrh. er enn horfinn úr salnum ætla ég að leggja á það sérstaka áherslu við þá nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að hún láti meta það hvort hún telji ekki skynsamlegt að Vegagerðin hafi það rými að hún verði B-hluta stofnun og hafi heimildir til lántöku og heimildir til sjálfstæðari ákvarðanatöku en henni er ætlað með því kerfi sem við búum við. Þingmenn höfðu ákaflega frjálst kerfi til að leysa þetta vandamál fyrir Vegagerðina. Þeir skrifuðu einfaldlega upp á fjármálaskuldbindingar. Það voru háar upphæðir sem Sunnlendingar voru búnir að skrifa upp á með Þorstein Pálsson sem 1. þm. Hefðu þeir átt að borga það allt hygg ég að þeim hefði varla enst ævin til þess. En þetta var nú prettalaust því Alþingi hélt áfram að leggja fjármuni í vegagerð. Vestlendingar voru einnig með mjög háar upphæðir. Þeir skrifuðu upp á þó nokkrar upphæðir. En þetta var afnumið. Ríkisendurskoðun komst í málið og taldi það mikið öryggisleysi, þó ekki væri meira sagt, að standa þannig að málum að Vegagerðin ætti það undir þingmönnum hvort hún fengi peningana eða ekki. Þáv. formaður fjárveitinganefndar, núv. hæstv. heilbrrh., snerist á sveif með Ríkisendurskoðun og heimild þingmanna til að skrifa upp á var afnumin. Hins vegar mega sveitarfélögin taka lán eins og Reykjavíkurborg gerir og framkvæma eitt og annað í vegamálum. En ég ítreka að ég tel nánast vonlaust að búa við það að Vegagerðin hafi ekki sjálfstæða heimild til ákvarðanatöku. Það gengur aldrei að hægt sé að standa þannig að útboðum og ákvörðunum um fjárveitingar til hinna ýmsu verka. Það er hreinlega sóun á fé ríkisins að hætta við verk þegar sáralítið er eftir vegna þess að heimild vanti til að halda áfram. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það sem samvinnunefnd þingsins þarf að leggja höfuðáherslu á er meira sjálfstæði fyrir Vegagerðina, ég vil undirstrika það.

Ég held að þó að Íslendingar tækju nú lán til vegaframkvæmda og hröðuðu ýmsum brýnum verkum á því sviði mundu það verða lán sem skiluðu auknum hagvexti hér á landi og mundu þess vegna greiðast upp með ferðamannastraum um landið, sem ella yrði ekki og við sætum uppi með skaðann.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nokkur atriði hafa komið fram í umræðunum sem valda því að ég kveð mér aftur hljóðs. Í fyrsta lagi ræða sem hv. 3. þm. Vestf. flutti fyrir nokkrum dögum. Athyglisverð ræða um margt. Hv. þm. fór með miklar talnarunur sem ég nam nú ekki allar. En þær voru þó kunnuglegar og liggja velflestar fyrir í ýmsum skjölum. Þannig má t.d. vitna í síðustu skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar sem jafnan er hið gagnlegasta plagg og birtir ýmiss konar yfirlit um framlög til vegamála, framkvæmdir í vegamálum á hverju ári o.s.frv. Þessir hlutir voru teknir saman í eitt skjal á vegum samgrn. vorið 1991. Bendi ég hv. alþm. á þá bók sem ágætis handbók til að átta sig á samhengi í þessum hlutum. Þar eru upplýsingar um vegáætlun, síðustu langtímaáætlun og endurskoðun hennar. Sömuleiðis er útdráttur úr skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1991, birtar snjómokstursreglur og fleira gagnlegt.

Hv. þm. vék svo að þeim orðum sem ég lét falla fyrr í umræðunni varðandi það að ég átaldi framsetningarmáta í vegáætluninni sjálfri. Ef fylgiskjölin eru skoðuð má ráða af textanum að hlutfall fjárveitinga til framkvæmda í vegamálum hafi farið lækkandi á árinu 1991 frá fyrra ári miðað við landsframleiðslu, eins og það er nú gjarnan mælt og borið saman. Enn sem komið er er þetta eingöngu á grundvelli þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að skera niður framkvæmdafé til vegamála. Mér finnst eðlilegt að þegar um slík frávik frá hinni samþykktu vegáætlun er að ræða, sem enn hefur ekki verið samþykkt af Alþingi með neinum formlegum hætti að breyta, þá sé þess getið með mjög skýrum hætti í fylgiskjalinu að þar sé ekki verið að tala um upphæðir hinnar samþykktu vegáætlunar frá sl. vori, heldur sé verið að tala um upphæðir eftir niðurskurðinn sem ríkisstjórnin ákvað. Að vísu má ráða það af fylgiskjalinu að þar sé sú upphæð á ferðinni. En ekki verður sagt að gerður sé skýr greinarmunur á þessum hlutum. Þannig er t.d. í töflu aftast á bls. 4 í fylgiskjalinu birt framreiknuð heildarútgjöld til vegamála, niðurskorin og án þess að getið sé að um frávik frá hinni samþykktu vegáætlun sé að ræða.

Á sama veg voru allar talnaæfingar hv. 3. þm. Vestf. Þegar hann fór yfir það hvernig hlutfall útgjalda til vegamála hefði þróast miðað við þjóðarframleiðslu gekk hann út frá hinni niðurskornu tölu fyrir árið 1991. Þess vegna er rétt að fara yfir það hvernig málin stæðu í dag ef vegaféð hefði orðið samkvæmt hinni samþykktu vegáætlun, þ.e. 5.540 millj. kr. varið til framkvæmda eða útgjalda í vegamálum árið 1991. Þá hefði þetta hlutfall ekki orðið 1,44% miðað við þjóðarframleiðslu heldur 1,54% og þar með það hæsta um allmargra ára bil. Ég hygg að fara þyrfti aftur til ársins 1984 til að finna jafnhátt eða hærra hlutfall. Sömuleiðis hefði að raungildi orðið tæplega 400 millj. kr. hækkun á ráðstöfunarfé til vegamála á árinu 1991 borið saman við árið 1990.

Vonandi er þá alveg skýrt, herra forseti, að tölur um lækkandi fjármagn til vegamála og lækkandi hundraðshlutfall miðað við þjóðarframleiðslu eru fengnar út með því að bera þetta saman milli ára við hinn niðurskorna veruleika ríkisstjórnarinnar en ekki vegáætlunina sem Alþingi afgreiddi vorið 1991. Hefði hún gengið eftir hefði þetta hlutfall orðið 1,54%, miðað við þær upplýsingar sem ég hef um þjóðarframleiðslu 1991 og held að séu sæmilega traustar því þær eru frá því um áramót. Og þar með hefði hlutfallið orðið hið hæsta síðan árið 1984. Jafnframt hefðu hinar 5.540 millj. kr. til útgjalda í vegamálum á árinu 1991 orðið næsthæsta tala að raungildi til ráðstöfunar í vegamálum síðan árið 1974. Aðeins eitt ár, árið 1981, er um að ræða sambærilega tölu. Ef þetta er borið saman á verðlagi ársins 1990, en það er það verðlag sem er að finna í skýrslu samgrh. um framkvæmdir í vegamálum á því ári, þá er vegaféð á árinu 1981 5.230 millj. kr. en á sama verðlagi væru 5.540 millj. vegáætlunarinnar fyrir árið 1990 að jafngildi 5.178 millj. sem er þá lítið eitt lægri tala en var á árinu 1981. Og þessar tvær tölur hinar hæstu síðan 1974, í lok stjórnartíma vinstri stjórnarinnar sem þá sat. En þá var 5.625 millj. kr. ráðstafað til vegamála á sama verðlagi, þ.e. verðlagi ársins 1990, Á þessu fjögurra ára tímabili vinstri stjórnarinnar frá 1971–1974 var langmestum fjárhæðum ráðstafað til framkvæmda í vegamálum fyrr og síðar á Íslandi, frá 5.248 millj. á árinu 1971 upp í 6.262 millj. kr. á árinu 1973, á verðlagi ársins 1990 sem er líklega orðið nokkuð yfir 6,5 milljarð kr. á núgildandi verðlagi — reiknað hér í huganum standandi í stólnum.

Þannig sjáum við að ef menn vilja fara út í samanburð og nokkra sagnfræði í þessum efnum þá er hægt að lesa margt athyglisvert út úr því. Ég veit að hv. 3. þm. Vestf. hlýtur að sárna það mjög, vegna þess hvar hann hefur skipað sér í flokk í íslenskum stjórnmálum, að horfa á þann tröppugang sem er í framkvæmdum til vegamála og merkja t.d. inn á yfirlit síðustu 20 ára hin einstöku kjörtímabil og samsetningu hinna einstöku ríkisstjórna. Það hlýtur að valda hv. 3. þm. Vestf. nokkurri hryggð að sjá hvernig hlutfallið lækkar jafnan þegar ríkisstjórnir með aðild flokks hans setjast að völdum, bæði að raungildi og ekki síður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Hvað sem þetta segir í sjálfu sér og hvaða lærdóm sem menn vilja draga af því, pólitíska eða efnislegan, er annað mál. En staðreyndirnar tala sínu máli og ár eftir ár hefur þessi skýrsla samgrh. sýnt okkur þennan veruleika. Þannig er þetta hlutfall langhæst og myndarlegast á árunum 1971–1974, lækkar síðan með hverju ári 1975, 1976, 1977, 1978 og fram á árið 1979. Það hækkar síðan aftur 1981, 1982 og byrjar að lækka, eins og við manninn mælt, og lækkar mjög harkalega á árunum 1985, 1986 og 1987.

Þetta segir manni vissa sögu. Það er eitt hvað um raungildi má segja og hversu miklum fjárhæðum menn treysta sér til að ráðstafa í þennan málaflokk, hitt er svo hvort pólitískur vilji er fyrir hendi til að verja hlutfall vegamála í ráðstöfun þjóðartekna eins og þær eru á hverjum tíma.

Þess vegna er líka spurning hvort hv. 3. þm. Vestf. er nógu viðsýnn og nógu mikill maður til að gleðjast yfir því að eftir að það tókst að koma Sjálfstfl. frá völdum á árinu 1988 þá hækkaði þetta hlutfall á hverju ári. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika sem gengu á á þessum árum, eins og menn muna, þá tókst að gera betur en verja óbreytta hlutdeild vegamálanna í ráðstöfun þjóðartekna. Þessar tölur fór reyndar hv. þm. með sjálfur. Þetta hlutfall er langlægst þegar kemur undir lok valdaferils ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Auðvitað geta fleiri verið daprir yfir því. Ég sé að það er hálfgerð skeifa á hv. 2. þm. Vestf. líka. Það fór ofan í 1,16% (**ÓÞP:** Ég hef nú ekki reitt af mér allt hárið.) af þjóðarframleiðslu árið 1987. Mig minnir að Framsfl. hafi slysast til að sitja í báðum ríkisstjórnunum á því ári, hv. þm. Síðan lyftist þetta að vísu aftur á árinu 1988 í 1,25%, í 1,35% árið 1989, 1,46% 1990 og hefði orðið, ef ekki hefði tekist svo illa til að Sjálfstfl. komst aftur til valda á árinu 1991, 1,54%. Þetta eru nú staðreyndir málsins.

Þessum sögulegu upplýsingum vildi ég bæta við ræðu hv. 3. þm. Vestf. til að öllu sé nú til haga haldið og ætla ekki að fara meira út í þessi talnamál. Menn geta byggt mál sitt upp eins og hann, reyndar hafa fleiri gert það, með því að segja af því að menn hafi breytt vegáætlun aftur og aftur á undanförnum árum og af því að ... en það sýnir bara að allir eru eins og allir jafnsekir í þessu. Það er náttúrlega sjónarmið út af fyrir sig að vera slíkur bókstafstúlkunarmaður að þar með sé glæpurinn framinn og skipti ekki máli hvort það er meira eða minna sem menn aðhafast. En ég tel líka ástæðu til að skoða hvernig menn standa sig almennt hvað varðar framlög til þessa málaflokks og framkvæmdir á þessu sviði. Þar tala tölurnar alveg óhrekjandi skýru máli um það við hvaða aðstæður í íslenskum stjórnmálum menn hafa veitt þessum málaflokki, vegaframkvæmdunum, brautargengi og hlutirnir hafa þróast í rétta átt.

Sú staðreynd er rétt að á árinu 1989 var nokkurt fé tekið úr vegasjóði ríkissjóðs. Það var ein af ráðstöfununum sem menn gripu til í því öngþveitisástandi sem uppi var á haustdögum 1988 þegar verið var að taka við stjórnartaumunum eftir að Sjálfstfl. hafði gefist upp og formaður hans beðist lausnar fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar. Reynt var að afla ríkissjóði tekna m.a. með því að nota tekjustofna Vegagerðarinnar.

Til að halda öllu til haga er rétt að menn viðurkenni líka hvernig það var gert. Það var gert með því að þessir tekjustofnar voru stórhækkaðir þannig að gerði betur en að afla viðbótartekna fyrir öllu því sem Vegasjóður fékk. Með öðrum orðum var þessi aðferð ekki notuð til að skerða vegatekjurnar frá því sem orðið hefði t.d. ef óbreyttri álagningu bensíngjalds og þungaskatts hefði verið haldið. Um áramótin 1988–1989 voru hinir mörkuðu tekjustofnar hækkaðir verulega og þær viðbótartekjur að hluta til teknar í ríkissjóð í eitt ár með sérstakri bókun og samþykkt í ríkisstjórn að ráðstöfunin væri bundin við þetta eina ár og hluti af henni væri samkomulag stjórnarflokkanna um að á næstu árum þar á eftir yrði fullnýttum tekjustofnum Vegagerðarinnar ráðstafað alfarið til framkvæmda í vegamálum. Þetta gekk í grófum dráttum eftir. Að vísu með því fráviki að hluti af samkomulagi um svonefnda þjóðarsáttarsamninga var ákveðin meðferð gjaldskrármála í vegamálum, rétt eins og hjá flestöllum opinberum aðilum sem voru hluti af því samkomulagi og þeirri aðgerð að ná niður verðbólgu og skapa stöðugleika, sem tókst og við búum enn að. En þarna var sá slaki sem myndast hafði í hinum mörkuðu tekjustofnum á valdatíma ríkisstjórna Framsfl. og Sjálfstfl. og síðan í eitt ár með krötunum, sem aldrei skyldi verið hafa. Hann var sem sagt tekinn inn með þessum aðgerðum. Þannig varð þetta ekki til að skerða framkvæmdafé í vegamálum, enda fór það vaxandi milli ára 1988 og 1989 sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og var nokkurn veginn óbreytt að raungildi milli áranna 1988 og 1989. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að upplýsa líka ef menn vilja á annað borð umgangast staðreyndirnar í þessum efnum með tilhlýðilegri virðingu. Þá er þetta allt saman skýrt orðið, herra forseti, og þarf ekki frekari ræðuhöld um það.

Kem ég þá að því sem hv. 3. þm. Vestf. ræddi einnig og var það samningagerð fjmrn. og Reykjavíkurborgar til lúkningar miklum skuldum og skuldahala sem hafði safnast upp á nokkru árabili í lögbundnum samskiptum ríkisvaldsins og Vegagerðarinnar yfir þetta tímabil. Þarna var auðvitað óráðsía á ferðinni. Skuldahalinn var í vanskilum hjá ríkinu gagnvart borginni. Eins og þeir hlutir höfðu þróast almennt í samskiptum ríkisvalds og sveitarfélaga var alveg ljóst að óhjákvæmilegt var orðið að verðbæta skuldina og jafnvel vaxtareikna hana ef út í það hefði verið farið. Ríkinu var ekki stætt á að láta þá hluti liggja eins og þeir höfðu legið óklárir, enda höfðu yfirvöld í Reykjavíkurborg og þingmenn Reykjavíkurkjördæmis þrýst mjög á um það á undanförnum árum að þessum málum yrði komið í lag. Hæstv. núv. fjmrh., Friðrik Sophusson, var mikill talsmaður þess að þessu yrði kippt í liðinn. Það var t.d. hluti af afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði, einum eða tveimur sólarhringum fyrir jólaleyfi þingmanna, að því var lofað að ganga í það mál að gera upp skuldina. Fyrsta skrefið í þeim efnum var að koma á fundi milli samgrn., fjmrn. og Reykjavíkurborgar um þessi mál og það loforð efndi ég og boðaði til slíks fundar og í framhaldi af því fóru af stað frekari viðræður um meðferð málsins. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir hv. 3. þm. Vestf. og alla aðra sem eru að tala um þetta mál að átta sig á að greiðsluskylda ríkisins er ótvíræð í þessum efnum gagnvart borginni því að menn gátu ekki eftir á breytt reglum um samskipti þessara aðila eftir að búið var að framkvæma. Það var ekki hægt. Hafi menn áhuga á að breyta þeim verða þeir að gera það fyrst, byrja á því að breyta reglunum og svo geta menn tekið upp aðra

kostnaðarþátttöku ríkisins eða hvað það nú er sem þar ætti í hlut.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég átta mig ekki almennilega á hver var afstaða hv. 3. þm. Vestf. í málinu. Það er viss galli að það skyldi ekki koma fram í ræðu hans. Var hv. 3. þm. Vestf. að segja okkur að hann sé á móti því að þessi skuld sé greidd? Var hann að segja að það hafi verið mistök að ganga frá þessum óráðsíuhala frá valdatíma Sjálfstfl. á báðum vígstöðvum, í ríkisstjórn og í borgarstjórn? Vildi hv. 3. þm. Vestf. hafa þetta svona áfram? Ég óska eftir því ef hv. þm. á enn rétt á að taka til máls í umræðunni að hann skýri mál sitt aðeins betur fyrir okkur úr því hann er að tala um þetta á annað borð. Ég sé þá ekki tilganginn með því ef hann talar svo í véfréttastíl. En eitthvað kom honum til þess að fara í ræðustólinn og ræða þetta með þeim sérstaka hætti sem hann gerði.

Svo geta menn rætt alveg sérstaklega og sjálfstætt hvor aðilinn hafi haft betur í samningunum. T.d. hvort ríkið hafi verið óþarflega liðlegt við borgina með því að ákveða að greiða þetta upp á nokkrum árum eins og raun ber vitni. Það er rétt að hv. þm. Vestf. átti sig á því, og það er vonum seinna að það verði honum ljóst, að þegar vegáætlunin var samþykkt á sínum tíma vissu menn af þeirri stöðu, að þessu máli var ólokið og það var ósköp einfaldlega reiknað með því að niðurstaða í þessum samskiptum ríkisins og borgarinnar hlyti síðan að koma inn í áætlanagerð og útgjöld til vegamála á næstu árum. Öðruvísi var að sjálfsögðu ekki hægt að leysa þetta því að menn gátu ekki sent ríkið til samningaviðræðna við borgina um uppgjör þessara skulda fyrir fram bundið af einhverju slíku efni. Þá væru það engir samningar. Þá væri annar aðilinn ósköp einfaldlega að segja hvernig hann ætlaði að hafa þetta. Nei, menn gengu ósköp einfaldlega til þessara samninga með því hugarfari að ná sanngjarnri niðurstöðu á báða bóga og ég tel eftir atvikum að það hafi gerst. Ég segi alveg eins og er, það var ekkert um annað að ræða en að snúa sér að því að greiða upp þessa skuld og binda enda á þann hala sem þarna hafði myndast og nógu mikið og nógu víða var búið að velta vandanum á undan sér með þeim hætti.

Annað frægt dæmi um ráðstjórn Sjálfstfl. í fjármálum eru þær skuldir sem mynduðust gagnvart jarðræktarstyrkjum til bænda á valdatíma Sjálfstfl. í fjmrn. og síðan Alþfl. Þá var málum stjórnað með þeim endemum að lög tryggðu bændum rétt til ákveðinna styrkja út á jarðræktarframkvæmdir og húsbyggingar. En fjmrh. Sjálfstfl. lokuðu ár eftir ár fjárlögum þannig að ekki voru nógir peningar til þess að greiða út þá styrki til bændanna þótt jarðræktarlögum væri ekki breytt og þar með myndaðist skuldahali hjá ríkinu gagnvart bændunum. Einnig á þessu sviði varð það hlutskipti þeirra sem tóku við að binda enda á þessa óráðsíu, þessa ósiði í fjármálastjórn á vegum ríkisins og ganga frá samkomulagi við bændur um að gera þessar skuldir upp á fjórum árum sem auðvitað gerði það síðan að verkum að svigrúm til þess að styrkja nýframkvæmdir í byggingum og jarðrækt í sveitum landsins stórminnkaði vegna þess að það kostar peninga að gera upp skuldir. Það er nú það, hv. 3. þm. Vestf., þetta þarf allt að vera ljóst.

Ég minni sem sagt á það að svona var aðstaðan í þessu efni. Alveg ótvírætt greiðsluskylda ríkisvaldsins var fyrir hendi og ég held að vandinn hefði orðið verri viðureignar ár frá ári ef því hefði verið frestað að taka á þessu. Auðvitað er mönnum fyrir bestu að þessir hlutir komist á hreint og svona skuldir séu greiddar upp á einhverjum viðráðanlegum tíma þannig að menn geti síðan í framtíðinni haft til ráðstöfunar það fé, þær tekjur, sem Vegasjóður hefur hverju sinni. Menn þurfi ekki að binda verulegan hluta þeirra yfir ákveðið tímabil í uppgjör gamalla skulda af þessu tagi. Það er ekki til eftirbreytni og ég vona að hv. 3. þm. Vestf. hafi ekki verið að mæla því bót að menn velti svona vanda bara á undan sér ár eftir ár eins og fjmrh. Sjálfstfl. hafa tilhneigingu til að gera á þessu sviði og mörgum fleirum. Satt best að segja á ég von á því að hv. 3. þm. Vestf. komi í ræðustólinn og lýsi yfir sérstökum stuðningi og hrifningu yfir því hvernig við tókum til í fjármálastjórn ríkisins eftir upplausnar- og óráðsíutíma ráðherra Sjálfstfl. á þessu sviði eins og fleirum.

Ekki þarf að taka það fram ef hv. 3. þm. Vestf. er enn eitthvað ósáttur við þetta að þá er hægt að benda honum á að ræða þetta í þingflokki Sjálfstfl., ræða þetta við hæstv. forsrh. sem var aldrei nema borgarstjórinn í Reykjavík þegar þessir samningar voru gerðir. Hann lagði á það mikla áherslu að þessu máli yrði lokið til þess að samskipti borgar og ríkis gætu verið með eðlilegum, farsælum og vinsamlegum hætti. Það var skiljanlegt. Á sama tíma var ríkið einmitt að gera upp skuldir við sveitarfélögin hringinn í kringum landið, m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu. Þá voru stjórnarhættirnir þannig í landinu að menn gerðu samkomulag um hlutina. Menn héldu fundi, menn töluðu saman og menn reyndu að ná samkomulagi og menn virtu ákvæði 116. gr. sveitarstjórnarlaga um samráð ríkisvalds og sveitarfélaga. Nú eru að vísu aðrir tímar eins og við þekkjum, nú er ekki talað við sveitarfélögin, nú eru ekki haldnir fundir. Nú er með einhliða valdboði á Alþingi velt nýjum álögum yfir á sveitarfélögin þannig að sennilega veðbist ekki mikið fyrir valdsmönnum sem þannig hegða sér að þráast við að borga skuldir. Sanna dæmin það að fjármálaráðherrar Sjálfstfl. eru náttúrlega með allra skuldseigustu mönnum í landinu og bætist það við annað sem þeir afreka gjarnan ef þeir komast að í fjmrn.

Nei, auðvitað er ekki hægt að mæla bót að þessir hlutir skyldu vera látnir dankast svona gagnvart Reykjavíkurborg. Það er svo allt annað mál að Reykjavíkurborg er ágætlega statt sveitarfélag og menn geta haft þá skoðun að taka eigi til endurskoðunar ákvæði vegalaga og flokkun þjóðvega og vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu. Það er bara allt annar handleggur, hv. 3. þm. Vestf., það er eitthvað sem menn setjast niður við og gera og breyta og fara svo að framkvæma nýja kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga ef það yrði niðurstaðan.

Af því að endurskoðun vegalaga var nefnd og tal-

að um að þessa hluti þyrfti að taka til skoðunar, m.a. af hv. 1. þm. Vesturl., þá vil ég áður en ég skil við þetta atriði, benda hv. alþm. á eitt. Ég hef oft áður heyrt þær ræður einstakra þingmanna, sérstaklega þegar þeir eru komnir út á land í kjördæmi sín, að það sé til skammar að ríkið sé að leggja fjármuni í vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu, þeir eigi nóga peninga hér fyrir sunnan til þess að leggja vegi sína sjálfir. Þetta sé bara algjört hneyksli að svona mikið fé skuli fara í að greiða hlutdeild ríkisins í uppbyggingu stofnbrautanna eða þjóðvegakerfisins sem liggur um höfuðborgarsvæðið, sem eru eins og kunnugt er ákveðnar aðalumferðaræðar sem liggja um, utan um og í gegnum þetta svæði. Ég held að menn þurfi aðeins að staldra við áður en þeir fella stóra dóma. Hvaðan halda menn að uppistaðan af því fé sem er til ráðstöfunar í vegamálum á Íslandi komi annar staðar en af sköttum á umferðina á höfuðborgarsvæðinu þar sem stór hluti landsmanna býr, sem á stóran hluta bílanna í landinu og greiðir auðvitað þyngstan hluta af tekjunum í Vegasjóð? Auðvitað er það svo. Við þingmenn landsbyggðarinnar skulum vera menn til að viðurkenna að stórkostleg tekjujöfnun á sér stað í gegnum gjaldtöku Vegasjóðs og miklir fjármunir renna af sköttum á umferðina á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingu vegakerfisins úti um landið. Það er þannig og það á að segja hlutina eins og þeir eru. Hv. 3. þm. Vestf. ætti líka að vera maður til þess. En þetta er vegakerfi allra Íslendinga, alveg sama hvort það er á Vestfjörðum eða hvort það er ofanbyggðarvegurinn utan um Reykjavíkursvæðið. Allir landsmenn, hvar sem er í landinu, eiga þetta vegakerfi, stofnvegakerfið, og við eiga að reyna að halda því þannig og hv. 3. þm. Vestf. á að styðja það eins og við allir hinir. Sem betur fer hefur verið hin þokkalegasta samstaða um þá tilhögun að menn skattleggi umferðina í landinu hvar sem er og séu ekki mikið að velta því fyrir sér hvort það sé einn bíll hér eða tíu þar, síðan renni þeir fjármunir til þess að byggja upp samgöngukerfi landsmanna allra um allt land. Þetta er auðvitað nákvæmlega eins og það á að vera, en með tilliti til þeirra staðreynda sem blasa við í málinu um það hvar þessar tekjur myndast ættu menn að gæta sín á því að vera ekki með stórkarlalegar yfirlýsingar um að það sé óeðlilegt að vegasjóður landsmanna allra taki á sinn hátt líka þátt í ákveðinni uppbyggingu meginumferðaræðanna hér á þessu landshorni, rétt eins og aðalleiða annars staðar í landinu.

Að lokum, herra forseti, langar mig til að spyrja hæstv. samgrh. um nokkuð sem mér finnst ástæða til að fá upp hér við 1. umr. þesssa máls og það varðar snjómokstursreglur í landinu. Ég vil inna hæstv. samgrh. eftir því hvort ekki standi til eða sé á dagskrá að fylgja eftir áformum sem mótuð voru og kynnt á Alþingi bæði veturinn 1989 og eins veturinn 1991 um að ljúka þeirri heildarendurskoðun snjómokstursreglna með þriðja og síðasta áfanga í slíkri endurskoðun og það sem fyrst. Þegar snjómokstursreglum var breytt í marsmánuði 1989, ef minni mitt svíkur mig ekki, þá var þegar lögð sú áætlun til grundvallar því að snjómokstursreglurnar yrðu endurskoðaðar og þeim breytt í þremur áföngum. Þeim fyrsta veturinn 1989, öðrum veturinn 1991 og þeim þriðja á þessum vetri, 1992, og yrðu þá sérstaklega teknir til skoðunar þeir angar málsins sem ekki hefði áður verið tekið á eða breytt við fyrri endurskoðun. Eins og menn þekkja var þjónustan að þessu leyti verulega aukin, t.d. veturinn 1989, með því að bæta við dögum á aðalleiðum norður í land og víðar. Veturinn 1991 bættust við heilir dagar á leiðinni austur um frá Vík í Mýrdal til Egilsstaða og sömuleiðis á leiðinni norður í land og áfram austur um og á fleiri leiðum bæði austan lands, norðan og vestan.

Þriðji og síðasti áfanginn í þessari endurskoðun var sá að ákveðið var hafa ákvarðanatöku um það hvort nýjar leiðir skyldu bætast við inn á snjómokstursáætlun, en fjölmargar óskir hafa að sjálfsögðu borist um tiltekinn mokstur, tiltekna þjónustu á nokkrum nýjum leiðum sem ekki njóta slíkrar þjónustu í dag. Jafnframt var það yfirlýst af minni hálfu að þá yrðu teknar til endurskoðunar reglur sem lúta að samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaga í sambandi við svonefndan helmingamokstur. Þetta eru þau sveitarfélög sem liggja út frá alfaraleiðum í þeim skilningi að þau fá annaðhvort lítinn eða jafnvel engan mokstur að fullu greiddan af ríkinu á því vegakerfi sem er innan þeirra vébanda. Því miður er aðstaða sveitarfélaganna í þessu tilliti er mjög mismunandi. Mín skoðun er sú að ákveðnir hreppar búi að þessu leyti við óþolandi misrétti sem við verðum að breyta. Það skapast ósköp einfaldlega af því að sum sveitarfélög eru þannig sett að vegakerfi þeirra liggur alfarið utan stofnbrauta eða þjóðbrauta eða annarra leiða sem njóta þjónustu af hálfu ríkisins þannig að allan mokstur sem þar fer fram verður að greiða af hálfu leyti af viðkomandi sveitarfélagi á móti ríkinu. Að vísu eru reglur um það að eftir að kostnaðurinn fer yfir tiltekið mark endurgreiðir ríkið meira en helming en þó aldrei meira en 75% kostnaðarins. Sjálfsagt þekkja einhverjir hv. þm. það að sum fámenn og jafnvel frekar veikburða sveitarfélög lenda af þessum sökum í geysilegum útgjöldum, t.d. borið saman við íbúafjölda. Þannig að kostnaður fátækra sveitarhreppa getur af þessum sökum, til þess að halda uppi óhjákvæmilegri þjónustu varðandi skólahald eða mjólkurakstur eða annað því um líkt, verið gríðarlega þungur á hvern íbúa eða miðað við tekjur viðkomandi sveitarfélaga. Þetta hefur ágerst mjög á síðustu árum eftir því sem kröfur fólks hafa aukist um bættar samgöngur, möguleika t.d. að sækja vinnu daglega úr sínu sveitarfélagi í nágrannaþéttbýli eða koma börnum sínum til og frá skóla. Ég held að í þessum efnum verulega séu breyttir tímar og þá sé ekkert um annað að ræða en að endurskoða þessar reglur og endurskoða samskipti ríkisvaldsins og fámennra sveitarfélaga í þessum efnum. Ef það hjálpar mönnum eitthvað að nefna dæmi um svona tilvik þá get ég tekið t.d. Bárðdælahrepp og Svarfaðardalshrepp sem eru löng og mjó sveitarfélög ef svo má að orði komast, og liggur vegakerfi þeirra út frá alfaraleið og endar uppi á hálendi. Þar af leiðandi er enginn gegnummokstur hjá þessum sveitarfélögum og þau þurfa að greiða helming af öllum þeim mokstri sem þar fer fram fyrst í stað

og síðan a.m.k. fjórðung. Síðan geta nágrannasveitarfélög, ef við tökum Hálshrepp í nágrenni við Bárðardal eða Árskógshrepp í nágrenni við Svarfaðardal, verið svo heppin að hafa þjóðveg í gegnum allt sveitarfélagið sem ríkið mokar ókeypis, jafnvel fimm daga vikunnar, þannig að nágrannasveitarfélag þarf e.t.v. ekki að leggja eina einustu krónu af mörkum og hefur þó mun betri þjónustu að þessu leyti. Allir hljóta að sjá í hendi sér að þessar aðstæður eru farnar að skapa sveitarfélögum óþolandi aðstöðumun sem að öðru leyti geta verið jafnsett með tekjur og fólksfjölda.

Ég læt þetta duga hér en ég vil gjarnan inna hæstv. samgrh. eftir því, hafandi útskýrt hvað fyrir mér vakir í þessum efnum, hvort ekki sé á döfinni að ljúka endanlega yfirferð yfir þessar snjómokstursreglur einnig í þessu tilliti og þá með það að markmiði að gefa út nýjar reglur, helst nú í marsmánuði. Viss hefð hefur skapast um að reglum er gjarnan breytt á útmánuðum þegar sá tími fer að styttast sem menn búast við að þurfi moka og koma þar til ýmsar ástæður, fjármálalegar ekki síður en aðrar.

Óþarfi er að taka það fram að hæstv. samgrh. mun slá sér stórlega upp ef hann stendur myndarlega að þessari endurskoðun og greiðir nokkuð úr því ranglæti sem ég held að óumdeilanlega sé farið að viðgangast í þessum efnum og dregur úr aðstöðumun sveitarfélaganna að þessu leyti. Má jafnvel mikið vera ef einstöku maður gætu ekki átt það til að kjósa hann ef hann stæði myndarlega að verki í þessum efnum.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Við fjárlagagerð nú um áramótin lögðum við þann fjárhagslega ramma um vegamálin sem gilda skal á næsta ári. Sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir þar er að nýframkvæmdir í vegum hafa verið skornar niður um 20%. Verk okkar er að raða niður verkefnum og endurskoða vegáætlunina með tilliti til þeirra staðreynda sem við stöndum frammi fyrir.

Ég ætla að leggja örfá orð inn í umræðuna um vegamálin. Að öðru leyti fer málið til nefndar og verður unnið þar betur. En nokkur atriði vildi ég láta koma fram áður en málið fer til nefndar.

Í rauninni er það ekkert nýtt að settar séu fram bjartsýnar áætlanir í vegamálum. Mikill áhugi er á þessum málum í þjóðfélaginu og þörf á bættum vegasamgöngum. Oft hefur það verið þannig að áætlanir hafa verið gerðar en orðið að fresta ýmsu sem hv. þm. hafa haft fullan vilja til að gera. Mér finnst nú samt að við verðum að skoða vegamálin með tilliti til þeirrar staðreyndar að nýframkvæmdir minnka um um það bil 20%.

Hæstv. ríkisstjórn sem nú situr er þar engin undantekning. Gefin var út hin svokallaða hvíta bók sem heitir Velferð á varanlegum grunni. Rætt er um vegamál í þessari bók á bls. 41. Þar er segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Unnið verður áfram að stórverkefnum, þ.e. jarðgöngum, endurbyggingu stórbrúa og framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem bættar verða og breikkaðar aðfærsluæðar inn á höfuðborgarsvæðið. Hraðað verður lagningu bundins slitlags á hringveginn og unnið að tengingu milli landshluta, m.a. milli Norðurlands og Austurlands.“

Þetta eru ágæt markmið og ég er náttúrlega sammála að þau eru mjög þörf og það mundi breyta miklu í samgöngumálum ef þau yrðu að veruleika. Ég öfundast ekkert yfir vegabótum á þessu svæði. Það kom fram hjá síðasta ræðumanni, hæstv. fyrrv. samgrh., að þessi svæði tilheyra vegakerfi landsins og ég er sammála honum.

Að sjálfsögðu hef ég áhuga á að byggja upp hringveginn og ekki síst hef ég áhuga á að tengja Norðurland og Austurland. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir í þessari hvítu bók að þetta muni væntanlega verða gert á kjörtímabilinu. Þá er mér spurn: Með hvaða hætti tekur sú vegáætlun, sem við erum að ræða um, á þessu verkefni? Ég sé a.m.k. ekki að í rammanum sé reiknað með því að þessum stórverkefnum verði hraðað. Fjármagn til vegagerðar verður að aukast mjög á næstu árum ef það á að gerast. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til samgrh., hvaða tillögur eða hvaða hugmyndir ríkisstjórnin, þ.e. hann sem samgrh. og samgrn., hafi til að flýta lagningu bundins slitlags á hringveginum og hvernig eigi að vinna að þessari tengingu milli Norðurlands og Austurlands. Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að gera þetta með tillögum um sérstakt fjármagn? Eða er ætlunin að draga úr öðrum framkvæmdum og draga fé að þessum verkefnum frá öðrum vegaframkvæmdum? Þetta tel ég nauðsynlegt að vita áður en þingmenn kjördæmanna setjast niður til að skipta fé til hinna einstöku verkefna og ákveða hvar við ætlum að leggja áherslurnar næstu árin.

Hvað varðar tengingu Norður- og Austurlands þá var áætlað, samkvæmt þeirri langtímaáætlun sem er í þessari ágætu bók, að fé yrði veitt á öðru tímabili langtímaáætlunar sem er eftir árið 1995. Það var sú stefnumörkun sem gerð var þegar áætlunin var til umræðu þó hún hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Að sjálfsögðu hafa þingmenn Austurl., ég tel mig vita það fyrir víst, áhuga á að vinna að þessari tengingu. En þeir verða að vita hvort ætlunin er að gera tillögur um einhverja sérstaka fjármögnun til hennar. Því staðreyndirnar blasa við og minna fjármagn er til þessara verkefna heldur en áður var áætlað.

Áður en þessari umræðu lýkur vil ég koma inn á snjómokstursreglurnar og endurskoðun á þeim. Ég tel mikla þörf á því að vanda til þess verkefnis því aðstæður hafa breyst víða. Íbúar í dreifbýlissveitarfélögum eru háðari greiðum samgöngum en áður vegna ýmissa breyttra aðstæðna t.d. skólaaksturs og þörf á að sækja atvinnu lengra en áður var vegna samdráttar í heðbundnum búgreinum í sveitum. Þannig er þörfin fyrir greiðar og hindrunarlausar samgöngur mjög mikil þó hinir mildu vetur undanfarin ár hafi orðið til þess að þetta hefur vikið svolítið til hliðar í umræðunni. En það er rétt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að íbúar hinna einstöku sveitarfélaga búa við ákaflega mismunandi aðstæður í þessum efnum og það er nauð-

synlegt að skoða mjög vel hvort ekki sé hægt að jafna aðstæður manna í þessu tilliti.

Svo ég víki nú aftur að tengingunni á milli Norður- og Austurlands, væri það náttúrlega góð byrjun að hún yrði tekin inn í snjómokstursreglur Vegagerðarinnar og mokað yrði reglulega í venjulegu árferði a.m.k. Þar sem samgöngur milli þessara landshluta sjóleiðina eru í nokkurri óvissu eftir að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður er ekki síst ástæða til að taka þessa leið inn í reglulegan snjómokstur. Það mundi auka umferðina á þessari leið, sem nú er náttúrlega mjög lítil eða engin yfir veturinn. Umferðarþunginn þar vegur því lítið þegar rætt er um skiptinu fjármagns milli kjördæma. En það er náttúrlega fyrir það að leiðin er lokuð stóran hluta ársins. En úr því mætti bæta strax með því að taka hana inn í reglulegan snjómokstur með endurskoðun snjómokstursreglna.

Á þessu stigi ætla ég ekki að fjölyrða um einstök verkefni. Við á Austurlandi höfum gengið út frá því sem vísu að vera næstir á eftir Vestfjörðunum þegar kemur að jarðgangagerð. Við erum með rannsóknaáætlun í gangi varðandi jarðgangagerð á Austurlandi, erum að undirbúa það að röðin komi að okkur. Ég trúi því og treysti að staðið verði við þau áform. Og við undirbúum okkur að sjálfsögðu á heimaslóðum með tilliti til þess að vera tilbúnir í því efni hvar jarðgöngin eigi að liggja. Að öðru leyti munum við auðvitað, eins og aðrir þingmenn, ganga í það að skipta krónunum til vegamála niður á einstök verkefni. Við höfum reynt að ná um það sem bestri samstöðu í Austurlandskjördæmi eins og ég veit að aðrir kjördæmisþingmenn hafa reynt. Við höfum ekki unnið eftir flokkspólitískum línum þar heldur reynt að ná niðurstöðum og það hefur tekist. Við munum að sjálfsögðu gera það að þessu sinni.

En ég vil undirstrika að sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum er að minna fé er til skiptanna en verið hefur. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. samgrh., hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa við þær bjartsýnu yfirlýsingar í samgöngu- og ferðamálum og vegamálum sem eru á bls. 41 í hinni hvítu bók, sem gefin var út í október sl.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. greindi frá því í upphafi ræðu sinnar að hann hafi ekki numið að fullu þann talnafróðleik sem ég fór með í ræðu sem ég flutti við fyrri hluta umræðu um vegáætlunina, nánar tiltekið þann 25. febr. 1992. Það fór ekkert á milli mála þegar maður hlýddi á ræðu hv. þm. að hann hafði ekki numið þessa talnarunu að fullu. Því ef hann hefði lært hana eða skilið þá hefði hluti af ræðu hans verið fullkomlega óþarfur. Að vísu ekki sá hluti þar sem hann var að reyna að fegra sinn eigin hlut sem samgrh. en ýmislegt annað sem hann hafði til málanna að leggja var með þeim hætti að hann hafði greinilega ekki áttað sig á öllu því sem fram kom í þeim talnafróðleik sem ég fór með og hafði aflað mér hjá Vegagerð ríkisins.

Kjarni þess talnalega fróðleiks var einfaldlega sá að ég sýndi fram á það, sem menn máttu kannski vita, að vegáætlanir undangenginna ára höfðu verið svo metnaðarfullar að á síðustu árum hefðum við aldrei komist neitt nálægt því að framkvæma vegáætlunina með þeim fjárveitingum sem Alþingi treysti sér til að leggja til vegamálanna, aldrei. Hvorki núna í ár né undanfarin fimm ár sem ég hafði til viðmiðunar. Ég hefði auðvitað getað farið lengra aftur í tímann. Ég býst við að veruleikinn hefði orðið eitthvað svipaður svo það var fullkomlega ástæðulaust að fara svo langt aftur. Fimm ár í þessu sambandi dugðu fullkomlega til þess að sýna fram á, sem var kjarni málsins, að vegáætlun og raunveruleikinn í framkvæmdum eru sitt hvað. Menn hafa aldrei treyst sér til þess að leggja fram fjárveitingar sem nema þeirri vegáætlun sem Alþingi hefur samþykkt hverju sinni. Það er alveg augljóst mál að við höfum búið við stórfelldan niðurskurð á vegaframkvæmdum miðað við upphaflega vegáætlun og þannig verður það einnig í ár, því miður.

Hv. þm. ræddi í löngu máli um fyrri tíð og samanburð við ýmis tímabil í sögu samgöngu- og vegamála og komst að þeirri niðurstöðu að allt hefði verið með bestum árangri þegar Alþb. réði ýmist fjármálunum eða samgöngumálunum. Aðalatriði málsins er hins vegar (Gripið fram í.) að ef við lítum yfir lengri tíma, tökum 20 ár, eins og hv. þm. vék aðeins að, þá er augljóst að fjárveitingar til vegamála voru stærri upphæð, bæði ef við framreiknum hana til núvirðis og einnig ef við berum hana saman sem hlutfall af þjóðarframleiðslu en þá aðferð hafa menn hafa tíðkað mjög í umræðu um vegamál. Enda ekki að undra því fyrir 20 árum var sú aðferð höfð uppi að láta ekki einasta markaða tekjustofna Vegasjóðs duga til þess að standa undir vegaframkvæmdunum heldur var einnig um að ræða að nokkru fé var varið af fjárlögum til að standa undir þeim. Þess vegna varð hlutfall útgjalda til vegamála hærra hlutfall af þjóðarframleiðslunni fyrr á árum en nú.

Hins vegar vil ég vekja athygli á að í ágætri ræðu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti á árinu 1989, er hann fylgdi úr hlaði þáltill. um vegáætlun 1989–1992, má segja að hann marki nokkuð stefnu í þessum efnum. Í þeirri tillögu mælir hann fyrir því að markaðir tekjustofnar Vegasjóðs ættu í framtíðinni að standa undir útgjöldum til vegamála. Og miðað við þær gefnu forsendur sem hæstv. þáv. samgrh. kom fram með komst hann að þeirri fróðlegu niðurstöðu að miðað við hinn nýja grundvöll mætti ná hlutfalli af þjóðarframleiðslu á bilinu 1,4–1,5% á næstu árum. Það verður að segja hv. þm. til hróss að í þeim efnum reyndist hann sannspár. Á næstu árum tókst að ná þessu hlutfalli upp í 1,4–1,5% og þá þjónar kannski ekki miklum tilgangi að vera með þann sparðatíning að velta því fyrir sér hvort hlutfallið hafi verið 1,44% eða 1,54%. En út af fyrir sig er rétt hjá hv. þm. að miðað við hina óniðurskornu upphæð til vegamála á síðasta ári hefði hlutfallið vitaskuld verið aðeins hærra og ég vefengi ekki þær tölur hans að þá hefði hlutfallið orðið 1,54%. En úr því að við erum farin að tala um þennan samanburð á þessum grundvelli þá skulum við líka rifja það upp hvert hlutfallið er á þessu ári miðað við nýjustu fáan-

legar upplýsingar sem við höfum um þjóðarframleiðsluna á þessu ári. Þá er hlutfallið 1,57% samkvæmt sömu útreikningum miðað við nýjustu upplýsingar um þjóðarframleiðsluna þannig að ég hygg að með nokkrum rétti megi segja sem svo að hlutfallið á þessu ári sé ekki fjarri því sem það hefði orðið á síðasta ári miðað við óniðurskorna vegáætlunina þá.

Hv. þm. kvartaði líka mjög undan því að það væri verið að gera ósanngjarnan samanburð með því að bera saman útkomu ársins 1991 við árið í ár. Þá vil ég hins vegar minna hann á að í ræðu minni, sem hann gerði mjög að umtalsefni, margítrekaði ég að ég væri að bera saman niðurskorna vegáætlunina á árinu 1991 við árið í ár. Hvað eftir annað rakti ég að það væri verið að bera saman niðurskornar áætlanir. Ég gerði mér auðvitað grein fyrir því að sá sérstaki niðurskurður sem efnt var til á miðju síðasta ári hlaut að skekkja myndina, það var auðvitað augljóst mál, bæði hvað varðar hlutfallið af þjóðarframleiðslunni og einnig hina framreiknuðu upphæð. Þess vegna er ég alveg sammála því að til að gæta allrar sanngirni er auðvitað eðlilegt að taka þetta fram alveg eins og ég gerði þráfaldlega í minni ræðu.

En ég gerði líka annað. Ég bar saman óniðurskorna vegáætlunina á síðasta ári við þá tillögu til vegáætlunar sem hér liggur fyrir. Þá varð niðurstaðan sú að þrátt fyrir öll svigurmælin og stóryrtu yfirlýsingarnar er niðurskurðurinn á þessum tveimur tölum — óniðurskorinni vegáætlun 1991 og þeirri till. til vegáætlunar sem við erum hér með til umfjöllunar — þá er munurinn þar innan við 200 millj. Það er vissulega munur en ekki þær stjarnfræðilegu tölur sem menn hafa gefið til kynna í hálfgerðum blekkingarumræðum um vegáætlunina eins og hún liggur fyrir í tillöguformi.

Í ræðu minni fyrir um viku vék ég líka að því tiltæki hv. 4. þm. Norðurl. e., þáv. hæstv. samgrh., að taka þátt í því að skerða markaða tekjustofna Vegasjóðs um upphæð sem svaraði — það fer eftir því við hvaða vísitölu við miðum en það er að lágmarki milljarður, auðvelt að finna út töluna 1.200 millj. Við skulum láta það liggja á milli hluta. Aðalatriðið er þetta. Um var að ræða skerðingu á mörkuðum tekjum Vegasjóðs á þessu ári eins og hv. þm. viðurkenndi raunar áðan í máli sínu. En hv. þm. reyndi auðvitað að gera sinn fífil dálítið fegri með því að segja sem svo að hann hefði séð við þessu með því að auka tekjur Vegasjóðs á móti þannig að skerðingin hefði nánast orðið engin. Nú skulum við enn bera saman tölur af því að þetta gengur allt út á sama grunn. Þá er svolítið fróðlegt til þess að vita að ef við berum saman útgjöldin á árinu 1989 — auðvitað verðum við að hafa framreiknaðar tölurnar til þess að þetta sé allt samanburðarhæft sem urðu 5 milljarðar 251 millj. kr. samkvæmt skýrslu samgrh. á því herrans ári 1989 sem var til umræðu. Tillaga sú sem við erum hér að ræða gerir ráð fyrir því að útgjöld til vegamála verði á árinu 5 milljarðar 565 millj. kr. Með öðrum orðum verða útgjöldin um það bil rúmlega 300 millj. hærri en þau voru á árinu 1989 sem hefur verið mjög til umræðu.

Sá hluti ræðu minnar þar sem ég vék í örlitlu máli að samningi nokkrum sem gerður var milli ríkisins og Reykjavíkurborgar hefur orðið tilefni til nokkurrar umræðu m.a. hjá hv. 4 þm. Norðurl. e. þar sem hann reyndi auðvitað með sínum hætti að gera ummæli mín í þessum efnum nokkuð tortryggileg. Það út af fyrir sig er allt í lagi. Kjarni þess sem ég sagði var einfaldlega þetta. Ég var að vekja athygli á því að þessi samningur var gerður með tilvísan til tiltekinnar heimildargreinar í fjárlögum þess árs, heimildargreinar 6 eða 7 mig minnir að hafi verið. Sú heimildargrein gerði ráð fyrir því að samningur, sem gerður væri á þeim grundvelli, ætti að hjóta samþykki fjárveitinganefndar. Ég vakti síðan athygli á því að í þeim gögnum sem ég hefði aflað mér með því að tala við fyrrv. fjárveitinganefndarmenn og kynna mér þessi mál þá hefði mér ekki tekist að finna stafkrók um það að þetta hefði komið fyrir þá nefnd. Það var allt og sumt. Ég nefndi ekki einu orði efnisatriði samningsins. Ég gagnrýndi samninginn ekki einu orði, ekki efnisatriði hans. Hins vegar vildi ég aðeins að vekja athygli á þessum hluta málsins, hinum formlega hluta þessa máls og ég óskaði eftir því að samgn. þingsins, sem fær þessa vegáætlun til umfjöllunar, tæki þennan þátt til umræðu. Ég er alveg með á það að málafylgja þáv. borgarstjóra gerði það að verkum að þáv. fjmrh. og samgrh. gengu til þessa samnings og ég er þeirrar skoðunar að auðvitað eigi að virða samninga sem gerðir eru með þessum hætti milli ríkisins og Reykjavíkurborgar. En ég tel að fara þurfi ofan í það mál með hvaða hætti ríkisvaldið stóð við þennan hluta samningsins, heimildarákvæðið sjálft. Ég held þess vegna að það þjóni afar litlum tilgangi fyrir þá sem reyna að gera þennan málatilbúnað eitthvað tortryggilegan. Ég vek einfaldlega athygli á einni staðreynd sem er sú að sá hluti samningsins þar sem vísað er í heimildargrein fjárlaganna hefur mér vitanlega ekki komið fyrir fjárln. eða fjárveitinganefnd og ég óskaði eftir því að það mál yrði kannað í samgn. hver staða samningsins væri að því búnu. Það var nú allt og sumt. Eins og ég segi tel ég að það hafi ekki verið óeðlilegt nema síður sé að borgarstjórinn hafi leitað eftir því að fá þessi mál uppgerð, en ég tel það hins vegar hafi átt að vera hlutverk fjmrh., sem gerði samninginn, að ljúka honum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum sjálfum. Um það snerist efnisatriði þessa máls í málflutningi mínum.

Virðulegi forseti. Þetta mál, till. til þál. um vegáætlun, þarf að fá mjög vandaða meðferð í samgn. og þar verður auðvitað að ganga í það að skipta þessum upphæðum. Ég geri mér grein fyrir því að niðurskorin vegáætlun eins og við höfum hér gerir það að verkum að svigrúm okkar verði þrengra en það reynir hins vegar á samstöðu þingmanna ekki síst innan kjördæma til þess að finna sem skynsamlegastan og bestan flöt á því máli. Ég treysti því að um þau mál takist sem best samstaða eins og ævinlega hefur gerst í vegamálunum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðja hv. 3. þm. Vestf. að vera ekki allt of viðkvæman fyrir því þó að menn taki

upp málflutning hans og leggi eitthvað út af honum, ræði hann, lýsi andstöðu eða ólíkum sjónarmiðum, spyrji hann spurninga. Hv. þm. virðist leggja þá merkingu í slíkt að menn séu þá ævinlega að reyna að gera málflutning hans tortryggilegan. Menn geta verið ósammála eða flutt mál sitt með mismunandi hætti án þess að tjá sig endilega í þeim tilgangi.

Hv. þm. talaði nokkuð valdsmannslega og var að reyna að kenna okkur öðrum hv. þm. hinn eina rétta skilning á hlutunum, m.a. meðferð talna, og verður þá að þola það í samræmi við málflutning sinn að menn séu ekki endilega alltaf sammála honum, leyfi sér að lýsa ólíkum sjónarmiðum, bæta einhverju við þar sem þeir telja að hann hafi kannski ekki fyllt nægilega vel út í myndina o.s.frv. En þetta kemur sennilega með tímanum.

Það er rétt sem hv. 3. þm. Vestf. sagði að það hefur komið fram, bæði í þessum umræðum og áður, að reyndin hefur sjaldan fylgt væntingum manna við afgreiðslu vegáætlana hverju sinni. Fyrir því er ein mjög veigamikil ástæða. Hún er sú að allt frá árunum 1982–1983 og fram til ársins 1989 byggðu allar vegáætlanir á þeirri óskhyggju, sem reyndin skar úr um að var óskhyggja, að til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum kæmu umtalsverðar fjárhæðir úr ríkissjóði sem bættust við framkvæmdafé í vegamálum. Ár eftir ár voru vegáætlanir afgreiddar með þessum hætti á níunda áratugnum. Það var alveg sérstaklega á valdatíma Sjálfstfl. sem þetta var svona. Menn lokuðu hverri vegáætluninni á fætur annarri þannig að hún var niðurskorin fyrir það ár sem var að líða af því að staðreyndin var sú að á því ári höfðu menn ekki meiri peninga en svo byggðu menn upp stórfelldar væntingar með því að setja inn pappírsfærslur um 1.000, 1.500, 2.000 millj. úr ríkissjóði strax á næstu árum í beinum framlögum til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum. Ár eftir ár eftir ár eftir ár var reynslan sú að þetta skilaði sér ekki. Út frá þessum veruleika markaði ég þá stefnu á árinu 1989 að þetta gengi ekki svona. Menn yrðu ef eitthvert mark væri takandi á þessari áætlanagerð að reisa hana á traustari grunni en þessari óskhyggju. Samkomulagið gekk út á það að í framtíðinni yrði vegáætlunin grundvölluð á hinum mörkuðu tekjustofnum nýttum að fullu og öðru ekki. Út af fyrir sig er framlagning þessarar vegáætlunar arftaka míns staðfesting á því að menn sjá að þetta er auðvitað það eina sem raunsætt er í þessum efnum. Hún byggir líka á hinum mörkuðu tekjustofnum og gefur ekki í skyn einhverjar væntingar um framlög úr ríkissjóði á komandi árum. Ég vænti þess að menn séu orðnir almennt sammála um það að svona hljóti þetta að verða.

Varðandi þetta með hundraðshlutföllin er það kannski svona fræðileg deila sem mönnum finnst ekki mjög „interessant" eins og sagt er. En ég hlýt þó að stríða hv. 3. þm. Vestf. með því að benda honum á það að hann byggði sitt mál og hlutfallið 1,57% af þjóðarframleiðslu á árinu 1992 ekki á nýjustu upplýsingum heldur á þjóðhagsáætlun frá því um mánaðamótin nóvember/desember. Það kom fram og ef hann tekur nýjustu þjóðhagsáætlun, sem gerir ráð fyrir að samdráttur þjóðartekna verði um ⅓ minni en nóvember/desember áætlunin gerir ráð fyrir, lækkar þetta hlutfall vegna þess að þjóðartekjurnar verða trúlega og vonandi eitthvað aðeins meiri og þar með verður hlutfallið lægra. Hvort það verður 1,52–1,54% sem ég gæti skotið á skal ég nú ekki segja, það skiptir ekki öllu máli. En til að hafa þetta á hreinu er það svo að nýjustu þjóðhagsspár gera ráð fyrir aðeins meiri þjóðartekjum og þar með að þetta hlutfall verði lægra.

Varðandi niðurskurðinn og samanburð milli áranna 1991 og 1992 má hv. 3. þm. Vestf. ekki gleyma því að eitt af því sem ríkisstjórnin ákvað var að taka ekki lán fyrir flýtingarkostnaðinum við Vestfjarðagöngin vegna flýtingarframkvæmda þar og þar með verður framkvæmdaþunginn gjaldfærður að fullu hjá Vegasjóði og dregur úr öðrum framkvæmdum sem því nemur. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir gera þennan samanburð til þess að hann sé sanngjarn.

Að lokum, herra forseti, er það svo auðvitað dómur reynslunnar sem er og verður alltaf bestur í þessum efnum. Mér finnst athyglisvert að hv. þm. Pálmi Jónsson skuli ekki hafa látið sjá sig í þessum umræðum um vegamál og það segir allt sem segja þarf um málflutning hans hér á Alþingi t.d. árið 1989 og á vordögum 1991.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar hv. 4. þm. Norðurl. e. kallar raunverulega ekki á mikið mál. Hann vék aðeins að þessu samanburði um þjóðarframleiðsluna. Ég er út af fyrir sig sammála honum um það að þetta getur verið tilefni til nokkurra talnalegra leikfimisæfinga og auðvitað ræðst þessi samanburður, þetta hlutfall ekki síst af þróun þjóðarframleiðslunnar sjálfrar. Það er auðvitað ein skýringin á því að hækkunin varð frá árinu 1987, 1988, 1989 o.s.frv. að þjóðarframleiðslan þessi ár var að dragast saman. Út af fyrir sig er það auðvitað rétt ábending.

Ég var hins vegar að draga þetta fram vegna þess að menn hafa í umræðunum um vegamálin verið að nota þennan samanburð til þess að sýna hvaða hlutfall af því sem við höfum til ráðstöfunar eftir atvikum menn kjósa að nota til vegamálanna. Ég vakti athygli á því að miðað við þær forsendur sem ég þekkti þá um þjóðarframleiðsluna væri þetta 1,57% af þjóðarframleiðslunni. Ef svo vel fer að þjóðarframleiðslan verður eilítið meiri en menn töldu um áramótin þá breytast þær forsendur. En ég hygg hins vegar að þrátt fyrir allt verði reynslan sú og dómur sögunnar sá að hlutfall okkar til vegamála verður á þessu ári ekki mikið frábrugðið því sem verið hefur undanfarin síðustu ár og það er kjarni málsins.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gerðist nokkuð óvænt í síðustu viku að hv. þm. Einar Kr. Guðfinnsson flutti þau tíðindi að sá samningur sem ég hefði gert við borgarstjórann í Reykjavík væri ólöglegur. Alla vega væri það nokkuð ljóst að hann væri gerður í heimildarleysi. Hann óskaði jafnframt eftir því að samgn. Alþingis

kvæði upp úrskurð í þessu máli. Ég hélt um daginn að þetta væri kannski eitthvert frumhlaup hjá þingmanninum og hef reiknað með því án þess að ég hafi fyrir því einhverjar sérstakar heimildir að hæstv. forsrh., fyrrv. borgarstjóri, hafi svona varpað á hann nokkrum orðum út af þessu máli, enda fannst mér það koma óbeint fram í ræðunni.

Engu að síður kemur þingmaðurinn hér upp og endurtekur þetta, segir m.a. að þegar niðurstaða samgn. liggi fyrir, þá þurfi að kanna orðrétt hver staða samningsins er að því búnu og samgn. eigi að kanna lögformlegan þátt þessa samnings. Hv. þm. situr í fjárln. Alþingis, hann er einn af 63 þingmönnum þessarar þjóðar og hann gerir sér væntanlega grein fyrir því að það sem hann hefur flutt hér að nýju er mjög alvarlegur hlutur. Þess vegna er alveg ljóst að ég tek undir þá ósk og set fram þá kröfu að samgn. verði við þessari beiðni. Ég set fram þá kröfu að samgn. afli sér lögfræðilegrar umsagnar hjá formlegum lögfræðistofnunum og skili þeirri niðurstöðu hingað til þingsins og vegáætlunin komi ekki til afgreiðslu á Alþingi áfram fyrr en sú niðurstaða liggur fyrir. Það er alveg ljóst. Ég tek þetta ekki sem marklaus orð. Ég ætla mér að fá formlega úr þessu skorið. Ef það reynist vera rétt sem þingmaðurinn segir að þessi samningur hafi verið gerður í heimildarleysi (Forseti hringir.) — ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en vona að forsetinn skilji að hér er ekki um létt mál að ræða. (**Forseti:** Forseti gætir bara þingskapa.) Já, ég veita það, hann gerir það. Hér er um þungan áburð að ræða og er líka mjög mikilvægt mál vegna þess að Landsbankinn hefur minnkað skuld Reykjavíkurborgar við Landsbankann sem nemur, ef ég man rétt, 1,2 milljörðum af lausaskuld borgarinnar á yfirdráttareikningi við Landsbankann og gerði það í trausti þessa samnings vegna þess að Landsbankinn tók þennan samning sem ígildi greiðslu af hálfu Reykjavíkurborgar. Þannig að ef samningurinn er ógildur þá verður Landsbankinn umsvifalaust að hækka lausaskuld Reykjavíkurborgar við Landsbankann um 1,2–1,3 milljarða. Þess vegna, virðulegi forseti, fer ég formlega fram á að það verði orðið við þessari ósk og að vegáætlun verði ekki afgreidd á Alþingi fyrr en þetta liggur formlega fyrir.

Svo ætti það að vera innanhússmál í Sjálfstfl. hvort hv. þm. Einar K. Guðfinnsson verður til þess að auka skuld Reykjavíkurborgar við Landsbankann um 1,2 milljarða.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer náttúrlega ekki á milli mála að málflutningur minn hefur komið við mjög viðkvæma taug í hæstv. fráfarandi fjmrh. þegar ég vakti athygli á því að samningurinn við Reykjavíkurborg hafði verið gerður á grundvelli tiltekinnar heimildar í fjárlögum sem kvað á um það að þessi samningur ætti að berast undir fjárveitinganefnd. Ég vakti athygli á því og óskaði eftir því sérstaklega að samgn. þingsins sem fær vegáætlun til meðhöndlunar fari ofan í þetta mál.

Ég fullyrti aldrei í mínum ræðum eða í mínum málflutningi að samningurinn væri ólöglegur. Það kaus hins vegar hv. 8. þm. Reykn. að segja að hefðu verið mín orð og það út af fyrir sig dæmir hans málflutning eins og vera ber þegar hann leggur mér þessi orð í munn. Ég sagði það aldrei í einni einustu ræðu að samningurinn væri ólöglegur. Ég var aðeins að vekja athygli á því að sá þáttur málsins, sem sneri sérstaklega að páv. hæstv. fjmrh., núv. hv. 8. þm. Reykn., var að bera hefði átt þetta mál fyrir fjárveitinganefnd, og það hafi ekki verið gert. Út á það gekk málflutningur minn og annað ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að hv. þm. hafi ekki fullyrt að samningurinn væri ólöglegur, en hins vegar fór ekkert á milli mála að að hann telur að hann hafi verið gerður án þess að heimildum hafi verið fullnægt. Við skulum ekki kveða upp neinn dóm í því máli. Það er hins vegar mikill misskilningur hjá hv. þm. að málið sé eitthvað viðkvæmt fyrir mig. Alls ekki. Ég lýsti því yfir í síðustu viku að ég tæki því fagnandi að þetta væri skoðað. Ég hvet samgn. til að skoða það. Ég hvet samgn. til að leita sér álits færustu lögfræðinga, ég hvet hana eindregið til þess. Það eina sem ég var að gera hér var bara að gera það alveg ljóst að ég mun ganga eftir því síðar á Alþingi að það komi fram niðurstaða í því máli frá samgn. Það sem ég var að gera þingmanninum ljóst var að ég ætla að taka mark á orðum hans. Ég ætla ekki að láta honum haldast það uppi að vera með einhvern pólitískan leikaraskap til þess að geta spilað svo einhverja plötu úti í kjördæmunum. Nei, akkúrat ekki. Ég mun gera kröfu til þess að málið verði tekið fyrir og því fylgt til enda. Komist samgn. að þeirri niðurstöðu að samningurinn hafi verið gerður í heimildarleysi verður honum bara skilað. Þá er ekki hægt að taka hann upp og fara núna til fjárln. og biðja hana að fjalla um hann. Það er ekki hægt því að lögin eru útrunnin og fjárlagaárið liðið og fjárveitinganefnd aflögð. Og þá er bara samningnum skilað. Þá skilar Landsbankinn samningnum til Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg skilar honum til ríkisins. Þá það. Þá stöndum við bara frammi fyrir því að það hafi gerst.

Krafa mín er þess vegna einfaldlega sú að í þessu máli komi formleg niðurstaða frá samgn. sem leiti sér álits lögfræðilegra aðila og gerir þinginu grein fyrir þeirri niðurstöðu.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á hvernig hv. 8. þm. Reykn. kýs að haga sínum orðum. Fyrst reynir hann að koma því að að ég hafi fullyrt að samningurinn væri ólöglegur. Þar með reyndi hann að komast eins langt í þessu máli og honum var frekast kostur. Þegar ég benti honum á að það hefðu aldrei verið mín orð dró hann nokkuð í land og sagði: Það má vel vera að þingmaðurinn hafi sagt að samningurinn hafi ekki verið ólöglegur.

Aðalatriði málsins er þetta: Ég vék aldrei að því hvort samningurinn væri ólöglegur. Ég bað eingöngu um að samgn. þingsins færi ofan í þetta mál af tilefni

sem ég rakti ítarlega og er ástæðulaust að fara hér aftur yfir. Ég benti á hvernig heimildarákvæðið var orðað og þess vegna væri full ástæða til þess að samgn. færi ofan í þetta mál. Um þetta snýst þessi orðræða og alls ekki neitt annað. Það er af og frá að ég sé að reyna hér að búa til einhverja pólitíska flugeldasýningu til að nota úti í kjördæmunum. Ég er einfaldlega að vekja athygli á því að það var hlutverk hæstv. þáv. fjmrh. að koma með þennan samning inn í fjárveitinganefnd. Ég hafði hins vegar komist að því að það hafði ekki verið gert og þess vegna óskaði ég eftir því að samgn. þingsins færi ofan í þennan stóra samning sem gerður var rétt fyrir síðustu kosningar og kannaði hann alveg sérstaklega. Það er sjálfsögð ósk sem þingmenn hljóta að koma fram með í umræðum um svo stóran málaflokk og um svo stóran samning sem gerður var af fjmrh. rétt fyrir kosningar án þess að leita samþykkis fjárveitinganefndnar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta hafa verið að mörgu leyti athyglisverðar umræður og einhverjir þingmenn sem beindu til mín fyrirspurnum sem nú eru ekki staddir í þingsalnum og eru uppteknir við önnur störf og veit ég satt að segja ekki hvaða þýðingu það hefur að víkja sérstaklega að ummælum þeirra af þeim sökum.

Í fyrsta lagi hafa nokkrar umræður orðið um það hvernig rétt sé að bera saman framlög til vegamála frá einum tíma til annars. Við vitum það þingmenn af gamalli reynslu að venjulega ríkir mikil bjartsýni þegar vegáætlun er sett saman langt fram í tímann og vill þá brenna við, sérstaklega þegar kosningar eru fram undan, að ýmsu því sé slegið föstu sem menn treysta sér ekki til að standa við að kosningum loknum, einkum ekki fyrsta eða annað árið eftir kosningar, og ég hygg að þetta megi segja um flesta flokka.

Að því leyti stendur sérstaklega á um þá vegáætlun sem sett var fram í langtímanefnd nú á sl. vetri að við í þingflokki Sjálfstfl. sögðum þá þegar að boginn væri spenntur til hins ýtrasta þannig að það væri nokkurn veginn ljóst að sama skipti hverjir tækju við eftir kosningar, þeir mundu ekki treysta sér til að standa við þá áætlun sem þar væri sett fram. Og allra síst ef við byggjumst við því að þjóðartekjur mundu ekki vaxa, kannski fara minnkandi áfram, og ef við gengjum út frá því að okkur gæti tekist að ná samningum á hinum almenna vinnumarkaði sem byggðist á því að halda verðbólgu mjög í skefjum. Í vegáætlun, eins og hún lá fyrir, var gert ráð fyrir verulegri hækkun á þungaskatti og bensíngjaldi umfram almennar kostnaðarhækkanir í landinu á sl. ári og þessu, og það gefur náttúrlega auga leið eins og nú standa sakir að það hefði verið mjög ógætilegt að fara eftir þeirri forskrift nákvæmlega eins og hún var.

Ég vil í annan stað rifja það upp fyrir hv. þingmönnum að þegar vegáætlun var upphaflega lögð fram var borð fyrir báru. Þá var ekki eytt hverri einustu krónu í vegáætlun heldur haft nokkurt svigrúm ef sjónarmið manna skyldu breytast eða ef síðar kæmi í ljós að peningar væru minni en menn hefðu gert sér vonir um þannig að ekki þyrfti að skera niður fé til verkefna sem hafði verið skilgreint með vegáætlun. Þetta breyttist síðan þegar þingmenn urðu óþreyjufullir og gátu ekki stillt sig um að setja sem mest á pappír þó svo að þeir vissu um þá óvissu sem slíkum vinnuaðferðum fylgir.

Svo ég taki hliðsjón af öðru máli sem verður vonandi tekið fyrir á eftir þá hef ég haft þann hátt á að reyna að miða flugmálaáætlun fyrst og fremst við næstu tvö ár, en síðan geti menn endurmetið þörfina að þeim tíma liðnum.

Ég hef, og við sjálfstæðismenn raunar, ævinlega lagt á það höfuðáherslu að hinar mörkuðu tekjur Vegasjóðs rynnu óskiptar til Vegasjóðs en ekki ríkissjóðs. Það var þess vegna fyrir okkur veruleg fórn að víkja frá þessu — ég vil segja þessari heilögu vinnureglu sem við höfum fylgt gegnum árin, en ástæðan fyrir því var hreinlega sú að við höfðum sett okkur mjög ströng markmið í sambandi við ríkifjármálin sem við að þessu sinni töldum heilagri en þau hin eldri sem við aðrar aðstæður höfðum sett fram um vegáætlun.

Ég tók eftir því að hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði sérstaka áherslu á að blýlausa bensínið yrði enn þá nokkru lægra en annað bensín og taldi að sú stefnumörkun hefði jafnan verið í gildi. Orðalag í þessu sambandi hefur verið óljóst, en það er ljóst að þegar rætt hefur verið um markaðar tekjur Vegasjóðs hefur það ævinlega verið í hugum manna að reyna að halda tekjum eins og þær voru skilgreindar á sínum tíma og þá verið gert ráð fyrir því að Vegasjóður fengi það bætt upp með almennri hækkun á bensíni ef menn vildu hafa álagningu minni á hinu blýlausa.

Ég legg áherslu á það sem ég sagði í ræðu minni að hér er gert ráð fyrir að skera niður um 516 millj. kr. frá vegáætlun í þeirri þáltill. sem liggur fyrir en ekki um 766 millj. eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. komst hér að orði. Ég greip ekki alveg í hverju misskilningur hans er fólginn, en þetta er sem sagt sá niðurskurður á framkvæmdafé sem við erum að tala um.

Ég held að óhætt sé að segja að það hafi vakið sérstaka athygli mína að tveir af þingmönnum Vestfirðinga töldu að sérstaklega illa væri með þá farið í þeim drögum að vegáætlun sem liggja fyrir þessu þingi. Nú er það svo að lögð er áhersla á það í sambandi við Vestfjarðagöngin að þau verði tilbúin á fyrir fram ákveðnum tíma þannig að þar verður ekki dráttur. Þess var gætt í sambandi við þann sérstaka flata niðurskurð sem ákveðinn var að hann kæmi ekki inn á fjármögnun Vestfjarðaganganna þannig að Vestfirðir sitja af þeim sökum við sérstakt borð og satt að segja undarlegt á hinu háa Alþingi þegar fulltrúar þess kjördæmis sem mest fá í sinn hlut skuli kvarta sárast. Ég vil rifja upp í því sambandi að þegar ráðist var í Múlagöngin fyrir norðan gerðum við þingmenn Norðurl. e. okkur ljóst að við gætum ekki vænst þess að framlög til annarra vegaframkvæmda yrðu að framkvæmdamætti hin sömu rétt á meðan unnið var í Múlanum. Hið sama hlýtur og vitaskuld að eiga við um Vestfirðinga og einstakir þingmenn þaðan mega ekki gera sjálf-

um sér það að ætlast til þess að þeir sitji líka við sérstakt borð varðandi aðra framkvæmdaþætti.

Ég vil líka láta í ljós undrun mína yfir því að einn af þingmönnum Vestfirðinga, hv. 5. þm. Vestf., talaði um að áætlunarferðir til Bíldudals með flutningaskipum, strandferðaskipum hefðu verið lagðar niður. Þetta er algjörlega rangt. Ég veit ekki betur en bæði Eimskip og Samskip eigi fastar áætlunarferðir til Bíldudals. Hitt er rétt að ákvörðun var tekin um að leggja Ríkisskip niður og þær fréttir sem ég ef af ströndinni eru þær að þar hafi menn ekki undan neinu að kvarta. Samkeppni milli þessara tveggja skipafélaga hefur vaxið, þau leggja sig bæði fram um það að reyna að þjónusta ströndina mjög vel og ég veit satt að segja ekki um einn einasta þingmann sem vildi taka þann kostinn að vekja Ríkisskip upp á nýjan leik og taka eina milljón kr. á dag af þeim sökum frá öðrum þáttum samgöngumála til að halda þeim sérstaka rekstri áfram. Ég veit ekki um neinn þingmann sem kysi það. Þess vegna finnst mér undarlegt í sömu andrá og við erum að tala um það að fjármunir til samgöngumálanna í heild séu ónógir skuli fundið að því í þessum sal að reynt er þó að leggja niður þann kostnað sem óþarfur er. Skipaútgerð ríkisins var nauðsynleg á sínum tíma, en með breyttum tíma, með bættum vegasamgöngum, með því að hin skipafélögin tvö hafa lagt aukna áherslu á strandsiglingar, bæði Eimskipafélagið og Samskip, er augljóst að ríkið gat dregið sig í hlé í þessari sérstöku starfsemi og reynt að snúa sér að öðrum þáttum og gera þá betur.

Þetta er sem sagt kjarni málsins. Jarðgöngunum verður lokið á þeim tíma sem fyrirhugað var. Það er ekkert sem í því sem hér er lagt til sem á að koma í veg fyrir það og er því ástæðulaust fyrir einstaka þingmenn að reyna að slá einhverjar keilur nú með því að vekja ugg í brjósti Súgfirðinga eða annarra Vestfirðinga með því að halda því fram að þetta verkefni sé í óvissu. Þvert á móti eigum við þingmenn utan af landi að reyna að hafa frið um stórframkvæmdir eins og þessar og reyna að standa vel að framkvæmd þeirra og vera sanngjarnir í málflutningi um þær. Nú vita þingmenn Vestf. auðvitað betur en flestir aðrir að með þessari framkvæmd var um leið tekin ákvörðun um að draga vegafé frá öðrum kjördæmum þangað vestur. Við höfum ákveðið fé til vegamála og við getum ekki sagt að það fé sé ekki tekið af öðru vegafé, eða af öðru fé úr ríkissjóði. Það fé sem rennur til vegaframkvæmda fer auðvitað úr ríkissjóði með einum eða öðrum hætti. Í þessu tilviki erum við að tala um fé sem er tekið af bensíngjaldi og með þungaskatti og hefur þess vegna í för með sér að aðrir landsfjórðungar verða að sætta sig við minna framkvæmdafé á meðan en ella mundi. Þegar ákvörðun er svo tekin um að haga framkvæmdum lítils háttar öðruvísi en hugsað var í upphafi en þó tryggilega frá því gengið að göngin geti opnast nákvæmlega á sama tíma og fyrirhugað var þá geta ekki Vestfirðingar fundið að því og dettur ekki nokkrum Vestfirðingi í hug sem við mig talar um leið og búið er að útskýra fyrir honum málin. Ég þori á hinn bóginn ekki að bera ábyrgð á því ef menn ganga um Vestfirðina og dreifa misnákvæmum eða villandi upplýsingum. Um það þori ég ekki að segja. En fyrir Vestfirðingum vakir það eitt á þessum stöðum að reyna að tryggja öruggar samgöngur til sín yfir þá hættulegu fjallvegi sem þar eru. Þeir kunna auðvitað vel að meta það að við það verður staðið að göngin verði opnuð á réttum tíma. Þetta er kjarni málsins. (**KHG:** Hverjir dreifa misnákvæmum upplýsingum?) Ég er mjög feginn því að með frammíkalli sínu skuli hv. 5. þm. Vestf. gefa til kynna að hann metur þessa hluti með sama hætti og ég að fyrir Vestfirðingum vakir það fyrst og fremst að göngin verði opnuð á þeim tíma sem ætlað var og að þeir séu síður en svo á móti því ef hægt er að draga úr fjármagnskostnaði með því að draga úr framkvæmdum með öðrum hætti. Auðvitað er þeim enginn akkur í því að þar sé verið að eyða fé að óþörfu.

Ég var spurður um veginn yfir Hálfdán. Það er einn af þeim vegum sem ég hef sérstakan áhuga á vegna þess að ég tel að kominn sé tími til að reyna að samræma það fé sem veitt er til ýmissa þátta samgöngumála og tel þess vegna mjög æskilegt ef Bílddælingar, Tálknfirðingar og Patreksfirðingar kæmust að samkomulagi um eitt hafnarsamlag sem mundi valda því að þeir gættu nýtt hafnarmannvirki betur en nú er og dregið úr kostnaði við hafnagerð. En einmitt til að greiða fyrir því er nauðsynlegt að ná þeim áfanga í sambandi við Hálfdán að hægt sé að ljúka vegalagningunni að norðan- eða austanverðu hvort sem hv. þm. Vestf. kjósa heldur að nefna það. En þetta er eins og annað háð því að nægilegir fjármunir séu fyrir hendi.

Hv. 3. þm. Vesturl. vakti athygli á að í þeirri nefnd sem skipuð hefur verið til að endurskoða vegalögin sé eingöngu stjórnarliðar. Þetta er alveg laukrétt hjá honum. Sá háttur var á hafður á síðasta þingi að skipuð var nefnd úr öllum stjórnmálaflokkum en auðvitað kom það síðar í ljós þegar nálgaðist niðurstöðu að stjórnarflokkarnir kusu að halda bæði Kvennalista og Sjálfstfl. utan við þegar ákvörðun var tekin um leiðir til fjáröflunar og skiptingu fjármagns milli rekstrar- og fjárfestingarliða. Í þeim þætti nefndarstarfsins var sá háttur hafður á að hin endanlega ákvörðun var einungis í höndum ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar á Alþingi.

Við sem berum ábyrgð á stjórn landsins erum nú að marka stefnu í samgöngumálum og ég tel eðlilegt að það verk verði í höndum þeirra sem að ríkisstjórninni standa og ákvörðun mín um að halda mig við stjórnarliða í sambandi við endurskoðun á vegalögum er í samræmi við það sjónarmið mitt.

Hv. 3. þm. Vestf. gagnrýndi þá aðferð sem er nú höfð á innheimtu á þungaskatti og vildi leggja mælana niður en fara aðrar leiðir. Þetta mál hefur margsinnis komið upp og þrautrætt rætt innan Vegagerðarinnar og fjmrn. og raunar í samgrn. líka. Menn hafa bundið vonir við að ný tegund af mælum muni gefa betri raun en þeir mælar sem notast hefur verið við nú um sinn til að hægt sé að koma í veg fyrir undanskot frá skatti. Þetta mál er auðvitað alltaf til endurskoðunar en ekki hafa fundist leiðir sem þykja vænlegri en sú

sem nú er, að innheimta þungaskattinn samkvæmt mæli.

Hv. 5. þm. Austurl. og raunar hv. 2. þm. Austurl. viku báðir að hugsanlegri jarðgangagerð á Austurlandi. Það hefur alltaf legið fyrir að ekki var búist við að farið yrði í jarðgangagerð á Austurlandi á sama ári og jarðgangagerð lyki fyrir vestan. Gert var ráð fyrir því að nokkurt hlé yrði á milli sem yrði notað til að greiða upp lán sem tekin yrðu vegna ganganna á Vestfjörðum. Þannig var dæmið sett upp á sínum tíma. Við höfum á hinn bóginn nú tekið ákvörðun um það á þessu ári að taka ekki lán vegna jarðganganna fyrir vestan heldur reyna að nota sjálfsaflafé eða fé úr Vegasjóði til jarðgangagerðarinnar sem annarar vegagerðar.

Það hlýtur að vera mikið álitamál hvernig við eigum að halda á þeim málum. Hvort við eigum að fara þegar í stað í jarðgöng, hversu snemma, og hvaða jarðgöng eigi að sitja fyrir fyrir austan. Uppi eru ýmsar hugmyndir í sambandi við slíka framkvæmd. Það er talað um að á miðausturlandi séu kostnaðartölur 5,7–7,4 milljarðar kr. eftir mynstri og staðsetningu. Ef talað er um jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar erum við að tala um 2,1 milljarð til að stytta leiðina um 32 km. Ef talað er um Vopnafjörð/Hérað eru það um 2,5 milljarðar. Til samanburðar má benda á að ef við hugsum um að byggja upp veginn frá Egilsstöðum til Mývatnssveitar á svipuðum slóðum og hann er núna, um 140 km leið, þá erum við að tala um kannski 1 milljarð kr. Ef við á hinn bóginn mundum kjósa að fara norður yfir fjallgarðana erum við kannski að tala um hálfu meira fé. Þá erum við að tala um mjög þýðingarmikla samgöngubót milli tveggja landsfjórðunga.

Í þessu sambandi er ég með í höndum kostnaðartölur við nokkrar leiðir og styttingar á hringvegi sem ég er alls ekki að segja að menn muni ráðast í en gefa okkrar hugmyndir um þá möguleika sem menn sjá nú á því að stytta hringveginn. Ef annars vegar er tekin hringvegurinn Reykjavík-Akureyri-Egilsstaðir, þá er í fyrsta lagi Hvalfjörður, stytting um 45 km sem kostar 5 milljarða kr., Svínvetningabraut sem er stytting um 6 km kostar milljarð. Við Grímsstaði á Fjöllum, stytting um 4 km kostar 70 millj. kr. Í fjórða lagi brú yfir Jökulsá á Dal, stytting um 3 km kostar 200 millj. Þarna erum við að tala um 58 km styttingu. Vegalengd frá Reykjavík um Akureyri til Egilsstaða yrði þá 647 km í staðinn fyrir 705. Ef við á hinn bóginn förum suður fyrir þá kostar 350 millj. kr. að stytta hringveginn um 11 km við Hornafjörð, 160 millj. 7 km við Svínafell, 320 millj. 8 km við Kúðafljót og 500 millj. 60 km ef farið yrði yfir Öxi. Samtals eru þetta 86 km. Þá styttist leiðin úr 709 km í 618 km. Þó ég geri grein fyrir þessum tölum er ég ekki um leið að leggja til að nú verði lögð áhersla á veginn yfir Öxi eins og ég hef orðið var við að sumir héldu eftir að ég gerði grein fyrir þessum tölum á ráðstefnu sem haldin var í síðustu viku á Loftleiðahóteli.

En kjarninn er auðvitað sá að við stöndum frammi fyrir því að okkur vantar verulegt fé til vegamála. Við vitum að þeir sem mest fara um vegina þurfa á þeim að halda, langferðabílstjórar og þeir sem aka vöruflutningabílum. Ég hygg að ég megi fullyrða að þeir séu nær allir sammála um að leggja höfuðáhersluna á að koma bundnu slitlagi á vegina og reyna að styrkja þá á aðalleiðum þannig að við getum náð því markmiði sem allra fyrst að öxulþungi geti orðið hinn sami í Vestur-Evrópu. Á það vantar auðvitað mikið sums staðar. En smátt og smátt eigum við að setja okkur þetta og við eigum að minni hyggju að reyna að nota peningana þannig að sem flestum komi til góða.

Hv. 2. þm. Austurl. gaf í skyn og fullyrti raunar að í ummælum mínum, bæði á Alþingi og annars staðar og einnig ef stefnumörkun ríkisstjórnarinnar væri lesin væri óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að vegur yfir Efra- og Neðrafjall kæmi á þessu kjörtímabili eða svo skildi ég hann. Það má nú kannski á milli vera. Samkvæmt langtímaáætlun sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lagði fram á síðasta þingi var þessi vegagerð alls ekki á dagskrá á þessari öld. Það átti að bíða næstu aldar að vega Möðrudalsöræfi. Þannig var nú það. Á hinn bóginn liggur fyrir, svo ég taki eitt hérað á Austurlandi, Vopafjörð, að þó svo verið sé að hressa upp á Hellisheiði getur sá vegur aldrei orðið það tryggur að um viðunandi vegasamband geti orðið að ræða til annarra héraða um heiði heldur verður óhjákvæmilegt að fara norður um eins og nú standa sakir um Þórshöfn og þá leiðina til byggða.

Það var spurt um það hér af þessum sama þingmanni, eða með því mælt, að snjómokstur yrði tekin upp yfir Efra- og Neðrafjall að vetri til. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um það en á hinn bóginn er reynt að halda veginum opnum eins lengi fram eftir haustinu og auðvelt er og byrja að moka hann eins snemma á vorin og ráðlegt þykir. Ég hef svo sem ekki meira um það að segja. Um snjómokstursreglur almennt vil ég segja að nú eru í gildi sömu reglur og voru teknar upp í mars á sl. ári en þessi mál koma að sjálfsögðu til endurskoðunar með nýjum vegalögum sem verða lögð fyrir þingið á þessu vori.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, kjarni málsins liggur fyrir. Sú till. til þál. um breytingar á þál. til vegáætlunar fyrir árin 1991–1994, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því að fé til vegamála verði að raungildi nokkru meiri en á síðasta ári. Á síðasta ári voru heildarútgjöld til vegamála 5 milljarðar 423 millj. kr. en verða á þessu ári 5 milljarðar 565 millj. kr. Voru á árinu 1990 5 milljarðar 253 millj. kr. Miðað við það harða árferði sem við búum nú við hljóta hv. þm., ef þeir vilja vera sanngjarnir, að segja að þetta sé viðunandi lausn. Það eru alls ekki tök á því að ganga lengra í þessum efnum. En á hinn bóginn kemur okkur til góða að þau útboð sem framkvæmd hafa verið virðast gefa til kynna að framkvæmdakostnaður verður tiltölulega lágur á þessu ári og mun þá nýtast okkur í sambandi við þau markmið sem við höfum sett okkur á einstökum leiðum.

Ég legg áherslu á að á undanförnum árum höfum við ekki gætt okkar nógu vel í þeim skilningi að ekki hefur verið samhengi milli þarfar og eyðslu í einstök-

um þáttum samgöngumála. Ef við horfum til hafnamála, flugvallagerðar og vegamála í heild þá hefur á undanförnum árum vantað verulega mikið upp á að menn hafi verið látnir standa fyrir skýrum kostum hvernig þeir kjósi helst að láta verja því fjármagni sem þeim stendur til boða. Ég hef orðið var við það af viðræðum mínum við sveitarstjórnarmenn að þeir hafa fullan skilning á því að þetta verður að taka allt saman í samhengi. Ég geri mér vonir um að okkur muni smátt og smátt lærast að samræma framkvæmdirnar eins og ég sagði áðan, skýra kostina fyrir mönnum þannig að þeir verði ánægðir með nokkra úrbót þó þeir á hinn bóginn geri sér grein fyrir að fullkomna úrbót verður aldrei að fá. Samgöngumálin eru auk þess í því horfi að engin von er til að við getum staðið við þau lágmarksmarkmið sem við hljótum að setja okkur nema kannski á þessum áratug, a.m.k. ekki á næstu þremur árum. Þetta held ég að sé kjarni málsins. Deilur um það, hvort við stöndum okkur eilítið betur á þessu árinu en síðasta ríkisstjórn eða eilítið verr, eru auðvitað skemmtilegar. Við stöndum okkur auðvitað eilítið betur en síðasta ríkisstjórn í þessu sem öðru og ég vona að svo megi haldast á meðan núv. ríkisstjórn situr.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt sem nauðsynlegt er að gera að umræðuefni í því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra. Ég tek aðeins það brýnasta út úr í andsvari.

Ég vil í fyrsta lagi segja að það sem menn gera er að fella út lánsfjáröflun til jarðganganna og taka fé í staðinn úr vegáætlun. Menn eru því að þrengja að öðrum framkvæmdum með því að fella niður lánsfjáröflun. Að okkar mati er óskynsamlegt að ætla sér að sauma að öðrum framkvæmdum eins og raun ber vitni og mun skynsamlegra að fjármagna stór verkefni eins og jarðgöng á 8–10 árum, eins og áður var lagt til.

Ég vil líka láta það koma fram að miðað við þá þáltill. sem ráðherra hefur lagt fram verður verulegur niðurskurður í nýframkvæmdum á Vestfjörðum á þessu ári, öðrum en jarðgöngum. Og ég vil benda ráðherranum á að svo virðist sem hann njóti ekki stuðnings þingmanna Sjálfstfl. á Vestfjörðum við þessa tillögu þannig að það eru fleiri en ég sem gagnrýna hana.

Ég vil líka benda ráðherra á að það fjármagn sem áður fór til reksturs Skipaútgerðar ríkisins og var vissulega notað til að styrkja flutninga, greiða þá niður, var lagt af samkvæmt ákvörðun Alþingis og tillögu ráðherra. Það fé sem þannig sparaðist, eins og ráðherra kveður á um, var ekki tekið til samgöngumála heldur beint í ríkissjóð. Ég bendi ráðherranum á, fyrst hann telur eðlilegra að beina flutningum meira af sjó yfir á land, að þá hefði verið eðlilegra að taka það fjármagn sem áður rann til Skipaútgerðar ríkisins inn í vegáætlun.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fyrsta sem ég ítreka síðan áðan: Vegáætlun mun verða opnuð á þeim tíma sem áður hefur verið ákveðið og auðvitað er næsta furðulegt að einstakir þingmenn skuli gagnrýna það að dregið hafi verið að taka lán til þeirrar gangagerðar úr því að ekki var þörf fyrir lánið nú á þessu ári.

Í öðru lagi liggur ljóst fyrir að ef ég hefði ætlað mér að taka 250–300 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins á þessu ári, til taprekstrar þar, hefði verið óhjákvæmilegt að skera eitthvað annað niður í staðinn því við ætluðum okkur að hafa hallann á ríkissjóði innan þeirra marka sem ég gerði grein fyrir. Þá hefði verið óhjákvæmilegt að taka það fé annaðhvort af vegagerð, hafnagerð eða flugvallagerð. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og þarf ekki að hafa fleiri orð um það, sérstaklega þegar haft er í huga að útgjöld vegna flóabáta hafa vaxið stórkostlega nú á tveimur árum og engar horfur eru á að úr því dragi á næsta ári vegna þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið í sambandi við nýjar ferjur og flóabáta.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Undarlegt er að ráðherra lýsi því yfir að ekki hafi verið þörf fyrir lánsfé til Vestfjarðaganga á þessu ári. Það er slík yfirlýsing að furðu sætir. Ég veit ekki betur en menn séu svo aðkrepptir í áætlanagerð að engu má skeika svo illa fari.

Hvað varðar þær 300 millj. sem hæstv. ráðherra er sífellt að tönnlast á til Skipaútgerðar ríkisins er rétt að láta það koma fram í eitt skipti fyrir öll að þetta er tómt kjaftæði í honum og hann veit það ofurvel. Hins vegar hefur það verið stefna stjórnvalda hingað til að styrkja flutninga á sjó að vissu marki. Það er skynsamlegt og ég bendi hæstv. ráðherra á grein, sem birtist í hans eigin málgagni fyrir nokkrum dögum, sem dregur fram einn höfuðþáttinn í því hvers vegna það er skynsamlegt. En það er að það sparar verulega slit á vegum.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að það væri misskilningur hjá mér að vinna ætti að tengingu Norður- og Austurlands á þessu kjörtímabili. Það er staðreynd að þetta stendur í hinni hvítu bók sem ríkisstjórnin gaf út. Það hefur vakið væntingar hjá fólki að ríkisstjórnin ætli að vinna að þessu máli á kjörtímabilinu því hvíta bókin fjallar væntanlega um þetta kjörtímabil. Ekki nema hún fjalli um það sem ríkisstjórnin ætlar að gera eftir næsta kjörtímabil. Ég hef ekki litið svo á. En ef svo er ekki og það á að gera þetta eftir kjörtímabilið þá er ekki orðinn svo mikill munur á þessum áformum og langtímaáætlun. Því það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að í langtímaáætlun séu áform um að vinna á leiðinni Sýslumörk–Heiðarendi á öðru og þriðja tímabili langtímaáætlunar. Mér er fullkomlega ljóst að þeir fjármunir sem eru til þess ætlaðir eru ekki nógir, en stefnumörkunin var fólgin í því að setja þetta þarna inn og vilji var fyrir því að vinna að þessu máli.

Hvað jarðgöng á Austurlandi snertir þá munum við þingmenn Austurlands, a.m.k. þessir sem nú eru á

þingi, maður veit ekkert hverjir það verða eftir næstu kosningar, vinna að því að ná samstöðu um það mál heima fyrir. Við höfum unnið að þessum málum í nánu samstarfi við sveitarstjórnarmenn í kjördæminu og viljum gjarnan hafa gott samstarf við stjórnvöld og ráðherra á hverjum tíma um röð framkvæmda og tala í takt um þau mál.

Ég treysti því að við getum haft slíkt samstarf við núv. samgrh. því það hefur ætíð verið svo að áríðandi er að hv. þm. og þeir ráðherrar sem fara með völd á hverjum tíma tali í takt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held við séum alveg sammála, ég og hv. 2. þm. Austurl., um að þegar ákvörðun var tekin um að verja stórfé til þess að bæta Hellisheiðina höfðu menn ekki í huga að láta það sitja fyrir að vegasamgöngur milli Norður- og Austurlands yrðu bættar í náinni framtíð. Ég held þetta liggi alveg ljóst fyrir og þurfi ekki að hafa um það mörg orð.

Á bls. 41 í hinni hvítu bók stendur: „Hraðað verður lagningu bundins slitlags á hringveginn og unnið að tengingu milli landshluta, m.a. milli Norðurlands og Austurlands."

Ég skildi spurningu hv. þm. svo fyrr í dag og biðst afsökunar á því að það var misskilningur að hann hefði skilið orð mín svo að ég stefndi að því að ljúka þessari tengingu nú á þessu kjörtímabili. Ég hef ekki gert mér vonir um það, enda liggja tillögur Vegagerðar ríkisins um endanlegt vegastæði á milli þessara tveggja fjórðunga ekki fyrir eins og sakir standa. Af þeirri ástæðu er þannig óhjákvæmilegt að taka sér nokkurn tíma til undirbúnings enda er þetta svæði auðvitað fyrir margra hluta sakir sérstakt. Þarna verða mikil fárviðri og menn hljóta að velta því fyrir sér hvort hægt sé eða skynsamlegt að nýta þann veg sem þar liggur nú þó svo á hann verði settir einhverjir krókar fyrir vetrarvegi eða hvort rétt sé að fara, eins og ég sagði áðan, norður fyrir fjallgarðana.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það beri í sjálfu sér ekki mikið á milli mín og hæstv. samgrh. Ég vil aðeins geta þess að vegurinn um Hellisheiði var lagður og sú ákvörðun tekin vegna þess að tenging þessara byggða hafði verið forgangsverkefni á Austurlandi um langa hríð. Það var einmitt vegna samvinnu við sveitarstjórnarmenn í kjördæminu sem þessi leið var ákveðin. Ég held að það sé ekki rétt að blanda þessari vegagerð saman við tengingu milli landshluta. Þarna er um tengingu milli byggða á Austurlandi að ræða og reyndar tengingu við Norðausturland líka sem er kjördæmi hæstv. samgrh. og þetta ætti því að vera sameiginlegt áhugamál okkar beggja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 1992–1995, fyrri umr.

Stjtill., 208. mál. — Þskj. 249.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér er lögð fram er í samræmi við samþykkt flugráðs með þeim breytingum að liður til leiðréttinga og brýnna verkefna er hækkaður um 66,2 millj. kr. á árinu 1994 og um 139 millj. kr. á árinu 1995. Aðrir liðir eru lækkaðir til samræmis. Þetta er eðlilegt þar sem lög mæla fyrir um að flugmálaáætlun skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ég tel nauðsynlegt að menn taki sér nokkurn umhugsunarfrest um hvað rétt sé að leggja mesta áherslu á þegar þar að kemur.

Samkvæmt 1. kafla, 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er þessi tillaga lögð fram. Áætlunin er í samræmi við frv. til fjárlaga fyrir þetta ár og spá Flugmálastjórnar um verðlagsþróun til ársloka 1995. Sjálfgert er að fjárln. fari yfir þessar tölur og þær verða samræmdar þeirri verðlagsspá sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Hér er gert ráð fyrir útgjöldum til framkvæmda samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. flugvallagjaldi og eldsneytisgjaldi.

Afkoma Flugmálastjórnar á undanförnum árum hefur verið mjög góð. Önnur rekstrargjöld og stofnkostnaður hafa nánast verið í samræmi við fjárlagaheimildir en laun hafa farið talsvert fram úr þeim og er skýringin fyrst og fremst sú að stofnunin hefur þurft að inna af hendi ýmsa þjónustu án þess að stöðuheimildir hafi verið til staðar og yfirvinna hefur verið talsvert meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hins vegar hafa sértekjur vegna reksturs orðið nokkru hærri en fjárlög ætluðu og hefur það bjargað afkomunni á undanförnum árum.

Markaðar tekjur Flugmálastjórnar eru almennar rekstrartekjur og tekjur af flugvallagjaldi og eldsneytissölu sem bundnar eru til framkvæmda samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun. Tekjurnar eru því mjög háðar flutningum og umferð um flugvelli landsins.

Árið 1990 var metár í farþegaflutningum innan lands en alls fóru 696.999 farþegar um innanlandsflugvellina og hafa flutningar verið jafnt og þétt stígandi frá árinu 1985.

Á sl. ári urðu farþegaflutningar um 2% minni en árið áður.

Vöru- og póstflutningar virðast vera á undanhaldi, þeir voru 12.000 tonn árið 1980 en aðeins 7.500 tonn á sl. ári.

Þróun farþegaflutninga á undanförnum sex árum er misjöfn eftir flugvöllum. Flutningarnir eru svipaðir undanfarin sex ár á stærri flugvöllum að Vestmannaeyjaflugvelli undanskildum þar sem flutningar hafa vaxið mjög og Vestmannaeyjaflugvöllur er nú orðinn þriðji stærsti innanlandsflugvöllurinn. Flugvellirnir á Snæfellsnesi, Stykkishólmi og Rifi, virðast vera á und-

anhaldi og skýringin er vafalaust bætt vegasamband við höfuðborgarsvæðið.

Við skiptingu útgjalda vegna framkvæmda var í meginatriðum stuðst við þá reglu sem skýrsla flugmálanefndar gerir ráð fyrir um forgangsröðun verkefna. Örfáar breytingar eru þó gerðar til hagræðis að ljúka þeim verkefnum sem þegar er byrjað á. Þá er einnig gert ráð fyrir að flýta endurbótum og aðflutningsbúnaði einstakra flugvalla.

Vegna mikillar aukningar í flugumferð yfir norðanvert Atlantshaf er nú svo komið að húsnæði flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík er orðið of lítið og stendur starfseminni fyrir þrifum. Af þeim sökum var ákveðið sl. ár að hefjast handa við byggingu nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar og hefur fengist samþykki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eða þeirra erlendu aðila sem þjónustuna nota um að standa undir 82% af byggingarkostnaði. 18% kostnaðar er greiddur af innlendu fjármagni en það er hlutur innanlandsflugsins í þjónustu flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Þessi innlendi kostnaður er áætlaður 165 millj. kr. og greiðist af flugmálaáætlun næstu þrjú árin, 1992–1994.

Flugvellir eru flokkaðir í fjóra flokka:

Áætlunarflugvöllur I yfir 1.800 m að lengd.

Áætlunarflugvöllur II 1.200–1.799 m að lengd.

Áætlunarflugvöllur III 800–1.199 m að lengd.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir án áætlunarflugs.

Frá síðustu flugmálaáætlun hafa orðið nokkrar breytingar á flokkun flugvalla. Hætt er að fljúga áætlunarflug á flugvellina á Grundarfirði, Fáskrúðsfirði, Ólafsfirði og Suðureyri. Færist það því yfir á aðra flugvelli og lendingarstaði.

Hafið er áætlunarflug yfir sumarmánuðina á Reykjahlíðarflugvöll og færist hann því upp í áætlunarflugvöll III.

Þá hafa verið teknir út af flokknum aðrir flugvellir og lendingarstaðir af ýmsum ástæðum, Hólakot, Hrauneyjafoss, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður og Svínafell.

Forgangsröðun framkvæmda byggist á niðurstöðu sem öryggsnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna, Flugmálastjórn og flugráð urðu sammála um og flugmálanefnd ákvað að gera að sinni tillögu. Í greinargerð með tillögunni er gerð nánari grein fyrir því eftir hvaða reglum er farið í forgangsröðun. Enn fremur var áætlunarflugvöllum raðað í forgangsröð eftir því hve mikilvægu hlutverki einhver tiltekinn flugvöllur gegnir í flugsamgöngukerfinu eins og gert er grein fyrir í grg.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta en legg til að málinu verði vísað til samgn. og 2. umr.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Svo háttaði til að ég átti sæti í flugráði á síðasta ári á þeim tíma sem gengið var frá till. til þál. um flugmálaáætlun til ráðherra. Á fundi flugráðs þann 24. sept. sl. lét ég bóka eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég stend að þeirri tillögu að flugmálaáætlun 1992–1995, sem afgreidd var, að öðru leyti en því að ég er ósammála því að kostnaður vegna flugstjórnarmiðstöðvar, kr. 100 millj., verði greiddur af flugmálaáætlun."

Þetta þýðir að ég var sammála tillögu flugráðs til ráðherra eins og hún leit út þá í öllum atriðum öðrum en þessu. Ástæðan er sú að ég tel, og reyndar ýmsir fleiri, að það falli ekki undir verkefni flugmálaáætlunar að greiða hlut ríkisins í þeirri flugstjórnarmiðstöð sem á að rísa og er verið að reisa vegna alþjóðaflugsins sem við höfum með höndum. Það kemur skýrt fram í lögum um flugmálaáætlun og því frv. sem lagt var fram og varð seinna að lögum og það kemur skýrlega fram í þeirri flugmálaáætlun sem var útbúin á sínum tíma til tíu ára með nákvæmu yfirliti yfir það hvað gera skyldi á hverjum einstökum flugvelli. Eftir þeirri tíu ára áætlun hefur verið unnið á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum flugmálaáætlunar þó að sú áætlun hafi raskast nokkuð þar sem fjárveitingar hafa verið minni en menn ætluðu í upphafi. Ég tel því að með ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem tekin var á sínum tíma, sé verið að skerða framkvæmdir í flugmálum innan lands sem nemur þátttöku Íslendinga í byggingu nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar. Það fé hefði átt að greiðast úr ríkissjóði en ekki af tekjustofnum flugmálaáætlunar.

Ég bendi í öðru lagi á það að ríkissjóður hefur verulegar tekjur af þessari byggingu í gegnum virðisaukaskatt og hefði hugsanlega verið eðlilegra að ríkið felldi hann niður. Þetta var sá fyrirvari sem ég hafði á málinu þegar það fór frá flugráði til samgrh. Síðan hefur ráðherra gert á því breytingar, ekki miklar en þó breytingar sem skipta verulegu máli, fyrst og fremst þær að fella niður fjárveitingar árin 1994 og 1995 til Egilsstaðaflugvallar. Það var af hálfu flugráðs hugsað sem fjárveiting til þess að halda áfram uppbyggingu flugvallarins í 2.400 m svo hann gæti þjónað því hlutverki að vera varaflugvöllur hér á landi. Það kom ekki fram í máli hæstv. ráðherra hvort þessi tillaga feli í sér þá stefnubreytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar að fallið hafi verið frá því að hafa Egilsstaðaflugvöll 2.400 m langan. Ég vil varpa þeirri spurningu til ráðherra hvort ríkisstjórnin hafi breytt um stefnu í málinu. Áður en ég fer út í annað efni er rétt að ljúka umfjöllun um þessar breytingar sem ráðherra gerði á áætluninni áður en hann lagði hana fyrir Alþingi. Því miður hefur ekki verið breytt fylgigögnum til samræmis við þessa breytingu. Þannig kemur fram á bls. 17 í kafla 2.2. Framkvæmdir, að gert sé ráð fyrir að hefjast handa við fyrsta áfanga að lengingu Egilsstaðaflugvallar í 2.400 m á árinu 1994, á sama tíma og ráðherra gerir tillögu um að fella fjárveitinguna niður. Það kemur enn fremur fram á bls. 18, í töflu um skiptingu útgjalda á verkefni, að þeirri töflu hefur ekki verið verið breytt til samræmis við tillögu ráðherra þannig að liðurinn Flugbrautir og stæði er þarna settur upp fyrir árin 1994 og 1995 miðað við tillögu flugráðs en ekki tillögu ráðherra. Hann þarf því að leiðrétta þannig að árið 1994 lækki talan úr 108 millj. niður í 42 millj. og 1995 úr 76 millj. niður í 7 millj. kr. Enn fremur þarf að gera breytingu vegna annarrar breytingar sem ráðherra gerir. (**Landbrh.:** Þingmaðurinn hefði átt að taka eftir því

að það var sérstaklega tekið fram að þetta er í greinargerð flugráðs sem fylgir frv.) Já, ég heyri það að ráðherra kallar þetta greinargerð flugráðs og það er ágætt. En ég tel samt að greinargerð sem fylgir þál. eigi að endurspegla þál. eins og ráðherra leggur hana fram.

Ráðherra gerir aðra breytingu á tillögum flugráðs. Hann lækkar upphæð sem átti að fara í endurbætur flugbrauta í Reykjavík árið 1995 um 70 millj. Það þýðir að breyta þarf liðnum Bundið slitlag, í töflunni á bls. 18, fyrir árið 1995 úr 143 millj. í 73 millj. og liðurinn Til leiðréttinga og brýnna verkefna árið 1994 ætti að vera 121 millj. í staðinn fyrir 55 millj. og 197 millj. í stað 58 millj. fyrir árið 1995.

Almennt má segja að það er heldur þröngt skorinn stakkurinn í þessari áætlun. Fjármagnið er minna en menn þurfa til brýnna verkefna og það kemur niður alls staðar á landinu en ég get ekki haldið því fram að einn landshluti verði verr úti en annar.

Hvað varðar Vestfirði vil ég geta þess að gert er ráð fyrir að leggja bundið slitlag á Patreksfjarðarflugvöll árið 1994. Það er líka gert ráð fyrir að taka upp nýjan lið þegar á þessu ári, aðflugsathuganir á Vestfjörðum, sem gera á á þessu ári. Niðurstaðan úr þeim á að vera tillaga um þann tækjabúnað sem setja þarf upp þannig að aðflug að flugvöllum á Vestfjörðum verði betra en nú er. Til þeirra tækjakaupa eru áætlaðar 5,2 millj. á árinu 1993. Enn fremur var í tillögu flugráðs gert ráð fyrir allt að 7 millj. í óskiptu fé til að mæta þessu verkefni. Menn gerðu frumathugun á þessu máli og áætluðu að það mundi kosta 12 millj. en það er út af fyrir sig óviss tala.

Þess má geta að lokum að það fé fer minnkandi sem varið er til flugmála hér á landi. Ef við berum saman nettóframlag ríkissjóðs til flugmála á þessu ári samkvæmt fjárlögum, þá er það 119 millj. 700 þús. kr. borið saman við 182 millj. á síðasta ári. Það er lækkun um ríflega þriðjung á milli ára. Ég tel að slík lækkun sé meiri en unnt er að færa rök fyrir. Öll rök hníga að því að halda sig við þá áætlun sem menn lögðu af stað með í upphafi. Það er í reynd ódýrast að vinna samkvæmt þeirri áætlun, bæði í bráð og lengd. Vissulega sýnir það stefnuáherslu núv. ríkisstjórnar að framlag ríkissjóðs til þessa mikilvæga málaflokks skuli minnka á milli ára um 34,2%.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það varð mikil breyting á því hvernig staðið var að flugmálum með lögum frá 1987 sem höfðu það í för með sér að tekinn var upp sá háttur að gera flugmálaáætlun og marka tekjustofna til verkefna á flugvöllum. Það má segja að með því hafi orðið bylting og sú bylting hefur verið að birtast í framkvæmdum undanfarin ár. Það hafði lengi verið svo að mannvirki á jörðu niðri drógust aftur úr en tækniframfarir urðu miklar í flugi. Með lagasetningunni árið 1987 varð mikil breyting þó að enn sé að sjálfsögðu mikið óunnið víða. Það er sama hvar niður er borið, á stærstu völlum, sjúkravöllum eða lendingarstöðum. Næg verkefni eru í þessum málalfokki.

Auðvitað má færa rök að því að fjárframlög hafi verið skorin niður til flugmála en eigi að síður halda þessir mörkuðu tekjustofnar sér að mestu, flugvallargjald og eldsneytisgjald. Þó að þeir hafi kannski ekki tekið leyfilegum verðlagshækkunum þá eru þó, miðað við það sem var fyrir þetta endurreisnartímabil, umtalsverðir fjármunir til þessara mála.

Ef ég hef tekið rétt eftir þá mun þessi tillaga koma til fjárln. Ég á sæti í þeirri nefnd og hef þá tækifæri til að fjalla um einstök verkefni og ætla því að fara fljótt yfir sögu. Ég get þó ekki annað, eins og síðasti ræðumaður, en farið örfáum orðum um stærstu framkvæmdina sem er gert ráð fyrir á þessu og næsta ári samkvæmt áætluninni. Það er Egilsstaðaflugvöllur og staða framkvæmda þar.

Með þál. um flugmálaáætlun sem samþykkt var hér á Alþingi 4. maí 1990 og er nú verið að endurskoða var gert ráð fyrir að framkvæmdum við þennan áfanga Egilsstaðaflugvallar yrði lokið á þessu ári að öðru leyti en því að stefnuvita átti að kaupa á næsta ári, árið 1993, ef ég man rétt. En þessi áætlun gerir ráð fyrir því að flugvöllurinn verði malbikaður á þessu ári, 2.000 m braut, og síðan verði öllum tækjakaupum frestað þar til á árinu 1993. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort það sé virkilega svo að verja eigi 200 millj. í að malbika brautina og taka hana svo ekki í notkun fyrr en einhvern tíma á næsta ári. Það er illa farið ef svo er og það þarf auðvitað að vinna að því að hægt verði að standa við það að taka brautina í notkun á þessu ári. Auðvitað er búið að verja allt of miklu fé í þessa framkvæmd til að hún standi ónotuð fram á næstu ár eftir að búið er að ljúka henni. Ég vil fara fram á að það verði ræddar og fundnar leiðir — og ég mun auðvitað vinna að því í nefnd — til að standa við þessi áform.

Í öðru lagi stingur það dálítið í augun í þessari áætlun að ekki er gert ráð fyrir á árunum 1994 og 1995 að neitt fjármagn fari til lengingar brautarinnar eins og búið var að marka stefnu um, bæði að lengja hana í 2.400 m og einnig að lengja hana síðar í 2.700 m þannig að hún gæti þjónað öllu venjulegu flugi sem varavöllur.

Hæstv. samgrh. sagði í umræðum um annað mál hér á undan að það væri rétt stefna að hafa borð fyrir báru og athuga málið þegar þessar áætlanir eru endurskoðaðar. Það er skoðun út af fyrir sig. En hins vegar stingur í augun að fjármagni hefur verið skipt samkvæmt þessari áætlun á ýmis önnur verkefni allt til ársins 1995 og það er í sjálfu sér ekkert um það að segja. Stefnumörkun er í því fólgin að það sé ætlunin að vinna að þessum verkefnum á árunum 1994 og 1995. Það að þessar fjárhæðir eru allar þurrkaðar út varðandi Egilsstaðaflugvöll 1994 og 1995 hlýtur að þýða að málið sé í óvissu og það sé ætlunin að skoða mjög vandlega hvort nokkuð eigi að ráðast í þessa lengingu upp í 2.400 m. Ég er ekki að segja að það sé ákvörðun, ég er alls ekki að halda því fram. En ég get ekki séð annað en í þessu felist skilaboð. Ég vil biðja hæstv. samgrh. að eyða þeirri óvissu minni og vil spyrja hann hvort það sé stefnubreyting í þessum efnum.

Ég sé reyndar að á bls. 17 í greinargerðinni, sem

fylgir þessari flugmálaáætlun, segir, með leyfi forseta:

„Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að hefjast handa við 1. áfanga að lengingu Egilsstaðaflugvallar í 2.400 m.“ Þetta mun vera úr greinargerð flugráðs ef ég hef skilið umræðuna rétt sem fór fram hér á undan. „Áður hafði verið mörkuð sú stefna að flugvöllurinn yrði 2.700 m, en samkvæmt endurskoðun á forsendum, samþykkti flugráð að gera tillögu um að endanleg lengd flugvallarins verði 2.400 m.“

Nú vil ég spyrja hæstv. samgrh. og þá menn sem eru hér inni og eiga sæti í flugráði: Hvaða forsendur hafa breyst? Á hvaða forsendu tekur flugráð þá ákvörðun að hverfa frá lengingunni upp í 2.700 m? Ég tel að hv. þm. eigi að fá skýringu á þessu og einnig skýringu á því hvers vegna fjármunum er ekki skipt í þetta verkefni á árunum 1994 og 1995.

Hér er mjög einkennlega að staðið og ég vil biðja hæstv. samgrh. að svara til um hvort sú stefnubreyting sé á ferðinni að þessi flugvöllur eigi að vera 2.000 m og það eigi að láta þar við sitja. Ég er ekki að gera hæstv. ráðherra upp þær skoðanir. Ég tek það skýrt fram en ég tel að að svör verði að fást við þessa umræðu og sömuleiðis verði að fást svör við því á hvaða forsendum flugráð hefur tekið ákvörðun um að hverfa frá þeirri stefnumörkun sem áður var í þessu efni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hef tækifæri til að fjalla um þetta mál í nefnd og ég hef tækifæri til að fjalla þar um annað mál sem er miklu smærra, að hér eru felldir út nokkrir lendingarstaðir. Ég hegg eftir því að Seyðisfjörður er felldur út sem lendingarstaður. Ég vil spyrja hvers vegna af því að þarna er nú flugbraut og þúsund manna byggðarlag. Að vísu hefur flugbrautin ekki verið í notkun en þó er hægt að lenda þarna. Auk þess er ein ný flugbraut sem gerð hefur verið af áhugamönnum á fjölsóttum ferðamannastað sem er í Kverkfjöllum sem væri æskilegt að kæmist inn á skrá sem lendingarstaður eins og aðrar slíkar, t.d. Herðubreið og víðar. En þetta er mál sem auðvitað er hægt að ræða í nefnd og þarf ekki að hafa mörg orð um í þessari umræðu. Hitt vil ég fá skýr svör um hvort stefnubreyting er á ferðinni varðandi þessa stóru framkvæmd á Egilsstaðaflugvelli.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem er til umræðu er ákaflega mikilvægt, málefni flugvalla og flugmálanna í landinu. Þannig er mál með vexti að flugmál hafa fengið sívaxandi mikilvægi í okkar lífi. Flugsamgöngur hafa orðið æ nauðsynlegri, bæði innan héraðs og á milli héraða og ég hygg að þær breytingar og þær umbætur sem hafa orðið á síðustu árum hafi undirstrikað einmitt þá vaxandi kröfu sem hefur komið frá notendum flugvallanna um það að þessi þáttur samgangnanna sé bættur á þann veg að þær geti gengið sem greiðast fyrir sig. Til þess að undirstrika mikilvægi flugsamgangna innan lands mætti nefna það sem fram kemur í greinargerðinni að á árinu 1980 fóru um 600 þús. farþegar um flugvellina innan lands en voru orðnir tæplega 700 þús. á árinu 1990. Aukningin á þessum 10 árum er þess vegna 16% en hún er enn þá meiri ef litið er til ársins 1983, þegar farþegum hafði reyndar fækkað nokkuð frá árinu á undan, en aukningin frá árinu 1983 er um 30%. Þetta sýnir okkur auðvitað hversu flugsamgöngur eru orðnar mikilvægur þáttur og þess vegna nauðsynlegt að taka hérna vel á málum, standa vel að því að byggja upp flugvellina í landinu.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna að það var ánægjulegt að á árinu 1990 tókst að ljúka þeim áfanga að leggja bundið slitlag á Ísafjarðarflugvöll. Það verkefni hafði beðið mjög lengi og hafði raunar valdið miklum erfiðleikum. Með því að leggja bundið slitlag á Ísafjarðarflugvöll var örugglega hægt að koma í veg fyrir að fella þyrfti niður flugsamgöngur við þann kaupstað og það svæði af þeim ástæðum að aurbleyta hamlaði flugsamgöngum en þannig hafði einmitt háttað vorið 1990 að aurbleyta hafði komið í veg fyrir flugsamgöngur til Ísafjarðar.

Flugsamgöngurnar eru líka lykillinn að samgöngum sumra afskekktra héraða við aðra hluta landsins. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna Árneshrepp á Ströndum, flugvöllinn á Gjögri, sem er mjög þýðingarmikill fyrir þetta afskekkta byggðarlag þarna norður í Strandasýslu.

Ástæða er til þess að nefna sérstaklega í þessari umræðu að flest bendir til þess að flugsamgöngur beint til útlanda frá landsbyggðinni muni aukast á næstu árum. Sú þróun er þegar hafin á Akureyri þar sem örlað hefur á því að flugsamgöngur beint frá Akureyri til meginlands Evrópu séu hafnar og ég er ekki í nokkrum vafa um það að þegar fram líða stundir verður þessi þáttur æ mikilvægari í flugsamgöngum. Betri flugvélar til innanlandsflugs sem gera þetta kleift eru að koma í rekstur inn og einnig hitt að breyttir atvinnuhættir, vonandi með nýjum samningi um hið Evrópska efnahagssvæði, munu kalla eftir því að flugsamgöngur við útlönd frá landsbyggðinni muni batna. Það er eftirtektarverð þróun að einn af vaxtarbroddunum t.d. í íslenskum sjávarútvegi er útflutningur á ferskum fiskflökum og forsenda fyrir því að þetta megi takast af landsbyggðinni er auðvitað sú að flugsamgöngur það an beint til Evrópu geti eflst og batnað. Ég nefni þetta m.a. vegna þess að núna er gert ráð fyrir því í þessari flugmálaáætlun að farið sé að skoða möguleikana á því að koma upp millilandaflugvelli við Þingeyri, Sveinseyri við Dýrafjörð og mjög fróðlegt verður að sjá hver niðurstaðan af þessum rannsóknum verður. Þetta er sérstakt fagnaðarefni vegna þess að með tilkomu jarðganganna á svæðið á norðanverðum Vestfjörðum mun áætlunarflug milli landa beint frá norðanverðum Vestfjörðum verða raunverulegur möguleiki og geta þannig opnað dyr okkar að nýjum mörkuðum fyrir sjávarútveginn á þessu svæði sem vissulega er í þörf fyrir að geta aukið fjölbreytni sína á öllum sviðum.

Flugmálaáætlun mun fara til meðferðar að ég hygg í samgn. þar sem auðvitað er nauðsynlegt að fara ofan í þá tillögu til skiptingar á framkvæmdafé sem hér er lögð til og byggir að mestu, eins og fram hefur komið, á tillögum flugráðs. Ég legg mikla áherslu á að þessi yfirferð og endurskoðun nefndarinnar verði gerð að sem mestu leyti í samráði við heimaaðila því að ég

hygg að oft hafi nokkuð skort á þetta. Hins vegar er auðvitað þannig að þingmenn viðkomandi kjördæma munu fara yfir tillögurnar hvað snertir þeirra eigin kjördæmi. Í því sambandi vil ég árétta að það er mjög mikilvægt að sú yfirferð ásamt yfirferð samgn. sé gerð í sem nánustu samráði við heimamenn sem vita best hvar á brennur. Í þessu sambandi langar mig að vekja athygli á hlut Bíldudalsflugvallar sem mér þykir nokkuð rýr í þessari flugmálaáætlun. Bíldudalsflugvöllur hefur verið að fá þá sérstöðu á síðustu árum að þar hefur umferð aukist mjög mikið. Flugvöllurinn er mjög vel í sveit settur landfræðilega, veðurfarsaðstæður eru þarna mjög hagstæðar fyrir flug og þrátt fyrir að stundum geysi hríðarbyljir á Vestfjörðum þá er það svo að flug til Bíldudals fellur sárasjaldan niður. Þetta hefur orðið til þess að þessi flugvöllur hefur orðið vaxandi þýðingu á svæðinu í Vestur-Barðastrandarsýslu, allt frá Patreksfirði, Barðaströnd, Tálknafirði, Bíldudal og sveitunum þar í kring. Þetta sést m.a. í fylgiskjölum flugmálaáætlunarinnar þar sem fram kemur að bara á milli áranna 1989 og 1990 jukust farþegaflutningar til og frá Bíldudal um 8% sem er ekki lítið á einu ári. Af þessum ástæðum er auðvitað löngu orðið ljóst að aðstæður allar til þess að taka á móti þessum mikla farþegafjölda á Bíldudal eru orðnar til ævarandi skammar og í raun og veru stendur flugstöðin alls ekki undir nafni þarna á Bíldudal. Sannleikurinn er sá að þegar mikið er um farþega eins og tíðast er frá Bíldudal er flugstöðin allt of lítil. Hún annar engan veginn þeirri umferð sem nauðsynleg er um flugvöllinn. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt ásamt fjölmörgu öðru að fara mjög náið yfir það í þeirri yfirferð sem mun eiga sér stað í samgn. og í vestfirska þingmannahópnum að málefni Bíldudalsflugvallar séu sérstaklega skoðuð í þessu sambandi. Nú er ég ekki að gera lítið úr hlutverki eða mikilvægi annarra flugvalla í landinu eða kjördæminu en ég vil árétta það sérstaklega með þennan flugvöll að hann hefur nokkra sérstöðu að þessu leytinu. Hann hefur þá sérstöðu að hann er veðurfarslega vel í sveit settur og auðvelt að stunda þangað flug og flest sem bendir til þess að flugsamgöngur við Bíldudal muni batna á næstunni og umferðin um þennan flugvöll þar af leiðandi vaxa. Ég er ekki sérstaklega að nefna þá vaxandi umferð sem varð um þann flugvöll á liðnu sumri í tilefni af merku sjötugsafmæli en þá reyndar jókst mjög flugumferð um þennan flugvöll og mun örugglega koma fram þeim tölum sem við sjáum kannski að ári liðnu þegar farið verður að gera upp árið 1991. Engu að síður er það liður í nokkurri þróun sem við getum alls ekki horft fram hjá.

Ég ítreka að ég tel að sú meðferð sem flugmálaáætlunin fær í þinginu þurfi að verða í mjög nánu samstarfi við heimaaðila. Ég hef oft og tíðum heyrt að heimaaðilar telja að þrátt fyrir allt sé ekki nægjanlegt samráð haft við þá og stundum sé verið að leggja áherslu á hluti sem séu kannski ekki endilega þeir skynsamlegustu frá þeirra sjónarhóli séð. Þess vegna hygg ég að það sé hlutur sem þingmenn kjördæma ættu að leggja verulega mikla áherslu á að endurskoða þessa tillögu í sem nánustu samráði við þá til þess að tryggja það eins og mögulegt er að innan þess ramma, sem við höfum í fjárlögum, sé komið til móts við sjónarmið heimamanna og óskir þeirra til þess að vinna þetta mál sem best og greiðast.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mig langar að nefna fáein atriði í 1. umr. um till. að flugmálaáætlun. Það fyrsta er að taka undir það sem hér kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf. og lýsa vonbrigðum mínum yfir því að framkvæmdafé flugmálaáætlunar skuli skert með því að hinn íslenski hluti af framkvæmdakostnaði við nýja flugstjórnarmiðstöð er tekinn af mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar. Óhjákvæmilegt er að lýsa vonbrigðum yfir því að það skuli vera tillaga ríkisstjórnarinnar. Ég held að um það verði ekki deilt að þegar flugmálaáætlun var grundvölluð á sínum tíma, sem vel að merkja var mikið gæfuspor fyrir þann málaflokk í tíð þáv. samgrh., hv. núv. 1. þm. Vestf., þá var þetta verkefni að sjálfsögðu alls ekki inni á þeim lista yfir verkefni sem flugmálaáætlunin sjálf tók við. Reyndar var það svo að í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að ýmis sérverkefni yrðu fjármögnuð aukalega eða fram hjá flugmálaáætluninni. Svo var t.d. í upphaflegum hugmyndum manna um Egilsstaðaflugvöll, um malbikunarframkvæmdir í Reykjavík, um flugstöð fyrir innanlandsflug á Reykjavíkurflugvelli ef til kæmi og jafnvel einhver fleiri verkefni ef ég man rétt.

Með öðrum orðum voru tekjustofnar flugmálaáætlunar fyrst og fremst hugsaðir til þess að standa undir almennum flugvallarframkvæmdum í landinu á grundvelli 10 ára áætlunar um uppbyggingu þessarar aðstöðu sem var unnin og lögð til grundvallarafgreiðslu hinni fyrstu flugmálaáætlunar og lögum um tekjuöflun til flugmála sem fylgdu með. En menn hafa auðvitað orðið að sníða sér stakk eftir vexti og ljóst er að inn á flugmálaáætlun eru komnar framkvæmdir sem menn höfðu hugsað sér í upphafi að hafa utan þessarar áætlunar eða fjármagna með sérstökum hætti svo sem framkvæmdirnar á Egilsstaðaflugvelli. Hér er haldið út á enn nýja braut í þessum efnum þar sem tæplega er hægt að halda því fram að flugstjórnarmiðstöðin, sem fyrst og fremst þjónar hagsmunum alþjóðlegs flugs á flugstjórnarsvæði okkar, geti fallið undir þá skilgreiningu almennra framkvæmda í flugmálum innan lands sem flugmálaáætlunin byggir á. Þess vegna er það á sínum stað að beinlínis verði litið til þess hvort það samræmist þeim reglum sem menn settu sér á sínum tíma að fara svona í hlutina. Hvað sem því nú líður þá verður því í öllu falli ekki mótmælt að það er sem þessu nemur minna til almennra framkvæmda í flugmálum í landinu, þessum 50–60 millj. kr. sem verja á á þessu ári og tveimur næstu í þessa uppbyggingu.

Ég tek einnig undir það að þar sem hér er á ferðinni einhver arðvænlegasta og álitlegasta fjárfesting sem við Íslendingar höfum lengi átt kost á að ráðast í, að mestu leyti greidd í formi gjaldeyristekna inn í þjóðarbú okkar af notendum þjónustunnar, þá hefði ekki verið slæmur kostur fyrir ríkissjóð að leggja fram

þennan hluta, þessi innan við 20% sem þarna er á ferðinni, ef ég man rétt í ljósi þeirra miklu tekna, sem við höfum af því að annast þessa þjónustu á alþjóðlega flugumsjónarsvæðinu sem Íslandi tilheyrir og er gríðarstórt og um það mikil umferð og vaxandi ár frá ári. Það sem kemur í formi beinharðra gjaldeyristekna inn í þjóðarbúið fyrir þessa starfsemi mælist í hundruðum milljóna. En hvort þessu verður eitthvað þokað til eða ekki skal ósagt látið, en alla vega vil ég að mótmæli mín við þessari málsmeðferð og vonbrigði liggi hér fyrir.

Í öðru lagi vil ég nefna að ábendingum hefur verið komið á framfæri við mig frá heimamönnum varðandi nafngift í einu tilviki þar sem er í flokkun flugvalla taldir upp áætlunarflugvellir í I. flokki. Þar stendur nú Húsavíkurflugvöllur en flugvöllur sá í Aðaldalshrauni sem um langt árabil hefur verið samgönguæð Húsvíkinga og Suður-Þingeyinga hefur jafnan heitið Aðaldalsflugvöllur og mun vera svo enn samkvæmt málvenjum og nafngiftum þar á því svæði. Hitt breytir svo engu þó að menn kysu að kalla t.d. sérleyfið milli Reykjavíkur og þessa flugvallar, sérleiðina á milli Reykjavíkur og Húsavíkur. Flugvöllurinn getur eftir sem haldið sínu sjálfstæða nafni og borið það saman ber það sem gefur að líta á sömu blaðsíðu þar sem er nefndur Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók. Gjarnan er talað um sérleiðina Reykjavík-Sauðárkrókur en flugvöllurinn heitir Alexandersflugvöllur og var gefið það nafn fyrir nokkrum árum með viðhöfn. Ég kem þessu á framfæri og væri gjarnan æskilegt að hv. samgn. liti lítillega á þetta.

Í þriðja lagi vil ég nefna málefni Egilsstaðaflugvallar. Það eru mér eins og fleirum nokkur vonbrigði að menn skuli ekki ætla með einhverjum hætti fyrir framhaldi framkvæmda þar og við hljótum að spyrja, ef ekki nú við þessa umræðu og fá svör við því þá þegar samgn. hefur lokið athugun sinni á málinu, hvað menn hyggjast þá fyrir í þessum efnum. Er það breytt niðurstaða flugráðs og þeirra sem um flugöryggismál fjalla að það sé fullnægjandi kostur að hafa Egilsstaðaflugvöll í þeirri lengd sem hann verður senn, 2.000 m, og það sé þá óbreytt viðhorf frá því sem áður var ákveðið að hann þyrfti að vera að lágmarki 2.400 m svo vel væri, æskilega 2.700 m til þess að unnt væri að fullnýta afkastagetu allra tveggja hreyfla flugvéla? Tæknilega munu þau mál liggja þannig að til flugtaks með fullhlaðnar vélar á hinum lengri flugleiðum þurfi 2.700 m brautarlengd. Ég tel að þar sem flugráð komst að þeirri niðurstöðu að fullnægjandi væri út frá öryggissjónarmiðum að brautin væri 2.400 m væri ekki réttlætanlegt eða ástæða til að leggja í viðbótarkostnað til að ná fram þessari lengingu og þar með hugsanlega í einhverjum tilvikum, örsjaldan á ári, sleppa við millilendingar í framhaldinu af því að menn höfðu notað varaflugvöll eins og væri í þessu tilviki. Ég tel að þessi niðurstaða um 2.400 m brautarlengd þegar Egilsstaðaflugvöllur verður uppbyggður sem fullkominn varaflugvöllur hafi verið skynsamleg og vel rökstudd. Menn þurfi þess vegna að hafa fyrir sér einhver ný rök áður en þeir hverfa frá þessari ákvörðun. E.t.v. er þetta uppsetningaratriði í flugmálaáætluninni og beri þá að skilja það sem svo að alls ekki sé um neina stefnubreytingu að ræða. Hins vegar sé það uppsetningaratriði að ætla ekki beinar fjárveitingar til Egilsstaðaflugvallar á árunum 1994 og 1995, geyma þá fjármuni frekar í óskiptum lið og þá það. En það er alveg nauðsynlegt að það sé skýrt fyrir mönnum hvað hér er á ferðinni, hvort um stefnubreytingu er að ræða eða ekki.

Ég held ég hljóti að taka undir að viss ágalli er á framsetningu málsins að greinargerð flugráðs skuli birt með tillögunni án þess að útskýra þá sæmilega í byrjun í hverju breytingarnar felast sem gerðar eru frá tillögum flugráðs og til þess að lagt er fram hér í áætluninni. Það er ekki gert, heldur eru fjórar línur settar framan við af hálfu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að till. sé lögð fram í samræmi við samþykkt flugráðs með þeim breytingum að liður til leiðréttinga og brýnna verkefna er hækkaður um 66,2 millj. á árinu 1994 og um 139 millj. á árinu 1995, en aðrir liðir eru lækkaðir til samræmis. Þetta er eðlilegt þar sem lög mæla fyrir um að flugmálaáætlun skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti. Síðan tekur við óbreytt greinargerð flugráðs. Þarna er alls ekki útskýrt í hverju breytingarnar felast, breytingar eins og þær að taka út þessar fjárveitingar til framkvæmda á Egilsstaðaflugvelli. Aðrir liðir eru ekki lækkaðir til samræmis í þeim skilningi að sú lækkun komi jafnt á þá alla. Þvert á móti eru ákveðnir liðir teknir út en aðrir ekki. Þetta hefði verið æskilegt að mínu mati að skýra a.m.k. betur áður en við tæki greinargerð flugráðs sem, eins og hér hefur verið bent á, gengur að sjálfsögðu út frá tillögum flugráðs, eins og þær voru. Það skal játað fúslega að ég ruglaðist nokkuð í ríminu þegar ég hafði annars vegar lesið fyrst í gegnum tillöguna og síðan fór að skoða greinargerðina og rakst þar allt í einu á það að á árinu 1994 væri gert ráð fyrir að hefjast handa við fyrsta áfanga að lengingu Egilsstaðaflugvallar í 2.400 m. Mig rak ekki minni til þess að hafa séð í sundurliðun neina fjárveitingu fyrir Egilsstaðaflugvöll og fletti því til baka og mikið rétt, svo var ekki. Misskilningurinn eða ruglingurinn skýrist á þessu að greinargerðin miðar við tillögur flugráðs en þær eru ekki í öllum atriðum teknar upp óbreyttar.

Þetta er svo sem ekkert stórt mál, aðalatriðið er að enginn misskilningur sé á ferðinni og allir átti sig á því hvernig málið liggur.

Að lokum er það svo, herra forseti, að ég vil undirstrika fyrir mitt leyti að gjörbreyting hefur orðið á allri stöðu þessa málaflokks síðan flugmálaáætlun með þessu sniði kom til sögunnar, síðan hinir mörkuðu tekjustofnar komu til sögunar til að standa undir framkvæmdum í flugmálum. Sem betur fer erum við þrátt fyrir allt ekki ýkja langt á eftir þeirri tíu ára áætlun sem hin upphaflega flugmálaáætlun byggði á. Það er kannski ekki aðalatriðið hvort okkur hefur miðað hálfu árinu skemur en áformað var. Hitt er mjög mikilvægt að menn geti varið þennan málaflokk fyrir skerðingum og nái að halda þessum tekjum til framkvæmda í flugmálum að fullu út þetta tímabil, þau 6–8 ár sem eftir eru. Þá munu menn sjá hér geysimiklar breyting-

ar á allri aðstöðu okkar. Flugöryggi mun auðvitað aukast með þessum framkvæmdum og aðstæður allar batna til að halda uppi þessum mikilvægu samgöngum. Ég gæti tekið undir ýmislegt af því sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um flugmálastefnuna almennt og líklega þróun á því sviði og sannarlega væri ástæða til þess og gaman að því þegar málið kemur til 2. umr. eftir umfjöllun í samgn. að við tækjum okkur tíma í að ræða almennt áherslur í flugmálum, flugmálastefnuna eins og hún er eða á að þróast á næstu árum og möguleika okkar t.d. varðandi nýsköpun í atvinnulífi á grundvelli bættra samgangna, ekki síst á flugsviði.

Til þess að þetta megi verða og farið verði sæmilega myndarlega í þessa hluti þá væri æskilegt að hv. samgn. leggði svolitla vinnu í að fara yfir þessa hluti. Ég hvet eindregið til þess að samgn., hverrar formaður hefur verið hér víðs fjarri í allan dag, hæstv. forseti, sem er auðvitað ekki til bóta þegar við ræðum þessar tvær mikilvægustu ályktanir sem tengjast samgöngumálum, en við því verður þá sjálfsagt ekki gert. En þeim skilaboðum mætti þá koma áleiðis til hv. formanns samgn. og annarra nefndarmanna að ég teldi *mjög æskilegt að nefndin tæki samtímis því* að skoða flugmálaáætlunina ákveðna yfirferð á því að ræða flugmálastefnuna og framkvæmd á því sviði og möguleika okkar sem þessum samgöngum eða bættum samgöngum tengjast. Síðan gæti hún skilað inn skýrslu við umræðu um þá úttekt á þessum málum sem gæti auðveldað og greitt fyrir vitrænni umræðu um þennan málaflokk. Það væri sannarlega ástæða til. Ég tel að auðvitað sé nauðsynlegt að afla gagna og fá til fundar flugráð og sérfræðinga Flugmálastofnunar og samgrn. sem hafa á undanförnum árum unnið talsvert að því að fara yfir þennan málaflokk í ljósi nýrra aðstæðna, breyttrar tækni o.s.frv.

Margt fleira gæti þar komið til skoðunar, til að mynda samstarf við næstu nágranna okkar í austri og vestri, hugsanlega stóraukið hlutverk íslenskra flugvalla sem beinlínis hluta af uppbyggingu flugmála á Grænlandi. Þannig vill nú til að eftir óopinberum leiðum er í mínum höndum nýleg skýrsla grænlensku heimastjórnarinnar um endurskoðun á flugsamgöngum í Grænlandi. Þar er m.a. fjallað um það í allítarlegu máli hvaða hlutverki flugvellir á Íslandi gætu hugsanlega gegnt í grænlenskum samgöngum í staðinn fyrir *til að mynda rekstur flugvallarins í Syðri-Straumsfirði.* En eins og e.t.v. einhverjir þekkja munu Bandaríkjamenn hætta rekstri hans 1. okt. nk. og munu öll útgjöld af þeim sökum, eitthvað á annan milljarð kr., lenda á grænlensku heimstjórninni og þarf ekki fróða menn til um fjárhag hennar til þess að átta sig á því að það er þungur baggi á þann litla landssjóð. Þess vegna eru Grænlendingar mjög að skoða það hvaða möguleikar séu þeim færir til þess að breyta flugsamgöngum sínum þannig að þær verði hagstæðari og inn í þá skoðun koma m.a. möguleg not íslenskra flugvalla. Það væri svo sannarlega vel ef við gætum með þessum hætti orðið til að aðstoða þessa næstu granna okkar og spillti ekki fyrir að auðvitað gætu fylgt því ákveðin umsvif og ákveðnar tekjur fyrir okkur ef svo tækist til.

Ég vildi því gjarnan leyfa mér að lokum að óska eftir því að hv. samgn. liti til þessara hluta og skal verða nefndinni innan handar um tilteknar upplýsingar þó svo að þær séu með óformlegum hætti í mínum höndum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hafði raunar sjálfur tekið eftir því að þessi örstutti inngangur sem kemur að greinargerð flugráðs hefði betur orðið örlítið öðruvísi og eru það mistök af minni hálfu sem ég biðst afsökunar á. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að tekin var ákvörðun um að láta það í bili liggja milli hluta hvernig staðið yrði að frekari framkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli. Það er búið að verja mjög myndarlegu fé til þess flugvallar nú á síðustu árum og hugmyndin er að halda því áfram. Ég sé satt að segja ekki að þingmenn Egilsstaða hafi séð neina sérstaka ástæðu til að gera athugasemdir við það að sá flugvöllur hafi ekki fullkomlega fengið til sín það sem við var að búast. Þessi flugmálaáætlun fyrir árin 1992–1993 er nákvæmlega eins og flugráð gerir ráð fyrir og óhjákvæmilegt er auðvitað að ljúka við að leggja bundið slitlag á flugvöllinn, það verður að gera það allt saman samtímis en ekki við því að segja þótt fjármunir séu ekki til þess að gera allt í einu. Þannig var skilið við fjárhag ríkissjóðs að óhjákvæmilegt var fyrir þá sem við tóku að fara gætilegar en áður hafði verið gert og auðvitað verðum við að horfa á flugmálaáætlun í því ljósi og það var m.a. skýringin á því að við tókum þá ákvörðun að verja fé til flugstjórnarmiðstöðvarinnar hinnar nýju af flugmálaáætlun.

Á hinn bóginn voru ekki tök á því að hækka tekjur til flugmálaáætlunar meira en raun ber vitni af skiljanlegum ástæðum þar sem innanlandsflugið hefur verið rekið með halla en á því hvíla þegar verulegar opinberar álögur.

Endalaust er hægt að deila um það hvað við eigum að fara nákvæmlega í að marka útgjöld vegna einstakra flugvalla fjögur og fimm ár fram í tímann. Ég geri ráð fyrir því að það megi draga í efa að sumar smáfjárhæðir sem er að finna í þessari þáltill. til flugvalla á árunum 1994 og 1995 komi að fullu gagni. Ég kaus á hinn bóginn að láta þetta standa eins og flugráð hafði gengið frá því og ég kaus líka að láta þá greinargerð fylgja tillögunni sem flugráð hafði sent mér vegna þess að hún er einföld og skýr. Hins vegar hefði nákvæmara orðalag af minni hálfu verið í innganginum að hér væri um tilfærslu frá Egilsstöðum að ræða, en ég sé ekki ástæðu til að óska eftir því að þetta verði leiðrétt og *tillagan* prentuð upp af þeim sökum. Hv. þm. er þetta kunnugt og það þskj. sem hér liggur fyrir öllum þingmönnum skiljanlegt.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um flugvöllin í Bíldudal og taldi að honum væri ekki gerður mikill sómi. Má vera að það sé rétt og satt. Gert er ráð fyrir því á árinu 1994 að 81 millj. kr. sé varið til flugvallar á Patreksfirði og ef við ætlum okkur að halda við þau markmið sem flugráð setti í sambandi við Egilsstaðaflugvöll — ég tala nú

ekki um sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur sett fram varðandi Egilsstaðaflugvöll að hann eigi að vera 2.700 m langur og við eigum að láta það sitja fyrir öðru, ég skildi það svo, a.m.k. var minnst á þá tölu — þá er óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér hvaða staðir aðrir eigi að sitja á hakanum. Það var talað um 2.700 m þegar fyrir því var þvælst að kannað yrði með hvaða hætti hugsanlegt yrði að Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins stæði að uppbyggingu á nauðsynlegum varaflugvelli hér á landi sem auðvitað veldur því að við þurfum af þeim sökum nú að verja meira fjármagni til flugvalla úti á landi en við hefðum ella gert. Þetta vita hv. þm. Við stæðum auðvitað betur að öðrum kosti. Það þarf ekki um það að ræða.

Í greinargerð flugráðs segir með leyfi hæstv. forseta: „Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að hefjast handa við fyrsta áfanga að lengingu Egilsstaðaflugvallar í 2.400 m. Áður hafði verið mörkuð sú stefna að flugvöllurinn yrði 2.700 m."

Ég skal ekki halda því til streitu að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé þeirrar skoðunar nú en þessi tala, 2.700 m, hefur verið nefnd í sambandi við Egilsstaðaflugvöll eins og okkur er báðum kunnugt. Mig minnir að hv. þm. hafi vikið að því áðan — það hefur þá verið hv. 2. þm. Austurl. sem það hefur gert, sem er ekki aðalatriðið í mínum huga heldur hitt að vera má að ýmsum þyki óhjákvæmilegt að endurskoða þau markmið sem við höfum í flugvallarmálum að einu eða tveimur árum liðnum. Ég held að ekki sé neitt óeðlilegt við það þegar ný ríkisstjórn tekur við að hún vilji hafa visst svigrúm til þess að endurskoða markmið og leiðir í samgöngumálum. Það hlýtur að eiga jafnt við um flugvelli sem vegi og annað. Í þessu felst með öðrum orðum ekki viljayfirlýsing um að framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll þurfi endilega að dragast á langinn en ég get þó ekki stillt mig um að benda á að það eru ýmsir aðrir flugvellir sem vaxandi fólksflutningar eru til. Ég get nefnt sem dæmi Hornafjörð. Ég get líka nefnt Húsavík og auðvitað væri æskilegt ef hægt yrði að standa betur að flugvallargerð þar. Það er jafnframt ljóst að ýmsir í Norðurl. v. telja að Sauðárkróksflugvöllur hafi um sinn verið settur til hliðar. Við heyrðum áðan frá þingmanni Vestfirðinga að hann vakti máls á því að æskilegt væri að reyna að standa svo að flugvallargerð á Þingeyri að hægt yrði að koma við beinum útflutningi á fiski loftleiðis frá Vestfjörðum. Á hinn bóginn er ljóst að ef öllum fjármunum næstu fjögur árin yrði nákvæmlega varið með þeim hætti sem flugráð hefur lagt til er Alþingi náttúrlega í fyrsta lagi að ávísa því ákvörðunarvaldi frá sjálfu sér út í bæ og hins vegar erum við að lítt athuguðu máli að spá nákvæmlega fyrir um framtíðina með þeim hætti sem við eftir á kysum e.t.v. að við hefðum ekki gert. Auðvelt er að benda á mjög alvarlegar skyssur sem hafa verið gerðar hér í flugvallagerð og í mannvirkjagerð flugvalla þar sem við sitjum uppi með dýr mannvirki sem mikið kostar að halda við, en ekkert áætlunarflug til viðkomandi staða. Það kemur m.a.í veg fyrir að hægt sé að hagræða í rekstri Flugmálastjórnar eins og æskilegt væri af öðrum sökum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég legg áherslu á að að samgn. flýti því að afgreiða þetta mál. Það er nauðsynlegt að fara að undirbúa framkvæmdir, ég tala ekki um ef hugur hennar stendur til þess að breyta áherslum með einhverjum hætti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að ég tel eðlilegt að fjárln. gangi úr skugga um að sá rammi sem í flugmálaáætlun er settur sé í samræmi við markmið fjárlaga en að öðru leyti óska ég eftir því að samgn. taki málið til athugunar samkvæmt þingsköpum og því verði vísað til 2. umr.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. samgrh. í sambandi við Egilsstaðaflugvöll valda mér nokkrum vonbrigðum. Ég hef ekki haldið því fram að illa hafi verið staðið að málum varðandi flugvöllinn. Raunar var ræða mín í umræðunum áðan mjög hógvær. Hins vegar stend ég við það að náttúrlega væri afar æskilegt að geta tekið þennan flugvöll í notkun á þessu ári og a.m.k. komið á hann ljósum, þó ekki væri meira. Þangað eru komin ný og dýr tæki og þetta er einn af þessum aurbleytuvöllum og það er vont að hann standi malbikaður og ónothæfur vegna ljósleysis í marga mánuði. En þetta er kannski ekki stærsta málið heldur að ég heyri ekki annað af svörum hæstv. ráðherra en þetta lengingarmál sé stórhættu og þar með það stefnumark að Egilsstaðaflugvöllur verði varavöllur í millilandaflugi. Hæstv. ráðherra sagði reyndar að ég ætli ekki að segja það, ef ég hef tekið rétt eftir orðum hans, að framkvæmdum verði frestað. Hins vegar get ég ekki annað en bent á ýmsa aðra flugvelli hér og þar að mér er fullkomlega ljóst að það eru ýmsir aðrir flugvellir þar sem þarf að framkvæma ýmislegt. Ekki ætla ég að fara að mæla á móti því og ég veit að takmarkaðir fjármunir eru til skiptanna. En þá verður að liggja ljóst fyrir að frá þessari stefnumörkun hafi verið horfið. Ég sé ekki á svörum hæstv. ráðherra að hann hafi tekið að nokkru leyti af skarið um það að ekki verði horfið algerlega frá þessari lengingu eftir tvö ár.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég teldi rétt að taka af skarið um það á þessari stundu þá hefði það staðið í tillögunni eins og hún liggur fyrir. Ég sagði áðan að ég teldi óhjákvæmilegt og rétt að stefnan í flugmálum í heild yrði tekin til endurskoðunar og í því felst ekki neitt fráhvarf frá fyrirhuguðum ákvörðunum um lengingu á flugvelli á Egilsstöðum og heldur ekki staðfesting á því að í það verði ráðist.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í skýrslu sem var unnin um það hvernig bæri að leysa varaflugvallarmál okkar Íslendinga og eigin þarfir okkar í þeim efnum og þarfir almenns og borgaralegs flugs á þessum heimshluta, þá var það niðurstaðan í fyrstu úttekt að æskilegast væri að flugbraut aðalvaraflugvallar fyrir suðausturhornið, sem yrði á norðan- eða austanverðu landinu yrði hið

minnsta 2.700 m, þannig að unnt væri að fullnýta afkastagetu tveggja hreyfla flugvéla og velflestar ef ekki allar tegundir gætu lent þar og flestar tekið af með nokkurn veginn fulla hleðslu.

Endurskoðun á þessum málum og frekari vinna að þessu leyti í flugráði og hjá öryggisnefnd flugmanna og víðar leiddi menn síðan að þeirri niðurstöðu, einnig í ljósi ákvarðana sem Flugleiðir höfðu þá tekið um endurnýjun á flugvélaflota sínum, að 2.400 m braut væri fullnægjandi frá öryggissjónarmiðum séð. Þá var mat manna að ekki væri réttlætanlegt að leggja út í þann viðbótarkostnað til þess að ná þessari nýtingu á afkastagetu vélanna úr því að öryggissjónarmiðunum væri fullnægt með 2.400 m braut. Hins vegar bryddaði hæstv. samgrh. upp á hlutum sem kannski gefa fullt tilefni til þess að taka nokkra lotu í þessari umræðu aftur þegar hún heldur áfram þar sem eru varaflugvallarmál okkar að öðru leyti. Hæstv. ráðherra hélt því fram af því að menn hefðu þvælst fyrir eins og hann orðaði það varðandi athugun á því að byggja herflugvöll norður í landi þá væri staðan núna verri í íslenskum flugmálum og þyrfti að verja meiru fé til uppbyggingar varaflugvallar. Þetta er beinlínis rangt. Núna væri staðan sú ef farið hefði verið að þeim óviturlegu ráðum manna sem vildu setja allt sitt traust á hernaðarframkvæmdir að menn hefðu ekki hafið þá uppbyggingu á Egilsstöðum sem nú er komin vel á veg og er að leysa þessi varaflugvallarmál fyrir okkur heldur setið með hendur í skauti og beðið eftir hernaðarmannvirkinu. Nú væri svo komið á daginn að hernaðaraðilar væru fallnir frá áformum um þessa uppbyggingu eins og augljóst er vegna breyttra aðstæðna og menn sætu þar af leiðandi eftir hafandi tapað 2–3 árum. Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um lengd Egilsstaðaflugvallar þá hlýtur maður að spyrja: Hvar eru ræðumennirnir frá undangengnum árum sem töldu að varaflugvöllurinn væri ekki nógu góður nema hann væri minnst 3.000 m?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem ég sagði áðan og staðfest hefur verið af hv. 4. þm. Norðurl. e. að því var á sínum tíma haldið fram órökstutt að nauðsynlegt væri að fara í 2.700 m og jafnvel 3.000 m á Egilsstöðum. Menn hafa talað um 2.400 m og komist svo nær jörðinni í sambandi við hvað við Íslendingar höfum ráð á. Alltaf hefur legið fyrir að sú lengd dygði Flugleiðum fullkomlega og hef ég í sjálfu sér ekki meira um það að segja.

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar vegna orða hæstv. samgrh. um að við Austfirðingar megum vel við una þeirri upphæð sem við fáum til framkvæmda á Egilsstaðaflugvelli að taka það fram að ég hef ekki heyrt neitt annað en við séum mjög sátt við þann stóra hlut sem við fáum af því framkvæmdafé sem er til uppbyggingar flugvalla. Ég held að það sé líka stór spurning hvort ekki eigi að taka svona stóra verkhluta sérstaklega út úr og hafa þá á sérfjárveitingu. Við lítum á þessar 200 millj. sem á að framkvæma fyrir í ár, þ.e. að malbika. Við sitjum eftir með völl sem er tilbúinn til lendingar að öllu öðru leyti en því að ljós vantar og nokkur önnur öryggistæki og er talað um 20–30 millj. kr. til viðbótar. Þessar milljónir er ekki hægt að taka af því litla fé sem eftir er. Ég vildi koma því á framfæri hvort ekki væri hægt að taka af fjárframlagi næsta árs eftir að malbikun er lokið og þegar komið er fram á haustið og setja þennan öryggisbúnað svo að það sé hægt að taka þennan flugvöll í notkun þegar hann er í raun fullmalbikaður.

Umræðu frestað.

94. FUNDUR

miðvikudaginn 4. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Flugmálaáætlun 1992–1995, frh. fyrri umr.

Stjtill., 208. mál. — Þskj. 249.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins fáein atriði sem mig langar til að ræða í þessari seinni ræðu minni um þáltill. um flugmálaáætlun. Það er aðeins að gera grein fyrir mun á 2.400 m brautarlengd og 2.700 m. Niðurstaða flugráðs sl. haust varð sú að miða við 2.400 m brautarlengd, það er fullkomlega nægjanlegt miðað við þann flugflota sem hugsanlega þyrfti á varaflugvelli að halda, bæði flugflota innlendra flugfélaga og síðan þeirra flugvéla sem fljúga um íslenska loftstjórnarsvæðið.

Það er líka mjög mikill kostnaðarmunur á því að fara með brautina alla leið upp í 2.700 m og ekki réttlætanlegt að leggja í þann kostnað fyrst ávinningurinn er ekki auðsjáanlegur en samkvæmt áætlunum sem lagðar voru fram á sínum tíma, að vísu orðin nokkuð gömul frumáætlun, mun það kosta um 40% meira að útbúa 2.700 m flugbraut heldur en 2.400 m.

Hér var Bíldudalsflugvöllur aðeins gerður að umræðuefni eða öllu heldur flugstöðin þar. Ég get ekki tekið undir það sem fram kom að flugstöðin þar væri ekki boðleg mönnum. Þetta er út af fyrir sig ágætis flugstöð og tiltölulega nýleg til þess að gera. Hitt er rétt að hún er fulllítil miðað við þá breytingu sem orðið hefur, að farþegum hefur fjölgað töluvert á þessum flugvelli. Það er gert ráð fyrir því að stækka flugstöðina og er gert ráð fyrir fjárveitingum til þess á næsta ári, mig minnir um 15,7 millj. kr. Ég hygg því að það sé sæmilega fyrir þessu séð en ég tek alveg undir það að mjög mikið samspil er á milli Bíldudalsflugvallar og

Patreksfjarðar þar sem unnt er að fljúga oft og tíðum til Bíldudals þegar ófært er til Patreksfjarðar. Til þess að þetta samspil nýtist sem best þurfa hins vegar að vera nokkuð öruggar samgöngur á landi á milli þessara flugvalla og það rekur enn frekar á eftir endurbótum á Hálfdán, en þær breytingar sem orðið hafa með því að leggja niður Skipaútgerð ríkisins kalla einnig á skjótari endurbætur á þessum fjallvegi.

Ég vil að lokum segja að ég skildi afstöðu hæstv. samgrh. þannig að hann er að falla frá þeirri samþykkt flugráðs að stækka Egilsstaðaflugbraut upp í 2.400 m. Sú ákvörðun sem mörkuð hefur verið er að slíkt skuli gert þegar að loknum núverandi áfanga og gera það á árunum 1994–1995. Það var skoðun flugráðs á þeim tíma og er væntanlega enn að óheppilegt sé að taka þetta verkefni í tveimur áföngum. Reynslan sýni okkur að þegar menn einu sinni leggja til hliðar verkefni og fresta þeim þá vill oft ganga erfiðlega að koma þeim af stað aftur.

Ég vildi láta koma fram að ég skildi afstöðu hæstv. samgrh. þannig að hann hefði tekið þá stefnumörkun að ýta þessari samþykkt til hliðar, um sinn a.m.k., án þess þó í sjálfu sér að hann hafi tekið neina afstöðu um hvað síðar verður. En mér þótti á máli hans koma nokkuð sterklega fram að ráðherrann hygði jafnvel á það að líta til Húsavíkurflugvallar sem varaflugvallar og vildi ég gjarnan heyra í hæstv. ráðherra um það hvort ég hafi misskilið ræðu hans að einhverju leyti.

Ég vil svo að endingu undirstrika afstöðu mína til þessarar tillögu eins og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni að ég styð þessa tillögu í öllum meginatriðum að frátöldu því að ég er andvígur þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að setja framkvæmdakostnað, hlut íslenska ríkisins við byggingu nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar á flugmálaáætlun og greiða það af því fé. Enn fremur er ég ekki sammála þeim breytingum sem ráðherra gerir á tillögu flugráðs að flugmálaáætlun eins og hún var lögð fram fyrir ráðherra. Það eru tvær breytingar, annars vegar að taka út fjármagn áranna 1994 og 1995 til þess að fara í lengingu á flugbraut á Egilsstöðum í 2.400 m. Hin breytingin er endurbætur á flugbrautum í Reykjavík árið 1995.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Okkur Austfirðingum þykir mikið til koma hversu myndarlega hefur verið staðið að uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar og það verður ekki of oft minnt á það að Egilsstaðaflugvöllur er ein af líflæðum fjórðungsins og því mikið atriði að vel sé staðið að lokafrágangi þeirra miklu framkvæmda sem þar standa. En vegna þess hvernig umræður gengu fram hér í gær sé ég fulla ástæðu til þess að minna á það að þáverandi þingmaður Austurlands Sverrir Hermannsson og hv. þm. Egill Jónsson höfðu forgöngu um að koma framkvæmdum við Egilsstaðaflugvöll í þann farveg sem þær eru í dag með öflugum stuðningi hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, þáv. samgrh. Ég minni á þetta vegna þess að mér þótti sem nokkrir hv. þm. sem um þetta mál ræddu hér í gær hefðu tilhneigingu til þess að skreyta sig með þessum fjöðrum og ég sé í sjálfu sér ekki að það sé nein ástæða til þess að menn geri það.

Það kemur fram í endurskoðaðri flugmálaáætlun að áformað er að fresta uppsetningu tækjabúnaðar við Egilsstaðaflugvöll og vinna fyrst og fremst að því að leggja á hann bundið slitlag á þessu ári. Ég hvet hæstv. samgrh. til að taka þetta til vandlegrar athugunar og vænti þess að samgn. og hæstv. ráðherra muni sjá að athuguðu máli að þessu er ekki skynsamlega varið á þennan hátt. Það er búið að leggja í gífurlega miklar fjárfestingar og það hlýtur að skipta máli að þær fari að skila arði sem allra fyrst. Því endurtek ég áskorun mína til hæstv. ráðherra og samgn. að taka þetta mál til nýrrar athugunar sem leiði þá til þeirrar niðurstöðu að hægt verði að taka nýjan Egilsstaðaflugvöll í notkun á næsta hausti.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð inn í þessa umræðu til viðbótar vegna þess að umræðan um flugmálaáætlun þróaðist þannig í gær að það olli mér nokkrum vonbrigðum. Hér var rætt um framlög til flugmála almennt. Það var rætt um verklok þessa áfanga Egilsstaðaflugvallar sem nú er í gangi og hefur verið staðið myndarlega að og er ætlunin að setja mikið fjármagn í á þessu ári að ljúka þar við malbikun. Það var rætt um það hvort honum yrði lokið á þessu ári þannig að hægt yrði að taka hann í notkun sem ég tel að þurfi að vinna að og ég heyri að aðrir hv. þm. Austurl. og aðrir þingmenn sem hér hafa talað voru mér sammála um það. Um það var ekki ágreiningur.

En hitt er alvarlegt, sem kom í ljós í þessari umræðu, að það virðist vera allt óljóst um það hvort á að standa við þá stefnumörkun sem var að Egilsstaðaflugvöllur eigi að þjóna sem varavöllur og það eigi að lengja hann upp í 2.400 m, sem þarf til þess að hann geti þjónað fullkomlega sem slíkur. Það hefur að vísu ekki verið fallið frá því stefnumiði formlega en hins vegar er ekkert fjármagn til þessarar lengingar og öllum möguleikum haldið opnum eins og svo berlega kom fram í ræðu hæstv. samgrh. í gær. Það er þetta sem er alvarlegast í þessari umræðu.

Ég ætla ekki að fara í neinar söguskýringar á því hverjir hafi hrundið þessari flugvallarbyggingu á Egilsstöðum af stað, þessir ágætu menn sem hv. 3. þm. Austurl. nefndi unnu allir að því máli af heilum huga. Auðvitað komu þar miklu fleiri að en það er óþarfi að fara í einhverjar söguskýringar um slíkt og ég ætla ekki að taka þátt í því. En hitt er alvarlegra ef það kemur ekki í ljós skýrt og skorinort við þessa umræðu hvort standa á við það að lengja völlinn upp í 2.400 m þannig að hann geti þjónað sem millilandavöllur, hann geti þjónað sem varavöllur í millilandaflugi þeirri umferð sem nú er. Það var búið að marka þá stefnu af hálfu flugráðs. Það var meira að segja búið að marka þá stefnu að hann yrði 2.700 m langur. Ég get alveg látið þessa 300 m liggja á milli hluta að sinni ef ég fengi um það skýlausar yfirlýsingar að áfram yrði unnið að 400 m lengingunni. Og ég vil enn skora á sam-

grh. að taka af skarið með það í þessari umræðu að við þetta verði staðið. En í umræðunni í gær voru á því alls konar fyrirvarar og það er óviðunandi og hæstv. samgrh. hefur enn þá tækifæri til að taka af skarið í þessum málum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er haldið áfram að reyna að skapa einhverja ólund yfir því að illa sé staðið að framkvæmdum á Egilsstöðum. Hv. síðasti ræðumaður, sem ég sé í blaði hans í dag að ruglar saman Látra-Björgu og Látrabjargi sem má kannski segja að sé ekki mikill ruglingur út af fyrir sig af framsóknarmanni, er að reyna að gera því skóna hér núna að ástæða sé til þess að ég gefi skýra yfirlýsingu um það hver verði helstu áhersluatriði í flugmálum að tveim árum liðnum. Ég hef ekki fram að þessu vitað til þess að þingmenn réðust sérstaklega að ráðherra fyrir það að hann hefði eitthvað opið í þeim áætlunum sem væru lagðar fyrir þingið og með þeim hætti gæfi þingmönnum kost á því að hafa meira svigrúm en oft hefur verið í þingmálum og hélt satt að segja að menn mundu taka þessu vel. Ég held að það sé ekki nema eðlilegt að þegar ný ríkisstjórn sest að völdum, þá reyni menn að athuga sinn gang. Ég hef lýst því yfir að það er stefnumörkun í samgöngumálum. Við munum horfa til hluta með öðrum hætti en verið hefur. Við munum reyna að nýta fjármagnið betur með því að líta til allra þátta samgöngumála hvort sem við tölum um vegi, flugvelli eða hafnir. En hitt er algjör misskilningur að þeir framsóknarmenn setji okkur einhverjar skorður hér með það með hvaða hætti við högum okkar vinnubrögðum. Það er ekki rétt.

Mér þykir hitt líka mjög merkilegt að hér skuli standa upp hver þingmaðurinn á fætur öðrum og tala um það að illa sé farið með Egilsstaði í flugmálaáætlun eins og hún liggur nú fyrir. Við getum auðvitað reynt að athuga það sérstaklega hvaða staðir það eru sem þessir ágætu þingmenn eru að biðja um að verði teknir út vegna þess að fjárlög eru búin að ákveða rammann fyrir flugmálaáætlun á þessu ári og það liggur alveg ljóst fyrir eins og samningamálin standa nú á milli aðila vinnumarkaðarins og eins og þjóðarbúskapur okkar stendur nú rétt í augnablikinu að það kemur ekki til greina að fara að setja inn í innanlandsflugið einhverjar hækkanir sem ganga beint út í verðlagið. Þá kemur heldur ekki til greina að leggja þessar hækkanir á innanlandsflugið vegna þess að það hefur verið rekið með miklum halla á þessu ári. Það sem hv. þm. eru að koma hér með er venjulegt yfirklór. Nema þeir þá treysti sér til þess að benda á það hvar þeir vilji helst draga úr. Bar mér að skilja þingmann þeirra Vestfirðinga svo að honum þyki ofrausn að til Ísafjarðar fari 13,7 millj.? Skyldi hann kannski vera óánægður yfir því að 1 millj. eigi að fara á Gjögur og 4,3 millj. á Hólmavík? Var hann að skora á mig og samgn. að færa þessa fjármuni til og setja þá niður á Egilsstaði? Eða bar mér að skilja hv. þm. Jón Kristjánsson svo að hann vilji enn höggva í þann knérunn sem er flugvöllurinn á Höfn í Hornafirði en það er gert ráð fyrir því að 10 millj. kr. renni þangað? Eða var verið að tala um það að peningarnir yrðu til úr engu og það ætti að halda áfram að eyða hér peningum án þess að þeir væru nokkurs staðar til? Var það sá boðskapur sem þessir hv. þm. fluttu?

Við getum talað tæpitungulaust um það hvernig skilið var við í samgöngumálunum. Við getum lagt fram lista t.d. um alla þá löngu runu af fyrirheitum sem búið var að gefa í hafnamálunum sem við sjáum ekki fyrir endann á einu sinni á þessu ári þótt meira fé hafi verið varið til hafnamála en áður. En það er ekki aðeins hér. Það er í öllum málum sem upp koma sem hv. stjórnarandstæðingar koma fram með sömu lummuna: Af hverju tekur ríkisstjórnin ekki lán hér, af hverju ekki þar? En þvert á móti hefur þessi ríkisstjórn ákveðið að reyna að standa öðruvísi að verki, reyna að nýta peningana betur og reyna með þeim hætti að komast lengra áleiðis þegar til framtíðarinnar er litið. Það kemur á hinn bóginn auðvitað eðlilega til kasta samgn. eins og venja er á þinginu ef einstakir nefndarmenn hafa áhyggjur af einhverjum sérstökum atriðum í sambandi við flugmálaáætlun, hvort hægt sé með einhverjum hætti að liðka þar fyrir, og get ég í því efni nefnt sérstaklega hvort svigrúm kunni að vera til þess að setja upp ljós á Egilsstaðaflugvelli. Það er mál sem verður að athuga sérstaklega í samgn. og ekki hef ég á móti því að reyna að greiða fyrir slíku. Það þýðir á hinn bóginn ekki að vera að koma hingað upp með þessar taumlausu kvartanir, þetta taumlausa kvein út af stað sem verið er að gera virkilega góð skil, sem er að fá virkilegar bætur í sínum samgöngumálum, sem er að fá einhvern allra besta flugvöll til sín og sem á það virkilega skilið vegna þess að það hefur verið sívaxandi straumur ferðamanna einmitt á þennan stað, á Egilsstaði. En þó við reynum núna að gera þeim flugvelli góð skil og ætlum þeim flugvelli mikið á þessu ári og næsta ári, þá hlýtur þingið um leið, þeir mörgu nýju þingmenn sem hingað eru komnir inn og ýmsir aðrir, að óska eftir því að fá nokkurn tíma til þess að átta sig á heildarmyndinni. Það hefur líka áhrif á það þegar við lítum á flugmálaáætlun til langs tíma að óhjákvæmilegt var að taka nokkurt fé af henni vegna hinnar nýju flugstjórnarmiðstöðvar og í ljósi þess þurfum við einnig að taka til endurskoðunar þau markmið sem við höfum sett okkur.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér sannarlega mjög á óvart hvernig hæstv. samgrh. tekur á þessu máli. Hann reynir að drepa málinu á dreif, talar um að við höfum verið með óraunhæfa kröfugerð hér úr þessum ræðustóli. Ég var ekki með neina kröfugerð. Ég var ánægður með framgang mála á Egilsstaðaflugvelli að öðru leyti en því að ég vil að fundin verði ráð og samgn. athugi það til að taka flugvöllinn í notkun á þessu ári. Það var nú öll kröfugerðin. Og síðan vil ég fá yfirlýsingar um það hvort staðið verði við þá stefnumörkun sem var um lengingu. En hæstv. samgrh. vill ekki svara því vegna þess að hann er ekki tilbúinn til að standa við þá stefnumörkun. Það er greinilegt. Hann

vill tala um Látrabjarg og Látra-Björgu í staðinn. En hann vill ekki tala um 2.400 m flugvöll á Egilsstöðum. Það vill nú svo til að í þessu plaggi er fjármunum skipt allt til ársins 1995 á flesta staði nema flugvöllinn á Egilsstöðum. Og það er skilið eftir óráðstafað fé í allverulegum mæli og síðan segir hæstv. samgrh. að ég sé að biðja um peninga af himnum inn í þessa áætlun. Ég er ekki að biðja um það. Ég var ekki með kröfugerð í þessari umræðu í gær. Ég sagði þvert á móti í ræðu minni að það væri tiltölulega vel staðið að flugmálum og hefði orðið þar bylting. En ég vil fá að heyra það hvort við þessa stefnumörkun um varavöll verður staðið því að þetta er stórmál og þetta mál er litið mjög alvarlegum augum. Hins vegar eru Austfirðingar ánægðir með framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli og það er alveg út í hött að halda því fram að ég sé að efna til einhverrar ólundar hér vegna framkvæmda á Egilsstaðaflugvelli. Það er útúrsnúningur hjá hæstv. samgrh. og gerður til þess að komast hjá því að svara spurningum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að leiðrétta málflutning hæstv. samgrh. Mér þykir leitt að ráðherrann skuli ekki einu sinni geta verið mér sæmilega sammála þegar ég hef lýst því yfir að ég sé í meginatriðum sammála þessari tillögu.

Hann tók þannig til orða að það væri verið að gera flugvöll fyrir Egilsstaði. Út af fyrir sig má segja það en í mínum huga eru menn ekki að gera flugvöl fyrir Austfirðinga eða Egilsstaðabúa, menn eru að koma upp millilandaflugvelli fyrir Íslendinga og það flug sem Íslendingar hafa umsjón með og þeim flugvelli var valinn staður að lokinni ítarlegri athugun þar sem fagleg sjónarmið réðu mestu.

Ráðherra stillti því þannig upp að annaðhvort yrði veitt fé til þess að standa við tillögu flugráðs um að lenging flugbrautarinnar í 2.400 m færi fram 1994 eða 1995 eins og til stendur samkvæmt till., stillti þessu upp á móti því að skera niður aðra liði í áætluninni. Það er rangt, virðulegur ráðherra, vegna þess að því fé sem ráðherrann sker af ver hann ekki í aðrar framkvæmdir heldur safnar hann því saman í lið sem heitir til leiðréttinga og brýnna verkefna, gerir það sem sagt að óráðstöfuðu fé, fé sem er þá fyrir ráðherrann til að ráðstafa. Það er verið að auka miðstýringuna í ráðstöfun fjármagns með því að láta Alþingi ráðstafa minna fé og halda meira fé eftir handa ráðherra svo að hann geti ráðstafað því eins og honum hentar.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Hér hefur verið fjallað allmikið um Egilsstaðaflugvöll, stöðu þess máls og framkvæmdaáætlun. Egilsstaðaflugvöllur, í 2.000 m lengd eins og hann er unninn í dag, þjónar öllu flugi sem er á vegum Íslendinga, öllu flugi sem til að mynda SAS er með á Íslandsleiðum og öllu áætlunarflugi sem hefur legið um Ísland. Akureyrarflugvöllur gerir það sama. Reykjavíkurflugvöllur gerir það ekki vegna þess að brautirnar eru hálfónýtar.

Deilt hefur verið um staðsetningu varaflugvallar, hvort hann ætti að vera á Egilsstöðum, í Aðaldal, á Sauðárkróki eða Akureyri. Samkvæmt skýrslu sem unnin var á sínum tíma á vegum flugráðs eða Flugmálastjórnar og samgrn. hefur Aðaldalsflugvöllur staðsetningu nr. 1 í bestu möguleikum. Þó er kannski ekki mikill munur á milli Egilsstaða, Húsavíkur og Sauðárkróks.

Þegar umræður voru um það fyrir fáum árum að byggja 3.000 m braut á Aðaldalsflugvelli eða lengja þá braut og byggja hana upp í 3.000 m á vegum Mannvirkjasjóðs NATO urðu um það pólitískar deilur og í kjölfar þeirra pólitísku deilna lagði þáv. hæstv. samgrh., Steingrímur J. Sigfússon, til að á Egilsstöðum yrði byggð 2.700 m braut. Það lágu í rauninni engin sérstök rök að baki nema pólitísk ákvörðun vegna þess að það er umdeilt hvað flugvélar af stærstu gerð sem eru í frakt- og vöruflutningaflugi, t.d. Jumbóþotur, hver viðmiðunin eigi að vera á þjónustuflugi sem gæti átt sér stað um Ísland. Þegar þessi ákvörðun var tekin, að miða við 2.700 m braut, hafði í rauninni ekki verið gerð fagleg úttekt á því hvort ástæða væri til að byggja svo langa braut.

Nú er reiknað með 400 m lengingu á Egilsstaðaflugvelli, sem varð síðan eins konar málamiðlun í tillögugerð, gangi yfir veginn frá Egilsstöðum og yfir Lagarfljót og að brautarendinn gangi í rauninni út í fljótið. Til þess að slíkt geti átt sér stað þurfa að koma til mjög dýrar framkvæmdir, jarðvegsskipti, það þarf að semja við landeigendur, það þarf að breyta þjóðveginum, og þetta er allt óráðið. Ég sé ekki í sjálfu sér nein rök til þess í stöðunni að leggja ofurkapp á það að Egilsstaðaflugvöllur verði lengdur í 2.400 m. Það er mál sem er sjálfsagt að skoða og vissulega hefur verið tekin sú ákvörðun í uppbyggingu vallarins að miða við 2.700 m braut en ekki 2.400 vegna þess að öll hönnun á þessu mannvirki miðast við flugvélategundir sem eru allt að 350 tonn á þyngd.

Þegar byggður er flugvöllur sem er 2.000 m langur á burðargetan að vera um það bil 150–200 tonn og þá er auðvitað minna burðarlag, þynnra slitlag í malbiki og um mun ódýrari framkvæmd að ræða. Í þeim 2.000 metrum sem búið er að undirbúa og á að malbika fyrir októberlok á Egilsstöðum er miðað við þyngri viðmiðunina og bara kostnaðaraukinn í malbiki vegna þeirrar ákvörðunar var 320 millj. kr. Það standast allar tímaáætlarnir við gerð Egilsstaðaflugvallar, en kostnaðaráætlanir hafa farið langt fram úr áætlun vegna þess að forsendur hafa breyst. Í upphafi stóð til að endurbyggja Egilsstaðaflugvöll með tilliti til innanlandsflugs. Síðan breyttist það með tilliti til millilandaflugs og þá 2.000 m brautar og í þriðja lagi breyttist það með tilliti til 2.700 m brautar. T.d. má benda á að jöfnunarlag á 2.000 m braut undir malbik er 20 sm þykkt en 30 sm á 2.700 m braut. Þannig spila fljótt dýrir póstar inn í og í rauninni má segja að það sé ekkert ljóst enn þá í framtíðinni hvort þessi lenging kemur á Egilsstaði. Ástæðan fyrir því að það kemur inn tillaga hjá flugráði á árinu 1994, í framhaldi af þeim framkvæmdum sem er verið að vinna við samkvæmt áætl-

un, er einfaldlega merking sem þarf að athuga mun betur, menn eru sammála um það. Það eru svo margir lausir endar í því máli. Það er til að mynda álit ýmissa sem koma nálægt flugmálum að það sé jafnvel enn ríkari ástæða til þess að byggja upp Sauðárkróksflugvöll sem hefur mjög góðar aðstæður til að vera flugvöllur af þessari stærð. Áætlaður kostnaður við að byggja upp Sauðárkróksflugvöll í 2.000 m braut er um það bil 450 millj. kr. (Gripið fram í.) Já, það er rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefáni Guðmundssyni, að brautin er 2.000 m en það þarf að jarðvegsskipta hana alla, meira að segja það sem búið er að malbika á litlum kafla, 500 m kafla, þarf að jarðvegsskipta og alvörumannvirki, fullkomið mannvirki af þessari stærð, 2.000 m braut, kostar um 450 millj. Og það er í rauninni ekki mjög dýr framkvæmd því það er mjög hagstætt að byggja upp þar.

Það má segja að sama sé á Aðaldalsflugvelli. Þar liggja einnig fyrir áætlanir um allt að 3.000 m braut en þegar maður talar um Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöll þá skiptir auðvitað miklu máli að slíkur flugvöllur sé til staðar hvort sem millilandavél lendi þar yfirleitt nokkurn tíma eða í örfá skipti kannski á ári. En það skiptir öllu máli að viðmiðunin sé til og að völlurinn sé til staðar.

Varðandi þær umræður sem hafa átt sér stað í sambandi við frágang á vellinum, að malbikun verði lokið á Egilsstöðum í októberlok en að völlinn sé ekki hægt að taka í notkun, hvorki fyrir innanlandsflug né annað flug, fyrr en á árinu 1993 þá held ég að það þurfi og séu full rök fyrir því að skoða til hlítar möguleika á að færa þar til fjármagn. Ljósabúnaður sem þarf á hinn nýja flugvöll á Egilsstöðum kostar um 8 millj. kr. og það kostar u.þ.b. 15 millj. kr. að breyta tækjum og aðflugsbúnaði sem þarf að vera til staðar á þeim velli. Hluti þess búnaðar er til staðar en það þarf að breyta honum og lagfæra hann. Þarna er því um að ræða tölur upp á kannski 20–30 millj. Og ég held að það sé full ástæða til að skoða það og freista þess að færa þar til fjármagn, t.d. með því að seinka greiðslum og semja um það við verktakann, norska aðilann sem vinnur núna þann stóra þátt sem er í verkinu í dag.

Egilsstaðavöllur kostar tilbúinn um 700 millj. kr. Og það er feikilega há upphæð í því fjármagni sem er til skipta á flugvöllum landsins. Af þessum 700 millj. má áætla að breyting á flugstöðinni, sem hefur beðið, sé um ræða 100 millj. en völlurinn sjálfur um 600 millj. kr. Gamla brautin sem er í notkun er í rauninni úr sér gengin, hún er komin niður í grófa möl en hún sleppur ugglaust út árið. Vandamálið á þeim stað er að þegar þiðnar á vorin þá vill hún verða allblaut og erfið og hættuleg og þess vegna er ástæða til að flýta eins og unnt er að taka nýju brautina í notkun og láta ekki malbikaða braut standa ónotaða í marga mánuði því auðvitað kemur að því að vandamálið verður enn þá meira vorið 1993 ef þetta mál verður ekki leyst með ljós og aðflugsbúnað.

Ég held að það sé ástæða til að skoða þarna og skera þarna á milli, klára þessa 2.000 m braut og gera hana nothæfa sem fyrst en fara síðan ofan í kjölinn á öðrum möguleikum með að fullnýta þá undirbyggingu sem hefur verið gerð á Egilsstöðum en var aðeins í rauninni tekin ákvörðun um að hluta því ekki eru allir endar hnýttir upp, hvorki með land, kostnað né tæknilega hönnun á því mannvirki sem yrði að leysa með því að fara út í Lagarfljót.

Upphaflega var hugmyndin að finna ódýra lausn varðandi breytingu á veginum, að láta þjóðveginn vera yfir flugbrautina og hafa þar ljósamerkingar sem stýrðu því. Þetta var ekki talið boðlegt á alþjóðamælikvarða en kostar hins vegar mjög mikið að færa veginn til vegna þess að hann verður að fara út í fljótið og það er vandamálið. Lengingin verður mun minni í hina áttina. 2.400 m braut þýðir lengingu að fljótinu, alveg að fljótinu.

Menn hafa nefnt það hér að þar sem lagt er til að fresta þessari merkingu fjármagns á árinu 1994 þýði það að ráðherra ætli sér upp á eindæmi að ráðstafa því fé. Það er engin hefð fyrir slíku. Þessir þættir eru skoðaðir á hverju ári og formlega á tveggja ára fresti og þá eru teknar ákvarðanir til næstu tveggja ára í senn. Þessi hugmynd um lengingu Egilsstaðabrautarinnar úr þeirri framkvæmd sem nú er unnið að úr 2.000 m upp í 2.400 m, það er einfaldlega ekki komið að henni fyrr en búið er að leysa alla tæknilega þætti eins og ég hef getið um.

En mér finnst líka ástæða til að vekja athygli á því að það er kannski ekki mjög skynsamlegt að horfa fyrst og fremst til þess að safna saman millilandaflugvöllum sem eru takmarkað notaðir þegar uppbygging er mjög brýn á mörgum stöðum. Það er t.d. mjög brýnt að endurbyggja flugvöllinn í Siglufirði. Það mun kosta mikið, það er dýrt að afla þar efnis, það þarf að jarðvegsskipta í allri þeirri braut. Siglufjörður er umsvifapláss með talsverða einangrun í samgöngum og því rík ástæða til að byggja þar upp. Og það er líka full ástæða til þess að gleyma sér ekki á einum stað þegar aðrir möguleikar eru fyrir hendi eins og til að mynda á Sauðárkróki sem er mjög spennandi möguleiki í dæminu. Og ekki má nú gleyma garminum honum Katli, sjálfum Reykjavíkurflugvelli, sem er orðinn hættulegur fyrir ákveðnar flugvélategundir sem þurfa að nota völlinn í ákveðnum tilvikum, t.d. þegar ófært er í Keflavík, en fært í Reykjavík, þó það sé nú ekki oft sem það skiptist þannig. Það kostar mjög mikið, nokkur hundruð milljónir, að endurnýja flugbrautirnar í Reykjavík, en það er eitt brýnasta verkefni sem liggur fyrir hjá Flugmálastjórn í dag. Reykjavíkurflugvöllur er jú lykill landsbyggðarinnar að höfuðborginni, þar sem um 300 þús. farþegar fara um hann á hverju ári. Reykjavíkurflugvöllur er móðurskipið í flugþjónustunni og því skiptir auðvitað miklu máli að þar sé aðbúnaður mjög góður.

Það hlýtur líka að vekja spurningar í umræðu um flugmálaáætlun hvenær menn ætla að taka sér tak og hefja uppbyggingu á flugstöð fyrir innanlandsflug í Reykjavík. Víða úti á landsbyggðinni eru flugstöðvar sem eru jafnvel glæsilegri en flugstöðin á Reykjavíkurflugvelli. (**SJS:** Og jafnvel glæsilegri.) Mun glæsilegri og plássmeiri. Það er nú kannski háðung að taka

svona til orða, en þetta er engu að síður staðreynd og er auðvitað í öfugu hlutfalli við umferð um vellina. (**Gripið fram í:** Þar er Leifsstöð náttúrlega númer eitt.) Það eru allar góðar flugstöðvar úti á landsbyggðinni þar sem umferð er kannski 250 farþegar ári. (Gripið fram í.) Ég skal nefna dæmi frá síðasta ári þar sem 300 farþegar fóru um Stykkishólmsflugvöll í áætlunarflugi. En það má nefna marga fleiri staði. Allt eru þetta því hlutir sem þarf að skoða. Með mjög bættum vegasamgöngum hafa forsendur breyst. Það hefur dregið mjög úr flugi frá ákveðnum stöðum vegna þess að menn velja heldur að aka og það er einfaldlega þróun sem hefur átt sér stað með mjög bættu vegakerfi. Það er auðvitað líka spurning um verð, þannig að það þarf að horfa á þetta í víðu samhengi. En ég vildi vekja athygli á þessum atriðum varðandi Egilsstaðaflugvöll, sem er mjög glæsileg og góð framkvæmd. Það má segja að það sé kannski svolítið úr takt við framkvæmdina að ef flýtt er uppsetningu ljósabúnaðar og aðflugstækja á Egilsstaðaflugvöll, þá er inngangan eða afgreiðslan á flugstöðinni er öfugu megin, því hún á að framkvæmast á árinu 1993, en það er kannski ekki það sem skiptir sköpum heldur að völlurinn sjálfur sé góður. En í fyrsta og öðru lagi er þessi þörf fyrir lenginu Egilsstaðaflugvallar umdeilanleg. Það er reiknað með henni í allri undirbyggingu á þeirri braut sem nú er búið að gera eins og ég hef getið um en ég held að það þurfi að skoða málið og ástæða sé til að fara ofan í saumana á því í víðu samhengi.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nokkuð góð ræða hjá hv. 3. þm. Suðurl., nema að hún byggðist á einum alvarlegum misskilningi, sem ég vil leiðrétta og það er að hvorki 2.400 m braut né 2.700 m braut fer út í Lagarfljót. (Gripið fram í.) 2.700 m brautin nær að fljótinu, 2.400 m brautin nær nokkuð inn fyrir veginn og það þarf að færa hann, mér er það alveg ljóst. Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Suðurl. að reiknað hefur verið með þessari lengingu í uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar og meira að segja var flugvöllurinn endurhannaður til að þessi 2.400 m lenging gæti átt sér stað eins og kom fram í hans ræðu. Það var vegna stefnumörkunar um að þarna yrði varavöllur og það er það sem ég hef verið að reyna að fá fram trekk í trekk í þessari umræðu, hvort við þá stefnumörkun er staðið. En ég er búinn að fá alveg nægilega vitneskju um að það er ekkert ákveðið um það. Það er sá lærdómur sem ég dreg af þessari umræðu.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þegar þessa áætlun bar fyrst fyrir mín augu sem tillögu frá flugráði þá leitaði maður eins og gjarnan vill verða að framkvæmdum og framlögum til þeirra í sínu kjördæmi og það verður nú að segjast eins og er að ég fann varla að það ætti yfirleitt nokkuð að gera fyrir þá peninga sem veitt er til þessa málaflokks og menn sjá fyrir sér á næstu árum. Hlutur kjördæmisins er ansi rýr. Reiknað er með að hægt sé að sjá af heilum 2 millj. á þessu ári og miðað við 4,2 millj. á næsta ári, hvort tveggja til Sauðárkróksflugvallar. Þetta eru einu framkvæmdirnar sem fá einhverja náð frá þeim hugmyndasmiðum sem hafa hér lagt hönd á plóg. Siglufjörður fær nákvæmlega ekki neitt en síðan er hugmyndin að árið 1994 eigi að setja einar 3,3 millj. í það að athuga málið. En það vita allir að flugvöllurinn þar er því sem næst stórskemmdur ef ekki ónýtur. Ég veit nú ekki hvað á að taka sterkt til orða í þeim málum. Það er að sjálfsögðu afar bagalegt fyrir þetta kjördæmi. Eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Árni Johnsen, gat um var það inni í myndinni í sínum tíma að Sauðárkróksflugvöllur yrði fullkominn millilandaflugvöllur og við þingmenn kjördæmisins munum að sjálfsögðu berjast fyrir því máli eins kappsamlega og hægt er.

Hins vegar rakti hann líka varðandi Siglufjarðarflugvöll að hann er afar mikilvægt samgöngutæki fyrir Siglfirðinga sem eins og allir vita eru oft einangraðir og flugsamgöngur hafa því afar mikla þýðingu fyrir þann stað. Það er mjög kostnaðarsamt að reka þangað áætlunarflug þegar völlurinn er eins illa farinn og nú er. Síðan er það auðvitað ekki bara spurning um farþega heldur líka um vöruflutninga.

Það má segja sem svo að flugsamgöngur á staði sem liggja tiltölulega vel við bílaumferð eigi undir högg að sækja vegna þess að bíllinn veitir fluginu það mikla samkeppni nú orðið og ekki síst þegar vegirnir eru orðnir svo góðir sem raun ber vitni. En það náttúrlega hjálpar ekki í þessum efnum þegar flugvellirnir eru algjörlega vanræktir og margir erfiðleikar sem skapast af þeim ástæðum.

Ég ætla ekki að segja að það sé úr meiri peningum að spila í sjálfu sér heldur en veitt er til þessa málaflokks en ég verð að viðurkenna að mér finnst að bitinn sem hrekkur í kjördæmið þar nyrðra, í Norðurl. v., sé ansi lítill svo ekki sé dýpra í árinni tekið og væri æskilegt ef hægt væri að skera aðeins stærri bita af kökunni í það kjördæmi þannig að það sæist eitthvað og menn vissu af því að það væri flugvöllur í kjördæminu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram svo ekki valdi misskilningi að ég hef ekki hugsað mér að biðja um peninga af himnum. Og einnig hitt atriðið: Við framsóknarmenn teljum okkur hafa um það tillögurétt eins og aðrir sem hér eru hvað gert er í þessum málaflokki.

Ég hygg að í framtíðinni verði sú þróun í flugvallarmálum að flugvellirnir verði færri og stærri og bætt vegakerfi mun vissulega stuðla að því að sumir flugvellir sem nú eru notaðir til verulegra fólksflutninga verða minna notaðir í framtíðinni. Stykkishólmur er gott dæmi um það hvað bættar samgöngur á landi þýða í þeim efnum að menn breyta sínum ferðavenjum yfir í það að aka fremur til höfuðborgarinnar en að fljúga þangað.

Hv. 3. þm. Suðurl. ræddi um varaflugvöll á Íslandi, varaflugvöll sem gerði það að verkum að þær flugvélar sem fljúga yfir hafið gætu tekið áhættuna af því að

hafa það lítið eldsneyti að þær mundu lenda hér á öðrum hvorum vellinum, Keflavíkurflugvelli eða slíkum varaflugvelli. Ég tel að þarna sé um mjög stórt mál að ræða, svo stórt að ég vil hvetja til þess að menn ræði það í rólegri yfirvegun, án allra átaka á milli kjördæma, hvar skynsamlegast sé að slíkur völlur sé staðsettur. Ég tel að Aðaldalsvöllurinn eða Sauðárkróksvöllur hljóti að vera inni í þeirri mynd eins og kom fram í máli hv. 3. þm. Suðurl.

Þegar ég segi þetta vil ég undirstrika að ég er jafnviss um það að flug frá útlöndum verður á miklu fleiri velli á Íslandi. Að sjálfsögðu verður flug fá útlöndum á Egilsstaðaflugvöll. Það er ekkert vafaatriði. Það verður flug frá útlöndum á Akureyrarflugvöll. (**Gripið fram í:** Og er nú þegar.) Og er nú þegar. En flugvöllur af þeirri stærð sem verið var að tala um og á að vera varaflugvöllur sem tryggir það að lokist Keflavíkurflugvöllur þá sé alltaf undantekningarlaust hægt að lenda á hinum staðnum, slíkur flugvöllur verður ekki nema á einum stað á Íslandi og það gengur ekki að Alþingi Íslendinga ætli að fara að líta á slíkt mál út frá einhverjum átökum á milli kjördæma.

Ég ætla þá aftur á móti að víkja að þeirri stöðu sem hin ýmsu landsvæði eru í miðað við það flug sem þangað er og vil víkja að bls. 3 í þessari áætlun.

Þar kemur fram að í fyrsta flokki áætlanaflugvalla eru að sjálfsögðu Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkurflugvöllur. Þeir flugvellir eru alls góðs maklegir sem hér eru upp taldir og það er gleðiefni að við skulum eiga svo marga flugvelli í þessum flokki. En hitt er umhugsunarefni að í flokki númer tvö eru flugvellir sem mjög mikið er flogið á, þó þeir e.t.v. geti ekki nokkurn tímann, sumir þeirra, náð því að komast í fyrsta flokk vegna aðstæðna, þ.e. þeir eru staðsettir á stöðum sem bjóða ekki upp á það rými til aðflugs að þeir geti komist í fyrsta flokk. Ég vil trúa því samt að Hornafjarðarflugvöllur geti komist í fyrsta flokk en Ísafjarðarflugvöllur og Vestmannaeyjaflugvöllur munu trúlega hvorugur nokkurn tímann ná því af tæknilegum ástæðum.

Ég held þess vegna að það hljóti að vera eðlilegt að þeirri spurningu sé varpað til hæstv. samgrh.: Hvaða athuganir fara fram í Ísafjarðarsýslum á nýju flugvallarstæði sem gerir það að verkum að flug til þessa svæðis verði öruggara en það er í dag og flugtíðni geti orðið meiri? Ég veit að af hálfu flugmálastjóra hefur verið gerð athugun á Sveinseyri við Dýrafjörð um nýtt flugvallarstæði. Þar hafa farið fram vissar grunnathuganir og ég vil varpa þeirri spurningu til hæstv. samgrh. hvort þær athuganir séu komnar á það stig að einhver ákvarðanataka liggi fyrir og eins ef menn telja það flugvallarstæði ekki það besta sem völ er á, hvort hugmyndir séu um eitthvert annað flugvallarstæði.

Eins og allir hér inni vita er stefnt að því að gera Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu að heilsársamgöngusvæði á landi sem gerir það að verkum að það er fyrst og fremst öryggið sem skiptir máli, en ekki hitt hvort það er örlítið lengri vegalengd að fara á flugvöll. Ég tel það mjög brýnt fyrir þetta svæði að eignast flugvöll í þeim gæðaflokki sem talað er um á bls. 3 í þáltill. og mér vitanlega eru ekki aðrir kostir betri en sá möguleiki að staðsetja flugvöll á Sveinseyri.

Ég get ekki amast við því þó að hér sé hafður liður til leiðréttinga og brýnna verkefna, þar sé hafður liður með verulegum fjármunum. Mér finnst að það sé æskilegt að þingið fái þetta ekki niðurnjörvaðra en það er og það er líka mjög óæskilegt, ef niðurskurður á framkvæmdafé á sér stað, að verið sé að ráðast á hluti sem búið er að setja í áætlun og miklar væntingar eru orðnar um. En það breytir ekki því að stefnumörkun fram í tímann verður að eiga sér stað og það er mjög brýnt að sú stefnumörkun eigi sér stað hvað Vestfirði varðar í þessum efnum.

Ég vil trúa því að í framtíðinni muni Íslendingar flytja mikið magn sjávarafurða með flugi til útlanda. Því verður vafalaust í mjög ríkum mæli keyrt á aðalflugvöll landsins, Keflavíkurflugvöll, en það má gera ráð fyrir því engu að síður að þeir staðir sem hafa aðstöðu til þess að senda sjávarafurðir með flugi beint út, hvort sem þeir eru á Austurlandi eða á Norðurlandi eða á Vestfjörðum, hafi styrkt með því móti verulega samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á viðkomandi svæði. Í framtíðinni mun það mestu ráða um það hvar fiski verður landað á Íslandi, hvaða staðir greiða hæst verð fyrir þann fisk sem kemur á land. Og því eins geta fiskvinnslufyrirtækin greitt hátt verð fyrir fiskinn að þau hafi aðstöðu til þess að keppa á jafnréttisgrundvelli, m.a. þeim jafnréttisgrundvelli sem felst í því að geta sent fisk með flugi og þá skiptir náttúrlega verulegu máli hvort það þarf að keyra með þann fisk þvert yfir landið eða hvort hægt er að koma honum í flug á flugvelli sem er þar innan eðlilegrar fjarlægðar.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa lengra mál um þennan þátt en ég vil aftur á móti segja það varðandi Reykjavíkurflugvöll að ég tel að það sé mjög brýnt að Alþingi Íslendinga hafi vissu fyrir því hvort það sé sæmileg sátt um það hér í borginni að þessi flugvöllur sé þar sem hann er því það hlýtur að vera forsendan fyrir því hvort skynsamlegt sé að fara þar í stóruppbyggingu. Ég er hlynntur því að hér sé flugvöllur sem farþegar utan af landi geta komist á beint til Reykjavíkur en stundum, þegar umræðan hefur verið heit um það hvort það eigi að taka þetta svæði undir byggingar eða ekki, hef ég spurt sjálfan mig að því hvort ekki sé brýnt að slík ákvörðun liggi fyrir til langs tíma. — Ég sé að hv. 3. þm. Reykv. hefur nú hafið fundarhöld hér í salnum og ég vil ekki trufla þau og læt því máli mínu lokið.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að vekja athygli hv. Alþingis á litlu máli, fjárhagslega litlu máli en kannski nokkuð stóru öryggis- og nýtingarmáli varðandi flugvelli, en það varðar raunar Reykjavíkurflugvöll. Sú stofnun sem ég vinn venjulega á hefur barist fyrir því alllengi að bætt yrði úr en ekki tekist enn þá og eins og ég sagði varðar öryggismál og nýtingarmál hér í Reykjavík.

Ég hugsa að þó að flestir hér inni noti Reykjavík-

urflugvöll alloft þá viti menn það ekki að þar eru ekki nauðsynleg öryggis- og veðurathugunartæki eins og tíðkast á alvöruflugvöllum, bæði raunar erlendis og í Keflavík. Á Reykjavíkurflugvelli er enginn skýjahæðarmælir sem gerir það að verkum að það verður að áætla skýjahæð. Þótt ég sé kannski í hópi þeirra manna sem gætu talist allgóðir skýjaglópar til þess þá er það engu að síður staðreynd að mælitæki eru nú orðið yfirleitt notuð til þess að finna út hver skýjahæð er. Þar sem skýjahæð er einn þeirra þátta sem ræður því hvort flugvöllur er talinn fær eða ófær, þá er þetta eins og ég sagði áðan bæði spurning um öryggi og nýtingu. Í annan stað er ekki heldur neinn skyggnismælir á Reykjavíkurflugvelli, þ.e. mælir sem getur mælt skyggni þegar það er orðið lélegt, svokallað brautarskyggni, en það eru mælar sem eru líka á öllum alvöruflugvöllum.

Ástæðan fyrir því að ég geri þetta að umræðuefni nú, fyrir utan að þetta er sjálfsagt öryggismál, er sú að í áætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll á næsta ári er gert ráð fyrir að þessi tæki séu keypt. Eins og menn sjá ef þeir líta í tillögu um flugáætlun, þá er þetta tæki sem samtals er gert ráð fyrir að kosti 3,7 millj., þannig að hér er ekki um stóra upphæð að ræða.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál en vildi fyrst og fremst vekja athygli samgrh. og samgn. á því að ég teldi það eðlilegri forgangsröð að flugvöllur sem yfir 300 þús. manns fara um árlega kæmi a.m.k. ekki á eftir flugvelli sem flytur 50 þús. farþega á ári.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er heldur ánægður með það að þessi umræða skyldi ekki lognast út af í gærkvöldi eins og leit út fyrir um hríð því hér hafa menn farið út í að ræða flugstefnuna í nokkuð almennu samhengi og ýmislegt komið þar gagnlegt fram. Það held ég að sé af hinu góða og að sjálfsögðu á hárréttum stað að við förum aðeins yfir þau mál í tengslum við afgreiðslu flugmálaáætlunar.

Það er auðvitað alveg ljóst að flugmálastefna er ekki eitthvað sem menn marka um aldur og ævi og getur síðan staðið óbreytt. Út af fyrir sig er hægt að taka undir orð hæstv. samgrh. um að það er nauðsynlegt að geta endurmetið hana og það er reyndar gert í smærri atriðum með endurskoðun á flugmálaáætlun á tveggja ára fresti, en ákveðnir hlutir eru samt þannig vaxnir að þá er ekki mjög gott að vera að hringla með og vera með í höndunum svona ár frá ári, t.d. er ekkert áhlaupsverk að flytja 2.400 m langan flugvöll þegar búið er að malbika hann, draga hann á milli héraða. Það er erfitt. Þannig er það nú þegar menn eru að leggja út í miklar fjárfestingar og byggja dýr mannvirki eins og t.d. flugbrautina á Egilsstöðum, sem hér hefur verið til umræðu, þá er auðvitað eins gott að til grundvallar liggi einhver stefnumörkun um nýtingu þess mannvirkis til einhvers tíma litið, en menn snúi ekki við blaðinu svona rétt í lokin þegar verið er að ljúka þeim framkvæmdum og ákveði að hafa þetta einhvern veginn hinsegin og hefja framkvæmdir annars staðar.

Ég held að það sé eitt sem megi treysta nokkurn veginn á í þessum efnum og það er að þrátt fyrir ýmsar tæknibreytingar sem eru að verða, þá verði meiri háttar flutningar á farþegum og vörum áfram um alllangt árabil, sennilega einhverra áratugaskeið a.m.k., starfrækt með hefðbundnum flugvélum, þ.e. vélum með föstum vængjum sem taki sig lárétt af en ekki lóðrétt. Sú breyting gæti hins vegar orðið varðandi minni farkosti, t.d. farþegaflug með minni vélum, að innan jafnvel 15–25 ára væru komnar í almenna notkun og almennan rekstur flugvélar sem geta hafið sig lóðrétt til flugs og lent lóðrétt og væru því í eðli sínu orðnar líkari þyrlum hvað þetta snertir þó þær fljúgi hins vegar með vængjum og tilheyrandi hraða og arðsemi þegar upp í loftið er komið. Menn hafa verið að baksa við að gefa þessari tækni, sem er reyndar þekkt nú þegar og í notkun t.d. í herflugvélum, einhver nöfn, en tæpast hægt að segja að það hafi heppnast vel á íslensku, hnitur hafa menn þó reynt að kalla þetta.

Í skýrslu sem unnin var um líklega framtíðarþróun þessara mála bendir Flugmálastjórn á þennan möguleika í tæplega ársgamalli skýrslu sem út kom á vegum samgrn. í fyrra. Þetta gæti verið ástæða til að hafa í huga þegar menn ræða hér framkvæmdir og fjárfestingar í flugvallarmannvirkjum hvað smærri staði og minni flutninga snertir. En eins og ég segi þá má væntanlega treysta því að meiri háttar flutningar á farþegum og vörum, sem mælast í tugum tonna eða hundruðum farþega, verði áfram með hefðbundnum flugvélakosti um nokkurra áratugaskeið, þó ekki kæmi annað til en það að flugvélakosturinn eins og hann er í dag og verður á næstu árum er af þeirri gerð og honum verður væntanlega ekki öllum hent í einu vetvangi þó svo að einhverju leyti kæmi ný tækni til sögunnar. Þess vegna sýnist mér að menn megi alveg reikna með því að t.d. farþegaflug til og frá landinu og völuflutningaflug verði, við skulum segja næstu 20–30 árin, framkvæmt með svipuðum flugvélakosti og nú er fyrir hendi, og reyndar nýbúið að endurnýja hjá helsta flugrekanda landsins, og þar af leiðandi þurfi menn ekki af þeim ástæðum að óttast að endurmeta þurfi forsendur t.d. hvað þörf fyrir varaflugvöll á öðru veðursvæði en suðvesturhorninu snertir.

Þá er ég kominn að því sem mér finnst mestu máli skipta varðandi þessa umræðu og aðallega hefur verið rætt og það er spurningin um það hvort með þeirri flugmálaáætlun sem hér er lögð til, endurskoðun hennar, sé að verða breyting á þeirri stefnu sem mörkuð var og unnið hefur verið eftir núna í um þriggja ára skeið. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því að það eru ekki bara einhverjar vangaveltur og hugmyndir, heldur mörkuð stefna um það hvernig skuli leysa þörfina fyrir varaflugvöll. Það var gert í fyrsta lagi með þeirri vinnu sem sett var í gang af minni hálfu sem samgrh. á síðustu mánuðum ársins 1988. Í öðru lagi á grundvelli þeirrar skýrslu sem Flugmálastjórn tók þá saman og var gefin út í janúar 1989 þar sem lagðir eru til tilteknir hlutir í þessum efnum. Og í þriðja lagi með ríkisstjórnarsamþykkt í beinu framhaldi af þessari skýrslu nokkrum vikum seinna, í febrúar 1989 ef ég man rétt.

Þetta hefur síðan verið lagt til grundvallar við framkvæmdir í flugmálum um þriggja ára skeið og var lagt til grundvallar við síðustu reglubundna endurskoðun flugmálaáætlunar. Og hvað var þarna ákveðið? Það sem þarna var ákveðið var í fyrsta lagi að á meðan unnið væri að uppbyggingu varanlegs og fullbúins varaflugvallar yrðu gerðar tilteknar ráðstafanir á Akureyri og Akureyrarflugvöllur skyldi þá innan þeirra takmarka sem honum eru sett leysa þetta varaflugvallarhlutverk af hendi. Og það hefur hann gert. Þetta var gert með því að auka tækjabúnað á Akureyrarflugvelli. Þar var settur upp aðflugsradar eða endurnýjaður. Þar var settur upp bættur tækjakostur til snjómoksturs. Það var bætt við mannskap á flugvellinum þannig að nú er lágmarksvöktun á vellinum eða bakvaktakerfi í gangi allan sólarhringinn. Og fleiri ráðstafanir, bæði tæknilegar og rekstrarlegar, voru gerðar til þess að Akureyrarflugvöllur gæti leyst þetta verkefni af hendi með þeim tamörkum sem honum eru settar á meðan beðið væri eftir tilkomu hins nýja Egilsstaðaflugvallar. En það var jafnframt ákveðið að haga endurbyggingu flugvallar við Egilsstaði þannig að hann gæti leyst þetta varaflugvallarhlutverk af hendi og yrði varaflugvöllur númer eitt á öðru veðursvæði en suðvesturhorninu.

Þetta var sem sagt ákveðið á árinu 1989 og ég veit ekki til þess að nýjar ákvarðanir hafi verið teknar. Sé svo er nauðsynlegt að það komi hér fram. Og ég tek undir orð hv. 2. þm. Austurl. að það er auðvitað alveg óþolandi að einhver misskilningur ríki í þeim efnum, hvort um einhverjar nýjar ákvarðanir varðandi þessa stefnumörkun er að ræða eða ekki. Látum það vera hvort eitthvert bókhaldsatriði í flugmálaáætluninni veldur því að fjárveitingar eru ekki færðar undir Egilsstaði heldur settar á óskiptan lið en aðalatriðið er að við vitum hvort hér eru að verða einhverjar stefnubreytingar eða ekki eða hvort hæstv. samgrh. hyggur á slíkt.

Það er rétt að það komi líka fram vegna þess sem hv. 3. þm. Austurl. sagði í ræðu hér áðan um afrek þeirra hv. þm. Egils Jónssonar o.fl. sem hann tíundaði og maður fékk nú helst á tilfinninguna að væru að vinna við það að leggja Egilsstaðaflugvöll berhentir í sjálfboðavinnu, svo mikið var framlag þeirra til þessara mála, að það sem þar var vísað til var ósköp einfaldlega þál. um það að hefja framkvæmdir á Egilsstöðum sem var auðvitað nauðsynlegt að gera vegna ásigkomulags þess flugvallar. Það var upphaf framkvæmda við að byggja nýjan flugvöll í stað þess gamla sem þar var, en þær ákvarðanir hafa síðan að sjálfsögðu tekið breytingum, m.a. hefur völlurinn verið endurhannaður eins og hér kom fram með tilliti til þess að hann skuli hafa burðargetu fyrir jafnvel þyngstu flugvélar, enda vita menn hvernig sú braut er upp byggð sem þar er, þar var um alger jarðvegsskipti að ræða og í raun og veru gæti brautin af þeim sökum ef hún væri lengd þjónað allra stærstu gerðum flugvéla sem þekktar eru. Ég hef að vísu haft vissar efasemdir um að geimskutlan gæti lent á Egilsstaðaflugvelli en það er ekki alveg óhugsandi.

Þetta held ég að sé rétt að komi fram. Ég er ekki að segja þetta til þess að draga úr því að þeir menn sem lögðu sitt af mörkum til að þessar framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll gætu hafist. Þeir eiga þakkir skildar að sjálfsögðu, enda held ég að tekist hafi um það þokkalegasta samstaða, en síðan hefur verið unnið að þessu máli með margvíslegum hætti og jafnmikil ástæða til þess að það liggi fyrir hvernig að því hefur verið staðið.

Ég vil svo að lokum um þennan kafla málsins, til þess að það fari þá ekki á milli mála, lýsa þeirri afstöðu minni, eftir að hafa þvælst heilmikið yfir þessi mál á sínum tíma af skiljanlegum ástæðum, að ég tel að þessi lending varðandi það að hin nýja flugbraut og nýi flugvöllur við Egilsstaði tæki þetta hlutverk að sér hafi verið mjög skynsamlegt og mjög farsæl niðurstaða í þessum málum. Ég sætti mig við það t.d. að það verði ekki sá flugvöllur í mínu kjördæmi sem er þegar nokkurn veginn tæknilega nógu vel búinn til þess að inna þetta hlutverk af hendi, hann er vegna aðflugstakmarkana ekki nógu heppilegur til þess að vera þarna flugvöllur númer eitt og það er æskilegra að aðrir vellir sem eru minni takmörkunum háðir að þessu leyti eða engu, komi til sögunnar og yfirtaki þetta hlutverk.

Eitt vil ég svo benda á, og því ættu menn ekki að gleyma í umræðum um þessi mál, að það er til lítils að hafa fínan og vel búinn varaflugvöll ef ekki er hægt að reka hann. Staðreyndin er auðvitað sú að frá rekstrarlegum sjónarmiðum séð er það langheppilegast að annaðhvort Akureyrarflugvöllur eða Egilsstaðaflugvöllur leysi þetta hlutverk af hendi. Hvers vegna? Vegna þess að þeir eru tveir stærstu flugvellirnir í innanlandsfluginu hvort eð er og þar af leiðandi er fyrir hendi á þeim völlum svo mikil umferð og svo mikill rekstur að viðbótarkostnaðurinn af því að leysa varaflugvallarhlutverkið af hendi er ekki mikill. Það mundi hins vegar ekki snúa eins ef fyrir valinu yrði flugvöllur sem væri þannig í sveit settur að um hann færi mjög lítil innanlandsumferð eða önnur umferð en þær örfáu lendingar á ári hverju sem geta stafað beinlínis af hlutverki vallarins sem varaflugvallar. Og það er t.d. þannig að undanfarin ár sem Akureyrarflugvöllur hefur þjónað þessu hlutverki fyrir mestallan og núna allan flugflota Íslendinga, þá hafa lendingar þar verið nokkrar á hverju ári. Að vísu geta þær þó orðið þrjár, fjórar á sama deginum. T.d. stóðu fjórar þotur á Akureyrarflugvelli sumarið 1990 og komust þar fyrir, merkilegt nokk, þó búið væri að tala um annað, þegar þoka var hér syðra.

Ég vil aðeins bæta við vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálms Egilssonar, að hann hafi farið að lesa flugmálaáætlunina svona eins og vegáætlun merkta niður á kjördæmi, að það er kannski ekki alveg þannig sem eðlilegast er að vinna í því plaggi. Ég út af fyrir sig skil sjónarmið þingmannsins. Hann er að velta því fyrir sér hverju hann geti skýrt frá fyrir norðan næst þegar hann fer þangað, hvað þeir fá í völlinn á Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði, en ég vona þó að það sé enginn misskilningur ríkjandi gagnvart því að flugmálaáætlunin er ekki reiknuð inn á kjördæmi. Þetta er

landsáætlun og það eru auðvitað fyrir því mjög skýr rök að hafa þetta þannig þar sem öðru máli gegnir um heldur en t.d. vegaframkvæmdirnar og það er vegna þess að landshlutarnir eru svo geysilega misjafnlega settir gagnvart þessum samgönguþætti. Hann er að verða tiltölulega léttvægur og jafnvel að hverfa út sem almenningssamgönguþáttur, a.m.k. hvað áætlunarflug eða reglubundnar samgöngur snertir, t.d. á Vesturlandi. Það kjördæmi er nánast að hverfa út úr myndinni af þeirri ósköp einföldu ástæðu að með batnandi samgöngum á landi verður áætlunarflug ekki samkeppnisfært. Sama má að nokkru leyti segja um Norðurland vestra. Vestanvert kjördæmið er ósköp einfaldlega að komast í það góðar vegasamgöngur við höfuðborgarsvæðið t.d. að umfangsmikið áætlunarflug þangað heyrir til liðinni tíð, enda minnir mig að mér hafi verið sagt að eitt sumarið, annaðhvort 1989 eða 1990, hafi verið einn farþegi á Blönduós í júlí. Og það sjá auðvitað allir í hendi sér að við slíkar aðstæður verður ekki rekstrargrundvöllur. (Gripið fram í.) Jú, jú, yfir vetrartímann er kannski meiri þörf fyrir þetta enn um sinn. En við getum spurt okkur að því ef hæstv. samgrh. verður nú jafnduglegur við að stytta hringveginn og hann var að boða hér í gærkvöldi og það verða Hvalfjarðargöng og fleiri slíkar framkvæmdir, þá mun auðvitað enn halla á flugið á þeim svæðum landsins sem liggja innan 100–200 km radíuss frá suðvesturhorninu hvað samkeppnismöguleika snertir. (**VE:** Sérstaklega ef það má ekkert gera fyrir flugvellina.) Það er líka rétt, hv. framm*íkallandi, það hefur að sjálfsögðu áhrif. Og með því að gera alveg ólendandi á flugvöllunum, þá daga þær samgöngur uppi, það er rétt.

Staðreyndin er auðvitað sú að flugið mun fyrst og fremst halda velli gagnvart þeim landshlutum sem fjærst liggja aðalmiðstöðinni hér við suðvesturhornið. Það liggur í hlutarins eðli. Þess vegna mun það verða norðaustanvert og austanvert landið og Vestfirðirnir og svo staðir sem af öðrum ástæðum eins og Vestmannaeyjar þurfa að byggja á flugi, þar sem þetta mun áfram verða svo. Og ef menn halda að þetta séu einhverjar hrakspár af minni hálfu eða ég segi þetta af því að mér sé illa við Vesturland eða Norðurland vestra, þá er það ekki svo, það er misskilningur. Ég er hér m.a. að styðjast við arðsemisútreikninga og áætlanagerð flugfélaganna sjálfra og ég hygg að það sé fáum betur treystandi í þessum efnum heldur en einmitt þeim sem eru að reyna að reka sín fyrirtæki og þurfa til þess að lifa af í samkeppninni að gera áætlanir sem eitthvert mark er á takandi í þessum efnum. Áætlanir flugfélaganna sjálfra gera ráð fyrir því að þróunin verði þessi. Þau horfa upp á þessa samkeppni við batnandi samgöngur á landi og það er auðvitað fínt því að í því felst framþróun og þá er ósköp einfaldlega að aðlaga sig að þeim breytingum.

Herra forseti. Ég vil að lokum áður en ég skil við þennan varaflugvallarþátt undirstrika að aðalatriðið að mínu mati er að það sé alveg skýrt fyrir mönnum á hvaða grundvelli, á hvaða stefnu menn eru að byggja í þessum efnum. Hefur orðið einhver eða er boðuð einhver breyting hvað það snertir að Egilsstaðaflugvöllur skuli leysa þetta hlutverk af hendi sem flugvöllur númer eitt í þessu skyni? Síðan koma að sjálfsögðu aðrir til sögunnar sem eru eða verða á næstu árum tæknilega í stakk búnir til að gera það jafnframt, flugvellir eins og Akureyri, Sauðárkrókur og Aðaldalsflugvöllur. Og það er þá í öllu falli óhætt að segja það að mikil breyting hefur á orðið frá þeirri miklu og þvælingssömu umræðu sem var hér um varflugvallarmál og stóð linnulaust árum saman ef menn telja það nú orðið meira og minna ástæðulaust að hafa það yfirleitt á hreinu hvaða völlur skuli hafa þetta hlutverk eða hvernig hann skuli útbúinn. Ég tek það fram að ég hef ekki enn séð nein þau rök tæknilegs eðlis eða fjármálalegs sem gera það að verkum að ekki sé rétt að halda sig við þá áður ákveðnu stefnu sem flugöryggisaðilar og flugrekstraraðilar, Flugmálastjórn og aðrir sem að þessu hafa komið hafa lagt áherslu á, að það yrði byggður upp einn sæmilega myndarlega og vel búinn varaflugvöllur og að hann þyrfti að vera með 2.400 m brautarlengd og tilheyrandi tækjabúnað. Séu einhverjar nýjar upplýsingar komnar fram í þeim efnum þá er nauðsynlegt að það sé þá kynnt hverjar þær eru.

Margt, margt fleira, herra forseti, væri ástæða til þess að ræða um þessi flugmál því að þetta er mikilvægur málaflokkur og getur átt eftir að verða það enn meira svo á næstu árum, m.a. í tengslum við mögulega framþróun okkar í atvinnumálum. Það er rétt sem hér hefur verið nefnt af nokkrum ræðumönnum að þar gætu hlutir einmitt skipt sköpum fyrir möguleika einstakra byggðarlaga eða landshluta til að verða samkeppnisfærir.

Ég nefndi í gær að við ættum einnig að taka þá inn í almennar umræður um flugmálastefnuna stöðu okkar og samskipti við okkar næstu nágranna. Ég hef haft dálítið mikinn áhuga á því að Íslendingar og Grænlendingar sérstaklega, og þá einnig Færeyingar eftir því sem aðstæður leyfa, ykju samvinnu sína á þessu sviði og reyndar hvað allar samgöngur snertir. Sem betur fer er ýmislegt að gerast í þeim efnum þó ákveðinnar íhaldssemi gæti, ekki síst af hálfu danskra yfirvalda sem ekki virðast sérlega áhugasöm, svo ekki sé fastar að orði kveðið, um það að samvinna og samstarf Íslendinga og Grænlendinga sérstaklega aukist á þessu sviði. Ætla ég af milliríkjapólitískum ástæðum ekki að fara lengra út í þá sálma nú. En ég sagði jafnframt að ég hefði undir höndum nýlega skýrslu frá grænlensku landsstjórninni þar sem farið er yfir þeirra samgöngumál, og þá með sérstöku tilliti til flugsamgangna og sjósamgangna. Þar er að finna m.a. mjög áhugaverða útreikninga og athuganir Grænlendinga á því hvernig þeir með samvinnu við íslenska aðila og með því að nýta íslenska flugvelli gætu e.t.v. sparað sér stórfelld útgjöld í samgöngurekstrinum í Grænlandi. Ég held að það sé vel þess virði fyrir íslensk samgönguyfirvöld að fara ofan í þessa hluti, verða sér úti um þessar upplýsingar og þá með formlegum hætti frá grænlenskum yfirvöldum, en ég leyfi mér þó að nefna það hér að inni í þeirra útreikningum um framtíðaruppbyggingu flugsamgangna í Grænlandi, í kjölfar þess að flugrekstri

verður væntanlega hætt innan tíðar í stað þeim á Grænlandi sem á þarlendu máli heitir Kangerlussuaq, en menn kalla stundum Syðri-Straumsfjörð upp á dönsku, og með því að Bandaríkjamenn hætta að kosta rekstur flugvallar þar 1. okt. nk., þá reikna Grænlendingar fyrst og fremst með þremur möguleikum eða aðallega tveimur sem í staðinn komi, annars vegar að byggja upp sinn aðalmillilandaflugvöll við höfuðborgina í Nuuk og hins vegar að nota Keflavík í þessu sama skyni. Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð, en ég vísa bara til þess að augljóslega gæti það skipt miklu máli upp á bæði þann rekstur sem þar er og umsvif og umsetningu sem þar eru upp á hlutverk Keflavíkur sem meiri háttar tengi- eða skiptistöðvar í flugi við norðvestanvert Atlantshafið, ef við gætum með jákvæðum samskiptum við Grænlendinga náð samningum um að þetta yrði. Ég er mikill áhugamaður um slíkt og reyndar var það svo að kominn var á í árslok 1990 samningur, undirritaður samningur milli samgönguyfirvalda Íslands, Grænlands og Færeyja um að vinna að þessum hlutum en af ákveðnum ástæðum hefur lítið orðið úr því að hreyfing kæmist á málin og veldur því sú pólitíska tregða ákveðinna aðila sem ég nefndi hérna fyrr í ræðu minni.

Hæstv. samgrh. bað að lokum um það eða boðaði að það væri út af fyrir sig hægt að tala tæpitungulaust um viðskilnaðinn í samgöngumálum og það hefðu verið langar runur af væntingum og loforðum og ég veit ekki hvað og hvað sem hann nefndi í þeim framkvæmdaflokki, höfnum, flugvöllum, vegum og hvað og hvað. Þetta er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. núv. samgrh. Það var mikil hreyfing á þessum málum í tíð fyrri ríkisstjórnar, margar framkvæmdir í undirbúningi og í gangi og ýmislegt var þá ákveðið í anda þess stórhugar sem þá ríkti sem menn eru núna guðs lifandi fegnir yfir að skyldi vera gert. Því þegar menn horfa framan í þessa niðurskurðar- og hörmungarríkisstjórn sem nú situr, sem lét það vera sín fyrstu verk að skoða hvað af áformum fyrri ríkisstjórnar hún gæti hætt við sem til heilla horfðu, t.d. í samgöngumálum, þá er það eðlilegt að Vestfirðingar séu þakklátir fyrir það að þannig var búið að búa um hnútana gagnvart Vestfjarðagöngum að núv. ríkisstjórn gat ekki hætt við þau. Og það er von að Vestmanneyingar séu ánægðir að þannig var búið að búa um hnútana varðandi endurnýjun Herjólfs að núv. ríkisstjórn gat ekki hætt við hana. Og svo er um mörg fleiri málin. Þess vegna er þetta alveg hárrétt sem hæstv. samgrh. segir. Sem betur fer var búið að taka margar tímamótaákvarðanir um uppbyggingu á þessu sviði sem voru þannig búnar að hæstv. núv. ríkisstjórn gat ekki hætt við þær.

Hrafnkell A. Jónsson:

Herra forseti. Eins og margir landsbyggðarmenn er ég mikill áhugamaður um flugmál vegna þess að ég þarf að nota flugvélar svo mikið. Þess vegna rann mér kalt vatn milli skinns og hörunds þegar hv. 7. þm. Reykv., Magnús Jónsson, lýsti öryggismálum á Reykjavíkurflugvelli. Ég veit ekki hvort ég þori austur aftur að þessum upplýsingum fengnum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon — er hann ekki staddur hér í salnum? Það er miður. Ég vona að hann komi í salinn áður en ég lýk máli mínu því ég þyrfti aðeins að víkja orði til hans. Þegar rædd eru mál sem snúa að flugmálaáætlun, þá er þar um tvo þætti að ræða. — Þar er hv. þm. Steingrímur Sigfússon kominn í salinn. Hann vék orðum til mín áðan og fór að vísu miðlungi rétt með en það verður að hafa það. Ég er ekki þingvanur þannig að ég kann kannski ekki að haga orðum mínum þannig að skiljist en ég skil þó hv. þm. þannig að þegar hann mærir verk sín sem fyrrv. samgrh. þá er það vegna þess að hann hefur ekki einasta staðið að því að móta stefnu heldur hefur hann unnið kófsveittur við að framkvæma verkið og greitt fyrir úr eigin vasa. Mér þótti full ástæða eins og mál höfðu skipast í umræðum hér í gærkvöld að minna á það hverjir höfðu forgöngu um þau verkefni sem er verið að vinna á Egilsstöðum. Ég ætla ekki að gera lítið úr hlut hv. annarra þingmanna Austurl. eða annarra þingmanna sem að því unnu, en mér finnst út af fyrir sig ástæðulaust annað en að rifja það upp þannig að ekki fari á milli mála hverjir höfðu um þetta forgöngu. Það var í samgönguráðherratíð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem stefnan var mótuð í þessum málum. Og ég vona að með því sé ég út af fyrir sig ekki að gera neitt lítið úr ágætu framlagi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem samgrh. Ég vona að hann taki það ekki þannig. Það var ekki til þess ætlast.

En ef ég vík síðan að umræðuefninu um flugmálaáætlun, þá virðist mér að þetta snúist um tvo þætti. Sumum kann að finnast annar hluturinn snúast um skammtímasjónarmið, þ.e. með hvaða hætti þessari miklu framkvæmd á Egilsstöðum er komið í gagnið. Mér finnst það skipta verulegu máli. Það kom hér fram hjá hv. þm. Árna Johnsen að þetta væri verk upp á um 700 millj. kr., ef ég tók rétt eftir. Mér finnst það skipta máli hvort þetta verk fer að skila okkur rentum fyrr en seinna. Og þess vegna endurtek ég áskorun mína til hæstv. samgrh. og samgn. að leita allra leiða til að Egilsstaðaflugvöllur megi sem fyrst fara að skila okkur því sem til er ætlast. Í mínum huga skiptir það ekki máli hvorum megin ég geng inn í flugstöðina á Egilsstöðum eða hvorum megin ég geng út þegar ég fer um borð í flugvélarnar. Það skiptir mig hins vegar máli að þessi framkvæmd komist í gagnið þannig að flugöryggi á Egilsstöðum verði meira en það er í dag. Þess vegna tel ég að ef þess er kostur að koma vellinum í notkun á þessu ári, þá eigi að vinna að því. En mér er farið eins og hv. 2. þm. Vestf. að sækja ekki peninga til himna. Hins vegar tók ég orð hans þannig áðan að Alþingi gæti ákveðið það með lagasetningu að það væru tveir flugvellir á Íslandi sem ávallt væri hægt að lenda á. Ég hefði nú haldið í einfeldni minni að það væri við guð almáttugan að eiga hvernig viðraði. Ég held satt að segja að við getum aldrei sett niður, þó að það sé bundið í lögum frá Alþingi, þá get ég ekki ímyndað mér að við tryggjum það nokkurn tíma með lagasetningu að við verðum undantekningarlaust með flugvöll sem hægt er að lenda á hvernig sem viðrar.

Það sem snýr síðan að framtíðarstefnumótun í flug-

málum snýst að mínum dómi ekki í aðalatriðum um flugsamgöngur innan lands. Eins og þróunin er í dag get ég ekki séð betur en flugsamgöngur og uppbygging flugvalla snúist um það hvernig við getum treyst atvinnulífið á hinum einstöku landsvæðum með vel búnum flugvöllum. Þess vegna ætla ég ekki að fara í þrætubók við hv. þm. um hvaða flugvöllur það er sem kallast varaflugvöllur. Í mínum huga skiptir það meginmáli að Egilsstaðaflugvöllur ásamt nokkrum öðrum flugvöllum hér á landi séu þannig búnir að þeir geti tekið við millilandaflugi, að það sé hægt stunda þar bæði farþegaflug og fraktflug og ég met það þannig, eins og kom mjög vel fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og ég þarf svo sem ekki að endurtaka, að í framtíðinni snýst þetta um möguleikana á því að flytja afurðir okkar frá landinu með beinu flugi og vonandi sem flesta farþega til landsins þannig að þetta geti treyst atvinnulífið í viðkomandi byggðarlögum. Þess vegna tel ég að þegar menn meta framtíðaruppbyggingu Egilsstaðaflugvallar þá eigi það ekki endilega að snúast um það hvort hann heitir varaflugvöllur sem er öryggisflugvöllur í sem allra fæstum tilfellum, heldur eigi það að snúast um það hvort flugvöllurinn getur sinnt því hlutverki að þjóna okkur sem ferðumst með vélum sem farþegar en ekki síður sem fraktvöllur á milli Íslands og annarra landa.

Við Austfirðingar horfum mikið til þess, ekkert síður en aðrir landsmenn sem sjá fram á minnkandi afla og meiri áherslu sem þarf að leggja á að fá sem hæst verð fyrir afurðirnar, að við getum komið okkar afurðum beint á markað til annarra landa millilíðalaust og þar horfum við á flugið. Þess vegna vil ég enn og aftur ítreka það að ef til framtíðar er litið, þá eru það möguleikar Egilsstaðaflugvallar til þess að þjóna sem farþega- og fraktflugvöllur vegna samskipta við næstu þjóðir sem skipta máli, ekki hvort hann heitir á pappírunum varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Ég held að Egilsstaðaflugvöllur og Austfirðingar með sinn flugvöll þar séu í sömu sporum og Vestfirðingar sérstaklega og kannski Norðlendingar líka, þ.e. við þurfum að fá flughöfn og flugvelli sem þjóna atvinnulífinu. Við megum ekki einblína á farþegaflugið eins og það sé upphaf og endir allra hluta.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé sáralítill ágreiningur milli mín og hv. síðasta ræðumanns. Það sem ég var ósköp einfaldlega að segja í minni ræðu hér áðan var að rekja þá röð ákvarðanatöku varðandi málefni Egilsstaðaflugvallar sem liggur fyrir. Það er rétt sem hann segir að auðvitað var strax þegar flugmálaáætlunin var á sínum tíma lögð fyrir í fyrsta sinn gert ráð fyrir að Egilsstaðaflugvöllur yrði í röð fremstu flugvalla þar sem uppbygging yrði hafin, enda lélegur flugvöllur með mikla umferð. Og til að skjóta því að í leiðinni, þá hef ég svo oft úr þessum ræðustóli hrósað því framtaki þegar flugmálaáætlunin og tekjuöflunin til flugvallaruppbyggingar var á sínum tíma unnin af ágætum þáv. hæstv. samgrh., Matthíasi Bjarnasyni, að mig munar ekkert um að bæta því við einu sinni enn. Ég tel að þetta hafi verið eitt allra þarfasta verk sem lengi hefur verið unnið í okkar samgöngumálum og sé að skila okkur miklum árangri.

Ákvarðanir um stöðu Egilsstaðaflugvallar í samhengi við varaflugvallarmálin komu til sögunnar síðar, eftir hina margfrægu þáltill. Egils Jónssonar og félaga, og það nægir vonandi til að eyða alveg þessum misskilningi.

Það er svo að sjálfsögðu rétt hjá hv. 3. þm. Austurl. að mikilvægi Egilsstaðaflugvallar er og verður auðvitað mest vegna flugsamgangna til þess svæðis og þess landshluta. Hitt er nauðsynlegt af bæði rekstrarlegum og tæknilegum ástæðum að ákveðinn flugvöllur gegni varaflugvallarhlutverki umfram aðra og þar sé þá lagt í rekstur og búnað sem því svarar. Varaflugvöllur er síðan bara hver sá flugvöllur sem flugstjóri kýs að lenda á ef hans upphaflegi ákvörðunarstaður lokast og það er reyndar svo í fluginu að það er flugstjórinn sjálfur sem ræður því hvert hann snýr ef flugvél hans getur ekki lent á upphaflegum ákvörðunarstað. Þess vegna mun það örugglega fara svo í mörgum tilvikum, þó svo að Egilsstaðaflugvöllur heiti varaflugvöllur, að flugstjórar muni t.d. velja að lenda á Akureyri af því að það er e.t.v. lítið eitt styttra frá Keflavík, fleiri hótel á því svæði eða annað því um líkt. Þannig munu auðvitað í fyllingu tímans standa til boða nokkrir valkostir í þessum efnum sem flugstjórar geta valið úr og hef ég oft sagt að þá mun þessi varaflugvallarumræða sem vafðist svo mjög fyrir mönnum uppi á Íslandi á níunda áratugnum þykja brosleg.

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ákvörðun um staðsetningu varaflugvallar var mörkuð með því að undirbyggja Egilsstaðaflugvöll með tilliti til lengingar síðar. Hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, nefndi hérna tölur og ef ég tók rétt eftir voru það 300 millj. sem voru aukalega settar í völlinn með endurhönnun svo völlurinn gæti borið þyngri vélar sem þyrftu þá 2.400 m braut. Þessar 300 millj. hefði ekki þurft að leggja út eða kosta til þess að leggja núverandi 2.000 m braut. Því tel ég, og get tekið undir orð hæstv. samgrh., að það eigi að fara vel með almannafé og það sé illa farið með okkar fé ef endurskoða á áætlun Flugmálastjórnar og byggja upp varaflugvöll fyrir millilandaflug annars staðar. Þá erum við búin að kasta þeim peningum á glæ sem þegar er búið að kosta til að undirbyggja þennan völl.

Miklar athuganir hafa verið gerðar um staðsetningu varaflugvallar fyrir millilandaflug, bæði hvað varðar veðurfar og aðra þætti. Sem betur fer kom Lagarfljótið lítið inn í þá mynd því að þó svo völlurinn yrði lengdur í 2.700 m, þá sleppur hann við það að lenda úti í Lagarfljóti en vissulega þarf þá að breyta vegarstæðinu. Aðrar hindranir sem hv. þm. Árni Johnsen nefndi hér áðan, svo sem landakaup, hafa alltaf legið fyrir og eru varla meiri en yrðu í öðrum fjórðungum. En eins og ég nefndi í stuttu andsvari í gær, tel ég að svo háir liðir eins og þessi liður sem er uppbygging nýs flugvallar eigi að vera sérliðir á fjárlögum. Það er hægt að kalla þetta forgangsverkefni eða annað, en ef

farið er í verkefni eins og þetta, þá tel ég að það eigi að standa myndarlega að því og ljúka því í staðinn fyrir að dreifa áfram fé þannig að það sé verið að smálagfæra hér og þar. Ef langtímaáætlun er lögð fram og vel er að henni staðið og hún faglega unnin og ef það er hægt að treysta því að hún stendur, þá veit ég að við sem búum í öðrum landshlutum, sem fáum ekki þetta sérstaka framtak í okkar landshluta, munum bíða róleg eftir því að það komi að uppbyggingu á okkar svæði.

Ég vil bara enn og aftur leiðrétta misskilning hjá hæstv. samgrh. að ég hef hvorki sjálf hér í gær né heyrt frá öðrum þingmönnum Austurl. þann tón að við séum að kvarta undan því stóra framlagi sem ætlað er að komi í okkar fjórðung. Við erum náttúrlega ánægð með það en það er bara spurningin um að taka völlinn í notkun eftir að búið er að malbika hann. Með þetta mikla fjármuni og með svo stórt framtak í huga sem þetta er, þá held ég að peningunum sé illa varið að koma flugvellinum ekki í notkun.

En það er ekki bara þessi flugvöllur. Við erum ánægð með úthlutunina í ár og næsta ár en við vildum líka fá að sjá annað en tóm núllin í áætluninni fyrir 1994 og 1995 svo að Austfirðingar geti búið sig undir það að fá völlinn í fulla notkun og með þeirri uppbyggingu sem er í kringum slíkan völl. Það er ekki bara flugvöllur. Þetta varðar allt atvinnulíf á Austfjörðum og í fjórðungnum.

Hæstv. samgrh. nefndi réttilega að það verði að horfa til allra þátta í samgönguleiðum, þ.e. í lofti, láði og legi, til þess að ná skynsamlegri nýtingu og hagræðingu. Þetta er auðvitað rétt og sérstaklega núna þegar framkvæmdafé er svo lítið sem raun ber vitni.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það varð fræg setning til í flugheiminum þegar ágætur maður, Adolf Björnsson, fór á sínum tíma í framboð í Þingeyjarsýslu, ef ég man rétt, og stefndi auðvitað að gulli og grænum skógum. Heimamenn báðu um flugvöll og hann sagði við samferðamann sinn sem var bílstjóri hjá honum: „Skrifaðu flugvöll." Og síðan er þetta kunn setning, „skrifaðu flugvöll" og stundum notuð til gamans í heimi stjórnmálamanna.

Það er auðvitað kappsmál fyrir allar byggðir að hafa góðan flugvöll og góðar samgöngur. En í umræðunni um varaflugvöll held ég að það sé ástæða til þess að velta aðeins fyrir sér skilgreiningunni á þörfinni. Varaflugvöll fyrir hvað? Það er mikill stigsmunur á þeirri þjónustu sem þarf að veita eftir flugvélastærðum og gerðum og í fyrirsjáanlegri framtíð er ekkert sem bendir til þess að Íslendingar þurfi eða geti átt kost á því að veita þjónustu nema í mjög litlum mæli stærstu flugvélategundum. Á undanförnum árum hefur að vísu verið gerð eins konar tilraun í gegnum Keflavíkurflugvöll til þess að flytja út afurðir til Japans og annarra fjarlægra landa en sú tilraun fór að nokkru út um þúfur af ýmsum ástæðum og ekki er séð fram á að sá þráður verði aftur upp tekinn þó hann hafi vissulega verið mjög merkilegur og mikilvægur og skilað tekjum inn í þjóðarbúið beint til ríkissjóðs ekki síður en til þeirra aðila sem reyndu þar að afla nýrra markaða fyrir sínar afurðir, bæði fisk og landbúnaðarafurðir.

Það er í einhverjum slíkum mæli auðvitað sem menn horfa til þess að eignast fullkomnasta varaflugvöll sem er í rauninni 3.000 m flugvöllur og nú er hlaupið þarna á milli talna, 2.700 m og 2400 m á Egilsstöðum. Þyngstu vélar geta lent á 2.700 m braut en ekki 2.400 m braut sem um er talað og þar sker á milli þannig að í rauninni er dæmið ekki hugsað til enda þó það sé vissulega ástæða til þess að fylgja því eftir. Það hlýtur að koma að því fyrr en seinna að Egilsstaðavöllur verði byggður til enda með þeim kröfum sem eru gerðar til uppbyggingarinnar í dag og það er auðvitað fyrir stærstu og þyngstu vélar.

Það kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar að mitt mál varðandi lengd brautar á Egilsstöðum væri á misskilningi byggt. Ég vil undirstrika að það er ekki á misskilningi byggt. Þegar ég nefni að flugbraut nái út í fljótið, suður fyrir veg eins og heimamenn mundu segja, þá er þess að geta að fljótið er í rauninni ekki alveg markað við þá bakka sem mannsins auga sér því að vatnasvæði nær talsvert inn í landið og það er þar sem er dýrasti kostur við endurnýjun á jarðvegsfyllingunni. Það er mikil vatnagangur í því landi sem ætlað er undir flugvöll í lengingu og (Gripið fram í.) ja, nú vill svo til, hv. frammíkallandi, að það hefur verið gerð lítils háttar könnun á jarðvegsaðstöðu sunnan vegar við Egilsstaðaflugvöll og þar er mikill vatnagangur eins og sérfræðingar segja.

Lenging um 700 metra nær að fljótinu, það er rétt. Það er gert ráð fyrir að hægt sé að koma vegi við endann án þess að hann fari út í fljótið en það nær að fljótinu. (**Gripið fram í:** Það er vitað um það.) Og það er rétt, það er rétt. Það er enginn misskilningur þarna að baki. Hitt er að nefna að, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar, er alls ekki lokið fullnaðarhönnun á þeim 700 m, sem við er miðað í undirbyggingu, til viðbótar þessum 2.000 m. Það er rétt lokið frumhönnun, sem sumir mundu kalla skot út í loftið, og kannski af þessum ástæðum ekki síst er ástæða til þess að skoða það ofan í kjölinn hvað sé hagkvæmt og skynsamlegt vegna þess að 2.000 m braut með fullbúnum flugvelli þjónar öllum kröfum sem við sjáum fram á að þurfi að sinna um allnokkurt skeið. Sama gerir Akureyrarflugvöllur, sama geta Húsavíkur- eða Aðaldalsflugvöllur og Sauðárkróksflugvöllur gert með einhverjum tilkostnaði. En á sama tíma og menn binda sig svo fast í umræðuna um varaflugvellina, þá er mikil þörf og brýn fyrir uppbyggingu víða á landinu þó svo að sums staðar sé að draga úr farþegafjölda og vöruflutningum flugleiðis. Það er alveg augljóst að í náinni framtíð hljóta augun að beinast fyrst og fremst að Vestfjörðum um uppbyggingu. Þar er erfiðast um aðstöðu, þar er mest einangrunin samgöngulega og með tilkomu nýrra jarðganga er ástæða til að byggja þar nýja aðstöðu sem nýtist best við það mikla mannvirki sem er verið að vinna að.

Það eru nefnilega nokkuð augljós þessi svæði sem þörfin er fyrir að endurbyggja innan lands. Það eru

Vestfirðir, það er Siglufjörður, sem er sérdæmi, og það er Reykjavíkurflugvöllur. Þetta eru þau þrjú svæði sem brýnast er að taka ákvörðun um inn í framtíðina, mál sem eru augljós vandamál sem þarf að leysa en ekki er búið að taka ákvörðun um að framkvæma á næstu tveimur árum. Á Siglufirði t.d. hefur ekki einu sinni verið gerð frumkönnun á því hvað kostar eða hvernig á að leysa endurbyggingu þess flugvallar.

Sem dæmi um samdrátt í flugi á ákveðnum völlum þá hefur farþegum fækkað á Akureyrarflugvelli frá 1990 úr liðlega 120 þús. í 115 þús. á árinu 1991 og það er enn fækkun á árinu 1992. Það er alveg það sama að segja um Sauðárkrók og Húsavík því þó að tölur í plöggum sem eru á borðum þingmanna sýni eilitla hækkun þá eru það ekki réttar tölur vegna þess að á síðasta ári voru Flugleiðir með áætlunarflug í gegnum Sauðárkrók til Húsavíkur en þeir telja farþegana á báðum stöðum þannig að það er ekki raunverulegt fjölgun heldur tvítalið í millilendingum. Þetta er einföld skýring. Á Egilsstöðum hins vegar er aukning, enda er þar ekki komið það vegakerfi eða samgöngukerfi sem vonir margra standa til að komi á sínum tíma, hvort sem er með því að ljúka hringvegi eða byggja hálendisvegi sem er auðvitað mikið og merkilegt mál framtíðarinnar.

Á Ísafirði og Vestfjörðum eru þessir miklu erfiðleikar og þar eru mörg tæknileg vandamál sem þarf að kanna, bæði varðandi aðflug, blindflug, varðandi möguleika tæknibúnaðar sem truflast verulega af fjöllum og aðstæðum þar. Það eru tæknileg vandamál sem þar er mest við að glíma.

Það kom hér fram í umræðunum hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að líklega mundu Ísafjarðarflugvöllur og Vestmannaeyjaflugvöllur aldrei komast í 1. flokk. 1. flokkurinn miðast við lengd flugbrauta og ég held að það sé rétt að þær tæknilegu aðstæður sem hindra það á Ísafirði séu ekki hvað síst erfitt aðflug. Í Vestmannaeyjum er það ekki tæknilegt vandamál. Það er tæknilega mögulegt að lengja báðar flugbrautir þar til beggja átta en það kostar mikið og svo er hitt annað mál hvort menn vilja gera það af umhverfisverndarástæðum, en tæknilega er það ekki ómögulegt, tæknilega er það auðvelt verk og nóg er til af jarðefninu, 240 millj. m^3 bárust þar í hlað á árinu 1973. Þess vegna fannst mér svolítið skammt hugsað hjá hæstv. fyrrv. samgrh., föður jarðganganna, að hugsa ekki til þess að auðvitað kann það að vera að innan 15, 20, 25 ára verði komin jarðgöng út í Vestmannaeyjar sem mundi létta á þörfinni fyrir flugi. Það er ljóst, miðað við jarðgangagerð í Noregi, nýjustu framkvæmdir þar sem eru unnar eftir botni en ekki í gegnum berg, að jarðgöng milli lands og Eyja kynnu að kosta 2,5–3 milljarða kr. en ekki 7–10 eins og menn hafa hugsað hingað til með því að vinna slík göng í gegnum berg.

Það er ör þróun í þessum málum og það er auðvitað hluti af því dæmi sem við höfum verið að hugsa við gerð flugvalla, en þetta eru atriði sem ég vildi láta koma fram að um leið og menn horfa til þess að treysta þjónustuna á varaflugvöllunum, þá má ekki gleyma því að vandinn í okkar eigin hlaði er mikill víða og það þarf að leysa hann ekki síður og að mínu mati á undan hinu.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið hafin áhugaverð umræða í sambandi við flugmál og flugmálaáætlun og röðun framkvæmda. Að vísu hefur verið nokkuð óljóst hvort menn eru að tala almennt um uppbyggingu sjálfsagðra þjónustuflugvalla sem við þurfum að byggja upp um landið og hins vegar um uppbyggingu svokallaðra varaflugvalla eða öryggisflugvalla. — Það er vont að þeir skuli hvorugur vera hér í salnum, hæstv. núv. samgrh. og hæstv. fyrrv. samgrh. Ég hefði ekki haft á móti því að þeir væru hér en það er sjálfsagt til of mikils mælst. Hér kemur hæstv. núv. samgrh. Ég læt það duga. Ég sé ekki ástæðu til að vera að bíða eftir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þó hann segði hér býsna merkileg orð og ég hefði þess vegna gjarnan viljað hafa hann viðstaddan til þess að hann færi aðeins í upprifjun með okkur frá því að hann sat í stól samgrh. Hann sagði hér áðan í máli sínu að þetta hefði verið allþvælingsleg umræða, hann orðaði það svo, og sagði að auðvitað skipti það mestu máli, og þá var hann að tala um öryggisflugvöllinn, hvað hinir færustu menn segðu um þessa þætti. Ég er hv. þm. og fyrrv. hæstv. samgrh. algjörlega sammála í þessu efni. Það er auðvitað það sem á að ráða. Við eigum að hlusta á þá menn sem gerst þekkja þessa hluti en því miður finnst mér að ég lesi það oft í gegn, ekki aðeins af þessari flugmálaáætlun nú eða áður heldur og af ýmsum öðrum gögnum sem lögð eru hér fram, að þau einkennast of af þeim sem situr í ráðherrastól í það og það sinnið.

Mig langar aðeins til þess að vitna í till. til þál. sem hér var flutt fyrir ekki löngu síðan. Fyrsti flm. þeirrar þáltill. var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. hæstv. samgrh. Sá sem skrifaði næstur á tillöguna með fyrrv. samgrh. er hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal. Þessa þáltill., hæstv. samgrh., fluttuð þið saman hæstv. fyrrv. samgrh. og sá sem nú situr í þeim stól og varðaði varaflugvöll á Akureyri sem er hið besta mál, að byggja upp Akureyrarflugvöll vegna þess hversu þýðingarmikill flugvöllur hann er. Sama á við um Egilsstaðaflugvöll. Það vil ég að komi hér skýrt fram. En þá erum við að tala um öryggisflugvöll fyrir millilandaflug og öryggisflugvöll fyrir íslenska flugmenn og áhafnir eins og mér fannst hv. þm. Árni Johnsen hnykkja hér rækilega á og gerði því góð skil. En mig langar aðeins að grípa aðeins inn í tvö fylgiskjöl sem voru með þessari þáltill. hæstv. fyrrv. samgrh. og hæstv. núv. samgrh. sem þeir notuðu sem vopn í því að það væri nauðsynlegt að byggja upp þennan fluvöll á Akureyri. Þar er byggt á umsögn Sigurðar Aðalsteinssonar, ef ég veit rétt, flugstjóra hjá Flugfélagi Norðurlands, sem er aðaleigandi þess og framkvæmdastjóri, en þar segir Sigurður Aðalsteinsson, með leyfi forseta:

„Ef við svo lítum á þá fjóra flugvelli sem oft hafa verið nefndir í þessu sambandi og liggja utan veðursvæðis Reykjanesskagans, þá eru aðflugs- og veður-

farsskilyrði líklega best á Sauðárkróksflugvelli, Alexandersflugvelli við Sauðárkrók." Ég sé að veðurfræðingurinn nikkar og gefur til kynna að hér sé rétt farið með. „Síðan koma Egilsstaðir, Húsavík og Akureyri." Ætli Sigurður Aðalsteinsson viti ekki nokkuð um hvað hann er hér að fjalla?

Í hinu fylgiskjalinu sem þeir fyrrv. hæstv. samgrh. og hæstv. núv. samgrh. lögðu fram í þessari þáltill. sinni er vitnað í Hilmar Baldursson, flugmann og fyrrv. varaformann flugráðs. Það er nú ekki í kot vísað að vitna í þessa heiðursmenn. (**Gripið fram í:** Núverandi.) Og núverandi einnig, já. Þakka þér fyrir. Og það væri fróðlegt, virðulegi forseti, að mega lesa það upp líka hvað þessi ágæti maður, Hilmar Baldursson, segir:

„Ég er sammála þeirri niðurstöðu sem komist hefur verið að varðandi samanburð á Akureyri og Sauðárkróki að flugtæknilega og veðurfarslega er Sauðárkrókur mun betri kostur en ég sé ekki í sjónmáli að það verði búinn til varaflugvöllur á Sauðárkróki."

Báðir þessir menn fullyrða að öryggislega séð fyrir flugfarþega og áhafnir sé Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók, besti valkosturinn. En skyldi það nú vera af því að Sauðárkróksflugvöllur er svo stuttur að þess vegna hafi það staðið fyrir hæstv. fyrrv. samgrh. og hæstv. núv. samgrh. að hefja framkvæmdir við þennan völl sem þeir sem best þekkja til mæla með að verði gert? Skyldi það vera af því? Nei. Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók er nefnilega næstlengsti flugvöllurinn, lengsti flugvöllur utan þessa svæðis hér fyrir sunnan. Hann er röskir 2.000 m á lengd. Þetta er merkileg niðurstaða og við erum oft búnir að fara í gegnum þessa umræðu hér á Alþingi og ég var satt að segja að velta því fyrir mér hvort ég ætti nokkuð að taka til máls nú vegna þess að mér finnst þetta hálfömurleg umræða og hún er mjög þreytandi og leiðigjörn fyrir þessa tvo hæstv. samgrh., fyrrv. og núv. Hún hlýtur að vera það vegna þess að þessir aðilar hljóta að vita að þegar við erum að tala um varavöll — varavöll fyrir hvað? Er það ekki fyrir þá sem í flugvélunum eru? Er það ekki? Ætlum við ekki að byggja upp varaflugvöll, öryggisvöll? Hver er það sem hefur tekið ákvörðun um að breyta út af því og velja lélegri kostinn sem veitir minna öryggi þeim sem um loftin fara? Hver er það? Ég sá það ekki í tillögum hv. þm. og fyrrv. samgrh. Steingríms J. Sigfússonar að það væri mikið verið að huga þar að Sauðárkróksflugvelli, Alexandersflugvelli, og því miður sé ég ekki heldur í tillögu hæstv. núv. samgrh. Halldórs Blöndals. En það vil ég segja þeim ágæta manni og þingmanni Norðurl. e. að við nágrannar hans vestan við Tröllaskagann munum fylgjast mjög grannt með því hvernig hæstv. ráðherra heldur á þessu máli. Það er orðið rannsóknarefni út af fyrir sig hvernig á þessum málum hefur verið haldið.

Ef ég lít aðeins lengra til baka þá var það nú svo að árið 1980 var skipuð nefnd til að skoða þessi mál, um uppbyggingu varaflugvallar. Formaður þessarar nefndar var hinn mæti maður og ágæti flugstjóri okkar, Jóhannes Snorrason. Og skyldum við nú ætla að Jóhannes Snorrason vissi nokkuð um hvað hann væri að fjalla. Jóhannes Snorrason, eða nefnd hans skilaði áliti í október 1980. Þar kemur fram að athugaðir hafi verið í þessu sambandi flugvellirnir Akureyri, Egilsstaðir, Húsavík og Sauðárkrókur. Hver skyldi hafa verið niðurstaða þessa mæta manns og þessa starfshóps? Hann var nú ekki aldeilis einn, það voru valinkunnir menn sem um þessi mál fjölluðu með Jóhannesi Snorrasyni. Niðurstaða nefndarinnar var sú að Sauðárkróksflugvöllur væri hagstæðasta valið og mætti þeim kröfum sem gerðar yrðu til slíks vallar. Þetta varð niðurstaða nefndar sem skipuð var og Jóhannes Snorrason veitti formennsku.

Árið 1984 var síðan sett enn ein nefnd á laggirnar af Matthíasi Bjarnasyni, þáv. samgrh. Formaður þeirrar nefndar var líka hinn mesti sómamaður, ekki flugfróður að ég veit best, núv. bankastjóri Seðlabankans, þáv. hv. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson. Hann var formaður þessarar nefndar. Sú nefnd komst að nákvæmlega sömu niðurstöðu og nefnd Jóhannesar Snorrasonar. Að nákvæmlega sömu niðurstöðu.

En hvar stöndum við í dag í þessu máli? Hvað hafa þessir heiðursmenn verið að gera, bæði þeir sem sitja í ráðherrastólunum og ekkert síður þeir sem í flugráði hafa starfað? Hver eru vinnublöðin sem þessir menn vinna eftir? Hverjar eru leikreglurnar? Nú skyldum við álíta að það væri eitthvað allt annað að. Kannski gengi þetta ekki upp við áætlanir og hugmyndir flugfélaganna, eins og hér kom fram áðan hjá hv. þm. Árna Johnsen þegar hann fór að tala um fjölda farþega um þessa velli. Ég er því miður ekki með þessar tölur, ég dreg þær í efa, ég ætla ekki að segja meira. Ég dreg í efa að hann hafi farið með réttar tölur.

En á þessum tíma var líka leitað álits flugfélaganna á þessu máli. Forráðamenn Flugleiða voru spurðir í þessu máli og hvað skyldu þeir hafa sagt, virðulegi forseti? Þá kemur fram að Flugleiðir eru sammála niðurstöðu nefndarinnar frá 1980 um að Sauðárkrókur sé hagstæðasti kosturinn. Flugleiðir eru sammála um það. Þá er eitt flugfélagið eftir enn sem hét þá Arnarflug. Hvað skyldu Arnarflugsmenn hafa sagt um þessa niðurstöðu? Og með leyfi, virðulegi forseti, mætti ég kynna það þingmönnum og ekki síst sitjandi ráðherra samgöngumála: Arnarflug mælir eindregið með því að Sauðárkróksflugvöllur verði byggður upp sem aðalvaraflugvöllur Íslands fyrir millilandaflug.

Ég var búinn að vitna í flugstjóra og forstjóra Flugfélags Norðurlands, Sigurð Aðalsteinsson. Þarf hér að leiða fram fleiri vitni í þessu máli? Þarf þess? Ekki í mínum huga. Hins vegar þyrfti kannski að velta því fyrir sér eins og ég sagði hér áðan að það er verðugt rannsóknarefni hvernig að þessum málum hefur verið unnið. Það er verðugt umhugsunarefni.

Það kom hér fram, ég held að það hafi verið hjá hv. þm. Árna Johnsen frekar en fyrrv. samgrh. Steingrími J. Sigfússyni, að Akureyrarflugvöllur hefði vegið mjög þungt og þyngra en Egilsstaðaflugvöllur, eða gæti gert það í vissum tilfellum, sem varaflugvöllur, vegna fjarlægðarinnar til Keflavíkur eða Reykjavíkur. Það er rétt, þetta var eitt af því sem kemur fram í þessu nál. En hvað — og nú bið ég hæstv. samgrh. að leggja enn

við hlustirnar, vegna þess að hann fer nú þarna nokkuð títt um sjálfur — það er enn styttra, hæstv. samgrh., frá Alexandersflugvelli við Sauðárkrók til Keflavíkur eða Reykjavíkur heldur en frá Akureyri. Það er enn styttra. (Gripið fram í.) Þannig að þau rök mæla enn með Alexandersflugvelli, einmitt fjarlægðin á milli þessara staða. (**Landbrh.:** Svo er styttra frá Stykkishólmi.) Það er hárrétt. En veðurfarsskilyrði og önnur uppbygging er ekki þar. Og það er einmitt þessi málflutningur og háttalag ráðherrans, eins og kemur fram í þessu innskoti, sem mér finnst einkenna þessar áætlanir. Þegar við erum að tala um varaflugvelli þá erum við að tala á allt öðrum nótum en almennt um uppbyggingu flugvalla. Ég geri mikinn greinarmun þar á. Það finnst mér þessir ágætu menn ekki gera í sínum áætlunum, alls ekki. Það er allt annað mál hvort við byggjum upp, og við hljótum allir þingmenn að vera sammála um það að leggja áherslu á uppbyggingu flugvalla innan lands, við verðum að gera það og búa þá hið besta. Og ég tek undir hvert orð sem hv. þm. Árni Johnsen sagði hér t.d. um Siglufjarðarflugvöll. Þar þarf að taka myndarlega á og verður að finna lausnir. En ég sé þær ekki í þessum áætlunum. Þær eru ekki þar.

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að þessari umræðu sé nú að ljúka en það er ekki nema bara um sinn. Þetta mál mun nú fara til samgn. og þar gefst okkur tækifæri til að fjalla um þessi mál og eins um vegáætlun og flugmálaáætlun. Það er ekki óeðlilegt og að mörgu leyti ákjósanlegt að þetta skuli fara saman. Ég skal því ekki tefja þessa umræðu meir, en ég vildi koma þessu á framfæri. Hér sitja margir nýir þingmenn og ég efast um að þeir hafi gert sér grein fyrir því eða lesið það sem ég hef hér sagt. Þess vegna vildi ég vekja á þessu athygli. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því og það hefur valdið mér vonbrigðum og gerir það enn að það er eins og sumir menn hlusti ekki í þessu máli. Og það er alvarlegt þegar það eru einmitt þeir menn sem kannski ættu að hlusta best. Það er áhyggjuefni. Spurningin er hvort það er komið svo að við almennir þingmenn þurfum að fara að beita hér einhverjum öðrum vinnubrögðum til þess að vilji Alþingis komi nógu skýrt fram. Það er orðið umhugsunarefni og um það munum við vonandi m.a. fjalla í samgn. þegar þessi mál verða þar á dagskrá. En sú flugmálaáætlun, sem hér liggur fyrir, ber þess ekki vitni að það hafi verið hlustað á þá menn eins og hv. fyrrv. samgrh. sagði hér áðan, að menn ættu að hlusta á og taka tillit til. Það gerði hann ekki og mér sýnist að hæstv. núv. samgrh. ætli ekki að gera það. En ég ítreka það, hæstv. ráðherra, að við nágrannar þínir vestan Tröllaskagans munum fylgjast með því hvernig þú munt haga þínum vinnubrögðum í þessari áætlun.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að nú er klukkan fjögur og ætluðum fundartíma er lokið. Á mælendaskrá er enn hæstv. samgrh. og mig langar þá til að spyrja hann að því hvort hann hafi ákveðið að halda langa ræðu eða stutta ræðu. (**Landbrh.:** Hann ætlar að reyna að flýta sér.) (**StG:** Má ég ekki veita andsvar?) Nei, ég er að reyna að haga hér þingstörfum svo vel fari þannig að við getum gert ráð fyrir að fundur standi þar til klukkan er stundarfjórðung yfir fjögur eða svo.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessar deilur sem nú hafa risið í þingsalnum undirstrika þau mismunandi sjónarmið sem á undanförnum árum hafa komið fram hér í þinginu á þessum málum, hvar æskilegast sé að hafa varaflugvöllinn. Nú hefur lítið verið barist fyrir þeim flugvelli sem talinn er vænsti kosturinn og heppilegastur til slíkra hluta, sem er Aðaldalsflugvöllur þegar allt er lagt saman. En það var ákvörðun forvera míns að ýta honum til hliðar og taka fremur Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöll hér á landi eins og hann hefur sjálfur gert grein fyrir og ég sé ekki að ég geti þar neinu bætt við og hef ekki löngun til þess.

Ég ætla ekki á þessu stigi að blanda mér inn í þessar hugmyndir, inn í þessar deilur. Það hefur líka komið til tals hvort rétt sé að lengja Akureyrarflugvöll til suðurs þannig að það er um ýmislegt rætt í þessu sambandi og nauðsynlegt að ætla sér tíma til þess að yfirfara þær áætlanir sem uppi hafa verið. En auðvitað er mikill misskilningur ef einhver heldur að þær framkvæmdir sem nú eru ákveðnar á Egilsstaðaflugvelli komi ekki að fullum notum. Það er mikill misskilningur, þær koma að fullum notum og nýtast bæði innanlandsflugi sem varaflugvöllur og til millilandaflugs. Um það þarf ekki að fjölyrða, svo augljóst sem það nú er.

Það er líka nauðsynlegt að það komi fram að ekki hafa tekist samningar á milli Flugmálastjórnar og landeigenda um nauðsynlegt land undir flugvöll, ef lengdur yrði, þannig að þau mál eru ekki öll jafnskýr og gefur hefur verið í skyn og raunar undarlegt að helstu ákafamenn flugvallarins skyldu ekki einmitt minnast á að þar sé þó atriði sem er óljóst, án þess að ég segi að það eigi að skipta sköpum þegar ákveðið er hvar nýr flugvöllur rísi.

Ég stóð ekki upp að þessu sinni til að blanda mér í umræður þingmanna um hvar rétt sé að leggja helsta áherslu á flugvallargerð eftir tvö ár. Ég vil á hinn bóginn minna á líka þegar við tölum um Sauðárkróksflugvöll að það er sú nýja stefna í samgöngumálum, sem ég hélt raunar að væri samstaða um milli þingmanna, að reyna að nýta vel þá fjármuni sem fara til samgöngumála og þá verður að taka tillit til þeirra hugmynda sem uppi eru bæði varðandi flugvallagerð, hafnir og vegi, en fyrir okkur er óhjákvæmilegt svo fá sem við erum að reyna að nýta fjármunina þannig að á þeim flugvöllum sem umferð er mest vegna innanlandsflugs sé reynt að halda uppi mestri gæslu og lengstum vöktum. Ég skal svo ekki orða þetta frekar, aðeins skjóta því að í lokinn að þeir sem báru ábyrgð á stefnu síðasta samgrh. í flugvallarmálum voru auðvitað ekki þeir menn sem þá voru í stjórnarandstöðu og þýðir lítið fyrir hv. þm. Framsfl. að varpa skotum af því tilefni til manns sem var í stjórnarandstöðu við

Steingrím J. Sigfússon, hv. þm. og þá hæstv. ráðherra einmitt í flugvallarmálum eins og ég hef aðeins vikið að áður.

Ég stóð annars aðallega upp vegna fyrirspurnar hv. 2. þm. Vestf. Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvaða áhrif jarðgöngin fyrir vestan muni hafa á þróun samgöngumála og þá auðvitað líka flugmála. Það er á dagskrá hjá Flugmálastjórn að fram fari tæknilegar athuganir varðandi flugvallarstæði á Sveinseyri, m.a. varðandi möguleika á aðflugi og blindflugi og ýmsu öðru. Þessi mál eru á athugunarstigi en auðvitað óhjákvæmilegt að endurskoða öll samgöngumál, bæði hafnamál og flugmál í ljósi þeirra framkvæmda sem nú eiga sér stað á Norðurfjörðum fyrir vestan.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að komast hér að. Hún var ekki rishá þessi ræðan, það verð ég að segja, um mikið mál eins og flugmálaáætlun. Ég veit ekki hvað menn eru búnir að ræða þetta hér í marga klukkutíma en hún gat nú varla verið styttri. Satt að segja hélt ég að ráðherra mundi nota þær 15 mín. sem honum voru veittar til að tala. En það var ekki ástæðan fyrir því að ég kom upp. Hann sagði alveg nóg fyrir mig. Ég skil, og hef séð það áður þegar ég hef flett þessum gögnum, hver stefna samgrh. er og hæstv. núv. ríkisstjórnar. Það kemur svolítið flatt á mig og við eigum ábyggilega eftir að spjalla við þingmenn Sjálfstfl. í mínu kjördæmi um það hvernig þeir ætla að beygja sig í duftið einu sinni enn.

En ég kem hér upp með andsvar til að spyrja virðulegan hæstv. samgrh. hvort hann gæti verið svo vinsamlegur að láta mig hafa eintak af þeirri skýrslu sem segir að flugvöllur í Aðaldalshrauni sé vænlegasti kosturinn fyrir varaflugvöll. Ég skal koma sjálfur upp í ráðuneyti og ná í skýrsluna ef hann vildi fallast á það að ég gæti fengið hana, þannig að hann þarf ekki að hafa fyrir að senda mér hana.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka samgrh. fyrir svar hans, sem hann gaf hér áðan varðandi það efni sem ég spurði um. Varðandi deiluna um varaflugvöllinn þá skal það játað að mér hefur sýnst af þeim gögnum sem fram hafa komið í gegnum tíðina að þar mæli flest rök með því að sá varaflugvöllur verði á Sauðárkróki í Skagafirði.

Ég hef brotið um það heilann hvernig menn ætla að reikna út burðarþol ef völlur er byggður á hrauni þar sem holt er undir. Og þegar verið er að tala um burðarþol á flugvélum sem eiga að bera um 350 tonn þá þætti mér gaman að fá það upplýst hvernig formúlan er fyrir útreikningum á slíku burðarþoli ef um það er að ræða að það sé holt ofan í jörðinni, kannski stórir hellar eða hver veit hvað, undir hrauninu. Ég held þess vegna að menn þurfi að hugsa sig um tvisvar áður en þeir slá því föstu að það sé raunhæfur valkostur að byggja slíkan flugvöll á hrauni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

95. FUNDUR

fimmtudaginn 5. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Gæðamál og sala fersks fisks, síðari umr.

Þáltill. JÁ og SJS, 33. mál. — Þskj. 33, nál. 478.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um gæðamál og sölumeðferð á ferskum fiski. Flm. þeirrar tillögu eru Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landsambandi íslenskra útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Í þessari tillögu er hreyft vandasömu og mikilsverðu máli sem þörf er á að athuga ekki síst vegna hins mikla samdráttar sem nú er í fiskveiðum en það er líka í athugun í sambandi við endurskoðun á stefnu í sjávarútvegsmálum. En þeirri athugun á að vera lokið fyrir lok þessa árs.

Í trausti þess að þeirri athugun ljúki fyrir árslok 1992 leggur nefndin samhljóða til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti nefndarinnar. Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Magnús Jónsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt í stað Össurar Skarphéðinssonar.

Virðulegur forseti. Samkvæmt nál. leggur sjútvn. samhljóða til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta er 33. mál þingsins sem hér er til umræðu. Það er farið að líða nokkuð á þingið og þess vegna ástæða til að vekja athygli á því hvað það hefur dregist að þetta mál kæmi til umræðu.

Ég nefni það vegna þess að málunum sem er hreyft í tillögunni eru mál sem þyrfti að taka á og hefði auðvitað þurft að gera fyrir löngu. Í þessari tillögu og í annarri þáltill. sem við höfum flutt í vetur, sem ekki hefur komið til umræðu í þinginu, höfum við verið að hreyfa málum sem stefna í sömu átt, þ.e. að reyna að hamla gegn óæskilegri þróun í sjávarútvegi. Bæði eru þessi mál hugsuð til langs tíma og líka til styttri tíma, þ.e. á meðan þessi endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir.

Það kemur í ljós af þeim umsögnum sem liggja fyrir og bárust nefndinni að menn hafa mjög mismunandi skilning á því sem lagt er til. Menn telja sumir hverj-

ir enga ástæðu til að setja reglur um t.d. hvað fiskur megi vera orðinn gamall þegar honum er landað. Það eigi kaupandinn að dæma um með verði. Þar er ég á algjörlega öðru máli. Sú skoðun er í raun og veru fáránleg fyrir þjóð sem lifir á því að selja fisk að hún eigi ekki að hafa reglur sem koma í veg fyrir að léleg vara sé seld á markaðina, jafnvel þótt einhver útgerðarmaður eða fiskkaupandi og seljandi telji sig hafa hag af því að selja lélega vöru er ekki þar með sagt að það eigi að gilda.

Allar hömlur hafa auðvitað tvær hliðar. Annars vegar hafa þær þann tilgang að koma að almennum notum. Í þessu tilfelli til að auka álit á íslenskum fiski á erlendum mörkuðum. En þær hafa líka aðra hlið, þær eru hamlandi fyrir þá sem veiða fiskinn og selja hann. Og auðvitað er eðlilegt að þeir sem standa frammi fyrir því að verið er að skerða rétt þeirra á einhvern hátt til að haga sér eins og þeim hentar séu kannski á móti því. Þess vegna eru umsagnir sem nefndinni hafa borist með tvennum hætti. Annars vegar eru umsagnir þeirra sem hafa hagsmuna að gæta í atvinnulegu tilliti, t.d. fiskverkendur sem telja að ástæða sé til að hlutast til um að fiskurinn verði seldur innan lands, og svo aftur hinna sem telja að allar hömlur sem lagðar eru á að selja fiskinn beint til útlanda séu af hinu illa.

Við höfum ekki lagt það til með þessari tillögu að það verði gert að skyldu að selja fiskinn á innanlandsmarkaði heldur eingöngu að það sé skylda að bjóða fiskinn til sölu, að það sé með ákveðnum, sannanlegum hætti boðið upp á að íslenskir kaupendur geti boðið í þann fisk sem viðkomandi veiðiskip hefur veitt. Það má gera með ýmsum hætti sem ég ætla ekki að fara út í að lýsa en minni á að töluverður hluti af fiski, sem seldur er í landinu, er t.d. seldur um tölvumarkað, þannig að það gæti verið ein af aðferðunum sem mætti nota til að uppfylla þetta skilyrði.

Við erum í þessu tilfelli að mínu viti fyrst og fremst að fjalla um atvinnumál. Við erum að fjalla um það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum og er að gerast, að fiskur sem veiddur er á Íslandsmiðum er í meira og meira mæli unninn erlendis og úti á sjó. Það dregur úr þeirri vinnu sem er unnin af íslenskum höndum við íslenskan fisk vegna þess að sá fiskur sem er unninn úti á hafi er yfirleitt unninn með miklu ódýrari hætti en í fiskvinnslustöðvunum. Ég tel að þetta sé óheillaþróun að því leytinu til að atvinnutækifærum mun halda áfram að fækka í fiskiðnaði á Íslandi ef ekki verður brugðist við.

Við þurfum að gefa frystihúsunum og fiskvinnslustöðvunum í landinu tækifæri til þess að laga sig að þessari þróun og tækifæri til þess að keppa við bæði útflutninginn og fiskvinnsluna í frystiskipunum úti á hafi.

Það kom fram á fundi sjútvn. í gær að meðaltalsmunur á verði sem fæst fyrir fisk sem unninn er um borð í frystiskipum og fyrir fisk sem unninn er í frystihúsum er 4%. Það er meðaltalsmunur sem segir okkur að frystihúsin fá auðvitað langtum hærra verð fyrir þá bestu vöru sem þau eru að framleiða en frystiskipin fá. Þess vegna hlýtur að vera möguleiki fyrir frystihúsin að bregðast við þeirri samkeppni sem orðin er og er að verða meiri og meiri milli frystihúsanna og fiskvinnslunnar úti á sjó.

Það hlýtur að gerast fyrst og fremst með tvennum hætti. Annars vegar að sókn þeirra skipa sem fiska fyrir fiskvinnsluna í landi verði breytt þannig að fiskurinn komi betri að landi, honum verði landað fyrr. Menn verða að horfast í augu við að það verður ekki framtíð íslensks sjávarútvegs til góðs að hér verði landað fiski sem búið er að geyma í ís í 10–12 daga eins og algengt er. Það er ekki framtíð í því. Og ef fiskvinnslan í landinu ætlar ekki að breyta út af þeirri braut sinni þá er hún dæmd til að tapa í samkeppninni við þá sem vinna fiskinn ferskan, frystiskipin og hina aðilana sem landa fiskinum eftir stuttan tíma.

Mér finnst þetta ákaflega dapurleg þróun sem er í gangi vegna þess að ég tel að það sé mjög óeðlilegt að hún verði með slíkum hraða, þ.e. að atvinnan í fiskinum breytist svona. Við þurfum sem sagt að finna leið til að hægja á þróuninni og gefa fiskvinnslunni tækifæri til að bregðast við þessum nýju aðstæðum. Annars munum við sitja uppi með það að atvinnutækifærum fækkar enn þá meira í sjávarútvegi en orðið er.

Eins og komið hefur fram varð samstaða um það í sjútvn. að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess að þessi mál eru í deiglunni. Ég tel að út af fyrir sig geti ég ekki verið á móti því. Hins vegar finnst mér að ríkisstjórnin hafi ekki staðið sig nægilega vel í því á þeim tíma sem hún hefur setið að hamla á móti og reyna að koma í veg fyrir að óheillaþróunin haldi áfram í sambandi við þessa hluti. Ég hefði talið mjög eðlilegt að menn skoðuðu hreinlega þann möguleika að frysta þetta ástand sem nú er og banna að fleiri skip verði t.d. gerð að frystiskipum þar til menn hafa endurskoðað fiskveiðistefnuna. Eins og ég minnti á áðan höfum við lagt fram tillögu sem er hugsuð í þessu augnamiði.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það urðu verulegar umræður í haust, bæði í þinginu og einnig í fjölmiðlum, um þessi gæðamál þar sem það kom fram að gæðamál íslensks fisks eru að mörgu leyti ekki í því horfi sem þau ættu að vera. Það er verið að auka kröfurnar á öllum mörkuðum. Það er verið að auka kröfurnar í Ameríku, það er verið að auka kröfurnar í Evrópu og við erum nauðbeygðir að bregðast við. Og mér finnst út af fyrir sig að ekki eigi að þurfa að neyða okkur af okkar viðskiptamönnum til að bregðast við heldur eigi það að vera stöðu okkar vegna sem framleiðenda og fólks sem lifir fyrst og fremst á að selja fisk að vera okkar stóra markmið að það sé ævinlega besta hráefni sem kemur á markaðinn frá Íslandi. Og við megum ekki horfa upp á það að hér sé út af brugðið með því að fara illa með þá vöru sem fæst úr hafinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útfærsla togveiðilandhelginnar, síðari umr.

Þáltill. MJ, 117. mál. — Þskj. 120, nál. 479.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessi till. til þál. um útfærslu togveiðilandhelginnar er flutt af Magnúsi Jónssyni, varaþingmanni Alþfl., og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um útfærslu togveiðilandhelginnar umhverfis Ísland."

Tillögunni fylgir ítarleg greinargerð þar sem þessum málum eru gerð skil. Nefndin leitaði umsagna um tillöguna og þær bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landsambandi ísl. útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Eins og menn vita setti Alþingi lög á árinu 1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands sem voru góð og þörf lög á þeim tíma. Hins vegar hefur margt komið í ljós sem gerir það að verkum að brýn þröf er orðin á því að endurskoða þau lög, sérstaklega með tilliti til togveiðiheimilda. Og í ljósi þess beinir sjútvn. því til sjútvrh. að hann láti vinna að endurskoðun fyrrnefndrar löggjafar eins fljótt og verða má. Og með tilliti til þess að slík endurskoðun verði framkvæmd leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúi Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, og er hún samþykk áliti nefndarinnar. Tveir nefndarmenn, þeir Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson, voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Magnús Jónsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt, í stað Össurar Skarphéðinssonar.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. sjútvn. hafi komist að skynsamlegri niðurstöðu um meðferð þessa máls. Eins og margir vita er hér um að ræða afar viðkvæmt mál sem er sambúð sjómanna sem vinna með ólík veiðarfæri. Það er þekkt víða um landið að stundum hafa rekist á hagsmunir þeirra sem veiða með troll og þeirra sem veiða með línu, þeirra sem veiða með snurvoð og þeirra sem veiða á handfæri. Þetta er allt saman þekkt og við könnumst við leiðindaágreining sem stundum hefur komið upp í þessu sambandi. Að vísu finnst mér stundum að fullmikið hafi verið gert úr þessum ágreiningi þótt hann sé vissulega til staðar. Mjög víða hafa menn reynt að leysa málin í sátt og samlyndi eins og frekast hefur verið kostur. Ég vek t.d. athygli á því að fyrir nokkrum árum, við opnun togveiðiheimilda úti fyrir Vestfjörðum, skapaðist talsverður órói hjá mörgum, sérstaklega þeim sem sóttu sjóinn á minni bátum, á línu og handfæri. Þeir töldu að þarna væri verið að vega að rétti þeirra. Með ítarlegum samtölum skipstjórnarmanna og þeirra hagsmunaaðila sem komu að þessu var reynt að finna ákveðna lausn, búa til hólf úti fyrir Vestfjörðum til að koma til móts við þau sjónarmið sem þarna voru að rekast á. Ég tel að það hafi tekist nokkuð bærilega á þessu sviði.

Einnig hefur blandast inn í þessa umræðu spurningin um skaðsemi einstakra veiðarfæra og sérstaklega hefur orðið hávær umræðan um snurvoðina eða dragnótina vegna þess að mjög margir héldu því fram að hin vaxandi veiði með snurvoð, með dragnót úti fyrir ströndum landsins hefði slæm áhrif á botninn og lífríkið og veiðarnar í önnur veiðarfæri. Sjómenn sem aftur á móti stunduðu veiðar með dragnót héldu því fram að þetta veiðarfæri hefði bara hin bestu áhrif á lífríkið, rótaði upp botndýrum, skapaði þannig ætisskilyrði fyrir botnfiskinn. Þeir bentu á að svo virtist sem fiskur sem veiddist í snurvoðina væri allt annars konar fiskur en sá sem menn voru að fá á færi, jafnvel þótt verið væri að veiða á svipuðum slóðum.

Þetta eru allt saman afar viðkvæmar deilur eins og við vitum og ég held að það sé nauðsynlegt að við reynum sem löggjafarsamkoma frekar að setja niður þessar deilur en að auka þær. Þess vegna held ég að niðurstaða nefndarinnar, að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í því skyni að það verði skoðað betur, sé mjög skynsamleg. Það hefði að mínu mati ekki verið heppileg aðferð að kveða upp úr um það nákvæmlega hvernig ætti að standa að þessu máli með öðrum hætti en nefndin leggur til.

Hér eru uppi svo mikil álitamál og það vantar töluvert mikið af upplýsingum í raun og veru til að við getum fullyrt nákvæmlega um það hvernig heppilegast er að skipa þessum málum að ég tel að leggja þurfi í það vinnu að vinna þetta mál í sem mestri sátt allra þeirra sem að því koma. Það eru okkar hagsmunir að nýta fiskveiðilandhelgina, gera það með sem arðbærustum og skynsamlegustum hætti þannig að kostir allra veiðarfæra og allra staða fái að njóta sín. Að mjög mörgu er að hyggja í þessu sambandi sem óvarlegt er að hrapa að. Þess vegna fagna ég niðurstöðu hv. sjútvn. og vona að þeirri endurskoðun sem þarna er lögð til verði hraðað svo hún geti legið fyrir sem fyrst.

Magnús Jónsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að ég held að það orki ekki tvímælis að hér er um viðkvæmt mál að ræða. Það er auðvitað hagsmunamál allra sem þarna eiga í hlut að þetta geti gerst í sátt og samlyndi. Raunar er það þannig að síðan ég flutti þessa tillögu í haust hefur orðið ákveðin þróun sem mér finnst rétt að benda á í örstuttu máli. Í fyrsta lagi hefur það nú gerst að menn hafa ákveðið að færa út togveiðilandhelgi við Vestmannaeyjar, þar sem áður var leyft að togskip væru nánast upp í fjöru, þess eru jafnvel dæmi að skip hafi siglt á eyjarnar á meðan þau voru að toga. Og það er alveg á skjön við allt sem mér finnst skynsamlegt og ég held raunar flestum að litlir bátar sem róa með línu daglega þurfi að byrja á að sigla einn til tvo tíma til að komast á mið vegna þess að það er ekki leggjandi lína fyrir togbátum. Þannig hefur ástandið verið, sérstaklega við Vestmannaeyjar. Raunar minntist síðasti ræðumaður, hv. þm. Einar Guðfinnsson, á að svipað ástand hefði skapast á Vestfjörð-

um en menn hefðu leyst það í nokkuð góðri sátt.

Annað dæmi sem ég vildi nefna er í sambandi við þróun sem hefur átt sér stað og verið sagt frá í fjölmiðlum undanfarið og er að gerast í kringum Kanada. Þar eru menn í rauninni að ganga mun lengra en að færa út togveiðilandhelgi. Þar eru menn jafnvel að fá gamla hershöfðingja, íslenska hershöfðingja, til að koma og stugga mönnum burtu þótt þeir séu utan við 200 mílurnar. Þannig að menn eru enn stórtækari í aðgerðum þar en hér er lagt til. Fregnir bárust líka frá Kanada þess efnis að þeir þyrftu nú að skera niður þorskveiðikvótann um 35% en hins vegar á allur sá niðurskurður að fara fram á togveiðiflotanum en ekki hjá þeim sem stunda veiðar næst landi. Nú er ákveðin þróun í gangi í sambandi við þessi mál sem ég fagna að sjálfsögðu því að ég held að sú þróun sem hefur átt sér stað að undanförnu sé afar óheppileg, að við séum að taka meiri og meiri afla af miðum Íslands með togveiðarfærum.

Ef maður ber saman einstök veiðarfæri og á þeim tímum þegar glímt er við atvinnuleysi, eins og nú er, þá kemur það í ljós að víða úti á landi hefur það gerst að atvinnuleysi er vaxandi þar sem frystitogaravæðingin er hvað mest. En á stöðum þar sem menn hafa ekki farið út í þá útgerð, hvorki frystitogara né stærri togara á ísfiski en hins vegar lagt áherslu á útgerð minni báta, þar verður hins vegar ekki vart við atvinnuleysi. Þeir staðir sem má nefna í þessu tilfelli er annars vegar Skagaströnd sem hefur mjög mikinn kvóta á íbúa og mikla frystitogaraútgerð og hins vegar hinum megin við flóann, Drangsnes, þar sem allt byggist nánast á smábátaveiðum og ekkert atvinnuleysi er.

En ég fagna niðurstöðu nefndarinnar og tel að þetta sé allt saman á góðri leið og verði náttúrlega liður í þeirri heildarendurskoðun sem núna fer fram á fiskveiðistefnunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ástæðan til þess að ég stíg hér í stólinn eru ummæli um að Kanadamenn séu nú að byrja að verja fiskimið sín utan 200 mílnanna. Það er eiginlega skömm frá því að segja að við Íslendingar skulum ekki fyrir löngu hafa byrjað að verja réttindi okkar, t.d. á Reykjaneshrygg, út í 350 mílur. Þau réttindi eigum við og getum varið og eigum að verja. Við eigum að efla okkar landhelgisgæslu og beita henni til að hrekja óviðkomandi þjóðir af þessum miðum.

Það er tímanna tákn að Kanadamenn skuli leita til okkar ágæta sjóliðsforingja, sem við þekkjum, til Helga Hallvarðssonar, fá hann í lið með sér á meðan við gerum ekki neitt. Þetta er vansæmandi og við verðum að fara að snúa okkur að því að gæta þessara réttinda okkar. Ég er sekur eins og aðrir um að hafa ekki gert nægilega mikið í því. Það er alveg ljóst að þennan rétt eigum við. Við eigum fiskveiðiréttindi og öll réttindi, hafsbotnsréttindi og réttinn til að friða þessi hafsvæði eftir réttum lögum hafréttarins. Og við höfum ekki sinnt því að beita þessum heimildum okkar vegna þess að við höfum stanslaust verið að rífast um hluti sem eru auðvitað algjörir smámunir á móti því að við friðum allt hafsvæðið í sameiningu og samvinnu við Kanadamenn og Breta, allt hafsvæðið frá Kanada til Noregs og Skotlandsstranda.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni. Ég ætla ekki að endurtaka hans orð en ég tel að menn þurfi að setjast yfir þessi mál og reyna að ná samstöðu meðal allra stjórnmálaflokka um aðgerðir. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða það.

Ég kom hér aðallega upp til að nota tækifærið til að fagna því framtaki sjútvrh. að færa út togveiðilandhelgi með suðurströndinni og við Vestmannaeyjar. Mér finnst ástæða til þess að nefna það sem hefur verið vel gert. Og ég vona að það sem hann hefur haft við orð verði að efndum, þ.e. að það verði skoðað allt í kringum landið hve mikið á að auka friðun fyrir ýmsum veiðarfærum. Mér finnst að það eigi að skoðast ævinlega og alltaf hvaða áhrif veiðarfæri hafa á lífríkið í sjónum. Það eru ekki bara togveiðarfæri heldur þarf að skoða öll önnur veiðarfæri og áhrif þeirra og friða fyrir þeim. Þetta eru auðvitað sóknartakmarkanir sem þarf að taka upp. Og það verða menn að muna að þótt þeir hafi kannski þá skoðun að hér eigi að ríkja kerfi þar sem menn skammta veiðina eftir tonnum þá komast þeir ekki undan því til lengdar að taka tillit til lífríkisins í sjónum og taka þess vegna upp sóknartakmarkanir líka. Þetta er auðvitað viss dómur um að aflamarkskerfið dugar auðvitað ekki eitt og sér. Það er útilokað mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þorskeldi, síðari umr.

Þáltill. RA, 83. mál. — Þskj. 85, nál. 480.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessi till. til þál. um þorskeldi er flutt af Ragnari Arnalds og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun að láta hefja tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl til eflingar þorskstofninum við Ísland."

Þessari tillögu fylgir greinargerð um þorskeldi, um það sem gert hefur verið hjá nágrannaþjóðum okkar, í Noregi og Danmörku og víða komið við.

Sjútvn. ræddi þessa tillögu ítarlega á sínum fundum. Menn voru þar almennt sammála um að hér væri hreyft mikilvægu máli sem nauðsynlegt væri að gefa frekari gaum.

Eldi á seiðum laxfiska hefur verið stundað hér á landi áratugum saman og með góðum árangri en matfiskeldi til útflutnings hófst um miðjan síðasta áratug. Erlendis hefur tilraunaeldi verið hafið síðustu árin á fjölmörgum tegundum botnfiska, hryggleysingja og þörunga og í kjölfarið hefur vaknað hér áhugi á eldi

annarra tegunda en laxfiska. Þannig hófst tilraunaeldi á lúðu við Eyjafjörð og á Reykjanesi í lok síðasta áratugar. Tilraunir með krækling í Hvalfirði skiluðu einnig góðum árangri og hafnar eru tilraunir með ræktun hörpudisks í Breiðafirði. Kannanir hafa verið gerðar á eldi hryggleysingjans sæeyra í heitu vatni og fyrirhugaðar eru tilraunir með eldi á heitsjávartegundum hér á landi.

Eins og menn eflaust vita á Ísland aðild að samnorrænu verkefni um hafbeit á þorski en tilraunir með þorskeldi í Noregi og Danmörku lofa nokkuð góðu. Því telja flestir sem fylgst hafa með þessum málum það áhugavert að hefja þessar tilraunir með eldi á þorski hér á landi. Mörg fiskeldisfyrirtæki sem hafa hætt starfsemi hafa möguleika á að nýta þá aðstöðu sem komið hafði verið upp þar. Sú nýting mundi væntanlega geta orðið framlag ýmissa opinberra sjóða sem nú eiga þessa aðstöðu.

Í ljósi þess sem aðhafst hefur verið og í trausti þess að möguleikar á eldi þorsks og annarra sjávarfiska verði áfram kannaðir leggur nefndin til að þessari tillögu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúi Kvennalistans hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, Anna Ólafsdóttir Björnsson, og er hún samþykk áliti nefndarinnar. Tveir nefndarmenn, Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson, voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Magnús Jónsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt í stað Össurar Skarphéðinssonar.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni þarft mál sem full ástæða er til þess að tekið verði til rækilegrar athugunar. Hins vegar skiptir miklu máli í hvaða farveg þorskeldi fer eins og annað matfiskeldi hér á landi. Ég vil gera það að sérstöku umræðuefni í sambandi við þetta mál hvernig unnið hefur verið að rannsóknum í sambandi við lúðueldi í Eyjafirði á vegum Fiskeldis Eyjafjarðar. Þannig er mál með vexti að það hefur verið fjármagnað að talsverðu leyti af fyrirtækjum í sjávarútvegi. Fyrirtækið skuldar raunar ekkert, það hefur lagt fórnarkostnað í tilraunir og þróunarstarfsemi sem nú eru að skila árangri. Þetta er raunar það sem hefur gerst í allt of litlum mæli á Íslandi, þ.e. að sterk fyrirtæki í sjávarútvegi leggi hluta af sínum tekjum til tilraunaverkefna og þróunarverkefna. Þarna hefur þetta tekist með þeim hætti að nú liggja fyrir upplýsingar um klak og það er raunar verið að ljúka fyrsta stigi þessara athugana.

Í undirbúningi er að koma á fót framleiðslufyrirtæki, matfiskeldisfyrirtæki, sem gæti tekið við af þessu fyrirtæki, Fiskeldi Eyjafjarðar. Með öðrum orðum hefur þarna verið unnið mikið rannsóknastarf á vegum fyrirtækja með hlutafélagi sem um það hefur verið stofnað og raunar líka stuðningi ríkisins. Nú er séð fram á að þetta rannsóknastarf gefi góðan árangur og leggi grundvöll að atvinnufyrirtæki í greininni sem nú er verið að skoða möguleika á að stofna. Ég held það skipti mjög miklu máli að þróunar- og rannsóknastarfsemi hér á landi fari í auknum mæli í þennan farveg, að áhættuaðilarnir, fyrirtækin í landinu, taki meiri þátt í því að byggja upp slíka starfsemi og að rannsókna- og þróunarstarf verði í auknum mæli í framtíðinni fjármagnað af einkafyrirtækjum. Raunar er það áhyggjuefni, og hefur lengi verið hjá mörgum hér á Íslandi, hvað hlutur hinna sjálfstæðu fyrirtækja í rannsóknum og þróunarstarfi er hlutfallslega lítill hér og þyrfti að fara vaxandi. Á það kannski ekki síst við um sjávarútveginn. Sjávarútvegurinn ætti að hafa miklu meira svigrúm til þess að taka þátt í rannsókna- og þróunarstarfi og það er mjög mikilsvert þegar litið er til framtíðarinnar að það hagræðingarstarf sem sjávarútvegurinn er að vinna núna skili sér í auknum hagnaði til sjávarútvegsins þannig að hann hafi meira svigrúm til þess að leggja aukið fé til þessara mikilvægu mála sem eru rannsókna- og þróunarstarf og uppbygging atvinnulífsins á því sviði.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerði hér að umræðuefni þátttöku einkafyrirtækja í rannsóknum og þróunarstarfi. Af því tilefni vil ég að fram komi hér að sennilega hefur engin grein veitt jafnmiklum hluta af því fjármagni sem hún hefur haft til umráða til rannsókna eins og einmitt þessi unga grein, fiskeldi. Staðreyndin er nefnilega sú að þær rannsóknir, sem farið hafa fram í fiskeldi og eru þrátt fyrir allt tiltölulega umfangsmiklar og hafa skilað ágætum árangri þrátt fyrir þá erfiðu stöðu sem greinin er í, hafa að verulegu leyti verið fjármagnaðar af fyrirtækjum og af áhættufjármagni sem fyrirtækjum hefur tekist að draga inn til greinarinnar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, virðulegi forseti, en ég vil samt geta þess að frá því að við fjölluðum hér síðast um þessa tillögu hafa komið fram í rannsóknum innan lands afar mikilsverðar upplýsingar sem varða framtíð þorskeldis og hafbeitar á þorski hér við land. Staðreyndin er sú að við höfum gjarnan borið okkur saman við Norðmenn og höfum litið til Norðmanna þegar við höfum verið að tala um fiskeldi, ekki síst þorskeldi. Norðmenn hafa náð góðum árangri á sviði þorskeldis. Menn hafa stundum gert því skóna að við mundum ekki geta náð svipuðum árangri hér við strendur Íslands hvað varðar hafbeit á þorski vegna þess að við Noreg hafa verið þekktir mjög staðbundnir stofnar. Þar hafa verið stofnar í innfjörðum og við strendur Noregs sem vitað er að hafa verið mjög staðbundnir og menn hafa þess vegna sagt sem svo: Ef við förum í umfangsmikið þorskeldi og sleppum þorskungviði þá er líklegt að sá fiskur vaxi upp tiltölulega nærri sleppistað og þess vegna verði endurheimtur giska góðar. Á móti hafa menn sagt: Hér við land eru ekki þekktir staðbundnir stofnar þorska.

Nú mjög nýlega, ég held í síðustu viku, voru birtar niðurstöður rannsóknar á merkingum þorskfiska við Austfirði. Þá kom fram, sem menn vissu ekki áður, að þar er um að ræða stofna sem eru verulega staðbundnir. Þar er um að ræða fiska sem merktir eru og veiðast allnokkru stærri og allnokkru síðar mjög nærri sleppistað. Þessar upplýsingar eru afskaplega mikil-

vægar vegna þess að þær gefa vísbendingu um það að hafbeit á þorski hér við Ísland gæti skilað miklu meiri árangri en við héldum þegar við vorum að véla um þessi mál fyrir örfáum árum, örfáum missirum og jafnvel bara þegar við vorum í umræðu hér um þessi mál fyrir örfáum vikum. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi hér fram vegna þess að það undirstrikar enn frekar en áður mikilvægi þess að stjórnvöld taki rækilega á með okkur sem höfum staðið í fiskeldi til þess að hnika þessu áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Hann þagði vendilega yfir þátttöku Byggðastofnunar í þeim rannsóknum sem hafa farið fram á Hjalteyri og þagði jafnframt vendilega yfir því að framlög hennar voru framlög sem hlutafé. En nú er sú stefna upp tekin að það sé eitt af því illa og stofnunin eigi ekki að taka þátt í starfi fyrirtækja með hlutafé. Ég vil að þetta komi hér fram vegna þess að það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að hampa öðrum hlutum en ég hygg engu að síður að verulega sé höggvið að framþróunarstarfi víðs vegar úti á landi ef Byggðastofnun á í framtíðinni ekki að leggja hlutafé til slíkra hluta. Vel má vera að það verði gert í gegnum þróunarfélög en þá er í reynd verið að fara í kringum málið og aðrir aðilar sem taka ákvörðun um það. En stefnumörkunin, að það sé af hinu illa að Byggðastofnun taki þátt í rekstri hlutafélaga, segir sína sögu um *viðhorf núverandi stjórnenda í þessu landi.*

Varðandi hitt atriðið, sem kom hér fram hjá Össuri Skarphéðinssyni, hv. 17. þm. Reykv., og ég vil nefna, en það er að því leyti merkilegt að þingmaðurinn staðfestir að þorskurinn við Ísland hegði sér svipað og þorskurinn við Noreg og hefðu flestir leikmenn trúað því að svo væri að óreyndu og að menn þyrftu að hafa mikil rök fyrir sínu máli ef skepnan ætti að hegða sér á annan veg hér. En það leiðir líka hugann að því hvar ofveiðin á þorski hefur verið við Ísland. Hvar hefur hún verið, hv. 17. þm. Reykv.? Hvar eru hrygningarstöðvarnar sem hafa verið eyðilagðar og hafa ekki skilað þeim stofni sem þær hefðu átt að skila? Er hugsanlegt að eitthvað af drauganetunum út af Reykjanesi eigi þátt í því að menn fá ekki þann þorsk á Íslandsmið sem ætti að koma hér? Er hugsanlegt að umhvrh. snúi sér að því að láta skoða þetta mál? Ég held nefnilega að það sé tímabært að menn átti sig á því að þorskurinn hér hegðar sér nákvæmlega eins og í Noregi. Auðvitað gengur hann á hin staðbundnu svæði eftir því hvar hrygningin hefur átt sér stað. Ég hygg líka að þá hljóti menn að verða að taka afstöðu til þess hvort Íslendingar hafi með gáleysislegum hætti, með því að skilja veiðarfæri eftir í sjó lengur en annars staðar er liðið, átt þátt í því að skaða hrygningarsvæði.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. 2. þm. Vestf. vera að ýja að því að ég hefði verið að gera lítið úr framlagi opinberra aðila til þróunarverkefnisins hjá Fiskeldi Eyjafjarðar. Mér er ekki ljóst hvað í orðum mínum mátti skilja á þann máta. Ég lagði áherslu á að það væri mikilvægt að atvinnufyrirtæki, hinn frjálsi markaður, legði fé til tilrauna og rannsóknastarfsemi og ég tók það fram að þarna hefði það gerst og það væri hluti af jákvæðri þróun. Ég álít enn að svo sé og vona að svo verði í ríkari mæli en hingað til.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hefur sannast það sem mig hefur lengi grunað, að raunvísindi misstu digran spón úr sínum aski þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ákvað að taka upp kennslu í staðinn fyrir að stunda rannsóknastörf þegar hann var á bernskum aldri. Í 70 ár hafa geisað deilur meðal fiskifræðinga, þar sem menn hafa vegist á með þungum rökum, um það hvort tilteknir fiskar, þar á meðal þorskar, ganga aftur á þær hrygningarstöðvar sem þeir urðu til á. Nú hefur loksins fengist niðurstaða í því vegna þess að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kemur hér og segir: Auðvitað vita það allir að þorskurinn gengur aftur á hrygningarstöðvarnar þar sem hann klaktist út. Þá vita menn það. Þá hef ég fengið svar við þeirri spurningu sem lengi hefur vafist fyrir mér og öðrum sem hafa lítillega vélað um þessi fræði.

Það er hins vegar ekkert sjálfgefið að þorskurinn hér við Ísland hegði sér með svipuðum hætti og þorskurinn við Noreg. Við Noreg, til að mynda, hafa menn fundið þorskstofna sem hegða sér á mjög mismunandi vegu og hafa þó hvorir tveggja norskt vegabréf. Það er því alls ekki ólíklegt að íslenski þorskurinn hegði sér e.t.v. öðruvísi en norski þorskurinn, eins og mér mundi aldrei koma til hugar að halda því fram að íslenskir framsóknarmenn hegði sér svipað og norskir framsóknarmenn, hvað þá heldur að ætla að halda þeirri ósvinnu fram að til að mynda hv. þm. Finnur Ingólfsson, framsóknarmaður í Reykjavík, hegði sér með svipuðum hætti og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, þingmaður Vestf., að ég ræði nú ekki hv. þm. Stefán Guðmundsson. En það eru aukaatriði.

Við Noreg eru hins vegar landfræðilegar aðstæður talsvert öðruvísi en hér við Ísland. Þar eru þessir löngu djúpu firðir sem eru afskaplega heppilegir uppeldisstaðir fyrir ungviði fiska. Það var út af því sem menn, a.m.k. í árdaga, drógu þá rökréttu ályktun að það væri líklegt að þorskstofnar þar hegðuðu sér öðruvísi en hér þar sem þorskarnir hafa ekki skjólið af hinum djúpu vel skýldu fjörðum. Það þurfti því rannsóknir til að komast að þessari niðurstöðu. Það er nefnilega oft þannig að þótt maður haldi að eitthvað sé næsta rökrétt þá sýna rannsóknir og kannanir fram á annað.

Ég ætlaði einungis að gera hér að umræðuefni þau ummæli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að sú staðreynd að Byggðastofnun fær ekki lengur, að því er hann segir, að taka þátt í þróun fyrirtækja af þessu tagi, t.d. með hlutafjárframlögum, endurspegli vel stefnu stjórnvalda. Það kann vel að vera að þau mættu taka betur á þessum málum með þeim hætti sem þingmaðurinn var að segja að menn ættu að gera, þ.e. Byggðastofnun ætti að koma með rösklegri hætti inn í þetta. Ég vil samt sem áður geta þess að hér í landinu er að þróast lúðu-

eldi og það hefur gengið nokkuð vel. Menn hafa verið með tilraunir bæði á eldi stórra lúða sem þeir hafa veitt í sjó og eins á lúðuklaki. (**Gripið fram í:** Byggðastofnun.) Nú vil ég að það komi hér fram að búið er að taka ákvörðun — ég tek það fram að ég hef einungis heyrt það úr fregnum fjölmiðla, ég hef hvergi fengið það staðfest en það hefur eigi að síður komið fram opinberlega að stjórnvöld hafi markað stefnu um lúðueldi — sem felst m.a. í því að ein af stærstu og best gerðu fiskeldisstöðvum sem hafa verið reistar hér á Íslandi, sem því miður varð gjaldþrota í eigu þáverandi fyrirtækis en er núna í eigu hins opinbera, hefur verið markaður staður innan lúðueldis. Menn geta svo deilt um það hvort það sé rétt eða rangt og á þessu stigi ætla ég ekki að gefa upp mína skoðun um það. Ég vil samt að í þessari umræðu og í tilefni af ummælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar komi það fram að hvað varðar þessa litlu grein innan fiskeldisins þá hafa stjórnvöld bersýnilega ákveðið að taka röggsamlega á því máli og mun betur en þau ákváðu á sínum tíma að styðja við laxeldið.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé mjög þarft mál á ferðinni. Þetta er auðvitað rannsóknaverkefni sem hér er verið að leggja til. Ég er aðallega að koma hér upp til þess að segja það að ég hef orðið var við að menn hafa misskilið orðalagið á tillögugreininni. Þar er talað um tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl og menn hafa jafnvel haft það í flimtingum hvernig þetta er orðað og skilið það þannig að það ætti bara að fara að framleiða fiskistofnana samkvæmt þessari tillögu. En auðvitað, ef menn lesa tillöguna grannt, er náttúrlega ekki hægt að misskilja hana. Þarna er verið að leggja til að hafnar verði tilraunir sem séu það umfangsmiklar að menn geti fengið skynsamlega niðurstöðu. Auðvitað er það tvennt ólíkt að gera tilraunir í mjög litlum mæli og tilraunir sem hægt er að framkvæma, við skulum segja í einni af fiskeldisstöðvum okkar, þannig að meira mark sé á þeim takandi. En við höfum hér menn sem vita allt um það hvernig á að fara að því að finna sannleikann með tilraunum og ég ætla ekki að blanda mér inn í það mál. Ég vildi koma þessu að því að ég hef orðið var við að menn hafa jafnvel haft það í flimtingum að hér ætti strax að fara að framleiða það sem vantaði upp á fiskistofna okkar.

Ég tek undir það sem menn hafa verið að segja um tilraunir almennt. Þær þarf auðvitað að auka og það á að hafa til þess kraft í Byggðastofnun að styðja við það sem verið er að gera. Það þýðir ekkert að koma og segja að það sé gert. Það hefur verið dregið úr krafti Byggðastofnunar og núv. ríkisstjórn hefur gert það. Það hefur komið mjög skýrt fram í vetur að hún er að draga úr möguleikum Byggðastofnunar til að taka á svona málum. Þeirri þróun þarf að snúa við og vonandi verður það hægt sem allra fyrst.

Ég vil bæta því við að á fundi sjútvn. í vetur sagði Jakob Magnússon fiskifræðingur að svona tilraunir væru mjög þarflegar og gagnlegar fyrir fiskifræðinga til að vita meira um atferli þorsksins og gera sér betur grein fyrir því hvað þyrfti að gera, ég kann nú ekki að hafa orðrétt eftir honum, hvað þyrfti að gera, ef eitthvað, til að koma í veg fyrir að við værum að gera spjöll á lífríkinu sem við gerðum okkur kannski ekki grein fyrir í dag að við værum að gera.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mér alltaf ánægjuefni þegar 17. þm. Reykv. leggur til orrustu við hið óþekkta og nær oft stórkostlegum árangri. Auðvitað er það rannsóknarefni, sérískenskt rannsóknarefni hvers vegna íslenskir kratar þróuðust á þennan veg frá heimsjafnaðarstefnunni. Og hver var ástæðan fyrir í að þetta sérstaka fyrirbrigði óx upp á þennan hátt? Þetta er sjálfstætt rannsóknarefni. Og ég verð að segja eins og er þetta undrar mig stórkostlega. Ég hefði verið tilbúinn að veita fjárframlög af almannafé til að fá niðurstöðu í þetta mál. Mér finnst þetta það merkilegt rannsóknarefni. (**Gripið fram í:** Hvað þeir vaxa lítið?) En hitt er svo annað mál með þorskinn að það sé allt önnur tegund af þorski hér og hann hugsi allt öðruvísi við Ísland heldur en annars staðar. Og skýringin ku vera sú að firðirnir eru ekki nógu langir og djúpir. Það er merkilegur hlutur. Ég var í morgun að keyra fyrir Hvalfjörð, — ég hef ekki enn þá, herra forseti, séð þá stærð af þorski að ég teldi að sá fjörður mundi ekki veita sómasamlegt skjól og stærðin dygði en auðvitað hefur 17. þm. Reykv. á þessu sínar skoðanir. En kjarni málsins er náttúrlega sá að Íslendingar vilja aldrei trúa neinum niðurstöðum erlendis frá. Þeir vilja rannsaka upp á nýtt. Þannig að það er mjög vinsælt að sækja um styrki til rannsókna og þegar menn eru búnir að fá styrkinn fara þeir í upplýsingabanka Háskólans, þeir eru með sérstaka tölvubanka, til að spyrja að því hvort svona rannsóknir hafi verið gerðar erlendis. Og vissulega, ef þær hafa verið gerðar, þá ná þeir sér í þau gögn til að þetta verði ekki mjög á skjön með niðurstöðuna. En rannsóknina framkvæma þeir engu að síður mjög samviskusamlega.

Guðmundur Stefánsson:

Herra forseti. Ég tel, eins og ýmsir aðrir hv. þm., að hér sé um að ræða afar mikilvægt og jákvætt málefni. Hins vegar virðist það einhverjum vafa undirorpið hvað í rauninni er hér á ferð. Auðvitað er verið að ræða um rannsóknaverkefni og þróunarverkefni fyrst og fremst vegna þess að rannsókna og þróunar er þörf.

Ég ætla í sjálfu sér ekkert að efast um vitsmuni hv. þingmanna en mér finnst svolítið eins og hér eigi að afgreiða málið strax. Ég viðurkenni fúslega að mér er ekki kunnugt í neinum smáatriðum a.m.k. og jafnvel ekki í aðalatriðum um hegðan þorsksins en af eðlilegum ástæðum held ég að það hljóti samt að vera svo að þorskurinn leiti aftur á hrygningarstöðvar enda er það eðli náttúrunnar og gæti kannski ekki öðruvísi verið. Það er svo annað mál þótt það komi í sjálfu sér þessu máli ekkert við hvað varðar þingmenn, þá leita þeir, a.m.k. ekki í öllum tilvikum á hrygningarstöðvarnar og mér sýnist jafnvel að sumir þeirra jafnvel breyti um

tegund svona öðru hverju og er það í sjálfu sér ágætt því allt þarf að þróast og taka breytingum í veröldinni.

Mig langar aðeins til að fara nokkrum orðum um þátt Byggðastofnunar og opinberra aðila í þessum málum. Það hefur komið hér fram í umræðunni að hv. 5. þm. Norðurl. e. lagði áherslu á að prívataðilar eða aðilar úr atvinnulífinu hefðu lagt mikið af mörkum til lúðuverkefnis í Eyjafirði og það er vissulega rétt. Ég held að það sé mjög mikilvægt að atvinnulífið leggi sitt af mörkum til rannsókna og þróunarverkefna. Hins vegar má það ekki gleymast að einmitt í þessu umrædda rannsóknaverkefni og þróunarverkefni norður í Eyjafirði var það kannski afstaða ríkisvaldsins og Byggðastofnunar sem reið baggamuninn. Og það sýnir okkur auðvitað að það er mikilvægt að stofnun eins og t.d. Byggðastofnun starfi. Ég held að þetta sé mjög gott dæmi um það og það má nefna hér fleiri dæmi um það að Byggðastofnun hefur látið gott af sér leiða og lagt þau lóð á vogarskálarnar sem dugðu. Og ég held að í hinni opinberu umræðu í þjóðfélaginu hafi verið vegið mjög ómaklega að Byggðastofnun og ég óttast að ef á að fara að draga úr henni allar tennurnar þá muni það koma niður á einmitt svona verkefnum og kannski ekki síst úti á landsbyggðinni.

Mig langar í örfáum orðum að nefna í framhaldi af þessu um fiskeldið að talið er að eftirspurn eftir eldisafurðum núna sé nálægt 10 millj. tonn. Við erum aðeins að framleiða 10–15% af þessu magni í Evrópu. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessi eftirspurn muni hafa aukist í 30 millj. tonn árið 2010, eftir tæp 20 ár. Þarna sjáum við að fram undan eru gífurlegir möguleikar og miklu meiri möguleikar en hafa verið undanfarin ár. Til samanburðar má geta þess að ef við ætlum að halda okkar hlutdeild, því nú er gert ráð fyrir að hefðbundnar veiðar vaxi ekki að neinu marki, þá þýðir það kannski hátt í 500 þús. tonn upp úr sjó og aflaverðmæti þess er einhvers staðar á bilinu 10–15 milljarðar eða jafnvel meira. Þannig að þarna er um að ræða gífurlega mikilvægt mál fyrir okkur Íslendinga. Ég held auk þess að menn verði að átta sig á því að það sem við höfum kallað fiskeldi fram að þessu og kannski skilgreint mjög afmarkað frá hefðbundnum fiskveiðum muni að líkindum ekki verða þannig í framtíðinni vegna þess að þessir tveir þættir munu verða tengdir nánast órofaböndum og við þekkjum það að verðþróun á rækju, laxi og fleiri tegundum hefur breyst mikið vegna tilkomu eldis. Og ég geri t.d. ráð fyrir því að þegar farið verður að ala lúðu og framboð á henni eykst þá muni það ekki leiða til þess að verð á lúðu hækki þvert á móti mun það væntanlega lækka eins og reynslan hefur sýnt um aðrar tegundir.

Þetta hygg ég að geti líka orðið ofan á varðandi þorsk og sérstaklega ef mikið verður um eldi á þorski og jafnvel að um hafbeit verði að ræða og þess vegna verðum við að bregðast við þessum breyttu aðstæðum með breyttum áherslum og breyttum aðferðum.

Mér finnst mjög ánægjulegt að þessi þáltill. hafi komið fram. Hún sýnir að þrátt fyrir að mörgu leyti bitra reynslu í fiskeldinu eru menn ekki dauðir úr öllum æðum og ég vona að þetta mál nái fram að ganga og ég vona að bæði opinberir aðilar og eins aðilar atvinnulífsins veiti því brautargengi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hafa verið lögð fram þrjú mál sem öll snerta sjávarútveginn. Vissulega mjög þörf mál og ánægjulegt að samstaða skuli vera um þau í nefndinni. Það mál sem hér liggur fyrir um þorskeldi finnst mér eitt af því alþarfasta sem hér hefur verið rætt, þar sem talað er um tilraunir með seiðaeldi til eflingar þorskstofninum. Ég átti þess kost í sumar í ferð með fjárln. að skoða lúðueldi á Reykjanesi og fannst mér mjög fróðlegt og skemmtilegt að sjá hvernig þeir vinna úr því og það er enginn vafi að það er mikil framtíð í þessum málum. Þau eru mjög skammt á veg komin hjá okkur en þetta lúðueldi hefur skilað talsverðum tekjum í þjóðarbúið. Bæði hefur verið flutt út og selt innan lands. Samið er við bátana sem veiða þarna úti fyrir um að skila inn lifandi fiskum sem síðan eru fóðraðir áfram í stöðinni og seldir þegar þeir hafa annaðhvort náð tiltekinni stærð og/eða markaður krefst þess að meira komi inn.

Það má líka benda á fleiri fiskstofna þó að hér hafi verið rætt um lúðu og þorskeldi í þessum umræðum. Það má einnig ræða um ýsu sem lítið er orðið um. Það þyrfti að auka rannsóknir á ýsustofninum með eldi í huga. Ég vil einnig nefna að það hefur lítið verið rannsakað af heitsjávarfiskum. Fyrir nokkrum árum fóru fram rannsóknir úti fyrir Norðurlandi á því hvaða lífverur fyndust þar sem heitar uppsprettur væru úr hafsbotninum. Það lífríki, sem kom þar í ljós þegar farið var að skoða það, reyndist mjög athyglisvert, alls kyns fiskar lifðu þar við hitann. Enn eru þær rannsóknir á algeru frumstigi, þ.e. hvaða möguleikar gætu legið þarna. Þetta er algerlega ókönnuð auðlind, má segja.

En því miður höfum við nú við afgreiðslu fjárlaga ekki tekið nægilega á því að styrkja rannsóknir. Þar má nefna það að verið er að koma upp aðstöðu fyrir fisksjúkdómarannsóknir á Keldum og þar stendur nú tilbúið hús til frekari rannsókna en það vantar útbúnað, innréttingar og þess háttar til þess að hægt sé að nýta það. Það er því tilvalið að gefa mönnum áminningu um að það þarf að huga að því þegar fjárlög ríkisins eru afgreidd að auka og efla rannsóknir hér á landi og ekki hvað síst í sjávarútveginum og í fiskeldi þannig að það geti skilað árangri á næstu árum. Því að vissulega erum við að huga til framtíðar með því að auka og efla rannsóknir og við þurfum að huga þar að fleiri þáttum en þorskinum þó að ég taki fyllilega undir það nál. sem hér liggur frammi um það mál.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og ég fagna þessari þáltill. sem flutt er af hv. þm. Ragnari Arnalds. Tíma þingsins er óruggglega vel varið í að staldra við og ræða um mál eins og þetta. En tími þingsins vill því miður fara fremur í önnur mál sem a.m.k. að mínu mati eru léttvægari.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vék aðeins að Fiskeldi Eyjafjarðar og því merka starfi sem þar fer fram. Hann vék

að þætti Byggðastofnunar og opinberra aðila og einstaklinga í því fyrirtæki og þeirri uppbyggingu sem þar var gerð og er vissulega til mikillar fyrirmyndar. Vegna þess að Byggðastofnun hefur oft verið nefnd hér þá er rétt að það komi skýrt og rækilega fram að Byggðastofnun er stærsti aðilinn í Fiskeldi Eyjafjarðar. Hún hefur lagt langmest af mörkum til þessarar starfsemi. Og það væri hollt fyrir suma aðila hér inni, sem vega nú gjarnan ótt og títt að þeirri stofnun, að átta sig á hlutunum. (**ÓRG:** Þeir eru nú aðallega fjarverandi.) Þeir eru aðallega fjarverandi nú, það er rétt, hv. þm. Ólafur Ragnar.

Það er einnig umhugsunarefni fyrir okkur að með nýútgefinni reglugerð, sem forsrh. hefur gefið út um Byggðastofnun, eru einmitt þeir kostir stofnunarinnar mjög þrengdir að geta gerst virkur aðili í atvinnufyrirtækjum og hjálpað þeim að komast á legg. Byggðastofnun á ekki að vera of lengi í slíkum rekstri en það á að vera verkefni hennar að hjálpa til við að koma fyrirtækjunum upp og gera þau rekstrarhæf. Síðan á hún að selja sín bréf í þeim fyrirtækjum. Það hefur verið mitt viðhorf til þessara mála. — En þar sem ég sé að hv. þm. gengur nú í salinn, þá var ég að skýra frá því að Byggðastofnun er stærsti eignaraðili að Fiskeldi Eyjafjarðar og hefur átt þar öðrum fremur drýgstan þáttinn í því að gera mögulegt það starf sem þar hefur verið unnið. Vissulega geri ég ekki lítið úr framlagi hinna fjölmörgu annarra aðila sem lögðu fram fé til að gera þessa hluti mögulega.

En um Byggðastofnun ætla ég ekki að öðru leyti að ræða. Ég trúi því að það mál fari að komast á dagskrá sem hér var til umræðu og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var í miðri ræðu sinni í fyrra að tala um skýrslu Byggðastofnunar, og ég vona að hún fari að komast aftur á dagskrá á nýju ári þannig að við getum farið að ræða hana og þá mun þessi reglugerð ábyggilega koma mikið á dagskrá ásamt ýmsu öðru.

Hv. 17. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson vék nokkrum orðum að okkur framsóknarmönnum. Hann fer yfirleitt ekki svo í þetta ræðupúlt að hann víki ekki orðum að okkur framsóknarmönnum. Hann hefur lært af formanni flokksins sem skrifaði nánast aldrei grein eða opnaði munninn öðruvísi en að vera með svigurmæli og dylgjur um Framsfl. og þar er ég að tala um hæstv. núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson. En það get ég sagt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það kemur okkur þingmönnum Framsfl. ekkert á óvart að Alþfl. þekki til lifnaðarhátta þorsksins.

Það er hins vegar umhugsunarefni í þessu máli fyrir okkur sem sátum í þessari nefnd — og ég dreg ekki dul á það að ég velti því mjög fyrir mér hvort það væri rétt leið að vísa jafnmerku máli og þessu til núv. ríkisstjórnar, ég velti því mjög vel fyrir mér og dró það satt að segja í efa að sú ríkisstjórn sem nú situr væri þess verð að taka þetta mál að sér. Mér sýnist hún ekki hafa komist svo frá sínum störfum að á það sé hættandi, en niðurstaðan varð engu að síður sú að við tókum þann kostinn og urðum sammála um að reyna á dug ríkisstjórnarinnar og vita hvort hún gæti eitthvað gert og aðhafst í þessu máli.

En ég vil segja það að lokum, virðulegi forseti, að hér er hið merkasta mál á ferðinni, það er engin spurning hvort sem við erum að tala um eldi á þorski eða lúðu. Það eru margvíslegir möguleikar sem við eigum, alveg ótrúlegir möguleikar í þessum greinum og það er mikilvægt að þeir séu nýttir af mikilli skynsemi og að við þorum að hætta fjármagni sem nauðsynlega þarf til þess að slíkt rannsóknarstarf geti farið fram.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að orð mín sem ég lét falla hér á eftir má ekki túlka sem vanmat á framlag Byggðastofnunar til þessa merka máls sem hér hefur verið fjallað um, reyndar undir liðnum sem fjallar um þorskeldi en umræðan hefur svolítið snúist um lúðueldið í Eyjafirði. Það er alveg ljóst mál að Byggðastofnun hefur þar lagt hönd á plóginn en ég get ekki tekið undir það að framlag hennar hafi ráðið úrslitum. Ég held að ég hafi það rétt að hlutafé Byggðastofnunar í Fiskeldi Eyjafjarðar sé 12,2% og þá er það fyrst og fremst áhugi fyrirtækjanna á svæðinu sem er mikill, fjölmörg fyrirtæki hafa lagt mikið fé í þetta og það er að sjálfsögðu frumkvæði þeirra og áhugi sem hefur ráðið úrslitum þarna en ekki framlag Byggðastofnunar þó að það beri að þakka og virða.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að við tölum sama mál í þessu. Ég vil svara hv. þm. því að framlag Byggðastofnunar, eftir því sem ég man best, mun vera rúm 14% í þessu fyrirtæki. Næst kemur Arnarneshreppur líklega með ein 10,4% og næst Útgerðarfélag Akureyringa. Þetta munu vera stærstu aðilar að þessu fyrirtæki. En auðvitað má deila um það lengi hvort Byggðastofnun réði úrslitum í þessum máli en lóðið var þungt, það eitt er öruggt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31, nál. 481, brtt. 482.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands og það er flutt í tvennum tilgangi. Annars vegar til að unnt sé að breyta núgildandi fyrirkomulagi á gengisskráningu krónunnar þannig að gengi hennar ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði. Hins vegar til aðlaga lög um Seðlabanka Íslands að lögum um fjárfestingu erlendra aðila, samanber lög nr. 34 frá 25. mars 1991. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga er erlendum hlutafélagsbönkum, sem skráðir eru erlendis og eiga þar varnarþing, heimilt að starfrækja rekstur úti-

búa hér á landi að fengnu leyfi viðskrh. frá síðustu áramótum eða 1. jan. sl. að telja.

Efh.- og viðskn. hefur fjallað ítarlega um þetta frv. á nokkrum fundum og á einn fund mættu Birgir Ísl. Gunnarsson seðlabankastjóri ásamt Bjarna Braga Jónssyni aðstoðarseðlabankastjóra og Má Guðmundssyni, forstöðumanni hagfræðideildar Seðlabankans. Að auki barst erindi frá viðskrn. sem er í raun og veru sú brtt. sem liggur fyrir á þskj. 482. Nefndin gerði þessar tillögur eftir ítarlega athugun að sínum. Þessar brtt. eru tvær.

Í fyrsta lagi að kveðið verði á um það í lögum um Seðlabanka Íslands að gjaldeyrisvarasjóður skuli varðveittur, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er. Því er gerð tillaga um að ný grein bætist við þetta frv.

Í öðru lagi er lagt til að orðalagi 2. gr. frv. verði breytt að hluta og jafnframt að við hana verði aukið ákvæðum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að taka ákvörðun um að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli og skal ákvörðunin birt í Stjórnartíðindum. Þá er ákvæði um að unnt sé að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Auk þessa er lögð til breyting á 2. og 3. mgr. 2. gr. frv.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri eða tala frekar fyrir þessum brtt. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem getið er um á þskj. 482 en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim tillögum sem fram kunna að koma.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í forföllum Sólveigar Pétursdóttur.

Undir nál. rita Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Geir H. Haarde, Ingi Björn Albertsson, Vilhjálmur Egilsson. Með fyrirvara rita undir nál. Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún J. Halldórsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Umræðu frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 2. umr.

Stjfrv., 32. mál (sala erlends gjaldeyris). — Þskj. 32, nál. 483.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 frá 31. maí 1979. Það er flutt til að strax sé unnt að byrja að þróa hér á landi gjaldeyrismarkað. Í frv. er lögð til breyting á ákvæðum um sölu og skilaskyldu erlends gjaldeyris í lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979.

Í viðskrn. og Seðlabanka Íslands er nú unnið að heildarendurskoðun á lögunum frá 1979 en vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í gjaldeyrismálum á síðustu árum og stefnu ríkisstjórnarinnar um afnám flestra gjaldeyrishafta á næstu missirum var nauðsynlegt að flytja þetta frv. og í raun og veru er það samhliða því frv. sem ég var að mæla fyrir hér á undan.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Sólveigar Pétursdóttur.

Undir nál. rita Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Geir H. Haarde, Ingi Björn Albertsson og Vilhjálmur Egilsson. Með fyrirvara rita undir álitið Halldór Ásgrímsson, Steingímur J. Sigfússon, Guðrún J. Halldórsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Umræðu frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 392, nál. 484.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er lítið frv. að vöxtum. Í athugasemdum við það segir að samkvæmt þeim lögum sem nú gilda skuli skattskylt mark til sérstaks eignarskatt breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 71/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattvísitala er ákveðin í fjárlögum fyrir ár hvert en skattvísitala var ekki ákveðin í fjárlögum fyrir þetta ár og hækkaði því ekki skattskylt mark til sérstaks eignarskatts á milli áranna 1991 og 1992. Samkvæmt frv. er lagt til að umrætt mark verði hækkað um 6%.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Nefndin hefur óskað eftir greinargerð frá fjmrn. um hvernig tekjum af sérstökum eignarskatti hafi verið varið frá því að lögin voru sett á árinu 1989 og hver sé staða framkvæmda við þær byggingar sem fengið hafa fé af þessum skattstofni. Um þetta hefur nefndin beðið en það er ekk komið. Ég tel að það skipti ekki höfuðmáli í sambandi við umræðu og afgreiðslu málsins en þegar þessar upplýsingar koma til nefndarinnar verða þær látnar nefndarmönnum í té.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Sólveigar Pétursdóttur.

Undir nál. rita Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún J. Halldórsdóttir, Geir H. Haarde, Ingi Björn Albertsson, Vilhjálmur Egilsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðn- og verkmenntun, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 64. mál. — Þskj. 65.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um endurmat iðn- og verkmenntunar. Flm. með mér að till. eru Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir og Guðni Ágústsson. Tillagan er þannig:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kveðja saman starfshóp er hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í janúar 1993."

Í greinargerð með till. segir m.a.:

„Megintilgangur þessarar tillögu er að vekja umræðu og hvetja til aðgerða um að laga iðn- og verkmenntun í landinu að nýjum aðstæðum og næsta umhverfi.

Fróðlegt er að staldra eilítið við og skoða skólakerfið í landinu í ljósi nýrra tíma og skilgreina þá kröfu sem við gerum til menntakerfisins og skilvirkni þess. Hér er þó aðeins vikið að einum þætti þess, iðnmenntuninni.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst á síðari árum. Iðnaðurinn og iðnmenntunin þurfa nú nauðsynlega að laga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í mjög auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt nú að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Það fyrirkomulag, sem stuðst hefur verið við hvað varðar menntun iðnaðarmanna hefur að miklu leyti verið byggt upp á verknámi hjá meisturum í viðkomandi iðngrein, samhliða bóklegu námi. Þetta kerfi hefur dugað vel og ávinningur þess er tvímælalaus þótt á því megi finna vissa annmarka.

Það á að skoða hvort nám í einstökum iðngreinum á ekki að vera mislangt eftir því hver iðngreinin er. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að allir þeir sem í iðnnám fara gangi sem næst sömu leið til náms."

Málefnum iðnfræðslu og verkmenntunar hefur miðað mjög skammt nú um sinn og *þætti verkmenntunar* þó alveg sérstaklega og er langt í frá að þeim þætti hafi verið sinnt til jafns við bóknámið. Ég fagna þeim orðum sem hæstv. núv. menntmrh. hefur látið falla um þörf aukinnar verkmenntunar í landinu.

Skólamenn hafa margir áttað sig á því að þessi þáttur fræðslunnar hefur setið eftir til mikils tjóns, ekki aðeins fyrir menntakerfið heldur ekki síður fyrir þá fjölþættu atvinnuuppbyggingu sem við höfum verið að fást við.

„Iðnnemi hefur nú um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum er fjögurra nám:

1. að fara á samning hjá meistara þegar í upphafi náms og öðlast starfsþjálfun hjá honum á fjórum árum en sækja samhliða verklega náminu bóklegt nám í iðnskóla,

2. að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla en að því loknu tekur við starfsnám hjá meistara, mislangt eftir lengd skólanámsins,

3. að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi, að því loknu tekur við þriggja ára samningur hjá meistara.

Að loknu fjögurra ára iðnnámi öðlast iðnnemi sveinsbréf en til að hljóta meistarabréf þarf hann að vinna með meistara í þrjú ár og ljúka námi í meistaraskóla.

Mjög er til athugunar þar sem iðnfræðsluskólar eru starfræktir að leita samstarfs við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði um samstarfssamning sem kveður á um að nemendur, sem innritast í iðnfræðsluskóla og ljúka þar námi, geti í framhaldi þess einnig lokið þeim þætti námsins sem á að fara fram hjá iðnmeistara.

Í þessu sambandi er til íhugunar hvort ríkisvaldið eigi ekki að koma með ákveðnar aðgerðir sem hvetja iðnmeistara og fyrirtæki til að veita iðnnemum greiða leið til verklegs náms hjá fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna iðnnáms. Með markvissum aðgerðum í iðnmenntun, eins og hér er lagt til að gerðar verði, eru iðnnemum sköpuð önnur og betri skilyrði til verklegrar kennslu en nú.

Það er mikils um vert að komast hjá því að lenda í blindgötum kerfisins. Því er skynsamlegt að byggja svo upp að blindgötur verði ekki hindrun á vegi til mennta. Fagna ber þeim hugmyndum, sem nú eru ræddar, um að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar og gefi þeim er þar ljúka námi greiðari leið til frekara náms standi hugur þeirra til þess."

Mikið framfaraspor væri stigið ef þeir er ljúka námi í meistaraskóla og hyggja á frekara tæknínám þurfi ekki að stíga skref til baka til frekara náms. Það er enginn vafi að þeir sem gengið hafa þessa braut verkmennta til náms hafa hlotið mjög ákjósanlega þekkingu sem nýtist mjög vel til frekari framþróunar innan atvinnulífsins.

„Ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja er að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Forsenda aukinnar framlegðar í íslensku atvinnulífi mun í næstu framtíð byggjast á aukinni sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Iðnmenntunina þarf að *skilgreina að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga* í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og atvinnulífs og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Kröfurnar um aukið bóklegt nám fara sífellt vaxandi. Þar hafa óskir iðnaðarmanna sjálfra vegið mjög þungt." — Má þar t.d. nefna stóraukna þörf á aukinni þekkingu á almennu bókhaldi, fjármálastjórnun, almennum rekstri og markaðsfræðslu. — „Samhliða auknu bóklegu námi þarf að tryggja betur en verið hefur verklega kennslu og endurmentun, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Afar áríðandi er jafnhliða þessu starfi að íhuga á hvern hátt megi bæta verkþekkingu þess ófaglæra fólks sem starfar í hinum lögvernduðu iðngreinum. Til athugunar er að taka í auknum mæli upp starfsþjálfun þessa ófaglæra fólks sem í þessum iðngreinum starfar. Slík þjálfun gæfi stig í verkmenntabók, skráða á nafn viðkomandi, sem þá

mætti ætla að færði handhafa hennar rétt til bættra kjara.

Sú stefnumótunarvinna, sem hér er lagt til að fari fram, er best komin hjá fulltrúum atvinnulífsins, og þá sérstaklega iðnaðarins, sem þegar hafa lagt mikið af mörkum í þessum efnum, svo og fulltrúum iðnfræðsluskóla og Iðnnemasambands Íslands."

Virðulegi forseti. Ég legg sérstaklega og mjög þunga áherslu á að þetta mikilsverða mál verði best unnið í fullu samráði og samvinnu við fulltrúa iðnaðarins sjálfs og þá aðila er við eiga að búa. Ég treysti því að hæstv. ráðherra gangi svo frá við skipan þessa starfshóps, sem hér er lagt til að komið verði upp, að hin haga hönd iðnaðarmannsins sjálfs komi að þessari mikilsverðu smíði.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Þuríður Bernódusdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar mörkun iðnaðarstefnu er til skoðunar er fjöldi atriða sem taka verður til íhugunar og vil ég gera grein fyrir nokkrum atriðum sem þarf að gefa gaum að í þeirri umræðu.

Á meðan menn hefur dreymt stóriðjudrauma hefur í minna mæli verið sinnt öðrum iðnaðarmöguleikum, hvort sem er í samstarfi við erlenda aðila eða á eigin vegum. Til að vinna að því að laða hingað orkufrekan iðnað var sett á stofn markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar sem eingöngu sinnir stóriðju en ekki smærri fyrirtækjum. Fyllsta ástæða er til að vinna sams konar starf til að laða hingað til lands lítil og meðalstór fyrirtæki, hvort sem er í iðnaði eða þjónustu.

Mér er kunnugt um að síðasta ríkisstjórn lét vinna undirbúningsvinnu og fyrir liggja fullmótaðar tillögur um að hrinda af stað starfsemi sem væri fólgin í því að fá hingað til lands lítil og meðalstór erlend fyrirtæki til eflingar innlendri atvinnustarfsemi. Að nokkru leyti var gert ráð fyrir að því starfi svipaði til starfs núverandi starfa markaðsskrifstofunnar nema reynt yrði að koma kostum lands og þjóðar á framfæri við aðila sem hafa yfir að ráða iðnaðarfyrirtækjum sem henta mundu til að stunda framleiðslu hér á landi. Þarna tel ég að sé mikið verk fram undan sem ekki er hægt að ætla öðrum en ríkisstjórninni að vinna.

Skipasmíðaiðnaður á Íslandi hefur sýnt að hann er vel samkeppnisfær við útlendan iðnað í gerð, búnaði og hönnun skipa. Einnig hefur tekist að hanna skip og báta sem henta betur íslenskum aðstæðum en mörg þau skip sem smíðuð eru erlendis og flutt hingað til lands. Í einu tilliti er innlendur skipamsíðaiðnaður hins vegar ekki samkeppnisfær en það er í fjármögnun og niðurgreiðslu á framleiðslu sinni. Þar hafa útlendingar vinninginn. Þetta er hins vegar allt að breytast og fyrr en síðar kann svo að fara að þær skipasmíðastöðvar sem nú keppa við íslenskar verði ekki lengur samkeppnisfærar. Kemur þar tvennt til. Með aukinni velmegun í löndum við Eystrasalt sem áður voru handan járntjalds, svo og á Spáni og í Portúgal, má gera ráð fyrir að vinnulaun hækki frá því sem nú er og rýri þannig samkeppnisstöðu þessara þjóða á sviði skipasmíða. Sama mun einnig gerast í skipasmíði í Austurlöndum fjær. Einnig miðar allt alþjóðlegt samstarf um fríverslun að því að koma í veg fyrir niðurgreiðslur einstakra þjóða á framleiðslu sinni, þar á meðal skipasmíðum. Þetta mun á endanum einnig rýra möguleika þessara þjóða til að bjóða ódýrari skip en bjóðast hér á landi. Mjög miður væri ef innlendur skipasmíðaiðnaður með allri þekkingu og samanlagðri reynslu áratuganna legðist af á meðan samkeppnishæfi hans ykist. Þessu verða stjórnvöld að bregðast við og tryggja að sú dýrmæta verkkunnátta, tæki og búnaður sem nú eru til staðar í landinu til skipasmíða glatist ekki heldur verði hér enn þegar ekki fást lengur niðurgreidd skip frá útlöndum.

Ef aflétt verður því banni sem nú er í gildi við því að erlend fiskiskip hljóti þjónustu í íslenskum höfnum hjálpar það einnig innlendum skipasmíðum sem þá fengju tækifæri til viðhalds og viðgerða á þeim skipum sem hingað leituðu. Brýnt er að Alþingi breyti hið fyrsta lögum sem nú koma í veg fyrir að hægt sé að þjónusta erlend skip í innlendum höfnum því aðstæður hafa mikið breyst á þeim 70 árum sem liðin eru frá því að þau lög voru sett.

Þær eru ófáar ræðurnar sem fluttar hafa verið um að nú beri að efla eins og kostur er iðn- og verkmenntun í landinu sem hefur hin síðari ár dregist aftur úr annarri menntun sem ungu fólki stendur til boða. Við mótun iðnaðarstefnu verður einnig að taka tillit til þess þáttar sem ekki er síður mikilvægur en stefnumótun sem tekur til fyrirtækjanna sjálfra og rekstrarumhverfis þeirra. Skiptir þar mestu að svo verði búið að verkmenntaskólum í landinu að ungu fólki þyki ekki síður eftirsóknarvert að sækja þangað en í bóknámsskóla. Hér hafa fræðsluyfirvöld verk að vinna.

Virðulegi forseti. Um allan heim er það svo að langflest atvinnutækifæri verða nú til í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í Bandaríkjunum hefur á undanförnum áratug orðið bylting á þessu sviði og smærri iðnfyrirtæki skila mestum arði og skapa flestum atvinnu. Efnahagsundur eftirstríðsáranna í Þýskalandi varð einnig að veruleika fyrst og fremst vegna aukins smáiðnaðar, einmitt iðnaðar af því tagi sem stendur nú undir stærstum hluta útflutningstekna þjóðarinnar.

Fyrir okkur Íslendinga er það mikilvægast að leggja ekki árar í bát þótt ekki komi álver í bráð heldur vinda okkur í markvissa uppbyggingu iðnaðar á öllum sviðum og láta einskis ófreistað í þeim efnum.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka flm. þáltill. fyrir að hreyfa þessu máli og tel mjög tímabært að taka skipulag iðn- og verkmenntunar í landinu til endurmats. Mér finnst einnig ástæða til að fagna þeim áhuga sem hæstv. menntmrh. hefur sýnt aukinni og bættri verkmenntun. Iðnmenntunin hefur verið í nokkuð föstu formi lengi og á suman hátt kannski ekki aðlagast þeim breytingum sem orðið hafa í ýmsum iðngreinum, má þar t.d. nefna skipasmíðaiðnaðinn. Ég er sammála því sem segir í greinargerð með tillögunni að iðnaðurinn

og iðnmenntunin þurfi nauðsynlega að laga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt að endurmeta iðnnámið og skipulagsmál þess í heild. Ég tel þó tvímælalaust heppilegast að hluti iðnnámsins verði áfram hjá meisturum og að sá þáttur námsins sé ekki hvað síst mikilvægur.

Af þeim þremur leiðum sem nemar hafa um að velja til iðnnáms í núgildandi kerfi held ég að sú leið að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara síðan í starfsnám hjá meistara sé hvað best og hafi reynst mjög vel. Þeir nemar sem þannig koma til starfa hjá iðnfyrirtækjunum hafa lært undirstöðuna í viðkomandi iðngrein, þekkja til notkunar véla og tækja og eru yfirleitt vel undirbúnir undir sjálft starfsnámið. Gamla meistarakerfið þar sem nemar fara strax á samning hjá meistara og sækja bóklega námið samhliða hefur reyndar reynst á margan hátt ágætlega þótt auðvitað séu meistarar og fyrirtæki misjafnlega í stakk búin til að leiða nemendur fyrstu skrefin í iðnnámi.

Í greinargerð flm. er minnt á vaxandi kröfur um aukið bóklegt nám. Ég vil í því sambandi vara við því að þeim sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að stunda mikið bóklegt nám sé gert ókleift að öðlast iðnréttindi. Ég held að það þurfi að vera tvö stig í iðnnáminu líkt og er í málmiðnaðinum í dag þar sem menn geta með tveggja ára námssamningi orðið sveinar í rafsuðu. Í því námi eru mun færri bókleg fög en t.d. í plötusmíði og þessir sveinar geta ekki orðið meistarar nema fara í frekara nám. Ég sé ekkert athugavert við það að þeir sem vilja vinna við ákveðna iðngrein geti öðlast réttindi með þessum hætti og veit að margir afbragðs iðnaðarmenn hafa útskrifast úr rafsuðunáminu, bæði menn sem ekki hafa treyst sér í það skólanám sem fylgir fullu iðnnámi og eins fjölskyldumenn sem ekki hafa haft efni á að sitja í skóla í fjórar annir. Sumir þessara manna hafa svo haldið áfram síðar og lokið þá námi í vélvirkjun, plötusmíði eða skyldum iðngreinum. Þessi þáttur iðnnámsins finnst mér mikilvægur og ég tel það raunar ekki eðlilegt að iðnfræðslan miðist við það að allir þurfi endilega að vera meistarar eða iðntæknar.

Til skamms tíma þurftu iðnaðarmenn aðeins að vinna í þrjú ár sem sveinar til að öðlast meistararéttindi en á síðustu árum hafa sveinar orðið að ljúka námi í meistaraskóla til að verða meistarar, a.m.k. í sumum iðngreinum og reyndar flestum. Hér í greinargerðinni er rætt um þær hugmyndir sem uppi hafa verið um að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar og gefi þeim sem þar ljúka námi greiðari leið til frekara náms ef þeir hafa áhuga á. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða vel og kemur fyllilega til greina.

Varðandi iðnmenntunina í landinu er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim samdrætti sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum á undanförnum árum og má þar t.d. nefna húsgagnaiðnaðinn og skipasmíðaiðnaðinn en fyrirtæki í þeim greinum hafa verið mjög afkastamikil í verkmenntun landsmanna um áratugaskeið. Það er hætt við því að nemar, t.d. í málmiðnaði, geti átt í erfiðleikum með að komast í starfsnám ef skipasmíðastöðvarnar rétta ekki úr kútnum.

Ég vil taka undir það með hv. flm. þessarar tillögu að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja er að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Þess vegna er tillagan mjög tímabær og nauðsynlegt að fram fari sem fyrst endurmat iðn- og verkmenntunar í landinu og eðlilegt að fulltrúar samtaka iðnaðarins, iðnnema og iðnfræðslunnar taki þátt í þeirri stefnumótun.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka flm. fyrir það að hafa komið fram með þessa till. til þál. og mér finnst hann hafa gert það góða grein fyrir því sem fylgir tillögunni að ég er ekki að rekja það. Ég vil taka undir það að ég tel að það þurfi að tengja skólana betur við atvinnulífið en gert er í dag og hef ákveðnar hugmyndir um að það verði gert í miklu ríkari mæli en gert er, m.a. vil ég nefna að húsnæði héraðsskólanna stendur víða ónotað þar sem héraðsskólarnir duttu nánast út úr menntakerfinu. Ég held að bæði húsnæði þeirra og ýmis búnaður gæti nýst til ýmiss konar iðnnáms og uppbyggingar í verkmenntun.

Sú stefna hefur verið tekin upp víða að menntaskólar og iðnskólar hafa verið sameinaðir í fjölbrautaskóla en reynslan sýnir að búnaður sem tilheyrir verkmenntuninni er látinn sitja á hakanum. Þar af leiðandi er það e.t.v. ekki jafnaðlaðandi fyrir nemendur að sækja um inngöngu í verknámið vegna þess að þar vantar svo marga hluti og þá aðstöðu sem menn helst vilja sjá. Verkmenntaskólarnir hafa ekki fengið fjármagn til að búa sig undir það að taka við þessu starfi úr iðnskólunum. Þeir eru vanbúnir og of mikil tilhneiging er til að spara þar, bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði.

Ég vil einnig taka undir það að starfsþjálfun þess fólks sem starfar í ýmsum iðngreinum þarf að aukast. Í undirbúningi er að starfsmenntun í atvinnulífinu verði aukin. Ég vona svo sannarlega að það komist til framkvæmda á þessu þingi að lagt verði fram frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu og það komist hér í gegn. Það er mikil þörf á því að efla og auka verkmenntunina í landinu og þessi þáltill. sem hér er komin fram er gott innlegg í þá umræðu og ég vona að hún fái hér góðan framgang. Ekki er von til þess að þegar unglingar eru að leita sér að áhugaverðu námi og hugsanlegri atvinnu í framtíðinni að þeir leiti í verkmenntagreinarnar jafnvanbúnar og þær yfirleitt eru í landinu. Bóklega námið hefur yfirleitt alltaf haft forgang. Nú þegar atvinnuástandið er ekki allt of gott, þá er enn meiri tilhneiging hjá ungmennum til að leita í skóla og nýta tímann til menntunar. Það væri hægt að beina fólki í vaxandi mæli í verklegt nám. Ég held að einmitt núna sé tækifæri til að breyta stefnunni svolítið og beina fólki meira í verklega námið en verið hefur.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir við

málið. Ég sakna þess vissulega að ráðherra skuli ekki vera viðstaddur, ég hefði haft áhuga á því að heyra aðeins í hæstv. menntmrh. um þetta mál. Að vísu hef ég lesið grannt það sem hæstv. núv. menntmrh. hefur skrifað og sagt um málið og ég fagna því. Mér finnst að vænta megi skilnings hans á mikilvægi þessa máls. En það er nú svo að við sitjum hér þessa dagana og tölum klukkutímum saman og jafnvel dögum saman án þess að ráðherrar komi í húsið eða sitji hér í stólnum sínum. Virðulegi forseti, það er út af fyrir sig umhugsunarefni fyrir þinghaldið.

Hv. 5. þm. Vesturl. vék að atriði sem ég vil taka undir og reyndi í máli mínu að hnykkja aðeins á. Og vil ég útskýra það aðeins betur. Ég er honum sammála og tel það farsælustu leiðina að ljúka bóklegu og verklegu námi og fara síðan í starfsnám hjá meistara. En það þarf að hindra það að þegar ungt fólk, sem stundar iðnnám í verkmenntaskólum, hefur lokið bóklegu námi og eytt drjúgum tíma í það, að það standi þá ekki ráðalaust eða eins og ég orða það í blindgötum kerfisins, vegna þess að það kemst ekki á námssamning hjá meistara. Það er meingallað kerfi sem við þurfum að sníða af. Þar mun margur efnilegur iðnaðarmaðurinn gefast upp á að bíða og geta lokið námi. Þess vegna varpa ég fram þeirri hugmynd að verkmenntaskólarnir geri samning við iðnfyrirtækin og iðnmeistarana á viðkomandi svæði þannig að þegar ungt fólk vill ganga til náms í ákveðinni iðngrein í bóknámsskólanum sé því ljóst í upphafi að leiðin til námsins sé greið allt til enda, þ.e. verkmenntaskólarnir séu búnir að gera samninga við iðnmeistarana um að taka við nemendum svo þeir geti lokið námi. Ég tel þetta mjög brýnt. Ef þetta er ekki hægt í öllum skólum þá verða skólarnir að hafa með sér samstarf og samvinnu um þetta þannig að nemendunum sé þetta ætíð ljóst.

Ég vil einnig benda á það sem er mjög mikilsvert í þessu máli og á ekki bara við iðn- og verkmenntun í landinu en það er að skilningur aukist á því að stórauka þarf fjármagn til þess að efla námsráðgjöf í landinu. Það er örugglega eitt af því sem við höfum vanrækt. Auka þarf námsráðgjöfina þannig að það takist í tíma að hjálpa og leiðbeina nemendum til þess að velja þá braut sem hverjum og einum liggur næst. Ég vona að sú nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál muni taka á því.

Ég vil einnig segja það sem fyrir mér vakir og hv. 5. þm. Vesturl. vék að í sambandi við meistaraskólana sem menn þurfa að ganga í gegnum til þess að öðlast *meistararéttindi*. Við vitum að þegar iðnaðarmenn eru komnir að því að ljúka námi og fara í meistaraskólann eða ljúka námi þar, eru þeir í flestum tilfellum allfullorðnir og e.t.v. komnir með fjölskyldu. Þá er það nokkurt átak að þurfa að snúa af leið og stíga alllangt skref til baka til náms. Þess vegna legg ég áherslu á að þeir sem fara í meistaraskólann séu það vel í stakk búnir að leiðin úr meistaraskólanum verði hverjum manni greið til framhaldsnáms og þá á ég við tækninám, að Tækniskólinn eigi að vera þeim opinn, að menn þurfi ekki að stíga skref til baka ef þeir taka þá ákvörðun að halda áfram námi og ljúka tæknináми frekar en að halda áfram í sinni hefðbundnu iðn. Ég fullyrði að sá starfskraftur, sem hefur lokið iðnnámi og síðan tæknináми hvort heldur í mannvirkjagreinunum, járniðnaði eða einhverju öðru, er á margan hátt miklu verðmætari en sá sem fer í gegnum háskólann og leitar sér þannig menntunar, er ég þó ekki að gera lítið úr þeim sem fara þá leið. Þeir eru á margan hátt mjög ákjósanlegir í atvinnulífi landsmanna.

Ég legg ríka áherslu á að það verði skoðað af mikilli kostgæfni á hvern hátt við getum séð til þess að menn þurfi ekki að stíga til baka í námi þegar þeir eru komnir í meistaraskóla og ákveða þá að fara í tæknináм.

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir og vona svo sannarlega að málið fái greiða leið í gegnum þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ný störf á vegum ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 126. mál. — Þskj. 131.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir þáltill. sem er á þskj. 131 og er um að meiri hluti nýrra starfa á vegum ríkisins verði utan höfuðborgarsvæðisins. Meðflutningsmenn mínir að tillögunni eru þeir Guðmundur Bjarnason og Jón Helgason. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma í framkvæmd því markmiði að meiri hluti nýrra starfa á vegum ríkisins og stofnana þess verði utan höfuðborgarsvæðisins.

Jafnframt verði lögð á það áhersla að skapa skilyrði og koma upp aðstöðu á landsbyggðinni fyrir þessa starfsemi.

Til að móta framvæmd þessrar stefnu skipi ríkisstjórnin nú þegar nefnd þar sem fulltrúar tilnefndir af öllum þingflokkum eigi sæti."

Í greinargerð segir svo m.a.:

„Ljóst er að aukning opinberrar starfsemi er einn þeirra þátta sem verulega þýðingu hafa fyrir byggðaþróun og byggðastefna stjórnvalda getur haft áhrif á. Nútímatækni á sviði tölvuvinnslu, fjarskipta og bættra samgangna hafa opnað nýjar leiðir sem fyrir örfáum árum voru ekki í sjónmáli.

Óhætt er að fullyrða að starfsemi á vegum hins opinbera hefur mikla þýðingu fyrir vinnumarkaðinn á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að störf hjá hinu opinbera eru ekki eins háð ytri sveiflum og önnur störf.

Oft er fjallað um það hvernig auka megi skilvirkni í opinbera geiranum en þeim mun sjaldnar um það hvernig nýta megi opinbera geirann sem mikilvægan þátt í byggðapólitískum aðgerðum.

Með þetta í huga kann það að virðast undarlegt að ekki hafi verið lögð meiri áhersla á opinbera starfsemi sem mikilvægan þátt í atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Umræður hafa hingað til að langmestu leyti snúist

um að verja störf í sjávarútvegi og ný störf í iðnaði."

Ef við skoðum atvinnuskiptingu þjóðarinnar í 30 ár, 1960–1990, kemur í ljós að árið 1960 störfuðu um 16% í landbúnaði. Árið 1990 voru þessi störf komin niður í 5,9%. Árið 1960 störfuðu um 18,3% í sjávarútvegi, að veiðum og vinnslu. Árið 1990 voru þessi störf komin niður í 11,4%. Árið 1960 störfuðu um 26,2% í iðnaði en 1990 voru þau störf komin í 22,7%. Störf í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði og tengdum greinum voru því árið 1960 um 60,5% en á 30 ára tímabili hafa þau fallið um 20% eða í um 40% af mannaflanum. Þjónustan hefur hins vegar vaxið á sama tíma eða úr 39,5% í 59,1% á 30 árum. Það þarf ekki fleiri vitnanna við hvert stefnir í þessum efnum.

„Á tímabilinu 1981–1988 urðu til um 7.500 ný störf í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þetta skiptist þannig að á landsbyggðinni urðu til um 2.500 störf en um 5.000 störf á höfuðborgarsvæðinu.

Vandi atvinnulífsins er af svipuðum toga víðast hvar á landsbyggðinni. Atvinnulífið á þessum stöðum er tiltölulega einhæft miðað við þá þróun sem á sér stað í samfélaginu. Þær atvinnugreinar, sem hafa verið í hvað örustum vexti, þ.e. þjónustugreinarnar, eru yfirleitt aðeins í litlum mæli á þessum svæðum.

Til að snúa þessari þróun við þurfa stjórnvöld að setja sér það markmið að meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til utan höfuðborgarsvæðisins.

Þessu má ná á þann hátt að ráðuneyti og stofnanir hins opinbera geri grein fyrir því í fjárlagabeiðni hverju sinni hvernig þær hafi náð eða hyggjast ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram. Þetta þýðir að störf flytjast ýmist til þeirra útibúa sem fyrir eru eða að opnaðar verða nýjar þjónustustofnanir. Á þennan hátt má koma á aukinni skilvirkni, betri þjónustu og hagstæðari dreifingu atvinnutækifæra. Nauðsynlegt er að ríkisvaldið leiti samráðs við aðra aðila er þetta varðar um að þeir auki og efli þjónustustarfsemi sína sem mest á landsbyggðinni og stuðli m.a. að því á þann hátt að beina verkefnum eins og kostur er til þjónustuaðila úti á landi. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að verulegar breytingar á atvinnulífi landbyggðarinnar verða að eiga sér stað."

„Hinar miklu breytingar í íslenskum atvinnuháttum á seinni árum hafa valdið straumhvörfum í búsetu fólks. Jafnhliða minnkandi þörf vinnuafls í frumvinnslugreinunum hefur þáttur þjónustugreinanna stöðugt farið vaxandi.

Allt bendir til þess að enn um sinn muni þáttur þjónustugreina fara vaxandi og þær muni taka við stærstum hluta mannaflaaukningar. Því þarf að leggja áherslu á að efla þessa starfsemi á landsbyggðinni og stuðla þannig að aukinni fjölbreytni atvinnulífs og skynsamlegri byggðarþróun."

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem ég tel ástæðu að taka heldur jákvætt í. Hér er í raun og veru verið að hreyfa máli sem mjög margir hafa vakið athygli á á síðustu missirum því það væri örugglega einhver áhrifamesta byggðastefna sem hægt væri að efna til að standa þannig að málum að hið opinbera, sem í öðru orðinu þykist sífellt vera að fylgja eftir einhverri byggðastefnu í því skyni að efla hinar dreifðu byggðir, standi við þau orð með þeim hætti að þegar verið er að efna til nýrrar starfsemi eða að setja á stofn aukna starfsemi, verði það gert úti í hinum dreifðu byggðum. Sannleikurinn er sá að þótt hið opinbera hafi þóst vera að fylgja eftir einhverri byggðastefnu hefur á sama tíma bæði verið fylgt efnahagsstefnu sem hefur verið óhagstæð landsbyggðinni og einnig hafa umsvif hins opinbera verið stóraukin fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu. Þannig má segja að hið opinbera, ríkið, hafi í gegnum tíðina verið að vinna gegn þeim markmiðum sínum að efla byggð um landið með því að auka stöðugt á umsvif sín á höfuðborgarsvæðinu.

Að sumu leyti held ég að þetta endurspegli einhvers konar vana, jafnvel hugsunarleysi, vegna þess að oft og tíðum þegar verið er að ákveða einhverja nýja starfsemi hugi menn ekki einu sinni að því hvort til greina komi að slík starfsemi fari fram utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég vakti einmitt athygli á því í ítarlegum og athyglisverðum umræðum sem fram fóru um Háskólann á Akureyri að fyrir utan það að vera hin ágætasta fræða- og menntastofnun er hann mjög vel heppnað dæmi um byggðastefnu. Þó ég viðurkenni það vissulega að stofnun háskólans sé í sjálfu sér ekki byggðamarkmið, styrkir hann mjög starfsemi sem þarf að fara fram og fram fer á Akureyri. Ég held þess vegna að Háskólinn á Akureyri, mér er sagt að þar vinni núna um 50 manns, sé dæmi um afar vel heppnaða ákvörðun sem hefur styrkt Akureyrarkaupstað sem fræða- og menntasetur og um leið veitt atvinnulífinu á þessu svæði ómetanlega stoð.

Ég nefndi áðan að í raun og veru hafi hið opinbera verið að vinna gegn eigin markmiðum þegar ákvörðun um að setja niður tiltekna atvinnustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu hefur verið tekin. Til þess að forðast allan misskilning tek ég það fram að auðvitað vil ég veg höfuðborgarinnar sem mestan. Ég tel mikilvægt fyrir þjóðina að höfuðborgin sjálf sé mjög sterk og öflug. Hins vegar efa ég að sú mikla þéttbýlismyndun, sem átt hefur sér stað suður við Faxaflóa, og er í raun einsdæmi miðað við Evrópulöndin, sé efnahagslega hagstæð eða skynsamleg frá sjónarhóli höfuðborgarinnar.

Þessi þéttbýlismyndun í gegnum umsvif hins opinbera gerist með ýmsum hætti. Ég hef stundum leyft mér að taka dæmi af því þegar sú ákvörðun var tekin á sínum tíma að setja niður Tækniskóla Íslands. Sá skóli hefði getað verið hvar sem er, t.d. á Akureyri, svo að ég taki dæmi af mjög vaxandi og merkilegum skólabæ. Ég nefni þetta skóladæmi vegna þess að skólastarfsemi víðs vegar í heiminum fer einmitt fram utan höfuðborganna, stórborganna, oft og tíðum. Þó háskólar séu vissulega líka staðsettir í stórborgum þá er það svo að háskólastarfsemi fer líka fram í skólasetrum utan borganna og það er markmið í sjálfu sér.

Ég tek dæmi af því þegar Tækniskóla Íslands var valinn staður í Reykjavík. Engin sérstök rök voru fyrir því. Þetta þýðir að ungt fólk sem hefur áhuga á tækninámi af því tagi sem boðið er upp á í Tækniskóla Íslands verður að leita suður, setja sig niður um margra ára skeið. Í ljósi þess hve leigumarkaðurinn er ótryggður þá er tilhneigingin oft sú að freista þess að festa kaup á húsnæði. Fyrsta skrefið í þá átt að festa sig í nýju sveitarfélagi. En þetta er ekki nóg. Hitt er líka að þeir tæknimenntuðu kennarar íslenskir, sem hafa menntað sig til að kenna tækninemum, eiga engra kosta völ en þeirra að leita hingað suður til þess að vinna við þennan skóla, þennan Tækniskóla Íslands, sem býður upp á þessa möguleika. Síðan vindur þetta enn upp á sig og sá tækniiðnaður og sú umboðsstarfsemi sem fer fram í sambandi við tækni alls konar haslar sér auðvitað völl í námunda við þessa þekkingu sem þegar er orðin á höfuðborgarsvæðinu. Og það er ekki tilviljun af þeim sökum að þessi starfsemi hefur einkum og sér í lagi orðið til í Reykjavík. Þetta er ekkert náttúrulögmál. Það er ekkert sem segir að þetta eigi að vera svona, það sé skynsamlegt að þetta sé svona. En með handaflinu verður þetta með þessum hætti. Og þess vegna er það auðvitað mjög hlálegt þegar sagt er sem svo: Það má ekki gera neinar aðgerðir í byggðamálum vegna þess að þá er verið að rísa gegn einhverju náttúrulögmáli, einhverju efnahagslögmáli, einhverju þjóðfélagslegu lögmáli sem er á ferðinni og það sé óeðlilegt að trufla það. Ég hef einmitt verið að benda á og færa að því rök að í raun og veru sé verið að grípa með beinum hætti, með beinum stjórnvaldsaðgerðum, inn í þjóðfélagsþróunina og beina henni í ákveðinn farveg með þeim hætti sem ég hef hér verið að lýsa.

Það er alltaf gott að styðja mál sitt tölum ef þær eru handbærar og ég lét Byggðastofnun á Ísafirði taka saman fyrir mig tölur um þróun ársverka í opinberri þjónustu á árunum 1981–1990 og þær tölur finnst mér vera mjög fróðlegar. Árið 1981 voru ársverk í opinberri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu 10.902. Árið 1990 voru þau orðin 16.141. Þeim fjölgaði sem sagt um tæp 50%. Á landsbyggðinni voru ársverk á sviði opinberrar þjónustu árið 1981 5.623 en voru orðin árið 1990 7.828 og hafði sem sagt fjölgað um 39%. En þessar tölur, svo lýsandi sem þær eru, segja þó ekki allan sannleikann vegna þess að ársverk í opinberri þjónustu voru svo miklu fleiri í upphafi viðmiðunartímabilsins á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Og sú staðreynd að fjölgunin hefur jafnvel orðið hlutfallslega meiri á höfuðborgarsvæðinu á síðasta áratug segir okkur að enn hefur dregið í sundur á milli þessara svæða landsins. Það sést kannski best ef við förum að reikna út þessar tölur að ársverkum í opinberri þjónustu fjölgar á þessum tíma um 7.444 alls og þar af á landsbyggðinni einungis um 2.205 sem segir að sjö af hverjum tíu ársverkum í opinberri þjónustu sem urðu til á síðasta áratug voru hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er auðvitað ákveðin tegund af byggðastefnu, meðvitaðri, fastmótaðri, ákaflega vel skipulagðri og vel fjármagnaðri byggðastefnu sem hefur haft tiltekið markmið. Vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu hefur m.a. verið á þessu sviði og þess vegna held ég að það væri afar nauðsynlegt að þessu yrði snúið við.

Ég tel — nú er tími minn því miður að hlaupa frá mér — að þær aðgerðir sem miða að því að draga úr opinberum umsvifum og munu án efa sérstaklega finna sér stað hér á höfuðborgarsvæðinu séu í eðli sínu byggðastefna að því leytinu að þarna er með vissum hætti verið að stöðva þennan óeðlilega vaxtarbrodd og ég hef upplýsingar um að þess sé þegar farið að sjást merki úti á landsbyggðinni að fólk er farið að sækja þar í störf sem það forðaðist áður og það eru vissulega ánægjulegar afleiðingar af þeirri stefnubreytingu sem vonandi verður lag til þess að fylgja rækilega eftir.

Guðmundur Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. þessarar góðu þáltill. fyrir framtakið. Ég tel að um sé að ræða ákaflega þarft verk eins og reyndar síðasti hv. ræðumaður benti mjög ágætlega á. Það er auðvitað svo að hérna er kannski fyrst og fremst um byggðamál að ræða og veitir ekki af að vinna vel að þeim málum. En ég held samt sem áður, þó að ég vilji að sjálfsögðu alls ekki gera lítið úr þessu máli sem byggðamáli, að þá megi reyndar sjá ýmsa aðra fleti á því og ætla ég að víkja aðeins að því nánar. Það kemur reyndar fram í tillögunni að lögð verði áhersla á að skapa skilyrði og koma upp aðstöðu á landsbyggðinni fyrir þessa starfsemi. Hér er auðvitað ekki bara átt við að upp rísi byggingar og tól og tæki, heldur verða ríkisstofnanir eins og reyndar öll önnur starfsemi að búa við ákveðin skilyrði og ákveðið umhverfi. Ég held reyndar að það sé svo að aðstæður víða um landsbyggðina séu einmitt þannig að ýmis starfsemi, reyndar ekki bara opinber heldur einnig önnur starfsemi, sé kannski jafnvel betur sett þar en á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum tilvikum a.m.k. alveg jafn vel sett þar. Ég ætla aðeins að víkja að því á eftir hvað ég á við með þessu, en fyrst langar mig til að gera að umræðuefni ýmis rök sem hafa verið færð gegn því að opinber starfsemi sé flutt út á landi og staðsett þar.

Í fyrsta lagi tala menn um fjarlægðina. Það er auðvitað rétt að það er í öllum tilvikum fjarlægð ef menn ætla að fara út á land en það er auðvitað alveg jafnrétt að það er álíka langt að fara til baka til höfuðborgarinnar og ég held að menn geri í rauninni allt of mikið úr þessum þætti. Hann átti kannski rétt á sér áður fyrr en það er löngu liðin tíð. Það á t.d. alls ekkert við lengur að mæla fjarlægð í km. Það er alveg eins eðlilegt að mæla hana í mínútum eða með einhverjum öðrum hætti og hér innan lands er hún ekki mæld lengur í dagleiðum. Því valda auðvitað bættar samgöngur og það skiptir verulegu máli í þessu sambandi og höfuðmáli. Ég get sem dæmi nefnt að það tekur okkur t.d., sem búum á Akureyri, rétt rúman klukkutíma að komast til Reykjavíkur þar með talin bið á flugvöllum og annað þess háttar. Það tekur í rauninni ekkert mikið lengri tíma en það tekur ýmsa Reykvíkinga að ferðast ofan úr Breiðholti, úr efstu byggðum og vestur í bæ.

Fjarlægð og samgöngur eru orðnar með svo allt öðrum hætti en var og ég held að margur höfuðborgarbúinn átti sig ekki á hvað hér er um að ræða breytta hluti. Ég hef tekið eftir því að mönnum þykir afar einkennilegt að lagt sé af stað í slíkt ferðalag eins og frá Akureyri til Reyjavíkur í bíl jafnvel þegar búið er að horfa á kvöldfréttirnar í sjónvarpinu. En þetta er bara orðið svona. Þetta er tiltölulega lítið mál og ekkert til að gera mál úr.

Það er talað um að það sé aukinn kostnaður við að flytja ríkisstofnanir og ríkisstarfsemi út á land. Það er auðvitað alveg rétt að það er dýrt eða a.m.k. fylgir því kostnaður að flytja starfsemina út á land. En það eru í rauninni ekki gild rök einfaldlega vegna þess að við ætlum okkur að búa sem víðast í þessu landi og við verðum auðvitað að taka afleiðingunum af því. Það yrði líka mjög dýrt, hygg ég, ef við höpuðumst öll hér á einn blett á landinu þannig að þetta er bara eðlilegur kostnaður við að búa í landinu og geta engan veginn talist rök í þessu máli svona almennt talað.

Í fjórða lagi tala margir um að fólk vilji ekki fara, sérfræðingarnir, starfsfólkið vill ekki fara út á land og ég ætla ekkert að efast um að í einhverjum tilvikum er það svo, alveg á sama hátt og það eru ýmis okkar sem búum úti á landi sem viljum kannski helst ekkert flytja til höfuðborgarinnar. Það er auðvitað bara eðlilegt og einstaklingsbundið. En ég held að það sé hins vegar síður en svo algilt og mér vitanlega hefur ekki verið gerð nein sérstök könnun á því hver raunveruleg afstaða fólks er og þaðan af síður látið á það reyna og meðan svo er ekki þá vil ég a.m.k. ekki taka þau rök til greina. En allt um það.

Mig langar til að fjalla nánar um það sem ég nefndi áðan að ýmis starfsemi er a.m.k. jafn vel og í mörgum tilvikum betur komin úti á landi og mig langar fyrst til að nefna dæmi um Skógrækt ríkisins sem var flutt á síðasta kjörtímabili austur á Hallormsstað. Ég sé ekki betur en sú starfsemi blómgist og blessist og trén vaxi. Þrátt fyrir ýmsar hrakspár sem þessum flutningum fylgdu þá sé ég ekki betur en það hafi tekist prýðilega vel. Ég held að Skógrækt ríkisins sé að mörgu leyti betur komin í Fljótsdalshéraði en hér vestur í bæ þó að ég vilji síst af öllu gera lítið úr Vesturbænum. Þarna held ég að sé gott dæmi um það að hrakspár rættust ekki en þvert á móti tókst mjög vel til með flutninginn.

Mig langar til að nefna þá Eyjafjarðarsvæðið næst. Ég held að það bjóði núna upp á ýmsa kosti sem eru mjög álitlegir fyrir ýmsa starfsemi af opinberu tagi. Þarna er í fyrsta lagi allnokkurt fjölmenni. Í Eyjafirðinum sjálfum búa rúmlega 20 þúsund manns og að Eyjafirði liggja auk þess allfjölmenn héruð. Ég held að til að mynda stofnanir í sjávarútvegi séu mjög vel staðsettar á Eyjafjarðarsvæðinu, t.d. á Akureyri. Það hefur auðvitað verið fjallað um það fyrr í dag hvers vegna svo er. Þarna er einfaldlega mjög alhliða starfsemi í sjávarútvegi, nánast á öllum sviðum, og þarna er núna verið að byggja upp fræðslustofnanir, kennslustofnanir, rannsóknastofnanir og þróunarstofnanir og við bætist síðan mjög blómlegt atvinnulíf á þessu sviði.

Mig langar líka til að nefna starfsemi á sviði matvælaiðnaðar. Á Akureyri er mjög mikill matvælaiðnaður af mjög mörgu tagi. Áðan var minnst á skólabæinn Akureyri. Þar er mjög alhliða framboð á menntun og verið að efla þá starfsemi mjög þannig að opinber starfsemi á þessum sviðum hlyti á þessu svæði það faglega umhverfi sem henni hæfir. Ég ætla ekki að gera það en það má færa rök fyrir því að þannig umhverfi er kannski fremur þverrandi hér á höfuðborgarsvæðinu heldur en hitt.

Tími minn er því miður á þrotum en ég hafði hugsað mér að nefna fleiri málaflokka eins og ferðamál, umhverfismál, heilbrigðis- og menntamál og fleira en ég bendi á að lokum að það sem þarf í þessu máli og það sem þessi tillaga miðar að er að það þarf að breyta hugsunarhættinum og hitt held ég að komi af sjálfu sér.

María E. Ingvadóttir:

Herra forseti. Þessi þáltill. sem hér liggur fyrir er örugglega vel meint og sérstaklega vegna þess að með henni er vakin athygli á þeim mikla vanda sem við blasir í atvinnumálum þjóðarinnar allrar þótt vandinn sé enn meiri úti á landi. En mér finnst samt sem áður að það verði að halda sér svolítið á réttri leið vegna þess að það er mjög nauðsynlegt að fækka störfum hjá hinu opinbera og við megum ekki gleyma því að það að endurskipuleggja og hagræða hjá opinberum fyrirtækjum er ekki bara stefna núv. ríkisstjórnar heldur er það lífsnauðsyn fyrir okkur öll. Og því ber náttúrlega fyrst og fremst að stefna að því að draga saman starfsemi á vegum hins opinbera og selja ríkisfyrirtæki.

Mér finnst hæpið að tengja saman fækkun í framleiðslugreinum, sem hefur verið mjög mikil, og að fjölga störfum hins opinbera úti á landi. Það er í raun og veru nauðsynlegra að reyna að styðja við bakið á þeim sem vilja efla atvinnulíf úti á landi og auðvitað á höfuðborgarsvæðinu líka og það gerir ríkisvaldið með því að byggja það nauðsynlega rekstrarumhverfi sem þarf en hefur ekki verið gert nægilega til þessa. Má þar t.d. nefna lækkun opinberra gjalda og fleira í þeim dúr. Mér finnst líka mjög athyglisvert það sem síðasti ræðumaður kom inn á að það þyrfti að efla atvinnulíf í hinum ýmsu greinum en það verður ekki gert á vegum hins opinbera. Það verður gert af einstaklingum og samtökum þeirra en alls ekki á vegum hins opinbera og mér finnst að hafa þurfi í huga að fara ekki út af þessari réttu leið, það þarf að hagræða og endurskipuleggja opinberan rekstur og fækka þar störfum. Og þegar verið er að tala um hagræðingu þá er staðsetningin þar vissulega stór þáttur.

Hrafnkell A. Jónsson:

Herra forseti. Ég efast ekki um að flm. þessarar þáltill. vilja vel en ég verð þó að segja þótt ég eigi heima utan höfuðborgarsvæðisins að mér finnst stefnumótun af þessu tagi geta orkað mjög tvímælis. Það er talað um það í tillögu að meiri hluti nýrra starfa á vegum ríkisins verði utan höfuðborgarsvæðisins. Vitaskuld er það eftirsóknarvert fyrir byggðir landsins að fá sem stærstan hluta af nýjum störfum í opinbera geir-

anum í sinn hlut en í mínum huga er alls ekki sama hvernig að því er staðið og um hvaða störf er að ræða. Ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Stefánssyni að til að mynda flutningur Skógræktar ríkisins á Egilsstaði er dæmi um verkefni sem tókst vel aðallega vegna þess að sú stofnun, Skógrækt ríkisins, er stofnun sem hægt er að setja niður nánast hvar sem er.

Ég fullyrði það hins vegar, eftir að hafa starfað að sveitarstjórnarmálum á annan áratug, að hluti þeirrar stjórnsýslu sem sveitarstjórnarmenn þurfa að sækja er hvergi betur kominn heldur en á þessu svæði. Og til þess liggja ákaflega einföld rök. Við ræddum á fundi í gær breytingar á flugmálaáætlun. Við höfum byggt upp samgöngukerfið í þessu dreifbýla landi sem byggir mikið á flugi og við breytum þeim staðreyndum ekki svo auðveldlega. Við erum búin að setja niður nokkra flugvelli. Við erum með samgöngunet sem miðar að því að á þessu svæði sé ákveðin miðstöð og ég sé það fyrir mér að ef hluti þeirrar stjórnsýslu sem við í dag þurfum að sækja til Reykjavíkur yrði dreift verulega meira þá mundi það einfaldlega auka verulega þann kostnað sem við, sem búum utan Reykjavíkur, höfum af því að halda þar uppi því lífi sem nauðsynlegt er þannig að mér finnst að menn verði a.m.k. að hugsa sig mjög vandlega um áður en farið er að binda það í samþykktum frá Alþingi að eitthvert tiltekið hlutfall starfa í opinberri þjónustu eigi að setja niður utan Reykjavíkur.

Það má hins vegar ekki taka orð mín þannig að ég sé að leggjast gegn því að sú opinbera þjónusta sem á heima utan höfuðborgarsvæðisins og getur verið þar án þess að það auki kostnaðinn umtalsvert sé sett þar niður. Mér finnst sem sagt full ástæða til þess, jafnvel fyrir okkur sem komum úr kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness, að við hugsum okkur vandlega um þannig að við förum ekki offari í því að gæta hagsmuna dreifbýlisins, þannig að það komi ekki í bakið á okkur.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að ekki má vinna þannig að þessu máli að það valdi meiri erfiðleikum en ávinningi, t.d. með því að flytja í heilu lagi stofnanir sem þurfa að þjóna landinu öllu og best liggur við að hafa hér. Þá koma náttúrlega fljótt í upp í hugann stofnanir eins og Byggðastofnun. Við minnumst umræðunnar um hana frá því í fyrrasumar en menn töldu að hún ætti a.m.k. ekki heima uppi á Hveravöllum. Það er hins vegar ekki það sem flutningsmönnum þessarar till. er í huga, heldur fyrst og fremst hitt að það eru að verða svo gífurlegar breytingar á tækni og allri aðstöðu, reyndar í beinum samgöngum, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. nefndi áðan, en líka í tækni þannig að það skiptir kannski ekki svo miklu máli hvar menn eru settir. Menn geta unnið störfin í mikilli fjarlægð. Segja má að með hverjum degi sem líður, hvað þá heldur hverju ári, vaxi möguleikar á að dreifa þannig búsetu manna sem vinna að sambærilegum verkefnum. Það er kannski ekki síst þetta sem má hafa í huga í sambandi við þetta mál fyrir utan það sem bent hefur verið á eins og Skógræktina þar sem þetta hentar beinlínis. En það hlýtur auðvitað að vera markmið að reyna að færa þjónustuna eins nálægt þeim sem á henni þurfa að halda og mögulegt er og skipting niður í deildir er ekki eins miklum erfiðleikum háð og áður.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar viðtökur. Þær voru eins og ég reiknaði með. Frekar finnst mér þær jákvæðar og ég held að það sé ekki mikið sem ber á milli eða ég vil a.m.k. ekki trúa því að það bil sem hugsanlega væri þar sé ekki brúanlegt.

Auðvitað er það ekki meining okkar flutningsmanna með till. að vega að höfuðborg okkar Íslendinga. Reykjavík er ekki eingöngu borg þeirra sem hér búa í dag. Hún er höfuðborg okkar allra og við höfum öll verið stolt af því að eiga þessa borg. Landsbyggðin tók þátt í að byggja upp þessa borg, gera hana að því sem hún er. Um það varð friður og hún var þannig í stakk búin að hún gat sinnt því hlutverki sem höfuðborg þarf að gegna.

Nú eru málin hins vegar á þann veg að Reykjavík er vissulega orðin sjálfbjarga og vel það. Þess vegna er það ekki óeðlilegt að landsbyggðin biðji nú um örlítinn skilning á því að þar þarf mannlíf einnig að dafna. Ég trúi því að þeir sem búa hér í Reykjavík hafi skilning á því og þannig muni Reykjavík best farnast að landið sé allt í byggð. Enginn má taka það svo að þessi tillaga muni skipta hér einhverjum sköpum fyrir höfuðborgina og það muni bresta einhver flótti í liðið hér á höfuðborgarsvæðinu verði slík tillaga samþykkt. Vegna þess sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., að við megum gá að því sem búum úti á landi að við förum ekki einhverju offari í því að berjast fyrir jafnrétti í búsetu. Þar er um mikinn misskilning að ræða.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. kom auðvitað á margan hátt að kjarna þessa máls. Það eru nefnilega þær miklu breytingar sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Það eru ekki aðeins samgöngumálin. Það er ekki síður sú fjarskiptatækni sem rutt hefur sér til rúms. Það er einmitt þar sem byltingin hefur kannski orðið hvað mest. Það er hægt að tala um þessa hluti á allt annan hátt en við höfum gert áður og því þótti mér vænt um það, og lagði eyrun sérstaklega við, þegar hv. þm. Einar Kristinn, þingmaður þeirra Vestfirðinga, talaði áðan og hann sagði: „Byggðastofnun á Ísafirði." Það var mér nefnilega mjög kærkomið að hann skyldi taka svo til orða en ekki eins og menn hafa oft viljað segja, að um sé að ræða útibú frá þessari eða hinni stofnuninni. Hann sagði það nefnilega ekki. Hann tók hárrétt til orða. Hann sagði: Byggðastofnun á Ísafirði. Það er nefnilega ekkert útibú frá Byggðastofnun á Ísafirði eða Akureyri og verður ekki á Egilsstöðum heldur er Byggðastofnun á þessum stöðum með starfsemi sína.

Þeir sem starfa við þessar stofnanir, hvort sem það er vestur á Ísafirði eða norður á Akureyri eða, væntanlega innan ekki langs tíma, austur á Egilsstöðum, sitja við (**Gripið fram í:** Og á Sauðárkróki.) — og á

Sauðárkróki þarnæst, já, vonandi 1993 eins og stefnt er það — nákvæmlega sömu tækin og tólin og starfsmenn stofnunarinnar inni við Rauðarárstíg og þeir vinna nákvæmlega sömu verkin. Þetta er sú bylting sem orðið hefur í dag. Þess vegna er hægt að tala um þessi mál og koma þeim í framkvæmd sem var nánast ógjörningur áður. Á þessu þurfum við að átta okkur.

Hv. 1. þm. Reykn. sagði að við gengjum kannski svolítið á skjön við þær ætlanir sem menn hefðu heitstrengingar um, að fækka í opinberum rekstri, og þess vegna væri tillagan ekki rétt orðuð hjá okkur. Hún er hárrétt orðuð, virðulegi þm., vegna þess að við erum að tala um að meiri hluti nýrra starfa verði til utan höfuðborgarsvæðisins. Ef meining ríkisstjórnarinnar er sú að selja ríkisfyrirtækin, einkavæða allt, trúlega meira en í gegnum gjaldþrotin, er það nú einmitt svo að eftirfarandi er tekið fram í greinargerð með þáltill., virðulegi forseti:

„Nauðsynlegt er að ríkisvaldið leiti samráðs við aðra aðila er þetta varðar um að þeir auki og efli þjónustustarfsemi sína sem mest á landsbyggðinni". Ríkisvaldið getur nefnilega á mjög margan hátt stutt og hvatt einkaaðila til þess að auka og efla þjónustu sína og starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins. Hún getur gert það á margvíslegan hátt. Mér er það ljóst hversu einkageirinn vegur þungt í opinberri þjónustu. Þess vegna var þetta sett inn og tekið nógu rækilega fram.

Hins vegar er rétt, eins og var kannski nálægt því sagt áðan af einum hv. ræðumanni, að það sem þarf í þessu máli er aðeins eitt, það er viljinn. Það er bara spurning um þetta: Viljum við þetta eða viljum við það ekki? Um það snýst málið. Er með þessum tillöguflutningi verið að fara fram á eitthvað sem er ósanngjarnt eða ómögulegt? Ég held ekki. Það er ekki ósanngjarnt að þessir kostir verði skoðaðir og eins mikið af störfum og hægt er verði fært út á land og það er enginn vafi á að það er mögulegt ef vilji er fyrir hendi. Það verður að koma í ljós hér í þingsölum hvort vilji er fyrir hendi, hvort menn eru tilbúnir til að gera þessa tilraun. Ég trúi því að svo sé og vegna þeirra orða hv. 1. þm. Reykn. tek ég fram að ég las og skoðaði af mikilli athygli mjög ítarlega tillögu sem flutt var af Þorsteini Pálssyni og mörgum af þingmönnum Sjálfstfl. um byggðamál, mjög vel unnið plagg. Það er ekki hyldýpi á milli skoðana þeirra sem undir þá tillögu rita og þeirra sem hafa flutt þetta mál. Ég trúi því að Alþingi beri gæfu til þess að skoða þetta mál af vinsemd og skilningi.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég tel það hafið yfir allan vafa að andi till. er með þeim hætti að um hana getur orðið mikil samstaða hér á þessu þingi. Hins vegar má um það deila hvort það er skynsamleg ráðstöfun að setja það fram sem markmið að ákveðið hlutfall af nýjum störfum verði til utan höfuðborgarsvæðisins. Í sjálfu sér er slík viljayfirlýsing góðra gjalda verð en það skiptir þó meira máli hvernig þessi mál eru í framkvæmd. Mér sýnist á mörgu að ögn muni sneyðast um ný störf á vegum ríkisins á næstu árum einfaldlega vegna þess að staða ríkissjóðs hefur verið afskaplega veik á undanförnum árum og því er eðlilegt að hvaða flokkur sem í ríkisstjórn er muni þess verða gætt að reyna að halda utan um þau útgjöld. Ég hefði því metið það svo að til þess að uppfylla þær óskir, sem eru mjög skýrar meðal margra þingmanna og ég held að mikill meiri hluti í þessu þingi beri í brjósti, að efla hag landsbyggðarinnar, sé skynsamlegri leið að leggja áherslu á flutning starfa á vegum ríkisins út á land miðað við þá stöðu sem ríkisfjármálin eru í.

Ég vil taka það fram að flutningur starfa á vegum ríkisins út á land er erfitt verkefni. Það eru mörg ljón í veginum og þá kannski einkum og sér í lagi þeir sem starfa innan þessara stofnana. Aðferðin hefur raunar oftast verið sú að þegar rætt hefur verið um flutning ríkisstofnana út á land hefur ríkisvaldið snúið sér til starfsmanna þessara stofnana og spurt þá að því hvort þeim finnist ekki skynsamlegt að flytja sig út á land. Þeir hafa jafnan skrifað efnismiklar greinargerðir sem lúta að því að sanna það fyrir öllum aðilum að það sé afskaplega óskynsamlegt.

Ég get ekki hjá því komist að blanda inn í þessar umræður þeim hugmyndum sem hafa verið um að flytja Byggðastofnun út á land og þá til Akureyrar. Raunar var eitt af stefnumiðum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að gera það en sú hugmynd hefur mætt mikilli andstöðu innan stjórnar þeirrar stofnunar og minnir það örlítið á andstöðu sem varð innan Skógræktar ríkisins við flutning þess fyrirtækis austur á land. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þó að miðstöð Byggðastofnunar væri flutt til Akureyrar mundi Byggðastofnun enn starfa af fullum krafti á öðrum stöðum á landinu. Ég held hins vegar að mergurinn málsins í sambandi við flutning starfa á vegum ríkisins og ríkisstofnana út á land sé sá að þegar þessar stofnanir starfa þar verði viðhorf þeirra starfsmanna sem innan þeirra starfa breytt.

Það er stundum sagt, og ég heyrði það sagt fyrir skömmu, að það væri svo að þegar opinberir starfsmenn flyttu stöðvar sínar út á land yrðu engir meiri „lókalpatríotar", eins og það var orðað, og ég biðst afsökunar á að nota svo slæma íslensku, enda er gerð athugasemd við það, er það ekki? Ég bið virðulegan forseta velvirðingar á þessari slettu. Þetta er að sjálfsögðu rétt svo langt sem það nær, en ef þessi kenning er rétt á hún náttúrlega ekkert síður við þær stofnanir sem eru hér í Reykjavík. Þá eru þeir starfsmenn sem innan þeirra starfa náttúrlega mestir „lókalpatríotar". Ég biðst afsökunar, virðulegi forseti. (**Forseti:** Hv. þm. hlýtur að geta fundið íslenskt orð yfir lókalpatríota.) Ég mun freista þess, virðulegi forseti, að finna betra orð, en ég ætla að fá svolítinn umhugsunarfrest til þess. (**Gripið fram í:** Hreppapólitíkus, er það ekki?) Það má deila um það, hv. þm., hvort pólitíkus er góð íslenska eða ekki. Þetta vil ég að komi hér fram vegna þess að þetta sjónarmið, sem skapast þarna innan stofnananna, breytist þegar þær eru fluttar út á land. Viðhorfin breytast.

Að því er varðar þann grundvallarmun sem er á því að stofna til útibúa, hvort sem þau heita það eða ekki,

úti á landi eða flytja miðstöðvar út á land er það svo að t.d. á samdráttartímum, eins og við lifum núna í ríkisrekstri, gætir mjög þeirrar tilhneigingar að draga fyrst saman úti á landi. Þetta hefur t.d. komið fram innan þeirrar ágætu stofnunar Skipulags ríkisins sem hefur starfsmann á Akureyri. Það hefur verið um það rætt að leggja þá stöðu niður þó svo að Skipulag ríkisins starfi nánast ekki neitt fyrir hin stóru þéttbýlissveitarfélög en starfsemi Skipulags ríkisins miðist mjög mikið við það að aðstoða hin smærri sveitarfélög við skipulagsstörf. Það er þess vegna ekki hægt að horfa fram hjá því að það skiptir talsverðu máli hvaðan horft er á rekstur slíkra ríkisstofnana, hvort það er héðan úr Reykjavík eða ekki. Ég held því að nauðsynlegur þáttur í stefnumörkun í flutningi starfa á vegum ríkisins út á land sé að taka til gaumgæfilegrar athugunar flutning stofnana frá Reykjavík út á land.

Nefndarstörf í þessum efnum ættu nú ekki að vera mjög nauðynleg vegna þess að það vill svo til að fyrir liggur ótrúlega mikið af gögnum um þessi mál og er mér efst í huga að vitna þar í afar viðamikla skýrslu um flutning ríkisstofnana út á land sem hefur sennilega verið birt 1975. Að þeirri skýrslu stóð mjög vel mönnuð nefnd. Mig minnir endilega að formaður nefndarinnar hafi verið Ólafur Ragnar Grímsson sem þá var reyndar ekki farinn að gegna eins háum embættum og hann hefur gert síðan. Í þeirri skýrslu voru mjög margar hugmyndir um flutning ríkisstofnana út á land og m.a. tel ég mig muna það rétt að þar hafi verið lagt til að verkfræðideild Háskóla Íslands og Tækniskólinn yrðu fluttir til Akureyrar og er það þó aðeins brot af þeim ríkisrekstri sem þangað átti að flytja.

Annar mjög áberandi nefndarmaður í nefndinni var Jón Baldvin Hannibalsson. Hann hefur átt það til að gleyma hversu rækilega hann studdi það á sínum tíma að efla starfsemi háskóla á Akureyri í nefndaráliti sínu sem er mjög mikil og gagnleg lesning fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka til máls í umræðunni þar sem velflest hefur komið fram sem um hana er að segja og einnig vegna þess að mál sem ég mun flytja á eftir er að hluta til skylt þessu.

Það eru einkum þau atriði er varða störf í opinberri þjónustu sem ráku mig hingað í ræðustól. Mig langar til þess að gera athugasemdir við að gengið sé út frá því sem gefnu að mjög þurfi að fækka störfum í opinberri þjónustu á næstu árum. Inn í þá umræðu langar mig að draga þá athugasemd að oft og tíðum þýðir fækkun starfa í opinberri þjónustu minni og lélegri þjónustu við fólk, borgara þessa lands. Það tel ég mjög háskalega stefnu.

Þá gerist tvennt. Annars vegar vaxandi atvinnuleysi ef ekkert annað kemur í staðinn og það að sú þjónustuskerðing mundi í rauninni þýða meira álag á heimilin, ekki síst konurnar á heimilunum sem verða þá að hlaupa undir bagga og taka við þar sem opinber þjónusta er ekki veitt. Ég á einkum við þann samdrátt sem fyrirhugaður er í heilsugæslu og þann flata niðurskurð sem við þegar stöndum frammi fyrir. Einnig má nefna að flatur niðurskurður í skólakerfinu merkir jafnframt að meiri krafa er gerð til heimilanna, krafa sem þau eru mjög misvel í stakk búin að mæta. Fækkun opinberra starfsmanna merkir því ekki einungis að verið sé að draga úr ríkisútgjöldum heldur einnig að verið sé að auka ríkisútgjöld framtíðarinnar og auka álag á heimili í mörgum tilvikum. Ég tel að menn verði að líta á það.

Einnig vil ég taka það fram, ef það hefur ekki komið fram fyrr í umræðunni, að meginhluti atvinnuleysis um þessar mundir er einkum meðal kvenna úti á landsbyggðinni. Í janúar var 7,3% atvinnuleysi meðal kvenna á landsbyggðinni. Atvinnuleysi karla á landsbyggðinni var, að mig minnir, 4,6% sem er allt of mikið líka. Á höfuðborgarsvæðinu hafa menn haft áhyggjur af vaxandi atvinnuleysi og ekki að ástæðulausu. Þar er þó atvinnuleysi, sem betur fer, ekki orðið svo slæmt. Þetta bendir mönnum jafnframt á að gera þarf eitthvað sérstakt varðandi atvinnulíf á landsbyggðinni. Það mál höfum við margoft rætt í þingsölum og kvennalistakonur oft og tíðum haft frumkvæði að.

Ég vil að lokum taka undir það að bætt fjarskipti og sú framþróun sem orðið hefur í tölvuvinnslu auðveldar mjög að flytja margs konar opinbera stjórnsýslu víðs vegar um landið. Ég vil minna á þáltill. okkar kvennalistakvenna sem varðaði þau mál og átak í sambandi við fjarvinnslu. Þar var einkum beint tilmælum til opinberra aðila, svo sem ráðuneyta, um að flytja verkefni til fjarvinnslu víðs vegar um landið. Sú tillaga fékk góða umfjöllun og samþykkt á Alþingi þannig að þegar er búið að lýsa yfir vilja þingsins. Því miður höfum við ekki enn séð að um víðtækt átak sé að ræða enda ákveðnir byrunarörðugleikar því samfara. Vonast ég til að í framtíðinni verði þessari stefnumörkun Alþingis fylgt betur eftir en nú er orðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnumál á Suðurnesjum, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 143. mál. — Þskj. 153.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar. Tillagan er á þskj. 153 og flm. ásamt mér eru hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Steingrímur Hermannsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera átak í atvinnumálum á Suðurnesjum með sérstöku tilliti til mikils atvinnuleysis kvenna þar."

Með tillögunni fylgir stutt greinargerð sem ég ætla að leysa, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum hefur verið mjög alvarlegt á undanförnum missirum. Skráð at-

vinnuleysi kvenna þar var í október 8,4%. Ætla má að þar eins og annars staðar sé auk þess töluvert dulið atvinnuleysi. Atvinnuleysi á landinu öllu var á sama tíma að meðaltali 1,2% og atvinnuleysi karla á Suðurnesjum 1,7%.

Orsakir mikils og langvarandi atvinnuleysis kvenna á Suðurnesjum eru margvíslegar. Samdráttur hefur verið meiri í fiskvinnslu á Suðurnesjum en annars staðar, m.a. vegna þess að kvóti hefur flust þaðan í aðra landsfjórðunga.

Á árunum 1981 til 1989 varð verulegur samdráttur í fiskvinnslu á Suðurnesjum en þó hefur keyrt um þverbak á undanförnum tveimur árum og við blasir hrun í þessari atvinnugrein. Árið 1981 voru 15% starfa í Keflavík í fiskvinnslu en 8% 1989. Í Njarðvík fækkaði störfum í fiskvinnslu á sama tíma úr 13% í 6%.

Forsvarsmenn sveitarfélaga á Suðurnesjum og samtaka þeirra hafa bent á ýmis úrræði í atvinnumálum kvenna þar. Aðrir aðilar hafa einnig bent á nýja atvinnumöguleika. Flutningsmenn tillögunnar telja að atvinnuástand meðal kvenna á Suðurnesjum sé svo alvarlegt að ástæða sé til að gera sérstakt átak til að styðja sveitarfélög og einstaklinga í því að fjölga störfum fyrir konur þar."

Síðan þessi greinargerð var skrifuð og tillagan lögð fram í nóvember, hefur ástandið í atvinnumálum kvenna á Suðurnesjum því miður ekki batnað heldur versnað. Atvinnuleysi þar var í kringum 12% eða 11,8% í janúar. Atvinnuleysi karla fer einnig vaxandi þar. Á sama tíma hefur atvinnuleysið á landinu einnig vaxið allnokkuð og þrengist nú enn á vinnumarkaðinum. En þessi tala yfir atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum sker sig úr meðal allra talna um atvinnuleysi í landinu.

Atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni er orðið svo mikið að full ástæða er til að athuga það mál í heild, eins og ég gat um í ræðu minni áðan, en það var 7,3% í janúarmánuði. Ekki er hægt að skýra það atvinnuleysi nema að hluta til með því að fiskvinnsla lá niðri meiri hluta mánaðarins.

Sömu sögu er að segja um Suðurnesin. Því miður er ekki um tímabundna niðursveiflu að ræða í fiskvinnslu heldur langvarandi alvarlegt ástand. Við því verður að bregðast, til þess er tillagan flutt.

Eins og sést á fylgiskjölum sem birt eru með þáltill. skortir ekki að hugmyndir hafi komið fram um úrræði í atvinnumálum á Suðurnesjum. Þar hafa bæði opinberir aðilar, einkum þó Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, lagt hönd á plóginn og síðan hafa einstaklingar komið með áhugaverðar hugmyndir. En það sem hefur skort á er vilji stjórnvalda og e.t.v. ákveðin biðstaða sem myndast hefur við það að einatt hefur verið beðið eftir að einhver önnur úrræði leystu atvinnumál á Suðurnesjum. Þar á ég við að um langan tíma hefur atvinna á Suðurnesjum byggst ótrúlega mikið á nærveru hersins og jafnvel síðustu árin, þegar ljóst var að um samdrátt yrði að ræða þar, hefur ekki verið brugðist við sem skyldi. Þetta atvinnuleysi bitnar mjög á konum. Auðvitað er það mjög jákvæð þróun að hernaðarumsvif skuli vera að minnka út um allan heim. Þetta er sú þróun sem við kvennalistakonur höfum svo sannarlega viljað sjá. Við höfum jafnframt bent á að það væri óeðlilegt að atvinnumál á Suðurnesjum byggðust svona mikið á nærveru erlends hers. Við höfum hvatt til þess að farið yrði út í uppbyggingu til að mæta þeim samdrætti sem við vildum sjá og er nú að verða, þó af öðrum völdum sé en þrýstingi okkar.

Sem fylgiskjal með þessari þáltill. eru m.a. umræður sem urðu á Alþingi vegna fyrirspurnar sl. vor. Sú fyrirspurn varðaði áætlanir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum á Suðurnesjum til að mæta samdrætti í umsvifum Bandaríkjahers og áætlanir stjórnvalda um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

Skemmst er frá því að segja að einstakir þingmenn, einkum þingmenn Reykjaneskjördæmis, blönduðu sér í umræðuna og fannst mér því ástæða til að birta umræðuna í þingskjalinu. Af hálfu stjórnvalda kom því miður lítið annað fram um atvinnumál á Suðurnesjum en það úrræði, sem við höfum oftast heyrt að undanförnu, að þar eigi að rísa álver. Við vitum hvernig það mál stendur í augnablikinu og getum ekki spáð um hver framtíðin verður. Ég hef litla trú á því að af byggingu álvers verði og ég harma það ekki. Ég harma það hins vegar mjög að á meðan skuli tíminn ekki hafa verið notaður til þess að bregðast við því ástandi sem við höfum verið að sjá vísbendingar um og núna er orðið mjög alvarlegt og kemur engum á óvart. Þar er ég enn og aftur að tala um atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum.

Engin ein ástæða heldur margar valda atvinnuleysinu þar. Samdrátturinn á Keflavíkurvelli er ein ástæðan. Önnur ástæðan er sú að menn hafa bundið falskar vonir við blómlegt atvinnulíf í kjölfar álvers — nokkuð sem ég tel að hafi allan tímann verið ranghugmynd. En vissulega hefur verið alið á fölskum vonum fólksins.

Mikilvægasta ástæðan er þó væntanlega samdrátturinn sem hefur verið í fiskvinnslu á Suðurnesjum. Þar hefur störfum fækkað verulega, eins og ég gat um í greinargerðinni. Og ef litið er til lengri tíma má sjá enn hærri tölur þar um.

E.t.v. er ástæða til að taka dæmi. Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja hefur safnað saman afskaplega góðum gögnum um horfur og spáð fyrir um þá þróun sem orðið hefur. Á sama tíma og íbúafjöldi á Suðurnesjum hefur vaxið verulega eða alla vega úr 14.000, raunar nær 13.000, í 15.000 á síðasta áratug, hefur störfum í fiskvinnslu fækkað á þessu svæði úr 1.237 í 1.008. Í prósentum talið merkir þetta úr 20% í 14%. Þetta er þó aðeins seinasti áratugur en í athugasemdum sem ég fékk með upplýsingum frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur orðið verulegur samdráttur í fiskvinnslunni frá 1981 til 1989 en hrunið hefur orðið síðan, aðallega árið 1991. Verst hefur samdrátturinn komið við Keflavík og Njarðvík."

Það er beinlínis talað um hrun hjá þeim aðilum sem gerst hafa fylgst með atvinnumálum á Suðurnesjum. Þetta hrun í fiskvinnslu er auðvitað komið til vegna kvótatilflutnings og ég minni enn og aftur á að e.t.v.

væri ástandið öðruvísi ef byggðakvóti sá sem Kvennalistinn mælti fyrir um hefði verið tekinn upp á sínum tíma. Það var því miður ekki gert og nú stöndum við frammi fyrir því sem orðið er. Við munum ekki breyta þróuninni en getum e.t.v. haft áhrif á hana.

Vegna hruns í fiskvinnslunni og annarra atriða sem hafa valdið samdrætti í atvinnumálum kvenna á Suðurnesjum, er í rauninni svo komið að ekki dugar að grípa til hinna almennu aðgerða sem stjórnvöld hafa einatt boðað og hafnað sértækum aðgerðum. Það er einfaldlega ekki hægt, en sú mun vera fyrirætlun stjórnvalda ef þau sjá ekki að sér.

Í frétt á Bylgjunni þann 23. nóv. sl. kom eftirfarandi fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Davíð Oddsson forsrh. sagði eftir fundinn [hér er verið að skýra frá fundi um atvinnuleysi á Suðurnesjum] þegar hann var inntur eftir því hvort yfirvöld hefðu í hyggju að grípa til aðgerða að skýrt hafi komið fram að tímar hinna sértæku aðgerða væru liðnir. Vilji sveitarstjórnarmanna væri að gripið yrði til almennra aðgerða. Að sögn Davíðs skýrðu ráðherrarnir frá helstu verkefnum sem eru á döfinni hjá yfirvöldum varðandi atvinnumálin en hann vildi ekki skýra þau nánar í einstökum atriðum."

Eftir því sem ég hef komist næst er þarna ekki um eitt eða neitt að ræða. Sem betur fer hafa þó verið umræður um að eitthvað þurfi að gera en þær hugmyndir hafa yfirleitt verið mjög í loftinu, t.d. hugmyndin um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Sú hugmynd er mjög skammt komin og því miður hafa slík fríiðnaðarsvæði ekki skilað því sem ætlað var hjá þeim þjóðum sem gripið hafa þennan valkost í atvinnumálum.

Þetta er einfaldlega of lítið og þegar ástand á einu fjölmennu svæði er orðið slíkt að atvinnuleysi kvenna mælist mánuðum saman í tveggja stafa tölum er auðvitað kominn tími til sértækra aðgerða og full ástæða til. Þess vegna er lagt til að þetta átak í atvinnumálum á Suðurnesjum verði gert. Það er vilji okkar flutningsmanna að gripið verði snarlega í taumana því þarna er mjög alvarlegt ástand.

Eitt af því sem ég vil benda á í þessu sambandi er að nú er fyrirhugaður töluverður samdráttur í opinberri þjónustu á Suðurnesjum sem og annars staðar. Á fundi sem ég var á nýlega með forsvarsmönnum Heilsugæslu Suðurnesja og Sjúkrahússins í Keflavík kom fram að þær sparnaðaraðgerðir sem þeim er gert að grípa til á því svæði mun tákna vaxandi atvinnuleysi meðal kvenna sérstaklega á Suðurnesjum í sumar. Deildum verður lokað, dregið verður úr þjónustu og störfum fækkað. Þetta blasir við út um allt land og eins og ég gat um áðan í ræðu minni vegna annars máls merkir þetta náttúrlega að þjónusta við almenning er skert. Þetta er eitt af því sem t.d. væri hægt að gera mjög fljótt. Það væri að minnka niðurskurðinn vegna atvinnuástandsins og teldi ég það alveg sjálfsagt.

Auk þess er full ástæða til þess að líta á þær fjölmörgu góðu hugmyndir sem fram hafa komið á undanförnum árum, ekki síst í sambandi við ferðaþjónustu og nýtingu Blása lónsins til uppbyggingar sérhæfðrar ferðaþjónustu og jafnvel sölu á heilbrigðisþjónustu. Þetta er kostur sem er fyllilega lítandi á og eins og ferðaþjónusta skapar hann atvinnu og þar að auki gjaldeyri. En ég ítreka að það verður að grípa fljótt til þessara aðgerða.

Að lokinni þessari umræðu vænti ég þess að till. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég skil áhyggjur hv. þm. af atvinnuástandi á Suðurnesjum. Vissulega horfir þunglega og hlýtur það að valda okkur áhyggjum, en það er nú ekki eins og það böl sé bundið við Suðurnesin ein, heldur er það bundið við landið allt og þjóðin öll býr við þá áþján að hafa fengið slíka ríkisstjórn yfir sig sem virðist ætla að leggja það sem eftir var af atvinnulífinu í landinu í rúst.

Þegar ég lít yfir salinn þegar verið er að ræða um till. um atvinnumál á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis þá velti ég vöngum yfir því hvar þingmenn Reykjaness eru. Hvar eru þeir sem stóðu fyrir öllum veisluhöldunum eftir síðustu kosningar og fögnuðu sigri í Reykjaneskjördæmi? Hvað sögðu þeir þá fyrir kosningar? Að ég tali ekki um hverju þeir lofuðu fyrir síðustu kosningar. Hefði ekki verið svolítill bragur að því að þessir heiðursmenn og höfðingjar væru í salnum og tækju þátt í umræðunni? Hér og nú gefst þeim tækifæri til þess að segja þeim sem kusu þá síðast hvernig þeim hefur gengið að standa við stóru orðin. Það var ekki aldeilis svo að þeir fengju ekki ríkisstjórnina sem þeir lofuðu. Ekki aldeilis. Hún kom heldur betur. Einhver sú albölvaðasta ríkisstjórn sem við höfum fengið í langan tíma. Það var ekki aldeilis svo að hún ætti að verða það.

Mér er illa við að tala til fjarstaddra manna, en ég er hræddur um að formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Suðurnesja hafi lofað umbjóðendum sínum einhverju öðru en því atvinnuleysi sem nú ríður yfir kjördæmi hans. Ég er hræddur um það. Líka hefði verið áhugavert að hlusta á hæstv. núv. iðnrh. fara yfir tossalistann fyrir síðustu kosningar eða að ógleymdum öllum hinum þingmönnum Sjálfstfl. Það var eitthvað sem þeir lofuðu og ætluðu að gera.

Í máli frummælanda kom fram að það sem mestu hefði valdið um atvinnumálið og atvinnuleysið á Reykjanesi væri sá mikli samdráttur sem orðið hefði í sjávarútvegi. Ég geri ekki lítið úr því að það hefur komið illa við Reyknesinga og sérstaklega ákveðna hluta kjördæmisins. Menn þurfa að reyna að átta sig á því að alhæfa ekki um of í því og reyna að glöggva sig á því hvernig staðan er. (**AÓB:** Þetta eru Suðurnesin.) Ég er líka að tala um Suðurnesin. Margt hefur breyst í sambandi við stjórnun fiskveiða og við höfum orðið að ganga þar í gegnum þrengingar og þær hafa auðvitað ekkert farið fram hjá Reyknesingum frekar en öðrum þar sem sjávarútvegurinn hafði vegið þungt og víða annars staðar. En margt annað hefur líka breyst. Fiskmarkaðirnir hafa komið til og opnað ýmsa möguleika, bætt tekjur sjómanna og breytt ýmsu öðru. Það var nefnilega svo að árið 1984, sem er orðið einhvers konar viðmiðunarár vegna þess að þá var stjórnun fisk-

veiða tekin upp, var hlutdeild Reykjaness í lönduðum afla um 19,2%, en um 1990 var hlutdeild Reykjaness í lönduðum afla komin upp í 23,1%. (**AÓB:** Að meðtöldum Hafnarfirði.) Að meðtöldum Hafnarfirði, já, vissulega að meðtöldum Hafnarfirði. Ég er bara að skýra frá þeim breytingum sem orðið hafa. Þetta er það sem hefur gerst. Ég geri mér grein fyrir því að fiskmarkaðirnir vega býsna þungt, en engu að síður hefur hlutdeild Reykjaness aukist í lönduðum afla.

En ég stóð fyrst og fremst upp til þess að taka undir það með hv. þm. að ég hef áhyggjur af atvinnumálunum almennt, ekkert síður á Suðurnesjum en annars staðar og ég veit ekki satt að segja hvernig skuli verjast en við vorum í umræðunni ekki fyrir löngu og þá var ég hér með ákveðnar tölur — forsrh. dró úr því. Ég fullyrti að það atvinnuleysi sem við værum að tala um væri enn meira en þær tölur gáfu til kynna og það er akkúrat það sem hefur komið á daginn að atvinnuleysið er miklu meira en þær tölur sögðu þá.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú till. sem er til umræðu lýtur að átaki í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðum vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar. Þarna er tekið á vaxandi vandamáli sem verkafólk vítt og breitt um landið stendur frammi fyrir í dag. Full ástæða er til að taka á þessum málum, gera marktækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi sem er því miður ekki nein ný bóla.

Mér þótti ræða hv. þm. Stefáns Guðmundssonar afskaplega sérkennileg, ég get ekki að því gert. Eftir að flokkur hans, Framsfl., hefur verið í ríkisstjórn nær óslitið í 20 ár þá kemur hann hér og leyfir sér að halda því fram að vaxandi atvinnuleysi á Suðurnesjum og víðs vegar um landið sé afleiðing einhverrar ríkisstjórnar sem búin er að sitja í tæpt ár. Því miður er það ástand sem nú ríkir í atvinnumálum ekki afleiðing stjórnarstefnu nokkurra undanfarinna mánaða heldur afleiðing þeirra ráðstafana sem ríkisstjórnir hafa gert til margra ára í nær tvo áratugi. Því miður. (**ÓÞÞ:** Og hvenær komst þá núv. ríkisstjórn til valda?) Virðulegi þingmaður, núv. ríkisstjórn tók við völdum 1. maí á síðasta ári. (**FI:** Nei, nei.) 30. apríl? (**FI:** Já.) Ég þakka virðulegum þingmanni Finni Ingólfssyni að leiðrétta mig. Það er alveg bráðnauðsynlegt að kenna okkur ungunum að haga okkur hér í þessari virðulegu samkomu. En jafnframt vil ég rifja upp aftur fyrir hv. þm. Finni Ingólfssyni eins og öðrum hv. þm. Framsfl. að þeir hljóta einhvern tímann að þurfa að bera ábyrgð á því sem flokkur þeirra gerir. Þeir geta ekki alltaf talað eins og þeir hefðu hvergi komið nálægt því sem gerst hefur. Þeir komast ekkert undan því að Framsfl. hefur verið í ríkisstjórn til margra undanfarinna ára. Þeir komast ekkert undan því að það atvinnuástand sem launafólk stendur nú frammi fyrir víðs vegar um landið er afleiðing af því sem þeir eða flokkur þeirra gerði eða gerði ekki. Ég tel að mjög brýnt sé að menn líti á þetta um leið og ég tek undir það að vissulega þarf að gera átak í atvinnumálum á Suðurnesjum eins og vítt og breitt um landið.

Við stöndum kannski núna frammi fyrir því ástandi sem við höfum blessunarlega verið laus við um margra áratuga skeið, en það er ekki eitthvað sem er að detta ofan úr skýjunum akkúrat á þessum síðustu vikum. Það hefur átt sér aðdraganda og þann aðdraganda má rekja til þess að menn tóku rangar ákvarðanir. Ekki á síðasta ári, heldur á síðustu árum. Auðvitað bera aðrir ábyrgð á því með framsóknarmönnum, þeir hafa ekki verið einir við stjórn, en þeir hafa hins vegar haldið um stjórnartaumana með öðrum nær undantekningarlaust frá árinu 1971.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst nokkuð langt til seilst ef hv. þm. Hrafnkell Jónsson vill kenna mér um að ég hafi verið að skjótast undan ábyrgð á stjórnarstefnu Framsfl. með því að leiðrétta hvenær ríkisstjórnin, sem hann styður, kom til valda. Það var einfaldlega það sem ég gerði úr sæti mínu.

Það er endalaust deiluefni hverjum erfiðleikarnir eru að kenna og í hugum okkar framsóknarmanna er fyrst og fremst tekist á um tvær mismunandi stjórnarstefnur. Annars vegar það hvernig menn bregðast við í erfiðleikum og hins vegar hvernig menn bregðast ekki við. Menn þurfa ekki að fara lengra aftur en til ársins 1983 og sjá að þeir erfiðleikar sem núna eru á þessum tíma eru hreinir smámunir miðað við þá erfiðleika sem takast þurfti á við árið 1983. En það sem þar skilur á milli er að þar kom annars vegar ríkisstjórn til valda sem fannst að hún ætti að hafa það hlutverk að takast á við vandamálin, takast á við þá erfiðleika sem við blöstu í atvinnulífinu. Þá var spáð að um 5.000–7.000 manns yrðu atvinnulausir ef ekkert yrði að gert. Nú er spáð 5.000 manna atvinnuleysi og það er sennilega að nást. Ríkisstjórninni er að takast að koma á 5.000 manna atvinnuleysi. (**ÓÞÞ:** Það verður meira.) Það verður sennilega meira. En ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við árið 1983, ákvað að takast á við þessa erfiðleika með því að tryggja rekstrargrundvöll atvinnulífsins, koma á atvinnu fyrir það fólk sem blasti við að mundi missa atvinnuna. Hvernig eru þessir erfiðleikar núna í samanburði við það sem var árið 1983? Árið 1983 var þorskveiði hér í kringum 300 þús. tonn, 292 þús. tonn. Á þessu ári munu menn veiða meiri þorsk en á árinu 1983. Árið 1983 máttu menn ekki veiða eitt einasta tonn af loðnu. Á þessu ári geta menn veitt 700 þús. tonn af loðnu. Árið 1983 var engin rækjuveiði eða sáralítil. Menn voru ekki farnir að kanna djúpsjávarmiðin í rækjuveiðunum. Það var eitt af verkefnum páv. sjútvrh. að láta rannsaka þau mið og leita þar eftir veiðum. Það tókst þannig að metrækjuveiði verður á þessu ári. Verðbólgan 1983 var 140%, hún er 5% á þessu ári. Það var ekki þessi ríkisstjórn sem náði verðbólgunni niður í 5%. Fyrri ríkisstjórn tókst það í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Þannig mætti lengi bera saman og sjá hvernig ríkisstjórnir bregðast við erfiðleikunum. Það er mismunurinn á því hvernig þessi ríkisstjórn bregst við með því að segja við launafólk í landinu og segja við atvinnulífið: Okkur kemur þetta

ekkert við, þið verðið að bjarga ykkur sjálfir.

Fyrri ríkisstjórn, hvort sem það var ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við árið 1988, eða 1983, fannst hún hefði það hlutverk að tryggja atvinnu í landinu og skapa þau rekstrarskilyrði atvinnulífsins að hér væri lífvænlegt en sagði ekki: Okkur kemur þetta ekkert við.

Þær skuldbreytingar sem gripið var til árið 1988, á þeim tíma þegar erfiðleikar blöstu við, til þess að tryggja rekstrargrundvöll atvinnulífsins gerðu auðvitað ráð fyrir því að atvinnulífið hefði rekstrarskilyrði og meðan framsóknarmenn fóru með forustu efnahagsmála á þeim tíma í sjávarútvegi og í forsrn., sem fer með yfirstjórn efnahagsmálanna, þá fannst mönnum hlutverk sitt á þeim bæ vera að tryggja atvinnulífinu í landinu rekstrarskilyrði. Enda tókst það árið 1990. Þá var sjávarútvegurinn í fyrsta skipti í langan tíma rekinn með 2,5% hagnaði. Árið 1991 er hann rekinn með 1% hagnaði. Það er hagnaður í sjávarútveginum til að byrja með í upphafi árs 1991, en eftir að ríkisstjórnin tekur við og gerir ekki neitt og segir einfaldlega „okkur kemur þetta einfaldlega ekkert við" fer atvinnulífið fyrst að tapa. Núna við þessa stöðu er því spáð að tap sjávarútvegsins sé 4%. Þá er ekki, hv. þm., farið að taka tillit til þeirra álagna sem voru lagðar á sjávarútveginn í formi ýmiss konar skattlagningar í janúar þegar bandormurinn var samþykktur. Það eru viðbótarútgjöld fyrir sjávarútveginn sem tapar í dag í kringum 4%, 650 millj. Útgerðin í landinu veltir um 40–45 milljörðum þannig að þetta er viðbótartap fyrir útgerðina upp á 2% sem ríkisstjórnin er einfaldlega að leggja á atvinnulífið. Það voru ekki flokkar sem eru núna í stjórnarandstöðu sem þetta samþykktu. Það voru ríkisstjórnarflokkarnir og sá flokkur sem hafði forustu um það var Sjálfstfl. sem hv. þm. Hrafnkell Jónsson styður.

Þannig mætti auðvitað lengi telja. Að fara langt aftur í tímann til þess að segja: Ja, þetta er allt saman fyrri ríkisstjórnum að kenna, allt saman Framsfl. að kenna. Framsfl. er ekkert að skjóta sér undan ábyrgð, það er mikið langt frá því. Ýmiss konar erfiðleikar og sjálfsagt rangar ákvarðanir hafa verið teknar á mörgum sviðum. Framsfl. er tilbúinn til þess að axla alla þá ábyrgð sem er samfara því en hann vill líka að það komi fram að það sem núna er gert og það sem menn aðhafast ekkert það er ekki Framsfl. að kenna, það er einfaldlega vandamál þeirra flokka sem núna stjórna, getuleysi þeirra til þess að takast á við vandamálin.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og vænta mátti voru söguskýringar hv. þm. Finns Ingólfssonar í takt við það sem kemur gjarnan úr framsóknarherbúðunum. Ég vænti þess að hann eins og vonandi flestir, jafnvel allir hv. þm., hafi horft á hv. þm. Steingrím Hermannsson í sjónvarpinu í gærkvöld. Þar kröfðu fréttamenn hann skýringa á því hvort hann teldi í fyrsta lagi að stjórnarstefna flokks hans hefði verið röng og reyndar það sem ég tók sérstaklega eftir, hann var inntur eftir því hvernig Framsfl. hefði brugðist við vandanum í dag. Ég er kannski tregur, alla vega fékk ég ekki þau svör sem gerðu mér það ljóst hvernig hv. þm. Steingrímur Hermannsson og flokkur hans, Framsfl., hefðu brugðist við því ástandi sem er í dag. Ég fer þess vegna fram á það við einhvern af hv. þm. Framsfl. að þeir upplýsi mig og aðra hv. þm. um það hvernig þeir hefðu brugðist við þessu. Það skiptir auðvitað miklu máli þegar við erum að fjalla um jafnalvarlega hluti og vaxandi atvinnuleysi, fjöldaatvinnuleysi, þá skiptir auðvitað miklu máli að fá allar hugmyndirnar upp á borðið. Fá upp á borðið lausnirnar sem mundu leysa vandann. Þess vegna ítreka ég það að ég vil gjarnan fá að sjá hvað það er sem menn mundu gera í dag, hvaða önnur ráð en hún hafði, sú getulausa ríkisstjórn sem hv. þm. Finnur Ingólfsson var að segja frá hér áðan.

Hann sagði ýmislegt fleira. Hann minnti m.a. á að í lok ríkisstjórnarsamstarfs, sem Framsfl. átti að aðild að, stofnaði jafnvel til, ríkisstjórnar sem fór frá völdum 1983, hefði tekist að koma verðbólgunni upp í meiri hæðir en dæmi eru til hér á landi og þarf væntanlega að fara til Suður-Ameríku til að finna samjöfnuð nema hægt væri að finna hann í nýfrjálsum ríkjum Austur-Evrópu í dag. (**Gripið fram í:** Var ekki sú ríkisstjórn undir forsæti sjálfstæðismanns?) Sú ríkisstjórn var undir forsæti Sjálfstfl., það er rétt virðulegi þingmaður. (**Gripið fram í:** Mér finnst sjálfsagt að kenna Framsfl. um.) Ég held hins vegar að það sé alveg nauðsynlegt fyrir aðra sem áttu aðild að þeirri ríkisstjórn en þann hluta Sjálfstfl. sem studdi hana, bæði framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn að muna eftir því að þeir áttu aðild að þessu. En hv. þm. Finnur Ingólfsson rifjaði upp að ýmislegt sem ekki var til staðar árið 1983 höfum við í dag, t.d. aukinn afla á ýmsum sviðum. Þess vegna vekur það mér, fávísum manni, enn frekar spurningar um það hvernig stendur á því að svona er fyrir okkur komið í dag. Er það einfaldlega eitthvað sem hefur gerst frá því 30. apríl 1990? (**StG:** Já, það er málið.) (**Gripið fram í:** Það er málið.) Þá ítreka ég enn og aftur, hv. þm.: Nú segið þið okkur hér, og þjóðinni þá væntanlega um leið, hvað er það sem þið hefðuð gert og getað gert sem hefði komið í veg fyrir það? Hvar eru þau fleiri þúsund störf sem vantar í dag? (**Gripið fram í:** Þau voru til í vor.) Hvernig hefðuð þið viðhaldið þeim?

Við höfum heyrt ýmsa spámenn tala um að vaxtastigið hafi sett allt úr böndunum. Þess vegna tók ég sérstaklega eftir því í fréttum í gærkvöld þegar rætt var við einn af bankastjórnum Landsbankans, Halldór Guðbjarnason, sem fullyrti að það væri ekki vaxtastigið hér á landi sem hefði sett allt úr böndum, vaxtastigið hér væri undir því sem væri í nágrannalöndunum. (**Gripið fram í:** Trúir þú því?) Það er spurning hvort ég á að trúa því. Ég ætla að leggja það í ykkar dóm hvort þið trúið því. Eða hafa mennirnir, sem hafa sagt okkur að það væri vaxtahækkun síðustu mánaða sem sett hefði allt úr skorðum, verið að skrökva að okkur? Það hafa sem sagt vaknað býsna margar spurningar um þetta.

En ég ítreka enn og aftur að mér er meir í mun að fá lausnir sem geta leitt til þess að við snúum við þeirri þróun sem við horfum upp á í dag með sívaxandi at-

vinnuleysi heldur en hitt að hv. þm. Finnur Ingólfsson eða einhver annar virðulegur þingmaður Framsfl. geti beinlínis sannfært mig um að það séu athafnir ríkisstjórnarinnar sem setið hefur síðustu mánuði sem hafi valdið þessu. Ef þeir geta sýnt mér fram á það með rökum og það hvernig væri hægt að snúa þessu við þá tek ég því með þökkum. Ég tel það nefnilega meira mál, virðulegu þingmenn, að taka á þessum málum en stunda það „skuespil" sem þingmenn hafa stundað í fjölmiðlum undanfarna daga út af því hvernig þeir greiða atkvæði.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að við erum kannski búin að stækka Reykjanesið dálítið. Menn eru farnir að tala almennt um ástand atvinnumála í landinu og það er í sjálfu sér gott að taka þá umræðu hér upp. En ég veit að hv. þm. Hrafnkell Jónsson er velviljaður maður og hann biður um lausnir. Ég skil það af hans máli að hann finnur ekki þær lausnir í þeim flokki sem hann er í. Við framsóknarmenn höfum auðvitað þær lausnir og hann getur aðstoðað þingið og þjóðina við að þær lausnir komi fram. Það er með því að hætta stuðningi við þessa ríkisstjórn. Með því að losna við ríkisstjórnina fá menn betri ríkisstjórn og aðrar lausnir en þessi ríkisstjórn hefur leitað. (**HAJ:** Hvaða lausnir?) Nú hef ég ekki hér nema sáralítinn tíma því þetta er andsvar, hv. þm., til að skýra nákvæmlega út hvaða lausnir við framsóknarmenn höfum á þessum vandamálum. En þær hafa auðvitað, hv. þm., verið skýrðar fyrir þér og þjóðinni og var síðast gert í ágætu sjónvarpsviðtali í gærkvöldi sem þú vitnaðir í, m.a. með því að menn hefðu viljað tryggja hér áframhaldandi þjóðarsátt sem þarf m.a. að taka tillit til þess að vaxtastigið sé lágt í landinu. Þú vitnaðir í ágætan bankastjóra, Halldór Guðbjarnason, sem sagði að vextirnir væru síður en svo hærri hér á landi en annars staðar. Það kann vel að vera rétt, ég ætla ekki að draga það í efa. En hvað hafa þeir þá verið þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá? Þá er alveg ljóst að þeir hafa verið miklu lægri í samanburði við aðrar þjóðir. Það er kannski sá samanburður, hv. þm., sem ekki skiptir öllu máli, þ.e. hvert vaxtastigið er annars staðar heldur það hvernig okkur tekst að halda vöxtum hér niðri. (Forseti hringir.) Fyrirgefðu, virðulegi forseti, ég er rétt að ljúka máli mínu. En þær leiðir sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur valið í niðurskurði á ýmsum sviðum opinberra framkvæmda munu þegar fram líða stundir, og það mun hv. þm. sjá þegar á þetta ár líður, ekki skila því sem áætlað var vegna þess að allar þær hugmyndir sem uppi eru um sparnað á ýmsum sviðum munu ekki ná fram að ganga.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill áminna þingmenn um að gæta réttrar hefðar við að ávarpa forseta og þingmenn.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek það auðvitað gott og gilt þótt menn fari aðeins út fyrir efnið og ræði almennt stefnu ríkisstjórnarinnar og hvaða áhrif hún hefur á atvinnumál hér á landi en kaflar í ræðu seinasta ræðumanns voru allfjarri því sem hér er til umræðu. Vissulega er hluti af vandanum á Suðurnesjum, þessu mikla atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum, vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar núna að undanförnu. Í rauninni er þar verið að bæta gráu ofan á svart og við því máttum við ekki. Sá hluti lýtur ekki síst að því að fyrirsjáanlegur er samdráttur í opinberri þjónustu og atvinnuleysi því samfara. Það er jafnframt vegna þess að með vaxtabyrði fyrirtækjanna — ég ætla ekki að nota þennan stutta tíma til að fara út í hártoganir um hverjir vextir eru hér samanborið við önnur nágrannalönd — er slík að þau standa mjög illa. Og allir eru sammála um það, bæði vinnuveitendur og launþegar, að vaxtalækkun sé eitt aðaltækið sem menn hafa til að ná betra ástandi í fyrirtækjum. Það þarf að laga vextina. Um þetta deila engir. Ég held því að þetta tvennt sérstaklega varði atvinnumál kvenna á Suðurnesjum eins og annars staðar og magni það slæma ástand sem þar er.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Nú hafa kviknað líflegar umræður og ég sakna þess að þingflokksformaður Alþfl. skuli ekki vera við umræðuna. En það er með hann eins og ráðherrana sem eru fjarverandi.

En ég verð að byrja á því, virðulegur forseti, að leiðrétta samþingmann minn, Finn Ingólfsson, sem annars flutti hér hið besta mál. Hann sagði að síðasta vor, þegar ríkisstjórnin tók við, hefði hún bókstaflega ekki gert neitt. Það væri nú kannski í lagi ef hún hefði ekki gert neitt. Það sem hún gerði var alveg heilmikið. Hún hefur nánast lagt atvinnulífið í rúst á þessum fáu mánuðum. Hún byrjaði á að hækka vexti í landinu, íþyngja atvinnufyrirtækjunum og ég segi það hér að vaxtahækkunin ein og aðrar beinar íþyngjandi aðgerðir fyrir sjávarútveginn kosta hann milljarða. Það er það sanna í málinu. Á sama tíma koma svo þessir menn og halda að þessi atvinnugrein geti borgað hærri laun. Ég er sammála því að hún þyrfti að gera það og það verður að búa þannig um hnútana að hún geti borgað hærra fiskverð og hærri laun ef við ætlum að halda fiskinum og afurðum hans hjá okkur hér innan lands og njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar í landinu.

Nei, það var byrjað á því að rústa grundvöllinn og svo ætla þessir heiðursmenn og herrar að fá að skipuleggja á rústunum. Þá á hagræðingin að byrja í gegnum gjaldþrotin og þá vitum við hverjir það verða sem munu fá atvinnufyrirtækin. Þá vitum við hver samkeppnisstaða fyrirtækjanna mun verða. Þetta er leikurinn.

Hv. þm. Hrafnkell Jónsson spurði einmitt um það og gat þess að hér hefði allt verið í rúst þegar Framsfl. skildi við. Nú vitna ég í ekki ómerkari mann en leiðtogann sjálfan, Davíð Oddsson, og við skulum aðeins staldra við. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson. sagði í stefnuræðu sinni, sem auðvitað Hrafnkell og aðrir sjálfstæðismenn hafa skrifað undir, virðulegi forseti — ég er klár á því að forsetinn kann þetta utan að. En í stefnuræðunni segir: „Við Íslendingar búum nú við

betri kjör en flestar aðrar þjóðir.“ Þetta er fyrsta línan í stefnuræðunni. Síðan kemur tveimur línum neðar, hv. þm.: „Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa.“ Viðskilnaðurinn var þá ekki verri að áliti forsrh., eftir þessi 20 hörmungarár sem íhaldið og kratarnir hafa verið að staglast á að séu nánast glötuð ár.

Hv. þm. spurði hvað hafi gerst á þessum 20 árum og hvað Framsfl. gerði því það er eins og Framsfl. hefði einn verið við völd í þessi 20 ár. Vissulega hafa kraftaverk verið gerð á þessum tíma. En Framsfl. var ekki einn, hann átti í samstarfi við marga flokka, það er rétt. Hann átti í samstarfi við marga flokka og margir góðir menn lögðu hönd á plóginn við að breyta því þjóðfélagi sem þá var og gerðu það að því velferðarþjóðfélagi sem það er í dag og menn hafa nú lagt til atlögu við að brjóta niður. Hvar var landhelgi okkar Íslendinga þegar Framsfl. tók við fyrir 20 árum síðan? Hvar var hún eftir viðreisnarárin? 5.000 ferkílómetrar. Engar hugmyndir uppi eða að umræður hefðu farið fram um að við þyrftum eða ættum að reyna að stækka fiskveiðilögsöguna. Hver var fiskveiðilögsagan þegar Framsfl. fór frá? Hún var rúmir 5.000 ferkílómetrar en hún er nú 758.000 ferkílómetrar. Er þetta ekki grundvöllurinn að þeirri hagsæld sem hér hefur verið byggð upp? Hvar var togaraflotinn á þessum árum eftir viðreisnarárin? Það var ekki bara að hér væri atvinnuleysi um allt. Hvar var togaraflotinn? Hvað ætli það hafi verið margir togarar til í landinu þá? Við þurftum ekki fingur annarrar handar til að telja þá. Togaraflotinn var á þessum árum byggður upp frá grunni og meira en það. Allur frystiiðnaðurinn var einnig byggður upp frá grunni. Ég trúi því ekki að hv. þm. hafi ekki glöggvað sig á þessu.

Ég trúi því ekki heldur að hv. þm. hafi ekki áttað sig á því hvað hefur verið gert í heilsugæslumálum og sjúkrahúsmálum, vítt og breitt um landið. Í samgöngumálum, í skólamálum og svona gæti ég haldið áfram að telja. En því miður er tími minn hér of skammur til að telja upp öll afrek síðasta 20 ára tímabils Framsfl. Ég er stoltur af því. (**Gripið fram í:** Það er talað um sukkið.) Já, það er kallað sukkið. Sumir hafa talað um ár hinna glötuðu tækifæra, þessi 20 ár sem Framsfl. hefur verið í ríkisstjórn, þegar honum tókst að endurskipuleggja það þjóðfélag sem hér var. (**Gripið fram í:** Í samstarfi við aðra.) Ég var búinn að taka það fram, virðulegur þingmaður, að Framsfl. var ekki einn, margir komu hér að. Framsfl. tókst að beisla öfgarnar til hægri og vinstri. Þess vegna fengum við jafnákjósanlegt þjóðfélag og við höfum í dag. Það er miðjumoðið sem íhaldið talar gjarnan um. (**ÓÞÞ:** Miðtaflið á skákborðinu.)

Hv. þm. krafðist þess að Framsfl. gerði grein fyrir stefnu sinni varðandi það hvað nú ætti að gera. Það var ekki seinna vænna. Það eru fleiri en Matthías Bjarnason sem sjá að spyrja þarf Framsókn að því: Hvað eigum við að gera? Það eru fleiri en hann sem eru farnir að átta sig á því. Ekki eru nein ráð í þingflokksherbergi Sjálfstfl. á þýsku húsgögnunum. Nei, það væri betra að þeir hefðu setið á innlendri framleiðslu þar — ég býst við að hugsunin væri skýrari ef það hefði verið. En það er sjálfsagt til að styrkja íslenskan iðnað, a.m.k. létum við framsóknarmenn okkur duga að kaupa innlendan iðnað þegar keypt voru húsgögnin í þingflokksherbergi. Enda er hugsunin skýr.

En hvað ætlar Framsfl. að gera? Hv. þm. sagði að hann hefði ...(Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Nú er forseta nóg boðið.) Gengur fram af virðulegum forseta, eða er tíma mínum að ljúka? (**Forseti:** Tímanum er lokið.) Tímanum er lokið. Þá skal ég stytta mál mitt. En nú ætlaði ég að fara að fræða hv. þm. um ráð okkar framsóknarmanna. Það er illt að tíminn skuli vera búinn því að ég veit að virðulegur forseti hefði gagn af því að hlusta á þær tillögur sem Framsfl. er með.

Þrátt fyrir minni afla sem við erum sammála um að draga úr hafinu hefur okkur tekist að fá aukið verðmæti úr því takmarkaða magni sem verið hefur. Við vorum að leggja grunn að því að ná stóraukinni hagræðingu í greininni. Og vegna þess — og það eru mín lokaorð, virðulegi forseti, — að hv. þm. hlustaði af mikilli athygli á formann okkar í gærkvöldi, og ég sé það á honum að hann hefur sofið vært og vel á eftir og er vel hvíldur eftir þann sjónvarpsþátt, þá var það eitt sem fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson gleymdi að geta um í þeim þætti, hann gleymdi að geta um ávinninginn. Á þessum stutta tíma tókst greininni, sjávarútveginum, að leggja til hliðar í Verðjöfnunarsjóðinn 3 milljarða kr. Núv. ríkisstjórn kemur sér ekki einu sinni saman um það hvert hún eigi að útdeila því aftur.

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson skýrði ýmislegt fyrir mér sem ég hef ekki skilið áður. Hann rakti þankagang okkar sjálfstæðismanna til þess á hverju við sitjum. Okkar hugsunarferill er hérna uppi í höfðinu en ýmsir hugsa eitthvað neðar. Það kann að vera að sé skýringin á ýmsum þeim athugasemdum sem hv. þm. Framsfl. hafa staðið að í gegnum árin.

Eins vil ég gjarnan upplýsa hv. þm. um það að þegar sjálfstæðismenn móta sínar skoðanir þurfa þeir ekki að láta skrifa upp á það. Það er aðall okkar sjálfstæðismanna að við stöndum keikir fyrir frjálsri skoðanamyndun og þurfum ekki að ganga fyrir hvers manns dyr í okkar flokki til að láta skrifa upp á það hvaða skoðanir við höfum eða hverju við höldum fram.

Hv. þm. tíundaði ýmis afreksverk Framsfl. á undanförnum árum en eftir sem áður hef ég ekki fengið svör við því hvers vegna við búum ekki betur en við gerum í dag eftir alla þessa uppbyggingu. Skýringanna er ekki að leita í því sem gerst hefur undanfarna mánuði. Þær eiga sér lengri rót. Ég er búinn að starfa að kjaramálum í á annan áratug og það er engin ný bóla að hér sé láglaunafólk, t.d. í fiskvinnslunni og reyndar vítt og breitt í þjóðfélaginu. Það er ekkert að gerast núna á síðustu vikum eða mánuðum. Hvers vegna hefur okkur ekki tekist að skapa öllum landslýð betri kjör en raun ber vitni? Eftir sem áður get ég tekið undir þau orð sem vitnað var til hér áðan og hæstv. forsrh. mun hafa látið falla í sinni stefnuræðu að við búum

í einhverju besta þjóðfélagi á jörðinni — þrátt fyrir 20 ára stjórnarsetu Framsfl.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög skemmtileg ræða sem hv. þm. Stefán Guðmundsson flutti hér áðan og fróðleg fyrir ýmissa hluta sakir. Við heyrðum aldeilis ágætt viðtal við flokksformann hans í gærkvöld sem mér líkaði mjög vel og gat tekið undir í flestu. En ég get ómögulega tekið undir það að Framsfl. hafi haft einhverja meginforustu í landhelgismálum. Við vorum reyndar fulltrúar allra flokka á hafréttarráðstefnu og þar var Þórarinn Þórarinsson svo sannarlega nýtur og gegn fulltrúi Íslands meðal annarra sem þarna voru. Þar var t.d Lúðvík Jósefsson líka og hann var ekki síðri í landhelgisbaráttunni. Og þar var Benedikt Gröndal.

Svo held ég að við sjálfstæðismenn höfum töluvert látið til okkar taka, a.m.k. í 200 mílunum og á ýmsum öðrum sviðum hafréttarins. Þetta er kannski smáatriði nú. Við erum búin að fá þessar 200 mílur. Þær heyra fortíðinni til og eru enginn fortíðarvandi og verða aldrei.

En það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að einn flokkur á ekki að reyna að eigna sér það sem hann alls ekki á og hann hafði sko aldeilis ekki neina forustu í landhelgismálunum. Við skulum bara láta markþað liggja á milli hluta hverjir af okkur, sem vorum þarna í heilt ár samanlagt, alltaf tvisvar á ári, einn mánuð að vetri og annan að sumri, hafi staðið sig best.

Ég held að við höfum verið sammála um alla baráttuna um það er lauk. Við eigum þetta öllsömul. En þetta eru svo lítil mál núna vegna þess að stórmálin eru fram undan. Við getum friðað allan Reykjaneshrygginn, 350 mílur. Ég sagði það hér fyrr í dag. (Forseti hringir.) Þetta er allt saman í hendi, um það eigum við að sameinast og ekki að rífast um það sem liðið er. Nú hringir forseti í mig en af því að hv. þm. Stefán Guðmundsson fékk að tala hálfa mínútu umfram tímann, þá ætla ég að tala í 20 sekúndur og segja: Verum sameinuð í landhelgismálunum og vinnum þá sigra sem eru í hendi.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svolítið einkennilegt þegar umræður fara hér fram og talað er til Framsfl., að þá er eitt alveg klárt: Framsfl. er kennt um allt sem miður hefur farið. Það virðist ætíð standa upp úr mönnum. Allt sem hefur farið miður í 20 ár er Framsfl. að kenna. Ég tók það skýrt fram, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, og vil síst af öllu þurfa að eiga deilur við þann ágæta mann hér, við þurfum ekki að deila um þetta því svo mikið veit hv. þm. um þessi mál að við þurfum ekki að deila, ég veit að við erum sammála. Ég margtók það fram í máli mínu að Framsfl. hefði ekki verið einn í ríkisstjórn. Við hefðum átt samleið með mörgum góðum mönnum við að koma þessum málum fram, en við hefðum brúað bilið milli öfganna. Framsfl. hefði gert það og þess vegna hefði okkur tekist að byggja upp þjóðfélag sem er betra en hjá flestum öðrum þjóðum. Nú eru öfgarnar komnar til valda og nú er verið að mölva það þjóðfélag niður sem Framsfl. tókst að byggja upp með aðstoð annarra góðra manna.

En hvað landhelginni viðkemur, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, og það veit þingmaðurinn að landhelgin við Ísland hefur aldrei verið færð út nema Framsfl. hafi verið í ríkisstjórn. Hún hefur aldrei verið færð út nema Framsfl. hafi átt aðild að ríkisstjórn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég efast um að þegar hv. 9. þm. Reykn. mælti fyrir þessari þáltill. hafi hana órað fyrir að umræður færu á þann veg sem þær hafa nú farið. Þessi tillaga fjallar nefnilega um áhyggjur þingmanna Reyknesinga af atvinnuleysi kvenna á Reykjanesi en ekki um ágæti Framsfl. eða Sjálfstfl. eða annarra stjórnmálaflokka. Ég ætla því alveg að sleppa að lesa upp og skýra ágæti flokksformanns míns. Það er öllum landslýð ljóst hverju hann fékk áorkað þegar hann hafði til þess afl. Ég ætla ekki að gera það að meginefni. Það er líka ánægjulegt að sjá hér einn alþýðuflokksmann í salnum. (Gripið fram í.) Eru þeir orðnir tveir? Mér hafði satt að segja dottið í hug að auglýsa eftir þeim í hinu víðlesna blaði, Alþýðublaðinu, því að þeir hafa ekki sést hér lengi. Hins vegar er alveg augljóst að með komu varamanna Sjálfstfl. inn á þing virðist allur flokksagi hafa farið úr böndunum. Þessir menn standa hér og tala heilu og hálfu dagana vitandi það ekki að þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki opnað munninn hér í vetur að undanskildum ráðherrum. Ég ætla að biðja menn að ræða við þingflokkinn um hvort hér er eitthvað að fara úr böndunum hjá þeim.

En svo ég víki að því máli sem hér er á dagskrá, þá get ég mjög vel skilið að þingmenn Reyknesinga hafi miklar áhyggjur af atvinnuleysi kvenna á Reykjanesi, en miklu meira áhyggjuefni er þó það atvinnuleysi sem við erum að horfa framan í á Íslandi í fyrsta skipti að því marki sem það nú er. Mér dettur ekki í hug að gera hér að umræðuefni hverjum það er að kenna. Hitt er annað mál að það er nýtt í Íslandssögunni, alla vega í sögu lýðveldisins, að svo alvarlegt atvinnuleysi blasi við sem nú gerir. Og ég held að menn ættu aðeins að hugsa það mál til enda. Við þekkjum atvinnuleysi hundruð þúsunda manna í nágrannalöndunum en þar er dálítið önnur staða. Þar geta menn búið ævilangt í tiltölulega ódýrum íbúðum. Menn hafa ekki þann skuldaklafa á herðunum sem íslenskt fjölskyldufólk býr við. Mér er satt að segja óskiljanlegt hvað um það fólk verður sem missir atvinnu, þótt ekki sé nema í nokkra mánuði, með þær atvinnuleysisbætur sem boðið er upp á hér. Í Danmörku t.d. er atvinnulausum manni boðnar 10 þús. danskar kr. sem eru um 100 þús. kr. á mánuði. En það er auðvitað vegna þess að Danir hafa fyrir löngu horfst í augu við þá skelfilegu staðreynd að fólk verður að lifa við það að vera atvinnulaust til frambúðar og ætlast ekki til að fá vinnu.

Okkar kerfi er allt öðruvísi og ég satt að segja skil ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn getur átt rólega stund þegar hugsað er til þess að hundruð manna missi atvinnu sína því að engin fjölskylda í landinu er undir

þetta búin og ekkert þjóðfélagsafl getur komið þar á móti sem getur séð um að þetta fólk geti haldið áfram að lifa eðlilegu lífi þó að samfélagið geti ekki útvegað því atvinnu. Við vitum það öll hversu lítið íslenska fjölskyldan þolir af tekjumissi vegna þess að venjan er að um hver einustu mánaðamót er búið að ráðstafa hverri einustu krónu sem inn kemur. Það þarf auðvitað ekkert til þess að allur kastalinn hrynji yfir höfuðið á fólki. Og hvað ætla stjórnvöld þá að gera? Ég hlýt að spyrja. Það er auðvitað með öllu óskiljanlegt hvað menn virðast vera andvaralausir varðandi þetta vandamál. Hvað ætla menn að gera við allar fjölskyldurnar *sem missa íbúðirnar sínar eftir örfárra mánaða* atvinnuleysi? Hvar ætla menn að hýsa þetta fólk? Og á hverju á þetta fólk að lifa? Atvinnuleysistryggingar ráða ekki einu sinni við þær lágu atvinnuleysisbætur sem við höfum í landinu, hvað þá hærri bætur. Eiga sveitarfélögin að hlaupa undir bagga? Eru þau í stakk búin til þess að veita þessu fólki framfærslu? Ég er ansi hrædd um að það gæti orðið erfitt. Ég býst við því að Félagsmálastofnunin í Reykjavík sé farin að finna alliflilega fyrir þessu ástandi þar sem fullfrískt og vinnufúst fólk neyðist til að leita til Félagsmálastofnunar og fá lágmarksframfærslu sem er auðvitað ekki einu sinni fyrir mat, hvað þá öllu öðru sem fólk þarf að greiða.

Síðan geta menn rifist um hvort þessi kreppa er raunveruleg eða óraunveruleg. Að mínu viti er hún gjörsamlega óraunveruleg vegna þess að eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. v. þá varð alls ekki sá halli á útflutningsgreinunum sem menn höfðu búist við vegna þess að þó að afli væri minni, þá var verðmæti aflans þeim mun meira.

Auðvitað er alltaf hægt að búa til vandamál. En hvað eru menn að gera um leið og ástandið er að verða svona í atvinnumálum? Það er verið að minnka þjónustu við sjúklinga, það er verið að hækka greiðsluverð lyfja, það er verið að skera niður í skólakerfinu, það er verið að draga úr lánum úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Við hljótum að spyrja: Hvert er eiginlega verið að fara með þetta samfélag?

Svo koma menn hér og þenja sig, hvort sem þeir hafa leyfi til þess að tala eða ekki. Ég sá að hæstv. forseta drauðbrá þegar ótíndir varaþingmenn Sjálfstfl. fóru að halda langar ræður. Menn voru að jagast um það hvað hæstv. fyrrv. forsrh. hefði gert og allir hans áar. Hvers konar ábyrgðarleysi er þetta? Ég bið menn að taka þá *tillögu alvarlega, sem hér liggur fyrir*, og yfirfæra hana á samfélagið allt og yfir bæði kynin vegna þess að hér er að skapast slíkt ástand í atvinnumálum að ég hygg að við höfum aldrei horft framan í annað eins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er kominn ágætur þingmaður austan af landi, hv. 3. þm. Austurl., og færir okkur ferska vinda inn í þessa stofu og það er vel. Hann hefur, eins og margir aðrir, áhyggjur af því hvað er að gerast í íslensku þjóðfélagi og það er líka vel.

Hér er einnig kominn vestan af landi, frá Vestfjörðum, ágætur þingmaður, hv. þm. Pétur Sigurðsson og hann var einn af þeim sem þorði að kannast við fortíð sína og varði af karlmennsku það sem fyrri ríkisstjórn hafði gert í atvinnumálum.

Ég ætla að svara í örfáum atriðum því hvað við framsóknarmenn hefðum gert hefðum við verið við völd.

Eitt prósentustig í atvinnuleysi kostar íslenska ríkið 600–700 millj. eftir því sem hæstv. félmrh. segir okkur. Tvö prósentustig kosta þá 1.200, þrjú kosta 1.800, ef við veljum lægri töluna, fjögur kosta 2,4 milljarða og fimm prósentustig kosta í 3 milljarða. *Spurningin er þessi: Allar þjóðir Evrópu hafa snúist* þannig við að þær hafa notað tvær aðferðir til að sækja fram og verjast í slíkri stöðu. Annars vegar að greiða atvinnuleysisbætur og hins vegar að nota opinbert fé til stuðnings því að koma á atvinnu. Það var gert í Bretlandi undir stjórn Thatcher. Allt að 80% voru greidd úr opinberum sjóðum til þess að greiða vinnulaun ef menn sköpuðu ný störf. Þetta var stiglækkandi í fimm ár. En hvað segir frjálshyggjan á Íslandi? Hún segir bara: Við látum flatreka.

En nú ætla ég að ganga svolítið nær þingmanninum. Ég ætla að fara beint austur. Íslendingar hafa saltað síld og selt hana Rússum. Við framsóknarmenn hefðum haldið áfram að salta síldina af því að það er veðrmætara að selja hana sem saltaða síld en setja hana í gúanó. Við seldum Stalín gamla síld. Hann þótti ekki góður. Við seldum Krússa síld. Það þóttu gallar á þeim manni. Við seldum Brezhnev síld og Gorbatsjov og svo tók Jeltsín við. Var ekki loksins kominn maður sem hægt var að skipta við, fulltrúi Sjálfstfl. í Rússlandi? Það þurfti ekkert annað en senda honum fálkann og auðvitað þá í silfri eða lifandi. En hvað var gert? Nei. Þá var sagt: Það er ekki hægt að salta síld á Íslandi. Og það var ekki fyrr en formaður viðskiptanefndar eða utanrmn., sennilega hefur það verið formaður utanrmn., því ég held að þetta hafi orðið utanríkismál, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, rak liðið úr Seðlabankanum frá jólaglögginu út til að selja síld. Það er ekki skrýtið þótt menn biðji um andsvar þegar því er haldið fram að framsóknarmenn hefðu viljað láta salta síld. Það er ekki skrýtið þó að nú sé nauðsyn að veita andsvar.

Nei, það er nefnilega dálítið merkilegt að ég er sannfærður um það að ef hv. 3. þm. Austurl. hefði verið ráðherra og setið yfir þeim málum þá hefði hann *barist fyrir því með oddi og egg að Íslendingar* söltuðu síld. Það þarf nefnilega hagfræðimenntaða heimspekinga sem horfa fyrst í austur og svo í vestur til komast að þeirri niðurstöðu að það sé best að láta síldina fara í gúanó. Það komast ekki nema háskólamenntaðir menn með hagfræðipróf að slíkri niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Þó ekki allir.) Og þó ekki allir, er sagt. Ég ætla ekki að fara að lesa hv. 3. þm. Austurl. neinn pistil eða ráðast á hann persónulega í þessum efnum. Ég er nefnilega sannfærður um að hann kemur úr því andrúmslofti þar sem menn líta mjög líkt á þessi mál. Þeir líta á þessi mál þeim augum að íslenska þjóðin hafi aldrei átt nema eina leið og muni

aldrei eiga nema eina leið og það er að vinna sig út úr þeim vandamálum sem fyrir stafni eru á hverjum tíma.

En ef menn telja nú að það sé rétt — að það sé ekki sjóðasukk, það sé sjálfsagður hlutur — að meta svo íslenskar vinnufúsar hendur að það sé betra að hafa þær heima og borga þeim atvinnuleysisbætur heldur en láta þær salta síld þá eru menn komnir á annað svið, þá er stefnan orðin önnur. Og ég ætla að bæta við varðandi þetta atriði. Þegar Framsfl. ásamt öðrum, það skal fram tekið, var búinn að vera tíu ár í ríkisstjórn var Ísland samkvæmt þjóðartekjum á mann fjórða tekjuhæsta land í heimi. Þegar við yfirgáfum ráðherrastólana vorum við nr. 6 eða 7. Það verður fróðlegt að sjá hvar við stöndum í röðinni ef menn trúa því að það sé rétt að það sé innbyrðis vandi sjávarútvegsins ef þar er ekki rekstrargrundvöllur. Þannig tala sumir ráðherrar, að þetta sé bara skipulagsvandi innbyrðis. En hér stóð þó íslenski sjútvrh. sem nú er og þorði að segja sannleikann í þeim efnum. Hvað sagði hann? Hann sagði einfaldlega: Ef það væri enginn viðskiptahalli við útlönd gætum við sagt: Þessi slæmu fyrirtæki mega bara rúlla. En hver var viðskiptahallinn eftir að frjálshyggjan tók við? 14 milljarðar á seinasta ári. Er það þá bara orðinn vandi innan greinar sjávarútvegsins? Ég held nú síður. Það er þjóðarvandi þegar menn sigla á þennan hátt. Og hvað er orðið af iðnaðaruppbyggingunni sem átti að eiga er stað og ég sem ungur drengur heyrði talað um? Hvað er orðið af henni, forseti? Ég veit það ekki.

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þórðarson upplýsti mig um stórmerkilegt atriði sem ég er reyndar mjög sáttur við. Hann sagði sem sé að fulltrúi lýðræðisaflanna í Sovétríkjunum, Boris Jeltsín, væri fulltrúi Sjálfstfl. og tek ég það auðvitað þannig að leiðtogar sovéska kommúnistaflokksins, sem nú er liðinn undir lok, hafi verið fulltrúar væntanlega Framsfl. og trúlega bíða Framsfl. sömu örlög og sovéska kommúnistaflokksins og það er vel. (**Gripið fram í:** Góð ályktun.) Hv. þm. fór að tala um sölu á síld. (**ÓÞÞ:** Nú gleymir þú eigin fortíð.) Nei, ég gleymi ekki eigin fortíð en (**ÓÞÞ:** Þú hefur verið framsóknarmaður.) Jú, ég var einu sinni framsóknarmaður, því miður.

En hv. þm. fór að tala hér um síld og það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir þegar hann fer að bera það á mig að ég hafi staðið gegn því að það væri söltuð síld á Austurlandi. Við stóðum að því forustumenn í verkalýðshreyfingunni á síðasta hausti (**ÓÞÞ:** Ég bar það ekki ...) að leita eftir því að það væri flýtt fyrir samningum um sölu á saltsíld til rússneska lýðveldisins sem áður hétu Sovétríkin. Af því tilefni átti ég tal við m.a. ýmsa af forustumönnum Sjálfstfl., þar á meðal hæstv. forsrh., og ég fullyrði að þar var ekki um að ræða þröskuld á þeirri leið. Ég hef hins vegar ekki til að bera þá þekkingu sem gerir mér kleift að útskýra hverjir það voru sem í sjálfu sér þvældust fyrir því að niðurstaða tækist í tíma í samningum á saltsíld en það er fullvíst að ef það hefði tekist í tíma hefði atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum verið mun minna en það er nú. Og einmitt er mér þetta hugstætt vegna þess að einn af þeim sem fastast fylgdu þessu eftir innan verkalýðshreyfingarinnar var formaður Verkalýðsfélagsins í Grindavík. Það voru greinilegir hagsmunir okkar fólks að tækist að koma á samningum um sölu á saltsíld. Það tókst undir það síðasta og ég vona að það leggi grunninn að betri atvinnu á næsta hausti.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég varð afskaplega ánægð þegar ég heyrði hv. síðasta ræðumann upplýsa það að hann ætlaði að segja okkur hvað Framsfl. hefði gert í þeirri stöðu sem við erum í og átti ég raunar von á að þá fengjum við að vita hvað Framsfl. hefði viljað gera varðandi atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum sérstaklega. (**Gripið fram í:** Hv. seinasti ræðumaður var ...) Hv. seinasti ræðumaður, hinn var í andsvari, ég hélt að hann teldist ekki til ræðumanna heldur bara andsvaranda. En til að leiðrétta einhvern misskilning þá á ég að sjálfsögðu við hv. 2. þm. Vestf.

Það kom auðvitað óbeint í ljós að það væri með almennum aðgerðum áreiðanlega hægt að ráða nokkuð bót á því vonda ástandi sem er í atvinnumálum kvenna á Suðurnesjum og ég tek það gilt sem hluta af skýringunni. Jafnframt vil ég vekja athygli á því að meðflutningsmaður minn að þessari tillögu er hv. 7. þm. Reykn., formaður Framsfl. Steingrímur Hermannsson, og ég þykist vita að hv. ræðumaður taki einnig undir það að efni þessarar tillögu er jafnframt áhersla sem Framsfl. sem aðrir flokkar vilja leggja í þessu. Það þarf að gera átak í atvinnumálum kvenna á Suðurnesjum og undir það hafa allir tekið. Þótt einungis hafi þrír flokkar skrifað undir þessa tillögu sem er til umfjöllunar þá hafa allir lýst þessu mjög eindregið yfir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum huga er Grindavík á Suðurnesjum og það kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl. að það væru hagsmunir þeirra í Grindavík að þar væri söltuð síld. Ég tel mig þess vegna hafa verið að tala um atvinnumál á Suðurnesjum. Ég tel að eitt af því stóra sem við eigum að gera sem matvælaframleiðsluþjóð sé að kosta kapps um að auka verðmæti þeirrar framleiðslu og þess hráefnis sem við höfum. Og það hráefni sem við förum verst með af öllu hráefni er síldin. Síldin er svo sannarlega mannamatur. En við mokum megninu af henni enn þá — nú hristir hv. 3. þm. Austurl. höfuðið og ég veit ekki hvort hann er að hafna því að síldin sé mannamatur — en við förum með megnið af henni þannig að við setjum hana í gúanó. Mér eru það mikil vonbrigði eftir að hafa séð þá jákvæðu þróun sem átti sér stað í lagmetisiðnaðinum að horfa upp á það að nú skuli sá iðnaður líka vera að bresta. Það er nú nokkuð glæfralega spenntur boginn, sýnist mér vera, þegar menn meta það hvað á að setja á höfuðið í þessu landi.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hv. 2. þm. Vestf. var einkum með þetta alvarlega

ástand á Suðurnesjum, atvinnuleysi kvenna þar í huga í ræðu sinni og ég tek hans útskýringar fullgildar. Mér er mjög minnisstætt þegar ég var fyrir liðlega ári síðan stödd í Grindavík í þann mund sem ekki hafði fengist úr því skorið hvort af síldarsamningum yrði. Það var skömmu fyrir jól 1990. Þetta var mikið áhyggjuefni fólks þar og það voru margar konur sem áttu alla sína vinnu á næstunni undir því einmitt að slíkir samningar næðust. Ég get því tekið undir með hv. þm. og þykir vænt um að hér er farið að beina sjónum sérstaklega að þessu sérhæfða vandamáli, atvinnumálum kvenna á Suðurnesjum, því að ég er ekki að draga úr því að atvinnuástandið í landinu er mikið áhyggjuefni, en ég er jafnframt að benda á það að þar sem mjög alvarlegt ástand skapast verður að grípa til aðgerða í samræmi við það.

Umræðu frestað.

96. FUNDUR

föstudaginn 6. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Atvinnumál á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 143. mál. — Þskj. 153.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það sem ég ætla að ræða hér er framhald umræðu sem var fjörleg og góð í gær. Efni umræðunnar var þáltill. sem hér liggur fyrir um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar.

Það verður að segjast eins og er að umræðan í gær var afskaplega fróðleg og hún var eftir atvikum, getum við sagt, gagnleg, ekki síst kannski fyrir nýliða hér á Alþingi vegna þess að hér heyrðum við gert upp við stjórnarstefnur og stjórnarherra undanfarinna a.m.k. tveggja áratuga. Í þessu sambandi var rætt um landhelgismál, um síldarsöltun, um sovéska stjórnmálamenn og sá ættbogi allur veginn og metinn og misléttvægur fundinn, og allt var þetta auðvitað vegna þess að hér erum við að reyna að finna einhverjar leiðir til þess að reyna að bæta úr slæmu atvinnuástandi kvenna á Suðurnesjum. Íslenskir flokksformenn voru mjög plássfrekir í umræðunni í gær og eru greinilega, ef marka má orð þingmanna, miklir þjóðskörungar. Þeir lyfta grettistökum, brjóta blöð og vinna kraftaverk og byggja upp heilu samfélögin liggur við eigin hendi, ef marka má orð þeirra. Hér var sagan og fortíðin skoðuð mjög gaumgæfilega og auðvitað voru menn ekki að leita að neinum sökudólgum, alls ekki. Þingmenn gera það yfirleitt ekki, þeir leita yfirleitt ekki að sökudólgum. Þeir eru að draga lærdóma. Þeir eru að draga lærdóma af mistökum fortíðarinnar og reyna að byggja á þeim nýjar kenningar og koma með nýjar hugmyndir um hvað gera megi.

Ég ætla heldur ekki að leita hér að neinum sérstökum sökudólgum. Ég ætla að reyna að velta fyrir mér hvernig á því standi að atvinnuleysið er að verða svo mikið sem raun ber vitni, ekki síst hjá konum og ekki síst hjá konum á Suðurnesjum. Það eru auðvitað margir samverkandi þættir þar að verki. Í fyrsta lagi — og það fannst mér ekki nógsamlega dregið fram í umræðunni í gær — eru atvinnuhættir almennt að breytast í landinu, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Störfum hefur fækkað við þessar breytingar sem eru að hluta til óhjákvæmilegar vegna þess að þær stafa af nýrri tækni sem menn eru farnir að nota í þessum atvinnugreinum og vegna breyttra neysluhátta í samfélaginu almennt, ekki bara hér á landi heldur víða um lönd. Þetta gerir það að verkum að störfum fækkar sem sagt í grundvallargreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði. Ég held að við þurfum t.d. að skoða landbúnaðinn sérstaklega hvað þetta varðar því ég held að það sé mikið og dulið atvinnuleysi meðal kvenna í landbúnaði. Búin eru orðin þannig að þau bera ekki nema eitt stöðugildi og þá er það oft og tíðum þannig að konur hafa ekki tekjur af sinni vinnu á býlunum og hafa ekki heldur atvinnu þar og ekki neitt annað að sækja vegna þess hversu fábreytt atvinnuástandið er í nærsveitum. Þetta er annar meginþátturinn.

Hinn þátturinn held ég að sé kannski ekki síst þessi minnkandi verðbólga sem hefur verið á undanförnum árum. Menn hafa verið að kappkosta við að ná verðbólgunni niður, sem er auðvitað mjög gott, en í staðinn höfum við fengið háa raunvexti og samdrátt í framleiðslu og aukið atvinnuleysi. Við höfum þurft að greiða lækkun verðbólgunnar þessu verði og ég ætla svo sem alls ekki að lasta það að reynt sé að ná verðbólgunni niður og það er auðvitað mjög mikilvægt, en þetta hefur þýtt það að á örskömmum tíma hafa Íslendingar farið úr neikvæðum raunvöxtum, bæði heimilin í landinu og atvinnuvegirnir, í mjög háa raunvexti og þetta er gífurleg breyting sem er að eiga sér stað hér á tiltölulega skömmum tíma.

Verðbólgan hefur verið skömmuð mikið á undanförnum árum og talin undirrót alls ills en hvað sem um hana má segja, þá var hún samt framkvæmdahvetjandi. Það fylgdi henni vissulega ákveðið happdrættishugarfar en um leið ýtti hún undir frumkvæði og skjótar athafnir fólks, það var um að gera að framkvæma í dag og bíða alls ekki til morguns vegna þess að þá gæti það verið orðið of seint eða fólk verið búið að missa af ákveðinni lest. Spurningin var alltaf sú að skyrpa bara í lófana og framkvæma strax í dag og bíða ekki til morguns. Maður fann þetta mjög vel þegar maður var búsettur á Norðurlöndunum og kom svo hingað heim til Íslands, þennan gífurlega mun á hugarfari. Og ég held að þetta hugarfar hafi að hluta til stafað af verðbólgunni og hún hafi þannig verið framkvæmdahvetjandi. Nú erum við hins vegar að fara inn í tímabil með talsverðu atvinnuleysi og háum raun-

vöxtum sem er framkvæmdaletjandi hvort tveggja.

Það sem ég er að rekja hér er kannski ekki hægt að kenna neinu einu stjórnvaldi um eða neinum einum flokki eins og kannski er ákveðin tilhneiging til en hins vegar er hægt að áfellast stjórnvöld, burt séð frá því hvers flokks þau eru, fyrir að bregðast ekki við þessum breytingum í tíma eða með réttum hætti, fyrir það að vera ekki nógu framsýn og fyrir að vera of einsýn. Ef við tökum Suðurnesin, þá er ljóst að á undanförnum árum hafa menn í atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum fyrst og fremst horft til álvers og talið að það væri allra meina bót. Það mundi skapa ný störf og vera sú innspýting sem Suðurnesin þyrftu á að halda. Það hefur hins vegar margoft verið sagt hér og verður aldrei nógsamlega ítrekað að það er ekki atvinnusköpun fyrir konur. Menn voru að vísu með einhverjar hugmyndir um að það væri hægt að setja einhverja jafnréttisáætlun í álverinu og svo og svo margar konur fengju þar störf. En það er ekki hægt að horfa fram hjá því að vinnumarkaðurinn er kynskiptur og það breytist ekki með einni jafnréttisáætlun í einu álveri. Þess vegna var það líka mjög athyglisvert þegar ljóst var að uppbygging álvers rynni út í sandinn, þá voru viðtöl í sjónvarpinu við fólk á Suðurnesjum. Og það var áberandi í viðtölunum við konurnar að þó að þeim þætti það kannski ekki gott að þessi atvinnuuppbygging kæmi ekki þarna þá var það þeim ekkert stóráfall vegna þess að þær vissu vel að konur fengju ekki þarna vinnu, þetta yrði ekki atvinnusköpun fyrir konur. Þetta var þeim ekkert stóráfall vegna þess að þær höfðu ekki bundið neinar vonir við þetta álver. Þær höfðu ekki verið með neinar væntingar.

Í atvinnumálum okkar þarf mjög margt að gerast. Það þurfa margir hlutir að fara af stað samhliða og við verðum að hafa það í huga að það er ekkert of smátt til að gefa því gaum. Konur hafa stundum verið sakaðar um það að hugsa of smátt og þess eru dæmi að konur sem hafa verið að leita sér eftir lánum til þess að byggja upp sína eigin atvinnu hafi fengið synjun vegna þess að það hefur varla þótt taka því að veita þeim lán, hugmyndir þeirra væru ekki nógu stórtækar. En á svona smáum hugmyndum er hægt að byggja upp og auka við þannig að af því skapist nokkur atvinna.

Í þessu sambandi langar mig að minna á þáltill. sem Kvennalistinn flutti á síðasta kjörtímabili um að komið yrði upp sérstakri deild í Byggðastofnun til þess að lána konum, ýta undir frumkvæði kvenna í atvinnumálum, veita þeim lán til þess að koma þeim af stað í eigin atvinnurekstri, í eigin atvinnusköpun. Ég held að það sé einmitt þetta sem er svo mikilvægt núna í atvinnumálum okkar, þ.e. að ýta undir frumkvæði þessara fjölmörgu einstaklinga sem eru úti um allt land með hugmyndir en treysta sér kannski ekki af stað með þær vegna þess að þeir vilja ekki taka lán, þeir vilja ekki veðsetja heimilin sín fyrir slíkum lánum og þess vegna verður kannski aldrei neitt úr neinu.

Að undanförnu hafa menn mikið talað um erfiðleikana sem eru í íslenskum atvinnumálum og vissulega stöndum við Íslendingar núna á ákveðnum tímamótum og stöndum andspænis ákveðnum erfiðleikum, ekki bara innan lands heldur stöndum við líka á vegamótum í alþjóðlegu samhengi. Allt eru þetta auðvitað hlutir sem við þurfum að takast á við, jafnvel með nýjum hætti en það er ekkert slíkt stóráfall sem hér hefur átt sér stað og ekkert slíkt stóráfall yfirvofandi að það þurfi að drepa allt í dróma og það þurfi að draga kjark úr fólki. — (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. — Það sem við þurfum er, eins og hér kom fram hjá einum þingmanni í gær, að vinna okkur út úr þessum vanda saman og við þurfum ákveðinn lágmarkssamnefnara. Þetta er svo lítil þjóð að hún þarf ákveðna sátt um grundvallaratriði en því miður verður það að segjast varðandi þá ríkisstjórn sem nú situr að hún virðist enga sátt vilja. Hún vill helst hafa allt upp í loft. Í öllum ráðuneytum er nú verið að endurskoða alls kyns lagabálka og einungis stjórnarliðar virðast koma þar að málum. Þetta má ekki gerast. Við þurfum ákveðna sátt um hlutina, við þurfum ákveðinn lágmarkssamnefnara. Þannig vinnum við okkur út úr þessu, öðruvísi ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar umræða um atvinnumál á Íslandi er borin saman við umræður í ýmsum öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum þá vekur það strax athygli að hér á Íslandi hafa ráðamenn haldið því mjög fram að hin stóra lausn sé leiðin út úr vandanum. Aftur á móti sýna athuganir í Evrópu og Bandaríkjunum að hagvöxtur og uppbygging atvinnu- og efnahagsþróunar á ákveðnum svæðum byggist fyrst og fremst á tilvist og vexti hinna smáu og meðalstóru fyrirtækja. Ég held ég fari rétt með þær tölur að innan OECD hafi 8 af hverjum 10 nýju störfum á undanförnum árum komið frá smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Í Bandaríkjunum hefur það sama verið að gerast á síðustu fimm árum. Hagvöxturinn í því landi er ekki borinn uppi af stóru risunum í bandarísku efnahagslífi. Uppistaðan í hagvextinum eru smáu og meðalstóru fyrirtækin.

Sá iðnrh. sem situr nú á Íslandi hefur boðað mönnum núna í nokkur ár fagnaðarerindi hinna stóru lausna. Álverksmiðjan átti að vera sá elexír sem allt átti að lækna. Á árunum 1989–1991 vorum við ýmsir sem vöruðum við því að byggja á slíku. Það væri svo sem gott og blessað ef slík verksmiðja kæmi, en við vöruðum við því að setja hana upp sem forsendu hagvaxtarins bæði fyrir hagkerfið í heild og fyrir Suðurnesin sérstaklega, eftir að búið var að gera það sama í Eyjafirði og það sama á Austfjörðum og allt frumkvæði heimamanna í nokkur ár á Austurlandi, við Eyjafjörð og á Suðurnesjum var bundið, sóað og eytt í þennan draum. Við vöruðum við því og sögðum það væri ekki hægt að byggja árangursríka atvinnustefnu á þann hátt. Ég sagði t.d. á fundi um atvinnumál á Suðurnesjum haustið 1990 að Suðurnesjamenn skyldu búa sig undir það að álverksmiðjan kæmi ekki vegna þess að allur væri varinn góður og það væri reyndar þannig að álverksmiðjan mundi ekki veita konum mjög mörg atvinnutækifæri á Suðurnesjum, en vaxtarbroddurinn í atvinnulífi á Suðurnesjum þyrfti að vera þjónustustörf og

að stórum hluta kvennastörf. Hvað var þá sagt? Hv. þm. Karl Steinar Guðnason skrifaði níðgreinar m.a. um þann sem hér stendur fyrir fjandskap okkar í garð Suðurnesja, vegna þess að við værum að stunda róg um hin stóru og miklu atvinnutækifæri sem iðnrh. Jón Sigurðsson var að boða á Suðurnesjum. Því miður trúðu menn á þessa blekkingu. Það voru menn í atvinnulífi á Suðurnesjum sem stofnuðu samtök, héldu fundi, héldu ráðstefnur og trúðu því sem ráðherrann sagði, að þetta mundi gerast. Nú sitja þeir eftir með sárt ennið alveg eins og Austfirðingar, alveg eins og Eyfirðingar og aðrir Norðlendingar sem trúðu kenningunni um hina stóru lausn.

Mig minnir að það hafi verið í október eða nóvembermánuði sl. að sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum buðu hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. í heimsókn á Suðurnes og þeir fóru þangað. Þeir áttu fundi með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum til þess að ræða atvinnumálin og þeir fóru þaðan samkvæmt opinberum frásögnum í blöðum með þau fyrirheit á vörunum að þeir mundu taka þessi mál til athugunar. Nú er marsmánuður. Hvað hefur frést af vinnu forsrh. og iðnrh. í þessum málum? Það er synd að þessi ágæta tillaga er hér til umræðu að þeim fjarstöddum og kemur fyllilega til álita að geyma umræðuna og ljúka henni ekki fyrr en þeir eru komnir aftur til landsins svo að hægt sé að spyrja þá, hvað hafa þeir gert á síðustu fjórum til fimm mánuðum?

Hv. þm. Árni R. Árnason hefur verið ágætur talsmaður þess að það eigi að ráðast í samgöngubætur Suðurnesjum til hagsbóta. Við höfum stutt þær hugmyndir ýmsir, bæði hér í þingsalnum og eins í blöðum. Hverjir hafa mælt gegn þessum hugmyndum? Það eru ráðherrar þessarar ríkisstjórnar. Hvað ætla stjórnarþingmenn að gera í því þegar þeirra eigin hugmyndir um framfarir á Suðurnesjum eru drepnar af þeirra eigin ráðherrum? Á að halda áfram að lofsyngja slíkt, bæði hér í þingsalnum, opinberlega og á Suðurnesjum þegar það blasir við að iðnrh. Jón Sigurðsson hefur dregið Suðurnesjamenn á tálar hér í tvö til þrjú ár og samgrh. í núv. ríkisstjórn, fjmrh. og aðrir standa gegn því að raunhæf athugun fari fram á því að ráðist sé í umfangsmiklar samgöngubætur Suðurnesjum til hagsbóta á þessu og næsta ári? Ég minni á það t.d. að í tíð síðustu ríkisstjórnar tóku páv. fjmrh. og páv. samgrh. mjög vel í hugmyndir manna á Akranesi, í sveitarfélögunum á Vesturlandi og nokkurra stórfyrirtækja um að ráðist yrði í samgöngubætur með göngum undir Hvalfjörð til þess að styrkja atvinnulíf og byggðarlög á Vesturlandi. Við skrifuðum undir samning um slíka athugun. Nú stefnir allt í það að því verði hrint í framkvæmd. Vandinn er auðvitað sá að hér er ríkisstjórn sem ætlar ekki að taka neitt á slíkum vandamálum. Það hefur gerst núna í þessari viku að samtök launafólks og atvinnulífs hafa sent sameiginlegar tillögur, langa skrá af hugmyndum um aðgerðir í atvinnumálum til ríkisstjórnarinnar. Ekkert frumkvæði frá ríkisstjórninni sjálfri, engar hugmyndir, engar aðgerðir, ekkert lífsmark. En það er verkalýðshreyfingin og samtök atvinnulífsins sem sjá sig þá tilknúna til þess að koma með langa og ítarlega skrá um hvað hægt sé að gera í atvinnumálum á Íslandi ef menn hafa dug, kjark, hugmyndaflug og dugnað en eru ekki haldnir annars vegar af bábiljunni um hinar stóru lausnir ráðherrunum sjálfum til dýrðar eða bábiljunni um það að stjórna eigi nútímahagkerfi á þann hátt að ríkisvaldið komi hvergi nálægt því að stuðla að framförum í atvinnulífinu. Það er ekkert land í Vestur-Evrópu þar sem efnahagsþróunin hefur verið með afgerandi hætti þar sem stjórnvöld hafa tíðkað slíka stefnu. Bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum, þar sem hugmyndafræði Ronalds Reagans og Margrétar Thatcher gaf til kynna að kannski ætti að stefna í slíkt, er nú verið að stefna frá því. Bæði John Mayor og George Bush. (Forseti hringir.) Og hver er ástæðan fyrir því að George Bush er að tapa núna í Bandaríkjunum? Það er efnahagsstefnan sem hann fékk í arf frá Ronald Reagan. Hvað gerist þá hér? Forsrh. Íslands fer í sérstaklega pílagrímsför til Margrétar Thatcher til þess að játa henni hollustu sína og aðdáun og virðingu og lofa henni því að þessi ríkisstjórn Alþýðuflokksins – Jafnaðarmannaflokks Íslands skuli standa að því að framkvæma stefnu Margrétar Thatcher á Íslandi. Og það er auðvitað mjög skemmtilegt fyrir núv. formann þingflokks Alþfl. að sitja í því að styðja forsrh. sem játar Margréti Thatcher sérstaka hollustu og sérstakan trúnað og hefði það nú einhvern tíma þótt sérkennilegt á námsárum viðkomandi þingmanns í Bretlandi að hann ætti eftir að styðja ríkisstjórn á Íslandi sem sérstaklega játaði Margréti Thatcher hollustu sína. (**ÖS:** Hún styrkti mig til náms. Ég er henni þakklátur fyrir það.) Styrkti Margrét Thatcher þingmanninn til náms? (**ÖS:** Já.) Prívat og persónulega? (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Ja, það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi ef baráttumaður námsmannahreyfingarinnar, Össur Skarphéðinsson, hefði hælt sér af því að Margrét Thatcher hefði stutt hann til náms og verið henni þakklátur fyrir. Þingmaðurinn hélt því a.m.k. vel leyndu þegar hann var í baráttusveit námsmanna á Íslandi.

En nú er tími minn því miður búinn þannig að ég get ekki haldið áfram að ræða þessar merku upplýsingar (Gripið fram í.) sem hér hafa komið fram í þingsalnum, en það er hins vegar kjarni málsins sem er auðvitað aðalatriðið í þessari umræðu að athugun á efnahagsþróun á Vesturlöndum sýnir að það eru hin smáu og meðalstóru fyrirtæki en ekki hin stóru sem eru undirstaðan í hagvexti byggðarlaganna og hagkerfanna í heild sinni. (Forseti hringir.) Og það er tími til kominn að stjórnvöld hér á Íslandi læri þá lexíu. Svo bið ég forseta afsökunar á því að hafa farið hér fram úr tíma mínum.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég var ekki viðstaddur umræðu um þetta mál í gær en ég fagna framkomu þáltill. og tel vakið máls á verðugu viðfangsefni sem ástæða er til að leita lausnar á. Um ástandið á Suðurnesjum var víst ekki mikið rætt í gær. Mér skilst að umræðurnar hafi aðallega snúist um ástandið á landinu öllu. Þess vegna er ugglaust ástæða til að benda á að ef hér í Reykja-

vík, á Reykjavíkursvæðinu, væri atvinnuleysi slíkt sem er á Suðurnesjum, þ.e. í fullu hlutfalli við það sem þar er, þá væru í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu í dag um það bil 6.000 manns atvinnulausir því íbúafjöldi hér á þessu svæði er nánast tífaldur við það sem er á Suðurnesjum og þar eru 600 manns án atvinnu. Meiri hluti þeirra er konur eins og hér er bent á og enn eru réttar upplýsingar að meira en 8% vinnufærra kvenna á Suðurnesjum eru án atvinnu og hafa verið lengi. Þetta ástand er að nálgast eins árs afmæli og ég verð að viðurkenna ásamt þeim sem hér hafa gert þetta að umtalsefni að það er svolítið umhugsunarefni hvaða athygli þetta hefur fengið í fjölmiðlum og hjá stjórnendum landsins.

Því miður eru hér ekki viðstaddir umræðuna þeir ráðherrar sem ættu að vera viðstaddir og þess vegna ástæða til að fresta lokum hennar en það verður þó að geta þess að fyrir fáeinum dögum gengu á fund félmrh., sem fer með atvinnumál, konur sem höfðu áhyggjur af sinni atvinnu í Reykjavík. Þær voru ekki atvinnulausar en höfðu áhyggjur af að þar að gæti komið. Ráðherranum þótti sjálfsagt að taka málið inn á fund ríkisstjórnar. Þær voru ámóta margar og þá þegar voru atvinnulausar á Suðurnesjum og höfðu verið um mánaðabil. Ráðherrann hafði ekki tekið það til athugunar.

Það er augljóst af þessu að athygli manna er ekki bundin af viðfangsefnunum eða ástæðum til að taka sér viðfangsefni heldur einhverju öðru. Ég er ekki viss um hvað veldur, en ég er þeirrar skoðunar að umræður af þessu tagi í þessum þingsal ættu að beinast að viðfangsefnunum, ekki að fréttamati eða því hverjir koma í viðtalstíma.

Vegna þess að minnst var á fund tveggja ráðherra á Suðurnesjum fyrir nokkrum mánuðum þá verð ég að viðurkenna að ég veit að það var að frumkvæði þeirra en ekki heimamanna. Það segir hins vegar ekkert um fundinn eða niðurstöður hans. Ég hygg að þær hafi verið nokkuð raktar, a.m.k. sé ég ekki ástæðu til að bæta úr um þá frásögn en ég vil líka geta þess að það er rangt til getið að Suðurnesjamenn sjálfir hafi talið álver hugsanlega lausn allra mála. Þeirra skoðun hefur verið sú að ef og þegar að slíkri framkvæmd kemur á Keilisnesi, þá sé líklegt að mikill hluti þeirra sem þar muni starfa komi frá Reykjavíkursvæðinu. Það er augljóst þegar litið er á landakortið að það er jafnskammt frá Reykjavíkursvæðinu og frá Suðurnesjum að Keilisnesi og það er alveg ljóst þeim sem ferðast um þessi svæði hvaðan umferðin er greiðari.

Um það hvort stórar lausnir eða smáar séu við hæfi verðum við náttúrlega að geta þess að hinar stóru lausnir eru yfirleitt þau verkefni sem leiða til ákveðinnar tækniþróunar og ég hef veitt því athygli að í máli þeirra manna sem mest hafa mælt fyrir því að álver verði reist á Íslandi hefur það verið talið mjög líklegt til þess að leiða fram ákveðna þróun í tæknikunnáttu landsmanna og veita hugsanlega önnur atvinnutækifæri heldur en hér hafa verið mest áberandi. Og þá vel að merkja verðum við að veita því athygli líka að samdráttur hefur verið í sterkasta atvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum, og allar forsendur sem við sjáum um hans rekstrarskilyrði eru slíkar að svo virðist sem sá samdráttur haldi áfram. Hann notar minni mannafla, bæði vegna þróunar og vegna líffræðilegra forsendna.

Það verður að viðurkennast að það er ekkert nýtt fólgið í því að það séu aðilar vinnumarkaðarins sem komi fram með frumkvæði í atvinnu- eða efnahagsmálum. Þetta mátti síðasta ríkisstjórn upplifa og hafði þá nýlega talið sín eigin verk tímamótaverk þegar aðilar vinnumarkaðarins komu fram með nýjar hugmyndir, gjörólíkar, og reyndust hafa rétt fyrir sér. Það sýna umræður manna í dag um það hver eru keppikeflin í umræðum um kjaramál.

Á Suðurnesjum er sitthvað verið að gera af hálfu heimamanna. Þar á meðal eru verkefni sem lúta sérstaklega að hugsanlegum atvinnutækifærum kvenna. Atvinnuþróunarfélag Suðurnesjamanna, sem er þeirra eigið skilgetið afkvæmi, hefur stöðugt unnið að þessum verkefnum ásamt öðrum heimamönnum en vissulega haft þar tiltekna fjármuni úr ríkissjóði sem félmrn. og Byggðastofnun fer með og hefur veitt í þetta verkefni. Hins vegar eru fleiri mál líkleg til þess að taka til atvinnuþátttöku kvenna. Verið er að undirbúa framkvæmdir sem væntanlega sjá dagsins ljós, þær fyrstu á næstu árum, við Bláa lónið. Flugleiðir hafa þegar hafið byggingu flugskýlis við Keflavíkurflugvöll og þó að byggingarframkvæmdir eða framkoma verktaka við það hafi þótt nokkuð gagnrýniverð og jafnvel ekki allir þeirra viðskiptahættir trausts verðir, þá er alveg ljóst að til Suðurnesja flyst umtalsverður fjöldi af atvinnutækifærum. Hins vegar hefur komið fram við athugun á því að þar er einn sá vinnustaður Íslendinga sem er fjölmennur sem hefur hvað minnst af konum starfandi þó að ekkert segi til um það að þau störf geti ekki verið vel unnin af konum. En það segir mér fólk sem þar hefur starfað að þær séu ekki margar meðal umsækjenda.

Það verður að benda á og það er nauðsynlegt að við veitum því athygli að það er samdráttur í starfsemi varnarliðsins. Fyrir þjóðarbúið hafa þær tekjur í raun verið útflutningstekjur.

Það hefur verið bent á þegar við ræðum um lífskjör okkar í heild, þjóðfélagsins, að útflutningstekjur okkar, viðskiptin við aðrar þjóðir eru nokkru minni en margra annarra þjóða sem við gjarnan berum okkur saman við, ekki endilega að þær reynist hafa meiri auðlindir til að spila úr, heldur hegða þær sér öðruvísi í viðskiptum og í atvinnustarfsemi. Ég hygg að það sé rétt að stjórnvöld hafi ákveðið frumkvæði, ekki endilega í því að gera hluti svo sem að koma á fót atvinnustarfsemi heldur að beina hugum manna sem mundu starfa í atvinnulífinu að ákveðnum hlutum, að ákveðnum upplýsingum, að ákveðnum hugmyndum.

Ég verð að viðurkenna að ég er ekki mjög trúaður á atvinnustarfsemi ríkis eða annarra opinberra aðila, miklu frekar fyrirtækja sem einstaklingar taka sig saman um. Ég tel frumkvæði þeirra miklu eðlilegra. Slíkt fyrirtæki er fljótara að bregðast við breyttum aðstæðum og það hlýtur ævinlega að vinna samkvæmt voninni um hagnað og það er hagnaðurinn sem við síðan

í framhaldinu byggjum á næstu framkvæmdir hvort sem það eru ný fyrirtæki, stækkun fyrirtækja eða nýjar framkvæmdir.

Við höfum rætt hér alloft um Evrópskt efnahagssvæði, þá samninga sem til þess hafa leitt að það er nú líklegt. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Við Suðurnesjamenn teljum okkur þar hafa mikla möguleika, raunar eins og aðrir Íslendingar. En við höfum þar fyrst og fremst bent á nábýli sjö fiskihafna og flugvallar og þann kost að flytja út daglega nýjar afurðir, ekki óunninn fisk eins og nú er gert heldur unnar afurðir á disk þeirra sem af okkur kaupa.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að þakka undirtektir hv. ræðumanns. Vegna þess sem fram kom í hans máli, að hann teldi eðlilegt að þessari umræðu yrði ekki lokið án þess að við hefðum ráðherra hér til staðar til að hafa með í umræðunni, þá hafa fleiri komið fram með slíkar óskir. Ég hef formlega farið þess á leit við hæstv. forseta að þessari fyrri umræðu málsins muni ekki ljúka öðruvísi en svo að við höfum hér ráðherra til þess að ræða við. Hefur hún tekið vel í þá málaleitan þannig að ég vil bara upplýsa það að þessi umræða mun halda áfram þegar þeir eru komnir aftur til starfa.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Nú er tillaga rædd um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar. Ég vil upplýsa það hér að þar eru líka mjög margir karlar atvinnulausir. (**AÓB:** Það kom fram í framsöguræðu.) Og ég furða mig á því að þingmenn ætli sér að leysa aðeins atvinnumál annars kynsins. Þykir það mjög merkilegt hvernig á málum er haldið hjá Kvennalistanum.

Að öðru leyti finnst mér það undarlegt að í þessari tillögu eru engar hugmyndir um hvers konar átak þetta eigi að vera. Það er hvergi leiðarhnoða um hvað eigi að setja fram eða hvernig og þess vegna er þessi tillaga um sáralítið annað en það að gera átak um eitthvað. A.m.k. hefði ég og mínir félagar, fólkið þarna suður frá gjarnan viljað fá einhverjar upplýsingar, upplýsingar um það hvað annað og meira er hægt að gera heldur en verið er þó að reyna að gera. Það liggur ekki fyrir hér.

Það hefði gjarnan þurft að koma fram í þessari tillögu og vera skýrt hvernig tillöguhöfundar ætluðu sér að standa að málum. En kannski á þetta að vera eins konar uppbót frá því þegar það var tilkynnt að ekki kæmi til byggingar álvers, þá kom fulltrúi Kvennalistans fram í sjónvarpi og það hlakkaði í henni yfir því að sú ákvörðun var tekin. Það var köld kveðja til kvenna á Suðurnesjum og það voru margar sem fundu að því. Það var köld kveðja.

Það hefur verið upplýst að það var möguleiki á því að allt að 30% af starfandi fólki í nýju álveri gætu orðið konur og það var líka reiknað með því að hvert starfstækifæri í álveri mætti margfalda a.m.k. með fjórum vegna þeirrar þjónustu sem það gæfi af sér. Ég og fleiri og reyndar þeir sem ætluðu sér að byggja álver trúðu því að það yrði gert. Það voru utanaðkomandi ástæður, ófyrirsjáanlegar, sem urðu þess valdandi að álver var ekki byggt. Bygging nýs álvers hefði verið mjög þýðingarmikil fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum. En þeir sem hlökkuðu yfir því að það var ekki byggt, una kannski vel sínum hag í dag, en það gera þeir ekki sem atvinnulausir eru. En menn vonast til þess og vænta þess að álver verði byggt og fleira gert til atvinnuuppbyggingar á þessu svæði sem því miður hefur farið mjög illa út úr kvótakerfinu. Þaðan hafa streymt skip, kvóti verið seldur í burtu og þar hefur verið viðvarandi atvinnuleysi í langan tíma. Eins og hér var upplýst áðan eru ýmsar aðgerðir í farvatninu og það er reynt eins og mögulegt er að koma málum þannig fyrir að atvinnuleysi á Suðurnesjum verði upprætt.

En ég vil líka upplýsa að gæftaleysi hefur verið mikið þar suður frá og það var síðast í nóvember, það er svo langt síðan, að það gaf fjóra daga á sjó í viku. Því miður sjáum við fram á að í fiskvinnslu verða miklir erfiðleikar vegna þess að það er eins konar þjóðarsátt um það að minnka aflann um 20%. Það hefur mjög alvarleg áhrif sem erfitt er að eiga við, það er alveg öruggt mál.

Vegna þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var með köpuryrði í minn garð þá vil ég geta þess að hann var ráðherra á sínum tíma og á sínum tíma var hann þingflokksformaður Alþb. þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var við lýði. Þá var gerður málefnasamningur og í þeim málefnasamningi var ákveðið að gera átak í atvinnumálum á Suðurnesjum. Og hvar haldið þið að sú grein hafi verið sett í málefnasamninginn? Hún var sett í kaflann um utanríkismál. Þekking þessara manna á tilveru fólksins á Suðurnesjum, atvinnuháttum og atvinnulífi var slík að átakið var sett undir kaflann um utanríkismál.

Ég minni á að árið 1987 voru störf í sjávarútvegi í Keflavík einni fleiri en á Höfn í Hornafirði og á Eskifirði og þá eru ótalin Grindavík, Sandgerði, Garður, Njarðvík, Vogar og Hafnir. Ég vona að það takist sem allra fyrst að komast út úr þessum mikla vanda. Vandinn er mikill. En það gerum við ekki með því að gera átak um eitthvað ótilgreint. Menn eru hörðum höndum að reyna að bregðast við þessum vanda. Og ég vona að gæftir munu gefa okkur það að fiskur berist meira á land og ég vænti þess að nýir samningar við Evrópubandalagið verði til þess að vaxtarbroddur sjávarútvegs verði á Suðurnesjum. Ég vænti þess að þá muni rísa upp ýmis mörg smáfyrirtæki sem muni sinna markaðnum í Evrópu og þar muni skapast líflegt atvinnulíf. Ég minni á það að þeir sem tala nú helst gegn slíkum samningum eru einmitt tillöguhöfundar.

Ég legg á að áherslu að áfram verði haldið af ríkisstjórn og heimamönnum að freista þess að skapa ný atvinnutækifæri á Suðurnesjum, uppræta atvinnuleysið, atvinnuleysi sem ekki hefur aðeins skapast af erfiðleikum í sjávarútvegi og þjónustu heldur einnig vegna þess að varnarliðið, sem hefur verið stór atvinnuveitandi, hefur verið að draga saman seglin. Það er staðreynd að þaðan hafa horfið um 200 störf á stutt-

um tíma og ég vona að það takist að útvega því fólki atvinnu sem þannig missir vinnuna vegna samdráttaraðgerða sem ákveðnar eru allt annars staðar en hér á landi.

Ég tek heils hugar undir það að það þarf að gera meira. Það þarf að vinna vel að því að uppræta atvinnuleysið en það verður ekki gert með ómarkvissum upphrópunum um eitthvað. Það er með átaki fjöldans í heimabyggðunum með tilstyrk velviljaðrar ríkisstjórnar sem það mun takast.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. hefði látið svo lítið að vera hér í gær þá hefði hann vitað að þessari tillögu var fylgt úr hlaði með því að á hvern hátt best yrði staðið að slíku átaki og ég neyðist til að endurtaka í örstuttu máli að ég tel ekki að það sé ríkisvaldsins að koma með nákvæmar tillögur um hvernig þetta eða hitt svæðið eigi að haga sínum atvinnumálum heldur á í fyrsta lagi að bregðast við þeim skammtímavanda og því skammtímaástandi sem nú er með öllum tiltækum ráðum, t.d. með því að draga úr niðurskurði á opinberri þjónustu. Nú er mjög mikið atvinnuleysi fyrirsjáanlega samfara þeim niðurskurði. Í annan stað að hafa langtímastuðning við frumkvæði heimamanna. Þetta kom fram í ræðu í gær og hefði sparað mér mikið ef hv. þm. hefði getað hlustað á það.

Ég hef sérstaklega lagt áherslu á það góða starf sem unnið er hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja. Það þarf stuðning til þess að taka þátt í slíku átaki en hér þarf að vera um sérstakt átak að ræða. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum á þann nýja og breytta tón sem kom inn í umræðuna með ræðu hv. þm. Hann dæmir sig sjálfur. Hér hefur verið rætt málefnalega um atvinnumál, ég segi ekki bara um allt land heldur um allan heim að mér liggur vil að segja, en það hefur verið rætt málefnalega um þessi mál og það er vel.

Varðandi álverið hef ég sagt það áður: Mér varð ekki skemmt þegar ekki varð af því, ekki vegna þess að ég harmaði að jafnslæm leið í atvinnumálum væri ekki farin heldur vegna þess að það hefur verið lamandi hönd á atvinnulífi á Suðurnesjum að þetta álver ætti að koma.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður, Anna Ólafsdóttir Björnsson, sagði að þetta var nokkuð nýr tónn hér í umræðu hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, ekki bara vegna þess að þetta var ekki mjög málefnaleg ræða heldur líka vegna þess að það er farinn úr talsmanni Alþfl. gorgeirinn sem hefur einkennt málflutning Alþfl. gagnvart atvinnumálum á Suðurnesjum á síðustu árum. Þar hafa þeir komið og þóst vera hinir stóru frelsandi englar og boðuðu mönnum það að ef Alþfl. fengi brautargengi þá yrðu atvinnumálin tryggð á Suðurnesjum. Við vöruðum margir við þessari falskenningu. Því miður tóku of margir mark á henni fyrir um það bil ári síðan.

Mér fannst nú hins vegar frekar ósmekklegt hjá hv. þm. að vera að draga Gunnar heitinn Thoroddsen inn í þessa umræðu og skildi ekki alveg tilganginn í því. (Gripið fram í.) Ja, ef hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur ekki heyrt það að þm. Karl Steinar Guðnason fór að gera það að sérstöku árásarefni á Alþb. hvar Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra skipaði málum í málefnasamningi sinnar ríkisstjórnar þá hefur hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson misst af þessari ræðu flokksbróður síns. En hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði það að árásarefni á Alþb. að Gunnar heitinn Thoroddsen skipaði þannig efnisþáttum í málefnasamningi sinnar ríkisstjórnar að atvinnumál á Suðurnesjum voru sett undir utanríkismál í þeim texta. Ég sé satt að segja ekki hvað það kemur þessari umræðu við. En ef Alþfl. á virkilega svo bágt um þessar mundir að hann þurfi að seilast svona langt til þess að drepa umræðunni hér á dreif þá verðum við að sýna því ákveðið umburðarlyndi.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Oft hefur verið talað um ófyrirleitni síðasta ræðumanns en ég verð að segja að sjaldan hefur hann komist eins langt og nú. Ríkisstjórn sú sem ég talaði um var ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Það komu margir að því verki að semja stjórnarsáttmálann. Og ég hef grun um að það hafi einmitt verið þingmaðurinn sem síðast talaði sem réði efnisskipan í þessum efnum og setti atvinnumál á Suðurnesjum undir utanríkismál. Og það hefur verið mjög þekkt, einmitt á Suðurnesjum hver andstaða flokks hans hefur verið við að byggja upp atvinnulíf á Suðurnesjum. Það hefur komið fram í Byggðastofnun, það hefur komið fram í öllum stofnunum sem hafa haft með fjármagn að gera því þeir hafa sagt ásamt öðrum: Þið hafið völlinn. Þótt menn hafi bent á það að það þyrfti að huga að atvinnuuppbyggingu ef breyting yrði þar á þá hafa menn gjarnan sagt þetta aðeins: Þið hafið völlinn.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Það eru ýmsar hugmyndir í gangi um uppbyggingu atvinnulífsins. Það eru mjög miklir erfiðleikar til staðar vegna þess að gæftir eru slæmar og breytingar hafa orðið á atvinnuháttum, breytingar hafa líka orðið hjá varnarliðinu. Þetta er erfitt verkefni en það verður leyst, það verður ekki gert með upphrópunum, slagorðum og útúrsnúningi heldur með markvissu starfi fjöldans og þar mun Alþfl. sem fyrr koma að verki.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hún var sérkennileg þessi hylling á Alþfl. í lokaorðum ræðumannsins. Það er langt síðan menn hafa verið að hylla flokka svona eins og gert var í þessum lokaorðum en mér fannst nú för þingmannsins í ræðustólinn ekki bæta um því það eina sem hann hafði fram að færa sem rök fyrir þeim fullyrðingum sem hann færði fram í sinni fyrri ræðu var að hann hefði grun um það að ég hefði orðað texta í málefnasamningi ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Þetta voru rökin. Nú er það þannig að Alþfl. kom ekki nálægt myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Og sú ríkisstjórn var mynduð á örfáum dögum eins og menn þekkja. Ég sat að vísu einn slíkan viðræðufund

tiltölulega snemma í því ferli en að öðru leyti kom ég ekki nálægt viðræðum milli flokka um það og þeir sem þekkja myndun þeirrar ríkisstjórnar vita ósköp vel að Gunnar Thoroddsen annaðist það verk sjálfur að setja saman tillögu um stjórnarsáttmálann, skipa honum í efnisþætti og leggja hann fyrir. (Gripið fram í.) Það er enginn að kenna látnum manni um eitt eða neitt en það má kannski ekki rekja staðreyndir. Það getur vel verið að staðreyndirnar séu óþægilegar fyrir Alþfl., það getur vel verið. Það er auðvitað þannig að staðreyndirnar í álmálinu eru óþægilegar fyrir Alþfl. Staðreyndirnar í atvinnumálum á Suðurnesjum eru óþægilegar fyrir Alþfl. Það er auðvitað óþægilegt fyrir Alþfl. að þeir tveir ráðherrar sem hafa viljað ráða mestu um atvinnumál á Suðurnesjum síðustu tæp fjögur árin eru ráðherrar Alþfl., iðnrh. og utanrrh., og sá sem hefur verið í forustu fyrir launafólkið á Suðurnesjum er þingmaður Alþfl. þannig að ef það er einhver einn flokkur sem hefur haft völd og aðstöðu til þess að gera eitthvað í atvinnumálum á Suðurnesjum á síðustu árum, þá er það Alþfl. Og þess vegna er það ósköp eðlilegt að þingmenn hans grípi til þeirra bragða sem hv. þm. gerði hér í sinni fyrri ræðu og þegar þau eru hrakin sem ósannindi og útúrsnúningur þá verður þingmaðurinn að þola að heyra staðreyndir málsins.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Sá stíll sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur fært hér inn í umræðuna í þingsölum á síðustu vikum er vægast sagt sérkennilegur svo ekki sé meira sagt. Ég ætla þó ekki að gera það að neinu sérstöku umræðuefni frekar í þessum sölum.

Það er hins vegar afar merkilegt þegar hv. þm. Ólafur Ragnar ræðir um atvinnumál á Íslandi og Suðurnesjum sérstaklega að hann talar ævinlega eins og hann hafi aldrei komið nálægt ríkisstjórn. Það er eins og hann beri enga ábyrgð á því sem miður fór í fari síðustu ríkisstjórnar. Þetta er vitaskuld fráleitt. En ég verð hins vegar að segja að mér þykir það skjóta skökku við að heyra hér í fyrri ræðum þingmannsins að honum þykir það miður að Margrét Thatcher, sá mæti stjórnmálaskörungur, skuli þrátt fyrir allt hafa með litlum hætti lagt nokkuð til atvinnumála á Suðurnesjum vegna þess að það hefur hún gert. Það vill nefnilega svo til að sú tilraun sem gerð var í fiskeldi fór fram að verulegu leyti á Reykjanesi ekki síst fyrir tilstilli stórhuga athafnamanna sem þar voru. Það vill svo til að sá sem hér stendur var styrktur til náms af Margréti Thatcher til að læra fiskeldi og ég átti minn litla þátt í því að þeirri atvinnugrein var af stokkum hleypt þannig að Margrét Thatcher hefur með vissum hætti í gegnum þetta komið nálægt atvinnumálum á Suðurnesjum. Það verður líka að segja hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni til hróss að hann hefur þar lagt gjörva hönd á plóg með Margréti Thatcher því að það var einmitt ríkisstjórn sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson studdi sem kom á samningi milli Íslands og Bretlands sem gerði það að verkum að talsverðum fjölda íslenskra námsmanna var hleypt til náms í Bretlandi á styrkjum frá bresku ríkisstjórninni.

Þar fyrir utan er auðvitað sérkennilegt að heyra hann tala í nokkrum æsingartón um Margréti Thatcher. Það vill svo til að þingmaðurinn er henni sammála um ýmislegt. Ég ætla ekki að ræða um afstöðu þeirra beggja til Evrópubandalagsins en það vill svo til að Margrét Thathcer hafði ákveðnar hugmyndir um hvernig ætti að styðja atvinnulíf á stöðum þar sem það var verulega illa statt og þær hugmyndir voru ekki verulega fjarri mínum hugmyndum og ekki heldur þeim hugmyndum sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur sett fram. Til að mynda um það hvernig eigi að styðja smáfyrirtæki í iðnaði eins og hún gerði í Bretlandi í innborgum þar sem hún beitti sér fyrir lægra orkuverði, beitti sér fyrir því að ríkið greiddi tímabundinn húsaleigukostnað, beitti sér jafnvel fyrir því að hjá nýjum fyrirtækjum greiddi ríkið laun starfsmanna. Þetta þætti sennilega framsóknarmennska í Alþb. í dag en þetta er framsóknarmennska sem mér er mjög vel hugnanleg og ég hygg að Ólafur Ragnar Grímsson geti fyllilega tekið undir.

Það slær mig hins vegar þegar formaður Alþb. fer nokkuð hörðum orðum um fjarstaddan iðnrh. og það er mjög ánægjulegt, eins og hefur komið fram að þessari umræðu verður haldið fram síðar, að þá geta þeir sennilega kljást um þetta mál, Ólafur Ragnar Grímsson og hæstv. iðnrh. og ég hygg að það verði létt verk fyrir iðnrh. að reka þessar staðhæfingar ofan í þingmanninn eins og hann hefur gert mörgum sinnum í þessum sölum áður. Staðreyndin er sú að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kemur hingað aftur og aftur og talar um einhverja sérstaka patenthyggju Alþfl. í atvinnumálum. Ég veit ekki betur en það hafi komið ný patenthyggja í atvinnumálaumræðu á Íslandi. Og hvaðan kemur hún? Hún kemur, virðulegi forseti, frá forustu Alþb., frá formanni Alþb. Menn þurfa ekki annað en að lesa t.d. áramótagrein hans til þess að skynja hina nýju patenthyggju í íslenskri atvinnumálaumræðu. Hvað er það? Það er tvennt. Það á að flytja út vatn. Jú, og við eigum allt í einu gullstreng, hann talar um gullstreng nýrrar aldar. Hver er sú kvörn sem á að mala gull framtíðarinnar? Þessi ágæti þingmaður vill leggja streng, virðulegi forseti, til Evrópu og selja þar um rafmagn. Það er framtíðin. Ef þetta er ekki patenthyggja þá veit ég ekki hvað er patenthyggja.

Það er hins vegar mjög athyglisvert að í þessum umræðum hafa komið fram margar málefnalegar og athyglisverðar hugmyndir þó ekki hafi ég heyrt þær mjög í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar áðan. Þær hugmyndir, sem hafa t.d. komið fram í máli Kvennalistans, eru allrar góðra gjalda verðar. Það er auðvitað staðreynd að til þess að styrkja atvinnulífið á Suðurnesjum og í Reykjaneskjördæmi þarf að efla fiskmarkaðina, það er alveg ljóst. Það er það sem þarf að gera og það er í skjóli þeirra sem þessi litlu fyrirtæki sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taldi með réttu vera kjarnann í þeirri uppbyggingu sem þarf að fara fram á Suðurnesjum. Þau vaxa og dafna í skjóli fiskmarkaða. Og þess vegna verð ég að segja að mér þykir miður að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera staddur hér í dag. Vegna þess að hans ráðuneyti hefur satt að segja

ekki staðið sig vel í þessu máli. Nákvæmlega núna erum við að heyra í fjölmiðlum að Færeyingar eru að *ná samningum um landanir skipa frá Þýskalandi* og telja að það sé veruleg lyftistöng fyrir fiskvinnslu í Færeyjum. Nákvæmlega núna þegar ég stend hér og tala þessi orð þá er skip statt í Hafnarfjarðarhöfn, sem að vísu er ekki á Suðurnesjum en er í kjördæminu eigi að síður, þar er skipið Helen Basse statt, rækjuskip frá Danmörku og fær ekki leyfi til að landa. Það er auðvitað í gegnum svona hluti með því t.d. að auka möguleika erlendra skipa til að landa sínum afla að hægt er að lyfta undir fiskmarkaðina og ég verð að segja að það er furðuleg ósvífni af sjútvrn. miðað við það ástand sem ríkir í atvinnumálum á Suðurnesjum og í Reykjaneskjördæmi að hafna aftur og aftur þessum *beiðnum eins* og er búið að gera þrisvar sinnum og síðast núna í dag.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér sérstök ánægja að verða vitni að því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Alþfl., opinberar það hér að það sé framsóknarmennska sem e.t.v. þurfi til til að vera lyftistöng fyrir okkar atvinnulíf í dag. (**ÖS:** Með litlum staf.) Ég verð að segja í framhaldi af því að ég bind vissar vonir við það eftir þessa yfirlýsingu að ferðalagi hv. þm. um flokka stjórnmálakerfisins sé ekki lokið (**ÖS:** Jú, jú.) og það kunni að verða á óvæntar og ánægjulegar breytingar á næstunni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sama hvarflaði að mér og hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni að hv. þm. Össur Skarphéðinsson væri að undirbúa brottför sína úr Alþfl. en ég skildi ræðuna hins vegar þannig að hann væri að æfa sig í Thatcher-lofsöngnum áður en hann héldi inn í Sjálfstfl. Ég veit að vísu og það voru ýmsir sameiginlegir vinir okkar sem veltu því fyrir sér fyrir ári síðan hvers vegna hv. þm. hefði millilent í Alþfl. því að þeir þóttust kenna hjá honum ýmsar svona rétttrúnaðarkenningar af hægra taginu og þessi lofsöngur um Margréti Thatcher sem hér var fluttur áðan var satt að segja alveg stórbrotinn.

British Council er nú búinn að vera til í Bretlandi obbann af þessari öld, löngu áður en Margrét Thatcher komst til valda. Og þótt hv. þm. hafi hlotið einhvern styrk frá British Council sem mér skilst að hafi verið styrktarstofnunin þegar hann nam fiskeldisfræði í Bretlandi, þá er nú ansi langt seilst í lofgerðinni um Margréti Thatcher að eigna henni British Council því að ef ég man rétt, þá held ég einmitt að Margrét Thatcher hafi skorið niður fjármagnið til British Council og hún lagði einmitt mikla steina í götu erlendra stúdenta með því að stórhækka þau námsgjöld sem erlendir stúdentar þurfa að greiða í Bretlandi og þess vegna eru nú mun færri íslenskir stúdentar hlutfallslega við nám í Bretlandi en voru áður.

En kannski er það boðberi nýrra tíðinda að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er farinn að lofsyngja Margréti Thatcher á þann veg sem hann gerði hér og tók auðvitað Sjálfstfl. langt fram því að það hefur enginn þingmaður Sjálfstfl. leyft sér og þorað að lofsyngja Margréti Thatcher á þann hátt sem þingmaðurinn gerði áðan.

Ég fagna því hins vegar að þingmaðurinn er þess hvetjandi að iðnrh. komi inn í þessa umræðu. Ég tek undir það. Hins vegar skil ég ekki alveg þessa árás á sjútvrh. en það er auðvitað athyglisvert í þessari umræðu að Árni R. Árnason réðst sérstaklega á félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir afskiptaleysi hennar af atvinnumálum á Suðurnesjum. Við tókum öll eftir þeirri árás og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemur hér upp til þess að ráðast sérstaklega á Þorstein Pálsson og gagnrýna hann fyrir afskiptaleysi hans af atvinnumálum í Reykjaneskjördæmi.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði hérna áðan að öllum þingheimi væri það ljóst að sá þingmaður sem talaði áðan, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hefur fært nýjan blæ svo ekki sé meira sagt inn í þann stíl sem hér ríkir. Og ég verð að segja það eftir að hafa hlustað á síðustu ræðu þessa þingmanns þá velti ég því fyrir mér hversu margar atvinnulausar konur og hversu margir atvinnulausir karlmenn á Suðurnesjum kunna að hafa haft eitthvert gagn af því sem hann sagði áðan í sínu síðasta andsvari.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við sem erum í þeim fámenna áhugaklúbbi um pólitíska framtíð Össurar Skarphéðinssonar tókum auðvitað eftir því að hann skrifaði grein í Pressuna í síðustu viku og við veltum því fyrir okkur hvort sú grein væri tilviljun vegna þess að það hefði skort eitthvað krassandi efni fyrir stílæfinguna þann mánuðinn sem þingmaðurinn skrifar í Pressuna. En andsvarið sem hann flutti áðan og reyndar ræðan þar á undan gáfu greinilega til kynna að þetta væri lína, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi tekið að sér alveg sérstaka vörn fyrir Davíð Oddsson, hæstv. forsrh. og gengst greinlega upp í því. Ég veit að þingmaðurinn skilur þetta alveg fullkomlega vegna þess að það er samhengið á milli greinarinnar í Pressunni og þeirra tveggja ræðna sem hann hefur flutt að skjóta skildi fyrir forsrh. og verja hann sérstaklega *í samskiptum mínum* við forsrh. hér á þingi. Þetta er auðvitað allt saman mjög fróðlegt, þessi mikli lofsöngur um Margréti Thatcher hér í umræðunni og þessi sérstaka vörn fyrir forsrh. Davíð Oddsson. Kannski er hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson orðinn sá eini sem er í hinum svokallaða vinstra armi þingflokks Alþfl.

Umræðu frestað.

Hringvegurinn, fyrri umr.

Þáltill. JGS og EKJ, 132. mál. — Þskj. 138.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Reykv. sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna nú þegar möguleika á því að ljúka uppbyggingu hringvegarins á næstu tveimur árum. Þjóðhagsleg arðsemi framkvæmdarinnar verði könnuð sérstaklega, svo og hagkvæmni þess að vinna verkið nú þegar fyrirsjáanlegur er mikill samdráttur í allri verktakastarfsemi. Þá verði reynt að leggja mat á hvaða ný sóknarfæri skapast í atvinnulífi landsmanna við þessa framkvæmd. Stefnt verði að því að niðurstöður þessarar könnunar liggi fyrir það snemma að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta sumri ef niðurstaða gefur tilefni til."

Þessi tillaga er komin fram af nokkuð líkum rótum og voru að baki þeirrar umræðu sem var verið að fresta áðan. Grunnhugmyndin á bak við þetta er sú að við þær aðstæður sem við búum við núna, samdrátt í þjóðfélaginu, þá kunni að vera hagkvæmt að ríkið grípi inn í og grípi til framkvæmda sem að flestra mati eru þjóðhagslega hagkvæmar. Það er líka vert að geta þess að nú eru þær aðstæður í okkar þjóðfélagi að við eigum öflug verktakafyrirtæki, stór og smá um allt land sem eiga tækjakostinn til að gera stórátak í vegagerð. Þessi tækjakostur mun að öllum líkindum úreldast lítt notaður á næstu árum ef ekki verður gripið til einhverra slíkra aðgerða auk þess sem það er hagkvæmara fyrir ríkið að fara út í slíkar framkvæmdir á þessum tímum þegar væntanlega er hægt að ná mun hagkvæmari samningum en annars hefði orðið því að allir eru sammála um að hér er um að ræða verkefni sem hlýtur að verða hrundið í framkvæmd á næstu árum.

Nú er það svo að það eru fleiri en við flm. þessarar tillögu sem hafa komið auga á og bent á þennan möguleika. Og ég vil benda í þessu sambandi á hluta af niðurstöðum atvinnumálahópsaðila vinnumarkaðarins og ég ætla að lesa upp hluta af ályktun þeirra um vegamál. Þar segja þeir, með leyfi forseta:

„Höfuðmarkmiðið er að ljúka hringveginum og tengingu helstu kaupstaða landsins með uppbyggingu á bundnu slitlagi og endurnýjun þeirra brúa sem eru svo lélegar að þær þola ekki þennan aukna þunga. Við forgangsröðun þessa verkefnis skal fyrst og fremst litið til arðsemis þeirra. Heildarkostnaður þessara verkefna er áætlaður 4–5 milljarðar kr. til viðbótar við þá fjármuni sem ætlaðir eru til nýframkvæmda í vegamálum á næstu árum. Ljúka þarf þessu verkefni á næstu árum svo að við Íslendingar drögumst ekki um of aftur úr þjóðum Vestur-Evrópu á þessu sviði. Því telur nefndin rétt að athuga hvort ekki sé rétt að flýta þessari þróun m.a. með því að athuga erlendar lántökur í þessu skyni."

Ég vil í framhaldi af þessu benda á það að öflugar samgöngur eru forsendan fyrir þróun í atvinnulífinu. Þetta er löngu viðurkennt meðal annarra þjóða og ég bendi til að mynda á hlutverk þýsku hraðbrautanna við uppbyggingu atvinnulífs í Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöldina. Við getum litið okkur nær. Ég bendi á að ef ekki hefði verið komin til sú uppbygging vega sem hefur verið á Suðurlandi á síðustu árum þá væri ekki möguleiki á að flytja út Hekluvikur í dag og nýta þar með þá auðlind sem þar er. Ég bendi líka á það að flutningur á eldisfiski frá Silfurstjörnunni í Öxarfirði til flugstöðvarinnar í Keflavík byggir á þeim framkvæmdum sem þó er búið að vinna á hringveginum en meira þarf til.

Ég vil líka benda á það að ég tel nokkra hættu á því að með þeirri áherslu sem lögð hefur verið á jarðgangagerð á síðustu árum og er lögð á á næstunni, nú vil ég taka það fram að ég vil á engan hátt draga úr áherslu á nauðsyn slíkra framkvæmda, en það er hætta á því ef við uggum ekki að okkur að þetta verði til þess að hið almenna vegakerfi sitji nokkuð á hakanum á næstu árum og með því mundum við dragast verulega aftur úr öðrum þjóðum hvað samgöngur snertir.

Hver skyldi svo vera arðsemi slíkrar framkvæmdar? Tillagan snýst reyndar um að það verði kannað þannig að ég vil ekki fullyrða neitt um það. En ég vil þó benda á að líkur eru á því að arðsemi þessarar framkvæmdar sé veruleg. Í fyrsta lagi eru margir af þeim köflum sem eftir eru á hringveginum með þeim arðsömustu vegaframkvæmdum sem um er að ræða og eftir er að framkvæma í okkar vegakerfi í dag. Ég vil í öðru lagi benda á það að ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem þó hefur gert það að verkum að samdráttur þjóðartekna var ekki meiri en raun bar vitni á síðustu árum. Ég vil nefna það í þessu sambandi að forsenda öflugrar ferðaþjónustu eru góðar samgöngur.

Þá ætla ég að nefna að mönnum var tíðrætt í umræðunni fyrr í dag um ný tækifæri í sjávarútvegi. Menn benda á það réttilega að okkar stærsti og næsti markaður, Evrópumarkaðurinn, muni á næstunni m.a. kalla á ferskar matvörur í meira mæli en hefur verið. Til þess að það verði ekki bara suðvesturhorn landsins, svæðið frá Vestmannaeyjum og upp til Akraness sem liggur best við samgöngum til og frá landinu, sem njóti þessarar þróunar þá þurfa að koma til stórbættar samgöngur. Það er m.a. forsenda þess að um allt land geti orðið sú þróun að við hliðina á þeim öflugu sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru að byggjast upp geti þrifist og byggst upp smærri fyrirtæki í sérhæfðari vinnslu sem þurfa að leita hráefnis víðar en nú er og hafi möguleika á að koma sínum afurðum á fljótan hátt á markað. Ég mun koma frekar að þessu atriði í lok ræðu minnar.

Ég vil þá benda á það að stærsti þröskuldurinn sem enn er og stendur því fyrir þrifum að við getum talað um hringveginn sem alvöruveg eru samgöngurnar milli Norður- og Austurlands þar sem svo háttar til að vegi er ekki haldið opnum nema yfir sumarmánuðina. Ég tel reyndar að það kosti ekki mikla peninga að stíga fyrstu skrefin í bættum samgöngum milli Norður- og Austurlands. Það þurfi raunar ekki annað til en taka ákvörð-

un um að halda þeim vegi opnum yfir vetrarmánuðina eins og kostur er. Staðreyndin er nefnilega sú þó að mönnum vaxi ferðalag um Hólsfjöll oft í augum að víða er verið að halda opnum miklu snjóþyngri vegum en þarna eru og þrátt fyrir allt er lengsta vegalengd á milli byggðra bóla á leiðinni frá Mývatnssveit og austur á Jökuldal ekki nema 45 km. En hvaða möguleika mundi slíkur vegur opna? Ég ítreka aftur það sem ég sagði áðan varðandi ferðaþjónustuna. Það styttist í það að flugvellir verði bæði á Akureyri og Egilsstöðum sem geti þjónað beinu millilandaflugi og tekið á móti ferðamönnum beint. Ég minni einnig á að höfn Norrænu á Íslandi, þess fyrirtækis sem sér um samgöngur ferðamanna á sjó við önnur lönd, er á Austurlandi. Þetta mundi skapa stóraukna möguleika á samvinnu þessara landshluta í ferðamálum.

Ég vil þó í öðru lagi benda á annan þátt og ekki síður mikilvægan sem tengist því sem ég ræddi áður, þ.e. varðandi útflutning á ferskum matvörum og þá kannski fyrst og fremst ferskum sjávarafurðum. Það er nú einu sinni staðreynd að með siglingu frá Austfjörðum er hægt að spara allt að sólarhring. Það tekur sólarhring styttri tíma að koma vörunni til Evrópu. Ef við tökum þetta síðan út frá sjónarmiði Norðlendinga þá mundu greiðar samgöngur við útflutningshöfn á Austurlandi geta sparað allt að öðrum sólarhring sem annars mundi taka að koma vörunni til útskipunarhafnar á Suðurlandi. Ég tel því að þarna liggi miklir möguleikar í þá veru um leið að Mið-Norðurland með því fjölbýli sem þar er og þeirri þjónustu sem þar er geti veitt Austfirðingum nokkra þjónustu sem þeir þurfa að sækja lengra í dag og Austfirðingar geti tekið að sér það hlutverk að verða að nokkru útflutningshöfn fyrir Norðurland. Ég bendi á í þessu sambandi að áhugi íbúa á Norður- og Austurlandi varðandi þetta atriði hefur að undanförnu verið mjög vaxandi. Ég benti á að ég hef fengið undirskriftir allra aðila sem stunda ferðaþjónustu í Mývatnssveit og þeir skora á þingmenn að fylgja þessu máli eftir. Ég nefni samþykkt sveitarstjórna í Fellahreppi og Egilsstaðakaupstað í þessa veru, sömuleiðis átaksverkefnis í atvinnumálum í Mývatnssveit. En nú segir kannski einhver: Höfum við fjárráð til þess að ráðast í framkvæmd sem þessa? Hvernig á að fjármagna verkið? Ég ætla ekki að benda á marga þætti en vil þó benda á nokkra ára gamalt frumkvæði 2. flm. þáltill. um sérstaka happdrættisskuldabréfaútgáfu til vegaframkvæmda við eflingu hringvegarins. Ég tel æskilegt að kanna slíkt aftur.

Ég nefni einnig það sem kemur fram hjá vinnuhópi aðila vinnumarkaðarins að líklega er þessi framkvæmd það arðbær að verjanlegt er að taka til hennar sérstök erlend lán. Ég held hins vegar að ef það yrði gert væri æskilegt að áætla á hvern hátt við ætlum að endurgreiða lánið. Ætla má umferðinni að gera það að hluta og bent hefur verið á að hækkun bensíngjalds um eins og 2 kr. gæti staðið undir afborgunum og vöxtum af nokkuð myndarlegu láni til slíkra framkvæmda.

Virðulegi forseti. Með sérstöku tilliti til umræðunnar í þjóðfélaginu nú, sem kallar á að gripið verði til einhverra aðgerða vil ég leggja sérstaka áherslu á að þetta máli fái skjóta afgreiðslu í meðförum Alþingis. Um leið legg ég til við hæstv. forseta að þessu máli verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir tillögu um að ljúka framkvæmdum við hringveginn. Þar er einkum átt við stærsta verkefnið, tenginguna milli Norður- og Austurlands, um Möðrudalsöræfi og Hólsfjöll. Ég tek einnig undir það að æskilegt væri að tillagan fengi skjótan framgang á Alþingi og ég er sannfærður um að hún nýtur víðtæks stuðnings. Það byggi ég á því að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um samgöngumál sem kemur fram í hinni svokölluðu hvítu bók er þetta eina einstaka vegaframkvæmdin sem minnst er á. Ríkisstjórnin hefur sett sér að framkvæma þetta verk og vona ég svo sannarlega að tillagan fái greiðan framgang á Alþingi því að hún fellur mjög vel að þeim áformum.

Það atvinnuástand hefur skapast í landinu, ekki síst í verktakaframkvæmdum, að stór og stórvirk atvinnutæki eru ónotuð. Það ætti því að vera tiltölulega hagkvæmt að ráðast í framkvæmdir um þessar mundir.

Þegar vegaframkvæmdir ber á góma er rætt um það í vaxandi mæli hvaða áhrif þær hafi önnur en þau að þægilegra er að keyra nýja og uppbyggða vegi og að þeir eru oftar færir en gömlu vegirnir. Vegaframkvæmdir hafa einnig víðtæk áhrif í atvinnumálum. Í þessu sambandi má benda á að núna er lausnin talin felast í samvinnu og sameiningu fyrirtækja og sveitarfélaga á stærri landsvæðum, að hún veiti mikla hagkvæmni og sé eitt af því sem við eigum að stefna að í sókn okkar til bættra lífskjara. Ég geri ekki lítið úr þessu og tel að það verði að hugsa í stærri heildum en áður var gert og að breyttar samgöngur hafi mjög víðtæk áhrif.

Tillagan gerir einmitt ráð fyrir því að við athugun á þjóðhagslegri hagkvæmni framkvæmdarinnar sé athugað hvaða sóknarfæri skapast í atvinnulífinu við þessa framkvæmd. Ég tek undir það að nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því.

Framkvæmdinni er ekki lokið vegna þess að aðrar framkvæmdir við tengingu byggða hafa gengið fyrir þessari. Það dregur þó ekki úr því hvað áríðandi er að vinna að þessu verkefni. Þess vegna er ég eindreginn stuðningsmaður tillögunnar.

Vegarstæði úr Mývatnssveit og austur á Hérað hefur ekki endanlega verið ákveðið. Töluvert miklar athuganir og skýrsla liggja fyrir um möguleg vegarstæði. Þar koma ýmsar leiðir til greina. Það kemur til greina að fara beint frá Grímsstöðum og austur um Þjóðfell, svo að ég nefni þar kennileiti. Sú leið liggur nokkuð norðarlega og er örugglega nokkuð snjóþung miðað við þá leið sem nú er farin. Að öðru leyti kemur til greina að fara þá leið sem nú er. Það er rétt sem kom fram í ræðu framsögumanns að þessi leið er ekki ýkja snjóþung miðað við það sem gerist á fjallvegum nær ströndinni. Hins vegar geta verið vond veður þarna og langt er á milli bæja. Eigi að síður á að vera mjög

viðráðanlegt að halda henni opinni í venjulegu árferði miklu lengur en nú er gert og náttúrlega væri nærtækt að byrja á því. Ég tel heppilegt að leiðin liggi einhvers staðar nálægt því sem hún liggur nú. Það kæmi til greina að fara svokallaðan Langadal og austur í Jökuldalsheiði en gallinn er sá að Möðrudalur fer úr alfaraleið og þá lengist á milli byggðra bóla. En auðvitað er nauðsynlegt að eitthvert athvarf sé á leiðinni eins og hefur verið til þessa.

Akstursleiðin milli Egilsstaða og Akureyrar er um 280 km. Á góðum vegi er þetta um þriggja tíma akstur sem er ekki mikið á þeim bifreiðum sem við höfum nú orðið yfir að ráða. Auðvitað mundi þessi framkvæmd því auka mjög og greiða fyrir samskiptum milli Norður- og Austurlands. Hún hefði einnig mikla þýðingu fyrir vaxandi ferðamannaþjónustu á þessu svæði svo ég tali nú ekki um aðra flutninga sem mundu þá koma mjög til greina, t.d. í sambandi við sjávarútveginn eins og hv. frsm. kom inn á í ræðu sinni.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um þetta mál að sinni. Ég er fylgjandi því að athugun fari fram. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar fellur sú athugun mjög vel að áformum ríkisstjórnarinnar því hún hefur sett sér að flýta þessu verkefni. Tillagan ætti því að hafa greiða leið í gegnum þingið og njóta víðtæks stuðnings á Alþingi.

Hrafnkell A. Jónsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir stuðningi mínum við þá till. sem er til umræðu.

Tenging hringvegarins eða lokauppbygging hans á milli Austurlands og Norðurlands er forgangsmál fyrir Austfirðinga auk uppbyggingar Egilsstaðaflugvallar. Það er sannfæring mín að lokauppbygging þessa vegarkafla, svo og hringvegarins suður frá Egilsstöðum, verði undirstaða atvinnuþróunar á Austurlandi í náinni framtíð.

Hv. síðasti ræðumaður fór nokkrum orðum m.a. um vegarstæði á þessari leið og víst er um að þar er ýmislegt ókannað. Þegar vegarstæði á milli Norður- og Austurlands yfir Mývatnsöræfi og Möðrudalsfjallgarða verður endanlega ákveðið tel ég nauðsynlegt að kannað verði til hlítar hvort með vegarlagningunni verði með einhverjum hætti hægt að minnka eða rjúfa einangrun Vopnafjarðar, þó hún verði nú kannski aldrei rofin. En möguleikar eru fyrir hendi á að stytta verulega þá leið sem er t.d. á milli Vopnafjarðar og annarra svæða sunnar á Austfjörðum. Þetta atriði hlýtur að koma til athugunar þegar verkið verður unnið. Ég hygg nú samt að Austfirðingar muni ekki deila um þessa hluti ef líkur eru á að framkvæmdir byrji.

Þetta er ekki eini kafli hringvegarins sem er ófrágenginn. Hluta hringvegarins á milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar er ólokið. Á Austfjörðum er annar kafli er ófrágenginn og hlýtur að koma til athugunar í tengslum við þessa könnun, þ.e. óákveðið er hvaða leið verður farin suður frá Egilsstöðum, hvort þjóðvegi 1 verði fylgt um Breiðdalsheiði, hvort hringvegurinn verður byggður upp með ströndinni frá Reyðarfirði til Breiðdals eða eins og varpað hefur verið fram í umræðunni núna á undanförnum vikum að kanna vegarlagningu yfir Öxi.

Ég hef ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni flutt tillögu sem kemur vonandi til umræðu síðar í vetur um könnun á gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Ég lít svo á að það hljóti að vera hlutur sem kanna verður í þessu samhengi, ekki síst vegna þess að það getur þjónað fleiri markmiðum en nákvæmlega þeim að ljúka gerð hringvegarins. Að mínum dómi gæti það orðið veigamikill þáttur í þeirri byggðaþróun sem líkleg er á næstunni og byggir mikið á því að stytta vegalengdir á milli þéttbýlisstaða og skapa þannig stærri verslunar- og þjónustusvæði, nýjar forsendur í atvinnuuppbyggingu eins og hv. frsm. kom vel að. Möguleikar hinna dreifðu byggða, ekki síst við sjávarsíðuna, munu í framtíðinni byggjast á því hversu auðveldlega við komum afla, sem kemur á land, á markað og hversu vel við liggjum við stærri markaðssvæðum. Ég er að vísu ekki alls kostar trúaður á að hagkvæmni stærðarinnar sé upphaf og endir allra hluta eins og virðist vera í umræðunni í dag varðandi atvinnumál, þar sem leysa á öll vandamál með stækkun fyrirtækja, vandamál sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga og svo má lengi telja. Ég vil heldur ekki hafna þeim kostum sem þessir möguleikar geta boðið upp á. Þess vegna lít ég svo á að við uppbyggingu samgöngumannvirkja á næstu árum hljóti að verða að kanna arðsemina m.a. út frá því hvaða möguleikar geta skapast í byggðarþróun, í uppbyggingu atvinnulífs og í ódýrari þjónustu opinberra aðila.

Ég ítreka stuðning minn við tillöguna og vænti þess að hún nái fram að ganga þannig að á næstu vikum og mánuðum verði hægt að hefja þá könnun sem lögð er til og að hún geti komið sem fyrst til hagsbóta öllum landsmönnum, ekki eingöngu íbúum Norður- og Austurlands.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar fyrst að þakka hv. síðasta ræðumanni og raunar líka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir stuðning við þetta merka mál. Af því tilefni leyfi ég mér að rifja upp gang málsins eða hluta af því með því að geta um það að hinn 16. maí 1975 var samþykkt endanlega við lokaafgreiðslu í hv. Ed. með 18 shlj. atkv. að setja lög um norðurveg og austurveg. Þingmenn sameinuðust um að láta happdrættisfé renna í þessa framkvæmd og ljúka veginum frá Akureyri til Reykjavíkur og síðan frá Reykjavík til Egilsstaða á 3–4 árum. Ég vil sérstaklega geta þess að Reykvíkingar voru ekki síður áfram um það að þessi vegur yrði lagður en við sem börðumst þá fyrir dreifbýlið og það er rétt, sem komið hefur fram, að þetta er fyrir landið allt í heild.

Nú er komið að því að þessu verður að hrinda í framkvæmd. Lögin, sem voru sett, báru aldrei hinn tilætlaða árangur. Fyrst var tekið af þessu fé í Borgarfjarðarbrú sem var sérverkefni og átti ekkert skylt við þetta frv. og síðan var neitað um fjárveitingar með þeim röksemdum að engir peningar væru til. Það er svolítið svipað því sem sagt er enn þann dag í dag:

Það verður verðbólga, það verður þetta og það verður hitt ef við leggjum almennilega vegi.

Auðvitað eru vegir grundvallarforsenda þess að lífvænlegt sé í landinu. Auðvitað átti vegurinn að vera kominn fyrir meira en áratug. Samkvæmt lögum átti að byrja á honum fyrir 17 árum. Þetta var einróma vilji Alþingis. Enn erum við að biðja um að þessu sé nú loksins lokið.

Satt að segja hálfhitnar mér í hamsi við að rifja þessa forsögu upp. Ég er ekki að ásaka neina sérstaka flokka. Minn flokkur var alveg eins og allir aðrir, hann sagði: Það eru engir peningar til. Ísland hefur ekki efni á því að leggja vegi. Ísland hefur ekki efni á að gera þetta og gera hitt. Ég neita að hlusta á slíkan áróður, slíka endaleysu. Peningar eru ávísanir á verðmæti, annað ekki. Ísland á meiri verðmæti nú en nokkru sinni áður og átti miklu meiri en nóg verðmæti eins og sýndi sig í happdrættislánunum. Fólkið keypti bréfin en Alþingi sveikst um að framkvæma þann vilja sinn og fólksins að nota peningana í réttum tilgangi. Síðan var hægt að bjóða skuldabréfin út. Allir vildu kaupa þau. Þau voru með eðlilegum vöxtum og þau voru verðtryggð. Haldið þið að við hefðum ekki grætt á því ef við hefðum klárað þetta verkefni? Við skulum ekki vera að tala um það núna einn ganginn í viðbót. Vegurinn er auðvitað forsenda þess að fólkið um allt land geti unað við hag sinn. Það vill hafa sömu þægindi og Reykvíkingar hafa. Það hefur að sumu leyti meiri þægindi. Það sagði ég þá og það segi ég enn. Ég breyti ekki um skoðun vegna þess að ég sé í þessu kjördæminu eða hinu. Ég er kosinn á Alþingi og ég get sagt allt það sem ég sagði í öllum þeim ræðum sem ég hélt um þessi mál þá af því að auðvitað var það tekið upp á hverju einasta ári og krafist þess að lögunum yrði framfylgt en það var bara ekki gert. En ég vona nú að í þetta skipti verði lögum og ályktunum Alþingis fylgt, þeirri sem núna er t.d. flutt og ég þakka sérstaklega fyrir að hafa fengið að vera meðflutningsmaður að.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að vera að orðlengja þetta. Þessu verkefni verður að ljúka og auðvitað skiptir ekki nokkru minnsta máli þó að tekið sé fjármagn erlendis frá eða hvaðan sem er. Peningamarkaðurinn er að verða alþjóðlegur nema hér höfum við allt of háa vexti. En annars eru peningar auðvitað notaðir til þess að gera fólk ríkt, þjóðir ríkar. Við tókum peninga til að kaupa alla togara á þessari öld, hvert einasta atvinnutækifæri á þessari öld, fram eftir öldinni. Auðvitað var byggt fyrir lánsfé. Engir peningar voru þá til á Íslandi. Engin verðmæti voru til nema landið sjálft sem er auðvitað aðalverðmætið og það eina sem skiptir máli þegar á heildina er litið og það er auðvitað landið sjálft sem er svo gífurlega verðmætt.

Ég held að ég hafi sagt í tveimur ræðum í gær — sem kannski enginn hefur tekið eftir af því að það voru ekki blaðamenn — að við værum að eignast stærra yfirborð af jörðinni en öll Evrópa er, öll Mið-Evrópa og Suður-Evrópa og þetta sem sumir hverjir vilja jafnvel fara að gerast aðilar að. Verðmæti okkar þegar við erum búnir að framkvæma það sem við getum gert og eigum að gera samkvæmt hafréttarsáttmálanum að réttindi okkar á Hatton-Rockall svæðinu, 350 mílurnar á Reykjaneshrygg og síðan að loka öllu svæðinu í samvinnu við Norðmenn og Kanadamenn frá Noregs- og Skotlandsströndum yfir til Kanada. Þetta er allt að byrja. Það er leitað til Íslendinga til þess að verja miðin fyrir utan 200 mílur við Kanada. Við þurfum svo sannarlega á Helga Hallvarðssyni að halda til þess að verja mið okkar fyrir utan 200 mílurnar. Við eigum 350 mílur og það vorum meira að segja við í sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, Benedikt Gröndal, Lúðvík Jósepsson og Þórarinn Þórarinsson frá þingflokkunum og aumingja ég. Við sömdum um það við Rússa af öllum mönnum að á neðansjávarhryggjum skyldi eðlileg framlenging landsins stöðvast við 350 mílur. Rússarnir sögðu við okkur: Þið ætlið 2.000 mílur suður í höf af því að Ísland er efsti punktur í Norður-Atlantshafi þá er hann „national prolongation" eins og það heitir á enskunni, óslitin framlenging niðri í hafsbotninum. Hún er suður úr öllu og við sögðum nei, nei, við ætlum ekkert að gera slíka kröfu en hvað viljið þið hleypa okkur langt? Rússinn var þá reyndar ekki kominn lengra en með 50 mílur. Seinna skýrðist af hverju það var. Það var Treholt-málið og það allt saman. Norðmennirnir voru dragbítar, t.d. í sambandi við 200 mílurnar en gleymum því. Þá sagði einhver: Þá má bæta a.m.k. við öðrum 200 og þá sagði einhver: Hafið þið það þá 350 í heildina, og það rúlladi í gegnum allan hafréttarsáttmálann. Ekki einn einasti maður á þinginu andmælti þessu. Já, 350. Við eigum þetta. Þetta er fullveldisréttur. Enginn má snerta þennan hafsbotn. Auðvitað þarf að verja hann og hrekja menn í burtu eins og Kanadamenn eru að gera.

Kanadamenn eru komnir á undan okkur núna. Þeir voru raunar líka að átta sig á því. Við vorum alltaf með hugann við 200 mílurnar eins og þið getið ímyndað ykkur og við héldum að það væri endir heimsins. Allt í einu komu Kanadamenn upp með það. En það er hafsbotn lengra út og Bandaríkjamenn voru þeir fyrstu sem tóku 200 mílur af hafsbotni en það gerðist 1945 þegar Truman Bandaríkjaforseti lýsti yfir eignarhaldi Bandaríkjanna á 200 mílum og tók sér það. Hann hafði valdið. Auðvitað var þá skrifað í New York Times t.d. — ég á þann leiðara einhvers staðar — að það liggi í hlutarins eðli að sá sem eignast hafsbotninni eignist hafið fyrir ofan líka. Þá fóru Suður-Ameríkuþjóðirnar í gang og þá fórum við og aðrir í gang. Þessi saga er ekki endilega til að vera að rifja hana sérstaklega upp, en allt tengist þetta náttúrlega saman. Þessi litla þjóð á auðvitað að reyna að sameinast um það sem máli skiptir og þetta mál er auðvitað lítill angi af því og þó stór.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla hér um landgrunnsmálið þó að það væri vissulega freistandi því að skoðanir mínar og hv. síðasta ræðumanns fara merkilega vel saman í því máli. Hins vegar er freistandi að ræða örlítið um það sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á hver afdrif ályktana Alþingis eru yfirleitt og hvernig vilji Alþingis er virtur. Það hefur nefnilega berlega komið í ljós á síðustu árum að hann er oft og

tíðum hundsaður og þarf varla að nefna mörg dæmi því til stuðnings. En það er freistandi að nefna nokkur.

Ég get nefnt mjög nýlegt dæmi sem er hið svokallaða þyrlumál þar sem vilji Alþingis kom ítrekað fram, bæði í formi samþykktar á þál. sjálfri og einnig með samþykkt lánsfjárlaga. En sá vilji var ekki virtur. Ég get nefnt annað dæmi sem er þál. sem ég ásamt fleirum fékk samþykkta fyrir einum 3–4 árum sem var um neyðarsíma sem átti að setja upp á hættulegum fjallvegum. Þeirri framkvæmd hefur ekki enn verið hrundið í gang þrátt fyrir að tilefni hafi vissulega gefist til og mannslífum hafi meira að segja verið fórnað.

Á síðsta þingi var einnig samþykkt þál. um uppsetningu vegriða. Áætlun um það átti að leggja fyrir 1. okt. 1991 en ekkert bólar á henni.

Þannig væri lengi hægt að telja og vissulega er áhyggjuefni fyrir okkur sem hér störfum og leggjum vinnu í að búa til þáltill. og berjast fyrir þeim bæði í þingsal og eins í nefndum að þegar þeirri baráttu er loksins lokið og við teljum okkur hafa náð árangri, þá fara þau til ríkisstjórnar og þar fara þau beint í salthauginn. Þarna verða menn að taka til hendi og lemja hnefanum í borðið.

Mér þykir athyglisvert þegar tillaga eins og þessi er borin fram, þá situr að ég hygg aðeins einn fulltrúi samgn. í salnum, hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, og er það virðingarvert af hennar hálfu. En ég hefði mjög gjarnan viljað sjá fleiri fulltrúa þeirrar nefndar þegar svo stórt mál sem þetta er til umræðu.

Ég vil þakka flutningsmönnum þessarar tillögu fyrir framlagningu hennar. Ég tel þetta þarft mál og kem fyrst og fremst upp til þess að taka undir tillöguna, tel sjálfsagt að þessar kannanir sem farið er fram á verði gerðar og stóri draumurinn fái vonandi sem fyrst að rætast þannig að hringveginum verði lokið. Ekki er hægt að segja að neinn frekjutónn ríki í tillögunni. Það er spurningin um að kanna og leggja mat á hluti og ég sé því ekkert til fyrirstöðu að ríkisstjórnin láti slíkt starf fara fram.

Ég tek undir að málið verður að fá snögga afgreiðslu ef þetta á að geta orðið að veruleika að framkvæmdir eins og þessi till. gerir ráð fyrir eiga að geta farið fram á þessu ári. Því er mjög brýnt að nefndin vinni hratt að málinu og tefji það ekki frekar en nauðsynlegt er.

Auðvitað tek ég undir það í því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu að þá þurfum við að leita allra ráða til þess að finna og skapa atvinnutækifæri. Vissulega mundi þetta gera það og ekki veitir af. Þetta mundi jafnframt glæða atvinnulífið í landinu í verslun, í þjónustu, í iðnaði, í sjávarútvegi að ógleymdum ferðamannaiðnaðinum þannig að hér er vissulega um þarft mál að ræða.

Mér finnst freistandi að óska eftir því að hv. samgn. láti kanna það jafnframt þegar hún fer yfir málið að möguleikinn á notkun steypu verði kannaður til hlítar. Allt of lítið er gert af því í landinu að nota steypu til vegagerðar og ég tel að nefndin eigi að láta kanna hagkvæmni þess að nota steypu með tilliti til endingar, til þols og að sjálfsögðu með fjárhagslega hagsmuni í huga. Í mínum huga er enginn vafi að steypan er það sem koma skal þannig að ég óska eftir því og ég bið þann eina fulltrúa samgn. sem hér situr að bera þessi skilaboð til nefndarinnar.

Þá finnst mér líka freistandi að minna á að þjóðvegur 1, hringvegurinn, er ekki alls staðar aðalbraut. Ég hef reyndar líka flutt tillögu um að hann verði gerður að aðalbraut og fengið þau svör frá sitjandi ráðherrum og Vegagerð að það þyki of dýrt. Ég get ekki tekið undir þau rök, m.a. vegna þess að menn álíta yfir höfuð að þjóðvegur 1 sé aðalbraut og beinlínis þess vegna hafa orðið fjölmörg slys sem ég tel að hægt sé á ódýran hátt að koma í veg fyrir. Ekki þarf að nefna mörg dæmi. Ég get nefnt eitt dæmi sem er þó búið að laga núna, sem betur fer. Á vesturleið koma menn að veg sem liggur að Leirársveitarskóla, Leirársveit, og hann hafði rétt á þjóðveg 1. Menn gerðu sér ekki grein fyrir þessu enda hafa þarna orðið fjölmörg slys. Og svona væri vafalaust hægt að tína upp marga vegarkafla.

Hæstv. forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til þess að taka undir tillöguna og ég vona að hv. samgn. taki rösklega á málinu og afgreiði það sem allra fyrst.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að gjarnan megi skipta umfjöllun þessarar tillögu í tvennt. Annars vegar spurninguna um það hvort álitlegt og rétt sé að auka vegaframkvæmdir og grípa jafnvel til sérstakrar fjáröflunar eða lántöku í því skyni og hins vegar til hvaða framkvæmda í vegakerfinu skynsamlegt væri að líta ef menn taka ákvörðun um að auka vegaframkvæmdir að marki umfram það sem áætlanir gera ráð fyrir.

Ég tek það fram strax að ég er og hef lengi verið sammála hinu fyrra. Ég held að það sé tvímælalaust einn allra álitlegasti kostur okkar Íslendinga, þjóðhagslega séð, að leggja fé í uppbyggingu samgöngukerfisins í landinu. Reyndar er það svo að flestar kannanir og útreikninga ber að sama brunni í þeim efnum þ.e. að fáar ef nokkrar framkvæmdir búa yfir jafnmikilli innri arðsemi eins og einmitt samgöngubætur í nútímaþjóðfélögum. Gjarnan er fullyrt að um 10% af innri arðsemi sé fólgin í því að byggja upp nútímasamgöngur á landi í stað lélegri sem fyrir eru eða engra. Ég er því fylgjandi og hef lengi verið, svo ég tali nú ekki um ósköpin við núverandi aðstæður í atvinnu- og efnahagsmálum í landinu, að menn skoði alveg ofan í kjölinn hvort ekki sé með einhverjum hætti hægt að auka framvæmdir og gera meira þar en áformað er. Það er að vísu svolítið öfugsnúið að ræða um tillögu af þessu tagi nokkrum dögum eftir að niðurskurðarþingsályktunartillaga að vegáætlun hefur verið til umfjöllunar og flutt af hæstv. samgrh. Vissulega er svolítið mótsagnakennt að dagskráin skuli raðast þannig upp í þinginu. Að mínu mati breytir það engu um að auðvitað er sjálfsagt mál að taka vel á móti og skoða hugmyndir um að grípa til sérstakra ráðstafana og fjáröflunar til vegaframkvæmda.

Varðandi það atriði að beina þeim framkvæmdum að því að byggja upp hringveginn skil ég það svo að

menn séu í grófum drættum að tala um þjóðveg 1. Nú má deila um það, það er skilgreiningaratriði, hvort líta beri alls staðar svo á að þjóðvegur 1 sé hringvegurinn. Ég nefni sem dæmi vegakerfið á Austurlandi þar sem þjóðvegur 1 liggur um Breiðdalsheiði en aðalumferðaræðin liggur veginn með fjörðum. Yfir vetrartímann má því a.m.k. segja að hringvegurinn liggi með ströndinni. Nokkur fleiri dæmi af því tagi má nefna um hringveginn.

Eftir því sem uppbyggingu hringvegarins eða þjóðvegar 1 miðar áfram fara menn að skoða þá spotta sem eftir eru. Ég held að ég muni það rétt að í umræðum um langtímaáætlun á þingi fyrir nokkru nefndi ég þann möguleika og álit mitt að innan tveggja til fimm ára hlytu menn að taka þá búta sem eftir væru á hringveginum, segjum þá eins til þriggja ára núna, og skoða það sem sjálfstætt verkefni að ljúka hringveginum. Það er rétt að í þeirri áætlunargerð sem unnið er eftir í vegamálum er hringvegurinn sem ein heildstæð eining óháð kjördæmum og ekki sérstaklega undir þegar skipting vegafjár er ákvörðuð. Þess hefur vissulega gætt í nokkrum mæli að eyður séu á hringveginum á mörkun kjördæma vegna þess að skipting vegafjárins innan hinna einstöku kjördæma hefur meira miðað að því að búa þar til tengingu innan héraðs eða innan fjórðungs. Í því sambandi er sú hugsun, sem liggur að baki þessarar tillögu, skynsamleg að í áætlanagerð verði litið til hringvegarins sérstaklega. Ég vil þó láta það sjónarmið mitt koma hér fram og ég vona að það misskiljist ekki og hvorki tillögumenn né aðrir taki það sem andstöðu við tillöguna að ég held að menn þurfi að fara mjög vandlega í gegnum það áður en þeir taka ákvarðanir um að ráðstafa auknu fjármagni til vegaframkvæmda öðruvísi en sem hluta af hinum almennu vegaframkvæmdum á grundvelli vegáætlunar og langtímaáætlunar sem fyrir liggur. Það er af þeim ósköp einföldu ástæðum að þar hefur mikilvæg áætlanagerð farið fram. Þar hafa margir lagt hönd á plóginn og ekki síst þingmenn kjördæmanna og orðið ásáttir um tiltekna forgangsröðun framkvæmda. Óhjákvæmilega mundu vakna spurningar ef við hefðum 2–3 milljarða til ráðstöfunar aukalega, til viðbótar því vegafé sem er eða horfir til samkvæmt vegáætlun. Ef ákveðið yrði að ráðstafa því öllu í það verkefni að ljúka hringveginum þá mundu örugglega vakna spurningar varðandi einstakar tengingar, hvort þær mættu bíða, t.d. tengingar milli héraða eða péttbýlissvæða innan héraðs eða milli fjórðunga sem ekki þurfa endilega að liggja á hringveginum. Þetta held ég að liggi í hlutarins eðli og er ekki sagt hér til að varpa neinni rýrð á tillöguna eða þá hugsun sem að baki hennar býr. Þetta er ósköp einfaldlega hinn praktíski veruleiki sem mun blasa við mönnum jafnan þegar þeir fara að skoða þessi mál og ræða forgangsröðun verkefna.

Mikið hefur verið rætt um tenginguna milli Norðurlands og Austurlands og lögð mikil áhersla á að það sé brýnt að bæta þar úr. Það er allt rétt sem sagt er um það en það er hins vegar mjög stórt verkefni. Ég hef stundum spurt þingmenn Austfjarðakjördæmis að því hvort þeir telji líklegt að enn um sinn, meðan jafnmikilvæg verkefni eru óunnin varðandi tengingu byggðarlaganna innbyrðis á Austfjörðum, bara af hefðbundinni vegagerð og lagningu bundins slitlags á því svæði, séu menn líklegir til að fallast á að draga úr framkvæmdum á allra næstu árum á Austurlandi. Ég tala ekki um stöðva slíkar framkvæmdir innan fjórðungsins en setja hundruð milljóna kr. í uppbyggingu þess hluta tengingarinnar milli Norðurlands og Austurlands sem kæmi í Austfjarðakjördæmi og er auðvitað stærsti hlutinn. Ég held að það mundi vefjast dálítið fyrir mönnum í því kjördæmi. Það er mín spá og þetta segi ég óskað einfaldlega til að minna menn á þann veruleika sem mun blasa við þeim. Ég er ekki með þessu að draga úr mikilvægi þess að reynt verði að ráðast í þetta verkefni og að sjálfsögðu verður það gert. Hér er eingöngu spurningin um tíma eða forgangsröðun verkefna. Ég fagna því að tillagan er fram komin og vona að hún komist til samgn. og verði tekin inn í þá vinnu sem er þar vegna þess að vegáætlun liggur fyrir þinginu. Ég lýsi almennt mjög jákvæðum sjónarmiðum gagnvart meginefni tillögunnar, að afla aukins fjár til vegagerðar. Ég tel sjálfsagt mál að skoða hringveginn sértaklega í því sambandi, þar með talda tengingu Norðurlands og Austurlands. Hins vegar held ég að þetta verk verði að vinna í samhengi við og sem hluti af vegamálunum í almennu samhengi, þ.e. hvar og hvenær peningum skuli varið á hverjum tíma.

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni rifja upp og vekja athygli á því að býsna stór hluti af því sem er óuppbyggt af veginum á milli Egilsstaða og Reykjahlíðar í Mývatnssveit er í byggð á Austurlandi, þ.e. vegurinn norður frá Egilsstöðum upp Jökuldal og upp fyrir Skjöldólfsstaði. Þótt ég ætli ekki að fara að svara hér fyrir hv. þm. Austfirðinga hef ég samt trú á því að ekki muni vefjast mjög mikið fyrir þeim sá hluti uppbyggingar norðurvegar. Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram en að öðru leyti er ég ekki svo mjög ósammála bollaleggingum hv. síðasta ræðumanns.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið rétt sem síðasti ræðumaður sagði áðan, hv. 3. þm. Austurl., að sem betur fer er það svo að verulegur hluti af þessum vegi, Felli og Jökuldal, er í byggð og nýtist sem slíkur innan þess héraðs eða fjórðungs. En það er líka geysilega stórt og mikið verkefni að byggja upp það sem eftir er, úr byggð og upp á kjördæmismörk hvort sem það yrði við Biskupsháls eða annars staðar þar sem vegarendarnir mættust milli Norðurlands og Austurlands.

Ég var ósköp einfaldlega að draga inn í umræðuna þennan veruleika sem ég hygg að blasi við mönnum, bæði í einstökum kjördæmum og sérfræðingum Vegagerðarinnar og öðrum sem um þessa hluti fjalla. Ég vil nefna sem dæmi til að skýra enn frekar mál mitt, þá áherslu sem þingmenn Norðurl. e. urðu blessunarlega ásáttir um upp úr 1980 og hafa framfylgt síðan. Þegar menn skoðuðu vegakerfið í því kjördæmi þá var það

niðurstaðan að leggja mesta áherslu á tenginguna innan kjördæmis, öxulinn Húasvík, Vaðlaheiði og Leiruveg til Akureyrar og frá Akureyri til Dalvíkur og frá Dalvík til Ólafsfjarðar. Þetta var gert og þessu var framfylgt, unnið var markvisst að því að byggja upp þennan öxul í gegnum kjördæmið en láta hins vegar hringveginn og þar með talda tenginguna frá Akureyri um Hörgárdal og Öxnadal bíða. Hins vegar er núna verið að ráðast í það verkefni og framkvæma það og komið langleiðina að ljúka því. Slíkar ákvarðanir geta menn þurft að taka og eiga að taka af skynsamlegu viti á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga og rökræðna. Það er alveg eins með þetta dæmi sem hér blasir við okkur og önnur af þessu tagi í vegamálunum. Menn þurfa að ræða þau og skoða og taka síðan ákvarðanir. Það er um að gera að vinna þessa hluti eftir einhverri stefnu en hringla ekki með þá ár frá ári. Að sjálfsögðu er það þannig að ef menn taka ákvörðun um að ráðast í tenginguna milli Norðurlands og Austurlands, þá eiga menn að setja fullan kraft í það verkefni. Og þess vegna verða menn að vera tilbúnir til þess að láta aðrar framkvæmdir liggja í láginni eða vera í lágmarki á meðan til þess að vera ekki að dreifa kröftunum út um dal og hól. Þess vegna er það dálítið stór ákvörðun að taka að fara í uppbyggingu á vegakerfinu sem er meira og minna öll leiðin frá vegamótum við Kröfluvirkjun og niður undir Egilsstaði.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það að þessi tillaga skuli komin fram og ég þakka þeim flm. sem þar eiga hlut að máli. Ég tel að það sé mjög tímabært og reyndar alltaf tímabært að ræða um það að bæta samgöngur og leggja í þær arðbæru framkvæmdir sem ég tel að vegaframkvæmdir eða bætur á vegakerfinu séu. Það hefur alltaf verið talið hagkvæmt. Vegagerðin telur það hagkvæmt í dag og hefur gert í mörg ár. Miðað við það atvinnuástand sem er í dag, getum við ekki neitað því að það væri atvinnuskapandi, bæði fyrir almenna launamenn og fyrir verktakastarfsemi í landinu.

Sú ákvörðun var tekin á sínum tíma, þegar hringveginum var lokið, eins og hér hefur komið fram fyrr í dag, að þá voru boðin út skuldabréf á almennum markaði. Það var einnig gert þegar vegurinn var tengdur um Ísafjarðardjúp, þá voru einnig boðin út skuldabréf og þá sérstaklega innan þess landshluta til þess að ljúka veginum um Ísafjarðardjúp og tengja þar með Ísafjörð um Ísafjarðardjúp við aðra landshluta. Af því að ég er nú farin að ræða um Ísafjarðardjúp og Vestfirði, þá langar mig til að benda hv. alþm. á það að þegar menn ræða um hringveginn um landið, þá er yfirleitt alltaf einn landshluti undan skilinn. Það er talað um hringveg milli Norðurlands, Suðurlands og Austurlands en hringvegurinn um Vestfirði er ekki inni í dæminu. Það er nokkur hugsanavilla þar sem náttúran tók þá ákvörðun að Vestfirðir skyldu ekki vera eyja við landið heldur fasttengdir að þá skuli stjórnvöld hafa tekið þá ákvörðun að hringvegurinn um landið nái ekki til Vestfjarða. Ég held að það hafi valdið því að seinkun hefur orðið á ýmsum vegaframkvæmdum á Vestfjörðum sem hefðu átt að vera komnar fyrir löngu þótt ég sé á engan hátt að vanþakka þær framkvæmdir sem þar eru í gangi í dag.

Fyrir nokkrum vikum var rætt mikið um breikkun Reykjanesbrautar til þess að koma til móts við þá verktakastarfsemi í landinu sem horfir fram á atvinnuleysi á næstu mánuðum. Hæstv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að stuðla ekki að því að það verði gert núna. Það er spurning hvort hún tekur jákvæðar í það að ljúka þessum hringvegi með betri tengingu. Að vísu hefur hæstv. samgrh. lýst yfir áhuga sínum á því að bæta tengingu milli Norðurlands og Austurlands en ekkert ákveðið hefur þó enn komið fram um það.

Ég hef gagnrýnt áður niðurskurð í breyttri vegáætlun sem nýlega kom fram sem getur verið á bilinu 750–1.000 millj. kr. Það er því ansi hætt við því að ekki verði nægilega vel tekið í þetta átak sem hér er verið að ræða um í samgöngumálum, að ljúka framkvæmdum við hringveginn. Það væri, eins og ég sagði áðan, vissulega þess virði bæði vegna atvinnuástands og annarra atriða. Ég vil taka það sérstaklega fram að þegar við ræðum um samgöngumál, um betri vegi og betri samgöngur á landinu og um byggðastefnu, þá eru það fyrst og fremst samgöngumálin sem skipta máli. Þau eru númer eitt, tvö og þrjú í jákvæðri byggðastefnu. Það er jákvætt að bæta samgöngur vegna þess að þær koma inn á svo marga aðra þætti í opinberri þjónustu, atvinnulífi og félagslífi landsmanna. Allt sem gert er í því skyni að bæta samgöngur og tengja þannig landshlutana betur saman er jákvæð byggðastefna. Ég vil því hvetja til þess, ef nokkur möguleiki er, að hæstv. ríkisstjórn skoði þetta mál í fullri alvöru, miðað við það ástand sem ríkir í þjóðfélaginu, og verði svo stórhuga að hún stuðli að því að þessi tillaga nái fram að ganga.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu nokkuð athyglisverð till. til þál. um átak í vegamálum, að vísu á afmörkuðu sviði. Það kemur fram að að baki tillögunnar liggur ákveðið sjónarmið sem ég vil taka undir. Það er, eins og fram kemur í greinargerð, að afkastamikið samgöngukerfi, eins og kallað er, er talið vera ein meginforsenda öflugs atvinnulífs og að góðar samgöngur séu forsenda þess að unnt sé að nýta um land allt þau tækifæri sem liggja í atvinnugreinum eins og sjávarútvegi.

Enn fremur vil ég taka undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð að réttlætanlegt sé við ákveðin skilyrði að skilgreina verkefni sem sérverkefni og fjármagna þau sérstaklega, jafnvel með lántöku af einhverju tagi.

Ég vildi bæta við umræðu um þetta verkefni, sem hér er gerð tillaga um að verði tekið sérstaklega út úr, að það verður í sjálfu sér að líta á þau sérverkefni sem menn ákveða að ráðast í út frá samgöngumálum almennt og þeirri stefnu sem er á hverjum tíma svo um sé að ræða eitthvert samhengi þar á milli. Ég tel að við eigum að nýta okkur þá möguleika og þá getu sem við

höfum til að taka lánsfé til þess að fjármagna afmörkuð verkefni og bæta samgöngur þar sem þær eru slæmar og ráðast í stórvirki þar sem þess er þörf, t.d. jarðgangagerð. Ég hef nokkrar efasemdir um að hringvegurinn sé það verkefni sem er brýnast og við ættum að beina kröftum okkar að. Það eru e.t.v. á hringveginum vegarkaflar sem ekki eru nægilega góðir og nauðsynlegt að bæta úr á þeim köflum. En mér finnst það brýnna verkefni að halda áfram þeirri stefnu, sem menn hafa haft, að tengja saman byggðir innbyrðis innan svæða og í öðru lagi að tengja saman landsvæði. Verulega mikið vantar á nægilega hafi skilað fram á veginn í þeim efnum. Ég bendi á að svonefndur hringvegur sniðgengur nánast alveg það kjördæmi þar sem vegalengdir eru hvað mestar, Vestfjarðakjördæmi. Hann sniðgengur líka annað landsvæði þar sem vegasamgöngur eru nokkuð misjafnar og vegakerfið misjafnt. Þar á ég við Snæfellsnes. Ég hygg að það væri mikilvægara að leggja fé, sem menn geta aflað í þessu skyni, til úrbóta á svæðum eins og Vestfjörðum og Austfjörðum. Ég held að það sé ein helsta viðspyrna í þeirri byggðaöfugþróun sem átt hefur sér stað um nokkurt skeið.

Að öðru leyti vil ég ítreka að ég er sammála því viðhorfi sem liggur að baki tillögunni þótt ég sé ekki fyllilega sammála þeirri áherslu að þetta verkefni sé það sem beri að taka út úr. Ég get enn fremur látið það koma fram að ég tel það t.d. ekki mjög skynsamlegt að menn taki lán til að bora göng undir Hvalfjörð því sú lánsfjáröflun rýrir vissulega getu okkar til þess að taka lánsfé í önnur verkefni. Menn geta svo sem haft misjafnar skoðanir á því hvað sé brýnast í einstökum verkefnum.

En ég vil, virðulegi forseti, taka undir það að ég vonast til þess að tillagan komist til nefndar og fái þar umfjöllun og afgreiðslu. Gott væri ef hún liti þannig út, þegar hún kemur úr nefnd, að þar væri mætt nokkuð þeim sjónarmiðum sem ég hef talað fyrir.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Það virðist vera orðið hlutskipti mitt á þessum fallega degi að taka undir með framsóknarmönnum.

Það er auðvitað svo að um efni þeirrar tillögu sem hér er lögð fram er farið nokkrum orðum í hinni merku hvítbók sem ég veit að flutningsmenn hafa lesið út og inn. Þar er sérstaklega tekið fram að hraða eigi lagningu bundins slitlags á hringveginn og vinna að tengingu milli landshluta. Ég verð að segja að ég fagna því að Framsfl. skuli með þessum hætti leggjast á sveif með okkur en auðvitað er hér um að ræða mál sem allir geta tekið undir. Þessi tillaga gengur fyrst og fremst út á það að láta kanna möguleikana á því að ljúka uppbyggingu hringvegarins, jafnframt að könnuð verði þjóðhagsleg arðsemi þess og athugað verði samhliða hvaða ný sóknarfæri skapist. Ég segi það fyrir hönd Alþfl. að við erum því hlynnt að þessi könnun fari fram. Ég tel að miðað við þær aðstæður sem nú hafa skapast í íslensku þjóðlífi sé sérstaklega brýnt að athuga arðsemi framkvæmda sem þessara. Það er alveg ljóst, m.a. vegna þess að okkur tókst ekki að lenda hér álveri sem gerir það að verkum að við blasa verulegir erfiðleikar í verktakastarfsemi í landinu. Einmitt þess vegna eru framkvæmdir af þessu tagi e.t.v. áhugaverðari en áður. Ég vil samt sem áður ekki draga úr mikilvægi þess að hringveginum verði lokið.

Ég tek undir margvíslegar röksemdir sem koma fram í greinargerðinni og þá sérstaklega þær að með tilliti til breytinga sem væntanlega munu verða á næstunni í sjávarútvegi er þetta enn brýnna en áður. Það er alveg ljóst að þegar sjávarútvegurinn mun á næstunni breytast þannig að flutningur á ferskum afurðum til útlanda verður miklu mikilvægari en áður er þetta brýnna en fyrr. Þess vegna segi ég það fyrir hönd Alþfl. að við teljum að sú könnun, sem hér er lagt til að verði gerð, sé afar jákvæð og lýsi þess vegna ánægju minni með hugmyndina. Ég vænti þess að hv. þm. Jóhannes Geir muni í þessum efnum sem öðrum taka undir það sem stendur í hinni hvítu bók ríkisstjórnarinnar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. vitnaði í hina hvítu bók til að finna stefnu Alþfl. í samgöngumálum. Í þeirri merku bók stendur að breikka skuli aðfærsluæðarnar inn á höfuðborgarsvæðið. Það er samgöngustefna Alþfl.

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þáltill. sem liggur hér frammi og lýsi stuðningi við hana og greinargerða sem henni fylgir.

Það var gaman að hlusta á hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson rifja upp gamla sögu um það stórátak í vegaframkvæmdum sem var gert hér á árunum áður. Ræðan hans var skemmtileg alveg þar til hann kom að kaflanum um útfærslu landhelginnar. Þar var dálítið langt seilst í umræðum um vegagerð. En hann minnti okkur á að það þarf sérstaka fjárveitingu í svona stór verkefni og með tilliti til þess niðurskurðar sem hefur verið núna í vegaframkvæmdum, þá rúmar sú fjárveiting varla jafnstórt átak og verið er að tala um hér. Því þarf sérstaka fjárveitingu í þetta, annaðhvort með þeim hætti sem Eyjólfur vitnaði til áðan eða með lántöku.

Hvað varðar vegarstæðin sjálf, þegar verið er að tala um hringveginn, þá þarf að endurskoða ýmsa kafla hans sem eftir eru, m.a. frá Mývatni að Héraði með tilliti til tengingar Vopnafjarðar inn á það vegarstæði. Því vil ég skora á ríkisstjórnina að skoða þessa þáltill. vel og standa myndarlega að þessu verkefni.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í máli allra hv. þm. að hér er brýnt mál á ferðinni enda hefur það verið svo í vetur að vegamálin hafa komið oft til umræðu. Það er líka rétt sem hv. 6. þm. Vestf. sagði að í raun erum við að ræða um grundvöll sjálfrar byggðastefnunnar.

Ég vil samt í þessari umræðu benda á að fleiri vegir eru til í landinu en hringvegurinn. Það er gott og rétt

að við reynum að ljúka gerð hringvegarins eins fljótt og kostur er með því að leggja á hann bundið slitlag og tengja saman þá landshluta sem enn eru lokaðir stærstan hluta ársins. En ég vil vekja sérstaka athygli á því að þótt við gerum mikið fyrir hringveginn megum við ekki gleyma þeim byggðum sem ekki liggja að hringveginum sjálfum. Það eru kannski þær byggðir sem við þurfum fyrst og fremst að huga að núna og tengja betur inn í hið almenna samgöngukerfi þjóðarinnar. Þetta eru kannski þær byggðir sem eru að berjast fyrir tilveru sinni, fólkið sem er að berjast fyrir búsetu sinni. Þetta eru byggðir á Norðausturlandi, á Austurlandi, á Vestfjörðum og á Ströndum. Við leysum vanda þess ekki með því að ljúka hringveginum. Við getum auðvitað tengt þessar byggðir betur inn í samgöngukerfið með því að gera átak með hringveginn en slík tenging leysir ekki vanda þessara byggða. Þessu langar mig til að koma á framfæri í þessu sambandi.

Ég get ekki orða bundist. Fyrsti flm. þessarar tillögu, hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson úr Framsfl., flytur þetta merka mál. Framsfl. er búinn að eiga aðild að ríkisstjórn í 20 ár. Framsfl. hefur gumað af því, alla vega í kjördæmunum, að hann hafi sérstakan áhuga á byggðamálum og byggðastefnu. Nú er þessu stjórnarseturstímabili lokið. Þá er þessi till. til þál. flutt í þinginu um að kanna nú þegar möguleika á því að ljúka uppbyggingu hringvegarins á næstu tveimur árum. Var ekki hægt að leggja þá áherslu á málið fyrr, ef það er svo brýnt í augum framsóknarmanna, svo að því hefði verið lokið í lok 20 ára stjórnarsetu þessa flokks? Það hefur verið mál manna hér í þinginu í öll þessi ár að þetta sé eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar. Það hefur líka komið fram að áður hafa verið samþykktar tillögur þess efnis að ljúka ætti gerð hringvegarins og gera sérstakt átak í vegamálum. En batnandi flokki er best að lifa. Þetta vitnar kannski betur en margt annað um að Framsfl. þurfti að komast í stjórnarandstöðu til þess að geta fundið sína eigin byggðastefnu og séð betur hvað var ógert og komast að því hvað fólkið í landinu vill og hvað fólkið í landinu þarf.

Það má líka minna á að árin 1983–1987 var Framsfl. líka í ríkisstjórn, annar af tveimur flokkum. Þá var forgangsverkefni í samgöngumálum þjóðarinnar að byggja flugstöð suður á Keflavíkurflugvelli fyrir marga milljarða króna. Þeir milljarðar hefðu dugað til að gera verulegt átak í vegamálum. Þá væri hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson ekki að flytja svona tillögu núna vegna þess að þá væri hringveginum lokið. Enn er flugstöðin á Keflavíkurflugvelli vandamál vegna þess að hún er í skuld. (**SJS:** Er ekki hægt að selja hana?) Kannski náum við samkomulagi um það, hv. 4. þm. Norðurl. e., að selja þessa flugstöð ef við finnum kaupendur sem við treystum til þess að reka hana. Ég er tilbúinn til að athuga það. (**KHG:** Einkavæða hana.) Hv. 5. þm. Vestf. vill einkavæða flugstöðina. Það er rétt að það komi hér fram og skráist í þingtíðindi að hv. 5. þm. Vestf. vill endilega fara þá leið að einkavæða starfsemina í flugstöðinni. En þá verður hann líka að athuga það með okkur hv. 4. þm. Norðurl. e. að finna kaupanda sem við treystum til þess að reka flugstöðina. Ekki trúi ég því að flokksbræðurnir í Alþb. vilji einkavæða t.d. hringveginn til þess að ljúka þeim áformum sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson vill að lokið verði á tveimur árum af því að það tókst ekki á 20 árum Framsfl. í ríkisstjórn.

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrðist hv. 5. þm. Austurl. ekki vera að tala fyrir þáltill. heldur reyna að draga úr málinu og standa í raun og veru í vegi fyrir því að farið sé í þetta átak. Með því að blanda þessu átaki saman við framkvæmdir í almennri vegagerð á landinu er verið að drepa málið niður. Hann hefði frekar átt að mótmæla niðurskurði á fé til vegaframkvæmda og standa þannig að því máli sem hann var að tala hér fyrir áðan.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt að lýsa góðum vilja með fallegum orðum. Annað er að standa við orðin með verkum og með því að láta verkin tala. Ég vakti athygli á þessu hér vegna þess að svo lengi hefur fólki verið boðið upp á umræður um þessi mál án þess að við orðin stóru hafi verið staðið. Hér er um spurningu um almenna forgangsröð verkefna að ræða. Ég var að benda á að þegar kemur að því að ákveða þessa forgangsröð hefði t.d. Framsfl. tekið þetta verkefni, milljarða króna verkefni, í flugstöðina á Keflavíkurflugvelli fram yfir þau verkefni sem við höfum vænst af Framsfl. í sambandi við vegamál úti á landsbyggðinni ef við höfum tekið mark á þeim orðum sem Framsfl. hefur haft uppi fyrir kosningar hverju sinni. Ég var að vekja athygli á þessu þannig að við höfum þá sögu í huga þegar við ræðum um vegamál. Við getum þá horft til þess tíma að verkin munu opinbera þennan vilja og verða að veruleika. Þetta vil ég benda á og þess vegna vakti ég athygli á þessari sögu enda er það rétt og ég skil þessa tillögu svo frá hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni að nú treysti hann ríkisstjórninni til að gera betur en sínum eigin flokki í 20 ár í ríkisstjórn.

Sveinn Þór Elinbergsson:

Virðulegi forseti. Ég held að öll almenn rök mæli með samþykkt þessarar þáltill. og mér finnst persónulega sjálfsagt að láta framkvæma þessa könnun. En ég verð að segja það í ljósi þess að við höfum takmarkað ráðstöfunarfé til vegaframkvæmda og í rauninni skert vegafé til framkvæmda sem nauðsynlegar eru úti um landsbyggðina, þá hljótum við, eins og fram hefur komið m.a. hjá hæstv. fyrrv. samgrh. Steingrími J. Sigfússyni í umræðunni, að viðhafa ákveðna forgangsröð í ljósi þess hversu naumt fjármagn við höfum. Mín skoðun er sú að brýnast í slíkri forgangsröð, brýnna en að tengja saman kjördæmi, hljóti að vera það að tengja saman byggðarkjarna, ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja víða úti á landsbyggðinni. Við eigum að nýta þessa takmörkuðu fjármuni frekar í að tengja saman byggðarkjarna en kjördæmi ef svo má að orði kom-

ast. Helstu rök fyrir því hljóta að vera þær aðstæður sem ríkja hjá mörgum sveitarfélögum. Þau sjá hag sínum best borgið í náinni framtíð, á næstu árum, jafnvel á næstu missirum, í því að sameinast með einum eða öðrum hætti annaðhvort formlega eða fjölga samstarfsverkefnum, samnýta þjónustukjarna sína sjálfum sér og öðrum til hagræðingar. Þess vegna held ég, eins og dæmi eru til um, að brýnast sé að ráðstafa mjög takmörkuðum fjármunum í að tengja saman byggðarkjarna þar sem það þykir hagkvæmt, m.a. með rökum heimamanna ef þeir þá vilja það sjálfir. Dæmi um slíkt svæði er einmitt norðanvert Snæfellsnes þaðan sem ég kem og þekki best til. Þar eru fjórir þéttbýliskjarnar þar sem stutt er á milli. Tveir þeirra eru tengdir með afbragðs góðum vegum sem eru Hellissandur og Ólafsvík. Það dæmi sýnir öðrum Snæfellingum og sannar hvers megnugir við værum ef við gætum tengt hina tvo byggðarkjarnana við þessa tvo þannig að úr yrði 4–5 þúsund manna þéttbýliskjarni, svæði sem væri megnugra að annast sín verkefni og sína þjónustu en það er við óbreyttar aðstæður.

Hrafnkell A. Jónsson:

Herra forseti. Ég var að vonast til þess eftir að hafa hlýtt á umræður hv. þm. hér að um þetta mál væri nokkuð góð eining. Nú ætla ég ekki að fara að bera blak af þeim framsóknarmönnum. (**Gripið fram í:** Þú varst einu sinni í flokknum.) Þó að ég hafi kannski fæðst inn í Framsfl. þá er ég ekkert skyldugur til þess, þeir eru nógu margir hér til að gera það. En ég harma það hins vegar að menn skuli nota jafngagnmerkt málefni og þetta er til þess að fara út í einhvers konar uppgjör við þann stjórnmálaflokk. Ég tel hann satt að segja ekki þess virði. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu, hv. þm., átti ég við flokkinn.

Ég fagna því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Alþfl., lýsti yfir eindregnum stuðningi við þetta merka mál sem er hér til umræðu. Ég vonast til þess að það endurspegli álit hv. þm. Alþfl. til málefnisins. Vitaskuld geta menn velt vöngum yfir þessu stóra og alvarlega vandamáli sem alltaf er þegar kemur að uppbyggingu samgöngumannvirkja, þ.e. peningunum. Ég get ekki annað en tekið undir það með hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að þegar farið er að bera saman framkvæmdir í samgöngum á milli landshluta, þá hallar nú dálítið á. Ég veit ekki hvort það er skynsamlegt eins og virtist koma fram í frammíköllum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Kristins H. Gunnarssonar að einkavæða þessi samgöngumannvirki en sjálfstæðismenn munu vafalaust ekki standa gegn því að það verði kannað til hlítar. (**Gripið fram í:** Ekki allir.) Það eru greinilega ekki allir sem eru þeirrar skoðunar.

Ég kem hér upp á nýjan leik til þess að leggja áherslu á að sú góða samstaða haldist sem endurspeglaðist framan af í umræðunum og málinu verði ýtt fram. Vel er hægt að skilja athugasemdir þeirra sem óttast að með stórátaki í lúkningu hringvegarins sitji aðrar mikilvægar samgönguframkvæmdir á hakanum. Hér hefur verið minnst á Snæfellsnes, byggðirnar á Norður- og Norðausturlandi, á Vestfjörðum og Ströndum. Allt er þetta satt og rétt. Ég held að við verðum að taka á þessu máli með öðrum hætti og til hliðar við hina almennu uppbyggingu vegakerfisins.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson rifjaði upp hvernig menn leystu þessi mál á sínum tíma með því að efna til happdrættis. Ýmsar leiðir eru vafalaust til ef skilningur er á því að þetta sé arðsöm aðgerð. Menn tala um að tengingin á milli Norður- og Austurlands falli ekki að tengingu byggðarlaga. En nú vill svo til að einmitt sú tenging mundi virka á þann veg að ekki minni byggðarlög en Akureyri og Egilsstaðir kæmust væntanlega í ársvegasamband sem mundi greiða verulega fyrir viðskiptum, bæði verslun og þjónustu, milli þessara staða og verða til hagsbóta ekki einasta þeim sem búa á þarna heldur öllum þeim sem búa á Norður- og Austurlandi.

Ég vil enda mál mitt með því sem ég gerði í fyrri ræðu minni að ég lít ekki svo á að þetta sé málefni Austfirðinga og Norðlendinga einna. Þetta er málefni íslensku þjóðarinnar og við verðum að skilja að uppbygging samgangna og uppbygging byggða vítt og breitt um landið er ekkert einkamál þess fólks sem þar býr. Það er málefni þjóðarinnar og þannig verðum við að líta á það í lengd og bráð.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er létt yfir þessari umræðu sem er til mikilla bóta og menn láta ýmislegt fljúga og er ég síst að gera athugasemdir við það. En svona sögunnar vegna held ég að nauðsynlegt sé að ég komi hv. 3. þm. Austurl. til hjálpar og eyði öllum misskilningi varðandi afstöðu mína til einkarekstrar eða einkavæðingar í samgöngukerfinu. Ég er almennt séð ekki mjög hlynnur slíku. Þó er ég að mínu mati mjög fordómalaus í þeim efnum og hef verið tilbúinn til að skoða það þar sem það getur átt við eins og dæmin sanna, samanber þá vinnu sem fór fram í samgrn. í minni tíð og tengist hugsanlegum jarðgöngum undir Hvalfjörð.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og er eiginlega alveg viss um að hv. 3 þm. Austurl. er mér alveg sammála um það, að við þurfum að gæta okkar mjög á því áður en við hleypum einkarekstri í ágóðaskyni inn í samgöngukerfið í of ríkum mæli af þeirri ósköp einföldu ástæðu að ég held að þá verði mjög erfitt um vik að tryggja jafnrétti allra landsmanna með þeim hætti sem núv. sameiginleg tekjuöflun í einn sjóð og síðan framkvæmdir á grundvelli þess um allt land gerir. Og ég sagði það í umræðunum um vegáætlun fyrir nokkrum dögum að þetta ætti að vera nákvæmlega eins og það er í dag að öll umferðin í landinu væri skattlögð í einn sameiginlegan sjóð sem stæði undir framkvæmdunum og síðan ættu landsmenn allir, án tillits til þess hvar þeir búa, samgöngukerfið í landinu. Þannig á það að vera að mínu mati. Það geta verið aðstæður fyrir hendi eins og t.d. ef menn stytta sér leið með jarðgöngum undir Hvalfjörð þar sem ég tel sjálfsagt mál að skoða hvort hægt er að búa til fyrirtæki úr slíku.

Að lokum er það svo rétt sem dregið var inn í um-

ræðuna að suður á Miðnesheiði liggja 3 milljarðar í skuldum vegna óráðsíu og sukks sem þar fór fram á sínum tíma þegar byggð var þessi montflugstöð sem aldrei skyldi verið hafa. M.a. varð samstarf við herinn okkur dýrt í þeim efnum og við hefðum að sjálfsögðu getað komið þeim milljörðum fyrir með þægilegum hætti t.d. í vegakerfinu og værum þá betur stödd sem því nemur ef sú óráðsía hefði ekki átt sér stað.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að virða hv. 3. þm. Austurl. það til vorkunnar að vera ekki vel að sér í sögunni, alla vega ekki sögu Sjálfstfl. þar sem hann hefur dvalið í fortíðinni ansi mikið fjarri honum og er meira að segja útskrifaður úr tveimur flokkum ef ég man rétt.

Það sem ég vildi gera athugasemdir við eru þau sjónarmið sem hann gerir mér upp gagnvart einkavæðingu. Það er þannig með þessa ríkisstjórn að það er sáluhjálparatriði að leysa skal allt með því sem kallað er einkavæðing. Meira að segja bankastarfsemi og jafnvel Póst og síma svo að ekki sé minnst á fleiri fyrirtæki á að selja og afhenda athafnamönnum eins og það heitir með stóru a-i. Það er hins vegar rétt að halda því til haga að Sjálfstfl. hefur verið öðrum flokkum duglegri við það að fara ofan í sjóði skattborgaranna og moka úr þeim í gæluverkefni sín. Þar nægir að nefna flugstöðina sem varð montverkefni íhaldsins og milljörðum króna var sóað þar að þarflausu. Það má líka nefna Perluna í Reykjavík þar sem menn eru að moka milljörðum úr sameiginlegum sjóðum borgarbúa í verkefni sem engu skilar öðru en menn geta snúist þar í hring án þess að snúa stólnum. Þetta eru afrek Sjálfstfl. í þessu máli og tvískinnungshátturinn varðandi einkavæðingu er sá að það sem menn tala um í öðru orðinu og framkvæma í hinu er misvísandi eins og sagan kennir okkur.

Hrafnkell A. Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram í tilefni af ummælum hv. þm. Kristins Gunnarssonar að því fer víðs fjarri að ég skammist mín fyrir minn pólitíska feril. Ég lít þvert á móti þannig á að hann sé merki um það að ég sé á þroskabraut sem er reyndar ekki hægt að segja um alla hv. þm. sem ættu að vera komnir til þess aldurs að þeir hefðu séð að stefnan sem á sínum tíma var mörkuð af þeim sálugu félögum Lenin og Marx er gengin sér til húðar. En hins vegar hlýt ég að rifja það upp fyrir hv. þm. að tala gætilega um það að fara á milli flokka. Hann gæti hugsanlega stigið ofan á tærnar á einhverjum sem honum standa nær í hans eigin flokki.

Það er einu sinni þannig að það er til bóta í okkar íslenska þjóðfélagi að einstaklingar eru ekki bundnir á klafa einhverra einstakra skoðana frá vöggu til grafar. Þetta er okkar stóra lán og fyrir það eigum við að kunna að þakka.

Svo aðeins, af því að hv. þm. vék að myndarlegum framkvæmdum sem m.a. Sjálfstfl. hefur staðið að hér í Reykjavík, þá er það nú einu sinni þannig að ég hef ekki litið svo á að það væri nema að takmörkuðu leyti verkefni hv. þm. að vera að skipta sér af framkvæmdum sveitarfélaga eins og t.d. Reykjavíkurborgar. Ég hygg að það hafi verið tekin um það ákvörðun með lögmætum hætti í borgarstjórn Reykjavíkur að framkvæma það sem borgarbúum og landsmönnum öllum er til ánægju uppi á Öskjuhlíðinni og á eftir að halda hróðri okkar á lofti um langa framtíð, miklu lengur heldur en Alþb. verður munað.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað hafa ákvarðanir borgarstjórnar um áherslur og ráðstöfun fjármagns áhrif út um allt samfélagið. Þær koma fram í því hversu mikið menn verja til annarra málaflokka eða hversu lítið eins og félagsmála og samhjálparmála. Þegar of lítið er veitt til þeirra málaflokka, þá lendir það á öðrum að hlaupa undir bagga. Og ég vil minna hv. þm. á það að ríkissjóður greiðir fyrir verkefni sem Reykjavíkurborg á að sinna samkvæmt lögum, þ.e. rekstur dagvistarheimila og leikskóla við sjúkrahús í Reykjavík.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Því miður þurfti ég að víkja aðeins frá þessari umræðu og hef því ekki hlýtt á mál allra ræðumanna sem hér hafa talað. En þessi ágæta tillaga sem hér um ræðir hefur fengið mikla umfjöllun og menn hafa farið nokkuð víða, heyrist mér, núna upp á síðkastið. Ég vil koma aftur að tillögunni og koma inn á eitt atriði sem ég heyrði að kom fram í ræðum sumra þeirra hv. þm. sem talað hafa.

Þeir óttast og kannski eðlilega að þær framkvæmdir sem tillagan gerir ráð fyrir, ef í verður ráðist, dragi áhersluna frá öðrum nauðsynlegum vegaframkvæmdum í tengingu byggða. Ég get alveg skilið þessar áhyggjur og mitt fylgi við þessa tillögu byggist á því að hér sé um sérstakt átak að ræða í vegamálum sem komi til viðbótar við þau áform sem uppi eru samkvæmt þeirri vegáætlun sem til umfjöllunar er í hv. Alþingi. Undir merkjum vegáætlunar er unnið að ýmsum bráðnauðsynlegum verkefnum í tenginu byggða hér á landi og auðvitað eru þær framkvæmdir allar mjög nauðsynlegar. En þessi tillaga gerir ráð fyrir því að það verði gert sérstakt átak í uppbyggingu vega sem tengist m.a. því atvinnuástandi sem er núna og vannýttum tækjakosti sem er í landinu sem er upplagður til þess að ráðast í svo stór verkefni sem hér um ræðir. Það er visst hlé núna í stórframkvæmdum. Auðvitað kemur það niður á atvinnuástandinu í landinu og það væri æskilegt að hægt væri að beita þeim tækjum og mannafla að arðvænlegum verkefnum. Það er einmitt það sem tillagan gerir ráð fyrir.

Ég vildi undirstrika það að ég tel að þessi tillaga eigi ekki að breyta áherslum í vegamálum. Hún gerir að vísu ráð fyrir að verði ráðist í sérverkefni vegna þess að vegáætlun gerir ekki ráð fyrir slíkum sérverkefnum. Það hefur verið viss stefnubreyting varðandi núv. vegáætlun. Þau stórverkefni sem voru að nokkru leyti utan vegáætlunar áður eru nú dregin inn í vegáætlunina og fjármögnuð af vegafé. Það er í sjálfu sér

aðferð og ég ætla ekki að orðlengja um það en það er viss stefnubreyting frá því sem áður var þegar var áformað t.d. að fjármagna hluta af gerð Vestfjarðaganga með lánsfé utan vegáætlunar. Þessi tillaga gerir ráð fyrir slíku verkefni og það er á þeim forsendum sem ég styð hana.

Ég skil ákaflega vel að ýmsir hv. þm. vilji ekki hverfa frá þeim áherslum sem hafa verið í tengingu byggða og eru alveg bráðnauðsynlegar. Við höfum t.d. mikið af slíkum verkefnum ólokið á Austurlandi þannig að ég skil mætavel að hv. þm. vilji leggja áherslu á að halda dampinum uppi í vegamálum.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar góðu umræður sem tillaga okkar hv. 4. þm. Reykv. hefur fengið og ég vil ítreka það að hún fái hraða meðferð þannig að hæstv. samgrh. geti fengið það berlega í ljós hver er vilji Alþingis og stuðningur Alþingis við þau áform að ljúka versta þröskuldinum á hringveginum.

Örfá orð varðandi ræðu hv. 5. þm. Austurl. Gunnlaugs Stefánssonar. Hann eyddi öllu púðrinu á framsóknarmenn og skildi ekki hvers vegna ég væri að leggja það til nú loksins, að loknum 20 ára stjórnarferli Framsóknar, að ljúka hringveginum. En ég vil þó benda hv. þm. á að forsenda þess að hægt væri að ljúka hringveginum á til þess að gera skömmum tíma eru þær framkvæmdir sem unnar hafa verið í samgöngubótum á landinu síðustu 20 ár. Ég vil bara biðja hv. þm. að fara svo sem 20 ár aftur í tímann og kanna það hvernig var háttað samgöngumálum okkar og hvaða stórvirki í vegaframkvæmdum hafa verið unnin í stjórnartíma Alþfl. meðan viðreisnarstjórnin sat við völd. Nú vil ég bara í mestu vinsemd biðja hann að kanna þetta. Ég er nokkuð viss um hv. þm. mundi þá komast að því að þau stórvirki sem hafa verið unnin í samgöngum á landi á okkar landi hafa flestöll verið gerð í stjórnartíð Framsfl. þannig að ég vil biðja hann í mestu vinsemd að skoða þetta.

Í öðru lagi lít ég þannig á að hans ræða áðan hafi verið dauð og ómerk þar sem formaður þingflokks Alþfl. talaði næstur á undan honum og lýsti þar ekki bara sinni stefnu heldur stefnu og skoðun þingflokks Alþfl. á því máli sem hér liggur fyrir þannig að það er það sem ég tel að hv. samgn. eigi að hafa sem veganesti þegar þessi tillaga verður tekin til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 152. mál. — Þskj. 164.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. til eflingar Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs. Það er 152. mál á þskj. 164.

Fyrir það fyrsta, herra forseti, hefði ég gjarnan kosið að hæstv. sjútvrh. og jafnvel hæstv. menntmrh. hefðu verið viðstaddir. Það er umræðuvert að hér er tekið fyrir hvert málið á fætur öðru og um þau hafa orðið ágætar málefnalegar umræður, kannski betri vegna þess að hæstv. ráðherrar eru í burtu, en engu að síður er það slæmt að ekki skuli vera a.m.k. einn fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar viðstaddur þegar hvert þingmálið á fætur öðru fær hér meðferð. Þetta mál er endurflutningur á tillögu sem var lögð fram á 113. löggjafarþingi. Þá flutt af Birni Val Gíslasyni, varaþingmanni Alþb. úr Norðurl. e. Tillögugreinin sjálf er nú flutt nær óbreytt og lítils háttar aukið við greinargerð.

Tillögugreinin sjálf er einföld, hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu skuli byggja upp miðstöð fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi felur því ríkisstjórninni að láta gera tímasetta áætlun sem miði að uppbyggingu sjávarútvegsbrautar Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík og eflingu hvers kyns rannsókna- og þróunarstarfsemi á svæðinu."

Það er rétt að taka fram að flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Þannig standa að tillögunni tveir þingmenn allra flokka, nema Sjálfstfl. Eins og fram kemur í greinargerð kom fram þegar leitað var til þingmanna Sjálfstfl. um meðflutning að þeir hefðu skylt mál í undirbúningi.

Að baki tillögunni liggur sú hugmynd að með þessum aðgerðum megi slá a.m.k. tvær flugur í einu höggi, það er að sækja fram á sviði sjávarútvegsins til aukinnar þekkingar og þóunar í þessari höfuðatvinnugrein landsmanna. Jafnframt megi með þessu efla byggð og styrkja uppbyggingu háskólanáms og rannsókna í miðstöð slíkrar starfsemi á landsbyggðinni. Þetta tvennt eitt og sér er nú ærið að mínu mati, herra forseti, og réttlætir, þótt ekki kæmi fleira til, að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar.

Ég hygg að nánast sé óþarfi að rökstyðja fyrir hv. þm. hvers vegna menn horfa til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins í þessu efni. Þar stendur sjávarútvegur mjög sterkum fótum og hefur verið í sókn á undanförnum árum. Þar eru rekin nokkur af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Þau hafa um margt verið í fararbroddi hvað snertir nýsköpun og þóun á sviði sjávarútvegs. Útgerð og fiskvinnsla við Eyjafjörð eru mjög fjölbreytt. Þaðan er gerður út öflugur togarafloti 20 til 30 skipa sem hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum. Það er einnig gerður út floti nóta- og rækjuskipa auk mikils fjölda annarra báta.

Samanlagt skapar allur þessi floti og vinnsla sem honum tengist mjög fjölbreytta sjávarútvegsstarfsemi á svæðinu. Þar eru öflug hefðbundin vinnslufyrirtæki.

Þar eru vinnslufyrirtæki sem hafa á undanförnum árum sérhæft sig í vinnslu á afurðum í neytendapakkningar. Síðan er rétt að líta til allrar þeirrar þjónustustarfsemi sem byggst hefur upp kringum sjávarútveginn á Eyjafjarðarsvæðinu og er tvímælalaust sú öflugasta í landinu. Þar nægir að nefna Slippstöðina hf. á Akureyri sem í áratugi hefur verið leiðandi aðili í skipasmíðum, viðgerðum og þjónustu við skipastólinn í landinu. Þar má nefna fyrirtæki eins og Sæplast á Dalvík sem er eitt öflugasta og kröftugasta útflutningsfyrirtæki á framleiðsluvörum, eða vörum fyrir sjávarútveg. Það hefur vaxið ört á undanförnum árum og má heita ævintýri hvernig fyrirtækið hefur á skömmum tíma náð firna sterkri stöðu á markaði hér innan lands og einnig erlendis. Á þessu ári er talið að um helmingur allrar framleiðslu fyrirtækisins fari beint til útflutnings. Þar er staðan þannig í dag að fyrirtækið hefur verið rekið með dágóðum hagnaði undanfarin ár og tveggja vikna afgreiðslufrestur er á afgreiðsluvörum fyrirtækisins það ég best veit í dag, framleiðslan er sem sagt seld jafnóðum.

Þá má nefna fyrirtæki eins og Fiskmiðlun Norðurlands sem hefur verið að taka sölumál og fleira í sínar hendur á þessu svæði. Nefna má fyrirtæki eins og DNG, sem framleiðir færarúllur og reyndar fleiri vörur fyrir sjávarútveg, og það má nefna hið merka framtak Fiskeldi Eyjafjarðar sem hér var til umræðu á hv. Alþingi í gær, þar sem verið er að brjóta blað í grunnrannsóknum og nýsköpun á þessu sviði.

Margt fleira mætti tína til sem tengist ýmiss konar þjónustu og umsvifum við sjávarútveg á Eyjafjarðarsvæðinu. Ég hygg að þetta nægi til að rökstyðja að þarna eru einhverjar allra heppilegustu aðstæður á einum stað á landinu til að byggja upp slíka miðstöð.

Þá er að nefna sjálfan skólaþáttinn eða rannsókna- og fræðsluþáttinn. Þar vil ég fyrst nefna að á Eyjafjarðarsvæðinu er skipstjórnarnám við skipstjórnarbrautina á Dalvík og þar hafa þeir einmitt verið að fá heimildir ráðuneytisins til frekara náms en áður hefur verið. Ég nefni Fiskvinnsluskólann sem er nýlega tekin til starfa á Dalvík. Það er eini skóli sinnar tegundar utan Reykjavíkursvæðisins. Ég nefni svo síðast en ekki síst sjávarútvegsbrautina við Háskólann á Akureyri sem miklar vonir eru bundnar við, ekki bara á því svæði heldur almennt innan atvinnugreinarinnar. Þar hafa ýmis nýmæli verið tekin upp í kennslu og er það fyrsta og eina sérhæfða kennslan í sjávarútvegsfræðum á háskólastigi í landinu. Ég nefni til viðbótar það sem unnið hefur verið í samstarfi háskólans og fyrirtækja á sviði gæðamála, gæðastjórnunarbrautina sem háskólanum var heimilað að taka upp núna fyrir skömmu. Til meðferðar hér á Alþingi eru ný lög á um Háskólann á Akureyri og það var samdóma álit hv. alþm. í umræðum um það frv. hér á þingi á dögnum að þessi lög mundu styrkja Háskólann á Akureyri mjög í sessi sem fullburða rannsóknastofnun, fullburða akademíu. Þar með væri Háskólinn á Akureyri kominn á fastan framtíðargrunn, þ.e. með setningu þeirra laga.

Þá ber enn að nefna að starfsemi helstu rannsóknastofnana sjávarútvegsins fer nú fram í samstarfi og samvinnu við Háskólann á Akureyri og undir sama þaki. Þar er bæði á ferðinni útibú Hafrannsóknastofnunar og auk þess er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með starfsemi á sama stað.

Það er ljóst að samstarf þessara aðila, Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Háskólans á Akureyri er að mynda kjarna faglegrar þekkingar og rannsókna á þessu sviði sem fyrirfinnst ekki annars staðar í landinu. Ég hvet menn eindregið til þess, sem til þess hafa aðstöðu og eru áhugasamir um málefni sjávarútvegsins, að heimsækja þennan stað. Ég veit og treysti því að þar verði mönnum tekið opnum örmum. Það er ákaflega fróðlegt að skoða húsakynni sjávarútvegsbrautarinnar og fylgjast með og fræðast um það ágæta samstarf rannsóknastofnananna og háskólans sem þarna er að vaxa úr grasi. Allt þetta ber að sama brunni, herra forseti, ég tel að á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu séu nánast kjöraðstæður fyrir hendi til þess að byggja upp þá rannsókna- og fræðamiðstöð á sviði sjávarútvegsins sem er okkur Íslendingum auðvitað til vansa að hafa ekki fyrir löngu komið á fót. Það verður að heita með ólíkindum að nú fyrst á síðustu árum skuli skipulögð háskólakennsla í málefnum höfuðatvinnugreinar landsmanna vera að líta dagsins ljós.

Það var viðtal við framkvæmdastjóra fiskvinnslufyrirtækis og útgerðarfyrirtækis í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum, Finnboga Jónsson í Neskaupstað, og hann leyfði sér að nefna það þeim orðum að í raun og veru hefði Háskóli Íslands, með fullri og mikilli virðingu fyrir honum sem nemendum hans er skylt að bera eins og mér, hefði fyrst og fremst verið fram eftir öldinni að mennta embættismenn í hefðbundnum stíl, lækna, lögfræðinga og presta. Og má til sanns vegar færa. Það er ekki við Háskóla Íslands að sakast heldur fyrst og fremst þá sem ráðið hafa mennta- og atvinnumálum þjóðarinnar á undanförnum áratugum, þar á meðal hv. alþm., að þessum málum skuli ekki hafa verið betur sinnt fyrr en nú. En betra er seint en aldrei og ég tel að næsta skref í uppbyggingu þessara mála eigi að vera stefnumörkun og ákvarðanataka af því tagi sem hér um ræðir, sem sagt ákvörðun um að á þessu svæði byggist upp slík miðstöð rannsókna og fræða.

Enginn vafi er á því að möguleikar okkar Íslendinga til verðmætasköpunar og velsældar á næstu árum eru sem fyrr að verulegu leyti bundnir við frekari verðmætasköpun sem á rót sína að rekja til sjávarútvegsins.

Það hefur jafnan reynst svo að þessi grein hefur þurft að standa undir aukinni velmegun og verðmætasköpun í landinu jafnvel þótt um áratugaskeið hafi fullyrðingar verið á lofti um að nú sé sjávarútvegurinn kominn að sínum endimörkum og þaðan verði ekki meiri verðmætasköpunar að vænta. Þessa klisju er búið að syngja lengi, hún var sungin þegar verið var að selja mönnum hugmyndina um fyrstu erlendu stóriðjuna á sjöunda og áttunda áratugnum og hefur verið sungin jafnt og þétt fram að þessu. Engu að síður er það svo að heimsókn í nokkur fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu mundi fljótt færa mönnum heim sanninn um

það að enn þann dag í dag er í gangi þróun sem er að skila okkur stórauknum verðmætum í þjóðarbúið. Ég nefni þar sem dæmi fullvinnslu afurða í neytendapakkningar frá fiskvinnslufyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Upplýst er að einingaverð sé orðið um 600 kr. á kg þegar fiskurinn fullunnin er kominn í smáar neyslupakkningar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vona að tillagan fái hér málefnalega og þinglega meðferð og helst afgreiðslu. Ég held að því verði ekki á móti mælt að tímabært er að taka á þessum hlutum og nauðsynlegt að marka stefnu af þessu tagi til að styðjast við í uppbyggingu á þessu sviði á komandi árum. Annað er óþolandi en að til grundvallar liggi einhver markviss og meðvituð stefna um það hvernig að þessari starfsemi skuli hlúð og hún byggð upp á næstu árum. Á því er brýn og rík þörf. Ég er sannfærður um að það væri skynsamlega og vel valið að taka ákvörðun um að setja slíka miðstöð niður og byggja hana upp á því svæði sem hér um ræðir.

Ég held að það sé óþarfi að rökstyðja frekar gildi þess að til verði slík fagleg miðstöð fræðslu og rannsókna á þessu sviði. Það er óþarfi að rökstyðja mikilvægi sjávarútvegsins fyrir landsmönnum, það hljóta allir hv. alþm. að þekkja. Ég tel mig hafa sýnt fram á að á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu séu ákjósanlegar aðstæður, kjöraðstæður, fyrir þessa hluti og þar eigi þeir að byggjast upp.

Að lokum, herra forseti, velti ég því fyrir mér hvar væri eðlilegast að vista þessa tillögu í skipulagi þingsins hvað vinnu snertir. Ég hneigist að því að eðlilegast sé að sjútvn. fái tillöguna til meðferðar þótt sannarlega megi færa að því rök að menntmn. ætti einnig að koma að því máli. Er vonandi að með samvinnu þessara nefnda væri hægt að leysa úr þeim málum. Óumdeilanlega er þetta hagsmunamál sjávarútvegsins sem atvinnugreinar og málefni þeirrar greinar heyra undir sjútvn. Sömuleiðis eru á verksviði sjávarútvegsins og heyra undir sjútvrh. sumar af þeim stofnunum sem hér eiga í hlut, þ.e. rannsóknastofnanirnar þó svo að rannsóknamálefni almennt og að sjálfsögðu málefni menntastofnananna heyri undir menntmn. og menntmrh.

Ég vil því að lokum, herra forseti, að lokinni þessari umræðu, sem ég vona að verði málefnaleg og málinu til framdráttar, jafnframt því að ég harma að hæstv. ráðherrar sem þyrftu að vera viðstaddir skuli ekki vera það, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. sjútvn. með óskum um að eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til verði haft samráð við menntmn. um framgang málsins.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Segja má að stjórnmál á Íslandi snúist æði oft um málefni sem snerta skammtímasjónarmið og lausn á aðsteðjandi vanda. Við erum mjög upptekin af því hér í þessari samkundu að skilgreina vanda sem steðjar að okkur hér og nú og fáum því miður allt of sjaldan tækifæri til þess að líta til framtíðarinnar og leggja grundvöll að velmegun Íslendinga í framtíðinni, leggja grundvöll að bættri samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega. Það mál sem hér er lagt fram er þess efnis og eðlis að það er líklegt til þess, ef það fer í réttan farveg, að leggja í framtíðinni grundvöll að bættri samkeppnisstöðu Íslendinga og efla þannig hagvöxt hér á landi þegar til lengri tíma er litið. Ég er efnislega mjög sammála þessari tillögu Fyrsti flm. tillögunnar skýrði mjög greinilega frá því hvernig á því stendur að sjálfstæðismenn eru ekki meðflutningsmenn þessarar ágætu og þörfu tillögu. Þegar hún var komin á lokastig voru sjálfstæðismenn, með Vilhjálm Egilsson í fararboroddi, búnir að leggja drög að till. til þál. sem var mjög svipaðs efnis þótt þar væru áherslur kannski örlítið aðrar. Því varð það sameiginleg niðurstaða að rétt væri að leggja þáltill. báðar fram.

Þessi þáltill. miðar að því, eins og ég sagði áðan, að bæta og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þá einkum og sér í lagi þeirrar greinar sem er mikilvægust í íslensku atvinnulífi, sjávarútvegsins. Ég er mjög sammála flm., hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að því fer víðs fjarri að við höfum fullnýtt okkar sjávarauðlind. Við eigum eftir að nýta hana mikið. Við eigum að líta svo á að nýting auðlindarinnar gangi bæði til þess að nýta sem best aflann sem úr hafinu fæst og ekki síður til þess að nýta aðstöðu okkar til að framleiða það sem þarf til að ná fiskinum úr sjónum, þ.e. eiga ríkari þátt í því að framleiða fjárfestingarvörur sjávarútvegsins og allan búnað sem hann þarf til að sjávarútvegur gangi vel.

Hvernig getum við til lengri tíma lagt drýgstan og bestan grunn að því að auka samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs? Ég held að við gerum það með því að skapa eins konar deiglu fyrir framfarir. Afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu geta verið með ýmsum hætti. Allt of oft eru afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu hérlendis í því formi að það grípur beint inn í starfsemi fyrirtækjanna, eins konar björgunaraðgerðir sem eru iðulega í gangi. Og ég skal ekki neita því að oft hefur aðstaðan verið slík að það kann að vera að mönnum hafi fundist nærtækast að grípa með beinum hætti inn í rekstur fyrirtækja með sértækum aðgerðum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það besta sem ríkisvaldið getur gert fyrir atvinnulífið sé að skapa skilyrði fyrir samstarf atvinnufyrirtækja og rannsóknastofnana. Skapa deiglu fyrir framfarir. Ég held að það sem mestu skiptir fyrir samkeppnishæfni þjóða sé fyrst og fremst að efla með þeim hæfileika til aðlögunar. Þar með er myndaður grundvöllur til sóknar og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Þjóðir eiga að tefla fram á alþjóðlegu viðskiptasviði í krafti sérstöðu sinna og sérstaða okkar Íslendinga er að finna í gjöfulum fiskimiðum, þessari náttúruauðlind sem einkennir atvinnulíf okkar, og það er á þessu sviði sem við eigum að styrkja okkar samkeppnisstöðu öðru fremur.

Þessi tillaga miðar að því að byggja upp þekkingu, vísindalega þekkingu og tæknilega færni, á svæði sem gefur mjög mikla möguleika til þess. Það er lagt til í tillögunni að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem miðstöð fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs í

krafti þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi á Eyjafjarðarsvæðinu, í krafti þess að þar eru öflug sjávarútvegsfyrirtæki á mjög mörgum sviðum. Þar eru margar tegundir af sjávarútvegsfyrirtækjum reknar og þar er einnig nokkuð öflugur þjónustuiðnaður við sjávarútveginn. Þarna er sem sagt verið að leggja grundvöll að því að stefna saman þeirri reynslu sem er í atvinnurekstrinum og þeirri tæknilegu færni sem þar er, vísindalegri þekkingu, hagfræðilegum upplýsingum sem eru innan fræðastofnana, og er ég þá fyrst og fremst að tala um Háskólann á Akureyri, og þjónustu sem sinnir báðum þessum greinum atvinnulífsins. Ég vil nota þetta tækifæri hér í upphafi umræðunnar um þessa þáltill. til þess að lýsa ánægju minni með tillöguna og vænti þess að hún fái jákvæðar undirtektir hér. Ég held að með henni og öðru frumkvæði í þessa átt sé verið að leggja grundvöll að styrku atvinnulífi og við séum þar með að leggja verulegan skerf til framtíðaruppbyggingar íslensks atvinnulífs og bættrar stöðu Íslendinga.

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka flm. fyrir þessa ágætu þáltill. og ég get tekið undir með hv. 5. þm. Norðurl. e. að það er mjög ánægjulegt að hér sé flutt mál sem miðar að því fyrst og fremst að byggja upp og skapa fremur en að bjarga fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum. Hér erum við vissulega að koma í veg fyrir erfiðleika og stefnum til nývinninga. Og ég vil kannski nota tækifærið líka til að þakka flm. á þskj. nr. 171 um sama mál fyrir þeirra þátt í málinu því að það eru auðvitað mjög skyld mál sem þarna eru um að ræða og þau stefna nákvæmlega að því sama.

Ég er sammála flutningsmanni um að við höfum auðvitað lifað á sjávarútvegi hér í landinu um alllangt skeið, kannski allt frá upphafi og ég er líka sammála því að við munum a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð lifa á sjávarútvegi fyrst og fremst þó að auðvitað komi aðrir hlutir til. Þess vegna er mjög mikilvægt að við hlúum vel að þessum atvinnuvegi og sköpum okkur sóknarfæri þar. Ég held að þó að ég vilji að sjálfsögðu styrkja öll góð mál í öðrum atvinnugreinum megum við ekki hverfa frá því sem við þegar höfum. Það má segja að hér gildi á vissan hátt hið fornkveðna að betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi. Og sjávarútveginn höfum við og þá möguleika höfum við, á því er enginn vafi.

Þegar menn tala um sjávarútveg er mjög oft talað um að þar sé um að ræða fiskveiðar og síðan ákveðna frumvinnslu og útflutning á þessum afurðum. En það er einmitt það sem hér er verið að ræða um að þurfi að breyta. Það hefur auðvitað breyst mjög mikið undanfarin ár en það þarf að breytast enn meira. Hér var sagt áðan að verið væri að leggja grundvöll að miklu og merku starfi. Ég held að búið sé að leggja grundvöllinn að því. Nú er að nýta sér þann grundvöll sem þegar liggur fyrir. Þó að hér kæmi fram í gær í umræðum að þeir menn sem flyttu út á land yrðu „lókalpatríotar", þá fullyrði ég og ég held að flestir geti tekið undir það að einmitt á Eyjafjarðarsvæðinu hefur grundvöllur að merku starfi á sviði sjávarútvegs verið lagður og hann er fyrir hendi. Það er auðvitað hið öfluga atvinnulíf í sjávarútvegi sem þar leggur grunninn svo og þau framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem við bætast sem fullkomna myndina.

Við þurfum auðvitað að auka verðmæti þess afla sem við drögum úr sjó, á því er enginn vafi. Það gerum við með því að vinna aflann betur og auka verðmætið og afla þannig þjóðarbúinu meiri tekna. Við þurfum auðvitað að gera meira og ég get tekið undir það að einkennilegt er að ekki skuli hafa verið hafin æðri menntun í sjávarútvegi fyrr en nú á allra síðustu árum. Það er í rauninni einkennilegt að við, þessi mikla fiskveiðiþjóð sem hefur í rauninni hrærst í og lifað af fiski frá örófi alda, skulum ekki hafa náð að flytja þekkingu okkar og verkmenntun meira út og gera hana að tekjulind en verið hefur. Ég held að það gerist að við munum þróa fiskveiðar okkar og vinnslu en við munum jafnframt með slíkri sjávarútvegsmiðstöð þar sem allt kemur saman, menntun, verksvit og önnur þekking, tækni og kannski fjármagn, geta aukið sókn, ekki síst á þessum sviðum. Við getum að miklu meira leyti en verið hefur orðið leiðandi afl á alþjóðavettvangi. Við getum orðið miðstöð sem aðrar þjóðir sækja í þekkingu og þannig skapað okkur bæði auðsæld og styrkt okkar stöðu til framtíðar. Þess vegna held ég að hér sé mjög stórt mál á ferðinni og að mjög nauðsynlegt sé að kraftar sem eru í íslenskum sjávarútvegi verði sameinaðir betur en verið hefur. Það er auðvitað samtakamátturinn hér eins og svo víða annars staðar sem fyrst og fremst ræður úrslitum.

Ég held líka að það mál sem hér er flutt sé eðlilegt framhald af því sem gert hefur verið undanfarin ár. Ég tel mjög óeðlilegt ef einhver framvinda af þessu tagi verður ekki til að fylgja eftir stofnun Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsbrautarinnar þar. Ég vil ekki segja að hún verði ómark ef þetta verður ekki en væri vissulega mjög örökrétt ef málinu verður ekki fylgt eftir með einhverjum þessum hætti vegna þess að hún, ásamt mörgu öðru, skapar einmitt þær aðstæður sem nú hafa orðið og hér er verið að leggja til að byggt verði á.

Ég vil að lokum ítreka ánægju mína og þakklæti til flutningsmanna fyrir þessa ágætu tillögu og ég vona að hún fái góðan framgang hér í þinginu og verði að veruleika svo að þetta mál geti haldið áfram í þeim farvegi sem það hefur verið í og eðlilegur er.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Tillagan sem hér er liggur fyrir gengur í þá átt að efla Akureyrarsvæðið og sérstaklega sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri. Þar sem ég er meðflutningsmaður tillögunnar þá tel ég mér skylt að segja nokkur orð um mína skoðun á málinu. Ég tel að það sé stefnumarkandi, bæði fyrir þá ágætu stofnun, Háskólann á Akureyri, og einnig sé þarna um að ræða stuðning við hagnýtar rannsóknir í sjávarútveginum. Á Akureyri hefur vöxtur sjávarútvegsfyrirtækjanna, eins og segir í greinargerð, verið með mesta móti og ætti háskólinn þar því að vera betur í stakk búinn til að

leggja sitt af mörkum til að auka fjölbreytni í þeim störfum.

Haldast þarf í hendur uppbygging sjávarútvegsbrautar við Háskólann á Akureyri og hagnýtar rannsóknir sem nýtast þá til atvinnuuppbyggingar. Ég tel að þessi tillaga sé í þá átt, að hún sé stefnumótandi til framtíðar og er þess vegna mjög hlynnt því að hún nái fram að ganga. Nýhafin er kennsla við Háskólann á Akureyri í sjávarútvegsfræðum og er eina sjávarútvegsháskólabrautin hér á landi, tvö ár síðan hún var stofnuð held ég að komi fram hér. Hingað til hafa þeir sem hafa viljað mennta sig í sjávarútvegsfræðum yfirleitt orðið að leita til nágrannalandanna og mjög margir sjávarútvegsfræðingar, sem hér starfa í dag, hafa menntað sig til þeirra starfa í Tromsö í Noregi. Það þarf vissulega að huga að því að standa vel að uppbyggingu sjávarútvegsbrautarinnar sem hér er komin af stað og ég held að þessi tillaga sé spor í þá átt.

Mér er sagt að komin sé fram önnur tillaga. Ég hef ekki séð hana en vel getur verið að manni sjáist yfir einhverjar af þeim tillögum sem hér liggja frammi.

Mig langar einnig til að segja frá því að á Vestfjörðum er í bígerð stofnun þróunarseturs í sjávarútvegsfræðum. Ég tel að það væri mjög heppilegt að byggja upp sjávarútvegsbrautina við Háskólann á Akureyri en stofna jafnframt slík þróunarsetur, t.d. eitt í hverjum landshluta. Það mætti hugsa sér eitt á Vestfjörðum og annað á Austfjörðum og e.t.v. á Suðausturlandinu líka. Þróunarsetrið sem nú er í bígerð að stofna á Vestfjörðum hefur verið lengi í undirbúningi. Að því var stefnt í byrjun febrúar að halda um það stofnfund fljótlega. Það byrjaði með því að settur var á stofn samstarfshópur sem hafði það hlutverk að samræma sjónarmið atvinnufyrirtækja og Menntaskólans á Ísafirði. Þær stofnanir sem stóðu að þessum vinnuhópi voru Byggðastofnun, atvinnufulltrúi, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og fleiri aðilar lýstu áhuga sínum á því að auka samstarf við þessar stofnanir. Þar á meðal voru bæði Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri auk Tækniskóla Íslands og Búnaðarfélags Íslands.

Þessi starfshópur hefur starfað síðan í fyrrasumar og hefur lagt fram drög að stofnsamningi og ætlar að bjóða til stofnfundar núna á næstunni. Tilgangur þessa þróunarseturs í sjávarútvegsfræðum er fjórþættur. Í fyrsta lagi að vinna að því að þekking og reynsla á sviði sjávarútvegs á Vestfjörðum nýtist til þróunar og nýsköpunar. Í öðru lagi að skapa vettvang þar sem hugmyndir og frumkvæði heimamanna fái umfjöllun og stuðning. Í þriðja lagi að tryggja að fullt tillit sé tekið til óska fyrirtækja á svæðinu varðandi verkefnaval stofnananna og að verkefnin séu að öllu leyti unnin í samráði og samvinnu við fyrirtækin. Og í fjórða lagi að styrkja stöðu rannsóknaraðila á Vestfjörðum og stuðla þannig að því að verkefni og fjármagn til rannsókna flytjist í meira mæli til landsbyggðarinnar en hingað til. Ég vil ítreka að þetta tel ég mjög jákvætt og væri æskilegt að slík þróunarsetur gætu verið staðsett í öllum landshlutum og á það alls ekki að koma í veg fyrir uppbyggingu sjávarútvegsbrautar við Háskólann á Akureyri. Þau væru þá tengd sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri og þar færi fram stefnumótun og samvinna við önnur þróunarsetur í sjávarútvegi.

Ég ætla þá í lokin að lýsa yfir stuðningi við það að tillagan nái fram að ganga og þakka flutningsmanni sem hér er að endurtaka tillögu sem flutt var á 113. löggjafarþingi. Ég vænti þess að hún fáist útrædd núna.

Sveinn Þór Elinbergsson:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér í upphafi máls míns að segja að á mínum stutta þingtíma, þessari viku sem er að líða hér, þá er þetta þskj., að öllum öðrum málum ólöstuðum, eitt það markverðasta sem ég hef barið augum á þessum dögum. Það skýrist kannski af því að ég kem sjálfur úr svipuðu umhverfi og vísað er til í þessari tillögu, þar sem ég starfa m.a. að fræðslumálum í sjávarútvegsbyggð þar sem allt snýst um sjávarútveg, veiðar og vinnslu. En einmitt í þeim skóla, í Ólafsvík, höfum við fylgst með farsælli uppbyggingu fræðslustarfs á Dalvík um sjávarútvegsmál, m.a. til þess að hafa til hliðsjónar við skipulagningu svipaðs náms í okkar skóla, þ.e. í námi vélstjóra og skipstjórnarmanna. Okkur er líka ljós þörfin á þess háttar stofnun í atvinnugreininni sem vísað er til í tillögunni og greinargerðinni sem henni fylgir. Ég tel því heimamenn verðuga þess háttar miðstöðvar sem hér er verið að ræða, enda er þörfin á slíkri stofnun mjög brýn ef við eigum að ná einhverri framþróun í þessum mikilverðasta atvinnuþætti okkar. Ég held að heimamenn eigi að njóta frumkvæðis, þekkingar og reynslu sinnar. Auk þess er ég fylgjandi uppbyggingu opinberra stofnana atvinnulífsins úti á landi. Mitt mat er því að þar fari rétt stofnun, á réttum stað og á réttum tíma.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að hreyfa mjög þörfu máli að mínu viti og vonum seinna að menn fari að taka betur og myndarlegar á menntunarmálum sjávarútvegsins. Það er nánast furðulegt að þessi þjóð sem byggir á sjávarútvegi með þeim hætti sem hún gerir skuli ekki hafa stuðlað að betri menntun fyrir alla þá sem koma að sjávarútveginum, bæði til lands og sjávar. Það er kannski merkilegt að bera saman hvernig staðið hefur verið að menntunarmálum í sjávarútveginum og t.d. í landbúnaði þar sem allt öðruvísi og miklu skipulegar og ákveðnar hefur verið gengið til verks en í sjávarútvegi. Við sjáum að það er eins og fiskvinnsluskólinn, sem er ekki gamall skóli, og ég veit að það finnst örugglega fleirum en mér, hafi verið til hliðar í menntakerfinu og svona mætti halda áfram að telja. Það hefur ekki verið staðið myndarlega að neinu sem tilheyrir menntun í sjávarútveginum nema því sem snýr að menntun sjómannanna sjálfra. Þar hefur að mínu viti verið staðið vel að málum.

En hér ætla menn að brjóta blað með því að efla miðstöð sjávarútvegsfræðanna á Akureyri og ég held að það sé rétt stefna. Út af fyrir sig ætla ég samt ekki að halda því fram að þar eigi eina hreiðrið að vera. Ég tel að það væri við hæfi að Háskóli Íslands taki nú við sér og taki á málum líka. Alla vega þykjast menn þar

á bæ hafa vit á því hvernig eigi að stjórna sjávarútveginum þó að þeir hafi ekki a.m.k. að mínu viti þá þekkingu á öllum þeim málum sem snúa að sjávarútveginum sem þarf að hafa til þess að geta gert sér grein fyrir því hvernig best er að stjórna málefnum sjávarútvegsins í grundvallaratriðunum. Það er nefnilega þannig að það er svo ótal margt sem eftir er að rannsaka til að menn geti gert sér grein fyrir því hvers konar ákvarðanir á að taka vegna hinna stóru mála sjávarútvegsins. Það nægir að benda á að ekki eru til neinar rannsóknir t.d. á þjóðhagslegri hagkvæmni fiskiskipaflotans, mismunandi útgerðarforma og mismunandi nýtingar á fiskimiðunum. Nú fyrst eru að fara af stað svokallaðar fjölstofnarannsóknir. Það eru ekki til neinar rannsóknir sem geta gefið okkur til kynna hvaða áhrif veiðarfærin, sem eru þó dregin um öll höf hér í kringum landið, hafa á lífríkið í sjónum. Við erum með stórvirkustu veiðitæki sem eru til í heiminum á ferð um allar fiskislóðir og við höfum ekki hugmynd um hvaða áhrif það hefur á lífríkið. Við vitum ekkert hvaða veiðarfæri t.d. mundu henta best ef við værum að hugsa um áhrifin á lífríkið. Sjálfsagt eru það margar tegundir. Þannig er auðvitað hægt að fara yfir allt sviðið og velta því fyrir sér hvað það er sem við höfum gert rangt eða hvort það er einfaldlega bara þekkingarskorturinn sem stendur í vegi fyrir okkur. Eru kannski fiskstofnanir of smáir af einhverjum allt öðrum ástæðum en menn hafa verið að gera skóna fram að þessu?

Það fást engin svör við svona spurningum nema með því að efla menntun, efla rannsóknir og ég tel að við þurfum að breiða út það sem við erum að gera. Við þurfum að koma sem flestum stöðum á landinu inn í okkar menntakerfi. Hér er hreyft máli þar sem verið er að tala um hina æðri menntun og það er vel. Mér finnst þetta eiga mjög vel heima á því svæði sem þarna er. Því hefur verið lýst hér og ég er þeim lýsingum sammála. Þarna er verið að fjalla um alla hluti sem verið er að gera í sjávarútvegi nánast á Íslandi og þess vegna tel ég að það sé út af fyrir sig mjög vel til fundið. Þarna er líka næststærsti bær landsins og auðveldara af þeim ástæðum að byggja upp svona menntunarstofnun eins og þarna er verið að tala um.

Ég vona að öflug starfsemi Háskólans á Akureyri í sjávarútvegsfræðum komist í gang og það gerist hratt og ég vona að skilningur á þeim rannsóknum sem þurfa að fara fram í þjóðfélaginu aukist a.m.k. jafnhratt og að Akureyringar fái sem fyrst í hendur eitthvert af þeim stóru verkefnum, sem ég er svo sem ekkert að segja að Hafrannsóknastofnun geti ekki unnið mörg hver, en ef hv. Alþingi Íslendinga tæki á sig rögg og ákvæði að þær rannsóknir sem hafa verið trassaðar í gegnum árin í sjávarútvegsmálunum færu nú í gang þá fyndist mér að að gæti vel farið saman við aukna starfsemi á Akureyri, þ.e. að þangað yrði vísað verkefnum sem lytu að því að gera rannsóknir á þessum sviðum sem ég var að lýsa hér áðan.

María E. Ingvadóttir:

Forseti. Ég vil bara lýsa ánægju minni yfir þessari framkomnu þáltill. um að gera skuli áætlun sem miði að uppbyggingu sjávarútvegsbrautar Háskólans á Akureyri. Ég vil koma með þá tillögu að höfð verði í huga uppbygging sem miði að því að sá háskóli verði á alþjóðlegum mælikvarða. Mér líst mjög vel á að Akureyri geti orðið miðstöð sjávarútvegsfræða og ekki bara hérlendis heldur meðal sjávarútvegsþjóða. Ég vil leyfa mér að fullyrða að við séum fremst í framleiðslu tækja og tækni sem varðar sjávarútveginn og við vitum að sú framleiðsla okkar hefur virkilega slegið í gegn, ef svo má segja á erlendum mörkuðum. Mér finnst þess vegna að við ættum að stefna að því að á Akureyri verði háskóli sem standi undir því að verða á alþjóðlegum mælikvarða og þannig að við munum laða að okkur erlenda stúdenta frá sjávarútvegsþjóðum og verða áfram fremst í öllu sem varðar þekkingu á því sviði. Við erum fremst í því sem varðar tæknilega sérþekkingu á nýtingu sjávarafla. Við eigum bestu tækin og því eigum við að snúa vörn í sókn á þessum erfiðu tímum og sýna forustu meðal sjávarútvegsþjóða, bæði hvað varðar tækni, rannsóknir og þekkingu og ekki síst útbreiðslu þeirrar þekkingar sem við búum yfir.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem einungis til þess að lýsa í stuttu máli ánægju minni með þessa þáltill. sem hv. þm. Steingrímur Jóhann hefur haft frumkvæði að því að flytja ásamt nokkrum öðrum þingmönnum. Það sem mér finnst liggja einkum til grundvallar því að efla Akureyri og svæðið í kring sem miðstöð fræðslu og rannsókna er sú staðreynd að nú þegar er komið mjög gott rannsóknarumhverfi á Akureyri og á svæðinu þar í kring. Þar hefur þegar skapast vísir að því rétta andrúmslofti og þeim réttu kringumstæðum sem þarf til þess að búa til góða rannsóknamiðstöð og í senn góða fræðslumiðstöð. Við höfum í fyrsta lagi hina nýju sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri sem er mjög að eflast og sem hefur fengið til liðs við sig afskaplega gott fólk og það er alveg ljóst á því tiltölulega takmarkaða efni sem þegar er byrjað að streyma út úr þeim skóla að þar er á ferðinni mannval sem kann vel til verka.

Það er auðvitað viss hefð fyrir því að menn efli menntasetur á þessu sviði og jafnframt nýja tækni og nýjar rannsóknir á þessu svæði. Ég minni á það til að mynda að það voru Eyfirðingar sem höfðu frumkvæði að þeim miklu og ábatasömu veiðum á úthafsrækju sem hófust einmitt upp úr 1970 og mig minnir að um nokkurra ára skeið hafi það einkum verið Eyfirðingar sem héldu þeim uppi. Nú er þetta orðin mjög úbreidd og arðsöm iðja.

Það er líka alveg ljóst að þarna hefur annars konar framþróun átt sér stað eða er að eiga sér stað að því er varðar einmitt lúðueldi sem tekist hefur nokkuð vel hjá Eyfirðingum og þar er auðvitað á ferðinni þáttur sem skiptir verulega miklu máli. Og ég vænti þess auðvitað að ef hægt væri með einhverjum hætti að efla þarna góða rannsóknamiðstöð þá mundi það ekki síst verða lyftistöng undir ýmsar greinar þeirrar atvinnugreinar sem ég ber hvað mest fyrir brjósti og ekki á mjög auð-

velt uppdráttar núna, þ.e. fiskeldisins. Það væri út af fyrir sig fagnaðarefni ef tækist með einhverjum hætti að þætta þær rannsóknir inn í þá miðstöð sem væntanlega verður þarna reist.

En það sem ég vildi undirstrika líka er að við höfum þarna allt til staðar. Við höfum sjávarútvegsdeildina á Akureyri, við höfum líka ágæta sjómenntabraut á Dalvík, bæði skipstjórnarbraut og fiskvinnslubraut sem ég hygg að jafnist alveg á við til að mynda mun eldri fiskvinnslubraut sem rekin er í Hafnarfirði. Við höfum ýmiss konar smærri fyrirtæki sem hafa í skjóli þessa umhverfis tekist að vinna ýmiss konar framleiðslu tryggan sess. Ég nefni bara fyrirtæki eins og DNG. Ég minni líka á það að í nokkuð brösóttri sögu niðurlagningariðnaðar á Íslandi hefur þetta svæði skipt nokkru máli og ég minni bara á litla hluti eins og hina nýju smápakkalínu sem verið er að þróa á Dalvík sem er nú orðin ein aðaluppistaðan í frystihúsi á staðnum og er með framleiðslu sem er stöðugt að vinna sér betri sess á erlendum mörkuðum. Þetta skiptir allt saman máli en það sem vantar raunverulega inn í til þess að lyfta Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu sem öflugri fræðslu- og rannsóknamiðstöð er viðbót við þá rannsóknastarfsemi sem er að finna við háskólann og þess vegna tel ég að hluti af þeirri könnun sem ætti að fara fram, verði þessi tillaga samþykkt, hljóti að felast í því hvort ekki sé kominn tími til að stjórnvöld íhugi það í fullri alvöru að flytja Hafrannsóknastofnun til Akureyrar. Ég hygg að hvarvetna þar sem menn hafa séð sama umhverfi eins og þarna er, þ.e. öflugan iðnað, öflugan sjávarútveg og þann vísi að góðum rannsóknamiðstöðvum sem þarna er og ef menn fengju e.t.v. þá miklu viðbót sem fælist í því að flytja Hafrannsóknastofnun þarna á svæðið, þá held ég að við værum búin að byggja alþjóðlega miðstöð rannsókna og fræðslu á sviði sjávarútvegs sem mundi innan einhverra áratuga standa öllum á sporði.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þessa tillögu. Það sem ég ætlaði fyrst og fremst að koma að er að mér hefur fundist það koma svolítið fram í þessari umræðu að menn hafa talað eins og ekkert hafi verið gert á Akureyri. Það væri ástæða til að koma slíkri stofnun þar upp. En það kom hins vegar vel fram í máli síðasta ræðumanns að þarna er grundvöllurinn til staðar, þarna er komin sjávarútvegsbraut og þarna er kominn vísir að rannsóknastarfsemi, bæði á vegum Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Þetta var unnið í góðri samvinnu margra aðila en þó hygg ég að á engan sé hallað þó að ég nefni fyrrv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson sem hafði að því verulegt frumkvæði að þessu var hleypt af stokkunum, þ.e. rannsóknarstarfseminni, þar sem hann skildi mjög vel nauðsyn þess að Háskólinn á Akureyri tengdist strax í upphafi rannsóknum.

Ég vil þess vegna benda á að það eru tækifæri til að halda þessari þróun áfram strax á næstu vikum og mánuðum ef vilji er fyrir hendi. Ég nefni þar tvennt. Síðasti ræðumaður benti á að það ætti að flytja Hafrannsóknastofnun norður. Ekki ætla ég að draga úr því en ég tel reyndar að það gerist ekki öðruvísi en í vissum áföngum og þar væri út af fyrir sig eðlilegt að útgerð og rekstur skipa Hafrannsóknastofnunar yrði flutt til Akureyri sem næsta skref.

Í öðru lagi vísa ég til umræðna sem verið hafa í fjölmiðlum að undanförnu þar sem er boðuð framlagning frv. á Alþingi um nýja stofnun í sjávarútvegi, sem hefur í umfjöllun ráðuneytisins fengið nafnið fiskistofa, þar sem á að sameina þó nokkra þætti í þjónustu og eftirliti sem hafa verið á vegum nokkurra stofnana fram að þessu. Af viðræðum við starfsmenn sjútvrn. hef ég fengið það upplýst að þarna sé um að ræða stofnun sem hugsanlega hefði allt að því 60 manna starfslið. Stærsti hlutinn af því eru veiðieftirlitsmennirnir en þar er líka menntað fólk á sviði sjávarútvegsins. Það væri ákveðið að fiskistofan yrði á Akureyri, starfaði þar við hliðina á öðrum sjávarútvegsstofnunum og mundi geta styrkt staðinn sem slíkan, m.a. með samnýtingu starfsfólks. Þetta eru hvort tveggja atriði sem geta verið einföld ákvörðunaratriði stjórnvalda á hverjum tíma og ég skora á viðkomandi stjórnvöld að hrinda þessu í framkvæmd.

Ég vil að lokum taka undir það sem fram hefur komið um að sjávarútvegurinn hefur ekki gengið sína braut til enda varðandi þróun og möguleika. Þar eru margvíslegir möguleikar. Áðan var bent á smápakkalínuna sem er komin upp á Dalvík og er kannski talandi dæmi um að það er ekki sama hvernig staðið er að hlutunum. Hlutirnir þurfa að vera í sínu rétta umhverfi. Þessi lína var ekki flutt beint til Dalvíkur eða keypt þangað inn. Það var búið að gera tilraun með rekstur hennar í Hafnarfirði. Það gekk ekki upp, menn náðu ekki tökum á því en með því að setja hana inn í vel þróað frystihús, sem hefur verið í stöðugri þróun, þá hefur mönnum tekist að búa þannig um hnútana á tæplega tveimur árum að það stefnir að því að 40% af framleiðslu frystihússins á Dalvík fari í þessar pakkningar nú í ár. Þetta eru þau atriði sem ég vil koma inn í þessa umræðu.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hafa orðið um þessa tillögu. Ekki færri en átta alþingismenn, ef ég hef talið rétt, úr öllum flokkum hafa lýst áliti sínu á þessari tillögu. Ég endurtek að það var nokkur skaði að hæstv. sjútvrh. og jafnvel hæstv. menntmrh. skyldu ekki vera viðstaddir og heyra þessar undirtektir þingmanna. Við fögnum að sjálfsögðu komu hæstv. fjmrh. sem er fyrsti af þessari tegund sem við höfum séð í dag, ef ég veit rétt, á þessum þingfundi.

Margar ágætar röksemdir og athugasemdir komu fram. Hv. 5. þm. Norðurl. e. lagði út af því, eins og ég gerði í mínu máli, að mikir möguleikar væru til aukinnar verðmætasköpunar úr þessari auðlind, sjónum, og öllu sem hann gæti gefið af sér og ekki síst í því ljósi ætti að haga uppbyggingu á þessu sviði og væri nú þörf á að sækja þarna fram. Ég tek svo sannarlega undir það. Það var einmitt mjög ánægjulegt að heyra það

hljóð í mjög mörgum ræðumanna að leggja út af þessu með hliðsjón af framtíðarmöguleikum í greininni, þróunar- og sóknarmöguleikum innan sjávarútvegsins.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. benti á það, eins og reyndar fleiri, að ekki skyldi vanmeta þann grundvöll sem þegar væri fyrir hendi á þessu svæði og það tek ég undir og fór reyndar nokkuð yfir í minni framsögu þó svo að ýmsu mætti við bæta og var reyndar gert af ræðumönnum, svo sem að minna á vægi niðursuðuiðnaðarins á þessu svæði.

Hv. 6. þm. Vestf. minnti réttilega á að víðar á landinu hafa menn auðvitað áhuga á því að sinna verkefnum af þessu tagi. Hún nefndi áform eða hugmyndir um að setja á fót þróunarsetur á sviði sjávarútvegs á Vestfjörðum. Það eru að vísu hugmyndir sem ég er ekki kunnugur og var að heyra í fyrsta sinn. En þær hljóma vel í mínum eyrum og ég vil í því sambandi minna á að Háskólinn á Akureyri með sínum nánu tengslum við atvinnulífið hugsar sér einmitt að reyna að eiga samstarf við fyrirtæki og byggðarlög sem víðast. Hann á reyndar þegar í ákveðnu samstarfi við t.d. fyrirtæki og menn á Vestfjörðum þar sem er námskeið eða kennsla í veiðitækni. Ég man ekki hvort það er Netagerð Vestfjarða sem fyrirtæki eða starfsmenn þar sem leggja sitt af mörkum í sambandi við kennslu á þessu sviði. Þannig er tvímælalaust sú hugsun sem liggur til grundvallar Háskólanum á Akureyri og þessa starfs hér að byggja upp og efla rannsókna- og fræðslumiðstöð í nánum tengslum við atvinnulífið í mjög góðu samræmi við þá hugsun að slíkt starf geti dreifst víða um byggðarlögin þar sem sjávarútvegur er stundaður.

Nefna má annað dæmi um samstarf háskólans við fyrirtæki í fjarlægum byggðarlögum þar sem eru gæðastjórnunarverkefni. Þar er einn af þátttakendunum Síldarvinnslan í Neskaupstað, fyrirtæki á Austfjörðum. Segja má að nú þegar teygi þessi starfsemi samvinnuanga sína í marga landshluta.

Þá talaði hv. 3. þm. Vesurl. og nefndi sem dæmi það starf sem hefur verið byggt upp í Ólafsvík eða er verið að byggja upp á sviði fræðslu. Þar hafa menn m.a. sótt fyrirmynd til Dalvíkur að þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Ég tek undir með honum að þar hefur verið með ákaflega farsælum hætti byggt upp ár frá ári.

Hv. 3. þm. Vesturl. nefndi að verkefnin væru fjölmörg sem óunnin eru á þessu sviði og það tek ég undir. Fjölmörg rannsóknaverkefni af ýmsum toga bíða. Þess vegna er það síður en svo út í loftið að tala um frekari uppbyggingu á þessu sviði. Þvert á móti æpir þörfin á að svo verði gert.

Þá þakka ég hv. 1. þm. Reykn. sem hér kom með þann áhugaverða punkt inn í umræðuna að á þessu sviði ættum við ekki Íslendingar að hafa neitt lægri metnað en þann að háskólastarfið á Akureyri gæti orðið á alþjóðlegan mælikvarða og þar gæti orðið slík miðstöð fræðslu og rannsókna að aðrar þjóðir sæju ástæðu til að njóta góðs af og sækja sér þangað þekkingu og fræðslu. Þetta tek ég sannarlega undir. Ég er þeirrar skoðunar og mörg okkar að margt sem best er gert í íslenskum sjávarútvegi sé í fremstu röð í heiminum. Ég hygg að það verði tæplega um það deilt að á margan hátt rekum við árangursríkasta sjávarútveg heimsins enda stenst íslenskur sjávarútvegur þrátt fyrir allt, að vísu með hliðsjón af þeim erfiðleikum sem hann oft hefur mætt og á nú í, samkeppni við sjávarútveg sem í flestum öðrum byggðum bólum heimsins nýtur verulegra styrkja og jafnvel umfangsmikilla styrkja af ýmsu tagi eins og á sér stað í nágrannalöndunum. Það er til marks um það hversu margt er vel gert í íslenskum sjávarútvegi og/eða aðstæður um margt hagstæðar að við náum þrátt fyrir allt að reka þessa grein við þær aðstæður. Sannarlega er það á sínum stað að hafa ekki rislægri metnað í þessum efnum en þann að okkar háskólastofnun á þessu sviði verði fullkomlega frambærileg á alþjóðlegan mælikvarða.

Hv. 17. þm. Reykv. talaði svo hér og kom með ýmislegt áhugavert í viðbót inn í þessa umræðu. Hann benti á það, sem reyndar kom fram í framsögu minni, að Akureyri og svæðið þar í kringum sé um margt ákjósanlegt rannsókna- og fræðsluumhverfi. Þar njóti menn í senn bæði þess öfluga starfs sem er þar fyrir hendi í fyrirtækjum af ýmsu tagi en jafnframt þeirrar nálægðar sem byggðarlag af þessari stærðargráðu býður upp á og er ákjósanlegt og sem flestir vísindamenn eru sammála um að sé af hinu góða. Þau nánu samskipti atvinnulífsins og rannsóknafólksins eða þeirra sem annast fræðslu sem myndast geta við slíkar aðstæður eru nú þegar fyrir hendi í verulegum mæli. Þá nefndi hann ýmiss konar frumkvæði sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi á þessu svæði og ég tek undir það svo sem sókn í úthafsrækju. Það má segja að vagga þeirrar greinar standi á Dalvík og að Snorri Snorrason skipstjóri þar hafi fyrstur manna gert veiðar á úthafsrækju frá Íslandi að atvinnugrein og komist á spjöld sögunnar með því að uppgötva sennilega fengsælustu rækjumið heimsins, a.m.k. á okkar slóðum. Einnig var lúðueldið nefnt hér og margt fleira sem áður hefur borið á góma.

Þeirri spurningu hefur verið velt upp hvort menn eigi e.t.v. að taka inn í þessa umræðu stærri áfanga eins og þann að flytja eða stefna að því að flytja Hafrannsóknastofnun norður í þetta umhverfi. Ekki ætla ég að draga kjarkinn úr mönnum í þeim efnum, menn eiga að vera sæmilega brattir í því að dreifa þessari þjónustu og opinberum stofnunum um landið. Það sæti síst á mér en ég minni þó á að fleira getur flokkast undir árangur en fullnaðarsigurinn einn í fyrstu lotu. Það að dreifa þessum verkefnum, flytja tiltekin rannsóknaverkefni, flytja t.d. skipaútgerðina og síðar ákveðin rannsóknarverkefni og svo stofnunina e.t.v. alla í fyllingu tímans er líka aðferð.

Þá nefndi hv. 6. þm. Norðurl. þá fiskistofnun sem boðað hefur verið að á döfinni sé að setja á fót með lögum og gæti orðið umfangsmikil stofnun sem tæki við mörgum af núv. verkefnum bæði úr ráðuneyti, frá Fiskifélagi og fleirum ef ég hef heyrt rétt. Það er sömuleiðis á sínum stað að nefna það í þessari umræðu að henni væru auðvitað vel valinn staður í þessu umhverfi.

Herra forseti. Með hliðsjón af þeim undirtektum

sem hér hafa komið fram og eru nánast alfarið jákvæðar í máli þeirra átta hv. þm. sem hér hafa talað úr öllum flokkum, þá er svo komið að ég leyfi mér að vera bærilega bjartsýnn á framgang þessarar tillögu og bind við það vissar vonir að yfirstandandi þing marki þessa stefnu af myndarskap. Að hv. sjútvn. taki tillöguna til umfjöllunar og þá tillögu aðra sem hér verður væntanlega fljótlega á dagskrá og er náskyld þessari og vinni úr þeim þannig að hér verði síðan fyrir þinglausnir í vor afgreidd ein stefnumarkandi tillaga á þessu sviði. Þetta er að mínu mati ekki eitthvert smámál eða málefni sem á að leggja í ís með því að vísa því til ríkisstjórnar með mátulega kraftmikilli umsögn. Þvert á móti á Alþingi sjálft að hafa frumkvæðið og móta stefnuna, fela síðan framkvæmdarvaldinu að vinna samkvæmt henni. Hér er á ferðinni undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og hér er á ferðinni stórt og stefnumarkandi mál sem lýtur að skipulagi og uppbyggingu á þessu sviði. Svo sannarlega er þeim tíma vel varið af hálfu virðulegs Alþingis sem fer í að leiða þetta mál farsællega til lykta.

Ég vil nefna til viðbótar að það er sem betur fer verið að huga að ýmsum stórum og spennandi verkefnum á þessu sviði, á sviði rannsókna og fræðslu sem tengjast sjávarútvegi. Það eru verkefni á sviði grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Það eru að fara af stað verkefni á sviði fjölstofnarannsókna og rannsókna á hryggleysingjum. Nauðsynlega þarf að fara í ýmsar rannsóknir sem tengjast eldi og klaki fiska, sjávarfiska ekki síður en annarra. Á sviði hagnýtra rannsókna bíða og hafa beðið vegna fjárskorts stór verkefni sem lúta að ýmiss konar fullnýtingarmöguleikum afurðanna, lúta að geymsluþoli og geymsluaðferðum og margt fleira af því tagi mætti nefna en gefst ekki tími til hér.

Ég vil enn fremur láta það sjónarmið mitt koma fram og tala þar út frá þeirri reynslu sem fengist hefur að menn þurfa ekki að óttast það, verði þessari starfsemi með skipulögðum hætti valinn staður á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu, að heimaaðilar á því svæði muni ekki leggja sitt af mörkum til að greiða götu slíkrar uppbyggingar. Það hafa heimamenn þegar sýnt með myndarlegu framlagi af ýmsu tagi til uppbyggingar þess náms sem þarna á sér stað. Ég nefni framlag sem fámennt sveitarfélag á Dalvík hefur lagt af mörkum til fræðslu á sviði sjávarútvegsins með því að leggja verulega af eigin fé, t.d. séð fyrir húsnæði. Sama má segja um Háskólann á Akureyri. Þar hefur fyrirtæki á svæðinu, Kaupfélag Eyfirðinga, sýnt það í verki með mjög myndarlegum hætti þegar leyst var úr húsnæðismálum sjávarútvegsbrautarinnar að menn eru tilbúnir til að láta ekki sitja við orðin tóm í þessum efnum heldur beinlínis leggja sitt af mörkum, jafnvel umfram það sem ætlast mætti til á grundvelli hefðbundinnar kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga og annarra aðila í svona tilvikum. Ég held að ég geti fyrir hönd allra á þessu svæði fullvissað menn um að það mun ekki standa á því að myndarlega verði tekið á málinu af hálfu heimamanna ef stjórnvöld, Alþingi og ríkisstjórn vilja fyrir sitt leyti stuðla að því að svona uppbygging eigi sér stað á þessu svæði.

Herra forseti. Ég hef þessi orð mín ekki fleiri. Ég þakka hv. alþm. fyrir þær undirtektir sem tillagan hefur fengið og ég ítreka það að ég er bjartsýnn á að hún muni nú hljóta hér fullnægjandi brautargengi á þinginu í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Laun forseta Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 234. mál (skattgreiðslur). — Þskj. 407.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1990, um laun forseta Íslands. Frv. er lítið að sniðum, aðeins tvær greinar og hljóðar fyrri greinin svo, með leyfi forseta:

„Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 2. gr. laganna falli brott.“

2. gr. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1992.“

Verði þetta frv. að lögum mun 2. gr. laganna hljóða svo með leyfi forseta:

„Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita.“ Það sem kemur þar á eftir í núgildandi lögum er þá fellt brott. Ég tel að í raun sé hér fyrst og fremst verið að samræma launakjör forsetans þeim viðhorfum sem ríkja í okkar samtíð um það hvernig beri að standa að greiðslum til forsetans. Þessi lagabreyting, ef að lögum verður, hefur engin áhrif á það hver laun forsetans verða í framtíðinni. Þau verða ákveðin af kjaradómi eins og þingmenn vita. Þetta gerir aftur á móti þann stóra mun að hverjum manni er ljóst hver launin eru og eins hitt að með ráðstöfun fjárins hefur forseti sömu möguleika og aðrir þegnar þessa lands til að nýta sína fjármuni vel en getur aftur á móti ekki spilað á það kerfi að sumir hlutir eru hátollavara hér á landi og aðrir ekki og margföldunaráhrif með því að verja fjármununum til kaupa t.d. á áfengi, eins og þekkst hefur, yrði úr sögunni. Ég segi þetta vegna þess að mér finnst að ákvæðið hafi orðið eftir fyrir misskilning. Það er komið úr fortíðinni. Eins og allir vita var aðallinn skattlaus og kóngar sömuleiðis en í því lýðræðisríki, Bandaríkjunum, þar sem ég tel að vagga lýðræðisins hafi staðið föstustum fótum greiðir forsetinn skatta og skyldur eins og aðrir þegnar.

Ég vil taka það skýrt fram að sá tímapunktur að flytja þetta nú helgast af því að ég tel að eðlilegt sé að það sé gert þegar dregur að forsetakosningum en ekki sé verið að ræða þessi mál á þeim tíma þegar forseti hefur verið kjörinn. Það er eðlilegt að þá séu engar breytingar gerðar á hans högum á einn eða neinn veg.

Ég vil taka það fram að ekki er öllum ljóst hvað felst í því að forseti sé undanþeginn öllum opinberum gjöldum. Það þýðir að sjálfsögðu það að hver þau gjöld sem ríkið leggur á og þegnarnir þurfa að greiða eru ekki greiðsluskyld af hálfu forsetans. Það gildir að

sjálfsögðu jafnt um virðisaukaskatt sem aðra skatta.

Ég vil undirstrika að í Bretlandi hefur átt sér stað veruleg umræða um það hvort rétt sé að konungsfjölskyldan þar sé undanþegin sköttum og verulega háværar kröfur hafa verið uppi um það að hún greiði skatta eins og aðrir. Það virðist ekki óeðlilegt séð út frá því að fyrirtæki í eigu krúnunnar standa í sjálfu sér miklu sterkar að vígi en önnur fyrirtæki vegna þess að eignir konungsfjölskyldunnar halda áfram að aukast. Ég ætla þó ekki að blanda því inn í þetta mál en vænti þess að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til allshn. eða efh.- og viðskn. ef hæstv. forseti telur það skynsamlegra. Ég mun hlíta leiðbeiningum hæstv. forseta hvað það varðar.

Ég hef ekki ætlað mér að flytja langt mál um frv. Ég tel að það sé fyrst og fremst eitt af því sem knýr menn til að leiða hugann að grundvallaratriðum. Ég vænti þess að Alþingi Íslendinga taki afstöðu til frv., þ.e. að það komist til nefndar og úr nefnd og hér verði greidd atkvæði um það hvort meiri hluti þingmanna er hlynntur þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem er mikilvægt og jafnframt viðkvæmt vegna friðhelgi forseta Íslands og þarf að fjalla um án tillits til þess hver gegnir því embætti og taka verður afstöðu til málsins á efnislegum forsendum. Ég vil í upphafi taka undir þá tillögu hv. flm. að þetta mál fari til allshn. Ég held að það eigi þar heima vegna eðlis þess þótt það fjalli um skattamál og gjöld. Ég tel að það eigi heima í allshn. og sjálfsagt væri fyrir þá nefnd að leita álits ef ástæða þætti til hjá efh.- og viðskn. En ég held að forræði málsins ætti að vera í höndum allshn. og fjalla ætti um það á þeim forsendum sem liggja þar til grundvallar.

Ég vil varðandi það sem fram kemur kemur í greinargerð með frv. lýsa því að ég er því ekki endilega sammála að það að forseti Íslands sé skattfrjáls sé í ósamræmi við 78. gr. stjórnarskrárinnar. Þar held ég að þau sjónarmið búi ekki að baki að þetta sé tengt lögtign eða sérréttindum sem byggjast á þeim atriðum sem getið er í 78. gr. stjórnarskrárinnar. Á hinn bóginn er ég þeirrar skoðunar, sem einnig kemur fram í greinargerð með frv., að þetta skattfrelsi sé tímaskekkja. Ég held að það eigi að skoða þetta og sé nauðsynlegt úr því að frv. er komið hér fram. Það þarf að skoða mjög gaumgæfilega í þingnefnd og kanna hvernig þessum málum er háttað annars staðar. Frv. þarf að fá góða efnislega meðferð hjá nefndinni. Hv. flm. er m.a. með samanburð við það sem tíðkast í Bandaríkjunum. Mér finnst að það ætti að kanna hvernig þessum málum er háttað í öðrum lýðveldum í Evrópu.

Um það er engum blöðum að fletta að kjör og laun æðstu embættismanna íslenska ríkisins eru mjög undir smásjá almennings og m.a. vegna þess hvernig málum er háttað í okkar þjóðfélagi, þá er það ótvírætt að þessi laun hafa dregist aftur úr ef miðað er við sambærileg ábyrgðarstörf hjá einkaaðila. Það er mikið vandamál, held ég, fyrir íslenska stjórnsýslu hvernig sú þróun öll hefur verið og nauðsynlegt að taka á því máli sérstaklega og skoða án þess að það sé gert í tengslum við þetta frv. til laga. Ég held að menn verði að hafa það í huga að laun og kjör forseta Íslands eru tæplega samboðin því háa embætti. En mér finnst að það eigi ekki að fjalla um þau mál með skattfrelsi í huga heldur eigi forsetinn að njóta sama réttar og aðrir eða vera undir sömu skyldur settur og aðrir varðandi skattgreiðslur. En þá þarf að líta á hvernig launum hans og kjörum er háttað að öðru leyti og hafa þau með sanngjörnum hætti. Ég held að þar hafi ekki verið staðið að málum með þeim hætti að sæmandi sé hinu háa forsetaembætti og það eigi við um fleiri embætti og trúnaðarstörf íslenska ríkisins. Eins og ég sagði er um mjög vandasamt og viðkvæmt mál að ræða. Ég lít ekki þannig á að verði skattfrelsi forseta afnumið og réttur hans til þess að greiða ekki tolla eigi það að leiða til þess að kjör hans rýrni heldur sé með því verið að stuðla að því að allir borgarar landsins búi við sömu kjör gagnvart skattalögunum.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál eigi að fá hér framgang og fara til þingnefndar. Þar eigi það að fá ítarlega skoðun og málefnalega athugun. Úr því að þetta frv. er komið fram er nauðsynlegt að þingmenn leggi á sig töluverða vinnu til að upplýsa alla þætti málsins og síðan komi nefndin með tillögur sínar að þeirri athugun lokinni. Alþingi er eini aðilinn í okkar þjóðfélagi sem getur skoðað málið á hlutlægan hátt og það á að gera vandlega á grundvelli þeirrar tillögu sem hér er fram komin. Síðan verða menn að meta eftir athugun í nefnd hvernig að málinu verði staðið. En ég ítreka að frv. á heima í allshn. þingsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka flutningsmanni tillögunnar fyrir að koma með málið inn í þingið. Að mínum dómi er hér á ferðinni ein af þeim grundvallarspurningum sem við eigum að glíma við, þ.e. hvort allir séu jafnir fyrir lögunum og hvort allir eigi að vera jafnir fyrir lögum hvort sem þar er um að ræða skattalög eða önnur lög. Ég vil lýsa því hér að ég er sammála þeirri meginhugsun, sem fram kemur í tillögunni, að forseti Íslands á ekki að vera undanþeginn sköttum og skyldum heldur eiga að gilda um hann sömu reglur og aðra. En ég skil tillögu Ólafs Þ. Þórðarsonar, 2. þm. Vestf., þannig að ekki sé á neinn hátt um það að ræða að rýra kjör forseta heldur fyrst og fremst að allir séu jafnir fyrir lögunum.

Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni að það þarf að endurskoða launakjör forseta Íslands. Ég tel að ekki sé nægilega vel búið að því embætti, m.a. býr forseti okkar við það núna að þurfa að útvega sér eigið húsnæði. Eins getum við spurt okkur spurninga varðandi öryggisgæslu forseta Íslands sem ég tel að sé alls ekki nægilega góð.

En ég er ekki sammála síðasta ræðumanni hvað varðar þá nefnd sem þetta mál heyrir undir. Ég er ekki að segja þetta í eiginhagsmunaskyni vegna þess að ég sit í efh.- og viðskn. og þyki þetta afar spennandi mál heldur er hér um skattamál að ræða og ég tel að málið eigi heima í efh.- og viðskn. Ég tek undir það að

mér finnst málið mjög spennandi og grundvallarspurningar hér á ferðinni. Ég vona að það hljóti góða afgreiðslu og að ítarlega verði farið í það í nefndinni sem það fer til. Það kemur greinilega í hlut forseta að skera úr um hvar málið eigi heima.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið hér og ætla ekki að ræða það eina ágreiningsefni sem hugsanlegt væri varðandi stjórnarskrána. Mér er ljóst að full rök eru fyrir því sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði í þeim efnum þar sem þetta ákvæði í íslensku stjórnarskránni er fengið frá Dönum og spurning hvort sambærilegt hugtak sé til á Íslandi eins og þar er um að ræða.

Varðandi hitt atriðið, til hvaða nefndar málið eigi að fara, þá hef ég lýst því að ég tel að það eigi að fara til allshn. en ég legg það í dóm forseta hvað hann gerir í þeim efnum. Ég hef áður sagt að þingmenn eigi ekki að kjósa sér nefndir heldur er það forsetans að leiðbeina í þessum efnum. Ég treysti hæstv. forseta fullkomlega til að gera það í þessu máli.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega hér. Hins vegar vil ég koma inn á það til hvorrar nefndarinnar beri að vísa málinu. Það er ekki í eiginhagsmunaskyni vegna þess að ég sit í báðum nefndunum. En ég tel engan vafa að þessu máli beri að vísa til efh.- og viðskn. þar sem hér er um skattamál að ræða. Í mínum huga er enginn vafi þar á ferðinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi það hvert eigi að vísa þessu máli verður forseti að viðurkenna að henni fannst eðlilegt að það fari til allshn. Hins vegar hafa menn nokkuð til síns máls þegar sagt er að hér sé um skattamál að ræða og þess vegna ætti það að fara til efh.- og viðskn. Það verða engar atkvæðagreiðslur í dag og forseti mun taka sér tíma til að komast að niðurstöðu í góðu samráði við flm. frv. þannig að það liggi fyrir hver tillagan verður þegar málið verður tekið aftur á dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

97. FUNDUR

mánudaginn 9. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Minning Guðlaugs Gíslasonar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Guðlaugur Gíslason, fyrrverandi alþingismaður og bæjarstjóri, andaðist síðastliðinn föstudag, 6. mars, 83 ára að aldri.

Guðlaugur Gíslason var fæddur 1. ágúst 1908 á Stafnesi í Miðneshreppi. Foreldrar hans voru hjónin Gísli útvegsbóndi þar Geirmundsson bónda á Kalmanstjörn í Gerðum Gíslasonar og Þórunn Jakobína Hafliðadóttir bónda í Fjósum í Mýrdal Narfasonar. Árið 1913 fluttist hann til Vestmannaeyja með foreldrum sínum og átti þar heimili upp frá því. Að loknu námi í barna- og unglingaskóla gerðist hann lærlingur í vélsmiðju Hafnarsjóðs Vestmannaeyja. Áður en því námi lyki réðst hann árið 1925 til skrifstofustarfa við verslun og útgerð Gísla J. Johnsens og starfaði þar til 1930. Veturinn 1930–1931 stundaði hann nám í kaupmannaskólanum í Kaupmannahöfn og lauk þar brottfararprófi um vorið. Hann var kaupmaður í Vestmannaeyjum 1932–1934, bæjargjaldkeri þar 1935–1937 og hafnargjaldkeri 1937–1938. Framkvæmdastjóri verslunar Neytendafélags Vestmannaeyja var hann 1938–1942. Árið 1942 stofnaði hann með öðrum hlutafélagið Sæfell og síðar hlutafélagið Fell, útgerðarfélög, og var framkvæmdastjóri þeirra 1942–1948. Eftir það rak hann eigin verslun til 1954. Árið 1954 var hann ráðinn bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og gegndi því starfi til 1966.

Guðlaugur Gíslason var bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum á árunum 1938–1946 og 1950–1974. Hann var í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var kjörinn þingmaður Vestmanneyinga vorið 1959. Eftir það var hann þingmaður Suðurlandskjördæmis frá hausti 1959 til 1978, sat á 21 þingi alls. Síðasta kjörtímabilið var hann aldursforseti Alþingis. Vararæðismaður Svíþjóðar var hann árin 1944–1975 og sat í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1961–1978. Hann var skipaður í fiskveiðilaganefnd 1971 og kosinn í stjórn Viðlagasjóðs 1973.

Guðlaugur Gíslason var athafnamaður frá ungum aldri, stundaði fiskvinnu og fleiri störf jafnframt skólanámi þegar á barnsárum, iðkaði íþróttir, knattspyrnu framan af og golf á síðari árum. Hann var gjörkunnugur atvinnulífi í Vestmannaeyjum og var því vel búinn undir það að vinna að hagsmuna- og framfaramálum bæjarfélagsins, bæði heima í Vestmannaeyjum og á Alþingi. Hann stóð fyrir miklum framkvæmdum af hálfu bæjarfélagsins þann rúma áratug sem hann var bæjarstjóri. Í upphafi setu sinnar á Alþingi beitti hann sér fyrir því að ríkið seldi Vestmannaeyjakaupstað allt það land sem það átti í Vestmannaeyjum. Á Alþingi hafði hann einna mest afskipti af sjávarútvegsmálum. Með dugnaði, áhuga og ósérhlífni kom hann miklu í verk um ævidagana. Sjálfur taldi hann bæjarstjórastarfið áhugaverðast af störfum sínum. Þar naut hann þess að sjá árangur forstöðu sinnar í miklum verklegum framkvæmdum. Eftir að hann lét af opinberum störfum sjötugur sinnti hann ýmsum áhugamálum sínum. Hann skráði æviminningar sínar og ýmsan fróðleik um Vestmannaeyjar og komu út þrjár bækur frá hans hendi á því tímabili.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Guðlaugs Gíslasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég hef nú þegar setið á Alþingi tvær vikur í veikindaforföllum Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. og get ekki sinnt þingstörfum lengur vegna starfs míns fer ég fram á að 2. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari, taki sæti á Alþingi af þeim sökum.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Magnús Jónsson, 1. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Valgerður Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu löggjafarþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 274. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 456.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Atvinnumál á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 143. mál. — Þskj. 153.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þar sem tilkynnt hefur verið að taka eigi fyrir tillögu um atvinnumál á Suðurnesjum og fyrsti flm. tillögunnar, Anna Ólafsdóttir Björnsson, hefur boðað forföll þá mælist ég til þess að umræðunni verði frestað.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.
Um dagskrá.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að gengið hefur verið þannig frá dagskrá þessa fundar að fyrir það fyrsta tengjast fimm fyrstu málin efh.- og viðskn. beint og óbeint og þau voru sett á dagskrá enda þótt það hefði átt að vera vitað fyrir að formaður efh.- og viðskn. og reyndar tveir aðrir nefndarmenn voru á ferð á vegum sjútvn. í dag þannig að þau falla öll niður. Síðan er dómsmrh. ekki mættur til að mæla fyrir máli og þá virðist ekki hafa verið kannað eða gert ráð fyrir því hvernig háttað var með 7. mál, en 1. flm. þess máls boðar forföll, og nú er komið hér að 9. máli, vernd og veiðar á villtum spendýrum og fuglum, og það er ekkert við því að segja nema ég held, virðulegi forseti, að það verði að gefa þeim málssvörum viðkomandi flokka viðvart eða tækifæri til að vera viðstaddir þessa umræðu sem e.t.v. reiknuðu ekki með því að þetta frv. kæmi á dagskrá svo snemma.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar óskar hv. þm., Jóhannesar Sigurgeirssonar, sem hér var borin fram um að umræðu um mál á dagskránni verði ekki lokið vegna þess að einhverjir talsmenn sem hann ekki nefndi séu ekki við, þá var það auðvitað vitað þegar dagskránni var útbýtt hvaða mál yrðu á dagskrá og engum þarf að koma það á óvart. Ég held því að um mjög óvenjulega og satt að segja fráleita beiðni sé að ræða. Ef unnt er að ljúka umræðunni þá á auðvitað að ljúka henni. Málið var kynnt með eðlilegum hætti á dagskrá og hefur raunar verið áður á dagskrá ef ég man rétt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. umhvrh. á það að augnabliki áður en fundurinn hófst, þá kynnti ég mér það hjá starfsmönnum þingsins hvernig dagskrá yrði háttað og þá var upplýst að í fyrsta lagi yrði tekið fyrir frv. um veitingu ríkisborgararéttar en þar var viðkomandi ráðherra ekki mættur. Ef hæstv. ráðherra vill ræða hér um einsdæmi í störfum þingsins þá getum við kannski tekið einhverja umræðu um það. Í öðru lagi var upplýst að tekið yrði fyrir 7. málið sem er um atvinnumál á Suðurnesjum. En ég vona að sú umræða sem hefur orðið hafi gefið mönnum, sem vildu fylgjast með umræðunni og taka þátt í henni, tækifæri til þess að setja sig í stellingar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill að gefnu tilefni taka undir nánast hvert einasta orð er hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur mælt hér að undanteknu því að dagskráin hefur legið frammi og að því hefur verið staðið samkvæmt þingsköpum, en ef formaður þingflokks kemur að máli við forseta og óskar sérstaklega eftir því að umræðum um einhverja dagskrárliði verði frestað, þá mun forseti taka tillit til slíkra óska. Slíkar óskir liggja ekki enn fyrir þannig að ég gef hæstv. umhvrh. orðið og ræðir hann um vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 279. mál. — Þskj. 468.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Með bréfi frá 13. sept. 1990 skipaði þáv. umhvrh. þriggja manna nefnd til þess að undirbúa frv. til laga um stýringu á stofnstærðum villtra dýra. Í skipunarbréfi sagði m.a.:

„Umhverfisráðherra fyrirhugar að samræma löggjöf á þessu sviði og leggja fram frumvarp/frumvörp til laga um stjórn á stofnstærð villtra dýra á 113. löggjafarþingi, sem kemur saman 10. október nk. Eðlilegt virðist að í slíkri löggjöf verði fjallað um öll villt dýr saman og ýmis sérlög, svo sem fyrir refi, minka og svartbak, svo dæmi séu tekin, verði felld úr gildi. Einnig þarf að huga að hvernig lög um fuglaveiðar og fuglafriðun falla inn í slíka löggjöf. Um er því að ræða að setja rammalög um vernd og eftirlit með villtum dýrum og veiðar þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að með reglugerðum verði settar nánari reglur um einstakar dýrategundir."

Þessi nefnd aflaði upplýsinga um sambærilega löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Svör bárust frá Danmörku og Noregi og þótt gagnlegt væri fyrir nefndina að hafa þau til hliðsjónar þá reyndist ekki unnt að byggja mikið á þeim því að þar er ekki um rammalög að ræða heldur geyma þau lög mjög ítarleg ákvæði um alla framkvæmd.

Frv. sem byggt var á fyrstu tillögum þessarar nefndar var lagt fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok á síðasta þingi en kom ekki til meðferðar þingsins.

Með bréfi dags. 4. júlí 1991 fól sá er þetta mælir nefndinni sem unnið hafði að málinu að taka það fyrir að nýju og skila „sem fyrst heildarfrv. um verndun landspendýra, fuglaveiðar og fuglafriðun". Á síðari stigum nefndarvinnunnar voru drögin send Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, Fuglafriðunarnefnd, Dýraverndarnefnd ríkisins og Skotveiðifélagi Íslands til umsagnar og bárust frá þessum aðilum margar gagnlegar ábendingar.

Jón Gunnar Ottósson deildarstjóri var tengiliður milli ráðuneytisins og nefndarinnar og starfaði náið með nefndinni á síðari stigum starfsins.

Þessi nefnd hélt alls 30 fundi, þar af 15 eftir endurnýjun umboðs ráðherra. Samkomulag varð í nefndinni en skylt er að geta þess að lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á frv. í ráðuneytinu eftir að nefndin lauk störfum. Þær varða einkum þrjú atriði, þ.e. hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við refa- og minkaveiðar sem áður hefur verið fjallað allítarlega um á þinginu, í öðru lagi varðandi 16. gr., umsjón með selveiðum og

í þriðja lagi 17. lið 9. gr. þar sem fjallað er um vélknúin farartæki og hlaðin skotvopn. Þessar breytingar eru ekki stórvægilegar nema kannski sú fyrsta sem varðar refa- og minkaveiðar en ég tel rétt að geta þess hér því að það er ekki alveg rétt sem segir í athugasemdum við frv. að samkomulag hafi orðið í nefndinni um það frv. sem hér liggur fyrir. Það varð samkomulag utan þeirra breytinga sem ég hef gert grein fyrir.

Frv. gerir ráð fyrir verulegum breytingum á skipan þessara mála frá því sem verið hefur og mun ég gera grein fyrir þeim hér á eftir. Hvað frv. í heild varðar má segja að meginbreytingin sé kannski fyrst og fremst hin almenna afstaða til villtra spendýra. Segja má að fyrri lög hafi byggt á nokkru virðingarleysi a.m.k. gagnvart tilverurétti sumra þeirra og miðað að eyðingu þeirra eða útrýmingu að hreindýrum og selum undanskildum. En í þessu frv. er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr skuli njóta verndar og veiðar séu í raun aðeins heimilar til nytja ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar eða til þess að koma í veg fyrir tjón.

Í frv. er nokkur áhersla lögð á útgáfu reglugerða og þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá staðreynd að í tímans rás breytist staða einstakra dýrastofna í vistkerfinu, þekking og afstaða manna til villtra dýra og nytja af þeim breytist líka. Setning rammalaga og reglugerða veitir því meiri sveigjanleika við stýringu einstakra dýrastofna og stjórn veiða, meiri sveigjanleika en verið hefur fyrir hendi fram til þessa. Í frv. er gert ráð fyrir að umhvrh. skuli setja eða geti sett reglugerðir um eftirtalin atriði:

Aðild að Alþjóðafuglaverndarráðinu; friðun, vernd, veiðar og hefðbundnar nytjar villtra spendýra og fugla, sbr. 7. gr.; víðtækari friðun fágætra tegunda, einnig með stoð í 7. gr.; sölu, inn- og útflutning villtra dýra, hluta þeirra, egg og starfsemi hamskera, einnig með stoð í 7. gr.; veiðar erlendra ferðamanna á Íslandi, með stoð í 8. gr.; veiðikort, veiðigjald og hæfnispróf veiðimanna, með stoð í 11. gr.; refaveiðar og minkaveiðar, með stoð í 12. og 13. gr.; hreindýraveiðar, 14. gr.; selveiðar, með stoð í 16. gr.; fuglaveiðar, með stoð í 18. gr.; friðlýsingu æðarvarps og selalátra, með stoð í 19. gr.

Auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu að sameina sum þessara atriða við setningu reglugerða.

Ég mun nú, herra forseti, víkja að nokkrum atriðum í frv. sem ég tel skipta máli og rétt að geta um í framsögu.

Markmið þessara laga er að skapa grundvöll fyrir því að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við hið villta dýralíf þess. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem geta valdið árekstrum við hagsmuni mannsins, svo og að því er varðar nytjar af villtum dýrum.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. er staðfesting þess að umhvrh. hafi umsjón allra mála er varða villta fugla og spendýr, að hvölum undanskildum. Fyrir stofnun umhvrn. var umsjón með þessum málum komið fyrir í þremur ráðuneytum, þ.e. landbrn. þar sem voru vistaðir refir, minkar og svartbakur, ef þannig má til orða taka, menntmrn. sem hafði á sinni könnu fugla og hreindýr og heilbrrn. hafði með lög og reglur að gera varðandi rottur og mýs. Segja má að málefni sela hafi að nokkru verið utan ráðuneyta þótt bæði landbrn. og sjútvrn. hafi talið málið sér skylt vegna hlunninda bænda og meints tjóns af völdum sela við laxveiðiár annars vegar og vegna hringorma í sjávarafla hins vegar. Með færslu þessara málaflokka undir umhvrn. má ætla að meira samræmi myndist í afstöðu hins opinbera gagnvart hinum ýmsu og ólíku tegundum.

Nauðsynlegt var talið að setja ákvæði í frv. um ráðgjafarnefnd fyrir umhvrh., nefnd sem ynni að ýmsum málum er tengjast stefnumörkun og stýringu villtra dýrastofna, sérstaklega að því er varðar setningu reglugerða, leyfisveitingar og undanþágur frá lögunum. Svokallaðri dýranefnd er ætlað að koma í stað fuglafriðunarnefndar, sem lögð yrði niður, en starfssviðið yrði víðtækara þar sem hún fjallaði bæði um fugla og spendýr.

Skýrt er kveðið á um það í frv. að ætíð skuli leita tillagna og umsagnar dýranefndar við setningu reglugerða, leyfisveitingar og veitingar á undanþágum og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli að því er varðar villt dýr.

4. gr. frv. kemur í stað þess hluta laga um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, þar sem fjallað er um hlutverk veiðistjóra. Embætti veiðistjóra er fagleg stofnun og því er gert ráð fyrir að veiðistjóri hafi sérmenntun á sínu sviði. Honum er ætlað fyrir hönd umhvrh. að annast stýringu á stofnum villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. 6. kafla frv. Það embætti á einnig að stjórna öðrum aðgerðum sem komið geta í stað veiða til þess að koma í veg fyrir tjón.

Áhersla er lögð á að bæta þurfi þekkingu á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra sem geta valdið tjóni, sem og eðli og umfangi tjóns og leiðum til að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Þetta verður best gert með auknum rannsóknum og eðlilegt er að þessi starfsemi fari fram á vegum veiðistjóraembættisins í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fuglamerkingar hafa um áratugaskeið verið ein mikilvægasta aðferð við rannsóknir á villtum fuglum en gert er ráð fyrir því í frv. að þær verði eftir sem áður í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands einnar.

Í frv. er, eins og ég sagði áður, gert ráð fyrir að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður en í hennar stað komi dýranefnd með aukin umsvif. Þá þykir rétt að kveða á um að til sé fulltrúaráð sem komi fram fyrir Íslands hönd gagnvart Alþjóðafuglaverndarráðinu, samanber auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 5. maí 1948. Dýranefnd er ekki talin fullnægja þeim skilyrðum sem gera verður til þeirra fulltrúa að alþjóðasamþykktum sem þar koma fram fyrir hönd Íslands.

Í 6. gr. frv. er sett sú grundvallarregla að allir villtir fuglar og villt spendýr á Íslandi og innan íslenskrar landhelgi njóti verndar. Þetta á einnig við um þá fugla og spendýr sem hingað kunna að berast af sjálfsdáðum. Um vísvitandi innflutning dýra gilda aftur á móti lög um innflutning dýra frá 1971.

Í þessari grein kemur fram önnur grundvallarregla. Hún er sú að menn skuli sýna villtum dýrum og líf-

svæðum þeirra nærgætni og forðast óþarfa truflanir. Tekið skuli tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra við gerð aðalskipulags, svæðaskipulags og við aðra landnýtingu.

Samkvæmt 7. gr. frv. hefur umhvrn. umsjón með útflutningi á villtum dýrum enda var útflutningur villtra fugla undir stjórn menntmrn. fyrir stofnun umhvrn. Eðlilegt er talið að umhvrn. hafi einnig umsjón með innflutningi í samráði við landbrn. ef um er að ræða dýr sem gætu sest hér að eða dýr sem talin eru í útrýmingarhættu annars staðar í heiminum. Því er gert ráð fyrir að umhvrh. setji reglugerð um inn- og útflutning villtra fugla og villtra spendýra eða afurða þeirra sem og um ham- og skinnatöku og uppsetningu dýra.

Víða um heim eru dæmi þess að dýrategundir sem menn hafa flutt til nýrra heimkynna hafi valdið miklum usla í náttúrunni þar sem lífríki var ekki aðlagað tilvist þeirra. Þrátt fyrir grundvallarsjónarmið frv. um vernd villtra fugla og villtra spendýra getur sú staða komið upp að rétt þyki að útrýma tegund eða stofni dýra á Íslandi sem ekki teljist til íslenska dýraríkisins vegna tjóns sem þessi tegund kunni að valda á náttúru landsins eða heilsu manna og dýra. Síðasta mgr. 7. gr. heimilar umhvrh. að taka ákvörðun um að stefnt skuli að útrýmingu tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji dýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt. Hugsanlegt er t.d. að villiminkur fylli þennan flokk síðar ef tekst að finna aðferð til að útrýma honum.

Varðandi 8. gr. frv. vil ég taka það fram að efni hennar er með þeim hætti að þar er ekki breytt neinum gildandi reglum um aðgang almennings að veiðilendum eða neinu að því er varðar veiðirétt landeigenda. Eignarréttarmál í almenningum og afréttum taka til mun fleiri þátta en nytjaréttar á dýrum. Taka þarf á þeim málum í heild og er brýnt að það verði gert. En til þess að nytjaréttarþátturinn verði ekki til að tefja framgang þessa máls er ákvæði greinarinnar efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í núgildandi lögum.

Í greininni er einnig heimild fyrir umhvrh. að setja reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna en það hefur færst í vöxt að útlendingar komi til Íslands í því skyni að stunda hér skotveiðar og því er tæplega verjandi annað en settar verði skýrar reglur í þeim efnum.

Í 9. gr. frv. eru taldar upp ýmsar veiðiaðferðir sem eru óheimilar. Þessi upptalning byggist að mestu á ákvæðum Alþjóðasamþykktar um fuglaverndun, hins svonefnda Parísarsáttmála sem Íslendingar hafa verið aðilar að frá árinu 1956. Enn fremur á ákvæðum samnings Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu eða hins svonefnda Bernarsáttmála. Gert er ráð fyrir að undanþágur megi veita vegna veiða í vísindaskyni eða ef dýr valda tjóni og er það einnig í samræmi við þessa sáttmála.

Í 10. gr. frv. er sett fram sú grundvallarregla að veiðar á villtum fuglum og landspendýrum séu óheimilar á svæðum sem hafa verið friðlýst vegna dýralífs, sbr. lög um náttúruvernd. Þó má rifta þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef ráðgjafarnefnd sú sem ég hef áður nefnt, dýranefnd, mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Í 5. kafla, 11. gr. er fjallað um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna. Ljóst er að þessi grein mun valda nokkrum umræðum vegna þess að hér er um nýmæli að ræða og legg ég áherslu á að Íslendingar eru langt á eftir öðrum þjóðum, við erum eftirbátar annarra að því er varðar eftirlit með þeim dýrastofnum sem veiðar eru stundaðar á. Má t.d. nefna rjúpuna. Um árabil hafa verið uppi deilur um áhrif veiða á stofnstærð hennar og er raunar eitt langvinnasta deilumál í sölum Alþingis, á stundum a.m.k., sem um getur. Vandinn í þessu sambandi er sá að engar upplýsingar eru fyrir hendi um rjúpnaveiðina eða fjölda þeirra veiðimanna sem rjúpnaveiðar stunda.

Þá má minna á að erlendis er það mjög víða lögbundið að þeir sem stunda veiðar skuli afla sér veiðikorts og þetta veiðikort er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Veiðiskýrslur veita upplýsingar um heildarveiði og breytingar á veiði milli ára. Veiðisjóður yrði notaður til að standa straum af kostnaði við rannsóknir á villtum dýrum og til stofnstýringar.

Rétt er að minna á að veiðidagbækur eru skylda við nánast alla aðra veiði og ekki að ástæðulausu, sbr. lög um lax- og silungsveiði. Þegar menn fara til laxveiða og silungsveiða í ám og vötnum þykir sjálfsagt að þeir skrái alla veiði. Þetta þykir ekki tiltökumál og ekki umdeilt.

Ýmsir hafa bent á að veiðiskýrslur verði hugsanlega óáreiðanlegar. Nefndin sem vann að gerð þessa frv. ræddi það mál og það var skoðun nefndarmanna að heildarskekkjan í samanlagðri veiði samkvæmt veiðiskýrslum yrði sjálfsagt nokkuð á sama veg frá ári til árs. Sveiflur í veiði og stofnstærð ættu að koma fram þrátt fyrir skekkju auk þess sem hlutfallsleg veiði af hinum ýmsu tegundum ætti að koma fram. Eðlilegt er að umhvrn. láti hanna veiðidagbækur sem væri einfalt að færa alla veiði í. Ég tel miklar líkur á að meiri hluti ábyrgra veiðimanna mundi færa slíka dagbók samviskusamlega og ekki færast undan því, enda vandséð hvaða rök eru fyrir slíku. Þar að auki má benda á að veiðidagbækur og veiðiskýrslur munu koma hverjum veiðimanni vel, hvort sem litið er á þær frá þröngum sjónarhóli veiðimanns eða í víðtækara samhengi þekkingar á stofnum villtra dýra.

Mér þykir einnig líklegt að margir veiðiréttarhafar telji veiðigjald skatt á hlunnindi. Auk þess komi engum við hvað þeir veiði á eigin landi. Því er þá til að svara að niðurstöður rannsókna sem stundaðar eru fyrir tekjur á veiðigjaldi munu koma öllum veiðimönnum til góða, hvort sem þeir eru landeigendur eða ekki. Auk þess er eðlilegt að veiði landeigenda verði skráð eins og öll önnur veiði, enda er um að ræða veiði úr sameiginlegum stofnum villtra dýra og landeigandi á ekki villt dýr á sinni landareign þótt hann eigi nytjaréttinn. Þetta er auðvitað meginatriði en mér er alveg ljóst að talsmenn hinna hefðbundnu hagsmuna munu leggjast gegn þessum ákvæðum, a.m.k. sumir hverjir.

Ég tel hins vegar að það sé veruleg skammsýni. Það er óhjákvæmilegt að taka upp eftirlit og einhverja skráningu af því tagi sem ég hef gert grein fyrir. Í þessu sambandi vil ég nefna að grænlenska landsstjórnin er nú með það á prjónunum að taka upp svipað kerfi þannig að allir veiðimenn á Grænlandi þurfi að fá veiðileyfi til eins árs í senn og í lok veiðiársins verði þeir að skila skýrslu um hvað þeir hafi veitt, hvar og hve mikið. Öðruvísi er að mati ráðamanna í Grænlandi ógerlegt að fylgjast með veiðum á þeim 47 tegundum spendýra og fugla sem veiðar eru stundaðar á hjá grönnum okkar í Grænland.

Í 11. gr. er einnig heimild til að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Ég held að við höfum líka dregist aftur úr að því er varðar þær kröfur sem gerðar eru til veiðimanna. Stundum hefur maður heyrt því haldið fram að menn séu fæddir veiðimenn og þurfi einungis lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna. Hæfni veiðimanna er auðvitað fólgin í miklu fleiri atriðum en því einu að kunna að skjóta af byssu.

Árin 1990 og 1991 voru haldin námskeið í Reykjavík að tilstuðlan dómsmrn. þar sem m.a. var veitt tilsögn í vistfræði og náttúruvernd. Einnig hefur kennsla í meðferð skotvopna verið aukin. Þessari starfsemi er sjálfsagt að halda áfram og efla hana.

Í 12. og 13. gr. frv. eru ákvæði um refi og minka. Þar er gert ráð fyrir því að óheimilt sé að eyðileggja greni. Ástæðan fyrir þessu er tvíþætt. Í fyrsta lagi má líta á eyðileggingu grenja sem náttúruspjöll, enda hafa mörg þeirra sennilega verið í notkun öldum eða jafnvel árþúsundum saman. Í öðru lagi gerir það grenjaskyttum erfitt um vik ef þekkt greni eru eyðilögð því þá aukast líkur á að tófan notfæri sér óþekkt greni.

Hér eru einnig ákvæði um greiðslu kostnaðar þar sem segir að umhvrh. ákveði árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna refi, sem veiddir eru skv. 3. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur um refaveiði og kostnað við þær og endurgreiðir ríkissjóður þá ¼ hluta kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Um þessa kostnaðarskiptingu hefur áður verið fjallað í þinginu og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um hana. Ljóst er að það þarf að stýra þessu miklu betur. Þetta hefur nánast verið kostnaður sem á hverju ári hefur farið langt fram úr öllum áætlunum og hefur þurft að greiða með aukafjárveitingum á hverju einasta ári. Ætlunin er að ná betri stjórn og betri tökum á því hvernig þessar veiðar fara fram og tryggja að þær séu fyrst og fremst stundaðar þar sem brýnast er.

Í 14. gr. frv. eru ákvæði um hreindýr. Þau hafa nokkra sérstöðu í lífríki landsins vegna þess að þau voru flutt hingað sem gjöf til Íslendinga. Samkvæmt áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands frá því á sl. vori, sem unnið var að frumkvæði umhvrn., er hreindýrastofninn á Íslandi „ekki háður beinum eignarrétti í einkaréttarlegum skilningi, hvorki ríkisins né annarra".

Sérstakar reglur þurfa að gilda um veiðar og rannsóknir á hreindýrum og hefur nýlega verið gefin út sérstök reglugerð um það efni. Þar er um ýmiss konar nýmæli að ræða og hefur um þau mál tekist allgott samkomulag að ég hygg.

Engin heildarlöggjöf er í gildi varðandi seli og rostunga eða veiðar á þeim við Ísland. Samkvæmt frv. eru rostungar alfriðaðir en ráðherra getur samkvæmt tillögum sjútvrh. sett reglugerð sem heimilar skotveiðar á fjórum tegundum sela. Ætlast er til að í reglugerð verði tilgreind þau svæði og árstímar þegar veiði er heimiluð á hverri tegund fyrir sig, að teknu tilliti til hefða og staða þar sem selur getur valdið tjóni í og við laxveiðiár.

Sjútvrh. er ætlað að hafa umsjón með og stjórna þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum en veiðistjóraembættið annast fyrir umhvrn. stýringu á stofnum annarra villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. 6. kafla frv.

Í 17. gr. er fjallað um ísbirni. Eftirlit með veiðum á ísbjörnum í þeim löndum þar sem þeir eiga heimkynni er mjög strangt og gerðu Norðmenn, Danir, Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn með sér samkomulag um vernd þeirra árið 1973. Ísbirnir slæðast stundum til Íslands með hafís. Rétt þykir að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafís eða á sundi en gangi ísbirnir á land gegnir öðru máli. Þá er eðlilegt að heimilt sé að fella þá en áhersla er þó lögð á það að til veiðanna séu notuð heppileg vopn eftir því sem hægt er.

Í 18. gr. eru tilgreindar þær fuglategundir sem aflétta má friðun á og setja allstrangan ramma um þann tíma árs sem umhvrh. er heimilt að aflétta friðun. Þessar reglur eru að mestu leyti sniðnar eftir gildandi lögum um veiðitíma fugla. Gert er ráð fyrir að um þetta verði sett regugerð þar sem í einhverjum tilvikum verði leyfður styttri veiðitími en heimilaður er samkvæmt frv. Þá þykir rétt að ítreka að varúð og nærgætni skuli sýnd í námunda við fuglabjörg.

19. gr. fjallar um nýtingu hlunninda en þau hafa frá alda öðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu þjóðarinnar og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta að vísu litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum en þrátt fyrir það er engin ástæða til að afnema rétt veiðirétthafa til þeirra, enda ekkert sem bendir til að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu sé litið til landsins í heild þótt staðbundin vandamál vegna ofnýtingar kunni að vera til staðar.

Í 1. mgr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Breytingar frá 9. gr. gildandi laga um fuglaveiðar og fuglafriðun eru fólgnar í því að bannað er án leyfis varpeiganda að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en hálfan km frá stórstraumsfjörumáli, var áður fjórðungur úr km.

Um töku andar- og gæsareggja gilda þau ákvæði að minnst skulu skilin eftir fjögur egg í andarhreiðri og tvö í gæsarhreiðri. Auk skeiðandar, skutulandar og straumandar, sem eru undanskildar þessu ákvæði samkvæmt gildandi lögum, eru samkvæmt frv. gargönd, hrafnsönd og gulönd einnig undanskildar þessu heim-

ildarákvæði. Þá er heimilað að taka heiðagæsaregg samkvæmt þessari grein en það er ekki heimilt samkvæmt gildandi lögum.

Bann er lagt við því að veiðirétthafi dreifi eggjum þessum til annarra, hvort sem er með sölu eða gjöfum. Þetta er breyting frá gildandi lögum en til þessa hefur fáeinum aðilum veri heimilt að flytja út andaregg en þó ekki æðaregg.

Gert er ráð fyrir óbreyttum heimildum til hefðbundinnar nýtingar ýmissa fuglategunda sem og til hefðbundinnar veiði landsels- og útselskópa, en eigandi veiðiréttar skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum.

Í 20. gr. er fjallað um refsiákvæði og réttarfar og í 22. gr. er ákvæði um gildistöku og brottfall þeirra laga sem þessi rammalög eiga að koma í staðinn fyrir. Gert er ráð fyrir að þessi lög öðlist gildi í upphafi næsta árs, þ.e. 1. janúar 1993.

Með frv. er prentað sem fskj. umsögn fjmrn. um kostnað þessa frv., ef að lögum verður eins og það er prentað hér.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð að þessu sinni, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu. vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. þetta um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, mun seint verða talið pólitískt mál. Frv. er flutt sem stjfrv. en sjálfsagt er að geta þess við 1. umr. að bæði ég og ýmsir aðrir þingmenn í mínum flokki hafa fyrirvara um einstök atriði frv. Telja má eðlilegt og sjálfsagt mál að sett verði heildarlöggjöf um þetta efni eftir að þessir málaflokkar hafa færst undir nýtt ráðuneyti, umhvrn. Menn geta viðurkennt að það sé sjálfsagt enda þótt um það megi deila hvernig til hafi tekist um samningu frv.

Hæstv. umhvrh. hefur nú mælt fyrir frv. og dregið fram ýmis þau atriði sem þar skipta máli og þær helstu nýjungar sem þar er að finna. Frv. byggir á því að nálega allar veiðar séu leyfisbundnar og að leyfi umhvrh. eða ráðuneytis þurfi til hvers konar veiða sem hér er fjallað um nema til þess að veiða rottur og mýs. Þær veiðar munu vera hverjum og einum frjálsar og sjálfsagðar eftir því sem hæfni og löngun stendur til hjá hverjum og einum.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst að það miðstýringarkerfi sem sett er upp um þetta efni sé ærið mikið og miðað við þann fjölda veiðimanna sem stundar veiðar á Íslandi þá þurfi að gefa út nokkuð mörg leyfi af hálfu umhvrn. ef þeir ætla allir að afla sér réttar til þess að stunda veiði. Nú vil ég gjarnan taka fram að ég er ekki sjálfur veiðimaður og hef örsjaldan, og það fyrir mörgum árum, gengið til veiða og ég tala þess vegna ekki út frá mínum persónulegu hagsmunum hvað þetta snertir.

Annað atriði sem rétt er að vekja athygli á í þessu frv., og hæstv. ráðherra vakti sjálfur athygli á, er hversu gert er ráð fyrir að hæstv. ráðherra setji reglugerð við mörg atriði sem þar er fjallað um. Í greinargerð frv. eru talin upp hvorki meira né minna en 12 atriði sem hæstv. umhvrh. ýmist getur eða skal setja reglugerð um. Með þeim hætti er verið að setja löggjöf sem færir umhvrh. vald til setningar reglugerða að eigin vild um jafnmörg atriði og hér er talið upp. Nú ætla ég ekki að kasta neinni rýrð eða draga fram neinar efasemdir um það að núv. hæstv. umhvrh. fari með vald sitt samkvæmt bestu vitund og af fullri hlutlægni, en almennt finnst mér um löggjöf að það sé hæpið að hún feli í sér jafnvíðtækt reglugerðarvald til einstakra ráðherra og hér er gert ráð fyrir. Þetta mat mitt byggist vitaskuld á því að alls konar menn, venjulega hv. þm., sitja í sæti ráðherra og með því er verið að fela ráðherrum sem e.t.v. hafa breytilegar skoðanir frá einum tíma til annars vald til þess að breyta mjög til um framkvæmd á löggjöf sem hefur það rúm ákvæði eins og þessi löggjöf sem hér er til meðferðar í frumvarpsformi.

Ég held að samning frv., sem að ýmsu leyti er vel orðað, beri þess vitni að þar hafa um vélað sérfræðingar og vitaskuld er eðlilegt að sérfræðingar komi að þessu verki. Þeir sem samið hafa frv. eru í fyrsta lagi veiðistjóri, sem er sérfræðingur, og auk hans tveir dýrafræðingar og starfsmaður nefndarinnar var þriðji dýrafræðingurinn og síðan fól hæstv. ráðherra Jóni Gunnari Ottóssyni að vera tengiliður milli ráðuneytis og nefndarinnar og starfaði hann með nefndinni að lokagerð frv. (**Gripið fram í:** Hann er skordýrafræðingur.) Hann er einnig dýrafræðingur eða líffræðingur. Auðvitað tel ég að ástæða hefði verið til að einhver kæmi að samningu þessa frv. sem væri trúverðugur úr hópi þeirra sem stundað hafa veiðar á Íslandi á undanförnum árum til þess að sjónarmið þeirra gætu komið fram í nefndinni sem um þetta mál hefðu að fjalla.

Ég skal ekki við 1. umr. fjalla um mörg einstök atriði frv. sem þó er ástæða til en ég vil þó aðeins víkja að örfáum atriðum. Ég skal ekki fara í orðhengilshátt um einstök orð eða setningar sem lúta að t.d. 1. gr. frv. um orðaskýringar, sem mætti betur fara að minni hyggju, en ég bendi á að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að ráðherra hafi til ráðgjafar við umsjón þessara mála svokallaða dýranefnd.

Nú liggur fyrir að lög þessi taka aðeins til villtra dýra. Ef kosið er að kalla ráðgjafarnefndina dýranefnd þá hlýtur hún að verða að heita villidýranefnd því að ég mun ekki ljá máls á því að neitt af mínum húsdýrum taki sæti í þessari nefnd ef ég skyldi eignast húsdýr aftur. Þess vegna beini ég þessu til hæstv. ráðherra sem ég veit að er allur af vilja gerður til að láta þetta fara sem best úr hendi.

Þá eru þessi ákvæði er varða það að öll dýr eru friðuð nema mýs og rottur nema ráðherra gefi heimild til samkvæmt leyfum eða reglugerðum. Á þessu hef ég þegar vakið athygli, en síðan segir í þeirri miklu upptalningu sem er í 17 liðum hvaða áhöld megi ekki nota til þess að veiða með og þar segir m.a. í 3. tölul.: Steina, barefli, eggvopn, skutla o.s.frv. en þá vek ég athygli á því að í næstu grein, þ.e. 10. gr., stendur:

„Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur." Þá vildi ég nú spyrja hæstv. ráherra hvort þyrfti ekki að bæta við þennan málslið: Þó ekki með steinum, bareflum, eggvopnum, skutlum o.s.frv. sem bannað er að nota í næstu grein á undan, þ.e. skylt er að aflífa dýr en nota þá einhverjar aðrar aðferðir.

Ég ætla ekki að gagnrýna að leitast sé við að koma á skráningu á veiðum á Íslandi. Ég held að það sé mjög þarft og tek undir með hæstv. ráðherra að stefnt sé að því. Ég vænti þess að farið verði að með eðlilegum hætti varðandi útgáfu þessara korta en bendi á að ráðherra, hver sem hann er, er í sjálfsvald sett að ákveða verð á slíkum kortum að eigin geðþótta og enginn veit á þessari stundu hvaða verð verður ákveðið.

Ég bendi einnig á að ráðherra getur skipað þeim sem ætla sér að stunda veiðar eða sækja eftir að fá veiðikort að sækja námskeið eða skóla. Ég vænti þess að ekki verði haldið á þeim þætti málsins á þann hátt að vanir veiðimenn og trúverðugir verði skyldaðir á skólabekk til þess að þeir fái heimild til að stunda veiði áfram eins og þeir hafa gert kannski í áratugi. Ýmislegt í þessum efnum er þannig á valdi hæstv. ráðherra, hver sem hann er. Ekki er sama hvernig haldið er á því en ákvæðin skal setja í reglugerð eða beint samkvæmt ákvörðun ráðherra sjálfs hverju sinni.

Ég bendi á að miðað við þessa reglu að enginn megi veiða dýr utan þess að hafa til þess leyfi hæstv. umhvrh. má ég ekki einu sinni drepa mink þó að hann hlypi fyrir fætur mér nema ég fengi til þess leyfi og ég mun ekki afla mér slíks leyfis. Dræpi ég mink án leyfis þá væri ég lögbrjótur. Þetta finnst mér of langt gengið í miðstýringu þessa frv. Ég hlýt að taka það fram að ég er svo gamall sem á grönum má sjá og hef alla tíð átt heima á eignarjörð minni, fyrrum eignarjörð foreldra minna. Þar er vatn í næsta nágrenni og þar eru veiðiár í grenndinni og í minni tíð hefur orðið gífurleg breyting á dýralífi og fuglalífi á þessu svæði, einkanlega fuglalífi. Ég minnist þess sem ungur maður að það var næsta óþægilegt verk þegar við vorum að heyja á engjum vegna mikillar mergðar af hvers konar ungum, þar á meðal andarungum sem voru í þéttum torfum, einnig ungum vaðfugla o.s.frv. Það var mikið andalíf við Húnavatn á þeim árum en síðan hvarf þetta að mestu. Fjöldi af þeim andategundum, sem þar voru algengar á fyrri tímum, er nú gjörsamlega horfinn. Það er eftir lítils háttar af hávellu, einstöku sinnum sést stokkönd, rétt einstöku sinnum toppönd en aðrar andategundir sjást ekki en fjöldi andategunda var þar mikill á fyrri tímum. Skýringin er væntanlega sú að á þessu tímaskeiði kemur minkurinn inn í hina villtu náttúru landsins. Minkurinn hefur að minni hyggju orðið gífurlegt skaðræðisdýr, hann umbyltir íslensku náttúrufari og íslensku fuglalífi, hann hefur jafnvel haft mikil áhrif á líf vatnafiska. Þótt hæstv. ráðherra segði hér áðan að gildandi lög hefðu sumpart miðað að því að útrýma einstökum tegundum sem ætlunin væri nú með þessu frv. að koma í veg fyrir, þá er ekkert vafamál að slík útrýming á aðeins við um eitt dýr og það er minkurinn. Ég held að ekki væri eftirsjá að honum úr íslenskri náttúru og því ætti að halda í lögum að gert sé ráð fyrir því að þessu dýri sé útrýmt.

Ég nefndi vatnafiska. Ég minnist þess að fram um 1950 var silungsveiði í Húnavatni nokkuð jöfnum höndum bleikja og sjóbirtingur. Nú sést þar varla sjóbirtingur. Hvers vegna? Vegna þess að urrðinn, sjóbirtingurinn, hrygnir í straumvatni. Hann hrygnir í lækjum og skurðum sem renna í vötn og minkurinn hefur hirt að heita má hvert einasta seiði á þessu svæði og nú sést varla nokkurt seiði í þessum lækjum eða skurðum sem áður voru morandi í seiðum af öllum stærðum, upp í 15–20 sm silunga. Þannig er sú breyting og er vitaskuld því að kenna að minkurinn hefur unnið þessi spjöll í náttúrufari landsins. Bleikjan hins vegar lifir þetta af vegna þess að hún hefur hæfileika til þess að hrygna á kyrru vatni.

Mér finnst nokkuð langt seilst að banna með löggjöf að hver sem er megi drepa þetta dýr án þess að hafa til þess leyfi hæstv. umhvrh. ef skilyrði eru til þess.

Ég ætla ekki fjalla um veiði á hvítabjörnum sem hér eru sérstök ákvæði um þar sem sagt er að umhvrh. geti t.d. heimilað veiðistjóraembættinu að fanga slíka birni ef talið er að þeir séu ekki mjög hættulegir og flytja þá á einhverja staði þar sem þeir eru enn minna hættulegir. Önnur slík skringileg ákvæði eru í frv. sem mér sýnist varða þau dýr.

En ég kemst ekki hjá því að víkja aðeins að 16. gr. frv. er varðar seli og rostunga. Hæstv. ráðherra sagði í sinni framsöguræðu að selir hefðu verið utan ráðuneyta til þessa, þó hefðu landbrn. og sjútvrn. haft áhuga fyrir því að telja þá heyra til mála innan sinna vébanda. Þetta er vitaskuld alrangt. Selir og selveiðar — sem ég hef ekki kynnt mér hvort með lögum um umhvrn. eru færð undir það ráðuneyti og biðst ég velvirðingar á því — hafa löngum fylgt landbrn. og selveiðar hafa verið meðal hefðbundinna hlunninda bænda á bújörðum. Það haggar auðvitað ekki því að sjútvrn. hefur á undanförnum árum verið með nokkra afskiptasemi af selum og selveiði en lögmæt getur afskiptasemi sjútvrn. af selum eða selveiðum aldrei tekið til annarra svæða en þeirra sem eru utan netlaga, utan 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Þar innan er landareign jarða og jarðir eru, eins og allir ættu að vita, þannig í sveit settar í stjórnkerfinu að þær falla undir umsjá landbrn. og landbúnaðarlöggjöfina bæði að því er tekur til ábúðarlaga, jarðalaga o.s.frv. Þetta er því engin spurning. Í 16. gr. þessa frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhvrh. getur í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjútvrh. Sjútvrh. stjórnar nýtingu selastofna og hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum."

Þótt þetta segi hér í þessu frv. getur afskiptasemi hæstv. sjútvrh., hver sem hann er, aldrei náð lengra en að landareignum jarða. Selveiðar hafa alla stund að yf-

irgnæfandi meginhluta, verið stundaðar innan landareigna jarða. Það er nær fágætt að selir séu skotnir eða veiddir á hafi úti utan við netlög, 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Þessi afskiptasemi hæstv. sjútvrh., hver sem hann er á hverjum tíma, nær því mjög skammt um þetta efni. Landbúnaðarlöggjöfin er á hinn bóginn skýr að því er þetta snertir.

Hæstv. ráðherra sagði það — ég biðst velvirðingar, hæstv. forseti, að ég gerist helst til langorður — um ákvæði um fuglaveiðar og friðun á fuglum að það væri mjög sniðið eftir því sem er í gildandi löggjöf og tel ég víst að það sé rétt. Ég tel hins vegar að það sé álitamál hvort ekki sé kominn tími til að taka þau ákvæði til endurskoðunar með tilliti til þeirra breytinga sem ég vék aðeins að í fuglalífi landsins, a.m.k. eins og ég sagði frá hér áðan og ég kem ekki nema að örfáum þáttum málsins. Um leið og fækkað hefur andategundum á því svæði sem ég þekki best til, eins og ég lýsti áðan, mófuglum og vaðfuglum, t.d. er óðinshani nærri því horfinn sem var afar algengur fyrir tveimur eða þremur áratugum, þá hefur mávum fjölgað gífurlega og ég tala ekki um gæsir og álftir. Minkurinn virðist ekki hafa ráðið við álftina og gæsina en það er slík mergð af gæsum og í sumum tilvikum álftum að álitamál er hvort ekki sé ástæða til að taka þessi ákvæði um fuglafriðun til endurskoðunar og friða meira heldur en frv. gerir ráð fyrir, t.d. ýmsar andategundir, egg þeirra og endurnar sjálfar, en ganga þá frekar á þá stofna sem hefur sannanlega stórfjölgað í á undangengnum árum.

Ég held að það sé ekki fleira sem ég óska að taka fram við þessa umræðu. Ég endurtek að þótt ég hafi gert hér ýmsar athugasemdir sem ég tel mig hafa fullan rétt til því þetta mál verður, eins og ég sagði, seint pólitískt mál, þá er eðlilegt að stefnt sé að því að setja löggjöf um þetta efni, samræmda löggjöf með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á Stjórnarráðinu þannig að þau mál sem falla undir umhvrn. séu felld saman í við nýjan lagabálk.

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns geta þess að stjfrv. það sem hér er til umræðu um verndun og veiðar á villtum dýrum er um margt þarft og tímabært. Þrátt fyrir að svo sé er ljóst að ýmsar greinar frv. þurfa nánari umfjöllunar við til þess að viðunandi geti talist. Ég nefni fáein atriði. Í 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, ...“

Hér mætti orða skýrar og svo óyggjandi sé að allt land í eigu einstaklinga, félagasamtaka þeirra eða sveitarfélaga séu undanþegin veiðiheimild. Það er mikilvægt að þetta ákvæði sé sett fram með svo skýrum hætti að ekki valdi deilumálum.

Í 9. gr. er fjallað um skotvopn, m.a. er minnst á að óheimilt sé að nota haglabyssur við fuglaveiðar með hlaupvídd stærri en nr. 12. Ég vil aðeins koma því að að í viðtölum mínum við veiðimenn eru þeir að velta fyrir sér þeim sjálfvirku byssum sem eru leyfðar hér á landi og einhverjir tugir eru af, að ástæða sé til að hafa eftirlit með því til hvers þær eru notaðar.

Ein meginhugmynd í frv. er að koma á veiðieftirliti og að nokku veiðistjórnun gegnum sölu á veiðikortum. Hvað varðar fyrirhuguð veiðikort er ýmislegt óskýrt. Ég skil það svo að öllum sé skylt að kaupa veiðikort verði frv. að lögum. „Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, svæðis sem kortið gildir á, gildistímabils, tegunda og fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða.“

Í þessari tilvitnun eru atriði sem vekja upp spurningar svo sem hvað kortið á að gilda á stórum svæðum og kannski landinu öllu í sumum tilfellum, þ.e. þeim hluta þess sem veiðar eru heimilar á. Hvað um gildistíma korts? Og hvar eiga hæfnisprófin að fara fram? Er fyrirhugað að stefna mönnum á einhver ákveðin svæði eða hvernig er það fyrirhugað? Ég nefndi það fyrr að ég skil frv. svo að öllum verði skylt að kaupa umrædd veiðikort. Ég get ekki fellt mig við þá hugmynd að landeigendum sé skylt að kaupa veiðileyfi í sínu eigin landi og hvet til þess að þetta atriði verði endurskoðað. En það er hins vegar ekki fráleitt að ætla landeigendum að fylla út veiðikortið og jafnvel umhvrn. að kostnaðarlausu.

Það er ljóst að eigi 2. gr. frv. að ná fram er nauðsynlegt að skipulag sé haft á skráningu veiða í öllu landinu og í einkalöndum líka. Ég tek undir þau orð ráðherrans.

Fyrirhuguð er gjaldtaka af þessum veiðikortum sem á að renna í sérstakan sjóð er nota skal til rannsókna á villtum dýrum. Ekki skal ég lasta það. Í 9. gr. eru talin upp áhöld og aðferðir sem óheimilt er að nota við veiða. En það er öllum ljóst, virðulegi forseti, að slík markmið svo og að allir veiðimenn hafi veiðikort nást ekki fram nema með virku eftirliti á veiðisvæðum. Slíkt hlýtur að verða gífurlega kostnaðarsamt. Ég sakna þess satt best að segja að hvergi í frv. skuli vera gerð tilraun til að meta þann kostnað sem vissulega er óumflýjanlegur eigi frv. sem lög að verða annað og meira en pappírsgagn.

Það eina sem hér kemur fram varðandi kostnaðarþætti er að ríkissjóður kemur kostnaðinum við refaveiðar að mestu yfir á sveitarfélögin að vísu með ákvæði um endurgreiðslu að einum fjórða af kostnaði eftir einhverjum viðmiðunartöxtum. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á að ríkisvaldið færi ekki verkefni til sveitarfélaganna, hvorki þetta né önnur, án þess að á móti komi auknir tekjumöguleikar.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að umhvrh. skuli setja eða geti sett reglugerðir, allt að tólf reglugerðum og frv. hljóðar upp á 22 greinar. Mér finnst þetta vera ansi langt gengið í að setja reglugerðir. Reyndar er á það bent að þetta fyrirkomulag um reglugerðir sé í samræmi við staðreyndir. Hlutirnir eru alltaf að breytast og það má til sanns vegar færa en ég held að þó mætti reyna að breyta lögunum. Ég tel það hljóta að verða farsælla að menn viti nánar um hvað er verið að samþykkja hverju sinni.

Í lokin vil ég segja að tilgangur frv. horfir til betri

vegar og að tilganginum verður ekki náð nema með umfangsmiklu og kostnaðarsömu eftirliti. Ég vil enn og aftur leggja áherslu á þennan eftirlitsþátt, a.m.k. þegar maður upplifir það, svo ég fari að segja einhverjar sögur að heiman, eins og hv. þm. Pálmi Jónsson, að þá finnst manni oft á haustin þegar veiðitímabil eru að hefjast að það sé heppni að ekki verða mannskaðar þegar veiðimenn flykkjast yfir. Ég tel það af hinu góða ef eftirlitið verður virkt og reglum fylgt eftir, því yrði fylgt eftir að frv. næði fram að ganga og menn gangi ekki um án þess að hafa veiðikort, að það skipti ekki máli hvort menn séu með þau eður ei vegna þess að enginn fylgist með því.

Ég vil sem sagt hvetja til þess að reynt verði að koma á móts við það og fundin leið til að fjármagna þetta.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Hér er stórt mál á ferðinni sem krefst þess að það verði vandlega skoðað. Hér hafa þegar komið fram nokkrar athugasemdir sem ég tel rétt að við tökum tillit til. Margt horfir til bóta í frv., kannski fyrst og fremst það sem er tæknilegs eðlis. Nú er verið að safna saman í einn stóran bálk ákvæðum fjölmargra laga sem hafa verið á víð og dreif og fjalla um eftirlit og dýravernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og almennt um vernd þessara dýrategunda. Ég tel það horfa mjög til bóta ef okkur tekst að koma saman í einum lagabálki þeim ákvæðum er við teljum að þar eigi heima.

Ég tek undir þau orð hv. þm. Pálma Jónssonar að hér gætir töluverðrar tilhneigingar til aukinnar miðstýringar. Það er nú svo að vernd og friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er nokkuð sem gerist úti í hinni víðu og opnu náttúru. Ég held að ef einhvers staðar þurfi að taka tillit til aðstæðna og reyna að stuðla að náinni samvinnu með aðilum um allt land, þá sé það á þessu sviði. Ég held að það sé einmitt á þessu sviði sem við þurfum ekki og eigum alls ekki að stefna til aukinnar miðstýringar, síst af öllu miðstýringar þar sem sérfræðingar eiga hafa meginvöld, sérfræðingar sem horfa kannski á málin út frá hagsmunum sérfræðihyggjunnar sem hér hefur hreiðrað um sig í Reykjavík. Ég verð líka að segja að mörg ákvæði þessa lagafrv. bera vott og keim af þessum viðhorfum.

Hér kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar að það sem hefur fyrst og fremst ógnað dýralífi í náttúrunni á undanförnum áratugum er minkurinn og að nokkru leyti refurinn. Ég tek undir þau orð líka að við eigum að halda inni í lögum ákvæðum um að stefnt skuli að því að útrýma minknum. En nú bregður svo við að í þessu frv. er beint og óbeint verið að draga úr minkaveiðum af því að ríkisvaldið ætlar að draga úr sinni hlutdeild í þessum veiðum, úr 75%, sem hún hefur verið alveg fram að síðustu áramótum, og niður í 25%. Að vísu varð breyting á þessu um síðustu áramót þegar hlutdeildin lækkaði niður í 50%. En sérstök ákvæði eru til staðar er létta undir með fámennustu og fátækustu sveitarfélögunum sem þurfa að leggja mikið af mörkum til þessara veiða þannig að þau geti haldið áfram að stunda þær svo þær leggist ekki af. Það er alveg ljóst að ef sú regla á að gilda almennt að hlutur ríkisins í þessum veiðum eigi að lækka úr 75% niður í 25%, þá leggjast minkaveiðar víðast af. Ég segi: Þá leggjast minkaveiðar víðast af. Þá er betur heima setið en af stað farið með frv. Ég þekki svolítið til þessara veiða og ég þekki líka svolítið til þess hvaða hreppar hafa verið að greiða meginkostnaðinn af þessum veiðum í gegnum tíðina. Það eru einmitt þessi fámennu sveitarfélög sem hafa minnstu tekjurnar sem þurfa að standa undir kostnaðinum. Hér erum við í raun og veru að tala um stórmál er snertir tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hlutfallsstofnstærðir peninga, sem við erum að tala um í þessu sambandi, eru háar miðað við hvern íbúa og ég yrði hræddur um að margur mundi a.m.k. verða undrandi ef svona einhliða frv. eða ákvæði kæmi fram er varðaði stóra málaflokka í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum. Við getum ekki tekið upp svona verkaskiptingu með einhliða hætti án þess að það verði kannað mjög gjörla hvaða afleiðingar það hefur. Við þurfum líka að vera viss um að þetta ákvæði dragi ekki úr minkaveiðum sem þarf þvert á móti að stórefla.

Kostnaður við minkaveiðarnar á undanförnum árum hefur ekki verið mikill fyrir ríkissjóð og ég held að peningunum hafi verið vel varið vegna þess að víða hefur verið vel að þessum veiðum staðið og þær hafa verið að eflast með betri árangri, hæfir menn hafa komið að þessu verki með góða hunda. Ég vil þess vegna koma þeim sjónarmiðum á framfæri að við förum ekki að grípa til einhverra sparnaðarráðstafana fyrir ríkissjóð sem þýða auknar álögur á minnstu og fátækustu sveitarfélögin sem hefur þær afleiðingar í för með sér að það skaðar allt náttúrulíf í þessu landi og eykur kostnað ríkissjóðs síðar.

Hér er sérstakt og nýtt ákvæði að finna í þessu frv. sem nokkuð hefur verið til umræðu en fjallar um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna. Það er rétt að vekja athygli á athugasemdum frá fjmrn. eða fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem um frv. er fjallað og þar segir svo orðrétt:

„Ákvæði 11. gr. frv. um að allir sem veiðar ætli að stunda þurfi til þess tilskilið leyfi gegn greiðslu fyrir veiðikort felur í sér tekjuöflun. Erfitt er að leggja mat á um hversu háar fjárhæðir er að ræða. Ef t.d. gert er ráð fyrir að 15.000 manns kaupi kort og að kortið kosti 1.000 kr. verða tekjur 15 millj. kr. Á móti hlýst nokkur kostnaður við eftirlit með veiðum og skráningu og úrvinnslu upplýsinga sem skilað er inn vegna kvaða þar að lútandi við endurnýjun veiðikorts. Samkvæmt ákvæðum frv. skal verja tekjunum til að standa undir rannsóknum og stýringu á veiðum. Að mati fjmrn. er óæskilegt að marka tekjustofna með þessum hætti, fremur skuli ákvarða í fjárlögum hverju sinni framlag til tiltekinna verkefna."

Ég vek athygli á þessari athugasemd fjárlagaskrifstofu fjmrn. og þeirri skoðun sem kemur þar fram að þeir telja að þetta muni ekki verða tekjuauki fyrir ríkissjóð, hér yrði fremur um að ræða sparnaðarfrumvarp

fyrir ríkissjóð. Hvort það þýðir svo aftur efldа eða aukna náttúruvernd í landinu má, eins og ég hef bent á, efast um. Alla vega bendir fjmrn. á að hér yrði í heild um óveruleg nettó kostnaðaráhrif að ræða fyrir ríkissjóð og heildina.

Þess vegna hef ég efasemdir um að sú leið sem hér er verið að gera tillögu um að verði farin, þ.e. að gefa út veiðikort til þess að geta fremur komið böndum yfir upplýsingar um það hvernig náttúrulífið í landinu er og komast nær því, eins og hæstv. ráðherra gerði hér grein fyrir áðan og ég tek undir að er sannarlega þörf á, að hægt sé að afla frekari upplýsinga um náttúrulífið, fjölda fugla og fjölda dýra o.s.frv. eins og frekast er unnt, þá er ég hræddur um að þetta gangi hreinlega ekki upp í framkvæmd. Auðvitað er gott að bera okkur saman við aðrar þjóðir en hér eru aðrar aðstæður en meðal annarra þjóða, kannski sérstaklega við veiðimennsku. Og ég vona að það verði ekki svo miðstýrt og svo kerfisbundið að enginn geti komið nálægt almennum náttúru- og fuglaveiðum öðruvísi en að vera með á sér svo og svo marga pappíra er sanni að hann megi vera á sínum stað. Auðvitað er rétt og skylt að koma á fót eins góðu og eðlilegu eftirliti og hægt er að standa að og hægt er að framkvæma en ég óttast að ákvæði í lögum um svokallað veiðikort og jafnvel hæfnispróf manna sem hafa stundað veiðar í mörg ár geti farið úr böndum og ekki gengið upp í framkvæmdinni. Ég held að ekki sé gott að setja í lög ákvæði sem við óttumst að gangi ekki upp í framkvæmdinni.

Í sambandi við hreindýrin vil ég taka fram og minna á að hreindýr ganga náttúrlega líka á eignarlandi. Í frv. er tekið skýrt fram að eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veiti ekki rétt til veiða á hreindýrum. Um þetta má sannarlega deila. Hér er verið að undirstrika að þessi réttur sé ekki til staðar. Hingað til hefur samt verið litið svo á að til staðar væri skaðabótaréttur í þessum efnum sem hafi réttlætt það að bændur og ábúendur hafi fengið í sinn hlut þær tekjur sem af þessum veiðum hafa hlotist. Ég tel að ekki verði svo gjörbreytt stefnu í einu vetfangi, bændur eiga hér mikilla hagsmuna að gæta og þá hagsmuni verður náttúrlega að verja. Þeir sem hafa hreindýr í sínum löndum vita hvaða spjöll þau geta unnið. Ég er einn af þeim sem hafa á annað hundrað hreindýr í því landi sem mér er falið til forsjár upp í átta mánuði á ári. Ég þekki það vel hvers konar náttúruspjöll hreindýrin vinna á landinu og ég veit líka vel hversu mikil spjöll hreindýr vinna á mannvirkjum eins og girðingum. Það er sannarlega skaðabótaréttur hér fyrir hendi sem verður að skoða mjög gaumgæfilega. Ég tek auðvitað mark á athugasemdum frá Lagastofnun Háskóla Íslands en það eru einvörðungu athugasemdir og túlkun á fyrirliggjandi lögum. Nauðsynlegt er að við kveðum á um málið hvað varðar réttarstöðu í lögum bæði landeigenda og sveitarfélags og ríkisvalds gagnvart arðseminni og rétti til nytja sem af hreindýrunum fæst.

En ég vil líka nefna sérstaklega í þessu sambandi að við getum ekki sett einhliða lög án þess að taka tillit til þeirra hagsmuna sem eru sannarlega fyrir og komin er nokkur hefð á. Ég á mjög erfitt með að gefa heimild í lögum, opna heimild í lögum til ráðherra, um það að geta ákveðið gjald, hversu hátt sem honum líkar hverju sinni, í reglugerð. Ég tel að ef nokkuð ætti að vera í sambandi við gjald ætti að taka þar fram einhverja stærð eða viðmiðun þannig að ráðherrar hefðu það ekki alveg á valdi sínu hversu háa upphæð ætti að setja í það og það sinn.

Það er líka rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson benti á að frv. er mjög opið og gefur ráðherra mikil völd. Það gefur ráðherra mikið svigrúm til að stjórna þessum málum. Það kann að vera rétt að á þessum vettvangi þurfi ráðherra að hafa töluverð völd og geta stjórnað þessu frá einu tímabili til annars og vera kannski ekki of bundinn af ströngum ákvæðum laga. Auðvitað verðum við að treysta ráðherra til þess að fara með þá stjórn en hvað varðar gjaldtöku t.d. þá tel ég að setja þurfi nánari ákvæði þannig að það verði ekki algjörlega á hans valdi að ákveða hversu gjaldið á að vera hátt hverju sinni.

Nokkur ákvæði eru í þessu frv. sem horfa verulega til bóta. Ég vil nefna 19. gr. í 7. kaflanum í sambandi við netalagnir umhverfis æðavarp sem núna eru bundnar við 250 m frá stórstraumsfjöru en þessi vegalengd verður aukin upp í 500 m. Þarna er vissulega verið að stíga mjög þarft skref til verndar æðarfuglinum. Æðarvarp er vaxandi búgrein hjá íslenskum bændum og hér er verið að stíga skref sem hlúir að þeirri atvinnugrein.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði í upphafi. Við þurfum að setja um þetta heildarlöggjöf, taka saman þau ákvæði sem við viljum enn halda inni úr þeim fjölmörgu lögum sem um þessi mál fjalla og setja saman í einn bálk. En við þurfum að fara varlega hvað öll ný ákvæði snertir og sérstaklega þessi atriði sem ég hef nú þegar nefnt og gert að umræðuefni.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Mér þykir augljóst þegar frv. sem hér er til umræðu er grannt skoðað að það þurfi verulegrar uppstokkunar við í meðferð Alþingis. Þrátt fyrir mörg ágæt ákvæði og atriði sem fjallað er um í frv. og eru til bóta er sýnt að sérfræðingaveldið hefur markað þetta frv. fyrst og fremst án þess að til hafi verið kallaðir þeir sem búa yfir reynslunni, reynslunni við veiðar, veiðimennsku og almenna umgengni á veiðisvæðum. Það stangast margt á í frv., agnúar eru á því sem þarf að laga, sumum atriðum þarf að breyta verulega og fyrst og fremst vil ég vara við þeim anda sem er í frv., að auka eftirlit á eftirlit ofan varðandi veiðiskap. Ég held nefnilega að það sé sýnt ef þetta frv. nær fram að ganga eins og það er, muni ekki líða á löngu þar til fleiri eftirlitsmenn verða á veiðisvæðum landsins en veiðimenn. Ef það er tilgangurinn þá er það markmið út af fyrir sig en ég hygg að það sé ekki tilgangur frv. Það þarf kannski að fara bil beggja milli þess sem nú er í fugla- og veiðiverndarlögum og svo hins sem reynslan hefur sýnt að ástæða er til að taka á.

Með þessu frv. mundi embætti veiðistjóra fljótlega

þenjast út og nóg er nú komið af slíkum embættum hvort sem talað er um Bifreiðaskoðun Íslands, Vinnueftirlitið eða aðrar stofnanir sem eru mjög djarfsæknar eftirlitsstofnanir á miðstýringargrunni.

Ég held að í sambandi við ákvæði um veiðileyfi í frv. sé gengið einum og langt. Það er sjálfsagt að hafa strangt eftirlit með byssuleyfum eins og er í þjóðfélaginu í dag. En veiðileyfi, kvóti, atriði þar sem sagt er í lögunum að skráð verði á veiðileyfiskort hvers veiðimanns hve mörg dýr hann megi veiða af hverri tegund er náttúrlega fjarri öllum raunveruleika hjá þeim sem vita hvernig veiðar eiga sér stað. Það er út í hött að ætlast til þess að veiðimenn fari að standa í slíkri skýrslugerð á a.m.k. allflestum þeim tegundum sem veiddar eru. Aðrar stofnanir fylgjast með viðgangi þeirra tegunda sem hafa viðkvæma stöðu í landinu. Ber þar fyrst að nefna Náttúrufræðistofnun Íslands og þá sérfræðinga sem þar fylgjast grannt með stöðu stofnanna, hvort sem það er rjúpan eða hinn alfriðaði fugl fálki. Þeir hafa góða mynd af öllu sviðinu og að mínu mati þarf ekki að fjölga eftirlitsstofnunum eða stofnun eins og er bent á. (**GHelg:** Laxinn hefur verið skráður af veiðimönnum sjálfum sem veiða hann.) Þetta frv. fjallar nú ekki um laxveiði (**GHelg:** Nei, ég veit það.) og þess vegna er nú svolítið annað þar á að líta en hér er fjallað um. Ástæða er til að vara við að auka sífellt á skýrslugerð og yfirbyggingu í þjóðlífi okkar, hvort sem er í tómstundum þar sem allmargir veiðimenn með byssuleyfi stunda veiðar um allt land eða í einhverju öðrum.

Það eru nokkur atriði sem mig langar að víkja að. Í 9. gr. er til að mynda fjallað um að það megi hafa háf til lundaveiða. Þar ætti jafnframt að tilgreina langvíuveiði, ef menn vildu vera nákvæmir. Síðar í frv. kemur fram að gersamlega er bannað að veiða lunda og vík ég að því síðar.

Í frv. er ráðgert að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum þurfi að hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þess og hæfni til veiða. Þannig er í rauninni verið að ýja að því að setja eigi upp skóla þar sem menn þurfi að fara á námskeið til þess að læra um hinar aðskiljanlegu tegundir og skotfimi. Þarna er komið að mjög dýru verkefni sem vart er ástæða til að stilla upp nema þá á sviði áhugafélaga því að þau eru til staðar. Þar fer fram ákveðin þjálfun og reynslu í skotfimi afla menn sér á almennri umgengni á veiðisvæðum. Þó auðvitað séu alltaf undantekningar er kannski best að treysta veiðimönnunum sjálfum fyrir því sem þeir eru að gera á ákveðnum veiðisvæðum. Því allur þorri veiðmanna ofgerir ekki veiðisvæðinu heldur reiknar með að geta komið þangað aftur.

Í 18. gr. frv. segir að umhvrh. geti í reglugerð aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka sem síðan er getið um. M.a. segir að frá 1. sept. til 1. maí megi aflétta friðun á álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda. Þetta þýðir að lundinn, sem er mest veiddi fugl landsins, sé alfriðaður yfir þann tíma sem heimildin veiðitímabil stendur yfir. Það er skýrt tekið á um þetta á þennan hátt. Þó að það komi fram í 19. gr. að hlunnindi veiti rétt til veiða á öðrum tímum en um getur í hugsanlegum reglugerðarbreytingum ráðherra, segir þar:

„Á takmörkuðum svæðum þar sem kópaveiði, eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda, telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarðákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis."

Þarna er einungis sagt að á hefðbundnum veiðisvæðum megi stunda eggjatöku eða ungatöku. Lundaveiðin byggist ekki á ungatöku. Að vísu er kofutekja við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og víðar, en t.d. í öflugasta veiðisvæðinu, lundaveiðisvæðinu í Vestmannaeyjum, er lundapysja ekki tekin, hún er ekki veidd. Hefð er fyrir því og ekkert bendir til að það muni breytast. Almenn lundaveiði er samkvæmt þessu gersamlega bönnuð í frv. Þetta eru „lapsusar" sem ég er alveg sannfærður um að koma inn hjá sérfræðingum sem þekkja ekki reynsluna í málinu. Er þetta gott dæmi um atriði sem þarf að breyta.

Ég þykist viss um að frv. geri ekki ráð fyrir því í reynd að lundaveiði sé bönnuð. (Gripið fram í.) Þetta er í 19. gr. Ég skil engin rök fyrir því af hverju fjallað er um ákveðnar tegundir þarna vegna eggja- og ungatöku á skúm, ritu og teistu. Þessar veiðar eiga sér ekki stað, engin hefð er fyrir því neins staðar að eggja- eða ungatekja sé á þessum tegundum. Þarna kemur inn eitthvert tölvuprógramm sem er úr takt við allt sem heitir raunveruleikinn í veiðum og nytjum á Íslandi. (**Gripið fram í:** Fýlsegg voru ...) Já, ég taldi ekki upp fýlinn. Fýlsegg eru tekin, álkuegg og langvíuegg, en hvorki lunda-, teistu- né stuttnefjuegg. Mávaegg eru tekin en ekki aðrar tegundir sem þarna eru og ekki egg súlu, enda verpir súla á þriggja mánaða tímabili. Enginn íslenskur fugl verpir á eins löngum tíma á meðan til að mynda langvían verpir á viku tímabili. Þess vegna er kannski auðvelt að nytja langvíueggin. Þetta eru atriði sem ég vildi benda á og mætti þó tína ýmislegt fleira til sem orkar tvímælis.

Þó svo að meginhluti frv. sé eðlilegur grunnur og til bóta eru þarna grundvallaratriði, sérstaklega sem varðar miðstýringuna. Slátra á þeirri hugmynd, þessari ströngu kortlagningu og skýrslugerð sem veiðimönnum er ætlað að framfylgja. Eðlilegt er að hafa eftirlit með stöðu stofna og fylgjast með því að hlutir fari ekki úr böndum en það eru bara aðrar stofnanir sem gera það. Það þarf ekki að fara að neyða menn í tómstundum sínum til að stunda skýrslugerð á fjöllum. Menn eru vart að fara upp á fjöll til þess að sitja þar við skýrslugerð á hnjánum og til þess er í raun ekki leikurinn gerður. Menn eru í flestum tilvikum að afla fæðu með vopnum og auðvitað er grundvallaratriði að halda því innan ákveðinna marka en þetta er langt út yfir allt sem hægt er að telja eðlilegt, að búa til sérfræðiapparat sem á að hlaða sérfræðingum á heiðar og fjöll í stað þess að þar séu ósköp sakleysislegir veiðimenn að sinna sínum tómstundaáhugamálum.

Það segir í grein um ísbirni að eðlilegt sé að heimilt sé að fella birni við ákveðnar aðstæður þegar þeir ganga á land, en áhersla er lögð á það að til veiðanna

séu notuð heppileg vopn eftir því sem hægt er. Ég hef verið nokkrum sinnum með hópum veiðimanna sem veiða ísbirni á Norður-Grænlandi og þegar maður hefur verið þar þá þykir mér mjög broslegt að tekið skuli fram í lagafrv. að lögð sé áhersla á að nota heppileg vopn eftir því sem hægt er. Ef menn þurfa að berjast við ísbjörn undir einhverjum kringumstæðum þá held ég að menn séu ekki að hugsa til þess hvað sé heppilegt eftir laganna bókstaf, heldur einfaldlega hvað þeir geti gert í þeirri stöðu. Það er líklega ekkert dýr á jörðinni sem er eins grimmt í návígi og björninn og þetta er vægast sagt barnalega tekið til orða og sýnir kannski hvað okkar ágætu sérfræðingar í þjóðfélaginu gera sér lítið grein fyrir því að við erum veiðimannaþjóð og lifum fyrst og fremst á veiðum þó að það sé ekki daglegt brauð að tala um það í hugguleghеitunum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson kom inn á atriði sem varða selveiði. Ég held að þar sé einmitt atriði sem mætti kannski kveða fastar á um í slíku frv. vegna þess að hagsmunir bænda og sjávarútvegs rekast á. Í lögum er skýrt kveðið á um fyrir hönd bænda að þeir hafi rétt til þess að veiða við og á sínum landareignum. Bændur hafa haft tekjur af sölu selsskinna fyrst og fremst sem er mjög slök og hefur verið slök um langan tíma og ekki hefur verið nein búbót í sjálfu sér fyrir bændur að sinna þeim hlunnindum að drepa sel. Á hinn bóginn er sýnt að mjög þarf að fækka sel við landið og ganga að honum á ákveðnum svæðum þar sem aukning hefur orðið mjög mikil vegna þess að þar veldur selurinn gífurlegu tjóni á fiskstofnum. Svæðið í kringum Surtsey í Vestmannaeyjum er gott dæmi þar sem selur hefur aukist jafnt og þétt síðan sú eyja reis úr hafi. (**Gripið fram í:** Þeim mun hafa fjölgað.) Þeim hefur fjölgað, fjölgað mjög markvisst eða ákveðið. Það er orðið venjulegt að afli báta sem veiða á þessum fengsælu miðum þar í kring sé verulega skemmdur af selbiti. Þetta er eitt dæmi um það að rök eru til þess að kveða fastar á í þessum efnum og hreinlega að skipuleggja fækkun á sel mun ákveðnar en til að mynda sjútvrh. hefur gert.

Það má heldur ekki lenda í þeirri gildru að það sé ekki heimilt fyrir sjávarútvegsaðila að drepa sel ef það stangast á við hlunnindarétt bænda. Það stangast á eins og þetta er í dag. Og við skoðun á frv., sem mér finnst nú fyrst og fremst vera lagt fram til kynningar og skoðunar, held ég að það kosti mikla vinnu að ná þessu fram þannig að það verði öllum fullsæmandi.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. umhvrh. mælir fyrir og leggur fram er á margan hátt mikil nýjung og gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á skipan þessara mála frá því sem áður hefur verið. Ekki fer á milli mála að margir hv. þm. sem hafa fjallað um þetta frv. á undan mér hafa varað mjög eindregið við ákveðinni miðstýringarárättu sem væri falin í frv. Án þess að ég vilji gera lítið úr þeirri aðvörun vil ég þó taka fram að full þörf er á því að gera breytingu á skipan þessara mála og að mörgu leyti er nú rétti tíminn til þess. Það er svo að víða er ekki gripið til ráðstafana á þessu sviði fyrr en það er orðið heldur seint. Ég hef átt þess kost að kynnast svolítið veiðum á fuglum og spendýrum erlendis og þekki nokkuð til þeirra mála t.d. í Frakklandi og þar verður að segjast eins og er að þar er hið ömurlegasta ástand. Þar er búið að ganga svo nærri fjölmörgum stofnum fugla og dýra að það verður að flokkast undir meiri háttar slys. Það er með öðrum orðum ekki nógu gott að bíða þar til menn standa frammi fyrir slysinu og reyna þá að grípa til aðgerða. Það er rétt að grípa til aðgerða á meðan ástandið er tiltölulega viðunandi. Þannig er það á Íslandi að ástandið á stofnum fugla og raunar spendýra, þó að þar sé tegundavalið miklu fátæklegra, er tiltölulega gott. Hér er mikið af villtum dýrum ólíkt því sem er í Evrópu. Maður getur ferðast um Evrópu og um villt svæði Evrópu nánast dögum saman án þess að sjá eitt einasta kvikindi. Þar er veiðimennskan búin að ganga mjög nærri stofnunum en hér er ekki svo. Hér er einkum og sér í lagi mjög auðugt fuglalíf og að mörgu leyti er því rétt að taka á málum á meðan ástandið er tiltölulega gott.

Að því er varðar þetta frv. þá gerir það ráð fyrir þó nokkurri miðstýringu, og þó nokkru valdi ráðherra í þessum efnum. Ég vil taka fram að mér finnst full ástæða til þess að skoða mjög rækilega hvort þarna er um að ræða of mikla miðstýringu eða of mikið vald sem ráðherra er fengið. Ég vil þó ekki lýsa því yfir hér og nú.

Hins vegar ætla ég að segja strax að mér finnst það atriði mjög jákvætt í þessu frv. er varðar 11. gr. og er ég þá kannski ekki einkum og sér í lagi að fjalla um það hvernig hún er orðuð í frv. heldur þann anda sem á bak við greinina er. Það er mjög mikils virði fyrir stjórnvöld og fyrir málaflokkinn almennt að upplýsingar berist réttum aðilum frá þeim mönnum sem gerst þekkja. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að nýta með ýmsum hætti þá miklu þekkingu sem veiðimenn hafa á fuglastofnum landsins og dýrastofnum. Það er raunar svo að ég býst við að enginn einn hópur manna eða flokkur hafi eins mikla þekkingu á þessum málum og veiðimennirnir. Fyrir utan það er í hópi veiðimanna að finna vaxandi fjölda manna sem hafa jafnmikinn áhuga á umhverfismálum og á veiðum og eru hinir dyggustu umhverfismálamenn og áhugamenn um umhverfisvernd þó að þeir séu á sama tíma veiðimenn. Ég vona að menn geri sér grein fyrir þessu.

Að því er varðar þessa grein sérstaklega þá langar mig til þess að benda, með leyfi forseta, á eftirfarandi málsgrein er varðar veiðikort: „Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, svæðis sem kortir gildir á, gildistímabils, tegunda og fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða."

Mér finnst að orðanna hljóðan gefi tilefni til að ætla að tekið verði upp of flókið kerfi. Ég hygg að almennt sé til bóta að það sé gefið út almennt veiðikort. Það veiðikort gefi mönnum leyfi til þess að stunda allar almennar veiðar. Ég á þá t.d. við að ekki á að gefa út sérstakt veiðikort á rjúpu og svo annað á grágæs heldur eiga menn að hafa, ef þeir hafa veiðikort, leyfi til

þess að stunda veiðar á þessum fuglum almennt samkvæmt lögum sem segja þá til um það hvernig slíkt skuli fara fram. Ef hins vegar er um að ræða veiðar á tegundum sem þarf að þrengja rammann um gildi um það sérstök ákvæði.

Eins tel ég rétt að fullkomlega sé skilið á milli heimildar til að eiga skotvopn og fara með það annars vegar og veiðikorts hins vegar. Margir menn fara með skotvopn en skipta sér ekkert af veiðum. Á landinu eru starfandi nokkrir skotklúbbar þar sem menn iðka íþróttir sínar án þess að það komi nokkuð veiðum við í sjálfu sér þó að margir þeirra stundi veiðar líka. En það er rétt að hafa þetta fullkomlega aðskilið.

Ýmis atriði í þessu frv. orka tvímælis og verða vafalaust felld út úr frv. í meðferð þess í þinginu og öðru þarf að breyta. Ég vil taka undir það sem hv. 3. þm. Suðurl. sá athugavert við 17. gr. sem fjallar um hvítabirni en þar segir, með leyfi forseta:

„Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af. Sé þess nokkur kostur skal nota til þess riffil af stærðinni cal. 243 eða stærri."

Þetta er að sjálfsögðu heilræði og má spyrja hvort eðlilegt sé að slík heilræði eigi erindi inn í lagatexta fyrir svo utan það að einnig má efast um það að sú stærð á hlaupvídd sem þarna er nefnd komi að gagni. Þarna er verið að tala um 243 sem eru þá 0,243 úr tommu. Þetta er minni hlaupvídd en Grænlendingar nota sem þekkja þessi dýr og skjóta svolítið af þeim þó að það sé undir ströngu eftirliti. Mér er kunnugt um það að hjá þeim er notuð hlaupvíddin 0,306 sem er þó nokkuð miklu stærri kúla en að sjálfsögðu er alltaf gert ráð fyrir því að með slíkum vopnum sé hægt að fella skepnuna. Ef menn á annað borð hafa hug á því að skjóta inn í lagabálkinn heilræði til þeirra sem ætla að bjarga lífi sínu undan þessum skepnum þá þykir mér nú skemmtilegra að heilræðið sé þá sett fram af fullri þekkingu á málinu þannig að hlaupvíddin dugi til að stöðva dýrið. En annars legg ég til að atriði eins og þetta verði fellt brott úr lagatextanum. Ég tel að löghlýðnir Íslendingar lendi í vandræðum með þennan lagatexta ef þeir mæta ísbirni.

Í 18. gr. frv. eru einnig atriði sem þarf að skoða nokkuð frekar. Ég hafði því miður ekki tækifæri til þess að hlýða á ræðu hv. 3. þm. Suðurl. þar sem hann gerði einmitt sérstaklega lundaveiðarnar að umtalsefni en ég vil hins vegar geta þess að í greininni er heimildarákvæði til umhvrh. sem getur í reglugerð aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka sem svo eru tilgreind. Og 3. liður þessara tímamarka er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Frá 1. sept. til 1. maí. Álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi."

Mér er kunnugt um að á Norðurlandi er svartfugl einkum og sér í lagi skotinn í byrjun maí þannig að ef þetta yrði að lögum þá væri verið að þrengja mjög verulega að svartfuglsveiðum, t.d. Grímseyinga, án þess að nokkur ástæða sé til þess að mínu mati.

Ég vil einnig vekja athygli á því að svartbakur, sílamávur, silfurmávur, kjói og hrafn eru nánast réttdræpir allt árið en svo er ekki um hettumávinn en ég tel nú lítil rök standa til þess að hettumávurinn sé undanskilinn því. Aftur á móti er bjartmávur í hópi með hettumávinum og ritunni og er spurning hvort ekki er ástæða til að leyfa bjartmávinum að vera í friði allt árið af því að hann er afar sjaldgæfur fugl.

Þá er það 19. gr. sem mig langar til þess að gera að umtalsefni en 7. kaflinn fjallar um nýtingu hlunninda. Í þessari grein er að finna atriði sem ég vil afla upplýsinga um og væri gott að fá svar við því í orðum hæstv. umhvrh. hér á eftir. Tekið er fram þar hvernig skuli fara með egg sem tekin eru í andavarpi. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, þá málsgrein sem um þetta fjallar:

„Á takmörkuðum svæðum þar sem andavarp er mikið skal veiðirétthafa heimilt að taka andaregg en við eggjatökuna skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Undanþágа þessi tekur ekki til gargandar, skeiðandar, skutulandar, hrafnsandar, straumandar eða gulandar. Þá skal og taka grágæsar- eða heiðagæsareggja heimil en þó skal ávallt skilja eftir í hreiðri eigi færri en tvö egg. Egg sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf."

Ég vil í fyrsta lagi spyrja að því hvort ekki sé nóg að setja ákveðnar reglur um það með hvaða hætti skuli vera heimilt að nýta þessi hlunnindi. Ég sé ekki í fljótu bragði ástæðu til þess að þrengja heimildir þeirra sem hafa þessi hlunnindi til þess að selja eggin ef þeir hafa tekið þau með lögmætum hætti eða ráðstafa þeim á annan hátt. Að vísu segir um þessa grein: „Flest þessara hlunninda skipta litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum." Það er nú svo. Ég sé ekki að þetta séu í sjálfu sér efnisleg rök í málinu þó að þetta skipti litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum. Það kann að vera að menn líti svo á að þarna sé um að ræða rétt sem menn hafa. Ef þeir fara að lögum, þá eigi þeir að hafa ráðstöfunarrétt á þessum hlunnindum.

Ég vil einnig taka fram að það orkar að mínu mati nokkurs tvímælis hvort rétt er að láta undanþágu þessa ekki taka til hrafnsandar. Það er nú svo að Mývetningar hafa lengi nýtt þessi hlunnindi. Þeir hafa einkum og sér í lagi nýtt eggjatöku hjá þremur andategundum. Þeir hafa farið í hreiður dugganda, húsanda og þeirra tegunda sem Mývetningar kalla gráendur. Gráendur finnum við ekki í fuglabókum en gráendur nefna Mývetningar rauðhöfðaönd og grænhöfðaönd eða stokkönd ina og þeir hafa nýtt þessar fjórar tegundir samkvæmt fuglabókunum eða þrjár samkvæmt hefðbundinni orðanotkun Mývetninga. En auk þess hafa þeir nýtt hrafnsandaregg þegar vel árar. Þeir hafa hins vegar sett strangari reglur um nýtingu þessara hlunninda en hér er gert ráð fyrir því að Mývetningar hafa alla jafnan sett sér þá vinnureglu að skilja eftir sex egg í hreiðri í staðinn fyrir fjögur eins og hér er sett. Ég held að það ætti að taka betur til athugunar hvaða tegundir þarna er um að ræða. Mestu máli skiptir að þeir sem hlunnindin eiga fari vel með stofninn og ef þeir fara þar að lögum á þeim að vera heimilt að nota hlunnindi sín eins og þeim sýnist, tel ég vera.

Ég held að ég hafi í stuttu máli fjallað um nokkur atriði sem mér sýnist að sé full ástæða til að taka til nánari endurskoðunar. Hins vegar sýnist mér að þegar þetta frv. fer til umfjöllunar í umhvrn. sé rétt að skoða frv. í heild út frá því hvort þar felist of mikil miðstýring en ég tel hins vegar ekki að þær athugasemdir sem hafa komið fram hrófli við frv. í grundvallaratriðum. Það er mjög eðlilegt að slík athugun fari fram í nefnd þegar verið er að taka á máli sem hefur lotið lítilli stjórn hingað til og verið er að skoða það frá nýjum sjónarhóli.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill vekja athygli á því að fundinum verður slitið kl. 4. Enn eru fjórir á mælendaskrá. Næstur tekur til máls 7. þm. Reykn. en umræðunni verður þá að sjálfsögðu frestað kl. 4 þegar fundinum verður slitið.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég mun ljúka máli mínu fyrir kl. 4. Ég vil byrja með því að fagna þeirri ætlan sem kemur fram í þessu frv. að setja heilsteypta löggjöf um veiðar og meðferð skotvopna. Mikil þörf er á því. Hins vegar hlýt ég að taka undir ýmislegt sem komið hefur fram hjá ræðumönnum á undan. Ég óttast að margt af því sem hér er ætlað að gera sé illframkvæmanlegt og muni a.m.k. krefjast slíks eftirlits að varla munu tök á því. Ég ætla ekki að minnast á mörg atriði og ekki að endurtaka það sem hér hefur komið fram en ég vil benda á t.d. atriði eins og í 14. lið 9. gr. Þar segir, með leyfi forseta, að óheimilt sé að nota „hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki."

Ef ég veit rétt þá er þetta þegar í lögum og ég man ekki betur en ég hafi staðið að því með öðrum ágætum fyrrv. þingmanni að koma þessu í lög en ég held að þetta sé alls ekki framkvæmt. Ég veit ekki betur en fimm skota sjálfvirkar haglabyssur séu afar algengar og jafnvel algengari en þær sem hér er ætlast til að nota. Ég er mjög hlynntur þessu ákvæði. Ég tel að ekki eigi að leyfa sjálfvirkar fjölskotabyssur en ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi kynnt sér það hvernig eftirlit er í dag með notkun slíkra skotvopna. Mjög mörg leyfi hljóta að vera gefin út og í fullu gildi fyrir slíkum skotvopnum.

Þá vil ég nefna 17. lið þar sem bannað er að nota vélknúin farartæki, „nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 50 metra."

Þetta er afar nauðsynlegt ákvæði en hvernig er ætlunin að fylgjast með þessu? Við sem stundum rjúpnaveiði sjáum för eftir vélknúna sleða þvers og kruss um landið og við sjáum för eftir fjórhjól út um allt. Á þessum tækjum er farið á staði þar sem fuglinn var í raun friðaður áður og hafði a.m.k. friðland. Ég hef sjálfur orðið vitni að því að sjá unga menn á slíkum sleða skjótandi af sleðanum á fullri ferð og er það náttúrlega alger óhæfa. Ég spurði að því þar hvort þetta væri ekki stöðvað og menn ypptu bara öxlum. Hver á að stöðva þetta? Hvar er sú lögregla sem gæti fylgst með slíku? Ég er þessu ákvæði afar hlynntur, en ég vildi gjarnan fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst framkvæma þetta eftirlit. Það verður fljótlega að engu ef svona framferði líðst áfram. Þetta verður að stöðva. Að vísu er refsiákvæði hér í en þau þurfa að sjálfsögðu að vera afar ströng og kannski strangari en hér kemur fram. Þessu vil ég fagna en ég spyr um framkvæmd.

Ég er einnig sammála ákvæðinu um veiðikortin. Það er rétt að menn hafi veiðikort og ég tel ekki eftir mér að greiða smágjald sem á m.a. að fara í það eftirlit og rannsóknir sem fram þurfa að fara. En í þessari grein eru nokkur atriði sem komu mér dálítið á óvart. Hér stendur, með leyfi forseta: „Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, svæðis sem kortið gildir á, gildistímabils, tegunda og fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða." Þetta er orðið dálítið viðamikið því að mér skilst að hér séu fjölmargar dýrategundir aðrar en rottur og mýs sem eru undanþegnar og það er nú út af fyrir sig gott. Fjölmargar dýrategundir og fjölmargir fuglar eru samkvæmt þessu í raun réttdræpir árið um kring. Ekki getur verið ætlunin að setja á veiðikort hve marga máva einhver má skjóta eða jafnvel hve margar rjúpur? Eða er það ætlunin? Er ætlunin að setja á hámark sem menn mega skjóta af slíkum nytjafuglum? Út af fyrir sig teldi ég þetta vel koma til greina og víða þar sem ég þekki til erlendis er fjöldi slíkra fugla takmarkaður eins og fjöldi gæsa. Ég hef sjálfur farið á gæsaveiðar í Bandaríkjunum og þar beið fulltrúi fógeta á veginum og menn urðu að stoppa og sýna í bílinn hve margar gæsir þeir voru með. Þar voru bara leyfðar tvær, svo ég nefni það til fróðleiks. En er ætlunin að gera þetta hér? Ekki þýðir að setja þarna í svona ákvæði. Ef ætlunin er að takmarka fjölda, við skulum segja gæsa og rjúpna sem eru helstu nytjafuglar sem hér eru veiddir, þá vildi ég gjarnan vita það og ef ekki er ætlunin að takmarka fjölda, hvers vegna er þá þetta ákvæði í lögum?

Sömuleiðis um svæðið. Hér fara menn náttúrlega til veiða um land allt. Stundum er betri veiði norðan lands en sunnan og menn fara langar leiðir til veiða. Ég spyr hvort þörf sé á því hér á landi að takmarka viss svæði? Menn þurfa vitanlega eftir sem áður að fá leyfi hjá landeigendum að sjálfsögðu og það kemur fram. Mér finnst þetta ákvæði um svæðið óþarft og um fjölda dýra ef það er ekki ætlunin að takmarka fjölda sem skjóta má en eins og ég hef þegar tekið fram finnst mér það vel koma til greina.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að fara að endurtaka það sem ýmsir hafa sagt. Ég tek undir að það er náttúrlega varla rétt að setja í lög ákvæði eins og „sé þess nokkur kostur" o.s.frv., eins og segir um hvítabirnina, skuli nota til þess riffil af stærðinni cal. 243

eða stærri, sem að mínu mati getur verið nógu stór ef góð hleðsla er notuð, en spurning hvort á að setja slíkt í lög. Og eitthvað var það nú fleira sem ég hnaut um.

Í 19. gr. segir: „Á takmörkuðum svæðum þar sem andavarp er mikið", hvað þýðir þetta á takmörkuðum svæðum? Hvað er takmarkað svæði stórt svæði? Tökum svæði eins og Arnarvatnsheiðina. Varla er það nú takmarkað svæði. Ég held að svona ákvæði sé afar erfitt í túlkun og framkvæmd, en eins og ég segi hefur hér verið bent á fjölmargt fleira sem eins og ég hef skilið er ekki til þess að torvelda framgang málsins almennt séð því að ég held að menn hljóti að fagna því að fá skynsamlegar reglur um veiðar og meðferð skotvopna, heldur eru þessar athugasemdir gerðar til að bæta þau lög sem frá þessu mega koma.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Vafalaust er rétt að þetta frv. sem er til umræðu er lagt fram af nauðsyn og horfir til bóta á mörgum sviðum. En eins og komið hefur fram í ræðum hv. þm. sem hér hafa rætt þetta mál þá eru gerðar við það ýmsar athugasemdir. Ég hygg að það megi rekja það til þess hvernig nefndin var skipuð sem þetta frv. vann. Þarna eru hinir mætustu menn að sjálfsögðu en ég tek eftir því að þarna eru til að mynda engir fulltrúar þeirra aðila sem fram að þessu hafa nytjað stóran hluta af þeim dýrastofnum sem verið er að setja reglur um, þ.e. ábúendur á jörðum og þeir sem hafa umráð yfir selalátrum og æðarvarpi. Mér þykir eðlilegt að þegar reglur af þessu tagi eru settar sé reynt að samræma sjónarmiðin, annars vegar hin vísindalegu og hins vegar sjónarmið þeirra sem nytja landsgæðin. Á þetta virðist mér að hafi skort og ég vænti þess að þetta frv. fari til umsagna þessara aðila áður en það verður afgreitt frá Alþingi.

Af þessum ástæðum eru ýmis atriði í þessu frv. sem mér þykja skjóta skökku við og ég ætla að renna yfir það í fljótheitum eins og tíminn leyfir. Það segir hér í upphafi 12. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjatímanum."

Ég er alinn upp í sveit fram yfir tvítugt og eins og tíðkast þar hef ég m.a. staðið í því að vinna greni og finna greni. Mér er algerlega fyrirmunað að sjá hvernig hægt er að framkvæma þetta nema þá því aðeins að banna eigi bændum að halda hunda og banna þeim að vinna greni á þann hátt sem aðstæður bjóða upp á hverju sinni. Það er auðvitað þannig að hver sá sem leggur stund á þetta eyðilegur ekki greni nema einhverjar mjög alvarlegar ástæður bjóði upp á það og þá vegna þess að með öðrum kosti er ekki hægt að vinna þau dýr sem verið er að ásælast. Ég skil ekki hvað er verið að fara með því að hundar megi ekki hlaupa á greni. Ég held að þetta sé vegna þess að þeir sem frv. sömdu hafi kannski ekki alveg gert sér grein fyrir þeim raunveruleika sem menn standa frammi fyrir þegar kemur að því að framkvæma þessa hluti. (**Gripið fram í:** Það er mikilvægt að koma þeim skilaboðum á framfæri til allra hunda í landinu.) Jú, það er mikið atriði.

Annað sem ég hnýt um og kannski það sem mér finnst helst ámælisvert er í 14. gr. frv. Þar segir í síðustu málsgreininni, með leyfi forseta: „Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum."

Með þessu móti virðist mér að verið sé að ganga þvert á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og ég tel aldeilis óásættanlegt að frá hinu háa Alþingi verði afgreidd lög með þessu ákvæði. Satt best að segja er ýmislegt í þessu frv. sem bendir til þess að þeir sem það semja líti þannig á að þau landsgæði, þau hlunnindi sem fram til þessa hafa verið stuðningur við ábúendur jarða vítt og breitt um landið, séu hlunnindi sem þyki sjálfsagt að gera upptæk. Í mínum huga jaðrar þetta við að með þessu eigi að afnema eignarrétt og umráðarétt eigenda jarða og ábúenda. Ég vænti þess að við umfjöllun á frv. í nefnd verði þessu kippt út. Öðru trúi ég ekki.

Það má segja að ákvæðin í 19. gr., þar sem menn mega ekki selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf egg, séu af sama toga spunnin. Þetta finnst mér satt best að segja alveg forkostuleg ákvæði en vonandi og væntanlega eru þau vel meint.

Loks eru það ákvæði í 17. gr. sem ég hnýt um eins og fleiri. Mig langar aðeins til þess að vita það á hvaða stigi hvítabjörninn hættir að vera umhverfisvænn og verður hættulegur. Og með hvaða móti á sá sem honum mætir að skilja þarna á milli? Hvenær veit hann hvort hvítabjörninn ætlar að ráðast á hann? Og er það á einhverju sérstöku augnabliki sem honum ber að hafa samband við umhvrh.? Þetta vefst fyrir mér. Ég er alls ekki viss um það að ef ég mætti hvítabirni einhvers staðar treysti ég mér til þess að framfylgja þessu ákvæði sem þarna er.

Ingi Björn Albertsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Fyrir allnokkru síðan bað ég hér um orðið. Síðan þá báðu a.m.k. þrír síðustu ræðumenn um orðið á eftir mér. Ég óska því eftir að fá það upplýst úr forsetastóli hvort hér hafi verið tekið upp nýtt verklag, hvort mönnum sé ekki lengur veitt orðið í þeirri röð sem þeir biðja um það.

Forseti (Björn Bjarnason):

Vegna þessarar fyrirspurnar vill forseti geta þess að hv. 3. þm. Austurl. bað um orðið á undan hv. 5. þm. Reykv. En hv. 7. þm. Reykn. bað um orðið á eftir hv. 5. þm. Reykv. en hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hafði beðið um orðið á undan hv. 5. þm. Reykv., vék fyrir hv. 7. þm. Reykn. þannig að forseti fór í einu og öllu eftir þingsköpum við stjórn þessa fundar.

Umræðu frestað.

98. FUNDUR

þriðjudaginn 10. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 10. mars 1992:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Ásta R. Jóhannesdóttir deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv."

Kjörbréf Ástu R. Jóhannesdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili og hefur því unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi á ný.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Breytingar á barnabótum og sjámannaafslætti.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi beina máli mínu til hæstv. fjmrh. og spyrja hann um það hvort til greina komi, í þeim viðræðum sem nú eiga sér stað milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um ríkisfjármál, að ríkisstjórnin falli frá þeirri sérstöku skattahækkun sem varð á barnafólki með miðlungstekjur og hærri tekjur og á sjómönnum. Hvort ríkisstjórnin sé tilbúin að falla frá þessari sérstöku og óréttlátu skattahækkun sem átti sér stað og taka upp í staðinn almenna skattahækkun sem byggir ekki á því að taka sérstaklega út til skattlagningar barnafólk og sjómenn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég segja að ekki stendur til af hálfu ríkisstjórnarinnar að falla frá þessari skattheimtu, sem hv. þm. kýs að kalla svo en er í raun skerðing á bótum úr ríkissjóði. Það kemur til greina að minni hálfu að skipa í sumar hóp til að kanna hvernig sjómannaafslátturinn fer samkvæmt nýjum lögum, enda var á það minnst í þeirri brtt. sem flutt var á sínum tíma þegar það mál var til afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Varðandi barnabæturnar þá kemur að sjálfsögðu til greina í því máli, eins og mörgum öðrum, að líta á annað kerfi, kanna hvort hægt sé að ná sama árangri fyrir ríkissjóð með öðrum hætti. Meginmarkmiðið er þó hið sama, nú eins og áður, við teljum að það besta sem við getum gert í þeirri stöðu, sem ríkisstjórnin er í, sé að sjá til þess að halli á ríkissjóði sé sem allra minnstur og að lánsfjárþörfin dragist saman þannig að okkur auðnist að lækka skatta og framkalla þann stöðugleika sem hér þarf að vera. Þannig stendur ekki til að gera breytingar sem geta kostað ríkissjóð fjármuni.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið. Ég skil svar hans svo að hann sé ekki tilbúinn til að fallast á að skattheimta ríkisins minnki enda lá það ekki í minni fyrirspurn. Ég skil afstöðu hæstv. fjmrh. í þeim efnum og áhuga hans á því að halda ríkisfjárhallanum innan þeirra marka sem samrýmast markmiðum í þjóðarbúskapnum. En ég skildi svar hans svo að ríkisstjórnin sé tilbúin til leiðréttinga á þessu sviði og ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Ég skildi orð hans svo að í stað þeirrar skattheimtu sem þarna átti sér stað — hvort sem við verðum sammála um að hér sé um skattheimtu að ræða eða ekki, þá er það ljóst að þetta felur í sér aukin útgjöld fyrir þessar fjölskyldur — sé ríkisstjórnin tilbúin til að leiðrétta þá ósanngirni sem þarna átti sér stað og ég fagna því sérstaklega að aðilar vinnumarkaðarins skuli geta komið því til leiðar og er ánægjulegt til þess að vita að þeim skuli takast það sem stjórnarandstöðunni tókst ekki, því miður, hér á Alþingi í vetur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning, því hv. 1. þm. Austurl. lagði nokkuð djúpan skilning í mitt mál áðan og kannski annan en ég hefði kosið, þá vil ég taka það fram sérstaklega að ekki verður um það að ræða í samningum við ASÍ, BSRB, Vinnuveitendasambandið eða nokkra aðra að breyta skattkerfinu eins og hv. þm. gaf í skyn að þeim hefði tekist að ná fram í samningaviðræðum við ríkisstjórnina, heldur er einungis um það að ræða að hugsanlegt er að skerðing á barnabótum verði með öðrum hætti en nú er. Til greina kemur t.d., að óskoðuðu máli tek ég fram, að færa bæturnar úr því sem nú eru kallaðar barnabætur, alveg yfir í barnabótaauka sem hefur það í för með sér að sumir, þeir tekjuhærri, fengju ekkert í sinn hlut en þeir tekjulægri fengju meira. Slíkar tilfærslur má að sjálfsögðu ræða en þær tilfærslur mega ekki kosta ríkissjóð nokkurn skapaðan hlut enda er það yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að það eigi að draga úr hallanum. Þarf ég ekki að fara aftur með þá ræðu fyrir hv. þm. sem kann hana áreiðanlega mjög vel og fer áreiðanlega með hana bæði kvölds og morgna eins og annað gott sem frá hæstv. ríkisstjórn kemur.

Landanir erlendra skipa í íslenskum höfnum.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Spurningu minni er beint til hæstv. sjútvrh.

Lögin frá 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi hafa í gegnum tíðina verið túlkuð svo af sjútvrn. að erlendum skipum er að jafnaði bannað að landa afla sínum í íslenskum höfnum. Í lögin var þó bætt ákvæði 1969 sem gefur ráðherra heimild til að veita undanþágur frá banninu svo fremi þær séu bundnar ákveðnum landshlutum. Þetta ákvæði hefur m.a. verið notað til að veita grænlenskum skipum leyfi til að landa afla sínum hér.

Nú hefur það gerst ítrekað að ráðuneytið hefur hafnað beiðni erlendra skipa til að landa rækjuafla sínum í Hafnarfirði þrátt fyrir fyrrnefnt heimildarákvæði. Það er jafnframt vitað að einir átta þýskir togarar frá vinabæ Hafnarfjarðar, Cuxhaven, stunda þorskveiðar við Grænland samkvæmt sérstökum samningi Grænlendinga og Evrópubandalagsins. Fyrir liggur að þeir mundu gjarnan vilja landa aflanum í Hafnarfirði, ef leyfi lægju fyrir, til sölu á fiskmörkuðum í Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Í ljósi hins alvarlega atvinnuástands í Reykjanesi spyr ég því sjútvrh. hvort hann sé reiðubúinn að beita heimildarákvæðinu frá 1969 til að heimila um tiltekinn tíma þessum erlendu skipum að landa afla sínum í kjördæminu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi vék hér að þá hafa verið heimilaðar landanir af hálfu Grænlendinga á grundvelli þeirra lagaákvæða sem í gildi eru. Það hefur verið mitt sjónarmið að þau lög sem í gildi eru nú séu of þröng og því var lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrr á þessu þingi frv. sem gerir ráð fyrir því að landanir erlendra fiskiskipa verði almennt heimilaðar en sjútvrn. geti, þegar þannig stendur á að um er að ræða veiði úr stofnum sem eru sameiginlegir og ekki hefur verið samið um skiptingu á, bannað löndun. Ég tel það vera mjög mikilvægt atriði, ekki síst í ljósi síðustu atburða, að hafa slíka heimild til þess að hamla löndunum þegar þannig stendur á.

Á hinn bóginn er alveg ljóst að þeim framkvæmdamáta, sem hefur gilt um undanþáguákvæðið, verður ekki breytt og lögunum að sjálfsögðu ekki breytt fyrr en Alþingi hefur samþykkt ný lög. Það liggur fyrir þinginu frv. um þessi efni og hvorki gildandi lögum né framkvæmdamátanum verður vikið til hliðar nema Alþingi samþykki þar um nýja löggjöf.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. orðaði það svo áðan að ekki væri hægt að víkja lögunum til hliðar fyrr en Alþingi væri búið að breyta þeim. Nú er það svo að sú túlkun, sem sjútvrn. hefur beitt, gerir m.a. þessum skipum kleift að koma hingað inn og kaupa vistir og þar með er vitaskuld búið að bregða frá þeirri túlkun sem sjútvrh. hefur í gegnum tíðina notað. Ég spyr: Fyrst skipin mega koma hingað inn til þess að kaupa vistir og er þannig auðveldað að halda áfram veiðum sínum utan lögsögunnar, hvers vegna þá ekki að leyfa þeim líka að landa afla sínum hérna?

Það er líka vert að það komi fram að sá rækjuafli, sem um er deilt, kemur nákvæmlega úr sömu stofnum og hin grænlensku skip eru að veiða þannig að ég skil ekki alveg þessa afstöðu ráðherrans. Það liggur fyrir að þessar veiðar munu verða stundaðar hvort sem við veitum þessi leyfi eða ekki og spurningin er aðeins: Getum við notað viðskipti við skipin til þess að bæta atvinnuástand í þessu kjördæmi?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þessa tiltekna máls sem hv. fyrirspyrjandi vék að þá er rétt að vekja athygli hv. þm. á því að þar var um að ræða rækju sem er sameiginlegur stofn með okkur og Grænlendingar hafa ekki fengist til þess að gera samkomulag um skiptingu á. Ég vil aðeins taka það fram að við megum ekki undir nokkrum kringumstæðum láta skammtíma þrönga sérhagsmuni veikja stöðu okkar þegar við eigum mjög víðtæka langtímahagsmuni vegna samningskröfu okkar og réttarstöðu gagnvart öðrum þjóðum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fylgja þessu eftir að því er rækjuna varðar. Auðvitað má það vera umdeilanlegt að hafa veitt Grænlendingum slík leyfi og það kann vel að vera að þau þurfi að koma til endurskoðunar ef þeir fallast ekki á að ganga til samninga um þá stofna sem ekki hefur náðst samkomulag um. Óhjákvæmilegt verður að óska eftir viðræðum við þá þar að lútandi. En það væri verið að fórna víðtækum langtímahagsmunum okkar fyrir þrönga sérhagsmuni ef við létum eftir í þessu efni.

Lækkun vaxta.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur mikið verið rætt um það sl. vikur hve brýn þörf væri á lækkun vaxta, sér í lagi með tilliti til þess að ná samningum á vinnumarkaði. Samningsaðilar hafa sett þá kröfu efst á blað og haft er eftir hæstv. forsrh. í DV í gær að vaxtalækkun í stökki komi til greina. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær megum við vænta þess að sjá þetta stökk eða þá stökkbreytingu í þá átt að lækka vexti?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Atbeini ríkisins í þessum efnum mun fylgja þeim tímapunkti að kjarasamningar séu að takast.

Sala raforku til skipa í höfnum.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. iðnrh. Eins og þekkt er er mjög mikil ónýtt raforka í landinu og mjög mikilvægt að leita allra leiða til að bæta stöðu orkusölufyrirtækjanna með því að stækka markað þeirra fyrir raforku. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnrh. hvað hann hyggist gera til þess að skapa möguleika fyrir bæði fiskiskip og önnur skip í höfnum landsins til þess að eiga aukin viðskipti við raforkufyrirtæki og geta keypt raforku í stað þess að nýta olíu fyrir skipin þann tíma sem þau eru í höfnum landsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Spurningin sem hv. 1. þm. Vesturl. hreyfir er mjög áhugaverð. Það viðfangsefni sem hann nefndi, að bjóða skipum betri kost á því að kaupa raforku í höfnum í stað þess að nota innflutt eldsneyti til að knýja ljósavélar er eitt af þeim verkefnum sem iðnrn. hefur rætt og tekið upp við bæði orkuvinnslufyrirtækin og orkudreifingarfyrirtækin. Við erum að útbúa tillögur um það hvernig bjóða megi þau kjör að þetta verði aðgengilegra fyrir öll skip. Þetta verkefni er að sjálfsögðu líka tæknilegs eðlis. Við munum leita lausna á því í samvinnu við Hafnasambandið, sem hv. 1. þm. Vesturl. er reyndar formaður fyrir. Ég hygg gott til samstarfs við hann um það. Þarna þarf að bjóða lausnir sem gefa skipum færi á að kaupa rafmagn samkvæmt sérstökum mæli, sem væri líklega í skipinu sjálfu, með sérstökum kjörum. Það er náttúrlega alveg ljóst að orkufyrirtækin verða að bjóða þarna sérlega góð kjör. Þarna er um viðbótarmarkað að ræða. Þarna kemur ekki annað til greina en innflutt orka í stað innlendrar, ef rafmagn er ekki notað. Tæknilega hefur þetta ekki verið aðgengilegt alls staðar á landinu. Þetta mál hefur verið rætt bæði við einstök dreififyrirtæki raforku og einstakar hafnir og hafnaryfirvöld. Eins og ég hef þegar sagt, frú forseti, þá mun ég sannarlega taka þetta mál aftur upp í samstarfi við Hafnasambandið.

Reglugerð um ábyrgðasjóð launa og skyldusparnaður.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. félmrh. og inna ráðherrann eftir því hvenær megi vænta þess að sett verði reglugerð um ábyrgðasjóð launa. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ráðherrann hafi tekið ákvörðun um að skyldusparnaður verði með þriggja mánaða ríkisábyrgð, sem hægt er að gera með útgáfuákvæðum í reglugerðinni. Ég vil enn fremur spyrja ráðherrann að því hvort hún sé sammála mínum skilningi á núverandi stöðu varðandi innheimtu skyldusparnaðar, eftir að lögin tóku gildi 1. mars en áður en reglugerðin hefur verið sett, að það sé engin ríkisábyrgð á skyldusparnaði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eftir að breytt lög höfðu verið samþykkt á Alþingi varðandi ríkisábyrgð á launum óskaði ég eftir tilnefningu aðila vinnumarkaðarins, þ.e. ASÍ og VSÍ í stjórn ábyrgðasjóðs launa. Aðilar vinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, óskuðu eftir því að þeir fengju frest til að tilnefna í stjórn sjóðsins og vildu taka það mál inn í kjarasamningaviðræður. Ég hef sett reglugerð vegna ábyrgðasjóðsgjaldsins sem hefur verið ákveðið 0,2%. Ég hef skipað til bráðabirgða sjóðstjórn sem er skipuð af aðilum innan ráðuneytisins þar til fyrir liggur tilnefning frá aðilum vinnumarkaðarins. Þessi sjóðstjórn gerði tillögu um þetta ábyrgðagjald sem ég hef fallist á.

Varðandi réttindamálin hefur ekki enn verið sett reglugerð um þau og ég tel rétt að bíða með að setja slíka reglugerð þar til aðilar vinnumarkaðarins hafa tilnefnt í sjóðstjórnina.

Varðandi skyldusparnaðinn lít ég svo á að skyldusparnaður teljist til vinnulaunakrafna og það sé ábyrgð á honum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra að hann skilgreini skyldusparnað sem hluta af vinnulaunum sem falli þar með undir lög um ábyrgðarsjóð launa.

Hvað varðar skipan stjórnar og útgáfu reglugerðar um sjóðinn þá tel ég afar brýnt að ekki verði dráttur á umfram það sem komið er.

Hjúkrunarrými fyrir aldraða og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. heilbrrh. Vegna sparnaðaraðgerða í heilbrigðisgeiranum hefur leguplássum fyrir aldraða og sjúka fækkað í Reykjavík um 53 pláss, með lokun B-6 álmu Borgarspítalans, fækkun um sjö sjúklinga á B-4 álmu og lokun Hvítabandsins svo eitthvað sé nefnt. Því er spurningin: Hvert verður þessum öldruðu sjúklingum beint og á að koma til móts við þessa þörf á öðrum sjúkrastofnunum hér í Reykjavík og þá hvaða sjúkrastofnunum? Og í framhaldi af því, hvað verður um St. Jósefsspítala í Hafnarfirði? Verður þar hægt að taka á móti hvíldarinnlögnum í sumar?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta misskilning sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. B-6 álman á Borgarspítalanum lokaði ekki vegna niðurskurðar á fé eða sparnaðar heldur vegna þess að ekki fengust hjúkrunarfræðingar til starfa við B-álmuna og þeir sem málum stjórnuðu töldu sig ekki geta haldið uppi þeirri starfsemi sem þar fór fram eingöngu með sjúkraliða í starfi en engan hjúkrunarfræðing. Það er því ekki rétt að B-6 álman hafi lokað vegna niðurskurðar. Ég á hins vegar von á því að það geti orðið auðveldara að fá hjúkrunarfræðinga til starfa á næstunni þannig að hægt verði af þeim sökum að opna B-6 á ný.

Ég held að flestum hv. þm. hafi verið ljóst að í tilboði samninganefndar ríkisins til St. Jósefsspítala, Landakoti fólst tilboð um að auka þar við hjúkrunarrými fyrir aldraða upp á 50 rúm þannig að ég á von á því að hjúkrunarrúmum fyrir aldraða í Reykjavík geti fjölgað en ekki fækkað.

Hver verður framtíð St. Jósefsspítala í Hafnarfirði? Ég vona að hún verði góð og ég veit ekki betur en sá spítali geti, miðað við þá afgreiðslu sem ég á von á að hann fái, sinnt sínu hlutverki með mjög ákjósanlegum og eðlilegum hætti, þar á meðal þjónustuna við það aldraða fólk sem hann hefur sinnt með góðum árangri

til þessa. Mér er mikil ánægja að skýra frá þessu, virðulegi forseti, og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svarið en hann hefur ekki skilið spurninguna. Spurningin er þessi: Hvert verður þessum öldruðu og sjúku beint? Ekki er enn þá ljóst hvort St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að taka inn þessar hvíldarinnlagnir. Það var spurningin.

Það er alveg ljóst að á deild B-6, sem hefur verið lokað, eru 27 pláss og ég trúi ekki öðru en það sé möguleiki að manna þessa deild, ég trúi ekki öðru og ég spyr heilbrrh.: Hvað ætlar hann að gera til að manna þessar deildir?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Stundum þurfa menn að segja sama hlutinn tvisvar, jafnvel þrisvar og það er sjálfsagt að gera það. B-6 álman á Borgarspítalanum lokaði vegna skorts á hjúkrunarfólki. Fyrir því liggja bréf bæði hjá landlækni og í heilbrrn. og ég á von á bréfi frá landlækni þar sem hann leggur til að ekki þurfi að manna B-6 álmuna með hjúkrunarfræðingum þó svo hún verði starfrækt áfram þannig að ég á von á því að þeim sjúklingar, sem voru á B-6 álmunni, verði vísað þangað aftur.

Ég tók það líka fram og þakkaði hv. fyrirspyrjanda fyrir að gefa mér tækifæri til þess að upplýsa það að ég á von á því að hjúkrunarrúmum fyrir aldraða muni fjölga en ekki fækka hér á Reykjavíkursvæðinu. Og mér er sérstök ánægja að geta tekið það fram að ég á fyllilega von á því að St. Jósefsspítali í Hafnarfirði muni geta haldið uppi þeirri þjónustu við aldrað fólk sem sjúkrahúsið hefur gegnt með svo góðum hætti á undanförnum árum þannig að ég á ekki von á því að það þurfi að vísa þessu gamla fólki neitt annað en á þessar stofnanir og meira að segja á fleiri hjúkrunarrúm fyrir aldraða en voru fyrir. Og ég ítreka það að mér þykir vænt um þegar hv. þm. gefa mér kost á að koma slíkum upplýsingum á framfæri og ég ítreka þakklæti mitt til fyrirspyrjanda.

Verðmæti gagnagrunns Svarts á hvítu.

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. Í fréttum sjónvarps sl. laugardag kom fram að ríkissjóði hefði verið sleginn gagnagrunnur, sem kenndur hefur verið við bókaforlagið Svart á hvítu, á opinberu uppboði fyrir 100 þús. kr. Ef rétt er munað þá tók fyrrv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson, núv. hv. 8. þm. Reykn., veð í nefndum gagnagrunni að upphæð 25 millj. kr. snemma árs 1989 til að tryggja skattaskuldir forlagsins Svarts á hvítu. Spurning mín er því þessi: Telur hæstv. fjmrh. að gagnagrunnurinn, sem sleginn hefur verið ríkissjóði, kunni að geyma dulin verðmæti að upphæð 24,9 millj. kr. sem gagnast muni eigendum kröfunnar, þegnum þessa lands?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er spurt um veð sem fjmrn. tók í gagnagrunni eða hugbúnaði sem íslenski gagnagrunnurinn átti. Þetta mál er gamall kunningi hér í þingsölum. Um þetta var deilt heilmikið á sínum tíma í sambandi við skýrslu sem var rædd. Þar var fjallað fyrst og fremst um Siglósíld en inn í þá skýrslu blönduðust síðan umræður um Nútímann hf. og þar á meðal um fyrirtækið Svart á hvítu. Þetta mun hafa verið á vordögum 1989 en seint á árinu 1988 mun páv. fjmrh. hafa tekið veð í þessum gagnagrunni. Ég tel að það sé ástæða til þess að benda á að það var gert með dálítið sérkennilegum hætti, annars vegar vegna þess að það var mjög óvenjulegt ef ekki einsdæmi að taka veð í hugbúnaði, eins og þarna var gert, hvað þá ófullgerðum og í öðru lagi vegna þess að veðið var í eigu annars aðila, því að krafa ríkisins var á hendur Svarts á hvítu en þar voru vissir aðilar ábyrgir fyrir skuldinni. Sú krafa var felld niður með því að tekið var veð í eign annars fyrirtækis, reyndar í eigu sömu aðila. Þetta er auðvitað aðfinnsluvert. Ríkisendurskoðun gagnrýndi þetta. Það kom mikil gagnrýni fram hér á hinu háa Alþingi og ég hygg að árið eftir, strax á árinu 1990, hafi Ríkisendurskoðun afskrifað þessa eign ríkissjóðs. Það gerðist síðan núna fyrir helgina að ríkissjóður keypti gagnagrunninn á uppboði á 100 þús. kr. Það komu ekki hærri boð. Auðvitað eru þessir peningar glataðir. Það er ljóst að það hefur ekki verið farið með skattfé eins og ætla mátti af páv. ráðherra og þess vegna eru þessir fjármunir tapaðir. En ég bendi á að hugsanlega er hægt að bæta við þennan gagnagrunn og þá með því að gefa hann t.d. Háskóla Íslands.

Stefna ríkisstjórnarinnar í kjaramálum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn á ný eru það kjaramálin sem mig langar að koma að hér. Sl. vor kynnti ríkisstjórnin stefnu sína í kjaramálum sem hún kallaði sáttargjörð um sanngjörn kjör. Nú standa yfir kjarasamningar en af þeim fregnum sem borist hafa verður ekki dregin önnur ályktun en sú að hæstv. ríkisstjórn sitji með hendur í skauti og bíði þess að ASÍ og VSÍ móti stefnuna. Að minnsta kosti er ekki um neitt frumkvæði af hálfu ríkisstjórnarinnar að ræða þó að ljóst sé af allra síðustu fréttum að hún þurfi að gera eitthvað til að samningar megi takast eftir því sem segir í Morgunblaðinu í dag. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. sem oddvita stærsta atvinnurekanda landsins, íslenska ríkisins, og annan aðalhöfund Viðeyjarsáttmálans þar sem þessi stefna var fram sett: Með hvaða hætti er unnið að stefnu ríkisstjórnarinnar, sáttargjörð um sanngjörn kjör? Hvað líður þeirri sáttargjörð? Hvar er unnið að henni og hvernig? Og hver er skilgreining hæstv. forsrh. á sanngjörnum kjörum í ljósi efnahagsstefnu ríkisstjórn-

arinnar og þeirra fjölmörgu aðgerða sem þegar hefur verið gripið til og skerða kjör fólks í landinu?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og haft hefur verið eftir talsmönnum Alþýðusambandsins m.a. á undanförnum fáum dögum þá kemur glöggt fram hjá þeim að þeir lýsa því að sá skilningur ríki að ríkisstjórnin hafi fullan hug á því að gera allt það sem í hennar valdi stendur til að stuðla að því að kjaraasamningar náist með skaplegum hætti. En það er auðvitað okkar markmið, ríkisstjórnarinnar eins og allra annarra, að sú skerðing á sameiginlegum tekjum þjóðarinnar sem orðið hefur verði ekki til þess að þeir sem verst standa fari enn verr út úr því áfalli en aðrir. Ég hygg að það séu allir samstiga í þeim efnum, þeir vilji leitast við að þeim sameiginlega skaða, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir, sé mætt með þeim hætti að hann verði ekki verri en ella. Það vita allir að við þessar aðstæður eru menn ekki að tala um kaupmáttaraukningu. Ég hygg að enginn geri því skóna að hægt sé að tala um kaupmáttaraukningu við þessar aðstæður. Við höfum hins vegar lýst því yfir að við munum leitast við að tryggja þann grundvöll að samningum sem aðilar vinnumarkaðarins telja mikilvægastan, þ.e. að gengisgrundvöllurinn sé tryggður, að skilyrði skapist til þess að vextir megi fara lækkandi og þar með skapist forsendur fyrir því að hjól atvinnulífsins nái að snúast. En það er meginverkefni okkar sem og þeirra sem eru að semja núna um um sanngjörn kjör miðað við erfiðar aðstæður, að reyna að stuðla að því að atvinnulífið í landinu styrkist.

Tilkynning um atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hv. þm. sjá á dagskrá þessa fundar þá liggja fyrir allmörg mál til atkvæðagreiðslu. Ástæðan er sú að alla síðustu viku var atkvæðagreiðslum frestað meðan forsætisnefnd fjallaði um þann ámælisverða atburð sem varð hér í þingsalnum fimmtudaginn 27. febr. er einn þingmaður greiddi atkvæði fyrir annan með hinum nýja atkvæðagreiðslubúnaði. Fram hafa farið viðræður við formenn þingflokka og fleiri þingmenn sem málið snertir og nokkur bréfaskipti hafa orðið milli formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar og forsætisnefndar um málið. Sá þingmaður, sem hér átti hlut að máli, hefur beðið forseta afsökunar og harmað mistök sín og telur forseti því ekki ástæðu til fleiri orða eða bréfa um það mál.

Í kjölfar þessa atviks hér í þingsalnum hófst allmikil umræða utan þings, einkum í fjölmiðlum, um það sem gerst hafði. Var þar margt sagt sem forseta, eins og öðrum þingmönnum, þótti miður. Forseti vonast til þess einlæglega að þessu einstæða máli, sem hefur um skeið verið fyrirferðarmikið í þjóðmálaumræðunni, sé lokið og við öll drögum okkar lærdóm af því. En umræðan hefur líka sýnt okkur að þjóðin fylgist grannt með því sem fram fer á Alþingi Íslendinga og er það vel.

Það fyrirkomulag atkvæðagreiðslna með rafbúnaði, sem hófst í haust samhliða nýjum þingsköpum, hefur að dómi forseta reynst vel í megindráttum. Við getum sagt að notkun þess í vetur hafi verið reynslutími og með hliðsjón af því — svo og því samkomulagi sem gert var um atkvæðagreiðslur við upphaf þessa þings — verður ýmislegt betrumbætt að loknum venjulegum þingstörfum í vor, meðal annars á að setja upp ljósatöflu í þingsal sem sýnir hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði eins og reyndar var um rætt sl. haust og unnið hefur verið að í vetur.

Forseti hefur orðið þess nokkrum sinnum vör að þingmenn, sem eru viðstaddir atkvæðagreiðslu, hafa ekki tekið þátt í henni með því að styðja á einn hinna þriggja hnappa sem eiga að sýna afstöðu þeirra til máls, „já", „nei" eða „greiðir ekki atkvæði", svo sem þeim ber skylda til samkvæmt 64. gr. þingskapalaga. Sumpart getur þetta stafað af vangá eða ókunnugleika sem forseti veit að hefur hent. Til þess að hafa gát á þessu og enn fremur til að koma í veg fyrir að þau leiðu mistök endurtaki sig sem eru upphaf þessa máls mun forseti gera ráðstafanir, þegar atkvæðagreiðslur hefjast, til þess að hafa tölu á viðstöddum þingmönnum og bera hana saman við niðurstöður atkvæðagreiðslna eins og þær birtast á skjá hér í salnum. Enn fremur munu þingflokksformenn og aðrir þingmenn, sem þess óska, fá sendar útskriftir inn í þingsalinn af atkvæðagreiðslum jafnóðum og þær fara fram.

Þá er áríðandi að minna þingmenn á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu sem forseti hefur jafnan sett fremst á dagskrá við upphaf funda. Það er mikilvægt fyrir forseta að þingmenn gefi sér tíma til að sinna atkvæðagreiðslum í sæti sínu ótruflaðir meðan þær standa.

Þetta vill forseti taka fram vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið meðal þingmanna, svo og utan þings, um alvarleg mistök sem hér urðu fyrir nokkrum dögum á þingfundi við atkvæðagreiðslu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Til að það komist skilmerkilega á framfæri hvaða hlut Alþb. hefur átt í þeirri umfjöllun sem hefur orðið um þetta mál mun ég lesa upp þau tvö bréf sem þingflokkur Alþb. hefur átt hlut að ásamt þingflokki Framsfl. og Kvennalistans.

Fyrra bréfið er frá 3. mars og er svohljóðandi:

„Þingflokkur Alþýðubandalags, þingflokkur Framsóknarflokks og þingflokkur Samtaka um kvennalista óska eftir því við forseta þingsins að forsætisnefndin verði kölluð saman og fjalli um þann alvarlega atburð sem átti sér stað við atkvæðagreiðslu á Alþingi fimmtudaginn 27. febr. sl. Einnig fjalli nefndin um þær umræður og yfirlýsingar sem hafa verið í fjölmiðlum í kjölfarið. Að lokinni þeirri umfjöllun óska þingflokkarnir eftir því að forsætisnefndin birti yfirlýsingu sína varðandi þennan atburð að höfðu samráði við fulltrúa þingflokka.

Þar til niðurstaða forsætisnefndarinnar liggur fyrir

fara fulltrúar þessara þingflokka fram á að rafbúnaður verði ekki notaður við atkvæðagreiðslur þingsins enda fari atkvæðagreiðslan fram skv. 2. mgr. 66. gr. þingskapalaga."

Síðara bréfið er frá 4. mars og það hljóðar þannig:

Borist hefur bréf frá forsætisnefnd Alþingis dags. 4. mars 1992.

Í bréfinu kemur fram að Matthías Bjarnason alþingismaður hefur sl. föstudag harmað mistök sín við atkvæðagreiðslu 27. febr. sl. og hefur beðið forseta afsökunar á þeim mistökum. Teljum við að þessi niðurstaða sé eftir atvikum með þeim hætti að við munum ekki aðhafast frekar í málinu af okkar hálfu.

Það mál sem hér um ræðir er hins vegar svo alvarlegt að óhjákvæmilegt er að ganga skýrar frá niðurstöðum en forsætisnefndin hefur gert til þessa. Það er gagnrýnisvert að forseti Alþingis hefur ekki fyrr en í gær skýrt frá því að Matthías Bjarnason hafi beðist afsökunar á mistökum sínum 27. febr. sl. Uppgjör og greining þeirra mistaka er ekki aðeins mál milli forsetans, það er mál sem snertir virðingu Alþingis og er mál þingsins og þjóðarinnar. Atkvæðagreiðslur á Alþingi verða að ganga eftir svo öruggum brautum að þjóðin geti treyst því að rétt sé farið með formsreglur í einu og öllu. Hver þingmaður er bundinn af samvisku sinni og hver þingmaður undirritar eiðstaf er hann tekur sæti á Alþingi. Það er því hverjum einasta þingmanni skylt að taka þátt í uppgjöri máls af því tagi sem kom upp 27. febr. sl.

Við teljum óeðlilegt að forsætisnefndin skuli ekki fjalla sérstaklega um ummæli einstakra þingmanna um þetta mál utan þingsins. Þannig hefur Árni Johnsen alþingismaður fullyrt að atburðir af þessu tagi, að einn þingmaður hafi greitt atkvæði fyrir annan, hafi komið fyrir aftur og aftur. Þá hefur komið fram að þingmaðurinn hafi beðið Matthías Bjarnason um að greiða atkvæði fyrir sig.

Við teljum, eins og áður hefur komið fram af okkar hálfu, að forsætisnefndin hefði átt að fara yfir þetta mál og birta þjóðinni niðurstöður sínar um málið í heild. Það er hlutverk forsætisnefndarinnar og forsetans að gæta virðingar Alþingis og því hefði verið eðlilegra að taka á þessum yfirlýsingum sérstaklega. Því hafnar forsætisnefndin og það er fráleit afstaða að okkar mati.

Þá hefur það komið fram í ummælum Árna Johnsen utan þings að atkvæðagreiðslur hafi mismunandi þýðingu og við teljum gagnrýnivert að forsætisnefndin tekur á vissan hátt undir þau sjónarmið í bréfi sínu með því að kalla sumar atkvæðagreiðslur „formsatriði". Allar atkvæðagreiðslur hafa efnislegt innihald og eru því allar nauðsynlegar og það er beinlínis hættulegt að forsætisnefnd Alþingis geri minna úr einni tegund atkvæðagreiðslna en annarri.

Að öðru leyti teljum við ástæðu til að gera ýmsar athugasemdir við bréf forsætisnefndarinnar þar sem við teljum svör hennar ófullnægjandi og óviðunandi að ýmsu leyti.

Við umræður um þessi mál að undanförnu hefur athygli manna beinst að mörgum þáttum atkvæðagreiðslna með þeim nýja vélbúnaði. Þannig hefur verið bent á hve alvarlegt það er að þingmaður getur látið vera að greiða atkvæði, þó að hann sé í salnum, og þar með er hann skráður fjarverandi. Atkvæðagreiðsla með vélbúnaði getur því gefið ranga mynd af hinum pólitíska veruleika í þingsalnum. Við teljum það engu breyta um atkvæðagreiðslur með vélbúnaðinum og ekki bæta á neinn hátt úr ágöllum hennar þó að einstakir þingmenn fái yfirlit um niðurstöður hinna vélrænu atkvæðagreiðslna eftir á, eins og boðið er fram í bréfi forsætisnefndarinnar. Það ber að ítreka í þessu sambandi að opin atkvæðagreiðsla þar sem öllum er ljóst hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði er grundvallarregla íslenskra þingskapalaga. Þá reglu ber að virða í einu og öllu og ekkert má gera af hálfu forseta Alþingis né þingmanna sem teflir því grundvallaratriði í tvísýnu.

Af þessum ástæðum og með hliðsjón af fyrri umræðum er líklegt að þingmenn muni í vaxandi mæli í öryggisskyni óska nafnakalls og atkvæðagreiðslu með handaupprettingu sem er reyndar aðalregla skv 2. mgr. 66. gr. þingskapalaga.

Við förum þess á leit við forseta Alþingis að gerð verði grein fyrir málinu í heild með ítarlegri yfirlýsingu af forsetastóli þar sem m.a. verði lesin upp í heild þau bréfaskipti sem fram hafa farið um mál þetta þannig að niðurstöður verði skráðar í þingtíðindi að svo miklu leyti sem þær liggja enn fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 3. þm. Suðurl. óskar eftir að bera af sér sakir.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Um það mál sem hér er rætt ætla ég ekki að hafa mörg orð þótt undirritaður hafi kannski haft ríkasta ástæðu til að fjalla um það mál frá upphafi. En í tilefni af orðræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, þá verð ég að harma að hann gerir mér upp sakir í ræðu sinni eða í því bréfi sem hann vitnaði til þar sem hann segir að ég hafi sagt í fjölmiðlum að margoft hafi það gerst að þingmenn greiddu atkvæði hver fyrir annan í þingsal. Hann vitnaði í fjölmiðla. Það hef ég aldrei sagt enda hef ég enga ástæðu til þess og þingmaðurinn mun hvergi geta vitnað til þess að það hafi verið mín orð.

Skaðabótalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 250. mál. — Þskj. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKG, EKJ, ÁRJ, FrS, GHH, GHall, GuðjG, GuðmS, ÞBern, GunnS, HÁ, ÞBack, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, VG, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, GGuðbj, LMR, MB, MI, ÓRG,

ÓÞÞ, EL, PJ, RA, RG, SigG, PS, SAÞ, SP, StH, SJS, VS, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, HAJ, SE, SalÞ.

7 þm. (GHelg, HBl, MF, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GGuðbj, GunnS, HÁ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SE, VG, VS, VE, ÞorstP, ÞBack, ÞBern, ÖS.

7 þm. (GHelg, HBl, MF, MI, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Vegáætlun 1991–1994, frh. fyrri umr.

Stjtill., 216. mál. — Þskj. 297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GGuðbj, GunnS, HÁ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MI, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SE, VG, VS, VE, ÞorstP, ÞBack, ÞBern, ÖS.

7 þm. (GHelg, HBl, MF, MB, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 56 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Flugmálaáætlun 1992–1995, frh. fyrri umr.

Stjtill., 208. mál. — Þskj. 249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 55:1 atkv. og vísað til samgn. með 57 shlj. atkv.

Iðn- og verkmenntun, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 64. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GGuðbj, GunnS, HÁ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MI, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, VG, VS, VE, ÞorstP, ÞBack, ÞBern.

5 þm. (GHelg, HBl, MF, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 57:1 atkv.

Ný störf á vegum ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 126. mál. — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 57:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, EL, PJ, RA, RG, SigG, PS, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, HAJ, SE, EKG, EKJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, GHall, ÞBern, GunnS, HÁ, ÞBack, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, VG, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, GGuðbj, SalÞ.

nei: MI.

5 þm. (MF, SvG, TIO, GHelg, HBl) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GunnS, HÁ, HAJ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MI, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, VG, VS, VE, ÞorstP, ÞBack, ÞBern, ÖS.

8 þm. (GGuðbj, GHelg, HBl, ISG, MF, MB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þrír þingmenn tóku ekki þátt í þessari atkvæðagreiðslu. Nöfn þeirra eru hér á listanum. Eins og forseti hefur áður sagt er það brot á reglum þingskapa að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Þrír hv. þm. sem voru í salnum greiddu ekki atkvæði. Forseti vill ítreka að þetta má ekki gerast. Það er brot á þingskapalögum að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni með því að ýta á einhvern hinna þriggja hnappa sem um ræðir.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég held að allir þingmenn séu sammála um að ákvæði 64. gr. þingskapalaga eru ótvíræð og þeim þingmönnum sem eru á þingfundi ber að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Öllum þingmönnum sem ekki hafa lögmæt forföll ber að taka þátt í starfsemi fundarins og þá verður eitt yfir alla að ganga. Það vakti athygli mína að hæstv. umhvrh. gekk út úr þingsalnum. (Gripið fram í.) Þá er það upplýst. Eftir sem áður er trekk í trekk búið að vera misræmi í niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar miðað við þá tölu sem hæstv. forseti hefur gefið upp um fjölda viðstaddra þingmanna í

þingsalnum. Við höfum horft á þingmenn ganga út og inn úr salnum og taka ýmist þátt í atkvæðagreiðslunni eða ekki. Ég hygg því, herra forseti, að ef koma á skikk á þá framkvæmdatilhögun sem verið er að prófa verði að koma reglu á það að menn sitji um kyrrt inni í þingsalnum og taki þátt í atkvæðagreiðslunum. Ef ekki vill betur til verður að loka dyrum þingsalarins þannig að þessu rápi út og inn úr salnum linni. Ella mun það sýna sig að þessi tilhögun er óframkvæmanleg og tekur það langan tíma að við yrðum fljótari að ljúka öllum atkvæðagreiðslum með nafnaköllum. Ég vil því beina því til hæstv. forseta að hann reyni að tryggja það að sami fjöldi þingmanna haldist inni í þingsalnum á meðan á atkvæðagreiðslunum stendur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir þann stuðning og þá aðstoð sem hann veitir henni við að reyna að fá þingmenn til að hlýða þeim tilmælum forseta, sem hann hefur bæði á þessum fundi og mörgum öðrum fundum, við sams konar aðstæður, lagt áherslu á, að þingmenn sitji rólegir í sætum sínum meðan atkvæðagreiðsla fer fram.

Jafnframt vill forseti minna á að hæstv. umhvrh. er með varamann inni og tekur þess vegna ekki þátt í atkvæðagreiðslu, svo það liggi alveg ljóst fyrir. Hæstv. umhvrh. hefur ekki nema eitt atkvæði eins og aðrir.

Hringvegurinn, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS og EKJ, 132. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GGuðbj, GunnS, HÁ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MI, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, VG, VS, VE, ÞorstP, ÞBack, ÞBern, ÖS.

5 þm. (GHelg, HBl, MF, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GuðmS, GGuðbj, GunnS, HÁ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MI, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, VG, VS, VE, ÞorstP, ÞBack, ÞBern, ÖS.

5 þm. (GHelg, HBl, MF, SvG, TIO) fjarstaddir.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég sat hjá í atkvæðagreiðslu um hvort vísa bæri vegáætlun til fjárln. eða samgn. Henni hefur verið vísað til fjárln. og ég hefði þess vegna talið eðlilegt að ég sæti hjá. Hér er ég tvisvar skráður með nei án þess að hafa snert þann hnapp. Það er bæði í atkvæðagreiðslu um flugmálaáætlun og um menntamál. Ég segi nú bara eins og er, herra forseti, ég skil þetta ekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti skilur það nú ekki heldur, en forseti vill nú þrátt fyrir allt fullvissa hv. þm. um að þetta atkvæðagreiðslukerfi er öruggt. Ef þingmenn ýta á grænan hnapp þýðir það „já“ og ef þeir ýta á rauðan hnapp þýðir það „nei“. Ef þeir ýta á hvítan hnapp þýðir það að þeir „taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni“.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nóg komið af því hvernig þetta hefur gengið fyrir sig í dag, því miður. Og það síðasta sem gerðist var nú til þess að fylla mælinn. Aðalreglan samkvæmt þingsköpum er að atkvæðagreiðsla fari fram með handauppréttingu og ég vil koma því á framfæri við forseta að þær atkvæðagreiðslur sem eiga eftir að fara fram í dag fari fram með handauppréttingu, sem dugað hefur þinginu ágætlega í yfir 100 ár. Síðan athugi forseti sinn gang með framhaldið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka það enn á ný að atkvæðagreiðslukerfið er öruggt. Og þau mistök sem verða í atkvæðagreiðslunni eru mannleg. Hv. 8. þm. Reykn. óskar nú eftir því að atkvæðagreiðslan fari fram með handauppréttingu — en það var gert samkomulag um það á sl. hausti að ef slíkar óskir kæmu fram þá yrði orðið við því. Um leið vill forseti minna á að það samkomulag byggðist á því að ef um einhverjar alveg sérstakar atkvæðagreiðslur væri að ræða gæti komið til þess að beðið yrði um handauppréttingu. Engu að síður vill forseti uppfylla ósk hv. 8. þm. Reykn. og nú fer atkvæðagreiðsla fram með handauppréttingu það sem eftir er fundarins.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 152. mál. — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 58 shlj. atkv. og vísað til sjútvn. með 58 shlj. atkv.

Laun forseta Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 234. mál (skattgreiðslur). — Þskj. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 56:2 atkv. og vísað til allshn. með 56 shlj. atkv.

Fráveitumál sveitarfélaga, frh. síðari umr.

Þáltill. SHl og MF, 180. mál. — Þskj. 198, nál. 458, brtt. 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 459 (ný tillgr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 535).

Gæðamál og sala fersks fisks, frh. síðari umr.

Þáltill. JÁ og SJS, 33. mál. — Þskj. 33, nál. 478.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. í nál. 478 samþ. með 58 shlj. atkv.

Útfærsla togveiðilandhelginnar, frh. síðari umr.

Þáltill. MJ, 117. mál. — Þskj. 120, nál. 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. í nál. 479 samþ. með 57 shlj. atkv.

Þorskeldi, frh. síðari umr.

Þáltill. RA, 83. mál. — Þskj. 85, nál. 480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. í nál. 480 samþ. með 58 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 60. mál (ökupróf o.fl.). — Þskj. 61, nál. 446 og 450, brtt. 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. í nál. 450 felld með 39:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓÞÞ, EL, RA, StG, StH, SJS, VS, ÁRJ, GuðmS, ÞBern, HÁ, ÞBack, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG.

nei: MI, MB, PJ, RG, SigG, PS, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, HAJ, SÞE, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, ISG, JóhS, VG, JónS, JVK, KSG, KÁ, GGuðbj, LMR, SalÞ.

5 þm. (MF, SvG, TIO, GHelg, HBl) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Framsfl. er hlynntur því að heildarendurskoðun fari fram á umferðarlögunum og að kennslumál séu skoðuð í samhengi við aðrar tillögur. Með þeirri brtt. sem ríkisstjórnin leggur til með frv. er í reynd verið að færa kostnað af Umferðarráði yfir á þá sem taka próf. Jafnframt er verið að breyta eðli Umferðarráðs frá því að áhugafélög standi að og stjórni því í að hæstv. dómsmrh. skipi stjórn þess. Í reynd er verið að leggja niður Umferðarráð sem umferðarráð. Það er orðið á bak við og mjög óvíst hvað það þýðir í framkvæmd. Af framangreindri ástæðu segi ég já.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Með frv. er verið að færa stjórn ökukennslu og umsjón prófa og ökukennslu til Umferðarráðs. Það tel ég afskaplega jákvætt. Jafnframt hafa allir þeir aðilar og áhugasamtök sem aðild eiga að Umferðarráði stutt þetta í umsögnum sínum og um það er enginn ágreiningur. Það að veita minni fjármunum til Umferðarráðs er ekki hluti frv. Kvennalistakonur hafa bent á það í umræðum að það er mjög alvarlegt. Það er hins vegar ekki innifalið í frv. og verður að leysa á annan hátt. Það er algerlega óviðunandi að skerða fjárveitingar til Umferðarráðs. Ég segi því nei við þessari tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt núgildandi umferðarlögum ber að endurskoða þau fyrir árslok 1991. Það var ekki gert. Hins vegar hefur verið upplýst í nefndinni að endurskoðun laganna standi yfir í ráðuneytinu. Ég tel ótímabært að taka ákveðinn þátt út úr þessari endurskoðun og afgreiða hann sér, sérstaklega þegar þess er gætt að um er að ræða aukna skattheimtu á unglinga. Ég segi því já.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 447,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 447,2 samþ. með 48 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 447,3 (ný 5. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 230. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 392, nál. 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 1. umr.

Stjfrv., 255. mál. — Þskj. 432.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara sem er á þskj. 432. Frv. er flutt í framhaldi af ákvörðun um að gefa innflutning á öllum olíuvörum frjálsan. Eins og kunnugt er hefur viðskiptafrelsi verið aukið á síðustu árum, bæði í vöruverslun og á fjármagnsmarkaði. Að landbúnaðarvörunum slepptum voru innflutningstakmarkanir á olíuvörum í reynd síðustu leifarnar af ríkisafskiptum af innflutningi. Sl. haust voru síðustu hömlurnar á innflutning olíuvara til landsins felldar úr gildi með reglugerð. Þessi breyting tók gildi um síðustu áramót. Ég vek athygli þingheims á því að þá féllu einnig úr gildi síðustu samningarnir við sovéska ríkisolíufélagið, sem gerðir voru af viðskrn. fyrir hönd olíufélaganna, um kaup á gasolíu og svartolíu. Allt frá árinu 1953 gerði viðskrn. samninga um olíuinnkaup frá Sovétríkjunum en framseldi þá síðan í hendur olíufélögunum. Á sama tíma voru jafnan í gildi hömlur á frjálsum innflutningi olíuvara.

Upphaflega voru viðskiptin við Sovétríkin í formi vöruskiptaverslunar en frá 1. jan. 1976 hafa þau farið fram í frjálsum gjaldeyri, venjulega Bandaríkjadollurum. Verðviðmiðunin á olíuvörum var síðustu árin bundin við skráningu olíuverðs á markaði í Vestur-Evrópu. Frjáls innflutningur á olíuvöru hafði það jafnframt í för með sér að viðskrn. hefur ekki verið samningsaðili að olíukaupum frá sl. áramótum. Íslensku olíufélögin annast nú sjálf olíukaupin til sinna þarfa eins og eðlilegt má telja.

Af fullu frjálsræði í olíukaupum leiðir að taka þarf afskipti verðlagsyfirvalda af ákvörðun olíuverðs til endurskoðunar frá sl. áramótum og hefur Verðlagsráð fjallað um það efni nú að undanförnu. Til þess að tryggja aukna verðsamkeppni í sölu olíuvara á Íslandi þarf einnig að taka lagaákvæðið um jöfnun innkaupsverðs og um jöfnun flutningskostnaðar til endurskoðunar. Það er einmitt tilgangur þess frv. sem við ræðum í dag. Frv. er ætla að koma í stað laga um Flutningsjöfnunarsjóð fyrir olíu og bensín nr. 81 frá 4. júlí 1985. Samkvæmt þeim lögum hefur flutningsjöfnunin náð bæði til sjóflutninga og landflutninga þannig að verðið á hverri olíutegund hefur verið hið sama hvar sem er á landinu meðfram allri ströndinni og inn á hálendið. Opinber flutningsjöfnun er þannig til komin að talið hefur verið rétt að jafna misþungan flutningskostnað einstakra olíufélaga með greiðslum úr svonefndum Flutningsjöfnunarsjóði. Í dag hefur sjóðurinn haft tekjur af sölu olíuvara á stöðum nærri innflutningshöfnunum en þeim mun meiri kostnað af dreifingu olíuvara því fjær sem sölustaðurinn er frá innflutningshöfn. Flutningsjöfnunargjaldið á hverri olíutegund hefur því endurspeglað meðalflutningskostnað á hvern lítra eða hvert tonn þegar litið er á landið í heild á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins hefur gert tillögur til Verðlagsráðs um upphæð flutningsjöfnunargjaldsins einu sinni eða oftar á ári. Gjaldið er um þessar mundir 1,04 kr. á lítra af bensíni, 1,20 kr. á lítra af gasolíu og 1,08 kr. á hvert kg af svartolíu.

Virðulegi forseti. Þær meginbreytingar sem frv., sem hér liggur frammi, felur í sér frá gildandi lögum, eru þrjár.

Í fyrsta lagi er lagt til að horfið verði frá því að jafna flutningskostnað við landflutninga á olíuvörum. Þessi kostnaður nemur um 40% af heildarkostnaði við flutningsjöfnun á olíuvörum eins og dreifingarkerfið er nú. En ég vek athygli á því að ekki er þar með sagt að þetta hljóti að vera svo vegna þess að flutningskerfið, dreifingarkerfið, er að sjálfsögðu að hluta til afleiðing af jöfnunarkerfinu sem hefur verið við lýði um langan aldur. Ég vek líka athygli á því að samkvæmt tillögum frv. yrði áfram flutningsjöfnun á olíuvörum sem fluttar eru með skipum til allra meginhafna á landinu, þ.e. hafna þar sem birgðastöðvar eru í dag. Þetta frv. gerir því efnislega ráð fyrir að a.m.k. 60% af flutningskostnaðinum verði áfram jöfnuð. Því til viðbótar má gera ráð fyrir að olíufélögin jafni sjálf kostnað á flutningi með bifreiðum af sinni álagningu enda eru þau víða í samkeppni á stöðum sem þurfa á landflutningum að halda.

Í öðru lagi felur frv. það í sér að öll núgildandi lagaákvæði um innkaupajöfnun verði úr gildi numin. Innkaupajöfnunarreikningur svonefndur er í dag látinn jafna sveiflur á verði bensíns og brennsluolíu á milli einstakra olíufarma sem til landsins berast. Þar sem verðlagning og innflutningur á olíuvörum hefur nú verið gefinn með öllu frjáls hverfur að sjálfsögðu þörfin fyrir sértök lagaákvæði um innkaupajöfnun þar sem olíufélögin hafa það nú sjálf í hendi sér hvernig þau standa að sinni verðlagningu. Niðurfelling þessara lagagreina um innkaupajöfnun er því rökrétt framhald af því að olíuflutningur til landsins og verðlagning á olíu hefur nú verið gefin frjáls. Með þessu er auðvitað að því stefnt að samkeppni aukist milli olíufélaganna um innkaupsverð á olíuvörum til landsins þannig að þau hafi frjálsari hendur um innkaup og verðlagningu en verið hefur og keppi á því sviði þar sem þau eiga að keppa, að útvega landsmönnum sem ódýrastar olíuvörur.

Þriðja breytingin sem frv. felur í sér er sú að hér er lagt til að afnumið verði ákvæði í gildandi lögum um það að söluverð á olíuvörum skuli vera hið sama til

sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu eins og nú er í lögum. Í stað slíkra ákvæða er hér lagt til að komi ákvæði þess efnis að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum afgreiðslustöðvum hans. Hér er að minni hyggju e.t.v. gengið skemmra en æskilegt hefði verið til þess að auka samkeppni í sölu á olíuvörum en ég leyfi mér að benda á að hið auglýsta verð, samkvæmt þessum lagaskilningi eða skilningi á þessu ákvæði frv., er hámarksverð og hver söluaðili getur veitt afslátt frá því verði, t.d. í sambandi við útboð eða stóra viðskiptasamninga.

Virðulegi forseti. Þeim breytingum sem frv. felur í sér er, eins og þær bera með sér, ætlað að efla samkeppni í sölu á olíuvörum. Eins og ég hef þegar nefnt var stigið mikilvægt skref í þessa átt um áramótin síðustu þegar innflutningur á olíuvörunum var gefinn frjáls en sú ákvörðun lagði jafnframt grunn að því að verðmyndun yrði gefin frjáls á þessum vörum. Í framhaldi af þessu ákvað Verðlagsráð í byrjun síðasta mánaðar að afnema verðlagsákvæði af þessum vörum. Þessar tvær mikilvægu ákvarðanir um frelsi í innflutningi og afnám verðlagsákvæða vega þyngst í því að efla samkeppnina á þessu sviði. Gildandi lög um flutningsjöfnun á olíu og bensíni hafa verið ákveðin hindrun í því að þessi samkeppni næði að þróast og frá frjálsum innflutningi á olíu fá olíufélögin aðhald þar sem stórnotendur, eins og t.d. fiskmjölsverksmiðjur, geta nú, ef þær svo kjósa, sjálfar flutt inn olíu ef þær telja það hagkvæmara fyrir sig.

Ég vil vekja sérstaka athygli á 10. gr. frv. en þar er í 1. mgr. ítrekað að lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti gildi um olíuviðskipti með því eina fráviki sem af jöfnun flutningskostnaðar leiðir sem þetta frv. fjallar um. Verðlagsráð mun fjalla um verðlagningu á olíuvörum á þann hátt að því ber að fylgja því eftir og líta eftir því að frjáls samkeppni ríki á þessu sviði og hefur að sjálfsögðu heimildir til að grípa inn í ef um er að ræða samráð söluaðila eða misnotkun á markaðsaðstöðu.

Í 2. mgr. 10. gr. segir að þó skuli miða við að „auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum hans um allt land. Hið sama gildir um gasolíu og bensín, sem afgreitt er í birgðageyma við lögheimili aðila, er þar stunda fasta staðbundna starfsemi."

Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir, eins og ég hef þegar nefnt, að olíufélögin veiti einstökum kaupendum afslátt í samningum. En þau hafa jafnan borið fyrir sig orðalag í núgildandi lögum þegar reynt hefur verið að bjóða út olíukaup stórra kaupenda og talið sig skorta lagaheimildir til þess að bjóða hagstæðara verð, selja á mismunandi verði. Hið auglýsta verð er hins vegar hámarksverð og eins konar trygging neytenda og það er ekkert því til fyrirstöðu að veita frá því afslætti eins og ég hef þegar lýst. Þetta auglýsta verð mun gilda fyrir alla almenna afgreiðslustaði olíufélaganna en seljandi getur haft annað verð utan þeirra, t.d. ef nauðsyn krefur að flytja olíuvörur til neytenda sem eru með verktakastarfsemi inni á hálendinu, svo ég taki dæmi, þar sem núgildandi flutningsjöfnunarkerfi hefur að mínu áliti leitt til óeðlilegrar verðmyndunar.

Með þeim breytingum sem þetta frv. felur í sér er enn frekar dregið úr þeim opinberu samkeppnishömlum sem ríkt hafa á þessu sviði undanfarna áratugi. En um leið er þó tryggð áfram að verulegu leyti jöfnun á flutningskostnaði þessarar mikilvægu vöru.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hér hefur hæstv. viðskrh. mælt fyrir einu nýju frv. frá hæstv. ríkisstjórn sem gengur í þá átt að auka ójöfnuð í landinu. Það er að mínu mati algjörlega rangt að sú breyting að gera olíuverslun frjálsa hljóti að leiða til jöfnuðar, en ég tel ótvírætt að af ákvæði þessa frv. um að flutningsjöfnun skuli aðeins ná til þeirra verslunarstaða sem eru við sjó muni leiða ójöfnuður.

Þessi flutningsjöfnun, sem í gildi hefur verið nú að undanförnu, á sér alllanga sögu. Fyrstu lögin sem samþykkt voru um þetta mál á þingi voru samþykkt 1952–53. Áður hafði þessu máli verið hreyft á Alþingi, fyrst með frv. árið 1949 sem tveir þáv. þingmenn fluttu, Jón Gíslason þingmaður Vestur-Skaftfellinga og Skúli Guðmundsson þingmaður Vestur-Húnvetninga. Það frv. náði ekki fram að ganga en eftir það voru fluttar og samþykktar þáltill. á næstu þingum en það virtist ekki vera nóg. Það kemur fram í framsöguræðu 1. flm. um frv., sem lagt var fram á þingi 1952–53, að sumarið áður hafi hæstv. viðskrh. tilkynnt í útvarpi að hann teldi ekki kleift að framkvæma verðjöfnunina nema með lagasetningu. Af þeim sökum væntu þeir, sem stóðu að flutningi þessara þáltill., að ríkisstjórnin mundi flytja frv. en það gerðist ekki. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sjónarmið hefur nokkuð verið uppi í umræðum um þetta mál áður að olíufélögin gætu og ættu sjálf að jafna verðið á þessari vöru. En okkur sem byrjuðum undirbúning þessa máls 1949 og kynntum okkur aðstæður að því varð strax ljóst að á því voru allmiklir örðugleikar enda býst ég við að ráðuneytið hafi, þegar til kom, rekið sig á það sama og við gerðum í upphafi. Örðugleikarnir byggjast sérstaklega á því að hér á landi er um nokkra aðila að gera sem annast bæði sölu og dreifingu á olíu og bensíni. Ef olíufélögin ættu sjálf að jafna þetta verð þá liggur í augum uppi að það mundi verða óhagkvæmt fyrir þau sem selja mest af þessari vöru úti um landið samanborið við hin félögin sem selja mest af þessum vörum á innflutningsstað. Ég býst við því að árangurinn yrði sá að ekkert af olíufélögunum vildi selja þessar vörur úti um landið þar sem flutningskostnaður er mikill og allra síst þar sem flutningskostnaðurinn er mestur og lengst að flytja. Til þess að framkvæma verðjöfnunina, þetta réttlætismál, sýnist því ekki vera annar kostur fyrir hendi en að mynda verðjöfnunarsjóð."

Þessi orð sem mælt voru fyrir nærri 40 árum eru enn í fullu gildi. Þess vegna virðist það augljóst að ef

fella á niður alla verðjöfnun á verslunarstöðum sem standa ekki á hafnarbakka muni það leiða til samdráttar í þjónustu. Olíufélögin standa í harðri samkeppni sín á milli og ég dreg ekki úr því að ég tel það jákvætt við þetta frv. að þau geti keppt um verð eins og þau hafa reyndar gert á sumum tegundum af bensínvörum. Sá verðmismunur virðist þó ekki hafa haft úrslitaáhrif á viðskipti fólks, hann hefur ekki verið svo mikill.

En til þess að félögin geti greitt þennan flutningskostnað til fjarlægustu staða af álagningunni einni saman yrðu þau að hækka útsöluverð sitt á hafnarbakkanum. Þau sem mest flyttu yrðu þá að leggja mest á og þar af leiðandi stæðu þau verr að vígi. Þá mætti reikna með að drægi úr sölu og þar af leiðandi minnkaði um leið geta þeirra til slíkrar verðjöfnunar á eigin kostnað.

Ekki er hægt að sjá hvernig hægt er að rökstyðja að þessi flutningsjöfnun geti ekki einnig náð til verslunarstaða fjarri höfnum úr því að verðjafnaður er flutningskostnaður á allar hafnir. Í gildi hefur verið, a.m.k. síðan 1982, reglugerð um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Þar eru teknir mjög margir verslunarstaðir á landinu, líklega nær allir. Enn hefur ekki komið fram tillaga um að breyta því en kannski verður það næsta skrefið. Vissulega er það rétt sem hæstv. viðskrh. sagði að verðjöfnun gengur út í öfgar, eins og hefur verið túlkað, að selja eigi bensín og olíu á sama verði hvar sem er uppi á hálendi. En það er hins vegar of stórt skref að mínu mati hjá ríkisstjórninni að telja að allir sveitabæir og verslunarstaðir sem ekki eru við hafnirnar eigi að missa slíka verðjöfnunarmöguleika.

Það er augljóst að fyrstu viðbrögðin mundu verða þau að útsölustöðum yrði stórlega fækkað, viðskiptavinir mundu þurfa að fara lengri leið til að sækja sína vöru. Ég skal ekki segja hversu fljótt þar yrði breyting á eða hversu langt þar yrði gengið. En þegar flutningskostnaðurinn er orðinn miklu meiri en öll álagning sem nú er gert ráð fyrir að fyrirtæki fái — og væntanlega verður álagning þeirra ekki hærri eftir að þetta hefur allt verið gefið frjálst — hlýtur afleiðingin að verða sú að áhuginn minnkar á að flytja vöruna langar leiðir.

Mér finnst að vísu dálítið erfitt að átta mig á tölum um kostnað við þetta. Í grg. með frv. segir að flutningsjöfnunargjald sé nú 1 kr. og 4 aurar af hverjum bensínlítra en hins vegar 1 kr. og 8 aurar á hvern lítra af gasolíu. Mér hefur skilist að ⅔ af bensíni séu fluttir eitthvað með bílum. Ég veit ekki hvort það er greitt flutningsjöfnun af því öllu, en aðeins ⅓ af gasolíunni. Þá er það dálítið undarlegt að hærri upphæð þurfi til þess að flutningsjafna gasolíuna en bensínið. En kannski er þar aðeins um að ræða dreifingu svo stutt frá birgðastöð en ekki er reiknuð flutningsjöfnun. Það væri æskilegt að fá frá hæstv. viðskrh. skýringar á því hvers vegna hærri kostnaður er við að flutningsjafna gasolíu en bensín.

En eins og ég sagði áður þori ég ekki að fullyrða hversu hröð sú þróun yrði að olíufélögin hættu að sinna dreifingarstöðum sem eru fjarri höfn en augljóst er að tilhneigingin yrði sú. Áreiðanlega mundi verða reynt eins og hægt væri að draga úr allri þjónustu svo að hún yrði miklu mun lakari.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að mótmæla því að olíufélögin geti veitt stórum viðskiptavinum afslátt þannig að ekki þurfi að reyra þetta í þá fjötra að ekki megi veita afslátt af hámarksverði þó að ákveðið sé að hið auglýsta verð eigi að vera hið sama um allt land. Ég sé ekki rökin fyrir því að ekki megi eins ákveða að verslunarstaðir á landi njóti verðjöfnunar úr sameiginlegum sjóði og tel að þeir verslunarstaðir eigi ekki að vera verr settir hvað réttindi snertir en hafnarstaðir. Ég sé ekki annmarkana á því framkvæmdalega.

Svo gæti farið að það yrði neyðarúrræði fyrir einstök svæði, sem mundu missa þjónustu ef útsölustöðum olíufélaganna yrði lokað, að mynda sérstök fyrirtæki til að annast þá þjónustu í staðinn fyrir að aka kannski tugi eða hundruð kílómetra til að ná sér í þetta á eigin kostnað. Það er eina leiðin til þess að hafa leyfi til að selja á hærra verði sem ég tel líka vera öfuga stefnu líka. En þó gæti orðið hagkvæmara að stofna félag um það og flytja olíuna sameiginlega nær sér en að hver og einn geri það út af fyrir sig. En þó að kveðið sé á í lögunum að hið auglýsta verð á útsölustöðum skuli vera jafnt er ekki hægt að skylda neinn til að selja nema það sem hann vill, eða a.m.k. er ekki gengið svo langt í frv. Ég sé því ekki að þetta frv. veiti neina tryggingu fyrir viðskiptavinina sem eru fjarri hafnarstað. Mér finnst ég hafa orðið var við að sumir hv. þm. telji að ákveðið um að auglýsta verðið skuli vera hið sama hjá hverjum innflytjanda tryggi jafna aðstöðu fyrir viðskiptavini um allt land. Í þessu frv. er a.m.k. ekki neinn skyldaður til að halda uppi þjónustu þar sem hann telur að hún sé sér óhagkvæm.

Í fréttum sem voru fluttar í sjónvarpi af þessu frv. þegar það var lagt fram var minnst á að tveir staðir á landinu mundu fara sérstaklega illa út úr þessari breytingu. Það væru Strandasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Ég þekki Vestur-Skaftafellssýslu betur og þar er fjarlægðin yfir 200 km frá þeirri dælu sem lengst er frá hafnarstað. Ég hygg að það sé alveg augljóst að þar sem um tiltölulega lítið magn er að ræða á slíkum útsölustöðum muni þeir verða lagðir niður.

Ég vil þó undirstrika með þessum orðum að ég tel, eins og ég held reyndar að hafi komið fram hjá mér, að til greina komi að gera einhverjar breytingar á núverandi reglum ef það mætti verða hagkvæmara fyrir heildina, ef menn geta fundið einhverja framkvæmdaleið til þess að gera þetta einfaldara. Kannski væri möguleikinn sá að bjóða flutninga út á einhverjum svæðum fyrir öll félögin í einu eða einhverjar aðrar ráðstafanir sem sjóðurinn gæti farið fram á til þess að um greiðslur yrði að ræða úr flutningsjöfnunarsjóðnum.

En aðalatriðið er að ekki sé gengið svona harkalega til verks við að mismuna fólkinu í landinu. Ég hygg að það magn af þessum vörum sem selt er á þeim stöðum þar sem um verulegar fjarlægðir frá hafnarstað er að ræða sé svo tiltölulega lítill hluti af heildinni að hart væri ef þjóðfélagið teldi sig ekki hafa efni á því að láta þá kaupendur njóta svipaðs réttar.

Að lokum er kannski rétt að benda á að sumir þeirra staða sem fara verst út úr þessu eru mjög mikilvægir fyrir ferðaþjónustu í landinu. Að draga stórlega úr þjónustu kæmi ekki einungis þeim íbúum illa sem þar eru heldur einnig þeim sem þar eiga leið um. Ég veit að jafnvel þó flutningskostnaðinum hafi verið jafnað þá hefur þurft töluvert að ýta á að fá viðunandi þjónustu fyrir ferðamenn þar sem menn geta lent í ófærð og erfiðleikum ef þeir geta ekki fengið eldsneyti nema kannski stuttan tíma á hverjum sólarhring.

Ég vil því vonast til þess að nefndin sem fær málið til meðferðar skoði allar hliðar á því og geri breytingu á svo að viðunandi sátt geti orðið um það á Alþingi og í þjóðfélaginu í heild.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Komið er til umræðu frv. þetta um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara sem nokkuð hefur verið í umfjöllun og fréttir höfðu borist af. Má segja að mál þetta sé í eðli sínu tvíþætt, annars vegar varðar það þær breytingar sem hafa orðið á viðskiptastöðu okkar Íslendinga gagnvart innkaupum á olíuvörum og ég hygg að um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið á grundvelli þeirra breytinga sé ekki mikill ágreiningur. Ljóst er að samningar okkar um innkaup á olíuvörum frá Austur-Evrópu eða fyrrum Sovétríkjum hafa runnið sitt skeið á enda vegna breytinga þar. Þeir voru börn síns tíma og þjónuðu vel viðskiptahagsmunum Íslendinga á þeim tímum þegar þeir voru gerðir og reyndar lítill vafi á því að þau viðskipti sem komust á og olíuinnkaupin voru m.a. hluti af lengst af voru báðum aðilum hagstæð.

En nú í ljósi breyttra aðstæðna er einnig lagt hér til af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að nokkur breyting verði á þeim ákvæðum laga sem gilt hafa um jöfnun olíuverðs í landinu eða bensínverðs. Þetta tvennt er þó í eðli sínu sitt hvort málið og ekkert endilega skylt. Að sjálfsögðu er hægt að gera breytingar sem lúta að því að gefa innkaup og þess vegna verðlagningu olíuvara frjálsa annars vegar en hins vegar að taka þennan jöfnunarþátt hvað flutningskostnaðinn snertir fyrir. Ég mun ræða þann þáttinn eingöngu og sé mig knúinn til að gera nokkrar athugasemdir og í öllu falli spyrja hæstv. viðskrh. spurninga um þá tilhögun sem hér er lögð til grundvallar.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst vera farinn tiltölulega krókótt leið að því markmiði að tryggja jöfnuð landsmanna gagnvart þessum mikilvægu vörum sem hinir innfluttu orkugjafar eða olíuvörurnar eru. Spyrja má, ef það sjónarmið ræður ferðinni á annað borð að jafna beri aðstöðu landsmanna í þessum efnum og æskilegast sé að þessar vörur séu á sama verði um allt land, hvers vegna skrefið er þá ekki stigið til fulls. Af hverju er látið við það sitja að jafna þetta að nokkru leyti? Hæstv. viðskrh. upplýsti að allt að 60% flutningskostnaðarins verði jafnaður út, en mín fyrsta spurning er: Hvers vegna aðeins 60% ef það sjónarmið ræður ríkjum að þarna sé æskilegt að jöfnuður ríki? Hvers vegna er skrefið ekki tekið til fulls? Að sjálfsögðu er eingöngu tæknilegt útfærsluatriði að ganga þá þannig frá málum, binda þannig um hnútana að þessi jöfnuður taki til landsmanna allra, til allra staða en ekki eingöngu nokkurra meginhafna.

Í þeim efnum sýnast í grófum dráttum vera tvær meginleiðir færar ef menn vilja taka skrefið til fulls. Annars vegar er að lögbinda að sama verð skuli vera á þessum vörum hjá hverjum og einum dreifingaraðila eða söluaðila alls staðar í landinu án tillits til þess hvar hann afhendir vöru sína. Vissulega væri hægt að undanskilja sérstaka kaupendur eins og að nokkru leyti er fjallað um í þessu frv., en það mundi þá eiga við um alla almenna viðskiptavini dreifingaraðilanna, samanber orðalag 10. gr. þar sem talað er um að við það skuli miða að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum hans. Orðalaginu væri mjög einfalt að breyta og gera það afdráttarlaust og í staðinn fyrir segja að „við það skuli miða" eins og gert er í 10. gr., þá ætti ósköp einfaldlega að vera lögbundið að sama verð skyldi gilda hjá hverjum og einum dreifingar- eða söluaðila á öllum almennum afgreiðslustöðum hans hvar sem væri í landinu. Þetta gæti þá gerst ósköp einfaldlega gegnum það að leggja þá kvöð á hvern þann sem selur þessa vöru eða dreifir henni um landið að hann undirgangist jafnframt þá skyldu að gera það á sama verði alls staðar í landinu. Jöfnunin færi þá fram í gegnum rekstur viðkomandi aðila en á því eru auðvitað ýmsir annmarkar eins og menn hafa séð, bæði fyrr og síðar eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Hin leiðin væri væntanlega sú, sem þetta frv. byggir á svo langt sem það nær, þ.e. að jöfnunin eigi sér stað í gegnum sjóð sem fjármagnaður sé með gjaldtöku af vörunum en að sú jöfnun og hlutverk þess sjóðs taki til landsins alls og skuli tryggja fullkominn jöfnuð í þessum efnum, ekki bara gagnvart hluta af landinu eða 60% af flutningskostnaðinum heldur taki til landsins alls.

Ég get verið sammála hv. síðasta ræðumanni um að væntanlega sjá menn ýmis tormerki á því að fara fyrri leiðina og hneigjast til þess að leita leiða til að gera þetta gegnum sjóð af því tagi sem hefur verið við lýði og þetta frv. gerir ráð fyrir að verði áfram fyrir hendi innan tiltekinna marka.

Ég hlýt jafnframt að benda á það, sem mér finnst mest umhugsunarefni varðandi framsetningu málsins á hinu háa Alþingi, að eins og lagatextinn sjálfur er lagður til í frv. þá yrði gengið tiltölulega skammt í jöfnunarátt í þessum efnum ef menn kysu að ganga eingöngu svo langt sem lögin ótvírætt mæla fyrir um að gert sé. Þá á ég við meginreglu 3. mgr. 1. gr. frv., en þar segir að jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nái til flutningskostnaðar frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem jafnframt teljast aðaltollhafnir við tollafgreiðslu skipa. Síðan kemur heimildarákvæði til handa ráðherra um að láta með reglugerð þessa jöfnun ná einnig til fleiri hafna og drög að slíkri reglugerð eru birt sem fskj. með frv.

Í öðru lagi er spurning mín til hæstv. viðskrh. hvort þær prósentutölur, sem hann fór hér með að um 60% af flutningskostnaðinum, eins og hann fellur til við dreifingu olíuvaranna í landinu, yrði jafnaður, séu á

grundvelli meginákvæða 3. mgr. 1. gr. eða á grundvelli þeirrar skipunar sem reglugerðardrögin gera ráð fyrir að taki gildi. Á þessu er nokkur munur eins og ég vænti að allir hv. alþm. hafi áttað sig á og mér finnst nauðsynlegt að fá það alveg skýrt fram hér hvort hæstv. viðskrh. var að tala um það ástand sem yrði í þessum efnum þegar beitt væri þeirri tilhögun sem reglugerðin gerir ráð fyrir, því þar er gert ráð fyrir að allmargar hafnir bætist við aðaltollhafnirnar, einkum þegar gasolíudreifingin á í hlut.

Þá er komið að þeirri spurningu sem getur verið sú þriðja: Hvers vegna er þá ekki í lögunum sjálfum gengið frá því hversu víðtæk olíuverðjöfnunin skuli vera? Hvers vegna er þar haft þrengra ákvæði sem eingöngu miðar við aðaltollhafnirnar en síðan er hv. Alþingi boðað að í reglugerð standi til að hafa framkvæmdina aðeins öðruvísi og víðtækari jöfnun á ferðinni. Nú þekkja menn muninn á reglugerð og lögum og maður hlýtur að spyrja sig að því hvað valdi því að hæstv. viðskrh. leggur það þá ekki ósköp einfaldlega í vald þingsins að fullu og öllu hversu víðtæk verðjöfnunin skuli þarna vera. Er það heppilegt að ganga frá slíkum atriðum í reglugerð sem gæti þá eftir geðþótta ráðamanna verið breytileg á mismunandi tímum? Eru einhver tæknileg rök fyrir því að binda þetta eingöngu við aðaltollhafnirnar í lögunum en reikna síðan með einhverri annarri útfærslu á þessu í framkvæmd, þó kannski breytilegri eftir efnum og aðstæðum hverju sinni eða jafnvel pólitískum viðhorfum þess sem ráðherradómi gegnir í það og það sinn og að þeim hlutum sé þá til lykta leitt með reglugerð? Hér eru auðvitað viðkvæmir hlutir á ferð sem geta varðað mjög t.d. innbyrðis samkeppnisstöðu byggðarlaga og samskipti og andrúmsloft í samskiptum nágranna og mér er stórlega til efs að það sé mjög farsælt að hafa lausung ríkjandi í þeim efnum til frambúðar litið með hvaða hætti sé að þessu staðið.

Það vekur í fjórða lagi upp spurningar um framtíðina. Er þetta undirbúningur og aðdragandi að einhverjum víðtækari breytingum en boðaðar eru nú með þessu frv. og þeim reglugerðardrögum sem þarna fylgja? Er verið að innleiða hér mismunandi verð á þessum orkugjöfum í einhverjum áföngum, einhverjum skömmtum? Er það e.t.v. vegna þess, eins og heyrst hefur, að mönnum í stjórnarflokkunum hafi þótt bitinn fullstór eins og hann var fyrst kynntur á sl. hausti. Að mönnum hafi fundist of bratt í það farið að innleiða mismunandi verð á þessum vörum eftir landshlutum og því sé þessi leið valin, að hafa þetta dálítið opið í frv. og þá væntanlegum lagatexta? Fyrst um sinn á að róa menn með því að ganga aðeins lengra í jöfnunarátt en lögin mæla fyrir um með reglugerðartextanum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að ræða þessa hluti hér hreint út og hafa engin undirmál í þeim efnum. Ég skora á hæstv. viðskrh. að gera okkur skýlausa grein fyrir því hvað vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. viðskrh. í þessum efnum og hve lengi er þá ætlunin að láta það fyrirkomulag standa sem hér er til umræðu.

Í fimmta lagi bendi ég á það að ákveðið misræmi mun koma upp á milli hinna einstöku orkugjafa eins og þetta er útfært á grundvelli reglugerðarinnar þar sem verðjöfnunin á gasolíu mun taka til fleiri hafna, samkvæmt reglugerðarákvæðinu, en verðjöfnun á bensíni. Það þarf e.t.v. ekki að hafa í för með sér alvarlega árekstra eða mjög óheppileg áhrif. Ég hef ekki hugleitt það mikið hvort svo verði en það vekur þó athygli mína að verðmunur á bensínvörunum milli staða gæti orðið meiri en hvað gasolíuna snertir og ég er ekki endilega viss um að það sé heppilegt. Og væntanlega getur hæstv. viðskrh. útskýrt hvað fyrir mönnum vakir í þeim efnum. Það kann að vera að mönnum hafi vegna þess hve mikilvæg gasolían er fyrir ýmsan atvinnurekstur úti um landið þótt ástæða til að verðjafna hana meira eða með víðtækari hætti en bensínvörurnar. Þar með er verið að segja að það sé í lagi að mismuna einstaklingunum meira en atvinnurekstrinum. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Einhvern veginn á þeim brautum hlýtur hugsunin í þessu að vera úr því að menn telja þetta heppilegt fyrirkomulag. Eða hvað? Eru einhverjar tæknilegar ástæður sem liggja til grundvallar því að verðjöfnunin á gasolíunni sé höfð víðtækari en á bensínvörunum?

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál, herra forseti, en vil taka af öll tvímæli um það að ég er ekki tilbúinn að standa að afgreiðslu málsins fyrr en ég hef alveg fullnaðarvissu fyrir því að aðstöðumunur manna eftir búsetu muni ekki aukast við þessar lagabreytingar. Ég tel meira en nóg um misrétti í ýmsum greinum þótt við förum ekki bókstaflega talað í öfuga átt í þessum efnum. Því auðvitað er það þannig, hversu lítil sem breytingin verður, að þá hlýtur hún verða til öfugrar áttar. Við höfum þó þrátt fyrir allt getað bent á að á þessu sviði hafa menn búið við jafnrétti hvar sem er á landinu án tillits til búsetu og fengið þessa vöru á sama verði og aðrir. Auðvitað á það að vera þannig áfram. Það ætti að vera hlutskipti hæstv. viðskrh. ef hann vill standa undir nafni, ég tala nú ekki um eftir átökin um nafnbreytinguna á Alþfl. fyrir skömmu, að hann legði til í frumvarpsformi algjöra verðjöfnun á öðrum orkugjöfum en léti olíuvörurnar í friði með fullkomna verðjöfnun eins og verið hefur. Þvert á móti ætti hæstv. viðskrh. að vera hér að mæla fyrir frv. til laga um t.d. breytingu á orkulögum í þá veru að dreifingaraðilar raforku yrðu skyldaðir til að afhenda hana á sama heildsöluverði til notenda og smásöludreifingaraðila alls staðar í landinu. En því miður hefur hlutskipti hæstv. viðskrh. orðið annað eins og þetta mál ber með sér.

Ég held að hægt væri að einfalda þessa hluti mjög. Menn þyrftu ekki að fara svona krókótta og hálfvolga leið að þessu marki, ekki frekar en þeir vildu. Það er ósköp einfaldlega hægt að gera örlitlar orðalagsbreytingar, t.d. á 1. og 10. gr. frv., og þar með væri málið afgreitt og í höfn með eða án sjóðs sem jafnar verð út með gjaldtöku á olíuvörum og síðan endurgreiðslu *flutningskostnaðar. Það er tæknilegt atriði en menn* geta kveðið með einföldum og skýrum hætti á um það í stuttum lagatexta að þessa vöru skuli verðjafna um allt land og hún skuli vera þar á sama verði. Ég er

boðinn og búinn að aðstoða við að finna heppilegt orðalag og afgreiða svo frv. þannig. Það má stytta frv. stórlega og mætti komast af með held ég nokkrar línur í lagatextanum til að taka af öll tvímæli um hvernig þetta eigi að vera.

Ég get því ekki sagt að fyrstu viðbrögð mín við þessu séu mjög góð, herra forseti, mér finnst frv. heldur hálfvelgjulegt. Þessari jafnaðarmennsku að 60% sem hæstv. viðskrh. er hér að leggja finnst mér erfitt að botna í. Er það þá orðið þannig að hæstv. viðskrh. sé orðinn 60% jafnaðarmaður, á sjó en ekki landi, og þar skuli setja mörkin við jafnaðarmennskuna, hún skuli vera 60% á sjó en engin á landi?

Þetta er náttúrlega alveg ný út gáfa af „jafnaðarmennsku" en þá nafngift er tæplega hægt að nota um hæstv. viðskrh. lengur og málatilbúnað hans hér og þaðan af síður um flokkinn sem hann og hæstv. heilbrrh. eru saman í eða voru síðast þegar ég vissi.

Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem hæstv. viðskrh. hefur lagt til að fái þetta frv. til umfjöllunar og ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að vinna þar að því að skoða málið með opnum huga og taka þátt í því að fara í gegnum þá tilhögun sem hér er lögð til og gera það fordómalaust. Ég tel hins vegar að áður en Alþingi getur afgreitt þetta mál frá sér þurfi að búa miklu betur um hnútana en hér er lagt til og a.m.k. þarf að vera ljóst hvað fyrir mönnum vakir í þessum efnum, hver sé framtíðarstefnan sem á að byggja á í sambandi við verðjöfnun á þessum mikilvægu vörum.

Ég legg svo áherslu á að í umræðum um þetta mál séu menn ekki að blanda saman þeim breyttu aðstæðum sem eru í okkar viðskiptaumhverfi gagnvart innflutningi og eftir atvikum ekki heldur gagnvart verðlagningu eða verðmyndun þessara vara. Það að gefa verðlagningu þeirra frjálsa er eitt, það að jafna út flutningskostnaðinn og tryggja að hann valdi ekki mismunandi vöruverði í landinu er allt annað. Það eru margar leiðir færar til að tryggja að mönnum sé ekki mismunað vegna búsetu gagnvart viðskiptum með þessar vörur, bæði það fyrirkomulag sem gilt hefur og ýmislegt annað gæti til greina komið. Aðalatriðið er að það liggi ljóst fyrir hver hinn pólitíski vilji manna í þessum efnum er, hvort það er þessi „60%-jafnaðarmennska" eða „100%-jafnaðarmennska" sem ég vil að sjálfsögðu framfylgja.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á frv. Mér finnst gæta mótsagna í því og í reynd ekki alveg ljóst að hverju er stefnt með flutningi þess.

Það hefur komið fram að ein af forsendum þess að frv. er flutt sé sú breyting sem orðið hefur á olíuviðskiptum milli Íslands og annarra landa og þá sérstaklega sú staðreynd að viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna hafa breyst mikið, nánast lagst af — eða réttara sagt hafa viðskipti við þau lýðveldi, sem nú hafa tekið við af hinum gömlu Sovétríkjum, ekki komist í það horf sem áður var.

Ég vil minna á þá staðreynd að þessi viðskipti voru Íslendingum hagstæð. Þau tryggðu markað fyrir vöru sem ekki var annars staðar, t.d. saltsíld og þau tryggðu jafnframt góðan markað fyrir karfa, sem dýrt er að vinna í neytendapakkningar hér á landi en hefur reynst hagstætt að flytja út t.d. til Sovétríkjanna ef ekki hefur þurft að leggja eins mikla vinnu í viðkomandi vöru og gengur og gerist með markaði á Vesturlöndum.

Okkur er að sjálfsögðu mikilvægt að komast inn á þessa markaði á nýjan leik. Við verðum að líta til þeirrar staðreyndar að gjaldeyrir í hinum nýju ríkjum er af mjög skornum skammti og langlíklegast að hægt sé að koma þar á viðskiptum með einhvers konar vöruskiptum eins og kunnugt er. Mér finnst þess gæta í of miklum mæli að það sé talið af hinu góða að þessi viðskipti séu ekki lengur fyrir hendi. Ég tel mikilvægt að þeim möguleikum sé haldið opnum og óttast að hæstv. núv. ríkisstjórn telji frjálsræðið svo mikils virði í þessum efnum að lítið megi af mörkum leggja til að endurheimta eitthvað af þessum viðskiptum. Ég minni t.d. á hvernig staðið var að síldarmálinu sl. haust.

Að öðru leyti á að sjálfsögðu ekki að blanda þessum málum saman eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. tók hér fram. Aðalspurningin er þessi: Eru hv. þm. meðmæltir því að jöfnuður eigi sér stað á ýmsum sviðum í landinu eða eru menn á því að hin frjálsa samkeppni og markaðurinn eigi að leysa öll mál? Ég býst við því að flestir aðhyllist frjálsa samkeppni og undirstriki mikilvægi markaðarins á þessu sviði en því eru þó nokkur takmörk sett hvað þessi lögmál geta leyst í okkar strjálbýla landi. Það hefur komið mjög skýrt fram að undanförnu að vöruverð úti um land er mun hærra en hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur t.d. komið fram að ákveðnir söluaðilar selja vörur á mun hærra verði út á land en hér á höfuðborgarsvæðinu til dreifingaraðila. Landsbyggðin stendur þannig undir þeim herkostnaði sem því fylgir að stunda hina miklu samkeppni á þessu svæði. Þetta er vissulega gott fyrir þá aðila sem hér búa en jafnslæmt fyrir þá sem eru lengra frá höfuðborginni.

Á vissum sviðum hefur þó verið bærileg samstaða um að jafna lífskjörin. Það á við um orkugjafa að nokkru leyti og á það hefur verið lögð áhersla að halda áfram á þeirri jöfnunarbraut. Rafmagn var selt á sambærilegu verði víðs vegar um landið þótt þar skorti allmikið á í dag. Það hefur átt við um vörur eins og sement og það hefur átt við olíu og bensín.

Nú verð ég að ætla það að hæstv. viðskrh. sé þeirrar skoðunar að jöfnun að þessu leyti eigi að vera til staðar í landinu. Mér fannst hins vegar að hann legði afskaplega mikið upp úr því í sinni ræðu að fjalla hér um frjálsa samkeppni og samkeppni milli aðila en legði minna upp úr því að ræða hvernig sæmilegri jöfnun yrði komið á. Það þarf ekki að vera svo, hæstv. viðskrh., að þessi orð standi hvort gegn öðru. Þau geta farið saman og það er viðfangsefni sem menn hafa hér að glíma við.

Eins og fram hefur komið þá stendur til, svo ég taki dæmi samkvæmt drögum að reglugerð sem hér fylgir með, að gasolía á Norðausturlandi, t.d. á Vopnafirði eða Bakkafirði, eða a.m.k. á Vopnafirði, Þórshöfn og

Raufarhöfn, verði seld á sama verði og gasolía annars staðar í landinu. Það er gert ráð fyrir því að verðjöfnun nái til þessara hafna.

Hæstv. viðskrh. segir að verðjöfnun muni ná að því er bensín varðar til viðkomandi hafna í gegnum verðjöfnun olíufélaganna sem þar selja með því að gert sé ráð fyrir því að þau auglýsi sama verð um allt land. Nú er flutningskostnaður á bensíni til þessara staða upp undir 7 kr. á lítra eða miklu hærri en nemur heildarálagningu. Er það mjög líklegt að olíufélögin vilji stunda slík viðskipti? Gengur hæstv. viðskrh. út frá því sem vísum hlut að olíufélögin séu full af slíkri sanngirni og góðsemi að þau gangi út í það eins og ekkert sé að selja bensín með bullandi tapi á þessum stöðum? Gerir hæstv. viðskrh. ráð fyrir því að miklu meiri sanngirni ríki hjá olíufélögunum en hjá núv. ríkisstjórn? Það má vel vera að það sé miklu meiri sanngirni hjá olíufélögunum en í ráðuneyti Davíðs Oddssonar. Ég er farinn að halda að það geti jafnvel verið svo að það sé rétt hjá hæstv. viðskrh. að meiri sanngirni muni gæta hjá olíufélögunum.

Ég verð að játa, hæstv. viðskrh., þótt ég hafi miklar efasemdir um sanngirni í ráðuneyti Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., að ég hef enga sannfæringu fyrir sanngirninni hjá olíufélögunum, enga sannfæringu fyrir því. En það má vel vera að hæstv. viðskrh. sé búinn að starfa svo lengi með þessum aðilum að hann treysti á það í blindni. Mér sýnist að allur málatilbúningurinn geri ráð fyrir að því megi teysta. Ég óttast hins vegar að það verði niðurstaðan að menn muni ekki standa lengur í því að selja bensín á þessum stöðum, þeir muni hætta því og þá sé ekkert annað að gera en að viðkomandi aðilar sæki sér þetta bensín með miklu meiri kostnaði eða þá skipta yfir í dísilbifreiðar. Auðvitað er hægt að breyta yfir í dísilbifreið og nota gasolíu. En þá er nauðsynlegt að breyta skattlagningunni á þeim bifreiðum þannig að einhverrar sanngirni sé gætt og gefa mönnum aðlögunartíma að því.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. Mér sýnist að þar sé í reynd gert ráð fyrir því að þeir sem fjærst búa höfuðstöðvum landsins eigi að greiða hærra bensínverð þótt það sé ekki sagt. Væri miklu heiðarlegra að gera það beint. Ég er andvígur slíkri stefnu þótt ég viðurkenni það vissulega að þörf er á að gera hér einhverjar breytingar. Það er ekki sama ástæðan til þess að vera með verðjöfnun uppi á hálendinu svo ég nefni dæmi, hæstv. viðskrh., og á Vopnafirði, svo ég taki það sem dæmi. Þar er engu saman að jafna. Ég get ekki fallist á það að fólk sem býr á Vopnafirði eigi annaðhvort ekki að fá bensín eða fá það fyrir mun hærra verð en gildir t.d. á Reyðarfirði eða Húsavík eða þá að þessir staðir séu alveg komnir upp á náð olíufélaganna. Mér er fullkunnugt um það að margir á þessum stöðum treysta ekki mjög vel ráðuneyti Davíðs Oddssonar. Ég held að ekki muni fara neitt öðruvísi fyrir þeim en mér, ég held að viðkomandi aðilar muni heldur ekki treysta góðsemd olíufélaganna.

Að öðru leyti mun ég fjalla um málið í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. sé tilbúinn til að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hér eru fram færð af stjórnarandstöðunni. Mér var sagt að um þetta mál hafi verið mikill ágreiningur í stjórnarflokkunum. Það er ekki að sjá á viðveru hv. þingmanna hér í dag að ágreiningur hafi verið mikill. Mér er fullkomlega óljóst um um hvað sá ágreiningur var ef þetta er niðurstaðan og lausnin á þeim ólíku sjónarmiðum, að niðurstaðan sé sú að allir hafi verið sáttir við það að treysta bara olíufélögunum. Ég trúi því vart að það geti verið tilfellið og vænti þess að takast muni að ná fram nauðsynlegum breytingum á málinu í meðferð efh.- og viðskn. og hæstv. viðskrh. sýni þar nokkurn sveigjanleika og töluvert meiri sanngirni en fram kemur í þessu frv.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja nokkur orð í tilefni af því að hér er til umræðu frv. til laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Ég vil þó í upphafi minnar ræðu víkja að ræðu hv. 2. þm. Suðurl. Hann fullyrti að frv. mundi auka mjög á ójöfnuð í landinu. Ég mótmæli því. Frv. mun ekki auka á ójöfnuð í landinu hvað varðar verð á olíu. Mér er næst að halda að það hafi farið fyrir hv. 2. þm. Suðurl. eins og ritstjóra Dags á Akureyri sem skrifaði heljarmikinn leiðara um þetta frv. en hafði þá í höndunum frumdrög að frv. og öll hans skrif byggðust á misskilningi en í frumdrögunum voru hugmyndir sem ekki eru í því frv. sem hér er til umræðu. Mér er næst að halda að hv. 1. þm. Austurl. hafi einnig verið með einhver slík plögg í höndunum þegar hann undirbjó sína ræðu.

Jöfnun á olíukostnaði er mikilvægur þáttur í okkar rekstri, bæði í atvinnurekstri og einnig í heimilisrekstri. Þess vegna var það á sínum tíma mjög merk löggjöf sem sett var 1952 um jöfnun á olíuverði í landinu. Síðan hafa orðið geysilega miklar breytingar bæði á atvinnuháttum og samgöngum þannig að sannarlega var orðin þörf á breytingum á þeirri löggjöf sem hefur verið í gildi um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Ég vil því þakka hæstv. viðskrh. fyrir það frv. sem hér er lagt fram og þann búning sem það er í hér þegar það er til umræðu í þinginu.

Eins og ég gat um var mjög mikil nauðsyn orðin á því að gera breytingar á lögunum um flutningsjöfnun á olíuvörum. Það var talið að flutningur hjá ýmsum olíufélögum væri óhagkvæmur og því væri nauðsynlegt með löggjöf að þrýsta á olíufélögin að ná fram ýtrustu hagkvæmni í þessum flutningum. Ég er alveg sannfærður um það að með samkeppni á milli olíufélaganna náist mikilvæg hagkvæmni og þannig sé hagsmunum landsbyggðarinnar best borgið en ekki með því að setja í reglugerðir eða lög hvernig skuli staðið að flutningi. Ég tel að það sé best gert með því að ná ákveðinni og virkri samkeppni á milli félaganna.

Í frv. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir því að fullkomin flutningsjöfnun sé á flutningum á sjó til tiltekinna hafna. Það er mjög mikilvægur þáttur og auðvitað grundvallaratriði varðandi verðlagningu á olíuvörum, að flutningur á sjó til aðalhafna sé jafnaður í gegnum flutningsjöfnunarsjóð.

Að hinu leyti gerir frv. ráð fyrir því í 10. gr., sem er afar mikilvægt og við þingmenn Sjálfstfl. lögðum ríka áherslu á, að hvert félag hefði sama auglýsta verðið á öllum afgreiðslustöðum sínum í landinu. Með því tel ég að hagsmunir landsbyggðarinnar séu tryggðir eins og hægt er um leið og efnt er til nauðsynlegrar samkeppni á milli olíufélaganna.

Ég tel ekki þörf á að orðlengja um frv., herra forseti. Ég styð það eins og það er, ég tel að það horfi til bóta og muni stuðla að lækkun á olíuvörum, jafnframt sem það tryggir landsbyggðinni viðunandi verðlagningu á olíuvörum. En ég tel það afar mikilvægt atriði, ekki síst gagnvart mikilvægustu atvinnuvegum okkar, útflutningsgreinunum og öðrum sem þurfa að kaupa olíuvörur í stórum stíl.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er auðvitað ákaflega mikilsvert og þýðingarmikið. Það hefur átt sér alllangan aðdraganda eins og fram hefur komið m.a. í fjölmiðlaumfjöllun, svo einkennilegt sem það er. Í sjálfu sér þarf ekki að undrast þótt þetta mál hafi tekið nokkuð langan tíma í undirbúningi. Hér er verið að taka á máli sem snertir hagsmuni mjög margra, getur komið við pyngju mjög margra og hefur áhrif á afkomu fólks. Kannski má segja sem svo að með frv. hafi verið gerð tilraun til að samræma tvö sjónarmið, annars vegar sjónarmið þeirra sem trúðu því að hægt væri að tryggja lágt vöruverð, lágt og jafnt olíuverð, með frjálsri samkeppni og hins vegar hinna sem vildu slá þarna varnagla og treystu því ekki að hin frjálsa samkeppni mundi leiða til þess markmiðs, sem ég hygg að flestir hafi verið sammála um, að olíuverðið ætti að vera sem jafnast í landinu.

Þetta mál hefur verið, eins og ég sagði, lengi í deiglunni. Það vakti auðvitað furðu margra þegar farið var að ræða efnisatriði frv. sem ekki var til en þannig háttaði til í janúarmánuði þegar umræða fór fram um frv. og þar hröpuðu margir að fljótfærnislegum ályktunum um hluti sem ekki voru orðnir til í raunveruleikanum.

Ég tel að vel hafi tekist til með frv. sem hér liggur fyrir að samræma þessi sjónarmið. Annars vegar að leiða í lög, ef samþykkt verður, að treysta betur undirstöður samkeppninnar sem er nauðsynleg forsenda fyrir því að tiltekin hagræðing eigi sér stað í þessari atvinnugrein. Hins vegar að slá nokkurn varnagla varðandi jöfnunina sem við, margir þingmenn stjórnarliðsins, töldum að þyrfti að vera fyrir hendi í þessu frv. til þess að það gæti verið ásættanlegt. Sú trygging kemur fram í 10. gr. frv. og er með þeim hætti að ég tel fyrir mitt leyti að komið sé þar með til móts við þau sjónarmið sem ég var að lýsa.

Ég held að það sé afar þýðingarmikið vegna þeirrar miklu umræðu sem hefur farið fram um olíuinnflutninginn að þessi mál hafi verið tekin til endurskoðunar. Það er ljóst að mjög mikil tortryggni var ríkjandi vegna þess skipulags sem var við lýði. Menn töluðu um að milli olíufélaganna ríkti í raun og veru engin verðsamkeppni, þar væri um að ræða þjónustusamkeppni vegna ákvæða verðlagslöggjafar. Þjónustusamkeppnin birtist í því að olíufélögin voru sífellt að reisa stærri og stærri olíumusteri og samkeppnin fór fram á því sviðinu en síður með því að þau reyndu að lækka verðið.

Þetta þarf kannski ekki að koma á óvart í ljósi þeirrar löggjafar sem hefur verið við lýði þar sem hagkvæm innkaup, ef þau hefðu verið til staðar, hefðu ekki endurspeglast í verðinu. Með þessu frv. er hins vegar brotið í blað að þessu leytinu. Með því frelsi í olíuviðskiptum, sem gert er ráð fyrir, munu hagkvæm olíuinnkaup endurspeglast í verðinu. Þess vegna má segja sem svo að sá sem gerir góð innkaup á olíu nýtur þess í verðlagningunni og væntanlega í betri samkeppnisstöðu. Eðlilega höfðu sumir áhyggjur af því, og sá sem hér stendur var meðal þeirra, að samkeppnin tryggði ekki þá jöfnun sem við teljum nauðsynlega á olíuverðlagningunni milli dreifbýlis og þéttbýlis, ekki endilega milli olíufélaganna því það er í sjálfu sér ekki keppikefli að mínu mati að olíufélögin séu öll með sama verð. Það er ekki markmiðið. Markmiðið er hins vegar, eins og kemur fram í 10. gr., að hið auglýsta verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum. Það er það sem við hljótum að keppa að en ekki að Skeljungur, Olíufélagið og Olís séu öll með eitt og sama verð þar sem ekki kemur fram hvort eitt félaganna geri betri innkaup en annað, hvort eitt félaganna dreifi olíunni með ódýrari hætti en annað.

Ég tel að með tvennum hætti sé trygging fyrir því að jöfnun á olíuverðinu muni nást fram ef þetta frv. verður samþykkt. Það er annars vegar með þessum varnagla sem sleginn er í 10. gr. og ég hef gert ítarlega að umfjöllunarefni og hins vegar með því að olíuviðskiptin í landinu eru auðvitað með nokkuð sérstæðum hætti. Þau eru með þeim hætti að þessi þrjú olíufélög dreifa olíunni um landið og hafa komið upp mjög miklu þjónustuneti í því skyni. Þau hafa þess vegna bæði síðferðilega skyldu varðandi dreifinguna og einnig er það hluti af þeirri ímynd sem olíufélögin þurfa að skapa sér að þau útvegi viðskiptavinum sínum olíuna á sem sambærilegustu verði.

Ég vil í því sambandi minna á að forstjóri Skeljungs ræðir þessi mál í Morgunblaðinu 4. jan. sl. og kemur inn á þessi atriði. Hann segist ekki hafa áhyggjur af bensíninu og telur að það verði á sama eða svipuðu verði alls staðar á landinu. Ég vek athygli á því að þetta eru hans orð áður en frv. sem hér liggur fyrir var orðið til í sinni endanlegu mynd. Hann segir jafnframt, með leyfi virðulegs forseta:

„„Ef skrefið væri hins vegar stigið til fulls og verð yrði gefið algjörlega frjálst yrði hvert félag fyrir sig að reikna út hvaða hagsmunir væru í húfi á hverjum stað og mín skoðun er sú að félögin mundu kappkosta að geta boðið sem hagstæðast verð hvar sem væri á landinu," sagði Kristinn að lokum."

Ég held einmitt að þetta sé mjög þýðingarmikið. Ég er alveg sammála því sem menn hafa sagt hér að það er ekki að treysta á innræti olíuforstjóranna ef málið snerist bara um það. Alveg eins og við getum ekki sagt sem svo að það sé af einhverri sérstakri elskusemi eða

ást á neytendum sem kaupmenn reyna að lækka vöruverð í samkeppninni núna. Það er ekki af sérstakri ást á neytendum, það er einungis vegna þess að þeir hafa sjálfir hag af því. Fulltrúar þeirra fyrirtækja, sem eru að reyna að standa sig í samkeppninni, reyna að útvega neytendum sínum vöruna á sem líkustu verði. Ég gæti vel ímyndað mér að í dag sé málið þannig að víða úti um landið gætu olíufélög sagt sem svo að þau spöruðu við að leggja niður einhverja afgreiðslustaði á smæstu stöðunum. Engu að síður kjósa félögin að halda úti þessum afgreiðslustöðum vegna þess að það er nauðsynlegur þáttur í þeirri viðskiptalegu ímynd sem þau þurfa að halda á lofti til þess að vera eftir sem áður stórt og öflugt olíufélag sem nýtist öllum landsmönnum. Olíufélagið hf., svo ég taki dæmi af stóru myndarlegu fyrirtæki sem þjónar aðilum vítt og breitt um landið, yrði auðvitað ekki svipur hjá sjón ef það tæki þá afstöðu núna að loka einhverjum sjoppum og afgreiðslustöðum úti um landið af því að þeir hefðu ekki af þessu neina stundarhagsmuni að reka þar fyrirtæki. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að langtímahagsmunir þess olíufélags yrðu rækilega fyrir borð bornir með því að taka ákvörðun af því taginu. A.m.k. væri það ekki tákn um stórmannlega afstöðu ef olíufélag af þessu taginu tæki þá ákvörðun, þrátt fyrir allt sitt afl, að loka afgreiðslustað í fámennu byggðarlagi.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé ekki rétt sem hv. 2. þm. Suðurl. hélt fram áðan að frv. gangi í þá átt að auka ójöfnuð í þjóðfélaginu. Ég held að miklu nær og miklu réttara sé, sem var niðurstaða leiðarahöfundar Dags þegar hann hafði lesið rétta frv., að þetta frv. sé til allra bóta og tryggi að í olíuviðskiptum verði ekki gengið frekar á rétt þeirra sem í dreifbýlinu búa frá því sem nú er. En leiðarahöfundur og ritstjóri Dags, málgagns Framsfl., komst þannig að orði í blaði sínu á föstudaginn var, 6. mars. Það var niðurstaða ritstjóra Dags eftir að hafa borið saman frumdrög þau sem höfðu einhverra hluta vegna lekið út, og hafa náttúrlega ekki nokkra minnstu pólitísku þýðingu, við hina endanlegu gerð frv.

Ég held að í raun og veru hafi tekist mjög vel að samræma hér sjónarmið sem ég hef rakið nokkuð ítarlega. Annars vegar það sjónarmið að nægjanlegri tryggingu fyrir hvoru tveggja, hagræðingu og jöfnun sé hægt að ná með því að gefa olíuverðlagninguna frjálsa. Hins vegar það sjónarmið að nokkurn varnagla þurfi að slá.

Ég tel að þegar á allt er litið og frv. er skoðað af sanngirni í heild sinni sé ljóst að býsna vel hefur tekist til með það að ná þessum markmiðum báðum. Það sést kannski best á því að margir þeirra sem hafa talað hvað ákafast fyrir því að ganga enn þá lengra í þeim efnum að gefa olíuverðlagninguna frjálsa telja að varnaglaákvæðið í 10. gr. sé til trafala. Að mínu mati er það hins vegar til áréttingar og tryggingar á því markmiði sem menn settu sér þegar verið var að vinna þetta mál, m.a. innan þingflokka stjórnarflokkanna, að tryggja að sú jöfnun sem menn vilja viðhalda í þessum efnum sé við lýði og um leið að hvetja til nauðsynlegrar hagræðingar og þess að það komi fram í verðinu þegar eitt olíufélag gerir betur en annað, annaðhvort við kostnað á dreifingunni ellegar við innkaup á olíunni og að viðskiptavinir þess félags fái að njóta þess eins og eðlilegt er þegar vel tekst til við viðskipti af þessu taginu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér hefur verið lagt fram er vissulega til þess fallið að auka frelsi í innflutningi og koma á frjálsari samkeppni og allt gott um það að segja svo langt sem það nær. Hins vegar er spurning hvort verið sé að fara inn á leið ójöfnunar og að frumskógarlögmálið verði að sumu leyti látið gilda. Í 2. gr. frv. segir að leggja skuli flutningsjöfnunargjald á allt bensín og olíu sem flutt er til landsins. Jafnframt er heimilað að greiða jöfnunargjald frá innflutningshöfnum til þeirra hafna sem jöfnun flutningskostnaðar nær til. Þ.e. leyfilegt er að greiða jöfnunargjald til þeirra hafna sem jöfnun flutningskostnaðar nær til en ekki talað um neina jöfnun á olíu sem flutt er með bílum á landi. Samkvæmt upplýsingum frá olíufélögunum er flutningskostnaður til ýmissa sölustaða, sem ekki falla undir drög að þeirri reglugerð sem fylgir með frv., mjög misjafn eins og sumir ræðumenn hafa komið inn á. Hæsta upphæðin sem nefnd er á flutningskostnaði olíuvara til slíkra hafna er á Norðurfirði á Ströndum þar sem flutningskostnaður á bensínlítra er 12 kr. og 5 aurar. Upphæðin er mjög misjöfn eftir stöðum og getur verið allt niður í innan við krónu, jafnvel nokkra aura. Mér finnst mjög ótrúlegt að olíufélögin séu svo góðhjörtuð að þau taki það að sér að selja olíu á sama verði um allt land á stöðum eins og ég nefndi áðan.

Þá vil ég einnig nefna 10. gr. frv., sem mjög hefur verið vitnað í að eigi að taka af allan vafa um að auglýst verð hvers innflytjanda eigi að gilda á öllum afgreiðslustöðvum. Þetta finnst mér engan veginn nógu ákveðið. Ef 10. gr. er ætlað að ná fram þessari jöfnun þarf, eins og komið hefur fram í máli nokkurra stjórnarliða, að orða hana mikið betur. Þar stendur aðeins, með leyfi forseta: „Þó skal við það miðað, að auglýst verð hvers innflytjanda gildi ...“ Ég er hrædd um að hægt verði að fara í kringum svo óákveðið orðalag. Ég vil einnig ítreka það að þessi flutningsjöfnuður er einungis til flutninga með skipum frá innflutningshöfn til aðaltollhafna. Þetta er ekki hugsað sem flutningsjöfnuður á allri olíu um landið. Ég held að skoða þurfi þessi jöfnunarákvæði mikið betur. Einnig væri fróðlegt að vita hvaða skilgreining er á því hvaða staðir fái jöfnunargjaldið og hvers vegna ekki er hægt að setja jöfnunargjald á flutninga á landi frá höfnunum.

Þetta leiðir svo aftur hugann að því að orkugjafar eru á mjög misjöfnu verði eftir því hvar þeir eru til sölu. Við vitum að það gildir um orkuverð á rafmagni og hita. En það verð er mjög misjafnt frá einum stað til annars. Þarna virðist mér vera farin öfug leið, þ.e. ójöfnuður í orkusölunni aukinn. Hingað til höfum við getað treyst því að bensín og olía væru á sama verði um allt land, ein af fáum vörutegundum sem það gildir um. Ef frv. verður samþykkt óbreytt er ekki hægt að treysta því lengur. Þess vegna sýnist mér að frv. gangi

fremur í þá átt að auka ójöfnuð í landinu heldur en draga úr honum.

Ég legg til að efh.- og viðskn., sem mun fá frv. til skoðunar, athugi vel þá agnúa sem á því eru og reyni að sníða þá af eftir því sem hægt er. Og að frv. komi til með að standa undir því að vera frv. til laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara en verði ekki til að auka ójöfnuð í sölu og dreifingu þessara vara.

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég ætlaði að leggja spurningar fyrir hæstv. viðskrh. og óska eftir að hann sé í salnum þegar ég mælti þessi fáu orð. Mundi virðulegur forseti gera ráðstafanir til þess að ná í ráðherrann? (**Gripið fram í:** Það er ekki til of mikils mælst.) Ég sé að hv. 1. þm. Austurl. er líka horfinn úr salnum en ég ætlaði einnig að fá að ávarpa hann. Ég get ekki gert kröfu til þess að hann komi í salinn en ætla engu að síður að flytja ræðu mína.

Ég fagna því að frv. er komið fram. Sérstaklega af þeirri ástæðu sem fyrir því er, að hinn 1. jan. sl. var ákveðið að gefa innflutning á olíuvörum til landsins frjálsan. Með frv. er brugðist við ýmsu af því sem hlýtur að sigla í kjölfarið þegar tekin er jafnviðamikil ákvörðun og sú að hætta viðskiptum við Sovétríkin sem hafa staðið, eins og fram kemur í grg. með frv., allt frá árinu 1953. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að viðskiptin við Sovétríkin um olíu væru orðin tímaskekkja. Ég tel að það hefði fyrir löngu átt að stíga þetta skref og heimila frjálsan innflutning á olíuvörum og bensíni en hætta olíuviðskiptunum við Sovétríkin. Eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austurl. áðan hafa verið skiptar skoðanir um þetta. Hann vék með þeim hætti að sovétviðskiptunum að hann taldi vissan missi af þeim og að Íslendingar ættu að leggja sig fram um að taka slík viðskipti upp að nýju. Ég vil láta þá skoðun koma í ljós að í sjálfu sér ætti það ekki að vera markmið að taka upp viðskipti með sama hætti við Sovétríkin fyrrverandi. Þau viðskipti hafa annars vegar stuðlað að því að olíuverslun hér á landi festist og var rígbundin í þær skorður sem ekki hafa leitt til hagkvæmustu viðskipta með olíu. Hins vegar hafa viðskiptin við Sovétríkin, sala á varningi þangað, ekki leitt til þeirrar vöruþróunar sem eðlileg er hér á landi og hafa tafið fyrir því að við tileinkuðum okkur bæði þá vinnslu á verðmætum og þær aðferðir við sölu á verðmætum sem koma sér best og skila mestum hagnaði fyrir íslenska þjóðarbúið. Því tel ég að löngu hafi verið tímabært að hrófla við þessum viðskiptum, breyta þeim og hætta olíuviðskiptunum við Sovétríkin.

Um þetta mál þurfum við ekki að deila lengur. Það leystist með hruni Sovétríkjanna og hruni þess kerfis sem þar var. Íslendingar eru ekki eina þjóðin sem hefur átt viðskipti við Sovétríkin og stendur nú frammi fyrir breytingum af þeim sökum. Breytingarnar eru enn þá sársaukafyllri fyrir þjóðirnar í Austur-Evrópu sem voru háðar Sovétríkjunum alfarið með orku og seldu þeim varning sem síðan er ónothæfur og enginn vill kaupa eftir að markaðirnir í Sovétríkjunum hrundu. Við getum séð og lesið mörg dæmi um það í hvílíkum vandræðum þau fyrirtæki í Austur- og Mið-Evrópu eru núna sem framleiddu sérstaklega fyrir Sovétmarkaðinn. Því miður held ég að þannig hafi verið komið fyrir ýmsum íslenskum fyrirtækjum sem byggðu einvörðungu á viðskiptum við Sovétríkin, að þau hafi dregist aftur úr og standi þess vegna veikari en ella, bæði vegna hruns Sovétríkjanna og einnig vegna þess að þar var ekki sú vöruþróun eða markaðsvinna sem nauðsynleg er til að halda velli við nútímalegar aðstæður í viðskiptamálum.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma fram vegna þeirra orða sem féllu í ræðu hv. 1. þm. Austurl. Þannig að þessi skoðun lægi fyrir í umræðunum um þetta mikilvæga mál, sem ég fagna að er fram komið.

Eins og ég sagði þá fagna ég því að frv. er komið fram og ætla ekki að gera einstök efnisatriði þess að umræðuefni í sjálfu sér. Ég tel að í máli manna hafi komið fram öll þau sjónarmið er varða frv. Þau sjónarmið hafa m.a. komið fram að sjálfstæðismenn felli sig við þá niðurstöðu sem fékkst í 2. mgr. 10. gr. og telji að með því hafi náðst viðunandi samkomulag. Aðrir hafa aðrar skoðanir eins og komið hefur fram og telja að með opinberri íhlutun eigi að stuðla að áframhaldandi virkri þátttöku opinberra aðila í verðmyndun á olíu. Ég tel það ekki af hinu góða og að ríkja eigi sem mest frjálsræði í sölu á olíu og bensíni innan lands eins og ríkir nú varðandi innflutning á þessum varningi. Og með frv. held ég að verið sé að taka á ákveðnu vandamáli sem kemur upp vegna þessara miklu breytinga. Þegar reynslan sýnir hver þóunin verður verðum við að gefa okkur tíma til að laga innri eftirspurn og innri nýtingu á olíu og bensíni að þessum breytingum og frv. er til að auðvelda okkur þá aðlögun.

Það sem mig langar sérstaklega að spyrja hæstv. viðskrh. um í þessu sambandi eru einkum tvö atriði. Annars vegar spurningin um það hvort ríkisstjórnin hafi velt fyrir sér þátttöku í Alþjóðaorkumálastofnuninni í framhaldi af þeirri ákvörðun sem tekin var 1. jan. 1992 að heimila frjálsan innflutning á olíuvörum. Þegar olíuviðskipti voru til umræðu og hafa verið til umræðu um langt árabil sem kunnugt er, hefur sú spurning oftar en einu sinni komið upp hvort Íslendingar ættu ekki að taka þátt í alþjóðasamtökum, sem m.a. miða að því að tryggja að í aðildarlöndunum séu nægar birgðir af olíu á hverjum tíma þannig að öryggis sé gætt og ákveðin neyðarsjónarmið höfð í huga. Á sínum tíma, fyrir rúmum áratug, kom í ljós að Sovétmenn voru á móti því að Íslendingar tækju þátt í þessum samtökum og íslensk stjórnvöld létu fara fram ákveðna athugun á því, en fallið var frá áformum um þátttöku í Alþjóðaorkumálastofnuninni. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort þau mál séu til athugunar og hvort ríkisstjórnin hafi mótað afstöðu í því efni.

Einnig vil ég varpa fram þeirri spurningu til hæstv. viðskrh., vegna þess að að því var vikið í ræðu hv. 1. þm. Austurl., hvort um það hafi verið fjallað og menn velt því fyrir sér að þessir breyttu viðskiptahættir með olíu og bensín eigi að hafa áhrif á skattlagningu t.d. á bifreiðum. Þá vísa ég sérstaklega til þungaskatts og

annarra slíkra reglna sem hafa verið í gildi og bera nokkurn keim af því að menn eru að jafna olíuverð og jafna á milli farartækja eftir því hvernig vélar eru í þeim o.s.frv. Og hvort um það hafi verið rætt í ríkisstjórninni að breyta slíkum reglum og fylgja þeim breytingum eftir sem urðu 1. jan. sl. með þeim hætti að líta á fleiri þætti varðandi olíuviðskiptin og afskipti hins opinbera af þeim eða aðeins á það sem lýtur að flutningsjöfnuninni. Þótt hún sé mikilvæg eru ýmis önnur atriði sem hafa þróast og þroskast í skjóli þeirrar einokunar sem ríkt hefur í þessum efnum og ástæða væri að líta á. Ég vildi spyrja hæstv. viðskrh., hvort litið hafi verið á önnur atriði sem þessu nýja frjálsræði tengjast.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að hv. 3. þm. Reykv. hafi upplýst að í reynd telji hann viðskiptin við Sovétríkin hafa verið óhagkvæm fyrir Íslendinga. Þessi skoðun kemur ekkert á óvart vegna þess að hún hefur birst á síðum Morgunblaðsins árum saman og hv. núv. þm. ritað um þessi mál. Í hvert skipti sem gera átti samninga við Sovétríkin birtust leiðarar í Morgunblaðinu sem báru þess vitni að þau öfl í samfélaginu voru mjög andstæð þessum samningum. Ég vil hvetja hv. þm. til að ræða það við íslenskan sjávarútveg, íslenska atvinnuvegi, hvort þessi viðskipti voru hagstæð eða ekki. Og ég vil leyfa mér að spyrja: Fagnar hv. þm. því að engin síldarviðskipti eru nú við Sovétríkin og hvar telur hann vera líkur á að endurvinna þá síldarmarkaði? Ætli það sé ekki alveg ljóst að ef við eigum að gera okkur einhverjar vonir um að selja síld í þeim mæli sem við höfum gert, þá verðum við að leita aftur inn á markaðina í Austur-Evrópu. Og það er alveg ljóst að fyrst í stað, a.m.k. á meðan gjaldeyrisviðskipti eru að þróast þar, verða að koma til vöruviðskipti. Ég tel það mikilvægt að hv. þm. hefur upplýst þetta við umræðuna. Ég vil lýsa því yfir að ég er algerlega ósammála þessu og tel í reynd að þessi viðskipti hafi sannað sig í gegnum tíðina og verið okkur Íslendingum mjög hagkvæm.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vonandi gefst einhvern tímann síðar betra tækifæri til þess að ræða almennt um Sovétviðskiptin á hinu háa Alþigi. Ég vildi aðeins láta þessi sjónarmið mín, sem ég hef þegar sett fram, koma fram í þessum umræðum vegna orða hv. 1. þm. Austurl. Ég vissi að þau kæmu honum ekki á óvart, jafnmikið og jafnlengi sem um þetta mál hefur verið fjallað.

Ég sleppti því í ræðu minni að fjalla um hinn pólitíska þátt viðskiptanna. Um það gæti ég flutt langt mál en ég kýs að gera það ekki. Ég tek fyllilega undir það með hv. 1. þm. Austurl., að að sjálfsögðu hafa viðskipti Íslands og Sovétríkjanna verið okkur hagstæð. Ég dreg það ekki í efa. Hins vegar tel ég að löngu hafi verið tímabært að hverfa frá þeim í þeirri mynd sem þau voru. Eins og ég sagði áðan tel ég þau hafa heft vöruþróun hér á landi, þau hafi farið að vinna gegn því að við stæðum okkur í samkeppni og næðum besta verði sem okkur væri unnt fyrir afurðir okkar. Ég held að við sjáum m.a. afleiðingar þess í síldarviðskiptunum. Ég vona að t.d. samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið og breyttar tollareglur á Evrópumarkaði geri okkur kleift að endurvinna eitthvað af þeim markaði sem við áttum í norðurhluta Evrópu og við Eystrasaltið í síldarviðskiptum og að nýir hættir í vinnslu á afla muni gera okkur fært að nýta síldina með þeim hætti að hún gefi okkur sem mest í aðra hönd.

Því miður held ég að þróunin á Sovétmarkaðinum hafi verið þannig að hún hafi verið farin að vinna gegn eðlilegri vöruþróun á þessum dýrmæta varningi.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins minna á að mikið af þeirri síld sem við höfum veitt á undanförnum árum hefur farið í bræðslu. Við höfum ekki getað selt alla síld til manneldis sem við höfum veitt. Því er ekki rétt að halda fram að síldarsalan til Sovétríkjanna hafi hamlað gegn vöruþróun. Það vill svo til, hv. þm., að mikið offramboð hefur verið á síldarmörkuðunum vegna veiði við Kanada og Evrópu. Ljóst er að þótt menn nái nýjum samningum um Evrópska efnahagssvæðið — og það hefur ekki komið í ljós enn þá hvernig síldarviðskipti okkar eru tryggð í þeim samningum vegna þess að frá þeim hefur ekki endanlega verið gengið — þá mun okkur ekki takast að endurvinna þá markaði í Vestur-Evrópu. Þess vegna hljótum við að hafa augun opin fyrir því að fara í vöruviðskipti við Austur-Evrópulöndin, ef það getur orðið til þess að gera útflutningsvöru okkar verðmætari. Það er líka mikilvægt, hv. þm., og það á ekki að blanda saman stjórnmálaskoðunum og viðskiptum. Ég tel að það hafi að vissu leyti verið gert af hv. þm. sem nánast heldur því fram að ekki hafi átt að stunda viðskipti við Sovétríkin í þeim mæli sem gert var vegna hins pólitíska ástands þar. Ég hef alla tíð verið andvígur hinu sovéska kerfi en ekki séð nokkurn skapaðan hlut á móti því að eiga við þá viðskipti. Með sama hætti hljótum við að eiga viðskipti við lýðveldin í Austur-Evrópu og gera það með vöruviðskiptum ef það reynist okkur hagkvæmt.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé ágreiningur á milli 1. þm. Austurl. og mín um að nauðsynlegt sé að fá sem hæst verð fyrir íslenskar framleiðsluvörur og einnig sé nauðsynlegt að selja þær og vinna þannig að þær komist á þá markaði þar sem hæst verð er greitt. Að sjálfsögðu ætti það að vera sameiginlegt markmið okkar og ég tel þess vegna að það hafi verið tímabært fyrir löngu að draga úr Sovétviðskiptunum. Við höfum staðið í sömu sporum og þær þjóðir sem nú eiga í miklum erfiðleikum, að hafa framleitt fyrir markað sem gerði engar kröfur. Þetta er vandamál sem við stöndum frammi fyrir og verðum að laga okkur að.

Varðandi stjórnmálaskoðanir mínar og viðskiptin við Austur-Evrópu og Sovétríkin vil ég láta þess getið að þau mál sem ég hef rætt um í þessum efnum á

undanförnum árum hafa allt verið sérgreind mál, þar sem ég hef tekið fyrir einstök atvik sem upp hafa komið og fjallað um þau. Sérstaklega er mér minnisstæð hin harða deila sem varð sumarið 1982 um svokallaðan efnahagssamning við Sovétríkin. Vonandi fáum við tækifæri til þess að ræða einstök atriði síðar og þau breyta engu um það álit mitt að það hafi fyrir löngu verið tímabært að huga að öðrum mörkuðum en í Sovétríkjunum og að við stæðum betur að vígi nú ef það hefði verið gert fyrr. Og ég harma að hv. 1. þm. Austurl. skuli ekki hafa áttað sig á því.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma inn á það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í upphafi. Ef ég hef tekið rétt eftir trúi ég varla mínum eigin eyrum þannig að ég vil fá það staðfest. Lítur hann svo á að þetta frv. sem hér um ræðir og þær breytingar sem verða í olíuviðskiptum þýði að viðskipti við Sovétríkin séu aflögð? Ég tók svo eftir í ræðu hans. Á hvaða rökum byggir hann að þau viðskipti hafi verið óhagkvæm í gegnum árin? Liggja einhverjar kannanir þar að baki að þau hafi heft vöruþróun eða verið óhagkvæm? Eru einhverjar tölulegar kannanir þar að baki? Mér blöskraði reyndar alveg þegar hv 3. þm. Reykv. talaði um að Sovétmarkaðurinn hefði ekki gert neinar kröfur.

Ég hef gengið um margar síldarsöltunarstöðvar og gaman væri að sjá framan í þá menn sem þar eru ef sagt væri við þá að Sovétmarkaðurinn hafi ekki gert neinar kröfur. Hann hefur gert það miklar kröfur að margir hafa átt í það miklum erfiðleikum með að standa undir þeim og orðið að leggja í miklar fjárfestingar vegna þeirra og þróað vörur sínar vegna þeirra. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna ræðu hv. þm.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Raunar er óþarfi fyrir mig að halda þessu áfram því að hv. 2. þm. Austurl. endurtók það sama og við ræddum hér, ég og hv. 1. þm. Austurl. En ekki þurfti þetta frv. sem hér liggur fyrir til til þess að viðskiptin við Sovétríkin legðust niður. Sovétríkin hafa verið lögð niður og þetta frv. breytir engu um það.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. kaus þann kost að snúa út úr spurningu minni. Ég get þá orðað hana skýrar þannig að hægt sé að svara henni án útúrsnúninga. Lítur hann svo á að þetta nýja frelsi í olíuviðskiptum og það frv. sem hér um ræðir, sem er hluti af því, þýði að viðskipti við þau lýðveldi eða við þau ríki sem mynduðu Sovétríkin fyrrum séu lögð niður?

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það muni ráðast af markaðsaðstæðum hvort íslensk fyrirtæki vilji eiga viðskipti við fyrirtæki í Rússlandi eða öðrum samveldislýðveldum og það verði að koma í ljós hvernig þau mál þróist. En ég tel að það sé ekki sérstakt hlutverk íslenska ríkisvaldsins að stofna til slíkra viðskipta.

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hefur verið lagt fram um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara er væntanlega til komið í kjölfar þess að innflutningur á olíu hefur verið gefinn frjáls hér á landi. Greinilegt er að markmiðið með þessu frv. er meiri hagkvæmni í kjölfar ákvörðunarinnar um frjálsan innflutning og auðvitað er hægt að fagna því að tilgangurinn er góður.

Hins vegar sé ég ekki að ráðið sem beita á til þess að ná fram meiri hagkvæmni sé annað en að það eigi að skerða verulega og í sumum tilvikum afnema flutningsjöfnun á olíum og þó sérstaklega bensíni. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég sé ekkert eða a.m.k. mjög lítið samhengi á milli þess sem þarna er um að ræða. Ég tel a.m.k. að það að fella niður verðjöfnun sé engin forsenda þess að meiri hagkvæmni náist í olíuviðskiptum og verð geti lækkað hér á landi. Ég held þvert á móti að hagkvæmnin og þá væntanlega sú hagkvæmni sem stefnt var að með því að gefa innflutninginn frjálsan eigi að koma fram í innkaupum olíufélaganna og í rekstri þeirra og það sé á þeim grundvelli sem þau eigi að keppa. En í rauninni er ekkert hagkvæmnisatriði að fella niður verðjöfnun vegna þess að áfram mun kosta ákveðnar upphæðir að flytja olíur og bensín og við sem búum á þeim stöðum þar sem ekki verður full eða jafnvel engin verðjöfnun þurfum áfram að nota olíur og bensín nema meiningin sé að menn hafi sig bara þaðan brott og búi á „almennilegum" stöðum á landinu. Ég held að alveg útilokað sé að ná niður verði á þessum vörum með því að íbúar og atvinnulíf landsbyggðarinnar beri herkostnaðinn. Það held ég að sé gert vegna þess að í grg. með frv. stendur, með leyfi forseta:

„Er þá gert ráð fyrir að dreifingarkostnaður olíu greiðist að öðru leyti af álagningu dreifingaraðila." Náttúrlega er alveg ljóst að annaðhvort verður dreifingaraðilinn að sætta sig við lægri álagningu eða kaupandinn við hærra verð og hagkvæmni heildarinnar er vandséð með þessu móti.

Ég tel með öðrum orðum að þetta frv. leiði til ójöfnuðar en ekki jöfnuðar eins og fram hefur komið hjá öðrum ræðumönnum. Ég sé ekki betur en jafnvel þó svo hér sé að sumu leyti gengið lengra í þeim drögum að reglugerð sem fylgja frv. en kemur fram beint í frv. sjálfu eru menn engu að síður komnir upp á ákvarðanir viðkomandi ráðherra og reglugerðarsetningu og þetta skapar a.m.k. óöryggi og óvissu.

Í öðru lagi kemur reyndar líka fram í sömu greinargerð að öll þessi ráðstöfun eigi að leiða til aukinnar hagkvæmni í dreifingu olíuvara og lægri kostnaðar þegar á heildina er litið. Það kann vel að vera að það sé þegar á heildina er litið. En ég held samt sem áður að þetta sé ekki svona einfalt mál. Ég sé í sömu greinargerð að flutningsjöfnunargjald sé rétt rúm ein króna á lítrann. Flutningskostnaður á suma af þeim stöðum þar sem ekki er gert ráð fyrir að verði flutningsjafnað

er margar krónur og þess vegna getur vel verið að á sumum stöðum verði hægt að lækka verð á þessum vörum en á öðrum stöðum þarf kannski að stórhækka það.

Við þekkjum ýmis dæmi um mismun á vöruverði í Reykjavík og úti á landi. Ég vil í því sambandi minna á þá umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum að undanförnu þar sem fram kemur að svo virðist sem ýmsir heildsalar í Reykjavík selji til smásala úti á landi á hærri verði en útsöluverðið er í Reykjavík, a.m.k. á sumum útsölustöðum. Ef þetta er sá jöfnuður sem stefnt er að með þessari lagasetningu þá gef ég a.m.k. lítið fyrir hann.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan í ræðu sinni að ákvæðið í 10. gr. um að sama verð gilti alls staðar á útsölustöðum hvers söluaðila tryggði hagkvæmni í olíusölunni og lægra verð. Ekki veit ég hversu rétt þetta er, en ég held að það tryggi a.m.k. ekki meiri hagkvæmni en svo að það gæti tryggt hana á þeim stöðum þar sem þessar vörur yrðu til sölu. En ekki er víst að þær verði alls staðar til sölu. Nú er ég svo sem ekki að ímynda mér að það verði bara að loka öllum olíuútsölustöðum þar sem ekki er full flutningsjöfnun. En við höfum mörg dæmi um að svokölluðum „óhagkvæmum" rekstrareiningum hafi verið lokað og við höfum reyndar líka dæmi um það í olíusölunni að olíusölustöðvar eru bara opnar hluta úr árinu. Hér hafa margir minnst á að olíusalan væri mikilvæg fyrir ferðamannastraum í landinu og mikið rétt, enda eru margir olíuútsölustaðir eingöngu opnir yfir ferðamannatímann. En því miður þarf að aka og gera ýmsa aðra hluti á öðrum tímum ársins og ekki hefur tekist allt of vel að lengja ferðamannatímann.

Ég vil taka undir það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði að í þessum efnum erum við algerlega háð velvilja olíufélaganna ef þessi verður skipan málanna. Ég vil reyndar bæta því við að við erum í reynd ofurseld lögmálum óheftrar samkeppni. Ég vil líka bæta því við að ég held að það sé alltaf álitamál hvað er hagkvæmt og hvað er heppilegt og ég held að það sé ekki gott að þurfa að lúta því um of hvað ráðherra þykir heppilegt og hagkvæmt. Það getur skipt máli hvaðan maður sér hlutina. Svo að dæmi sé tekið úr umræðunni í vetur þá getur vel verið að það hafi verið hagkvæmt eða heppilegt fyrir einhverja að skerða þjónustuna á sjúkrahúsinu á Blönduósi en ég efast um að það hafi verið sérstaklega hagkvæmt fyrir t.d. Blönduósinga eða Húnvetninga.

Það þótti líka mjög óhagkvæmt að reka skóla í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þar voru víst aðeins 15 eða 20 nemendur. Fyrir hverja var það óheppilegt? Ekki fyrir þessa nemendur og ekki fyrir þjóðfélagið í heild heldur nema það hafi verið ráðið að þeir hættu bara í skóla. Þeir hafa væntanlega þurft að fara eitthvert annað í skóla og það er dýrt alveg á sama hátt og það kann að hafa verið dýrt fyrir nemendur annars staðar að koma þangað. Það er alltaf álitamál hvað er heppilegt og hvað er hagkvæmt. Ég held að við verðum að hafa það öll að leiðarljósi að við erum að stefna að jöfnuði í landinu, ekki aðeins í heildina séð, heldur fyrir hvern og einn þjóðfélagsþegn eftir því sem við verður komið. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að hugsunin á bak við frv. sé jákvæð. En ég held að árangurinn yrði afar óheppilegur og í besta falli afar óljós ef það yrði að lögum óbreytt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti hefur tekið upp þá aðferð að tilkynna nokkrum sinnum hvenær menn eigi að taka til máls svona til að reyna á taugar manna, hversu lengi þeir geti verið viðbúnir og auðvitað er þetta mjög klókt hjá hæstv. forseta.

Hér er flutt frv. til laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Þegar maður sér frv. sem er ætlað að breyta lögum þar sem jöfnuður er þá spyr maður sjálfan sig fyrst: Er hugsanlegt að frv. sem breytir frá jöfnuði til ójöfnuðar eigi að bera það nafn að það sé frv. til laga um jöfnun? Þetta minnir mig dálítið á þá góðu bók Félagi Napóleon og þá merkilegu niðurstöðu sem félagi Napóleon komst að — þetta var skjöldótt svín eins og menn muna. Hann komst að þeirri niðurstöðu að allir ættu að vera jafnir en aðeins mismunandi jafnir. Og ég sé það að hv. 17. þm. Reykv. hefur kynnt sér þessar bókmenntir vel. (**ÖS:** Partur af fortíðinni.) Partur af fortíðinni. (**Gripið fram í:** Það er svolítið annað en að vera í Alþb.)

Mér finnst stundum eins og flutningur hæstv. viðskrh. beri keim af því að hann hafi mótast af kenningum félaga Napóleons og hann sé ekki síður skæður flytjandi mála sinna í þessum þingsal en félagi Napóleon var í sínu umhverfi að boða þær breytingar sem hann taldi nauðsynlegar til þess að fullnægja því sem hann kallaði að sjálfsögðu réttlæti. Allir eiga að vera jafnir, aðeins mismunandi jafnir. Og það er dálítið merkilegt að lifa það að það skuli vera ráðherra úr Alþfl., ráðherra úr Jafnaðarmannaflokki Íslands, sem telji að það séu brýnustu verkefnin að flytja frv. sem þetta.

Það er viðskiptahalli hjá Íslendingum við útlönd upp á háar fjárhæðir. Eitt af því sem stuðlaði að því að auka þennan viðskiptahalla var að við hættum að flytja út saltaða síld. Það kostaði okkur meiri ójöfnuð í viðskiptum við útlönd. Við höfum haft verulegan viðskiptahalla við allar þessar svokölluðu vinaþjóðir okkar, þessar súperþjóðir með góðu markaðina í Evrópu. Þar er viðskiptahalli við hvert einasta land. Það er vel að múhammeðstrúarríkin verði sérgrein hv. 4. þm. Norðurl. e., ég skipti mér ekki af viðskiptum þar. En ég spyr aftur á móti sjálfan mig í þessari miklu draumsýn um frelsið sem menn eru að tala um hvort geti verið að fortíðarvandi núv. ríkisstjórnar sé svo stórkostlegur að Sovétríkin, sem eru nú liðin undir lok, séu enn þá sá ásteitingarsteinn að nauðsynlega þurfi að breyta lögum vegna ríkis sem líður undir lok til þess að ríkið sem liðið er undir lok skaði ekki Íslendinga. Fær það staðist að svo sé komið? Er hugsanlegt að þessu vandamáli sé svo komið að það sé rétt að taka upp á Alþingi utandagskrárumræður um ríki sem liðið er undir lok og hvort það ríki sem leið undir lok hefur skaðað okkur Íslendinga? Ef Alþingi væri sagnfræðistofnun væri þetta auðvitað fróðlegt viðfangsefni.

En ef við hugum að framtíð horfum við á það að þær aðgerðir sem hér er verið að leggja til munu enn stuðla að því að færa byggð á Íslandi saman. Ég er haldinn þeirri áráttu að trúa því að það sé miklu veglegra hlutverk fyrir höfuðborg Íslands, Reykjavík, að vera höfuðborg landsins en að vera eina borg þess. Það er nefnilega sorgleg staðreynd að borgríki liðu flest undir lok ef við skoðum söguna. Þau liðu undir lok þegar þau hættu að verja sitt uppland og gerðu sér ekki grein fyrir því að styrkur þeirra fólst í því að verja upplandið.

Mér er ljóst að sá flutningsjöfnuður sem verið hefur í landinu hefur í reynd þýtt að hærra verð hefur verið á bensíni í Reykjavík en hefði þurft að vera en lægra verð á bensíni úti á landi. Þetta er söguleg staðreynd. Þetta vita allir. Enginn veit þetta betur en hæstv. viðskrh. en hann er orðhagur maður og fer í kringum þetta af mikilli lagni. Við getum áttað okkur á því hvað gerist núna með því að skoða hvernig ástandið var áður en jöfnunin var sett á en það voru sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem komu þeirri jöfnun á á sínum tíma.

Nú vil ég ögn víkja að þeirri framtíðarsýn sem tveir hv. þm. hér í salnum hafa séð fyrir sér, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Vesturl. Ég trúi því að báðir hafi horft til sinna byggða og trúað því að þetta frv. tryggði jöfnuð. Í reynd væri þetta aðeins þannig að olíufélögin innbyrðis mundu sjá um jöfnunina. Í fáum orðum sagt: Af því að Esso er með miklu stærra hlutfall af viðskiptunum úti á landi en Shell þýðir þetta frv. að Esso eigi að sjá um jöfnunina í dreifbýlinu í miklu ríkari mæli en Shell. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt ef þetta væri svona einfalt og þeir sem hafa lært stjórnmálafræði eru náttúrlega fljótir að átta sig á því að þarna er matur á beininu. En þeir gleyma aðalatriði málsins. Það er frjálst að stofna hlutafélög í þessu landi. Þetta er frjálst land. Það er félagafrelsi í landinu. Það er ekki nokkurt vandamál, t.d. hjá olíufélagi, að reka smásölustaði úti um allt og fá sér bara heildsala. Svo hefur það verktaka sem sjá um söluna hver á sínum stað. Og í staðinn fyrir að þeir færi bensínið til þessara aðila sjái verktakarnir sjálfir um að flytja bensínið til sín. — Og nú sé ég að hv. 17. þm. Reykv. er djúpt sokkinn í lestur. Hann vill að sjálfsögðu ekki bera ábyrgð á því að slík þróun yrði sem þarna er verið að ýja að. Hvað mundi þetta þýða í reynd? Segjum að menn leigðu eina bensínstöð í Reykjavík. Olíufélagið sem leigir hana út segði einfaldlega: Þetta var arðurinn af bensínsölunni á seinasta ári á þessum stað. Nú leigi ég ykkur stöðina á því verði. Og hæstv. viðskrh., sem er maður frjálsra viðskiptahátta og réttlætis, færi auðvitað ekki að bregða fæti fyrir það að menn gætu tekið olíustöð á leigu. Ég trúi því ekki. Það væri andstætt vestrænni hugsun. Gott og vel. Þeir sem tækju stöðina á leigu mundu segja: Einfaldasta leiðin hjá okkur til að auka arðsemi er að lækka verðið — eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði réttilega að menn hefðu gert hér í smásölunni í Reykjavík. Hagkaup hefði ekki lækkað verðið af góðmennsku heldur til að græða. Og hvað mundi gerast ef þeir lækkuðu verðið? Auðvitað mundu þeir fá meiri viðskipti. Við skulum gera ráð fyrir því að það sé skynsamt fólk sem hér býr, ég efa það ekki. Það mundi versla við þann sem byði lægsta verðið. Hvað mundu þá hinir aðilarnir gera á eftir? Þeir yrðu nauðugir viljugir að grípa til sömu aðgerða og fara að leigja út sínar bensínstöðvar til að vera samkeppnisfærir. Svo einfalt er þetta mál. Það skyldi þó ekki vera að þeir mætu menn, þingmennirnir sem ég gat um áðan, og sem ég efa ekki að vilji tryggja vissan jöfnuð í landinu á þessu sviði, hafi ekki horft á næsta leik á skákborðinu um olíuverðið á Íslandi. Ég held að það þurfi að horfa meira en einn leik fram í tímann. Ég held að það þurfi að horfa á marga leiki fram í tímann. Ég er sannfærður um að það sem verið er að gera hér mun leiða til þess að það verður misjafnt verð á olíuvörum á Íslandi, alveg eins og það er misjafnt verð á matvöru á Íslandi vegna þess að þar er ekkert jöfnunarkerfi í gildi nema í landbúnaðarvörum. Það er kannski ekkert skrítið þótt hæstv. viðskrh. skuli einmitt vera farinn að snúa sér sérstaklega að landbúnaðarvörum þessa stundina.

Ég verð þess vegna að segja að það eru mér mikil vonbrigði að þeir sem snerust harkalega gegn upprunalegu frv. hæstv. viðskrh. skyldu ekki hafa áttað sig á því inn í hvaða leikfléttu þeir eru að fara. Það er gjörsamlega vonlaust að gera ráð fyrir því að nokkurt olíufélag sé svo vitlaust að það láti króa sig af með þeim hætti sem hér er verið að teikna upp mynd af. Auðvitað hljóta þau að leigja út stöðvarnar á þessu svæði og auka hagnað sinn með því að lækka þar verðið. Þau geta fengið sömu leigu, haft sömu tekjur til að standa undir jöfnuðinum með því að keppa við hina á hinum stöðunum.

Ég minni líka á það sem hér hefur komið fram, að sumir selja olíu vissan tíma á ári þegar hagnaður er. Við þurfum ekki að fara lengra en inn í Hvalfjörð til að sjá það. Er nokkuð á móti því að menn geri það og hagi sér þannig í samræmi við það að stundum er mikil umferð og stundum lítil? Ég tel það eðlilegt í frjálsu landi. En auðvitað yrðu þeir ekki einu aðilarnir sem mundu taka þetta upp ef það kerfi sem hér er verið að tala um yrði ofan á.

Það verður að segja eins og er það er full ástæða til að óska hæstv. viðskrh. til hamingju með þetta frv., sérstaklega til hamingju, því það minnir óneitanlega á frv. um Bifreiðaskoðun Íslands sem er eitt mesta snilldarverk hæstv. viðskrh. að koma í gegnum þingið með allri þeirri vitleysu sem varð miðað við framsöguna um málið. Hæstv. viðskrh. er fullkomlega meðvitaður um að þar snerust hlutirnir gjörsamlega við miðað við það sem boðað var. Kannski er stendur það helst í einkavæðingarmönnum dagsins í dag að það horfa allir á hvernig fór með Bifreiðaskoðun Íslands. Það horfa allir á það. Það er náttúrlega þjóðráð að selja lögreglustöðvar ef þær fá heimild til að sekta og hafa það sem eigið fé, það sér hver heilvita maður. Það er ljómandi aðferð. Mér er sagt að í sumum umdæmum sé það reglan að lögreglan fari sérstaklega og rukki inn þá daga sem á að fara að borga út kaup til að eiga fyrir útborgunum. Vissulega er hægt að hugsa sér að taka

upp slíka frjálsa sölu á fyrirtækjum hér á landi eins og með Bifreiðaskoðun Íslands.

Ég verð þess vegna að segja eins og er að mig undrar það hvað Alþingi Íslendinga ætlar að láta hæstv. viðskrh. teygja sig langt á asnaeyrunum. Mig undrar það í orðsins fyllstu merkingu. En ég get ekki annað gert en óskað hæstv. viðskrh. til hamingju með að hafa komið þessari vitleysu í gegnum ríkisstjórnina. Það er afrek út af fyrir sig.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er, eins og komið hefur fram hér hjá mörgum hv. þm. sem hafa talað, til þess að auka enn á aðstöðumun í þjóðfélaginu, auka enn á framfærslukostnað þeirra sem búa lengst frá höfuðborgarsvæðinu. Það versta er að þetta er ekki eina sendingin af þessu tagi sem við höfum fengið hér í vetur. Þetta er eitt frv. í langri röð aðgerða. Nefna má annað frv. sem er til umræðu þessa dagana í Alþingi. Það er frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það frv. getur haft í för með sér, ef að lögum verður, svo gríðarlegan aðstöðumun milli ungs fólks í dreifbýli og þéttbýli að ekki sér fyrir endann á því. Nefna má smærri atriði eins og vörugjald sem lagt er á í höfnum landsins sem eykur aðstöðumuninn í flutningsgjaldi frá Reykjavík og út á landsbyggðina. Þetta frv. er því miður aðeins eitt í langri röð slíkra aðgerða á tímum þegar mjög miklir erfiðleikar eru í byggðamálum og fólk flytur frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, m.a. í öllu þessu tali um lægri framfærslukostnað. Þessi flutningur fólks er nú kominn á það hátt stig að það fer að verða og er kannski þegar orðið neyðarástand í atvinnumálum hér í Reykjavík.

En það virðast ekki vera neinir tilburðir hjá hæstv. ríkisstjórn til að reyna að snúa þessum málum við heldur kemur hver aðgerðin eftir aðra sem eykur þennan mun í þjóðfélaginu. Það er það alvarlega við málið. Ég ætla ekki að slá neina skjaldborg hér um það kerfi sem var í olíuviðskiptum, að þar megi ekki gera neinar breytingar á. En hins vegar hygg ég að það hafi ekki verið ekki mikill þrýstingur frá almenningsálitinu í þjóðfélaginu að afnema flutningsjöfnun á olíuvörum. Það hefur ekki verið mikil umræða um þetta í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Ég hef ekki heyrt það. Það er að vísu eitt atriði sem hefur verið til umræðu í þessu sambandi: Útgerðin hefur kvartað undan þessari verðjöfnun og sagt að hún hafi borið skarðan hlut frá borði vegna hennar. Það þarf ekki að breyta verðjöfnuninni vegna útgerðarinnar því að fullar heimildir eru til fyrir olíufélögin til að gefa magnafslátt til stórra viðskiptavina. Það eru ekki forsendurnar fyrir því að breyta verðjöfnuninni.

Nokkrar innantökur voru hjá þingmönnum Sjálfstfl. út af þessu frv. og sumir hv. þm. þess flokks áttu í erfiðleikum með að kyngja því. Nú er komið í ljós og hefur komið í ljós við þessa umræðu hver gulrótin var handa hv. þm. dreifbýlisins í röðum Sjálfstfl. til að friða samvisku sína. Það var að hvert olíufélag ætti að selja olíu á sama verði á öllum sínum útsölustöðum og sjá þar með um verðjöfnunina. Hv. 2. þm. Vestf. hefur rakið hér vel hvernig olíufélögin geta farið í kringum það ákvæði. Hv. 3. þm. Vestf. var að hugga sig með því að Olíufélagið hf. mundi sjá um þessa verðjöfnun til að halda ímynd sinni í þjóðfélaginu. Ég er talinn samvinnumaður og ég kannski talinn talsmaður þess félags. En ég get fullyrt það hér að ekkert er á það að treysta að Olíufélagið hf. haldi uppi þessari verðjöfnun til að halda einhverri ímynd. Hin olíufélögin hafa ekkert þurft á því að halda, til að halda einhverri ímynd, að selja olíu uppi á Möðrudal eða uppi á Grímsstöðum eða annars staðar. Ég veit ekki hvort hægt er að ætlast til þess að Olíufélagið sjái endilega um þessa verðjöfnun. Það verður auðvitað þannig með þessu fyrirkomulagi að olíufélögin loka að sjálfsögðu þeim stöðvum sem borgar sig ekki að afgreiða olíu á. Sveitafólk úti um allt land þarf að keyra langar leiðir til þess að kaupa sér olíu og bensín. Það gerir það að sjálfsögðu núna en það keyrir enn þá lengra eftir eldsneyti þegar búið er að loka þessum stöðvum. Þetta er eitt af því sem eykur aðstöðumuninn í þjóðfélaginu og gerir það að verkum að erfiðara er að veita viðspyrnu í dreifbýlinu. Það er sú nöturlega staðreynd sem fylgir frv. Að sjálfsögðu má auka að mun frelsi í olíuviðskiptum án þess að afnema þessa verðjöfnun, það er allt annað mál.

Hins vegar hafa komið athyglisverðar yfirlýsingar fram við þessa umræðu. Borist hafa í tal viðskipti okkar við Sovétríkin sem nú eru liðin undir lok og hv. 3. þm. Reykv. lýsti því yfir að það komi til greina að skipta við þau lýðveldi, ef hægt er að kalla þau það, sem eru þar austur frá nú og hafa tekið við af því ríkjabákni sem þar var. En ég skildi hans orð svo að ríkisvaldið ætti alls ekki að hafa þar nein afskipti af. Ég hygg að ekki sé svo þróaður markaður fyrir austan enn þá að ríkisvaldið verði ekki að koma eitthvað að því máli ef menn ætla yfirleitt að halda samböndum inni á þessum stóra markaði. Ég er hissa á því ef nágrannaþjóðir okkar líta svo á að ríkiðsvaldið eigi ekki að koma nálægt viðskiptum þar austur frá. Mér býður í hug, ég veit það reyndar og hef hlýtt á ræður peningamanna og bankamanna um það efni, að ýmsar nágrannaþjóðir okkar vilji nokkuð á sig leggja til að halda samböndum á þessum stóra markaði og það sé ekki skynsamleg pólitík að útiloka að einhver viðskipti eigi sér stað fyrr en þarna er komin á fullkomin einkavæðing á öllum hlutum. Ég held að það sé hættuleg hugsun og ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála því að við eigum að gefa allan Rússlandsmarkað upp á bátinn þangað til komið er kapítalískt þjóðfélag þar sem nær máli hjá hv. 3. þm. Reykv. Þetta er alvarlegt mál, og ég dreg enga fjöður yfir það, út af viðskiptum með síld m.a., þar sem þetta er stærsti saltsíldarmarkaður líklega í veröldinni. Það er óhætt að fullyrða það og ég trúi því að við eigum mikla möguleika í því að framleiða saltsíld. Síldarsöltun er sú atvinnugrein sem gefur okkur mjög mörg atvinnutækifæri, svo ekki sé meira sagt, á meðan söltun stendur yfir.

Það er svo að Rússlandsmarkaðurinn hefur verið kröfuharður um saltsíldina. Þess má geta að Rússar

hafa t.d. gert kröfu um það að minnka saltmagnið í síldinni. Þetta gerði það að verkum að það þurfti að byggja yfir allar birgðir af síld og síldarsaltendur þurftu að kosta miklu til, m.a. að hafa kælingu þar. Því var einkennilegt að heyra því haldið fram úr ræðustól á Alþingi að þessi markaður geri engar kröfur. Þess má geta að svartolían sem við höfum keypt frá Rússlandi er líklega sú eina sem nothæf er með góðu móti í okkar fiskiskip. Ég held að þeir sem hafa stundað útgerð, einhverjir sem hér eru inni hafa gert það, og eru að hlusta á þessa umræðu núna geti staðfest það að sú olía er sú besta. Ég held að við ættum að passa okkur á svona staðhæfingum og ég held að ráðamenn ættu að huga að því að loka ekki öllum dyrum inn á þessa stóru markaði. Nýju lýðveldunum vex vonandi einhvern tíma fiskur um hrygg og geta verslað við okkur áfram. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála því sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að við ættum ekki að sinna þessum mörkuðum fyrr en, að mér skildist, að þar væri komið almennilegt kapítalískt þjóðfélag.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til áréttingar vegna orða hv. 2. þm. Austurl.: Í fyrsta lagi rétt að minna á það að í frv. er gert ráð fyrir mjög verulegri jöfnun í gegnum þennan flutningsjöfnunarsjóð sem ætlunin er að setja á og í sjálfu sér tryggir allnokkra jöfnun.

Í öðru lagi, eins og ég hef þegar rakið, er sleginn ákveðinn varnagli í 10. gr. sem á að tryggja þetta mál enn frekar. Í þriðja lagi vil ég nefna það, sem ekki hefur komið fram í þessari umræðu, að það hefur fengist nokkur reynsla af frjálsri verðlagningu á tilteknum olíuvörum, ákveðnum bensínflokkum, þ.e. 95 og 98 oktana bensíni, og niðurstaðan af því er sú að þessir bensínflokkar eru seldir við sama verði hvarvetna á landinu.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um það að frv. gerir ráð fyrir að ekki verði öll jöfnun á olíuvörum afnumin. Það var ég ekki að tala um. Ég ræddi eingöngu um bensínverð og hinar afskekktu afhendingarstöðvar og hættuna á að þær mundu leggjast niður. Ég tel að sú hætta sé fyrir hendi.

Þeirrar verðsamkeppni í olíuvörum, sem hv. þm. minntist á, eins og hún hefur verið hingað til, hefur ekki mikið gætt svo að ég viti. Eins og ég sagði þá hef ég ekki orðið var við þrýstinginn á það að afnema þessa verðjöfnun. Ég endurtek það.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera örfáar athugasemdir við frv. Ég tel að full ástæða sé til þess að skoða það mjög alvarlega í nefndinni hvort verið er að fara réttar leiðir í þessu máli. Þarna er verið að halda gangandi og setja upp nýtt miðstýringarkerfi þar sem verið er að færa peninga frá fyrirtækjum sem eru með starfsemi hér á markaði og dreifa þeim með öðrum hætti út. Út af fyrir sig tek ég undir það markmið frv. að reyna að tryggja sem jafnast olíuverð hjá neytendum eða þeim sem nota olíu í kringum landið. En ég tel ekki að það sé endilega rétta aðferðin að taka peninga frá einu félagi til þess að greiða niður fyrir annað sem er raunverulega verið að gera með því að búa til þennan flutningsjöfnunarsjóð. Ég held að ef menn mundu ná samkomulagi um að gera ákvæðin skýrari um það að fyrirtækin verði að selja olíu og bensín á sama verði í öllum sínum almennu afgreiðslustöðvum þá gerði það sama gagn og að setja upp þetta apparat sem flutningsjöfnunarsjóðurinn er. Þess vegna eiga menn að skoða það alvarlega hvort ekki sé rétt að leggja þau áform á hilluna.

Ég veit vel að eitt af þessum olíufélögum hefur mestan kostnað af því núna að dreifa olíuvörum út um landið. En sú samkeppni sem er komin í gang mun auðvitað breyta þessu meira og minna. Menn vita ekki hvernig þetta svið lítur út eftir tvö til fimm ár. Þá gæti eins verið að það olíufélag, sem nú hefur stærstan hlutann af dreifingunni út um landið, væri líka orðið stærst í þéttbýlinu og hefði sína aðstöðu úti á landi fram yfir hin félögin. (Gripið fram í.) Svo er auðvitað alveg hárrétt að það gæti líka farið eftir því hve mikið af peningum streymdi erlendis frá til þess að taka þátt í þeirri samkeppni sem fer í gang á milli olíufélaganna og til að styrkja hin mismunandi félög í sambandi við það.

Ég vil að komi hér fram að það er ekki nærri alls staðar auðvelt að fá olíu á Íslandi og ekki bara flutningsjöfnun á olíu sem ræður því hvar olía er afgreidd á landinu. Það eru önnur atriði sem þar koma inn í. Víða þurfa menn að keyra mjög langar leiðir til þess að sækja olíu og bensín á farartæki sín í dag þannig að það dugar alls ekki til þó að menn hafi einhvern flutningsjöfnuð á olíu.

Ég kom hér fyrst og fremst upp til að hvetja menn í þeirri nefnd, sem fær frv. til athugunar, til að velta því alvarlega fyrir sér hvort ekki geti orðið í henni samkomulag um að einfalda málið og láta þar við sitja að mönnum sé gert að selja vöru sína á sama verði um landið svo ekki þurfi að búa til flutningsjöfnunarsjóðinn sem hér er á dagskrá.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég geri mér ekki alveg ljóst hvernig það kerfi á að ganga fyrir sig sem hv. 3. þm. Vesturl. lýsti hér áðan. Mér sýnist að með því að hætta allri verðjöfnun, flutningsjöfnun í gegnum sameiginlegan sjóð, sé enn aukið á þá hættu, sem þó er í því frv. sem hér er, að olíuafgreiðslu verði hreinlega hætt víða úti um land þar sem óhagkvæmast er. Ég skildi hann þannig að verðjöfnun ætti að vera innan einstakra félaga. Það er líka órökrétt að ætla að það félag sem er með mesta dreifingu út um land í dag hafi í gegnum þá frjálsu samkeppni, sem þingmaðurinn boðar, burði til þess að ná hærri markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu.

Í þriðja lagi á ég eftir að sjá þá erlendu aðila sem eru tilbúnir til að leggja meiri peninga í olíufélög á Íslandi til að verðjafna dreifinguna út um land. Þvert á

móti hygg ég að þeir sem eru tilbúnir til þess að koma inn með erlent fjármagn muni hugsa þveröfugt.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla bara að endurtaka að ég tel að það sé ekki einboðið, þó að verið sé að jafna á milli þriggja fyrirtækja, að hægt verði að ná góðum árangri í því að tryggja að fólk úti um landið hafi greiðan aðgang að olíu eða bensíni. Það er spurning hvort menn komast einhvers staðar skrefinu lengra. Ég ætla ekki að fara að þræta um það. En hins vegar held ég að það væri miklu heilbrigðara kerfi þar sem olíufélögunum þremur sem eru hér og kannski verða þau fleiri — ætli þetta verði ekki allt saman gefið frjálst — verði gert að bjóða sína vöru alls staðar á sama verði. Það verði þá um það að ræða að menn velja sér staði þar sem þeir afgreiða. Vitanlega fer það eftir því hvort þeir telja möguleika á því að hafa eitthvað út úr þessu. Menn líta ekki á þetta bara sem þjónustu og eru ekki tilbúnir að borga með því alls staðar. En mismunurinn á því sem menn eru að gera í dag og því sem menn gera í framtíðinni felst eingöngu í því að menn hafa upp á ákveðna flutningsjöfnun að hlaupa. Þegar hún dugar ekki lengur til, þá hætta menn að halda opnum bensínstöðvum í dreifbýlinu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Vesturl. Þegar flutningsjöfnunin dugir ekki til hætta menn að veita þjónustuna í dreifbýlinu. Eins og ég lýsti áðan er munurinn á því frv. sem hæstv. viðskrh. leggur hér fram með öllum sínum göllum og því sem hv. 3. þm. Vesturl. leggur til sá að það kemur fyrr að því að félögin treysta sér ekki til þess að veita þessa þjónustu á sama verði úti um allt land. Það kemur þá fyrr að því að íbúar á þeim svæðum þar sem félögin treysta sér ekki til þessarar þjónustu verða að kaupa hana því verði sem hún kostar komin þangað að viðbættum flutningskostnaði.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu bæta því við að ég tel að þróunin verði önnur. Ég tel að hún verði þannig að félögin muni frekar sjá um ákveðin svæði hvert og eitt, þau muni sjá sóma sinn í því að veita þjónustu og skipta svæðum á milli sín. Ég tel að þróunin verði þannig en ekki eins og núna að olíufélögin séu jafnvel að afgreiða olíuvörur hvort sínum megin við sömu götuna þar sem ekki nokkur einasti möguleiki er á að þau geti haft upp í kostnað.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um frv. Umræðurnar hafa á margan hátt verið málefnalegar og þær hafa verið ítarlegar. Það hefur vakið sérstaka athygli mína að af þeim tíu eða ellefu mönnum sem talað hafa eru kannski tveir eða þrír sem ekki hafa viðurkennt þörfina fyrir verulegar breytingar á því fyrirkomulagi sem verið hefur á olíuviðskiptum hér. Þeir eru frekar fáir sem alfarið hafa gerst varðveislumenn úreltra og allt of dýrra viðskiptahátta. Þetta tel ég góðs viti og hygg gott til þess að efh.- og viðskn. muni fjalla um málið í þeim anda að þar þurfi að breyta af því að það kerfi sem við lýði hefur verið hefur hvorki verðlaunað hagkvæm innkaup né hagkvæma flutninga. Það er nefnilega rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. að það er hægt að finna lausnir sem eru hagkvæmari fyrir heildina en það kerfi sem við höfum haft. Það er röng skoðun að jafnan sé árekstur á milli hagkvæmni og jöfnuðar. Það er hægt að finna lausnir sem eru í senn hagkvæmar og horfa til jöfnuðar. Og það er rangt að þegar menn reyna að vera réttlátir í öllu sem þeir gera, þá verði þeir sérlega réttlátir. Sannleikurinn er sá að þeir sem þannig breyta enda oftast nær með ranglæti. Jöfnunarskyldu sinni á ríkið ekki að sinna með því að vasast í viðskiptalífinu heldur með því að einbeita sér að því að jafna kjör fólks sem fólks en ekki þræða þau í gegnum farvegi fyrirtækjanna sem hafa jafnan skarað eld að sinni köku í þeim kerfum sem eru talin vera til að jafna hagi fólksins en hafa helst kynt katla hinna sem eiga fjármagnið og fyrirtækin. Þetta er sannleikurinn í málinu. Og þetta veit ég að hv. 2. þm. Vestf. skilur mætavel en hann lagði mikla áherslu á að menn ættu að vera jafnir í því sem þeir gerðu.

Hins vegar er sú kenning misskilningur að maður sé réttlátur og jafnréttissinnaður í hvert skipti sem hann reynir að jafna út alla hluti sem hann fæst við. Það er röng kenning, afsönnuð austan tjalds sem áður hét. Svona er þetta. Það er mjög ánægjulegt að ekki er ágreiningur um það að einmitt í kjölfar hruns hins kommúníska kerfis hafi okkur orðið það brýn nauðsyn að endurskoða olíuviðskiptahættina hér. Það er ákaflega lukkulegt ástand. Og þannig er þetta. Auðvitað var rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að það var löngu orðið tímabært að endurskoða þetta kerfi og það er líka rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að auðvitað höfðum við upp úr þessum viðskiptum um tíma. En það þýðir ekkert að bjóða upp á vöruskipti ef vara er ekki til hjá þeim sem þú vilt skipta við. Þannig var einfaldlega komið á efstu dögum austantjaldsríkjanna. Þau höfðu ekki vörur að bjóða og hafa þær ekki enn.

Ég get um leið svarað spurningum hv. 2. þm. Austurl. um það hvort rétt sé að reyna að brúa þetta bil meðan lýðræðisríki eru að rísa úr rústum Sovétríkjanna. Svarið er já. Við höfum sýnt á því lit. Það er rangt að halda því fram eins og hv. 2. þm. Vestf. gerði að við höfum hætt að flytja út saltaða síld og þar með hafi viðskiptahallinn aukist. Sannleikurinn er sá að því miður fór svo að fólkið í ríkjum Austur-Evrópu hætti að kaupa af okkur saltsíld. Reyndar hættu þeir líka að geta selt okkur olíu sem er önnur saga. En sú framsetning sem hér er höfð er framúrskarandi grunnhyggin, að þetta sé bara spurning um viljaákvörðun íslenskra stjórnvalda að hætta að selja saltsíld. Ég veit að hv. þm. þekkir lögmál viðskiptalífsins á Vestfjörðum og víðar miklu betur en svo að hann geti látið sér annað eins og þetta um munn fara ef hann hugsar sig um. Við erum í raun og veru að tala um þetta og þetta eru mikilvæg mál. Þess vegna er ástæða til að taka svo

langa umræðu um þetta annars einfalda frv. sem felur það í sér að hætta innkaupajöfnun, að draga úr flutningsjöfnun en sinna þó því að jafna milli helstu innflutningshafna.

Af hverju, og það var ein af spurningum hv. 2. þm. Suðurl., er ekki hægt að jafna á landi líka? Auðvitað er það hægt en það var þar sem sóunin kom til. Það er hægt að líta eftir flutningsjöfnun milli hafna en mjög erfitt að gera það þegar jafnað er á milli staða á landi. Þar kom til jöfnun, ekki bara á Vopnafjörð heldur í Vonarskarð, liggur mér við að segja, nefnilega uppi í Landmannalaugum, Kerlingarfjöllum og hvar sem menn vilja vera. Auðvitað er það rétt og æskilegt að menn noti allt okkar góða land sér til yndisauka að sumarlagi en þeir geta þurft að borga fyrir það. Það er afflutningur og misnotkun á jöfnunarkerfum að nota þau til þess að borga þetta niður. Þetta er sannleikurinn í málinu. Auðvitað er það rangt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. sem hélt því fram að flutningsjöfnun væri ekki spurning um hagkvæmni. Auðvitað er hún spurning um hagkvæmni. Hún dregur úr hagkvæmni ef hún er með þeim hætti að menn skrifi bara reikninga á kerfið. Og það er líka til skýring á því, virðulegi 2. þm. Austurl., að það voru ekki kröfur frá almenningi um að breyta þessu kerfi eins og hann orðaði það. Það er ekki mikill þrýstingur á breytingar. Af hverju er það? Það er af því að hagsmunir hinna mörgu eru fyrir borð bornir. Þeir sjást ekki. Það er bara tekin ein króna af öllu saman og svo borgað hvað sem það kostar að koma vörunum á vettvang annars staðar. Hinir mörgu og dreifðu eiga sér ekki alltaf málsvara.

Mín skoðun er sú að þær breytingar sem hér eru lagðar til feli að sjálfsögðu í sér málamiðlun sé því til haga haldið sem hvort tveggja þarf að virða, hagkvæmni og jöfnuði. Á endanum kemur meiri jöfnuður út úr því að gera okkar olíuinnkaup og olíudreifingu ódýrari en verið hefur. Þannig höfum við úr meiru að spila, þannig höfum við meiru að skipta en ekki að nurla niður við það, sem varðveislumenn hins úrelta hafa að skipta sem smám saman dvínar í lúkunum á þeim. Þetta er svona og þess vegna fagna ég því hversu margir lýstu þeirri skoðun sinni að það þyrfti að breyta þessu kerfi. Það kom kannski einna skýrast fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. Hann spurði: Þarf að setja upp apparat eins og flutningsjöfnunarsjóð? Það er ekki verið að setja upp neitt apparat sem heitir flutningsjöfnunarsjóður. Hann er til. Það er verið að breyta starfsemi hans, draga úr umfangi hans en sinna þó því sem brýnast er meðan við erum að fá reynslu af nýju kerfi undir frjálsum viðskiptaháttum. Þar verður ekki rasað um ráð fram og það er líka skýringin á því hvers vegna ég tel það heppilegt að hafa nokkurn sveigjanleika í því hvernig hafnirnar og staðirnir verða valdir inn í reglugerðina. Þess vegna eru drög að reglugerðinni sýnd sem alls ekki er regla þegar lög eru kynnt á þingi. Ég treysti því að efh.- og viðskn. þingsins fjalli mjög vandlega um skrána. Það hafa komið fram ábendingar um það, m.a. frá hv. 1. þm. Austurl. og 6. þm. Vestf., að það þyrfti þar að huga að nokkrum stöðum. Mér finnst sjálfsagt mál að gera það. En þetta er alls ekki fyrst og fremst spurning um jöfnun milli félaga eins og mér fannst vaka í máli hv. 3. þm. Vesturl. Þetta er líka jöfnun milli staða og það er ekki hægt að grípa á lofti einfalda lausn eins og þá sem hann nefndi og hv. 4. þm. Norðurl. e. vék reyndar líka að. Hann spurði: Er ekki bara hægt að lögbinda það að hver aðili sem selur olíu hafi sama verð um allt land og láta þar við sitja? Það var tillaga hv. 3. þm. Vesturl. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gekk ekki alveg svona langt en spurði: Væri nú ekki vegur að líta á þetta?

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sá á þessu nokkra meinbugi. Það er auðvitað þannig að við getum ekki gengið út frá núverandi olíudreifingarkerfi sem gefnu. Við höfum ekki þrjú félög sem eru á öllum stöðum alls staðar og auðvitað felur líka athafnafrelsið það í sér nú orðið að menn geta keypt inn beint og dreift bara á einum stað. Og þá er það auðvelt að hafa sama verð um allt land ef allt land er bara Hafnarfjörður svo ég taki dæmi. (Gripið fram í.) Þannig er málið og það á að vera auðvelt, virðulegi þingmaður, til þess að framleiðslufyrirtæki landsins geti haft einhverja samkeppnisstöðu gagnvart olíufélögunum. Fiskmjölsverksmiðjurnar, stórkaupendur á olíu í útgerð, fiskvinnslu og iðnaði hafa enga samkeppnisstöðu haft. Olíufélögin hafa hins vegar verið að keppa sín á milli með því að hygla þeim í þjónustu, veita þeim lán til skipakaupa, halda þeim uppi í ýmsu af því tagi. Þetta eru ekki heppilegir viðskiptahættir. Það er miklu heppilegra t.d., svo ég taki dæmi austan af fjörðum, að Norðfirðingar geti stundum sætt lagi og keypt olíufarm frá Noregi ef þeim býðst færi á því. Þeir hafa ekki haft þessa möguleika. Það er óskynsamlegt að þeir skuli ekki standa mönnum opnir og af því að hv. þm. Austurl. hafa verið hér nokkuð virkir í umræðunum þá bendi ég þeim á þetta. Það er ekki leyft nú og það er ekki rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. að alltaf hafi verið hægt að veita afslætti. Olíufélögin, líka það félag sem hann taldi sér kært, hafa a.m.k. borið því við að þau mættu það ekki vegna lagaákvæðanna. Við þurftum að hreyfa við þessu og þess vegna var það alveg hárrétt hjá hv. 1. þm. Vesturl. sem sagði: Bara sú breyting ein að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar, hrófla við þessu og ýta við hinum grónu kerfum, mun leiða til þess að menn þurfi að endurhugsa bæði þjónustu og kostnað og það er af hinu góða.

Ég ætla, virðulegi forseti, að víkja hér nokkrum orðum að beinum spurningum sem til mín var beint og staðnæmist fyrst við spurningar hv. 2. þm. Suðurl. sem spurði: Af hverju er ekki hægt að flutningsjafna á alla staði alls staðar eins og í sementinu? Svarið er að þar er náttúrlega mjög ólíku saman að jafna af því að þar er praktískt talað einokun í sementinu. Við höfum þar einn framleiðanda. Ég er ekki að mæla með því að sementsflutningsjöfnunin sé um eilífar tíðir sú eina rétta en ég bendi á þennan mikla mun. Vandinn rís einmitt núna við viðskiptafrelsið, ef vanda skyldi kalla, að menn þurfa að fara að skoða flutningsjöfnunina upp á nýtt af því að menn geta ekki lagt það á félög sem kaupa inn á misjöfnum tíma og á misjöfnu verði að þau njóti ekki sinna innkaupa eða hagkvæms flutn-

ingskostnaðar. Þess vegna eru hugmyndirnar sem nefndar voru um verktöku í þessum viðskiptum, um samtök og félög um flutninga, skynsamlegar, það eru skynsamlegir hlutir sem bæði hv. 2. þm. Suðurl. og hv. 2. þm. Vestf. nefndu sem hugsanleg úrræði í hinu nýja skipulagi. Af því að hv. 2. þm. Vestf. vildi hugsa *marga leiki fram í tímann*, þá var það alveg rétt hugsað hjá honum. Hins vegar held ég að hann muni ekki sjá fyrir alla leiki í því tafli viðskiptanna sem fram undan er frekar en við hin þótt skarpskyggn kunni að vera. Það er nú einu sinni þannig að markaðslausnirnar eru í sínu eðli tilraunir, tilraunir til að þreifa sig áfram til einhvers sem er betra. Af því hefur þessi þjóð langa og góða reynslu og mun vonandi hafa svo um langa framtíð og treysta minna á að forsjá ríkisins gildi á öllum sviðum, jöfnun út og suður og alls staðar. Við eigum að hnitmiða afskipti ríkisins af lífskjörum fólks við fólkið sjálft en ekki vera að flækjast í fyrirtækjunum eða fyrir þeim.

Hv. 2. þm. Suðurl. sagði líka og spurði: Það er erfitt að átta sig á þessum tölum. Af hverju er flutningsjöfnunargjaldið hærra á gasolíunni á hvern lítra en á bensíninu? Ég hef ekki á reiðum höndum hið beina svar við því nákvæmlega í tölum af hverju það er, en það liggur nokkuð í augum uppi fyrir reikningsglöggan mann, sem ég veit að hv. þm. er, að það hlýtur að stafa af því að tiltölulega hlutfallslega meiri sala á gasolíunni en bensíninu er utan við þéttbýlissvæðið, innkaupasvæðið. Það er líka skynsamlegt að álykta sem svo vegna þess að við vitum að stóru kaupendurnir að gasolíunni eru úti um land. Ég býst við að þetta muni svara þessu en hins vegar hvet ég til þess að hv. þingnefnd fái á *sinn fund þá menn sem þekkja gjörla þetta kerfi* jöfnunar og láti rekja fyrir sig tölurnar í málinu. Ég vara hins vegar við því að menn gangi út frá því sem verið hefur og tölunum í stöðugu jöfnunarkerfi eins og verið hefur sem hinni réttu mynd af framtíðinni því að auðvitað er það ekki. Það er hárrétt sem hv. 3. þm. Vesturl., sem nú er vikinn af fundi, sagði að samkeppni muni í framtíðinni gerbreyta þessu munstri og á að gera það.

Ég kem þá að spurningum hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann spurði: Af hverju 60%? 60% er náttúrlega ekki markmið heldur málamiðlun, áætlun miðuð við reglugerðardrögin sem sýnd eru, um það hversu miklu minni flutningsjöfnunarsjóðurinn verður eftir breytingar samkvæmt tillögum frv. en hann hefur verið. Ég vil líka svara *því sem um var spurt, hvers vegna* reglugerðarheimildin væri svo núna sem raun ber vitni í því frv. Þetta er mjög algeng aðferð og hún er náttúrlega fyrst og fremst hugsuð til þess að bregðast við breytilegum aðstæðum. Við getum ekki séð það fyrir ákvæmlega hvernig dreifing á innflutningshafnirnar eða notkunin verður og það er sjálfsagt að geta brugðist við breyttu ástandi. En einu get ég lofað hv. þm., að meðan ég fer með málið verður engin lausung í því máli, en það var orðið sem hann notaði.

Hann notaði líka annað orð, undirmál, hvort það væru hér einhver undirmál, misræmi í því að gasolían hefði fleiri jöfnunarstaði en bensínið. Enn á ný get ég fullvissað hann um það að þar eru engin undirmál. Það er einfaldlega þannig að notkunin á gasolíunni er staðbundnari en á bensíninu af eðlilegum ástæðum. Kúnnarnir eru ekki eins hreyfanlegir. Trillukarlarnir eru bundnari við sínar hafnir en einkabílstjórarnir eru við sína bensíntanka. Þetta veit þingmaðurinn náttúrlega mætavel og getur að sjálfsögðu sannfært sig um að séu ástæðurnar. Og auðvitað er þetta fyrirkomulag ekki ritað guðsfingri fast á vegginn um eilífar tíðir því að samgöngurnar í landinu breytast, sjósóknin um landið breytist líka og við þurfum að hafa færi á að bregðast við þessu.

Ég vil að lokum nefna það varðandi hv. 4. þm. Norðurl. e., að svona prósentureikningur í jafnaðarmennsku eins og hann stundaði hér áðan held ég séu ákaflega hæpin vísindi. Ég veit ekki hvort þau eru iðkuð í Alþb. en ég vara við þeim þótt ég sé annars ekki andstæðingur prósentunnar sérstaklega.

Þá kem ég að máli hv. 1. þm. Austurl. Hann vék að því að þörf væri fyrir endurskoðun og hann spurði: Verður litið að nýju á þessa staði sem upp eru taldir í *reglugerðardrögunum í meðförum nefndarinnar*? Ég svara því játandi. Það er rétt og sjálfsagt að gera það. Ég er honum sammála um að jöfnun og hagkvæmni þurfa alls ekki að rekast á ef menn eru nógu þolinmóðir að leita að réttu lausnunum og mega þá alls ekki forðast markaðslausnirnar. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að dæmi eru til um það að flutningskostnaður á bensíni sé 6 eða 7 kr. á lítra fyrir fjarlægustu og afskekktustu staðina. Ég treysti þar alls ekki á góðsemi, sanngirni eða göfugt innræti olíuforstjóranna. Ég segi einfaldlega: Ég veit að samkeppnin mun knýja þá til að veita sem jafnasta þjónustu sem víðast en það er ekki í því neitt sem menn geta sagt að tryggi jöfnunina. Hins vegar bendi ég á að í þeirri vörutegund eða þeim vörutegundum, 98 og 95 oktana bensíni sem frelsi hefur ríkt um í verðlagningu frá því í byrjun liðins árs, hefur verðmunur verið hverfandi og félögin hafa verið með svipað verð um allt land og reyndar svipað verð sín á milli.

Ég vil svo koma að því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf. Þar var að sumu leyti vikið að sömu hlutum og hjá hv. 1. þm. Austurl., þörfina fyrir að líta að nýju á staðina, skoða jöfnunarákvæðin betur o.fl. Ég tel að það sé einmitt mikilvægt að efh.- og viðskn. geri það.

Ég kem þá að máli hv. 3. þm. Reykv. Hann bar upp *tvær spurningar. Hin fyrri var hvort ríkisstjórnin hafi* hugleitt þátttöku í Alþjóðaorkumálastofnuninni, International Energy Agency, en um það mál urðu miklar umræður við lok áttunda áratugarins sem lauk með því að á árinu 1979 ákvað ríkisstjórnin að sækja ekki um aðild. Málið var þá rætt hér á þingi. Það var einkum vegna kostnaðar að menn höfnuðu því, töldu of kostnaðarsamt að halda þær varabirgðir, öryggisbirgðir, sem samkomulagið snýst einkum um. Ég bendi á að Finnar, sem áður stóðu utan þessa samstarfs, hafa nýlega gerst aðilar að því, reyndar fyrir u.þ.b. ári. Þeir hafa metið það svo, m.a. vegna breytinga á viðskiptunum við ríkin austan við þeirra landamæri, að þeir

hefðu meiri þörf fyrir slíkt samstarf en áður. Þess vegna er það eðlilegt að menn hugleiði nú aðild og kanni kosti hennar og galla. Þetta tengist reyndar líka þátttöku okkar að Orkusáttmála Evrópu þar sem að hluta er fjallað um sama svið og það kann að vera að það mál komi hér upp síðar. Við þurfum að sjálfsögðu að hafa í huga öryggi landsins og framfærslu- og framleiðsluöryggi þess um leið og við reynum að tryggja sem hagkvæmust viðskipti og hagstæðast verð og viðskiptakjör. Það má vel vera að við þurfum þar að hafa meiri birgðir en við höfum haldið. Þetta tengist líka öryggisbirgðum vegna varnarsamstarfs okkar en eldsmatarlausir mega Íslendingar aldrei verða; það er regla sem hefur gilt ákaflega lengi. Við eigum að virða hana og þess vegna tel ég ástæðu til að við hugum að þessu máli nú nánar en fyrr.

Seinni spurning hv. 3. þm. Reykv. var sú hvort breyttir viðskiptahættir með bensín og olíuvörur gæfu tilefni til að endurskoða skattlagningu á þessum vörum. Ég tel reyndar að í breyttum viðskiptaháttum felist ekki sérstakt tilefni til endurskoðunar á skattlagningu á innfluttu eldsneyti. Það er mín skoðun að sú alþjóðlega þróun, að leggja sérstakan skatt á koltvísýring og eldsneyti sem inniheldur koltvísýring, eigi að ýta við okkur og við eigum að líta upp á nýtt á skattlagningu á innfluttum orkugjöfum, einkum út frá koltvísýringssjónarmiðum. Þetta tengist hins vegar ekki breytingunni á viðskiptaháttunum.

Loks vík ég að spurningu hv. 2. þm. Austurl. um það hvort ég væri þeirrar skoðunar að við ættum að gefa Rússlandsmarkaðinn upp á bátinn þar til kapítalisminn hefði komist þar vel á legg sem hann taldi að hv. 3. þm. Reykv. hefði sagt hér áðan. Ég heyrði hann ekki segja þetta en get sagt sem mína skoðun að við þurfum að brúa bilið núna meðan þessi lönd eru að tengjast vestrænu viðskiptakerfi. Það höfum við líka gert. Við höfum gert viðskiptasamning við Rússland. Við höfum stofnað til viðskiptasamstarfs og aðstoðarsamstarfs við ríkin við Eystrasalt, við héruð á Kamtsjatkaskaga við Kyrrahaf. Í viðskiptasamningi okkar við rússneska lýðveldið er ekki fjallað um beinar fjárhæðir en hins vegar settur góðviljaður rammi fyrir framhald viðskiptanna. Við höfum á grundvelli þessa samnings gert sérstakan greiðslusamning og reyndar sett fyrir honum útflutningsábyrgðartryggingar sem nemur 3 millj. dollara. Þetta gengur lengra en flest ríki hafa gert. Það mundi svara til þess að Bandaríkin hefðu sett upp þriggja milljarða áætlun af þessu tagi. Það hafa þau ekki gert. Á þetta hefur enn ekki reynt og dæmi um síldina, sem austfjarðaþingmönnum hefur verið hér hugleikið af eðlilegum ástæðum, er ekki mjög gott dæmi um það að íslensk stjórnvöld hafi á einhvern hátt ekki tekið hinar réttu ákvarðanir. Það er því miður dæmi um að ákvörðunartaka og fjárráð Rússa eru í fullkomnu lágmarki. Þeir gátu ekki og hafa enn ekki getað tekið ákvarðanir um kaupin þótt samningar hafi verið um þau gerðir. Við þetta ráðum við ekki en verðum hins vegar að vera þolinmóðir og betur undirbúnir næst.

Virðulegi forseti. Að endingu vil ég taka undir þau orð sem hér hafa fallið hjá mörgum ræðumönnum að efh.- og viðskn. þingsins skoði þetta mál vandlega og freisti þess að ná um það sem víðtækustu samkomulagi. Það er mín skoðun að í því felist heiðarleg málamiðlun milli hagkvæmnissjónarmiða og jöfnuðar en þannig verður þingið að sjálfsögðu að starfa.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem gerði það að verkum að ég sá mig knúinn til að veita andsvar við ræðu hæstv. viðskrh. er þessi síendurtekni samanburður annars vegar á þeim kerfum austan tjalds, sem hafa leitt til ófarnaðar og skal ég vera síðasti maður til að mótmæla því, og okkar þjóðfélagi og því sem menn hafa verið að byggja hér upp á síðustu áratugum og hefur sett okkur í röð örfárra efnuðustu þjóða á einstakling í heiminum á sama tíma og austantjaldskerfin færðu þær þjóðir, sem áttu þær auðlindir sem fáar aðrar geta státað af, til algerrar örbirgðar.

Virðulegi forseti. Eftir að ég átti þess kost á vegum Alþingis að dvelja í austantjaldsríkjunum nokkra síðustu dagana sem Sovétríkin gömlu lifðu, eftir að hafa kynnst kjörum og aðstæðum fólks þar, þá hef ég skömm á slíkum málflutningi sem hér var hafður uppi af hæstv. viðskrh. áðan. Ég hef skömm á því að þetta sé sífellt borið á borð þegar menn dirfast að verja að einhverju leyti þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í íslensku þjóðfélagi á síðustu áratugum, aðgerðum til jöfnuðar og réttlætis til að skapa þann sveigjanleika sem hefur þurft til til að færa okkur í hóp efnuðustu þjóða heimsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst furðu sæta að þessi virðulegi þingmaður, hinn 6. frá Norðurl. e., skuli vera svona hörundsár þegar bent er á einfaldar, sögulegar staðreyndir. Sannleikurinn er auðvitað sá að þetta næstsíðasta vígi ríkisafskipta af innflutningi á varningi til Íslands, olíu- og bensínvörurnar, var beint tengt við viðskipti okkar við austantjaldsríkin sem áður voru og hétu. Þegar það bákn hrundi, og var reyndar lagt í rúst innan frá, þá urðum við hvort sem okkur var það ljúft eða leitt að endurskoða þessa tilhögun. Það var kjarni þess sem sagt var. Ég vil beina því til þingmannsins að endurhugsa þá skömm sem hann sagðist kenna í hvert sinn sem þessi ríki væru nefnd.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti ætlar að stytta ræðutímann í eina mínútu í seinni umferð andsvaranna til að allir þingmenn komist að sem hafa beðið um orðið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil frábiðja mér þvílíkan útúrsnúning sem hér kom fram hjá hæstv. ráðherra þegar hann sagði að ég kenndi skammar. Ég sagðist hafa

skömm á þeim málflutningi sem uppi væri hafður. Ég get alveg farið með hæstv. ráðherra yfir ræðu hans áðan og þann sífellda samanburð, sem m.a. kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. í þessari sömu umræðu, á því kerfi austan tjalds sem hefur leitt til örbirgðar og þeirri jöfnun sem við höfum haldið hér á landi og hefur fært okkur í hóp efnuðustu þjóða heims. Það kemur því ekki við hvort við hefðum viðhaldið áfram því kerfi á olíuflutningi sem verið hefur. Ég er ekki talsmaður eða varnarmaður þess.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að hafa þetta örfá orð. Hæstv. viðskrh. ræddi um að ég hefði haft rangt fyrir mér þegar ég ræddi um að ekki væri samhengi á milli flutningsjöfnunar og afsláttar. Ég er þá eitthvað skilningssljór en í umsögn um 10. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum afgreiðslustöðvum hans og við afgreiðslu á birgðatanka notenda er þar stunda fasta staðbundna starfsemi. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að hann veiti einstökum kaupendum afslátt í samningum t.d. við útboð á olíukaupum eða hann krefji sérstaklega um kostnað vegna flutnings á olíuvörum t.d. til verktaka inni á hálendinu."

Ég held að þetta segi að afsláttur til t.d. útgerðar er ekkert útilokaður og ekkert í samhengi við flutningsjöfnun. Það er og mögulegt að taka gjald fyrir olíuvörur inni á hálendinu og auðvitað mætti finna leiðir til að það næði til bensíns einnig ef menn vildu fara þá leið. En það er náttúrlega óhæfa að ekkert sé flutningsjafnað t.d. frá Þorlákshöfn og austur á Höfn í Hornafirði. Það er ekki hægt að bjóða upp á það.

Til þess að spara tímann, svo að ég þurfi ekki að fara upp aftur, vil ég geta þess hvort það er ekki prentvilla í frv. eða hvort ekki vanti inn stærstu höfn á Austurlandi þar sem bensín er flutt inn, Reyðarfjörð, sem aðaltollhöfn. Er það virkilega þannig að ekki eigi að verðjafna bensín þangað?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í andsvari hv. 2. þm. Austurl. að það væri hægt að veita afslátt og það væri hægt að leggja á sérstakt gjald vegna flutninga til óvenjulegra og fjarlægra staða eins og inn á hálendið. Þetta er vissulega rétt og út á það gengur frv. Sannleikurinn er hins vegar sá að við núverandi kerfi er skylda að hafa sama verð hvar sem er. Það var það sem gagnrýnt var og gerð er tillaga um að breytt verði með frv. Þarna heyri ég að hv. þm. er að verða mér sammála og því fagna ég.

Ég mun láta kanna vandlega það sem nefnt var um Reyðarfjörð. Það má vel vera að þar hafi einhver glöp orðið í prentun en ég bendi á að hér er um reglugerðardrög að ræða en ekki hluta af frumvarpstextanum og er einmitt mikil þörf á að hann verði ræddur í þinginu og í þingnefndinni.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki nema eina mínútu. Ég vil fyrst þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hann mun skoða þetta með Reyðarfjörð. En hitt er annað mál að ég hélt því fram að það að afnema flutningajöfnun á bensíni þurfi ekki að hanga saman við það að gefa útgerðinni afslátt af sínum olíuvörum. Ég vil að það komi fram og ætla svo ekki að halda uppi meiri orðaskiptum við hæstv. iðnrh. að sinni.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti þess ekki kost að vera við upphaf þessarar umræðu en vil þakka fyrir aldeilis bráðskemmtilegar umræður. Hefur þar margt vakið athygli mína, ekki síst sú yfirlýsing hæstv. viðskrh. að hann telji ekki rétt að ríkið sé að vasast í alls kyns jöfnunarkerfum og kemur mér það nokkuð á óvart að heyra hæstv. ráðherra segja það. En eitthvað eimir eftir af jafnaðarstefnunni í honum því að hann segir jafnframt að hann trúi ekki á göfugt innræti olíuforstjóra eingöngu í þessu máli. Og það er sennilega svarið við þeirri spurningu sem ég ætlaði að bera upp við hann aðeins til þess að hún sé bókuð í þingtíðindum. Það fer að verða athyglisvert að bera saman eða safna saman framtíðarspám hæstv. viðskrh. og hvernig þær hafa ræst. Ég vil spyrja hann: Telur hann að þessi svokallaði frjálsi innflutningur á olíuvörum muni lækka verð á olíu og bensíni og öðrum slíkum vörum? Ég vil fá svar ráðherra við því hvort hann er sannfærður um það.

Ég vil í leiðinni leyfa mér að spyrja hann líka: Telur hann eins og margir aðrir sem hér hafa talað að viðskipti Íslands við Sovétríkin, vöruskipti á olíu og síld, hafi verið ófrjáls? Ég vil að ráðherra segi mér það hver kúgaði hvern í þeim viðskiptum. Ég hef aldrei orðið vör við annað en að tvær þjóðir hefðu sest niður og gert samninga og ég hef ekki heyrt það fyrr en nú að það hafi verið ófrjáls viðskipti.

En lokaspurning mín og sú þriðja er þessi: Það eru engin lög um jöfnun á flutningskostnaði algengustu nauðsynjavara annarra en landbúnaðarvara. Af hverju gekk ekki hæstv. ráðherra alla leið og trúði olíuforstjórunum fyrir því að vera í raunverulegri samkeppni? Þetta frv., hæstv. forseti, ætti að heita Jöfnun á samkeppnisaðstöðu olíufélaga, því að um það er frv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst að segja að ég held að skilningur síðasta ræðumanns, hv. 14. þm. Reykv., á eðli þessa frv. sé því miður alrangur. (**GHelg:** Sem betur fer, meinar ráðherrann.) Ég á við að því miður muni skilningur hv. þm. ekki vera betri. Ég er ekki að tala um efni frv. því ég held að hv. þm. ætti reyndar að fá að taka þátt í fundi efh.- og viðskn. þingsins þegar fulltrúar olíufélaganna koma þar til þess að skýra viðhorf sín til þessa frv. því að þar mun koma í ljós að þeir telja ýmsir á sig hallað þar og það verulega, þannig að þetta frv. ... (Gripið fram í.) Nei, virðulegi þingmaður, þetta frv. fjallar alls ekki um það

að jafna aðstöðu milli olíufélaganna. Þetta frv. fjallar um jöfnun að takmörkuðu leyti til þess að brúa bilið á milli kerfis sem var miðstýrt yfir í valddreift, frjálst viðskiptakerfi sem ég tel. Og með því vil ég svara einni spurningu þingmannsins, að ég tel að frv. muni færa okkur lægra olíuverð, ekki síst því fólki sem hv. 14. þm. Reykv. er fulltrúi fyrir. Ég vona að þetta svari spurningunni jafnskýrt og orðið getur. (Gripið fram í.) Já, einmitt er hún það.

Síðan kem ég að því hvort hv. þm. hafi tekið rétt eftir. Hann hélt því fram að ég hefði sagt að það væri ekki rétt að ríkið væri að vasast í alls konar jöfnunarkerfum. Hv. þm. hlýtur nú að hafa hlaupið þarna yfir nokkur orð vegna þess að það sem ég sagði, auðvitað hef ég það ekki skrifað því það var talað af munni fram, var að ríkið ætti ekki að vera að vasast í fyrirtækjunum til þess að koma fram jöfnun eftir þeim farvegum. Ríkið á einmitt, ég tek það mjög sterkt fram, að rækta sín jöfnunarkerfi sem snúa að fólkinu og að jafna kjör þess en vera ekki að þvælast með jöfnun í gegnum viðskiptalega farvegi því þar situr yfirleitt einhver peningur eftir á stöðum sem ekki var til ætlast.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við hæstv. viðskrh. skiljum fullkomlega hvort annað eins og við höfum raunar alltaf gert. Ég sé ekki eðlismuninn á því sem hæstv. ráðherra var að leiðrétta. Ríkið á ekki að vera að vasast í fyrirtækjunum. Þau eiga að fá að leika lausum hala en ríkið ætti kannski að jafna eitthvað kjörin. En ætli við vitum ekki öll að það er harla langt í land með það. Ríkið hefur einmitt verið að vasast í því litla sem hægt er að vasast í til þess að jafna kjör alþýðu manna og almennings í landinu með ýmsum aðferðum sem hæstv. ráðherra vill nú mestan part afleggja en þó ekki meira en svo að hann vill jafna að hluta. Það er afar erfitt að átta sig á því hvað er jöfnun að einhverjum hluta og málamiðlun í jöfnun. Ég held að hér sé fleiri spurningum ósvarað en svarað.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég lýsa ánægju minni yfir ræðum hv. 3. þm. Reykv. Þær eru að verða eins og rödd frá síðustu öld en ævinlega hef ég gaman af þeim.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að vísu ekki glatt eyru hv. 14. þm. Reykv. með því að láta nið aldanna hljóma. M.a. hef ég ekki verið jafnlengi á þingi og hv. þm. Ég spyr sjálfan mig að því hversu lengi menn þurfa að vera á þingi til þess að kynnast því sem kalla mætti málamiðlun í jöfnunaraðgerðum af hálfu hins opinbera. Ég hélt að menn þyrftu ekki að vera mjög lengi á þingi til þess.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. fannst mitt réttlæti ekki gott, það leiddi ekki til góðs. Ég tek það ekkert illa upp hjá honum þó að viðhorf okkar til réttlætisins séu ekki þau sömu. En ég held mig við það að ég tel það ekki réttlæti að þeir sem bera mestan flutningskostnað eigi að greiða í verðjöfnun til annarra en sitja eftir með sinn flutningskostnað að fullu. Það er að vísu sagt að olíufélögin eigi að bera þetta en mig langar aðeins að lesa hér örstuttar setningar, með leyfi hæstv. forseta, frá umræðunum 1953 en þá segir 1. flm. frv., Jón Gíslason, svo:

„Ég sé ekki annað en þetta hlyti að verða til þess að þau þrjú aðalfélög sem hafa þessa sölu og dreifingu á hendi mundu bítast um það og öll vilja gera sem minnst af því að flytja þessar vörur út á land og selja þær þar og mundi jafnvel leiða til þess að á þessum vörum gæti orðið hörgull úti um landið. Það liggur í augum uppi ef selt er á sama verði án þess að verðjöfnun fari fram fyrir flutningskostnaðinum að þá er það mestur hagur fyrir þau félögin sem selja alla sína olíu eða mest af sinni olíu og bensíni á staðnum hér í Reykjavík en óhagur fyrir þau sem gera mikið af því að flytja vöruna út um landið." (**Gripið fram í:** Hvaða ræðumaður var þetta?) Jón Gíslason, þáv. þingmaður Vestur-Skaftfellinga. En síðan ætla ég að lesa nokkrar setningar eftir öðrum flm. þessa frv., það var Sigurður Ágústsson þáv. þingmaður Snæfellinga. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að hv. allshn. skuli hafa klofnað um afgreiðslu þessa máls. Verðjöfnun á olíu og bensíni hefur verið til umræðu hér á Alþingi á tveimur síðustu þingum og var till. til þál. um verðjöfnun samþykkt á báðum þingum mótatkvæðalaust. Í nál. hv. allshn. sameinaðs þings sem samþykkti samhljóða að mæla með tillögunni á síðasta þingi segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Reynist torvelt að koma þessu í framkvæmd án sérstakrar lagasetningar þá telur nefndin að ríkisstjórnin eigi að koma málinu fram með setningu bráðabirgðalaga."

Því miður sá hæstv. ríkisstjórn sér ekki fært að framkvæma verðjöfnun á sl. ári þrátt fyrir þessi ákveðnu tilmæli Alþingis."

Ræðu sinni lýkur þáv. hv. þm. Snæfellinga með þessum orðum, með leyfi forseta: „Ég vil þakka hv. meiri hluta allshn. fyrir nál. á þskj. 413 og treysti því að verðjöfnunarmálið mæti, eins og áður, velvilja og skilningi hv. þm."

Þarna var ekki verið að ræða um neina 60% verðjöfnun. Þarna var verið að ræða um verðjöfnun jafnt til þeirra sem búa á hafnarbakka og hinna sem búa uppi í sveit fjarri hafnaraðstöðu. Það er þetta sem er ágreiningurinn um réttlætið á milli okkar hæstv. viðskrh. Hafi þessi orð, um að óvíst sé að olíufélögin muni vera fús til að halda uppi þjónustu til staða þar sem þau bera mikinn beinan halla af, átt við rök að styðjast fyrir 40 árum þá hygg ég að þau eigi það enn þá frekar núna vegna þeirra breytinga sem hefur orðið á eðli þessara fyrirtækja. Ég hygg að hlutabréf þeirra séu núna til sölu á hlutabréfamarkaði, gangi þar kaupum og sölum og það er auðvitað gífurlegur þrýstingur á stjórnendur þessara fyrirtækja að reyna að halda af-

komu þeirra þannig að hlutabréfin falli ekki í verði. Það hlýtur að vera krafa eigendanna að verðmæti þeirra minnki ekki vegna þess að þau stundi einhverja góðgerðarstarfsemi. Góðgerðarstarfsemi af hálfu olíufélaganna er því held ég algerlega tómt mál að tala um við þessar aðstæður. Ég held að það gildi jafnt um fyrirtæki sem selja stærsta hlutann af olíu utan Reykjavíkur og þau sem selja þar lítinn hluta. Ég hygg meira að segja að það geti verið óhagkvæmara fyrir þau sem selja lítið úti á landi að halda uppi þjónustu. Ég óttast ekkert síður að það dragi úr þjónustu hjá þeim en hjá hinum sem stærst eru. Ef andstaðan við þetta frv. er eingöngu talin stafa af umhyggju fyrir einu olíufélagi, þá finnst mér það vera misskilningur. Það er af minni hálfu umhyggja vegna mismunandi aðstöðu fólksins í landinu.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan að það væri þegar orðið langt á milli staða fyrir fólk í dreifbýli til þess að sækja olíu og bensín jafnvel þó að flutningskostnaðinum sé jafnað. Ég hygg að þótt greitt sé ákveðið viðmiðunarverð úr flutningsjöfnunarsjóði þá þurfi olíufélögin samt að greiða til viðbótar til sumra verktaka þar sem þau flytja ekki sjálf til staða sem eru langt í burtu. Þar er þá varla um það að ræða að greitt hafi verið of mikið við slíkar aðstæður. En ef ástæðan er sú að þarna hafi verið sukk eða misnotkun af hálfu olíufélaganna finnst mér að hæstv. viðskrh. þurfi fremur að leggja til breytingar og lagfæringar og sníða þá vankanta af sem hann telur vera á núgildandi reglum en gefast upp við að fullnægja þessu réttlæti.

Ég óttast, eins og hér hefur verið bent á áður, að þetta muni leiða til að mynduð verði smærri félög eða verktakar fengnir til að annast þjónustu á landsvæðum fjarri dreifingarstöðvum og þá muni ákveðin svæði sitja mjög á hakanum. Ég ítreka að ég vonast til að hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar sannfærist um að það sé möguleiki að halda uppi því sem ég kalla réttlæti án þess að það sé eitthvert sukk og sóun því að ég vil ekki viðurkenna að ekki sé hægt að halda uppi jöfnuði án þess að honum fylgi sóun verðmæta. Ég vil taka undir með hæstv. viðskrh. að okkur ber auðvitað öllum skylda til að reyna að koma í veg fyrir slíkt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að mér er skylt að hæla hæstv. viðskrh. fyrir ráðsnilld sína og hyggindi því hér flutti hann afburða snjalla ræðu til að sanna fyrir þeim ungu mönnum sem hér eru horfnir úr salnum, hv. 3. þm. Vestf. Einari K. Guðfinnssyni og hv. 1. þm. Vesturl., að allt sem þeir höfðu sagt um þetta mál var hreint rugl. Það er ekki um neina málamiðlun í taflinu að ræða. Hér er hreinn sigur viðskrh. á ferðinni þannig að hinir eru heimaskítsmát svo ekki sé meira sagt. (**StG:** Og farnir.) Og farnir. Og í hverju liggur þetta? Það liggur náttúrlega í þessari góðu skýringu á því að það er mjög auðvelt að hafa sama verð um land allt ef menn flytja bara olíu inn til að selja á einum stað. Hárrétt athugað hjá hæstv. viðskrh. Engar tölvur til að veita þessar upplýsingar. Hann sá þetta allt af sinni skarpskyggni.

Það er mjög auðvelt hjá olíufélagi sem selur bara hér, þar sem 60% þjóðarinnar býr eða hvað eigum við að fara hátt, félagi Össur, hv. 17. þm. Reykv., 70%? Félag sem flytur bara inn til að selja þar sem 70% þjóðarinnar býr getur auðvita selt á lægra verði. Þetta er hárrétt niðurstaða hjá hæstv. viðskrh. Hvernig stendur á því að þeir voru ekki upplýstir um þetta, ungu mennirnir, sem voru að flytja hér sínar hugsjónaræður í dag og lásu í reglugerð? Annar las í reglugerð að hér væri Stykkishólmur skráður stórum stöfum og hinn las í reglugerð að hér væri Bolungarvík sett á blað og þá var allt í lagi. Nei, þeim hefði sko verið hollt að hlusta á þessa yfirlýsingu. En hvernig standa þá leikar? Er það þá rökfræðilega rétt að Norðfjörður fari að kaupa olíufarma, ekki frá Rússum þó að Sovétríkin séu liðin undir lok, trúlega frá Bretum og flytji beint inn? Er það framtíðarsýn? Er það ekki það fyrsta sem allir Íslendingar vita að er stærsta málið fyrir okkur til að ná niður verðinu að flytja olíuna til landsins í stórum förmum af því að þá ná þeir niður flutningskostnaðinum? Hvaða stærð af skipum hyggur hæstv. ráðherra að muni flytja olíuna á Norðfjörð, hvaða stærð er verið að tala um? Það er hægt að halda því hér fram að trillukarlarnir séu bundnari við sinn olíutank en bifreiðaeigendur við bensíntankinn. Þetta er hárrétt athugað. Þannig getur t.d. bifreiðaeigandi í Öræfasveit lagt af stað til Reykjavíkur til að kaupa bensín og keypt það hér og keyrt svo til baka. En það er mjög trúlegt að hann verði hér um bil með tóman tank þegar hann kemur á leiðarenda, mjög trúlegt. Það er nefnilega svo þrátt fyrir allt og þó að bifreiðar séu með þeim kostum að það er hægt að keyra þær hringinn í kringum landið, að þá er ekki hagkvæmt að fara mjög langan veg til bensíninnkaupa. Það veit hæstv. ráðherra líka. Hann sér grein fyrir því. Og hann sér af sínu hyggjuviti að það muni náttúrlega leiða til þess að hægt er að hafa misjafnt verð á þessum vörum á Íslandi eins og kapítalistar og aðdáendur hagkerfisins í Hong Kong telja rétt. (**Forseti:** Þótt forseta sé mjög á móti skapi að trufla hv. ræðumann á þessu stigi í ræðu hans vill forseti vekja athygli á því að til stendur að fresta umræðum og slíta fundi fljótlega. Ef ræðumaður er á viðkvæmu stigi í ræðu sinni sem hann heldur yfir ráðherra nú mundi forseti gefa honum nokkrar mínútur til að ljúka máli sínu, en ef það eru þáttaskil í ræðunni mun fundi slitið og ræðunni frestað. Forseti veit að hv. þm. á ýmsar góðar ræður í miðjum klíðum og honum er kunnugt um að þingmaðurinn er vanur því að glíma við þennan vanda.) Hæstv. forseti. Ræðumaður þakkar umhyggju í sinn garð og ræðumaður er bjartsýnn að eðlisfari og gerir ekki ráð fyrir að þessi ræða verði geymd á milli ára þó frestað verði.

Umræðu frestað.

99. FUNDUR

miðvikudaginn 11. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.
Afgreiðsla þingmála stjórnarandstöðunnar.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Vegna þess hver gangur mála hefur orðið á þingmannamálum á þessu þingi vil ég leyfa mér að vekja athygli á eftirfarandi, ekki síst með tilliti til þess að hér situr nú mikill fjöldi þingmanna í fyrsta skipti.

Árið 1988 voru afgreidd fern lög sem stjórnarandstæðingar höfðu flutt og sex þingsályktanir eða samtals tíu mál. Árið 1989 voru samþykkt fimm lög sem stjórnarandstæðingar höfðu flutt og 13 þingsályktanir eða samtals 18 mál. Árið 1990 tvenn lög og sex þingsályktunartillögur eða samtals átta mál. En þess vegna er ég nú að segja þetta hér að einungis ein þingsályktun frá stjórnarandstæðingum hefur hlotið afgreiðslu á þessum vetri en það var mál sem afgreitt var í dæmalausri atkvæðagreiðslu sem hér mun hafa farið fram í gær. Þremur öðrum málum var vísað til ríkisstjórnar.

Svo er að sjá að það háa Alþingi sem nú situr líti svo á að stjórnarandstaðan hafi mun minni rétt en stjórnarliðar til að fá meðferð og afgreiðslu á sínum málum. Og meginástæða þess, virðulegi forseti, að ég vek nú máls á þessu er að þolinmæði mín er þrotin varðandi mál sem ég hef hér flutt nú í fjórða sinn á hinu háa Alþingi, sem er 123. mál þingsins og er frv. til laga um embætti umboðsmanns barna. Í öll þrjú skiptin sem þetta mál hefur legið fyrir Alþingi hefur það hlotið nokkra afgreiðslu. Fyrir liggja, m.a. í þessu sama þskj. sem ég er nú að tala um, fjölmargar umsagnir þeirra aðila sem gerst skyldu þekkja til þessara mála, allar jákvæðar. Fundir hafa verið haldnir úti um allan bæ, t.d. fundur Kvenréttindafélags Íslands þar sem sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka og þar á meðal fulltrúi Sjálfstfl., hv. formaður allshn. þessa virðulega þings, þar sem hún gaf það í skyn að vissulega mundi þetta mál verða afgreitt þar sem augljós vilji væri fyrir því úti í þjóðfélaginu. Ég harma að hv. 6. þm. Reykv. virðist ekki vera viðstaddur, en ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hvort þetta eigi að ganga á þennan veg að stjórnarandstöðumál liggi í nefndum óafgreidd.

Ég bendi á að nokkuð er farið að líða á þetta þing og betra að fara að hafa hraðar hendur ef menn vilja afgreiða eitthvað af þeim mörgu ágætu málum sem stjórnarandstaðan hefur flutt. En við það verður ekki unað að stjórnarandstöðumál séu hreint og beint látin sitja á hakanum á meðan við stjórnarandstæðingar sitjum hér samviskusamlega, tökum þátt í umræðum um stjfrv. og stjtill. og reynum að vinna að þeim málum eftir bestu getu ef við getum sætt okkur við þau.

Ég vil biðja hæstv. forseta að ræða nú alvarlega við hv. formann allshn. Ég vil helst fá svar við því hvort núverandi stjórnarflokkar eru andvígir því að stofnað verði embætti umboðsmanns barna. Fyrir liggur fjárhagsáætlun um kostnað við það sem fyrir ári síðan var milli 5 og 6 millj. Ég á ekki von á að það hafi hækkað mjög mikið þannig að hér er nú ekki verið að biðja um miklar fjárhæðir. En þetta verður auðvitað að fara að verða ljóst. Það eru margir sem hringja og spyrja: Á hverju stendur? Hver er á móti þessu? Ég vil biðja hæstv. forseta að beita sér fyrir því að þetta mál nái annaðhvort fram að ganga eða þá að svar verði gefið við því hver er því ósamþykkur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill byrja á því að leiðrétta hér það blað sem forseti las upp um fjarvistarleyfi í upphafi þessa fundar og taka á sig þá sök að hv. 6. þm. Reykv. er með fjarvistarleyfi í dag. Forseta hafði láðst að koma því til skila þannig að hennar nafn var ekki á þeim lista sem forseti las áðan. Það leiðréttist hér með.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það mál sem hér hefur verið rætt hljóti að fá sömu umfjöllun og öll önnur mál sem koma til hv. allshn. En ég hlýt að vekja athygli á einu atriði sem fram kom í ræðu málshefjanda. Ef ég heyrði rétt, þá er þetta í fjórða sinn sem þetta mál er lagt fram á Alþingi þannig að það er greinilega við einhverja aðra að sakast en núv. stjórnarmeirihluta að þetta mál skuli ekki vera orðið að lögum á einhverju af þremur undanförnum þingum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Já, það liggur alveg ljóst fyrir hverjir hafa þæft og tafið þetta mál. Það er nefnilega þannig, eins og kannski hefur komið ýmsum hér á óvart, að ekki er alveg allt fengið með því að hafa meiri hluta á hinu háa Alþingi. Það er hægt að tefja mál með því að biðja um æ fleiri til viðtals, æ fleiri umsagnir og verða þess valdandi að mál nái ekki afgreiðslu fyrir þinglok. Ég get upplýst hv. þm. sem hér talaði síðast að einmitt það gerðist á síðasta þingi. Og hver olli því? Ég er ansi hrædd um að það hafi verið flokkur hv. þm.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta nú ærið sérkennilegur málflutningur. Það er byrjað á því að tala um það að mál stjórnarandstöðu fái ekki fyrirgreiðslu eða afgreiðslu hér á þessu þingi og kvartað undan þessu tiltekna máli sem undanfarin þrjú þing hefur verið lagt fram á vegum stjórnarþingmanns og kemur þess vegna ekkert við störfum núv. stjórnarmeirihluta á Alþingi. Og ef ég man rétt af reynslu minni af setu á Alþingi þá er það yfirleitt undir þinglok sem reynir fyrst á það hvort þingmál stjórnarandstöðunnar ná fram að ganga eða ekki, þannig að e.t.v. er nú fullsnemmt af stað farið með umkvartanir í þessu efni.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Sem varaformaður allshn. get ég einungis staðfest það að fyrir liggur vilji nefndarinnar að taka á þessu ákveðna máli sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir drap hér á. Það hefur ekki nokkur maður reynt að þæfa það, þreyta eða tefja með nokkrum hætti. Það er einfaldlega staðreynd að það er óvenjumikið vinnuálag á þessari nefnd en ég get lýst því hér yfir fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar að við munum við fyrsta tækifæri beita okkur fyrir því að þetta mál verði afgreitt með viðunandi hætti frá nefndinni.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins til að leiðrétta að það reyni fyrst á afgreiðslu mála undir þinglok. Ég vil upplýsa það að mál stjórnarandstöðunnar voru afgreidd allt þingið í fyrra eftir því sem þau komu úr nefnd og það gerðist eftir áramótin í hverjum einasta mánuði að afgreidd voru mál frá stjórnarandstöðu.

En ég skal ekki lengja þessa þingskapaumræðu. Ég vil þakka hv. þingflokksformanni Alþfl. fyrir að lýsa því hér yfir fyrir hönd stjórnarflokkanna að það muni verða greitt fyrir þessu máli. Ég mun treysta því og þarf þess vegna ekki að inna hæstv. forseta frekar eftir því. Ég hlýt að fagna því og bíð eftir því að sjá þau orð þingflokksformannsins rætast.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 3. umr.

Stjfrv., 230. mál (skattskyld mörk eigna). — Þskj. 392.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á tveimur atriðum í þessu frv. Það kemur fram af hálfu þess ráðherra sem leggur þetta frv. fram að rétt sé að hækka skattstofninn um 6% á milli ára. Það kemur í stað þess að ákvarða skattvísitölu eins og mælt er fyrir um í lögum um tekjuskatt og eignarskatt að eigi að gera en var ákveðið að gera ekki við afgreiðslu fjárlaga nú. Það þýðir að hér er um að ræða mat og yfirlýsingu ráðherra um það hvað skattvísitalan hefði þurft að hækka mikið á milli ára til þess að einstakir liðir sem eru tengdir henni í lögum um tekjuskatt og eignarskatt hefðu haldið verðgildi sínu. Þar með talinn er persónuafsláttur sem er þá yfirlýst núna af hálfu stjórnarmeirihlutans að fólk hefur verið snuðað um 6% með því að persónuafsláttur hækkaði ekki með skattvísitölu eins og ráð er fyrir gert í lögunum. Mér þykir rétt að vekja sérstaka athygli á þessu atriði.

Annað sem ég vildi gjarnan fá upplýst, ef upplýsingar um það liggja fyrir, sem væri í sjálfu sér eðlilegt að menn hefðu nú þegar tekið saman, er hversu mikið fé það er sem menn áætla að þurfi til þess að ljúka þeim verkefnum sem þessi sérskattur á að renna til, Þjóðarbókhlöðu og endurbóta menningarbygginga. Hvað er það mikil upphæð, áætlað, sem þarf að verja til þessara mannvirkja til að ljúka þeim framkvæmdum sem þessi skattstofn á að standa undir? Ég tek eftir því að nefndin hefur vakið athygli á þessu og hefur óskað eftir greinargerð fjmrn. og m.a. óskað líka eftir upplýsingum um hvernig tekjum hafi verið varið frá því að þessi lög voru fyrst sett 1989. Ég vil því beina því til hæstv. fjmrh. hvort hann hafi þær upplýsingar sem um er beðið í nál. og þær upplýsingar sem ég bað hér sérstaklega um.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. — Hv. 5. þm. Vestf. tekur til máls.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt til þess að vita ef hæstv. ráðherra telur sig ekki þurfa að svara spurningum einu orði og jafnvel vera svo upptekinn við önnur störf í þingsal að hann heyri ekki spurninguna. Ég vil því endurtaka spurningarnar og fara þess á leit vinsamlegast við hæstv. ráðherra að hann gefi þau svör sem hann hefur. Það verður að virða það hafi menn ekki þær upplýsingar á takteinum sem um er beðið en lágmarkið er að menn virði fyrirspyrjendur svars. Minna er nú ekki hægt að fara fram á.

Ég varpaði fram þeirri spurningu hvort fyrir lægi hversu miklu fé menn telja að þurfi að verja til þessara bygginga, Þjóðarbókhlöðu og annarra menningarbygginga, til þess að ljúka þeim endurbótum sem áformaðar væru. Hvað er um að ræða háa upphæð sem menn telja að þurfi að afla til þessara verkefna? Ég vakti athygli á því að nefndin sem fjallaði um málið óskaði eftir greinargerð fjmrn. um það hvernig tekjum af þessum sérstaka eignarskatti hafi verið varið og hver staða framkvæmda sé nú við þær byggingar sem fengið hafa fé af þessum skattstofni. Og ég vil ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. veit þá flytur hæstv. menntmrh. þetta frv., enda heyrir þetta mál undir hann. Eftir því sem ég best veit hefur málið verið til umræðu í nefnd, reyndar kom það fram hjá hv. þm., var til umfjöllunar þar og það er auðvitað í nefndum sem hv. þm. geta fengið upplýsingar um stöðu mála. Ég hef því miður ekki á reiðum höndum þær upplýsingar sem um er beðið, enda að sjálfsögðu ekki hægt að búast við því. Það kom fram hjá hv. þm. bæði fyrr og nú að nefndin hefði óskað eftir upplýsingum frá fjmrn. Það eina sem ég get gert er að ganga eftir því að þær upplýsingar berist nefndinni. En við 3. umr. málsins tel ég að ekki sé eðlilegt að beðið sé um svo nákvæmar upplýsingar um mál sem í raun og veru heyrir undir menntmrn. en ekki fjmrn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er afar sérkennilegt svar hjá hæstv. fjmrh. Hér hefur hv. efh.- og viðskn. farið fram á greinargerð fjmrn. um hvernig tekjum af sérstökum eignarskatti hafi verið varið frá setningu laga nr.

83/1989 og hver sé staða framkvæmda við þær byggingar sem fengið hafa fé af þessum skattstofni. Og það er nákvæmlega þetta sem hv. 5. þm. Vestf. var hér að biðja um. Svar hæstv. fjmrh. er auðvitað ekki ásættanlegt og ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að afgreiðslu málsins verði frestað þangað til þessi greinargerð fjmrn., sem hv. nefnd hefur beðið um, liggur fyrir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að það mál sem hér er til umræðu snýst um það að sjá til þess að skattar lækki, skattar á ákveðinn skattstofn lækki til samræmis við aðrar ákvarðanir í skattamálum. Upplýsingar sem hv. nefnd hefur beðið um hljóta auðvitað að berast nefndinni og ég skil ekki þann málflutning sem hér kemur fram að það eigi að bíða með að afgreiða frv. vegna þess að fjmrn. hafi enn ekki svarað viðkomandi nefnd. Ég bendi virðulegum þingmönnum á það, báðum úr Alþb., að nál. sem liggur fyrir er undirritað 26. febr. og þar af skrifar einn af þingmönnum Alþb., sjálfur varaformaður flokksins, Steingrímur J. Sigfússon, undir nál. án alls fyrirvara.

Þetta mál sem hér er til umfjöllunar snýst um það að lækka skatta til samræmis við aðrar ákvarðanir. Þær upplýsingar sem um hefur verið beðið munu að sjálfsögðu verða sendar nefndinni. Ef það er hins vegar vilji hv. þm. Alþb. að fresta því að gera þessa leiðréttingu með því að afgreiða ekki þetta frv. sem lög frá Alþingi, þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að verða ekki við þeim tilmælum. En ég bendi á að að sjálfsögðu mun nefndin halda áfram sínum störfum og að sjálfsögðu getur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon miðlað þeim upplýsingum til hv. þm. svo fremi sem enn séu haldnir þingflokksfundir í Alþb.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur mér á óvart ef það er skoðun hæstv. fjmrh. að það sé heldur verra að þingmenn biðji um upplýsingar og það virðist sem beiðni um upplýsingar um mál sé eitthvað sem fari í taugarnar á honum. Ég efa það ekki að ráðuneytið muni svara nefndinni þegar þar að kemur en mér heyrðist á svari ráðherra að hann væri ekki búinn að því. En það breytir því ekki að þingmenn eiga fyllsta rétt á því í umræðum um mál að fá upplýsingar um þau mál og mér þykir það einfaldlega skynsamlegt að þegar menn eru með sérstakan skatt til afmarkaðra verkefna að vita hvað það eru háar fjárhæðir sem um er að ræða sem menn ætla að verja til þessara verkefna og hvernig tekjurnar koma inn og hvernig þeim hefur verið varið. Ég sé ekkert óeðlilegt við það að þingmaður biðji um þessar upplýsingar. Ég botna bara satt að segja ekki í þessum málflutningi hjá hæstv. ráðherra, að það skuli vera mönnum heldur til hnjóðs að vilja vita eitthvað um hvað menn eru að samþykkja.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi það farið fram hjá hv. þm. þá var ég ekki að víkjast undan því að þessar upplýsingar kæmu. Það var beðið um ákveðnar upplýsingar af hv. nefnd og þær upplýsingar munu koma til nefndarinnar. Ég get ekki hér og nú gefið þessar upplýsingar, það er ekki hægt að ætlast til þess. Það var það eina sem fólst í mínu svari.

Ég sagði jafnframt að ef hv. þm. vilja tefja afgreiðslu málsins af því að þeir þurfi að bíða eftir upplýsingunum þá er það mér að meinalausu. Málið heyrir undir menntmrn. og fjallar um það að leiðrétta lög þannig að ákveðin skattleysismörk hækki um 6% og skatturinn verði ekki eins hár og ella. Upplýsingarnar hafa sjálfstætt gildi og geta alveg borist nefndinni og þingflokki Alþb. síðar en ef Alþb. kærir sig ekki um að fara að tillögu síns eigin varaformanns sem hefur skrifað undir nál. og segir hér að stungið sé upp á því að frv. sé samþykkt. Það er auðvitað þeirra mál og ekki ætla ég að tefja fyrir því að þetta mál fái að bíða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér finnst óþarfi af hæstv. fjmrh. að vera að æsa sig út af þessu. Það sem er verið að ræða um hér er það að í efh.- og viðskn. kom fram það sjónarmið þegar þar var verið að fjalla um þetta frv. að æskilegt væri að fá upplýsingar um stöðu framkvæmda á þessu sviði og hvernig þessum skattstofni hefði verið varið og hvar menn væru staddir í því að byggja þau mannvirki eða endurbæta sem ætlunin hefur verið að gera með þeim tekjum sem aflað er á grundvelli þessa sérstaka álags á eignarskatt. Enda er það nú þannig að ef menn taka sér í hönd þskj. 392, þá er þar nú frekar fátæklegt um upplýsingar varðandi afgreiðslu málsins. Ég hygg að það hafi verið af þeim ástæðum sem þetta sjónarmið kom fram í nefndinni að það væri æskilegt að fá fram þessar upplýsingar. Það liggur hins vegar fyrir og þarf hvorki hæstv. fjmrh. né neinn annar að æsa sig út af því að það er ekki efniságreiningur um þetta mál. Það er samstaða um það, hygg ég, að halda áfram að afla tekna í þetta verkefni með þeim hætti sem gert hefur verið. Og að sjálfsögðu er þar með samstaða um að þá sé eðlilegt að hækka frádráttarmörk til samræmis við það sem gert er annars staðar í skattkerfinu og um það snýst breytingin.

Ég held að það væri ekki óeðlilegt við þessar aðstæður að byrjað yrði á því að kanna hversu langan tíma það muni taka að draga saman þessar upplýsingar og síðan taki menn þá ákvörðun um það hvort þeir bíða með afgreiðslu málsins þangað til, ef það er ekki mjög langur tími. Ef þetta er óheyrilegt verk og margra mánaða vinna, þá er sjálfsagt að ræða það við hæstv. fjmrh. hvort ekki eigi að afgreiða frv. þrátt fyrir það að upplýsingarnar séu ekki fram komnar. En mér finnst ósk þingmanna um það að fá þessar upplýsingar, úr því að um það hefur verið beðið áður en málið hverfur hér út af dagskrá þingsins, fullkomlega eðlileg og ekki nokkur ástæða til þess að taka því illa þó um þær sé beðið. Það er heldur ekki í neinu ósamræmi við það þó að allir nefndarmenn efh.- og viðskn. standi saman efnislsega hvað málið snertir.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þessu máli var eins og fram hefur komið vísað til efh.- og viðskn. Frv. fylgdi afar stutt og augljós greinargerð, aðeins fimm línur, svohljóðandi, *með leyfi forseta:*

„Samkvæmt núgildandi lögum skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattvísitala er ákveðin í fjárlögum fyrir ár hvert. Skattvísitala var ekki ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1992 og hækkaði því ekki skattskylt mark til sérstaks eignarskatts á milli áranna 1991 og 1992. Hér er lagt til að þetta mark verði hækkað um 6%."

Um þetta var nefndin algjörlega sammála eins og fram kemur í nál. Það kom fram ósk um að fá greinargerð frá fjmrn. hvernig tekjum af þessum sérstaka eignarskatti hafi verið varið frá því að lögin voru sett á árinu 1989 og hver sé staða framkvæmda við þær byggingar sem fengið hafa fjármagn af þessum skattstofni. Mér var sagt að það tæki nokkurn tíma að taka þetta saman og ég hygg að það sé á bak við líka að fá frekari upplýsingar um hvernig framkvæmdir við þessa merku byggingu standa og hvað eigi eftir að gera.

Nefndarmenn sáu enga ástæðu til þess að frv. fengi ekki eðlilega afgreiðslu. Þessar upplýsingar koma til nefndarinnar og þá verður auðvelt að koma þeim til þingmanna í öllum þingflokkum í gegnum nefndarmenn þar sem allir þingflokkar eiga fulltrúa í nefndinni. Ég hélt að við þetta mætti vel una.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á það að afgreiðsla frv. sé ekki látin bíða þar til upplýsingarnar liggja fyrir. Það breytir engu um samþykkt frv. þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og koma þá þvert á alla þá sem mæla með samþykktinni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram skýring frá hv. formanni efh.- og viðskn. og forseti væntir þess að hv. þm. geti fallist á þá skýringu enda kemur ekki fram í nál. að þetta frv. bíði afgreiðslu þar til þessar upplýsingar liggja fyrir. Forseti væntir þess að hv. þm. sætti sig við þann úrskurð að nú fari fram atkvæðagreiðsla um málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. forseta, ég óskaði eftir frestun á þessu máli. Hvaða ástæða er til þess að hafna því? Ég kannast ekki við það að slíkri beiðni hafi verið neitað hingað til. Hvað gerir það svo brýnt að það sé ekki hægt að verða við þessari beiðni?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar svarað þessari spurningu með því sem forseti sagði hér áður en til atkvæðagreiðslu var boðað.

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónK, JVK, KSG, KÁ, GGuðbj, LMR, MB, MI, ÓÞÞ, EL, PJ, RG, PS, SAÞ, SJS, StB, VS, ÖS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, SE, EKG, EKJ, ÁRJ, FrS, GHH, GuðjG, GuðmS, ÞBern, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, VG, SalÞ.

5 þm. (KHG, RA, AÓB, GHelg, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (JónS, MF, ÓRG, SigG, SP, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, HAJ, GHall, GunnS, HBl, ISG, JóhS, JHelg) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil reyna að gera þingheimi ljóst hvað hér er að gerast. Ég var ekki að ergja eða stríða hæstv. forseta með því að biðja um frestun á þessu máli til næsta fundar. Ástæðan er sú að ég vil fá leyfi til að skoða það örlítið lengur. Ég vil vekja á því athygli að þetta er í fyrsta skipti í þau 13 ár sem ég hef setið á þingi sem þingmanni hefur verið neitað um örlítinn frest á máli. Og ég vil spyrja hæstv. forseta, og mun gera það við annað tækifæri, hvort þetta séu nýir siðir hér á hinu háa Alþingi. Nefndin gerir í þessu tilviki í raun og veru fyrirvara um málið með því að biðja um greinargerð sem ekki er algengt við afgreiðslu nefndar um mál. Ég á ekki sæti í þessari nefnd en það einfaldlega sem þingmaður utan nefndarinnar um að fá að skoða þetta örlítið betur. Það er tvímælalaust þinglegur réttur minn, hæstv. forseti, og ég harma að svo skuli nú vera komið fyrir Alþingi Íslendinga að réttur þingmanns sé ekki virtur. Ég greiði því ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 547).

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 279. mál. — Þskj. 468.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu er um margt kostulegt mál og einkennileg frumvarpssmíð, enda hafa menn skemmt sér ágætlega við að fjalla um það fyrr í umræðunni og gert nokkuð grín að því. Ég ætla ekki að gera það, mér er ekki hlátur í huga þegar ég les þetta frv. Frekar finnst mér það dapurlegt og sorglegt hver stefnan er í frv. Það er eiginlega orðið þannig hér á landi eða stefnir hraðbyri í það að ekki nokkurn skapaðan hlut má gera. Það má ekki orðið dýfa krók í sjó án þess að hafa fyrir því leyfi og það má ekki labba upp um föll og firnindi að leita sér að einu stykki rjúpu án þess að hafa fyrir því tilskilin leyfi og borga fyrir það sérstakt gjald eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég verð að segja það eins og er að ég öfunda ekki hv. umhvn. að fá þetta frv. til meðferðar. Það er aðeins um tvennt að ræða fyrir hv. nefnd, annars vegar að afgreiða frv. ekki út eða hreinlega vinna

nýtt frv. Og eftir að hafa hlustað hér á hv. formann umhvn., flokksbróður umhvrh., þá gat ég ekki betur skilið á hans máli en að þetta frv. mundi alls ekki koma aftur út úr nefnd. Hann viðhafði þau orð um frv. að hér væri miðstýringarárátta, hann mótmælti frv. og þó alveg sérstaklega vegna einnar greinar, 12. gr., þar sem hann sagði að verið væri að draga úr minkaveiðum og á vissum stöðum yrðu þær nánast alveg lagðar niður. Hann hafði þau orð um frv. að betra hefði verið heima setið en af stað farið. Þetta voru orð formanns umhvn., flokksbróður ráðherrans sem leggur frv. fram, um þetta frv. Hann sagði einnig að frv. yrði ekki afgreitt með 12. gr. eins og hún er þar orðuð. Um þá grein er reyndar hægt að hafa mörg orð og mun ég koma inn á það nokkuð seinna.

Hér er verið að ræða um dýravernd almennt og menn hafa t.d. verið að ræða örlítið um laxveiði. Ég tel að menn megi líta á þann þátt ef menn bera virkilega hag dýrsins fyrir brjósti. Ég held að einhver sú ljótasta veiðiaðferð sem ég veit um, sé sjálf laxveiðin, og ég held að menn (Gripið fram í.) nei, sá sem hér stendur og talar stundar ekki þá veiði — ég held að það sé einhver sú ljótasta veiðiaðferð sem til er þegar menn henda flugu upp í fisk og dunda svo við það og gorta sig af því hvað þeir geta kvalið hann lengi, hvað þeir eru lengi að hemja fiskinn. **(Gripið fram í:** Hvað með maðkinn?) Hvort sem það er maðkur eða fluga eða hvað sem það er, þá er það metnaður manna að kvelja dýrið sem lengst og eftir því sem það tekur lengri tíma að ganga frá því þá verða menn stoltari. Ef menn bera í raun hag dýranna fyrir brjósti, þá ættu þeir að taka á þessum hlut.

Þetta frv. er náttúrlega enn eitt kvótakerfið. Við erum með kvótakerfi í sjávarútveginum sem menn eru missáttir við og eftir því sem ég best veit og skil er flokkur ráðherra nú ekki beint hrifinn af þeirri stefnu sem þar ríkir en það á að taka upp svipaða stefnu í veiðum á landi.

Það er auðvitað freistandi að byrja á því að spyrja svona almennt hver kostnaðurinn við þetta kerfi allt verður, allt það leyfiskerfi, leyfisgjöld, eftirlitskostnaður og annað slíkt. Hér er auðvitað verið að skattleggja ákveðinn hóp manna sem eru veiðimenn og því vil ég mótmæla og get reyndar sagt það strax að ég leggst alfarið gegn þessu frv. eins og það nú liggur frammi og tel að ef það eigi að eiga einhverja möguleika, þá verði að gera á því gagngerar breytingar.

Ég ætla aðeins að fá að hlaupa hér yfir nokkrar greinar frv. Það er auðvitað búið að fara yfir þetta mestallt. Mig langaði að byrja á 7. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að láta veiða friðaða sem ófriðaða fugla og safna eggjum handa stofnuninni, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið."

Mér finnst vald dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar fullmikið þarna. Þeir geta vaðið inn á land landeiganda án þess að fá til þess leyfi sjálfs landeigandans. Mér finnst það algjört lágmark að þarna verði haft samráð við landeiganda þannig að menn vaði ekki bara inn á landið.

Um 9. gr. og alla þá upptalningu sem þar kemur fram ætla ég ekki að fjalla mikið. Ég vil þó hvetja til þess að það verði skilgreint betur hvað í rauninni er átt við. Ég vil þó staldra við 16. liðinn þar sem segir að óheimilt sé að nota hunda til að hlaupa uppi bráð nema við minkaveiðar. Þetta finnst mér orka tvímælis. Hundar eru ekki eingöngu notaðir til þess að finna fuglana og reka þá upp þannig að hægt sé að skjóta þá aftur niður, heldur eru þeir ekki síður notaðir til þess að elta uppi særð dýr og ég held að það sé nokkuð mikilvægt. Þeir sem þekkja til rjúpnaveiða vita að það getur oft verið ansi erfitt að finna særða rjúpu.

Í 17. lið 9. gr. kemur fram að vopn skuli vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 50 metra. Þetta finnst mér líka ákaflega hæpið að setja inn í lagabókstaf. Ég þekki vel til þess að bráðin er oft töluvert nær en þetta þegar komið er á veiðistað og ekki nokkur leið að ætlast til þess að veiðimenn virði svona lagabókstaf þegar þeir koma inn á veiðisvæði. **(ÓÞÞ:** Hafa með sér tommustokk.) Það er kannski ráðið að stika fyrst og biðja rjúpuna að doka við á meðan en þær rjúpur sem ég hef rekist á gera það ekki. Hins vegar er auðvitað rétt að reka fyrir því áróður að menn séu með óhlaðin vopn nema við veiðarnar sjálfar. En veiðarnar geta sem sagt farið fram nær farartæki heldur en 50 metra.

Í 10. gr. segir m.a., með leyfi forseta:

„Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim."

Mér finnst þetta allfurðuleg grein. Við skulum segja að ég sé að skjóta gæs eða rjúpu og hún særist og villist inn á land hjá einhverjum bónda. Auðvitað ber mér að elta rjúpuna eða gæsina og aflífa hana, en samkvæmt þessum lagabókstaf ber mér að labba heim í hlað og afhenda bóndanum bráðina. Mér finnst þetta alveg stórfurðuleg grein.

Í 11. gr., sem er kannski sú sem umdeildust er segir, með leyfi forseta:

„Umhvrh. ákveður með reglugerð að allir þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skuli afla sér veiðikorts, gegn gjaldi sem umhvrh. ákveður. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, svæðis sem kortið gildir á, gildistímabils, tegunda og fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum, svo og á leið til og frá veiðum. Hann skal framvísa því ef þess er óskað."

Það kemur reyndar ekkert fram hver getur óskað eftir því að viðkomandi framvísi korti. Það getur verið hver sem er nánast, hver sem er í þjóðfélaginu getur elt uppi veiðimann og sagt: Framvísaðu korti, vinur. En það er nú kannski ekki aðalmálið.

Spurningarnar eru reyndar margar. Fyrir utan þann kostnað sem hér er verið að leggja á veiðimenn og þann skatt — auðvitað er þetta ekkert annað en skattlagning á veiðimenn — þá má spyrja: Hver stjórnar verðinu? Er það gert inni í ráðuneyti? Hvernig er með úthlutun svæða? Er úthlutað einu svæði í einu? Er hægt að fá úthlutað mörgum svæðum? Gildir það yfir langt tímabil? Við skulum halda áfram með rjúpuna. Ef ég kem í byrjun október og óska eftir veiðileyfi, get ég þá óskað eftir einu svæði eða get ég óskað eftir mörgum svæðum eða fæ ég bara eitt svæði? Gildir kvótinn sem ég fæ fyrir eitt svæði eða gildir hann fyrir mörg svæði? Hvernig á að framkvæma svona hluti? Er hægt að sækja um mörg svæði í einu eða er það bara eitt? Og er tiltekinn fjöldi dýra á svæði eða er það millifæranlegt?

Seinna í þessari grein segir:

„Umhvrh. er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða."

Þarna kemur náttúrlega enn einn möguleikinn á að hirða peninga af veiðimönnum. Nú eiga þeir að fara að taka sérstakt próf um villt dýr. Ég tel að með því að taka próf sem fylgir því að fá byssuleyfi eigi þetta náttúrlega að vera þar innifalið og það á bara að efla þá kennslu sem þar er ef menn telja að þess þurfi. Hins vegar er nú farið nokkuð yfir þetta þar. Ég vil einnig spyrja ráðherra: Hvernig ætla menn að meta hæfni manna til að veiða? Hvernig verður hún metin? Er farið með menn upp um fjöll og firnindi og þeir metnir þar, teknir út? Ekki skeður það inni í skólastofu. Ég get ómögulega séð það. Þó er aldrei að vita. Það eru komnar slíkar tölvur og tæki að það getur vel verið að það megi gera. En ég get ekki séð að það sé hægt að meta menn á þann hátt. Auðvitað á það að vera þáttur í prófi sem menn taka þegar þeir fá byssuleyfi, þetta sérstaka skilyrði sem ráðherra vill hér setja, enda eru 90% af þeim sem sækja um byssuleyfi veiðimenn. Ég efast um að það sé meira en svona 10% sem eru í skotklúbbum eða hvað sem maður kallar það, að skjóta í mark. Ég sem sagt leggst alfarið gegn þessari kvótagrein og þeirri miðstýringu sem þarna kemur fram og vil neita því að sem Íslendingur geti maður ekki lengur orðið labbað hér um fjöll og firnindi og náð sér í eina rjúpu eða gæs án þess að þurfa að fara niður í ráðuneyti og borga fyrir það eitthvert sérstakt gjald eða fá úthlutað einhverju svæði. Og ég skil ekki svona miðstýringarárättu í jafnfrjálslyndri stjórn og núna situr við völd. (**Gripið fram í:** Frjálslyndri. Er þingmaðurinn frjálslyndur?) Þingmaðurinn er mjög bjartsýnn og fullur óskhyggju kannski.

Ég tel að 12. gr., sem formaður umhvn. gerði sérstaklega að umtalsefni, beri að lesa saman við 33. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem nýlega var samþykkt. Í fyrsta lagi segir þar að það séu stjórnir sveitarfélaga sem annist eyðingu refa og minka. Hins vegar er þetta í því lagafrv. sem við ræðum nú komið í hendur umhvrh. án þess að ég hafi orðið var við breytingar á fyrri löggjöf. Í öðru lagi segir í bandorminum, með leyfi forseta: „Nú úrskurðar veiðistjóri reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir ríkissjóður þá sveitarfélögum helming útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara." Hins vegar er í frv. því sem við erum hér að ræða einungis gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði einn fjórða hluta kostnaðar. Þetta passar ekki, þetta gengur ekki upp. Þetta tel ég að þurfi að lesa saman. (**Umhvrh.:** Lesa betur.) Lesa betur. Þá les ég áfram í bandorminum: „Í sveitarfélagi, þar sem heildarkostnaður við refa- og minkaveiðar verður hærri en 3.000 kr. á hvern íbúa miðað við íbúafjölda 1. des. árið á undan, greiðir ríkissjóður þó allt að þremur fjórðu hlutum af kostnaði við framkvæmdina." Þarna er hann kominn upp í ¾. Þetta tel ég að hljóti að verða að lesa saman og lagfæra. En ef ég hef ekki lesið nógu vel eins og mér heyrist á innskoti ráðherra, þá leiðréttir hann mig auðvitað seinna í umræðunni.

Hæstv. forseti. Menn hafa verið að gera hér grín að 17. gr. um hvítabirni og er búið að vera virkilega gaman að sitja hér og hlusta á menn velta sér upp úr þeirri grein. Ég ætla nú ekki að gera það frekar heldur en menn hafa gert. Ég vil þó benda á það sem segir hér, með leyfi forseta:

„Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af, er umhvrh. heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar af honum hætta."

Þetta er ansi þröngt túlkað. Þarna er aðeins umhvrh. heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn. Það eru engin smávöld, það er aðeins einn maður á Íslandi sem getur veitt heimild fyrir því að hvítabjörninn verði fangaður. Aðeins einn og hugsið þið ykkur nú ef maðurinn er staddur erlendis, sem kemur nú fyrir okkar ágætu ráðherra. Hvað gerum við þá? Eigum við að hringja? Og ef við náum nú ekki sambandi? (Gripið fram í.) Ja, ekki förum við að brjóta lög, það er alveg á hreinu. (**ÓÞÞ:** Embættið fer aldrei úr landi.) Það er ekki talað um embættið það er talað um umhvrh. (Gripið fram í.)

Það eru margir furðulegir textar hér. Eins og í 18. gr.: „Óheimilt er að þeyta flautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg." Ég skil ekki svona texta.

Hæstv. forseti. Það er margt einkennilegt. Menn hafa t.d. talað um 19. gr., þar sem segir að mönnum sé heimilt að taka egg frá gæs og öndum en þeim er ekki heimilt að bjóða þau til sölu, selja þau, kaupa þau, gefa eða þiggja að gjöf. Það er eins gott að þetta sé ekki mikið magn því það eina sem menn geta þá gert er að reyna að éta eggin sjálfir. Þetta er aldeilis furðulegur texti. (**Gripið fram í:** Ekki gefa gestum.) Nei, alls ekki, því þú mátt ekki þiggja það, hv. þm., ef þér væri boðið það. Hérna vantar viðurlögin, ef þú mundir þiggja það, hv. þm., hvað mundi þá gerast?

Hér er náttúrlega um slíkt lagafrv. að ræða, virðulegur forseti, að mér finnst ekki hægt að eyða mikið fleiri orðum á það. Ég hvet virðulega umhvn. að taka hraustlega á þessu, eins og formaður nefndarinnar boðar og reyndar varaformaðurinn líka. Þeir höfðu báðir verulegar athugasemdir við frv. Varaformaðurinn talaði um að það væri full þörf á breytingum og var að

reyna að miða þetta við milljónaþjóð eins og Frakkland, hvernig veiðar hefðu farið þar fram og hvernig ástandið væri þar. Ég held að slík viðmiðun sé afar varasöm, vægast sagt. En hann talaði um að það væru ýmis atriði sem orkuðu tvímælis og yrði að breyta og mörg atriði sem yrði að fella út þannig að það voru verulegar athugasemdir þar líka.

Það má líka velta fyrir sér t.d. gæsaveiðitímabili og rjúpnatímabilinu, af hverju á það að vera í hendi ráðherrans núna allt í einu hvort það er heimilt að veiða yfir höfuð eða ekki? Þetta hefur verið í mjög góðu lagi til þessa. Við þurfum t.d. ekkert að vernda gæsina. Ef við förum að vernda hana of mikið þá erum við bara að gera það fyrir skotveiðimenn í Skotlandi sem bíða eftir því að hún komi héðan og skjóta hana alla niður þar. Þá held ég að það sé nær að við fáum að veiða hana hér.

Ég get hins vegar tekið undir það með ráðherra að eftirlit þarf að vera með þessu á einhvern hátt og það er eðlilegt að hvetja menn til þess að skila inn veiðiskýrslum, þannig að hægt sé að fylgjast með veiði og fylgjast með veiðisvæðum og öðru slíku. Ég er alveg viss um það að veiðimenn almennt eru tilbúnir í slíka samvinnu. En ekki að setja upp eitthvert kvótakerfi hér og nánast orðið loka landinu fyrir Íslendingum. Maður spyr sig: Hvenær kemur kvóti á ánamaðka? Það hlýtur að fara að koma, það er alveg útilokað annað. Mér finnst þetta alveg kostulegt. En ég er alveg viss um að veiðimenn væru tilbúnir til að halda veiðidagbækur.

Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið að fulltrúi veiðimanna hafi ekki tekið þátt í starfi þeirrar nefndar sem undirbjó þetta frv. og tel að það hefði verið eðlilegt að þeirra sjónarmið hefðu fengið að koma þar fram. En því miður var það nú ekki. En þeir fá auðvitað að tjá sig í umhvn.

Virðulegi forseti. Þó það sé hægt að fjalla um þetta mál mikið og í löngu máli þá ætla ég ekki að gera það nú. Ég ætla að treysta á að það komi verulega breytt út úr nefndinni, að öðrum kosti held ég að menn hljóti að þurfa að ræða málið alveg í botn.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þannig er að ég hafði undirbúið mig til að tala nokkuð í þessu máli en þar sem það liggur nú fyrir að hér hafa talað á milli fimm og tíu stjórnarsinnar og allir sett meira og minna út á þetta frv., ekki síst síðasti ræðumaður, og formaður umhvn. gaf það fyllilega í skyn hér í umræðunni á mánudaginn að þetta mál kæmi aldrei frá nefnd, hann sagði að það hefði verið betur heima setið en af stað farið, þá finnst mér að það þurfi að liggja fyrir af hendi hæstv. ráðherra áður en lengra er haldið hvort hér er um stjfrv. að ræða. Það hefur hver einasti stjórnarsinni sem tekið hefur til máls í umræðunni sett meira og minna út á frv. Og síðasti ræðumaður lagðist alfarið gegn því. Eru viðhöfð einhver ný vinnubrögð í stjórnarþingflokkunum um framlagningu stjfrv.? Eða hvað? Mér finnst að þetta þurfi að liggja fyrir áður en lengra er haldið, hæstv. forseti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er afar auðvelt að taka af öll tvímæli í þessu máli. Hér er vissulega um stjfrv. að ræða sem var afgreitt með venjulegum hætti, fyrst í ríkisstjórn og síðan í þingflokkum. En auðvitað er hér líka um að ræða, og það hlýtur hv. þm. að vera ljóst, mál sem ekki fer endilega eftir pólitískum línum. Í þessu frv. eru fjölmörg álitamál sem menn hafa skoðanir á, skoðanir úr öllum áttum sem ekkert koma stjórnmálum við. Og mér kemur það satt að segja afskaplega mikið á óvart að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, með þá þingreynslu sem hún hefur, skuli vera undrandi á því að hér sé ekki bara hallelúja yfir öllum ákvæðum þessa frv. Mér er það fyllilega ljóst að þau orka tvímælis ýmis þeirra. En að hér sé einhver pólitískur ágreiningur á ferðinni er fráleitt — og ég hygg nú að þau ummæli sem hún vitnaði til hjá hæstv. formanni umhvn. hafi verið mælt í nokkru fljótræði. Og raunar er mér skylt að geta þess að mörg þau ákvæði sem hv. þm. hafa verið að gera athugasemdir við, t.d. hv. síðasti ræðumaður, eru þegar í gildandi lögum. Það er ekki verið að breyta neinu, það er verið að færa saman. Þau atriði sum sem hann gerði athugasemdir við eru lög landsins nú. Auðvitað geta menn haft skoðanir á því að þau eigi að vera öðruvísi en þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram. Auðvitað er hér um stjfrv. að ræða. Það bíður hins vegar sinna örlaga í þeirri nefnd sem málið fær til afgreiðslu og hér á hinu háa Alþingi á því hvaða skoðanir menn hafa á málinu. En vissulega er þetta stjfrv.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur umræðan um þetta mál verið nokkuð sérkennileg. Ég skil það alveg út af fyrir sig þó einstakir stjórnarliðar hafi gert athugasemdir við einstök atriði frv. og ég get alveg tekið undir það að dýraveiðar eru kannski ekki stórpólitísk mál á við ýmis önnur sem hér eru á ferðinni. Hins vegar er einn punktur í þessu máli sem er mjög sérkennilegur, að formaður umhvn. þingsins gefur það fyllilega í skyn í ræðu sinni að hann muni setjast á málið í nefnd. Það er óvenjulegt, svo ekki sé meira sagt, og væri gott fyrir hv. þm. áður en lengra er haldið að vita hvort þeir eigi að leggja vinnu í málið ef það á að svæfa það í nefnd af flokksmanni hæstv. umhvrh. Ég vildi gjarnan að hv. 5. m. Austurl. tæki af skarið um það að hann ætli að vinna málið áfram.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Austurl., sem hann beindi nú einkum til 5. þm. Austurl., sem annaðhvort hefur fjarvistarleyfi eða er alla vega ekki staddur hér í salnum, þá sé ég enga ástæðu til að efast um það að hann muni gegna þeim skyldum sem honum eru lagðar á herðar sem nefndarformanni. Ég hef ekki nokkra minnstu ástæðu til að efast um það og finnst raunar svolítið einkennilegt að hv. þingbróðir

hans, 2. þm. Austurl., skuli draga það í efa að hann gegni sínum störfum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal halda mig við gæslu þingskapa og ég held að það hljóti að falla undir gæslu þingskapa að við vitum hvaða örlög þetta mál fær.

Ég vil benda hæstv. umhvrh. á að ég hef að vísu ekki mjög langa þingreynslu en ég held að það hljóti að vera nánast einsdæmi að ráðherra leggi fram mál án þess að hann hafi tryggt stuðning formanns viðkomandi nefndar sem auk þess er flokksbróðir ráðherrans. Að vísu sagði hæstv. ráðherra hér úr ræðustól áðan að hv. 5. þm. Austurl., formaður umhvn., hafi ekki verið ábyrgur orða sinna sem hann mælti úr þessum ræðustól hins háa Alþingis. Hann sagði að hann hefði sagt hluti í fljótfærni sem væntanlega túlkuðu ekki hans skoðanir. Ég vil því fara fram á það, virðulegur forseti, að það liggi fyrir áður en við leggjum meiri vinnu í þetta mál, hvort fyrir er vilji formanns umhvn. til þess að vinna að málinu í nefnd. Miðað við ummæli hans hér úr ræðustól verð ég að draga það mjög í efa að svo sé.

Jón Kristjánsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég skal halda mig við þingsköpin. Ég ætla að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort hv. 5. þm. Austurl. hefur fjarvistarleyfi. (**Forseti:** Ekki samkvæmt þeim skrám sem forseti hefur.) Ég ætlaði að biðjast afsökunar á því að tala um hann fjarverandi, ef svo hefði verið. Ég vona að þau orð sem ég mælti hér komist til hans því að ég ætlaði ekkert að koma í bakið á honum með þau.

En ég heyri það að hæstv. umhvrh. efast ekkert um það, og ég reyndar efast ekkert um það, að hv. 5. þm. Austurl. vill gegna sínum þingskyldum. Hins vegar kom það fram hér í ræðu hans að hann talaði mjög gegn frv. og lét að því liggja að það mundi ekki eiga greiða leið í gegnum nefnd. Það voru ástæðurnar fyrir því að ég tók til máls undir þessum lið.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Nú liggur fyrir að hér er um stjfrv. að ræða og hefur það fengið allmikla umfjöllun og gagnrýni. En ég vil þó byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir að láta sig þessi mál varða sem hér er um fjallað þó að e.t.v. vanti nokkuð á það að frv. sem er hér til umræðu sé nægilega vel unnið. Það er svo einkennilegt að í sama frv. er um það að ræða að þar eru miklar reglugerðarheimildir og eins er sá texti þar sem virkilega er tekið efnislega á málum og framkvæmdum en þar er einnig um mjög gallaðan texta að ræða og í mörgum tilfellum ákvæði sem eru nánast óframkvæmanleg eins og hér hefur þegar komið fram.

Hæstv. ráðherra sagði þegar hann mælti fyrir frv. að leitað hefði verið eftir sambærilegri löggjöf frá öðrum Norðurlöndum en ekki hefði verið hægt að byggja á þeirri löggjöf þar sem þar hefði ekki verið um rammalöggjöf að ræða. En það virðist vera lögð mikil áhersla á það að í þessu tilfelli, að íslenska löggjöfin eigi að verða rammalöggjöf. Og ég leyfi mér að efast um að þetta sé rétta leiðin, ekki síst þegar það hefur verið upplýst að slík löggjöf sé ekki hjá okkar nágrannaþjóðum.

Markmið frv. er í sjálfu sér gott og eðlilegt, þ.e. að viðurkenna tilverurétt villtra dýra og tryggja skipulag á veiðum og nýtingu dýra. En eins og hér hefur margkomið fram ber margs að gæta í þessum efnum og að sjálfsögðu erfitt að gera svo öllum líki. En það fer ekkert á milli mála að samkvæmt frv. fer umhvrh. með yfirumsjón með öllum málum er varða villt dýr. Þetta kemur fram í 3. gr. frv. Og hann hefur sér til ráðuneytis svokallaða dýranefnd, villidýranefnd, eins og hv. þm. Pálmi Jónsson vildi nú kalla hana. Búnaðarþing, sem nú situr að störfum eins og alþjóð veit, hefur fjallað um þetta frv. og gert við það nokkrar athugasemdir sem mig langar til að koma hér inn á. Í heildina tekið snýst búnaðarþing ekki gegn þessu máli en vill að sjálfsögðu gera á því einhverjar breytingar og hafa á því skoðanir. Búnaðarþingi þykir ekki eðlilegt hvernig þessi nefnd, dýranefnd, er saman sett og vill koma því á framfæri að það eru fimm rannsóknaraðilar sem tilnefna í nefdina á sviði náttúrufræða, en síðan eru skotveiðimenn með einn fulltrúa og Búnaðarfélag Íslands með einn fulltrúa. Með tilliti til þess að bændur eru nánast þeir einu í þessum hópi sem þarna eiga margþættra hagsmuna að gæta þykir búnaðarþingi eðlilegt að frekar sé tekið tillit til þess í sambandi við nefndarskipan en gert er í frv.

Reyndar er best að taka það fram áður en lengra er haldið, hæstv. forseti, að hér er ekki um samþykktir frá búnaðarþingi að ræða heldur nefndarálit sem átti eftir að fara fyrir seinni umræðu.

Við 4. gr. gerir nefndin athugasemdir við veiðistjóraembættið eða umfjöllun um það og finnst að það eigi að leika stærra hlutverk í framkvæmd fyrirhugaðra laga en eðlilegt getur talist. Á vegum þess eigi að stunda rannsóknir við hlið Náttúrufræðistofnunar, enda skuli veiðistjóri vera líffræðingur. Þeim aðilum sem fjölluðu um málið á búnaðarþingi fannst eins og það væri kannski ekki eðlilegt eða nauðsynlegt að þarna væri endilega um líffræðing að ræða og settu spurningarmerki við það þar sem miklu eðlilegra sé að Náttúrufræðistofnun sinni þeim rannsóknum sem óneitanlega þurfi að fara fram.

Það er grundvallaratriði eða regla í þessu frv. að öll villt dýr skuli alfriðuð, að undanskildum rottum og músum, þ.e. sé ekki kveðið á um annað í reglugerð. En í lok 7. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Umhvrh. getur ákveðið að stefnt skuli að útrýmingu stofns eða tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji dýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt."

Hér gæti t.d. verið átt við minkinn sem er óneitanlega mikill skaðvaldur í íslenskri náttúru. Mér finnst, hæstv. forseti, að minkurinn eigi að vera réttdræpur hvar sem til hans næst og það þurfi engin veiðikort til þess að mega farga villimink í íslenskri náttúru. Eins vitum við að það hefur komið fyrir oftar en einu sinni að minkar hafi komist í hænsnabú og gert þar æðimik-

inn skurk og það væri nú dálítið grátbroslegt ef bóndinn á bænum hefði ekki undir höndum veiðikort og mætti ekki drepa minkinn sem dræpi hænurnar hans. Þessari ábendingu vildi ég nú koma hér fram við 1. umr.

Búnaðarþing fjallar einnig um 7. gr. og ef ég mætti, með leyfi forseta, lesa umfjöllun um þá grein frá umhverfisnefnd búnaðarþings, en hún er svohljóðandi:

„Á því hefur borið í vaxandi mæli undanfarið að alfriðaðir fuglar valdi ærnu tjóni sem mönnum hefur þótt hart að þola bótalaust. Þar er einum átt við erni í æðarvarpi. Í öðrum löndum tíðkast að ríkið taki ábyrgð á alfriðuðum dýrum og bæti tjón sem þau valda. Eðlilegra er talið að samfélagið beri það en einstaklingar. Eindregið er lagt til að í frv. verði ákvæði sem skilgreini ábyrgð og bótaskyldu ríkisins ef einstaklingar verða fyrir tjóni af völdum alfriðaðra dýra."

Ég ætla ekki að fara hér í hverja grein frv. því að þessu hefur verið gerð ágætlega skil hér af ýmsum þingmönnum. En 11. gr., þar sem fjallað er um svokölluðu veiðikort, er að mínu mati ein grundvallargreinin í frv. og þess vegna var það sem það kom mér mjög á óvart að heyra hv. formann umhvn. hafa svo miklar efasemdir um veiðikortin sem raun bar vitni. Ég er sammála þeim sem hafa sagt að hér sé kannski um of flókið kerfi að ræða í sambandi við veiðikortin og útgáfu þeirra en mér finnst að þetta sé samt hugmynd sem vert er að skoða mjög náið og ég vil á engan hátt mótmæla því að þessu kerfi verði komið á. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra í sambandi við þau próf sem einnig er fjallað um í 11. gr. hvernig hann hugsar sér að koma því kerfi á. Nú býst ég við að hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu sé þetta ekki svo mjög flókið en ef út í það verður farið að koma upp námskeiðum víðs vegar um landið, sem sé þá forsenda þess að viðkomandi fái slíkt veiðikort í hendur, þá verður af því nokkuð mikill kostnaður. En það væri forvitnilegt ef hæstv. ráðherra mundi tjá okkur í sínu máli hér á eftir hvernig hann hefur hugsað það kerfi.

Í 12. gr. er fjallað um refi og ég skal viðurkenna það að mér fannst fyrsti málsliðurinn „Óheimilt er að eyðileggja greni", dálítið sérkennilegur og þarna gæta ákveðinna verndunarsjónarmiða sem ganga kannski lengra en ástæða er til. Enda finnst mér að þessi málsliður sé í ákveðinni mótsögn við það sem síðar kemur fram í greininni.

Um 16. gr. vil ég hafa nokkurt mál, hæstv. forseti, vegna þess að mér finnst koma fram mjög fróðlegar upplýsingar í umfjöllun búnaðarþings um málið og, með leyfi forseta, hljóðar það svo:

„Í 16. gr. segir að umhvrh. geti aflétt friðun á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjútvrh. Sjútvrh. stjórnar nýtingu selastofna og hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum. — Þetta verður að teljast einkennilegt ákvæði af fleiri en einni ástæðu. Og þá er það í fyrsta lagi: „Umhvrh. hefur umsjón með öllum málum er varða villt dýr", segir í upphafi 3. gr. Og í 4. gr. stendur: „Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra."" Og svo í þriðja lagi, sem er alllöng lesning en fróðleg að mínu mati og þess vegna ætla ég að leyfa mér að lesa hana hér:

„Selveiði hefur aldrei heyrt undir sjútvrh. Selalátrin tilheyra bújörðum og veiði í þeim hefur jafnan verið talin til hlunninda á viðkomandi jörðum og metin með öðru jarðargagni í fasteignamati. Einstaklingar hafa mátt skjóta sel utan friðlýstra svæða en aldrei hefur verið gert út á sel hér við land á borð við ísfhafsselveiðar sumra þjóða, enda engin aðstaða til þess við Ísland. Helst mætti þó nefna þar stórfellda selaslátrun sem greitt var fyrir á árabili í því skyni að fækka sel við landið. Þar var í mörgum tilfellum ýtt undir lagabrot einstaklinga og getur sá verknaður á engan hátt verið forsenda þess að selastofnarnir skuli eftirleiðis heyra undir sjútvrh. enda gengi slíkt þvert á ákvæðin tvö sem bent er á hér að framan.

„Skotveiði skal ætíð bönnuð í látrum", segir í frv. og er þar um sjálfsagt ákvæði að ræða í samræmi við eldri lög og hefðir. Jafnframt kynni að vera ástæða til að árétta að selalátrin tilheyra bújörðum eftirleiðis sem hingað til.

Þá segir: „Öll skot eru bönnuð nær friðlýstum látrum en 2 km". Samkvæmt gildandi lögum frá 1849 er bannað að skjóta sel nær selalátrum en svarar hálfri danskri mílu en það eru um 3,7 km. Æskilegt má teljast að miða áfram við svipaða friðhelgi selalátra. Ekki mætti þá skjóta sel innan hennar en umráðamönnum jarða væri heimilt að skjóta vargfugl til verndar æðarvarpi óháð því ákvæði en mjög víða eru selalátur og varplönd í nábýli."

Síðan koma hér heilmiklar upplýsingar um innanverðan Breiðafjörð og selalátur þar sem ég ætla ekki að tefja tímann með að lesa.

Um 18. gr. er m.a. fjallað um það hvernig umhvrh. geti aflétt friðun hinna ýmsu fuglategunda og á hvaða árstíma það skuli gert. „Ástæða er til að ætla að heppilegra sé að ákvæði um friðun og ófriðun fuglategunda sé lögbundin fremur en að vera háð reglugerðum og að embættismenn geti hringlað með þau efni eftir geðþótta. Nauðsynlegt er að festa ríki um það hvað má og má ekki í þessum efnum þannig að menn hafi það á tilfinningunni. Þó er eðlilegt að yfirvöld geti gefið vissar undanþágur frá lögbundnum veiðitíma, t.d. í sambandi við ásókn gæsahópa í ræktarlönd á vorin. Margir telja að offjölgun hettumávs sé orðið vandamál víða og bitni illa á öðrum tegundum. Ástæða kynni að vera til að hafa hann ófriðaðan og jafnvel skúminn líka."

Þetta er mál sem hefur komið hér fram í umræðunni og minnist ég þess að hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi einmitt þetta með hettumávinn.

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. ráðherra um álftina þar sem ekki er kveðið á um álft í þessari grein en það er ekkert launungarmál að hún veldur verulegu tjóni víða í túnum.

Við 19. gr. er tillaga um að bæta inn, líklega í 5.

mgr. sem hefst svo, með leyfi forseta:

„Á takmörkuðum svæðum þar sem andavarp er mikið," komi til viðbótar: þar með talið æðarvarp, „skal veiðirétthafa heimilt að taka andaregg en við eggjatökuna skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri." Þarna vill búnaðarþing bæta inn í æðarvarpi.

Það sem ég vildi segja að lokum, hæstv. forseti, er að spurningin sem vaknar nánast við hverja grein er þessi: Hvernig verður eftirliti háttað? Hér er verið að reyna að koma á mjög flóknum ákvæðum og nákvæmum um það hvernig mönnum beri að haga sér við veiðar, en geri þeir það ekki, fari þeir ekki að lögunum, hvað þá? Reyndar kom það fram í orðum hæstv. ráðherra áðan að ýmis þau ákvæði sem sett hefur verið út á hér eru nú þegar í lögum, en það veit bara enginn af því. Og það er kannski ástæða til þess að spyrja þá í framhaldi af þeim upplýsingum: Hvernig mun hæstv. ráðherra haga kynningu á samþykkt þessa frv., ef að lögum skyldi verða? Miðað við orð hv. formanns umhvn. á mánudaginn, fór ég að stórefast um að það væri ástæða til þess að eyða tíma í það að fjalla um frv. þar sem hann lýsti sig svo andvígan því í veigamiklum atriðum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að halda áfram að fjalla um þetta frv. þar sem mikið af því mun vera komið fram sem ég hafði hugsað mér að segja. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna það að nafnið á þeirri nefnd sem á að hafa yfirumsjón, þ.e. dýranefnd, tel ég alveg fráleitt vegna þess að ég geri ráð fyrir að hér sé um fólk að ræða þó að menn hafi verið að grínast með þetta nafn. Ég held að það væri miklu eðlilegra að nafn þessarar nefndar væri dýrafriðunarnefnd heldur en dýranefnd þar sem hún á frekar að fjalla um slík mál þó að ég viti að ýmsar hugmyndir séu á lofti um það hvað þessi nefnd gæti heitið.

Í 8. gr. tel ég að vanti skýrari ákvæði um það hvaða fólki er leyft að stunda hér dýraveiðar í almenningum og vanti skýrari ákvæði um þann rétt sem bændur hljóta að eiga á sínum jörðum. Ég held að það hafi komið hér fram í umræðum, a.m.k. hjá einum ræðumanni að þarna vantaði skýrari ákvæði hvað varðaði eignarrétt bænda á lögbýlum.

Í 9. gr. er rætt um fuglaveiðar og þar segir m.a., með leyfi forseta: „Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12." Ég spyr því hæstv. umhvrh. þar sem ég veit ekki annað en að við rjúpnaveiðar séu yfirleitt notaðar haglabyssur, hvort það muni þá eiga að gera út eftirlitsmenn til þess að vita hvort hlaupvídd haglabyssa sé af réttri stærð þegar stundaðar eru rjúpnaveiðar.

Í 17. lið 9. gr. segir að óheimilt sé að nota vélknúin farartæki, nema báta á sjó, til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Ég held að flestir sem stunda fuglaveiðar á sjó noti til þess hraðbáta, a.m.k. mjög margir, og hraðbátar ganga yfirleitt mun hraðar en níu sjómílur þannig að mér finnst þetta dálítið vafasamt líka.

Í 5. kafla er rætt um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna og að menn þurfi að sækja sér leyfi og fá veiðikort. Ég gagnrýni það mjög mikið. Ég tel að þarna sé verið að setja kvóta á bókstaflega alla skapaða hluti og leyfi fyrir öllu, eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson kom inn á. Ég tek fyllilega undir hans sjónarmið í því. Það verður bráðum ekki leyfilegt að ganga nokkur skref um hálendi Íslands án þess að hafa leyfi. Mig langar til að spyrja að því hvort mönnum sem t.d. ætla sér að stunda rjúpnaveiði verði þá settur fyrir ákveðinn dalur eða ákveðið fjall til þess að stunda þessa veiði á og hvort þeir megi þá alls ekki fara út af því landsvæði meðan þeir stunda rjúpnaveiðina. Ég held að ef svo fer að það yrði samþykkt að taka upp veiðikort fyrir þessum leyfum, þá þyrfti það að ná yfir nokkuð stórt svæði og jafnvel allt landið.

Í 13. gr. er fjallað um veiðar á mink. Ég tek þar undir með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að mér finnst að minkar eigi að vera réttdræpir hvar sem er. Það er spurning hvort menn sem t.d. keyra úti á þjóðvegunum og verða nú fyrir því „slysi" að keyra yfir mink séu þar með orðnir lögbrjótar vegna þess að þeir hafi ekki haft leyfi til þess að drepa mink. Mér finnst sem sagt að minkurinn ætti að vera alls staðar réttdræpur. Í lok 13. gr. segir að ríkissjóður eigi að endurgreiða aðeins ¼ hluta kostnaðar en í nýsamþykktum lögum eru ákvæði um að það hlutfall skuli vera 50% og jafnvel allt að 75%, þannig að þarna er mjög athugavert ákvæði sem boðar breytingar á lögum.

Síðan koma greinar sem taka sérstaklega á selum, hvítabjörnum og fuglum, 16., 17. og 18. gr. Í 16. gr. tel ég að skarist mjög hvert er hlutverk hvers ráðherra og þar segir, með leyfi forseta, að umhvrh. geti í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjútvrh. Og sjútvrh. stjórni síðan nýtingu selastofna. Þarna finnst mér skarast mjög hlutverk þessara hæstv. ráðherra þannig að ég held að þetta þurfi athugunar við.

Í 17. gr. þar sem ræðir um hvítabirni segir: „Ekki má veiða hvítabirni á hafís eða á sundi." Mér finnst þessi grein nánast svo fráleit að ég legg til að hún verði að miklu leyti samin upp, t.d. það ákvæði hér að umhvrh. sé heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafi af honum hætta. Ég get rétt ímyndað mér sem ég sjái einhverja menn fara til að fanga björn og flytja hann kannski á milli fjarða eða á haf út til þess að ekki stafi hætta af honum. Mér finnst þetta nokkuð furðulegt ákvæði, fyrir svo utan það, hvernig á að vita hvort hætta stafar af birninum? Á maður kannski að efna til svona rólegs spjalls við hann um það hvort hann sé hættulegur eða ekki hættulegur?

Í 18. gr. segir að umhvrh. geti aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda. Þar er ekki minnst á álftir sem geta valdið mjög miklum spjöllum. Þeim hefur fjölgað mjög mikið á síðustu árum. Af einhverjum ástæðum hafa verið hagstæð skilyrði fyrir þær til fjölgunar. Í sjálfu sér er ég ekki á móti því þótt þeim hafi fjölgað. Þetta er fallegur fugl og á víða heima en hann er æðarbænd-

um mörgum hverjum þyrnir í augum og hefur unnið mikil spjöll. Sama hafa ernir gert. Þeir eyðileggja mjög æðarvarp og veit ég að við Breiðafjörð hafa þessir fuglar eyðilagt mikið æðarvarp. En það er ekkert tekið á því hvaða ráðstafanir sé hægt að gera til þess að greiða fyrir það tjón sem af því getur hlotist og ernir eru alfriðaðir og ekkert tekið á því í þessari grein um fugla. En álftum og gæsum hefur einnig fjölgað mikið og það er spurning hvort ekki þurfi líka að skoða það að aflétta friðun á álftini tímabundið, en ekki þurfi alltaf að setja reglugerð um það hvort aflétt sé friðun einhverra og einhverra. Ég held að þarna sé farið út á nokkuð hættulega braut. Menn vita þá aldrei hvort þessi fugl er friðaður eða ekki friðaður á hverjum tíma. Eðlilegra er að friðun sé bundin við ákveðinn tíma ársins.

Ég vil í sambandi við 19. gr. lýsa því yfir að ég er mjög ánægð með að þar skuli vera tekið á því að banna skotveiði nær en 2 km að friðlýstu æðarvarpi og tel að það sé góðra gjalda vert að banna öll skotvopn nálægt friðlýstu æðarvarpi og einnig að leggja ekki net í sjó of nálægt stórstraumsfjöru. Í 4. mgr. segir að á takmörkuðum svæðum megi taka egg máva en ég spyr bara: Er ekki nægilega mikið af mávum? Þarf að vera að setja einhver sérstök ákvæði um að friða egg máva? Ég hef orðið þess vör að athuganir eru í gangi á því hvernig hægt er að eyða mávum þannig að ég hélt að það væri ekki nein ástæða til þess að friða sérstaklega egg t.d. hettumáva. Í síðasta málslið 5. mgr. þessarar greinar segir að egg sem tekin eru samkvæmt þessum ákvæðum megi hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa eða gefa. Ég held að það ætti að sleppa þessu ákvæði algerlega út því að ef eggin eru tekin, því í ósköpunum skyldi þá ekki mega gefa þau eða nýta þau á einhvern hátt.

Maður hnýtur alltaf um það þegar frv. er skoðað að eftirlitið hljóti að þurfa að verða mjög mikið ef fylgja á þessu öllu saman eftir. Margir hafa spurt um það hér á undan mér og ég vil endurtaka það að eftirlitið yrði mjög erfitt í framkvæmd og vil spyrja að því hvernig hugsað sé að framkvæma það.

Að lokum vil ég ítreka það að mér sýnist þetta frv. vera samið af mjög þröngum hópi manna sem hafa ekki haft mikla víðsýni til að bera. Í því eru margar mótsagnir sem sýna að það er unnið í nokkurri fljótfærni. Ég tel að þar sé að finna miklar miðstýringaráherslur og ég legg til eindregið að því verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar án frekari umræðu, þó að menn séu að vísu, eins og ég kom hér að í upphafi, búnir að skemmta sér vel við þessa umræðu. Það má e.t.v. segja að það sé líka nauðsynlegt að fá öðru hvoru skemmtileg frumvörp inn í umræðuna. En þetta frv. þarf að mínu mati að vinna algerlega á nýjum grunni.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af máli mínu fyrr í þessari umræðu langar mig að spyrja hæstv. umhvrh. um atriði er varðar sérstaklega einn þátt veiða, fuglaveiða með háf, hvort það kunni að vera að það vanti betri skilgreiningu þar sem fjallað er um heimild til veiða á nytjasvæðum svokölluðum og fjallað er um unga- og eggjatekju, hvort þar vanti ekki eitthvað á til þess að ekki sé um neina breytingar að ræða á hefðbundinni lundaveiði um allt land þar sem lundaveiðar eru stundaðar, við Faxaflóa, við Vestmannaeyjar, Breiðafjörð, á Vestfjörðum og víðar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Um þetta mál hefur orðið allmikil umræða. Hún er að flestu leyti góð og gagnleg og hefur yfirleitt verið jákvæð. Ég vil leggja á það áherslu að hér er í fyrsta skipti verið að gera tilraun til þess að setja heildarlöggjöf um mjög mikilvægan þátt umhverfismála, um mjög mikilvægan þátt í lífríki landsins og það er verið að freista þess að ná utan um þetta með löggjöf þar sem tekið er á atriðum sem ekki hefur verið tekið á áður. En í ljósi breyttra tíma og breyttrar afstöðu flestra nútímamanna til umhverfismála og náttúruverndar er verið að taka hér tillit til nýrra sjónarmiða.

Ég verð hins vegar að segja að það hefur komið mér svolítið á óvart, og sorglega á óvart að sumu leyti, að sumir þeirra sem talað hafa í þessari umræðu hafa kosið að vekja helst athygli á því sem eru kannski mest aukaatriði í málinu og jafnvel að skemmta sér við það sem ég leyfi mér að kalla hálfgerða aulafyndni sem er auðvitað ákaflega auðvelt í ýmsum tilvikum ef hv. þm. kjósa þá nálgun til málsins. Ég segi þetta ekki sérstaklega í tilefni orða síðasta hv. ræðumanns en m.a. geri ég það þess vegna. Raunar hafa ekki þingmenn einir fallið í þessa gryfju sumir hverjir heldur líka fjölmiðlar.

Það er auðvitað eðlilegasti hlutur í heimi að um þetta mál séu skiptar skoðanir. Og þegar verið er að gera því skóna að það sé eitthvað sérstakt að um stjfrv. af þessu tagi hafi stjórnarþingmenn ólíkar skoðanir, þá hefur það nú verið svo alla tíð um frumvörp af þessu tagi. Ég nefni deilur hér um friðun rjúpunnar t.d. Þar skiptust menn ekkert eftir flokkspólitískum línum og hv. þm., a.m.k. allir þeir þingflokkar og þingmenn sem einhvern tíma hafa átt aðild að ríkisstjórn, vita það auðvitað mætavel að þegar frumvörp af þessu tagi eru afgreidd í þingflokkum þá gerist það með fyrirvara einstakra þingmanna um afstöðu til einstakra mála. Það er auðvitað hið eðlilega. Það leiðir af eðli þessa máls að um það séu skiptar skoðanir og þar orki í rauninni margt tvímælis.

Hins vegar, og ég endurtek það sem ég sagði hér í fáum orðum um þingsköp áðan, eru mörg þeirra ákvæða sem hér hafa verið gerð að umtalsefni þegar í gildandi lögum. Í framhjáhlaupi nefni ég tvennt, rétt Náttúrufræðistofnunar til eggjatöku sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson gerði að umtalsefni, það er óbreytt ákvæði frá gildandi lögum, og líka annað sem hann gerði að umtalsefni, þ.e. bann við því að skip þeyttu flautur eða eimpípur í nágrenni við fuglabjörg. Þetta er engin breyting. Þetta er allt í þeim lögum sem eru lög landsins nú. Það getur vel verið að menn vilji breyta þessu og þá er það auðvitað sjálfsagt skoðunaratriði. Hér er ekki verið að brydda upp á nýjungum. En það

er sagt að allt orki tvímælis þá gert er og það á auðvitað ekki síst við um mál af þessu tagi.

Mjög margir þingmenn hafa sagt að hér væri verið að koma á fót gífurlegu miðstýringarkerfi. Stýring, stjórnun, miðstýring. Menn geta lagt ýmsan skilning í þau orð. En ef við ætlum að hafa stjórn á nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem land okkar býr yfir, hvort sem það er landið eða sjórinn, hvort sem það er fiskurinn í sjónum, fiskurinn í ám og vötnum, gróðurinn, landnýtingin, þá kallar það á stjórnun. Það verður ekki gert öðruvísi, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Menn geta kallað það miðstýringu ef þeir vilja en andstæðan við það er þá auðvitað stjórnleysi. Ég sé ekki hvernig við getum fram hjá því komist, ef við viljum hafa stjórn á þessum hlutum að þeir gerist með þessum hætti.

Það hefur líka verið sagt og það hafa margir þingmenn nefnt, t.d. hv. þm. Pálmi Jónsson sem talaði hér fyrstur í þessari umræðu og hafði margt gott til mála að leggja, að ráðherra sé falið býsna mikið vald með þessum lögum til útgáfu reglugerða. Það er alveg rétt. Og auðvitað getur það verið umdeilt og menn geta haft á því margar skoðanir. En hér er um rammalöggjöf að ræða og ég held að það sé að mörgu leyti heppilegt og skynsamlegt að um mörg þau atriði, framkvæmdaatriði, sem hér koma til álita, séu settar reglur í reglugerð en ekki löggjöf vegna þess að það er handhægara að breyta reglugerðum með tilliti til breyttra aðstæðna.

Ég mun, herra forseti, ekki nefna endilega nöfn allra þeirra þingmanna sem hafa gert hér athugasemdir vegna þess að margar athugasemdirnar eru þær sömu en mun reyna að svara því sem til mín hefur verið beint. Þetta eru tiltölulega fá og aðgreind atriði sem hv. þm. hafa gert athugasemdir við.

Það var minnst á þann búnað sem talinn er upp í 9. gr. Þar er nokkuð langur listi yfir það sem óheimilt er að nota við veiðar. Með þessum lista erum við m.a. að taka tillit til fjölmargra alþjóðasáttmála á sviði dýraverndar, umhverfismála og náttúruverndar og banna tæki sem nær allar þjóðir eru búnar að banna nema við. Ég nefni eitt dæmi.

Í sjónvarpi í haust var sýnt og sagt frá tækjum sem væru hér til sölu og seldust hundruðum saman, lítil segulbandstæki með fuglahljóðum sem menn nota við veiðar til að laða að fugla, líkja eftir öðrum fuglum. Þessi tæki er búið að banna um gjörvalla Evrópu nema kannski í einu landi, Möltu — og Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að banna þessi tæki. Ég er nú reyndar ekki veiðimaður sjálfur og fer ekki með byssu af því að mér finnst það ekki geðfelld tómstundaiðja. Aðrir hafa á því aðrar skoðanir. Mér finnst þetta ekki heiðarleg veiðiaðferð en um það hafa aðrir menn aðrar skoðanir, það er mér fyllilega ljóst. Ég held að það sé af hinu góða, að telja þetta upp. Við erum í rauninni að semja okkur að háttum annarra þjóða en auðvitað geta hv. þm. haft aðrar skoðanir á því og að við eigum að hafa aðrar reglur en aðrar þjóðir. Ég er þessarar skoðunar.

Það hefur verið spurt mikið um hvernig eftirliti verði háttað. Í 9. gr. er fjallað um að ekki megi nota haglabyssur við fuglaveiðar með stærri hlaupvídd en nr. 12. Nú viðurkenni ég það fúslega að ég er enginn sérfræðingur um skotvopn. Ég hygg hins vegar að það sé ekki algengt og sé yfirleitt ekki gert að nota stærri byssur og skotmenn geri það ekki vegna þess að í því er enginn hagur. Og hvernig eftirliti með þessu verður háttað? Það er nokkurt eftirlit með veiðum og veiðimönnum. Það annast lögreglan. Það þyrfti sjálfsagt að vera meira. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinni grundvallarbyltingu í þeim efnum. En ég er þeirrar skoðunar að það þyrfti að auka þetta eftirlit. Það eru brögð að því að menn virði ekki þær reglur sem settar eru, fari t.d. fyrr til veiða en leyfilegt er, og umhvrn. hefur að höfðu samráði við dómsmrn. beitt sér fyrir eftirliti til þess að koma í veg fyrir slík lögbrot. Því verður áreiðanlega haldið áfram, a.m.k. þann tíma sem ég gegni þessu starfi.

Annað í sambandi við eftirlitið var varðandi veiðikort. Það er auðvitað ekki fullmótað eins og hér kemur fram hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Um það þarf að ráðgast. Þó að mönnum sé gert að vera með ökuskírteini til að aka bifreið, þá er ekki sífellt verið að krefja þá um að sýna skírteinið. Það er gert svona eftir því sem atvik gefa tilefni til. Mér þykir líklegt að framkvæmdin með veiðikort — og mun ég nú víkja að þeim síðar — verði með svipuðum hætti.

Það er áreiðanlega rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson nefndi í sinni ræðu að það hafa orðið mjög miklar breytingar á fuglalífi víða á landinu, m.a. vegna tilkomu minksins. Það er rétt. Ég ætla ekki að segja svo sem margt um minkinn. Þingmenn hafa lýst þeirri skoðun hér að hann eigi að vera réttdræpur hvar sem er. Aðrir eru aftur þeirrar skoðunar að öll dýr eigi nokkurn rétt til lífs og ég hallast frekar að þeirri skoðun, en geri mér auðvitað grein fyrir því að á því geta menn haft allt aðrar skoðanir. Og ég virði það.

Minkurinn var fluttur inn hingað og slapp út, og með þeim aðferðum sem nú eru þekktar verður honum ekki útrýmt. Það er einfaldlega ekki framkvæmanlegt með þeim aðferðum sem nú eru þekktar. Það getur vel verið að sú aðferð finnist síðar, væntanlega þá fyrir tilstilli vísindanna að það verði kleift og þá taka menn auðvitað ákvörðun um það þegar þar að kemur. Það getur vel verið að það sé beinlínis æskilegt að útrýma þessu dýri algjörlega úr íslenskri náttúru. Það er hinn mesti vágestur víða. En að gera það að umtalsefni hér hvort menn hafi rétt til að drepa mink sem veldur usla í hænsnahúsi eða þeir hafi ekið yfir, það er auðvitað utan við meginefni þessa máls.

Varðandi breytingarnar á fuglalífi kemur náttúrlega margt annað til í því flókna samspili ólíkra þátta. Ég hef t.d. ekki bara grun heldur vissu um það að hin mikla framræsla mýra á Íslandi, landþurrkun, hafi valdið mjög miklum breytingum á fuglalífi landsins. Það er ekki þar með sagt að við höfum ekki átt að þurrka land en kannski höfum við líka gengið heldur langt í þeim efnum, a.m.k. sums staðar.

Af almennum athugasemdum hefur hér líka verið nefnt hvort nú ætti að skylda alla vana menn á skóla-

bekk til að fá leyfi til að fá veiðikort. Það er ekki hugsunin á bak við þetta. Hins vegar held ég að veiðimenn hefðu margir hverjir og flestir sjálfsagt gott af því að sitja námskeið eins og eina kvöldstund og hugleiða svolítið það vald sem þeim er í hendur fengið þegar þeir fara með byssu um náttúru landsins. Það er ekki verið að tala um neina langa eða mikla skólagöngu. Ég get nefnt það varðandi hreindýraveiðar og reglugerð sem nýlega hefur verið gefin út um það efni að þar er gert ráð fyrir því að eftirlitsmenn, sem fylgjast jafnan með veiðunum, sæki námskeið. Og um það hefur verið rætt í hópi þeirra sem að þessum málum koma að auðvitað eru fjölmargir menn sem hafa sinnt þeim störfum og sinnt hreindýraveiðum sem gjörþekkja þetta og það er enginn að tala um að þeir verði skyldaðir til einhverrar skólagöngu. En aðrir sem koma nýir að málinu þyrftu kannski eitthvað meiri fræðslu.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson spurði sérstaklega um sjálfvirkar byssur sem væru notaðar við fuglaveiðar og veiðar. Það er rétt að því mér er tjáð að fyrir einhverjum árum var gerð sú breyting að þá voru leyfðar svokallaðar hálfsjálfvirkar byssur sem geta geymt þrjú skot í sér. Það er raunar dómsmrn. að svara fyrir þau mál að því er varðar skotvopn og byssuleyfi. En það mun hafa verið gert með tilliti til þeirra skotmanna sem þjálfa sig í hittni með því að skjóta niður leirplötur sem kallaðar eru leirdúfur eftir beinni þýðingu á ensku heiti þeirra hluta. Það mun hafa verið gert með tilliti til þeirra og samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér í dómsmrh. er ekki talið að þetta hafi valdið neinum verulegum breytingum eða verið svo mjög af hinu illa varðandi veiðar eða hafi verið misnotað. Hins vegar hygg ég að það sé rétt að eftirlit með þessum málum mætti vera meira og mætti vera betra. Við höfum að mér er sagt sömu reglur að banna fjölskota sjálfvirkar haglabyssur og eru hjá öðrum þjóðum.

Nær allir sem hafa tekið til máls í þessum umræðum hafa talað um hin svonefndu veiðikort og gætir þar nokkurs misskilnings um sumt. Hv. þm. Árni Johnsen, sem er reyndar ekki hér í salnum nú, tók þannig til orða að menn væru ekki að fara upp á fjöll til að stunda skýrslugerð. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson kvaðst vilja neita því sem Íslendingur að mega ekki fara og taka það sem hann vildi á veiðum þegar hann vildi. Ég skrifaði niður eftir hv. þm.: „Ég vil neita því að sem Íslendingur geti maður ekki lengur orðið labbað hér um fjöll og firnindi og náð sér í eina rjúpu.“ Ég held að við verðum að reyna að temja okkur svolítið annan hugsunarhátt í þessum efnum. Lögmál hins óhefta veiðimannaþjóðfélags geta ekki gilt lengur. Ég held að um þetta verðum við að hafa reglur.

Grænlendingar, sú mikla veiðiþjóð, telja nú óhjákvæmilegt annað en að setja um þetta reglur og gefa út veiðikort. Þetta er gert hjá flestum þjóðum. Og ég sé ekki hvað veiðimenn geta haft á móti því að skrá það sem þeir veiða. Menn sem hafa ekkert að fela geta ekki haft neitt á móti því. Ég sé heldur ekkert á móti því að veiðimenn sem taka sér og sínum til matar eða til að selja úr stofnum í náttúru Íslands greiði fyrir það eitthvert gjald. Við vitum ekkert hvað eru veiddar margar rjúpur hér á hverju ári. Við höfum ekki hugmynd um það. Ég held að það sé til bóta fyrir íslensk náttúruvísindi að vita eitthvað um það. Og ég held að þegar menn hugleiða þetta svolítið betur með veiðikortin þá muni flestir komast að þeirri niðurstöðu að þetta sé í rauninni mjög eðlilegt mál. Alveg eins og mönnum finnst eðlilegt að fara til laxveiða og borga fyrir það einhverjum „eiganda“ veiðiréttar tugi þúsunda fyrir dagsstund og skrá samviskusamlega allt það sem þeir veiða. Á þessu er nákvæmlega enginn munur annar en sá að þeir dýrastofnar sem hér er um að ræða eru ekki í eigu neins sérstaks aðila.

Varðandi þau ummæli sem hv. þm. Hrafnkell Jónsson viðhafði — og þá kem ég að þessum rétti með veiðarnar — að það væri verið að upphefja einhvern eignarrétt ef bændur mættu ekki skjóta hreindýr á eigin landi. Bændur hafa ekki þann rétt og hafa ekki haft hann vegna þess að hreindýr hafa verið friðuð og um veiðar þeirra hafa gilt sérstakar reglur þannig að það er ekki verið að taka eitt eða neitt af einum eða neinum. Um hreindýraveiðarnar vil ég hins vegar segja það, vegna þess að að þeim er vikið í þessu frv., að ég tel að um þau mál hafi tekist mjög bærilegt samkomulag einmitt við aðila á þeim svæðum þar sem hreindýrin halda sig. Ég hef lagt mig fram um að ná samkomulagi og sátt um það mál og ég held að það hafi sem betur fer tekist.

Annað sem hv. þm. hafa margir hverjir gagnrýnt — og það gerði formaður umhvn., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson — er að hér væri mikið sérfræðingaveldi. Það er rétt, það komu margir sérfræðingar að samningu þessa frv. Ég veit ekki til hvers við erum að mennta sérfræðinga í löngu námi í hinum ýmsu greinum ef við nýtum okkur ekki þekkingu þeirra og vitneskju. Það kemur líka fram hér í athugasemdum við frv. að drögin voru send Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, fuglafriðunarnefnd, dýraverndarnefnd og Skotveiðifélagi Íslands. Það hafa mjög margir aðilar komið að þessu máli. Og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir gerði hér grein fyrir skoðunum búnaðarþings á málinu sem voru satt að segja miklu jákvæðari en skoðanir sumra þingmanna og ég fagna því. Raunar áttaði ég mig ekki alltaf á því hvenær hún var að greina frá eigin skoðunum og hvenær skoðunum búnaðarþings. En kannski hafa þær farið saman að töluverðu leyti og ekki mikið meira um það að segja.

Varðandi það gjald sem greitt yrði fyrir hugsanleg veiðikort — ég bið nú þingmenn velvirðingar á því að ég fer kannski svolítið úr einu í annað að — þá held ég að sú gjaldtaka sem þar kæmi til mundi engum manni ríða að fullu og yrði sjálfsagt tiltölulega mjög lágt gjald.

Hv. þm. Árni Johnsen er ekki hér í salnum sem stendur en vegna spurningar hans, og hefði ég nú kannski átt að nefna það fyrr, þá er rétt að taka fram varðandi nýtingu hlunninda eins og lundaveiði er, lundaveiði í háf og svartfuglsveiði, þá er ekki ætlunin og var ekki ætlunin með þessu frv. að gera þar

breytingar. Hins vegar hefur komið í ljós þegar málið var skoðað einmitt eftir þær ábendingar sem fram komu hér í umræðunni að í 19. gr. frv. — og það vil ég biðja hv. umhvn. að taka sérstaklega til athugunar — hefur fallið niður eitt orð, kannski hefur það gerst í prófarkalestri, ég skal raunar ekkert um það segja en það hefur fallið niður orðið veiði. 4. mgr. 19. gr. á að hljóða svo, með leyfi forseta:

„Á takmörkuðum svæðum þar sem kópaveiði, veiði [það er orðið sem vantar], eggja- eða ungataka súlu," o.s.frv. — þannig að þá eru tekin af öll tvímæli um að nýting þessara hlunninga er auðvitað fullheimil eftir sem áður, verði þetta frv. að lögum. Það var ekki ætlunin að breyta þar neinu þó að fyrir mistök í prentverkinu eða útgáfunni hafi þetta orð fallið niður og ekki uppgötvast fyrr en á það var bent í þessari umræðu.

Varðandi það sem hér var líka nefnt, og það nefndi m.a. hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sem gerði sérstaklega að umtalsefni hver áhrif stjórnleysi í veiðum hefði haft í Frakklandi og þóttu mér það mjög athyglisverð ummæli vegna þess að ég veit að hann þekkir þau mál gjörla og sjálfsagt betur en við flest hér. Það var ekki góð niðurstaða sem það stjórnleysi hafði leitt til og kysu ýmsir Frakkar kannski að þar hefði miðstýringin komið eitthvað fyrr til sögunnar. En hann nefndi það sá hv. þm. að ekki væri ástæða til að banna sölu á eggjum ýmissa fuglategunda sem hér eru tilteknar í frv. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að hér er a.m.k. í flestum tilvikum um að ræða fuglategundir sem eru sjaldgæfar og fjölmörg lönd hafa bannað allan innflutning á eggjum þessara fugla í samræmi við þær alþjóðareglur sem gilda um verslun með sjaldgæf dýr eða dýr sem eru í útrýmingarhættu. Þess vegna held ég að það sé rétt að við bönnum sölu á slíkum eggjum sem flest lönd í kringum okkur banna að inn séu flutt. Mér finnst það a.m.k. ekki óeðlilegt.

Það var spurt sérstaklega um örninn, íslenska haförninn sem hefur verið í útrýmingarhættu en er að rétta við vegna þrautseigrar baráttu ýmissa einstaklinga og samtaka þeirra. Víst er örninn vágestur í varpi, um það er ekki deilt, og það kann vel að vera að rétt sé að setja í lög af þessu tagi einhver ákvæði um bótaskyldu hins opinbera þegar um slíkt er að ræða. Það finnst mér vel koma til álita. Hitt held ég að ég fari rétt með að ríkið hefur greitt bætur vegna tjóns sem ernir hafa valdið í æðarvarpi, einmitt á þessari forsendu. Ég veit að eitt slíkt mál er nú einmitt á döfinni og ég held að þetta sé í rauninni sanngjarnt og eðlilegt.

Það hefur verið rætt hér um álftina og hversu henni hefur fjölgað og hvernig hún getur verið skaðvaldur. Ég held að það sé eitt af því sem nefndin eigi að taka til álita, hvort álftin eigi lengur að vera alfriðuð. Henni hefur fjölgað mjög. Mér finnst að það hljóti að vera eitt af því sem nefndin tekur mjög til athugunar.

Það var spurt hér sérstaklega um grenin. Ég taldi mig raunar hafa gert nokkra grein fyrir því í framsögu hvers vegna það ákvæði væri í frv. að ekki mætti eyðileggja greni. Vegna þess að sum þeirra hafa verið notuð af refastofninum í aldir, árþúsundir, segja sumir. Og þeir sem gerst til þekkja telja að það sé raunar óæskilegt að gera þetta. En talandi um ref og mink þá var vikið hér að ákvæðum um greiðslu ríkissjóðs á þeim hluta, annars vegar það sem segir í þessu frv. og hins vegar það sem segir í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Þá held ég að því sé einfaldlega til að svara að það er gert ráð fyrir því að þetta frv. taki gildi á árinu 1. jan. 1993. Hin lögin gilda eingöngu fyrir árið 1992. Og ég hygg að það kunni að skýra það misræmi sem þarna hefur verið á bent. Raunar er það svo að um það ríkir ekki ágreiningur að það hefur þurft að koma betra skipulagi á þessar veiðar og framkvæma þær kannski af meiri skynsemi heldur en gert hefur verið til þessa.

Samsetning svokallaðrar dýranefndar var líka gerð að umtalsefni. Auðvitað er það álitamál og hlýtur að koma til umfjöllunar í nefndinni. Nafnið á nefndinni var líka gert hér að umtalsefni, sagt að hún ætti fremur að heita dýrafriðunarnefnd heldur en dýranefnd. Það væri ekki réttnefni vegna þess að hún fjallar um miklu fleira. Það þarf ekki annað en að lesa sér svolítið til í frv. til að sjá það, en ég get alveg á það fallist að orðið dýranefnd er ekkert sérstaklega ákjósanlegt og ef menn hafa betri tillögur um nafn á nefndinni þá er það a.m.k. ekki af hálfu þess sem þetta mælir atriði sem skiptir miklu máli.

Virðulegi forseti. Sjálfsagt hef ég ekki svarað öllu því sem hér hefur verið um spurt. Þann þátt umræðunnar sem snúist hefur um bjarndýrin ætla ég eiginlega að mestu að leiða hjá mér og sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það. Menn hafa hent gaman að orðalagi þar og það er ódýrt gaman og einhverjum sjálfsagt til mikillar skemmtunar, en ég hygg að efnislega sé ekki mikill ágreiningur um það mál.

En að því er varðar sel, þá hefur það lengi verið nokkurt ágreiningsmál í stjórnkerfinu hvar þau mál ætti að vista. Um það mál var ágreiningur og hefur verið milli landbrn. og sjútvrn. Niðurstaðan í umræðum núna varð sú sem þetta frv. ber með sér, þ.e. að sjútvrh. hafi stjórn á nýtingu selastofnanna. Mér er það alveg ljóst að þetta er eitt af þeim mörgu málum sem eru álitaefni. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé ekki mál sem komi landbúnaði við og eigi þess vegna best heima í sjútvrn. Þó, eins og segir í 16. gr. frv., að umhvrh. geti í reglugerð aflétt friðun, hið formlega vald er hjá umhvrh., þá stjórnar sjútvrh. engu að síður nýtingu selastofnanna. Þetta er mál sem oftlega hefur komið til umræðu hér á Alþingi og mönnum sýnst mjög sitt hvað um.

Hver verður kostnaður við framkvæmd þessa frv.? Hann verður ekkert verulegur eins og kemur raunar fram í mati fjmrn. vegna þess að ekki er gert ráð fyrir því að hér verði tekið upp einhvers konar lögregluríki að því er þessi mál varðar, alls ekki. En ég ítreka það hins vegar sem ég sagði áðan að ég held að það sé mjög brýnt að auka eftirlit á ýmsum sviðum og gæta þess að menn fari að settum reglum.

Eitt enn kannski varðandi veiðikortin. Menn hafa mjög spurt um hvar þau eigi að gilda, hvernig þau eigi að gilda og hvort þetta sé einhver kvóti. Slíkt var auð-

vitað alls ekki hugsunin, en bara til að nefna eitt mjög einfalt dæmi, þá mætti hugsa sér að í veiðikorti hefði sá einstaklingur sem það fengi leyfi til rjúpnaveiða. Punktur. Hann hefði hins vegar ekki leyfi til að stunda refa- eða minkaveiðar nema kannski á einhverjum takmörkuðum svæðum.

Hér eru, eins og ég áður sagði, vissulega mörg atriði sem eru álitamál. En ég held þó að grundvallaratriðið sé að við þurfum að hafa betri stjórn á þessum málum og við þurfum að nálgast þau með svolítið breyttu hugarfari. Margar af þeim ábendingum sem hafa komið fram í þessari umræðu eru mjög gagnlegar. Mér þykir að vísu miður að formaður hv. umhvn. skuli ekki hafa getað verið viðstaddur umræðuna. Margar af þeim ábendingum sem hér hafa komið fram eru réttmætar og gagnlegar og nefndin hlýtur að taka þær til athugunar. En að lokum, virðulegi forseti, held ég að í heildina litið þurfum við í þessari umræðu að nálgast þessi mál með kannski svolítið öðru hugarfari en við höfum gert til þessa. Ég heyri það t.d. í umfjöllun búnaðarþings að þar er skilningur á því og hjá mörgum þingmönnum er ríkur skilningur á því og ég vona að eftir því sem umræðan gengur fram eigi sá skilningur eftir að vaxa og ná til fleiri þingmanna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er leitt til þess að vita að hæstv. umhvrh. skuli ekki geta tekið græskulausu glensi sem var ekki sérstaklega beint gegn honum. Hins vegar vil ég benda honum á að ég var ekkert sérstaklega að skemmta mér yfir þessu frv. nema hvað varðaði ísbjörninn, en lýsti því yfir að menn væru búnir að hafa gaman af því í umræðum og ýmsu því sem þeim þætti furðulegt í þessu frv. og það gæti líka verið gott að fá skemmtileg frv. til umfjöllunar. Frv. geta að sjálfsögðu verið fyllilega tímabær og þörf þó að menn bregði á glens í umræðum.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna kostnaðarþátttöku ríkissjóðs við veiðar á mink þá er ég smeykur um að það gæti einhvers misskilnings hjá hæstv. ráðherra varðandi það hvort þetta skarist ekki við ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992. Hann sagði hér áðan að þau lög giltu aðeins fyrir árið 1992 og kannski væri betra ef svo væri. Þar með væru ýmsar af þeim ráðagerðum og þeim aðgerðum sem til hefur verið gripið aðeins til eins árs, en svo er nú ekki. Þessi grein, sem er 33. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, og tekur á veiðum minks stendur alveg sjálfstætt. Því er ég hræddur um að þarna sé misskilningur á ferðinni og ég hvet þann eina fulltrúa hv. umhvn. sem hér er staddur að taka þetta til endurskoðunar — nú, það hefur fjölgað um helming og heldur betur, þá þrjá fögru fulltrúa umhvn. sem hér eru staddir — að taka þetta mál til endurskoðunar vegna þess að það er alveg ljóst að þau lög sem við samþykktum um ráðstafanir í ríkisfjármálum gilda fyrir lengri tíma en bara fyrir árið 1992. Þarna er því misskilningur á ferðinni, virðulegi ráðherra. Ég vil ekkert fara að karpa um þetta, ég vil bara benda hv. nefndarmönnum á það að skoða þetta vel.

Umræðu frestað.

100. FUNDUR

fimmtudaginn 12. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 11. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson prófastur, Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v."

Hjálmar Jónsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Auglýsingakostnaður í dagblöðum og sjónvarpi, ein umr.

Fsp. ÓRG, 246. mál. — Þskj. 422.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. fjmrh. svaraði fsp. á þskj. 212 kaus hann að haga svari sínu á þann veg að veita eingöngu upplýsingar um eina tölu tengda viðskiptum fjmrn. við Hvíta húsið. Af þeim upplýsingum drógu ýmsir þá ályktun að Hvíta húsið hefði sjálft fengið alla þá upphæð og af öðrum upplýsingum sem hæstv. fjmrh. veitti í svari sínu dró einn hv. þm. í umræðunum þá ályktun að Morgunblaðið hefði aðeins fengið fáein hundruð þúsunda á þessu tímabili vegna auglýsingabirtinga á vegum fjmrn. Ég taldi þess vegna nauðsynlegt að það kæmi fram hvernig sú upphæð, sem merkt var Hvíta húsinu ein og sér í upplýsingum fjmrh., hefði skipst á dagblöðin og sjónvarpsstöðvarnar tvær. Það kæmi þess vegna alveg skýrt fram hvaða upphæðir það voru sem Morgunblaðið, DV, Tíminn, Þjóðviljinn, Alþýðublaðið, Dagur, Ríkissjónvarpið og Stöð 2 fengu vegna auglýsingabirtinga á því tímabili sem um var rætt svo að a.m.k. þeir sem hafa áhuga á

sannleikanum hefðu möguleika á að hafa hann að leiðarljósi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil biðja um að svarinu verði dreift eins og gert var síðast þegar um svar af þessu tagi var að ræða. Þótt ekki sé beðið um skriflegt svar er eðlilegt að því sé dreift þar sem um er að ræða mikið talnaflóð og erfitt að átta sig á því nema menn hafi tölurnar fyrir framan sig.

Vegna orða hv. þm. þar sem hann sagði að ráðherra hefði kosið að haga svari sínu með tilteknum hætti, vil ég einungis geta þess að fsp. eins og þessi eru send ákveðnum starfsmanni ráðuneytisins, það veit hv. þm. auðvitað, sem tekur saman svarið með tilliti til þess hver fyrirspurnin er á hverjum tíma. Hér er um beinharðar staðreyndir að ræða og það er heilmikil vinna sem felst í því að skilja í sundur þessar stærðir og sú vinna er auðvitað ekki unnin nema um það sé beðið sérstaklega. Nú liggur svar við spurningu hv. þm. fyrir.

Virðulegi forseti. Ef ég má vitna til þessa blaðs sem er dags. 9. mars 1992, kemur fram á fyrstu síðu þess hver skipting auglýsingakostnaðar er sem hefur farið í gegnum auglýsingastofuna Hvíta húsið til fjölmiðlanna 1990. Annars vegar er um auglýsingar fyrir fjmrn. sjálft að ræða, eins og gert var grein fyrir í svari við fsp. 212. Hins vegar er um auglýsingar fyrir ríkisskattstjóra að ræða en hann heyrir eins og allir vita undir fjmrn. Hér kemur fram hvernig skiptingin er á Morgunblaðið og Dagblaðið/Vísi og fleiri blöð. Til þess að greina frá niðurstöðutölum þá er auglýsingakostnaðurinn í Morgunblaðinu 1.460 þús., í DV 1.026 þús., Þjóðviljanum 453 þús., Tímanum 438 þús., Alþýðublaðinu 180 þús., Pressunni 417 þús. og í Degi 430 þús. Sjónvarp skiptist þannig að Ríkissjónvarpið fær tæp 1.800 þús., Stöð 2 466 þús. Til landsmálablaða ganga 1.100 þús. kr. en sú skipting held ég að hafi að meginstofni til verið birt áður.

Síðan kemur með sama hætti listi frá ríkisskattstjóra og menn geta lesið þar að Morgunblaðið hefur 4,4 millj., DV 3,1 millj., Þjóðviljinn 2,1 millj., Tíminn 2,1 millj., Alþýðublaðið 1,1 millj., Pressan 1.250 þús. og Dagur 2,1 millj. Ríkissjónvarpið hefur 1.100 þús., Stöð 2 670 þús. og útvarpsstöðvar minna, þó Rás 1 og Rás 2 sýnu hæst.

Tímans vegna á ég erfitt með að fara yfir allar þessar tölur. En á bls. 2 í b-lið er þessi sama skipting frá 1. jan. til 15. maí 1991 og niðurstöðutölur birtar með sama hætti. Ég sé ekki að tilefni sé til að ræða þær sérstaklega. Þetta virðist breytast aðeins á fyrri hluta ársins. Á bls. 3 er gerð grein fyrir greiðslu til Hvíta hússins vegna hönnunarvinnu og aðkeyptrar þjónustu. Þar er þessum upphæðum skipt niður annars vegar á mismunandi verkefni og hins vegar á tímabilinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins hins vegar. Á bls. 3 er fjmrn. og á bls. 4 er ríkisskattstjóri. Til samanburðar hef ég á næstu blaðsíðu þar á eftir sýnt hvernig síðustu átta mánuðirnir líta út. Það hlýtur að vekja athygli hve miklu, miklu lægri upphæð kemur á síðari átta mánuðina heldur en á fyrstu fjórum. Og loks, þar sem nokkuð hafði verið rætt um menntmrn., þá hefur það sama verið gert fyrir árið 1991 sem snertir það.

Virðulegi forseti. Ég veit að tíma mínum er lokið en því miður get ég ekki gert frekari grein fyrir þessu svari. Ég vona að skriflega svarið, sem hefur verið dreift á borð þingmanna, komi að fullkomnu gagni.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það hefur komið fram í umræðum í þessum sölum að þingmenn Alþb. hafa mikinn áhuga á þeim auglýsingum sem hið opinbera kaupir hjá Alþýðublaðinu. Þess vegna er afskaplega fróðlegt að líta á þær tölur sem Hvíta húsið hefur eytt í auglýsingar hjá þessu dagblaði og bera þær saman við annað mjög merkt dagblað, Þjóðviljann. Þá kemur í ljós að Hvíta húsið hefur fyrir hönd fjmrn. auglýst í Þjóðviljanum árið 1990 fyrir 452 þús. kr. en í Alþýðublaðinu fyrir einungis 180 þús. Fyrir hönd ríkisskattstjóra hefur Hvíta húsið auglýst í Þjóðviljanum fyrir 2,1 millj. en í Alþýðublaðinu einungis fyrir 1,1 millj. Fyrir tímabilið 1. jan. til 15. maí 1991 er sama mynstur a ferðinni. Þar hefur Hvíta húsið auglýst fyrir hönd fjmrn. fyrir 180 þús. kr. í Þjóðviljanum en fyrir helmingi minna í Alþýðublaðinu. Fyrir hönd ríkisskattstjóra á sama tímabili hefur Hvíta húsið auglýst í Þjóðviljanum fyrir 830 þús en fyrir tæpar 600 þús. kr. í Alþýðublaðinu. Þannig er ljóst að fyrir hönd fjmrn. og ríkisskattstjóra hefur Hvíta húsið auglýst fyrir um það bil tvöfalt þá upphæð í Þjóðviljanum sem það hefur auglýst í Alþýðublaðinu. Þetta ætti að vera nokkur fróðleikur fyrir hv. þm. Alþb., ekki síst hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það verður þingmönnum stjórnarliðsins lítið að gagni að reyna að grafa í þessar tölur. Upplýsingarnar sýna enn svart á hvítu, ef svo má orða, að dreifingin á tekjunum er í fullu samræmi við útbreiðslu þeirra fjölmiðla sem um er að ræða. Ég bendi t.d. á að á fyrstu síðunni kemur fram að auglýst er í Morgunblaðinu fyrir 5,9 millj. kr. sem er yfir 30% af heildarupphæðinni. Í DV er auglýst fyrir 4,1 millj. Við getum tekið Alþýðublaðið sérstaklega og reiknað út hverjar auglýsingatekjur þess eru á blaðsíðu. Þá munum við sjá að hvergi er meira auglýst á þeim mælikvarða en í Alþýðublaðinu. Ef við leggjum hins vegar fylgirit Alþýðublaðsins við, Pressuna, kemur í ljós að auglýst er þar fyrir 3 millj. sem er mun meira en í Þjóðviljanum.

Virðulegur forseti, fyrstu fimm mánuði ársins 1991 er auglýst í Alþýðublaðinu og Pressunni fyrir 1.100 þús. sem er hærri upphæð en hjá Þjóðviljanum.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að fara fram á þessar upplýsingar. Mig langar jafnframt að benda á, þar sem hann minntist á þær umræður sem fóru fram um daginn, að ég gerði engar athugasemdir við það hvernig

auglýsingastofan Hvíta húsið dreifði auglýsingum til dagblaðanna heldur einungis hvernig fjmrn. sjálft gerði það. Á þessu svari og því svari sem við fengum áður um þetta mál má vera ljóst að auglýsingastofan leggur allt annað mat á hvar gott og rétt sé að auglýsa heldur en starfsmenn fjmrn. gera. Hins vegar hefur það komið fram í blaðaumræðum um málið að þegar hv. þm. Ólafur Ragnar kom í fjmrn. urðu breytingar á því hvernig auglýsingastofur voru valdar til þess að vinna þessi verk. Það styður það sem kom fram hjá öðrum aðilum í umræðum um daginn að fara þarf afskaplega varlega þegar fyrirtæki eru valin til þess að sjá um svo umfangsmikla auglýsingasamninga fyrir ríkið eins og hér um ræðir.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég nú biðja virðulegan forseta að ræða við fjmrh. með hvaða hætti hann svarar fyrirspurnum á Alþingi. Ég bar fram fsp. og hæstv. fjmrh. svaraði henni ekki í ræðu sinni áðan. Í fsp. minni var beðið um samtölur fyrir þessa fjölmiðla. Ekkert kom fram í munnlegu svari ráðherrans um þær samtölur heldur vísaði hann bara í plagg sem dreift var á borðin og fer ekki inn í þingtíðindin. Þannig að ef menn lesa fsp. mína í þingtíðindunum og svar hæstv. fjmrh. sem hann flutti í þinginu fá menn ekkert svar við fsp. Það kann að vera ástæðan fyrir því að fjmrh. kaus að svara þessu þannig að Morgunblaðið fær 8 millj. af þessari upphæð. Einn af hv. þm. Sjálfstfl. gerði mikið mál úr því á sínum tíma, að þegar ég var fjmrh. hafi Morgunblaðið bara fengið nokkur hundruð þús. fyrir auglýsingar og það sýndi nú hvernig Ólafur Ragnar Grímsson hafði hagað sínum málum. En þessar tölur sýna það að Morgunblaðið fær um 8 millj. á þessu tímabili og skarar svo langt fram úr öðrum fjölmiðlum að þeir komast ekki í hálfkvist við það. Meira að segja Ríkissjónvarpið, sem er þó einn öflugasti fjölmiðill landsins, er með tæpar 4 millj., ef maður leggur allar tölurnar saman í fljótheitum sem hæstv. fjmrh. dreifði á borðin.

Og vegna þess ómerkilega málflutnings sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var með, þá er rétt að benda honum á, eins og hefur reyndar komið fram, að hlutfallstölur þessara skiptinga endurspegla mjög vel útbreiðslu blaðanna. (Gripið fram í.) Hv. þm. var að reyna að gera einhverjar pólitískar keilur úr því að auglýsingastofan hefði ákveðið að auglýsa minna í Alþýðublaðinu en Þjóðviljanum og Tímanum. En þarna kemur skýrt fram að tölurnar eru í mjög eðlilegu hlutfalli við útbreiðslu Alþýðublaðsins annars vegar og Tímans og Þjóðviljans hins vegar. Ef þingmaðurinn hefur áhuga á einhverjum flokkslegum tengslum, þá er auðvitað alveg ljóst að Alþfl., sem var eigandi Pressunnar á þessu tímabili, fékk mest af auglýsingum í sín blöð á þessu tímabili, langt umfram blöð bæði Alþb. og Framsfl. Þannig að ef einhverjir skara fram úr í þessum upplýsingum, þá eru það Morgunblaðið með 8 millj. samtals og þau blöð sem Alþfl. var eigandi að. Ég vil hins vegar segja það mjög skýrt að ég tel eðlilegt að Morgunblaðið sé hæst vegna þess að það er augljóslega áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn fyrir þær tegundir sem hér eru lagðar fram.

Hæstv. fjmrh. birti svo upplýsingar sem ég bað ekkert um. Það er auðvitað nokkuð nýtt að nota fyrirspurnir í þinginu til þess að birta upplýsingar sem ekki var beðið um. En ég skal ekki lasta það í sjálfu sér. Það kann að vera skýring á því hvers vegna hæstv. fjmrh. hefur tapað 2 milljörðum í virðisaukaskatti á síðustu fjórum mánuðum þessa árs. Eins og fram kemur í skýrslu fjmrn. þá hrundi innheimtan á virðisaukaskattinum á síðustu fjórum mánuðum ársins. Hæstv. fjmrh. lagði niður allt það mikla kynningar-, auglýsinga- og herferðarstarf sem unnið var í fjmrn. í minni tíð og endurspeglast m.a. í þessum tölum, til þess að tryggja innheimtu á virðisaukaskattinum. Hann sagði síðan upp sérstakri eftirlitssveit sem ríkisskattstjóraembættið var með til að tryggja innheimtuna á virðisaukaskattinum. Nokkrum mánuðum eftir að fjmrh. hefur lagt þetta niður verður niðurstaðan svo sú að innheimtan á virðisaukaskattinum hrynur um 2 milljarða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þegar ég kom í þennan sal ætlaði ég ekki að blanda mér í þá umræðu sem farið hefur fram nú í tvígang um auglýsingakostnað fjmrn. En þegar ég hlustaði á umræðuna, ekki bara núna heldur líka síðast, finnst mér ekki annað hægt en vekja athygli manna á því um hvað hún snýst bæði núna og við fyrri umræðu. Umræðan snýst ekki um það hvort of miklu hafi verið varið í auglýsingar, hvort of mikið hafi verið auglýst, hvort upphæðunum hafi verið vel varið og í samræmi við auglýsingagildi hvers miðils, hvort það hafi verið rétt metið. Hér snýst umræðan um það hvort Morgunblaðið hafi fengið nóg í sinn hlut, hvort Alþýðublaðið hafi fengið nóg í sinn hlut og hvort Þjóðviljinn hafi fengið of mikið í sinn hlut. Í þessu sambandi hefur auglýsingagildið í sjálfu sér ekki verið nefnt. Það hugsar hver um sitt, sjálfstæðismenn um Morgunblaðið, kratarnir um Alþýðublaðið og svo ver fyrrv. fjmrh. fjárveitingar til Þjóðviljans. Mér finnst ekki þurfa frekari vitna við, virðulegi forseti, um tengsl flokka og blaða.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég láta það koma fram að ég tel að umræðan snúist ekki um það til hvaða fjölmiðla fjármunirnir fara, heldur hvaða úrræðum hefur verið beitt. Í umræðunni áður snerist það um geðþóttaákvarðanir í fjmrn. Á þeim grunni voru þessar ákvarðanir þá gagnrýndar og svo það fyrrv. fjmrh. um þessar upplýsingar. Þannig snýst málið ekki um það til hvaða miðla auglýsingar og greiðslur fyrir þær fara heldur hvernig að ákvörðunum um það er staðið. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykn. að hv. 8. þm. Reykn. sagði í umræðunum, þegar málið var rætt síðast, að það hefði verið staðið að auglýsingastarfsemi á vegum fjmrn. með ákveðnum hætti meðan hann var fjmrh. Í umfjöllun blaða eftir að umræðunum lauk kom

fram að það var alls ekki rétt sem þingmaðurinn sagði hér í þingsalnum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þær umræður eru athyglisverðar sem hérna fara fram og sérstaklega er athyglisverð ræða hv. 8. þm. Reykn., fyrrum fjmrh. þessarar þjóðar. Hann kvartaði undan því að í þessum upplýsingum kæmi fram meira en hann hefði beðið um. Reyndar var það þannig líka með svarið síðast þegar þessi mál bar hér á góma. Það komu fleiri upplýsingar fram en beðið var um og ég vona að menn þurfi ekki að harma það. Það sem er athyglisvert er að auglýsingakostnaður ráðuneytisins er líklega tífalt meiri fyrstu fjóra mánuði ársins en síðustu átta mánuði ársins. Síðan leyfir hv. þm. sér að koma upp og segja að núv. fjmrh. hafi tapað tveimur milljörðum í tekjum af virðisaukaskatti af því að hann hafi sagt upp eftirlitssveitum og af því að hann hafi ekki viljað auglýsa í blöðum og útvarpi með þeim hætti að þessir skattar hefðu náðst.

Ég spyr hv. þm.: Meinar hann eitthvað með þessu? Veit hv. þm. ekki að hann samdi sjálfur fjárlagafrv. fyrir árið 1991 og í því frv. var gert ráð fyrir því að þessar sveitir, sem hann kallar svo, störfuðu tímabundið þannig að það var skylda að segja þeim upp og reyndar var gengið þannig frá ráðningarsamningum þeirra að þetta fólk hlaut að hætta á þeim tíma? Þau verk eru verk höfundar fjárlagafrv., þess manns sem lagði það fyrir Alþingi og fékk það samþykkt með þeim hætti. Ég er hissa á hv. þm. að leyfa sér að koma upp og segja að það sé á ábyrgð núv. fjmrh. að hafa tapað 2 milljörðum í virðisaukaskattsinnheimtunni. Við skulum ræða um það síðar en það sem hv. þm. er að gera er að víkja sér undan því sem hér verið að ræða um. Það sem hefur komið fram í þessari umræðu í dag og reyndar líka síðast þegar rætt var um þessi mál er hve stórfelldum upphæðum hann veitti til auglýsingafyrirtækis sem á sama tíma var notað til þess að afla Alþb. fylgis. Allir eru sammála um það og ég vona hv. þm. líka að þar var teflt á tæpasta vað. Um það snerist þessi umræða þá. Enn fremur um hitt hve miklar auglýsingar voru notaðar á fyrri hluta ársins.

Ég skal, ef hv. þm. vill, svo sannarlega láta koma fram í þskj. þessar tölur allar saman, bæði fyrra svarið og þetta. Ég get gert það í skýrslu og er sjálfsagt að verða við þeirri ósk. En ég bið hv. þm. ef hann er maður til að draga aftur þau ummæli sem hann viðhafði hér áðan, í fyrsta lagi það að kenna öðrum um eigin verk og hins vegar að halda því fram að 2 milljarða kr. minni innheimta sé í virðisaukaskatti sem hafi verið viljandi með þeim hætti gert af núv. fjmrh. Ég tel að hv. þm. yrði maður að meiri ef hann sýndi það einu sinni í sínum ræðum á Alþingi að hann gæti viðurkennt mistök og viðurkennt að hafa stundum ekki farið þannig með sannleikann að til fyrirmyndar sé.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. hefur nú þegar talað tvisvar en óskar nú eftir að bera af sér sakir.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það var ekki ég sem innleiddi það í umræðuna hver hefði verið auglýsingakostnaður fjmrn. frá því að Friðrik Sophusson tók við. Það var núv. hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson sjálfur sem kom með það inn í umræðuna. Ekki var tilefni til þess af minni fsp., hún var um annað tímabil. Fyrst ráðherrann kaus sjálfur að koma með það inn í umræðuna þá verður hann að una því að sitja undir að menn taki það þá til umfjöllunar. Hvað var það sem fjmrn. auglýsti sérstaklega á fyrstu fjórum mánuðum síðasta árs? Ég skal svara því. Það var að fyrirtæki ættu að hafa sjóðvélar. Þeir sem ekki hefðu sjóðvélar í virðisaukaskattinum, sem stimpluðu rétt inn viðskiptin, ættu von á því að það yrði lokað hjá þeim. Síðan voru sérstakar eftirlitssveitir sendar í öll fyrirtæki á landinu til þess að ganga úr skugga um það að þetta yrði gert. Það er alveg rétt. Þær voru ráðnar tímabundið í upphafi vegna þess að þetta var tilraun sem menn vissu ekki hvernig mundi gefast. Sem betur fer gafst hún mjög vel. Sem betur fer tóku nær öll fyrirtæki þessu mjög vel. Það hefði verið ætlun mín að halda því áfram vegna þess að þegar ég kom í fjmrn. þá sannfærðist ég um það að hin slaka innheimta á söluskattinum og sú linka sem hafði verið varðandi innheimtu á sköttum var alvarlegt mein í fjármálakerfi okkar. Ég tók þess vegna þá ákvörðun að loka fyrirtækjum sem greiddu ekki söluskatt um mitt ár 1989. Hvað gerði Sjálfstfl. þá? Hann hélt sérstakan þingflokksfund í þinghúsinu sumarið 1989 og krafðist þess að ég segði af mér vegna þess að ég hefði farið að loka fyrirtækjum sem ekki borguðu söluskatt.

Auðvitað vekur athygli að núv. hæstv. fjmrh. leggur þetta allt saman til hliðar. Hann hættir að auglýsa og segja mönnum að þeir verði að hafa sjóðvélar og verði að standa skil á virðisaukaskatti. Hann hættir að tilkynna fyrirtækjunum að lokað verði hjá þeim ef þau hafa ekki sjóðvélar með réttum hætti. Núv. hæstv. fjmrh. lagði allt þetta eftirlit og alla þessa hvatningu til hliðar og hann komst að þeirri niðurstöðu að engin ástæða væri til þess að hafa þessar eftirlitssveitir áfram. Hvað gerðist? Það gerðist í október að innheimtan á virðisaukaskattinum hrynur. Hæstv. fjmrh. hefur mikið gert úr því opinberlega að mikill halli hefði verið á síðasta ári. En við höfum auðvitað tekið eftir því að hann hefur nánast ekkert talað um það að stærsta talan í þeim mikla halla er það hrun sem varð í innheimtu virðisaukaskatts á síðustu fjórum mánuðum ársins þrátt fyrir að veltan í þjóðfélaginu væri mun meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. þannig að innheimtur virðisaukaskattur hefði átt að aukast, hæstv. fjmrh., ef allt hefði verið með réttu af því að veltan í þjóðfélaginu var meiri en tekjuforsendur fjárlagafrv. og áætlanir um innheimtu virðisaukaskattsins gerðu ráð fyrir. Auðvitað er athyglisvert að núv. hæstv. fjmrh. hefur lagt meira upp úr því að ráðast á síðustu ríkisstjórn í ummælum sínum um hallann á síðasta ári en að skýra út fyrir þjóðinni hvernig stendur á því að innheimtan á virðisaukaskattinum hefur hrunið um 2 milljarða á síðustu fjórum mánuðum ársins þegar eftirlits-

kerfið var lagt til hliðar, þegar hætt var að auglýsa og segja fyrirtækjunum að nú yrði lokað hjá þeim. Auðvitað vekur það grunsemdir um það að fyrirtækin drægju þá ályktun að nú þegar Sjálfstfl. væri kominn í fjmrn., yrðu teknir upp sömu hættir og þegar Sjálfstfl. var áður í fjmrn., það voru engar sérstakar aðgerðir til þess að hvetja menn til að standa í skilum með skattana. Það er staðreynd, hæstv. fjmrh. Ég ætla ekki að biðjast neinnar afsökunar á því og ég ætla ekki að draga nein ummæli til baka vegna þess að hæstv. fjmrh. hefði átt að verða fyrstur manna til þess að koma fram opinberlega og fjalla um hvernig stendur á stórslysinu í ríkisfjármálum á síðustu fjórum mánuðum ársins, því að stórslysið í ríkisfjármálunum á síðustu fjórum mánuðum ársins var hrunið í innheimtunni á virðisaukaskattinum. Það var það sem gerðist. Það voru stóru tíðindin í ríkisfjármálunum á Íslandi á seinni hluta síðasta árs. En um það hefur hæstv. fjmrh. viljað lítið tala. Ég fagna því hins vegar að hann segist vera reiðubúinn til þess að ræða það í þinginu núna og hann skal aldeilis fá þá umræðu. Einn þingmaður Alþfl. er að spyrja á eftir, ég held að það sé næsta fsp. á dagskrá: Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera vegna skattsvika? Einn stjórnarþingmaðurinn sér ástæðu til þess núna þegar hann sér hrunið í innheimtunni á virðisaukaskattinum að spyrja hvað fjmrh. ætli að gera varðandi skattsvikin. Sjálfstfl. getur ekki eytt þessari hrópandi staðreynd um stjórn Sjálfstfl. á innheimtu skatta með því að draga auglýsingakostnað frá minni tíð inn í umræðuna með þeim hætti sem hér hefur gerst. Ég mun ekki, hæstv. fjmrh., biðjast afsökunar á þessum ummælum né draga þau til baka. Þvert á móti tel ég það skyldu mína að herða á í þessari umræðu á næstunni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstv. fjmrh. óskar að bera af sér sakir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Það er stundum þannig þegar komið er við kaunin á einstökum mönnum að þá reyna þeir að búa til reykbombur og sum dýr í dýraríkinu eru reyndar þannig að þau geta sent frá sér blek eins og t.d. smokkfiskurinn. Síðasta ræða minnti mig dálítið á aðfarir þeirrar skepnu. (**Gripið fram í:** Kolkrabbinn.) Já, þegar hann spýtir svörtu úr hvítu, kolkrabbinn, smokkfiskurinn. Ræða síðasta ræðumanns minnti mig dálítið á aðfarir þeirrar ágætu skepnu sem reyndar er hin göfugasta skepna og hefur hún bjargað Íslendingum um langar aldir, sérstaklega sem beita.

En vegna orða hv. þm. vil ég segja þetta: Hv. þm. útbjó fjárlög fyrir sl. ár og hann gekk þannig frá þeim fjárlögum — og ég held að það sé gott að leggja áherslu á það — að ákveðnum peningum átti að verja til auglýsinga. Ákveðnum peningum átti að verja til þess að sérstakar sveitir fylgdu eftir ákveðnum aðgerðum sem Alþingi hafði samþykkt um sjóðvélar o.fl. Hv. þm. eyddi öllum þessum peningum. Hann eyddi öllum auglýsingapeningunum á fyrstu mánuðum ársins. Til viðbótar þessu gekk hann þannig frá fjárlagafrv. að mennirnir voru ráðnir tímabundið. Þetta er kjarni málsins og þetta viðurkenndi hv. þm. en hann reyndi samt sem áður að koma sökinni á aðra.

Við munum ræða um virðisaukaskattinn síðar í dag og ég er auðvitað tilbúinn til að ræða hann hvenær sem er. Auðvitað veit hv. þm. að á síðustu mánuðum ársins var um talsverðan samdrátt að ræða í innflutningi en það er einmitt innflutningurinn sem skapar verulegan tekjustofn fyrir virðisaukaskattinn. Við getum auðvitað rætt það mál og það mál er til rannsóknar hvernig á því stendur að ekki náðust á öllu sl. ári þær tekjur sem áttu að nást inn af virðisaukaskattinum. Hv. þm. veit að það felst m.a. því að fólk hefur verið að læra á virðisaukaskattinn og m.a. með því hvað telst til innskattsins og hvað til útskattsins. Það mál sem er hér til umræðu snýst ekkert um það. Það snýst um auglýsingar, til hvers þær væru notaðar, í hvaða magni og hverjum væri greitt og hvort væri siðlegt að á sama tíma og tugir milljóna færu til ákveðinnar auglýsingastofu, þá ætti Alþb. sem þá átti formann sinn í fjmrn. að nota sömu auglýsingastofuna til þess að auglýsa og afla fylgis fyrir Alþb. Allar reykbombur, allar tilraunir til að ræða önnur mál en þetta, eru aðeins tilraun hv. þm. til þess að fela það sem aflaga fór í tíð hans og það sem verra er, því miður, stundum að reyna að koma sök á aðra menn og það er ekki stórmannlegt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Umræðum er lokið og fyrirspurninni svarað.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að forseti sagði að fsp. hefði verið svarað. Í fsp. sem er á þskj. 422 í þremur liðum og undirliðum er spurt um ákveðnar upphæðir, hvernig ákveðin tala skiptist. Ég heyrði aldrei það svar, virðulegi forseti. Hins vegar hef ég undir höndum skjal sem var dreift hér en er ekki þingskjal og ég spyr forseta: Svara menn þinglegri fsp. með skjölum sem ekki eru þingskjöl? Svara menn munnlegum fsp. með þeim hætti? Ég vil mótmæla því, virðulegi forseti, að fsp. hafi verið svarað.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Mín athugasemd er nokkuð svipaðs eðlis og hv. síðasta ræðumanns. Ég vil spyrja virðulegan forseta hverjar séu hinar raunverulegu reglur um framlagningu og svar fyrirspurna. Ég vil spyrja forseta hvort ekki sé ástæða til þess að nú sé gert skýrt á hvern hátt fyrirspurnum sé svarað þegar um er að ræða munnlega fsp. Þá á að svara fyrirspurninni á þann hátt en ekki dreifa í þingsalnum ónúmeruðum plöggum af ráðherrum. Þetta er í annað skiptið, virðulegi forseti, sem þetta gerist í vetur. Ég nefni það líka, virðulegi forseti, að annar ráðherra, hæstv. utanrrh., dreifði ónúmeraðri skýrslu í fjölriti sem var beðið um. Ég held að ástæða sé til þess að forseti geri þinginu alveg ljóst á hvern hátt á að svara fyrirspurnum til ráðherra þannig að ekki komist á sú lausung að ráðherrar geti hér komið upp, sagt fátt og lítið sem kemur í

þskj. en dreift síðan ómerktum og ónúmeruðum plöggum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það er að sjálfsögðu á valdi ráðherra hverju sinni hvernig þeir svara fyrirspurnum og ekki forsetans að leggja dóm á það.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að nokkuð sé rætt um það hvernig skuli svara skuli fyrirspurnum samkvæmt lögum um þingsköp og auðvitað einnig hvernig eigi að biðja um svör því að í sumum tilvikum er útilokað að ráðherrar geti svarað fyrirspurnum á þeim stutta tíma sem þeir hafa ef fyrirspurnirnar krefjast langra svara. Ég skil vel að menn hafi mikinn áhuga á því að tryggilega verði gengið frá að allar þær upplýsingar sem hafa komið fram á ónúmeruðum og óþinglegum skjölum, sem hefur verið dreift meðal þingmanna bæði hvað varðar þessa fsp. sem nú var til umræðu og eins fsp. sem var til umræðu fyrir skömmu síðan um sama málefni. Af því tilefni mun ég með tilvísun til 45. gr. þingskapalaga leggja fram skýrslu á Alþingi um þetta mál og þar munu koma fram þær upplýsingar sem koma fram á þessum skjölum og þannig munu þau skjöl prentast með þingtíðindum í skjalasafni þess og ætti þá að vera fullnægt óskum þeirra sem hafa fjallað um þetta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Yfirlýsing forseta um að það væri algerlega ráðherra að ákveða hvernig þeir svari fyrirspurnum var afar athyglisverð. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Í 49. gr. þingskapalaga eru alveg ákveðnar reglur um það hvernig fyrirspurnum beri að svara og þá eftir því hvort það er munnleg eða skrifleg fyrirspurn. Ég tel reyndar, virðulegi forseti, að það hljóti að vera forseta þegar forseti tekur við fyrirspurnum að meta það og leiðbeina þá þingmönnum um það hvort fyrirspurnin er þess eðlis eða krefst það efnismikils svars að það sé æskilegra að það gerist í skriflegu formi þannig að það tryggt sé að svör við fyrirspurnum á hverjum tíma komi fram í þingtíðindum en ekki sé látið duga að þeim sé dreift í formi fjölblöðunga á borð þingmanna.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að hann hafi ekki getað svarað fsp. minni á þeim tíma sem honum var ætlað. Fsp. minni hefði mátt svara á rúmri mínútu þannig að hæstv. ráðherra hefði ekki einu sinni þurft allan þann tíma sem honum var ætlað til þess að svara fsp. Svarið hefði getað verið á þessa leið: Morgunblaðið 7,8 millj., DV 5,4 millj., Tíminn rúmar 3 millj., Þjóðviljinn 3,2 millj., Alþýðublaðið, ef ég fer rétt með, einhvers staðar í kringum 2 millj., Dagur, ég er nú ekki búinn að leggja það saman enn þá, Ríkissjónvarpið 3,9 millj., Stöð 2 í kringum 3 millj. Búið. Þetta var svarið við fsp. sem ég bað um þannig að það er algerlega út í hött hjá hæstv. ráðherra að hann hefði ekki getað svarað fsp. á þeim tíma. Hann átti meira að segja nokkrar mínútur eftir.

En í stað þess að að svara fsp. með þinglegum hætti dreifir ráðherra á borð þingmanna fjölmörgum blaðsíðum með miklu talnaflóði og hefur ekki einu sinni fyrir því að leggja saman þær tölur sem spurt er um, hvað þá heldur að hann gerði það í ræðustólnum og bætir svo við ýmsu upplýsingaefni sem ég var ekkert að amast við að væri gert, þvert á móti. Ég fagna því. En það sýnir bara sérkennileg vinnubrögð í þessu. Og af því að hæstv. fjmrh. var nú að setja sig á móralskan háan hest áðan þá vitum við auðvitað allir af hverju hann svaraði ekki fsp. með þinglegum hætti og kaus að fara í þennan leiðangur um salinn með dreifingu gagna sem fara ekki inn í þingtíðindin. Það er bara til þess að geta haldið áfram þessu flokkspólitíska skaki Sjálfstfl. í málinu. Hann var ekki að svara sem fjmrh. Hann var að reyna að stunda áróðursstríð sem varaformaður Sjálfstfl. Það var það sem hann var að gera. Hann ætti nú að spara sér að setja sig í mórölsk sæti eins og ég mun koma að seinna í dag. Maðurinn sem hafði nóga peninga í fjmrn. til þess að kaupa sér bíl þó ekki væri gert ráð fyrir því í fjárlögum, sami hæstv. fjmrh. sem gerði mikið úr því áðan að það hefðu ekki verið peningar í fjárlögum til þess að hvetja menn til að standa skil á virðisaukaskattinum. Í fjárlögunum voru heldur ekki peningar til að kaupa nýjan bíl fyrir ráðherrann en hann gerði það samt. Ýmislegt má þannig segja um það hvað hæstv. fjmrh. taldi sér fært að gera og hvað hann taldi sér ekki fært að gera. Það er því alveg ljóst að fyrirspurn mín var borin fram með þeim hætti að hæstv. fjmrh. gat hæglega svarað henni ef hann vildi á þeim tíma sem honum var ætlað.

Og ég vil einnig taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sagði að auðvitað er það í verkahring forseta að tryggja að fyrirspurnum sé svarað með þinglegum og fullnægjandi hætti alveg eins og forsetar hafa tekið að sér á undanförnum árum að ganga úr skugga um það að orðalag fyrirspurna séu með þinglegum eða eðlilegum hætti. Það hefur komi fyrir hvað eftir annað á undanförnum árum að forsetar hafa bent þingmönnum á að orða fyrirspurnir sínar með öðrum hætti til þess að gera þær þinglegar og eðlilegar. Á sama hátt er það í verkahring forseta að stuðla að því að ráðherrar svari fyrirspurnum með þinglegum eða eðlilegum hætti. Sú braut sem hæstv. fjmrh. hefur farið inn á sé í sjálfu sér ekki þess eðlis að það eigi að gera mikið veður út af því að hann veiti meiri upplýsingar en minni, geri ég enga athugasemd við það. En það er hins vegar óeðlilegt að í munnlegu svari sem fer inn í þingtíðindin svari ekki hann þeirri fyrirspurn sem borin er fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það hafa engar breytingar orðið á því með hvaða hætti þingmönnum er leiðbeint þegar þeir leggja fram fyrirspurnir. En forseti endurtekur að það svar, sem

viðkomandi ráðherra gefur í munnlegum fyrirspurnum, er á ábyrgð hans sjálfs.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það hryggir mig dálítið að verða vitni að því hvernig þinginu er stjórnað. Í 49. gr. þingskapalaga segir svo, með leyfi forseta:

„Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Þetta er alveg ótvírætt í þingskapalögum. Ekki var gerð athugasemd við þessa fyrirspurn og mér sýnist að hægt sé að svara henni með 8 tölum eða svo. Þannig að ég sé ekki hvað veldur því að hæstv. fjmrh. víkur sér undan að svara fyrirspurninni. Og mér eru það mikil vonbrigði að hæstv. forseti skuli taka þannig á málum að láta það óátalið að ráðherrann fari í pólitískt keilustríð sem hann og fleiri þingmenn hafa efnt til í þessu máli og forseti láti ráðherrann komast upp með það að svara ekki fyrirspurninni.

Virðulegur forseti. Til hvers eigum við þingmenn að snúa okkur ef forseti aðstoðar okkur ekki í því að fá þær upplýsingar fram sem beðið er um með þeim hætti sem kveðið er á um?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur skilist að þetta mál snúist um það að svörin hafi verið of ítarleg fremur en að þau hafi ekki legið fyrir.

Skattsvik, ein umr.

Fsp. ÖS, 294. mál. — Þskj. 499.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Hér hafa spunnist merkilegar og fjörlegar umræður um skattsvik og er það að sönnu við hæfi að í þeim hefur hin merka dýrategund, kolkrabbinn, nokkuð verið nefnd. Upplýsingar, sem nú liggja fyrir, benda til þess að skattsvik séu að aukast og er það mikið áhyggjuefni.

Í dag hafa tölur úr nýrri skýrslu fjmrn. um ríkisfjármálin 1992 komið til umræðu og benda þær til þess að virðisaukaskattur hafi verið um það bil 3–4 milljörðum minni en búast hefði mátt við með tilliti til neyslu. Þannig jókst neyslan á síðasta ári um 6% en virðisaukaskattur minnkaði um 4%. Ég hygg að það sé alveg rétt sem kom fram í máli fjmrh. að hægt er að færa ýmsar skýringar fyrir því. Það er líka alveg ljóst eins og raunar er bent á í þessari skýrslu að innheimtan sjálf á virðisaukaskatti virðist hafa verið lakari en áætlað var. Þetta er áhyggjuefni og vekur upp vissar spurningar og athugasemdir.

Í þessu tilviki er líka rétt að benda á að í tíð sinni sem fjmrh. skipaði Albert Guðmundsson nefnd undir forustu Þrastar Ólafssonar til þess að rannsaka skattsvik. Þessi nefnd skilaði áliti í apríl 1986 og niðurstöður hennar voru m.a. þær að hið opinbera væri árlega að tapa um 2,5–3 milljörðum í skattsvik. Þessar niðurstöður og þær ábendingar sem nefndin kom með vöktu mikla athygli og nefndin kom með fjölmörg ráð um það hvernig freista mætti þess að uppræta skattsvik. Á þessum tímamótum þykir mér því rétt, sérstaklega með tilliti til þeirra upplýsinga sem komu fram í skýrslu fjmrh. um ríkisfjármálin 1992, að spyrja hæstv. fjmrh. til hvaða ráðstafana hann hyggist grípa til þess að stemma stigu við auknum skattsvikum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Nokkrar fyrirspurnir fjalla um þessi málefni og reyndar ein þáltill. sem verður til umræðu væntanlega síðar í dag. Sem svar við þessari tilteknu fsp. vil ég í fyrsta lagi benda á að þegar rætt er um virðisaukaskattinn og innheimtuna á honum verðum við að gera okkur grein fyrir því að sífellt safnast upp gamlar skuldir frá fyrri árum, virðisauka- og söluskattsskuldir sem eru óinnheimtanlegar. Þess vegna sýna tölur stundum að innheimtan er lakari en hún raunverulega er því ýmsar þessara gömlu skulda eru enn á blaði sem eignfærðar þótt ljóst sé að þær séu ekki innheimtanlegar.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að fyrir ekki mörgum árum var samþykkt á hinu háa Alþingi að breyta lögum þannig að kröfur ríkissjóðs vegna virðisaukaskattsskulda yrðu ekki forgangskröfur. Þetta leiddi til breyttrar innheimtu af hálfu ríkissjóðs sem er mun strangari núna heldur en verið hefur og hefur í seinni tíð verið að breytast þannig að gengið er mun fastar eftir virðisaukaskattsskilum en nokkurn tíma fyrr.

Ég tel tímabært að gera úttekt á umfangi skattsvika eins og lögð hefur verið fram till. um hér á hinu háa Alþingi. Með þeim hætti væri unnt að meta hvort þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið frá árinu 1986 hafi haft einhver áhrif á að draga úr skattsvikum. Í till. er lagt til að niðurstaða liggi fyrir 1. okt. 1992. Ég tel það of stuttan tíma til að vinna þetta verk sem er mjög umfangsmikið og mun ég því leggja til að niðurstöður skuli liggja fyrir eigi síðar en í mars 1993. Unnið er að því á skattstofum landsins að gera samanburð á virðisaukaskattsskilum við ársreikning allra gjaldenda, en þessu verki ætti að ljúka á næstu vikum. Niðurstöður þessa samanburðar kunna að gefa tilefni til frekari athugana og aðgerða.

Að því er varðar eftirlit með atvinnurekstrarframtölum hafa verið gerðar breytingar á skipulagi skattstofunnar sem miða að því að efla þetta eftirlit. Á árinu 1991 tók til starfa ný deild hjá embætti ríkisskattstjóra, endurskoðunardeild atvinnurekstrarframtala sem vinnur að yfirferð skattframtala stærri atvinnurekstraraðila og mótar reglur um meðferð skattlagningar í atvinnurekstri. Deildin mun jafnframt vinna að upptöku staðlaðra tölvutækra skattskila sem mun auka möguleika á skipulögðu eftirliti. Enn er ekki komin mikil reynsla á þessa starfsemi en miklar vonir eru bundnar

við hana. Skattrannsóknir þarf að efla og flýta þarf eins og unnt er rannsókn mála sem eru tekin fyrir.

Á síðasta ári var í gangi sérstakt átak með eftirliti á tekjuskráningu m.a. með sjóðvélum. Gerð var breyting á lögum um virðisaukaskatt þar sem skattrannsóknastjóra er veitt heimild til að loka fyrirtækjum ef þessi mál eru ekki í lagi. Ég tel nauðsynlegt að skipulagt skatteftirlit sé stöðugt í gangi, t.d. að á hverju ári séu teknar til skoðunar ákveðnar atvinnugreinar. Enginn vafi er á því að gott og virkt skatteftirlit hefur fyrirbyggjandi áhrif.

Að lokum vil ég nefna nauðsyn þess að taka lög um bókhald til endurskoðunar eins og lagt var til í skýrslu nefndarinnar frá árinu 1986. Skoða þarf bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Í þessu sambandi hef ég ákveðið að skipa nefnd til að annast þetta verkefni þannig að unnt verði að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um bókhald á næsta ári.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram sem svar mitt við fsp. frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Formaður þingflokks Alþfl. hefur séð sérstaka ástæðu til þess á Alþingi að knýja fjmrh. sinn til að svara því hvaða ráðstafanir hann hyggist gera til þess að stemma stigu við skattsvikum. Svar ráðherrans var hér: Hann ætlar að gera úttekt og hann ætlar að skipa nefnd. Hann ætlar ekki að endurvekja eftirlitssveitirnar, hann ætlar ekki að fara í sérstaka herferð til að vara fyrirtækin við. Hann ætlar bara að setja málið í nefnd og hann ætlar að gera úttektir.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan, þegar hann var að réttlæta það af hverju hann hefði hætt að láta eftirlitssveitirnar starfa og af hverju hann hefði hætt að auglýsa með þeim hætti að hvetja fyrirtæki til að vera með sjóðvélar og segja að annars yrði þeim lokað, að ekki hafi verið ætlaðir fjármunir í það í fjárlagafrv. En hvað gerði hæstv. ráðherra? Hann var ekki búinn að vera nema fáeinar vikur í fjmrn. þegar hann lét kaupa nýjan ráðherrabíl. Það var ekki ein króna fyrir því í fjárlagafrv. Hann lét síðan kaupa nýjan jeppa í ráðuneytið. Gamli jeppinn var ekki nógu góður. Hann keypti tvo nýja bíla á fyrstu mánuðum sínum í fjmrn., kom svo til þingsins einhvern tíma um haustið og bað um að fá þetta staðfest. Nei, hæstv. fjmrh. Ef vilji hefði verið fyrir hendi til að halda áfram eftirlitssveitunum eða til að halda áfram að vara fyrirtækin við ef þau stæðu ekki í skilum með virðisaukaskattinn og loka þeim þá, hefði fjmrh. getað gert það. Í stað þess hefur Sjálfstfl. enn á ný lagt niður allar sérstakar aðgerðir sem hamla gegn skattsvikum og stendur núna frammi fyrir því að á fjórum mánuðum síðasta árs hrundi innheimtan á virðisaukaskattinum. Það vandamál sem hæstv. fjmrh. stendur núna frammi fyrir er að innheimtan á virðisaukaskattinum er að hrynja. Hann ætlar ekki að fara í neina herferð, engar eftirlitssveitir. Hann ætlar bara að setja nefnd í málið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni þýðir örstutt athugasemd ein mínúta. Hv. 3. þm. Vestf. gerir örstutta athugasemd.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ástæða er til þess að fagna ákvörðun hæstv. fjmrh. um að setja nefnd í að skoða framkvæmd skattalaganna vegna þess að nú erum við búin að fá allnokkra reynslu á þetta mál. Ástæða er til þess að rifja það upp m.a. að gefnu tilefni í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að meginniðurstaðan í þeirri skattsvikanefnd sem Þröstur Ólafsson veitti forstöðu og mjög var til umræðu á árum áður, var sú að ekki væri ástæða til þess að ætla að hægt væri að bæta innheimtu skattkerfisins með því að auka á eftirlitssveitir. Meginniðurstaða nefndarinnar var einfaldlega sú að til þess að tryggja skattinnheimtuna sem best, tryggja að menn næðu út úr skattkerfinu það sem þeir ætluðu sér, væri aðalatriðið að fækka undanþágunum. Ég hygg að sú reynsla sem við fengum af virðisaukaskattskerfinu á síðasta ári sýni okkur að þetta er kjarni málsins. Sú staðreynd að innskatturinn hefur aukist hlutfallslega meira á árinu 1991 heldur en útskatturinn er undirstrikun á þessu öllu saman og sýnir okkur að aðalatriðið er að fækka undanþágunum til þess að tækifærið og tilefnið til skattsvikanna hverfi. Ég ítreka að ég tel eðlilegt að eftirlit sé sem best en það er hins vegar ekki aðalatriðið í þessu sambandi. Aðalatriðið er að fækka undanþágunum og gera skattkerfið einfalt og skilvirkt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft við afar þýðingarmiklu máli og ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir það. Auðvitað er rétt að því færri undanþágur sem eru í skattalögum og innheimtukerfi, þeim mun líklegra er að innheimtan verði góð. En það þarf líka að vera aðhald á innheimtunni. Ráðherra og yfirvöld þurfa að sýna innheimtumönnum ríkisins verulegt aðhald þannig að menn innheimti þá skatta sem fyrirtæki hafa innheimt í nafni ríkissjóðs. Það er ekki viðunandi að fyrirtæki sé enn í rekstri og skuldi samt staðgreiðslu skatta í rúmt ár. Það er óviðunandi innheimtukerfi.

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið m.a. hjá hv. 8. þm. Reykn. að eitt af hlutverkum fjmrh. er að sjá til þess að aðhald á innheimtunni sé í lagi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. 17. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli sem oft hefur verið til meðferðar áður á háa Alþingi, m.a. iðulega fyrir allmörgum árum að frumkvæði núv. hæstv. félmrh. Í framhaldi af því voru skrifaðar ítarlegar skýrslur um þessi mál þannig að rannsókn á þessum þáttum er lokið fyrir löngu og alveg ástæðulaust að setja nefnd. Það sem menn þurfa að gera núna er að bretta upp ermarnar og ganga í verkin og tryggja að skil séu sæmileg á þeim sköttum sem þjóðin er að borga.

Virðulegi forseti. Í þessu sambandi er einnig athyglisvert að fyrir kosningarnar 1987 var það meginkosningamál Alþfl. að stuðla ætti að betri innheimtu skatta og að það gæti sparað ríkissjóði milljarða króna. Nú hefur þessi sami flokkur setið í ríkisstjórn í hálfan áratug og niðurstaðan liggur fyrir, sú að formaður þingflokks Alþfl. telur óhjákvæmilegt að bera fram fyrirspurn um það hvort ekki eigi að gera eitthvað í skattsvikamálum. Þessi fyrirspurn segir mikið um sögu hálfs áratugs.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja hálfhissa á þeim ummælum sem koma fram hjá ýmsum hv. þm. Alþb. Auðvitað er það svo að Alþfl. hefur gegnum tíðina, eins og hv. þm. Svavar Gestsson bendir réttilega á, haft forustu um að uppræta skattsvik. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson benti á var það að frumkvæði núv. félmrh. sem nefndin var sett á laggirnar 1986. Það er enn að frumkvæði Alþfl. sem þessi mál eru til umræðu í dag og að frumkvæði hv. þm. Péturs Sigurðssonar verður reifuð tillaga um aðgerðir gegn skattsvikum síðar í dag. Þannig að ekkert þarf að koma honum á óvart þó Alþfl. hafi enn einu sinni frumkvæði í þessari baráttu.

Það sem ég vildi hins vegar segja, virðulegi forseti, er að tillögur Þrastarnefndarinnar frá 1986 skiptust að meginhluta í tvennt. Í fyrsta lagi að skattalögin yrðu einfölduð og það hefur verið gert. Í öðru lagi að bókhaldslögum yrði breytt og viðurlög hert. Þar er nánast allt verkið óunnið. Það var ekki heldur byrjað á því þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sat í stóli fjmrh. Þetta er auðvitað það sem þarf að gera. Það þarf að vinda sér í þetta verk og ég fagna því að fjmrh. skuli lýsa því yfir að hann ætli að setja nefnd í málið. Auðvitað hefði ég orðið miklu ánægðari ef hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, hefði haft tíma og séð ástæðu til þess að ganga í þetta verk. En ljóst er að stórherða þarf skattrannsóknir og skatteftirlit eins og mikil áhersla var lögð á í nefnd Þrastar Ólafssonar. Það hefur ekki verið gert með nægilega sterkum hætti. Ég er sannfærður um að það er hægt að margfalda skatteftirlit og skattrannsóknir og þegar upp verður staðið mun það ekki kosta þjóðarbúið krónu heldur sennilega skila milljörðum til þess.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst að geta þess að sú nefnd sem var rætt um áðan á að endurskoða lög um bókhald. Það er aðeins einn lítill angi þessa máls. Ég tek hins vegar undir það sem sagt hefur verið um skatteftirlit og skattaframkvæmd. Það þarf auðvitað stöðugt að vera í gangi. Það kom reyndar rækilega fram í svari mínu að unnið er að því máli og hefur verið unnið.

Nokkuð hefur verið rætt um innheimtuna á sl. ári og hv. 8. þm. Reykn. hefur a.m.k. í þrígang í dag reynt að gera mikið veður út af því máli. Ég held að hann hafi ekki rétt fyrir sér að innheimtan hafi hrunið síðustu fjóra mánuði ársins. Ég held að skýringin sé miklu flóknari, hún felist m.a. í því að um ofáætlaðar tekjur af virðisaukaskatti hafi verið að ræða á sl. ári, að menn hafi ekki þekkt framkvæmdina nægilega vel, að ekki hafi verið tekið nægilega mikið tillit til þess að stór hluti af innheimtu ársins — vegna þess að fjárlög eru á greiðslugrunni — eru gamlar skuldir sem búið var að innheimta eða höfðu þá glatast. Þannig má finna ýmsar skýringar á þessu og allra síst trúi ég því að hv. þm. meini það sem hann er að segja að eitthvað hafi verið slakað á innheimtunni. Það hefur komið mjög glöggt fram að það hefur verið hert mjög á henni upp á síðkastið og því hefur verið fylgt í hvívetna, enda eru kröfur um innheimtu virðisaukaskatts ekki lengur forgangskröfur eins og áður var.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur enn á ný sagt að ég hafi sagt upp ákveðnum starfsmönnum. Ég vil ítreka það, ef það hefur farið fram hjá mönnum að um tímabundna ráðningu var að ræða samkvæmt þeim fjárlögum sem þá voru í gildi og voru samin og samþykkt af þáv. meiri hluta þingsins. Af einhverjum einkennilegum hvötum virðist hv. þm. telja það sínum málstað til framdráttar að benda á að ráðherrabíll hafi verið keyptur fyrir fjmrn. Þegar ég kom þangað taldi ég ekkert óeðlilegt að ráðherrabíll væri í fjmrn. eins og öðrum ráðuneytum. Mér fannst ekki eðlilegt að hafa þann hátt á í því ráðuneyti eins og hafði tíðkast að kalla jeppann, sem þar var, bíl ráðuneytisins, en hann var samt notaður að stórum hluta til að keyra viðkomandi ráðherra. Og þótt ekki hafi verið ráðinn sérstakur bílstjóri til þess keyrði oftast einn af starfsmönnum ráðuneytisins viðkomandi ráðherra þegar þeir þurftu að bregða sér af bæ. Ég taldi miklu eðlilegra, heiðarlegra og lausara við tvískinnung að keyptur væri ráðherrabíll eins og er í öðrum ráðuneytum og að ráðherrabílstjóri keyrði slíkan bíl. Ég vænti þess að hv. þm. skilji þá afstöðu mína.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Athugasemd mín kemur til af hinum áköfu viðbrögðum hv. 8. þm. Reykn. þegar hann lagði svo mikla áherslu á að liðinn væri hálfur áratugur þar sem Alþfl. hefði ekki sýnt nokkurn áhuga á því að fara eftir kosningaloforðinu eða kosningaáherslunni frá 1987. Þess vegna vil ég nota þetta örstutta tækifæri sem ég hef til að minna á að á fyrsta ári sínu sem fjármálaráðherra lagði Jón Baldvin Hannibalsson mikla áherslu á staðgreiðslu skatta. Undirrituð var með fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar um skattframtöl og tók mjög langan tíma að fá svar við þeirri fyrirspurn og kom öllum á óvart að yfir 9.000 manns skiluðu ekki framtali á árinu 1990. Þessari fyrirspurn var fylgt eftir í nóvember 1991 svo við höfum verið með mjög vakandi auga á framgangi mála varðandi skattsvik.

Svört atvinnustarfsemi, ein umr.

Fsp. KÁ, 311. mál. — Þskj. 516.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín tengist síðasta máli sem var rætt hér en í fjárlagaumræðunni fyrir jól bentum við kvennalistakonur m.a. á það að ríkissjóður ætti að taka á svokallaðri svartri atvinnustarfsemi eða dulinni efnahagsstarfsemi eða nótulausum viðskiptum eftir því hvað menn vilja kalla þetta fyrirbæri. Við töldum að þar væri að leita tekna fyrir ríkissjóð.

Eins og fram kom í umræðunni hér áðan skipaði Albert Guðmundsson, þáv. fjmrh., nefnd á sínum tíma til þess að kanna umfang skattsvika. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu og m.a. kom fram í mati hennar að þessi dulda efnahagsstarfsemi eða svarta atvinnustarfsemi, eins og ég vil kalla hana, næmi 5–7% af vergri landsframleiðslu eða 2,5–3 milljörðum kr. í tekjutapi fyrir ríkissjóð. Síðan sá hópur gerði skýrslu sína hefur það gerst að virðisaukaskattskerfið var tekið upp sem menn vildu meina að mundi bæta bæði innheimtu og draga úr svartri atvinnustarfsemi og skattsvikum. En spurningin er hvort það hafi gerst í raun og veru. Að mínum dómi er nauðsynlegt að fylgjast vel með svartri atvinnustarfsemi og finna leiðir til þess að draga úr henni. Ég tel að hún sé veruleg og ég hygg að við kunnum flest dæmi um slíkt þar sem nótulaus viðskipti eiga sér stað.

Í skýrslu nefndarinnar kom fram að þær atvinnugreinar, sem helst væri að vænta svartrar atvinnustarfsemi, væru byggingastarfsemi, persónuleg þjónustustarfsemi eins og bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hárgreiðsla og snyrtistofur, og síðan iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur. Þetta var niðurstaða nefndarinnar á sínum tíma og það er áreiðanlega vert að fylgjast með þessum greinum sem öðrum.

En mín fsp. til hæstv. fjmrh. hljóðar svo:

„1. Hvað áætlar fjármálaráðuneytið að miklu fé sé skotið undan skatti vegna „svartrar atvinnustarfsemi“:

a. í virðisaukaskatti,

b. í tekjuskatti,

c. í öðru?

2. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að koma í veg fyrir „svarta atvinnustarfsemi“?“

Ég vil taka það fram að hér er um þrengra mál að ræða en það sem rætt var áðan, hér er um hluta skattsvika að ræða en eins og við vitum þá geta þau birst í ýmsu formi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er þetta mál tengt því sem var fyrr til umræðu á þessum fundi og lýtur að svartri atvinnustarfsemi og skattsvikum. Ég vil enn á ný minna á að fyrir liggur þáltill. um málið frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni.

Það er ljóst að áhyggjur og ábendingar, sem koma fram um þessi mál, á að taka af fullri alvöru og auðvitað er réttmæt krafa skilvísra einstaklinga og fyrirtækja að tekið sé á skattsvikamálum af festu og hörku. Ef þetta er ekki gert er hætt við að virðing fyrir skattheimtu og skattframkvæmd hverfi en það getur aftur leitt til frekari skattsvika.

Könnun á umfangi svartrar atvinnustarfsemi hefur ekki verið gerð nýlega né heldur lagt mat á hvert hugsanlegt tekjutap ríkissjóðs er af þeim völdum.

Síðasta úttekt af þessu tagi var framkvæmd á árunum 1984–1985, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, í framhaldi af samþykkt Alþingis en þá var samþykkt þáltill. um úttekt á umfangi skattsvika. Starfshópurinn skilaði sínu áliti og niðurstaðan, eins og fram hefur komið, var að umfang dulinnar starfsemi hér á landi gæti verið á bilinu 5–7%. Ef við miðum við 6%, sem er meðaltal, svaraði þetta til um 6,5 milljarða kr. árið 1985, en það er framreiknað u.þ.b. 23 milljarðar árið 1991.

Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda var talið af hálfu nefndarinnar mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í byggingarstarfsemi, í persónulegri þjónustustarfsemi eins og t.d. bílaþjónustugreinum, gúmmíviðgerðum, hárgreiðslu- og snyrtistofum og loks í iðnaði, verslun, veitinga- og hótelrekstri.

Nefndin taldi að engar óyggjandi leiðir væru til að áætla söluskattsvik. Samkvæmt einni aðferð sem lýst er í skýrslunni er gert ráð fyrir að umfang söluskattsvika hér á landi hafi verið um 11% á skiluðum söluskatti á árinu 1985 eða 167 millj. kr.

Helstu ástæður skattsvika taldi nefndin vera í fyrsta lagi flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir.

Í þessu sambandi ber að taka fram að skattkerfinu hefur auðvitað verið breytt frá þessum tíma. Nú er virðisaukaskattur og það á að vera auðveldara að rekja hann þar sem um er að ræða út- og innskatt. Hins vegar háir yfirvöldum að skatturinn er undanþægur að hluta sem gerir allt eftirlit erfiðara.

Í öðru lagi var bent á að skattvitund almennings væri tvíbent og yrði óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa ykjust og skatteftirlitið versnaði. Þetta græfi undan réttlætiskennd skattgreiðenda.

Í skýrslunni er einnig tekið fram að há skatthlutföll hafi áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetji til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika og það þeim mun meira sem hlutföllin eru hærri.

Auk þess ber að nefna að eflaust á tilhneiging til lagasetningar og opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í örvun til skattsvika, segir enn fremur í skýrslunni.

Í skýrslunni voru nefndar ýmsar tillögur til úrbóta. Að því er varðar skattalög og skattaframkvæmd taldi nefndin að einfalda þyrfti skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði. Þá þyrfti að endurskoða ákvæði um refsingu og álag. Síðan var fjallað um bókhaldslög og þau þarf að skoða á næstunni. Svo var fjallað um skatteftirlit og þá voru nefnd-

ar til sögunnar ýmis tæki sem sum hafa verið notuð og önnur í undirbúningi.

Þar sem lítið er eftir af mínum tíma þá vil ég fá aðeins að rifja upp svar við fyrri fsp. en þar kom fram að ríkisstjórnin telur að tímabært sé að gera nýja úttekt á umfangi skattsvika. Í öðru lagi vil ég benda á að samanburður á virðisaukaskattsskilum við ársreikning allra gjaldenda stendur yfir og lýkur senn. Ég vil benda á að á síðasta ári var stofnað til nýrrar deildar hjá embætti ríkisskattstjóra sem er endurskoðunardeild atvinnurekstrarframtala. Ég vil benda á að skattrannsóknum hefur verið flýtt og það þarf að efla þær og flýta og loks, virðulegi forseti, að lögum hefur verið breytt þannig að nú er hægt að loka fyrirtækjum sem ekki nota til þess tæki að sýna tryggilega hvernig talið er fram til virðisaukaskattsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er mjög nauðsynlegt að þekkja umfang svartrar atvinnustarfsemi hér á landi. Jafnframt er mjög nauðsynlegt að grípa til þeirra aðgerða sem þarf. Það er öllum í óhag að þessi svarta atvinnustarfsemi skuli vera við lýði. Ég vil einnig vekja athygli á því að jafnframt er mjög nauðsynlegt út frá sjónarmiði þeirra launþega sem vinna svarta vinnu að stemma stigu við þessu vegna þess að um er að ræða réttlausasta og varnarlausasta hópinn á vinnumarkaðinum sem hefur ótrygg kjör, er iðulega hlunnfarinn í launagreiðslum vegna þess að engar greiðslur sem fylgja venjulegum launum eru meðtaldar í launum þeirra og atvinnuöryggið er ekki nokkurt.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Þetta voru allt gamlar upplýsingar sem hann kom hér fram með, en sú tala sem hann nefndi hér, 23 milljarðar króna, sem vænta má að sé skotið undan skatti, bendir náttúrlega til þess að hér er um risavaxið og mjög nauðsynlegt verkefni fyrir ríkið að ræða að koma böndum á þennan undandrátt.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að auðvitað eiga fleiri þjóðir við þennan vanda að glíma. Ég minnist þess að hafa heyrt fréttir frá Ítalíu þar sem menn voru að reyna að áætla svarta markaðinn, en þar er mikil glæpastarfsemi, og voru þeir m.a. að reyna að gera sér grein fyrir umsvifum mafíunnar. Við erum sem betur fer ekki að glíma við hana hér. Í skýrslu nefndarinnar sem áður var minnst á kemur fram að gerð var könnun. Þeir könnuðu 800 manna úrtak og bentu á það í skýrslunni að nauðsynlegt sé að gera slíka könnun á hverju ári til þess að fylgjast með þessum undandrætti.

Ég vil líka benda hæstv. fjmrh. á það, og ég held að við vitum það öll, að í byggingarstarfsemi eiga sér stað mikil nótulaus viðskipti og í hvers konar viðgerðum sem fólk þarf að standa í. Ég held að eina leiðin til þess að ná einhverjum tökum á þessu sé sú að húseigendur og íbúðareigendur sjái sér einhvern hag í því að standa skil á því viðhaldi sem fram fer í byggingum. Ég vil beina þessu til fjmrh. að athuga þann þátt, þó að menn séu á móti undanþágum í skattalögum þá þarf að vera einhver slíkur frádráttur til þess einfaldlega að fólk sjái sér hag í að gera skil á slíku ef það mætti verða til þess að betri skil yrðu á skatti til ríkissjóðs.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi benda á að þessi tala, 23 milljarðar, er veltutala, heildarveltutalan þegar framreiknað er frá skýrslunni. Ég vek athygli á því þannig að menn dragi ekki rangar ályktanir af þessari tölu.

Ég vil að öðru leyti, virðulegi forseti, þakka fyrir þessa umræðu sem ég held að sé alveg tímabær og reyndar á að vera þannig að umræða um skattamál, skattsvik, svarta atvinnustarfsemi, skipti okkur öll afar miklu máli í þjóðfélagi okkar eins og öðrum að um jafnræði sé að ræða á milli þegnanna. Sumir eiga ekki að sleppa við að greiða til þjóðfélagsins þar sem aðrir þurfa þá að standa undir í stærri stíl.

Upplýsingarnar voru að sjálfsögðu gamlar. Það var verið að vitna til gamallar skýrslu en aðrar upplýsingar sem komu fram í mínu máli voru ekki nema nokkurra mínútna gamlar því þær komu fram í umræðum um síðustu fyrirspurn og vona ég að mér fyrirgefist að hafa vitnað til þeirra því að málin eru svo skyld innbyrðis.

Varðandi byggingarþjónustuna vil ég taka fram að sé um að ræða vinnu á byggingarstað og t.d. vegna viðhalds á húsum er heimilt að fá að sækja um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, sem greiddur hefur verið, og ég veit að fjölmargir gera það því ríkissjóður þarf að endurgreiða talsvert háar upphæðir þess vegna. Þetta hefur orðið til þess að okkar áliti að um betri skattskil hefur verið að ræða.

Reyndar ber á góma sama sjónarmiðið og þegar rætt er um virðisaukaskatt, að meiri líkur til þess að hann skili sér betur af því að um innskatt og útskatt er að ræða og þannig er hægt að reka keðjuna betur en oftast áður.

Ég held samt sem áður hljótum við ávallt að standa frammi fyrir ákveðnum vanda í þessum efnum og hann er sá að á meðan undanþágur eru í skattkerfi okkar þá finnst fólki hreinlega vera siðlegt að svíkja undan skatti af því að einhverjir aðrir njóti fríðindanna, þeir sem kaupa tilteknar vörur.

Ég hygg að þótt við séum ekki sammála um margt, ég og hv. 8. þm. Reykn. fyrrv. fjmrh., þá geti hann borið vitni um það líka og hafi þurft að taka á móti fjölmörgum aðilum sem hafa verið að kvarta undan þessu misræmi. Mín niðurstaða er sú að það sé hollast og best að skattkerfi sé sem með minnstum undanþágum, helst engum, t.d. virðisaukaskatturinn. Á móti þarf þá að koma að hlutfallið lækki enda er það í þeim anda sem kom fram í skýrslu Alberts Guðmundssonar á sínum tíma að það sem skipti máli væri að hafa sem fæstar undanþágur og skatthlutföllin sem lægst. Ég hygg að ekki sé mikill ágreiningur meðal þingmanna um það að að þessu þurfi að stefna þótt við vitum að á brattann sé að sækja því að ýmsir sterkir þrýstihópar í þjóðfélaginu verja auðvitað skattleysi á vissum ákveðnum sviðum. Oft má færa veigamikil rök

fyrir því að viss starfsemi skuli vera undanþæg þótt að mínu áliti sé heppilegra að til slíkrar starfsemi sé veitt fjármunum beint úr ríkissjóði.

Ég vænti þess svo, virðulegi forseti, að þessi umræða hafi orðið að tilætluðu gagni og á svo von á því að frekari umræður verði áfram í dag þegar við tökum aftur til við þetta mál þegar þáltill. hv. þm. Péturs Sigurðssonar verður tekin fyrir og rædd.

Kennaranám með fjarkennslusniði, ein umr.

Fsp. JVK, 252. mál. — Þskj. 429.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Frá gildistöku laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, hefur verið unnið að breytingum og endurskipulagningu kennaranáms. Á sl. hausti voru unnar tillögur um 90 eininga kennaranám með fjarkennslusniði. Það átti jafnframt að vera síðasta 90 eininga kennaranámið við Kennaraháskóla Íslands. Á síðasta hausti átti að hefja 120 eininga kennaranám við Kennaraháskólann en því var frestað. Þar er því enn unnið eftir 90 eininga kerfinu. Ég ætla ekki í þessari fyrirspurn að ræða hvernig að því var staðið heldur vil ég heyra hvenær og hvernig hæstv. menntmrh. hefur áætlað að þetta 90 eininga kennaranám með fjarkennslusniði hefjist.

Ég legg áherslu á að mikilvægi þess að koma á þessari dreifðu kennaramenntun. Hugmyndir þessar eru unnar í nánu samstarfi við samtök fræðslustjóra og rektor Kennaraháskólans hefur einnig fullan skilning á málinu og mikinn hug á að koma því í framkvæmd. Eins og ég sagði áður hefur Kennaraháskólinn látið vinna þessar tillögur. Ekki hefur þó verið lokið vinnu við námsskrá fyrir kennaranám með fjarkennslusniði en reiknað með að hægt sé að ljúka því á fjórum til fimm árum en það samsvarar þá þriggja ára námi í Kennaraháskólanum.

Hinn mikli kennaraskortur á landsbyggðinni er stórt byggðavandamál og löngu tímabært að grípa til raunhæfra aðgerða. Víða um land hafa skólamenn og kennarar skrifað undir áskorun til fjárveitinga- og framkvæmdarvalds um að Kennaraháskólanum verði gert kleift að koma þessu kennaranámi í framkvæmd.

Fsp. mín til hæstv. menntmrh. er því þessi:

„Hvað líður framkvæmd þess að koma á kennaranámi með fjarkennslusniði við Kennaraháskóla Íslands?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég vísa í svar mitt við fsp. á þskj. 39 frá Einari Má Sigurðarsyni um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun, fyrr í vetur.

Svo sem kunnugt er hefur um árabil verið alvarlegur skortur á kennurum með full kennsluréttindi í grunnskólum á landsbyggðinni. Tilfinnanlegast hefur þetta ástand verið á Vestfjörðum þar sem um 49% kennara eru með full réttindi. Á Austurlandi eru um 60% og á Norðurlandi vestra eru um 63% með full réttindi.

Frá því á árinu 1989 hafa menntmrn. og Kennaraháskóli Íslands unnið að undirbúningi kennaranáms með fjarkennslusniði sem nefnt hefur verið dreifð og sveigjanleg kennaramenntun. Í þessari hugmynd felst að jafnhliða hinu hefðbundna kennaranámi verði kennaracfnum gert kleift að stunda námið að mestu í heimabyggð sinni, einkum í þeim landshlutum sem kennaraskortur er mestur. Þannig gæti tilhögun námsins verið eftirfarandi:

Námskeið í heimavistarskólum á landsbyggðinni. Styttri námskeið námshópa á heimasvæði. Fjarnám og leiðsögn með aðstoð síma og annarra nútímasamskiptatækni.

Mikilvægt er að menn geri sér ljóst að dreifð og sveigjanleg útfærsla þriggja til fjögurra ára háskólanáms er kostnaðarsöm aðgerð, bæði þegar um skipulagningu og framkvæmd er að ræða. Í þessu sambandi þarf að semja sérstaka kennsluskrá, þróa fjarkennsluaðferðir er falla með eðlilegum hætti að því námi sem hér um ræðir, undirbúa námsgögn og kosta kennslu fjarri miðstöð kennaramenntunar í landinu.

Í desember sl. lauk störfum nefnd sem ég skipaði til að fjalla um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands, sbr. 13. og 14. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 29/1988, um skólann þar sem gert er ráð fyrir að námið lengist úr þremur árum í fjögur innan sex ára frá gildistöku laganna.

Í framhaldi af áliti nefndarinnar ritaði ég rektor Kennaraháskólans bréf 19. des. 1991 þar sem því var lýst yfir að menntmrn. hefði ákveðið að stefnt skyldi að því að lenging almenns kennaranáms í fjögur ár við Kennaraháskóla Íslands kæmi til framkvæmda frá og með skólaárinu 1993. Enn fremur segir í bréfinu:

„Þar sem útlit er fyrir að erfiðleikar við að fá réttindakennara til starfa aukist vegna lengingar námsins, a.m.k. tímabundið, vill menntmrn. taka upp viðræður við Kennaraháskóla Íslands um möguleika á því að skipuleggja fjögurra ára nám við skólann þannig að því ljúki með kandídatsári."

Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar hefur Kennaraháskóli Íslands hug á að bjóða fram einu sinni 90 eininga dreift og sveigjanlegt kennaranám m.a. til þess að koma í veg fyrir að heilt ár líði án þess að kennarar útskrifist vegna lengingar hins almenna kennaranáms. Menntmrn. hefur ákveðið að heimila Kennaraháskóla Íslands að hefja þetta nám vorið 1993 en verði það gert útskrifast nemendur úr því námi haustið 1996. En það ár mundu annars engir kennarar útskrifast vegna lengingar hins almenna kennaranáms við Kennaraháskóla Íslands. Frá því að ákvörðun var tekin um þetta hefur Kennaraháskólinn fjallað um málið og hefur m.a. verið ákveðið að umsjón námsins verði innan skorar fyrir almennt kennaranám en ekki mynduð sérstök skor.

Kennaraháskóli Íslands stefnir að því að auglýsa og kynna námið eigi síðar en í maí nk. og verður það gert í samráði við fræðslustjóra landsins. Sérstök áhersla

verður lögð á að fá kennaranema úr þeim fræðsluumdæmum þar sem kennaraskorturinn er mestur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem komu fram í ræðu hæstv. menntmrh. komu reyndar fram í umræðunum um daginn um Háskólann á Akureyri þar sem þessi mál bar nokkuð á góma. Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. menntmrh. hefur gefið yfirlýsingu um það að þetta starf sem unnið var á síðustu árum, aðallega af Berit Johnsen, lektor við Kennaraháskóla Íslands, að þessu starfi verður haldið áfram og verður hafin vinna við þetta vorið 1993. Ég tel út af fyrir sig að það sé erfitt að gera ráð fyrir því að mikill fjöldi fólks útskrifist úr þessu námi, dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun, strax á árinu 1996, þó kann svo að fara. Ég tel að afar mikilvægt sé að þessu verði fast fylgt eftir.

Ég vek hins vegar athygli á því, virðulegi forseti, að í svari við fsp. frá einum af þingmönnum Kvennalistans sem borin var fram fyrr í vetur um hlutfall leiðbeinenda í grunnskólum kemur fram að hlutfallið hefur ekki breyst verulega núna á þessum vetri sem er merkilegt vegna þess að kennurum við grunnskólana fjölgaði á árunum 1988–1991 um 220 talsins þannig að bersýnilegt er að það er veruleg fjölgun á fólki með kennararéttindi við störf í grunnskólunum á allra síðustu missirum.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir þessa fsp. sem lögð er fram vegna þess að hún vekur athygli á afar alvarlegu máli sem er hlutfall leiðbeinenda í grunnskólum á landsbyggðinni. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að hafin verður kennsla í dreifðu og sveigjanlegu kennaranámi sem miðar að því að auka möguleika þess fólks sem nú starfar á landsbyggðinni án kennsluréttinda til þess að afla sér slíkra réttinda og gera það betur í stakk búið til þess að annast kennslustörf á landsbyggðinni.

Ég tel hins vegar ástæðu til að segja að það þarf að gera að öllu leyti sömu kröfur til slíks náms eins og um væri að ræða venjulegt kennaranám til þess að þeir kennarar komi með sambærilegum hætti út úr náminu eins og þeir sem stunda venjulegt kennaranám. Ég tel hins vegar að ný tækni, tölvutækni, sem nú hefur m.a. verið notuð við Háskóla Íslands við það að skipuleggja fyrirlestra nemenda, geri það að verkum að allt þetta verður mun auðveldara. Ég trúi því að það muni verða til þess að mjög margir leiðbeinendur taki þátt í þessu námi þegar því verður komið á laggirnar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa spurningu og hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru jákvæð. Mér dettur í hug hvort það liggur fyrir nú þegar, hæstv. menntmrh., hvaða skilyrði það fólk þarf að uppfylla til þess að mega taka þátt í þessu námi, hvort það verður lagt til grundvallar að fólk hafi kennt í ákveðinn árafjölda eða hvort það verður stúdentspróf eða hvað. Þetta tel ég að skipti ákaflega miklu máli þar sem margt fólk hefur mikla reynslu að baki í kennslu við grunnskóla en hefur kannski ekki mikla menntun. Ég tel mikilvægt að tekið verði tillit til reynslu þegar að því kemur að þetta nám verði hafið. Mér sýnst að það sé ekki óskynsamlegt að haga því þannig til, eins og hæstv. ráðherra talaði um, að þetta fólk útskrifist á því ári sem Kennaraháskólinn mun ekki útskrifa kennara.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans þar sem það kemur fram að þetta nám sem ég er að spyrja um muni hefjast vorið 1993 og stefnt að því að þeir nemendur geti útskrifast 1996. Ég dreg þó mjög í efa að það standist þar sem Kennaraháskólinn hefur áætlað að þetta fjarkennslunám muni taka 4–5 ár fyrir þá nemendur sem ætla að ljúka 90 eininga námi. Því hefði verið æskilegra að það hefði getað hafist fyrr. En samt sem áður fagna ég því að þarna skuli vera tekin ákvörðun um að þetta nám muni hefjast. Margir leiðbeinendur á landsbyggðinni hafa beðið í mörg ár eftir þessu námi og ég veit að þeir munu fagna því mjög að ákvörðun sé komin um það.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Efasemdir hafa komið fram um að kennarar með full réttindi nái því að útskrifast 1996. Ég kann ekki að svara því. Þessar upplýsingar hef ég raunar frá Kennaraháskólanum og vel má vera að það geti ekki orðið margir sem útskrifist 1996. Ég get ekki svarað því fyllilega hvaða skilyrði þarf að uppfylla fyrir leiðbeinendur sem vilja sækja þetta nám, enn er unnið að undirbúningi málsins, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, af hálfu Kennaraháskólans. En ég fagna þeim áhuga sem hefur komið fram á að þetta dreifða og sveigjanlega kennaranám geti hafist.

Fullorðinsfræðsla, ein umr.

Fsp. GJH, 272. mál. — Þskj. 454.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú er til meðferðar í félmn. frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu en í umræðum um það mál kom fram að hæstv. menntmrh. hygðist leggja fram frv. um fullorðinsfræðslu. Ég held ljóst sé að lengi hefur vantað heildstæða löggjöf um fullorðinsfræðslu hér á landi og hvernig hún ætti að tengjast öðrum skólastigum. Ég held að það sé ekki síst nauðsynlegt nú í ljósi vaxandi atvinnuleysis og samdráttar í þjóðfélaginu að huga að menntun fullorðinna ef það mætti verða til þess að bæta möguleika þeirra til þess að komast í önnur störf eða ný störf. Einnig er nauðsynlegt að horfa á fullorðinsfræðslu og fullorðinsmenntun í samhengi við starfsmenntun í atvinnulífinu.

Því er hér lögð fram fsp. til hæstv. menntmrh. svohljóðandi:

„1. Hvernig miðar undirbúningi þess að lagt verði fram á Alþingi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu?

2. Hvenær hyggst ráðherra leggja frumvarpið fram?

3. Hvernig og í hve miklum mæli hyggst ráðherra nýta fræðsluvarpið sem kennslumiðil í fullorðinsfræðslu?"

Varðandi þriðju spurninguna er vert að minna á það að um tíma var rekið fræðsluvarp á vegum Ríkissjónvarpsins en því var síðan hætt vegna peningaleysis að því er sagt var. Ég held ég þurfi vart að taka fram hvílíkur skaði það var að því skyldi hætt, en sjónvarp hefur auðvitað mikla möguleika í allri fullorðins- og almenningsfræðslu í landinu.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Spurt er hvernig miðar undirbúningi þess að lagt verði fram á Alþingi frv. til laga um fullorðinsfræðslu.

Í umræðum í vetur um frv. hæstv. félmrh. um starfsmenntun í atvinnulífinu greindi ég frá þeirri skoðun minni að ég teldi æskilegast að hafa eina rammalöggjöf um fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. Í fyrri ríkisstjórn hafði orðið samkomulag um að leggja fram tvö frv., annars vegar um starfsmenntunina á vegum félmrn. og hins vegar um almenna fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. Ég vildi því láta athuga hvort leggja ætti fram óbreytt það frv. um almenna fullorðinsfræðslu sem áður hafði verið lagt fram hér á Alþingi. Niðurstaðan er sú að stefnt er að því að leggja frv. fram lítið eitt breytt frá því sem var á fyrra þingi *og þetta frv. verður lagt fram alveg á næstunni.* Ég geri mér vonir um að það geti orðið í næstu viku.

Einnig er spurt hvernig og í hve miklum mæli ráðherra hyggst nýta fræðsluvarpið sem kennslumiðil í fullorðinsfræðslu.

Á árinu 1989 var gerð tilraun með fræðsluvarp í samstarfi Ríkisútvarpsins og framkvæmdanefndar fjarkennslu. Því miður lagðist það af vegna peningaleysis. Forráðamenn Ríkisútvarpsins töldu sig ekki geta tekið við fræðsluvarpinu nema til kæmi sérstök fjárveiting. Þeir létu líka í ljósi vissar efasemdir um að fræðsluvarp í útvarpi og sjónvarpi í tengslum við skólastarf væri í takt við tímann þegar þess er gætt hver þróunin hefur orðið í notendabúnaði, þ.e. myndböndum og hljóðböndum. Fjárveitingar til fjarkennslu hafa ekki aukist á undanförnum árum og því hefur fræðsluvarpið ekki farið af stað aftur.

Vissulega væri æskilegt að geta nýtt fræðsluvarp sem kennslumiðil fyrir fullorðna en það er dýrt að vinna gott fræðslu- og kennsluefni. Útsendingarkostnaður er líka talsverður. Á dögum fræðsluvarpsins gerði Ríkisútvarpið kröfu um að fá greiddar 40.000 kr. fyrir hverja útsenda stund í sjónvarpi. Einnig voru örðugleikar á að fá nægilega hentugan útsendingartíma. Miðað við stöðu fjármála í dag tel ég vart mögulegt að leggja það fé í fræðsluvarp sem er nauðsynlegt til að það gagnist sem kennslumiðill í fullorðinsfræðslu. En ég vil ekki útiloka að þær aðstæður skapist hjá okkur að hægt verði að efla fullorðinsfræðslu í gegnum fræðsluvarp og vísa ég þar m.a. til þeirra hugmynda sem uppi hafa verið hjá Háskóla Íslands um sjónvarpssendingar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. þessi svör. Ég vil taka fram að mér láðist að geta þess að þessi fsp. sem ég kynnti er frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur, sem hér sat um skeið sem varamaður.

Ég fagna því að von er á frv. um fullorðinsfræðslu og ég vona svo sannarlega að það fái skjótan framgang í þinginu, en ég held að mikil þörf sé á því að huga betur að fræðsluvarpinu og því hvernig nýta megi sjónvarp til kennslu. Ég held að það geti nýst á öllum skólastigum og ekki síst er það mjög mikilvægt fyrir fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni að nýta sjónvarpið *til kennslu. Við erum einfaldlega orðin langt á eftir* tímanum hvað þessi mál varðar og ég vil nú leggja fast að hæstv. menntmrh. að skoða þetta mál betur og leita í hirslum ríkissjóðs hvort ekki finnist þar einhverjar matarholur sem hægt væri að nýta til þessarar starfsemi sem er mjög nauðsynleg og áreiðanlega vel þegin af meginþorra landsmanna.

Málefni innflytjenda, ein umr.

Fsp. GJH, 273. mál. — Þskj. 455.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Íslendingar hafa búið við einangrun um margra alda skeið. Sú einangrun er nú að rofna. Íslendingar sækja í æ ríkari mæli utan til náms og starfa. Enn fremur hafa fleiri útlendingar flust til landsins til lengri eða skemmri dvalar en nokkru sinni fyrr nú á undanförnum árum nema e.t.v. þegar Norðmenn komu hingað á landnámsöld. Þeir urðu raunar fljótlega Íslendingar og vænta má þess að hluti þeirra útlendinga sem nú eru á landinu verði það einnig.

Nú eru um 5.400 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Þeir eru af ýmsum uppruna. Auk þess eru íslenskir ríkisborgarar sem eru af erlendu bergi brotnir að sjálfsögðu búsettir hér á landi. Þetta fólk vinnur við margvísleg störf. Víða um landið ber það fiskvinnsluna uppi. T.d. kom nýlega fram í fjölmiðlum að um fjórðungur launþega á Tálknafirði í febrúar var erlendur. Þeir voru flestir í fiskvinnslu. Fram hefur komið hjá forsvarsmönnum fiskvinnslufyrirtækja að þeir munu mæta þeim samdrætti sem sums staðar er að verða með *því að segja útlendingunum upp fyrst og samkvæmt* reynslu annarra þjóða gæti þetta kallað á að grípa þyrfti til einhverra aðgerða hér á landi. Það er þó ekki ljóst á hvern hátt það er.

Fjölgun erlendra ríkisborgara var 12% á sl. ári hér á landi á móti 1,2% fjölgun Íslendinga eða tífalt meiri. Það hefur einnig komið í ljós að samsetning þessa hóps er að breytast frá því sem áður var. Fjölgun Austur-Evrópubúa og Asíubúa hefur verið mest. Ég nefni

sem dæmi að Pólverjar hér á landi voru 93 árið 1988 en árið 1991 voru þeir orðnir 482. Og frá Filippseyjum voru hér árið 1988 búsettir 67 en eru nú 133. Ég tek þetta bara sem dæmi.

Oft og tíðum hefur þetta fólk ekki þá málakunnáttu sem þörf krefur til þess að aðlagast samfélaginu. Það er ekki kunnugt okkar löggjöf og þeim réttindum og skyldum sem það ber með búsetu sinni hér. Ég leyfi mér því að leggja eftirfarandi fsp. Guðrúnar J. Halldórsdóttur, varaþingkonu Kvennalistans, fyrir hæstv. félmrh.:

„1. Hvaða vandamál hafa sprottið upp við komu hins fjölmenna og fjölbreytta hóps útlendinga sem nú er að flykkjast til landsins?

2. Hvernig hefur verið brugðist við þeim vandamálum?

3. Hvernig gætir ráðherra þess að atvinnuréttindi og félagsleg réttindi þessa fólks verði ekki fyrir borð borin?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er: „Hvaða vandamál hafa sprottið upp við komu hins fjölmenna og fjölbreytta hóps útlendinga sem nú er að flykkjast til landsins?"

Samkvæmt lögum er það í verkahring Útlendingaeftirlitsins að hafa eftirlit með þeim útlendingum sem koma til landsins í atvinnuskyni. Samkvæmt upplýsingum Útlendingaeftirlitsins hefur ekki orðið vart við sérstök vandamál vegna komu útlendinga sem koma til landsins í atvinnuleit. Félmrn. annast útgáfu atvinnuleyfa og menntmrn. hefur með að gera fullorðinsfræðslu og íslenskukennslu fyrir útlendinga. Ekki er hægt að fallast á að útlendingar séu nú að flykkjast til landsins eins og fram kemur í fsp. Þeir voru á síðasta ári ámóta margir og þeir hafa verið flestir áður, en útgefin atvinnuleyfi voru á síðasta ári liðlega tvö þúsund.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig hefur verið brugðist við þeim vandamálum?"

Afskipti félmrn. af málefnum innflytjenda eru lögum samkvæmt einungis bundin við veitingu atvinnuleyfa og eftirlit með atvinnuþátttöku erlendra launþega. Jafnframt annast ráðuneytið norræna vinnumiðlun hér á landi.

Mér barst árið 1989 ábending um að aðstæður kvenna frá fjarlægum menningarsvæðum hér á landi væru í nokkrum tilvikum ekki sem skyldi og óskaði ég eftir áliti Útlendingaeftirlitsins á erindum varðandi hagi austurlenskra kvenna er búa hér á landi. Í framhaldi af erindinu og að fengnum upplýsingum var ákveðið að skipa starfshóp til að fjalla um þetta mál með aðild Útlendingaeftirlitsins, menntmrn. og dómsmrn. undir forustu fulltrúa félmrn. Starfshópurinn lagði til í fyrsta lagi fræðslu um íslenskt samfélag, annars vegar með útgáfu bæklings og hins vegar með námskeiðum og í öðru lagi íslenskukennslu. Þá taldi hópurinn nauðsynlegt að aðstæður þeirra manna sem ætluðu að taka á móti konum af fjarlægum menningarsvæðum yrði kannaðar vel og þá sérstaklega ef fyrirsjáanlegt væri að konurnar kæmu með börn með sér.

Starfshópurinn samdi bækling þar sem m.a. var fjallað um eftirfarandi:

1. Ríkisborgararétt, dvalarleyfi, atvinnuleyfi.
2. Réttaráhrif hjúskapar foreldra og barna, skilnað.
3. Almannatryggingar, einkanlega sjúkratryggingar og fæðingarorlof.
4. Heilsuvernd, þar á meðal ungbarnaeftirlit.
5. Dagvist.
6. Íslenska skólakerfið.
7. Félagsmálakerfið.
8. Skattamál.

Bæklingurinn kom út á ensku, kínversku og tælensku og hefur verið dreift til fjöldamargra stofnana, þar á meðal allra félagsmálastofnana.

Til að skýra nánar íslenskt þjóðfélag og fylgja bæklingnum eftir komu fram hugmyndir um námskeiðahald. Taldi starfshópurinn Rauða kross Íslands tvímælalaust best til þess fallinn að annast slíkt með styrk frá hinu opinbera. Rauði krossinn hélt þrjú námskeið ætluð innflytjendum á sl. ári en þátttakendur voru um 100 talsins.

Starfshópurinn lagði brýna áherslu á aukna íslenskukennslu og hefur menntmrn. veitt styrk til Námsflokka Reykjavíkur og Námsflokka Fjölbrautaskóla Suðurnesja til íslenskukennslu sem að mestu leyti hefur verið fyrir konur frá Filippseyjum og Tælandi

Loks er spurt: „Hvernig gætir ráðherra þess að atvinnuréttindi og félagsleg réttindi þessa fólks verði ekki fyrir borð borin?"

Litlar upplýsingar hafa legið fyrir um samsetningu þessa hóps útlendinga sem sest hefur að á Íslandi til lengri eða skemmri tíma. Nýlokið er ítarlegri úttekt sem fram fór á vegum Alþýðusambands Íslands með styrk frá félmrn. sem tekur mið af þeim tæplega 5.000 útlendingum sem dvöldu hér á landi 1. des. 1990. 3.897 voru á aldrinum 16–70 ára og þar af voru 2.768 við störf í nóvember 1990. Langflestir starfa hjá útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum eða um 620 manns sem eru um 22,4% starfandi útlendinga. Við heilbrigðisþjónustu starfa 291 eða um 10,5%, við verslun starfa 272 eða 9,8%, við annan iðnað en matvælaiðnað starfa samtals 235 eða 8,5%.

Þegar útlendingar fá atvinnuleyfi öðlast þeir lögheimili á Íslandi og ganga sjálfkrafa inn í félagsleg réttindi eins og almannatryggingar og sjúkratryggingar. Með inngöngu í stéttarfélög öðlast útlendingar sama rétt og aðrir félagsmenn, þar með til atvinnuleysisbóta. Einnig er óhætt að segja að lög um atvinnuréttindi útlendinga frá 1982 tryggi mjög vel hagsmuni útlendinga á Íslandi.

Varðandi innflytjendur má nefna að þegar ríkisstjórn Íslands hefur tekið ákvörðun um að taka hóp flóttamanna til landsins hefur hún beðið Rauða kross Íslands að annast móttöku þeirra og aðlögun í þjóðfélaginu í um það bil eitt ár. Á árunum 1956–1989 voru þeir fjórir á ári að meðaltali. Árið 1991 og 1992 kom 61 flóttamaður, 6 komu frá Víetnam til ættingja sinna hér og 19 hafa fengið hér atvinnu- og dvalarleyfi.

Rauði kross Íslands hefur einnig stutt flesta þessa aðila. Samkvæmt upplýsingum Rauða krossins eru

vandamálin leyst jafnóðum og þau koma upp. Flóttamenn geta leitað til Rauða kross Íslands og fá þá aðstoð eftir föngum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að játa það, og er örugglega einn um það hér í salnum, að ég náði eiginlega engu af svari hæstv. félmrh. Það var svo pakkað af upplýsingum að ég hafði ekki við að skrá þær í hausinn á mér og ég er vonandi eini þingmaðurinn sem svo er komið fyrir, en ég verð að segja það að ég teldi að það væri full þörf á því að koma þessum upplýsingum á framfæri með skriflegum hætti í þingið. Ég tók þó eftir einni setningu sem hæstv. félmrh. sagði. Hún var þessi: „Lögin um atvinnuréttindi útlendinga frá 1982 tryggja mjög vel stöðu útlendinga hér á landi." Þetta er rangt. Staðreyndin er sú að framkoma Íslendinga við útlendinga yfirleitt sem eru kallaðir hingað til starfa af ýmsu tagi er fyrir neðan allar hellur. Það er hlutur sem við eigum bara að viðurkenna. Það fólk sem er t.d. ráðið í fiskvinnsluna hér í stórum stíl býr við aðstæður í sumum tilvikum sem enginn Íslendingur mundi láta bjóða sér. Og þetta er okkur til skammar. Sömuleiðis aðbúnaður og fræðsla t.d. gagnvart þeim filippeysku konum sem hafa komið hingað til lands í stórum stíl á undanförnum árum og munu vera hér á annað hundrað, aðbúnaður og framkoma gagnvart þessu fólki er fyrir neðan allar hellur. Þannig að ég hygg að hið íslenska velferðarkerfi, sem við eigum að geta verið stolt af, þegar við förum yfir sviðið og skoðum hvar það er lakast, þá er það á þessu sviði. Framkoman við þetta fólk er Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn Íslands til skammar. Þó að ég hafi ekki heyrt ræðu hæstv. félmrh. í heild, þá heyrði ég þó það að ég taldi ástæðu til að mótmæla þessari hálfu setningu sem ég náði alveg sérstaklega.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er sannarlega þörf á því að vekja máls á málefnum innflytjenda. Ég vil minna á að í umræðu í vetur um veitingu ríkisborgararéttar kom ég inn á það hversu átakanlega skorti lög um málefni innflytjenda í þessu landi og átti um það orðastað við hæstv. dómsmrh. Sannleikurinn er sá að einu lögin sem hægt er að styðjast við eru lög um Útlendingaeftirlit og við vitum nú einmitt ýmislegt um hvernig þar er tekið við fólki. En það er auðvitað ekki nokkurri siðaðri þjóð sæmandi að hafa ekki meira afgerandi lög um hvernig skuli taka við erlendu fólki sem kemur hingað til landsins. Og ég vil enn og aftur ítreka það, og treysti raunar orðum hæstv. dómsmrh. sem tók undir þá ósk mína, að sett verði lög um dvöl og móttöku erlends fólks á Íslandi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svör hæstv. félmrh. skildu raunar eftir fleiri spurningar en þau svöruðu. Þær spurningar eru ekki síst siðferðilegar og spurningar um afstöðu. Þeim spurningum hef ég ekki fengið svarað þótt í fsp. fælist í rauninni ákveðin krafa um slíkt.

Ég er ekki sammála þeirri túlkun hæstv. félmrh. að ekki hafi sprottið upp vandamál við komu hins fjölmenna og fjölbreytta hóps útlendinga sem nú er að flytjast til landsins. Ég er heldur ekki sammála því að þetta sé ekki nokkuð stór hópur sem er að koma til landsins þó að hann hafi ekki stækkað að undanförnu. Vandamálin eru ekki síst vandamál þess fólks sem kemur hingað, fólks sem kemur hingað og ber uppi fiskvinnsluna vegna þess að fiskvinnsla mjög víða um land hefur verið borin uppi af útlendingum. Mér er ekki ljóst hvernig hægt er að koma við t.d. fræðslu um íslenskt réttarfar, um réttindi og skyldur og tungumálafræðslu í fiskvinnslu. Mér er heldur ekki ljóst hver staða þessa fólks er þegar þær uppsagnir sem núna eru víða boðaðar munu ná fram að ganga. Og ég er afskaplega hrædd um að margt af þessu fólki viti það ekki heldur og það er auðvitað það sem málið snýst um.

Þá er það spurningin hvernig næst til þessa fólks, þessa fjölbreytta hóps sem er hérna. Það hefur komið í ljós að hópur útlendinga búsettur hér á landi hefur breyst ákaflega mikið á undanförnum árum og stærri hópur kemur úr framandi menningarsvæðum og býr stundum við þær aðstæður að ólíklegt að við náum til hans. Og það kom raunar fram að í umræðu um þáltill. sem hv. kvennalistaþingkona Danfríður Skarphéðinsdóttir flutti hér á þinginu og fékk jákvæða afgreiðslu að það er eitt meginvandamálið hvernig næst til þessa hóps. Það vandamál er ekki leyst. Því miður kemur það fyrir að konur sem koma hingað t.d. frá Asíu komast fyrst í kynni við aðra en þá sem beinlínis stóðu fyrir því að þær komu hingað þegar þær koma inn í Kvennaathvarf. Þetta er staðreynd og þetta er sorgleg staðreynd. Þetta er aðeins einn hópurinn.

Ég vek athygli á því að fjöldi fólks sem hefur komið frá nokkrum löndum Austur-Evrópu og Asíu hefur fjórfaldast á síðustu þremur árum á meðan færri eru hér frá Norðurlöndum en áður þannig að þetta hlýtur að kalla á annars konar aðgerðir en áður hafa verið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði nokkrar athugasemdir við málflutning minn hér áðan. Ég verð að segja það að hér þurfti að svara á mjög stuttum tíma yfirgripsmiklu máli sem snertir raunverulega þrjú ráðuneyti þannig að mér er nokkur nokkur vorkunn að koma því öllu til skila á svo skömmum tíma. Ég get ekki tekið undir það með hv. þm. að aðbúnaður og fræðsla sé til skammar. Ég tel að það sé of sterkt til orða tekið en auðvitað má alltaf gera betur.

Ég byggði svör mín á áliti sem ég leitaði eftir frá Útlendingaeftirlitinu og frá Rauða krossi Íslands sem kannski best þekkja málefni innflytjenda. Í svari Útlendingaeftirlitsins til mín kom fram að þeir hefðu ekki orðið varir við sérstök vandamál vegna komu útlendinga hingað. Þeir kváðu reyndar svo sterkt til orða í sinni umsögn til mín að þeir sögðu að lög um atvinnuréttindi útlendinga „tryggi mjög vel hagsmuni erlendra verkamanna á Íslandi og raunar að sumu leyti miklu betur en íslenskra verkamanna". Ég get ekki fallist á að

það sé með þeim hætti en þetta er umsögn Útlendingaeftirlitsins.

Í umsögn sem ég fékk frá Rauða krossi Íslands kom fram að þeir töldu að hér væru ekki sérstök vandamál fyrir hendi, töldu hins vegar að skort hefði töluvert upp á fræðslu. Við því var brugðist af hálfu félmrn. með útgáfu þessa bæklings, sem ég nefndi, á þremur tungumálum sem á að upplýsa útlendinga og innflytjendur um stöðu þeirra og réttindi í íslensku þjóðfélagi. Ég tel því að a.m.k. félmrn. hafi gert það sem í þess valdi stendur til að upplýsa útlendinga um réttindi sín en það er auðvitað ljóst eins og oft er þegar málefni heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti og málefnin kannski að sumu leyti skarast að þá vantar oft heildaryfirsýn yfir málin og ég get tekið undir að svo sé í þessu tilfelli.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. félmrh. að hún hefði upplýsingar sínar frá Rauða krossinum og Útlendingaeftirlitinu. Ég tel ástæðu til að halda að Útlendingaeftirlitið hafi ekki miklar upplýsingar um það hvernig fólki líður og vegnar hér á landi. Ég tel að Rauði krossinn viti ýmislegt um það. En ég hefði haldið að það væri nær að leita til Kvennaathvarfsins og Námsflokka Reykjavíkur, svo dæmi séu nefnd, þar sem er verið að glíma við vandamál þessa fólks vegna þess að það er erfitt að ná til ákveðins hóps. Þá á ég einkum við þær erlendu konur sem hingað hafa gifst, en því miður virðast þær margar hverjar búa við mjög erfiðar aðstæður og vita eflaust ekki hvert þær eiga að leita. Ég beini því til félmrh. að hún afli sér upplýsinga hjá öðrum aðilum en þeim opinberu sem hafa fengist við þessi málefni.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hæstv. félmrh. óskar að bera af sér sakir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þar sem hv. þm. beindi til mín að ég ætti að leita mér upplýsinga til Kvennaathvarfsins um stöðu þessara kvenna þá vil ég nefna að haft var samráð við Kvennaathvarfið þegar félmrn. vann að útgáfu bæklingsins sem ég nefndi.

Vaxtabótakerfið, ein umr.

Fsp. KÁ, 296. mál. — Þskj. 501.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Tilefni þeirrar fsp. sem ég beini til félmrh. er að nú er til umræðu í stjórn Húsnæðisstofnunar hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði verkamanna. Fyrir örfáum árum voru lög um félagslega húsnæðiskerfið endurskoðuð og ýmislegt sem því tengdist og sú nefnd sem ég vann m.a. fyrir komst að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt væri að hækka vexti hjá Byggingarsjóði verkamanna í 1,5–2%, fyrst og fremst til þess að bæta stöðu sjóðsins. Sú niðurstaða var þó bundin því að tryggt væri að kjör hinna lægst launuðu versnuðu ekki.

Ég er sammála hæstv. félmrh. um það að staða Byggingarsjóðs verkamanna er slæm og ég tel nauðsynlegt að leita allra leiða til tekjuöflunar fyrir sjóðinn og ég tel að beina þurfi sjónum að því máli. En ég er þeirrar skoðunar að vaxtahækkun komi ekki til greina nú vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í þjóðfélaginu með vaxandi atvinnuleysi og sífelldum árásum ríkisstjórnarinnar á kjör launafólks í landinu. Það hvort af þessari vaxtahækkun verður og hvernig að henni verður staðið og hvort hugsanlega verður hægt að samþykkja hana að einhverjum hluta tengist því hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á vaxtabótakerfinu. Í fjárlagaumræðunni var boðað að ríkisstjórnin hefði samþykkt að stefna að því að draga nokkuð úr vaxtabótum. Þetta mælti hæstv. fjmrh. en af fsp. mætti halda að það hefði verið félmrh. Ég leiðrétti hér með að það var fjmrh. sem lét þessi orð falla. En í tengslum við það sem er að gerast í Húsnæðisstofnun vil ég spyrja hæstv. félmrh.:

„Hvaða breytinga á vaxtabótakerfinu er að vænta og hvenær, samanber ummæli ráðherra í fjárlagaumræðunni fyrir árið 1992?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er tilefni þessarar fsp. ummæli fjmrh. við umræðu um tekjuskatt og eignarskatt fyrir jólin. Spurt er hvaða breytinga á vaxtabótakerfinu er að vænta og hvenær, samanber ummæli fjmrh. í fjárlagaumræðunni fyrir árið 1992.

Við breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem samþykkt var í desember voru ýmis atriði í framkvæmd tekjuskattslaga til skoðunar, m.a. vaxtabætur. Í því sambandi kom helst til álita að breyta eignamörkum sem mynda grundvöll fyrir vaxtabætur hjá hjónum þannig að efri mörkin lækkuðu úr 9,8 millj. kr. í 7 millj. kr. sem taki gildi á árinu 1993. Vaxtabætur hjóna og sambýlisfólks falla niður samkvæmt gildandi lögum ef eignir að frádregnum skuldum hjóna fara fram úr 9,8 millj. kr. Talið var að hægt væri að draga úr útgjöldum ríkisins um 100 millj. kr. með þessum hætti en vaxta- og húsnæðisbætur námu 2,5 milljörðum á sl. ári. Horfið var frá því að gera þessar breytingar og engar ákvarðanir liggja frekar fyrir varðandi breytingu á vaxtabótakerfinu.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég get sagt það sem skoðun mína að ég tel í rauninni einu breytingarnar sem koma til greina á vaxtabótakerfinu, eins og það blasir við okkur núna, vera að lækka þakið þannig að þeir sem mest eiga og hæstar hafa tekjurnar fái minna í sinn hlut. Hins vegar blasir við að auðvitað þarf að skoða vaxtabótakerfið í samhengi við það sem er að gerast í húsnæðismálum og það má ljóst vera að það mun kalla á aukið fjármagn. Við verðum í sameiningu að móta stefnu í því máli hvað eigi að

greiða niður og hvernig eigi að aðstoða fólk sem er að koma yfir sig húsnæði, en ég fagna því að ekki séu fyrirhugaðar neinar flatar skerðingar. Ég vona svo sannarlega að félmrh. standi fast á því að þeir sem fá sín lán úr Byggingarsjóði verkamanna njóti bestu kjara og að hlutur þeirra verði ekki skertur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eðlilegt er að spurt sé um væntanlegar eða hugsanlegar breytingar á kerfinu í ljósi áforma ríkisstjórnarinnar að hækka vexti í félagslega kerfinu. Það hefur ýmsar afleiðingar að hækka vextina. Því hefur verið mætt með þeim rökum að vaxtabótakerfið muni bæta því fólki það upp sem lægstar hefur tekjur. Fleira þarf að hafa í huga í þessu máli. Vaxtabótakerfið nær ekki til allra íbúðaforma. Það bætir ekki vaxtahækkun þeirra sem eru með húsnæðisbætur, það bætir ekki kjör þeirra sem eru í leiguhúsnæði, félagslegu kerfi eða Búsetakerfinu. Lán Byggingarsjóðs verkamanna eru svokölluð „annuitets-lán" og hefur það þær afleiðingar í för með sér að hækkun vaxta þýðir að af hverri afborgun lækkar hlutur afborgunar þannig að eignamyndunin verður ákaflega hæg eða hverfur jafnvel á mjög löngum tíma á fyrri hluta lánstímans eða lengur. Ég bað um að þetta yrði reiknað sérstaklega út og ég veit ekki annað en það sé verið að gera það hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Húsaleigubætur, ein umr.

Fsp. KÁ, 297. mál. — Þskj. 502.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í hvítbók ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, segir á bls. 20, með leyfi forseta:

„Þegar á næsta ári verður gripið til sérstakra aðgerða til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda."

Hér er átt við árið 1992 en eftir því sem ég best veit er ekki neitt fjármagn á fjárlögum þessa árs sem ætlað er til þess að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Ég skil textann í hvítbókinni þannig að átt sé við húsaleigubætur enda eru þær í samræmi við stefnu Alþfl. og hafa verið baráttumál hans. En við horfum fram á það að kjörtímabil eftir kjörtímabil hafa verið gerðar stórfelldar breytingar á húsnæðiskerfinu sem allar miðast við þá sem eru að kaupa sér húsnæði meðan leigjendur hafa alltaf verið skildir eftir úti í kuldanum. Það er því fyllilega tímabært að spyrja: Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um að koma á húsaleigubótum? Og í öðru lagi: Hvernig hugsar ríkisstjórnin sér að útfæra reglur um húsaleigubætur?

Að mínum dómi er hér um jafnréttismál að ræða. Hér er um það að ræða að þeim, sem leigja sér húsnæði, sé hjálpað, þeir séu aðstoðaðir til að greiða niður húsaleigu þurfi þeir á slíku að halda.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er hvað líði áformum ríkisstjórnarinnar um að koma á húsaleigubótum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að húsaleigulög verði endurskoðuð, framboð aukið á leiguhúsnæði og aðstoð verði veitt til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda.

Nefnd sem skipuð var til að endurskoða lög um húsaleigusamninga lýkur störfum í dag og skilar drögum að frv. um húsaleigulög. Lög um húsaleigusamninga fjalla um samskiptaaðila leigumarkaðarins. Nefndinni var falið að endurskoða ákvæði laganna m.a. um tryggingafé, tilkynningaskyldu, sérákvæðum um leigu á atvinnuhúsnæði, um húsaleigunefndir sveitarfélaganna og úttektarmenn. Endurskoðun laga um húsaleigusamninga er mikilvægur áfangi sem getur haft áhrif á leigumarkaðinn og treyst forsendur fyrir sérstökum aðgerðum til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var skipuð nefnd sl. haust til að semja lagafrv. um aðstoð til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Nefndin fékk einnig það hlutverk að afla upplýsinga um húsaleigumarkaðinn.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan nefndin hóf störf hefur verið unnið að öflun upplýsinga um húsaleigumarkaðinn hér á landi. Þá hefur verið aflað upplýsinga um fyrirkomulag húsaleigubóta á Norðurlöndum og árangur þeirra aðferða sem beitt hefur verið í þessu skyni. Í þessu sambandi höfum við notið góðs af norrænu samstarfi en nýlega er lokið sérstöku rannsóknarverkefni um húsaleigubætur á Norðurlöndum. Nefndin er nú að móta fyrstu drög að tillögum sínum og standa yfir viðræður við aðila vinnumarkaðarins og aðra aðila sem tengdir eru hagsmunum leigjenda. Ljóst er af úrvinnslu skattframtala þar sem athugun á húsaleigugreiðslum var gerð að framkvæmdin getur verið erfiðleikum háð þannig að húsaleigubætur skili sér til að lækka húsnæðiskostnað leigjenda.

Ekki eru fyrir hendi nýjar og nákvæmar tölur um skiptingu húsnæðismarkaðar milli leigu- og eignahúsnæðis. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef má áætla um 15% heimila séu í leiguhúsnæði. Fjöldi íbúða í landinu er 92.000 í dag þannig að gera má ráð fyrir um 14.000 íbúðum á leigumarkaði. Miðað við rannsóknir sem gerðar hafa verið má áætla að leigjendur hjá sveitarfélögum og félagasamtökum séu um 3% íbúða eða um 2.760 leiguíbúðir.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum sem ég nefndi áður frá 1991 um greidda húsaleigu einstaklinga er tilgreind húsaleiga hjá 3.779 einstaklingum samtals að fjárhæð 606 millj. kr. Langstærstur hluti leigjenda eru ógiftir eða einstæðir foreldrar. Sú niðurstaða er í samræmi við niðurstöðu kannana sem gerðar hafa verið á húsnæðismarkaðinum. Hlutfallslega flestir eru einstæðir foreldrar og barnlausir einstaklingar sem búa í leiguhúsnæði.

Varðandi upplýsingar ríkisskattstjóra er athyglisvert hve fáir telja fram leigu. Flestar athuganir gefa til kynna að um 15% fjölskyldna búa í leiguhúsnæði. Ætla má að um 14.000 íbúðir hér á landi séu leigðar út. Af

því má áætla að ¾ leigjenda telji ekki fram greidda húsaleigu. Til er einföld skýring á því. Leigjendur hafa engan hag af því að telja fram leiguna og fá engin hlunnindi og gagnvart skattinum skiptir það því engu máli fyrir leigjendur. Leigusali þarf hins vegar að gera rekstrarreikning fyrir leiguíbúðina til að þurfa ekki að borga skatta af allri leigufjárhæðinni.

Ég tel að þessar upplýsingar sýni að mjög vel þurfi að vanda til þessa verks til að þær aðgerðir sem til verður gripið skili sér til þeirra sem þess er ætlað. Við athugun á því hvaða kostir koma til álita til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda virðast einkum tveir kostir koma til álita. Annars vegar er um að ræða að ríkisvaldið greiði sérstakar húsaleigubætur með áþekkum hætti og vaxtabætur eða barnabætur eru nú, þ.e. í gegnum skattkerfið. Hins vegar væri hægt að fela sveitarfélögunum framkvæmd málsins með tilliti til þess að þar er reynsla og þekking fyrir hendi hvað varðar greiðslur húsaleigustyrkja innan félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú leið gæti falið í sér að fjárframlög ríkissjóðs vegna lækkunar á húsnæðiskostnaði leigjenda yrði hluti af ríkisframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem skiptir því fjármagni milli sveitarfélaganna eftir tilteknum reglum.

Nauðsynlegt er að undirbúa vel þessar aðgerðir til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda eins og ég greindi áður. Upplýsingar í skattframtölum um leigufjárhæð sem gefin er um greidda húsaleigu eru mjög ótrúverðugar. Meðalleigan er rúmlega 14.000 kr. í Reykjavík en landsmeðaltal er aðeins lægra eða um 13.500 kr.

Ég legg ríka áherslu á að laga það misrétti sem nú ríkir annars vegar milli þeirra sem búa í eigin húsnæði og hins vegar leigjenda hvað varðar aðgerðir ríkisvaldsins til að lækka húsnæðiskostnað. Húsaleigubætur til leigjenda eru mikið réttlætismál og sérstaklega mikið hagsmunamál fjölda láglaunafólks sem á ekki aðra kosti en að leigja húsnæði í lengri eða skemmri tíma. Ég geri ráð fyrir að hægt verði að koma á aðgerðum til að lækka húsnæðiskostnað leigjenda áður en langt um líður enda kveðið á um það í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að til aðgerða verði gripið á þessu ári.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að hreyfa þessu máli en lýsi að sama skapi yfir miklum vonbrigðum með svör hæstv. félmrh. Þetta var óskaplega dapurleg ræða sem hér var flutt. Með öðrum orðum er ekki hægt að gefa eitt einasta atriði upp í svari ráðherrans sem hönd væri á festandi í þessum efnum enda þótt það standi skýrum orðum í stjórnarsáttmálanum og er eitt af því fáa sem sagt er sæmilega beinum orðum þar að á þessu yfirstandandi ári eigi að gera ráðstafanir til að lækka kostnað leigjenda. Þetta er búið að vera til skoðunar í háa herrans tíð í félmrn. Í öllum þeim nefndum á undanförnum árum sem ég hef tekið þátt í í tíð hæstv. núv. félmrh., sem er nú senn orðinn fimm ára í embætti, hefur þetta mál verið til skoðunar. Samt kemur hæstv. félmrh. nú og svarar því til að það þurfi að undirbúa þetta geysilega vandlega og það taki mikinn tíma. Ég verð að segja að þetta er dapurlegt og ég held að hæstv. félmrh. verði að reka af sér slyðruorðið í þessum efnum ef ekki á að fara illa gagnvart þeim væntingum, fyrirheitum og beinum loforðum sem þessum hópi í þjóðfélaginu hafa verið gefin á undanförnum missirum, þar á meðal í stjórnarsáttmálanum sjálfum, hinni hvítu bók. Þetta var heldur dapurlegt og ég skora á hæstv. félmrh. að reyna að gera betur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Um nokkra hríð hefur verið vel ljóst hvaða áherslur Alþfl. hefur haft í þessu máli og hann hefur haft nokkuð stífar yfirlýsingar uppi um það. Í stjórnarsáttmálanum eru mjög ákveðin ákvæði um hvað beri að gera í þessu máli þannig að það voru satt að segja mikil vonbrigði að hlýða á ræðu hæstv. ráðherra og er greinilegt að stjórnarflokkarnir eru í verulegri beyglu með þetta mál og komast hvorki aftur á bak né áfram. Þeir eru að reyna að smeygja sér undan þessu loforði. Í stað þess að segja að þetta skuli gert þá segja menn að það þurfi setja upp nefnd, það þarf að kanna þetta og þetta er flókið og þetta er svona og það eru ýmsir vankantar á þessu og við þurfum að skoða það betur. Þetta eru skilaboð ríkisstjórnarinnar til leigjenda á markaðnum. Svo segja menn: Við ætlum samt að gera eitthvað á þessu ári leigjendum til hagsbóta. En enginn veit hvað það er. Hitt vita menn að áform ríkisstjórnarinnar eru þau að skerða kjör leigjenda bótalaust með vaxtahækkun.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka félmrh. fyrir þau svör sem komu fram. Mér þóttu ýmsar athyglisverðar upplýsingar koma fram í svari hennar, m.a. hve fáir leigjendur telja leigu fram til skatts, en það er náttúrlega vegna þess að hvorki þeir né íbúðareigendur sjá sér nokkurn hag í því að gera það. Í máli hæstv. félmrh. kom fram að enn virðist vera mikið starf óunnið í þessari nefnd. Ég veit reyndar af starfi mínu í nefndinni sem endurskoðaði félagslegt húsnæðiskerfi að mjög margt þarf að skoða varðandi húsaleigubætur og ýmsar leiðir sem færar eru í því máli en ég vona svo sannarlega að hæstv. félmrh.ýti á eftir nefndinni að hún skili af sér sem allra fyrst þannig að þetta jafnréttismál megi ná fram að ganga á þessu ári eins og ríkisstjórnin hefur lofað í sinni hvítu bók.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst það satt að segja koma úr hörðustu átt þegar alþýðubandalagsmenn standa upp hver á fætur öðrum og gagnrýna mig fyrir að húsaleigubótum hafi ekki verið komið á. Þetta var vissulega á dagskrá síðustu ríkisstjórnar, en í höndum hvaða ráðherra var það þá? Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. að það var í höndum fjmrh. vegna þess að þær leiðir sem menn hugsuðu þá að fara lágu í gegnum tekjuskatts- og eignarskattskerfið með líkum hætti og vaxtabætur þannig að framkvæmdin á þessu og að koma frv.

inn í þingið var í höndunum á fyrrv. fjmrh. Ég margítrekaði það við fjmrh. og rak á eftir að málið kæmi inn í þingið. Raunin varð sú að það kom ekki inn í þingið fyrr en nokkrum dögum áður en síðasta ríkisstjórn fór frá þannig að ekki var hægt að afgreiða málið þá. Þannig liggur nú í þessu máli.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð ákvað ég að koma málum þannig fyrir að þetta kæmi í mínar hendur þannig að hægt væri að gera eitthvað í málinu. Við höfum skoðað málið í nýju ljósi, sérstaklega í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í skattframtölunum um hvernig leigutekjur eru gefnar upp o.s.frv. Fyrrv. fjmrh. hafði vissulega frumkvæði að því að slíkar upplýsingar kæmu fram. Í ljósi þessara upplýsinga er nefndin nú að skoða hvaða leiðir hægt sé að fara til þess að húsaleigubætur skili sér sem best til leigjenda. Eftir þá skoðun liggur ekki fyrir hvort rétt sé að fara þá leið sem síðasta ríkisstjórn var að skoða, þ.e. að þetta sé gert með líkum hætti og vaxtabæturnar. Við höfum viljað skoða aðrar leiðir og það er ástæðan fyrir því að nefndin hefur þurft að taka sér nokkurn tíma í þetta mál sem eru þó ekki nema örfáir mánuðir. Síðasta ríkisstjórn hafði fjögur ár til þess að koma þessum húsaleigubótum á undir forsæti fjmrh. en það varð ekkert úr efndum þar. Því finnst mér það koma úr hörðustu átt þegar alþýðubandalagsmenn koma upp og gagnrýna að ekki séu komnar á húsaleigubætur.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ósköp er þetta eitthvað viðkvæmt mál hjá hæstv. félmrh. Í ákafa sínum í vörninni er hæstv. ráðherra m.a. búinn að segja að ég hafi verið fjmrh. í fjögur ár. Það er nú ekki rétt, hæstv. félmrh. (**ÖS:** Miðað við hallann?) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti nú bara að hafa sig hægan í dag. Hann er alveg búinn að gera nóg gagnvart hæstv. fjmrh. Friðriki Sophussyni þó hann haldi ekki áfram að skemmta skrattanum hérna í þingsalnum í dag. Það var hins vegar Jón Baldvin Hannibalsson sem var fjmrh. fyrsta rúma árið á síðasta kjörtímabili og þegar ég kom í fjmrn. hafði hann ekki gert neitt til þess að undirbúa húsaleigubætur. Þá var Alþfl. bæði með félmrn. og fjmrn. Alþfl. hefði þá getað komið þessu máli í höfn ef hann hefði haft raunverulegan vilja til þess. Staðreyndin er sú að ekki ein mínúta af starfstíma fjmrn. í tíð formanns Alþfl. hafði farið í að koma á húsaleigubótum. Til þess að allt sé nú rétt bókað hjá Alþfl.; þegar flokkurinn hafði bæði fjmrn. og félmrn. og hefði getað komið sér saman um málið þá var ekkert gert.

Síðan tók ég málið upp og þegar ég lagði fram tillögur í ríkisstjórninni haustið 1980 um víðtækar jöfnunaraðgerðir í skattamálum, m.a. hátekjuþrep í tekjuskatti, við vitum það ósköp vel hver var aðallega á móti því. Formaður Alþfl. Núv. hæstv. félmrh. studdi his vegar hátekjuþrep. Hún má eiga það. En formaður Alþfl. og viðskrh. og þingflokkur Alþfl. hafnaði hátekjuþrepi. Það var fjármögnunin á húsaleigubótunum sem ég ætlaði að koma inn í þingið á síðasta heila starfsári fráfarandi ríkisstjórnar.

Við lögðum einnig til ýmsar aðrar jöfnunaraðgerðir í skattamálum það haust sem strönduðu líka á Alþfl. Þegar það lá hins vegar fyrir að Alþfl. hafði hafnað hinu víðtæka prógrammi um jöfnunaraðgerðir hófumst við handa, ég og hæstv. félmrh., um að reyna að finna á þessu flöt sem stjórnarflokkarnir gætu sætt sig við, m.a. meiri hlutinn í þingflokki Alþfl. Glíma hæstv. félmrh. var ekki síður við meiri hlutann í sínum eigin þingflokki. Það er alveg rétt hjá hæstv. félmrh. að við komumst að niðurstöðu í því máli og sú niðurstaða var lögð fram í þinginu og er þess vegna tilbúin til afgreiðslu. Ekkert nýtt hefur komið fram í málinu tæknilega og efnislega sem kemur í veg fyrir að frv. nái fram að ganga. Afstaða Sjálfstfl. setur auðvitað strik í reikninginn. Það er sú afstaða að hæstv. félmrh. hefur ekki fengið eina einustu jöfnunaraðgerð í tekjuskattsmálum eða húsnæðismálum samþykkta í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar. Nú blasir það hins vegar við að hækka á vextina í félagslega kerfinu án þess að húsaleigubætur séu komnar á. Þar með yrði grundvöllur lagður að því að rústa Búsetakerfið. Hæstv. félmrh. er kunnugt um það vegna þess að forsvarsmenn Búsetakerfisins hafa gengið á fund hennar og ef áform um vaxtahækkun ganga eftir, engin löggjöf er komin um húsaleigubætur, þá verður samkeppnisaðstaða Búsetakerfins orðin með þeim hætti að það yrði rústað. Vegna þess að það hefur ekki tekist stendur hæstv. félmrh. frammi fyrir því að forustumenn Búsetahreyfingarinnar örvænta um það hver verði framtíð þessa kerfis. Hæstv. félmrh. á þess vegna að bóka hjá Alþfl. það sem Alþfl. á, bæði í tíð formanns flokksins í fjmrn. og í tíð okkar þegar við vorum saman í ríkisstjórn og meiri hluti þingflokks Alþfl. var á móti þeim tillögum sem ég lagði fram. En ég skal staðfesta það hvar sem er, eins og ég hef gert í þinginu og á fundum utan þings, að hæstv. félmrh. lýsti sig þá ósamþykka þeirri afstöðu sem hennar eigin flokkur tók. Nú er kannski kominn nýr meiri hluti í þingflokki Alþfl. sem gæti staðið með hæstv. félmrh. Þá strandar það bara á Sjálfstfl. Þannig að það er alveg óþarfi hjá hæstv. félmrh. að gera mig eða Alþb. að sökudólgi í þessu máli.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sit ekki þegjandi undir því að hæstv. félmrh. telji það koma úr hörðustu átt að ég taki þátt í umræðum og spyrjist fyrir um réttindi leigjenda. Hæstv. félmrh. veit vel að það var ekki síst fyrir minn tilverknað og stuðning míns flokks sem húsaleigubætur komust nær því að verða að veruleika á síðasta vetri heldur en nokkurn tíma fyrr eða síðar. Ég sat í ráðherranefnd um húsnæðismál í tíð síðustu ríkisstjórnar þar sem m.a. var fjallað um endalok 1986-kerfisins. Þar lagði ég eindregið til að inn í tillögur nefndarinnar til ríkisstjórnarinnar kæmi bein tillaga um að húsa-

leigubætur yrðu teknar upp í tengslum við þær breytingar í húsnæðismálum sem þá voru til umræðu. Það náði fram að ganga og eins og þegar hefur komið fram komst þetta mál það langt að stjfrv. var lagt fram á þingi um þetta efni. Húsaleigubætur hafa aldrei komist nær því að komast á, það er ljóst. Þetta veit hæstv. félmrh. og ætti þess vegna ekki að reyna að verja sig og veika stöðu þessa máls núna í núv. ríkisstjórn með því að ráðast á þá sem áttu þátt í því, studdu það og lögð því lið, að koma þessu máli á dagskrá og voru nær því að koma því til framkvæmda heldur en nokkurn tíma fyrr eða síðar. Ég skora á hæstv. félmrh. að leggja frv. fram. Eða nýtur það e.t.v. ekki stuðnings í núv. ríkisstjórn? Er það e.t.v. skýringin á því í hvílíkri kastþröng hæstv. félmrh. er með þetta mál nú? Varðandi þær mótbárur að skattframtöl sýni að menn gefi ekki upp húsaleigu, þá er einfalt svar við því. Um leið og það verður hagsmunamál manna að telja þær tekjur fram til skatts, enda njóti þeir húsaleigubóta í staðinn, þá mun það að sjálfsögðu breytast, hæstv. félmrh.

Ég vona að hæstv. félmrh. renni reiðin þó að hreyft hafi verið við þessu máli í þinginu sem bersýnilega er óþægilegt fyrir ráðherrann. Í öllu falli hlýtur hæstv. félmrh. að átta sig á að málinu er ekki gert neitt gagn með því að ráðast að ósekju á menn sem hafa verið að reyna að leggja því lið á undanförnum árum.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hæstv. félmrh. óskar að bera af sér sakir.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það liggur ekkert fyrir um það að hækka eigi vexti á leigjendur eða á leiguíbúðir án þess að komnar séu á einhvers konar húsaleigubætur eða styrkir. Ég vil mótmæla því sem sett hefur verið fram varðandi það að skerða eigi kjör leigjenda með vaxtahækkunum.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að þegar Jón Baldvin Hannibalsson var fjmrh. var það hans verk, hann var nú ekki lengi í stól fjmrh., að einfalda skattkerfið m.a. til þess að skapa svigrúm fyrir húsaleigubótum. Það var auðvitað mikill ólestur á húsnæðismálunum þegar Alþfl. kom að þeim og taka þurfti málin í réttri röð. Við vildum byrja á því að byggja upp félagslega kerfið og leiguíbúðir. Síðan voru húsaleigubætur á dagskrá einmitt þegar Alþb. kom inn í ríkisstjórnina og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson varð fjmrh. Þannig að frumkvæðið að því að koma húsaleigubótunum á var fyrst og fremst í höndum fjmrh.

Síðan ætla ég að segja það við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að þó hátekjuskattur komist á getur hann ekki borgað alla skapaða hluti. Sú leið sem Alþb. bendir alltaf á þegar vantar peninga er hátekjuskattur. En það er bara svo að þó hann komist á getur hann ekki staðið undir öllum útgjöldum sem ríkissjóður þarf að bera.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseta skilst að hv. 5. þm. Vestf. vilji bera af sér sakir en forseti vill áminna menn um að misnota ekki þennan dýrmæta rétt samkvæmt þingsköpum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála að menn eigi ekki að misnota hann og ég er alveg fullviss um að sakargiftir eru ekki síður alvarlegar nú en þær voru fyrr í morgun þegar þessi síður var tekinn upp. Vegna þeirra ummæla hæstv. ráðherra að það væri ósatt að til stæði að hækka vexti á leiguíbúðum í félagslega kerfinu án þess að einhverjar húsaleigubætur kæmu á móti, vil ég bera það af mér að fara með ósatt mál. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að vextir verði hækkaðir liggur fyrir. Inni í húsnæðismálastjórn liggur fyrir tillaga um að hækka vextina á öllum lánum hvort sem það eru eignaríbúðir eða leiguíbúðir. Í þeirri tillögu er ekkert um vaxtabætur þannig að ég vil leyfa mér að bera þetta til baka og halda mig við að ég fari með rétt mál. Hitt er svo annað hvernig tillagan verður afgreidd eða hvernig hún lítur út að lokum. Það er önnur saga.

Fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana, ein umr.

Fsp. GHelg, 300. mál. — Þskj. 505.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég harma að þessi litla fsp. mín skyldi ekki hafa verið nær umræðu þeirri um skattsvik sem fram fór í morgun því að þá hefði kannski verið fyrirferðarmeira í þeirri umræðu hversu hróplegt og æpandi óréttlæti viðgengst í þessu landi. En við búum við þá hugmyndafræði sem við erum hvað hreyknust af og höfum í lög leitt að enginn skuli lifa í neyð, án matar, fata og húsaskjóls. Til þess að tryggja alla þegna þjóðfélagsins gegn slíkri neyð eigum við sameiginlega sjóði ríkis og sveitarfélaga. Víst er það þó svo hér í landi þar sem atvinna hefur verið tryggð að mestu, að þá fyrst er leitað samhjálpar samfélagsins sé ekki annarra kosta völ. Eru orsakir slíkra örþrifaráða oftast sjúkdómar, dauðsföll eða önnur slík tilvik sem enginn ræður við.

Þessi aðstoð samfélagsins er í ýmsu formi, allt frá aðstoð við heimilishjálp, greiðslu húsnæðiskostnaðar og til lágmarksframfærslu sem mun nú vera um 42 þús. kr. fyrir einstakling og geta víst flestir verið sammála um að erfitt sé að lifa af lægri upphæð. Oft er hér um tímabundna aðstoð að ræða sem menn hætta að nýta sér þegar hagir breytast.

Það hefur hins vegar komið mörgum á óvart sem aðstoðarinnar hafa notið að mörgum mánuðum síðar kemur launaseðill til þessa fólks eins og um launagreiðslur hafi verið að ræða. Mun sú breyting hafa orðið á við lög um staðgreiðslu að þessar greiðslur eru nú skattskyldar. Ég hef orðið vör við að fólk hefur verið í mestu vandræðum með að standa skil á skatti af þessum greiðslum, einkum og sér í lagi vegna þess að um þessa skyldu höfðu menn ekki hugmynd. Í samræðum mínum við félagsmálastofnanir vítt um landið hafa

menn orðið að viðurkenna að ekki er alveg ljóst og alveg víst að skjólstæðingum þeirra hafi alltaf verið gerð grein fyrir að þessar greiðslur gætu orðið skattskyldar hafi verið um einhverjar frekari tekjur að ræða. Ég hef því leyft mér, hæstv. forseti, að leggja fram fsp. til félmrh. á þskj. 505 sem er 300. mál þingsins sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Er skjólstæðingum félagsmálastofnana kynnt að telja beri veitta fjárhagsaðstoð fram til skatts?

2. Hvers vegna eru skattar af veittri fjárhagsaðstoð ekki staðgreiddir?

3. Hvernig er fólki sem fengið hefur óvænta bakreikninga frá skattyfirvöldum ætlað að leysa það vandamál sé fjárhagsstaða óbreytt?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. hv. þm. er í þremur liðum. Fyrst er spurt um hvort skjólstæðingum félagsmálastofnana sé kynnt að telja beri veitta fjárhagsaðstoð fram til skatts. Því er til að svara að enda þótt fjárhagsaðstoð hafi lengi verið skattskyld er tiltölulega stutt síðan þau ákvæði skattalaga komust til framkvæmda. Lengst af hafa félagsmálastofnanir ekki gefið upplýsingar til skattyfirvalda um veitta fjárhagsaðstoð og skjólstæðingar ekki gefið þær upplýsingar upp á skattframtali nema í undantekningartilvikum.

Fyrir nokkrum árum fór skattstjórinn í Reykjavík þess á leit við Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar að stofnunin gæfi embættinu upplýsingar um fjárhagsaðstoð til einstaklinga á launamiðum þannig að unnt yrði að framkvæma ákvæði skattalaganna í þessu efni. Við þeirri beiðni var orðið og jafnframt var skjólstæðingum stofnunarinnar gerð grein fyrir því og þeim sendir launamiðar í upphafi hvers árs þar sem fram kom heildarupphæð fjárhagsaðstoðar sem veitt hafði verið á árinu. Í kjölfar þess fóru fleiri embætti skattstjóra þess á leit við félagsmálastofnanir að þær gæfu upp samsvarandi upplýsngar. Hins vegar var ekkert samræmi í framkvæmd þessara mála í landinu í heild og því var verulegt misræmi í framkvæmd skattalegrar meðferðar fjárhagsaðstoðar á milli sveitarfélaga. Þetta var tilefni þess að samtök félagsmálastjóra tóku málið upp við embætti ríkisskattstjóra á sl. ári. Niðurstaða þeirra viðræðna var sú að í byrjun þessa árs gaf ríkisskattstjóri út álitsgerð um skattalega meðferð fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga til skjólstæðinga félagsmálastofnana. Álitsgerð þessi er allítarleg, enda er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna margháttuð sem krefst mismunandi meðferðar í skattalegu tilliti. T.d. má nefna að fjárhagsaðstoð getur verið ýmist styrkur eða lán. Hún getur verið fólgin í vistgjöldum til einkaheimila, fósturheimila eða stofnana. Þá getur fjárhagsaðstoð verið vegna leigu á húsnæði, vegna dvalar á sambýli eða vegna kaupa á þjónustu sérfræðinga, lögfræðiaðstoðar, tilsjónar og þess háttar. Loks má nefna niðurgreiðslu vegna daggæslu í heimahúsum. Álitsgerð ríkisskattstjóra tekur til allra þessara þátta og hefur hún verið send öllum skattstjórum í landinu ásamt félagsmálastjórum. Búast má því við að meðferð þessara mála muni færast í eðlilegra horf og að framkvæmd þessara mála muni í fyrsta sinn á þessu ári vera með samræmdum hætti gagnvart skjólstæðingum félagsmálastofnana óháð búsetu í landinu.

Ekki er unnt að svara þeirri spurningu með óyggjandi hætti hvernig kynning til skjólstæðinga um framtalsskyldu fjárhagsaðstoðar er háttað víða um land. Fyrst skal þó nefna að í leiðbeiningum ríkisskattstjóra til framteljenda hefur á síðustu árum verið lögð aukin áhersla á þetta atriði. Ég hef látið kanna hvernig þessari kynningu er varið af hálfu starfsfólks félagsmálastofnana. Þau svör benda til þess að yfirleitt sé leitast við að vekja athygli skjólstæðinga á skattskyldu fjárhagsaðstoðar. Hinu er ekki að leyna að framkvæmd þessara mála hefur verið með ýmsum hætti á landinu og ekki hefur verið regla á þeirri kynningu. Mér er kunnugt um að mál þessi eru nú til meðferðar hjá félagsmálastofnunum í kjölfar álitsgerðar ríkisskattstjóra og einkum með hvaða hætti unnt sé að bæta úr þeirri kynningu.

Önnur spurning hv. þm. er hvers vegna skattar af veittri fjárhagsaðstoð eru ekki staðgreiddir. Þeirri spurningu er fljótsvarað. Í reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, er beinlínis kveðið á um að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna skuli vera utan staðgreiðslu. Skýringar á þessu felast m.a. í því hversu fjárhagsaðstoðin er margháttuð svo sem fyrr er sagt. Auk þess sem það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að slíkt mundi kalla á yfirþyrmandi skriffinnsku.

Síðasta spurning hv. þm. lýtur að því hvernig fólki sem fengið hefur óvænta bakreikninga frá skattyfirvöldum sé ætlað að leysa þau vandamál ef fjárhagsaðstaða þess er óbreytt. Því er til að svara að væntanlega sækja skjólstæðingar þá um fjárhagsaðstoð til greiðslu þeirra gjalda ef þeir ráða ekki við þau á annan hátt. Félmrn. hefur kallað eftir reglum félagsmálanefnda um fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Enn hafa þær reglur ekki borist frá öllum sveitarfélögunum. Ráðuneytinu er þó kunnugt um að skýrt er kveðið á um í reglum stærstu sveitarfélaganna að fullt tillit skuli tekið til greiðslu álagðra opinberra gjalda við útreikning fjárhagsaðstoðar. Ég tel eðlilegt að svo sé gert alls staðar þannig að skjólstæðingar félagsmálastofnana þurfi ekki að mæta sérstökum erfiðleikum vegna skattlagningar fjárhagsaðstoðar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á því máli sem hér er í fyrirspurnarformi og ráðherra fyrir hennar svör. Mér finnst eins og fyrirspyrjanda einmitt mjög athyglisvert að skoða þetta mál í ljósi þeirrar umræðu sem var fyrr í dag um umfang skattsvika.

Talað hefur verið um það hvort ekki þurfi að samræma reglur um þetta um land allt þannig að allir sitji við sama borð og þar sé gætt jafnræðis. Það kann að vera mjög mikilvægt en ég vil vekja máls á því hvort ekki væri ástæða til þess að breyta lögunum á þá lund að ekki séu greiddir skattar af tímabundinni aðstoð til

sjálfshjálpar sem félagsmálaaðstoð sveitarfélaganna er. Þarna er ekki um að ræða varanlegar bætur eða varanlegar greiðslur eins og bætur úr tryggingakerfinu heldur er þarna um tímabundna hjálp að ræða og aðstoð einstaklinga miðast við þörf en ekki fasta upphæð. Mig langar í þessu sambandi, virðulegi forseti, að nefna hér tölur um það hver þessi fjárhagsaðstoð er. Ég vil taka dæmi af einstæðri móður með þrjú börn sem leitar á náðir félagsmálastofnunar. Henni er reiknað að hún þurfi til þess að lifa 68.240 kr. á mánuði. Þar frá er síðan dregið allt sem hún fær í meðlag, barnabætur og mæðrastyrk sem er áætlað að sé um 47 þús. á mánuði. Til viðbótar fær hún þá 20 þús. kr. Þetta eru rúmlega 68 þús. kr. sem þessari konu er gert að lifa af og þar af þarf hún að borga skatt af þeim 10 þús. kr. sem fara umfram skattleysismörk.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar og hv. 10. þm. Reykv. fyrir skilning hennar á þessu máli. Það kom fram af mjög svo opinskáu og heiðarlegu svari hæstv. ráðherra að þessi mál eru auðvitað langt frá því að vera það sem þau eiga að vera. En auðvitað er ánægjulegt að nú verður reynt að samræma aðgerðir þannig að fólk búi ekki við misjafnan hlut. Eins og fram kom í máli hennar hefur þetta hreinlega ekki verið talið fram til skatts fyrr en núna sums staðar að mér skilst.

Ekki verður hjá því komist að vekja athygli á því hróplega misrétti sem viðgengst í landinu. Hér höfum við staðið og orðið að beygja okkur fyrir því að fyrirtæki sem greiddi 900 millj. kr. í arð til örfárra manneskja þarf ekki að telja það fram til skatts og þeir sem tóku við því þurfa ekki að greiða af því gjöld. Á sama tíma er 10 þús. kr. upphæð umfram skattleysismörk tætt af varnarlausum einstaklingum sem vissu ekki einu sinni að þeir mundu þurfa að borga skatta af því, fólk sem er kannski ekki með miklu hærri tekjur eftir að það fór aftur að vinna. Auðvitað er til vansa í hve litlum mæli Alþingi Íslendinga horfist í augu við þá skelfilegu fátækt sem fólk býr við í landinu. Við skulum horfast óskalt í augu við það að einstæða móðirin sem hv. 10. þm. Reykv. talaði um kemur að öllum líkindum ekki til með að hafa neitt hærri tekjur þótt hún fari aftur í vinnuna sína þannig að þetta fólk er að draga fram lífið af kannski 60 þús. kr. jafnvel þótt það sé með þrjú börn. En þarna koma hin alsjáandi skattyfirvöld til og þau gleyma engu. Á sama tíma komast stór fyrirtæki í landinu upp með það að halda eftir sem á mínu máli heitir bara að stela, taka ófrjálsri hendi, staðgreiðslu launþega sinna, skila ekki því sem þau hafa af þeim tekið, koma síðan til opinberra sjóða og sækja um hjálp til að greiða það sem þau tóku ófrjálsri hendi. Á sama tíma er verið að tína af fátækasta fólkinu í landinu skatta fyrir margra mánaða framfærslu félagsmálastofnana. Ég hef dæmi um einstæða móður sem skyndilega stóð með í höndunum eftir að hún hafði í tvö ár þurft að draga fram lífið af framfærslu hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur 100 þús. kr. skattskuld. Mér er spurn: Hvað á þetta fólk að gera? Jú, svarið er: Það á að vera eins og fiskvinnslufyrirtækin. Það á að koma og segja: Ég þarf lán til að borga skuldir mínar. Munurinn er sá að skjólstæðingur félagsmálastofnunar tók ekkert ófrjálsri hendi, en þeir sem peningana hafa gerðu það. Ég vil vekja athygli hv. þm. á að huga betur að hag þess fólks sem hér um ræðir og ég endurtek að ég hefði kosið að þessi umræða hefði farið fram í nánari tengslum við umræðuna um skattsvik hér í morgun.

Losun eiturefna í norðanvert Atlantshaf, ein umr.

Fsp. KÁ, 298. mál. — Þskj. 503.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir örfáum vikum voru sagðar fregnir af því að fyrrverandi starfsmenn austur-þýskra yfirvalda hefðu upplýst að eiturefnum hefði verið kastað við Borgundarhólm og út í norðanvert Atlantshaf í töluvert miklum mæli. Fréttir af þessu eru nokkuð óljósar en að mínum dómi er þarna um mjög alvarlegt athæfi að ræða. Ég á ekki orð yfir slíka glæpastarfsemi sem hefur verið stunduð af ýmsum þjóðum og mannkynið á eftir að súpa seyðið af næstu áratugina. Séu þessar fréttir réttar, sem því miður þarf víst ekki að efast um, vakna ýmsar spurningar svo sem þær hvar þetta hafi átt sér stað, hvaða efni voru þarna á ferð og hvernig um þau var búið. Þá vaknar líka sú spurning hvað muni verða um þessi efni neðan sjávar, hvernig þau muni dreifast út í hafið og við þurfum ekki að spyrja okkur að því hve alvarlegar afleiðingar þetta getur haft fyrir lífríkið og fiskstofnana að ekki sé minnst á framtíðarhagsmuni okkar varðandi sölu á fiski. Allar fréttir um mengun hafsins geta orðið til þess að skaða okkur og framtíð okkar en þetta er auðvitað langsamlega alvarlegast fyrir lífríkið. Vegna þessara alvarlegu frétta vil ég beina svohljóðandi fsp. til hæstv. umhvrh.:

„Hvaða upplýsinga hafa íslensk stjórnvöld aflað sér um losun austur-þýskra skipa á eiturefnum í norðanvert Atlantshaf sem fjölmiðlar greindu nýlega frá?"

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég skal eftir bestu getu leitast við að svara fsp. hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að afla allra þeirra upplýsinga sem unnt er varðandi þetta mál hjá þýskum stjórnvöldum og þær upplýsingar sem fyrir liggja eru svohljóðandi:

Allt bendir til að hernaðaryfirvöld í austur-þýska alþýðulýðveldinu hafi árið 1964 sökkt efnavopnum í hafið milli Noregs og Íslands á stað sem er nærri að vera 64 gráður 42 mínútur norður og 1 gráða 30 mínútur vestur. Þýsk yfirvöld hafa raunar ekki staðfest þetta en samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja mun vera um að ræða 36 steypta kassa og innihaldið

vera 462 „tabún granaten" sem munu vera einhvers konar sprengjur sem innihalda gasið tabún sem mun vera undirtegund sinnepsgass. Þessu hefði þá verið sökkt í samræmi við gildandi öryggisreglur í austur-þýska alþýðulýðveldinu. Þýsk yfirvöld eru nú að rannsaka þetta mál en fullyrða að skipaumferð og fiskveiðum stafi ekki hætta af þessu og raunar er sagt að þessi tegund af gasi sé þess eðlis að komist vatn að henni sé hún ekki hættuleg. Þýska samgönguráðuneytið bað þýska utanríkisráðuneytið í síðasta mánuði að tilkynna ríkisstjórnum Íslands, Noregs og Danmerkur það sem ég hef nú greint. Aðildarríkjum Óslóarsamkomulagsins 1973 um losun úrgangs verður tilkynnt ofangreint.

Einnig hafa borist fréttir af því að eiturefni af þessu tagi hafi verið losuð í Eystrasaltið og hefur slíkt raunar fundist undan Borgundarhólmi. Í morgun hafði ég samband við íslenska sendiráðið í Þýskalandi og fékk þá þær upplýsingar að rannsókn þýskra yfirvalda í málinu sé ekki lokið. Enn stendur yfir leit í skjalasöfnum þess ráðuneytis sem áður hét innanríkisráðuneyti austur-þýska alþýðulýðveldisins en þau skjöl eru nú í vörslu innanríkisráðuneytisins í Bonn. Ekki er ljóst hvort þær sprengjur eða þau efnavopn sem hér var um að ræða og steypt var utan um eru komin frá rauða hernum sovéska eða frá þýska hernum og séu þá birgðir frá síðari heimsstyrjöld. Ef það síðarnefnda er rétt er talið að um tiltölulega meinlaus efni sé að ræða.

En sem sagt, íslensk stjórnvöld hafa fylgst með þessu máli, leitað eftir upplýsingum, beðið um frekari upplýsingar og enn er beðið ítarlegri upplýsinga og raunverulegrar staðfestingar en þetta er það sem fyrir liggur um málið. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða og þar þurfum við að fylgja því fast eftir að fá fram allar þær upplýsingar sem kostur er. Því miður bendir margt til þess að þetta sé hugsanlega ekki það eina sem hefur verið látið í höfin á norðurslóðum og gæti valdið skaða í framtíðinni.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur er sannarlega tímabær og afar þarft að hún kemur hér fram. Auðvitað er staðreynd að við stöndum sem þjóð í því að selja vöru ekki hvað síst út á það að hún kemur úr tiltölulega ómenguðu umhverfi. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að allar upplýsingar um mögulega mengun í norðurhöfum og sérstaklega norðanverðu Atlantshafi liggi fyrir. Því miður er það svo að stöðugt berast fregnir sem eru vægast sagt válegar. Í viðbót við þær upplýsingar sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir drap á hér áðan liggur líka fyrir að geislavirkni í Norðurhöfum er núna fjórfalt meiri en geislavirkni til að mynda í Miðjarðarhafi og í innhöfum Mið-Evrópu. Það er raunar vitað og hefur nýlega komið fram á ráðstefnu sem haldin var í Tromsö að geislamengun í norðurhöfum er miklu meiri en sérfræðingar hafa talið fram á síðustu tíma. Ástæðan er ekki síst sú að í Úralfjöllum, nánar tiltekið í Tsjeljabinsk, hefur verið miðstöð kjarnorkuvorpnaiðnaðar Sovétríkjanna og þar hefur kjarnorkuúrgangi verið kastað beint í fljótið. Ég tel að það sé afar nauðsynlegt að umhvrh. afli sér líka upplýsinga og hafi frumkvæði að því að Norðurlöndin afli sér upplýsinga um það í hvaða mæli þetta hefur verið stundað og hvort einhverjar líkur séu á því að svo sé enn þá.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. og 17. þm. Reykv. fyrir þátttöku þeirra og svör í þessari umræðu. Eins og kom fram hjá hæstv. umhvrh. þá eru þetta mjög alvarleg tíðindi sem hér hafa verið staðfest. Ég vil minna á það að fiskimenn í Eystrasalti hafa hvað eftir annað fengið að finna fyrir þeim eiturefnum sem kastað var í sjó, en að vísu er þar um mun minna dýpi að ræða en hér í Atlantshafinu. Ég vona svo sannarlega að þær upplýsingar reynist réttar að þessi efni verði svo til skaðlaus þegar þau komast út í vatn en það er reyndar umdeilt samkvæmt þeim umræðum sem hafa farið fram um slysin við Borgundarhólm. Því er haldið fram að þarna geti líka myndast sprengihætta, einhvers konar loftbólur sem geti sprungið.

Þá var það ekki síður alvarlegt sem fram kom hjá hv. 17. þm. Reykv. um geislamengun í norðurhöfum. Ég ítreka enn að þetta eru afar alvarleg tíðindi fyrir okkur og mjög vert að afla allra upplýsinga um hvað gerðist í Norður-Íshafinu þar sem Sovétmenn virðast hafa kastað ýmiss konar kjarnorkuúrgangi sem getur átt eftir að hafa mjög skaðleg áhrif því eins og þingmenn eflaust vita þá eyðist geislavirkni á mjög löngum tíma, misjafnlega löngum eftir því hvaða efni eiga í hlut og allt getur þetta skaðað okkur og framtíð okkar hér á Íslandi. Ég vil hvetja umhvrh. og skora á hann að fylgjast mjög grannt með þessum málum, afla allra hugsanlegra upplýsinga og veita þinginu þær eftir því sem þær berast.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það að af hálfu íslenskra stjórnvalda verður fylgst með þessum málum svo grannt og gjörla sem kostur er.

Varðandi þau ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um stöðu þessara mála hér á norðurslóðum, sérstaklega að því er geislavirkni varðar, get ég greint frá því að í morgun átti ég samtal við sendiherra Rússlands og Sambandslýðveldanna, sendiherra þeirra á Íslandi. Ég gerði honum grein fyrir áhyggjum okkar vegna þessara mála, m.a. með tilliti til blaðafregna, bæði hér og ekki síður í norskum blöðum um að kjarnakljúfum hefði verið kastað í hafið við Novaja Semlja og geislavirkum úrgangi fargað í sjó. Ég gerði honum grein fyrir áhyggjum okkar Íslendinga vegna þessara mála sem við teldum skipta mjög miklu máli og eru mjög alvarleg og óskaði eftir því að hann aflaði þeirra upplýsinga sem tiltækar væru um þessi mál. Hann kvaðst mundu verða við því en benti jafnframt á að hér væri um fregnir að ræða sem væri ekki búið að staðfesta að því hann best vissi. En af hálfu íslenskra stjórnvalda verður áfram fylgst með þessum málum svo

vel sem kostur er. Ég get bætt því við líka að á fundi umhverfisráðherra Norðurlanda á Norðurlandaráðsþingi var ákveðið að skrifa umhverfisráðherra Bretlands enn einu sinni og lýsa alvarlegum áhyggjum okkar vegna þeirrar starfsemi sem fram fer í endurvinnsluverinu í Dounreay og Sellafield þannig að ég fullyrði að stjórnvöld hér munu halda áfram að fylgjast með þessu máli og þrýsta á og gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir að um frekari mengun verði að ræða og það verði lagfært sem hægt er að lagfæra í þessum efnum.

Umhverfisslys, ein umr.

Fsp. KÁ, 299. mál. — Þskj. 504.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég vil koma að mjög alvarlegu máli. En eins og þingmenn eflaust muna gerðust atburðir sl. sumar á Ströndum sem vöktu mikla furðu og langan tíma tók að skýra er þar varð umhverfisslys sem olli miklum fugladauða. Niðurstaðan varð sú að þarna voru náttúrlegar orsakir á ferðinni en þessir atburðir vöktu spurningar hjá mér varðandi það hvernig við erum undir það búin að taka á slysum sem þessum.

Við vitum að umhverfisslys við strendur landsins geta verið af ýmsum toga og við þekkjum hér m.a. olíuslys. Við ræddum áðan um losun eiturefna. Það getur orðið ýmiss konar röskun í lífríkinu líkt og gerðist sl. sumar. Síðast en ekki síst er enn þá því miður hætta á kjarnorkuslysum þar sem mér er ekki kunnugt um að núverandi og fyrrverandi stórveldi hafi dregið mikið úr ferðum kjarnorkukafbáta. Ég vona að það standi til bóta.

Að mínum dómi verðum við að vera viðbúin umhverfisslysum við strendur landsins vegna þess hversu gífurlegir hagsmunir eru þar í húfi eins og áður hefur komið fram, gagnvart náttúrunni, verslunar- og viðskiptahagsmunum Íslendinga og framtíð byggðar í landinu. Ég vil því spyrja hæstv. umhvrh.:

„1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bregðast við umhverfisslysum við strendur landsins í framhaldi af þeim atburðum sem gerðust á Ströndum sl. sumar?

2. Er fyrirhugað að setja upp eins konar náttúruvarnakerfi náttúrunni til aðstoðar þannig að hægt verði að grípa til skyndiaðgerða er umhverfisslys ber að höndum?"

Til að skýra síðari liðinn vil ég segja að ég hef hugleitt þá hugmynd hvort ekki væri hægt að koma á fót einhvers konar hjálparsveitum sjálfboðaliða sem væru tilbúnar að grípa til aðgerða þegar þeirra er þörf. Það krefst þess auðvitað að fólk kunni til verka, t.d. hvernig hægt er að bjarga fuglalífi ef slys ber að höndum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur spurt: Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bregðast við umhverfisslysum við strendur landsins í framhaldi af atburðunum sem gerðust á Ströndum snemmsumars í fyrra? Og voru raunar eins og hún réttilega rakti af náttúrulegum orsökum þó að ekki hafi tekist að skýra hvers vegna. Eftir allmiklar, nákvæmar, ítarlegar og töluvert dýrar rannsóknir var ljóst hvað um var að ræða, þ.e. dauða rauðátu. Þær upplýsingar lágu ekki fyrir fyrr en að loknum mjög ítarlegum rannsóknum og tóku sinn tíma. Í júlímánuði sl. tók ég þá ákvörðun að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um viðbrögð við mengunaróhöppum í sjó hér við land. Í henni eiga sæti Davíð Egilsson, deildarstjóri mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar, Jón Ólafsson, hafræðingur á Hafrannsóknastofnun, Sigurður Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, Ævar Petersen, deildarstjóri í Náttúrufræðistofnun Íslands, og Jón Bragi Bjarnason prófessor sem er formaður nefndarinnar. Í erindisbréfi nefndarinnar segir m.a.:

„Umhverfisráðuneytið ákvað fyrir nokkru að skipa nefnd sérfróðra manna til að kanna hvernig haga skuli rannsókn á lífríki þegar mengunaróhöpp, bráðamengun, verða í sjó hér við land." Verkefni nefndarinnar eru síðan talin upp og þau eru þessi:

1. Að koma saman þegar meiri háttar mengunaróhöpp verða eða hætta er á slíku, meta mengunarhættu, skipuleggja rannsóknir á lífríki og leiðbeina um viðbrögð og samræma aðgerðir einstakra stofnana.

2. Að meta árangur aðgerða sem gripið er til skv. 1. tölul. að þeim loknum.

3. Að gera tillögur til umhvrh. um sérstakar úrbætur og aðgerðir til að mæta umhverfisóhöppum í framtíðinni eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt.

4. Að sinna öðrum verkefnum sem ráðherra ákveður.

Þetta er sem sagt það sem gert hefur verið og er svar við fyrri lið fsp.

Varðandi seinni liðinn verð ég að játa að ég átti svolítið erfitt með að skilja eða skilgreina hvað átt væri við með orðinu „náttúruvarnakerfi", en hv. þm. hefur nú skýrt það að nokkru. Ég verð að svara því á þann veg að ekki hefur verið rætt um að setja slíkt náttúruvarnakerfi á fót. Það er í verkahring þeirrar nefndar sem ég gerði grein fyrir áðan. Gera á tillögur um slíkt ef það þykir rétt eða æskilegt.

Það eru mjög margar stofnanir sem hafa með málefni að gera sem snerta umhverfisslys, hver á sínu sviði. Annars vegar er um að ræða rannsóknir, hins vegar skipulagning og framkvæmd slíkra aðgerða. Meðal þeirra stofnana sem ég gæti nefnt og koma þar við sögu eru Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðisnefndir, Náttúruverndarráð, mengunarvarnir Siglingamálastofnunar, Brunamálastofnun ríkisins, slökkvilið sveitarfélaga, Geislavarnir ríkisins og fleiri aðilar. E.t.v. má segja að almannavarnaráð gegni hlutverki sem samræmingaraðili á þessu sviði þó ekki sé beinlínis lagabókstafur fyrir því nema að því er snertir starfsemi sumra stofnana. En skipan þeirrar nefndar sem ég greindi frá er liður í þeirri viðleitni að bæta viðbúnað hér til þess að bregðast við óhöppum og slysum af þessu tagi. Í því sambandi get ég líka nefnt að þjóð-

irnar á norðurslóðum, Norðurlöndin fimm, Bandaríkin, Kanada og þáverandi Sovétríki gerðu með sér samkomulag á sl. sumri um aukna mengunarvöktun á norðurslóðum og ráðstafanir til þess að bregðast við umhverfisslysum þar. Þau mál eru í undirbúningi. Loks get ég nefnt að í fjárlögum yfirstandandi árs er fjárveiting sem er fyrsta skrefið til þess að bæta mengunarvarnabúnað í höfnum og er verið að vinna að því. Með þeim fjárveitingum tekur tvö eða þrjú ár að koma upp þeim búnaði í helstu höfnum landsins svo viðunandi sé. Ég vona að fsp. hv. þm. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svarið. Það kom ekki fram í máli hans eða ég tók a.m.k. ekki eftir því, hvenær áætlað er að nefndin skili störfum. Vona ég að það verði sem allra fyrst. Hann getur kannski upplýst okkur um það hvar hún er stödd í sínum störfum. Ég tel afar brýnt að reglur um þessi mál verði settar sem fyrst og að við verðum undir það búin að mæta slysi eins og því sem varð sl. sumar.

Við höfum mikið kerfi sem snýr að mannfólkinu, almannavarnir, hér á landi. Ég held að einnig væri mikil þörf á því að útbúa svipað kerfi gagnvart náttúrunni því allt tengist þetta saman. Við erum hluti af lífríkinu og líf okkar og framtíð byggist á því að þarna sé samræmi á milli og vel um alla hnúta búið.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vegna spurningar í síðustu ræðu hv. þm. vil ég segja það að nefndin hefur ekki lokið störfum. Að því er ég best veit er hún að störfum. Hún mun væntanlega skila mér skýrslu áður en allt of langt um líður. Ég mun ganga eftir því. Hins vegar er ætlunin að þessi nefnd sé til staðar, sé eins konar viðbragðsnefnd í viðbragðsstöðu, til þess að gera ráðstafanir, annast samræmingu aðgerða og gera tillögur um aðgerðir ef óhapp ber að höndum. Ég held að mjög mikilvægt sé og kom raunar í ljós þegar mengunarslysið eða óhappið varð norður á Ströndum að í rauninni var enginn aðili sem ótvírætt hafði þá ábyrgð eða skyldu að hefjast handa eða freista þess að grípa til einhverra aðgerða. Í því tilviki voru auðvitað engar aðgerðir mögulegar. Það varð engu um það breytt sem þarna hafði gerst.

Varðandi það hins vegar sem hún segir um sérstakt varnakerfi og viðbúnað, hygg ég að leitað yrði á náðir þess varnakerfis sem fyrir er í landinu, hinna vösku björgunarsveitarmanna á vegum Slysavarnafélagsins, Hjálparsveita skáta og Flugbjörgunarsveita ekki síst og auðvitað yrði einnig leitað til sjálfboðaliða ef atburði bæri að höndum sem krefjast þess að miklum mannafla væri beitt við einhvers konar björgunar- eða hjálparstörf. Ég hef efasemdir um hvort það eigi að koma upp einhvers konar nýju kerfi. En það kemur auðvitað til álita hjá þeirri nefnd sem ég nefndi áðan og hún mun áreiðanlega fjalla um það.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Fsp. ÞBern, 278. mál. — Þskj. 467.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Bernódusdóttir):

Virðulegi forseti. Á sl. sumri skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd til þess að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Nefndinni, sem er eina nefndin á Íslandi sem skipuð er tveimur jafnréttháum formönnum, var nú eftir áramótin enn fremur falið að gera tillögur til stuðnings sjávarútvegi og fiskvinnslu og finnst mörgum að ekki sé vanþörf á.

Öllum er ljóst að ríkisstjórnin er klofin í afstöðu sinni til sjávarútvegsins. Það kom glöggt fram þegar þessi nefnd var sett á laggirnar því að þar tókust á hugmyndir um auðlindaskatt og hvort núverandi fiskveiðistefna skyldi ríkja áfram. Þetta skapar þeim sem að sjávarútvegi vinna óviðunandi óvissu vegna þess að flestir í greininni hafa byggt upp atvinnurekstur sinn miðað við óbreytta fiskveiðistefnu. Það er því brýnt að það komi sem fyrst í ljós hvaða stefnu ríkisstjórnin ætli að hafa í sjávarútvegsmálum. Er þess að vænta að hæstv. sjútvrh. knýi á formenn sína tvo um að þeir hraði störfum nefndarinnar þannig að afgerandi stefna verði mörkuð til frambúðar um stjórn fiskveiða?

Nú hefur það gerst að annar formaðurinn, Magnús Gunnarsson, segir í dagblaðinu Tímanum 7. mars sl. að þess sé ekki að vænta að nefndin skili af sér fyrr en í árslok 1992. Hinn formaðurinn, Þröstur Ólafsson, aðstoðarmaður utanrrh., sagði hins vegar á opinberum fundi í fyrrakvöld að nefndin mundi skila af sér tillögum í haust, hugsanlega bráðabirgðatillögum í september. Hér stangast ýmislegt á og verður fróðlegt að heyra svör hæstv. sjútvrh. um þetta atriði, þ.e. svör við fyrri lið fsp. minnar.

Það er skoðun margra, og er ekki að undra, að nefnd þessi hafi einungis það hlutverk að tefja fyrir því að upp skuli tekinn auðlindaskattur. Eitt er víst að á meðan ekkert heyrist frá nefndinni mun núverandi fiskveiðistefna ríkja áfram. Það er því vafamál hvort slík tvíhöfða nefnd, með formönnum með mismunandi grundvallarskilning, komist nokkurn tíma að afgerandi niðurstöðu. En það kemur væntanlega í ljós í haust. Oft hefur málamiðlun milli mismunandi sjónarmiða leitt af sér slæmar tillögur sem enginn hefur getað sætt sig við. Samsuða tveggja ólíkra sjónarmiða getur oft af sér þriðja og versta kostinn. Við óttumst mörg að sú verði niðurstaðan.

Hæstv. sjútvrh. hefur margoft ítrekað að staða sjávarútvegsins sé alvarleg, fiskvinnsla sé rekin með 7–8% halla og 60% fyrirtækja í greininni séu á beinni gjaldþrotabraut. Þegar veiðiheimildir minnka svo mikið sem nú hefur orðið, verður að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau svari skýrt til um það hver fiskveiðistefna næstu ára eigi að vera. Verður svifasein og sundurleit nefnd til þess að blindur leiði blindan og undirstöðuatvinnuvegur Íslendinga stöðvist um mitt þetta ár? Á þskj. 467 hef ég því leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. sjútvrh.:

„1. Hvenær mun nefnd sú sem ráðherra skipaði til að

endurskoða lög um stjórn fiskveiða skila tillögum sínum?

2. Hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni til stuðnings sjávarútvegi og fiskvinnslu sem ráðherra hefur einnig falið henni að gera?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrri lið fsp. er það að segja að lögin um endurskoðun fiskveiðistefnunnar gera ráð fyrir því að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir árslok. Það hefur komið fram af hálfu nefndarinnar að hún mun leggja áherslu á að reyna að skila áliti eða a.m.k. áfangaskýrslu fyrr ef þess verður kostur. En samkvæmt lögunum hefur hún til þess frest til ársloka.

Nefndinni var ekki einungis ætlað að fjalla um endurskoðun á lögum um fiskveiðistjórn. Frá upphafi var ráð fyrir því gert að hún skyldi móta heildstæða stefnu í sjávarútvegsmálum og þar á meðal gera tillögur um aðgerðir til þess að bæta rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Það var því eðlilegt að skýra hennar hlutverk með þeim hætti þegar í ljós kom hver rekstrarvandi væri á ferðinni í sjávarútveginum. Og það hefur komið fram af hálfu annars forustumanna nefndarinnar að á næstu 2–3 mánuðum sé að vænta tillagna af hálfu nefndarinnar í því efni. Ég tek mjög skýrt fram að þar er ekki um að ræða almennar tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum heldur ráðstafanir til þess að auðvelda þær óhjákvæmilegu skipulagsbreytingar sem nú eiga sér stað og munu eiga sér stað í sjávarútvegi og í þeim tilgangi að bæta rekstrarumhverfi hans og tryggja rekstrarstöðu þessarar mikilvægu atvinnugreinar að öðru leyti.

Vegna ummæla hv. þm. um mismunandi skoðanir stjórnarflokkanna og hversu varhugavert það geti verið að gera málamiðlanir í þessu efni, vil ég minna hv. þm. á að nákvæmlega sami skoðanaágreiningur var uppi í tíð fyrri ríkisstjórnar. Framsfl. hafði þá sína skoðun á málunum og Alþfl. sína. Það kom m.a. fram í mjög óheppilegri málamiðlun um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Nú hafa verið gerðar nokkrar betrumbætur á þeirri löggjöf. En ég tel að sú löggjöf hafi verið mjög gott dæmi um hvernig málamiðlanir leiddu til óeðlilegrar niðurstöðu sem allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi voru reyndar á móti.

Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda um óvissuástand vegna endurskoðunar vil ég líka minna á að mjög skýr ákvæði voru í lögunum sjálfum sem Framsfl. bar fulla ábyrgð á, það að þau skyldu tekin til endurskoðunar á næstu tveimur árum. Og nú er verið að fullnægja þeirri lagakvöð sem fyrrv. stjórnarflokkar komu á með lagasetningu á Alþingi og bera ábyrgð á. Vissulega skapar slík endurskoðun ákveðna óvissu en ég vil minna hv. þm. á að þar er um að ræða lagasetningu sem Framsfl. bar fulla ábyrgð á og er nú verið að framkvæma.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um stjórn fiskveiða ber sjútvrh. að láta endurskoða lögin fyrir árslok í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis og hagsmunaaðila. Ráðherra hefur valið málinu allt annan farveg, tekið það inn í þröngan hóp trúnaðarmanna stjórnarliðsins og er í raun að brjóta lög. Ráðherra virðir lagafyrirmæli að vettugi um það hvernig eigi að standa að endurskoðun laganna. Það er yfirlýsing ráðherrans og stjórnarflokkanna um að þeir muni ekki leitast við að ná fram samstöðu um stjórn fiskveiða á komandi árum. Þeir ætla sér að ráða þessu máli einir til lykta. Það er hin stóra breyting sem orðið hefur í þessu máli frá því sem var þegar fyrri ríkisstjórn sat.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, benda á að þau orð hæstv. ráðherra um óhjákvæmilegar skipulagsbreytingar í sjávarútvegi hljóta að kalla á að ráðherrann tali skýrt. Er hann að taka undir sjónarmið formanns síns flokks um að ákveðnum byggðarlögum sé ofaukið á landakorti Íslands?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að hreyfa þessu máli. Það er enginn vafi á því að hæstv. ríkisstjórn hefur valið afar óheppilega leið í sínum vinnubrögðum í þessum efnum þar sem er hinn tvíhöfða bastarður, endurskoðunarnefndin, sem með þetta fer. Sjútvn. Alþingis hefur séð sig knúna til að skrifa þeirri nefnd til að grennslast fyrir um hvort hún sé á lífi og hvað líði starfi hennar, það er allt sambandið sem er þar á milli.

Varðandi vanda sjávarútvegsins þá er svarið skýrt. Það kom hér áðan, vandi sjávarúrvegins er í nefnd. Vandi þessarar undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinar, sem sjútvrh. sjálfur hefur upplýst að sé á gjaldþrotabraut, er í nefnd. Og það fer vel á því að annar af tveimur formönnum nefndarinnar, þessarar tvíhöfða nefndar, sé aðstoðarmaður hæstv. utanrrh., sem er eins og þjóðin veit sérfræðingur í gjaldþrotum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. ræddi um að það hefðu verið deildar meiningar í fráfarandi ríkisstjórn um sjávarútvegsstefnuna. Það er rétt, en stóri munurinn á því ástandi sem þá var og nú er er sá að þáv. sjútvrh. hafði tök á málinu í ríkisstjórn. Og hann hafði þau m.a. með því að vinna í samráði við hagsmunaaðila og alla þingflokka. Hæstv. núv. sjútvrh. er hins vegar búinn að láta plata sig inn á þá braut með skipun margnefndrar nefndar að hann hefur ekki tök á málinu lengur. Formaður Sjálfstfl. vinnur leynt og ljóst að öðrum leiðum heldur en sjútvrh. hefur kosið og málið er í algerri sjálfheldu. Þetta kemur fram á margvíslegan hátt. M.a. er forstjóra Þjóðhagsstofnunar og aðstoðarmönnum einstakra ráðherra beint gegn sjútvrh. í þessu stríði.

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu. En varðandi orð hæstv. sjútvrh. um Hagræðingarsjóðinn þá sýna þau það eitt að ráðherrann hefur góðan húmor.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg skýrt ákvæði í lögum að það á að endurskoða fiskveiðistefnuna fyrir lok þessa árs. Og það á að gera í samráði við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd. Nú segir hæstv. sjútvrh. að hann eigi ekki von á því að þessi tvíhöfða nefnd ríkisstjórnarinnar skili tillögum fyrr en við lok ársins. Þá er enginn tími orðinn eftir til að endurskoða stefnuna með nýrri löggjöf á Alþingi hvað þá heldur að hafa samráð við hagsmunaaðila um málið. Ef þetta á að geta gengið fram með eðlilegum hætti á þessu ári svo lögin verði ekki brotin er auðvitað alveg ljóst að nefndin verður að skila áliti og tillögum í síðasta lagi í september eða október, það allra síðasta.

Hitt var svo mjög merkilegt að hæstv. sjútvrh. skyldi lýsa því yfir að þessi nefnd eigi ekki að koma með neinar tillögur í vanda sjávarútvegsins sem snerta meðferð efnahagsmála. Það verður ekki hægt að skilja þessi orð á annan veg en að hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sé þar með að skrifa upp á þær tillögur og hugmyndir sem aðstoðarmaður utanrrh., Þröstur Ólafsson, hefur lagt fram upp á síðkastið og fer maður þá kannski að skilja hvers vegna hinn formaður nefndarinnar, Magnús Gunnarsson, hefur ekki sagt eitt einasta orð í þessari umræðu.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað í stólinn er fyrst og fremst að taka undir þau mótmæli sem hafa verið höfð í frammi um að sjútvn. hefur verið sniðgengin í þessari endurskoðun. Það er auðvitað algjörlega forkastanlegt.

Ég mótmæli því líka að í þessari endurskoðun á brýnasta hagsmunamáli þjóðarinnar, skuli ekki vera haft samráð við stjórnarandstöðu, það finnst mér algjörlega forkastanlegt.

Ekki veit ég hvort ummæli hæstv. sjútvrh. um Hagræðingarsjóð hafa borið vott um húmor hans eða ekki en ég óttast það mest að hann hafi trúað þeim. Það er auðvitað illt því að það hafa engar lagfæringar verið gerðar á þessari löggjöf heldur hafa allar breytingar verið til hins verra.

Í fjórða lagi bendi ég á að það er þversagnarkennt annars vegar að benda á vanda sjávarútvegsins og hins vegar að sýna ekki fram á nein úrræði.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Bernódusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör sem við fsp. mínum. Einnig þakka ég þingmönnum fyrir þeirra innlegg. Mig langar í framhaldi af þeim svörum sem hæstv. sjútvrh. gaf mér að benda á eftirfarandi atriði:

Mörg markmið þeirrar fiskveiðistefnu sem nú er í gildi hafa ekki náð fram að ganga. Flotinn stækkar enn. Nú eru í smíðum erlendis nokkur fiskvinnsluskip, þau stærstu og fullkomnustu sem Íslendingar munu eignast. Það er að mínu viti nauðsynlegt að halda flotanum við en það er spurning um hvort fiskimiðin þoli aukna sókn. Aftur á móti skapa stærri fiskvinnsluskip aukna möguleika á veiðum utan okkar lögsögu og jafnvel á fjarlægum miðum annarra þjóða. Mestu vankantar núverandi fiskveiðistefnu eru að aflamark og fiskveiðar þurfa ekki alltaf að fara saman. Í rauninni er fiskveiðinni engin takmörk sett, en aflamarkið er það sem að landi berst. Það er ekki víst að það skipti máli gagnvart verndun stofnanna þó veiðiheimildir séu takmarkaðar ár frá ári. Til að samræma aflamark og veiði tel ég að ný sjávarútvegsstefna þurfi að finna lausn sem tryggi að allur fiskur sem veiðist komi að landi en hluta hans, og þar með miklum verðmætum, sé ekki kastað á glæ aftur. Auðlindaskattur er kerfi sem aldrei hefur verið notað og er þar að auki mjög flókið. Ég held að okkur hæstv. sjútvrh. greini ekki á um það.

Sjávarútvegur sem berst í bökkum hefur enga getu til að standa undir auknum álögum í formi auðlindaskatts. Eitt dæmi um misheppnaðar álögur á sjávarútveginn er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sem settur var á stofn á miðju ári 1990. Innborganir sjávarútvegsfyrirtækja í þennan sjóð fóru upp í allt að 5% þegar þær voru hæstar. Mér er kunnugt um að í mörgum tilfellum hafa sjávarútvegsfyrirtæki í hallarekstri þurft að taka lán hvort sem er í formi yfirdráttar, skuldabréfa eða með auknum vanskilum hjá viðskiptamönnum til að standa við greiðslur í þennan sjóð. Vextir af skuldabréfum hafa verið 17–18% en rúmlega 20% á yfirdrætti og vextir af vanskilum enn hærri. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa þurft að greiða mun hærri vexti fyrir innborganir í sjóðinn heldur en þeir vextir eru sem sjóðurinn fær í SDR á ári hverju. Innstæða Verðjöfnunarsjóðs í dag er um 3.000 millj. kr. og þarf afurðaverð að lækka um 10–11% áður en greitt er úr honum. Ég segi: Verðjöfnunarsjóðurinn virkar eins og skylduspamaður í taprekstri en auðlindaskattur mun aftur á móti virka eins og nefskattur í taprekstri.

Það er von mín að hæstv. sjútvrh. og þeir sem með honum starfa finni farsæla lausn á stjórn fiskveiða sem þeir sem við sjóinn starfa og við fiskinn vinna geti líka sætt sig við. Aukið samstarf við starfsstéttir við sjávarsíðuna er að mínu mati lykillinn að farsælli lausn fiskveiðistjórnar.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Einhverra hluta vegna hafa menn kosið að hnýta í þessa endurskoðunarnefnd sem nú vinnur að endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni og það er rétt að árétta það, á sjávarútvegsstefnunni. Það þykir mér nokkuð undarlegt í ljósi þeirra merkilegu upplýsinga sem einmitt þessi nefnd lét vinna og hafa verið grundvöllurinn að þeirri þýðingarmiklu umræðu sem fram hefur farið um rekstrarstöðu sjávarútvegsins, raunverulega verið grundvöllurinn að því að menn gætu áttað sig á með tölulegum staðreyndum hver rekstrarstaða sjávarútvegsins er í dag. Ég vil árétta það að nú fer fram endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni. Þar er verið að taka tillit til mjög margra hluta, bæði er snúa að fiskveiðunum og einnig fiskvinnslunni og enn fremur því sem skiptir auðvitað öllu máli í þessu sambandi sem er það hvort þessi grein geti lifað til frambúðar og hvernig hægt er að treysta undirstöður rekstrar hennar. Að þessu hefur ekki verið hugað undanfar-

in ár eins og margoft hefur komið fram og er náttúrlega að sannast núna. Umræðan hefur verið að mínu mati á verulegum villigötum vegna þess að hún hefur snúist fyrst og fremst um fiskveiðistefnuna án þess að taka tillit til allra þeirra þátta sem taka þarf tillit til. Þess vegna ber sérstaklega að fagna því að þessi endurskoðunarnefnd vinnur nú að endurskoðun og mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu og gerir það eins og allir vita í samstarfi við hagsmunaaðila eins og fram hefur komið í fjölmiðlum.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er þarft að ræða um þessi mál. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh., vegna þess að ég veit að hann á eftir að koma hér upp, hvort við megum skilja svo orð Þrastar Ólafssonar, annars af formönnum þessarar stjórnskipuðu nefndar, að hann tali í umboði ríkisstjórnarinnar þegar hann lýsir því yfir að nauðsyn þess að koma á hagnaði í sjávarútvegi sé að gjaldþrot þurfi að ganga yfir þessa grein. Það eru stór orð sem formaður nefndarinnar hefur haft og valda okkur áhyggjum og ég tala nú ekki um þeim sem í þessari atvinnugrein starfa. Og því hljótum við að spyrja: Er hér talað í nafni ríkisstjórnarinnar?

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu efni. Það sem mig langar að segja er að það er alltaf að koma betur og betur í ljós að sú leið sem hæstv. ríkisstjórn valdi til að fara í endurskoðun á fiskveiðistefnunni er röng. Hún kemur til með að valda verulegum erfiðleikum við endurskoðunina vegna þess að ekki koma allir aðilar í þjóðfélaginu, sem um eiga að véla, nægilega að þeirri endurskoðun sem fer fram. Það hefur líka komið í ljós veikleiki í þessari ríkisstjórn að því leyti að sjútvrh. ríkisstjórnarinnar virðist hafa aðrar skoðanir á málunum en eru ofan á í ríkisstjórninni. Og nú hefur vanda sjávarútvegsins, þessum tímabundna, verið vísað í þessa nefnd til úrlausnar og virðist það eiga að felast í því að geyma lausnirnar og láta (Forseti hringir.) eitthvað gerast eftir töluvert langan tíma sem þýðir auðvitað mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútveginn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 5. þm. Vestf. spurði hvaða skipulagsbreytingar ættu sér stað í sjávarútvegi og er nokkuð kyndugt að þingmaður úr Vestfjarðakjördæmi skuli spyrja með þessum hætti. Ég get nefnt að nú eiga sér stað mjög verulegar skipulagsbreytingar, m.a. með úreldingu fiskiskipa í kjölfar þeirra lagabreytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á þessu þingi. Það hefur m.a. verið upplýst að sú nefnd, sem hér hefur verið til umræðu, er að íhuga hvort mögulegt er að koma við einhvers konar úreldingu hjá fiskvinnslufyrirtækjum einnig. Hér er um að ræða skipulagsbreytingar í sjávarútvegi til þess að laga rekstrarskilyrði og bæta rekstrarstöðu fyrirtækja í atvinnugreininni. Og ég vona að hv. þm. skilji hvað er á ferðinni og hversu þýðingarmiklar aðgerðir af þessu tagi eru.

Það vekur svo nokkra furðu þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 8. þm. Reykn. koma hér með útúrsnúninga af ýmsu tagi. Það er fróðlegt í ljósi þess að Alþb. hafði til skamms tíma tilburði til að hafa stefnu í sjávarútvegsmálum þótt hún hafi kannski ekki verið mjög skynsamleg. En á fundi þeirra um daginn var samþykkt að þeir ætluðu að hætta að hafa stefnu í sjávarútvegsmálum og samþykktu að hefja leit að stefnu og Morgunblaðið fagnaði þessum umskiptum mjög og taldi að Alþb. væri komið í hóp kvótaleigusala með þessari breytingu. (**Gripið fram í:** Hver er stefna Sjálfstfl.?) Sjálfstfl. er andvígur kvótasölu eins og kvótaleigu eins og hv. þm. vita og um það hefur margsinnis verið ályktað á vettvangi hans. (**Gripið fram í:** Ekki með Davíð.)

8. þm. Reykn. hv. gerði svo að umtalsefni lögboðið samráð um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Auk nefndar ríkisstjórnarinnar var sett á fót sérstök samráðsnefnd hagsmunaaðila samkvæmt ákvæði í lögunum og til að tryggja betur en áður forræði sjútvn. þingsins var ákveðið að hafa þann hátt á að hún gæti sjálf haft forustu um það og frumkvæði á hvern veg samráði væri háttað á milli hennar og ríkisstjórnarnefndarinnar og hagsmunanefndarinnar við þessa endurskoðun. Mér er kunnugt um að hv. sjútvn. hefur nú skrifað endurskoðunarnefndinni og óskað eftir að þetta samráð verði virkt. Ég fagna því og tel að það sé mjög mikilvægt að gott samstarf ríki þar á milli.

Hv. 9. þm. Reykn. sagði svo að engin úrræði hefðu komið fram í vanda sjávarútvegsins á undanförnum vikum. Ég minni á að það var tekin um það ákvörðun að hrinda af stað skuldbreytingum með því að fresta á þessu og næsta ári afborgunum af lánum Atvinnutryggingarsjóðs og af lánum hjá Fiskveiðasjóði. Hér er samtals um að ræða um 3 milljarða kr. sem þessir sjóðir létta greiðslubyrði sjávarútvegsins á þessu ári. Hjá ríkisstjórninni liggur fyrir skýrsla um möguleika á afnámi aðstöðugjalds sem hefur verið ein af höfuðkröfum sjávarútvegsins og við væntum þess að sjá árangur í því starfi. Greiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, inngreiðslurnar, voru stöðvaðar með sérstöku frv. fyrir áramótin. Því að fullyrðingar af þessu tagi eru vitaskuld út í hött.

Hv. 5. þm. Suðurl. ræddi um það að flotinn stækkaði og stækkaði þrátt fyrir núv. skipulag. Það er ýmislegt til í því að fram til þessa hefur ekki náðst nægjanlegur árangur í því að minnka flotann. Það var eitt af mínum fyrstu verkum í ráðuneytinu að breyta reglum um þetta þannig að það yrði hætt að endurnýja skip með því að taka miklu stærri skip inn í landið en seld voru út. Þessar reglur voru allt of lekar í tíð fyrri ríkisstjórnar og var nauðsynlegt að gera breytingar á og það hefur verið gert. Og við sjáum með þeim aðgerðum og þeim úreldingaraðgerðum sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og fengið lögfestar á þinginu að það er að nást mjög verulegur árangur í því að minnka flotann og koma honum meir til samræmis við þá

veiðimöguleika sem við höfum. Það er fyrst að gerast núna með aðgerðum þessarar ríkisstjórnar.

Hv. fyrirspyrjandi sagði svo að ákvörðun fyrri ríkisstjórnar um að endurreisa Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins hefðu verið einhver misheppnaðasta aðgerð í sjávarútvegsmálum sem um getur. Þó þetta hafi verið umdeilanleg ákvörðun þá vil ég ekki gagnrýna fyrrv. sjútvrh. með sama hætti og þessi hv. þm. Framsfl. En vissulega kemur til (Forseti hringir.) álita að endurskoða lögin um Verðjöfnunarsjóðinn, enda hefur verið sett á fót sérstök nefnd til að fjalla um það verkefni.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. spurði svo að því hvort ummæli Þrastar Ólafssonar væru ummæli ríkisstjórnarinnar. Frú forseti, eins og hv. þm. er kunnugt á Þröstur Ólafsson ekki sæti í ríkisstjórninni og talar þess vegna fyrir sjálfan sig en ekki hönd ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í þeim knappa tíma sem hér hefur verið til að svara þessari fsp. hefur hæstv. sjútvrh. vikið að einhverjum stærstu málum okkar þjóðarbús með þeim hætti að það er alveg óhjákvæmilegt að fram fari ítarlegri umræða um það hér á Alþingi sem fyrst.

Formaður nefndar, annar af tveimur, sem ríkisstjórnin hefur sett upp, Þröstur Ólafsson, hefur um tveggja vikna skeið haldið fram eindregnum skoðunum um það hvernig eigi að bregðast við vanda sjávarútvegsins. Hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnin hafa vísað til þeirrar nefndar, sem Þröstur Ólafsson er formaður í, annar af tveimur, að gera tillögur til lausnar á vanda sjávarútvegsins. Hæstv. viðskrh. gerðist sérstakur fundarstjóri á fundi sem Alþfl. hélt fyrir fáeinum dögum. (**Sjútvrh.**: Eru þetta þingsköp?) Ég er að koma að því, hæstv. sjútvrh., og alveg óþarfi fyrir sjútvrh. að vera svona órólegur þótt þetta sé dregið fram. Hæstv. viðskrh. gerðist sérstakur fundarstjóri á þeim fundi sem Alþfl. hélt til þess að blessa þau sjónarmið sem Þröstur Ólafsson hefur sett fram og nú kemur hæstv. sjútvrh. og segir alveg skýrt að annar af tveimur formönnum í nefnd ríkisstjórnarinnar, Þröstur Ólafsson, tali bara fyrir sjálfan sig. Hann er sem sagt ekki í neinum takti við hæstv. sjútvrh. eða stefnu ríkisstjórnarinnar. Nú er það auðvitað svo að þeir sem glíma við þessi vandamál í sjávarútvegi, eigendur útgerðarfyrirtækjanna og fiskvinnslufyrirtækjanna, þurfa á næstu vikum og mánuðum að velta því alvarlega fyrir sér hvað þeir eiga að gera. Eiga þeir að fara með fyrirtækin í greiðslustöðvun? Eiga þeir að selja þau? Eiga þeir að fara í gjaldþrot? Hvað eiga þeir að gera? Þeir horfa eðlilega á það hver verður líklega niðurstaða hjá ríkisstjórninni, a.m.k. í því máli sem var vísað til nefndarinnar síðar, að gera tillögur um aðgerðir í málefnum sjávarútvegsins.

Erindi mitt hér upp undir þingsköpum, virðulegi forseti, var að fara fram á það við hæstv. sjútvrh., sem ég vona að vilji gera sitt til þess að eðlileg umræða geti farið fram hér á Alþingi um þessi mál, að hann flytji Alþingi í næstu viku eða þar næstu viku í síðasta lagi sérstaka skýrslu um störf þessarar nefndar og stöðu sjávarútvegsins, hvort sem það er skrifleg skýrsla eða munnleg svo að hér geti farið fram ítarlegar og efnislegar umræður um málið á grundvelli þeirra upplýsinga sem hæstv. sjútvrh. vill leggja fyrir þingið og þjóðina. Umræður verða einnig að fara fram á grundvelli ítarlegra lýsinga hæstv. ráðherra á því hvert er verkefni og hlutverk nefndarinnar og hvernig yfirlýsingar annars af tveimur formönnum nefndarinnar koma heim og saman við það sem nefndin á að gera eða hvort það er rétt sem hæstv. sjútvrh. gaf hér til kynna að formaður nefndarinnar væri bara að tala fyrir sjálfan sig og ekki í takt við það sem nefndinni væri ætlað að gera.

Það er auðvitað ekki hægt fyrir okkur að skilja svo við málefni sjávarútvegsins að umræðunni ljúki með þeim hætti sem hér hefur orðið. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að beina því til hæstv. sjútvrh. að hann undirbúi sérstaka skýrslu til Alþingis um málið. Ég er ekki að biðja um svar við því hér og nú, bið hann bara að hugleiða það næstu daga. Á grundvelli þeirrar skýrslu geti farið fram í næstu viku, í síðasta lagi þar næstu viku, ítarleg umræða um stöðu sjávarútvegsins og hugsanlegar aðgerðir sem þarf að grípa til í málefnum hans.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. um að reyna að halda sig við það umræðuefni, að gera athugasemdir við gæslu þingskapa, undir þessum lið.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal gera það en ég kem hér upp til þess að ítreka og taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði, hversu erfitt það væri að hverfa frá þessari umræðu hér, eins og hún hefur þróast. Ég vænti þess að hún komi fljótt upp aftur í þinginu því við þurfum vissulega að gefa okkur tíma til að ræða þessi mál.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég fagna orðum hæstv. sjútvrh. Ég skildi þau svo og trúi því að hann velji fremur leið skipulagsbreytinga og hagræðingar í sjávarútvegi en leið Alþfl., gjaldþrotaleiðina og að byggja síðan upp á rústum fyrirtækjanna. Ég trúi því að ég hafi tekið rétt eftir að það hafi verið orð hæstv. sjútvrh. að hann hafnaði gjaldþrotastefnu Alþfl. í sjávarútveginum. Hann vildi frekar ná fram hagræðingu og skipulagsbreytingum á annan og eðlilegri hátt og ég vona að hann tali þar fyrir fleiri í Sjálfstfl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill, varðandi beiðni um skýrslu, benda hv. þm. á 46. gr. þingskapa um hvernig að því skuli staðið formlega að biðja um skýrslu. Það er einfalt mál.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja að verða pínulítið þreytandi hvernig hæstv. forseti fer alltaf í vörn fyrir ráðherrana þegar vikið er að þeim hér í þinginu. Auðvitað er mér kunnugt um að einstakir þingmenn geta beðið um skýrslu eftir þingsköpum eins og for-

seti var að vitna hér til. Ég þarf engar leiðbeiningar frá virðulegum forseta um það. Það sem ég var hins vegar að nefna áðan var að hæstv. sjútvrh. notfærði sér það, sem ýmsir ráðherrar hafa gert, m.a. á þessu þingi, ég nefni t.d. hæstv. utanrrh., að þeir hafa haft frumkvæði að því sjálfir að koma með mál til þingsins í formi skýrslu sem þeir flytja án þess að þingmenn biðji um það. Það var það sem ég var hér að gera, að koma þeirri ósk á framfæri til hæstv. sjútvrh. að hann hefði frumkvæði að því sjálfur á næstunni eins og ýmsir ráðherrar hafa gert í sínum málaflokkum á þessu þingi. Það er algjör óþarfi fyrir hæstv. forseta að benda á einhverjar aðrar leiðir í þessum efnum. Það er bara allt annað mál.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Mér finnst mjög óviðeigandi að hv. 8. þm. Reykn. sé að víkja orðum, með þeim hætti sem hann gerði, að forseta Alþingis sem réttilega vakti athygli þingmannsins á ákvæðum þingskapa um þetta efni. Auðvitað er það eðlilegt, ef hv. þingmaður og aðrir þingmenn óska eftir að fá um þetta skýrslu, að þeir nýti sér ákvæði þingskapa í því efni. Ráðherrar meta það svo sjálfir hver fyrir sig hvort þeir hafa frumkvæði að því að flytja skýrslur. En það er alveg út í bláinn og reyndar mjög á svig við þingsköp að standa upp og tala í drjúga stund fram og til baka í kjölfar fyrirspurnatíma sem hér fór fram. Hv. þm. veit að bæði fyrirspyrjanda og þeim ráðherra sem í hlut á eru settar mjög þröngar skorður að efna til umræðna undir slíkum kringumstæðum. En hv. þm. kom hér, talaði í drjúgan tíma um viðfangsefnið undir þingskapaformi og kom síðan fram með þessa ályktun. Það var fullkomlega eðlilegt af forseta að koma með þessa ábendingu og mjög óviðeigandi af hv. þm. að víkja í ávítunartón að forseta með þeim hætti sem hann gerði.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er að verða nokkuð sérkennilegt hjá Sjálfstfl. þetta samspil ráðherra og forseta þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar eru að koma óskum á framfæri. (**Forseti:** Forseti frábiður sér þær ávirðingar að hann sé með einhverja sérstaka vörn uppi fyrir ráðherra. Það er rangt og forseti frábiður sér slíkan málflutning.) Forseti má hafa á því þær skoðanir sem hún vill, ég áskil mér allan rétt til að draga mínar ályktanir af því sem gerist hér í þingsalnum. Þetta eru mínar heiðarlegu ályktanir, forseti. Þær eru þess eðlis að það hefur gerst hér hvað eftir annað í vetur, síðast í gær, að forseti tók afstöðu með ráðherra, fjmrh., til að neita ósk frá þingmanni um frestun á máli. Síðan gerist það aftur í dag með þeim hætti sem hér hefur fram komið og það er velkomið að rekja fjölmörg önnur dæmi ef forseti óskar eftir því. En það er ekki kjarni þessa máls. Kjarninn er sá að ég setti fram þá frómu ósk að hæstv. sjútvrh. hugleiddi hvort ekki væri rétt að hann hefði sjálfur frumkvæði að því að flytja Alþingi skýrslu um stöðu sjávarútvegsins og aðgerðir þeirrar nefndar sem ætti að gera tillögur um málefni sjávarútvegsins á næstunni. Það var fullkomlega eðlileg ósk og ég hélt satt að segja að hæstv. sjútvrh. mundi hugleiða það með vinsemd að stuðla að því að málin yrðu rædd á þeim grundvelli hér í þinginu. Hann kaus greinilega að gera það ekki. Ef sjútvrh. vill ekki hafa frumkvæði að því sjálfur á næstu dögum að flytja slíka skýrslu og tilkynnir okkur um það þá munum við þingmenn Alþb. flytja fram þá ósk, það er alveg sjálfsagt að gera það og nota þann rétt sem við höfum samkvæmt þingsköpum. En ég taldi eðlilegra að ráðherrann hugleiddi að hann hefði frumkvæði að því. Ef Sjálfstfl. vill ekki hafa frumkvæði að því að ræða þetta viðkvæma mál ríkisstjórnarinnar í þingsölum og yfirlýsingar Þrastar Ólafssonar og afstöðu Sjálfstfl. til þeirra, sérstaklega þegar sjútvrh. er búinn að lýsa því hér yfir að Þröstur Ólafsson sé fullkomlega ómarktækur í umfjöllun um málefni sjávarútvegsins vegna þess að hann tali bara fyrir sjálfan sig, þá er auðvitað óhjákvæmilegt að við í þinginu reynum að átta okkur á því hvað er í raun og veru að gerast á vettvangi ríkisstjórnarinnar í málefnum grundvallaratvinnuvegs íslensku þjóðarinnar. Ef sjútvrh. hefur ekki frumkvæði um að flytja þessa skýrslu þá mun ég beita mér fyrir því að þingflokkur Alþb. flytji ósk um að slík skýrsla verði flutt á Alþingi innan einnar eða tveggja vikna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Það er alveg augljóst að hv. þm. gerir sér enga grein fyrir því um hvað menn eiga að tala þegar þeir ræða um gæslu þingskapa. Þá eiga menn að víkja að stjórn fundarins, ef þeim þykir eitthvað athugavert í þeim efnum, en fyrirspurnir til ráðherra eiga ekki heima undir þeim dagskrárlið. Þess vegna var hv. þm. að fara á svig við þingsköpin með því að nota þetta form til þess að koma fyrirspurninni á framfæri. Hann hafði til þess tækifæri þegar hann stóð hér upp og gerði athugasemd í fyrirspurnatímanum og þá hefði verið eðlilegt af hálfu hv. þm. að koma fram með slíka fyrirspurn. Þess vegna var ábending forseta eðlileg en gagnrýni hv. þm. á forsetann fullkomlega óeðlileg. Þvert á móti má halda því fram að forseti hafi gert sér far um að koma mjög mildilega fram og sýna stjórnarandstöðunni mikla sanngirni í umræðum í þinginu í vetur.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst minna á það að sú sögulega yfirlýsing um Þröst Ólafsson sem fram kom áðan hjá hæstv. sjútvrh. í lok ræðu hans, eftir að hv. 8. þm. Reykn. hafði í raun og veru talað sig dauðan í hinu sérstakra dagskrárefni, þannig að það var útilokað annað en að víkja að því máli í athugasemd hans áðan um gæslu þingskapa.

Þetta var auðvitað mjög söguleg yfirlýsing, satt að segja, þegar hæstv. sjútvrh. landsins lýsir því yfir að annar af nefndarformönnunum sé fullkomlega ómarktækur í þessu efni. Hitt er auðvitað sérstakt umhugsunarefni, hvernig hv. stjórnarliðar eru farnir að haga málum sínum héðan úr þessum ræðustól og úr forseta-

stólnum. Það er auðvitað afar sérkennilegt þegar hæstv. forseti Alþingis er farinn að lýsa því yfir að eitthvað sé rangt af því sem hv. þm. segja hér úr þessum ræðustól af því hvernig þeir nálgast mál. Þar var ekki um efnislegt mat forsetans að ræða heldur almennt mat á því hvernig hv. 8. þm. Reykn. hélt á máli sínu. Það auðvitað gengur ekki að forseti Alþingis kveði upp slíka dóma héðan úr þessum stól. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að upplifa það að hæstv. ráðherrar, eins og hæstv. sjútvrh. núna, hlaupi undir bagga með hæstv. forseta með þeim hætti sem hann gerði. Það er afar sérkennilegt. Þó að hæstv. forseti og hæstv. ráðherrar kjósi að kenna stjórnarandstöðunni um hvaðeina sem aflaga fer varðandi stjórn þingsins þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að segja nú á þessari stundu að það sé rétt að hver og einn líti í eigin barm, einnig stjórnarmeirihlutinn.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það nokkuð undarlegt hversu hæstv. sjútvrh. tekur því illa að hér sé komið og óskað eftir því að hann flytji skýrslu um mál, einkum í ljósi þess hvernig umræðan endaði. Þetta er ekki fordæmislaust. Svona hlutir hafa gerst áður í vetur, t.d. óskaði ég einu sinni eftir því þegar umræða um Skipaútgerð ríkisins var úti, og fór þá upp um þingsköp, að hæstv. samgrh. flytti skýrslu til Alþingis um það mál. Ráðherrann tók því ákaflega vel og svo var gert fáum dögum síðar. Þá fengu menn tækifæri til að halda áfram umræðunni og ljúka henni.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh.: Telur hann að hæstv. samgrh. hefði ekki átt að fallast á það að flytja skýrslu? Finnst honum það óþinglegt? Finnst honum það alveg ómögulegt að menn biðji um það að ráðherra flytji að eigin frumkvæði skýrslu? Auðvitað verða svona hlutir að vinnast í sæmilegu samkomulagi milli manna og það höfum við gert í vetur. Þetta er alveg nýjung að ráðherra stilli sér þannig upp að hann vilji ekkert við stjórnarandstöðuna tala. Það er nýjung.

Einar K. Guðfinnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að rifja upp hvert er tilefnið að þessari miklu umræðu um gæslu þingskapa. Hæstv. forseti vakti athygli á ákveðnu ákvæði í 46. gr. þingskapalaganna þar sem segir til um hvernig eðlilegt er að þetta form um beiðni um skýrslu sé. Í þessu fólust engir dómar eins og hér var látið í veðri vaka. Hér var um að ræða mjög eðlilega ábendingu hæstv. forseta. Varðandi það að hér hafi verið um einhverja sögulega yfirlýsingu að ræða um Þröst Ólafsson er fráleitt þar sem frá því var greint, eins og ég hygg að hafi verið á flestra vitorði, að Þröstur Ólafsson situr ekki í ríkisstjórninni og talar þess vegna ekki í nafni hennar. Að halda því fram að það sé einhver söguleg yfirlýsing tekur náttúrlega engu tali.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég var ekki að víkja mér undan því að svara fyrirspurnum hv. þingmanna um málefni sjávarútvegsins eða taka þátt í umræðum um málefni sjávarútvegsins hér í þinginu. Þvert á móti. Ég hef svarað skilmerkilega fyrirspurnum sem hafa verið bornar fram á grundvelli þingskapa og tekið þátt í umræðum um málefni sjávarútvegs undir öllum dagskrárliðum sem hér hafa verið í vetur um málefni sjávarútvegsins. Fullyrðingar af þessu tagi eru því algjörlega út í hött. Ég var á hinn bóginn að benda hv. þm. Alþb. á að þeir yrðu að fara að þingsköpum þegar þeir bæru fyrirspurnir sínar fram og kæmu skoðunum sínum á framfæri í þinginu. Hv. 8. þm. Reykn. fór upp í ræðustól til að ræða almennt um málefni sjávarútvegsins og bera fram fyrirspurn til ráðherra sem ekki gat á nokkurn hátt flokkast undir það að vera athugasemd um gæslu þingskapa. Ég var að gera athugasemd við þetta og benda hv. þm. Alþb. á að fylgja eftir þingsköpum. Ég hef vakið á því athygli að það hefði verið eðlilegt að koma fyrirspurn af því tagi sem hér var til umræðu fram undir athugasemd þegar fyrirspurn hv. 5. þm. Suðurl. var til umræðu. Það er alkunna og á að vera hv. þm. kunnugt að fyrirspurnatíminn er mjög knappur. Fyrirspyrjandi og ráðherra hafa mjög knappan tíma til fyrirspurna og andsvara og aðrir þingmenn enn knappari tíma til að gera örstuttar athugasemdir. Ef fram koma í máli fyrirspyrjanda, ráðherra eða annarra sem tala í slíkri umræðu, efnislegar yfirlýsingar sem einstökum þingmönnum þykir nauðsynlegt að taka til umræðu þá á vitaskuld að gera það á grundvelli þingskapa, annaðhvort með nýrri fyrirspurn, beiðni um skýrslu eða fyrirspurn í dagskrármáli þar sem slík fyrirspurn á eðlilega heima. En ekki að misnota ákvæði þingskapa um að menn geti kvatt sér hljóðs um gæslu þeirra til að koma efnislegum athugasemdum á framfæri eða slíkum beiðnum um skýrslu sem menn eiga að gera með öðrum hætti. Það eru þessar athugasemdir sem ég var að koma á framfæri og óska eftir að hv. þm. Alþb. héldu sig að þingsköpum en gengju ekki á svig við þau.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er greinilega nauðsynlegt að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp og fjölga í forsætisnefnd upp í 15 manns þannig að ríkisstjórnin geti setið þar öll því það er það sem hæstv. ráðherrar greinilega vilja. Hæstv. forseti, það er rangt hjá hæstv. sjútvrh. að það sé ekki alsiða hér í þinginu að kveðja sér hljóðs um þingsköp til að ræða hvaðeina sem lýtur að meðferð þingsins á einstökum málum. Fyrir því er áratugalöng hefð hér í þinginu að þetta hugtak, athugasemdir um þingsköp, taki til athugasemda sem þingmenn vilja gera á fundinum um það hvernig með tiltekin mál skuli fara. Það er áratugahefð fyrir því t.d. að undir liðnum þingsköp komi menn með uppástungur um það hvernig fara megi með mál til að greiða fyrir samkomulagi um störf í þinginu. Þetta hlýtur hæstv. sjútvrh. að vita, búinn að sitja hér í hartnær níu ár. Þess vegna er sú athugasemd sem hæstv. sjútvrh. reyndi að gera áðan auðvitað alveg út í loftið. Og svona hefur þetta ákvæði þingskapalaganna verið hugsað, svo lengi sem ég veit til og mikið

lengur. Ég hef kynnt mér það hvernig það hefur verið notað og viðhaft á undanförnum árum enda er gert ráð fyrir því að slíkar athugasemdir geti staðið í allt að fimm mínútur, samanber ný ákvæði þingskapalaga. Þetta hljóta allir hv. alþm. að vita og hæstv. sjútvrh. endurtekur vonandi ekki þessa formhyggju sína hér sem hann var með áðan.

Eitt mikilvægt atriði hefur þó komið fram í þessum umræðum, hæstv. forseti, sem þarf ekki að fjölyrða um frekar, það liggur alveg ljóst fyrir og er skýrt að hæstv. sjútvrh. og þingmenn Sjálfstfl., þar á meðal hæstv. forseti, gera allt sem hægt er til að afstýra því að umræður um sjávarútvegsmál komi á dagskrá þingsins. Hæstv. sjútvrh. skýtur sér á bak við formsatriði til þess að komast hjá því að svara eins og hugur hans stendur til, neitar beiðnum um að hann hafi frumkvæði að því að greiða fyrir umræðum um sjávarútvegsmál á þinginu. Ég hlýt að benda á það að hæstv. sjútvrh. bregst öðruvísi við heldur en fleiri en einn og fleiri en tveir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafa gert á þessu þingi því að óskir um að greitt yrði fyrir meðferð mála hér á þinginu í vetur hafa oftar en einu sinni komið fram á því formi að ráðherrar legðu sjálfir upp umræðu um málin í formi skýrslu sem þeir gæfu þinginu, munnlega eða skriflega. Og þetta hefur þegar gerst í því tilviki sem hv. 5. þm. Vestf. minnti hér á og einnig hefur hæstv. utanrrh., t.d. varðandi samningaviðræður á vettvangi GATT, greitt fyrir því að þingið gæti rætt tiltekin mikilvæg mál með nákvæmlega sama hætti eftir að óskir hafa komið fram um það.

Því bið ég hæstv. sjútvrh. að skoða aftur sinn gang og athuga hvort það séu ekki mistök hjá honum að gera það svona áberandi frammi fyrir þjóðinni að hann sé að reyna að koma sér hjá því að staða sjávarútvegsmála, eins og hún snýr m.a. að endurskoðunarnefnd ríkisstjórnarinnar, sé rædd á hinu háa Alþingi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Vonandi koma fjölmiðlar vel til skila til þjóðarinnar í kvöld þessu furðulega upphlaupi fyrrv. ráðherra Alþb. og þeim furðulegu yfirlýsingum sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gaf hér áðan að það væri eðlilegasti hlutur í heimi að ræða sjávarútvegsmál undir liðnum þingsköp. Auðvitað hefur þetta umræðuform verið misnotað í áranna rás. Það vita allir. En er það til sérstakrar fyrirmyndar og á endilega að halda því áfram og á að auka það?

Þá kemst ég ekki hjá því að víkja sérstaklega að þeim ósmekklegu athugasemdum sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., beindi til forseta þingsins. Það raunar ekki í fyrsta skipti. Það voru ómakleg og órökstudd ummæli. Og sé eitthvað við fundarstjórn hæstv. forseta að athuga þá held ég að það sé kannski það að hún hafi sýnt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni óþarflega mikið umburðarlyndi og mildi vegna þess að þegar hann viðhafði hin frægu ummæli sín héðan úr þessum stól og hin einstæðu ummæli um skítlegt eðli þá átti að víta þingmanninn. Það voru að þingsköpum vítaverð ummæli. En forseti kaus hins vegar að sýna þingmanninum það umburðarlyndi að gera það ekki. Þess vegna finnst mér furðulegt, ósanngjarnt og óréttmætt að heyra þingmenn Alþb. koma hér hvern á fætur öðrum, forustumenn, fyrrv. formaður og núv. varaformaður, og ásaka forseta um óheiðarlega og hlutdræga fundarstjórn. Það er þessum mönnum ekki sæmandi. Langur vegur frá og held ég að það sé mál að þessari umræðu ljúki.

Forsjárdeilur, ein umr.

Fsp. SJS, 305. mál. — Þskj. 510.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. dómsmrh. nokkrar spurningar sem varða meðferð forsjárdeilumála. Eins og hv. alþm. er kunnugt og þarf ekki að rekja eru hér á ferðinni afar viðkvæm og vandasöm mál sem mikið ríður á að fái farsæla og greiða meðferð í stjórnkerfinu. Því miður verður jafnframt að segja eins og er að oft á tíðum er meðferð þessara mála miklu tafsamari en æskilegt væri. Það á ekki síst við um þau tilvik þegar ekki tekst samkomulag um forsjá barna við skilnað og fella þarf bráðabirgðaúrskurð um forsjána á meðan deilumál eru leidd til lykta. Við slíkar aðstæður gefur það auga leið að það er ákaflega óheppilegt að mikill dráttur verði á því að þeir aðilar sem um málið fjalla skili niðurstöðu í því. Engu að síður mun það því miður vera staðreynd að oft á tíðum er sá tími frekar mældur í mánuðum ef ekki árum sem líður frá því að bráðabirgðaúrskurður er felldur og þangað til endanlega er úrskurðað um slík deilumál.

Til þess að upplýsa um stöðu þessara mála og fá mat frá hæstv. dómsmrh. hvernig þau standa um þessar mundir hef ég leyft mér að leggja fram nokkrar spurningar sem eru á þskj. 510, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hversu mörg forsjárdeilumál hafa verði tekin fyrir í sifjadeild dómsmrn. sl. fimm ár og hversu mörg mál af því tagi bíða þar úrskurðar?

2. Hvað tekur það sifjadeild að jafnaði langan tíma að úrskurða í forsjármálum frá því erindi berst?

3. Mat hverra er lagt til grundvallar úrskurðum ráðuneytisins?

4. Hefur umboðsmaður Alþingis haft afskipti af starfi sifjadeildar og ef svo er, hvaða áhrif hefur það haft?“

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á þeim tíma sem til stefnu hefur verið hefur aðeins unnist tími til að fara yfir þrjú ár að því er varðar upplýsingar um fjölda mála og afgreidd mál í sifjadeild dómsmrn.

Svar við 1. lið fsp. er þetta: Á árinu 1989 bárust ráðuneytinu 90 forsjármál. Árið 1990 85 mál og árið

1991 80 forsjármál. Frá 1. jan. 1992 til 1. mars hafa borist 11 forsjármál. Á árinu 1989 gengu 24 úrskurðir í forsjármálum. Árið 1990 23 og árið 1991 24 úrskurðir. Frá 1. jan. 1992 til og með 2. mars 1992 hafa gengið tveir úrskurðir í forsjármálum. Þann 1. mars 1992 var 21 forsjármál til sáttaumleitana á frumstigi í ráðuneytinu og 1. mars var fjöldi forsjármála til umsagna hjá barnaverndaryfirvöldum samtals 29. Sama dag voru 9 mál á úrskurðarstigi í ráðuneytinu. Mismunur á fjölda innkominna forsjármála í ráðuneytinu frá 1. jan. 1989 til 1. mars 1992 og fjölda þeirra mála er úrskurðuð hafa verið á sama tíma eða eru til umsagnar hjá barnaverndaryfirvöldum eða til meðferðar í ráðuneytinu eru því 163 mál sem tekist hefur að ná sáttum í eða hafa fallið niður vegna þess að foreldrar hafa tekið upp sambúð á ný. Þar er um tiltölulega fá mál að ræða. Af þessu má sjá að í verulegum hluta forsjármála hefur niðurstaða fengist með sáttum og er það verulegt ánægjuefni.

Að því er varðar 2. lið fsp. er það að segja að því miður er ekki unnt að svara honum nákvæmlega að svo stöddu þar sem skráning á afgreiðslutíma forsjármála liggur ekki fyrir og ljóst er að úrvinnsla svara við þessum lið fsp. krefst lengri tíma. Þetta stendur þó til bóta með tölvuskráningu mála í ráðuneytinu en hún hófst í ágúst 1990. Það er þó ljóst að verulegur munur er á afgreiðslutíma forsjármála og ræðst hann fyrst og fremst af því hve lengi þessi mál eru til umfjöllunar hjá barnaverndaryfirvöldum. Lokaafgreiðsla mála í ráðuneytinu sjálfu tekur yfirleitt fáar vikur eftir að umsagnir barnaverndarnefnda hafa borist. Heildarmeðferð forsjármála getur tekið örfáa mánuði og einnig getur hún varað á annað ár þegar um erfið og umfangsmikil mál er að tefla, sem lengi eru til umsagnar hjá barnaverndarnefndum.

Vegna 3. liðar í fsp. er það að segja að það eru löglærðir starfsmenn ráðuneytisins sem flestir hafa dómarahæfi sem leggja mat á forsjármál á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og í langflestum tilvikum eftir að hafa rætt við málsaðila. Í flestum málum er um samráð þriggja eða fleiri lögfræðinga að ræða og má því að nokkru leyti líkja mati á forsjármálum við mat fjölskipaðs dóms.

Að því er varðar 4. lið fsp. verður honum að mínu mati best svarað með því að vísa beint til orða umboðsmanns Alþingis er hann lét falla í blaðaviðtali við Morgunblaðið, 25. mars 1990, en þar sagði umboðsmaður svo, með leyfi forseta: „Yfirleitt hafa stjórnvöld tekið tillit til aðhugasemda minna og orðið við tilmælum mínum. Dómsmrn. er dæmi þess. Að tilmælum mínum rökstyður ráðuneytið nú niðurstöður mínar um skipan forsjár barna í tilefni af skilnaði foreldra og hefur rýmkað aðgang foreldra að gögnum slíkra mála. Af hálfu dómsmrn. er vandað til meðferðar þessara mála."

Ég tel rétt að fram komi að frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis hafa ráðuneytinu borist níu erindi umboðsmanns vegna kvartana málsaðila yfir meðferð ráðuneytisins á forsjármálum. Í tveimur fyrstu málunum gerði umboðsmaður athugasemdir við málsmeðferðina og ráðuneytið tók tillit til þess. En í öðrum málum taldi hann ekki tilefni til athugasemda. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að tilvitnað viðtal var tekið við umboðsmann hafa ráðuneytinu ekki borist athugasemdir hans vegna umfjöllunar ráðuneytisins um forsjármál.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Þau voru greinargóð að svo miklu leyti sem skilja mátti af hans svörum að upplýsingar lægju fyrir. Þau draga þó fram þá alvarlegu staðreynd sem ég reyndar kom inn á í máli mínu áðan að í mörgum tilvikum mælist sá tími frá því að forsjárdeilumál kemur upp og þangað til endanlegur úrskurður er felldur í árum frekar en í mánuðum. Sem betur fer eru væntanlega ekki mörg tilvik af því tagi sem þannig háttar til um en það er vissulega slæmt að slíkt skuli yfir höfuð eiga sér stað. Því miður hef ég upplýsingar um að í mörgum tilvikum sé ekki bara við barnaverndarnefndir að sakast, að þær taki sér langan tíma í að gefa sína umsögn til ráðuneytisins þegar deilumál eru uppi, heldur munu þess einnig dæmi að til viðbótar margra mánaða tíma barnaverndarnefndanna, jafnvel hálfu til heilu ári, bætast við margir mánuðir sem það tekur ráðuneytið að fella sinn endanlega úrskurð.

Varðandi svar við spurningu þrjú hafði ég hugsað mér að spyrja ekki síður um það hvaða vægi umsögn t.d. barnaverndarnefnda hefði þegar ráðuneytið fellir sinn úrskurð. Hæstv. ráðherra upplýsti hér hvernig unnið væri að þessu faglega innan ráðuneytisins, þar kæmu að því löglærðir menn og jafnvel þrír sem hefðu með sér samráð og mætti þannig segja að þeir mynduðu eins konar úrskurðardóm eða störfuðu með hliðstæðum hætti. En ég vil spyrja, ef hæstv. ráðherra gæti eitthverju bætt við svarið varðandi þennan þriðja lið: Hvaða vægi hafa rökstuddar og vandaðar umsagnir barnaverndarnefnda, t.d. í þeim tilvikum að í hlut eigi barnaverndarnefndir stærstu sveitarfélaganna, sem hafa sjálfar á að skipa faglærðu fólki og leggja mikla vinnu í að undirbúa sína umsögn til ráðuneytisins? Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vissi deili á því í hve mörgum tilvikum er þá breytt út frá þeirri niðurstöðu í málinu sem barnaverndarnefndir leggja til í sinni umsögn.

Það er fagnaðarefni að viss betrumbót hefur orðið á meðferð þessara mála í dómsmrn., m.a. vegna ábendinga frá umboðsmanni Alþingis. Mér er kunnugt um að nú upp á síðkastið hefur orðið sú framför að ráðuneytið rökstyður úrskurð sinn í forsjárdeilum og er auðvitað sjálfsagt mál og þó fyrr hefði verið. Það er í sjálfu sér ánægjulegt að vita til þess. Í þessu tilviki hefur starf umboðsmanns Alþingis skilað árangri.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu en mín niðurstaða er sú að svör hæstv. ráðherra, sem ég þakka fyrir, staðfesta þá vitneskju sem ég þóttist hafa að því miður er framkvæmd þessara mála oft á tíðum ekki eins greið og skjót í stjórnkerfinu og æskilegt og raunar nauðsynlegt væri með tilliti til þess hversu alvarleg og viðkvæm þessi mál eru.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að forsjármál væru oft býsna lengi í meðferð barnaverndaryfirvalda. Skipan þeirra mála á Íslandi er satt að segja fyrir neðan allar hellur. Eins og menn þekkja þá erum við hér með marga tugi barnaverndarnefnda sem eru ákaflega veikar og standast oft á tíðum engar faglegar kröfur. Þetta á auðvitað ekki síst við um dreifbýlið þar sem um er að ræða tiltölulega mjög fáa einstaklinga sem hægt er að kalla til ákvörðunar á þessu sviði. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. dóms- og kirkjumrh. að því hvenær þess er að vænta að ríkisstjórnin flytji frv. til laga um vernd barna og unglinga. Það mál var tilbúið í lok síðasta þings, hafði þá sætt ítarlegri meðferð á síðasta þingi. Það hafði náðst samstaða í hv. menntmn. um ræðilegar breytingar á lögunum um vernd barna- og ungmenna. Þar áttu hlut að máli fulltrúar allra flokka, t.d. hæstv. forseti Alþingis o.fl. Og ég vil spyrja: Hvenær er þess að vænta að það verði staðið þannig að þessu máli að Alþingi geti snúið sér að því að afgreiða það? Af mörgu sem er ábótavant hjá okkur þá hygg ég að meðferð barnaverndarmála sé þegar á heildina er litið eitt það lakasta sem þekkist í okkar stjórnkerfi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ummæla hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég ítreka að hér er um mjög vandmeðfarin mál að ræða. Í ráðuneytinu þurfa menn að takast á við tvö meginsjónarmið. Annars vegar að hraða meðferð máls og ná fram skjótri úrlausn og á hinn bóginn að tryggja mjög vandaða málsmeðferð. Í mörgum tilvikum geta þessi markmið stangast á en ég hygg að það sé óumdeilt að í langflestum og svo til öllum tilvikum fer afgreiðsla fram á nokkrum vikum eftir að umsagnir barnaverndarnefnda liggja fyrir þó að í einstökum tilvikum geti orðið um lengri tíma að ræða. Ég vil ítreka að hér skiptir hvort tveggja máli, að afgreiðslan sé eins skjót og kostur er og eins vönduð og nokkur föng eru á.

Að því er varðar fsp. hv. þm. um það hversu mikið vægi álit barnaverndarnefnda hafa að þá er ekki til neitt formúlusvar við því. Það fer eftir atvikum í hverju tilviki. Það er líka rétt að barnaverndarnefndir hafa mjög misgóða aðstöðu til að vinna að þessum málum. Í stærri sveitarfélögum hafa þær mun betri aðstöðu til þess að vinna að málum með faglegum hætti. Ég hygg að þeir starfsmenn ráðuneytisins sem með þessi mál fara taki að einhverju leyti tillit til þess.

Að því er varðar fsp. hv. 9. þm. Reykv. um það hvenær frv. um vernd barna og ungmenna verður lagt fyrir þingið er rétt að minna á að þau mál heyra undir menntmrn. eins og hv. þm. er kunnugt. Hæstv. menntmrh. hefur lagt frv. um þetta efni fyrir ríkisstjórn og það er nú til meðferðar í þingflokkum ríkisstjórnarinnar.

101. FUNDUR

fimmtudaginn 12. mars,
að loknum 100. fundi.

Um þingsköp.

Beiðni um skýrslur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru liðnir fimm mánuðir frá því að ég lagði fram ásamt öðrum þingmönnum Alþb. tvær beiðnir um skýrslur. Í fyrsta lagi beiðni um skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum aldraðra og kemur út af fyrir sig ekki á óvart þó að það taki ríkisstjórnina talsverðan tíma að koma slíkri skýrslu saman. Það er sérkennilegt að hún skuli ekki hafa birst hér enn og ég vil ítreka spurningu mína frá fyrri fundum til hæstv. forseta um það hvenær hæstv. heilbrrh. muni leggja þessa skýrslu fyrir Alþingi.

Í öðru lagi lögðum við þingmenn Alþb. fram fyrir fimm mánuðum beiðni um skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum íslensks iðnaðar og það kemur heldur ekki á óvart að það vefjist fyrir ríkisstjórninni að koma saman skýrslu um stefnu sína í málefnum íslensks iðnaðar. Engu að síður er það svo að við þingmenn Alþb. erum orðnir óþolinmóðir að bíða eftir þessum skýrslum því að það er nauðsynlegt að fá þær ræddar hér á hv. Alþingi. Því vil ég nú í annað eða þriðja sinn beina þeirri spurningu til hæstv. forseta: Hvenær þess er að vænta að skýrslurnar komi hér fyrir þingið þannig að þær megi taka til umræðu?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að langt er um liðið síðan beðið var um þessar skýrslur og þykir forseta það miður að þær hafa ekki enn borist. Það var ítrekað nú fyrir skömmu og einu sinni enn mun verða gengið eftir því að svar komi eða skýrslurnar berist.

Svavar Gestsson:

Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir góðar undirtektir við málaleitan mína nú sem fyrr. Forsetar hafa jafnan brugðist vel við hver sem setið hefur í forsetasæti eins og hv. 3. þm. Reykv. sem gerði óðara ráðstafanir til þess að hafa samband við viðkomandi ráðherra út af þessu máli. Ég vona sannarlega að eftirreksturinn beri núna árangur þannig að viðkomandi ráðherrar, sem reyndar eru báðir ráðherrar Alþfl., fari að skila heimavinnunni sinni. Það er rétt af því að ég sé hér út undan mér hv. 17. þm. Reykv., sem á náttúrlega að hafa eftirlit með þeim líka, að beina því allra náðarsamlegast til hans að hann kanni það hvort ráðherrarnir geti ekki verið svo vinsamlegir að fara að skrifa skýrslur um stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokkum sem hér voru nefndir.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 274. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 456.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 456 frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að tólf tilgreindum útlendingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þeir fullnægja allir þeim almennu skilyrðum sem allshn. hefur sett varðandi veitingu ríkisborgararéttar. Því er hér gerð tillaga um að þeir fái íslenskan ríkisborgararétt. Sú hefð hefur skapast að flytja tvö frumvörp um veitingu ríkisborgararéttar á hverju þingi. Þetta þing afgreiddi slíkt frv. fyrir jólaleyfi þingmanna. Nú er síðara frv. flutt með tillögum um þá útlendinga sem þegar uppfylla hin almennu skilyrði.

Ég legg svo til, frú forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki venjan að hér verði mikil umræða um mál eins og þessi. En þar sem ég sat um árabil í hv. allshn. ætla ég að leyfa mér að minnast á það við hæstv. dómsmrh. enn og aftur að ég tel að mikla nauðsyn beri til að endurskoða lög um ríkisborgararétt.

Eins og menn e.t.v. vita þarf útlendingur að vera í tíu ár á Íslandi til þess að eiga möguleika á að verða íslenskur ríkisborgari, þrjú ár ef hann hefur kvænst eða gifst til landsins eða er Norðurlandabúi, þ.e. ef reglur eru eins og þær hafa verið og ég hygg að svo sé enn. Ég vil gera þær að umræðuefni vegna þess að í mörgum tilvikum getur það komið sér afar illa og mér finnst virðuleg nefnd oft afar þröngsýn þegar um er að ræða vafamál. Fyrir allshn. liggur nú umsókn serbneskrar fjölskyldu sem hér hefur búið líklega á fimmta ár, Danilo-fjölskyldan. Þau hafa búið hér má ég segja á fimmta ár. Hann er tæknifræðingur að mennt, hefur unnið við Blönduvirkjun og rekur nú eigið fyrirtæki. Bæði hjónin eru vel menntað fólk og eiga sjö ára gamalt barn sem hefur búið hér lungann úr lífi sínu og talar íslensku eitt tungumála fullkomlega eins og sagt er. Þau eiga íbúð hér í bæ og eru á allan hátt ákaflega virt og vel liðið fólk. Þau hafa lagt fram gögn þar að lútandi frá ólíklegustu og líklegustu aðilum, sýslumönnum, bæjarfógetum, vinnuveitendum og öðrum slíkum. Nú væri þessu fólki svo sem ekkert að vanbúnaði að bíða í sín tíu ár eftir að fá að gerast íslenskir ríkisborgarar ef ekki kæmi til ástandið í þeirra heimalandi. Þau eru Serbar, eins og ég hef áður sagt, og geta þess vegna ekki heimsótt ættingja sína í Júgóslavíu vegna þess að þeir búa í Króatíu. Þetta hefur legið fyrir nefndinni og ég vil leyfa mér, úr því að engan árangur ber að tala við nefndarmenn um þetta mál, að lýsa því hér fyrir þingheimi öllum að ég tel að hér sé unnið á afar þröngsýnan hátt. Ég hef persónulega kynnst þessu fólki lítillega og einkum fólki sem þekkir þau mjög vel og mér er fullkunnugt um að okkar ágæta þjóðfélagi væri fengur að þessu fólki frekar en hitt. Þau þurfa ekki á neinni aðstoð þess að halda. Þau hafa fremur fært þekkingu inn í landið.

Ég vil þess vegna fara þess formlega á leit við hv. allshn. að við afgreiðslu á þessu frv. nú verði mál Danilo-fjölskyldunnar tekið upp. Ég tel ekki neitt mæla gegn því að þau geti gerst íslenskir ríkisborgarar þannig að þau fái íslenskt vegabréf og geti þannig farið sem frjálsar manneskjur í heimsókn til síns ættlands. Þau ætla að vera hér og hafa sest hér að fyrir fullt og allt og hafa ekkert það gert sem gerir þau að óæskilegum þegnum. Ég tel, þó að vissulega beri að fara að lögum sem ég býst við að yrði svarið, að hér sé um undantekningarástand að ræða sem oft hefur verið virt og ég vil minna á að þegar víetnömsku flóttamennirnir komu hingað fengu þeir ríkisborgararétt samstundis og ekkert nema sjálfsagt og gott um það að segja. En vegna ástandsins í heimalandi þessa fólks sem lokar það frá ættingjum sínum sem það mundi að öðrum kosti heimsækja, þau hafa öll efni til þess, vil ég fara fram á það við hv. formann nefndarinnar eða varaformann, þar sem formaður er ekki viðstaddur, og biðja um að þvergirðingshætti sem þessum sé ekki beitt til hins ýtrasta og að tillit verði tekið til aðstæðna þessarar fjölskyldu.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég nema gott eitt segja um þá málaleitan fjölskyldunnar Daniło að fá hér íslenskt ríkisfang. Hins vegar verð ég að finna að þeim máta sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur á því að koma þessari ósk sinni á framfæri, þ.e. að gera það hér úr þessum sölum. Ég hefði talið það eðlilegt að hún hefði reynt að ræða við þingmenn nefndarinnar. Ég tók eftir því að í máli hennar hér áðan kom fram að hún hefði gert það. Hún hefur ekki rætt við þennan þingmann og ekki varaformann allshn. þar með. En hins vegar skal ég lýsa því yfir að ég skal með glöðu geði beita mér fyrir því að þessi málaleitan fái jákvæða afgreiðslu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef talað ítarlega og oftar en einu sinni við formann nefndarinnar, hv. 6. þm. Reykv. Ég hef talað ítarlega við fulltrúa Alþb. í nefndinni og það hefur því miður ekki borið árangur. Í þessu máli hirði ég ekki um ...(Gripið fram í.) Já, það getur vel verið að hv. þingflokksformaður Alþfl. ætli að slá þessu upp sem meiri háttar pólitísku máli. Ég hirði ekkert um það. Mér er meira í mun að mál sem þetta leysist og sjálfsagt getur hv. 5. þm. Vestf. gefið sína skýringu á því hvers vegna hann hefur ekki getað barist fyrir því að þetta mál næði fram að ganga. Ég er alveg sammála hv. þingflokksformanni Alþfl. um að það er varla viðeigandi að ræða einkamál hér en þegar allt um þrýtur hljótum við að neyðast til þess. Ég tek það fram að viðkomandi fjölskyldu er með öllu ókunnugt um að ég geri þetta að umtalsefni hér. Ég á hins vegar ekkert von á því að þau setji það fyrir sig því að þau vilja setjast hér að, þau eru góðir Íslendingar, tala góða ís-

lensku. Mér finnst þetta ósanngjörn afgreiðsla og þetta er því miður ekki eina dæmið.

Ég tel að þarna sé allt of langs tíma krafist til þess að fá að búa í okkar ágæta landi. Ég tel tíu ár fáránlega langan tíma fyrir fólk að búa hér og koma sér fyrir án þess að fá íslenskt vegabréf og ég tel líka að það verði að taka titllit til þess hvernig aðstæður manna eru hverju sinni. Ég verð að segja eins og er af minni reynslu í þessari nefnd að það hefur stundum verið gert en stundum ekki. Og það hefur því miður stundum verið geðþóttaákvörðun viðkomandi nefndar eða nefndarinnar hverju sinni og stundum borið við að nokkru máli skipti hvernig fólk væri á litinn sem um hefur verið að ræða. Í þessu tilfelli er það nú ekki. Þetta góða fólk tilheyrir okkar göfuga ættbálki og þess vegna vænti ég að við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af því. En það er satt að segja dálítið fáránlegt að tala við sjö ára gamalt skólabarn á Íslandi sem kann ekkert tungumál nema íslensku og hana reyndar óvenjulega góða og þetta barn skuli ekki geta fengið að ferðast á íslensku vegabréfi eins og allar aðstæður ættu að mæla fyrir um. Ég vil því enn og aftur að þessu gefna tilefni fara fram á það við hæstv. dómsmrh. að ráðuneyti hans taki sig til og endurskoði þessi lög. Ég held að það sé löngu mál til komið. Hér var umræða í morgun um málefni innflytjenda. Sú fyrirspurn var að sjálfsögðu fram komin vegna þess að þessi mál eru ekki í góðu lagi eins og þau eru nú. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðherra standi við það sem hann sagði í samræðu okkar fyrr í vetur að við munum sjá endurskoðað frv. um þessi mál áður en þingi lýkur.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns kveð ég mér hljóðs. Ég heyrði ekki betur en hún segði að það skipti máli hvernig fólk væri á litinn hvaða afgreiðsu mál fengju hjá hv. nefnd. Hér er auðvitað um svo alvarlegar ásakanir að ræða að hv. þm. hlýtur að þurfa að styðja þær frekari rökum en slá fram slíkri fullyrðingu hér úr þessum ræðustól á Alþingi. Það má vera að mér hafi misheyrst eða ég hafi misskilið það sem hún sagði en hafi hún sagt það sem mér heyrðist hún segja hlýtur hún að styðja það rökum og dæmum. Ég hef átt sæti í hv. nefnd og átti það lengi og fjallaði um þessi mál. Ég vil ekki sitja undir slíkum ásökunum, slíkum fullyrðingum sem er slegið fram án þess að rökstutt sé. Þess vegna hlýtur það að vera krafa til hv. þm. að hún rökstyðji mál sitt og sanni mál sitt. Ég held að það vilji enginn þingmaður sitja undir þessum alvarlegu ásökunum hennar.

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég er svo heppinn að vera einn af þeim sem sitja í hv. allshn. og hef gert síðan ég kom hér inn á þing. Ég ég get fullvissað hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem reyndar sat í þeirri nefnd á síðasta kjörtímabili með mér, að þar er farið yfir allar umsóknir og þær metnar og aðstæður manna eru að einhverju leyti teknar til greina. Ég vil geta þess í framhjáhlaupi að ég man aldrei eftir því að málefni einstakra umsækjenda væru tekin upp í þingsölum eins og nú er gert með þessum hætti og ég harma að það sé gert.

Ég vil skora á hv. þm. að líta við hjá okkur í allshn. og líta yfir allar þær umsóknir sem þar liggja fyrir og þann fjölda manna sem stendur í rauninni nær því að fá undanþágu en þetta tiltekna fólk sem hér er til umræðu. Ég bið hv. þm. að taka þá afstöðu í málinu og koma þá hér og mæla fyrir því að allt þetta fólk fái þá líka ríkisborgararétt svo að eitt gangi yfir alla.

Ég kom aðallega upp af sömu ástæðu og hæstv. umhvrh. Ég get engan veginn setið undir því að á þeim fimm árum sem ég hef setið í allshn. hafi litarháttur fólks nokkurn tíma komið til umræðu, að hann hafi nokkurn tíma skipt máli í afstöðu manna. Það hefur þá verið fyrir minn tíma og undir þessu vil ég engan veginn sitja. Ég geri sömu kröfu og hæstv. umhvrh. að þetta verði skýrt með dæmum því að þetta er mjög alvarleg ásökun á hendur þeim sem hafa setið í allshn. í gegnum árin.

Að öðru leyti tek ég undir það og ég minntist á það nokkrum sinnum þegar við sátum saman í allshn., ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að reglurnar beri að endurskoða og ég tek fyllilega undir það að þær eru allt of þröngar og allt of stífar. Ég hvet ráðherra til þess að taka undir það með okkur. En það er bara allt annað mál. En að litarhátturinn hafi ráðið afstöðu manna kannast ég ekki við og alls ekki á þeim tíma sem ég hef þar setið.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að ég hef setið á Alþingi í 13 ár. Ég get jafnframt upplýst að hvorugur þeirra hv. þm. sem hér hafa talað eru menn sem hafa haft slíkt í frammi og alls ekki nefndin sem ég sat í á síðasta kjörtímabili. En vitaskuld hafa verið á Alþingi menn sem haldnir hafa verið kynþáttafordómum, því miður. Þeir sitja ekki lengur á þingi og ég mun þess vegna engar upplýsingar um það gefa frekar. En ég get með ánægju fríað þessa tvo hv. þm. af slíku.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég hef aldrei komið nálægt starfi allshn. og mér er því ekki kunnugt um hvernig þar hefur verið unnið að málum en ég fæ ekki betur skilið af þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað en þar sitji þingmenn við að fara í gegnum umsóknir um ríkisborgararétt. Ég verð að segja að mér kemur það býsna spánskt fyrir sjónir að þingmenn skuli fara svo nákvæmlega yfir einstaka umsóknir. Mér finnst það sýna að hér vantar tilfinnanlega nýja löggjöf um þessi mál og ég tek undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að hér er greinilega mikil þörf á nýrri löggjöf.

Ég átti þess kost í haust að sækja fund á vegum Evrópuráðsins um innflytjenda- og flóttamannamál sem haldinn var í Austurríki. Þar kom fram að Austurríkismenn eru búnir að vera að vinna að breytingum á sinni innflytjendalöggjöf í nokkur ár. Það hefur tekið

nokkur ár vegna þess að þingið hefur verið í mjög náinni samvinnu við ýmis samtök, Rauða krossinn og ýmis hjálparsamtök, sem vinna að málefnum flóttamanna og hefur gefið þessum samtökum kost á því að koma með breytingartillögur. Menn hafa ekki verið ánægðir með útkomuna en þess var að vænta síðast þegar af fréttist að löggjöfin væri í þann veginn að líta dagsins ljós.

Nú skal það auðvitað viðurkennt að Austurríkismenn eiga við mun stærri mál að glíma en við. Þangað er stríður straumur flóttamanna enda hafa þeir verið afar rausnarlegir gagnvart því fólki sem þangað hefur leitað þó að ýmsum hafi þótt að stjórnvöld þar væru heldur hörð í horn að taka. En ég held að það geti ekki talist eðlilegt að þingmenn sitji við að fara yfir umsóknir þess fólks sem hér vill setjast að. Hér á heldur að vera skýr löggjöf um það hvaða skilyrði þarf að uppfylla og sú löggjöf á að vera í samræmi við alþjóðlegar reglur sem um það gilda. Ég vil því beina því til hæstv. dómsmrh. að hann geri nú gangskör að því að endurskoða löggjöfina um útlendinga og þar með að nafninu á þeirri löggjöf verði breytt og hún gerð svolítið vinsamlegri því fólki sem hér vill setjast að.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með þeim sem hér hafa talað um að hér þurfi að koma skýrari og greinilegri reglur um það hvernig ríkisborgararéttur er veittur. Ég vil jafnframt taka það fram að þrátt fyrir að slíkar reglur yrðu samdar yrðum við jafnframt að gæta þess vel að þær væru ekki svo ósveigjanlegar að ekki væri hægt að taka tillit til ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Og að því leyti held ég að hver sá aðili sem kemur nálægt slíkum málum, hvort sem það er allshn. Alþingis eins og nú er í samráði og samstarfi við fulltrúa ráðuneytis, því að ekki er það nú svo að allshn. sitji hér sveitt og fari yfir hverja einustu umsókn þó að það sé hægt, heldur er að sjálfsögðu búið að fara yfir þær starfsreglur sem nú eru í gildi og meta umsóknir út frá þeim. En ég tel að það sé algerlega óhjákvæmilegt að hafa bæði sanngjarnar reglur, í takt við alþjóðlegt siðferði sem menn hafa komið sér saman um því heimurinn er síbreytilegur. Það verður jafnframt að hafa nógu mikið svigrúm til þess að þeir sem eiga um þessi mál að fjalla geti tekið sérstaklega tillit til aðstæðna.

Ég hef ekki setið í allshn. fyrr en nú í vetur. Ég get því ekkert dæmt um hvernig unnið hefur verið að þessum málum áður. En ég held að ég geti sagt með góðri samvisku að það hefur verið reynt að fjalla um þessi mál af þeirri sanngirni og ég vona víðsýni sem hægt er. Það hefur jafnframt verið okkur nokkuð erfitt að við erum bundin af því að þurfa að meta hvernig og hvenær er réttlátt að gera undantekningar því að ekki vill maður vera sakaður um að mismuna fólki. Það getur stangast mjög alvarlega á að taka tillit til sanngjarnra ábendinga um sérstakt tilvik og svo að sýna fyllsta réttlæti og mismuna ekki fólki. Mér dettur ekki í hug að hægt sé að semja sanngjarnar reglur. Þess vegna hlýtur að koma til kasta einhverra aðila að leggja jafnframt mat, eftir því sem best verður hægt og hafa þar einhverjar ákveðnar hugmyndir að leiðarljósi, á þau tilvik sem ekki eru fyrirsjáanleg þegar reglur eru samdar. Ég legg mikla áherslu á það að við megum hvorki festa okkur í kerfinu né hafa kerfið ósanngjarnt eða of ósveigjanlegt.

Ég er ekki sérlega hrifinn af þeim hætti sem hafður er á meðferð umsókna um ríkiborgararétt nú. Ég er hins vegar ekki tilbúin með neinar gallharðar tillögur um hvernig eigi að breyta þessu en ég held að allir séu sammála um að endurskoðun þarf að fara fram. Nú eru starfsreglur í gildi og út af fyrir sig er ekkert nema gott eitt um þær að segja svo langt sem þær ná og miðað við þann stakk sem þeim er skorinn. En ég held að verið sé að leggja á allshn. vinnu sem henni er í raun inni ekki ætlað svigrúm til þess að geta sinnt nema að vissu marki. Þetta er auðvitað ekki viðunandi fyrir okkur sem eigum að taka þessa ábyrgð á okkur.

En ég vil ítreka það að á þeim eina vetri sem ég hef haft reynslu af þessari vinnu held ég að þar hafi ekki ríkt neinir kynþáttafordómar eða annað slík. Ég vona að ég fari þar rétt með. Það er minn skilningur og ég trúi ekki öðru en hann sé réttur. Ég held aftur á móti að menn hafi meiningarmun á því hve skamman tíma fólk á að búa á landinu áður en það hefur möguleika á að öðlast ríkisborgararétt. Ég held einnig að skiptar skoðanir séu um það hve mörg tilvik ættu að koma til kasta einhvers konar matsnefndar og úrskurðar. Sumir vilja einfaldlega hafa ósveigjanlegar reglur en því miður held ég að í þessu tilviki mundu ósveigjanlegar reglur verða ósanngjarnar. Ég skynja hins vegar það sem mjög mikið vandamál að erfitt er að draga þau mörk hvenær farið er að mismuna fólki ef einhver annar úrskurður en hárbeittar reglur er notaður. Ég held að þótt hafa megi einhver orð um það hvar þessi umræða eigi að fara fram, hvort hún eigi heima í þingsölum, held ég að það sé mat flestra að það þurfi að fara að vinna að þessu máli. Við urðum vör við það núna í fyrra áfanga þessarar vinnu í vetur að það er ekki beinlínis þægilegt hlutverk að vera settur í að fjalla um ríkisborgararétt miðað þann ramma sem okkur er settur núna og oft á tíðum — ég geta alla vega lýst því sem minni persónulegu skoðun að í nokkrum tilfellum sem komu á okkar borð hefði mér fundist að reglurnar mættu vera sveigjanlegri. En ég heyrði það jafnframt að það væri frekar þegar síðari frv. um veitingu ríkisborgararéttar er lagt fram á Alþingi á hverjum vetri sem undantekningartilvikin fengju meiri umfjöllun. Og ég treysti því.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að núverandi fyrirkomulag á því hvernig útlendingar öðlast ríkisborgararétt er orðið nokkuð forneskjulegt og ekki lengur samboðið okkur í nútímaþjóðfélagi. Ég er alveg sammála hv. 18. þm. Reykv. að það er undarlegt að þingmenn séu að fara yfir einstaka umsóknir. Það er undarlegt fyrirkomulag

og ástæða er til þess að breyta því. Ég tel að það eigi að endurskoða lögin sem um þetta gilda og ég er á þeirri skoðun að nefndin sjálf ætti að taka þetta upp sem sitt verkefni. Samkvæmt núgildandi þingskapalögum er nefnd heimilt að taka mál sjálf upp og vinna það. Ég tel að það væri eðlilegt að nefndin tæki þetta mál upp af sjálfsdáðum, athugaði það í þeim tilgangi að flytja frv. til breytinga á núv. löggjöf. Í þeirri löggjöf vildi ég sjá breytingu á því almenna viðhorfi sem er til þessara mála frá því sem nú er að menn öðlast ekki íslenskan ríkisborgararétt nema með sérstökum lögum. Það er hið almenna viðhorf að útlendingar geti ekki orðið íslenskir ríkisborgarar nema þeir sanni að þeir séu þess verðugir. Ég vil snúa málinu við og líta á útlendinga eins og hvert annað fólk, góða og gilda þegna þar til annað kemur í ljós. Almenna reglan ætti því að vera sú að menn geti fengið ríkisborgararétt að uppfylltum einhverjum almennum reglum. En frávikin varði fyrirstöðu ef einhver eru, snúa í raun og veru leiðinni við. Ég tel það ekki vera hlutverk þingmanna að vasast í einstökum umsóknum. Það ætti að vera embættismannamál og við eigum að útbúa lögin þannig að þar sé tilteknum aðilum falið að vinna þetta verk.

Hitt er annað að auðvitað hefur núverandi allshn. orðið að vinna eftir þeim lögum og reglum sem gilda og þau hafa það í för með sér að menn verða að setjast yfir hvern og einn einstakling sem sækir um, vega hann og meta, sem er satt að segja heldur leiðigjarnt og mér liggur við að segja ógeðfellt verkefni að vega og meta einstaklinga með þessum hætti, en þetta verðum við að láta okkur hafa sem höfum verið í þessari vinnu í vetur. Ég held að um alla sem í nefndinni eru megi segja og kannski sérstaklega mig og hv. 5. þm. Reykv., sem fengum það verkefni í vetur að mynda undirnefnd til að fara yfir gögnin, að þau viðhorf eða sjónarmið að menn taki á umsögnum eftir litarhætti, trúarbrögðum eða öðru slíku hafa ekki verið fyir hendi. En hins vegar eru þær reglur sem nú eru í gildi með þeim annmörkum að þær eru svo ónákvæmar að menn lenda í þeirri stöðu að þurfa að leggja nánast persónulegt mat á umsóknir í ákveðnum tilvikum. Og það er afar óþægileg staða að þurfa að leggja persónulegt mat þar sem leiðbeiningum sleppir og lagafyrirmælum. Ég vil ekki ætla nokkrum þingmanni til lengdar að vera í því hlutverki. Hins vegar vek ég athygli á því að nefndin komst frá þessu erfiða verkefni í haust þannig að hún var samstiga um það og það segir út af fyrir sig þó nokkuð um það að menn hafi verið sáttir að kalla um niðurstöðuna. En ég legg áherslu á að nefndin taki þetta upp sjálf. Ég hef ekkert á móti því ef hæstv. dómsmrh. vill taka það verkefni upp að endurskoða lögin. Aðalatriðið er að menn ákveði að fara yfir núgildandi lög og endurskoða þau og breyta þeim til nútímalegra viðhorfs. Ég held að núv. löggjöf sé allt of gamaldags til þess að við getum búið við hana áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Beitumál, 1. umr.

Stjfrv., 290. mál. — Þskj. 489.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur á þskj. 489 flutt frv. til laga um afnám laga nr. 45 frá 7. maí 1946, um beitumál. Á því herrans ári 1946 stóð svo á að páv. hæstv. ríkisstjórn þótti nauðsynlegt að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að tryggja að jafnan væri fyrir hendi nægjanlegt magn af beitu í landinu og því var sett á fót nefnd með sérstökum lögum til þess að sjá svo um eftir því sem unnt væri að ávallt væri í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita á eðlilegu verði.

Nefndin hafði samkvæmt þeim ítarlegu lögum sem um hana giltu allvíðtækt umboð til þess að sjá svo um að hér væri fyrir hendi nægjanlegt magn af beitu. Á þessum árum stóð svo á að skortur var á beitu í landinu og þurfti að flytja hana til landsins í ríkum mæli og var það jafnframt hlutverk nefndarinnar að annast verðlagningu hennar. Hún hafði þar að auki mjög víðtækar heimildir, sem hún hefur á þeim áratugum sem hún hefur starfað ekki nýtt, til þess að byggja frystigeymslur í einstökum verstöðvum og taka til þess lán í þeim tilgangi að viðhalda eðlilegum birgðum. Nú hafa aðstæður allar breyst og ekki talin lengur þörf fyrir þetta starf né heldur þær lagaheimildir sem nefndin hefur haft til þess að rækja hlutverk sitt. Nefndarmenn eru sammála um og hafa lagt það til að lögin verði felld úr gildi og nefndin aflögð. Síðustu ár hafði hún það hlutverk fyrst og fremst að verðleggja beitu.

Nú hefur þetta Alþingi samþykkt ný lög um verðmyndun sjávarfangs þar sem gert er ráð fyrir frjálsri verðmyndun. Má þá segja að síðasta verkefni beitunefndar sé úr sögunni. Það er því eðlilegt að lögin verði felld úr gildi og nefndin lögð niður. Ástæða er til þess á þessu stigi að þakka þeim sem að þeim málum hafa unnið fyrir langt, farsælt og vel unnið starf í þágu íslensks sjávarútvegs.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að brátt verður mikil saga öll, saga beitunefndarinnar sem senn er að feta sín hinstu spor inn í eilífðina. Eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh. var beitunefndinni ætlað mjög mikið hlutverk og mikil völd. Það segir mikla sögu um þá ágætu menn sem hafa setið í beitunefndinni frá upphafi að þeir hafa farið mjög vel og gætilega með vald sitt. Þeim hefur auðvitað verið mætavel ljóst hvað þetta vald gat falið í sér og þeir hafa greinilega afsannað þau fornu spakmæli að allt vald spilli og algert vald spilli algerlega. Þótt þeir hafi haft með höndum mikið vald, þá hefur það ekki orðið til þess að spilla þessum ágætu heiðursmönnum. Ég tel nauðsynlegt og eðlilegt við þessar aðstæður, þegar við erum að ræða frv. sem felur í sér að beitunefndin verður lögð niður, að um þessa starfsemi sé farið nokkrum orðum.

Ég hef lengi talið að þetta væri virðulegasta nefndin sem starfaði á vegum sjávarútvegsins og eftirsóknarvert fyrir hvern mann að eiga sæti í þessari nefnd. Nú er það úr sögunni að menn geti keppt að því ef þetta frv. verður samþykkt hér á hinu háa Alþingi. En það sem ég vil m.a. vekja athygli á er það að ég hygg að það sé næsta óvanalegt að nefnd af þessu taginu leggi það til sjálf að vera lögð niður. Þetta er auðvitað mjög óvanalegt og sýnir enn og undirstrikar enn víðsýni þeirra nefndarmanna sem sitja í beitunefndinni.

Ég vil líka vekja athygli á þeirri miklu ráðdeild sem ég hygg að komi fram í störfum nefndarinnar og mér er persónulega kunnugt um að hefur alla jafnan markað störf hennar sem sést m.a. í fylgiskjali, umsögn um frv. þetta, þar sem frá því er greint að kostnaðurinn við störf þessarar veigamiklu nefndar hafi á síðasta ári einungis verið um 120 þús. kr. Ég hygg að margir nefndarmenn mættu taka sér til fyrirmyndar þá ráðdeild og þá fyrirhyggjusemi sem beitunefndin hefur alltaf sýnt í sínum störfum.

Ég get auðvitað ekki látið hjá líða að vekja athygli á að nefndin sem hefur setið síðustu árin hefur verið þeim óvanalegu kostum búin, ég veit ekki hvort ég get sagt þeim einstæðu kostum búin, að hún hefur eingöngu verið skipuð Vestfirðingum og af þriggja manna hópi verð ég að láta það koma fram að tveir þeirra eru Bolvíkingar. Ekkert af þessu er til annars en að undirstrika það mannval sem í þessari ágætu nefnd var og er.

Eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh. byggði þessi nefnd á lögum um beitumál frá árinu 1946 og þau gerðu ráð fyrir mjög miklu valdi nefndarinnar. Beitunefnd er, eins og segir í 6. gr., „heimilt, með samþykki ráðherra að leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu í þeim tilgangi, sem um ræðir í 5. gr.“, þ.e. að koma í veg fyrir beituskort í landinu. Síðan er nánar kveðið á um hvernig skuli staðið að þessari atvinnustarfsemi, ef til komi, í 9. gr. laganna. Þar er gert ráð fyrir því að ef beitunefndin fari að starfrækja frystihús til að frysta beitu skuli hún beita sér fyrir almennum samtökum meðal útvegsmanna og hlutamanna um að þeir myndi með sér félags sem hafi rekstur slíkra húsa með höndum. Og síðan er um það fjallað sérstaklega að beitan skuli vera seld við vægu og sanngjörnu verði.

Ég veit að þetta hljómar kannski í hugum sumra sem dálítið forkostulegt að hafa uppi nokkra ræðu um þessa starfsemi vegna þess að ég geri ráð fyrir því að sumum sé ekki alveg ljóst hversu þýðingarmikið er fyrir sjávarútveginn og aflabrögðin að beita sé af fyllstu og bestu gæðum. Það er ekki á allra færi, svo mikið veit ég, að vega það og meta hvenær beita er boðleg og góð og þeim einum er hægt að treysta til slíkra hluta sem hafa sérstaklega góða þekkingu á þessu máli. Ég hygg því að það hafi alls ekki verið ástæðulausu að menn tóku þann kost á sínum tíma að hafa um þetta sérstök lög þó að aðstæðurnar hafi auðvitað breyst mjög mikið síðan.

Á þeim tíma sem beitunefndinni var komið á með lögum árið 1946 var hér síldarleysi og beituskortur í landinu. Af þessu höfðu menn eðlilegar miklar áhyggjur og því gripu menn til þessa ráðs. Nú hafa aðstæðurnar auðvitað breyst og möguleikar til þess að afla beitu, bæði vegna vaxandi síldveiða ár frá ári og þess að auðveldara er að afla með innflutningi beitu. Ég tel hins vegar að eftir sem áður, þótt Alþingi muni stíga það afdrifaríka skref að leggja niður beitunefnd að ósk hennar sjálfrar, þá sé eðlilegt að upplýsingar um stöðu beitumálanna liggi fyrir hjá Fiskifélagi Íslands. Það var raunar gert ráð fyrir því í texta athugasemdanna við lagafrv. að þó að menn kunni að telja að starfi og hlutverki þessarar nefndar sé lokið og það sé niðurstaða nefndarinnar sjálfrar, þá er því engan veginn lokið að menn rói til fiskjar og þurfi að hafa næga og góða beitu hvort sem um er að ræða íslenska síld eða ef svo lánlega vill til að smokkfiskurinn gangi á miðin við Ísland. Það hefur oft gerst í kjölfar suðvestanáttar sem hefur raunar verið ríkjandi hér í vetur og gæti kannski bent til þess, ef þetta veðurfar heldur áfram, að sú gæti orðið raunin á næsta ári þótt ekki vilji ég fara að spá svo langt fram í tímann. Það gefur það auga leið að upplýsingar um stöðu beitumála í landinu þurfa að liggja fyrir og þess vegna ekki óeðlilegt að það hlutverk, sem ekki þarf að verða mjög viðurhlutamikið í starfsemi Fiskifélags Íslands, sé falið þeirri ágætu stofnun.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að hér er runnin upp söguleg stund og í máli síðasta ræðumanns var að finna mikinn söknuð vegna þessarar merkilegu nefndar sem á að leggja niður. Ég hafði hugsað mér að fagna því að hér væri verið að hreinsa til í lögum og leggja niður óþarfa starfsemi. En það lá við að mér snerist hugur þegar ég heyrði ræðu síðasta ræðumanns, ekki síst það að nefndin hefði verið skipuð Vestfirðingum eingöngu sem sýnir það náttúrlega að þetta er svo merkilegt fyrirbæri að það er spurning hvort það er við hæfi af sögulegum orsökum að leggja niður svo merka nefnd.

Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns og máli hæstv. ráðherra byggir þessi nefnd á lögum frá 1946. Það hefur þar af leiðandi verið nýsköpunarstjórnin undir forustu Ólafs Thors sem setti lögin og varð að taka á þessu máli eins og ýmsum fleirum. Eins og menn ættu að vita, þá var þetta með merkari ríkisstjórnum sem hér hafa setið og tók á mörgum merkum málum. Það sem hér hefur verið rakið segir mikla sögu um þróun atvinnuhátta hér á landi og þær miklu breytingar sem orðið hafa. En það breytir því ekki að mér varð hugsað til ýmissa gamalla laga sem enn eru í gildi og eiga rætur að rekja allt til Jónsbókar. Hér er auðvitað ekki um svo gömul lög að ræða en þó að það sé sögulega skemmtilegt að hafa gömul lög í gildi þá ber auðvitað að fagna því að hreinsað sé til í lagakerfinu. Því lýsi ég stuðningi mínum við þetta frv. þó að ég taki undir söknuð síðasta ræðumanns.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka góðar undirtektir hv. þm. við málið. Ég skil mjög vel söknuð þeirra gagnvart þeirri nefnd sem hér er verið að leggja niður. En því fremur þykir mér nú vænt um stuðning hv. 3. þm. Vestf. sem ég hef nokkurn grun um að hann á ungum aldri hafi gert sér nokkrar vonir um að komast í beitunefnd og mátti reyndar ráða af orðum hans að svo hafi verið. Því markverðari er afstaða hans hér og nú með því að sá draumur er vitaskuld úr sögunni þegar þetta frv. hefur verið samþykkt.

Ég ítreka svo þakklæti mitt til hv. þm. fyrir góðan stuðning við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, fyrri umr.

Þáltill. HAJ og JónK, 292. mál. — Þskj. 497.

Flm. (Hrafnkell A. Jónsson):

Herra forseti. Sú tillaga sem ég flyt hér á þskj. 497 er 292. mál þingsins og ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni, lýtur að því að fela hæstv. samgrh. að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Við það verði miðað að jarðgöngin verði þáttur í gerð hringvegarins.

Mönnum kann að þykja það lúta að hefðbundu kjördæmapoti þingmanna þegar þeir flytja tillögur um umfangsmikil samgöngumannvirki. Ég bið þó þá sem skoða vilja þetta mál að líta á það í samhengi við þá byggðaþróun sem nú á sér stað og þá breyttu atvinnuhætti sem Íslendingar búa við í dag. Tengingin á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar er að því leyti frábrugðin annarri jarðgangagerð, sem menn hafa rætt um á undanförnum árum, að það er ekki verið að leysa árstíðarbundin samgöngumál. Það er hægt að komast þessa leið með öðrum hætti án þess að þurfa að fara yfir fjallvegi.

Það sem gerist hins vegar með því að tengja þessi tvö byggðarlög með jarðgöngum er það að hringvegurinn styttist um 32 km og nokkrir þéttbýlisstaðir á Austurlandi geta skapað eina heild svo að á því svæði sem um er að ræða mundi skapast samfellt atvinnu- og þjónustusvæði. Hér er um að ræða sex sveitarfélög sem þann 1. des. 1991 höfðu 3.323 íbúa innan sinna raða.

Skilað var áliti fyrir nokkru síðan af hálfu nefndar sem hæstv. félmrh. skipaði um skiptingu landsins í sveitarfélög. Þar eru gerðar róttækar tillögur um breytingar á núverandi skipan sveitarfélaga þar sem m.a. er talað um það samkvæmt einni tillögunni að sveitarfélögunum í landinu fækki verulega þannig að þau verði 25–30. Það sem ætlunin er að vinna með þessari breytingu er m.a. að skapa sveitarfélögunum í landinu betri skilyrði til þess að sinna þjónustu við íbúa í viðkomandi sveitarfélögum auk þess sem augljóslega yrði um að ræða verulega hagkvæmni í opinberum rekstri. Stór þáttur í að skapa þessi skilyrði er að gera það með breytingum á samgöngukerfinu. Að því lýtur flutningur þessarar þáltill. að könnuð verði ein þeirra leiða sem til greina koma til þess að gera Miðausturland að samfelldu atvinnu- og þjónustusvæði sem hugsanlega gæti síðan leitt til þess að þarna fækkaði sveitarfélögum verulega. Ég vil hins vegar vara við því að ætla að leysa allan vanda hinna dreifðu byggða með því að sameina sveitarfélög. Það er jafnfráleitt og það að ætla að leysa allan vanda atvinnulífsins með því að sameina fyrirtæki. Þarna geta komið upp margvísleg atvik sem gera það að verkum að hagkvæmni stærðarinnar er í sjálfu sér ekki töfralausnin sem um er að ræða.

Ég hef vakið athygli á því að hin opinbera, samfélagslega þjónusta gæti orðið mun hagkvæmari með því að leysa samningamálin á þennan hátt og nota uppbyggingu samgangna sem lið í því að skapa okkur hagkvæmara, betra og ódýrara samfélag. En auðvitað koma fleiri atriði til. Það má ekki gleyma því að með styttri vegalengdum minnkar vitaskuld allur kostnaður við umferð. Og þó að ég segði hér áðan að hagkvæmni stærðarinnar væri ekki endilega alltaf töfralausnin í því að breyta atvinnulífinu á þann veg að það verði hagkvæmara þá skapar þetta vissulega meiri möguleika í atvinnulífinu á þessu svæði eins og gerist alls staðar þar sem byggð eru samgöngumannvirki sem auðvelda samskipti manna á meðal.

Tillaga þessi er flutt m.a. af þeirri ástæðu að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur það á sinni stefnuskrá að hraða lagningu bundins slitlags á hringveginn. Það er mikið atriði og skiptir verulegu máli nú þegar hver einasta króna sem eytt er í opinberar framkvæmdir skiptir máli. Þá er mjög mikilsvert að þær framkvæmdir sem unnið er að séu með þeim hætti að þær nýtist sem best þegar til lengri tíma er litið. Það er vissulega hægt að fara í ódýrari lausnir sem kosta minna meðan verið er að framkvæma hlutina en munu þegar til lengri tíma er litið verða dýrari. Þess vegna tel ég að þó að við getum fundið ódýrari lausnir til þess að ljúka lagningu slitlags á hringveginn á því svæði sem um er að ræða, þ.e. á veginn milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þá tel ég það mjög brýnt að þessi leið verði skoðuð jafnframt þannig að hún verði alla vega inni í myndinni þegar ákvörun verður tekin í þessu.

Ég vil síðan taka það skýrt fram að ég tel mikinn mun á því þegar verið er að leita lausna í samgöngumannvirkjum hvort verið er að byggja upp ódýrari og betri samgöngur, stytta leiðir á milli staða eða hvort verið er að leysa byggðarlög úr fjötrum einangrunar um lengri tíma. Ég tel að þessu tvennu megi ekki blanda of mikið saman. Það er auðvitað tilhneiging til þess vegna þess hvernig skiptingu vegafjár er háttað. Oft er dæmið sett upp þannig: Komi framlag í þessa tilteknu framkvæmd eða í þetta tiltekna kjördæmi þýðir það að þið fáið ekki fjármagn til einhverra annarra framkvæmda í sama kjördæmi. Ég vona að þetta sjónarmið sé á undanhaldi vegna þess að þegar til lengri

tíma er litið mun það ekki leiða til hagkvæmustu lausna. Þess vegna vænti ég þess að hv. samgn., sem væntanlega fær þessa þáltill. til umfjöllunar, muni líta á þetta sem lið í því að loka hringveginum en ekki sem hluta af einhverri kvótaskiptingu fjármagns til stórframkvæmda á milli landshluta.

Ég legg síðan til að þáltill. sé vísað til hv. samgn. og síðari umr.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisverð tillaga sem hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson flytur hér, einkum og sér í lagi vegna þess úr hvaða flokki hann kemur. Eins og kunnugt er hefur núv. ríkisstjórn beitt sér mjög hart fyrir því að skera niður framlög til framkvæmda og félagslegrar þjónustu, menntamála, heilbrigðismála, félagsmála og jafnvel dómsmála. Löggan er orðin svo fámenn að það horfir til vandræða. Á sama tíma og þetta er hin yfirlýsta stefna Sjálfstfl. kemur hér framfarasinnaður þingmaður stjórnarliðsins af Austurlandi og leggur til að farið verði í jarðgöng sem kosta þó nokkuð mikla upphæð, 2,5 milljarða eða hvað það nú er. Ég er ekki að nefna þetta hér vegna þess að ég telji ástæðu til þess að gagnrýna þingmanninn heldur þvert á móti. Ég held að miðað við núverandi aðstæður í efnahagsmálum væri að mörgu leyti skynsamlegt að hraða verulega framkvæmdum í vega- og samgöngumálum í landinu frekar en að skera niður. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér í þessu sambandi hvernig staðan er t.d. á halla ríkissjóðs á Íslandi í samanburði við ríkissjóð annarra landa. En þingmenn stjórnarflokkanna hafa í raun og veru réttlætt niðurskurðinn í heilbrigðiskerfinu og niðurskurðinn í menntakerfinu með því að ríkissjóður stæði svo illa miðað við ríkissjóði yfirleitt að við þyldum það ekki og skuldir á mann væru svo gríðarlega miklar að það væri óþolandi.

Staðreyndin er sú að þegar hallinn á ríkissjóði Íslands er borinn saman við hallann á ríkissjóði annarra landa á síðasta ári, og jafnvel þótt teknar séu trúanlegar þær gríðarlegu tölur sem fjmrh. hefur verið að gefa upp, þá er það augljóst að hallinn á ríkissjóði Íslands er miklu minni en gerist hjá þjóðum með sambærileg hagkerfi. Þess vegna er afsökun þingmanna Alþfl. fyrir því að standa að niðurskurði í heilbrigðismálum og fleiru með því að hallinn á ríkissjóði sé svo mikill algerlega út í hött.

Hitt atriðið blasir svo líka við í þessu efni að þegar samdráttur verður hjá þjóðinni, þegar þjóðartekjur lækka, þegar atvinnuleysi blasir við þúsundum manna, meira atvinnuleysi en við höfum þekkt um áratuga skeið og þegar hér í þingsalnum sitja a.m.k. tveir þekktir verkalýðsleiðtogar, af Austurlandi og af Vestfjörðum, þá hlýtur maður auðvitað að velta því fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt, einmitt við núverandi aðstæður, að fallast á það að framkvæmdum í vega- og samgöngumálum verði flýtt sérstaklega. Jarðgangaframkvæmdum t.d. á Vestfjörðum verði ekki seinkað heldur flýtt og ekki verði seinkað undirbúningi við vinnu jarðganga á Austfjörðum heldur flýtt.

Að því er þessi mál varðar þá er kannski rétt að rifja það upp, sem er einkar ánægjulegt, að þegar ákvarðanir voru teknar um uppbyggingu fyrstu jarðganganna voru það þannig að Austfirðingar studdu það heils hugar, m.a. þingmenn Austfjarða ef ég man rétt, að byrjað yrði á framkvæmdum á Vestfjörðum. Og ég tel að þessi afstaða austfirskra þingmanna hafi í raun verið til fyrirmyndar og ætti að geta slegið á kenningar um hrepparíg og hreppapot sem oft eru hafðar uppi um afstöðu þingmanna landsbyggðarinnar. En það þýðir auðvitað að Austfirðingar hljóta að vera næstir á blaði og þeir þurfa auðvitað að gera það upp í sínum hóp í hvaða röð þeir ákveða að fara í verkefnin án þess að ég ætli neitt að blanda mér í það á þessu stigi málsins.

Hitt er ánægjulegt og ástæðan til þess að ég kveð mér hljóðs að þingmaður Sjálfstfl. sér út fyrir niðurskurðarhauga núv. ríkisstjórnar, viðsýnn þingmaður, kemur hér inn í fyrir Sjálfstfl. loksins, og er það framför, og ákveður að gera tillögu um að auka hér dálítið við. Þetta er framfarasinnaður maður og hefði verið fróðlegt að heyra svoleiðis viðhorf t.d. úr Alþfl. en það virðist vera alveg borin von að heyra nokkurt slíkt kvak úr þeim flokki. Kemur ekki maður frá íhaldinu, að vísu með ágætan bakgrunn og sæmilega uppalinn pólitískt verð ég að taka fram. Þeir hafa gefist ágætlega, þessir menn sem hér sitja inni fyrir ýmsa flokka en eru aldrei uppi á réttum stöðum, gefist prýðilega eins og hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, svo ég nefni nú tvo snillinga sem einna fremstir ganga í þessum hópi, úr þessum klakstöðvum.

Staðreyndin er sú að niðurskurðarpólitík ríkisstjórnarinnar eins og hún hefur birst er að fara mjög illa með þjóðina. Í Pressunni í dag birtist skoðanakönnun á vegum Skáís þar sem segir frá því að tæplega helmingur Íslendinga vilji helst fara úr landi, vilji helst fara burtu. Það segir sína sögu um viðhorf þjóðarinnar um þessar mundir. Svartsýni er ríkjandi, það er svartsýni og bölmóður ríkjandi því miður. Þess vegna þurfum við hér bjartsýna stjórnarstefnu sem þorir að ganga til verka í samræmi við almennar forsendur efnahagslífsins, hefur heildaryfirsýn og lætur ekki niðurskurðinn blekkja sig til óhæfuverka á öllum sviðum eins og nú er að gerast. Ég tel að hér sé þess vegna hreyft mjög mikilvægu máli. Það er athyglisverð ábending sem fram kemur í þáltill. að við það verði miðað að jarðgöngin verði þáttur í gerð hringvegarins. Með þessu er hv. þm. auðvitað að mælast til að jarðgöngin verði ekki reiknuð inn á kvóta Austfjarða. Við þekkjum auðvitað þann vanda sem dreifbýlið hefur oft staðið frammi fyrir að þessu leytinu til þegar um hefur verið að ræða stórframkvæmdir í vegamálum í einstökum byggðarlögum. T.d. á Vesturlandi, þegar brúin yfir Borgarfjörð var byggð, var hún talin Vesturlandi til tekna þó að þar væri auðvitað um að ræða samgöngubætur fyrir þjóðina alla. Fleiri dæmi af því tagi mætti nefna. Hér er einnig hreyft mjög athyglisverðri hugmynd að því leyti að taka ætti þessa framkvæmd jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar eða jarðgangafram-

kvæmd af svipuðu tagi út úr Austfjarðþakkanum og gera þetta að hluta af hinum almennu framkvæmdum í vegamálum, þeirra vega sem engin atkvæði eiga, eins og menn kölluðu það stundum hér. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson nefndi það stundum því nafni þegar kom að skiptingu vegafjár. Þess vegna er hér hreyft ákaflega þýðingarmiklu máli og ég vona að hv. þingnefnd taki þessu vel og meti sérstaklega hvort hugsanlegt er að taka einstakar framkvæmdir af þessu tagi út úr skiptingu hins almenna vegafjár. Að vísu hefur það gerst stundum. Framlögin til svokallaðra Ó-vega, þ.e. Ólafsfjarðarganganna, Óshlíðar og Ólafsvíkurennis, voru tekin út úr hinni almennu skiptingu um skeið svo það er í sjálfu sér ekkert nýtt. En það er athyglisvert að hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson, þingmaður Sjálfstfl., skuli hreyfa máli af þessu tagi, sem er auðvitað fullkomið stílbrot við stefnu Sjálfstfl., en einmitt þess vegna er því fagnað hér sérstaklega.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu þáltill. frá tveimur hv. þm. Austurl., Hrafnkeli A. Jónssyni og Jóni Kristjánssyni, um að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Er ekkert nema gott um það að segja og að sjálfsögðu get ég lýst stuðningi við það að slík könnun far fram. Ég mætti sjálf á fund á Fáskrúðsfirði ekki alls fyrir löngu og mér er vel kunnugt um áhuga fólks á þessu svæði fyrir jarðgöngum. En það er ein spurning sem mig langar til að bera upp við hv. frsm. og hún er sú hvort þingmennirnir séu með þessum tillöguflutningi að taka afstöðu eða forgangsraða á einhvern hátt jarðgangagerð á Austurlandi. Mér er kunnugt um að það er nokkuð viðkvæmt mál og eftir því sem ég best veit hafa samtök sveitarfélaga á Austurlandi ekki treyst sér til þess enn sem komið er að forgangsraða því að það er satt að segja um nokkuð marga staði að ræða þar sem Austfirðingar hafa áhuga á að bora göt í gegnum fjöll. Þess vegna ber ég nú upp þessa spurningu við hv. þm.

Flm. (Hrafnkell A. Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir við meginmálið. Eins þakka ég hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir afskaplega hlý orð í minn garð og með skírskotun til fortíðarinnar. Ég vil segja hv. þm. Svavari Gestssyni það að Sjálfstfl. er upp til hópa ákaflega framfarasinnaður hver svo sem bakgrunnur hv. þm. flokksins eru. Þetta veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson gerir sér grein fyrir þó hann vilji láta annað í veðri vaka. Hann talar um skipbrot þegar ég legg tillöguna fram. Ég get sagt hv. þm. og öðrum það að mér er fyllilega ljóst að á meðan verið er að taka til í ríkisfjármálunum eftir viðskilnað hv. þm. verður e.t.v. ansi þröngt um að ráðist verði í stórar framkvæmdir af þessu tagi.

Ég vil segja frá því að ég leitaði mér upplýsinga hjá Vegagerð ríkisins um lauslega kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar varðandi þessa framkvæmd. Hún mundi kosta 1.850 millj. kr. og vissulega er þar um að ræða stórar upphæðir. Ég tók það líka fram að aðrar ódýrari leiðir eru vissulega fyrir hendi en því flyt ég þessa tillögu að mér finnst mjög brýnt að þegar tekin verður endanleg ákvörðun um uppbyggingu hringvegarins á þessu svæði verði þess leið líka könnuð jafnvel þótt hún sé dýrari. Það er hægt, eins og áformað er, að leggja veginn frá Fáskrúðsfirði út fyrir Vattarnes og til Reyðarfjarðar. Vegurinn yrði 32 km lengri og hann yrði ekki sú lyftistöng sem jarðgöng yrðu fyrir byggðirnar á Miðausturlandi.

Það er líka hægt að leggja hringveginn yfir Breiðdalsheiði eins og þjóðvegur 1 liggur í dag. Með þeirri lausn væri verið að leggja fjallveg. Það mundi að vísu stytta allnokkuð leið Breiðdælinga og annarra Austfirðinga sem búa sunnar til Egilsstaða og það mundi stytta hringveginn í einhverjum mæli en það mundi ekki vera sú upplyfting fyrir byggðirnar sem jarðgöngin eru.

Þriðja leiðin sem aðeins hefur komið til umræðu nú á einustu vikum lýtur að því að leggja veg upp úr Berufirði og yfir fjallveginn Öxi ofan í Skriðdal. Þar væri um að ræða umtalsverða styttingu hringvegarins. Það mundi skapa verulega breytta aðstöðu fyrir byggðirnar við Berufjörð og þar fyrir sunnan en tvennt mælir á móti því sem leið til þess að ljúka hringveginum. Í fyrsta lagi að veginn yrði að leggja yfir fjallveg og í annan stað að byggðirnar norðan Berufjarðar nytu ekki góðs af þeirri leið.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, þá treysti ég mér ekki til að svara hér fyrir hv. 2. þm. Austurl. sem er nú kominn í salinn og ég vænti að muni svara fyrir sig sjálfur. Ég get sagt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur það að ég tel mig ekki vera að gera hér tillögu um forgangsröð jarðganga á Austurlandi. Fram kemur í þáltill. að lagt er til að þetta verði kannað með það fyrir augum að það verði þáttur í gerð hringvegarins. Sú jarðgangagerð sem Austfirðingar hafa talað um og hefur kannski verið mest uppi á seinustu missirum hefur lotið að því að rjúfa vetrareinangrun byggða eins og Neskaupstaðar, Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar. Ég reyndi, þó að það hafi e.t.v. ekki verið nógu skýrt, í minni framsögðu að koma því sjónarmiði að að þarna yrði að leggja tvenns konar mat á þessar framkvæmdir, annars vegar að ljúka hringveginum, hins vegar það sjónarmið sem m.a. var uppi þegar göngin til Ólafsfjarðar voru gerð og það sjónarmið sem haft var til hliðsjónar við gerð Vestfjarðaganganna, þ.e. að rjúfa vetrareinangrun byggða og koma þeim í heilsárstengingu við hringveginn. Af þeirri ástæðu vil ég að það komi skýrt fram af minni hálfu að hér er ekki verið að taka afstöðu til forgangsverkefna hvað varðar þessi markmið en ég tel mjög brýnt að þegar tekin verður endanleg ákvörðun um hvernig hringveginum á þessu svæði verði lokið, þá verði þessi sjónarmið tekin til athugunar líka. Við megum ekki ævinlega spara eyrinn og kasta krónunni. Það gerum við gjarnan þegar við erum að velja ódýru lausnirnar sem allir sjá að til lengri tíma munu verða dýrari og skila þjóðfélaginu minna. Ég lít svo á að ef því verður hafnað að stytta þessa leið verðulega, ef því verð-

ur hafnað að skapa á Miðausturlandi samfellt verslunar- og þjónustusvæði, eins og hægt er með þessari framkvæmd, að þá séu menn að spara eyrinn og kasta krónunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar að lýsa yfir stuðningi mínum við þá tillögu sem hér er til umræðu. Að sjálfsögðu á slík rannsókn að fara fram og við eigum að hraða vegagerð mjög umfram það sem gert hefur verið. En þetta leiðir athygli mína að því að fyrir um það bil hálfum öðrum áratug samþykkti Alþingi í heild sinni frv. til laga um happdrættislán vegna norðurvegar og austurvegar. Þá var gert ráð fyrir að ljúka þeim vegi á fjórum árum, þ.e. veginum frá Reykjavík til Akureyrar fulluppbyggðum og að miklu leyti með föstu slitlagi, eins og það var þá kallað, og á hinn bóginn veginum frá Reykjavík til Egilsstaða. Vegurinn fékk þá nafnið hringvegurinn. Frv. fluttu þingmenn úr öllum flokkum og ég held að ég megi fullyrða að það hafi verið samþykkt einróma. Það kom í kjölfar þess að lokið var happdrættisláni vegna vegar um Skeiðarársand sem Jónas Pétursson þáv. þm. flutti og fékk samþykkt.

Þá eins og nú var farið að tala um það að við hefðum ekki efni á þessu, reyndar ekki alveg strax. Fyrst voru teknir peningar í Borgarfjarðarbrúna, sem var auðvitað gott verk, af þessum peningum því að sérfjárveiting dugði ekki. Það var kannski ekki mikið við því að segja þótt verkið drægist eitt eða tvö ár vegna Borgarfjarðarbrúar sem auðvitað var mjög nauðsynleg líka. En síðan varð lítið úr framkvæmd þessara laga sem raunar voru lengi í gildi og eru eflaust í gildi enn þá. En þá voru röksemdirnar sem sagt þessar: Íslendingar hafa ekki efni á þessu. Það eru engir peningar til.

Nú eru peningar aðeins ávísun á verðmæti, raunveruleg verðmæti og Íslendingar hafa auðvitað aldrei verið eins ríkir og í dag. Þess vegna þýðir ekkert að segja manni að það séu ekki til peningar til að ljúka slíkum nytjaframkvæmdum sem þessum. Sú röksemd má ekki ráða ríkjum hér í þinginu. Og auðvitað er það mesta tap þjóðarinnar sem hugsast getur að gera ekki slíka hluti sem eru arðvænlegir heldur horfa jafnvel upp á atvinnuleysi eða iðjuleysi fólks. Þetta allt saman kom fram í þeim umræðum sem urðu þá og þingmenn voru á einu máli um að þessu ætti að framfylgja.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég var þingmaður fyrir dreifbýlið þegar ég flutti þetta frv. sem 1. flm. Reykvíkingarnir studdu það ekki síður en þeir sem voru búsettir annars staðar. Þeir skildu þetta þá og þeir skilja það enn. Þess vegna þarf ekki að vera neinn rígur á milli byggðarlaga um þetta. Stuðningur Reykvíkinga við það að hraða vegaframkvæmdum er alveg óruggur. Ég held að þess vegna mætti þáltill. vera miklu víðtækari en hún er nú. En við skulum láta það gott heita. Þessi umræða mun halda áfram í vetur og næsta vetur og við munum auðvitað keppa að því að auka auðlegð þjóðarinnar með því að skapa nægilega miklar athafnir í landinu, ekki með því að þær séu of litlar.

Ísland er ríkasta land heimsins, langsamlega ríkasta í öllu tilliti, og við höfum vel efni á þessu. Við verðum einmitt að nýta allt mannafl í þjóðfélaginu til góðra verka og þar á meðal er auðvitað vegagerðin þótt fyrst og síðast sé það auðvitað fiskurinn, fiskimiðin sem við verðum að tryggja okkur, á Reyjaneshrygg, í Norðurhöfum og víðar og verður væntanlega komið í framkvæmd á þessu ári á næstu vikum og mánuðum. Við erum e.t.v. það rík að við höfum efni á því að gera ekki svona hluti. Þótt við séum moldrík, þá erum við ekki svo rík að við getum farið að geyma okkur vinnuafl og fjármagn í staðinn fyrir að nota hvort tveggja.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þá tillögu sem hér liggur fyrir sem hv. 3. þm. Austurl. er 1. flm. að en ég meðflm. Á Austurlandi er að störfum svokölluð jarðganganefnd sem á að skila áliti um hentuga kosti að jarðgöngum á Austurlandi og jarðgangastæði. Það má kannski spyrja af hverju þessi tillaga er flutt sérstaklega, hvort störf þessarar jarðganganefndar séu ekki nóg og hvort í þessu felist einhver forgangsröðun. Ég gat því miður ekki verið við upphaf þessarar umræðu en ég frétti að hún hefði beinst inn á þær brautir hvort með þessu væri verið að leggja áherslu á að byrja á þessum jarðgöngum. Ég lít ekki svo á að í þessu felist nein forgangsröðun verkefna.

Í vegamálum er nokkuð bryddað á breyttri hugsun sem hefur þróast með vaxandi samgöngum og styttingu aksturstíma milli byggðarlaga með malbikuðum vegum. Sú hugsun er að þróast hvort með vegagerð megi breyta atvinnusvæðum og þjónustusvæðum og mynda nýjar heildir sem verði sterkari en þær sem fyrir eru. Satt að segja held ég að það skipti nú orðið mjög miklu máli fyrir landsbyggðina að huga að þessum málum, sú sveitarfélagaskipan sem nú er þarfnast breytinga. Landsbyggðarmenn þurfa að skipa sér í sterkari heildir og samgöngurnar eru stór þáttur í því. Það hefur borið á því að hér hefur komið upp umræða um hvernig hringvegurinn eigi að liggja og umræður verið um styttingu á honum, styttingu leiðarinnar kringum landið. Stuðningur minn við þessa tillögu byggist á því að mér finnst sjálfsagt að þessi vegagerð sé einn þáttur í umræðunni. Ég geri mér alveg ljóst að þessi mál eru viðkvæm þegar þau ber á góma, ekki síst forgangsröðun verkefna á Austurlandi. Þegar tillaga jarðganganefndar liggur fyrir verður málið athugað en mér finnst eigi að síður nauðsynlegt að þessi kostur fylgi með í umræðunni um legu hringvegarins. Með því er engan veginn verið að draga úr mikilvægi annarra vega og ekki úr mikilvægi annarrar jarðgangagerðar. En þetta eru framtíðarmál sem við erum að ræða hér. Og þetta eru það miklar framkvæmdir að það er nauðsynlegt að gera sér sem allra besta grein fyrir málum og hvaða áhrif þau munu hafa. Það eru engar smáframkvæmdir sem hér er um að ræða og það skiptir miklu máli að vandað sé til alls undirbúnings og kannanir séu sem vandaðastar. Á því byggist það að ég

skrifaði upp á þessa tillögu og ég er engan veginn að láta í ljós skoðun á forgangsröð verkefna á Austurlandi með því.

Við höfum í jarðgangagerð hingað til farið eftir þeirri hugsun fyrst og fremst að rjúfa einangrun byggðarlaga. Eigi að síður erum við t.d. með jarðgangagerð á Vestfjörðum og þá er hugsunin að stækka atvinnusvæði og þjónustusvæði og við bindum miklar vonir við jarðgangagerð þar vestra, að hún lyfti þeim landshluta og skapi þar sterkari heild og annað umhverfi. Þess vegna höfum við á Austurlandi mikinn áhuga á því að vera með og koma á eftir næstir í röðinni þegar stórframkvæmdum lýkur vestra og er nauðsynlegt að undirbúa það sem best.

Ég vil að lokum ítreka að stuðningur minn við þessa tillögu byggir á því að mér finnst rétt og sjálfsagt að þessi kostur sé með í umræðunni og menn geti gert sér ljósa grein fyrir því hvað hann kostar og hvaða leiðir eru heppilegastar þegar ákveðin er lega hringvegarins í kringum landið.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill skýra frá því hvernig fundahöldum verður háttað hér. Fundinum verður slitið kl. 5. Það stendur til að framsaga í 11. og 12. máli verði flutt. Verður þessari umræðu frestað en áður en það verður gert mun hv. 9. þm. Reykv. taka til máls og flytja stutt mál.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Forseti hafði beint því til mín að tími væri stuttur vegna þess að tveir hv. varaþingmenn þyrftu að mæla fyrir sínum málum sem ég hafði ekki áttað mig á fyrr. Ég mun því stytta mál mitt mjög til að greiða fyrir því að þessi tillaga komist til nefndar, þ.e. tillaga tveggja hv. þm. Austurl., og segja um leið að ég fagna sérstaklega þeirri ræðu sem hv. 4. þm. Reykv. flutti hér áðan vegna þess að hún minnti mig á þá tíma þegar hann var að flytja frv. um happdrættislán vegna hringvegarins, mig minnir að það hafi heitað því nafni. Það breytti náttúrlega mjög verulegu hér um framkvæmdahraða í vegamálum og hafði ekki aðeins áhrif á hringveginn sem slíkan heldur á vegaframkvæmdir og hugsun í vegamálum á Íslandi yfirleitt. Ég held að það sé sú hugsun sem menn þurfi að temja sér einmitt núna þegar hlutirnir standa jafnilla og raun ber vitni um og við erum með mörg þúsund manns á atvinnuleysisskrá.

Ég held því reyndar fram, virðulegi forseti, að sú stefna ríkisstjórnarinnar að skera niður og skera aftur niður þýði í raun að ríkissjóður standi verr eftir en áður vegna þess að þeir fjármunir og þau verðmæti sem fólk er að skapa með vinnu sinni, hjá ríkinu líka, skilar sér aftur til ríkisins. Með öðrum orðum er ég að halda því fram, virðulegi forseti, að þegar grannt er skoðað sé sá niðurskurður á samneyslu í heilbrigðismálum og menntamálum í rauninni þannig að hann komi ríkinu í koll. Ég skora á stjórnarliða sem hér eru að velta því fyrir sér hvort þetta er ekki þannig, að menn séu að skera niður eiginlegar tekjur ríkisins þegar þeir þykjast vera að spara.

Ég endurtek að ég hafði lofað að tala hér mjög stutt mál og stend við það og endurtek þakkir mínar til hv. þm. Hrafnkels A. Jónssonar fyrir að hafa gerst stílbrjótur í Sjálfstfl. sem vonandi bendir til þess að hann sé á ný lagður af stað og aftur heim til sín.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framþróun sjávarútvegsbyggða, fyrri umr.

Þáltill. SE, 308. mál. — Þskj. 513.

Flm. (Sveinn Þór Elinbergsson):

Virðulegur forseti. Ég ber hér fram till. til þál. á þskj. 513 um framþróun sjávarútvegsbyggða en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu um framþróun sjávarútvegsbyggða sem byggð verði á samnýtingu þeirra á aflaauðlindinni annars vegar og framleiðslu- og þjónustuframboði strandbyggða sem að henni liggja hins vegar.

Stefnt skal að því að leggja stefnumótun þessa fram við upphaf 116. löggjafarþings."

Í greinargerð með þessari þáltill. segir svo:

„Miklir erfiðleikar steðja nú að mörgum sjávarútvegsbyggðum þar sem sjávarútvegsfyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og önnur eiga í talsverðum rekstrarerfiðleikum. Þetta ástand samhliða sífellt þrengri aflaheimildum skapar víða mikla óvissu og stöðnun í nauðsynlegri framþróun höfuðatvinnugreinar þessara byggða við þær nýju aðstæður í markaðs- og efnahagsmálum sem fram undan eru. Markmið nýrrar stefnumótunar ríkisvaldsins og nýrra áherslna væri að mæta núverandi erfiðleikum margra sjávarútvegsbyggða og fyrirtækja ásamt því að stuðla að tímabærum breytingum til aðlögunar að nýjum aðstæðum í atvinnu-, efnahags- og markaðsmálum.

Öllum er ljóst að vandi þessi er ekki einasta vandi viðkomandi fyrirtækja heldur um leið þess sveitarfélags er í hlut á og þar af leiðandi þess fólks sem þar býr og byggir flest lífsafkomu sína á veiðum og vinnslu. Ný stefnumörkun og nýjar áherslur á framþróun í þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar hljóta því fyrst að byggjast á núverandi ástandi og horfum. Því er rétt að hún taki jafnt til fyrirtækjanna og þeirra sveitarfélaga sem byggja afkomu sína nær einvörðungu á veiðum og úrvinnslu aflans ásamt þeirri þjónustu er í kringum það skapast. Nú er svo komið víða á strandbyggðinni að mikill vandi steðjar að sveitarfélögum og um leið búsetuskilyrðum fólks því að gjaldþrotum og lokunum sjávarútvegsfyrirtækja fjölgar stöðugt.

Mörg sveitarfélög hafa brugðist við þessu ástandi á ýmsa vegu, m.a. með því að breyta skuldum þessara fyrirtækja í hlutafé og eru þau þannig orðnir þátttakendur í atvinnulífinu á viðkomandi stað. Dæmi eru um sveitarfélög sem gerst hafa beinir þátttakendur með kaupum á skipum og aflaheimildum til að halda aflaheimildum í byggðinni; önnur hafa veitt ábyrgðir á lán

til fyrirtækja; enn önnur bíða átekta. Slík þróun, að sveitarfélög neyðist til þátttöku í atvinnulífinu með einum eða öðrum hætti, hlýtur að teljast óæskileg.

Í þessum sveitarfélögum eru og hafa verið drýgstu þættir í verðmætasköpun undanfarinna áratuga. Víða blasir nú hins vegar við að réttur fólks til atvinnu er orðinn aðþrengdur. Því þarf nú þegar að grípa til ráðstafana sem duga til frambúðar. Þess vegna er þörf á stefnumörkum sem taki mið af nýjum og breyttum aðstæðum í þessu tilliti.

Markmið þeirrar stefnumörkunar hljóta því að mótast af samnýtingu fjárfestinga í mannvirkjum, vélum og tækjum, höfnum og þeim þjónustuþáttum sem fyrir eru ásamt rýmkun atvinnusvæða stéttarfélaga samhliða rýmkaðri og breyttri svæðaskiptingu sveitarfélaga til að skjóta styrkari stoðum undir sterka og vaxandi byggðakjarna þar sem svo háttar til. Slíkt hefði í för með sér fækkun fyrirtækja en tæki um leið tillit til nýrra möguleika í framleiðsluháttum og markaðssetningu. Síðast en ekki síst næði slík stefnumörkun til nýrra áherslna í samgöngumálum hvað varðaði hafnarmannvirki, vega- og flugsamgöngur sem gerði stærri og sameinuð svæði hæfari og betur í stakk búin til betri nýtingar hráefnis og framleiðsluþátta sinna um leið og þau nýttu sér frekari kosti í markaðsvæðingu þar sem eru fiskmarkaðir og góð vega- og flugsamgöngumannvirki.

Því má segja að saman fari frekari uppstokkun atvinnufyrirtækja til aukinnar og tímabærrar hagræðingar ásamt því að losa um þá stöðnun er nú ríkir og auðvelda sjávarútvegsbyggðunum nauðsynlega aðlögun að nýjum aðstæðum er kunna að skapast á næstu árum í efnahags- og markaðsmálum til aukins hagvaxtar í formi meiri verðmætasköpunar í íslenskum sjávarútvegi."

Virðulegur forseti. Málatilbúnaður þessi er hér fram borinn vegna ófremdarástands sem víða hefur skapast í strandbyggðum landsins í atvinnulífi nokkurra hefðbundinna sjávarútvegsstaða, þar sem tilverurétti þeirra er ógnað og sífellt þrengir að atvinnurétti fólks og þá sérstaklega í fiskvinnslu og hins sem bíður handan hornsins að aflokinni nauðsynlegri hagræðingu fyrirtækja í veiðum og vinnslu til þeirra mögulegrar framþróunar sem gæti átt sér stað ef rétt verður á málum haldið næstu missirin og árin. Til þess að svo megi verða verða stjórnvöld að gera ráðstafanir í tæka tíð svo við missum ekki af tækifærum til framþróunar þessara arðbæru byggða sem lengi hafa skapað drýgstan hluta þjóðartekna og hafa ekki látið helgidaga eða háttatíma stöðva sig í verðmætasköpun til þjóðfélagsins. Það gerist best með stefnumótun ríkisstjórnar um hvernig best verði að málum staðið, með því að móta einhvern þann ramma sem gæfi stefnuna með ýmsum hætti, byggða á óyggjandi hlutlægum upplýsingum um núverandi stöðu mála þar sem tekið yrði til grundvallarþátta sem er atvinnuréttur fólks og samhæfing á stöðu byggðarlaga. Ég trúi því og treysti að núv. ríkissjórn dragi upp framtíðarlínur um mögulega framrás þessa aðalatvinnuvegs landsmanna.

Virðulegur forseti. Ég minnist þess að hafa heyrt af umræðum á Alþingi fyrir nokkrum vikum um efnahags- og atvinnumál þar sem hæstv. forsrh. hafi viðhaft orð í þá veru að ríkisstjórnin væri að plægja akurinn til nýrrar sáningar í þessum efnum, og enn fremur hæstv. viðskrh. viðhafa þau orð í sömu umræðu að þegar sáning hefði farið fram yrði að vinna málum fram að yfirveguðu og vel athuguðu máli. Þess vegna er rétt að strax hefjist mótun stefnu sem aðilar atvinnulífs taki mið af þegar möguleikar greinarinnar verða greindir. Annars blasir ekkert annað við en áframhaldandi stöðunun krydduð af gjaldþrotum sífellt fleiri fyrirtækja með hverjum mánuðinum sem líður.

Margir þættir hljóta að koma þarna við sögu. Ég nefni nýja markaðssókn í nýjum og fleiri ferskfiskmörkuðum í framtíðarskipan Evrópu, jafnvel á fjarlægari stöðum í öðrum heimsálfum, tilkomu og aðlögun fiskmarkaða, nýrra áherslna í samgöngumálum og nýtingu fjárfestinga í þeim samgöngumannvirkjum sem eru flugvellir og frekari flutningatækni, rýmkun atvinnusvæða verkalýðsfélaga ásamt rýmkun á svæðum og svæðaskipulagi sveitarfélaga með sameiningu þeirra þar sem það hentaði. Þá taki stefnumótun mið af stöðu og hlutverki viðkomandi sveitarfélaga sem þurft hafa af illri nauðsyn að grípa til aðgerða vegna óöryggis í atvinnumálum. Auðvitað taki hún mið af endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar og þá nefni ég frekari leiðir um úrvinnslu sjávarafla með það að marki að gera sem mest verðmæti úr sífellt minnkandi afla úr sjó. En ný stefnumótun á fyrst og fremst að benda á möguleikana, ýta undir skynsamlegar ráðstafanir í tæka tíð um leið og hún tekur tillit til kosta þess sem fyrir er ásamt atvinnurétti fólks og byggðarlaga sem um áratuga skeið hafa sérhæft sig í veiðum og vinnslu í landi og á sjó um leið og það hefur byggt upp blómlegar byggðir við sjávarsíðuna.

Virðulegur forseti. Fyrir þetta fólk, fyrir þessi sveitarfélög er það allsendis ný tilfinning að vakna upp við það að það hafi e.t.v. ekki nokkrun arð af þessari rúmlega hálfrar aldar uppbyggingu sinni. Sama fólk, sömu sveitarfélög trúa því og treysta að fram geti farið þróun til nýrra tíma á kostum fólksins og byggðarlaganna.

Virðulegur forseti. Ég ætla nú að ljúka máli mínu en að lokum vona ég að um þessa þáltill. verði góð umræða og enn fremur legg ég til að henni verði vísað til félmn. Alþingis að lokinni fyrri umr.

Umræðu frestað.

Rannsókn á umfangi skattsvika, fyrri umr.

Þáltill. PS, 309. mál. — Þskj. 514.

Flm. (Pétur Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. um rannsókn á umfangi skattsvika sem ég mæli hér fyrir hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna í samvinnu við skattyfirvöld:

1. hvert umfang skattsvika hérlendis sé miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og framtaldar tekjur í skattframtölum,

2. umfang virðisaukaskattssvika og hvaða áhrif undanþágur, sem veittar hafa verið, hafa á tekjur ríkissjóðs af skatti þessum og hvort þær séu misnotaðar.

Niðurstöður skulu liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. október 1992."

Í greinargerð segir:

„Á Alþingi í maí 1984 var samþykkt áþekk þingsályktunartillaga. Þáverandi fjármálaráðherra, Albert Guðmundsson, skipaði síðan á haustdögum það ár vinnuhóp til að vinna þetta verkefni og lagði hópurinn fram skýrslu yfir störf sín og niðurstöður á 108. löggjafarþingi 1985–1986. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hér á landi ættu sér stað víðtæk skattsvik og ekki síst með undanskoti á söluskattsinnheimtu. Áætlað var að þannig yrði ríkissjóður af umtalsverðum tekjum sem stolið væri m.a. af þeim sem lögin gerðu ráð fyrir að væru innheimtuaðilar ríkissjóðs. Talið var að þarna væri um að ræða yfir 20 milljarða króna á verðlagi í dag.

Nú þegar virðisaukaskattur, sem leysti hið hripleka söluskattskerfi af hólmi, hefur verið við lýði síðan 1. janúar 1990 er nauðsynlegt að gera nákvæma könnun á því hvort sú skilvirkni, sem virðisaukaskattinum átti að fylgja, hafi orðið sem skyldi. Einnig hafa reglur um tekjuskattsframtöl og reikningsuppgjör fyrirtækja tekið nokkrum breytingum á síðustu árum sem áttu að einfalda eftirlit skattyfirvalda með hvers konar fjármagnsumsvifum fyrirtækja og einstaklinga.

Þar sem stór hluti af fjárþörf í sameiginlegan sjóð landsmanna er borinn uppi af þessari skattlagningu er mjög brýnt að kanna hvort eðlileg skil séu jafnan gerð og rétt fram talið til skatts. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram borin og óskað eftir skjótum viðbrögðum."

Í umræðum hér í morgun um fyrirspurnir um skattsvik og úrræði gegn þeim urðu töluverðar umræður um það efni sem þessi þáltill. fjallar um og ég heyrði ekki betur en að hæstv fjmrh. tæki vel í að það yrði undinn bráður bugur að því að láta þessa könnun fara fram, enda eru öll efni sem gefa til kynna að það sé nauðsynlegt. Eins og þáltill. ber með sér er farið fram á að ný könnun verði gerð á skattsvikum og þá sér í lagi á þeim tveimur meginþáttum skattaliða sem valdir hafa verið til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Sem betur fer eru flestir landsmenn samþykkir því að framkvæmdir á vegum hins opinbera, samhjálp og lífskjarajöfnun, fari fram með sköttum sem séu sem næst því sem menn bera eftir efnum og ástæðum. Það er þó allt of stór hluti landsmanna sem sýnir það með lífsvenjum og eignamyndun að samhengið milli skattgreiðslna og eigin eyðslu er í hrópandi andstöðu við skattskilin. Þetta ósamræmi milli launafólks og sjálfstæðra atvinnurekenda er svo hróplegt að oft er talað um að tekjuskatturinn t.d. sé eingöngu launamannaskattur. Tilburðir stjórnvalda til þess að efla eftirlit með skattskilum hafa verið ósköp máttlaus og fálmkennd. Vægast sagt hafa þeir ekki verkað trúverðugt á fólk. Og meðan stjórnvöld ná ekki tiltrú fólks í þessum efnum er ekki von til þess að menn taki þátt í því skatteftirliti sem nauðsynlegt er að almenningur stundi.

Það kom í ljós í þeirri skýrslu sem vitnað var í hér áðan að skil á söluskatti og virðisaukaskatti síðar og tekju- og eignarskatti hafa verið í ákveðnum stíganda. Ef við tökum tekjuskattinn t.d. þá voru tekjuskattsskilin eða tekjur ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi 1988 5,9 milljarðar, 1989 8,3 milljarðar, 1990 12 milljarðar og 1991 12,9 milljarðar. Árið 1992 er svo áætlað að hann skili ríkissjóði 14 milljörðum.

Ef við tökum söluskattinn og síðar virðisaukaskattinn, þá eru tölurnar þannig að 1988 var innheimtur söluskattur 29,5 milljarðar, 1989 34 milljarðar, 1990 37 milljarðar og 1991 38,9 milljarðar og nú er gert að fyrir því að 1992 eigi hann að skila ríkissjóði 40,5 milljörðum.

Nú er það greinilegt að í þessari upptalningu hjá mér kemur í ljós að það urðu ekki þau vatnaskil sem búist var við þegar fært var úr söluskattskerfinu yfir í virðisaukaskattskerfið. Það kemur í ljós í þessari margnefndu skýrslu að skattsvik voru veruleg og þá sérstaklega í söluskattinum og umræðan sem varð á næstu árum var einmitt um það að lagfæra þyrfti söluskattskerfið, fella niður undanþágur og breyta síðan yfir í virðisaukaskatt því að þá væri björninn unninn, þá næðum við árangri í þessari innheimtu. En það er greinilegt á þessum tölum, eins og ég sagði áðan, að það hefur ekki orðið. Ég verð að segja eins og er að ég var það bláeygður á sínum tíma þegar þessi skipti urðu. Ég hafði það mikla trú — og hef reyndar enn þá þó hún hafi minnkað við það sem þarna gerðist — á þeim hæstv. fjmrh. fyrrv., bæði Jóni Baldvini Hannibalssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni, að ég hélt að þarna yrðu vatnaskil, ég hélt að þarna yrði aukin innheimta hjá ríkissjóði. Reyndar skal ég taka það fram, og það var í umræðunni, að þessi breyting átti að skila sömu tekjum til ríkissjóðs eins og sagt var. En ég endurtek að það vantaði upp á tekjur ríkissjóðs áður og það átti að skila sér með þessari breytingu.

En nú verð ég að treysta á það að ef þessi könnun fer fram, þá muni hún skila svipaðri niðurstöðu, ég er alveg sannfærður um það og þá verður maður að treysta á það að núv. hæstv. fjmrh. gangi þá í málin og í skrokk á skattsvikurum landsins en ég átti nú ekki endilega von á því að ég þyrfti að beina þeim tilmælum til hans og að hann næði meiri og betri árangri heldur en mínir menn í þessum stól.

Í þessu samhengi hefur oft verið talað um neðanjarðarhagkerfi, dulda efnahagsstarfsemi, nótulaus viðskipti og svarta atvinnustarfsemi og þetta var reyndar hér til umræðu í morgun. Allt þetta eru hugtök sem mikið ber á í umræðunni um skattsvik. Almenningur á að vísu bágt með að átta sig á hvað þau merkja í raun. Þó eru þau í vitundinni tengd óheiðarleika. Meðan hinn venjulegi launamaður verður ekki var við að stjórnvöld aðhafist neitt til þess að uppræta starfsemi af þessu tagi kemur almenningur ekki til liðs í baráttunni við þennan vágest. Auðvitað er almenningur besta skatteftirlitið og almenning þarf að virkja í þessu sam-

bandi. En til þess að fá einstaklinga virka í eftirlitið þarf að gera þeim það mögulegt með virkara eftirliti frá hinu opinbera, auðvelda fólki beinan aðgang að skattstofunum og að á skattstofunum yfirleitt sé starfandi nægjanlegur fjöldi hæfra manna til að sinna þessu eftirliti. En eins og allir vita hefur orðið þarna mjög mikill misbrestur á.

Í þessari skýrslu sem unnin var á vegum Alberts Guðmundssonar var einmitt bent á ýmsar leiðir og sérstaklega undirstrikað að það þyrfti að leggja gífurlega áherslu á að efla skatteftirlitið og fjölga fólki í þeim störfum og mennta það. Sérstaklega var það undirstrikað að mennta fólk í þessum störfum. Við vitum að samkvæmt launakerfi ríkisins og eins og þeim málum er háttað, þá hafa skattstjórarnir ekki fengið nógu menntað fólk til þess að vinna fyrir sig. Aftur á móti er öllum ljóst að skattsvikararnir hafa öll tök á því að ráða til sín hæft fólk til þess að sniðganga skattalögin.

Það er staðreynd að fólk horfir upp á það að eigendur fyrirtækja notfæra sér rúmar reglur og slælegt eftirlit til að taka sér laun eða ígildi launa með ýmsum miður heiðarlegum hætti í trausti þess að ekki komist upp um þá. Það þarf að auka eftirlit með þessu og það hafa ekki farið fram nógu miklar breytingar á framtalslögum og lögum um fyrirtæki, rekstur fyrirtækja til þess að þarna hafi náðst verulegur árangur nema síður væri. Ég álít að þær reglur sem settar hafa verið á undanförnum árum hafi einmitt rýmkað möguleika ýmissa manna til þess að notfæra sér skattalögin í auðgunarskyni. Ég vil nefna hér fáeina punkta um þær leiðir sem opnar eru mönnum sem reka fyrirtæki, og þá sérstaklega miðlungsstór og lítil fyrirtæki.

1. Persónuleg útgjöld hluthafa, ættingja og sjálfstæðra atvinnurekenda færð sem rekstrarútgjöld hjá fyrirtækjunum eða stofnununum.

2. Persónuleg útgjöld starfsmanna sömuleiðis færð sem rekstrarkostnaður.

3. Viðhald sem er fært sem rekstrarkostnaður en ætti að eignfæra.

4. Afskriftir útistandandi skulda sem eru þá misnotaðar eigendum í hag.

5. Kaup eigna af hluthöfum eða ættingjum þeirra á verði sem er hærra en almennt gerist á markaðnum.

6. Sala á eignum fyrirtækis til hluthafa eða ættingja undir markaðsverði.

7. Vaxtalaus lán til sömu aðila.

8. Gjafir færðar sem rekstrarkostnaður.

Þarna er bara um smáatriði að ræða í þessum málum og ég veit og vona að ef þessi nefnd verður skipuð, þá fari hún einmitt rækilega ofan í þessi atriði í skattamálunum og í rekstri fyrirtækjanna.

Í sambandi við heiðarleg skil á þeim sköttum sem menn eiga að greiða til ríkisins og ég tala nú ekki um þegar menn eru bara innheimtuaðilar skattsins eins og í virðisaukaskattskerfinu þá er það auðvitað mjög þýðingarmikið að það skili sér og reyndar líka til þess að nota sem stjórntæki og það höfum við löngum gert og ekki bara einir þjóða.

Á síðustu missirum hefur nokkuð verið rætt um hátekjuskatt og það hefur kallað fram viðbrögð að slíkt sé óframkvæmanlegt vegna þess að slíkt kalli á verri skil á tekjuskatti. Að hátekjuskattur kalli á verri skil á tekjuskatti. Á að taka slíka umræðu þannig að tekjuskattskerfið sé svo ófullkomið að stór hópur landsmanna hafi þar sjálfdæmi? Ég get ekki skilið þessa umræðu öðruvísi. Og að þeir ráði sjálfir hvað þeir borgi í skatt?

Það hefur komið fram hér áður í máli mínu að ég tel að tekjuskatturinn sé sannkallaður launamannaskattur og auðvitað væri það besta ráðið að feta sig út úr því að tekjuskattur sé yfirleitt við lýði hér, sérstaklega vegna þess að manni sýnist að það sé algjör uppgjöf við það að ráða bót á þessum ófarnaði. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu.

Að undanförnu hefur líka verið talað um það að afnema barnabætur eða hafa þar ákveðinn tilflutning, að afnema barnabætur hjá þeim sem hafa háar tekjur en hækka barnabætur hjá þeim sem hafa lágar tekjur. Þar komum við einmitt aftur að þessum skrípaleik sem getur gerst, og hefur reyndar gerst hér á landi þegar á að jafna kjör manna í gegnum ríkissjóð og miðað við skatttekjur, þá er mjög líklegt að þeir sem fá hærri barnabætur í þessu tilviki verði einmitt þeir sem hafa kannski einna hæstu tekjurnar. Við höfum fundið fyrir því áður.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til þess að ræða þetta frekar. Hér voru miklar umræður í morgun. Ég óska eftir því að þessu máli verði vísað til efh.- og viðskn. og verði fljótlega tekið til síðari umr. Ég vil aðeins í lokin, svo að ég tefji nú menn ekki of mikið, vara við því að það verði einhver frestun á þeirri dagsetningu sem hér er óskað eftir vegna þess að ég tel að á haustþingi þurfi þessi könnun að liggja fyrir til þess að einmitt á þessu ári geti hið háa Alþingi sett nákvæmari og betri reglur til þess að þarna verði bót á.

Umræðu frestað.

102. FUNDUR

mánudaginn 16. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 12. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv."

Kjörbréf Auðar Sveinsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því samkvæmt 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Auður Sveinsdóttir, 14. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Auður Sveinsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Borist hefur annað bréf svohljóðandi, dags. 13. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varamanns Alþb. í Norðurl. v. taki 2. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Anna Kristín Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi, Sauðárkróki, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v."

Með þessu bréfi fylgir svohljóðandi bréf 1. varamanns Alþb. í Norðurl. v. til forseta Alþingis, dags. 16. mars 1992:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurl. v.

Virðingarfyllst, Sigurður Hlöðvesson."

Þar sem rannsaka þarf kjörbréf Önnu Kristínar Gunnarsdóttur samkvæmt 4. gr. þingskapa verður nú gert fimm mínútna fundarhlé meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið til athugunar kjörbréf 2. varamanns Alþb. í Norðurl. v., en 1. varamaður Alþb. hefur ritað svohljóðandi bréf:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurl. v.

Virðingarfyllst, Sigurður Hlöðvesson."

Kjörbréf Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, 2. varamanns Alþb. í Norðurl. v., er gefið út af landskjörstjórn 13. mars 1992. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur því einróma til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Önnu Kristínar Gunnarsdóttur samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því samkvæmt 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 3. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 274. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 456.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack.

13 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EKJ, FrS, HÁ, HAJ, MF, MI, ÓRG, ÓÞÞ, StH, SE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 50 shlj. atkv.

Beitumál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 290. mál. — Þskj. 489.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKJ, FrS, HÁ, MF, MI, ÓRG, ÓÞÞ, StH, SE, ÖS) fjarstaddir.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HAJ og JónK, 292. mál. — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack.
12 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EKJ, FrS, HÁ, MF, MI, ÓRG, ÓÞÞ, StH, SE, ÖS) fjarstaddir.
Till. vísað til samgn. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EH, EKG, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, HAJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, PJ, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack.
12 þm. (ÁRÁ, EKJ, FrS, HÁ, MF, MI, MB, ÓRG, ÓÞÞ, StH, SE, ÖS) fjarstaddir.

Um þingsköp.
Atkvæðagreiðsla með rafeindabúnaði.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að nú hefur farið fram atkvæðagreiðsla með hinu þjóðkunna vélræna atkvæðagreiðslukerfi Alþingis. Það hefur enn komið í ljós að þar er nokkur misbrestur á að niðurstöður komi fram með þeim hætti sem þær birtast okkur hér í salnum. Ég óskaði eftir því þrívegis úr sæti mínu að þessar atkvæðagreiðslur yrðu skráðar og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frammi áðan er niðurstaðan sú að skyndilega virðist hafa komið í salinn hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson sem ég hafði hins vegar tekið glögglega eftir að sat eigi alllangt frá mér allan þann tíma sem atkvæðagreiðslur fóru fram.
Þetta nefni ég, virðulegi forseti, til þess að ítreka að það er bersýnilegt að þessi mál þurfa enn frekar athugunar við.

Hrafnkell A. Jónsson:
Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar mun mér hafa orðið á að greiða ekki atkvæði og ég bið virðulegan forseta og þingið afsökunar á því. Það er auðvitað ekki í samræmi við þingsköp, eins og margoft hefur komið fram. Hitt er svo annað að mér óreyndum manninum þykir það sæta furðu hversu þolgóðir ýmsir hv. þm. eru að deila við framfarir og tækni. Við höfum það skráð í Íslandssögunni að virðulegir bændur söfnuðust saman í Reykjavík 3. ágúst 1905 og mótmæltu símanum. Ég kem ekki auga á annað en ýmsir hv. þm. séu að endurtaka þann leik í dag með því að gera rafeindatæknina tortryggilega.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær skýringar sem hv. 3. þm. Austurl. hefur gefið. Það er hins vegar misskilningur hjá honum að það jafngildi mótmælum við símanum á sínum tíma þó að vakin sé athygli á því að hann greiði atkvæði með sérkennilegum hætti hér í þessari virðulegu stofnun árið 1992. Þó þingmaðurinn sé alls góðs maklegur þá tel ég ólíklegt að hann komist á spjöld sögunnar fyrir þessi mistök.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 2. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir fyrir hönd bænda, skilst forseta.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Hér er undir dagskrárliðnum um þingsköp hafin aðför að þeim bændum sunnlenskum sem riðu til Reykjavíkur til að mótmæla því að Ísland semdi við Hið mikla norræna símafélag um lagningu sæstrengs til Skotlands. Sá sem barðist harðast gegn þessu var Einar skáld Benediktsson. Hann krafðist þess að við tækjum tæknina í okkar þjónustu og tækjum strax upp þráðlaust samband. Hins vegar voru menn svo frumstæðir þá margir hverjir í hugsun að þeir kusu heldur að leggja sæstreng þessa leið. Nú er Skyggnir búinn að taka við því hlutverki sem Einar Benediktsson vildi koma strax á á þeim tíma. Þessu vildi ég koma á framfæri.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. 3. þm. Austurl. talar um gæslu þingskapa. Nú vill forseti biðja hv. þm. um að halda sig við gæslu þingskapa. Það að bera af sér sakir á náttúrlega fyrst og fremst við þingmenn sjálfa en ekki aðra utan þings.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Það situr kannski síst á mér, varamanni sem hefur orðið uppvís að því að brjóta lög, að ræða þingsköp við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson. En ég vil aðeins gera þá athugasemd að eins og ég skil þessi lög get ég ekki kvatt mér hljóðs og borið sakir af heilli stétt í einu lagi nema ég skipi sæti í þeirri stétt. Það kemur mér þægilega á óvart ef hv. þm. Ólafur Þórðarson er orðinn bóndi en þó mun ég hafa lesið það í Dagblaðinu að hugur hans standi til þess.

Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31, nál. 481, brtt. 482.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að gera grein fyrir fyrirvara sem ég hef á nál. um þetta mál, 31. mál þingsins og varðar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 frá 5. maí 1986. Fyrirvari minn lýtur aðallega að tvennu í þessu sambandi. Það er annars vegar að stöðu Seðlabankans sjálfs í ljósi þess hlutverks sem honum er ætlað að gegna, m.a. í vaxandi mæli í kjölfar þessarar lagabreytingar. Hins vegar lýtur hann að tengslum þessarar lagabreytingar við áform hæstv. ríkisstjórnar m.a. í gengismálum varðandi tilhögun gengisskráningar, hlutverk Seðlabankans og fleiru af því tagi. Sem sagt, efnislega er ég ekki andvígur breytingunni þó að þar mætti reyndar að mínu mati takast betur til hvað orðalag snertir. En efnislega er það mín afstaða að ekki sé óeðlilegt að skipan þessara mála verði með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Reyndar er það ekki ýkja mikil efnisbreyting frá gildandi lögum. Ég vil hins vegar hafa fullan fyrirvara á um stöðu Seðlabankans í þessu sambandi, að hann sé í stakk búinn eða verði á næstu árum til þess að axla það hlutverk sem nýskipan gjaldeyrismála ætlar honum. Hins vegar og ekki síður vil ég hafa skýran fyrirvara á um áform hæstv. ríkisstjórnar m.a. í tengslum við svonefnda ECU-tengingu krónunnar eða önnur áform af því tagi.

Það er rétt að taka fram að efh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að leggja til ákveðnar brtt. við frv. Þær eru til bóta að mínu mati, sérstaklega hvað varðar það að lagt er til að endurorða B-lið 3. gr. laganna þar sem vikið er að hlutverki Seðlabankans gagnvart því að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð. Í samræmi við nútímalega skipan þeirra mála er kveðið á um það í fyrri lið brtt.

Síðan er hin meginbreytingin, sú sem snýr að 18. gr. laganna um Seðlabankann, og varðar það með hvaða hætti Seðlabankinn skuli standa að verðlagningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að óþarfi sé að tyggja upp allar hugsanlegar útgáfur af því með hvaða hætti megi tengja íslensku krónuna við erlendar myntir, samsetta gjaldmiðla eða mynteiningar. Nægjanlegt væri að segja ósköp einfaldlega að heimilt væri að miða gengi krónunnar eða skilgreina það gagnvart erlendum gjaldmiðli eða gjaldmiðlum eða mynteiningum af því tagi í staðinn fyrir að segja, sem er heldur óþjált svo að ekki sé fastar að orði kveðið, eins og gert er í texta brtt. 482, með leyfi forseta:

„Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR).“

Það er að mínu mati ekki skemmtilegur né mjög markviss lagatexti að segja „svo sem“ eitthvað af þessu tagi. Að mínu mati er alger óþarfi að nefna þarna einn möguleika öðrum fremur. Það er öllum ljóst hvað átt er við. Seðlabankinn fær með þessum breytingum mjög frjálsar hendur gagnvart því að miða gengi íslensku krónunnar við erlendan gjaldmiðil, gjaldmiðla eða eitthvert slíkt vægi. Ég tel svo fremi sem ekki vakir einhver ákveðinn pólitískur tilgangur fyrir mönnum með því að nefna t.d. ECU-eininguna væri textinn skemmtilegri með því að hafa þetta á hinn veginn. Þessari ábendingu vil ég koma hér á framfæri og mér finnst að enn mætti laga til orðalag í þessum efnum.

Meginefni þessa máls er auðvitað sú breyting á tilhögun gengisskráningar sem þarna er verið að undirbúa og er væntanleg ef marka má það sem fylgt hefur þessu máli í framsöguræðu hæstv. ráðherra og þau áform önnur sem upplýst hefur verið um, þar á meðal í heimsókn Seðlabankans til efh.- og viðskn. þegar farið var yfir þetta mál. Ég held að það sé nauðsynlegt að Alþingi ræði það og móti fyrir sitt leyti einhverja afstöðu um hvert eigi að stefna. Í fyrsta lagi er auðvitað rétt að undirstrika að hér er á ferðinni tiltölulega galopin heimild til handa Seðlabankanum að höfðu samráði við ríkisstjórn á hverjum tíma að fara með þessi mál nánast eins og honum sýnist. Lögin skilyrða eða takmarka sáralítið hvernig að þessu verði staðið. Reyndar er það svo að það er álit Seðlabankans að ekkert sé því til fyrirstöðu að miða gengi íslensku krónunnar t.d. við ECU að gildandi lögum ef mönnum sýnist svo, gera það þá á grundvelli þeirrar heimildar að heimilt er að skilgreina gjaldmiðlakörfuna sem miðað er við. Formsatriðin skipta að sjálfsögðu ekki öllu máli heldur hitt hvað menn ætla sér og hvernig þeir ætla að standa að þessum breytingum. Hvernig á að tryggja að þær verði farsælar þegar og ef í þær verður ráðist. Þar má fyrst nefna þau áform Seðlabankans að reyna að koma hér á markaði með gjaldmiðla eða gjaldeyri og var það að skilja á máli seðlabankamanna að jafnvel þegar í haust yrði reynt að stíga fyrstu skref í átt til skráningar á markaði. Þessu tengist að sjálfsögðu það afnám skilaskyldu á gjaldeyri sem annað fylgifrv. þessa felur í sér og fleira kemur til.

Í þessu sambandi óskaði efh.- og viðskn. eftir upplýsingum um stöðu Seðlabanka Íslands, stærð hans og burði í samanburði við seðlabanka t.d. hinna Norðurlandanna eða nágrannalandanna. Það kom í ljós að Seðlabankinn sker sig ekki ýkja mikið úr hvað varðar

stöðu seðlabankanna í nágrannalöndunum, t.d. þegar skoðaður er gjaldeyrisforðinn hér sem hlutfall af landsframleiðslu eða innflutningi eða skoðaðar eru eignir og eigið fé Seðlabankans sem hlutfall af hinu sama. En þó er það þannig því miður að þegar horft er á hlutfall gjaldeyrisforða og eigna Seðlabankans miðað við innflutning, þá er hann lakast staddur allra norrænu seðlabankanna í þessum efnum. Þegar horft er á hlutfall gjaldeyrisforða og eigna miðað við landsframleiðslu er Seðlabankinn í næstaftasta sætinu hvað þetta snertir. Það er því alveg ljóst að hann er þarna á veikari kantinum í þessum efnum. Það hlýtur að vera mönnum nokkurt umhugsunarefni ef þeir ætla honum sambærilegt hlutverk og seðlabönkum nálægra landa við að jafnvægisstilla markaðinn og halda gengi stöðugu og því fremur sem við Íslendingar verðum að ætla að okkar tiltölulega einhæfa atvinnulíf og einhæfa útflutningsstarfsemi með sínum miklu sveiflum geri það að verkum að jafnvægisstillir á þessu sviði þarf að vera öflugri en annarra.

Ég verð því að segja, hæstv. forseti, að ég tel að því miður hafi þær efasemdir og áhyggjur sem lýst var við 1. umr. þessa máls fyrr í vetur reynst fullkomlega réttmætar. Það er veruleg ástæða til að fara mjög varlega og gera sér grein fyrir þeim takmörkunum sem Seðlabankanum eru settar stærðar sinnar vegna og vegna aðstæðna í íslenskum efnahagsmálum til að leika þetta hlutverk. Hvort tveggja hlýtur þar að koma til, menn verða að vanda mjög allan undirbúning í þessum efnum og taka öll skref varlega og mátulega stór þegar og ef menn halda inn á þessa braut. Sem betur fer hefur nú slegið aðeins á trúboðsbraginn í umræðum um þessi efni en því miður var það svo að ýmsir lausnarar gengu hér fram á sviðið og töldu í vor að allur vandi mundi leysast með ECU-tengingu krónunnar. Það væri nánast eins og að tryggja hér stöðugleika og lága verðbólgu um aldur og ævi að láta sér detta það snjallræði í hug. Niðurstaða þeirra sem þetta hafa skoðað á undanförnum mánuðum, og þá vísa ég bæði til Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans, er nú engu að síður sú að það sé ekki tímabær aðgerð. Heilmikla undirbúningsvinnu þurfi að vinna og efla Seðlabankann, grípa til margs konar ráðstafana áður en slíkt er raunhæft.

Ég fagna því að sjálfsögðu að menn hafa róast nokkuð niður í þessum efnum og gera sér grein fyrir því að slíkum breytingum verður ekki við komið með farsælum hætti í einu vetfangi. Ég held að við gætum upplifað slíkar ógöngur í þessum efnum hvað gengismálin snertir og menn gerðu í vaxtamálunum þegar menn á sínum tíma ætluðu sér í einu vetfangi að taka heljarstökk út í frelsið, eins og það var nefnt, með hörmulegum afleiðingum auðvitað. Vaxtamál hafa meira og minna farið úr böndunum á Íslandi og verið einhver mesti ójafnvægisvaldur í okkar efnahagsmálum og atvinnumálum síðan. Ég hlýt að spyrja hæstv. viðskrh. á nýjan leik um áform hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum. Eru menn enn með það í huga að ECU-tenging krónunnar geti orðið að raunveruleika jafnvel á næsta ári, eins og mig minnir að ég hafi heyrt hæstv. viðskrh. einhvern tíma boða? Er ekki ástæða til að fara mjög varlega, m.a. í ljósi þess álits bæði Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka að ekki sé raunhæft að slíkt verði tekið upp í einu vetfangi?

Það er staðreynd að staða Seðlabankans er þrátt fyrir allt ekki sterkari en raun ber vitni samanber gjaldeyrisvarasjóðinn hjá þessari þjóð sem engu að síður er í ræðum manna oft og tíðum talin vera sú sem hvað mest er háð milliríkjaverslun, a.m.k. er það í máli sumra manna þegar þeir vilja selja mönnum aukið frjálsræði á því sviði. Þá er gjarnan minnt á það að fáar þjóðir séu jafnháðar milliríkjaverslun og Íslendingar og það er nokkuð til í því þó að menn hafi að vísu stundum ofgert í túlkunum sínum á því sviði. Þar með líka verið að segja væntanlega að mikilvægi þess að eiga sæmilega ríflegan gjaldeyrisforða, að hafa sæmilega öflugan Seðlabanka til að tryggja jafnvægi í gengisskráningu o.s.frv. sé að sama skapi meira hjá okkur en öðrum og að sama skapi þyrfti þá Seðlabanki okkar helst að vera öflugri. Því er ekki að heilsa og ef litið er aftur á þetta hlutfall, t.d. miðað við innflutning, þá er það hið lægsta og mun lægra í reynd en á hinum Norðurlöndunum. T.d. er gjaldeyrisforðinn einungis 18,7% af innflutningi hér en upp í 38% í Noregi. Heildareignir Seðlabankans eru hér 35% af innflutningi en á bilinu 44–76% á hinum Norðurlöndunum og eigið fé Seðlabankans hér er ekki nema 6,8% af árlegu innflutningsverðmæti landsmanna en er frá 7,3% og upp í 14,8% á hinum Norðurlöndunum. Svipaða sögu er að segja ef litið er til landsframleiðslu. Þó má segja að Seðlabanki Íslands sé heldur sterkari borið saman við hin Norðurlöndin og er það eðlilegt þegar hlutfall innflutnings miðað við landsframleiðslu er svo aftur borið saman milli Norðurlandanna.

Það væri fróðlegt að fá aðeins nánar að heyra um áform hæstv. viðskrh. um praktískar ráðstafanir Seðlabankans í þessum efnum á næstu mánuðum, hvernig menn hyggjast standa að því að taka upp eða hefja viðskipti á gjaldeyri á markaði ekki seinna en næsta haust eins og Seðlabankinn gaf í skyn á fundi sínum með efh.- og viðskn. að gert yrði. Hvernig hugsa menn sér að standa að þeim markaði? Þar ætti mönnum að vera ljóst að mikil undirbúningsvinna hlýtur að að vera eftir því að slíkur markaður er ekki til í bókstaflegum skilningi í dag. Sama má segja um skammtímafjármagnsmarkaðinn sem vitnað er til að þurfi að efla til þess að Seðlabankinn geti með hefðbundnum peningaaðgerðum stillt það jafnvægi af sem þarna kemur til sögunnar, t.d. með því að ríkissjóður hætti að yfirdraga reikning sinn þegar hann þarf á fjármagni að halda hjá Seðlabankanum en leiti þess í stað út á skammtímafjármagnsmarkað með fjármögnun á útgjöldum sínum, þegar svo ber undir. Stórefla þyrfti millibankamarkað eða skammtímafjármagnsmarkað. Í ljósi þess hversu óburðugur slíkur markaður er enn þann dag í dag hlýtur maður að spyrja, hvort þessir hlutir geti allir gerst á nokkrum mánuðum eða í mesta lagi einu til þremur missirum, hvort þetta sé yfir höfuð raunhæft og hvert mat hæstv. viðskrh. sé á því. Auðvitað er líka ástæða til að spyrja hæstv. viðskrh. hvort ekki ríði mikið á að hafa öfluga menn við stjórn-

völinn í seðlabanka þjóðarinnar þegar svo örlagaríkar og afdrifaríkar breytingar eru að ganga í gegn í peningamálum okkar og þegar hlutverk og mikilvægi Seðlabankans er augljóslega að stóraukast með þessum breytingum.

Ein af þeim breytingum sem efh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að gera og er kannski dálítið lýsandi fyrir þá hugsun sem að baki liggur, er sú að í stað heimildar orðalags um að Seðlabankanum sé heimilt að gera þetta eða hitt til þess að halda gengi krónunnar innan þeirra marka sem ákveðin kunni að verða samanber orðalag í 1. mgr. 2. gr. frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankanum er heimilt með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri eða öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar að hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða."

Ég benti á það í efh.- og viðskn. að ef mönnum væri alvara með því að láta Seðlabankann taka að sér það hlutverk að halda jafnvægi á skráningu gengis krónunnar þá væri þetta orðalag með öllu út í hött og úrelt. Ef Seðlabankinn á að annast þetta hlutverk á það auðvitað ekki að vera í formi einhverra heimilda í lögum til að grípa til heldur skal hann gera það sem þarf til að halda jafnvægi. Með því er undirstrikuð sú skylda og sú ábyrgð sem Seðlabankanum ber. Þess vegna hefur nefndin orðið sammála um að leggja til að þetta orðist þannig: „Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri eða beitir öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar og hlutast með þeim hætti til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem þannig kunna að verða ákveðin."

Ef menn vilja fara þessa braut á enda er mér meira að segja til efs að orða eigi samráðsákvæðin við ríkisstjórn með þeim hætti sem þarna er gert í frumvarpstextanum. Ég efast um að rétt sé að draga þá arfleifð frá eldri tíma og fyrra fyrirkomulagi áfram inn í framtíðina og inn í ný lög í þessum efnum og að Seðlabankinn skuli hafa jafnafdráttarlausa skyldu til þess í lagatextanum að afla samþykkis ríkisstjórnarinnar við ákvörðunum sínum. Ég held að menn verði að gera það svolítið upp við sig í hvorn fótinn þeir ætla að stíga í þessum efnum. Ætla þeir að hafa þetta miðstýrða stjórnvaldsákvörðun að einhverju leyti eða á þetta að ráðast af markaði? Ef þetta á að ráðast af markaði, hæstv. viðskrh., þá held ég að menn eigi ekkert að vera hálfvolgir í því. Þá verða menn einfaldlega að sætta sig við að lúta þeim lögmálum sem þar með eru innleidd. Mér fannst það svolítið skemmtilegt að það skyldi verða mitt hlutskipti að benda mönnum á að í raun og veru væru þeir í vissri mótsögn við sjálfa sig með því orðalagi sem lagt var til á 18. gr. laganna.

Ég hefði gaman af því að heyra hæstv. viðskrh. lýsa viðhorfum sínum til þessa. Í ljósi þess að áform standa til um að láta gengið ráðast á markaði, telur hann þá að samráðsákvæði Seðlabankans við ríkisstjórnina eigi að standa óbreytt með því orðalagi sem þarna er?

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ástæðu er til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð. Reyndar kom upp í huga mér, m.a. vegna nokkuð fleygra ummæla sem hæstv. sjútvrh. lét falla um Seðlabankann norður á Akureyri á ágætri ráðstefnu á laugardaginn var, að við þessi tímamót, ekki síður en önnur, væri kannski ástæða til þess að ræða dálítið almennt um hlutverk Seðlabankans og stefnu hans í þessum efnum. Ég hef reynt að halda aftur af mér og blandast ekki um of í þann hóp sem hefur haft það að mikilli íþrótt á undanförnum árum að skamma Seðlabankann. Eins og kunnugt er hefur verið mikil íþrótt hér á landi og heilir stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn meira og minna byggt málflutning sinn í umræðum um efnahags- og peningamál á þeirri list að skamma Seðlabankann og nú bættist hæstv. sjútvrh. með vissum hætti í þennan hóp norður á Akureyri á laugardaginn var. Mér hefur ekki alltaf fundist þetta mjög maklegt vegna þess að ítök stjórnmálamanna eða þeirra flokka sem farið hafa með landsstjórnina undanfarin ár eða jafnvel áratugi í þessum sama Seðlabanka hafa átt að vera nokkuð rík. Þannig eru menn óbeint að skamma sjálfa sig með því að gera Seðlabankann að sökudólgi.

Ég hef t.d. aldrei gert það að kosningamáli í mínum flokki að reka einn tiltekinn seðlabankastjóra eins og einn flokkur hefur gert. Hins vegar ætla ég að segja það við þessar breytingar, að ég tel það ákaflega afdrifaríkt að Seðlabankinn sem stofnun verði efldur og endurskipulagður og þar verði mjög styrk fagleg stjórn við stýrið á næstu árum ef það á að heppnast að Seðlabankinn leiki það hlutverk í okkar efnahags- og gengismálum sem þarna er verið að boða. Að mínu mati hlyti það að stórauka mikilvægi bankans og gera hann í reynd í fyrsta sinn að þeim alvöru seðlabanka sem nafnið bendir til að hann sé, sem hann hefur hins vegar ekki verið nema að mjög litlu leyti. Þar með tel ég að skipulag bankans og yfirstjórn hljóti að koma til skoðunar eins og aðrir hlutir.

Ég veit ekki hvort hæstv. viðskrh. leggur út í það að ræða þennan þátt málsins eitthvað. Ef óskað er eftir því á hinu háa Alþingi hlýtur hann að verða að lýsa viðhorfum sínum til þeirra hluta sem lúta að bankanum sem stofnun, skipulagi hans, stjórnkerfi og stjórn og hvort hann telji að hlutirnir séu í nógu traustum skorðum. Eins og kunnugt er hafa ráðningar manna til þess að stjórna bankanum ekki grundvallast fyrst og fremst á menntun eða fagþekkingu þeirra á sviði efnahags- og viðskiptamála heldur eru starfandi þarna í dag til að mynda tveir ágætir fyrrv. alþingismenn, stjórnmálamenn sem væntanlega eru við stjórnvölinn meira á þeim forsendum fremur en vegna menntunar eða reynslu við efnahagsstjórn.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að hugleiða ætti hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta seðlabankalögunum einnig að þessu leyti. Það er algengt í lögum um opinberar stofnanir að settar séu inn fastákveðnar menntunarkröfur og/eða matsnefndir innbyggðar í það ferli eða með öðrum hætti reynt að tryggja að fagleg sjónarmið og kröfur um mestu færni séu hafðar að leiðarljósi þegar menn eru valdir til trúnaðarstarfa. Ég spyr mig að því hvort Seðlabankinn sé ekki einmitt stofnun að því tagi sem rík ástæða væri til að hafa slík ákvæði inni í.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að ég fari að gefa hæstv. viðskrh. eða öðrum hv. alþm. tækifæri á að komast að og vil gjarnan fá að heyra svör hæstv. viðskrh., bæði um þau atriði sem lúta að tímasetningunni sem ég hef borið fram og annað sem lýtur að Seðlabankanum sem stofnun og stöðu hans í þessu sambandi.

Í þriðja lagi vildi ég gjarnan hafa það að spurningu til hæstv. viðskrh. hvort hann væri til viðræðna um að lagfæra hið leiðinlega orðalag í 1. mgr. 2. gr., þó svo hann gæti mín vegna gefið skýrar yfirlýsingar um að það mundi engu breyta um beitingu heimilda til þess að tengja krónuna með einum eða öðrum hætti við gjaldmiðil eða gjaldmiðla, en að menn hefðu þetta á sæmilegri íslensku, þó ekki væri nema málsins vegna.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir athugun hennar og umbætur á frv. Tillögurnar sem nefndin hefur lagt fram og hv. 1. þm. Vestf., formaður nefndarinnar, hefur gert grein fyrir, eru að mínu áliti til bóta. Ég vil líka nefna það vegna þess sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, 4. þm. Norðurl. e., að ég leit svo á að orðalag 18. gr. laganna, 2. gr. frv., hefði einmitt fengið sérstaka meðferð í nefndinni. Eins og réttilega var bent á við 1. umr. var þar sitthvað í orðalagi sem betur mátti fara. Við erum ekki að reyna að vinna til Nóbelsverðlauna heldur að skrifa skýran lagatexta sem ég tel að hafi nú tekist, m.a. með góðri hjálp nefndarinnar. Ég vil nefna þetta vegna þeirrar spurningar hv. 4. þm. Norðurl. e. sem mér fannst nú einna mestu máli skipta, þ.e. hvort orðalagið sem er í 1. málsl. 18. gr. laganna eins og tillaga er nú gerð um að hún orðist sé ekki komið í sæmilegt horf. Þar segir nú: „Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar" o.s.frv. skuli ákveðið.

Ég tel þetta í góðu samræmi við þá meginstefnu brtt. sem gerðar eru, að Seðlabankinn fari í meira mæli en fyrr með tilhögun gengisskráningarinnar. Samþykki ríkisstjórnarinnar er eingöngu bundið við fyrirkomulagið, ekki gengið sjálft. Þetta er sú grundvallarbreyting sem tillaga er gerð um. Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að leita eftir samþykki ríkisstjórnarinnar þegar grundvallarbreyting er gerð á gengistilhögun, t.d. eins og tilgangur frv. er og skýrt hefur komið fram, að stefnt sé að því að þróa markaðsviðskipti hér á landi með gjaldeyri. Ég vildi líka svara þeirri spurningu hv. 4. þm. Norðurl. e. hvort slíkar breytingar séu raunhæfar á þeim tíma sem að er stefnt. Mitt álit er að raunhæft sé að hefja þær breytingar á þessu ári upphaflega með millibankamarkaði með gjaldeyri en síðan er stefnt að því að víkka hring þeirra aðila sem eiga viðskipti með gjaldeyrinn.

Eins og kom fram í framsöguræðu minni, er nauðsynlegt að undirbúa jarðveginn fyrir slíkar breytingar með því að hrinda í framkvæmd ýmsum breytingum í gengis-, gjaldeyris- og peningamálum til þess að unnt verði, ef menn ákveða það að tengja gengi krónunnar við ECU t.d. á næstu árum, eins og stefna ríkisstjórnarinnar stendur til og til þess að undirbúa þennan markað. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að undirbúningsvinnan er mjög mikilvæg. Frv. er einmitt liður í henni og þess vegna vonast ég til þess að það hljóti afgreiðslu nú.

Vegna ábendinga frá hv. 4. þm. Norðurl. e. þá er ég honum sammála um það að mjög mikilvægt er að Seðlabankinn lúti góðri stjórn. Ég er honum sammála um að það þurfi að endurskipuleggja hann og efla stjórn hans sérstaklega. Ég minni á að á vegum viðskrn. situr nefnd að störfum sem skipuð var í byrjun sl. árs og er einmitt að semja nýtt lagafrv., heildarendurskoðun seðlabankalaga, til þess að gera bankann betur færan um að sinna hlutverki sínu í nýju markaðsumhverfi, við opnari fjármagnsmarkað og markaðsviðskipti með gjaldeyri þegar fram í sækir. Þessi breyting, sem við ræðum nú, er mjög mikilvægt skref í þessu efni. Hins vegar tek ég undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. að það sé naumast fært við þessa umræðu að taka upp almennar umræður um hlutverk Seðlabankans, skyldur og framkvæmd þeirra. Þegar frv. lítur dagsins ljós mun hins vegar gefast gott tækifæri til þess og ég fyrir mitt leyti stefni að því að koma því til þingsins, ef ekki í vor, þá í haust og ætla til þess góðan tíma.

Ég tel þetta mjög mikilvægt verkefni og fagna því að heyra skilning á *því máli af hálfu* hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég veit reyndar að margir nefndarmanna í efh.- og viðskn. hugsa hið sama og hygg ég gott til samstarfs við nefndina, formann hennar og aðra nefndarmenn. Vil ég lýsa stuðningi mínum við þær brtt. sem nefndin hefur flutt.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir fyrirvara fulltrúa Kvennalistans í efh.- og viðskn. varðandi frv. Eins og þingmenn hafa séð skrifuðum við öll undir nál. en stjórnarandstaðan með fyrirvara.

Eins og þingmenn minnast þá var mikil umræða um þetta mál fyrir áramót og þar gerði ég m.a. grein fyrir afstöðu minni sem felst í því að ég tel fyllilega tímabært að kanna ECU-tengingu. Ég vil þó minna á það álit Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar að mönnum beri að fara sér mjög hægt og til þess að slík tenging verði árangursrík, þurfi að koma til ákveðnar breytingar og miklar breytingar á efnahagsstjórnun á Íslandi. Við eigum eftir að sjá að slíkar grundvallarbreytingar eigi sér stað og þá ekki síst í því sem snýr að sjávarútvegi.

Á eftir kemur til umræðu frv. sem fjallar um gjaldeyrismarkað. Til að spara tíma vil ég nota tækifærið og minnast á að þar ber einnig að fara sér hægt því öll fljótfærnisskref í þessum málum geta orðið okkur dýrkeypt.

Það kom fram í máli hæstv. viðskrh. áðan að nefnd á vegum viðskrn. er að störfum við að endurskoða lög um Seðlabankann. Ég hefði sannast að segja talið eðlilegra að þetta mál væri skoðað í því samhengi. Ég á erfitt með að sjá að það liggi svo gríðarlega mikið á

að ekki hefði mátt láta þessi mál bíða því mér er kunnugt um að sú nefnd er mjög langt komin með sín störf og jafnvel þess að vænta að hún skili af sér á allra næstu vikum. Það sem ég hef frétt af því starfi er að þar er um töluvert miklar breytingar að ræða hvað varðar sjálfstæði bankans og þar er ekki að finna, alla vega ekki enn sem komið er, neinn texta sem er svipaður þessum þar sem verið er að tiltaka þá gjaldmiðla sem hugsanlega eigi að miða við.

Ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að ég held að huga mætti betur að orðalagi í brtt. við 18. gr., og að forðast beri að vera með slíkar upptalningar eða tilvísanir í ákveðna gjaldmiðla ef ljóst er af lagatextanum hver heimildin er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar. Það bíður betri tíma að skoða stöðu Seðlabankans þegar frv. um hann kemur fram. En ég tek fyllilega undir það að miklar kröfur beri að gera til þeirra sem stjórna Seðlabankanum sem og öðrum bönkum. Þegar þar að kemur mun ég beita mér fyrir því að inn í lögin verði settar reglur um að auglýsa beri stöðu bankastjóra sem aðrar opinberar stöður hér á landi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nál. við frv. með fyrirvara eins og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn og mun í nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Ég vil byrja á því að ítreka að í mínum huga snýst þetta fyrst og fremst um uppbyggingu á gjaldeyrismarkaði og nýskipan á því sviði. Í kynningu þessa máls í vetur fór hins vegar ansi mikið fyrir umræðu um tengingu íslensku krónunnar við ECU mikið fyrir umræðu um tengingu íslensku krónunnar við ECU. Þar fór í fararbroddi hæstv. viðskrh. með yfirlýsingar þess eðlis að það væri æskilegt að við tækjum upp ECU-tengingu sem fyrst. Ég hef m.a. undir höndum ræðu sem hæstv. ráðherra flutti á iðnþingi þar sem þetta kom mjög greinilega fram. Sömuleiðis kemur það fram í skýrslu sem viðskrn. sendi frá sér. Þetta ítrekaði hæstv. ráðherra áðan, ég man það ekki orðrétt en hann sagði að það væri ætlan ríkisstjórnarinnar að tengja krónuna við ECU þó svo það standi í greinargerð með öðru frv., því næsta sem er hér á dagskrá, að slíkt sé ekki tímabært að sinni. Ég vil því inna hæstv. ráðherra eftir því hver séu helstu rökin fyrir því að ráðast á næstunni í það stórvirki að tengja íslensku krónuna við hinn samsetta evrópska gjaldmiðil.

Ég vil hins vegar í framhaldi af því sem ég sagði um markaðstengingu krónunnar og gengi krónunnar segja að ég er þeirrar skoðunar að það atriði eigi að geta tryggt betur en verið hefur fram að þessu að gengið sé á hverjum tíma skráð þannig að það sé viðunandi fyrir framleiðslu- og útflutningsatvinnuvegina. Þrátt fyrir ummæli í þá veru að leggja þurfi hér á sérstakan auðlindaskatt til þess að leiðrétta gengið, sem alla tíð hafi verið skráð miðað við stöðu sjávarútvegsins, þá sýnir reynslan okkur það að á síðustu áratugum hefur gengið tekið mið af innflutningnum miklu frekar en útflutningnum. Við þurfum ekki annað en að horfa á stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu til þess að átta okkur á að svo hefur verið. Verði farið út í markaðstengingu gengisins er það ljóst að samkvæmt frv. er Seðlabankanum ætlað lykilhlutverk. Eitt af því sem hefur ekki komið fram nema mjög óljóst er það hver hin nauðsynlegu fráviksmörk frá þeirri gengiskörfu, sem ákveðið verður að tengja íslensku krónuna við á hverjum tíma, eiga að vera. Hvað þarf gengið að hafa sveiflast mikið til þess að Seðlabankinn grípi til þeirra aðgerða sem hann hefur heimild til? Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. að því hvert frávikið frá hinu fasta gengi, sem ákveðið verður á hverjum tíma, þurfi að vera. Þetta held ég að sé mjög æskilegt og þarft að skoða núna, m.a. með tilliti til reynslu nágrannaþjóða okkar sem hafa svipað kerfi á skráningu síns gjaldmiðils.

Til viðbótar varðandi tenginguna við ECU og þau rök sem þar kunna að vera á bak við og mæla með því. Ég kem ekki auga á þau í fljótu bragði. Ég sé hins vegar rök sem mæla á móti því og þau helst að ég held að við hljótum áfram að eiga Bandaríki Norður-Ameríku sem eitt af okkar mikilvægustu viðskiptalöndum. Ég tel að dollarinn muni því áfram verða mjög mikilvægur í okkar utanríkisviðskiptum. Sömuleiðis hafa viðskipti við ýmis önnur lönd farið fram í dollurum. Mér sýnist að með ECU-tengingunni yrðu viðskipti við aðra heimshluta en Evrópu áhættumeiri heldur en Evrópuviðskiptin. Þetta vil ég láta koma skýrt fram í þessari umræðu.

Síðan er ástæða til að koma aðeins inn á þátt Seðlabankans í stjórn efnahags- og peningamála því að það er alveg ljóst að hér er honum ætlað verulegt hlutverk. Ég get tekið undir það, sem hefur komið fram hjá tveimur síðustu ræðumönnum, að fyrir eðlilega efnahags- og peningamálastjórnun í landinu sé það æskilegt að við höfum hér sem sjálfstæðastan seðlabanka. Ég hef hins vegar nokkrar áhyggjur af því að það muni vera nokkuð langt í land með að svo sé. Ég vil leyfa mér að vitna hér óbeint í ummæli hæstv. sjútvrh. á ráðstefnu norður á Akureyri um síðustu helgi þar sem kom fram verulegt vantraust á stöðu og getu Seðlabankans í dag til þess að takast á við þessi mál. Hæstv. ráðherra sagði að Seðlabankinn hafi í gegnum tíðina framfylgt núllstefnu gagnvart sjávarútveginum, þ.e. stefnu sem hafi gert það að verkum að sjávarútvegurinn, okkar helsti útflutningsatvinnuvegur, hafi ekki getað byggt upp eigið fé í gegnum eðlilega afkomu. Það er svolítið athyglisvert að bera saman í því sambandi að í ræðu hæstv. sjútvrh. á viðkomandi ráðstefnu kom fram að á umliðnum árum hefði vantað um 60 milljarða upp á að sjávarútvegurinn hafi haft þá afkomu sem var honum nauðsynleg til þess að tryggja sína stöðu. Ég tel að það sé mjög þarft fyrir þá sem tala hátt um aðgerðir eða réttara sagt aðgerðaleysi í sjávarútvegsmálum núna að bera þessa tölu, 60 milljarða, saman við skuldastöðu sjávarútvegsins í dag, um 100 milljarða sem menn ræða þar um. Í þessu frv. og þeim frumvörpum sem við höfum hér er Seðlabankanum ætlað að grípa til aðgerða gagnvart gengismálunum ef gengið ætlar að fara út fyrir þann ramma sem menn

hafa sett sér á hverjum tíma. Það er því ljóst að þar er honum ætlað mjög stórt hlutverk.

Ég hef einnig nokkrar áhyggjur af því að gagnsemi þessrar aðgerðar verði ekki sú sem menn ætluðu, m.a. eftir að hafa lesið viðtal við forstjóra Þjóðhagsstofnunar í Morgunblaðinu í síðustu viku þar sem hann segir beinlínis að slík markaðstenging gengisins geti verið forsenda þess að upp verði tekið veiðileyfagjald eða auðlindaskattur eftir því sem það er kallað í sjávarútvegi. Hann segir þar að sé gengið markaðstengt, eins og nú er að stefnt, þurfi þetta ekki að vera íþyngjandi fyrir sjávarútveginn því að það muni mynda þrýsting á gengið sem muni breytast. Samkvæmt þessum lögum breytist gengið ekki lengra en Seðlabankinn leyfir á hverjum tíma. Ég hef af því áhyggjur að haldi menn til streitu hugmyndum um veiðileyfagjald í sjávarútvegi muni það gleypa ávinninginn sem sjávarútvegurinn kynni að hafa af frjálsari gengisstefnu.

Það væri svo sem freistandi, af því að menn eru að ræða um Seðlabankann, að fara út í peningastjórnina og samspil gengismála, vaxta- og fjárlagahalla. Það er einu sinni þannig að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lagt alla áherslu á að það væri hallinn á ríkissjóði sem væri undirrót alls ills í okkar efnahagsmálum. Ég ætla ekki að draga úr því að það sé nauðsynlegt að taka á þeim málum. Ég vil hins vegar benda á að upp á síðkastið hefur heyrst önnur rödd úr herbúðum hæstv. ríkisstjórnar sem hefur sýnt eilítið breytta mynd. Það er með þeim yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. að það sem skipti mestu máli fyrir okkar efnahagslíf sé að halda þannig á gengismálum að viðskipti við útlönd séu í jafnvægi. Reyndar er hægt að leiða að því rök að hægt sé að standa þannig að peninga- og gengismálum að við næðum jafnvægi í viðskiptum við útlönd þó svo að enn yrði nokkur halli á ríkissjóði. Það er óneitanlega skemmtilegt að velta þeim fleti svolítið fyrir sér.

Mér finnst að lokum varðandi vextina, og það tengist stöðu Seðlabankans í umræðunni, að þar sé komin upp nokkuð sérkennileg staða núna þar sem svo er komið að stærstu aðilar á peningamarkaði í landinu, ríkissjóður og stóru bankarnir, geta leyft sér að halda að sér höndum með vaxtabreytingar þó að allir viðurkenni að vextir séu allt of háir. Þeir leyfa sér að bíða með vaxtabreytingar þar til menn sjá hver verði niðurstaða kjarasamninga. Og eins og hæstv. forsrh. sagði hér í fyrirspurnatíma í síðustu viku verður vöxtunum breytt af hálfu ríkisins um leið og búið er að gera kjarasamninga. Þetta segir mér, hæstv. viðskrh., að hér hefur aldrei komist á nokkuð sem hægt er að kalla markaðsvexti því það samrýmist ekki nokkru markaðskerfi að stærstu aðilarnir á markaðnum geti einhliða ákveðið verð þjónustunnar um lengri tíma, beðið eftir hagstæðum tímapunkti að þeirra mati. Þetta er kannski hin endanlega staðfesting á þeim orðum hæstv. viðskrh. fyrr í vetur að hér væri í raun fákeppnismarkaður á peningamarkaðnum og atvinnulífið fengi ekki fjármagn á eðlilegum kjörum fyrr en hann hefði verið opnaður fyrir erlendu fjármagni. Ef það er ekki rétt hjá mér að markaðskerfið hafi brugðist gagnvart vöxtunum og ríkisstjórnin og stærstu aðilarnir á peningamarkaðnum geta skyndilega lækkað vextina fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust, þá er hin skýringin sú að hæstv. ríkisstjórn hafi séð að sér og ákveðið að beita handafli. Þannig mundi ég skilja þá aðgerð ef allt í einu ætti að lækka vextina, sem ég reyndar tel bráðnauðsynlegt, um 2–3 prósentustig, eins og menn hafa talað um. Sé það ekki vegna kalls eða kröfu markaðsins, þá hafa menn nú loksins mannað sig upp og ákveðið að beita handafli. Önnur hvor skýringin hlýtur að vera á þessu. Annaðhvort hefur markaðurinn brugðist því hlutverki sínu að stýra vöxtunum eða þá hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að manna sig loksins upp í það að beita handafli á vextina.

Ég er kannski kominn eilítið út fyrir efni frv. en þó ekki mikið að mínu mati. Ég vil að lokum draga í örfáum orðum saman viðhorf mitt til frv. Ég er hlynntur því að komið verði á markaðstengingu á gengi íslensku krónunnar innan ákveðinna fráviksmarka eins og er meginþema frv. Ég vara hins vegar stórlega við þeim áformum, sem eru uppi samhliða þessu, um tengingu íslensku krónunnar við ECU og ég dreg nokkuð í efa að Seðlabankinn, eins og hann hefur hugsað og framkvæmt á síðustu árum, sé í stakk búinn til að taka við því veigamikla hlutverki sem honum er ætlað í tengslum við þetta mál.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil með örfáum orðum svara því sem hv. 18. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Norðurl. e. beindu til mín. Fyrst vegna þess sem fram kom í ræðu hv. 18. þm. Reykv. þar sem hún taldi að ekkert lægi á að breyta þessum lagaákvæðum vegna þess að alveg á næstunni væri að vænta niðurstöðu nefndarstarfs um endurskoðun á seðlabankalögunum. Ég er þingmanninum sammála um að það er mikil þörf á að framkvæma þá heildarendurskoðun á seðlabankalögunum sem hér hefur orðið að umtalsefni. Hins vegar vil ég benda á að það er mjög mikilvægt að hefja þegar undirbúningsstarf til þess að auka áhrif markaðsins á gengið og stofna til gjaldeyrismarkaðar um leið og við horfum á heildarskipulag bankans. Þess vegna er nauðsynlegt að frv. verði afgreitt og eins og ég hef ítrekað sagt hér er ég hlynntur þeim brtt. sem nefndin hefur gert á hinu upphaflega frv. og tel það orðið betra en það var þegar það var lagt fram í upphafi. Ég vil hins vegar segja það skýrt að mér finnst þörf á því í þessu frv. að tiltaka ákveðnar viðmiðanir, eins og hinar samsettu mynteiningar, evrópsku mynteininguna og sérstöku dráttarréttindin, til þess að taka af öll tvímæli um, eins og ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún stefni að þegar aðstæður hafa til þess skapast, að það sé heimilt og ekki bundið við einstaka gjaldmiðla þjóðríkja. Þetta er eingöngu hugsað til þess að þingið sé að gefa alveg skýrt umboð til að ákveða slíkar breytingar þótt þingið sé ekki þar með að ákveða þær.

Ég vík svo að máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann spurði m.a.: Hver eru helst rökin fyrir því að tengja íslensku krónuna við evrópsku mynteininguna? Í fyrsta lagi tel ég að með slíkri tengingu væri gefin sterkari yfirlýsing um stöðugleika í gengi en hingað til hefur

verið gefin og í slíku akkeri fyrir hagkerfið felst mikill ávinningur að mínu áliti. En auðvitað verða forsendurnar fyrst að vera réttar. Í öðru lagi dregur tengingin við evrópsku mynteininguna úr gengisáhættu í viðskiptum á ECU-svæðinu sem er nú langmikilvægasta viðskiptasvæði þjóðarinnar. Á það má benda að meira en ⅓ af okkar innflutningi koma frá þessu svæði, meira en ¼ af okkar vöruútflutningi fara til þessa svæðis. Það er því mjög mikilvægt að skapa stöðugleika í viðskiptum við þetta helsta viðskiptasvæði þjóðarinnar. Þetta eru önnur rökin. Í þriðja lagi felst í slíkri tengingu, ef hún verður ákveðin, viljayfirlýsing af okkar hálfu um nánara samstarf við Evrópuríkin á sviði efnahags- og viðskiptamála sem er sem kunnugt er mikil meirihlutaskoðun í landinu að við eigum að gera. Í fjórða lagi mun tenging íslensku krónunnar við evrópsku mynteininguna gera krónuna gjaldgengari í erlendum viðskiptum en hún er nú.

Þetta fernt sem ég hef nefnt tel ég fullkomin rök fyrir því að þessi kostur sé vandlega kannaður og að því stefnt að skapa forsendur til slíkrar ákvörðunar. Eins og fram hefur komið hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún telji slíka tengingu ekki tímabæra en vilji undirbúa hana og vinna að henni. Markmiðið er jafngilt hvort sem slík ákvörðun verður endanlega tekin eða ekki.

Síðan vík ég að fráviksmörkunum sem spurt var um. Hv. þm. spurði: Hvaða hugmyndir gera menn sér um fráviksmörk frá hinu fastákveðna gengi? Þar vil ég benda á að það sem algengast er í þessum efnum í Evrópu er 2,25% til hvorrar handar, þó 6% í nokkrum löndum Evrópubandalagsins. Það á við um breska pundið og spánskan peseta. Ég bendi á að á Norðurlöndum þar sem einhliða tenging við ECU hefur einmitt verið ákveðin, í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi — Danmörk er sem kunnugt er aðili að evrópska myntsamstarfinu — eru sveiflumörkin þessi: Í Noregi 2,25% til hvorrar handar, í Svíþjóð 1,5% og í Finnlandi 3%. Mér finnst líklegast að við munum velja að vera við efri mörkin í þessu rófi talna, frá 1,5%–6%, enda er okkar þjóðarbúskapur sveiflugjarnari en flestra annarra ríkja sem þarna koma til umræðu. Þetta er þó síðari tíma mál og að sjálfsögðu ekki til ákvörðunar hér og nú. Ég vil þó benda á að það er mjög mikilvægt að við náum tökum á ríkisfjármálum og náum þeirri eflingu gjaldeyrisvarasjóða sem hv. þm., hinn 4. frá Norðurl. e. taldi að æskileg væri. Og ekki síður að skapa þau skilyrði í sjávarútveginum að hann þoli tap í erfiðu árferði og myndi sveiflujöfnunarsjóði í góðum árum. Allt eru þetta markmið sem eru algeng í umræðum okkar um efnahagsmál en sem ég held að menn fái nýja skerpu, nýja viðmiðun og nýja hvatningu til dáða með því einmitt að við fast og stöðugt tryggjum stöðugleikastefnu í gengismálum í sessi og gerum hana trúverðuga.

Síðan var spurt um vexti og kjaramál. Ég vil, þótt vissulega sé rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það sé ekki beinlínis hér til umræðu, láta þá skoðun í ljós að þar sem vextir eru ákveðnir fyrst og fremst á markaði, taka markaðsaðilarnir að sjálfsögðu mjög mikið mið af því sem er að gerast í verðþróun og kjaraþróun í sínu umhverfi. Menn, sem eru að fara að gefa út skuldabréf fyrir sinn reikning í stórum stíl, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila, á opnum fjármagnsmarkaði, hafa mjög mikinn áhuga á og fylgjast mjög vel með því hvað er að gerast í kjarasamningum ef um miðlæg kjarasamningakerfi er að ræða eins og hér tíðkast. Því auðvitað ræður það sem þar gerist miklu um verðlagshorfur og þar með um vaxtaákvarðanir. Það er á engan hátt andstætt markaðsverðmyndun á vöxtum. Að sjálfsögðu er það jafnan svo að ríkið, sem stór lántakandi, gerir upp við sig með hvaða vöxtum það ætlar að bjóða sína pappíra í ríkjandi umhverfi. Það lítur að sjálfsögðu á horfur í verðlags- og launamálum eins og aðrir sem starfa á fjármagnsmarkaðnum. Í þessu felst ekki nein mótsögn og það er þess vegna miklu réttara að orða það, eins og ég veit að hv. þm. er mætavel ljóst, að hér beiti ríkisstjórnin hyggjuviti sínu en ekki handafli.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þá komið í ljós hvert er hyggjuvit núv. ríkisstjórnar samanber niðurlagsorð hæstv. viðskrh. áðan. Það er að viti hæstv. núv. ríkisstjórnar hyggilegt að standa þannig að peninga- og vaxtamálum að nú um hálfs árs skeið hafa raunvextir verið með þeim hætti hér á landi að það er gjörsamlega vonlaust fyrir önnur en allra efnamestu fyrirtæki að standa undir þeim. Ég vil enn fremur benda hæstv. viðskrh. á það að ef raunveruleg markaðsöfl réðu vöxtunum hefðu stærstu aðilarnir á fjármagnsmarkaðnum ekki komist upp með það mánuðum saman að halda uppi 20% raunvöxtum sem er langt umfram það sem atvinnulífið í landinu þolir. Það er nú einu sinni þannig, hæstv. ráðherrra, að til lengri tíma litið stendur ekkert annað en atvinnulífið undir ávöxtun fjármagns í landinu, ekkert annað en það sem atvinnulífið getur ávaxtað fjármagnið á hverjum tíma. Og það er þetta sem mér finnst gagnrýnisvert. Um margra vikna skeið hafa menn rætt um að þeir skuli fara að tala um vaxtalækkun þegar sjái fram úr kjarasamningum. Það finnst mér ekki bera vott um að tekist hafi að koma hér á frjálsum og skilvirkum peningamarkaði þar sem raunveruleg markaðsöfl réðu. M.a. staðfesti hæstv. ráðherra það í ræðu hér á Alþingi í vetur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óttast að þessar umræður fjarlægist umræðuefnið en vil þó engu að síður svara andsvari hv. 6. þm. Norðurl. e.

Það er hverju orði sannara hjá honum að fjármagnsmarkaðurinn hér á landi er ekki ýkja fullkominn. Þar ríkir enn fákeppni. Sannarlega er ég honum sammála um það að opnun fjármagnsmarkaðarins og greiðari leið fyrir íslenskt atvinnulíf að afla sér lánsfjár frá öðrum löndum milliliðalaust sé nauðsynleg. Þetta eru rétt sjónarmið. Hins vegar breytir það engu um það að ríkið hlýtur á hverjum tíma að meta markaðsaðstæður og taka sína ákvörðun um það hvaða vexti það sýnir. Ég vil líka benda þingmanninum á að vext-

ir hafa farið lækkandi á undanförnum vikum, nafnvextirnir mjög ört og raunvextirnir nokkuð. Það eru staðreyndir í málinu. Það breytir engu um það að við gætum hugsanlega orðið sammála um að vextir hafi verið of háir um skeið. En ég bendi á að nú eru vextir lægri en þeir voru fyrir ári ef litið á heildarmyndina.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti vænt um að heyra staðfestingu hæstv. viðskrh. á því að hér ríkti fákeppnismarkaður á okkar fjármagnsmarkaði sem því miður hefur á seinustu árum orðið þess valdandi að fjármunir hafa flust svo milljörðum skiptir frá undirstöðuatvinnuvegunum, það sýnir afkoma þeirra, og frá skuldsettum heimilum til hinna sem eiga fjármagnið. Þetta er því miður hinn raunalegi raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir gagnvart vaxtamálunum.

Varðandi fullyrðingar hæstv. ráðherra um vaxtalækkun að undanförnu vil ég benda á að allt tal um lækkun nafnvaxta, mikla lækkun nafnvaxta, er mjög villandi. Svo var komið, þrátt fyrir lækkun nafnvaxta á síðustu vikum fyrra árs, að raunvextir á óverðtryggðu innlendu fjármagni voru komnir yfir 20%. Fyrir nokkrum áratugum hét það okur og menn voru dæmdir í fangelsisvist fyrir síka starfsemi. Það er hins vegar í dag hluti af fákeppnismarkaðnum sem hæstv. viðskrh. hefur varið á síðustu árum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera hér eina mjög ákveðna athugasemd við mál hv. 6. þm. Norðurl. e. þar sem hann hélt því fram að ég hefði varið fákeppnismarkaðinn á fjármagnssviðinu. Sannleikurinn er að sjálfsögðu þveröfugur við þetta. Ég hef á mínum starfstíma sem viðskrh. einmitt beitt mér fyrir opnun fjármagnsmarkaðarins, aukinni samkeppni á honum og þar með bætt hlut viðskiptavina fjármagnsstofnananna á þann hátt. En auðvitað er þessi ferð ekki á enda gengin og mörg verkefni fram undan, m.a. það sem nú liggur fyrir þessu þingi að samþykkja í mynd frv. sem við ræðum hér í dag.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég sá ekki ástæðu til að fjalla um frv. Á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem ég tel vera til bóta. Hins vegar lýsti hæstv. viðskrh. enn miklum áhuga sínum og trú á því að tengja íslensku krónuna ECU sem mér finnst ástæða til að ræða aðeins nánar. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að æskilegt sé að hafa sem stöðugast gengi en það má aldrei byggjast á trú. Ég spyr: Hvernig heldur hæstv. viðskrh. að umhorfs væri í íslensku þjóðfélagi ef við hefðum haldið genginu bundnu við erlenda gjaldmiðla í gegnum áratugina í gegnum allar þá miklu sveiflur sem hér hafa orðið?

Ég vek athygli á því enn á ný að við 1. umr. um þetta mál fór ég allítarlega yfir skýrslu sem fengin var frá mjög þekktum amerískum hagfræðingi við MIT-háskólann í Bandaríkjunum. Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að land sem býr við efnahag eins og við Íslendingar eigi ekki að fasttengja sinn gjaldmiðil erlendum gjaldmiðlum. Staðreyndin er vitanlega sú að það er afar líklegt að hér verði þörf á að breyta gengi krónunnar við aðstæður sem alls ekki eru í þeim ríkjum sem við kunnum að hafa bundið okkar krónu við. Ég tek undir það, t.d. með hæstv. sjútvrh., að viðskiptahalli er þarna mjög mikilvægur mælikvarði.

Nú vil ég endurtaka það að ég tel afar æskilegt að gengi krónunnar verði sem sjaldnast breytt og sem allra minnst. En hér, þegar meginatvinnuvegir þjóðarinnar byggja á eins breytilegum grundvelli og sjávarútvegurinn gerir, þá má alls ekki byggja á þeirri trú að gengið verði að vera fast. Það verður að skoða þau mál með tilliti til heildarstöðu þjóðarbúsins og þess efnahags sem við búum við hverju sinni. Ég vil því enn á ný andmæla þeirri trú sem þarna kom fram. Svona trú er engu betri en hver önnur trú. Hún er ekkert betri en kommúnisminn. Það var líka trú sem er núna hrunin. Og það er einu sinni svo í efnahag einnar þjóðar að ekki má byggja á einhverjum trúarsetningum.

Einu sinni var það trú að krónan ætti að síga. Mér skilst að þá hafi sérfræðingarnir komið af einhverri ráðstefnu erlendis og þá sögðu seðlabankastjórarnir að nú ætti krónan að síga hægt og hægt. Það var tekið upp á því einu sinni að reikna út gengisfellingartilefni. Síðan var það trú að krónan ætti að vera föst. Einu sinni var það trú að fella ætti krónuna í stökkum og gera róttækar ráðstafanir á móti.

Um þetta vildi ég fyrst og fremst ræða. En hér var rætt um vextina og mig langar, fyrst ég er staðinn upp, að fara örfáum orðum um það mál þó að það verði að segjast eins og er að það er eins og skvetta vatni á ákveðna dýrategund að tala um vextina. Afar fróðlegt er að heyra að nú þegar gerð kjarasamninga fer í hönd á að vera hægt að beita handafli og lækka vexti. Við hæstv. viðskrh. beittum handafli með góðum árangri árið 1989 og náðum vöxtunum mikið niður. Síðan hefur verið sagt að það sé ófær leið og komi ekki til greina en nú er hægt að beita handafli aftur. Ég veit ekki hvort hæstv. viðskrh. getur útskýrt það fyrir mér hvað hefur breyst.

Ég vil hins vegar taka undir það sem hér kom fram áðan, um þá okurvexti sem hér eru, sérstaklega á óverðtryggðum lánum, langtum hærri en þekkjast í nokkru öðru landi. Það er líka mikið áhyggjuefni hvað vaxtamunur er gífurlega mikill í þjóðfélaginu. Nú segir svo í 9. gr. seðlabankalaganna að Seðlabankinn skuli fylgjast með vaxtamun. Hann á einnig að fylgjast með því að vextir hér séu svipaðir og í helstu viðskiptalöndum okkar og mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh. hvort Seðlabankinn hafi sinnt þessu hlutverki sínu svo honum sé kunnugt. Hefur Seðlabankinn kannað hvaða vextir eru hér borið saman við helstu viðskiptalönd okkar? Hefur hann kannað hvað vaxtamunurinn er mikill? Fróðlegt væri að vita það. Ég trúi varla öðru en hæstv. viðskrh. hafi rekið Seðlabankann til þess ef hann hefur ekki gert það af frjálsum vilja.

Ég held líka að þegar nálgast það að fjármagnsmarkaðurinn hér verði enn opnari þá sé afar mikilvægt

fyrir okkar viðskiptabanka að vera undir slíkri smásjá. Mér er kunnugt um að þegar í dag er farið að bjóða fyrirtækjum, sem eru í miklum erlendum viðskiptum og eru sæmilega stæð, langtum lægri vexti en hér bjóðast í dag. Mér var sýnt það alveg nýlega að einu ákveðnu fyrirtæki eru boðnir vextir sem eru með álag á Libor upp á 0.55 en hér er álag á Libor, ef ég veit rétt, 1,125 eða jafnvel hærra. Og það fer að verða nauðsynlegt fyrir íslenska bankakerfið að vera undir strönguaðhaldi að þessu leyti. Ég ætla að leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann geti upplýst okkur um það hvað vaxtamunurinn er núna og kannski eitthvað um það hvort vextirnir hér eru ekki hærri en þeir yfirleitt eru annars staðar.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert með hvaða hætti hæstv. viðskrh. rökstuddi áðan nauðsynina á því að frv. verði samþykkt. Það var rökstuðningur sem ekki kom fram í framsöguræðu hv. 1. þm. Vestf., sem mælti fyrir nál., né hjá öðrum talsmönnum efh.- og viðskn., hvorki hv. 18. þm. Reykv. og þaðan af síður hv. 4. þm. Norðurl. e. Bersýnilegt er að hæstv. viðskrh. telur að verið sé að afgreiða eitthvert allt annað frv. en nefndin hefur verið að fjalla um því hann taldi tvær meginástæðurnar fyrir því að frv. yrði samþykkt í fyrsta lagi þá að með því væri verið að opna fyrir að hægt væri að taka ákvörðun um ECU-tengingu krónunnar með sérstökum hætti og að Alþingi væri þar með að lýsa þeim vilja sínum að frá og með samþykkt frv. væri hægt að taka upp ECU-tengingu krónunnar. Alþingi væri þeirrar skoðunar og þeir flokkar sem standa að áliti nefndarinnar á hv. Alþingi að það ætti að taka upp ECU-tengingu krónunnar strax og tilteknar aðstæður hefðu skapast í efnahagslífinu. Mér er ekki kunnugt um að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi gert sérstaka samþykkt um að nauðsynlegt sé að tengja íslensku krónuna við ECU. Ég stend hér upp, virðulegi forseti, m.a. til þess að mótmæla þessu. Ég tel að með afgreiðslu frv. sé ekki verið að taka ákvörðun um að stjórnvöld eigi að tengja íslensku krónuna við ECU. Óhjákvæmilegt er að þeir talsmenn hv. nefndar sem hér hafa talað, svari einnig þessum viðhorfum hæstv. viðskrh.

Hitt var svo ekki síður athyglisvert sem er röksemd númer tvö og ég heyrði heldur ekki í málflutningi talsmanna nefndarinnar fyrr í dag eða áður. Það er að samþykkt frv. opni fyrir aukið efnahagssamstarf við Evrópu. Með öðrum orðum fælist í þessu stefnumótandi ávörðun og menn væru með samþykkt frv. svo að segja að samþykkja andann í hugmyndum um evrópskt efnahagsvæði og jafnvel að ganga lengra, þ.e. inn á það sem kallað hefur verið Evrópubandalag og hefur verið rætt hér síðustu daga. Mér finnst nauðsynlegt að nefna þetta hér, herra forseti, vegna þess að undanfarið hefur umræðan um Evrópumálin verið með þeim hætti að það er eins og menn hafi ekki áttað sig á að verið er að toga fólk inn í þessa hluti smátt og smátt, hægt og bítandi, skref fyrir skref, að vísu lúsarskref fyrir lúsarskref. Kannski er erfitt að átta sig á í hverju málið felst í heild en hæstv. viðskrh. og væntanlega hæstv. ríkisstjórn lítur þannig á að með þessu sé verið að stíga nær Evrópusamstarfi í efnahagsmálum heldur en fyrr og taka ákvörðun um ECU-tengingu.

Í rauninni tel ég að sú uppsetning sem hæstv. viðskrh. hafði á máli sínu áðan sé með þeim hætti að hægt sé að segja að hann komi aftan að hv. efh.- og viðskn. vegna þess að hún hafi ekki fjallað um málið á þessum grundvelli, að ég best veit. Og auðvitað er það alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði áðan að það er stórhættulegt ef stjórnvöld fara að líma sig í ofstæki trúarsetninga á tiltekin atriði í efnahagsstjórn, í raun og veru alveg sama hver þau eru. Í því sambandi má nefna margt sem hefur verið rætt á undanförnum árum en ég ætla aðeins að benda á eina hliðstæðu. Þjóð, ekki langt frá okkur hefur verið bundin á höndum og fótum í gengismálum undanfarna áratugi, það eru Færeyingar. Hvert var svar Færeyinga við þeim vanda sem steðjaði að þeirra aðalútflutningsatvinnuvegi? Það var ekki gengisbreyting eins og við gripum oft til við ýmsar aðstæður. Hvert var þeirra svar? Það var að greiða úr ríkissjóði stórfellda styrki til sjávarútvegsins í Færeyjum til þess að hann gæti staðist samkeppnina við sjávarútveginn í öðrum löndum. Niðurstaðan var orðin sú að fimmta hver króna í ríkissjóði Færeyja gekk í að borga styrki til sjávarútvegsins, sem jafngildir um 20 milljörðum íslenskra króna á mælikvarða ríkisbúskaparins hér eða nærri tvöfaldri þeirri upphæð sem fer til mennta- og menningarmála úr ríkissjóði Íslands um þessar mundir. Með öðrum orðum tel ég að stórhættulegt sé að slá því föstu að reyra eigi íslensku þjóðina fasta í þessu efni eins og hæstv. ríkisstjórn stefnir að vegna þess að undirliggjandi rök hjá ríkisstjórninni og hæstv núv. viðskrh. eru ævinlega þau að rökin fyrir frv. af þessu tagi séu að Íslendingum sé ekki sjálfum treystandi fyrir sinni efnahagsstjórn. Það verði í raun og veru að flytja stjórnina úr landi og láta hinar alþjóðlegu markaðsaðstæður reyra okkur enn fastar en þegar er orðið. Og ég segi, þjóð sem byggir tilveru sína að svo stórum hluta á útflutningstekjum og milliríkjaviðskiptum hefur ekki efni á því að taka upp þá stefnu sem hæstv. viðskrh. beitir sér fyrir. Hún þarf fyrst og fremst að hafa sem allra mesta möguleika á að ráða sínum efnahagslegu kringumstæðum sjálf eftir þeim aðstæðum sem eru á alþjóðlegum markaði á hverjum tíma. Ég taldi óhjákvæmilegt, herra forseti, að standa upp og mótmæla þessum rökum hæstv. viðskrh. Þau eru a.m.k. ekki mín rök, svo mikið er víst.

Varðandi aðra þætti sem drepið var lítillega á og af því að ég er kominn hingað upp ætla ég aðeins að nefna þá líka. Það er varðandi vextina og kom fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Auðvitað er það rétt að oft hefur verið beitt handafli í vaxtamálum. Það var gert 1989 með prýðilegum árangri eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, en það var líka gert vorið 1991. Þá var beitt handafli til að knýja vextina upp á við. Þá tók ríkisstjórnin ákvörðun um að hækka vaxtagólfið í þjóðfélaginu með handafli um 2 prósentustig. Það er einhver alvarlegasta og áhrifaríkasta

handaflsaðgerð í vaxtamálum sem sögur fara af og var notuð til þess að lyfta vaxtastiginu í landinu. Ég held að nauðsynlegt sé að horfast í augu við þann veruleika að núv. ríkisstjórn hefur beitt handaflinu með þessum hætti. Jafnframt hefur hún að mér virðist verið neydd til þess að horfast í augu við þann hugsanlega möguleika að beita verði handafli á næstunni til þess að ná vöxtum enn frekar niður. En kennisetningarnar sem núv. ríkisstjórn hefur hins vegar ævinlega borið fyrir sig um að ekki sé hægt að lækka vexti af því að hallinn á ríkissjóði sé svo mikill, eru aftur á móti alveg sérstakt umhugsunarefni. Hallinn á ríkissjóði er mun minni hér en gerist í mörgum löndum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hallinn á ríkissjóði hér er minni en gerist í flestum samanburðarlöndum okkar þannig að vextir ættu þess vegna ekki að þurfa að vera hærri á Íslandi en víða annars staðar. Ég held að menn þurfi líka að átta sig á því, kannski ekki síst verkalýðshreyfingin og félagshyggjufólk í þessu landi, að það að bíta sig fastan í að hallinn á ríkissjóði sé upphaf og endir alls ills er ávísun á hvað? Ávísun á niðurskurð á velferðarkerfinu. Ávísun á niðurskurð á heilbrigðiskerfinu, ellilífeyriskerfinu, menntamálum í landinu og öðrum slíkum þáttum. Það að t.d. Alþfl., sem kallar sig Jafnaðarmannaflokk Íslands, skuli beita sér sérstaklega í þessu efni og hafa hallann á ríkissjóði sem forgangsvandamál, sýnir að hann er í raun og veru að segja að allt annað sé aukaatriði og þar með að halda uppi skikkanlegri félagslegri þjónustu. Ég er þeirrar skoðunar að hin látlausa síbylja um hallann á ríkissjóði, sem hefur gengið í gegnum stjórnmálaumræðuna að undanförnu, sé hættuleg og muni koma í hausinn á okkur fyrr eða síðar, bæði hinu almenna velferðarkerfi og þeim stjórnmálaflokkum sem í raun og veru hafa borið það fyrir brjósti og kannski ekki síst verkalýðshreyfingunni í landinu. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að með þessum hætti má ekki einfalda hlutina. Með því eru menn að skapa rök fyrir hægri öflin í þjóðfélaginu til að brjóta velferðarkerfið á bak aftur. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að umræðan um hallann á ríkissjóði, eins og hún hefur gengið yfir á undanförnum missirum, sé einhver allra hættulegasta trúarsetning sem hefur verið uppi í almennri pólitískri umræðu að undanförnu vegna þess að málið liggur ekki svona. Málið liggur ekki svona þegar afleiðingarnar verða atvinnuleysi tveggja til þriggja þúsunda manna. Augljóst er að þessi kenning kemur aftan að sjálfri sér því að niðurskurður hjá ríkissjóði með þessum hætti hefur í för með sér að ríkið missir tekjur og býr til vítahring sem það ræður svo ekki við að brjótast út úr. Þetta þýðir að niðurskurðurinn veldur meiri halla á ríkissjóði en ekki minni halla. Þess vegna þurfa menn alveg sérstaklega að gjalda varhug við þessum málflutningi hæstv. viðskrh. í þessu máli eins og öðrum, virðulegi forseti.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að að sjálfsögðu höfum við í minni hluta efh.- og viðskn. ekki skrifað undir ECU-tengingu. Hins vegar vil ég minna á að í greinargerð frv. segir, með leyfi forseta:

„Til að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir því á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði að unnt sé að tengja gengi krónunnar við ECU með trúverðugum hætti þurfa að koma til veigamiklar skipulagsbreytingar. Þar er um að ræða nauðsyn þess að rýmka reglur um skilaskyldu á erlendum gjaldeyri til að unnt sé að byrja að þróa gjaldeyrismarkað, styrkja stjórntæki Seðlabankans í peningamálum og afla lagaheimilda til að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á markaði."

Það er sem sagt algerlega ljóst að tilgangur frv. er sá að auðvelda ECU-tengingu og koma þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar á framfæri að hún stefndi að því. Það varð niðurstaða efh.- og viðskn. að eins og löggjöfin er núna er í sjálfu sér ekkert sem kemur í veg fyrir ECU-tengingu. Þess vegna er fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða en ekki efnisbreytingar. Ég vil ítreka þann fyrirvara sem ég var með áðan að ég tel að ECU-tenging sé ekki tímabær og þurfi að kanna hana mun betur.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir þessa skýringu sem var glögg og kom heim og saman við það sem hafði reyndar áður komið fram og staðfestir það sem segja má að liggi í augum uppi en er óhjákvæmilegt hins vegar að komi fram að efh.- og viðskn., a.m.k. einhver hluti hennar, er andvígur þeim forsendum sem hæstv. viðskrh. gefur sér. Það er líka ljóst að þó hægt væri samkvæmt núgildandi seðlabankalögum að taka upp ECU-tenginu er hitt líka ljóst að hæstv. viðskrh. ætlar að nota frv. og samþykkt þess sem flagg til þess að knýja þetta fram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það að fyrirvarar Framsfl. komu skýrt fram í ræðu minni áðan gagnvart ECU-tengingunni þannig að þar þarf enginn að fara neitt gruflandi. Hugleiðingar hæstv. viðskrh. þar að lútandi eru alfarið hans. Í raun er slæmt að á þennan hátt skuli það vera dregið inn í umræðuna vegna þess að grundvallarþátturinn í frv. er að mínu mati nauðsynleg og rétt breyting á efnahagskerfi okkar gagnvart því sem við kemur gengisskráningunni. Ef rétt er á málum haldið á hún að geta tryggt að gengisskráningin á hverjum tíma sé nær því að vera þóknanleg framleiðslu útflutningsatvinnuvegunum. Það er svo annað mál hvort hæstv. núv. ríkisstjórn er treystandi til þess að framfylgja málinu til að svo verði.

Ég ítreka líka ummæli síðasta ræðumanns þar að lútandi að þegar fulltrúar Seðlabankans voru á fundi nefndarinnar kom það skýrt fram að allar heimildir munu vera í lögum nú þegar til þess að breyta gengiskörfunni þannig að hægt væri að tengja beint við ECU. Það þarf því ekki að sækja heimildir í lög þess vegna.

Að lokum, virðulegi forseti, eftir þessa umræðu held ég að æskilegt sé nú að fram komi brtt. í þá veru að

eftirfarandi setning falli niður úr textanum, með leyfi forseta: „svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR)". Ég held að til þess að afstaða þingmanna í þessu efni geti komið skýrt fram sé nauðsynlegt að slík brtt. komi fram og ég mun beita mér fyrir að svo verði.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að fara aðeins yfir umræðuna aftur vegna endurtekinna tilrauna hæstv. viðskrh. til þess að flytja inn í málið aðra hluti en þar eru á ferðinni. Ég þakka hv. þm. sem lagt hafa lið í þeim efnum. Auðvitað er ákaflega hvimleitt að hæstv. viðskrh. skuli reyna að læða áhugamálum sínum eða pólitískum áherslum ríkisstjórnarinnar með þessum hætti inn í mál sem efnislega er ekki á nokkurn hátt jafngildi þeirrar ákvörðunar að taka upp ECU-tengingu krónunnar. Ég vil minna hæstv. viðskrh. á hvernig athugasemdir við hans eigin frv. byrja, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er flutt í tvennum tilgangi. Annars vegar til að unnt sé að breyta núgildandi fyrirkomulagi á gengisskráningu krónunnar þannig að gengi hennar ráðist í auknum mæli af framboð og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði. Hins vegar til að aðlaga lög um Seðlabanka Íslands að lögum um fjárfestingu erlendra aðila".

Þetta er hinn tvíþætti megintilgangur frv. og tilgangurinn eins og tekið er fram í athugasemdum við frv. Að vísu er síðan aftar í athugasemdunum vísað yfir í pólitísk stefnumið ríkisstjórnarinnar sem eru bara annað mál, eru útlistun á því framkvæmdarvaldi sem ríkisstjórnin hefur með höndum. Það að reyna að búa til einhvers konar stimplun á stefnu ríkisstjórnarinnar úr þeirri atkvæðagreiðslu sem fer fram um frv. inni í þinginu er auðvitað ósvífið. Það er fullkomlega órétt-mætt og óþolandi að hæstv. viðskrh. sé endalaust að reyna að nudda í því. Þess vegna er alveg nauðsynleg að taka af öll tvímæli um það og ég tek undir það að bæði efnislega, úr því sem komið er og eins líka af málsfarsástæðum, er ástæða til þess að bera það undir og fá samþykkt að henda úr dæmasafni hæstv. viðskrh. um ECU og SDR eða að bæta inn í það eins og 20 mismunandi einingum og gjaldmiðlum af ýmsu tagi þannig að það sé ljóst að verið er að tína upp dæmi um allt milli himins og jarðar sem út af fyrir sig er fræðilega hugsanlegt að tengja krónuna við. T.d. bath, sem mun vera gjaldeyrir þeirra í Tælandi. Þar eru gefnir út myndarlegir seðlar af Bhumibol konungi og bath-myntin er notuð í viðskiptum. Það er auðvitað engin endir á því og ástæðulaust með öllu að vera að tína þetta upp með þessum hætti í lagatextanum.

Síðan er nauðsynlegt að menn ræði þá líka hreint út um aðra hluti að eitt er viðmiðun gengisins við einhverja körfugjaldmiðla eða einingu eins og ECU eða SDR og annað er fasttenging. Það felst engin efnisbreyting í frv. hvað það snertir að heimilt hefur verið að miða gengi krónunnar við einhverja körfugjaldmiðla. Það er allt annað mál að reyna síðan að binda krónuna fasta og út af fyrir sig má segja að það felist nokkur mótsögn í því að vera að taka upp gjaldeyrismarkað og viðskipti með krónu en vera svo sérstaklega að gera því skóna að hún skuli síðan jafnvægisstillt á þeim markaði miðað við einn gjaldmiðil öðrum fremur. Ég verð að láta sjónarmið mitt koma hér fram að ég tel það mjög mikið umhugsunarefni ef menn vilja reyna að miða við hér eftir sem hingað til einhverja tiltekna körfu gjaldmiðla og reyna að beita ráðstöfunum á markaði til þess að stilla gengi krónunnar af miðað við slíka viðmiðun, þá eigi það að vera ECU. Hvað gerist með því að hverfa frá núverandi gengiskörfu og yfir í ECU? Það er ósköp einfaldlega það að dollar og öðrum myntum, sem vigtað hafa að einhverjum mæli inn í gjaldeyriskörfu okkar hingað til, er hent út. Hvers vegna á að henda dollar út úr þeirri viðskiptakörfu sem við Íslendingar miðum við þegar við jafnvægisstillum eða verðleggjum gjaldeyri okkar? Hvers vegna? Er markaðurinn í Bandaríkjunum og breytingar á gengi Bandaríkjadollars eitthvað minna mikilvægur fyrir okkur hlutfallslega en aðrar slíkar hræringar í heiminum? Ég segi auðvitað nei. Það væri að mínu mati beinlínis heimskulegt ef menn væru með slíkum hætti að vega þau viðskipti eitthvað léttar en önnur eða torvelda það eða láta það mæta afgangi að við gættum hagsmuna okkar í þeim efnum. Staðreyndin er auðvitað sú að gengishreyfingar á dollar geta skipt mjög miklu máli langt út fyrir það sem nemur vægi dollarsins t.d. í útflutningsviðskiptum okkar. Það kemur til af því að viðskipti á ýmsa aðra markaði sem og auðvitað lánssamningar og fjölmargt annað er enn sem komið er í það ríkulegum mæli með einum eða öðrum hætti tengt dollar og þess vegna er auðvitað stærð hans og vigt í alþjóðaviðskiptum svo mikil. Ég hef því í fyrsta lagi miklar efasemdir um það að t.d. sé skynsamlegt að láta ekki dollar eða jen eða aðra slíka gjaldmiðla sem skipta umtalsverðu máli í útflutningsviðskiptum okkar halda áfram að vera til viðmiðunar að einhverju leyti sem nemur nokkurn veginn hlutfalli þeirra í þeim sömu viðskiptum.

Ég held líka að það eigi að geta hjálpað okkur Íslendingum til þess að hafa skaplegra jafnvægi í þessum efnum. Ég er alveg viss um það að sú breyting ein að láta dollar hverfa út úr þessari körfu og binda sig eingöngu við Evrópumyntir er beinlínis óskynsamleg með hliðsjón af því markmiði að halda sem mestu jafnvægi á væntanlegum markaði fyrir gjaldeyri á Íslandi, beinlínis óskynsamleg. Dollar vegur t.d. mjög þungt í þjónustuviðskiptum Íslendinga. Nægir að nefna rekstur Flugleiða og ferðaþjónustuna sem dæmi um það. Ég sé ekki hvers vegna í ósköpunum menn ættu t.d. frá sjónarhóli þeirrar atvinnugreinar að mæla með því að dollar hyrfi þarna út. Ég spyr: Hvers vegna ættum við Íslendingar endilega að apa það upp eftir þjóðum sem annaðhvort eru í Evrópubandalaginu eða eru með gersamlega háð því og yfirgnæfandi viðskiptatengslum við það svæði? Hvers vegna ættum við sem höfum talsvert aðra hagsmuni í þessum efnum að apa þetta upp? Hitt er svo það að fasttenging við ECU er auðvitað allt annar hlutur eða eitthvað annað sem menn vildu reyna að miða sig við.

Menn hljóta líka að spyrja sig að því: Hvernig ætla menn að verja slíka fasttengingu við einhverja gjaldmiðla þó með tilteknum fráviksmörkum sé með jafnlitlum gjaldeyrisvarasjóði og léttum seðlabanka og við höfum? Hafa menn virkilega trú á því að íslenski seðlabankinn geti með sínu fé ráðið við það þó hann hafi lánssamninga og yfirdráttarheimildir í einhverjum erlendum bönkum og geti þannig samtals með gjaldeyrisvaraforðanum og eigin fé sínu og lánsheimildum erlendis kannski ráðstafað 10–20 milljörðum kr. í slíku skyni? Hvar er tryggingin fyrir því að hann springi ekki ósköp einfaldlega á limminu í tilraunum sínum til þess að varðveita slíkt fastgengi? Ég hef ekki séð það til enda að menn mundu ráða við slíkt með hliðsjón af okkar miklu sveiflum sem hér hafa verið nefndar.

Hæstv. forseti. Ég vil sem sagt fyrir mitt leyti taka undir það og ítreka það að með afgreiðslu þessa máls og stuðningi við það er ekki á nokkurn hátt verið að blanda sér inn í áform ríkisstjórnarinnar um einhverja ECU-tengingu krónunnar. Í lögum eru heimildir til þess út af fyrir sig. Ef hæstv. ríkisstjórn hefði verið svo vitlaus og forstokkuð að láta sér t.d. detta í hug að vaða í ECU-tenginguna nú um síðustu áramót þá hefði hún getað það ósköp einfaldlega með því að skilgreina upp á nýtt gengiskörfuna og ákveða að hún skyldi verða ECU. Þess vegna er ekki efnisbreyting á ferðinni í frv. og einhver tilvísun í efnahagsáform ríkisstjórnarinnar langt inn í greinargerð frv. jafngildir ekki því að menn greiði atkvæði um stefnu ríkisstjórnarinnar. Það eru ekki greidd atkvæði um greinargerðina og reyndar ekki heldur um ræðu hæstv. viðskrh., því miður liggur mér nú við að segja því að það væri stundum gaman að geta greitt atkvæði á móti þeim á Alþingi. Auðvitað kemur þingið til með að fjalla um þessar tvær lagagreinar eða reyndar þrjár og svo þá fjórðu sem víkur að gildistökunni. Ég vísa m.a. til þess sem segir í upphafi greinargerðarinnar og held að þegar fram líða stundir muni það taka af öll tvímæli um það hvað Alþingi var að afgreiða ef einhverjar deilur verða um það þegar orð hæstv. viðskrh. verða vonandi löngu gleymd.

Aðeins um vextina að lokum sem hér voru nefndir og réttilega og eðlilega barst það inn í umræðuna. Ég tel að það hafi verið afar athyglisverðar upplýsingar sem hafa m.a. komið fram um þau efni núna síðustu vikurnar, þar á meðal upplýsingar um afkomu bankanna þar sem upplýst er að bankar eins og Íslandsbanki sneru mörg hundruð millj. kr. tapi sínu á fyrri hluta ársins upp í hagnað með óhóflegri vaxtatöku á síðustu mánuðum ársins. Ég held að ástæða væri til þess fyrir menn að fara yfir það hvað það segir um vaxtatökuna og vaxtamuninn í bankakerfinu á síðari hluta ársins að mörg hundruð millj. kr. hallarekstur Íslandsbanka, þessa flaggskips einkavæðingarinnar í bankaheiminum, sem er nú ekki rekinn með glæsilegri árangri en það að hann er alltaf langlakastur bankanna í öllum samanburði, snerist upp í hagnað með þessum okurvöxtum á síðari hluta ársins. Talsmenn bankanna koma auðvitað feimnislaust fram og segja: Afkoman var svo léleg á fyrri hluta ársins að við urðum bara að svínhækka vextina alveg endalaust þangað til við náðum að vinna þetta upp, snúa þessu upp í hagnað. Þetta leyfist bönkunum. Með öðrum orðum eru bankarnir ekki látnir standa frammi fyrir taprekstrinum og sagt við þá: Nú skuluð þið hagræða. Af hverju kemur ekki Þröstur Ólafsson og segir: Það verða bara nokkrir bankar að fara á hausinn. Þeir eru of margir. Gjaldþrotin verða að hreinsa til í þessari atvinnugrein. Við bara höldum óbreyttu rekstrarumhverfi þangað til búið er að fækka bönkunum um svona þriðjung svipað og fyrirtækjunum í sjávarútveginum. Nei. Þá leggst allt lið með viðskrh. í broddi fylkingar á eitt um það að aðstoða bankana við að taka sér hér hundruð millj. kr. með óheyrilegri vaxtatöku á síðari hluta ársins til þess að snúa tapinu í hagnað. En sjávarútvegurinn býr ekki við þessa góðvild. Þar er ekki rokið til og hlutföllunum breytt þannig að t.d. á næstu mánuðum sem í hönd fara takist að vinna upp tapið frá undangengnum missirum. Það er upplýst að það sé 3–5% í heildina tekið yfir sjávarútveginn, þar af um 8–10% í vinnslunni og þyrfti þess vegna að taka rækilega til hendinni þó það yrði ekki nema til þess að sjávarútvegurinn kæmist upp fyrir núllið á þessu ári. Þar á að grisja með gjaldþrotunum en bankarnir skulu áfram búa við það sjálftökukerfi að ef þeir lenda óvart í tapi á fyrstu mánuðum einhvers árs, þá sé rokið til, vaxtamunurinn aukinn og vextirnir hækkaðir þannig að þeir komist örugglega í gróða áður en árið er á enda runnið. Þetta er það jafnrétti sem atvinnugreinarnar, bankarekstur og sjávarútvegur, búa við í landinu. Ég skil svo sem vel að hæstv. sjútvrh., sem annars er hógvær maður, skyldi segja það sem hann sagði norður á Akureyri á dögunum.

Herra forseti. Ég vona nú að hæstv. viðskrh. láti af tilraunum sínum til þess að leggja meiri merkingu í umfjöllun og afgreiðslu málsins hér á þinginu en efni standa til og sætti sig ósköp einfaldlega við það að einhver ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ECU-tengingu krónunnar sem hún hefur haft heimildir til samkvæmt lögum og mun hafa áfram samkvæmt þessu frv. er allt annað mál. Það á ekki að blandast umfjöllun Alþingis um þetta frv. sem fyrst og fremst lýtur að þeirri formbreytingu að auðvelda upptöku markaðsviðskipta með gjaldeyri annars vegar og aðlaga þessi lög nýsettum lögum um fjárfestingu erlendra aðila hins vegar og annað ekki.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það er næsta vandlifað í henni veröld ef menn eru fyrst spurðir um hvað liggi á bak við tillögurnar og hver sé greinargerð ríkisstjórnarinnar fyrir þeim og svo þegar frá því er skýrt, þá kvarta menn yfir því en það hafa þingmenn gert hér í löngum röðum. Hvað er þetta? Er maðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni og baksviði þeirrar tillögugerðar sem hann talar hér fyrir? Hv. 9. þm. Reykv. gekk meira að segja svo langt að segja að það væri líklegast að viðskrh. hefði komið aftan að efh.- og viðskn. Ég vildi leyfa mér að bera þær sakir af mér hér, frú forseti. Ég veit ekki betur en þau rök sem ég hef fært fram í málflutn-

ingi mínum og tillöguflutningi mínum hafi komið fram mjög skýrt, bæði í grg. frv. sem við ræðum hér og eins í framsöguræðu minni fyrir því, m.a. ástæðurnar fyrir því hvers vegna það gæti verið skynsamlegt að tengjast evrópsku mynteiningunni. Hafi þetta komið þingmönnum á óvart þá verða menn að leita ástæðunnar hjá sjálfum sér en ekki hjá þeim sem hér stendur. Þetta mál liggur einfaldlega svona fyrir.

Hins vegar er það góð regla að sé manni gefinn hestur að vera ekkert að gá upp í hann heldur þiggja hann. Mér er alveg sama hvaðan gott kemur og bið bara um það að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir og ég spyr ekki um hvatir, ástæður eða röksemdir þingmanna í því máli þótt ég áskilji mér að sjálfsögðu rétt til þess að skýra mínar og það mun ég sannarlega reyna að gera.

Mér þótti það líka furðu sæta að hv. 7. þm. Reykn. og hv. 9. þm. Reykv. töluðu mikið um það að trúarsetningar, og ég held nú reyndar að hv. 9. þm. Reykv. hafi sagt ofstæki, mættu ekki ráða stefnunni í efnahagsmálum. Um þetta er ég þeim einlæglega sammála en verð nú að segja það að mér þótti heldur skjöplast samlíkingin hjá hv. 7. þm. Reykn. þegar hann fór að líkja evrópska myntkerfinu við kommúnismann og held að honum hafi eitthvað missýnst í því. Líka vil ég leiðrétta þann misskilning hans að ef við kysum — sem ekki hefur verið ákveðið — að tengja gengi okkar við Evrópumyntirnar frekar en einhverjar aðrar sem getur vel verið að menn ákveði einhvern tíma, og gangi jafnvel inn í evrópska myntsamstarfið, þá er jafnan viðurkenning á því innan þess samstarfs að varanlegt grundvallarmisræmi í gengismálum má og á að leiðrétta. Það hefur reyndar ítrekað verið gert. Ég ætla að leyfa mér að benda á dæmi Dana af því að hv. 9. þm. Reykv. nefndi hér dæmi Færeyinga og taldi það sanna það að þetta væri hið versta félag að tengjast. Danir hafa með stöðugleika í gengi frá árinu 1982 til ársins 1992 snúið varanlegum, þrálátum viðskiptahalla og verðbólgu í stöðugt verðlag, minnstu verðbólgu í Evrópu, e.t.v. hina minnstu á jarðarkringlunni og verulegan viðskiptaafgang, virðulegi forseti. Þetta eru nú staðreyndirnar um það hvernig þetta hefur reynst þeim. Auðvitað verður þetta ekki yfirfært á okkur á auga lifandi bragði því að menn verða að vinna fyrir þessu. En hitt vildi ég segja að það er fráleit samlíking að halda því fram að tenging af því tagi sem hér hefur verið rædd í tengslum við þetta frv. sé dæmi um trúarbrögð eða ofstæki í stjórn efnahagsmála. Þvert á móti ber hún vitni um leit að skynsamlegum úrræðum þar sem okkur hefur ekki tekist vel og kem ég þá að því sem hv. 7. þm. Reykn. nefndi þegar hann spurði: Hvernig ætli væri umhorfs hér ef við hefðum ekki alltaf verið að fella gengið á árum áður? Já, ég spyr nú líka á móti. Ætli hefði ekki stundum verið hyggilegt að fara hægar í þeim sökum en auðvitað hafa verið þau dæmi eins og við þekkjum öll að undan því varð ekki vikist. En ég held að þar hefði hófið verið betra en hitt sem gert var. Við hefðum þá komist skár af en ekki miður hefðum við valið þá leið að hafa hér stöðugra gengi. En með því er ekki sagt að við höfum alltaf fundið það og það sé á hverjum tíma, einhvern veginn alveg guði gefið að það sem hafi verið og sé sé betra en það sem menn gætu gert. En því miður virðist mér sem sumt af því sem fram hefur komið í þessum umræðum bera einmitt vitni um það sjónarmið að menn vilji engu breyta. Þess vegna fagna ég einlæglega því sem fram kom hér í máli þeirra í röðum nefndarmanna í efh.- og viðskn. sem skrifuðu undir frv. með fyrirvara af því að þeir töldu efnislega ástæðu til þess að gera þær breytingar sem tillögur eru hér gerðar um.

Ég endurtek það að ég er afar ánægður með að hafa fengið þann stuðning við þetta mál og vonast til þess að það fái líka þá meðferð sem sá stuðningur gaf ástæðu til að ætla að fengist.

Ég vil vegna spurningar hv. 7. þm. Reykn. skýra frá því að Seðlabankinn hefur að sjálfsögu fylgst með vaxtastigi og vaxtamun í nálægum löndum, gert grein fyrir því í skýrslu sem dreift var í þinginu í desember og vinnur stöðugt að því verki. Mjög æskilegt er að slíkar athuganir haldi áfram og þeim sé haldið stíft að íslenskum lánastofnunum. Hv. þm. nefndi dæmi um það að eitt fyrirtækið gæti fengið lán með 0,5% eða rúmlega það viðbót við Libor-vextina en þyrfti að borga 1,5% eða eitthvað þar um bil ef það tæki lánið hér heima. Að sjálfsögðu á þetta fyrirtæki að taka lánið beint. En ég vil líka láta koma fram að slíkar lántökur voru fyrirtækjunum ekki heimilar fyrr en reglum var breytt að minni tilstuðlan að menn gætu tekið erlend lán á eigin ábyrgð. Þannig á þetta að vera og ég vil líka láta koma fram að það var í ríkisstjórnartíð hv. 7. þm. Reykn. sem forsrh. að þetta var gert.

Ég vil líka, virðulegi forseti, koma aðeins að því sem kom hér fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að það væri nú aldeilis ekki verið að fækka fyrirtækjunum eða hagræða í bankakerfinu. Hvar hefur þingmaðurinn haldið hús sl. fjögur ár? Bönkunum hefur fækkað úr sjö í þrjá, í fyrsta skipti í sögu íslenskra banka, í fyrsta skipti frá upphafi bankastarfsemi á Íslandi, hefur orðið fækkun starfsmanna í bönkum af því að þar hefur farið fram hagræðing, af því að þar hefur verið knúin fram samruni stofnana með þeim breytingum sem þar hafa verið ákveðnar, m.a. af þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. átti sæti í. Ég átta mig ekki alveg á því hvaðan þessi málflutningur er ættaður. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa gleymt sér eitt andartak. Þetta er að sjálfsögðu hið besta mál. Það þurfti og varð að knýja fram hagræðingu líka í þessari atvinnugrein, miðlun fjármagns, og hún þarf að mæta aukinni samkeppni frá útlöndum. Að því er stefnt og þetta frv. sem hér er rætt er að sínu leyti hlekkur í þeirri keðju sem ég treysti að þingið muni styrkja.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alveg óhjákvæmilegt að mótmæla orðum hæstv. ráðherra hér áðan vegna þess að þau voru flutt eftir að talsmenn nefndarinnar höfðu talað og eftir að þeir höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Eins og kunnugt er vega orð ráðherra þungt

hverjir svo sem eiga í hlut, þannig að það var alveg óhjákvæmilegt að kalla fram viðhorf efnahags- og viðskiptarnefndarmanna eins og gert var hér áðan. Niðurstaðan er sú að allir talsmenn efh.- og viðskn. sem til þessa hafa tjáð sig í málinu hafa vísað á bug röksemdum hæstv. ráðherra fyrir máli þessu. Það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir.

Ég ætla ekki heldur að gagnrýna ráðherrann fyrir að hafa talað. Ég held að það sé ágætt að hann tjáði og kom til dyranna eins og hann er klæddur og hann á auðvitað að gera það sem oftast. En hann á ekki að vera að reyna að villa mikið á sér heimildir þegar hann er að reyna að snúa mál af þessu tagi út úr þinginu.

Að lokum þetta. Hæstv. ráðherra vitnaði til Danmerkur sem alveg sérstaks fyrirmyndarríkis og það væri kannski ástæða til þess að snara þessari ræðu sem hann flutti hér og senda flokksbræðrum hans í Danmörku, sósíaldemókrötum þar, því að aldrei hefur íhaldsstjórninni í Danmörku verið hælt annað eins og í ræðu hæstv. núv. viðskrh. á Íslandi. Hvað kostaði árangurinn í Danmörku? Hvað kostaði hann? Skyldi það ekki vera umhugsunarvert fyrir jafnaðarmenn? Hvað kostaði árangurinn í Danmörku? Hann kostaði mesta atvinnuleysi á Norðurlöndum um margra ára skeið. Og hvað kostar atvinnuleysi? Það kostar stórfellda fjármuni en það kostar líka mannlegar þjáningar sem menn verða auðvitað að taka með inn í þessa mynd þegar verið er að skoða efnahagslegar og félagslegar afleiðingar sinna pólitísku ákvarðana. Gallinn við núv. hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnina er auðvitað sá að hún tekur ekki tillit til hinna mannlegu útgjalda, félagslegu útgjalda, þegar hún gerir ráðstafanir sínar í efnahagsmálum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég benda hv. þm. á það að ég hélt ræðu mína hér eftir að einn nefndarmanna í hv. efh.- og viðskn. hafði talað. Að lokinni ræðu minni töluðu reyndar tveir nefndarmanna að eigin frumkvæði en brugðust síðan við orðum hv. 9. þm. Reykv. Þetta vil ég að sé haft hér rétt eins og það gerðist. En reyndar vísa ég enn til þess sem ég sagði áðan að ég hafði gert mjög skýra grein fyrir sjónarmiðum mínum við 1. umr. um málið og ástæðulaust og tilefnislaust og reyndar með ólíkindum að þingmaðurinn skuli leyfa sér að halda því fram að ég hafi verið að fara aftan að nefndinni eins og gert var í fyrri ræðu þingmannsins.

Vegna þess sem var sagt um Danmörku og þess sem hér hefur áður verið sagt af hv. 9. þm. Reykv. að þar sé vanrækt að hugsa til hins félagslega kerfis, velferðarkerfisins, þegar menn ástundi öfluga efnahagsstjórn. Það er rangt. Leiðin til að halda uppi skikkanlegu félagsmálakerfi, svo ég noti nú orð hv. þm. sem féllu í fyrri ræðu hans, er að hafa fjármálin og fjárlögin í lagi, ekki að reka hallabúskap. Þetta er öllum jafnaðarmannaflokkum vel ljóst.

Ég vildi líka láta það koma fram að í Danmörku er mikill stuðningur við þátttökuna í Evrópusamstarfinu jafnt frá jafnaðarmönnum sem öðrum þingflokkum og meira að segja frá vinstrisinnuðum sósíalistum sem eru vinstra megin við jafnaðarmennina þar. Rétt er að þetta komi fram vegna þess að ég var eingöngu að ræða einn afmarkaðan þátt í stjórnmálalífinu í Danmörku, tengslum þeirra við hið evrópska myntkerfi og árangurinn á sviði verðlagsmála og viðskiptahalla á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að þeir tengdust því jafnsterkum böndum og nú eru í gildi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er alveg sama hvað hæstv. viðskrh. kemur oft upp í þennan ræðustól sem þolir margt, þessi stóll. Það liggur fyrir að talsmenn efh.- og viðskn. hafa vísað röksemdum hans fyrir þessu frv. á bug og það er auðvitað kjarni málsins.

Varðandi félagslega kerfið og ríkishallann ætla ég bara að segja þetta: Ég er þeirrar skoðunar að núv. ríkisstjórn sé með ákvörðunum sínum um að skera niður útgjöld ríkissjóðs í raun og veru að auka halla ríkissjóðs. Hún er að auka vandann, líka hjá ríkissjóði, að ekki sé nú minnst á fjölskyldurnar í landinu og þær þúsundir sem núna þurfa að taka við atvinnuleysisbótum á vegum þessarar atvinnuleysisríkisstjórnar, þeirrar fyrstu sem skammast sín lítið fyrir það að hafa í rauninni skipulagt atvinnuleysi á Íslandi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Enn á ný, virðulegi forseti, hlýt ég að andmæla furðulegum fullyrðingum hv. 9. þm. Reykv. Hér hefur starfað ríkisstjórn um nokkurt skeið sem hefur fyrst og fremst það markmið að efla íslenska atvinnuvegi til þess að þeir geti orðið varanlegur grunnur velferðarríkis í landinu.

Ég vil líka láta koma fram að mér finnst furðu sæta að þessi hv. þm. kemur hér hvað eftir annað í ræðustólinn til að tala fyrir munn nefndarmanna í efh.- og viðskn. Ég er sannfærður um að sú hv. nefnd getur talað fyrir sig sjálf. Og svo langt gengur þessi ríka þörf þessa ágæta þingmanns fyrir að tala fyrir aðra — eða reikna með því að aðrir menn tali fyrir aðra — að hann sagði áðan í ræðu sinni að hann teldi tryggara að taka skýrt fram að rök viðskrh. væru ekki sín rök. Það er að sjálfsögðu alveg rétt en það er vissara að taka það fram.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. fór dálítið frjálslega með sumt af því sem ég sagði hér áðan. Ég sagði aldrei að ECU væru trúarbrögð. Ég sagði að nú væri það trú að það ætti að halda íslenska genginu stöðugu og ég teldi það engu betri trú en kommúnismann. Sumir héldu forðum að hlutirnir gengu svo dæmalaust vel austur í Sovét að það ætti að haga sér eins hér. Í raun og veru þótti mér samanburður við Danmörk ágætt dæmi sem styður það sem ég er hér að segja. Þetta hefur gengið vel hjá Dönum. En Danir eru með allt annan efnahagsgrundvöll en við. Hann er ekkert sambærilegur. Þeir byggja ekki á einni auðlind eins og við Íslendingar og svo fábreyttu atvinnulífi og þess vegna getur vel verið að þetta henti Dönum sem eru með

miklu fjölbreyttara atvinnulíf og miklu líkara því sem er í þeim löndum sem eru með ECU. Þeir eru með miklu minna vægi dollarans í þessum viðskiptum en við. Ég tek undir það sem hér kom fram áðan í því sambandi hjá 9. þm. Reykv. Þess vegna má ekki taka þá trú nú að af því að þetta hafi gengið vel hjá Dönum beri okkur að tengja okkur við ECU eða halda genginu föstu.

Sömuleiðis sagði ég áðan um þróun undanfarinna áratuga að hér væri áreiðanlega undarlegt ástand ef við hefðum haldið genginu föstu þessa áratugi. Vel getur verið að það sé hárrétt hjá hæstv. ráðherra að við höfum breytt því of mikið, það hefði mátt vera eitthvað stöðugra. Það er allt annað mál.

Að lokum vil ég aðeins segja að ég spurði um vaxtamun og vexti borið saman við önnur lönd. Ég get út af fyrir sig ekki gert kröfu til þess að hæstv. ráðherra hafi svör við því — en má ég skilja það svo að hann hafi það sem sagt ekki og kannski gætum við þá fengið nánari upplýsingar um það við 3 umr.?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi eingöngu taka á því sem síðast var sagt í ræðu hv. 7. þm. Reykn. um vaxtamun og samanburð á vöxtum milli landa. Ég tel heppilegra að afla þeirra upplýsinga utan þingfundar og koma þeim á framfæri við þingmanninn og aðra sem áhuga hefðu á því efni og e.t.v. telja menn ástæðu til að ræða það við síðari umræðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þar sem umræðurnar hafa tekið þær vendingar sem þær hafa gert hér í dag og fram er komin brtt. við brtt. frá okkur þremur fulltrúum í efh.- og viðskn. þá vildi ég fara fram á það að umræðunni yrði ekki lokið þannig að ég hefði tækifæri til að tala fyrir þeirri brtt.

Umræðu frestað.

103. FUNDUR

þriðjudaginn 17. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Minning Sigurðar Óla Ólafssonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sigurður Óli Ólafsson, fyrrverandi kaupmaður og alþingismaður, andaðist í fyrradag, sunnudaginn 15. mars, 95 ára að aldri.

Sigurður Óli Ólafsson var fæddur 7. október 1896 í Neistakoti á Eyrarbakka. Foreldrar hans voru hjónin Ólafur bóndi í Neistakoti og söðlasmiður Sigurðsson bónda og trésmiðs í Eintúnahálsi og á Breiðabólstað á Síðu Sigurðssonar og Þorbjörg Sigurðardóttir bónda í Neistakoti Teitssonar. Að loknu barnaskólanámi var hann í unglingaskóla á Eyrarbakka veturna 1911–1913 og nam bókhald við norskan bréfaskóla einn vetur. Næstu árin stundaði hann ýmis störf til lands og sjávar, var m.a. stundakennari við barnaskólann á Eyrarbakka veturinn 1915–1916. Hann var bifreiðarstjóri að atvinnu og verslunarmaður á Eyrarbakka 1919–1927. Hann rak ásamt tengdaföður sínum verslun á Selfossi á árunum 1927–1964, stundaði síðan verslunar- og skrifstofustörf í Reykjavík 1964–1974.

Sigurður Óli Ólafsson var í hreppsnefnd Sandvíkurhrepps 1938–1947 og 1947–1962 í hreppsnefnd Selfosshrepps, sem þá var orðinn sérstakur hreppur, oddviti Selfosshrepps var hann 1947–1958. Sýslunefndarmaður var hann 1938–1958. Hann var um skeið í sóknarnefnd Laugardælasóknar og síðar Selfosssóknar. Formaður skólanefndar Héraðsskólans á Laugarvatni var hann frá 1951–1967. Við alþingiskosningarnar árið 1949 var hann kjörinn varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Árnessýslu og átti sem slíkur sæti varamanns tímabundið á næstu þremur þingum. Við fráfall Eiríks Einarssonar frá Hæli í nóvember 1951 hlaut hann fast þingsæti og var þingmaður Árnesinga til 1959 og síðan þingmaður Suðurlandskjördæmis til 1967, sat á 19 þingum alls. Forseti efri deildar Alþingis var hann 1959–1967. Hann var yfirskoðunarmaður ríkisreikninga 1964–1967. Árið 1966 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um þingsköp Alþingis.

Sigurður Óli Ólafsson vann lengst af verslunarstörf. Hann kom að Selfossi í upphafi þéttbýlismyndunar þar, stofnaði verslun og fylgdist með vexti byggðarinnar. Hann var kjörinn til forustu og átti hlut að því að Selfoss varð að sjálfstæðu sveitarfélagi og síðar að fjölmennum kaupstað. Hann var áhrifamikill, framsýnn og hagsýnn í störfum sínum fyrir sveitarfélagið og átti þátt í að tryggja því landrými til frambúðar. Á Alþingi fylgdi hann fram með gætni og festu þeim málum sem hann taldi horfa til hagsbóta fyrir kjördæmi sitt og þjóðina í heild. Hann var mannkostamaður, háttprúður og naut almennra vinsælda. Hann var gæddur þeim eiginleikum sem henta til farsæls ævistarfs.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Sigurðar Óla Ólafssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál. — Þskj. 432.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Ég hafði lokið inngangi að ræðu minni þar sem ég vitnaði m.a. í þá góðu bók, Félaga Napóleon, þar sem það var grundvallarskýring í jafnrétti að sumir ættu að vera jafnari en aðrir. Mér sýn-

ist að hæstv. viðskrh. boði nú að hægt sé að hafa flutningsjöfnuð á sjó á olíuvörum en aftur á móti sé það vonlaust á landi án þess að þar verði spilling. Hann nefndi sem dæmi Vonarskarð sem bensínstöð þó að hún sé ekki enn byggð og nefndi einnig að það væri bensínstöð í Landmannalaugum. Ég lít á þetta sem útúrsnúning og nánast hártoganir á því kerfi sem hér hefur verið. Við höfum talið eðlilegt að bensín yrði selt á sama verði á öllum verslunarstöðum á Íslandi og um það hefur verið bærileg þjóðarsátt. Mér er fullkomlega ljóst að þetta kerfi hefur byggt á því að millifærsla hefur átt sér stað. Það er ekki bara á þessu sviði sem svo er. Við erum með sama verð á mjólk hvar sem er á Íslandi í verslunum. Ætlum við að breyta því? Hvaða stefna er það sem er uppi hjá ríkisstjórninni?

Ég tel að hæstv. viðskrh. hafi sent til félmrh. vissa kveðju líka í þeirri ræðu sem hann flutti hér þar sem hann gerði heldur grín að þeim sem vilja telja að jafnrétti og réttlæti tengist og telur að það sé mikill misskilningur, kenningin um að einhver sé réttlátur og jafnréttissinnaður ef hann vilji reyna að jafna einhverju út, m.a. í vöruverði. Ég veit ekki hvort þetta hefur verið ætlað hæstv. félmrh. sem hefur nú viljað jafna eitt og annað í þessu landi og þorað að halda á lofti ævagömlum kenningum jafnaðarstefnunnar í því efni. Það er verulegt umhugsunarefni hvert hin nýja jafnaðarstefna ætlar að fara. Það er ærið umhugsunarefni.

Ég hélt satt best að segja að hæstv. viðskrh. tæki því ekki fagnandi þegar á það var bent að til þess að fara í kringum þá verðjöfnun sem hér er verið að leggja til, að hvert olíufélag hafi sama verð á öllum útsölustöðum, er þó opin leið hjá hvaða olíufélagi sem er að stofna dótturfyrirtæki sem selur aðeins á Reykjavíkursvæðinu og selur þar á öðru verði en úti á landi ef þetta verður að lögum. Það er opin leið fyrir verktakastarfsemi á þessu sviði. Ég skil það svo að hæstv. viðskrh. sé sannfærður um að þetta leiði til þess að bensínverð verði misjafnt í landinu og ég er honum sammála. Þetta mun leiða til þess. Þá hefur orðið mikil afturför í hugkvæmni manna ef þeir átta sig ekki á því að það er sjálfgefinn hlutur að reka sérstakt bensínsölufyrirtæki hér á höfuðborgarsvæðinu sem gæti þá selt bensín á lægra verði. Eftir því sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. er það markmiðið og sem eðlileg afleiðing þeirrar stefnu sem hér er mótuð.

Ég verð að segja eins og er að þeir þingmenn landsbyggðarinnar sem hafa lýst yfir stuðningi við þetta frv. virðast hafa verið ansi bláeygir, miklu bláeygari en forverar þeirra voru frá sömu svæðum, forverar þeirra voru frá sömu svæðum sem komu á þeirri jöfnun sem menn hafa unað við. Mér finnst dálítið sérstætt hvaða breyting hefur þarna orðið á. Hv. 2. þm. Suðurl. vitnaði í ræður manna, m.a. ræðu sem þingmaður Snæfellinga hafði flutt, ágætur sjálfstæðismaður. Allir vita hvaða þátt einn af þingmönnum Austurlands — einnig ágætur sjálfstæðismaður — átti í að móta þá stefnu sem varð til þess að sama verð varð á olíu og bensíni um land allt. Nú eru menn að brjóta þetta upp.

Á sama tíma og fyrir liggur að hæstv. viðskrh. hefur haft sem viðfangsefni í tveimur ríkisstjórnum að stuðla að því að eitthvað verði gert fyrir dreifbýlisverslunina í landinu þá tekur hann stefnuna í þveröfuga átt og kemur með tillögur sem eru aðför að dreifbýlisverslun í landinu. Mig undrar þetta og ég skil ekki hvers vegna þeir sem samþykktu að þetta frv. yrði lagt fram gera ráð fyrir því að þrjú olíufélög verði í landinu í framtíðinni sem munu keppa innbyrðis á sama verði alls staðar. Hvers vegna skyldu þeir ekki skipta sér upp? Og, eins og hæstv. viðskrh. réttilega sagði, þýðir þetta það ekki að vissir aðilar geti þá boðið beint í flutning á ákveðna staði og flutt þangað olíu og selt hana á öðru verði? En það verður ekki á Norðfirði sem þeir ná neinum sérstökum kjörum. Þeir eiga enga tanka þar til að taka á móti fullu olíuflutningaskipi.

Hv. 5. þm. Austurl. veðjar á Seyðisfjörð. Það má vel vera. Ég er aftur á móti að undirstrika að þeir sem leggja til þessar breytingar eru fyrst og fremst að brjóta upp það að eitt olíuverð verði í landinu, eitt verð á bensíni í landinu. Mig undrar það mjög, því að ég veit að margir sjálfstæðismenn snerust gegn þessu frv. eins og það kom upphaflega fram, hvers vegna þeir gera sér ekki grein fyrir því að vegna þess, sem er sjálfsagður hlutur, að það er félagafrelsi í landinu og heimilt að stofna ný félög þá munu menn að sjálfsögðu nota þá aðferð til þess að rugga þeim bát sem hér er verið að leggja af stað með úr höfn og talað um að eigi að sigla sléttan sjó.

Ég sakna þess að hv. 3. þm. Vestf. er ekki hér við. Hann flutti ræðu um þetta mál og ég efa ekki að hann trúði því þegar hann flutti það að þeir væru búnir að tryggja sama olíuverð. Ég er sannfærður um að hann trúði því. Ég held að hann hafi ekki séð jafnlangt og hæstv. viðskrh. sá þegar hann svaraði í seinni ræðu sinni þeirri umræðu sem hér hafði átt sér stað og vakti athygli á því að þetta mundi einmitt leiða til þess að nú yrði breytilegt verð á olíunni í landinu.

Það má vel vera að sumir vilji reyna að tengja þetta saman við þá staðreynd að Sovétríkin hafa liðið undir lok. Ég sé engan skyldleika með því að hafa sama olíuverð í landinu og að Sovétríkin séu liðin undir lok. Ég tel að þar séu menn að búa sér til reykbombu sem þeir ætla að skýla sér á bak við. Auðvitað vitum við það að olíufarmar til Íslands verða fluttir með stórum flutningaskipum til landsins í framtíðinni og það eitt tryggir hagkvæmni. Samvinna olíufélaganna á því sviði er skynsamleg til að ná niður flutningskostnaðinum. En að halda því fram, eins og hér er gert, að menn séu búnir að tryggja að hvert olíufélag starfi á landsvísu og þar með verði sama verð á bensíninu eða olíunni, það eru miklir draumórar. Ég er sannfærður um að ef þetta frv. verður að lögum verða þeir margir á Alþingi Íslendinga sem seinna meir eiga eftir að sjá eftir því að hafa veitt því brautargengi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er nokkuð þýðingarmikið frv. á ferðinni svo að það er ekki nema von að þingmenn eyði nokkrum tíma í að ræða málið frá öllum þeim hliðum sem menn koma auga á. Segja má að í frv. sé

meira en sýnist við fyrstu sýn og nokkur atriði sem er nauðsynlegt að draga fram og fá frekari skýringar á.

Ég vil fyrst gera að umræðuefni það sem fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. hér þegar frv. var síðast til umræðu þar sem hann lét falla ýmis ummæli sem mér þóttu athyglisverð og væri ástæða til að staldra við t.d. þau ummæli hans að flutningsjöfnun dragi úr hagkvæmni. Ég hef velt þessu dálítið fyrir mér og hlýt að komast að þeirri niðurstöðu að ráðherrann meinar það að frv. hans um flutningsjöfnun dragi úr hagkvæmni. Fróðlegt væri að fá frekari skýringar af hálfu hæstv. viðskrh. á því hvernig hann rökstyður þá skoðun sína að flutningsjöfnun á olíuvörum dragi úr hagkvæmni og þá hagkvæmni fyrir hverja.

Annað sem mér þótti líka dálítið athyglisvert í ræðu hæstv. iðnrh. voru þau ummæli hans að honum þætti heldur lítið koma til forsjár ríkisins sem væri með jöfnun út og suður og alls staðar. Það var mér nokkurt undrunarefni að heyra frá hæstv. viðskrh., ráðherra Alþfl., að jöfnun út og suður og alls staðar undir forsjá ríkisins væri greinilega ekki af hinu góða. Það er umhugsunarefni, kannski ekki síst vegna þess að hæstv. viðskrh. er líka iðnrh. og landsbyggðarmenn og kannski líka þingmenn landsbyggðarinnar hafa lagt nokkuð ríka áherslu á t.d. jöfnun á raforkuverði. Ég les út úr þessum ummælum ráðherrans að hann sé andvígur jöfnun á raforkuverði, það sé óæskilegt að jafna raforkuverð um land allt, auk þeirrar skoðunar hans að flutningsjöfnun dragi úr hagkvæmni. Jöfnun á raforkuverði um land allt ætti því að draga úr hagkvæmni á því sviði að mati ráðherrans. Þetta eru mér nokkur tíðindi, sérstaklega þegar ég hef í huga að Alþfl. mundi eftir því fyrir síðustu kosningar að það bjó og býr enn fólk úti á landi við nokkuð hátt orkuverð. Flokkurinn hafði uppi tilburði til þess að sannfæra kjósendur um að þeir vildu jafna orkuverðið. Það er því kúvending ef sá ráðherra flokksins, sem fer með forræði iðnaðarmála, er í raun að lýsa viðhorfum sem ekki verða skilin öðruvísi en að jöfnunin sé óæskileg.

Það kom líka fram hjá hæstv. ráðherra að hann trúir því að samkeppnin lækki verðið. Það er út af fyrir sig ekkert athugavert við að menn hafi þá skoðun og má líklega finna nokkur dæmi henni til rökstuðnings. En ég bendi á bankakerfið. Menn hafa rekið áróður fyrir því um nokkurt skeið að þar þurfi að vera samkeppni og hafa mótað reglur til þess að að bankarnir kepptu. En ég hef ekki orðið var við að samkeppnin hafi lækkað það verð sem lántakendur þurfi að borga. Ég fylgist ágætlega með því. Ég fæ dálítið af grænum miðum og sé á þeim hvað það kostar að skulda. Ég hef ekki séð að sú upphæð hafi lækkað sem á þeim stendur. Öllu fremur hef ég séð það að sérstakur liður sem heitir kostnaður hefur rokið upp úr öllu valdi og slegið við öllum vísitölum. (**GÁ:** Skoðaðu það á milli banka.) Já. Ég skal taka áskorun hv. þm. Guðna Ágústssonar og skoða þetta á milli banka. Ég skil hann þannig að Búnaðarbankinn sé ódýrari en aðrir og það er gott ef svo er.

Enn vil ég nefna það sjónarmið ráðherrans að ríkið eigi ekki að vera að vasast í fyrirtækjum og reyna að koma á jöfnun. Það er dálítið merkileg afstaða hjá Alþýðuflokknum – Jafnaðarmannaflokki Íslands að ríkið eigi ekki að vera að vasast í fyrirtækjum og enn síður að reyna að koma á jöfnun í gegnum þau fyrirtæki. Það eru væntanlega sömu skoðanir og hæstv. iðnrh. hefur og lýsir enn frekar afstöðu hans til jöfnunar orkuverðs um land allt. Hitt má svo aftur deila um hvað ríkið á að vera að vasast mikið í fyrirtækjum almennt. Þessi ríkisstjórn hefur uppi tilburði um að draga úr því. En ég tek eftir því að á þeim lista af stofnunum og fyrirtækjum sem ríkisstjórnin hugsar sér að einkavæða eru ekki stofnanir eins og embætti húsameistara ríkisins sem er nokkuð rakið að einkavæða. Það vilja þeir ekki einkavæða, heldur miklu frekar Póst og síma. Þetta er dálítið merkileg afstaða til einkavæðingar. Ég held að það væri kjörið af ríkisstjórninni að taka við sér núna og einkavæða embætti húsameistara ríkisins, ekki síst þegar horft er til þess að forstöðumaður þess embættis er nú mjög önnum kafinn við að stjórna einu stærsta fyrirtæki landsins og verður að sjálfsögðu að gera það utan síns vinnutíma.

Þetta var inngangur sem fjallaði um ýmis ummæli hæstv. ráðherra sem féllu fyrr í umræðunni. En þá vík ég að ákvæðum frv. Það er mín skoðun að varðandi sölu á olíuvörum eigi hlutirnir að vera með þeim hætti að sama verð sé á sömu vöru frá sama fyrirtæki um land allt. Tiltekið olíufélag sem selur vörur á að hafa sama verð á sinni vörutegund um land allt. Það skilyrði hindrar á engan hátt samkeppni á milli fyrirtækja. Það vefst fyrir mér að skilja tilganginn með svokölluðum flutningsjöfnunarsjóði. Til hvers er flutningsjöfnunarsjóður? Ég sé engan annan tilgang en hann sé til þess að tryggja olíufélögin, tryggja hagsmuni olíufélaganna, til að jafna milli þeirra. Ég sé ekki annan tilgang. Ég segi bara eins og er af því að ég hef þó nokkra trú á þessum olíufélögum, að þar séu menn innan borðs sem kunni ýmislegt fyrir sér og geti þó nokkuð gert. Ég held að þeim sé það engin ofrausn og það sé ekki ofvaxið þeirra getu að sjá um þessa flutningsjöfnun innan síns fyrirtækis.

Annað sem vekur athygli mína er að það er einungis gert ráð fyrir að jafna flutningskostnað ef flutt er á sjó. Það segir okkur þó nokkuð mikið. Það segir okkur m.a. að það sé skoðun flm. eða höfunda frv. að sjóflutningar séu hagkvæmari en landflutningar. Það er dálítið athyglisvert í ljósi þess að núv. ríkisstjórn hefur lagt af sjóflutninga á vegum Skipaútgerðar ríkisins og er að beina flutningum æ meira inn á landvegina. En þetta var útúrdúr. Ef það á að jafna flutning á vörum frá einum stað til annars geta menn ekki takmarkað sig við sjóleiðina eingöngu heldur verða þeir að taka mið af aðstæðum. Eins og hér hefur komið fram í umræðum eru olíuvörur mikið fluttar landleiðina austur á land. Ég held að jöfnun, ef menn setja hana upp með þessum hætti, verði þá að taka mið af aðstæðum eins og þær eru á hverjum tíma.

Þá finnst mér dálítið undarlegt að menn skuli setja upp ákveðnar hafnir og segja: Við jöfnum flutningskostnaðinn á þær hafnir en aðrar ekki. Samt segja menn miðað við 10. gr. að auglýst verð hvers innflytj-

anda gildi á öllum almennum bensínafgreiðslustöðum. Það hlýtur að þýða að það er ætlun flm. frv. að olíufélögin jafni sjálf kostnaðinn frá flutningshöfn að útsölustað sem getur verið í verulegri fjarlægð frá flutningshöfn. Ef við tökum sem dæmi bensín og lítum á staði á Vestfjörðum, þar sem ég þekki best til, þá er einungis jöfnun á þrjá staði, Ísafjörð, Patreksfjörð og Tálknafjörð. Á alla aðra staði er ekki jöfnun sem þýðir að það verður að flytja þessar vörur frá þessum þremur höfnum eða landleiðina frá Reykjavík á þá staði. Miðað við uppsetningu frv. hlýtur að vera gert ráð fyrir því að viðkomandi olíufélag jafni þennan kostnað innbyrðis, innan síns eigin félags. Þá hlýtur maður að velta upp þeirri spurningu sem ég var að setja fram áðan, reyndar sem mína skoðun, að þá geta þau alveg jafnað þetta innan síns eigin fyrirtækis. Ég hef þá trú eftir að hafa lesið 10. gr. að framkvæmdin verði kannski ekki þannig að sama verð verði um allt land. Ég held að það verði mjög mismunandi og að reyndin verði sú að verðið á þeim stöðum sem eru utan við þessar flutningsjöfnunarhafnir verði hærra en á hinum stöðunum. Það kemur til af því að menn eiga möguleika á að hafa mismunandi verð miðað við frv. og þeir möguleikar munu verða nýttir með þessum hætti. Þess vegna tel ég þungamiðjuna í öllum aðgerðum vera þá að skylda olíufélögin til að selja sömu vöru á sama verði um allt land.

Ég vil líka benda á varðandi 10. gr. — ég hafði greinilega misskilið hana verulega í upphafi en hef rætt um hana við þingmenn — að þar segir í 2. mgr. að miðað skuli við að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum. Þetta skildi ég þannig að hvert olíufélag sem flytur inn olíu ætti að skaffa hana á þessum stöðum á sama verði. En síðan væri útsöluverðið allt annað mál.

Ég hef orðið var við að margir vilja skilja þetta á hinn veginn að orðið „innflytjandi" þýði í raun og veru söluaðili og það þýði þá að söluaðilinn verði að hafa sama auglýsta verð á öllum almennum afgreiðslustöðum. En ég bendi á það eftir sem áður að þarna stendur innflytjandi. Kvöðin er því á honum en ekki endilega söluaðilanum. Sá sem selur bensínið þarf ekki að vera sami aðilinn og flytur það inn eins og hér var bent á, m.a. í síðustu ræðu.

Mér finnst frv. byggja dálítið á þeim veruleika sem við búum við í dag, að menn séu að smíða reglur um þann veruleika, kannski til að varðveita hann. Það er að mínu viti ekki rétt því að ef menn ætla að fara yfir málin með nýjum hætti eins og hér, að innleiða samkeppni, eru menn í raun og veru að breyta veruleikanum og gera ráð fyrir því að hlutirnir muni þróast með einhverjum hætti. Þess vegna má löggjöfin ekki vera þannig að menn séu að frysta eitthvert tiltekið ástand. Mér finnst sá skilningur liggja of mikið í frv. að þrjú olíufélög séu á Íslandi og að þau muni ekki verða fleiri, olíufélög sem flytji inn og selji um allt land og séu bæði innflutningsaðili og söluaðili. Ég hef viljað skilja frv. þannig, ef að lögum verður, að þá sé í raun ekkert sem mæli á móti því lagalega séð að einhver aðili sé einungis innflytjandi og síðan seli eitthvert annað fyrirtæki. Það getur ákveðið að selja bara þar sem því sýnist. Það er ekki hægt að skylda olíufyrirtæki til að selja olíu um allt land. Það er hægt að stofna fyrirtæki sem selur bara olíu á Norðurlandi. Og þá spyr ég: Gildir þá ákvæðið í 2. mgr. 10. gr.? Mitt svar við því er nei. Ég sé ekki að það muni gilda. Ég sé ekki að neitt hald verði í 10. gr.

Þetta eru almenn sjónarmið sem ég vil leggja fram í umræðunni á þessu stigi. Ég vil líka benda á að í 7. gr. frv., varðandi stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs, segir að einn stjórnarmaður skuli vera tilnefndur sameiginlega af þeim olíufélögum sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum. Fyrir utan það að ég tel ekki mjög skynsamlegt að vera með þennan sjóð yfir höfuð, þá finnst mér það orka dálítið tvímælis að afmarka þetta með þessum hætti.

Í 3. gr. kemur greinilega fram sá skilningur flm. frv. að innflytjandi sé sami aðili og söluaðili, þ.e. menn hugsa hlutina út frá núverandi ástandi. Þar segir:

„Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, ..." Það er ekki sjálfgefið að innflytjandi selji olíu í smásölu, hvað þá að hann geri það í öllum landshlutum.

Það er ýmislegt fleira sem ég gæti sagt um frv., m.a. um reglugerðina sem hér fylgir. Ég vil þó segja að mér finnst það til fyrirmyndar af hálfu ráðherra að láta fylgja reglugerð með frv. Ég hef talað fyrir því í þeim nefndum sem ég sit í á þingi að ráðherrar leggi fram drög að reglugerðum þegar fjallað er um frumvörp sem þeir hafa flutt. Ég tel það æskilega þróun að þingið krefjist þess að drög að reglugerðinni liggi fyrir í öllum tilvikum þar sem gert er ráð fyrir í lagafrv. að útfylla ákvæði frv. með reglugerð. Það hefur að mínu mati nokkuð oft komið fyrir að ráðherrar hafa sett reglugerðarákvæði sem hafa ekki verið í þeim anda sem löggjafarvaldið hefur ætlast til. En það eru sjálfsagt skiptar skoðanir um það og ekki ætla ég að hefja þrætur um það mál.

Hér eru of margar hafnir undanþegnar jöfnun. Mér finnst að fyrst menn á annað borð telja ástæðu til þess að hafa jöfnun á tilteknar hafnir eigi að setja það með skýrum hætti inn í frv. sjálft. Miðað við frv. er það ansi mikið á valdi ráðherra að ákvarða á hvaða hafnir skuli jafna. Það kæmi mér nokkuð á óvart ef það er vilji þingsins að leggja það í vald ráðherra að ákvarða slíka hluti sem hljóta að skipta verulegu máli innan þess sölu- og dreifingarkerfis sem frv. gerir ráð fyrir að verði við lýði.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að fyrst menn á annað borð eru búnir að taka ávörðun um að fikra sig út í samkeppni eiga þeir að gera það með sæmilega myndugum hætti og halda þar fram sjónarmiðum þeirra sem eru neytendur eða kaupendur að vörunni í ríkari mæli en gert er í frv. og draga úr sjónarmiðum og hagsmunum seljenda, þ.e. olíufélaganna, en mér finnst að frv. taki allt of ríkt mið af þeirra hagsmunum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það leit út fyrir það lengi vel síðast þegar málið var á dagskrá að sú umræða væri að verða

að mestu tæmd og hefði verið það að mínu mati ef ekki hefðu komið til tvær ræður, annars vegar ræða hæstv. viðskrh. og hins vegar hv. 3. þm. Reykv. sem blandaði inn í umfjöllun um þetta mál, verðjöfnun á flutningskostnaði olíu innan lands, ýmsum sögulegum vangaveltum um viðskipti Íslands og Sovétríkjanna. Það er allt annað og óskylt mál þó að segja megi að olíuviðskipti Íslendinga, þ.e. tilhögun innkaupa á olíu hafi tengst viðskiptasamningum okkar við Sovétríkin sálugu um langan tíma. Ég mundi því gjarnan þiggja, hæstv. forseti, að hv. 3. þm. Reykv. yrði gert aðvart um það að ég sjái mig knúinn til að segja nokkur orð í tilefni af ummælum hans hér áðan og mótmæla furðulegum fullyrðingum sem hv. þm. hafði uppi um þau efni. Ég hef ég þó ekki lagt í vana minn að elta ólar við allt það sem hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, segir um málefni í austurvegi. (**Gripið fram í:** Ég hygg að forseti hafi ekki heyrt til þín.) Það kemur ekki til greina að forseti fylgist ekki svo vel með fundinum að hann heyri ekki hvert orð sem þar er sagt. Ég veit að ég þarf ekki að endurtaka það að ég bið hæstv. forseta að aðvara hv. 3. þm. Reykv. um að ég vilji gjarnan eiga orðastað við hann.

Reyndar fannst mér hæstv. viðskrh. gleyma því í hroðalegum lýsingum sínum á því kerfi sem við höfum viðhaft í olíuviðskiptum undanfarin ár að hæstv. ráðherra er búinn að vera viðskrh. í hartnær fimm ár og ég gat ekki betur séð en ræða hans hér fyrir nokkrum kvöldum síðan væri meira og minna ein samfelld árás á embættisferil sjálfs sín í þau fimm ár. Og hvers vegna í ósköpunum hefur hæstv. viðskrh. ekki fyrir löngu afnumið þetta stórskaðlega og vitlausa kerfi viðskipta við Sovétríkin, verðlagsákvarðana á olíuvörum og algerrar flutningsjöfnunar, ef hann er svo mikið á móti því eins og ætla mátti af hans ræðu hér fyrr í umræðunni? Það er sennilega þannig að fyrir hæstv. viðskrh. fer eins og fleirum að hann áttar sig ekki á því hvað tíminn er fljótur að líða og honum finnst hann hafa tekið við þessum málum í gær. Hann gleymir því að hann hefur þegar haft nær fimm ár til að koma hugsjónum sínum í framkvæmd. Það hefur tekist í einstöku tilvikum eins og vitnað hefur verið í í umræðum að undanförnu. T.d. stendur það ofarlega í minni margra að hæstv. viðskrh. hafði baráttumál sitt um stofnsetningu Bifreiðaskoðunar Íslands í gegnum þingið og hefur það verið fáni afreka hans í þessum efnum síðan, stofnsetning og einkavæðing þess merka fyrirtækis sem áður hét Bifreiðaeftirlit ríkisins. Það var ekki alltaf vel þokkað hjá landsmönnum en þó fór svo að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Nú harma allir það að eiga ekki kost á því að eiga áfram viðskipti við Bifreiðaeftirlit ríkisins því að það sem við tók eftir einkavæðingu hæstv. viðskrh. var til mikilla muna verra, bæði hvað þjónustu snertir og þó ekki síður okur í verðlagningu. Nú vilja allir Bifreiðaeftirlit ríkisins aftur eða a.m.k. eitthvað annað en það sem kom í staðinn fyrir það.

Ég hef áður bent á þá furðulegu mótsögn sem felst í því að jafna flutningskostnað olíuvaranna að hluta til en ekki að öllu leyti. Ég held að svörin hafi verið ákaflega þvælin sem hér komu við því hvers vegna skuli verðjafna að fullu flutningskostnað fólks sem er svo heppið að búa við sjávarsíðuna, í nágrenni við hafnir sem flutningsjöfnun tekur til en ekki íbúa annarra landsvæða, t.d. á Suðurlandsundirlendinu. Hvers vegna í ósköpunum á t.d. að undanskilja þar stórt landsvæði? Ég held að það sé nauðsynlegt að fleiri en Sunnlendingar taki upp þann punkt vegna þess að þetta er réttlætismál. Það skiptir engu þó að menn komi úr öðrum kjördæmum vegna þess að byggðin er svo jafndreifð á sjávarsíðuna og hafnir þannig settar að menn fá út úr því sæmilega flutningsjöfnun eins og t.d. ég reikna með að verði tilfellið við sjávarsíðuna um norðan- og austanvert landið að mestu leyti vegna þess hvernig þar háttar til. Byggðakeðjan er fyrst og fremst út frá höfnum við sjávarsíðuna sem eru eftir atvikum, eins og þetta er áformað samkvæmt reglugerð, sæmilega settar í þessum efnum. En ég segi alveg eins og er að mér finnst það fullkomlega óþolandi að afgreiða málið með þessum hætti og horfa upp á það óréttlæti sem augljóslega felst í því gagnvart ákveðnum landsvæðum, t.d. Suðurlandsundirlendinu. Auk þess voru æfingar hæstv. viðskrh. hér, þegar hann fór að reyna að útskýra þessa 60% jafnaðarmennsku sem í málinu felst, mér með öllu óskiljanlegar. Ég fékk engan botn í það hvað veldur þessari 60% jafnaðarhyggju í hæstv. viðskrh. og hvers vegna í ósköpunum hann er þá ekki bara annaðhvort núll eða 100% jafnaðarmaður. Nei, herra forseti. Ég held að þetta sé nú ...(Gripið fram í.) Ja, það er þó heiðarlegt viðhorf út af fyrir sig að vera bara á móti jöfnuði. (**ÓÞP:** Hvað er hann þá?) Þá er hann enginn jafnaðarmaður. Þá er hann í minnsta lagi enginn jafnaðarmaður, ég ætla ekki að segja ójafnaðarmaður, en hann er þó alla vega enginn jafnaðarmaður.

Eins er það, herra forseti, að ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. viðskrh. fara aðeins betur yfir það hvers konar málamiðlanir liggja til grundvallar frv. Í svari sínu hér um daginn upplýsti hæstv. viðskrh. að þetta frv. væri afsprengi málamiðlana sem gerðar hefðu verið. Eru það málamiðlanir milli jöfnuðarsjónarmiða? Eru sumir í stjórnarliðinu meiri jafnaðarmenn en aðrir og þá hverjir? Var hæstv. viðskrh. píndur til þess að fallast á þessa 60% jafnaðarmennsku og þá af hverjum? Hverjir vildu 100% jöfnuð og hverjir engan? Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. geri betur grein fyrir þessu úr því að hann er að nefna það í svari sínu á annað borð að frv. og niðurstaða þess sé afsprengi málamiðlana í stjórnarliðinu. Ég tel að ekki sé hægt að una við hálfkveðna vísu hér við 1. umr. málsins og það sé nauðsynlegt að hæstv. viðskrh., flm. málsins, geri okkur grein fyrir því hvaða málamiðlanir liggja til grundvallar þessu máli, þessari niðurstöðu. Var það hæstv. ráðherra sem vildi ganga skemur í jöfnunarátt en sjálfstæðismenn lengra eða öfugt? Strandaði það á andstöðu Sjálfstfl. við að flutningsjafna að málið komst ekki nema þessi 60% í mark eða öfugt? Það er eins og mig rámi í að hafa heyrt að einhverjir einstakir hv. alþm. Sjálfstfl. á landsbyggðinni hafi verið að togast á við hæstv. viðskrh. um þetta mál. Ætla menn bara að

láta það liggja í þagnargildi hvað þar var á ferðinni? Er ekki rétt að upplýsa hv. Alþingi um það hvaða sjónarmið þar voru á ferðinni og hvers vegna málamiðlunin varð slík sem raun ber vitni, 60% jafnaðarmennska?

Ég ætla að biðja hæstv. viðskrh. að oftúlka ekki orð mín varðandi það sem ég sagði þegar ég var að gera grein fyrir þeim möguleikum sem mér sýndust vera til þess að tryggja algera verðjöfnun á þessum flutningskostnaði. Þá nefndi ég að þar væru auðvitað tvær leiðir augljóslega færar. Önnur væri sú að skylda ósköp einfaldlega dreifingaraðila olíu í landinu til þess að selja hana á sama verði um allt land og leggja þar með jöfnunarskylduna á herðar dreifingaraðilanna. Hin væri sú að framkvæma þessa flutningsjöfnun í gegnum sjóð með ákveðinni gjaldtöku, með því að afla tekna til að greiða síðan flutningskostnaðinn að einhverju leyti. Ég tók mjög skýrt fram að ég reiknaði með því að menn sæu ýmis tormerki á fyrri leiðinni og ég gaf mér þar af leiðandi meira og minna að við hlytum að vera að tala um síðari aðferðina þannig að ég ætla að biðja hæstv. viðskrh. að oftúlka ekki orð mín í því sambandi. Ég þykist sjá það sem menn hafa löngum gert í umræðum um þessi mál að leiðin geti orðið erfið að þessu jöfnunarmarkmiði, erfitt að framkvæma þetta öðruvísi en með einhvers konar gjaldtöku og endurgreiðslukerfi í gegnum sjóð. Það breytir hins vegar engu um það að það er eingöngu pólitísk ákvörðun hversu víðtæk verðjöfnunin er. Það er ekkert annað en pólitísk ákvörðun að hafa hana 60%.

Það er auðvitað rugl sem engin haldbær rök hafa komið fram fyrir að nauðsynlegt sé að hafa í þessu ákveðinn ójöfnuð til þess að koma í veg fyrir sóun og að tryggja einhverja hagkvæmni. Eða er það virkilega orðin skoðun Jafnaðarmannaflokks Íslands að nauðsynlegt sé að hafa tiltekinn ójöfnuð alls staðar í þjóðfélaginu til þess að tryggja hagkvæmni? Eru jöfnuður og hagkvæmni orðnar einhverjar andstæður hjá Jafnaðarmannaflokki Íslands?

Ég held að hæstv. viðskrh. verði að útskýra mál sitt svolítið betur hér og ég hef satt best að segja ekki heyrt kostulegri málflutning frá einum jafnaðarmannaforingja á byggðu bóli en kom hér fram í ræðu hæstv. viðskrh. fyrr í umræðunni. Ég held að einhver botn verði að fara að fást í það hvers konar skepna þessi svokallaði íslenski jafnaðarmannaflokkur er orðinn þegar það birtist manni hér í hverju málinu á fætur öðru að talsmenn hans stilla grundvallarsjónarmiðunum um jöfnuð milli manna upp sem algerum andstæðum við það að reka hlutina með hagkvæmum hætti. Það er nauðsynlegt að innleiða tiltekinn ójöfnuð í dreifingu á olíuvörum í landinu, segir hæstv. viðskrh., til að tryggja hagkvæmni. Það er nauðsynlegt að láta sjúklinga borga tiltekið í heilbrigðisþjónustunni, segir heilbrrh., til þess að tryggja hagkvæmni. Kostnaðarvitund heitir það á fínu máli. (**Gripið fram í:** Kostnaðarmeðvitund.) Kostnaðarmeðvitund, segir hæstv. heilbrrh., vonandi með fullri meðvitund. Út á hvaða braut er verið að fara hér? Er þetta hin nýja jafnaðarstefna? Var það þetta sem fólst í nafnbreytingunni á Alþfl. fyrir nokkrum missirum síðan, sú nýja hagspeki að alveg nauðsynlegt sé að þetta sé ójafnt, a.m.k. að 40%, til þess að hlutirnir séu nógu hagkvæmir? Ég held ekki að hæstv. viðskrh. hafi frekar en aðrir fært fram haldbær rök fyrir því að ekki sé hægt verðjafna flutningskostnað á olíuvörum í landinu rétt eins og gert hefur verið án þess að það þurfi að koma í veg fyrir að menn leiti hagkvæmni í slíkri dreifingu. Það er auðvitað rugl. Ótal aðferðir eru til þess að koma í veg fyrir eitthvert sjálftökukerfi olíufélaganna á álagningu eða kostnaði við þessa dreifingu þó svo að um verðjöfnun á flutningskostnaði sé áfram að ræða. Auk þess sem mér finnst, eins og ég sagði hér í upphafi, fullseint í rassinn gripið hjá hæstv. viðskrh. að fara að hugsa um þetta núna þegar komið er sennilega og vonandi fram á elleftu stund í embættistíð hans sem viðskrh.

Á ferðum mínum um landið að undanförnu hef ég ekki séð betur en að það sé dálaglegur kraftur í uppbyggingu olíufélganna á nýjum bensínhöllum þessa mánuðina þannig að ekki virðist, a.m.k. enn sem komið er, þess gæta sérstaklega að þar sé orðin meiri kostnaðarmeðvitund eða hagkvæmnishugsun þrátt fyrir næstum fimm ára valdaferil hæstv. viðskrh. Þannig er t.d. olíufélagið Skeljungur að reisa nýja höll á Selfossi, eins og ekki sé ekki nóg af olíusjoppum þar fyrir. Þar er Esso með tvær, BP með eina og Skeljungur hefur verið með dælu þar. En það er ekki nógu fínt lengur að afgreiða þetta bara úr smátönkum utan við höfn. Nei, það verður að byggja myndarlegt hof svona 55 metra frá hinu BP-hofinu. Þetta er skrautfjöður í hatt hæstv. olíumálaráðherra eftir fimm ára valdaferil. (**Viðskrh.:** Afsprengi jöfnunarkerfisins.) Ég veit ekki betur en önnur höll sé í byggingu á Sauðárkróki, ekki lítil að vöxtum og hefur þó sæmilega vel verið séð fyrir olíusölu í því plássi það ég best veit fram að þessu og svo má áfram telja. Allmörg hof eru í byggingu nákvæmlega núna, vítt og breitt um landið. Þetta er afsprengi kerfisins, kallar hæstv. viðskrh. hér fram í, sem hann er búinn að halda verndarhendi yfir í fimm ár. Enginn hefur bannað honum að taka á og láta hagræða í þessum málum fyrir löngu. Það er auðvitað rugl að bera það á borð fyrir menn að til þess að taka á þessum málum sé nauðsynlegt að innleiða tiltekinn ójöfnuð í þessum efnum. Það er myndarlegur málflutningur af jafnaðarmannaforingjanum hér inni á hv. Alþingi. Nei, ég held að hæstv. viðskrh. verði að gera aðeins betur þegar hann rökstyður sitt mál en koma með órökstudda fullyrðingu eða sleggjudóm af þessu tagi. Er óhugsandi að taka með allt öðrum hætti á þessum málum, t.d. að tryggja tiltekna greiðslu á hverja olíusölu sem gangi til flutningsjöfnunar en síðan sé afgangurinn í höndum olíufélaganna? Þau fengju þannig tiltekna greiðslu til að annast þessa flutningsjöfnun, afganginn skyldu þau leysa sjálf og ættu þá hagnaðar að gæta í því að gera það með sem hagkvæmustum hætti. En tiltekinni innborgun á flutningskostnaði fylgir kvöðin um að selja olíuvörurnar á sama verði um allt land.

Auðvitað er hægt að útbúa þannig bónuskerfi, eða hvað menn vilja kjalla það, sem tryggir að nákvæmlega jafnmikil rekstrarleg ástæða er fyrir olíufélögin að

dreifa olíunni með hagkvæmum hætti, hvort sem flutningsjafnað er að meira eða minna leyti eða öllu. Þetta er auðvitað enginn málflutningur hjá hæstv. viðskrh. Hér er verið að reyna að blekkja menn til þess að fallast á þennan ójöfnuð á grundvelli þess að það sé nauðsynlegt af hagkvæmnisrökum. Ef þetta er hins vegar endanleg og bjargföst skoðun hæstv. viðskrh. og e.t.v. orðin flokksstefna Alþfl. að í hverjum málaflokknum á fætur öðrum, heilbrigðismálum, tryggingamálum, olíudreifingarmálum o.s.frv. sé orðið nauðsynlegt að innleiða ákveðinn ójöfnuð, þá bið ég um að sú flokksstefna verði útskýrð og helst að allir hv. alþm. Alþfl. taki þátt í að útlista hana fyrir okkur á Alþingi.

Síðan ætla ég að eyða nokkrum orðum í það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um viðskipti okkar við Sovétmenn sem mér fundust nálgast það að vera jafnmikið rugl og þetta hjá hæstv. viðskrh. Ég gat ekki skilið hv. 3. þm. Reykv. öðruvísi en að hann væri beinlínis að segja að það hafi verið mistök á undanförnum árum að halda úti þeim viðskiptum við Sovétmenn sem við höfum gert á grundvelli viðskiptasamninga þangað, þ.e. að það hafi verið mistök að selja Sovétmönnum ull og síld og kaupa af þeim olíuvörur í staðinn. Þetta hafi verið löngu úrelt, vitlaust og ótímabært og menn hefðu betur, eins og hv. þm. orðaði það, hætt þessu fyrir löngu og snúið sér að öðrum mörkuðum. Þá ætla ég að spyrja hv. 3. þm. Reykv. sem þykist vera nokkuð vel að sér um þessi mál: Hvert átti að selja saltsíldina sem ekki hefði farið til Rússlands? Hvar í heiminum er sá markaður sem hefði keypt það magn af saltsíld og búið til þau margfeldisáhrif í verðmætasköpun sem fylgja því að vinna síldina til manneldis, salta hana í tunnur og selja hana þannig í staðinn fyrir að bræða hana? Veit hv. 3. þm. Reykv. ekki að allan þann tíma sem við höfum selt saltsíld til Sovétríkjanna höfum við jafnframt verið að reyna að koma henni inn á alla aðra markaði? Við höfum selt síld til Skandinavíu og Norður-Evrópu og jafnframt þurft að bræða afganginn allan þennan tíma af því að við höfum ekki haft neina aðra markaði. Þeir eru ekki til. Og að koma svo og tala um það eins og einhvers konar mistök, gott ef ekki af pólitískum þvergirðingshætti, að hafa haldið áfram að flytja út á þennan markað og selja síld er botnlaus málflutningur, ekki glóra í honum. Ég trúi ekki að hv. 3. þm. Reykv. sé alvara. Ég held að hann hljóti bara að hafa í einhverju fljótræði og að vanhugsuðu máli og væntanlega þekkingarleysi haldið þessu fram. Sé þetta hins vegar alvara, þá er það einhver mesta forstokkun sem ég hef nokkurn tíma heyrt, að menn hafi beinlínis átt að afsala sér þessum markaði af pólitískum ástæðum.

Ég held að sama máli gegni um ullarvörurnar. Það er alveg ljóst að sá hluti ullarvörumarkaðarins sem hefur gengið til Sovétríkjanna undanfarin ár, og nú vonandi til Rússlands, hefði ekki farið neitt annað. Þegar best lét skapaði þetta hundruð starfa á Íslandi sem hefðu ekki orðið til við aðra markaði af skyldum toga af þeim ósköp einföldu ástæðum að nákvæmlega það sama var upp á teningnum í ullariðnaðinum. Samtímis vorum við að reyna að selja inn á alla aðra markaði og vorum meira að segja á undanhaldi og hörfa út af þeim allan níunda áratuginn. Sovétviðskiptin héldu hlutunum þó gangandi. Er hv. 3. þm. Reykv. að segja að betur hefðu svona 200–300 manns norður á Akureyri farið fyrr á atvinnuleysiskrá af því að það hafi verið svo vitlaust að selja inn á markaðina þarna fyrir austan? Hvað er hv. 3. þm. Reykv. að fara? Eða er það bara eins og einn hv. alþm. leyfði sér að velta fyrir sér fyrr í umræðunni, að hv. 3. þm. Reykv. sé haldinn svo af kaldastríðshugsunarhætti enn þann dag í dag að hann taki afstöðu til allra hluta út frá því sem var og hét þegar best blés í glæðurnar hjá kaldastríðsöflunum og að hann sjái heiminn enn í gegnum þau svart/hvítu gleraugu? Að í gegnum þau svart/hvítu gleraugu hafi allan tímann verið vitlaust að selja síld og ullarvörur til Sovétríkjanna? Er von að maður spyrji þegar málflutningur þingmannsins gengur þvert á öll skynsemisrök í málinu. E.t.v. kemur hv. 3. þm. Reykv. upp og útskýrir betur hvað fyrir honum vakti og í hverju öll mistökin liggja að hafa t.d. baksað við að salta síld og selja hana til Sovétríkjanna. Þá verður fróðlegt að vita hvort t.d. hv. 3. þm. Austurl. verður honum sammála. Það skyldi nú ekki fara svo að hann fari austur á firði og segi að nú sé nýr sannleikur kominn í ljós í þessum málum. Þetta hafi verið mistök allan tímann og tóm vitleysa að vinna við það að salta síld á Austfjörðum til útflutnings á Sovét.

Úr því að þessi mál blönduðust inn í umræðuna á annað borð tel ég mjög mikilvægt að Íslendingar taki á í þessum efnum núna og móti einhverja stefnu gagnvart því hvernig við ætlum að varðveita og byggja stöðu okkar upp á þessum mörkuðum til frambúðar þó svo að sá hluti þeirra sem lotið hefur að olíuviðskiptum okkar eða olíuinnkaupum þaðan sé nú af tilteknum ástæðum á endan runninn. Það er út af fyrir sig hárrétt sem hæstv. viðskrh. sagði að væntanlega eru þeir ekki einu sinni lengur í stakk búnir til þess að útvega okkur þær olíuvörur sem við hefðum áhuga á að kaupa af þeim, t.d. svartolíuna sem engin deila er um að er sú langhagstæðasta sem völ er á. Þá það, við hljótum þá að snúa okkur annað með þau viðskipti. Eftir stendur að þarna eru miklir möguleikar á markaði sem við höfum kunnað að framleiða vörur á og selja með ágætum árangri. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að varðveita stöðu okkar á þeim markaði og helst byggja hana upp til frambúðar. Það er því miður mjög alvarlegt mál að hlutirnir skuli þvælast þannig fyrir okkur Íslendingum að við klúðrum t.d. saltsíldarsölunni þangað austur á þessu ári.

Ég ætla ekki að fara að lengja umræðuna með því að ræða það hver er sekari þar en annar. En það er ekkert launungamál að mér finnst frammistaða ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, þess vegna Landsbankans, ekki mjög merkileg í þeim efnum. Á sama tíma horfum við upp á það að aðrar þjóðir eru á fullri ferð við að byggja upp stöðu sína með framtíðarhagsmuni í huga á hinum miklu mörkuðum í austanverðri Evrópu og eru jafnvel að gera það með heilmikilli fyrirgreiðslu, lánveitingum eða ábyrgðum af ýmsum toga. Þær taka vissa áhættu í því sambandi en réttlæta það

með því að þarna séu framtíðarhagsmunir í húfi.

Kannski er nauðsynlegt að rifja það upp einu sinni enn hvernig síldarsöluviðskiptin austur byrjuðu á sínum tíma. Þau byrjuðu nefnilega þannig að Íslendingar höfðu kjark í sér til þess að lána Sovétmönnum þegar allt var í kaldakoli þar eftir stríðið og þeir áttu ekki gjaldeyri til að hefja viðskiptin. Þá veittu Íslendingar fyrirgreiðslu og lánuðu Sovétmönnum fyrir viðskiptunum fyrstu eitt til tvö árin og uppskáru traust og velvild á þessum markaði sem dugði þeim um áratugaskeið, hvað sem kalda stríðinu og hv. 3. þm. Reykv. líður. Þetta er nú staðreynd málsins og hv. þm. getur kynnt sér hana. Ég spyr mig oft að því: Háttar ekki svipað til nú? Er ekki svipað kaldakol í málefnum þessara ríkja og var í lok seinna stríðsins? Er nokkuð minni ástæða til þess nú að Íslendingar skoði hvort ekki eigi að tryggja sér hagsmuni þarna og taka jafnvel tiltekna áhættu í þeim efnum? Ég leyfi mér að segja að þó svo færi að við fengjum aldrei krónu fyrir t.d. fyrsta farminn af síld sem þangað færi, kæmist hann þó vonandi ofan í sveltandi fólkið og þá held ég nú að verri hlutur gæti gerst en sá að greiðslurnar létu eitthvað á sér standa.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst mikill aumingjaskapur hvernig á þessum málum hefur verið tekið af okkar hálfu og skil ekki að þjóð sem hefur efni á því að flandra með sína frammámenn út um allan heim og taka á móti öðrum, hafi ekki efni á því að afskrifa nokkrar síldartunnur, ef út í það fer, handa sveltandi fólki.

Að öðru leyti ætla ég ekki, herra forseti, að lengja umræðuna um þetta hliðarmálefni sem barst inn í umræðuna af skiljanlegum ástæðum og allt í góðu gengi með það. Vissulega hefur fyrirkomulag olíuviðskipta okkar Íslendinga tengst viðskiptasamningunum austur þangað þó að breytingar sem lúta að verðjöfnun á flutningskostnaði olíuvörunnar innan lands séu ekki í beinan karllegg frá þessum viðskiptamálum í austurvegi.

Ljóst er að stjórnarflokkunum er málið nokkuð viðkvæmt eða ég hélt það a.m.k. Ég átti von á því að enn rynni slíkt blóð um æðar alþýðuflokksmanna að fyrir þeim væri pínulítið viðkvæmt að innleiða svona ójöfnuð eða auka á ójöfnuð á einu af fáum sviðum þar sem nokkurn veginn fullur jöfnuður hefur ríkt með öllum landsmönnun. Það er því miður þannig að á sorglega fáum sviðum á undirstöðuþáttum í þjóðlífinu ríkir nægjanlega fullur jöfnuður og mönnum er stórlega mismunað eftir búsetu, kynferði og aldri í óþolandi mörgum tilvikum, t.d. í skólamálum. Menn halda ræður um það á hátíðisstundum að Íslendingar standi allir blessunarlega jafnir að því að leita sér menntunar. Það er auðvitað haugalygi því að foreldrar barna á landsbyggðinni eru í mörgum tilvikum í miklu erfiðari stöðu. Það kostar margföld útgjöld fyrir íbúa þeirra byggðarlaga sem ekki hafa framhaldsnám innan sinna vébanda að koma sínum börnum til mennta. Þetta er auðvitað augljóst mál. Við höfum stundum bent á það, m.a. þegar hið óþolandi misrétti í raforkumálum er til umræðu, hvers vegna ekki er hægt að verðjafna raforkuna eins og olíuna. Við höfum vitnað til þess að á því sviði væru hlutirnir í sæmilegu lagi, eitt af fáum slíkum sviðum. En hér er verið að boða afturhvarf til verri tíma eða nýbreytni, ef svo má að orði komast, sem gengur þó í fullkomlega öfuga átt. — Herra forseti. Það er algerlega óþolandi að hæstv. viðskrh. skuli ekki tolla inni í salnum þegar verið er að ræða þessi mál við hann. Ég óska eftir því að kannað verði hvort hann sé á klósettinu eða einhvers staðar annars staðar, að það megi flokkast undir lögmæt forföll. — Herra forseti. Ég vona að það verði ekki örlög mín að slá þagnarmet fyrrv. þjálfara skíðalandsliðsins út í þessum ræðustóli. Er ekki hægt að fá upplýsingar um hvar hæstv. viðskrh. er? (Gripið fram í.) Annars er alveg guðvelkomið, herra forseti, fyrir mitt leyti að taka málið af dagskrá og ræða það ekki frekar í vetur ef hæstv. viðskrh. hefur ekki meiri áhuga á því en svo að hann sinni því ekki að vera viðstaddur þegar það er til umræðu. Ég mundi gráta þurrum tárum þó að (Gripið fram í.) (**Forseti:** Umræðum verður haldið áfram en það getur komið upp sú aðstaða að menn þurfi að bregða sér frá.) Það er vissulega rétt, enda gat ég þess, hæstv. forseti, að auðvitað ... (**Forseti:** Ég vildi biðja hv. ræðumann að sýna örlitla þolinmæði. Það verða gerðar ráðstafanir til þess að gá að því hvort ráðherrann geti ekki komið strax.) Já, ég er forseta einlæglega þakklátur fyrir þá lipurð. (Gripið fram í.) Ætli hæstv. umhvrh. eigi ekki nóg með dýrafrv. í dag. Það verður að ala ráðherrana upp.

Herra forseti. Þá er víst tímabært að halda áfram fundinum. Ég leyfði mér, hæstv. viðskrh., að gagnrýna það lítillega að þeir ráðherrar sem ættu viðkomandi mál gufuðu upp í umræðunni og hyrfu úr salnum jafnvel þó svo menn þættust vera að eiga við þá orðastað. Ég sá mig knúinn til þess að gera hlé á máli mínu þangað til hæstv. viðskrh. gat heiðrað okkur með nærveru sinni. (**Viðskrh.:** Ég var að ræða við menn um Vestmannaeyjaferjuna.) Svo ég segi nú ekki að hann hefði glatt okkur með henni en alla vega er það sérstakur heiður. Ekki er það nú nema gott og þarft að hæstv. viðskrh. kynni sér málefni Vestmannaeyjaferjunnar. Sem betur fer tókst að koma því í höfn að hún yrði endurnýjuð áður en þessi niðurskurðarhungurríkisstjórn tók við sem hefði látið það verða sitt fyrsta verk að hætta við það, ef hún hefði getað. Það er ég alveg viss um. Sem betur fer tókst að ganga frá því eins og fleiri góðum málum sem ríkisstjórninni hefur, þrátt fyrir góðan vilja, ekki tekist að klúðra. (**EgJ:** Það þarf að nota réttindin.) Já, en það á líka að nota skipið, hv. þm. Er það ekki ætlunin? (**Viðskrh.:** Hvernig væri að bjarga hluta af verkinu innan lands?) Eins og fram hefur komið er ég alveg til í umræður við hæstv. ráðherra Alþfl. og hv. stjórnarþingmenn um hið ágæta Vestmannaeyjaferjumál sem er búið að hrekjast undan allmörgum ríkisstjórnum með aðild Sjálfstfl. um árabil, auðvitað öllum til skammar hvernig þeim hlutum var komið, og fær örugglega liðsstyrk frá ýmsum ónefndum hv. þm. Suðurl. í að útskýra það fyrir hv. þm. hversu brýnt það var orðið, m.a. af öryggisástæðum, að endurnýja þetta skip þótt ég hefði gjarnan kosið að

vera ekki að ræða mikið upphátt um það á meðan gamli Herjólfur er enn í notkun. En það stendur svo sem ekkert á mér ef aðrir vilja stofna til þeirrar umræðu.

Herra forseti. Ég ætlaði að segja það við hæstv. viðskrh. svo að hann heyrði að ég tel að óhjákvæmilegt sé að sú nefnd sem fer ofan í þetta frv. taki til alvarlegrar athugunar að gera á því breytingar sem annað tveggja gangi til þeirrar áttar að um fullkomna flutningsjöfnun verði að ræða eða hins vegar ef menn telja það ganga gagnvart dreifingaraðilunum, núverandi olíufélögum eða hvernig svo sem það verður í framtíðinni, að menn láti þessa 60% verðjöfnun gegnum sjóð duga en breyti þá jafnframt orðalagi 10. gr. frv. þannig að það sem er viðmiðun samkvæmt orðanna hljóðan verði skylda. Í textanum segir: „Þó skal við það miðað að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum hans um land allt." Ef það er vilji hv. stjórnarliða hlýtur maður að spyrja sig að því hvers vegna menn stíga þá ekki skrefið til fulls og segja: „Þó skal auglýst verð hvers innflytjanda gilda á öllum almennum afgreiðslustöðum hans". Þá getur hæstv. viðskrh. leyft að hafa hærra verð á bensínafgreiðslu á Kili eða í Vonarskarði eins og mér skildist að væri sérstakt kappsmál hans. Það hindraði ekki að þetta væri bundið við almenna afgreiðslustaði og það sem mundi ósköp einfaldlega gerast væri að þessi 40% af flutningskostnaðinum yrðu að verðjafnast innan reksturs olíudreifingaraðilanna hvers fyrir sig. Ég reikna með því að mönnum sé alvara með þessu orðalagi og það sé málamiðlun stjórnarliða að æskilegt sé að auglýst verð hvers innflytjanda gildi alls staðar og því þá ekki að hafa það þannig. Af hverju alltaf þessi hálfvelgja? Er það orðin stjórnarstefna að vera hálfvolgir í öllum málum?

Síðan er það að lokum þannig, herra forseti, að það er ósköp skiljanlegt að hæstv. viðskrh. sé hvumpinn þegar farið er að leggja mælistiku yfir frammistöðu Jafnaðarmannaflokks Íslands í ríkisstjórn í þessum jafnaðarefnum því að þar er auðvitað meira og minna allt aftur á bak sem til breytinga horfir. Ég get bara ekki nefnt eitt einasta dæmi sem kemur í hug mér um það að ríkisstjórn með aðild Alþfl. hafi aukið jöfnuð landsmanna í skattakerfinu, í tryggingamálum, varðandi olíudreifingu, í menntamálum, viðskipti við heilbrigðiskerfið. Alls staðar er ójöfnuðurinn aukinn. Það er alveg á hreinu. Auðvitað er hæstv. viðskrh. þess vegna svona hvumpinn þegar reynt er að leggja mælistiku yfir frammistöðu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Auðvitað er óþarft að taka fram hvernig aðstöðumunur er að aukast í byggðamálum. Og þetta gerist á sama tíma og menn horfa upp á það að ekki er hróflað við forréttindahópum þjóðfélagsins. Það merkilegasta við bandorminn, sem hér var til umfjöllunar í vetur, er auðvitað það að ekki er hróflað við hálaunahópunum, þeim sem fá fjármagnstekjurnar. Því er sama hvar er borið niður, og þetta mál er auðvitað bara einn lítill angi af því, þetta er einhver mesta ójafnaðarríkisstjórn sem við höfum lengi haft. Þetta er ábyggilega eini svokallaði krataflokkurinn í heiminum sem á ráðherra í ríkisstjórn sinni sem heldur ræður eins og hæstv. viðskrh. gerði í þessu máli fyrir nokkrum dögum þar sem hann amaðist meira og minna við öllum jöfnunarkerfum sem opinberir aðilar kæmu nálægt, sá í því öllu saman spillingu, óhagkvæmni og sukk og ríkið ætti ekki mikið að vera að vasast í slíkum jöfnunaraðgerðum. Það væri allt saman einhvers konar forréttindi eða verndarráðstafanir gagnvart fyrirtækjunum, sagði hæstv. viðskrh. Hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið, m.a. undir forustu Alþfl., t.d. í almannatryggingamálum, heilbrigðismálum, verið einhver forréttindamál fyrirtækja sem þar hafa verið á ferð eða hefur verið hróflað við? Ég held nú ekki. Þar hefur einmitt verið ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Ef hæstv. viðskrh. hefur áhyggjur af því að of mikið sé púkkað upp á þessi fyrirtæki, olíufélögin sem eru að byggja hallir út um allt eftir fimm ára valdatíma hæstv. viðskrh., þá skal ég vera fyrstur manna með honum í leiðangur til þess að koma í veg fyrir það því að það er ekki ætlunin að vera að púkka upp á þau. En mig grunar að annað verði niðurstaðan ef þetta frv. nær fram að ganga. Fyrirtæki munu hafa allt sitt á þurru áfram en hluti viðskiptavina olíufélaganna, sem er þannig í sveit settur í landinu, fer illa út úr þessum breytingum og ber fórnarkostnaðinn. Það þurfum við að koma í veg fyrir og það þó að við sitjum uppi á Íslandi með þessa einstæðu útgáfu af fyrrverandi krötum sem núna hafa safnast saman í Alþfl. og eiga þennan einstaka ráðherra sem hamast gegn öllum jöfnunarráðstöfunum og jöfnunarkerfum á vegum opinberra aðila. Við verðum bara að taka málin í okkar hendur og leysa þetta þrátt fyrir Alþfl.

Ég vona að einhver meiri hluti geti myndast á Alþingi um það að afstýra slysi í þessu máli. Ég bara trúi því ekki að stjórnarliðar, t.d. Sunnlendinga, standi að þessu máli. Það er svo vitlaust. Ætla þrír þingmenn Sjálfstfl. á Suðurlandi virkilega að greiða þessu atkvæði? Ég vona þá a.m.k. að þeim detti ekki í hug að nokkur maður kjósi þá uppi á landi í því kjördæmi ef svo verður. Hvað ætlar hv. þm. Eggert Haukdal að gera? Ætlar hann virkilega að samþykkja að stórhækka verðið á olíuvörum í Rangárvallasýslu? Það er eins og mig minni að hv. þm. hafi stundum sótt fylgi sitt um austanvert Suðurlandskjördæmi. Nei, ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því.

Ég vil fyrir mitt leyti boða að ég er opinn fyrir því að skoða mögulegar breytingar á þessu í þeirri nefnd sem þetta mál fær væntanlega til meðferðar. Vissulega er maður jafnframt tilbúinn til að taka tillit til þess ef stjórnarflokkarnir hafa þurft að gera þarna einhverjar þjáningarfullar málamiðlanir, en ég trúi þá ekki að ekki sé hægt að taka það upp að reyna að betrumbæta þetta frv. þannig að þarna verði afstýrt slysi. Ég held að það sé með öllu óréttlætanlegt að útkoman verði svona tilviljanakennd fyrir landsmenn eftir því hvernig þeir eru í sveit settir og eftir því hvort þeir liggja nálægt höfnum eða ekki.

Tökum til að mynda Borgarnes. Þar var byggð höfn eða viðlegukantur fyrir allmörgum árum en er nú orðin lítið notfær í dag. Þar á meðal keyra nú olíufélög-

in orðið allri olíu í Borgarfjörð. Eftir því sem ég best veit nota þau ekki þá aðstöðu sem þar er þó til löndunar olíu og þannig mundi það væntanlega verða að það bitnaði þá alveg sérstaklega á þeim að olíufélögin af einhverjum rekstrarlegum ástæðum eru hætt að flytja olíuna þangað sjóleiðina en nota landleiðina í staðinn. Það yrði svo til þess ef illa tekst til að Borgarfjarðarhérað byggi við hærra orkuverð í þessum efnum. Sunnlendingar eru auðvitað enn verr settir í þessum efnum því að þar er bókstaflega ekki hægt að byggja höfn. Þó hlýtur að verða næsta baráttumál þeirra, ef þetta vitlausa frv. nær hér fram að ganga, að þeir fái olíudreifingarhöfn með flutningsjöfnun við Dyrhólaey. (Gripið fram í.) Ja, eitthvað hljóta þeir til bragðs að taka ef þetta verður yfir þá dæmt.

Herra forseti. Þetta mál er þannig úr garði gert, og hefur síst batnað við tilraunir hæstv. viðskrh. til að rökstyðja það, að ég tel algerlega ósamboðið Alþingi að afgreiða það í því formi sem það er núna. Ég vona þess vegna að hv. alþm. verði tilbúnir til þess að skoða þetta með sæmilega opnum huga þegar það kemur til nefndar og aftur til umfjöllunar í þinginu og ég bind vonir við að takist að lagfæra það og afstýra því slysi sem ég tel að sé annars í uppsiglingu.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni að ég hafi fyrstur vakið máls á Sovétviðskiptunum hér í þessari umræðu. Það var hv. 1. þm. Austurl. sem gerði það og ég blandaði mér þess vegna í umræðurnar. Ég skil mætavel að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé sárt þegar þessi viðskipti eru gagnrýnd. Flokkur hans hefur jafnan talið þetta vera líftaugina í samskiptum Íslands og Sovétríkjanna og margsinnis ályktað um það að þessi viðskipti væru líftaugin við Sovétríkin. Það snertir því náttúrlega viðkvæmar pólitískar taugar þegar talað er í gagnrýnistón um þessi viðskipti.

Það sem ég sagði og stend við er það að ég tel að það hafi verið fyrir löngu orðið tímabært að endurskoða viðskiptastefnuna gagnvart Sovétríkjunum. Þar með var ég ekki að segja að það hefði átt að hætta að selja þeim síld eða hætta að selja þeim ull. Hins vegar tel ég að þessi viðskipti hafi staðið í vegi fyrir vöruþróun og eðlilegri framvindu í viðskiptum. Ég held að þegar þessi mál verða gerð upp eins og öll önnur mál í okkar samtímasögu muni sagan sýna að íslensk stjórnvöld hafi dregið lappirnar lengur í þessu máli en jafnvel afturhaldsöflin í Mosvku. Mér finnst því að menn verði að hafa þrek til þess að skoða þetta mál í heild og án þess að setja sig í þær stellingar sem hv. síðasti ræðumaður gerði og líta á málið með þeim augum að ástæða hafi verið til þess áður en gert var að endurskoða hvernig að þessum viðskiptum var staðið. Menn þurfa að virða þau sjónarmið sem fram hafa komið um það og vera reiðubúnir til þess að ræða það án þess að gera þeim upp skoðanir eða viðhorf sem þessum sjónarmiðum halda fram.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt að leiðrétta það að hv. 1. þm. Austurl. mun fyrstur í umræðunni hafa tekið upp Sovétviðskiptin og það breytir litlu. Hins vegar kannaðist ég betur við hv. 3. þm. Reykv. þegar hann fór á sinn málefnalegan hátt að svara síðan málinu efnislega. Þá var Hrólfur mættur þegar hann fór að velta því fyrir sér hvers vegna ég væri svona viðkvæmur fyrir því að þessi viðskipti væru nefnd. Var þá orðið stutt í það kalda stríð sem ég minntist aðeins á hér í ræðu minni og leyfði mér að láta mér detta í hug að hefðu vissulega einhver áhrif enn á heimssýn hv. 3. þm. Reykv. En síðan kom ekki ein einasta efnisleg röksemd fram fyrir því sem hv. 3. þm. Reykv. er að fullyrða, ekki ein einasta önnur en sú að hann fullyrðir með almennum órökstuddum hætti að þessi viðskipti hafi með einhverjum hætti verið mönnum til trafala, dregið úr framþróun, hindrað vöruþróun eða eitthvað annað því um líkt. Hvernig? Hvað var það sem hindraðist af saltsíldarviðskiptum Íslendinga til Sovétríkjanna? Hvaða aðrir markaðir voru það sem menn sinntu ekki? Hvaða vöruþróun var það sem menn stóðu ekki í, hv. 3. þm. Reykv.? Er hugsanlega hægt að fá einhver efnisleg rök fyrir því sjónarmiði, sem út af fyrir sig getur verið gilt, að þetta hafi verið okkur fjötur um fót og til trafala?

Gaman væri að fá hér til umræðunnar hv. 1. þm. Vestf. og fyrrv. hæstv. viðskrh. Það er eins og mig rámi í það að hv. þm. Matthías Bjarnason hafi á sinni tíð sem viðskrh. verið ekki minna kappsamur um þessi viðskipti en aðrir Íslendingar og átt sinn þátt í því m.a. að festa þau í sessi, enda þekkir hann vel til sjávarins, betur en hv. 3. þm. Reykv., og veit að þetta hafa verið hin ábatasömustu og bestu viðskipti um áratuga skeið fyrir Íslendinga og við höfum verið litnir öfundaraugum af. Kanadamenn, Norðmenn og aðrir, sem einhverja síld hafa haft, hafa stóröfundast yfir frammistöðu Íslendinga í þessum efnum sem hafa selt upp undir 70% af allri saltsíld á markaði í heiminum fyrst og fremst í gegnum tröllsterka stöðu á markaðnum fyrir austan.

Þessi ummæli hv. 3. þm. Reykv. falla dauð niður þar sem þau eru órökstudd. Hins vegar held ég, herra forseti, varðandi hina pólitísku og historísku hlið þessara mála að við þurfum annan fund og annan dagskrárlið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að skipta mér af umræðunni um olíuviðskipti Íslands og Sovétríkjanna. En nú er svo margbúið að taka það inn í umræðuna að það er óhjákvæmilegt að minna á það að svo mikil voru áhrif Morgunblaðsins að við hættum eitt árið við að kaupa alla okkar olíu frá Rússum, sem við keyptum á Rotterdam-verði og við keyptum olíu frá Bretum á Mainstream-verði. Sú olía var helmingur af olíuinnkaupum landsins það árið. Hún var 10% dýrari en sú olía sem við höfðum keypt frá Sovétríkjunum og varð til þess að hækka gasolíuverð á Íslandi um 5% það árið. Ég held nú að menn ættu að greina á

milli viðskipta og stjórnarhátta, í það minnsta væri það alveg nýtt í sögunni ef þeir sem líta á sig sem kapítalista teldu rétt að tengja þetta saman. Þá mundi nú margt hrynja í viðskiptalífi heimsins.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hér við 1. umr. um frv. um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara mega mæla nokkur varnaðarorð til hæstv. viðskrh. og ekki síður til nefndarinnar sem málið á að grandskoða á næstu dögum og vikum. Jöfnuður, frelsi, jafnaðarmennska eru stór orð og mikilvæg í stjórnmálum heimsins, mikilvæg gagnvart fólkinu hvar sem það býr í veröldinni og hefur reynst okkur í fámenninu á Íslandi mikilvægara en nokkrum öðrum.

Á örfáum sviðum hafa Íslendingar náð því að hér væri jöfnuður á verði, vöru og þjónustu burt séð frá því hvar einstaklingurinn býr, út við sjó eða inn til landsins. Yfir það hafa menn mjög farið í þessari umræðu. Að vísu er eðlilegt að slíkur jöfnuður nái ekki inn á mjög marga vöruflokka en þeim mun meira atriði er að verðjöfnun ríki á mikilvægum sviðum sem snerta mjög afkomu einstaklinga og fyrirtækja hvar sem þau eru staðsett, hvar sem fólkið býr í landinu.

Því miður hefur það gerst á mörgum sviðum á liðnum árum að ójöfnuður hefur aukist eða verð á mikilvægri vöru og þjónustu vaxið landsbyggðarfólkinu í óhag. Þetta verð ég að játa enda þótt minn flokkur hafi svo lengi haldið um stjórnvölinn. Ég hefði viljað sjá mörg mál þróast með öðrum hætti en þau hafa gerst. Við teljum margir t.d. að sá ójöfnuður sem ríkir í rafmagnsverði valdi því að fyrirtæki eigi erfiðara með að staðsetja sig jafnvel í allra næstu bæjarfélögum við höfuðborgarsvæðið, jafnvel í bæjarfélögum sem standa á barmi orkulindarinnar sjálfrar. Þetta hefur verið margrætt í þingsölum. Yfir þetta hefur verið margfarið með viðskrh. að þetta skapar ójöfnuð í landinu. Þetta gerir það að verkum að fyrirtæki hafa ekki getað staðsett sig á svæðum eins og á Suðurlandi sem best eru fallin til búsetu á Íslandi.

Ég veit að vilji margra þingmanna stendur til að verðjafna rafmagnið en það þarf að finna leiðir og þora að koma á jöfnuði. Því miður setjast menn ekki yfir þetta mikilvæga mál og þolinmæðin er á þrotum hvað þetta mál varðar á landinu því að allir segja: Við eigum þessa auðlind ekkert síður en þeir sem búa í margmenninu og við gerum kröfu til þess að við fáum sama verð og að hægt sé að staðsetja fyrirtækið með sama hætti í byggðarlögum okkar eins og á höfuðborgarsvæðinu. Það væri mannsbragur að því ef Alþfl. sæi sig knúinn til þess sem jafnaðarmannaflokk að taka á þessum ójöfnuði og höggva þar á hnúta, sem væri mjög auðvelt að gera, og mundi jafna mjög lífsaðstöðu fólks í landinu.

Ég vil líka nefna hina sígildu umræðu um verð á matvöru áður en ég kem að frv. þó að sem betur fer sé verðjöfnun á mjólkurvörum. Nú blasir t.d. við að hvað varðar þann ójöfnuð sem ég minntist á í verslunum landsins að smávöruverslunin úti á landi er að kaupa vöruna á hærra verði af heildsöluverslununum í höfuðborginni en varan er seld á í ýmsum stórmörkuðum borgarinnar. Það gerðist hér á dögunum að landsbyggðarfyrirtæki, sem er í smásölu, fór inn í smásölufyrirtæki og keypti upp lagerinn. Það var kóklagerinn. Hvers vegna? Það fékk hann á lægra verði í smásöluversluninni hér en uppi í Coca Cola. Það eru alvarlegir hlutir að gerast í ójöfnuði í þessu landi. Þarna kemst samkeppnin upp með það að valda ójöfnuði milli fólks eftir búsetu. Þeir sem fjær búa og geta ekki annað fá á sig reikninginn og hækkað verð eða í þessu tilfelli er landsbyggðin látin greiða niður verðið þar sem samkeppnin ríkir og fjölmennið er. Þetta er glöggt dæmi og snýr kannski meir að þessu frv. sem hér er til umræðu en menn gera sér grein fyrir.

Ég skal fara nokkrum orðum um frv. og helstu galla þess. Ég ætla ekki að efast um að ýmsir gallar hafa verið og eru á núverandi lögum um flutningsjöfnun sem þarf endurskoðunar við. Ég ætla ekkert að efast um að þar er ýmislegt sem má taka á og er sjálfsagt að sé tekið á. Ég hygg að vilji hæstv. viðskrh. standi til þess að bensínverð verði það sama um land allt. Og ég hygg að vilji hans standi líka til þess að hægt verði að halda uppi svipaðri þjónustu á öllum stöðum á landinu eða alla vega einhverri þjónustu. Hann leiðréttir mig ef ég fer ekki með rétt mál. Ég hygg að ráðherrann vilji draga úr ýmsu því sýnilega óhófi sem við blasir í glæsibyggingum olíufélaga og fjárfestingu í uppbyggingu afgreiðslustaða. En í hita leiksins verða menn þó að skoða alla fleti þessa máls og hvað gerist ef þetta frv. verður að lögum eins og það er nú.

Í fylgiskjali með frv., sem er dróg að reglugerð, eru þeir staðir nefndir sem ætlunin er að jafna flutningskostnað til. Þar blasir við mér undarleg sýn hvað mitt kjördæmi varðar og hér hefur verið nefnt, Suðurland. Hið stóra Suðurlandsundirlendi fær engan jöfnunarpunkt hvað bensínverð varðar, eitt allra kjördæma. Það er enginn jöfnunarpunktur til á því svæði í frv. Þar eru að vísu Vestmannaeyjar, sem eru eyjar úti í hafi, þar sem búa 5 þúsund manns og sjálfsagt að þær séu með. En Suðurlandsundirlendið allt saman er skilið eftir. Hvers eiga 20 þúsund íbúar á Suðurlandsundirlendi að gjalda, hæstv. viðskrh.? Liggur sökin í því að þeir hafa ekki kosið krata á þing? Á nú að refsa mönnum af því að svo stendur á að þar er enginn flokksmaður hæstv. viðskrh.? Ekki vil ég trúa því. Ekki vil ég trúa því að jafnaðarmennska hæstv. viðskrh. sé með þeim hætti að hann sé haldinn einhverri hefnigirni. Ég hygg að það sé síður margra manna að hugsa hlýtt til slíkra staða og reyna að gróðursetja þar góð blóm.

Ég spyr: Hvers eiga þessir 20 þúsund íbúar að gjalda þegar jöfnuður fer allt í einu að snúast um hafnir en ekki fólk? Snýr jafnaðarmennska Alþfl. að höfnum en ekki fólki? Er réttlæti landsbyggðarþingmanna í Sjálfstfl. einnig bundið þeim hætti að menn eru sáttir af því að þeir heita 1. þm. Stykkishólms, því að þar er jafnað? En Búðardalur, Borgarnes eða uppsveitir Borgarfjarðar sitja á hakanum? Er þetta réttlætið? Eru þetta kaupin sem hafa verið gerð? Snúa þau bara að einhverjum sérstöðum og hinir skulu gleymast? Ég bið hv. þm. Sjálfstfl. að átta sig á því að frv. er fullt af

götum, stórum götum, sem munu valda því að til mikilla vandræða kemur á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Hvernig jafnar Búnaðarbankinn?) Búnaðarbankinn jafnar verð um allt land. (**Gripið fram í:** En hvað um vextina?) Það eru sömu vextir, það eru sömu víxilvextir. (Gripið fram í.) Það snýr ekki að okri í þeirri stofnun. Viðskiptamenn, hvort sem þeir eru á Langanesi eða í höfuðborginni, njóta sömu víxilvaxta, sama kostnaðar fyrir það sem þeir þurfa að borga fyrir. Um okur er ekki að ræða í þeim efnum. En hitt er annað mál að ég er þeirrar skoðunar að verð sé of hátt, bæði hjá Búnaðarbankanum og öðrum. Við höfum leitast við að reyna að lækka verðið með samkeppni. En við látum ekki einhvern „svartan lýð" einhvers staðar borga einan til að lækka verð fyrir hinn „hvíta meiri hluta" eins og þetta frv. gerir. Þetta frv. ætlar að láta lítinn hluta landsmanna bera byrðar samkeppninnar í þessu máli eða verða af þjónustunni.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að fólkið í landinu fái bensín á sama verði um land allt, alveg eins og víxlarnir í Búnaðarbankanum eru alls staðar á sama verði. Því vil ég vænta þess að viðskrh. skoði reglugerðina með þá breytingu í huga að allir helstu verslunarstaðir við sjó njóti flutningsjöfnunar svo og helstu verslunarstaðir inn til landsins. Af hverju þarf að miða þetta við sjó? Af hverju eiga ekki helstu verslunarstaðir landsins að vera inni á þessu korti? Hvers á fólk að gjalda varðandi jöfnun ef það býr langt frá sjó og sinnir þar mikilvægum störfum?

Svo ég víki að mínu kjördæmi, sem ekki er til á blaði hjá ríkisstjórninni í þessu máli, því miður (**Viðskrh.:** Vestmannaeyjar.) nema Vestmannaeyjar, hæstv. viðskrh., enda er þar höfn. (**Viðskrh.:** Hvað segja Vestmanneyingar ef þeir eru ekki á blaði hjá þingmanninum?) Þingmaðurinn sinnir Vestmannaeyjum allvel og ég hygg að taka mætti um það harða og snarpa umræðu enda datt alþýðuflokksmaðurinn út af þingi á Suðurlandi og áttu Vestmanneyingar þar stóran þátt því að þeir treystu ekki þeim nýja Alþfl. sem hér er risinn upp. (Gripið fram í.) Þeir kusu Selfyssinginn til þings en felldu kratann. Kannski var það af því að þeir höfðu fyrr en aðrir menn áttað sig á því að mikil breyting hefur orðið á Alþfl. — Nú brosir presturinn að vanda minnugur þess að hann heldur uppi heiðri hins gamla Alþfl. við mjög svo breyttar aðstæður.

Við skulum nú fara yfir Suðurlandskjördæmið. Það er, eins og hér hefur komið fram, mjög glöggt dæmi um þann ójöfnuð sem mundi hljótast af þessu máli. Öllu bensíni er ekið um landveg á það svæði héðan úr Reykjavík. Olíufélögin mundu sjá sig knúin til að draga verulega úr þjónustu á svæðinu því að það yrði um taprekstur að ræða, a.m.k. á öllum stöðum utan miðkjarnans á Suðurlandi. Þar yrði um taprekstur að ræða. Þess vegna hef ég farið fram á það að viðskrh. bindi sig ekki heljarböndum við hafnir heldur skoði það hvort ekki megi taka upp nokkra helstu verslunarstaði inn til landsins.

Ég ætla að nefna annað dæmi til glöggvunar. Menn verðjafna sement í landinu, þeir fá sement á sama verði hvar sem þeir búa. Jöfnunarpunktur á sementi er t.d. á Laugarvatni. — Hv. þm. Egill Jónsson kinkar kolli og er samþykkur því. — En hvers á þetta byggðarlag að gjalda að fá ekki jöfnunarpunkt á bensíni? Hvort skyldi vera mikilvægara? Ég sé að hv. 1. þm. Vestf. er farinn að hugsa um Strandirnar undir þessum lestri mínum. Hvers eiga þeir t.d. að gjalda þar að vera ekki nálægt Patreksfirði eða Ísafirði? Hver á að bera ábyrgð á þeim ef þetta frv. nær fram? Það mun enginn sjá sig knúinn til að vera þar. Karlarnir verða kannski að láta þingmanninn, þegar hann kemur í kjördæmið, hafa með sér tunnu af olíu og tunnu af bensíni. Ef frv. nær fram að ganga mun það mörgu breyta á verri veg hér í landinu.

Við skulum gá að því að ég var að tala við hv. 1. þm. Vestf. sem situr nú sem formaður í Byggðastofnun sem hæstv. ríkisstjórn er búin að höggva af hendurnar. Dettur þingmönnum Sjálfstfl. það í hug að olíufélögin verði hin nýja Byggðastofnun? Halda þeir að olíufélögin muni sjá sig knúin til að verða einhver Byggðastofnun á Íslandi? Dettur hv. þm. Eggert Haukdal það í hug að olíufélögin muni telja sig skyldug til að reka olíusölu og bensínstöð í Rangárvallasýslu sem skilar engum hagnaði, kannski tapi? Að þau verði hin nýja Byggðastofnun sem fari þar að tapa peningum? Ekki hvarflar það að mér. Olíufélögin eru hlutafélög í samkeppni og verði leikreglunum breytt í þá veru að heilu svæðin skili tapi eða núllrekstri munu þau hverfa burt af slíkum stöðum. Þau munu hámarka hagnað sinn á stórum stöðum og kæra sig kollótt um staði sem ekki njóta flutningsjöfnunar, staði sem þau sjálf þurfa að verðjafna til, fyrir utan það að þetta kæmi mjög misjafnlega við olíufélögin. Á því verða menn að átta sig. Það fer eftir því hvort sala þeirra á olíu og bensíni er jöfn um landið allt eða hvort mjög ólíkt hlutfall er á milli höfuðborgar og landsbyggðar, hvort þau versla mest þar sem fjöldinn er eða hvort þau hafa, í gegnum það kerfi sem hefur ríkt, lagt sig fram um að þjóna dreifðum byggðum. Þarna er mjög ójöfn aðstaða olíufélaganna. Ef hægt væri að fá ráðherra til þess að hætta að sveima hringinn í kringum landið með sjónum og helstu verslunarstaðir yrðu nefndir til sögunnar sem jöfnunarpunktar á bensíni og gasolíu, þá þyrfti að taka inn í myndina hvað Suðurland varðar ýmsa verslunarstaði. Það yrði að vera punktur á Kirkjubæjarklaustri. Það yrði að vera punktur í Vík, og á Hvolsvelli. Þá sé ég að hv. þm. Eggert Haukdal hugsar sem svo: Þá verðum við að fá hann á Hellu líka. Laugarvatn yrði að vera með svo ég tali ekki um Selfoss og Hveragerði. Þetta er ekki flókið mál. Eins yrði að vera um allt land. Hvers eiga Egilsstaðir að gjalda, hv. þm.? Hvers eiga Egilsstaðir að gjalda í þessu máli? (**Gripið fram í:** Þeir eru ekki í hættu.) Þeir eru í ákveðinni hættu, miðstöð hins mikla kjördæmis, Austurlandskjördæmis. Þar yrði ekki flutningsjöfnunarpunktur.

Ég vil biðja hv. stjórnarsinna að íhuga málið dálítið út frá þeim sjónarmiðum sem ég hef hér rætt. Það er ekki gefið að olíufélögin haldi áfram á þeim stöðum þar sem þau hafa verið. Það kemur aldrei til að þau verði hin nýja Byggðastofnun Íslands, þau eru rekin með allt öðrum hætti. Ég hygg að það sé öllum mik-

ilvægt að verðið sé hið sama um allt land. Ég held því miður að þingmenn Sjálfstfl. horfi blindum augum á 10. gr. frv. sem þeir trúa að muni leysa þennan vanda. Það er mín skoðun að þar sé mikill misskilningur á ferð.

Ég minntist á sementið áðan. Ef við búum til þessi göt í olíudreifingarkerfinu skulum við hugsa um þessar tvær vörutegundir. Það er auðvelt að flytja sement á hvaða bíl sem er og sækja það langar leiðir. En olíuvörur eru fluttar með allt öðrum hætti. Ef menn verða að baksa í því hver og einn, sem mér finnst líkur á ef þetta frv. nær fram að ganga, að sækja sína olíu við misjafnar aðstæður, mundi af því hljótast hætta og hæstv. umhvrh. mundi kannski ekki heldur leyfa slíka flutninga.

Ég hef farið yfir helstu atriðin sem ég vil að menn skoði betur. Ég vænti þess að sú þingnefnd sem fjallar um málið sjái sér fært að kanna vel hvort þessi málflutningur, sem ég hef hér haft í frammi eftir að hafa skoðað málið mjög rækilega, eigi ekki við einhver rök að styðjast. Menn hafa ekki séð þá lausn sem sjálfstæðisþingmenn hafa séð í 10. gr. Það liggur fyrir að menn hverfa með þjónustuna. Hér var t.d. minnst á stað áðan. Hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á mikla uppbyggingu olíustöðva víða um land og nefndi sem dæmi að Shell væri að byggja upp mikið hof á Selfossi. Hæstv. viðskrh. kallaði fram í og sagði að það stafaði af flutningsjöfnuninni sem verið hefði. En skyldi ekki annað sjónarmið vera á ferðinni? Það munu allir leggja sig fram um að komast þar sem fjöldinn er og koma sér þar fyrir. Miðað við boðskap ráðherrans og frv. munu menn draga að sér höndina, draga sig burt, segja upp þjónustu fjær og setja sig niður þar sem þéttbýlið er. Því er Selfoss í þessu tilfelli hin mikla miðstöð þar sem menn vilja vera og láta fólkið í kjördæminu sækja þjónustuna langt að. Hvað varðar olíufélag um það þótt einhver aðili á Laugarvatni verði í hvert sinn að fara niður á Selfoss til að fylla bensíntankinn sinn? Þeir munu bara segja: Þú býrð við þessar aðstæður, vinur. Við ætlum ekki að tapa á þér. Sama er að segja um Flúðir. Ég er ekki að segja að þeir mundu ekki vera á einhverjum stöðum á svæðinu en líkurnar eru eigi að síður þessar. (**Gripið fram í:** Er skylda til þess núna?)

Hv. 1. þm. Vesturl. er einn þeirra sem rétt eru að byrja að átta sig í þessu máli. Nú hefur hann loksins gert sér grein fyrir því að það eru fleiri til á Vesturlandi en þeir sem búa í Stykkishólmi. Þeir eru uppi í Búðardal og í héruðum Borgarfjarðar. Einhverjir búa í Borgarnesi. Þess vegna vænti ég þess að hinn ungi, snarpi þingmaður sjái til þess að í sínum lýðræðislega þingflokki stöðvi menn þá hugsun hæstv. viðskrh. að sveima bara hringinn í kringum landið og stíga hvergi á land, miða bara við einhverjar hafnir sem auðvitað eru mikilvægar. En auðvitað eru það helstu verslunarstaðir landsins sem á að miða við í þessu dæmi. Ég vænti þess að hv. 1. þm. Vesturl. verði þar duglegur málsvari og jafnaðarmaður, maður byggðanna á Íslandi sem þorir að taka á málinu. Málflutningur þessa hv. þm. hefur verið furðulegur, svo og hv. 3. þm. Vestf. Einars Kr. Guðfinnssonar sem ekki er hér í dag og ég ætla þá ekki að ræða við. En þeir hafa verið haldnir ákveðnum misskilningi sem ég er sannfærður um að mun leiðréttast um leið og þeir hafa áttað sig á þessu stóra máli.

Ég hygg að viðskrh., sem er reyndur félagsmálamaður og vill sjá dálítið stórt, hann vill horfa út um stóra glugga þegar honum er mikið í hug, sjái öll litlu börn þessa þjóðfélags. Hann gleymi ekki heilum kjördæmum, heilum fjölskyldum sem vilja lifa í sátt þar sem þær eru fyrir og að þær fái að njóta jafnaðarmennsku hans með því að punktarnir verði upp til landsins ekki síður en út til hafnanna.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Búið er að ræða mikið þetta frv. til laga um jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum. Ég vil láta það koma hér fram að þegar upprunalega frv. var kynnt í Sjálfstfl. vorum við þó nokkuð margir þingmenn flokksins mjög ósáttir við orðalag þess varðandi flutningsjöfnun. Við vorum sáttir við það sem laut að flutningsjöfnun á sjó en okkur var ljóst að það þyrfti að tryggja að verð yrði einnig það sama annars staðar á landinu. Gerð var veruleg breyting á 10. gr. frv. sem hljóðar nú þannig, með leyfi hæstv . forseta:

„Að undanteknum fyrirmælum um jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum, skal um verðlagningu á olíuvörum fara eftir lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Þó skal við það miðað að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum hans um land allt. Hið sama gildir um gasolíu og bensín, sem afgreitt er í birgðageyma við lögheimili aðila er þar stunda fasta staðbundna starfsemi."

Í athugasemdum við þessa sömu grein segir:

„Í þessari grein er ítrekað að lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti gildi um olíuviðskipti með því fráviki, sem af jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum leiðir. Það er því í höndum Verðlagsráðs að fjalla um verðlagningu olíuvara.

Gert er ráð fyrir að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum afgreiðslustöðvum hans og við afgreiðslu á birgðatanka notenda er þar stunda fasta staðbundna starfsemi. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að hann veiti einstökum kaupendum afslátt í samningum, t.d. við útboð á olíukaupum eða hann krefji sérstaklega um kostnað vegna flutnings á olíuvörum, t.d. til verktaka inn á hálendinu."

Með þessu orðalagi og breytingu á greininni, eins og hún liggur hér fyrir í þinginu, er það alveg ótvírætt að sama verð á að vera á öllum olíuvörum á landinu, á öllum hinum almennu afgreiðslustöðvum. Meira að segja segir allt að því hér að sama verð eigi að vera á olíu á geyma við lögheimili og þá er fyrst og fremst átt við sveitir landsins. Með þessu orðalagi er verið að tryggja það. Sú mikla hræðsla sem hefur gripið um sig er ástæðulaus.

Þá komum við að því, af hverju þessi hræðsla hef-

ur gripið um sig. Hún hefur gripið um sig vegna þess að frá einu olíufélaginu heyrðist eða var gefið til kynna eitthvað á þá leið að afgreiðslustöðvum yrði fækkað af því að hinn sameiginlegi Flutningsjöfnunarsjóður yrði lagður niður en lagður á herðar hvers olíufélags fyrir sig. Mér þætti gaman að sjá viðskiptamenn olíufélaganna, alveg sama hvaða olíufélag það er, þegar þeir kæmu á Egilsstaði og þyrftu að greiða bensínið hærra verði. Það er alveg útilokað samkvæmt þessu. Þá kemur sá óttinn að olíufélögin leggi niður tilteknar afgreiðslustöðvar sem þeir telja sig hafa byrði af. Hvað ætli þeir segðu ef olíufélögin legðu niður afgreiðslustöðvar á hinum og þessum stöðum á landinu þar sem hafa verið stöðvar jafnvel áratugum saman? Þó þeir vilji ekkert gera fyrir strjálbýlisfólkið þá eru þeir ekki svo illa á vegi staddir. Höfðuðborgarbúar aka ansi mikið út um landið. Það væri gaman að sjá framan í þá þegar þeir kæmu norður á Strandir eða að Kirkjubæjarklaustri ef bensínið væri allt í einu orðið dýrara þar eða þeir fengju bara alls ekkert bensín, það væri búið að loka. Það er alveg útilokað.

Þessi umræða minnir mig á maraþonumræðu sem varð hér í þinginu nokkrum árum eftir að ég kom á þing um mjólkur- og brauðbúðir. Kvöld eftir kvöld var þingfundur um það hvað þetta væri mikið óhagræði fyrir húsmæðurnar í Reykjavík að leggja niður þessa dásamlegu samkomustaði húsmæðra, brauð- og mjólkursölubúðirnar, því að þar kæmu menn saman, sérstaklega húsmæður, til að ræða málin. Það þótti fráleitt að fara með mjólkina inn í matvöruverslanirnar. Ég tala nú ekki um stórverslanir og kjörbúðir. Alltaf er til fólk sem getur aldrei skilið að ýmsu þurfi að breyta. Tímarnir eru að breytast, þjóðfélagið er að breytast og heimurinn er að breytast. Það þarf alltaf að taka eitthvert mið af breytingum sem verða. Ég held að enginn vilji hefja aftur atvinnurekstur í mjólkurbúðum, taka mjólkina út úr kjörbúðum og öðrum matvöruverslunum og stofna aftur mjólkur- og brauðsölubúðir. Enginn hefur flutt tillögu um það á Alþingi. Það er trú mín að sama verði uppi með þetta þegar á reynir, það verður engin breyting í reynd. Ef eitt olíufélag ætlar að fækka afgreiðslustöðvum, sem það hefur haft um langan tíma, þá munu menn ekki sætta sig við það.

Ég skal fúslega gangast undir það að ef í ljós kemur að efasemdamennirnir hér hafi á réttu að standa, þá flytjum við bara frv. aftur og fáum þessu breytt. Þá eru olíufélögin búin að sýna hug sinn. Þau hafa þá svikið landsbyggðina. Með þessari breytingu var verið að tryggja að sama olíuverð væri á öllum sveitabæjum í landinu. Við vorum ekki síst með Suðurland í huga þegar við ræddum þessi mál.

Það getur vel verið að þið séuð greindari á Suðurlandi en annars staðar — ég skal ekki fara í neitt kapphlaup í þeim efnum — kannski sér í lagi í Vestmannaeyjum af því að þeir felldu kratana í síðustu kosningum. Ef ég man rétt þá eru þeir búnir að fella kratana í tveimur síðustu kosningum. En ég held að þó að þeir séu nú greindir á Suðurlandi hafi þeir ekki verið búnir að sjá það að Alþfl. eða Jafnaðarmannaflokkurinn færi í stjórn eftir næstu kosningar með Sjálfstfl. Kannski þeim hafi ekki litist á að hafa Alþfl. í félagsskap með Framsfl. og Alþb. Það lýsir kannski hinni sérkennilegu og miklu greind krata á Suðurlandi. Ég vildi bara skjóta þessu inn þó að mér finnist það ekki hafa nein veruleg áhrif á flutningskostnað á olíuvörum.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég var einn af þeim þingmönnum Sjálfstfl. sem vildi fá fram breytingu á frv. Við fengum ákaflega elskulegar kveðjur frá tveimur dagblöðum sérstaklega um að við værum sósíalistar. Þeir væru hvergi orðnir eftir nema í þingflokki Sjálfstfl. því ekki fyrirfinnast þeir í Alþb. Alltaf, þegar tvö af stærstu blöðum þjóðarinnar ná saman í leiðaraskrifum, Morgunblaðið blessað og DV, kemur það illa út. Mér finnst það vera áhyggjuefni ef þau eru samstiga í leiðaraskrifum.

Mér fannst ekkert óeðlilegt við að það yrði reynt að ná þessu samkomulagi. Það tók sinn tíma eins og gerist og gengur en það náðist. Við það samkomulag ætla ég að standa en það skal ég segja hv. stjórnarandstæðingum og þar með hv. 5. þm. Suðurl. að ég er ekkert síður en hann tilbúinn til að taka upp fullkomna jöfnun á flutningskostnaði á olíuvörum ef olíufélögin ætla að hundsa þann vilja sem fram kemur í frv. Þá hafa þau sagt okkur, löggjafanum, stríð á hendur. Við bendum á, og menn verða að taka það með í reikninginn, að þetta frv. er um aukið frelsi í olíuviðskiptum, í innflutningi á olíu. Vörukaupareikningur verður lagður niður. Menn hafa almennt verið sammála um það en okkur hefur verið legið á hálsi fyrir að vilja ekki sleppa þessu öllu fram hjá með því að leggja niður vörukaupareikninginn. Um það hefur enginn ágreiningur verið á milli stjórnarflokkanna og ég hef ekki heyrt nokkurn ágreining í þeim efnum frá stjórnarandstöðunni.

Ég er þeirrar skoðunar að í ákvæði í frv. felist að sama verð verður á olíuvörum, á gasolíu og á bensíni. Ég er ekki búinn að sjá það að olíufélögin þori eða vilji sýna viðskiptamönnum sínum, eftir því hvar þeir búa á landinu, að þeir ætli að selja bensínlítrann hærra verði á þessum stað en á hinum. Og ef þeir ætla að fækka verulega afgreiðslustöðunum, þá hafa þeir sýnt það að þeir vilja ekki viðurkenna að verið er að koma til móts við innflutninginn með auknu frelsi og þá þýðir ekki annað en svara á þann veg að flutningsjöfnun verði tekin upp. En ég er algerlega ósammála þeim þingmönnum stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað, að í þessu felist nein bein hætta. Komi það í ljós skal ég vera fyrstur manna til að viðurkenna að nauðsynlegt sé að breyta.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir hans ræðu. Ég held að hún hafi skýrt nokkuð það sem ég var að spyrja um, þ.e. hver hefði verið ágreiningur stjórnarflokkanna sem legið hefði til grundvallar þeirri málamiðlun sem nefnt var að hafi verið gerð.

Varðandi það, sem einnig kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., að það sé vilji manna, samanber orðalag 10. gr., að um sama verð verði að ræða á öllum al-

mennum afgreiðslustöðum og til allra fastra kaupenda á olíuvörum þar sem þeir eru með sinn atvinnurekstur, þá dró ég það ekki í efa í minni ræðu. Ég spurði hins vegar hvers vegna menn gangi þá ekki hreint til verks og hafi orðalagið afdráttarlaust. Er nokkur ástæða til þess að láta á það reyna fyrst hvernig olíufélögin fara með þetta ákvæði? Ég held að það sé sáraeinföld breyting. Ef það er vilji þingsins að þannig skuli það vera má breyta 10. gr. þannig og segja: Þó skal auglýst verð hvers innflytjanda gilda. Ég vek athygli á því að eins og þetta er, bæði í 10. gr. og í umsögn um hana, að þá stendur annars vegar í frumvarpsgreininni: „Þó skal við það miðað, ...“ og hins vegar í umsögn um hana: „Gert er ráð fyrir ...“. Ljóst er að orðalag er ekki afdráttarlaust á hvorugum staðnum. Ef menn eru efnislega sammála eða nálægt því að vera sammála um að heppilegast sé að þetta sé svona, því á þá ekki að segja það og setja það ósköp einfaldlega í lagatextann? Eru menn að vinna eitthvað með því að hafa hann pínulítið opinn í annan endann í þessum efnum, ég segi ekki báða enda?

Mig langar til að spyrja: Er ekki hægt að taka þá skrefið til fulls, hnýta þennan litla lausa enda sem mundi gera það að verkum að fulltrúar Sunnlendinga gætu jafnóhræddir og aðrir staðið að þessari breytingu?

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Frv. tengist þeirri ákvörðun sem hæstv. viðskrh. hefur tekið um að gefa allan innflutning á olíuvörum frjálsan frá 1. jan. 1992 og það verður að skoða í því ljósi. Þær ráðstafanir hljóta að kalla fram þá spurningu hvort þær leiði til þess að verðlag á olíuvörum, bensíni, olíu og svartolíu lækki í landinu. Það er grundvallarspurningin. Leiða þessar ráðstafanir til þess að við getum horft fram til þess tíma að verð á olíuvörum lækki?

Það hefur löngum verið gagnrýnt að olíufélögin hafa starfað í landinu í skjóli ríkistryggðrar einokunar. Á undanförnum árum og áratugum hafa verið lögð fram mörg þingmál um að starfsemi olíufélaganna verði tekin til endurskoðunar. Mér er það minnisstætt að ég var meðflutningsmaður að slíku máli í þinginu á árinu 1979. Áður en það var hafði þetta mál verið til umræðu í þinginu og allt fram á þennan dag. Það verður því að segjast eins og er að nú er verið að standa að allróttækum breytingum hvað kaup og dreifingu olíuvara varðar. Ég hef skilið það svo að þau skref sem verið er að taka núna eigi að leiða til þess að verðið lækki í þágu kaupandans, neytandans.

Þegar málið kom fyrst til umræðu í þingflokki Alþfl. tók ég það skýrt fram að ég gæti ekki staðið að þessum breytingum ef það mundi leiða til þess að verð á olíuvörum yrði mishátt eftir landshlutum. Það kæmi ekki til greina. Tryggja verði með ákvæðum í lögum að sama verð yrði á olíuvörum hvar sem er á landinu. Samkomulag hefur síðan náðst á milli stjórnarflokkanna um það sem kemur fram í 10. gr. frv. Ég held að tæpast verði hægt að kveða skýrar að orði en gert er þar. Þar er tryggt að sama verð eigi að vera hvar sem er á landinu. Ef það verður mishátt þá er það lögbrot. Hér er ábyrgðinni velt á olíufélögin og þau verða sjálf að standa undir þeirri ábyrgð að sama verð verði boðið hvar sem er á landinu.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst eins og umræðurnar um þetta mál beri þess vitni að fremur sé verið að gæta hagsmuna olíufélaganna heldur en neytandans. Ef við erum að stíga skref í þá átt að verð á olíuvörum lækki þá er það náttúrlega gott skref. Við gætum ekki stigið það skref ef verðið ætti að lækka fyrir suma en hækka fyrir aðra. Ljóst er að ef ákvæði 10. gr. væri ekki í frv. hefði verðið á olíuvörum hækkað á landsbyggðinni og lækkað á höfuðborgarsvæðinu og þróast jafnvel í sömu átt og við höfum séð hvað varðar verðlag á nauðsynjavörum og verðlag á vörum til heimilisins. Það jaðrar við að landsbyggðin sé farin að greiða niður verðlagið á höfuðborgarsvæðinu. Við ættum fremur að horfa í þá átt að taka upp ákvæði eins og felast í 10. gr. frv. í fleiri lögum er fjalla um verðlag og viðskiptahætti í landinu. Ég undrast því margar úrtölur sem átt hafa sér stað í þessu máli. Við ættum fremur að fagna því skrefi sem hér er verið að stíga, tímamótaskrefi, sem táknar að við erum að verja rétt búsetunnar í landinu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. virðist ekki hafa fylgst með því sem hæstv. viðskrh. vakti athygli á. Ef olíufélag hefur aðeins sitt starfssvæði sem Stór-Reykjavíkursvæðið og selur þar bensín getur það að sjálfsögðu selt bensínið á lægra verði en félag sem selur það um land allt. Það er ekkert í 10. gr. frv. sem segir að þetta sé ólöglegt. Þess vegna er öll fyrri ræða þingmannsins hrein vitleysa. Þetta er eins og að trúa því að hafi maður keypt sér líftryggingu þýði líftryggingin það að maður deyi ekki. Líftryggingin þýðir aðeins bætur. Þær smánarbætur sem landsbyggðinni er boðið upp á er að trúa því að olíufélögin verði bara þrjú í framtíðinni, að þau muni öll starfa á landsvísu og öll halda þeim útibúum sem þau eru með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 279. mál. — Þskj. 468.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. flytur frv. til laga um vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Ég tel að hér sé stóru og merku máli hreyft en segja má með þetta frv. að sínum augum litur hver á silfrið. Segja má að sú hugsun hjá hæstv. umhvrh., sem liggur á bak við það að leggja til að aðgreina það að menn hafi leyfi til að eiga byssu og menn hafi leyfi til veiða, sé að mörgu leyti rökrétt. Vegna þess að fyrst fá menn byssuleyf-

ið og kunna þá lítt til meðferðar á þeim verkfærum en ættu svo gjarnan að æfa sig og ættu svo kost á því að fá leyfi til veiða eftir að þeir væru búnir að sanna hæfni sína í meðferð á skotvopnum.

Ég lít svo á að á bak við þessa hugsun sé jákvætt viðhorf til þessara mála. Þó mér sé ljóst að þetta þýði þó nokkuð skrifræði hef ég ekki treyst mér til þess að leggjast gegn því. Ég verð aftur á móti að segja eins og er að hugmyndir sem koma fram varðandi minkinn, að hann skuli meira metinn en mýs og rottur, eru fræði sem ég hreinlega ekki skil. Mér er ekki ljóst hvenær það gerðist að mýsnar urðu slíkir stórafbrotamenn í þessu landi að þær bæri frekar að hafa í þessum hópi heldur en minkinn. Ég held að flestum sem vilja íslensku fuglalífi vel sé ljóst að minkurinn er og verður mesti vágesturinn í votlendi og að ekki þýði að tala um það sem eðlilegan hlut að hann lifi í sátt við íslenskt umhverfi. Hann var fluttur nauðugur inn í þetta umhverfi, vissulega, en ég vænti þess að ráðherra hugsi sig um tvisvar áður en hann leggur svona þunga áherslu á að viðurkenna tilvist minksins sem sjálfsagðan hlut í lífríki Íslands.

Ég vil lýsa því yfir að það hvarflar ekki að mér að halda því fram að eðlilegt sé að fella íslensku tófuna þannig að hún yrði aldauð í landinu. Ég teldi það mjög neikvætt fyrir okkar fáskrúðuga dýralíf. Hins vegar er sá stóri munur á að hún umgengst veiðiumhverfi sitt á þann hátt að hún aflar sér matar en gerir aftur á móti ekki það sem minkurinn gerir að drepa miklu meira en hún hefur þörf fyrir. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það sé ákaflega hæpið að minnka kostnaðarþátttöku ríkisins í veiðum á mink og tófu eins og verið er að leggja til og þetta fært yfir á sveitarfélögin. Ástæðan er einfaldlega sú að þessi dýr eru ekki bundin við neitt ákveðið sveitarfélag þegar þau eru vaxin upp. Ég veit að Páll Hersteinsson, sem er vísindamaður á þessu sviði, hefur látið merkja yrðlinga þar sem þeir eru við greni sitt og fylgjast svo með því hvar þeir eru felldir seinna meir. Það hefur t.d. komið í ljós að refur sem var yrðlingur og merktur úti á Gelti í Súgandafirði, var veiddur í botni Dýrafjarðar. Þetta segir mér að tófurnar munu flakka um mörg sveitarfélög og nánast vonlaust að gera ráð fyrir því að skynsamlega verði staðið að tófuveiðum með þessum hætti. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að vetrarveiði á ref eigi að taka upp í miklu ríkari mæli en gert hefur verið. Athygli er vakin á því í frv. og það tel ég vera af hinu góða. Ég vil að það komi fram.

Það er búið að tala fram og til baka um frv., margt í gamansömum tón. Það væri mikil tímasóun ef ég færi yfir það lið fyrir lið. Ég býst við að það komi þó nokkuð mikið af brtt. þegar frv. kemur úr nefnd og fer aftur inn í þingið. Það gæti þá kallað á umræðu þegar þar að kæmi. Þess vegna ætla ég að leiða hjá mér að fara í mikla efnislega umræðu um hluti sem menn hafa verið að tala um. Ég vil þó víkja að því sem mér finnst vera mest á skjön við viðhorf manna til umhverfismála í landinu og það er hjarðbúskapur hæstv. umhvrh. á Austurlandi. Eins og málum er háttað í dag er hann með mikið af dýrum á beit þar, eins og allir vita, hreindýrahjörð okkar Íslendinga. Hann hefur að sjálfsögðu ekkert húsaskjól fyrir hana en heldur ekki fóður þegar harðnar í ári. Spurning er hvort það geti verið réttlætanlegt hjá okkur Íslendingum að hafa staðið að því að flyta þessi dýr til landsins sem tamin dýr undir umsjón manna, þau hegða sér enn eins og tamin dýr að því er viðurkennt er, og bera svo enga raunverulega ábyrgð á því og tryggja að mikið af þessum dýrum falli ekki úr hor þegar harðfenni og hagbönn eru á Austurlandi. Ég tel að þarna sé mikill veikleiki á ferðinni. Ég minni á að Alþingi Íslendinga hefur ákveðið að fara af stað með bændaskóga á Fljótsdalshéraði. Verulega mikið skóglendi. Ég lít svo á að hjarðbúskapur eins og þarna er muni aldrei ganga upp í nágrenni við bændaskóga. Það hlýtur að kalla á það að þegar sverfur að dýrunum reyni þau helst að komast í skóglendi til þess að hafa eitthvað að éta.

Á Íslandi er úthafsloftslag, eins og allir vita sem farið hafa í gegnum blessaðan barnaskólann, sem þýðir að umhleypingasamt er um vetrartímann. Þess vegna verða jarðbönn, svellalög og harðfenni. Í heimkynnum hreindýranna í Lapplandi er aftur á móti meginlandsloftslag sem þýðir að þó mikill snjór sé þá er þar í verulega miklum mæli um lausamjöll að ræða og þess vegna allt annað fyrir þau að ná til jarðar.

Ég vil undirstrika það að ég er ekki með neina aðför að hæstv. umhvrh. þó ég ræði þessa hluti. Þetta mál er ekkert nýtt. Þetta mál hefur verið málefni menntmrh. í gegnum tíðina og þeir hafa að mínu viti ekki viljað taka á þessu máli á raunhæfan hátt.

Ég hlýt að minna á þetta mál í umræðunni vegna þess að ég er sannfærður um að ef við tökum ekki á þessu eru allar hugmyndir um almenna skógrækt á Austurlandi í verulegri hættu. Að mínu viti er þá ákaflega erfitt fyrir Alþingi Íslendinga að vera með þær hinar eðlilegu kröfur, sem við getum sagt að eigi að vera, til þeirra aðila í landinu sem eiga skepnur, m.a. hrossastóð, og gefa þeim sumir hverjir úti við og aðrir kannski ekki.

Eitt atriði sem mér finnst að þurfi einnig að ræða í þessu sambandi vildi ég taka upp. Það er nábýli arnarins og þeirra sem eiga æðarvörp. Þessi konungur fuglanna hefur haft vit á því að staðsetja sig í hæfilegri fjarlægð við æðarvörpin til að hafa nokkuð öryggi um aðdrætti. Þetta hefur oft leitt til þess að kólnað hefur nokkuð mikið á milli þeirra sem hafa átt æðarvörpin og þeirra aðila sem hafa viljað að örninn fengi að vera í friði. Þessu má líkja við það að maður tæki upp á því að beita á tún nágranna síns, þá er hætt við að kólna mundi þar á milli.

Ég leyni því ekkert að ég hef verið beðinn að flytja frv. um það að heimilt sé að fella þennan fugl til þess að losna við ágang fá honum. Ég hef ekki tekið því en hins vegar hafa frv. komið inn í þingið þar sem menn hafa verið með hugmyndir í þessum efnum. Ég tel aftur á móti óhjákvæmilegt að ef þetta verður, eins og það er í dag, þá verði sett ákvæði inn í lögin þess efnis að greiddar séu bætur og einhverjir matsmenn leggi mat á það hvaða tjóni fuglinn valdi. Mér sýnist að þetta sé raunverulega eina leiðin til að tryggja að örn-

inn haldi velli því ef þetta er ekki gert er náttúrlega hætt við því að menn leiti þeirra ráða að fyrirkoma erninum þótt ekki sé það löglegt. Það er mjög auðvelt verk, eins og allir vita, því fuglinn er stór og óhræddur við umhverfið.

Ég fagna því aftur á móti að viss skilningur er á því gagnvart álftinni að sums staðar muni vera orðið of mikið af henni. Þó held ég að ekki sé hægt að taka það upp að leyfa veiðar á henni. Hún er það auðskotin að það mundi gerast á mjög stuttum tíma að hún yrði felld, en ég held aftur á móti að menn þurfi að setja sér einhver markmið um það hver sé hæfilegur álftafjöldi og hafa svo einhverja aðferð til að framfylgja því. Hins vegar verð ég að segja að þær hugmyndir, sem hér eru í lögum og hafa verið, að banna að menn selji egg, leiða til þeirrar hættu að sá markaður, sem er vissulega til staðar, reyni með einhverju móti að komast yfir egg. Ég veit ekki hvort hægt er að koma einhverju formi á það. E.t.v. yrði það að vera í gengum Náttúrufræðistofnun Íslands sem slík eggjasala yrði leyfð, en mér sýnist að við séum of einstrengingslegir í þessum efnum og heföum þarna þurft að skoða þá möguleika að með einhverju móti geti átt sér stað hófleg sala á eggjum.

Ég tel nefnilega að algjör bönn feli í sér vissar hættur á því að engir gæti eða verji viðkomandi fugla. Það er einu sinni svo að ef menn hafa arð af einhverjum dýrum þá er oft hægt að tengja það saman að menn reyni líka að verja viðkomandi dýr.

Ég ætla að minnast á mál hér sem mér hefur verið nokkuð hugleikið þótt ég hafi aldrei flutt um það frv. á Alþingi Íslendinga. Það er hvort heimilað verði að nytja íslenska fálkastofninn. Fálkar voru eins og allir vita mjög verðmætir, þeir eru það enn og leitað er eftir því að fá þá keypta. Nú er það svo að fálkarnir halda sig þar sem rjúpnalönd eru góð og ég held ég sé ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þótt ég segi að almannarómur hefur haldið því fram að það tíðkist í landinu að menn skjóti fálkann til að fá meiri frið fyrir rjúpuna. Það er sem sagt verið að tryggja það að rjúpan leiti frekar á ákveðið svæði til þess að veiða hana. Þetta segi ég hér og nú vegna þess að ég tel rétt að það komi fram í þessari umræðu að ef leyfðar yrðu nytjar á fálkanum yrði að standa að því með svipuðum hætti og gert er t.d. með laxveiðar, að mynda veiðifélög og heimila að ákveðnir fuglafangarar tækju visst magn af ungum og skipta svo kannski arði af þessu í þrennt. Náttúrufræðistofnun fengi einn þriðja, þeir sem ættu landið sem þarna væri um að ræða fengju sinn hlut og svo fengju opinberir aðilar, sem sæju um að fanga fuglana, sinn hlut.

Ég veit að hjá opinberum stofnunum í landinu hafa stundum legið bréf þar sem menn hafa boðist til að kaupa fálka. Seinasta bréfið sem ég vissi um að kom til landsins var tilboð um að kaupa fjóra fálka og var boðin milljón fyrir hvern fálka.

Nú segja kannski sumir að við eigum ekki að ljá því máls að selja lifandi dýr. En það er með fálkann eins og fleira að ef engir eru verjendur hans, ef engir sjá sér hag í því að hann lifi og haldi velli, þá er hann í vissri hættu því óneitanlega er fálkinn í samkeppni við manninn um rjúpuna. Sú samkeppni, eins og ég gat um hér áðan, hefur orðið til þess að sumir hafa, eftir því sem sagt er, ekki virt samkeppnisleikreglurnar.

Ég veit ekki hvort þeir sem hér eru inni og hafa rætt um rjúpnaveiðar hafa gert sér grein fyrir því að í verslunarskýrslum frá Íslandi er að finna miklar heimildir um það hvílíkt óhemjumagn af rjúpum var veitt á landinu á þeim tíma sem sauðaeldi var á Íslandi. Ég tengi þetta tvennt saman vegna þess að ég hygg að sauðirnir hafi tryggt rjúpunni fæðu þegar harðfenni bannaði henni að ná sér í fæðu. Þá var það svo að ákveðinn maður fylgdi gjarnan sauðunum og braut upp hjarnið, sauðirnir kröfsuðu og þegar þeir voru reknir heim leitaði rjúpan í krafsið og hafði þar fæðu sem hún hefði annars ekki haft. Þess vegna held ég að það hljóti að vera umhugsunarefni hvort Íslendingar geti á einhvern hátt bætt lífsskilyrði rjúpunnar því ég skil það að mörgu leyti vel, þótt ég stundi ekki rjúpnaveiðar sjálfur, að þeir sem búa í þéttbýli hafa verulega þörf fyrir útivist. Eitt af því sem þéttbýlisbúar hafa greinilega sótt mjög fast er að komast á rjúpnaveiðar.

Ég kem þessu hér á framfæri þó að ég sé ekki með neinar tillögur í því sambandi. Ég er sannfærður um það að þær rannsóknir sem Norðmenn stunduðu á tímabili á rjúpnastofninum og möguleikum þess að hafa áhrif á lífsafkomu hans voru gagnlegar, en þeir voru með tilraunir nánast til að kanna hvort þeir gætu umgengist hann eins og hænsni. Ég veit ekki hvort þær tilraunir eru úr sögunni núna en ég hygg að það sé ekkert óeðlilegt þótt Íslendingar skoði ýmsa möguleika varðandi rjúpnastofninn því það er einu sinni svo að þjóðin hefur haft verulegan arð bæði af æðarfugli og rjúpu. Hvað rannsóknirnar snertir þá hafa menn fyrst og fremst snúið sér að því að framkvæma rannsóknir með æðarfuglinn.

Ég vil aftur á móti hvetja Alþingi til að taka frv. með opnum huga. Það er margt í þessu sem við höfum mjög skiptar skoðanir á en engu að síður er það svo að skotvopnunum fjölgar stöðugt, hæfni Íslendinga til að ferðast um landið fer einnig mjög ört fram og verði ekkert gert til að reyna að hafa eðlilega sátt milli veiðigleði okkar og verndunarsjónarmiða er hætt við að það endi með því að hvorugur hafi það sem hann óskaði eftir, veiðimaðurinn ekkert til að drepa og þeir sem vilja vernda hafi heldur ekkert til að vernda. Niðurstaðan verður því sú að við eyðum okkar villta dýralífi.

Ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að þótt ég skrifi ekki undir allt sem er í frv. og hafi aðrar skoðanir varðandi minkinn sérstaklega og önnur viðhorf til þess hvernig eigi að greiða af opinberu fé fyrir tófu- og minkaveiðar, þá tel ég það mjög jákvætt að frv. hafi komið hér inn í þingið. Ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að leggja vinnu í það að reyna að ná bærilegri sátt um framhald málsins.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Það hafa orðið um frv. allmiklar umræður. Sl. miðvikudag var þetta mál rætt hér af miklu

kappi. Ég hafði þá fjarvistarleyfi sem því miður skilaði sér ekki til forseta en um það urðu einnig nokkrar umræður að ég var fjarverandi í þeim umræðum. Ég hef lesið yfir allar umræðurnar og kynnt mér þær. Þar kennir náttúrlega margra grasa sem ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í hér.

Í upphafi langar mig til að segja, í tilefni af þeim ummælum hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að ég hafi gefið það fyllilega í skyn hér í umræðunni að þetta mál kæmi aldrei frá nefnd, að það voru ekki mín orð. Ég gaf aldrei í skyn að þetta mál kæmi aldrei frá nefnd. Ég sagði eigi að síður að ef frv. yrði til þess að draga svo úr minkaveiðum að þær legðust meira og minna af, kannski þar sem þeirra er helst þörf, þá væri betur heima setið en af stað farið. En það er ekki þar með sagt að umhvn. þingsins taki ekki þetta mál til gaumgæfilegrar skoðunar og geri á því endurbætur og taki tillit til þeirra fjölmörgu sjónarmiða sem hér hafa komið fram í umræðunum svo að um málið geti náðst víðtæk samstaða hér í þinginu ef það verður að lögum í fyllingu tímans. Þetta vildi ég taka skýrt fram vegna þess að orð mín virðast einhverjum misskilningi hafa valdið og menn talið að ásetningur minn væri að svæfa málið, ef þannig má taka til orða, í nefndinni. Þvert á móti tel ég að umhvn. bíði mikill starfi við það að fara í gegnum málið og leita samráðs við þá fjölmörgu aðila sem koma að þessu máli. Auðvitað kann það að taka nokkurn tíma. Þetta er viðamikið mál og stórt í sniðum og snertir mjög viðtæka hagsmuni. Þegar svo ber undir þarf náttúrlega að leita samráðs mjög víða vegna þess að um málið þarf að vera mjög góð samstaða. Það snertir ekki einvörðungu náttúrulíf í landinu, heldur snertir það mannlífið líka og þá umgengnishætti sem við viljum temja okkur hvert við annað og við náttúruna.

Ég gerði sannarlega nokkrar athugasemdir við frv. og taldi rétt að þær kæmu fram við 1. umr. þannig að enginn færi í grafgötur um það hver afstaða mín til nokkurra ákvæða frv. væri, strax í upphafi. Ég ætla ekki að endurtaka það hér en vil samt ítreka að mér finnst heildarsvipurinn því miður bera vott um aukið skrifræði, ofstjórn og miðstýringu. Ég er ekki viss um að það sé sú stefna sem staðfesta eigi nú á tímum. Ég vakti einnig athygli á því að aukið eftirlit kostar fé og það gæti haft erfiðleika í för með sér að framkvæma þessi lög eins og frv. birtist í þinginu. Ég efaðist um að það gengi upp í framkvæmd. Ef það á að ganga upp í framkvæmd er ljóst að stórauka þarf allt eftirlit með því að lögin verði haldin, og það kostar fé. Ég er ekki viss um að rétta leiðin til að efla rannsóknir á náttúrulífi landsins sé að koma á gjaldtöku. Ég held að það sé líka leið sem beri að skoða, og hægt er að fara þá leið án þess að um hana verði sett lög, að hvetja til almennrar og góðrar samvinnu við veiðimenn um að þeir taki þátt í verkefni, skammtímaverkefni, er standi yfir í tiltekinn tíma um að skila upplýsingum um sína veiði og hvernig að veiðunum er staðið. Mér er kunnugt um að fjölmargir veiðimenn skrá sínar veiðar mjög nákvæmlega og halda mjög nákvæmt bókhald yfir það hvað þeir veiða og hvar þeir veiða. Ég er viss um að fjölmargir veiðimenn hefðu ánægju af að taka þátt í samvinnu við umhvrn. um að miðla slíkum upplýsingum. Mér hefur verið tjáð að slíkt samstarf hafi átt sér stað að ég held árið 1967 eða 1968 varðandi veiðar á rjúpunni. Þá hafi einmitt borist upplýsingar frá veiðimönnum sem hafi verið mjög gagnlegar og hafi eflt allar rannsóknir á rjúpustofninum. Ég er ekki frá því að hægt væri að fara slíka leið núna og um það þyrfti ekki að setja lög, ef við erum að hugsa um að efla rannsóknir á fuglalífinu í landinu.

Ég ítreka að ég sagði ekkert í umræðunum á mánudag í síðustu viku í fljótræði, eins og hæstv. umhvrh. taldi að ég hefði gert. Hvert orð sem ég sagði var undirbúið af minni hálfu og við þau stend ég. En aftur á móti má spyrja hvort frv. hafi verið sett fram í einhvers konar fljótræði. Spurning er hvort ekki hefði mátt undirbúa það betur með því að skapa víðtækari samstöðu um málið strax í upphafi og hvort við ættum ekki fremur að standa þannig að málatilbúnaði í umhverfismálum í framtíðinni, að láta fljótræði ekki ráða ferðinni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna því hve umræðan í dag hefur tekið um margt aðra stefnu en þá sem við heyrðum hér í fyrri hluta umræðunnar. Ég fagna því að formaður umhvn. er allur að mýkjast og ætlar vonandi að taka málið til rækilegrar skoðunar í þeirri nefnd sem málið heyrir undir.

Ég vil geta þess að ég er sammála meginhugsuninni sem felst í frv. því hún er fyrst og fremst sú að horfa á náttúruvernd, friðun og vernd villtra fugla og spendýra út frá því sjónarmiði að það beri að vernda náttúruna og að bæði fuglar og villt spendýr eigi nokkurn rétt til lífs. Mér þótti fyrri hluti umræðunnar bera þess mjög vott hve langt við eigum í land í allri umræðu um náttúruvernd og hve sú umræða er á margan hátt frumstæð. Menn standa upp og segja: Hvað er þetta, megum við ekki fara hér um með byssu og skjóta rjúpur?

Í rauninni held ég að hér séu nokkuð dýpri tilfinningar á ferðinni því með frv. rekast vissulega á reglur sem gilt hafa í okkar samfélagi í meira en þúsund ár og svo aftur ný sjónarmið sem ganga út á að okkur beri að vernda og virða náttúruna — og reyndar ekki seinna vænna.

Við þekkjum úr okkar sögu að menn hafa nýtt náttúruna á ýmsan hátt en það er ákaflega merkilegt rannsóknarefni, finnst mér, hvernig og hvaða viðhorf eru ríkjandi í því sambandi. Það er ákaflega merkilegt að hugsa um það hvaða fugla við nýtum meðan aðrar fuglategundir, t.d. mófuglar, njóta algjörrar friðunar, fuglar sem þykja mikið lostæti í útlöndum og ég held að engum Íslendingi dytti í hug að leggja sér til munns. Ég veit ekki hvað gerðist í þjóðfélaginu ef það fregnaðist að menn væru farnir að leggjast á lóu og spóa sem erlendis þykir hið mesta lostæti. Þetta mótar að nokkru leyti viðhorf okkar til dýrategunda. Við rekum ákaflega merkilegt starf yfir vetrartímann og þykir útlendingum, sem hingað koma, afar merkilegt

að sjá hvernig við hugsum um staðfugla okkar, gefum þeim korn og reynum að halda í þeim lífinu en aðrar tegundir eru álitnar nánast réttdræpar. Þetta er menningarbundið og þetta á sér langa sögu sem að mörgu leyti er erfitt að skýra.

Mér fannst að þau sjónarmið, sem komu fram í fyrri hluta umræðunnar, falla mjög undir það sem ég vil kalla vestræn viðhorf til náttúrunnar og ganga út á það að maðurinn eigi allan rétt gagnvart náttúrunni. Þessi viðhorf hafa einkennt hinn vestræna heim um þúsundir ára en hjá öðrum þjóðum í öðrum heimshlutum hafa verið ríkjandi allt önnur **viðhorf.** Þetta er annars vegar spurningin um það að **ráða yfir** náttúrunni, sveigja hana undir vilja sinn og **hins** vegar það að lifa með náttúrunni. (**GunnS:** Gera hana sér undirgefna.) Já. Einmitt af því að presturinn nefndi þetta þá er ég með ljósrit úr fyrstu bók Móse og ætla að rifja upp þetta viðhorf sem hefur verið gegnumgangandi og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu. Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftsins og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni.““

Nákvæmlega þetta viðhorf hefur verið ríkjandi í hinum vestræna heimi og hefur leitt til þess ásamt tæknibreytingum, misjafnlega hollum fyrir mannkynið og samfélögin, að við stöndum frammi fyrir gífurlegum vandamálum í náttúrunni sem bæði snúa að dýraríkinu, jurtaríkinu og öllu mannlífi.

Mig langar áður en ég kem að sjálfu frv. að vitna í aðra heimild þar sem þessum viðhorfum hins vestræna heims er lýst sem eins og ég sagði áðan hefur leitt af sér afar mikla eyðileggingu á jörðinni. Þetta er úr ræðu sem indíánahöfðingi, sem hét Seattle, flutti árið 1854 þegar hann var að svara beiðni Bandaríkjaforseta um land indíána. Hann segir 1854, með leyfi forseta:

„Vér gerum oss ljóst, hinn hvíti maður skilur ekki lífshætti vora. Ein skák lands er honum ekki meira virði en hver önnur. Hann er gestur um nótt sem hrifsar það af borðum sem hann þarfnast. Jörðin er ekki systir hans heldur mótstöðumaður og þegar hann hefur yfirbugað hana flytur hann sig bara um set. Hann skilur grafir feðra sinna eftir slyppar og snauðar og kærir sig kollóttan. Hann rænir jörðinni frá sínum eigin börnum.

Hinn hvíti maður meðhöndlar svo móður sína jörðina og bróður hennar, himininn, sem hún væri eitthvað sem má plægja, rupla eða selja eins og kvikfénað eða glerperlur sem ganga kaupum og sölum. Lítt seðjandi græðgi hans blóðmjólkar jörðina og skilur hana eftir flakandi í sárum blásandi foksanda.

Hvað er maðurinn sviptur dýrunum? Þegar öll dýrin eru burt sópuð af ásýnd jarðar þá mun maðurinn tærast upp í einsemd sálar sinnar því að það sem kemur fyrir dýrin mun einnig koma fram við manninn og fyrr en hann uggir. Allir hlutir eru bundnir á einn streng.“

Þetta var viðhorf indíánahöfðingjans sem ég held að við getum mikið af lært. Við erum nefnilega hluti af einni stórri keðju sem þarf að hanga saman og ég held svo sannarlega að tími sé til kominn að við Íslendingar förum að breyta viðhorfum okkar til náttúrunnar og látum verndarsjónarmið sitja þar í fyrirrúmi í stað þess að taka okkur allan rétt til þess að nýta og ganga á lagið eftir því sem okkur þóknast.

Það kann að vera að ýmislegt sem varðar efni þessa frv. kunni að reynast erfitt í framkvæmd. Það verður að koma í ljós. En ég tek fyllilega undir það sjónarmið að ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fylgjast mjög vel með veiðum villtra dýra, bæði fugla og spendýra, ekki síst til þess að við fáum einhverja hugmynd um ástand þessara stofna því að það er staðreynd að við vitum ákaflega lítið um stærð og ástand hinna ýmsu stofna hvort sem þar er átt við fugla eða landdýr eða sjávardýr. Menn hafa m.a. fengist töluvert við það að rannsaka refinn og vita nokkuð gjörla um útbreiðslu hans en mér er reyndar ekki vel kunnugt um það hvort menn gera sér grein fyrir stærð stofnsins.

Ég vil undirstrika það að ég tel mikla þörf á því að fylgjast vel með skotvopnum, fjölda þeirra og gerð og þegar menn tiltaka stærð og gerð þeirra skotvopna sem nota þarf við hinar ýmsu veiðar, þá er það auðvitað með það að sjónarmiði að þegar menn eru á dýraveiðum verði dauði viðkomandi dýra sem skjótastur og valdi sem minnstum kvölum því að fátt er hægt að hugsa sér ógeðslegra en drápsaðferðir sem valda löngu og kvalafullu dauðastríði. Ég man ekki eftir slíkum aðferðum við veiðar hér. Þær eru að miklu leyti horfnar og m.a. er í þessu frv. verið að undirstrika bann við ýmsum þeim veiðiaðferðum sem tíðkuðust áður fyrr og voru vægast sagt ógeðfelldar, en mér dettur í hug veiðiaðferðir sem breski aðallinn stundar þegar hann er á refa-, kanínu- og héraveiðum og eru vægast sagt andstyggilegar að mínum dómi. Þess vegna fagna ég þeirri meginhugsun sem gengur hér í gegn að reyna að sjá til þess að þegar um veiðar er að ræða sé dauðinn sem skjótastur og valdi sem minnstum kvölum.

Töluvert mikið er rætt um tjón af völdum villtra dýra í frv. og þarna finnst mér nýtingarsjónarmiðin vera nokkuð gegnum gangandi því að í mörgum tilfellum þar sem um tjón er að ræða er auðvitað um að ræða hluta af lífsbaráttunni og mikil spurning hversu menn eiga að grípa þar inn í. Vissulega þar sem miklir hagsmunir eru í húfi eins og við æðarfuglsrækt þá skilur maður auðvitað þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að reyna að verja fuglinn og sjá til þess að þar verði ekki of mikill skaði.

Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Vestf. þar sem hann setur vissar efasemdir við minkinn. Að vísu kemur fram hér í frv. að ekki er hægt að útrýma honum og miklu betra að einbeita sér að því að hann valdi sem minnstu tjóni. Minkurinn er skaðræðisskepna og hann er aðfluttur. Hann tilheyrir ekki upprunalegu dýralífi okkar og er einmitt dæmi um það hvernig menn hafa gripið inn í gang náttúrunnar. Minkurinn er ákaflega fljótur að fjölga sér og illviðráðanlegur en ég held þó að ástæða sé til þess að reyna að halda hinum villta

minkastofni sem allra minnstum.

Ég hef lengi verið mikill aðdáandi íslenska refsins. Mér þykir hann fögur skepna og ég hef verið með þá hugmynd að hér ætti einhvers staðar að vera griðland fyrir íslenska refinn þannig að hann væri algerlega friðaður. Að vissu marki gengur þetta frv. til móts við slíkar hugmyndir. Í rauninni er verið að friða refinn en veittar eru undanþágur til þess að veiða hann. Ég vil samt varpa hér fram þeirri spurningu hvort ekki sé ástæða til þess að friða refinn algerlega, t.d. á landsvæðum eins og Hornströndum. Íslenski refurinn var kominn hingað á undan mannskepnunni og á hér auðvitað nokkurn tilverurétt.

Hv. 2. þm. Vestf. kom inn á nýtingu ýmissa fuglategunda hér á landi, þar á meðal fálkans og rjúpunnar. Það er staðreynd að Íslendingar höfðu miklar tekjur af þessum fuglum á öldum áður, sérstaklega fálkanum. Það var einmitt gengið svo nálægt fálkastofninum að þar kom að menn urðu að grípa í taumana og friða fálkastofninn algerlega. Við höfum dæmi um fuglategundir sem hefur algerlega verið útrýmt og svo kann að fara ef ekki verður gripið í taumana að annarra tegunda bíði sömu örlög þannig að ekki er seinna vænna að grípa í taumana.

Það má gjarnan minnast á það þegar menn eru að gera athugasemdir við það að veiðimenn skuli settir undir eitthvert eftirlit og þurfi að greiða gjald og afla sér veiðikorts að ekki er síður ástæða til þess að fylgjast vel með veiðimönnum og væri gaman að vita hversu mikinn kostnað þjóðfélagið ber af eltingaleik við rjúpnaskyttur upp um allar heiðar. Það er ekki lítið sem þeim fylgir.

Eins og ég nefndi í upphafi máls míns erum við hér að fást við nokkrar nýjungar í íslenskri náttúruvernd og rekst frv. að sumu leyti á við þær hefðir sem hafa verið ríkjandi en menn þurfa að skoða þetta mjög rækilega. Ég tek undir það með formanni umhvn. að menn þurfa auðvitað að velta rækilega fyrir sér þeirri framkvæmd, hvernig á að fylgja þessu eftir og hvernig hægt verði að framkvæma þessi atriði sem hér er kveðið á um, en niðurstaða mín er sú að þetta frv. sé í meginatriðum mjög gott og mikil framför í náttúruvernd og að það sé löngu tími til kominn að við förum að átta okkur á því að hin vestrænu viðhorf sem ég rakti áðan ganga ekki lengur. Við þurfum að breyta hugsunarhætti okkar gagnvart náttúrunni og nýtingu á henni, koma á jafnvægi manns og náttúru, bera virðingu fyrir náttúrunni og lífríkinu því að öðruvísi bíður okkar ekki nokkur framtíð, hvorki okkar né komandi kynslóða.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki alveg tekið undir með hv. síðasta ræðumanni þegar hann segir að formaður umhvn. sé farinn að mýkjast. Ef eitthvað var þá fannst mér hann frekar vera að harðna í afstöðu sinni. Ég punktaði niður hjá mér nokkur orð af hans vörum um frv. Hann sagði m.a. að það væri um ofstjórn að ræða, miðstýringu, aukið skrifræði, aukið eftirlit kostaði fé, efaðist um að framkvæmdin gengi upp, efaðist um að setja þyrfti lög um tiltekin atriði, varpaði fram þeirri spurningu hvort frv. væri sett fram í fljótræði og hvort ekki hefði mátt vinna málið betur. Þetta finnst mér ansi hörð afstaða. Ef hv. formaður er farinn að mýkjast þá hefur hann verið gallharður áður. (**Gripið fram í:** Það er önnur tóntegund.) Önnur tóntegund, jæja. En heldur fannst mér afstaðan harðna. Ég fagna því hins vegar hjá hv. formanni umhvn. að hann er tilbúinn að leggja mikla vinnu í málið. Það er gott og ég fagna því að hann ætli sér að ná góðri samstöðu um það. Það er því greinilega ekki ætlun formannsins, eins og látið var að liggja hér um daginn, að svæfa málið, heldur ætlar hann að reyna að gera mál úr því. Þannig skil ég það. Það er auðvitað gott. En ég tek undir það með honum að þá þarf margt að breytast.

Ég ætla ekki að fjalla mikið um ræðu síðasta ræðumanns. Ég var kannski ekki nógu mikið í salnum. Ég heyrði þó í restina að hann talaði um vestræn viðhorf. Ég veit ekki hvort það var með tilliti til veiðanna sem slíkra. Ég held að það gæti svolítið misskilnings í því. Við erum ekki að veiða mjög mikið af villtum dýrum á Íslandi og þau fáu, sem eru veidd, njóta verulegrar verndar í formi friðunar, t.d. rjúpan sem er friðuð 10 mánuði á ári. Þar fyrir utan að t.d. síðustu árin hefur hún notið óbeinnar friðunar bara vegna veðurfars. Ef þetta er meiningin með vestrænum viðhorfum þá get ég ekki tekið undir það. Hins vegar fannst mér athyglisvert það sem ég heyrði fyrr í ræðu síðasta ræðumanns, að íhuga hvort ekki mætti nýta aðrar tegundir og auka fjölbreytnina á veiðimarkaðnum. Það þætti mér afar athyglisvert að skoða. En ég er ekki eins viss um hvort það var meining þingmannsins.

En, virðulegi forseti, ég kvaddi mér hljóðs hérna fyrir nokkrum dögum, hafði reyndar talað þá áður í umræðunni og ætlaði mér ekki að bæta miklu við en það er nú oft eins og vill verða að menn bregðast við þegar þeir heyra svör ráðherra og ræður annarra. Svo þegar verkast eins og núna að það líður langt á milli umræðna þá svona líður þetta kannski úr. En ég lagði ýmsar spurningar fyrir ráðherrann og fékk ekki svör við þeim öllum og reyndar mjög fáum. Við fengum að heyra að við sem töluðum, og átti sennilega hver að taka til sín, hefðum verið að fjalla mestmegnis um aukaatriði og verið með aulafyndni. Ég veit ekki hvort ég hef átt að taka slíkt til mín eða ekki. Það má vel vera að svo sé, en það er náttúrlega þannig þegar brosleg frv. koma fram að þá verður mönnum að leyfast aðeins að slá á léttari strengi.

Ráðherra sagði að ýmislegt sem ég hefði minnst á væri í gildandi lögum. Það skiptir fyrir mér nákvæmlega engu máli. Það getur verið alveg nákvæmlega jafnvitlaust þó það sé í gildandi lögum. Ég er ekkert að leita að sökudólgi eða neitt slíkt. Ef það er rangt, þá er það rangt hvort sem það eru ný lög eða gömul. Þar var sérstaklega nefndur til kaflinn um eggjatökuna. En mig minnir að í umsögn um greinina segi að þar sé reyndar um breytingu að ræða. Með leyfi forseta, segur um 19. gr.:

„Bann er lagt við því að veiðirétthafi dreifi eggjum þessum til annarra, hvort sem er með sölu eða gjöf-

um.“ Þetta er breyting frá gildandi lögum en til þessa hefur fáeinum aðilum verið heimilt að flytja út andaregg en þó ekki æðaregg. Þarna var reyndar opið fyrir þetta. Hitt ákvæðið var varðandi flautur, sem ég kom lítillega inn á, og taldi að mætti vel skilgreina betur en stendur í lögunum.

Ráðherra taldi nauðsynlegt að hafa stjórnun á veiðinni og þá vil ég endurtaka það sem ég sagði rétt áðan að auðvitað felst veruleg verndun í því að friða t.d. rjúpu og gæs með því friðunartímabili sem er í gildandi löggjöf.

Ég vil taka undir þá gagnrýni að reglugerðarvaldið, sem ráðherra er falið, er verulegt og þau völd sem hann fær með þeim reglugerðum sem honum er ætlað að leggja eða setja í framhaldi af þessu frv. Ég tel að þetta sé röng stefna sem við erum að fylgja inn á Alþingi í mörgum tilfellum. Það er einfaldlega verið að setja tiltekinn ramma og menn vita nánast ekki hvað þeir eru að samþykkja því að reglugerðarvaldið er orðið það mikið að menn gera sér ekki fyllilega grein fyrir því hvert stefnir. Aðeins er verið að samþykkja einhvern tiltekinn stóran ramma og síðan er ráðherrum, ekkert endilega hæstv. umhvrh. heldur ráðherrum yfirleitt, falið það mikla vald að fylla út í þennan ramma með reglugerðum. Ég tek undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði fyrr í dag að auðvitað væri æskilegt að reglugerðardrög fylgdu frumvörpum inn á Alþingi ef þess er nokkur kostur þannig að menn gerðu sér betur grein fyrir því hvað þeir væru í raun og veru að samþykkja.

Í framhaldi af þessu má minna á umferðarlög sem eru á dagskránni seinna í dag. Það á t.d. nákvæmlega við um það dæmi. Það liggur ekkert á borðinu hvað við erum í rauninni að samþykkja. Það er verið að tala um að fara út á nýjar brautir, ný stefnumið með ökupróf en það liggur ekkert fyrir hver sú stefna er. Þetta er bara eitt nýlegt dæmi sem við erum að fjalla um nánast þessa stundina.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að banna tæki sem gefa frá sér dýrahljóð eða herma eftir tiltekinni dýrategund, t.d. gæsinni með gæsaflautu. Það er náttúrlega ekki íþróttamannslegt að nota slík tæki og enginn alvöruveiðimaður á að láta sér koma til hugar að nota slíkt. Reyndar talaði ráðherrann um upptökur en það er nákvæmlega sambærilegt og þess vegna mætti velta fyrir sér hvort menn ættu að nota gervigæsir þegar þeir fara á gæsaskytterí. Það er auðvitað heldur ekki mjög heiðarleg veiðiaðferð. (Gripið fram í.) Ekki hef ég nú reynt það en ég treysti því að það sé rétt hjá þingmanninum.

Það varð nokkur umræða um veiðikortin og kom fram hjá ráðherra að þau væru ekki fullmótuð en ég tel að þingmenn verði að vita í grófum dráttum til hvers er ætlast. Hver er hugsunin á bak við þetta? Hvað er okkur ætlað að samþykkja? Hvað býr í raun og veru á bak við þetta?

Það var einnig tekið sem dæmi að menn greiddu fyrir að veiða lax. Mér finnst þetta afar óheppilegt dæmi. Í fyrsta lagi vegna þess að mönnum er ekkert gert skylt með lögum að selja veiðileyfi í lax. Þeir sem eiga land að laxveiðiá eða eiga hluta að laxveiðiá þurfa ekkert að selja veiðileyfi í hana. Þeir geta gefið það ef þeir vilja en það er ekki verið að setja lög yfir þá eins og við erum að gera hér. Þar fyrir utan er náttúrlega laxveiði sem slík aðeins fyrir þá sem hafa allverulega hærri tekjur en flestir í þjóðfélaginu þannig að það er algerlega einkamál eiganda hvort hann tekur gjald fyrir þá veiði eða ekki og alls ekki sambærilegt við það sem við erum að tala um hérna.

Þetta frv. var að sjálfsögðu kynnt í Sjálfstfl. og þar komu strax fram verulegir fyrirvarar. Ég hef hins vegar ekki orðið var við það að svo hafi verið í hinum stjórnarflokknum. Þó má það vel vera og það furðar mig ekkert. En það á heldur ekki að undra neinn að fyrirvararnir hafi komið fram hjá Sjálfstfl. og komi síðan fram hér í umræðunni. Ég sagði það um daginn að mér þætti skrýtið að þjóð sem hefur lifað á því að draga sér björg í bú megi ekki orðið í dag dýfa krók í sjó. Ég held að menn megi varla labba niður á kæja og henda út færi. Og nú á að bæta þessu ofan á allt að ekki má labba upp á fjöll á tilteknum tíma, ekki þegar mér hentar eins og hæstv. ráðherra hafði misheyrt um daginn, heldur á tilteknum tíma þegar leyfilegt er að veiða, þá þurfi ég núna að labba niður í ráðuneyti og kaupa mér veiðikort. Ég skil bara ekki hvert þetta stefnir. Auðvitað verðum við að fá nánari skýringu á því hvernig þetta er hugsað. Hver á t.d. að úthluta veiðisvæðum og magninu? Hver ákveður veiðisvæðin? Hver ákveður magnið? Eru það embættismennirnir inni í ráðuneyti? Eru það bændurnir? Hvernig ætla menn að ná samningum við bændurna, landeigendurna? Ég kallaði þetta kvótakerfi um daginn. Er kvótinn færanlegur milli svæða? (**Gripið fram í:** Framseljanlegur.) Akkúrat. Erum við að stefna í kvótabrask? Er hann framseljanlegur? Er hægt að sækja um mörg svæði í einu eða á að sækja um eitt svæði í einu? Auðvitað verður að svara þessu öllu.

Ég minntist aðeins á hvítabjörn um daginn. Mér fannst fáránlegt að ekki væri nokkur leið að fella björninn hvernig sem hann hagaði sér nema með leyfi umhvrh. Það er nákvæmlega þannig orðað í frv. að það er aðeins umhvrh. sem getur heimilað að hvítabjörn sé felldur. Ef ekki næst í umhvrh. verðum við bara að gera svo vel og láta hann vera því að ekki gerumst við lögbrjótar. Þannig er ýmislegt í þessu sem þarf að skoða betur.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir taldi að vissulega mætti grisja álftir svolítið og heimila veiðar á þeim. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það en ég tek fyllilega undir að nefndin taki það til skoðunar.

Það kom líka fram hjá ráðherra að rjúpan og aðrir fuglar væru sameign þjóðarinnar og þess vegna væri sjálfsagt að taka gjald fyrir að veiða þá. Mér finnst þetta bara engin rök. Sameign þjóðarinnar er miklu meira heldur en þetta og eigum við þá ekki að fara að taka upp gjaldtöku á öllum sviðum? Við tínum ber með fjölskyldum okkar þegar sá tími er. Það er sameign þjóðarinnar líka. Eigum við ekki að stíga skrefið til fulls og skilgreina í eitt skipti fyrir öll hvað er nákvæmlega sameign þjóðarinnar og búa til góða gjald-

skrá en vera ekkert að tína inn eitt og eitt frv. þegar vantar krónur í kassann? Eigum við ekki bara að stíga skrefið til fulls? Eitt stykki gjaldskrá á sameign landsins.

Hér kemur fram að við sölu veiðikorta eigi að ná inn að mig minnir 15 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir 15 þús. manns. Mig langar að spyrja hvaðan þessi tala er komin. Eru þetta þau byssuleyfi sem eru nú í gangi? Ég er alveg klár á því að það eru ekki 15 þús. manns sem stunda veiðar hér á landinu. Það er alveg af og frá og það er vel hugsanlegt að nokkrir aðilar haldi á nokkrum byssuleyfum. En mikill fjöldi á byssur, sem hann notar ekkert, þannig að þetta getur ekki verið rétt tala. En ég óska eftir að fá það skilgreint hvernig þessi tala er fundin.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem er ekki í salnum eins og er, var með mjög athyglisverða yfirlýsingu í sinni ræðu. Hann sagðist vita til þess að fálkinn hafi verið skotinn, ef ég man rétt, af rjúpnaveiðimönnum. Ef þetta er rétt tel ég að það sé þegnskylda þess þingmanns, ef hann veit af slíku lögbroti, að tilkynna það til réttra aðila. Það er algert lögbrot að skjóta fálkann og ef menn koma upp og segjast vita af slíku ber þeim náttúrlega að tilkynna það til réttra aðila. Annars er ekkert að marka þetta. En varðandi hugmyndir hans um fálkann og ræktun fálka þá vorum við nú saman í svolítilli vinnu um það mál fyrir tveimur árum og erum nokkuð samstiga í því.

Virðulegur forseti. Ég vil reyna að endurtaka ekki mikið af því sem ég hef áður sagt. Ég lít á ákvæðinn kafla þessa frv. sem skattstofn á veiðimenn, má þess vegna segja skattstofn á jólasteikina að vissu leyti. Ég vil fá að vita hvernig veiðikortin eru hugsuð, hver verðleggur þau og á hvaða forsendum, hvernig menn ætla að komast að verðinu. Ég spurði um kostnaðinn þegar þetta frv. er komið í framkvæmd, vegna leyfanna, vegna eftirlitsins og hvernig eigi að standa að framkvæmdinni. Ég tel að við eigum kröfu og við eigum rétt á því að fá að heyra hugmyndir ráðuneytisins hvernig eigi að framkvæma þau lög sem við erum beðnir að samþykkja. Það finnst mér algert lágmark.

Ég kom inn á það um daginn að samkvæmt frv. hafi dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands heimild til að láta veiða friðaða og ófriðaða fulga og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrir fram og sýni skilríki sín verði því viðkomið. Mér þykir þetta mikið vald sem dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands er veitt. Það getur vel verið að ákvæði þessa efnis séu í gildandi lögum en það breytir ekki minni afstöðu til málsis. Mér þykir mikið vald að geta vaðið inn á landareign án þess að landeigandi fái rönd við reist. Auðvitað á þetta að vera í samráði við landeiganda.

Ég gerði einnig athugasemdir við það að byssur mættu ekki vera hlaðnar nær vélknúnu farartæki en 50 metrum. Þeir sem hafa samið þetta frv. hafa sennilega ekki farið oft á rjúpnaveiði því að oft er maður það heppinn að rjúpan er innan við 50 metrana frá farartækinu og hún bíður ekki meðan maður er að hlaupa og hlaða byssuna. En auðvitað á að reka áróður fyrir því að menn hafi alltaf óhlaðna byssu nema þegar þeir eru við veiðarnar sem slíkar.

Við 10. gr. gerði ég líka athugasemd við það sem mér þykir fáránlegt. Þar segir, með leyfi forseta: „Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda.“ Ef við erum að elta dýr, t.d. gæs, mink, rjúpu eða eitthvert annað dýr, sem við erum búin að særa og það nær að fljúga eða hlaupa inn á landareign bónda þá ber okkur samkvæmt lögum að elta dýrið og aflífa það. Að því loknu ber okkur að labba til bóndans og færa honum bráðina. Mér þykir þetta fáránlegt ákvæði og endurtek, mér er alveg sama hvort það er gamalt eða nýtt, það er alveg jafnfáránlegt. Í síðari mgr. 11. gr. segir, með leyfi forseta:

„Umhvrh. er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.“ Þarna spurði ég líka, og fékk ekki svar, sérstaklega um hvernig ætlunin sé að meta hæfni manna til veiða. Hvernig hugsuðu þeir menn sér sem sömdu þetta frv. að þetta mat færi fram? Á að fara með nemendur upp á fjöll? Á að fara með þá á veiðar og meta hæfni þeirra þar? Hvernig á að gera þetta?

Virðulegur forseti. Ég held að þetta sé orðið nóg í bili. Að lokum vil ég þó gera athugasemd við það sem kemur fram í athugasemdum við lagafrv. þetta á bls. 9 en þar segir: „Fyrri lög hafa byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti þeirra [þ.e. villtra spendýra] og miðað að eyðingu þeirra eða útrýmingu.“ Ég er ekki alveg tilbúinn að skrifa upp á þetta. Menn hafa náttúrlega eitthvað í huga þegar þeir setja svona á blað, en hvort eyðing og útrýming hafi verið í huga manna — reyndar að undanskildum hreindýrum og selum en önnur dýr falla hér undir. Ég hef stundað skotveiðar og tek ekki undir það að þetta sé það sem skotveiðimenn bera fyrir brjósti, þ.e. að eyða öllu dýraríki hér á landi.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja umræðu um þetta frv. mikið sem mér skilst að hafi staðið hér áður þegar ég var fjarri. Þessi dagur er búinn að vera dálítið viðburðarríkur. Við ræddum jöfnun á olíu eða ójöfnuð á olíu sem er í vændum hjá ríkisstjórninni og svo þegar líður að kvöldi höfum við uppi gamanmál og ræðum um furðulega frumvarpssmíð um friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum. Nú ætla ég ekkert að gera lítið úr því að setja lög og reglur. Ég held að það sé mjög mikilvægt, bæði um vernd dýra, friðun og hvernig þau skuli nýtt. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Enn fremur reglur um hvernig veiðimönnum beri að fara að. Ég held að það sé mjög mikilvægt að taka á ýmsu í þeim efnum því að ég þekki það úr mínu kjördæmi að gálausir byssumenn fara frjálslega í auðlindinni og skilja eftir sig margt óskemmtilegt.

Ég tek undir það að gagnvart vissum fuglum getur verið mikilvægt að þeir eigi sér friðhelgi og fái frið-

uð svæði, bæði hvað rjúpuna varðar og ekki síður endurnar. Ég tek undir ræðu hv. síðasta ræðumanns að því leyti að ég held að það miði mjög að mikilli miðstýringu þar sem hreinlega er gerð tilraun til þess að taka eignarréttinn af mönnum og færa hann til ráðuneytis í Reykjavík. Skotleyfi ráðherra mundi í hverju tilfelli verða úthlutað mönnum með korti. Þetta eru lög og reglur sem ég get ekki sætt mig við. Almennar reglur þurfa að vera fyrir hendi en þeir sem eiga auðlindina og bera ábyrgð á henni eiga auðvitað að vernda hana og verja og sjá um að hún sé skynsamlega nýtt. Það er mikilvægt í mínum huga. Um það hefur verið bærileg samstaða á milli dreifbýlisins og þéttbýlisins og menn þurfa í þessu tilfelli ekki á nýjum millilið að halda sem heitir umhvrh. Hér er auðvitað bara verið að búa til einn millilið í málinu sem heitir umhverfisráðherra Íslands sem útdeilir kortum, útdeilir veiðisvæðum o.s.frv. og þarf auðvitað heilan her af mönnum til þess að halda utan um þetta. Ég vil því biðja menn að skoða þetta frv. vel út frá ákvæðum um eignarrétt, að menn gangi þar ekki í berhögg við stjórnarskrána.

Ég sagði að frv. væri furðuleg smíð. Auðvitað sé ég að gamansamir menn hafa samið frv., það er enginn vafi, því að það eina sem á að vera frjálst í auðlindinni er veiði á músum og rottum. Ég hef aldrei heyrt talað um mýs og rottur sem nytjar, en það er mikið gert úr því hér í einum tveimur þremur greinum, að þar séu allir menn frjálsir að veiðiskap.

Eins sýnist mér þær greinar, sem snúa að minknum, kannski varhugaverðar gagnvart fuglalífi. Ég held að mjög mikilvægt sé að minkurinn verði ekki friðaður í landinu því að slíkur skaðvaldur hefur hann verið í fuglalífi landsmanna og veiðilöndum að þar þarf nú frekar að herða róðurinn en slaka á.

Ég sagðist ekki ætla að lengja umræðuna. Ég er eiginlega sannfærður um það að þingið lætur það ekki gerast að svona frv. fari óbreytt í gegn og ég veit að hæstv. umhvrh. ætlast til þess eins að málið fái þinglega meðferð, verði sent út til umsagnar og þeir auðsýnilegu agnúar, sem svo margir hafa bent hér á, verði sniðnir af frv. og við náum því kannski á þessu þingi að semja ný lög og samþykkja sem miða fyrst og fremst að því að veiðimenn gangi skynsamlega um og auka fremur ábyrgð á þá sem bera ábyrgð á landinu. Ég held að það mikilvæga sé að auka ábyrgð þeirra en færa ekki alla hluti til miðstýringarvaldsins í Reykjavík eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá tiltölulega jákvæðu umræðu sem átt hefur sér stað enn á ný um þetta frv. þó með kannski svolitlum fyrirvara um tvær síðustu ræðurnar sem hér voru fluttar. Mér finnst að þær ræður séu í rauninni svolítil tímaskekkja og að þeir hv. þm., þótt þeir séu í hópi hinna yngri hér á þinginu, hafi ekki alveg áttað sig á þeim breytingum sem hafa orðið og eru að verða á afstöðu þorra fólks gagnvart umhverfinu, gagnvart dýrum í umhverfinu og jafnframt gagnvart náttúrunni.

Ég hjó eftir því að hv. síðasti ræðumaður sagði að það ætti að taka meira tillit til þeirra sem eiga auðlindina. (**GÁ:** Auka ábyrgðina.) Já, auka ábyrgð þeirra, en ég spyr: Hver á fugla himinsins? Ég get ekki svarað því hver á fugla himinsins. Er þetta ekki partur af því sem við eigum í sameiningu? Ég held að þetta sé ekki einstaklingseign og held að flestir þingmenn séu raunar sammála um það. (**GÁ:** Hluti af landnytjum.) Þar sem land er í einkaeign, hv. þm., ekki er allt land í einkaeign. Ég ætla ekki í smáatriðum að tína upp einstök atriði eins og um það sem segir í þessu lagafrv. og hv. þm. Ingi Björn Albertsson nefndi að ef veiðimaður banar fugli á landareign einhvers einstaklings er sá fugl í því tilviki eign þess sem landið á. Það er ekki verið að breyta neinu með þessu og ég geri ekki ráð fyrir að um þetta sé í rauninni verulegur ágreiningur enda er þetta lítið og smátt atriði í allri umræðunni.

Mér þótti það hins vegar miður að heyra hv. þm. Inga Björn Albertsson, sem ég held að hafi misskilið hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, fagna því mjög ef ætti að auka þá fjölbreytni sem veiðimönnum stæði til boða, en hún nefndi sérstaklega að það væri til fyrirmyndar hér hjá okkur að hér hefur aldrei verið leyfð veiði á mófuglum, sem víða eru mikið veiddir, t.d. lóan og spóinn. Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann leggja það til, mæla því bót eða einu sinni hugsa til þess að hér yrði farið að stunda skotveiðar á spóa og lóu og ég vona svo sannarlega að ég hafi misskilið hv. þm. Ég held að það sé í rauninni sumpart skáldunum okkar að þakka hvaða hug menn bera til þessara fugla. Það eru raunar margir sem bera þann hug til rjúpunnar líka, þökk sé kannski Jónasi Hallgrímssyni, þó ekki geri það allir.

Varðandi veiðikortin þá bendi ég bara á það í allri vinsemd að hjá næstum öllum þjóðum í kringum okkur tíðkast þessi háttur. Menn fá veiðikort, menn borga fyrir það og menn skrá veiði sína. Grænlendingar, sem meira en allar aðrar þjóðir lifa á veiðum, telja sér brýnt og nauðsynlegt að taka upp þessa reglu. Mér finnst það vera partur af siðaðra manna háttum í veiðimennsku að taka upp þennan sið.

Spurt var: Hvað á þetta að kosta? Jú, það var nefnd hér upphæðin þúsund krónur. Mér finnst ekkert óeðlilegt að slíkt kort kosti á bilinu eitt til tvö þúsund krónur. Ég er sannfærður um að flestir íslenskir veiðimenn mundu með glöðu geði borga slíkt gjald sem rynni til rannsókna og til þess að hafa stjórn á þessum stofnum. Auðvitað er alveg ljóst að ýmsir hafa af þessu verulegar tekjur, t.d. rjúpnaveiðum. Auðvitað er það ljóst. Ég geri ekki ráð fyrir að menn muni hafa á móti þessu og ég minni á og ítreka að þessi háttur þykir hvarvetna sjálfsagður.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson skýrði frá því hér að hann hefði stundað fuglaveiðar t.d. í Bandaríkjunum, þar var ekki bara gjald heldur mjög strangar takmarkanir á því hvað mátti veiða marga fugla. Við lifum einfaldlega, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, ekki lengur þá tíma og ekki lengur í því þjóðfélagi að menn geti farið hvert sem þeir vilja, út á sjó eða upp á fjöll og veitt, þó um takmarkaðan tíma sé, eins og þeir vilja. Það er ekki rétt lengur. Það sjónarmið á ekki rétt á sér.

Ég veit að við erum ósammála um þetta. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson, hefur greinilega allt aðrar skoðanir á þessu en ég hef og auðvitað kemur meiri hluti Alþingis til með að ákveða þetta.

Hv. þm. var nú búinn að nefna í sinni fyrri ræðu mörg af þeim atriðum sem hann nefndi aftur núna og ég var búinn að svara allmörgum þeirra. Hvernig talan 15.000 er fundin, hún er sjálfsagt ágiskun og ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort hún er nærri lagi eða ekki. Til þess skortir mig einfaldlega forsendur. Ég geri ráð fyrir að þeir menn sem frv. sömdu hafi legið nokkuð yfir því að finna einhverja sæmilega trúverðuga tölu. Það má vel vera að hún sé ekki rétt.

Varðandi þær reglur og hvort ætti að fara að skylda menn á skólabekk og allt sem sagt var um það ætla ég ekki að hafa mörg orð um. Ég vildi bara vekja athygli á því að Evrópuráðið hefur gert samþykkt. Sú samþykkt er frá árinu 1985 eða 1986 og er auðvitað ekkert bindandi fyrir Ísland, en hún er tilmæli til þings okkar og stjórnar þar sem lagt er til að aðildarlöndin innleiði reglur um veiðikort og um strangari kröfur til veiðimanna en gerðar hafa verið hér á landi fram að þessu. Í þessum reglum er m.a. talað um hvernig veiðiprófi skuli háttað, siðfræði veiðimanna og hvaða upplýsingum þurfi að safna til þess að vakta þá dýrastofna sem veitt er úr. Ég endurtek að með þessari samþykkt er Ísland ekkert skuldbundið en þetta eru tilmæli Evrópuráðsins sem við erum aðilar að og höfum væntanlega samþykkt. Þetta var samþykkt af ráðherranefndinni 18.–21. mars 1986 og auðvitað hljótum við að hafa slíkar samþykktir til hliðsjónar og leiðbeiningar þegar við setjum okkur reglur um þessi lög. Við getum ekki og eigum ekki að hafa allt aðrar reglur í umhverfismálum en aðrar þjóðir. Okkur er einfaldlega ekki stætt á því.

Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir hennar ágætu ræðu og ég er henni sammála raunar um flest þau atriði sem hún nefndi. Hv. þm. og formaður umhvn., Gunnlaugur Stefánsson, nefndi að þetta frv. væri hugsanlega samið í einhverju fljótræði. Þá vil ég benda honum á bls. 9 í athugasemdum við frv. þar sem kemur fram að nefndin sem frv. samdi hélt 30 fundi. Það má vera að þeir hefðu þurft að vera þrisvar þrjátíu eða þrjátíu sinnum þrjátíu, þannig að ekki væri hér um fljótaskrift að ræða, en ég held nú samt ekki. Á þessari síðu kemur líka fram að frumvarpsdrögin voru send Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, fuglafriðunarnefnd, dýraverndarnefnd ríkisins og Skotveiðifélagi Íslands til umsagnar. Frá þessum aðilum bárust margar og gagnlegar ábendingar þannig að það er misskilningur að einhver fljótaskrift hafi verið á þessari vinnu.

Varðandi það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði í um margt athyglisverðri ræðu er það alveg rétt sem hann sagði um hreindýrin að þeim hefur fjölgað um of. Þess vegna hafa líka verið gerðar ráðstafanir til þess að taka meira úr þeim stofni að undanförnu en gert hefur verið til þess að koma megi stofninum í þá stærð sem þeir er gerst til þekkja telja að það svæði þoli þar sem hreindýrin ganga. Hann nefndi líka atriði sem bar á góma fyrr í þessari umræðu, þ.e. með örninn sem er alfriðaður og vágestur í æðarvarpi, hvort ætti þá ekki að leggja ótvíræða bótaskyldu á hið opinbera þar sem hann veldur usla og tjóni í æðarvarpi. Það finnst mér koma til álita. Slíkar bætur hafa verið greiddar, að ég best veit, og eitt slíkt mál a.m.k. er nú á döfinni. Þetta er eitt af því sem kemur til álita. Hann gerði líka að sérstöku umtalsefni rjúpnaveiðarnar og tekjur sem menn höfðu af þeim hér áður og það er alveg rétt að af þeim höfðu Íslendingar verulegar tekjur. Lýsingar, sem til eru frá þeim tíma þegar rjúpnaveiðin var sem mest, benda til þess að þá hafi verið hér langtum meira meira af rjúpu en hefur verið undanfarna áratugi. Hitt er svo það að ýmiss konar búnaður sem komið hefur til skjalanna að undanförnu gerir það að verkum að rjúpan á sér ekki lengur neitt friðland neins staðar í rauninni vegna þess að á snjósleðum og fjórhjólum fara menn um fjöll og firnindi þar sem menn fóru ekki til veiða áður. Ég held að það sé nokkurt áhyggjuefni að gengið sé of nærri stofninum.

Varðandi regluna um skotvopn og hina 50 m fjarlægð sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson gerði sérstaklega að umtalsefni, þá er það m.a. sett til þess að koma í veg fyrir að menn noti farartækin til þess að skjóta úr þeim eða úr skjóli þeirra. Þetta eru reglur samhljóða því sem er í alþjóðasáttmálum sem við ýmist erum aðilar að eða í þann veginn að verða aðilar að og þetta þykir, held ég, sjálfsagt nær hvarvetna.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Varðandi útfærslu á veiðikortunum skal hiklaust viðurkennt að það mál er ekki fullrætt, það þarf meiri umræðu um það. Ég held þó að meginatriðið sé að viðurkenna þá reglu að rétt sé að gera þetta með sama hætti og aðrar þjóðir gera. Ég held að það sé mikilsverð regla.

Ég tek svo undir það sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði að ég held að mjög brýnt sé að reyna að ná víðtækri samstöðu um þetta mál. Mér er mætavel ljóst að hér eru mjög mörg atriði sem auðvelt er að hafa margar skoðanir á og sjálfsagt margt sem að mati ýmissa orkar tvímælis. Það verður ævinlega svo í málum af þessu tagi. Ég er engu að síður þeirrar skoðunar að um þetta mál sé hægt að ná ágætri sátt vegna þess að ég held að það sé mikill meirihlutastuðningur við þau grundvallarsjónarmið sem liggja að baki frv.

Eitt atriði sem ég man að lokum, virðulegi forseti, og hv. þm. Ingi Björn Albertssson vitnaði til þegar hann las hér úr greinargerðinni. Fyrri lög hafa byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti ýmissa dýrastofna og miðað að eyðingu eða útrýmingu. Þetta er einfaldlega sagt, held ég, vegna þess að til munu vera lög um útrýmingu svartbaks. Það er ekki verið að tala um veiðimenn heldur afstöðu löggjafans varðandi útrýmingu einstakra stofna og það er m.a. það sem verið er að breyta með þessu frv., þó að ég geti vissulega viðurkennt að þeir sem hafa gert minkinn að sérstöku umtalsefni hér hafi töluvert mikið til síns máls.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans.

Ég saknaði þess þó að fá ekki svar við einni af stærri spurningunum, þ.e. um kostnað vegna eftirlits og leyfa og vegna framkvæmdanna á þessum lögum. Ef virðulegur formaður umhvn., sem hefur nokkuð hátt hér í hliðarherbergi, heyrir orð mín þá hvet ég hann til þess að leggja í þá vinnu að kostnaður vegna framkvæmda þessara laga verði kannaður sérstaklega.

Ég vil leiðrétta ráðherrann vegna þess að mér þótti koma fram í svari hans að hann hefði sennilega ekki lesið 10. gr. vegna þess að hann gerði athugasemd við það að ég hefði verið að tala um að ef veiðimaður skyti bráð á landi landeiganda, það sagði ég aldrei. (**Umhvrh.:** Elti inn á land.) Já, það sagði virðulegur ráðherra ekki áðan. Hann getur fengið útskrift á því, en þá er búið að útskýra þann misskilning og þá stendur það náttúrlega eftir enn þá að greinin er alveg jafnfáránleg og ég sagði og lýsti hér áðan.

Varðandi það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að þá nefndi ég engar tegundir. Ég sagði einfaldlega að ef hægt væri að breikka veiðitegundir, eða hvernig sem ég orðaði það í síðustu ræðu minni, þá væri það fagnaðarefni. Ég nefndi aldrei neina lóu eða spóa eða neitt slíkt. Ef það hins vegar er hægt þá fagna ég því. Ég veit ekki betur en við séum að því í sjávarútveginum að leita allra leiða til að finna nýjar tegundir dýra til að draga á land og gera úr því peninga. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það megi ekki vera fuglar eins og fiskar. En ég ætla ekki að nefna neinar tegundir. Ég veit ekki um neina tegund sem við getum nýtt yfir höfuð, en ég fagna því ef það eru einhverjar slíkar.

Varðandi veiðikortin vil ég segja að þar koma gömlu góðu íslensku rökin, að ef eitthvað er til í útlöndum þá hlýtur það að vera gott. Bara ef það er til í útlöndum þá er það nógu gott fyrir Ísland. Fyrst það er til í Grænlandi, Ameríku eða einhverju landi þá skulum við gera eins, við þurfum ekki einu sinni að skoða það. Bara útlenskt, þá gengur það. Hver á fuglana? sagði svo ráðherrann. Hver á fuglana? Hver á farfuglana? Hver á gæsirnar? Hver er að skjóta þær niður? Það eru aðallega Skotarnir, það eru ekki við.

Aðeins í lokin, virðulegi forseti, af því að ráðherrann minntist hér á 50 m markið og sagði að það væri til þess að menn væru ekki að skjóta úr bílum eða í skjóli við bíla. Ég þekki ekki 50 m breiðan bíl, en ef þetta er það sem löggjafinn er að tala um þá er allt í lagi, setjum það bara í lögin. Það er bannað að skjóta úr bílum eða upp við bíl innan við 2–3 m. Taka þá þessa vitleysu út.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurt er um kostnað við eftirlit. Það stendur ekki til að fara að margfalda eftirlit eða setja einhverjar sérstakar eftirlitssveitir á stofn til að hafa eftirlit með veiðimönnum. Það er þáttur í hlutverki löggæslunnar sem þegar er fyrir hendi og hefur sjálfsagt einhvern kostnað í för með sér. Eftirlitið verður kannski svolítið öðruvísi ef þetta yrði að lögum.

En það sem hv. þm. sagði að það væru ekki rök, gamla góða íslenska rökvísin um að ef það er í útlöndum, þá ætti það að vera hér. Það hefur verið svo að flest sem gerist í útlöndum gerist líka hér, hvort sem það er gott eða slæmt, og marga fyrirmynd í löggjöf höfum við sótt okkur í löggjöf annarra landa og ég sé ekkert athugavert við það. Hins vegar held ég að það sé mjög nauðsynlegt að við séum á sama báti og aðrar þjóðir, að við höfum nokkurn veginn sömu lög og sömu reglur og fylgjum sömu siðfræði að því er varðar umgengni í náttúrunni, viðhorf gagnvart umhverfinu, en um það geta menn auðvitað haft aðrar skoðanir og ég er alveg tilbúinn til að virða það þótt ég sé því hjartanlega og innilega ósammála.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er alveg ljóst að mig og virðulegan ráðherra greinir verulega á um þetta mál og eftir stendur að allt sem frá útlöndum kemur sé gott.

En mér þótti athyglisvert í svari ráðherrans að ekki á að hafa neitt sérstakt eftirlit með þessu. Lögreglan á að fylgja þessum þætti eftir og sjá um að þessum lögum sé framfylgt. Ég vil þá spyrja að því hvort samráð hafi verið haft við lögregluna. Hefur lögreglan gert sér einhverja grein fyrir því hvernig hún ætlar sér að standa að þessu máli? Ég get ekki séð í umsögnum um þetta frv. að lögreglan hafi verið höfð með í ráðum. Það má vel vera að svo sé. En ég á erfitt með að sjá lögregluna, eins og hún er vanbúin þessa dagana og undirmönnuð, flengjast upp á fjöll og firnindi til þess að eltast við skotveiðimenn og fá að sjá skírteini þeirra eða veiðikort eða hvort þeir eru búnir að veiða rétt magn, hvort þeir eru komnir yfir kvótann, hvort þeir eru á farartæki, hvort þeir skjóta innan við 50 m frá farartæki eða hvernig þetta á allt að vera. Ég vildi gjarnan vita hvort lögreglan er búin að taka afstöðu til þessa máls og gera sér grein fyrir hvernig hún ætlar að framfylgja þessum lögum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hlutverk löggæslumanna að sjá um það að lögum sé framfylgt en það er hins vegar ekki venjan að löggjafinn spyrji löggæslumennina hvort þeir ætli að framfylgja þeim lögum sem löggjafinn setur.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í umræðunni einfaldlega vegna þess að ég missti af þeim umræðum sem urðu í upphafi og þær urðu langar þannig að ég reiknaði með því að flest hefði komið til umræðu sem tilefni hefði verið til.

En vegna þess hvernig umræðurnar hafa staðið núna langar mig til þess að segja álit mitt hér á 11. gr. og eins að beina spurningu til hæstv. umhvrh. um 9. gr. Fyrst um 9. gr., en þar stendur í 4. tölulið að m.a. sé óheimilt að nota:

„Net nema til kópaveiða og háf til lundaveiða. Fugla er drepast í netum sem lögð eru til fisk- eða kópaveiða má ekki nýta á nokkurn hátt nema að fengnu leyfi umhvrn. ...“

Þegar líður á hverja netavertíð fá menn mikið af

svartfugli og það sem menn geta komið í verð er selt. Mikið er borðað af þeim svartfugli sem veiðist í þorskanetin og reyndar önnur net líka en aðallega eru þetta þorskanetin. Þarna er um að ræða tugi þúsunda af fuglum sem drepast í þorskanetum á vorin og þetta þekkja a.m.k. allir sem búa nálægt höfnunum við suður- og vesturströndina.

Spurningin er þessi: Þurfa útgerðarmenn sem gera út þessa báta að fá leyfi til þess að nýta þennan fugl eða þurfa þeir sjómenn sem lenda í því að fá þessa fugla í netin að hafa sérstakt leyfi til þess að nýta hann, annaðhvort að borða hann sjálfir eða selja hann? Það kann að vera að það hafi verið spurt um þetta áður en því miður var ég ekki við þegar umræður hófust um þetta frv.

En um 11. gr. langar mig að segja nokkur orð sem mér finnst mjög mikilvægt að komi fram af því að sú umfjöllun sem varð um þá grein áðan snerist ekki að öllu leyti um það atriði sem ég ætla að tala um. Það er að á veiðikorti skuli getið nafns handhafa, svæðis sem kortið gildir á, gildistímabils, tegunda og fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða. Ég vara alveg sérstaklega við að farið verði að tilgreina fjölda dýra. Mér finnst ekki athugavert við það ef veiðikort verður á annað borð gefið út að þar sé getið um það hvaða dýr viðkomandi megi veiða því að það getur verið þægilegt fyrir eftirlitsmenn að sjá hvort viðkomandi veiðimaður megi veiða dýr af þeirri tegund sem hann er með á öxlinni og hefur veitt. En að ætla sér að fara að setja á kvóta með þessum hætti kallar á öngþveiti og það eiga menn eftir að upplifa að það verður ekki betra, það verður sennilega miklu verra en í sambandi við útgerðina og úthlutunina á kvótunum þar vegna þess að auðvitað hlaupa menn allir til og sjá peninga í þessu. Einhver sem má veiða fimm endur sækir um það til þess að reyna að koma því þá í verð. Ég held að menn komi til með að stjórna sókninni í þessa fuglastofna fyrst og fremst með því að ákveða veiðitímabil með tilliti til stofnstærðanna þannig að menn reyna að áætla hvað mikið komi til með að veiðast og reyni þá að stytta veiðitímabilin eftir því.

En ég kom fyrst og fremst upp til að vara alveg sérstaklega við þessu, að menn fari ekki út í þetta, því að þá mun skapast mikið öngþveiti og það verður óskaplega erfitt og þarf mikinn mannskap, það tek ég undir með hv. síðasta ræðumanni, til þess að fylgjast með því að menn séu ekki búnir með kvótann sinn ef tekinn verður upp kvóti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Varðandi það ákvæði sem hv. þm. vék síðast að, um fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða, þá hygg ég að þar sé verið að slá varnagla. T.d. ef sú staða kæmi upp varðandi rjúpnastofninn að talið væri nauðsynlegt að takmarka mjög veiði úr honum þá væri ekkert óeðlilegt, eins og gert er mjög víða — og ég vitna aftur til þess, aftur og enn, eins og gert er víða — ekki bara varðandi fugl, heldur fisk líka, að takmarka þann fjölda sem menn mega veiða og ég sé satt best að segja ekkert óeðlilegt við það. Þau ákvæði eru í gildi í ýmsum ám að menn mega ekki veiða fleiri fiska en einhverja tiltekna tölu. Þetta er líka í gildi um fuglaveiðar í ýmsum löndum. Ég held að þetta sé sett til þess að sá möguleiki sé fyrir hendi.

Varðandi ákvæðið sem hv. þm. vék að, 4. liðinn í 9. gr., þá hygg ég að hann hafi skilið þetta rétt, en ég játa það að þetta olli mér líka nokkrum heilabrotum. Ég hygg að þetta sé sett í frv. til samræmis við alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að vegna þess að þeir fuglar sem veiðast í net — netin eru ekki lögð til að veiða fugla — eru eins konar aukaafli og mér er alveg ljóst að þarna þarf að finna einhverja viðunandi millileið. Þetta er alveg rétt ábending en það gilda víðast hvar mjög strangar reglur um nýtingu aukaafla af þessu tagi. Hins vegar er auðvitað á það að líta líka að komin er löng hefð á þessa nýtingu þannig að þetta orkar sjálfsagt tvímælis og ég vænti þess að hv. nefnd sem fær þetta til athugunar taki þetta alveg sérstaklega til athugunar.

Jóhann Ársælsson:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, sérstaklega um fyrri spurninguna, en ég kem hér aðeins til að segja að það þarf þá að breyta orðanna hljóðan í 11. gr. vegna þess að þar segir nú að á veiðikortið skuli getið tegunda og fjölda dýra sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða. Ekki er gert ráð fyrir því að það sé heimilt heldur að það skuli gert og þá þarf að breyta orðanna hljóðan þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill áður en næsta mál verður tekið fyrir geta þess að það er ætlunin að halda fundi áfram til kl. sjö, ræða þá væntanlega 4. dagskrármálið og fresta umræðum um það ef ástæða er til, en taka síðan aftur til við fundarstörf kl. níu í kvöld, og byrja þá á 5. dagskrármáli og eftir að umræðum um það er lokið taka fyrir 12. dagskrármálið og síðan málin frá 12 til 19 eftir því sem tími vinnst til á fundinum í kvöld.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Fyrir um hálftíma barst mér tilkynning um að hér yrði kvöldfundur og mér kom það talsvert á óvart og hér hefur forseti tilkynnt það af forsetastóli. Ég vil spyrja eftir því hvort um þetta ríki samkomulag, hvort það hafi verið rætt með forustumönnum flokkanna og hvort það sé samkomulag fyrir því að halda hér áfram fram eftir kvöldi.

Forseti (Björn Bjarnason):

Þetta er ákvörðun forseta Alþingis að hafa þennan hátt á fundum þingsins í dag.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér var kunnugt um það strax klukkan hálftvö í dag að reikna mætti með kvöldfundi og þó ég hafi ekki gert ráðstafanir til þess að boða þingmönnum það sérstaklega þá vil ég benda hv. þm. á að þetta stendur á töflunni í þingflokksherbergi Framsfl. Ég veit að það er engin skylda að koma þar inn á þessum dögum þegar ekki eru þingflokksfundir en starfandi formaður þingflokksins hafði þennan hátt á og vona ég að það sé tekið tillit til þess af hálfu þingmannsins.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég geri lítið úr yfirlýsingu starfandi þingflokksformanns í þessu efni, en mér þótti meira um að heyra yfirlýsingu forseta þar sem hann sagði að það væri ákvörðun forseta að halda áfram hér í kvöld.

Ég hélt það væri siðaðra manna siður að reyna að ná samkomulagi um fundahaldið og að forsætisnefnd legði eitthvað á sig til að ræða við formenn þingflokka í staðinn fyrir að gefa frá sér tilskipanir. Ég sé ekkert sem kallar á kvöldfund og ég sætti mig illa við að um það sé ekki haft samkomulag heldur einhliða tilkynningar. Ef svo er spyr ég eftir því, hæstv. forseti: Hvað stendur til að halda áfram lengi kvöldsins?

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 5. þm. Suðurl. hefur áður rætt þetta vandamál og ég vísa til þeirra umræðna sem þá fóru fram, að hann fletti upp í þingtíðindum og sjái hvaða skilgreiningar menn hafa haft á þessu. Varðandi hitt atriðið sem hann spurði um þá var fundur haldinn með forseta og formönnum þingflokka í hádeginu í dag og það voru engin andmæli við þessu, þannig að ég sé ekki annað en þetta sé algjörlega tilefnislaust hjá hv. þm. að vera hér með þessar ávirðingar um forsetaembættið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með forseta að þetta var rætt á fundi þingflokksformanna. Auðvitað var von okkar allra, eða kannski óskhyggja, að dagskrá gengi hraðar fyrir sig í dag þannig að til þess þyrfti ekki að koma en þar sem okkur var gerð grein fyrir því að allmargir þingmenn hefðu ekki komist að með mál sín og að ekki yrðu tekin fyrir á kvöldfundi þingmannamál öðruvísi en með samkomulagi þingmanna var afskaplega erfitt annað en að taka undir að gefinn yrði möguleiki á kvöldfundi og því taldi ég ástæðu til að mæla með því við þingflokk Kvennalistans.

Sinubrennur, 1. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 469.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Frv. því sem hér um ræðir, frv. til laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 8/1966, sem bera reyndar þetta sama nafn. Þau lög leystu af hólmi lagaákvæði frá árinu 1281, 29. kapítula Landleigubálks úr Jónsbók en eiga sér í rauninni eldri sögu eins og rakið er í greinargerð og ætla ég ekki að rekja þá sögu frekar. En eins og búskaparhættir hafa breyst hér á síðustu 25 árum þá hafa skoðanir manna á gildi sinubrennu sömuleiðis breyst. Þó virðast skoðanir sérfróðra manna vera að sinubrennur eigi vissan rétt á sér en hins vegar verður því ekki móti mælt að töluverð hætta getur af þessu stafað og dæmi eru um verulegt tjón.

Á sl. vori og sumri var töluvert um að kvartað væri til umhvrn. vegna sinubrennslu út um land. Í þéttbýlinu er einnig mjög undan þessu kvartað. T.d. er það skoðun bæði slökkviliðs og lögreglu í höfuðborginni og á höfuðborgarsvæðinu og raunar víðar að það þurfi að koma betra lagi á þessi mál. Það vantar ekki að lagaákvæði séu fyrir hendi en sannleikurinn virðist vera sá að þeim ákvæðum er misjafnlega sinnt að ekki sé meira sagt. Því var það 1. okt. sl. að umhvrn. hafði frumkvæði að því að efna til fundar um þetta mál og auk fulltrúa frá ráðuneytinu sátu þennan fund fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, landbrn., Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda. Það var einmæli þeirra sem þennan fund sóttu að full ástæða væri til að takmarka sinubrennu frá því sem verið hefur. Þá væri rétt að banna sinubrennu en hafa hins vegar heimild til undanþágu á svæðum utan þéttbýlis og fjarri skógræktarsvæðum. Þá var bent á að nauðsynlegt væri að efla fræðslu til bænda um kosti og galla sinubrennslu og um leiðir til að draga úr sinumyndun.

Eftir þetta var frv. samið í umhvrn. og um það var haft fullt samráð við fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands og Náttúruverndarráði. Þá var efni frv. sérstaklega kynnt á ráðunautafundi Búnaðarfélags Íslands í febrúarmánuði sl. og nýlega var það kynnt umhverfismálanefnd búnaðarþings sem óskaði eftir að fá að ræða það við fulltrúa ráðuneytisins.

Sé þetta frv. borið saman við eldra frv. og gildandi lög raunar má einkum benda á eftirgreind atriði sem eru frábrugðin:

Fyrst er það að þetta frv. er styttra en gildandi lög. Ástæðan er sú að það virðist ástæðulaust að festa í lög hrein framkvæmdaatriði sem hljóta að mótast af aðstæðum á hverjum tíma og staðháttum. Því er gengið út frá því að slík atriði verði í reglugerð sem umhvrh. setji að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs. Að sjálfsögðu geta aðrir aðilar komið ábendingum á framfæri sem þeir telja máli skipta. Með þeirri tilhögun sem ég hef hér lýst er auðveldara en ella að haga málsmeðferð eftir því sem henta þykir á hverjum stað.

Eins og nú er háttað eru í lögum settar meginreglur sem eru með svo miklum og margbreytilegum undanþágum að í raun má segja að ekki gildi neinar fastmótaðar reglur samkvæmt lögunum. Í reglugerð er

hægara að koma til móts við breytilegar aðstæður og gera ákvæðin markvissari og þar með auðveldari í framkvæmd. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að samræmi sé milli lagabókstafs og lagaframkvæmdar en á það virðist nokkuð hafa skort í þessum efnum. Einhver kann að segja að með því að hafa þessa skipan að setja framkvæmdaatriði í reglugerð sé verið að taka vald frá Alþingi. Ég held hins vegar að það sé nokkur misskilningur. Hér er um algerlega ópólitísk og tiltölulega einföld framkvæmdaatriði að ræða.

Annað sem ég tel ástæðu til að nefna í þessu sambandi varðandi aðrar greinar frv. er að þar sem sýslumenn fá nú nýtt hlutverk samkvæmt þeim lögum sem öðlast gildi 1. júlí nk., þá virðist eðlilegt að þeir hafi í auknum mæli með höndum stjórn staðbundinna mála sem tvímælalaust heyra undir framkvæmdarvaldið. Hingað til hafa hreppstjórar haft ákveðið vald til að leyfa eða banna sinubrennslu og sjá um að tilteknum reglum væri framfylgt, t.d. ákveðnum öryggisreglum. Mér er það nokkuð til efs að markviss framkvæmd sé á þessum sundurliðuðu lögboðnu atriðum og tel raunar að kannski skorti nokkuð á að framfylgt sé bókstaf laganna. Það hlýtur t.d. að vera erfitt verk fyrir hreppstjóra að sjá til þess að svo flóknum reglum sem eru í 2. gr. gildandi laga sé framfylgt samkvæmt bókstafnum. Þar er kveðið á um í metrum fjarlægðir sem skulu frá brennustað að mannvirkjum og í klukkustundum hvaða fyrirvari skuli vera um tilkynningu til nágranna um fyrirhugaða sinubrennu. Það er auðvitað höfuðatriði í þessu frv. að sinubrenna er ekki leyfð nema með skýrum undantekningum. Sá sem brennir sinu þarf að sýna skilríki til að sanna að hann hafi heimild til slíks. Þá er réttaróvissa sem alls konar undantekningar skapa í gildandi lögum takmörkuð. Hjá undantekningum verður áreiðanlega ekki komist en slíkt yrði þá að ákveða í reglugerð.

Samkvæmt frv. eru það einungis ábúendur einstakra jarða og umráðamenn einstakra jarða sem geta fengið leyfi sýslumanns til að brenna sinu og það með vissum skilyrðum. Allt þéttbýli er þar undanskilið og þar er sinubrennsla bönnuð. Leyfi og þar með ábyrgð er bundin við ákveðinn einstakling sem ber þá ábyrgð á því tjóni sem hann kann að valda öðrum með sinubrennu, sbr. 5. gr. frv.

Nú kann einhver að spyrja hvort sækja þurfi árlega um leyfi til að brenna sinu en slíkt felst ekki í frv. Vafalaust eru til þeir staðir á landinu þar sem sinnubrennsla þykir sjálfsögð og er þá ekkert við því að segja að dómi þeirra sem gerst til þekkja að þar sé veitt ótiltekið leyfi og ótímabundið. Þeir eru vafalaust margir sem brenna sinu af fullri nauðsyn og sýna gát þannig að er til fyrirmyndar en annars staðar er því miður ekki sömu sögu að segja. Aðalreglan í sambandi við framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, er eins og áður er nefnt að sá sem brennir sinu skal sanna að hann hafi til þess rétt. Varðandi gildandi lög má segja að ákvæðin í 1. gr. þeirra séu svo holuð af ýmsum undantekningum að framkvæmdin verður í molum. Og þá má líka spyrja til hvers eru þau tímamörk sem sett eru í 6. gr.? Þar er miðað við 1. maí eða 15. maí. Þar eru búin til einhver landfræðileg mörk um heimild ef svo mætti kalla frá norðanverðu Djúpi eða norðan heiða allt austur að Fjarðarheiði og að Breiðdalsheiði. Svo eru víðtækar heimildir til undanþágu en það virðist eins og ég hef áður nefnt fremur eiga heima í reglugerð. Ég held að önnur framkvæmdaatriði þessa frv. þurfi varla skýringa við umfram það sem segir í greinargerð.

Það er þó eitt nýtt sem hér er kveðið á um. Það er um auknar skyldur almennings til að gera sitt til að slökkva eld í gróðurlendi. Það má segja að þetta sé kannski ekki alltaf auðvelt í framkvæmd en hér er um að ræða nauðsynjamál sem er rétt, að ég tel, að hafa í lögum og framkvæmdin verður auðvitað að fara eftir því sem er frekast unnt hverju sinni.

En að lokum, virðulegi forseti. Ýmsir munu sjálfsagt spyrja sem svo: Hverjir eru kostir og gallar sinubrennslu? og ég tek þá fram líka að víðast hvar í grannlöndum okkar er búið að banna þetta vegna þess að þetta er talið hafa í för með sér meiri umhverfisspjöll en umhverfisbætur. M.a. hefur þetta í för með sér mengun, eins og afar auðvelt er að sjá t.d. í apríl þegar segja má kannski að heilu sveitirnar sums staðar séu eitt logabál eins og þeir kannast við sem voru t.d. á ferð að næturlagi í síðustu kosningabaráttu sl. vor víðs vegar um landið.

En hverjir eru kostir og gallar samfara því að brenna sinu? Niðurstaða þeirra sem gerst til þekkja er kannski í stuttu máli þessi: Askan sem myndast við þennan bruna hefur dálítið áburðargildi fyrir nýgræðing, einkum eru það steinefni. Hins vegar mun tapast eitthvað af köfnunarefni og öðrum efnum við þennan bruna. Brennt land þíðnar heldur fyrr á vorin og fyrir bragðið getur gróður orðið fyrr til en á óbrenndu landi. Á brenndu landi verður nýgræðingurinn aðgengilegri fyrir búfé, sérstaklega þar sem sina er mikil vegna lítillar beitar eða engrar árið áður. Í sumum tilvikum er talið að bæta megi beitiland með sinubruna. Hitt er svo það að af brennslu getur hlotist varanlegur skaði af sumum tegundum gróðurs, einkum trjágróðri, lyngi og mosa. Á undanförnum árum hafa orðið skógarbrunar á ýmsum stöðum hér á landi vegna ógætilegrar meðferðar elds við sinubruna. Þá hefur áratuga skógræktar- og landgræðslustarf orðið eldi að bráð á fáeinum klukkustundum. Í kjölfar sinubruna eykst hætta á gróður- og jarðvegseyðingu sem kann að orsaka uppblástur á þurrlendi. Það getur tekið náttúruna aldir að bæta slíka jarðvegseyðingu og þess eru jafnvel dæmi að kviknað hafi í þurrum móajarðvegi þegar sina hefur verið brennd. Eftir að fuglar eru farnir að verpa á vorin er sinubrennsla auðvitað mesti bölvaldur. Sömuleiðis er hætta á því að smádýralíf bíði verulegt tjón af þegar eldur svíður landið. Mikil sinubrennsla veldur reykmengun andrúmslofts og getur raunar byrgt útsýni á vegum og þannig skapað slysahættu. Tjón getur hlotist af mannvirkjum, bæði byggingum, girðingum, síma- og rafmagnsstaurum. Ég held að flestum sé það ljóst að ókostirnir eru veigameiri en kostirnar.

Sérfróðir menn hafa á það bent að þótt viss ávinningur geti verið af sinubrennslu á beitilandi, einkum á

grasgefnum mýrum, þá sé hægt að ná sama árangri með hóflegri og skipulagðri beit. Það virðist skynsamlegra og geðfelldara að nýta gróður með þeim hætti en að láta hann ganga upp í eldi. Þess vegna sýnist að full ástæða sé til að þrengja verulega heimild og undanþágur fyrir sinubrennum. Reynslan hefur sýnt að bæði almannahætta og verulegt tjón bæði á gróðurlendi og mannvirkjum getur leitt af sinubrennu eins og ég hef áður nefnt. Þótt óheimilt sé að brenna sinu í þéttbýli er varla vafi á að vitneskjan um sinubrennur víða um land verður til að vekja áhuga á slíku tómstundagamni og bæði af hálfu lögreglu og slökkviliðs í Reykjavík er árlegur brennufaraldur á vorin verulegt vandamál og raunar nokkuð kostnaðarsamt.

Eftir að þetta frv. var samið var haldinn fundur hjá ráðunautum Búnaðarfélags Íslands eins og ég minntist raunar á áður. Þar fluttu margir sérfræðingar erindi, m.a. um sinubrennslu, kosti hennar og galla og mér sýnist af lauslegum lestri þeirra erinda sem þar voru flutt, en þau hafa verið gefin út, að niðurstaðan hafi verið sú að ókostir væru taldir meiri en kostir. Ég held að skynsamlegt væri fyrir þá sem vilja mynda sér skoðun á þessu máli að kynna sér efni fyrirlestranna af þessum ráðunautafundi.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg áherslu á að mér er það alveg ljóst að mönnum sýnist sitt hvað sjálfsagt um þetta efni. Hér er verið að fjalla um gamlan sið sem sumir telja óhjákvæmilegan en ég legg áherslu á það að af hálfu umhvrn. hefur frá upphafi þessa máls verið haft mjög náið samstarf við þá aðila sem hér eiga hagsmuna að gæta og ég nefni þá aftur: Búnaðarfélag Íslands, landbrn., Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráð, Líffræðistofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda. Við alla þessa aðila hefur verið haft gott samráð og um málið hefur tekist mjög góð samstaða.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til hv. umhvn. og 2. umr.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. þetta mun nú seint verða talið til stórmála né heldur til pólitískra mála þrátt fyrir að það sé flutt af hæstv. umhvrh. og sé að formi til stjfrv. Frv. er auðvitað ópólitískt mál í eðli sínu og ég vil greina frá því að þrátt fyrir að um stjfrv. sé að ræða, hafði ég og ýmsir flokksbræður mínir í Sjálfstfl. fullan fyrirvara við það. Þó ýmsum kunni að virðast að um smámál sé að ræða er nauðsynlegt að vanda þá löggjöf sem sett er. Kannski má segja að sum atriði frv. séu til bóta og þá einkanlega það að frv. er miklu styttra en gildandi lög. Ég finn vankanta á frv. sem ég sætti mig ekki við að óbreyttu. Áður en ég vík að þeim vil ég gjarnan taka undir það með hæstv. ráðherra að ástæða er til að herða ákvæði um að takmarka sinubrennur umfram það sem tíðkast hefur á undanförnum árum. Ég er því ekki ósammála, raunar sammála. En slík ákvæði eiga að vera einföld og skýr og koma fram í löggjöfinni sjálfri. Að mínum dómi eiga þau að vera skýr þannig að landeigendur og jarðeigendur, sem hafa auðvitað fulla heimild til þess að fara með land sitt eftir gildandi lögum, viti hvað má og hvað ekki. Frv. byggir á því að sinubrenna sé alfarið bönnuð nema að fengnu leyfi og að tilskilinni tilkynningarskyldu.

Þess er getið hverjir geta fengið leyfi til að brenna sinu. Það eru eigendur og umráðamenn jarða. Gefið er í skyn af hæstv. umhvrh. að slík leyfi kunni að vera auðfengin í ýmsum tilvikum og vel má svo vera. Um leið og slíkar leyfisveitingar eru færðar í lög um jafneinfalt efni og fjallað er um, á eignarlöndum, jarðeignum bænda, þá kemur ekki fram í lagafrv. sjálfu nema að hluta til hvaða skilyrði skuli sett til þess að leyfið fáist. Í frv. sjálfu segir að hæstv. umhvrh. setji reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs þar sem mælt er fyrir hver skilyrði leyfishafa skuli vera til þess að hann geti fengið leyfi sem hann þarf síðan að hlíta. Ég verð að segja það að mér finnst þessi lagasetning óviðunandi.

Nú er það svo ef ég held mig við þann hluta þessa frv. sem fjallar um sinubrennu að í ýmsum tilfellum getur varla verið einfaldara verk. Í ýmsum tilvikum er það svo að það getur naumast orðið tjón af því verki vegna þess að í mörgum tilvikum er það land sem á að brenna algerlega afmarkað, ýmist af skurðum, vegum, árfarvegum og öðrum slíkum náttúrulegum aðstæðum eða mannvirkjum sem koma algerlega í veg fyrir að eldur breiðist út. Og ég tel það hreint ekki viðunandi fyrir t.d. mig sem bónda og jarðeiganda að ef ég vil kveikja í sinu á einhverjum slíkum bletti á landareign minni, t.d. á óslegnu túni, að þurfa að sækja um leyfi og tilkynna einhverju yfirvaldi áður en ég má hafast slíkt að á minni landareign.

Hæstv. ráðherra sagði búskaparhætti hafa breyst. Það er rétt. Búskaparhættir hafa breyst m.a. á þann veg að í allstórum stíl eru tún ekki heyjuð vegna þess að margar jarðir eru bústofnslausar eða bústofnslitlar vegna ýmissa aðgerða í landbúnaði og við almennan samdrátt í landbúnaði. Það eðlilegasta, einfaldasta og auðveldasta við að koma í veg fyrir að tún eyðileggist af sinu er að brenna þessa sinu að vorlagi ef það er mögulegt vegna veðurfars. Nú er það bannað nema með leyfi stjórnvalds og með tilkynningarskyldu til annarra eftirlitsaðila. En ef sinan væri hins vegar slegin með vélum þá mætti kveikja í eftir að búið er að slá vegna þess að þá er það hey sem kveikt er í. Og engin ákvæði eru til um að það megi ekki brenna hey. Þannig að ef menn vilja nú komast hjá öllum þessum leyfisveitingum þá geta bændur slegið tún sín að vorlagi, sinuna, og kveikt svo í. Þá getur hæstv. umhvrh. ekkert við því sagt. Þá er verið að brenna hey.

Hæstv. umhvrh. gæti heldur ekkert við því sagt þó ég eyddi að heita mætti öllum gróðri á landareign minni með því að plægja og umbylta öllu landi á minni landareign. Hæstv. umhvrh. vill setja löggjöf þar sem það er leyfisbundið að ég megi kveikja í sinubletti á óslegnu túni, svo dæmi sé tekið. Þetta finnst mér vera ofstjórn og óþarfa vífilengjur um einfalda hluti. Ég endurtek að ég vil gjarnan setja harðari skilyrði en eru í gildandi lögum um meðferð elds við sinubrennur og einnig um meðferð elds á víðavangi sem er hluti þessa

frv. og ég tilkynni það að ég mun flytja um það brtt. við þetta frv. Þær brtt. munu lúta að því að herða ákvæði um meðferð elds, bæði við sinubrennu og við meðferð elds á víðavangi. En þá mundi ég hverfa frá þeim leyfisveitingum sem hér eru að þarflausu uppsettar.

Annar hluti þessa frv. er um meðferð elds á víðavangi og þó þar kunni að vera nokkuð bætt úr frá gildandi löggjöf, þá finnst mér að þar sé of veiklulega til orða tekið í frv. Þar þarf ekkert leyfi. Pétur og Páll geta farið um landið og kveikt eld án leyfis stjórnvalds og án tilkynningarskyldu þótt þeir eigi ekkert í því landi sem þeir dvelja á. Ég mun óska eftir því að sá hluti frv. sé líka tekinn til athugunar og í þeim brtt. sem ég flyt mun ég leggja til að þau ákvæði væru fremur hert. Því það segir ekki einu sinni í frv. sjálfu að þeim, sem kveikja eld á víðavangi sem ferðamenn, sé skylt að gæta þess að eldurinn sé slökktur áður en þeir yfirgefa sitt eldstæði. Það er ekki orð um það í frv. Enda vitnaði hæstv. ráðherra í það að stundum hefðu orðið slys, tjón á gróðri og löndum, jafnvel mannvirkjum vegna þess að menn hefðu farið ógætilega með eld á víðavangi.

Ég tel það út af fyrir sig virðingarvert að hæstv. ráðherra hafi haft samband við forstöðumenn ýmissa stofnana. En ég tel ekki miklu skipta að telja upp fjölmargar slíkar stofnanir ef svo augljóslega er verið að setja upp leyfakerfi, tilkynningakerfi um einfalda hluti eins og gert er ráð fyrir, þá gef ég ekki mikið fyrir slíkt samráð.

Það væri svo sem hægt að gera ýmsar athugasemdir við ræðu hæstv. ráðherra en ég ætla ekki að lengja mál mitt með því. Ég vil aðeins nefna það sem hann las upp úr grg. frv. þar sem segir að ná megi sambærilegum eða betri árangri með skipulagðri beit á því landi sem ella væri hugsanlegt að brenna. Ég spyr nú: Mundi hæstv. umhvrh. hlutast til um að t.d. mér sem bónda væri skaffaður búsmali til þess að þeirri beit yrði við komið? Nú á ég enga skepnu. Hver á þá að vinna að uppsetningu girðinga og annars slíks til þess að koma skipulagi á þá beit og fá til þess búsmala frá einhverjum öðrum til að þeirri beit yrði við komið? Það er hægt að setja svona á blað og segja svona vitleysu í ræðustól sem ekki stenst nema í þeim tilvikum þar sem búsmali er. Þannig er auðvitað lítið með svona hluti gerandi.

Hæstv. ráðherra sagði að oft væri brennufaraldur á vorin í þéttbýli og víðar og það hefði komið fyrir að gildandi lög væru brotin. Ég held að auðvitað sé engin trygging fyrir því þótt ný lög séu sett að þau séu ekki brotin og að krakkar geri sér það ekki að leik áfram eins og verið hefur að kveikja í sinu í þéttbýli. Lög tryggja ekkert í þeim efnum. Eftir því sem lög eru þess efnis að þau fela í sér augljósa vankanta ef þau eru ekki skýr, afdráttarlaus og einföld, um einfalda hluti þá er auðvitað þeim mun meiri hætta á því að þau séu brotin. Og það er auðvitað mikil hætta á því að þegar sett er upp leyfisveitingakerfi og tilkynningaskyldukerfi að þarflausu að slíkar reglur séu þverbrotnar.

Ég ætla ekki að fara að tala fyrir þeim brtt. sem ég hef sett saman. Ég mun gera það seinna ef ástæða þykir til. Ég hef ekki kunnað við að flytja brtt. áður en 1. umr. fer fram. En ég mun flytja þessa tillögur og ég treysti því að hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, taki þær til athugunar og skoði hvort með þeim sé ekki hvort tveggja unnið, að settar séu skýrar afdráttarlausar reglur um meðferð elds við sinubrennu og meðferð elds á víðavangi þannig að óhætt sé að hverfa frá því leyfisveitinga- og tilkynningaskyldukerfi sem tildrað er upp með þessu frv.

Ég ítreka enn að reglur þurfa að vera þannig að tvímælalaust sé bannað að fara með eld með þeim hætti að hætta geti stafað af fyrir trjágróður, kjarrlendi, lyng, náttúruminjar, mannvirki og fyrir almannaheill, eins og það er orðað svo hátíðlega á einum stað í frv. Alls þessa þarf að gæta og frv. sjálft er hægt að búa svo úr garði að það sé á ábyrgð landeiganda, umráðamanns þess lands sem með eld fer ef út af er brugðið í þessu efni og það á að beita viðurlögum við og engin undanbrögð með það. En bóndinn, sem býr á jörð sinni, á ekki að þurfa að sanna það með pappírum eða einhverjum vottorðum eða gögnum að hann hafi leyfi til að kveikja eld í sinu á landi sínu ef hann framfylgir þeim stífu og ströngu reglum sem ég tel eðlilegt að settar séu í þessum efnum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það ætlar nú að endurtaka sig að hæstv. umhvrh. flytur frv. í formi stjfrv. og stjórnarsinnar hefja strax að rífa það niður. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það hér í upphafi. Ég vil eiginlega í öllum aðalatriðum taka undir með þessu frv. En ég skal viðurkenna að það kom mér nokkuð á óvart þegar ég fór að lesa lögin sem gilda í dag vegna þess að í núgildandi lögum er óheimilt að brenna sinu nema til komi leyfi hreppstjóra. Og ég skal viðurkenna það að þetta vissi ég ekki þó ég telji mig bónda og hafi oft kveikt í sinu. Ég reyndar hringdi í nokkra hreppstjóra til að spyrja þá að því hvort þeir hefðu oft verið spurðir leyfis um það hvort það mætti kveikja í sinu og könnuðust þeir ekki við slík erindi í sínum sveitarfélögum. Þannig að staðreyndin er sú að við höfum kannski verið með og erum kannski með þokkaleg lög í gildi um þetta mál en þeim hefur bara ekki verið framfylgt.

Í þessu frv. er ekki ætlast til að það sé hreppstjóri sem veitir leyfið heldur sýslumaður. Og ég er efins um að það sé betra. Reyndar heyrði ég það af þessum ráðunautafundi, sem hæstv. umhvrh. talaði um, að ráðuneytisstjóri umhvrn., sem þar talaði og kynnti frv., hafði sagt sem svo að þetta hefði ekki virkað með hreppstjórana. Ég held að hinn almenni bóndi hafi því miður ekki vitað af þessum lögum og því lagaákvæði að það þurfi leyfi hreppstjóra til að kveikja í sinu eins og málum er háttað í dag.

Þetta er eitt af þeim málum sem hefur verið fjallað um á búnaðarþingi. Og mér finnst að þar hafi verið tekið skynsamlega á málum án allra fordóma. En það eru nokkrar ábendingar sem búnaðarþing vill koma á

framfæri um málið sem það telur að væri til bóta. Sannleikurinn er sá að það hefur verið farið mjög óvarlega að í sambandi við sinubruna og ég er alveg sannfærð um að menn hafa verið óþarflega iðnir við að brenna sinu og litið á það sem einhverja allsherjarlausn sem það raunar ekki er.

Einmitt núna á þessum vetri, sem hefur verið sérstaklega snjólítill, hafa orðið slys eða óhöpp sem tengjast þessum sinubrunum. Ég er því alveg tilbúin til að fjalla um það að koma þarna betri skikkan á hvort sem það endilega fæst með því að breyta lögunum mikið en alla vega að koma þeim lögum, sem í gildi eru, til framkvæmda. Ef ég má, með leyfi forseta, aðeins vitna í athugasemdir sem komu frá búnaðarþingi þá eru þar tillögur um breytingar við tvær fyrstu greinar frv. sem ég vil nefna ef það yrði til þess að auðvelda umræðuna. Í fyrsta lagi að 1. gr. hljóði svo, með leyfi forseta:

„Þar sem brenna á sinu skal leita leyfis viðkomandi sýslumanns sem í vissum tilvikum getur framvísað þessu leyfi til hreppstjóra eða búnaðarsambands, enda sé fylgt ákvæðum í reglugerð sem umhvrh. setur. Þá sé réttur eigenda eða umráðamanna utan þéttbýlis til sinubrennslu tryggður þar sem hún er talin nauðsynleg og að fenginni umsögn ráðunauta."

Það, að umsögn ráðunauta þurfi, gæti kannski orðið nokkuð umfangsmikið ef þeir þyrftu að vera mikið í ferðalögum til að meta aðstæður þar sem eigendur eða yfirráðamenn lands hafa áhuga á að kveikja í sinu. Mér finnst það þó mjög athugandi. En ég sit nú í umhvn. og get fjallað um málið frekar þar og einnig það að þessu leyfi sé hægt að framvísa til hreppstjóra. Ég óttast að erfiðara verði að fá menn til að sækja um þetta leyfi til sýslumanna en til hreppstjóra.

Við 2. gr. er gerð tillaga um breytingu af hálfu búnaðarþings. Greinin yrði þá þannig, með leyfi forseta, ég les fyrst upp úr greininni eins og hún liggur fyrir í frv.:

„Ábúendur einstakra jarða og umráðamenn óbyggðra jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum sínum." Síðan komi og það er tillaga frá búnaðarþingi: „Heimild verði þó til sinubrennslu í eða nálægt þéttbýli ef sérstakar ástæður mæla með, eins og t.d. af heilbrigðisástæðum (riðu og fleiri sjúkdóma) enda sé slíkt gert undir eftirliti brunavarna."

Síðan kemur óbreytt upp úr 2. gr. frv.:

„Slíkt leyfi má því aðeins veita að eigi stafi af almannahætta, hætta á eyðingu náttúruminja, lyng- og trjágróðurs, mannvirkja o.s.frv." Viðbótin yrði: „Sinubrennsla verði þó aðeins leyfð þar sem öruggar hindranir komi í veg fyrir óviðunandi útbreiðslu sinuelds." — Lýkur þá þessum tilvitnunum og gerir búnaðarþing ekki tillögur um frekari breytingar.

Ég velti því aftur á móti fyrir mér hvort eðlilegt er að færa það út úr lögunum og setja í reglugerð hvenær sinubrenna megi fara fram. Samkvæmt núgildandi lögum er það á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí. Þetta er reyndar það eina sem ég kunni utan að úr núgildandi lögum. Mér var ósköp vel kunnugt um að það mætti ekki kveikja í sinu eftir 1. maí og það finnst mér mjög mikilvægt ákvæði út af fuglalífi. Það er því spurning hvort nokkur ástæða er til að taka það út úr lögunum og færa inn í reglugerð.

Mér finnst eðlilegt að einn ákveðinn einstaklingur beri ábyrgð á sinubrunanum eins og gert er ráð fyrir í frv. En mér er ekki alveg ljóst, og því spyr ég hæstv. ráðherra, hvernig þessar leyfisveitingar eru hugsaðar. Er nægilegt að fá þær í gegnum síma eða þarf skriflega beiðni? Það skiptir kannski svolitlu máli, ekki síst upp á póstsamgöngur, því þannig háttar t.d. til þar sem ég bý á landinu að við sækjum til sýslumanns á Húsavík þótt við búum rétt við Akureyri og póstsamgöngur eru ekki sérstaklega greiðar þarna á milli.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. hér í upphafi. Það er nokkuð einfalt, eins og kom fram hjá hæstv. umhvrh. í hans framsögu, en getur sjálfsagt verið nokkuð eldfimt mál eins og mér heyrist að það sé nú þegar orðið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú hefur það gerst á einum og sama deginum að sami ráðherrann kemur með tvö mál. Annað er fullt af agnúum og vansmíði ráðuneytismanna. En svo leggur hann hér fram frv. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi sem mér sýnist að sé allvel unnið og að hæstv. umhvrh. hafi lagt allmikla vinnu í málið áður en það kom til þingsins. Það hefur ekki verið hugarfóstur einhvers eins manns sem tekur hvergi tillit til neins heldur hefur það verið unnið í samráði við marga. Mér sýnist að upphafið hafi verið 1. okt. 1991 þegar hæstv. ráðherra hélt mjög merkilega ráðstefnu sem hann vitnaði hér til þar sem sjónarmið voru rædd. Ég get tekið heils hugar undir öll þau atriði sem sá fundur lagði áherslu á. En þar sagði að full ástæða væri til að takmarka sinubruna frá því sem verið hefur og í öðru lagi að rétt sé að banna sinubruna en hafa heimild til undanþágu á svæðum utan þéttbýlis og fjarri skógræktarsvæðum. Síðan var bent á að nauðsynlegt væri að efla fræðslu til bænda um kosti og galla sinubrennslu og um leiðir til að draga úr sinumyndun. Það kemur sjálfsagt að því að þeir leggi til í umhvrn. að búfé verði fjölgað og landið nýtt hóflega sem hér skal tekið undir.

En undir þetta vil ég taka og mér sýnist í aðalatriðum að frv. sé nokkuð gott mál. Ég kem af miklu sinubrunasvæði. Suðurland hefur stundum logað, ekki daga og nætur, það hefur stundum logað heilu vikurnar á vorin þegar landið hefur verið þurrt og menn hafa af gáleysi kveikt elda. Ég er því sammála hæstv. ráðherra um að það þarf að gera þjóðina meðvitaða, hvort sem menn búa í sveit eða þéttbýli, um að sinubruni er sorgarathöfn. Hún er sorgarathöfn vegna þess að landið hefur ekki verið nýtt og menn þurfa að fara um það eldi þess vegna. En ég vorkenni engum, miðað við ferðamáta Íslendinga og bílaeign, að þurfa nú að fara til sýslumanns einu sinni á vori og kynna honum hvað sé í bígerð, hvaða land eigi að brenna og hvers vegna. Ég tel að það eigi ekki að vera flókið mál að hitta sýslumann einu sinni á vori og það mundi kannski efla kynni við sýslumennina því ég verð var við það í sumum héruðum að menn þekkja þá ekki lengur, þessa

héraðshöfðingja. Ég vil því mæla með því að það verði sýslumaður sem veiti leyfið.

Ég er ekki viss um að búnaðarþing hafi komist þarna að góðri niðurstöðu, þótt búnaðarþing komist oft að skynsamlegum niðurstöðum nú eins og áður. Það leggur til að hreppstjórarnir verði millilliðir eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir rakti hér. Ég er ekki viss um að hreppstjórar eigi að vera millilliðir þarna. Þeir eru auðvitað millilliðir, þeir eru armur sýslumannsins í lögunum. Sýslumaður getur falið hreppstjórum ýmislegt en ég held að leyfið eigi að sækja til sýslumannsins og að sinubruni fari fram að vel athuguðu máli. Þetta snertir veðráttu, ég talaði áðan um þurrkatíðina, það getur verið hættulegt þess vegna að kveikja í. (Gripið fram í.) Það er hættulítið í rigningu en þó getur stytt upp snögglega.

Hæstv. ráðherra. Ég fagna frv. og ég tel að þingið muni ná sátt um málið. Það getur vel verið rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson rakti hér að 4. og 5. gr. væru ekki nógu skýrt orðaðar. Það þarf nefnilega að fara mikil fræðsla fram um þetta. Við sjáum af því skaðann sem getur orðið þegar fólk missir eld, þegar fólk gengur illa frá eldstæði eftir að hafa grillað kjöt eða gert einhverja slíka hluti. Margir staðir eru í hættu út af þessu og það þarf að fara fram mikil fræðsla. Ég sé ekki að það geti verið um leyfisveitingar að ræða hvað þetta varðar. En það þarf mikla fræðslu og það þarf að gera öllum mönnum ljóst að þeir hafa ekki leyfi til að kveikja í landinu. Það er gamanleikur margra í þéttbýlinu að fara út um sveitir og kveikja í meðfram vegum. (**Gripið fram í:** Nei.) Þá efast einn úr Skagafirði. Þó hygg ég að sá leikur sé stundaður þar oft á vorin. Ég hef orðið þess var í mínu kjördæmi alla vega að menn skreppi út úr bílum þar sem sina er og kveiki eld. Ég hef líka séð það í mínu bæjarfélagi hvernig börn kveikja í sinu, eyðileggja trjágróður, eyðileggja verk sem aðrir hafa lagt mikla vinnu í að koma í framkvæmd. Þar á ég við trjágróður og fleira og það hefur valdið miklum skaða. Þess vegna er ég sammála því að þjóðin þarf að verða meðvituð um að spyrja um það hvort kveikja eigi í landi. Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Það er eitt atriði sem ég velti æ oftar fyrir mér þegar fjallað er hér um ýmis mál, og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir minntist reyndar á að nú ætti ýmislegt að setja í reglugerð sem stæði í lögunum. Ég held að það sé að verða mjög mikilvægt að reglugerðirnar fylgi með frv., að þingið fái að sjá reglugerðir sem eiga að fylgja hverju máli. Hæstv. viðskrh., sem var að fjalla um ójafnaðarmál í dag, þ.e. olíuna, lét þó fylgja reglugerð með frv. Það var til fyrirmyndar hvað það varðar.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um málið en þakka umhvrh. hvernig hann hefur staðið að samningu frv. og vænti þess að það geti orðið að lögum á þessu þingi og í framhaldi af því megi allur almenningur, hvort sem hann býr í sveit eða þéttbýli, vita að það er neyðaraðgerð að brenna land og sjálfsagt að menn þurfi að sækja um leyfi, sem ég ætla að sé auðsótt í flestum tilfellum hvað bændur varðar. Hv. þm. Pálmi Jónsson hafði áhyggjur af því hér áðan að hann fengi ekki leyfi til þess að brenna túnin á Akri. Slíkt mál hygg ég að verði auðsótt þótt ég eigi þá von heitari hans vegna að það verði búsmali fyrr en síðar sem sér um þá iðju fremur en eldurinn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. við 1. umr. Ég á sæti í umhvn. sem fær þetta mál til meðferðar. En mig langar til að segja hér við 1. umr. að ég get tekið undir flest ef ekki allt sem stendur í frv. og verð að lýsa ánægju minni með það og þau ákvæði sem þar eru. Ég get tekið undir það sem kemur fram í grg. að á undanförnum árum hafa orðið miklir skógarbrunar, bæði í nánd við Reykjavík og víðar, þar sem farið hefur verið óvarlega með eld. Einnig stafar dýralífi og öðru hætta af brennum. Það þarf að fara mjög varlega og get ég tekið undir það sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að slíkt á að vera algjör undantekning.

Það fór samt svo þegar ég fór að bera frv. saman við núgildandi lög að mér varð hugsað til þess að kannski væru þau lög ekki svo slæm. Ef farið væri eftir þeim væri kannski ekki þörf á miklum lagabreytingum. Mér fannst svolítið sérkennilega að því staðið að semja alveg nýtt lagafrv. og geta svo lítið um í grg. og annars staðar hvernig ákvæðin væru í núgildandi lögum. Auðvitað gat ég kynnt mér þau sem ég og gerði. Ég komst þá að því að kannski er höfuðbreytingin sú að nú á að banna sinubrennur en áður voru þær heimilaðar með mjög ströngum ákvæðum. Í 4. gr. núgildandi laga stendur skýrt að leita skuli leyfis hreppstjóra áður en sinubrenna er framkvæmd. Það þarf því leyfi samkvæmt núgildandi lögum til þess að brenna sinu. Hér hafa tveir hv. alþm. játað að hafa brotið lögin með því að brenna sinu án þess að biðja um leyfi og eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson sagði þá taldi hann að ómögulegt væri að þurfa að biðja um leyfi til að brenna sinu á landi sínu. Samkvæmt núgildandi lögum þarf hann samt að gera það. Ég get ekki séð betur. (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, ég tek það til baka, það var hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, sem lýsti því yfir að hún hefði brennt sinu. Hins vegar lýsti hinn þingmaðurinn því yfir að það væri ómögulegt að þurfa að biðja um leyfi til að fá að brenna sinu og væntanlega hefur hann þá gert það hingað til, en telur að það sé of umhendis að þurfa að standa í því.

Samkvæmt núgildandi lögum er bannað að brenna sinu innan kaupstaða og kauptúna eða í þéttbýli. Í grg. með þessu frv. segir að með nýrri lagasetningu og markvissri framkvæmd lagaákvæða í kjölfar hennar um allt land ætti að vera hægt að hafa hemil á brennufaraldri. Þá er fyrst og fremst verið að tala um brennufaraldur í Reykjavík og það er einnig vandamál utan Reykjavíkur. Ég á mjög erfitt með að sjá að nokkuð í frv. uppfylli það, sem ég hefði þó gjarnan viljað sjá að með þessari lagasetningu, að möguleiki væri á markvissari framkvæmd. Mér þætti mjög gott að fá að vita það hér við 1. umr. í hverju hún væri fyrst og fremst fólgin, þ.e. hver væru helstu frávikin, því í báðum til-

vikum er bótaábyrgð á tjóni sem hlýst af sinubruna. Annars vegar í 5. gr. frv. og hins vegar í 9. gr. laganna er talað um það og á ég frekar erfitt með að sjá að frv., ef að lögum verður, muni endilega verða svo mikið til bóta, því miður. Ég hefði talið að það hefði auðvitað mátt gera einhverjar bætur á þeim lögum sem nú eru í gildi í stað þess að flytja nýtt frv., sérstaklega ef það verður til þess að þingmenn stjórnarliðsins hafi fyrirvara á að samþykkja frv. Ég vona að það sé ekki mjög almennt en þó lýsti hv. þm. Pálmi Jónsson því yfir að það væri ekki bara hann heldur fleiri þingmenn í Sjálfstfl. sem hefðu slíkan fyrirvara, ef ég skildi hann rétt. Mér þykir það slæmt ef veikja á þau ákvæði sem hér eru inni því ég tel að frekar eigi að herða þau ef eitthvað er.

Ég tel að það skipti kannski ekki öllu máli þótt við setjum inn í lögin einhver frekari ákvæði um hvaða skilyrðum eigi að fullnægja til að fá leyfi til sinubrennu. Í 2. gr. er talað um hvenær slík leyfi á að veita: Ef ekki stafar almannahætta af brunanum, ekki hætta á eyðingu náttúruminja, lyngs, trjágróðurs, mannvirkja o.s.frv. Ég taldi og tel enn eðlilegt að ráðherra geti útfært það nánar í reglugerð en það má, mér að meinalausu, setja inn í lög ákvæði sem skýra betur hvenær leyfi skuli veitt ef það er ekki þá til að takmarka það að hægt sé að taka á málinu.

Þetta vil ég segja, virðulegur forseti, hér við 1. umr. en almennt vil ég segja að ég tel að það þurfi að taka á þessum málum og hvort sem þetta frv. verður að lögum eða ekki þá þurfi að herða mjög eftirlit með sinubrennum. Ef við verðum svo óheppin að frv. verði ekki að lögum held ég að umhvrn. ætti að ganga eftir því að farið sé eftir núgildandi lögum.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því frv. sem hér er komið fram um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi. Ég tel að rétt að setja ný lög þar sem það er fortakslaust bannað einfaldlega vegna þess að það eru komnar á og eru í gangi ákveðnar aðferðir eða venjur í sambandi við meðferð elds á víðavangi. Ef breyting á að verða á held ég að setja þurfi ný lög og fara með mjög ákveðnum hætti í að framfylgja þeim. Ég held að það sé hárrétt tekið á málinu með því að banna þetta en gefa hins vegar þeim ábúendum jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða einum möguleika til að fá leyfi til að brenna sinu. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera en ég vil reyndar vara við því, sem mér fannst koma fram hjá hæstv. umhvrh. eða ég skildi hann þannig, að það gæti komið til greina að menn fái ótiltekið leyfi. Mér finnst það þurfi að vera í föstum skorðum hvernig með þetta er farið. Ég tel að það þurfi að gerast þannig að þeir sem fá leyfi til sinubrennu kveiki sinuelda í samráði við t.d. hreppstjórann sem hefði umboð sýslumanns í viðkomandi sveitarfélagi til að fara með þessi mál. Hreppstjóri hefði þá alfarið þessi mál á sínum höndum. Ekki væru kveiktir eldar nema í samráði við hann. Út af fyrir sig held ég að það hljóti að vera nægilegt að það samráð fari fram í gegnum síma þegar viðkomandi aðilar hafa hvort eð er leyfi til að brenna sinu. Þeir geta haft samráð við sinn hreppstjóra og látið hann vita að nú vilji þeir brenna. Ef hann hefur ekki neitt við það að athuga vegna veðurfars eða annarra aðstæðna þá gangi það fyrir sig eins og landeigandi eða umsjónarmaður lands vill. Það vil ég að komi fram vegna þess að í tímans ráð geta aðstæður breyst og hættur geta myndast af sinueldum á landi þar sem engar hættur eru kannski í dag. Það getur verið að menn fari að rækta skóga nálægt því landi eða eitthvað annað breytist í mannvirkjagerð eða náttúrunni sem menn sjá ekki fyrir þegar leyfin eru gefin.

Þetta voru kannski helstu atriðin. Mér finnst þetta vera einfalt mál og ég er sammála því að það megi og eigi að gera þetta með reglugerð vegna þess að ég tel að möguleikar verði að vera á að breyta reglunum og ástæðulaust sé að breyta lögum ef menn telja að lagfæra þurfi eitthvert atriði í framkvæmdinni.

Mér finnst mjög mikilvægt að ekki sé gefið eftir strax í upphafi. Þessi mál eru í miklum ólestri og kannski er ekki öllum það jafn vel ljóst að verulegir skaðar hafa orðið víða af sinueldum. Ég hugsa að það sé varla hægt að finna þéttbýli þar sem sinubrennur fara á annað borð fram þar sem ekki hafa orðið töluverðir skaðar af slíkum brennum. Brunnið hafa skógarreitir og mannvirki af ýmsu tagi. Það er satt að segja aldeilis ómögulegt að halda aftur af brennufólki sem fer á stjá þegar bændur byrja að kveikja elda á vorin. Ég held að ekkert nema það að banna þetta alfarið og að slökkviliðinu sé beitt á hvern blett sem venja er að kveikja á eld geti stöðvað þetta. Meðan það er venja að kveikja í einhverjum svæðum á landinu eins og nú er þá verður erfitt að halda aftur af þeim unglingum og krökkum, eins og ég sagði áðan, sem hafa gaman af því að kveikja þessa elda.

Ég hef í sjálfu sér ekki neina tillögu hér um að breyta einhverju í sambandi við frv. Ég vona að sú nefnd sem fer yfir málið muni skoða hvort einhver sértök vandamál séu á ferðinni. En vegna þeirrar andstöðu sem mér fannst koma fram áðan tel ég ástæðu til að láta það koma fram að ég sé ekki annað en að það þurfi þessa breytingu til að þær venjur sem eru í gangi núna verði aflagðar. Það þarf í framhaldinu að taka dálítið myndarlega á þegar frv. verður að lögum, sem vonandi verður, og fylgja málinu strax eftir þannig að þær óvenjur sem hafa verið í gangi verði lagðar af.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 60. mál (ökupróf o.fl.). — Þskj. 536, brtt. 570.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. allshn. á þskj. 570 við 60. mál, frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, á þskj. 536. Allshn. kom

saman á milli 2. og 3. umr. og ákvað nefndin að koma með brtt. við frv. sem hljóðar svo:

„Við 3. gr. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þess skal gætt að einhver stjórnarmanna hafi þekkingu á sviði ökukennslu.“

Á fund nefndarinnar voru boðaðir til viðtals fulltrúar ökukennara þeir Guðbrandur Bogason, Arnaldur Árnason og Snorri Bjarnason þar sem ökukennarar eru að sjálfsögðu úr þeim hópi sem hefur sérþekkingu á umferðarkennslu en frv. það sem hér er rætt um felur það einmitt í sér að umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og ökupróf færist til Umferðarráðs. Auk þess voru boðaðir til fundar við nefndina Guðmundur Ágústsson, formaður Umferðarráðs, og Ari Edwald, aðstoðarmaður dómsmrh.

Að þessum viðræðum loknum ákvað nefndin að koma með brtt. til að undirstrika enn frekar álit nefndarmanna allshn. að nauðsynlegt sé að gæta faglegra sjónarmiða við ökukennslu við þá skipulagsbreytingu sem frv. gerir ráð fyrir.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Brtt. sú sem hér er flutt og skrifuð á allshn. á sér þann aðdraganda sem hv. formaður nefndarinnar gerði hér grein fyrir, þ.e. eftir 2. umr. kom bréf frá Ökukennarafélagi Íslands þar sem það lét í ljós óánægju sína með það hversu lítill þeirra hlutur væri í þessari nýju stofnun og lítil trygging fyrir því að sú þekking sem þeir búa yfir fengi þar að njóta sín. Að beiðni minni hlutans var haldinn fundur í morgun í nefndinni þar sem þeir komu og skýrðu sín sjónarmið. Þar kom einnig formaður Umferðarráðs og fulltrúi dómsmrn. Það voru satt að segja fróðlegar umræður því að þar kom fram mjög skýr staðfesting á því sem við í minni hlutanum höfðum verið að halda fram við 2. umr. málsins. T.d. sagði formaður Umferðarráðs að það sé ekki síður verið að breyta skipulagi Umferðarráðs með því að setja eina stjórn sem tekur ákvarðanir og ræður og losna við hið þunglamalega Umferðarráð. Það er sem sagt undirstrikað að verið er að breyta algerlega stjórn þeirrar stofnunar, frá því að vera frjáls samtök áhugaaðila um umferðarmál sem kýs sér framkvæmdanefnd úr sínum hópi og í það að vera ráðherraskipuð stjórn. Enda kom það líka fram hjá aðstoðarmanni dómsmrh. að ekki kæmi til greina í opinberri stofnun, eins og hann orðaði það, að ráðherra skipi ekki meiri hluta. Að hans mati hefur Umferðarráð hingað til ekki verið opinber stofnun því hann sagði að við breytinguna í að það verði að opinberri stofnun hljóti ráðherra að skipa að eigin geðþótta meiri hluta stjórnarinnar. Þetta var til að undirstrika þá skipulagsbreytingu sem við í minni hlutanum bentum á og vöruðum við að væri verið að gera á Umferðarráði.

Hins vegar gerðu fulltrúar ökukennara nánari grein fyrir sínum viðhorfum þar sem þeir skýrðu frá því að fram hjá þeim hefði verið gengið að undanförnu við meðferð þessara mála í dómsmrn. Þeir lögðu áherslu á að best yrði tryggt að hin faglegu sjónarmið kæmu fram ef skipuð væri ráðgjafanefnd til þess að hafa hönd í bagga með framkvæmd ökukennslunnar. Það væri betra en að þeim yrði tryggður einn fulltrúi í stjórnina þar sem hann yrði þá í miklum minni hluta. Ég ítrekaði hins vegar á fundinum hvort ekki væri hægt að einhverju leyti að koma til móts við viðhorf ökukennara og að þeirra þekking fengi að njóta sín við stjórn þessara mála. Niðurstaðan varð sú sem hér kemur fram brtt. um. Ég beindi þessari ósk til meiri hluta nefndarinnar sem hefur fallist á hana. Að sjálfsögðu er ekki nema að litlu leyti komið til móts við ábendingar ökukennara um hið faglega ráð þótt þeim verði tryggður fulltrúi í stjórninni sem þeir töldu að væri miklu lakari kostur. Hér er það einungis sett fram sem nefndarmenn lýstu allir yfir að þeir teldu að ætti að stefna að, þ.e. að ökukennarar fengju þarna einhver áhrif að hafa.

Ég þori ekki að segja neitt um það hvernig þetta verður í framkvæmd en með þessari litlu brtt. er verið að koma örlítið til móts við eðlilegar og að mínu mati æskilegar ábendingar frá ökukennurum. Að sjálfsögðu fer það eftir því hvernig ráðherra ákveður framkvæmd greinarinnar hversu mikil áhrifin verða þar sem ákvæði greinarinnar eru ekki afgerandi. Ég veit ekki nema það væri kannski heppilegra, og vil beina því til formanns nefndarinnar, að bæta inn í brtt. orðinu „faglegri“ þekkingu á sviði ökukennslu til að undirstrika að það sé fagleg þekking sem við leggjum áherslu á.

Björn Bjarnason:

Virðulegur forseti. Um þetta mál náðist gott samkomulag í hv. allshn. og óþarfi að fara um það mörgum orðum. Strax kom fram í áliti meiri hluta nefndarinnar, sem lagt var hér fram, að meiri hlutinn taldi nauðsynlegt að í reglugerð sem dómsmrn. setur á grundvelli þeirrar breytingar sem verið er að gera hér á lögunum verði kveðið á um þær gæðakröfur sem gera á til ökunámsins, m.a. að því er varðar námsskrár og námsefni og þær kröfur sem þeir aðilar verða að uppfylla sem ætla að annast ökukennslu. Auk faglegra sjónarmiða mæla rekstrarleg sjónarmið með því að færa umsjón ökukennslu frá Bifreiðaprófum ríkisins til Umferðarráðs.

Þetta kemur fram í áliti okkar meiri hlutans og síðan barst þetta bréf frá Ökukennarafélaginu sem allir þingmenn fengu sent og varð tilefni til þess að efnt var til fundar í allshn. með fulltrúum frá Ökukennarafélaginu og dómsmrn., eins og fram hefur komið, auk þess sem formaður Umferðarráðs sat þann fund. Á þeim fundi kom þessi hugmynd fram frá hv. 2. þm. Suðurl. að breyta orðalagi og bæta orðum við 3. gr. og um það náðist góð sátt í nefndinni. Ég held því að með þessu hvoru tveggja, nál. og þeirri áréttingu sem fram kemur í brtt. sem hér er til umræðu, hafi verið komið vel til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið frá ökukennurum. Auðvitað ætti að geta ríkt gott samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Ég vil aðeins ítreka það sjónarmið að um þetta náðist gott samkomulag í nefndinni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það reyndist svo í ljósi þess fundar sem haldinn var í morgun að nauðsynlegt var að

ræða málið betur í nefndinni. Í raun er ég þeirrar skoðunar að málið hafi ekki verið útrætt. En ég geri mér grein fyrir því að lengra verður ekki komist. Við því er ekkert að segja. Það er ásetningur meiri hluta nefndarinnar að ljúka málinu hið fyrsta og ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, sem er óbreytt frá því sem var við 2. umr. málsins, að ég er verulega ósáttur við það að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa framfylgt umferðarlögum sem kveða á um endurskoðun laganna fyrir árslok 1991. Okkur er tjáð að sú endurskoðun fari nú fram í ráðuneytinu en hefði átt að vinna á síðasta ári og ljúka með framlagningu frv. á haustþingi. Hæstv. ráðherra valdi þá leið að taka út tvo afmarkaða efnisþætti, annars vegar að breyta yfirstjórn Umferðarráðs og breyta því í stofnun með það að markmiði að leggja niður aðra stofnun og sameina Umferðarráði og hins vegar að færa ákveðinn málaflokk, ökukennslu og ökupróf, til Umferðarráðs.

Þetta eru hvort tveggja atriði sem má ræða og ég útiloka ekki að að þessar breytingar geti verið skynsamlegar. En ég tel afar erfitt að taka afstöðu til þeirra einna sér án þess að hafa fyrir framan mig annars vegar heildarendurskoðun laganna og hins vegar þá reglugerð sem samkvæmt umferðarlögum á að setja um ökukennslu og ökupróf. Sú reglugerð hefur ekki enn verið sett þótt lögin séu frá 1989, ef ég man rétt. Ég hygg að ég muni það rétt að stuðst sé við reglugerð sem gefin var út fyrir ævalöngu og litið svo á að sé í gildi.

Ég hef hins vegar haft þann lagalega skilning, sem kannski er misskilningur, að ég tel að reglugerðir geti ekki verið í gildi nema því aðeins að lög sem þær styðjast við séu enn í gildi. Ég á afar erfitt með að skilja að reglugerð geti verið eldri en lögin sem hún á stoð í. En hvað um það. Óskað hafði verið eftir því á fundinum í morgun að fá upplýsingar um það á hvern veg hæstv. ráðherra hygðist breyta reglugerðinni þannig að við fengjum upplýsingar um hvernig taka ætti á þessum málaflokki faglega. Það hlýtur að vera sá grundvöllur sem við verðum að hafa þegar við reynum að meta breytingar af því tagi sem lagt er til í frv., hvort þær séu til betri vegar eða ekki. Ég vil því gagnrýna meðferð málsins eins og ég gerði við 2. umr. og hefur gagnrýni mín ekkert breyst frá fyrri umfjöllun.

Varðandi þá brtt. sem lögð var fram í dag og ég vissi reyndar ekki um fyrr en ég sá henni útbýtt, vil ég þó segja að hún færir vissulega frv., með áorðnum breytingum, til betri vegar. Ég tel rétt að brtt. nái fram að ganga, þó svo hún gangi mun skemur en ég hefði kosið. Ég tel að t.d. hefði verið nauðsynlegt að hafa í texta á þskj. 570 það ákvæði að einhver stjórnarmanna hafi sérþekkingu á sviði ökukennslu, það nægi ekki að hafa þekkingu á því sviði heldur sérþekkingu. Ef grannt er skoðað, hugsa ég að býsna margir hafi þekkingu á ökukennslu. Ég hugsa jafnvel að ég gæti sagt að ég hefði þó nokkra þekkingu á þeim málum og flestir gætu látið hið sama hvarfla að sér. Mér finnst viðbótin í raun og veru ansi rúm og ef efnisinntakið á fram að ganga verður það að byggjast á góðum vilja hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég held að ástæðulaust sé að fara út í frekari umfjöllun um frv. og breytingar á því. Ég hef þegar látið það koma fram sem mér þótti nauðsynlegt.

Jón Helgason:

Herra forseti. Þegar hv. 3. þm. Reykv. var að tala varð mér ljóst að ég hafði kannski ekki tekið nógu skýrt fram að að sjálfsögðu eru þeir fyrirvarar og sú gagnrýni sem komu fram á frv. við 2. umr. í fullu gildi, þó þessi lagfæring hafi verið gerð eftir minni ábendingu. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um hana.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykn., Anna Ólafsdóttir Björnsson, á sæti í allshn. sem fjallaði um frv. Hún gat ekki verið hér í kvöld en hafði sýnt mér brtt. á þskj. 570 sem nú hefur verið prentuð upp. Hún sagðist vera sammála þeirri brtt. Þar stóð „sérþekkingu í umferðarkennslu" en strikað var yfir „umferðar" og sett „öku" í staðinn. Þannig sýndi hún mér tillöguna. Ég vil taka þetta fram, virðulegi forseti, þannig að samþykki hennar var við þá brtt. að „öku" kæmi í staðinn fyrir „umferðar". Ég vildi gera grein fyrir þessu áliti hennar. Ég skal ekki um það segja hvort henni finnst þetta með „sérþekkinguna" vera úrslitaatriði en ég vildi geta þess hér þar sem hún gat ekki sótt þennan fund.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun iðnaðarstefnu, fyrri umr.

Þáltill. StG, 91. mál. — Þskj. 94.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir till. til ál. um endurskoðun iðnaðarstefnu. Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að koma á fót nefnd, skipaðri fulltrúum tilnefndum af samtökum iðnaðarins og þingflokka, er hafi það verkefni að vinna að endurskoðun iðnaðarstefnu með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og í helstu viðskiptalöndum, sbr. ályktun Alþingis frá 3. maí 1982 og álit samstarfsnefndar um iðnþróun frá maí 1979.

Jafnframt leiti starfshópurinn leiða til að bæta starfsskilyrði íslensks iðnaðar og gera tillögur þar um."

Í grg. með tillögunni segir svo m.a.:

Þann 21. sept. 1978 skipaði þáv. iðnrh. samstarfsnefnd um iðnþróun sem hafði það hlutverk m.a. að vera ráðherra til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og að efla samstarf innan iðnaðarins um að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem samstaða næðist um í nefndinni og á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis. Í maí 1979 skilaði nefndin mjög áhugaverðri og ítarlegri skýrslu sem síðar var birt sem fylgiskjal með tillögu iðnrh. til þingsályktunar um iðnaðarstefnu. Þar segir m.a.:

„Með tillögum þeim, sem hér fara á eftir, er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði hagstæð vaxtarskilyrði með samræmdum aðgerðum af hálfu ríkisins, sveitarfélaga, opinberra stofnana, samtaka atvinnulífsins og fyrirtækja í iðnaði. Með tillögunum er reynt að samræma þau öfl sem mest áhrif hafa á mótun iðnaðar í þá átt að hagnýta innlendar aðstæður til arðbærrar framleiðslu fyrir innlendan markað og til útflutnings og auka framleiðni iðnaðarins og efla hann til að mæta vaxandi samkeppni á heimsmarkaði og hagnýta þau tækifæri sem greiðari alþjóðaverslun býður upp á."

Frá því að þessi skýrsla var lögð fram hefur margt breyst í íslensku þjóðlífi og ýmsar breytingar eru í sjónmáli sem gefa tilefni til að endurmeta stefnuna í iðnaðarmálum.

Hér voru svo sannarlega gefin fögur fyrirheit um að iðnaðinum yrði betur sinnt en fyrr. Þeir er við hann starfa töldu sig sjá hilla undir að stjórnvöld settu sér ákveðið markmið sem stefnt skyldi að og með því yrði ákveðinni og skilvirkari stefnu í íslensku atvinnulífi fylgt. Því miður hefur nokkuð skort á að svo væri. Hlutverk stjórnvalda á að vera að tryggja forræði landsmanna sjálfra yfir auðlindum landsins og búa til þann ramma sem atvinnulífinu er ætlað að starfa innan, frjálst starfsumhverfi og rekstrarskilyrði. Það er síðan fyrirtækjanna sjálfra að aðlaga starfsemi sína því rekstrarumhverfi sem ríkir hverju sinni.

Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir um Evrópskt efnahagssvæði, munu hafa mjög víðtæk áhrif á íslenskan iðnað. Sú alþjóðlega samkeppni, sem nú er stefnt að, gerir mjög auknar kröfur til iðnaðarins. Því er nú svo nauðsynlegt að móta markvissa og skilvirka iðnaðarstefnu sem ekki aðeins hvetur til nýsköpunar í iðnaði heldur þarf hún einnig að bæta samkeppnisstöðu, auka vöruþróun og markaðsrannsóknir íslensks iðnaðar.

Algjör stefnubreyting hefur orðið í sjávarútvegi og landbúnaði frá því að skýrslan var gerð og Alþingi samþykkti ályktunina. Er þar átt við stjórn fiskveiða með mjög hefta sókn til hafsins og hina ströngu framleiðslustýringu og framleiðslutakmarkanir í landbúnaði.

Það má öllum ljóst vera sem hugleiða stöðu atvinnuvega þjóðarinnar að þeir standa nú á krossgötum nýrra leiða. Því er nú skynsamlegt og reyndar mjög nauðsynlegt að endurmat fari fram á iðnaðarstefnunni.

Fyrir ekki mjög löngu stóð Landssamband iðnaðarmanna fyrir heimsókn til Ítalíu, nánar tiltekið til héraðsins Emilia Romagna á norðanverðri Ítalíu. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna í ákaflega fróðlega skýrslu úr þessari ferð. Þar segir svo m.a.:

„Mestan hluta aldarinnar hefur mikilvægi smáfyrirtækja, mælt sem hlutdeild í heildarvinnuafli í fyrirtækjum með færri en 100 starfsmenn, farið minnkandi í OECD-löndunum. Um 1970 fjölgar smáfyrirtækjum hlutfallslega þvert á allar spár. Samtímis auka stórfyrirtækin sjálfsforræði einstakra eininga, eða eins og þekktur bandarískur viðskiptafræðingur orðaði það, risarnir eru að læra að dansa.

Milli áranna 1980 og 1986 fækkaði starfsmönnum í fyrirtækjum í Bandaríkjunum með fleiri en 500 starfsmenn um 11% eða um 2 milljónir starfa. Á sama tíma fjölgaði þeim í fyrirtækjum með færri en 100 starfsmenn um 326.000, eða sem samsvarar um 8% aukningu. Samsvarandi tölur má finna frá öðrum löndum. Fyrri hluta aldarinnar var það fjöldaframleiðsla stórfyrirtækjanna sem var burðarás hagvaxtarins en í dag er það samspil stórra og lítilla fyrirtækja sem ræður ferðinni. Kröfur neytenda um sérhæfðari afurðir og örari tækninýjungar kalla á innbyrðis sérhæfingu og samstarf um vöruþróun.

Í Emilia Romagna er samstarf fyrirtækja hvað öflugast í heiminum. Í héraðinu búa um 4 millj. íbúa og landsvæðið er um ⅛ af flatarmáli Íslands. Héraðið er orðið heimsþekkt fyrir þá staðreynd að hagvöxtur er langt umfram landsmeðaltalið á Ítalíu og svipar til þess sem gerist best í iðnríkjum annars staðar í heiminum. Árið 1970 var Emilia Romagna vel undir meðaltali á Ítalíu en 15 árum síðar var það annað ríkasta héraðið og launin 25% hærri en meðallaun á Ítalíu allri. Styrkur héraðsins liggur í fjölþættri framleiðslu sem byggir á nánum tengslum milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fyrirtækin sérhæfa sig innbyrðis og styrkja hvert annað í vöruþróun, framleiðslu og markaðssetningu.

Í héraðinu eru um 100 þús. lítil iðnaðar- og handverksfyrirtæki. Flest þeirra hafa færri en 50 starfsmenn og hjá þeim vinna um 40% starfandi manna á svæðinu."

Fyrirtækjanet er samstarf og samstarfsaðferðir sem gera litlum fyrirtækjum mögulegt að keppa við hæfustu stórfyrirtækin.

Um þróunina á Íslandi segir í skýrslunni m.a.:

„Þrátt fyrir dapurlegt útlit á mörgum sviðum íslensks atvinnulífs má ekki gleyma því að við erum með tekjuhæstu þjóðum heims, erum nálægt heimsmetinu í lífaldri, velferð og menntun. Viðvarandi áhyggjuefni er þó það að ekki hefur tekist að koma á fót öflugum útflutningsiðnaði. Útflutningur á fullunnum iðnaðarvörum er hverfandi, eða nokkur prósent ef stóriðjan er ekki talin með og þannig hefur það verið í áratugi. Alvarlegra er þó að útflutningur hefðbundinna greina er að dragast saman ef eitthvað er. Ullariðnaðurinn er ekki svipur hjá sjón, stöðnun, nánast hrun er í lagmetinu. Tæknivörur fyrir sjávarútveg, sú grein sem hvað mestar vonir hafa verið bundnar við, eru í ákveðinni lægð.

Ef við snúum okkur nú að samanburði á því sem hefur verið að gerast erlendis á þeim svæðum sem um ræðir og ástandinu hér á landi síðastliðna áratugi, þá virðist munurinn ekki vera mikill á yfirborðinu. Til staðar eru fjölmörg lífseig smáfyrirtæki sem virðast geta lagað sig að breyttum aðstæðum með fítonshraða. Fram á allra síðustu ár voru gjaldþrot sjaldgæf þrátt fyrir sveiflukennd starfsskilyrði. Raunvextirnir hafa breytt þessu nú, en sveigjanleikinn og nýsköpunin eru enn til staðar.

Það sem skilur á milli er fyrst og fremst tvennt. Í fyrsta lagi eru einstök fyrirtæki í algengustu greinunum eftirmynd annarra fyrirtækja í sömu grein. Innri sérhæfing hefur til skamms tíma verið sáralítil. Í öðru

lagi hefur ekki tekist að búa til fyrirtæki eða fyrirtækjanet sem hafa haft bolmagn til útflutnings, nema í örfáum tilfellum.

Það sem virðist hafa gerst hér hjá okkur er að samkeppnin eyðileggur í stað þess að byggja upp. Atvinnulíf landsmanna hefur, allt fram á allra síðustu ár, gengið út á að útvíkka þá starfsemi sem fyrir var í stað þess að koma á innri sérhæfingu."

Niðurstöður af skýrslunni eru fyrst og fremst þær, að aðallega fjögur atriði gera það að verkum að íslenskur framleiðslu- og þjónustuiðnaður stendur veikar en samkeppnisaðilar víða erlendis. Í fyrsta lagi hefur ekki tekist að koma krafti í útflutning á fullunnum iðnvarningi. Í öðru lagi skortir á samstarf og innri sérhæfingu fyrirtækja. Fyrirtæki eru sjaldan rekin með hliðsjón af framleiðni þess fjármagns sem í þeim er bundið. Og síðast en ekki síst skortir nánari tengsl á milli framleiðsluiðnaðarins og þeirra sem eru langskólagengnir.

Virðulegi forseti. Með samstarfi stjórnvalda við samtök iðnaðarins sjálfs og þeirra er þar starfa má vissulega vænta að betri árangur náist í þessari atvinnugrein og skilningur aukist á mikilvægi iðnaðar og vaxtarmöguleikum hans.

Mikilvægi iðnþróunar hefur aukist frá því sem var, sérstaklega þegar litið er til landsbyggðarinnar, því enn er mannafli á Íslandi í vexti og því verður starfstækifærum að fjölga. Auk þeirra breytinga, sem gerst hafa innan lands, eru í sjónmáli breytingar í viðskiptalöndum okkar sem hvort tveggja í senn munu skapa ný vandamál og nýja möguleika.

Með allt þetta í huga virðist augljóst að Ísland verður að hafa iðnaðarstefnu sem hæfir þessum nýju aðstæðum og því er þessi tillaga flutt.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umræðu og iðnn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt athugað hjá flm. till., hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, að atvinnuvegir þjóðarinnar standa nú á krossgötum. Bæði er nauðsynlegt og skynsamlegt að endurmat á stefnu okkar í atvinnumálum fari fram og þar með á iðnaðarstefnunni. Að slíku endurmati er nú unnið í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, m.a. í samvinnu við hagsmunaaðila. Þar er t.d. unnið að margvíslegri gagnasöfnun sem leggja þarf til grundvallar mótun nýrrar stefnu. En ég vildi líka, virðulegi forseti, benda á að það þarf að meta af raunsæi hverju fyrri stefnumótun stjórnvalda, sem til var vitnað af hv. flm. þessarar till. og kemur fram í grg. hennar, hafi fengið áorkað, t.d. sú stefna sem vitnað var til frá árinu 1978.

Nefndarskipun, eins og gerð er hér tillaga um, kemur vissulega til greina þegar málið er komið lengra en ég bið þingheim að hafa í huga að reynslan af slíkum nefndarstörfum hefur oft verið næsta blendin. Ekki er tilefni til þess við þessa umræðu að ræða í einstökum greinum í hverju ný stefnumótun í iðnaðarmálum ætti að vera fólgin, reyndar tel ég að best sé að láta verkin tala.

Reynslan undanfarin ár hefur því miður verið sú að stjórnvöld hafa verið um of bundin af vandamálum sem eiga rætur í fortíðinni og oft stafa af því að fyrirtæki hafa ekki gætt nægilega vel að breytingum í umhverfi sínu. Af þessum ástæðum hafa stjórnvöld of lítið sinnt framtíðarþróun og nýsköpun í atvinnugreinum. M.a. er mikilvægt að huga að því að þeim, sem vilja stofna ný fyrirtæki, sé gert það sem auðveldast því sannleikurinn er auðvitað sá að framfarir í atvinnumálum okkar verða á vegum fyrirtækja. Einnig þarf að huga sérstaklega að starfsskilyrðum smáfyrirtækja og samstarfsmöguleikum þeirra, m.a. því sem oft er nefnt fyrirtækjanet.

Sannleikurinn er sá að Íslendingar þekkja vel það sem heitir á nútímamáli fyrirtækjanet úr eigin atvinnusögu. Þar nægir að nefna samvinnufélögin og ég bendi líka á samtök fyrirtækja í útflutningi sem eru hér gamalgróin. Þau samtök og það starf hafa einmitt sameinað kosti sérhæfingar fyrirtækja og yfirráða heimamanna yfir þeim og samtök um verkefni sem menn leysa betur saman. Þetta eru fyrirtækjanet eins og í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og í því fyrirtæki sem nú heita Íslenskar sjávarafurðir. Og þótt dæmið frá Emilia Romagna á Norður-Ítalíu geti verið allra góðra gjalda vert þá hygg ég að Íslendingar hafi riðið fyrirtækjanet án þess að vita af því eins og maðurinn sem talaði prósa allt sitt líf án þess að átta sig á því. Þetta segi ég ekki af því að við þurfum ekki að hyggja að lausnum af því tagi á sviði iðnaðar, það er líka gert.

Einmitt nú stendur yfir verkefni sem hefur verið kallað „Málmur '92" sem byggist á samstarfi fyrirtækja í málmiðnaði, líkt samstarfsverkefni um hagræðingu og eflingu fyrirtækja í húsgagnaiðnaði stendur einmitt yfir, hvort tveggja með þátttöku iðnrn. Ég vildi, virðulegi forseti, láta þess getið að fulltrúi iðnrn. tók þátt í því ferðalagi, sem hv. þm. Stefán Guðmundsson vitnaði hér til áðan í sinni ræðu, til Ítalíu til þess héraðs sem hefur getið sér gott orð fyrir öflugt samstarf smárra fyrirtækja.

En mikilvægt er að huga að þessu með öðru og hafna ekki lausnum sem byggja á því sem augljósast er að geti orðið okkur til framdráttar sem er frekari nýting orkulindanna. Þetta tvennt saman getur gefið okkur mikla möguleika.

Það er rétt sem kemur fram í grg. með þeirri þáltill. sem við erum að ræða að samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði kalla á nýtt átak í atvinnumálum. Þar hlýtur að vera efst á baugi að samræma starfsskilyrði iðnaðar því sem gengur og gerist í öðrum ríkjum á hinu mikla sameiginlega markaðssvæði 380 milljón manna. Reyndar er alls ekki nóg að iðnaðurinn hafi jafngóð skilyrði, hann þarf að hafa rekstrarumhverfi sem veitir honum betri vaxtarskilyrði en erlendir samkeppnisaðilar njóta.

Ég vil líka benda á að það er satt að segja merkilegt hversu vel iðnaðurinn hefur haldið hlut sínum á fríverslunartímanum frá 1970 í þjóðarframleiðslu og útflutningi og ég held að menn ættu að huga vandlega að þeirri tveggja áratuga þróun áður en þeir fella dóma um það hvernig íslenskum iðnaði hafi vegnað við skil-

yrði frjálsrar samkeppni. Ég tel að þar sé margt afar vel af hendi leyst og hafna úrtölum í því sambandi. En það er rétt, við þurfum að veita iðnaðinum enn betri rekstrarskilyrði því aðeins þannig mun hann taka þann fjörkipp sem þjóðinni er nauðsynlegur. Mér finnst eðlilegt, virðulegi forseti, að hv. iðnn. fjalli um þessa þáltill. í þeim anda.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir undirtektirnar, ég er svona mátulega sáttur við þær. Ég held að hæstv. ráðherra megi ekki líta svo á að um beina gagnrýni á hann sé að ræða. Enda þótt hann sé búinn að sitja lengi í þessum stól þá er hann bara mannlegur eins og við öll hin og vissulega er það svo að hægt hefði verið að gera sumt betur þótt þar hafi hins vegar margt verið líka vel gert og ekkert er fullkomið.

Það er alveg rétt að ég vék hér að ítarlegri skýrslu, hefði getað fjallað ítarlegar um hana, um ferð til Ítalíu. Mér er kunnugt um það að menn hafa leitað víðar fanga. Ekki síst hafa iðnaðarmennirnir sjálfir leitað fyrir sér. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að þeir væru kallaðir til svo að menn fengju að njóta þekkingar þeirra og áhuga á endurskoðun og mótun nýrrar iðnaðarstefnu.

Þessi fyrirtækjanet, sem við köllum, eru ekki aðeins þekkt frá Ítalíu. Þau eru sem betur fer miklu víðar en höfuðmáli skiptir að niðurstaðan virðist alls staðar vera sú sama.

Ekki er það verra sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. ef Samband ísl. samvinnufélaga hefur verið frumkvöðullinn að því að koma upp þessu fyrirtækjaneti, sem ég var að tala um, og er nú svo mjög að ryðja sér til rúms í heiminum.

Ég tek undir það að menn þurfa að skoða þetta með opnum huga. Það sem segir í skýrslunni, sem unnin er af þessum mætu mönnum sem þarna fóru, veldur manni áhyggjum og er til umhugsunar. Með leyfi forseta ætla ég að lesa nokkrar línur, en þar segir um þróunina á Íslandi m.a.:

„Það sem virðist hafa gerst hjá okkur er að samkeppnin eyðileggur í stað þess að byggja upp. Atvinnulíf landsmanna hefur allt fram á allra síðustu ár gengið út á að útvíkka þá starfsemi sem fyrir er í stað þess að koma á innri sérhæfingu."

Hér er mikið sagt og í mínum huga er engin spurning að ástæða er til þess að staldra við og líta til átta.

Ég treysti ágætlega starfsliði hæstv. iðnrh. en það eru víðar til menn í þessu þjóðfélagi en í ráðuneytunum og eins og Marka-Leifi, sá frægi Skagfirðingur sagði: Þeim getur nú skjátlast þó þeir séu í kórnum.

Ég held að það mundi bæta þá umfjöllun sem þetta mál þarf svo nauðsynlega að fá að fleiri verði kallaðir til að fjalla um slíka stefnumörkun en sá þröngi hópur þó það sé orðið nokkurt mannval í iðnrn.

Að lokum, virðulegi forseti, ber vissulega að þakka undirtektirnar þó ég segi enn og aftur að ég átti að mörgu leyti von á annars konar viðbrögðum. Á Alþingi hefur ekki farið fram mikil umræða um iðnaðarmál. Það er út af fyrir sig áhyggjuefni. Það hefur farið fram umræða um byggingu álvers fram og aftur, en almennt hefur ekki farið fram mikil umræða um iðnaðarmál. Það veldur mér áhyggjum, virðulegi forseti, og ég trúi því að svo sé með fleiri hv. alþm., að almennur útflutningsiðnaður vex ekki hér á landi þrátt fyrir mikla aukningu hjá nágrannaþjóðum okkar. Það er áhyggjuefni, hæstv. iðnrh. Þess vegna er þessi tillaga m.a. flutt. Í trausti þess að hún verði samþykkt vænti ég þess að iðnaðarins á Íslandi bíði bjartari tíð.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir að flytja þessa þáltill. Full ástæða er til þess að draga málefni iðnaðarins til umræðu hér í hv. Alþingi. Ég tel að verulegar umræður þurfi að fara fram um íslenskan iðnað og þær hljóti að fara fram í ljósi fyrirætlana stjórnvalda um að tengja Ísland við alþjóðleg markaðssvæði enn betur og meira en orðið er. Menn þurfa að hugsa ýmislegt upp á nýtt, samkeppnin verður miklu harðari og virkari en hún hefur verið. Hún verður sjálfsagt á fleiri sviðum og erfiðara verður að verja það sem fyrir er. En ég tel reyndar að það þurfi að huga að miklu fleiru. Ég tel að ekki síst þurfi að huga nú um stundir að því að reyna að breyta hugarfarinu í landinu, að mynda meiri kjark og áræði hjá fólki sem hugsanlega hefði áhuga á að stofna fyrirtæki og brydda upp á nýjungum í framleiðslu og annað eftir því. Ég held að nú sé ákveðinn vandi á ferðinni sem tengist hugarfarinu. T.d. eru ekki margir sem leggja út í stofnun nýrra fyrirtækja og miklu færri en áður. Það er einfaldlega vegna þess að fólk óttast afdrif sín í þeim rekstri sem það hefur áhuga á að fara út í. Mikið hefur verið um gjaldþrot, mikið hefur verið um það að fyrirtæki hafi farið á hausinn eins og sagt er, í iðnaði og alls kyns þjónustu. Finna þarf leiðir til að styðja við nýgræðinginn til að fólk fái kjarkinn og finni að staðið er við bakið á því ef það vill ráðast í að koma hugmyndum sínum á framfæri. Þetta held ég að sé eitt af stærri vandamálunum í sambandi við ný fyrirtæki og nýjar atvinnugreinar. Ég held að vinna þurfi að þessu í gegnum skólakerfið og að stjórnvöld þurfi að horfast í augu við það að þau þurfa líka að styðja við þetta með fjárframlögum. Það þarf að vera hægt að veita styrki eða stuðning við stofnun nýrra fyrirtækja. Þetta þurfa ekki endilega að vera styrkir, það getur verið hlutafé. Sveitarfélög hafa t.d. lagt fé í ný fyrirtæki. Vel kann að vera að það sé leiðin að sveitarfélögin geri það tímabundið. Ég er ekki að tala um atvinnurekstur á vegum sveitarfélaganna til frambúðar, en það hefur sýnt sig að það þarf þetta blóð, það þarf þennan stuðning til að ýta af stað fólki sem hefur áhuga. Það verður að finna fyrir honum.

Það er svolítið sérkennilegt að heyra hæstv. iðnrh. lýsa því yfir að hann sé að safna upplýsingum um þessi mál. Hann hlýtur að vera búinn að safna miklum upplýsingum því að hann hefur setið í stól iðnrh. í nokkurn tíma og hann dró það í efa að nefndarstarf skilaði endilega miklum árangri. Það er sjálfsagt upp og ofan en undir styrkri stjórn sem fylgir eftir því sem

nefndir starfa við má búast við árangri. Ég staðnæmdist við eitt sem hann sagði áðan, það var að stjórnvöld hefðu verið upptekin af fortíðarvanda. Við höfum orðið vör við það að nokkru leyti, en ég býst við að hann hafi átt við eitthvað annað en þann fortíðarvanda sem hefur verið í umræðum í Alþingi í vetur, hann hafi átt við einhvern annars konar fortíðarvanda heldur en þann. Ég tel að hann þurfi þá að takast á við þennan fortíðarvanda vegna þess að hann á nú einu sinni að vera frumkvöðull og forustumaður í íslenskum iðnaði og við þurfum að eiga von á því að hæstv. iðnrh., hver sem hann er á hverjum tíma, gangi fremstur í flokki við það að reyna að lyfta upp atvinnulífinu á Íslandi og að finna leiðir og benda á úrræði til þess að auka og hvetja til framleiðslu til nýrra atvinnuskapandi tækifæra í landinu. Á þetta hefur skort, menn hafa einblínt á stóru lausnina, menn einblíndu á álver og þegar sá draumur varð ekki að veruleika, þá var ekkert eftir.

Það er því miður ekki margt að gerast, það er því miður ekki margt sem vekur bjartsýni þessa dagana um það að hér sé að fara af stað einhvers konar ný framleiðsla eða ný atvinnutækifæri að skapast í iðnaði. Það er því miður ekki þannig og þess vegna er það að vonum að menn flytji till. til þál. um að nefnd verði skipuð til þess að reyna að benda á nýjar leiðir. Ég hvet menn til þess að taka jákvætt á því frumkvæði sem kemur fram í formi þessarar þáltill. og þakka fyrir að hún er flutt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði hér áðan að iðnrn. hefur haft og mun hafa náið samstarf við samtök iðnaðarins og iðnaðarmanna um stefnumótun í iðnaðarmálum. Það má vel vera að hv. 4. þm. Norðurl. v. hafi ekki veitt þessu eftirtekt í mínu máli hér áðan en einmitt þess vegna er mér ljúft að endurtaka það.

Það er vissulega rétt athugað, sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Vesturl., að tengslin milli náms og starfs eru mjög mikilvægur hlekkur í atvinnulífinu. Þau eru e.t.v. ekki nægilega sterk. Frumkvöðlar í atvinnulífi hjá okkur eins og mörgum öðrum þjóðum hafa mjög víða komið úr röðum iðnmeistara sem hafa valið sér það hlutskipti frá upphafi að starfa á eigin ábyrgð. Sú viðleitni er því miður ekki samgróin langskólanámi í okkar skólakerfi og langskólamenn leita miklu oftar að störfum en verkefnum. Þess vegna má það vera rétt hjá hv. 3. þm. Vesturl. að þarna sé nokkurrar hugarfarsbreytingar þörf.

Hins vegar vil ég leyfa mér, virðulegi forseti, að vekja athygli þeirra þingmanna, sem þetta mál heyra og ekki síst hv. tveggja ræðumanna, að það er einmitt iðnaðurinn sem þrátt fyrir allt hefur sýnt vöxt framleiðslunnar á síðustu tveimur árum. Í fyrra t.d. jókst iðnaðarframleiðslan um 2,5–3% og um tæplega 2% ef allt er talið en um 2,5–3% ef stóriðjan er skilin frá þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður í okkar þjóðarbúskap. Reyndar var líka vöxtur í iðnaði árið áður, árið 1990. Það er þetta sem menn hafa ekki veitt athygli í barlóminum sem hefur tekið menn allt of föstum tökum. Það er vissulega rétt að við þurfum einmitt stórátak til að efla hér útflutningsiðnað þótt menn þurfi þar að hugsa í áratugum en ekki árum.

Líti menn yfir liðna tíð sést auðvitað glöggt að einmitt frá árinu 1978, þegar iðnaðarstefnumótunin fór fram sem hv. flm. þessarar tillögu vitnaði til, hefur orðið hörmulegt hlé í uppbyggingu iðnaðar á grundvelli okkar orkulinda vegna neikvæðrar afstöðu margra stjórnmálamanna til þeirrar þjóðþrifastarfsemi. Það skulu menn hafa hugfast og láta það ekki blekkja sig þótt nú eigi það litla og huggulega að bjarga landinu og tími hinna stóru lausna sé talinn liðinn. (Gripið fram í.) Ég vil reyndar, virðulegi þingmaður, leggja á það mjög ríka áherslu að það er fjarri öllu lagi að menn hafi vanrækt annað vegna þess að þeir væru með hugann bundinn við stórvirkjanir og iðnað í stórum stíl á grundvelli þeirra. Þvert á móti hafa þeir ágætu menn sem þannig tala ekki veitt því athygli að á vegum iðnrn. hefur á undanförnum árum, og það mun koma enn betur í ljós á þessu ári, beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum einmitt til þess að hvetja til nýjunga, greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífinu með atbeina rannsóknastofnana og nokkrum stuðningi. Það mun koma betur í ljós þegar á veturinn líður.

Að sjálfsögðu er það líka rétt að það er mjög æskilegt að þingmenn leiði hugann að iðnaðarmálum en ég vil vara við þeirri hugsun að iðnvöxtur verði í nefndum. Hann verður í veruleikanum í starfi þess fólks sem við iðnaðinn vinnur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið afar athyglisvert að hlýða á hæstv. iðnrh. í umræðunni og sérstaklega varnaðarorð hans og efasemdir um gagnsemi nefnda. Ég minnist þess að hæstv. iðnrh. hefur um nokkurt skeið haft í gangi nefnd sem á að fjalla um vanda dreifbýlisverslunarinnar og bólar ekkert á neinum niðurstöðum eða úrræðum úr því nefndarstarfi. Ég minnist þess að hæstv. iðnrh. setti á fót nefnd til að fjalla um skipasmíðaiðnaðinn á Ísafirði og hafði þrjá valinkunna menn í þeirri nefnd. Niðurstaðan af því nefndarstarfi varð sú að allt fór á öfugan veg, því miður. Ég get því vel tekið undir og skilið áhyggjur hæstv. iðnrh. af nefndarstörfum í ljósi þessarar reynslu og kannski enn frekar ef maður hefur í huga reynslu hans af nefndarstörfum varðandi álver sem virðst ævinlega renna úr greipum manna hversu kröftugar og aflmiklar nefndir sem menn hafa í gangi til þess að fanga þann vinning.

Ég vil þó segja um það mál sem hér er til umræðu að ég vil taka undir efnisatriði þessarar þáltill. Ég tel að það sé orðið tímabært að hreyfa þessum málaflokki af hálfu hins opinbera og í samráði við hagsmunaaðila og koma á hreyfingu einhverju markvissu starfi til að komast út úr þeirri sjálfheldu sem íslenskur iðnaður virðist að mörgu leyti vera í og þeirri kyrrstöðu sem verið hefur um nokkurt árabil í mörgum iðngreinum. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það að hæstv. iðnrh., sem er búinn að vera í því starfi frá

1987, skuli ekki hafa haft meiri kraft í þessum efnum en raun hefur borið vitni. Ég bendi á stöðu skipasmíðaiðnaðarins. Þar hefur hæstv. ráðherra sagt opinberlega að menn ættu að fara til útlanda til að finna aðila til að smíða skip fyrir Íslendinga. Menn ættu að fara til útlanda og nýta sér það að skipta við ríkisstyrktar verksmiðjur sem greiða kostnaðinn niður. Ég er ekki alveg viss um að allir séu sammála þeirri stefnu hæstv. ráðherra að búa svo um hnútana að heldur betur hefur hallað undan fæti hjá íslenskum skipasmíðaiðnaði vegna þess að hann getur auðvitað ekki keppt við þessi skilyrði. Ég hefði frekar haldið að það væri hlutverk íslenskra stjórnvalda að a.m.k. draga úr mismun á milli landa þannig að innlendir aðilar væru ekki í óheilbrigðri samkeppni við útlendinga. Hið gagnstæða er hins vegar staðföst stefna hæstv. iðnrh., að menn eigi að kaupa eplið á lágu verði þegar það gefst og hugsa ekki til þess tíma þegar menn hætta að selja það ódýrt í útlöndum.

Ég vil minna á það að snemma í haust lögðu þingmenn Alþb. hér fram beiðni um skýrslu, 24. mál. Ég vil nota tækifærið og inna hæstv. ráðherra eftir því hvað líður svörum við þeirri skýrslu sem beiðni var lögð fram um snemma í október. Það er kannski að gefnu tilefni sem ég minnist á þetta því að um daginn hafði forseti þau orð þegar beðið var um skýrslu ráðherra í tilteknu máli að menn ættu að fara að þingsköpum, nýta sér þau og biðja skriflega um skýrslu. En það er ekki efnilegt fyrir þingmenn sem vilja hreyfa þörfum málum ef þeir eiga að fara þá leið og engin önnur er fær en að biðja skriflega um skýrslu. Það dugar ekki að bíða mánuðum saman. Ég hygg að komnir séu upp undir sex mánuðir síðan beiðni um þessa skýrslu var lögð fram. Það bólar ekkert á svörum. Fróðlegt væri að heyra í hæstv. ráðherra hvenær von er á umbeðnum svörum þannig að þingmenn geti farið að hugsa til þess að ræða þennan málaflokk.

Ýmsar gagnlegar upplýsingar koma fram í þessari beiðni um skýrslu frá því í október sl., upplýsingar sem ástæða er til að hafa nokkrar áhyggjur af. Þar kemur t.d. fram að vinnuafl í iðnaði, flokkað eftir iðngreinum, hefur ekki þróast eins og menn vildu gjarnan í mörgum tilvikum. Ég nefni sem dæmi skipasmíði og skipaviðgerðir. Þar voru árið 1981 1.043 ársverk en árið 1989 voru þau komin niður í 728 ársverk. Ég hygg, þó að ég hafi ekki tölur fyrir mér í því, að þeim ársverkum hafi fækkað frá 1989 til dagsins í dag og að sú fækkun sé umtalsverð. Það er iðnaðarstefna Alþfl. (**Gripið fram í:** Er hún til?) Hún er til í þessum tölum.

Ég nefni líka fatagerð. Árið 1981 voru 1.117 ársverk í fatagerð. Árið 1989 voru þau komin niður í 504. Hrunið varð árið 1987. Þetta er iðnaðarstefna Alþfl. í fatagerð. Ég nefni líka húsgagnagerð og innréttingasmíði. Nokkur áróður hefur verið rekinn fyrir því í gegnum árin að menn versluðu við innlenda aðila, keyptu innlenda framleiðslu. En það hefur kannski ekki dugað til. Þegar flest var, samkvæmt því yfirliti sem ég hef frá 1975, voru 1.859 ársverk í þessari atvinnugrein árið 1978. En 1989 eru 1.048 ársverk, fækkun um liðlega 800. Og fækkunin verður fyrst og fremst á árinu 1984 og síðar. Það er greinilegt að einhver brotalöm gerir það að verkum að við höldum ekki sjó í þessum mikilvægu atvinnugreinum, við höldum ekki okkar hlutdeild í íslenskum markaði. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Ég gleymdi mér alveg. Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki munað eftir því að tíminn er búinn. Ég vil ljúka þessu með því að nefna dæmi um hlutdeild í innlendri framleiðslu. Það er dæmi um íslenska vöru, kaffi, vöru sem unnin er hér innan lands, virðulegi forseti, og það skulu vera mín lokaorð. Hlutdeild innlendrar kaffiframleiðslu var 93,5% árið 1978 en var komin niður í 41% árið 1991.

Flm. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir þær upplýsingar sem hann var með hér en þær voru glöggar og skýrar. Það er gott að maður heyrir að þingmenn hafi áhyggjur af því sem er að gerast í íslenskum iðnaði.

Það var vikið að því hér að eitt af grundvallaratriðunum, til þess að hægt sé að byggja hér upp öflugan iðnað, felist m.a. í menntakerfinu sjálfu. Það væri sem sé bætt iðn- og verkmenntun sem þarf að styrkja. Ég tek heils hugar undir það. Það er kannski grundvöllurinn sjálfur. En það vakti athygli mína að fyrir örfáum dögum talaði ég fyrir þáltill. um endurmat á iðn- og verkmenntun í landinu. Enginn hæstv. ráðherra tók þátt í þeirri umræðu og það segir kannski sína sögu um skilningsleysið og áhugaleysið á þessum málum almennt.

Það er ekki rétt sem hæstv. iðnrh. sagði að atvinnutækifærin verði ekki til í nefndum, þannig orðaði hæstv. ráðherra það. Auðvitað þarf umræðan einhvers staðar að hefjast. Það er einkennileg varnarstaða sem hæstv. ráðherra setur sig í vegna þess að það er gerð ákveðin tillaga um það hverja eigi að tilnefna í þessa nefnd. Menn leyfa sér það, flm. tillögunnar, sá sem hér stendur, að gera tillögu um það að þingflokkarnir á Alþingi fái að leggja til menn í nefnd til þess að endurskoða iðnaðarstefnuna. Það er kannski það sem fer í taugarnar á hæstv. iðnrh. (Forseti hringir.)

Að lokum vil ég segja — og ég er viss um að virðulegur forseti gefur mér sekúndubrot til að klára þetta vegna þess að ég veit að hann sem þingmaður Reykjavíkur hlýtur að hafa þungar áhyggjur af því sem er að gerast í iðnaðinum. Það er merkilegt ef forseti hefur það ekki. Það er ekki nokkur spurning og ég held að við séum öll sammála um það hér, a.m.k. þeir sem hér hafa talað, að íslenskur iðnaður er á margan hátt mjög vanbúinn til að mæta þeirri samkeppni sem fyrir dyrum stendur og allir eru sammála um að er á næsta leiti. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að hann er búinn að biðja um orðið: Hvað hefur verið gert til þess að búa íslenskan iðnað undir þá samkeppni sem í augsýn er?

Forseti (Björn Bjarnason):

Hæstv. viðskrh. óskar að bera af sér sakir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér til þess að bera af mér sakir því hér sagði hv. 4. þm. Norðurl. v. að enginn ráðherra hefði tekið þátt í umræðum um þáltill. hans um endurskoðun verk- og iðnmenntunar í landinu. Því miður stóð svo á að ég var þá staddur erlendis í embættiserindum en hafði að sjálfsögðu búið mig undir það að taka þátt í umræðum um þetta þarfa mál. Ég vil að það komi hér fram vegna orða þingmannsins.

Að öðru leyti vil ég líka leiðrétta misskilning hans. Engan varnartón vil ég hafa í mínu máli. Sá málflutningur, sem hér hefur verið hafður í frammi, hefur á engan hátt farið í taugarnar á mér. Ég hef viljað skýra þau sjónarmið sem ég hef og láta í ljósi efasemdir um að nefndarstarf af því tagi sem hér er gerð tillaga um þjónaði tilgangi. Um leið sagði ég, og ég vona að flutningsmaður tillögunnar hafi heyrt það, að ég vænti þess að iðnn. fjallaði einmitt um málið í þeim anda sem býr að baki tillögusmíðinni, þ.e. að atvinnulífið standi á krossgötum og þurfi að búa sig undir nýjar markaðsaðstæður, gera betur en fyrr.

Að endingu, af því að innt var eftir því hvað væri verið að gera til að búa íslenskan iðnað undir harðnandi samkeppni, þá vil ég líka leiðrétta nokkuð í því máli. Íslenskur iðnaður hefur búið við samkeppni alveg frá því upp úr 1970. Hægt og sígandi hefur verið létt af þeirri tollvernd sem hann naut. Hann mun fyrst og fremst njóta þess að fá greiðari aðgang að opnum markaði fyrir fjármagn og þjónustu. Hans bíður ekki harðari samkeppni en verið hefur en hins vegar betri möguleikar til þess að láta til sín taka, njóta sín betur. Til þeirra möguleika hygg ég gott og vonast til að þingið starfi með iðnrn. að því að búa iðnaðinn undir þetta sem best, einmitt með því að breyta og gera hagkvæmara reglu- og lagaumhverfi atvinnuvegarins. Þannig getum við tekist á við þá möguleika sem framtíðin ber í skauti sér.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vekur athygli á því að ekki er hægt að veita andsvar við því þegar menn bera af sér sakir. Það er því miður ekki unnt að verða við þeirri ósk. Forseti vill jafnframt minna menn á að misnota ekki þann dýrmæta rétt sem felst í því að geta borið af sér sakir með þessum hætti.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég stend nú upp vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur ekki treyst sér til að svara þeim spurningum sem voru lagðar fyrir hann hér. Hv. 5. þm. Vestf. bar upp þá spurningu við hann hvort hann ætlaði ekki að fara að svara beiðninni um skýrslu sem er 24. mál þessa þings. Hann hefði getað orðið við því og svarað hvernig hann ætlar að fara með það mál eða hvort það er í vinnslu og hvenær megi búast við því að þeirri vinnslu verði lokið. Ég ætla honum a.m.k. ekki það að hann hugsi sér að sitja á málinu þannig að það komist ekki til umræðu í Alþingi. Ég trúi því ekki. Hins vegar verður að átelja það hversu langan tíma þetta hefur tekið og að það skuli enn ekki vera komið hér til umræðu. Ég ítreka það nú og óska eindregið eftir því að hæstv. iðnrh. svari þessu.

Annað rak mig upp í ræðustól. Mér finnst að hæstv. iðnrh. verði að segja betur og nákvæmar hvað hann meinar þegar hann segir að vegna neikvæðrar afstöðu stjórnmálamanna til iðnaðarins hafi ekki betur gengið. Mér finnast hálfkveðnar vísur, þar sem menn segja ekki hug sinn, ekki eiga við. Ég tel að svona orðfæri eigi menn ekki að nota. Menn eiga að segja nákvæmlega hvað þeir eru að meina þegar þeir leggja fram svona þungar ásakanir, því það eru virkilega þungar ásakanir að ásaka stjórnmálamenn um að þeir hafi með neikvæðri afstöðu til iðnaðarins komið í veg fyrir vöxt hans. Og þegar sjálfur hæstv. iðnrh. í landinu segir svona hluti, og hann er jú búinn að vera iðnrh. í fimm ár, hlýtur hann að tala af beiskri reynslu, líklega sinni, eða er þetta fortíðarvandi frá því fyrir hans tíð? Mig langar til að fá einhverjar útskýringar á því hvers vegna hann kaus að koma í ræðustól og kveða þessa vísu sem við skildum ekki botninn í.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu mun ég svara skýrslubeiðninni sem hv. 9. þm. Reykv. o.fl. lögðu fram snemma á þinginu. Það er vissulega miður að það skuli hafa dregist svo mjög að leggja skýrsluna fyrir þingið. Hún mun verða lögð fyrir þingið á næstunni og þá mun að sjálfsögðu gefast tækifæri til að ræða hana. En vegna þess að hv. 3. þm. Vesturl. innti mig eftir hvað ég hefði átt við þá hefur hann ekki heyrt til fulls það sem sagt var. Það sem ég sagði var þetta: Því miður var það svo að frá 1978 varð mjög hörmulegt hlé í uppbyggingu orkufrekrar stóriðju vegna andstöðu stjórnmálamanna við hana og við samstarf við erlenda fjármagnsaðila. Þetta var það sem ég sagði, ég lýsti því ekki á nokkurn hátt að hér hefði verið einhver almenn andstaða við iðnaðinn. Ég hygg að þingmaðurinn skilji mætavel hvað ég átti við því m.a. hefur sá stjórnmálaflokkur, sem hann starfar í, verið andstæðingur uppbyggingu stóriðju með þátttöku útlendinga á grundvelli orkulindanna eins og honum er mjög vel um kunnugt.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en hún hefur farið yfir á þær brautir að ég sé mig knúinn til að inna hæstv. iðnrh. nokkuð nánar eftir ummælum hans áðan varðandi það sorglega hlé sem hann taldi að hefði orðið á uppbyggingu orkufreks iðnaðar frá 1978. Nú vil ég bera það alveg af mér í það minnsta að hafa unnið á móti slíku en ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvað það hefði verið sem var í farvatninu á þessum tíma og sem menn börðust á móti. Ég man ekki betur en allan þennan tíma hafi verið í gangi vinna til að leita eftir samstarfsaðilum varðandi frekari uppbyggingu á orkufrekum iðnaði. Við fórum nokkrir, m.a. sá sem hér stendur og hv. 5. þm. Norðurl. e., í ferð til Kanada á árinu 1983 eða 1984, ef ég man rétt, vegna meints áhuga Alcans á uppbyggingu áliðjuvers hér á landi. Samkvæmt minni

sögupekkingu strandaði það mál ekki á innlendum stjórnmálaöflum, það strandaði á því að viðkomandi erlenda fyrirtæki kippti að sér höndunum í málinu að því er þeir sögðu vegna aðstæðna á markaði á ósköp svipaðan hátt að ég held og var að gerast nú á síðasta ári. Ég held því að hæstv. ráðherra verði að útskýra þessi ummæli sín aðeins betur. — Ég endurtek það, ég held að hæstv. ráðherra verði að útskýra þessi ummæli sín aðeins betur því þetta eru stór orð.

Maður skyldi þá ætla, miðað við þessi stóru orð, að í ráðherratíð hæstv. núv. iðnrh. hefði verið unnið að þessu þannig að menn hefðu eitthvað í hendi. En ég hef ekki komið auga á það og ég held að það sé ekki vegna þess að einhverjir slæmir stjórnmálamenn hafi verið að þvælast fyrir honum. Mér finnst þetta því vera ansi billeg skýring og þarna hafi hæstv. ráðherra hlaupið aðeins kapp í kinn og farið aðeins fram úr sjálfum sér í málflutningnum. E.t.v. og sjálfsagt er það rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að hæstv. iðnrh. sé mannlegur eins og við hin.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvað rak hv. 6. þm. Norðurl. e. í stólinn því hvergi var hann nefndur í minni ræðu og ekki heldur sá stjórnmálaflokkur sem hann starfar í nú þannig að þessu verður hann sjálfur að velta betur fyrir sér. Ég hef gefið algjörlega fullkomlega tæmandi skýringu á því hvað ég átti við með mínum orðum hér fyrr. Það stafaði m.a. af því að hv. 3. þm. Vesturl. innti mig eftir því nánar hvað ég hefði sagt í minni fyrri ræðu. Það hef ég bæði endurtekið og skýrt og þarf ekki að bæta fleiri orðum við það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka þá spurningu sem var meginástæðan til þess að ég fór upp. Ég spurði hæstv. iðnrh. að því hvað það hafi verið sem var í farvatninu í uppbyggingu stóriðju á þeim árum sem hann nefndi sem ekki gekk fram vegna andstöðu einhverra tiltekinna stjórnmálaafla. Hvað var það, hæstv. ráðherra, á þessum árum sem var stöðvað?

Ég bendi ráðherra á að þó svo hann hafi ekki beint orðum sínum til míns flokks, þess flokks sem sá þingmaður sem hér stendur starfar í núna, eins og ráðherra sagði áðan — sá þingmaður sem hér talar hefur aldrei starfað í öðrum stjórnmálaflokki en þessum, en það er annað mál — þá var það tímabil sem hann nefndi á margumræddum framsóknaráratugum þannig að okkur framsóknarmönnum rennur nokkuð blóðið til skyldunnar þegar slíkur málflutningur er hafður frammi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kom mér ekkert mjög á óvart að hæstv. iðnrh. skyldi svara fyrirspurn minni um hvenær þeirri beiðni um skýrslu frá þingmönnum Alþb., sem lögð var fram mjög snemma í október, yrði svarað, það kom mér ekki á óvart að hann skyldi svara þeirri fyrirspurn þannig að hann mundi svara henni. Ég hef alltaf gengið út frá því að hæstv. ráðherra mundi svara beiðninni um skýrslu og leggja hana fram. Þannig að spurningin, sem ég lagði fyrir ráðherrann og vantar enn svarið við, var öllu heldur sú, hvenær mun skýrslan koma? Hvenær munum við geta farið að búa okkur undir að ræða þetta alvarlega og mikla mál? Það vantar alveg svarið við þeirri spurningu. Það er eiginlega aðalspurningin. Ég vil skora á hæstv. iðnrh. að leggja leið sína hingað á eftir upp í ræðustólinn og uppfræða okkur um það hvenær þessari beiðni um skýrslu verður sinnt. Það er eiginlega það sem við erum á höttunum eftir að fá að vita. Við erum orðnir nokkuð langeygir eftir því að fá þessa skýrslu.

Ég vil segja það út af orðum hæstv. ráðherra, þar sem hann var að reyna að koma því yfir á Alþb. að þar hafi menn verið eitthvað í veginum fyrir stóriðju, að það er út af fyrir sig nokkuð frjálsleg túlkun á veruleikanum. Auðvitað hefur Alþb. haft áhuga á þeim málum og unnið í þeim og hægt er að nefna dæmi um það. Við getum bara rifjað upp Reyðarfjörð t.d. Auðvitað hefur flokkurinn haft áhuga á þessum málum eins og hverjum öðrum, en menn hafa kannski leyft sér að hafa aðrar skoðanir en t.d. hæstv. iðnrh. á því hvaða skilyrði verða að vera uppfyllt til að það sé fýsilegur kostur. Við höfum sett fram ákveðin skilyrði varðandi umhverfisvernd, varðandi forræði málsins o.s.frv., það er hins vegar ekki andstaða við málið sem slíkt. Það er ekki andstaða við að nýta sér þennan kost þegar við teljum það fýsilegt. Fjarri því. Ég vil vísa þessum orðum hæstv. iðnrh. algjörlega frá. Ég vil bara spyrja: Hver er árangurinn af setu ráðherra Alþfl. í iðnrn. síðan 1987 í stóriðjumálum? Hvar er sá árangur? Hvar er sú stóriðja? Ég sé hana ekki. Ég sé engan árangur. Þannig að það er stutt og laggott svarið við þeim vangaveltum.

En ég vil, virðulegi forseti, ekki draga umræður um þetta ágæta mál á langinn. Ég hef þegar komið mínum sjónarmiðum að í þessu máli, en mér þótti ástæða til að ítreka þá spurningu sérstaklega sem ég lagði fyrir ráðherrann og geri mér vonir um að ráðherrann sjái sér fært að svara henni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan þá hyggst ég leggja fyrir þingið á næstunni skýrslu sem svar við beiðni hv. 9. þm. Reykv. o.fl. sem fram var lögð í október á liðnu ári.

Ég gæti hugsað að skýrslan yrði hér lögð fyrir þingið fyrir lok þessa mánaðar og ég vona að það svari þá spurningu þingmannsins nánar þótt ég telji reyndar að fyrra svarið hafi verið nógu nákvæmt.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargott svar. Ég er afar ánægður með að við getum vænst skýrslunnar fyrir lok þessa mánaðar. Því miður er það þannig að það er ekki alltaf sem menn fá

spurningum sínum svarað þannig að mér þykir ástæða til þess að minna á og að láta þess getið þegar ráðherra svarar skilmerkilega spurningum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég varð vitni að þeim stóru tíðindum sem urðu núna áðan og hv. 5. þm. Vestf. gerði að umtalsefni, sem í raunininni marka má segja alveg kaflaskil í iðnaðarsögu þessa þings, að hæstv. iðnrh. hefur svarað spurningu, hvorki meira né minna og að viðstöddum formanni iðnn. — og kannski vegna þess að hann gekk í salinn.

Við erum búin að bíða lengi eftir því að fá svör við þeim spurningum sem bornar eru fram í skýrslubeiðni sem var lögð fram í októbermánuði og ég vænti þess að það sé á hreinu að skýrslan verði lögð fram fyrir lok þessa mánaðar og hún komi síðan til umræðu, stefna í iðnaðarmálum komi síðan til umræðu vegna þess að það eru auðvitað ýmsir þættir í málflutningi hæstv. iðnrh. sem er óhjákvæmilegt að ræða miklu nánar en unnt er að gera á þessum kvöldfundi og þó alveg sérstaklega eitt atriði og það er það að hann hafi í raun og veru ekki komið neinu fram í iðnaðarmálum vegna þess að Alþb. hafði verið með honum í ríkisstjórn.

Ja, miklir menn erum vér, Hrólfur minn — var einu sinni kveðið fyrir vestan þaðan sem iðnrh. er ættaður, eins og fleiri. Staðreyndin er auðvitað sú að eftir núv. hæstv. iðnrh. liggur í raun og veru ekkert í iðnaðarmálum nema verulegur haugur af blaðaúrklippum og skjölum undirrituðum um að álver sé að koma. Það er framlag til iðnaðarins af hálfu hæstv. núv. iðnrh. Í rauninni liggur ekkert annað fyrir og það er auðvitað mjög dapurleg niðurstaða með hliðsjón af því hvernig ástandið er hér í atvinnumálum einmitt um þessar mundir. Við hefðum akkúrat núna þurft á því að halda að vera með þróttmikla iðnaðar- og atvinnumálastefnu.

Þetta hafa auðvitað fleiri séð en við alþýðubandalagsmenn, sem fluttum þetta mál í upphafi þings í haust, m.a. hv. 17. þm. Reykv. sem flutti í þingflokki Alþfl., að sögn DV, sérstaka tillögu um átak í atvinnumálum í vetur þar sem var hreyft mörgum álitlegum málum sem hann hafði lært af okkur í Alþb. fyrr á öldinni, meðan hann var í eðlilegum félagsskap. Margar prýðilegar tillögur af ýmsu tagi. Hins vegar hefur hann ekki flutt þessar tillögur á Alþingi heldur í þingflokki Alþfl. sem er eins og kunnugt er samkvæmt þingsköpum ekki sjálfstæð málstofa til að leggja fram tillögur á Alþingi, hvorki frv., þáltill., fyrirspurnir, né skýrslubeiðnir. En ef hæstv. iðnrh. heldur að hann hafi ekki komið neinu fram í iðnaðarmálum vegna þess hvað við höfum verið þversum í Alþb. þá kannski sýnir það betur en margt annað að ráðherrann hefur verið og er algjörlega á villigötum í allri sinni iðnaðarstefnumótun.

Staðreyndin er auðvitað sú að við alþýðubandalagsmenn tókum þátt í því á síðasta kjörtímabili að reyna að þróa þann möguleika að hér yrði reist stóriðjuver á Íslandi. Við áttum fulla aðild að því máli með ýmsum hætti og lögðum á það áherslu að þar yrði tilteknum skilyrðum fullnægt. Við hvöttum til þess að menn héldu á því máli af varkárni en myndarskap. Því miður bar hæstv. iðnrh. ekki gæfu til þess að halda þannig á þessum málum og niðurstaðan varð sú að það eru brostnar vonir um allt land, á Reyðarfirði, á Akureyri, en þó verst á Suðurnesjum, í kjördæmi hæstv. ráðherra, þar sem atvinnuleysingjar eru fleiri miðað við íbúafjölda heldur en víðast hvar annars staðar á landinu einmitt um þessar mundir. Það er talið að á Suðurnesjum einum séu 600 atvinnuleysingjar í 15.000 manna byggðarlagi. Það jafngildir því að í Reykjavík og nágrenni væru 6.000 atvinnuleysingjar.

Ég heyrði það haft eftir Guðmundi J. Guðmundssyni er hann var spurður að því af manni einum úr Keflavík fyrir nokkrum dögum: Hvernig heldur þú að ástandið væri í Reykjavík ef það væru 6.000 atvinnuleysingjar í Reykjavík? Guðmundur J. sagði: Það væri uppreisnarástand í Reykjavík. En þannig er ástandið nú í kjördæmi hæstv. iðnrh. að 600 atvinnuleysingjar eru á Suðurnesjum og það er ekki gert ráð fyrir að þeim fækki á næstunni, sögðu mér forráðamenn þar suður frá í dag, heldur að þeim fjölgi. Þetta sannar auðvitað að ekki hefur verið haldið með eðlilegum hætti á atvinnumálastefnu og iðnaðarstefnu á undanförnum árum af hæstv. iðnrh. og ber auðvitað að gagnrýna það harðlega þegar stjórnmálamenn gera sér leik að því að blekkja fólk í heilu landshlutunum með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. gerir. Þess vegna er það auðvitað hans sök hvernig komið er en ekki Alþb., sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var svo vinsamlegur að taka upp hanskann fyrir fyrr í kvöld, þó hann sé nú í Framsfl., eins og hæstv. iðnrh. orðaði það, hvort sem orðin sem iðnrh. mælti eru forspá um að hv. þm. sé að flytja sig í annan flokk eða ekki. Það skal ég ekkert um segja. Það hafa framsóknarmenn oft gert, eins og kunnugt er og sumir þeirra lent í réttum flokkum að lokum eins og einnig er kunnugt. (**ÖS:** Ekki allir.) Margir.

Ég tel að nauðsynlegt sé að undirstrika það, herra forseti, að gefið hefur verið fyrirheit um að skýrslan verði birt fyrir lok þessa mánaðar og við alþýðubandalagsmenn munum knýja á um að hún verði tekin til umræðu, þ.e. skýrsla sem á að fjalla um þróun og stöðu íslensks iðnaðar. Fyrir utan þessa skýrslu liggur fyrir frv. í þinginu frá okkur þremur þingmönnum í Alþb. um þróunarátak í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Nauðsynlegt er að það frv. fáist einnig rætt hið fyrsta.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. sást lítt fyrir í sinni ræðu. Hann hefur líklega ekki verið kominn nægilega tímanlega á þennan fund til þess að nema þau tíðindi sem rædd voru og áttu einkum við um tímabilið frá 1978–1988. Á þeim tíma var ég því miður ekki í ríkisstjórn, hvorki með Alþb. né öðrum. Mér er ljúft að staðfesta að á árinu 1988 þegar ég tók við störfum sem iðnrh. urðu viss sinnaskipti í Alþb. og það tók þátt í tilraunum til þess að efla stóriðju á grundvelli orkulindanna. Það ber að virða sem vel er gert og ég þakka sannarlega þau sinnaskipti. Eins og hér var að orði komist fyrir nokkru virðist sem iðjustefnan hafi sigr-

að, líka í Alþb. Það er vissulega gleðiefni.

Varðandi skýrsluna sem hv. þm. gerir eðlilega að umtalsefni og hann er orðinn langeygur eftir, vona ég að um hana geti gilt að það verði dýrast sem lengi hefur geymt verið og beri ríkulegan ávöxt í hentugan tíma fram borið. Kannski getur það átt við um álverið líka.

Flm. (Stefán Guðmundsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið svolítið merkilegt að sitja hér um stund og staðfestir það sem ég hef verið að velta fyrir mér í vetur, hvort við höfum gert rétt þegar við réðumst í það stórvirki að breyta þinghaldinu á þann hátt sem gert hefur verið. Mér hefur ekki misheyrst, virðulegi forseti, en mér hefur fundist að nú um sinn væru menn alls ekki að tala um málið sem er á dagskrá heldur væru menn að tala um mál sem Alþb. hefur flutt og þar er beðið um skýrslu? Mér hefur skilist að umræðan hafi snúist um það og kann nú ekki beint skil á því hvernig það má vera.

Ég hef einnig haft áhyggjur af því að mér sýnist að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þinghaldinu hafi stórlega verið dregið úr möguleikum hins venjulega þingmanns til þess að flytja mál á þinginu og fá þau rædd á eðlilegan hátt. Svo er um það mál sem er á dagskrá nú og flutt er stuttu eftir að Alþingi kemur saman og um mörg mál er svipað ástatt að þau hafa ekki fengist rædd á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég vil gera þetta að umræðuefni vegna þess að það veldur mér áhyggjum hver þróunin er í þessum málum. Hugsunarháttur hæstv. iðnrh., sem er nú í hliðarsal og heyrir örugglega mál mitt, veldur mér líka áhyggjum vegna þess að ég hafði orð á því að sjálfsagt hefði það fallið illa að hans smekk að ég, flm. tillögunnar sem er til umræðu, leyfði mér að gera tillögu um það hvernig nefndin skyldi skipuð. Ég lagði til að fulltrúar þingflokkanna færu í að endurskoða það mikla og merkilega verk sem hér er og heitir iðnaðarstefna, álit samstarfsnefndar um iðnþróun og var unnin í ráðherratíð þáv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar og er hið merkasta verk. Vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu er mjög brýnt að endurskoðun iðnaðarstefnunnar fari fram. Ég sem sagt leyfði mér að leggja það til að fulltrúar þingflokkanna fengju aðild að slíkri nefnd ásamt fulltrúum iðnaðarins. En hæstv. iðnrh. tekur því heldur fálega og það minnir mig á þau vinnubrögð sem viðhöfð voru þegar ákveðið var að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Þá var einnig ákveðin sú breyting frá því sem áður hafði verið að stjórnarandstöðunni var meinað að eiga fulltrúa í þeirri endurskoðun. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru svolítið einkennileg.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki segja mikið meira. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. að málið fær að fara til nefndar en það verður nefndin sjálf sem ákveður hvernig það verður afgreitt. Það kemur ekki úr ráðuneytinu, vona ég, þó ég reikni kannski með að reynt verði að hafa áhrif á það. Alþingi kveður svo endanlega upp úr með afgreiðslu málsins hvernig það lítur út í endanlegri mynd. Ég vona því, virðulegi forseti, að þingmenn horfi á málið af fullri sanngirni og beri gæfu til þess að ná sæmilegri eða a.m.k. eins breiðri samstöðu og hægt er um þetta mikilsverða mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kolbeinsey, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 153. mál. — Þskj. 165.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég get gjarnan byrjað mál mitt á því að taka undir að það væri mjög æskilegt að a.m.k. tveir hæstv. ráðherrar væru viðstaddir umræður um till. sem ég tel nokkuð mikilsverða, þ.e. annars vegar hæstv. samgrh. og hins vegar hæstv. dómsmrh. sem fer með málefni landhelginnar og gæslu hennar. En það er að sjálfsögðu ekki mitt að passa upp á viðveru þeirra í þingsalnum. (**Forseti:** Hæstv. samgrh. hefur veikindaleyfi í dag.) Já, þá er það upplýst. En hæstv. dómsmrh. var hér í dag að ég best sá, í gervi hæstv. sjútvrh. að vísu. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það, m.a. af þeim sökum að till. hefur satt best að segja legið alllengi fyrir þinginu og beðið þess að komast til umræðu. Maður gerist seinþreyttur á að bíða eftir því að komast að til að mæla fyrir slíkum tillögum þannig að þær komist til nefndar og geti fengið umfjöllun þar. Af tvennu illu er sennilega betra að þær séu ræddar án viðveru viðkomandi ráðherra heldur en að bíða eftir því enn um sinn að það megi allt saman falla saman að þeir séu viðstaddir og hægt sé að ræða tillögurnar á skikkanlegum tíma.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um styrkingu Kolbeinseyjar. Flm. ásamt mér eru hv. alþm. úr öllum flokkum, hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, hv. 11. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir, hv. 9. þm. Reykn. Anna Ólafsdóttir Björnsson og hv. 6. þm. Norðurl. e. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera svo fljótt sem við verður komið áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar. Í þessu skyni verði lokið úrvinnslu gagna sem aflað var við eyjuna 1989 og 1990 og frekari rannsóknir framkvæmdar næsta sumar reynist þeirra þörf.

Síðan verði unnin áætlun um varanlega styrkingu eyjarinnar þannig að hún fái sem lengst staðist ofan sjávar. Áætlunin skal einnig taka mið af hagnýtingu eyjarinnar í öryggis- og vísindaskyni, svo sem með uppsetningu sjálfvirkrar veðurathugunarstöðvar og jarðfræði- og haffræðirannsóknum. Áætlunin skal unnin í samráði við viðkomandi nefndir Alþingis og lögð fyrir þingið til staðfestingar fyrir árslok 1992."

Ljóst er, herra forseti, að Kolbeinsey, þessi útvörður Íslands og íslenskrar auðlindalögsögu í norðri, á mjög í vök að verjast sökum ágangs sjávar, hafíss og veðra. Með lauslegum samanburði við heimildir frá fyrri öldum sést glöggt, ef treysta má þeim heimild-

um, að gengið hefur mjög á eyjuna og hún nálgast óðum að teljast fremur sker í úthafinu en verðskulda sitt glæsilega nafn. Um sögu eyjarinnar má vísa til fylgiskjala með tillögunni og ætla ég þess vegna ekki tímans vegna að fara lengra út í þá sálma. Þó er ljóst að miðað við heimildir frá miðöldum, sem nokkrar eru til, hefur gengið mjög á eyjuna þannig að hún er núna nánast brot af þeirri stærð sem hún hefur sennilega haft mesta á sögulegum tíma.

Um þýðingu Kolbeinseyjar þarf í sjálfu sér ekki að fara í grafgötur. Það er alveg augljóst mál að Kolbeinsey sem grunnlínupunktur við afmörkun íslensku landhelginnar hefur úrslitaþýðingu um allstórt hafsvæði norður og austur af eyjunni. Það nægir að nefna að ef alls engin hefði verið Kolbeinseyjan, hefði flatarmál íslensku efnahagslögsögunnar orðið um 9.400 km^2 minna við útfærsluna í 200 mílur. Til þess að gefa mönnum hugmynd um hvaða hafflæmi er þarna á ferð, má geta þess að heildarflatarmál þriggja sjómílna landhelginnar við Ísland voru 25.000 km^2 á sínum tíma. Hér er þannig á ferðinni hafsvæði sem svarar til drjúgs hluta af allri þriggja mílna landhelgi Íslendinga eins og hún var þá. Um stöðu Kolbeinseyjar og þýðingu hennar í þessu sambandi vísast til laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Varðandi líklega stöðu þessara mála samkvæmt alþjóðarétti er nærtækast að benda á ákvæði hafréttarsáttmálans þó að vísu sé það enn svo, því miður, að hann hefur ekki öðlast staðfestingu þar sem nógu mörg ríki hafa ekki fullgilt samninginn. Það er auðvitað alvörumál fyrir okkur Íslendinga að enn skuli sú staða vera uppi að nokkur ríki vanti í hópinn til þess að tilskilinn fjöldi sjálfstæðra ríkja hafi fullgilt sáttmálann. Og ástæða er til að minna hv. alþm. á þetta því að gjarnan má hafa þetta á dagskrá og í huga í samskiptum okkar við aðrar þjóðir, að halda fram hér eftir sem hingað til því sjónarmiði okkar Íslendinga að brýna nauðsyn beri til að tilskilinn fjöldi þjóða fullgildi hafréttarsáttmálann. Enginn vafi er þó á að sem slíkur gefur hann vísbendingu um það sem líklega verður í þessum efnum og er jafnframt að langmestu leyti í samræmi við gildandi alþjóðarétt. Þar með má ætla að það megi styðjast við viðkomandi ákvæði í hafréttarsáttmálanum til þess spá fyrir um réttarstöðu okkar og þýðingu þess að Kolbeinsey haldist ofan sjávar varðandi afmörkun íslensku landhelginnar. Í grófum dráttum eru þau ákvæði á þá leið að hætta er á því að eyjan hverfi sem grunnlínupunktur þegar hún breytist samkvæmt skilgreiningu úr eyju sem er ofan sjávar í flæðisker. Að vísu vil ég taka það fram að að sjálfsögðu mundum við Íslendingar reyna til hins ýtrasta að standa á okkar rétti þó svo færi, en um það hversu mjög réttarstaða okkar veikist í því tilviki þarf ekki að deila.

Rétt og skylt er að geta þess, herra forseti, að málefnum Kolbeinseyjar hefur áður verið hreyft á Alþingi og hafa margir alþingismenn sýnt skilning á því hversu mikilvægt mál varðveisla eyjarinnar er. Þann 20. apríl 1982 samþykkti Alþingi þáltill. þar sem ríkisstjórninni var falið að sjá um að sjómerki yrðu sett upp á eyjunni og athuga með varðveislu hennar. Má segja að í framhaldinu hafi komist nokkur hreyfing á þessi mál og ber þar hæst söfnun upplýsinga, svo sem með för þeirra Sigurðar Sigurðarsonar og Kristjáns Sæmundssonar til Kolbeinseyjar í ágúst 1985. Síðan var því miður lítið aðhafst fyrr en sumarið 1989. Það ár var ráðist í rannsóknir og nokkrar framkvæmdir í eyjunni og var veitt sérstök fjárveiting til þessa verkefnis á fjárlögum. Alls munu um 5,5 millj. kr. hafa farið til byggingar þyrlulendingarpalls með innbyggðum sjómerkjum á eyjunni auk rannsókna á þessum tíma. Vita- og hafnamálastofnun annaðist verkið og naut við það aðstoðar Landhelgisgæslunnar.

Sumarið 1990 var unnið áfram að athugunum við eyjuna og var þá jarðfræði eyjarinnar könnuð, m.a. með köfun, auk þess sem sjómælingar fóru fram á grunnunum í kringum eyjuna.

Það var ætlun þeirra sem þá stjórnuðu verkum að áfram yrði unnið úr þessum athugunum og í framhaldi af því teknar ákvarðanir um næstu skref. Sú verklagsáætlun hafði verði mótuð í samgrn. á þessum tíma. Því miður mun það vera svo að málið er svipað statt í dag og frá því var horfið sumarið 1990. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til þessa verkefnis í þeim fjárlögum sem nýverið hafa verið samþykkt og er því ljóst að til sérstakra ráðstafana þarf að grípa ef ekki á að koma algert uppihald í framkvæmdir á þessu sviði.

Það er álit okkar flutningsmanna að tímabært sé að Alþingi sjálft taki af skarið og lýsi yfir vilja sínum í þessu efni. Sá vilji á að okkar mati að vera, að allt verði gert sem innan viðráðanlegra marka getur talist til að styrkja Kolbeinsey og rétt sé að fela framkvæmdarvaldinu að hafa forgöngu um mótun áætlunar í þessu skyni.

Ég tel, herra forseti, að það sé nánast skylda okkar og hverrar kynslóðar á hverjum tíma að gera nánast allt sem hugsast getur til þess að gæta landsréttinda þjóðarinnar og tryggja að komandi kynslóðir búi áfram við sem ýtrust réttindi til lands og sjávar eins og við njótum eða hugsanlegt er. Ég tel að það flokkist beinlínis undir allra stærstu vanrækslusyndir ef menn láta sitt eftir liggja í slíkum efnum og glata eða afsala sér með einhverjum hætti þeim landréttindum og réttindum til nýtingar auðlinda og gæslu þeirra sem þjóðin getur frekast og ýtrast átt á grundvelli alþjóðaréttar. Þess vegna er það brýnt að allt verði gert sem hægt er til þess að afstýra því og í versta falli að tefja að Kolbeinsey breyti þannig um eðli samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum að hún hætti að teljast eyja og þar með grunnlínupunktur og verði að flæðiskeri eða hverfi með öllu.

Í því sambandi er einnig ljóst að það styrkir mjög stöðu okkar ef í eyjunni, þó svo fari að hún hverfi síðar, komi upp einhver starfsemi og einhver mannvirki sem flokkast sem slík og geta öðlast viðurkenningu af því tagi sem slík geta gert. Þannig mun það t.d. vera staðreynd að Norðmenn hafi nýtt sér búsetu og þá starfsemi sem veðurathugunarstöð á Jan Mayen hefur verið þeim eða a.m.k. haldið því fram fullum fetum að með því að búseta hafi verið varanleg þar styrktist réttarstaða þeirra á grundvelli eyjarinnar. Mannvirki, vís-

indastarfsemi og rannsóknartæki geta þjónað vissum sambærilegum tilgangi. Af þeim sökum og eins af hagnýtingarástæðum tel ég sjálfsagt að reyna að nýta eyjuna eins og kostur er í því skyni. Það er t.d. ljóst að sjálfvirk veðurathugunarstöð sem með nútímatækni er tiltölulega auðviðráðanlegt að koma fyrir og nægjanlegt væri að vitja einu sinni á ári gæti sent bæði hitastig, jafnvel ölduhæð og a.m.k. vindhraða og aðrar slíkar nauðsynlegustu upplýsingar til lands og væri það eitt og sér heilmikið atriði og varðaði öryggi sæfarenda og möguleika til sjósóknar á þessu svæði.

Þegar maður skoðar tölur um það hvernig gengið hefur á stærð eyjarinnar á undanförnum áratugum og öldum kann það að virðast næsta óviðráðanlegt verkefni að reisa þarna rönd við. Það er vonandi alls ekki svo. Ég bendi mönnum á að í fylgiskjölum með tillögunni eru athyglisverðar hugmyndir sem Árni Hjartarson jarðfræðingur setur fram um hugsanlegar aðgerðir til þess að styrkja eyjuna. Þær felast annars vegar í að beita tækni sem þekkt er við gerð mannvirkja í tengslum við virkjanir þegar berg er styrkt og þétt með svokallaðri grautun og sömuleiðis möguleikana á að verja yfirborð eyjarinnar og sökkul með grjóti eða dolosum. Tímans vegna hef ég ekki tök á því að fara nánar út í þá hluti en þó væri áhugavert að ræða aðeins betur og meira um jarðfræði eyjarinnar og mögulegar aðgerðir til að styrkja hana. Þar er fyrst og fremst um tæknilegt úrlausnarefni að ræða sem menn hljóta að taka ákvarðanir um þegar lokið er nauðsynlegum rannsóknum til þess að undirbyggja slíka ákvarðanatöku.

Herra forseti. Ég tel að það sé með öllu óviðunandi að hvert árið á fætur öðru líði án þess að tekið sé á þessu máli. Það væri meiri háttar vanræksla að mínu mati og mér er það vel ljóst eftir að hafa heimsótt eyjuna og skoðað hana nokkuð vel og lesið vel þau gögn sem liggja til grundvallar málinu að þarna gætu óvæntir og illir atburðir gerst skyndilega, á þessum vetri eða þeim hinum næsta t.d. þegar erfiður hafísagangur yrði í veginum. Hún er ekki orðin meiri bógur en svo að slíkt gæti gerst tiltölulega mjög skyndilega og enginn er kominn til með að segja að eyjan hefladist ekki í burtu jafnvel á einum erfiðum ísavetri ef illa tækist til. Hins vegar er alveg ljóst að ýmislegt má gera og í öllu falli er skylt að reyna að hindra að svo fari og tefja það. Má vel leiða að því lyktum að hver sá áratugur sem Kolbeinsey helst ofan sjávar geti skilað íslenska þjóðarbúinu miklum verðmætum. T.d. er ljóst að a.m.k. einn, kannski tveir stórir nytjastofnar ganga um og eru talsvert á því svæði sem Kolbeinsey færir inn fyrir íslensku efnahagslögsöguna. Þar á ég við bæði loðnu og síðan norsk-íslenska síldarstofninn ef hann hæfi göngur sínar hingað á nýjan leik, sem vonandi verður.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er senn lokið og vil því að lokum leggja það til að till. verði vísað til hv. samgn. Það er að sjálfsögðu álitamál undir hverja málefni dómsmála heyra og þar með talin landhelgin, hvort samgn. eða allshn. eigi að fá till. Með vísan til þess að framkvæmdaþáttur þessa máls hefur verið og á að mínu mati áfram að vera á verksviði samgn., heyra undir samgrn. og Vita- og hafnamálastofnun og með vísan til þess að landbrotsmálefni eru sömuleiðis vistuð í því ráðuneyti og þær aðgerðir sem hér þyrftu til að koma yrðu væntanlega einna skyldust þeim viðfangsefnum, þá leyfi ég mér að leggja til að að lokinni umræðunni verði till. vísað til hv. samgn.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka þá till. sem hér er flutt. Ég er mikill áhugamaður um varðveislu Kolbeinseyjar og var m.a. flm. um till. um þetta mál árið 1982 sem þá var samþykkt. Vissulega hefur miðað ótrúlega hægt í því að hrinda þessu þarfa máli lengra fram á við þó búið sé að gera þar ákveðna hluti sem ber að virða.

Ég fann að því áðan þegar umræðan hófst að hæstv. núv. samgrh. skyldi ekki vera viðstaddur því svo sannarlega hefði borið vel í veiði að geta talað við bæði hæstv. núv. samgrh. og hv. flm. till. sem er fyrrv. samgrh. þannig að ég hefði getað leitt þá aðeins saman og þeir borið saman bækur sínar í þessu þýðingarmikla máli. En það er nú nokkuð liðið kvölds og ég ætla þess vegna ekki að tala mikið út af því. Það gefst tækifæri til þess að fara aðeins meira yfir sviðið þegar málið kemur frá nefnd. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram, hv. þm., að hæstv. samgrh. hefur veikindaleyfi.) Ég veit, það hafði þegar komið fram, þess vegna tala ég svo mildilega um það að hann sé fjarverandi.

Ég held að það sé rétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni að nauðsynlegt er að vilji Alþingis liggi alveg skýr fyrir í þessu máli, hvað Alþingi vilji gera. Ég tel að vilji Alþingis liggi fyrir í málinu. En það sakar ekki að fá það traust og álit endurnýjað. Það væri þá bara af hinu góða að gera slíkt. Till. sem flutt var um 1982 fékk mjög góðar viðtökur í þinginu þó framkvæmdir hafi vissulega dregist vegna þess að menn áttuðu sig kannski ekki á því hvað við vorum að tala um þýðingarmikið mál. Þess vegna drógust framkvæmdir óeðlilega lengi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á það hversu nauðsynleg veðurathugunarstöð væri. Það var nú eitt af því sem ég lagði hvað þyngsta áherslu á. Það var einmitt að koma upp á eyjunni einhvers konar mannvirkjum til þess að tryggja réttarstöðu okkar, til þess að geta varið það að um grunnlínupunkt væri að ræða sem við gætum síðan notað til þess að stækka landhelgi okkar. Nú er komið þarna mannvirki. Búið er að byggja þyrlupallinn. Ég hef aldrei skilið það hvers vegna veðurathugunarstöð hefur ekki verið sett upp þarna. Ég hef spurt menn sem ég tel að hafi vit á því og þeir tjáð mér að mjög lítið fyrirtæki sé að setja slíkt upp. Slík tæki séu víða uppi á öræfum landsins og um sjálfvirkar merkjasendingar sé að ræða. Nú veit ég ekki hvort það er nægjanlegt þarna norður í hafi en alla vega tek ég undir það með hv. þm. að það er gríðarlega mikið mál að þarna verði sett upp veðurathugunarstöð. Það er mikið mál fyrir sjófarendur. Menn eru mikið að veiðum þarna t.d. loðnusjómenn og af viðtölum mínum við menn norður í Grímsey í sumar veit ég að það mundi breyta miklu fyrir þá ef veðurlýsing-

ar bærust frá þessu hafsvæði og það á ábyggilega við um fleiri.

Eitt er það sem ég rekst ekki á í till. hv. þm. um styrkingu Kolbeinseyjar nú, sem er að mörgu leyti mjög ítarleg og gott innlegg í umræðuna, prýðilega vel unnin og hinir hæfustu menn hafa verið kallaðir til, en það eru rannsóknir Þjóðverjanna, hvort ekki hafi verið leitað eftir þeim. Nú komu Þjóðverjar hingað og voru með ákveðna rannsóknastarfsemi úti við Kolbeinsey. Ég hefði gaman af að spyrja hv. þm. og fyrrv. ráðherra hvort hann gæti frætt okkur eitthvað um það mál og hvort íslensk stjórnvöld eða þeir sem sáu um framkvæmdaþáttinn hefðu ekki leitað eftir því hvaða niðurstöður lágu fyrir hjá Þjóðverjunum. Þeir voru ekki hvað síst að huga að hinum mikla jarðhita eða gasi sem menn töldu að væru í næsta nágrenni eyjarinnar. Þeir vildu skoða það mjög gaumgæfilega í kafbát sem þeir voru með og vildu koma með mikið og stórt rannsóknaskip til þessa verks. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um þetta.

Virðulegi forseti. Ég ætla að geyma mér að tala meira um þetta mál þangað til það kemur til síðari umr. vegna þess að hæstv. samgrh. er ekki í salnum.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég leyfi mér að binda vonir við það að allir séu svo sammála þessari till. að það þurfi ekki að harma það þó að hún taki ekki langan tíma í umræðum. Ég minni á það aftur að till. er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum og auk þess leyfi ég mér að treysta því að efnislega hljóti menn að vera því sammála að á þessu máli þurfi að taka.

Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir innlegg hans. Það er rétt sem hann nefndi og ég gat reyndar um að till. frá 1982 gengur auðvitað í mjög svipaða átt þó að segja megi að hér sé um að ræða ákveðnari kröfu um aðgerðir og það innan tilsettra tímamarka. Á þeim tíma þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson var að hreyfa þessu máli í byrjun níunda áratugarins voru menn auðvitað mun lakar á vegi staddir hvað allar upplýsingar snertir og þá var nánast öll undirbúningsvinna og könnunarvinna eftir. Hún komst á skrið og sérstaklega árið 1985 eins og ég nefndi áður, en því miður lá þetta mál síðan algerlega niðri þangað til ég fór að grafast fyrir um stöðu þess í samgrn. snemma árs 1989. Ég treysti á stuðning hv. þm. og annarra við að tryggja að það sofni ekki aftur værum svefni í jafnmörg ár og þarna varð raunin á.

Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan og undirstrika að ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt að menn átti sig á því að ekki er á vísan að róa með að menn hafi mjög langan tíma þarna til einhverra aðgerða. Það er alveg ljóst að eyðing eyjarinnar gerist í stökkum, væntanlega með því jafnvel að það falli stórar blokkir úr hatti eyjarinnar niður á sökkulinn í kringum hana. Þessu valda m.a. þær jarðfræðilegu aðstæður að veikleikalag gengur í gegnum eyjuna nokkrum metrum undir sjávarmáli og getur þess vegna hrunið úr henni í stórum stökkum.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um rannsóknir Þjóðverja á þessu svæði er það mikið rétt að Þjóðverjar hafa verið þarna með nokkrar rannsóknir og íslenskir jarðvísindamenn og aðrir vísindamenn hafa fylgst upp að vissu marki með þeim rannsóknum, jafnvel tekið nokkurn þátt í þeim. Þannig veit ég fyrir víst að menn frá Hafrannsóknastofnum, þar á meðal hafsbotnsjarðfræðideild Hafrannsóknastofnunar, mínum gamla vinnustað reyndar, hafa eitthvað fylgst með því og væntanlega sömuleiðis sérfræðingar frá Orkustofnun. Að hve miklu gagni þær upplýsingar síðan mega verða við þetta álitamál, sem snýr að varðveislu eyjarinnar, þori ég ekki að fullyrða um, en að sjálfsögðu er skynsamlegt og rétt að afla þeirra gagna sem fáanleg eru og draga saman. Það má vel vera að upplýsingar, t.d. um gerð hafsbotnsins á nágrannasvæðum við eyna, komi að einhverjum notum. Þó verða væntanlega fyrst og fremst jarðlagagerð sjálfrar eyjarinnar ásamt með sjómælingum í kringum hana aðalgögnin í vinnu manna að því að gera áætlun um styrkingu á henni. En að sjálfsögðu á að halda þeim upplýsingum til haga og safna þeim saman í þessu skyni eins og öllum öðrum upplýsingum sem að gagni mega verða.

Ég hvet þá hv. þm. sem nokkurn áhuga hafa á þessu máli að fara í gegnum þau fskj. sem með till. eru. Ég held að það eigi ekki að vera mönnum neitt nema skemmtun að fara aðeins í gegnum þau og átta sig á því um hvaða mál er að ræða. Ég bendi t.d. á kort aftast í fylgiskjalabunkanum þar sem annars vegar er um að ræða kort af íslensku efnahagslögsögunni sem sýnir skyggt það svæði sem tilheyrir Kolbeinsey í þessu samhengi. Þar er og að finna ljósmynd af eyjunni með þeim mannvirkjum sem þar eru nú komin en það er nyrsti flugvöllur Íslendinga. Rétt er að taka fram vegna þess sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði hér um veðurathugunarstöð eða vísindarannsóknir að það mannvirki, þyrlulendingarpallurinn, þjónar í raun og veru fjölþættum tilgangi. Hann er í fyrsta lagi að sjálfsögðu nauðsynlegur sem lendingarstaður í eyjunni til þess að þar sé hægt að athafna sig. Í öðru lagi var það haft í huga þegar hann var steyptur, m.a. þvert yfir stærstu sprunguna sem liggur í gegnum eyjuna, að tilkoma pallsins og þeirrar steypu sem þar rann niður í sökkul eyjarinnar mundi verða til að styrkja hana. Í þriðja lagi eru innbyggð í pallinn þau sjómerki sem reynslan sýnir að er ákaflega erfitt að hemja á eyjunni nema þau séu með einhverjum hætti innbyggð. Í fjórða lagi eru svo mótuð ofan í pallinn allmörg og stór hólf sem þannig voru úr garði gerð að í þeim má koma fyrir margs konar búnaði. M.a. var hugsunin sú að lítil sjálfvirk veðurathugunarstöð, þ.e. sá búnaður sem notaður er til sendinganna og skynjunar, gæti komist þar fyrir. Því eru í raun og veru fyrir hendi aðstæður nú þegar í þeim mannvirkjum sem í eyjunni eru til þess að staðsetja þar slíkan búnað. Það væri fullkomlega ástæða til þess að kalla til Veðurstofuna og fleiri slíka aðila til ráðslags um það hvort ekki sé hægt að hefja einhverja starfsemi af því tagi nú þegar.

Herra forseti. Ég vona að aðstaða skapist til þess á þessu þingi að afgreiða þetta mál. Ég held að það sé

nauðsynlegt málefnisins vegna að ýta aðeins við því. Því miður læðist sá grunur að mér að þetta gæti haft tilhneigingu til að sofna hálfgerðum þyrnirósarsvefni á nýjan leik ef málið verður ekki sett í alveg ákveðinn farveg fyrir frumkvæði Alþingis. Þar held ég að væri vænlegast að fela framkvæmdarvaldinu með alveg skýrum fyrirmælum að vinna þá áætlun sem hér um ræðir og leggja hana helst fyrir þingið til staðfestingar á þessu ári þannig að það verði alveg á hreinu hvaða aðgerðir menn ætla sér á næstunni í þessu sambandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennsla í réttri líkamsbeitingu, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 165. mál. — Þskj. 179.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að fela menntmrh. að undirbúa kennslu í grunnskólum landsins í réttri líkamsbeitingu.

Þáltill. er borin fram sem liður í forvarnastarfi því vart er hægt að finna betri fjárfestingu en þá að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys. Margt hefur áunnist í því að kenna holla lifnaðarhætti og réttan lífsmáta almennt en þetta er margþætt kennsla og mikilvægt að hver hlekkur sé vel hugsaður og sterkur. Engin keðja er sterk nema allir hlekkirnir séu heilir.

Fyrr í vetur efndi hæstv. heilbrrh. til blaðamannafundar og gerði að umtalsefni þá staðreynd að verulegur hluti heilbrigðisútgjalda fer í það að bæta það tjón sem fólk hefur unnið á sjálfu sér með óhollum lifnaðarháttum. Það er bláköld staðreynd að háar fjárhæðir fara af almannafé til að standa undir þeim kostnaði sem læknismeðferð og endurhæfing almennt hefur í för með sér. Þessi umræða beinir óneitanlega huganum að þeim lífsháttum almennings og þeim atbeina sem hið opinbera hefur um forvarnastarf almennt.

Í grg. með þáltill. sem hér er til umræðu kemur m.a. fram að óþægindi frá hreyfi- og stoðkerfi eru almenn hérlendis. T.d. má benda á að í athugun Vinnueftirlits ríkisins árið 1986 á einkennum frá hreyfi- og stoðkerfi hjá úrtaki Íslendinga á aldrinum 16–65 ára kom í ljós að 17,6% kvenna og 12,6% karla höfðu haft einkenni frá neðri hluta baks sem kom í veg fyrir að þetta fólk gæti stundað dagleg störf einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum. Einnig kom fram að rúm 40% kvenna höfðu haft óþægindi frá hálsi, hnakka og herðum eða öxlum síðustu sjö sólarhringana. Af þessu má sjá að óþægindi frá hreyfi- og stoðkerfi hafa veruleg áhrif á vinnufærni Íslendinga.

Nokkuð af þeim kvillum sem fengist er við í heilbrigðiskerfinu eru tengdir rangri líkamsbeitingu. Frumorsök þeirra má oft rekja til skorts á fræðslu og öðru sem stuðlað gæti að heppilegri lífsvenjum og betri heilsu. Allt bendir til þess að fræðsla og mótun í þessu tilliti þurfi að byrja snemma. Ákjósanleg leið væri að kenna líkamsbeitingu í grunnskólum og gæti hún verið hluti af eða viðbót við leikfimikennsluna sem þar er nú kennd.

Rannsóknir hafa sýnt að heilbrigð börn hreyfa sig á réttan hátt, en á grunnskólaaldri breytist svo líkamsbeiting þeirra til verri vegar. Því má ætla að strax á grunnskólaaldri hefjist óþarfa slit á hreyfi- og stoðkerfi barna sem geti seinna á lífsleiðinni valdið ýmsum kvillum, svo sem vöðvabólgu, brjósklosi í hrygg og slitgigt. Börnin þarf að vekja til meðvitundar um eigin líkama, um mikilvægi réttrar þjálfunar og líkamsbeitingar, til að vinna gegn sjúkdómum og/eða álagseinkennum. Ábyrgðin á eigin heilsu á að færast yfir á einstaklingana en það er háð því að þeir fái góða fræðslu og útskýringar. Í þessu sambandi má benda á að víða erlendis hafa skólayfirvöld ráðið sjúkraþjálfara til að sinna forvarnakennslunni, en sjúkraþjálfarar hafa sérþekkingu á hreyfingum, þjálfun og líkamsbeitingu.

Hagur samfélagsins af auknum forvörnum er vellíðan þegnanna, aukin vinnuafköst, færri veikindadagar, færri ferðir til lækna og annarra fulltrúa heilbrigðisstétta, færri uppskurðir, minni sjúkrahússkostnaður, færri öryrkjar og minnkun lyfjakostnaðar.

Lagt er til að forvarnafræðslan hefjist þegar í grunnskólum og einnig má hugsa sér að um námskeið yrði að ræða, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Námskeiðin geta verið hluti af sparnaðarstefnu í heilbrigðismálum. Þar gæti markmiðið verið að minnka vöðvabólgu og bakveiki hjá Íslendingum framtíðarinnar. Námskeiðið væri í formi fræðilegra og verklegra kennslutíma þar sem nemandi gæti tileinkað sér rétt vinnubrögð og réttar stellingar við ýmis störf. Það er kannski svolítið hlægilegt að flytja þessa tillögu núna þegar þingmenn eru búnir að sitja á fundi frá því fyrir kl. 8 í morgun margir hverjir en nú er farið að líða að miðnætti og eru nú þingmenn því orðnir skakkir og skældir. En ég ætla samt að halda áfram með að flytja þessa þáltill.

Eins og fram kom hér er almenn vinna sjúkraþjálfara ekki föst við skóla hér á landi nema við Öskjuhlíðarskólann og Hlíðaskóla. Þó er vitað til þess að sjúkraþjálfari starfaði um tíma við grunnskólann í Bolungarvík með góðum árangri. Víðast erlendis er þáttur sjúkraþjálfara sjálfsagður í skólum og þáttur í heilsuvernd. Mikið vantar enn þá á hér á Íslandi að þessi heilsuverndarþáttur nái nægilega til vinnustaða almennt. Þó eru nokkur fyrirtæki sem hafa fengið til starfa um tíma sjúkraþjálfara til að byggja upp kerfi með starfsfólki en þá lærir starfsfólk létta leikfimi sem það iðkar einu sinni eða tvisvar á dag í vinnutíma og lærir réttar starfsstellingar. Bætt líðan starfsfólks og minni fjarvistir frá vinnu er reynslan af þessum störfum. Því er þetta mjög arðbært.

Við Íslendingar erum svo fáir að við getum auðveldlega náð utan um ýmsa þætti forvarna betur en stórþjóðirnir. Við ættum t.d. að nota þetta ár, sem er norrænt gigtarár, til að auka rannsóknir á orsökum gigtar sem allt of margir Íslendingar þjást af. Talið er að allt að 10 milljarðar fari á ári vegna gigtarsjúkdóma hér á Íslandi. Þær rannsóknir kosta auðvitað

mikla peninga en skila miklu til framtíðar. Mun skynsamlegra er að koma í veg fyrir óþörf óþægindi landsmanna og útgjöld samfélagsins með forvarnaaðgerðum í stað þess að bíða þar til skaðinn er skeður og fólk verður fyrir ómældum óþægindum og hefur orðið fyrir vinnutapi. Því er það ósk mín að eftir umræður verði tillögunni vísað til hv. menntmn. og þar fái hún hraðan og góðan framgang þannig að fljótt megi hefjast handa í grunnskólum landsins við markvissa kennslu í réttri líkamsbeitingu.

Valgerður Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér er lögð fram miðar að auknu forvarnastarfi gegn álagssjúkdómum og er það fagnaðarefni. Á síðustu áratugum hefur sú stefna verið allsráðandi í heilbrigðismálum okkar Íslendinga sem og fleiri vestrænna þjóða að leggja áherslu á lækningu sjúkra. Við höfum einblínt á sjúkdóma en lagt litla áherslu á heilbrigði. Sjúkraþjónusta hefur gleypt svo til alla fjármuni sem veittir eru til heilbrigðisþjónustunnar. Um 70–80% af heildarfjármununum fer til reksturs sjúkrahúsa. Árið 1986 fóru um að bil 95% af öllum framlögum til heilbrigðisþjónustu við íbúa Reykjavíkur, eða samtals 3.600 millj., til greiðslu á kostnaði við sjúkrahúsdvöl, lyfjanotkun, sérfræðihjálp og tannlækningar. Aðeins 5% eða litlar 200 millj. fóru til reksturs Heilsuverndarstöðvarinnar, heimilislækninga, heilsugæslustöðva, heimahjúkrunar og heilbrigðiseftirlits. Svona hefur skiptingin verið milli heilsuverndar og sjúkraþjónustu og kostnaðurinn eykst stöðugt án þess að árangur í samræmi við kostnaðaraukninguna náist því þótt nútímalæknavísindi hafi haft áhrif til að lengja líf manna og auka lífslíkur þeirra sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum táknar það ekki að heilsufar sé almennt betra heldur fjölgar þeim sem lifa með sjúkdóma. Það má e.t.v. segja að nú á dögum sé hinn mikli vöxtur heilbrigðisþjónustunnar í velferðarþjóðfélaginu tákn um versnandi heilsufar frekar en nokkuð annað.

Þær forvarnaaðgerðir sem framkvæmdar eru í dag, svo sem ónæmisaðgerðir og mæðra- og ungbarnavernd, hafa þó skilað mjög miklu af þeim árangri sem náðst hefur undanfarna áratugi. Það er því þörf á því að skoða hvert stefnir í heilbrigðismálum og setja kúrsinn upp á nýtt. Heilbrigðisyfirvöldum víða um lönd er að verða æ ljósara að aðeins með því að snúa sér af alefli að forvörnum er hægt að fækka nýjum sjúkdómstilfellum og bæta heilsu þegnanna.

Alþingi hefur sýnt að það hefur skilning á þessu því að fyrir réttu ári síðan var samþykkt hér í þinginu þál. um íslenska heilbrigðisáætlun þar sem rík áhersla er lögð á forvarnastarf. Nú er í undirbúningi á vegum heilbrrn. framkvæmdaáætlun fyrir þessa heilbrigðisáætlun og getur tillaga um kennslu í réttri líkamsbeitingu, sem hér er til umræðu, vel fallið inn í þá framkvæmdaáætlun. Álagseinkenni frá hreyfi- og stoðkerfi líkamans, þ.e. beinum, vöðvum og sinum, eru algeng hér á landi eins og fram kemur í rannsókn Vinnueftirlits ríkisins sem vitnað er til í grg. með till. Í þeirri rannsókn kom í ljós að 8% kvennanna sem spurðar voru og 3% karlanna voru óvinnufær lengur en átta daga á síðastliðnum tólf mánuðum vegna óþæginda frá herðum eða öxlum. Miklu stærri hópur hafði leitað til læknis eða sjúkraþjálfara vegna svipaðra einkenna. Það er því augljóst að mjög háar fjárhæðir tapast vegna álagseinkenna og er orðið löngu tímabært að taka á þessu máli af skynsemi.

Þó að litlar rannsóknir séu til um hver kostnaður vegna álagseinkenna er hér á landi, þá benda kannanir Vinnueftirlitsins tvímælalaust til þess að tíðni þeirra sé ekki minni hjá okkur en hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Þar eru til nákvæmar upplýsingar um umfang vandans og kostnað. Í Noregi er t.d. áætlað, samkvæmt könnunum sem voru gerðar fyrir undirbúning norskrar heilbrigðisáætlunar fyrir árið 2000, að 35% af öllum fjarvistum á vinnumarkaðinum væru vegna einkenna frá hreyfi- og stoðkerfi og 58% af öllum sjúkdómum hjá fólki á vinnumarkaðinum væru vegna sömu einkenna.

Í Svíþjóð voru árið 1989 greiddar gífurlegar fjárhæðir í sjúkradagpeninga og örorkubætur vegna atvinnusjúkdóma frá stoð- og hreyfikerfi samkvæmt upplýsingum frá Arbetsmiljöfonden. Þetta voru alls 53 milljarðar sænskra króna sem mundi svara til, ef við hefðum sams konar kerfi og Svíarnir, að við greiddum 16 milljarða ísl. kr. á ári.

Álagseinkenni má í mörgum tilfellum fyrirbyggja með réttum aðgerðum. Þar má nefna fræðslu um byggingu líkamans, kennslu í vinnustellingum og réttri líkamsbeitingu, góða og rétta hönnun á vinnuaðstöðu og öllum aðbúnaði á vinnustöðum, í skólum og heimilum svo að eitthvað sé nefnt. Tvö meginatriði forvarnastarfs í þessu sambandi eru vinnuvernd á vinnustöðum eða starfsmannavinnuvernd eins og það hefur verið nefnt og vinnuvernd í skólum og kennsla í réttri líkamsbeitingu er einmitt einn þáttur í henni. Eðlilegast væri að sjúkraþjálfarar væru ráðnir í heilsugæsluumdæmi og sinntu þessu forvarnastarfi í tengslum við heilsugæslustöðvar. Reyndar er gert ráð fyrir þessu í lögum um heilbrigðisþjónustu en í þeim segir orðrétt í 17. gr., með leyfi forseta:

„Ráða skal sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar H2. Í Reykjavík skal vera a.m.k. einn sjúkraþjálfari í hverju heilsugæsluumdæmi."

Því miður hefur þetta ekki komist til framkvæmda enn. Í dag er enginn sjúkraþjálfari ráðinn að heilsugæslustöð til þess að sinna forvarna- og heilsuverndarstarfi í skólum eða á vinnustöðum þar sem engu fé hefur verið veitt til að hefja þá starfsemi. En vilji Alþingis birtist þó skýrum stöfum í heilbrigðisáætluninni. Þar segir í 3. lið, um heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir, með leyfi forseta:

„Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem fræðsluyfirvöld, félagsmálastofnanir og íþróttahreyfinguna í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt."

Í kafla um rannsóknir og kennslu, í 3. mgr. 29. liðar, stendur enn, með leyfi forseta:

„Námsskrár grunn- og framhaldsskóla og skóla heilbrigðisstétta skal endurskoða með tilliti til þeirrar

áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu."

Það er orðið mjög brýnt að hefja aðgerðir sem miða að bættra heilsu þjóðarinnar með fyrirbyggjandi starfi og skólarnir eru rétti staðurinn til að byrja á. Ég fagna því fram kominni tillögu og bendi á að framkvæmd hennar, laga um heilbrigðisþjónustu og íslenskrar heilbrigðisáætlunar fer saman.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns og fagna þessari fram komnu tillögu. Ég tel að hér sé hreyft afar mikilsverðu máli. Ég hef að nokkru leyti fylgst með þessum málum eins og þau gengu til á sínum tíma heima í mínu héraði þegar þáverandi heilsugæslulæknir, Pétur Pétursson, hafði forgöngu um kennslu og leiðbeiningar varðandi líkamsbeitingu í frystihúsi. Það kom í ljós mjög fljótlega að hér var um að ræða mjög merkilegt starf sem skilaði strax verulegum árangri. Það er miður að þessi tilraun skyldi ekki komast lengra þannig að menn tækju þetta upp víðar um landið og ynnu sameiginlega að þessu verkefni, heilbrigðisstéttirnar og aðilar vinnumarkaðarins.

Hvað varðar þessa tillögu vil ég varpa því upp hvort ekki væri áhugavert, ef ekki eru um það upplýsingar í dag að nefndin sem fær þessa tillögu til meðferðar hlutaðist til um það að láta taka saman, láta gera eitthvert mat á þeim kostnaði sem lendir á þjóðfélaginu með einum eða öðrum hætti vegna rangrar líkamsbeitingar eða af skyldum ástæðum. Ég held að það væri mjög fróðlegt að hafa það fyrir framan sig hvað menn geta verið með háar tölur í þessu sambandi. Enn fróðlegra væri að sjá, ef minn grunur er réttur, hversu litlu fé þarf að verja til að spara mikið. Hér er um að ræða mál af því tagi sem við ættum að einbeita okkur að í stað þess að böðlast um eins og naut í flagi í heilbrigðismálum.

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa till. til þál. sem liggur hér frammi. Þetta er að mínu mati mjög tímabær tillaga þar sem lög um heilbrigðisþjónustu hafa ekki öll náð fram að ganga, m.a. það sem hér var fram talið áðan um forvarnastarf. Samkvæmt heilbrigðislögunum ber að ráða sjúkraþjálfara til starfa á stærri stöðvunum. Á mörgum þeirra eru starfandi sjúkraþjálfarar en þeir sinna ekki nákvæmlega þessu starfi, kennslu í réttri líkamsbeitingu, hvað þá að þeir fari út á vinnumarkaðinn og kenni fólki réttar líkamsstellingar í sinni vinnu. Þeir stunda þar eingöngu sjúklinga sem eru þá jafnvel með einkenni frá stoðkerfi og hreyfikerfi vegna rangra vinnustellinga og rangrar líkamsbeitingar. Það er mikill sparnaður í forvarnastarfi, þessu sem öðru. Það er erfitt í niðurskurði eins og er í dag að tala um sparnað með því að fjölga stöðugildum á heilsugæslustöðvunum. En þar liggur sparnaðurinn því að þetta skilar sér, að vísu ekki í dag, en innan mjög fárra ára. Dæmið sem hv. þm. tók hér áðan um tilraunina í frystihúsinu skilaði sér innan fárra mánaða þar sem vinnutapið varð minna. Fjarvistir vegna bakveiki urðu strax minni. Ekki er nóg að tala hér um kennslu í réttri líkamsbeitingu. Það þarf að fylgja því eftir inn í skólana með því að nota rétta stóla og rétt borð og rétta hæð þannig að vinnuumhverfið sé rétt, ekki bara úti á færiböndunum í frystihúsunum heldur á að byrja strax í grunnskólanum. Börnin eiga að finna strax að rétt líkamsbeiting og réttar stellingar skila sér þannig að þeim líður betur.

Listinn um heilsuvernd, um fyrirbyggjandi aðgerðir sem heilsugæslustöðvarnar eiga að standa fyrir, er langur. Ég veit ekki um neinn vinnustað eða heilsugæslustöð sem hefur getað uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til stöðvarinnar varðandi heilsuvernd. Það vantar fleiri stöðugildi til að sinna þessu mikilvæga starfi sem skilar sér, eins og ég sagði áðan, innan fárra ára.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka 7. þm. Reykv., 4. þm. Austurl. og 5. þm. Vestf. fyrir mjög góðar undirtektir og mikinn skilning á málinu. Ég bjóst satt að segja ekki við að fá mjög miklar undirtektir við þetta mál því þegar ég lagði frv. fram á sínum tíma voru ýmsir karlmenn hér hlæjandi og höfðu satt að segja ekki mikinn skilning á þessu. Þannig er yfirleitt með allt í sambandi við heilsuna að það er ekki fyrr en hún bilar sem menn gera sér grein fyrir mikilvægi hennar, því miður. Það gladdi mig mjög hversu vel var tekið undir tillöguna. Ég ætla að minna á að fyrrv. heilbrrh. lagði mikla áherslu á forvarnastarf almennt á sínum valdaferli. Hann lagði fram heilbrigðisáætlun sem var vitnað hér til og var samþykkt á þingi og hann lagði líka fram till. til þál. um manneldisstefnu. Ég vona að núv. hæstv. heilbrrh. fylgi þessu eftir. Satt að segja olli það mér nokkrum áhyggjum þegar farið var að taka þetta háa þjónustugjald á heilsugæslustöðvunum því ég er hrædd um að það dragi úr heimsóknum manna á heilsugæslustöðvarnar þar sem þessi fræðsla öll á að fara fram.

En hér hefur ýmislegt verið tínt til. M.a. minntist 5. þm. Vestf. á að það væri þarft verkefni að gera úttekt á því hvað hin mikla bakveiki Íslendinga og vöðvabólga kostaði þjóðfélagið. Það er þarft verkefni og ég er alveg viss um að ef menn sæju þær fúlgur mundu þeir gera enn þá stærra átak í þessum málaflokki.

Áðan var minnst á það hvað hefði gerst í þeim frystihúsum þar sem teknar hefðu verið upp leikfimiæfingar í vinnutímanum og fólki kenndar réttar starfsstellingar. Það varð bæði mórölsk bylting í þessum frystihúsum, vinnuafköst urðu miklu betri og líðan fólks varð almennt betri. Ég þakka enn og aftur fyrir jákvæða umfjöllun um þetta frv. og ég vona að það komist hratt og örugglega í gegnum kerfið.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt að þegar rædd eru og flutt merkileg mál, sem allrar athygli eru verð og greinilega með þarfari málum hér, að þá skuli ekki vera í þingsalnum einn einasti þingmaður Sjálfstfl., fyrir utan þingforseta. Ég vek sérstaka at-

hygli á því að áhugi Sjálfstfl., móðurskipsins í stjórnarsamstarfinu, á heilbrigðismálum af þessu tagi er slíkur að hv. þm. flokksins láta sig allir hverfa, þeir fáu sem eru hér í húsinu. Ég hlýt að spyrja sjálfan mig um leið og ég vek athygli á þessari staðreynd hvort þetta sé fyrirborði þess að Sjálfstfl. muni leggjast gegn þessu máli. Sú spurning hlýtur að brenna á þingmönnum Sjálfstfl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 155. mál. — Þskj. 167.

Flm. (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 167 flyt ég ásamt þingmönnunum Agli Jónssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Kristínu Einarsdóttur eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á að hve miklu leyti íslenskur landbúnaður uppfyllir þær kröfur sem gera verður til hans með tilliti til sjálfbærrar þróunar þannig að hann spilli ekki náttúrulegum auðlindum heldur auki á verðmæti þeirra.

Stuðst verði við niðurstöðu þessarar úttektar við undirbúning íslenskra stjórnvalda að ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu á næsta ári."

Í grg. frv. kemur fram að „í októbermánuði sl. hélt Alþjóðasamband búvöruframleiðenda ráðstefnu hér á landi um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Á ráðstefnuna mættu fulltrúar frá 31 landi hvaðanæva úr heiminum og gerðu grein fyrir stöðu þessara mála í sínu landi. Af hálfu Íslendinga fluttu m.a. erindi Halldór Blöndal landbrh. og Eiður Guðnason umhvrh. Auk þess fluttu sérstök erindi Piet Bukman, landbúnaðar- og umhverfisráðherra Hollands, og Nitin Desai, aðstoðarframkvæmdastjóri UNCED, umhverfisráðstefnunnar í Brasilíu á næsta ári.

Til þessarar ráðstefnu var boðað með sérstöku tilliti til þess að samræma viðhorf landbúnaðarins við undirbúning hinnar mikilvægu ráðstefnu í Brasilíu sem menn vona að marki þáttaskil í þessu lífsspursmáli mannkynsins.

Það var einróma niðurstaða Alþjóðabændasamtakanna að eina leiðin til að ná viðunandi lausn væri náin samvinna allra sem þar eiga hlut að máli eins og fram kemur í ályktun ráðstefnunnar sem birt er í meðfylgjandi fylgiskjali. Þar sem bændur eiga eða hafa forræði fyrir miklum hluta af landi jarðar er samstarf við þá lykilatriði farsællar þróunar þessara mála. Þetta kom fram í niðurstöðu skýrslu Brundtland-nefndarinnar árið 1987 og hefur vafalaust átt þátt í þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hefur á þessu sviði síðustu árin."

Í grg. er síðan drepið á helstu vandamál sem röng notkun lands hefur í för með sér, þ.e. eyðingu jarðvegs og margt fleira. Einnig afleiðingar af hinum tæknivædda stórbúskap með mikilli áburðargjöf og mengun og stórum verksmiðjubúum þar sem dýr eru alin í miklu þéttbýli. En í lok grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir það sem hér kemur fram og að augljóst er að mörg þau vandamál, sem nefnd eru hér að framan, eru ekki fyrir hendi í íslenskum landbúnaði er mikilvægt að skýrt liggi fyrir hver staða hans er að þessu leyti. Á það má benda að afurðir landbúnaðar, sem er laus við alla þessa annmarka, eru settar í hærri gæðaflokk og neytendur eru reiðubúnir að greiða allt að 25 af hundraði hærra verð fyrir þær.

Ef hæfustu menn, hver á sínu sviði, verða fengnir til þess að vinna saman að þessari úttekt ætti að verða næg þekking án þess að lagt sé í frekari rannsóknir svo að verkinu megi ljúka á skömmum tíma. Það yrði gagnlegt framlag af hálfu Íslands til umræðna á ráðstefnunni í Brasilíu."

Nú eru liðnir margir mánuðir síðan þessi þáltill. var lögð fram og tíminn fram að ráðstefnunni í Brasilíu styttist óðum. Því miður er ekki líklegt að samþykkt hennar geti haft áhrif á undirbúning Íslendinga en undirbúningur að þessari ráðstefnu heldur áfram og í síðasta mánuði, 11.–13. febr., var haldinn fundur í París á vegum OECD um sjálfbæran landbúnað. Fundurinn var haldinn í aðalstöðvum OECD og var liður í undirbúningi fyrir fund landbúnaðarráðherra OECD-ríkjanna sem haldinn verður 26.–27. mars. Fundinn sátu um 170 fulltrúar frá OECD-ríkjum, nokkrum alþjóðastofnunum og samtökum, þar á meðal nokkrum samtökum umhverfisverndarsinna. Þátttakendur voru flestir sérfræðingar frá ráðuneytum umhverfis- og landbúnaðarmála í aðildarríkjunum og einnig tíu fulltrúar frá bændasamtökum og alþjóðasamtökum bænda, IFAP.

Á fundinum var rætt um sjálfbæran landbúnað, tækni og aðferðir. Greint var frá tilraunum með sjálfbæran landbúnað og lífræna ræktun og þróun slíkrar framleiðslu í ýmsum löndum, rætt um skilgreiningu á hugtakinu „sjálfbær landbúnaður", greint frá möguleikum líftækni og hugsanlegum áhrifum hækkandi hitastigs á jörðunni á landbúnaðinn.

Megininntak þess sem fram kom í erindum og umræðum á fundinum var eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að skilningur manna á hugtakinu „sjálfbær landbúnaður" er mjög mismunandi. Allt frá því að vera venjuleg ræktun og búfjárhald, þar sem gætt er hófs í notkun áburðar- og eiturefna, í það sem kalla mætti lífræna ræktun þar sem engin kemísk efni eru notuð. Almennt var sú skoðun uppi að umræður um skilgreiningar í þessu efni væri tímasóun, skoða bæri allar leiðir í þessu sambandi. Það sama hentaði ekki öllum þjóðum, svæðum né einstaklingum. Meginatriðið væri að landbúnaðurinn sé rekinn í sátt við umhverfið án tillits til þess hvaða aðferð er notuð. Ekki megi bara leita gallanna á núverandi kerfum heldur verði að finna ný. Landbúnaðurinn sé í vítahring, bændur auki stöðugt framleiðsluna sem leiði til offramleiðslu og lægra verðs. Stjórnvöld reyna að bjarga málunum með styrkjum og niðurgreiðslum sem leiði til

stöðugt hærri kostnaðar fyrir stjórnvöld og neytendur. Eina leiðin sé að hverfa til framleiðslu sem krefst minni tilkostnaðar, minni notkunar áburðar og hjálparefna eða til lífrænnar ræktunar. Aðeins í samvinnu við bændur væri hægt að finna leiðir út úr vandanum.

Fram kom að í hinum iðnvædda hluta heimsins eru bændur og stjórnvöld víðast meðvituð um nauðsyn þess að landbúnaður þurfi að vera umhverfisvænn. Í öllum þessum löndum fara fram umfangsmiklar tilraunir og rannsóknir á þessu sviði og greinileg merki sjást um breytingu til batnaðar. Á þessum stutta tíma er ekki hægt að svara spurningunni um sjálfbærni. Aðeins er hægt að ráða af líkum. Hins vegar er vitað að fyrri kynslóðum tókst víða að stunda sjálfbæran landbúnað og í sumum Asíulöndum er það nú gert.

Núverandi aðferðir við lífræna ræktun eru mjög áhugaverðar en meiri reynslu vantar. E.t.v. eru það ekki rannsóknir sem vantar heldur meiri reynsla.

Sú skoðun var almenn að landbúnaður, fjölskyldubúskapur, eins og algengastur er á Vesturlöndum sé í meginatriðum sjálfbær og þeir ágallar sem þar eru séu tiltölulega auðleystir. Lykilatriði í því sambandi sé aukin fræðsla, beita þurfi meiri þekkingu í rekstrinum en minna af aðföngum. Bent var á að lífrænum áburði geti einnig fylgt vandamál vegna of mikillar köfnunarefnismyndunar.

Rætt var um þau miklu vandamál sem fylgja þröngbýli í sumum löndum, svo sem Hollandi og Danmörku, vegna of mikillar áburðarframleiðslu. Slíkur búskapur væri í raun andhverfa rányrkjunnar. Landbúnaður gæti ekki talist sjálfbær nema hann geti afsett þau úrgangsefni sem frá honum koma á eigin landi.

Sú skoðun kom einnig fram að landbúnaður, sem ekki skapar skilyrði fyrir viðunandi lífsafkomu fyrir bóndann, getur ekki talist sjálfbær. Aðeins efnahagslega sjálfstæðir bændur geta mætt þeim kröfum sem samfélagið gerir til þeirra um sjálfbæra framleiðslu og um hagkvæman rekstur. Sjálfbær landbúnaður krefst bestu tækni og fullkomnustu framleiðslutækja, bæði plantna og dýra ef hann á að lifa af. Sjálfbær landbúnaður þýðir dýrari vörur. Þeirri spurningu er ósvarað hvort neytendur eru reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir umhverfisvænar vörur. Því var haldið fram að nægilegt fjármagn væri nú í landbúnaðargeiranum. Spurningin væri sú hvernig það ætti að skiptast milli bænda annars vegar og annarra framleiðslu- og þjónustuliða hins vegar. Því er einnig ósvarað hvort neytendur sætta sig við útlitsgalla sem oft fylgja vörum úr umhverfisvænni ræktun, t.d. á ávöxtum og grænmeti.

Talið er að mannkynið eigi nú matarbirgðir til aðeins 27 daga. Á þessum fundi flutti aðstoðarforstjóri OECD, Herbert Redl, erindi en forstjórinn er jafnframt yfirmaður þeirrar deildar OECD sem annast landbúnaðarmál. Megininntak í máli forstjórans var eftirfarandi:

Til þess að gera landbúnaðinn umhverfisvænni en nú er þarf að efla samvinnuna við stjórnvöld í hverju landi og við bændur. Bæta þarf rekstur bænda og efla tilfinningu þeirra fyrir markaðnum. Landbúnaðarstefna aðildarríkjanna þarfnast endurskoðunar. Markmið hennar hafa ekki náðst fram. Tekjumarkmiðið hefur ekki náðst og bilið milli bænda og annarra þjóðfélagshópa hefur breikkað í flestum aðildarlöndunum. Markmiðið um ódýrari vörur hefur heldur ekki náðst í flestum aðildarlöndunum. Þessi staða krefst nýrrar hugsunar. Þessi þróun á hins vegar að vera hæg. Það hefur OECD alltaf sagt.

Sem fyrr segir voru á fundinum tíu fulltrúar bændasamtaka og fulltrúar frá IFAP, alþjóðabændasamtökunum. Þeir hittust á sérstökum fundi og í lok fundarins flutti David King, framkvæmdastjóri IFAP, ávarp þar sem hann skýrði sérstaklega afstöðu bænda. Meginatriðin í máli hans voru eftirfarandi:

Það ræktunarland sem við eigum í dag er verk margra kynslóða og það getur tekið aldir að bæta þau spjöll sem sums staðar hafa verið unnin á umhverfinu. Menn þurfa að gera sér ljóst að ræktunarlandið er dýrmæt auðlind og við eigum að umgangast það sem slíkt. Um aldamót höfum við um það bil 1 milljarði fleiri menn að fæða. Við getum ekki séð þessu fólki fyrir mat ef við hættum alveg að nota kemísk efni í landbúnaði. Það er ekki hægt að ákveða bara eitt kerfi í landbúnaðinum. Sjálfbær landbúnaður þýðir ekki það sama og lífræn ræktun. Við verðum að vinna eftir öllum þeim leiðum sem mögulegar eru án þess að misbjóða umhverfinu. Það verður að hafa í huga að núverandi staða í landbúnaðarmálum er verk stjórnvalda. Bændur eru í mikilli óvissu um starfsumhverfi sitt. Þeir þurfa langtímastefnu. Við mótun slíkrar stefnu þarf að hafa eftirfarandi í huga:

1. Bóndinn er ekki vandamálið heldur lykillinn að lausn vandamálsins.

2. Stefnumörkun og áætlanir þarf að vinna í náinni samvinnu við bændur. Árangur næst ekki með fyrirmælum að ofan.

3. Leggja þarf áherslu á aukna menntun og ráðgjöf. Ekki má láta sölumönnum eftir að annast ráðgjafarstarfið.

4. Beina þarf rannsóknum í auknum mæli að sjálfbærri þróun.

5. Aðeins fjárhagslega sjálfstæður landbúnaður getur verið sjálfbær. Umhverfisvandamál eru afleiðing fátæktar.

6. Sjálfbær landbúnaður er ekki bara mál bænda heldur samfélagsins alls.

Ég hef hér gert grein fyrir þeim efnisatriðum sem fram komu á þessum fundi hjá OECD. Ýmislegt af því sem þar kemur fram getur átt við okkar landbúnað en margt er að sjálfsögðu öðruvísi. Eins og ég sagði í upphafi, þá er það sem betur fer þannig að okkar landbúnaður er á margan hátt betur settur en í flestum öðrum löndum OECD vegna þess sem áður hefur verið minnst á.

Enda þótt þessi tillaga muni ekki ná þeim tilgangi, eins og ég sagði áður, að hafa áhrif á undirbúning að ráðstefnunni í Brasilíu í byrjun júnímánaðar nk., þá er það engu að síður mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að svona úttekt fari fram til þess að ljóst sé hver staða hans er. Ég er sannfærður um að sú staða er mjög góð og hluti af þeim framtíðarmöguleikum sem

íslenskur landbúnaður á byggist áreiðanlega á því hvernig hægt væri að framleiða hágæðavörur hér sem gætu verið eftirsóttar af neytendum. Það væri mikils virði fyrir íslensku þjóðina að eiga aðgang að slíkum vörum en einnig til þess að öðrum þjóðum verði gefinn kostur á slíkri gæðavöru, fleirum en þeim vaxandi fjölda ferðamanna sem sækja okkur heim.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og landbn.

Umræðu frestað.

104. FUNDUR

miðvikudaginn 18. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál. — Þskj. 432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, HjálmJ, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 56 shlj. atkv.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 279. mál. — Þskj. 468.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Umferðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 60. mál (ökupróf o.fl.). — Þskj. 536, brtt. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Afstaða mín til þeirrar brtt. sem hér hefur verið lögð fram er sú að það sé heldur til bóta að tillagan verði samþykkt þó að ég sé ekki fyllilega sáttur við hana. Ég mun sem sagt styðja þessa brtt. en að öðru leyti sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frv.

Brtt. 570 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

8 þm. (ÁMM, DO, EKJ, GÁ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HjálmJ, IBA, ISG, JóhS, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VG, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, GB, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, DO, EKJ, GÁ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 590).

Endurskoðun iðnaðarstefnu, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG, 91. mál. — Þskj. 94.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Kolbeinsey, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 153. mál. — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Kennsla í réttri líkamsbeitingu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍP o.fl., 165. mál. — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

1 þm. (FrS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÞBack, ÖS.

7 þm. (ÁMM, DO, EKJ, HBl, MF, SighB, StB) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Afgreiðsla lagafrumvarpa í tengslum við EES-samninginn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs um þingsköp er fundargerð sem ég fékk nú nýverið upp í hendurnar frá skrifstofu EFTA. Þar er sagt frá fundi sem haldinn var þann 21. febr. sl. í Strassborg og var sameiginlegur fundur forseta þjóðþinga EFTA-ríkjanna. Það sem vakti athygli mína í þessari fundargerð eru innlegg hæstv. forseta okkar í umræðuna. Mér fannst ástæða til að vekja athygli þingmanna á þessu og eins að spyrja forseta hér ákveðinna spurninga.

Þannig er að í fundargerðinni kemur fram að af Íslands hálfu sé reiknað með því að það muni taka Alþingi fjórar til sex vikur að aðlaga um 200 lagaákvæði eða setja inn í íslensk lög, og þeirri vinnu eigi að vera lokið fyrir lok 115. þings og það 30. sept.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. forseta á hverju hún byggi það mat sitt að þessi vinna muni aðeins taka fjórar til sex vikur eins og segir í þessari fundargerð. Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. forseta hvenær þess sé að vænta að þingmenn fái einhverjar upplýsingar um það hvernig starfi þeirra verður háttað í sumar ef — og ég undirstrika auðvitað ef — EB-dómstóllinn blessar samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem nú er þar til umfjöllunar.

Mér finnst orðið tímabært að við förum að gera okkur einhverja grein fyrir þessu hér á Alþingi og vil því spyrja þessara spurninga.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki tímasett það hvenær megi vænta þess að þessum störfum ljúki, en það fer náttúrlega eftir því hvernig gangur mála verður. Þær upplýsingar sem koma fram í þessari fundargerð eru byggðar á

þeim gögnum sem embættismenn þingsins höfðu aflað sér með því að sitja fund þar sem fjallað var um undirbúning þessara mála.

Forseti vill gjarnan fá tækifæri til þess að gefa ítarlegri svör með því að lesa yfir fundargerðina en forseti hefur ekki haft tækifæri til þess enn þá en mun gera það og svara þá hv. þm. betur við það tækifæri.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu sérkennilega máli. Þannig háttar til að við höfum iðulega núna á undanförnum mánuðum spurt um þetta sama. Við höfum iðulega rætt um þetta hér úr þessum ræðustól og reynt að fá svör hjá hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh. um það hvernig ætlunin væri að taka á þessum Evrópumálum ef — og ég undirstrika ef — þau kæmu hér til meðferðar í þessari virðulegu stofnun. Við höfum engin svör fengið né heldur heyrt tilraunir til svara af neinu tagi. Og þeim mun sérkennilegra er það að fyrstu formlegu svörin sem berast eru í fundargerð fundar sem haldinn er erlendis um þessi mál, en þau svör hafa aldrei borist okkur hingað í þessari stofnun svo mér sé kunnugt um. Ég tel að þetta sé gagnrýnivert og ég tel að það sé ástæða til þess í tilefni af fyrirspurn hv. 10. þm. Reykv. að hvetja til þess að hið fyrsta verði haldinn fundur með forsetum Alþingis og formönnum þingflokka þar sem þessi umræða verði kortlögð. Ég tel að hér sé óeðlilega að hlutunum staðið af hálfu hæstv. forsætisnefndar. Ég hlýt að segja það hér nú, virðulegi forseti.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli hér. Þetta eru athyglisverðar upplýsingar. Mér er það ljóst að forseti getur að sjálfsögðu ekki svarað því hvort þetta mál kemur fyrir hið háa Alþingi, þ.e. hvort grænt ljós verður gefið af Evrópudómstólnum, en mér þótti það fróðlegt ef forseti telur að aðeins muni taka fjórar til sex vikur að afgreiða 200 lagafrumvörp, eins og ég skildi fyrirspurnina, hér á hinu háa Alþingi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef annars staðar frá hefur á öðrum þjóðþingum Norðurlanda verið talið að langtum lengri tíma væri þörf, allt upp í þrjá mánuði. Það væri fróðlegt þegar virðulegur forseti hefur haft tækifæri til þess að skoða þessi mál nánar að við þingmenn gætum fengið allítarlegar upplýsingar líka um þessi lagafrumvörp. Eru þetta lítilfjörlegar einstakar breytingar? Hvað er hér um að ræða? Að sjálfsögðu er ekki unnt að spyrja að því hér og nú, þar sem hæstv. utanrrh. er ekki við, hvað líði þá undirbúningi allra þessara frumvarpa, en ég held að það sé nauðsynlegt að þingmenn fái sem allra fyrst glöggar upplýsingar um bæði stöðu þess máls og þá hvernig virðulegur forseti hugsar sér að láta afgreiða þau mál hér á sex vikum í mesta lagi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur það eðlilegt og sjálfsagt að fjalla um þetta mál á fundi með formönnum þingflokka og vænt*ir þess að þá verði hægt að gefa ítarlegri upplýsingar* um þetta mál og ræða það betur. Forseti vill jafnframt benda á að hér í þinginu fyrr í vetur kom fram fyrirspurn frá hv. 4. þm. Austurl., sem utanrrh. hefur svarað, um þinglega meðferð á þessum málum. En að öðru leyti, eins og forseti sagði fyrr, mun forseti vera fús til að svara þessu ítarlega við betra tækifæri, þegar forseti hefur fundargerðina í höndunum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir þau svör sem hér hafa verið gefin. Hér hafa menn verið að tala um þing annarra Norðurlanda og hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson benti á að þar væri verið að tala um tvo til þrjá mánuði. Það kemur reyndar fram í þessari fundargerð sem ég er að vitna hér til að norska Stórþingið áætlar að þetta muni taka tvo til þrjá mánuði. Sænska þingið er að skipuleggja tíma sinn fram í miðjan nóvembver og ætlar sér þann tíma til umfjöllunar um þessi mál, hefur þar að auki sett niður ákveðna nefnd sem á að samræma störfin og er komin með ákveðið vinnulag tilbúið þegar þetta mál kemur þar til umfjöllunar. Og þó að það sé auðvitað mikilvægt að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. um þessi mál, þá finnst mér það ekki skipta síður máli að Alþingi sjálft geri sér grein fyrir því hvernig það vill standa að þessum málum og hvernig það vill vinna með þessi mál hér inni á Alþingi. Mér finnst orðið tímabært að menn fari að velta því fyrir sér því að þetta getur brostið á annaðhvort í apríl eða maí, ef það brestur þá á annað borð. En ég þakka fyrir og vonast til að við fáum þá skýrari umræður um þetta þegar forseta hefur gefist tóm til að líta á þessa fundargerð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka það að að sjálfsögðu verður formönnum þingflokka gerð grein fyrir þeim athugunum á þessu máli sem hafa farið fram nú þegar og væntanlega gefst þá tækifæri til að ræða þetta mál betur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það hafi verið eðlilegt að hreyfa þessu máli hér undir þingsköpum. Ég er ekki að skorast undan því að við formenn þingflokka ræðum við forsætisnefndina um tilhögun þinghaldsins og hvernig þetta verkefni yrði unnið, en ég held að það sé nauðsynlegt að fá munnlega skýrslu frá ríkisstjórninni um málið sem allra fyrst. Og þar komi þá fram hvernig ríkisstjórnin hugsar sér tæknilega að stuðla að því að málið verði afgreitt hér á Alþingi. Okkur er mjög nauðsynlegt að fá lista yfir þær lagabreytingar sem hér er verið að ræða um.

Mér er ekki ljóst á hverju hæstv. forseti byggir þá skoðun sína að þessi vinna taki ekki nema fjórar til sex vikur og væri gott að fá skýringar á því. Ég vil láta það koma fram að ég tel óviðkunnanlegt að við fréttum þessi þröngu tímamörk fyrst frá útlöndum. Það hefði verið betra að það hefði borið öðruvísi að.

Menn eru að velta því fyrir sér hvort yfirleitt verði

af þessari vinnu hér í þinginu. Eftir þeim fregnum sem ég hef bestar reikna menn með því að Evrópudómstóllinn geri ekki athugasemdir við það uppkast sem nú er til athugunar hjá honum og þar með verður væntanlega að ganga í þessa vinnu hér.

Sinubrennur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 469.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKJ, GÁ, HBl, IBA, KSG, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, ÞorstP) fjarstaddir.

Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31, nál. 481, brtt. 482 og 567.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við brtt. á þskj. 482. Þessi brtt. er á þskj. 567 og flm. með mér eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Ástgeirsdóttir.

Brtt. er á þann veg að orðin „svo sem evrópsku mynteininguna (ECU) og sérstökum dráttarheimildum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR)“ í 2. tölul. falli brott.

Ástæðan fyrir því að við þingmenn, sem erum fulltrúar minni hlutans í efh.- og viðskn., flytjum þessa tillögu við brtt. sem við höfðum skrifað undir með fyrirvara er sú að við teljum að með ummælum sínum hér á Alþingi á mánudaginn þegar þetta mál kom til 2. umr. hafi hæstv. viðskrh. breytt verulega þeim forsendum sem voru fyrir okkar undirskrift. Hæstv. ráðherra sagði að það væri ætlun ríkisstjórnarinnar að tengja íslensku krónuna við ECU og að ráðherra liti þannig á að með samþykkt þessa frv. væri Alþingi í raun að gefa umboð sitt til slíks. — Ég sé að hæstv. ráðherra hristir höfuðið en við getum farið yfir þetta þegar umræðurnar koma úr prentun en á einhvern þennan hátt tók hæstv. ráðherra til orða.

Þetta er út af fyrir sig slæmt vegna þess að það var algjör samstaða um það í nefndinni að það væri æskileg breyting að koma hér á gjaldeyrismarkaði með fráviksmörkum og í allri umfjöllun nefndarinnar var það aðalatriði málsins. Það kom reyndar fram í viðtölum við seðlabankastjóra að það þyrfti engar lagabreytingar til breytinga á gengiskörfunni og þess vegna væri hægt að tengja krónuna við ECU ef ríkisstjórnin teldi það æskilegt, sem ég dreg reyndar í efa, á grundvelli núgildandi laga. En eftir að forsendur höfðu breyst á þennan hátt og þar sem fyrirvarar okkar beindust m.a. að því að við teldum að með þessari lagabreytingu væri á engan hátt verið að festa þá ákvörðun í sessi að tengja íslensku krónuna við ECU leggjum við fram þessa brtt.

Það má kannski segja að flest það sem skiptir máli um þá breytingu sem verið er að gera á lögum í þessa veru hafi komið fram í umræðunni á mánudaginn var, en ég ætla þó að bæta örfáum orðum við og hnykkja á þeim atriðum sem ég tel að þarna skipti mestu máli. Ég tel að ef Seðlabankinn hefur þau tök á gengismálum sem nauðsynleg eru, ef hann hefur afl til þess og setur sér þau markmið, þá eigi þessi breyting að geta leitt til þess að gengið á hverjum tíma verði skráð nær hagsmunum útflutningsatvinnuveganna heldur en hefur verið undangengið. Og ef skilyrði þeirra versna, þá láti gengið undan innan þess ramma sem reglur leyfa á hverjum tíma, og ég vitna þá í orð hæstv. viðskrh. í umræðunni á mánudaginn var að væntanlega yrðu fráviksmörk hjá okkur vegna eðlis okkar atvinnustarfsemi einhvers staðar í kringum 6%, upp undir 6% til eða frá.

Þetta tel ég vera höfuðatriðið í þessu og það væri mjög æskilegt að með þessari breytingu væri hægt að vinna gengismálin á betri grunn án þess að menn séu að taka þar nokkrar kollsteypur. Það getur út af fyrir sig ekki gengið til lengdar að halda verðlagsþróun hér innan lands niðri á kostnað útflutningsatvinnuveganna með því að fjármagna innflutning með aukinni lántöku. Þetta staðfestir kannski með öðru það sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt að undanförnu að það sem skiptir mestu máli gagnvart stöðu undirstöðuatvinnuveganna er að það náist jöfnuður í viðskiptum við útlönd. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hæstv. ríkisstjórn hefði e.t.v. mátt huga meira að þeim þætti en ekki einbeita sér alveg eins mikið að ríkissjóðshallanum og gert hefur verið á starfstíma ríkisstjórnarinnar fram að þessu.

Virðulegi forseti. Ég held að það þurfi ekki frekari rökfærslu til við þessa brtt. og ég læt máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 32. mál (sala erlends gjaldeyris). — Þskj. 32, nál. 483.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það skýrir nú sennilega smávægilegan misskilning sem um þetta er að hv. frsm. efh.- og viðskn. hefur væntanlega mælt fyrir þessum málum

báðum í einu eða hvoru á eftir öðru. (Gripið fram í). Jæja, en hvað sem því líður þá rak mig ekki minni til þess að búið væri að mæla fyrir nema frv. um Seðlabankann, því sem hér var til umfjöllunar áðan og ég átti satt best að segja von á því að frsm. ætti eftir að mæla fyrir nál. Þetta stafar af þeim heldur hvimleiða sið, herra forseti, að mælt er fyrir málum jafnvel vikum áður en ætlunin er að hafa umræðuna um þau eða aðstæður eru til að halda áfram umræðunni um þau. Ég verð að segja alveg eins og er, reynslunni ríkari eftir að hafa séð þetta nokkrum sinnum gert hér í vetur, þá get ég ekki mælt með því að það sé iðkuð sú íþrótt trekk í trekk að slíta þannig með öllu sundur umræður um málin.

En þetta frv., 32. mál á þskj. 32, varðar breytingar á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem eru tiltölulega einfaldar í sniðum, þ.e. að 4. gr. laga nr. 63/1979 verði breytt í þá veru að afnema þá skilaskyldu erlends gjaldeyris í grófum dráttum sem enn er við lýði, en hefur reyndar verið losað nokkuð um að undanförnu, og færa vald í þeim efnum alfarið yfir í hendur viðskrn. sem setja skuli um það reglur hvernig með þessi sölumál og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri skuli farið.

Þessi breyting er liður í því að undirbúa markaðsvæðingu með gjaldeyri sem fram hefur komið, m.a. í umræðum um næsta dagskrármál hér á undan, að er síðan þáttur í þeirri breytingu á gengisskráningu og meðferð þeirra mála allra sem til umræðu eru.

Það er skemmst frá að segja að afstaða okkar í minni hlutanum er sú sama gagnvart þessu máli og hinu fyrra. Við skrifum undir nál. með fyrirvara og ég vil gera lítillega grein fyrir þeim fyrirvara eins og hann snýr að þessu máli sem er hinn sami og varðandi frv. um Seðlabankann. Fyrirvarinn lýtur fyrst og fremst að því hvernig framkvæmd þessara mála verður hagað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Sömuleiðis má segja að við höfum fyrirvara um stöðu Seðlabankans í þessu sambandi, möguleikar hans til þess að vera sá jafnvægisstillir og vaki viðskipta í þessum efnum sem ætlunin er.

Sá fyrirvari veit ekki hvað síst að tímasetningum í þessu sambandi og ég verð að segja alveg eins og er að skoðun mín hefur styrkst í þeim efnum að menn ætli sér hér fullmikið, færast fullmikið í fang að hrinda þessum breytingum sumpart í framkvæmd á fáeinum mánuðum. Ég er ekki farinn að sjá það að einhver markaður sem stendur undir því nafni muni hefjast hér með erlendan gjaldeyri á haustdögum. Ég er ekki búinn að sjá hverjir verða viðskiptaaðilarnir á þeim markaði og þó svo hann verði takmarkaður og jafnvel að einhverju leyti lokaður og bundinn við t.d. millibankaviðskipti, þá held ég nú að það sé fullbratt af stað farið að ætla sér ekki nema fáeina mánuði til þess að koma þeim hlutum af stað. Ég vil því ítreka og undirstrika fyrirvara minn gagnvart því að menn ætli sér ekki um of varðandi undirbúning þessara mála.

Efnislega er hins vegar það að segja að ég held að það sé sjálfsagt mál að fjarlægja úr lögum úreltar hindranir sem eru í vegi þess að þróa hér í áföngum viðskipti með gjaldeyri á markaði og get því eftir atvikum verið efnislega sáttur við þær breytingar á lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem felast í þessu frv. Það eru þannig fyrst og fremst, herra forseti, tengsl þess við áform ríkisstjórnarinnar að öðru leyti, þar á meðal um margnefnda ECU-tengingu krónunnar, sem hér hefur verið nokkuð til umræðu, sem veldur því að ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara.

Ég vona, herra forseti, að við þurfum ekki að upplifa sömu hlutina í þessu máli eins og hinu síðasta, að hæstv. viðskrh. leggi sig í framkróka um að barna afgreiðslu þingsins á því og reyna að lesa meira út úr henni heldur en efni standa til. Það er alveg ljóst að ég sem nefndarmaður í efh.- og viðskn. hefði ekki skrifað undir nál. og verið samferða meiri hlutanum um afgreiðslu þessa máls ef það hefði hvarflað að mér að til stæði að leggja í afgreiðslu þess einhverja dýpri merkingu varðandi pólitísk áform hæstv. ríkisstjórnar um ECU-tengingu krónunnar eða nánari samvinnu við efnahagsheildina í Evrópu. Málið var lagt upp sem skipulagsbreyting, sem breytt framkvæmd og tilhögun þessara mála, sjálfrar sín vega en ekki annarra hluta, og það er auðvitað með öllu óþolandi að eftir á sé reynt að leggja aðra merkingu í hlutina en kynntir hafa verið í upphafi fyrir mönnum í þinginu.

Ef hæstv. viðskrh. vill bera undir þingið stefnu ríkisstjórnarinnar um að tengja íslensku krónuna við ECU á næsta ári, þá á hann að gera það með heiðarlegum hætti, með því að leggja þá ákvörðun fyrir. Ef hann er hér hins vegar að standa ósköp einfaldlega fyrir ákveðnum praktískum breytingum á löggjöf um þessi efni til þess að unnt sé að aðlaga framkvæmd þessara mála að breyttum aðstæðum þá er það annar hlutur. Og það á ekki að blanda saman með óheppilegum hætti eins og ella væri pólitískum ákvörðunum annars vegar og tæknilegum lagfæringum á framkvæmd þessara mála hér uppi á Íslandi hins vegar. Ég hef litið svo á að það væri þokkaleg efnisleg samstaða um það að tímabært væri að gera tilteknar breytingar, bæði á lögum sem varða skilaskyldu og sölumeðferð erlends gjaldeyris og einnig hvað snertir Seðlabankann varðandi gengisskráninguna, en það er alveg augljóst mál að það gegnir allt öðru máli um pólitískar ákvarðanir um nánari tengsl okkar að þessu leyti, t.d. við Evrópumyntina.

Þess vegna, herra forseti, vil ég strax hér í byrjun gera skýran þennan fyrirvara minn og ég endurtek það að ég treysti því að menn geti orðið sáttir á að láta við það sitja að á ferðinni sé skipulagsbreyting og tæknileg breyting á framkvæmd þessara mála og annað ekki. Pólitískar ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar eða áform eru svo annar handleggur.

Ég hefði talið ástæðu til að hæstv. viðskrh. hefði einnig farið aðeins yfir það með tilliti til þess að nokkuð er umliðið síðan 1. umr. fór fram um þetta mál hvar frekari undirbúningur framkvæmda í þessum efnum er á vegi staddur og vísa ég þá aftur til heimsóknar bankastjóra Seðlabankans til efh.- og viðskn. sem upplýstu m.a. að áform að þessu leyti stæðu til að hefja þessa starfsemi, viðskipti með erlendan gjaldeyri á

markaði, þegar á hæsta hausti. Og væntanlega hafa menn þá notað tímann sem liðinn er frá því að málið var lagt fram og fram að þessu til þess að hefja einhvern undirbúning að því að svo geti orðið.

Herra forseti. Í trausti þess að stuðningur minn við þetta mál verði ekki mistúlkaður þá stend ég við hann og mun greiða því atkvæði eins og undirskrift mín undir nál. ber með sér, en ég áskil mér rétt til þess að breyta því ef annað verður upp á teningunum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þá kemur greinilega fram á dagskrá fundarins að hér er um framhald 2. umr. að ræða og hv. 1. þm. Vestf., frsm. nefndarinnar, hafði mælt fyrir nál.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. 4. þm. Norðurl. e. að stuðningur hans við þetta frv. verður á engan hátt affluttur eða misskilinn. Hann verður tekinn fyrir það sem hann er, stuðningur við þá breytingu á skilaskyldu á gjaldeyri sem nauðsynleg er til þess að hér megi gefa markaðsöflum áhrif á daglegt gengi krónunnar innan ákveðinna marka. Hins vegar, um leið og ég segi þetta, þá andmæli ég því harðlega sem hv. þm. lét að liggja að ég hefði lagt þetta mál og það sem næst var á undan á dagskránni öðruvísi en heiðarlega fyrir. Ég leyfi mér að endurtaka að það er fjarri öllu lagi að halda því fram að ég hafi komið aftan að hv. nefndarmönnum í efh.- og viðskn. Alþingis þegar ég lýsti því eins og ég gerði í framsögu minni fyrir báðum þessum málum við 1. umr. um þau að þessar breytingar, nauðsynlegar sem þær væru í sjálfum sér, væru líka nauðsynleg forsenda þess að tengja mætti íslensku krónuna við evrópsku mynteininguna ef ákvörðun yrði um það tekin. Hins vegar er þingið alls ekki að taka ákvörðun um þá tengingu heldur eingöngu að gera þessar tæknilegu breytingar á gengistilhöguninni. Skýrara getur þetta ekki verið og það er með öllu ósatt að ég hafi á einhvern hátt komið hér í ræðustól í þinginu og gert öðruvísi grein fyrir málinu í meginatriðum heldur en gert var við 1. umr. málsins.

Þetta vil ég láta koma skýrt fram um leið og ég þakka stuðning nefndarmanna í efh.- og viðskn. við þetta frv. og hið fyrra, en ég vona reyndar að nokkrir þingmenn muni kalla aftur brtt. sem þeir hafa flutt við hið fyrra frv.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur haft gott af næturssvefninum. Málflutningur hans hér núna varðandi þetta efni var miklu skýrari og yfirlýsing hans út af fyrir sig fullnægjandi varðandi það hvað felst í afgreiðslu Alþingis á þessu máli. Og ég vænti þess að þegar þessi ræða hæstv. viðskrh. verður komin í þingtíðindin, þá verði ekki frekari tilraunir uppi af neinna hálfu til að mistúlka það neitt eða túlka yfir höfuð, svo skýr sem sú yfirlýsing var að hér felst í afgreiðslu Alþingis ekki á nokkurn hátt ákvörðun sem tengist ECU-tengingu krónunnar eða öðrum áformum hæstv. ríkisstjórnar. Hér er um tæknilegar og skipulagslegar lagfæringar að ræða á lögum um skilaskyldu erlends gjaldeyris.

Varðandi hitt atriðið þá fannst mér ræða hæstv. viðskrh. einmitt vera rökstuðningur fyrir því að það er skynsamlegt að samþykkja þá brtt. sem við þrír hv. þm. stjórnarandstöðunnar höfum flutt til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum hvað Alþingi er með breytingum sínum á lögum um Seðlabankann og lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála að gera að þessu sinni. Og ég hvet hv. þm. til þess að íhuga það vel hvort þeir eru ekki sammála okkur um það að með vísan til þess að álit allra helstu sérfræðistofnana Íslendinga á þessu sviði er að ekki sé tímabært að taka á dagskrá ECU-tengingu krónunnar, þá sé heldur ekki skynsamlegt að Alþingi sé að skáskjóta svona inn í lagatexta fullkomlega að óþörfu og í algjörri merkingarleysi þessu orðskrípi „svo sem með ECU-tengingu krónunnar eða SDR" sem er auðvitað eins og út úr kú og á ekki heima inni í þessum texta sem er að öðru leyti orðinn á þolanlegri íslensku. Ég þakka því hæstv. viðskrh. fyrir hinn efnislega stuðning við það að þessi brtt. verði samþykkt þótt hann kæmist svo í lokin að öfugri niðurstöðu, að hvetja okkur til þess að draga hana til baka.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Til þess að það sé alveg skýrt á hvaða forsendum við þrír þingmenn lögðum fram þessa brtt., þá vil ég rifja upp ummæli hæstv. viðskrh. í umræðunni hér á mánudaginn — nú hef ég ekki heimild til þess, virðulegi forseti, að vitna beint í útskrift af ræðu hans — en þar sem hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið að hann vildi taka það skýrt fram að inni í textanum þyrftu að vera skilgreindar þessar sérstöku samsettu mynteiningar og síðan sagði hæstv. ráðherra eitthvað á þessa vegu: „Þetta er eingöngu hugsað til þess að þingið sé að gefa alveg skýrt umboð til þess að ákveða slíkar breytingar þótt þingið sé ekki þar með að ákveða þær."

Þetta var nánast það sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni að hæstv. ráðherra hefði sagt. Hann hefði sagt að þingið væri að gefa umboð en ég held að hæstv. ráðherra hafi tekið þetta enn þá ákveðnara fram og sagt að þingið væri að gefa skýrt umboð til slíkra framkvæmda.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram þar sem hæstv. ráðherra hristi höfuðið yfir þessum orðum mínum í fyrri ræðu minni.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en ég held að nauðsynlegt sé að það komi alveg skýrt fram hver er ágreiningurinn í þessu máli milli okkar og hæstv. viðskrh. Trúlega væri ágreiningurinn lítill sem enginn ef hæstv. viðskrh. hefði ekki látið í ljós þá skoðun sína að það væri tímabært og hefur jafnvel nefnt dagsetningar í því sambandi hvenær rétt væri að tengja gengi íslensku krónunnar við ECU. Það hefur hæstv. ráðherra gert. Það er

hins vegar greinilegt að það er ekki samstaða í ríkisstjórn Íslands um það eins og margt annað. Viðskrh. telur sig vera að fá umboð til þess að tengja gengi íslensku krónunnar við ECU jafnvel innan eins árs ef svo ber undir, jafnvel þótt allar þær skýrslur sem við höfum fengið, m.a. frá Seðlabanka Íslands, vari við því, hér þurfi langan undirbúningstíma. Það er í ljósi þessa, hæstv. viðskrh., sem við getum ekki stutt þetta mál með þeim hætti sem við annars hefðum getað gert. Við teljum það ekki tímabært á þessu stigi að taka þetta mál á dagskrá eða ræða nokkra dagsetningu um tengingu gengis íslensku krónunnar við ECU eins og hæstv. viðskrh. hefur gert í þessum umræðum, væntanlega ekki bara hér mánudaginn heldur strax í upphafi. Þessi ágreiningur kom skýrt fram við 1. umr. málsins og er undarlegt að hæstv. viðskrh. skuli ekki draga úr þessum málflutningi, m.a. í ljósi þeirrar skýrslu sem Seðlabanki Íslands hefur ritað. Þess í stað vill hann halda fast við það jafnvel þótt það hafi komið mjög skýrt fram m.a. hjá hæstv. sjútvrh. að hann sé ekki sammála þessari skoðun viðskrh.

Annars er hér um mjög merkilega breytingu að ræða. Hér er verið að koma á meira frjálsræði í gjaldeyrisverslun. Það mun væntanlega geta orðið til þess að gengi íslensku krónunnar verði eitthvað sveigjanlegra en hingað til hefur verið miðað við framboð og eftirspurn. Það er því líklegt að gengi krónunnar kunni að breytast ef viðskiptahalli er viðvarandi og mikill nema þá að Seðlabanki Íslands grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir það með því t.d. að taka erlend lán til að grípa inn í sem ekki er líklegt að hægt sé að gera til langframa. Breytingin sem hér er verið að gera efnislega er um margt skynsamleg og ég get stutt hana en ég er algjörlega andvígur því að ræða um tengingu gengisins við ECU með þeim hætti sem hæstv. viðskrh. hefur hér kynnt. Og ég er hissa á því að hann skuli ekki vilja stuðla að því með meira afgerandi hætti að afgreiða þetta mál í betra samkomulagi við þingið og vil að það sé alveg ljóst að í minni undirskrift undir það nál., sem ég hef ritað undir með fyrirvara, felst enginn stuðningur við þá hugsun að tengja gengi íslensku krónunnar við ECU. Til þess eru engar aðstæður og er rétt að taka það mál á dagskrá þegar aðstæður eru betri til þess.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Örfá orð í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Austurl. Hann sagði í sinni ræðu að ég hefði haldið því fram að það væri tímabært að tengja gengi krónunnar við ECU. Það hef ég ekki sagt. Þvert á móti sagði ég, með leyfi virðulegs forseta, í 1. umr. um seðlabankalagafrv. sem rætt var hér næst á undan og ég vitna til ræðu minnar við 1. umr. um það mál:

„Samhliða því sem ríkisstjórnin staðfesti áframhaldandi stefnu stöðugleika í gengi ákvað hún að tenging krónunnar við ECU væri ekki tímabær að sinni. Til þess skorti ýmsar nauðsynlegar forsendur. Til þess að undirbúa jarðveginn var ákveðið að hrinda skyldi í framkvæmd ýmsum breytingum í gengis-, gjaldeyris- og peningamálum ... Það er fyrst og fremst um það að ræða að grípa til aðgerða til að auka markaðsáhrif á daglegt gengi krónunnar og efla möguleika Seðlabankans til þess að hafa áhrif á gengið með almennum aðgerðum ...“

Það frv. sem við ræðum hér og nú er einmitt eitt af þeim málum sem hrinda þarf í framkvæmd til þess að undirbúa jarðveginn. Ég þakka hv. 1. þm. Austurl. stuðninginn við málið. Og ég hvet þingmenn til þess að vera ekkert að tvínóna við það að veita brautargengi þeirri stefnu frjálsræðis í gjaldeyrisviðskiptum sem þeir eru hér að játa með vörunum en koma svo aftur og aftur í stólinn til þess að segja að þeir vilji ekki styðja af einhverjum ástæðum sem ég botna hreint ekkert í.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú alveg fullkomlega óþolandi hvernig hæstv. viðskrh lætur hér aftur og aftur og aftur í umræðum um þessi mál, fullkomlega óþolandi og hann verðskuldar auðvitað ekkert annað, þessi hæstv. ráðherra, en að honum sé bara gert lífið sem leiðast það sem eftir er til vors. Hvað á það að þýða að koma með svona glósur til þingmanna sem hafa málefnalega og á efnislegum forsendum tekið afstöðu til máls, lýst yfir stuðningi við það með tilteknum, skýrt afmörkuðum fyrirvara sem gerð hefur verið grein fyrir? En svo kemur hæstv. ráðherra hér í púltið aftur og aftur og lætur hvað eftir annað að því liggja að einhver annarleg afturhaldssöm sjónarmið séu í raun og veru á bak við þennan fyrirvara sem menn eru að lýsa. Getur hæstv. ráðherra alls ekki sætt sig við það hver afstaða manna er í þessum efnum? Það virðist ekki vera. Ég skil satt best að segja ekki svona framkomu og tek það fram að ef þessu heldur svona áfram að hér hefjist í umræðum um þetta mál í raun og veru alveg sami leikurinn og var í umræðum um frv. um Seðlabankann, þá verður maður auðvitað að taka til endurskoðunar alla afstöðu sína til þessara mála. Það er ekki hægt að vinna með svona hæstv. ráðherra eða svona hæstv. ríkisstjórn sem kemur svona fram við stjórnarandstöðuna t.d. í þeim málum þar sem hún nær samstöðu um stjfrv. með meiri hluta viðkomandi nefndar.

Ég leyfi mér að spyrja líka hv. formann efh.- og viðskn.: Finnast honum þetta smekklegar athugasemdir í garð þeirra stjórnarandstöðuþingmanna sem standa að nál. um þessi efni með þessum skýra fyrirvara sem gerð var grein fyrir, bæði inni í nefndinni og hér í umræðum um þetta mál? Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri og ætla að gefa hæstv. viðskrh. kost á því að koma hér í stólinn og biðjast afsökunar á orðum sínum og svo sjáum við til.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. viðskrh. vill nú gefa okkur góð ráð og leiðbeiningar um það hvernig við eigum að haga orðum okkar og hvaða afstöðu við eigum að hafa. Það er út af fyrir sig virðingarvert hjá honum að hafa þá umhyggju fyrir þingmönnum hér. Hæstv. viðskrh. las hér að vísu upp úr ræðu sinni en ég er helst á því að hæstv. viðskrh. hafi gefið út fréttatil-

kynningu um þetta mál. Er það ekki rétt, hæstv. viðskrh., að þar hafi borið á góma dagsetning að því er varðaði tengingu íslensku krónunnar við ECU? Það er eins og mig minni að það hafi orðið nokkur skoðanaskipti milli hans og hæstv. sjútvrh. í þessu sambandi. Það má vel vera að þetta hafi verið samþykkt í ríkisstjórninni, en ég man ekki betur en hæstv. viðskrh. hafi tekið sterkar til orða að því er varðar málið á öðrum vettvangi. Og það er hæstv. viðskrh. sem fer með þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Annars vildi ég fara þess á leit, virðulegur forseti, að þessu máli yrði frestað þannig að við gætum kynnt okkur betur málflutning viðskrh. í þessu máli fyrst hann tekur upp á því að tala um þetta mál með þessum hætti. Ég vil fara þess á leit að þessari umræðu verði frestað og hún tekin upp síðar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa undrun minni á því hvað er að gerast í þessari umræðu hjá hæstv. viðskrh. Það hefur verið lögð töluverð vinna í það í þinginu á undanförnum vikum, bæði í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði og eins í þingflokkunum, að því ég veit, að skapa samstöðu um það stjfrv. sem hér er til umfjöllunar. Nú sýnist mér að hæstv. viðskrh. sé önnum kafinn við að spilla bæði málinu og þessari samstöðu með því að reyna að lesa inn í málið allt aðra hluti en í því eru. Það er að vísu gamalkunnug aðferð sem ég þekki nokkuð frá samskiptum við ráðherrann á öðrum vettvangi en ég ætla ekki að rekja það hér. En það er mjög slæmt þegar sá ráðherra sem flytur mál er að spilla því með þeim hætti sem hann gerði hér. Ef hæstv. viðskrh. er þeirrar skoðunar að það eigi að tengja íslensku krónuna við ECU, þá á hann að koma með það mál alveg skýrt og klárt og vafningalaust inn í þingið en ekki vera að reyna að skáskjóta því stóra máli hér í einhverjum sérstökum aukakrókum í skilningi sínum á þessu frv. Ef ráðherrann er þeirrar skoðunar að þetta sé slíkt framfaramál sem á honum mátti skilja hérna áðan og þeir sem hefðu efasemdir um það væru bara afturhaldssinnar, þá á hann að hafa dug til þess að koma með það mál alveg klárt hingað inn í þingið. Það hefur hann ekki gert. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um það skömmu eftir að hún tók við að hún ætlaði sér að gera það. Í kjölfarið kom Seðlabankinn með skýrslu, þar sem Seðlabankinn aldrei slíku vant hafði vit fyrir ríkisstjórninni, því í þessari skýrslu Seðlabankans var því eindregið mótmælt að farið væri í ECU-tenginguna með þeim hætti sem hæstv. viðskrh. hafði talað fyrir og málið var þess vegna allt saman sett á ís.

Ég vil þess vegna biðja hæstv. viðskrh. að stuðla að því hér að þetta mál verði afgreitt með þeirri samstöðu sem efni standa til en hann sé ekki að spilla því með því að lesa inn í það annað en í því er. Ég vil svo taka undir þau orð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar að úr því sem komið er fái menn tækifæri til þess að skoða þetta betur áður en umræðan heldur áfram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli þingheims á því og sérstaklega síðasta hv. ræðumanns, 8. þm. Reykn., að við erum hér að ræða það frv. sem fyrir var mælt í nóvember sl. Nefndin hefur fallist á að flytja það óbreytt til 2. umr. Það vekur því furðu mína ef menn þurfa nú að skoða það betur þótt að sjálfsögðu ákveði þingið það. En ég vek athygli á því að það er ekki heldur verið að ræða um skipulag gengismála í þessu frv. Þetta frv. snýst um sölu og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri til þess að gefa færi á markaðsþróun í þessum viðskiptum. Ég mælist eindregið til þess að málið verði afgreitt í samræmi við þann vilja sem í þinginu er að myndast fyrir því.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst sem betur fer kveða við nokkuð annan tón í þessari stuttu ræðu ráðherrans en fyrr í dag og fagna því og vona að það sé ábending um það að menn geti hér rætt saman um það að leysa málið í sátt og samlyndi. Ég hef fulla trú á því að það verði hægt þar til annað kemur í ljós og er alveg reiðubúinn að gera mitt til þess, hæstv. ráðherra, en þá þurfa auðvitað allir að leggja sig fram.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú mjög ákveðið fara þess á leit við hæstv. viðskrh. að hann dragi til baka þau ummæli sem hann viðhafði hér áðan um það að við þingmenn styddum þetta mál í orði en síðan væri eitthvað allt annað upp á teningnum. Ég er búinn að halda að minnsta kosti þrjár ræður þar sem ég hef lýst yfir eindregnum stuðningi við meginmarkmið frv. sem er það að koma hér á virkum gjaldeyrismarkaði og frá því hef ég ekki hvikað. Ég vil hins vegar ítreka það að ég tel að fyrirvarar okkar gagnvart ECU-tengingunni hafi verið fullkomlega eðlilegir af tveimur ástæðum. Í ræðu sem hæstv. iðnrh. flutti á iðnþingi í haust sagði hann, með leyfi forseta:

„Tekin hefur verið ákvörðun um að stefna þegar á þessum vetri að myndun virks gjaldeyrismarkaðar hér á landi. Gerðar verða ráðstafanir til þess að hægt verði að tengja íslensku krónuna við ECU til að staðfesta stefnu stöðugleika í gengi."

Hérna er þetta tengt saman þannig að ekki er nokkur vafi á, annars vegar uppsetning virka gjaldeyrismarkaðarins og hins vegar tenging krónunnar við ECU.

Í öðru lagi vitnaði ég óbeint í ræðu hæstv. viðskrh. frá mánudeginum var þar sem hæstv. ráðherra segir eitthvað á þennan veg: „Og ég vil að það komi hér aftur skýrt fram. Þetta er eingöngu hugsað til þess að þingið sé að gefa alveg skýrt umboð til þess að ákveða slíkar breytingar þótt þingið sé ekki þar með að ákveða þær." Þetta vísar til fyrri orða hans um evrópsku myntheininguna og SDR. Það eru því alveg borðliggjandi rök fyrir fyrirvara okkar og okkar brtt. um það að þessi setning sé dregin til baka. En það kemur því ekkert við að sá sem hér talar er eindreginn stuðningsmaður þess meginefnis frv. að koma hér á virkum gjaldeyrismarkaði innan ákveðinna marka. Þetta vil ég

biðja hæstv. ráðherra að hafa í huga og hugleiða vandlega hvort hann hafi ekki tekið óþarflega mikið upp í sig með orðum sínum áðan þegar hann sagði að ekki fylgdust að orð og hugur okkar þingmanna í þessu máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný vil ég þakka hv. nefndarmönnum í efh.- og viðskn. og þeim ræðumönnum sem þannig hafa talað hér stuðninginn við þetta frv. og það sem var næst á undan á dagskránni. Það er alveg fölskvalaust af minni hálfu að ég er ákaflega ánægður með þennan stuðning. Það sem ég sagði hér áðan var ósköp einfalt, að ég hvetti menn til þess að breyta samkvæmt sannfæringu sinni í þessu máli. Og ég get ómögulega skilið hvernig (**Gripið fram í:** Hver gerir það ekki?) menn hafa lagt það út á þennan hátt. Þannig er þetta nú sagt og meint og hafi menn tekið það illa upp, þá verð ég að játa að ég botna ekkert í því.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta fer nú vægast sagt að verða þreytandi og ég vil eindregið taka undir ummæli þeirra þingmanna sem hafa rætt á undan mér um að nú verði umræðu um þetta mál frestað. Og ég vil biðja hæstv. ráðherra að færa rök að þessum fullyrðingum sínum, að í þessu máli breyti þingmenn í efh.- og viðskn. ekki eftir sannfæringu sinni. Það liggur alveg ljóst fyrir hvert er meginefni þessa frv. og það styðjum við. Við viljum hins vegar ekki á nokkurn hátt blanda því saman við umræðu um tengingu íslensku krónunnar við ECU. Þannig er málið í hnotskurn. Þannig liggur það fyrir Alþingi og það er ekki við nokkurn annan en hæstv. viðskrh. að sakast ef þessi orðhengilsháttur hans verður þess valdandi að afgreiðsla þessa þarfa máls tefst.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð enn að játa það að ég skil ekki hvaða stefnu þetta mál er hér að taka. Það liggur hér fyrir frv. sem mælt var fyrir í nóvember. Hv. efh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt, með fyrirvörum. En ég vil líka benda á að í frumvarpsgreininni er ekki stafkrókur um það efni sem hér er mest rætt, evrópsku mynteininguna, sérstök dráttarréttindi, samsettar mynteiningar, hugsanlegar tengingar við þær. Og hvernig menn geta blandað svo saman málum eins og hér virðist vera gert er alveg ofvaxið mínum skilningi. Menn verða að geta tekið málið til afgreiðslu eins og það liggur fyrir. Ég hvet til þess að menn séu ekki að tefja þetta mál. Ég skil fullkomlega ástæður þeirra þingmanna sem telja að það kunni ekki að vera ráðlegt að íslenska krónan tengist annarri myntkörfu en hún er nú tengd, t.d. evrópsku mynteiningunni. Það eru skiljanleg mál. Hins vegar kemur það þessu máli hreint ekki við og ég bið menn aðeins að staldra við og velta því fyrir sér hvort þeir ætli að tefja þingstörfin með því að fara að taka upp átyllur af því tagi sem hér eru upp teknar.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Áður en ég nýti mér frekari rétt minn til að tala við þessa umræðu, þá vil ég eindregið óska eftir svörum frá hæstv. forseta varðandi þá ósk sem hér var fram borin upphaflega af hv. 1. þm. Austurl. Ég ítreka hana. Ég fer fram á ásamt honum að þessari umræðu verði nú frestað og tek undir það, sem reyndar hefur komið fram hjá fleiri ræðumönnum. Ég held að það sé með öllu óhugsandi að halda henni áfram eftir það sem hér hefur uppi orðið fyrr en a.m.k. tóm hefur gefist til að meta stöðuna. Þar inn í blandast m.a. ýmis ummæli hæstv. viðskrh. á undanförnum vikum og mánuðum. Útskrift þyrfti helst að fá orðrétta og leiðrétta af því sem hann sagði hér í umræðum um frv. til laga um Seðlabanka Íslands fyrir nokkru síðan. Og ég vil fyrir mitt leyti áskilja mér rétt til þess að skila frhnál. fyrir mína hönd sem nefndarmanns í efh.- og viðskn. til þess að taka fyrir mitt leyti af öll tvímæli um það hvað felst í stuðningi mínum við þessa breytingu og hvað ekki felst í honum, einkum og sér í lagi þó það, hvað það er sem ég er ekki að skrifa upp á í málflutningi hæstv. viðskrh. eða áformum hæstv. ríkisstjórnar í þessu sambandi, þó svo að ég sé hlynntur þessari kerfisbreytingu sem skipulagsbreytingu og tæknilegri lagfæringu á meðferð þessara mála varðandi sölu á skilaskyldu erlends gjaldeyris.

Það sem hæstv. viðskrh. var svo hér að reyna að segja áðan að menn væru að blanda saman aðskildum málum, þá bendi ég honum á að lesa fyrstu fjórar línurnar af athugasemdum við það lagafrv. sem hér er á dagskrá. Þar er a.m.k. eitt orð sem kemur tvisvar fyrir og það er þessi ágæta mynteining ECU. Hún er bæði í þriðju og fjórðu línu. Ég er hræddur um að það þætti ekki merkileg röksemdafærsla víða annars staðar sem hæstv. ráðherra var hér að reyna að koma með að það væri með öllu óeðlilegt að menn væru eitthvað að tala um þessa evrópsku mynteiningu og tengingu við hana í umræðum um þetta mál. Ég veit ekki hvað það orð er að þvælast þarna inni i greinargerðinni tvisvar sinnum í fyrstu fjórum línunum ef ekki er ætlast til þess að talað sé um það í tengslum við afgreiðslu málsins.

Ég óska sem sagt eftir því, herra forseti, að umræðu um þetta mál verði nú frestað og sömuleiðis atkvæðagreiðslu um frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem hér var lokið umræðu um áðan þannig að bæði málin standi þar sem þau eru nú stödd í dagskránni á meðan þetta verði athugað og síðan verði haft samráð um það áður en þau verða tekin fyrir á nýjan leik.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta litla frv. að vöxtum um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála er afskaplega skýrt og auðskilið. 1. gr. er ekki nema þrjár línur, að um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar, þar með taldir þeir aðilar sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, eigi að eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, fari eftir reglum sem ráðuneytið setur. Í athugasemdum við þetta litla frv. segir:

„Frumvarp þetta er flutt til að strax sé unnt að byrja

að þróa hér á landi gjaldeyrismarkað. Í því er lögð til breyting á ákvæðum um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris í lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979." Síðan er sagt frá því að í viðskrn. og í Seðlabankanum sé nú unnið að heildarendurskoðun á lögunum frá 1979 í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á gjaldeyrismálum á síðustu árum og stefnu ríkisstjórnarinnar um afnám flestra gjaldeyrishafta á komandi missirum.

Í efh.- og viðskn. varð samstaða um það og allir lýstu því yfir að þeir væru sammála þessari skipan mála og ég sé ekki annað en að við þingmenn eigum þegar þessari umræðu er lokið að ganga til atkvæða um þetta frv. og það sem í því felst en ekki einhverri setningu frá hæstv. viðskrh. sem hefur farið fyrir brjóstið á mönnum. Ég vil segja að það var ágætt samkomulag í nefndinni um þessa afgreiðslu málsins. Ég sé enga ástæðu til þess að fresta frekar því frv., sem umræðu er nú lokið um, um Seðlabankann eða þessu og ég bið nú menn að hugleiða þetta betur. Þetta er 2. umr. um bæði þessi mál og ef menn vilja fá frekari skýringar frá hæstv. ráðherra, þá er það auðvitað hægt við 3. umr. málsins.

Ég vil í fullri vinsemd fara fram á það, sérstaklega við nefndarmenn í efh.- og viðskn., sem hafa unnið að afgreiðslu þessara mála beggja, að þeir sætti sig við það að þessari umræðu ljúki og atkvæðagreiðsla fari fram, hvort sem það verður í dag eða á morgun, og síðan komi þetta mál til 3. umr.

Ég tek það fram að ég leit á þeirra fyrirvara á þann veg að þeir væru að skýra sitt sjónarmið og hlustaði á þann fyrirvara. Ég sé því ekki mjög mikla ástæðu til að gera þessi mál, sem við erum öll sammála um að gera breytingar á, að einhverju stóru deilumáli.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór ekkert á milli mála að hér talaði vinnumaður hæstv. ríkisstjórnar. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum mínum með þessa ræðu virðulegs formanns nefndarinnar og benda á að hún bendir ekki til mikils samstarfsvilja eða að það sé mikill hugur til þess að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu um þetta mál sem menn eru þó í grundvallaratriðum sammála um. Ég vil spyrja virðulegan þingmann og formann nefndarinnar hvort hann telji ekki að í umfjöllun og umræðum um þetta mál hafi komið fram fullkomin rök fyrir beiðni okkar um frestun og fullkomnar ástæður til þess að við lögðum fram brtt. við fyrri brtt. um fyrra frv. sem hér var til umræðu.

Ég vil reyndar líka beina því til hæstv. viðskrh., þó að þetta sé ekki andsvar við hans ræðu, að þessi mál eru það nátengd að að mínu mati verður þar ekki skilið á milli. Þetta er í raun sama málið þó svo að gera þurfi tvær lagabreytingar til þess að koma því fram.

Ég vil því enn ítreka að að mínu mati er það algjörlega á ábyrgð hæstv. viðskrh. að þetta mál er komið í þessa sjálfheldu og ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það að formaður hinnar virðulegu nefndar sé ekki tilbúinn til þess að koma á einhvern hátt til móts við minni hlutann.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá síðasta ræðumanni að þessi tvö frv. fylgjast að. Um annað frv. er umræðu lokið eftir 2. umr. og ég sé enga ástæðu til annars en að ljúka einnig umræðu um þetta frv. sem er miklu minna að vöxtum. Það hefur enginn boðað neina brtt. við þetta frv., ekki nokkur maður. Það er talað um að vinnubrögðin séu heldur léleg í þinginu og ekki skal á móti því mælt, en alltaf hefur farið á þann veg að þegar komið hefur fram á vorið hlaðast hér upp mörg mál. Þess vegna held ég að það sé af því góða einu að halda áfram með þau mál sem hafa legið lengi fyrir þinginu og ég hef lagt á það áherslu í þessari nefnd að reyna að afgreiða sem flest mál áður en hinar miklu annir byrja. Við þekkjum hvernig þetta er bæði fyrir jólin og eins fyrir þinglok eða lok starfstíma að vori, það er um að gera að reyna að halda málum áfram.

Ég sé ekki neitt athugavert við það að ljúka 2. umr. um þetta mál. Má hvergi reyna að halda áfram? Ég sé ekki að menn þurfi að láta svona út af þessu máli af því að það er engin breyting boðuð á sjálfu frv.

Ef hv. þm. telur mig vinnumann núv. ríkisstjórnar þá skulum við bara lofa mönnum að segja það sem þeir vilja í þeim efnum en hvað sem líður vinnumennsku minni hjá hæstv. ríkisstjórn, þá vil ég fyrst og fremst láta ráða mínum gerðum að reyna að halda áfram vinnu þingmála. Ég hef ekkert á móti því að tekist sé á um efnislega afgreiðslu mála, en ég sé enga ástæðu til að liggja á þessu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek viljann fyrir verkið hjá hv. 1. þm. Vestf. sem er auðvitað að reyna að bjarga málum í horn eftir að hæstv. viðskrh. er meira og minna búinn að sprengja þessa umræðu í loft upp og ber auðvitað einn og að öllu leyti ábyrgð á því að sú samstaða hefur að nokkru leyti rofnað sem var um afgreiðslu þessa máls.

Ég vil láta það vera alveg skýrt hvað fyrir mér vakir með því að óska eftir frestun á þessari umræðu. Annað tveggja er það að ég vil geta mætt hér til umræðunnar eftir að hafa haft tíma til þess að undirbúa mig áður en hún heldur áfram, mun betur undirbúinn en ég er hér og nú til þess að rökstyðja mál mitt rækilega vegna ummæla hæstv. viðskrh. þannig að það liggi fyrir hér við afgreiðslu málsins hver mín afstaða til þess er og hvað í mínum stuðningi felst og felst ekki, ellegar þá, sem kæmi einnig til greina, að nefndin tæki málið til sín á þessu stigi og mönnum gæfist kostur á því að skila frhnál. Menn geta skilað séráliti þó svo að þeir styðji málið eins og aðrir hv. nefndarmenn en í séráliti felst þá rökstuðningur þeirra og fyrirvarar og útskýringar á þeirra afstöðu. Þetta þekkja hv. þm. væntanlega og ég óska eftir því að mér gefist tóm til þess að vinna svona að málinu. Ég segi það alveg eins og er að það er harla sérkennilegt ef ekki er hægt að verða við því.

Ég minni á það að nú starfar þingið í einni málstofu og ég hafði skilið það svo að menn ætluðu m.a.

með hliðsjón af því að þingið starfaði ekki lengur í tveimur deildum, mál færu ekki í gegnum sexfalda umræðu og tvær nefndir færu ekki yfir málin, að virða óskir um það að umræðum yrði festað ef þær kæmu fram og virða óskir um það að mál gengju aftur til nefnda nánast á hvaða stigi sem slíkar óskir væru fram settar. Þetta hefur áður orðið að umræðuefni á þessum vetri og þá hafa menn gjarnan, a.m.k. þeir víðsýnni í hópi hv. þm., tekið undir það og játað því að auðvitað hljóti þetta að vera svona ef menn ætli að tryggja að málsmeðferð sé a.m.k. ekki óvandaðri en hún var áður þegar mál fóru hér í gegnum sexfalda umræðu og tvær nefndir tóku þau til sín.

Ég ítreka því ósk mína, herra forseti, og ég tel að forseta fari nú ekki að verða mikið að vanbúnaði að fella sinn úrskurð um það hvort orðið verður við beiðni þriggja hv. þm. um það að þessari umræðu verði frestað. Ég nota svo þetta tækifæri til þess að mótmæla enn á ný tilburðum hæstv. viðskrh. til þess að snúa út úr afstöðu manna og snúa út úr stuðningi manna og ég bendi á að það hlýtur þá að hafa þær afleiðingar að stjórnarandstaðan yfirleitt hætti að skrifa upp á nál. með meiri hlutanum. Hvaða tilgangi þjónar það að vera að leggja það á sig að taka það inn í sína þingflokka, ræða það þar hvort menn séu tilbúnir til að stuðla að framgangi slíkra mála og fá það svo hér framan í sig að maður sé þá tvöfaldur í roðinu ef maður leyfir sér að hafa fyrirvara eða einhver annarlegur tilgangur af öðrum toga er lagður í afstöðu manns eins og hún birtist, að maður sé þá þar með að skrifa upp á alla stefnu ríkisstjórnarinnar eða ellegar sé maður með einhvern annarlegan undandrátt í sínum málflutningi?

Þetta gengur auðvitað ekki svona, herra forseti, og ég tel að af almennum ástæðum sé sú uppákoma sem hér er orðin í þessari umræðu varðandi samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu og fleira í því sambandi þess eðlis að það sé óhjákvæmilegt að nú verði orðið við þessari ósk um frestun.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Umræðum um andsvör er lokið. Nú eru ekki fleiri á mælendaskrá í þessu máli. Fram hafa komið margítrekaðar óskir um það að umræðu um málið verði frestað. Ég tel að forseta sé skylt að verða við þeim óskum og er umræðu um þetta mál því frestað.

Umræðu frestað.

Viðskiptabankar, 2. umr.

Stjfrv., 22. mál (erlendir bankar, eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 22, nál. 491, brtt. 492.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. þetta um viðskiptabanka er samið af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og það er alfarið byggt á hinum svokölluðu BIS-reglum með þeim frávikum að sleppt er úr frv. þeim ákvæðum reglnanna sem ekki eiga við og að hinu leytinu er tekið tillit til atriða í reikningsskilum hér á landi sem ekki er tekið sérstaklega á í þessum reglum. Þá er enn fremur höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins, einkum þar sem ákvæði þeirra eru fyllri en hinar svokölluðu BIS-reglur.

Megininntak þessara lagabreytinga er að aðlaga skilgreiningu á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka þeirri skilgreiningu sem alþjóðlegi greiðslubankinn, Bank for International Settlements, BIS, hefur mælt með að aðildarlöndin taki upp en Ísland er eitt af þeim löndum. Samhliða þessu frv. er frv., sem er hér á dagskránni á eftir, um breytingu á lögum um sparisjóði. Þar er gert ráð fyrir hliðstæðum breytingum fyrir sparisjóðina og felast í þessu frv.

Frv. gerir ráð fyrir að eigið fé viðskiptabanka skuli vera að lágmarki 8% af tilteknum skilgreindum grunni. Það hefur komið fram í nefndinni að eiginfjárhlutfall í árslok ársins 1990 samkvæmt núgildandi lögum var hjá Landsbanka Íslands 6,8% en samkvæmt BIS-reglunum yrði það 8,2%, Búnaðarbanka 9,4% og Íslandsbanka 8,7%. Ríkisviðskiptabankarnir uppfylla því þær eiginfjárkröfur sem í þessu frv. felast og þá er miðað við árslok ársins 1990. Eiginfjárstaða Búnaðarbankans er rúm en Landsbankinn nær rétt að uppfylla þær kröfur sem frv. gerir ráð fyrir.

Í nál. segir að nefndin hafi fjallað um þetta frv. og á fund hennar hafi komið Þórður Ólafsson og Ragnar Hafliðason frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og enn fremur Björn Líndal, aðstoðarbankastjóri Landsbankans. Hins vegar bárust skriflegar umsagnir um frv. bæði frá bankaeftirliti Seðlabankans, fjmrn., Íslandsbanka, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Í frv. er gert ráð fyrir því að viðskrh. geti veitt erlendum hlutafélagsbönkum leyfi til að starfrækja útibú hér á landi og þá er gert ráð fyrir því að lög um viðskiptabanka gildi um starfsemi slíkra útibúa eins og við getur átt, sbr. 2. gr. frv.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að 2. mgr. 4. gr. frv., sem fjallar um eigið fé viðskiptabanka, verði skipt í þrjár málsgreinar og einnig að orðalagi verði breytt lítils háttar frá upphaflegu frv. Það sem áður hét „hreint eigið fé“ og „blandað eigið fé“ heitir nú „eiginfjárþáttur A“ og „eiginfjárþáttur B“ og er þar með komið til móts við athugasemdir sem fram hafa komið um upphaflegar nafngiftir sem þóttu vera óheppilegar. Ég vil vekja athygli á því að þessi heiti á „eiginfjárþáttum“ verða einungis notuð við útreikning á eiginfjárhlutfalli en munu ekki verða notuð sem heiti efnahagsliða í efnahagsreikningi, enda teljast ekki allir þeir liðir, sem koma inn í eiginfjárútreikninginn, meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi, samanber t.d. víkjandi lán.

Ég ætla ekki fara nánar út í brtt. Þær hafa legið hér alllengi fyrir og eru prentaðar á þskj. 492. Þær eru við 4. gr. frv. og við fyrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða um það að viðskiptabanki skuli uppfylla ákvæði

um eigið fé skv. 4. gr. eigi síðar en í árslok 1992.

Eins og ég sagði áðan kom fulltrúi Landsbankans á fund nefndarinnar. Hann lagði ekki til ákveðnar breytingar á frv. en gerði nokkuð að umræðuefni starfsemi útibúa erlendra banka og lýsti því yfir og áréttaði það í bréfi, er hann skrifaði til nefndarinnar og dagsett er 5. mars, að Landsbankinn sé sammála þeirri stefnumörkun frv. að heimila erlendum bönkum að starfrækja útibú hér á landi. En á hinn bóginn vill bankinn vekja athygli á nauðsyn þess að slík útibú búi við sömu starfsskilyrði og íslenskir bankar. Sú ráðagerð frv. að lög um viðskiptabanka gildi um starfsemi þessara útibúa tryggir slíkt aðeins að nokkru leyti. „Hvergi er á það minnst hvernig og hvort ákvæðum seðlabankalaga um innlánsbindingu og lausafjárskyldu verði beitt gagnvart útibúunum verði þau stofnsett hér á landi," segir í bréfi Landsbankans. Og þeir vekja í því sambandi sérstaka athygli á því að íslenskar reglur um innlánsbindingu og lausafjárskyldu eru ekki samhljóða reglum annarra Evrópuríkja. Vitaskuld erum við sammála því að útibú erlendra banka eigi að búa við sömu kjör og aðstæður og íslenskir bankar og útibú þeirra. Um þetta eru ákvæði í lögum um Seðlabanka Íslands svo að í raun og veru er tryggt í þeim lögum það sem Landsbankinn bendir á í þessu sambandi.

Þá ræðir Landsbankinn um víkjandi lán og vitnar í 4. gr. frv. þar sem m.a. er fjallað um samsetningu eigin fjár banka. Þar er að finna það nýmæli, segir bankinn, að heimilt verður að telja víkjandi lán með eigin fé banka að sérstökum skilyrðum uppfylltum. Landsbankinn bendir á í þessu bréfi sínu að hann telji rétt að í stað orðanna „endurgreiðsla hlutafjár" komi: endurgreiðsla hreins eigin fjár. Ástæða þessarar beiðni er af tvennum toga, bæði rekstrarform viðskiptabanka hér á landi og jafnframt telur Landsbankinn rétt að það sé ítrekað í nál. eða áréttað að ríkisábyrgð sé á erlendum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Og þar bendir hann á að það sé æskilegt í ljósi ónákvæmrar framsetningar í athugasemdum á bls. 4 í frv. sem skilja mætti þannig að ótakmörkuð ríkisábyrgð nái einungis til innlendra skuldbindinga ríkisviðskiptabankanna.

Þegar við ræddum um þessi ákvæði eftir að fulltrúi Landsbankans kom á okkar fund, voru nefndarmenn í efh.- og viðskn. sammála þessum athugasemdum bankans. Þá var mikið rætt um það hjá fulltrúa Landsbankans og síðar áréttað í þessu bréfi að skv. 1. mgr. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall sé reiknað af svonefndum áhættugrunni en reglur um grunninn eru settar af Seðlabankanum. Drögum að reglum Seðlabankans hefur verið dreift til viðskiptabanka og sparisjóða og samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að kröfur á banka og sparisjóði verði færðar í 20% áhættuflokk. Það er í samræmi við þær alþjóðlegu reglur sem þetta frv. byggir á. Hins vegar telur Landsbankinn fyllilega koma til greina að kröfur á ríkisviðskiptabankana verði færðar í 0% áhættuflokk vegna þeirrar sérstöðu sem felst í ríkisábyrgð á skuldbindingum þeirra. En í þeirri upptalningu sem við höfum fengið þar sem þessum áhættugrunni er skipað, þá eru í fyrsta flokki aðeins þrír aðilar samkvæmt ákvörðun Seðlabankans, en þar var starfandi sérstök nefnd sem gerði tillögur í þessum efnum. Þessir aðilar eru ríkissjóður, Seðlabankinn og Landsvirkjun. Bankarnir koma síðan í næsta flokki.

Alþjóðlegu reglurnar eru til leiðbeiningar um flokkun en hindra ekki frávik af því tagi sem hér er gerð tillaga um af Landsbankanum. Hins vegar eru þessi mál alfarið í höndum Seðlabankans og það verður því að vera matsatriði Seðlabankans hvort hann vill taka tillit til þessara óska og meta þær og vega. Mér er óhætt að fullyrða það að nefndin mælir eindregið með því að Seðlabankinn athugi þessa athugasemd Landsbanka Íslands eins og ég hef núna skýrt frá.

Í nál. sem hér hefur verið útbýtt hafa allir nefndarmenn efh.- og viðskn. skrifað undir þetta álit og nefndin er sammála því að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 492.

Guðmundur Stefánsson tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Halldórs Ásgrímssonar og Magnús Jónsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur. Og undir nál. skrifa Matthías Bjarnason, Magnús Jónsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Steingrímur J. Sigfússon, Vilhjálmur Egilsson, Ingi Björn Albertsson og Guðmundur Stefánsson.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Þótt ég hafi ekki verið viðstaddur afgreiðslu þessa máls þá tek ég það fram að ég styð það með sama hætti og meðnefndarmenn mínir. Og til þess að forðast nú allan misskilning gagnvart hæstv. viðskrh., þá er það ekki aðeins í orði heldur jafnframt á borði en hann sakaði þingmenn um það í máli sínu hér áðan að þeir hefðu eina afstöðu í orði en aðra á borði í því máli sem hér var á undan. Ég get jafnframt upplýst hæstv. viðskrh. um það að ég veit ekki betur en allir hv. þm. greiði atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni, en vel má vera að hann hafi reynslu af einhverju öðru og vænti ég þess að hann komi ekki með þær ásakanir aftur í þessu máli eins og hann gerði hér í hinu fyrra sem var nú alveg með ólíkindum, að hæstv. ráðherra skyldi leyfa sér í umræðum að taka þannig til orða. Ég held að það hafi verið alveg nægileg ástæða til þess að fresta því máli sem hér var á undan og bíða þess að hæstv. viðskrh. yrði í eðlilegu jafnvægi við umræðuna þegar hún fer næst fram.

Ég vildi taka það fram út af þessu máli að þær athugasemdir sem komu frá Landsbanka Íslands og formaður nefndarinnar gerði hér grein fyrir bárust því miður ekki fyrr en nefndin hafði skilað áliti sínu. Ef ég man rétt (**Gripið fram í:** Ekki skriflegu.) þá var Landsbanki Íslands með eina brtt. við frv. sem við gátum í sjálfu sér tekið undir, en sú brtt. hins vegar ekki í brtt. nefndarinnar og því vildi ég að það yrði tekið til athugunar hvort ekki væri rétt að málið fengi stutta umfjöllun í nefndinni milli 2. og 3. umr. án þess að það ætti án nokkurn hátt að vera til þess að tefja fyrir málinu.

Það er að sjálfsögðu rétt ábending frá Landsbankanum að það er mikilvægt að samræmdar séu reglur um skattlagningu stofnana, m.a. útibúa erlendra aðila.

Ég vil jafnframt minna á það að fram hafa komið kröfur um það að ríkisviðskiptabankarnir skiluðu arði til ríkissjóðs á þessu fjárlagaári og væntanlega á næstu árum sem gæti orðið til þess að gera þeim erfiðara um vik að uppfylla þær eiginfjárkröfur sem hér er verið að gera. Ég tel mjög mikilvægt að bankarnir fái svigrúm til þess að uppfylla þessar eiginfjárkröfur. Í því sambandi má minna á að t.d. ríkisviðskiptabankarnir greiða skatta af eigin fé sínu í formi eignarskatts en það er orðið nokkurt misræmi á milli slíkra stofnana og hlutafélaga vegna þess að hlutafélög greiða ekki eignarskatt af hlutafé sínu heldur eigendur hlutafjárins en þau eru mjög oft undanþegin eignarskatti hjá eigendum sínum. Þetta hefur jafnframt komið fram í umfjöllun nefndarinnar á skattlagninu ýmissa fjármálastofnana en frv. þess efnis er nú til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Þar hefur komið í ljós að ýmislegt sem þar kemur fram gengur á engan hátt og fullyrðingar um það að stofnanir séu mjög missettar að þessu leyti standast ekki oft og tíðum. Það er því mikil þörf á því að samræma alla skattalega meðferð í bankakerfinu og breyta þar ýmsu, m.a. afskriftareglum að því er varðar útlán stofnana. Það er ekki réttlætanlegt að mínu mati að gera miklar eiginfjárkröfur til bankanna en heimila þeim ekki að afskrifa útlán sín með eðlilegum hætti í skattalegu tilliti, en nú er aðeins heimilt að afskrifa 1% af útlánastofninum sem er allt of lítið, ekki síst í ljósi þeirrar efnahagsstefnu sem núv. ríkisstjórn rekur, en sú efnahagsstefna hlýtur að kalla á mun hærri afskriftaprósentu.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Ég vildi taka það fram að ég styð málið en ég vildi gjarnan að ýmislegt yrði athugað að því er það varðar, milli 2. og 3. umr., sérstaklega vegna ábendinga sem komu frá Landsbanka Íslands. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. taki það trúanlegt að menn vilji styðja mál sem frá honum koma en verði ekki með álíka útúrsnúninga og hann var hér fyrr í dag við umræður um önnur mál.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Út af þeim tilmælum sem komu frá hv. 1. þm. Austurl. um það að athuga tillögu Landsbankans varðandi þessa einu brtt., þá skal ég fúslega fallast á að taka það fyrir á milli 2. og 3. umr.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fáein orð sem varða ýmist efni þessa frv. en einnig mál sem tengjast því eða koma upp í hugann þegar frv. sem varðar stöðu viðskiptabankanna er hér til meðferðar og ekki er víst að önnur tækifæri gefist betri. Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem var hér til umræðu áðan og varðar eiginfjárhlutföll eða eiginfjárstöðu bankanna og þá sérstaklega þess þeirra af þrem hinum stóru sem tæpastur er, hvort sem miðað er við ákvæði núgildandi laga eða hinar nýju reglur, en það er Landsbanki Íslands.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum var upplýst að hlutfall eigin fjár Landsbankans í árslok 1990 miðað við hinar nýju BIS-reglur sé 8,2% en lögin gera ráð fyrir því að það sé að lágmarki 8%, sbr. ákvæði 4. gr. Það er því alveg ljóst að það má ekki mikið út af bera hjá þessum langstærsta banka landsmanna til þess að hann uppfylli þessi mörk. Nú er þetta miðað við árslok 1990 og það veldur nokkrum áhyggjum að síðan hefur hvort tveggja gerst að allmikil áföll hafa dunið yfir í efnahagslífinu og peningamálum þar sem ýmsir stórir aðilar hafa mátt afskrifa eða leggja til hliðar verulegar fjárhæðir vegna áfalla í okkar atvinnumálum og er það þá ekki síst Landsbankinn sökum stærðar sinnar, bæði í fyrirgreiðslu við sjávarútveg og einnig fiskeldi, en á báðum þessum vígstöðvum hefur verið mikið um gjaldþrot og töp að undanförnu.

Sömuleiðis er nokkuð ljóst að afkoma bankanna á sl. ári, árinu 1991, stefnir í að vera miklu lakari en hún var árið þar á undan. Nú hef ég ekki heyrt eða séð enn þá afkomutölur fyrir Landsbankann en ef borið er saman hvernig hagnaður annarra aðila sem hafa verið að ganga frá uppgjöri sínu að undanförnu hefur þróast á milli þessara tveggja ára, þá er í öllu falli ljóst að reikna má með því að afkoman hafi verið lakari.

Þetta veldur því að það er því miður fullkomin ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu bankanna í þessu sambandi og þó einkum og sér í lagi Landsbankans. Og það er óhjákvæmilegt að ræða það hér, enda svo sem ekkert launungarmál, upplýsingar sem liggja fyrir í ársreikningum bankans sem fylgiskjöl með þessu frv. og hafa komið fram víðar opinberlega, að því miður er þessi langstærsta og mikilvægasta fjármálastofnun okkar, Landsbankinn, alls ekki svo traust sem skyldi miðað við þessar eiginfjárkröfur sem sjálfsagt mál er að við reynum að uppfylla í okkar fjármálastofnunum hér á Íslandi eins og annars staðar.

Við þetta bætist einn þáttur enn sem ég vil nefna og það eru hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um einkavæðingu ríkisbankanna. Ég verð að láta það sjónarmið mitt hér í ljósi að ég tel að það sé afar varhugavert að fara glannalega í þeirri umræðu, ekki síst með tillliti til ofannefndrar stöðu Landsbankans sem ég hef verið að nefna og með tilliti til þeirra erfiðleika sem nú ganga yfir í stærstu viðskiptagrein bankans, sjávarútveginum, þar sem jafnvel er boðað að umfangsmikil gjaldþrot á næstu mánuðum og missirum muni ganga í gegn. Ég segi ekki að það sé beinlínis stefnan að láta þau gera það en í öllu falli eru augljóslega uppi þau sjónarmið víða og þar á meðal hjá áhrifaaðilum sem með sjávarútvegsmál fara eða með trúnað fara fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum að aðhafast a.m.k. ekkert til að afstýra því.

Það hlýtur að gefa auga leið að Landsbankinn sem annast um 70% af öllum bankaviðskiptum við sjávarútveg í landinu á hér auðvitað gríðarlega mikið í húfi. Bankinn hefur ekki borð fyrir báru, því miður, til að taka á sig umfangsmikil töp vegna gjaldþrota í þessari atvinnugrein og ég óttast að ef hér fer á hinn versta veg, þá gætu menn staðið uppi með þá dapurlegu stöðu undir árslok að stærsti banki þjóðarinnar uppfyllti ekki þessar viðmiðunarreglur eða væri a.m.k. mjög tæpur

gagnvart þeim þegar þær gengju í gildi á fyrsta degi næsta árs. Og það er auðvitað staða sem við væntanlega viljum ekki standa frammi fyrir.

Þess vegna er óhjákvæmilegt í tengslum við afgreiðslu þessa frv. að ræða þessa stöðu. Það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. viðskrh. hefur einhverjar nýjar upplýsingar fram að færa um þessi efni nú við 2. umr. málsins.

Einnig hlýt ég að spyrja við þetta tækifæri, með vísan til þess sem ég sagði áðan að það er ekki víst að önnur gefist betri: Hvað líður áformum hæstv. ríkisstjórnar um einkavæðingu ríkisbankanna? Því þær nýjustu fréttir sem ég hafði af þeim málum voru að nú ætluðu menn ekki að láta þar við sitja að einkavæða eða breyta Búnaðarbankanum einum heldur væri jafnvel orðið ofan á í umræðu innan hæstv. ríkisstjórnar eða einhverjum hringjum í kringum hana að taka ríkisviðskiptabankana báða.

Ég hef um það ákveðnar upplýsingar að þessi umræða hafi þegar vakið nokkurn óróa meðal viðskiptaaðila Landsbankans og það er auðvitað alveg ljóst að eitt af því sem hefur styrkt stöðu bankans á alþjóðlegum lánamarkaði og gert honum kleift að taka lán með betri kjörum, hvað sem öllum útreikningum Seðlabankans á áhættugrunni líður, er altæk ríkisábyrgð á bak við bankann sem ríkisfyrirtæki. Það er ljóst að Landsbankinn er sem hvert annað ríkisfyrirtæki sem algjöra ríkisábyrgð á bak við sig eins og málin standa í dag. Þetta er að sjálfsögðu vel kunnugt helstu lánardrottnum bankans á erlendri grund og hefur haft sín áhrif í þá veru að tryggja bankanum traust og hagstæð lánskjör erlendis. Ég held að það sé afar óheppilegt að bæta á, ofan á umræður um tæpa stöðu bankans og erfiðleika í sjávarútveginum, helstu viðskiptagrein bankans í atvinnulífinu, umræðum um áformaða einkavæðingu því að þar mundi fljótlega skipta máli hvernig að slíku yrði staðið og hvort þess yrði jafnvel að vænta að einhver hluti af eignarhaldi bankans færi fljótlega yfir á aðrar hendur en ríkisins þannig að ekki einungis mundi ábyrgðin takmarkast við hlutafé heldur yrði sú hlutafjáreign á höndum fleiri aðila en ríkisins. Og þá er auðvitað skiljanlegt að erlendir lánardrottnar verði óróleglr og vilji fylgjast með því sem hér er á ferðinni. Vænst hefði mér því þótt um það ef hæstv. viðskrh. hefði treyst sér til og haft sannfæringu til að koma hér í ræðustólinn og kveða niður þessi áform, a.m.k. fyrst um sinn, og taka af skarið með það að menn þyrftu ekki að óttast að breytingar yrðu á eignarhaldi Landsbankans eða rekstrarfyrirkomulagi eða formi á næstunni sem nein ástæða væri til þess að óttast varðandi *það traust sem til hans megi bera sem lántakanda.*

Ég minni á það sem fram kemur í erindi Landsbankans að það er viðhorf manna á þeim bæ að miðað við núverandi eignarhald á bankanum og rekstrarform, þar sem um ríkisfyrirtæki með altæka ríkisábyrgð er að ræða, sé í raun og veru fullkomlega eðlilegt að bankinn færist í núlláhættugrunn samkvæmt skilgreiningu Seðlabankans sem þar á að verða til og drög hafa reyndar þegar verið unnin. Það væri sömuleiðis fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. viðskrh. í þessu efni. Fljótt á litið sér maður ekki hvers vegna Landsbanki Íslands, í 100% eigu ríkisins á ekki að vera sama trausts verður í þessum efnum og Landsvirkjun, svo dæmi sé tekið, sem er þó að hálfu í eigu sveitarfélaga á móti ríkinu. Auðvitað væri það kostur að óbreyttu skipulagi bankans að hann væri í þessum lægsta eða 0% áhættuflokki.

Ég vil sem sagt gjarnan heyra viðhorf hæstv. viðskrh. í þessum efnum og hvort hann getur einhverjar nýjar fréttir eða upplýsingar fært okkur af því hvað sé á döfinni í þessum málefnum bankanna því að það eru auðvitað áhugaverðar og nauðsynlegar upplýsingar í sjálfu sér í tengslum við umræður um bankamál almennt. En einnig varðar það að því leyti efni þessa frv. að við erum hér að ræða um setningu reglna eða skilgreiningu nýrra reglna um þau lágmörk sem bankarnir þurfa að uppfylla hvað eigið fé snertir og því miður háttar þannig til að það er ekki alveg sjálfgefið að allir íslensku bankarnir ráði með auðveldum hætti við að uppfylla þau ákvæði þegar þar að kemur ef og þegar þetta tekur gildi um næstu áramót.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að fjölyrða um það hversu alvarleg sú staða er og mikinn þrýsting það mundi setja á bankana ef þeir eru í verulegri hættu í þessum efnum. Það mundi þá knýja bankana til að gera ráðstafanir til að uppfylla þessi mörk og má reikna með því að Landsbankinn telji sig hvort eð er það tæpan í þessum efnum að honum sé óhjákvæmilegt á næstu árum að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að auka sitt eigið fé í hlutfalli við veltu og það gerir bankinn væntanlega með þeim aðferðum sem honum eru helst tiltækar í þeim efnum. Og hverjar eru þær? Jú, með því að auka þá tekjur sínar í gegnum meiri vaxtamun og hærri vexti og þannig bæta afkomu sína og styrkja eigið fé sitt í gegnum rekstrarafgang og hagnað á næstu árum. Séu þessar leiðir hins vegar ekki færar eða a.m.k. takmarkaðar, sem við skulum nú ætla og út af fyrir sig vona því að væntanlega fellur það ekki vel að stefnu manna og áformum um að lækka vexti, þá gæti bankinn neyðst til þess á hinn bóginn að minnka rekstrarumsvif sín til þess að það eigið fé sem hann hefur í dag yrði hærra hlutfall af minni veltutölu. Og það mundi þá sömuleiðis ekki boða góðar fréttir í okkar viðskiptalífi ef Landsbankinn yrði að fara að segja upp viðskiptum eða takmarka aðstreymi nýrra viðskiptaaðila til þess að lagfæra þessi hlutföll. Bankinn getur að vísu reynt að styrkja eigið fé sitt með öðrum ráðstöfunum, svo sem þeim að eigandinn legði honum meira fé og slíkt mun hafa verið til umræðu en ekkert í hendi með það.

Hér gæti því orðið um að ræða alvarleg mál sem gætu haft víðtæk áhrif á peningamarkað á Íslandi, áhrif á vaxtastig og/eða áhrif á atvinnulífið í landinu í gegnum það að þessi stærsti banki sæi sig knúinn til þess að takmarka að einhverju leyti umsvif sín í bankaviðskiptum og fyrirgreiðslu til fyrirtækja eða einstaklinga vegna þess að honum væru svo þröngar skorður settar gagnvart þessum hlutföllum.

Mér finnst við þetta tækifæri, herra forseti, þegar þetta mál er hér að fara í gegnum aðra umræðu af

þremur í þinginu, eðlilegt að þetta sé tekið upp og eitthvað rætt og ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. komi inn á þessi efni og upplýsi okkur um þau og tjái sig um þau eins og hann er í stakk búinn til.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir hennar starf að þessu frv. og vil lýsa því yfir í upphafi máls að ég er samþykkur þeim brtt. sem nefndin hefur sameiginlega gert við þetta frv.

Í framsögu hv. 1. þm. Vestf., formanns nefndarinnar, fyrir nál. hér áðan vék hann að nokkrum athugasemdum sem fram hefðu komið af hálfu Landsbankans og það gerðu líka þeir sem á eftir honum töluðu. Ég tel ástæðu til þess að víkja nokkrum orðum að þessum þremur atriðum um leið og ég vil lýsa þeirri skoðun minni að í flestu get ég tekið undir orð hv. 1. þm. Vestf. um þau efni.

Í fyrsta lagi var í athugasemdum Landsbankans vikið að starfsemi útibúa erlendra banka og áhersla á það lögð að þau lytu sömu reglum, sömu kvöðum og innlendar lánastofnanir. Uppi eru af þeirra hálfu óskir um að einhver slík ákvæði verði tekin inn í viðskiptabankalögin. Þetta tel ég á misskilningi byggt því eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. eru einmitt ákvæði um þetta, að vísu ekki í seðlabankalögunum eins og þau eru nú heldur eins og þau yrðu, að samþykktu því lagafrv. sem hér var til umræðu fyrr á þessum fundi, sem ég vona sannarlega að verði að lögum. Í því frv. eru einmitt ákvæði um það að útibú erlendra banka skuli lúta sömu peningastjórnarreglum og innlendar lánastofnanir.

Um annað atriði í athugasemdum Landsbankans sem varða stöðu víkjandi lána, sem er nýjung í þeim lagareglum sem hér eru gerðar tillögur um, gerir Landsbankinn þá ábendingu að nauðsynlegt kunni að vera að gera það ljóst í textanum að hlutafé í hlutafélagabönkum og sambærilegt eigið fé ríkisviðskiptabanka sé jafnsett gagnvart kröfuhöfum og gagnvart víkjandi lánum. Ég held að það sé ástæða til þess að gera þetta alveg skýrt, að þarna sé jafnsett eigið fé á ferðinni, og er þess vegna sammála því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. og hv. 1. þm. Vestf. að nefndin ætti að huga að þessu milli umræðna.

Í athugasemdum Landsbankans var einnig vikið að ábyrgð ríkisins á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Þar er um mjög flókið lögskýringaratriði að ræða sem ég tel ekki hyggilegt að þingið taki afstöðu til að svo stöddu. Það var reyndar uppi þegar núgildandi viðskiptabankalög voru til meðferðar hér á þinginu, eins og margir hv. þm. kannast við, og þá var ekki tekin afstaða til þess. Ég tel að síður sé ástæða til þess nú en þá var.

Þá var í þriðja lagi vikið að því hver vera skyldi staða krafna á ríkisviðskiptabanka í áhættuflokkun þeirri sem gert er ráð fyrir að Seðlabankinn geri á grundvelli þeirra laga sem hér er verið að ræða um breytingar á. Þar kemur fram það sjónarmið að með tilliti til ríkisábyrgðar á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka sé eðlilegt að skuldbindingar ríkisviðskiptabankanna séu taldar án áhættu líkt og um ríkið sjálft væri að ræða. Þetta er sjónarmið sem athuga þarf en ég undirstrika líkt og hv. 1. þm. Vestf. gerði að þetta er ákvörðunarefni Seðlabankans að samþykktum þessum lagabreytingum. Það má líka benda á það sjónarmið að það sé mikilvægt að samkeppnisstaða hlutafélagsbanka og ríkisviðskiptabanka sé sem jöfnust og að þeim síðarnefndu, þ.e. ríkisviðskiptabönkunum sé ekki sköpuð sérstaða að þessu leyti.

Þetta leiðir hugann að orðum hv. 1. þm. Austurl. um að það væri mikilvægt að samræma skattkjör og skattaskilyrði allra lánastofnana án tillits til eignarhalds. Ég er honum alveg sammála um þetta og tel að það sé mjög brýnt að fara yfir þessi atriði, ekki síst meðferð afskriftareiknings útlána gagnvart skattskilum og hef þegar beint því til fjmrh. og fjmrn. að unnið verði að undirbúningi þess máls.

Ég kem þá að lokum, virðulegi forseti, að orðum hv. 4. þm. Norðurl. e. sem fór nokkrum orðum um stöðu og afkomu Landsbanka Íslands. Það er mjög lofsvert að bera umhyggju fyrir stöðu þessa mikilvæga banka. Ég get upplýst að afkoma Landsbankans varð skárri 1991 en hún var 1990. Eiginfjárstaða hans batnaði lítillega á árinu sem leið þannig að þær spár eða horfur sem hv. þm. vitnaði til reyndust ekki standast. En hitt er rétt að það þarf að hugsa til framtíðar í þessum efnum, m.a. um það hvernig farsælast sé að treysta eiginfjárstöðu Landsbankans í nýju markaðsumhverfi og þar vék hv. þm. m.a. að áformum ríkisstjórnarinnar um breytt rekstrarform og hugsanlega einkavæðingu lánastofnana. Ég get ekki á þessari stundu upplýst neitt frekar um það en fram hefur komið í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar en vildi þó benda á að auk þeirra leiða sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi til þess að bæta eiginfjárstöðu Landsbankans, þ.e. að auka tekjurnar, væri náttúrlega líka hægt að spara í rekstrinum sem þeir landsbankamenn eru að gera og eru vonandi senn að hafa upp úr sameiningu Samvinnubankans við Landsbankann þótt hún sé enn ekki farin að skila verulegum árangri. Það er líka hugsanlegt að skera niður efnahagsreikninginn, minnka umsvif bankans eða breyta formi reikningsins. Það eru leiðir sem menn geta líka hugleitt. Loks var nefnt að fá aukið eigið fé. Þá komum við einmitt að því að breytt rekstrarform kynni að auðvelda þetta, þ.e. að bankarnir gætu, ef þeir væru reknir í öðru formi en nú, boðið út hlutafé á opnum markaði og þurfa þá ekki að seilast í sjóði skattborgaranna til þess að treysta eiginfjárstöðuna. Þetta er einmitt eitt af því sem huga þarf mjög vandlega að í framtíðinni í íslenskum bankamálum. Það er hárrétt athugað hjá hv. þm. að þetta er eitt af stóru málunum í íslenskum bankamálum. Og sem betur fer hefur íslenskum bönkum vegnað betur á síðustu árum þrátt fyrir erfitt árferði en bönkum í nágrannalöndum og ég vona sannarlega að þannig geti það haldist áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 23. mál (eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 23, nál. 493, brtt. 494.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. samhliða frv. um viðskiptabanka sem hér var að ljúka umræðu um. Þessi frumvörp bæði eiga það sammerkt að lagt er til í þeim að upp verði teknar hinar svonefndu BIS-reglur er fjalla um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana. Allir þeir sömu aðilar sem komu á fund nefndarinnar eða gáfu umsagnir um hitt frv. gerðu það líka hvað þetta frv. snertir en auk þess barst ítarleg umsögn frá Sambandi íslenskra sparisjóða sem sneri að sparisjóðunum almennt.

Nefndin leggur til sömu efnislegu breytingar á heitum þeirra þátta sem eigið fé innlánsstofnunar skal samsett úr við útreikning á eiginfjárhlutfalli, að notuð verði heitin „eiginfjárþáttur A" og „eiginfjárþáttur B" í stað orðanna „hreint eigið fé" og „blandað eigið fé". Þessar brtt. eru sama eðlis og sömuleiðis seinni brtt. sem prentuð er á þskj. 494 og ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega um sem og annað það er ég nefndi varðandi viðskiptabankafrv. því það gildir einnig um þetta frv. Þó vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða þar sem segir:

„Innlánsstofnanir eru í hópi örfárra fyrirtækja í landinu sem búa við þær aðstæður að nái þær ekki að uppfylla eiginfjárkröfu þá skal eftir lögbundna málsmeðferð taka þær til skiptameðferðar, enda þó þær eigi umtalsvert eigið fé, jafnvel milljarða kr. Þannig er það forsenda fyrir áframhaldandi starfsemi að takast megi að uppfylla þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Því er nauðsynlegt að þau sjónarmið séu ofarlega í huga þeirra er ákveða að gera auknar eiginfjárkröfur jafnvel þótt það sé gert í því skyni að samræma þær reglum annarra þjóða að þeir geri sér grein fyrir hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að uppfylla hinar auknu kröfur.

Að mati Sambands sparisjóða verður þetta ekki gert nema íslenskum innlánsstofnunum séu sköpuð hliðstæð skilyrði og sambærilegar stofnanir erlendis búa við. Því miður fer víðs fjarri að þannig sé búið að íslenskum innlánsstofnunum. Sú skattheimta er þær verða að þola er til mikilla muna harðari en sambærilegra stofnana erlendis. Möguleikar þeirra til að uppfylla hliðstæðar kröfur eru því minni."

Og síðan segir: „Hér skulu nefnd atriði eins og heimildir til að leggja í afskriftareikning útlána á móti almennri útlánaáhættu 1% hér en 4–5% annars staðar. Eignarskattar sem hvergi þekkjast gagnvart stofnunum sem lögskylt er að uppfylla lögbundnar eiginfjárkröfur."

Mér fannst rétt að geta sérstaklega um þessa athugasemd í hinni ítarlegu umsögn sem nefndin fékk frá Sambandi íslenskra sparisjóða.

Brtt. á þskj. 494 eru fluttar af nefndinni og leggur hún til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Guðmundur Stefánsson tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Halldórs Ásgrímssonar og Magnús Jónsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur. Og undir nál. skrifa Matthías Bjarnason, Magnús Jónsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Steingrímur J. Sigfússon, Vilhjálmur Egilsson, Ingi Björn Albertsson og Guðmundur Stefánsson.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm., formanns efh.- og viðskn., stendur nefndin öll að afgreiðslu þessa frv. og þeim brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Ég tel að það hafi tekist vel til í starfi nefndarinnar að gera þær lagfæringar á skilgreiningum á eigin fé sparisjóðanna sem nauðsynlegar voru vegna sameiginlegs eignarhalds þeirra á Lánastofnun sparisjóðanna en það kom í ljós við skoðun í nefndinni að óhjákvæmilegt var að breyta lítillega ákvæðum frv. til þess að eignarhlutur stærstu sparisjóðanna í Lánastofnun þeirra yrði ekki með óeðlilegum hætti dreginn frá eigin fé þeirra gagnvart skilgreiningum síðan og viðmiðun við eiginfjárhlutfall eða mörk sem sett eru annars staðar í lögunum. Þessu hefur nú verið breytt á þann veg að ég held að vel megi við una og séð fyrir því að það muni ekki bitna sérstaklega á stærstu sparisjóðunum vegna þess stóra hlutar sem þeir eiga veltu sinnar vegna í Lánastofnun, og er það vel.

Í leiðinni má geta þess sem er gleðilegt að reyndar standa mál þannig hjá langflestum sparisjóðanna í landinu að þeir eru mjög vel staddar stofnanir. Við öflun upplýsinga um eiginfjárhlutföll sparisjóðanna, bæði miðað við núgildandi lög og eins miðað við áætlað eiginfjárhlutfall samkvæmt hinum nýju BIS-reglum og er dreifingin sú að sá sparisjóður sem er lakast settur, og reyndar kemur fram hér í fylgiskjali, Sparisjóður Keflavíkur, er þar með ein 8,4%, reyndar 8,7 samkvæmt fskj. með frv. og síðan er dreifingin allt upp í rúm 50% og eru best stöddu sparisjóðir landsins hvað eiginfjárhlutfall snertir miðað við veltu, Sparisjóður Árneshrepps á Ströndum og Sparisjóður Hólahrepps, en eiginfjárhlutfall þeirra er rétt um helmingur af veltu. (**Gripið fram í:** Það sjá nú allir hverjir stjórna þar.) Langflestir sparisjóðanna eru vel staddar stofnanir í þessu tilliti og reyndar sýnist mér fljótt á litið að aðeins einn þeirra liggi undir 10% í eiginfjárhlutfall miðað við BIS-reglurnar og mjög algengt eiginfjárhlutfall er á bilinu 20–30%.

Varðandi sparisjóðina að öðru leyti úr því að þeir eru hér til umræðu á annað borð á Alþingi, þá vil ég láta það sjónarmið mitt koma fram að þar séu á ferðinni hinar merkustu stofnanir. Mig hefur oft undrað það í umræðum manna um byggðamál og valddreifingu á undanförnum árum þar sem gjarnan er talað fögrum orðum um að það eigi að flytja valdið heim í hérað og auka sjálfsforræði manna í eigin málum að í einu tilviki eiga menn nákvæmlega þannig stofnanir þar sem heimamenn ef svo tekst til eru stjórnendur sinna mála og það er í því tilviki að sparisjóðirnir séu viðskiptabankar í viðkomandi byggðarlögum. Þeir lúta

stjórn heimamanna og í gegnum samstarf stjórnar sparisjóða og Lánastofnun sparisjóðanna tel ég að búið sé hins vegar með mjög árangursríkum og farsælum hætti að tryggja það að þeir geti þjónað sem net eða eðlileg keðja banka í landinu. Hitt er svo annað mál að e.t.v. kann að reynast nauðsynlegt fyrir sparisjóðina eins og ýmsa fleiri í breyttum heimi að endurskoða að nokkru leyti stöðu sína. Ætla ég ekki að fara út í þá umræðu að öðru leyti hér nema hvað ég vona svo sannarlega að það takist, hvernig sem því nú öllu reiðir af, að varðveita sjálfstæði þeirra stofnana í heimabyggð sem er að mínu mati aðalsmerki þeirra og gerir þær að meiri þjónustustofnunum og nátengdari fólkinu sem við þær á viðskipti í heimabyggðunum heldur en ella væri. Það er trú mín að það hljóti menn að geta leyst með öðrum ráðstöfunum en þeim sem kosta mundu sjálfstæði þeirra.

En hvernig sem að því nú verður staðið eða hvaða breytingar sem kunna að verða á skipulagi og högum sparisjóðanna á komandi árum í breyttu viðskiptalegu umhverfi þá má það verða mönnum huggun að vita af annars þeirri sterku stöðu sem sparisjóðirnir a.m.k. nú um stundir hafa þegar skoðað er eiginfjárhlutfall þeirra miðað við veltu og það borið saman við aðrar lánastofnanir sem þeir eru í samkeppni við.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en ítreka stuðning minn og lýsi ánægju minni með það að hér er á ferðinni samkomulagsfrv., a.m.k. enn sem komið er, enda hefur tiltekinn maður enn sem komið er ekki talað þannig í umræðunni að neitt hafi komið upp á sem gerir það að verkum að menn þurfi að hafa fyrirvara á um sinn stuðning við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirtökutilboð, síðari umr.

Þáltill. MB og EKJ, 66. mál. — Þskj. 67, nál. 495.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessi þáltill. um yfirtökutilboð var rædd í efh.- og viðskn. og var ákveðinn frsm. 5. þm. Norðurl. v. en hann er ekki inni á þingi nú svo að ég hleyp í skarðið fyrir hann.

Á fund nefndarinnar komu tveir menn sem hafa starfað að undirbúningi þessara mála og kynnt sér fyrirkomulag í öðrum löndum, Eiríkur Guðnason aðstoðarseðlabankastjóri og Þorkell Sigurlaugsson, sem vinnur hjá Eimskipafélagi Íslands hf., einn af framkvæmdastjórum þess. Gáfu þeir nefndinni margvíslegar og góðar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar og nokkuð umfram það sem kom fram við fyrri umræðu málsins hér í þingi.

Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt. Guðmundur Stefánsson tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Halldórs Ásgrímssonar og Magnús Jónsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur. Undir nál. skrifa Matthías Bjarnason, Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir, Magnús Jónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Guðmundur Stefánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

105. FUNDUR

fimmtudaginn 19. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Ferðaþjónusta, ein umr.

Fsp. ÞBack, 286. mál. — Þskj. 485.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Á þskj. 485 ber ég fram fsp. til hæstv. samgrh. um undirbúning stjfrv. um ferðaþjónustu. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvað líður undirbúningi boðaðra frumvarpa ríkisstjórnarinnar um málefni ferðaþjónustu?

2. Hvernig er staðið að undirbúningi þessara mála?

3. Hvernig er háttað samráði við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og á sviði náttúruverndar við þennan undirbúning?"

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja stefnir íslenskt efnahagslíf í mikla kreppu. Atvinnuleysi fer vaxandi um allt land. Í langan tíma er atvinnuleysið hvorki bundið stað né stétt. Niðurskurður á fjárlögum hins opinbera hefur víðtækar afleiðingar og kemur m.a. fram í auknu atvinnuleysi.

Í hinni dökku umræðu um atvinnumál að undanförnu hefur ferðaþjónustan verið kölluð „ljósið í myrkrinu" og nær eini vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi. Ferðaþjónustan getur rennt stoðum undir landsbyggðina því víða er fyrir hendi aðstaða til að taka á móti fleiri ferðamönnum og veita þeim meiri þjónustu. Ferðamálasamtök landshlutanna hafa flest ráðið til sín ferðamálafulltrúa en mikil óvissa er um áframhaldandi starfsemi vegna fjárskorts. Upplýsingamiðstöðvar í öllum fjórðungum eru nauðsynlegur hlekkur í ferðaþjónustunni. Rekstur þeirra verður að vera tryggður frá byrjun. Staða leiðsögumanna er óljós í dag og margt fleira mætti tilgreina sem kallar á ný lög um ferðaþjónustu. Góð samstaða þarf að nást með þjónustu- og náttúruverndaraðilum um nýtingu og umgengni við íslenska náttúru því hún er sú auðlind sem ferðaþjónustan byggir á.

Frv. til laga um ferðaþjónustu var lagt fram á 113. þingi en hlaut ekki afgreiðslu þingsins síðasta vor vegna andstöðu sem kom fram á síðasta stigi málsins. Mikil vinna hafði verið lögð í frv. og margir kallaðir til ráðgjafar og samráðs og voru því margir sem væntu úrbóta í sínum málum með tilkomu frv.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hvað líður undirbúningi boðaðra frumvarpa ríkisstjórnarinnar um málefni ferðaþjónustu?" Það verður að segjast eins og er að það verk hefur ekki sóst jafnfast og ég hafði gert mér vonir um, m.a. vegna þess að ýmis atriði sem lúta að málefnum ferðaþjónustunnar koma inn á ákvæði samninganna um hið Evrópska efnahagssvæði. Þannig hafa t.d. ríkisborgarar á hinu Evrópska efnahagssvæði rétt til að stofna fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi eins og í flestum öðrum atvinnugreinum og ýmislegt er annað í þeim efnum sem verður að huga sérstaklega að.

Önnur ástæða fyrir því hversu seint hefur sóst að ná samkomulagi um frv. til laga sem kæmi í stað þeirra laga sem nú gilda um Ferðarmálaráð er að ekki hefur náðst niðurstaða um það hvernig tekjuöflun til Ferðamálaráðs skuli háttað. Um það eru skiptar skoðanir en nauðsynlegt er að þannig sé frá hnútum gengið að tekjustofninn sé öruggur en þó ekki úr hófi fram og ekki ágreiningur um hvernig hann skuli skilgreindur. Eins og ég hef hugsað þessi mál tel ég rétt að uppbygging ferðaþjónustu verði með sama eða svipuðum hætti og í útflutningsráði.

Spurt er: „Hvernig er staðið að undirbúningi þessara mála?" Til þessa verks var ráðinn Knútur Óskarsson hagfræðingur sem er þaulkunnugur ferðamálum, hefur unnið bæði fyrir Flugleiðir og einstakar ferðaskrifstofur, raunar komið að þessum rekstri frá barnsaldri. Hann skilaði mér frumvörpum fyrir jólin. Síðan hefur verið unnið áfram að því að útfæra þau en eins og ég sagði, þá hefur ekki náðst endanleg niðurstaða varðandi tekjuöflun. Eins þarf að huga að ýmsu vegna hinna nýju samninga um hið Evrópska efnahagssvæði. Knútur hafði samráð og ræddi við fjölmarga aðila sem koma að ferðaþjónustu. Ég skal ekki segja hverjir það eru nákvæmlega en hann vann mjög vel að undirbúningi málsins og ræddi við alla þá sem málið varða.

Spurt er hvernig háttað sé samstarfi við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á sviði náttúruverndar við þennan undirbúning. Það er ekki leyndarmál hvað ég hef í huga í þessu sambandi og var m.a. kynnt á ráðstefnu hgsmunaaðila í ferðaþjónustu í Hveragerði á haustdögum. Um sambýli náttúru og ferðaþjónustu er það eitt að segja að menn víðs vegar um heim og raunar hvarvetna gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur fyrir ferðaþjónustu eins og annan atvinnurekstur að hún lifi í sátt við umhverfi sitt. Fyrir okkur Íslendinga skiptir þetta mjög miklu máli vegna þess aðdráttarafls sem náttúra Íslands hefur fyrir erlenda ferðamenn. Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að stjórna slíku nábýli með einhverjum lögreglu- eða eftirlitsaðgerðum. Allt veltur á því að ferðaþjónustan sjálf skilji mikilvægi þess að vel sé um landið gengið og varðveiti þær náttúruperlur sem hafa mest aðdráttarafl. Einungis með því að ferðaþjónustan sjálf skipuleggi ferðir um landið með það í huga að hlífa viðkvæmustu stöðunum og reyni að opna nýjar leiðir fyrir ferðamenn er þess að vænta að menn hafi ánægju af dvöl sinni hér og náttúruperlurnar geti varðveist. Ég hygg að fyrirspyrjandi sé mér sammála um þetta atriði sem er raunar kjarninn í þeirri stefnu sem upp hefur verið tekin í ferðaþjónustu víðs vegar um heim eins og í öðrum atvinnugreinum, að lifa í sátt við landið og haga málum sínum með þeim hætti.

Ég hef í hyggju að flytja á næstu dögum frv. um veitinga- og gististaði. Það er í athugun að flytja frv. um ferðamiðlun, það kemur inn á tryggingasjóði ferðaskrifstofa. Athygli mín var fyrir skömmu vakin sérstaklega á því að það mætti kannski fara ódýrari leiðir en við höfðum áður hugað. Það mál er verið að athuga sérstaklega en minni háttar breytingar sem lúta að stjórn verða e.t.v. gerðar á lögum um Ferðamálaráð og Ferðamálasjóð.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á ferðaþjónustu sem atvinnugrein á hinu háa Alþingi, þessu mikilsverða málefni. Ferðaþjónusta er og hefur verið vaxandi atvinnugrein en henni hafa hvergi verið sköpuð þau skilyrði sem nauðsynleg eru hvað þá að mörkuð væri ákveðin stefna í ferðamálum. Ég treysti hins vegar hæstv. samgrh. til þess að leggja aukna áherslu á ferðaþjónustuna og marka skýra og afdráttarlausa stefnu gagnvart þessum mikilvæga atvinnuvegi.

Víða um land hafa aðilar í ferðaþjónustu tekið af skarið sjálfir, einnig sveitarfélög, og reynt að marka stefnu innan síns svæðis eða innan kjördæmis. Má þar nefna Vesturland. Þar hafa aðilar í ferðaþjónustu stofnað ferðamálasamtök og reynt að efla með þeim hætti atvinnugreinina. En það er ljóst að atvinnufyrirtæki í ferðaþjónustu hafa ekki afl sjálf til að vinna að þróunarstarfi. Þess vegna hvet ég ráðherra til þess að marka skýra stefnu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft nokkuð þýðingarmiklu máli og ég vil þakka bæði fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir þeirra framlag til málsins. En í framhaldi af því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vesturl. er rétt að minna á það að á vorþingi 1991, fyrir síðustu alþingiskosningar, lágu fyrir þingi tvö mál, í öðru þeirra var mörkuð ferðamálastefna. Það frv. hafði farið í gegnum neðri deild og verið samþykkt m.a. af sjálfstæðismönnum. Afdrif þess frv., þar sem menn ætluðu sér að marka stefnu, urðu þau að málið var drepið í efri deild af einum þingmanni Sjálfstfl. Ég hygg að hæstv. samgrh. kannist nokkuð við það mál.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svör hans sem voru greinargóð. Ljóst er að þar sem nú á að aðlaga lög um ferðaþjónustu að markaði EES er náttúrlega kominn annar flötur á málið og verður þyngri í vöfum. En einmitt þess vegna þarf að hraða þessu verki því að miðað við þennan markað er allt þróunarstarf mjög mikilvægt og þar verður hið opinbera að koma inn í.

Ég efast ekki um að Knútur Óskarsson hagfræðingur er hæfur maður á margan hátt og vel hafi verið stað-

ið að endurskoðuninni en ég sakna þess eftir sem áður að fá þetta mikla samráð og vinnu endurtekna sem var hér áður eða alla vega í sama farvegi. Það er nauðsynlegt að ná góðri samvinnu, ekki bara við einstaklinga heldur náttúruverndarsamtökin, félögin sem slík, til að fá góða samstöðu um þetta mál og við erum öll meðvituð um það, a.m.k. langflest okkar, að verndun landsins er það sem við þurfum öll að standa að. Þegar kemur að því að kosta til þess einhverju fé og ákveða hvar mörkin eru þá vandast málið. Hver á að gera hvað og hver á að kosta til þess? Er það ríkið, sveitarfélögin, einstaklingarnir eða einhver félög? Meðan línurnar eru ekki skýrar og boltanum varpað á milli vilja verða ýmsar brotalamir í landverndinni. Hætt er við að farið verði í handahófskenndar aðgerðir í atvinnugreininni og landsbyggðin verði út undan ef ekki kemur fram skýr ferðamálastefna og ný lög um ferðaþjónustu. Þá verður uppbyggingin ekki með þeim hætti að hún þjóni hagsmunum okkar Íslendinga þegar til langs tíma er litið. Og því vil ég spyrja ráðherra: Mun hann leggja fram frv. á þessu þingi? Og hvað veldur því að ráðherra hefur ekki haft samráð við Ferðamálaráð við undirbúning frv.?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er nú svo sem ágætt að rifja upp þetta frv. sem dagaði uppi á síðasta þingi eins og skiljanlegt er enda var ýmislegt í því frv. sem fellur ekki að stefnu Sjálfstfl. og þeirri umgerð sem Sjálfstfl. telur rétt að hafa um þá atvinnugrein sem ferðaþjónusta er og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma hér.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að í ferðaþjónustu hvarvetna er lagt meira upp úr góðu nábýli við náttúruna en áður var. Ég hygg að þær kröfur sem góðir ferðaþjónustumenn eða rekstraraðilar ferðaþjónustu gera til sín um umgengni við náttúruna séu síst minni en gert er af almannasamtökum og að sjálfsögðu miklu markvissari þar sem þeir hafa í sínum höndum að skipuleggja hvernig ferðamannastraumurinn dreifist í stórum dráttum um landið, a.m.k. ef um skipulagðar hópferðir er að ræða. Ég hygg að eina leiðin til þess að ferðaþjónusta geti eflst hér og orðið að sterkum atvinnuvegi sé að þeir sem fyrir henni standa hafi frjálsar hendur. Ég er á hinn bóginn ekki trúaður á að hið opinbera eigi að vera mikið með fingurna í því.

Fjarskipti og sjónvarpsútsendingar á Vestfjörðum, ein umr.

Fsp. PS, 310. mál. — Þskj. 515.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur horfið af þingi en hann var varamaður hv. 4. þm. Vestf. sem nú er veikur. Því hef ég tekið að mér að mæla fyrir fsp. en hún er svohljóðandi:

„Hafa farið fram athuganir á því með hvaða hætti hægt sé að nýta ratsjárstöð varnarliðsins á Bolafjalli við Djúp til betri fjarskipta við skip á Vestfjarðamiðum og til sjónvarpsútsendinga á sömu slóðir?“

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Strax og ákveðið var að reisa ratsjárstöð á Bolafjalli ofan Bolungarvíkur var ljóst að sú stöð mundi henta vel til fjarskipta við skip á metrabylgjusviði. Einnig væri þaðan hægt að auka dreifingarsvæði sjónvarps og FM-útvarps á miðum úti af Ísafjarðardjúpi. Nú þegar stöðin hefur verið afhent íslenskum rekstraraðila er kominn grundvöllur til að setja þar upp fjarskiptabúnað og verður farið í undirbúning þeirrar framkvæmdir þegar samgöngur á fjallið gera það kleift. Á fjárfestingaráætlun stofnunarinnar, þ.e. Pósts og síma, í ár er uppsetning á rásum og farsímakerfinu svo og uppsetning metrabylgjustöðva FHF í strandastöðvakerfinu. Hvað áhrærir framkvæmdir fyrir Ríkisútvarpið þá hafa enn engar ákvarðanir verið teknir um þá þætti og eru þeir ekki inni í framkvæmdaáætlun Ríkisútvarpsins í ár. Þessar upplýsingar eru frá Haraldi Sigurðssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Póst- og símamálastofnunar.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Allt frá því að ákveðið var að setja upp ratsjárstöð á Bolafjalli við Bolungarvík var um það rætt að eðlilegt væri að nýta ratsjárstöðina til betri fjarskipta við skip á Vestfjarðamiðum og til sjónvarps- og útvarpssendinga á miðin. Það er alveg ljóst að símasamband, t.d. farsímasamband, á slóðinni skammt við Bolafjall þarf að bæta og það hentar mjög vel að það sé gert með því að koma slíkum búnaði fyrir á Bolafjalli. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. samgrh. um þetta atriði málsins. Hins vegar hlýt ég að harma það ef nú er farið að örla fyrir einhverjum undanbrögðum varðandi það að setja upp búnað til þess að tryggja betur sjónvarps- og útvarpsútsendingar út á miðin. Það hefur alltaf og ætíð verið talað um að það yrði gert í tengslum við uppsetningu ratsjárstöðvarinnar. Það liggur fyrir að kostnaður við slíka uppsetningu yrði mjög lítill. Nú þegar eru fyrir hendi ýmis mannvirki sem nýtast þessari starfsemi, þar á meðal rafmagn og þarna er um að ræða slíka starfsemi að hægt er að gæta þessara mannvirkja. Ég tel að það séu brigður ef ekki verður farið í það að koma slíkum búnaði fyrir eins og um var rætt og alltaf hefur verið um talað.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er rifjað upp gamalt mál sem mikið var umrætt á heimaslóðum okkar síðasta ræðumanns fyrir nokkrum árum, árið 1984 ef ég man rétt. Þá var verið að sannfæra fólk um ágæti þess að koma hér upp hernaðarmannvirki yfir höfðunum á íbúum þessa byggðarlags. Þar beittu menn m.a. þeim rökum að fjarskipti og sjónvarpssendingar mundu batna til muna og sjómenn fengju mikla þjónustu og góða vegna þessa tiltækis. Það hefur hins vegar komið í ljós eins og menn spáðu, þar á meðal ég, að lítið hefur orðið úr

efndum og ætti það að kenna okkur að það er valt að treysta orðum manna sem ganga erinda NATO.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hef lesið um það í blöðum að einhverjir hérvillingar séu enn að halda fund í myrkvuðum samkomuhúsum úti í Rússlandi og þykjast vera fulltrúar hins gamla Sovétlýðveldis. En mig hafði satt að segja ekki órað fyrir því að einhverjir menn andlega skyldir þeim fyndust enn við Djúp. Ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir því að enn sé talað um ratsjárstöð á Bolafjalli sem hernaðarmannvirki. Við erum að tala hér um öryggistæki og eins og fram hefur komið í þessum umræðum mun það nýtast með margvíslegum hætti öðrum t.d. til að bæta fjarskiptabúnað og útvarpssendingar þegar frá líður. Hér er fyrst og fremst um öryggistæki að ræða og mjög villandi og beinlínis rangt að kenna það við hernaðarumsvif.

Milliliðakostnaður í sölu landbúnaðarafurða, ein umr.

Fsp. GunnS, 291. mál. — Þskj. 496.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunngt er hafa bændur landsins þurft að taka á sig skerðingu á framleiðslu og aðrar fórnir samkvæmt búvörusamningi og eru að laga framleiðslu sína að markaðsaðstæðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að neytendur kvarta yfir því að verðlag á landbúnaðarafurðum sé of hátt og það kemur m.a. fram í því að sala landbúnaðarafurða hefur verið að dragast saman.

Það hefur vakið athygli að á meðan bændur hafa tekið á sig skerðingu virðist ekki hafa verið tekið á milliliðakerfi og sölu- og dreifingarkerfi landbúnaðarins. Í mjög athyglisverðri skýrslu sem nýlega er komin út og heitir „Greinargerð nefndar sem fjallar um verðjöfnunargjaldskerfi skv. bókun 2 í fríverslunarsamningi Íslands og EB, og EFTA samningum, og varðar iðnaðarvörur sem nota landbúnaðarafurðir sem hráefni að einhverju leyti", en skýrslan var tekin saman af nefnd sem iðnrh. skipaði, kennir ýmissa grasa þar sem sérstaklega er verið að fjalla um verðlagningarkerfi í mjólkuriðnaði. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við verðákvarðanir virðist svo sem fimmmannanefnd leggi ekki mat á hagkvæmni framleiðslu, heldur byggi að verulegu leyti á kostnaðartölum framleiðenda, svo sem um heildarafkomu viðkomandi framleiðslusvæðis, þannig að „heildsöluverð nægi fyrir kostnaði". Þar með virðist framleiðendum tryggður rekstrargrundvöllur, þar með talin þeim óhagkvæmustu ..."

Enn fremur segir í þessari skýrslu: „Fram kemur, að góð afkoma mjólkuriðnaðarins endurspeglast m.a. í því að eignarfjárhlutfall í mjólkuriðnaði er langt umfram það sem þekkist í öðrum atvinnugreinum, eða eða um 65% eða sem nemur 4 milljörðum 429 millj. kr. árið 1989."

Það kemur einnig fram í þessari skýrslu að á árunum 1980–1990 hafi verð á nýmjólk til bænda lækkað um 11% á meðan vinnslu- og dreifingarkostnaður hefur hækkað um 30%. Það er því sannarlega ástæða til að spyrja hæstv. landbrh.:

„Hyggst landbúnaðarráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem dragi úr milliliðakostnaði í vinnslu og sölu landbúnaðarafurða, t.d. í mjólkuriðnaði, til hagsbóta fyrir bændur og neytendur?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sjömannanefnd var falið að gera tillögur um hagræðingu og dreifingu í afurðastöðvum og hjá bændum á sl. sumri. Nú einbeitir nefndin sér að mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði. Niðurstaðna er að vænta innan tíðar og þar er ekki síst að því stefnt að ná niður kostnaði í vinnslunni. Næsta verkefni er að gera tillögur um sláturhúsin og eiga þær að vera til nógu snemma til að unnt verði að fara eftir þeim í haust. Á vegum sjömannanefndar starfar undirhópur sem er að gera úttekt á smásöluálagningu. Þingmönnum til upplýsingar þá eiga sæti í sjömannanefnd fulltrúar bændasamtakanna og aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusambands, BSRB, Vinnuveitendasambands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, fulltrúar frá afurðastöðvum o.s.frv. Þarna er því hópur sem stendur víða föstum fótum og markmið hans er að leggja fram tillögur um aukna hagræðingu í landbúnaði sem taka bæði til vinnslu á framleiðsluvörum og til framleiðslunnar sjálfrar.

Ég hafði á hinn bóginn ekki vænst þess, hæstv. forseti, að fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni skýrslu sem nefnd á vegum iðnrn. hefur sent frá sér. Verðlagsstjóri hefur mjög glögglega í öllum fjölmiðlum gert grein fyrir villandi upplýsingum eða við getum bara sagt rangfærslum í þessari skýrslu. Sú nefnd sem skrifar undir hefur farið út fyrir það verksvið sem henni var ætlað. Hún hefur ekki komið með tillögur að gagni um framkvæmd verðjöfnunarkerfis fyrir innflutt súkkulaði og engar tillögur sem varða innflutning annarra vöruflokka. Það er greinilegt á skýrslunni að þar er verið að skapa villandi samanburð gagnvart landbúnaðinum og ég tek undir þann þunga áfellisdóm sem verðlagsstjóri hefur látið falla. Ég vil jafnframt láta þess getið að ég óskaði eftir því þegar mér var kunnugt um efni skýrslunnar að nefndin mundi aðeins hægja á sér, mundi reyna að endurmeta þau markmið sem hún hefði sett sér og skýra fyrir sér þá vinnu sem henni var ætlað að inna af höndum. En því miður kusu sumir nefndarmenn að senda frá sér skýrsluna án þess að hafa gefið skýringar á því hvernig á vinnubrögðum standi og á þeim villandi upplýsingum sem þar koma fram. Línurit bera það með sér að með myndrænum hætti er verið að gera hlut íslensks landbúnaðar verri en ella og á ýmsan annan hátt er skýrslan ámælisverð.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að það er að sjálfsögðu mikilvægt að hagræða í mjólkuriðnaði eins og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Þegar ég var landbrh. beitti ég mér fyrir því að slík hagræðing væri hafin með endurskipulagningu á mjólkurbúunum og stuðningi við það starf sem bar jákvæðan árangur og því hefur verið haldið eitthvað áfram. En sú skýrsla, sem hv. 5. þm. Austurl. ræddi hér, hefur ekki borist mér. Hins vegar höfum við heyrt um það álit sem verðlagsstjóri og fleiri hafa á vinnubrögðum við gerð skýrslunnar. En mér finnst rétt að benda á að mjólkuriðnaðurinn hefur verið að þróast mjög á síðustu árum, þ.e. vörur eru fjölbreyttari, meira unnar og mjög góðar. Að sjálfsögðu er meiri kostnaður við slíkt en ef einungis er seld ósunnin mjólk.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Það sem kom fram í svari hans var að málið væri í endurskoðun í nefnd og þess mætti vænta að nefndin skilaði niðurstöðum áður en langt um líður. Minna má á að þetta mál hefur verið í endurskoðun hygg ég í tíð hvers einasta landbrh. eins og kom fram hér áðan hjá hæstv. fyrrv. landbrh. Það er vel ef nú má vænta þess að niðurstöður verði ákveðnari en hefur verið hingað til. Því verður ekki á móti mælt að kerfið sem við búum við er nánast sjálfvirkt kerfi framleiðenda, verðlagningarkerfi, sem skammtar sér tekjur nánast að vild á meðan bændur þurfa að una og lúta öðrum lögmálum.

Yfirlýsing ráðherrans um þá skýrslu sem ég gerði að umræðuefni vekur sannarlega athygli. Hann talar um að í henni felist mikið af rangfærslum, talar um villandi samanburð. Það vekur þá spurningu hvort við hv. þm. getum yfirleitt tekið mark á opinberum skýrslum hér eftir, hvort það þurfi að liggja fyrir eitthvert sérstakt vottorð um að taka megi mark á þessari skýrslu eða hinni. Þetta er opinber skýrsla og opinber nefnd sem starfar innan stjórnkerfisins. Þess vegna verður að líta á yfirlýsingu ráðherrans sem mjög alvarlega í ljósi þess sem hér hefur fram komið.

Skýrslan er eigi að síður athyglisverð. Hún dregur fram í dagsljósið mjög mörg atriði sem þarf náttúrlega að athuga og ég held að það sé ekki rétt hjá hæstv. landbrh. að vísa henni frá einvörðungu á þeim grundvelli að í henni sé mikið af rangfærslum og villandi samanburði. Það verður að taka mark á skýrslunni fyrst og fremst vegna þess að þetta er opinber skýrsla, unnin undir opinberri stjórn. Ef við getum ekki tekið mark á henni, þá hlýtur það að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir mat okkar á öðrum skýrslum sem koma t.d. frá hæstv. landbrh. í framtíðinni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í þessari skýrslu segir Guðmundur Sigþórsson, skristofustjóri í landbrn.: „Ósammála efnistökum og innihaldi greinargerðarinnar. Tek ekki þátt í afgreiðslu hennar.“ Það er því alveg ljóst að landbrn., bæði opinberlega og eins með öðrum hætti, hefur lýst sig fullkomlega andsnúið efnistökum, uppsetningu og niðurröðun í þessari skýrslu. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að verðlagsstjóri hefur rakið í fjölmiðlum mjög alvarlegar villur sem settar eru fram í skýrslunni sem bera það fyllilega með sér að ekki hefur verið unnið nægilega vel að undirbúningi hennar og kastað höndum til þeirra frumgagna sem vinna nefndarinnar er byggð á. Einstök línurit stangast á, enda, ef eftir er leitað, kemur í ljós að þær upplýsingar sem eru á bak við línuritin eru ekki samræmdar og ekki gerð grein fyrir því á hverju þær byggjast og skal ég ekki fara nánar út í það hér. En ég hygg að hver sá sem kynnir sér efni skýrslunnar þurfi ekki að vera í vafa um það að ekki er hægt að byggja á henni sem einhverju gagni sem síðar er hægt að draga ályktanir af.

Fjarskiptaeftirlitið, ein umr.

Fsp. ÁRJ, 341. mál. — Þskj. 550.

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg hér fram fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 550. Það er 341. mál þessa þings og varðar Fjarskiptaeftirlitið.

Hinn 16. apríl 1991 gaf samgrn. út reglugerð um Póst- og símamálastofnun, skipulag og verkefni. Í 6. gr. þessarar reglugerðar segir, með leyfi forseta:

„Fjarskiptaeftirlit ..., sem um eru settar sérstakar reglur, radíóeftirlit, leyfis- og tíðniúthlutun heyra til sérdeildar undir stjórn póst- og símamálastjóra og samgrn.“

Í framhaldi af þessu tók forstöðumaður til starfa nú í ársbyrjun. Verið er að innrétta húsnæði fyrir starfsemi Fjarskiptaeftirlitsins úti í bæ og stefnt er að því að gera deildina að sjálfstæðri, óháðri stofnun innan tíðar. Í nágrannalöndum okkar hefur þessi þróun orðið enda krafa Evrópubandalagsins að fjarskiptaeftirlit sé sérstök óháð stofnun. Þar hefur þessi háttur leitt af sér hækkun á ýmsum gjöldum og aukin þjónustugjöld, svo sem hækkun á leyfisgjöldum fyrir senda og almenningstalstöðvar og sérstök leyfisgjöld á útvarpsstöðvar fyrir afnot af tíðnisviði til útsendingar. Undir Fjarskiptaeftirlit heyra tegundaprófanir á ýmsum fjarskiptabúnaði og notendabúnaði, t.d. símtækjum. Fyrir slíkar prófanir er greitt ákveðið þjónustugjald. Það mun hækka nú með tilkomu Fjarskiptaeftirlitsins. Er ætlunin að leggja gjald á þá sem hafa yfir ákveðnum tíðnisviðum að ráða eins og gjöld á útvarpsstöðvar sem fengið hafa úthlutað fastri tíðni til útsendingar, þ.e. eigi Fjarskiptaeftirlitið að standa undir sér? Þetta eru spurningar sem vakna þegar verkefni, sem áður heyrðu undir eina deild hjá Pósti og síma ásamt fleiri verkefnum, eru færð undir sérstaka deild eða stofnun. Þar sem telja má fullvíst að rekstur slíkrar stofnunar til að sinna þessum verkefnum muni leiða til aukins kostnaðar fyrir þjóðarbúið spyr ég hæstv. samgrh. á þessum sparn-

aðar- og aðhaldstímum í ríkisrekstri eftirfarandi spurninga:

1. Í hvers þágu er hin nýja stofnun, Fjarskiptaeftirlitið, sett á fót, samanber 6. gr. reglugerðar nr. 173 frá 16. apríl 1991?

2. Hvað er ráðgert að margir starfsmenn vinni við Fjarskiptaeftirlitið?

3. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður stofnunarinnar á ári?

4. Hverjum er ætlað að bera kostnað af starfsemi stofnunarinnar sem mun fá einkaréttarstöðu á sínu sviði? Er ríkissjóði ætlað að bera allan kostnaðinn? Ef ekki: Eftir hvaða reglum verður þjónustugjöldum skipt og hverjir eiga að bera þau?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fjarskiptaeftirlitið var stofnað til að skilja að rekstur fjarskiptavirkja, t.d. símaþjónustu, og eftirlit með slíkri þjónustu, þar á meðal leyfisveitingar, prófanir og viðurkenningar á fjarskiptabúnaði. Stofnun eftirlitsins er í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið í Evrópu og víðar og er slíkt eftirlit í flestum ef ekki öllum Evrópulöndum. Fjarskiptaeftirlitið heyrir enn formlega undir Póst- og símamálastjóra en við endurskoðun fjarskiptalaga verður það væntanlega gert að sjálfstæðri stofnun.

Spurt er hvað ráðgert sé að margir starfsmenn vinni við Fjarskiptaeftirlitið. Svarið er: Um það bil 15. Áætlaður rekstrarkostnaður er um 60 millj. í ár. Erfitt er að segja til um rekstrarkostnað næstu ára þar sem starfsemin er enn í mótun og vænta má aukinnar þjónustu í framtíðinni. Kaupendur þjónustunnar, þ.e. innflytjendur munu væntanlega greiða fyrir tegundaprófanir á búnaði og útgerð og flugrekendur fyrir lögbundnar skoðanir í flugvélum og skipum. Hingað til hefur ekki verið greitt fyrir notkun ljósvakans en til álita kemur að taka upp einhvers konar gjaldtöku fyrir slík viðskipti. Samkvæmt ákvörðun stjórnar Fjarskiptaeftirlits var í lok síðasta árs ákveðið að eftirtalin verkefni yrðu falin Fjarskiptaeftirliti þangað til annað yrði ákveðið.

1. Veiting viðurkenningar á þeim fjarskiptabúnaði sem tilheyrir samkeppnissviðinu, þ.e. notendabúnaði, og fluttur er til landsins eða smíðaður innan lands.

2. Prófun á búnaði samkvæmt ósk innflytjenda eða innlendra framleiðenda í þeim tilfellum að ekki liggur fyrir fullnægjandi viðurkenning frá viðurkenndum prófunarstofum enda hafi Fjarskiptaeftirlitið aðstöðu til slíkrar prófunar.

3. Leyfisveitingar til einstaklinga og fyrirtækja vegna fjarskiptabúnaðar, sem þessum aðilum er heimilt að starfrækja samkvæmt lögum og veittum undanþágum, svo og notendabúnaðar, þar með taldar talstöðvar og önnur radíótæki.

4. Umsjón með alþjóðasamstarfi um almenn tíðni- og radíóreglugerðarmál og með mögulegri setu á alþjóðatíðniráðstefnum og fundum.

5. Skipulagning á notkun tíðnirófsins á Íslandi í samræmi við alþjóðasamþykktir.

6. Úthlutun einstakra tíðna til notkunar innan íslenskrar lögsögu og í íslenskum farartækjum utan hennar.

7. Samvinna við útvarpsréttarnefnd í samræmi við ákvæði í útvarpslögum.

8. Skylduskoðun á fjarskiptabúnaði t.d. í skipum og flugvélum.

9. Truflanaleit.

10. Eftirlit með því að notkun fjarskiptabúnaðar sé í samræmi við ákvæði leyfisbréfa.

11. Mælingar á sviðsstyrk og öðrum eiginleikum fjarskiptasendinga sem á þarf að halda vegna skipulags fjarskiptamála, truflanaleitar eða eftirlits.

12. Afgreiðsla staðlamála frá ETSI þegar um er að ræða notendabúnað og samstarf við fjarskiptasviðið um staðlamál hins almenna fjarskiptakerfis.

Ég vona að hv. fyrirspyrjandi sé nokkru nær um þessi efni. Ég vil taka fram að þessi verk hafa áður verið unnin af Pósti og síma þannig að hér er ekki um ný útgjöld að ræða þó að ég þori ekki að fortaka að það kunni að vera eitthvað dýrara að setja á fót nýja stofnun. Það hefur löngum verið svo.

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör sem voru á margan hátt mjög fróðleg. Það kom fram í svörum hæstv. ráðherra að þarna eru mjög aukin umsvif þeirrar starfsemi sem áður heyrði undir deild Pósts og síma. Þjónustugjöld þeirra sem skipta við stofnunina munu eiga að standa undir kostnaði að einhverju leyti og ráðherra fortekur ekki að slík gjöld muni hækka. Ég á erfitt með að skilja að á þessum niðurskurðar- og sparnaðartímum sé brýn nauðsyn á því að koma á sérstakri stofnun til þess að sjá um þessi mál þó svo stóru þjóðirnar í kringum okkur geti leyft sér það. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra mun endurskoðun á fjarskiptalögunum koma til umræðu á næstunni. Þá mun Fjarskiptaeftirlitið líklega verða tekið fyrir í sambandi við það og þá verður fróðlegt fyrir hv. þm. að fylgjast með því máli.

Greiðslur bænda í Atvinnuleysistryggingasjóð, ein umr.

Fsp. EL, 210. mál. — Þskj. 256.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. sem varamaður minn, Elín R. Líndal, bar fram á þinginu fyrr í vetur og varðar greiðslur bænda í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þó að langt sé síðan fsp. kom fram, þá er hún í fullu gildi og þess vegna vil ég leyfa mér að lesa hana. Hún er í þremur liðum og hljóðar þannig:

„1. Hvers vegna hefur verið frestað að skipa nefnd til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar, samanber bréf heilbr.- og trmrn. til Stéttarsambands bænda frá 7. okt. sl.?

2. Verður staðið við það fyrirheit sem bændum var

gefið fyrir ári síðan, er þeir hófu að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs, að þeim verði tryggð bótaréttindi til jafns við aðra úr þeim sjóði?

3. Hafa verið settar fram tillögur þar sem skilgreind eru réttindi þeirra nýju aðila sem skyldaðir voru til að greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð með lögunum um tryggingagjald?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fsp. hv. þm. hljóðar svo:

„Hvers vegna hefur verið frestað að skipa nefnd til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar ..." o.s.frv. Í byrjun síðasta árs stóð til að skipa nefnd til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og gerði þáv. heilbrrh. tilraun til þess að koma slíkri nefnd á laggirnar. Hann sendi út bréf 14. mars í fyrra þar sem óskað var eftir tilnefningu ýmissa aðila í nefndina og var tilnefninga óskað fyrir 1. apríl. Gert var ráð fyrir að nefndinni ættu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Stéttarsambands bænda, Sambands ísl. bankamanna, fjmrn., Atvinnuleysistryggingasjóðs og heilbr.- og trmrn. Tilnefningar bárust frá flestum þessara aðila en þó ekki frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Ég ritaði þessum aðilum að nýju bréf 24. júlí sl. og ítrekaði beiðnina um tilnefningu fulltrúa í endurskoðunarnefndina. Enn barst ekki svar frá Alþýðusambandi Íslands og hefur ekki borist enn. Í svari Vinnuveitendasambandsins var hins vegar mótmælt fyrirhugaðri samsetningu nefndarinnar og talið óeðlilegt að endurskoðunarnefndin væri að meiri hluta skipuð fulltrúum stéttarfélaga. Jafnframt kom fram í svarinu að Vinnuveitendasamband Íslands hygðist ekki tilnefna fulltrúa í nefndina að óbreyttri samsetningu hennar. Ég átti líka fund með forsvarsmönnum Alþýðusambands Íslands um þessi mál.

Í ljósi viðbragða Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins við fyrirhugaðri nefndaskipan var ákveðið að bíða að svo stöddu með heildarendurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar og hætt við þá fyrirætlun fyrrv. hæstv. ráðherra að skipa umrædda nefnd. Fyrirhugað er þó að taka þetta mál upp að nýju með heildarendurskoðun í huga.

Í öðru lagi var spurt hvort staðið hafi verið við það fyrirheit sem bændum hafi verið gefið fyrir ári, er þeir hófu að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs, að þeim verði tryggð bótaréttindi til jafns við aðra. Samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, er hver sá aðili gjaldskyldur sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun. Gjaldskyldan tekur þannig til allra launagreiðenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða, stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og allra þeirra aðila sem greiða laun eða einhvers konar þóknanir fyrir störf. Enn fremur nær gjaldskyldan til allra þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi. Samkvæmt lögunum er tekjum af tryggingagjaldi ráðstafað svo: Í fyrsta lagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nemur 0,15% af gjaldstofni. Í öðru lagi til Vinnueftirlits ríkisins sem nemur 0,08% af gjaldstofni og í þriðja lagi til Tryggingastofnunar ríkisins það sem umfram er til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.

Í grg. sem fylgdi frv. til laga um tryggingagjald er það var til umfjöllunar á Alþingi segir svo, með leyfi forseta:

„Sú breyting, sem verður á gjaldtöku til Atvinnuleysistryggingasjóðsins, breytir á engan hátt núverandi skipan á rétti til atvinnuleysisbóta að því er varðar hverjir eiga rétt til bótanna, hve háar og miðað við hvaða tímabil."

Í nál. meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að tekið verði til endurskoðunar ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, m.a. að því er varðar bótaréttindi, enda fela ákvæði frv. um tryggingagjald í sér að fleiri aðilar munu greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs."

Í nál. 1. minni hluta segir, með leyfi forseta:

„Eina breytingin, sem verður við samþykkt þessa frv., er að ýmsir sem njóta ekki réttinda úr Atvinnuleysistryggingasjóði verða að greiða til sjóðsins. Nauðsynlegt er að tryggja réttindi þeirra með sérstökum lögum þannig að skyldur og réttindi fari saman."

Í nál. 2. minni hluta nefndarinnar segir, með leyfi forseta: „Auk þess leggur frv. nýjum aðilum þær skyldur á herðar með tilkomu tryggingagjaldsins að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs án þess að ljóst sé hvaða réttinda þeir fái samhliða. Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar hefðu því þurft að koma fram samhliða þessu frv."

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera að frv. sjálft lofaði engum breytingum á núverandi skipan á rétti til atvinnuleysisbóta. Nál. fjárhags- og viðskiptanefndar benda hins vegar öll réttilega á að nauðsynlegt er að endurskoða þessi mál þannig að saman fari skyldur til greiðslna í Atvinnuleysistryggingasjóð og réttindi til atvinnuleysistryggingabóta en frv. og núverandi lög tryggja ekki að rétturinn fari saman við greiðsluskylduna og fjölmargar stéttir verða að sæta því.

Þriðja spurning var hvort settar hafi verið fram tillögur þar sem skilgreind eru réttindi þeirra nýju aðila sem skyldaðir voru til að greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð. Slíkar tillögur hafa ekki verið settar fram en að nýju skal bent á grg. frv. þar sem fram kemur að breytingin á gjaldtökunni mun ekki hafa neinar breytingar í för með sér á réttinum til atvinnuleysistrygginga. Það kemur skýrt fram í greinargerð umræddra frv.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. trmrh. fyrir að hafa svarað þessari fsp. en ég get ekki annað en lýst yfir vonbrigðum með þau svör sem hann færði hér fram. Það var alger forsenda fyrir afgreiðslu þessa frv., eins og reyndar kom fram hjá nefndarmönnum, að lögin yrðu endurskoðuð. Fyrir lá yfirlýsing frá heilbr.- og

trmrn. um að svo yrði gert og á það benti ég í framsögu með málinu. Það veldur auðvitað vonbrigðum að þrír af þeim aðilum sem fyrrv. heilbrrh. hafði hugsað sér að skipa í nefndina skyldu ekki vilja taka þátt í því starfi en að sjálfsögðu bar þá ráðherra að taka af skarið og velja menn með öðrum hætti. Ég ætla að treysta því að hann geri það því að með öðrum hætti eru þetta hin mestu ólög. Að sjálfsögðu verða réttindi að skapast á móti þeim útgjöldum sem þarna verða og leiða af upptöku tryggingagjaldsins. Og ég leyfi mér að treysta því að hann taki nú á sig rögg og dríf þetta nefndarstarf af stað. Það er óþolandi að ganga á bak þeirra orða sem látin voru falla við okkur í fjárhags- og viðskiptanefnd að endurskoðun færi fram og í þeim anda afgreiddum við málið. Það má kannski segja að við höfum verið of fljótir á okkur að láta málið frá okkur áður en gengið var frá hinum endanum, þ.e. að endurskoða lögin og það hefðum við að sjálfsögðu ekki gert með þeim hætti sem við gerðum ef það hefði ekki legið fyrir að lögunum yrði breytt.

Frú forseti. Ég heiti á hæstv. heilbr.- og trmrh. að vinda bráðan bug að því að koma þessari endurskoðun í gang.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Ég vil upplýsa að þetta er ekki einfalt mál eins og ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir. Lög um atvinnuleysistryggingar eiga sér þá forsögu að samið var um það við verkalýðshreyfinguna í verkfalli fyrir nokkuð mörgum árum að lögin yrðu sett. Þau eru þess eðlis að þau tryggja atvinnuleysisbætur einvörðungu til þeirra sem eru meðlimir í viðurkenndum stéttarfélögum. Þeir sem eru ekki aðilar að stéttarfélögum hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Það eru fjölmargir aðilar í þessu þjóðfélagi sem þannig háttar til um. Til skamms tíma hafa það verið vörubifreiðastjórar, sendibílstjórar, sjálfstæðir atvinnurekendur, bændur og ýmsir fleiri aðilar.

Talið hefur verið að þetta ákvæði bryti í bága við sáttmála sem Íslendingar eru aðilar að um jöfn réttindi til slíkrar samfélagslegrar samhjálpar fyrir alla þegna landsins án tillits til þess hvort þeir eru meðlimir í viðurkenndum stéttarfélögum eða ekki. Þetta hefur hins vegar verið mikið vandamál í sambandi við samskipti heilbrrn. og aðila vinnumarkaðarins því að samtök launafólks halda mjög fast í þau ákvæði að atvinnuleysistryggingar skuli aðeins miðast við að veita þeim sem eru félagar í viðurkenndum verkalýðsfélögum þann rétt. Við erum hins vegar, eins og fyrrv. ráðherra, að reyna að fást við þessi vandamál. Ég er sammála hv. þm. um að þetta eru réttindi af því tagi sem eiga að vera jöfn til allra borgara í samfélaginu án tillits til þess hvaða starf þeir stunda, án tillits ti þess hvort þeir eru félagar í einhverjum félögum eða ekki. Enn ríkari er sú nauðsyn þegar til þess er litið að greidd eru iðgjöld eða iðgjaldaígildi fyrir alla þjónustu og vinnu sem unnin er í landinu þannig að tekin eru iðgjöld eða iðgjaldaígildi af öllum launþegum þessa lands. En eins og ég segi, málið er ekki mjög einfalt. Það er talsvert erfitt að fá þetta sjónarmið viðurkennt en ég hef ásett mér, eins og fyrrv. heilbrigðisráðherrar, að fá menn til þess að fallast á þau sjónarmið sem mér finnst sjálfsögð í þessu efni.

Greiðsla ferðakostnaðar vegna tannréttinga, ein umr.

Fsp. ÞBack, 287. mál. — Þskj. 486.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Á þskj. 486 ber ég fram fsp. til heilbr.- og trmrh. um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga. Frá því að slitnaði upp úr samningum sérfræðinga í tannréttingum og Tryggingastofnunar ríkisins þann 1. nóv. 1989 hefur mikil óvissa ríkt um framkvæmd tannréttinga og endurgreiðslur vegna tannréttinga og ferðakostnaðar. Foreldrar hafa fengið misvísandi upplýsingar um endurgreiðslur og margir ekki þorað að láta börnin byrja í tannréttingum vegna hins háa sérfræðingakostnaðar svo og mikils ferðakostnaðar, a.m.k. fyrir marga.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið eru uppi hugmyndir um að endurgreiða ferðakostnað í sama hlutfalli og tannréttingamatið er. Ef þetta er rétt verður aðstöðumunur landsbyggðarbarna í þeim landshlutum þar sem þessi þjónusta er ekki í boði enn meiri en hann er í dag. Því ber ég upp svohljóðandi fsp.:

„1. Hvaða reglur gilda um þátttöku ríkisins í ferðakostnaði barna og aðstandenda þeirra vegna tannréttinga og hvernig er kynningu háttað á þessum reglum?

2. Áformar ráðherra að beita sér fyrir breytingu til að draga úr aðstöðumun barna og aðstandenda þeirra vegna tannréttingaþjónustu með tilliti til búsetu?

3. Ef svo er, hverjar eru þær breytingar og hvenær má vænta þess að þær komi til framkvæmda?“

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fsp. hljóðar svo: „Hvaða reglur gilda um þátttöku ríkisins í ferðakostnaði barna og aðstandenda þeirra vegna tannréttinga og hvernig er kynningu háttað á þessum reglum?“ Samkvæmt j-lið 1. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar skulu sjúkratryggingar greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi með eða án innlagnar. Reglur þessar voru síðast endurskoðaðar í árslok 1990 og nýjar settar með reglum um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands. Samkvæmt þeim skulu sjúkratryggingar taka þátt í ferðakostnaði ef sjúklingur þarf að takast ferð á hendur til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða á sjúkrahúsi eða til þess að njóta óhjákvæmilegrar meðferðar samkvæmt tilvísun læknis hjá þeim heilbrigðisstéttum sem sjúkratryggingar hafa samið við. Reglurnar rýmka því allverulega lagaheim-

ildina til endurgreiðslu ferðakostnaðar því hún gerir eingöngu ráð fyrir að greiddur sé ferðakostnaður vegna ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi. Samkvæmt reglunum er endurgreiðsla ferðakostnaðar bundin því skilyrði að um sé að ræða mjög alvarlega sjúkdóma og meðferð þeirra. Í reglunum er síðan tæmandi upptalning á þeim alvarlegu sjúkdómameðferðum sem við er átt. Í upptalningunni er að finna tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Tannréttingar eru taldar í flokki með mjög alvarlegum sjúkdómum sem ferðakostnaður er greiddur fyrir og eru eina læknishjálpin undir þessum ferðakostnaðarreglum sem menn geta deilt um hvort teljist til mjög alvarlegra sjúkdóma.

Ef um er að ræða meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma endurgreiða sjúkratryggingar hluta ferðakostnaðar þegar um er að ræða a.m.k. 15 km vegalengd milli staða. Sjúkratryggingar endurgreiða ¾ hluta kostnaðar af raunverulegu fargjaldi með venjulegri áætlunarferð eða af reiknuðu fargjaldi með áætlunarbifreið á hverjum tíma ef eigin bíll er notaður. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei vera hærri en 1.000 kr. í hverri ferð. Sjúkratryggingar greiða ¾ hluta kostnaðar vegna leigubíla milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar samkvæmt framlögðum kvittunum, þótt vegalengdin sé skemmri en 15 km, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Í slíkum tilvikum er greiðsluhluti sjúklings ætíð ¼ hluti kostnaðar. Fargjald fylgdarmanns er endurgreitt af sjúkratryggingum samkvæmt sömu reglum ef sjúklingurinn er 16 ára eða yngri eða ef hann er ósjálfbjarga. Þetta á þó aðeins við um áætlunarferðir. Með sama hætti endurgreiða sjúkratryggingar nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings 16 ára og yngri en endurgreiðslan takmarkast við eina vitjun í viku.

Þá hafa reglurnar að geyma sérákvæði um ferðakostnað vegna tannréttinga sem ekki uppfylla skilyrði um að vera vegna meiri háttar galla eða alvarlegs tilefnis. Er það sérstök undantekning frá hinni almennu reglu að greiða ferðakostnað í slíkum tilvikum. Í þeim tilvikum taka sjúkratryggingar þó þátt í ferðakostnaði með eftirtöldum skilyrðum:

1. Sjúkratryggingar endurgreiða helming ferðakostnaðar sjúklings samkvæmt almennu reglunum og sjúklingur ber helming án sérstaks hámarks.

2. Endurgreiðsla á sérstöku fargjaldi fylgdarmanns miðast við að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri.

Þess er að vænta að í kjölfar breyttrar greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannréttingarkostnaði munu þessi sérákvæði falla niður, enda greiða almannatryggingar ekki lengur fyrir slíkar tannréttingar. Það mun þó ekki verða fyrr en í árslok 1993. Ferðakostnaður vegna tannréttinga vegna meiri háttar galla eða alvarlegs tilefnis munu verða óbreyttar. Reglur þessar voru birtar í Stjórnartíðindum. Þá var þeirra getið í tímariti Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsmálum. Loks hefur læknum og tannlæknum verið sendar upplýsingar um þær þannig að hér er ekki neitt launungarmál á ferðinni. Það er búið að birta þær opinberlega og menn hefðu getað lesið sér til um þær í þessum tímaritum eða fengið upplýsingar um þær hjá hvaða tannlækni sem er.

Önnur spurning hljóðaði svo: „Áformar ráðherra að beita sér fyrir breytingu til að draga úr aðstöðumun barna og aðstandenda þeirra vegna tannréttingaþjónustu með tilliti til búsetu?“

Eins og áður er getið hefur nú þegar verið komið verulega til móts við þá sem leita þurfa tannréttingaþjónustu vegna meiri háttar galla eða alvarlegs tilefnis því sjúkratryggingar taka þátt í ferðakostnaði þeirra án þess að lög í raun heimili að það sé gert. Það sem er hins vegar að gerast í sambandi við tannréttingamál er að af ýmsum ástæðum, sem ég ætla ekki að fara út í hér, og hefur sú breyting orðið á viðhorfi tannréttingalækna sjálfra að þeir eru nú farnir að leita til sjúklinga sinna í staðinn fyrir það að áður fyrr þurftu sjúklingarnir að koma til þeirra. Þannig er tannréttingalæknir nú að hefja störf á Austurlandi. Einnig veit ég að tannréttingalæknir hefur boðist til að taka að sér Vestfirði. Þeir eru að koma til móts við sjúklingana þannig að allar líkur eru á því að draga muni úr þessari þörf á því að fólk fari með börnin sín til Reykjavíkur til þess að fá tannréttingahjálp. Það er vegna bættrar þjónustu tannréttingalæknanna sjálfra og er það ánægjulegt og gleðilegt til þess að vita að það skuli vera niðurstaðan af þeim deilum sem heilbrrn. og þessir ágætu menn hafa átt í á undanförnum missirum og þjónusta þeirra mun þá væntanlega batna.

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Örstutt athugasemd vegna þess að málið er mér skylt. Mig langar til að bæta því við upptalninguna hjá hæstv. heilbrrh. í sambandi við kynningu á þessum reglum að þær voru reyndar settar í tíð forvera hans í starfi og voru mjög ítarlega kynntar. Auk þess sem ráðherra taldi upp voru þær kynntar bæði í fréttatilkynningum, auglýsingum og greinaskrifum í dagblöð. Ég vil gjarnan að það komi fram líka.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að í svari ráðherra kom ekki svar við 2. og 3. lið spurningarinnar, alla vega heyrði ég ekki hvort ráðherra hefði einhver áform uppi um að draga úr þessum aðstöðumun. Hér er um að ræða verulegan aðstöðumun eftir búsetu sem mun fara vaxandi í kjölfar þess sem ráðherra boðaði um niðurfellingu endurgreiðslu við tiltekin skilyrði. Þó svo það sé rétt og gleðilegt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að tannréttingalæknar eru farnir að sýna því skilning að koma sjálfir til sjúklinganna er það samt í svo litlum mæli og svo óvíða að það er ekki fullnægjandi. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi að hafa frumkvæði í þessu máli og ég vildi gjarnan heyra hvert hans frumkvæði er til að draga úr þessu misrétti.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu. Það kemur greinilega fram hversu mikið misrétti þetta er raunverulega þegar barn,

sem ekki er með alvarlegan sjúkdóm, þarf að fara í tannréttingar til Reykjavíkur. Því fylgir mjög mikill kostnaður, margar ferðir þarf að fara. Jafnvel þó það sé mjög gleðilegt að tannréttingalæknar flytjist út um landið, ég ætla að taka undir það, þá er bara Austurland eitt og sér tæplega 800 km. Ferðirnar verða eftir sem áður mjög dýrar fyrir aðstandendur þessara barna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að í svari hæstv. heilbrrh. áðan kom fram að fyrirspyrjandi gæti leitað sér þessara upplýsinga í Stjórnartíðindum, blaði Tryggingastofnunar og kannski hjá fleirum sem hafa auglýst þetta. En ég vil bara benda á að vitaskuld erum við þingmenn að leita okkur upplýsinga hér til þess að það sé skráð í þingtíðindum og til þess að vekja athygli á málinu. Það er fyrst og fremst það sem við erum að gera. Þetta mál um tannréttingar barna snertir mjög marga og ekki hvað síst okkur á landsbyggðinni. Ég fagna því að hv. þm. skuli hafa komið með þessa fyrirspurn.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því að fsp. af þessu tagi sé lögð fram nema síður sé. Ég leyfði mér aðeins að benda á það að búið væri að skýra frá þessu opinberlega þannig að hér er ekki um neitt að ræða sem með einhverjum hætti hafi verið haldið leyndu eða hafi ekki verið upplýst af hálfu heilbrigðisyfirvalda. Þessar upplýsingar hafa þegar komið fram en auðvitað er mér bæði ljúft og skylt að svara spurningum um þetta hér á Alþingi engu að síður.

Í annan stað vil ég benda á, eins og fram kom í máli mínu, að þessi breyting mun ekki gerast fyrr en í árslok 1993, þ.e. tæp tvö ár eru þangað til þessi breyting kemur til framkvæmda.

Í þriðja lagi svaraði ég því hvað heilbrrn. hygðist gera til þess að reyna að koma til móts við hagsmuni þessa fólks. Það sem við erum að gera er að semja við tannréttingalæknana um að þeir mæti á vettvang, mæti hjá fólkinu í staðinn fyrir að sitja hér suður í Reykjavík og láta viðskiptavinina koma til sín. Ég er nýbúinn að vera á Austurlandi þar sem þessi mál komu m.a. til umræðu. Þó að 800 km séu frá syðsta hluta kjördæmisins og til hins nyrsta er það ekki nokkurt vafamál, ég heyrði það mjög vel á fólki sem ég ræddi við, að fólk telur það mikið til bóta að náðst hafi samningar við tannréttingalækni um að taka að sér að sinna Austurlandi. Það er ekki þar með sagt að tannréttingalæknirinn mæti bara á nyrsta odda kjördæmisins og ætlist til þess að viðskiptavinirnir komi síðan 800 km vegalengd til hans þar. Með sama hætti mun ráðuneytið beita sér fyrir því að samið verði við tannréttingalækni og hefur þegar fengist vilyrði fyrir því að hann taki að sér að þjóna Vestfjarðakjördæmi. Þessu er ráðuneytið að vinna að. Við erum að flytja þjónustuna til fólks í staðinn fyrir að kosta flugferðir til að flytja fólkið til þjónustustaða. Ég vona a.m.k. að landsbyggðarmenn séu ánægðari með að fá þjónustuna í landsbyggðina en að fá einhverja styrki greidda til þess að geta tekið sér far á hendur til Reykjavíkur. Ég vænti þess að fólk sé ánægt með það.

Virðulegi forseti. Ég held að þessari spurningu sé fullnægjandi svarað og menn geti verið nokkuð ásáttir með það að þegar þessar reglur falla úr gildi í árslok 1993 verði fjallið komið til Múhameðs.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Samkvæmt nýjum reglum um endurgreiðslur vegna tannréttinga er dregið úr endurgreiðslum og eingöngu greitt fyrir meðferð vegna alvarlegra afleiðinga tannskekkju, meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Sérfræðingskostnaður er mikill vegna tannréttinga, það dregur enginn í efa. En með þessum reglum er svo langt gengið að foreldrar munu hugsa sig vel um áður en ákvörðun er tekin hvort senda eigi barn í tannréttingar eða ekki. Hér til upplýsingar get ég getið þess að athugun hjá til tannréttingalækni, áður en nokkuð er gert, kostar yfir 26 þús. kr. Þar á ofan bætist ferðakostnaður, t.d. er fargjaldið fyrir ungling frá Egilsstöðum rúmar 12 þús. kr. Matið fyrir einstaklinga sem búa á Egilsstöðum, þar sem er nú samið við sérfræðinga um minni háttar eftirlit, eru rúmar 38 þús. kr.

Þegar við bætum svo ferðakostnaði við vegna algengustu tannréttinga er nær fullvíst að búseta mun auk efnahags hafa veruleg áhrif á hvort börn og unglingar fái það sem á undanförnum árum þótt eðlilegar tannréttingar. Úr ferðakostnaðinum hefði mátt draga stórlega með því að stuðla að því að tannréttingasérfræðingarnir hefðu aðstöðu á heilsugæslustöðvunum, a.m.k. einni eða tveimur stöðvum í hverjum fjórðungi. Reglulegar heimsóknir þeirra til að sinna eftirliti og minni háttar aðgerðum spara bæði ferðakostnað og óþægindi við að senda börnin oft um langan veg til sérfræðinganna. Það er rétt sem ráðherrann minnti hér á að þessu fyrirkomulagi hefur verið komið á á Egilsstöðum, öllum til mikillar ánægju og sérstaklega foreldrunum. Auðvitað hefur fólki blöskrað það að senda börn suður. Maður hefur horft á heilu og hálfu flugvélarnar fara suður þar sem krakkarnir fara mánaðarlega í aðgerð sem tekur kannski ekki nema 10–15 mínútur. Það þýðir ferðalag og jafnvel gistingu og allir hafa séð hvað þetta fyrirkomulag hefur verið kolvitlaust án þess að við höfum nokkuð haft um það að segja.

Það er ánægjulegt að heyra að ráðherrar skuli standa í samningum við tannréttingasérfræðinga um að koma með þjónustuna út á land því að þannig á það náttúrlega að vera. Auðvitað verður ekki komið upp aðstöðu fyrir allar aðgerðir, allar meiri háttar aðgerðir verða á sérhæfðum stofum þannig að ekki er verið að leggja út í mikinn kostnað. En þetta mánaðarlega eftirlit þarf að vera úti á landi.

Þrátt fyrir það að þessar breytingar hafi verið kynntar rækilega eins og ráðherra minnti á, þá var það svo þegar ég fór að afla mér upplýsinga um málið og vildi fá að vita hvernig það stæði fékk ég ótrúlegar mismunandi upplýsingar, bæði um núgildandi reglur og ég

tala ekki um útgáfurnar af því hvernig þetta yrði svo í framtíðinni.

Símaþjónusta Tryggingastofnunar ríkisins, ein umr.

Fsp. ÞBack, 288. mál. — Þskj. 487.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Á þskj. 487 ber ég fram fsp. til heilbr.- og trmrh. vegna símaþjónustu Tryggingastofnunar ríkisins. Fsp. mín er svohljóðandi:

„Hvað veldur því að Tryggingstofnun ríkisins hefur ekki tekið upp svonefnt „grænt" símanúmer í því skyni að tryggja jafna aðstöðu allra landsmanna til að hafa samband við stofnunina?"

Tryggingamál eru flókin og fæstir hugsa um þau mál fyrr en þeir þurfa sjálfir á aðstoð að halda. Hvern á að spyrja, um hvað á að spyrja og hvaða rétt á viðkomandi? Fyrir réttum 20 árum var fyrsti upplýsingafulltrúi ráðinn til starfa að Tryggingastofnun ríkisins. Með því embætti var reynt að bæta upplýsingaþjónustuna við almenning ásamt því að gefa út upplýsingabæklinga um hina ýmsu málaflokka stofnunarinnar. Það eru eftir sem áður ófá símtölin sem margir þurfa að eiga við Tryggingastofnun ríkisins, stofnun sem þjónar öllum landsmönnum. Græn símanúmer Pósts og síma gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að bjóða viðskiptavinum sínum um land allt betri símaþjónustu með lágmarkskostnaði. Sá sem hringir í grænt númer greiðir aðeins gjald fyrir staðarsímtal. Vissulega kemur aukinn kostnaður á fyrirtækin en þau greiða stofngjald, afnotagjald og meðallanglínugjald á utanbæjarsímtöl. En vegna eðlis stofnunarinnar er þetta réttlætismál. Til samanburðar má nefna nokkur opinber fyrirtæki sem hafa tekið upp þessa þjónustu svo sem Byggðastofnun, Húsnæðisstofnun, Bifreiðaskoðun og Vegagerðina.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Tryggingastofnun ríkisins hefur þá sérstöðu meðal margra opinberra stofnana sem ekki margar aðrar stofnanir hafa að hún rekur umboðsskrifstofur í öllum umdæmum landsins. Almenningur á því tiltölulega auðvelt með að afla sér upplýsinga og þjónustu frá umboðsskrifstofum Tryggingastofnunar víða um land, mun auðveldara en gerist og gengur um aðrar opinberar þjónustustofnanir allflestar. Stofnunin hefur því ekki talið ástæðu til að taka upp svonefnt grænt númer enda er ekki gert ráð fyrir greiðslu kostnaðar þess vegna í fjárveitingum til stofnunarinnar. En eins og hv. þm. tók fram yrði stofnunin sjálf að standa undir þeim kostnaði sem það hefur í för með sér að taka upp þessi grænu símanúmer. Alþingi hefur á undanförnum árum ekki afgreitt neinar slíkar fjárveitingar til reksturs Tryggingastofnunar ríkisins að hún gæti gert þetta. Sjálfsagt er ástæða til þess að athuga hvort unnt er að veita þessa þjónustu en það á heima í fjárlagagerð og fjárlagaafgreiðslu hverju sinni. Ef Alþingi hefur áhuga á því að Tryggingastofnun ríkisins taki slíka þjónustu upp er ráðið að gera grein fyrr því og gera ráð fyrir því við fjárlagaafgreiðslu að yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins geti kostað slíka þjónustu. Það er ekki í þeim fjárlögum sem afgreidd hafa verið.

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir þessa fsp. og tek undir þá þörf sem er fyrir grænt símanúmer hjá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrirspyrjandi kom inn á það í fyrri fsp. að hún hefði fengið margvísleg svör þegar spurst var fyrir hjá Tryggingastofnun. Mjög tíðar breytingar hafa orðið á almannatryggingalögunum undanfarið ár. Þó svo að Tryggingastofnun ríkisins hafi umboðsmenn um allt land þarf að upplýsa umboðsmennina. Það hefur verið gert með bréfaskriftum en einnig eru námskeið nauðsynleg fyrir umboðsmenn og þau þyrftu að vera á hverju ári. Námskeiðinu, sem átti að vera í haust, var frestað vegna sparnaðar en það hefði raunverulega þurft að vera. Og þegar miklar breytingar verða í almannatryggingakerfinu þarf peninga til að standa straum af kostnaði við kynningarnar. Það er nausynlegt til að fólk geti nýtt sér þann rétt sem það á samkvæmt almannatryggingunum og þekki réttinn og fái um hann upplýsingar. Ég tek undir að það þurfi grænt númer og fagna því að hæstv. heilbrrh. skuli taka vel í þá hugmynd.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Alþingi hefur ekki tekið ákvörðun um fjármuni í þessu skyni. Einn alþingismaður heitir Sighvatur Björgvinsson, hann er 4. þm. Vestf. og hann hefur tillögurétt á Alþingi. Hann gerði enga tillögu um þetta mál þegar fjárlög voru afgreidd síðast né heldur næstsíðast. Nú virðist málið hins vegar vera þannig að hæstv. ráðherra hafi fengið vitrun í þessu efni og vilji standa að því að tryggja að Tryggingastofnun ríkisins fái fjármuni til þess að kosta þessa grænu línu og er það vel.

En ég kvaddi mér hér líka hljóðs, virðulegi forseti, vegna þess að það hefur verið afar erfitt að fá upplýsingar og niðurstöður hjá Tryggingastofnun ríkisins á undanförnum vikum og mánuðum, ekki vegna þess að þar hafi skort grænar línur, heldur vegna þess að þar skortir beinar línur á milli heilbrrn. og Tryggingastofnunar ríkisins. T.d. er mér tjáð að enn þá hafi ekki verið með óyggjandi hætti gengið frá reglugerðum að því er varðar umönnunarbætur og barnaörorku samkvæmt lögum sem þó voru samþykkt á Alþingi fyrir áramót og fullyrt var af hæstv. ráðherra fyrir nokkrum vikum að væru í raun og veru þegar tilbúin og væri aðeins útgáfuverkið eftir til að koma þeim á framfæri. Ég vil bæta því við að það er óhjákvæmilegt að bæta upplýsingastarf Tryggingastofnunar ríkisins um leið og teknar verða upp grænar línur en það er bersýnilega nauðsynlegt að fjölga beinum línum á milli heilbrrn. og Tryggingastofnunarinnar og það kostar ekki neitt.

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans og sérstaklega góðar undirtektir við þetta mál. En starfsmenn umboðanna um land allt hafa í dag varla aðstöðu til þess að fylgjast með þeim breytingum sem eru gerðar á tryggingalöggjöfinni og sérstaklega þegar þær eru svona örar. Það þarf að upplýsa fólk um bótarétt sinn og til þess að bæta úr því þurfa umboðsmenn að fá fræðslu og námskeið reglulega. Á það má benda að tölvuvæðing stofnunarinnar er mjög til bóta, bæði við afgreiðslu og til að veita upplýsingar og styrkir umboðsmennina mjög. En mál eru oft þannig að það þarf að hafa beint samband við viðkomandi og ekki er nóg að það fari í gegnum umboðsmennina. Þó að ég sé ekki að kasta rýrð á umboðsmennina, þá verður fólk oft að hringja beint í stofnunina og hafa samband beint við ákveðna aðila.

Ég vil að það komi fram líka, fyrir utan það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér áðan um sambandsleysi á milli heilbrrn. og Tryggingastofnunar, að ég veit að símalínur vantar inn í stofnunina. Símakerfið er sprungið burt séð frá þessari grænu línu og maður þarf oft að bíða mjög lengi til að komast á milli kerfa innan húss. Kannski er það bara betra þegar maður býr úti á landi að ná alls ekki sambandi við stofnunina því á meðan telja ekki skrefin.

Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áður að ég þakka ráðherra fyrir góðar undirtektir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa þingmenn um þá mjög einföldu staðreynd að yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins skortir 36 millj. kr. til að geta staðið undir óbreyttum rekstri þeirrar stofnunar. Það var aðeins hægt með því að ráðstafa til stofnunarinnar því hámarki sem heilbr.- og trmrh. gat ráðstafað og fjárln. Alþingis gat ráðstafað til baka til Tryggingastofnunar ríkisins af því fé sem var í hinum svokallaða varasjóði. Stofnunin fær 12 millj. kr. af þessari 36 millj. kr. fjárvöntun. Það er auðvitað út í hött að halda því fram að aðeins þurfi það eitt til að heilbr.- og trmrh. ákveði að leggja til að veita stofnuninni fé sem ekki er til.

Hv. þm. Svavar Gestsson veit það auðvitað mætavel sjálfur að menn greiða ekki með peningum sem eru ekki til. Það er til lítils fyrir einn þingmann eða einn ráðherra að gera tillögu um ráðstöfun fjármuna sem ekki eru til. Hins vegar þekkir hv. þm. það ekki vegna þess að hann lítur svo á, samkvæmt grein sem hann skrifaði í Þjóðviljann á síðasta ári, að hlutverk fagráðherra sé að leggja til að eyða peningum en hlutverk fjmrh. og fjárln. Alþingis sé að koma í veg fyrir það að þeir nái vilja sínum fram. Ég er ekki sammála honum um það, hv. þm. (**SvG:** Ég vil bera af mér sakir.) Hv. þm. er vanur að bera af sér sakir enda ekki vanþörf á.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka fram að það er allgott samband á milli heilbrrn. og Tryggingastofnunar ríkisins. Varðandi þessar umönnunarbætur vil ég upplýsa það að heilbrrn. hefur fengið tillögur tryggingaráðs um umönnunarbæturnar. En samkvæmt lögum sem hv. þm. átti hlut í að setja með öðrum, þá ber heilbrrn. skylda til að leita einnig umsagnar félmrn. um þessar tillögur. Við sendum að sjálfsögðu strax tillögur tryggingaráðs um reglugerð um umönnunarbætur til félmrn. til umsagnar eins og okkur bar lagaleg skylda til og þaðan hefur umsögnin ekki enn borist.

En það er mesti misskilningur að það sé eitthvert sambandsleysi milli Tryggingastofnunar og heilbrrn. Heilbrrn. hefur fengið þær afgreiðslur frá tryggingaráði sem beðið var eftir. Hins vegar verður að ætlast til þess af hv. þm. að þeir viti hvaða fyrirmæli ráðuneytunum eru gefin í lögum sem þeir sjálfir setja. Okkur voru gefin þau fyrirmæli að leita ekki aðeins umsagnar tryggingaráðs heldur einnig félmrn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. er gjarnt að taka þannig til orða að Alþingi hafi ákveðið eitthvað og síðan verði hann að framfylgja því og engu verði þar um breytt. Auðvitað er það rétt eins og hv. 9. þm. Reykv. benti á að hæstv. heilbrrh. er alþingismaður. Hann er meira að segja partur af ríkisstjórninni og hefur áhrif á fjárlagafrv. og fjárlög á hverjum tíma. Staðreyndin kann að vera sú að hann hafi ekki fengið ábendingu um að taka upp grænt númer hjá Tryggingastofnun ríkisins og ekki skal ég álasa honum fyrir það að hafa ekki látið sér detta það í hug.

Hins vegar finnst mér að þegar ábending kemur fram um málið beri honum að taka þeirri ábendingu vel og ég er hissa á landsbyggðarþingmanninum að lýsa því ekki yfir að hann muni beita sér fyrir þessu. Ég get bent ráðherranum á peninga ef hann vantar að finna peninga til að verða við þeim útgjöldum fylgja. Við erum hér með svar um ferðakostnað ráðherra, þar á meðal dagpeninga. Ráðherrann getur beitt sér fyrir að breyta þeim reglum, lækka þær fjárhæðir. (**Heilbrrh.:** Það er búið að því.) Það er búið að því en það er samt ríflegt enn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 9. þm. Reykv. hefur þegar gert stutta athugasemd en hann telur sig þurfa að bera af sér sakir. Ekki getur forseti lagt dóm á það og mun þingmaðurinn því taka til máls og bera af sér sakir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að ég sé á móti því að þjóðin hafi heilbr.- og trmrh. Mín skoðun er sú að það sé nauðsynlegt fyrir þjóðina að hafa heilbr.- og trmrh. en ekki aðstoðarmann fjmrh. sem gengur laus undir starfsheitinu heilbr.- og trmrh. í Stjórnarráði Íslands.

Ég held að meginvandi heilbrigðiskerfisins á Íslandi sé sá að okkur vantar alvöru heilbrigðis- og tryggingaráðherra í dag en það verður ekki bætt úr því meðan þessi maður situr sem er þar núna. Hitt kom einnig í ljós og var mjög athyglisvert að hæstv. heilbrrh. kennir hæstv. félmrh. um að reglugerðin um umönnunarbæturnar skuli ekki vera komin út. Það er skaði að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér. Er von á hæstv. félmrh. hér í dag? Það er alveg óhjákvæmilegt að inna

eftir því hvað það á að þýða af hæstv. félmrh. að draga útgáfu reglugerðarinnar. Hvað á þessi slóðaskapur að þýða sem hæstv. heilbrrh. vill kenna hæstv. félmrh. um? Bersýnilega er ekki bara þörf á beinum línum milli trmrn. og Tryggingastofnunarinnar heldur líka milli félmrn. og heilbrrn. (**Heilbrrh.:** Er heilbrrh. heimilt að bera af sér sakir á sama hátt og hv. þm.?)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ekki getur forseti gert upp á milli en ef hæstv. heilbrrh. telur sig þurfa að bera af sér sakir verður svo að vera. En forseti vill beina því til þingheims að nýta sér ekki þennan rétt til að bera af sér sakir nema af mjög brýnni nauðsyn. En þá ber hæstv. heilbr.- og trmrh. af sér sakir.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ásaka hvorki einn né annan eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerir. Ég var aðeins að skýra frá því að heilbrrn. ber samkvæmt lögum frá Alþingi skylda til þess að leita umsagna tveggja aðila, tryggingaráðs og félmrn. Tryggingaráð er búið að senda tillögur um reglugerð. Mér ber skylda til að senda þá tillögu til umsagnar félmrrn. og það hef ég gert. Annað sagði ég ekki.

Það er hins vegar ekkert nýtt að hv. þm. Svavari Gestssyni og flokksbræðrum hans hér á landi og erlendis finnist aldrei stjórnað nema þeir stjórni sjálfir.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að ég óskaði eftir því áðan af tilefni sem ég taldi fullnægjandi að bera af mér sakir við fsp. fyrr í morgun en var synjað um það. Ég uni þeim úrskurði forseta og geri ekki athugasemdir við hann en ég er nokkuð undrandi á því að síðar á sama fundi skuli forseti leyfa öðrum þingmönnum að bera af sér sakir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti þakkar hv. 5. þm. Vestf. fyrir að hann sættir sig við fundarstjórn forseta að þessu leyti.

Fræðsla í íslensku fyrir innflytjendur, ein umr.

Fsp. GJH, 271. mál. — Þskj. 453.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd Guðrúnar J. Halldórsdóttur, varaþingkonu Kvennalistans, vil ég beina fsp. til hæstv. menntmrh. Ég ætla að hafa að henni örlítinn formála.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil fjölgun erlendra ríkisborgara hér á landi. Árið 1991 fjölgaði þeim um 12% meðan fjölgun þjóðarinnar, þ.e. Íslendinga, var 1,2%. Mest fjölgun er á fólki frá Austur-Evrópu en það er einnig veruleg fjölgun á fólki frá Tælandi og Filippseyjum. Ég hygg að öllum þingheimi sé ljóst hversu mikilvægt það er að þeir útlendingar sem hér setjast að og ætla sér búsetu til lengri tíma geti á auðveldan hátt aðlagast því samfélagi sem hér er og þá ekki síst með því að læra tungumálið. Við þekkjum það frá öðrum þjóðum þar sem innflytjendastraumur hefur verið mikill að innflytjendum hættir til að setjast að í sömu hverfunum og verða býsna einangraðir frá almennu þjóðlífi. Við getum margt af þeim vandamálum lært sem komið hafa upp, m.a. hjá Norðurlandaþjóðunum.

Eftir því sem ég best veit hefur engin stefna verið mörkuð hvað varðar íslenskukennslu fyrir útlendinga sem hér setjast að og hér er verulegur skortur á kennsluefni, sérstaklega fyrir börn. Og því vil ég beina eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.: „Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sívaxandi fræðsluþörf í íslensku fyrir þann fjölmenna og fjölbreytta hóp innflytjenda á Íslandi, bæði af innlendum og erlendum stofni og á öllum aldri, sem þegar hefur flust til landsins og mun leita hingað á næstu árum?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ráðuneytið hefur þegar reynt að bregðast að nokkru við þeim vanda sem fyrirspyrjandi lýsir en það er ljóst að betur má ef duga skal. Á síðasta ári var fræðsluumdæmunum veittur viðbótarkennslukvóti til að geta veitt innflytjendum á grunnskólaaldri aðstoð í íslensku. 5,5 millj. kr. var skipt á milli þriggja fræðslumdæma þar sem þörfin var talin brýnust. Á þessu ári verður 6 millj. kr. varið í þessu skyni en þær munu að mestu fara til Reykjavíkur- og Reykjanesfræðsluumdæma.

Í janúar sl. þurftu um 230 börn á sérstakri íslenskukennslu að halda. Ráðuneytið hefur mælst til þess við Kennaraháskóla Íslands að boðin verði fram námskeið eða fræðslufundir fyrir kennara sem falið er að kenna þessum börnum. Hefur skólinn þegar brugðist við og býður upp á námskeið í sumar. Í vetur var hafin þýðing og staðfærsla á norskum lista yfir orð, hugtök og orðasambönd sem talið er nauðsynlegt að útlendingar nái tökum á til þess að geta gert sig skiljanlega á málinu og til að geta skilið málið. Leitað hefur verið umsagnar ýmissa aðila um gagnsemi listans. Er það samdóma álit þeirra að listinn sé m.a. forsenda fyrir námsgagnagerð og hann sé mikilvægur kjarni í námskeiðum fyrir kennara. Listinn mun koma að gagni í grunn- og framhaldsskólum og einnig í fullorðinsfræðslu.

Frá því á haustönn 1990 hefur ráðuneytið þrívegis veitt Námsflokkum Reykjavíkur styrk vegna íslenskunámskeiðs fyrir tælenska, filippseyska, víetnamska og portúgölskumælandi fullorðna innflytjendur. Námsflokkar Suðurnesja hafa einnig fengið tilsvarandi styrk frá ráðuneytinu í sama skyni. Menntmrn. átti einnig aðild að upplýsingabæklingi um Ísland og íslenskt samfélag. Sá bæklingur kom út á árinu 1991.

Það er ljóst að það sem hér að framan er talið er ekki nægilegt. Á síðustu árum hefur fjölgað mjög þeim útlendingum sem fá hér dvalarleyfi eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Samkvæmt þjóðskrá í desember 1991 voru 5.400 erlendir ríkisborgarar búsettir hér

á landi. Á sama ári fengu um 1.000 útlendingar dvalarleyfi í fyrsta sinn og um það bil 1.000 manns fengu framlengt dvalarleyfi sitt. Það er því ljóst að margir útlendingar eru komnir hingað til lands í því skyni að setjast hér að. Ráðuneytið mun vinna að því að afla frekari fjárveitinga til að styðja við íslenskukennslu fyrir innflytjendur, bæði börn og fullorðna. Þá er ákveðið að skipa hið fyrsta starfshóp sem fái m.a. þau verkefni að gera yfirlit yfir fjölda þessa fólks, aldursdreifingu og hvaðan það kemur, gera úttekt á þeirri íslenskukennslu sem er í boði og við hvaða vandamál er að etja og ekki hvað síst að gera tillögur um skipan kennslunnar, gerð námsefnis og þörf fyrir kennaranámskeið og leggja mat á fjárþörf á næstu árum. Þetta verk þarf að vinna í samráði við önnur ráðuneyti svo og ýmsa fræðsluaðila. Vonast er til að tillögur liggi fyrir í byrjun sumars þannig að hægt verði að taka tillit til þeirra við gerð fjárlaga fyrir árið 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Það er greinilegt að verið er að vinna að þessum málum í ráðuneytinu og ég fagna því. En ég ítreka að það er nauðsynlegt að marka stefnu hvað þessi mál varðar og ekki síst að skilgreina hver á að annast þessa kannslu. Að sjálfsögðu er mjög brýnt að sinna þeim börnum sem koma hingað og hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu en ekki er síður mikilvægt að ná til hinna fullorðnu til að koma í veg fyrir hvers kyns einangrun. Eins og áður hefur komið fram í umræðum á Alþingi er erfitt að ná til þeirra sem setjast hér að, sérstaklega kvenna sem koma hingað og giftast í mörgum tilvikum íslenskum ríkisborgurum.

Fyrirspyrjandinn sem lagði fram þessa fsp., Guðrún J. Halldórsdóttir, er eins og kannski flestir vita skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur og er ekki að ástæðulausu að hún lagði fram þessa fsp. Hún sagði mér m.a. að í námsflokkunum hafi verið námskeið fyrir konur, sérstaklega frá Tælandi og Filippseyjum. Á þessum hópum er mikill munur. Ekki er skólaskylda í Tælandi og konurnar sem komu þaðan hafa mjög litla grunnmenntun. Hins vegar er skólaskylda á Filippseyjum og er námskerfi þar nokkuð öflugt þó að þeir eigi reyndar við mikil vandamál að stríða í því landi. Þar af leiðandi er mjög misjafnlega auðvelt að ná til þessara hópa til að aðstoða þá. En ekki er síður þörf að líta á fólkið sem kemur frá austantjaldsríkjunum. Þar er oft um mjög vel menntað fólk að ræða, en til þess að það nýtist sem best í íslensku samfélagi þá þarf auðvitað að auðvelda því að læra íslensku. Það er spurning hvort skylda ætti það fólk sem hingað kemur til þess að fara í íslenskunám og gera einhverjar kröfur að þessu leyti. Ég varpa þeirri hugmynd fram.

En ég ítreka þakkir mínar til menntmrh. og ég fagna því að verið er að vinna að þessum málum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að hún gerir ráð fyrir að síðari fundurinn hefjist í fyrsta lagi kl. 1.30, þ.e. ef fyrirspurnum verður lokið fyrir þann tíma, þá verði gert hlé til 1.30. Þetta vildi forseti láta koma fram ef það væri til hægðarauka fyrir hv. þm.

Svæðisútvarp á Vesturlandi, ein umr.

Fsp. IP, 316. mál. — Þskj. 521.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. nr. 521 er fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi svæðisútvarp á Vesturlandi. Í útvarpi allra landsmanna gera menn kröfur til þess að njóta svipaðrar þjónustu og hlustunarskilyrða hvar sem þeir búa á landinu. Í ár eru liðin tíu ár frá því að svæðisútvarp á Akureyri tók til starfa og síðan hafa bæst við svæðisútvörp á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Enginn vafi leikur á því að með tilkomu svæðisútvarps á þessum stöðum tengjast byggðirnar betur innbyrðis auk þess að dagskrárgerðin verður fjölbreyttari og höfðar betur til hlustenda vítt um landið með landshlutatengdu efni auk þess að auka skilning landsmanna á því hvað er að gerast á hinum ýmsu stöðum og eykur á samhug og skilning þjóðarinnar.

Það fer ekki hjá því að þeir hlustendur sem ekki hafa notið þeirrar þjónustu að hafa svæðisútvarp í sínum landshlutum finnist þeir afskiptir. Útvarp og sjónvarp hafa geysileg áhrif og öruggt má telja að til þeirra staða sem oft fá jákvæða umfjöllun liggi meiri straumur ferðamanna. Fréttaflutningur utan af landi þar sem ekki er fastráðinn fréttamaður er oft mjög handahófskenndur og því miður nær fyrr eyrum fréttin af erfiðleikum í atvinnulífinu og gjaldþrot en fréttir af spennandi menningarviðburðum, nýjum atvinnutækifærum og góðum aflabrögðum eða fréttir úr hinu daglega lífi sem betur fer eru oft litríkar.

Til að fá jafna og góða heildarmynd af því sem er að gerast úti á landsbyggðinni þarf annaðhvort að koma til svæðisútvarp í öll kjördæmi eða fastráðinn fréttamaður sem búin er góð aðstaða og getur jafnhliða tekið fréttir fyrir útvarp og sjónvarp og er búsettur í kjördæminu. Um nokkurra ára bil hafa samtök sveitarfélaga í Vesturlandi samþykkt áskorun á aðalfundi sínum í þessu sambandi þar sem samtökin telja að efla þurfi stórlega þjónustu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

Er fyrirhugað að auka þjónustu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi? Mega Vestlendingar eiga von á svæðisútvarpi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að það komi til framkvæmda?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrri lið fsp. svara ég svo: Af hálfu Ríkisútvarpsins hefur verið upplýst að ráðagerðir eru um að koma upp svæðisútvarpi á Vesturlandi. Í 16. gr. útvarpslaga segir að Ríkisútvarpið skuli stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarpi í öllum kjördæmum landsins. Þetta er sem sagt á stefnuskrá Ríkisútvarpsins.

Síðari liðnum í spurningunni svara ég þannig: Það

er mat Ríkisútvarpsins að stofnkostnaður vegna svæðisútvarps á Vesturlandi sé um það bil 35 millj. kr. Er þá meðtalið tækjabúnaður og húsnæði en kostnaður vegna hins síðarnefnda er miðaður við ný salarkynni fjórðungsútvarps Austurlands sem nú er risið á Egilsstöðum. Allmikill kostnaður fylgir því opnun landshlutastöðvar.

Þá er rétt að það komi fram hér að rekstrarkostnaður landshlutastöðvanna þriggja, á Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði nam á árinu 1991 tæplega 52 millj. kr. Á þessu ári er hann áætlaður rétt rúmlega 52 millj. kr. Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins nú skapar naumast svigrúm til aukinnar þjónustu sem ný landshlutastöð krefst. Er hér bent á af hálfu ríkisútvarpsins að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum sem eru helsti tekjustofn Ríkisútvarpsins til nýframkvæmda samkvæmt útvarpslögum hafa runnið beint í ríkissjóð samkvæmt ákvæðum lánsfjárlaga á undanförnum árum. Þá hafa beiðnir stofnunarinnar á hækkun á afnotagjöldum á þessu ári ekki gengið eftir. Af ofangreindu leiðir að fjórðungsútvarp á Vesturlandi bíður þess að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins geri það kleift að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að vekja máls á þessu atriði og svör hæstv. menntmrh. Landsmenn vilja bætta þjónustu útvarpsins og Ríkisútvarpið vill gjarnan veita þá þjónustu og lög standa líka til þess að svo megi verða og skuli vera. En sannarlega er ljóst líka hvar skórinn kreppir. Ákvæði útvarpslaga um tekjustofna Ríkisútvarpsins eru að nokkru leyti felld úr gildi með lánsfjárlögum eins og fram kom í svari hæstv. menntmrh. En aðflutningsgjöld af útvarps- og sjónvarpstækjum eru einmitt ætluð til þess að greiða fyrir þann stofnkostnað sem er af svæðisútvörpum.

Þegar Ríkisútvarpið er þannig svipt þessum tekjulið er það jafnframt svipt möguleikum að byggja upp svæðisstöðvar. Óskir hafa komið fram um það líka frá Sunnlendingum að svæðisútvarp verði rekið þar. Fram kom fyrr í umræðum í dag að ekki þarf miklu til að kosta þannig að unnt verði að senda út til Vestfjarðamiða. Margt fleira þannig er hægt að gera án sérstaklega mikils tilkostnaðar. Full þörf er á því að hið háa Alþingi fari að taka á málinu af festu og tryggi það að Ríkisútvarpið standi undir nafni sem útvarp allra landsmanna.

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. til menntmrh. og svör hans. Við höfum tekið eftir því að frá þeim svæðum þar sem svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins eru starfandi njótum við landsmenn allir mun meira efnis og meiri frétta en frá þeim landsvæðum sem ekki hafa svæðisstöðvar. Þess vegna er mikilvægt að við fáum svæðisstöðvar sem víðast. Í máli hæstv. menntmrh. kom fram að svæðisútvarp er ráðgert á Vesturlandi. En eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni hefur ekki verið unnt að koma þessum svæðisstöðvum á vegna þess að aðflutningsgjöldin, markaður tekjustofn Ríkisútvarpsins, hefur verið tekinn frá stofnuninni ár eftir ár. Er það illa gert við góða og mikla menningarstofnun eins og Ríkisútvarpið að svipta hana þessum tekjustofnum og ætla ég að vona að sá háttur verði ekki hafður á framvegis.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á málinu. Það hefur nú dregist nokkuð lengi að nokkuð yrði úr hugmyndum um að koma upp svæðisútvarpi á Vesturlandi. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með þau svör sem hæstv. menntmrh. gaf því að í þeim virtist ekki vera mikil von til þess að breyting yrði á þessu á næstunni. Ég ætla að vona að þau mál verði tekin til endurskoðunar vegna þess að þjónustan við landið allt á auðvitað að vera hlutverk Ríkisútvarpsins. Ekki er nóg með að þessar stöðvar vanti heldur finnst mér mjög vanrækt að afla frétta af þeim svæðum þar sem ekki eru svæðisstöðvar.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Auðvitað er súrt í broti að vita til þess að svæðisútvarp skuli ekki vera á leiðinni til okkar. Ég sé á þeim tölum sem hann lagði fram að þessu fylgir mikill kostnaður þannig að við eigum sennilega ekki von á þeim á næstunni. Ég vil því gera að tillögu minni að fastur fréttamaður verði í landshlutanum og verði hann í beinum tengslum við fréttaritara á stöðunum þótt þeir séu að vísu mjög mismunandi áhugasamir um fréttaflutning almennt. Það yrði auðvitað miklu ódýrara en að stofnsetja svæðisútvarp og ég er alveg viss um að hægt væri að semja við heimamenn t.d. um að Ríkisútvarpið þyrfti ekki að greiða húsnæði þar sem mikill áhugi er fyrir þessu. Við sem höfum ekki þessa föstu fréttamenn í héraði höfum fylgst með því að þar sem þeir eru til staðar er fréttaflutningurinn miklu aflmeiri og betri. Ég minnist þess t.d. að þegar M-hátíð var á Vesturlandi, sem var mjög góð og mikil hátíð þá kom ekki punktur um það, hvorki í sjónvarpi né útvarpi. Þetta er náttúrlega hlutur sem við eigum erfitt með að sætta okkur við. Því er ég að hugsa um að vekja upp gamla þáltill. frá 113. löggjafarþingi þar sem allir þingmenn Vesturl. sameinuðust um tillögu um svæðisútvarp en að gefnum svörum hæstv. menntmrh. fara þá vægar í sakirnar og fara aðeins fram á fastan fréttamann í Vesturlandskjördæmi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt að hv. þm. Vesturl. sé áfram um að koma á fót svæðisútvarpi. Það hefur sýnt sig og sannað t.d. vestur á fjörðum þar sem er svæðisútvarp að það hefur mikið gildi og er afar gagnlegt. Ég vil þó leggja inn í þessa umræðu þann skilning sem ég hafði á orðinu svæðisútvarp í upphafi og reyndist eins og stundum vill nú koma fyrir mig, þá skil ég hlutina öðruvísi en aðrir. Ég skildi það þannig að það væri útvarp frá því svæði inn á landsrásina þar

sem landsmenn annars staðar gætu fengið að heyra hvað menn eru að láta frá sér fara í viðkomandi svæðisútvarpi. Ekki þannig að svæðisútvarpið væri eingöngu fyrir þennan afmarkaða hlustendahóp. (**ÁRJ:** Hvort tveggja.) Hvort tveggja, kallar hv. 11. þm. Reykv. fram í og ég tek hér undir það og það verða mín lokaorð, virðulegi forseti því að ég sé að ég er á rauðu ljósi.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég dreg ekki úr því að unnið verði að því af hálfu Ríkisútvarpsins að koma á svæðisútvarpi á Vesturlandi. Mér er hins vegar ljóst að þröng staða Ríkisútvarpsins gerir þetta örðugt einmitt núna, en það er Ríkisútvarpsins eins og annarra stofnana sem heyra undir ráðuneytið að raða verkefnum sínum í forgangsröð. Auðvitað er alveg ljóst að það að aðflutningsgjöldin hafa verið tekin frá útvarpinu á mörgum undanförnum árum hefur að sjálfsögðu haft áhrif á fjárhagsstöðu útvarpsins. Auðvitað hefur það líka áhrif á fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins að hækkunarbeiðni vegna afnotagjalda hefur ekki verið afgreidd og ég á ekki von á að mjög sé þrýst á það af hálfu alþingismanna að hækka þessi þjónustugjöld fremur en önnur. Ríkisútvarpið verður auðvitað sem aðrar stofnanir að taka þátt í þeim aðhaldsaðgerðum sem núna þarf að hafa í frammi.

Hugmynd hv. 2. þm. Vesturl. um að fastur fréttamaður frá Ríkisútvarpinu verði á Vesturlandi er sjálfsagt að koma á framfæri við Ríkisútvarpið og ég efast reyndar ekkert um að henni er þegar komið til skila vegna þess að Ríkisútvarpið hefur fréttamann hér í húsinu.

Beiting lögregluvalds í forræðismálum, ein umr.

Fsp. IBA, 317. mál. — Þskj. 522.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. nr. 522 leyfi ég mér að bera fram fyrirspurn í fjórum liðum vegna beitingar lögregluvalds í forræðismáli kenndu við Sandgerði. Samkvæmt upplýsingum úr fjölmiðlum virðist hafa verið farið með þetta mál eins og á ferðinni hafi verið hópur hryðjuverkamanna að undirbúa illvirki. Ég er einn af þeim sem krossbrá þegar ég frétti af þeim atburði sem þarna átti sér stað.

Þannig var í fyrsta lagi götunni í Sandgerði lokað með lögreglubifreiðum og mátti enginn fara þar um. Í öðru lagi var húsið umkringt af lögreglu. Í þriðja lagi var ráðist til inngöngu án þess svo mikið að banka á dyr. Í fjórða lagi er vaðið upp á aðra hæð hússins og er þar loksins sýnd húsleitarheimild. Þessi fjögur atriði leiða m.a. til þessarar fsp. sem ég hef hér lagt fram og ég spyr:

1. Telur ráðherra þörf á að fram fari sérstök rannsókn á því hvernig staðið var að valdbeitingu lögreglu til þess að taka 11 ára gamlan dreng frá móður sinni í Sandgerði 5. febrúar 1992?

2. Fóru aðgerðir fram með fullu samþykki fulltrúa barnaverndarnefnda í Sandgerði og á Akureyri?

Ef svo er, er þá eðlilegt að ekki skuli hafa verið búið að undirbúa fólkið áður, hefði sálfræðingur, prestur eða einhver hæfur aðili ekki átt að vera búinn að fara á staðinn og ræða við fólkið og undirbúa það? Leggja nefndirnar blessun sína yfir svona aðfarir þar sem móðir er slitin frá barni, handjárnuð með hendur fyrir aftan bak eins og stórglæpamaður og dregin út á bol og sokkaleistum? Getur það virkilega verið að svona sé gert með samþykki nefndanna? Ég verð að segja að ég vona að svo sé ekki.

En hver voru þá viðbrögð barnsins í þessu tilfelli? Það kemur m.a. fram í viðtali í DV þar sem rætt er við húsráðandann sem var að sjálfsögðu vitni að þessu öllu saman. Húsráðandinn segir, með leyfi forseta, í viðtalinu um viðbrögð drengsins:

„Viðbrögð drengsins voru hræðileg skelfing, hann féll saman á augabragði. Annar fulltrúi barnaverndarnefndar tók svo drenginn með valdi, setti hendurnar á honum aftur fyrir bak og hélt honum föstum. Hann braust um á hæl og hnakka þegar átti að fara með hann út. Þá kom lögregluþjónn og hélt honum ásamt fulltrúa barnaverndarnefndarinnar. Ég get ekki séð annað en barnið sé í þessu tilfelli bæði beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi."

Sé rétt frá sagt get ég ekki annað en tekið undir með þeim sem hér mælir og harmað um leið.

3. Hver stjórnaði aðgerðum lögreglunnar í þessu máli og hver ber ábyrgð á þeim?

4. Er algengt að beita þurfi lögregluvaldi í forræðismálum? Hefur það gerst áður að móðir hafi verið handtekin við töku barns með valdi úr umsjá hennar?

Ég vil aðeins að lokum láta koma skýrt fram að ég er ekki að taka neina afstöðu til forsjársmálsins sem slíks, aðeins til þess þáttar er snýr að aðgerðunum og hvernig fólkið var nálgast af yfirvöldum, bæði lögreglu og barnaverndarnefndum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna efnis þessarar fsp. hefði e.t.v. verið eðlilegra að beina henni bæði til dómsmrh. og menntmrh. Engu að síður mun ég veita svör við einstökum liðum fsp. og styðst ég m.a. við upplýsingar sem starfsmenn dómsmrn. hafa aflað. Um dramatíska lýsingu hv. fyrirspyrjanda á aðgerðum ræði ég ekki. Þar var hv. fyrirspyrjandi að lýsa ástæðum þess að hann ber fram fsp.

Fyrsta spurningin var: „Telur ráðherra þörf á að fram fari sérstök rannsókn á því hvernig staðið var að valdbeitingu lögreglu til þess að taka 11 ára gamlan dreng frá móður sinni í Sandgerði 5. febrúar 1992?"

Í umræddu máli hefur dómsmrn. látið menntmrn. í té þrjár skýrslur lögreglu þar sem greint er frá því atviki að 11 ára gamall drengur var tekinn af heimili í Sandgerði. Þar dvaldi hann með móður sinni en félagsmálaráð Akureyrar hafði svipt hana forsjá hans í maí 1991. Barnaverndarráð hafði staðfest þá ákvörð-

un. Vitað var að drengurinn hafði verið numinn á brott frá hjónum norður í landi þar sem honum hafði verið ráðstafað í framtíðarfóstur og hafði hans verið leitað nokkurn tíma.

Í ákvæði 49. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, er kveðið á um refsiábyrgð þess sem nemur á brott barn sem ráðstafað hefur verið. Slíkt brottnám getur varðað sektum, varðhaldi eða allt að tveggja ára fangelsi. Lögreglu ber að ljá atbeina sinn til þess að fylgja fram kröfu barnaverndaryfirvalda um að forsjá barns færist í rétt horf. Af lestri lögregluskýrslnanna verður eigi séð að þörf sé sérstakrar rannsóknar á því hvernig lögreglan stóð að málinu eða aðgerðinni. Ef einhver opinber rannsókn á að fara fram ætti hún að beinast að þeim sem numu drenginn á brott þar sem slík háttsemi er refsiverð. Hins vegar er í höndum ríkissaksóknara að ákveða hvort ákæra skuli í slíkum málum.

„2. Fóru aðgerðir fram með fullu samþykki fulltrúa barnaverndarnefnda í Sandgerði og á Akureyri?"

Aðgerðin fór fram að ósk Félagsmálastofnunar Akureyrar og var fulltrúi hennar viðstaddur og jafnframt var fulltrúi barnaverndarnefndar Sandgerðis viðstaddur. Liggur því í hlutarins eðli að samþykki þessara lögmætu yfirvalda lá fyrir.

„3. Hver stjórnaði aðgerðum lögreglunnar í þessu máli og hver ber ábyrgð á þeim?"

Rannsóknarlögregla ríkisins hafði með höndum framkvæmd aðgerðarinnar og bar ábyrgð á henni. Lögreglan í umdæminu veitti atbeina að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í tilefni af fsp. þessari má benda á að löggjafinn hefur sett ákveðnar reglur í barnaverndarmálum og um framkvæmd þeirra. Þær eru þáttur í skipan réttarríkis og þeim reglum ber borgurum og stjórnvöldum að hlíta og það er ekki hægt að líta fram hjá ábyrgð þess sem kemur því til leiðar að reglum þessum þurfi að beita.

„4. Er algengt að beita þurfi lögregluvaldi í forræðismálum? Hefur það gerst áður að móðir hafi verið handtekin við töku barns með valdi úr umsjá hennar?"

Hér er um barnaverndarmál að ræða og aðgerðir í því máli byggja á ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Það er afar fátítt að til þess komi að barnaverndarmál komist á það stig að lögreglan þurfi að skerast í málið með þeim hætti sem hér um ræðir.

Þótt slæmt sé að leysa þurfi úr málum með valdbeitingu lögreglu er það ekki síður eftirtektarvert ekki skuli oftar gripið til slíkra aðgerða. Í mörgum tilvikum hefur foreldrum og öðrum forsjáraðilum barna verið veittur frestur á frest ofan í því skyni að þeir bæti úr verulega ámælisverðu ástandi. Af þessu tilefni vil ég árétta eftirfarandi meginsjónarmið við umfjöllun barnaverndarmála.

Barnavernd miðast við að veita börnum viðunandi uppvaxtarskilyrði og að þau búi við slíkar aðstæður að þau beri ekki skaða af. Ef brýnar ástæður knýja á um að gripið sé til sérstakra ráða til verndar barni, t.d. með því að taka það úr umsjá foreldra, er afar mikilvægt að fá barninu svo fljótt sem auðið er trausta og varanlega forsjá góðrar fósturfjölskyldu. Til slíkra ráðstafana er ekki gripið nema að lokinni vandlegri athugun lögmætra yfirvalda. Skirrst er við að taka börn af heimili fyrr en í lengstu lög. Því miður hafa þá börn og ungmenni iðulega beðið svo verulegan skaða að hann verður seint eða jafnvel aldrei bættur. Þetta sjónarmið virðist ekki hafa skilning hjá þeim sem stjórnað hafa þeirri neikvæðu umfjöllun um barnaverndarmál í sumum fjölmiðlum að undanförnu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fsp. vil ég gjarnan að það sjónarmið mitt komi fram að ég tel að það orki mjög tvímælis að lögregluaðgerð sé í nokkru tilviki réttlætanleg þegar um barnaverndarmál er að ræða. Ég fagna þeim svörum ráðherra að mjög fátítt sé að slíkt gerist og það held ég að sé vissulega rétt. Hins vegar vil ég leggja á það áherslu í þessu máli, fyrst það er komið til umfjöllunar í þinginu, að í barnaverndarmálum af þessu tagi og í öllum barnaverndarmálum eru einu þolendurnir börnin. Þau eru einu þolendurnir. Foreldrarnir eru ekki þolendur í barnaverndarmálum. Foreldrarnir eru gerendur í barnaverndarmálum. Þegar til lögregluaðgerðar er gripið er sú aðgerð ekki bara á ábyrgð yfirvalda, hún er líka á ábyrgð foreldra sem ekki hafa getað leyst þessi mál fram að þeim tíma. Og í þessu tilviki því miður á ábyrgð móður. Í stað þess að saka yfirvöld um aðgerðir í þessu efni, sem ég hef þó sagt að ég tel orka tvímælis, þá vil ég miklu frekar saka yfirvöld um aðgerðarleysi í barnaverndarmálum oft og tíðum og að þau grípi ekki nógu snemma í taumana. Það stafar ekki síst af skorti á fjármunum og skorti á starfsfólki þar sem unnið er með þessi mál og þar sem raunverulega er hægt að vinna fyrirbyggjandi starf. Ég vil segja líka eins og kom fram hjá menntmrh. að stundum er allt of seint skorist í leikinn.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt af því sem síðasti ræðumaður sagði, en ég vil þakka ráðherra fyrir hans svör. Það er vissulega rétt hjá ráðherra að það kom til umræðu að spyrja hæstv. dómsmrh. einnig þar sem hann er yfirmaður lögreglunnar í landinu, en eftir ráðleggingar mætra manna var fsp. lögð fram eins og hér er gert.

Það sem slær mig einna helst í svari ráðherra er það að aðferðinni, sem þarna var viðhöfð, er ekki mótmælt og þeirri lýsingu, sem ég fór hér með stuttlega, er ekki heldur mótmælt. Þess vegna finnst mér orka tvímælis hvort ekki sé þörf á rannsókn á þeim aðferðum sem þarna var beitt. Mér finnst ekki eðlilegt að þetta sé eins og í Íran, Írak eða Belfast að lögreglulið komi og loki götu, umkringi hús og ráðist til inngöngu í húsið. Þetta er nánast eins og einhverjir hryðjuverkamenn væru á ferðinni. Við erum bara á Íslandi og í litla Sandgerði. Það er nú ekki meira en það. Hvert hefði blessað fólkið átt að flýja? Ég sé vel tilefni til þess að kanna þennan þátt.

Ég harma það að þetta sé gert í fullu samráði við fulltrúa barnaverndarnefndar Akureyrar og Sandgerðis og þeir skuli leggja blessun sína yfir þennan framgangsmáta í málinu. Ég er eingöngu að hugsa núna um hag barnsins, hver verða viðbrögð þess? Hvaða áhrif hefur það hvernig staðið er að þessu á andlega heilsu barnsins? Hvaða áhrif hefur það þegar ruðst er svona inn í hús og barnið þarf að horfa upp á móður sína dregna í burtu? Ég tel að ekki sé hægt að horfa fram hjá þessu. Ég tel alveg hikstalaust að einhver ábyrgur aðili hefði átt að nálgast þetta heimili með fyrirvara og ræða við fólkið og búa það undir hvað þarna væri að gerast. Það hefði verið eðlilegri framgangsmáti í málinu.

Ég fagna því einnig sem ráðherra sagði að það er fátítt að til slíkra aðgerða þurfi að koma, ég fagna því. Auðvitað geri ég mér grein fyrir að það geti þurft að beita lögregluvaldi en þá verður að vera búið að nálgast fólk með nærgætni og virðingu. Menn eiga að hafa það hugfast að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Það er fyrst og fremst það sem verið er að biðja um, ekkert annað.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mál sem telst til allra viðkvæmustu mála sem við okkur blasa í samfélagi okkar. Ég þekki að vísu ekki mikið til barnaverndarmála af eigin raun, en þó veit ég það mikið að það er rétt sem fram kom í máli ráðherra að yfirleitt er ekki gripið inn í þessi mál fyrr en allt of, allt of seint. Það kemur fram af gangi málsins að í þessari aðgerð, sem er til umræðu og er vissulega hörmuleg, er auðvitað verið að grípa til örþrifaráða til þess að ná þessu barni. Auðvitað er hörmulegt að barnið skyldi verða áhorfandi að því sem þarna gerðist, en það er ljóst að búið var að koma barninu fyrir, hann er numinn á brott og það er mat yfirvalda að ná yrði barninu aftur frá móðurinni. Þó að ég sé á engan hátt að réttlæta slíka lögregluaðgerð, býst ég fastlega við að þarna hafi verið um örþrifaráð að ræða.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mál af þessum toga eru vandmeðfarin í umfjöllun. Ég vil þó segja að sú lýsing sem gefin var á atburðarás er þannig að mér finnst hún ámælisverð þó þess sé að gæta að ekki hafi komið fram sjónarmið þeirra sem að málinu og framkvæmdinni stóðu. Ég vil leggja á það áherslu að í umfjöllun, sem verið hefur í fjölmiðlum að undanförnu, finnst mér að um of hafi verið vikið frá þeirri staðreynd, sem öllum ætti að vera ljóst, að störf í barnaverndarnefnd eru trúnaðarstörf og þeir sem þar vinna geta ekki tjáð sig um málsatvik og vilja það ekki. Ég hygg, virðulegi forseti, að það sé lærdómur sem við ættum að draga af þessu atviki fyrst tækifæri er til þess að yfirfara frv. til barnalaga og frv. sem væntanlegt er um vernd barna og ungmenna.

Háskólamenntun í listum, ein umr.

Fsp. VG, 339. mál. — Þskj. 548.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fsp. um háskólamenntun í listum til menntmrh. sem er á þskj. 548. Í skýrslu um háskólamenntun í listum, sem nefnd á vegum menntmrn. skilaði af sér í jan. sl., kemur fram að þeir skólar sem talað hefur verið um sem uppistöðu í Listaháskóla Íslands, þ.e. Tónlistarskólinn í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskóli Íslands og Leiklistarskóli Íslands, eiga við mikla erfiðleika að stríða vegna þess hve lengi hefur dregist að taka ákvörðun um framtíð þeirra. Sem dæmi um þessa erfiðleika er ráðningarform kennara við skólana í ólestri, samvinna við innlendar háskólastofnanir um sameiginleg verkefni nær ómöguleg, samvinnu og tengslum við erlenda listaháskóla, bæði um grunnmenntun og framhaldsmenntun, er stofnað í stórhættu og þróun og uppbygging skólanna er í algerri óvissu. Það er sem sagt yfirvofandi stöðnun í allri starfsemi þessara skóla vegna þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun um stöðu þeirra.

Á síðustu árum hafa skólarnir þróast í þá átt að aðlaga námið að því sem gerist í listaháskólum í öðrum löndum. Formleg ákvörðun um að samræma skólastig listaskólanna að þessari þróun hefur verið í vændum lengi. Mótaðar hugmyndir hafa legið fyrir um árabil. Frumvarpsdrög um listaháskóla hafa verið lögð fyrir Alþingi eða kynnt 1984, 1989 og 1991 en aldrei náð fram að ganga.

Fyrir um það bil ári var svo undirrituð viljayfirlýsing milli skólanna þriggja og Háskóla Íslands um samstarf um áframhaldandi uppbyggingu æðra listnáms hér á landi og var áðurnefnd nefnd stofnuð í framhaldi af því. Nefndin leggur til tvo kosti í skipan háskólamenntunar í listum. Annar þeirra er að Listaháskóli Íslands verði stofnaður samkvæmt þeim frumvarpsdrögum sem liggja fyrir í menntmrn. eða að Listaháskóli verði sjálfstæð kennslu- og rannsóknastofnun eða „college" innan Háskóla Íslands og telur nefndin þann kostinn vænlegri. Báðar þessar tillögur fela í raun í sér lagabreytingar eða nýja lagasetningu og gætu því tekið töluverðan tíma, en vegna hinnar alvarlegu stöðu skólanna hefur nefndin því einnig komið með tillögu um það að listaskólunum þremur verði veitt heimild til að starfrækja háskólamenntun í listum frá og með haustinu 1992 og hún verði skilgreind á lögformlegan hátt, t.d. með reglugerð. Einnig verði unnið að uppbyggingu háskólastigsins í áföngum á vegum skólanna þriggja, Háskólans og menntmrn. En ákvörðunina um þetta vantar enn. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvenær er að vænta formlegrar ákvörðunar og framkvæmda um listmenntun á háskólastigi og hver er afstaða ráðherrans til tillagna nefndarinnar á vegum ráðuneytis hans um skipan háskólamenntunar í listum?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hvenær er að vænta formlegrar ákvörðunar og framkvæmda um listmenntun á há-

skólastigi, er fyrri spurning hv. fyrirspyrjanda. Ég svara þessari spurningu svona: Nefnd sem skipuð var í apríl síðasta ár til að undirbúa skipulag og framkvæmd listgreina og listfræðakennslu á háskólastigi skilaði skýrslu sinni til mín um miðjan janúar sl. Niðurstöður og tillögur nefndarinnar hafa verið til athugunar í ráðuneytinu, auk þess sem skýrslan var send til umsagnar Háskóla Íslands og samstarfsnefndar háskólastigsins. Skýrslan hefur einnig verið send ýmsum öðrum aðilum til kynningar.

Þessi spurning lýtur að því hvenær sé að vænta formlegrar ákvörðunar og framkvæmda um listmenntun á háskólastigi. Formlegrar ákvörðunar er ekki að vænta fyrr en ráðuneytinu hafa borist svör umsagnaraðila. Eftir það verður málið athugað frekar í ráðuneytinu og ákvörðun tekin um áframhaldið. Ljóst er hins vegar að svigrúm til kostnaðaraukandi framkvæmda er vart fyrir hendi á þessu ári.

Í síðari spurningunni er leitað eftir afstöðu minni til tillagna nefndarinnar. Niðurstöður og tillögur nefndarinnar skiptast í fjóra meginþætti.

1. Tillaga að skilgreiningu á háskólamenntun í listum í fimm liðum.

2. Niðurstaða nefndarinnar um það hvað af núverandi kennslu geti talist á háskólastigi og tillaga um að ítarlegt mat fari fram á listnámi á Íslandi.

3. Tillaga um skipan háskólamenntunar í þá veru að listaháskóli verði sjálfstæð kennslu- og rannsóknastofnun innan Háskóla Íslands.

4. Háskólamenntun í listum verði staðfest á Íslandi í áföngum og að skipuð verði nefnd til að vinna áfram að málinu.

Ég tel ekki tímabært að lýsa endanlegri afstöðu til þessara tillagna áður en framangreindri umfjöllun um skýrslu nefndarinnar er lokið. Mér er ljóst að listdansskólarnir, a.m.k. sumir hverjir, eiga í erfiðleikum vegna óvissu um mat á náminu og framtíðarstöðu þeirra í skólakerfinu. Ég vil vinna að því að þessari óvissu verði eytt, en vandlega þarf að huga að því hvaða ráðstafanir er fært að gera í þessu efni án breytinga á gildandi lögum.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans sem voru fróðleg en því miður ekki alveg á þann veg sem ég hefði helst kosið að heyra, þ.e. ekki er að vænta greinilegrar ákvörðunar um hvernig taka megi á þessum málum skólanna alveg á næstunni og hann vill bíða eftir áliti og umsögn Háskóla Íslands. Það er eðlilegt að beðið sé eftir því til þess að ákveða hvaða skipan verði höfð á þessu máli. Meðan skólarnir eru í þessari vondu stöðu sem þeir eru í í dag, þá er mjög brýnt að ákveða hvort yfirleitt eigi að leyfa háskólamenntun í listum, hvort færa eigi þetta skólastig upp á háskólastig. Það er ekkert sem liggur fyrir um að endilega þurfi lagabreytingar til þess að það megi verða í áföngum. Þess vegna langar mig til að heita á menntmrh. og brýna hann í raun og veru til að taka ákvörðun í þessu máli. Og mig langar til þess að spyrja hann enn og aftur: Ætlar ráðherrann að veita heimild til skólanna þriggja til þess að starfrækja háskólanám í listum í áföngum frá og með næsta hausti, eins og nefndin hefur lagt til, og staðfesta þar með reglugerð? Ætlar hann að skipa nefnd fulltrúa listaskólanna þriggja, Háskólans og menntmrn. til þess að vinna að áframhaldandi uppbyggingu?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði, þá tel ég mig verða að bíða álits þeirra sem beðnir hafa verið um að tjá sig um þessa skýrslu. Ég get hins vegar upplýst að ég hef þegar átt viðræður við rektor Háskóla Íslands um þetta mál og ég á ekki von á eða ég býst ekki við að umsögn Háskóla Íslands muni án nokkur hátt valda erfiðleikum við að taka ákvörðun í þessu máli.

Ég held að ekki sé minnsti vafi á því að færa eigi þetta nám á háskólastig og að því verður unnið. Ég vonast sannarlega til að geta tekið ákvörðun í þessu máli sem allra fyrst. Ég get ekki svarað því á þessari stundu hvort heimildin verður veitt þannig að skólastarfið geti hafist nú á haustmánuðum. Ég mun skipa nefnd þessara þriggja skóla, Háskólans og ráðuneytisins til að fjalla frekar um þetta álitaefni og um skýrsluna í heild þegar umsagnir hafa borist.

Afgreiðsla lagafrumvarpa í tengslum við EES-samninginn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nokkur orðaskipti urðu milli forseta og nokkurra þingmanna á síðasta fundi þegar hv. 10. þm. Reykv. gerði að umræðuefni minnispunkta frá skrifstofu EFTA í Genf um óformlegan og óundirbúinn rabbfund forseta þjóðþinga EFTA-landa í Strassborg sem forseti austurríska þingsins hafði frumkvæði að og boðaði til meðan við vorum þar stödd á ráðstefnu forseta þjóðþinga Evrópuríkja 20.–22. febr. sl. Að gefnu tilefni vill forseti taka eftirfarandi fram:

Þegar ég var innt skýringa á ummælum sem eftir mér voru höfð í þessum minnispunktum hafði ég ekki haft tækifæri til að líta yfir þá enda voru þeir þá nýkomnir í bréfi frá forseta austurríska þingsins. Ég hef nú lesið fundargerðina yfir og borið hana saman við minnispunkta sem ég hafði tekið saman á þeim stutta tíma sem var til stefnu og las á þessum óformlega fundi og kemur þá í ljós að fundagerðin er bæði röng og villandi þótt misskilningurinn sé reyndar auðrakinn. Ég sagði í þessu rabbi að ég teldi líklegt, ef unnt yrði að leggja EES-samninginn fram í maí og hefja umræður um hann, að þá þyrfti að koma til sumarfunda eða aukafunda Alþingis, hugsanlega í lotum, hugsanlega í 4–6 vikur, til þess að fjalla um og afgreiða sjálfan EES-samninginn.

Ég sagði í öðru lagi að þingið yrði að taka sér góðan tíma til að afgreiða lagabreytingar sem þyrftu að fylgja í kjölfar samningsins og notaði þá enska orðið „time-consuming" um þann þátt málsins.

Ég benti loks í þriðja lagi á að 30. sept. falla öll óafgreidd þingmál niður samkvæmt þingsköpum og þau verður að endurflytja og byrja á byrjuninni 1. okt. er nýtt þing hefst. Þetta atriði yrðum við að hafa í huga. Í fundargerðinni er þessu hins vegar ruglað saman og haft eftir mér að Alþingi ætli sér að afgreiða 200 lagafrumvörp á 4–6 vikum. Slíkt er hrein firra og hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að fá þetta leiðrétt.

Forseti vill taka fram að gefnu þessu tilefni að að sjálfsögðu verður haft samráð við þingflokka um tilhögun þinghalds ef bregða þarf frá fyrirliggjandi starfsáætlun Alþingis. En sem stendur liggur ekkert fyrir og mikil óvissa um EES-málið vegna margvíslegra tafa eins og öllum hv. þm. er kunnugt.

Forseti harmar að þessi ranga og villandi fundargerð skyldi verða tilefni orðaskipta hér í þingsalnum og tilefni frétta í fjölmiðlum, eftir því sem forseta hefur verið tjáð, einkum vegna þess að unnt hefði verið að leiðrétta þennan misskilning ef málið hefði verið borið undir forseta fyrir fram og utan fundar. Þetta vildi forseti taka fram að þessu gefna tilefni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur nú verið upplýst að sú fundargerð sem ég hef hér undir höndum frá EFTA og dagsett er þann 2. mars sl. er röng og villandi a.m.k. hvað Íslandsþátt fundarins varðar. Ég fagna því út af fyrir sig að þetta skuli hafa komið fram og ég fagna þeirri yfirlýsingu forseta okkar að hún skuli nú hafa leiðrétt að okkur séu ekki aðeins ætlaðar 4–6 vikur hér á Alþingi til að afgreiða um 200 lagafrumvörp. Það er auðvitað mikilvægt að það skuli nú liggja fyrir að okkur sé ekki svo naumt skammtaður tíminn.

Eftir stendur samt að ekkert liggur fyrir um það með hvaða hætti Alþingi ætlar að taka á þessu máli og með hvaða hætti við ætlum að haga okkar vinnu í vor, sumar og haust ef samningur um Evrópskt efnahagssvæði kemur hér til afgreiðslu. Það liggur fyrir að samningurinn muni væntanlega koma út úr EB-dómstólnum í apríl eða maí sem þýðir að ef dómstóllinn fellst á hann kemur hann hér til umfjöllunar í lok apríl eða lok maí. Mér finnst að hv. Alþingi ætti að geta haft eitthverja vinnuáætlun um það hvernig það muni haga sínum störfum ef samningurinn kemur í lok apríl og ef hann kemur í lok maí. Og það þarf náttúrlega ekki að ræða það að ef hann kemur ekki höldum við bara áfram venjulegum störfum hér.

Forseti taldi að ég hefði átt að bera þessi mál undir hana utan fundar og ekki gera þau að umtalsefni hér undir þingsköpum. Það má vel vera. Ég sá enga ástæðu til að ætla að fundargerðin frá EFTA væri ekki rétt. Þær hafa ekki reynst rangar hingað til, a.m.k. á þeim fundum sem ég hef tekið þátt í þótt auðvitað séu þær aldrei nákvæmar. Þar að auki fannst mér full ástæða til þess að vekja athygli þingmanna allra á því að við værum hér að sigla inn í mikið vinnutímabil, ef að líkum lætur, án þess að fyrir væru nokkrar áætlanir um það hvernig við ætluðum að standa að málum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þessa afdráttarlausu yfirlýsingu. Hún er alveg skýr á þann veg að sú fundargerð sem hér var vakin athygli á í gær af hv. 10. þm. Reykv. er röng. Þar koma fram rangar upplýsingar um það sem hæstv. forseti hafði sagt á þessum umræddu fundi. Ég tel einnig að það hafi verið mjög æskilegt að hv. 10. þm. Reykv. tók þetta mál upp hér í þessum sal þannig að þjóðin og þingið fengi að vita hvernig þessi mál eru.

Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að Alþingi afgreiðir yfirleitt á venjulegu þingi í mesta lagi 80–90 lagafrumvörp þannig að það er nokkurn veginn útilokað að Alþingi geti nema á alllöngum tíma afgreitt öll þau frumvörp sem hér um ræðir ef Ísland ákveður að gerast aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði. Til þess þarf mjög marga mánuði og það er bersýnilegt með öðrum orðum að við þurfum alveg sérstök vinnubrögð í þessu efni. Ég tel að við þurfum að fara rækilega yfir það. Menn þurfa að velta því fyrir sér hvernig að þessu verður staðið, hvort kosin verði sérstök nefnd til að fjalla um það og frumvörpin í heild og síðan fagnefndir eða hvernig að þessu verður yfir höfuð staðið. En það er bersýnilegt, ef af þessu verður, sem við skulum vona að verði ekki, að þá er gífurlegur annatími fram undan hjá Alþingi og það gæti farið svo að verulegur hluti sumarsins færi í þetta verk.

Ég fagna einnig þeirri yfirlýsingu forseta að hún lýsti því yfir að haft yrði samráð við formenn og forustumenn þingflokka og forseta þingsins að öðru leyti varðandi framgang og meðferð þessara mála.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka forseta fyrir að gefa hér skýringu á hinum undarlegu ummælum sem hún var borin fyrir í þeirri fundargerð sem hér var til umræðu í gær. Ég get ekki látið hjá líða að segja frá því að mér brá mjög þegar ég sá þetta skýrum stöfum haft eftir hæstv. forseta í fundargerðinni. En það er komið í ljós að fundargerðin er röng og það er vel um það að forseti komi leiðréttingum á framfæri, bæði hér fyrst við þingið, og fyrst og fremst við þingið, og við þá sem fundargerðina settu saman.

Það breytir hins vegar ekki því að okkur er mjög mikilvægt að reyna að koma því á hreint hvernig staðið verður að vinnu vegna alls skipulags þingstarfa í sumar. Ég geri ráð fyrir því að Evrópudómstóllinn komi ekki til með að gera athugasemdir við það uppkast sem nú liggur fyrir. Samkvæmt þeim fréttum sem ég hef haldbestar að utan þá telja menn sig hafa nokkra vissu fyrir því að ekki komi til athugasemda af hálfu Evrópudómstólsins við það uppkast sem hann nú hefur í höndum. Ég held að við verðum að horfast í augu við það að um þetta mál þarf að fjalla hér á Alþingi. Okkur vantar tæmandi skrá yfir þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru áður en af hugsanlegri fullgildingu yrði og sú skrá hlýtur að hafa verið unnin eða vera í vinnslu. Ég vil fara fram á að okkur þingmönnum verði afhent hún hið fyrsta. Þó er kannski lykilatriðið sem ekki verður undan skotist að taka á, þ.e. athugun

á hinni stjórnarskrárlegu hlið málsins. Og ég vil minna á þáltill. sem liggur hér fyrir og er ekki, að því er ég best veit, búið að mæla fyrir enn þá en er ákaflega áríðandi að sé hið fyrsta skref í málinu, þ.e. að gerð verði á því úttekt, traust úttekt, hvort hér þurfi að koma til breyting á stjórnarskránni. Og ef svo er, sem ég óttast, þá þarf að sjálfsögðu að ganga að því verki ef ríkisstjórnin á annað borð ætlar eða vill beita sér fyrir fullgildingu þessa samnings. Hún verður að undirbúa þær breytingar á stjórnarskránni sem nauðsynlegar kunna að verða og efna til kosninga. Það er atriði sem ætti að vera næsta skref í málinu ef ríkisstjórnin heldur á annað borð fast við að keyra málið áfram eins og ráðherrar hafa gefið til kynna.

Þetta vil ég að komi hér fram og jafnframt fara þess á leit við hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að umrædd tillaga verði tekin á dagskrá hið fyrsta og hljóti afgreiðslu í þinginu svo að þessi athugun geti farið fram og öll tvímæli tekin af. Það var athugað á fyrri stigum málsins hvort hér væri sneitt að stjórnarskránni og menn greindi á um það. Færustu lögspekinga okkar greindi á um það hvort stjórnarskrárbreyting væri nauðsynleg. Fram komu sterk rök frá okkar virtustu sérfræðingum sem hnigu að því að svo kynni að fara að hér þyrfti að koma til stjórnarskrárbreyting.

Ég vil, frú forseti, að lokum láta í ljósi þá skoðun að hafi verið ástæða til þess við hið fyrra uppkast að óttast að um stjórnarskrárbrot kynni að vera eða að stjórnarskrá þyrfti að breyta, þá eru miklu sterkari líkur til að þess þurfi nú eftir hinu nýrra uppkasti þar sem réttur Evrópubandalagsins er miklu betur tryggður en í fyrra uppkastinu.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir fagna þeirri yfirlýsingu sem fram hefur komið af hálfu forseta vegna þeirra fyrirspurna sem hér voru bornar fram í gær að því er varðar meðferð væntanlegs EES-samnings hér á Alþingi. Að vísu vil ég taka undir það sem fram kom í máli forseta að þetta mál hefði mátt bera hér öðruvísi að. Það er í sjálfu sér ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að gera sér grein fyrir því hvernig á að taka á þessu máli hér í þingsölunum þegar þar að kemur.

Það er alveg ljóst að komi EES-samningurinn hingað til meðferðar, sem ég hlýt að vona, þarf að endurskipuleggja allt þinghaldið á vormánuðum og hugsanlega gera ráð fyrir þinghaldi að einhverju leyti yfir sumarið. Það verður ekki gert nema með samkomulagi og góðu samstarfi við þingflokkana. Ég tel að það hafi komið ótvírætt fram í máli forseta að ætlunin er að leita slíks samstarfs og ég fagna því. Það er aðalatriðið. En á þessari stundu er þetta mál í óvissu vegna þess að það liggur ekki enn þá fyrir með hvaða hætti Evrópudómstóllinn tekur á málinu. Ég tek undir það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns að allt bendir til þess að dómstóllinn láti þetta mál ótölulaust og það verði lagt fyrir þjóðþingin, samningurinn verði undirritaður og lagður fyrir þjóðþingin til staðfestingar. En það kann hins vegar vel að fara svo, án þess að ég viti neitt meira um það en hv. síðasti ræðumaður, að þær tímasetningar sem menn settu sér í upphafi varðandi gildistöku samningsins um næstu áramót séu orðnar of þröngar og þá breytir það að sjálfsögðu líka verkáætlunum þeim sem verður að gera á Alþingi að því er varðar breytingar á afgreiðslu samningsins og væntanlegar lagabreytingar sem honum kunna að fylgja.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka að þetta voru minnispunktar frá óformlegum fundi. Það kom forseta því svolítið á óvart að þeir skyldu sendir út sem fundargerð eins og frá formlegum fundi væri en svo var ekki. Forseti vill ítreka að hér var einungis um óundirbúinn, óformlegan fund að ræða. Minnispunktana sem voru sendir frá fundinum mun forseti láta leiðrétta, þ.e. það sem að honum snýr og var haft ranglega eftir eða rangfært í þessari fundargerð.

Svo vill forseti líka endurtaka og ítreka það að að sjálfsögðu verður haft samráð við formenn þingflokka ef bregða þarf út af starfsáætlun þingsins eins og hún liggur fyrir, eins og vænta má að þurfi að gera.

106. FUNDUR

fimmtudaginn 19. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Rekstrarvandi sjávarútvegsfyrirtækja.

Beiðni ÓRG o.fl. um skýrslu, 356. mál. — Þskj. 575.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þingmenn hagnýti sér þann rétt sem 46. gr. þingskapalaga veitir mönnum til þess að beiðast skýrslu af hendi ráðherra og ég mun að sjálfsögðu greiða því atkvæði að skýrslan verði lögð hér fram. En ég hlýt að gera athugasemdir við þá greinargerð eða rökstuðning sem fylgir þessari beiðni þar sem óskað er eftir að komi fram í skýrslunni ýmis atriði. Ég vek athygli m.a. á því að óskað er eftir að þessi skýrsla verði annaðhvort skrifleg eða munnleg. Í 46. gr. þingskapalaga er ekki gert ráð fyrir munnlegum skýrslum. Óskað eftir því að skýrslan verði lögð fram innan tiltekins tíma. Það er ekkert tímaákvæði í 46. gr. þingskapalaganna heldur er gert ráð fyrir því að forseti útbýti skýrslu þegar ráðherra hefur útbúið hana í hendur þingsins.

Sömuleiðis er hér farið fram á hluti sem að mínum dómi eiga ekki erindi inn í skýrslur til Alþingis eins og að ráðherra rannsaki sannleiksgildi frétta eða veiti upplýsingar um yfirlýsingar tiltekinna aðila, aðstoðarmanns utanrrh., og kanni hvort skoðanir sem ráðherra

hefur flutt séu hans persónulegu skoðanir og annað í þeim dúr. Ég tel að það sé óeðlilegt og geri athugasemd við það. Ég vil láta þetta koma hér fram þó að sjálfsögðu muni ég greiða því atkvæði að þessi skýrslubeiðni verði heimiluð.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel þessar athugasemdir hv. 8. þm. Reykv. nokkuð sérkennilegar. Hér er auðvitað um það að ræða að á þessu þingi höfum við alþýðubandalagsmenn lagt fram tvær beiðnir um skýrslur, báðar í októbermánuði. Hvorug skýrslan hefur enn þá birst á borðum þingmanna þó að ráðuneytin hafi haft mjög langan tíma til þess að svara skýrslunum og gera grein fyrir málunum hér og jafnvel að taka þau til umræðu fyrir löngu.

Nú er hins vegar beðið um skýrslu um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum með hliðsjón af þeim alvarlega vanda sem þar er við að stríða. Við töldum að það væri óhjákvæmilegt að óska eftir því að skýrslan bærist hið allra fyrsta. Þess vegna er talað um að við óskum eftir því að hún verði gefin innan tveggja vikna. Við höfum reynslu af því á undanförnum þingum að ef einungis er beðið um skriflega skýrslu, þá dregst það oft óhóflega lengi. Við viljum leggja það í vald ráðherra hvernig hann kemur með málið hingað inn. Ef hann kemur með munnlega skýrslu innan hálfs mánaðar, þá er það hans ákvörðun að gera það og þá verður málið rætt á þeim grundvelli. Ástæða þess að við orðum þetta með þessum hætti er með öðrum orðum sú að við viljum flýta og greiða fyrir meðferð málsins þannig að örugglega verði unnt fyrir páskahlé að taka til umræðu á hv. Alþingi þær brýnu ráðstafanir sem óhjákvæmilegt er að gera vegna hallarekstrar og yfirvofandi atvinnuleysis á mörgum svæðum í sjávarútveginum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, PP, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VG, ÖS.

31 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SigG, SighB, StG, StH, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 31, nál. 481, brtt. 482 og 567.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Á þskj. 567 er flutt brtt. frá minni hluta efh.- og viðskn. en skilað hafði verið sameiginlegu nál. í máli þessu þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar rituðu undir með fyrirvara. Sá fyrirvari sneri fyrst og fremst að hugmyndum viðskrh. um tengingu gengis íslensku krónunnar við ECU en hæstv. viðskrh. sagði m.a. í umræðum hér á Alþingi þann 16. mars: „Þetta er eingöngu hugsað til þess að þingið sé að gefa alveg skýrt umboð til þess að ákveða slíkar breytingar þótt þingið sé ekki þar með að ákveða þær."

Það er ljóst að við í stjórnarandstöðunni viljum ekki gefa hæstv. viðskrh. nokkurt slíkt umboð og viljum að það sé alveg skýrt að hann hefur það a.m.k. ekki af okkar hálfu, sérstaklega í ljósi þess hvernig hann hefur fjallað um þetta mál og í ljósi þess tímaramma sem hann hefur gefið í skyn í umræðum og á fréttamannafundum. Við teljum því nauðsynlegt, virðulegur forseti, að þetta mál gangi á ný til nefndar milli 2. og 3. umr. þannig að okkur gefist tækifæri til að skila frhnál. og gera þar skilmerkilega grein fyrir afstöðu okkar. Ef við hefðum mátt vita að hæstv. viðskrh. mundi túlka málið með þeim hætti sem hann hefur gert hefðum við að sjálfsögðu aldrei skilað nál. með meiri hlutanum. Við erum hins vegar sammála meginefni þessa frv. en teljum mjög mikilvægt að geta gert skilmerkilega grein fyrir okkar skoðunum í frhnál. Við munum, til þess að greiða fyrir því að málið geti nú náð fram að ganga, draga brtt. á þskj. 567 til baka til 3. umr. svo að málið geti fengið eðlilega þinglega meðferð og gengið áfram til 3. umr. Við gerum það í þeirri vissu að við fáum tækifæri til þess í efh.- og viðskn. að skila frhnál. Vil ég þar með draga þessa brtt. til baka til 3. umr., virðulegi forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 482,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, KSG, MB, ÓE, RG, SalÞ, SAÞ, SP, TIO, ÖS.

15 þm. (AÓB, AKG, ASv, GB, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKG, FrS, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SigG, SighB, StG, StH, StB, VG, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17. shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GHall, KSG, MB, ÓE, RG, SalÞ, SAÞ, SP, TIO, VG, ÖS.

15 þm. (AÓB, AKG, ASv, ÁRJ, GB, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KÁ, KE, PP, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SigG, SighB, StG, StH, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

Brtt. 567 kölluð aftur.

Brtt. 482,2 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv., 14 þm. greiddu ekki atkv.

3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv., 16 þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv., 7 þm. greiddu ekki atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðskiptabankar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 22. mál (erlendir bankar, eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 22, nál. 491, brtt. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.
2.–3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KSG, KÁ, KE, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VG, ÖS.
1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GÁ, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, KHG, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, StH, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Brtt. 492,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.
5.–6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 492,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 23. mál (eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 23, nál. 493, brtt. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 494,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 494,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Yfirtökutilboð, frh. síðari umr.

Þáltill. MB og EKJ, 66. mál. — Þskj. 67, nál. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VG, ÖS.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GÁ, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, StH, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JHelg, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VG, ÖS.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GÁ, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JónS, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, StH, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 610).

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 135. mál (heildarlög). — Þskj. 144, nál. 555, brtt. 556.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):
Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga er um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Frv. um líkt efni eða um breytingu á þessum lögum hefur verið flutt á fjórum þingum. Þá náði heimildin ekki nema til fiskiskipa frá Færeyjum og Grænlandi, að þau væru undanþegin ákvæðum síðari liðar 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Fyrst var frv. hreyft á 110. löggjafarþingi og var því vísað til nefndar í neðri deild og fékk það hægt andlát á því þingi. Árið eftir fluttu sömu menn frv. og fór það í gegnum þrjár umræður í neðri deild og komst til nefndar í efri deild. Og í þriðja sinn var reynt á 112. löggjafarþingi og þá fór frv. í gegnum þrjár umræður í neðri deild og var síðan vísað til ríkisstjórnarinnar á þskj. 1308 í efri deild. Þaðan kom ekkert. Það var aftur flutt á 113. löggjafarþingi og þá fór það í gegnum þrjár umræður í neðri deild og komst til sjútvn. í efri deild. Lengri varð saga þess ekki.

Í fyrstu tvö skiptin var frv. flutt af einum þingmanni Framsfl. og einum þingmanni Alþfl. en á seinni tveimur þingunum voru fulltrúar frá öllum flokkum. Þeir voru sjö í þriðja sinn sem frv. var flutt og aftur sjö þegar það var flutt á síðasta þingi. Síðan gerist það að sjútvrh. í núv. ríkisstjórn tekur málið upp. Þetta frv. sem hér er til afgreiðslu er mun víðtækara en hin frumvörpin voru sem ég er búinn að lýsa hér stuttlega.

Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og hún hefur fengið á fund til sín ráðuneytisstjóra í sjútvrn. og forstjóra Landhelgisgæslunnar, framkvæmdastjóra Landssambands ísl. útvegsmanna, framkvæmdastjóra Lands-

sambands iðnaðarmanna og fulltrúa frá Hafrannsóknastofnun. Umsagnir bárust frá fjölmörgum aðilum sem til var leitað og meira að segja fleirum en til var leitað. Umsagnir þær sem bárust eru frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, Landhelgisgæslunni, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi ísl. kaupskipaútgerðar, Sambandi málm- og skipasmiðja, Samtökum fiskvinnslustöðva, sjútvrn., Sjómannasambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Enn fremur barst nefndinni umsögn utanrmn. en fram kom ósk um það frá formanni utanrmn., þegar málið var til 1. umr., að nefndin fengi frv. til umsagnar. Í umsögn um frv. frá utanrmn. er lögð á það áhersla að 2. mgr. 3. gr. frv. verði breytt í þá átt að erlendum veiðiskipum verði bannað að veiða úr sameiginlegum nytjastofnum sem ekki hefur verið samið um nýtingu á og að sjútvrh. verði heimilt að víkja frá banninu þegar sérstaklega stendur á.

Í öðru lagi er lagt til að 4. gr. frv. kveði á um að erlend fiskiskip sem koma til íslenskrar hafnar tilkynni Landhelgisgæslu Íslands komu sína í stað hafnaryfirvalda eins og mælt var fyrir í ákvæðinu þegar frv. var lagt fram upphaflega. Það er nauðsynlegt vegna löggæsluþáttar skipakomunnar, bæði innlend og erlend skip þurfa eðli málsins samkvæmt ávallt að tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um komu til hafnar vegna bryggjupláss. Þetta var ábending frá landhelgisnefndinni, frá fulltrúum sem mættu á fund utanrmn. og síðar sjútvn. Að öðru leyti mælir utanrmn. með samþykki þessa frv. með þeim breytingum sem hún lagði til.

Sjútvn. hefur farið mjög ítarlega yfir frv., rætt efni þess og gamla frv. eins og það lá fyrir. Á fundinum, þegar tekin var ákvörðun um að afgreiða þetta frv., kom fram ósk um að þess yrði getið í framsöguræðu varðandi 2. mgr. 3. gr. frv. að fram hefði komið að nefndinni hafi ekki þótt ástæða til að setja inn í 3. gr. frv. ákvæði þess efnis að leita skyldi álits utanrmn. Alþingis þegar ríkisstjórnin heimilaði löndunarrétt erlendra skipa úr sameiginlegum stofni. Ástæðan er sú að ríkisstjórnin skal bera meiri háttar utanríkismál undir utanrmn. skv. 24. gr. þingskapa og sjútvn. lítur svo á að samkvæmt venju og eðli málsins verði þessi mál borin undir utanrmn. án þess að sett verði um það sérstakt ákvæði í þetta lagafrv.

Lagt er til að í 3. mgr. 3. gr. komi fram að erlendum veiðiskipum sé ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda. Erlendum veiðiskipum er þetta heimilt samkvæmt öðrum heimildum þótt þetta ákvæði komi ekki til en nefndin taldi rétt að það kæmi fram í frv. til áréttingar.

Nefndin flytur á þskj. 556 brtt. við 3. gr. frv. Greinin orðist svo:

„Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum, sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu, hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Sjútvrh. er þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

Erlendum veiðiskipum er ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda."

Eins og menn vita þá eru ekki samningar um veiðar úr fiskstofnum utan íslenskrar fiskveiðilögsögu nema að litlu leyti. Samningaumleitanir hafa ýmist staðið yfir að einhverju leyti og í einstaka tilfellum hafa verið gerðir samningar. Rétt þykir að hafa þetta ákvæði inni til að aðrar þjóðir líti ekki svo á að þær hafi fullan rétt að koma hingað og landa afla hvað sem líður samningum sem Íslendingar hafa vissulega áhuga á að gera. Það varð að samkomulagi í nefndinni að við hefðum þetta ákvæði inni til að sýna þeim þjóðum það að við lítum ekki svo á að það sé greiður aðgangur til löndunar ef þær sporna við eða sýna ekki nægilegan áhuga á að gera samninga um veiði á sameiginlegum nytjastofnum utan fiskveiðilögsögu okkar.

Hin brtt. sem nefndin flytur er við 4. gr. og er svohljóðandi: „Erlent veiðiskip sem leitar hafnar á Íslandi skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands fyrirætlan sína við komu inn í íslenska efnahagslögsögu. Jafnframt skal tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Landhelgisgæslan skal tilkynna sjútvrn. um komu erlends fiskiskips sem ætla á að falli undir ákvæði 2. mgr. 3. gr."

Þetta mál er mjög viðkvæmt og um það hafa staðið töluverðar deilur. Flestar umsagnir sem bárust um frv. voru þess hvetjandi að það yrði samþykkt. Ég tel ekki ástæðu til að fara í þær umsagnir en ég vil leyfa mér að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir að það var reynt að leita sátta í þessu máli og samræma sjónarmiðin og það tókst með þeim ágæta árangri að allir nefndarmenn í sjútvn. eru sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum sem ég hef þegar lýst og jafnframt þeim skýringum sem fram komu hjá einstökum nefndarmönnum og nefndarmenn gerðu að sínum skýringum.

Undir nefndarálitið rita Matthías Bjarnason, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Ásgrímsson, Hjálmar Jónsson, Jóhann Ársælsson, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 555 nál. frá sjútvn. um þetta mál sem hefur verið fjallað ítarlega um á Alþingi og ég hef lýst skoðunum mínum á áður og ætla ekki að endurtaka þær. Ég vil hins vegar nota tækifærið og fagna því að samstaða tókst um málið í nefndinni og reyndar í utanrmn. einnig. Hér er um við-

kvæmt mál að ræða sem varðar efnahagslögsögu Íslands og það er afar þýðingarmikið að mínu áliti að um öll þau mál sem varða landhelgi Íslands og skyld mál sé sem best samstaða. Hér er um að ræða svo mikilvægt hagsmunamál þjóðarinnar að það ber að varðveita þá samstöðu sem um þau mál hafa verið.

Ég tel að sú brtt., sem hér er flutt, skipti afar miklu máli því að hún gefur til kynna að erlendum veiðiskipum sé heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum, sækja hingað alla þjónustu sem varðar útgerð viðkomandi skipa, en síðan kemur mikilvæg undantekning sem er í reynd í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur á lögunum frá 1922. Erlend veiðiskip hafa getað landað hér eigin afla og engin fyrirstaða verið í því sambandi svo mér sé kunnugt um. Hins vegar hefur verið fyrirstaða að því er varðar sameiginlega stofna og það kemur skýrt fram í 2. mgr. að löndun sé ekki heimil ef um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum en tekið fram að sjútvrh. sé þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á. Það hefur komið fyrir að vikið hefur verið frá þessu ákvæði í eitt skipti og er það að því er varðar löndunarheimildir Grænlendinga úr rækjustofnunum á Dormbanka en sá stofn er sameiginlegur með Íslendingum og Grænlendingum þótt stærri hluti þess stofns sé Grænlandsmegin við miðlínu milli þjóðanna. Þetta var gert á sínum tíma til að greiða fyrir samskiptum þjóðanna og hefur það verið farsælt. Hitt er svo annað mál að þetta samkomulag hefur ekki leitt til þess að tekist hafi að semja um þennan stofn og það sama á við um karfastofninn sem er sameiginlegur milli Íslands og Grænlands. Það hefur hins vegar tekist að semja um nýtingu loðnustofnsins og var það vel eftir margra ára tilraunir í því skyni.

Ég vil taka undir það sem hv. 1. þm. Vesturl., frsm. nefndarinnar, sagði hér að því er varðar (Gripið fram í.) 1. þm. Vestf. já, þetta eru nú eiginlega ófyrirgefanleg mistök af minni hálfu en ég veit að hv. 1. þm. Vestf. er umburðarlyndur maður og kann að fyrirgefa hin stærstu mál og er það hér með leiðrétt. En ég er sammála því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði að því er varðar hvernig og hvenær heimilt sé að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á. Það vissulega mikilvægt að vel sé farið með þetta umboð og verður ríkisstjórn á hverjum tíma að meta það og vega út frá hagsmunum landsins. Ég tel þó afar mikilvægt að það sé ljóst að hér er um meiri háttar utanríkismál að ræða, eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði. Öll mál sem varðar landhelgina eru meiri háttar utanríkismál og því ber að gera utanrmn. þingsins grein fyrir slíkum málum og hafa samráð við hana um framkvæmdina. Þótt ríkisstjórn sé vissulega ekki bundin af áliti utanrmn. á hverjum tíma, þá er samspil ríkisstjórnar og utanrmn. í slíkum málum afar þýðingarmikið. Það hefur verið það fram að þessu og það er mikilvægt að virða þær venjur. Hins vegar er ég sammála því að það er óþarft að taka það fram í lagatexta þar sem mjög rík hefð hefur myndast fyrir þessari framkvæmd mála.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál. Varðandi afstöðu mína til málsins almennt vísa ég til þess sem ég hef áður sagt. Ég tel að hér hafi orðið farsæl niðurstaða sem ágæt samstaða hefur myndast um og má segja að sú niðurstaða virði þær hefðir sem hafa verið í þessu máli á undanförnum árum þótt eðlilegt sé að breyta lögunum frá 1922 til samræmis við breytingar á okkar umhverfi. Það hafa orðið miklar breytingar í sambandi við alþjóðleg samskipti og m.a. hefur verið gert um það samkomulag milli EFTA-ríkjanna að löndunarréttur erlendra skipa hér á landi sé frjáls með þeirri undantekningu þó þegar um er að ræða sameiginlegan stofn sem ekki hefur verið samið um. Með þessum hætti hefur verið haldið á málum Íslands í samskiptum við Evrópubandalagið og því er þessi lagatexti eins og hann er nú með þeirri brtt., sem birtist á þskj. 556, algerlega í samræmi við málflutning Íslands gagnvart EFTA-þjóðunum og gagnvart Evrópubandalagsþjóðunum í þeim viðræðum sem hafa átt sér stað nú upp á síðkastið og á undanförnum árum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það sem hér hefur verið mælt að það er ánægjuefni að um þetta mál hefur tekist góð samstaða í sjútvn. og fyrir liggja breytingar á frv. sem eru að mínu mati til verulegra bóta frá frv. eins og það var lagt fram og raunar sníður af agnúa sem einnig voru til staðar þegar mál þetta var flutt hér á fyrri þingum og hv. frsm. sjútvn., hv. 1. þm. Vestf., rakti í sinni framsögu.

Ég var í hópi þeirra sem stóðu gegn lögfestingu þessa máls í þeim búningi sem það lá fyrir á fyrri þingum eða skyld mál og átti hlut að því að andæfa gegn því í neðri deild þingsins sem fékk það til meðferðar. Þó að það yrði síðan afgreitt til efri deildar komst það mál ekki áfram. Ég hef ekki sérstakar athugasemdir að gera við frv. eins og það liggur fyrir með brtt. en ég tek það fram að ég tel að það þurfi að fara mjög varlega með þá heimild sem ráðherra er veitt skv. 3. gr. til að víkja frá ákvæðum sem eru í þeirri grein, en verð svo að vænta þess að framkvæmdin fari vel úr hendi og þetta verði til bóta.

Það er eitt atriði sem ég vil nefna við þessa umræðu en það eru ummæli sem ég heyrði í dag í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins úr munni hæstv. sjútvrh. og frásögn fréttamanns af framlagi hans á fundi eða ráðstefnu sem mun hafa verið haldin í morgun og ég kann ekki nánar deili á en sem fjallaði um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Þar sem ég hef ekki útskrift af þessum ummælum verð ég að nefna þau eftir minni og með þeim fyrirvara að ég hef ekki fengið þau á prenti enn sem komið er. Efnislega var það sem hæstv. ráðherra sagði á þá leið það að framkvæmd gildandi laga um fjárfestingu útlendinga í íslenskum sjávarútvegi, ákvæði sem lögfest voru á síðasta þingi með lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laganúmerið hef ég ekki fyrir framan mig en þau voru samþykkt hér á Alþingi 15. mars 1991, — að hann teldi að framkvæmd þessara laga væri ótæk og ekki gerleg og það væri ekki hægt að

framkvæma þau ákvæði sem þessi lög kveðu á um og það þyrfti að gera á verulegar breytingar, ef ég hef tekið rétt eftir, varðandi þessi efni og það til rýmkunar varðandi heimildir fyrir útlendinga. Að vísu er sá varnagli sleginn í ummælum ráðherrans að það mætti ekki verða til þess að Íslendingar misstu tökin á stjórnun fiskveiða á Íslandsmiðum. Þetta var ekki útfært nánar, en ég vil vekja athygli á þessum ummælum við þessa umræðu sem fer fram um frv. sem byggir á mjög ákveðnum lagatextum að því er varðar fiskveiðar og einnig lagaákvæðum sem varða fiskvinnsluna. Þótt að ég hafi ástæðu til að ætla að það séu kannski þau ákvæði sem ráðherrann hafi haft meira í huga en sjálfar fiskveiðarnar þá voru þar engin tvímæli af tekin og þannig talað í sambandi við fiskveiðarnar að ætla mátti að einnig þær gætu verið til endurskoðunar af hálfu hæstv. ráðherra ef hann fengi ráðið. Um þetta vil ég ekkert fullyrða. Hins vegar ég tel í rauninni alveg nauðsynlegt að um þessi mál verði fjallað í sjútvn. þingsins og gengið eftir því við hæstv. sjútvrh. hvaða hugmyndir það eru sem hann hefur í huga og er að boða að þurfi að koma varðandi fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi hérlendis og þær breytingar á gildandi lögum sem hann í rauninni var að boða með þessu innleggi sínu í morgun. Ég vek athygli á því að frv. byggir á mjög fortakslausum ákvæðum að því er varðar eignaraðild í íslenskum veiðiskipum bæði hvað snertir einstaklinga og lögaðila í formi hlutafélaga. Ef sami ráðherra og leggur fram þetta frv. er með það bak við eyrað eða hefur þann ásetning að hrófla við þessum ákvæðum eða ákvæðum varðandi fjárfestingu í fiskvinnslu þarf að athuga það vel. Því það er vissulega svo að það getur verið snúið mál og reynt a.m.k. á ríkan vilja ef menn vilja tryggja að erlendir hagsmunir nái ekki einnig inn í veiðarnar. Þegar farið er að boða það af hálfu hæstv. sjútvrh. með þessum hætti opinberlega að þar þurfi að slaka á og þar þurfi að breyta og gildandi ákvæði séu óframkvæmanleg tel ég nauðsynlegt að sjútvn. þingsins afli sér upplýsinga um það með beinum hætti frá hæstv. ráðherra hvaða hugmyndir hann er hér að reifa. Auðvitað þurfa menn að átta sig á því hvaða þættir það eru í gildandi löggjöf — það snýr auðvitað beint að sjútvn. þingsins að fjalla um það — sem að mati framkvæmdarvaldsins eru óframkvæmanleg og þurfa af þeim sökum breytinga við.

Ég vil, virðulegur forseti, vekja athygli á þessu hér. Því miður er hæstv. ráðherra ekki hér. Hann hefur fjarvistarleyfi frá þingfundi svo að ekki er hægt að óska eftir skýringum hér á fundinum af hans hálfu. Ég vil aðeins koma þessu á framfæri vegna þess að það varðar mjög mikilvæg efnisatriði án þess að ég kunni frekar að lesa í mál hæstv. ráðherra en ég hef reynt að koma hér á framfæri.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa talað, frummælanda og síðasta ræðumanni að sú samstaða er ánægjuleg sem tekist hefur um breytingar á frv. og vonandi horfir það til þess að þetta mál sem verið hefur deiluefni á undanförnum þingum verði nú farsællega til lykta leitt með samkomulagi. Enginn vafi er á því í mínum huga að þær breytingar sem hv. sjútvn. leggur til á frv. eru til bóta. Ég held að þar sé á ferðinni mjög farsæl lending í þessu sambandi, þ.e. annars vegar að breyta hinum löngu úreltu ákvæðum áratuga gamalla laga sem sett voru á sínum tíma við allt aðra réttarstöðu okkar Íslendinga gagnvart auðlindunum umhverfis landið. Það lafði í því að við hefðum þá þriggja mílna lögsögu þótt við værum illa fær til að gæta hennar á þeim tíma. En nú er sem betur fer öldin önnur og því er ekki sama ástæða fyrir Íslendinga til að óttast að erlendir flotar stundi hér miskunnarlausa rányrkju á miðunum nær landinu. Við þær aðstæður að 200 mílna landhelgi og auðlindalögsaga samkvæmt alþjóðarétti er í höfn og viðurkennd af öllum þá eru að sjálfsögðu ekki sömu ástæður til að verja íslenskar auðlindir og íslenska fiskstofna með þeirri fjarlægðarvörn sem á Íslandsmiðum var fólgin í því að heimila erlendum skipum ekki að landa hér eða sækja sér þjónustu.

Engu að síður er það þó svo að eftir stendur nauðsyn þess að ná samningum við okkar næstu nágranna, jafnvel á alþjóðlegum grundvelli, um stofna sem eru að einhverju leyti sameiginlegir íslensku auðlindalögsögunni og lögsögu nágrannaríkja. Og það er einmitt í því skyni sem sjútvn. varð sammála um eftir nokkra umfjöllun að leggja til þær breytingar sem hér eru fluttar á þskj. 556. Eins og fram kom í máli frsm. er það í samræmi við afstöðu hæstv. utanrmn.

Ég vil nota tækifærið til að leggja á það áherslu nú að í framhaldi af þessari lagasetningu verði af hálfu íslenskra stjórnvalda stóraukin áhersla lögð á það að ná samningum við okkar næstu nágranna og jafnframt á alþjóðlegum vettvangi eftir því sem samstarf um stofna sem eru veiðanlegir utan lögsögu einstakra ríkja gefur frekast möguleika til. — Það er auðvitað, herra forseti, afar bagalegt að hæstv. sjútvrh. skuli ekki geta verið viðstaddur umræðuna en ég vona að þau skilaboð komist til hans sem hér eru flutt.

Ég held að það sé mjög brýnt að láta ekki staðar numið við það eitt sem náðst hefur fram í þessum efnum og er því miður næsta fátæklegt. Má heita að samningar okkar við Norðmenn og Færeyinga um loðnu séu í raun einu umtalsverðu samningarnir af þessu tagi varðandi stofna sem eru sameiginlegir á okkar hafsvæðum og næstu nágranna. Eftir stendur að ná samningum, t.d. við Grænlendinga, um sameiginlega karfastofna og rækjustofn og um að framlengja samninga um nýtinu loðnustofnsins, ná samningum við Færeyinga auk Grænlendinga um þann hluta karfastofnsins sem talinn er sameiginlegur með þeim. Til þess getur komið að samningar Íslendinga og Norðmanna verði nauðsynlegir til að tryggja nýtingu á norsk-íslenska síldarstofninum sem við Íslendingar þurfum í öllum bænum að halda áfram að kalla því nafni. Fleiri stofnar geta þarna komið til sögunnar svo sem lítt rannsakaðar tegundir eins og hinn frægi langhali. Líklegt er að langhalastofninn við Ísland, sem vonandi fyrirfinnst, sé sameiginlegur með þeim stofni sem talinn er finnast á hafsvæðunum við Færeyjar og

Bretlandseyjar. Fjölmargt fleira mætti þarna nefna, t.d. samskipti Íslendinga og Grænlendinga varðandi rækjuveiðar. En ég hygg að þessi upptalning dugi til að sýna mönnum og sanna að það verður að ganga í verkin og þrýsta á að samningar verði gerðir um alla helstu nytjastofnana sem eru sameiginlegir okkar miðum og næstu nágranna okkar. Ég vil jafnframt nefna að samningar þurfa, ef vel á að vera, einnig að takast varðandi veiðar á stofnum sem að einhverju leyti eru innan íslensku landhelginnar og að öðru leyti veiðanlegir utan landhelgi eða lögsögu einstakra ríkja.

Nýleg dæmi frá Kanada færa okkur heim sanninn um það að oft á tíðum er því miður ekki nóg að einstakar þjóðir sýni ráðdeild og sæki hóflega í stofna innan sinnar lögsögu ef þannig háttar til að stofnarnir ganga út fyrir viðkomandi lögsögu og eru þar veiðanlegir. Reiði kanadískra sjómanna og kanadískra yfirvalda er skiljanleg en þeir hafa beitt ströngum aflatakmörkunum á ákveðnum stofnum á sínum miðum á undanförnum árum en standa nú frammi fyrir því að verksmiðjuflotar erlendra þjóða sækja upp að lögsögu Kanada og stunda þar jafnvel grimma rányrkju á tegundum sem ganga út fyrir mörkin. Sú hætta er því miður örugglega fyrir hendi varðandi ákveðna íslenska stofna. Nægir þar að nefna karfann og grálúðuna sem alls ekki er ólíklegt að gætu veiðst sunnan eða vestan við íslensku lögsöguna. Séu ekki fyrir hendi neinir samningar eða alþjóðlega viðurkenndir kvótar varðandi þessa stofna þá getur illa farið.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta, herra forseti. Ég held að fá verkefni sem lúta að samskiptum okkar við önnur ríki og alþjóðlegri samvinnu séu mikilvægari en einmitt þessi. Að sjálfsögðu ber að taka fram til að öllu sé til haga haldið að að þessu hefur verið unnið á undanförnum árum. Mér er vel kunnugt um það. Íslendingar hafa ítrekað reynt að fá nágranna sína til samninga um þessi efni, ekki síst Grænlendinga en eftirtekjan af því hefur enn sem komið er því miður verið rýr. Með tilliti til þess held ég að hér hafi skynsamlega til tekist varðandi breytingar á 3. gr. frv. Það er í mínum huga lítill vafi á því að hér er í öllu falli varfærnari leið valin með hliðsjón af þeim rökum sem ég hef hér flutt en sú að samþykkja frv. óbreytt. Það er mín skoðun a.m.k. að réttarstaða og samningsstaða íslenskra stjórnvalda sé sterkari og einbeittari með því að snúa hlutunum á þann veg sem brtt. sjútvn. gerir ráð fyrir. Almenna reglan sé sú að löndun sé heimil en hins vegar sé löndun ekki heimil ef í hlut eiga stofnar, sameiginlegir stofnar, um hverja samningar hafa ekki náðst. Þá á að þrýsta á að slíkir samningar náist. Sú staðreynd að samningur jafngildir frjálsri löndun — ég leyfi mér að leggja þá merkingu í þennan texta, öðruvísi held ég að hann verði ekki skilinn — hlýtur auðvitað að vera einhver róttækasta aðgerðin til þess að þrýsta á stjórnvöld nágrannaríkjanna að gera við okkur slíka samninga, eigi þeir á annað borð einhverra hagsmuna að gæta í því að þessi þjónusta sé í boði hér á Íslandi.

Reynslan hefur löngum fært okkur heim sanninn um það, jafnt nú á togara- og stórskipaöld sem fyrr, að miðin umhverfis Ísland og vestan við landið njóta mikillar fjarlægðarverndar ef skip sem þangað sækja hafa enga aðstöðu á Íslandi. Lítill vafi er á að skýringin á því hversu lítill hluti þess veiðikvóta sem ýmsir hafa keypt af Grænlendingum á undanförnum árum hefur náðst, t.d. þegar Þjóðverjar hafa keypt karfakvóta við Grænland, liggur í því hversu langt og erfitt er að sækja á þessi mið ef engin aðstaða eða fyrirgreiðsla er fyrir hendi á Íslandi.

Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. urðu hér allumfangsmiklar umræður, svo ekki sé nú fastara að orði kveðið, um stöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins. Ég held satt að segja að miklu meiri tími hafi farið í að ræða þá hlið mála en formlega séð efni frv. sjálfs sem lýtur að réttindum útlendinga til landanna hér og þjónustukaupa. Það var sum sé spurningin um það hversu mikil viðskipti breytingar á þessum lögum mundu færa inn í íslenskan iðnað, til innlendrar skipasmíði og þjónustu við skip. Það hefði þess vegna verið ánægjulegt ef hæstv. iðnrh. hefði heiðrað okkur með nærveru sinni aftur við 2. umr. málsins. Oft kemur góður þá getið er. (**Gripið fram í:** Hann hefur heyrt ræðu þingmannsins.) Það gleður þingmanninn sérlega, svo hæstv. iðnrh. sé svarað með sama hætti. Hefði þá verið við hæfi að hæstv. iðnrh. hefði upplýst okkur um hvað miðað hefur í málefnum íslenska skipasmíðaiðnaðarins frá því að þetta mál var hér til 1. umr. Mér eru ofarlega í huga þeir erfiðleikar sem Slippstöðin hf. á Akureyri á við að glíma þessa dagana. Ég veit að það stendur nákvæmlega þannig á að beðið er eftir svari frá hæstv. ríkisstjórn um þátttöku hæstv. ríkisstjórnar í lausn á vanda Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri. Ég leyfi mér því að nota tækifærið, að gefnu tilefni vegna þeirrar miklu umræðu sem varð um málefni skipasmíða hér í tengslum við þetta frv. við 1. umr., og inna hæstv. iðnrh. eftir því hvað líði svörum til þeirra manna sem bíða átekta með málefni Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri í höndunum, fyrst og fremst svörum hæstv. ríkisstjórnar. Megum við ekki treysta því í ljósi þess mikla áhuga sem sýndur var á málefnum skipasmíðaiðnaðarins, þeirrar dökku myndar sem dregin hefur verið upp af þróuninni á því sviði á undanförnum missirum og fagurra orða sem ýmsir, þar á meðal hæstv. ráðherra, létu falla um áhuga sinn á innlendri skipasmíði, að áhugi sé á að leggja nú skipasmíðaiðnaðinum lið? Þetta flaggskip íslenskra skipasmíða þarf að fá myndarlega úrlausn sinna mála hjá hæstv. ríkisstjórn sem er stærsti eigandi fyrirtækisins eða ríkið fyrir hönd umbjóðenda landsmanna í gegnum framkvæmdarvaldið. Það megi þá verða mönnum til hressingar samfara því að möguleikar opnast, sem vonandi verða einhverjir, og nýtast mönnum á grundvelli frv. þegar að lögum verður.

Herra forseti. Ég fagna því sem sagt að þau sjónarmið urðu ofan á sem liggja til grundvallar nál. og brtt. hv. sjútvn. og sérstaklega fagna ég þeirri samstöðu sem um málið varð.

Varðandi það sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi áðan og er ekki að ófyrirsynju að bent sé á vegna þess að ákvæði 1. og 2. gr. frv. eru náttúrlega mjög ótvíræð og

sláandi í samhengi við þá umræðu sem nú er upp hafin um eign útlendinga í innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum, þá þarf ekki frekari orða við af minni hálfu en þeirra að vísa til ótvíræðra ákvæða 1. og 2. gr. frv. og lýsa yfir hjartanlegum stuðningi mínum við þau ákvæði. Ég er ákaflega ánægður með og sáttur við að einmitt í þessum lögum sem varða rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands komi inn svo afdráttarlaus ákvæði sem raun ber vitni. Þau bætast við þau ákvæði sem er að finna í lögum um fjárfestingar erlendra aðila. Þar er alveg skýrt að útlendingum er óheimilt að eiga í skipum sem stunda fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða í landinu. Þessi glænýju lög, nr. 23/1991, ef ég man rétt, eru búin að vera í gildi í um ár og festast náttúrlega í sessi með vissum hætti þegar nýtt Alþingi samþykkir þau efnislega eða ítrekar með ákvæðum þessara tveggja greina frv. til laga um veiðar í efnahagslögsögu Íslands.

Ég vona svo sannarlega að enginn brestur eða bilun sé í pólitískri samstöðu um þetta efni. Það væru stórtíðindi og váleg tíðindi og ekki nokkur ástæða til að láta það vefjast fyrir sér ef það hefur gerst gegnum eign erlendra félaga í hlutafélögum eða sjóðum sem síðan eiga aftur einhverja smávægilega hlutafjáreign í innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum, að menn noti það sem tylliástæðu til að brjóta niður þessa vörn, þessa skjaldborg, utan um réttindi landsmanna til fiskveiða og fiskvinnslu. Það er með öllu ástæðulaust og óþarft vegna þess að færar eru fjölmargar leiðir til þess að setja reglur um og fara þannig með slík tilvik að það valdi engum vandkvæðum. Það er alsiða í viðskiptum af ýmsu tagi þar sem svipaðar takmarkandi reglur eru fyrir hendi. Þá eru ósköp einfaldlega mótaðar um það reglur hvernig farið er með aðstæður sem tímabundið geta komið upp af þessu tagi. Tímabundið getur skapast sú aðstaða að erlendur aðili eigi eignarhlut gegnum eignarhald á fyrirtækjum sem aftur eiga í fyrirtækjum eða dótturfyrirtækjum sem eiga í fyrirtækjum o.s.frv. Um það gilda þá ósköp einfaldar reglur, tiltekin tímamörk eða ákveðið hámark, sem lúta að því hvenær sá eignarhlutur annaðhvort stærðar vegna eða hefur staðið það lengi að hann telst falla undir ákvæði þeirra laga sem þarna eru takmarkandi í slíku tilviki. Þá eru jafnframt gjarnan sett um það ákvæði hvernig úr því er leyst, t.d. með því að gera þeim aðila á tilteknum tíma skylt að afsetja eða minnka hlut sinn eða ganga þannig frá honum að hann teljist ekki brjóta í bága við umrædd ákvæði. Þetta held ég að menn hljóti að þekkja, slík tilvik eru þekkt, t.d. þegar menn þurfa vegna uppstokkunar eða yfirtöku á fyrirtækjum að verja hagsmuni sína í gjaldþrotamálum eða öðru slíku og lenda kannski í því tímabundið að leysa til sín fyrirtæki eða yfirtaka eignarhlut. Auðvitað eru vel þekktar ýmsar leikreglur sem settar eru í slíkum tilvikum.

Ég held þess vegna að svarið við þessari umræðu, sem upp hefur hafist og var til umfjöllunar skilst mér á einhverri ráðstefnu úti í bæ í morgun, sé að sjálfsögðu ekki að brjóta niður skjaldborgina utan um sjávarútveginn, veiðarnar og vinnsluna og einkarétt Íslendinga, íslenskra fyrirtækja, einstaklinga og lögaðila á því sviði heldur hitt að snúa sér að því að móta reglur um það hvernig farið skuli með þær aðstæður sem geta tímabundið komið upp eins og raun ber vitni. Það er ekki flókið mál að mínu viti og ekki stórkostlegt vandamál sem ekki er leysanlegt.

Herra forseti. Ég ítreka það svo að það má náttúrlega ekki misskilja neitt hvaða afstöðu Alþingi Íslendinga hefur í þessum efnum þegar það afgreiðir frv. sem hér er til umfjöllunar. Í því felst mjög skýr ítrekun og samþykkt á þeirri stefnu sem mörkuð var og fest í sessi með miklu afdráttarlausari hætti en áður hafði viðgengist í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi, lögum nr. 23/1991. Það get ég látið vera mín síðustu orð að það er mér sömuleiðis fagnaðarefni að þau ákvæði í frv., sem hér er til umræðu, eru alveg afdráttarlaus og eru ítrekun á því sem áður var fram komið.

Herra forseti. Ég hef þessi orð mín ekki fleiri. Það væri fróðlegt, eins og ég lýsti hér áðan, ef hæstv. iðnrh. léti aftur til sín heyra um málefni skipasmíðaiðnaðarins þótt ég ætlist ekki til þess að jafnlangur tími fari í umræður um þau mál nú og við 1. umr. Það væri engu að síður fróðlegt og e.t.v. hafa menn unnið eitthvað úr hugsunum sínum í sambandi við það hversu mikil lyftistöng þær breytingar sem felast í frv. geta reynst íslenskum skipasmíðaiðnaði. Mér er kunnugt um að sums staðar er komin hreyfing á þá hluti og menn eru jafnvel í startholunum eða að undirbúa sig til þess að bjóða upp á þjónustu á þessu sviði. Gott ef menn hafa ekki slæðst til útlanda til að reyna að krækja sér í einhver viðskipti á grundvelli þeirra möguleika sem opnast með afgreiðslu frv.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa langt mál um frv. núna í umræðunni. Flest þau efnisatriði sem máli skipta hafa komið fram nú þegar og um þetta mál hefur skapast mjög farsæl eining. Ég vil þó taka eftirfarandi fram:

Ég tel að full ástæða sé til að sýna gætni þegar verið er að hrófla við gömlum lögum þótt þau hafi verið sett við aðrar forsendur en nú ríkja. Því fagna ég þeim breytingum sem urðu á frv. í meðförum nefndarinnar og eru í takt við ábendingar og umræðu sem var innan nefndarinnar og jafnframt í takt við þær athugasemdir sem komu frá hv. utanrmn. Ég held að þarna hafi verið vel að verki staðið og þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. séu alveg tvímælalaust til bóta. Ég hefði jafnvel sjálf verið reiðubúin til að vera enn gætnari í orðalagi en ég get fyllilega sætt mig við þá niðurstöðu sem varð hér.

Þar sem það blasir við að við þekkjum sjóinn, hafið í kringum okkur, ekki sem skyldi, tel ég ástæðu til þess að við flýtum okkur hægt þegar við erum að breyta lögum sem kannski tryggja okkur ákveðinn rétt. Það kom glöggt fram í góðri umræðu innan nefndarinnar að vera má að eftir örfá ár líti mál öðruvísi út. Mikilvægar rannsóknir á nýtingu fleiri fiskstofna en nú eru nýttir eru skammt á veg komnar að mörgu leyti og auðvitað er full ástæða til að við séum ekki að semja

á nokkurn hátt af okkur. Það tel ég ekki að við séum að gera með því að samþykkja þetta frv. Ég styð því fyllilega þá niðurstöðu sem varð innan nefndarinnar.

Ég vil jafnframt fagna þeim breytingum sem gerðar hafa verið á 4. gr. þar sem tekið var tillit til þeirra sjónarmiða sem komu frá Landhelgisgæslu Íslands. Ég held að enginn þurfi að velkjast í vafa um það að við skuldum Landhelgisgæslunni þann stuðning sem hægt er. Því miður er mjög sorglegt til þess að vita að Landhelgisgæslan hefur ekki búið við þau skilyrði sem maður vildi sjá en ef eitthvað er hægt að létta henni störfin þá er það að sjálfsögðu mjög mikilvægt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í þá umræðu sem hefur orðið hér um skipasmíðar. Ég blandaði mér ekki í 1. umr. þess máls vegna þess að ég taldi að e.t.v. væri ástæða til að ræða skipasmíðarnar á öðrum vettvangi. En auðvitað tek ég fyllilega undir það að við eigum að nýta þau tækifæri sem við höfum til að bæta verkefnum í okkar skipasmíðaiðnaði sem því miður hefur staðið mjög illa að vígi og ég vonast auðvitað til þess að núna verði fleiri viðhaldsverkefni og slíkt sem kemur til íslenskra skipasmíðastöðva. Ég tala ekki um ef þetta yrði til að ýta undir einhverja nýsköpun þar.

Ekki finnst mér heldur ástæða til að fara út í ítarlegar umræður um erlendar fjárfestingar á Íslandi. Ég held að það komi fram sem þarf í þessu frv. og ég er að sjálfsögðu mjög ánægð með það og fagna því að hér hefur náðst niðurstaða í máli sem lengi hefur í margvíslegum myndum verið fjallað um manna á meðal og hér á Alþingi. Ég held að þótt við sýnum nokkra gætni nú þegar við gerum þessa sögulegu breytingu á 70 ára gömlum lögum sé það af hinu góða að flýta sér hægt.

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt að þessu máli hafa tengst umræður um fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu innan lands og jafnframt um stöðu íslensks skipaiðnaðar. Þess vegna er það sérstaklega ánægjulegt að hlýða hér á hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsa því yfir að nú þegar séu nokkur fyrirtæki í skipaiðnaði í startholunum og jafnvel búin að senda menn til útlanda til að afla viðskipta sem munu væntanlega sigla í kjölfar samþykktar frv. Ég tel það merka yfirlýsingu og ég fagna henni, ekki síst vegna þess að ýmsir hv. þm. stjórnarandstöðunnar — að vísu ekki hv. þm. Steingrímur Jóhann — höfðu haft uppi efasemdir þegar við vorum að ræða frv. hér við 1. umr. hvort það mundi hafa einhver veruleg áhrif á þessum vettvangi. En nú liggur það fyrir að einn helsti talsmaður stjórnarandstöðunnar í sjávarútvegsmálum telur að samþykkt þessa frv. muni hafa mjög góð áhrif á stöðu innlends skipaiðnaðar og það ber að þakka þennan góða skilning.

Virðulegi forseti. Um það mál sem við erum að ræða hér í dag, þ.e. frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögunni, hafa spunnist miklar umræður, ekki bara hér í þinginu heldur líka í þeim tveimur nefndum sem hafa um þetta vélað, utanrmn. og sjútvrn. Þessar umræður snerust að verulegu leyti um 3. gr. þar sem kveðið er upp úr með þá meginreglu að erlend skip megi landa afla sínum hér á landi. Í upphaflega frv. var jafnframt tekið fram í greininni að væri um að ræða fisk sem aflað væri úr nytjastofnum sem við ættum sameiginlega með öðrum þjóðum og enn væri ósamið um, þá hefði ráðherra heimild til að banna landanir. Frv. gerði ráð fyrir því að erlend veiðiskip tilkynntu hlutaðeigandi hafnaryfirvöldum um komu sína til landsins og jafnframt hvers konar veiðar þau hefðu stundað og hvar. Hafnaryfirvöldin skyldu svo tilkynna sjútvrn. um þau skip sem ætla mætti að hefðu verið að veiða úr stofnum sem ósamið er um. Jafnframt lá fyrir sá skilningur að þessari heimild yrði beitt þegar um væri að ræða stofna sem við höfum umtalsverða hagsmuni af og löndunarheimildir gætu mögulega stuðlað að ofnýtingu á þessum stofnum. Þannig sagði í grg. með frv., með leyfi forseta: „Sé stofn t.d. ofnýttur og samkomulag ekki tekist um nýtingu hans þykir óeðlilegt að erlendum veiðiskipum verði auðveldaðar veiðar með því að veita þeim alla þjónustu og heimild til löndunar afla hér á landi."

Í greinargerðinni var jafnframt ítrekað að ekki þyrfti endilega að vera uppi ágreiningur við það ríki sem viðkomandi skip væri frá til að ráðherra gæti beitt þessu banni. Það er því alveg ljóst að upphaflega frv. gerði ráð fyrir mjög víðtækri heimild ráðherra til að takmarka landanir á afla úr sameiginlegum stofnum sem er ekki búið að semja um nýtingu á.

Utanrmn., sem fékk þetta mál til umsagnar, var einróma í því áliti sínu að réttara væri að orða umrædd ákvæði fremur með þeim hætti að landanir úr slíkum stofnum skyldu óheimilar en veita hins vegar ráðherranum heimild til að leyfa þær ef honum sýndist ástæður til. Jafnframt taldi nefndin rétt, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, að fara að ábendingum Landhelgisgæslunnar um að í staðinn fyrir að erlent veiðiskip tilkynnti sig hafnaryfirvöldum skyldi það tilkynna sig Landhelgisgæslunni sem sæi svo aftur um að láta sjútvrn. vita teldi hún það þurfa. Í báðum útgáfum er þannig kveðið á um að erlend skip tilkynni sig til yfirvalda sem aftur gerir sjútvrn. viðvart sem síðan vegur og metur hvort rétt sé að leyfa löndunina eða ekki. Þarna er ekki um neina eðlisbreytingu að ræða að mínu mati frá fyrri gerð frv. Helsta röksemdin fyrir seinni útgáfunni var að vísu sú að það orðalag gæfi íslenskum stjórnvöldum aukið vogarafl í samningum við erlendar þjóðir um sameiginlega stofna. Ég er í sjálfu sér ekki sammála þeirri röksemd. Það má e.t.v. segja að þetta sé varfærnara orðalag. Ég tel breytinguna hins vegar lítilvæga og ef hægt er að ná um hana sátt get ég fyrir mitt leyti vel fallist á hana.

Í dag eru nokkrir stofnar sem ekki er búið að semja um nýtingu á. Um er að ræða stofna sem að hluta til halda sig innan íslenskrar lögsögu, að hluta til utan hennar, sumir í lögsögu annarra ríkja eða á alþjóðlegu hafsvæði. Það er til að mynda karfi, bæði gullkarfi og djúpkarfi, sem við eigum sameiginlega með Grænlandi og Færeyjum. Jafnframt er djúpkarfi að einhverju marki á alþjóðlegu hafsvæði. Úthafskarfi er bæði innan íslenskrar og grænlenskrar lögsögu og jafnframt á alþjóðlegu hafsvæði. Við höfum úthafsrækju sem við

eigum sameiginlega með Grænlandi. Kolmunni gengur í gegnum lögsögu margra ríkja. Við höfum loðnu sameiginlega með Grænlandi og Noregi og grálúða er að líkindum að einhverju marki einnig í grænlenskri lögsögu þó að það mál sé ekki fullkannað. Síðan má heldur ekki gleyma hinum gamalgróna og góða norsk-íslenska síldarstofni sem fer um lögsögu nokkurra ríkja og alþjóðleg hafsvæði ef hann tekur aftur upp fyrri hegðan. Mestir hagsmunir í dag varða fyrst og fremst tvær tegundir, rækju og karfa. Um hvorugan stofninn er samið og mér skilst að samningar séu ekki í gangi, sem mér finnst sæta nokkurri furðu þó að mér sé kunnugt um að viss tregða sé af hálfu Grænlendinga. Minni deilur standa í sjálfu sér um rækjuna, ekki síst vegna þess að verulega stór hluti hennar er innan grænlenskrar lögsögu eins og hér hefur komið fram. Það er úr þessum stofnum sem rækja dönsku skipanna kemur sem deilur hafa staðið um og fréttir verið af síðustu vikur. Grænlendingarnir hafa hins vegar sjálfir fengið að landa afla hérlendis úr þessum stofnum, samkvæmt sérstökum samningum. Ég vil taka undir með fyrri ræðumönnum að ég tel mjög nauðsynlegt að gengið verði til samninga við Grænlendinga um þennan stofn sem fyrst. Hitt er svo annað mál að þeir hagsmunir, sem við Íslendingar eigum í húfi varðandi þennan stofn, eru þess eðlis að ég tel alveg vansalaust að leyfa þeim dönsku skipum sem um ræðir landanir í höfnum hér heima þangað til samningum verður lokið. Ég vænti þess að sjútvrh. heimili það þegar í stað eftir gildistöku þessara laga.

Ég ítreka að við leyfum nú þegar Grænlendingum landanir úr þessum stofnum. Hér er einfaldlega ekki um það mikla hagsmuni að ræða í þessu tiltekna máli að við eigum að fetta fingur út í landanir Dana fram að þeim tíma að samningar nást.

Ég vil líka taka það fram að ég er ekki alveg sammála þeim túlkunum sem hér hafa komið fram í máli sumra hv. þm. að nauðsynlegt sé að hafa utanrmn. með í ráðum varðandi leyfi fyrir einstakar landanir. Ég nefni t.d. þann möguleika að skip kæmu hér og vildu landa úr sameiginlegum stofnum sem ekki er búið að semja um en eru vannýttir, t.d. stofni eins og kolmunna. Þá tel ég það hálfhlálegt svo ekki sé meira sagt að fara að ræða sérstaklega einstök tilvik í utanrmn. Mér skildist á hv. þingmönnum hér áðan að farið væri fram á slíkt.

Hvað karfann varðar er hins vegar miklu meira í húfi. Þar verðum við að gera okkar ýtrasta til að vernda stofninn frá ofveiði. Karfinn sem deilt er um í þessu tilviki er í rauninni tveir stofnar. Það er annars vegar gullkarfinn sem við þekkjum svo vel og hins vegar djúpkarfinn sem minna er vitað um. Þessir stofnar eru sameiginlegir Íslendingum, Færeyingum og Grænlendingum. Færeyingar hafa verið að taka þetta 12.000–15.000 tonn á hverju ári síðustu ár. Við Grænland hafa veiðst um 5.000 tonn og við Íslendingar höfum síðan veitt um 90.000 tonn. Alþjóðlega hafrannsóknaráðið hefur lagt til að heildarkvótinn verði 116.000 tonn og byggir það vitaskuld á nokkuð góðum rannsóknum. Við höfum sem sagt á grundvelli útbreiðslu og veiðireynslu gert tilkall til þessara 90.000 tonna. Grænlendingar hafa ekki viljað semja. Ástæðan er ekki síst sú að þeir hafa aflað sér tekna með því að selja veiðiheimildir til Efnahagsbandalagsins sem hefur síðan látið þær Þjóðverjum í té. Þannig seldu þeir á síðasta ári veiðiheimildir fyrir 46.000 tonn og menn sjá í hendi sér að ef þeir mundu nýta þessi 46.000 tonn þá mundu veiðar á karfanum fara talsvert fram yfir það sem vísindamenn ráðleggja og mjög líklegt að ofveiði kynni að veikja stofninn.

Hitt er svo annað mál að Þjóðverjar hafa ekki veitt nema sáralítið af þessu magni af þeirri ástæðu sem hér hefur verið drepið á í dag að útgerð við Austur-Grænland er afskaplega erfið nema útgerðaraðilar hafi aðstöðu til að reka hana frá Íslandi.

Karfastofninn er okkur Íslendingum afar mikilvægur og þess vegna er hér um það mikið hagsmunamál að tefla fyrir okkur að ég tel ekki réttlætanlegt að nýta heimildir í núverandi lögum eða því frv. sem hér er til umræðu til að leyfa Þjóðverjum þetta fyrr en búið er að ganga tryggilega frá samningum um nýtingu stofnsins. Þetta vil ég að komi fram vegna þess að hér er um miklu mikilvægara mál að ræða fyrir okkur en rækjuna sem ég gat um áðan.

Mig langar líka, virðulegi forseti, að drepa aðeins á þorskveiðar sem fara fram við Grænland. Þar er alls ekki um sameiginlegan stofn að ræða þótt vissulega hafi á sumum árum átt sér stað seiðarek frá Íslandi og yfir til Grænlands, fiskur sem að mestum hluta er talinn ganga aftur hingað. Þarna er ekki um sameiginlega stofna að ræða og í mínum huga er þess vegna enginn efi um að frv. sem hér liggur fyrir mun sjálfkrafa heimila löndun erlendra skipa á þorskafla frá Grænlandi.

Það má kannski rifja upp hér að þorskstofnar við Grænland eru tveir, þ.e. annar er við Austur- og hinn við Vestur-Grænland. Því miður hefur aflinn hin síðustu ár ekki verið mikill og útlitið núna bendir heldur ekki til mikils bata. Í fyrra veiddust aðeins u.þ.b. 15.000 tonn úr hvorum stofni. Kvótinn í ár er svipaður og aflinn mun vera veiddur að meiri hluta af Þjóðverjum en jafnframt munu Grænlendingar veiða talsvert. Það liggur hins vegar fyrir að áhugi er á því að landa a.m.k. hluta þessa afla hér á landi. Ég hygg að það kynni að reynast veruleg lyftistöng fyrir fiskmarkaði og atvinnu á ýmsum stöðum á suðvesturhorninu og e.t.v. víðar. En því má hins vegar ekki gleyma að þó að þorskstofnar séu núna í lágmarki við Grænland, þá eru ekki margir áratugir síðan stofnarnir voru miklu miklu stærri. Þannig var það t.d. milli áranna 1955 og 1960 að við Vestur-Grænland veiddust hvorki meira né minna en 400.000 tonn á hverju ári. Þá var um að ræða afar sterkan hrygningarstofn en á ísárunum, um og eftir 1965, misheppnaðist klak og fór saman við ofveiði svo stofninn var keyrður niður. Það getur hins vegar allt eins komið til þess einhvern tímann í framtíðinni að þessir stofnar við Grænland vaxi aftur og þá kynnu landanir úr þeim að skipta verulega miklu máli fyrir atvinnulíf á Íslandi.

Ég vil að lokum segja, virðulegi forseti, að ég tel

þetta frv. horfa til mikilla heilla og er ánægður með þá miklu samstöðu sem menn hafa lýst hér í dag um þær breytingar sem lagðar eru til á því.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er ætlun mín að skemma þessa helgistund með því að upphefja einhvern ágreining í málinu en því miður verð ég að segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hann hefur ekki alveg skilið viðhorf mín hárrétt í þessum efnum, þ.e. hann virðist ætla mér að vera bjartsýnni á það að mikil viðskipti fylgi nokkurn veginn sjálfkrafa og fyrirhafnarlaust í kjölfar þessara lagabreytinga til handa íslenskum skipasmíðaiðnaði. Ég er í hópi vissra efasemdarmanna í þeim efnum, þ.e. ég er ekki þeirrar skoðunar að flotar komi fyrirvaralaust og fyrirhafnarlaust siglandi til þess að kaupa hér þjónustu eða fara í viðgerðir í íslenskum skipasmíðastöðvum þó svo að við breytum lögunum. Ég held að því miður mundi sáralítið gerast af sjálfu sér í þessum efnum og menn þurfa að hafa fyrir því að nýta þá möguleika sem hins vegar opnast vonandi með þessum breytingum og ég er reyndar í litlum vafa um að einhver þjónustuviðskipti munu fylgja í kjölfarið. Hins vegar er ég ekki bjartsýnn á það í fljótu bragði að við óbreytt starfsskilyrði íslensks skipasmíðaiðnaðar muni umfangsmikil viðgerðar- eða smíðaverkefni færast inn í landið þrátt fyrir þessa breytingu. Væntanlega verður talsvert um minni háttar viðgerðir sem borgar sig að ráðast í hér vegna þess að skipin eru stödd á miðum í nágrenni við landið. Greiðir það þar með götu slíks að þau geti landað. Ég óttast því miður að einhver umtalsverð og meiri háttar smíðaverkefni eða viðgerðir muni ekki koma sjálfkrafa hingað og allra síst að óbreyttum starfsskilyrðum í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Fyrir því mun þurfa að hafa hér eftir sem hingað til og ég bendi á að tæplega er kunnugt um nein tilvik þar sem meiri háttar smíðaverkefni eða viðgerðarverkefni hafi tapast úr landi vegna gildandi laga því að fyrir slíku hafa jafnan verið veittar undanþágur.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég misskildi hv. þm. Steingrím Jóhann ekki neitt. Ég er honum alveg sammála um að það þarf að leggja út í verulegt markaðsátak til að nýta þessar breytingar fyrir innlendan skipaiðnað, en það er nákvæmlega það sem ýmsar aðrar þjóðir hafa gert. Ég bendi til að mynda á Færeyinga þar sem stjórnvöld beittu sér fyrir því að þarlendar skipasmíðastöðvar fengu verkefni við rússneska flotann. Ég bendi líka á Íra þar sem ríkisstjórnin sjálf var tengd viðræðum við Rússa sem leiddu til þess — að mig minnir — að árið 1988 höfðu fengist til Írlands, nánar tiltekið til skipasmíðastöðva í Cork, samningar sem yfir nokkur ár jafngiltu 200 millj. sterlingspunda og var greitt með fiski. Þetta kallaði Charles Haughey, sá litríki fír sem þá var forsætisráðherra, „happdrættisvinning" fyrir írskar skipasmíðastöðvar. Vitaskuld þarf að hafa fyrir þessu en það er hægt. Ég er alveg sannfærður um það á þeim viðbrögðum sem þetta frv. hefur fengið frá ýmsum stöðum á landinu, m.a. úr kjördæmi hv. þm. Steingríms Jóhanns, að menn binda nokkrar vonir við að fá viðhaldsverkefni inn í landið og ýmiss konar tilfallandi viðgerðir, en ég er sammála honum um það að þetta mun ekki leiða til þess að hér verði um einhver meiri háttar smíðaverkefni að ræða. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, og ekki bara ég heldur þeir sem véla í þessum iðnaði, að sú staðreynd að skipin höfðu ekki löndunarleyfi og gátu yfirleitt ekki gert sér vonir um að fá löndunarleyfi gerði það að verkum að þau leituðu ekki eftir slíkum samningum. Mér er tjáð af mönnum úr iðnaðinum að mýmörg dæmi séu um þetta.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið er nú dásamlegt þegar menn ræða málin, þá eyðist jafnan allur óþarfur misskilningur. Svo er í þessu tilviki. Mér heyrist við vera bærilega sammála, ég og hv. 17. þm. Reykv. um almenn áhrif af þessum breytingum og þá stendur aðeins eftir eitt og það er þetta: Er íslenskum stjórnvöldum, og ég tala ekki um núverandi framkvæmdarvaldi, treystandi til þess að styðja þannig við bakið á íslenskum skipasmíðaiðnaði að honum nýtast þessir möguleikar? Einmitt á því sviði liggja aðaláhyggjur mínar með hliðsjón af þeim endemis aumingjaskap sem auðvitað hefur ríkt hjá íslenskum stjórnvöldum um árabil í þessum efnum, að horfa á íslenska skipasmíðaiðnaðinn koðna niður og verða að engu í höndunum á okkur þar sem áður var myndarleg þúsund manna atvinnugrein. Það vekur manni ekki miklar vonir um að menn hristi einmitt núna af sér slyðruorðið og styðji þá við bakið á íslenska skipasmíðaiðnaðinum eins og gert var á Írlandi og í Færeyjum og víðar þar sem menn hafa tekið á starfskjörum þessarar greinar af allt öðrum skilningi. Við gætum lært af t.d. Írum í fleiri efnum. Ég bendi á hvernig þeir hafa byggt upp heilmikinn iðnað í landi sínu í sambandi við þjónustu við millilendingu flugvéla einmitt með því að styðja við bakið á þeirri grein og skapa henni hagstæð samkeppnisskilyrði þannig að hún geti dregið til sín viðskipti á þessum sviðum.

Þarna eru við kannski ósammála, ég og hv. þm., því hann glaptist til að styðja þessa ríkisstjórn enn sem komið er og ég hef því miður ekki mikla trú á að hún muni gera stórafrek í þessum efnum. Hæstv. núv. iðnrh. verður að horfast í augu við það að sennilega hefur enginn einn íslenskur iðnrh. mátt horfa upp á aðra eins afturför og niðurlægingu í íslenskum skipasmíðaiðnaði og einmitt hann.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon kveðst ekki vera mjög bjartsýnn varðandi frammistöðu ríkisstjórnarinnar. Ég hef tekið eftir því að þingmaðurinn verður óskaplega daufur til augnanna þegar hann ræðir um ríkisstjórnina. En af því að við erum að tala um ríkisstjórnina og frammistöðu hennar í skipaiðnaði þá liggur fyrir að fyrir tilstilli þessarar ríkisstjórnar en ekki síðustu ríkisstjórnar, sem hv. þm. átti sæti í, er verið að gera þessar breytingar sem þingmaðurinn hefur sjálfur sagt hér rétt áðan að muni

horfa til framfara íslenskra skipasmíðastöðva. Er það ekki líka rétt, hv. þm., að núv. iðnrh. hefur m.a. beitt sér fyrir því eins og aðrir aðilar innan ríkisstjórnarinnar að lánshlutfall til smíða skipa erlendis hefur verið lækkað? Er það ekki stuðningur við innlendan skipaiðnað? Ég spyr.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Út af því að hæstv. iðnrh. hafi beitt sér fyrir því að lækka lánshlutfall til skipasmíða erlendis vil ég segja að svo virðist vera að til séu leiðir fram hjá því. Því miður held ég að útgerðarfyrirtæki eigi mjög auðvelda leið til þess að fá lán erlendis til þess að fylla upp í skarðið og það hafi þegar verið gert með samþykki hæstv. ríkisstjórnar. Skip hafa verið keypt erlendis frá þar sem menn hafa leyft lántökur á móti þessari rýrnun, sem hefur orðið á lánsmöguleikum í Fiskveiðasjóði. Það kann því að vera að þetta vegi ekki eins þungt og við vonuðum þegar þessi mál voru síðast til umræðu. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál í þessari umræðu.

Ég lýsi því yfir að ég er einn af þeim sem samþykkja frv. eins og það liggur fyrir með brtt. en ég tel að það hafi orðið á því eðlisbreyting þótt hv. 17. þm. Reykv. hafi viljað halda fram að svo hafi ekki verið. Ég tel að mikill munur sé á því hvort ráðherra hefur heimild til að takmarka aðgang að höfnum fyrir erlend skip eða hvort honum er það skylt eins og er eftir nýju tillögunni. Verulegur munur er fyrir ráðherrann að starfa undir því. Þess vegna held ég að þar hafi orðið á mikil eðlisbreyting.

Mig langar til þess að gera 2. gr. frv. sérstaklega að umræðuefni og með tilvísun til þeirrar fyrstu reyndar líka vegna þess að efni þeirra hefur komið hér til umræðu, þ.e. eignarhald Íslendinga á þeim skipum er eigi að fá að veiða í landhelginni. Það er ekki lítil ástæða til að ræða þetta mál og auðvitað á að ræða það í ljósi þess sem ráðamenn þjóðarinnar hafa nú verið að segja. Hæstv. sjútvrh. hefur talað og hann hefur talað oftar en einu sinni þó að við þurfum að biðja hann að tala hér með skýrslum. Við þurfum að senda sérstakar beiðnir til ráðherra til þess að fá að tala við hann á Alþingi. Hann talar á ýmsum ráðstefnum úti í bæ og m.a. talaði hann á sjávarútvegsráðstefnu norður í landi og hann mun hafa talað í hádeginu í dag á einhverjum hádegisverðarfundi. Þar er hann að tala um grundvallaratriði sem snúa að eignarhaldinu í sjávarútvegi. Á ráðstefnunni fyrir norðan lagði hann fram hugmyndir sínar um að leysa þetta stóra mál, sem eignarhaldið á veiðiheimildunum er, með því að einhvers konar almenningshlutafélög fengju úthlutað kvótanum. Þ.e. ef kvóti fer yfir ákveðið mark yrði almenningshlutafélag að eiga hann. Mér finnst þetta aldeilis ófullnægjandi. Ég hef orðrétt það sem hann sagði á ráðstefnunni í morgun, með leyfi forseta: „En meginniðurstaða mín af þessari umfjöllun er sú að það sé veruleg óvissa nú um það hver séu gildandi lög í landinu og hvernig þau eigi að túlka. Það séu allar líkur á því að þau séu mjög erfið í framkvæmd og nánast útilokað að framkvæma þau og það verði óhjákvæmilegt að endurskoða þau og rýmka heimildina. En ég legg höfuðáherslu á að við megum ekki ganga svo langt í opnun fjárfestinga útlendinga í íslenskum útgerðarfyrirtækjum að við töpum yfirráðum okkar yfir landhelginni sjálfri og þeirri auðlind sem við byggjum afkomu okkar á."

Þarna talar hæstv. sjútvrh. í ríkisstjórninni, sem leggur fram það frv. til laga sem við erum að fjalla um, og þar sem stendur alveg fortakslaust að þeir einir eigi að fá veiðiheimildir í íslenskri landhelgi sem séu íslenskir ríkisborgarar og íslenskir lögaðilar. Við erum því núna á þessari stundu að fjalla um lagafrv. sem er alveg skýrt og fortakslaust á sama tíma sem hæstv. sjútvrh. er úti í bæ að fjalla um að ekki sé hægt að framkvæma svona lög og það þurfi að gera breytingar á þeim. Mér finnst þetta furðulegt, ég verð að segja það alveg eins og er. Ég vil benda mönnum á það að ef kvótakerfið verður í aðalatriðum óbreytt og ef breytingar verða gerðar á þessum hlutum, sem snúa að eignaraðild útlendinga að fyrirtækjum í sjávarútvegi, þá erum við að viðurkenna að erlendir aðilar megi eiga í auðlindinni, einfaldlega vegna þess að að óbreyttu kvótakerfi er ígildi eignarhalds komið á veiðihlutdeildina. Ekki er einu sinni svo að þetta sé ákveðinn kvóti heldur er þetta veiðihlutdeild, þ.e. hlutdeild í þeirri veiði sem má taka úr hugsanlegum stofnum framtíðarinnar, þannig að það getur orðið miklu meira virði og stærra þegar fram líða stundir. Mér finnst þetta mjög alvarlegt mál og ég sé ekki tilganginn í því að við höldum áfram að afgreiða mál nema því aðeins að við vitum að það sé einhver meining í því. Eigum við von á því að hér komi inn frv. til laga frá ríkisstjórninni sem taki til baka það sem stendur í 1. og 2. gr. þessa frv., þ.e. að það þurfi að vera fortakslaust að íslenskir aðilar eigi þau skip sem eru gerð út á Íslandsmiðum?

Mér finnst þetta mikið og stórt mál og mér finnst ósiður, sem þingmenn þyrftu að ræða alvarlega og ætti að leggjast af, að haldnar séu ráðstefnur úti í bæ á sama tíma og hér eru þingfundir og menn hafa ekki tækifæri til að sækja þær. Núna er t.d ráðstefna þar sem heilbrrh. fjallar um mál sín. Við heyrum af alls kyns ráðstefnum hér og þar og fundum þar sem þingmenn eru auglýstir sem þátttakendur og allt fer þetta fram á þingtíma. Ég er ekkert að ásaka einn eða neinn, ég er bara að segja að það þurfi að koma til alvarlegrar skoðunar hvort ekki eigi að koma sér upp einhvers konar reglum um það að reyna að fría þingmenn frá því að þurfa að mæta á fundi þegar þinghald stendur. Allir þingmenn eru meira og minna undir það seldir að vera beðnir að mæta á fundum meðan þinghald stendur. Ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að við erum sífellt að fá fréttir af einhverjum fundum úti í bæ sem við höfum ekki tækifæri að vera á og fylgjast með því ráðamennirnir vilja ekki tala við okkur í þinginu en þeir eru tilbúnir að tala upp úr poka sínum þar sem þeir koma á ráðstefnur úti um borg og bý. Ég hvet til þess að þeirri beiðni sem við alþýðubandalagsþingmenn höfum auðmjúkir lagt fram, um að fá að ræða sjávarútvegsmál í þinginu verði tekið vinsamlega og

henni verði komið á dagskrá sem allra fyrst.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira. Ég mun samþykkja þetta frv. þrátt fyrir allt og ætla satt að segja að vona það að þó við séum að fá fréttir af því að menn hafi ekki mikla trú á því að það sé hægt að framfylgja slíkum lögum, þá reynum við a.m.k. að styðja það með því að rétta upp hendurnar eða ýta á hnappinn með jáyrði við þessu frv.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. gerði að umræðuefni ummæli sjútvrh. á einhverjum morgunverðarfundi. Sjútvrh. var á fundi Verslunarráðs Íslands í gær og á þeim fundi varaði hann við því að menn opnuðu fyrir beina óhefta eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi. Með því væri verið að afhenda erlendum aðilum auðlindina og sleppa yfirráðum okkar yfir landhelginni. Hann sagði enn fremur að lögin frá sl. ári um eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi væru ekki nægjanlega skýr. Það hefur komið fram áður og ég hygg að það sem hv. 4. þm. Austurl. gerði að umræðuefni hafi verið það túlkunaratriði á þeim lögum að ef útlendingur sem ætti einhverja aðild, hvort sem það væri með beinum eða óbeinum hætti í íslensku útgerðarfélagi, þá bæri að taka veiðileyfi af slíkri útgerð. Sjútvrh. og ráðuneyti hafa óskað eftir því við ríkislögmann að hann semji og sendi því greinargerð um túlkun þess á þessum lögum.

Ég held að ekki sé hægt að segja neitt fortakslausara en gert er í fyrstu tveimur greinum þessa frv. varðandi aðild útlendinga því að 1. gr. segir að erlendum skipum séu bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eins og hún er ákveðin í lögunum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. „Erlendum skipum er óheimilt að vinna afla í efnahagslögsögu Íslands." Í 2. gr. segir að fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands „mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara. Til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands má aðeins hafa íslensk skip. En íslensk nefnast í lögum þessum þau skip sem skráð eru hér á landi."

Ég held að varla sé hægt að hafa þessa hluti fortakslausari en þeir eru í fyrstu tveimur greinum þessa frv. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

En af hverju er þetta komið inn í umræðuna? Það er vegna þeirrar túlkunar sem var gerð snemma á sl. hausti að útlendingur mætti hvergi eiga í íslensku útgerðarfélagi eða útgerð. Þá kom upp þetta dæmi, að a.m.k. tvö olíufélaganna eru með erlenda aðila sem hlutahafa og tryggingarfélög og jafnvel fleiri aðilar eru með erlenda hluthafa að einhverju litlu leyti. Á að banna þessum félögum að eignast hlutdeild í útgerð hversu lítil sem hlutdeild útlendinga er? Nú hafa þessi félög og þessir aðilar komið inn í sjávarútveginn í þrengingum hans sjálfs og hafa á þann hátt komið sjávarútveginum til styrktar. Ef það verður túlkun ríkislögmanns að erlendir aðilar séu orðnir beinir þátttakendur í útgerð, ef þeir eru litlir hluthafar í félagi sem aftur er hluthafi í útgerð og þá sé það fortakslaust að svipta eigi þá útgerð veiðiheimildum — þessi túlkun verður auðvitað að liggja fyrir — þá verður að taka afstöðu til þess máls. Ég held að enga menn greini á um það ef útlendingarnir eru orðnir stórir hluthafar í slíkum fyrirtækjum sem gerast svo aftur hluthafar í útgerðarfélögum þá snúumst við til varnar.

Hins vegar eru ýmsar aðrar hættur og blikur á lofti sem við sjáum ekki fyrir og oft er hægt að komast inn bakdyramegin með ýmsum hætti. En okkur greinir ekkert á um það að við viljum og ætlum okkur að Íslendingar einir nýti íslenska fiskveiðilögsögu og þannig að útgerðin sé alíslensk. En það er vandfarið með það hvernig við getum komið í veg fyrir það að útlendingar geti með einhverjum hætti læðst inn. Það er líka hægt að notfæra sér íslenska leppa. Leppar hafa verið til á öllum tímum í sögu þjóðanna og við þeim verður að sjá. Það er fyrst og fremst höfuðatriðið og atriði sem okkur greinir ekki á um að við viljum að nýting 200 mílna fiskveiðilögsögunnar sé alfarið í höndum Íslendinga einna. Ég hef ekki orðið var við það að á sjútvrh. sé nokkurn bilbug að finna að halda fast við þá stefnu.

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir og tek undir orð síðasta ræðumanns að fortakslaust sé tekið á um hvernig fara skuli með þannig að menn þurfi ekki að óttast að erlendir aðilar komi inn með þeim hætti sem ýmsir hafa rætt hér um. Hins vegar eru nokkur atriði, sem ég vildi koma inn á, og sem hv. þm., sem hafa talað á undan mér, hafa minnst á.

En fyrst það sem ekki hefur verið rætt. Það er mál sem snýr að Landhelgisgæslunni eða þess 740.000 km^2 svæðis, sem Landhelgisgæslunni er ætlað að gæta, og ekki minnkar verksvið hennar þegar það mál, sem við ræðum nú, verður að lögum. Sú spurning hlýtur að vakna hvort Landhelgisgæslan sé í stakk búin til þess að hafa það eftirlit sem nauðsynlegt er. Í brtt. við 4. gr. segir: „Erlent veiðiskip sem leitar hafnar á Íslandi skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands fyrirætlan sína við komu inn í íslenska efnahagslögsögu. Jafnframt skal tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar."

Ég tel að til þess að okkur auðnist að gæta landhelginnar með þeim hætti sem við viljum og hafandi gert þá breytingu sem hér um ræðir þá krefst það meira starfs af Landhelgisgæslunni og vissulega verðum við að vera tilbúin til að mæta því.

Það var athyglisvert að hlusta á 17. þm. Reykv. ræða um að landanir erlendra skipa hefðu vaxandi áhrif á atvinnulíf á suðvesturhorninu. Í viðtali í því gagnmerka blaði, Alþýðublaðinu, telur hann að þetta muni stórauka viðskiptalíf Hafnarfjarðarhafnar. Þá má líka lesa um það í blöðum að fulltrúar ríkisstyrktrar Hafnarfjarðarhafnar hafa nú þegar stigið á erlenda grund, eða nánar tiltekið í Cuxhaven, til að ræða við þýska aðila um það að skip þeirra komi til löndunar í Hafn-

arfjarðarhöfn. En um hvað er verið að semja þar? Getur verið að nú séu fulltrúar hinna ýmsu hafna komnir í þær stellingar að þeir séu tilbúnir að semja í samkeppni við aðrar hafnir landsins um lægri hafnargjöld, um lægri aflagjöld og lægri en íslensk fiskiskip þurfa að greiða í dag? Er verið að hleypa af stokkunum meiri vanda en leystur er hvað þessar brtt. áhrærir?

En vegna þess að rætt hefur verið um suðvesturhornið er augljóst mál að fleiri hafnir bæði á Vestfjörðum og á Norðurlandi horfa vissulega til þessarar sömu áttar og fulltrúar Hafnarfjarðarhafnar hafa gert. Líka má hugleiða hvort þessi lög gætu orðið til þess að kvótasala Grænlendinga til erlendra veiðiskipa mundi stóraukast vegna löndunar þeirra í íslenskum höfnum. Getur það orðið til þess að það hafi áhrif á fiskgengd við Ísland vegna mikillar ásóknar erlendra ísfisks- og verksmiðjutogara? Það er líka spurning hvort yfir höfuð náist nokkrir samningar við Grænlendinga um sameiginlega nýtingu veiðistofna við Grænland og Ísland eins og hér hefur komið fram.

Það er athyglisvert hvað menn hafa talað mikið um að þetta frv. muni veita miklum innblæstri í skipasmíðaiðnaðinn. Í máli manna hefur líka komið fram að þeir hafi verulegar áhyggjur af skipasmíðaiðnaðinum á Akureyri og að þetta frv. muni væntanlega verða til þess að leysa þann vanda. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat þess að aumingjaskapur fyrrv. stjórnvalda hvað áhrærði íslenska skipasmíðaiðnaðinn væri einsdæmi og hjó hann þá nærri sjálfum sér. Rétt er að benda á að Stálsmiðjan í Reykjavík, sem nú á hið gamla fyrirtæki sem áður hét Slippfélagið í Reykjavík og var stofnað 1902, hefur um 130 manns í vinnu og ætla má að um 1.000 manns hafi atvinnu á vegum þessa fyrirtækis, þ.e. þjónustu í einni eða annarri mynd við þau skip sem þjónustu leita til Stálsmiðjunnar. Hún á í erfiðleikum jafnt sem Slippstöðin á Akureyri. Eðlilega þarf að líta til fleirri átta, hæstv. iðnrh., en eingöngu til Slippstöðvarinnar á Akureyri. Það kemur mér á óvart hve mjög menn kætast yfir þeirri ásýnd og þeim innblæstri sem menn fá vegna skipaiðnaðarins er þetta frv. verður að lögum en benda má á að í dag eru um 1.500–2.000 ársverk unnin erlendis vegna íslenska fiskiskipaflotans. Maður spyr sjálfan sig að því hvort ekki væri eðlilegt að beina viðskiptum íslenska fiskiskipaflotans til þeirra fyrirtækja sem eru nú þegar í skipasmíðaiðnaði innan lands áður en menn fara að horfa svo mjög til þess að löndun erlendra veiðiskipa muni bjarga því sem bjarga þarf í íslenskum skipasmíðaiðnaði.

Ég vil aðeins að lokum, frú forseti, endurtaka það sem ég sagði hér í upphafi. Þetta var mjög tímabært að þessum lögum yrði breytt og ég vona að það náist jafngóð samstaða um þetta mál í þinginu og gerðist í sjútvn.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki alveg nákvæmlega rétt með farið hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að ég hafi tekið suðvesturhornið út úr vegna þess að ég sagði: „suðvesturhornið og öðrum stöðum á landinu". Ég er alveg sannfærður um að það eru ekki bara staðir hér á suðvesturhorninu sem munu hljóta nokkurn ábata af löndunum erlendra skipa hér, það verða fleiri staðir þegar fram í sækir. En af því að þingmaðurinn nefndi sérstaklega Hafnarfjörð, þá er það svo að Hafnarfjörður virðist hafa haft mest frumkvæði ásamt öðrum stöðum á Suðurnesjum eins og Keflavík til að komast í viðskipti hjá togurum sem eru að veiða þorsk við Grænland. Til þessa hafa togararnir siglt fram hjá Íslandi til Færeyja og jafnvel til Bretlands. Það er skammt síðan að fregnir voru um það að gerður hefði verið samningur um sölu þorsks við fyrirtæki sem starfrækir átta togara og flesta þeirra við Grænland.

Ég tók sérstaklega fram í máli mínu áðan að við þyrftum að gjalda varhug við að auðvelda Þjóðverjum að veiða karfa við Grænland vegna þess að það getur leitt til ofnýtingar á stofnum sem við erum sjálf að veiða úr. Það tók ég sérstaklega fram, virðulegur þingmaður. Ég tel þess vegna ekki að þetta löndunarleyfi sem væntanlega mun koma með frv., þegar það verður að lögum, auki ásókn í veiði við Grænland. Ég vil líka að fram komi að Þjóðverjar hafa um nokkurra ára bil keypt veiðiheimildir á karfa við Grænland, Evrópubandalagið hefur keypt og greitt það fyrir Þjóðverja. Þeir hafa hins vegar ekki notað veiðiheimildirnar. Getgátur eru uppi um það að þetta sé í rauninni ekkert annað en farvegur sem Evrópubandalagið hefur fundið til þess að koma svolitlum peningum til Grænlendinga. Þetta vildi ég að kæmi fram og ég ítreka að ég get ekki með nokkru móti séð að þetta frv., yrði það að lögum eins og allir hér virðast vona, mundi leiða til þess að meiri ásókn yrði á mið við Grænland sem gæti leitt til þess að fiskgengd mundi minnka hér við Ísland. Ég sé engin rök fyrir því.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef einkum áhyggjur af málinu sem snýr að samkeppni hinna innlendu hafna. Það er ekki langt að minnast þess hvar hafnaryfirvöld Ísafjarðarhafnar og Hafnafjarðarhafnar deildu mjög um viðskipti við rækjutogara frá Grænlandi. Ég óttast að svo muni kapphlaupið verða mikið um samskipti við erlend fiskiskip að stjórnir hinna ríkisstyrktu hafna muni ekki sjást fyrir í niðurboði hver við aðra, að ég nefni ekki þá einu höfn hér á landi sem aldrei hefur notið ríkisstyrks, Reykjavíkurhöfn. Hún mun vissulega koma inn í þessa mynd líka. En ég vona þó síðast en ekki síst að þetta frv. verði okkur til gæfu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða mál sem mér heyrist vera nokkuð góð samstaða um þannig að umræður þurfa í sjálfu sér ekki að vera mjög langar þótt nokkuð hafi teygst úr þeim vegna hliðarmálefna.

Mig langar til að koma á framfæri í kjölfar ummæla hv. 17. þm. Reykv., sem því miður er farinn úr salnum, varðandi þær breytingar sem orðið hafa á lánshlutfalli til nýsmíða, sérstaklega erlendis. Það var dálítið athyglisvert að þær breytingar tóku ekki gildi fyrr en búið var að samþykkja í Fiskveiðasjóði lánveiting-

ar upp á milljarða til nýsmíða erlendis. Menn gripu því nokkuð seint til aðgerða í því máli. Ég vil leyfa mér að halda því fram að ráðamönnum í þessum málaflokki, ráðherrum sem öðrum, hljóti að hafa verið kunnugt um þessi áform. Ef þeir vildu hafa áhrif í þá veru að menn beindu nýsmíðinni fremur að innlendum stöðvum en erlendum þá höfðu þeir öll tækifæri til að grípa til þeirra aðgerða áður en ákvörðun var tekin í stjórn Fiskveiðasjóðs. Þó ég geri ekki lítið úr þessari breytingu og tel að hún sé til bóta þá finnst mér hún samt bera vott um ákveðinn tvískinnung í þessum málum.

Ég vil undirstrika ákvæði 2. gr. í frv. sem mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um. Auðvitað er það áhyggjuefni þegar maður heyrir raddir málsmetandi manna sem efast um að hald sé í ákvæðum sem þessum. Ég neita því ekki að ég hrökk við fyrir nokkru þegar ég heyrði í sjónvarpi viðtal við hæstv. fjmrh. sem setti fram þá skoðun, ef ég man rétt, að það væri eiginlega óhjákvæmileg þróun sem mundi gerast að útlendingar kæmu inn í íslenskan sjávarútveg. Hvernig er þá hugurinn í ríkisstjórninni ef einstakir ráðherrar eru þessarar skoðunar? Hver er þá viljinn til að standa þannig að málum að útlendingum sé haldið utan við sjávarútveginn? Það er sérstaklega áhyggjuefni í ljósi þess að núverandi ríkisstjórn hefur fullan hug á því að fá lögfestan samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég bið menn að íhuga hvernig staða okkar verður til að koma í veg fyrir þá þróun að útlendingar verði beinir þátttakendur í útgerð hér á landi þegar útlendingar mega eiga nánast í hverju einasta fyrirtæki öðru sem þessi sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að skipta við hvort sem það er í þjónustu, bankaviðskiptum eða á öðru sviði.

Ég sé fyrir mér þá stöðu að á nokkrum árum muni það gerast þegar þetta hefur staðið yfir um nokkurn tíma að menn muni brotna undan þessu og jafnvel líta á það sem eðlilegt sjónarmið að útlendingar eigi hlut í íslenskum sjávarútvegi.

Ég vildi láta þessar áhyggur koma fram þótt í sjálfu sér greini mig ekki á við hv. 1. þm. Vestf. um þetta mál, eins og kom fram í hans máli, en ég er ansi hræddur um að hv. framsögumann nefndarinnar greini kannski verulega á við sína eigin flokksmenn í þessu máli og jafnvel ráðherra í ríkisstjórninni úr báðum flokkum.

Ég vildi svo að lokum, virðulegi forseti, benda á að í 1. tölul. í brtt. frá nefndinni er sjútvrh. veitt heimild til að víkja frá banni við löndun þegar sérstaklega stendur á. Hv. 1. þm. Austurl. telur þetta nægilegt og byggir það á trausti þess að menn virði hefðir í málinu. Ég tók líka eftir því að frsm., hv. 1. þm. Vestf., hafði nokkuð ákveðnar skoðanir á því hvenær ætti að beita þessu ákvæði. Hins vegar tók ég líka eftir því að varaformaður nefndarinnar hafði aðrar skoðanir á því hvenær ætti að beita þessu ákvæði og ég bendi á það að núv. ríkisstjórn er kannski fyrst og fremst að verða þekkt fyrir að ryðja sig út af brautum hefðarinnar, þannig að ef einhvern tímann hefur verið ástæða til að óttast að menn létu hefðirnar lönd og leið þá er það í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að menn muni beita þessu ákvæði e.t.v. með öðrum hætti en til er ætlast. Kannski ekki endilega núv. sjútvrh., sem mér sýnist að geri sér far um það að víkja ekki mjög frá viðhorfum forvera síns, en það koma nýir menn og með þeim geta komið nýir siðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norður-Atlantshafsþingið 1991, frh. einnar umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 265. mál. — Þskj. 443.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð um liðið síðan framsaga var flutt fyrir þessari skýrslu eða nánar tiltekið 27. febr. Það er margt í henni með dálítið gömlum stíl, svo ekki sé kveðið fastar að orði, bæði viðhorf og sjónarmið, og það er leitt að vita til þess að enn skuli vera þingmenn sem eru fastir í gamalli tíð, frosnir inni og komast ekki til nútímans til að skyggnast þar um á sviði alþjóðamála.

Það kemur fram í skýrslunni að víðsýni og þekking aukist við að heyra sjónarmið annarra þjóða. Það get ég út af fyrir sig tekið undir að hljóti að vera hin algilda regla en ég get því miður ekki séð eða heyrt á mæli hv. frsm. að víðsýni hans hafi aukist mikið við að starfa í þessum samtökum. Ég hlýt líka að benda á að það er ýmislegt í störfum þessara samtaka sem mér finnst bera vott um eitthvað annað en víðsýni þó svo við látum þekkinguna liggja á milli hluta.

Ég vil t.d. benda á að eitt af aðildarríkjum samtakanna, samtaka ríkja við Norður-Atlantshaf, er Tyrkland svo að menn teygja nú Atlantshafið nokkuð langt. Ég velti fyrir mér lýðræðinu í því landi, þeirri víðsýni sem menn eiga að vera uppfullir af eftir langan tíma og langa aðild að þessu bandalagi. Hver er víðsýni ráðamanna í Tyrklandi gagnvart minnihlutahópum eins og Kúrdum? Hver er hún, hv. frsm.? Það væri fróðlegt að hann gerði grein fyrir því hvort menn hefðu ekki áhyggjur af því innan þessara samtaka hvernig stjórnvöld þar í landi koma fram við sína þegna.

Það er nöturlegt til þess að vita að menn skuli styðja ríkisstjórn sem gerir sér far um að forsmá grundvallarmannréttindi gagnvart heilli þjóð í sínu ríki. Ég hefði talið það bera vott um víðsýni af hálfu flm. þessarar skýrslu ef hann hefði getið þessa málafloks og skýrt afstöðu Íslandsdeildarinnar til þess.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð um þessa framsöguræðu þó skondin hafi verið, en ég vil minna á og benda á það að þau viðhorf, sem birtast í henni, endurspegla viðhorf þeirra sem enn eru freðnir í fortíðinni og enn trúa á kalda stríðið. Það hvarflar að manni að það hafi verið sérstakt trúaratriði hjá ákveðnum stjórnmálaöflum hér að kalda stríðið væri fyrir hendi og að menn gætu hagnýtt sér það í stjórnmálabaráttu innan lands. Það væri svona ákveð-

ið vopn sem menn teldu sig hafa á hendi til að slást við aðra flokka í íslenskum stjórnmálum. Auðvitað eru slíkir menn í miklum vanda þegar kalda stríðinu er lokið og þeir þurfa vissulega að endurhæfa sig og færa sína hugsun til nútímalegri hátta og ég sýni slíkum mönnum mikið umburðarlyndi og er reiðubúinn að gefa þeim nokkurn tíma meðan sú endurhæfing fer fram.

En það er dálítið athyglisvert að það skuli vera Alþfl., eða talsmenn innan hans sem veifa þessum forneskjulegu viðhorfum. Það er engu líkara en þar sé helst að finna talsmenn þess ástands sem menn gátu hagnýtt sér hér á landi, talsmenn einokunarsamsteypu sem hefur mokað gulli árum saman í skjóli einkavalds á Keflavíkurflugvelli.

Ég hef tekið eftir því að Alþfl., sem fer með forræði utanríkismála og hefur gert um nokkurt skeið, hefur verið ákaflega tregur, svo ekki sé meira sagt, til þess að þjóðnýta þennan hagnað fyrst hann er á annað borð til. Þvert á móti hefur það viðgengist á þeim tíma sem málin hafa verið í forsjá formanns Alþfl. að hinir útvöldu hafa getað skenkt sér hundruð milljóna króna, reyndar á annan milljarð króna ef allt er saman tekið, síðan 1989, ef ég man rétt. Það hefði verið verðugt verkefni fyrir jafnaðarmannaflokk að beita sér fyrir því að koma í veg fyrir slíkt athæfi, brjóta upp þetta kerfi sem viðgengist hefur hér áratugum saman. En það er nöturlegt að svo hefur ekki verið gert og menn geta enn í skjóli þess valds úthlutað sjálfum sér stórum og digrum sjóðum.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Reykn. fyrir ræðuna sem hann flutti þegar hann kynnti skýrslu Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1991. Ég tel að hún hafi verið tímabær hér í sölum Alþingis þegar fjallað er um starfsemi Atlantshafsbandalagsins og afstöðu stjórnmálaflokka til þess. Ég tel að Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins fjalli um málefni sem nú eru mjög ofarlega á baugi og þróun Atlantshafsþingsins muni mótast af þeim breytingum sem eru að verða í Evrópu og verða á Atlantshafsbandalaginu sem sjást m.a. í því að þátttakendum í fundum á vegum Atlantshafsbandalagsins fjölgar má segja næstum því dag frá degi. Nú er efnt til funda í höfuðstöðvum bandalagsins, ekki aðeins með aðildarríkjunum 16 heldur einnig með ríkjum frá Mið- og Austur-Evrópu og frá Sovétríkjunum fyrrverandi. Ég held að þetta muni setja mjög svip sinn á Norður-Atlantshafsþingið þegar fram líða stundir og sú spurning vaknar í mínum huga hvort þessi samtök þingmanna muni ekki taka við af ýmsum öðrum samtökum þingmanna sem áður hafa starfað eða ætlunin er að koma á fót eins og t.d. svokölluðu RÖSE-þingi sem kemur fyrst saman til fundar nú í Búdapest í sumar. Ég held að það eigi að stefna að því að þessi þingmannasamkunda Norður-Atlantshafsþingið verði virkari samstarfsvettvangur Evrópuþjóða og ríkjanna í Norður-Ameríku og þar geti menn komið saman og rætt þau málefni sem þingið fjallar um en það eru m.a. varnar- og öryggismál, stjórnmál, efnahagsmál og félagsmál, vísinda- og tæknimál, eins og kemur fram í skýrslunni. Þetta þing ætti að starfa við hliðina á Evrópuráðsþinginu þar sem tekist er á við önnur málefni og þessi tvö þing ættu í raun og veru að geta starfað hlið við hlið og átt með sér náið samstarf.

Hér vék hv. 5. þm. Vestf. að því sem hann kallaði kaldastríðshugsunarhátt og ásakaði hv. 6. þm. Reykn. um það að vera haldinn slíkum hugsunarhætti. Sjálfur hef ég sætt ákúrum frá þingmönnum Alþb. fyrir að láta stjórnast af slíkum hugmyndum, en ég verð að segja að ég kippi mér ekki upp við ásakanir af því tagi frá þingmönnum Alþb. Ég held að ef það er einhver flokkur og einhverjir þingmenn hér sem eru í fjötrum kalda stríðsins þá séu það hv. þm. Alþb. sem kemur m.a. fram í því að þeir treysta sér ekki til að taka þátt í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins og hafa ekki treyst sér til að taka þátt í þessu samstarfi þingmanna og virðast ekki gera það enn og útmála þetta þingmannasamstarf sem samstarf um málefni sem þeir geta alls ekki lagt lið. Þar með eru þeir enn í viðjum kalda stríðsins og sýna það hér í verki að þeir treysta sér ekki til þess að laga sig að þeim breytingum sem orðið hafa í Evrópu og á alþjóðavettvangi eftir hrun Sovétríkjanna. Öll fyrrverandi þátttökuríki í Varsjárbandalaginu hafa viljað taka upp samstarf við Atlantshafsbandalagið og óskað eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu. Stofnað hefur verið til samstarfs við þessi ríki með margvíslegum hætti. Meira að segja Boris Jeltsín, forseti Rússlands, hefur lýst því yfir að það sé langtímamarkmið sitt og rússnesku ríkisstjórnarinnar að Rússland verði aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Hér stöndum við enn í mars 1992 og hlýðum á fulltrúa Alþb. á Íslandi tala eins og engar breytingar hafi orðið í Evrópu og Atlantshafsbandalagið sé fulltrúi úreltra sjónarmiða. Enn hafna fulltrúar Alþb. þátttöku í þessum þingmannasamtökum þannig að ég held að ef einhver aðili hér á Alþingi sé haldinn vandræðum vegna kalda stríðsins eða þess ástands sem ríkti í heiminum áður en Sovétríkin hrundu og kommúnisminn leið undir lok þá sé það Alþb. Þingmönnum þess ferst síst af öllu að saka aðra þingmenn um að geta ekki lagað sig að breytingum þegar Alþb. og þingmenn þess eru ekki einu sinni reiðubúnir til að laga sig að þessum staðreyndum sem við stöndum öll frammi fyrir og tala enn eins og Atlantshafsbandalagið sé eitthvert ágreiningsefni í stjórnmálum í Evrópu. Þvert á móti er það að koma í ljós að Atlantshafsbandalagið er sá aðili í Evrópu sem flest hin nýfrjálsu ríki og ríkin, sem losnað af undan kommúnismanum, vilja taka upp samstarf við og Atlantshafsbandalagsþjóðirnar hafa frekar orðið að sporna við þátttökunni en að kalla á að þessi ríki gangi inn í bandalagið. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram og sé aðeins staðfesting á því að Alþb. er fast í skoðun sinni og hefur ekki treyst sér til að gera upp við fortíðina eins og við öll vitum og réttilega kom fram í ágætri ræðu hv. 6. þm. Reykn. í upphafi þessarar umræðu að innan Alþb. treysta menn sér ekki til að gera upp við fortíð flokksins og út á við þá treystir Alþb. sér ekki til að breyta um stefnu þrátt fyr-

ir að Sovétríkin hafi hrunið og öll ríki í Evrópu sækist eftir aðild. Þingmenn hvarvetna í Evrópu sækjast eftir þátttöku í Norður-Atlantshafsþinginu en við sitjum enn og hlustum á gömlu ræður alþýðubandalagsþingmannanna um það að ekki komi til álita að taka þátt í slíku samstarfi. Ef það eru einhverjir hv. þm. sem eru í gamla tímanum þá eru það þingmenn Alþb.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kann mikið vel við þessar ræður hv. 3. þm. Reykv. og þá framsöguræðu sem hv. 6. þm. Reykn. flutti fyrir nokkru síðan þegar hann mælti fyrir þessari skýrslu á þskj. 443. Mér finnst þetta heimilislegt og eins og maður sé kominn aðeins aftur og nær bernskuskeiði sínu þegar maður heyrir þessa hv. þm. tala með þessum hætti. Ég náði svona í vissan keim af alvöru kaldastríðsumræðu þegar ég kom inn á Alþingi fyrir allmörgum árum síðan, 1983. Þá voru til umræðu m.a. allmiklar sviptingar í vígbúnaðaruppbyggingu hér á Íslandi sem sú ríkisstjórn, sem sat að völdum á árunum 1983–1987, beitti sér fyrir. Það er örugglega ráðstöfun fjármuna sem þessir tveir nefndu ræðumenn eru hreyknir af og þeir telja betur komna í þeim vígtólum sem nú gapa upp í loftið en t.d. í einhverja friðsamlega uppbyggingu í þróunaraðstoð eða annað því um líkt sem hugsanlega hefði mátt finna stað fyrir viðlíka fjármuni og farið hefur í vígbúnaðarkapphlaupið á undanförnum áratugum.

Ég talaði dálítið gegn þessum kaldastríðssjónarmiðum á þessum árum og fannst ekki endilega víst að takmörkuðum fjármunum og kröftum mannkyns væri best varið í vígbúnaðarkapphlaup. Þá voru einmitt fluttar yfir mér mjög svipaðar ræður eða í sama anda og við höfum fengið að heyra, eitt sýnishorn af í dag og annað gefur að líta í þingtíðindunum frá 27. febr. sl.

Hv. 3. þm. Reykv. er hv. 6. þm. Reykn. ákaflega þakklátur fyrir ræðuna sem hann flutti og fór um hana fögrum orðum. Það verður auðvitað að vera smekkur hv. þm. og segir allt sem segja þarf fyrir mitt leyti um þann smekk. Sömuleiðis fór hv. 3. þm. Reykv. fögrum orðum um NATO og þetta viðhengi hernaðarbandalagsins NATO sem mun vera þingmannaklúbburinn sem — fyrirgefðu, hæstv. forseti, þetta er víst óvirðulegt orð þó það hafi verið notað af ýmsum, þetta orð „klúbbur“ og ég ætla ekki að gera þau mistök að nota óviðurkvæmilegt orðbragð hér, en þingmannahópurinn sem sagt og þingmannasamstarfið er einhvers konar viðhengi ef ég man rétt við hernaðarbandalagið NATO.

Það er sömuleiðis mál hv. 3. þm. Reykv. að líta á NATO sem nánast guðlega stofnun og guðlega samkundu sem sé svo fögur og dyggðum prýdd að þangað vilji allir og ég gat ekki betur skilið en hv. 3. þm. Reykv. ætti sér þá fögru framtíðarsýn að NATO og þingmannaviðhengi þess gæti tekið við helst öllum verkum á alþjóðavettvangi og það væri eiginlega óþarfi að vera að setja upp stofnanir og samstarf eins og RÖSE því það væri mikið betra að NATO sæi um þetta. Auðvitað má þá velta því fyrir sér hvort ekki megi stíga skrefið til fulls og NATO taki við af Sameinuðu þjóðunum og allir verði þar í einingu andans. Það er nokkuð til í þeirri hugsun að menn kæmu á þeirri skipan að allar þjóðir heimsins væru í einu og sama hernaðarbandalaginu. Það væri ekki svo galið. Ég hef stundum hugleitt það. En það er forsenda að þjóðirnar séu það allar, a.m.k. allar sem eitthvað mega sín.

Reynslan af því að hafa sumar þjóðir í einu hernaðarbandalagi og aðrar í öðru er ekki góð. Hún leiddi til einhvers háskalegasta vígbúnaðarkapphlaups mannkynssögunnar og reyndar óumdeilanlega þess háskalegasta. Á spjöldum sögunnar gefur að líta að oftar en einu sinni á þessum tíma — þrisvar var niðurstaða bandarískrar sagnfræðiráðstefnu — var heimurinn hársbreidd frá tortímingu. Ég heyrði lærðan bandarískan sagnfræðing halda fram þeirri niðurstöðu á sagnfræðiráðstefnu sem haldin var um þessi efni að ekki sjaldnar en þrisvar sinnum, samkvæmt niðurstöðu manna sem hefðu kannað þessa hluti, hefði heimurinn á tímum kalda stríðsins, þegar tortímingarvígbúnaðarkapphlaupið stóð sem hæst, verið hársbreidd frá gereyðingarstríði. Ég get ekki tekið undir það að reynslan af því að reyna að tryggja öryggi og frið í heiminum með hernaðarbandalögum sem standa grá fyrir járnum hvort andspænis öðru sé góð. Þess vegna er það að ég get ekki tekið undir með og deili ekki skoðunum með hv. 3. þm. Reykv. að eitt af því mikilvægasta í nútímanum og til næstu ára litið sé að finna nýjan tilgang fyrir NATO.

Nú er það þannig að NATO hefur tapað sínum helsta óvini þar sem eru Sovétríkin sálugu sem þjónuðu sem óvinur NATO margþættum tilgangi á sinni tíð. Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem fylgst hafa með fréttum undanfarin ár að á vettvangi NATO hefur staðið yfir mikil dauðaleit að óvini. Það fer vel á því að nota það orð, dauðaleit. Það hefur sem sagt verið til umræðu á þingum þar hvaða nýja hlutverk og hvaða nýju óvinir gætu gert það að verkum að NATO gæti haldið „funktionum“ sínum nokkurn veginn óbreyttum. Þar hafa komið til umfjöllunar hugmyndir um að gera einhvern hluta a.m.k. af herjum NATO að einhvers konar alþjóðlegri alþjóðaherdeild eða alþjóðlegri lögreglu sem væri ekki bundin af því hefðbundna svæði sem NATO hefur fram að þessu talið til starfsvettvangs síns. Nú veit ég ekki örlög þeirra hugmynda og umræðu innan NATO en hér eru mér fróðari menn sem kunna kannski að greina frá því. En það er ekki aðalatriðið að menn hafi verið í bollaleggingum og í dauðaleit að tilgangi og nýjum óvinum heldur hitt að mér er þetta til marks um að menn hafi ekkert vitkast þarna í þessum klúbbi. Í staðinn fyrir að nota tækifærið og leggja sjálfa sig niður í kjölfar þess að Varsjárbandalagið leið undir lok og taka til við að gæta friðarins með öðrum og friðsamlegri hætti og öðrum ráðstöfunum svo sem þeim að efla RÖSE-vettvanginn og beina í auknum mæli friðar- og öryggisgæslu í heiminum inn á vettvang Sameinuðu þjóðanna. Nei, þá þráast menn við í þessum uppdagaða klúbbi sem fjarað hefur undan og leggja fé og krafta í að leita sér að nýjum tilgangi.

Ég hef fylgst með því af nokkurri athygli hvernig

umræður um aðgerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um gæslu öryggis hafa þróast á undanförnum árum. Ég átti þess m.a. kost að sitja allsherjarþing Sameinðu þjóðanna á síðasta hausti og einbeitti þá kröftunum mjög að því að fylgjast með umræðum í þeirri nefnd þingsins sem fjallar um afvopnunarmál. Ég verð að segja alveg eins og er að það var ákaflega athyglisverð reynsla og að mörgu leyti skemmtileg og jákvæð vegna þess að verulega áhugaverðir hlutir hafa verið að gerast og umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á hlutverki Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum. Menn hafa fylgst með því að í vaxandi mæli eru Sameinuðu þjóðirnar að taka virkan þátt í lausn deilumála með því að senda öryggissveitir, með því að blanda sér beinlínis pólitískt í viðfangsefni eins og gíslamálin. Sameinuðu þjóðirnar hafa á undanförnum árum náð ótvíræðum árangri í mörgum slíkum tilvikum, mun meiri en var á tímum kalda stríðsins enda var það auðvitað svo að fyrir Sameinuðu þjóðunum fór eins og fleirum á þeim tímum að þær voru meira og minna lamaðar vegna þeirrar blokkaskiptingar sem kalda stríðið leiddi af sér inn á vettvang Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar binda nú mjög margir vonir við að þessu sé að ljúka og alþjóðleg stofnun eins og Sameinuðu þjóðirnar geti í auknum mæli axlað verkefni á þessu sviði og leyst þau með farsælli hætti en aðrir geta. Það er einlægt mín sannfæring. Ég tel t.d. þær viðræður mjög áhugaverðar sem standa nú yfir undir forustu Sameinuðu þjóðanna varðandi það að endurnýja t.d. samninginn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, varðandi það að koma á samningi um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn, varðandi það að koma á samningum um efnavopn og eyðingu þeirra og koma á samningum um lífræn efnavopn eða slíkt. Allt er þetta mjög áhugavert og af hinu góða.

Eitt af því sem er á dagskrá og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er mjög áhugavert. Það er að koma á fyrsta alþjóðlega samningnum sem þá yrði um eftirlit með vopnasölu. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að við þessa framtíð bind ég vonir og á hana veðja ég en ekki NATO. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að ég óttast að sá klúbbur — ég ætla ekki að útiloka það sem hér er fullyrt að hann kunni að vera að breyta um eðli að einhverju leyti og breytist m.a. með þátttöku nýrra aðila. Það er vel að hann þróist eitthvað í jákvæðari átt — muni draga með sér inn í framtíðina of miklar og óæskilegar leifar af fortíðinni, þ.e. þeim hugsunarhætti sem hefur auðvitað gegnsýrt þessa stofnun um áratugaskeið, hugsunarhætti ógnarjafnvægisins og fælingarinnar sálugu. Ég verð að segja líka að mér finnst nokkuð bera á því að þeir þátttakendur af Íslands hálfu sem sækja inn á þennan vettvang hafi ekki losað sig frá þessu heldur. Ég vil þess vegna taka af öll tvímæli um það vegna orða hv. 3. þm. Reykv. að ég hef ekki áhuga á því að starfa í þessum samtökum. Ég vil miklu frekar beina kröftum mínum í annan farveg, t.d. þann að fylgjast með störfum Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum, leggja áherslu á að Ísland taki fullan þátt í störfum RÖSE og á öðrum slíkum vettvangi þar sem menn eru ekki fatlaðir af fortíð sinni á sama hátt og menn eru auðvitað haltir á vettvangi NATO.

Þess vegna er það þannig að við erum ekki sammála um þessa hluti, hv. 3. þm. Reykv. og ég og e.t.v. ekki hv. 6. þm. Reykn. heldur, og það er þá bara í góðu lagi. Þeir mega hafa sína skoðun á ágæti þessa vettvangs. Það er mér að meinalausu. Mér finnst að vísu að þeir ættu að sýna mér og öðrum, t.d. flokksbræðrum mínum, þá virðingu að sætta sig við það að menn séu ekki að öllu leyti sammála í þessum efnum. Ég held að það sé alveg ástæðulaust af hv. 3. þm. Reykv. að væna t.d. mig og þann sem talaði hér á undan mér, hv. 5. þm. Vestf., um að geta ekki haft fullkomlega nútímaleg sjónarmið í þessum efnum. Ég bið þá hv. 3. þm. Reykv. að benda mér á það hvað það er í mínum málflutningi sem bendir til þess að ég standi fyrir einhverri sérstakri forneskju á þessu sviði. Er það einhver sérstök forneskja að hafa þá skoðun að það sé vænlegra t.d. að beina þessum viðfangsefnum inn á vettvang Sameinuðu þjóðanna og efla tök þeirra í þessum málum? Er það einhver sérstök forneskja að fylgjast með því sem þar er efst á baugi í sambandi við viðleitni til að ná nýjum og víðtækum samningum á sviði afvopnunarmála og öryggisgæslu í heiminum og að ná utan um svið sem hafa staðið út undan í alþjóðlegum samningum? Ég held ekki. Ég er reyndar alveg ófeiminn við að lenda í rökræðum við hv. 3. þm. Reykv. um hvort sé forneskjulegra, þau sjónarmið sem ég hef hér lýst annars vegar og hins vegar það að starfa í aðdáendaklúbbi NATO með óbreyttu hugarfari eins og ekkert hafi breyst. Við skulum bara leyfa öðrum að dæma um það en umgangast sjónarmið hins af virðingu án einhverra fúkyrða.

Þá er ég kominn að því sem ég ætla að ljúka máli mínu með, þ.e. að nefna í fáeinum orðum, því að meira verðskuldar það ekki, hina sérkennilegu framsöguræðu hv. 6. þm. Reykn. sem hann flutti hér fyrr á þinginu fyrir þessari skýrslu. Ég geri í sjálfu sér engar athugasemdir við fyrri hluta þeirrar ræðu þar sem hv. þm. og frsm. er að fara yfir starfsemi þessa vettvangs. Það er mér óviðkomandi sem betur fer en síðan gerast þau tíðindi að allt í einu blandast inn í framsöguræðu hv. þm. það sem ég hlýt að taka fyrir persónuleg sjónarmið hans og skoðanir og furðulegar útlistanir á sögunni, gersamlega órökstuddar ásakanir og söguskýringar sem falla dauðar og ómerkar. Þær eru órökstuddar, óréttmætar og rangar að mínu mati. Ég vísa þar í ýmislegt sem hann segir aftarlega í sinni ræðu varðandi tengsl þessara mála við íslensk stjórnmál fyrr og nú.

Ég átel þá framsetningu máls hv. 6. þm. Reykn. að blanda inn í framsöguræðu fyrir skýrslu af þessu tagi þar sem hann talar fyrir hóp þingmanna því sem ég tek fyrir hans persónulegu sjónarmið þó að það sé hvergi afmarkað í ræðunni hvenær hinni formlegu og hlutlægu skýrslu og framsöguræðu hv. þm. fyrir henni lýkur og hvenær kemur að söguskýringum hv. 6. þm. Reykn. Það verður ekki ráðið af lestri á útskrift af ræðu hans hvað er á ferðinni í hverju tilviki, hvað eru hans persónulegu sjónarmið og hvenær hann talar fyrir hönd Íslandsdeildar NATO-þingsins. Nema ræða hv. þm. hafi verið borin upp og samþykkt með atkvæðum

á fundi í Íslandsdeildinni áður en hún var flutt. Sé svo eru það auðvitað tíðindi sem við þurfum að fá hingað inn í þingið. Það verður ekki ráðið af framsögunni. Þvert á móti gef ég mér það, sem vonandi er, að hér séu á ferðinni persónuleg sjónarmið hv. 6. þm. Reykn. og þá er það auðvitað verst fyrir hann.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það má vafalaust oft um það deila hvort fortíð einhvers bandalags sem við erum þátttakendur í geri það að verkum að menn telji að það eigi ekki að vera til áfram og leggja skuli það niður. Nú er það svo ef við skoðum sögu þeirra samtaka sem stofnuð hafa verið í heiminum til að hafa áhrif á framþróun mála, stuðla að friði, er eins og allir vita Þjóðabandalagið, elsta stofnunin sem eitthvað kvað að. Sameinuðu þjóðirnar voru aftur á móti stofnaðar af þeim aðilum sem treystu sér til að segja Þýskalandi nasismans stríð á hendur. Það var skilyrði fyrir því að menn gætu gerst stofnaðilar að Sameinuðu þjóðunum. Það liggur fyrir að þessi stofnun var ekki það merkileg undir þeim formerkjum að Ísland treysti sér til að gerast aðili. Ísland var ekki stofnaðili Sameinuðu þjóðanna vegna þess að við vildum ekki segja Þjóðverjum stríð á hendur. Við vorum vopnlaus þjóð, getum við sagt. Þess vegna gerðum við það ekki. Sameinuðu þjóðirnar fóru þess vegna af stað sem einingarafl til að hafa áhrif á stríð. Fram hjá þeirri staðreynd er ekki hægt að ganga. Sameinuðu þjóðirnar eru aftur á móti að uppbyggingu á þann veg að aðstaða þeirra til að skipta sér af málum er mjög takmörkuð, miklu takmarkaðri en flestir mundu telja æskilegt ef þeir gætu skipulagt þau samtök upp á nýtt í dag. Það er skýrt tekið fram að af innanríkismálum eigi Sameinuðu þjóðirnar ekki að skipta sér. Nú er allt þurrlendi jarðarinnar og megnið af votlendi og höfum skipt niður í svæði sem ákveðin ríki ráða yfir. Það þýðir að innan þess svæðis geta Sameinuðu þjóðirnar ekki skipt sér af málum. Ástæðan fyrir því að Sameinuðu þjóðirnar gátu skipt sér af deilunni fyrir botni Persaflóans var einfaldlega sú að það var litið svo á að Írak væri búið að vinna sér það til óhelgis með töku Kúvæt að ekki væri lengur innanríkismál sem þarna væri verið að fást við.

En hvað gerði þá mannkynið með Sameinuðu þjóðirnar í broddi fylkingar í þessari styrjöld? Jú, það losaði aðra þjóðina við harðstjóra. Það losaði Kúvæt við harðstjórann Saddam Hussein en það losaði ekki írösku þjóðina við harðstjórann Saddam Hussein. Og spurningin er: Á hvaða forsendum á sú þjóð að vera dæmd til að búa við það að hafa slíka yfirstjórn? Ég held því miður að sé þetta skoðað í grunninn, þá blasi það við að skipulagsleg uppbygging Sameinuðu þjóðanna sé ófullnægjandi. Hún er á þann veg að öryggisráðið er skipað fulltrúum stórveldanna sem hafa neitunarvald sem þýðir að ef einn aðili sem þar situr segir nei geta Sameinuðu þjóðirnar ekki gripið til vopnaðra aðgerða á einum eða neinum stað. Mér finnst að eins og þetta er útbúið þýði það að undir flestum kringumstæðum hafa Sameinuðu þjóðirnar ekki aðstöðu til þess að taka á málum sem skyldi.

Hvers vegna hafa Sameinuðu þjóðirnar ekki skipt sér af málefnum Ísraels og sett þeim stólinn fyrir dyrnar? Vegna þess að neitunarvaldið hefur verið notað til að koma í veg fyrir að það væri hægt. Það er þess vegna að mínu viti út í hött að gera ráð fyrir því, og það vona ég að hv. 4. þm. Norðurl. e. hugleiði í fúlustu alvöru, að Sameinuðu þjóðirnar séu í aðstöðu til þess, eins og þær eru skipulagslega upp byggðar, að geta leyst ýmis vandamál sem óumflýjanlegt er að verði tekið á og verði leyst.

Nú spyrja menn aftur á móti varðandi NATO: Getur það tekið á svona málum og mun það taka á svona málum? Ég taldi á sínum tíma að það hefði verið mjög athyglisvert þegar Krústsjov sótti um aðgang að NATO. Menn töldu þetta náttúrlega hreint bellibragð og því var almennt ekki trúað að leiðtogi Sovétríkjanna liti svo á að mynda ætti eitt varnarbandalag. Mundu menn trúa Jeltsín ef hann leitaði eftir aðild? Það er spurning dagsins. En það getur ekki verið athugavert að lýðræðisþjóðir heimsins standi þannig að málum að þær telji það skynsamlegra að hafa sameiginlegan herafla en að hver og ein þjóð hafi her sem hún ætli til afskipta vítt og breitt í heiminum.

Mér er ljóst að þeir eru mjög margir sem líta svo á að það sé ákaflega friðvænlegt á þessari jörð eins og er. Því miður get ég ekki tekið undir það. Ég tel að sá gífurlegi munur sem er annars vegar á þéttleika í íbúðabyggð á jörðinni og hins vegar í afkomu íbúanna á jörðinni sé beinlínis tímasprengja sem enginn veit hvað hefur í för með sér. Og ég tel að það sé að mörgu leyti alveg konunglegir tímar fyrir einræðisherra til að brjótast til valda á ýmsum stöðum af þessum ástæðum. Þess vegna held ég að þó að menn deili um fortíð NATO þá væri það jákvæðasta, sem gæti komið fyrir Vesturlönd, að þau svæði jarðarinnar sem á sínum tíma deildu, þ.e. Varsjárbandalagið og NATO, næðu samstöðu um hófsamlega stefnu í varnarmálum. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum ekki og munum ekki hafa aðstöðu til að geta breytt Sameinuðu þjóðunum á þann veg að þær hafi það heildareftirlit sem þær þyrftu að hafa með deilum á jarðarkringlunni. Auðvitað má segja að menn hefðu átt að vera framsýnni þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar og tryggja þeim þá stöðu. Það hefur ekki verið gert og ég sé ekki að það sé hægt að ná fram þeirri breytingu að slíkt muni eiga sér stað. Ég teldi það miklu alvarlegra mál fyrir friðinn ef þetta varnarbandalag mundi leysast upp og Evrópa kæmi sér sjálf upp eigin her — undir stjórn hverra? Undir stjórn hverra verður Evrópubandalagið að öllu óbreyttu? Ég heyri svarið. Menn vita svarið. Og vilja menn að það bandalag sitji uppi með að stjórna þeim mikla her sem þar væri hægt að stofna? Ég held að það væri betra að það væri breiðari sameiginleg stjórn yfir þessum hlutum. Og það er kannski tímanna tákn í þessum efnum að það er eins og víða í Evrópu sé nokkur skjálfti. M.a. er verulegur skjálfti í Bretlandi að stíga það skref til fulls að það eigi að sameina Evrópu á þann veg að þarna rísi upp afl sem stjórni eigin her. Ég vil með þessu ekki á nokkurn hátt hefja hér einhvern ófrið við þá þingmenn

sem hafa á þessu aðrar skoðanir. Ég hef forðast það að þetta væri persónulegt á nokkurn hátt. Við höfum misjafnar skoðanir á þessum málum. En ég hafna því aftur á móti að það sé sjálfgefið að vegna fortíðar einhvers sem menn geta deilt um og hafi haft misjafnar skoðanir á beri að segja: Við byggjum ekki á þessu áfram. Ef það hefði verið, þá hefðu margir sagt: Við eigum þá ekki heldur að vera í Sameinuðu þjóðunum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er margt áhugavert í hugrenningum hv. 2. þm. Vestf. Ég er honum þó ekki að öllu leyti sammála. Það er alveg rétt sem hann bendir á að auðvitað er víða efnahagslegt bolmagn til að byggja upp mikla heri og það á við um hina gömlu Evrópu. Það er laukrétt að ef hlutirnir þróast þar með óhagstæðum hætti í stað þeirrar afvopnunar sem nú er þar í gangi og í stað þíðu í samskiptum kæmi versnandi andrúmsloft og vígbúnaðaruppbygging, ég tala ekki um ef hún væri stjórnlítil eða í óæskilegum höndum, og það væri alvöruhlutur. En það er auðvitað ekkert tryggt í þeim efnum frekar en annað og Evrópa er ekki ein á báti í þeim efnum.

Ég vil síðan gera athugasemd varðandi stöðu Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum. Ég er ekki að öllu leyti sammála hv. 2. þm. Vestf. um máttleysi eða getuleysi Sameinuðu þjóðanna til áhrifa. Ég bendi á að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur allmikil völd í þeim tilvikum þegar um alþjóðlega samninga t.d. um eftirlit með vígbúnaði eða annað slíkt er að ræða. Og menn hafa auðvitað fyrir sér dæmin um ályktanir öryggisráðsins sem síðan hefur verið framfylgt. Ég þarf ekki að segja meira um það.

Vissulega er það ekki svo að Sameinuðu þjóðirnar eða öryggisráðið sé í öllum tilvikum áhrifalaust og máttlaust. Varðandi innanríkisdeilur er rétt að Sameinuðu þjóðunum er ekki ætlað sérstaklega að hlutast til um slík mál. Þó er það þannig að hafi menn undirgengist alþjóðlega samninga og fullgilt þá um tiltekna hluti þá er heimild samkvæmt alþjóðalögum að beita ýmsum ráðstöfunum til að knýja menn til að framfylgja þeim og beita þá refsingum sem ekki gera það. Þetta veit hv. þm. auðvitað. Og ég er þeirrar skoðunar að almennt séu friðsamlegar aðferðir við lausn deilumála viðskiptalegs og pólitísks eðlis miklu farsælli leið en vopnaíhlutun því að það er nú svo, því miður, að vopnin leiða af sér átök sem enda oftast þannig að þau eru notuð þar sem þau hlaðast upp.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að ávallt sé fyrst reynt að fara að mönnum með góðu. Það sé meginreglan. En ég fæ ekki séð að í sumum tilfellum dugi neitt bænakvak, alvaran sé slík. Ég vil gjarnan varpa þeirri spurningu til hv. þm. vegna þeirra orða sem hann lét falla hvort hann telji að hægt hefði verið að leysa Kúvæt-málið með annarri aðferð en vopnavaldi.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið er já. Ég tel að það hefði verið hægt og ég er ekki búinn að sjá, þó svo það hefði tekið tíma og reynt á þolrifin og jafnvel kostað hörmungar, að þær hefðu endilega orðið meiri en þær sem Persaflóastríði leiddi af sér. Hundruð þúsunda fallinna, hungur og sjúkdómar sem leidd hafa verið yfir þetta svæði. Og síðan er ástandið ekki betra en raun ber vitni hjá hinni frelsuðu þjóð sem er engin þjóð og býr í Kúvæt að þar er núna borið fé á menn til þess að ástunda fjölkvæni og útlendingar eru ofsóttir og réttarfar í landinu er verra að flestra mati en það var fyrir innrásina.

En eitt er það svo til viðbótar sem ég held að menn verði að hugleiða áður en þeir hverfa á vit vopnavaldsins í þessum efnum. Og það er, hv. þm., hver á að taka ákvörðunina um að beita vopnunum. Og það er nú það vandasama við þetta allt saman sem gerir það að verkum að þegar til kastanna kemur þá held ég að best sé að hafa þau völd svo langt sem þau ná og þau hljóta eðli málsins samkvæmt að verða ákaflega takmörkuð í höndum einhverrar alþjóðlegrar stofnunar í þeim skilningi að þar séu allar þjóðir. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það ætti í raun og veru að vera skylduaðild sjálfstæðra þjóða að slíkum samtökum, enda ætluðu þau sér fullgilda þátttöku í samfélagi þjóðanna og þar væri því valdi fyrir komið sem að mínu mati ætti þó fyrst og fremst að vera viðskiptalegs og pólitísks eðlis sem notað væri til að leysa deilumál og ævinlega væri til þrautar reynt að gera það með friðsamlegum hætti. Síðan má ekki gleyma því að í tækninni búa ýmsir möguleikar og m.a. þeir að gæta öryggisins með allt öðrum hætti en áður hefur verið mögulegt. Þar á meðal eru menn að bollaleggja í sambandi við hinn væntanlega samning um eftirlit með vopnaviðskiptum að taka ekki síst tæknina þar í sína þjónustu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst út af fyrir sig það lýsa mikilli trú að svara þeirri spurningu játandi sem ég beindi til hv. þm. Steingríms Sigfússonar. En minnugur þess að mesti friðflytjandi allra tíma var líflátinn í Austurlöndum þá hef ég ekki haft of mikla trú á þeim möguleika að fara alltaf samningaleiðina að þeim sem þar búa og þó tel ég þá kannski ekkert verri en hugsunarhátt nýlenduveldanna eins og hann hefur löngum verið.

En ég vil minna á það að Saddam Hussein tók Kúvæt fyrst og fremst til þess að fá meiri peninga til þess að fjármagna stríðið við Íran, ekki vegna þess að hann ætlaði að taka Kúvæt og svo væri þetta allt búið, heldur vantaði hann bara meiri peninga til að skjóta á Íran. Og það getur enginn svarað því hversu mikið bál ófriðar hefði mátt kveikja hefði hann haft þá fjármuni alla undir höndum sem þetta ríki hafði í olíuauð þannig að þar greinir okkur verulega á hvort betra hefði verið að lama þó ekki nema í bili sjáanlega kraft hans til þess að berjast. Og ég er ekki viss um að ástandið hafi neitt versnað hjá almenningi í Kúvæt þó að fé sé borið á karlmenn að stunda þar fjölkvæni. Það var nú einu sinni svo að það var fjárskorturinn sem sennilega hef-

ur mest komið í veg fyrir að þeir næðu sér í fleiri konur. En auðvitað má vel vera að hv. þm. sé um þetta fróðari en ég.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að skýrsla um Norður-Atlantshafsþingið skyldi vekja þessar umræður og það var mjög eðlilegt að fulltrúar Alþb. væru viðkvæmir fyrir þeim sögulegu staðreyndum sem ég rakti í ræðu minni sem fylgdi skýrslunni sem liggur fyrir sem þskj. Ekkert mál seinni tíma hefur vakið eins mikil átök með íslensku þjóðinni og innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið. Ekkert mál hefur verið eins mikið rætt eða skipt mönnum í flokka eða hópa eins og afstaðan til Atlantshafsbandalagsins og varnarmála, til þess hvort við ættum að taka þátt í vestrænum vörnum eða ekki.

Staðreyndin er að þegar sú ákvörðun var tekin að ganga inn í Atlantshafsbandalagið þá var hér stjórnmálaflokkur, og er reyndar enn lifandi eða arftaki hans, sem hlýddi skipunum að austan, tók við skipunum þaðan og skipti um skoðun eftir því hvað herrunum í Kreml sýndist hverju sinni. Og það er staðreynd en ekki hugmyndir einstakra þingmanna að bandamenn okkar óttuðust að það lið sem þar var saman komið aðstoðaði árásarheri austantjaldsmanna við að brjóta niður varnir þar sem innrás yrði gerð, t.d. hér á Íslandi. Það hefur komið fram í sögulegum heimildum að margir óttuðust þetta mjög, Íslendingar gerðu það líka og mjög eðlilegt að það sé rifjað upp. Þeir sem beittu sér fyrir því að Íslendingar tækju þátt í vörnum Vesturlanda voru rægðir, beittir illmælgi og álygum og það er mjög eðlilegt að menn rifji þetta upp. Það er mjög eðlilegt að því sé haldið til haga nú þegar tekist hefur að koma kommúnismanum fyrir kattarnef, sem var helsti ógnvaldur Vesturlanda. Á sínum tíma óð kommúnisminn yfir þjóðir Austur-Evrópu og það var fullyrt og fullvissa fyrir því að ef Atlantshafsbandalagið hefði ekki verið stofnað til varnar þá hefðu Sovétveldin ráðist á fleiri ríki eða efnt til byltinga eins og gert var t.d. í Tékkóslóvakíu. Þetta er hluti af sögu Íslands, sagan um Atlantshafsbandalagið, deilurnar um það og það er mjög eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvernig var í pottinn búið hjá þeim flokki, hjá þeim einstaklingum sem hvað harðast gengu fram í því að reyna að veikja varnir okkar Íslendinga.

Staðreyndin er líka sú að tilvist Atlantshafsbandalagsins hefur gert það að verkum að kalda stríðinu er lokið. Það er fyrst og fremst þess vegna og ófriður hefur ekki átt sér stað í Evrópu fyrr en núna með innanlandsstyrjöld í Júgóslavíu sem er í framhaldi af hruni kommúnismans. En ófriður hefur ekki átt sér stað vegna kommúnismans í Austur-Evrópu eða annars staðar í Evrópu eftir að Atlantshafsbandalagið var stofnað. Og það er eins og austantjaldsmenn, sem sækja þing Norður-Atlantshafsbandalagsins, segja nú að Atlantshafsbandalagið hefur reynst friðarbandalag fyrst og fremst, það hefur verið bandalag til þess að tryggja friðinn, nokkuð sem við vissum alveg um hér en þeim varð það ljóst þegar þeir sáu hversu mikil áhrif það hafði á að brjóta niður þetta skelfingarkerfi sem átti svo marga formælendur hér á Íslandi.

Það er líka ástæða til þess að minnast á að slagorðið „Ísland úr NATO — herinn burt" var mjög algengt. Það heyrist ekki lengur. Menn eru hættir að segja þetta, meira að segja Alþb., sem helst kyrjaði þennan söng, því mig grunar að forustumenn þess hafi séð að sér og sjái að það tekur enginn mark á þessu lengur og enginn vilji stuðla að þessu lengur.

Ég tel ástæðulaust að vera að svara einhverjum köpuryrðum fulltrúa forneskjunnar en legg á það áherslu að við, sem höfum stutt vestrænar varnir, sjáum ástæðu til að minna á hver málflutningur þessara manna var, sem hvað verst létu í garð NATO, í garð Atlantshafsbandalagsins, í garð okkar sem vildum stuðla að því að Vesturlönd stæðu saman gegn því skelfingarkerfi sem ríkti í Austur-Evrópu og við teljum að það sé ástæða til að halda því áfram þangað til Alþb. hefur beðist afsökunar á sinni fortíð. Hún er ljót í þessum efnum, mjög ljót, og Íslendingar eiga það skilið að sú afsökunarbeiðni komi.

Reyndar er það svo að skoðanabræður alþýðubandalagsmanna á Ítalíu og Frakklandi hafa tekið mjög virkan þátt í starfi Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins seinni árin, alveg frá því upp úr 1970 og breytingar hafa orðið miklar í Evrópu hjá þeim flokkum. Þeir hafa kallað það Evrópukommúnisma eða hvað sem það heitir. En hér á Íslandi virðist vera um mjög einangrað fyrirbrigði að ræða sem heitir Alþýðubandalag sem ekki vill taka þátt í því að ræða hvernig hagsmunum landsins sé best borgið í varnarmálum og sem aftur gefur þeirri hugsun rúm að enn séu þeir við sama heygarðshornið, enn sama forneskjan, enn það að trúa á að allt sem komi að vestan sé vont, allt sem komi að austan, hversu ljótt og magnað sem það er, sé rétt og gott og fallegt.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil þó segja að ég fagna því að umræður hafi orðið um skýrsluna og ég skil vel viðkvæmni alþýðubandalagsmanna, sérstaklega 5. þm. Vestf., sem virðist lifa mjög góðu lífi í hugsunarhætti þeirra sem tóku við skipunum að austan.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur er orðinn svo gamall og úreltur að það er ekki einu sinni hægt að hnykla brýrnar yfir honum. Það er helst að maður verði að hafa sig allan við að verjast brosi, hvað þá meiru, við að heyra svo gamla rullu. Mér fannst dálítið broslegt þegar hv. 6. þm. Reykn. var að gera kröfur til þess að við, sem erum nú í Alþb., færum að biðjast afsökunar á einhverju sem einhver sagði einhvern tíma fyrir löngu síðan, jafnvel áður en ég var fæddur. Það hvarflaði að mér að einhvern tíma hefði hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., verið í Alþb. og einhvern tíma var hann nokkuð ákveðinn marxisti ef ég man rétt og kannski manna best lesinn í þeim fræðum á sínum tíma. Ég minnist þess ekki að hann hafi beðið þjóðina eða þingið afsökunar á því. Ég minnist þess ekki að hv. 6. þm. Reykn. hafi farið fram á það. Hann er

kannski að nota Albaníuaðferðina og í rauninni ekki að skamma okkur. Hann er kannski bara að skamma formanninn sinn sem honum finnst ekki nógu góður. Ég held að maður verði að leggja einhvern slíkan skilning í svona málflutning. (**Gripið fram í:** Og 17. þm. Reykv.) Og 17. þm. Reykv. að sjálfsögðu sem er náttúrlega svo samofinn fortíð Alþb. sem mest má vera að ég er ekki hálfdrættingur á við hann í þeim efnum. Ég kemst ekki með tærnar þar sem hv. 17. þm. Reykv. hefur hælana í fortíðarskipi því sem við eigum að hafa tekið við, eins og þingmaðurinn komst áðan að orði, því að ég hef ekki einu sinni komist til þeirra metorða í mínum flokki sem hv. 17. þm. Reykv. hlotnaðist eða haft sama pólitíska áhrifamátt sem ritstjóri á blaði og annað slíkt. Þessi skeyti hv. 6. þm. Reykn. beinast því eiginlega öll að tveimur núverandi þingmönnum Alþfl.

Ég tók eftir því að þeir tveir þingmenn sem enn eru á gömlu slóðunum minntust ekkert á Tyrkland, þeir minntust ekkert á Kúrda í Tyrklandi. Það er nefnilega þannig ef maður les skýrslu Íslandsdeildar NATO og reynir að átta sig á því hvað menn eru að tala um þar, þá eru menn ekki að tala um mannréttindi í aðildarlöndum NATO. Menn eru ekki að tala um réttindi kúrdíska þjóðarbrotsins í Tyrklandi. Ég býst við því, þótt ég hafi því miður ekki þekkingu á því, að NATO-félagar hafi á sínum tíma ekki haft miklar áhyggjur af herforingjastjórninni í Grikklandi. Ég held að þeir hafi ekki gert út stóra leiðangra til að hrista það ok af alþýðu manna á þeim stöðum. Það er hins vegar vel að NATO-þjóðir skuli hafa skundað til Persaflóa undir fána Sameinuðu þjóðanna til að reka einn einræðisherra frá ríki Kúvæt. En hitt var nú öllu lakara að þeir skyldu setja þar annan sem er á svipuðum slóðum að sumu leyti. Ég sé ekki að mannréttindi séu mikils metin í Kúvæt undir emírnum. Þaðan berast fréttir um að þessi aðili sem NATO-ríkin settu til valda á ný umgangist ekki sína þegna með mikilli virðingu.

Hvaða tilgangi þjónar bandalag eins og NATO ef það er ekki til þess að auka réttindi og velferð almennings í landinu? Mér er spurn. Við skulum ræða þann þáttinn. Það gæti verið réttlætanlegt að hafa einhvert bandalag sem hefði það verkefni að verja fólkið fyrir valdhöfunum. En mér virðist því miður að NATO hafi meira og minna samsamað sig valdhöfunum á hverjum tíma og standi jafnvel gegn fólkinu ef því er að skipta. Það er m.a. ástæðan fyrir því að ég er ekki mjög ginnkeyptur fyrir því að við alþýðubandalagsmenn breytum afstöðu gagnvart þessu bandalagi. Ég held að verulega mikið þurfi að gerast til að sá vettvangur verði fýsilegur. Ég minni á það sem fram kom í máli hv. 2. þm. Vestf., sem var mjög athyglisvert og góður punktur inn í umræðuna, að ef við viljum fá friðvænlegri heim þarf að gera ýmsar breytingar. Það þarf að skipta veraldlegum gæðum upp öðruvísi en menn gera í dag. Ég er hræddur um að hinar vestrænu þjóðir, sem svo eru kallaðar, verði að endurskoða sína afstöðu. Þar taka menn til sín stóran hluta allra lífsgæða jarðarinnar og skilja fjölmenn ríki eftir og arðræna þau. Menn eru að búa til vandamál fyrir framtíðina og nútíðina því misrétti kemur alltaf aftur í höfuðið á mönnum. Menn geta nokkurn veginn gengið að því sem vísu. Ég held að við ættum að vinna að bandalagi sem hefur það að markmiði að seðja hungraðar þjóðir. Það væri verðugt verkefni fremur en að kasta peningum upp á Bolafjall — til hvers? Hvað á ratsjárstöðin að gera þar? Hvað á hún að gera? Menn sögðu fólkinu á sínum tíma að hjálpa ætti skipum, íslenskum fiskiskipum og vera öryggiskerfi. Svo gætu menn talað í síma og horft á sjónvarp. Það var upplýst hér í morgun að við það hefur ekki verið staðið. Þetta voru nokkrir liðir en ég man ekki lengur tölur með vissu en einhverjar milljónir dollara voru í hverri stöð. Mig minnir að það hafi verið á þeim tíma um 1,5 milljarðar sem fóru í að byggja eina stöð eins og á Bolafjalli. Ég hef þó fyrirvara á þeim tölum. A.m.k. voru það gríðarlegar tölur og maður velti því fyrir sér hver tilgangurinn væri. Geta menn ekki varið þessum peningum betur? Halda menn að það sé yfir höfuð betra og varanlegra að koma á friði og viðhalda friði með því að beita ótta, beita hungri og beita fátækt? Ég hef ekki þá trú að það sé varanleg lausn. Ég hef miklu frekar þá trú að varanlegra sé að menn snúi sér að hinum þættinum sem ég nefndi. Ég held að það mundi skapa okkur farsælli veröld.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa skýrslu sem hér hefur verið flutt af Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins. Ég tel það afar mikilvægt að þingmenn frá okkar þjóðþingi taki þátt í því starfi sem þar fer fram og það er mikilvægt að styrkja starfsemi Norður-Atlantshafsbandalagsins með lýðræðislegu starfi þjóðkjörinna fulltrúa. Þar gefst tækifæri til að skiptast á skoðunum um mikilvægi þessa starfs og ég tel að enginn ætti að vera í vafa um að starfsemi NATO hefur verið til mikils gagns. Ég er undrandi yfir því að hér eru uppi efasemdir um að Norður-Atlantshafsbandalagið hafi gert gagn.

Ég tel að það hafi verið afar mikilvægt fyrir litla þjóð eins og Íslendinga þegar þeir hlutu sitt sjálfstæði að verða þeirrar gæfu aðnjótandi að gerast fljótlega aðilar að norrænu og vestrænu samstarfi. Allt þetta starf er mikilvægur þáttur í sjálfstæði okkar. Ég tel það líka hafa sýnt sig að Norður-Atlantshafsbandalagið hefur verið það bandalag í heiminum sem virkast hefur barist fyrir lýðræði. Það er hins vegar alveg rétt að víða má meira gagn gera í heiminum og auðvitað vonast maður eftir því að Sameinuðu þjóðirnar verði virkari í sínu starfi og um það náist samkomulag milli þjóða heims. En þær þjóðir sem komu á friði í Evrópu á sínum tíma hafa varðveitt þann frið og auðvitað eigum við Íslendingar að taka virkan þátt í því starfi.

Ég vildi, virðulegur forseti, fyrst og fremst koma hér upp til að leggja á þetta áherslu. Hitt er svo alltaf spurning hvað ber að varast í þessu samstarfi. Ég er þeirrar skoðunar að ef lögð verður vaxandi áhersla á starf Vestur-Evrópubandalagsins, sem gæti orðið til þess að veikja Norður-Atlantshafsbandalagið, væri það skaðlegt fyrir Íslendinga. Ég tel að það hafi sannað sig

að ekki er hægt að varðveita friðinn nema með virku samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og því ber okkur Íslendingum að leggja á það áherslu að binda þessar heimsálfur saman og gera það sem í okkar valdi stendur til að þarna komi ekki upp klofningur. Ég er ekki að spá því á nokkurn hátt en ég er ekki sammála ýmsu því sem hefur komið fram í Evrópu, m.a. að efla eigi starf þess bandalags en draga úr starfsemi NATO.

Auðvitað er það svo að um það má alltaf deila hvers konar starfsemi skuli vera hér á landi á vegum þessara samtaka. Það hefur verið mikið deilumál í íslenskum stjórnmálum. Hér var minnst á byggingu ratsjárstöðva og um það var deilt á sínum tíma. Ég vil minna á í því sambandi að bygging þessara stöðva varð m.a. til þess þar sem ég best þekki til og bjó lengi sem unglingur, í nábýli við bandaríska hermenn á Höfn í Hornafirði, að þar dvöldu ekki lengur bandarískir hermenn. Þeir sem voru að berjast gegn ratsjárstöðvum á þeim tíma, t.d. í Austurlandskjördæmi, hvort sem það var gegn stöðinni á Gunnólfsvíkurfjalli eða við Stokksnes, voru í reynd að berjast fyrir því að óbreytt starfsemi yrði í stöðinni á Stokksnesi. Einnig voru þeir sem vildu algerlega vanrækja þetta samstarf. Auðvitað felst það í þessu starfi að fylgst sé með umferð í kringum Ísland. Það er öllum ljóst sem eitthvað hafa kynnt sér samstarf Norður-Atlantshafsþjóðanna að engin leið er að rækja það nema menn viti eitthvað um hvað er að gerast á höfunum hér í kring, hvort sem eftirlitið fer fram með flugvélum, með ratsjárstöðvum eða með öðrum þeim hætti sem nauðsynlegur er. Og sagan hefur sannað það að þetta starf hefur verið mikilvægt og á engan hátt óþarft. Á það vildi ég minna vegna þess að hér var verið að tala um ratsjárstöðvarnar sem voru ekki eingöngu byggðar á Vestfjörðum heldur tvær í Austurlandskjördæmi, annars vegar á Gunnólfsvíkurfjalli og á Stokksnesi.

Það var hins vegar mjög umdeilt mál í Norður-Þingeyjarsýslu hvort heimila ætti byggingu slíkrar stöðvar og það tókst að koma í veg fyrir það. En flestir þingmenn Austurlands töldu ekkert því til fyrirstöðu að stöðin yrði byggð á Gunnólfsvíkurfjalli. Ég vænti þess að m.a. sú afstaða okkar hafi orðið til þess að þetta mál gekk nokkuð greiðlega fyrir sig. Hins vegar tek ég eftir því að sumir af þeim sem voru e.t.v. andvígir byggingu stöðvarinnar á sínum tíma vilja gjarnan þjónusta hana í dag. Þannig hafa viðhorfin breyst.

Enginn ætti að vera í vafa um að þessi starfsemi hefur verið til gagns fyrir lýðræðisöflin í heiminum þótt vissulega hafi þetta starf ekki leyst öll vandamál heimsins. Ég held að enginn hafi búist við því en ég spyr á móti: Hverig væri ástatt í heiminum ef vestræn ríki hefðu ekki bundist þessum samtökum? Ég er fullviss um að það væri enn þá meira hörmungarástand. Það hefur sannað sig að hlutleysið er ekki stefna í utanríkismálum sem gengur. Það hefur alltaf legið fyrir frá því að Ísland varð sjálfstætt og fullvalda ríki að það var rétt af Íslendingum að skipa sér í flokk þessara þjóða. Það hefði verið rangt að velja hlutleysisstefnuna og ég bendi á þær þjóðir í Evrópu sem hafa talað mest fyrir hlutleysisstefnu, t.d. vini okkar og frændur, Svía. Þar eru viðhorf að breytast og það sama á við um Finna þar sem hlutleysisstefnan hefur vissulega skipt miklu máli til að halda jafnvæginu og sambandinu við vestrið vegna nálægðarinnar við Sovétríkin. Eftir breytingarnar þar er það jafnframt að breytast og sú hlutleysisstefna sem þar hefur verið fylgt mun áreiðanlega aðlagast í verulegum mæli að vestrænni lýðræðisstefnu og samstarfi þeirra þjóða sem hafa best staðið vörð um lýðræðið í heiminum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn verði að fara nokkuð varlega í að túlka skoðanir annarra, sérstaklega þeirra sem menn eru ósammála. Ég vil láta það koma fram að ég tel þá túlkun fjarri lagi að þeir sem voru andstæðingar byggingar ratsjárstöðva á Austurlandi hafi verið að berjast fyrir óbreyttu ástandi. Og ég vil líka efast um þá túlkun hv. þm. að það að menn börðust gegn þessum stöðvum á sínum tíma en starfi nú í þjónustu við hana þýði breytt viðhorf. Menn búa í samfélagi við þann veruleika sem er á hverjum tíma. Eitt eru skoðanir manna og annað eru þau störf sem menn verða að taka að sér til að hafa í sig og á. Ég held að ekki megi ætla nokkrum það að séu þeir andvígir einhverju tilteknu máli eigi þeir að segja sig úr lögum við samfélagið. Ég held að menn megi ekki slá fram svona miklum fullyrðingum gagnvart þeim sem á þeim tíma voru andstæðingar þess að menn byggðu þessar stöðvar. Það var fyrst og fremst vegna þess að fólki ofbauð hvernig menn ætluðu sér að fara með fé í tilgangsleysi.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það að við Íslendingar höfum tekið þátt í samstarfi vestrænna þjóða hefur orðið til þess að Íslendingar eru ríkari í dag á margan hátt og eigum betur ofan í okkur og á en annars hefði orðið. Ég tel það afar mikilvægt að menn séu bærilega samkvæmir sjálfum sér í þessum málflutningi. Ég er ekki að ætlast til þess að einstakir aðilar hafni því að vinna í þjónustu slíkra stöðva og blanda því saman við stjórnmálaskoðanir. Ég vil ekki að orð mín séu skilin með þeim hætti. Ég er hins vegar að benda á að það gætir oft mikillar tvöfeldni í afstöðunni til vestrænnar samvinnu. Menn vilja gjarnan njóta ávaxta þessarar samvinnu en eru síðan tilbúnir til að berjast gegn henni og vinna að því að hún sé lögð niður. Ég ætla að vona að svo verði aldrei en mér finnst að oft mætti gæta meira samræmis í málflutningi aðila og mig undrar að ekki skuli vera hægt að verða sammála um það, hvað sem líður fortíðinni, að þetta samstarf hafi orðið til gagns. Ég hef engan áhuga fyrir því að velta mönnum upp úr fortíðinni í þessu sambandi. Aðalatriðið er, hvað sem gerst hefur í þessum efnum og þrátt fyrir allt, sú mikla samstaða sem hefur ríkt í íslenskum stjórnmálum um þessi mál í gegnum tíðina frá upphafi og sá mikli meiri hluti sem hefur verið fyrir þessu samstarfi þrátt fyrir einhverja andstöðu. Við því er ekkert að gera. Þannig hlaut það

alltaf að verða. Hins vegar hljóta menn að viðurkenna staðreyndir í dag.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér finnst að umræðurnar hér í dag hafi staðfest það sem ég sagði að Alþb. er gersamlega fast í fortíðinni að því er þetta mál varðar. Það er furðulegt að heyra hv. 4. þm. Norðurl. e. segja að vandamál Atlantshafsbandalagsins sé að það dragi með sér inn í framtíðina mikinn vanda úr fortíðinni. Ef einhver aðili hér á við fortíðarvanda að glíma er það Alþb. Það hefur enn komið í ljós hér í þessum umræðum að Alþb., einn flokka, er andvígt því að vinna að því samstarfi þingmanna sem á sér stað innan Norður-Atlantshafsbandalagsins og í tengslum við starfsemi NATO. Það er furðulegt að standa hér enn og hlusta á gömlu klisjurnar úr munni alþýðubandalagsmanna um það hvernig eigi að tryggja frið og öryggi og hvernig standa skuli að úrlausn á alþjóðavettvangi. Ég hélt satt að segja að þeir alþýðubandalagsmenn hefðu eins og aðrir lært eitthvað af þeim atburðum sem hafa verið að gerast í samtíðinni og væru reiðubúnir til að laga sig að þeim breytingum sem orðnar eru en það hefur komið fram að svo er ekki.

Mér þótti úr hófi gengið þegar hv. 5. þm. Vestf. sagði að Atlantshafsbandalagið ætlaði að tryggja frið með ótta, hungri og fátækt. Hvernig í ósköpunum dettur manninum í hug að kenna þetta við Atlantshafsbandalagið? Ef einhver öfl í heiminum hafa reynt að halda völdum með ótta, hungri og fátækt, þá er það kommúnisminn. Og það hefur komið í ljós með hruni hans nú á undanförnum missirum að þar er fólk haldið ótta og hefur búið við hungur og fátækt um áratugaskeið, ólíkt því sem verið hefur hér á Vesturlöndum.

Hv. 5. þm. Vestf. fór að væna hæstv. utanrrh. og hv. 17. þm. Reykv. um að þeir hefðu verið í Alþb. og væru þess vegna á sama báti og þeir alþýðubandalagsmenn. Sá mikli munur er á að þessir menn hafa yfirgefið Alþb. og gert upp við marxismann og kommúnismann. Og það var m.a. deila í Alþb., sem hv. 17. þm. Reykv. tók þátt í um stalínismann og kommúnismann, sem olli því að hann sagði sig úr flokknum. Og hið sama má segja um hæstv. utanrrh. Fáir menn hafa á undanförnum árum og missirum verið djarfari í sókninni gegn kommúnismanum en hæstv. utanrrh. í málflutningi sínum gegn þeim sjónarmiðum sem enn ráða ríkjum í Alþb. Það er því alveg út í hött að hlusta á þessar ræður eins og þessir menn, sem hafa yfirgefið Alþb., séu á sama báti og þeir sem enn sitja í flokknum og þora ekki að gera upp við fortíðina, dragnast með fortíðarvandann og forðast að ræða hann og kjósa frekar að vera með útúrsnúninga eins og hv. 5. þm. Vestf. var með í sinni ræðu. Það er í samræmi við annað í málflutningi Alþb., þeir eru fastir í fortíðinni, þora ekki að gera upp við hana og treysta sér ekki nú, þegar heimurinn hefur gerbreyst, að horfast í augu við þær staðreyndir sem við blasa og taka þátt í því mikilvæga þingmannasamstarfi sem fer fram og er hér til umræðu á grundvelli ágætrar skýrslu sem liggur fyrir um það mál.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Manni verður bara hlýtt af að hlusta á svo gamlar og skemmtilegar ræður. Ég vil þó segja í tilefni af ræðu hv. þm. að ég hygg að aðalfortíðarvandinn varðandi NATO hér á Íslandi sé þetta gamla samtryggingarkerfi og samspil íslenskra stjórnmálaflokka og gróðans af hernum sem við gátum náð í á hverjum tíma. Það hefur því miður sett verulegan blett á þá fortíð hvernig Sjálfstfl. og Framsfl. skiptu með sér hermanginu og notuðu féð og stöðuna til að tryggja stöðu sína í þjóðfélaginu.

Hvað varðar óttann, hungrið og fátæktina, þá vil ég segja hv. þm. að menn eyða ekki sömu krónunni tvisvar. Þegar menn setja 1,5 milljarða í ratsjárstöð til að fylgjast með einhverju sem ekki er lengur til fara þeir peningar ekki til að fæða hungrað fólk.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vil tæpa á hér. Til umræðu kom hjá hv. 5. þm. Vestf. hvernig ástandið væri í Tyrklandi. Ég vil minna á að NATO eða Atlantshafsbandalagið hefur verið einn virkasti aðilinn í því gegnum tíðina að hjálpa til við að lýðræðið og mannréttindi komist á í Tyrklandi. Það er áhrifamesti aðilinn sem þar hefur verið að verki. Um það má deila hvernig stjórnskipulagi einstakra ríkja er háttað eða hefur verið. Ég á von á því og veit að það er á framfaravegi í þessu ríki sem nú er um rætt. Hitt er annað mál að þessi ríki eins og önnur mynduðu með sér bandalag til að komast undan skelfingum kommúnismans og tókst það. Og nú er það Atlantshafsbandalagið sem stendur yfir rústum kommúnismans, sem það var stofnað til að koma fyrir kattarnef, verja Vesturlönd fyrir þeirri ógn og skelfingu sem við nú sjáum að fyrir hendi var og er.

Það var mjög athyglisvert í orðaskiptum hv. 5. þm. Vestf. við hv. 1. þm. Austurl. að niðurstaða hv. 5. þm. Vestf. var sú að andstaðan við radarstöðina á Bolafjalli hefði einkum verið vegna þess að þeir töldu að illa hefði verið farið með fé Bandaríkjamanna. Það er mjög merkileg niðurstaða og ný útsetning á hugmyndafræði Alþb. og verður náttúrlega haldið til haga.

Inn í umræðuna kom líka að þetta bandalag ætti að berjast fyrir öðrum þáttum. Ég minni á að bandalagið var stofnað til þess að verjast ógn, hættu, hernaði og kúgun og það hefur sinnt sínu hlutverki. Menn þurfa ekki að velkjast í neinum fortíðarvanda þar heldur horfa bjartir til framtíðarinnar vitandi að samstaða, trúnaður og traust milli þeirra ríkja sem það mynduðu geta varðveitt friðinn áfram. Við vitum ekki hvað gerist fyrir austan eftir þær byltingar sem átt hafa sér stað og vissulega getur þar ýmislegt erfitt gerst. Það segir okkur að Atlantshafsbandalagið þarf áfram að vera sterkt. Ég vil taka undir það sem hér kom fram að það er mjög mikils virði að því varnarsamstarfi sem þar er verði haldið áfram í góðri samvinnu við Bandaríkjamenn. Það er meginforsenda fyrir því að vel verði

haldið á málum og að friður haldist. Ég minni á að þingmannanefndin hefur beitt sér mjög fyrir því gegn ýmsum öðrum sem innan samtakanna eru.

Ég minni á það að við erum innan Sameinuðu þjóðanna sem hafa það hlutverk, sem hér var rætt um, að koma í veg fyrir hungur, koma í veg fyrir að menn líði skort. Þar erum við aðilar, þar er Tyrkland líka aðili og ég legg áherslu á að við störfum af fullum heilindum þar. Þar getum við unnið góð störf, ekki síður en með þátttöku okkar í Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsins og í Atlantshafsbandalaginu sem hefur orðið okkur Íslendingum til mikils öryggis og góðs.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að Atlantshafsbandalagið hafi barist gegn herforingjastjórninni í Tyrklandi eða Þingmannasamband NATO hafi verið sá vettvangur þar sem þingmenn lýðræðisríkjanna börðust gegn herforingjastjórninni í Tyrklandi. Það vill svo til að ég þekki það mjög vel að það var Evrópuráðið og þing Evrópuráðsins sem var aðalvettvangur baráttu þingmanna á Vesturlöndum gegn herforingjastjórninni í Tyrklandi. Það væri nauðsynlegt fyrir hv. þm. að lesa sér dálítið til til að hann áttaði sig á því hvar menn hafa staðið vörð gegn herforingjastjórnunum. Innan NATO voru á Spáni, Portúgal, Grikklandi og Tyrklandi herforingjastjórnir, gerræðisstjórnir sem fangelsuðu þingmenn, ráku þá í útlegð, bönnuðu blöð, heftu skoðanafrelsi með margvíslegum hætti og hv. þm. Björn Bjarnason getur t.d. á næstnæsta þingmannafundi Evrópuráðsins rætt þar persónulega við marga þingmenn sem voru settir í útlegð, bannað að starfa og skrifa í blöð á blómaárum lífs síns vegna þess að herforingjastjórnirnar í heimalandi þeirra, aðildarríki NATO, Spáni, Portúgal eða Grikklandi ógnuðu öllu frelsi þeirra og lýðræði. Þetta eru einfaldar staðreyndir.

Það er líka nokkuð ljóst að það var ekki hernaðarógnin frá NATO sem steypti gerræðiskerfi kommúnismans í Austur-Evrópu. Það voru innri mótsagnir þessa gerræðiskerfis, ófrelsið sem það hafði í för með sér, efnahagslegu mistökin, falskenningar um eðli framfara, barátta gegn lýðræði og mannréttindum hjá þeim sem þarna stjórnuðu sem gerði það að verkum að þessi ríki á endanum steyptu gerræðiskerfi kommúnismans sem þar var við völd. Aftur á móti hagnýtti KGB og valdaklíkan í Kreml sér eins og hún gat hernaðarógnina frá NATO til þess að halda völdum yfir fólkinu og kúga það ár eftir ár.

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt þegar hv. 8. þm. Reykn. kvaddi sér hljóðs væri það í því skyni að biðjast afsökunar á fortíð Alþb. Það gerðist ekki. Þykir mér það miður vegna þess að full ástæða er til þess að biðjast afsökunar á þjónkun fyrirrennara hans við það austræna valdakerfi sem nú er hrunið. Í stað þess flytur þingmaðurinn ólíkindaræðu hvað söguskoðun snertir og segir svart vera hvítt og hvítt svart.

Ég hélt að í dag væri enginn í vafa um það að Atlantshafsbandalagið er það friðarbandalag sem varðveitt hefur friðinn í Evrópu, að Atlantshafsbandalagið er það friðarbandalag sem réði niðurlögum kommúnismans. Það eru staðreyndir málsins, annað ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum vona að það sem hv. þm. sagði hér áðan hafi verið það sem hv. þm. Björn Bjarnason var að hvísla að honum í salnum en hafi ekki komið frá eigin brjósti þingmannsins. Það er sérkennilegt ef á það er kallað að ég komi hér og biðjist afsökunar á fortíð Hannibals Valdimarssonar, svo ég byrji nú á fyrsta fyrirrennara mínum. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði að ég ætti að koma hér í stólinn og biðjast afsökunar á fortíð fyrirrennara minna. Enginn maður hefur verið fyrirrennari minn lengur sem formaður Alþb. en Hannibal Valdimarsson. Hann var sá fyrsti, frá 1956–1968. Hvað er það í fortíð Hannibals Valdimarssonar sem ég á að biðjast afsökunar á, hv. þm. Karl Steinar Guðnason? Hannibal Valdimarsson sem var fluttur í böndum frá Bolungarvík sem verkalýðsforingi. Hvenær hefur formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur verið fluttur í böndum vegna baráttu sinnar fyrir málstað launafólks? Hvað er það í fortíð Ragnars Arnalds sem ég á að biðjast afsökunar á frá árunum 1968–1975? Hvað er það í fortíð Lúðvíks Jósepssonar frá 1975–1980 sem ég á að biðjast afsökunar á? Hvað er það í fortíð Svavars Gestssonar frá 1980–1987 sem ég á að biðjast afsökunar á? Hvers konar dylgjur eru þetta hjá hv. þm.? Ef hann vill að við tökum mark á honum vill hann þá ekki byrja á þeim fyrsta sem var fyrirrennari minn, Hannibal Valdimarssyni, og halda svo áfram svo að við vitum um hvað umræðan snýst?

Karl Steinar Guðnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að fyrirrennari Alþb. er Sósíalistaflokkurinn — Sameiningarflokkur alþýðu og Kommúnistaflokkur Íslands þar á undan. Þegar ég ræði um þessa hluti á ég við þá þjónkun sem þeir aðilar, sem síðast nefna sig Alþb., sýndu valdhöfunum fyrir austan. Útúrsnúningar er lúta að Hannibal Valdimarssyni eru afskaplega lélegur brandari.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er varla að maður þurfi þess eftir afhroð hv. þm. áðan þegar hann var rekinn á gat og gat engu svarað til útskýringar á ummælum sínum. Við eigum kannski að biðjast afsökunar á því að hafa tekið við Hannibal Valdimarssyni, manninum sem menn gátu ekki haft sem formann Alþfl. og ráku hann af höndum sér. Eigum við að biðja Alþfl. afsökunar á því? E.t.v., ég held þó ekki. Ég held að það sé óþarfi. En það stendur upp úr þessari umræðu að þrátt fyrir það að menn geti ýmislegt rætt innan NATO og ekki allt slæmt, ekki ætla ég að halda því fram, þá stendur það eftir bandalagið og þingmannasamtök þess hafa ekki haft neinn áhuga á því að tryggja réttindi þegnanna í þeim ríkjum þar sem þau hafa verið fótum troðin ef þau ríki hafa verið aðildarríki bandalagsins. Menn

hafa ekki haft áhuga á réttindum alþýðu í Grikklandi, réttindum alþýðu eða þjóðarbrota í Tyrklandi. Það er niðurstaðan. Íslandsdeild þingmannasamtaka NATO getur ekkert um það sagt og virðist ekki velta því fyrir sér, hvað þá að hafa nokkrar áhyggjur af því.

Ég vil að lokum, fyrst sú staða er nú uppi að upplausn er í austri og hrunið rotið kerfi sem löngu mátti vera farið, biðja hv. þm. Karl Steinar að íhuga hvort sé nú vænlegra þegar til framtíðar og friðar er horft að framleiða meira af sprengjum, meira af skriðdrekum og því um líku til að beina í austurátt eða hjálpa því fólki með fæði og klæði.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁRJ, 334. mál (umönnunarbætur og heimilisuppbót). — Þskj. 541.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, á þskj. 541. Þetta er 334. mál þingsins. Flm. er sú sem hér stendur.

Með frv. er tekið á mjög miklum réttlætis- og sanngirnismálum. Það eru umönnunarbætur fyrir þá sem annast elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelur heima og heimilisuppbót fyrir einstæða foreldra sem búa með börnum sínum undir 20 ára aldri.

Almannatryggingalögin eru yfir 20 ára gömul og á þeim 20 árum sem þau hafa verið í gildi hafa verið gerðar yfir 70 breytingar á þeim. Þegar lögum er breytt svo oft án þess að þau séu endurskoðuð í heild vill oft fara svo að við breytinguna verða einhverjir út undan án þess að það hafi verið ætlunin í upphafi. Ég tel að sú sé raunin í þeim lagagreinum sem ég geri brtt. um.

Snúum okkur fyrst að umönnunarbótunum. Samkvæmt þeim lögum sem gilda í dag er það aðeins maki lífeyrisþega sem á rétt á greiðslu frá Tryggingastofnun, makabótum, leggi hann niður störf vegna hjúkrunar hans. Greiðsla til maka fyrir þessi störf er nú, í mars 1992, 28.000 kr. á mánuði en 17.500 kr. hafi makinn einhverja vinnu með umönnunarstarfinu. Þar er algengt að um sé að ræða skúringar eða önnur íhlaupastörf.

Makabætur greiðast ekki til maka sé hann einnig lífeyrisþegi. Dæmi: Kona sem hefur verið bundin yfir eiginmanni sínum sem er umönnunarþurfi, t.d. eftir alvarlegan sjúkdóm eða slys, fær makabæturnar greiddar þar til hún verður 67 ára. Þá verður hún ellilífeyrisþegi og fær sinn eigin lífeyri og þá falla makabæturnar niður. Þessi störf eru þá ekki lengur metin við hana og er það mikið óréttlæti. Þeir sem hafa lent í þessu hafa átt erfitt með að sætta sig við þetta. Það er kostnaðarsamt að vera með sjúkling á heimili og þessi störf á að meta óháð aldri. Þó svo að sá sem þau vinni eldist og fái ellilífeyri þá á að meta það hjúkrunarstarf sem unnið er á heimilinu. Það er hægt að taka tillit til lífeyrisgreiðslna við ákvörðun umönnunarbóta og þess vegna legg ég til að þær verði heimildarbætur. Ég legg til að 13. gr. almannatryggingalaganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- og örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 47.111 kr. á mánuði. Bæturnar eru heimildarbætur og því háðar öðrum tekjum bótaþega."

Verði frv. samþykkt er það ekki aðeins maki ellieða örorkulífeyrisþegans sem getur fengið greiðslu fyrir umönnun á heimili hans. Mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta vegna þess ekki stundað vinnu utan heimilis. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á henni að halda, verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því allsendis úrelt að miða aðeins við greiðslu til maka þess sem er umönnunarþurfi. Mæður annast uppkomin sjúk og fötluð börn sín, börn aldraða foreldra sína og aðrir tengdafólk eða aðra ættingja en eiga ekki rétt á neinun greiðslum eða stuðningi frá hinu opinbera, í þessu tilviki Tryggingastofnun. Það samræmist ekki anda almannatryggingalaganna að mönnum sé mismunað eftir tengslum við þann sem þeir annast.

Í vetur, nánar tiltekið 23. des. 1991, gengu í gildi lög eða breyting á almannatryggingalögunum þar sem kveðið er á um að foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geti fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára. Þessi lög eru reyndar ekki komin til framkvæmda eins og kom fram í umræðunni í morgun, en vonandi verður þess ekki langt að bíða. Við gildistöku þessara laga bætist staða foreldra alvarlega sjúkra barna til muna.

En hvað tekur við þegar fatlaða eða sjúka barnið nær 16 ára aldri?

Við 16 ára aldur getur barnið sjálft fengið örorkubætur en umönnunarstarfið greiðist ekki lengur, þó svo að foreldrarnir eða það foreldri sem annast hinn fatlaða eða sjúka, geti ekki stundað almenna vinnu vegna umönnunarstarfsins. Sérstaklega er staða einstæðra foreldra sem eru í þessari aðstöðu slæm. Hjá þeim er oft ekki um annað að ræða en bætur öryrkjans, sjúklingsins, til framfærslu. Sjúklingur sem er umönnunarþurfi getur reyndar fengið uppbót á lífeyri vegna sérstaks kostnaðar við umönnun en það er óveruleg upphæð og ekki bein greiðsla til þess sem umönnunarstörfin vinnur. Þessi greiðsla er í dag frá rúmum 4.000 kr. og er hæst rúmar 16.000 kr. og þetta eru heimildarbætur. Upphæðin 47.111 kr. er sama upphæð og ætluð er vegna umönnunar fatlaðs eða sjúks barns, samanber breytingu á almannatryggingalögunum sem gekk í gildi í desember sl. Umönnun barns eða umönnun fullorðins er erfið og getur verið mjög lýjandi og lágmark að þau störf séu metin að verðleikum.

Ég þekki það úr starfi mínu hjá Tryggingastofnun að margir sem vinna þessi störf launalaust á heimilum sínum og spara samfélaginu mikið fé, eru orðnir útslitnir ef þeir hafa sinnt þeim lengi og ekki óalgengt að

þetta fólk endi sem öryrkjar með greiðslu frá Tryggingastofnun. Það er þá oft vegna þess að það ofgerir sér með íhlaupavinnu á kvöldin og um helgar til að láta enda ná saman. Þess vegna tel ég mikilvægt að bæturnar séu heimildarbætur og hægt verði að meta þörfina fyrir bæturnar í hverju tilviki.

Greiðsla umönnunarbóta er sparnaður, bæði ef til skammtíma eða langtíma er litið. Þær spara dýr sjúkrahúspláss eða dýra vistun á stofnun og geta verið fyrirbyggjandi, þ.e. komið í veg fyrir að þeir sem vinna hjúkrunarstörfin slíti sér út og endi sem öryrkjar á bótum hjá Tryggingastofnun.

Greiðsla umönnunarbóta er sparnaður í mörgu tilliti og vil ég nefna dæmi: Elli- og örorkulífeyrisþegi sem dvelur á stofnun, t.d. á Skjóli þar sem margir aldraðir umönnunarsjúklingar eru, kostar heilbrigðiskerfið 7.200 kr. á dag miðað við daggjöld um áramót, eða 216.000 kr. á mánuði. Ef hann dveldi heima og fengi umönnun þar væri umönnunarkostnaðurinn samkvæmt frv. í mesta lagi 47.111 kr. Þetta er 169.000 kr. sparnaður á hvern sjúkling á mánuði. Lægi hann aftur á móti á Borgarspítalanum kostar dagurinn heilbrigðiskerfið 17.825 kr. á dag eða tæpar 544.000 á mánuði.

Er það ekki réttlætis- og sanngirnismál að einstaklingur sem sparar ríkinu rúma hálfa milljón á mánuði með því að annast lífeyrisþega heima, fái þau störf metin?

Sparnaðurinn er eins og í þessu tilviki um hálf milljón á sjúkling ef upphæðin úr frv. er tekin til viðmiðunar. Umönnunarstörf á heimili verður að meta sem vinnuframlag, vinnu í þágu samfélagsins og greiða fyrir hana eins og aðra sambærilega vinnu.

Varðandi breytinguna á 19. gr. sem fjallar um heimilisuppbótina er bætt inn setningunni „Sé um aðra heimilismenn að ræða skulu bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri", að öðru leyti er greinin eins og í núgildandi lögum.

Í framkvæmd er þessi lagagrein í núgildandi lögum túlkuð á þann veg að sá á aðeins rétt á heimilisuppbót sem býr aleinn. Allir sem hafa fleiri á heimilinu fá almennt synjun á heimilisuppbót sæki þeir um, þó svo að þeir hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu — eins og sagt er í lögunum — og þó þeir séu einir um heimilisrekstur. Nefna má sem dæmi einstæða móður sem verður öryrki. Hún fær ekki heimilisuppbót vegna þess að hún býr með barninu sínu. Öryrki sem verður móðir, þ.e. eignast barn, missir heimilisuppbótina við það. Annað dæmi: Fullorðinn ekkill, ellilífeyrisþegi, sem er enn með heimilisfast barn og það t.d. í námi, fær ekki heimilisuppbótina þó hann hafi engan annan framfærslueyri en bæturnar frá Tryggingastofnun. Það er erfitt að sjá hvert fjárhagslegt hagræði það er að vera með barn eða börn á framfæri hjá foreldri sem býr við þessa fjölskylduhagi og er eitt um heimilisrekstur. Bætist setningin „Sé um aðra heimilismenn að ræða skuli bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri", við málsgreinina eru tekin af öll tvímæli um að einhleypir lífeyrisþegar með barn eða börn á framfæri geti fengið heimilisuppbótina. 20 ára viðmiðunin er í samræmi við annað í lögunum og þá hættir barn t.d. að fá greiddan menntunarbarnalífeyri eða menntunarmeðlag.

Ekki er sanngjarnt að líta á meðlagsgreiðslur og mæðralaun sem fjárhagslegt hagræði af sambýli við börn sín, eins og gert er nú við framkvæmd laganna. Þær greiðslur eru framfærslueyrir barnsins. Því ætti einhleypur lífeyrisþegi í sambýli við börn sín undir 20 ára að geta notið heimilisuppbótar, uppfylli hann önnur skilyrði sem sett eru í lögunum um uppbótina, verði frv. samþykkt.

Tilgangurinn með lögunum í upphafi var áreiðanlega ekki að einstæðir foreldrar bæru skarðan hlut frá borði. Þessi framkvæmd laganna ýtir einnig undir að börn séu skráð annars staðar en hjá foreldrinu, sem er lífeyrisþegi, eftir 18 ára aldur þó svo að þau búi hjá því foreldri. Marga munar nefnilega um minna, sérstaklega ef lífeyrisþeginn hefur engar aðrar tekjur en tryggingabætur.

Mig langar að taka dæmi um hvaða greiðslur slíkur einstaklingur fær úr tryggingunum. Einstaklingur sem ekki á rétt á heimilisuppbót, fær 12.123 kr. í grunnlífeyri og 22.930 kr. í tekjutryggingu ef hann er öryrki og 22.305 kr. ef hann er ellilífeyrisþegi. Þetta eru á milli 34.000 og 35.000 kr. á mánuði. Er einhver sem treystir sér til þess að lifa af þeim mánaðarlaunum þó svo hann fengi meðlag eða mæðralaun og barnalífeyri til framfærslu barns? Það eru 7.425 kr. og 4.653 kr. auk barnalífeyrisins 7.425 kr., það eru 19.000 kr. í viðbót sem eru í raun framfærslueyrir barnsins. 53.000–54.000 kr. á mánuði til framfæris móður og barni eða föður og barni er ekki mikið og það munar um heimilisuppbótina á slíku heimili, sérstaklega hjá öryrkjum sem oft bera þó nokkurn og jafnvel mikinn kostnað vegna örorku sinnar.

Í dag eru 260 lífeyrisþegar sem ekki fá heimilisuppbót vegna þess að þeir eru í sambýli við börn sín undir 18 ára og flestir öryrkjar. Þetta er ekki stór hópur en sá sem yfirleitt hefur minnst umleikis í samfélaginu.

Mér finnst bagalegt að heilbrrh. skuli ekki vera hér og fáir úr heilbrn., þó sé ég að hér eru nokkrir þingmenn úr heilbr.- og trn. Ég veit að þeir eru að fjalla um þessi mál annars staðar og vona ég að þetta komist allt til skila því ég vil biðja þingmenn um að styðja þetta mikilvæga mál sem er öldruðum, sjúkum og fötluðum mjög til hagsbóta. Það hlýtur að mega verja einhverju af því fé sem sparast í ríkisrekstrinum til að koma á móts við þetta fólk sem oftast hefur bágust kjörin. Svo eru tillögurnar í raun til sparnaðar, eins og kom fram í máli mínu.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að hafa hreyft þessu máli sem er mjög gott og merkilegt. Reyndar fluttu kvennalistakonur nokkuð skylt mál á þingi 1988, þ.e. um umönnunarbætur, en það náði ekki fram að ganga. Þetta mál vekur athygli á því hversu mikil þörf

er fyrir allsherjarendurskoðun á almannatryggingakerfinu. Lagabálkurinn er frá 1971 en margoft hafa verið gerðar breytingar og viðbætur við almannatryggingalögin í takt við breytta tíma. Þær breytingar sem lagðar eru til eru að mínum dómi mjög þarfar og merkar enda um misrétti að ræða gagnvart ákveðnum hópum.

Eins og fram kom í máli flm. er ekki um stóra hópa að ræða og því ekki um ýkja háar upphæðir að tefla. Hins vegar kemur þar á móti að þetta eru fyrirbyggjandi aðgerðir. Eins og hv. þm. rakti getur það skapað heimilisfólki mikla erfiðleika að hafa veikt, gamalt eða fatlað fólk á heimili. Eins og við vitum er mjög erfitt að koma fólki fyrir á sjúkrastofnunum. Það er að verða eitt helsta vandamál sem við er að glíma í heilbrigðiskerfinu að fá pláss fyrir jafnvel mikið veikt gamalt fólk. Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að vera hægt að sinna veiku, gömlu fólki en það er ljóst að við eigum mjög langt í land með það. Því er um að ræða að reyna að aðstoða aðstandendur við að annast sína nánustu.

Ég vona að frv. fái skjóta og góða afgreiðslu og ekki munum við kvennalistakonur liggja á liði okkar. Það er óþarfi að hafa um þetta mörg orð, en ég fagna því að frv. skuli nú komið fram og læt máli mínu lokið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Satt að segja er hreyft mjög stóru máli og með þeim hætti að ástæða hefði verið til þess að eyða í það álíka löngum tíma og farið hefur í sum mál fyrr í dag, þar sem hæstv. forseti þingsins beitti sér fyrir frjórri umræðu, eða hitt þó heldur, við að grafa í nöflum fortíðarinnar.

Hér er flutt frv. sem mundi gjörbreyta aðstöðu í sambandi við þjónustu við aldraða í þessu landi. Hér er verið að flytja frv. sem mundi breyta í grundvallaratriðum núverandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Við skulum gera okkur grein fyrir því að einn aðalvandi tryggingakerfisins og heilbrigðiskerfisins er sá að sett voru lög fyrir fáeinum árum, m.a. með mínu atkvæði og fleiri góðra manna, um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem í raun og veru útlokar að ríkið geti sinnt veiku fólki á heimilum. Það er bannað. Það er hlutverk sveitarfélagsins. Og eins og kunnugt er þá tekst misjafnlega til í þeim efnum. Við höfum t.d. rætt um það í tengslum við þær sparnaðaraðgerðir sem nú standa yfir á ríkisspítölunum og eru mjög sársaukafullar hvort það er hugsanlegt að í staðinn fyrir að loka með býsna grófum hætti í heilt ár, svo að segja, öldrunardeildum, m.a. í Hátúni að nota eitthvað af fjármununum til þess að hlynna að þessu fólki og sinna því heima hjá sér. Niðurstaðan er sú að það er ekki hægt eins og kerfið er í dag. Þess vegna er þetta mjög róttækt frv. sem hér er flutt. Það er róttækt að því leytinu til að það vegur að þessu stálþili sem menn reyndu að reka á milli ríkisins og sveitarfélaganna sem kemur niður á þegnunum, sem kemur niður á almenningi. Þetta birtist í heilbrigðismálum, þjónustu við aldraða og kannski ekki síður í skólamálum sem eru þó ekki á dagskrá hér.

Þetta frv. er líka merkilegt fyrir þær sakir og sú hugsun, sem hv. þm. hreyfir, að með þessum aðgerðum væri hægt að ná utan um vandann sem í dag virðist óleysanlegur hér á Reykjavíkursvæðinu t.d. Það er talað um að í Reykjavík einni vanti hjúkrunarpláss fyrir 200–300 aldraða einstaklinga, hjúkrunarrými svipað og í Skjóli. Ef við gerum ráð fyrir að hér sé um að ræða 300 einstaklinga og ef við gerum ráð fyrir því að það ætti að setja upp stofnun með svipuðum hætti og Skjól er til að sinna þessu fólki, þá kostar vissulega mikið að byggja þau hús en það eru þó smámunir miðað við hvað kostar að reka þessar stofnanir. Eins og hv. þm. gat um áðan þá er kostnaðurinn um 7.200 kr. á dag eins og þessu háttar núna eða 216.000 á mánuði eða 2 millj. kr. á ári.

Ef við gerðum ráð fyrir því að við tækjum á vanda fólks sem býr við hraklegar aðstæður heima hjá sér um þessar mundir þar sem oft eru aðrir aldraðir að reyna að velta hinum sem er veikari og fæða og þjóna og þrífa, ef við skoðum þessi mál og reynum að nálgast þau út frá forsendum þessa frv. þá er alveg ljóst að það væri hægt að leysa þau með mikið ódýrari og skjótvirkari hætti. Ef við gerðum ráð fyrir því að sú leið væri farin sem gerð er tillaga um í þessu frv. þá mætti taka á vanda þessa fólks og ef við miðum við að það fengi allt 47.111 kr. á mánuði, sem er þó hámark þess sem lagt er til, og við næðum til 300 einstaklinga þá yrði kostnaðurinn við það um 170 millj. kr. á ári í staðinn fyrir 900 millj. kr. ári. Hér er sem sagt verið að tala um upphæðir sem eru hvorki meira né minna en rúmar 700 millj. kr. á ári. Ég kýs að nálgast málið svona frekar en að nálgast það með því að segja: Þessi aðferð gæti orðið til að losa um eitthvað af þeim rúmum sem eru til. Ég vil byrja á því að leysa vanda þess fólks sem er núna heima hjá sér og fær engin úrræði eins og staðan er í dag af því ekki eru til hús og þó það séu til hús þá eru þau ekki tekin í notkun, eins og dagdeildin í Skjóli sem er búin að standa tilbúin í þrjú missiri en fæst ekki tekin í notkun. Hún fékkst t.d. ekki tekin inn á fjárlög þessa árs þrátt fyrir verulegan eftirrekstur af hálfu fjölmargra aðila, m.a. þeirra sem fara með rekstur þeirrar stofnunar.

Ég held þess vegna að það væri full ástæða til að á þessu máli væri tekið með þeim hætti að þar ættust ekki aðeins við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, en það má segja að góð meining þeirra geri litla stoð um þessar mundir. Þar þyrfti fleira að koma til. Ég held að þeir menn, sem tala mikið um að spara í heilbrigðiskerfinu núna, ættu að skoða hugmyndir af þessu tagi í staðinn fyrir að vaða um eins og naut í flagi, með leyfi forseta, en það er tilvitnun í Morgunblaðið.

Það væri fróðlegt að velta því fyrir sér um hversu marga einstaklinga er hér að ræða. Ég held satt að segja að ef opnað væri fyrir þessar heimildir á annað borð þá yrðu þeir mjög margir. Ég er ekki alveg viss um að orðalag frv., eins og það liggur fyrir, takmarki þetta nægilega mikið vegna þess að ég geri ráð fyrir því að ásóknin yrði alveg gríðarleg. En þó kann svo að vera. Hv. flm. þekkir þessi mál mjög vel, betur en flestir aðrir, þannig að það kann vel að vera að hér séu

reistar nægilegar skorður. En auðvitað verður að vera með þetta eins og aðra félagslega þjónustu að á henni sé haldið þannig að hún sé almenn, að hún veitist á grundvelli skýrra reglna en ekki óskýrra, en óskýrar reglur opna eins og kunnugt er fyrir klíkuskap og ranglæti af ýmsu tagi og verða oft til þess að eyðileggja þá góðu fyrirætlan sem lög um félagslega þjónustu, heilbrigðismál eða tryggingamál eða hvað það nú er gera þó ráð fyrir.

Með öðrum orðum, ef tekið er á vanda einstaklings með þeim hætti, sem hér er gerð tillaga um, í stað þess að vista hann á Skjóli, sem er bara nefnt hér sem dæmi og ekki vegna þess að Skjól sé dýrast af öllu, langt frá því, það eru til dýrari stofnanir en Skjól, líka ódýrari auðvitað, þá sparar það í útgjöldum fyrir þennan eina einstakling 1 millj. 463 þús. kr. á ári. Fyrir utan það manneskjulega í þessu efni sem er að fólkið geti verið heima hjá sér sem lengst og ekki er hægt að reikna út neinn arð af út af fyrir sig en er auðvitað frá almennu, mannlegu réttlætissjónarmiði skynsamlegra en þessi feiknalega ásókn í stofnanavistun sem hér er uppi og hefur lengi verið. Hún er kannski fyrst og fremst nauðvörn vegna þeirra laga sem gilda um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að fólk hefur verið rekið inn á stofnanir af því að ríkið hefur ekki fengið að koma inn í nærþjónustuna á heimilunum sem þó mundi spara bæði ríkinu og þjóðinni í heild stórkostlega fjármuni og mundi auk þess vera betri fyrir þetta fólk, bæði félagslega og einnig skoðað út frá heilbrigðissjónarmiði.

Ég tek undir það með hv. flm. að ég vænti þess að þetta mál fái alvarlega skoðun í hv. heilbr.- og trn. og mun fyrir mitt leyti, en ég á sæti í nefndinni, beita mér fyrir því af þeim litla mætti, sem ég hef, að svo geti orðið.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Fyrst af öllu vil ég þakka hv. 11. þm. Reykv. Ástu Ragnheiði fyrir að leggja fram þetta frv. til breytingar á lögum um almannatryggingar. Þetta er eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði, mjög stórt mál og merkt og í tíma talað, einmitt núna á þessum tímum þegar erfiðleikarnir eru hvað mestir að koma öryrkjum og sjúklingum inn á sjúkrahús.

Hv. 11. þm. þekkir þetta mál vel frá sínum vinnustað og veit hvar skórinn kreppir og þess vegna tel ég að hv. þm. hafi náð mjög vel einmitt utan um þetta mál. Það eru ýmsar gloppur í almannatryggingalögunum sem endilega þarf að ná utan um eins og t.d. að eftir að barn sem er öryrki nær 16 ára aldri falla umönnunarbætur niður um leið og það kemst á örorkubætur en náttúrlega minnkar þá ekkert umönnun hins fatlaða eða sjúka. Þess vegna er svo mikilvægt einmitt, eins og hv. þm. Svavar Gestsson kom inn á, að ekki sé verið að reka þetta fólk út af heimilunum ef það er lífsins möguleiki að hafa það heima en það er einmitt það sem er að gerast, fólkið sem annast þessa einstaklinga gefst upp. Ef maður skoðar t.d. hvaða erfiðleikar eru í dag að koma öldruðu fólki inn þá hefur plássum fækkað á undanförnum vikum um 53 öldrunarrúm og 50 hvíldarpláss sem fólk hefur vitað hingað til að það hefur getað fengið aðstandendur sína lagða inn á. Ef við hugsum um sparnaðinn, sem getur orðið af því að öryrkjar geti verið meira heima og lengur, þá kostar dagur á sjúkrahúsi 18.000 kr. Af þessu er því mikill sparnaður og hagræðing og það þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Og það er annað sem við þurfum að skoða, einmitt í þessu dæmi að t.d. ef barn sem fær átta tíma þjónustu utan heimilis þá missa foreldrarnir umönnunarbæturnar. En þá eru 16 tímar eftir af sólarhringnum og yfirleitt eru þetta mjög erfiðir einstaklingar þannig að þetta mál þurfum við líka að taka fyrir. Málið fer auðvitað fyrir heilbrn. og fær eflaust mjög jákvæða umfjöllun þar.

Ég þakka hv. flm. enn og aftur fyrir að leggja þetta mál fram.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem lýst hafa yfir stuðningi við þetta frv. og um leið og ég fullvissa alla um að það er mjög brýnt sanngirnismál að þessar greinar í almannatryggingalögunum verði leiðréttar þannig að þetta fólk beri ekki skarðan hlut frá borði og ég heyri að þeir hv. þm., sem hafa tekið hér til máls, gera sér fulla grein fyrir því. Og af því að hér fámennt en góðmennt í salnum þá langar mig til að nefna dæmi um það hvernig þessi mál geta snúið við þeim sem þurfa á umönnun að halda fyrir sína nánustu. Ég ætla bara að nefna eitt dæmi sem kom upp hjá mér í síðustu viku, því það er ekki óalgengt að fólk beri upp vandræði sín hjá mér. Það kom til mín ung kona á skrifstofuna sem hafði miklar áhyggjur af mömmu sinni og ömmu vegna þess að amman, sem var ellilífeyrisþegi, átti að útskrifast af sjúkrahúsi en var umönnunarþurfi. Mamma hennar vann fyrir þeim úti og ef amma hennar átti að komast heim þá varð mamma hennar að hætta vinnu. Hún spurði hvort það væri nokkur leið að fá einhverjar bætur fyrir umönnunarstörfin. Móðir stúlkunnar á ekki rétt á neinum umönnunarbótum, eins og kom fram hjá mér áðan, eða neinum greiðslum fyrir þau störf sem hún vinnur, þ.e. frá Tryggingastofnun, þannig að þegar gamla konan kemur heim þá verða þær að lifa á bótum gömlu konunnar sem eru nú 46.000 kr. rúmar á mánuði. En þessi fullorðna kona er með litlar sem engar greiðslur úr lífeyrissjóði sem algengt með fullorðnar konur í dag.

Gamla konan fær ekki heimilisuppbót af því hún er í sambýli við aðra, hún býr með dóttur sinni, en hún er með 100% umönnunaruppbót. Þess vegna spyr maður sjálfan sig hvort hægt sé að ætlast til þess að tvær manneskjur, og önnur sem er umönnunarsjúklingur, geti lifað af 46.000 kr. rúmum. Það væri kannski hægt að koma bótunum upp í 50.000 kr. en það eru ekki miklir peningar til þess að framfleyta sér.

Ef þessi kona ætti eiginmann sem ekki væri lífeyrisþegi og hann annaðist hana þá fengi hann greiðslur, makabæturnar, fyrir umönnunarstörfin. En hún er svo óheppin, ef hægt er að segja svo, að það er dóttirin sem sér um hana. Þá eru engar greiðslur frá Trygg-

ingastofnun. Þannig að það er greinilega ekki sama hver vinnur störfin samkvæmt lögunum og það eru ekki sömu laun fyrir sömu vinnu.

Ég vil benda á það aftur að það er sparnaður að greiða fyrir þessi störf og það kom vel fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni áðan. Það er sparnaður að meta þessa vinnu og auðvitað er það manneskjulegra eins og kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að gefa fólki kost á því að dvelja heima sé það sjúklingar.

Varðandi aðstoðina frá sveitarfélagi, sem sami þingmaður kom inn á, þá er möguleiki að fá aðstoð frá sveitarfélagi í sumum tilvikum en ekki öllum. T.d. er víða úti á landi ekki um slíkt að ræða. Sú staða hefur oft komið upp að það er alls ekki um neina aðstoð að ræða frá sveitarfélaginu og oft er það þannig líka að menn veigra sér við að leita eftir aðstoð frá sveitarfélaginu. Þess vegna ættu almannatryggingarnar að koma þarna inn til aðstoðar því það er í raun hlutverk almannatrygginganna.

Það kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að hann hefði áhyggjur af því að mikil ásókn yrði í þessar umönnunarbætur. Ég legg til í frv. að umönnunabæturnar verði heimildarbætur, þá verða settar um þær ákveðnar reglur og m.a. farið eftir öðrum tekjum því að greiðslur úr almannatryggingunum eiga ekki að vera viðbót við háar tekjur heldur greiðsla til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Þær eru nauðsynlegar til að gera sjúkum og fötluðum kleift að dvelja heima óski þeir þess. Einnig er mikilvægt að lífeyrisþegar eigi kost á þessum bótum þannig að umönnunarstörf þeirra á heimilum sé metin þó svo þeir séu orðnir það fullorðnir að þeir eigi rétt á ellilífeyri.

Ég vil benda á það að þeir sem verða út undan vegna ákvæða laganna í dag eru ekki kröftugur þrýstihópur sem getur barist fyrir bættri stöðu sinni, þar hefur hver nóg með sitt.

Ég treysti því í lokin að þetta frv. fái sanngjarna afgreiðslu í þinginu og verði samþykkt og ég fagna því að nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. sem hafa verið á þessum fundi hafa lýst yfir stuðningi við það. Þetta frv. er líka í anda þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og vitna ég í því sambandi í fylgiskjal með fjárlögum frá 1992 og í hvítbókina, Velferð á varanlegum grunni, þar sem talað er um að ríkisstjórnin muni endurskoða almannatryggingalögin og beina með því stuðningi til þeirra sem bágust hafa kjörin. Hér er gott tækifæri til þess með því að samþykkja þetta frv. og ég vil líka fagna því hér í lokin að nú skuli fara fram heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum. Það er orðið mjög áríðandi mál. Það mál sem hér hefur verið rætt getur samt ekki beðið eftir endurskoðun laganna. Þetta er brýnt mannréttinda-, sanngirnis- og réttlætismál. Það verður að leiðrétta það misrétti sem er í lögunum í dag og koma þessum ákvæðum, sem þetta frv. kveður á um, í lög sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 345. mál (Menningarsjóður útvarpsstöðva). — Þskj. 554.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985, á þskj. 554, 345. mál. Flm. auk þeirrar sem hér stendur eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Þetta frv. felur í sér, verði það samþykkt, að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og er með ákvæði til bráðabirgða um að eignir sjóðsins, séu þær einhverjar, renni til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Útvarpslögin tóku gildi 1. jan. 1986 en í þeim lögum er fyrst kveðið á um sjóðinn. Reglugerð um hann er síðan samþykkt 11. febr. sama ár, en stjórn ekki skipuð fyrr en í nóvember það ár. Í umræðum á Alþingi um frv. til útvarpslaga og Menningarsjóð útvarpsstöðva árið 1985 kom skýrt fram að tilgangurinn með Menningarsjóði útvarpsstöðva væri tvíþættur. Í fyrsta lagi að létta af Ríkisútvarpinu kostnaði sem það hefði af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þ.e. 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar umfram tekjur, sbr. 11. gr. laga nr. 36/1982. Í öðru lagi að veita fjárframlög til eflingar innlendri dagskrárgerð sem verða mætti til menningarauka og fræðslu. Það átti sem sagt að hvetja nýjar stöðvar, sem þá voru að fá starfsleyfi, til að flytja menningarefni.

Í 11. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, segir, með leyfi forseta: „Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.“ — Með útvarpi er átt við bæði útvarp og sjónvarp.

„Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af kostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ... áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur.“

Í reglugerð um sjóðinn frá 1986 er kveðið á um að framlög úr sjóðnum skulu aðeins veitt útvarpsstöðvum. Framlög megi veita til dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfrar og vegna kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem annast dagskrárgerð.

Þann 9. apríl 1991 var gerð breyting á reglugerðinni þar sem hlutverk sjóðsins er skilgreint að nýju og er nú heimilt að veita íslenskum útvarpsstöðvum eða íslenskum framleiðendum dagskrárefnis framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirrar er megi verða til menningarauka og fræðslu. Nú eru það ekki útvarpsstöðvarnar einar heldur einnig framleiðendur efnis sem fá úthlutanir, þ.e. þeir sem útvarpsstöðvarnar e.t.v. keyptu efnið af. Opnar þessi reglugerð fyrir styrki til framleiðenda innlends menningarefnis, þ.e. styrki til kvikmyndagerðarmanna.

Ekki eru settar fram neinar kröfur um að efni sem kvikmyndagerðarmenn framleiða fyrir styrk úr menningarsjóðnum hafi tryggingu fyrir því að verða sent út á einhverri útvarpsstöð. Ef útvarpsstöðvarnar vilja síðan kaupa þetta efni kvikmyndaframleiðanda, efni sem gert er fyrir fé úr menningarsjóðnum, þurfa þær að

kaupa það á fullu verði, efni sem framleitt er fyrir auglýsingatekjur útvarpsstöðvanna — eða skattinn á auglýsingatekjurnar, fyrir þá sem kjósa að kalla hann svo — og tvíborga síðan efnið með auglýsingafénu. Ég nefni sem dæmi kvikmyndafyrirtæki sem fær úthlutun, t.d. 3 millj. til að vinna ákveðið menningarefni. Sjónvarpið eða Stöð 2 hafa áhuga á að sýna þáttinn og þurfa þá að kaupa sýningarréttinn á fullu verði og borga t.d. 3 millj. fyrir þáttinn í stað þess, eins og var áður, að sjónvarpið eða Stöð 2 fékk úthlutunina úr sjóðnum og lét síðan kvikmyndafyrirtækið vinna myndina fyrir féð sem það fékk úthlutað úr sjóðnum.

Um þetta eru engar reglur eins og málum er nú háttað og á reyndar eftir að koma í ljós hvernig það verður.

Reyndar er það mál ýmissa lögfróðra manna að líkast til eigi reglugerðin frá 1991 ekki stoð í lögum þar sem úthlutun til kvikmyndagerðarmanna stangast á við ákvæðið um að úthluta styrkjum til útvarpsstöðva eftir að hlutur ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði sinfóníunnar hefur verið greiddur, en það mál er nú til meðferðar hjá umboðsmanni Alþingis.

Sé yfirlit yfir greiðslur og styrki úr sjóðnum undanfarið skoðað, er ljóst að hann hefur ekki náð því hlutverki sem honum var upphaflega ætlað. Greiðslur Ríkisútvarpsins hafa staðið undir megintekjustofnum sjóðsins og þar með hluta sjóðsins á kostnaði við rekstur sinfóníunnar.

Ríkisendurskoðun sendi frá sér skýrslu um sjóðinn í júní 1988 og er með miklar efasemdir um ágæti hans. Í skýrslunni kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið leggur til um 74,5% af menningarsjóðsgjaldinu 1988 en fær 56% styrkja. Íslenska útvarpsfélagið leggur til 13,4% en fær 27,8% styrkja. Íslenska sjónvarpsfélagið leggur til 11,3% en fær 15,4% styrkja." Hlutfallsskipting styrkja miðað við ráðstöfunarfé sjóðsins eftir að sinfónían hefur fengið sinn hlut er óeðlileg. Þetta er óeðlilegt hlutfall miðað við að þessi fyrirtæki eiga í mjög harðri samkeppni.

Það hefur verið tregða í greiðslum í sjóðinn. Ekki hefur verið ljóst hvað beri að túlka sem auglýsingu og hvað séu í raun auglýsingatekjur, svo sem óbeinar auglýsingar eins og kostun á dagskrárefni, merki fyrirtækja í horni yfir kostun og í hléum. Hafa sumir neitað að greiða tíundina af slíkum auglýsingum til sjóðsins.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir enn fremur: „Ljóst er að sú fyrirætlan með lögum um Menningarsjóð útvarpsstöðva að létta af Ríkisútvarpinu hluta af rekstarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur ekki náð tilgangi sínum þau tvö ár sem sjóðurinn hefur starfað. Ríkisendurskoðun telur rétt að fram fari endurskoðun á tilverurétti sjóðsins."

Hefði Ríkisútvarpið haldið áfram að greiða sinn hlut í rekstri sinfóníunnar og haldið eftir afgangi af tekjustofni sjóðsins, þ.e. tíundinni til dagskrárgerðar og haldið núverandi auglýsingaverði, hefði það haft mun meira fé til ráðstöfunar til menningarefnis en fyrir tilkomu sjóðsins. Skoði menn töfluna sem fylgir frv. kemur berlega í ljós að frá upphafi hefur Ríkisútvarpið greitt rúmar 337 millj. til sjóðsins en aðeins fengið 110 millj. úr honum til dagskrárgerðar.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds hafa verið greiddar 135 millj. til sinfóníunnar frá upphafi úr sjóðnum. Hér eru 92 millj. á milli sem höfðu getað nýst dável til menningarlegrar dagskrár hjá stofnuninni.

Á þessu sést einnig að með tilkomu sjóðsins hefur ekki verið létt gjöldum af Ríkisútvarpinu eins og upprunalega var ætlunin heldur aukast þau í raun.

Það má líka koma hér fram að fjárhagsáætlun fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að kostnaður við sjóðinn, laun og rekstrarkostnaður, verði um 4 millj. kr. Hægt væri að gera dágott menningarlegt efni fyrir þá fjárhæð í stað þess að eyða henni í rekstur á sjóðnum. Þetta er 4,7% af rekstrarfé sjóðsins en áætlað er að 56,5% fari til sinfóníunnar í ár og 38,8% í menningarlega dagskrárgerð.

Hugmyndin að menningarsjóðnum var mjög góð og þörf á þeim tíma sem hún var sett fram, en hvernig málin hafa æxlast síðan hefur orðið til þess að hann hefur ekki náð tilgangi sínum. Erfitt er að sjá hvaða rök eru fyrir því að láta Menningarsjóð útvarpsstöðva færa fé frá Ríkisútvarpinu til Sinfóníuhljómsveitarinnar þegar uppruni er óbreyttur. Það var heldur ekki ætlun löggjafans, hugmyndin var að dreifa kostnaðinum á allar útvarpsstöðvar í landinu. Ekki verður séð að tilkoma sjóðsins hafi orðið til þess að efla innlenda dagskrárgerð umfram það sem samkeppni stöðvanna leiðir af sér. Stöðvarnar, útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar, leggja metnað í að halda úti menningarlegri dagskrárgerð, en yfirleitt vantar fé. Ég veit t.d. að útvarpsstjóri Íslenska útvarpsfélagsins er þeirrar skoðunar að Stöð 2 og Bylgjan mundu verja 30 millj. kr. meira í íslenska dagskrárgerð á þessu ári ef menningarsjóðurinn væri ekki til staðar. Ég veit líka að Ríkisútvarpið greiddi 102 millj. kr. í sjóðinn á undanförnum tveimur árum umfram greiðslur eða styrki úr honum.

Svo ég vitni aftur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1988 þá leggur Ríkisendurskoðun til að lög og reglur um sjóðinn verði endurskoðuð eða sjóðurinn lagður niður.

Frá því að þessi skýrsla var gerð hafa litlar sem engar breytingar orðið á sjóðnum nema til hins verra, sbr. reglugerðarbreytinguna í júní 1991. Ég tel því að niðurstaða Ríkisendurskoðunar sé enn í fullu gildi.

Þetta mál hefur margoft verið rætt í útvarpsráði, bæði því sem sat á síðasta kjörtímabili og því sem nú situr og eru ráðsmenn yfirleitt þeirrar skoðunar að sjóðurinn eigi ekki tilverurétt enda er það vantraust á Ríkisútvarpið sem menningarstofnun og það ágæta fólk sem þar starfar að tíund af auglýsingatekjum skuli vera færð til úthlutunar nefndar úti í bæ. Útvarpsstöðvum veitir ekki af öllum sínum auglýsingatekjum í dagskrána. Því hefur verið haldið fram að 10% skatturinn til menningarsjóðsins sé ekki peningar útvarpsstöðvanna. Hann er það e.t.v. ekki strangt til tekið, en hann er 10% sem koma ofan á auglýsingaverðið. Útvarpsstöðvar starfa á frjálsum markaði og eru í samkeppni

við aðra fjölmiðla sem ekki þurfa að greiða þennan skatt. Hækki útvarpsstöðvarnar auglýsingaverðið munu auglýsendur einfaldlega snúa sér annað og þær verða af auglýsingunum. Verði sjóðurinn lagður niður kæmi tíundin sem áður fór til menningarsjóðsins beint til hverrar stöðvar.

Eins og ég hef sagt hafa bæði Ríkisútvarpið og aðrar útvarpsstöðvar mikla þörf fyrir allt það fé sem nýta má til vandaðrar innlendrar dagskrár og tel ég því ráðstöfun tekna menningarsjóðsins best komna í höndum útvarpsstöðvanna sjálfra.

Varðandi Sinfóníuhljómsveitina vil ég að það komi fram ef menn telja eðlilegt að útvarpsstöðvar standi undir hluta af kostnaði við rekstur hennar að hægt er að gera það á einfaldari hátt með fyrirliggjandi álagningarkerfi ríkisins eins og Ríkisendurskoðun hefur reyndar bent á í skýrslu. Gjald til sinfóníunnar má leggja á á sama hátt og önnur opinber gjöld. Stofn til álagningar gæti eftir sem áður verið auglýsingatekjur. Annars tel ég óeðlilegt að skattleggja útvarpsstöðvar til reksturs sinfóníuhljómsveitar. Hlutur útvarpsstöðvanna ætti að koma beint úr ríkissjóði.

Útvarpsstöðvarnar mundu síðan greiða hljómsveitinni fyrir flutning í útvarpi og upptökur á tónleikum og útsendingarrétt og ég efast ekki um að a.m.k. Ríkisútvarpið væri fúst til að gera slíkan samning við hljómsveitina.

Í grein í Morgunblaðinu í vikunni eru framkvæmdastjóri og fjármálastjóri Ríkisútvarpsins á þessari skoðun og telja eðlilegt að Ríkisútvarpið hefði frjálsan samningsrétt við Sinfóníuhljómsveitina. Með slíkum samningi væri kominn drjúgur hlutur þess kostnaðar sem menningarsjóðurinn greiðir nú af reksti hljómsveitarinnar. Kæmi einnig til samningur við aðrar stöðvar ætti framlagið úr ríkissjóði ekki að þurfa að vera hátt.

Ég hef hér í máli mínu sýnt fram á með ýmsum rökum að með Menningarsjóði útvarpsstöðva hefur ekki tekist að ná þeim tilgangi sem í upphafi var stefnt að þegar hann var stofnaður. Hann hefur hvorki létt af Ríkisútvarpinu kostnaði þess af sinfóníunni né aukið menningarefni umfram það sem samkeppni leiðir af sér.

Þegar ég sat á þingi árið 1987 bar ég upp fyrirspurn til þáv. menntmrh. Sverris Hermannssonar varðandi menningarsjóðinn. Þá lýsti hann því yfir að hann hygðist leggja sjóðinn niður. Ekki varð af því. Nú er flokksbróðir hans og núv. hæstv. menntmrh. ekki hér í húsinu en ég vona að hann sé sama sinnis og ég vona að hann láti verða að því að leggja sjóðinn niður en sveri ekki málið eða fresti því með því að vísa til endurskoðunar útvarpslaganna.

Ég man ekki betur en útvarpslögin hafi verið í endurskoðun alveg frá því að núgildandi lög komu til framkvæmda og því getur liðið á löngu þar til ný útvarpslög líta dagsins ljós. Því bið ég þingmenn að sjá svo til að þetta frv. verði að lögum um leið og ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, hvítbókinni, segir þetta:

„Útvarpslög verða endurskoðuð með hliðsjón af alþjóðlegri tækniþróun og í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af nýskipan í útvarpsmálum hér á landi." Enn fremur segir, með leyfi forseta: „Athugaðir verða möguleikar á að breyta rekstrarformi ákveðinna deilda Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpinu verður í framtíðinni, sem hingað til, gert kleift að sinna öryggishlutverki sínu og menningarlegum skyldum af myndugleika. Leitað verður leiða til að efla íslenska dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi, m.a. með útboðum."

Hæstv. menntmrh. hefur greint frá því að hann muni á næstunni skipa nefnd til að vinna að endurskoðun útvarpslaga samkvæmt þessu samkomulagi ríkisstjórnar. Ég tel því eðlilegt að sú nefnd meti reynsluna sem fengist hefur af útvarpslögum, líka 9.–13. gr. sem fjallar um Menningarsjóð útvarpsstöðva.

Á undanförnum mánuðum hefur menningarsjóðinn oft borið á góma í útvarpsráði. Niðurstaða af þeim umræðum varð sú að vísa málinu til væntanlegrar nefndar um endurskoðun útvarpslaga. Ég man ekki betur en hv. 11. þm. Reykv. hafi verið samþykkur því og ég hygg að það sé eðlilegast að endurskoða lögin öll í heild sinni en taka ekki hluta af þeim út úr og reynar nema hann brott. Það yrði þá farið að saxast á limina hans Björns míns þegar endurskoðun lyki eða þessu kjörtímabili ef á hverju ári yrði tekinn svolítill bútur af útvarpslögum og felldur brott. En ég taldi að málið væri því af hálfu Ríkisútvarpsins í þeim farvegi að bíða niðurstöðu væntanlegrar nefndar.

Hitt get ég sagt að ég er í meginatriðum sammála hv. 11. þm. Reykv. um það að menningarsjóðurinn hefur ekki sinnt hlutverki sínu og alls ekki eins og vera ber. Fyrst þetta frv. er komið fram vil ég einmitt fara um það nokkrum orðum.

Þessi sjóður, Menningarsjóður útvarpsstöðva, er svo sem ekkert afbragð annarra sjóða. Eins og hann hefur þróast þá hefur hann heldur versnað. En hann hefur samt sem áður hlutverki að gegna. Til þess var hann stofnaður og sjóðstjórnin hefur áreiðanlega vandað vel störf sín þótt mörg séu og hafi verið álitamálin. Um leið og rætt er um að leggja sjóðinn niður þarf að svara því hvernig fara skal með þau verkefni sem sjóðurinn hefur haft á hendi og honum hafa verið ætluð samkvæmt lögum og reglugerðum. Að sumu leyti er Menningarsjóður útvarpsstöðva óþarfamilliliður. Stöðvarnar gætu sem hægast fengið að hækka auglýsingaverð um þessi 10% og síðan varið þeim fjármunum til að gera menningarlega dagskrá fyrir. Mörg rök mæla með því.

Í annan stað má segja: Í menningarsjóðinn greiða þeir sem auglýsa í útvarpi og sjónvarpi, þ.e. skattur er innheimtur til menningarlegrar dagskrár. Verði þessi 10% skattur felldur brott koma þær tekjur ekki til úthlutunar til menningarlegrar dagskrár. Ég sé á hv. 11. þm. Reykv. að hann telur að þá muni auglýsingaverðið bara hækka og auðveldara verði þá fyrir útvarpsstöðvarnar að vinna að menningarlegu dagskrárefni.

Það er ekkert sýnt að svo geti orðið. Hins vegar er full ástæða til þess að treysta þeim stöðvum til þess að fara með fé sitt.

En það er eitt enn. Með því að fella niður sjóðinn, þá mundi, eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, einn tekjustofna Sinfóníuhljómsveitar Íslands hverfa og það er mál sem þarf að skoða í stærra samhengi. Í 2. mgr. 11. gr. útvarpslaga stendur, með leyfi forseta:

„Af gjaldi þessu [þ.e. menningarsjóðsgjaldinu] skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur."

Samkvæmt þessari málsgrein er sýnt að styrkurinn er ætlaður útvarpsstöðvum einum en ekki öðrum óskyldum aðilum. Þannig skil ég það. En áður en ég vík að því vil ég fara aðeins yfir það hvernig menningarsjóðurinn er til kominn. Á sínum tíma var menningarsjóðskaflinn ekki inni í frv. til útvarpslaga en 9.–13. gr. komu inn í lögin sem brtt. frá meiri hluta menntmn. neðri deildar. Í nál. er till. rökstudd svo, með leyfi forseta:

„Lögum samkvæmt ber Ríkisútvarpinu að standa undir 25% af hallarekstri sinfónuhljómsveitar. Eftir að frjálsræði til rekstrar útvarpsstöðva hefur verið aukið hlýtur að koma til endurmats hvort sú tilhögun sé réttmæt. Auðvitað má hugsa sér að ríkissjóður hlaupi undir bagga. Hér er sá kostur ekki valinn heldur lagt til að stofnaður skuli Menningarsjóður útvarpsstöðva er fái 10% af verði auglýsinga í útvarpsstöðvum í tekjur. Skal þeim annars vegar varið til að greiða hlut Ríkisútvarpsins í hallarekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar en hins vegar til eflingar innlendri dagskrárgerð sem verða má til menningarauka og fræðslu. Ekki þykir ástæða til að marka hinum nýja sjóði þröngan ramma í lögum heldur er þess að vænta að styrkveitingar úr sjóðnum markist af því hversu til tekst um væntanlegar útvarpsstöðvar. Á þessari stundu væri það ofætlan að þykjast sjá slíkt fyrir."

Og enn segir í nál. með leyfi forseta: „Tekið skal fram að Ríkisútvarpið skuli gera að nýju samning við Sinfóníuhljómsveitina um flutning á tónlistarefni gegn eðlilegu gjaldi. Ríkisútvarpið verður samkvæmt þessu frv. eina útvarpið sem tekur til landsins alls svo að á því hlýtur að hvíla áfram sú skylda að gefa landsmönnum öllum kost á að njóta tónleika Sinfónuhljómsveitarinnar. Er það enda í ætt við hefð og venjur."

Ekki voru allir sannfærðir sannfærðir um gildi menningarsjóðsins þótt þeir samþykktu hann í nefndinni. Annar talsmaður meiri hlutans sagði, með leyfi forseta:

„Ég skal viðurkenna að þó að ég standi að þeirri tillögu og muni að sjálfsögðu greiða henni hér atkvæði þá hef ég ekki fulla sannfæringu fyrir þeim sjóði. Upphaflega hugmyndin byggðist á því að Ríkisútvarpinu væri skylt að taka þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og því var haldið fram að með þann fjárhagslega bagga gæti Ríkisútvarpið ekki staðið jafnfætis öðrum stöðvum í samkeppninni. Því yrði að létta þeim fjárhagsbagga af Ríkisútvarpinu. Síðan var þessi hugmynd færð út og gert ráð fyrir að menningarsjóðurinn gæti, auk þess að greiða kostnað Ríkisútvarpsins af Sinfóníuhljómsveitinni, styrkt dagskrárgerð annarra stöðva ..."

Ég hef undir höndum álit Lögmannsstofunnar á réttmæti reglugerðar settrar 11. júlí 1991. Þar er vísað til þeirrar greinar sem ég áður las, 2. mgr. 11. gr. útvarpslaga, þar sem segir, með leyfi forseta: „Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhjómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982. Áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur samkvæmt lagatextanum er eingöngu gert ráð fyrir því að útvarpsstöðvar fái úthlutað styrkjum úr Menningarsjóði útvarpsstöðva." Ég hygg því að sjóðurinn hafi færst frá upphaflegu hlutverki með þessum hætti. Þó tel ég víst að þáv. menntmrh. hafi hugsað að víkka út starf sjóðsins þannig að hann gæti betur sinnt hlutverkinu en samkvæmt þessu gengur reglugerðin lengra en lög heimila. Aðeins útvarpsstöðvar fá úthlutun, segja lög, en fleiri en útvarpsstöðvar, segir reglugerðin.

Virðulegi forseti. Ég tel fulla þörf á því að endurskoða útvarpslögin og ekki síst ákvæðin um Menningarsjóð útvarpsstöðva. En talandi um menningarhlutverk og menningarstarfsemi og líka út frá orðum hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um að hún telji jafnvel óeðlilegt að Ríkisútvarpið greiði kostnað af Sinfóníuhljómsveitinni, þá vil ég hugleiða að fara í hina áttina og einmitt styrkja þennan þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins, útvarps og sjónvarps. Ríkisútvarpið er í eigu fólksins í landinu og það er sinfónían einnig, það er Þjóðleikhúsið einnig og það eru fleiri menningar- og listastofnanir sem eru reknar. Við erum fámenn þjóð og það þarf að styrkja af almannafé ýmislegt í menningarlegum efnum ef á að halda því úti. Ég hygg að við getum verið sammála um að full ástæða sé til þess. Ekki fara allir af landsbyggðinni í leikhúsferð til Reykjavíkur en þeir vilja samt fá að njóta þeirrar menningar- og listviðburða sem þeir halda úti ásamt öðrum. Hvað er því til fyrirstöðu t.d. að sýna leikverk, sem hafa verið færð upp, í íslenska sjónvarpinu eftir að leiksýningum lýkur? Getur ekki verið eðlilegt að láta þjóðina sem rekur hvort tveggja njóta þeirrar menningar og að Ríkisútvarpið verði þar með enn þá betri dreifingaraðili á menningu og svo listum eftir því sem mögulegt er?

Virðulegi forseti. Ég fer að ljúka máli mínu en ég vænti þess að útvarpslögin öll verði endurskoðuð og það lagfært sem nauðsynlegt er að lagfæra en að hvergi verði slakað á kröfum til útvarps og útvarpsstöðva að halda úti menningarlegum dagskrám og kosta til þess því fé sem nauðsynlegt er.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Menningarmál eru ekki oft á dagskrá þingsins og er sannarlega tími til kominn að ræða stofnanir eins og Ríkisútvarpið, hlutverk þess og stöðu. Hv. síðasti ræðumaður komst svo að orði að með þessu frv. væri verið taka bút af útvarpslögunum og nema á brott. Það kann að vera svo brýnt að taka fyrir ein-

staka hluta útvarpslaganna sem og annarra laga að það megi ekki bíða því að meðan það dregst að útvarpslögin séu endurskoðuð rennur sífellt fé frá Ríkisútvarpinu til Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Það sem mér finnst vera mergurinn málsins er að Ríkisútvarpið ber skarðan hlut frá borði þegar rýnt er í reytur sjóðsins.

Hugmyndin um Menningarsjóð útvarpsstöðva var góð í upphafi. Að hluta til var reynt að leysa þann vanda hvernig ætti að reka Sinfóníuhljómsveit Íslands og þar var einnig hugmyndin að efla innlenda dagskrárgerð. Ég á ekki von á því að menn hafi búist við að Ríkisútvarpið fengi jafnlítið úr þessum sjóði og raun ber vitni. Því er ekki að furða að þeir sem starfa við Ríkisútvarpið og eru þar í forsvari séu býsna óánægðir með það hvernig sjóðurinn hefur reynst.

Eins og hefur komið fram þá virðist sem sú reglugerð sem unnið er nú eftir sé ekki í samræmi við lögin. M.a. hefur Ríkisendurskoðun gefið frá sér það álit að sjóðurinn hafi færst mjög frá upphaflegu hlutverki sínu og leggur til að lögum um hann verði breytt. Það var ekki hlutverk sjóðsins að styrkja almenna kvikmyndagerð eða dagskrárgerð kvikmyndagerðarmanna eins og þeir virðast halda af þeim skrifum sem hafa átt sér stað í blöðum að undanförnu. En það eru einkum þeir sem risið hafa upp þessum sjóði til varnar. Ég held að þeir talsmenn útvarpsstöðvanna sem ég hef heyrt ræða þetta mál séu allir á þeirri skoðun að þessu eigi að breyta. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli flm. að sú aðferð sem er notuð, að safna peningum í sjóð og deila svo út til ákveðinna verkefna, er að mínu mati heldur leiðinleg og óþörf miðstýring. Því miður virðist tilhneigingin vera sú að fara þessa leið, samanber þá breytingu sem átti sér stað á síðustu fjárlögum þar sem ýmsum upphæðum sem varið hafði verið til menningarmála, leiklistarstarfsemi, var safnað saman í einn sjóð í stað þess að t.d. Alþýðuleikhúsið var áður með ákveðna fjárveitingu og gat þar með áður ráðið því til hvers það fé var notað. En hér úthlutar ákveðin nefnd styrkjum til verkefna. Þetta tíðkast svo sem á ýmsum stöðum eins og þegar verið er að styrkja vísindaverkefni og fleira slíkt en það á ekki alls staðar við.

Vandamálið í því máli sem er til umræðu er auðvitað hvað eigi að gera varðandi Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég fæ ekki betur séð en ýmsar leiðir séu færar til þess að styrkja stöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar sem ég vil ekki á nokkurn hátt rýra. Standa mætti að rekstri hennar í aukinni samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Þar hafa sveitarfélögin mörg hver verið heldur treg. Síðan má auðvitað hugsa sér að Sinfóníuhljómsveitin sé bara ósköp einfaldlega á fjárlögum eins og aðrar menningarstofnanir en jafnframt sé leitað leiða til þess að auka sértekjur hennar eins og er nú afar vinsælt hjá ríkisstjórninni. Miklar skyldur hvíla á Sinfóníuhljómsveitinni gagnvart uppeldisstarfi í landinu og tónleikaflutningi þannig að ég tel ekki óeðlilegt að hún fái 100% stuðning ríkisvaldsins.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég er einn af flm. og ég er þar af leiðandi fylgjandi því sem hér er lagt til. Það þarf ekki að taka það fram. Ég tel afar brýnt að þetta mál verði skoðað nú þegar til þess að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins fyrst og fremst, enda eins og ég nefndi áður þá ber það skarðan hlut frá borði. Þar sem ég á sæti í menntmn. hef ég tækifæri til þess að fylgja þessu máli eftir.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Lengi hefur verið talsverð umræða um Menningarsjóð útvarpsstöðva og út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við það að ítarleg umræða sé um það mál, en nauðsynlegt er að ræða það dálítið. Ekki er hægt að taka á þessu máli með léttvægum hætti eins og mér finnst satt að segja stundum gert þegar verið er að fjalla um menningarsjóðinn.

Í fyrsta lagi er rétt að rifja upp að sjóðurinn var pólitísk samkomulagslausn páv. stjórnarflokka sem stóðu að afgreiðslu útvarpslaganna 1985, Framsfl. og Sjálfstfl. Framsfl. lagði mjög mikla áherslu á þetta atriði. Fyrst og fremst var það vegna þess að verið var að opna fyrir starfrækslu nýrra útvarpsstöðva sem menn töldu að yrðu efnalitlar, hefðu takmarkaða fjármuni, yrðu að lifa af auglýsingum en ekki áskriftargjöldum eins og áður hafði verið talað um. Þegar áskriftargjaldahugmyndin datt út fóru menn að ræða möguleikana á því að stofna sjóð til þess að styrkja menningarlega dagskrá þessara nýju stöðva. Menn voru ekki síst með þær í huga, það er ekki hægt að neita því. Niðurstaðan af því hefur náttúrlega því miður orðið sú að ekki hefur alltaf farið mjög mikið fyrir menningarlegri dagskrá í þessum nýju útvarpsstöðvum, svo ég kveði nú ekki fastar að orði um þær. Sú popptónlistarsíbylja sem þar gengur daginn út og daginn inn á kannski lítið skylt við þau metnaðarfullu markmið sem menn höfðu þegar lögin um menningarsjóðinn voru sett á sínum tíma.

Það breytir hins vegar ekki því að sú grunnhugsun sem er í menningarsjóðsákvæðum útvarpslaganna á út af fyrir sig rétt á sér þó að í raun og veru hafi menn aftur og aftur gefist upp við að framkvæma hana almennilega. Mín niðurstaða í málinu er sú að það eigi að bæta menningarsjóðinn og styrkja. Við þurfum að eiga menningarsjóð sem hefur tiltölulega mjög víðtæk verkefni, bæði til framleiðslu á dagskrá og einnig til útgáfustarfsemi, metnaðarmikillar útgáfustarfsemi með margvíslegum hætti. Nauðsyn þess sést kannski best þegar fólk er núna einmitt um þessar mundir að fjalla sérstaklega um menningarsjóð og menntamálaráð og stöðu þeirra stofnana.

Ég hef satt að segja heldur ekki heyrt nein frambærileg rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að leggja Menningarsjóð útvarpsstöðva niður, að það leysi einhvern vanda. Ég er þó tilbúinn til að taka þátt í því að leggja sjóðinn niður ef menn sannfæra mig um það með rökum að það sé í raun skynsamlegt vegna þess að ég tel að þetta sé ekkert heilagt fyrirbrigði, mjög langt frá því. Ég tók þátt í því sjálfur, ég hygg að það hafi verið veturinn 1990, að flytja stjfrv. til útvarpslaga þar sem ég gekk til samkomulags við páv. stjórnarflokka, Alþfl. og Framsfl., um það að fella ákvæðin um menningarsjóð niður. Það var gert þá og ég get

ekki neitað því að mér var það tiltölulega nauðugur kostur að ganga að því samkomulagi eins og að því var staðið á sínum tíma. Það sem í raun og veru réð úrslitum um það var að við tókum jafnframt ákvörðun um að flytja brtt. við lögin um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem gerði ráð fyrir að hún fengi auknar tekjur úr ríkissjóði með beinum hætti en að þrátt fyrir þessa niðurfellingu yrði engu að síður skipulagstengsl á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það held ég að sé mjög mikilvægt atriði og ég tek fyllilega undir það sem fram kom hér í máli hv. 5. þm. Norðurl. v. að ég held að við eigum að stuðla að skipulagstengslum á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins þannig að báðir aðilar finni að þeir eigi skyldur við hinn. Og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þá sem vilja flytja mál Ríkisútvarpsins að þeir muni eftir því að Ríkisútvarpið er nú einu sinni bæði faðir og móðir Sinfóníuhljómsveitarinnar og í rauninni væri mikið skynsamlegra að þessu leytinu til að ganga lengra og segja: Við skulum skoða með hvaða hætti hægt er að tengja menningarlegt framlag þessara menningarstofnana ríkisins, þ.e. Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ríkisútvarpsins og Þjóðleikhússins, sem hér var einnig nefnt áðan, betur saman en nú er gert. Það tel ég vera betra en að fella lagaákvæðin niður eins og hér er gerð tillaga um. Ég get sagt fyrir mitt leyti og tek það fram að ég er ekkert að tala fyrir minn flokk í þeim efnum. Ég veit ekki hvaða skoðun menn hafa þar á þessu máli.

Ég get ekki stutt þetta frv. eins og það lítur út. Mér finnst það yfirborðskennt og mér finnst ekki hægt að flytja frv. um að strika út Menningarsjóð útvarpsstöðva án þess að flytja um leið frv. um að taka á málefnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ég get ekki tekið þátt í því og ég segi þetta af biturri reynslu. Segjum nú að þetta frv. yrði samþykkt á þessu þingi. Halda menn þá að það sé gefið mál að Sinfóníuhljómsveitin fengi þessa peninga á næsta ári úr ríkissjóði? Mitt svar er nei. Sinfóníuhljómsveit Íslands er svo veik að hún hefur mörg undanfarin ár reynt að styrkja sig t.d. með því að fjölga hljóðfæraleikurum og annað þess háttar og þó að það hafi komið ágæt hugmynd fram á Alþingi fyrir nokkrum árum um að hver hljóðfæraleikari reyndi að spila á a.m.k. þrjú hljóðfæri í sparnaðarskyni þá hefur Alþingi fátt annað gott lagt til hljómsveitarinnar og staðreyndin er sú að Sinfóníuhljómsveitin er alveg á mörkum þess að geta staðið undir þeim tónlistarlega metnaði sem hún á að byggja starf sitt á og þarf að smita út til landsins alls og þjóðarinnar allrar. Og það gerir sinfónían auðvitað ekki ef hún yrði vængstýfð með þeim hætti að kippa af henni 20–30 millj. kr. eða hvað það nú er sem menn eru að tala um, sem eru kannski 15–20 stöðugildi. Hvað mundi núv. ríkisstjórn segja við Sinfóníuhljómsveitina þá? Hún mundi segja: Farið út á hinn almenna markað og reynið að selja ykkur og einkavæða enn þá frekar en gert hefur verið. Við núverandi aðstæður treysti mér því alls ekki til að standa að því að styðja frv. af þessu tagi. Og þá er ég ekkert að drepa málinu á dreif. Ég segi þetta hreint út.

Ég teldi út af fyrir sig langeðlilegast að þetta yrði athugað í tengslum við endurskoðun útvarpslaga. Ég verð hins vegar að segja það að ég tel að endurskoðun útvarpslaga sé nú eitt vandamálið út af fyrir sig. Það er ekki einfalt mál að koma hingað með endurskoðun útvarpslaga og tala ég af biturri reynslu. Ég kom með frv. um endurskoðuð útvarpslög í heild vorið 1990 og niðurstaðan varð sú að menn voru ekki tilbúnir til þess að afgreiða það. Ég tel að það hafi aðallega verið eitt atriði sem menn þoldu ekki í páv. stjórnarflokkum og ekki stjórnarandstöðunni heldur, a.m.k. ekki í Sjálfstfl., og það var að ég lagði til að leggja niður útvarpsráð vegna þess að ég var þeirrar skoðunar að það eigi ekki að hafa hlutina þannig að pólitískir flokkar séu að ráða því hvernig dagskrármálum eða ýmsum öðrum slíkum atriðum er skipað hjá Ríkisútvarpinu. Ég fann það þá að það var eins og þessi klúbbur, sem lengi hefur verið, ágætra manna, karla og kvenna sem verið hafa í útvarpsráði og hér eru tveir menn ekki langt frá mér sem hafa einhvern tíma verið þar og eru kannski enn þá, mátti ekki heyra þetta nefnt. Og það versta við þessa andstöðu sem var ekki síst í Framsfl. — svo ég rifji upp viss atriði sem ég hafði nú reyndar hugsað mér að geyma til ævisögu minnar sem kemur út á næstu öld — en það var ekki síst þannig í Framsfl. að þessi andstaða var neðanjarðar. Menn þorðu aldrei að standa upp og segja: Lengi lifi útvarpsráð, heldur reyndu menn að ýta þessu frv. frá sér með alveg ótrúlegustu æfingum út og suður, aðallega út af þessu. Þetta er auðvitað alveg eins t.d. með aðra stofnun sem heitir þjóðleikhúsráð. Það er auðvitað fullkomlega fráleitt að flokkarnir séu að kássast í því að tilnefna fulltrúa í þjóðleikhúsráð. Það er mín skoðun og hefur lengi verið. Ég tel að menningarlegar stofnanir eigi að vera sjálfstæðar stofnanir, þær eigi að hafa tiltekinn peningaskammt frá ríkinu eða afnotagjöldum eða hverju sem er og svo punktur. Svo á ríkið og þingið sérstaklega ekki að vera að blanda sér í málið í smáatriðum. Það á að hætta því. Það er afar vitlaust kerfi.

Það sem hv. flm. segir að sé aðalatriðið í þessum tillögum er það að ef þessi 10% auglýsingaskattur verði afnuminn þá muni framlögin eiginlega hækka um leið til dagskrárgerðarinnar. En ég verð að segja hv. þm. að þetta er misskilningur. Í fyrsta lagi vegna þess að það er ekki tryggt að þessir peningar kæmu til Ríkisútvarpsins, nettó á ég við, vegna þess að þetta mundi að einhverju leyti hafa í för með sér lækkað verð á auglýsingum, það er ljóst. Í öðru lagi er það þannig að ef Ríkisútvarpið fengi stórauknar tekjur af auglýsingum, eitthvað upp í þessi 10%, kannski 7% eða 8%, hvað gerist þá? Þá hækkar afnotagjaldið einfaldlega minna. Þá er einfaldlega haldið í við Ríkisútvarpið þeim megin af vísitöluástæðum, eins og það hét hér fyrr á öldinni, verðlagsástæðum. Þetta er svona. Og þetta er veruleiki sem þeir, sem hafa unnið hjá Ríkisútvarpinu eða verið í útvarpsráði, verða að gera sér grein fyrir.

Þeir fjármunir, sem hér er verið að tala um, eru reyndar líka svo litlir þegar upp er staðið. Staðreynd-

in er sú að þegar við komum að þessum málum í september 1988 var launaskuld Ríkisútvarpsins hjá ríkissjóði 350 millj. kr. sem íhaldið skildi eftir sig af stjórnvisku sinni, 350 millj. kr. Og hvað var gert? Afnotagjaldið var hækkað og niðurstaðan varð sú að Ríkisútvarpið hefur núna frá árinu 1988 og allt til þessa dags verið með í rauntekjur á annað hundrað millj. kr. meira á ári en það hafði á næstu árum þarna á undan út af þessum hækkunum. Þannig er það mikið meira atriði fyrir Ríkisútvarpið að menn reki skynsamlega afnotagjaldapólitík og haldi þannig á þessum málum. Það væri mikið nær, virðulegi forseti, að gera tillögu um að leggja þetta menningarsjóðs-, útvarps- og auglýsingagjald á alla, Moggann líka, því að ein rökin eru þau að þetta veikir samkeppnisaðstöðu útvarpsstöðva á auglýsingamarkaði þar sem aðrir fjölmiðlar bera ekki slíkan skatt. Þetta er alveg rétt. En svarið er að mínu mati ekki það að lúffa. Svarið er að leggja á auglýsingaskatt á auglýsingar í öllum fjölmiðlum í landinu, láta þá fjármuni renna í myndarlegan menningarsjóð sem styður framleiðslu á svona efni, útvarpsefni, sjónvarpsefni og stöðvarnar líka og meiri háttar dýrar útgáfur sem menn eru að basla við í stórum stíl að koma frá sér við afskaplega erfiðar aðstæður og eru að setja á hausinn alls konar prýðileg útgáfufyrirtæki. Þess vegna finnst mér að í þessu frv., eins og það lítur út, felist undanhald. Menn eiga ekki að gefast upp í þessu efni heldur eiga þeir að leggja þennan auglýsingaskatt á Morgunblaðið líka. Þá fer að verða til sjóður sem getur borgað eitthvað fyrir menningarlega starfsemi í þessu landi og þá er líka jafnréttið komið sem flm. eru að biðja um. Þá er jafnréttið komið en að er bara tekið aðeins öðruvísi og miklu skynsamlegra að fara svona í það frá almennu menningarlegu sjónarmiði.

Ein ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs, virðulegi forseti, var sú að ég heyrði að vitnað í alveg makalausa greinargerð frá nokkrum lögfræðingum um að tiltekin reglugerð væri ólögleg og ég fór og las þessa greinargerð. Hv. 5. þm. Norðurl. v. var svo vinsamlegur að leyfa mér að kíkja í þetta plagg. Og hvað er það sem þeir segja í þessari greinargerð? Jú, þeir vitna náttúrlega í útvarpslögin — og í hvað vitna þeir? Þeir vitna í 11. gr., 2. mgr. Þar segir:

„Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur."

Þetta er tilvitnunin. Og þetta er eina tilvitnunin. Þessir miklu lögspekingar sem skrifa þessa greinargerð, kannski fyrir Ríkisútvarpið eða ég veit ekki fyrir hverja, Jón Steinar Gunnlaugsson og Baldur Guðlaugsson, geysilega fínir pappírar í lögmannastétt, sleppa því að vitna í tilgangsgrein laganna um Menningarsjóð útvarpsstöðva þar sem undirstaðan undir sjóðnum er ákveðin eins og hv. 2. þm. Vestf. veit og er einn af höfundum þessa merka máls. En í 10. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu."

Á þessu lagaákvæði er reglugerðin byggð sem er gefin út af mér 9. apríl 1991, undirrituð ásamt mér af Árna Gunnarssyni, skrifstofustjóra í menntmrn. þannig að ég tel að það sé auðvitað hafið yfir allan vafa að þessi reglugerð styðst við lög. Mér finnst Ríkisútvarpið leggjast fyrir lítið, þessi mikla tveggja milljarða stofnun, að reyna að sækjast eftir þessum smáaurum með svona lagalegum æfingum. Ríkisútvarpið er svo stór og menningarleg stofnun að það þarf ekki að vera í æfingum af þessu tagi. Það væru frekar þessar litlu stöðvar sem þyrftu að skoða svona hluti en Ríkisútvarpið. Það er fyrir neðan virðingu Ríkisútvarpsins að vera að reyna að sækja peninga með þeim hætti sem hér er gert.

Ég sé að hv. 18. þm. Reykv., sem er að fara á sinfóníutónleika, er að verða nokkuð ókyrr og það er ég farinn að verða líka því að ég á að vera mættur þarna sömuleiðis. En ég held nú samt áfram og spyr hv. flm.: Hafa þeir gert sér grein fyrir því að samkvæmt þessu frv. sem þeir flytja er verið að höggva á lagaleg tengsl Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins? Hafa þeir gert sér grein fyrir því? Það er ekki bara verið að leggja niður menningarsjóðinn heldur er verið að fella úr gildi einu greinina í útvarpslögunum sem kveður á um þessi tengsl, því að í 11. gr., síðustu mgr. segir:

„Sinfóníuhljómsveitinni er rétt að gera samning við Ríkisútvarpið um réttindi þess varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar gegn eðlilegu gjaldi og sé í samningunum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum."

Það er alveg augljóst mál að ef þetta frv. yrði samþykkt þá væru menn í raun og veru að höggva á hin einu skipulagslegu tengsl sem um er að ræða milli sinfóníunnar og útvarpsins þannig að ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst þetta ekki mjög gott frv. eins og menn hafa kannski heyrt. Og í grg. frv. eru svo röksemdir sem er óskaplega skrýtið að fá frá félagshyggjufólki. Það er allt í lagi að fá svona frá íhaldinu en þegar stendur hér: „Þá eru útvarpsstöðvarnar að tvígreiða fyrir efnið af auglýsingatekjum sínum, fyrst með styrknum úr Menningarsjóðnum og síðan aftur þegar þær kaupa efnið af framleiðanda." Auðvitað er það þannig hjá lítilli þjóð að hún verður að taka sig saman um tiltekin verkefni eins og t.d. að framleiða sjónvarpsefni, útvarpsefni o.s.frv. og leggja kannski á einhverja skatta og mynda einhverja sjóði í því skyni. Þá getur auðvitað farið svo að menn tvíborgi og þríborgi einhverja hluti. En aðalatriðið er þó það að hérna eru menn að ná tilteknum markmiðum.

Ég viðurkenni það að lokum, virðulegi forseti, ég tel að framkvæmdin að því er varðar þennan sjóð hafi ekki tekist nógu vel. Ég tel einnig, virðulegi forseti, að það sé nauðsynlegt að það komi fram að frammistaðan við að rukka stöðvarnar um þetta gjald hefur ekki verið nægilega góð. Á mínum tíma í ráðuneytinu fyrir fáeinum missirum ákvað ég að gerðar yrðu ráðstafanir til að sækja þessa fjármuni með lögum og að stöðvunum yrði lokað ef þær borguðu ekki og að þetta yrði gert á grundvelli og með svipuðum hætti og gildir um almenna innheimtu opinberra gjalda, m.a. virð-

isaukaskatt og söluskatt. Ég veit ekki hvernig eftirmaður minn hefur fylgt þessu eftir, en auðvitað á að ganga þannig fram í þessum málum að allir sitji við sama borð og menn borgi þetta undanbragðalaust svo lengi sem þetta er í lögum.

Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, og ætla ég að láta máli mínu lokið að sinni en ég verð að láta þá von mína í ljós að frv. í óbreyttum búningi verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umræðuna sem hefur orðið um þetta frv. Það var náttúrlega vitað að ekki yrðu allir á eitt sáttir um málefni menningarsjóðsins en engu að síður eru flm. sannfærðir um að sjóðurinn hefur ekki reynst sem skyldi. Það var vitað að hv. þm. Svavar Gestsson mundi verja reglugerðina sem hann setti sjálfur í fyrra, en það hefur komið í ljós að sjóðurinn hefur ekki aukið menningardagskrá útvarpsstöðvanna og síðan efast þingmaðurinn um að 10%, sem nú fara til menningarsjóðsins, munu fara í dagskrá hjá stöðvunum. Útvarpsstöðvarnar munu auðvitað ekki lækka auglýsingaverðið ef þær geta selt auglýsingar sínar á þessu verði í samkeppni á hinum almenna markaði, þær halda auðvitað þeirri upphæð þó svo að menningarsjóðurinn verði lagður niður.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir að upplýsa okkur um alla neðanjarðarstarfsemi sem farið hefur fram við endurskoðun útvarpslaganna. (**Gripið fram í:** Þetta var nú bara lítið af því.) Já, við fáum kannski meira seinna. En hann gat þess í máli sínu að Ríkisútvarpið væri móðir og faðir Sinfóníuhljómsveitarinnar, og það er alveg rétt, og með því að samþykkja þetta frv. væri engin lagaleg stoð fyrir tengslum þessara stofnana eða eitthvað í þá veru. Það þurfa kannski ekkert að vera nein lagaleg tengsl. Ég efast ekki um að Ríkisútvarpið beri bæði móður- og föðurlegar tilfinningar til Sinfóníuhljómsveitarinnar og yfirmenn Ríkisútvarpsins hafa lýst því yfir að þeir telji frjálsan samning milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar sem stofnunar eðlilegan. Ég hef það eftir fjármálastjóra útvarpsins að hann teldi samning upp á 25 millj. kr. greiðslu frá Ríkisútvarpinu til Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir flutning vel koma til greina og þá er nú langt komið upp í það sem ætti annars að koma úr ríkissjóði að mínu mati. Kæmu síðan aðrar stöðvar í kjölfarið með samning við sinfóníuna væri bilið brúað fljótt.

Það getur vel verið að við þurfum menningarsjóð en hann á ekki að byggja á skattlagningu eins menningarmiðils umfram aðra. Og varðandi kvikmyndagerðarmennina, þá var það aldrei ætlunin að kvikmyndagerðarmenn fengju úthlutanir úr sjóðnum og ég held að kvikmyndagerðarmenn geti vel við unað, þeir fá að framleiða 25% af öllu innlendu efni Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Sé það vilji stjórnvalda að styðja frekar við kvikmyndagerð, sem ég tel æskilegt, á auðvitað að styrkja kvikmyndasjóðinn enn betur og veita úr honum fé til sjónvarpsmynda og veigameiri heimildamyndagerðar. Það leiðir líka af sjálfu sér að ef sjónvarpsstöðvarnar fá meira dagskrárfé til ráðstöfunar þá eykst hlutur kvikmyndagerðarmanna í dagskrárframleiðslu stöðvanna. Það er alveg augljóst.

En þar sem er langt liðið á fundartímann vil ég að lokum þakka umræðuna og vona að málið fái farsæla afgreiðslu í þinginu og menningarsjóðurinn verði lagður niður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

107. FUNDUR

mánudaginn 23. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ, 334. mál (umönnunarbætur og heimilisuppbót). — Þskj. 541.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

15 þm. (DO, EgJ, FrS, IBA, JónS, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, StH, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 48 shlj. atkv.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 345. mál (Menningarsjóður útvarpsstöðva). — Þskj. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.

15 þm. (DO, EgJ, FrS, IBA, JónS, KSG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.

14 þm. (DO, EgJ, FrS, IBA, JónS, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Beitumál, 2. umr.

Stjfrv., 290. mál. — Þskj. 489, nál. 599.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. er um afnám laga nr. 45 frá 7. maí 1946, um beitumál og beitunefnd og þau verkefni sem hún átti að inna af hendi. Svo verður að líta á að þetta séu orðin úrelt og óþörf lagaákvæði. Hefur sjútvn. fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Undir nál. rita Matthías Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson og Hjálmar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjatæknaskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 56. mál. — Þskj. 57, nál. 588, brtt. 589.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingar á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og ljósmæðralögum.

„Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Ingibjörg Magnúsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Eggert Eggertsson, skólastjóri Lyfjatæknaskóla Íslands, og stjórn Lyfjatæknafélags Íslands, Anna Sveinsdóttir, Kristín Dagbjartsdóttir og Elín Theódórsdóttir.

Nefndin leggur til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt í þá átt að lög um Ljósmæðraskóla Íslands, nr. 35/1964, falli úr gildi 1. júlí 1994. Ljóst þykir að Ljósmæðraskólinn verður ekki lagður niður nú í haust. Þeir nemendur, sem innritast þá, munu ljúka námi sínu við 1994. Þykja ekki efni til þess að leggja skólann niður fyrr.

Í tengslum við síðari efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins vill nefndin benda á að æskilegt er að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið geri lyfjatæknanemum kleift að vistast hjá apótekum sjúkrahúsanna, lyfjaframleiðslufyrirtækjum og lyfjaheildsölum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Sigríður Þórðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Svavar Gestsson.

Fyrirvara gera þrír hv. nefndarmenn, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Með því frv. sem er til umfjöllunar er verið að gera breytingu á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum. Með öðrum orðum er verið að gera breytingar á fernum lögum með þessu frv. og í grundvallaratriðum felur það í sér tilflutning á námsbrautum eða skólum úr heilbr.- og trmrn. yfir í menntmrn.

Eins og hér hefur komið fram hef ég fyrirvara á stuðningi mínum við þetta mál og sá fyrirvari kemur fram í nál. Áður en ég geri grein fyrir þessum fyrirvara hlýt ég að gagnrýna lítillega þá umfjöllun sem þetta mál hefur fengið á Alþingi, a.m.k. eins og það horfir við mér sem er nýliði.

Mál þetta hefur verið til umfjöllunar á þremur þingum. Það var fyrst lagt fram frv. á 112. þingi, en hlaut ekki afgreiðslu þá vegna ónógs tíma. Síðan var það frv. endurflutt á 113. þinginu og þá varð niðurstaða málsins sú eftir umfjöllun heilbr.- og trn. — ég man reyndar ekki hvorrar þingdeildar — að flytja Þroskaþjálfaskólann til menntmrn. en láta þar við sitja og flytja ekki fleiri skóla að svo stöddu. Nál. sem þá var gefið hljóðar svo, með leyfi forseta. Ég les bara efnisatriði úr því áliti:

„Nefndin telur að einungis sé tímabært að flytja Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntmrn., en skoða þurfi nánar hvernig verði staðið að flutningi Lyfjatæknaskólans og Ljósmæðraskólans. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta á þessu stigi lagaákvæðum um Sjúkraliðaskólann."

Þetta nál. er dagsett 14. febr. 1991 og þegar ég les það hlýt ég að líta svo á að þetta álit feli í sér efnislega afstöðu til málsins, en ekki sé aðeins um tímaskort að ræða, eins og sagt er í athugasemdum við fyrirliggjandi frv.

Í frv. sem við erum að afgreiða hér segir, með leyfi forseta, að þetta mál hafi verið lagt fram á síðasta þingi og svo segir: „Eftir stendur því að taka afstöðu til flutnings Lyfjatæknaskóla Íslands, breytingu á lögum um sjúkraliða, vegna þess að sá skóli hefur verið lagður niður, og um að leggja niður Ljósmæðraskóla Íslands, en ekki vannst tími til þess á síðasta þingi að taka afstöðu til þessara þátta."

Mér sýnist að þetta sé tæpast rétt eins og það er orðað hér í athugasemdum með frv. þegar þess er gætt að nál. í fyrra var gefið þann 14. febr. 1991, þannig að ég get ekki skilið hvaða tímaskortur hefur þarna verið á ferðinni og ég hlýt að líta á þetta sem efnislegar athugasemdir sem nefndin gerir á síðasta þingi.

Í nál. frá síðasta vetri segir að ástæða sé til að skoða nánar hvernig staðið verði að flutningi Lyfjatæknaskólans. Ég verð að segja að ég get ekki séð að við í nefndinni núna höfum í rauninni skoðað nánar hvernig staðið skuli að þeim flutningi.

Þá segir líka í þessu nál. að nefndin telji ekki ástæðu til að breyta á þessu stigi lagaákvæði um Sjúkraliðaskólann. Ekki hefur verið farið ofan í það í heilbr.- og trn. að þessu sinni af hverju nefndin í fyrra sá ekki ástæðu til þess að standa að þessum flutningi.

Fram kemur í framsögu með þessu máli í fyrra að umsagnir hafi legið fyrir frá 112. þinginu. Þær umsagnir hafa ekki verið lagðar fram í heilbr.- og trn. að þessu sinni en kannski hefði verið ástæða til að dusta rykið af gömlum umsögnum um málið og leggja þær fram að nýju í nefndinni.

Eftir að hafa sagt þetta hlýt ég að gagnrýna þann skort á samfellu í störfum þingsins sem mér finnst þetta endurspegla. Mér finnst vanta samfellu í störf þingsins, þ.e. frá einu þingi til annars.

Eitthvað hefur mönnum gengið til við afgreiðslu málsins í fyrra og ástæða hefði verið til að skoða núna hvað það var sem mönnum gekk til, hver voru hin efnislegu rök í fyrra. Þau sjást því miður ekki af lestri þingtíðinda. Ég hef nú þegar litið á þingtíðindin og ég fæ ekki séð hin efnislegu rök þar. En ég vænti þess að þau hafi komið fram í nefndinni á sínum tíma. Ég segi þetta vegna þess að ég held að þingmenn allir hljóti að vera sammála um að það sé óþarfi að finna upp hjólið árlega í nefndum þingsins.

Ástæðan fyrir því að ég set þessa gagnrýni fram núna en ekki fyrr er einfaldlega sú að mér datt ekki í hug fyrr en í dag að skoða nál. frá því í fyrra. Það gerði ég hins vegar í morgun og þá áttaði ég mig á því hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig á þinginu. Það má kannski segja okkur í heilbr.- og trn. til afsökunar í þessu máli að enginn af þeim sem sat í nefndinni í fyrra situr í nefndinni í ár, þannig að það eitt gerir það að verkum að erfitt er að tryggja þessa samfellu.

En fyrirvarinn, sem ég geri í þessu máli, varðar ekki þessa formlegu hlið málsins heldur er fyrirvari minn efnislegur. Ég tel að það orki tvímælis eins og málum er nú háttað að það sé námsbrautum, skólum eða námi til framdráttar að flytjast úr fagráðuneytum yfir í menntmrn. Ég hef engin rök heyrt eða séð í þessu máli fyrir því að tilflutningurinn tryggi betri menntun. Rökin hafa öðru fremur verið skipulagslegs eðlis, þ.e. menn eru að taka til í kerfinu og reyna að setja hluti í þessu kerfi á rétta hillu. Sú röksemdarfærsla er hér höfð uppi að það sé eðlilegt að öll menntun sé í menntmrn. en ekki í fagráðuneytum. Ég óttast að þarna sé í rauninni á ferðinni það sem George Orwell kallaði „ofþroskaða tiltektarþörf" að flytja þetta allt yfir í menntmrn.

Ástæðan fyrir efasemdum mínum er ekki síst sú að nær allir sem ég hef talað við að undanförnu og tengjast verk- og starfsmenntun í landinu telja lítinn skilning og þekkingu — og nú verða starfsmenn menntmrn. að fyrirgefa mér þó ég skuli segja þetta — vera á þessum málum, þ.e. verk- og starfsmenntun af ýmsu tagi, í menntmrn. Þar eins og annars staðar í samfélaginu hættir mönnum til að líta á menntun og menntakerfi út frá eigin reynslu sem yfirleitt er reynsla af bóknámi. Flestir þeir sem komi nálægt þessum málum og fjalli um þessi mál hafi menntun sjálfir á bóknámsbrautum og meðhöndli málin út frá þeirri reynslu sinni. Og þessir aðilar segja að meiri skilningur og þekking sé í fagráðuneytunum á bóknámsmenntun. Þar sé líka sterkara frumkvæði og jafnvel meiri metnaður en fyrir hönd verkmenntunar.

Ég hef því æ ofan í æ að undanförnu spurt sjálfa mig þeirrar spurningar hvort e.t.v. væri betur komið fyrir iðnmenntun í landinu ef hún félli undir iðnrn. frekar en menntmrn. Kannski fengjum við meiri fjármuni í þessa menntun en við fáum í dag. Þessar efasemdir hafa verið að vakna hjá mér á undanförnum mánuðum og ég hlýt vegna afgreiðslu málsins að leggja þær hér fram.

Sú spurning hefur vaknað hjá mér hvort það sé kannski vísasti vegurinn til að spara í menntakerfinu að gera það miðstýrt og hafa það allt undir einu ráðuneyti eins og nú er verið að vinna að. Með þessum móti er verið að gera kerfið einfalt og hagkvæmt. Auðvitað er það mikilvægt og góðra gjalda vert að hafa hlutina einfalda og hagkvæma. En það sem við þurfum öðru fremur í þessu landi er að tryggja gæði menntunar. Og ég held því miður að gæði menntunar fari minnkandi.

Efasemdir mínar eru sem sagt þessar og ástæður fyrirvara í nefndarálitinu. Þessar efasemdir mínar eru ekki svo útfærðar eða skýrt mótaðar að þær komi í veg fyrir að ég fallist á afgreiðslu málsins hér á Alþingi. Ég tel hins vegar tímabært að segja þessi orð hér og ég tel tímabært að lagt sé mat á ágæti þess fyrir menntunina að flytja hana í menntmrn., þ.e. fag- og starfsmenntun af ýmsu tagi. Og ég tel líka að það sé tímabært að meta ágæti þess að leggja sérnám undir fjölbrautakerfið eins og nú gerist í æ ríkara mæli. Mér finnst eins og við höfum það fyrir satt að þetta sé besta leiðin, svona eigum við að standa að málum og það sé hagkvæmast. En ég er ekki endilega viss um að það standist próf.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að láta það koma fram að ég styð frv. Ég tel að full rök séu fyrir því að flytja Lyfjatæknaskólann yfir í menntmrn. nú og þó fyrr hefði verið. Fyrir því eru aðallega fagleg rök, þ.e. þau sömu og eiga við sérskólana yfirleitt eins og þeir hafa þróast og skóla á vegum atvinnuveganna eða atvinnuvegaráðuneytanna. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú að með þeirri skipan, að vera með skóla inni í fagráðuneytunum, er hætta á að þeir lokist af og það myndist þar einstigi og blindgötur. Aðalrökin fyrir að flytja skóla yfir í menntmrn. yfirleitt hafa verið þau að með því sé hægt að tryggja að skólarnir séu hluti af almennu samfelldu og opnu skólakerfi, hvort sem það er á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Þess vegna hafa menn fyrst og fremst af faglegum ástæðum en ekki fjárhagslegum verið sammála um að það væri eðlilegt að skólar heyrðu undir menntmrn. Og þess vegna hafa menn á undanförnum árum verið að flytja margvíslega skóla þangað eins og Þroskaþjálfaskólann, Lyfjatæknaskólann nú og fleiri slíka skóla. Ég held að menn verði að átta sig á afleiðingunum ef það er ekki gert. Segjum að það yrði horfið að þeirri stefnu að flytja alla skólana yfir til viðkomandi fagráðuneyta þannig að Hjúkrunarskólinn t.d. og námsbraut í hjúkrunarfræðum jafnvel líka færu til heilbrrn., að bændaskólarnir yrðu áfram hjá landbrn., að Fiskvinnsluskólinn og stýrimannaskólarnir flyttust til sjútvrn. o.s.frv. Hvaða afleiðingar hefði það í för með sér? Þær afleiðingar að menntmrn. yrði ráðuneyti latínuskólanna, ráðuneyti bóknámsskólanna smátt og smátt í mjög þröngum skilningi, sem verður til þess að þilið, stálþilið, sem stundum hefur verið talað um á milli skóla annars vegar og annars atvinnulífs hins vegar verður enn þá erfiðara að brjóta niður.

Þess vegna eru fyrir því bæði almenn þjóðfélagsleg, fagleg og efnahagsleg rök að fella þetta allt undir sama ráðuneytið án þess að ég sé að segja að neitt sé á móti því að ræða málið af og til vegna þess að það er ekki sjálfgefinn hlutur heldur eiga menn alltaf að spyrja sig þeirrar spurningar: Er það rétt eða rangt?

Ég hef komist að þessum niðurstöðum af almennum faglegum skólapólitískum ástæðum. Hitt er svo rétt, sem kom t.d. fram hér í ágætum athugasemdum hv. 10. þm. Reykv., að auðvitað er hætta á því að með þessum móti verði heildarskólakerfið í landinu of miðstýrt ef ekki gerist annað um leið, þ.e. að fræðsluumdæmin á grunnskólastigi verði sjálfstæðari og að hver framhaldsskóli verði sjálfstæðari sem menntaeining en hann er núna. Þarna er afar vandratað meðalhófið og full ástæða til að hafa í huga þá miðstýringarhættu sem hv. 10. þm. Reykv. nefndi hér áðan. En ég held að menn þurfi að átta sig á því að fyrir því liggja almenn fagleg skólapólitísk rök að menn hafa viljað færa þessa þætti saman.

Ég segi það líka, virðulegur forseti, af reynslu að ég efast um að skólum sé betur borgið í fagráðuneytum. Ég efast t.d. um að lyfjatæknanám og Þroskaþjálfaskóli séu betur komnir í heilbrrn. með fullri virðingu fyrir því. Ég þekki það ráðuneyti dálítið, ég var þar um skeið. Því miður var það svo að þessar stofnanir sem eru utan við hið almenna starfssvið ráðuneytisins fengu ekki sömu umhirðu og ráðherrann eða embættismennirnir hefðu viljað. Aftur á móti falla þessir skólar, eins og þessir tveir, að hinu almenna starfi í menntmrn. Hitt er líka rétt að hætta er á því að inn í menntmrn. veljist starfsmenn sem eru af hinum bóklegu sviðum fyrst og fremst og er þess vegna erfitt að fá þá til þess að sinna hinum verklegu þáttum eins og þarf að gera.

Mér finnst aðalgallinn við frv. vera sá að ekki liggur enn þá fyrir hvað á að verða um ljósmæðranámið. Við fengum í nefndinni ekki miklar upplýsingar um það og þær hafa ekki legið fyrir. Þær lágu ekki fyrir á síðasta löggjafarþingi eða næstsíðasta þegar um málið var fjallað. Og ég held að það sé ástæða til að nota tækifærið fyrst hæstv. menntmrh. er hér viðstaddur og inna eftir því hvort hann hefur sérstaklega fjallað um það mál. Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegast að ljósmæðranámið verði rekið í beinum starfstengslum við námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands. En þar hefur ekki verið unnin nauðsynleg skipulagsvinna að mínu mati. Það væri því fróðlegt að vita hvort eitthvað nýtt hefur gerst í því af því að við erum svo heppin að hafa hæstv. menntmrh. hér viðstaddan umræðuna.

Ég vil hins vegar segja í sambandi við lyfjatæknanámið að ég er nokkurn veginn sannfærður um að það er betra fyrir lyfjatæknanámið og getur gert það enn þá

virkara ef það er sett inn í tvo til þrjá framhaldsskóla en ekki miklu fleiri. Rætt hefur verið um að bjóða upp á lyfjatæknanámið t.d. í Ármúlaskólanum eða Menntaskólanum við Hamrahlíð eða í báðum skólunum. Ég er nokkuð viss um að með því móti yrði mögulegt að kalla fleira ungt fólk inn í það nám en nú er þar sem skólinn er tiltölulega einangraður og tiltölulega fáir sem vita af honum. Ég held að skólinn mundi opnast fyrir allmörgum einstaklingum á framhaldsskólastigi ef hann flyst til með þessum hætti. Þetta yrði hluti af framhaldsskóla með tilteknum hætti samkvæmt námsskrá sem yrði gefin út á grundvelli samstarfssamninga við viðkomandi lyfjastofnanir. Ég er nokkuð sannfærður um að ef eðlilega yrði staðið að þessu af hálfu menntmrn. yrði það lyfjatæknanáminu til góðs að tengjast öðru framhaldsskólanámi. Því unga fólki sem færi í þetta nám á komandi árum mundi fjölga. Þess vegna styð ég frv. með tiltölulega góðri samvisku sem þarf út af fyrir sig ekkert að koma á óvart vegna þess að ég stóð að flutningi svipaðra frv. síðustu tvö ár.

Ástæðan til þess — út af orðum hv. 10. þm. Reykv. — að málið fékkst ekki afgreitt. Satt að segja þekki ég ekki hin efnislegu rök fyrir því, ég verð að viðurkenna það. Ég veit ekki af hverju það var ekki afgreitt á tveimur síðustu þingum. Ég hygg þó að ástæðan hafi verið sú að menn hafi ekki talið sig hafa nægilegan tíma til að setja sig inn í málin í einstökum atriðum. Ég man ekki betur en að á síðasta þingi hafi málið lent í undandrætti og menn hafi ýtt því dálítið til hliðar í meðferð þingnefndarinnar sem mig minnir að hafi verið háttvirt heilbr.- og trn. efri deildar án þess að ég geri lítið úr efri deild því hún var, eins og allir vita, einhver allra merkilegasta deild þingsins frá því að sögur hófust. Ég held að menn hafi kannski ekki lagt mjög ítarlega vinnu í málið án þess að ég sé að gera lítið úr starfi nefndarinnar og því hafi það ekki verið efnislegur dómur sem fólst í afstöðu nefndarinnar. Ég hef a.m.k. aldrei heyrt það fyrr en hv. 10. þm. Reykv.ýjaði að þeim möguleika hér áðan.

En eins og ég sagði, virðulegur forseti, þá stend ég að frv., ásamt öðrum þingmönnum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir afstöðu fulltrúa okkar framsóknarmanna í heilbr.- og trn. í sambandi við frv. til laga um breytingar á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, um lög um sjúkraliða og lög um Ljósmæðraskóla Íslands.

Við teljum, þrátt fyrir að við höfum skrifað undir með fyrirvara, að frv. sé ágætt og beri að samþykkja það hér á Alþingi. Ég vil rökstyðja það þannig að í sambandi við Ljósmæðraskóla Íslands þá er frv. beint framhald af því sem hefur verið að gerast. Ljósmæðranám er í beinu framhaldi af háskólanámi á hjúkrunarbraut við Háskóla Íslands. Í sambandi við sjúkraliðana tel ég þetta vera eins og hverja aðra lagatiltekt. Sjúkraliðanám er núna í fjölbrautaskólakerfinu. Það sem stóð aftur á móti í okkur var í sambandi við Lyfjatæknaskóla Íslands. Við vildum skoða betur hvort rétt væri að gera það nám að fjölbrautaskólanámi fyrst það kom fram nokkuð hörð gagnrýni á það frá Lyfjatæknafélagi Íslands. Þeir töldu það rangt að því leyti að stúdentsprófs þyrfti að krefjast sem undirbúningsmenntunar undir þetta nám og að mjög ungir nemendur mundu útskrifast frá Lyfjatæknaskólanum ef þetta færi svona óbreytt.

Við fulltrúar Framsfl. teljum að þetta sé alveg sambærilegt við nám í Sjúkraliðaskóla Íslands og því sé ekki nein ástæða til að hafa sérskóla. Við munum því standa að og styðja frv.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég lýsi stuðningi við afgreiðslu hv. þingnefndar á málinu.

Ég vil aðeins segja varðandi þær skoðanir sem komu fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að mér þykja þær að ýmsu leyti athyglisverðar en þær eru ekki í samræmi við þá stefnu sem hefur verið höfð uppi hér að undanförnu, að færa þessa skóla undir hatt menntmrn. Það held ég að sé rétt stefna og ég styð hana.

Ég sé ekki alveg hvers vegna t.d. iðnmenntunin eins og hv. þm. nefndi ætti að vera betur komin í iðnrn. Ég fellst ekki á þá röksemdafærslu hv. þm. að hún ætti að vera betur komin þar að því er mér skildist vegna þess hvers konar fólk starfar í viðkomandi ráðuneytum. Það var það helsta sem ég fékk út úr máli hv. þm. Ég skil ekki heldur þá röksemdafærslu sem kom fram í ræðu þingmannsins um að gæði menntunarinnar færu minnkandi. Ég veit ekki alveg hvernig á að skilja þessi orð. Er það vegna þess að sérskólarnir eru að færast meira og meira undir hatt menntmrn.? Ég hefði haldið að það mætti einmitt búast við því að menntuninni væri betur komið í menntmrn. og það er dálítið einkennileg röksemdafærsla að segja að gæði menntunarinnar fari minnkandi vegna þessa. Kannski hef ég misskilið hv. þm. og satt að segja vona ég það.

Menntmrn. fellst á það að færsla Ljósmæðraskólans bíði, eins og hér er lagt til, til 1994 eða að lögin falli ekki úr gildi fyrr en 1. júlí 1994. Menntmrn. hefur ekki neitt við það að athuga.

Ég held að það sé ekki fleira sem ég þarf að taka fram í þessu samhengi. Aðeins ítreka ég að ég styð afgreiðslu hv. þingnefndar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara hér í langar og miklar rökræður um menntun í landinu og hvernig henni skuli almennt fyrir komið. Enda var það ekki markmiðið með því sem ég sagði hér áðan. Markmiðið var öðru fremur að reyna að vekja menn til umhugsunar um hvort stefna, þótt mörkuð hafi verið af ráðuneytum einhvern tímann á fyrri árum, sé endilega sjálfgefin og sjálfsögð þótt um hana sé sæmileg sátt á þingi og í samfélaginu. Mér finnst að maður hljóti alltaf að taka slíka hluti til endurskoðunar og skoða þá gagnrýnum augum en ekki að hafa þá fyrir satt eins og er býsna algengt.

Hv. 9. þm. Reykv., fyrrv. menntmrh., taldi að faglegar ástæður væru fyrir þessum flutningi menntunar til

í menntrmn. og faglegar ástæður gerðu það að verkum að hann styddi þetta mál. Það eru auðvitað að mörgu leyti góð og gild rök sem hann færði hér. Ein voru þau rök, sem ég get ekki alveg fallist á, að hætta væri á að menntun lokaðist inni í fagráðuneytunum og að nemendur lentu á blindgötum í sérnámi ef það væri inni í fagráðuneytum. Ég held að vel megi koma í veg fyrir slíkt með mati, með samræmdu mati, þannig að menn fái bara ákveðið mat og síðan prjóni þeir alltaf við það. Menntun er að verða svo fjölbreytt í okkar samfélagi að við hljótum alltaf að þurfa — ja, hugsanlega að fara eitthvað til baka ef við viljum mennta okkur á nýjum sviðum eða prjóna við það sem við höfum fyrir. Þetta er sífelldum breytingum undirorpið. Ég get ekki séð að það eitt að hafa námið inni í fagráðuneytum skapi þessar blindgötur eða loki menntunina inni. Það má koma í veg fyrir það með ýmsum aðferðum.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði: Afleiðingin af því að menntun væri í fagráðuneytunum yrði sú að menntmrn. yrði í raun og veru ráðuneyti latínuskólanna gömlu og það kæmi upp stálþil milli fagmenntunar eða verkmenntunar og svokallaðrar, ef við getum sagt sem svo, æðri menntunar. Þetta kann vel að vera rétt en ég að held megi draga það í efa að þessi samþætting sem hefur verið rekin í samfélaginu á nánast öllum sviðum og hefur þótt af hinu góða á undanförnum árum, skili sér alltaf til hagsbóta fyrir það sem samþætta á hinu „normala" ef við getum sagt sem svo, það á að samþætta verkmenntunina bókmenntuninni. Markmiðið er að styrkja verkmenntunina með því að samþætta hana bókmenntunum. Ég er ekki viss um að það sé verkmenntuninni til hagsbóta og ég er ekki viss um að það þurfi endilega að skila sér í betri fagmenntun og í því að fleiri sæki í verknám eins og væntanlega hefur verið meiningin.

Hæstv. menntmrh. skildi víst fæst af því sem ég sagði hér áðan og ætla ég ekkert að elta ólar við það. Ég hélt að það hefði ekki verið svo flókið sem ég hafði hér fram að færa. Ég var öðru fremur að reyna að varpa fram hugmyndum til umhugsunar og segja frá mínum efasemdum. Ég var ekki með neinar fullyrðingar um að gæði verkmenntunar færu minnkandi vegna þess að hún hefði farið inn í ráðuneytið. Ég sagði að þetta væri eitt af því sem mætti skoða. Ég óttast að þetta hafi hugsanlega leitt til of mikils sparnaðar í menntakerfinu og er eitt af því sem við verðum að skoða. Ég var ekki að fullyrða það en ég varpa þessu hér fram til umhugsunar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst full ástæða til að taka dálítið af þessum degi til þess að ræða aðeins um menntamál, skólamál, atvinnulíf og skóla. Ég ætlaði aðeins að rökstyðja mál mitt betur vegna þess að þær ábendingar sem fram komu hjá hv. 10. þm. Reykv. um það mál eru út af fyrir sig réttar, þ.e. það sem hún segir að engin trygging sé fyrir því að nám lendi ekki í blindgötum sé það inni í menntmrn. Það er alveg rétt. Við sjáum auðvitað mörg dæmi um það á undanförnum árum að tilteknir skólar vildu lokast á blindgötum vegna þess að starfsemi þeirra var ekki tengd við aðra skóla enda þótt viðkomandi skóli væri í menntmrn., það er alveg hárrétt. Það er líka hárrétt að það er út af fyrir sig hægt að hugsa sér að tekin séu upp skipuleg og fagleg tengsl á milli skóla, jafnvel þó að annar sé í menntmrn. en hinn í landbrn. eða jafnvel félmrn. En eins og kunnugt er liggur fyrir viðamikið frv. um það að stofna verulegt skólakerfi inni í félmrn. þannig að núv. ríkisstjórn er ekki mjög sjálfri sér samkvæm í þeirri stefnu sem hæstv. menntmrh. var að lýsa frekar en aðrar ríkisstjórnir. Að þessu leytinu til er hægt að koma á samstarfi milli skóla en er það í sjálfu sér einfalt. Það samstarf verður að byggjast á tilteknum forsendum og það samstarf getur ekki byggst á öðru en forsendum sem aðilar koma sér saman um. Það verða í grófum dráttum að vera forsendur einhvers skólasamfélags hvort sem sá skóli er undir menntmrn. eða einhverju öðru ráðuneyti. Spurningin er þá hvort við erum nokkuð betur sett með því en að menntmrn. sjái um þessa hluti og reyni þannig að hafa yfirsýn og reyni að tengja skólana betur saman en ella væri. Ég þekki líka dæmi þess að þegar fagráðuneyti eru með skóla hafa þau tilhneigingu til þess að loka skólann inni hjá sér af ýmsum ástæðum. Ég gæti í því sambandi t.d. nefnt landbrn. án þess að ég sé að gagnrýna þá menn sem þar hafa setið sem ráðherrar. Það er nú einu sinni þannig að kerfið vill stundum lifa sjálfstæðu lífi hverjir sem sitja í ráðherrastólunum og staðreyndin er sú að hætta er á því að ráðuneytin vilji loka sig af með þessa hluti og ógjarnan hleypa menntmrn. að þeim. Þess vegna held ég að það sé mjög vafasamt að fara að setja upp skólakerfi inni í félmrn. sem nú er gerð tillaga um og í annað sinn reyndar, var gerð á síðasta eða næstsíðasta þingi held ég líka. Ég bendi á að það er mál sem er hér til meðferðar og við áttum auðvitað að skoða sérstaklega.

Það er líka mikið umhugsunarefni hvort samþætting verknáms og bóknáms, sem hefur verið í skólakerfinu, skilar sér með þeim hætti sem menn hefðu viljað. Svar mitt er nei. Það hefur ekki enn þá skilað sér nægilega vel. Í þeim efnum þarf að gera miklu meira. Ég held að eitt af því sem menn hafa gert vitlaust í því efni sé það að menn reyndu um skeið að flytja allt verknám inn í skólana þannig að verknámið sjálft yrði kennt í skólunum alveg á sama hátt og bóknámið. Þetta er ekki hægt, fyrst og fremst vegna þess að þau tæki sem nemendur þurfa að kynnast úti í atvinnulífinu eru úti í atvinnulífinu og skólakerfið mun ekki og hefur ekki efni á því að kaupa þau tæki inn í skólana sem þyrftu. Ég get nefnt dæmi af tölvustýrðum fræsara Fjölbrautaskólans á Akranesi sem er óskaplega merkilegt tæki en mjög dýrt og er mjög ólíklegt að fleiri fjölbrautaskólar á Íslandi geti keypt sér tölvustýrðan fræsara. Þess vegna er miklu skynsamlegra að gera samninga milli skólanna og atvinnufyrirtækjanna um aðgang að tækjunum, aðgang að atvinnulífinu. Þá er ég ekki að tala um að samið sé um menntunina á þann hátt sem verið hefur í iðnnámi, að einn iðnnemi

sé alltaf hjá sama meistaranum alla tíð. Ég er fyrst og fremst að tala um að þetta geti gerst með þeim hætti að sami iðnneminn geti verið hjá mörgum meisturum, mörgum fyrirtækjum og lært mjög víða. Við þekkjum það líka að núv. iðnnámskerfi er afar þröngt að þessu leytinu til og oft er það þannig að fólk lærir sorglega lítið í iðnnámi og fær lítið annað að gera en sópa gólf fyrstu eitt eða tvö eða jafnvel þrjú missirin. Dapurlegustu dæmin um það í iðnnáminu eru auðvitað í hárgreiðslunni þar sem oft er mjög illa staðið að hlutum og ég þekki úr mínu fyrra starfi þegar ég vann hjá Iðnnemasambandi Íslands fyrr á öldinni. Þetta er ekki einfalt mál. Hins vegar er ástæða til að ræða það og ég hef oft velt þessu fyrir mér og ég er alveg ákveðið *þeirrar skoðunar að það sé rétt skref að flytja Lyfjatæknaskólann* eins og verið er að gera af almennum faglegum og þjóðfélagslegum ástæðum líka. Þess vegna styð ég þetta frv. með góðri samvisku. En það er auðvitað með þetta mál eins og önnur að menn eiga auðvitað alltaf að spyrja sig spurninga: Til hvers? Út af fyrir sig er ágætt þó að það sé umdeilanlegt að þingnefnd reyni a.m.k. einu sinni á ári að finna upp hjólið jafnvel þó ekki sé flutt mál um það á Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er rætt er ekki stórt í sniðum en varðar ákveðna grundvallarstefnu í sambandi við uppbyggingu Stjórnarráðsins og meðhöndlun mála í stjórnkerfi okkar. Það hefur raunar verið rætt í öðru samhengi á yfirstandandi þingi, sérstaklega í sambandi við frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hæstv. félmrh. mælti fyrir. Í þeirri umræðu lýsti ég viðhorfum mínum til þess efnis sem þetta frv. er lítill angi af. Ég er eindregið fylgjandi þeirri stefnu, sem er borin fram með þessu frv., að færa Lyfjatæknaskóla Íslands undir forsjá og stjórn menntmrn.

Ég ætla ekki að ræða efnislega í einstökum þáttum ástæðu þess að ég tel einsýnt að þetta sé gert og raunar sjálfsagt mál. Þetta er í fullu samræmi við aðra þróun sem hefur orðið í sambandi við stjórnsýsluna hjá okkur. Vísa ég þar m.a. til umhverfismálanna eftir að tekið var á í þeim efnum og þau færð undir sérstakt umhvrn. Ég varð því mjög undrandi þegar ég heyrði þann fyrirvara sem hv. 10. þm. Reykv. lýsti af sinni hálfu varðandi þetta mál að hún teldi að það væri henni til efs hvort ætti að fylgja þeirri stefnu sem hér er mörkuð, t.d. hvort sú stefna væri rétt og eðlileg með tilliti til velfarnaðar námsins. Ég segi þetta vegna þess að ég heyrði ekki betur en talsmenn Kvennalistans hefðu lagt sérstaka áherslu á það við umræðu um frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu að það mál yrði fært frá félmrn. undir stjórn menntmrn. Ég held að menn geti varla verið með hlaup í málum sem þessum, sem hljóta að varða almenna stefnumótun, og tæpast að fara að meta það eftir því hvort einhverjum krónum meira eða minna er varið til einstakra þátta náms. Ég held að samfellan og samhengið í uppbyggingu menntakerfisins og í fræðslustarfinu sé mjög brýn. Hvað varðar starfstengda menntun, iðnfræðslu meðtalda, þá er sérstök þörf á því að tengja hana sem best við það kerfi sem heldur utan um bóknám sem svo hefur verið kallað. Allt er þetta grein á sama meiði og nauðsyn á að þarna sé mjög skýr samtenging á milli og ekki verið að brjóta upp og greina sundur það sem saman á í þeim efnum, þ.e. fræðslustarf í landinu í víðum skilningi. Þar sem Stjórnarráðið kemur að því máli þá á það að vera ráðuneyti menntamála sem með það fer. Ég tel að við þurfum að ganga lengra en þegar hefur verið gert í þessum efnum og ég nefndi það í umræðu um starfsmenntun í atvinnulífinu og þá m.a. skóla sem varða búnaðarfræðslu og fleira sem auðvitað á einnig þarna heima.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. sagði að það hefði hljómað mjög undarlega í sínum eyrum að heyra fyrirvara minn við það frv. sem er til umfjöllunar vegna þess að þetta væri á skjön við þá stefnumörkun sem hér hefði farið fram. Það kann vel að vera að fyrirvari minn, sem var afskaplega almenns eðlis og eins og ég sagði kannski öðru fremur til þess fallinn að vekja ákveðnar hugleiðingar meðal þingmanna, sé annars eðlis en þær skoðanir sem hafa verið látnar í ljós að undanförnu og sú stefna sem hefur verið mörkuð. Ég er ný á Alþingi og ég hef ákveðnar skoðanir um málið, sem ég tel eðlilegt að setja fram, og ég sé ekkert undarlegt við skoðanir mínar.

Hvað varðar umfjöllun um starfsmenntun í atvinnulífinu og hvort hún eigi heima í menntmrn. eða félmrn. þá talaði að vísu einn fulltrúi Kvennalistans fyrir því á Alþingi í umræðum að hún yrði í menntmrn. en það er ekki í sjálfu sér pólitísk stefnumörkun Kvennalistans í því máli. Við erum 63 hér inni og við getum haft mismunandi skoðanir á málum sem eru ekki flokkspólitísk í grundvallaratriðum þannig að ég held að nú megi bara þúsund blóm blómstra og við skulum hafa sem flestar skoðanir uppi í þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að gera mikið mál úr því hvernig blómin blómstra í jurtagarði Kvennalistans. En það kemur mér satt að segja dálítið undarlega fyrir sjónir í flokki, í þessu tilviki Kvennalistinn sem hefur m.a. látið sig varða hin mjúku mál og undir þau hef ég talið að fræðslumálin féllu, skuli ekki vera talað skýrar en raun ber vitni hér. Ég hélt að það hlyti að vera kappsmál þeirra, sem hefðu borið hin mjúku mál eða mjúku gildi fyrir brjósti, að reyna að koma þeim málum þannig fram í sambandi við Alþingi og stefnumörkun að það lægi nokkurn veginn skýrt fyrir hvert verið væri að halda. Ég sé ekki annað en þarna sé talað í austur og vestur í sambandi við þessi efni miðað við þau mál sem hafa verið til umræðu og varða nákvæmlega þetta, hvernig við högum uppbyggingu í stjórnkerfi okkar og Stjórnarráðinu að því er varðar fræðslumálin almennt séð. Það er nú svo að mér sýnast fleiri mál vera komin á nokkra dreif hjá þeim ágæta flokki, sem einn fulltrúi var hér að

mæla fyrir, en ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér heyrist í þessari umræðu ein fjöður vera orðin að tíu hænum ef það sem ég sagði hér og þeir fyrirvarar sem ég sló eru orðnir þess eðlis að ég beri ekki lengur mjúku málin eða mjúku gildin fyrir brjósti. Ég gat ekki séð að málflutningur minn væri á þann veg að það gæfi tilefni til þeirrar niðurstöðu, hv. þm.

Hvað varðar frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu þá er það ekki enn komið úr nefnd og ég held að það ætti bara að spyrja að leikslokum og taka þá umræðu þegar þar að kemur og sjá hver niðurstaða okkar verður, mín og annarra kvennalistakvenna. Þó að það kunni að vera fjölskrúðug flóra í þeim jurtagarði þá hef ég haldið að það væri kostur en ekki löstur.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa umræður beinst nokkuð að skipulagi skólamála og er sannarlega ástæða til þess að velta þeim fyrir sér. Ég get tekið undir að það er mjög mikilvægt að einhvers staðar sé yfirsýn yfir menntun í landinu. Vissulega vakna ýmsar spurningar varðandi þá þróun sem hefur átt sér stað þar sem menntunin er færð inn í sífellt stærri fjölbrautaskóla sem að mínum dómi þarf að athuga mjög gaumgæfilega hvort hafa skilað þeim árangri sem til er ætlast.

Eins og fram kom í máli hv. 9. þm. Reykv. óttast hann hólfun og stálþil á milli skóla en mér finnst að það sem hann sagði hér áðan spegli stálþil á milli ráðuneyta. Ég fæ ekki séð að það þurfi að koma í veg fyrir samvinnu milli ráðuneyta þó að ýmsir skólar og ýmiss konar menntun sé hjá fagráðuneytum eða fagráðuneyti séu í einhverjum tengslum við viðkomandi menntun. Mér finnst einmitt að það þurfi að vera mikil samvinna ráðuneyta í milli og við hljótum að spyrja okkur hver þekki best þörfina fyrir menntun. Það eru annars vegar þeir sem vinna störfin og hins vegar þeir sem stjórna viðkomandi málaflokkum.

Allmikið hefur verið rætt um frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu og það frv. er nú til meðferðar í menntmn. þar sem ég á sæti. Ég verð að segja að eftir þá umfjöllun sem þar átti sér stað þá vissi maður eiginlega hvorki upp né niður hvernig ætti að snúa sér í þeim málum, þar bar svo mikið í milli sjónarmiða. Mér fannst mjög skiljanlegt það sjónarmið félmrn. að vilja hafa eitthvert tæki í sínum höndum til þess að t.d. grípa inn í ástand eins og nú er þegar atvinnuleysi eykst. Ráðuneytið vill beita sér fyrir námskeiðum og öðru sem verða mætti til þess að beina fólki yfir í önnur störf eða auka möguleika til annarra starfa. Síðan kemur sjútvrn. og vill fyrir engan mun að félmrn. yfirtaki þá menntun sem það hefur með höndum. Mér finnst það líka mjög skiljanlegt sjónarmið því að sjútvrn. hefur staðið mjög vel að þeim málum eftir því sem ég best veit. Búið er að byggja upp menntun og koma á samráði milli fjölmargra aðila. Þeir ráðuneytismenn vita hvað þeir hafa en þeir vita ekki hvað þeir fá ef slík breyting ætti sér stað, enda náðist samkomulag um það að sjútvrn. eitt ráðuneyta héldi starfsmenntun sinni eftir. Síðan koma þeir sem vilja að þetta allt heyri undir menntmrn.

Ég held að tengsl milli skólakerfis og vinnumarkaðar séu allt of lítil og hægt sé með ýmsum hætti að draga atvinnulífið miklu meira inn í menntakerfið. Í rauninni finnst mér að þar sem starfsmenntun og endurmenntun á í hlut eigi atvinnulífið sjálft fyrst og fremst að skipuleggja þá menntun. Það þekkir best þörfina en auðvitað getur ríkisvaldið komið inn í með sérþekkingu sína og starfslið sitt til aðstoðar.

En fyrst við erum hér að ræða um skipulag skólamála er auðvitað ekkert sem segir að menntmrn. eða fagráðuneyti eigi að hafa þetta allt í sínum höndum. Svíar hafa gert mikla breytingu á skólakerfi sínu þar sem þeir eru að færa skólakerfið út til sveitarfélaganna. Það eru sveitarfélögin sem eru að taka skólakerfið yfir. Þingið setur ákveðinn ramma og skiptir fé milli umdæma en síðan er það á valdi hvers umdæmis hvaða áherslur eru lagðar þar í menntun.

Svo ég taki annað dæmi, Holland, þá er rekstur skólakerfisins með allt öðrum hætti þar en við þekkjum. Þar koma ýmiss konar samtök, jafnvel hverfasamtök, trúarsamfélög og hinir og þessir miklu meira inn í rekstur skólakerfisins. Ríkið setur rammann og ákvarðar lágmarkskröfur en skiptir sér að öðru leyti ekki af því hvernig skólarnir eru reknir eða jafnvel hvað þar er kennt. Hins vegar eru ákaflega sterkar hefðir í Hollandi varðandi virðingu fyrir trúfrelsi og þeir eru taldir reka eitt besta skólakerfi í heimi. Þar eru því ýmsar leiðir færar.

Við stöndum hér frammi fyrir miklum breytingum í okkar samfélagi, breytingum sem hafa verið að ganga í gegn og eru fram undan og þess vegna er ekki nema eðlilegt að við spyrjum okkur hvernig menntakerfinu verði best fyrir komið. Mér finnst menn rýna allt of mikið í ríkiskerfið og menntmrn. Eins og ég þekki þetta úr framhaldsskólunum hefur mér fundist að ríkið væri allt of mikið með puttana í rekstri framhaldsskólanna. Menn eru á stöðugum þönum upp í ráðuneyti til að bera nánast hverja ákvörðun undir ráðuneytið. Þeim ákvæðum í framhaldsskólalögunum, sem kveða á um aukið sjálfstæði framhaldsskólanna, hefur ekki verið fylgt eftir. Það er eins og gangi illa að slíta þau tengsl eða draga úr annars vegar afskiptum ráðuneytisins og hins vegar virðingu skólastjórnenda fyrir þeim sem í því virðulega ráðuneyti sitja. Ýmsar leiðir eru færar og ég held að ég geti ekki annað en skorað á menntmrh. og aðra ráðherra að beita sér fyrir víðtækum umræðum um þessi mál, faglegum umræðum um það hvernig almennri menntun og starfsmenntun verði best fyrir komið og að menn gangi til þeirrar umræðu með opin augu og ekki neinar fyrir fram ákveðnar skoðanir um það að menntmrn. eigi að hafa allt í sínum höndum.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig er að ég hafði talað mig dauðan hér í umræðunum og verð að beita andsvari án

þess að ég sé sérstaklega að beina orðum mínum gegn hv. síðasta ræðumanni. Ég ætla bara að segja að það er misskilningur hjá henni að ég hafi verið að tala um stálþil á milli skóla. Ég var að tala um stálþil á milli skóla og atvinnulífs og ég held að það sé í raun og veru einn aðalvandi okkar skóla- og menntakerfis að þar er verið að loka allt of mikið á milli skólans og atvinnulífsins. Ég ætla svo að segja að þótt það sé rétt að tengja eigi þetta saman — ég segi það að talsvert yfirveguðu máli sem ég gæti rökstutt ef ég hefði lengri tíma — þá er ég algerlega andvígur því að afhenda því sem kallað er atvinnulíf skólana. Ég er algerlega andvígur því t.d. að afhenda atvinnulífinu starfsmenntunina að fullu. Hverjir ráða atvinnulífinu? Atvinnurekendur. Þeir hafa auðvitað hagsmuni sinna fyrirtækja og hagsmuni sinna atvinnugreina að leiðarljósi en ekki heildarhagsmuni menntunar á hverjum tíma. Þess vegna tel ég t.d. að það væri afar hæpið að fela Bílgreinasambandinu einu að reka bílgreinaskóla sem þó hefur verið til umræðu að undanförnu og menn hafa séð greinar um í blöðunum. Það er sjálfsagt að hafa samstarf við Bílgreinasambandið en að fela því að reka skóla væri algerlega fráleitt. Þess vegna þurfa menn að koma á góðu samstarfi á milli aðilanna og vanda sig við það og ræða málin faglega með opnum augum eins og hv. þm. sagði. En menn mega ekki gefast upp við vandamálin með þeim hætti að kasta þessum skólum í hendurnar á atvinnugreinunum hverri fyrir sig vegna þess að það mun þýða afturför bæði fyrir skóla og atvinnulíf og þar með þjóðfélagsþróunina í heild.

Ég get ekki samþykkt það að setja skólana á sveitarfélögin eins og þau eru á sig komin. Af hverju eru skólarnir hjá ríkinu? Það er jöfnunarráðstöfun, það er jafnréttisráðstöfun til að tryggja það að skólarnir búi sem flestir við sömu aðstæður. Þess vegna get ég ekki tekið undir það við núverandi stærð og fjárhagslega burði sveitarfélaganna að þau verði látin hafa skólana, grunnskólana eða framhaldsskólana eða hvað það nú væri. Og enn síður, virðulegi forseti, er ég tilbúinn til að segja að það eigi að vera almenn regla að ýmsir aðilar geti komið við sögðu varðandi rekstur skólanna, eins konar einkavæðing skólanna þar sem kæmu til sögunnar trúfélög og aðrir slíkir aðilar í einhverjum mæli. Ég held að það væri ekki heppilegt fyrir þróun skólanna í landinu. Ég gæti ekki stutt það. Eitt trúfélag hefur fengið að reka skóla hér í seinni tíð, það er Tjarnarskólinn. Einkavæðingartrúarliðið fékk að reka Tjarnarskólann og það var tekin ákvörðun um það. En þarna verður að fara mjög varlega og tími minn er því miður búinn.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. 9. þm. Reykv. þyrfti aðeins að opna glugga sína og horfa út í þjóðfélagið. Mér finnst að það viðhorf sem hér kom fram gagnvart atvinnulífinu sé vægast sagt gamaldags. Hvað um frelsið? Af hverju mega aðilar ekki reka námskeið, reka skóla? Ég vil t.d. hafa leyfi til að stofna kvennaskóla ef mér finnst þörf á því. Ég vil ekki að lagareglur takmarki slíkt. Það eru ýmsar hugmyndir og ýmiss konar umræða í gangi varðandi það hvernig skólakerfið elur á misrétti kynjanna svo ég taki nú dæmi. En ég var fyrst og fremst að varpa fram ýmsum hugmyndum og að rekja það er hægt að skipuleggja skólakerfið með ýmsum hætti. En auðvitað er rétt sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv. að eins og sveitarfélögin eru núna geta þau að sjálfsögðu ekki tekið við skólakerfinu. En það má breyta sveitarfélögunum. Eigum við ekki að færa valdið til fólksins? Eigum við ekki að auka áhrif íbúanna? Eigum við ekki að draga svolítið úr miðstýringunni?

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Mér finnst satt að segja óþarfi, virðulegi forseti, í umræðu af þessu tagi að setja málin upp eins og hv. 18. þm. Reykv. gerði, eins og menn geti í andsvari rökstutt ítarlega skoðanir sínar á málum og segja að þeir séu þar með með lokaða glugga og lokuð skilningarvit. Ég kann ekki við svoleiðis málflutning og mér finnst að ég eigi það ekki skilið eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Það sem ég var að leggja áherslu á var auðvitað fyrst og fremst það að menn þurfa að skoða þessa hluti faglega og af víðsýni. Ég tel að eins og atvinnulífinu er háttað sé beinlínis háskalegt að láta það ráða skólunum á Íslandi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem umræðan hefur farið út á þá braut sem af því sem ég hef mjög rætt hér í vetur, stöðu verknáms, starfsnáms og annars náms sem ekki er beint bóknám í íslensku skólakerfi, þá get ég ekki látið hjá líða að leggja nokkur orð í belg og miða við þær aðstæður sem við búum nú við. Það er áreiðanlega engin tilviljun að menn hafa alvarlegar áhyggjur af því að vera hér með starfsnám af ýmsu tagi og verknám sem virðist í ýmsum tilvikum vanta ákveðna skólastefnu á bak við. Þetta er auðvitað mikið áhyggjuefni. Ég vil benda á að vandinn byrjar í grunnskólunum. Við erum ekki búin að leysa málin þar á meðan grunnskólanum er sniðinn svo þröngur stakkur að almennilegt verknám er þar ekki í hávegum haft. Það er beinlínis leitað að ódýrustu leiðunum sem því miður eru bóknámsbrautir alveg frá upphafi skólagöngu. Það er sparað að ráða kennara til að sinna verkmenntagreinunum og þær verða alltaf fyrst fyrir barðinu á niðurskurði. Sú eyðileggingarstarfsemi sem hefur farið fram á skólakerfinu í vetur með því að spara til þess meira en góðu hófi gegnir bitnar ekki síst á þessum grunni, venjulegri verkmenntun, starfsmenntun í tengslum við atvinnulíf og símenntum í tengslum við atvinnulíf á að byggjast ofan á aðra menntun. Á meðan þessi grunnur er ekki lagður er tómt mál að tala um að byggja upp skynsamlega stefnu í starfs- og verkmenntun. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að við tökum inn í myndina hér því að það er ekki eðlilegt hversu mikill vandræðagangurinn hefur verið í sambandi við stefnu í starfs- og verkmenntun.

Ég er ein þeirra sem hafa litið svo á að mjög nauðsynlegt væri að hafa samfellu í öllu því námi sem boð-

ið er upp á hér á landi. Ég hef litið mjög alvarlega á það sem grunn þeirrar stefnu að menntmrn. ætti að hafa yfirumsjón með öllu námi á Íslandi. Mér finnst hins vegar sú staða vera í samfélaginu að ekki er óeðlilegt að margir hafi áhyggjur af því að setja sérskóla, sem hafa verið tiltölulega vel studdir, undir menntmrn. eins og búið er að því ráðuneyti. Það er einfaldlega dálítið erfitt að móta skynsamlega stefnu á meðan við erum með allt kerfið í kyrkingi og það finnst mér mjög alvarlegt mál. Ég held að þessi skólapólitík okkar verði ekki tekin fyrir af neinu viti fyrr en gerð verður einhvers konar þjóðarsátt um að hlúa að menntun hér í landinu og hana vantar. Þá getum við farið að tala um að brjóta niður múra sem eru milli ráðuneyta. Það er ekki bara skólakerfið sem geldur þess. Það er margt annað. Sjálfsagt eru þeir misháir en aftur og aftur, m.a. þegar verið er að fjalla um tilfærslu skóla milli ráðuneyta, kemst maður að því að kannski er langt á veg komið starf innan tveggja ef ekki þriggja ráðuneyta sem skarast mjög. Þarna vantar samhæfingu, samvinnu og þarna vantar vilja til að taka höndum saman í sambandi við menntunina í landinu. Og enn ítreka ég að þetta á við um þá verkmenntun sem boðið er upp á í grunnskólakerfinu, þá verkmenntun sem boðið er upp á í framhaldsskólum, þá verkmenntun sem er boðið upp á æðri skólastigum því að hún er líka til eftir framhaldsskóla. Það á líka við það sem við höfum hingað til kallað starfsmenntun og ég vil ekki setja alveg undir sama hatt og þá verkmenntun sem ég er að tala um sem samfellu frá því helst í sex ára bekk, þegar leggja þarf drögin að því að börn eigi raunverulegt val í skólakerfiunu. Jafnframt þarf að komast á tenging í sambandi við símenntun sem alltaf þarf að vera kostur á.

Við vitum að námsfíkn Íslendinga er mikil og það er áreiðanlega ekki að ástæðulausu. Hér eru alls konar sérskólar, alls konar námskeið, það er mjög margt í gangi sem bendir til þess að mikil þörf sé fyrir fræðslu í fleiru en bara bóknámi og því þrönga verknámi sem boðið er upp á. Það segir mér það alla vega að mikið vantar enn á að skólakerfið svari eftirspurn. Og það er engin tilviljun að það er hlutskipti mjög margra kvenna að fylla dýra skóla, einkaskóla, sem bjóða sérhæft nám, t.d. tölvunám og annað slíkt og borga háar fúlgur fyrir það að afla sér menntunar og réttinda sem ættu að vera eðlilegur hluti af okkar skólakerfi. Þetta finnst mér ekki síður alvarlegt en það hvernig við stöndum að því að skipuleggja verkaskiptingu milli ráðuneyta í sambandi við almenna menntun í landinu. Ég held að tími sé til kominn að hefja umræðu um menntunarmál alveg frá þeim grunni sem á að leggja í grunnskóla að þeirri símenntun sem allir verða að eiga kost á. Ég er síst að hafa á móti því að þarna séu höfð góð tengsl við atvinnulífið. Ég held að við séum öll sammála um að ekki þurfi að ræða það meira að auðvitað á atvinnulífið ekki að stýra þessu en það á vissulega að vera tengt því starfsnámi sem boðið er upp á. Ég vil ekki gera of mikinn greinarmun á milli t.d. smíða- og latínukennslu vegna þess að ég lít þannig á að hvort tveggja geti tengst starfsnámi.

Ég held að í þessari umræðu séum við oft og tíðum fórnarlömb þess ástands sem við búum við sem er kyrkingur í skólakerfinu. Það vantar peninga til skólanáms og það vantar oft og tíðum skilning á því að þarna verður að eiga sér stað samstarf og þarna verður að taka undir þá fjölbreyttu flóru sem er af alls konar einkanámskeiðum og einkaskólum.

Ég hef í rauninni alltaf séð það fyrir mér að samræming yrði á vegum menntmrn. Því miður hafa margir haft rökstuddar efasemdir um að menntmrn. sé gert það kleift miðað við þær stöður sem það ræður yfir núna. Þessu þarf að breyta, þetta þarf að bæta ef menntmrn. á að vera starfi sínu vaxið í þessum efnum. Ég vona að sá vandræðagangur sem oft er í sambandi við okkar skólamál verði ekki eilífðarvandamál heldur fari fólk að gera sér grein fyrir því hvað við stefnum í alvarlegt ástand, mér liggur við að segja kaotískt ástand, ef það á að reka helminginn e.t.v. af skólakerfinu þannig að blindgöturnar séu utan við Kerfið. Blindgöturnar, rándýrt nám sem fólk eyðir kannski mánuðum og jafnvel árum í og veitir engin önnur réttindi en eitthvert „diplóma", fallega skrautritað upp á vegg hjá sér um að það hafi aflað sér svo og svo mikillar þekkingar t.d. í tölvufræðum og öðru slíku. Alveg er undir hælinn lagt hvernig þetta nám er skipulagt. Sjálfsagt er oft um ágætiskennara að ræða en það sem þarna er á ferðinni er samt sem áður mjög óskipulegt. Þetta er mikill áfellisdómur yfir því hvernig við höfum búið við okkar skólakerfi og þetta verður að laga. Samræmingu verður að koma á. Mér er nokkuð sama um það hvert kerfið verður svo framarlega sem það býður fólki upp á að geta valið sér menntun frá upphafi, fylgt henni eftir og nýtt sér þá menntun sem það hefur þegar aflað sér í starfi og í öðru námi. Það er allt og sumt sem okkur varðar og sjálfsögð krafa okkar allra.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að margt mjög athyglisvert hafi komið fram í ræðu hv. 9. þm. Reykn. sem mér finnst ástæða til að taka undir að mörgu leyti. Ég vil benda á að það er einmitt í þessum námskeiðum, sem hv. þm. nefndi, sem frelsið og atvinnulífið fær að njóta sín. Þar geta menn ráðið því sjálfir hvernig þeir skipuleggja námskeiðin og selt þau dýrum dómum á okurverði og fólk fær sáralítið út úr þeim.

Það sem skiptir hins vegar máli er ekki síður það sem fram kom hjá hv. þm. að til þess að ná eðlilegum starfstengslum milli skólanna og atvinnulífsins þarf að skipuleggja með virkum hætti starfs- og námsráðgjöf. Það verkefni er hafið. Ráðnir hafa verið til starfa í grunnskólunum nokkrir námsráðgjafar í fyrsta sinn og þeir hafa verið að störfum áfram. Hins vegar hefur núv. ríkisstjórn því miður tekið um það ákvörðun að fella úr gildi þá áfangamörkun sem fólst í grunnskólalögunum varðandi ráðningu náms- og starfsráðgjafa. Ég held að virk náms- og starfsráðgjöf sé lykill að betri grunnskóla og framhaldsskóla, betri tengslum á milli þessara skóla og betri tengslum á milli skólanna almennt og atvinnulífsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er fegin að fleiri eru sama sinnis og ég að þurfi að hyggja að þessum málum. Ég vil taka skýrt fram að ég held að hægt sé að búa við býsna góða flóru skóla svo framarlega sem einhver samræming á sér stað, einhvers konar samræmt mat sem gerir það að verkum að hægt er að vera með alls konar skóla innan kerfisins. En þá verður fólki að vera kleift að stunda það nám, sem þar er boðið upp á, án þess að því sé það fjárhagslega ofviða og koma einhvers konar neti upp. Þetta þarf ekki að útiloka að við höfum ákveðið frelsi í sambandi við skólakerfið okkar, en mér finnst óhugnanlegt til þess að vita að frelsi, eins og það er núna tíðkað, felur m.a. í sér að ýmsir eiga ekki aðgang að því. Meðan svo er þá er það náttúrlega ekki frelsi nema innan mjög þröngra marka. Ef við byggjum við það sem ég tel óskastöðu, að í boði væri mjög fjölskrúðugt nám, þá þyrfti jafnframt að vera aðgangur fyrir venjulegt fólk að náminu án þess að það sé því fjárhagslega ofviða. Einnig þyrfti að vera möguleiki á því að nýta eitt nám með öðru námi, þ.e. að koma upp faglegu mati þar sem væri virkilega staðið mjög skipulega að því hvernig hvert nám fyrir sig nýtist.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er fróðleg umræða og vonandi verður hún gagnleg. Ég heyri að hæstv. menntmrh. hlustar grannt þó hann hafi ekki lagt mörg orð í belginn. En ég get ekki látið hjá líða að lýsa því sjónarmiði að ég fæ æ minni botn í það hvert Kvennalistinn er að fara í sambandi við uppbyggingu mennta í landinu. Eftir því sem röddum fjölgar hér þá verður sú mynd óskýrari, a.m.k. að því er ég fæ séð. Auðvitað er mjög nauðsynlegt að ræða slík mál og skiptast á skoðunum en æskilegt er að það sé a.m.k. með þeim hætti að menn átti sig svona nokkurn veginn á því hvert verið er að halda. Mér sýnist að talsmenn þeirra, sem taka þátt í umræðunni, séu að vísa nánast allt annað en á ráðuneyti menntamála í landinu. Vísað er í allar aðrar áttir. Það er verið að vísa á einkanám, það er verið að vísa á nám á vegum atvinnulífs og það er verið að vísa á nám sem heyrir undir önnur ráðuneyti og það er verið að vísa á sveitarfélögin í landinu. Hvers konar hugmyndir eru þetta sem hér er verið að bera fram í undirstöðumálum að því er snertir starf eins þjóðfélags, þ.e. fræðslumálin, einhver mikilvægustu málin þar sem öðru fremur ríður á að sé séð fyrir sæmilegu jafnræði þegnanna? Ég veit ekki hvað hv. 18. þm. Reykv. hefur verið að vísa til með því að tala um breytingar í Svíþjóð í sambandi við menntakerfið. Það er væntanlega til eftirbreytni hér sem er verið að vísa á það, þar sem sveitarfélögin eru að taka við undirstöðuþáttum í menntun.

Ég tel mig þekkja sæmilega til úti um landið og einnig til skólamála og ég veit ekki hvernig menn hugsa sér það að afsala grunnþáttum í menntakerfi landsmanna og einnig hinu svokallaða verknámi. Í rauninni vil ég ekki greina á milli með þeim hætti sem allt of mikið er gert, bæði í umræðu og í lögum, að því leyti að hugur og hönd á að tengjast saman í allri fræðslu og auðvitað með þróun þjóðfélagsins æ samofnara. Vinna þarf gegn þeirri sundurgreiningu sem því miður er allt of mikil í uppbygginu náms og skóla í landinu, og það þarf að tengja þetta saman.

Ég vil líka nefna að ég held að það séu ekki fjárhagslegar þrengingar frá ári til árs sem geti ráðið því hvernig við höldum á uppbygginu skólamála í einu þjóðfélagi. Ekki er það sem eigi að ráða og þó þröngt sé í búi í sambandi við margt í samfélagi okkar, þrengra en stundum áður, þá geti það ekki verið rök fyrir því að við reynum ekki að koma á þannig tengslum í stjórnkerfi okkar og í mikilvægum þáttum eins og í skólamálunum að þar sé sem best haldið á málum, þar sé reynt að vinna saman og fella saman, en ekki að girða sundur til þess að geta hugsanlega náð einhverjum fjárhagslegum ávinningi fyrir einhvern tiltekinn skóla. Þetta eru grundvallarspurningar. Mér finnst að þessi umræða hér hafi verið svolítið óvenjuleg en hún hefur verið af sérstökum tilefnum sem hafa gefist í umræðunni. Ég tel nauðsynlegt að menn tali einnig sem skýrast í þessum þýðingarmikla málaflokki.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki er að spyrja að því þegar umræðan beinist að því að víkja frá miðstýringunni þá fyllast þingmenn Alþb. miklum áhyggjum. Síðasti hv. ræðumaður nefndi einmitt grundvallaratriðið: jafnræði þegnanna. Ég verð að lýsa því sem minni skoðun að það skólakerfi sem hér hefur verið þróað á undanförnum árum byggist að nokkru leyti á misskildu jafnræði þegnanna. Því miður held ég að við höfum verið að þróast frá jafnrétti námsmanna og þá er ég að tala um það starf sem fram fer í skólunum, kennsluna. Ég held að því miður bjóði hún upp á allt of lítið jafnrétti og eins og ég nefndi í umræðu fyrr í vetur fer skólakerfi okkar of illa með of marga. Ég get nefnt enn eitt dæmi um skólakerfi þar sem reynt hefur verið að virkja almenning. Þá vísa ég til Danmerkur og þeirra breytinga sem þar hafa verið gerðar í grunnskólakerfinu, þar sem foreldrar hafa verið kallaðir til starfa í miklu ríkari mæli en hér þekkist, t.d. í skólanefndum og eftir því sem ég hef lesið þá hefur það gefist afar vel. Foreldrar hafa kynnst skólastarfi miklu betur en áður en því miður er það svo hér á landi að foreldrar skipta sér allt of lítið af menntun barna sinna. Af hálfu kennara er það reyndar oft ekkert vel liðið að foreldrar séu að skipta sér um of af. Þarna held ég að skorti mjög á samræður og samvinnu á ýmsa enda og kanta. En mergurinn málsins er sá að við þurfum að einbeita okkur að því að virkja betur alla aðila samfélagsins til að bæta menntakerfi okkar og þar er ekki aðeins um foreldra að ræða heldur líka atvinnulífið og atvinnulífið í allra víðasta skilningi og það held ég að geti einungis orðið til góðs.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ,

HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
3 þm. (JVK, ÓÞÞ, StH) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, PJ, RG, SighB, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
2 þm. (JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 589 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
2 þm. (JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, PJ, RG, SighB, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
3 þm. (JVK, ÓRG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, PJ, RG, SighB, SP, StG, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
3 þm. (JVK, ÓRG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, PJ, RG, SighB, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
22 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, PJ, RG, SighB, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Beitumál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 290. mál. — Þskj. 489, nál. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SP, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁRJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónS, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SP, StG, StH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 32. mál (sala erlends gjaldeyris). — Þskj. 32, nál. 483.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þessu máli var frestað síðast þegar umræða fór fram um það. Nú er hæstv. viðskrh. ekki viðlátinn þessa umræðu og tel ég því illa mögulegt að hún fari fram. Hitt er svo annað mál að hér er um að ræða fylgifrv. samhliða frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Því frv. var vísað aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. Við í minni hluta nefndarinnar töldum okkur nauðsynlegt m.a. vegna yfirlýsinga viðskrh. að skila sérstöku frhnál. í því máli og það sama á við um fylgifrv., þ.e. frv. til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Ég vildi því fara þess á leit, virðulegur forseti, að þessu máli verði með sama hætti vísað til nefndarinnar og frv. til laga um Seðlabanka Íslands. Ef hægt er að verða við

því getum við fallist á að 2. umr. ljúki þar með, en ef ekki er hægt að verða við því, sem ég vænti að geti orðið, tel ég nauðsynlegt að viðskrh. verði hér viðlátinn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HjálmJ, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, VG.

17 þm. (AKG, ASv, GB, HÁ, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, GÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SP, StG, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HjálmJ, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, VG.

19 þm. (AKG, ASv, ÁRJ, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, PP, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SP, StG, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JVK, KE, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, VG.

8 þm. (ASv, JHelg, JónK, KÁ, MF, ÓÞÞ, PP, SJS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, FrS, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JónS, KSG, KHG, MB, ÓRG, PJ, RG, SighB, SP, StG, StH, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða kjarasamninga.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti tilkynnti í upphafi þessa fundar mun utandagskrárumræða hefjast kl. 3.30. En nú verður gert hlé á fundinum fram að þeim tíma. — [Fundarhlé.]

Nú hefst utandagskrárumræða. Hún fer fram að beiðni hv. 7. þm. Reykn., um stöðu kjarasamninganna, og fer hún fram samkvæmt fyrri málsgrein 50. gr. þingskapalaga. Málshefjandi má tala í þrjár mínútur tvisvar sinnum og aðrir þingmenn og ráðherrar tvær mínútur tvisvar sinnum. Þessi umræða má samkvæmt þingsköpum standa í allt að hálftíma.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Í þeim kjarasamningum sem nú fara fram hefur ýmislegt verið sagt, m.a. í fjölmiðlum, sem gaf mér ástæðu til að biðja um þessar viðræður við hæstv. forsrh. Ég hefði að vísu kosið að við hefðum haft lengri tíma til þess að ræða þessi mikilvægu mál en hæstv. forsrh. hafnaði því og við það verðum við að sætta okkur.

Ég hygg að alls ekki verði annað sagt en að kröfur launþega í þessum viðræðum séu mjög hógværar. Mér sýnist í raun að launakröfum þeirra sé unnt að mæta með vaxtalækkun, þ.e. með tilfærslu fjármagns frá fjármagnstekjum til launatekna. Launþegar hafa lagt alla áherslu á að fá þær lagfæringar á velferðarkerfinu sem tryggja betur stöðu aldraðra, sjúkra, barnafólks og þeirra fleiri sem á því þurfa sérstaklega að halda og sýnist mér það afar virðingarvert. Því miður gefur tíminn ekki möguleika til að rekja ýmsar þær tillögur sem launþegar hafa lagt fram í þeim efnum en hins vegar höfum við heyrt þeim svarað hvað eftir annað þannig að því miður verði þar engu hreyft vegna þess að Alþingi hafi ákveðið málin á einn veg eða annan. Það voru fyrst og fremst þessi svör sem gáfu mér ástæðu til að biðja um utandagskrárumræðu. Ég vildi að við alþingismenn fengjum tækifæri til að fullvissa hæstv. forsrh. um það að a.m.k. stjórnarandstaðan á Alþingi, og ég hygg raunar æðimargir af stjórnarsinnum, er reiðubúin til að breyta ýmsu af því sem ákveðið hefur verið af þessari ríkisstjórn í velferðarmálum ef það mætti leiða til að samningar náist. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að töluverðu má fórna til að allsherjarsamningar náist og friður verði í landinu. Mér sýnist ástæða til að minna hæstv. forsrh. á það að varla nokkru sinni hafa mikilvægir kjarasamningar verið gerðir án þess að fyrir þingið hafi verið lagðar tillögur um aðgerðir í kjaramálum og við þingmenn erum reiðubúnir til að taka þátt í því að samþykkja slíkar aðgerðir ef það má verða til að greiða fyrir kjarasamningum.

Ég sagði áðan: Það er ekki tími til að ræða þau ýmsu atriði sem launþegar hafa lagt fram. Ég kem kannski að því í mínum seinni þremur mínútum ef tilefni er til þess en ég hef skoðað þær og leyfi mér að fullyrða að þær eru flestar þess eðlis að ekki er aðeins rétt að skoða þær heldur sjálfsagt að og margt sem þar er lagt til getur orðið til að bæta þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til í kjaramálum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tjáði hv. málshefjanda það að ég teldi að umræður hér og nú um þessi atriði væru ekki í þágu þeirra kjaraviðræðna sem standa yfir og eru á afskaplega viðkvæmu stigi, eins og það er kallað. Það má lesa það út úr orðum þeirra sem mest brennur á í þessum viðræðum að þar geti dregið til úrslita á næstu sólarhringum.

Ríkisstjórnin hefur auðvitað fylgst náið með samningaviðræðunum og átt fjölmarga fundi með helstu talsmönnum og hefur fjallað um öll þau atriði sem frá

báðum aðilum eða öllum aðilum hafa komið. Það er ljóst og hefur verið sagt áður að ríkisstjórnin vill og mun koma inn í þessa samningagerð á allra síðustu stundu þegar ljóst er að til samninga dregur. Við höfum hins vegar sagt og leggjum á það mikla áherslu að við viljum ekki taka þann þátt í þessum viðræðum sem leiðir til að þær grundvallarforsendur, sem við teljum að verði að vera fyrir hendi í landinu, séu grundvallarforsendur kjarasamninga, grundvallarforsendur stöðugs gengis, stöðugleika, vaxtalækkunar og þar með skjóls fyrir atvinnulífið, raskist. En með þessum fyrirvörum höfum við sagt að við séum og höfum verið að skoða mjög ítarlega þá þætti sem aðilar vinnumarkaðarins hafa beint til ríkisstjórnarinnar. Ég veit að hv. málshefjandi skilur af sinni löngu reynslu og miklu þekkingu að ég get ekki hér og nú fjallað efnislega um þessa þætti, en vil aðeins taka þetta fram.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði að kjarasamningarnir væru á viðkvæmu stigi. Hvers vegna eru kjarasamningarnir á viðkvæmu stigi? Jú, það er vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur nú beðið í tvo sólarhringa eftir svörum frá hæstv. ríkisstjórn og engin svör fengið. Á laugardag biðu samningamenn eftir því að fá skýr svör. Á sunnudagsmorgun var langur fundur forseta ASÍ, formanns BSRB og formanns Kennarasambands Íslands með forsrh. og utanrrh. og þeir fengu þar engin svör. Þeim var sagt að þeir fengju skrifleg svör fyrir kvöldmat í gær. Þeir fengu þau ekki. Samningamenn launafólks biðu til kl. 10.30 í gærkvöldi eftir því að fá svar frá ríkisstjórninni. Þeir fengu það ekki heldur þá. Þeim var sagt að það kæmi fyrir hádegi í dag og ríkisstjórnin mundi halda fund fyrir hádegi í dag. Það hefur ekki heldur gerst. Vandinn er nefnilega sá að það er stefna ríkisstjórnarinnar sem kemur í veg fyrir að skynsamlegir kjarasamningar takist sem festi í sessi efnahagslegan stöðugleika og lága verðbólgu. Það er aðför ríkisstjórnarinnar að velferðarkerfinu í fjárlögunum og bandorminum hér á Alþingi sem er sú hindrun sem nú þarf að yfirstíga til að við getum fest í sessi 2–3% verðbólgu á Íslandi, efnahagslegan stöðugleika og vaxandi kaupmátt. Þess vegna, virðulegi forsrh., átt þú að átta þig á því að það er þín eigin ríkisstjórn sem nú er hindrunin fyrir því að hægt sé að gera þessa kjarasamninga. Það þýðir ekki að koma í fjölmiðla og segja við launafólk að á Alþingi hafi verið samþykkt lög sem komi í veg fyrir að ríkisstjórnin dragi þessar aðgerðir til baka.

Ég get staðfest það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði áðan. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru tilbúnir til að greiða fyrir því með fundahöldum hér á Alþingi að þegar í stað yrðu afgreidd þau lög og þær lagasetningar sem fælu í sér breytingar á stefnunni hvað snertir velferðarmálin, heilbrigðismálin og menntamálin, tryggingamálin og annað sem launafólk óskar eftir.

Gunnar Thoroddsen sagði eitt sinn þessa frægu setningu, hæstv. forsrh.: „Vilji er allt sem þarf.“ Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson., þú skalt hugleiða þessi orð Gunnars Thoroddsens. Vilji er allt sem þarf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti minnir hv. þm. á að ávarpa hvorki þingmenn né ráðherra í 2. persónu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessa stundina eru kjarasamningar á afar viðkvæmu stigi, eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., og óljóst hvort þeir takast á allra næstu dögum eða sigla í strand. Það veltur á ríkisstjórninni sem staðið hefur fyrir stanslausum árásum á kjör launafólks frá því að hún komst til valda og jafnan ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að vinnuveitendur og samtök launafólks semji um flest annað en hækkun launa og sendi reikninginn til ríkisins. Ríkisstjórnir fyrri ára hafa mjög beitt sér fyrir lausn kjarasamninga með misjafnlega viturlegum aðgerðum og stundum hefur staðið á efndum, ekki síst við þá sem vinna hjá ríkinu. Núverandi aðferðafræði aðila vinnumarkaðarins sýnir hvað best það óeðlilega ástand sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði þar sem fjöldi fyrirtækja treystir sér ekki til að greiða mannsæmandi laun og verður t.d. að treysta á lækkun tryggingagjalda, vaxtalækkun eða að ríkisstjórnin dragi einhvern hluta efnahagsaðgerða sinna til baka eigi samningar að nást. Þessu verður að linna. En það gerist ekki á einum degi með þvermóðsku einnar ríkisstjórnar. Það gerist ekki öðruvísi en fyrirtækin búi við þokkaleg skilyrði og ríkisvaldið geri launþegum lífið ekki óbærilegt með vanhugsuðum og handahófskenndum niðurskurði sem kemur afar ójafnt niður á heimilunum í landinu.

Ríkisvaldið ræður yfir hagstjórnartækjum sem á að beita til að jafna kjörin. Það næst enginn jöfnuður með því að fresta hertum kröfum um mengunarvarnir í bílum og láta náttúruna og framtíðina gjalda fyrir eða með því að lækka skoðunargjöld á bílum. Slíkt flokka ég undir lúxuskröfur. Krafan til ríkisvaldsins og þær spurningar sem hér brenna á vörum eru: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að beita sér til að bæta óviðunandi kjör hinna lægst launuðu? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að jafna hinn mikla og óþolandi launamun kynjanna sem alls staðar blasir við? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við kröfu verkalýðshreyfingarinnar til varnar velferðarkerfinu?

Ríkisstjórnin er einn stærsti vinnuveitandi landsins og það er ólíðandi að hún skuli draga lappirnar í samningum við sitt fólk meðan tala atvinnulausra fer vaxandi og misrétti eykst. Brýnast af öllu er að ríkisstjórnin axli þá ábyrgð sem fylgir því að stjórna landinu og beiti sér fyrir arðbærum, verklegum framkvæmdum til að skapa vinnu, jafnt fyrir karla sem konur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. tók það réttilega fram áðan að kjaramálin væru á viðkvæmu stigi. Ég vil ekki gera lítið úr því en ríkisstjórnin situr með lykilinn að

lausn þessa vanda í sínum höndum. Og það er rétt að hún viti að það stendur ekki á stjórnarandstöðunni. Hún er tilbúin að greiða fyrir því að kjarasamningar geti tekist og er fús að aðstoða ríkisstjórnina við það að breyta vanhugsuðum ákvörðunum sem teknar hafa verið á Alþingi þannig að kjarasamningar megi takast. Sú röksemd að Alþingi hafi ákveðið að haga málum svo sem gert var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar hér um og fyrir áramótin, stenst ekki. Það er einfalt mál að breyta þeim ákvörðunum og stjórnarandstaðan er tilbúin, eins og hér hefur komið fram, að leggja sitt af mörkum til að það geti tekist fljótt og vel. Það er skynsamlegt og raunar skylda hæstv. ríkisstjórnar að grípa nú inn í þannig að kjarasamningar megi takast og það er alveg óbærilegt að horfa upp á ríkisstjórnina vefja málin fyrir sér dag eftir dag, nótt eftir nótt án þess að hafa dug eða áræði til að grípa til þeirra aðgerða sem þarf.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegri stöðu. Það er nú komið á daginn og verður ekki um það deilt lengur sem við sögðum í stjórnarandstöðunni í desember og janúar sl. að stefna hæstv. ríkisstjórnar torveldar og kemur í reynd í veg fyrir gerð kjarasamninga nú. Sú stefna sem bundin er í fjárlögum og bandormslögum er það sem nú strandar á. Nú segir hæstv. ríkisstjórn að fjárlögin og bandormurinn, í hverjum felast þær árásir á velferðarkerfið sem reynt er að hnekkja, séu hins vegar heilagar kýr. Þannig hefur sannast svo að ekki þarf frekari vitna við að málflutningur okkar á Alþingi í vetur reyndist því miður réttur. Það er hæstv. ríkisstjórn og stefna hennar sem hindrar gerð kjarasamninga.

Ég vil fyrir mitt leyti, og er sannfærður um að ég tala þar fyrir hönd fulltrúa minni hlutans í efh.- og viðskn., lýsa því yfir að við erum reiðubúin aftur á nýjan leik í vinnu til þess að gera þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem gera það kleift og í reynd auðvelt að koma til móts við óskir verkalýðshreyfingarinnar sem nú strandar á. Það er langt innan ramma þeirra breytinga sem við sýndum fram á bæði við afgreiðslu fjárlaga og við afgreiðslu á bandormslögum að unnt væri að gera. En því miður, hæstv. forseti, er það svo enn á ný reynsla okkar á Alþingi sem er sama reynslan og verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins hafa orðið fyrir í samskiptum sínum við hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn. Svör hæstv. forsrh. voru hér engin. Hæstv. forsrh. virðir Alþingi ekki svara frekar en verkalýðshreyfinguna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Niðurskurðurinn, sem gerður var við afgreiðslu síðustu fjárlaga, hefur gjarnan verið réttlættur með því á þingi að það þurfi að ná niður vöxtum. Þetta sé tilraun til þess að ná niður vaxtastiginu í landinu. Vissulega er ríkið stór lántakandi en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að lántökur heimilanna í landinu eru rúmlega tvöfalt meiri en lántökur ríkisins og þær hafa aukist mun meira á þjóðarsáttartímabilinu en lántökur ríkisins. Þær hafa aukist um 36,7% á þessum tíma meðan lántökur ríkisins hafa aukist um 19%. Lántökur heimilanna hljóta þar af leiðandi að hafa mun meiri áhrif á vaxtastigið í landinu en lántökur ríkisins. Þess vegna hlýtur maður að spyrja sig þeirrar spurningar: Af hverju eru lántökur heimilanna svona miklar þrátt fyrir hátt vaxtastig, þrátt fyrir að það sé mjög dýrt að taka peninga að láni? Þetta er eitt af því sem menn hljóta að skoða og mér segir svo hugur að ein ástæðan sé sú að æ fleiri heimili verða nú að brúa bilið með lántökum. Þau ná ekki endum saman. Það er m.a. þessar lágu tekjur sem hafa þessa keðjuverkandi áhrif eða þessi vítahringsáhrif.

Það er alveg ljóst að niðurskurður ríkisútgjalda við gerð síðustu fjárlaga og sá samdráttur í samneyslunni, sem þá varð, kemur illa við launafólk. Þetta var einhliða niðurskurður en ekki tekjujöfnunaraðgerð eins og hér hefur gjarnan verið látið í veðri vaka. Menn fóru í þessar aðgerðir undir nafni réttlætis og jöfnuðar en það var enginn jöfnuður fólginn í þessum aðgerðum. Út úr þessum aðgerðum kom það að barnafók verður verst úti, bæði vegna þess að barnabætur voru skertar og eins vegna hins að læknis- og lyfjakostnaður hækkaði verulega sem hefur mikil áhrif á barnafjölskyldur í landinu. Ég held að við hljótum öll að fagna því að verkalýðshreyfingin skuli nú tilbúin til þess að beita afli sínu í þágu barnafólks og í þágu sjúklinga.

Ég held að engum blandist hugur um að það var ríkisvaldið sem riðlaði öllum forsendum við gerð síðustu fjárlaga og þar af leiðandi er ekki óeðlilegt þó að menn komi nú og spyrji ríkisvaldið hvað það ætli að gera. Það er bráðnauðsynlegt að jafna lífskjör í landinu og þar vega ýmsir þættir þungt, svo sem búseta, kyn, stétt og aldur. Það þarf að taka á þessum málum en ríkisstjórnin hefur ekkert gert og ég held að það sé ljóst að hún á næsta leik og hún þarf að gera eitthvað raunhæft en ekki standa hér í formi ráðherra og móralisera daglega yfir okkur þingmönnum.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. að samningamálin eru á viðkvæmu stigi og að sjálfsögðu ber ekki að ræða um þau þannig opinberlega að á nokkurn máta verði spillt fyrir. Ég vil hins vegar láta koma fram að ég ræddi við samningamenn áður en ég bað um þessar utandagskrárumræður og var fullviss um að ekki væri nema gott ef fram kæmi sá vilji Alþingis að það væri reiðubúið til þess að taka á þessum málum með hæstv. ríkisstjórn með því að samþykkja t.d. tillögur í heilbrigðismálum eins og hefur verið lagt til af samningamönnum og reyndar á fleiri sviðum. Þetta hefur komið hér mjög skýrt fram.

Ég get einnig tekið undir það með hæstv. forsrh. að mikilvægt er að halda stöðugleikanum. Verðbólgan má ekki fara af stað á ný. Sömuleiðis er mikilvægt að vextir lækki og reyndar tel ég það vera forsendu fyrir því að samningar um launaliðinn megi takast eins og ég sagði áðan. Þar hygg ég að ríkisstjórnin hafi gefið grænt ljós og hefur nú þvert ofan í fyrri yfirlýsingar að

unnt sé að lækka vexti með handafli. Ég hef skilið hæstv. forsrh. svo að hann hyggist beita því ef það megi stuðla að kjarasamningum og því vil ég fagna. Ég harma hins vegar að forsrh. hefur á engan máta tekið undir þær kröfur og óskir launþega að lagfæringar verði gerðar á ýmsum þeim atriðum sem vega hvað harðast að velferðarkerfinu.

Því miður er ekki tækifæri á þeim skamma tíma sem hér er til að fara yfir þær óskir sem þar hafa komið fram. Ég ætla aðeins að nefna örfá dæmi. T.d. er farið fram á það við heilbrigðisþjónustu að læknisheimsóknir til sérfræðinga, heilsugæslu og heimilislækna verði án gjaldtöku fyrir börn. Ekki er þar farið fram á mikið. Sömuleiðis er farið fram á það að gjaldtaka verði felld niður af heimsókn til heilsugæslustöðva eða til heimilislæknis. Ég hygg að flestir geti samþykkt að hér er um forvarnastarf að ræða. Ég hygg að þetta dæmi eitt sýni að þarna er hægt að bæta verulega um frá því sem hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórn hafa ákveðið í þessum málum. Hámarksgreiðsla verði ákveðin fyrir fjölskyldur vegna læknis- og lyfjakostnaðar. Þetta er ekki nema sanngirnismál. Er ekki sanngjarnt að hámarkskostnaður, sem nú er ákveðinn vegna læknisaðstoðar, nái einnig til lyfjakostnaðar? Þannig gæti ég rakið þessa liði sem ég hef farið yfir alla nokkuð ítarlega og komist að þeirri niðurstöðu að það er rétt að vilji er það sem þarf. Ef hæstv. forsrh. er í raun reiðubúinn að setjast niður með samningamönnum og fara yfir þessa liði er ég viss um að það má finna þær lausnir sem greiða fyrir samningum og þeir megi þá takast sem allra fyrst. Það er fyrst og fremst þetta sem ég vil leggja áherslu á. Viljinn er til hjá okkur í stjórnarandstöðunni að standa að slíkum breytingum. Ég vona að hann sé einnig hjá hæstv. ríkisstjórn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir málefnalegar umræður um þessi atriði hér og nú. Menn átta sig bersýnilega mjög vel á því að ekki er hægt að fara út í efnislegar umræður um þessa þætti á þessu stigi. Það er sjálfsagt alveg rétt sem fleiri en einn hafa sagt hér að vilji er allt sem þarf ef vilji er mikilvægur. Það er ekki vilji eins aðila, það er vilji allra sem þarf að koma til, viljinn til samninga. Ég tel að hér hafi komið mjög skýrt fram glöggur skilningur á því meðal þingmanna sem hér hafa rætt málið. Það er afskaplega mikilvægt að samningar náist í þessari lotu þannig að traustur grundvöllur megi skapast fyrir atvinnulífið í landinu. Menn sjái hvar þeir standi og geti því lagt á ráð um frekari framvindu í atvinnulífinu þannig að skapa megi skilyrði til þess að atvinnuleysi verði ekki jafnmikið og við mörg höfum óttast. Ég vil fullvissa hv. þm., sem hér hafa talað, um að orð þeirra allra eru mikils metin og sá góði hugur sem þeir setja fram er auðvitað mikils metinn á þessari stundu og ég vil fullyrða að ríkisstjórnin mun gera sitt ýtrasta til þess að mega stuðla að því að kjarasamningarnir fái farsæla niðurstöðu. Ég ítreka þó að auðvitað þarf að gæta þess að þær grundvallarforsendur gengisstöðugleika sem við viljum skapa, skilyrði fyrir vaxtalækkun og aðrir þættir, sem ég hef áður nefnt, haldist.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Enginn ágreiningur er um það í þingsalnum að varðveita ber stöðugleikann og tryggja þann mikla árangur sem hefur náðst í baráttunni gegn verðbólgunni. En það er alveg ljóst, hæstv. forsrh., að öll samtök launafólks hafa sagt að til þess að það sé hægt þarf að breyta ýmsum þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnarmeirihlutinn tók hér á Alþingi. Mér finnst mjög leitt að hæstv. forsrh. hefur í hvorugri ræðu sinni hér í dag lýst sig reiðubúinn til þess að breyta þessum atriðum. Ef hæstv. ríkisstjórn lýsir ekki vilja sínum í dag, í kvöld eða í síðasta lagi á morgun til þess að gera slíkar breytingar, er veruleg hætta á því að upp úr samningaviðræðunum slitni. Ætlar hæstv. ríkisstjórn að verða til þess með einstrengingshætti sínum að slitni upp úr samningunum?

Eins og hefur komið fram byrjuðum við á því strax í desemberbyrjun að hvetja ríkisstjórnina til viðræðna við verkalýðshreyfinguna og samtök launafólks um þessi atriði. Í umræðum um fjárlög 12. des. hvöttum við ríkisstjórnina til þess að taka upp viðræður við samtök launafólks. 21. des. gerðum við það sama. Aftur 21. jan. og síðan 22. jan. í afgreiðslunni á frv. sem kennt hefur verið við bandorminn. Við höfum þess vegna hér í senn fjóra mánuði hvatt ríkisstjórnina til þess að fara í viðræður við samtök launafólks vegna þess að okkur var ljóst að ekki yrði hægt að koma á þessum samningum nema ríkisstjórnin sýndi opinn hug og raunverulegan vilja til þess að breyta þeirri skerðingu á hagsmunum launafólks í velferðarmálum sem ríkisstjórnarliðið stefndi að.

Mér hefur verið tjáð, virðulegi forseti, og ég skal ljúka máli mínu, að hugmyndir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum snerta upphæðir sem kannski nema 20, 30 eða 40 millj. Ef ríkisstjórnin er virkilega á þeim nótum að ætla sér ekki stærri hlut í því að koma kjarasamningum í höfn er ríkisstjórnin að steypa þessu þjóðfélagi út í óvissu, jafnvel kjaraátök og koma í veg fyrir að íslenska þjóðin geti treyst þennan stöðugleika í sessi. Það væri vondur verknaður, virðulegi forseti.

108. FUNDUR

þriðjudaginn 24. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Launakjör sýslumanna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn minni til

hæstv. fjmrh. um samning sem mun hafa verið gerður í janúarmánuði um launakjör sýslumanna. Eins og við vitum er verið að gera breytingu á dómstólaskipun og réttarfari í landinu og eftir þá breytingu verða sýslumenn venjulegir opinberir starfsmenn og láta af öllum störfum dómara. Þess vegna var kannski að mörgu leyti eðlilegt að gera þyrfti nýjan samning um starfskjör sýslumanna. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það sé rétt sem mér hefur verið tjáð að sá kjarasamningur sem gerður var við sýslumenn nú í janúarmánuði feli í sér að launakjör sýslumanna, mánaðarlaun sýslumanna, föst laun og yfirvinna, verði á bilinu 280–400 þús. kr.? Sýslumenn yrðu þá hæstlaunuðu starfsmenn íslenska ríkisins með mun hærri laun en hæstaréttardómarar, forsrh. og forseti lýðveldisins? Það er satt að segja mjög undarlegt að á sama tíma og opinberum starfsmönnum er neitað um eina einustu breytingum á launakjörum og samninganefnd ríkisins gefur það út fyrir hönd ríkisstjórnar og fjmrh. að ekki eigi að semja um eina einustu krónu í kjarabætur fyrir aðra starfsmenn ríkisins, ekki þetta ár og varla næsta ár, að þá hafi e.t.v. verið gerður kjarasamningur við sýslumenn sem feli það í sér að auk föstu launanna geti þeir verið með 30 eða 40 til 100 yfirvinnutíma á mánuði. Það sé tengt innheimtuhlutfalli á þann veg að þeir sem standa sig lakast í innheimtunni geti verið með um 250–270 þús. kr. í mánaðarlaun en þeir sem standa sig best í innheimtunni með 400 þús. kr. á mánuði. Ekki er um að ræða prósentur af innheimtu eða innkomu eins og áður, heldur venjuleg launakjör, föst laun og yfirvinnu, eins og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé virkilega rétt að á sama tíma og bremsa er sett á allar breytingar hjá opinberum starfsmönnum er gerður svo fáheyrður samningur um launakjör sýslumanna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki svarað fyrirspurninni svo vel sé án þess að leita mér upplýsinga í ráðuneytinu. Reyndar þá hvort tveggja í fjmrn. og dómsmrn. Mér er þó eins og öllum öðrum kunnugt um að gerðar hafa verið breytingar á sýslumannsembættinu í tengslum við þær breytingar sem gerðar eru vegna dómstólaskipunar og tekur gildi um mitt þetta ár. Ég kannast við að í fjmrn. hafi a.m.k. verið hugmyndir um, ef ekki samningur, þar sem gerð er grein fyrir því með hvaða hætti sýslumenn fá ábót á venjuleg launakjör eftir því hvernig þeir standa sig í innheimtu. Ég skal afla þeirra upplýsinga og gefa þinginu þær, það er alveg sjálfsagt. Hitt er svo annað mál að meginreglan við þær breytingar sem nú eru að eiga sér stað er sú að sýslumenn lækki í launum. Ástæðan er auðvitað sú að þessi breyting verður, þ.e. sýslumenn hætta að vera dómarar og verða fyrst og fremst lögreglustjórar og innheimtumenn ríkissjóðs en ekki eins og áður einnig æðstu menn dómstóla á hverjum stað. Þessi breyting hefur leitt til þess að sýslumenn hafa verið að lækka í launum. Ég hygg að hv. 8. þm. Reykn. kannist við að á undanförnum árum eða frá því að lög tóku að breytast um þessi mál hafa æðstu embættismenn þjóðarinnar á þessu sviði, bæði tollstjórar, sýslumenn og aðrir fremur verið að lækka í launum en hækka. En eins og ég segi þá hef ég þessar upplýsingar ekki hjá mér en skal afla þeirra eins fljótt og auðið er og koma þeim til skila.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að ætla að afla upplýsinga til að svara spurningu minni. Það kemur mér að vísu nokkuð á óvart að hæstv. ráðherra og einnig hæstv. dómsmrh. sé ekki það kunnugt um málið að þeir geti staðfest það af eða á í þingsalnum. Varla hafa embættismenn ráðuneytanna gert slíkan kjarasamning við sýslumenn, jafnafdrifaríkt fordæmi og hér er um að ræða á mjög viðkvæmum tímum í kjaramálum landsmanna, án þess að leita formlegrar heimildar viðkomandi ráðherra í þeim efnum.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að frá gömlum tíma tíðkaðist kerfi sýslumannsembætta sem byggt var á gamalli arfleifð en allir voru sammála um að leggja það niður. Það var gert með víðtækum breytingum á dómstólakerfinu og réttarfarinu í landinu og við það verða sýslumenn auðvitað venjulegir opinberir starfsmenn. Innheimtustörf þeirra eru unnin í vinnutímanum á milli kl. 9 og 5 eins og hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Þegar verið er að búa til nýtt launakerfi fyrir sýslumenn verður að ríkja innra samræmi eins og fyrir aðra opinbera starfsmenn. Mér er tjáð að hið nýja launakerfi sýslumanna sé byggt upp eins og launakerfi annarra opinberra starfsmanna. Sýslumenn séu með 170–180 þús. kr. í föst laun á mánuði, svo ég fari með það hér eftir minni, síðan komi föst yfirvinna þar ofan á sem að vísu er nokkuð tengd innheimtuárangrinum en þó sé hlaupið í þessu þannig að mánaðarlaunin fari aldrei undir 270–280 þús. kr. á mánuði, jafnvel hjá þeim sem standa sig svo illa í innheimtunni að spurning sé hvort þeir eigi að vera áfram í embætti. Þeir sem skili viðunandi árangri, 98–99%, séu komnir með 400 þús. kr. á mánuði.

Ég vona að hæstv. fjmrh. kynni sér þetta rækilega og hæstv. ríkisstjórn sé þá reiðubúin til að draga þessa ákvörðun til baka vegna þess að ég held að launafólk í landinu eigi erfitt með að skilja að á sama tíma og sagt er þvert nei af hálfu samninganefndar ríkisins sé einum hópi opinberra starfsmanna afhentur samningur þar sem honum eru tryggð mánaðarlaun á bilinu 260–400 þús. kr. á mánuði.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég mundi afla þessara upplýsinga því ég get ekki farið nákvæmlega með þær hér og nú. Ég held að öllum sé ljóst að í gegnum tíðina og allt til dagsins í dag hefur það verið þannig að innheimtumenn ríkissjóðs hafa fengið umbun fyrir að ná verulega góðum árangri. Ég vona að hv. þm., sem er fyrrv. fjmrh., sé sammála mér um að ekkert er jafnmikilvægt fyrir okkur öll og að gengið sé

fast á eftir því að skattar og opinber gjöld séu innheimt.

Samkomulag milli Borgarspítala og Landakotsspítala um heilbrigðisþjónustu.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mig langar einnig að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Í fjölmiðlum undanfarna daga, m.a. í Morgunblaðinu 21. mars sl., er gerð grein fyrir nýju samkomulagi milli Borgarspítala og Landakotsspítala um heilbrigðisþjónustu, m.a. um að Borgarspítali taki að sér allar bráðavaktir Landakotsspítala og að Landakot sérhæfi sig í biðlistaaðgerðum og að fjármunum af óskiptum lið ráðuneyta verði varið til að kosta þennan samning. Gert er ráð fyrir að 200 millj. kr. fari í reksturskostnað til Borgarspítalans og 100 millj. kr. til framkvæmda á þessu sama sjúkrahúsi. Síðan fari aðeins 45 millj. til Landakots til að taka við auknum kostnaði vegna biðlistaaðgerðanna sem sá spítali á að taka við. Í viðtali í Morgunblaðinu 21. mars sl. segir framkvæmdastjóri Landakotsspítala m.a. „Þetta leggst afleitlega í okkur því reksturinn hefur dregist mikið saman. Nú vantar okkur möguleika á að sinna þeim verkefnum sem fyrir hendi eru. Þó bráðavaktirnar hætti hjá okkur er það aðeins óhjákvæmileg afleiðing af þeim niðurskurði sem við höfum þurft að taka á okkur.“ Hann segir þar með að þessar 45 millj. dugi þeim engan veginn til að taka við þessari þjónustu.

Árni Sigfússon, formaður stjórnar Sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, þar með talið Borgarspítalans, segir þetta hins vegar vera eðlilegt framhald af þeim viðræðum sem staðið hafi yfir um leiðir til hagræðingar í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Nú vil ég skjóta því inn í að í viðræðum um hagræðingu á rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur ekkert verið rætt við forsvarsmenn stærsta sjúkrahússins, þ.e. Landspítala, um það hvernig þessu væri skynsamlegast varið.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að peningunum er óskynsamlega varið með þessum hætti. 200 millj. kr. í aukinn rekstrarkostnað á Borgarspítalanum væri betur skipt á milli Landspítala og Borgarspítala, jafnvel mætti komast af með minni upphæð, 50–100 millj., við skulum segja 75 millj. kr. á hvort sjúkrahús og spara þá þegar 50 af þessum 200 og hundrað millj. til fjárfestingar á meðan fjöldi sjúkrarúma er ónotaður hér í höfuðborginni hlýtur að vera óskynsamlegt, enn þá óskynsamlegra heldur en hitt, þ.e. tillagan um rekstrarfjárveitinguna.

Það lítur út fyrir að 130–150 rúm verði ónotuð á ríkisspítölunum á komandi sumri vegna sparnaðaraðgerða og lokana sem fyrirhugaðar eru. Skynsamlegra hefði verið að verja einhverjum fjármunum í að nýta þau rúm betur svo og að gera Landakotsspítala betur hæfan til að sinna bráðaþjónustunni heldur en hafa þann hátt á sem hér er hugsaður.

Ég beini fyrirspurninni til hæstv. fjmrh. vegna þess að hann ráðstafar þeim fjármunum, skv. 6. gr., lið 6.22 í fjárlögunum, sem eru til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnaðinn en ekki heilbrrh. Mér finnst og óttast reyndar að hann muni að einhverju leyti vera ánetjaður hagsmunabaráttu einhverra einstaklinga í þessu máli. Fyrirspurninni er því beint til hæstv. fjmrh.: Mun hann samþykkja þessa ráðstöfun eða beita sér gegn henni og leita skynsamlegri leiða til ráðstöfunar á þessum mikilvægu upphæðum?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar, sem ég hygg að ætti nú kannski hvað faglegu hliðina snertir að leggja fyrir hæstv. heilbrrh., vil ég segja þetta:

Fulltrúar beggja ráðuneytanna, fjmrn. og heilbrrn., eru sammála um að sá samningur sem gerður hefur verið á milli Landakotsspítala, þ.e. forustumanna þess sjúkrahúss, og Borgarspítalans og milli þessara spítala og ríkisins sé það besta sem hægt var að gera í stöðunni. Frá sjónarhóli fjmrn. skiptir það afar miklu máli að lausnir sem bundnar yrðu færu ekki fram úr þeim útgjaldaáætlunum sem koma fram í fjárlögum íslenska ríkisins fyrir árið 1992. Það er því sameiginlegt álit okkar, mín og heilbrrh. að sú leið sem farin er sé sú besta og fyrsta skref í átt til hagræðingar og samstarfs sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Mér er kunnugt um að rætt hefur verið við einstaka starfsmenn Landspítalans eða ríkisspítalanna. Það hefur sjálfsagt ekki verið gert með formlegum hætti en mér er kunnugt um að aflað var upplýsinga um hvað það mundi kosta að skipta bráðavaktinni sem var og hefur verið á Landakotsspítala á milli hinna sjúkrahúsanna tveggja í Reykjavík eða að flytja jafnvel bráðavaktina algjörlega yfir á Landspítalann. Eftir að samningaviðræður höfðu farið fram varð niðurstaðan þessi vegna þess að talið var að það væri hagstæðasta lausnin og tryggði sem besta og mestu þjónustu fyrir þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál faglega. Það er að sjálfsögðu í höndum heilbrrh. og starfsfólks hans. En fjmrh. er að sjálfsögðu samþykkur þessari lausn, enda skrifar hann undir samninginn.

Varðandi lið 6.22 í 6. gr. fjárlaga þá er rétt að formlega er það fjmrh. sem ráðstafar þeim fjármunum sem þar eru í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd. Ég veit ekki betur en að þær niðurstöður sem hér eru og reyndar aðrar um endurdreifingu í sambandi við ráðstöfunarfé í tengslum við svokallaðan rekstrarsparnað, hafi verið bornar undir fjárlaganefnd. Sé það ekki um þennan tiltekna lið verður það að sjálfsögðu gert áður en endanlega verður gengið frá málinu. Við höfum hins vegar farið þannig að að einstakir fagráðherrar gera tillögur um ráðstöfunina þótt fjmrh. sé samkvæmt fjárlögum falið að ráðstafa þessum fjármunum. Þannig er reyndar með öll önnur atriði sem snerta 6. gr. að sé það á forræði einstakra ráðuneyta er venjan sú að óskir koma úr viðeigandi ráðuneytum.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta svari að nokkru og kannski mestu leyti þeirri fyrirspurn sem fram var borin af hálfu hv. þm.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin en ítreka það sem ég sagði áðan að ég taldi rétt og eðlilegt að beina spurningunni til hans en ekki til heilbrrh. af því að fjmrh. fer með ráðstöfunarvaldið samkvæmt fjárlögum. Það er hans að ráðstafa þessum upphæðum í samráði við einstaka ráðherra og fjárln., eins og segir í fjárlögum. Reyndar hafa þessar hugmyndir ekki enn verið sýndar fjárln. Þær kunna að hafa borist nefndinni, ekki skal ég segja um það, en þær hafa ekki verið teknar til umræðu þar. Ég vona sannarlega að menn hlusti á skynsamleg rök í þessu efni áður en ákvörðun er endanleg ef fjárln. fær einhverju um það ráðið. Menn fara stundum dálítið frjálslega með það sem kallað er samráð og leyfa sér að túlka það eftir ýmsum leiðum. Ég tel nauðsynlegt að þetta verði skoðað mjög gaumgæfilega og betur en ég trúi að gert hafi verið vegna þess að ég óttast, eins og ég nefndi reyndar áðan, að einhverjir aðrir annarlegir hagsmunir ráði ferðinni en þeir að spara fjármuni og reka heilbrigðisþjónustuna á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt. Ég leyfi mér a.m.k. að álíta, ég þori varla að fullyrða það eftir ræðu hæstv. ráðherra áðan, að hann kunni að vera sammála þeim hugmyndum að hægt væri að viðhafa meiri sparnað og skynsamlegri rekstur en lagt er upp með og er framhald af þeim umræðum, eins og kemur fram í viðtali við Árna Sigfússon í Morgunblaðinu og ég vitnaði í áðan, sem farið hafa fram um sameiningu Landakots og Borgarspítala sem nunnurnar höfðu þó þegar hafnað.

Ég ítreka að ég tel að hægt sé að verja þessum 100 millj. kr. til nýframkvæmda skynsamlegar. Á meðan tugir rúma, jafnvel hundruð rúma, á sjúkrahúsunum standa ónotuð getur þetta ekki verið skynsamleg nýting fjármuna. Ég er einnig sannfærður um að hægt væri að sinna bráðavöktum á tveimur stofnunum, Borgarspítala og ríkisspítölum, án þess að verja til þess þeim 200 millj. kr. sem gerð er tillaga um. Fjárveitingin er því ekki skynsamlega nýtt, hæstv. fjmrh., og ég treysti því að eftir umfjöllun í fjárln. muni hæstv. ráðherrar fást til að skoða málið að nýju.

Rekstur heimilis fyrir vegalaus börn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. forsrh. Um síðustu helgi fór fram myndarleg söfnun í þágu vegalausra barna hér á landi. Og ég legg fyrir hæstv. forsrh. tvær spurningar: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að koma til móts við þann sterka vilja sem kom fram hjá þjóðinni um síðustu helgi í söfnuninni fyrir vegalaus börn? Er ríkið reiðubúið til þess að kosta rekstur þess meðferðarheimilis sem keypt yrði en yrði jafnvel rekið á ábyrgð samtakanna Barnaheill?

Eins og kom fram í umræðum um málefni vegalausra barna fyrir nokkru þegar ég bar fram fyrirspurn til hæstv. félmrh., er talið að vegalaus börn á Íslandi séu liðlega 20 talsins. Samtökin Barnaheill vilja stofna heimili fyrir fimm börn til að byrja með fyrir þá fjármuni sem safnast hafa. Talið er að kostnaður við rekstur slíks heimilis yrði 12 millj. kr. ári ef tekið yrði upp vaktavinnufyrirkomulag.

Segja má að þau börn sem hér um ræðir greinist aðallega í þrjá hópa. Í fyrsta lagi er um að ræða vegalaus börn sem ekki eiga við sérstök heilbrigðis- eða fötlunarvandamál að stríða. Í öðru lagi er um að ræða vegalaus börn sem greinst hafa þannig að þau eigi við geðræna erfiðleika að stríða en eru ekki talin geðveik í venjulegum skilningi. Í þriðja lagi er um að ræða börn sem ekki eru talin geðveik en eru engu að síður hættuleg sjálfum sér og umhverfi sínu.

Fyrsti hópurinn, vegalaus börn, þarf á skammtímavistun að halda, eins og það er kallað, þó það sé ekki ýkjaskammur tími eða 2–3 ár í mesta lagi uns gengið hefur verið frá fósturheimili fyrir þau eða gengið hefur verið úr skugga um að óhætt sé fyrir þau og æskilegt að fara heim til sín aftur. Annar hópurinn þarf á sérstakri vistun að halda, ýmist innan laganna um þjónustu við fatlaða eða á vegum heilbrigðiskerfisins, á barna- og unglingageðdeildum eða á sérstökum heimilum undir umsjón sérfræðinga. Það er umhugsunarvert, virðulegi forseti, að sömu dagana og þjóðin leggur fram 32 millj. kr. til heimilis fyrir vegalaus börn, er verið að taka ákvörðun um það að loka legudeild barna- og unglingageðdeildarinnar þar sem núna eru fimm börn. Við þetta tækifæri lýsi ég því yfir að hér með öllu um fráleita og siðlausa ráðstöfun að ræða og ég skora á ríkisstjórnina að reka þá ákvörðun til baka.

Þriðji hópurinn sem hér um ræðir og ég nefndi áðan, eru einstaklingar sem geta verið hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Þessi hópur þarf á varanlegri vistun að halda. Fyrsti hópurinn sem ég nefndi áðan, fær úrlausn að einhverju leyti með átaki Barnaheilla þegar 32 millj. kr. frá 7.000 aðilum í landinu söfnuðust. Þess ber að geta að verkalýðsfélög láglaunafólks í landinu voru þar ekki síst rausnarleg. Hefur ríkisstjórnin fjallað um málið? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í málinu, hæstv. forsrh.?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. 9. þm. Reykv. að söfnun sú sem átti sér stað um síðustu helgi var afskaplega myndarleg og viðbrögðin við þeim tilmælum sem þar komu fram voru mjög myndarleg og sýndu hug þjóðarinnar í garð þessa málefnis. Málefni vegalausra barna hafa verið rædd í ríkisstjórninni að tilhlutan félmrh. Þá var málinu frestað, samþykkt að félmrh. tæki upp viðræður við sveitarfélögin og forsvarsmenn Barnaheilla um það með hvaða hætti hægt væri að standa að rekstri heimilis af því tagi sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi. Ég veit ekki annað en að viðræðurnar eigi sér stað þessa dagana, jafnvel í dag, ég vil þó ekki fullyrða það. Málið verður síðan tekið fyrir að nýju á fundi ríkisstjórnar væntanlega á föstudag eða í síðasta lagi á þriðjudag.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör-

in og legg í fyrsta lagi áherslu á að fylgja verður því eftir að ríkið taki að sér að greiða rekstrarkostnað fyrir meðferðarheimili fyrir vegalaus börn. Eftir hinar myndarlegu undirtektir þjóðarinnar er útilokað annað en að ríkisstjórnin komi til móts við hið gríðarlega myndarlega átak. Ég minni á að hæstv. félmrh. lýsti því reyndar yfir, þegar þessi mál voru til meðferðar fyrir nokkru að mínu frumkvæði, að hún teldi að ríkið ætti að koma til móts við söfnunarátakið með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Í öðru lagi endurtek ég þá áskorun mína til hæstv. forsrh. að ráðstafanir verði gerðar til þess að koma í veg fyrir að legudeild barna- og unglingageðdeildarinnar verði lokað. Það má ekki gerast. Það er með öllu siðlaust að gera það við núverandi aðstæður og er auk þess í hróplegu ósamræmi við það viðhorf þjóðarinnar sem birtist í undirtektum við söfnunarátaki síðustu daga.

Loks vil ég lýsa því yfir, virðulegi forseti, að eftir því sem ástæða er til mun ég að sjálfsögðu fylgja málinu eftir síðar í vetur og fylgjast með því hvernig meðferð þess gengur af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Safnahúsið við Hverfisgötu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina spurningu minni til hæstv. forsrh. Í síðustu viku ákvað ríkisstjórnin að láta Safnahúsið við Hverfisgötu ekki hýsa Hæstarétt. Ég fagna þeirri ákvörðun þó ég telji að Hæstiréttur sé auðvitað alls góðs maklegur. Þetta hús var á sínum tíma byggt sem safnahús, sem menningarbygging og að mínu mati þarf að tryggja það að húsið sé eftirleiðis opið öllum almenningi.

Nú sá ég í fréttum nýverið að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja niður nefnd til þess að ákveða framtíð hússins. Því spyr ég hæstv. forsrh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að fleiri en fulltrúar stjórnarflokkanna verði kallaðir til í þá nefnd, þar á meðal fulltrúar stjórnarandstöðunnar. Þetta hús er sameign landsins alls, ein reisulegasta menningarbygging landsins, og mér finnst að þetta eigi ekki að vera pólitískt mál heldur eigi allir flokkar að koma að þessu máli ásamt fleiri aðilum. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh. hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég svara fyrirspurninni beint, vil ég nota tækifærið, fyrst á þetta mál var minnst, að koma að því með öðrum hætti. Eftir að sú ákvörðun hafði verið tekin sem hv. 10. þm. Reykv. nefndi, var rætt um það í fjölmiðlum að hugmyndirnar væru þær að forsrn. ætlaði sér að fara inn í þetta hús. Ég segi fyrir mína parta að ég tel að forsrn. eigi að vera í því húsi sem það er. Það er búið að vera þar síðan 1904, ef við tökum ráðherra Íslands með og landshöfðingjaembættið þar á undan. Af sögulegum ástæðum og öðrum ástæðum líka finnst mér að forsætisráðherraembættið eigi að vera kyrrt í því húsi. Þetta er mitt viðhorf.

Varðandi spurninguna hins vegar finnst mér eðlilegt að taka málið upp innan ríkisstjórnarinnar og ræða það við menntmrh. með hvaða hætti þessi nefnd verður skipuð. Ég vil gjarnan taka þau viðhorf, sem þingmaðurinn kynnti, upp á þeim vettvangi og vonast til að geta svarað því hið fyrsta.

Stuðningur við fyrirvara Íslands við GATT-samninginn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég ætla að beina spurningu til hæstv. forsrh. Þann 10. jan. sl. skýrði hæstv. forsrh. Alþingi frá fyrirvara ríkisstjórnarinnar við tillögur Arthurs Dunkels um nýjan GATT-samning. Í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. forsrh. spyr ég hvernig ríkisstjórnin hefur unnið að því að fá stuðning annarra þjóða við þennan fyrirvara um sérstöðu Íslendinga? Hvernig horfur eru á að nægur stuðningur fáist til þess að þær verði teknar til greina við samningsgerðina?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að þingið viti með hvaða hætti íslenska ríkið kynnti niðurstöðu um fyrirvara íslensku ríkisstjórnarinnar. Og ég hygg að það hafi verið allbærileg samstaða um þá niðurstöðu sem ríkisstjórnin komst að. Ríkisstjórnin hefur einnig rætt sjónarmið sín við fulltrúa Norðurlandanna og leitast við að ná samstöðu við þau um þá þætti sem þar koma fram. Þar eru sjónarmiðin að vísu örlítið mismunandi, getum við sagt. Ég tel hins vegar mikilvægt að við eigum gott samstarf við þessi ríki, ekki síst Norðmenn, í þessum efnum.

Á þessu augnabliki get ég ekki sagt til um það hvernig hægt er að meta möguleika á því að þessir fyrirvarar séu í höfn. Það er flóknara mál en svo og ég tel að ekki yrði gagn af vangaveltum af minni hálfu um það efni hér og nú. Á hinn bóginn er enginn vafi á að heilmikil óvissa er um almennt GATT-samningana og menn hafa ekki enn séð með hvaða hætti hægt verður að höggva á þann hnút. Sumir binda mestar vonir við að á fundum æðstu manna Bandaríkjanna annars vegar og Evrópu hins vegar verði hægt að höggva á hnútinn því að hann virðist vera illleysanlegur. Hv. þm., ég get því miður ekki svarað þessu efnislega óundirbúinn með öðrum hætti en þessum.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið en verð þó að segja að mér fannst það ákaflega fátæklegt og hlýt að láta í ljós vonbrigði mín yfir því að hæstv. forsrh. skuli ekki fylgjast betur með svo mikilvægu hagsmunamáli þjóðarinnar.

Rétt er að það hefur áður komið fram hvernig þessi fyrirvari var afhentur formanni nefndarinnar, Arthur Dunkel. Að öðru leyti virðist hæstv. forsrh. lítið vita um hvernig að málinu hefur verið unnið eða hvort

nokkuð hefur verið gert. Sama dag og fyrirvarinn var kynntur á Alþingi, var samin yfirlýsing úti í Ósló meðal hinna fjögurra norrænu EFTA-þjóða þar sem lýst var yfir stuðningi við þann ramma sem lagður var í tillögum Dunkels. Ég held að flestum sem fylgdust með umræðum á Alþingi hafi verið ljóst að sú yfirlýsing var í andstöðu við þann greinilega vilja sem kom fram í umræðunum á Alþingi um að hafna þessum tillögum. Það þýðir auðvitað lítið að leggja svona fyrirvara fyrir formann nefndarinnar ef ekki er síðan unnið af krafti að því að safna sér bandamanna til þess að reyna að fá stuðning við þær áður en kemur að lokaspretti samningsins. Því miður verð ég að endurtaka að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með það svar sem hæstv. forsrh. gaf.

Samningur um leigugjald fyrir notkun ljósleiðara.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. samgrh. Undanfarið hafa tvær ríkisstofnanir, Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpið, staðið í samningaviðræðum um leigugjald fyrir notkun á ljósleiðurum. Mér er kunnugt um að beðið er með úrbætur á sjónvarpsskilyrðum í einstökum byggðarlögum þangað til niðurstöður samningaviðræðnanna liggja fyrir. Ég spyr hæstv. samgrh.: Er honum kunnugt um hvernig samningaviðræðurnar ganga og hyggst hann beita sér fyrir því að niðurstaða í þeim fáist sem fyrst?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Málin eru í athugun og ég vona að sú athugun gangi vel.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta svar sýni, svo ekki verði um villst, að hæstv. samgrh. hefur ekkert fylgst með þessum málum og svarið segi í rauninni allt sem segja þarf.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ef fyrirspurnir í þessum tíma eru um mjög mikil smáatriði er ekki við því að búast að þingmenn fái nákvæm svör án þess að gera viðvart fyrir fram. Þessi fyrirspurnatími er hugsaður til þess að þingmenn geti borið fram fyrirspurnir á breiðari nótum en hér var gert.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 135. mál (heildarlög). — Þskj. 144, nál. 555, brtt. 556.

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að upplýsingar hafi komið fram um það að áhrif þeirrar lagabreytingar sem hér er á dagskrá séu kannski önnur og meiri en rædd hafa verið í tengslum við málið. Þess vegna óska ég eftir því að nefndir þingsins taki málið til umfjöllunar á milli umræðna. Ég nefni þetta vegna þess að síðan málið var til umræðu síðast hafa komið fram upplýsingar um fyrirætlanir manna um að kaupa fisk veiddan fyrir utan fiskveiðilögsögu Kanada og Nýfundnalands og flytja hann hingað til vinnslu. Sem sagt kaupa fisk af spænskum og portúgölskum skipum og vinna í fiskvinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Ég tel að ekki sé einsýnt að við leyfum þetta. Þarna er um að ræða nýtingu á fiskstofnum sem eru sameiginlegir með EB-löndunum og umræddum þjóðum og ekki er samkomulag um að nýta þessa fiskstofna. Ég tel af þessum ástæðum að á milli umræðna eigi hv. sjútvn. og utanrmn., sem fjallaði einnig um málið, að fara yfir það og ég óska eftir því að málinu verði vísað til nefndanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Komið hefur fram ósk frá hv. 3. þm. Vesturl. um að nefnd taki málið til meðferðar á milli 2. og 3. umr. og þykir forseta ekki óeðlilegt að orðið verði við þeirri ósk og mun bera það undir fundinn í lok þessarar atkvæðagreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

1 þm. (AKG) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EGuðn, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

1 þm. (AKG) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EGuðn, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 556,1 (ný 3. gr.) samþ. með 39:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKG, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, ASv, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, AKG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, HjálmJ, ÞorstP, AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, SalÞ.

nei: FrS, GuðjG, ÓÞÞ, PJ, StB, TIO.

18 þm. (GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, VG, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, VS, ÖS, ÁJ, DO, EGuðn) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér var það mikið ánægjuefni þegar það frv. var flutt sem hér er verið að greiða atkvæði um og taldi að viðskiptafrelsi yrði meira en verið hefur og gladdist yfir. Nú er það svo að ég fæ mikið af bréfum frá Verslunarráði Íslands, það hefur verið í gegnum tíðina þó ég skrifi þeim lítt, og aldrei þessu vant gerðist það að ég fékk bréf sem ég er innilega sammála. Þar vöktu þeir athygli á því að þær brtt. sem hér er verið að leggja til eru ekki til bóta, heldur alveg þveröfugt og má undarlegt heita. En það er kannski ekki skrítið þegar horft er á allan þann skara sem hefur haft áhrif á nefndina þó hún hafi eitthvað ruglast í ríminu. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég styð þær brtt. sem sjútvn. náði sem betur fer saman um að leggja til á þessu frv. og er sannfærður um að þær eru til bóta. Þær eru hluti af þeirri viðleitni að standa fast á rétti okkar Íslendinga í þessum efnum, nú sem endranær, og tryggja það að við höfum í höndum okkar ríkar heimildir að lögum til þess að gæta hagsmuna okkar eins og best verður á kosið. Þar á meðal að þrýsta á næstu nágranna okkar um að semja um nýtingu á sameiginlegum stofnum. Ég tel þess vegna að það hafi verið ákaflega farsæl niðurstaða að bæði utanrmn. Alþingis og sjútvn. náðu að lokum saman um lagfæringar á þessu stjfrv. Ég verð að segja eins og er að mig undrar nokkuð þau órökstuddu mótatkvæði sem hér falla við þeirri niðurstöðu og segi það við hv. 2. þm. Vestf. að það er ekki sjútvn. og ekki fjölmargir gestir hennar sem hafa ruglast í ríminu heldur hv. 2. þm. Vestf. í þessu máli. Ég segi já.

Brtt. 556,2 (ný 4. gr.) samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, ÞorstP.

nei: StB*.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EgJ, EGuðn, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

5.–7. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EGuðn, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, EGuðn, GÁ, GunnS, IBA, JóhS, JónS, KSG, LMR, ÓE, RG, SigG, SighB, StH, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir atkvæði sínu. Reyndar var það á leiðinni í sætið sem hann gerði það, en ber samkvæmt þingsköpum að gera grein fyrir því í ræðustól hafi hann beðið um orðið til þess. Hins vegar er honum ekki ætlað að taka upp efnislega umræðu um það hvernig aðrir rökstyðja sitt mál. Ég rökstuddi afstöðu mína með því að vísa til bréfs Verslunarráðsins. Þar eru fullnægjandi rök fyrir þessum efnum. En ég verð aftur á móti að óska hv. þm. til hamingju með það hvað hann hefur lært af þorskastríðinu við Breta. Hann telur að vinnubrögð nýlenduveldisins að beita löndunarbanni sé sú hin rétta framtíðarstefna sem Íslendingar eigi að nota gagnvart grannþjóðum okkar Grænlendingum og Færeyingum og ég óska honum til hamingju með þá nýlendustefnu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. 2. þm. Vestf. hafi aflutt stórlega afstöðu mína til þessa máls. Ég fylgi þessu frv. og jafnframt styð þær lagfæringar á því sem sjútvn. og utanrmn. urðu sammála um að gera. Ástæðan fyrir því að ég vék að greinargerð hv. 2. þm. Vestf. fyrir atkvæði sínu var sú að hann leiddi að því líkum að sjútvn. hefði ruglast í ríminu vegna þess fjölda miðmælenda sem hún fékk til sín til að ræða þetta mál og var þar með efnislegar aðfinnslur eða athugasemdir um afstöðu nefndarinnar. Ég var að svara hv. þm. og snúa þessu við og fullyrða, sem er enn mín skoðun og styrktist reyndar ef eitthvað var við för hv. 2. þm. Vestf. í ræðustólinn áðan, að það sé hann en ekki sjútvn. Alþingis né gestir hennar sem eitthvað hafa ruglast í ríminu.

Beitumál, 3. umr.

Stjfrv., 290. mál. — Þskj. 489.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁ, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EGuðn, FI, FrS, GB, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 622).

Umræður utan dagskrár.

Kaup á fiski sem veiddur er við Kanada.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan til þess að ég óskaði eftir því að umræða yrði utan dagskrár er sú að í síðustu viku birtust fréttir í fjölmiðlum af fyrirhuguðum kaupum Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum á fiski sem portúgalskir og spænskir togarar eru að veiða rétt utan við fiskveiðilögsögu Nýfundnalands og Kanada. Í umfjöllun fjölmiðla um þetta mál kom fram að forráðamenn Vinnslustöðvarinnar telja að með frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, sem er nú til umfjöllunar í hv. Alþingi, sé verið að opna fyrir möguleika á viðskiptum sem þessum. Einnig kom fram að hæstv. sjútvrh. hefur fengið bréf frá starfsbróður sínum í Kanada þar sem farið er fram á stuðning við Kanada og Nýfundnaland til að stöðva rányrkju EB-flotans á hafsvæðunum utan við 200 mílna mörk fiskveiðilögsögu þeirra ríkja. Í fréttum var sagt að svar hæstv. sjútvrh. hefði verið að Íslendingar myndu styðja baráttu þeirra á alþjóðavettvangi en heima fyrir myndum við ekki skipta okkur af kaupum íslenskra fyrirtækja á fiski sem þarna yrði veiddur.

Hv. 1. þm. Vestf., formaður hv. sjútvn., sagði í viðtali í sjónvarpinu að hann fagnaði þessu og ekki veitti af meiri framleiðslu og atvinnu fyrir Íslendinga. Hann sagði einnig að Nýfundnalandsmenn og Kanadamenn hefðu ekki stutt okkur í langhelgismálum og það væri þeirra mál að framkvæma harðari stefnu í þeim.

Mér finnst, hæstv. forseti, að þetta séu bæði fljótræðislegar yfirlýsingar og kaldar kveðjur til þjóða sem eru í líkum sporum og við, þjóða sem eru búnar að skera niður veiðiheimildir hjá sér og hafa ekki getað náð samkomulagi við EB-ríkin um stjórn á veiðunum.

Hæstv. forseti. Landhelgisbaráttu okkar Íslendinga er ekki lokið. Enn þá ósamið um stjórn á nýtingu fiskstofna sem eru sameiginlegir með öðrum þjóðum. Enn eftir að ráða til lykta deilum um yfirráð á stórum hafsvæðum. Ég tel að um sé að ræða mál sem meðhöndlað verði með varkárni og það sé ekki einboðið að við eigum að auðvelda portúgölskum og spænskum togurum EB-landanna sjóræningjaveiðar hjá þessum nágrönnum okkar. Ég tel að á ferðinni sé mál sem hv. þm. í utanrmn. og sjútvrn. hljóti og eigi að taka til yfirvegunar. Það er mín tillaga, virðulegi forseti, að þessar tvær nefndir taki málið til umfjöllunar og á meðan verði látið bíða að hv. Alþingi fjalli frekar um frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelginni. Ég spyr hæstv. sjútvrh. hvort hann sé mér ekki sammála í þessu efni og hvort hann er ekki tilbúinn til allrar samvinnu við fyrrnefndar nefndir þingsins um mótun stefnu í þessum málum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Málið snýst fyrst og fremst um viðskipti milli tveggja fyrirtækja. Hitt er svo rétt að mikil ofveiði fer fram innan lögsögu Kanada. Kanadamenn áætla að á árunum 1986–1990 hafi Evrópubandalagið veitt fimm sinnum meira en þeim kvótum nemur sem út voru gefnir. Ekki hefur náðst samkomulag um stjórn á þessum veiðum.

Hinn 25. febr. sl. skrifaði sjávarútvegsráðherra Kanada mér bréf og óskaði eftir stuðningi á undirbúningsfundi undir umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna við þá viðleitni Kanada að styrkja þau ákvæði hafréttarsáttmálans sem fjallar um sameiginlega stjórnun á veiðum utan við lögsögu einstakra ríkja. Ég svaraði þessu bréfi mjög afdráttarlaust að við mundum styðja slíka viðleitni og það hefur sendinefnd okkar á undirbúningsráðstefnunni gert. Ég tel að í þessu efni eigum við sameiginlegra hagsmuna að gæta með Kanadamönnum og fleiri þjóðum.

Það álitaefni sem hér er uppi snýr hins vegar ekki að löggjöf um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands. Þetta álitaefni lýtur að því hvort við eigum að beita viðskiptaþvingunum til þess að knýja fram friðunaraðgerðir á öðrum hafsvæðum. Við höfum jafnan lýst okkur andstæða slíkum viðskiptaþvingunum. Til að mynda höfum við mótmælt mjög harðlega þegar Bandaríkjamenn hafa beitt löggjöf af þessu tagi gegn vísindaveiðum og veiðum okkar á hval og ég tel að við hljótum að fylgja því sjónarmiði eftir. Eigi að koma fram banni í þeim tilgangi að styrkja sjónarmið Kanada þá hljótum við að hafa það í huga hvort við einir áorkum einhverju í þessu efni og líka að átta okkur á því að slíkt bann yrði annaðhvort að byggjast á nýrri löggjöf um viðskiptabann eða með því að beita heimildum í gildandi lögum um innflutnings- og gjaldeyrisviðskipti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem segja að mjög brýnt sé orðið að við semjum um sameiginlega fiskstofna við önnur ríki. Það er líka greinilegt að við þurfum að hyggja að samningum um fleira og þá á ég við nýtingu þeirra fiskstofna sem eru ekki sameiginlegir og hvernig þeim málum verður best fyrir komið. Það er nefnilega greinilegt að veiðar okkar og annarra þjóða skipta máli í viðskiptum sem öðru. Íslendingar hafa alltaf þurft að hyggja mjög að því að friðun sé virt í hafinu í kringum okkur og því er mjög freistandi að styðja alla þá sem vinna gegn rányrkju

með friðunum. Hvernig því verður við komið er auðvitað atriði sem verður að líta á nánar.

Það er mjög brýnt að þær þjóðir, sem eiga allt sitt undir fiskveiðum, sýni hver annarri samstöðu og skilning. Við eigum allt efnahagslíf okkar undir fiskveiðum og við hljótum að líta með töluverðum skilningi til annarra þjóða sem eins er ástatt um.

Ég fagna því að frv. það sem við ræddum um áðan og greiddum um atkvæði fer nú til nefndar á milli 2. og 3. umr. og ég vænti þess að hv. sjútvn. og utanrmn. geti fjallað þar einnig um það frá því sjónarmiði sem hér er rætt um.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp, það er fyllilega tímabært. Hér er um stórt og vandasamt mál að ræða sem snertir okkur Íslendinga, ekki aðeins vegna þeirra viðskipta sem hér eru boðuð heldur einnig siðferðilega og varðar hagsmuni okkar til lengri tíma litið hvernig á málum af þessu tagi er tekið. Ég vek athygli á því að ekki aðeins er verið að ræða um að kaupa fisk frá miðunum utan við landhelgi Kanada, heldur einnig úr stofnum við Grænland. Í því frv. sem við vorum að samþykkja hér eftir 2. umr. er sjútvrh. heimilt að víkja frá ákvæðum laga um löndun erlendra fiskiskipa þegar sérstaklega stendur á. Vandmeðfarið er með slíka heimild og ég tel að við þurfum að athuga gang okkar þegar fyrir liggur að Evrópubandalagið er í raun að brjóta á Kanadamönnum og sérstaklega íbúum Nýfundnalands í sambandi við þetta mál. Okkur ber að veita þeim siðferðilegan stuðning í baráttu þeirra. Við þurfum auðvitað að hafa heildarhagsmuni okkar í huga. Aðalatriðið fyrir Íslendinga er að gæta að sjávarauðlindum sínum og stuðla að sem víðtækastri samstöðu á Norður-Atlantshafi um verndun þeirra. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur að til stendur að gera samning við Evrópubandalagið um að hleypa inn veiðiflota frá þeim með þeim EES-samningi sem liggur nú fyrir í íslenskri þýðingu. Íslenski sjútvrh. upplýsir það með hvaða hætti þeir hafa gengið um garða utan við landhelgi Kanada við veiðar úr stofnum sem ganga þar á milli lögsagna. Ég tek undir tillöguna um að málið gangi til nefndar og tel að þetta þurfi að athuga vel áður en við afgreiðum það frv. sem hér var verið að greiða um atkvæði áðan.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hæstv. sjútvrh. um okkur ber að sjálfsögðu að styðja Kanadamenn og íbúa Nýfundnalands í viðleitni þeirra til þess að verja hagsmuni sína, verja þá hagsmuni sem lúta að sjávarútvegi og fiskveiðum innan efnahagslögsögu þeirra. Hins vegar vil ég vara við því, vegna þess að það kom hér til umræðu og hjá hv. málshefjanda, að þetta mál verði notað til þess að tefja eða draga á langinn að frv. það sem var til umræðu fyrr á fundinum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands verði að lögum. Ég vil vara eindregið við því. Ég tel að það mál sé afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, bæði fyrir hafnir landsins og aðra sem geta þjónað þeim aðilum sem fengju leyfi til veiða í efnahagslögsögu okkar. Þess vegna vara ég við því að þetta mál Kanadamanna og það deilumál sem komið er upp hjá þeim verði notað til þess að tefja afgreiðslu á frv. til laga um rétt erlendra skipa til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er vandasamt mál á ferð og nauðsynlegt er að halda þannig á málstað Íslands að hann skaðist ekki út á við, orðstír okkar sem friðunarþjóðar og verndunarsinna í þessum efnum. Ég tel að það geti ekki verið nein spurning að við Íslendingar hljótum að styðja tilraunir Kanadamanna til þess að tryggja að rányrkja eigi sér ekki stað á fiskstofnum þeirra utan efnahagslögsögu Kanada. Ég minni á að íslenskir fiskifræðingar hafa einmitt sótt dæmi til Kanada og þeirrar fiskgengdar sem þar er út úr efnahagslögsögu Kanada og út á veiðanleg svæði utan hennar þegar þeir hafa leitað eftir hliðstæðum sem gætu komið upp hér á Íslandi varðandi eigin efnahagslögsögu okkar og mögulegar fiskgöngur út úr henni á stofnum okkar sem gætu þá þess vegna verið ofveiddar af öðrum þjóðum ef ekki tekst neitt samkomulag þar um. Ég er ósammála hæstv. sjútvrh. að þetta mál snúist eingöngu um spurninguna hvort við eigum að setja á einhliða viðskiptaþvinganir. Þetta snýst alveg eins um það hvort við Íslendingar viljum leyfa að aðstaða hér sé notuð til að auðvelda ofveiði eða rányrkju ryksuguflota Evrópubandalagsins á þessu svæði. Ef það er mat manna að það auðveldi veiðarnar að fá að nýta þessa aðstöðu hér, geri þær efnahagslega hagkvæmari eða arðbærari verður því ekki á móti mælt að með því að leyfa löndun á þeim afla væru Íslendingar að auðvelda þessa rányrkju. Í því ljósi vildi ég ógjarnan sjá okkar íslensku þjóð.

Það má svo vera okkur nokkurt umhugsunarefni að auðvitað þarna er á ferðinni sá hinn sami ryksugufloti Evrópubandalagsins sem engu eirir og ætlunin er samkvæmt áformum a.m.k. hæstv. utanrrh. að hleypa inn í landhelgi okkar til karfaveiða. Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að það hafi verið vel ráðið og viturlega að taka þessi mál aftur til skoðunar í sjútvn. og utanrmn. milli umræðna þess frv. sem hér er til umræðu í þinginu og umfjöllunar og óumdeilanlega tengist nokkuð efni þessa máls.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands tekur fortakslaust á því að engum séu heimilar veiðar í 200 mílna efnahagslögsögu Íslands nema Íslendingum sjálfum. Það er ítrekað í tveimur fyrstu greinum frv. Þetta frv. er lagt hér fyrir Alþingi eftir að þessi mál hafa verið rædd í mörg ár. Það næst samkomulag um afgreiðslu málsins í utanrmn. og síðar í sjútvn. með þeim breytingum sem lagðar eru fram og hafa nú verið samþykktar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Eigum við að beita viðskiptaþvingunum einhverjar þjóðir sem veiða á fjarlægum miðum? Hvað hafa Kanadamenn gert sjálfir? Hafa þeir ekki hleypt inn í efnahagslögsögu sína er-

lendum flota á undanförnum árum? Við Íslendingar stóðum í baráttu. Ekki var tekið undir það þá af fjölmörgum þjóðum og við viljum auðvitað standa að því að úthafsfloti veiði ekki og skemmi fiskimið annarra þjóða. En við höfum verið að brjóta þetta blað núna til þess að gera þessa breytingu. Við þurfu á aukinni framleiðslu að halda. Við þurfum á því að halda að fá meiri fisk á sama tíma og við erum að skera niður fiskveiðar ár eftir ár. Ég lít svo á að búið sé að ná samkomulagi um þetta mál í þessum nefndum. Ég hef ekkert á móti því að málið verði rætt í sjútvn. Ég hef ekkert á móti því að málið verði rætt í sjútvn. en ég vil láta bæði málshefjanda og fleiri vita það að ég er ekkert kominn til með að vilja tefja framgang þessa frv. Til þess var það flutt. Það var flutt í þeirri meiningu að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um það og fá það lögfest á þessu þingi.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það mál sem er til umræðu snerti í sjálfu sér ekki það frv. sem hér hefur verið til umfjöllunar og það er rangt hjá þeim sem ætla sér að kaupa þennan fisk að það þurfi að bíða eftir þeirri löggjöf. Algengt er að fiski sé landað af öðrum veiðisvæðum á Íslandi og má því nefna í því sambandi rækju úr Barentshafi frá Svalbarða og jafnvel fleiri tegundir.

Ég tel sjálfsagt að styðja viðleitni Kanadamanna til að ná stjórn á veiðum úr fiskstofnum utan við 200 mílurnar. Við verðum hins vegar að hafa í huga að þær veiðar sem þarna eiga sér stað fara fram utan 200 mílna lögsögunnar og því miður hefur ekki náðst samkomulag um þessar veiðar. Við verðum að íhuga ef við beitum slíkum viðskiptaþvingunum hvort það muni verða til þess að greiða fyrir framgangi málsins. Ég veit ekki til þess að farið hafi verið fram á það við nokkra aðra þjóð en Íslendinga að beita slíku löndunarbanni úr þessum stofni. Sjálfsagt er að ræða það ef um það tækist samkomulag á víðtækari grundvelli en ég tel vafasamt að það muni leysa úr málinu þótt við gripum til slíkra ráðstafana. Hins vegar er sjálfsagt að viðræður fari fram milli íslenskra og kanadískra stjórnvalda um málið. Ég hvet til þess að við höfum vinsamleg samskipti við Nýfundnaland og þá hagsmuni sem þar eru í húfi, en ég tel að það eigi að varast að beita slíkum viðskiptaþvingunum eða a.m.k. það liggi ljóst fyrir að það verði til þess að greiða úr málinu en ekki flækja það frekar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu sem ég held að sé mjög tímabær vegna þess að maður hefur orðið mjög var við það undanfarna daga að almenningi í landinu varð mjög illt við þessar fréttir og taldi að með þessu værum við Íslendingar hugsanlega að svíkja granna okkar á Nýfundnalandi.

Það hefur stungið mig dálítið í umræðunni að mér finnst margir þingmenn tala þannig að sjálfsagt og eðlilegt sé að Íslendingar styðji aðrar þjóðir eins og Kanadamenn og íbúana á Nýfundnalandi í þessu tilviki en það megi bara ekkert kosta. Við erum ekki tilbúin til þess að fórna neinu í þessum stuðningi. Stuðningurinn skal vera í orði en ekki í verki. Mér finnst þetta skjóta dálítið skökku við því að Íslendingar eru í mörgum sínum málum, ekki síst í fiskveiðimálum, ef svo má segja eins og landafjandar um allar jarðir að leita eftir stuðningi við lífshagsmuni okkar og við teljum að við eigum siðferðilegan rétt á stuðningi, siðferðilegan rétt á samstöðu. En samstaða getur ekki bara verið á annan veginn. Það er spurningin um að gefa og þiggja. Þótt Íslendingar séu kannski ekki stórir og menn vísi í það að við séum það smáir að það vegi ósköp lítið það sem við gerum í þessum málum þá er styrkur smáþjóða alltaf siðferðilegur. Það er ekki spurningin um magnið heldur er það spurningin um siðferðilegan styrk smáþjóða. Því miður finnst mér eins og Íslendingar hafi á alþjóðavettvangi oft og tíðum skort þennan siðferðilega styrk.

Þetta ætla ég að hafa mitt innlegg í umræðuna. Ég fagna því að þetta mál skuli eiga að taka upp bæði í sjútvn. og utanrmn. og við fáum vonandi tækifæri þar til að skoða þessi mál nánar.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið nokkuð rætt um frv. það sem hæstv. sjútvrh. flutti á þingi í haust sem heimilar erlendum veiðiskipum að landa afla og sækja þjónustu í íslenskum höfnum og falla þar með úr gildi 70 ára gömul lög frá 1922. Þegar hæstv. sjútvrh. flutti þetta mál var um það að því mér virtist nokkuð almenn samstaða hér í þinginu, menn fögnuðu þessu frv. Það er löngu tímabært að taka á þessu máli. Það hefur reyndar verið reynt hér á undanförnum þingum en málið hefur yfirleitt strandað í annarri hvorri þingdeildinni í gamla þinginu. En núna hefur þetta frv. haft nokkuð greiða leið í gegnum þingið. Að vísu gerðist það í meðferð hv. sjútvn., sem ég tel nú óheillaspor, að hún gerði breytingar á frv. sem mér finnst að dragi mjög úr gildi þess. En það breytir ekki því að þetta frv. hefur nú farið í gegnum 2. umr. og er u.þ.b. að verða að lögum, væntanlega næstu daga. Nú liggur fyrir að ákveðið fyrirtæki í Vestmannaeyjum hefur áhuga á að fara að vinna eftir þessum lögum og reyndar fleiri fyrirtæki sem mér er kunnugt um vítt um landið. Þá rísa menn upp á þingi og vilja fresta samþykkt þessa frv. Mér finnst að menn séu að blanda þarna saman óskyldum málum, samþykkt þessa frv. og veiðum fyrir utan landhelgi Kanadamanna. Menn eru að blanda þarna saman óskyldum málum. Hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir þeirri stuðningsyfirlýsingu sem hann sendi Kanadamönnum. En það breytir engu um það að fiskur sem veiddur er utan landhelgi Kanada er frjáls söluvara og ef við kaupum hann ekki þá kaupir hann einhver annar. Það er hárrétt sem hæstv. 1. þm. Vestf. sagði áðan að okkur vantar meiri fisk til vinnslu á Íslandi. Við eigum að kaupa hann þar sem hann býðst. Ég tek undir það og mér finnst ástæðulaust og ég vara við því að menn fari að fresta þessu frv. hæstv. sjút-

vrh. þó ég telji reyndar að frv. hafi verið að miklu leyti eyðilagt í meðförum hv. sjútvn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram. Hún hefur sannfært mig um að ástæða var til þess að ræða þetta mál hér enn frekar. Ég tel að það þurfi ekki að tefja framgang lagafrv. um veiðar í efnahagslögsögunni þó svo að nefndir þingsins skoði málið á milli umræðna. Til þess er full ástæða. Auðvitað er ekki hægt að slíta þessi mál úr samhengi. Það hefur verið bannað að koma með fisk hér að landi. Það stendur skýrt í gömlu lögunum að ekki megi landa fiski sem veiddur er utan landhelginnar. Ég er ekki að segja að ekki hafi verið einhverjir möguleikar til að hleypa þannig fiski að landi en það hefur alla vega ekki verið gert. Í þessu frv. er líka fólgin stefnubreyting. Það hlýtur að vera litið þannig á frá hendi Kanadamanna að á sama tíma og þeir standa í þeim sporum að biðja okkur liðsinnis þá erum við að breyta lögum á Alþingi sem verði til þess að farið verði að flytja fisk til Íslands sem er veiddur fyrir utan lögsögu þeirra og það auðveldi þeim sem rányrkja þau mið að stunda þá iðju. Ég tel alveg fulla ástæðu til þess að þingmenn skoði þetta vandlega hvort þeir eru tilbúnir til að láta þetta ganga svona fram. Það þarf ekki að þýða að menn breyti því lagafrv. sem nú liggur fyrir, það getur þýtt líka að menn velji einhverja aðra leið til að koma til móts við Kanadamenn. Alla vega þurfa menn að gera það upp við sig hvort þeir ætla að styðja þá eða ekki. Mér finnst undarlegt að standa í þeim sporum að lýsa yfir stuðningi við aðila sem standa í svipuðum sporum og við en á sama tíma séum við að breyta lögum með þeim hætti að það verði farið að vinna gegn þeim.

Ég er ekki að gera lítið úr því að menn í Vestmannaeyjum eru að reyna að útvega sér eitthvað til að gera og reyna að bæta sér upp það atvinnutap sem þeir hafa orðið fyrir bæði með missi á kvóta og einnig af því að nú er fluttur út óunninn fiskur í ómældu magni. Það er virðingarvert að menn skuli reyna að gera eitthvað í þeim málum. En það er bara ekki allt sem sýnist og hagsmunir okkar eru ekki endanlega komnir í höfn sem snúa að nýtingu lífríkisins í kringum landið. Ég tel að við eigum ekki að ana umhugsunarlítið út í það að leyfa að farið verði að landa og vinna hér sjóræningjafisk sem hefur verið veiddur með slíkri rányrkju sem hæstv. sjútvrh. var að lýsa hér fyrir okkur áðan að menn hafi jafnvel veitt fimmfaldan þann kvóta sem leyfður var. Það ættu Íslendingar að skilja manna best að þannig á ekki að standa að nýtingu fiskstofna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil leggja á það áherslu að stuðningur okkar við sjónarmið Kanada í þessu efni hefur ekki bara verið í orði, hann hefur komið fram í verki í stuðningi við tillögur þeirra á undirbúningsfundi þeim sem nú fer fram í New York fyrir umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ég tel rétt og skylt að við fylgjum þeim sjónarmiðum eftir en minni um leið á að Kanadamenn eru ekki að fara fram á veiðibann á þessum veiðisvæðum utan við 200 mílna lögsögunna heldur ganga tillögur þeirra í þá veru að styrkja stjórnun á þessum veiðum. Norðvestur-Atlantshafsnefndin úthlutar fiskveiðikvótum á þessum hafsvæðum. Vandinn liggur í því að Evrópubandalagið hefur úthlutað meiri kvótum og Spánverjar og Portúgalar hafa jafnvel gengið feti framar og veitt meira en kvótar Evrópubandalagsins segja til um. Þetta er spurning um að koma virkari stjórn á þær veiðar sem eðlilegt er talið að þarna fari fram.

Ég vil svo ítreka að þetta álitaefni lýtur ekki að þeirri löggjöf um rétt til veiða í fiskveiðilögsögu Íslands sem hefur verið til umræðu. Ég ætla ekki að hafa á móti því eins og þingið hefur ákveðið að það frv. verði tekið til umfjöllunar í sjútvn. á milli umræðna og vænti þess að sá fundur geti orðið í fyrramálið og málið komið til lokaafgreiðslu á morgun eins og að hefur verið stefnt. Hér er um að ræða hvort við ætlum að beita viðskiptaþvingunum af þessu tilefni. Þá þurfum við að spyrja okkur að því hvort það er í samræmi við þau sjónarmið sem við höfum sett fram gagnvart öðrum þjóðum í því efni eins og til að mynda Bandaríkjunum. Hvaða leiðir ætla menn þá að fara í því efni? Beita heimildum í núgildandi lögum eða setja ný lög? Menn þurfa að svara því hvernig þeir ætla að uppfylla skuldbindingar gagnvart Evrópubandalaginu á grundvelli þeirra nýju samninga sem á döfinni eru í því efni. Öll þau mál þarf að skoða vandlega áður en menn fara að kveða upp einhverja slíka dóma eða taka ákvarðanir um slíkar aðgerðir. En aðalatriðið er það að þau álitaefni lúta ekki að þessari löggjöf heldur að viðskiptalöggjöf og þá spurningum um sérstakar viðskiptaþvinganir.

Lyfjatæknaskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 56. mál. — Þskj. 616.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JónS, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, ÞorstP.

nei: MB*.

2 þm. (JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, EGuðn, FI, FrS, GB, GÁ, HBl, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KSG, KHG, ÓRG, PP, RG, SigG, StG, StH, SvG, VG, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 623).

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 156. mál (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti). — Þskj. 168.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það mun rétt vera hjá forseta að fyrir tæpum fjórum mánuðum var ég staddur í miðri ræðu minni um þetta frv. þegar forseti mæltist til þess að ég gerði hlé á máli mínu þar til málið yrði tekið á ný á dagskrá eins og fram kemur í dálki 2171 í Alþingistíðindum frá 4. des. sl. Varð ég góðfúslega við þeim tilmælum forsetans en óneitanlega hefur liðið nokkuð langur tími þar til að málið er tekið fyrir að nýju. Þess vegna er óhjákvæmilegt, þar sem fjórir mánuðir eru liðnir frá því að 1. umr. hófst um þetta mál og eingöngu tvær ræður voru fluttar þegar henni var frestað, að ég endurtaki örfá atriði sem ég var búinn að rekja þá svo eitthvert samhengi sé í umræðunni. (**Gripið fram í:** Menn geta nú lesið það í þingtíðindum.) Já, það má vel vera, hv. þm., að menn geti lesið það í þingtíðindunum en vandinn er hins vegar sá að hér er um nokkuð sérkennilegt mál að ræða. Það er afar óvenjulegt að það gerist að ríkisstjórn ákveði að breyta skipun Stjórnarráðs Íslands með þeim hætti sem hér er gert. Hér er ákveðið án samhengis við aðra endurskoðun laganna um Stjórnarráð Íslands að fella saman tvö sjálfstæð ráðuneyti, iðnrrn. annars vegar og viðskrn. hins vegar. Þessi ráðuneyti hafa iðulega verið í höndum tveggja ráðherra, oft úr ólíkum stjórnmálaflokki. Nú er hins vegar ákveðið af ríkisstjórninni að taka þetta mál eitt út úr og leggja til við þingið að þessi tvö ráðuneyti verði sameinuð í eitt.

Ég held að það sé ekkert leyndarmál að þetta er fyrst og fremst gert til að þóknast núv. hæstv. iðn.- og viðskrh. og er greinilega einhver liður í hrossakaupum núv. ríkisstjórnarflokka varðandi verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Það sem gerist verði þetta frv. samþykkt er m.a. það að gengismál, málefni Seðlabanka Íslands, bankamál, vaxtamál eru komin í hendur eins af atvinnuvegaráðuneytunum. Ég held t.d. að ef hér væri verið að flytja frv. um það að sameina sjútvrn. og viðskrn. mundu menn staðnæmast og spyrja: Er það eðlilegt að gengismálin séu í höndum sjútvrh.? (**Gripið fram í:** Það væri eðlilegra.) Hv. þm. kallar fram í að það væri eðlilegra. Það má vel vera en í spurningunni liggur hins vegar sú afstaða að hv. þm. finnist það óeðlilegt að gengismálin og málefni Seðlabankans séu í höndum eins af atvinnuvegaráðuneytunum. Hins vegar er alveg ljóst að eina ástæðan fyrir því að þetta er gert eru persónulegar óskir og persónulegur metnaður núv. hæstv. iðnrh. og viðskrh. Ég tel mjög varasamt að skapað sé fordæmi fyrir því að í samningum stjórnarflokka um myndun ríkisstjórna sé hægt að hringla með þessum hætti með lögin um Stjórnarráð Íslands. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort honum finnist ekki hæpið að skapa fordæmi af þessu tagi vegna þess að sú tilviljun hefur rekið á fjörur stjórnkerfisins að sami ráðherra hefur veitt þessum ráðuneytum forstöðu í tæp fjögur ár, þá eigi að sameina þau. Ég vil vekja athygli á því að auðvitað var það ákveðin hugsun hjá páv. hæstv. forsrh. Bjarna Benediktssyni að leggja til þá verkaskiptingu milli iðnrn. annars vegar og viðskrn. hins vegar og annarra ráðuneyta sem hefur verið í gildi í lögunum um Stjórnarráð Íslands um nær aldarfjórðungsskeið, ef ég man rétt. Ég held að ég fari rétt með það, en hæstv. forsrh. getur þá leiðrétt það ef rangt er með farið, að í 23–24 ár eða svo hafi þessi skipan staðið óbreytt í lögunum um Stjórnarráð Íslands. Ríkisstjórnir hafa komið og farið, mismunandi flokkar hafa samið um verkaskiptinguna en það hefur enginn lagt í að leysa heimilisvandamál ríkisstjórnar við stjórnarmyndun með því að gera þessa breytingu.

Auk þess var á síðasta kjörtímabili lögð töluverð vinna í að endurskoða lögin um Stjórnarráð Íslands. Það verk var reynt að vanda. Ekki var aðeins leitað umsagnar frá stjórnmálaflokkunum í landinu heldur var leitað umsagnar frá ráðuneytunum sjálfum, embættismönnunum og forustumönnum ráðuneytanna. Í þeirri vinnu komu fram margvísleg sjónarmið eins og eðlilegt er því að skipan mála milli ráðuneyta getur auðvitað verið með ýmsum hætti. Þó er rétt að láta það strax koma fram að varðandi eitt mikilvægasta atriðið í þessum efnum komu fram ólíkar skoðanir. Þetta atriði var hvar ætti að koma Seðlabanka Íslands, gengismálum, vaxtamálum og öðrum lykilþáttum efnahagsmálanna fyrir innan hins endurskipulagða Stjórnarráðs. Margir voru þeirrar skoðunar og ég var í þeirra hópi að eðlilegt væri að Seðlabanki Íslands, peningamálastjórnunin og vaxtamálin væru annaðhvort hjá fjmrn. eins og er í mörgum öðrum löndum eða í forsrn. sem hefur samkvæmt öðrum þáttum laganna um Stjórnarráð Íslands með efnahagsmál að gera.

Í þessu frv. er allri þessari umræðu ýtt út af borðinu og í staðinn er komið með einfalt frv. þar sem öllum þeim verkefnum sem í tæpan aldarfjórðung hafa tilheyrt iðnrn. og öllum þeim verkefnum sem í tæpan aldarfjórðung hafa tilheyrt viðskrn. steypt saman í eitt. Satt að segja var frekar lítið um rök í framsöguræðu hæstv. forsrh. fyrir þessari breytingu. Það var að vísu vikið að því að á kjörtímabilinu, sem hófst 1987, hafi verkefnum á sviði utanríkisviðskipta verið komið fyrir í utanrrn., og það er í sjálfu sér breyting sem hægt var að færa full rök fyrir að tengdist öðrum þáttum á sviði utanríkismála, og síðan var vikið að því í framsöguræðu hæstv. forsrh. að umsvif viðskrn. hafi minnkað við það og þess vegna kunni að vera e.t.v. hæpið að ráðuneytið starfi áfram sjálfstætt. Ef það eru rökin að umsvif viðskrn. séu orðin svo lítil að hæpið sé að það starfi sem sjálfstætt ráðuneyti þá er eðlilegra að skipta verkefnum ráðuneytisins á þann veg að þau fari að meginhluta annaðhvort til fjmrn. eða forsrn.

Ég vil síðan ítreka það almenna sjónarmið að í samskiptum stjórnmálaflokkanna á Íslandi hefur verið reynt að ná víðtæku samkomulagi um lögin um Stjórnarráð Íslands einfaldlega vegna þess að það þarf að vera ákveðin festa og stöðugleiki í stjórnarfarinu og það er auðvitað mjög óeðlilegt og óheppilegt að verkefni séu færð til, ráðuneyti stokkuð upp eftir því hvernig kaup-

in gerast á eyrinni milli þeirra flokka sem mynda tiltekna ríkisstjórn. Ég tel þess vegna og hef lengi talið að það hafi verið mikilvægt verk og myndarskapur hjá þáv. forsrh. Bjarna Benediktssyni að hafa forgöngu um það að flytja sérstakt frv. um Stjórnarráð Íslands því að fram að þeim tíma hafði verkefnaskiptingin verið ákveðin með lausum hætti í verklýsingu ríkisstjórnar eins og þær voru myndaðar hverju sinni. Síðan hefur þessi skipan staðið að mestu óbreytt.

Það er hægt að færa fyrir því margvísleg rök, sem ég ætla ekki að tíunda, að sú skipan að Seðlabanka Íslands og stjórn peningamála sé stjórnsýslulega fyrir komið í sama ráðuneyti og á að gæta hagsmuna eins af þremur eða fjórum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, býður upp á margvíslegar hættur og óeðlilega umfjöllun mála nánast alveg óháð því hver ráðherrann er hverju sinni. Seðlabankinn, peningamálin og vaxtamálin eru slíkur grundvallarþáttur í efnahagsstjórninni og snerta hagsmuni atvinnuveganna með svo afdrifaríkum hætti, eins og öllum þingmönnum er kunnugt, að eigi sami ráðherrann og sömu embættismennirnir, og ég legg ekki síður áherslu á það, að annast samskipti og hagsmunagæslu og mat á hagsmunum gagnvart einum af höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar og síðan þau almennu sjónarmið sem tengjast stöðu Seðlabankans, vaxtamálum og peningamálum mun það hindra eðlilegar umræður, eðlilega stefnumótun innan Stjórnarráðsins ef fest verður í sessi til langframa sú skipan sem lögð er til í þessu frv. Ég reikna með að núv. ríkisstjórn sé að leggja þetta til til langframa. Út af fyrir sig gæti maður tekið á málinu með öðrum hætti ef ríkisstjórnin segði einfaldlega: Hér er um tímabundna aðgerð að ræða meðan núv. ríkisstjórn er við völd. Það gætu verið ýmis rök fyrir því. Það hefur verið hægt segja að það hefur verið samkomulag núv. stjórnarflokka að sami ráðherrann fari með þessi tvö ráðuneyti og við teljum þess vegna eðlilegt að meðan hann er við völd og sú skipan er við lýði sem við höfum samið um þessir tveir flokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., teljum við heppilegra að þetta sé undir einum hatti. Ég væri alveg tilbúinn að líta með ákveðinni velvild á slíka skipan. Hún mundi þá falla úr gildi og ráðuneytin á ný verða sjálfstæðar stjórnsýslueiningar þegar ný ríkisstjórn kæmi að verkum. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann er til viðræðu um að breyta þessu frv. á þann veg að eingöngu sé um að ræða skipan sem gildi svo lengi sem núv. hæstv. ríkisstjórn er við völd eða sami ráðherrann fer með þessa tvo málaflokka.

Ég held að ég sé heldur ekki að lýsa neinu sérstöku leyndarmáli að innan nefndar, sem skipuð var til þess að endurskoða lögin um Seðlabanka Íslands, hafa komið fram þau sjónarmið að eðlilegra sé að Seðlabankinn sé hjá fjmrn. eða forsrn. en jafnvel hjá viðskrn., eins og það er nú, hvað þá heldur þegar búið væri að fella það stjórnsýslulega inn í iðnrn. Ber að skilja þetta frv. á þann veg að ríkisstjórnin sé þar með búin að taka afstöðu í því máli? Ríkisstjórnin sé þar með búin að hafna öllum hugmyndum um að Seðlabankinn eigi í framtíðinni að heyra undir fjmrn. eða forsrn. og þar með stjórn peningamálanna, vaxtamálin og annað sem þeim fylgja? Ég teldi það mjög óheppilegt. Ég veit að vísu að þetta frv. var flutt hér á Alþingi áður en umræðurnar í nefndinni, sem er að endurskoða lögin um Seðlabankann, höfðu þroskast og þróast. Hins vegar hafa nú liðið fjórir mánuðir frá því að málið var hér fyrst rætt 4. des. og ríkisstjórnin hefur lagt tiltölulega litla áherslu á að afgreiða þetta frv. Ekki var lögð áhersla á að afgreiða frv. fyrir jól og það hefur ekki verið lögð meiri áhersla á að taka málið til afgreiðslu á nýju ári en svo að nú undir lok marsmánaðar er það að koma í fyrsta sinn til framhaldsumræðu þó að það hafi einstaka sinnum verið á dagskrá allra síðustu daga. Þess vegna vil ég einnig spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., sem mig minnir að hafi skipað nefndina sem er að endurskoða lögin um Seðlabankann, að því hvort í kröfunni um að afgreiða þetta frv. hér og nú sé fólgin afstaða ríkisstjórnarinnar til hugmynda um breytta stjórnsýsluskipan, Seðlabanka Íslands, gengismála, gjaldeyrismála og annarra þeirra mála sem snerta vaxtamál og íslensku krónuna.

Virðulegi forseti. Þetta mál er dálítið snúið vegna þess að annars vegar togast þarna á pólitískt samkomulag ríkisstjórnarflokkanna og augljóslega ákveðinn metnaður viðkomandi ráðherra og hins vegar það sem ég tel vera eðlileg vinnubrögð varðandi málefni Stjórnarráðsins. Sjálfsagt mun einhver nefna það hér á eftir að ég hafi beitt mér fyrir því þegar ég var fjmrh. að Fjárlaga- og hagsýslustofnum og fjmrn. væru sameinuð í eitt þótt þau hefðu að forminu til verið aðgreind sem sjálfstæðar einingar fram að þeim tíma. Það er alveg rétt. En þar var eingöngu um að ræða tvær stofnanir sem alla tíð höfðu verið í höndum sama ráðherra og aldrei komið til álita nokkru sinni að fjmrh. færi ekki jafnframt með Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem og fjmrn. Allir sem að málinu komu voru sannfærðir um að sú verkaskipting hvað fjmrn. snertir, að útgjöldin væru að forminu til ákvörðun þeirra í Fjárlaga- og hagsýslustofnun en framkvæmd fjárlaganna væri síðan í fjmrn., stuðlaði ekki að skynsamlegum vinnubrögðum varðandi aðhald í ríkisrekstri. Um það voru flestallir embættismenn og fjmrh., sem starfað höfðu við þessa skipan, sammála. Ég held þess vegna að slíkt sé á engan hátt fordæmi til að nota í þessu máli þegar verið að sameina tvö jafngerólík ráðuneyti og þessi sem hér er verið að ræða um. Það væri t.d. fróðlegt ef einhver tæki saman, og er út af fyrir sig hægur vandi að gera það og hefði ég getað gert það fyrir umræðuna, hve oft tveir ráðherrar hafa farið með þessi ráðuneyti og síðan hve oft ólíkir stjórnmálaflokkar hafi í sömu ríkisstjórn farið með þessi ráðuneyti. Það hefur venjulega verið þannig í samskiptum flokkanna innan ríkisstjórnar að reynt hefur verið að finna ákveðið jafnvægi milli þeirra sem fara með sjávarútveg, fara með landbúnað og fara með iðnað. Það þekkjum við sem höfum komið nálægt myndun ríkisstjórna og það sést t.d. einnig í þessari ríkisstjórn að Sjálfstfl. fer með sjútvrn. og Sjálfstfl. fer með landbrn. en hann fer ekki með iðnrn. Ég hugsa að það sé vandfundin ríkisstjórn ef nokkur er, ef ég á að rekja

það eftir minni, þar sem sami flokkurinn hefur haft öll atvinnuvegaráðuneytin. Það hefur ávallt, virðulegi forsrh., verið leitast við það í samningum flokka um myndun ríkisstjórna um langan tíma, löngu áður en lögin um Stjórnarráð Íslands voru fest í sessi, að viðhalda ákveðnu jafnvægi milli flokkanna hvað skipan atvinnuvegaráðuneytanna snertir. Nú er því jafnvægi allmikið raskað með þessu frv. með því að flytja Seðlabankann, gengismálin, peningamálin og vaxtamálin öll yfir í könnu iðnaðarins og ég held að það sé óheppilegt skref.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, um leið og ég endurtek þær spurningar, sem ég bar upp á sínum tíma 4. des., varpa fram þeirri hugmynd til núv. ríkisstjórnar að hún íhugi annaðhvort að draga þetta frv. til baka — ég sé ekki að það breyti miklu í reynd hvað núverandi starfsvenju snertir. Það væri fróðlegt að fá það fram hverju það breytti í reynd. Núv. iðnrn. og viðskrn. eru búin að vera með sama manninn stjórnandi þessum báðum ráðuneytum bráðum í þrjú ár, ef ég man rétt. Ég held að hann sé líka búinn að brjóta niður vegg milli ráðuneytanna og gera ýmsar aðrar breytingar þannig að ég sé ekki að það breyti miklu í reynd miðað við núverandi skipan. A.m.k. hefur núv. iðnrh. og viðskrh. ekki neitt kvartað yfir því opinberlega að það kæmi að sök þó að þetta væri ekki allt undir einum hatti formlega séð í Stjórnarráðinu svo ég skil ekki alveg nauðsynina á því að samþykkja þetta frv. hér og nú, enda má segja að sú staðeynd að ríkisstjórnin hefur látið þetta frv. hvíla í friði í fjóra mánuði gefi til kynna að þetta sé ekki eitt af brýnustu verkefnunum á stjórnarheimilinu. Og ég vil þess vegna biðja hæstv. ráðherra að hugleiða hvort þeir eru ekki til viðræðna um það annaðhvort að láta frv. liggja eða þá breyta því á þann veg að þessi skipan gildi aðeins á meðan núv. ríkisstjórn er við völd. Ég vara eindregið við því að það fordæmi sé skapað að þeir flokkar, sem myndi ríkisstjórn, geti hringlað fram og aftur með Stjórnarráðið með þessum hætti. Ég vara eindregið við því.

Án þess að ég ætli nokkuð að rifja það upp vil ég minna núv. hæstv. forsrh. á það hve harða baráttu hans flokkur háði á Alþingi á síðasta kjörtímabili gegn því að umhvrn. væri sett á laggirnar. Var þar þó um að ræða alveg sjálfstæða einingu, nýja einingu innan Stjórnarráðsins sem lengi hafði verið talað um og mælt með. Og það væri kannski fróðlegt fyrir hæstv. forsrh. að fletta því upp í þingtíðindunum einhvern tíma meðan hann hlustar á leiðinlega ræðu hér í þinginu hve langt hans flokksmenn gengu á síðasta kjörtímabili í baráttu sinni gegn þeirri breytingu. Hve ræðurnar voru margar, hve marga klukkutíma margar þeirra stóðu og hve marga mánuði Sjálfstfl. hélt uppi linnulausum ræðum í þinginu til þess að koma í veg fyrir að sú breyting yrði gerð á lögunum um Stjórnarráð Íslands.

Ég reikna ekki með að við höfum slík vinnubrögð hér enda tel ég þau ekki hafa verið til fyrirmyndar. En ég vona að núv. hæstv. ríkisstjórn íhugi af velvild að reyna að ná samkomulagi um þær breytingar sem gera á á lögunum um Stjórnarráð Íslands.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir stuðningi við það frv. sem við ræðum hér í dag. Frv. er í góðu samræmi við þá meginstefnu sem um hafði náðst þverpólitísk samstaða í nefnd allra þingflokka sem fjallaði um endurskoðun á lögunum um Stjórnarráðið á þinginu 1990–1991. Það var athyglisvert að í öllum kostum sem nú nefnd fjallaði um var gert ráð fyrir að sameina þessi tvö ráðuneyti. Mér er það líka mikil ánægja að hv. 8. þm. Reykn. hefur kynnt sér betur húsaskipan í Arnarhvoli en hann hafði gert þegar hann flutti fyrri helming ræðunnar því þá gumaði hann af því að hann hefði komið í veg fyrir að einfaldar breytingar yrðu gerðar á efstu hæð hússins sem fólust í því að opna dyr milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins sem ég lét verða mitt fyrsta verk þegar ég tók við störfum í iðnrn. Sá ágæti þingmaður hélt því fram að hann hefði með snarræði, að manni skildist, geta komið í veg fyrir það. Það var ekki.

Ég þakka hv. 8. þm. Reykn. líka fyrir að minna þingheim á að það var samþykkt á næstsíðasta þingi sams konar frv., um sameiningu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjmrn. í eina stjórnardeild. Það frv. var að sjálfsögðu flutt að tillögu hv. 8. þm. Reykn., þá fjármálaráðherra.

Ég á því mjög erfitt með að skilja þann málflutning hans um þetta frv., eftir að hann stóð fyrir sameiningu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjmrn. í eitt ráðuneyti, eina stjórnardeild, að ekki sé rétt að bíða eftir nýjum heildarlögum um Stjórnarráðið ef víðtæk samstaða er um einstakar breytingar eins og þessar.

Mig langar líka að rifja upp, af því mér virðist hv. 8. þm. Reykn. sé ekki sérlega minnugur, jafnvel á alveg nýliðna stjórnmálasögu, og fara svolítið lengra aftur í tímann og að benda á að bæði iðn.- og viðskrn. eru upprunnin úr annarri skrifstofu Stjórnarráðsins eins og til Stjórnarráðsins var í upphafi stofnað með lögum frá 3. okt. 1903. Á árinu 1917 fékk þessi önnur skrifstofa heitið Atvinnu- og samgöngumáladeild og síðan var því breytt í atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti. Meðal verkefna á verksviði þessa ráðuneytis voru bæði iðnaðar- og viðskiptamálin. Þar voru reyndar líka vistuð sjávarútvegsmál auk fjölda annarra verkefna. Þessi skipan hélst til ársins 1939 þegar stofnað var sérstakt viðskrn. Árið 1947 var stofnað sérstakt samgrn. sem fór jafnframt með iðnaðarmál. Með stjórnarráðslögunum frá 1969, sem tóku gildi 1. jan. 1970, var svo stofnað sjálfstætt iðnrn.

Allmörg ár eru síðan umræður hófust um endurskoðun laganna um Stjórnarráð Íslands þótt það sé vissulega rétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að þau hafa á margan hátt dugað vel. Þessar umræður hafa m.a. snúist um sameiningu ráðuneyta, m.a. studdar þeim rökum að hvert ráðuneyti í núverandi skipulagi væri of lítil starfseining. Þessar umræður fengu svo aukinn byr árið 1987 þegar málefni útflutningsverslunar voru flutt til utanrrn. En vegna þess sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn. vil ég láta það koma fram að ég tel mjög mikilvægt að verkaskipulag í Stjórnarráðinu sé ekki talið vera guði gefið og bundið ævarandi. Ráðuneytin eru

fyrst og fremst skrifstofur ráðherra. Þau eiga að hafa nokkuð fastan farveg í stjórnkerfinu. Það er mjög áberandi þróun í löndunum í kringum okkur að reyna að sameina ráðuneyti í stærri heildir sem taki yfir víðara svið til að forðast sérhagsmunarekstur í starfsemi þeirra.

Mér þótti heldur ekki rétt, með hliðsjón af þeim tillögum sem uppi hafa verið í þessum umræðum um nýtt skipulag í Stjórnarráðinu í heild, að leggja til að skipaður yrði nýr ráðuneytisstjóri í iðnrn. þegar fyrrv. ráðuneytisstjóri baðst lausnar og fór á eftirlaun haustið 1990 eins og hv. 8. þm. Reykn. rifjaði hér upp. Þá var ráðuneytisstjóri viðskrn. jafnframt settur ráðuneytisstjóri í iðnrn. og hefur sú skipan haldist síðan og er náttúrlega vísbending um það hvernig má gera skipulag Stjórnarráðsins einfaldara og um leið ódýrara.

Tillagan um sameiningu fær líka aukinn stuðning af því að sú tillaga sem hér er gerð fer mjög nærri því sem algengast er í okkar nágrannalöndum, eins og reyndar kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh. Vegna þess sem ítrekað kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn., að það væri varasamt að fela tiltekin almenn málefni ráðuneyti sem jafnframt færi með málefni atvinnugreinar, vil ég ítreka það sjónarmið sem hv. þm. virðist ekki vilja virða að ráðuneytin eru ekki hagsmunagæslumenn þeirrar atvinnugreinar sem þær fara með heldur almennings og Alþingis. Þetta er mjög mikilvægt sjónarmið sem einhvern veginn virðist hafa skotist hjá garði hjá stjórnmálafræðingnum, hv. 8. þm. Reykn. Með þeim rökum sem hv. 8. þm. Reykn. fór með hér mætti að sjálfsögðu halda því fram að Seðlabanki Íslands, sem er viðskiptabanki ríkisins, mætti alls ekki heyra undir fjmrn. vegna hagsmuna þess sem viðskiptavinar bankans. Þetta er sjónarmið sem ég tel ástæðu til að hugleiða. Með svipuðum hætti held ég að sé mjög algeng skoðun að það sé ekki heppilegt, og það er mín skoðun, að Seðlabankinn og aðrar umfangsmiklar stjórnarstofnanir falli undir forsrn. sem fyrst og fremst á að vera samræmingar- og yfirstjórnaraðili en ekki forstöðuráðuneyti umfangsmikillar stjórnsýslu.

Þessi sjónarmið sem ég nefni eru áhugaverð og athyglisverð í þessu sambandi. Því fer víðs fjarri að hægt sé að finna þarna einhverja stjórnunarfræðilega reglu sem sé sjálfsögð og eðlileg og þaðan af síður varanleg.

Hv. 8. þm. Reykn. hélt því fram í fyrri helmingi ræðu sinnar að sú regla væri alls staðar viðhöfð, eða því nær alls staðar, að seðalbankar heyrðu undir fjmrn. Þetta er ekki rétt. Svo er t.d. ekki í Finnlandi, ekki í Sviss, ekki í Þýskalandi og ekki í Bandaríkjunum svo ég nefni nokkur dæmi. En með þessu er að sjálfsögðu ekki nein úrslitarök sett fram.

Hver besta stjórnaraðferð er
um það lát þrátta dára frí,
hún er æ best sem best fram fer
bera kann enginn á móti því

— sagði Alexander Pope einhvern tíma á 18. öldinni í þýðingu Jóns frá Bægisá. Í þessum hendingum er miki' vísdómur fólginn sem ég held að við ættum að taka tillit til. Býsna víðtækt samkomulag hefur náðst um að það sé rétt að gera þessa breytingu. Ég verð að lýsa furðu minni á því að hv. 8. þm. Reykn. skuli ekki muna að það er alls ekki tengt tilveru núv. ríkisstjórnar eða ráðherrans sem nú fer með þessi ráðuneyti og alveg greinilegt í starfi nefndarinnar sem þingflokkarnir settu til þessara starfa í hittiðfyrra og fyrra, að menn urðu um þetta sammála.

Það er rétt að staðsetning Seðlabankans í stjórnkerfinu er ekki þannig að allir séu um hana sammála. Ég held að það verði seint en það er í reynd annað mál en það sem við ræðum hér.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég tel að það sé ýmislegt að athuga við þetta frv. Ég er ekki alfarið á móti því að sameina iðnrn. og viðskrn. en ég tel eðlilegt að þá verði verkefnum ráðuneytanna öðruvísi skipað en nú er gert. Jafnframt tel ég mjög brýnt að endurskoða stjórnarráðslögin og setja ný þar sem tekið væri tillit til galla sem komið hafa fram og hugað að því sem betur mætti fara í starfsemi Stjórnarráðsins. Með frv. er einungis eitt atriði tekið út úr og það er smáskammtalækning sem mér finnst óheppileg. Ég hefði frekar kosið að sjá þá skipulagsbreytingu sem hér er lagt til að gerð verði sem lið í heildarendurskoðun á starfsemi Stjórnarráðsins.

Það hefur gengið sorglega illa að samræma sjónarmið manna um breytingar á Stjórnarráðinu. Þar vil ég taka fram að það er ekki fyrst og fremst við þingmenn að sakast því þeir hafa verið tiltölulega opnir fyrir hugmyndum til breytinga. Fyrst og fremst er við ráðherra á hverjum tíma að sakast, ráðuneytisstjóra og starfsmenn ráðuneytanna. Þeir hafa gjarnan viljað vaka yfir sínu, ekki láta neitt af hendi og fremur bæta við sig verkefnum. Skoðuð hafa verið fjöldamörg tilbrigði um skiptingu verkefna ráðuneytanna og uppstokkun ráðuneyta. Samin hafa verið frv. til laga um breytingar á stjórnarráðslögum, t.d. var lagt fyrir 112. löggjafarþing heildstætt frv. um Stjórnarráð Íslands. Það var allvel undirbúið. Þó fundu menn ýmislegt sem þeir töldu að betur mætti fara í frv. Nefnd var sett í málið á sínum tíma og ég hafði þá ánægju að vera formaður hennar. Mig langar til að lesa hér hluta af skipunarbréfinu, með leyfi forseta:

„Ákveðið hefur verið að skipa nefnd þingmanna til þess að yfirfara og endursemja frv. til laga um Stjórnarráð Íslands sem lagt var fram á 112. löggjafarþingi 1989–1990 en varð ekki útrætt. Áhersla er lögð á að í frv. verði staða einstakra ráðuneyta Stjórnarráðsins í heild styrkt í stjórnkerfinu með því að sameina ráðuneyti og fækka þeim. Jafnframt verði stuðlað að hagræðingu og sparnaði í stjórnsýslu ríkisins, m.a. með því að færa til og sameina skylduverkefni ráðuneyta.

Um markmið breytinga vísast að öðru leyti til athugasemda við fyrra frv. Skal nefndin í störfum sínum kynna sér undirbúningsvinnu vegna fyrra frv. og fara yfir umsagnir sem borist hafa um málið.

Ásamt yður eiga sæti í nefndinni þingmennirnir Eið-

ur Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir."

Þessi nefnd starfaði allmikið og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ágætt samstarf. Því miður náðist ekki endanleg niðurstaða sem allir gátu sætt sig við. En við vorum komin alllangt á leið þegar kosningar dundu yfir og þar af leiðandi flosnaði þetta nefndarstarf upp. Skoðaðir voru fjöldamargir möguleikar á samsetningu ráðuneyta og verkaskiptingu þeirra og mig langar til, úr því þetta mál er hér til umræðu, að kynna þá tilhögun sem að mínu mati naut víðtækasts stuðnings í nefndinni og ég hygg að hefði orðið stofn að endanlegu frv. ef okkur hefði tekist að koma því frá okkur.

Þá er það í fyrsta lagi að ráðuneytin yrðu tíu í stað inn fyrir fjórtán; Hagstofa Íslands yrði felld niður sem sjálfstætt ráðuneyti og gert ráð fyrir því að hún yrði stofnun sem heyrði undir forsrn.; felld niður sú skipan að Fjárlaga- og hagsýslustofnun sé sjálfstæð stjórnardeild innan fjmrn. heldur yrði hún ein af skrifstofum ráðuneytisins; heiti félmrn. yrði breytt í félagsmála- og tryggingaráðuneyti og til þess flutt viðbótarverkefni; iðn.- og viðskrn. sameinuð í eitt ráðuneyti; landb.- og samgrn. sameinuð í eitt ráðuneyti og umhvrn.- og heilbrrn. sameinuð í eitt ráðuneyti.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um breytingar á verkefnum ráðuneyta á grundvelli þessarar tillögu. Eins og ég sagði áðan yrði Hagstofa Íslands lögð niður sem sjálfstætt ráðuneyti og flutt undir forsrn. sem sjálfstæð stofnun. Til forsrn. og fjmrn. yrði flutt embætti ríkislögmanns. Til forsrn. frá viðskrn. yrði fluttur Seðlabanki Íslands. Frá forsrn. til fjmrn. yrði flutt embætti húsameistara ríkisins og Framkvæmdasjóður Íslands og gert ráð fyrir að forsrn. færi með mál er varða stjórnsýslulöggjöf og upplýsingaskyldu stjórnvalda. Dóms- og kirkjumrn. fengi málefni frá félmrn. sem vörðuðu jafnrétti kynja og Jafnréttisráð. Til dómsmrn. frá félmrn. flyttust málefni er vörðuðu sveitarstjórnarkosningar. Til fjmrn. yrðu flutt málefni frá landbrn. er varða þjóðjarðir og kirkjujarðir, aðrar en prestsjarðir en þó ekki útleiga til landbúnaðar og ábúðar. Einnig yrðu flutt til fjmrn. málefni sem varða útflutningsbætur. Til ráðuneytisins yrðu flutt frá viðskrn. málefni er vörðuðu niðurgreiðslur og frá menntmrn. málefni er vörðuðu álagningu skemmtanaskatts. Til ráðuneytisins yrðu flutt frá forsrn. embætti húsameistara og Framkvæmdasjóður. Frá ráðuneytinu til forsrn. embætti ríkislögmanns og frá ráðuneytinu til umhverfis- og heilbrigðisráðuneytis yrði flutt Lyfjaverslun ríkisins.

Uppistaðan í verkefnum félags- og tryggingaráðuneytis yrði fyrri verkefni félmrn. sem ekki hafa þegar verið flutt til umhvrn., svo sem sveitarstjórnarmál, málefni fatlaðra og húsnæðismál. Þá yrðu flutt til félags- og tryggingamálaráðuneytis frá heilbr.- og trmrn. mál er varða almannatryggingar og málefni Tryggingastofnunar ríkisins og frá menntmrn. mál er varða vernd barna og unglinga og barnaverndarráð. Frá félags- og tryggingaráðuneyti til dóms- og kirkjumálaráðuneytis flyttust málefni er varða jafnrétti kynja og Jafnréttisráð og frá ráðuneytinu til dóms- og kirkjumálaráðuneytis málefni er varða sveitarstjórnarkosningar.

Uppistaðan í verkefnum iðnrn. og viðskrn. yrði fyrri verkefni iðnrn. og viðskrn. Þangað yrðu flutt frá heilbr.- og trmrn. mál er varða vátryggingastarfsemi, tryggingaeftirlit og Viðlagatrygging Íslands og frá ráðuneytinu til fjmrn. yrðu flutt mál er varða niðurgreiðslur. Og eins og ég sagði áðan heyrði Seðlabankinn til forsrn.

Hvað landbrn. og samgrn. varðar þá yrði uppistaðan í verkefnum þess ráðuneytis flest af fyrri verkefnum þessara ráðuneyta. Frá landbrn. til fjmrn. yrðu flutt málefni þjóðjarða og kirkjujarða, eins og þegar hefur verið komið fram. Frá landbrn. yrðu flutt mál til fjmrn. er varða útflutningsbætur landbúnaðarfurða og frá samgrn. til sjútvrn. mál er varða eftirlit með skipum, skipamælingar og rannsókn sjóslysa, skráningu skipa, lögskráningu sjómanna og atvinnuréttindi þeirra svo og starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins, þó ekki mengunarvarnadeild stofnunarinnar og rannsóknardeild sjóslysa.

Frá menntmrn. til fjmrn. yrðu flutt mál er varða álagningu skemmtanaskatts og frá menntmrn. til félmrn. og trmrn. yrðu flutt, eins og áður hefur komið fram, mál er varða verndun barna og unglinga og barnaverndarráð.

Til sjútvrn. frá utanrrn. yrðu flutt mál er varða útflutning á óunnum fiski og til ráðuneytisins frá samgrn. mál er varða eftirlit með skipum, skipamælingar og rannsókn sjóslysa, skráningu skipa, lögskráningu sjómanna og atvinnuréttindi þeirra, svo og Siglingamálastofnun ríkisins, þó ekki mengunarvarnadeild stofnunarinnar eða rannsóknardeild sjóslysa. Þá höfðum við hugsað okkur að setja á stofn umhv.- og heilbrrn. Uppistaðan í verkefnum þess yrðu fyrri verkefni umhv.- og heilbrrn. Frá fjmrn. kæmu málefni Lyfjaverslunar ríkisins, frá heilbr.- og trn. færu til iðnrn. og viðskrn. vátryggingarstarfsemi, tryggingaeftirlit og Viðlagatrygging og frá heilbr.- og trmrn. færu til félmrn. málefni almannatrygginga og Tryggingastofnun.

Hvað varðar utanrrn. yrði uppistaðan í verkefnum þess sú sama og verið hefur. Frá utanrrn. færu þó til sjútvrn. mál er varða útflutning á óunnum fiski.

Þetta var sú hugmynd sem, eins og ég sagði áðan, naut mest fylgis og hægt hefði verið að ná um víðtækastri samstöðu. Hún náðist þó ekki eða það vannst ekki tími til að ná samstöðu. Það var reynt að fella saman innan ráðuneytanna sem líkasta málaflokka og sem skyldust verkefni. Jafnframt var reynt að haga samsetningu ráðuneyta þannig að starfsmannafjöldi yrði sem jafnastur en það er að sjálfsögðu aldrei hægt að ná fullkomnum jöfnuði á þeim vettvangi vegna ólíkra viðfangsefna. En þó væri þarna stigið talsvert skref til jöfnunar milli ráðuneyta hvað varðar starfsmannafjölda.

Þetta var sú tillaga sem mestar líkur voru á að ná samstöðu um og það er mikill skaði að hún skyldi ekki nást til fullnustu því að það er mjög mikilvægt að breyta og bæta starfshætti Stjórnarráðsins. Mörg viðkvæm atriði ræddum við í sambandi við frv. og vor-

um tilbúin til að taka á svo sem æviráðning og fleira.

Ég er ekki andvígur því sameina viðskrn. og iðnrn. Hins vegar finnst mér ákaflega skothent að láta Seðlabankann tilheyra iðnrn. og mér finnst sannarlega að hann hljóti að eiga heima undir forsrn. sem er yfirráðuneytið og aðalefnahagsráðuneytið. Þar af leiðir hef ég miklar efasemdir um að skynsamlegt sé að stíga þetta skref að óbreyttum verkefnum eins og lagt er til með fyrirliggjandi frv. Þetta horfði allt öðruvísi við og væri frekar vegur til að slíta það út úr ef Seðlabankanum væri ráðstafað með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. Ég endurtek, herra forseti, að mér finnst að Seðlabankinn eigi ekki að vera í hinu nýja ráðuneyti og eigi alls ekki að heyra undir iðnrn.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Má ég spyrja: Er hæstv. viðskrh. í húsinu? (**Gripið fram í:** Hann fór í erfidrykkju.) Hann fór í erfidrykkju. Ekki skal amast við því. Það er dálítið erfitt að ræða þetta mál án þess að hæstv. viðskrh. sé við. Við ræddum málið oft í fyrri ríkisstjórn, ég þá sem forsrh. og ég vildi gjarnan greina frá ýmsu sem okkur fór á milli og ýmsu sem ég tel nauðsynlegt að ræða ef breyta á lögum um Stjórnarráð Íslands. En ég tel erfitt að ræða málið án þess að viðskrh. sé við. (**Forseti:** Forseti verður við þessari ósk og frestar umræðunni.)

Umræðu frestað.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 155. mál. — Þskj. 167.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem er á dagskrá núna er umfjöllun um vistfræðilega stöðu íslensks landbúnaðar. Það var á dagskrá á kvöldfundi í síðustu viku, síðasta mál, einhvern tíma undir miðnætti. Ég verð að segja að málið er þess eðlis að ég hefði talið að það ætti skilið betri sess í þingstörfunum. Það er líka, virðulegi forseti, umhugsunarvert hvernig komið er þingmannamálum í þinghaldi í vetur þar sem liðnir eru einir fimm mánuðir frá því að málið var lagt fram.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um málið en ég vil undirstrika og leggja áherslu á mikilvægi þess sem hér er verið að fjalla um. Þar liggja þó nokkrar ástæður að baki. Fyrir það fyrsta tel ég — og þá er ég ekki bara að horfa á landbúnað á Íslandi heldur landbúnað í heiminum í heild — að það sé fáum starfsgreinum mikilvægara að umhverfismálaumræðan í heiminum komist í eðlilegan farveg, komist á skrið en einmitt landbúnaðinum. Það byggi ég á því að verulegar þversagnir eru annars vegar í þeim kröfum sem gerðar eru til landbúnaðarins um framleiðni og verð á framleiðslunni og hins vegar þeim kröfum sem gerðar eru til umhverfismála.

Þrátt fyrir það að umhverfismálaumræðan sé orðin mun meiri en hún hefur verið á umliðnum áratugum, þá er það enn svo að gerðar eru kröfur víða um heim til landbúnaðarins, kröfur út frá viðskiptalegum sjónarmiðum sem ganga þvert á umhverfissjónarmið. Það er af þessum ástæðum sem ég tel mjög mikilvægt fyrir landbúnaðinn að umhverfismálaumræðan, sem nú er í gangi og snýr m.a. að landbúnaðinum, fái góða umfjöllun og farsæla niðurstöðu. Ég vil einnig benda á í þessu sambandi, þar sem ég er að nefna auknar framleiðnikröfur og kröfur um lægra verð sem gerðar eru til landbúnaðarins, að í máli allra þeirra sérfræðinga sem *ég hef heyrt ræða um umhverfismál og landbúnað* kemur skýrt fram að forsenda þess að landbúnaðurinn geti lifað í sátt við sitt umhverfi og fullnægt þeim kröfum sem til hans eru gerðar til lengri tíma er að landbúnaður á hverjum tíma búi við þokkalega fjárhagslega afkomu.

Það var mjög gagnlegt fyrir okkur Íslendingana, sem fylgdust með umhverfismálaráðstefnu á vegum alþjóðasamtaka búvöruframleiðenda á Íslandi í haust, að kynnast þeim nýju viðhorfum sem þar komu fram. Einna gagnlegast var að hlýða á ræðu Bukmans, landbúnaðarráðherra Hollands, þar sem hann lýsti þeirri áætlun sem Hollendingar eru að setja af stað núna, tíu ára áætlun sem miðar að því að að loknum þeim tíma standist hollenskur landbúnaður þær kröfur sem gerðar eru til umhverfisvæns landbúnaðar.

Nú vil ég taka það skýrt fram að í mínum huga er umhverfisvænn landbúnaður ekki það að hverfa aftur til handverkfæra og hestsins. Ég er þeirrar skoðunar að landbúnaðurinn eigi að hafa vissan forgang og það sem við verðum að vinna að á næstunni er að samræma nútímatækni til matvælaframleiðslu þeim markmiðum sem við setjum okkur í umhverfismálum. Það tel ég fyllilega framkvæmanlegt og í raun einu leiðina ef okkur á að takast að brauðfæða jarðarbúa — ég er ekki bara að tala um Íslendinga heldur landbúnaðinn í heild í heiminum — miðað við vaxandi fólksfjölda á næstu árum.

Ég ætla í seinni hluta míns máls að koma aðeins að stöðu íslensks landbúnaðar í þessu tilliti. Það opnaði augu mín þegar erlendu gestirnir á umhverfisráðstefnunni í haust fóru í ferðalag um Suðurland að lokinni ráðstefnunni, heimsóttu þar m.a. myndarlegt kúabú á Suðurlandi — ég hafði því miður ekki tök á að vera með í ferðinni en frétti af þessu eftir á — kynntu sér búskapinn og spurðu margra spurninga, að niðurstaða þeirra var sú að þarna hefðu þeir verið að skoða búskap og búskaparhætti sem vantaði ósköp lítið upp á að falla undir þær kröfur sem erlendis er farið að setja um umhverfisvænan búskap. Það sem vantaði helst á var að dregið væri eilítið úr áburðarnotkun til að búskapurinn félli undir þær kröfur sem menn gera til umhverfisvæns búskapar í okkar nágrannalöndum og menn viðurkenna að raunhæft sé greiða 25–30% hærra verð fyrir afurðir þeirra en afurðir sem framleiddar eru með meiri efnanotkun og aðkeyptum aðföngum. Þrátt fyrir allt þá notar íslenskur landbúnaður aðskotaefni í mjög litlum mæli. Þetta eru að vísu hlutir sem við vit-

um sem fylgst höfum með þróun landbúnaðar og búskapar en hefur ekki verið staðfest. Það er eitt af því sem er mjög brýnt á næstunni að lögð verði áhersla á rannsóknir á íslenskum matvælum þannig að við getum á hverjum tíma með vottorði frá viðurkenndri stofnun sýnt fram á heilbrigði afurðanna og sýnt fram á að í þeim finnist ekki ýmis þau aðskotaefni sem eru orðin til vandræða í matvælaframleiðslu víða um heim.

Ég vil einnig nefna í þessu samhengi, þó að þar sé samhengið ekki eins beint, þá ráðstefnu sem félagar í Húsgulli á Húsavík stóðu fyrir norður á Húsavík um síðustu helgi og fjallaði um endurheimt landgæða. Þetta var að mínu mati afar merkileg ráðstefna. Eitt af því athyglisverðasta sem þar kom fram er að nú er grundvöllur til þess að bændur og aðrir áhugamenn um umhverfismál og landvernd geti tekið höndum saman varðandi þennan þátt umhverfismála, þ.e. landvernd og uppgræðslu. Á umliðnum árum hefur verið nokkur gjá á milli sjónarmiða. Ég er ekki að segja að nú sé þannig komið að allir séu algerlega sammála. En sjónarmiðin hafa nálgast svo mikið að ég tel að nú geti menn tekið höndum saman varðandi þennan þátt landbúnaðar- og umhverfismála. Það er m.a. vegna þess að menn hafa á síðustu árum gert sér ljósa grein fyrir því að árangur næst ekki öðruvísi en menn hefji samvinnu við bændur og hagsmunir þeirra verði virtir. Þetta kom m.a. mjög skýrt fram í erindi dr. Björns Sigurbjörnssonar, sem er einn af framkvæmdastjórum FAO í Vínarborg, þar sem hann fór yfir þetta mál á nokkuð víðum grundvelli í alþjóðlegu samhengi og benti á að þarna væri um vandamál að ræða sem væri ekkert séríslenkt. Menn eru að fást við þetta um allan heim og almenna niðurstaðan er sú að menn ná ekki árangri öðruvísi en í samvinnu við þá sem landið erja, bændurna á hverjum stað. Þetta kom líka mjög skýrt fram á umhverfisráðstefnu búvöruframleiðenda í Reykjavík í haust. Þetta er að mínu mati líka grein af þeim meiði sem ég held að sé að vaxa í umhverfismálum núna að menn eru að gera sér grein fyrir því að árangur næst ekki í umhverfismálum með miðstýrðum stjórnvaldsaðgerðum. Enginn árangur næst með því að einhver sjálfskipaður hópur telji sig hafa vit á umhverfismálum og hans sé mátturinn, dýrðin og valdið til þess að framfylgja þessu. Við náum ekki árangri öðruvísi en ná breiðum skilningi, ná skilningi þeirra sem umgangast landið hvort sem það eru bændur eða aðrir og í orðsins fyllstu merkingu að ala upp umhverfisverndarsinna og þá kannski öðru fremur með því að leyfa mönnum undir leiðsögn að fara um og njóta landsins.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi að ætlaði ekki að halda langa ræðu um þetta mál en ég vildi undirstrika mikilvægi þess og tel reyndar að þetta sé með merkari málum sem hafa verið lögð fyrir Alþingi. Ég ætla að lokum að nefna einn þátt til viðbótar sem styður þá skoðun mína. Ég er þeirrar skoðunar að það geti komið að því eftir einhver ár ef við stöndum vel að umhverfismálum innan lands, ef við stöndum vel að rannsóknaþættinum og eftirlitsþættinum á íslenskum matvælum, að við getum á einhverju stigi flutt út takmarkað magn af íslenskri gæðamatvöru sem byggir á íslenskum landbúnaði. En það gerum við ekki nema við náum að skapa þeim vörum þá sérstöðu að þar sé um að ræða ómengaða hollustuvöru. Ég veit reyndar að nokkur grundvöllur er fyrir slíku. Nú fyrir nokkrum dögum var undirrituð viljayfirlýsing milli mjólkursamlags KEA á Akureyri og bandarískra aðila, að vísu ekki um útflutning á íslenskum landbúnaðarvörum heldur um leyfi til framleiðslu á íslensku skyri vestur í Bandaríkjunum þar sem á að selja Ísland, það á að selja hreint og fagurt land þó svo að framleiðslan sé í öðru landi. Þetta tel ég vera einn merkasta áfanga sem náðst hefur í þróun íslenskra búvara að tæknikunnátta okkar Íslendinga á því sviði og þær vörur sem við höfum upp á að bjóða séu þess eðlis að við getum selt framleiðsluréttinn vestur til Bandaríkjanna. Þarna hafa myndast sambönd sem er full ástæða til þess að rækta því að í fyllingu tímans getur vel farið svo að hægt verði að vinna þar áhuga og markað fyrir fleiri vörur. Hins vegar var það sorglega og kannski að sumu leyti hlálega í þessu máli varðandi skyrútflutninginn að það sem strandaði endanlega á að við skyldum ekki geta flutt út íslenska afurð að innflutningsleyfi fékkst ekki í landi frelsins því að þar er allt reyrt niður í kvóta og innflutningsbönn. Það var ekki framleiðslukostnaður á íslensku vörunni, því síður gæðakröfur sem strandaði á. Þeir eru bæði með belti og axlabönd, þeir eru bæði með kvóta þar sem þetta var flokkað sem ostur sem Íslendingar höfðu ekki og máttu þess vegna ekki flytja út skyr til Bandaríkjanna. Í öðru lagi hafa þeir eina allsherjarlöggjöf sem bannar innflutning af þessu tagi ef þeir telja að það skaði hagsmuni bandarískra bænda. Ég held því að hlutir sem þessir gætu verið okkur Íslendingum þörf áminning þó ég sé á engan hátt að hvetja til þess að við fetum í fótspor Bandaríkjamanna hvað þetta snertir.

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi. Í greinargerð með tillögunni er getið um ráðstefnu Alþjóðabændasamtakanna sem haldin var hér á landi sl. haust. Í niðurstöðum ráðstefnunnar er lögð áhersla á tilmæli Sameinuðu þjóðanna til aðildarríkja sinna að fylgja niðurstöðum Brundtland-skýrslunnar svonefndu frá því 1987 um sjálfbæra þróun. Fimm ár eru liðin síðan þessi tilmæli um sjálfbæra þróun komu frá Sameinuðu þjóðunum, þá á grundvelli nefndar sem hafði starfað í allmörg ár og nefnd var eftir núv. forsrh. Noregs, Gro Harlem Brundtland. Frá Sameinuðu þjóðunum komu sem sagt tilmæli um að aðildarríkin skyldu taka sjálfbæra þróun og þá hugmyndfræði sem liggur á bak við hana til athugunar og reyna að aðlaga bæði atvinnumál og efnahagsmál að þessari hugmyndafræði. Fjölmörg ríki hafa sinnt þessum tilmælum og eru komin sæmilega á veg með að vinna úr þessu og hafa gert úttekt á þessum málum á mismunandi hátt. Hins vegar hefur ákaflega lítið verið gert hér á landi og nánast ekki neitt. Bæði fyrrv. ríkisstjórn svo og núv. ríkisstjórn hafa í raun og veru ekki sinnt þessum tilmælum

Sameinuðu þjóðanna og má segja að sú till. til þál. sem hér er lögð fram sé fyrsta skrefið í þá átt að verða við þessum tilmælum. Ég vil taka undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði áðan að þetta væri með merkari málum sem lögð væru hér fram.

Lokayfirlýsing þessarar alþjóðaráðstefnu bændasamtakanna er í fjölmörgum liðum og allir þessir liðir fjalla um á hvaða hátt landbúnaðurinn sem atvinnugrein getur staðið best að sjálfbærri þróun.

Virðulegi forseti. Þannig er komið fyrir ástandi jarðar vegna græðgi mannsins og misskiptingu auðs og valds að aðgerða er þörf og tíminn er naumur. Hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun er skref í þá átt að spyrna við fótum og þar verðum við að leggja okkar af mörkum. Vissulega eru margir liðirnir í þessari lokaályktun áðurnefndrar ráðstefnu þess eðlis að þeir ná ekki yfir aðstæður hér á landi en mörgum getum við fylgt. Hins vegar er mikilvægt að sérstaða okkar varðandi tiltölulega ómengaðan jarðveg og möguleika á framleiðslu hollra matvæla sé tryggð og á það verður að leggja áherslu. Ég fagna því að þessi tillaga er lögð hér fram og óska þess að hún fái stuðning í þinginu. Jafnframt hvet ég til þess að hliðstæð vinna og áætlun sem farið er fram á að verði gerð verði einnig framkvæmd hjá öðrum atvinnugreinum og tekin fyrir til svipaðrar umfjöllunar hér á þinginu. Ég vænti þess að þessi till. til þál. fái gott brautargengi á þinginu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð til að lýsa yfir stuðningi mínum við þá tillögu sem hér er flutt. Að vísu er sá galli á gjöf Njarðar að þessi till. er hugsuð sem stuðningur fyrir undirbúning Íslands fyrir umhverfisráðstefnuna í Ríó de Janeiro sem hefst nú innan þriggja mánaða eða svo. Því er ljóst að gangur þingmála í vetur veldur því að þessi till. kemur svo seint á dagskrá en hún hefði auðvitað þurft að vera rædd fyrir langalöngu ef hún hefði átt að nýtast sem undirbúningur fyrir umhverfisráðstefnuna. Það breytir ekki því að hér er mjög þörf tillaga á ferð. Ekki eingöngu er mikil þörf á því að kanna hvernig íslenskur landbúnaður uppfyllir þær kröfur sem verður að gera til hans vegna verndunar umhverfisins heldur lít ég svo á að úttekt eins og hér er lagt til að gerð verði geti haft mjög mikið upplýsingagildi fyrir bændur sjálfa og orðið til þess að aðstoða þá og sýna þeim hvernig þeir geta gripið inn í málin.

Sérstök ástæða er til að fagna því hve Íslendingar eru nú að vakna í þessum málum. Þar má nefna sem dæmi þær mörgu ráðstefnur sem haldnar hafa verið að undanförnu og snerta umhverfismál. Ekki síst verður mér hugsað til þeirrar ráðstefnu sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi hér og haldin var á Húsavík sl. laugardag. Sú ráðstefna var afar upplýsandi og merkileg að því leyti að svo virðist sem mjög breið samstaða sé að nást um það að ná til baka þeim landgæðum sem hafa tapast þó að menn greini nokkuð á um orsakir.

En ég vil aðeins ítreka stuðning minn við þessa till. og ég vona svo sannarlega að hún fái skjóta og góða meðferð í nefnd. Ég reikna með að hún heyri undir okkur í landbn. og þar munum við svo sannarlega ýta á eftir henni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessarar till. og það kemur því væntanlega engum á óvart að ég vil lýsa yfir stuðningi við efni hennar og ánægju með þá umræðu sem hefur farið fram um tillöguna. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns er það vissulega rétt að æskilegt hefði verið að þetta mál hefði komist fyrr til umræðu og til nefndar og helst afgreiðslu þannig að einhver vinna á grundvelli tillögunnar hefði mátt fara fram og verða m.a. íslenskum stjórnvöldum að gagni í sambandi við undirbúning margnefndrar umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu. Það breytir hins vegar í sjálfu sér engu um ágæti till. og nauðsyn þess að taka á þessum málum þó að svo sé komið að það sé tæplega raunhæft að 40 manna sendinefnd Íslands til Ríó hafi með sér í farteskinu gagnlegar upplýsingar á grundvelli vinnu af þessu tagi en við verðum engu að síður að vona að för þeirra verði vel heppnuð.

Hitt er svo ánægjuefni eins og þessi mál hafa þróast hér á Íslandi að landbúnaðurinn er á margan hátt í forustu fyrir íslenskum atvinnugreinum hvað snertir þessa hlið mála og umræðu um vistfræðilega stöðu atvinnugreinarinnar og er það auðvitað í sjálfu sér ekkert undrunarefni jafnnáin og sambúð landbúnaðarins og náttúrunnar er. Það var ánægjulegt á sínum tíma þegar forsvarsmenn íslenskra bænda leituðu til stjórnvalda um stuðning við að halda þá ráðstefnu sem m.a. hefur getið af sér þessa till. að þá var tekin sú ákvörðun að gera það kleift að hún yrði haldin hér á landi. Það tókst með góðu samstarfi aðila og var eftir því sem ég best veit öllum til sóma sem að henni stóðu. Lítill vafi er á því að íslenskur landbúnaður og umhverfismál á Íslandi geta notið góðs af því að þessi ráðstefna fór hér fram ef rétt er á málunum haldið. Einmitt núna stendur svo á að afrakstur ráðstefnunnar hefur verið að koma út í sérprenti Búnaðarblaðsins Freys og ég vænti þess að hv. alþm. hafi einmitt verið að fá það í pósthólf sín núna fyrir skemmstu og þannig liggur það jafnframt fyrir nú við umræðu um málið.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara út í miklar efnislegar umræður um till., enda hygg ég að flest sé þar komið fram sem ástæða er til að nefna á þessu stigi málsins. Ég vil leyfa mér að vona að till. fái brautargengi á þinginu í vetur. Það væri að mínu mati ómaklegt og leitt til þess að vita ef Alþingi tæki ekki vel við þessari málafylgju og afgreiddi þetta fyrir sitt leyti. Að sjálfsögðu er ekki verið að mæla fyrir um það í einstökum atriðum hvernig þessum málum verður sinnt á næstu árum, hve miklu fé verður ráðstafað í þessu skyni o.s.frv., enda er að vissu leyti verið að hefja brautryðjendastarf en það er þeim mun mikilvægara að mínu mati upp á það sem eftir kemur að málið sofni ekki á þessu stigi heldur verði haldið áfram að taka á þeim í framhaldi af þeirri hreyfingu sem þegar hefur komist á hlutina. Ég vænti þess að ekki verði ágreiningur um það í landbn. sem eins og hér var sagt fær

væntanlega till. til umfjöllunar að leggja til afgreiðslu á henni. En ég bendi jafnframt á að ekki væri óeðlilegt að umhverfisnefnd þingsins yrði höfð til ráðagerðar í sambandi við meðferðina á þessu máli. Þetta er í raun og veru mál sem snertir verksvið beggja nefndanna og mætti reyndar hafa til hliðsjónar í fleiri tilvikum þar sem ætti við aðrar atvinnugreinar. Að sjálfsögðu er t.d. sjávarútvegurinn íslenski að mjög mörgu leyti í sambærilega stöðu settur og landbúnaðurinn, byggir afkomu sína á nýtingu lífrænna auðlinda og verður að finna heppilegar málamiðlanir og sambúðarform sín við náttúruna og auðlindirnar til þess að geta orðið sjálfbær og með farsælum hætti byggt afkomu sína og velgengni til lengri framtíðar litið á því að þessi sambúð öll sömul sé farsæl. Einnig með það í huga legg ég enn og aftur áherslu á það að á þessum málum verði tekið vegna þess að mér býður svo í grun að ef vel tekst til þá gætu fleiri aðilar komið á eftir þegar brautin hefur einu sinni verið rudd með þeim hætti sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem lýst hafa yfir stuðningi við þessa tillögu. Ég vil jafnframt taka undir það að hér er um verkefni að ræða sem ástæða er til að vinna þó að tíminn sé hlaupinn frá okkur þannig að þess er ekki að vænta að niðurstaða þessarar vinnu muni hafa áhrif á undirbúning við ráðstefnuna í Brasilíu á sumri komanda. Það hefur komið glöggt fram í máli hv. þm. að þetta getur haft svo víðtæk áhrif að sjálfsagt er að halda sínu striki og afgreiða tillöguna og óska eftir því að þessi vinna fari fram. Að mínu mati á það að vera til ávinnings fyrir alla, landbúnaðinn og þjóðfélagið í heild, að þetta verði gert. Það mun sjálfsagt koma í ljós þegar farið verður að vinna að þessu starfi hvernig best er að standa að því en að mínu mati væri æskilegt að fá sem fyrst einhverjar vísbendingar þannig að hægt væri að styðjast við slíkar ábendingar enda þótt meiri vinnu þurfi síðan að leggja í það áður en hægt er að segja að starfinu sé lokið. Kannski verður bið á því vegna þeirra öru breytinga sem eru að verða á aðstæðum, en nauðsynlegt er að halda áfram að fylgjast með þessum þætti.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta þar sem bent hefur verið á margt í stuðningsyfirlýsingu við tillöguna sem ég tek undir og vænti þess að hún fái það skjóta meðferð í nefnd að hún verði afgreidd á Alþingi fyrir þinglok.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 168. mál. — Þskj. 182.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Þetta er 168. mál á þskj. 182. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson. Þannig eru meðflm. að frv. alþm. úr fjórum af fimm stjórnmálaflokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi. — Ég hefði gjarnan, hæstv. forseti, kosið að hæstv. utanrrh. og jafnvel hæstv. forsrh. hefðu átt þess kost að vera viðstaddir umræðuna en með hliðsjón af því að svo langt er um liðið síðan mál þetta komst á dagskrá og ekki hefur enn unnist tími til að mæla fyrir því, þá vel ég þann kost að gera það engu að síður þótt þeir séu ekki viðstaddir en vænti þess að þeir kynni sér þá það efni sem hér er til umfjöllunar.

Það er aðdragandi þessa frv., sem er reyndar orðinn nokkur, að á 109. löggjafarþingi, veturinn 1986–1987, var það í fyrsta sinn flutt á Alþingi og hefur reyndar tvívegis verið flutt áður en í hvorugt skipið orðið útrætt. Í sjálfu sér hefur ekkert breyst um efni þess. Það er að mínu mati og okkar flm. enn jafngilt og það var á sínum tíma. Reyndar má segja að þvert á móti hafi sú jákvæða þróun, sem orðið hefur í samskiptum hervelda samhliða breytingum í Austur-Evrópu og einnig margir víðtækir afvopnunarsamningar, auðveldað okkur Íslendingum að ganga á undan og slást í hóp þeirra þjóða og gefa þeim, sem hafa tekið ákvarðanir um sérstakar friðlýsingaraðgerðir í sinni lögsögu, gott fordæmi. Þess vegna er hægt að fagna því að nú er í raun og veru betra lag en nokkru sinni fyrr til að festa í sessi þá stefnu sem í orði kveðnu a.m.k. er yfirlýst íslensk stefna, að afvopnun og friðlýsingaraðgerðir eigi ekki síður að taka til hafsvæðanna en landsvæða og lofts. Ég held að það nýjasta og stærsta sem gerst hefur í þessum efnum, þar sem eru ákvarðanir stórveldanna frá sl. hausti um einhliða stórfelldan niðurskurð kjarnorkuvopna, ætti að sannfæra þá sem enn kynnu að hafa einhverjar efasemdir um að aðgerð af því tagi að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum er bæði raunhæf og einnig tímabært skref af okkar hálfu og í takt við þróun mála í okkar næsta nágrenni og reyndar í heiminum öllum. Sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi er að í tilkynningum Bush Bandaríkjaforseta frá 27. sept. sl. felst m.a. að Bandaríkjamenn ákveða einhliða að taka úr umferð og eyða öllum kjarnorkuvígvallarvopnum og taka úr umferð meðaldræg kjarnorkuvopn um borð í skipum og kafbátum sem og sprengjur flugvéla í flugmóðurskipum og að lokum að sprengjuflugvélar, sem bera kjarnorkuvopn, verða teknar úr þeirri viðbragðsstöðu til árása sem þær hafa verið í um áratugaskeið. Í þessum breytingum einum, sem tilkynning Bandaríkjaforseta frá 27. sept. sl. boðar, felast auðvitað gerbreyttar aðstæður og jákvæð þróun fyrir friðlýsingaraðgerðir af því tagi sem verið er að boða. Svar Gotbatsjovs, þáverandi leiðtoga Sovétríkjanna, frá 5. okt. sl. var á mjög líkum nótum og gefur fullt tilefni til þess að sínu leyti að túlka það með jafnjákvæðum hætti.

Þá er rétt að hafa í huga START-samningana um

fækkun langdrægra kjarnorkuvopna. Það er einnig rétt að hafa í huga í þessu sambandi samninga um takmörkun hefðbundinna vopna og herafla í Evrópu og yfirstandandi viðræður á mismunandi stigum, samningaumleitanir og viðræður, um framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu frekari kjarnorkuvopna, um tilraunabann með kjarnorkuvopn og útrýmingu efnavopna og sýklavopna svo nokkuð sé nefnt af því sem í gangi er. Allt ber þetta að sama brunni, þróunin er jákvæð og í rétta átt með hliðsjón af markmiðum þessa frv. að koma á endanlegri og algerri friðlýsingu íslenskrar lögsögu fyrir þessari tegund vopna og vígbúnaðar. Það er skoðun flm. að með aðgerðum af því tagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, væri í senn með mjög afdráttarlausum hætti staðfestur í löggjöf landsins vilji okkar Íslendinga til að tryggja frið, öryggi og varðveislu auðlinda á okkar slóðum og það væri jafnframt sýnt af Íslands hálfu kjarkmikið fordæmi í anda þeirra stóru atburða í afvopnunarmálum og alþjóðasamskiptum sem varðað hafa veginn sl. mánuði og ár. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að nefna þær ítrekuðu áminningar, sem við Íslendingar höfum orðið fyrir og reyndar nágrannaþjóðir sem búa við norðanvert Atlantshaf, og tengjast einmitt umferð kjarnorkuknúinna skipa eða óhöppum sem tengjast kjarnorkuvopnum eða kjarnorkudrifnum farartækjum. Þar ber auðvitað hæst öll þau óhöpp sem orðið hafa í kjarnorkukafbátum, bæði á hafsvæðunum norðan við landið og eins sunnan við það. Í báðum tilvikum getur hætta verið fyrir hendi á því að geislamengun hljótist af slysum af því tagi og berist inn á okkar veiðislóð með hafstraumum.

Frv. þessu fylgdi á sínum tíma, bæði þegar það var endurflutt síðast og eins í upphafi, allítarleg greinargerð þar sem rakin er aðdragandi frv. og m.a. vitnað í það að við samningu þess á sínum tíma var stuðst við frv. um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland sem þá var til umfjöllunar á þingi Nýsjálendinga í Wellington á árunum 1986–1987. Þá lagði þáv. forsrh. Nýja-Sjálands, David Lange, fram stjórnarfrumvarp sem var til umfjöllunar á þingi Nýsjálendinga í tvö ár og síðan samþykkt á sama árinu og þetta frv. var endurflutt í annað sinn. Frv. þetta tekur jafnframt í öllum meginatriðum mið af þeim ákvæðunum um önnur kjarnorkuvopnalaus svæði sem þegar eru fyrir hendi eða friðlýst hafa verið. Þar má nefna Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku. Það má nefna Rarotonga-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Kyrrahafi og það má nefna ályktanir Sameinuðu þjóðanna um friðunaraðgerðir af þessu tagi og vísa ég þá sérstaklega í lokakafla ályktunar afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1978 en hann er birtur sem fskj. með frv. þessu.

Inn í frv. var bætt nýrri grein þegar það var endurflutt í fyrra sinnið sem er 11. gr. og fjallar sérstaklega um bann við flutningi eða losun geislavirkra efna innan hins friðlýsta svæðis. Það yrði eitt meginmarkmið laga um friðlýsingu Íslands að draga úr hættunni á kjarnorku- eða eiturefnaóhöppum á og í grennd við landið og því þótti eðlilegt að taka slíkt ákvæði inn í frv. þegar það hafði verið betur skoðað til að styrkja enn réttarstöðu íslenskra stjórnvalda í þessu sambandi. Ísland er að vísu aðili að svonefndum Lundúnasamningi, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna, en sá samningur er því miður ekki afdráttarlaus, t.d. að því er lággeislavirkan úrgang varðar. Auk þess er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar setjum okkur sjálf strangari reglur í okkar eigin lögsögu heldur en við höfum þegar undirgengist með alþjóðlegum samningum.

Það er enginn vafi á því, hæstv. forseti, að lagasetning af þessu tagi um kjarnorku- og eiturefnavopnafriðlýsingu væri stórt framlag af Íslands hálfu og hvatning til afvopnunar- og friðarviðleitni í heiminum. Hugmyndir um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, sem allmikið hafa verið til umræðu, mundu jafnframt falla vel að frumkvæði af þessu tagi. Hér er einnig um mikilvægt umhverfismál að ræða og það er fyllilega tímabært að við Íslendingar tökum af meiri alvöru á þeirri ógn sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum, af kjarnorkuknúnum farartækjum, kjarnorkuúrgangi, eiturefnum, eiturefnavopnum o.s.frv. Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að enn á ný þessa dagana erum við minnt á þá vá sem af kjarnorkunni getur stafað og um austanverða Evrópu bíða menn nú með öndina í hálsinum eftir fréttum af nýlegu kjarnorkuóhappi sem þar hefur orðið. Dæmin eru því miður fyrir hendi óræk og að mati sérfræðinga eru ekki færri en sex til tíu kjarnorkuvopnuð eða kjarnorkuknúin farartæki sem nú liggja á hafsbotni og ryðga og mörg þeirra á hafsvæðum sem eru í beinum hafstraumatengslum við íslensku efnahagslögsöguna.

Það er rétt að geta þess, hæstv. forseti, að hliðstæðum málum hefur áður verið hreyft á Alþingi. A.m.k. fjórum sinnum hefur verið flutt till. til þál. um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði en í öllum tilvikum hefur verið um ræða tillögur að ályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf eða aðrar sambærilegar ráðstafanir. Hér er í fyrsta sinn á ferðinni frv. sem er fullbúið af hendi flm. og gæti að mínu mati án tiltölulega mikillar vinnu eða endurskoðunar staðið sem boðleg löggjöf í þessum efnum og vísa ég þá m.a. til þess að það er í öllum aðalatriðum sniðið eftir ákvæðum löggjafar sem þegar hefur verið sett, t.d. í Nýja-Sjálandi, eða að ákvæðum samninga um kjarnorkuvopnalaus svæði annars staðar í heiminum, svo sem í Suður-Ameríku eða á Kyrrahafssvæðinu.

Ég held að það sé rétt, hæstv. forseti, að ég geri þá lauslega grein fyrir efnisinnihaldi einstakra greina frv. og fer hratt yfir sögu þar sem í fyrsta lagi má vísa til þeirra framsöguræðna og umræðna sem orðið hafa um frv. á þingi áður og í öðru lagi hygg ég að hv. alþm. eigi að vera sæmilega aðgengilegt að átta sig á efni þess með yfirlestri.

Í 1. gr. laganna er markmið þeirra skilgreint sem er að gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að

koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn.

2. gr. fjallar jafnframt um markmið laganna sem er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við landið og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Í 3. gr. eru svo skilgreind orð eftir því sem nauðsynlegt er talið. Það er til þess að auðvelda mönnum umræðu um þetta mál og til að taka af vafa um íslenskar þýðingar valin sú leið að skilgreina eða skýra merkingu nokkurra lykilhugtaka eða orða í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er spurningin um hvað er átt við með orðinu „kjarnorkuvopn". Það er hvers konar vopn eða sprengja þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun, hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti en það tekur hins vegar ekki til flutningstækjanna eða búnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu. Þetta er mikilvægt skilgreiningaratriði og er mönnum þá vonandi ljóst að það er eingöngu átt við sprengjuhleðsluna sjálfa. Eiturefnavopn eru notuð í nánast í sinni allra víðtækustu merkingu og látin ná yfir öll skaðleg efni eða efnasambönd sem nota má sem vopn til að skaða fólk, mannvirki eða náttúru. Innifalin í þessari skilgreiningu eru lífefnavopn en um þau gilda ákveðnir alþjóðlegir samningar, svo sem samningur um bann við þróun framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna eða líffræðilegra vopna og vopna sem nýta lífefnaeitur og um eyðingu slíkra vopna. Þessi samningur er frá 10. apríl 1972. Að öðru leyti yrði að afla þessari víðtæku íslensku skilgreiningu á orðinu „eiturefnavopn" viðurkenningar samhliða svæðinu.

Þegar talað er um „íslenskt yfirráðasvæði" og hið „friðlýsta svæði" í frv. þá skýrir það sig í raun og veru sjálft. Þar er átt við að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands á grundvelli þjóðarréttar og fullvirðisréttar ná til. Þar ber einkum að hafa í huga lögin um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og til hliðsjónar hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta hans, 55.–57. gr. og VI. hluta, 76. gr.

Í 4.–7. gr. frv. eru tíundaðar þær kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar er í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sbr. fylgiskjal II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni sem var undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971. Til viðbótar eru svo lagðar persónulegar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða menn sem dvelja innan hins friðlýsta svæðis. Þannig er kjarnorku- og eiturefnavopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti má vísa í áðurnefnd fylgiskjöl um frekari skýringar á þessu. Hér er sá háttur hafður á sem hefur verið niðurstaðan annars staðar, t.d. í lögum Nýsjálendinga og ég held að þurfi ekki frekari útskýringa við en ljóst er að með þessu eru mjög víðtækar kvaðir lagðar á alla íbúa ríkisins og svæðið sem slíkt.

Í 8. og 9. gr. er í raun að finna hliðstæð ákvæði varðandi eiturefnavopn og í þeirri 4.–7. varðandi kjarnorkuvopnin og ég vísa aftur í skilgreiningu á hugtakinu „eiturefnavopn" í athugasemdum við 3. gr.

10. gr. fjallar svo um kjarnorkuknúin farartæki og er alveg ótvírætt hvað það snertir að sérhverju því farartæki sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr. fjallar um umferð farartækja sem flytja kjarnorkukleyf efni eða kjarnorkuúrgang. Slík umferð er sömuleiðis bönnuð innan hins friðlýsta svæðis. Þetta getur skipt máli þegar í hlut eiga tilraunir til þess að koma í veg fyrir losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna og er sjálfsagt að Ísland beiti til hins ýtrasta þjóðréttarlegri stöðu sinni til þess að hindra slíkt ef það er í okkar þágu.

12. gr. er síðan afleiðing af þeirri skipan mála að alþjóðleg lög eru tiltölulega afdráttarlaus hvað snertir rétt friðsamlegrar umferðar til þess að fara í gegnum lögsögu ríkja utan 12 mílna marka. Hér hefur verið valin sú leið að hafa hliðsjón af ákvæðum í frv. um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland en þetta frv. gengur að einu leyti lengra og það er að það heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi. Með innsvæði er átt við íslensku landhelgina innan 12 mílna marka og loftrýmisins þar yfir. Þetta er að mínu mati réttlætanlegt að gera í tilviki Íslands þar sem ekki háttar þannig til hjá okkur að neinar alþjóðlegar siglingaleiðir geri það að verkum að friðsamleg umferð þurfi að fara inn fyrir okkar 12 mílna lögsögu eða inn á íslenskt innsævi til þess að komast leiðar sinnar. Þannig yrði frv. úr garði gert að um enga slíka umferð og engar slíkar undanþágur yrði að ræða gagnvart þeim hluta íslensku lögsögunnar sem er innan 12 mílna marka. Óhjákvæmilegt er hins vegar að leyfa friðsamlega umferð eins og hún er skilgreind að alþjóðalögum. Þó er að mati lögfræðinga og þjóðréttarfræðinga talið mögulegt að setja slíkri umferð ákveðin takmörk, t.d. eins og þau að enga óþarfa viðdvöl skuli hafa innan íslenskrar lögsögu þó svo að friðsamleg umferð á alþjóðlegri siglingaleið eigi í hlut. Þannig væri til að mynda hugsanlegt að gera slíkum farartækjum skylt að fara viðstöðulaust í gegnum íslenska lögsögu hvort sem væri á lofti eða á sjó. Af þessum sökum er 12. gr. frv. þannig úr garði gerð að að undanþegin ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri mgr. 11. gr. þessara laga skuli vera friðsamleg umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum, þó aldrei nær landi en upp að 12 sjómílna mörkum og lofthelginnar þar upp af. Með þessum undanþáguákvæðum, hæstv. forseti, tel ég að fullyrða megi að frv. sé þannig úr garði gert að í því felist ekki hætta á að við séum að brjóta í bága við alþjóðlegar skuld-

bindingar okkar á nokkurn hátt hvað friðsamlega umferð snertir.

13. gr. varðar sérstaklega komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna landhelgi eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla. Þar er kveðið á um að aldrei skuli leyfa slíkar heimsóknir nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands samkvæmt lögum þessum, þ.e. að íslensk stjórnvöld skuli jafnframt ganga úr skugga um það að engin minnsta hætta sé á að slíkar heimsóknir feli í sér brot á friðlýsingarákvæðum laganna og ekki skuli leyfa þær ella. Í vafatilfellum, segir í greininni, skulu íslensk stjórnvöld ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila sem völ er á til að byggja á ákvarðanir sínar og að ríkisstjórn og Alþingi skuli hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr. fjallar um það að íslensk stjórnvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðaviðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skuli eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skuli yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari. Hér er sjálfsögð skylda á ferð sem er sambærileg viðleitni stjórnvalda annarra ríkja sem gengist hafa fyrir slíkum friðlýsingaraðgerðum í lögsögu sinni að afla þeim eins víðtækrar viðurkenningar og kostur er. Það hefur í mörgum tilvikum tekist og nægir aftur að vísa á samninga um kjarnorkuvopnalaust svæði bæði í Suður-Ameríku og á Kyrrahafi í því sambandi.

15. gr. er refsiákvæði sem er sambærilegt við slík ákvæði í lögum erlendis með hliðsjón af því hvernig slíkum ákvæðum er að jafnaði háttað í íslenskri löggjöf, en eðlilegt þykir að hafa slíkt í lögunum þar sem mögulegt er að einstaklingar starfa sinna vegna gætu verið persónulega ábyrgir fyrir brotum á lögunum.

Í 16. gr. er kveðið á um það að framkvæmd laganna skuli heyra undir og vera á ábyrgð forsrh. en hann skuli hafa samráð við Alþingi og utanrmn. Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir sem tengjast framkvæmdinni. Forsrh. sé þó heimilt að fela utanrrh. eða samgrh. eða öðrum ráðherrum sem aðstæður kunna að mæla með að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

Það er vissulega ljóst, hæstv. forseti, að nokkuð er úr vöndu að ráða hvar skuli fara með framkvæmd þessara laga og kæmi þar vissulega fleira til greina en það eitt sem lagt er til í frv. Þannig væri vel hugsanlegt að hæstv. utanrrh. færi alfarið með þetta mál en jafnframt er ljóst að þættir þess eru á verksviði annarra ráðuneyta, svo sem samgrn. sem fer með siglingamál og flugmál og umhvrn. sem fer með umhverfismál og mengunarmál og þar á meðal hafsins. Með hliðsjón af því hversu mikið vægi slík friðlýsingarákvörðun hefði bæði inn á við og út á við er lögð til sú sérstaka tilhögun að lögin heyri undir og séu á ábyrgð forsrh. sem æðsta valdamanns framkvæmdarvaldsins á hverjum tíma, en hann hafi þá heimild sem í 16. gr. er að finna til þess að fela öðrum ráðherrum hluta framkvæmdarinnar ef svo þykir henta.

Ég hef þá, hæstv. forseti, í stuttu máli gert grein fyrir efni frv., einstakra lagagreina þess. Ég vil lítillega vekja athygli hv. þm. á þeim fylgiskjölum sem frv. fylgja. Í fyrsta lagi er frv. það til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar sem þáv. forsrh. Nýsjálendinga, David Lange, lagði fram á þingi þeirra í Wellington, ef minni mitt svíkur ekki, á árinu 1986. Ég réðst í það á sínu tíma að láta þýða þetta frv. og jafnframt aflaði ég mér laganna þegar þau höfðu verið sett tveimur árum síðar á þingi þarlendra í Wellington og ég held að ég geti fullyrt að það hafi ekki orðið þær breytingar á upphaflega frumvarpstextnum þegar hann var orðinn að lögum að sérstök ástæða sé til að hafa áhyggjur af slíku. Að sjálfsögu er ekki nema rétt og skylt að við skoðun málsins verði þetta borið betur saman en með smávægilegum breytingum, hygg ég að segja megi, varð þetta frv. að lögum eins og það var lagt fram á sínum tíma.

Í fylgiskjali II er að finna samninginn um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, þann sem staðfestur var af Íslendingum í október 1969.

Í fylgiskjali III er samþykkt samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum á árinu 1983 um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Eins og ég gat um í ræðu minni hér áðan þá er þetta frv. m.a. sniðið að því að vera í samræmi við þær hugmyndir um kjarnorkufriðlýsingu Norðurlandanna allra.

Fylgiskal IV er samningurinn um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku, svonefndur Tlatelolco-samningur frá árinu 1967.

Fylgiskal V er samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum á Kyrrahafssvæðinu og áðurnefndum Tlatelolco-samningi og á að skýra þann mismun sem á þeim tveimur samningum er.

Fylgiskjal VI er kafli úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál frá árinu 1978 sem lengi hefur staðið sem nokkurs konar „manefesto" Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði.

Að sjálfsögðu væri ástæða til að taka fjölmargt fleira inn í umræður og skoðun um þetta mál og þá ekki síður þau miklu tíðindi sem orðið hafa í þessum efnum á undanförnum missirum og fullkomin ástæða er til að utanrmn. og Alþingi Íslendinga fari yfir í heild sinni til þess að henda nokkrar reiður í því hvar þar er á döfinni og þar er á dagskrá.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum ítreka það að ég held að frumkvæði af þessu tagi af Íslands hálfu sé bæði tímabært og skylt. Það á að heita svo eins og ég sagði fyrr í minni ræðu að í orði kveðnu sé það yfirlýst íslensk stjórnarstefna að við viljum beita okkur fyrir afvopnun á höfunum og það sé sérstaklega hlutverk okkar í umræðum um þessi efni á alþjóðavettvangi að tryggja að höfin sitji ekki eftir í þeirri lotu af-

vopnunarviðræðna og samninga sem nú hefur staðið yfir og í öllu falli að vera vel á veg komið, gagnvart þeirri hættu að afvopnun á landi geti þýtt hugsanlega að vopnin færist út í höfin. Slíkt væri að sjálfsögðu mikið slys og ákaflega óæskileg þróun frá sjónarhóli okkar og engum getur blandast hugur um það að aðgerða af þessu tagi væri af Íslands hálfu mjög róttækt og virkt skref til þess að festa þessa stefnu í sessi og tryggja að afstaða okkar yrði ekki aðeins í orði heldur og á borði.

Mér er það ljóst, hæstv. forseti, að hér er allviðamikið mál á ferð og þess er tæplega að vænta að menn hristi það fram úr erminni að gera slíkar grundvallarbreytingar í málum okkar á þessu sviði. Ég sætti mig þess vegna fullkomlega við það að málið verði tekið til nokkuð rækilegrar skoðunar af hv. Alþingi. Nú er jafnvel upplýst að það eigi eftir að verða örlög þessa löggjafarþings að starfa meira og minna samfellt út þetta ár af vissum ástæðum sem ástæðulaust er að blanda inn í umræður um þetta en þá verður það væntanlega jafnframt svo að hinum einstöku þingnefndum gefst nokkur tími til að funda og vinna í málum á meðan. Ég vil því leyfa mér að vona að hv. utanrmn., sem ég að sjálfsögðu legg til að fái svo mál þetta til umfjöllunar að aflokinni þessari umræðu, taki það alvarlega og leggi í það vinnu að skoða það.

Ég bendi á og ítreka að frv. er flutt af átta alþm. úr fjórum af fimm stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi og þess vegna er samkvæmt venju leyfilegt að *mínu mati að álykta sem svo að það eigi að geta notið* hér allverulegs stuðnings. Í því samhengi má líta á að yfir standa viðræður um endurskoðun samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna og hann þarf að endurnýja fyrir árslok 1995 eins og hann er tímasettur. Höfum einnig í huga að sömuleiðis standa yfir viðræður um víðtæka samninga um bann við eiturefnavopnum og sýklavopnum um fyrstu alvarlegu tilraunirnar til að koma á alþjóðasamningum um eftirlit með vopnaviðskiptum eru í gangi og svo mætti áfram telja. Því leyfi ég mér að vona að því verði ekki á móti mælt að efni þessa frv. falli eðlilega inn í það samhengi viðleitni til víðtækra afvopnunarsamninga og friðunaraðgerða sem eru í gangi í umheiminum.

Ég hef svo ekki orð mín fleiri, hæstv. forseti, en endurtek að ég legg til að frv. verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni þessari umræðu.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu í þriðja sinn að mér skilst frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Ég skal játa það í upphafi máls míns að ég hef ekki haft tök á því að kynna mér umræður um þetta mál sem hafa farið fram á Alþingi áður og ástæður þess hvers vegna það hefur ekki náð fram að ganga. Sá fjöldi þingmanna, sem stendur að því að flytja málið, bendir til þess að um það ætti að geta ríkt sæmileg samstaða hér í þinginu og þess vegna forvitnilegt að vita hvers vegna málið hefur ekki *áður náð fram að ganga.*

Ég held að líta verði á þetta mál og flutning þessa frv. í ljósi þeirra umræðna sem hafa orðið á löngu árabili um stefnu Íslands varðandi kjarnorkuvopn og afstöðu íslenskra stjórnvalda til slíkra vopna. Til að rifja það aðeins upp má minna á að það var fyrst í tíð vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar, sem sat á árunum 1956–1958, sem íslensk stjórnvöld voru spurð um afstöðu sína til kjarnorkuvopna. Þá var það að gerast í Evrópu að Bandaríkjamenn voru að koma upp í Atlantshafsbandalagslöndunum eldflaugum með kjarnasprengjum og Sovétstjórnin hóf þá mikla herför gegn þeim ráðagerðum og beindi til aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins spurningum um það hvort þau mundu leyfa að slík vopn yrðu sett niður í löndum þeirra. Ríkisstjórn Íslands á þeim tíma, sem var undir forsæti Hermanns Jónassonar, svaraði þessu bréfi frá Búlganín, þáv. forseta Sovétríkjanna, með afdráttarlausum hætti og sagði að það væri á valdi íslenskra stjórnvalda að taka ákvarðanir um þau mál og hingað yrðu ekki flutt nein kjarnorkuvopn nema með samþykki íslenskra stjórnvalda. Þar með var lagður grunnurinn að þeirri stefnu sem verið hefur í gildi varðandi afstöðu íslenskra stjórnvalda til kjarnorkuvopna alla tíð síðan eða allt frá árinu 1958. Ég tel að þessi stefna hafi reynst ákaflega vel og að það hafi komið í ljós í margendurteknum umræðum um gildi hennar og framkvæmd að gegn henni hafi ekki verið brotið og íslensk stjórnvöld hafi staðið þannig að málum, eins og við öll hljótum að samþykkja, að hér á landi hafi ekki verið kjarnorkuvopn.

Síðasta alvarlega umræða um þetta mál fór fram á árinu 1980. Þá var Ólafur Jóhannesson utanrrh. og stóð í að svara aðdróttunum um að á Íslandi væru kjarnorkuvopn. Og ef ég man rétt þá var lokahrinan í því máli í ágúst 1980 og fram komu ótvíræð svör um stöðu *íslenskra stjórnvalda, valdsvið þeirra og afstöðu í mál*inu sem þóttu fullnægjandi og tæmandi og umræðan féll niður að þeirri hrinu lokinni. Þau svör voru í raun og veru í samræmi við það sem fram kom í stefnumótun Hermanns Jónassonar á sínum tíma að hér væri mál sem væri á valdi íslenskra stjórnvalda að ákveða og að þau mundu taka sínar ákvarðanir með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar og ríkisins hverju sinni.

Þessi stefna var viðurkennd þá og kom fram í bréfaskriftum sem fóru fram á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda á þessum tímum. En vandinn hefur verið sá í þessum málum að Bandaríkjamenn hafa aldrei horfið frá þeirri stefnu sinni að játa hvorki né neita spurningum um tilvist kjarnorkuvopna. Og þessi stefna hefur náð til Íslands eins og annarra landa. Hafi Bandaríkjamenn verið spurðir um það beint hvort kjarnorkuvopn séu á Keflavíkurflugvelli hafa þeir svarað á þann veg að þeir játi því hvorki né neiti enda geri þeir það yfirleitt ekki þegar kjarnorkuvopn eru til umræðu.

Ég tel að í deilunni sem varð síðast um þetta mál 1980 hafi komið fullnægjandi svör og verið tekið þannig á málinu að það hafi verið úr sögunni og að ekki hafi verið deilt um það síðan hér á landi hvort kjarnorkuvopn væru í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli eða ekki. Upp úr því fór að bera á málflutningi

sem hneig að því að ekki ætti aðeins að líta á bækistöðvar á landi heldur væri ákaflega mikilvægt að meta stöðuna á höfunum. Spurningar vöknuðu um það hvort hingað til lands hefðu komið skip með kjarnorkuvopn og ef ég man rétt var það Geir heitinn Hallgrímsson sem gaf yfirlýsingu um það hér á Alþingi — hann var utanríkisráðherra 1983, ég ég man ekki nákvæmlega hvað ár þetta var. Ég held að það hafi verið á árunum 1983, 1984 eða 1985 — að hann liti þannig á að stefna íslenskra stjórnvalda varðandi kjarnorkuvopnin næði einnig til skipa sem kæmu hingað til lands. Þar með var þeirri spurningu svarað.

Næsta atriði sem kom upp í umræðunum var hvort íslensk stjórnvöld ætluðu að setja lög eins og Nýsjálendingar ákváðu að gera á sínum tíma — ég held að það hafi verið árið 1987 en hv. 4. þm. Norðurl. e. taldi að það hefði verið árið 1986. Ég held að frv. hafi hugsanlega komið fram árið 1986 en orðið að lögum árið 1987. Á þeim tíma urðu umræður um það hér á landi hvort taka ætti upp sömu stefnu og var mótuð í þessum lögum Nýsjálendinga að lýsa því ekki aðeins yfir að kjarnorkuvopn væru bönnuð í skipum sem kæmu til landsins heldur ætti að sannreyna með því að fara um borð í skipin, ef nauðsyn krefðist, og fá um það afdráttarlausar yfirlýsingar frá eigendum skipanna að ekki væru um borð í þeim kjarnorkuvopn. Meginkjarninn í stefnu Nýsjálendinga var að þeir tóku það ekki gilt, eins og við höfum gert til þessa, að treysta því að menn virði yfirlýsingar íslenskra stjónvalda um að hér verði ekki kjarnorkuvopn nema með samþykki þeirra. Nýsjálendingar treystu því ekki að menn virtu þetta heldur vildu þeir sannreyna það með því að láta rannsaka skipin og kanna hvort kjarnorkuvopn væru um borð í þeim.

Þetta leiddi, eins og við vitum, til vinslita, ef ég má orða það svo, í samskiptum Nýsjálendinga og Bandaríkjamanna og olli miklu uppnámi í samskiptum þeirra og samstarfi um varnarmál.

Ég held að þessar hugmyndir verði að leggja til grundvallar þegar rætt er um frv. sem hér er til meðferðar. Eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. kemur fram í greinargerðinni að frv. var lagt í fyrsta sinn fram á 109. löggjafarþingi veturinn 1986–1987 og þar stendur að það hafi í engu tapað mikilvægi sínu. Ég dreg þá fullyrðingu í efa eins og ég mun víkja að síðar í máli mínu.

Áður en ég fer út í þá sálma langar mig aðeins að ræða um frv. og hvernig það er upp sett. Ég tel í fyrsta lagi að heiti frv., Friðlýsing Íslands, að orðið friðlýsing sé ranglega notað í þessu samhengi. Friðlýsing hefur ákveðna merkingu í íslensku lagamáli og er notað í náttúruverndarlöggjöf og það eru náttúruverndaryfirvöld sem geta friðlýst landsvæði. Orðið hefur alveg fasta merkingu í íslensku lagamáli og ég tel mjög óheppilegt að nota það í þessu samhengi. Auk þess gefur heitið á lögunum eða frv. það til kynna að gera þurfi þær ráðstafanir sem í því eru raktar til að friður ríki í landinu. Það er náttúrlega eins og við öll vitum algjört öfugmæli og alls ekki þörf á því að lýsa yfir með frv. af þessu tagi að friður ríki á Íslandi. Ég tel þess vegna að nafngiftin sé mjög óheppileg, hún eigi ekki við rök að styðjast og það eigi að velja annað nafn á þessu tiltæki sem um er að ræða í frv. en kenna það við friðlýsingu.

Síðan er mjög almennt fjallað í 2. gr. um markmið laganna sem er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu. Þetta er ákaflega víðtækt markmið í lagafrv. af þessu tagi og ég teldi eðlilegra, ef menn ætluðu að gera það sem er raunverulega verið að tala um að gera hér, sem sé að banna komu herskipa til Íslands, væntanlega með ákveðin vopn og það er megintilgangur frv., að þá ætti að orða það með þeim hætti og skerpa tilgang laganna í samræmi við það en ekki að hafa hann með jafnalmennum hætti og þarna er gert. Mér finnst að slíkar almennar yfirlýsingar eigi betur heima í þingsályktunum eða stefnuyfirlýsingum ríkisstjórna en í lagafrv. sem þessu.

Ef við lítum á það sem frv. er ætlað að gera, þ.e. að koma í veg fyrir að hingað komi herskip með kjarnorkuvopn, ég tel að það sé megintilgangurinn, þótt að sjálfsögðu sé einnig minnst á önnur hættuleg vopn, eiturvopn, þá hafa þær breytingar orðið á undanförnum mánuðum að þessi tilgangur eða markmið er í raun og veru óþarft orðið. Ég held að ef flm., hv. 4. þm. Norðurl. e., kynnti sér málin eins og þau eru núna á Nýja-Sjálandi, þangað sem fyrirmyndin er sótt, mundi hann komast að raun um að á Nýja-Sjálandi virðist ríkisstjórnin líta þannig á að ákvörðun Bush Bandaríkjaforseta í lok september 1991 um einhliða afvopnun geri bannið við að herskip komi í nýsjálenskar hafnir, nema lýst sé yfir að kjarnorkuvopn séu ekki í þeim, óþarft. Það er hin mikla breyting sem hefur orðið að Bandaríkjaforseti gaf fyrirmæli um að öll skammdræg kjarnavopn yrðu tekin úr skipum og kafbátum Bandaríkjaflota. Það var augljóst þegar þessi yfirlýsing var gefin 27. sept. að það tæki tíma að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Álitið var að frá og með mars 1992, þ.e. í þessum mánuði, yrðu engin bandarísk herskip á hafi úti með kjarnavopn um borð. Sú staðreynd kemur í stað stefnunnar um að játa hvorki né neita tilvist kjarnavopna um borð í bandarískum herskipum. Bandaríkjaforseti hefur sagt að engin kjarnorkuvopn verði í bandarískum herskipum á friðartímum. Ég tel að nú sé sá vafi sem menn gátu verið í varðandi stefnu Bandaríkjastjórnar um hvort kjarnorkuvopn væru um borð í herskipum úr sögunni. Frá og með þessum mánuði jafnvel sé málum þannig komið að engin bandarísk herskip séu á hafi úti með kjarnavopn um borð. Þegar síðast var rætt um það hvort hér væru kjarnorkuvopn á Íslandi stöldruðu menn við það að svokallaðar Orion-kafbátaleitarvélar, sem höfðu bækistöðvar á flugvellinum hjá bandarískra varnarliðinu, kynnu að flytja djúpsprengjur sem væru með kjarnahleðslu. En nú hefur verið ákveðið að þessar djúpsprengjur, B-57 kjarnorkudjúpsprengjurnar, verði eyðilagðar og ekki smíðaðar nýjar í staðinn.

Annað eða þriðja nýja vopnið sem menn hafa talað um og talið að kynni að vera um borð í skipum sem hingað kæmu eru svokallaðar Tomahawk stýriflaugar og síðan nýrri gerðir af kjarnasprengjum á flugvélamóðurskipum. Þessi vopn verða geymd í Bandaríkjunum á friðartímum. Samkvæmt þeirri stefnu sem mótuð var með yfirlýsingu Bush í september sl. þá á að ganga þannig frá þessum vopnum að þau verði tiltæk í Bandaríkjunum, ef á þarf að halda, á hættutímum.

Sú yfirlýsing að vopnin verði geymd í Bandaríkjunum er talin geta valdið því að friðarhreyfingar og umhverfissinnar á Nýja-Sjálandi krefjist þess að lýst sé yfir í hvert sinn að kjarnavopn séu ekki um borð í herskipum sem komi í nýsjálenskar hafnir. Þarna kann sem sagt að vera eftir angi af mati umhverfissinna og friðarhreyfinga á Nýja-Sjálandi en það breytir ekki hinu að ríkisstjórn Nýja-Sjálands, þangað var sótt fyrirmyndin að þessu máli, lítur þannig á að þessi þáttur í þessari sögulegu löggjöf sé orðinn óvirkur að því er varðar kjarnorkuvopn.

Gorbatsjov lýsti því svo yfir í október árið 1991 að öll skammdræg kjarnavopn yrðu tekin úr skipum og kafbátum sovéska flotans og einhver þessara vopna yrðu eyðilögð. Og Gorbatsjov skoraði á Bandaríkjastjórn að fallast á að öll skammdræg kjarnavopn í sjóherjum yrðu eyðilögð. Bretar hafa ákveðið að taka djúpsprengjur af herskipum sínum og geyma á landi. Þessar sprengjur eru gamlar og afar ólíklegt talið að þær verði settar aftur um borð í herskip. Frakkar hafa hins vegar ekki tilkynnt hvað þeir ætli að gera, hvort þeir ætli að fjarlægja kjarnadjúpsprengjur úr skipum og flugvélum.

Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram hér með hliðsjón af þróun umræðna um stefnu okkar Íslendinga í þessum málum. Ég lít þannig á, eins og ég sagði fyrr í máli mínu, að skoða verði frv. í ljósi þróunarinnar og nú sé forsenda fyrir frv. brostin. Nú kunna menn að segja að samþykkt frv. ætti að vera öllum að meinalausu úr því að málum sé þannig komið. En það má segja á móti: Hvers vegna að flytja frv. til laga um atriði sem engu máli skiptir? Það er náttúrlega spurning fyrir flm. hvort þeir vilja halda til streitu hugmyndum sem eiga ekki lengur stoð í raunveruleikanum. En þeir verða að gera það upp við sig. Ég tel að hafi þetta frv. einhvern tíma þjónað tilgangi varðandi kjarnorkuvopn og komu þeirra í íslenskar hafnir sé sú ástæða úr sögunni.

Atriði, sem kemur fram í frv., lýtur að, ef ég man rétt, kjarnorkuknúnum skipum. Það eigi að sporna gegn því að hingað til lands komi kjarnorkuknúin skip. Þetta vandamál er líka fyrir hendi hjá Nýsjálendingum og er tekið á því í þeirra löggjöf. Ríkisstjórn Nýja-Sjálands hefur ákveðið að koma á fót sérstakri nefnd sem á að fjalla um heimsóknir kjarnorkuknúinna skipa til nýsjálenskra hafna og ætlar ríkisstjórn Nýja-Sjálands í því efni að beita sömu aðferðum og beitt hefur verið af ríkisstjórn Ástralíu. Ég tel víst að hv. 4. þm. Norðurl. e. þekki það mál miðað við þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í að undirbúa þetta frv. og hafi kynnt sér aðstæður á Kyrrahafi og hvernig ríki þar hafa tekið á þessum málum. En auðvitað eru aðstæður þar að mörgu leyti mjög ólíkar því sem við stöndum frammi fyrir hér á Atlantshafinu. En ríkisstjórn Nýja-Sjálands vonast til að aflétt verði banni við komu kjarnorkuknúinna skipa í nýsjálenskar hafnir. Þetta er markmið ríkisstjórnar Nýja-Sjálands núna. En nefndastofnunin er hins vegar millistig þannig að ætlunin er að almenningur, þ.e. hver sem vill, geti komið á framfæri kvörtunum ef hann telur hættu á ferðum vegna komu kjarnorkuknúinna skipa í hafnir á Nýja-Sjálandi. Það er samkvæmt upplýsingum sem ég hef haft tök á að afla mér. Þessi nefnd er tekin til starfa og menn eru að ræða þetta og athuga hvernig að þessu skuli staðið. Ég tek það fram líka til að koma í veg fyrir misskilning að David Lange er ekki lengur við völd á Nýja-Sjálandi heldur er komin þar ný ríkisstjórn sem hefur mótað aðra stefnu. Engu að síður lítur hún þannig á að aðstæður hafi breyst það mikið að ekki sé þörf á þessum ströngu lögum. Við skulum ekki gleyma því að ástæðan fyrir því að þessi lög voru sett á Nýja-Sjálandi er eins og segir í grein um þetta mál sem birtist í breska blaðinu Financial Times 9. okt. 1991: Það var vegna þess hve almenningur á Nýja-Sjálandi var yfirgnæfandi þeirrar skoðunar að gera þyrfti ráðstafanir til að sporna við komu skipa með kjarnorkuvopn eða kjarnorkuknúinna skipa. Almenningur er enn sá sami á Nýja-Sjálandi þótt aldur fólks sem stóð að þessu 1987 hafi kannski breyst og enn tekur ríkisstjórnin náttúrlega mið af viðhorfum almennings. Hún gerir það með þeim hætti sem fram hefur komið núna, að kanna, með því að setja á laggirnar þessa nefnd sem á að fjalla um komu kjarnorkuknúinna skipa, hvort ekki náist góð samstaða um að breyta þessari stefnu einnig. Ég ætla ekki að spá enda þekki ég ekki nægilega mikið til í stjórnmálum Nýja-Sjálands til að spá um hver niðurstaðan verður þar að þessu leyti.

Mér finnst rétt að það komi hér fram líka að kjarnorkuknúin herskip Bandaríkjaflota eru sex flugvélamóðurskip og níu beitiskip en Rússar eiga núna þrjú kjarnorkuknúin beitiskip, þá er ég að tala um herskip og beitiskip eða flugvélamóðurskip. Ég tala ekki hér um kjarnorkuknúna kafbáta enda er það miklu flóknara mál. Það er eitt af þeim atriðum sem ég ætla að víkja hér sérstaklega að en lýst er yfir í 13. gr. frv., með leyfi forseta:

„Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna landhelgi eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum." Og síðan segir áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila sem völ er á til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir."

Að mínu mati er 13. gr. lykilgrein í þessu frv. og er spurning hvernig flm. ætla sér að framfylgja henni. Hvernig er ætlunin að framfylgja þessu ef svo ólíklega vildi til að þetta yrði að lögum? Hvernig sjá menn fyr-

ir sér að unnt verði að framfylgja þessu ákvæði? Hvað á að gera? Kafbátar tilkynna yfirleitt ekki um ferðir sínar og hvernig ætla flm. að standa að því að hrinda þeim áformum sínum í framkvæmd að koma í veg fyrir að kafbátar, kjarnorkuknúnir eða með kjarnorkuvopn, komi að landinu. Ég vek athygli á því að það er ekki verið að tala um að leggja niður langdræg kjarnorkuvopn um borð í kjarnorkuknúnum kafbátum svo að þeir verða enn á sveimi í kringum Ísland eins og annars staðar í heimshöfunum. Hvernig er ætlunin að framfylgja þessu ákvæði ef svo ólíklega vill til að það verði að lögum? Á að koma hér upp einhverjum sveitum sem geta fylgst með ferðum kafbáta eða er það hugmynd hv. 4. þm. Norðurl. e. að bandaríska varnarliðið á Keflavíkurflugvelli annist þetta eftirlit og miðli upplýsingum til íslenskra stjórnvalda? Eða hvaða aðila á að treysta á til að fá þessar upplýsingar og ég tala nú ekki um til að framfylgja banninu ef menn ætla að koma í veg fyrir að skip fari um þessi svæði?

Í frv. stendur síðan að í vafatilfellum eigi að bera málið undir ríkisstjórn og Alþingi. Hvaða vafatilfelli eru þetta? Hvað getur komið upp? Er þá tími til, ef einhver vafatilfelli koma upp, t.d. ef kafbátur knúinn kjarnorku með kjarnorkuvopn um borð ætlar að fara inn fyrir 12 mílna lögsögu Íslands, að kalla saman þing? Eða á utanrmn. Alþingis að koma saman og álykta um málið og reyna að koma boðum til skipherra kafbátsins? Eða hvað er verið að tala hér um? Vafi hlýtur að vakna ef menn telja að ekki eigi að verða við þeim fyrirmælum sem á að gefa út. Að mínu mati er þessi grein vanhugsuð og ef menn vilja láta hug fylgja máli þarf að útfæra það miklu betur en gert er hvernig á að standa að slíku banni, sérstaklega að því er kafbátana varðar, og hvernig á að fylgjast með því.

Mér finnst ákaflega sérkennilegt í 16. gr. að láta þessi mál heyra undir forsrh. Eins og fram kom í upphafi máls míns kom það að vísu í hlut þáv. forsrh. Hermanns Jónassonar, að svara bréfinu frá Búlganín og leggja grunninn að þeirri stefnu sem Íslendingar hafa fylgt varðandi kjarnorkuvopn og landsvæði sitt til þessa. Það er kannski með vísan til þess sem menn telja að þessi mál eigi heima undir forsrh. En í þeim deilum sem orðið hafa síðan út af kjarnorkuvopnum á Íslandi hefur það hins vegar verið utanrrh. sem hefur borið hitann og þungann af þessum málum.

Virðulegi forseti. Þetta er kannski orðið allt of langt mál um frv. sem hér er til umræðu í þriðja sinn. En eins og ég sagði í upphafi þá hef ég hvorki haft tök á því að kynna mér fyrri umræður né haft tök á því að taka þátt í umræðum um þetta mál áður og mér finnst sjálfsagt að ræða málið ítarlega hér í þingsalnum. Hér er um mikilvægt mál að ræða eins og kemur fram þegar maður les nöfn flm. en það eru virðulegir forustumenn í stjórnmálaflokkum. Sjálfsagt er að ræða þetta mál af fullri einurð og velta fyrir sér kostum þess og göllum. Í mínum huga eru gallarnir fleiri en kostirnir. Ég tel að í stað þess að grípa til einhliða aðgerða eins og mælt er fyrir um í þessu frv. eigum við Íslendingar að tryggja öryggi okkar með alþjóðlegum samningum og innan ramma alþjóðasamstarfs. Það er sú leið sem við eigum að fara og stuðla að því að alþjóðlegir samningar takist um afvopnun á höfunum eins og annars staðar. Standa á þannig að málum að ekki sé skertur réttur þjóða til að ferðast um höfin og nota þau í þeim tilgangi sem nauðsynlegur er til þess að tryggja öryggið. Ég held að einhliða stefnumótun af því tagi sem kemur fram í lagafrv. verði ekki til að stuðla að því að við getum verið virkir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi. Þess vegna tel ég að frv. kunni raunverulega að þjóna öðrum tilgangi en þeim sem lýst er í hinni hátíðlegu 2. gr. þess.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka 1. flm. fyrir það frumkvæði að leggja frv. fram. Hér er um það að ræða að Íslendingar eigi ákveðið frumkvæði í þessum málum, setji lög sem varða kjarnorkuvopn, kjarnorkuknúin skip, eiturefnavopn og sýklavopn. Hér er verið að setja löggjöf um vopn og kjarnorku. Ég tel það afar mikilvægt að við reynum að horfa á málin í heild og minnumst þess að enn er mjög langt í land hvað þessi mál varðar þó að margt hafi gerst hér á undanförnum árum.

Við vorum minnt á það í morgun að kjarnorkan er í fullri notkun víða um Evrópu, þar á meðal í Austur-Evrópu þar sem eru illa búin kjarnorkuver. Ég vil ekki binda þetta mál eingöngu við kjarnorkuvopn og efna- og eiturvopn heldur minnast þess að það er kjarnorkan sem slík sem er vandamálið. Það er mín skoðun að algerlega eigi að banna notkun kjarnorku. Hún er öllu lífi svo hættuleg að við megum ekki leyfa notkun hennar.

Við minnumst þess líklega flest að umræðan um kjarnorkuvopn hófst af krafti upp úr 1983 þó að ýmsir sérfræðingar hafi fjallað um þessi mál frá því að fyrsta kjarnorkusprengjan var sprengd. Þetta varð ekki að almennu umræðuefni fyrr en íbúar Evrópu og Bandaríkjanna fóru að átta sig á því hve gífurlegt kapphlaup var í gangi, hve gífurlegar fjárhæðir fóru til framleiðslu kjarnavopna og hve sú þróun var hættuleg öllu lífi á jörðinni. Við höfum séð gífurlegan árangur á umliðnum árum en það breytir ekki því að við stöndum frammi fyrir mjög miklum vandamálum hvað þetta varðar.

Fregnir berast af því að hinum nýfrjálsu ríkjum Austur-Evrópu, og þá einkum þeim sem tilheyra hinum fyrrverandi Sovétríkjum, gangi illa að ná samkomulagi um hvað þau eigi að gera við vopn sem þau sitja uppi með. Ég óttast að leiðtogar Rússlands muni fylgja í fótspor Sovétríkjanna fyrrverandi og halda áfram þeirri vopna- og vígbúnaðarþróun sem þar hefur verið í gangi, svo framarlega að hún sé ekki takmörkuð af alþjóðasamningum. Það er t.d. að gerast núna að Rússar eru að flytja kjarnorkutilraunastöð sína frá Kasakstan til Novaja Semlja. Frændur okkar Norðmenn fylgjast mjög grannt með þeim málum og hafa komið á framfæri mótmælum og þetta er að mínum dómi mál sem við þurfum að fylgjast mjög vel með. Rússar eru enn þá með sínar bækistöðvar í Múrmansk

og á Kólaskaga. Það er langt í frá að þarna hafi orðið svo miklar breytingar að það tryggi okkur á einhvern hátt gegn umferð skipa með kjarnorkuvopn, umferð kjarnorkuknúinna farartækja eða kafbáta með langdrægar eldflaugar.

Af þessu dreg ég þá ályktun að löngu sé tímabært að setja lög hér á landi um þessi efni. Eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni hafa ráðherrar í gegnum árin gefið út ýmsar yfirlýsingar sem vissulega hafa verið fagnaðarefni en þær taka alls ekki af öll tvímæli. Það kann að reynast erfitt að framkvæma eftirlit í þessum efnum, sérstaklega hvað varðar kafbáta, það er alveg rétt hjá síðasta ræðumanni. En við höfum ýmis hlustunartæki og kapla sem liggja hér milli landa og það er hægt að fylgjast með ferðum kafbáta. Síðan eru til mjög nákvæmar skrár yfir kjarnorkuknúin skip og skip sem geta borið kjarnorkuvopn og það var einmitt verið að spyrja um það í vetur hve mörg slík skip hefðu komið inn í íslenska lögsögu. En vissulega þarf að koma upp ákveðnu kerfi til að fylgjast með þessu. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki hugsað sérstaklega út í þennan þátt en auðvitað þarf að gera það.

Einn kafli er í þessu frv. sem síðasti ræðumaður gerði ekki að sérstöku umræðuefni, en hann varðar eiturefna- og sýklavopn. Ég hlustaði á fyrirlestur sérfræðings síðasta sumar um þessi efni og það er svo því miður að framleiðsla bæði eiturefnavopna og sýklavopna er mjög auðveld. Það er erfitt að fylgjast með henni, það er erfitt að skilgreina hvað eru efnavopn og sýklavopn og þar af leiðandi er þetta afar erfitt vandamál við að glíma. Í gildi er bann við notkun eiturefnavopna en eins og við vitum hefur því ekki verið framfylgt. Ég á erfitt með að trúa því að einhverjir einstaklingar hér færu út í það að framleiða eiturefna- eða sýklavopn en þó veit maður aldrei. En það er ósköp einfaldlega rétt að kveða á um þetta í lögum vegna þess hve auðveld þessi vopn eru í framleiðslu.

Að mínu dómi erum við ekki aðeins að fjalla um mál sem snerta afvopnun heldur er þetta auðvitað meiri háttar náttúruverndarmál. Það hefur komið fram að við Íslendingar höfum sem betur fer verið að beita okkur mjög fyrir banni við losun eiturefna og reyna að koma í veg fyrir megun hafsins. En fréttir hafa borist af því nýlega að á undirbúningsfundum fyrir umhverfisráðstefnuna í Ríó de Janeiro, undirbúningsfundum sem nú standa yfir í New York, er tekið ákaflega dræmt undir tillögur um bann sem varðar mengun hafsins. Hverjir standa þar fremstir í flokki og vilja helst engar reglur hvað þetta varðar nema Bandaríkjamenn. Bandaríkjamenn eru mjög tregir í taumi hvað varðar þessi mál og það er einfaldlega svo að þeim er illa treystandi í þessum málum. Þó að síðasti ræðumaður beri mikið traust til þeirra, þá gildir það ekki þegar náttúruverndarmál eru annars vegar.

Að mínum dómi er hér um **mikið nauðsynjamál** að ræða. Hér kom fram sú skoðun **að þetta** mál væri að tapa gildi sínu. Ég lít svo á að hér sé ekki síst um viljayfirlýsingu að ræða. Það kom margoft fram þegar umræðan um kjarnorkuvopnalaus svæði var í hámarki að það væri gersamlega óframkvæmanlegt að fylgja því máli eftir en hér er um það að ræða að þjóðin lýsi yfir vilja sínum í þessum efnum og eigi þar ákveðið frumkvæði.

Hér hefur mikið verið rætt um Nýsjálendinga sem vöktu heimsathygli á sínum tíma þegar þeir bönnuðu komur kjarnorkuknúinna skipa og skipa sem báru kjarnorkuvopn til Nýja-Sjálands. Þeir voru heldur betur teknir í bakaríið og fengu að gjalda fyrir. Ef ég man rétt greindi almenning og stjórnvöld nokkuð á í því máli og það kostaði mikla baráttu á Nýja-Sjálandi að koma þessu í gegn. En það er komin ný stjórn á Nýja-Sjálandi og hún er mjög skyld þeirri stjórn sem hér situr og hefur m.a. gert miklar breytingar á velferðarkerfinu. Ég hef áður vitnað til greinar sem ég las í Dagens Nyheter en þar var talað um að verið væri að kippa Nýja-Sjálandi niður á þriðja heims plan með þeim aðgerðum sem þar eru á ferð. Það kemur ekki á óvart að sú stjórn skuli vilja breyta þeim lögum og reglum sem þar gilda varðandi kjarnorkuknúin skip.

Við vitum að á undanförnum árum, jafnvel eftir að stórveldin hófu sínar samningaviðræður, hefur gífurleg hernaðaruppbygging átt sér stað á norðurslóðum og hún hverfur auðvitað ekki á stundinni. Það tekur langan tíma að breyta hernaðaráætlunum og þó að mikill niðurskurður eigi sér stað bæði í Bandaríkjunum og væntanlega í Rússlandi í kjölfar þeirra efnahagsörðugleika sem þar eru, þá er samt mikið enn um ferðir skipa hér í hafinu, kafbáta m.a., sem erfitt er að fylgjast með. Málið snýst ósköp einfaldlega um að gera öðrum þjóðum það ljóst að við viljum ekki þessi skip innan okkar lögsögu þó að það kunni að reynast okkur erfitt að tryggja að slíkar reglur séu virtar.

Enn einn atburður sem undirstrikar þörf slíkrar löggjafar eru þær fréttir sem við höfum fengið af losun eiturefna í norðanvert Atlantshaf þar sem í hlut áttu Austur-Þjóðverjar. Því miður er ég hrædd um að slíkir atburðir hafi gerst oftar en í þau skipti sem þeir voru á ferð. Ég tengi þetta saman, losun eiturefna sem í því tilviki voru eiturefnavopn. Þetta er allt saman nátengt og snýst um það, eins og ég hef áður nefnt, að við lýsum yfir vilja okkar í þessum efnum og setjum lög hvað þetta varðar.

Við þurfum að horfa til lengri tíma. Okkur hættir til að vera mjög bjartsýn í þessum málum núna vegna hinna miklu breytinga sem eiga sér stað í Evrópu. Ef við horfum lengra aftur í tímann sjáum við að miklar sveiflur hafa orðið í þessum málum. Mikil hernaðar*uppbygging hefur átt sér stað en á allra síðustu árum* hefur verið samdráttur. Það sem er kannski hvað alvarlegast er að margar þjóðir eru í startholunum. Ýmsar þjóðir dreymir greinilega um að framleiða kjarnorkuvopn og komast í hóp kjarnorkuveldanna hvað sem öllum umræðum, samningum og allri vitneskju sem við höfum um afleiðingar kjarnorkuvopna líður. Það er ekki síst í því samhengi sem það mundi væntanlega vekja athygli ef við lýstum því yfir að við vildum ekkert slíkt í landi okkar. Í Rússlandi og í Sovétríkjunum fyrrverandi er mikið af sérfræðingum á þessu sviði sem menn hafa miklar áhyggjur af og óttast að verði keyptir til ýmissa ríkja þar sem verið er að spá í framleiðslu

á kjarnorkuvopnum. Þannig að það er langt í frá að við séum gulltryggð í þessum efnum. Þó nágrannar okkar, bæði í vestri og austri, séu helst á ferð um höfin í kringum landið er aldrei að vita hvenær aðrir færu að flækjast hingað. Í það minnsta hafa stórveldin siglt um öll heimsins höf og það er ekkert sem kemur í veg fyrir að aðrir geri það líka.

Ég held að ég hafi ekki mikið meira um þetta að segja, virðulegi forseti. Ég er einn af flutningsmönnum frv. en auðvitað tökum við öllum ábendingum vel sem fram kunna að koma og sérstaklega þeim er varða framkvæmd laganna, ef frv. verður samþykkt. Hér er um mjög stórt mál að ræða og kunna að vera ýmsir agnúar á að koma því í framkvæmd. Hins vegar fagna ég því að þessi umræða eigi sér stað, að við byrjum aftur og ýtum á umræðu um þessi mál því eins og ég sagði áður, ég er nú farin að endurtaka mig nokkuð, þá eigum við enn þá mjög langt í land til þess að málin komist í viðunanlegt horf. Þau svið sem við eigum helst eftir eru þau sem kveðið er á um í frv., þ.e. bann *við umferð kjarnorkuknúinna skipa og skipa sem bera* kjarnorkuvopn, bann við framleiðslu eiturefna- og sýklavopna, að herða á því banni og reyna að tryggja framkvæmd þess og síðast en ekki síst að komið verði á banni við tilraunum með kjarnorkuvopn. Þetta eru þau helstu svið sem eftir er að semja um. En ég fagna allri umræðu um þetta mál.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Aðeins örfá orð. Mér fannst kenna óþarfa tortryggni, ég vil ekki segja hræðslu, í máli hv. 3. þm. Reykv. Hér er alls ekki um neina krossferð gegn Bandaríkjunum að ræða eða verið að ráðast á hagsmuni Bandaríkjanna eða NATO sérstaklega með þessum frumvarpsflutningi. Heimurinn hefur breyst og tímar kalda stríðsins eru liðnir a.m.k. í bili, sem betur fer. Ég lít þannig á að kostir frv., ef að lögum yrði, séu miklu stærri en gallarnir. Hér er fyrst og fremst um viljayfirlýsingu að ræða, sem áréttar stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Ég vitna til ályktunar Alþingis frá 23. maí 1989 þar sem skýrt er kveðið á um að Alþingi árétti þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Þetta er skýrt markmið Alþingis og frá því hefur ekki verið horfið. Það er líka rauði þráðurinn í þessum frumvarpsflutningi. Þar sem tekið er á eiturefnavopnum er að vísu nokkuð útvíkkað og ég tel það eðlilegt og sjálfsagt að taka þau með í þetta bann.

Langmesti umhverfisháski sem við getum hugsað okkur hjá þjóðinni væri ef kjarnorkuslys yrði við strendur landsins. Ástæða er til að ala ugg í brjósti um að svo geti orðið þó við höfum blessunarlega sloppið óhappalaust fram að þessu. Þar af leiðandi er ástæða fyrir stjórnvöld á Íslandi og Alþingi að gera það sem í þess valdi stendur til þess að reyna a.m.k. að hafa afstöðuna skýra um að við viljum ekki slíka umferð á hafsvæði okkar. Mér finnst ekki óeðlilegt að þetta mál sé, eins og lagt er til í frv., á forræði forsrn. og jafnvel enn frekari ástæða nú en áður þegar þetta frv. hefur verið flutt þar sem núv. forsrh hefur ráðið sér sérstakan hermálaráðgjafa. Þá á það auðvitað hvergi betur heima heldur en í forsrn.

Það er friðvænlegt í okkar heimshluta í bili. Því miður er upplausn í Sovétríkjunum gömlu og við vitum ekkert hvernig hún endar eða til hvers hún kann að leiða. Víða um heim stendur hernaðarhyggja enn þá föstum fótum. Mér finnst eðlilegt að Alþingi láti þetta mál til sín taka. Ég biðst ekki undan því sem nefndarmaður í utanrmn. að fjalla um málið í þeirri nefnd og þar fær hv. 3. þm. Reykv. líka tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sannfærast um að um skynsamlegt mál er að ræða. Ég vonast til þess að utanrmn. afgreiði málið á þessu þingi. Sem einn af flutningsmönnunum er ég alls ekki lokaður fyrir hugsanlegum breytingum á frv. og ég tel sjálfsagt að skoða þær. En ég legg til að utanrmn. leggi á sig þá vinnu sem því fylgir að athuga málið gaumgæfilega og vonast til þess að það nái afgreiðslu.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra ummæla sem fram komu í ræðu hv. síðasta ræðumanns vek ég athygli á því að það er svolítið vandasamt að fjalla um þetta mál sem frv. til laga og heyra síðan flutningsmennina tala um það sem viljayfirlýsingu. Viljayfirlýsingu setja menn ekki fram í frv. til laga. Ef menn vilja lýsa vilja sínum með einhverjum hætti hafa þeir mörg önnur úrræði til þess á hinu háa Alþingi en flytja frv. til laga. Og það er einmitt það sem er aðalbrotalömin svo að ég víki nú og haldi mér eins og ég taldi mig gera í ræðu minni um þetta frv. að brotalöm málsins er sú að í 2. gr. frv. er verið með hátíðlegar yfirlýsingar en þegar kemur í 13. gr. frv. er farið að tala um aðgerðir sem sérhvert sjálfstætt land mundi í raun og veru telja að hefðu í för með sér að hér yrði stofnaður herafli til þess að framfylgja þeim. Og ég get ekki tekið það þannig að það sé viljayfirlýsing um að koma á fót íslenskum herafla til þess að framfylgja 13. gr. Á að skilja það svo ef þetta er viljayfirlýsing? Frv. til laga snýst um ákveðið atriði og verið er að lýsa því yfir hvað eigi að gera og síðan hvernig eigi að framfylgja því. Ef það á að gera með þeim hætti sem þarna kemur fram og ef það á að skilja það svo að þetta sé aðeins viljayfirlýsing, um hvað þá, þegar litið er á 13. gr.?

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera nokkuð til í því hjá hv. 3. þm. Reykv. að viljayfirlýsing sé ekki heppilegt orð um það sem fyrir okkur vakir. Það er kannski nokkuð teygjanlegt. Við setjum lög um bann við einu eða öðru. Við getum sett lög um bann við glæpum en getum þó ekki að fullu tryggt að glæpir verði ekki framdir. Líta má á það sem vilja löggjafans að stuðla að því eða setja bann við illvirkjum af þessu tagi. Ég tel að þó að við getum ekki tryggt að gæsla laganna verði með þeim hætti að brot verði aldrei framin komi það ekki í veg fyrir að rétt sé að setja lög.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að með því að setja lög gegn glæpum eru glæpir ekki útilokaðir. En við höfum lögreglu til þess að framfylgja þeim lögum. Ef við ætlum að framfylgja þeim lögum sem hér um ræðir og snerta hernaðarleg málefni koma ríki á fót herafla til þess að framfylgja slíkum lögum. Það er alveg ljóst að úrræðin eru til. Þess vegna segi ég: Ef þetta er viljayfirlýsing um að ná þessum markmiðum og ef hv. síðasti ræðumaður ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur með því að vísa annars vegar til afbrota sem eru túlkuð sem glæpir í lögum og lögregluliðsins sem við setjum á laggirnar til þess að koma í veg fyrir glæpina, á hann líka að viðurkenna að til þess að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í frv., sérstaklega í 13. gr., hlýtur hann að vilja að komið verði á fót herafla til þess að framfylgja þessum ákvæðum.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að taka af öll tvímæli þá erum við ekki að leggja til að hér verði komið upp her.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram um frv. og það frumkvæði að umræðunni sem tekið er með því að leggja frv. fram á Alþingi. Auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að viðurkenna, eins og reyndar er gert í greinargerð með frv., að það hefur kannski vegið þyngra þegar það var lagt fram í fyrsta sinni á 109. löggjafarþinginu, enda pólitískar aðstæður í veröldinni öðruvísi þá. Án þess að ég hafi skoðað það sérstaklega segir mér svo hugur að þá hafi verið snarpari umræður á Alþingi um þetta mál en eru núna og það sýnir kannski svolítið hvernig hlutirnir hafa blessunarlega breyst á undanförnum árum og að í þessum heimshluta er heldur friðvænlegar um að horfa en var.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að stórveldi heimsins, þá er ég að tala um flotaveldi heimsins, hafa litið á höfin eins og einskis manns land þar sem þau gætu farið fram að eigin vild og notað höfin eins og leiksvæði fyrir sjálf sig. Auðvitað eru höfin ekki einskis manns land. Þau eru sameign jarðarbúa allra og það er mjög mikilvægt að varðveita þessa sameign og passa upp á að henni verði ekki spillt.

Mín skoðun er sú, svo ég víki aðeins frá meginefni frv. og þó er það mjög tengt efni þess, að friðlýsing hafsins og ekki síst hafsvæðisins í Norður-Atlantshafi sé eitt stærsta öryggismál Íslendinga núna og mjög mikilvægt að á Alþingi og af íslenskum stjórnvöldum verði unnið að því með öllum tiltækum ráðum að ná því fram. Þetta er ekki bara spurningin um umhverfi. Þetta er öryggismál Íslendinga og eitt hið stærsta.

Við vitum að í höfunum allt í kring sigla skip og kafbátar sem eru í raun og veru eins og fljótandi kjarnorkuver. Þessi fljótandi kjarnorkuver lúta litlu sem engu alþjóðlegu eftirliti og að því leytinu til erum við miklu verr sett með þau en hin slæmu kjarnorkuver sem eru víða á landi eins og í Sovétríkjunum og okkur berast núna skelfilegar fregnir af. Því er mikilvægt að við Íslendingar víkkum út núgildandi stefnu í þessum málum. Ég hef reyndar talað fyrir því áður á Alþingi að utanrmn. taki til endurskoðunar þá stefnumörkun sem fram fór á Alþingi 1985 og bæti inn í hana einhverju varðandi umferð kjarnorkuknúinna skipa í nágrenni Íslands. Rétt er að taka það fram að þrátt fyrir að einhliða afvopnun hafi átt sér stað á undanförnum missirum og hún eigi nú mjög upp á pallborðið hjá stærstu herveldunum, Bandaríkjamönnum og Rússum, er ekkert lát á kjarnorkuvæðingu skipa, ef við getum talað sem svo. Þess vegna er þetta enn brýnna en ella.

Hv. 3. þm. Reykv. rakti nokkuð yfirlit þessara mála hér og er sjálfsagt að þakka fyrir það þó að sínum augum líti hver á silfrið eins og þar stendur og söguskoðun manna er kannski nokkuð mismunandi. Hann rakti það m.a. að stefnan varðandi kjarnorkuvopn hefði verið mörkuð á Íslandi á árunum 1956–1958 og þá hefðu menn komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að hér á landi skyldu ekki staðsett kjarnorkuvopn. (**BBj:** Nema með samþykki íslenskra stjórnvalda.) Nema með samþykki íslenskra stjórnvalda, auðvitað. Sú stefna hefði verið virt af Bandaríkjamönnum og þeim kjarnorkuveldum sem við höfum haft mest samskipti við. Auðvitað er og hefur alla tíð verið mismunandi túlkun á því hvað við væri átt með staðsetningu kjarnavopna á Íslandi. Margir töldu að það tæki til landsvæðisins, til hafsins þ.e. til hafna og til landhelginnar innan 12 mílna og um lofthelgina yfir landinu. Aðrir hafa litið svo á að þetta ætti einungis við um landsvæði.

Árið 1985 tók þáv. utanrrh. Geir Hallgrímsson af öll tvímæli í þessum efnum þegar hann lýsti því yfir á Alþingi að stefnan næði til komu erlendra herskipa í íslenskar hafnir. Það var, held ég, tvímælalaust ákveðin stefnubreyting sem þar átti sér stað. Menn hafa ekki viljað viðurkenna það og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að sjálfstæðismenn hafa litið svo á að þarna væri einungis um ítrekun á fyrri stefnu að ræða en ekki stefnubreytingu. Ég held að óhætt sé að fullyrða að þarna hafi verið um stefnubreytingu að ræða því að gögn sýna, maður getur ekki sagt með óyggjandi hætti en það eru mjög sterkar vísbendingar í þá átt, að fram til þess tíma hafi skip með kjarnavopn innan borðs komið til hafna á Íslandi. Það hafi hins vegar ekki gerst eftir að þessi yfirlýsing var gefin á Alþingi og stefnan mörkuð í yfirlýsingu Alþingis. Þarna hafi sem sagt átt sér stað ákveðin stefnubreyting.

Það er auðvitað góðra gjalda vert ef Bandaríkjamenn og önnur kjarnorkuveldi sem hingað hafa komið hafa þá virt þessa stefnu en fyrir því er auðvitað engin trygging. Fyrir því hefur aldrei verið trygging og er engin trygging á meðan sú stefna er við lýði að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í skipum. Sem dæmi má nefna að þegar umræðan fór fram á Alþingi um að lýsa Norðurlöndin kjarnorkuvopnalaus þá sögðu menn hér og m.a. núv. hæstv. utanrrh. að það væri alveg óþarfi því að þau væru í reynd kjarnorkuvopnalaus. Síðan hefur verið sýnt fram á það

að tugur og ég held jafnvel að það nái yfir hundrað herskip hafa komið í norrænar hafnir með kjarnavopn innan borðs. Þetta er nú kjarnorkuvopnalausu Norðurlöndin sem svo hafa verið kölluð hér af núv. utanrrh. Það er auðvitað ekki rétt. Ég gat um þá stefnu Bandaríkjamanna að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í skipum sínum. Ég held að einmitt þetta frv. sem við erum að tala um hér skipti máli í því sambandi. Þetta frv. er ögrun við þá stefnu sem kölluð hefur verið „nic nod" stefnan, þ.e. játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í skipum. Það var auðvitað það sem gerðist á Nýja-Sjálandi þegar þeir samþykktu sitt frv. og uppnám varð í samskiptum þeirra og Bandaríkjanna eins og 3. þm. Reykv. benti á rétt áðan. Ástæðan var sú að þeir ögruðu og þeir ógnuðu stefnunni um að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í herskipum.

Sú stefna hefur hins vegar lítið sem ekkert hernaðarlegt gildi og hefur sjálfsagt aldrei haft. Þessi stefna hafði fyrst og fremst pólitískt gildi þegar hún var samþykkt vegna þess að hún auðveldaði Bandaríkjamönnum að staðsetja kjarnorkuvopn í Evrópu. Stjórnvöld gátu vísað í það að hvorki væri hægt að játa né neita að þessi vopn væru á þeirra landi. Þannig hafði stefnan fyrst og fremst pólitískt gildi. Hún hefur eins og ég sagði lítið sem ekkert hernaðarlegt gildi og hefur aldrei haft. Menn vilja ekki viðurkenna núna að hún hafi líka glatað sínu pólitíska gildi og hafa ekki numið hana formlega séð úr gildi ef ég veit rétt.

Það er auðvitað rétt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að mikil breyting hefur orðið og varð eftir að Bush ákvað einhliða að taka öll skammdræg kjarnavopn úr bandarískum herskipum og að það ættu ekki að vera nein kjarnavopn á höfunum á friðartímum og ekki reyndar heldur langdræg og Tomahawk-stýriflaugarnar ættu að geymast í Bandaríkjunum á friðartímum. En við þekkjum það úr Íslandssögunni að það er afstætt hvað teljast friðartímar og það er auðvitað bara undir Bandaríkjamönnum einum komið hvenær þeir setja þessar Tomahawk-stýriflaugar um borð í skip og sigla með þær um heimshöfin. Á meðan svo er þá held ég að mál þetta og umræða um kjarnorkuvopnalaust Ísland og Norðurlönd hafi ekki glatað gildi sínu.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins árétta það sem ég lét koma fram í ræðu minni að stefnan um að játa hvorki né neita fellur um sjálfa sig eftir að kjarnorkuvopnin sem þarna er um að ræða eru úr sögunni. Það vita allir um kjarnorkuvopn um borð í langdrægu kjarnorkukafbátunum. Spurningin var hvort þau væru um borð í herskipunum en nú er búið að ákveða að þau verði fjarlægð. Eins og ég leitaðist við að skýra í ræðu minni er þess vænst að yfirlýsingin frá í september komi til framkvæmda jafnvel nú í mars og að þau verði þá úr sögunni um borð í skipum og stýriflaugarnar verði geymdar í Bandaríkjunum. Ég held því að það sé almennt álitið að þessi stefna heyri sögunni til.

Ég er mjög undrandi að heyra hv. 10. þm. Reykv., sem hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega, tala eins og gildi hennar sé óbreytt miðað við hinar gjörbreyttu aðstæður sem orðið hafa eftir að yfirlýsingin 27. sept. var gefin.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er misskilningur eða misheyrn hjá hv. 3. þm. Reykv. að ég hafi talið að stefnan um að játa hvorki né neita kjarnorkuvopnum hefði nákvæmlega sama gildi í dag og hún hafði á sínum tíma. Auðvitað dregur úr gildi hennar þegar einhliða er dregið úr kjarnorkuvopnum um borð í herskipum. Það segir sig sjálft. Hins vegar eru Tomahawk-stýriflaugar enn þá framleiddar og þó þær séu staðsettar í Bandaríkjunum á hinum svokölluðu friðartímum þá geta menn sett þær um borð þegar þeim svo sýnist og hentar. Þar kemur stefnan aftur væntanlega til álita, þ.e. stefnan um að játa hvorki né neita ef og þegar þær verða settar um borð í viðkomandi skip.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið um málið og eftir atvikum þær undirtektir sem það hefur fengið. Ég fagna því að þó að menn kunni að greina eitthvað á um efni þess eða mikilvægi þess að standa að slíkri lagasetningu við núverandi aðstæður þá eru allir sem hér hafa talað, leyfi ég mér að segja, sammála um að það sé sjálfsagt að þetta mál komi til skoðunar og fái viðhlítandi umfjöllun í nefnd.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði fyrstur og kom með allmargar spurningar og athugasemdir við frv. Ég ætla að reyna að svara því sem til míns friðar heyrir í því eins og ég tel það vera.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. hvað hefði valdið því að frv. hefði ekki náð fram að ganga í fyrri skipti. Ég kann ekki einfalt svar við því frekar en oft endranær þegar mál eru til umfjöllunar þing eftir þing. Það getur helgast af ýmsu. Annars vegar getur ráðist af efni þeirra að ekki sé um þau full samstaða og menn telji að þau þurfi frekari skoðunar við. En oft er það líka tímaleysi eða mál daga uppi í önnum á þingi sérstaklega þegar þau eru ekki flutt af ríkisstjórnum og ekki þannig þrýstingur á bak við afgreiðslu þeirra.

Hér er að sjálfsögðu nokkuð viðamikið mál á ferð og nýstárlegt. Í raun og veru væri algerlega brotið blað í sögu þessara mála í landinu ef og þegar lagasetning af þessu tagi kæmi til og leggst þar sjálfsagt margt á eitt.

Ég vil líka leyfa mér að trúa því að nú séu hagstæðari aðstæður til afgreiðslu málsins en áður voru og þíða í alþjóðamálum leggist með málinu og ættu að breyttu breytanda að auðvelda afgreiðslu þess hér.

Þegar þetta mál leit fyrst dagsins ljós á 109. löggjafarþingi veturinn 1986–1987 blés ekki jafnbyrlega hvað t.d. samskipti stórveldanna snerti.

Síðan fór hv. 3. þm. Reykv. nokkuð yfir söguna í þessum efnum og rakti sig allt aftur til ríkisstjórnartíma Hermanns Jónassonar og þess svars sem þá var gefið og mun vera fyrsta opinbera afstaðan sem ís-

lensk stjórnvöld tóku til veru kjarnavopna í landinu.

Hitt er svo ljóst eins og fleiri ræðumenn bentu á að sú stefna var í sjálfu sér ekki mjög föst í sessi formlega séð öðruvísi en sem munnleg svör eða munnlegar yfirlýsingar og í þessu tilviki kannski bréfleg. Þannig var það til að mynda með þau tíðindi sem urðu um þessi mál á Alþingi árið 1985, að mig minnir, í orðaskiptum þess sem hér talar og hæstv. þáv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar, að þar var um munnleg svör við fyrirspurn á Alþingi að ræða þó ljóst sé að þá urðu mikil tíðindi í svörum og þau hafi verið vendipunktur umræðnanna um þessi mál frá því að þau voru gefin. Enda vöktu þau orðaskipti umtalsverða athygli utan landsteina Íslands á sínum tíma.

Þá var í raun og veru í fyrsta sinn aukið við skilning manna á því hvað fælist í hinni yfirlýstu, þó ekki mjög formbundnu stefnu íslenskra stjórnvalda að hér skyldu ekki vera kjarnorkuvopn. Við hana var aukið með þeim skilningi og þeirri túlkun hæstv. þáv. utanrrh. að það skyldi jafnframt taka til komu herskipa til landsins og íslenskra hafna.

Segja má að í ályktun Alþingis frá vordögum 1989 sem hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði í áðan sé enn á ný ákveðinn vendipunktur í umræðum um málið þegar Alþingi í sérstakri ályktun eins og þar er sagt; áréttar þá stefnu íslenskra stjórnvalda að hér skuli ekki vera ...(Gripið fram í.) Það skolast til í minninu hvenær hvað var afgreitt í þessum efnum, en alla vega er afgreidd samhljóða ályktun á Alþingi um þetta efni. Hafi annað komið fram í máli mínu þá leiðréttist það hér með að frumvarp Davids Lange varð að lögum á þinginu í Wellington á árinu 1987, eins og kemur reyndar fram í greinargerð með frv., ef það er lesið.

Ég vík nú að nokkrum efnislegum athugasemdum hv. 3. þm. Reykv. Hann taldi í fyrsta lagi að heiti frv., „Um friðlýsingu Íslands" væri röng orðanotkun og að helst ættu engir aðrir en náttúruverndaraðilar að nýta sér slíkt orð. Ég er ekki alveg sammála þessu. Ég minni á að almenn málvenja í umræðum um slík efni hefur lengi verið sú að fjalla um friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum. Það er alþekkt í umræðum um þessi mál frá undanförnum árum og jafnvel áratugum. Ég held að færa megi ýmis rök fyrir því. Þetta er hins vegar ekki stórmál í mínum huga og má að sjálfsögðu ræða það hvað eðlilegast væri að þetta héti, ef það er mönnum þyrnir í augum að nota þetta orðalag.

Í öðru lagi vék hv. 3. þm. Reykv. að markmiðsgrein laganna, 2. gr. og taldi að þar væri um allvíðtæk og hástemmd markmið að ræða sem erfitt væri að sjá að næðu öll fram að ganga. Ég verð þó að taka það fram, og það hafa fleiri ræðumenn gert, að ég held að nokkur misskilningur felist í því að þrengja efni frv. meira og minna niður í það að aðalinntak þess lúti að komu herskipa og kjarnorkuknúinna skipa til landsins. Frv. er einmitt þannig úr garði gert að í því felst í rauninni mjög víðtæk friðlýsingaraðgerð á þessu sviði af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það tekur jafnt til vopna, kjarnorkuvopna, eiturefna- og lífefnavopna, til umferðar kjarnorkuknúinna skipa, losunar úrgangs og hvers kyns starfsemi annarrar sem einstaklingar eða ríki gætu haft með höndum og stofnuðu friðlýsingunni í hættu. Það er því nokkur misskilningur held ég að áhrif frv. yrðu fyrst og fremst þessi. Ég nefni enn fremur náttúruverndarhlið málsins sem í mínum huga er mjög stór og vigtar þungt.

Í þriðja lagi leiddi hv. 3. þm. Reykv. nokkrar líkur að því að í reynd væru ákvæði af þessu tagi, sérstaklega hvað varðar komu herskipa, orðin óþörf og kæmi þar fyrst og fremst til yfirlýsing Bush Bandaríkjaforseta frá 27. sept. sl. Í framsöguræðu minni gerði ég allmikla grein fyrir þeirri yfirlýsingu og átti þess vegna ekki von á að það mundi á nokkurn hátt misskiljast því ég geri mér mætavel grein fyrir mikilvægi þeirrar yfirlýsingar og taldi reyndar upp helstu afvopnunaraðgerðir sem þar voru einhliða boðaðar. Þær fela í sér, eins og hv. 3. þm. Reykv. nefndi réttilega, að verulegur hluti allra þeirra kjarnorkuvopna sem hafa verið um borð í skipum eða á sjó, að slepptum kjarnorkuvopnum í kafbátum, sem og sprengjur sem hafa verið til taks jafnvel í viðbragðsstöðu um borð í flugvélum eða í flugstöðvum er allt meira og minna dregið til baka og eru það umtalsverð tímamót.

Af óbreyttum tilgangi frv. stendur margt eftir sem mér fannst hv. 3. þm. Reykv. horfa fram hjá þegar hann var að færa rök fyrir því að þessi lagasetning væri meira og minna orðin óþörf vegna breyttra aðstæðna. Frv. er miklu víðtækara eins og ég sagði áður og vísa ég þá til ákvæða sem lúta að umferð kjarnorkuknúinna skipa, eiturefnavopna, umhverfisþáttar málsins o.s.frv. Ég nefni og að lagasetning sem þessi getur haft gildi til lengri tíma litið með vísan til þeirrar óvissu sem getur verið uppi í slíkum málum. Því miður getum við ekki gefið okkur að þær friðvænlegu aðstæður sem nú hafa skapast og menn gleðjast yfir séu sjálfgefnar til frambúðar. Vissulega vonum við það öll og bindum væntanlega ríkar vonir við að svo verði. Það breytir ekki því að það getur verið fullkomin ástæða til þess fyrir einstök ríki að taka fram hvaða stefnu þau vilji viðhafa í þessum efnum um aldur og ævi ef svo vill verkast. Kjarnorkutæknin er því miður komin til að vera með mannkyninu nema meiri háttar tíðindi verði í upplýsinga- og menntunarstigi mannkyns og sífellt auðveldara er að koma sér upp slíkum vopnabúnaði. Menn hafa af því áhyggjur eins og komið hefur fram í umræðunni hversu margir menntaðir menn á þessu sviði eru nú í atvinnuleit eða á faraldsfæti. Því miður gæti athygli manna á næstu árum snúist æ meir að þeirri ógn sem mönnum gæti stafað af ýmsum svæðisbundnum átökum, upplausn sem skapast á einstökum svæðum, hugsanlegri hryðjuverkastarfsemi eða öðru slíku sem tengst gæti þessum öflugu vopnum.

Hv. 3. þm. Reykv. nefndi einnig, sem ég hafði ætlað að gera í svari mínu sömuleiðis, að það eru fleiri kjarnorkuþjóðir en Bandaríkjamenn þó þeir hafi mikla þýðingu í þessum efnum. Því miður eru Frakkar svarti sauðurinn í þessari fjölskyldu, ef svo má að orði komast. Þeir hafa lengi verið við sama heygarðshornið og hafa ekki mikið sýnt á spil sín enn sem komið er. Í raun og veru hafa þeir sáralítið gefið upp af áformum

um að fylgja í kjölfar annarra þjóða varðandi jákvæðari og mildari stefnu í kjarnorkuvígbúnaðarmálum. Bretar hafa tekið þar nokkur skref en Frakkar lítið sýnt á spilin.

Handan við hornið eru því miður allmargar þjóðir sem ýmist er talið að komnar séu með kjarnorkuvopn eða gætu komið þeim upp á næstu árum. Vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim.

Í fjórða lagi varðandi kjarnorkuknúin skip þá vísaði hv. 3. þm. Reykv. nokkuð í það sem er að gerast á Nýja-Sjálandi núna. Þar væru menn komnir með það mál í nefnd hvort ekki væri hægt að finna leið til að leyfa eftir atvikum heimsóknir slíkra skipa í nýsjálenskar hafnir þó þannig að ákveðnar reglur væru í gildi. Þá er best að upplýsa og kannski hryggja hv. 3. þm. Reykv. með því að þó að sá sem hér stendur og lagði á sínum tíma mikla vinnu í samningu frv., fylgdist allnáið með hræringum þessara mála m.a. á Nýja-Sjálandi, aflaði mikilla gagna þaðan, snaraði þeim á íslensku og hvað eina, var í góðum samböndum við það ágæta land, sem reynar var föðurland hans í eitt ár, þá hefur ekki unnist tími til að fylgjast jafnnáið með þróun mála síðan. Ég hef ekki verið í nýlegu sambandi við aðila þar þannig að að nokkru leyti er hv. 3. þm. Reykv. sjálfsagt mér fróðari um það sem þar hefur verið að gerast. Ég hef þó fylgst með þeim áherslubreytingum sem urðu við stjórnarskipti á Nýja-Sjálandi þegar verkamannaflokksríkisstjórnir sem þar höfðu setið undir nokkrum forsætisráðherrum, þeir hafa nú ekki allir verið lengi í embætti, fóru frá völdum og við tóku hægri menn sem hafa nokkuð haft aðrar áherslur í þessum efnum. Það er þó nokkuð til marks um hinn víðtæka stuðning við kjarnorkufriðlýsinguna á Nýja-Sjálandi að þrátt fyrir stjórnarskipti og hægri stjórn hafi tekið við af vinstri stjórn hefur hún ekki lagt í að hrófla við lögunum frá 1987 og það má hv. 3. þm. Reykv. vera til umhugsunar. Hins vegar eru málin að nokkru leyti flóknari fyrir Nýsjálendinga vegna þess að á sínum tíma neyddust þeir til þess, eins og ég vitnaði lítillega í, að leyfa ákveðna umferð vegna umferðar skipa um sund á innsævi þeirra sem hefur frá upphafi skapað þeim vissa erfiðleika við að framfylgja lögunum og sem ekki eru fyrir hendi hjá okkur. Þeir sáu sér t.d. ekki fært að loka siglingaleiðinni milli Norðureyjar og Suðureyjar að öllu leyti fyrir kjarnorkuknúnum skipum þar sem litið er svo á að friðsamleg umferð sé þar á alþjóðlegri siglingaleið. Í því sambandi erum við Íslendingar betur settir því að í okkar tilviki er ekki ástæða til að vera með undanþágur gagnvart innsævi sökum þess að engin alþjóðleg siglingaleið er nauðbeygð til þess að fara um okkar innsævi til þess að komast leiðar sinnar.

Síðan vék hv. 3. þm. Reykv. að 13. gr. Reyndar urðu nokkrar umræður um hana og hvernig ætlunin væri að framfylgja þeim ákvæðum sem þar eru á ferðinni. Mér fannst nú og vona ég að ég geri hv. 3. þm. Reykv. ekki óvirðingu með því að segja að mér fannst málflutningur hans jaðra við þrætubókarlist í því tilviki og reyndar nokkrum fleirum þar sem hann væri meira að finna agnúa á málinu af íþrótt en að það væri mjög stórvægilegt sem þar væri á ferð. Þegar menn eru að finna málum eitthvað til foráttu er þetta mjög algeng viðbára. Þá er bent á að það séu ýmsir tæknilegir eða praktískir annmarkar við að framkvæma þau. Svo er mjög oft um lagasetningu og menn hafa löngu lært það, hv. 3. þm. Reykv., að bogna ekki undan slíkum erfiðleikum, t.d. þegar menn eru að innheimta skatta. Alþekkt er og vitað að menn eru oft að setja lög um skattheimtu sem þeir vita fyrir fram að getur ekki gengið í öllum tilvikum og nokkrir annmarkar eru á að framkvæma. En menn gefast ekki upp heldur hugsa um að jákvæðu áhrifin á afgreiðslu málanna séu fleiri en þeir hugsanlegu vankantar og annmarkar sem á þeim kunni að vera.

Ég held að mjög margar ástæður séu fyrir því að það geti verið fullkomlega eðlilegt og réttlætanlegt að setja slík ákvæði þó svo hægt sé að benda á jafnaugljósan hlut og þann að við Íslendingar höfum ekki hervald til þess að þvinga stórveldi til að láta þar að vilja okkar. En guð minn góður, er það ekki svo að í fjölmörgum tilvikum þar sem smáþjóðin Ísland eða aðrar hliðstæðar eiga í hlut verða menn að búa við þær aðstæður að þeir hafa ekki efnislegt bolmagn til þess að þvinga fram vilja sinn í samskiptum við aðra og fara þá aðrar leiðir. Eins og segir í frv., leita menn þá alþjóðlegrar viðurkenningar á rétti sínum, þá afla menn afstöðu sinni viðurkenningar og reyna með samningum að ná slíku fram. Jafnframt er það rétt sem bent hefur verið á að slík lagasetning, stefnumörkun, getur haft margvíslegt, táknrænt siðferðilegt gildi. Hún getur haft mikið gildi inn á við og hún getur haft mikið gildi út á við. Varðandi málflutning hv. 13. þm. Reykv. vil ég taka eitt lítið dæmi um það hversu þunnur ísinn er ef menn fara út á hann. Hefðu menn lagt í að færa út íslensku landhelgina á sínum tíma ef þeir hefðu stjórnast af þessum þankagangi, hv. 3. þm. Reykv.? Svarið er nei. Það lá í augum uppi að Íslendingar höfðu ekkert bolmagn, engan her á sínum snærum, til þess að þvinga fram viðurkenningu stórveldanna í kringum okkur á 12, 50 og 200 mílna landhelgi okkar. Við gerum það samt vitandi að fyrst um sinn yrðu íslensku lögin brotin og ásetningur okkar í þessum efnum ekki virtur. En við treystum því að við mundum hafa sigur að lokum með öðrum aðferðum en hervaldinu. Við treystum því að við mundum afla málstað okkar alþjóðlegrar viðurkenningar og afla okkur fylgis með stjórnmálalegum aðgerðum af ýmsum toga þangað til við hefðum betur og sú varð reyndin. Þannig sýnir sagan okkur að smáþjóðirnar geta ýmislegt í þessum efnum og möguleikar þeirra liggja að sjálfsögðu ekki í gegnum hervaldið og ekki í gegnum það að stofna eftirlitssveitir og heldur ekki, hv. þm., í gegnum það að semja við bandaríska herinn um að hafa eftirlit með friðlýsingunni og þar með sjálfum sér. Það mundum við væntanlega ekki gera, en mundum leita slíkra leiða.

Varðandi annað praktískt atriði sem tengist gildi þess að lýsa slíku yfir og setja um það lög, vil ég taka eitt lítið dæmi fyrir hv. þm. Mér er vel ljóst að það er miklum vandkvæðum bundið að hindra t.d. að kafbát-

ar neðan sjávar slæðist inn fyrir 12 mílna landhelgi Íslands þó svo að við lýstum þessari friðhelgi yfir. Það er auðvitað öllum ljóst. Ég gæti farið í smáútúrsnúningaleið og sagt sem svo: Var það ekki afstaða stjórnvalda að treysta á að stefna Íslendinga um að hér yrðu ekki kjarnorkuvopn yrði virt? Menn töldu boðlegt þá að treysta því að afstaða okkar yrði virt, sem kannski var og kannski ekki. Það er önnur saga. En ég bendi á þá stöðu sem gæti komið upp ef og þegar Íslendingar setja slík lög sem vonandi verður fljótlega eða önnur hliðstæð þar sem við lýsum yfir friðhelgi innan 12 mílna lögsögu okkar. Við höfum fulla þjóðréttarlega stöðu til að gera það og slíkar ráðstafanir getum við óumdeilt gert innan 12 mílna landhelgi okkar, á innsævi og í lofthelginni þar upp af.

Setjum nú svo að árekstur verði milli kjarnorkuknúins kafbáts og íslensks togara undan Austfjörðum, 8–9 mílur undan landi. Hefur það ekki gildi þó þessi kafbátur hafi brotið lög og sé sekur gagnvart lögum sem Íslendingar hafa haft fullkomna þjóðréttarlega stöðu til að setja innan okkar lögsögu? Svarið er jú. Það hefur mjög mikið gildi. Segjum sem svo að kafbáturinn laskist og þurfi á aðstoð að halda og að þarna verði einhver uppákoma sem við auðvitað vonum að verði aldrei, en ég tek sem dæmi til þess að skýra hvaða áhrif það geti haft séu slík lög í gildi. Enginn vafi er á því hversu mikið sterkari réttarstaða okkar er í slíkum tilvikum.

Ég gæti svo sem, hæstv. forseti, haft mörg fleiri orð um þetta en ætla tímans vegna ekki að gera það þar sem nokkuð líður á kvöldið. Ég ítreka bara að auðvelt er að rökstyðja það í lengra máli og með margvíslegum hætti að slík lagasetning þjónar margvíslegum tilgangi og hún er mun víðtækari en þau atriði sem lúta að komu herskipa og hv. 3. þm. Reykv. ræddi aðallega um í ræðu sinni. Ég tek það fram að slík ákvæði eru að mínu mati þess eðlis og svo mikilvæg að ástæða væri til þess að taka þau upp í stjórnarskrá landsins upp að vissu marki. Ég tel að viss grundvallaratriði sem tengjast viðhorfum þjóða til öryggismála í þessu samhengi eigi fullan rétt inn í stjórnarskrár viðkomandi ríkja. Undirstöðuatriði í utanríkisstefnu okkar í sambandi við afstöðu til friðar- og afvopnunarmála, að aldrei verði leyfð kjarnorkuvopn hér á landi og hvernig með þá hluti er farið, ættu fullan rétt á sér í stjórnarskrá lýðveldisins og öðlast þar með þann sess sem því fylgir.

Ég held að ég hafi þar með svarað því sem fram kom í orðaskiptum hv. 3. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. v. og tek undir það sem kom fram í máli hins síðarnefnda að ég bind vonir við að málið fái þá skoðun og afgreiðslu í hv. utanrmn. sem hann lýsti sig reiðubúinn að stuðla að. Þarna eru fjölmörg ákvæði sem er fullkomlega eðlilegt að menn skoði og ræði hvort betur fari á að hafa með öðrum hætti. Mér dettur síst af öllu í hug að halda því fram að hér sé fullkomið smíðisverk á ferð, þar á meðal t.d. hlutur eins og forræði þessara mála. Mér finnst sjálfsagt að hv. utanrmn. skoði það hvort þetta sé heppilegasta fyrirkomulagið eða eitthvað annað. Mér er að sjálfsögðu ekki fast í hendi að þetta sé allt saman óbreytt, þvert á móti. Væntanlega væri mér fyrst og fremst sú útgáfa mest að skapi, sem víðtækust samstaða gæti skapast um.

Ég tek undir það með hv. 10. þm. Reykv. að sá hluti málsins sem lýtur að stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart hafinu, auðlindum þess og stöðu hafsvæðanna í alþjóðlegu samhengi afvopnunar- og friðarumræðu er hvað mikilvægastur. Satt best að segja fæ ég ekki komið öðru heim og saman en því að þeir sem í reynd styðja þá stjórnarstefnu sem hér er sögð vera að við Íslendingar séum á alþjóðavettvangi fyrst og fremst boðberar þess að afvopnunin þurfi líka að taka til hafsvæðanna, annað en að þeir séu þá jafnframt fúsir til þess að skoða með hvaða hætti við getum fest slíkt í sessi, sýnt það í okkar eigin löggjöf að okkur sé alvara. Því það er nú gjarnan svo að menn taka fyrst til í garðinum heima hjá sér áður en þeir fara að hafa miklar áhyggjur af því hvernig umhorfs er hjá öðrum. Ég held að aðgerð af þessu tagi af hálfu íslenskra stjórnvalda sem hluti af málafylgju okkar á alþjóðavettvangi væri mjög tímabært og rétt skref.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri en endurtek þakkir mínar fyrir þær umræður sem hafa orðið. Ég bind góðar vonir við að málið fái alvarlega umfjöllun í hv. utanrmn. og tilraun verði gerð til þess að ná samstöðu um afgreiðslu þess á þessu þingi.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða nema eitt atriði úr ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er þessi margfræga 13. gr. í frv. og spurningin um eftirlitið. Hann vék að því að Íslendingar hefðu fært út landhelgina og gert það í þeirri trú og þeirri vissu að okkur mundi takast að ná þeim árangri sem að var stefnt. En hann sleppti því sem er mjög mikilvægt þegar við ræðum 13. gr. að í öllum tilvikum voru gerðar ráðstafanir til að efla Landhelgisgæsluna. Í nýlegu blaði sem Gæslan hefur dreift til þingmanna kemur fram að 32 ár eru frá því að varðskipið Óðinn kom til sögunnar. Það var í 12 mílna deilunni. Áður en útfærslan í 200 mílur var 1975 voru gefin út bráðabirgðalög um kaup á flugvél og skipum til þess að framfylgja þessari ákvörðun þannig að það er með öllu rangt hjá hv. ræðumanni að gefa til kynna að Íslendingar hafi fært út landhelgina og ætlað síðan að láta tilviljanir einar ráða hvort það markmið næðist. Þvert á móti, þeir efldu Landhelgisgæsluna, gerðu ráðstafanir sem sýna að í verki mundu þeir framfylgja þessum ákvörðunum. Ég held að það sé meginbrotalömin í frv. að það vantar hvernig á að framkvæma það og í umræðunum finnst mér hafa komið fram að hv. flutningsmenn fari undan í flæmingi þegar kemur að þessu atriði og hefja alls konar útúrsnúninga og rangfærslur og nú síðast þá að Landhelgisgæslan hafi ekki verið efld um leið og landhelgin var færð út.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru engar innstæður fyrir því orðbragði hv. 3. þm. Reykv. að menn hafi farið undan í flæmingi og verið með útúrsnúninga og rang-

færslur. Ég hef engan mann heyrt nema þá helst hv. 3. þm. Reykv. ræða þetta öðruvísi en málefnalega og rólega. Ég ætla síst að gera lítið úr hlutverki íslensku Landhelgisgæslunnar. Með allri sanngirni held ég að mönnum hljóti að vera ljóst að menn reiknuðu ekki með því að með ákveðnum aðgerðum til að efla Landhelgisgæsluna mundi hún hafa bolmagn í efnislegum skilningi í átökum við breska flotann. Þannig að menn treystu ekki á það eitt að með hervaldi gætu þeir unnið sigur í landhelgisstríðunum. Menn vissu auðvitað vel um liðsmuninn sem þar var á ferðinni. Landhelgisgæslan þjónaði geysilega miklum tilgangi og það er fyrst og fremst sú truflun á veiðunum sem tókst að framkvæma með skipunum, sem varð til þess að við gátum þreytt þá og náð árangri. En fyrst og fremst treystum við á okkar góða málstað og vaxandi stuðning í hinu alþjóðlega samfélagi, ekki síst þriðja heims ríkjanna, við réttmætum kröfum okkar um yfirráðarétt yfir þessum auðlindum. Í þeim skilningi tók ég þetta dæmi. Ef ég man rétt var ein af ráðstöfununum sem gerð var á sínum tíma, líklega í öðru þorskastríðinu, að leigja Hafþór sem nú er rækjutogari á Vestfjörðum. Með fullri virðingu fyrir því merka skipi, held ég að menn hafi nú ekki reiknað dæmið þannig út að með því að bæta Hafþóri í flota Landhelgisgæslunnar mundi hún hafa í fullu tré við breska sjóherinn. Ég held að hv. 3. þm. Reykv. megi ekki leggja út af orðum manna eins og hann gerði, þó að ég leyfði mér að taka þetta dæmi til marks um það að fleiri leiðir eru færar og viðurkenndar en leið valdsins. Það er leið samninga og stjórnmálaaðgerða, friðsamlegar leiðir til þess að ná sínu fram í hinu alþjóðlega samfélagi. Og það er sú leið sem verið er að tala fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

109. FUNDUR

miðvikudaginn 25. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 24. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varamaður Alþb. í Reykjavík situr nú á Alþingi taki 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðmundur Þ Jónsson, formaður Iðju, félags verksmiðjufólks, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Alþt. 1991. B. (115. löggjafarþing).

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.“

Kjörbréf Guðmundar Þ Jónssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guðmundur Þ Jónsson, 9. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Guðmundur Þ Jónsson hefur nú unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 155. mál. — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

18 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, HBl, HG, KE, MF, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

18 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, HBl, HG, KE, MF, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddir.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 168. mál. — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB,

ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

18 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, HBl, HG, KE, MF, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GÁ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

17 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, HBl, KE, MF, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddir.

Viðskiptabankar, 3. umr.

Stjfrv., 22. mál (erlendir bankar, eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 608, brtt. 639.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 2. umr. voru það einstakir nefndarmenn í efh.- og viðskn. sem lögðu til að þessu frv. um viðskiptabanka yrði vísað til nefndarinnar að nýju. Það var vegna bréfs sem kom frá Landsbanka Íslands eftir að nefndin hafði gengið frá afgreiðslu málsins til 2. umr. Tók nefndin málið fyrir í morgun og varð sammála um það að við 1. málsl. 4. efnismgr. 4. gr. bætist: eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka.

Þetta er gert vegna þeirrar umsagnar sem kom og beiðni frá Landsbanka Íslands varðandi víkjandi lán. Málsliðurinn er þá þannig: „...endurgreiðslu hlutafjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka.“ Samkvæmt þessu verður nefndin við ósk Landsbanka Íslands þar sem þetta rúmast innan þessa orðalags.

Nefndin varð öll sammála um þessa tillögu og mælir þar af leiðandi með samþykkt hennar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 639 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

2 þm. (HG, JVK) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, GÁ, HBl, KE, LMR, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

19 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, GÁ, HBl, KE, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 641).

Sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 23. mál (eigið fé og samstæðureikningar). — Þskj. 609.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ASv, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÞJ, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SP, StH, SJS, StB, VS, ÞorstP.

2 þm. (JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, GHall, GÁ, HBl, KE, MF, ÓRG, SighB, SAÞ, StG, TIO, VG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 135. mál (heildarlög). — Þskj. 621.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eins og allir vita sem hafa fjallað um það mál sem nú er á dagskrá, þá snýst það ekki um veiðar í efnahagslögsögu Íslands heldur um það atriði hvort heimilt sé íslenskum fiskvinnslustöðvum að kaupa fisk af erlendum aðilum, fisk sem þeir hafa veitt innan sinnar efnahagslögsögu eða utan sinnar efnahagslögsögu.

Nú er það svo að við ætlum íslenskum sjómönnum og útgerðarmönnum þann rétt að geta valið á milli hvort þeir selja íslenskum aðilum sinn fisk eða hvort þeir selja hann beint til erlendra aðila. Með þessu móti hafa þeir sterkari stöðu en þau fiskvinnslufyrirtæki í landi sem ekki hafa frelsi til að velja á milli þess hvort þau kaupa fisk af erlendum eða innlendum aðila. Mér er ljóst að hv. 1. þm. Vestf. hefur til að bera víðsýni í þessum efnum og hefur horft á þetta mál í stóru samhengi út frá hagsmunum Íslendinga allra sem þjóðar. Og mér er ljóst að hann hefur samþykkt málamiðlun með þeirri brtt. sem hann lagði til og var samþykkt. Ég vil því taka það skýrt fram að með mínum athugasemdum er ég fyrst og fremst að gera eina tilraun enn til þess að opna augu þeirra þingmanna sem hafa verið svo sannfærðir um að við gætum ekki náð viðunandi samningum við Grænlendinga eða aðrar þjóðir um

veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum Íslands og þeirra þjóða nema við hefðum einhver tök á okkar viðsemjendum.

Það má vel vera að menn trúi því að með því að segja við Grænlendinga: Þið fáið ekki að selja ykkar fisk á Íslandi nema þið semjið við okkur um það að þessum fiskstofni, sem er sameiginlegur, verði skipt eftir ákveðnum leikreglum á milli þjóðanna, nái þeir samningum með þessu móti. Þetta er löndunarbannsleiðin sem Bretar prófuðu á okkur Íslendingum og gafst illa vegna þess að hún herti upp þjóðarvitund. Hún herti upp þjóðarvitund og hafði þær afleiðingar að þeir sem gætnari voru í okkar hópi áttu verra með það að ná því fram að menn semdu við aðila sem vildu beita okkur ofríki.

Ég tel því að þessar aðgerðir, að ætla núna að fela sjútvrh. sjálfdæmi í þessum efnum, geti gefist vel ef sjútvrh. er sannfærður um að það sé ekki rétt að beita þessum vinnubrögðum. En ef sjútvrh. er þeirrar skoðunar að þetta séu hin réttu vinnubrögð, þá mun þetta gefast illa. Og ólík eru þessi vinnubrögð því sem Þórður kakali viðhafði í Skagafirði forðum eftir Hauksnesfund þegar hann leitaði ekki uppi sína fjandmenn í hópi Skagfirðinga til að drepa þá, heldur bauð að þar skyldu allir ná heilum sáttum sem vildu.

Ég get vel skilið það að Íslendingar hafi minnimáttarkennd gagnvart Grænlendingum því að við glímdum við það að nema þetta land, hafa þar búsetu og biðum ósigur. Við vorum ekki menn til þess að búa í þessu landi. Það var of harðbýlt fyrir íslensk karlmenni. Við liðum undir lok. Grænlendingar aftur á móti leystu þetta mál. Og kannski höfum við aldrei fyrirgefið þeim að þeir skyldu geta leyst þetta frekar en Þorgeir Hávarsson átti erfitt með að fyrirgefa að Þormóður skyldi bjarga honum forðum úr bjarginu.

En við stöndum frammi fyrir því að haustak á Grænlendingum er það sem við viljum nota til þess að ná viðunandi samningum. Hvernig bregðast þeir við? Þeir vita að þeirra hafnlausa austurströnd verður ekki nytjuð, hafsvæðið út af henni, með skipum frá Grænlandi. Þeir leigja einfaldlega út þetta svæði til veiða. Þeir leigja það þjóðum sem hafa fullkominn verksmiðjuflota og geta tekið þann afla sem þær kaupa af Grænlendingum yfir sumartímann á tveimur eða þremur mánuðum. Ef við hefðum opnað íslenskar hafnir fyrir þessum aðilum þá hefðu Grænlendingar trúlega sjálfir farið að veiða þennan fisk og þeir hefðu landað honum á Íslandi. Sumu af honum til þess að skipa upp og flytja beint úr landi, öðru til vinnslu hér á landi. Og við hefðum haft af því verulegar tekjur. Það vill nú svo til að viðskiptajöfnuður okkar við Grænlendinga er hagstæður Íslendingum, það sama gildir um Færeyjar. En auðvitað þurfum við að eiga í útistöðum við þjóðir sem þannig er ástatt um og draga úr viðskiptum á milli þjóðanna.

Ég hef dálítið gaman af því að við vorum að samþykkja hér að vísa til 2. umr. frv. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eituefnavopnum. Við erum friðelskandi þjóð. Við viljum ekki standa í illindum við neina nema nágrannana. Þetta er góð þjóð, íslenska þjóðin. Hún er að vísu búin að samþykkja það að sjóhraktir menn megi leita hér lands af öryggi, þeim verði bjargað. Það er skýrt tekið fram í þessum lögum, við ætlum ekki að drepa þá eins og við gerðum við Spánverjana á Hornströndum forðum, eða í Ögri. Þetta er liðin tíð. Við förum ekki að mönnum með þessum hætti. En þá er það líka búið. Það er í gildi það sama og var þegar duggurnar tóku land í Árneshreppnum. Það er í gildi það sama að viðskiptin eru bönnuð á milli. Við megum ekki kaupa af þeim fiskinn, hann skal úldna í lestinni ef því er að skipta nema sérstakt ráðherraleyfi komi til. Eða gera við skipin.

Ég er ákaflega tregur til að samþykkja lög sem hljóða bara upp á heimildir fyrir ráðherra. Ástæðan er einfaldlega sú að mig skortir alla framsýni til að átta mig á því hvað ráðherrarnir geri við slík lög. Það má vel vera að menn telji að það sé auðvelt að samþykkja lög sem heimila ráðherra að ráða því hvaða ákvörðun hann tekur, hvort hann leyfir eða bannar, og Alþingi Íslendinga hefur verið ákaflega iðið við að samþykkja slík lög. Þetta er ákaflega sérstæð lagasetning og það þarf mikla framsýni til að sjá það fyrir hverjir sitja í ráðherrastól og hvernig þeir muni bregðast við. Þess vegna finnst mér að Alþingi Íslendinga þurfi að venja sig af þeim ósið að setja jafnmikið af lögum og heimildir fyrir ráðherra til þess að ráða í jafnstórum málum.

Ég er sannfærður um það að til þess að tryggja fiskvernd við austurströnd Grænlands, þá þurfa Grænlendingar sjálfir að veiða þennan fisk. Þeir þurfa að vita það að ef þeir veiða of mikið þá geta þeir ekkert veitt á næsta ári. En ef þetta er bara spurningin um það að selja útlendingum réttinn, eins og er í dag, þá er auðvitað sama hugsunin og var hjá Einari Ben. þegar hann vildi selja norðurljósin. Þá er að hafa betur í viðskiptunum og selja miklu meira en til er og það er það sem þeir hafa verið að leika sér að af og til til þessa.

Þess vegna eru mér það þó nokkur vonbrigði, þó ég viðurkenni að þetta séu breytingar til hins betra frá því sem var, að Alþingi Íslendinga skuli leggjast það lágt í þessum efnum að viðskiptahagsmunir og atvinnuhagsmunir iðnaðarmanna í landi skuli einskis metnir þegar menn taka þessar ákvarðanir. Nú er það svo að störf iðnaðarmannsins sem vinnur eru jafnþörf og hinna. Og þegar Ísland býr við vaxandi atvinnuleysi eins og nú er, hví skyldum við þá ýta verkefnunum frá okkur? Hvers vegna skyldum við gera það? Gott og vel. Mikill meiri hluti á Alþingi Íslendinga hefur samþykkt það að til þess að ná viðunandi samningum við Grænlendinga dugi ekkert annað en að hafa á þeim haustak og herða að. Spurningin er bara þessi: Komumst við þá nokkuð í návígi við þá?

Mér hefur líkað margt vel sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt og aðhafst að undanförnu, en ég verð að segja það eins og er að mér voru það nokkur vonbrigði að það skyldi að hluta gleymt hvernig Færeyingar reyndust okkur í seinasta þorskastríði. Færeyingar stóðu svo fast með Íslendingum að sennilega voru þeir eina þjóðin sem lagði á sig efnahagslegan skaða til þess að styðja Íslendinga í þeirri baráttu. Þeir neituðu að veita

breskum skipum þjónustu sem þá voru á Íslandsmiðum og þeir sköðuðust efnahagslega á því að gera þetta. (*Gripið fram í.*) *Hér er spurt af mikilli hógværð utan úr salnum:* Var ekki vitleysa af þeim að vera að þessu? Ég met það nú svo að þeir hafi horft á hin stóru mál, að ef Íslendingar fengju 200 mílur mundu þeir einnig seinna geta stækkað sína lögsögu. Engu að síður fór það svo að við minnkuðum þeirra rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands. Auðvitað voru margir sem vildu ýta þeim út og sjútvrh. hafði vafalaust á eftir sér vissa hirð sem lagði á það mikið kapp að stöðva þessar veiðar. En þetta voru mér vonbrigði og því segi ég þetta hér og nú að ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi í mörgu reynst víðsýnn í því sem hann hefur verið að fást við.

Ég trúi því að þeir tímar komi að Íslendingar samþykki löggjöf sem rýmkar það sem hér hefur nú verið ákveðið og stefnt er að. Og ég trúi því líka að þá verði mönnum það ljósar en virðist vera í dag að hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá skapar eitt starf í frumvinnslugrein, eins og sjávarútvegi, níu störf í landi. Þess vegna er það, ef þessi regla er til staðar, að eitt fiskiskip grænlenskt sem mundi stunda veiðar við austurströnd Grænlands og leggja upp afla sínum á Íslandi til vinnslu, mundi raunverulega nífalda þann mannafla á Íslandi sem hefði störf miðað við þann fjölda sem er á sjónum. Svo mikil eru margföldunaráhrifin ef við skoðum þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað í atvinnumálum Íslendinga og horfum til hagtíðinda til að sjá það hve mikið af nýjum störfum verða í öðrum greinum en í frumvinnslugreinunum.

Ég geri mér grein fyrir því að mín orð um þessi mál munu engu breyta, en engu að síður vil ég koma þeim hér á spjöld sögunnar svo mér sjálfum verði rórra yfir því hvað gerst hefur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eðli málsins samkvæmt hefði forseti átt að gefa formanni og framsögumanni hv. sjútvn. orðið fyrst og biður velvirðingar á því.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hér í þinginu í gær komu tilmæli um það að sjútvn. ræddi þetta frv. á milli umræðna. Það var gert nú í morgun og eftir ítarlegar umræður í nefndinni féllust nefndarmenn á það að flytja ekki brtt. við frv., heldur að halda sig við það að það yrði samþykkt óbreytt. Hins vegar kom það fram í nefndinni og var samhljóða álit hennar að við eigum ekki að blanda saman viðskiptahagsmunum og veiðihagsmunum.

Við höfum haldið því fram í viðræðum við aðrar þjóðir að við værum ekki til viðræðna um það að blanda veiðihagsmunum og viðskiptahagsmunum saman. Við höfum byggt okkar málflutning t.d. í hvalamálinu á þessum grundvallaratriðum. Hins vegar kom það fram og nefndin er sammála um að Íslendingar eigi að gera sitt til þess að vinna að því að þjóðir við norðanvert Atlantshaf vinni sameiginlega að því að nýta skynsamlega veiðiheimildir utan lögsögu ríkja. Nefndin beinir þeim ákveðnu tilmælum til sjútvrh., sem hann hefur raunar tekið fram, að við Íslendingar séum tilbúnir til viðræðna við stjórn Kanada um þessi mál. Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að skynsamleg nýting þessarar fiskveiðiauðlindar utan fiskveiðilögsögu, bæði Kanada sem annarra ríkja, verði tekin upp.

Þetta frv. heitir nú frv. til laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, og um það verður ekki deilt að þetta eru fyrst og fremst lög um það að erlendum skipum verði bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eins og hún er ákveðin með lögum frá 1. júní 1979, um landhelgi og efnahagslögsögu og landgrunn, og jafnframt er erlendum skipum óheimilt að vinna afla í efnahagslögsögu Íslands. Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega þeir einir stunda sem eru íslenskir ríkisborgarar eða sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég kann ekki við þann málflutning sem kom fram hjá síðasta ræðumanni varðandi samskipti okkar Íslendinga við nágrannaþjóðirnar. Ég held að það hafi verið ríkjandi hjá allflestum, a.m.k. þingmönnum, velvilji til þessara nágrannaþjóða. Þrátt fyrir gömlu lögin, ég tala nú ekki um þessi nýju sem vonandi verða að lögum, er hvergi að búast við því að sjútvrh. muni skerða þær heimildir sem Grænlendingar hafa haft til löndunar hér á Íslandi og ég hef trú á því að hvorki núv. sjútvrh. frekar en aðrir sem við kunna að taka fari að skerða heimildir nágrannaþjóðanna til þess að landa fiski og leita hér athvarfs, hvort sem það er í neyðartilfellum eða til að landa fiski eða fá viðgerðarþjónustu. Við Íslendingar höfum heimilað Grænlendingum að landa afla sínum hér á landi, t.d. rækjuaflanum. Um það ríkti alveg fullkomin sátt. Hins vegar höfum við, og það hefur verið reynt af fremsta megni af stjórnvöldum og sjútvrn., reynt að ná samningum um sameiginlega nýtingu þessarar auðlindar en því miður ekki tekist. Þrátt fyrir þann velvilja sem við Íslendingar höfum sýnt Grænlendingum hefur það gerst að þeir hafa átt viðskipti við Evrópubandalagið án þess að hafa nokkurt samráð eða samstarf við okkur sem við höfum þó hvað eftir annað óskað eftir og átt fjölmargar viðræður þar um. Því miður. Þetta breytir ekki því að hugarfar okkar til Grænlendinga er óbreytt. Við ætlum ekki — mér dettur ekki í hug að það sé nokkur maður hér inni sem vilji refsa Grænlendingum fyrir það og ég hef enga trú á því að þó að 3. gr. hafi verið breytt í þessum efnum frá því að frv. var lagt fram verði það til þess að þrengja afgreiðslu eða heimildir Grænlendinga til aukinna viðskipta á Íslandi.

Við skulum snúa okkur þá að hinum nágrönnunum sem eru Færeyingar. Færeyingar hafa haft mjög náin samskipti við okkur Íslendinga og ég minnist þess á þeim árum þó það sé langt um liðið, að þegar ég var sjútvrh. beitti ég mér fyrir mjög víðtæku samkomulagi við Færeyinga um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Það var gert með þeim hætti að þeir fengu verulega hlutdeild miðað við þeirra fiskveiðar í botnfiskafla okkar og mjög mikla hlutdeild, sem þá mun-

aði mikið um í sambandi við loðnuveiðar. Þá nýttum við ekki til fulls möguleikana til loðnuveiða og var okkur því útgjaldalítið að veita Færeyingum þetta.

Síðan vita menn hvernig ástand hefur breyst frá ári til árs í loðnuveiðum. Hér var stór floti. Í upphafi þessa tímabils leitaði hann á mið annars staðar, í Norðursjónum. Þá þótti okkur gott að neyta heimilda hjá öðrum þjóðum. Síðan fóru Íslendingar að geta fullnýtt að öllu sinn loðnukvóta, það varð hröð uppbygging á verksmiðjum og Norðursjávarflotinn kom hingað til þess að stunda þessar veiðar og síðan varð enn samdráttur sem gerði það að verkum að íslensku skipin sem þessar veiðar stunduðu þurftu að fá frekari aflaheimildir. Allt varð þetta til þess að þrengja að Færeyingum.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég hef aldrei tekið undir það, hvorki á meðan ég var sjútvrh. né síðar, að svipta eigi þær þjóðir sem fengu hér veiðiheimild á sínum tíma að öllu leyti þeim heimildum. Belgar voru sú þjóð sem braut ísinn fyrir okkur og við gerðum samning um veiðar belgískra togara í íslenskri landhelgi. Þær veiðar voru bundnar við ákveðin skip. Þau skip eru núna horfin af sjónarsviðinu nema held ég tveir litlir togarar sem veiða sáralítið. Ég tel ekki ástæðu til að hverfa frá því þó það syrti í álinn hjá okkur. Það gengur yfir eins og annað og þetta eru ekki það miklar veiðiheimildir.

Ég heyrði líka í mörgum aðilum hér að þeir báru ekki mjög hlýtt hugarþel til Færeyinga því þrátt fyrir það að þessi nágrannaþjóð okkar rambi nú á barmi gjaldþrots þá voru hávarar kröfur og raddir um það hér á Íslandi að það ætti að svipta þá öllum veiðiheimildum á stundinni. Ég tel að það hafi verið afskaplega vel gert hjá hæstv. sjútvrh. að láta ekki undan þessum kröfum. Og ef ég ætti eitthvað að gagnrýna í því þá finnst mér að hann hafi gengið of langt gagnvart Færeyingum, en auðvitað allt of skammt gagnvart þessum kröfuhöfum, en ég er ekkert að halda því á lofti. Hann hélt á þessu máli eins og hann frekast gat gagnvart Færeyingum, í samskiptum við nágrannaþjóð okkar sem við höfum alltaf átt vinsamleg samskipti við.

Ég tel að það sé afar mikils virði að gera þessa breytingu og setja þessa nýju löggjöf og mér kemur ekki til hugar að sjútvrh. ætli að þrengja í framkvæmdinni gagnvart þessum tveimur nágrannaþjóðum. Mér dettur ekki í hug að halda það. Þess vegna tel ég það afar mikils virði að Alþingi reyni að ná sem víðtækustu samstarfi um þessi efni.

Utanrmn. þingsins fékk þetta frv. til umsagnar. Hún fjallaði um frv. og þar sitja níu þingmenn. Þessir þingmenn allir koma sér saman um það að þessi breyting verði gerð á frv. ásamt annarri breytingu sem enginn nefnir hér og allir eru sammála um. Þetta kemur svo til sjútvn. Við stóðum frammi fyrir því annaðhvort að ganga inn á breytingu í líka átt og þessa eða að segja: Frv. fer algjörlega óbreytt í gegn. Þó að ég sé nokkuð róttækur í þessum efnum, þá taldi ég vænlegra og hyggilegra að velja fyrri kostinn, að gera þessa breytingu þannig að erlendar þjóðir sjái það að Alþingi sé nokkurn veginn samstiga í þessari breytingu og það komi alveg ljóst fram að ekki muni verða skert í framkvæmdinni það sem lýtur að nágrannaþjóðum okkar. Það hef ég fyrir satt og sjútvrh. hefur margsagt það í mín eyru að hann muni líta þannig á málin. Það var líka mikið atriði að sjútvrh. féllst á þessa breytingu og þess vegna náði hún fyrst og fremst fram að ganga.

Ég endurtek að ég tel nauðsynlegt, hvað sem líður afgreiðslu þessa lagafrv., að við eigum samleið í þeim efnum að nýta fiskstofnana, nýta fiskimiðin. Það getur engin ein stétt sagt: Ég vil fá allt sem ég vil, en hinn ekkert. Hér er verið að fara hið vandrataða meðalhóf í þeim tilgangi að halda áfram og reyna að ná skynsamlegum samningum og samstarfi þjóða við norðanvert Atlantshaf um nýtingu fiskimiðanna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ætla fyrst að víkja hér að orðum hv. 2. þm. Vestf. Að vísu ætla ég ekki að gera athugasemd við það mat hv. þm. að nauðsyn hafi borið til að hann talaði nú nokkur orð inn á spjöld sögunnar, en við efnisatriði ræðunnar ætla ég að gera örfáar athugasemdir.

Fyrst að því er varðar það samkomulag sem gert var í hv. sjútvn. og samþykkt var við 2. umr. hér í þinginu. Ég var ekki viðstaddur þá umræðu, en eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf., formanni nefndarinnar, féllst ég á þá málamiðlun sem gerð var við afgreiðslu nefndarinnar og þá brtt. sem nú hefur verið samþykkt. Hér er um að ræða breytingu á formi. Ég lít svo á að þrátt fyrir hana náist það markmið sem sett var með flutningi frv. og því hafi á engan hátt verið raskað. Almenna reglan er sú að löndun á fiski úr erlendum fiskiskipum er heimil. Hún er einnig heimil úr sameiginlegum stofnum ef samningar hafa verið gerðir um nýtingu þeirra, en er háð leyfi ráðherra ef slíkir samningar hafa ekki verið gerðir. Ég tel að sú útfærsla sem hér liggur fyrir eftir þá málamiðlun sem gerð var í nefndinni breyti í engu upphaflegum áformum með flutningi þessa frv.

Hv. 2. þm. Vestf. vék að afstöðu okkar til Grænlendinga. Flest var það á misskilningi byggt. Við höfum ástundað mjög gott samstarf við Grænlendinga, viljum gera það og þurfum að gera það. Hins vegar er ljóst að við þurfum að halda á rétti okkar að því er varðar nýtingu sameiginlegra stofna og hljótum að leita fast eftir því við Grænland að það komi til samninga um þá stofna. Það hefur gengið mjög treglega. Og það er rétt að við áskiljum okkur alla möguleika á því að takmarka landanir úr sameiginlegum stofnum sem ekki hefur verið samið um í þeim tilgangi að knýja á um samninga.

Nú fyrir skömmu voru fluttar af því fréttir að Grænlendingar hefðu gert samninga um veiðar innan sinnar lögsögu úr stofnum sem eru sameiginlegir og þar á meðal á karfa. Það hlaut að leiða til þess að við enn á ný leituðum eftir samningum við þá um þessi efni. Síðasta sumar voru ítrekaðar óskir um samningaviðræður um skiptingu á rækjustofninum. Þá gáfu Grænlendingar fyrirheit um að í október yrðu þeir tilbúnir til embættismannaviðræðna þar að lútandi. Þau áform

stóðust ekki. Nú fengum við hins vegar fyrir örfáum dögum skilaboð frá grænlensku landsstjórninni um það að hún sé reiðubúin til viðræðna um karfastofninn og ég tel það vera mjög mikilvægt og við munum ganga á eftir því að þær viðræður geti hafist sem fyrst.

Í heild tel ég þess vegna að athugasemdir hv. 2. þm. Vestf. hafi verið á misskilningi byggðar þó að þær væru ætlaðar sjálfum spjöldum sögunnar.

Ég vil svo þakka hv. sjútvn. fyrir alla meðferð málsins. Vitaskuld má alltaf deila um það þegar málamiðlanir eru gerðar um orðalag, en ég ítreka að ég tel að sú málamiðlun sem gerð var hafi ekki raskað því markmiði sem sett var og það skiptir vitaskuld miklu máli að sem best samstaða sé um svo mikilvæga löggjöf sem hér er verið að fjalla um og lýtur að réttindum til veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og löndunar á fiski hér á landi. Ég vil þakka hv. nefnd fyrir það starf sem hún hefur lagt í þetta frv. og einnig þá umfjöllun sem fram fór á milli 2. og 3. umr. í tilefni af fréttum um viðskipti íslenskra aðila við spænsk útgerðarfyrirtæki um afla sem veiddur er utan lögsögu Kanada.

Ég vil af því tilefni og vegna þeirrar niðurstöðu sem varð í hv. sjútvn. í morgun ítreka það eins og fram hefur áður komið af minni hálfu að við höfum lýst yfir fullum stuðningi við baráttu Kanada um að ná virkari stjórnun á þessum veiðum og þar verður engin breyting á. Það er full samstaða á milli þess sem sjútvrn. hefur þegar aðhafst í þessu efni og þeirrar niðurstöðu sem varð í hv. nefnd í morgun.

Hér er um það að ræða að Norðvestur-Atlantshafsnefndin skiptir niður veiðiheimildum utan 200 mílna lögsögu við Kanada. Evrópubandalagið hefur hins vegar ekki sætt sig við þá skiptingu og hefur útdeilt mun meiri kvótum til aðildarríkja sinna. Eftir 1990 hefur þó heldur dregið úr þessum mismun en enn eru uppi ásakanir af hálfu Kanadamanna um verulega ofveiði þessara ríkja, sérstaklega Spánverja og Portúgala, enn fremur eru uppi ásakanir af hálfu Kanadamanna um veiðar ríkja sem ekki eiga aðild að Norðvestur-Atlantshafsnefndinni og ekki eiga aflaheimildir samkvæmt ákvörðunum hennar.

Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar og Kanadamanna í þessu efni að koma á virkari stjórnun og eftirliti með slíkum veiðum og við höfum ekki aðeins bréflega lýst því yfir, varðandi málaleitan kanadíska sjávarútvegsráðherrans, heldur höfum við einnig í verki á undirbúningsfundum New York ráðstefnunnar, sem undirbýr umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, stutt tillögur Kanada hér að lútandi.

Í svarbréfi mínu til kanadíska sjávarútvegsráðherrans kom þessi afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar mjög skýrt fram. Þar var einnig óskað eftir því að viðræður gætu farið fram um ýmis önnur sameiginleg hagsmunamál, þar á meðal um hvalveiðar. Þess er að vænta að sjávarútvegsráðherra Kanada komi í heimsókn til landsins síðar á þessu ári og þá verður hægt með virkari hætti að taka upp þessi sameiginlegu viðfangsefni og freista þess að treysta samstöðu þessara tveggja þjóða, bæði að því er varðar stjórnun veiðanna utan 200 mílna lögsögu og að öðru leyti nýtingu auðlinda sjávarins eins og að því er varðar hvalastofnana.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér fóru fram í gær og þær umræður sem fóru fram í hv. sjútvn. í morgun. Ég tel að þær hafi verið gagnlegar og það hafi verið ástæða til þess að þær færu fram. Ég tel að vísu að það hefði ekki verið óskynsamlegt að breyta frv., en tel að það sé mjög mikilvægt sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan að halda sem mestri samstöðu á Alþingi um þetta mál. Þess vegna hef ég ákveðið að bera ekki fram neinar brtt. og um það varð samstaða í nefndinni að málið bæri að með þessum hætti eins og það gerir núna.

Það er margt í þessu máli sem ég tel mikilvægt og vil ég sérstaklega vekja athygli á því sem stendur í 2. gr., og það er ekki af tilefnislausu, þar sem talað er um hverjir megi veiða í íslenskri landhelgi, en þar segir að þeir einir megi stunda veiðar í íslenskri landhelgi sem eru íslenskir ríkisborgarar og eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara. Um það hefur verið rætt að undanförnu í fjölmiðlum og það hefur komið fram hér á Alþingi líka að menn hafa efasemdir um það að hægt sé að fylgja þessum atriðum eftir, þessu skilyrði, sem Alþingi staðfestir aftur með þessari lagasetningu sem nú er á leiðinni í gegnum þingið. Ég tel ástæðu til þess að árétta það og segi það alveg skýrt og ákveðið að það á ekki að hvika frá því að þeir lögaðilar sem fá að veiða í íslenskri landhelgi verði að öllu leyti í eigu íslenskra aðila. Því verða menn bara að fylgja eftir, það er einfalt, en það getur kostað átak í upphafi. Og það getur auðvitað kostað að það þurfi að setja reglur sem eru skýrar og gefa fyrirtækjum, sem af einhverjum ástæðum eignast tímabundið hlut í íslenskum fyrirtækjum, ákveðinn tíma til þess að losna við þær eignir aftur. En ég er alveg sannfærður um það að ef menn hafa ekki þarna mjög skýrar reglur og fylgja þeim fast eftir þá missum við út úr höndunum á okkur þann möguleika að halda utan um þessa hluti. Þá koma útlendingar inn í útgerð á Íslandi. Það tel ég að við eigum ekki að opna fyrir og þess vegna er það sem ég er að ræða um þetta hér.

Mér hefur fundist að hjá ýmsum væri uppi sú afstaða að vegna þess að núna eiga erlend fyrirtæki lítinn hluta í íslenskum útgerðarfyrirtækjum, þá eigi menn að reyna að finna leiðir til þess að þeir geti átt það áfram og nýir aðilar megi koma inn sem eigi lítinn hluta í íslenskum útgerðarfyrirtækjum. Ég tel þessar hugmyndir alveg fráleitar og þær muni bara verða til þess að við getum ekki með nokkru móti framfylgt þessum ákvæðum sem hér eru á ferðinni. Þess vegna er það sem ég tel að menn eigi að fylgja þessu fast eftir.

Mér fannst afar sérkennileg ræða hv. 2. þm. Vestf. hér áðan þar sem hann í fyrri hluta ræðu sinnar sannfærði menn með gildum rökum um að það væri af hinu vonda að vera með viðskiptabönn, og var þar að tala um Grænlendinga og jafnvel fleiri, en endaði svo á því

að hæla Færeyingum fyrir það að þeir hefðu verið svo skynsamir að beita slíkum viðskiptabönnum. Það var því ekki alveg samræmi milli upphafs og endis á ræðu hv. 2. þm. Vestf.

En ég ætlaði nú ekki að fara að ræða það mál mjög grannt sem var hér til umræðu í gær, þ.e. veiðar Spánverja og Portúgala við Nýfundnaland. Ég tel að við munum una við þessi mál eins og þau eru. Mér finnst það vera mikið atriði að það sé alveg skýrt að Íslendingar séu tilbúnir til að ræða við þessar þjóðir, t.d. Kanadamenn, um það að reyna að koma skikki á nýtingu fiskstofna sem eru sameiginlegir og eru utan lögsögu ríkjanna og það eigi ævinlega að standa opið að Íslendingar séu tilbúnir til þess og muni beita áhrifum sínum til þess að koma á viðræðum og samstarfi um að það verði samkomulag um með hverjum hætti eigi að nýta þessa fiskstofna. Við gætum lent í því fyrr en varir að ef EB-flotinn kæmi hingað og færi t.d. að veiða djúpkarfa fyrir utan 200 mílna mörkin, þar eru fiskifræðingar þó sannfærðir um að við séum aðilar að sameiginlegum stofni, og þá væri kannski ekki ónýtt að einhvers konar samstarf væri á milli þeirra sem sjá sameiginlega hagsmuni í nýtingu slíkra fiskstofna og að þá væri búið að koma slíku samstarfi á.

Ég hvet þess vegna til þess að hæstv. sjútvrh. tali mjög skýrt fyrir hönd Íslands í þessu máli og ég hvet hann til þess að hafa sem mest samstarf og samráð við þá aðila. Þeir eru ekki svo margir sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og við hér í nágrenni við okkur.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að segja mörg orð. Ég vil aðeins fagna því sem hér er að gerast og því góða samstarfi sem var á milli utanrmn. og sjútvn. Ég vil sérstaklega þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, fyrir hans ræðu sem sagði í sjálfu sér allt sem segja þarf um málið.

Ég hef verið að gera mér vonir um það að hérna yrði einróma atkvæðagreiðsla en mér skilst nú að einn hv. þm. a.m.k. ætli ekki að standa með okkur hinum. Auðvitað hafa menn frjálsræði að sínum skoðunum og greiða atkvæði eftir sinni sannfæringu en mikið væri það nú gaman ef hér yrði einróma niðurstaða eins og svo oft áður í mikilvægustu málum okkar, landhelgismálunum.

Ég vil líka sérstaklega fagna því að menn hafa lýst því yfir að við Íslendingar munum hafa náið samstarf við Kanadamenn, Nýfundnaland, um sameiginleg markmið og ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Mér hafa borist ýmiss konar gögn varðandi þeirra starfsemi, að friða landgrunnið langt út fyrir 200 mílur, þ.e. yfir 400, og ég vona að þegar það mál kemur til Alþingis, þá verði menn líka sammála um það.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki mörgu við að bæta það sem áður hefur komið fram af minni hálfu í umræðum um þetta mál. Það eru nokkur orð vegna m.a. ummæla hv. 1. þm. Vestf. og formanns sjútvn. um samskiptin við okkar næstu nágranna sem ég vil taka undir. Ég held að það sé á misskilningi byggt að sú tilhögun, sem sjútvn. leggur til og þingið hefur reyndar þegar fallist á í atkvæðagreiðslu hér eftir 2. umr. og auðvitað snertir ekki síst og kannski fyrst og fremst samskiptin við okkar næstu nágranna, Færeyinga og Grænlendinga, að þau ákvæði beri að skoða sem einhverja aðgerð andstæða þeim eða hún eigi á nokkurn hátt að tákna að áhugi okkar Íslendinga á því að eiga jákvæð samskipti við þá hafi dvínað. Þvert á móti lít ég á þetta í samhengi við þá viðleitni sem verið hefur í gangi á undanförnum árum að eiga við þá samskipti og samráð og funda með þeim, en jafnframt nota þau samskipti og tengsl af ýmsu tagi sem við höfum við þessar þjóðir, m.a. í gegnum formbundið samstarf þjóðþinganna þriggja sem nefnt er Vestnorræna þingmannaráðið, fá þá með slíkum ráðum til þess að gera við okkur og ljúka samningum um nýtingu allra helstu sameiginlegra stofna. Ég held að mikilvægi þessa sé síst minna nú en verið hefur. Það er vissulega rétt sem hér hefur verið nefnt að það hefur miðað hægt en þess þá heldur er nauðsynlegt að leggja á þetta aukna áherslu. Fyrir dyrum stendur m.a. að endurnýja eða tryggja að áframhald verði á samningum um nýtingu loðnustofnsins. Það þarf að ná samningum um karfa og rækju og Færeyingar koma nú inn í þá mynd kannski með meiri þunga en áður hefur verið þar sem fyrir liggur að þeir eru að auka sókn sína í einn af þessum stofnum sem talinn er vera sameiginlegur með Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Ég leyfi mér í samhengi við þetta að taka undir með hv. 1. þm. Vestf. og formanni sjútvn. varðandi fiskveiðiréttindi Færeyinga hér á Íslandsmiðum. Ég verð að segja eins og hann að kröfur ýmissa aðila í þjóðfélaginu að undanförnu um að afnema þessi veiðiréttindi með öllu hafa valdið mér miklum vonbrigðum. Ég held að þar sé á engan hátt svo illa komið fyrir okkur Íslendingum að við höfum ekki efni á því að leyfa Færeyingum að halda einhverjum hluta sinna hefðbundnu veiðiréttinda hér sem eiga sér mjög langa sögu, hafa afgerandi þýðingu fyrir fjölmörg byggðarlög í Færeyjum og eiga sér sem sagt þannig réttlætingu á ýmsum sviðum. Hef ég þá ekki nefnt það sem ég tel auðvitað að eigi að vera mikilvægast í þessu sem eru menningarleg og stjórnmálaleg samskipti þessara skyldu þjóða, Færeyinga og Íslendinga, og nauðsyn þess að við leggjum eitthvað af mörkum í þeim efnum og sýnum á því skilning að til þess að þau samskipti geti þróast áfram með jákvæðum hætti og í því bráðralagi sem verið hefur, skulum við vona, þá þurfum við að leggja eitthvað af mörkum í því sambandi sem er hagstætt grannþjóðunum en ekki eingöngu einhliða njóta ávaxtanna af slíkum samskiptum. Það liggur fyrir að t.d. hvað viðskipti snertir er viðskiptajöfnuður Íslendingum mjög í hag í samskiptum okkar við næstu nágranna, Færeyinga og Grænlendinga og þó svo við blöndum þeim hlutum ekki saman, þá liggur það nú í hlutarins eðli að þegar litið er yfir samskipti þessara þjóða í heild sinni, þá hlýtur það að þurfa að vera þannig að báðir aðilar eða allir geti sæmilega sáttir við það unað.

Ég vil leyfa mér að vona að frekari niðurskurður á þessum veiðiheimildum í framtíðinni verði ekki til þess að torvelda eða spilla því ágæta samstarfi sem hefur verið vaxandi og batnandi á milli vestnorrænu þjóðanna þriggja. Um hitt er ekki deila að mínu mati, að veiðiheimildir af þessu tagi hljóta auðvitað að taka mið af því hvernig aðstæður eru í okkar auðlindum og þess vegna ekki við öðru að búast en því að þær væru skornar niður a.m.k. til jafns við það sem Íslendingar sjálfir verðum að taka á okkur.

Ég leyfi mér svo að ljúka með því, hæstv. forseti, að leggja á það áherslu, sem reyndar hefur þegar komið fram í máli bæði hv. 1. þm. Vestf. og eins hæstv. sjútvrh., að *ég held að það sé mjög mikilvægt að í* tengslum við allar umræður á þessu sviði gætum við Íslendingar þess að koma jafnan fram sem málsvarar skynsamlegrar nýtingar og verndunar í þessum efnum á alþjóðavettvangi sem og hér heima fyrir. Á sama tíma er að sjálfsögðu rétt nú sem endranær að við stöndum fast á rétti okkar og annarra þjóða í sambærilegri aðstöðu sem byggja á nýtingu sjávarauðlinda til að gæta þessara auðlinda og nýta þær í okkar þágu. *Þetta þarf ekki, á ekki og er ekki í mótsögn hvort við* annað heldur þvert á móti. Hlýtur það í raun og veru að vera óaðskiljanlegur hluti af réttindabaráttu okkar, sögulegri sem og þeirri sem yfir stendur nú eða í framtíðinni að jafnframt sé barist fyrir skynsamlegri nýtingu þessara auðlinda og alþjóðlegum samningum um þá hluta slíkrar nýtingar sem fer fram á alþjóðlegu hafsvæði. Þess vegna fagna ég því að þau skilaboð sem fari frá Alþingi Íslendinga nú við þessa umræðu, t.d. til Kanadamanna, séu ótvíræð í þá veru að við Íslendingar séum tilbúnir til að leggja okkar af mörkum bæði varðandi réttarstöðu ríkja sem eru í þessari aðstöðu, og þar er auðvelt að sjá fyrir sér að við Íslendingar getum að mörgu leyti lent í svipuðum aðstæðum og Kanadamenn eru nú að glíma við og búum reyndar þegar við þær að hluta til, samanber sókn t.d. í sameiginlegan karfastofn sem að hluta til er í andstöðu við okkur og ekki er tekið tillit til þegar ákveðið er hámark sóknar í þann stofn. Og þeim mun mikilvægara er það, held ég, að við Íslendingar skipum okkur með okkar málflutningi í réttan hóp í þessum efnum og að skilaboðin sem héðan fara misskiljist ekkert. Um það held ég að sé bærileg samstaða hér á Alþingi og það er *auðvitað ákaflega mikilvægt að varðveita hana sem* kostur er. Það er síðan tæknilegt úrlausnarefni í sjálfu sér með hvaða hætti menn reyna að koma sinni stefnu og sínum áherslum á framfæri í slíku tilviki. Hvort það er best gert með einhverjum breytingum á þessum lögum eða með öðrum ráðstöfunum skal ég láta ósagt um.

Ég tek að lokum undir það að sú samstaða sem að langmestu leyti hefur náðst um afgreiðslu þessa máls og sameiginleg afstaða utanrmn. og sjútvn. er ákaflega mikilvæg og ég held að menn þurfi mjög veigamikil rök til þess að ganga gegn henni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það var nú ekki trúlegt að niðurstaða Alþingis Íslendinga yrði sú að menn teldu að þeir hefðu komið illa fram við Grænlendinga. Það er yfirleitt ekki algengt að slík naflaskoðun verði ofan á. Ég hygg að það yrði samþykkt hér í heyranda hljóði með öllum greiddum atkvæðum að Íslendingar væru góðir menn ef við mundum bera fram tillögu um það á Alþingi og samstaða yrði á milli sjútvn. og utanrmn. um þá túlkun að það væri mjög góð og friðelskandi þjóð sem býr á þessari eyju.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði mest um tæknilegar útfærslur þegar rætt var um það hvernig menn ættu að koma markmiðum sínum fram og það er út af fyrir sig umhugsunarefni. Það er nefnilega ein höfuðdeila mannkynsins, þessar tæknilegar útfærslur á því hvernig *menn koma markmiðum sínum fram. Eftir þeim leik*reglum höfum við skipst í stjórnmálaflokka gjarnan. Eftir þeim leikreglum hafa menn réttlætt það hvort þeir færu í stríð eða ekki. Það eru þessar tæknilegu útfærslur á því hvernig menn koma markmiðum sínum fram. Hnefarétturinn er ein af þessum tæknilegum útfærslum á að koma markmiðunum fram.

Ég tel að þegar við lesum 3. gr. þessa frv. þá fari náttúrlega ekki á milli mála hvert við stefnum og hvað við erum að gera. Með leyfi forseta vil ég lesa 3. gr. frv. eins og hún er nú:

„Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis." — Þetta er meginreglan. Og áfram les ég: „Sjútvrh. er þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

Erlendum veiðiskipum er ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á *neyðarþjónustu að halda.*"

Auðvitað fer það ekkert á milli mála að þetta eru viðskiptaþvinganir sem þarna er verið að beita. Það fer ekkert á milli mála. Og gagnvart hverjum? Gagnvart Grænlendingum fyrst og fremst. Það er það sem menn hafa orðið ásáttir um. Og þegar hv. 3. þm. Vesturl. ræðir það í þessu samhengi að það hafi ekki verið samræmi í minni ræðu þegar ég vakti athygli annars vegar á því að Færeyingar hefðu staðið með okkur í þorskastríðinu og hinu að löndunarbann Breta hefði ekki verið skynsamlegt til að beygja okkur Íslendinga, þá átta ég mig hreinlega ekki á því hvert hann er að fara. (Gripið fram í.) Færeyingar neituðu að þjónusta bresku skipin til þess að styðja okkur Íslendinga meðan við áttum í þorskastríði. Telur þingmaðurinn að ekki beri að meta það? Er það niðurstaðan? Ef þingmaðurinn telur að það beri að meta þann stuðning, þá hlýtur hann náttúrlega að gera sér grein fyrir því að ástæðan fyrir því að ég sagði þetta var sú að ég taldi ekki eðlilegt að nú, við þær aðstæður sem við byggjum í dag, værum við að svipta þá veiðiréttindum í íslenskri landhelgi eins og gert var þó að vissulega virði ég það við sjútvrh. að hann tók ekki af þeim öll veiðiréttindin.

Ég var norður á Akureyri seinni part vetrar fyrir nokkrum árum og gekk þar um iðnaðarfyrirtæki sem framleiddu og seldu búnað um borð í veiðiskip. Ég spurði hvort þeir hefðu verið að selja þetta til útlanda. Og það kom m.a. í ljós að þeir höfðu verið að selja þetta til Grænlands og gengið nokkuð vel. Að vísu gátu þeir ekkert selt í bili. Og hvers vegna? Vegna þess að Íslendingar, þáv. sjútvrh., hafði neitað að heimila Grænlendingum að skipa upp rækju á Íslandi til þess að flytja hana til annarra landa. Þessi neitun var í gildi og það seldist ekkert í verksmiðjunni fyrir norðan á meðan. Menn vilja þegja yfir svona löguðu og minnast ekki á það.

Ég vil líka koma því á framfæri að ég taldi það ekki góðan hlut fyrir Ísafjarðarkaupstað þegar sá atburður gerðist þar að bæjarfógeti og sýslumaður Ísafjarðarsýslna neitaði áhöfn á grænlenskum togara um landvistarleyfi. Þeir máttu sko bara dúsa um borð. Og hvers vegna neitaði hann þeim um landvistarleyfi? Vegna þess að áhöfnin sem var á togaranum í veiðiferðinni *á undan hafði drukkið of mikið vín, haldið á* fund landa sinna inn í Súðavík sem voru af veikara kyninu og haldið þar uppi gleðskap meiri en mönnum þótti hóf að. Það er nú svo. Hvað skyldi mega banna mörgum íslenskum skipum að láta áhafnir sínar fara í land ef Bretar og Þjóðverjar hefðu notað þessa reglu gagnvart okkur þegar íslenskir sjómenn drukku of mikið vín í erlendum höfnum? Svona hóprefsingar eins og þarna var beitt eru að mínu viti ekki sæmandi.

Ég er sannfærður um það að Grænlendingar gleyma ekkert svona móttökum. Ég er sannfærður um það. Og ég var ekkert stoltur af því að vera Íslendingur og bera ábyrgð á því að þannig væri staðið að málum. Auðvitað vilja menn ekki ræða þetta hér, Íslendingar, hin friðelskandi þjóð sem vill ekki að á sig sé kastað kjarnorkusprengjum. Hún vill ekki ræða svona lagað. Þetta eru bara nágrannar okkar sem við erum að eiga samskipti við.

Ég er sannfærður um það að ef við hefðum haft vit á því að koma fram við Grænlendinga ávallt á þann hátt að við værum ekki með hótanir, þá værum við búnir að ná samningum um nýtingu úr þessum fiskstofnum. Ég er sannfærður um það að hofmóðurinn í okkur Íslendingum, sem vissulega hefur verið til staðar eins og þessi tvö dæmi sanna sem ég hef hér rakið, hefur spillt fyrir því að við næðum samningum um þessi mál.

Ég get vel tekið undir að það sé æskilegt að Alþingi Íslendinga sé samstiga og menn nái breiðri samstöðu um mörg málefni. Hins vegar tel ég það aðalatriðið að þau lög sem þingið samþykkir séu skynsamleg. Það tel ég aðalatriðið. Og ég tel það ekki skynsamleg lög sem eru á þann veg að þau dragi úr viðskiptum á milli Íslendinga og Grænlendinga og e.t.v. á milli Færeyinga og Íslendinga einnig. Ég tel þau lög ekki skynsamleg. Þau eru langt á eftir tímanum.

Auðvitað getum við sagt með hofmóði við Grænlendinga: Þið eigið að koma til okkar og láta okkur vita ef þið ætlið að semja við Evrópubandalagið. Þá eigið þið að tala við okkur fyrst. — Fórum við og töluðum við Grænlendinga þegar við ofveiddum karfann við Grænland og hjuggum hann og hentum stórum hluta í hafið til að hægt væri að pakkfylla togarana? Fórum við og ræddum við þá áður? Ég man ekki eftir því að við hefðum gert það. Það er nefnilega viss hroki í okkur í þessum samskiptum. Það þýðir ekkert að blekkja sig í þeim efnum. Því er nú verr og miður.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð nú að viðurkenna það að ég skil ekki alfarið röksemdafærslu hv. 2. þm. Vestf. í þessu máli. Ég hef alltaf dáðst að Færeyingum fyrir það hvernig þeir stóðu með okkur í þorskastríðinu og að þeir skyldu ekki veita breskum togurum þjónustu. Auðvitað kostaði það það að þeir misstu vinnu. Nú virðist sú röksemd ekki gilda í augum þingmannsins. Nú eru viðskiptabönn og annað því um líkt bara af hinu vonda. Það segir enginn að það verði endilega beitt einhverjum viðskiptaþvingunum við Grænlendinga þó að frv. hljóði eins og það gerir. Sjútvrh., og *þar af leiðandi sú ríkisstjórn sem er á hverjum tíma* við völd, hlýtur að taka afstöðu til þess með hvaða hætti eigi að fara með þau mál. Og ég verð að segja það alveg eins og er að ég held að Grænlendingar hljóti að hafa áhuga á því að lokum að semja við okkur um þessi mál og mér finnst ekkert annað skynsamlegt. Ég held að það eigi að fara mjög varlega í það að draga úr þeim viðskiptum sem eru á milli þessara þjóða. Ég tel að það eigi að fara varlega með það mál. En ég tel að við eigum ekki að sleppa öllum möguleikum á því að hafa áhrif á þau viðskipti.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. 3. þm. Vesturl. að þó það sé búið að gefa herdeild heimild til að skjóta, þá er ekki víst að hún skjóti. Það er hárrétt athugað. En heimildin er gefin. Utanrrh. eða utanrmn. ráðlagði sjútvn. að ganga þannig frá þessu máli að það væri alveg á hreinu að sjútvrh. mætti fara í viðskiptastríð við Grænlendinga. Hvort það verður gert eigum við undir utanrrh. Þetta er hárrétt athugað. En væri hv. 3. þm. Vesturl. hreykinn af því að hafa gefið heimildina ef niðurstaðan yrði nú sú að þessu yrði beitt? Það er hans samviskuspurning sem hann verður að gera upp við sig. Hann gaf ekki fyrirmælin um að skjóta, hann gaf aðeins heimildina til þess.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Efnisleg rök þessa máls eru nú komin fram í ræðum hv. þm. og hæstv. sjútvrh. og ekki þörf á ræðum um drykkjuskap og kvennafar sjómanna frá nágrannaþjóð vestur á fjörðum. Hins vegar er um merkilega umræðu að tala. Mér skilst að hægt sé að komast á spjöld sögunnar fyrir hana og það er ekki amalegt að fá að taka þátt í að setja og gera slík lög og þó ekki væri í öðru heldur en að svara hv. 2. þm. Vestf. nokkrum orðum. Hann vitnar gjarnan í söguna og söguleg rök og undir umræðunum áðan minntist ég orða, sem ég er nú ekki að herma beint upp á þann hv. þm., það sem Mörður Valgarðsson sagði forðum þeg-

ar hann var beðinn að fara út og stöðva bardaga. Þá sagði hann: „Klifar þú nokkuð jafnan, mannfýlan þín." En þau orð hef ég ekki um hv. þm. enda þótt rétt sé að láta af skylmingum.

Það eru sættir um málið í sjútvn. og ég er ánægður með að hafa átt þátt í þeirri breytingu sem gerð var. Meginmarkmið þessa frv. nást fyllilega fram og eru skýr. Með þeim er ekki verið að sýna nágrannaþjóðum óvinskap. Í frv. er hins vegar innbyggð hvatning til þess að samið sé um veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum, eins og fram hefur reyndar komið, ekki viðskiptaþvinganir, heldur má kannski frekar segja þvingun í þá átt að ná samningum um nytjastofna sem veiðast utan efnahagslögsögunnar. Við þurfum ábyggilega í ríkari mæli á næstu árum á slíkum samningum að halda ásamt sameiginlegum rannsóknum, veiðieftirliti og öllu því sem til þarf að þessir búskaparhættir þjóðanna séu í sæmilega góðu lagi. Um það viljum við líka frið við alla okkar nágranna þótt við viljum ekki afhenda þeim réttindi Íslendinga. Í því felst engin andúð á vina- og nágrannaþjóðum. Það er hins vegar alveg sjálfsagt að inni sé ákveðið að meðan ósamið sé um veiðar úr sameiginlegum stofnum utan efnahagslögsögunnar þurfi leyfi sjútvrh. til fyrirgreiðslu við skipin sem stunda veiðarnar. Það getur aldrei þjónað íslenskum hagsmunum að illa sé farið með fiskstofna sem veiðast við landið. Iðnaðar-, verslunar- og þjónustugreinar hagnast ekki á því heldur þegar til lengri tíma er litið.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ágætur kennimaður íslenskur kenndi mér þá vísu sem hann hafði eftir hjálpræðishersmanni af Sauðárkróki og var það túlkun á kristinni trú. Ég hygg að það sé rétt að flytja þá vísu því að kærleikur okkar til Grænlendinga er kannski dálítið skyldur þeirri túlkun sem þar kom fram. Vísan er svona:

Ég elska Jesú Krist,
ég breyti eins og hann.
Sjálfan mig seð ég fyrst
og síðan náungann.

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. 2. þm. Vestf. um kærleikann og nauðsyn kristilegra dyggða og vil svara með þessum orðum gamallar vísu sem ég lærði einnig í bernsku:

Sæt er hefnd því erfitt er
æsta lund að sefa,
en sælli ertu auðnist þér
að elska og fyrirgefa.

Árni R. Árnason:

Frú forseti. Það verður að viðurkennast að það er ekki ómaksins vert að færa þessa umræðu á nýtt plan en ég hlýt að viðurkenna að ég henta ekki því plani sem komið er. Hins vegar varð mér á fyrr undir umræðunni að velta því fyrir mér hvort okkur hefði vantað eina grein eða svo í þetta frv. til að mynda um eilífan rétt Íslendinga til að standast náttúrufar og önnur veðurskilyrði á grænlenskri grund. Það varð ekki úr að flytja tillögu þar um en ég kipptist svolítið við eftir að hafa tekið þátt í umræðu í sjútvn., setið hér undir viturlegum ræðum um málið, þegar vikið var að hofmóð okkar Íslendinga og hótunum í garð Grænlendinga með þessu frv. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki frv. þannig og vænti þess að við berum til þess manndóm að beita því ekki þannig ef það verður að lögum sem við stefnum að. Hins vegar liggur fyrir að við erum með þessu að varpa frá okkur lögum sem eru nærfellt aldargömul og frá þeim tímum þegar við börðumst fyrir lífi okkar á miðunum uppi og inni í fjörðum. Það er veruleg ástæða til þess að nema þau úr gildi því að stríðinu er um það bil að ljúka. Að mínum skilningi höfum við þegar fengið treyst í sessi landhelgi og lögsögu langt út til sjávar og við erum af þeim sökum vel í stakk búnir til þess að koma á ákveðnu frelsi um veiðar og viðskipti við aðrar fiskveiðiþjóðir. Að því leyti til er ég sammála þeim sem það hafa gert að umtalsefni.

Hins vegar hlýt ég líka að taka fram að ég hef fallist á rök þeirra sem telja nauðsynlegt fyrir okkur að viðhafa ákvæði í lögum um þetta efni og lögfesta úrræði til þess að fá menn til að ræða við okkur og semja um nýtingu á sameiginlegum stofnum. Til þess eru ákvæðin í 2. mgr. 3. gr. Þau breyta því hins vegar ekki að í 1. mgr. hennar er meginregla þeirrar lagagreinar að erlendum veiðiskipum eru heimil þessi viðskipti.

Mér finnst nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að menn fást ekki til að semja um hagsmuni, hvort sem þeir eru kallaðir viðskiptahagsmunir eða veiðihagsmunir, nema til þess komi einhver þvingun. Orðið er kannski ekki alveg eins ljótt og við vildum stundum nota það en staðreyndin er nú samt sem áður sú að sjái menn sig ekki knúna til að semja, þá fara þeir fram hjá því með allar sínar langanir. Svo einfalt er nú mannkynið. Staðreyndin er sú að við þurfum og viljum og við höfum orðið sammála um að verja einkarétt Íslendinga til að stunda veiðar á íslenskum miðum. Við viljum líka eiga viðskipti og við verðum hafa lögfest úrræði til þess að þetta geti hvort tveggja átt sér stað.

Inn í umræðuna hefur blandast ábending um að við þurfum að taka afstöðu til veiða á öðrum höfum. Ég orða það þannig vegna þess að það hefur ekki komið fram að veiðar sem voru nefndar undan ströndum Kanada séu á sameiginlegum nytjastofnum okkar og annarra þjóða. Mér virðist af upplýsingum sem mér hefur verið gerð grein fyrir að þessi stofn sé það ekki. Þess vegna tel ég alfarið rangt að blanda ákvæðum um þær veiðar eða um aðgerðir okkar vegna þeirra inn í lög um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Um það fjalla þessi lög og þó að hv. 2. þm. Vestf. hafi talið hér fyrr í dag að þau fjölluðu um eitthvað annað, þá er það umfjöllunarefni 1. og 2. gr. frv. En þar á eftir er vikið að réttindum til annarra athafna og þar kemur að því sem við höfum mest rætt. Ég tel að það sem þegar hefur verið samþykkt við 2. umr. standist fyllilega markmiðið sem sett var með frv. Við fáum

frjálsræði til þess að eiga viðskipti við erlend veiðiskip.

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þar sem þetta frv. er nú að komast til lokaafgreiðslu hér á Alþingi og um það bil að verða að lögum, þá vil ég lýsa vonbrigðum mínum með það hvernig það hefur þróast í meðförum þingsins. Ég tel að frv. eins og hæstv. sjútvrh. lagði það fram í haust hafi verið afskaplega vel úr garði gert og mjög tímabært að flytja það mál hér og reyndar furðulegt að það skuli ekki hafa verið samþykkt á Alþingi fyrir mörgum árum að fella úr gildi þessi gömlu úreltu lög, nr. 33 frá 1922, og samþykkja ný í þá veru sem hæstv. sjútvrh. lagði til. Það sem síðan hefur gerst er að þegar nefndir þingsins fara að fjalla um málið, hv. utanrmn. og hv. sjútvn., þá tel ég að menn hafi lagt svo mikla áherslu á það að ná samstöðu í þessum nefndum að þeir hafi í raun spillt málinu verulega og þær brtt., sérstaklega brtt. við 3. gr. frv. sem hv. sjútvn. varð sammála um, hafi orðið til þess að draga mjög úr gildi þessa ágæta frv. Ég er mjög ósammála því sem hæstv. sjútvrh. og fleiri hv. þm. hafa haldið hér fram að þetta frv. sé jafngott á eftir því að ég tel að það frjálsræði, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv. og var mikið fagnaðarefni, hafi verið skert verulega með þessum breytingum. Ég held að það frjálsræði sem þar var gert ráð fyrir hefði leitt til stóraukinna viðskipta okkar við erlend skip og tek undir það sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi hér áðan að það er stórmál fyrir iðnaðinn og þjónustuna í landinu að af þessum viðskiptum geti orðið og ég tel að frv. eins og það var í sinni upphaflegu mynd hefði frekar hvatt til slíkra viðskipta heldur en það frv. sem nú er hér til lokaafgreiðslu.

Það hefði sjálfsagt fylgt þessu líka að við hefðum í auknum mæli fengið fisk af erlendum skipum samhliða allri þjónustu við þau og þess vegna var það að mínu viti alveg nauðsynlegt að auka frjálsræðið sem allra mest í þessum málum eins og raunar var gert ráð fyrir í upphaflega frv. Þess vegna finnst mér það afskaplega miður það hvernig þetta frv. hefur þróast í meðferð Alþingis og tel að textinn í upphaflega frv. hafi verið miklu betri en sá sem nú liggur fyrir til endanlegrar samþykktar.

Ég greiddi að sjálfsögðu atkvæði gegn þessari brtt. við 2. umr. málsins en tel þó þrátt fyrir allt að það sé nokkur fengur að frv. eins og það liggur fyrir núna og mun því greiða því atkvæði mitt við lokaafgreiðslu málsins.

Hér hafa verið nefndar aðeins veiðiheimildir Færeyinga og hvernig hæstv. sjútvrh. hélt á því máli. Ég tel að hann hafi haldið mjög viturlega á því máli og leyst það á þann hátt að báðir aðilar geti vel við unað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ASv, ÁRÁ, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÞJ, HjálmJ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FrS, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JHelg, JónK, KSG, KHG, MF, MB, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 643).

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 156. mál (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti). — Þskj. 168.

Steingrímur Hermannsson (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er ekki í sínu sæti, en er hann í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er rétt ókominn inn í salinn.) Já. Þá hefði ég gjarnan viljað fresta ræðu minni þangað til hann kemur. Ég hafði hugsað mér að ræða við forsrh. sem er flm. þessa frv.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta frv. við 1. umr. málsins og ætla mér aðeins að gera að umtalsefni það sem kom fram í máli hæstv. iðn.- og viðskrh. Hann sagði að í þeirri nefnd sem hefði verið sett á laggirnar til að semja nýtt frv. til laga um Stjórnarráðið hefði náðst góð samstaða um að sameinuð yrðu iðnrn. og viðskrn. Ég veit ekki betur en að fulltrúi Kvennalistans í þessari nefnd, Danfríður Skarphéðinsdóttir, hafi ekki fallist á þessa tilhögun. Ég hef því miður ekki haft tækifæri til þess að ná í hana sjálfa vegna anna hennar en ég veit ekki betur en Danfríður hafi ekki fallist á að þetta væri eðlileg breyting í Stjórnarráðinu og vil ég lýsa því hér að ég er ekki sammála því að það sé eðlilegt að iðnrn. og viðskrn. verði sameinuð í eitt ráðuneyti. Með því er ég ekki að segja að ég telji ekki eðlilegt að sameina ráðuneyti og fækka þeim og breyta því sem nú er viðtekið í Stjórnarráðinu og ég er heldur ekki með því að segja að ekki væri hægt að líta á þetta atriði ef rök hefðu komið fram í málinu. En ég hef ekki heyrt nein sannfærandi rök sem mæla með því að iðnrn. og viðskrn. verði sameinuð í eitt ráðuneyti.

Það vakti líka athygli mína að í athugasemdum við lagafrv. er talað um að unnið hafi verið að skipulagi sameinaðs ráðuneytis. Þetta kom mér mjög á óvart. Það kom mér mjög á óvart að áður en Alþingi hefur fjallað um málið sé þegar farið að vinna að skipulagi sameinaðs ráðuneytis, áður en það hefur einu sinni verið tekið til meðferðar hér á Alþingi hvort það þyki rétt. Ég vil líka taka það fram að mér þykir mjög einkennilegt að tekið skuli út eitt atriði eins og þetta án þess að litið sé á stjórnarráðslögin í heild. Því var lýst þegar við ræddum þetta mál í gær af einum nefndarmanni, ef ég veit rétt formanni þeirrar nefndar sem fjallaði um þetta mál, að komnar séu fram ýmsar tillögur í þessu sambandi. Þess vegna hefði ég talið eðli-

legra að mál um endurskipulagningu Stjórnarráðsins hefði verið lagt fyrir Alþingi í heild og vil spyrja að því hvers vegna sú leið var ekki valin og hvers vegna þetta eina mál er tekið út.

Annað vildi ég nú ekki segja, virðulegur forseti, við þessa 1. umr. en ítreka það að ég tel ekki nokkur rök fyrir því að iðnrn. og viðskrn. verði sameinuð í eitt ráðuneyti.

Steingrímur Hermannsson (frh.):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta frv. var það lagt fram á síðasta þingi en varð ekki afgreitt þá. Það kom þá í minn hlut sem forsrh. að leggja frv. fram. Ég féllst á að leggja þetta frv. fram fyrir mjög eindregna ósk hæstv. þáv. og núv. viðsk.- og iðnrh. og gerði það m.a. vegna þess að ég tel að sameining iðnrn. og viðskrn. komi mjög vel til greina. Ég leit svo á að það væri mikill meiri hluti fyrir þeirri sameiningu, m.a. í þeirri milliþinganefnd allra flokka sem ég hafði skipað til að skoða Stjórnarráðið í heild sinni. Hins vegar réð það ekki síður þeirri ákvörðun minni að verða við þessari eindregnu ósk að ég gerði mér mjög ákveðnar vonir um að samkomulag mundi nást í milliþinganefndinni eða a.m.k. fást þar sá meiri hluti sem tryggði ýmsar aðrar breytingar á Stjórnarráði Íslands.

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands alllengi, eins og ég þekki til allt frá 1984 þegar sú ríkisstjórn sem þá sat ákvað að hefja skoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands. Sem forsrh. skipaði ég þá nefnd sem skilaði áliti en sem því miður náðist ekki samstaða um að leggja fram í tíð þeirrar ríkisstjórnar. Sú endurskoðun hófst á ný haustið 1988 og úr því varð frv. sem síðan var ákveðið að leggja fyrir nefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra flokka. Þetta allt hygg ég að hafi komið hér fram.

Í þeirri nefnd náðist málið alllangt en þó ekki þannig að það yrði að fullu afgreitt, því miður. Og í þeirri nefnd var að sjálfsögðu gert ráð fyrir fjölmörgum öðrum breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands en þeirri sem hér er lögð fram og mælt fyrir. M.a. var þar mjög um það rætt að við slíka sameiningu iðnrn. og viðskrn., og jafnvel án þeirrar sameiningar, væri eðlilegt að flytja Seðlabanka Íslands annaðhvort í fjmrn. eða í forsrn. Þetta tel ég vera lykilatriði þegar þessi ráðuneyti eru sameinuð. Ég tel ekki að Seðlabanki Íslands eigi heima í iðn.- og viðskrn. Ég finn engin rök sem mæla með því að þar skuli hann vera. Seðlabanki Íslands er fyrst og fremst stofnun sem er afar mikilvæg í allri fjármálastjórn og reyndar efnahagsstjórn landsins. Því taldi ég að vel kæmi til greina að Seðlabankinn væri hjá öðru hvoru þessu ráðuneyti og fer það nokkuð eftir því hvaða verkefni Seðlabankanum eru ætluð.

Ég vil láta það koma hér fram að ef Seðlabankinn hefði orðið hjá fjmrn. teldi ég t.d. að rétt hefði verið að nema úr gildi heimildir fjmrn. til þess að draga á Seðlabanka Íslands. Ég tel að það hafi orðið að skilja þannig þar á milli. Hins vegar sýnist mér miðað við það að forsrh. fer með heildarefnahagsstjórn og sam-ræmingu á efnahagsmálum í landinu vel koma til greina að sú stofnun, Seðlabanki Íslands, sé til húsa í forsrn.

Ég get vel viðurkennt að í raun og veru var vafasamt að flytja sérstakt frv. um sameiningu viðskrn. og iðnrh., en hæstv. iðnrh. sótti þetta af miklu kappi eins og hans er siður, og af þeim ástæðum sem ég hef nú rakið, þar sem ég taldi vera að nást heildarsamkomulag, þá taldi ég rétt að verða við þessari mjög eindregnu ósk ef hún gæti orðið til þess að friður næðist um frekari breytingar á Stjórnarráði Íslands.

Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu nú til hæstv. forsrh.: Hvað líður þessari heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands? Ég held að allir geti verið sammála um að það er hægt að gera æðimargt til hagræðingar og sparnaðar í rekstri Stjórnarráðsins og ég held að allir geti líka verið sammála um það að á þeim mörgu árum sem liðin eru frá því að núgildandi lög voru sett, lög sem um margt eru ágæt og sýndu vissulega framsýni þegar þau voru sett, hljóti ýmislegt að hafa breyst. Það eru allt aðrar kröfur gerðar til Stjórnarráðsins nú en þá var.

Ég veit að menn geta einnig verið sammála um það að ráðuneytin eru mjög misjafnar rekstrareiningar. Þau hafa stækkað mjög misjafnt getum við sagt, ný bæst við. Sum eru smá og enginn vafi á því að það er unnt að ná verulegri hagræðingu með því að sameina þau. Það sama má segja um verkefnin sem hafa myndast með árum og ekki voru séð fyrir þegar lög um Stjórnarráð Íslands voru sett Þau hafa mörg orðið afar viðamikil og mörg hafa nánast af tilviljun lent hjá einhverju ákveðnu ráðuneyti. Allt þetta krefst skoðunar á Stjórnarráði Íslands ef hagkvæmni á að gæta.

Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég mun ekki leggjast gegn því að þessi ráðuneyti verði sameinuð þó að ég telji að það væri langæskilegast að gera það í tengslum við heildarendurskoðun Stjórnarráðsins en ég leggst eindregið gegn því að Seðlabanki Íslands verði hjá viðsk.- og iðnrn. og tel það reyndar ekki koma til greina og vildi gjarnan fá að heyra viðhorf hæstv. forsrh. til þess. Mér finnst að það verði að liggja fyrir, ef menn ætla að sameina þessi ráðuneyti, að Seðlabankinn fari þar sem hann á langtum eðlilegar heima.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og fram kom á þessi umræða sér stað með töluvert löngu millibili. Það eru þrír og hálfur mánuður eða svo síðan nokkur umræða varð um þetta mál, en þá voru miklar annir í þinginu og það varð að ráði að málið yrði ekki afgreitt fyrir jólahlé þingmanna enda var út af fyrir sig ekki brýn þörf á því. En það var þó leitast við í byrjun að ná því fram, en um það varð ekki samstaða.

Hv. 8. þm. Reykn. nefndi það hér í ræðu í gær að hann vildi fá upplýsingar um það hvort flutningur og þá samþykkt þessa frv. væri sérstakur liður í stjórnarsamkomulagi stjórnarflokkanna, formlegu eða óformlegu. Það er rétt að upplýsa að það mál var ekki rætt á neinn veg í samstarfssamkomulagi flokkanna þegar

til stjórnarinnar var stofnað á sínum tíma. Það kom ekki til umræðu þar.

Hv. þm. nefndi líka að honum fyndist ekki eðlilegt, ef svo væri, að ráðuneyti væru sameinuð eða stofnað til þeirra með þessum hætti til þess að leysa einhver innri mál stjórnarflokka. En svarið er sem sagt það að því er ekki að heilsa hér og ég man reyndar ekki eftir neinu slíku dæmi að til ráðuneyta hafi verið stofnað með þeim hætti nema í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar til umhvrn. var stofnað. Allir vita að það var gert sérstaklega til að kaupa til fylgilags fylgislausa þingmenn til þess að tryggja stöðu þáv. ríkisstjórnar og umhvrn. og stofnun þess var algjört lykilatriði í því púsluspili öllu. Ég er sammála hv. 8. þm. Reykn. að það fer ekki vel á því að grípa til slíkra aðgerða varðandi stjórnkerfið eins og þá var gert.

Jafnframt hefur komið fram og menn hafa rætt það hér, m.a. hv. 8. þm. Reykn. og reyndar með vissum hætti hv. 7. þm. Reykn. líka, sem vék að því hvort með samþykkt þessa frv. væru menn að taka efnislega afstöðu til þess hvar ætti að skipa Seðlabankanum í stjórnkerfinu til frambúðar. Ég tel að í slíkri ákvörðun felist ekki nein sérstök efnisafstaða til þess. Það hefur ekki verið rætt sérstaklega í ríkisstjórn af þessu tilefni og heldur ekki þá hitt að verði þessi tvö ráðuneyti formlega sameinuð þá leiði það þegar til þess að Seðlabankinn eigi ekki að vera í því ráðuneyti. Hvorugt hefur verið rætt í þessu sambandi. Það er starfandi nefnd á vegum viðskrh. að fjalla um lög um Seðlabanka. Ég skal ekki segja hvort það er tekin efnisafstaða til þess í þeim lögum hvar Seðlabankanum er skipað og það er væntanlega ekki eðlilegt að það sé gert í undirbúningi þeirrar lagasetningar. En ég vil svara því að með þessu frv. er ekki verið að taka sérstaka efnisafstöðu til þess hvar Seðlabankanum eigi að skipa til frambúðar í stjórnkerfinu.

Ég segi fyrir mig, fyrst ég var um það spurður af hv. 7. þm. Reykn., að ég tel eins og hann að þar komi allmörg sjónarmið til greina, þó að ég sé ekki eins ákveðinn í því eins og þeir að Seðlabankinn eigi alls ekki *að tilheyra þeim ráðuneytum sem hann tilheyrir* núna. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það skipti verulegu máli í sjálfu sér, en er fyrir mitt leyti tilbúinn til þess að ræða það mál og fjalla um það í framtíðinni. Í því sambandi vil ég nefna þá nefnd sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir hér í gær. Það er ekki vafi í mínum huga að sú nefnd hefur unnið að mörgu leyti gott starf. Þar hafa komið fram margar athyglisverðar hugmyndir, sumar reyndar þess eðlis að það var næsta augljóst að skynsamlegt væri að fara eftir þeim tillögum sem þar voru á ferðinni og ýmsar aðrar tillögur athyglisverðar þó þær væru kannski ekki eins augljósar hvað þetta varðar.

Það kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að í margvíslegum hugmyndum og tillögum sem lagðar voru fram og ræddar í því nefndastarfi öllu var það sameiginlegt og nánast það eina sem var sameiginlegt í öllum *þeim hugmyndum, ef ég skildi* hv. þm. rétt, að rétt væri og eðlilegt að sameina iðn.- og viðskrn. Hv. 7. þm. Reykn. sagði hér áðan að hann hefði lagt fram frv. þess efnis og er það auðvitað vísbending um það að hann hefur talið það, eins og hann reyndar sagði hér sjálfur, að það kæmi fyllilega til álita að slíkt væri gert án þess að sú aðgerð í sjálfu sér væri liður í heildarendurskoðun á lögum um Stjórnarráðið. Ég tel, eins og hann, að það sé skynsamlegt að halda því starfi áfram og halda því starfi sem unnið var á vegum nefndar undir forustu hv. 1. þm. Norðurl. v. áfram. Það er hollt að hafa þessi mál í vinnslu og á ekki að breyta öllu í þeim efnum þó að stjórnarskipti verði og ég er sammála því sem ég las út úr ræðu hans að það væri almennt mikilvægt að hafa víðtæka samstöðu um lagfæringar og breytingar á lögum um Stjórnarráð. Hv. 7. þm. Reykn. hafði skilið það svo að það væri allvíðtæk samstaða einmitt um þetta að sameina iðn.- og viðskrn. í eitt formlegt ráðuneyti.

Hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir því í gær að fljótlega á ferli þeirrar stjórnar sem áður sat hafi verið gerðar veigamiklar aðgerðir sem stuðluðu að því að þessi breyting mætti eiga sér stað, m.a. með því að sami maður var gerður að ráðuneytisstjóra í báðum þessum ráðuneytum. Var það auðvitað skýr vísbending um það hvert stefna skyldi og ég býst ekki við að það hafi verið gert í andstöðu við þáv. forsrh., að þannig var til stofnað.

Ég vænti þess að menn geti með hliðsjón af þessari forsögu allri og hversu þó allvíðtæk samstaða hafði náðst um mál þetta sameinast um að sjá til þess að það megi ná fram að ganga á þessu þingi.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf að leiðrétta hæstv. forsrh. aðeins. Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh. að ráðuneyti umhverfismála hafi verið sett á fót í hagræðingarskyni í ríkisstjórninni eða til að fá þar inn nýjan flokk. Ég er sannfærður um það að núv. hæstv. umhvrh. er sammála mér um mikilvægi þess ráðuneytis. Þetta ráðuneyti var sett á fót til að undirstrika mikilvægi umhverfismála. Ég vil vekja athygli hæstv. forsrh. á því að umhverfismálin höfðu verið til meðferðar *hér á hinu háa Alþingi líklega í hartnær 20 ár* og ekki náðst samstaða um nauðsynlegar aðgerðir.

Sjálfstæðismenn lögðust mjög hart gegn myndun þessa ráðuneytis, um það urðu miklar og harðar umræður, að mínu mati algjörlega óþarfar. Ég fagna því að ég sé ekki betur en að nú hafi hins vegar náðst full samstaða um skipun þessa afar mikilvæga málaflokks. Ég vil því leggja á það áherslu að það mál var flutt eingöngu vegna þess að umhverfismálunum varð að veita fastan sess.

Ég vil þakka hæstv. forsrh., fyrst ég er staðinn hér á annað borð upp, fyrir það sem hann sagði um að halda áfram þessari endurskoðun. Ég skil hann svo að hann vilji, eins og ég, stuðla að því að þetta verði — ja, eigum við að segja þverpólitísk vinna, það komi allir flokkar að þessu. Um þetta þarf að nást breið samstaða og það mun ekki standa á okkur í því sambandi.

Í þeirri nefnd sem starfaði og væntanlega hefur þá störf í einhverri mynd á ný var víðtæk samstaða um fleira, m.a. tel ég að þar hafi verið víðtæk samstaða um

það að flytja Seðlabankann frá viðsk.- og iðnrn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að afar sérkennilegri ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti hér í gær vil ég fara nokkrum orðum um ræðu hæstv. forsrh.

Ég fagna því sem hæstv. forsrh. sagði að þetta frv. sé ekki liður í neinu samkomulagi milli Alþfl. og Sjálfstfl. við stjórnarmyndnun. Ég tel mjög gott að slík yfirlýsing sé komin fram. Það gerir okkur kleift að taka á þessu máli á málefnalegum grundvelli þar sem allir flokkar geta komið að því og metið það hvort æskilegt er að afgreiða málið í þeim búningi sem það er lagt fyrir þingið, eða hvort það á að gera á því einhverjar breytingar. Ég tel mjög gott að það hafi komið hér fram alveg skýrt af hálfu hæstv. forsrh. að Alþfl. og Sjálfstfl. hafa ekki bundið sig saman í þessu máli við stjórnarmyndun, heldur sé þetta lagt fram eins og hvert annað frv. til þess að þingið geti fjallað um það og þá breytt því eftir þörfum.

Ég vil svo einnig skjóta því hér inn í framhaldi af því sem hv. 7. þm. Reykn. sagði að af hálfu Alþb. hafði það í u.þ.b. 20 ár verið baráttumál flokksins að stofna umhvrn. Það var ekkert sem kom til í tengslum við setu flokksins í síðustu ríkisstjórn, heldur hafði það um langt árabil verið stefnuatriði Alþb., samþykkt á landsfundum og í öðrum stofnunum flokksins, að koma hér á fót umhvrn.

Ég vil einnig lýsa ánægju minni með þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að í þessu frv. sé ekki tekin afstaða til þess hvernig eigi að skipa Seðlabanka Íslands innan Stjórnarráðsins og það mál hafi ekki verið rætt í ríkisstjórninni. Ég fagna þessari yfirlýsingu alveg sérstaklega. Það hefur komið fram nú þegar í þessum umræðum af hálfu talsmanna a.m.k. tveggja flokka ef ekki þriggja að það er mikil gagnrýni á það að ef þetta frv. verður samþykkt óbreytt þá er til frambúðar verið að skipa Seðlabanka Íslands á bás í einu af atvinnuvegaráðuneytunum. Það er að vísu rétt að hvenær sem er geta menn flutt frv. um að breyta því, en reynslan sýnir okkur það hins vegar að það er mjög sjaldan sem þingið hefur gert breytingar á lögunum um Stjórnarráð Íslands. Ég held ég fari rétt með að einu tvær breytingarnar, sem hafa verið gerðar síðan Bjarni Benediktsson, þáv. forsrh., beitti sér fyrir því að lögin voru sett um Stjórnarráð Íslands, hafi verið 1987 þegar utanríkisviðskiptamálin voru flutt frá viðskrn. til utanrrn. og svo þegar umhvrn. var stofnað. Að vissu leyti má kannski segja að þriðja breytingin með sameiningu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar við fjmrn. eigi að teljast þarna með, en ef frá er talin stofnun umhvrn. sem sjálfstæðs nýs ráðuneytis, þá hefur það ekki verið nema tvisvar — ég held ég fari með það rétt, er þó reiðubúinn að taka leiðréttingum í þeim efnum vegna þess að ég hef ekki flett því upp og geri það hér eftir minni — að það hafi bara verið tvisvar á þessum tæpa aldarfjórðungi sem lögunum um Stjórnarráðið hefur verið breytt. Þess vegna óttast ég það, hæstv. forsrh., að ef menn taka ekki Seðlabankann út úr þessu frv. hér og nú við afgreiðslu þess, og vista hann annars staðar, þá sé hér a.m.k. um nokkuð langa framtíð verið að skipa Seðlabankanum inn í iðnrn. og það verði mjög erfitt að gera breytingar á því síðar meir.

Ég vil þess vegna við 1. umr. biðja hæstv. forsrh. sem flm. þessa frv., sérstaklega í ljósi þess að hann hefur lýst því yfir að þetta eigi ekki að vera til frambúðar og Alþfl. og Sjálfstfl. hafi ekki bundið sig neitt sérstaklega saman um þetta frv., að hugleiða það að þegar málið kemur hér til afgreiðslu þá verði vistaskipan Seðlabankans og tilheyrandi málum breytt. Það má gera t.d. á tvennan veg. Það má gera á þann veg að bæta við frv. ákvæði um það að Seðlabankinn skuli heyra undir forsrn. eða fjmrn. Ég er alveg tilbúinn að ræða hvora hugmyndina sem er. En það má líka gera það þannig, ef þetta er eitthvað persónulega viðkvæmt mál fyrir núv. hæstv. viðskrh., en ég hef nokkrum sinnum sagt hér í ræðustólnum að ég tel málið vera nokkuð persónulegt kappsmál hjá honum, þá má auðvitað fara þá leið að leyfa þessu að vera svona í eitt, tvö, þrjú ár, svo lengi sem hann situr þarna í ráðuneytinu, en setja ákvæði í frv. á þann veg að, ég nefni t.d. að 1. júlí 1995 taki önnur skipan gildi. Að frá og með 1. júlí 1995 skuli Seðlabankinn tilheyra annaðhvort forsrn. eða fjmrn. Þar með er málið tekið út úr núverandi kjörtímabili og enginn veit hver fer þá með þessi ráðuneyti að því loknu og sæmileg samstaða þá sköpuð um það hvar málið eigi að vera. Ég bið hæstv. forsrh. að hugleiða í rólegheitum einhverjar af þessum leiðum.

Ég vil einnig benda á það hér að þegar búið er að sameina þessi tvö ráðuneyti og iðn.- og viðskrn. komið til sögunnar, þá er líka óeðlilegt að hinar alþjóðlegu fjármálastofnanir, eins og OECD, Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, séu í iðn.- og viðskrn. Ég held að það sé varla nokkurt ríki finnanlegt í veröldinni þar sem slík skipan er á. Mér þætti mjög fróðlegt að vita hvar væri hægt að finna dæmi um það að samskipti lands við OECD, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé í iðnaðarráðuneytinu. Ég held að enginn hafi haft hugmyndaflug til þess að koma því þannig fyrir, en það væri fróðlegt ef menn gætu nefnt það.

Ég varð t.d. var við það þegar ég var fjmrh. að ýmsum fulltrúum og embættismönnum þessara stofnana fannst dálítið sérkennilegt að þurfa að fara vissa krókaleið að fjmrn. í samskiptum við íslenska Stjórnarráðið og það væri miklu eðlilegra að fjmrn. annaðist samskiptin við OECD, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heldur en iðn.- og viðskrn. Ég nefni þetta einnig í þessari umræðu vegna þess að það er ekki bara Seðlabankinn sem skiptir máli í þessum efnum heldur líka hvernig íslenska stjórnkerfið hagar samskiptum sínum við þessar mikilvægu alþjóðastofnanir. Aðrar alþjóðastofnanir hafa verið fluttar til utanrrn. en mér þætti mjög fróðlegt að fá að heyra rökin fyrir því að OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn eigi að skipta við íslenska lýðveldið í gegnum iðnrn.

Ég vil aftur lýsa ánægju minni með það að hæstv. forsrh. kom að þessu máli með nokkuð opnum huga og

verður væntanlega til þess að menn geti hér í þinginu milli flokkanna og í þingnefndinni rætt um málið og gert á frv. þær breytingar sem allir flokkar geta vel við unað.

Þá vil ég koma að ræðu hæstv. viðskrh. Hún var, eins og ég sagði áðan, nokkuð furðuleg. Bæði var nú í henni sérkennilegur tónn sem mér fannst gefa til kynna að hæstv. viðskrh. hefði frekar vondan málstað að verja og ætti erfitt með að tína rök inn í umræðuna og svo voru beinar rangfærslur og ósannindi sem ráðherrann notaði svo til þess að setja ofan í við þann sem hér stendur í sérstökum vandlætingartón. Hæstv. viðskrh. fullyrti það t.d. hér í ræðunni að ég hefði sagt — svo að ég vitni nú orðrétt í þingmanninn, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. 8. þm. Reykn. hélt því fram í fyrri helmingi ræðu sinnar að sú regla væri alls staðar viðhöfð eða því nær alls staðar að seðlabankar heyrðu undir fjármálaráðuneyti."

Ég sagði ekki orð um þetta í ræðu minni, ekki orð. Það er alveg sama hvað ræðan er lesin oft. Slíka fullyrðingu er hvergi að finna í ræðunni og mér þætti mjög fróðlegt ef hæstv. viðskrh. er reiðubúinn til að koma hér upp og finna þessum orðum sínum stað vegna þess að hann fer síðan í framhaldinu að telja upp í ávítunartón að þetta sé nú ekki svona í Finnlandi og þetta sé nú ekki svona í Sviss og þetta sé nú ekki svona í Þýskalandi og í Bandaríkjunum o.s.frv. Og þar með á allur málflutningurinn að hrynja. Er það virkilega þannig að hæstv. viðskrh. eigi svo erfitt með að finna rök fyrir þessu máli að hann þurfi að fara með ósannindi af þessu tagi til þess að styrkja mál sitt? Það eina sem finna má í ræðu minni sem nálgast það að vera eitthvað í átt við þetta er að ég spurði hæstv. forsrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eru nokkur dæmi þess að seðlabanki og gengisskráning heyri í nágrannalöndum okkar undir atvinnuvegaráðuneyti? Ég hef ekki farið yfir það mjög nákvæmlega en það væri mjög fróðlegt að fá það upplýst með hvaða hætti það er."

Þetta er það eina sem ég sagði í ræðunni um þetta efni. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort þess væru nokkur dæmi að seðlabanki heyrði undir atvinnuvegaráðuneyti. Ég fullyrti ekkert um það, ég spurði. Ég sagði ekkert um fjmrn. og ekkert af því sem hæstv. viðskrh. segir að ég hafi sagt. Ég spyr aftur vegna þess að ég reikna með að jafnvandaður og lærður maður í þessum fræðum og hæstv. viðskrh., jafnmikill kunnáttumaður um meðferð peningamála og stöðu seðlabanka í okkar heimshluta, ég bið hann um að nefna þá dæmi þess hér á Alþingi Íslendinga að seðlabanki heyri stjórnsýslulega undir atvinnuvegaráðuneyti. Ég hef spurt hæstv. forsrh. en hann hefur ekki svarað því enn. Ég ætla svo sem ekkert að vera að þrýsta meira á það. Hæstv. forsrh. hefur greinilega ekki treyst sér til þess að nefna nein dæmi um það og ég ætla ekkert að fjalla nánar um það. Það er alla vega ljóst að hingað til hefur ekki komið fram í umræðunni eitt einasta dæmi um það að seðlabanki heyri undir atvinnuvegaráðuneyti. Ef þau eru til þá þætti mér fróðlegt að fá það hér fram. En ég bið nú hæstv. viðskrh. að vera ekki að fara rangt með þegar hann er að reyna að hrekja það sem menn áttu að hafa sagt í ræðu um þetta mál.

Hæstv. viðskrh. fullyrti líka að það hefði náðst þverpólitísk samstaða í nefndinni um þetta mál og þess vegna væri skrýtið að þetta væri rætt hér. Þetta er heldur ekki rétt, hæstv. viðskrh. Eins og fram hefur komið hér í umræðunum var frv. um Stjórnarráð Íslands flutt og lagt fram til kynningar eins og allir þekkja til þess að menn gætu skoðað það, en það lá fyrir, bæði af hálfu fjmrn. sem stofnunar, af hálfu Alþb. sem flokks og af hálfu mín sem fjmrh. að það var gerð athugasemd við það að Seðlabankanum og peningamálunum og samskiptum við hinar alþjóðlegu fjármálastofnanir væri komið fyrir í hinu nýja iðnrn. og það átti alveg eftir að ná niðurstöðu í því máli.

Síðan var í þriðja lagi í ræðu hæstv. viðskrh. mjög sérkennilegur „parsus" um hvort ég hefði kynnt mér húsaskipan í Arnarhvoli. Þetta er greinilega óskaplega viðkvæmt mál. Ég held að 15–20% af ræðunni hafi svo verið varið til þess að sýna fram á að það hafi verið komnar þarna einhverjar dyr milli iðnrn. og viðskrn. á fyrra kjörtímabili og það sé rangt hjá mér að það hafi verið rifinn niður veggur. Nákvæmt skal það vera. Það má vel vera og ég skal alveg taka leiðréttingum í þeim efnum ef það er eitthvað rangt hjá mér að þarna hafi verið rifnir niður veggir. Það er kannski líka rangt hjá mér, hæstv. viðskrh., að það hafi verið rifinn niður veggur sl. haust eða sumar, eða alla vega frá kosningum, í skrifstofu ráðherrans fyrst ráðherrann er á annað borð byrjaður að ræða niðurrif veggja á hans yfirráðasvæði í Arnarhvoli. Mér hefur verið tjáð það að ráðherrann hafi látið rífa niður vegg í skrifstofunni hjá sér og stækkað hana dálítið og svo hefur í blöðum verið sagt að ráðherrann hafi keypt sér nýtt skrifborð fyrir nokkuð myndarlega upphæð. Og ég hef líka heyrt að hann hafi keypt sér ráðherrastól sem kostaði 400 þús. en það er nú kannski eins og ýmislegt annað sem maður heyrir og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að ræða þetta mikið hér en það hlýtur að vera myndarlegur stóll sem kostar 400 þús., ef satt er. Við skulum láta alveg liggja á milli hluta, virðulegi viðskrh., en hins vegar hefur greinilega ýmislegt verið að gerast þarna í herbergjaskipan og húsakosti í viðsk.- og iðnrn.

Síðan kemur í fjórða lagi nokkuð sérkennilegur „parsus" í ræðunni um söguna, í þeim ávítunartón sem ráðherrann talaði í þessum umræðum í minn garð, og sagt að ég sé ekki sérlega minnugur á nýliðna stjórnmálasögu og byrjar svo á árinu 1903 og 1917. Það var nú að vísu nokkuð löngu áður en ég fór að fylgjast sjálfur náið með því sem var að gerast á vettvangi stjórnmálanna en hins vegar er ég sæmilega lesinn í þessum fræðum og það er alveg velkomið, fyrst hæstv. viðskrh. kýs að fara með umræðuna inn á þann vettvang, að rifja hérna aðeins upp þessa sögu vegna þess að það er nefnilega rangt hjá hæstv. viðskrh. að iðnaðarráðuneytið hafi á sínum tíma verið sérstaklega tekið út úr atvinnumálaráðuneytinu. Iðnaðarráðuneytið kom, ef hægt er að staðsetja með einhverri nákvæmni,

út úr samgrn. Þannig að ef röksemd hæstv. viðskrh. er sú að það eigi að fylgja einhverju sögulegu fordæmi í þessum sameiningarmálum, þá blasir alveg beinast við að fara með verkefnin aftur yfir í samgrn. Það vill nú svo til að í hinu merka riti eftir Agnar Klemenz Jónsson, Stjórnarráð Íslands, er að finna ágætar lýsingar á því hvernig þetta gerðist. Og það vill nú svo líka til árið 1959 var hér á Alþingi mjög fróðleg umræða um þetta mál þar sem páv. prófessor í stjórnlagafræðum og þingmaður, Ólafur heitinn Jóhannesson, flutti sérstaka fyrirspurn til páv. dómsmrh., sem einnig var fyrrv. prófessor í stjórnlagafræðum, um sköpun iðnrn. Og í þessum umræðum kom fram að iðnaðarráðuneytið varð til á þann hátt að búa til bara nýjan bréfhaus. Það var bara farið í Gutenberg, löngu áður en menn höfðu hugmyndaflug til að einkavæða það, og beðið um nýjan bréfhaus. Þannig varð ráðuneytið til. En prófessorinn í stjórnlagafræðum, Ólafur Jóhannesson, taldi að þetta væri kannski ekki alveg löglegt. Um þetta spunnust síðan mjög fróðlegar umræður á Alþingi og frá því er greint í sögu Agnars Klemenz Jónssonar af Stjórnarráði Íslands. Mig langar, iðnrh. og viðskrh. til fróðleiks, fyrst hann á annað borð fór að setja sig á háan hest í sagnfræði hér í umræðunni, að rifja þetta aðeins upp fyrir hann svo að hann hafi heldur það sem sannara reynist.

Ólafur Jóhannesson segir í framsöguræðu sinni með þessari fyrirspurn á Alþingi Íslendinga 3. des. 1959, með leyfi virðulegs forseta: „Það mun nú vera ...“ (**Forseti:** Vegna þess að það er liðið að þingflokksfundatíma vildi ég spyrja ræðumann hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni því að þá vil ég biðja hann um að fresta henni.) Það er nú afstætt, virðulegi forseti, hvað er mikið og hvað er lítið í þessum fræðum. Ég hafði í sjálfu sér ekki ætlað mér að flytja neitt mjög langt mál hér, en það er hins vegar orðin hefð í þessu máli að ég geri hlé á ræðum mínum og svo sé það tekið fyrir síðar þannig að ég er alveg reiðubúinn að gera það hér og nú.

Umræðu frestað.

110. FUNDUR

fimmtudaginn 26. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Flutningur stofnana á vegum ríkisins út á landsbyggðina, ein umr.

Fsp. GunnS, 270. mál. — Þskj. 452.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):
Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um flutning stofnana á vegum ríkisins út á landsbyggðina. Hún hljóðar svo:

„Hvenær má búast við því að ríkisstjórnin hefjist handa við framkvæmd starfsáætlunar sinnar um að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir?

Hvaða þjónusta og stofnanir verða í upphafi fluttar af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina?“

Það hefur verið sístætt umræðuefni að nauðsynlegt er að flytja ríkisstofnanir og opinbera þjónustu í ríkari mæli út á landsbyggðina en raun ber vitni. Umræðurnar hafa að vísu ekki skilað þeim árangri sem flestir hafa vænst. Ég geri mér grein fyrir því að um viðkvæmt og e.t.v. erfitt viðfangsefni er að ræða. Þetta mál snertir búsetuþróunina í landinu. Eigi að síður er það staðreynd að á meðan vilji hefur verið fyrir því að flytja opinbera þjónustu og ríkisstofnanir í auknum mæli út á landsbyggðina þá hefur ríkisvaldið stóraukið rekstur, fjárfestingar og þjónustu sína á höfuðborgarsvæðinu. Til marks um þetta má ætla að rekstur ríkisvaldsins á höfuðborgarsvæðinu á sl. 10 árum hafi aukist nánast um helming ef talið er í störfum, en sjö af hverjum tíu störfum sem felast í aukningunni eru öll í Reykjavík. Þannig að það hallar mjög á landsbyggðina.

Fjárfesting og rekstrarstefna ríkisvaldsins hefur náttúrlega mjög mikil áhrif á alla búsetuþróun og það mundi skipta sköpum fyrir búsetu á landsbyggðinni ef ríkisvaldið mundi taka upp virkari stefnu í því að flytja þessa þjónustu út á land eins og aðstæður frekast leyfa og það mun styrkja lífskjör og búsetuna í landinu. Þá er einnig þess að geta að það kostar landsbyggðarfólk mjög mikið að þurfa að sækja þjónustuna langt og skapar óeðlilegan aðstöðumun í landinu. Þess vegna hef ég flutt þessa fsp. sem ég hef lesið og óska svara hæstv. forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur lagt fram fsp. um hvenær megi búast við að ríkisstjórnin hefjist handa um flutning ríkisstofnana eða þjónustu á vegum ríkisins út fyrir höfuðborgarsvæðið. Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, er rætt um með hvaða hætti ríkisstjórnin vilji stuðla að vexti og viðgangi byggðar, ekki síst með eflingu vaxtarsvæða, bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja. Þar kemur jafnframt fram að ríkisstjórnin vill beita sér fyrir því að á kjörtímabilinu verði stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins í auknum mæli komið fyrir fyrir utan höfuðborgarsvæðið „eftir því sem hagkvæmt þykir“ eins og þar segir. Ríkisstjórnin mun skipa innan tíðar nefnd á sínum vegum til að vinna að því að fylgja þessari stefnu eftir. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hefur slíkur flutningur ríkisstofnana og þjónustu á vegum ríkisins út fyrir höfuðborgarsvæðið verið á dagskrá afskaplega lengi. Ég hygg að flestir stjórnmálaflokkar hafi litið á slíkan flutning sem mikilvægan þátt í byggðastefnu. Fyrir tæpum 20 árum lagði nefnd á veg-

um ríkisins til að 25 stofnanir yrðu fluttar í heilu lagi frá höfuðborgarsvæðinu en því miður hefur afskaplega lítið orðið úr í þessum efnum. Mun aðeins ein stofnun hafa verið flutt í heilu lagi frá Reykjavík og út á land og það var Skógrækt ríkisins og mun sá undirbúningur hafa staðið lengi yfir og var tækifærið notað þegar breyting varð í embætti skógræktarstjóra ríkisins. Þetta var eingöngu lítil stofnun, einungis sjö starfsmenn unnu fyrir þessa stofnun og munu mjög fáir hafa flutt með stofnuninni út á land. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá gekk þetta mál ekki átakalaust fyrir sig.

Ríkisstjórnin hefur þegar lýst því yfir að hún vill að Byggðastofnun verði flutt til Akureyrar. Því er ekki að neita að það er ágreiningur um þá hugmynd, bæði innan stjórnar Byggðastofnunar, svo ekki sé talað um hjá starfsfólki þeirrar ágætu stofnunar. Byggðastofnun hefur skrifað forsrn. greinargerð um þessa hugmynd og reyndar koma fram í þeirri greinargerð sjónarmið almennt um flutning ríkisstofnana út á land og hvernig hafi tekist til í þeim efnum hjá nágrannaríkjum á Norðurlöndum. Þar segir, með leyfi forseta: „Hugmyndir um flutning ríkisstofnana voru mjög til umræðu á Norðurlöndum fyrir 20 árum síðan. Þær stofnanir, sem hugmyndir voru uppi um að flytja, höfðu allar það einkenni að hafa ekki mikil tengsl við miðstöð stjórnsýslunnar. Lítið hefur orðið úr áformuðum flutningi stofnana nema helst í Svíþjóð. Þar voru fluttar m.a. rannsóknastofnanir, landbúnaðarstofnanir, myntslátta, landmælingar, veðurstofa og vegagerð.

Í skýrslu byggðanefndar þingflokkanna er greint frá reynslu Norðurlandabúa í þessum efnum. Þau vandamál sem komu upp við flutninginn reyndust mun umfangsmeiri en ætlað var í upphafi. Endurskipulagningu starfseminnar á nýjum stað fylgdi mikill kostnaður. Tregða starfsmanna til að fylgja stofnunum milli staða reyndist mun meiri en áætlað var. Á grundvelli fenginnar reynslu er flutningur ríkisstofnana í heilu lagi ekki lengur talinn framkvæmanlegur á Norðurlöndum."

Varðandi flutning Byggðastofnunar segir, með leyfi forseta:

„Markmið stofnunarinnar með skrifstofum í landshlutum hefur verið að þjóna fyrirtækjum á hverju landsvæði eins vel og hægt er og jafnframt að vinna að öðrum málefnum héraðsins og raunar að verkefnum á landsvísu einnig. Þannig yrði stofnuninni smám saman dreift um landið eftir því sem hagkvæmt þætti og efni væru til. Vegna tengsla stofnunarinnar við ríkisstjórn og ráðuneyti yrði hins vegar hagkvæmast staðsetja aðalskrifstofuna í Reykjavík. Stofnunin gegnir hlutverki sínu sem málsvari landsbyggðar í stjórnkerfinu verr ef hún er staðsett fjarri því. Eins og glögglega hefur komið í ljós í ársskýrslu stofnunarinnar og öllum lýsingum á starfsemi hennar eru samskipti og samvinna við Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneyti, ríkisstofnanir, banka og sjóði, sem öll eru í Reykjavík, veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Tengsl stofnunarinnar við þessa aðila felast einkum í tíðum vinnufundum og persónulegum samskiptum. Staðsetning Byggðastofnunar í fjarlægð frá þessum aðilum dregur úr möguleikum hennar til að sinna hlutverki sínu.

Í hinum nýju lögum um Byggðastofnun er gert ráð fyrir auknu samráði við stofnanir á höfuðborgarsvæðinu frá því sem verið hefur. Staðsetning stofnunarinnar á Akureyri veldur auknum kostnaði og fyrirhöfn þeirra sem til hennar þurfa að sækja. Margir þeirra sem til stofnunarinnar þurfa að leita verða að ná fundum æðstu yfirmanna stofnunarinnar. Ef stofnunin er á Akureyri eiga þeir engin önnur erindi þangað en samskipti við hana. Reykjavík er augljóslega ódýrasti staðurinn á landinu fyrir starfsemi sem þarf að þjóna fólki hvaðanæva að af landinu. Borgin er meiri kjarni alls landsins en nokkur önnur höfuðborg. Ferðir þangað eru notaðar til margra erinda í senn."

Þetta segir í skýrslu Byggðastofnunar eða álitsgerð. Einnig segir:

„Fyrirkomulag byggðamála hefur löngum verið pólitískt deilumál hérlendis. Afleiðingar þess á starfsemi stofnunarinnar hafa ekki verið góðar. Langvarandi umræður og deilur um flutning stofnunarinnar nú kemur sér afar illa. Verkefni stofnunarinnar eru margþætt og krefjandi. Því er mikilvægt að þeir sem að þeim starfa geti einbeitt sér að þeim og búi ekki við óvissu um framtíðina."

Niðurstaðan, með leyfi forseta, er þessi: „Reynsla Norðurlandanna og þær athuganir, sem fram hafa farið hér á landi, leiða til þeirrar niðurstöðu að ekki er hægt að mæla með heildarflutningi ríkisstofnana. Efling útibúa og valddreifing innan stofnana er betur fallin til þess að ná þeim markmiðum sem að var stefnt með stofnanaflutningi, sérstaklega ef um er að ræða stofnanir sem mjög eru nátengdar miðstjórnarvaldinu. Því er vandséð hvaða tilgangi flutningur Byggðastofnunar til Akureyrar þjónar."

Þetta er svar Byggðastofnunar um þessa tilteknu stofnun en ég vek athygli á því að þessi rök mætti nota um flestar stofnanir sem menn vildu flytja út á land. Ég er ekki alfarið sammála þessum röksemdum, fjarri því, þó að ég sé ekki að hafna þeim með öllu. Ég tel nauðsynlegt að Alþingi fjalli sjálft um það hvort Byggðastofnun eigi að flytja til Akureyrar. Ég mun mæla með því. Ég tel nauðsynlegt að þingið geri upp við sig hvort menn í raun eru fylgjandi því að stofnanir flytji út á land eða hvort þetta er aðeins fagurgali hjá okkur stjórnmálamönnum, reglubundinn fyrir kosningar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft nokkuð miklu máli sem stundum áður hefur verið til umræðu, bæði innan þings og utan, en það er ljóst af svörum hæstv. forsrh. að ekki er von um neinar efndir í þessa átt og sérstaklega verður það auðskilið í ljósi þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað sér sem felst m.a. í því að hún hefur falið Byggðastofnun að skilgreina það sem kallað er vaxtarsvæði á landsbyggðinni. Í þeirri skilgreiningu felst hið gagnstæða að þau svæði, sem lenda utan vaxtarsvæða, eru væntanlega dauðasvæði landsbyggðarinnar.

Ég vil minna á fyrirheit forsrh. og yfirlýsingar um flutning á Byggðastofnun sem greinilega eru að engu orðin. Ég vil líka minna á frumvörp sem ráðherrar hafa flutt fyrr í vetur, t.d. frv. um Brunamálastofnun ríkisins þar sem áfram er gert ráð fyrir að sú stofnun verði staðsett í Reykjavík þó að það sé tiltölulega smá stofnun og afar auðvelt að flytja hana út á land hvort heldur er til Akureyrar, Ísafjarðar eða eitthvert annað.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Því miður er það þannig að það er mikil sorgarsaga, viljaleysi ríkisstjórna á síðustu 20 árum við að taka á þessu máli. Ríkisstjórnin sem sat 1971–1974 setti nefnd til þess að vinna að flutningi ríkisstofnana og gegndi ég formennsku í þeirri nefnd. Í henni var margt góðra manna, m.a. núv. hæstv. utanrrh., sem þá var skólameistari á Ísafirði og starfaði í nefndinni, og við skiluðum mjög ítarlegri skýrslu sem lögð var fram hér á þinginu. Þar voru gerðar ítarlegar tillögur um flutning ríkisstofnana, bæði útibúa, deilda og heilla stofnana. Ég er sannfærður um að ef farið hefði verið að þeim tillögum hefði mátt spara mikið vegna þess að þá hefði uppbygging margra stofnana farið fram utan höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar er á þessum 20 árum búið að byggja yfir þær margar hér. Það þarf þess vegna mjög sterkan pólitískan vilja til þess að hrinda í framkvæmd aðgerðum á þessu sviði og ég vona að hæstv. ríkisstjórn reynist hafa þann vilja.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að segja að ég hef ekki trú á því að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi þann vilja sem til þarf til að taka á þessum málum. Ég held að þetta hafi verið ótímabær bjartsýni hjá síðasta ræðumanni. Ég vil minna á tvennt í þessu sambandi. Ég minni á að þegar hæstv. núv. forsrh. sóttist eftir kjöri sem þingmaður Reykvíkinga gerði hann það á þeim forsendum að Reykjavík vantaði öflugri málsvara á Alþingi. Þetta gerðist á sama tíma og hann sem borgarstjóri var að gera Reykjavíkurborg í stakk búna til að taka við tugum þúsunda nýrra íbúa fram yfir aldamót þannig að ég held að það sýni kannski þann hug sem þar liggur raunverulega að baki.

Í öðru lagi nefni ég að við getum talið upp hvert frv. núv. hæstv. ríkisstjórnar á eftir öðru sem ganga í þá átt að það er reiknað með aukinni miðstýringu og valdatilfærslu til stjórnkerfisins í höfuðborginni. Þar nefni ég bara eitt sem er nýlegt frv. um málefni fatlaðra. Þetta er sá raunveruleiki sem blasir við okkur.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að hér er hreyft miklu máli og ég heyri að áhugi þingmanna er í eina átt og því vil ég benda mönnum á að fyrir Alþingi liggur nú till. til þál. um að meiri hluti nýrra starfa á vegum hins opinbera verði til utan höfuðborgarsvæðisins. Ég held að þegar grannt er skoðað og við hlustum á þá sem um þessi mál fjalla, sé niðurstaðan sú að það sé ásættanlegri leið til að ná því marki, sem við viljum örugglega, ef ég heyri rétt, stefna að og reyna að ná, að við flytjum störfin meira út á land. Tæknin hefur breyst mjög mikið og gerir þetta allt miklu þægilegra og því vonast ég til að það mál fái skjóta og góða afgreiðslu í gegnum Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að ummæli frambjóðenda um að að flytja ætti stofnanir út á land, væru helst notuð fyrir kosningar og lítil meining í þeim. Þær umræður, sem nú fara fram, sýna að þar fylgir hugur máli, a.m.k. hjá mörgum.

Þegar við ræðum um að flytja stofnanir út á land verðum við að horfast í augu við að í raun og veru er ekki raunhæft að ræða um að flytja þær stjórnsýslustofnanir, sem hér eru staðsettar og búnar að starfa í mörg ár, út á land. Hins vegar er hægt að stofna útibú í tengslum við þær og efla þau eins og kostur er. Einnig er hægt að koma fyrir öllum þeim nýju stofnunum, sem settar yrðu á fót, úti á landsbyggðinni og tek ég þar undir með hv. síðasta ræðumanni. Síðast en ekki síst á að auka og efla starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna úti á landi og nýjar, sem settar yrðu á fót, séu skilyrðislaust stofnaðar úti landi.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég er sammála þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls. Þetta er mikilvægt mál og skiptir miklu að við fjöllum um það af hreinskilni og séum tilbúin til þeirra verka sem þau krefjast. Ég vek athygli á svari hæstv. forsrh. Það er engan veginn hægt að draga þær ályktar af svarinu að hann tali sem málsvari Reykjavíkur gegn landsbyggðinni, síður en svo. Hann hefur þegar hreyft máli um flutning stórrar stofnunar frá Reykjavík út á land og benti á rökstuðning sem kom fram hjá þeirri stofnun sjálfri eða hennar stjórn sem var andstæðrar áttar. Ég tek undir það, sem hann lét í skína, að þessu máli verði hreyft með formlegu þingmáli, væntanlega með frv. eða þáltill., um að þetta verði skoðað ofan í kjölinn og að við tökum efnislega á slíku varðandi staðsetningu hverrar einnar stofnunar þegar hún kemur til umfjöllunar. En við verðum að hafa heildarstefnu og það þýðir ekki fyrir okkur hv. þm. að þvælast fram og til baka á forsendum hagsmuna kannski fáeinna byggðarlaga af fjölmörgum í landinu.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég held að sú álitsgerð, sem hæstv. forsrh. las upp úr frá Byggðastofnun, gefi ekki fyllilega rétta mynd af því sem hefur verið að gerast hjá öðrum þjóðum. Ég vil nefna það sérstaklega að „direktorat" í Noregi, sem gegnir svipuðu hlutverki og fiskistofa sú á að gera sem við erum að tala um að festa í lög hér, er ekki í Ósló heldur var flutt vísvitandi út á land til þess að gegna sínu hlutverki þar. Í Evrópu hefur mikil umræða farið fram um flutning ríkisstofnana út á land og mikið

hefur verið gert í þessum málum, t.d. í Frakklandi. Ég held að það væri ástæða til þess fyrir Byggðastofnun og aðra aðila að afla sér upplýsinga um það.

Hugmyndabankann skortir ekki hér. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Það vantar ekki hugmyndabankann. Hins vegar hefur vantað viljann til þess að flytja stofnanirnar út á land. Ég held að sú þáltill. sem er fyrir þinginu um að meiri hluti starfa á vegum ríkisins verði úti á landi, hafi veikleika sem er fólginn í því að við gerum ráð fyrir því að ríkissjóður hafi minna umleikis á næstu árum heldur en verið hefur þannig að ég held að fullkomin ástæða sé til þess að fara að setja fram framkvæmdaáætlun um flutning ríkisstofnana út á land og þar á meðal Byggðastofnun og það er dapurlegt að inni í þinginu skuli vera þeir veikleikar í sambandi við flutning Byggðastofnunar út á land sem við vitum að eru hér.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Sú umræða, sem spunnist hefur af fsp. hv. 5. þm. Austurl., sýnir að þörf er á að ræða byggðamál þar sem rýmri tími er til umræðna en í þessu fyrirspurnaformi. Sérstaklega tel ég að fyrirmæli hæstv. forsrh. um vaxtarsvæðin hljóti að gefa tilefni til margra spurninga og skýringa. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. forseta og hæstv. forsrh. hvort þeirri umræðu sem hafin var um skýrslu Byggðastofnunar á síðasta ári og ekki var þá lokið verði ekki haldið áfram hið fyrsta.

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Það eru einmitt 20 ár síðan nefnd skilaði áliti um flutning ríkisstofnana út á land eins og fram hefur komið í umræðunum. Þetta eru ekki áratugir Sjálfstfl. heldur nefndir í tengslum við annan flokk. Lítið hefur gerst í málinu og það er illt til þess að hugsa. Hins vegar er það prófsteinn á vilja þingsins, eins og fram er komið, hvort Byggðastofnun verður flutt, hvort raunverulegur vilji er í þinginu til þess að það sem ekki gerðist á framsóknaráratugnum muni e.t.v. gerast á sjálfstæðisáratugnum. Ég hlakka til frekari lærdómsríkrar umræðu um það mál og eins það hvort störfum fjölgar í ríkiskerfinu á landsbyggðinni á næstunni öfugt við það sem gerst hefur á undanförnum árum og áratugum.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál. Þær hafa leitt í ljós að í þinginu er mikill vilji til að hafist verði hafist handa um að flytja opinbera þjónustu og ríkisstofnanir eins og aðstæður frekast leyfa nær fólkinu á landsbyggðinni en nú er.

Hæstv. forsrh. upplýsti að hann mundi innan tíðar skipa nefnd til að fara í gegnum þetta mál og trúi ég því að hann muni leggja fyrir nefndina að hún starfi hratt og skili áliti fljótt. Það liggur nú þegar fyrir allmikið af upplýsingum um þetta mál svo að hún á ekki að þurfa langan starfstíma. En það er sannarlega ástæða til þess að vekja athygli á því hvort ekki sé tími til kominn að lögbundin verði ákveðin stefnumótun er tryggi rétt og aðgang fólks að ríkisstofnunum og opinberri þjónustu, tryggi aðgang fólks óháð búsetu að þeirri þjónustu sem ríkisvaldinu er skylt að veita án þess að fólk þurfi að leggja í mikinn kostnað til að fara langan veg til að njóta sjálfsagðra mannréttinda. Þetta er mannréttindamál og við verðum að horfa á það í því ljósi. Þetta er líka pólitískt mál. Það snýst um almenna lýðræðislega stjórnarhætti í landinu. Það snýst um það hvort við viljum í raun efla valddreifingu eða stuðla enn frekar að þeirri miðstýringu sem hefur vaxið ótrúlega hratt í skjóli ríkisvaldsins, í rekstrar- og fjárfestingarstefnu þess á undanförnum árum, alla vega á tveimur síðustu áratugum. Þetta verður allt að hafa í huga og skoða og ég vil árétta spurninguna um hvort það sé ekki svo brýnt jafnréttismál að um það gildi sérstök lög. Ég vona að hæstv. forsrh. taki tillit til þess þegar hann skipar nefndina með erindisbréfi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður í svo knöppu formi sem þær hljóta að vera. Ég fæ ekki alveg skilið hvernig hv. 5. þm. Vestf. gat lesið út úr minni ræðu áðan að hugmyndir um flutning Byggðastofnunar væru úr sögunni. Ég hygg að ég hafi sagt, a.m.k. ætlaði ég að segja það, að ég mundi leggja það fyrir þingið á næsta hausti að sú ákvörðun verði tekin að flytja Byggðastofnun norður til Akureyrar, að ég mundi mæla fyrir því og leggja það til. Ég tók hins vegar fram að um það væri ágreiningur og ég kynnti hluta af þeim sjónarmiðum sem þar liggja fyrir sem er eðlilegt að gera. En ég lagði áherslu á að þingið tæki sjálft afstöðu til málsins.

Ég get greint frá því hér að ég hafði það inni í drögum að reglugerð fyrir Byggðastofnun að Byggðastofnun skyldi flutt til Akureyrar. Mér var hins vegar á það bent af forráðamönnum Byggðastofnunar að þegar lög um Byggðastofnun voru rædd hér í þinginu á sínum tíma hafi slík tillaga verið inni en verið felld burtu. Því var talið hæpið að forsrh. væri heimilt að setja mál þess efnis inn í reglugerð fyrst þingið hefði með beinum eða a.m.k. óbeinum hætti fjallað um málið. Því er nauðsynlegt að þingið taki það sjálft til efnislegrar niðurstöðu. En því fór fjarri að ég væri að segja hér að ég eða ríkisstjórnin væri fallin frá þessum hugmyndum. Ég mun þvert á móti fylgja þeim eftir en það er þingsins að skera úr í þessum efnum og ég tel það vera töluvert prófmál, prófstein, vegna þess að þó að rökin sem færð eru fram af Byggðastofnunar hálfu séu út af fyrir sig efnisleg og ágæt, þá geta þau nánast átt við hvaða stofnun sem er. Því tel ég eðlilegt að láta á þetta reyna hvort vilji er til þess á þinginu að þessi stofnun sé flutt og sá vilji mun kannski marka sporin að töluverðu leyti til framtíðar.

Ég tek undir með fyrirspyrjanda að það er rétt að sú nefnd sem skipuð verður starfi tiltölulega hratt þótt málið sé flókið og umfangsmikið. Eins og hv. þm. benti á hefur gríðarlega mikil vinna átt sér stað í þessum efnum á undanförnum árum.

Vegna þess sem hv. 2. þm. Suðurl. nefndi er af minni hálfu að sjálfsögðu engin fyrirstaða fyrir því að sú umræða um byggðamál, sem staðið hafði eitthvað á þriðja sólarhring, ef ég man rétt, og stöðvaðist í miðjum tveggja tíma inngangi hv. 2. þm. Vestf. 26. nóv. sl., haldi áfram.

Húsameistari ríkisins, ein umr.

Fsp. KÁ, 359. mál (áframhald rekstrar). — Þskj. 578.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr er mikill aðdáandi einkavæðingar þótt enn beri lítt á efndum þeirra áforma sem boðuð hafa verið. Það er vissulega brýn spurning hvert hlutverk ríkisvaldsins eigi að vera og hvaða þjónustu ríkið eigi að veita. Þá er engu síður mikilvægt að velta því fyrir sér hvaða þjónustu ríkið eigi að kaupa af öðrum og hvenær hagkvæmara sé að ríkið sjálft hafi á sínum snærum þjónustu til að sinna t.d. viðhaldi bygginga, ræstingum og öðru daglegu starfi.

Eftir að Íslendingar fengu heimastjórn árið 1904 tóku þeir í sínar hendur margs konar þjónustu sem Danir höfðu áður veitt. Menn litu svo á að þar væri um að ræða starfsemi sem aðrir en ríkið gætu tæplega staðið undir vegna kostnaðar og skorts á menntuðu fólki og reyndar höfðu menn eins og sá mikli áhrifavaldur, Jónas frá Hriflu, þær hugmyndir að áhrif ríkisvaldsins ættu að vera harla mikil.

Árið 1920 var fyrst skipað í embætti húsameistara ríkisins enda var þá kominn til sögunnar fyrsti fullnuma arkitektinn, Guðjón Samúelsson. Embætti húsameistara ríkisins hefur um áratuga skeið hannað opinberar byggingar og sinnt ýmiss konar viðhaldsverkefnum fyrir hið opinbera þrátt fyrir að stofnaður hafi verið fjöldi arkitektastofa og verkfræðistofa sem fullfærar eru um slík verkefni. Því vaknar sú spurning hvort embætti húsameistara ríkisins sé ekki einfaldlega tímaskekkja og hvort ekki væri nær að bjóða út öll verk sem snerta byggingastarfsemi á vegum ríkisins, þ.e. hönnun fyrst og fremst. Ég hef ekki séð neina úttekt á starfsemi húsameistara ríkisins en nýleg dæmi um flugstöðina í Keflavík, Listasafn Íslands og endurbyggingu Þjóðleikhússins vekja upp spurningar um það hvort starfsmenn þessarar ríkisstofnunar leiti alltaf hagkvæmustu og ódýrustu leiða. Ég efast um það og er þá vægt til orða tekið.

Ég vil ekki liggja á þeirri skoðun minni að það beri að leggja þessa stofnun niður í núverandi mynd og þörf sé á endurskipulagningu þess starfs sem þar er unnið og hugað að samvinnu við aðrar skyldar stofnanir á vegum ríkisins. Hér er um að ræða svið sem að mínum dómi á ekki að vera á verkefnasviði ríkisvaldsins og þá er ég fyrst og fremst að tala um hönnunina sem aðrir geta vel tekið að sér. Ég spyr því hæstv. forsrh.:

„1. Er það mat forsrh. að hagkvæmara sé fyrir ríkið að reka eigin teiknistofu en að bjóða út hönnun nýbygginga og viðgerðir á vegum hins opinbera?

2. Áformar ríkisstjórnin að breyta eða leggja niður embætti húsameistara ríkisins?“

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. hefur lagt fram svohljóðandi spurningu: „Er það mat forsrh. að hagkvæmara sé fyrir ríkið að reka eigin teiknistofu en bjóða út hönnun nýbygginga og viðgerðir á vegum hins opinbera?“

Ég vil svara þessu með eftirfarandi hætti: Í hvítbók ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, er greint frá því að ríkisstjórnin muni vinna að undirbúningi breytinga á embætti húsameistara ríkisins og að ákveðnir þættir þess verði sameinaðir Innkaupastofnun ríkisins (framkvæmdadeild), og Fasteignum ríkisins. Þar kemur einnig fram að ákveðnir þættir sem heyrt hafa undir þessi embætti verði í framtíðinni boðnir út á almennum markaði.

Í forsrn. er nú unnið að tillögugerð um framtíðarhlutverk og starfsemi embættis húsameistara ríkisins. Má vænta þess að þær tillögur verði lagðar fram og kynntar í ríkisstjórninni á næstunni. Þar er um að ræða útfærðar tillögur er miða að því að embættið hætti hönnun og verði ekki sjálft í samkeppni við teiknistofur á almennum markaði. Verkefni húsameistara verði í framtíðinni fremur að undirbúa verk í hendur annars vegar þeirra sem taka ákvarðanir og hins vegar í hendur þeirra sem eiga að hanna og annast um framkvæmdir. Hlutverkaskiptingin milli stofnananna sem ég nefndi yrði þá væntanlega sú að húsameistari færi í umboði forsrh. með yfirstjórn á húsakosti æðstu stjórnsýslu ríkisins en framkvæmd að lokinni stefnumörkun og hönnun yrði síðan á vegum stofnana fjmrn. Samkvæmt framansögðu er að því stefnt að húsameistari verði ekki með teiknistofu í samkeppni við arkitekta og embætti hans hætti hönnunarvinnu og meginreglan verði sú að hönnun nýbygginga og viðgerðir á vegum hins opinbera verði boðnar út.

Síðari spurningin er svohljóðandi: „Áformar ríkisstjórnin að breyta eða leggja niður embætti húsameistara ríkisins?“ Eins og fram kom í svari mínu við fyrri spurningunni er gert ráð fyrir breyttu hlutverki embættis húsameistara og hætt verði þeirri starfsemi á vegum embættis hans er lýtur að hönnunarvinnu. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir umsvifaminna embætti er fá muni hlutverk í sambandi við yfirumsjón húsnæðis æðstu stjórnar ríkisins, þ.e. eigendaforræði og ákveðnari tök er lúta t.d. að gerð áætlana um viðgerðir, nýtingu húsnæðis, forgangsröðun verkefna, hönnunarsamninga og fleiri slík verkefni. Nánar verður unnt að greina frá þessari tilhögun þegar útfærðar tillögur liggja fyrir og ætti það að verða alveg á næstunni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilega meira verk að einkavæða embætti húsameistara ríkisins en ýmsar ríkisstofnanir eins og Póst og síma. Það er dálítið merki-

legt að heyra hvað menn þurfa mikið að skoða þetta mál.

Ég vil aðeins bæta inn í umræðuna að embætti húsameistara ríkisins er að mínu mati stofnun sem starfar eingöngu samkvæmt reglugerð sem sett var 1973. Í lögum frá 1974 er skýrt kveðið á um að ekki megi setja á fót nýja ríkisstofnun nema með lögum. Þessi lög leystu af hólmi eldri lög sem höfðu að geyma nákvæmlega sama ákvæði frá árinu 1958. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að embætti húsameistara ríkisins starfi samkvæmt lögum ellegar hvort hér sé um að ræða ríkisstofnun sem er utan heimilda Alþingis.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og ég fagna því að verið er að vinna að þessu þarfa máli. En ég vil benda á að þegar við horfum á byggingar ríkisins í heild og þær nýbyggingar sem þarf að hanna og viðhalda, þá koma þar miklu fleiri að en húsameistari ríkisins og Innkaupastofnun sem hér var getið um. Ég vil nefna byggingardeild menntmrn., skipulagsstjóra ríkisins, Fasteignir ríkisins og tæknideild Húsnæðisstofnunar sem eru að vinna að svipuðum verkefnum. Það vakna spurningar t.d. varðandi tæknideild Húsnæðisstofnunar, sem vinnur að hönnun og er í samkeppni við stofur úti í bæ, hvort ekki sé ástæða til að huga að aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu allra þessara stofnana. Ég held að þannig gæti náðst mikill sparnaður og hagræðing og menn þurfa þá að skilgreina það hvert hlutverk ríkisins er á þessu sviði.

Ég vil geta þess að Arkitektafélag Íslands hefur ályktað varðandi þessi mál, síðast í fyrra, þar sem lagt var til að embætti húsameistara ríkisins verði lagt niður í núverandi mynd og að því embætti verði fyrst og fremst falið að annast rannsóknir, samræmingu, áætlanagerð og skipulagningu. En ég ítreka að ég held að þarna séu í rauninni margir að koma að sama verkinu og þetta mál þurfi að skoða í víðara samhengi í ríkiskerfinu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel það út af fyrir sig ágæta ábendingu hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta mál megi skoða með víðtækari hætti en er þó í meginefnum sú skoðun sem ég nefndi og tengist beint húsameistaraembættinu og Innkaupastofnun ríkisins sem mér finnst eðlilegt að fari saman.

Vegna fyrirspurnar eða athugasemdar hv. 5. þm. Vestf. um það hvort ég teldi að húsameistaraembættið starfaði með lögformlegum hætti eða á lögformlegum grunni þar sem eingöngu hefði verið sett um það reglugerð, þá er ég ekki í neinum vafa um að lagalegur grundvöllur húsameistaraembættisins sé tryggur. Ég vek athygli á því að í reglugerð sem Ólafur Jóhannesson gaf út 16. ágúst 1973, samkvæmt þeim pappír sem hv. þm. lét mig hafa hér, er stuðst við og vísað sérstaklega til laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Er ekki vafi á því að þáv. forsrh., sem var heilmikill stjórnvitringur, Ólafur Jóhannesson, hefur talið sig hafa fullgilda lagaheimild til að setja reglugerð af þessu tagi og ég er ekki í vafa um að hann hefur farið að lögum í þeim efnum.

Húsameistari ríkisins, ein umr.

Fsp. KÁ, 360. mál (verkefni 1990 og 1991). — Þskj. 579.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í framhaldi af fyrri fsp. minni vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. forsrh.:

„1. Hversu mörgum verkefnum sinnti embætti húsameistara ríkisins árin 1990 og 1991:

a. við hönnun nýbygginga,

b. viðhaldsverkefnum?

2. Hvernig stóðust þær verk- og kostnaðaráætlanir sem gerðar voru um þau verkefni sem unnin voru?

3. Sinnti embætti húsameistara ríkisins verkefnum fyrir aðra en opinbera aðila árið 1990 og 1991? Ef svo var, hvaða verkefni var um að ræða?“

Þessar spurningar þarfnast ekki frekari skýringa. Ég er að reyna að fá það fram hvert verksvið stofnunarinnar er og hversu mörgum verkefnum hún sinnir. Það kom fram í frv. til fjárlaga varðandi embætti húsameistara ríkisins að þar er gert ráð fyrir allmikilli hækkun á launakostnaði. Það er vegna verkefnaráðinna starfsmanna á álagstímum. Svo virðist sem mikil verkefni séu fram undan í þessari stofnun. Ég spurði reyndar ekki um verkefni þessa árs en það má bæta úr því síðar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. spyr: Hversu mörgum verkefnum sinnti embætti húsameistara ríkisins árin 1990 og 1991: a) við hönnun nýbygginga, b) viðhaldsverkefnum?

Á árinu 1990 sinnti embætti húsameistara ríkisins átta verkefnum við hönnun nýbygginga og 70 verkefnum við viðhald eldri bygginga. Á árinu 1991 voru hliðstæðar tölur vegna nýbygginga sex og vegna viðhalds 68. Í mjög mörgum tilfellum er um sömu byggingar að ræða bæði árin.

Önnur spurning er svohljóðandi: „Hvernig stóðust þær verk- og kostnaðaráætlanir sem gerðar voru um þau verkefni sem unnin voru?“

Kostnaðaráætlanir miða ávallt við þær forsendur sem fyrir liggja þegar þær eru gerðar. Það getur síðan farið eftir ýmsu hve áreiðanlegar forsendurnar eru. Mikilvægt er að húseigandinn eða fulltrúi hans, t.d. byggingarnefnd, skilgreini forsendur áður en kostnaðaráætlun er gerð. Þegar kostnaðaráætlanir standast ekki má oft rekja það til þess að forsendur í upphafi verksins hafa ekki verið rétt metnar. Einnig kemur oft fyrir að húseigandinn breytti um stefnu, þ.e. ekki hefur verið lögð næg vinna í undirbúning og forhönnun.

Hönnunarferlinu er oft skipt í þrjár meginlotur:

1. Undirbúning sem almennt gerir kostnaðaráætlun með 30–50% skekkjumörkun mögulega.

2. Forhönnun sem almennt gerir kostnaðaráætlun með 20–25% skekkjumörkum mögulega.

3. Verkhönnun. Á því stigi á að vera mögulegt að gera kostnaðaráætlun með 10–15% skekkjumörkum.

Ef forsendur breytast á einhverjum þessara stiga breytist kostnaðaráætlun að sjálfsögðu einnig. Samkvæmt upplýsingum frá embætti húsameistara ríkisins stóðust allar kostnaðaráætlanir innan marka þeirra skilgreininga sem settar voru fram hér að framan árin 1990 og 1991.

Þegar um minni viðhaldsverkefni er að ræða gengur embætti húsameistara iðulega frá kostnaðaráætlunum án aðstoðar annarra ráðgjafa. Þegar unnið er að nýbyggingum eða byggingum eldri húsa og embættið sinnir starfi arkitekts og vinnur ásamt ýmsum öðrum að hönnun verkefnisins er að öðru jöfnu aðeins kostnaðarþáttur arkitekts af hendi embættisins. Slíkar áætlanir eru unnar í sameiningu af hönnunarhópnum.

Kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við breytingar á Þjóðleikhúsinu falla undir þennan síðasta flokk. Embætti húsameistara ríkisins átti þar af leiðandi aðeins óverulega hlutdeild í framsetningu þeirrar áætlunar.

Að því er varðar aðrar kostnaðaráætlanir árin 1990 og 1991 sem embætti húsameistara hefur átt verulega aðild að er ekki annað vitað á þessari stundu en þær hafi staðist í öllum meginatriðum.

Þriðja spurning er svohljóðandi: „Sinnti embætti húsameistara ríkisins verkefnum fyrir aðra en opinbera aðila árin 1990 og 1991? Ef svo var, hvaða verkefni var um að ræða?"

Árin 1990 og 1991 sinnti embætti húsameistara ríkisins nánast eingöngu verkefnum fyrir opinbera aðila, þ.e. æðstu stjórn, ráðuneyti og stofnanir íslenska ríkisins. Af gamalli hefð hefur embættið einnig sinnt verkefnum fyrir ýmsar safnaðarnefndir, kirkjubyggingar og safnaðarheimili. Á þessum árum var þannig unnið að verkefnum fyrir Hallgrímskirkju, Laugarneskirkju og Reykholtskirkju.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Mér finnst það merkileg tíðindi ef verk- og kostnaðaráætlanir húsameistara ríkisins eru farnar að standast því að frægt er dæmið af Flugstöðinni í Keflavík þar sem við sitjum uppi með gífurlegar skuldir eftir þá byggingu.

Margt væri hægt að ræða varðandi verk- og kostnaðaráætlanir í byggingarstarfsemi hér á landi, ekki síður hjá ríkinu en annars staðar. Til þess gefst ekki tími hér. Það hefur verið bent á að það sé mikill ókostur hvernig hér sé að verki staðið þegar verið er að hanna byggingar nánast um leið og þær eru byggðar í stað þess að ljúka slíkum álætlunum fyrir fram og standa síðan fast á bremsunum og sjá til þess að áætlanir standist.

Að öðru leyti er ekki meira um þetta að segja. Það kemur hér fram að embætti húsameistara ríkisins er ekki í verkefnum úti í bæ, alla vega ekki opinberlega. Hins vegar sinna starfsmenn þess ýmsum verkefnum utan síns vinnutíma, ég vona alla vega að þeir séu ekki að vinna að öðrum verkefnum í sínum vinnutíma. En mér finnst ekki óeðlilegt að þeir sinni kirkjubyggingum og öðru slíku. Þetta fellur náttúrlega undir hinn opinbera geira.

Viðhald opinberra bygginga, ein umr.

Fsp. KÁ, 361. mál. — Þskj. 580.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að fjölmargar merkar og sögulegar byggingar í eigu ríkisins eru afar illa farnar vegna þess að þeim hefur ekki verið haldið við með eðlilegum hætti. Gömlu steinhúsin sem reist voru af gömlu konungsstjórninni á 18. öld hafa verið tekin í gegn eitt af öðru og nægir þar að minna á Viðeyjarstofu, Hóladómkirkju og Bessastaði auk þess sem unnið er að endurbyggingu Nesstofu um þessar mundir. Ýmsar menningarbyggingar frá þessari öld eru illa farnar og má þar nefna ýmsa skóla, Þjóðminjasafnið og Þjóðleikhúsið en endurbyggingu þess er enn ekki lokið. Viðgerðir á þessum húsum kosta ríkið hundruð milljóna og það má ljóst vera að sú stefna sem hér hefur verið rekin gagnvart opinberum byggingum er alröng og mjög svo misskilinn sparnaður þegar viðhald bygginga er dregið ár eftir ár. Því fýsir mig að vita hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessum efnum og hvort þess megi vænta að viðhald hinna fjölmörgu bygginga ríkisins verði með eðlilegum hætti í framtíðinni, svo og hvernig að verki verði staðið. Ég spyr því hæstv. forsrh.:

„Hvernig er háttað eftirliti með ástandi opinberra bygginga og áætlanagerð um nauðsynlegt viðhald húsa í eigu ríkisins?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. spyr: „Hvernig er háttað eftirliti með ástandi opinberra bygginga og áætlanagerð um nauðsynlegt viðhald húsa í eigu ríkisins?"

Embætti húsameistara ríkisins hefur með höndum eftirlit með ástandi þeirra opinberu bygginga sem skilgreindar eru í reglugerð um verkefni embættisins frá 16. ágúst 1973. Þær opinberu byggingar sem falla undir umsjón embættis húsameistara ríkisins samkvæmt þeirri reglugerð eru: Embættisbústaður forseta Íslands, gestahúsnæði ríkisins, Alþingishús og Hæstiréttur, skrifstofuhúsnæði Stjórnarráðsins, Safnahúsið í Reykjavík og Þjóðleikhús. Embætti húsameistara fer þó ekki með hlutverk húseigenda, þ.e. fjármálasýslu t.d. að því er þennan húsakost varðar sem ég taldi upp. Slíkt hlutverk er venjulega í höndum þeirrar stofnunar eða þess ráðuneytis sem í hlut á. Á vegum húsameistara er unn-

ið að byggingaráðgjöf, svo sem þarfagreiningu, gerð kostnaðaráætlana, hönnun og í takmörkuðum mæli að umsjón með framkvæmdum. Öll verkefni eru unnin á grundvelli þeirra forsendna sem mótaðar eru af verkkaupa í samvinnu embætti húsameistara og verkkaupa. Framkvæmdir ráðast síðan öðru fremur af því fjármagni sem fæst til verkefnisins.

Viðhald annarra opinberra bygginga er á hendi annarra fjölmargra aðila. Flestar B-hluta stofnanir ríkisins annast sjálfar viðhald þeirra húseigna sem þær nýta undir sinn rekstur. Hér er átt við Sementsverksmiðju ríkisins, Áburðarverksmiðju ríkisins, Ríkisútvarpið, Póst og síma, Háskóla Íslands, ríkisspítala, Vegagerð ríkisins og Vita- og hafnamálaskrifstofu.

Umsjón með viðhaldi skóla er á vegum sveitarfélaga og byggingardeildar menntmrn. Umsjón með embættisbústöðum sýslumanna og presta eru á vegum byggingardeildar dóms- og kirkjumrn. Umsjón með heilbrigðismannvirkjum er einkum á vegum sveitarfélaga, sjúkrahússtjórna og tæknideildar ríkisspítalanna.

Vegna þess sem hv. fyrirspyrjandi nefndi í aðdraganda sinnar spurningar vil ég taka undir það að ríkisvaldið hefur staðið slælega að viðhaldi bygginga, auðvitað kannski af góðum og gildum ástæðum. Fjárskortur hefur hamlað eins og þekkt er. Ég er ekki í vafa um að þær vanrækslusyndir, ef við getum kallað þær svo, munu hefna sín á næstu árum og áratugum því að mjög margar mikilvægar byggingar eru í mjög slæmu ástandi. Við þekkjum vandamál varðandi Þjóðleikhúsið þar sem í raun þyrftu að koma til ekki bara milljónir heldur milljónatugir. Menn eru komnir í miklu stærri tölur hvað það varðar en áður, nánast komið að því að endurbyggja þurfi það hús vegna þess að venjulegu viðhaldi hefur ekki verið sinnt og því miður er hægt að nefna fleiri dæmi af slíku tagi.

Við vitum líka að í landinu hefur töluvert verið byggt um of á undanförnum árum. Ég hygg að það gæti verið kostur núna á næstu árum að snúa sér í vaxandi mæli að viðhaldi þeirra mannvirkja sem þegar hafa verið byggð til að treysta þau verðmæti og allan þann aðbúnað sem þessum byggingum eiga að fylgja. En þarna veltur eins og fyrri daginn mest á því hvaða fjárveitingum við treystum okkur til að beina að þessu verkefni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir lokaorð hæstv. forsrh. þar sem hann sagði að nú væri kannski ástæða til þess á næstu árum að stjórnvöld sneru sér frekar að því að endurbyggja og laga það húsnæði sem fyrir er í stað þess að byggja nýtt því að eins og hann sagði hefur verið byggt ærið húsnæði á landinu á undanförnum árum og kannski helst hér á þessu svæði þar sem hinar opinberu stofnanir eru. En það er nú samt svo að ráðamenn á hverjum tíma hafa frekar tilhneigingu til að byggja nýtt og því miður virðist hæstv. núv. ríkisstjórn ætla að falla í sömu gryfju. Ég man ekki betur en fyrir liggi rúmlega viku gömul ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að byggja enn eitt skrauthýsið og nú yfir Hæstarétt í stað þess að kanna hvort ekki sé til húsnæði í eigu ríkisins eða annarra sem væri hentugra en nýbyggingar á vegum ríkisins meðan staðið er að viðhaldi annars húsnæðis eins og raun ber vitni.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Hér er að mínum dómi um mjög stórt mál að ræða. Við erum að tala um gífurlegar fjárfestingar af hálfu ríkisins, bæði fjárfestingar fortíðar, nútíðar og framtíðar. Að mínum dómi snýst þetta mál ekki síst um að tryggja að menningarstofnanir búi við gott húsnæði og að vinnustaðir séu viðunandi og allt sé þetta okkur til sóma.

Á hinn bóginn snýst málið um það að hér ríki einhver samræming á þessu sviði, að einhvers staðar sé yfirsýn yfir opinberar byggingar og ástand þeirra. Eins og fram kom í svari forsrh. er það á margra höndum og auðvitað er það hlutverk stjórnenda viðkomandi stofnana að sjá til þess að allt sé það með eðlilegum hætti og að viðhaldi sé sinnt jafnt og þétt. Ég held að þarna sé líka um það að ræða að breyta viðhorfum. Ég held að viðhorfin til viðhalds séu með einhverjum einkennilegum hætti hér á landi þannig að menn láta hlutina drabbast niður, fresta öllu fram á síðustu stundu sem veldur því að kostnaðurinn verður mun meiri en þyrfti að vera. Ég vil því skora á hæstv. forsrh. að huga að heildaryfirsýn í þessum málum, hvort sem hún á að vera í höndum embættis húsameistara ríkisins, sem ég vil nú reyndar breyta, eins og hér kom fram áðan, eða hvort einhvers staðar annars staðar má koma fyrir heildarsýn sem ég tel vera mjög nauðsynlega.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann nefndi þarna að til stæði að byggja enn eitt skrauthýsið og átti þá við hugsanlega byggingu yfir Hæstarétt. Ég hygg að enginn hafi tekið það fram sérstaklega að það hús eigi að vera skrauthýsi. Hins vegar er ljóst, og ég hygg að enginn ágreiningur sé um það, að starfsaðstaða Hæstaréttar, sem er einn af þremur hornsteinum íslenskrar stjórnskipunar, er til vansa eins og hún er í dag. Vinnuaðstaðan er til vansa og ég hygg að enginn ágreiningur sé um það.

Menn tala þá um að byggja nýtt hús yfir Hæstarétt og gera ráð fyrir því að hús geti kostað um 360 millj. kr. Það er um 20% af viðgerðarkostnaði Þjóðleikhússins þannig að menn eru ekki að fara í einhverja stórkostlega glæsibyggingu. Svo að ég nefni byggingu sem mér er kær og ég þekki til þá er þessi upphæð 10% af kostnaði við ráðhús Reykjavíkur. Menn geta því séð að þetta eru smámunir einir sem þarna eru á ferðinni.

Ég vek líka athygli á því, svo að það liggi ljóst fyrir, að um Safnahúsið, sem nefnt hefur verið sem hugsanlegur staður fyrir Hæstarétt, er ágreiningur. Menn greinir á um hvort það henti. Ég fyrir mitt leyti tel að það henti ekki. Ef við skoðum málið burt séð frá þeirri skoðun sem er smekksatriði getum við sagt út frá praktískari ástæðum að það hús henti ekki því það losnar ekki fyrir 1995. Þá eiga eftir að fara fram við-

gerðir á húsinu þannig að í fyrsta lagi verður það tilbúið 1998 sem húsnæði fyrir Hæstarétt. Ég tel hins vegar að húsnæði fyrir Hæstarétt ætti að vera tilbúið á 50 ára afmæli lýðveldisins 1994, það færi vel á því og er ekkert ofverk fyrir okkur að byggja slíkt hús þegar menn líta á þann kostnað sem þarna er um að ræða.

Ég vildi nefna þetta vegna þeirra orða sem hv. 6. þm. Norðurl. e. kom hér að. Að öðru leyti er ég sammála flestum þeim athugasemdum sem fyrirspyrjandi kom með í tengslum við svar mitt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. um skrauthýsi er ég ekki að mæla með því að Hæstiréttur verði í neinu skrauthýsi en ég vil hins vegar vara við því að opinberar byggingar og þá ekki síst húsnæði fyrir Hæstarétt séu einhverjir kofar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ákveðin reisn sé yfir opinberum byggingum og ekki eigi að kasta til þeirra höndunum. Ég er ekki að mæla með því að byggð séu nein skrauthýsi, hvað þá heldur að farið sé fram úr áætlununum eins og við höfum frétt af nýlega varðandi uppáhaldsbyggingu hæstv. forsrh., eins og hann orðaði það. Ég er ekki að mæla með því en við megum heldur ekki vera með neina lágkúru.

Skipulag á hálendi Íslands, ein umr.

Fsp. KE, 344. mál. — Þskj. 553.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Undanfarið, sérstaklega undanfarið síðasta ár og rúmlega það, hefur mikið verið rætt um skipulag á hálendinu. Ýmsar ástæður eru til þess að það hefur verið mikið í sviðsljósinu. Þar er t.d. línulögn, Fljótsdalslína svokölluð, yfir hálendið sem mikið hefur verið rætt um. Einnig hefur mikið verið talað um byggingu fjallaskála á hálendinu og er áætlað að nú séu um 400 skálar á víð og dreif um hálendið. Það eru ýmiss konar skálar svo sem gangnamannakofar, slysavarnaskýli, Ferðafélagsskýli og Ferðafélagsskálar og fleira og er áætlað að í kringum 100 skálar af þessum 400 séu í einkaeign. Er það mat manna að þeir séu vægast sagt í mjög misjöfnu ástandi margir hverjir. Undanfarin ár hefur ásókn í að byggja skála á hálendinu aukist mjög mikið og margir af þeim skálum sem byggðir hafa verið undanfarið eru byggðir í óleyfi.

Þegar farið er yfir byggingarlögin og lögin um skipulag virðist vera ákveðin gloppa í lögunum að því er varðar hálendið og kannski fyrst og fremst vegna þess að það er erfitt að átta sig á lögsögunni, hver hafi lögsögu á hálendinu. Einnig er oft vafi á eignarrétti og langar mig í því sambandi til að lesa hér upp það sem Ragnar Kristjánsson, sérfræðingur Náttúruverndarráðs í skipulags- og mannvirkjagerð, segir í Morgunblaðinu í nóvember sl. en þá er hann að tala um eignarréttarákvæði. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ég veit til þess að maður sem fór með skála inn á hálendið gerði athugasemd vegna annars skála sem reistur var í nágrenninu og honum þótti vera of nærri. Óskaði hann eftir að framkvæmdir yrðu stöðvaðar. Hvorugur skálanna hafði fengið tilskilin leyfi. En hann vildi vera einn og taldi sig vera í fullum rétti þar sem hann kom fyrstur á staðinn.“ Þetta minnir á bandarísku frumbyggjana sem töldu að þeir gætu eignað sér land þar sem þeir komu. Þetta er auðvitað óviðunandi og þarf að taka á þessum málum.

Í október 1990 skipaði þáv. umhvrh. nefnd sem í áttu sæti margir fulltrúar, m.a. fulltrúi Kvennalistans, Bryndís Brandsdóttir og segir frá störfum þeirrar nefndar í skýrslu sem lögð var fyrir 113. löggjafarþing, 388. mál og ætla ég ekki að fara nánar í það. Í þessu sama blaði, Morgunblaðinu, segir Stefán Thors að hann eigi sæti í hálendisnefnd sem sé að undirbúa frv. Þess vegna hef ég borið fram þá fsp. á þskj. 553 um undirbúning á frv. til laga um tilhögun stjórnsýslu á hálendinu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir hefur borið fram fsp. til mín um hvað líði undirbúningi laga um skipulags- og byggingarmál á hálendinu. Það er rétt sem hún sagði í rökstuðningi sinnar fsp. að í þessum málum ríkir hálfgert skipulagsleysi, algert skipulagsleysi mætti kannski segja, sem stafar auðvitað sumpart af því að kveðið er á um það í lögum að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög en það er ekki talað um óbyggðirnar. Það er ekki tilviljun að þannig er til orða tekið. Sums staðar háttar auðvitað þannig til að eignarréttur á landi er ekki alveg skýr. Engin ákvæði eru í gildi um jöklana þar sem menn eru nú farnir að byggja eða a.m.k. alveg við jökulrönd. Á þessum málum þarf því að taka svo hægt sé að hafa skipulag á þessum málum og það er enginn ágreiningur um það.

Sl. þriðjudag lagði ég fram í ríkisstjórninni frv. til laga um skipulags- og byggingarmál á miðhálendi Íslands. Það er samið af nefnd sem skipuð var síðasta sumar. Vinnan hefur tekið nokkru lengri tíma en ætlað var m.a. vegna þess að ýmis álitamál voru um hvernig eftirliti með skipulagi og byggingarframkvæmdum á hálendinu ætti að vera háttað. Ég tel að á því hafi nú fundist lausn. Málið var lagt fram í ríkisstjórn sl. þriðjudag. Það er til meðferðar í þingflokkum stjórnarflokkanna og verður væntanlega lagt fram hér á hinu háa Alþingi strax eftir helgina, vonir mínar standa til þess. Ég ætla ekki á þessu stigi að rekja efnisatriði málsins en segi þó það eitt að þetta frv. hreyfir ekki í neinu eða hróflar við hefðbundnum nýtingarrétti á hálendinu og þar er ekki tekin afstaða til eignarréttarmála. Það fjallar eingöngu um skipulags- og byggingarmál og afmörkun hálendisins í því augnamiði.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir því sjónarmiði mínu að varast beri að menn lendi

í gryfju miðstýrðrar forsjárhyggju þegar kemur að skipulagi hálendisins. Ég sat um tíma í stjórnskipaðri nefnd sem átti að fjalla einmitt um þetta mál. Mér ofbuðu þau sjónarmið sem þar komu fram í þá veru að engum öðrum væri treystandi til þess að annast eftirlit og skipulagsmál á hálendinu en miðstýrðri nefnd undir ráðuneyti í Reykjavík. Ég get fullyrt hér að allar slíkar hugmyndir munu mæta mjög mikilli andstöðu.

Varðandi mál hv. fyrirspyrjanda um alla fjallakofanna, þá finnst mér að þar fari menn stundum fram úr sjálfum sér í málflutningi og stundum heyrist manni á máli þeirra sem þar hafa mestar áhyggjur að þar sé orðið nánast hús við hús líkt og í þéttbýli. En það er frekar vandamálið að menn eiga í vandræðum með að finna þau hús sem þarna eru heldur en þau séu stöðugt að þvælast fyrir þeim sem þar eru á ferðinni.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. svörin og lýsa ánægju minni með að á málinu sé tekið og það sé komið svo langt að við fáum frv. fljótlega til skoðunar í þinginu. Og vonandi er það með þeim hætti að við getum sameinast um að afgreiða það fljótt og vel því að það er mjög nauðsynlegt að taka á skipulagi hálendisins eins og ég sagði áðan. Ég hef engar áhyggjur af miðstýrðri forsjárhyggju. Mér finnst að þau sjónarmið komi helst fram hjá þeim sem vilja gera nánast það sem þeim sýnist á hálendinu og halda að það sé til frjálsra afnota fyrir nánast hvað sem er. En við verðum að stilla okkur hinum megin líka, við verðum að hugsa um náttúruna, við verðum að hugsa um það að ekki er hægt að vaða yfir landið eins og hverjum sýnist. Ég hef því ekki áhyggjur af því að það verði of strangt á þessum málum tekið þótt auðvitað séum við ekki búin að sjá frv.

Ég er þeirrar skoðunar að allar þær byggingar sem eru á hálendinu núna og byggðar eru í óleyfi eigi að fjarlægja og það eigi að takmarka byggingar um hálendið, jafnvel þótt þær séu dreifðar og erfitt sé að finna sumar þeirra. Þeir sem eru að leita að skálum eru jú að leita að skálum sem eru opnir öllum til afnota. Mér finnst að það eigi að vera skilyrði til þess að veitt sé leyfi að allir geti farið í þessa skála því auðvitað er það ákveðið öryggi fyrir þá sem eru að ferðast um hálendið að geta komist í hús. En flestir þeirra skála sem eru í einkaeign eru lokaðir þannig að þeir veita ekkert öryggi þeim sem eru á ferðalagi.

Ég vil líka benda á og tel það raunar mjög nauðsynlegt að ákveðin svæði á landinu sé tekin frá og engar byggingar leyfðar þar, engir vegir gerðir eða nein mannvirki. Það sé bannað að fara inn á þau svæði með nokkurt vélknúið ökutæki, hvort sem það eru snjósleðar eða annað. Ég tel mjög mikilvægt að tekið sé á þessum málum. Ef við ætlum ekki hafa neitt svæði á landinu sem er algjörlega friðað, búið að gera vegi og byggja hús alls staðar, á hinn fótgangandi ferðamaður, sem vill njóta náttúrunnar einn og í friði, sér hvergi griðland á landinu okkar. Bandaríkjamenn hafa t.d. farið út í að taka frá slík svæði og hefur reynst mjög vel þar sem menn fá að fara og vera í friði.

En ég vil aftur lýsa ánægju minni með að það sé á þessum málum tekið og vonandi fáum við fljótt að sjá frv. frá hæstv. umhvrh.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson að spara sér gífuryrðin um miðstýrða forsjárhyggju sem mér sýnist í þessu tilliti vera heldur innihaldslítið og kannski ekki mjög merkilegt slagorð. Ef við viljum vernda hálendið, sem ég held að ekki sé ágreiningur um, þá verða að vera samræmdar reglur um það hvernig hagað sé skipulagi og byggingarframkvæmdum. Við viljum áreiðanlega ekki láta það viðgangast að menn byggi þau hús sem þeir kjósa, þar sem þeir kjósa, þegar þeir kjósa og eins og þeir kjósa. Mannaumferð fylgir úrgangur og rusl. Þess eru dæmi að menn hafi byggt sér skála á hálendinu og sett þar upp þúsund lítra bensín- eða olíugeyma, kannski án þess að réttur umbúnaður sé þar í kring og ráðstafanir til varnar mengunaróhöppum. Viljum við það? Viljum við ekki setja um þetta reglur? Ég vil það og ég held að við viljum það flest. Það kann að vera að á því séu einhverjar undantekningar en ég held að mikill þorri fólks vilji að um þetta gildi ákveðnar og sanngjarnar reglur. Það er áreiðanlegt að af þessum 400 skálum sem taldir eru á hálendinu eru margir næstum því rústir einar, hafa ekki verið notaðir. Þetta þarf auðvitað að hreinsa burt. Þetta eru lýti á ásjónu landsins. Það getur líka vel verið að mönnum sýnist sitthvað um að það þurfi að skapa heimild til að gera það þegar eignarréttur er kannski ókunnur eða vafasamur. Ég held að við komumst ekki hjá því að setja svona reglur bæði að því er varðar t.d. vegagerð og línulagnir. Menn geta auðvitað ef þeir vilja kallað það miðstýrða forsjárhyggju í miklum fyrirlitningartón. En ég held að við komumst ekki hjá því að hafa reglur.

Héraðsskólinn í Reykjanesi, ein umr.

Fsp. KHG, 353. mál. — Þskj. 566.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Tilefni fsp. er orðið landskunnugt, þ.e. lokun Héraðsskólans í Reykjanesi. Ég hef nokkuð gengið eftir því í vetur á þingi að fá fram lagalegan grundvöll þessarar ákvörðunar en fátt hefur orðið um svör. Ég spurði t.d. sérstaklega um þetta í umræðu utan dagskrár um skólamál 24. okt. og þeim varð svarafátt sem spurningunum var beint til. Ég hef því ákveðið, til að reyna að komast til botns í málinu, að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„1. Hvenær ákvað fjármálaráðherra að beita heimild 6.11 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 og leggja niður starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi síðastliðið haust?“ — Þar vísa ég til þeirrar heimildar sem í fjárlögum er veitt árlega til þess að draga úr starfsemi ríkisstofnana eða leggja þær niður tímabundið.

„2. Var leitað samþykkis ríkisstjórnarinnar og fjárveitinganefndar (fjárlaganefndar) fyrir þeirri ákvörðun og ef svo er hvenær lá fyrir samþykki þeirra?"

Svör við þessum tveimur fyrstu spurningum ættu að leiða í ljós hvort ákvörðun byggist á þessu ákvæði fjárlaga.

„3. Telur fjármálaráðherra að ráðherrar, hver fyrir sig, aðrir en fjármálaráðherra, hafi á árinu 1991 haft heimild til þess að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi stofnana sem heyra undir ráðuneyti þeirra?"

Þessi spurning er að gefnu tilefni. Ég minni á það að hv. 1. þm. Vestf. hefur sett fram þá skoðun mjög afdráttarlaust að fjárlög séu ákvörðun um tiltekna starfsemi. Varðandi þetta mál hélt sá hv. þm., sem jafnframt er sá þingmaður sem lengst hefur hér setið, því fram að það væri óheimilt að víkja frá fjárlögum í þessu skyni nema með nýrri samþykkt Alþingis.

Í fjórða lagi spyr ég hæstv. ráðherra í tilefni að því að hæstv. menntmrh. hefur sett á fót nefnd til þess að athuga framtíð skólahalds á staðnum sem ætlað er að ljúki störfum í maí nk. Ef við gerum ráð fyrir því að tillaga þeirrar nefndar verði sú að þarna verði áfram skólastarf þá er rétt að fram komi álit hæstv. fjmrh. á því hvort hann telji, samkvæmt fjárlögum núgildandi árs, heimilt að hefja á ný starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi á þessu ári.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svör við fsp. hv. fyrirspyrjanda vil ég segja þetta:

Í fyrsta lagi er spurt hvenær fjmrh. hafi ákveðið að beita heimild nr. 6.11 í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991. Sú heimild hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1991, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar."

Svar við þessari fsp. er að fjmrh., hvorki núv. né sá sem starfaði á fyrsta hluta síðasta árs, tók ákvörðun um að nýta umrædda heimild til lokunar skólans. Það var hæstv. menntmrh. sem ákvað að hefja ekki skólahald vegna þess að ekki var nægjanlegur nemendafjöldi að hans mati og menntmrn. til að reka skólann.

Í öðru lagi er spurt: „Var leitað samþykkis ríkisstjórnarinnar og fjárveitinganefndar (fjárlaganefndar) fyrir þeirri ákvörðun og ef svo er hvenær lá fyrir samþykki þeirra?"

Svarið er að ákvörðun menntmrh. var kynnt í ríkisstjórn og fór fyrir Alþingi í formi fjárlagafrv. sem samþykkt var sem fjárlög ársins 1992, skömmu fyrir síðustu jól.

Í þriðja lagi er spurt hvort fjmrh. telji að ráðherrar, hver fyrir sig aðrir en fjmrh., hafi á árinu 1991 haft heimild til þess að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi stofnana sem heyra undir ráðuneyti þeirra.

Svar mitt er að ég tel að svo geti verið ef ekki eru rekstrarlegar forsendur fyrir hendi eins og í tilviki sem þessu. Sé hins vegar um að ræða endanlega ákvörðun um notkun heimildarákvæða í 6. gr. fjárlaga verður hún ekki tekin af öðrum en til þess fá heimild, þ.e. annaðhvort af ríkisstjórn eða af fjmrh.

Í fjórða og síðasta lagi er spurt um það hvort fjmrh. telji heimilt að hefja á ný starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi á þessu ári.

Svar mitt er að slíkt sé a.m.k. illmögulegt nema til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting. Fjárveiting í fjárlögum 1992 er 3,8 millj. kr. og hún nægir vart til að hefja skólahald að nýju.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Þá liggja fyrir svör hæstv. fjmrh. og niðurstaðan er sú að hér hafi verið um að ræða ákvörðun hæstv. menntmrh. Það má deila um þær forsendur sem lágu fyrir ákvörðun ráðherrans, það höfum við gert og getum e.t.v. tekið upp síðar varðandi þessar svokallaðar rekstrarlegu forsendur og nemendafæð. En ég vil segja að hér er um að ræða skóla sem er ekki einvörðungu á hendi ríkisins heldur er hann sjálfseignarstofnun í eigu Ísafjarðarkaupstaðar og sveitarfélaga inni í Ísafjarðardjúpi. Ég tel því að menn geti ekki einhliða tekið þessa ákvörðun eins og gert var.

Ég vil einnig vegna svars hæstv. fjmrh. við 4. tölul. minna á að ég spurði hæstv. fjmrh. einmitt sömu spurningar í 1. umr. um fjárlagafrv. 22. okt. Þá hljóðaði svarið dálítið öðruvísi en nú. Nú hljóðar svarið þannig: Það er ekki hægt nema það sé fjárveiting í fjárlögum og hún er bara 3,8 millj. kr. Þá hljóðaði svarið: „Ef nógu margir nemendur verða í skólanum haustið 1992 þá er ég viss um að fjármagn fæst." Hér er um greinilega áherslubreytingu að ræða af hálfu hæstv. fjmrh. Ég vil líka minna á það að þegar hæstv. menntmrh. kynnti ákvörðun sína þá var hún ekki um að leggja niður þennan skóla. Það var ákvörðun um að ekki yrði kennt skólaveturinn 1991–1992. Hins vegar kemur fram í fjárlagafrv., sem lagt var hér fram, og stendur þar skýrum stöfum að tekin hafi verið ákvörðun um að starfsemi skólans verði hætt. Hér hafa menn því talað mjög misvísandi í þessu máli, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að menn hafi ekki veitt heimamönnum sömu svör og þeir hafa veitt hér í sölum Alþingis.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál ætlar að verða hv. þm. notadrjúgt og efni í umræður í þinginu hvað eftir annað. Ég er honum ósammála að það hafi ekki verið lagalegur grundvöllur fyrir þeirri ákvörðun að leggja niður skólahald við Héraðsskólann í Reykjanesi á síðasta hausti. Ákvörðunin byggðist auðvitað á þeirri einföldu staðreynd að það voru ekki nægilega margir nemendur, að mati ráðuneytisins vel að merkja, til þess að skólahald yrði með þeim hætti sem áður hafði verið.

Ég er líka ósammála því sjónarmiði sem komið hefur fram bæði hjá honum og fleirum að óheimilt sé að víkja frá fjárlögum sem veita heimildir til ákveðinna ráðstafana á fjármunum. Auðvitað er þetta bara heim-

ild og ef ekki eru rekstrarlegar forsendur fyrir því að reka stofnun eins og skóla þá er ekkert sem segir að ráðherra verði að eyða þeim fjármunum sem fjárlög hafa ákveðið. (Forseti hringir.)

Aðeins örfá orð um hvort starfsemin hefjist í haust. Það er starfandi nefnd núna, eins og kom hér fram hjá hv. þm., sem á að gera tillögur um framtíðarnýtingu mannvirkja á staðnum. Ef tillaga kemur frá þeirri nefnd um að skólahald hefjist að nýju og það verður nægilegur fjöldi nemenda verður það tekið til sérstakrar athugunar en það er ekki fjárveiting fyrir því núna.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Hv. þm. sagði að svar mitt þann 22. okt. sl. hefði verið með öðrum hætti en nú. Þá átti ég hafa sagt að ég væri viss um að ef nemendafjöldi yrði nægur væri auðvelt að afla fjárheimildar til þess að hefja skólastarf á ný. Þetta sagði hv. þm. að væri í mótsögn eða a.m.k. ekki í samræmi við það sem ég sagði, þ.e. svarið við 4. tölul. en spurningin er þessi: „Telur fjmrh. heimilt að hefja á ný starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi á þessu ári?"

Ég las svarið við 4. tölul. og skal gera það aftur. Það var svohljóðandi: Fjmrh. telur slíkt illmögulegt nema til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting. Fjárveiting í fjárlögum 1992 er 3,8 millj. kr. og sú fjárveiting nægir vart til að hefja skólahald að nýju.

Þessi svör ganga ágætlega saman að mínu mati. Ef um stórkostlega nýja aðsókn að skólanum verður að ræða á næsta hausti er hægt að hefja skólastarfið ef tillaga um það kemur frá menntmrn. en þá aðeins með því að afla nýrrar heimildar sem yrði væntanlega gert í fjáraukalögum. Það liggur ekkert fyrir um það hvort slík ákvörðun verður tekin og ég get ekki séð annað en að svar mitt 22. okt. sl. og svar mitt í dag falli ágætlega saman.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau orðaskipti sem átt hafa sér stað út af margnefndu efni gefa manni tilefni til að hugsa um það hvernig ákvæði 6. gr. eru notuð. Mörg ákvæði í 6. gr. fjárlaganna eru svo losaraleg að það liggur við að þau séu merkingarlaus. Það gefur einnig tilefni til að skoða hvaða gildi fjárlög yfirleitt hafa. Samkvæmt 6. gr. heimildum geta ráðherrar tekið sér leyfi til þess að gera bæði samninga, rifta ýmsu sem ákveðið er í fjárlögum og fleira sem hægt væri að telja upp. Oft er þetta háð því að leitað sé eftir samþykki eða samráði við fjárln. en í mörgum tilfellum er það svo ekki gert. Það leiðir aftur hugann að því að þegar sú stjórnarskrá sem við vinnum eftir var sett saman voru fjárlög ekki til. Í framhaldi af því væri hægt að velta ýmsu fyrir sér. Ég tel að það 6. gr. ákvæði sem notað er hér og oft er notað í líkum tilvikum sé mjög vafasamt.

Réttindi heimavinnandi fólks, ein umr.

Fsp. MF, 251. mál. — Þskj. 427.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Af óviðráðanlegum ástæðum getur hv. 4. þm. Suðurl. ekki verið hér í dag og ég hleyp í skarðið til að bera fram fsp. til félmrh. um réttindi heimavinnandi fólks. Fsp. er svohljóðandi:

„Eru fyrirhugaðar af hálfu ríkisstjórnarinnar einhverjar ráðstafanir sem tryggja réttindi heimavinnandi fólks til jafns við þá er stunda launaða vinnu utan heimilis?

Ef svo er, hverjar eru þær ráðstafanir og hvenær koma þær til framkvæmda?"

Það er augljóst að mismunur á réttindum fólks er verulegur eftir því hvort það stundar launaða vinnu utan heimilis eða sinnir heimilisstörfum eingöngu. Þar nægir að nefna ýmis réttindamál eins og lífeyrisréttindi. Nefna má veikindaréttindi og orlofsmál og fleira sem skiptir nokkuð miklu máli.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að óska eftir svörum frá hæstv. félmrh. við þessum fyrirspurnum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að málefni heimavinnandi fólks heyrir ekki undir félmrn. Ráðuneytið hafði þó frumkvæði að því 1989 að gera úttekt á réttarstöðu og réttindamálum heimavinnandi fólks samanborið við útivinnandi fólk. Í ljós kom, og er það í samræmi við kröfur Samtaka heimavinnandi fólks, að það væri fyrst og fremst á sviði skatta og tryggingamála sem á hallaði. Í ljósi þess hefði verið eðlilegra að fsp. væri beint til þeirra ráðherra sem fara með þau mál en ég tel vissulega ekki eftir mér að svara fyrirspyrjanda hvernig málið snýr við mér og hvað ráðuneytið hefur gert í málinu.

Fyrir réttu einu ári svaraði ég fsp. frá Rannveigu Guðmundsdóttur um úrbætur á félagslegum réttindum heimavinnandi fólks. Þar kom m.a. fram að í framhaldi af skipun starfshóps á árinu 1989 sem í voru aðstoðarmenn félmrh., fjmrh. og heilbrrh. hefðu komið fram tillögur og ábendingar sem í framhaldi nefndarstarfsins var beint til viðkomandi fagráðherra til úrlausnar. Í fyrsta lagi var um málefni að ræða sem snerta lífeyrissjóðina. Í tillögunum var lagt til að fjmrh. legði fram á Alþingi þann hluta draga að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem fjallar um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna og var lagt til að það yrði lögfest sem fyrst. Lagt var til að því yrði bætt við frumvarpsdrögin að skipta beri lífeyrisréttindum hjóna í lok hvers árs.

Varðandi almannatryggingar lagði nefndin til að heilbr.- og trmrh. beitti sér fyrir eftirfarandi tengslum við endurskoðun almannatryggingalaganna að lífeyrir hjóna og einstaklinga frá almannatryggingum yrði jafnaður þannig að hjón njóti sama réttar og tveir einstaklingar gagnvart lífeyri og að réttur heimavinnandi fólks til slysa- og sjúkradagpeninga yrði bættur.

Varðandi skattakerfið var lagt til að fjmrh. léti

kanna hvaða áhrif millifærsla ónýtts persónuafsláttar milli hjóna með börn undir 2–3 ára aldri eða jafnvel 7 ára yrði hann 100% og jafnframt að ónýttan persónuafslátt mætti færa að öllu leyti til maka ef það hjóna sem ekki nýtti sinn afslátt sannanlega annaðist sjúka eða aldraða á heimili sínu.

Í fjórða lagi að ríkisvaldið beitti sér fyrir því að samtök á vinnumarkaði gefi lífaldri aukið vægi við starfsaldursmat. Bent var á þá leið að félmrh. yrði falið að skrifa aðilum vinnumarkaðarins áskorun þess efnis sem ég hef þegar gert og gerði strax eftir að þetta kom fram.

Varðandi þau atriði sem ég hef nú nefnt er ég sammála því að þessu beri að stefna að. En ég ítreka að eðlilegra hefði verið að beina fsp. varðandi almannatryggingar og skattamál til viðkomandi fagráðherra.

Hvað félmrn. varðar vil ég að lokum taka fram að ég hef skipað nefnd til þess að undirbúa alþjóðaár fjölskyldunnar 1994 sem Sameinuðu þjóðirnar eiga frumkvæði að. Nefndin hefur það að leiðarljósi að allar aðgerðir sem hún stendur fyrir á alþjóðaárinu skuli stuðla að því að fjölskyldunni takist betur að rækja hlutverk sitt. Ég vil taka það fram að fulltrúi Samtaka heimavinnandi fólks á sæti í nefndinni þannig að sjónarmið og tillögur heimavinnandi fólks verði tekin þar til meðferðar og athugunar. Innan nefndarinnar eru starfandi tveir vinnuhópar. Annar er að huga að lögum og reglugerðum sem varða fjölskylduna en hinn hópurinn er m.a. að fara yfir það hvernig staðið er að undirbúningi ungs fólks til þess að takast á við heimilishald og fjölskylduábyrgð. Nefndin hefur í hyggju að koma með tillögur til úrbóta til að stuðla að bættu heimilislífi og tryggja afkomumöguleika fjölskyldunnar. Barnafjölskyldum verði gefinn sérstakur gaumur og réttindi þeirra athuguð sérstaklega. Nauðsynlegt er að viðurkenna formlega vinnuframlag heimavinnandi fólks í þágu barna og annarra sem á umönnun þurfa að halda og geta búið heima. Markmið nefndarinnar er að afkomumöguleikar þessa hóps verði staðfestir í formi ráðstafana sem tryggja réttindi þeirra mun betur en nú er gert.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að tímabært sé að ræða hlutskipti þessa minnihlutahóps í þjóðfélaginu sem er ekki nema um 10–12% kvenna. Í Noregi er verið að gera þjóðhagslegt mat á heimilisstörfum því að heimilisstörf hafa aldrei verið reiknuð inn í þjóðhagslegar stærðir áður. Af því leiðir það misrétti sem viðgengst í málefnum heimavinnandi, m.a. í skattamálum að þar er millifæranlegur persónuafsláttur milli hjóna eða sambúðarfólks ekki nema 80%. Ef við setjum upp forgangsröð á því sem gera þarf í málefnum heimavinnandi tel ég að leiðrétta ætti skattamálin fyrst. Ég veit að það er stórt mál en einhvers staðar verður að byrja. Síðan þarf að ræða fæðingarorlof, sjúkradagpeninga, lífeyrisgreiðslur o.fl.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég tel mjög mikilvægt að hrista rykið af því á Alþingi öðru hverju til að minna á það réttleysi sem þessi hópur býr við sem eru heimavinnandi húsmæður. Í því sambandi er ég ekki síst að tala um konur sem eru heima yfir börnum, oft mörgum börnum eða sjúklingum.

Félmrh. benti á mikilvæga hluti þar sem hún hefur beint ábendingum til ýmissa ráðherra. Það er auðvitað mikilvægt en það þarf aðgerðir í þessum málum. Þó að orð séu til alls fyrst, þá þarf aðgerðir, ekki síst í lífeyrismálum, hvað varðar veikindarétt og hvað varðar starfsmat á vinnumarkaði. Mig langar aðeins til þess að bæta við það sem síðasti ræðumaður kom inn á og varðar heimilisstörfin og framleiðni í heimilisstörfum vegna þess að það kemur hvergi inn í hagtölur okkar hvílík framleiðsla fer fram á heimilum landsins. Ef við reiknuðum þetta inn í þjóðarframleiðsluna er ég hrædd um að þær tölur mundu aukast gífurlega. Ef við reiknuðum þetta inn í hagvaxtartölur held ég að hagvöxtur væri mun meiri en hann sýnist í útreikningum núna. Það sem framleitt er á heimilum kemur hvergi inn í hagtölur og framleiðsla á heimilum er ekki bara framleiðsla heimavinnandi húsmæðra heldur líka húsmæðra sem vinna á vinnumarkaði og á heimilum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er af hinu góða að menn hafi komist að niðurstöðu um úrbætur sem gera þyrfti og að hæstv. félmrh. hafi beint þeim til viðkomandi fagráðherra. Þar er fyrst og fremst verið að beina ábendingum til hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. Í vetur hafa breytingar á lögum um almannatryggingar verið nokkuð í sviðsljósinu en ég hef ekki séð að hæstv. heilbrrh. Alþfl. hafi munað eftir þessu atriði og er það miður.

Nokkuð hefur líka verið rætt um frv. sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram og hef ég ekki séð bóla á því að hann hafi munað eftir þessum ábendingum og verður að segjast sem er að það eru vonbrigði, einkum og sér í lagi í sambandi við skattamálin. Eins og menn kannski muna voru sjálfstæðismenn með það mál mjög á oddinum í kosningabaráttunni á síðasta ári að heimila fulla millifærslu á persónuafslætti milli hjóna og töldu það mikið réttlætismál og héldu um það langar og margar ræður. Þegar þeir komust í þá stöðu að geta breytt orðum í efndir, varð ekkert af þeim. Og þetta er því miður sá félagsskapur sem hæstv. félmrh. hefur valið sér og telur best trúandi til þess að framfylgja réttlætismálum til úrbóta í þessum efnum.

Ég bind þó nokkrar vonir við að sú nefnd sem hæstv. félmrh. hefur skipað ýti enn frekar við þessum málum og tek undir það sem fram hefur komið í máli síðustu ræðumanna að framleiðni í fjölskyldu er verulega mikil og vanmetin í öllum reikningum, ekki aðeins í skattalegu mati heldur í öllum þjóðhagsreikningum. Það er nú dálítið skrýtið að reikningsstofnanir séu með þær forsendur að tjón á bifreið í umferðarslysi er meiri framleiðniaukning í þjóðfélaginu en ævilangt starf húsmóður á heimili. Það er sérkennilegt mat

á framlagi manna til samfélagsins. Ég bendi á að þó því sjónarmiði sé með fullum rökum og rétti haldið fram að konur eigi að taka virkan þátt í atvinnulífinu, er það engu að síður svo að þjóðfélaginu er það mjög mikilvægt að heimili eða hjón geti alið börn sín þannig upp að þau verði nýtir þjóðfélagsþegnar. Það er meira virði en margt annað.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að málefni heimavinnandi fólks er mjög mikilvægt og nauðsynlegt, eins og einn ræðumaður orðaði það, að dusta rykið af því af og til í ræðustól vegna þess að hægt virðist miða að því að koma þessum málum í höfn. En vegna orða síðasta ræðumanns, þar sem hann beinir spjótum sínum að núv. heilbrrh. og fjmrh. að málið komist ekki í höfn, vek ég athygli á því að sú úttekt sem ég lét gera til þess að kortleggja þetta mál, sjá hvar misréttið væri og á hverju þyrfti að taka, lá fyrir árið 1989 þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh. og Framsfl. fór með embætti heilbrrh. Þó þeir hefðu þessi embætti undir höndum í ein tvö ár eftir að úttektin lá fyrir og ákvörðun þyrfti að taka, komust málin ekki í höfn.

Framlag sveitarfélaga til félagslegra íbúða, ein umr.

Fsp. VS, 367. mál. — Þskj. 586.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með samþykkt á lögum nr. 1/1992, bandorminum svokallaða, var samþykkt að sveitarfélög skyldu leggja fram óafturkræft gjald vegna bygginga og kaupa á félagslegum íbúðum í sveitarfélaginu. Nú eru það ekki bara sveitarfélög sem standa fyrir því að byggðar eru slíkar íbúðir og keyptar innan sveitarfélagsins, heldur eru ýmis sveitarfélög, jafnvel nemendafélög sem geta átt þar í hlut. Mér er kunnugt um að sveitarfélög eða forsvarsmenn þeirra hafa átt í miklum erfiðleikum með að fá upplýsingar frá ríkisvaldinu um það hvernig framkvæmd þessa máls á að vera og í tengslum við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna gekk ekki að fá upplýsingar um það. Hlutfallslega getur þarna verið um gífurlega fjármuni að ræða þannig að ég tel það mjög mikils virði að sem allra fyrst liggi fyrir hvernig fara eigi að hvað framkvæmdir snertir. Þess vegna hef ég leyft mér, hæstv. forseti, að leggja fram fsp. á þskj. 586 til hæstv. félmrh. um framlag sveitarfélaga til félagslegra íbúða. Fsp. er í fjórum liðum og hljóðar svo:

„1. Hvenær er áformað að ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1992 (bandorms), um 3,5% óafturkræft framlag sveitarfélaga af kaup- eða kostnaðarverði félagslegra íbúða, komi til framkvæmda?

2. Verður innheimt gjald af íbúðum sem eru í byggingu við gildistöku laganna?

3. Hvenær á byggingartímanum á að greiða gjaldið?

4. Verður krafist gjalds af byggingu stúdentagarða?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi foprseti. Fsp. hv. þm. er í fjórum liðum og ég vil svara þeim í þeirri röð sem þeir koma fram á þskj.

1. Ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1992, um 3,5% óafturkræft framlag sveitarfélaga af kostnaðarverði félagslegra íbúða, kemur til framkvæmda með nýjum framkvæmdalánum sem verða samþykkt á árinu 1992.

2. Gjaldið verður ekki innheimt af íbúðum sem voru í byggingu við gildistöku laganna á grundvelli framkvæmdalána er samþykkt voru 1991 eða fyrr.

3. Húsnæðisstofnun ríkisins dregur framlagið frá heildarkostnaði áður en lán Byggingarsjóðs verkamanna er ákveðið. Er þetta gert við upphaf framkvæmda.

4. Framlagið er tekið af öllum félagslegum framkvæmdum við íbúðabyggingar eða kaup í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ágætt að það liggur fyrir hvernig á að fara að varðandi þetta efni. En miðað við þau svör sem hér komu fram á að draga þetta í upphafi frá því framlagi sem Byggingarsjóðurinn leggur af mörkum. Það er í sjálfu sér gott að það liggur fyrir en ég veit að margir sveitarstjórnarmenn voru þeirrar skoðunar að það yrði í lok byggingartímans sem þetta yrði gert upp.

Ég vil segja það í sambandi við síðustu spurninguna að þarna er um mjög alvarlegt mál að ræða. Þá er ég sérstaklega að tala um eitt sveitarfélagi og það er allt í lagi að það komi hér fram. Þannig er að í Norðurárdalshreppi er verið að hefja byggingu á stúdentagörðum vegna Samvinnuháskólans. Þar er talað um að byggja 32 íbúðir sem yrði upp undir 200 millj. kr. framkvæmd. Nú er ekki verið að tala um að gera þetta á einu ári en þarna er um mjög lítinn hrepp að ræða, um 120 íbúar. Það fjármagn sem hreppurinn hefur til eignabreytinga á ári hverju er kannski ein millj. kr. Ég er þeirrar skoðunar að í tilfelli sem þessu ráði sveitarfélagið ekki við að þurfa að leggja fram þetta gjald sem nú hefur verið samþykkt með lögum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið úthugsað og hvort menn hafi gert sér grein fyrir svona tilfellum þegar lögin voru sett og í öðru lagi, ef svo er, hvort ráðherra telji þá að Jöfnunarsjóðurinn geti komið inn í og aðstoðað sveitarfélög í tilfellum sem þessum þar sem þau að mínu mati ráða ekki við að greiða svo hátt gjald. Þetta er 3,5% af upp undir 200 millj., einar 7 millj. kr. sem ættu að greiðast á nokkrum árum ef þetta gengur eftir. Að sjálfsögðu er mjög jákvætt að það skuli eiga að fara út í þessar framkvæmdir sem að hluta til þýðir að verið er að festa þennan skóla í sessi

því skóli er eitt af verkefnum hins opinbera sem hægt er að færa út á landsbyggðina. Í sjálfu sér er mjög jákvætt að það skuli gert. En ég efast um að hæstv. ráðherra hafi gert sér grein fyrir þessu eða þeir hv. þm. sem samþykktu lögin hér um áramót.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að draga úr því sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að í einstaka tilfellum getur það verið erfitt fyrir smærri sveitarfélögin að standa undir slíku framlagi, sérstaklega ef ráðist er í miklar framkvæmdir í einu. Ég vil þó segja að það sem hér er sett fram og var samþykkt á Alþingi var gert í fullu samráði við Samband sveitarfélaganna svo og útfærslan á því. Út frá því var gengið að þetta framlag mundi ná til allra félagslegra íbúða.

Ég vil líka segja það að sveitarfélögin hafa tiltölulega lítinn kostnað og leggja fram tiltölulega lítið fjármagn almennt varðandi uppbyggingu á félagslegum íbúðum. Oft á tíðum hefur það komið fram, sem ég hef verulegar áhyggjur af, að ýmis sveitarfélög standa ekki að framkvæmdinni varðandi félagslega íbúðakerfið eins og lög gera ráð fyrir. Þá á ég t.d. við kaupleiguíbúðir. Sveitarfélögin eiga samkvæmt lögum að gefa fólki val um það hvort það kaupir eða leigir kaupleiguíbúð en þetta val stendur fólki oft ekki til boða. Í annan stað á sveitarfélag að lána ákveðinn hluta af framlagi til félagslegra íbúða til viðkomandi en það er oft á tíðum sem viðkomandi er beint krafinn um þetta framlag þó að alls ekki sé gert ráð fyrir því samkvæmt lögum. Í ýmsum tilfellum er það svo, því miður, að sveitarfélögin skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem þau hafa varðandi þeirra hlut og þátttöku í félagslega íbúðakerfinu og er það miður. En þegar á heildina er litið tel ég að alls ekki séu lagðar of miklar byrðar á sveitarfélögin varðandi uppbyggingu á félagslega húsnæðiskerfinu. Mesti kostnaðurinn kemur í hlut ríkisvaldsins. Ég get vissulega tekið undir það með hv. þm. að í einstaka tilvikum getur þetta valdið erfiðleikum fyrir ýmis sveitarfélög og ég sé ekki eins og lög eru núna að Jöfnunarsjóðurinn geti komið inn í þennan þátt málsins.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla þeim orðum hæstv. félmrh. að þessi tillaga hafi verið í samræmi við vilja sveitarfélaganna eða í samráði við sveitarfélögin. Ég minnist þess að þegar fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga komu á fund efh.- og viðskn. fyrir jól, þegar verið var að ræða bandorminn, vísuðu þeir ábyrgð á hendur ríkisstjórninni um allar þær tillögur sem voru til umræðu og snertu sveitarfélögin vegna þess að þar var um margfaldar álögur á sveitarfélögin að ræða.

Hvað varðar þessa tillögu sérstaklega get ég í sjálfu sér tekið undir að sveitarfélögin eigi að koma inn í byggingu félagslegra íbúða. Það er auðvitað spurning hvort það er þeirra hlutverk að greiða til byggingar sem er á vegum annarra aðila en það varð niðurstaðan í þeirri tillögu sem samþykkt var. En mergurinn málsins er auðvitað sá að verið var að leggja auknar álögur á sveitarfélögin og nú kemur það í ljós að sum þeirra eiga mjög erfitt með að standa undir þeim.

Textavarp, ein umr.

Fsp. JónK, 336. mál. — Þskj. 543.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 543 hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til menntmrh. um textavarp:

„1. Hver er kostnaður Ríkisútvarpsins af textavarpi?

2. Hve margir notendur eiga kost á því að njóta textavarps?

3. Hver eru áform um eflingu textavarps á næstunni?“

Það mætti halda að fsp. væri til komin af því að ég sé sérstakur áhugamaður um eflingu textavarps en svo er ekki. Hún er til komin vegna spurningarinnar hvort hér sé um rétta forgangsröð að ræða í starfi Ríkisútvarpsins. Kveikjan að fsp. var í raun frétt um að það ætti að efla þessa starfsemi á næstunni og þá vaknaði sú spurning hve margir notendur njóta textavarps en til þess þarf sérstakan búnað. Við erum með ótrúlega mörg verkefni óunnin í þessari stofnun. Margir staðir hafa mjög ófullkomið dreifikerfi, bæði sveitabæir, einstakir þéttbýlisstaðir og við höfum ekki komið útvarpi eða sjónvarpi til sjómanna á hafi úti svo að vel sé.

Nú kann vel að vera að þarna sé um einhverja smáaura að ræða miðað við þau verkefni sem liggja í öðrum verkefnum. Þó vaknar spurningin: Væru þessir peningar ekki betur komnir í annarri dagskrárgerð eða þá að efla dreifikerfið í landinu?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Stofnkostnaður við textavarp var tækjabúnaður fyrir um 5 millj. kr. Annar kostnaður, þar með talin laun starfsmanna, var um 1,5 millj. kr. Kostnaður á síðasta ári var því samtals 6,5 millj. kr. Við textavarp starfa tveir starfsmenn og er heildarkostnaður á þessu ári áætlaður 5 millj. kr.

Textavarp er sent út sem hluti sjónvarpsmerkisins og þarf því ekki að gera neinar breytingar á dreifikerfi Ríkisútvarpsins vegna úsendingar þess. Móttökutæki í heimahúsum þurfa hins vegar að vera með útbúnaði til að yfirfæra textavarpsmerkið í rétt letur sem hægt er að kalla fram eitt sér eða með sjónvarpsmyndinni. Allflest nýrri sjónvarpstækja með fjarstýringu eru með textabúnaði. Samkvæmt könnunum eru 17–20% tækja með þessum búnaði þannig að nú njóta um 15 þús. heimili textavarps.

Þjónusta textavarps er nú fyrst og fremst fréttir, íþróttir, þjónusta við heyrnarskerta, dagskrá útvarps og sjónvarps, auglýsingar og dagbók en stefnt er að því að beintengja ýmsar þjónustustofnanir við textavarp þannig að upplýsingar, til að mynda um veður, flugsamgöngur vegi og færð, verði ávallt réttar og að-

gengilegar. Einnig er í framtíðinni, þegar fjárhagur leyfir, stefnt að því að texta innlent efni þannig að heyrnarskertir og aðrir sem þess óska geti kallað fram íslenskan texta.

Ég hef undir höndum lista yfir síður textavarpsins sem er sjálfsagt að láta fyrirspyrjanda í té ef hann óskar eftir því.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf sem voru skýr. Þetta textavarp kostar töluverðar fjárhæðir þó að þær séu kannski ekki miklar á mælikvarða þeirra fjárhæða sem renna í gegnum Ríkisútvarpið, þá stóru stofnun. En ég hef áfram efasemdir um að þetta hafi verið rétt forgangsröð. Það er vissulega eitt sem kom fram í svari hæstv. menntmrh. sem getur réttlætt þetta en það er að heyrnarskertir fá betri þjónustu með textavarpinu. Það er það eina sem ég viðurkenni að geti réttlætt þá forgangsröð sem Ríkisútvarpið hefur valið í þessum efnum. Ég vil minna á þau miklu verkefni sem Ríkisútvarpið á óunnin til að koma dagskrá sinni til notenda með viðhlítandi hætti. Það er reyndar ótrúlegt hvað það hefur gengið seint í gegnum árin að koma þessari dagskrá út til allra og trúa menn því vart sem njóta bestu skilyrða í þessum efnum. Ég vil minna á það í lok máls míns.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það eru mörg viðfangsefnin óafgreidd hjá Ríkisútvarpinu eins og að bæta dreifikerfið. Ég held þó að fleira réttlæti þessa starfsemi Ríkisútvarpsins, textavarpið, en þjónustan við heyrnarskerta sem er vissulega afar mikilvæg. Eins og ég sagði hér áðan, þá hef ég undir höndum lista yfir síður textavarpsins og ég er viss um að hv. fyrirspyrjandi er mér sammála, ef hann fer í gegnum þennan lista sem ég skal afhenda honum á eftir, að þarna er veitt mjög þörf þjónusta sem ég sé ástæðu til að fagna að komin er af stað hjá Ríkisútvarpinu. Hins vegar tek ég auðvitað fram að það er Ríkisútvarpið sem forgangsraðar sínum verkefnum. Það hefur verið mat stofnunarinnar að þarna væri verk að vinna sem ástæða væri til að sinna.

Umhverfisfræðsla, ein umr.

Fsp. KE, 376. mál. — Þskj. 612.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Íslendingum er tamt að telja umhverfismál í góðu lagi hér á landi og þeir eru dyggilega studdir af erlendum ferðamönnum sem teyga að sér hreint loft og drekka tært vatn og falla í stafi yfir óbyggðum landsins. En þó að við búum við minni mengun en flest iðnríki heims fer því fjarri að við höfum efni á því að hreykja okkur. Staðreyndin er sú að við höfum farið illa með þá náttúru sem okkur hefur verið trúað fyrir og er því kominn tími til að snúa við blaðinu og ganga í lið með náttúrunni.

Það eina sem getur forðað manninum frá því að þurrausa auðlindir jarðar og eyðileggja það umhverfi sem hann lifir á er stóraukin þekking og skilningur á náttúrunni. Í grunnskólalögum eru ákvæði um umhverfisfræðslu og í lögum um náttúruvernd er talað um slíka fræðslu en það er mjög tilviljanakennt hvernig hún fer fram. Á ráðstefnu sem haldin var í Tiblisi árið 1977 á vegum UNESCO voru markmið umhverfisfræðslu skilgreind og vil ég leyfa mér að lesa þau upp, með leyfi forseta:

„1. Vekja athygli einstaklinga og hópa á umhverfi sínu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausnar.

2. Auka þekkingu og skilning fólks á náttúrunni og umhverfi sínu í heild svo það geri sér betur grein fyrir áhrifum gerða mannsins.

3. Efla viðhorf og ábyrgð gagnvart umhverfi og vilja til að vinna að náttúruvernd og fegrun umhverfis.

4. Þjálfa nemendur í að skilgreina og leysa umhverfisvandamál.

5. Auka hæfni til að vega og meta ákvarðanir og athafnir út frá margvíslegum forsendum, svo sem vistfræðilegum, fjármálalegum, félagslegum, fagurfræðilegum, hagfræðilegum, uppeldislegum o.s.frv. Stuðla að þátttöku í fyrirbyggjandi aðgerðum."

Það er vissulega mikilvægt að koma á umhverfisfræðslu eða fræðslu um umhverfismál í skólum en það er ekki síður mikilvægt að gera það meðal almennings og er þá væntanlega best að umhvrn. og menntmrn. hafi samvinnu um þau mál.

Þann 20. des. árið 1988 samþykkti Alþingi ályktun um umhverfisfræðslu sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forsta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum, m.a. í tengslum við endurskoðun á aðalnámsskrá grunnskóla og þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla, svo og fyrir almenning í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök."

Þetta var samþykkt hér, virðulegi forseti. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 612 um framkvæmd þessarar ályktunar Alþingis.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvernig ríkisstjórnin hafi staðið að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 20. des. 1988, um að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum og fyrir almenning. Svar mitt er svohljóðandi:

Gefin var út ný aðalnámsskrá grunnskóla 1989 þar sem sérstaklega er fjallað um umhverfismennt. Ráðinn var námsstjóri í fullt starf í tvö ár við grunnskóladeild menntmrn. með umhverfismennt í skólum sem aðalverkefni. Hann hóf störf í ágúst 1990 og starfi hans lýkur í ágúst nk.

Varðandi fræðslu um umhverfismál fyrir almenning skal upplýst að um það leyti sem umhvrn. var stofnað varð samkomulag um þau meginverkaskipti að menntmrn. færi með umhverfismenntun í opinberum skólum en umhvrn. færi með umhverfisfræðslu fyrir almenning á öðrum vettvangi en ráðuneytin hefðu með sér samstarf þar eftir því sem henta þætti. Sú hefur orðið raunin, einkum við undirbúning ráðstefnunnar Miljö '91 og við samningu skýrslu Íslands til Sameinuðu þjóðanna vegna umhverfisráðstefnunnar í Ríó nú í sumar en þar er m.a. fjallað um umhverfismenntun á Íslandi.

Ráðstefnan Miljö '91 var haldin vorið 1991 og hófst undirbúningur þegar árið 1989. Ráðstefnuna sóttu um 1.000 manns, þar á meðal um 700 norrænir gestir. Ráðstefnan var í raun risavaxið kennaranámskeið sem stóð í fulla þrjá daga auk sýninga sem opnar voru lengur. Tilgangurinn var að efla umhverfisfræðslu á Norðurlöndum og þá ekki síst á Íslandi. Það var gert með því að vekja athygli á málefninu, skipuleggja umræður og draga fram í dagsljósið sem flest af því sem vel er gert á þessu sviði. Höfðað var til stjórnenda, fagfólks — ekki síst kennara á öllum skólastigum, áhugafólks og almennings.

Vorið 1990 var gerð könnun á umhverfismennt á dagheimilum, í grunnskólum og framhaldsskólum. Könnunin var liður í undirbúningi ráðstefnunnar og unnin af verkefnisstjóra hennar. Þannig fékkst góð vísbending um það sem þá var verið að gera um land allt á mismunandi aldursstigum. M.a. kom fram að í meira en 75% skóla og dagheimila kanna nemendur náttúrulegt umhverfi nálægt skólanum einu sinni á ári eða oftar. Flest börn á dagheimilum og í grunnskólum taka þátt í að hreinsa og fegra umhverfi skólans en það er hins vegar fátíðara í framhaldsskólum. Á þriðjungi dagheimila og í helmingi grunnskóla gróðursetja börn tré og sinna gróðurvernd en það á hins vegar aðeins við um fjórðung framhaldsskóla ef marka má könnunina. Skýrslu um könnunina var dreift til skóla, bókasafna og víðar en frumgögnin eru geymd í menntmrn.

Hjá Námsgagnastofnun er unnið að útgáfu á margs konar námsefni svo sem námsbókum, verkefnablöðum og myndböndum sem henta fyrir umhverfisfræðslu í grunnskóla. Mörg þróunarverkefni í grunnskólum og leikskólum eru á sviði umhverfisfræðslu og hafa þó nokkur þeirra fengið styrki frá Þróunarsjóði grunnskóla eða öðrum aðilum. Þess má geta að við Garðyrkjuskóla ríkisins, sem að vísu heyrir undir landbrn., var stofnsett sérstök umhverfisbraut árið 1989. Hafið er nýtt norrænt samstarfsverkefni, umhverfismennt á tíunda áratugnum, og taka þar átta skólar þátt fyrir Íslands hönd og á verkefnið að standa yfir í a.m.k. þrjú ár. Leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum er boðið til samvinnu og keppni um að móta heppilegar og árangursríkar aðferðir í umhverfismennt og jafnframt er þeim boðið upp á endurmenntun og ráðgjöf í því skyni. Markmiðið er það sama og áður, nefnilega að útbreiða og bæta umhverfismennt. Þó er ætlunin að huga meira að samhengi umhverfisvandamála og að fegurð og siðrænum verðmætum. Enn fremur er stefnt að því, með hjálp fjölmiðla, að verkefnið og árangur þess hafi sem mest áhrif á umhverfisvitund almennings.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að þakka hv. þm. Kristínu Einarsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu brýna máli og einnig hæstv. menntmrh. fyrir að upplýsa um það mikla starf sem unnið hefur verið í menntmrn. til að stuðla að aukinni umhverfisfræðslu í skólum landsins. Það kom fram í máli hans að unnið hefur verið vel að þessu máli og ég treysti því að hæstv. menntmrh. haldi því starfi áfram af krafti. Þetta er mjög brýnt mál og við skulum gæta að því að skólarnir hafa náttúrlega mjög mikið frelsi og svigrúm til að leggja sitt af mörkum. Námsskráin gefur tilefni til þess og skólarnir sem slíkir bera mjög mikla ábyrgð, en það er rétt hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur að benda á að vel verði fylgst með að eins vel verði staðið að verki og kostur er.

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál upp því að ég held að það sé eitt af því brýnasta sem við erum með í grunnskólunum í dag og mikil skylda hvílir á herðum skólayfirvalda að vel sé staðið að þessu. Hæstv. menntmrh. talaði um að ráðið hefði verið í starf námsstjóra í umhverfisfræðslu í tíð fyrrv. menntmrh. Það hefði verið tímabundið, aðeins tvö ár. Það vekur upp þá spurningu hvort eitthvert framhald verði á þessu starfi. Ég tel mjög brýnt að fylgst verði með þessu og ég tel það bagalegt fyrir umhverfisfræðsluna í landinu verði ekki framhald á því starfi í menntmrn.

Ég tel einnig brýnt að hluti af þessari fræðslu fari fram úti í náttúrunni og vil benda á að á Norðurlöndunum tíðkast það að allir nemendur í grunnskólum fái tækifæri til að dvelja á sínum skólatíma í allt að viku tíma við fræðslu úti í náttúrunni.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Ég verð að lýsa ánægju minni með að það skuli hafa verið tekið myndarlega á þessum málum varðandi skólana og ráðinn námsstjóri til tveggja ára. Ég hnaut líka um það að ráðningu hans lyki í ágúst 1992. Ég vona að það þýði ekki að hætt verði að hafa námsstjóra í umhverfisfræðslu. Ég vona að annaðhvort verði þessi maður ráðinn áfram eða þá annar settur í hans stað ef það er meiningin. En mér sýnist að þarna hafi verið myndarlega tekið á þannig að fyllsta ástæða sé til að ráða þennan námsstjóra áfram ef hann vill taka það að sér. Ekki veit ég hver hann er en það er nú annað mál.

Auðvitað er mikilvægt að efla og auka umhverfisfræðsluna í skólum og þá er auðvitað best að byrja sem fyrst. Það er mjög gott að það skuli hafa verið gert líka

í leikskólanum eða á forskólastiginu, ekki bara í grunnskólanum og þyrfti auðvitað að halda því áfram upp í framhaldsskólana.

Ég tel það mjög mikilvægt að í framhaldi af þessu sem gert hefur verið í menntmrn. hafi menntmrn. frumkvæði að því, í samvinnu við umhvrn., að efld verði fræðsla fyrir almenning, eins og tekið er fram í þál., í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök. Ég held að það sé mjög mikilvægt að virkja fjölmiðlana vel í þessu sambandi og ég efast ekki um að það væri mjög auðvelt að fá þá til liðs við umhvrn., menntmrn. og aðra aðila svo sem félagasamtök því að félagasamtökin eru yfirleitt tilbúin til að vinna að svona verkefnum og þeirra starf í þessu sambandi er ómetanlegt.

Hér var minnst á Miljö '91 sem var fjölmenn ráðstefna en hún hefði getað orðið miklu fjölmennari því það komust miklu færri að en vildu. Ég var ein þeirra sem ekki fékk að mæta vegna þess að ráðstefnan var fullskipuð. Allt of margir sem vildu fengu ekki enda verður kannski einhvers staðar að setja mörkin því að annars færi hálf þjóðin á ráðstefnu um þessi mál. Þetta sýnir kannski áhuga fólks, það vill virkilega gera eitthvað í þessum málum.

Ég held að það sé mjög mikilvægt núna, þar sem ráðstefnan margumtalaða í Ríó verður í sumar, að við notum tækifærið og leggjum áherslu á umhverfisvernd því að þannig geta slíkar ráðstefnur komið að gagni. Þær koma kannski sjálfar að takmörkuðu gagni en það er ekki síst það að nota þá bylgju sem hægt er að koma af stað varðandi umhverfisvernd í sambandi við slíka viðburði.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Við erum áreiðanlega sammála um mikilvægi þessarar fræðslu og sammála um að henni þarf að halda áfram. Ég er sannfærður um að gott starf hefur verið unnið bæði í menntmrn. og umhvrn. að því er tekur til fræðslu um umhverfismál. Ég er líka sammála því sem hér hefur komið fram að afar mikilvægt sé að ná samvinnu við fjölmiðla og félagasamtök sem láta sig þessi mál skipta. Það eru sem betur fer margir í dag sem láta sig umhverfismál miklu varða.

Varðandi tímabundna ráðningu námsstjórans sem ég gat um — hún var bundin við tvö ár og henni á samkvæmt því að ljúka í ágúst. Eins og ég sagði áðan hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það í ráðuneytinu enn þá hvort ráðning viðkomandi manns verður framlengd eða hvort ráðið verður að nýju í stöðuna. En það verður athugað alveg sérstaklega. Ég tek það fram að ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Áhuginn á ráðstefnunni sem haldin var í fyrra, Miljö '91, var ótvíræður og það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að það var ekki rúm fyrir fleiri, fleiri vildu komast að en það var því miður ekki hægt að taka við öllum umsóknum. Ég held að væntanleg umhverfisráðstefna í Ríó gefi okkur einmitt tilefni til nýrra átaka og áróðurs í sambandi við umhverfismál og við eigum að nota það tækifæri út í æsar.

111. FUNDUR

fimmtudaginn 26. mars,
að loknum 110. fundi.

Norræna ráðherranefndin 1991–1992, ein umr.

Skýrsla samstarfsráðherra, 269. mál. — Þskj. 451.

Norrænt samstarf 1991 til 1992, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 259. mál. — Þskj. 436.

Vestnorræna þingmannaráðið 1991, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, 260. mál. — Þskj. 437.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess strax að undir 4. dagskrárlið eru a-, b- og c-liðir. 3. mgr. 63. gr. þingskapalaga um meðferð umræðna mun verða notuð undir þessum dagskrárlið, þ.e. fluttar verða framsögur um þessar þrjár skýrslur og síðan verða umræðurnar í einu lagi ef ekki koma fram athugasemdir um það.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 451 lagt fram skýrslu um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1991–1992.

Norræna ráðherranefndin lagði fram ársskýrslu sína í desember 1991. Það er mikið rit sem spannar 300 þéttprentaðar síður. Þar er starfsemi ráðherranefndarinnar og skrifstofu ráðherranefndarinnar á árinu 1991 tíunduð mjög rækilega. Jafnframt hefur skrifstofa samstarfsráðherra tekið saman skýrslu þá um störf norrænu ráðherranefndarinnar sem nú er til umræðu.

Í skýrslunni eru dregin saman aðalviðfangsefni ársins á norrænum vettvangi. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á þá þætti sem snerta Ísland og Íslendinga sérstaklega, t.d. starfsemi norrænna stofnana á Íslandi og norræn verkefni sem lúta sérstaklega að Íslandi og Íslendingum. Það eru einungis samstarfsráðherrar Íslands og Noregs sem leggja sérstakar skýrslur fyrir þjóðþing þeirra landa um norrænt samstarf. Hin löndin leggja einvörðungu fram hina stóru skýrslu ráðherranefndarinnar norrænu sem ég nefndi hér í upphafi.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki í þessum aðfaraorðum tíunda í mjög löngu máli efni þessarar skýrslu en í henni er að finna öll helstu áhersluatriði samstarfsins á liðnu ári. Þó vil ég sérstaklega nefna nokkur stór viðfangsefni sem þar er fjallað um. Þar nefni ég árið 1991 í megindráttum, frumkvæði forsætisráðherra Norðurlanda, áhrif EES-samningsins á norræna sam-

vinnu, ráðherranefndartillögur sem lagðar voru fyrir 40. þing Norðurlandaráðs, norræna samvinnu eftir 1992, vestnorræna samstarfið og samvinnu við Eystrasaltslöndin og Austur-Evrópu.

Þessi skýrsla sem hér er nú til umræðu ber það með sér að hún er samin áður en síðasta Norðurlandaráðsþing var háð í Helsingfors dagana 3.–6. þessa mánaðar. Umræðurnar þar snerust fyrst og fremst um stöðu Norðurlanda og Norðurlandasamvinnu í ljósi hinna breyttu og raunar síbreytilegu aðstæðna og þróunar í Evrópu. Breytingar sem orðið hafa í Evrópu austanverðri eru með ólíkindum. Langþráð sjálfstæði Eystrasaltsríkja sem við köllum, hrun Sovétríkjanna, endalok kommúnismans. Allt eru þetta einhverjir mestu atburðir aldarinnar.

Ráðherranefndin brá skjótt við þegar Eystrasaltslöndin endurheimtu sjálfstæði sitt og samin var áætlun um stofnun upplýsingaskrifstofa í þessum þremur löndum sem allar eru komnar á fullt skrið og starfið þar er í fullum blóma. Þar er lögð mest áhersla á menningarsamskipti hvers konar. Til þessarar starfsemi var varið um 150 millj. kr. á síðasta ári og verður sú upphæð tvöfölduð á þessu ári en samt er þetta framtak okkar einungis dropi í hafið. Í Eystrasaltslöndunum verða ekki breytingar í venjulegum skilningi orðsins heldur verður þar í rauninni bylting þar sem þjóðir sem kúgaðar hafa verið um hálfrar aldar skeið horfa fram til nýrra en vissulega erfiðra tíma og við blasa hrikaleg vandamál, ekki bara á sviði efnahagsmála heldur einnig og ekki síður á sviði umhverfismála, atvinnumála og peningamála og mætti áfram telja. Það var því snemma ljóst að það fé sem ráðherranefndin leggur fram til upplýsingaskrifstofanna fullnægir hvergi þeirri næstum óendanlegu þörf sem fyrir hendi er, t.d. að því er varðar fjárfestingar til uppbyggingar atvinnulífs landanna og á öðrum sviðum þjóðlífsins. Í upphafi var áformað að Norðurlöndin stofnuðu sérstakan fjárfestingarbanka, BIB sem kallaður var svo eftir ensku heiti hans, Baltic Investment Bank, í sambandi við þetta endurreisnarstarf og átti hann að vera í nánum tengslum við Norræna fjárfestingarbankann og hafði verið samin sérstök ráðherranefndartillaga af því tilefni. Frá því ráði var þó horfið og stefnt að sérstökum fjárfestingarsjóði á breiðum grundvelli þar sem unnt yrði að veita áhættulán til fjárfestinga í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir því að á árunum 1992–1995 verði unnt að veita upphæð sem svarar til 105 millj. ECU til Eistlands, Lettlands og Litáens, bæði í mynd fjárfestingarlána og tækniaðstoðar. Að þessum sjóði mundu standa sex stofnanir: Norræni fjárfestingarbankinn (NIB), Þróunarbanki Evrópu, Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn svo og fjárfestingarbankar landanna þriggja.

Hin mikla áhersla sem Norðurlöndin svo réttilega hafa lagt á aðstoð við Eystrasaltsríkin hefur jafnframt vakið upp umræður um jafnvægið í hinu norræna samstarfi. Menn hafa haft á orði, þar á meðal sá sem þetta mælir, að hin vestlægu Norðurlönd, Ísland, Færeyjar og Grænland, hafi gleymst í allri umræðunni með því að þungamiðja samstarfsins — engum hefur þar villst neitt um — hefur beinst fyrst og fremst í suður og austur. Í tilefni þess skipuðu samstarfsráðherrar nefnd manna til að gera úttekt á stöðu hins norræna samstarfs á hinum vestlægu Norðurlöndum og gera tillögur til úrbóta. Formaður þeirrar nefndar var Jón Júlíusson, staðgengill íslenska samstarfsráðherrans. Ekki var ætlunin að veita fé til aukins samstarfs í erindisbréfi nefndarinnar enda höfum við um þriggja ára skeið búið við svonefndan núllvöxt hinna norrænu fjárlaga. Nefndinni var því upphaflega mjög þröngur stakkur skorinn og gat ekki búist við nema minni háttar aukningu framlaga úr varasjóði ráðherranefndarinnar, enda einbeitti nefndin sér að skipulagsmálum hins vestnorræna samstarfs og vann þar að minni hyggju mjög gott starf.

Helstu niðurstöður hennar voru:

Stofnuð verði vestnorræn ráðherranefnd skipuð samstarfsráðherrum landanna þriggja sem verði frumkvæðis- og samræmingaraðili bæði gagnvart opinberu norrænu samstarfi og í innbyrðis samstarfi færeyskra, grænlenskra og íslenskra stjórnvalda.

Skrifstofa vestnorrænnar ráðherranefnar verði á Íslandi.

Vestnorræna ráðherranefndin fái til ráðstöfunar eða umsagnar þá hluta norrænu fjárlaganna sem tengjast þessu svæði.

Vestnorræna ráðherranefndin gefi Vestnorræna þingmannaráðinu árlega skýrslu um hið opinbera vestnorræna samstarf og tengsl þess við norræna samstarfið.

Sömu fulltrúar vestnorrænu ríkjanna sitji í framkvæmdanefnd Þróunarsjóðs hinna vestlægu Norðurlanda og í framkvæmdastjórn vestnorrænu nefndarinnar. Stefnt verði að verkaskiptingu þar sem nefndin kosti undirbúning áhugaverðra og arðvænlegra verkefna og sjóðurinn fjármagni þau að svo búnu. Finna þarf slíkri verkaskiptingu heppilegt form.

Stjórnir Norræna hússins í Reykjavík, Norðurlandahússins í Þórshöfn í Færeyjum og Norrænu menningarmiðstöðvarinnar í Nuuk í Grænlandi, verði sameinaðar og verði ein stjórn fyrir þessar þrjár stofnanir.

Þá nefni ég að styrkir til nemendaskipta og íþróttasamstarfs milli vestnorrænu landanna verða efldir og Grænlendingum og Færeyingum gert kleift að taka þátt í norrænum embættismannaskiptum og NORDPLUS-áætluninni sem er styrkur til hlutanáms á Norðurlöndum.

Lagt er til að efla skrifstofu staðgengils samstarfsráðherra í Grænlandi en hún er staðsett í Nuuk.

Þá er lagt til að koma á fót upplýsingaskrifstofu um norrænt samstarf í Færeyjum.

Mælt er með því að gera vestnorræna samstarfið sýnilegra með aukinni útgáfustarfsemi og kynningu bæði heima fyrir og annars staðar á Norðurlöndum.

Stofna þarf sérstakan ferðasjóð til þess að auðvelda ferðalög milli Íslands, Grænlands og Færeyja.

Það veikti vissulega starf þessarar nefndar að Svíar völdu þann kost að taka ekki þátt í störfum hennar og Danir, sem sannarlega eiga þó mikilla hagsmuna að

gæta hér á þessu svæði, óskuðu einungis eftir áheyrnaraðild.

Niðurstöður nefndarinnar hafa hlotið misjafnar undirtektir, m.a. hjá Dönum sem að nefndarstörfunum loknum þvertóku fyrir það að sérstök skrifstofa á Íslandi annaðist samræmingu vestnorrænna málefna. Hvernig svo sem þessum tillögum reiðir af endanlega er hér um að ræða málaflokk sem hlýtur eðli málsins samkvæmt að varða okkur Íslendinga miklu og við hljótum að halda áfram ótrauðir að halda á lofti merki hinna eyríkjanna hér í Norður-Atlantshafi og stuðla að því að þau einangrist ekki frá öðrum Norðurlöndum. Raunar held ég að í ljósi reynslunnar undanfarin ár, og mæli ég það m.a. með tilliti til reynslu minnar af setu í Vestnorræna þingmannaráðinu, hljótum við að endurmeta þessa starfsemi og það sem ég vil kalla ótvírætt gildi hennar en gallinn hefur verið sá að þar hefur skort, að mínu mati, tengsl milli þingmannanna og ráðherranefndarstarfsins, þannig að þetta starf gæti í rauninni borið eðlilegan ávöxt og árangur, og að þeim tillögum sem samþykktar eru í Vestnorræna þingmannaráðinu sé fylgt eftir til framkvæmdar þegar um málin er fullkomin eining.

Ég nefni það líka að þann tíma sem ég hef sinnt starfi samstarfsráðherra höfum við reynt að halda sérstaka samráðsfundi með Færeyingum og Grænlendingum fyrir ráðherrafundi þegar á döfinni hafa verið mál sem kallað hafa á slíka samræmingu sjónarmiða eða a.m.k. samráð.

Ég held að við eigum að stefna að því frekar en hitt að auka og efla þetta samstarf því enda þótt okkur greini á í sumum málum og hagsmunir kunni að rekast á er það engu að síður svo óendanlega margt fleira sem sameinar okkur hér sem búum í Færeyjum, á Íslandi og á Grænlandi.

Frú forseti. Ég hef fyrr í mínu máli rætt nokkuð um Eystrasaltslöndin og þá jákvæðu áherslubreytingu sem orðið hefur í samskiptum við þau. Auk þeirra ráðstafana til viðreisnar þeim sem gerðar hafa verið af hálfu ráðherranefndarinnar verður ekki undan því vikist að fara nokkrum orðum um hið nýja Eystrasaltsráð sem stofnað var á sama tíma og Norðurlandaráðsþingið var haldið í Helsingfors. Auðvitað var sú staðreynd að þetta gerðist á sama tíma engin tilviljun. Það var engin tilviljun og er út af fyrir sig okkur kannski nokkurt umhugsunarefni.

Til stofnfundar hins nýja Eystrasaltsráðs var boðað að frumkvæði utanríkisráðherra Dana og Þjóðverja. Allar þjóðir sem eiga land að Eystrasalti voru boðaðar til þessa fundar og að auki Noregur. Þar sem líta má svo á frumkvæðið að verulegu leyti sem norrænt frumkvæði og viðfangsefnið sem samtengt eða hluta af norrænni samvinnu, þá leituðu Íslendingar eftir aukaaðild á stofnfundinum en fengu, eins og kunnugt er af öllum fréttum, blákalt nei og talaði danski utanríkisráðherrann alveg skýrt í því efni. Ég verð að segja að viðbrögð Dana í þessu efni hafa vissulega orðið okkur undrunarefni og víða vakið gremju.

Í þessari skýrslu minni, sem lögð hefur verið fyrir hv. Alþingi, er að finna allítarlegan kafla um Norðurlönd í Evrópu og einkum áhrif EES-samningsins á norræna samvinnu.

Á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs bar stöðu Norðurlanda í nýrri Evrópu hvað hæst, ekki einvörðungu áhrif EES-samningsins á samvinnuna heldur ekki hvað síst hver áhrif aðild þriggja eða fjögurra eða fleiri Norðurlanda að Evrópubandalaginu hefði á norrænt samstarf. Bar þar hæst áfangaskýrslu nefndar forsætisráðherra Norðurlanda en þar segir m.a. í útdrætti frá íslenska forsrn., með leyfi forseta:

„Forsendur norræns samstarfs munu gjörbreytast þegar samningur EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði tekur gildi en gert er ráð fyrir að það verði í byrjun árs 1993. Forsendur munu enn breytast þegar nokkur landanna gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Norðurlönd munu taka þátt í víðtækara samstarfi ríkja Vestur-Evrópu, með meiri réttindum og skyldum en verið hefur.

Vegna fyrirsjáanlegrar aðildar meiri hluta norrænna ríkja að Evrópubandalaginu verður nauðsynlegt að haga norrænu samstarfi þannig að það geti á sem bestan hátt orðið til þess að styrkja þátttöku landanna í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi."

Að áliti vinnuhópsins á að laga norrænt samstarf að þeim breyttu pólitísku og efnahagslegu verkefnum sem löndin standa frammi fyrir. Það verður að haga samstarfinu þannig að það mæti raunverulegum þörfum landanna á tíunda áratugnum og inn í næstu öld. Vinnuhópurinn telur eðlilegt að gera ráð fyrir að forsendur norræns samstarfs breytist í tveimur áföngum. Fyrst með EES-samningnum og síðan þegar fleiri norræn ríki eru orðin aðilar að Evrópubandalaginu.

Í yfirlýsingunni frá Mariehamn segir m.a.: „Skipulag norrænnar samvinnu í framtíðinni ræðst mjög af því á hvern hátt einstök lönd munu tengjast Evrópubandalaginu. Vinnuhópurinn mun líta nánar á skipulag og stofnanir norræns samstarfs í lokaskýrslu sem afhent verður forsætisráðherrunum á fundi þeirra á Borgundarhólmi í ágúst á þessu ári. Vinnuhópurinn telur þó nauðsynlegt að draga fram hvernig forsendur norræns samstarfs breytast með Evrópsku efnahagssvæði og síðar með aðild fleiri norrænna ríkja að EB."

Í áfangaskýrslunni tekur vinnuhópurinn mið af yfirlýsingunni frá Mariehamn um norrænt samstarf í framtíðinni en forsætisráðherrarnir samþykktu þessa yfirlýsingu á fundi sínum í Mariehamn 12. nóv. sl.

Þá hefur verið farið yfir framvinduna í Evrópu og á Norðurlöndum að undanförnu og líklega þróun á næstunni og þannig hafa menn greint nýjar forsendur fyrir hinu norræna samstarfi. Hópurinn hefur bent á hver þörf sé fyrir samstarf í framtíðinni og bent á leiðir til samstarfs milli ríkisstjórnanna.

Í dag nær norrænt samstarf í reynd til allra þjóðfélagshópa. Afleiðing af því að Norðurlönd tengjast EES, EB-samstarfinu, er sú að þau mál er tengjast viðskiptum með vörur og þjónustu, flutningi fjármagns og búsetu fólks og ýmis önnur mál verða til úrlausnar einkum á öðrum vettvangi en þeim norræna. Sérstakt norrænt samstarf mun því ná til færri mála en nú er. Þetta skapar möguleika á að leggja meiri áherslu á og ein-

beita sér frekar en verið hefur að þeim málum sem verða á vettvangi hins norræna samstarfs.

Breytingar á alþjóðavettvangi hafa skapað möguleika og þörf á samráði milli Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum. Vinnuhópurinn bendir sérstaklega á samráð í utanríkismálum og öryggismálum ásamt nánu samráði um mikilvæg málefni Evrópu sem tvö mikilvæg samstarfsverkefni ríkisstjórna Norðurlandanna. Í ljósi þess að Norðurlönd tengjast alþjóðlegu samstarfi á mismunandi vegu verður hverju landi auðvitað að vera í sjálfsvald sett hvernig það tekur þátt í þessu samráði og það getur ekki verið bindandi. Vinnuhópurinn telur að pólitískt samstarf ríkisstjórna Norðurlanda þurfi að verða meira og víðtækara en verið hefur. Með samráði um málefni Evrópu eiga löndin að gæta hagsmuna sinna á evrópskum samstarfsvettvangi, byggja upp samstarf Norðurlanda við önnur svæði í Evrópu og leggja áherslu á norræn gildi í Evrópusamstarfi.

Auk þess sem áður var sagt gerir hópurinn þrjár tillögur í því skyni að auka pólitískt samstarf ríkisstjórna Norðurlanda. Lögð er áhersla á hlutverk forsætisráðherranna á norrænum vettvangi. Ábyrgð forsætislandsins á að samræma norrænt samstarf verði gerð skýrari. Stofnanir í norrænu samstarfi verði lagaðar að nýjum veruleika. Beina þátttöku forsætisráðherranna í hinu norræna samstarfi má m.a. auka með reglulegum fundum þeirra sem yrðu undirbúnir af fulltrúum þeirra. Fundir þessir færu fram samkvæmt undirbúinni dagskrá og til að tryggja styrkari pólitíska stjórn á bæði formlegu og óformlegu norrænu samstarfi er talið að forsætislandið verði að bera almennari ábyrgð og meiri ábyrgð á samstarfinu en verið hefur til þessa.

Af öðrum samstarfsverkefnum vill hópurinn sérstaklega benda á eftirfarandi forgangsverkefni þar sem áhugi ætti að vera fyrir hendi á norrænu samstarfi: Á sviði menningarmála í víðtækum skilningi, á sviði umhverfismála og efnahagsmála, t.d. að því er varðar samgöngumál, orkumál og byggðamál og fleira, með hliðsjón af samstarfi innan annarra alþjóðlegra stofnana.

Norræn menningarpólitík á að stuðla að því að treysta í sessi það sameiginlega gildismat sem við höfum í þessum heimshluta, m.a. með öflugu menningarlífi og með því að skapa fólki grundvöll til að hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins.

Að því er varðar málefni sem snerta sérstaklega almenning er einkum um það að ræða að auka og treysta réttindi þegnanna á sviði velferðarmála. Meginmarkmið norrænnar umhverfisstefnu er að stuðla að sjálfbærri þróun á einstökum svæðum og í alþjóðlegu samhengi.

Að því er varðar form samstarfsins mun hópurinn leggja tillögur sínar fyrir forsætisráðherrana í ágúst en þegar hefur verið bent á að nauðsynlegt verður að breyta skipulaginu í þá átt að gera samstarfið óformlegra og sveigjanlegra en nú er sérstaklega að því er varðar þau mál sem snerta Evrópusamstarfið. Í þeim tilgangi að mæta þeirri þörf fyrir samvinnu sem lýst er í áfangaskýrslunni hefur hópurinn í huga að samstarfið milli ríkisstjórna landanna verði í framtíðinni reist á eftirgreindum fjórum meginstoðum:

1. Samstarf milli allra Norðurlandanna með formlegum samstarfsstofnunum en að það verði e.t.v. ekki eins víðtækt og nú er en jafnframt raunhæfara.

2. Samstarf einstakra landa, tveggja eða fleiri, innan EB-, EFTA-, EES-rammans.

3. Samstarf til að gæta hagsmuna Norðurlanda gagnvart löndum utan Evrópubandalagsins og EFTA, t.d. gagnvart Eystrasaltslöndum og löndum í Austur-Evrópu.

4. Samstarf milli tveggja eða fleiri landa að því er varðar tvíhliða eða svæðisbundin mál.

Bent hefur verið sérstaklega á að hinar miklu breytingar í veröldinni um þessar mundir hafa mikil áhrif á norrænt samstarf og breyta áherslum þar og hafa þannig mikla þýðingu fyrir starfsemi Norðurlandaráðs.

Hópurinn telur að Norðurlandaráð hafi miklu hlutverki að gegna til þess að halda utan um, ef þannig má til orða taka, hið norræna samstarf og telur mikilvægt að þingmenn hafi á hverjum tíma ítarlegar upplýsingar um hið norræna samstarf og heildarmynd af því samstarfi. Ég geri ráð fyrir að nokkuð skorti á það hjá þeim þingmönnum sem ekki taka beinan þátt í þessu starfi. Þá þarf að huga að möguleikum á því að þingmenn fái yfirlit, skýrslur og athuganir á mikilvægustu málum Evrópusamstarfsins og samstarfi í öðrum alþjóðastofnunum í auknum mæli. Það er mikilvægt að þau mál sem verða á dagskrá í Evrópusamstarfinu séu rædd ítarlega á norrænum vettvangi.

Virðulegi forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu. Ég mun ekki á þessum vettvangi ræða um Evrópubandalagið og afstöðu Íslands til þess. Hvernig svo sem þau mál þróast mun þátttaka fleiri Norðurlandaþjóða í Evrópubandalaginu og aðild að því hafa afdrifaríkar afleiðingar á norrænt samstarf eins og við höfum kynnst því í 40 ár. Norrænt samstarf hefur raunar verið að breytast í þessi 40 ár og mun halda áfram að breytast vegna þess að það er eðli lifandi samstarfs. En vissulega mun samstarfið í ýmsum greinum halda áfram á gömlum merg og með lítt breyttum formerkjum. Ég nefni aftur menningarsamstarfið, vísindasamstarfið og samstarf hinna frjálsu félagasamtaka sem nær um allt þjóðfélagið, eða grasrótarsamstarfið sem stundum er svo nefnt. Svo verður einnig, sem betur fer, um margt annað samstarf á öðrum vettvangi en það sem hér hefur verið nefnt.

En engum dylst að þetta mun taka verulegum breytingum og hlutar af þessu samstarfi munu eiga sér stað í víðara evrópsku samhengi. Norðurlöndin eiga hins vegar, eins og við vitum, ekki samleið í öllum málum. Þess vegna hallast menn gjarnan að því að skipta Norðurlandasamvinnunni upp, kannski í hina hefðbundnu samvinnu sem heldur áfram lítið breytt, en vissulega við aðrar ytri aðstæður, svo og samráð Norðurlanda sem muni einkenna samstarf þeirra Norðurlanda sem ganga í Evrópubandalagið að því er varðar mál sem þar eru til úrlausnar.

Virðulegi forseti. Allt á þetta eftir að koma betur í ljós. Nefnd forsætisráðherranna heldur tíða fundi út

sumarið og skilar lokaskýrslu sinni á fundi forsætisráðherranna í Borgundarhólmi, svo sem ég áður nefndi, í ágúst.

Eitt er þó öruggt, norræn samvinna og norrænt samstarf standa nú á krossgötum og við sjáum djarfa fyrir útlínum breyttra samstarfsforma og umfram allt held ég að við Íslendingar verðum að vera vel á verði varðandi stöðu okkar í hinu norræna samfélagi og vinna eins vel og mögulegt er úr þeirri framvindu sem nú á sér stað, framvindu sem raunar gerist hraðar og hraðar eftir því sem tíminn líður. Þar skiptir miklu að við höldum vöku okkar. Við eigum mikið undir því að þetta samstarf haldi áfram, verði öflugt og traust, en aðlagi sig jafnframt þeim breyttu ytri aðstæðum sem nú eru í deiglu og þeim breyttu kröfum sem þjóðirnar gera til árangurs af þessu samstarfi sem hefur verið okkur afar mikilvægt í 40 ár og ég er ekki í minnsta vafa um að mun halda áfram að vera það þó með öðrum hætti verði en verið hefur kannski fram til þessa.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að fylgja úr hlaði með nokkrum orðum skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir tímabilið janúar 1991 til febrúar 1992 sem útbýtt hefur verið á þskj. 436. Þessi skýrsla er í nokkuð hefðbundnu formi, eins og þeir þekkja sem með þessum málum hafa fylgst á undanförnum árum og e.t.v. ekki sérstök ástæða til að fara mjög ítarlega í saumana á því efni sem þar er rakið. Hins vegar vildi ég koma að nokkrum atriðum sem sérstaklega er bent á í þessari skýrslu en mun síðan að öðru leyti víkja að ýmsu því sem nú er efst á baugi í hinu norræna samstarfi líkt og hæstv. umhvrh., ráðherra hinna norrænu málefna, gerði á undan mér.

Ef ég vík þá fyrst að efni skýrslunnar, virðulegi forseti, þá urðu nokkrar mannabreytingar í Íslandsdeildinni á síðasta ári í kjölfar alþingiskosninga. Nokkrir þingmenn, sem þar höfðu unnið um árabil mikið og gott starf, hættu í deildinni á árinu og ég vil nota tækifærið og þakka þeim fyrir vel unnin störf. En kjörnir voru nýir þingmenn til starfa á sl. hausti, sem sumir höfðu þó verið tilnefndir nokkru áður.

Það setti svip á starf Íslandsdeildarinnar á síðasta ári að nokkur röskun varð á þinginu sem haldið var í Kaupmannahöfn fyrir ári síðan á hefðbundinni skiptingu landsdeilda í trúnaðarstörf. Íslenska deildin fékk ekki lengur til ráðstöfunar eitt formannssæti, svo sem verið hafði um langt árabil, en það var fyrir tilverknað flokkahópanna svokölluðu að svo atvikaðist að Íslandsdeildin fékk ekki slíka formennsku. Þetta olli mikilli óánægju eins og margir muna, enda var það í fyrsta sinn frá því þetta samstarf hófst að enginn Íslendingur gegndi formennsku í einni af fastanefndum Norðurlandaráðs.

Í deiglunni voru breytingar á Helsinki-sáttmálanum sem frestuðust af þessum sökum vegna eindreginnar andstöðu Íslandsdeildarinnar á meðan þetta mál væri óleyst. Það er skemmst frá því að segja að sættir náðust í þessu máli á síðasta sumri og breytingar voru gerðar á Helsinki-sáttmálanum og jafnframt á starfsreglum forsætisnefndar sem gera það að verkum að nú er ótvírætt að allar landsdeildir eiga rétt á formennsku í nefndum ráðsins. Þetta staðfestist á síðasta þingi með þeim hætti að einn af Íslandsdeildarmönnunum, Rannveig Guðmundsdóttir, hv. 11. þm. Reykn., var kjörinn formaður menningarmálanefndar ráðsins. Þar með var fyrri skipan komið á á nýjan leik þannig að Íslandsdeild gat vel við unað. Hins vegar er það svo að ekkert varaformannssæti féll í hlut Íslandsdeildarinnar að þessu sinni.

Það sem kannski er vert að vekja sérstaka athygli á í þessu sambandi, virðulegi forseti, er sú þróun sem orðið hefur á vettvangi ráðsins og birtist í auknum áhrifum og auknum völdum svokallaðra flokkahópa á kostnað einstakra landsdeilda. Þess verður æ meira vart í starfinu í Norðurlandaráði að flokkahópar, þar sem saman koma þingmenn sem aðhyllast sömu eða svipaða pólitíska stefnu í löndunum öllum, sæki sér æ meira vald, en tillögur landsdeildanna vegi á hinn bóginn að sama skapi minna.

Þetta mál, sem ég hef rakið, er gott dæmi um þessa þróun þó að tekist hafi að sporna við því með ákveðinni andstöðu á síðasta ári. Hins vegar eru fleiri dæmi um þetta sem komu fram á síðasta þingi. Þannig var t.d. tillögu Íslandsdeildarinnar um skipan fulltrúa í hinn Norræna menningarmálasjóð hafnað vegna þess að eigi þótti komið nægilega til móts við þarfir allra flokkahópanna með þeirri tillögu sem gerð var. Jafnframt var tillögu sænsku landsdeildarinnar um fulltrúa í forsætisnefnd hafnað og önnur tillaga gerð vegna þess að með sama hætti þótti ekki sem rétt jafnvægi væri milli flokkahópanna með þeirri tillögu sem sænska landsdeildin hafði gert. Henni var sem sagt hafnað og önnur tillaga varð ofan á.

Ég vildi vekja athygli á þessu vegna þess að hér er á ferðinni þróun sem ekki allir í þessari stofnun hafa verið jafnánægðir með í gegnum árin. Ég tel hins vegar að það sé of seint að ætla að sporna gegn þessum áhrifum og Íslandsdeildin, eins og aðrir, verður að aðlaga sig að þessum aðstæðum og skipa sínum málum með þeim hætti að tekið sé tillit á báða bóga í þessu efni.

Í þessari skýrslu, virðulegi forseti, eru rakin mörg málefni sem Íslandsdeild hefur beitt sér fyrir á síðasta ári og kannski ástæðulaust að rekja það nákvæmlega. Hins vegar vildi ég koma nokkuð að aukaþingi ráðsins sem haldið var í Mariehamn á Álandseyjum í nóvembermánuði sl., en frá því er sagt sérstaklega í skýrslunni. Þetta þing var helgað umræðum um norrænt samstarf eftir árið 1992, en eins og fram kom hjá hæstv. umhvrh. hafa umræður almennt á vettvangi ráðsins mjög snúist um hvað verði um norrænt samstarf í hinni nýju Evrópu, í hinni breyttu skipan sem blasir við okkur á vettvangi Evrópumálanna. Um þetta var rætt fram og aftur á aukaþinginu og sú umræða hélt áfram á nýafstöðnu þingi ráðsins í Helsingfors og fyrir því þingi lágu margs konar álitsgerðir og skýrslur sem um þetta mál hafa verið samdar. Ég nefni til að mynda þá skýrslu vinnuhóps forsætisráðherranna sem áðan var vikið að. Ég nefni álitsgerð frá samstarfsráðherrunum

og sömuleiðis tillögur frá flokkahópunum sem þarna lágu frammi, a.m.k. þrjár talsins.

Eins og fram kom í máli hæstv. umhvrh. er ætlunin að hópur forsætisráðherranna, sem um þessi mál fjallar, vinnuhópurinn, ljúki sínum störfum í sumar og leggi niðurstöður sínar fyrir þing ráðsins í Árósum í haust. Þar með verður væntanlega kominn tími til að gera það upp við sig með hvaða hætti menn vilja skipa þessum málum í framtíðinni, en þar kemur vissulega ýmislegt til greina þótt ég telji óhyggilegt að ætla að fjalla um skipulag þeirra mála fyrr en fyrir liggur nákvæmlega hvert efnisinnihaldið verður, rétt sé að átta sig á því hvert verður innihald samvinnunnar í framtíðinni áður en menn fara að skipuleggja í kringum það.

Af hálfu Íslandsdeildarinnar var mikið fjallað um þessi mál, bæði á þinginu á Álandseyjum og sömuleiðis á Norðurlandaráðsþinginu fyrr í þessum mánuði og má kannski segja að þar séu menn ekki komnir að einhlítri niðurstöðu frekar en aðrir að því er þetta varðar. En ég fyrir mitt leyti tel afar mikilvægt að menn líti ekki á hina norrænu samvinnu sem einangraðan hlut í sjálfu sér, eitthvað sem hægt sé að stunda utan við það samstarf sem fram fer í Evrópu og algjörlega óháð því, heldur verði að líta á norrænt samstarf sem part af þróuninni í Evrópu, mjög mikilvægan þátt fyrir okkur sem hér búum en ekki einangrað fyrirbæri sem við eigum að taka úr öllu samhengi við það sem gerist í Evrópu.

Það vill nefnilega þannig til að margt af því merkilegasta, sem fram hefur náðst í samstarfsmálum milli Norðurlandanna, hefur verið á evrópskum vettvangi þó svo að það hljómi mótsagnakennt. EFTA-samningurinn færði Norðurlöndunum innbyrðis frjálsa verslun með vörur. Það var mikilvægt skref í norrænni samvinnu og ég tel sömuleiðis að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði sé mjög mikilvægur áfangi í innbyrðis samstarfi Norðurlandanna í efnahagsmálum og atvinnumálum. Það hefur nefnilega verið þannig að það hefur ekki lánast á vettvangi landanna fimm að ná samvinnu sem einhverju máli skiptir um efnahags-, viðskipta- eða atvinnumál. Það hefur hins vegar lánast á stærri vettvangi með fleiri þjóðum og um það er ekki nema gott eitt að segja. Það er ekkert athugavert við það, þvert á móti.

Hins vegar hefur hið norræna samstarf skilað mjög miklum árangri á ýmsum öðrum sviðum og kannski ástæðulaust að rekja það í smáatriðum en vegabréfasamningurinn, samningurinn um félagsleg málefni og hinn sameiginlegi vinnumarkaður eru auðvitað til dæmis um það hverju þessi samvinna hefur skilað þó að vissulega sé nokkuð um liðið frá því að þessir áfangar náðust.

Ég tel að menn þurfi ekki að óttast að norrænt samstarf líði undir lok þó svo að samvinna milli ríkjanna í Evrópu færist í aukana. Auðvitað verður hvert norrænt ríki að velja sér þá braut í samstarfi við önnur lönd í álfunni sem því hentar best og við getum ekki sagt öðrum löndum fyrir verkum í því efni og við getum heldur ekki sætt okkur við að önnur ríki segi okkur fyrir verkum. En hið norræna samfélag er sem betur fer ekki einangraður þjóðflokkur heldur hluti af Evrópu og jafnvel þó að flest Norðurlöndin gangi inn í Evrópubandalagið, eins og margt bendir til, sé ég ekki ástæðu til að kvíða því fyrir okkar hönd. Ég tel að hin norræna samvinna standi á það traustum merg og hafi skilað þjóðunum það miklu að það verði ekki upp á teningnum hjá neinu ríkjanna að kasta þeirri samvinnu fyrir róða. Allir sjá það í hendi sér að samvinna sem þessi, sem byggð er á sameiginlegum menningararfi, svipuðum tungumálum, sameiginlegri tungumálaarfleifð, sögu og fleiru í þeim dúr, mun auðvitað halda áfram. Verkefnin verða margvísleg eftir sem áður og nýir málaflokkar koma til skjalanna, umhverfismál, félagsleg málefni af ýmsu tagi en kannski ekki síst utanríkis- og varnarmál því vegna breytinganna sem orðið hafa í Austur-Evrópu hefur nú opnast möguleiki sem ekki var áður fyrir hendi um stóraukið samstarf og samráð á þeim vettvangi. Ég hygg að að því marki sem samstarf á vettvangi efnahags- eða atvinnumála fer minnkandi þá muni utanríkispólitísk samvinna að sama skapi geta farið vaxandi þar sem menn ráða ráðum sínum um hin stærstu mál og reyna jafnframt að samræma stefnu sína gagnvart umheiminum.

Á þessum vettvangi kemur kannski ekki síst til álita afstaðan gagnvart baltnesku löndunum og nágrannaríkjum Norðurlandanna í austri og sú aðstoð sem verður að veita þessum þjóðum, jafnframt sameiginleg afstaða landanna í stærra samhengi til að mynda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ég vil láta það koma fram vegna ummæla hæstv. ráðherra um fyrirhugað átak í fjárfestingarmálum í baltnesku löndunum að ég fyrir mitt leyti varð fyrir nokkrum vonbrigðum með að ekki skyldi nást samkomulag um að stofna sérstakan baltneskan fjárfestingarbanka að frumkvæði Norðurlandanna. Sú hugmynd var nokkuð langt á veg komin og Norræni fjárfestingarbankinn var búinn að undirbúa ýmis gögn í því sambandi. Ég tel að það hefði að mörgu leyti verið farsælla að stíga það skref til fulls og koma á laggirnar slíkri stofnun í samvinnu baltnesku ríkjanna við Norðurlandaráð og Norræna fjárfestingarbankann en þeirri leið var hins var hafnað af ráðherranefndinni sem taldi eðlilegra að fara þá leið, sem síðan varð ofan á, með sérstöku fjárfestingarprógrammi, sem kallað er, upp á einar 150 millj. ECU og reyna jafnframt að ná samstarfi við hinn Evrópska fjárfestingarbanka í London um þátttöku í þessu efni.

Mér er kunnugt um að í baltnesku löndunum hafa ýmsir orðið fyrir vonbrigðum með þessa þróun og telja að ekki sé nógu stórt skref stigið. Það má að vísu alltaf segja sem svo að það sé unnt að bæta við þessar upphæðir þegar fram í sækir og þegar reynsla er komin á þetta og vissulega er það svo. En miðað við það sem búið var að gefa í skyn og þann áhuga sem norrænir ráðamenn hafa haft á þróun mála í baltnesku löndunum þá verð ég að segja að þetta olli mér nokkrum vonbrigðum.

Virðulegi forseti. Í þessari skýrslu, sem er dagskrármálið, eru raktar umræður af aukaþinginu á Álandseyjum og sömuleiðis á þingi Norðurlandaráðs í

fyrra sem haldið var fyrir ári. Ekki er ástæða til að fara ofan í saumana á þeim umræðum hér, en það varð niðurstaða okkar í Íslandsdeildinni að rétt væri að fresta þessari umræðu fram yfir það þing sem nú er nýlokið til að menn gætu skipst á skoðunum um það sem nýjast væri tíðinda af þessum vettvangi en einangruðu sig ekki við það sem gerst hefði á síðasta ári. Enda er það svo að það sem mest er spennandi á hinum norræna vettvangi um þessar mundir er að mínum dómi einmitt spurningin um framtíðarþróun samstarfsins. Og þótt það sé ánægjulegt að fylgjast með því hvað gerst hefur og hvað gerðist á síðasta ári þá held ég að allra augu beinist nú fram á við. Þar er auðvitað ræða sú sem hæstv. umhvrh. flutti verulegt innlegg í umræðuna hér heima og sú greinargerð sem hann flutti um starf vinnuhóps forsætisráðherranna og annarra sem að þessum málum hafa hugað upp á síðkastið.

Ég hef orðið var við að ýmsir kvíða því að samstarf hinna norrænu þjóða muni ekki eiga sér neinn tilverugrundvöll eftir að hluti Norðurlandaríkjanna gengur í Evrópubandalagið. Eins og ég sagði áðan tel ég það mikinn misskilning. Samstarfið hefur í sjálfu sér mikið gildi og býr yfir miklum innri krafti eins og allir þekkja. Engin ástæða er til að óttast um örlög þess þó einhverjar breytingar verði á skipan ríkja innan Evrópubandalagsins. A.m.k. hygg ég ekki að við Íslendingar ætlum að sætta okkur við að samstarfið verði einhver hornreka þó önnur Norðurlönd gangi í Evrópubandalagið. Við höfum ekki hugsað okkur að ganga þá braut. En við ætlumst til þess að samstarf hinna norrænu ríkja, sem formbundið er í milliríkjasamningnum sem kenndur er við Helsingfors, haldi áfram í ljósi breyttra aðstæðna og við verðum að taka þátt í að hafa áhrif á með hvaða hætti þetta samstarf þróast. Eins og fram kom í skýrslu umhvrh. þurfum við ekki á neinn hátt að skammast okkar fyrir framlag Íslands í þeim efnum.

Virðulegur forseti. Ég lýk hér með máli mínu og fagna því að þetta mál er loks komið á dagskrá. Ég vænti þess að í umræðunni nú og í framhaldi af henni komi sjónarmið manna fram um þetta efni þannig að við sem störfum í Íslandsdeildinni getum haldið áfram að þróa og þroska afstöðu þá sem við hljótum að þurfa að taka þegar málin skýrast í sumar og haust.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í fjarveru formanns og varaformanns Vestnorræna þingmannaráðsins mæli ég fyrir skýrslu Íslandsdeildarinnar. Í henni kemur fram að störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins á sl. ári mörkuðust nokkuð af undirbúningi Vestnorræna ársins 1992.

Á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Stykkishólmi 1989 var ákveðið að árið 1992 yrði sérstakt vestnorrænt ár. Í því tilefni var ákveðið á sama þingi að haldnar skyldu á þessu ári þrjár ráðstefnur, ein í hverju landi; um umhverfismál á Grænlandi, um æskulýðsmál í Færeyjum og um jafnréttismál á Íslandi. Félmrn. hefur undirbúning ráðstefnunnar með höndum hér á landi og hafði þingmannaráðið samband við starfsmann og formann nefndarinnar. Einnig var ákveðið að afla upplýsinga og fá yfirlit yfir helstu þætti vestnorrænnar samvinnu. Íslandsdeildin hefur í því skyni fjallað um starfsemi vestnorrænu nefndarinnar, Vestnorræna sjóðsins og vestnorrænu ferðamálanefndarinnar og kynnt sér samgöngur á vestnorræna svæðinu. Til að kynna þetta ákvað Íslandsdeildin að láta gera bækling sem nú er nýkominn út og kynnir bæði þessa vestnorrænu starfsemi eða samstarf og ráðstefnurnar þrjár.

Í september verður vestnorrænt æskulýðsþing í Færeyjum með þátttöku 30 fulltrúa æskulýðssambanda og stjórnmálasamtaka í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi.

Vestnorrænt umhverfisþing verður í Qaqortoq 6.–11. ágúst nk. með þátttöku 60–70 stjórnmálamanna, sjómanna og vísindamanna.

Á Egilsstöðum verður loks haldið vestnorrænt kvennaþing 20.–23. ágúst nk. og verða atvinnumál kvenna höfuðviðfangsefni hennar. Áætluð er þátttaka 150 íslenskra kvenna, 100 færeyskra og 50 grænlenskra kvenna.

Þetta er allt kynnt í bæklingi sem gefinn er út á íslensku. Jafnframt hefur bæði Grænlendingum og Færeyingum verið boðið að nýta sér þá undirbúningsvinnu sem hér hefur farið fram til að gefa út sambærilegt kynningarplagg í löndum þeirra og á þeirra máli. Grænlendingar hafa þegar svarað því jákvætt og hafa áhuga á því.

Að öðru leyti hefur Íslandsdeildin fjallað um samgöngumál sem eru að sjálfsögðu undirstaðan á samskiptum milli þessara landa og rætt við þá aðila sem halda uppi samgöngum á þessu svæði og beðið þá að athuga hvernig hægt væri að koma á greiðari samgöngum. En við höfum rekið okkur á ýmsa annmarka á ferðalögum milli þessara landa.

Einnig fengum við Eið Guðnason, samstarfsráðherra Norðurlanda, á fund okkar þar sem okkur er ljóst að mjög mikilvægt er að tengja saman starfsemi ráðherranefndarinnar og framkvæmdarvaldsins við starf Vestnorræna þingmannaráðsins. Vegna þess sem fram kom í ræðu hæstv. samstarfsráðherra áðan sýnist mér að það hljóti að koma til greina að við reynum að nota samstarf þingmannaráðsins meira til að tengja þetta samstarf og viðkomandi ráðherra í norrænu ráðherranefndinni saman, ef annmarki er á að koma slíku í gegn hjá ráðherranefndum allra landanna. Það hlýtur að vera ábyrgð sem hvílir á okkur Íslendingum að hafa frumkvæði og framtak vegna þess að við eigum að hafa til þess besta burði og liggjum líka mitt á milli hinna landanna.

Íslandsdeildin hefur mjög góða reynslu af að nota skrifstofu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á Alþingi til að vinna að þessum málum og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum skrifstofunnar gott starf. Ég vænti þess að Íslandsdeildin haldi áfram að efla samstarf við samstarfsráðherrann til þess að geta beint starfinu inn á þennan vettvang.

Að lokum vil ég geta þess að sjöundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn 7. ágúst 1991 í Qaqortoq á Grænlandi. Hann sóttu fimm ís-

lenskir þingmenn en alls sóttu hann 16 vestnorrænir þingmenn. Á fundinum voru gerðar ályktanir og samþykktir sem Íslandsdeildin hefur þegar lagt fram á sérstöku þingskjali til staðfestingar á Alþingi. Það er næsta mál á dagskrá þessa fundar og mun ég ekki fjalla um það frekar en undirstrika að þær samþykktir fjalla allar um að efla tengsl þessara landa og sambandið við framkvæmdarvaldið til þess að þar verði um annað og meira en dauðan bókstaf að ræða, heldur fylgi í kjölfarið aukið samstarf milli allra þessara landa.

Ég vil undirstrika það sem hæstv. umhvrh. sagði að þó hagsmunir þessara landa virðist rekast á í bili er áreiðanlegt að um sameiginlega hagsmuni er að ræða ef til lengri tíma er litið og brýnt að þjóðirnar sameini krafta sína og vinni að framgangi hagsmunamála sinna.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil þakka ágætar skýrslur og snjallar framsöguræður sem fluttar hafa verið með þeim um dagskrármálin. Ég hef nú komið nokkuð að norrænum málefnum á undanförnum áratug og verð að játa að ég er ekki eins bjartsýnn á suma þætti norræns samstarfs nú og þeir sem talað hafa á undan mér.

Ég tel að norrænt samstarf sé statt á vegamótum. Á undanförnum áratugum hefur það verið einn helsti hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu og tvímælalaust það samstarf við aðrar þjóðir sem hefur verið Íslendingum hagfelldast. Norðurlandasamstarfið hefur mótað löggjöf allar Norðurlanda, stuðlað að bættum samgöngum og hvers konar samskiptum og samvinnu um ýmsa þætti efnahagsmála öllum til hagsbóta og stuðlað að félagslegum umbótum þannig að nú eru Norðurlönd sá partur heimsins sem býr börnum sýnum einna best skilyrði til þroska og félagslegs öryggis. Umhverfisvernd stendur framar en víðast annars staðar í heiminum og almenn velferð þjóðanna. Á sviði menningar og mennta hefur samstarf verið þjóðunum ómetanlegt. Enda eru þær flestar skyldar að tungu og menningu og eiga meira og minna samþætta sögu. Þá er líka að geta þeirra góðu kynna sem tekist hafa með stjórnmálamönnum þjóðanna í gegnum þetta samstarf. Þann þátt má alls ekki vanmeta. Þó erfitt sé að benda á árangur eru kynni og gagnkvæmur skilningur stjórnmálamanna hinna ýmsu þjóða ákaflega mikilvægur. Ég held að þetta hafi orðið okkur Íslendingum ómetanlegt við uppbyggingu og þróun þjóðfélags okkar.

Kostnaður af þessu samstarfi hefur verið þannig að honum hefur verið skipt milli þjóðanna í hlutfalli við þjóðartekjur og Íslendingar yfirleitt borið í kringum 1% af honum. Þegar útgjöldum úr sameiginlegum sjóðum hefur verið skipt á milli þjóðanna hafa þau hins vegar verið ákvörðuð þannig að Íslendingar hafa iðulega borið allt að því fimmtung úr býtum.

Á síðustu árum hefur þetta samstarf þó tekið talsverðum breytingum. Flokkahóparnir hafa fyrst og fremst fengið stóraukið vægi. Sósíaldemókratar riðu á vaðið og síðan hafa aðrir flokkahópar myndast. Þetta mikla vægi sem flokkahóparnir eru búnir að ná innan Norðurlandaráðs hefur að mínu mati verið Íslendingum óhagstætt, meira að segja mjög óhagstætt. Hagsmunum okkar var miklu betur borgið með samstæðri íslenskri sendinefnd áður en hún sundraðist milli hinna einstöku flokkahópa. Allt fram til síðasta þings hefur íslenska sendinefndin haft tækifæri til að ráða því hvaða Íslendingar gegndu trúnaðarstörfum og allir íslensku fulltrúarnir hafa talið það skyldu sína að fylgja fram ákvörðunum sendinefndarinnar. Á þessu hefur því miður orðið breyting þar. Á síðasta Norðurlandaráðsþingi var þeim fulltrúa sem sendinefndin valdi til setu fyrir Íslands hönd í Norræna menningarmálasjóðnum ýtt þaðan, því miður, fyrir atbeina og samþykki eins íslensks fulltrúa í vinnunefnd, þ.e. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem beitti með því yfirþjóðlegu valdi og brást íslensku sendinefndinni að mínum dómi og leitaði á náðir flokkahóps þess sem hann tilheyrir.

Norrænu ríkin hafa ekki öll farið sömu götu í varnarmálum eða ýmsum öðrum málum. Danir hafa um tvo áratugi verið þátttakendur í Evrópubandalaginu. Þeir hafa sífellt verið að senda út neyðarkall eða hvatningaróp til Norðurlandanna og reynt mjög að gylla fyrir þeim kosti þess að ganga í Evrópubandalagið. Skoðun mín er sú að með því hafi þeir vonast eftir að með aðild annarra Norðurlanda að Evrópubandalaginu fengju norræn sjónarmið aukið vægi þar. Satt að segja hafa sjónarmið Dana ekki notið neins sérstaks byrs í Evrópusamstarfinu og hugmyndir þeirra um þjóðfélagsgerð og skipan mála hafa ekki verið neitt sérstaklega hátt skrifaðar í því samstarfi. En svo er komið sögu að Svíar og Finnar hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Í Noregi eru skiptar skoðanir um hvort sækja beri um aðild. Flest bendir til þess að hugur stjórnvalda í Noregi og reyndar sumra stjórnarandstöðuflokka standi til aðildar og hvað sem mönnum þykir vænt um norrænt samstarf hlýtur það óhjákvæmilega að verða til þess, ef af aðild þessara þjóða verður, að Evrópubandalaginu, að miklar breytingar verði á norrænu samstarfi. Ekki þarf nema að hlusta á ummæli flestra forustumanna þessara frændþjóða okkar á síðasta þingi Norðurlandaráðs til þess að sjá að hið gróna samstarf Norðurlandanna stendur frammi fyrir miklum breytingum. Hugur margra þessara stjórnmálamanna er allur orðinn í Brussel og mín skoðun er sú að í stórauknum mæli færist samstarf Norðurlandaþjóðanna inn í Evrópubandalagið. Þegar aðild annarra Norðurlanda en Íslands að Evrópubandalaginu væri komið til framkvæmda yrðu þau að sjálfsögðu að hafa hliðsjón af reglum og starfsháttum Evrópubandalagsins í mörgum málaflokkum. Ég nefni löggjöf, samgöngur, félagsleg réttindi og umhverfismál. Allt þetta mun markast af aðild þeirra að Evrópubandalaginu. Eftir stæði þá t.d. menningarmálasamstarfið og síðast en ekki síðast hið frjálsa áhugamannastarf sem ég tel að sé verulegur áhugi fyrir innan allra þjóðanna að halda áfram og að því ber okkur náttúrlega að stuðla eftir því sem við getum. Það yrðu nokkrar breytingar á valdahlutföllum innan Evrópubandalagsins þegar aðild þessara fjögurra Norðurlanda væri orðin að staðreynd og kannski fyrst og fremst þannig að áhrif norðurvængsins ykjust, kannski fyrst og fremst Þjóðverja,

en að sama skapi mundi væntanlega draga úr vægi Frakka og Suður-Evrópubúa miðað við það sem nú er.

Nú skulum við gera ráð fyrir að Ísland standi um fyrirsjáanlega framtíð a.m.k. utan Evrópubandalagsins og yrði þátttaka í þessu samstarfi þegar af þeirri ástæðu okkur miklu torveldari. Það yrði að vísu talsvert mikið áfall fyrir Íslendinga en kannski ekki óbærilegt. Ég vil vara við því að menn mikli fyrir sér þau vandkvæði sem stöfuðu af því að Ísland yrði, eins og menn segja, utanveltu í þessu samstarfi. Að mínum dómi er ekki tiltækilegt fyrir Ísland að gerast aðili að Evrópubandalaginu um fyrirsjáanlega framtíð og heldur engin vitglóra að kosta því til til að verða ekki viðskila við aðrar Norðurlandaþjóðir. Ef þær kjósa að flytja verulegan hluta eða mestan hluta af hinu raunverulega samstarfi sínu á vettvang Evrópubandalagsins þá getum við náttúrlega ekkert við því gert. Ég tel að við höfum þó ýmsa möguleika jafnvel þó að það samstarf trosnaði.

Fram undir þetta hafa marktækir stjórnmálamenn á Íslandi ekki talið að aðild að Evrópubandalaginu kæmi til greina nema þá svona í mesta lagi í hálfyrðum. Fyrstu merkin um breytingu á þeirri afstöðu komu fram hjá aldamótanefnd Sjálfstfl. sem starfaði undir forustu þáv. borgarstjóra Davíðs Oddssonar sem nú er hæstv. forsrh. Í kosningastefnuskrá Alþfl. fyrir síðustu kosningar var því miður orðalag sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en Alþfl. væri að gera gælur við aðild að Evrópubandalaginu í framtíðinni. Afstaða okkar framsóknarmanna til þessa máls er skýr og við teljum aðild ekki koma til greina. Með henni væri fórnað efnahagslegri afkomu þjóðarinnr með aðgangi Evrópubandalagsins að auðlindum okkar og með auðlindum á ég ekki bara við fiskimiðin heldur líka orkulindir og landið sem slíkt. Ég vil líka minna á hið stjórnarfarslega sjálfstæði sem er náttúrlega miklu dýrmætara en svo að því sé fórnandi eða nokkurt vit að gera nokkuð það sem stofnar því í hættu.

Við framsóknarmenn létum það koma skýrt fram í síðustu kosningabaráttu að við teldum að afstaðan til Evrópumála mundi ráðast á þessu kjörtímabili og eins og þróunin hefur verið undanfarið tel ég að við höfum haft rétt fyrir okkur í því efni. Það eru farnar að heyrast raddir undanfarna daga sem lýsa sterkum áhuga á aðild. Ég minni á ummæli Þórarins V. Þórarinssonar, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands. Hann hefur sett fram hugmynd um aðildarumsókn fyrir Ísland sem ég tel mjög furðulega og raunar hættulega. Innan Háskólans hafa öfl verið að verki og menn sem eru að reyna að draga lokur frá hurðum, m.a. undir yfirskyni fræðimennsku og gera lítið úr þeirri hættu að við afsöluðum okkur yfirráðum yfir fiskimiðum okkar. Þetta eru náttúrlega skammsýn og villandi sjónarmið.

Síðast en ekki síst gerðist það í gær að hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason, sem er því miður ekki í salnum núna, skrifaði grein í Morgunblaðið sem hét „Finnar á hraðferð inn í Evrópubandalagið." Ég vil vekja athygli hv. þm. á þessari grein. Hún lýsir aðdáun á vinnubrögðum finnsku ríkisstjórnarinnar og gefur honum tilefni, eða maður getur skilið svo, að hann telji að Íslendingar gætu farið svipað að. Ég vitna, með leyfi forseta, í þessa grein, örstuttan kafla, en þar segir hann orðrétt:

„Full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að fylgjast náið með því hvernig Finnar hafa staðið að því að móta stefnu sína og taka ákvörðun um þátttöku í EB. Þótt aðstæður okkar og Finna séu ekki hinar sömu er margt líkt með hagsmunum þjóðanna þegar litið er til Evrópusamstarfsins."

Ég er gersamlega ósammála þessari niðurstöðu þingmannsins. Ég tel að Finnar — það er ekki efni þessa fundar að ræða aðildarumsókn Finna sérstaklega eða hvernig hana ber að, en Finnar búa við allt aðrar forsendur og allt aðrar aðstæður en Íslendingar. Það kann að vera að þeirra mat sé litað af því að þeir eru komnir í óbotnandi erfiðleika vegna þess að viðskiptin við Sovétríkin eru hrunin, í bili a.m.k. Þeir sitja uppi með ægilegt atvinnuleysi og fram undan eru mjög miklir erfiðleikar í efnahagslífi Finnlands. Það sem ég lít alvarlegum augum er það að hér talaði einn nánasti samstarfsmaður hæstv. forsrh. og einn af leiðtogum Sjálfstfl. og þar að auki ráðamaður á Morgunblaðinu sem eins og allir vita mótar mjög skoðanir íslensku þjóðarinnar í krafti útbreiðslu sinnar og fjárráða. Þess vegna er full ástæða til að taka þetta alvarlega.

Ég tel að samvinna við Norðurlönd hafi á undanförnum árum verið okkur mjög mikilvæg og við eigum að sjálfsögðu að reyna að kappkosta að varðveita hana svo lengi sem við getum án þess að fórna miklu öðru sem mikilvægara væri. Og við hörmum það að sjálfsögðu ef hún fjarar út. En hún er að sjálfsögðu ekki svo mikilvæg að fyrir hana sé fórnandi hverju sem er. Ég tel að við eigum að leggja höfuðkapp á að efla vestnorræna samstarfið og það mun standa eða gæti staðið með blóma í framtíðinni hvað svo sem Evrópusamstarfi líður. Jafnframt tel ég að við eigum að leggja kapp á að auka samstarf þjóðanna á norðurhjaranum og fyrir frumkvæði hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar hefur Norðurlandaráð lagt drög að stefnumörkun í þá átt.

Að sjálfsögðu munu um ókomin ár eða a.m.k. um næstu framtíð ýmsar af þeim merku stofnunum, sem þróast hafa í skjóli Norðurlandaráðs eða fyrir frumkvæði þess og norræns samstarfs, halda áfram að starfa. Ég vildi sem sagt gjarnan að ég gæti verið eins bjartsýnn á framtíð norræns samstarfs og þeir sem töluðu næstir á undan mér. Því miður er ég það ekki. Og það er ekki vegna þess að mér sé ekki ljóst mikilvægi þessa samstarfs og mér sé ekki mikil eftirsjá í því ef það bíður hnekki.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Umræða um norrænt samstarf hefur ekki tekið mikið rúm í þingsölum og almennt í þjóðfélaginu hefur heldur ekki verið mikið rætt um norræna samvinnu. Það eru mér viss vonbrigði að ekki skuli fleiri þingmenn vera hér og hlusta á þær umræður sem hafa farið fram og munu fara fram. Að mínu áliti er Norðurlandasamstarfið mjög mikilvægt. Kannski líta menn á Norðurlandasamstarfið sem sjálfsagðan hlut en ég held að allir telji það mjög æskilegt

og telji mikilvægt að Norðurlönd hafi með sér samstarf á ýmsum sviðum. Íslendingar hafa lagt mikið upp úr þessu samstarfi og telja það, vil ég fullyrða, mjög jákvætt og hafi gefið okkur mikið. Þjóðfélagsgerð á Norðurlöndum er mjög svipuð og þar hefur hingað til verið lögð áhersla á félagsleg réttindi og samhjálp. Að vísu eru blikur á lofti í þeim efnum hér á landi en vonandi verður ekki framhald á þeirri stefnu, en þetta eru þó þau atriði sem við höfum lagt áherslu á hingað til og reyndar öll Norðurlönd.

Norðurlönd hafa einnig haft mjög jákvæða ímynd út á við sem málsvarar friðar og mannréttinda. Þannig hafa þau oftar en ekki komið fram sem sterk pólitísk heild og haft þannig meiri áhrif og get ég í því sambandi nefnt t.d. samstarf hjá Sameinuðu þjóðunum og víðar þar sem Norðurlöndin hafa haft með sér samráð og þannig haft meiri áhrif. Hæstv. umhvrh., samstarfsráðherra Norðurlanda, hefur gert grein fyrir ýmsu samstarfi ráðherra Norðurlanda og gert ágæta grein fyrir því í skýrslu sem hefur verið rædd og ætla ég ekki að gera hana frekar að umtalsefni nema það að ég tel að þar komi mjög vel fram hversu mikið samstarf Norðurlandaþjóðirnar hafi haft. Sérstaklega finnst mér það samstarf mjög mikilvægt á sviði menningarmála, umhverfismála og reyndar á flestum sviðum en þó vil ég nefna þetta sérstaklega.

Ég verð að lýsa því að fyrir fulltrúa Kvennalistans í Norðurlandaráði eru þær breytingar, sem gerðar voru að umtalsefni af hv. síðasta ræðumanni, í þá átt að flokkahóparnir hafa miklu meira að segja innan Norðurlandaráðs en áður, ekki til bóta. Nú hafa landsdeildirnar minna að segja og þykir mér það vera afturför. En þessi breyting og sú mikla áhersla, sem nú er lögð á vægi flokkahópanna, kemur sér auðvitað illa fyrir fulltrúa Kvennalistans sem alla vega enn hefur ákveðið að standa utan við alla flokkahópa. Það kemur þannig út að sá fulltrúi kemur vart til greina í nokkrar trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs þar sem miðað er við að þeir séu fulltrúar ákveðinna flokkahópa.

Það var nefnt áðan yfirþjóðlegt vald, sem ég veit ekki hvort við eigum að kalla svo, að flokkahóparnir hafi svo mikið að segja. Það getur vel verið að það sé rétt þó að mér þyki ekki alveg rétt að orða það svo að yfirþjóðlegu valdi hafi verið beitt þegar verið er að skipa í trúnaðarstöðu. En þó vil ég nefna að þegar á síðasta degi þingsins þurfti að skipa í kjörnefnd á vegum Íslandsdeildarinnar og Íslandsdeildin hafði tilnefnt þrjá fulltrúa sem kæmu allir til greina, einn fulltrúi frá Alþfl., einn fulltrúi frá Sjálfstfl. og einn fulltrúi frá Framsfl. Sá fulltrúi sem hafði verið í kjörnefndinni áður, fulltrúi Alþb., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hafði ekki gefið kost á sér í þessa kjörnefnd. Ég gaf hins vegar kost á mér og vildi gjarnan vera í henni en kom ekki til greina. Ég kem ekki til greina vegna þess að ég er ekki í neinum flokkahópi. Svo sé ég tillöguna þegar upp er staðið síðasta daginn og kom mér hún mjög á óvart vegna þess að tillagan var einmitt um þennan eina þingmann, Hjörleif Guttormsson, sem ekki vildi vera í kjörnefndinni. Ég fékk enga skýringu á þessu því að ég hafði samþykkt aðra og bauð mig sérstaklega fram, en gerði þetta kannski meira til stríðni til að leggja áherslu á að ég vildi gjarnan vera þarna og hvað mér þætti þetta vera óheppilegt fyrirkomulag. En það er sama. Ég sætti mig fyllilega við það því að þær reglur eru settar og verður maður sjálfsagt að gangast undir hvort sem maður er samþykkur þeim eða ekki þannig að í því tilviki urðu fulltrúar, væntanlega í forsætisnefnd, að sætta sig við að samþykkja fulltrúa frá Íslandsdeild sem Íslandsdeildin hafði ekki tilnefnt. Svona getur þetta snúist öðruvísi en við ætluðum. Það sama gerðist varðandi tilnefningu í Norræna menningarmálasjóðinn að við fengum ekki að ráða þar en auðvitað væri langbest að mínu mati að við fengjum að ráða þessu öllu saman sjálf.

Ég hef, eins og ég sagði áðan, talið að norrænt samstarf væri mjög mikilvægt. Það væri mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga og mikilvægt fyrir Norðurlönd almennt. En það eru blikur á lofti. Á 40. þinginu sem var haldið núna í Helsinki í Finnlandi var greinilegt að ríkisstjórnir allra landanna stefna beint inn í Evrópubandalagið. Hv. þm. Geir H. Haarde sagði að hann hefði engar áhyggjur af framtíð norræns samstarfs. Ég verð að segja að ég hef verulegar áhyggjur af framtíð norræns samstarfs því að ég held að við hljótum öll að gera okkur grein fyrir því að ef meiri hluti Norðurlandaþjóða fer inn í Evrópubandalagið þá hljóti norrænt samstarf að verða aðeins svipur hjá sjón. Ég held að við verðum að horfast í augu við það að taka á málinu út frá þeirri staðreynd. Það er þó ekki alveg víst að sú verði raunin að öll Norðurlöndin verði aðilar að Evrópubandalaginu þó svo að ríkisstjórnirnar gjarnan vilji það. Það kom greinilega fram í Helsinki þegar forsætisráðherrarnir töluðu að þeir vilja fara inn í þetta samstarf og ég gat ekki annað heyrt á máli Gro Harlem Brundtland, sem hingað til hefur ekki viljað tala hreint út um málið, en að hún væri alveg ákveðin í hvert hún vildi stefna þó að því sé enn þá haldið fram að hún muni ekki gefa yfirlýsingu um það efni fyrr en 4. apríl á fundi Verkamannaflokksins sem halda á í Noregi.

Esko Aho, forsætisráðherra Finnlands, hélt líka ræður þarna bæði í almennu umræðunni og eins tækifæræður. Hann notaði alltaf tækifærið til að lýsa skoðunum sínum á ágæti aðildar að Evrópubandalaginu. Carl Bildt gerði það sömuleiðis. Eini forsætisráðherrann sem ekki taldi að við ættum að stefna að þessu var forsætisráðherra Íslands.

Það sem vakti athygli mína í umræðum þeirra var að þeir ræddu ekki muninn á því Evrópubandalagi sem þeir væru að ganga í og því Evrópubandalagi sem hefur verið til hingað til. Því eins og allir vita hefur orðið veruleg breyting á Evrópubandalaginu, þ.e. ef Maastricht-samkomulag þess verður samþykkt. Því enn meiri völd verða flutt til yfirþjóðlegra stofnana frá þjóðþingunum, sameiginleg mynt, sameiginleg varnarmálastefna, utanríkismálastefna o.fl. gerir það að verkum að það Evrópubandalag sem ríkin eru að sækja um aðild að er allt annað en það Evrópubandalag sem hingað til hefur verið, þó það sé nú í því formi að ég telji enga möguleika á að Ísland geti nokkurn tímann

orðið aðili að því fyrirbæri. Finnar hafa að vísu haldið því fram að þeir geti haft einhverja fyrirvara að því er varðar austurlandamæri sín, þ.e. samskiptin gagnvart fyrrv. Sovétríkjum eða fyrst og fremst Rússlandi núna. En það er væntanlega alveg borin von að þeir geti fengið fyrirvara um utanríkisstefnu og landbúnaðarstefnu sína eins og þeir hafa talað um. Finnar telja sig þannig geta fengið einhverja fyrirvara en flestir efast um að það geti orðið.

Síðan er því haldið fram að ef þessi lönd, við skulum þá ekki reikna með að Ísland sé þar með, fari inn í Evrópubandalagið gæti norræn samvinna haldið áfram. Í Morgunblaðinu 4. mars birtist viðtal við Carl Bildt meðan á þingi Norðurlandaráðs stóð þar sem hann heldur því fram að Íslendingar geti ekki orðið fullir þátttakendur í norrænu samstarfi ef þeir standi utan við Evrópubandalagið. Þar er hann með furðulegar fullyrðingar og telur að Íslendingar muni þrátt fyrir það ekki einangrast heldur muni hin löndin sjá um hagsmuni okkar innan Evrópubandalagsins. Mér finnst sérkennilegt að hann haldi að Íslendingar sætti sig við að senda Svía, Finna og Dani með skilaboð inn á vettvang Evrópubandalagsins, en hann telur það greinilega. En þetta var ekki bara skoðun flestra sem tóku til máls á Norðurlandaráðsþinginu, þ.e. að við ættum að ganga í Evrópubandalagið, heldur einnig viðhorf þeirra sem lögðu fram tillögur á þinginu. Tillögur sem samstarfsráðherrar Norðurlandanna lögðu fram gerðu það jafnframt og í þeim er mestmegnis miðað við að Evrópska efnahagssvæðið verði að veruleika og að fleiri ríki en Danmörk gangi í Evrópubandalagið. Í tillögunum er alltaf gert ráð fyrir að Evrópskt efnahagssvæði sé sjálfstætt fyrirbæri. Mér finnst því óraunhæft að reikna með því að Evrópskt efnahagssvæði sé fyrirbæri sem eigi langa lífdaga fyrir höndum. Mér finnst einnig mjög óraunhæft að reikna með því að öll Norðurlöndin gangi í Evrópubandalagið. Ef svo yrði tel ég útilokað að Norðurlandaráð verði virkt og þar með búið allt sem heitir norræn samvinna. Auðvitað er hægt að hafa samráð sín á milli. Norðurlöndin geta haft samráð og þingmennirnir sem starfa á vegum Evrópubandalagsins, ef um það væri að ræða. En um Norðurlandasamvinnu í líkingu við það sem hefur verið er útilokað að reikna með. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þegar gengið er í Evrópubandalagið er búið að breyta áherslum mjög mikið. Ísland hefur allt aðra áherslu gagnvart Evrópubandalaginu en t.d. Svíþjóð sem er iðnríki en ekki ríki sem byggir á náttúruauðlind og sjávarútvegi eins og við. Ég get því ekki séð hvernig í ósköpunum menn hugsa sér að norræn samvinna yrði innan Evrópubandalagsins þótt öll Norðurlöndin væru í því. Í því sambandi má minna á að samvinna Benelúx-landanna innan Evrópubandalagsins er á mjög takmörkuðum sviðum og þeim er gert mjög erfitt fyrir í að hafa samvinnu sín á milli og koma síðan sameinuð til Evrópubandalagsins. Það er mjög illa séð þegar ríki innan EB hafa samstarf sín á milli og koma síðan sameinuð til Evrópubandalagsins. Það er með öllum hætti reynt að koma í veg fyrir það. Auðvitað er hægt að hafa samráð og EB breytir því ekki en ekki hið formlega samstarf sem Norðurlandaráð hefur verið fyrir Norðurlandaþjóðirnar. Ég tel að Evrópubandalagið samþykki ekki neinn formlegan samstarfsvettvang eða sameiginlega blokk. En auðvitað getur enginn bannað okkur að hafa samráð við hvern sem er, hvort heldur Norðurlöndin eða einhverja aðra. Allt annað væri óeðlilegt. Formlegt samstarf er því bara blekking. Við verðum þannig að horfast í augu við það að norrænt samstarf verður ekki nema svipur hjá sjón ef öll eða flest Norðurlandanna ganga í Evrópubandalagið.

Það sem einnig vakti athygli mína á síðasta þingi var að varla nokkur maður minntist á Evrópskt efnahagssvæði nema stöku Íslendingur. Það var alger undantekning ef einhver annar minntist á það. Flestallir voru uppteknir af Evrópubandalaginu og að Evrópskt efnahagssvæði væri eingöngu stökkpallur inn í Evrópubandalagið. Ég endurtek að það var mál manna, sérstaklega utan ræðustóls, að enginn liti á Evrópskt efnahagssvæði sem sjálfstætt fyrirbæri, það gæti aldrei orðið annað en tímabundið og væri hvorki varanleg lausn né góð. Öllum ætti því að vera ljóst að EES er ekkert annað en stórt skref inn í Evrópubandalagið og þeir sem fara þangað inn verða ekkert stöðvaðir á leiðinni inn í EB.

Á lokadegi þingsins voru tillögur um framtíð norræns samstarfs til umræðu og afgreiðslu. Efnahagsnefnd þingsins hafði haft til meðferðar allar þær tillögur sem lágu fyrir og lagði ákveðna tillögu fyrir ráðið. Á síðasta degi þingsins voru greidd atkvæði um hana. Tillagan gekk að mestu út á aðlögun að EB og miðaði að því að EB væri leiðandi að því er varðaði norrænt samstarf. Ég get tekið dæmi, lauslega þýtt, að byggja norrænt samstarf í kringum frelsin fjögur, með það að markmiði að Norðurlönd verði án landamæra innan EES-rammans og seinna EB-aðildar fyrir öll eða flest Norðurlönd. Það liggur í eðli aðlögunar eða „integrasjonens natur" — ég átti frekar erfitt með að þýða það — að norræn einkenni á vissum sviðum þurfi aðlögunar og þróunar við eftir því sem aðlögunin heldur áfram. Svo virtist sem norræn einkenni ættu fyrst og fremst að miða að því. Fleira í tillögunni um samfélagsþróun á Norðurlöndum átti að miða að því að ákvarðanir yrðu teknar á vettvangi Evrópubandalagsins. Þess vegna gat ég ekki stutt tillöguna og greiddi atkvæði gegn henni. Ég studdi hins vegar tillögu frá fulltrúum sósíaldemókrata í nefndinni en þeir lögðu áherslu á að afla fylgis við norræna samfélagsgerð í víðara evrópsku samhengi, m.a. á mikilvægum sviðum svo sem vinnumarkaðspólitík sem miðaði að fullri atvinnu, jafnrétti milli kynja, umhverfiskröfur, umhverfi á vinnustöðum og félagslegar áherslur með það að markmiði að samræming á reglum yrði á háu plani. Mér fannst mjög eðlilegt að styðja þetta og gerði það. Sem betur fer var þetta eitt af því sem komst inn í tillöguna. Því miður gátu hægri menn á þinginu ekki stutt þessa tillögu, þar með taldir sjálfstæðismenn. Flestir miðjumenn studdu hana heldur ekki og það vakti athygli mína að fulltrúi íslenska Framsóknarflokksins, sem er í miðjuhópnum, gat ekki stutt þessa tillögu og

hef ég reyndar ekki skilið hvers vegna. Johan Jakobsen frá norska Miðjuflokknum skar sig úr. Hann greiddi ekki tillögu meiri hlutans atkvæði enda kom fram í Aftenposten í Noregi að hann væri eini miðjumaðurinn á þinginu sem ekki vildi ganga í EB. Ég reikna með að þeim hafi yfirsést miðjumaðurinn frá Íslandi nema það hafi að þeirra mati verið greinilegt að hann teldi líka að EB væri framtíðarvettvangurinn. Það veit ég ekkert um. Ég hef þetta bara úr Aftenposten. Ég hugsa að þeir hafi nú ekki mjög góðar upplýsingar um íslenska Framsóknarflokkinn.

Áður en ég kem að öðru máli sem mig langar til að gera að umtalsefni vil ég geta þess, virðulegur forseti, að eftir að þinginu lauk í Helsingfors fór ég á mjög skemmtilegan og fróðlegan fund sem haldinn var laugardeginum eftir að þinginu lauk. Þar komu saman fulltrúar hópa frá öllum Norðurlöndunum sem berjast gegn aðild landa sinna að EB og Evrópusamveldinu. Þar kom margt merkilegt fram og m.a. það sem komið hefur fram í fjölmiðlum hér, að andstaðan við aðild að Evrópubandalaginu og Evrópusamveldinu fer mjög vaxandi á Norðurlöndum. Það er sama hvar er, andstaðan vex gífurlega. Ég er því ekkert viss um að Svíþjóð, Finnland og Noregur sem virðast núna, alla vega ríkisstjórnir og þing þessara landa, stefna inn, ég er ekki viss um að sú muni verða raunin vegna þess að andstaða almennings fer mjög vaxandi í öllum þessum löndum. Mig langar að nefna að í Finnlandi voru það 63% sem vildu aðild árið 1990, fyrir ári voru það 58% og í janúar sl. voru það 46% af þeim sem spurðir voru. Andstaðan við aðild eykst og fylgið minnkar. Það sem kannski er merkilegast við það sem er að gerast núna er að í Danmörku er vaxandi andstaða við aðild Danmerkur að Evrópusamveldinu eða „unionen" eins og það er kallað, þ.e. Maastricht-samkomulagið. Síðasta skoðanakönnun sýnir að 40% af þeim sem spurðir voru sögðu nei en 32% sögðu já. Það er veruleg breyting þannig að ég er ekki alveg vonlaus um að almenningur á Norðurlöndunum muni hafa þau áhrif að löndin gerist ekki aðilar að Evrópubandalaginu og að Norðurlandasamvinnan geti haldið áfram, kannski í einhverri breyttri mynd, en hún muni ekki líða undir lok með því að öll Norðurlöndin verði hluti af Evrópubandalaginu. Ríkisstjórnirnar virðast algerlega ákveðnar í að teyma Norðurlöndin í EB en ég reikna með að það muni breytast. Áróðurinn um að við eigum ekki annarra kosta völ hefur verið mjög stífur og að ef við eigum að geta haldið áfram norrænu samstarfi verðum að ganga í EB. Ég tel þetta alveg út í bláinn. Sem fullvalda og sjálfstæð þjóð eigum við mikla möguleika og þurfum ekkert að láta þvinga okkur til eins eða neins.

Hv. þm. og formaður Íslandsdeildar, Geir H. Haarde, gerði grein fyrir skýrslu deildarinnar. Mig langar örlítið til að minnast á eitt atriði, þ.e. umhverfismálin. Ég á sæti í umhverfismálanefnd Norðurlandaráðs. Hún hét samgöngumálanefnd áður en árið 1991 breytti hún um nafn og heitir nú umhverfismálanefnd og fer með umhverfismál, samgöngumál, landbúnaðarmál, fiskveiðimál og byggðamál. Hún hefur þannig mörg mál á sinni könnu og sl. ár hefur hún haft til meðferðar norrænt samvinnuverkefni sjávarútvegsráðherranna og á þinginu nú var það samþykkt eftir meðhöndlun í umhverfisnefnd. Umhverfisnefndin var öll sammála um að mæla með og hrósa þessum samvinnuverkefnum sem sjávarútvegsráðherrarnir ætla sér að vinna að á næstu árum eða frá 1993–1996. Í þeirri samvinnuáætlun er m.a. lögð áhersla á að auðlindir hafsins séu nýttar á sjálfbæran hátt, ef við getum kallað það svo. Og að það verði grundvallaratriði þegar um nýtingu fiskstofna og sjávarspendýra er að ræða. Okkur Íslendingum þótti mjög mikilvægt að fá þetta inn og að fá það viðurkennt að við nýtingu allra náttúruauðlinda í hafinu væri það haft að leiðarljósi að um sjálfbæra þróun væri að ræða þ.e. að ekki yrði tekið meira af auðlindinni en hún gæti gefið af sér og að sjávarspendýrin væru þar ekki undanskilin. Mig langaði til að minnast aðeins á þetta vegna þess að þetta var heilmikið rætt innan nefndarinnar og varð síðan að niðurstöðu. Mörgum þótti merkilegt að Birgitta Dahl, fyrrv. umhverfisráðherra Svía, sem hafði beitt sér fyrir því að vernda ætti hvali hvað sem raulaði og tautaði, hvort sem þeir væru ofveiddir eða ekki, fannst þetta vera í lagi og samþykkti niðurstöðuna.

Ég vildi líka geta þess að á þinginu lagði ég fram fyrirspurnir til ríkisstjórnanna um umhverfismál og það gerðu reyndar margir aðrir. Ég hef lagt mikla áherslu á að Norðurlöndin hefðu með sér samvinnu á sviði umhverfismála. Ég hafði líka vonað að Norðurlöndin gætu, hvernig svo sem allt veltist, haft með sér samvinnu á því sviði. Jafnvel verið framarlega og öðrum til fyrirmyndar. Ég verð að viðurkenna að þegar ég fékk svar við fyrirspurnum mínum urðu það mér mikil vonbrigði hvað í þeim fólst. Ég lagði fram fyrirspurn um losun lífrænna klórsambanda út í hafið. Þessi losun í hafið hefur verið of mikil á undanförnum árum þó hún hafi kannski eitthvað minnkað. Í auknum mæli hefur fundist eitrun hjá sjávardýrum og reyndar ísbjörnum líka. Það hefur verið talið að þetta gæti verið sú hætta sem ógni mest fiskstofnum á norðurslóðum. Þess vegna fannst mér eðlilegt að spyrja ráðherrana hvernig þeir hugsi sér að bregðast við og hvaða áætlun þeir hafi um að reyna að banna alla losun þessara efna út í hafið á sem skemmstum tíma. Satt best að segja varð ég fyrir miklum vonbrigðum því að m.a. kom fram í svari ráðherranna og ríkisstjórnanna að ekki fari fram nein vinna á Norðurlöndum sem byggist á því að hætta notkun klórs, klórefna og klórsambanda. Það þótti mér mjög miður. Þess má geta að mesta mengunin kemur frá trjáiðnaðinum eða pappírsiðnaðinum þar sem verið er að „klórera" pappír. Nú hafa verið fundnar nýjar aðferðir til að bleikja pappír þannig að ekki þarf lengur að nota klórefni í því sambandi. Það kom fram í svari ráðherranna að ekki væri ætlunin að stöðva algerlega losun klórefna og það þótti mér hið versta mál. Ég hefði talið að Norðurlöndin ættu að vera framarlega á þessu sviði en ekki vera með þá dæmalausu stefnu sem kom fram í þessu og ég verð að endurtaka að það voru mér mjög mikil vonbrigði að sjá svör ráðherranna á þessu sviði, því miður.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni vestnorræna samstarfið þó að ég ætli ekki að hafa um það mjög mörg orð. Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir mun síðar taka til máls um það efni. Ég vil bara lýsa því hvað ég tel það mikilvægan samvinnuvettvang en ég tel hins vegar mjög mikilvægt að það sé ekki slitið úr samhengi við annað samstarf á Norðurlöndum. Mjög mikil hætta er á að það verði sett til hliðar og tekið út og þar með verði Ísland, Færeyjar og Grænland sett til hliðar. Mér þykir raunar að Eystrasaltsráðið, sem hæstv. ráðherra minntist á hér áðan, vera dæmi um það. Þeir líta greinilega svo á að Ísland eigi bara að vera fyrir utan og hægt sé að búa til nýtt ráð sem taki yfir hluta af því samstarfi sem hefur verið á vettvangi Norðurlandaráðs og Ísland geti síðan verið með í öðru. Ég tel tillögu, sem var samþykkt á þinginu og var flutt af hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, 1. þm. Austurl., um samstarf á norðurslóðum, mjög mikilvæga.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um Norðurlandasamstarfið að þessu sinni en vil lýsa því að ég hef verulegar áhyggjur af norrænu samstarfi. Ég tel að það sé alls ekki víst að Norðurlöndin önnur en Ísland fari inn í Evrópubandalagið heldur muni Norðurlandasamstarfið geta haldið áfram og andstaða almennings á Norðurlöndum muni koma í veg fyrir að allri Vestur-Evrópu verði steypt saman í eina ríkjaheild með nýjum landamærum, nýjum ríkisborgararétti og miðstjórn í Brussel. Ef svo fer held ég að við getum sagt að Norðurlandasamstarfið sé fyrir bí.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að leggja áherslu á mikilvægi norrænnar samvinnu og minna á að norræn samvinna ásamt samvinnu við Atlantshafsbandalagsríkin, samvinnuna innan NATO og Sameinuðu þjóðanna, hafa verið hornsteinar í íslenskri utanríkispólitík. Það má segja að a.m.k. þrír íslenskir stjórnmálaflokkar, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., hafi verið sammála um þessi meginsjónarmið í íslenskri utanríkispólitík um langt skeið jafnvel þótt þar hafi verið mismunandi áherslur oft og tíðum eins og gengur og gerist. Ég tel afar mikilvægt að varðveita þá samstöðu sem hefur ríkt í þessum meginmálefnum, þ.e. samvinnunnar innan Norðurlandanna, innan Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða.

Hitt er svo annað mál að ýmislegt er að breytast í þessum heimi eins og gengur og gerist og ýmsar áherslur sem upp hafa komið gera það að verkum að við þurfum að endurskoða okkar mál eins og aðrir og taka tillit til þess sem er að gerast í kringum okkur. Það hefur verið áberandi á vettvangi Norðurlandasamstarfsins að undanförnu að augu manna hafa beinst mjög til Evrópu, til suðurhluta Evrópu, til Evrópubandalagsins og til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í Austur-Evrópu. Það er mjög skiljanlegt því að sum Norðurlandanna eiga landamæri að löndum Austur-Evrópu og því er þróunin þar afar mikilvæg þeim og má segja að sú þróun hafi líka orðið til þess að beina augum þeirra meir í átt til Evrópu og þess samstarfs sem við höfum verið aðilar að í áratugi, t.d. á vettvangi NATO. Jafnvel hugmyndir sem áður voru taldar óhugsandi, svo sem að Finnland og Svíþjóð gerðuðst aðilar að NATO, eru farnar að koma upp á yfirborðið.

Það er vissulega áhyggjuefni að því er varðar norræna samvinnu hvað þarna er að gerast. En þetta getur líka orðið til þess að styrkja hana þótt ég geri mér fulla grein fyrir því að á henni munu verða breytingar. Við Íslendingar hljótum hins vegar að leggja á það áherslu að það eru líka svæði í vestur og norður frá Norðurlöndunum. Við hljótum að leggja á það áherslu að samvinnan við Bandaríkin og Kanada skiptir miklu máli, ekki aðeins fyrir Íslendinga heldur jafnframt fyrir norrænt samstarf. Við hljótum einnig að leggja á það áherslu að samvinnan á Norðurhöfum skiptir miklu máli eins og samvinna við Grænlendinga, Færeyinga, Rússa, Kanadamenn o.s.frv. Ég tel að við höfum reynt að beina athygli manna að þessum staðreyndum og ég tel að það hafi fengið vissan hljómgrunn sem m.a. kemur fram í því að forsætisnefndin hefur ákveðið að halda fund á Svalbarða í sumar til þess að fjalla sérstaklega um þau viðfangsefni sem við sjáum fyrir okkur á norðurslóðum. Sá fundur er alveg án tengsla við þá tillögu sem ég flutti og var samþykkt sem ég vænti að verði til þess að styrkja það mál. Ég hef orðið var við að það er almennur áhugi og almennur skilningur á því máli alveg óháð því sem þar kemur fram.

Að undanförnu hefur nokkuð verið um það rætt að styrkja þyrfti svokallað norðvestursamstarf og jafnvel um það rætt að koma þar á sérstakri ráðherranefnd til þess að fjalla um þau mál. Ég veit að þeim sem hafa gengið þar fram fyrir skjöldu gengur ekkert annað en gott eitt til, þ.e. að fá meira fjármagn til þess samstarfs og styrkja það í framkvæmd. Ég tel hins vegar mjög varasamt að taka það út úr með þeim hætti sem verið er að tala um á sama hátt og ég tel það óskynsamlegt að líta á samstarf við Eystrasaltsríkin sem mál óviðkomandi Íslendingum. Með sama hætti tel ég rangt að líta á samstarf á Norðvestur-Norðurlöndum sem málefni sem komi Finnum og Svíum ekki við. Ég held að það sé mjög mikilvægt að varðveita norræna samstöðu og að Norðurlöndin komi sem víðast fram sem ein heild í utanríkismálum eftir því sem nokkur kostur er.

Í þessu ljósi verður ekki hjá því komist að líta til þess sem er að gerast í Evrópu. Það er staðreynd að nokkur Norðurlandanna ætla sér að ganga í Evrópubandalagið. Það er jafnframt staðreynd að samningar um Evrópskt efnahagssvæði eiga sér stað. Það er ekkert nýtt mál. Þeir samningar hófust í tíð fyrri ríkisstjórnar sem ég sat í og því hlýtur afstaða mín m.a. að taka tillit til þess að ég var stuðningsmaður þess að farið væri út í þá samninga. Niðurstaða er ekki fengin en flestir ganga út frá því að Evrópskt efnahagssvæði verði að veruleika og fram hjá því verður ekki gengið.

Það er alveg rétt sem hv. 15. þm. Reykv. sagði að ég hefði stutt tillögu efnahagsnefndar Norðurlandaráðs, þ.e. meirihlutaálit efnahagsnefndar Norðurlandaráðs. Það er rétt. Ég tel að hagsmunum Íslendinga sé

best borgið með því að leita samstarfs við þá aðila sem vilja varðveita og styrkja Norðurlandasamstarfið í ljósi þess sem er að gerast í Evrópu. Hin tillagan var ekki frá sósíaldemókrötum eins og hv. þm. sagði. Það má vel vera að þingmaðurinn hefði frekar viljað að hún hefði komið frá þeim flokkum. Ég veit ekki betur en hún hafi komið frá vinstri sósíalistum en það var breytingartillaga frá sósíaldemókrötum. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti þeirri tillögu í sjálfu sér ef það er það sem hv. þm. var að tala um. Hún fjallaði hins vegar fyrst og fremst um það að Norðurlandabúar reyndu að koma því velferðarkerfi sem er á Norðurlöndunum á í allri Evrópu. Það er mikilvægt markmið. En ég hef vissar efasemdir um að það muni ganga mjög vel gagnvart Spánverjum, Ítölum, Grikkjum og Portúgölum þótt ég sé ekkert á móti því að kratar á Norðurlöndunum geri þessar tilraunir og get þess vegna stutt þá í því. En ég tel það ekki vera neitt meiri háttar mál og kaus því að greiða atkvæði með fulltrúum miðjuflokkanna í þessu máli. Hins vegar var tillagan samþykkt og væntanlega verður gerð tilraun til að fullvissa Ítali um að þeir ættu að taka til fyrirmyndar hina norrænu velferð og er þá sama hvaða flokk er um að ræða á Ítalíu. Ég hef vissar efasemdir um að t.d. hinn nýi ástarflokkur, sem er nokkuð furðulegt fyrirbæri, muni verða mjög ginnkeyptur fyrir hinu norræna velferðarkerfi.

Ég tel tillöguna ekki skipta sköpum í þessu máli. Ég vil hins vegar skipa mér í flokk með þeim aðilum sem líta raunsætt á þessa stöðu sem ég tel að vinstri sósíalistar geri ekki og þar af leiðandi á ég enga samleið með þeim í málinu. Jafnvel þótt hv. 15. þm. Reykv. kunni að eiga samleið með þeim í þessu máli á ég hana ekki. Ég tel að það þjóni ekki heildarhagsmunum Íslendinga að skipa sér þar á bekk jafnvel þótt norski Miðflokkurinn hafi ekki ósvipaða afstöðu. Það má segja að þeir sem vilja líta svo á að Evrópskt efnahagssvæði verði ekki að veruleika eða eru algerlega á móti því séu óraunsæir. Nú hef ég ekki tekið endanlega afstöðu til þess samnings en ég tek á mig þá ábyrgð að vera með í því að hefja þær samningaviðræður og koma þeim verulega áleiðis ásamt þeim sem stóðu að síðustu ríkisstjórn. En þeir sem skipa flokk vinstri sósíalista vilja líta svo á að Evrópskt efnahagssvæði verði ekki að veruleika eins og kom hér fram hjá hv. þm. Ég tel það óraunsætt mat og ég tel að á vissan hátt sé verið að einangra sig algerlega frá veruleikanum sem ég tel að þjóni ekki hagsmunum Íslands.

Ég tel það mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að vinna að því að styrkja sem mest norræna samvinnu. Ég tel að með þeim hætti geti þeir haft meiri áhrif á þróunina í Evrópu en annars yrði. Það er hins vegar vissulega áhyggjuefni hvað þar hefur verið að gerast. Ég vil t.d. minna á skýrslu samstarfsráðherranna í því sambandi um það sem ætti að leggja megináherslu á og það sem ætti að leggja minni áherslu á. Þar var t.d. talið að leggja ætti minni áherlsu á efnahags- og fjármál, viðskipti, fiskveiðar, landbúnað, orkumál o.s.frv. en leggja megináherslu á menntamál, mennta- og menningarmál, umhverfismál og byggðapólitík. Nú er það svo að það er ekki hægt að leggja áherslu á byggðapólitík með því að leggja minni áherslu á atvinnumál, fiskveiðar o.s.frv. Það er ýmislegt sem stendur í skýrslu samstarfsráðherranna sem stangast á. Ég vil hins vegar ekki gera allt of mikið mál úr því sem þar stendur því ég tel að með skýrslu forsætisnefndar forsætisráðherranna hafi komið fram nokkuð aðrar áherslur og ég tel að nú sé mun meiri áhugi fyrir því að styrkja ýmislegt í samstarfi Norðurlandaþjóðanna sem verður jafnframt samstarfsmál á vettvangi Evrópumála. Ég er algerlega ósammála því að það eigi að hætta allri samvinnu á sviði atvinnumála, efnahagsmála og fjármála vegna þess sem er að gerast í Evrópu. Ég tel að þær skoðanir séu sífellt að vinna á að það beri fremur að styrkja margvíslegt samstarf af því tagi til þess að staða Norðurlandanna verði sterkari í hinni nýju Evrópu. Og ég tel að við Íslendingar eigum að leggja slíkum sjónarmiðum lið og hafa áhrif á það. Þess vegna tel ég að ekki sé hægt að skilja að annars vegar það sem er að gerast í Evrópu og Norðurlandasamstarfið. Því hlýt ég að telja nauðsynlegt að við framhald þessarar umræðu, sem verður væntanlega frestað, verði hæstv. utanrrh. viðstaddur vegna þess að þær skoðanir sem hann hefur verið að setja fram að undanförnu eru nánast ekki í neinu samræmi við þann málflutning sem er almennt hér á Alþingi, hvorki af hálfu stjórnarandstöðunnar né t.d. þess samstarfsráðherra Íslendinga sem talaði áðan því utanrrh. hefur m.a. sagt og vil ég vitna í hann, með leyfi forseta:

„Stofnun Hansasambandsins fyrir nokkrum dögum táknar í mínum huga lokin á norrænu samstarfi eins og það hefur tíðkast hingað til og upphafið að skandinavísk-baltnesku samstarfi innan ramma útvíkkaðs Evrópubandalags."

Í þeirri skýrslu sem nú hefur verið dreift á vegum ríkisstjórnarinnar og er upp á einar 200 blaðsíður, er kafli um norrænt samstarf á bls. 137 og er álíka langur og kaflinn um Rúmeníu. Þar er vissulega vitnað í skýrslu samstarfsráðherranna og lögð áhersla á að ekki þurfi að fjalla mikið um málið því það hafi verið gert ágætlega í skýrslu samstarfsráðherra. Þessi mál koma auðvitað íslenska utanrrn. við. Í skýrslunni segir neðarlega á bls. 17, með leyfi forseta:

„En það er umhugsunarvert að Ísland er nú að verða viðskila við norræna samvinnu því önnur Norðurlönd meta það svo að nú sé lag til þess að ganga inn í EB sem ekki gefst aftur."

Þá vitum við það. Í skýrslu utanrrh. stendur að Ísland sé að verða viðskila við norræna samvinnu.

Hvað er eiginlega um að vera hjá íslenska utanrrh.? (**ÓRG:** Það er enn merkilegra sem segir í framhaldinu.) Já, ég ætla ekki að lesa það, ég ætla að gera það við annað tækifæri. Getur verið að íslenski utanrrh. sé fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar meira og minna að afskrifa norrænt samstarf án þess að hafa nokkra heimild til þess? Hann lýsti því yfir í haust að hann væri stuðningsmaður þess að Eystrasaltsríkin yrðu aðilar að Norðurlandaráði. Það kom hins vegar í ljós að þetta var hans prívat og persónulega skoðun og kom ís-

lensku ríkisstjórninni ekkert við og ég held Alþfl. ekki heldur. Síðan gerist það að danski utanrrh. hefur forustu um að finna möguleika á að tengja saman samvinnu Norðurlandanna og samvinnu Austur-Evrópuríkjanna. Ég veit ekki hvaða áherslu íslenski utanrrh. lagði á að vera með í þeim undirbúningi. Ég býst við að danski utanrrh. hafi vitað um það að íslenski utanrrh. væri allt annarrar skoðunar, hann vildi vinna að því að löndin gengju í Norðurlandaráð og þar af leiðandi hafi leiðir nokkuð skilið í þessum efnum á sama tíma og Norðmenn tóku þátt í undirbúningnum. Það er ekki fyrr en nokkrum dögum áður en ráðstefnan á að hefjast að þá rýkur íslenski utanrrh. til og biður um að fá að vera með. „Má ég vera með?" sagði hann. Og Uffe Elleman sagði nei.

Ég tel þetta vera mjög alvarlegt og einnig það sem hér segir og ég vitna áfram í ræðu utanrrh.: „Íslendingum hefur verið sagt hreint út að þrátt fyrir 40 ára norræna samvinnu séu þeir ekki velkomnir gestir við Eystrasaltsborðið. Íslendingar verða því að leita annað að akkerisfesti í þeim sjóalögum sem vænta má á varhugaverðri siglingu sem fram undan er."

Þá vitum við það. Það á að leita annað og kasta ankerum á nýjum stað.

Hvar á að henda ankerunum fyrir borð? Ekki veit ég það. En ég tek þetta alvarlega og tel að það sé íslenskum hagsmunum til skaða að utanrrh. tali með svo gáleysislegum hætti um íslensk utanríkismál.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að hann er upptekinn af samvinnunni í Evrópu og ýmsu öðru Nauðsynlegt er að horfa á þá samvinnu í ljósi Norðurlandasamstarfsins en ekki með þeim hætti að kasta henni fyrir borð og leita nýrra miða. Ég tel að Norðurlandasamstarfið sé enn þá kjölfesta í íslenskri utanríkispólitík og að áfram eigi að byggja á því.

E.t.v. er ekki heppilegt, virðulegur forseti, að ég haldi þessu máli áfram mikið lengur. Ég vildi aðeins koma því á framfæri að ég hef mikinn áhuga á að ræða við utanrrh. sem ég veit að er ekki viðlátinn, en ég er ekki tilbúinn til þess að ljúka umræðunni um norrænt samstarf öðruvísi en að utanrrh. Íslands geri grein fyrir stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Ég lít nú svo á að eitthvað af þessu séu hans persónulegu skoðanir. Ég tók það gilt í sambandi við aðgang Eystrasaltsríkjanna að Norðurlandaráði. Þó það sé mjög óvenjulegt að íslenski utanrrh. hafi sjálfstæða persónulega skoðun í viðkvæmum málun en ríkisstjórnin aðra, vissi maður að ekki átti að taka hann alvarlega í öllum málum, heldur að taka það með í reikninginn að um persónulega skoðun gæti aðeins verið að ræða. Hér er um svo alvarlega hluti að ræða að ekki verður hjá því komist að eiga orðastað við ráðherrann um það hvað hann sé að fara í sambandi við norrænt samstarf og hvaða skilaboð hann sé að senda til ríkisstjórna Norðurlandanna. Ef ríkisstjórnir Norðurlandanna taka þessi skilaboð alvarlega þá mættu þeir ætla að Íslendingar séu að leita að nýjum samstarfsmönnum og séu að undirbúa sig undir það að yfirgefa norrænt samstarf. Ég tel að það sé algjörlega í andstöðu við þann málflutning sem átt hefur sér stað, m.a. af hæstv. umhvrh., samstarfsráðherra. Því er mikilvægt að umræðan endi með þeim hætti að rétt skilaboð komi út úr henni og að ljóst verði hvort ekki sé enn þá samstaða um þau meginmarkmið í íslenskri utanríkispólitík að treysta þessa samvinnu með sama hætti og áður hefur verið.

Ég tek undir það að margt er að breytast í samstarfinu á vettvangi Norðurlandaráðs og að þar er vaxandi flokkapólitík. Við Íslendingar komumst ekki hjá því að skipa okkur í þær sveitir og munum gera það. Ég hef gert það og mun vinna málefnum okkar sem mest gagn á þeim vettvangi. Það er alveg ljóst að þeir sem vilja vera utan þess samstarfs munu einangrast í þessu samstarfi og ég ítreka það við hv. 15. þm. Reykv., vegna þess að hún undraðist um afstöðu mína, að ég á enga samleið með vinstri sósíalistum á Norðurlöndunum. Þetta eru sumir hverjir gömlu kommúnistaflokkarnir í Finnlandi og Svíþjóð og með þeim á ég bara enga samleið. Ég vona að það skýri það sem hv. 15. þm. Reykv. var mjög undrandi yfir.

Ég spyr þá hvort ég get ekki fengið að fresta ræðu minni, virðulegur forseti, ég legg mikið upp úr því að fá samtal við hæstv. utanrrh. og vildi halda ræðu minni áfram þegar hann er viðstaddur. (**Forseti:** Forseti tekur það fram að gert hefur verið ráð fyrir því að fresta umræðunni að lokinni ræðu hv. 1. þm. Austurl. Ósk hans verður að sjálfsögðu tekin til greina og verður ræðu hans þá fram haldið þegar málið kemst á dagskrá að nýju. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að veita andsvar í miðri ræðu?) Nei. (**Forseti:** Forseti getur ekki veitt leyfi til andsvars fyrr en að lokinni ræðu þingmannsins þannig að ræðu þingmannsins er frestað.)

Umræðu frestað.

112. FUNDUR

föstudaginn 27. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Fríverslunarsamningur EFTA við Tyrkland, fyrri umr.

Stjtill., 395. mál. — Þskj. 638.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands sem gerður var í Genf 10. des. 1991.

Samningur þessi sem nú liggur fyrir Alþingi byggir í meginatriðum á fríverslunarsamningum þeim sem EFTA-ríkin gengu frá við Evrópubandalagið árið 1972 þó svo að texta hafi í nokkrum tilvikum verið hnikað

í samræmi við stofnskrá EFTA-Stokkhólms sáttmálann og til samræmis við það fríverslunarsamstarf sem síðan hefur þróast. T.d. má nefna að bætt hefur verið inn í samninginn fyllri ákvæðum um ríkisstyrki, hugverkaréttindi og opinber útboð. Í raun er hér ekki verið að fitja upp á nýjungum heldur er verið að útvíkka það fríverslunarsamstarf sem verið hefur innan Vestur-Evrópu gagnvart Tyrklandi, þ.e. stækka fríverslunarsvæðið. Fleiri samningar svipaðs eðlis eru í bígerð. Samningur við tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið var undirritaður í síðustu viku, samningar við Pólland og Ungverjaland eru langt á veg komnir og hið sama má segja um Ísrael. Vonir standa til að fríverslunarsamningur Íslands við Færeyjar geti verið tilbúinn til undirritunar innan skamms.

Þó svo að viðskipti okkar við Tyrkland hafi ekki verið ýkjamikil á undanförnum árum er hér um stóran og vaxandi markað að ræða sem í framtíðinni getur skipt verulegu máli. Hagvöxtur hefur verið mikill í Tyrklandi undanfarin ár, nam t.d. 9,2% árið 1990 og spáð er um 6% hagvexti á yfirstandandi ári. Það hefur verið einkenni fríverslunarsamninga til þessa að þeir nái eingöngu til iðnvarnings sem fellur undir tollskrárflokka 25–97 þótt iðnvarningur úr landbúnaðarhráefni hafi að hluta verið tekinn með samkvæmt sérstökum reglum. Sjávarafurðir hafa að mestu fallið utan samninga sem þessa þó nokkrar mikilvægar útflutningsafurðir Íslendinga hafi fengist með í fríverslunarsamningi Íslands og EB frá 1972.

Það sem skiptir verulegu máli að því er varðar þann samning sem fyrir liggur hér til staðfestingar við Tyrkland er að þeim áfanga var náð að málstaður sá sem við höfum lengi barist fyrir innan EFTA að fá fram fulla fríverslun með sjávarafurðir fékkst í fyrsta skipti viðurkenndur í samningum við ríki utan fríverslunarsamtakanna. Við væntum okkur góðs af þessu fordæmi í framtíðinni og höfum reyndar þegar uppskorið að hluta því fríverslun með sjávarafurðir er einnig viðurkennd í fríverslunarsamningi þeim sem umhvrh. undirritaði í mínu umboði í Prag sl. föstudag. Ætlunin er að halda því til streitu í samningaviðræðum þeim sem fram undan eru að full fríverslun með sjávarafurðir verði viðurkennd.

Nánari grein er gerð fyrir aðdraganda og uppbyggingu samnings þessa í athugasemdum við þáltill. sem dreift hefur verið og tel ég ekki ástæðu til að orðlengja um það hér. Ég vil hins vegar ítreka að þar sem hér er ekki um neitt nýtt kerfi að ræða heldur útvíkkun á því kerfi sem í framkvæmd hefur verið undanfarin 20 ár hefur ekki verið dreift til þingmanna öllum þeim skjölum sem snerta framkvæmd tollyfirvalda á einstökum ákvæðum samningsins. Æltunin er að þeir textar birtist með reglugerð síðar.

Ég vil að lokum leyfa mér, virðulegi forseti, að mæla með því að þessari þáltill. verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að bjóða hæstv. utanrrh. velkominn til þings á nýjan leik. Hann hefur verið fjarverandi nokkuð lengi vegna veikinda og það er ánægjulegt að sjá hann svona sæmilega vel hressan hér í þingsalnum.

Það mál sem hann talaði hér fyrir, till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja EFTA og lýðveldisins Tyrklands, er samningur sem mér finnst sjálfsagt að taka jákvætt. Alþb. er fyrir sitt leyti reiðubúið að greiða fyrir því að hann fái eðlilega athugun hér í þinginu og afgreiðslu fyrir vorið. Sjálfsagt er nauðsynlegt að skoða einstaka þætti í samningnum eins og að nokkru leyti var vikið að í framsöguræðu hæstv. utanrrh.

Það er að mörgu leyti ánægjulegt að alþjóðleg viðskipti Íslendinga geti staðið traustum fótum sem víðast og þótt margt megi segja um stjórnarfar og efnahagsástand í Tyrklandi þá er nokkuð ljóst að ef þeim tekst að halda sæmilega utan um sín mál, þá gætu þeir á þessum áratug eða í byrjun næstu aldar orðið eitt af hinum öflugu drifhjólum í efnahagslífi ekki aðeins Evrópu heldur einnig veraldarinnar allrar og það er auðvitað mikilvægt að binda böndum ákveðið form viðskipta okkar við Tyrkland.

Það er hins vegar merkileg tilviljun að hæstv. utanrrh. skuli gera það að sínu fyrsta verki þegar hann kemur hér aftur til þings að mæla fyrir þessum samningi milli EFTA og lýðveldisins Tyrklands þegar hann birtir þjóðinni boðskap um það að Íslendingar eigi að hefja athugun á því að yfirgefa EFTA.

Í skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði fram hér á Alþingi í gær boðar hann algjöra stefnubreytingu hjá núv. hæstv. ríkisstjórn og þó að eðlilegt sé að sú umræða fari fram í heild sinni þegar hæstv. ráðherra mælir fyrir sinni skýrslu, þá væri það óeðlilegt ef við umræðu um þennan lið væri ekki drepið nokkuð á þessi merkilegu tíðindi.

Þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson kynnti stefnu sinnar ríkisstjórnar, þá var eitt atriði alveg skýrt í stefnugrundvellinum, svo skýrt að hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað endurtekið það og gefið til kynna að þar væri um skuldbindingu af hálfu hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar að ræða, skuldbindingu sem ekki væri ætlunin að hvika frá og íslenska þjóðin gæti treyst. Þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur orðið til þess að margir, og ég held stjórnarandstöðuflokkarnir allir á Alþingi, hafa í trausti þessarar yfirlýsingar ekki verið að taka á dagskrá umræðu um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Við treystum einfaldlega þeirri stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar að það væri ekki ætlunin á valdatíma núv. ríkisstjórnar að taka það mál á dagskrá. Þannig var yfirlýsingin. Yfirlýsingin var ekki um það hvort aðild að Evrópubandalaginu kæmi til greina eða ekki, hvort hún væri skynsamleg eða óskynsamleg, hvort það ætti að athuga hana eða ekki athuga hana. Yfirlýsingin var einfaldlega á þann veg að það væri ekki á dagskrá að taka það til umfjöllunar að einu eða neinu leyti. Því máli væri vikið út af borðinu svo lengi sem núv. ríkisstjórn sæti. Aðild Íslands að Evrópubandalaginu væri einfaldlega ekki á umfjöllunarborði núv. ríkisstjórnar,

hvorki sem athugunarefni, könnunarefni né ákvörðunarefni.

Við treystum þessari yfirlýsingu. Ég treysti henni persónulega, Alþb. treysti henni pólitískt og stjórnarandstaðan hér á Alþing hefur í störfum þingsins í allan vetur hagað sínum störfum í samræmi við það að þessum orðum mætti treysta.

Nú gerist það hins vegar í gær að hæstv. utanrrh. leggur hér á borð þingmanna skýrslu sína í meiri viðhafnarbúningi en hún hefur áður sést, og ekki skal ég lasta það, en þar er boðuð allt önnur stefna. Allt, allt önnur stefna. Þannig að fyrsta spurningin í hugum okkar sem lásum þessa skýrslu í gær er einfaldlega þessi: Er þetta stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eða ekki? Já eða nei? Málið er svo stórt að við því verður að fást skýrt og afdráttarlaust svar því að við höfum treyst hér í þinginu, flokkarnir, og þjóðin hefur treyst því að orð Davíðs Oddssonar stæðu. Mér þykir þess vegna nokkuð leitt að hæstv. forsrh. sé ekki viðstaddur þessa umræðu en ég ætla ekki að gera kröfu til þess að hann sé sóttur. En ég vil bera þá spurningu fram til hæstv. utanrrh.: Er sú stefnubreyting sem hann boðar í skýrslu sinni í nafni ríkisstjórnarinnar eða ekki? Ég vona að hæstv. utanrrh. verði við þeirri ósk að svara því skýrt og afdráttarlaust með já-i eða nei-i hér á eftir.

Á bls. 18 í skýrslunni segir hæstv. utanrrh. orðrétt: „Því er nauðsyn að fram fari hér í ráðuneytum og stjórnarstofnunum ítarleg úttekt á því hvað EB aðild hefði í för með sér. Að lokinni slíkri úttekt verður fyrst hægt að hafna aðildarkostinum að vandlega athuguðu máli."

Virðulegi utanrrh. Þín eigin orð hvað eftir annað hér á undanförnum árum hafa verið á þann veg að Rómarsáttmálinn væri alveg skýr og þau ríki sem væru að sækja um aðild að Evrópubandalaginu yrðu að gangast undir Rómarsáttmálann eins og hann liggur fyrir og væntanlega einnig samkomulagið í Maastricht verði það staðfest. Við þurfum þess vegna ekkert að kanna málið. Þetta liggur alveg fyrir skýrt og greinilega. Orðin í skýrslunni eru einfaldlega ábending um að það eigi ekki bara að taka til athugunar að ganga í Evrópubandalagið, það sé þá aðeins hægt að hafna slíkum kosti að ganga í Evrópubandalagið þegar Stjórnarráðið og stjórnarstofnanir hafa lokið þessari athugun. Hingað til hafa allir íslenskir stjórnmálaflokkar sagt að útgangspunkturinn sé að hafna aðild. Meira að segja hæstv. utanrrh. hefur sjálfur sagt: Meðan fiskveiðistefna Evrópubandalagsins er óbreytt kemur aðild ekki til greina. Ég hugsa að það væri auðvelt að finna margar tilvitnanir í hæstv. utanrrh. þar sem þeirri stefnu hefur verið lýst. Í skýrslunni er hins vegar boðað allt annað. Nú þarf að fara að athuga og kanna og meira að segja Stjórnarráðið á að fara í vinnu við að kanna þetta og allar stjórnarstofnanirnar. En stjórnarskrá Evrópubandalagsins er skýr. Rómarsáttmálinn er afdráttarlaus. Fiskveiðistefnunni verður ekki breytt á næstu árum og jafnvel ekki næsta áratug. Maastricht-samkomulagið liggur fyrir. Það er verið að mynda í Evrópu bandaríki Evrópu með sterku miðstjórnarvaldi, afnámi fullveldis á afgerandi sviðum, sameiginlegum seðlabanka, sameiginlegri peningastjórn, afgerandi pólitískum ákvörðunum í Evrópuþinginu og stjórn málefnanna frá Brussel og ytri tollum gagnvart umheiminum. Þetta þarf ekkert að kanna. Þetta liggur allt saman fyrir. Og þetta eru grundvallaratriði sem nægja mér, nægja Alþb. og hafa hingað til nægt yfirgnæfandi meiri hluta íslensku þjóðarinnar til þess að hafna algjörlega aðild að Evrópubandalaginu. Það þarf ekki að eyða dýrmætum tíma Stjórnarráðsins til að kanna það mál, hæstv. utanrrh., nema þetta sé fyrsta skrefið í því að formaður Alþfl. sé að búa flokk sinn og þjóðina undir það að Alþfl. ætli að fara að berjast fyrir aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

Ég ætla ekki að rifja upp síðustu kosningabaráttu, hæstv. utanrrh. En þeir sem gagnrýndu Alþfl. fyrir stefnuna í Evrópumálunum í síðustu kosningabaráttu — og ég er nú ekki framarlega í þeim hópi, það voru aðrir menn sem stóðu framarlega í þeim slag, hæstv. utanrrh. (**Gripið fram í:** Þú komst hvergi nærri.) En þeir menn hefðu auðvitað talið sinn málflutning sannaðan ef þeir hefðu af framsýni getað sagt að fyrir vorið 1992 mundi formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., leggja fram þennan texta fyrir Alþingi.

Síðan segir í skýrslunni á bls. 19: „Fyrst og fremst verður að kanna mælanleg áhrif EB aðildar á íslenskt efnahagslíf og stjórnkerfi. Því fer fjarri að slík könnun jafngildi meðmælum með aðild að EB, en hitt væri ábyrgðarleysi að kanna ekki ..." (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að nk. þriðjudag er skýrsla utanrrh. á dagskrá. Hún er ekki á dagskrá í dag.) Nei, virðulegi forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því og sagði það fyrr í minni ræðu að ég ætlaði ekki að fara að taka þessa skýrslu hér til umfjöllunar. Hins vegar vona ég að virðulegi forseti skilji það að þessar yfirlýsingar eru auðvitað slík stórtíðindi í íslenskum stjórnmálum að þegar mælt er fyrir samningi milli EFTA og Tyrklands, þá er óhjákvæmilegt að víkja nokkuð að þessum yfirlýsingum vegna þess að þær fela það í sér m.a. að verið er að boða það að EFTA eigi hugsanlega að leggjast niður sem stofnun sem Íslendingar taki þátt í. Ég ætlaði mér ekki, virðulegi forseti, að fara í ítarlegar umræður nú um þessa skýrslu en vona að mér verði fyrirgefið þó að ég taki hér 10 mínútur, stundarfjórðung eða svo til að víkja að þessum málum því að þau eru svo stór, þau eru svo afgerandi að það er eiginlega ekki hægt að láta þau fram hjá sér fara.

Síðan segir í skýrslunni: „Því fer fjarri að slík könnun jafngildi meðmælum með aðild að EB, en hitt væri ábyrgðarleysi að kanna ekki hvað afleiðingar hún hefði í för með sér." — Þetta er algjörlega nýr tónn.

Ég held líka að maður geti fundið í ræðum hæstv. utanrrh. skýrar yfirlýsingar um það að eitt af því sem gerir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði ákjósanlegan að hans dómi sé að þar sé verið að finna samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins varanlegan búning. Ég vil segja það við hæstv. utanrrh. strax hér og nú að þessi yfirlýsing í skýrslunni, um nauðsyn þess að kanna nú aðild Íslands að Evrópubandalaginu og þá fyrst hafna henni þegar slíkri könnun væri lokið, er

kannski mesta aðförin að breiðri samstöðu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem nokkur maður hefur beitt sér fyrir. Og það er dálítið dapurlegt að utanrrh. skuli sjálfur verða til þess að kippa þannig stoðunum undan því að möguleiki hafi verið á því að ræða hér á landi á næstu mánuðum víðtæka samstöðu flokka og hreyfinga um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að menn ætluðu að sameinast um það að hann væri hin varanlega endastöð samskipta Íslands við Evrópubandalagið. Nú segir hæstv. utanrrh. að hann verði bara stoppistöð. Hann verður bara stoppistöð og við eigum strax að fara að kanna hvort við förum ekki bara á sjálfa aðalstöðina. Þar með, virðulegi utanrrh., er verið að sanna þann málflutning sem samtökin Samstaða hafa haldið fram og hæstv. utanrrh. hefur manna mest gagnrýnt hér í þingsölum að það sé beint samhengi á milli EES-samningsins og aðildar að Evrópubandalaginu.

Ég vil þess vegna taka undir þau orð hv. þm. Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., sem hann lét falla í útvarpsþætti seint í gærkvöldi, að með þessari yfirlýsingu er utanrrh. nánast að kippa stoðunum undan því að hér geti farið fram eðlileg, róleg, málefnaleg og yfirveguð umræða um EES-samninginn. Hann hefur með einu skjali á Alþingi síðdegis í gær breytt þeirri umræðu yfir í umræðu um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það getur vel verið að hæstv. utanrrh. hafi komist að þeirri niðurstöðu að það væri óhjákvæmilegt að gera það en ég vil segja það strax að það þóttu mér slæm tíðindi. Ég hafði vonast til að hér gæti á næstu mánuðum orðið ítarleg, málefnaleg og róleg og yfirveguð umræða um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði en nú er búið að hella bensíni á þær glæður þannig að þær gætu orðið að eldi mikillar og heitrar umræðu á næstu mánuðum.

Ég vil líka segja það að lokum við hæstv. ráðherra, af því ég veit að hann er mikill áhugamaður um Alþýðublaðið og við erum það ýmsir og erum í þessum fámenna hópi manna sem les það af gaumgæfni vegna þess að það er búið að fá svona álíka hlutverk og Pravda hafði á sínum tíma í Sovétríkjunum, að Alþýðublaðið hefur kannski það eina hlutverk að vera ábending um það hvað sé að gerast innan kremlarmúra Alþfl., að ég hef tekið eftir því að fyrir svona tveim til þremur vikum síðan fóru að birtast í Alþýðublaðinu dálítið undarlegar fréttir. M.a. var slegið upp á forsíðu með risavöxnu letri: „Ísland og Albanía ein eftir utan EB." Heimildin voru einhverjir ... (**Utanrrh.:** Voru Norðmenn.) (Gripið fram í.) Já, einmitt, ég var að finna hæfilegt íslenskt orð yfir þetta, ég ætlaði að nota erlenda orðið „obscure" en ég vil ekki gera það hér í ræðunni. Það var alla vega einhver lítt kunnur aðili. (**ÖS:** Þetta er „obskjúrantismi" hjá þér.) Ég vil biðja formann þingflokks Alþfl. að vera ekki að blanda sér inn í þessar samræður mínar við hæstv. utanrrh. Þessi frétt sem kom í Alþýðublaðinu að engu sérstöku tilefni virtist gefa það til kynna að einhverjir úr ritstjórn Alþýðublaðsins sæju ástæðu til að lyfta þessu sjónarmiði. Síðan hafa komið fleiri fréttir af þessu tagi með álíka lítt þekktar heimildir. Svo tók ég líka eftir því að lokaorð hæstv. utanrrh. í ræðu sem hann flutti á ráðstefnu sem Evrópubandalagið efndi hér til voru á þann veg að þótt samningur um Evrópskt efnahagssvæði gæti dugað efnahagslega þá væri ekki víst að hann dygði pólitískt. Ég hrökk dálítið við þegar ég las þessi lokaorð því þau voru allt annað heldur en hæstv. ráðherra hefur sagt áður. Þegar maður leggur saman það sem birst hefur í Alþýðublaðinu á síðustu tveimur til þremur vikum í fréttaflutningi og skrifum öðrum og þessa skýrslu sem lögð var fram í gær, þá hafa gerst þau stórtíðindi að forusta Alþfl. hefur ákveðið að knýja á um umræðu og afstöðu flokkanna til þess að íslenska stjórnkerfið fari að kanna í alvöru aðild að Evrópubandalaginu.

Ég get sagt það strax hér og nú: Alþýðubandalagið mun ekki taka þátt í þeirri könnun vegna þess að við höfum nægilega mikið kynnt okkur Rómarsáttmálann, við höfum nægilega mikið kynnt okkur Maastricht-samkomulagið til þess að hafa alveg á hreinu að við teljum að lýðveldið Ísland eigi ekki erindi inn í það sambandsríki sem verið er að mynda í Evrópu, það þjóni ekki hagsmunum okkar, hvorki efnahagslegum, pólitískum né landfræðilegum. Ég ætla ekki að taka umræðuna um þessa þáltill. til þess að rökstyðja það sjónarmið, það mun örugglega gefast nægur tími á næstu vikum og mánuðum til þess að gera það ef hæstv. utanrrh. heldur við þá stefnu sem hann boðar í sinni skýrslu. En hitt er hin brennandi spurning dagsins: Hver er afstaða forsrh. Davíðs Oddssonar til þessarar stefnubreytingar? Og hvernig ætlar hann að útskýra það, fyrir þjóðinni fyrst og fremst, hvernig það skilyrðislausa fyrirheit sem hann gaf um að í tíð hans ríkisstjórnar yrði aðild að Evrópubandalaginu ekki tekin á dagskrá, samrýmist þeirri stefnubreytingu sem utanrrh. flytur hér? Eða er utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson farinn að tala gegn þeirri stefnu sem forsrh. hefur síðast í Helsinki sagt þjóðinni og umheiminum að væri skilyrðislaus og afdráttarlaus stefna íslensku ríkisstjórnarinnar?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að taka það fram að það mál sem hér er á dagskrá er fríverslunarsamningur við Tyrkland. Sá samningur gefur ekkert tilefni til almenns eldhúsdags um allt svið utanríkismála og það er sem kunnugt er á dagskrá þingsins að ræða það nk. þriðjudag. Þessi umræða er því ótímabær hér á þessum stað, þó að hún muni að sjálfsögðu hefjast að gefnu tilefni og samkvæmt settum þingsköpum á sínum tíma. Í annan stað er það líka lakara að fyrir utan það að þessi umræða er ekki á dagskrá þá gaf hv. síðasti ræðumaður sér kolrangar forsendur til að leggja út af. Ég verð þess vegna að koma á framfæri leiðréttingu um eftirfarandi:

Það hefur engin stefnubreyting verið boðuð af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar í skýrslu utanrrh. Alls engin. Þar er hvergi boðuð sú stefna að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Hvergi nokkurs staðar. Því er hins vegar haldið fram og færð fyrir því rök að breyttar aðstæður að mörgu leyti geri það

nauðsynlegt að við könnum nú mjög rækilega ýmis álitamál varðandi þann kost sem við höfum ekki tekið á dagskrá en er kominn á dagskrá vegna þess að bandalagsþjóðir okkar í EFTA eru annaðhvort þegar komnar með aðildarumsókn eða það þykir sýnt að þær muni sækja um aðild. Í skýrslunni segir einfaldlega að því fari fjarri að slík könnun sé sama sem meðmæli með aðildarumsókn. Það er kjarni málsins. Það er enginn að mæla með því. Það er hins vegar verið að segja að í ljósi breyttra aðstæðna þurfum við að skoða vandlegar en við höfum gert hingað til álitamál þessu tengd. Og það væri ábyrgðarleysi að taka um það ákvörðun án þess að fram færi slík könnun. Það er nú allt og sumt. Með öðrum orðum: Það er rangt að þarna sé boðuð stefnubreyting, það er rangt að í skýrslunni sé verið að boða að Ísland ætli sér að yfirgefa EFTA, það er rangt að með skýrslunni sé flokkur utanrrh. að boða einhverja baráttu fyrir því að nú sé einn kostur fyrir hendi, eða aðeins að leggja fram aðildarumsókn að EB. Þetta eru ekki réttar forsendur. Ekkert sem skrifað stendur í skýrslu utanrrh. gefur tilefni til þessara ályktana.

Stefna íslensku ríkisstjórnarinnar í samskiptunum við Evrópu byggir á því að láta á það reyna til þrautar að ná samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Við teljum hann vera okkar efnahagslega öryggisnet, við teljum að hann geti dugað okkur í viðskiptalegum og efnahagslegum samskiptum við Evrópubandalagið. Það er alveg óbreytt. Enda stendur það fullum fetum í þessari skýrslu.

Þetta nægir til þess að sýna fram á það að jafnvel þótt við könnum nú vegna breyttra aðstæðna hvaða áhrif það hefði á stöðu Íslands í heiminum ef Ísland legði fram með ákveðnum skilmálum umsókn um aðild eins og t.d. Norðurlöndin nú stefna að, þá er það einfaldlega óhjákvæmilegt vegna utanaðkomandi kringumstæðna að láta á það reyna. Það hefur enginn fyrirframafstaða verið tekin til þess af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Að því er varðar þá fullyrðingu að þetta muni spilla samstöðu um EES-samninginn sem enn er í nokkurri óvissu þá er ég ekki sammála því sjónarmiði. Ég tel að þeir sem eru eindregnastir andstæðingar aðildar að Evrópubandalaginu, svo mjög að þeir segjast alls ekki taka þátt í neinni könnun á neinum álitamálum í sambandi við það, geti aðeins dregið eina ályktun og hún er sú að til þess að leysa vandann í samskiptum okkar við Evrópubandalagið sé algjör nauðsyn á því að við náum þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Umræðan um aðra kosti ætti því samkvæmt innri rökvísi málsins að leiða til aukinnar samstöðu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er að mínu mati ákaflega óskynsamlegt fyrir þá sem af ýmsum grundvallarpólitískum ástæðum eru eindregnastir andstæðingar aðildar að Evrópubandalaginu að hafna um leið samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það sem veldur okkur fyrst og fremst áhyggjum í því efni er það að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er ekki í höfn. Og nýjustu tíðindi eru þau að enn fara stofnanir innan Evrópubandalagsins á flot um það að reyna að grafa undan honum og þá vísa ég til ályktunar laganefndar Evrópubandalagsþingsins sem hún hefur beint til Evrópudómstólsins um að taka enn á ný til samninga bæði þann þátt sem varðar stofnanir EES og dómstólsþáttinn. Það er raunverulega kannski það sem veldur mestum áhyggjum að sinni.

En, virðulegur forseti, ég ætlaði alls ekki að taka þátt í neinni umræðu hér um þetta mál, það er hreinlega alveg út í hött. En úr því að hún er hafin þá verða menn að hafa það alveg á hreinu að það er ekki verið að boða hér neina stefnubreytingu af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. Stefnan er óbreytt, forgangsmálið er að ná samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í höfn. Hitt er jafnljóst, ekki hvað síst út frá sjónarmiðum áhugamanna um norræna samvinnu, að þegar þær forsendur eru nú að skýrast að bandalagsþjóðir okkar í EFTA, að öllum líkindum allar nema ein, hyggjast breyta um stefnu þá verðum við náttúrlega að kanna það hvort þær ákvarðanir bandalagsþjóða okkar hafi einhver þau áhrif að við viljum skoða betur hinn kostinn. Því það eru bara tveir kostir. Það er að ná samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í höfn eða ef menn af einhverjum ástæðum annaðhvort ekki ná honum eða telja að sú staðreynd að bandalagsþjóðir okkar leita inngöngu þá verðum við auðvitað að kanna það til þrautar: Eru nokkrir þættir þess máls sem varða spurninguna um samstöðu með hinum Norðurlöndunum þess eðlis að við þyrftum að skoða þá nánar?

Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði: Rómarsáttmálinn er skýr og hingað til hefur það verið alveg ljóst að aðildarríki eiga ekki von á neinni undanþágu frá lögum og reglum Evrópubandalagsins í aðildarumsóknum sínum fyrir utan einhverjar tímabundnar undanþágur. Þetta er alveg rétt, þetta eru staðreyndir í málinu. Út frá þeim bæjardyrum séð hafa menn sagt og segja enn, og það stendur í skýrslu utanrrh.: Fyrsta ástæðan sem við nefnum fyrir því að þessi kostur kom ekki til greina, er spurningin um forræðið yfir auðlindum okkar og þá auðvitað fyrst og fremst sjávarútvegsauðlindinni. Það er kirfilega tekið fram að forræði okkar yfir fiskimiðunum sé algjört skilyrði. Því hefur hins vegar verið haldið fram, einmitt í ljósi þess að samningsárangur náðist í EES, að við héldum því forræði algjörlega. Að það sé ekki útilokað að hægt væri að fá þá niðurstöðu staðfesta, jafnvel með aðildarumsókn. Það er auðvitað ekkert annað en tilgáta. En svarið við henni fæst ekki endanlega nema á það verði látið reyna.

Að lokum, virðulegi forseti. Það er ekki stefna hjá stjórnmálaflokki að segja: Við tökum ekki þátt í því að kanna breyttar forsendur í alþjóðamálum. Það heyrir þá undir trúarbrögð að gefa sér einhverjar slíkar niðurstöður fyrir fram. Það eina sem sagt er í skýrslu utanrrh. er að í ljósi breyttra aðstæðna á undanförnum mánuðum og missirum séu nokkur álitamál sem eðlilegt sé að íslensk stjórnvöld kanni betur. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að sú könnun muni leiða í ljós að rökin fyrir Evrópska efnahagssvæðinu eru enn þá sterkari en nokkru sinni fyrr. Og það ætti að verða til þess að skapa betri samstöðu um þann kost en verið hefur.

Því sannleikurinn er nú sá að sú samstaða hefur ekki verið mjög mikil.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hæstv. utanrrh. staðfesti eins og skýrslan sem hann lagði fram í gær að hann boðar stefnubreytingu af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. Í ræðunni sem hann flutti hér voru sömu rök og Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, flutti fyrir nokkru síðan að Íslendingar ættu að máta flíkina, þ.e. máta aðild að EB, og þá fyrst þegar menn væru búnir að máta flíkina væri hægt að taka afstöðu til þess hvort menn vildu kaupa hana. Forsrh. Davíð Oddsson hafnaði þessari skoðun Þórarins V. Þórarinssonar. Hingað til hafa allir stjórnmálaflokkar á Íslandi verið þeirrar skoðunar að aðild að Evrópubandalaginu kæmi ekki til greina. Við höfum lesið Rómarsáttmálann, við höfum lesið Maastricht-samkomulagið, við þurfum ekki að kanna þetta neitt. En nú segir hæstv. utanrrh.: Þá fyrst þegar búið er að kanna í öllu Stjórnarráðinu alls konar hluti, þá er hægt að hafna. Hann treystir sér ekki til að hafna hér og nú aðild Íslands að Evrópubandalaginu heldur vill eins og Þórarinn V. Þórarinsson fara í það að máta flíkina. Þetta er afgerandi stefnubreyting, hæstv. utanrrh., vegna þess að forsrh. Davíð Oddsson, eins og ég rakti hér áðan, daginn sem ríkisstjórnin var mynduð og ætíð síðan, síðast í Helsinki fyrir tveimur vikum, lýsti því yfir að á meðan hans ríkisstjórn væri við völd yrði aðild Íslands að Evrópubandalaginu ekki tekin á dagskrá. Ekki tekin á dagskrá, ekki til umfjöllunar innan Stjórnarráðsins. En nú er gerð krafa af hæstv. utanrrh. um að slík umfjöllun um aðild Íslands að Evrópubandalaginu fari fram.

Ég segi þess vegna alveg skýrt, Alþb. hefur kynnt sér Rómarsáttmálann, við höfum kynnt okkur Maastricht-samkomulagið, við vitum hvað felst í því miðstýrða ríki sem verið er að mynda í Evrópu. Og við þurfum ekkert að kanna það hvort Ísland á að afsala sjálfstæði sínu í hendur þessa miðstýrða nýja Evrópuríkis. Svar okkar er alveg skýrt hér og nú: Nei.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa enn að leiðrétta þær forsendur sem hv. þm. gefur sér. Það er rangt að í skýrslu utanrrh. sé boðuð sama afstaða og fram kom í ræðu framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins. Afstaða framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins var sú að mæla með því að Ísland legði fram umsókn þó hann tæki það skýrt fram að í því fælist engin afstaða til endanlegrar inngöngu. Það hlyti að ráðast af samningsniðurstöðum. Þetta var hans afstaða. Sú afstaða er ekki boðuð í skýrslu utanrrh. Það er ekki verið að boða það í skýrslu utanrrh. að það sé skynsamlegt fyrir íslensku ríkisstjórnina að máta flíkina og ráða svo í það hvort hún kaupir hana. Það eina sem er verið að segja er: Það væri óábyrgt að láta ekki fara fram rækilega könnun á ýmsum álitamálum sem nú hafa nýlega upp komið í sambandi við þetta mál. Það er það eina. Það er ekki verið að slá neinu föstu um afstöðu til Evrópubandalagsins. Það er ekki verið að boða inngöngu í Evrópubandalagið. Það er ekki verið að segja: Við skulum leggja fram umsókn og láta svo reyna á niðurstöðuna. Það er einfaldlega verið að benda á það að á undanförnum missirum hafa breyst forsendur að því er varðar samstarfsþjóðir okkar í EFTA. Það er óvissa um EES-samninginn. Það ber þess vegna að kanna ýmis álitamál sem óhjákvæmilegt er að gera á þeim tíma sem fram undan er. Það er ekki stefna að segja: Nei við þurfum ekki að kanna neitt, við höfnum því.

Þessi umræða er ekki komin á dagskrá að frumkvæði okkar. Hún er í öllum EFTA-löndunum í kringum okkur og hún er vegna þess að þar hefur farið fram róttæk stefnubreyting af hálfu þessarar ríkisstjórnar. En ég mælist eindregið til þess þegar að þessari umræðu kemur, því að hún er auðvitað þýðingarmikil, þá fari hún ekki fram á röngum forsendum, að hún fari ekki fram með þeim hætti að menn gefi sér ranglega einhverjar þær forsendur um algjöra stefnubreytingu sem ekki eiga sér stað. Það væri þá verr af stað farið en heima setið. Við þurfum að láta þessa umræðu fara fram málefnalega en ekki á fölskum forsendum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eindregin ósk mín að þetta verði málefnaleg umræða, eindregin. Og þá verður hæstv. utanrrh. líka að standa við þau orð sem eru skýr í hans skýrslu. Það hefur enginn haldið því fram að hann hafi sagt hér eða í skýrslunni að Íslendingar eigi að leggja fram umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Það hefur enginn maður sagt það. (**Utanrrh.**: Jú.) Það sem hins vegar hefur verið sagt er það að hæstv. utanrrh. breytir þeirri afstöðu sem allir íslenskir stjórnmálaflokkar hafa haft fram að þessu, að hafna aðild að Evrópubandalaginu. Hæstv. utanrrh. segir í skýrslunni á bls. 18: Það er ekki hægt að hafna aðild að Evrópubandalaginu fyrr en ráðuneytin og stjórnarstofnanir hafa farið í ítarlega könnun. Það er stefnubreytingin. Hann gefur sér það sem útgangspunkt að það er opið mál að ganga í Evópubandalagið. Það sem þarf að sanna er að gera það ekki. Það er algjörlega nýtt. Hingað til hafa forustumenn íslenskra stjórnmála sagt: Við höfum lesið Rómarsáttmálann. Við höfum skoðað Maastricht-samkomulagið. Við teljum að sú braut sem ríkin á meginlandi Evrópu eru á samrýmist ekki sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar. Við viljum ekki vera undir evrópskum seðlabanka, evrópskri peningamálastjórn. Við viljum ekki hafa ytri tollmúra gagnvart umheiminum eins og Evrópubandalagið er að taka upp. Það samrýmist ekki efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði íslensku þjóðarinnar að skrifa undir slíkan Rómarsáttmála. Við erum það kunnugir málunum að við þurfum ekki langan tíma til að athuga það.

Það er satt að segja mjög merkilegt að maður sem hefur verið utanrrh. Íslands senn í fjögur ár telji sig þurfa að kanna þetta eitthvað sérstaklega. Enda er hann að segja nýja hluti. Þess vegna er þessi umræða. Þeir nýju hlutir sem hann er að segja eru þessir: Það er ekki

hægt að hafna aðild. Það verður að sanna að það eigi að hafna henni og tilgangur könnunarinnar, sem hann er að biðja um að fari fram í öllu Stjórnarráðinu á Íslandi, er að sanna það að Ísland eigi ekki að fara í Evrópubandalagið.

Það er leitt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér í dag vegna þess að okkur öllum sem höfum hlustað á hann senn í heilt ár lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar er ljóst að hér er um afgerandi stefnubreytingu að ræða.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að við Íslendingar stöndum á krossgötum og þurfum að hugsa stöðu okkar upp á nýtt. En ég ætla að geyma mér umræðu um Evrópumálin, að hluta til alla vega, þar til á þriðjudaginn og ræða um þá tillögu sem hér er til umræðu. Ég verð að segja það að miðað við þær fréttir sem berast frá Tyrklandi, þá finnst mér hún koma á afar óheppilegum tíma. Það var haft við orð á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöldina að Tyrkir væru sjúki maðurinn í Evrópu og það verður ekki betur séð en það sé nokkur krankleiki þar á ferð enn þá.

Undanfarna daga hafa borist fregnir af því að Kúrdar hafi haldið uppi mótmælum og tyrknesk stjórnvöld brugðist við með loftárásum á þorp Kúrda. Það hafa þegar komið fram viðbrögð við þessu, m.a. hafa Þjóðverjar stöðvað vopnasendingar til Tyrklands. Það var reyndar að skilja á fréttum að þeir væru að reyna að losa sig við ýmislegt gamalt drasl frá Austur-Þýskalandi, en ekki skánar málstaðurinn ef þau vopn eru notuð gegn Kúrdum. Að mínum dómi þurfa Tyrkir á ýmiss konar stuðningi að halda. Þeir eru vanþróaðir miðað við ýmis önnur ríki. Þeir vilja tengjast Evrópu og þeir eiga aðild að ýmsum stofnunum eins og Evrópuráðsþinginu þar sem Evrópuþjóðirnar ráða för, en þeirra stjórnarfar er með þeim hætti að þrátt fyrir yfirborðslega lýðræðisþróun er ákaflega skammt í ofbeldi og mannréttindabrot og þeir hafa verið margásakaðir fyrir mannréttindabrot og illa meðferð m.a. á stjórnarandstöðunni. Því hljóta að vakna spurningar varðandi þennan samning sem hér á að fara að fullgilda miðað við það ástand sem nú ríkir í Tyrklandi.

Sú spurning vaknar hjá mér hvort ekki sé hægt að nota þennan samning, sem ég reikna með að sé Tyrkjum nokkuð mikilvægur, til þess að þrýsta á um að þeir taki nú til heima hjá sér og efli virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum. Það vaknar líka sú spurning hvort nota megi þennan samning til þess að þrýsta á um það að gengið verði í það að leysa vandamál Kúrda. Kúrdar stinga upp kollinum í heimsfréttunum hvað eftir annað, sæta ótrúlegum ofsóknum og eiga við mikil vandamál að stríða vegna þess að þeirra þjóð býr dreifð milli a.m.k. þriggja ríkja og þeir búa á landamærum ríkja þar sem stjórnarfarið er vægast sagt með hörmulegum hætti. Þess vegna verð ég að lýsa því hér sem minni skoðun að við, sem teljumst þó í hópi lýðræðisþjóða og getum látið rödd okkar hljóma í þágu lýðræðis í heiminum, eigum að beita okkur til þess að setja Tyrkjum stólinn fyrir dyrnar.

Það er auðvitað alltaf spurning hversu langt á að ganga í því að tengja saman viðskipti og stjórnmál eða stjórnmálaátök. Við höfum ýmis dæmi um það þar sem það hefur tekist misjafnlega. Ég vil meina að hið langvinna viðskiptabann við Suður-Afríku sé nú loksins að skila sér í auknum mannréttindum þar. Menn geta spurt sig að því hvort viðskiptabannið sem sett var á Írak hafi fengið að vinna sitt verk og hvort ekki var gripið þar allt of snemma inn í með vopnuðum átökum. Ég held að eins og málin standa nú sé ekki rétt að staðfesta þennan samning. Ég verð að lýsa því hér sem minni skoðun að ég treysti mér ekki til þess að styðja þennan samning meðan ástandið í Tyrklandi er með þeim hætti sem raun ber vitni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Gagnvart því máli sem hér er á dagskrá, fríverslunarsamningi milli EFTA og Tyrklands, get ég að nokkru leyti tekið undir þau sjónarmið sem komu fram í máli síðasta ræðumanns. Ég held að við hljótum að horfa til þeirra aðstæðna sem eru í þeim löndum sem við erum að gera viðskiptasamning við. Ég veit það að hæstv. utanrrh. hefur viljað vera í fararbroddi þeirra aðila í stjórnmálum í Evrópu sem hafa gengið fram í að vernda hagsmuni minnihlutahópa og þeirra sem hafa verið beittir ofurefli og kúgun. Þess vegna fannst mér athyglisvert að hæstv. ráðherra nefndi þessar aðstæður, ef ég man rétt, ekki einu orði í sínu máli þegar hann mælti fyrir tillögunni. Það væri hollt fyrir ráðherrann að horfa til Eystrasaltsríkjanna og afskipta ráðherrans af þeim málum, þeirra jákvæðu afskipta sem ráðherrann af hafði af þróun mála þar og hæstv. ráðherra ætti að spyrja sjálfan sig þeirrar samviskuspurningar hvort ekki gæti verið að í Tyrklandi væru hliðstæðar aðstæður uppi. Það er því kannski ekkert sjálfgefið að við hrópum húrra fyrir þessum samningi.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, ég skal ekki taka í það langan tíma, en örfá orð um þá skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði hér fram á Alþingi í gær. Það er að mínu mati óhjákvæmilegt vegna þess að eftir að hæstv. ráðherra lagði þessa skýrslu fram, þá er öll umræða bæði hér á Alþingi og í þjóðfélaginu um utanríkismál í upplausn. Hér er tæpt á það miklum breytingum á okkar utanríkisstefnu að það er óhjákvæmilegt að þetta mál fari strax í umræðuna og það gerðist reyndar strax í gærkvöldi. Það sem að mínu mati er verst í þessu máli er það að hér talar hæstv. utanrrh. á þann hátt, bæði í máli sínu áðan og í því sem hann setur fram í skýrslunni, að það er ómögulegt að treysta utanríkisstefnu hæstv. núv. ríkisstjórnar. Það var þó einn af fáum hlutum í hennar stefnu þar sem menn töldu sig vita hver væri stefnan og hafa unnið samkvæmt því fram að þessu.

Það er líka óhjákvæmilegt að við spyrjum þeirrar spurningar strax í dag: Hvert er viðhorf hæstv. forsrh. til þessarar skýrslu? Og, hæstv. utanrrh.: Var efni hennar og þau sjónarmið sem þar koma fram rædd í ríkisstjórninni? Skýrslan ber að vísu allan keim af því að geta verið umræðugrundvöllur í ríkisstjórn þar sem menn væru að fást við mál út frá nýjum sjónarhóli til

þess að móta e.t.v. breytta stefnu. En að varpa þessum sjónarmiðum, ef þau eru ekki rædd í ríkisstjórninni, út í þjóðmálaumræðuna er sprengja í utanríkismálaumræðuna eins og hún er í dag og hlýtur að setja hana alla úr skorðum.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að í skýrslu hans er hvergi sagt að við eigum að sækja um aðild að EB. En það er á fjölmörgum stöðum vikið að því á þann hátt að það verður ekki misskilið hver er skoðun ráðherrans og hvert hans hugur stefnir.

Það er einnig athyglisvert að á bls. 13 er í raun kollvarpað þeim hugmyndum sem fram að þessu hafa verið uppi í umræðunni um hið Evrópska efnahagssvæði. Þar eru í raun tínd fram öll rök þeirra sem hafa sagt að umræðan um hið Evrópska efnahagssvæði sé orðin að fordyri að Evrópubandalaginu og það sé nánast útilokað að Íslendingar geti tryggt sína hagsmuni sem önnur stoðin undir tvíhliða samkomulag, þar sem í annarri stoðinni eru hinar rúmar 370 millj. íbúa Evrópu og hin stoðin séu hinir 300 þús. íbúar Íslands. Þetta er hér allt saman tíundað, að vísu allt í spurningaformi. Það eru spurningarmerki á eftir öllum setningum en í raun er þetta sett fram sem fullyrðingar. (**Forseti:** Forseti vill minna hv. þm. á að þessi skýrsla verður á dagskrá á þriðjudaginn. Hún er ekki til umræðu í dag en hún verður á dagskrá á þriðjudaginn og þá fá hv. þm. tækifæri til að ræða innihald skýrslunnar.)

Virðulegi forseti. Ég fer senn að ljúka máli mínu. En ég lét þess getið þegar ég hóf þennan þátt ræðu minnar að hér eru mál sett fram á þann hátt að þjóðfélagið bíður ekkert eftir því í hálfa viku að skýrslan sé tekin til umræðu. Það er svo einfalt. Og það mátti hæstv. ráðherra vita þegar hann lagði skýrslu sína fram.

Að lokum, virðulegi forseti, ítreka ég þá spurningu til hæstv. utanrrh.: Erum við að fjalla hér um skýrslu — virðulegi forseti, ég biðst afsökunar, við erum ekki að fjalla um þessa skýrslu hér þó hún blandist óbeint inn í umræður um fríverslunarsamning við Tyrkland — en koma fram í þessari skýrslu viðhorf hæstv. ríkisstjórnar? Hefur hæstv. forsrh. tekið þá kúvendingu í stefnu sinni gagnvart Evrópumálunum á rúmri viku, ef við tökum mjög ákveðnar yfirlýsingar þá í kjölfar yfirlýsinga framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins? Hefur hæstv. forsrh. tekið þá kúvendingu í stefnu sinni eða er þetta einkaframtak hæstv. utanrrh.?

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA og Tyrklands er hér til umræðu. Í fljótu bragði, og það kemur reyndar fram í athugasemdunum, þá virðist samningurinn ekki hafa mikla þýðingu fyrir Ísland. Það eru fyrst og fremst, sýnist mér, Sviss, Svíþjóð og Austurríki sem hafa knúið á um að þarna yrði gerður fríverslunarsamningur.

Mig langaði til að spyrja hæstv. utanrrh. hvort ekki hafi komið það sjónarmið inn í samningana eða í umræðunum um þennan samning sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um þá atburði sem eiga sér stað í Tyrklandi. Ég tek undir það með henni að ég tel mjög vafasamt að hægt sé að gera samning við Tyrkland meðan það ástand varir sem þar er. Ég vil því spyrja hvort þetta hafi ekkert komið til tals og raunar spyrja hæstv. utanrrh. um álit hans á þessu.

En á bls. 2 í lok athugasemdannanna með tillögunni segir, með leyfi forseta: „Varðandi innflutninginn væri ekki ólíklegt að álykta að hann gæti aukist eitthvað í kjölfar lækkandi tolla á þeim vörum sem komið hafa frá Tyrklandi.“ Mig langar til að spyrja hvaða vörur þetta eru. Það eru kannski fyrst og fremst ávextir en eru það einhverjar aðrar vörur sem þarna gæti verið um að ræða. Og síðan var aðeins smáatriði á bls. 4. Þar er talað um að þó ekki sé um að ræða miklar fjárhæðir varðandi fríverslun með sjávarafurðir, þá skipti það máli að hér sé í fyrsta skipti viðurkennd sú fríverslun utan EFTA. En mig langaði til að spyrja í tilefni af þessum orðum hvernig gangi með að koma á fríverslun innan EFTA því að ýmis vandkvæði hafa verið á því, m.a. að því er varðar Norðmenn, þeir hafa ekki látið af stuðningi sínum við sjávarútveg þar. Mig langaði því til að spyrja hæstv. utanrrh. um það í tilefni af framlagningu þessarar till. til þál.

Almennt vil ég segja að það er mjög erfitt að fallast á þennan samning og utanrmn. þurfi að fara mjög nákvæmlega ofan í málið áður en við getum fullgilt það hér á Alþingi. Og mér þykir mjög eðlilegt að tengja það, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði, við þá atburði sem nú eiga sér stað í Tyrklandi.

En þar sem hér hafa verið til umræðu ýmis fleiri mál sem tengjast auðvitað þessu máli óbeint, þá verð ég að segja það, virðulegur forseti, að það kom mér ekki á óvart sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan, að það væri engin stefnubreyting hjá ríkisstjórninni í afstöðunni til EB. Ég er alveg sannfærð um það að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur haft það allan tímann á sinni stefnuskrá að samningur um Evrópskt efnahagssvæði væri einungis stoppistöð inn í Evrópubandalagið. Það kom mér því ekkert á óvart og ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að þetta er engin stefnubreyting. Þetta hefur allan tímann verið á stefnuskránni. Stefnan, sagði hann hér áðan, er að ná samningum um Evrópskt efnahagssvæði, og það er ábyggilega alveg rétt. Stefnan er að ná samningum um Evrópskt efnahagssvæði til þess að geta síðan tekið skrefið til fulls og farið alla leið inn í EB. Og eins og ráðherrann sagði er að hans mati ekki nema um tvo kosti að ræða, það er annaðhvort að fara inn í EB eða fá samning um EES. Ég sé hins vegar þriðja kostinn og það er sá kostur að standa utan við hvort tveggja.

Ég veit nægilega mikið um Evrópubandalagið til að taka afstöðu til þess hér og nú, ég þarf ekki á neinni könnun að halda í ráðuneytum til þess að sjá það hér og nú, og kannski sérstaklega eftir Maastricht-samkomulagið, að ég tel ekki að það sé kostur fyrir Ísland að ganga í Evrópubandalagið. Ég þarf ekki neinar kannanir í ráðuneytum um afleiðingar eða eins og í skýrslu utanrrh. kemur fram að þá fyrst eigi að hafna aðildarkostum eftir könnunina. Það þarf enga könnun að mínu mati til þess. Við verðum að athuga það að

eftir Maastricht-samkomulagið eru enn þá meiri völd færð frá þjóðþingum til miðstjórnar í Brussel. Það er talað um sameiginlegan seðlabanka, sameiginlega mynt, sameiginlega utanríkis- og varnarmálastefnu og að Evrópubandalagið muni tala einni röddu í utanríkismálum. Það er talað um EB-ríkisborgararétt. Ég þarf ekkert meira en þetta. Við eigum auðvitað að standa utan við þetta allt saman. Ég held að það sé alveg ljóst að alla þá fyrirvara sem talað var um í upphafi varðandi EES-samninginn er búið að keyra á haugana fyrir lifandis löngu. Það var alveg ljóst hvert stefndi eftir að síðustu samningar litu dagsins ljós. Þá var ekkert eftir. Það stóð ekki steinn yfir steini varðandi þær yfirlýsingar sem komu fram hér á þingi í upphafi samningaviðræðna.

Að mínu mati var mjög gott að fá þessar yfirlýsingar frá hæstv. utanrrh. og ég tek þær auðvitað sem yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar því að skýrsla hæstv. utanrrh. getur ekki verið persónuleg skoðun hans. Hann verður þá að taka það sérstaklega fram og senda okkur þá sérbréf en ekki skýrslu utanrrh. sem hlýtur að vera stefna ríkisstjórnarinnar. Það kom mér reyndar á óvart, en það er kannski ágætt, að bæði formaður Alþb. og formaður Framsfl. átti sig á því hvert þessi ríkisstjórn stefnir, þ.e. beinustu leið inn í EB. Þeir þurfa greinilega að fá þetta svart á hvítu og það er þá gott að það er komið svart á hvítu hver stefnan er. En af ýmsum ummælum bæði hæstv. forsrh. og utanrrh. hefur það ekki vafist fyrir mér að þeir stefndu beinustu leið inn í EB og að EES var einungis stoppistöð og það átti ekkert að stoppa þar lengi.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hafa verið hér um nokkuð langan tíma ólíkar áherslur í málflutningi mínum og málflutningi hv. þm. sem hér talaði síðast, Kristínar Einarsdóttur, varðandi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og á ýmsum öðrum sviðum utanríkisviðskiptamála.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur boðað það nokkuð lengi að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé bara áfangi að inngöngu Íslands í Evrópubandalagið. Ég hef hins vegar lengi talið að svo þyrfti ekki að vera efnislega og ég hef tekið trúanleg þau orð hæstv. utanrrh. og þau orð hæstv. forsrh. að það væri ekki á dagskrá innan þessarar ríkisstjórnar að fara að ræða aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

Hæstv. utanrrh. hefur sagt hvað eftir annað: Á meðan fiskveiðistefna Evrópubandalagsins er óbreytt þá kemur ekki til greina að Ísland verði aðili að EB. (**Utanrrh.**: Og segir enn.) Og kallar nú fram í og segir: Og segir enn. — Ja, guð láti gott á vita. En þá spyr ég núna í forundran hvers vegna þarf að verja þessum síðum í skýrslunni sem birt var í gær til þess að leggja áherslu á það að nú þurfi að kanna kosti og galla aðildar Íslands að Evrópubandalaginu og þá fyrst þegar þeirri könnun er lokið sé hægt að hafna henni? Ef fiskveiðistefnan ein dugir til að hafna henni, þá þarf ekki að kanna neitt meir. Ég tel þess vegna að hér sé um stefnubreytingu að ræða. Ég hef tekið trúanlega yfirlýsingu hæstv. forsrh. að í valdatíma núv. ríkisstjórnar yrði aðild að Evrópubandalaginu ekki tekin á dagskrá, ekki tekin til umfjöllunar.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur alltaf haldið því fram að þessir tveir ágætu ráðherrar meintu ekki það sem þeir sögðu. Ég hef hins vegar verið reiðubúinn til þess að taka orð þeirra trúanleg en ég verð að segja það að í ljósi þessarar skýrslu tel ég að hæstv. utanrrh. hafi breytt um stefnu. Ég hef ekki talið að túlkun hv. þm. Kristínar Einarsdóttur á fyrirætlun hæstv. utanrrh. væri rétt.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki fullyrt það að þeir hafi sagt ósatt, heldur hafa þeir aldrei tekið alveg af skarið. Ég vil benda á það að í ræðu á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki nú fyrir skömmu sagði hæstv. forsrh. í ræðu sinni eitthvað á þá leið að umsókn Íslands um aðild að Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá á næstunni — „i den nærmeste fremtid" eins og hann orðaði það. Þetta tóku allir sem töluðu við mig þannig að þetta væri opnun af Íslands hálfu á það að nú vildu þeir væntanlega vera með. „Á næstunni" tóku þeir ekki sem einhvern tímann eftir 10 ár heldur væri það kannski í næstu viku eða þarnæstu eða kannski innan ársins. Þetta orðaval mátti skilja á ýmsan hátt og það er fyrst og fremst það sem ég hef verið að segja. Ég hef viljað túlka þessi orð eins og þetta: ekki á dagskrá. Það er auðvelt að taka það á dagskrá. Og eins það að fullyrða hér að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að ná samningum við EES. Það er alveg rétt, en það er alltaf undanskilið, en síðan þegar það er komið þá höldum við auðvitað áfram.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst það ekki sanngjarnt hugmyndaflug að telja að orð hæstv. forsrh. í Helsinki þýddu það að eftir fáeinar vikur gæti það komist á dagskrá að Ísland gengi í Evrópubandalagið. Ég túlkaði yfirlýsingu hæstv. forsrh. í Helsinki á þann veg að hann væri að flytja hinum norrænu frændum okkar þau orð sem hann flutti hér heima, að á meðan hans ríkisstjórn væri við völd, þá yrði aðild að Evrópubandalaginu ekki tekin á dagskrá. Það hefur hann sagt hvað eftir annað. Og það er þess vegna sem við höfum hér í þinginu í vetur ekkert verið að ræða þetta mál af því að við treystum yfirlýsingu hæstv. forsrh. að á þessu kjörtímabili a.m.k. væri aðild Íslands að Evrópubandalaginu ekki á dagskrá, ætti ekki að kanna hana á vegum Stjórnarráðsins og ekki á vegum ríkisstjórnarinnar. Hvað yrði á næsta kjörtímabili, eftir þrjú til fjögur ár, væri kannski annað mál af hálfu forsrh. Þess vegna hefur engin umræða verið hér í þinginu í vetur, hvorki í utanrmn. né neins staðar annars staðar, um hugsanlega aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

Stefnubreytingin er fólgin í því að hæstv. utanrrh. setur það á dagskrá. Hann gjörbreytir umræðunni með þeim spurningum, umfjöllunum og ályktunum sem hann dregur í sinni skýrslu. Hann er búinn að setja aðild Íslands að Evrópubandalaginu á dagskrá. Hann vill

fá könnun í Stjórnarráðinu um það mál nú þegar og í öllum stjórnstofnunum og þá fyrst þegar þeirri könnun er lokið er hægt að taka afstöðu, að hans dómi, hvort hægt er að hafna aðild eða ekki.

Þetta hefur hæstv. forsrh. ekki sagt. Það má vel vera að það hafi verið misskilningur hjá mér að treysta orðum hæstv. forsrh., en ég kýs að starfa þannig hér í þinginu og í þjóðmálum almennt að þegar forsrh. ríkisstjórnar segir að stórmál eins og aðild Íslands að Evrópubandalaginu verði ekki á dagskrá og ekki til umfjöllunar meðan hans ríkisstjórn situr við völd, þá treysti ég þeim orðum. Ég veit að hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur ekki treyst þeim, en ég hef gert það.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um það mál sem hér er á dagskrá, fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands, vakna tvær spurningar. Önnur er sú hvort það sé siðlegt, ef svo má segja, að gera fríverslunarsamning við Tyrkland því að lýðræði í því landi sé ekki á því stigi að slíkt sé heppilegt. Ég er sammála því að ég held að hv. utanrmn. verði að taka þann þátt málsins til skoðunar. Hins vegar er ég samþykkur því almennt að þessi fríverslunarsamningur verði gerður. Hér er um stóran markað að ræða og auðvitað vonum við að þróunin verði sú í lýðræðisátt í Tyrklandi að þeir verði fullgildir á þeim markaði sem hér er næstur okkur.

Hin spurningin, sem hefur verið meira rædd hér, er sú hvort verið er að skrifa upp á eitthvert pappírsgagn til mjög skamms tíma, hvort EFTA verður til eftir örfá ár, hvort það verður svo eftir nokkur ár að við verðum komin inn í Evrópubandalagið og EFTA verði ekki lengur til, aðrar þjóðir verði komnar þangað líka.

Ég veit ekki á þessari stundu hvað hæstv. utanrrh. hefur víðtækan stuðning í þessu efni, en það er ljóst að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hóf umræðu um það að staður okkar væri ekki í EFTA heldur í Evrópubandalaginu og hæstv. utanrrh. er að feta sig inn á þá umræðu smátt og smátt.

Það er ljóst að hæstv. forsrh. hefur lagt sig fram um það hér undanfarið að taka af allan vafa um það að ríkisstjórnin sé ekki þessarar skoðunar og þess vegna er mjög einkennilegt að fram komi í skýrslu utanrrh. bollaleggingar um það að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og gera fríverslunarsamning milli EFTA og Tyrklands að pappírsgagni.

Ég hjó eftir því áðan að hæstv. utanrrh. sagði: Rómarsáttmálinn er skýr og frá honum verða ekki undanþágur nema tímabundnar. En í skýrslu hæstv. utanrrh. er látið að því liggja að fiskveiðistefna Evrópubandalagsins þurfi ekki endilega að ná til Íslands. Ef það er leyfilegt að vitna í þessa umtöluðu skýrslu, ég ætla ekki hafa mörg orð um það mál, þá segir á bls. 18 í þeirri skýrslu, með leyfi forseta:

„Annar veigamikill þáttur, sá mikilvægasti hvað okkur varðar, er sameiginleg sjávarútvegsstefna. Um árabil náði hún ekki til Miðjarðarhafssvæðisins og enn gilda þar sérreglur. Er það gefið mál að hún þurfi að ná til hafsvæða við Ísland þar sem eini stofninn, sem sannanlega er sameiginlegur með EB og Íslandi er kolmunninn?"

Þarna er verið að gefa því undir fótinn að fiskveiðistefna EB þurfi ekki endilega að ná til Íslands og það sé alveg óhætt að leggja EFTA niður þess vegna og gera þennan fríverslunarsamning við Tyrkland að pappírsgagni, svo ég haldi mig nú við það efni sem hér er á dagskrá.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, það er alveg nauðsynlegt að hér verði ítarleg umræða um utanríkismál, meiri en um þennan fríverslunarsamning og það er erfitt að bíða eftir því en það er óhjákvæmilegt að það komi í ljós hvort þessi umrædda skýrsla er á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar eða hvort það eru einhverjar prívatskoðanir úr utanrrn. sem hér er um að ræða. Ég held að þau svör þoli ekki bið, ekki síst í ljósi þess að yfirlýsingar hæstv. forsrh. um þessi mál hafa verið mjög skýrar að undanförnu og ég tek undir það að hann hlýtur að tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég er a.m.k. alinn upp við slíkt í stjórnmálum og held mig við það að hæstv. ráðherrar meini það sem þeir segja, ekki síst þeir sem tala fyrir og bera ábyrgð á ríkisstjórninni eins og hæstv. forsrh.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að bjóða hæstv. utanrrh. velkominn til þings og óska honum góðs bata í sínum veikindum. En það mál sem hér er til umfjöllunar, till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja EFTA og lýðveldisins Tyrklands, er mér nokkuð hugstætt eftir að hafa lesið þessa þáltill. og fylgst með og tekið þátt í umræðum um skýrslu Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir nokkru.

Það er ljóst hvað þessa ályktun varðar að hagsmunir Íslendinga eru ekki stórir í þessu máli. Það kemur fram að útflutningur Íslendinga til Tyrklands á síðasta ári voru 253 þús. kr. Hins vegar eru hagsmunir Tyrkja nokkru meiri því að innflutningur frá því ríki voru um 120 millj. Þetta þýðir að við þurfum í sjálfu sér ekki að knýja mjög fast á um samning af þessu tagi við Tyrki nema menn telji sig eiga einhver ónýtt sóknarfæri í útflutningi á sjávarútvegssviði. Það er líka ljóst af efni ályktunarinnar að meginatriðið er að færa EFTA-löndum sambærilegar tollaívilnanir í Tyrklandi og EB-löndin hafa.

Ég vil varpa fram því sjónarmiði sem hér hefur reyndar áður komið fram að ég tel ekki einhlítt að líta einvörðungu á viðskiptalega hagsmuni, bendi þó á að þeir eru óverulegir fyrir okkur Íslendinga, heldur verðum við líka að líta á málið í öðru og víðara samhengi. Þar vil ég nefna til sögunnar stjórnarfarið í Tyrklandi og afstöðu þeirrar stjórnar til þjóðar sem þar býr.

Þetta er ekki nýtt viðhorf, ekki fyrir vestræn ríki sem á undanförnum árum hafa mjög blandað þessum málum saman til þess að ná fram réttarbótum í þeim ríkjum sem aðgerðir þeirra hafa beinst gegn. Það gildir um ríki Vestur-Evrópu, Bandaríkin, það gildir um NATO-ríkin, þar sem þessi ríki hafa sett pólitísk skilyrði fyrir stuðningi og fyrirgreiðslu og viðskiptahags-

munum ríkja í Austur-Evrópu og í Suður-Afríku. Hér er því ekki um að ræða neitt nýmæli að menn nýti viðskiptalega hagsmuni til að knýja fram pólitískar réttarbætur í þeim ríkjum sem aðgerðirnar beinast að. Það hefur hins vegar orðið mér nokkurt undrunarefni að samtök sem Íslendingar eiga aðild að, t.d. NATO, skuli ekki hafa beint spjótum sínum að mannréttindabrotum í ríkjum þeirra sem eiga aðild að NATO. Það er greinilegt að hér gera menn mannamun hvort heldur það er í Tyrklandi eða Grikklandi annars vegar eða í Austur-Evrópu hins vegar.

Ég vil minna á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og vil, með leyfi forseta, lesa úr upphafi þeirrar yfirlýsingar:

„Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt hefur slíkt haft í för með sér siðlausar athafnir er ofboðið hafa samvisku mannkyns enda hefur því verið lýst yfir að æðsta markmið almennings um allan heim sé að skapa veröld þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu."

Enn fremur vil ég bæta við orðum sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lét falla á ráðstefnu Rauða krossins 4. maí á síðasta ári, með leyfi forseta:

„Á því leikur að mínu viti enginn vafi að skilyrði varanlegs friðar er að mannréttindum verði aflað fylgis og framkvæmdar um heimsbyggðina alla. Þá fyrst getum við vænst þess að búa við óttaleysi. Þess vegna er það skylda okkar að berjast ekki einungis fyrir framfylgd mannréttinda í heimalandi okkar heldur hvarvetna."

Ég vil einnig benda á það varðandi Atlantshafsbandalagið að það kemur fram að eitt af markmiðum þess er að tryggja stöðugleika og öryggi er byggist á því að lýðræðið dafni. Ég hygg því að stefna þess bandalags, stefna Íslendinga innan þess bandalags og stefna þeirra þjóða sem í því bandalagi eru, þótt þær hafi sótt fram undir fána Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári við Persaflóa, hafi leitt til þess að Kúrdum í Írak voru ekki tryggð þau mannréttindi sem öll staða var þá til að gera. Það er mitt mat að herir þessara þjóða höfðu það í hendi sinni að setja af stalli einræðisherra Íraks og tryggja réttindi Kúrda í því ríki. Það gerðu þau ekki og situr því sá einræðisherra á valdastóli þar á ábyrgð þessara þjóða. Ég hygg að ástæðan fyrir því hafi einmitt verið sú, virðulegi forsti, að Kúrdar búa ekki bara í Írak heldur líka í Tyrklandi og að NATO-þjóðirnar sem þarna voru saman komnar undir fána Sameinuðu þjóðanna hafi ekki viljað grípa til aðgerða sem bættu stöðu og efldu mannréttindi Kúrda einnig í Tyrklandi. Það þykir mér miður ef NATO hagar sinni stefnu þannig að mannréttindi eru ekki fyrir alla.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hafði þau orð um þennan samning að hann yrði væntanlega pappírsgagn með hliðsjón af þeim framtíðarhorfum að samtökunum EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu, yrði ekki langra lífdaga auðið. Þetta er misskilningur vegna þess að þótt EFTA-ríkin standi að þessum samningi þá er það hvert ríki fyrir sig sem það gerir. Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland og lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkin Noregur og Svíþjóð og ríkjasambandið Sviss. Þessi samningur út af fyrir sig af því að hann er ríkjaskuldbinding stæði jafnvel þótt breytingar yrðu á högum EFTA.

Hv. 15. þm. Reykv. spurðist fyrir um hvaða afurðir það væru og þá sérstaklega á landbúnaðarsviðinu sem væntа mætti að innflutningur gæti hafist á eða aukist samkvæmt þessum samningi. Það eru eins og hún nefndi sjálf fyrst og fremst ávextir, í þessu tilviki líklega helst fíkjur og döðlur. En það eru ekki afurðir sem yrðu í samkeppni við verndaða innlenda framleiðslu.

Þá var spurt hvernig gengi að framkvæma skuldbindingar EFTA-ríkjanna um að koma á fríverslun með fisk og þar með talið væntanlega að afnema ríkisstyrki innan EFTA-ríkjanna sem á að gera fyrir ársbyrjun 1993. Svarið við því er að skuldbindingarnar í því efni eru alveg ótvíræðar. En vandinn er fyrst og fremst sá að Norðmenn hafa ekki farið þá leið að draga úr þessu í áföngum þannig að þegar þar að kemur, þegar þeir verða að standa við sínar skuldbindingar þá standa þeir frammi fyrir því að það verður væntanlega að gerast í einu skrefi og gæti þá haft veruleg áhrif á rekstrar- og samkeppnisstöðu sjávarútvegs þar í landi, ekki hvað síst í norðanverðu landinu.

Virðulegi forseti. Hér hefur nokkuð verið rætt um málefni Kúrda innan Tyrklands og vaktar upp spurningar um það hvort ekki væri rétt að tengja gerð fríverslunarsamninga við t.d. aðbúnað minnihlutahópa og virðingu fyrir mannréttindum. Það er vissulega sjónarmið sem er allrar virðingar vert og allrar umræðu vert. Sannleikurinn er sá að Íslendingar hafa út frá eigin reynslu verið nokkuð tregir til að taka upp það sem meginreglu að tengja gerð viðskiptasamninga við önnur mál og vísa þá til eigin reynslu þar sem við höfum verið beittir viðskiptaþvingunum, viðskiptabönnum vegna þess að önnur ríki hafa viljað tengja eðlilegan gang viðskipta við önnur mál, t.d. þegar Bretar töldu okkur brjóta alþjóðalög vegna baráttu okkar við útfærslu landhelginnar og settu viðskiptabann á Ísland af þeim sökum. Annað dæmi er að sjálfsögðu sú staðreynd að Bandaríkjamenn hafa löggjöf í sínu landi sem gerir stjórnvöldum þar í landi skylt að beita viðskiptaþvingunum ef t.d. lönd eins og Ísland brytu í bága við þessa löggjöf að því er varðar nýtingu á auðlindum hafsins. Þá er ég að vísa til hvalamáls. Af þessum ástæðum hafa Íslendingar í mörgum tilvikum verið tregir til að fallast á slíka tengingu.

Nú er það að vísu ekki algilt og má þar nefna t.d. viðskiptabann á Suður-Afríku í mótmælaskyni við kynþáttaaðskilnaðarstefnuna og á það bæði við um Ísland og önnur EFTA-ríki, ekki hvað síst Norðurlöndin. Þetta er með öðrum orðum mál sem menn verða að gera upp við sig menn vilja fylgja fram með þessum hætti eða hvort menn vilja taka þau upp aðskilið, þ.e. að það eigi að vera partur af utanríkisstefnu hvers ríkis fyrir sig, í þessu tilviki Íslands, að ekki einasta koma á framfæri mótmælum heldur beita sér fyrir því á alþjóðlegum

vettvangi að taka undir með málstað Kúrda og styðja baráttu þeirra fyrir sjálfsákvörðunarrétti og mannréttindum. En álitamálið er þetta: Á að tengja það með beinum hætti samningum af þessu tagi?

Það er athyglisvert að hin EFTA-ríkin öll, sem flest eru nú framarla í flokki þegar kemur að baráttu fyrir mannréttindum, t.d. Svíþjóð, Noregur og Finnland, hafa þegar staðfest þennan samning. Og eftir því sem ég best veit leiddi það ekki til umræðna um þennan þátt málsins.

Virðulegi forseti. Þessi umræða um fríverslunarsamning við Tyrki hefur leitt til þess að sumir hv. þm. hafa tekið svolítið forskot út á umræðu sem verður hér í næstu viku um utanríkismál. Ég ætla ekki að lengja þá umræðu en verð enn að koma á framfæri leiðréttingu. Hv. þm. 15. þm. Reykv. tók undir þau orð utanrrh. að í skýrslunni væri ekki boðuð nein stefnubreyting en túlkaði það á þann undarlega máta að stefnan hefði alltaf verið sú að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið væri eins konar áningarstaður að endanlegu markmiði um inngöngu í Evrópubandalagið.

Það er ekkert tilefni til slíkrar túlkunar, þvert á móti er það sérstaða Íslands innan EFTA-hópsins að við erum eina ríkið sem teljum það vera alveg raunhæfan, varanlegan kost að því er varðar samskiptin á efnahags- og viðskiptasviðinu að ná samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Jafnvel þótt önnur bandalagsríki okkar í EFTA leituðu inngöngu þá getur hann út af fyrir sig staðið sem slíkur með eðlilegum fyrirvörum um breytingar á samningnum sem er hins vegar samningsatriði.

Þegar ég segi að engin stefnubreyting er boðuð af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar þá meina ég það sem ég segi, þ.e. það hefur ekki verið boðað að hverfa frá samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, þvert á móti er það forgangsmál að reyna að ná þeim samningi í höfn. Það hefur ekki verið boðað að Ísland ætti að leggja fram umsókn ásamt með hinum Norðurlöndunum um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Það eina sem hefur verið sagt, og það ber mér auðvitað skylda að gera sem utanrrh., er að í ljósi grundvallarstefnubreytingar helstu bandalagsþjóða okkar ber okkur auðvitað að kanna það hvort breytt stefna þeirra hafi þau áhrif að því er varðar nokkur álitamál að við þurfum að skoða þau, kanna þau af þeirri einföldu ástæðu að við hljótum að gera það að mjög vel athuguðu máli. Þetta er allt og sumt. Þetta er síðan gert í því samhengi að breytingar í heiminum allt í kringum okkur og í þeim heimshluta sem við tilheyrum hafa verið svo miklar og svo örar á tiltölulega stuttum tíma að jafnvel fleiri þættir sem varða forsendur hefðbundinnar íslenskrar utanríkisstefnu hljóta nú að koma til skoðunar að nýju.

Ég á satt að segja erfitt með að trúa því að hv. þm. taki þá afstöðu að það eigi að vera forboðið að efna til slíkrar umræðu. Ríkisstjórn Íslands er ekki að breyta einu eða neinu, við erum að leggja spurningar fyrir sjálfa okkur, fyrir hv. Alþingi og fyrir þjóðina um það hvernig við eigum að bregðast við róttækum grundvallarbreytingum sem orðnar eru í umhverfinu og að stefnufrumkvæði annarra þjóða. Þetta ber okkur að sjálfsögðu skylda til að gera. Þetta eigum við að gera hleypidómalaust. Það versta væri auðvitað að segja: Nei, við viljum bara alls ekki að sú umræða fari fram. Eða hitt að gefa sér það fyrir fram að af hálfu ríkisstjórnarinnar sé búið að taka einhverja afstöðu eða breyta stefnu þegar það kemur ákaflega skýrt fram að svo er ekki.

Það er einfaldlega svo, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að þessar spurningar eru á dagskrá og við hljótum að kanna þær til hlítar. Og það væri meira en lítið hleypidómafull afstaða að segja nei, það þarf ekkert að kanna þær frekar.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið hæstv. utanrrh. að það orkar oft tvímælis hvenær beita beri efnahagslegum þvingunum. Það kann rétt að vera að útverðir mannréttindanna, Svíar og Norðmenn, hafi þegar samþykkt þennan samning. Hins vegar hefur það gerst á allra síðustu dögum að það hefur mjög hitnað í kolunum í Tyrklandi og eins og ég nefndi í ræðu minni hafa verið gerðar loftárásir á varnarlaust fólk. Sú spurning hlýtur að vakna hvort íslensk stjórnvöld hafi látið eitthvað frá sér heyra í þessu máli vegna hegðunar Tyrkja. Og ég beini þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Hefur hann mótmælt þessum aðgerðum eða hyggst hann gera það?

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við látum í ljós, íslensk stjórnvöld og Alþingi Íslendinga, andstyggð okkar á þeim aðgerðum sem tyrknesk stjórnvöld beita gagnvart kúrdísku þjóðinni. Það eru miklar hörmungar sem yfir þetta fólk hafa gengið. Við höfum þegar veitt þeim stuðning með fatasöfnun og fjársöfnun og ýmsu fleira og það er algjörlega ólíðandi hvernig þessi stjórnvöld, svokallaðir bandamenn Íslendinga í NATO haga sér í þessum efnum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mjög athyglisvert að í allri þessari umræðu um það hvort um stefnubreytingu sé að ræða eða ekki í afstöðunni til Evrópubandalagsins hefur hæstv. utanrrh. ekki treyst sér til að nefna á nafn í eitt sinn yfirlýsingar hæstv. forsrh. Það er mjög athyglisvert. Skýringin er auðvitað sú að hæstv. utanrrh. treystir sér ekki til að sýna fram á að það sé samfella í því sem hann er að segja í skýrslu sinni og segir í ræðum hér í dag og því sem hæstv. forsrh. hefur marglýst yfir. Ég skal útskýra þetta með einföldum hætti fyrir hæstv. utanrrh. Það er alveg rétt hjá honum að það er áfram stefna ríkisstjórnarinnar að gera samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, það er ekki stefnubreyting. Og það er líka alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. sem hann sagði hér áðan að það er ekki stefnubreyting hvað það snertir að það er ekki boðað að ríkisstjórnin eigi nú að leggja fram umsókn um aðild að EB. Þetta er allt saman rétt. En þriðja atriðið, hæstv. utanrrh., er stefnubreyting. Og hún er fólgin í því að frá fyrsta degi núv. hæstv. ríkisstjórnar og til fundarins í Helsinki fyrir rúmri viku síðan hefur hæstv.

forsrh. sagt hvað eftir annað: Aðild að Evrópubandalaginu verður ekki tekin til umfjöllunar á meðan þessi ríkisstjórn situr. Aðild Íslands að Evrópubandalaginu er ekki umfjöllunaratriði, ekki könnunaratriði á vettvangi ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili, og þessu hafa allir trúað. Þessu hef ég trúað, þessu hefur þjóðþingið trúað, þessu hefur þjóðin trúað. Og þess vegna hefur ekki verið nein umræða um málið hér á þinginu í allan vetur. En nú kemur hæstv. utanrrh. og segir: Nú á að hefja þessa könnun um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. — Og hann segir meira: Allt Stjórnarráðið á að hefja þessa könnun. Öll ráðuneytin, allar stjórnstofnanirnar eiga að hefja þessa könnun. (Forseti hringir.) Síðan á að taka afstöðu til þess hvort það eigi að hafna aðild. Það er í þessu sem stefnubreytingin felst, að utanrrh. boðar að ráðuneytin og stjórnstofnanir (Forseti hringir.) — ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, — eigi að kanna aðild að Evrópubandalaginu, en forsrh. hefur sagt: Á þessu kjörtímabili verður engin slík könnun gerð vegna þess að málið er ekki dagskráratriði í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. 8. þm. Reykn. viðurkenndi hér áðan að ekki væri um að ræða neina boðaða stefnubreytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar sem fram kæmi í skýrslu utanrrh., það væri augljóslega áfram stefna ríkisstjórnarinnar að ná samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það væri ljóst að það væri hvergi boðað að leggja fram umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Hins vegar taldi hann að þriðji þátturinn væri staðfesting á að um stefnubreytingu væri að ræða, þ.e. því hefði verið lýst yfir áður að umræða um aðild að Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá, en nú hefði utanrrh. með þessari skýrslu sett þær spurningar á dagskrá. Hér er að sjálfsögðu ekki um stefnubreytingu að ræða. Alls ekki. Hér er um það að ræða að aðstæður í heiminum í kringum okkur hafa breyst í grundvallaratriðum þannig að Íslendingar þurfa nú að skoða betur hver skuli vera viðbrögð þeirra við þeim breytingum. Það að skoða þær spurningar sem aðrir hafa vakið upp er ekki stefnubreyting, það flokkast undir viðbrögð, það kallar á könnun, það kallar á umræðu, það er ekki stefnubreyting.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur sagt hvað eftir annað: Á meðan ríkisstjórn Davíðs Oddssonar situr á þessu kjörtímabili er ekki á dagskrá að ræða aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur hafnað aðild Íslands að Evrópubandalaginu a.m.k. á yfirstandandi kjörtímabili. Þetta hafa verið alveg skýrar yfirlýsingar hæstv. forsrh. og enn á ný treystir hæstv. utanrrh. sér ekki til að sýna þinginu að hann sé að segja það sama og hæstv. forsrh. Enda getur hann það ekki, vegna þess að á bls. 18 í skýrslunni segir hann að nú þurfi öll ráðuneyti og allar stjórnstofnanir að gera úttekt á því hvað aðild að EB hefði í för með sér og þá fyrst sé hægt að hafna henni. Vinnuregla úttektarinnar verður að gefa sér það að aðildin komi til greina. En stefnubreytingin felst í því að hæstv. forsrh. hefur sagt frá fyrsta degi ríkisstjórnarinnar: Aðild að EB kemur ekki til greina, a.m.k. ekki á þessu kjörtímabili og ekki á meðan þessi ríkisstjórn situr. Og auðvitað er það stefnubreyting, hæstv. utanrrh., að nú eigi gjörvallt Stjórnarráð Íslands að fara að vinna að því stóra verkefni að kanna aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það er satt að segja ekki hægt að breyta verksviði Stjórnarráðsins með stærri hætti í einni svipan heldur en að segja við öll ráðuneytin og allar stjórnstofnanirnar, eins og gert er á bls. 18 í skýrslunni, að nú sé nauðsynlegt að allir þessir menn fari í þetta stóra verkefni, að kanna hvað felst í aðild Íslands að EB. Forsrh. sagði: Á valdatíma ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili verður slíkt ekki gert af því að það er ekki á dagskrá.

Það er alveg ljóst eftir þessa umræðu í dag að hæstv. utanrrh. treystir sér ekki til þess að ræða yfirlýsingar forsrh. frá fyrsta degi ríkisstjórnarinnar til fundarins í Helsinki, en spurning þjóðarinnar í dag til Davíðs Oddssonar forsrh. og spurning þingsins til Davíðs Oddssonar forsrh. þegar hann kemur er þessi: Hvernig kemur þessi stefnubreyting hæstv. utanrrh. heim og saman við það fyrirheit sem forsrh. gaf íslensku þjóðinni?

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil geta þess að skýrsla utanrrh. er ekki á dagskrá og biðja menn um að halda sig við dagskrárefnið sem er fríverslunarsamningur EFTA við Tyrkland.

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur tekið svolítið aðra stefnu en að maður gat átt von á samkvæmt dagskrá þingsins, en hv. 8. þm. Reykn. telur sig vera þess umkominn að setja skýrslu utanrrh. á dagskrá hér í dag. Það hefði að sjálfsögðu verið ólíkt huggulegra ef hann hefði látið okkur samþingmenn sína vita því að við töldum að við hefðum tíma til þriðjudags til þess að yfirfara þessa skýrslu og undirbúa okkur undir umræðuna.

En þar sem hv. 8. þm. Reykn. hefur ítrekað vikið hér að orðum forsrh. og vitnað sérstaklega til þess sem hann sagði á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki þar sem ég var viðstaddur, þá get ég fullyrt að það sem ráðherrann sagði var alls ekki það sem hv. 8. þm. er að reyna að leggja honum í munn hér í ræðustól. Að hann hafi sagt það með einhverjum tímasetningum upp á kjörtímabil að athugun og aðild að EB væri ekki á dagskrá er alrangt. Hann hlýtur að vita að það er óskynsamlegt að tímasetja slíkar ákvarðanir á tímum svo mikilla breytinga eins og eru í dag. Ég fullyrði það að hæstv. forsrh. sagði ekki þessi orð á fundinum í Helsinki eins og þingmaðurinn vill leggja honum hér í munn.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að koma

upp undir umræðum um þingsköp en hv. þm. Árni M. Mathiesen kvaddi sér hljóðs til þess að veita andsvar við ræðu hæstv. utanrrh. Hann vék hins vegar ekkert að ræðu hæstv. utanrrh. en fór að svara mér. Það er almennt ekki gert hér í andsvörum að menn noti andsvörin með þeim hætti. Hv. þm. hefði auðveldlega getað komið sem venjulegur ræðumaður í þessari umræðu og flutt mál sitt. Hann neyðir mig til þess að annaðhvort koma hér upp aftur eða þá að nota þingskaparéttinn til þess og ég kýs kannski að nota rétt minn til þess að tala einu sinni enn sem ég held að ég megi til þess að svara í stuttu máli fullyrðingum hv. þm. En ég vildi mótmæla því að andsvaraformið væri notað til þess að ráðast á aðra þingmenn og ræður þeirra, en að þeirri ræðu sem andsvarið er veitt við var alls ekki vikið hjá hv. þm.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið. (**ÓRG:** Nei.) Ég var að segja að umræðu væri lokið. (**ÓRG:** Ég verð að fá að komast í sæti mitt til þess að biðja um orðið.) Þá tekur hv. 8. þm. Reykn. til máls. (Gripið fram í.) Hann á rétt á að taka til máls um dagskrármálið.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Árna M. Mathiesens vildi ég aðeins segja eftirfarandi: Það er staðfest í blöðum, ég held einnig hér á Alþingi og í viðtölum við útvarp og sjónvarp, að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur hvað eftir annað sagt að á valdatíma hans ríkisstjórnar væri aðild Íslands að Evrópubandalaginu ekki á dagskrá. Ég held að hann hafi síðast sagt það í viðtali við Morgunblaðið fyrir skömmu síðan. Það hvarflaði ekki að nokkrum manni að telja að orð forsrh. í Helsinki væru á þann veg að hann væri að draga til baka þar, í hinni erlendu borg, margítrekaðar yfirlýsingar sínar hér heima. Auðvitað er það ljóst að orðin „í næstu framtíð" geta þýtt allt mögulegt. Geta þýtt hálft ár, geta þýtt fimm ár, geta þýtt tíu ár. Það vita auðvitað allir. Ég ætla hæstv. forsrh. ekki það að hann sé svo óábyrgur að hann sé með slíkum hætti í stuttri ræðu í Helsinki að breyta grundvallaryfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er vettvangur Alþingis og íslenska lýðveldisins að breyta slíkum grundvallaryfirlýsingum, en ekki í stuttum andsvörum á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Og þar til ég heyri hæstv. forsrh. lýsa því yfir hér heima að hann sé búinn að draga til baka það fyrirheit sem hann gaf íslensku þjóðinni þegar ríkisstjórnin var mynduð, að aðild að Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá sem athugunarefni eða viðfangsefni, hvað þá heldur ákvörðunarefni hjá þessari ríkisstjórn, þá kýs ég að treysta orðum hæstv. forsrh. Ég kýs að gera það. Mér þykir hins vegar mjög merkilegt að hv. þm. Árni M. Mathiesen skuli fara að túlka þessa setningu í Helsinki á þann veg að hún taki til baka slíkar grundvallaryfirlýsingar sem hæstv. forsrh. hefur gefið hér heima og sem hafa orðið til þess að engin umræða hefur verið hér í þinginu, í utanrmn. eða innan stjórnmálaflokkanna um aðild að Evrópubandalaginu vegna þess að menn treystu því að orð forsrh. stæðu, að á yfirstandandi kjörtímabili mundi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki gera aðildina að Evrópubandalaginu að umfjöllunarefni.

Ég mun þess vegna bíða eftir nýrri yfirlýsingu hæstv. forsrh. og þar til hún kemur kýs ég að treysta þeim orðum hans að íslenska þjóðin geti starfað í trausti þess að innan hans ríkisstjórnar verði aðild að Evrópubandalaginu ekki tekin á dagskrá.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að fyrst gerist það að hv. 8. þm. Reykn. kemst upp með það óátalið af forseta að brjóta þingsköp með því að ræða hér í löngu máli mál sem ekki var á dagskrá, og, það sem verra er, í skjóli þessara þingskapabrota að halda fram röngum fullyrðingum um að skýrsla sem ekki er á dagskrá kveði upp úr um stefnubreytingu af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. Nú hefur hann að vísu viðurkennt að svo sé ekki vegna þess að það er alveg ljóst og hafið yfir vafa, að stefna íslensku ríkisstjórnarinnar er óbreytt um forgangsmálið að ná samningunum um EES og það er hvergi boðuð sú stefnubreyting að Íslandi beri að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Jafnvel sú réttlæting um það að nauðsyn bryti þingskapalög, að hér væri svo stórt mál á dagskrá að það yrði að fá að brjóta þingsköp út af því, stenst ekki heldur. Og þótt sú staðreynd blasi við að bandalagsþjóðir okkar í EFTA og innan Norðurlandaráðs, Svíþjóð, Finnland og fyrirsjáanlega Noregur, muni taka ákvarðanir um það að hefja samninga um aðild að Evrópubandalaginu, sem er sú eina breyting sem kallar á það að við skoðum á ný hvort ákvarðanir þessara bandalagsþjóða hafi einhver áhrif í þá átt að við skoðum álitamál aftur, það er ekki stefnubreyting. Það að spyrja spurninga er ekki stefnubreyting. Það er fyrst þegar fyrir liggja svör við spurningum og menn hafa tekið stefnumarkandi ákvarðanir um niðurstöður sem stefnubreyting er boðuð. Öll er þessi umræða þess vegna út í hött. Það er byrjað á því að brjóta þingsköp og það er endað á því að fara í þingskapaumræðu að tilefnislausu og mætti þetta verða forsetum og stjórnendum þingsins til umhugsunar.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég áminni þingmenn aftur um það hvert dagskrárefnið er, en það er um þingsköp, og ég vænti þess að þingmenn haldi sig innan þeirra marka.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög leitt að þurfa að koma hér upp aftur en ekki gætti nú mikillar sanngirni eða réttsýni í málflutningi hæstv. utanrrh. hér áðan undir liðnum þingsköp. Ég vil segja við hann, og reyndar aðra sem hér hafa talað, að það er auðvitað mjög algengt hér í þinginu að menn víki að málum í stærra samhengi en það mál sem er á dagskrá. Ég nefni t.d. að hér hafa á mörgum undanförnum þingum verið skattafrumvörp til umræðu, t.d. skattur á verslunar-

og skrifstofuhúsnæði, og það frv. hefur verið tilefni ítarlegra og víðtækra umræðna um efnahagsmál. Ég minnist þess ekki að forsetar hafi þá sagt að menn ættu bara að halda sig við skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég held t.d. að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi á stjórnarandstöðuárum sínum haldið mjög langar ræður um efnahagsmál undir ýmiss konar dagskrárliðum og fór vítt um völl með miklum glæsibrag og reið fáki fráum hér um þingsalinn fram og aftur án þess að forsetar segðu honum að nú ætti hann ætti bara að tala um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og allt annað sem hann viki að væri bara ekki í réttum stíl. Þess vegna var það auðvitað fullkomlega eðlilegt að víkja aðeins að þessu máli hér í dag. Það hefði verið fullkomlega óeðlilegt að gera það ekki. Það er allt fjölmiðlakerfi landsins yfirfullt af þessu umræðuefni. Þetta er fyrsta frétt fjölmiðlanna, yfirlýsing utanrrh. Eða er það kannski þannig, hæstv. utanrrh., að það hafi allir enn á ný alltaf rangt fyrir sér nema hæstv. ráðherra? Það sé misskilningur hjá fjölmiðlakerfinu að þetta sé stefnubreyting eða einhver tíðindi? (**Forseti:** Þingsköp.) Já, ég er að koma að því, virðulegi forseti, að sýna fram á það að sá málflutningur sem hæstv. utanrrh. var hér með, að það væri brot á þingsköpum að ræða um skýrslu hæstv. utanrrh. í tengslum við samninginn um EFTA og Tyrkland er auðvitað fullkomlega út í hött. Það er í samræmi við venju sem tíðkast hefur í þinginu um langt árabil. Ef menn ætla hins vegar að fara að túlka það þannig, sem er algjör nýjung í þinginu, að menn eigi eingöngu að tala þröngt um það efni sem er á dagskrá, þá munu menn auðvitað beygja sig undir það, en þá væru ærið margar ræður sem margir núv. hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn hafa flutt hér á undanförnum árum nokkuð sérkennilegar.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Það vill nú svo til að það er forseti sem úrskurðar það hvað er dagskrárefni og hvað ekki þegar um svona er að ræða. Mér sýnist alveg ljóst að skýrsla utanrrh., sem kemur á dagskrá í næstu viku, er annað dagskrárefni en það sem er nú á dagskrá. Menn verða að una því.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það er nokkuð sérkennilegt fyrir mig að taka þátt í þessari umræðu því að ég ber hag Kúrda mjög fyrir brjósti og er að reyna að koma þeim hér á dagskrá svona inn á milli. (Gripið fram í.) Það er mjög mikilvægt mál og ég er alveg sammála hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um að þessi mál tengjast mjög svo. En ég beindi spurningu til hæstv. utanrrh. hér áðan sem ég hef ekki fengið svar við og vil því ítreka spurninguna. Það var nokkuð sérstakt að sitja hér úti í sal, ég var að reyna að hlusta á útvarpið og var með utanrrh. í bæði eyru, annars vegar í útvarpinu og hins vegar hér í ræðustól. En í fréttum núna rétt áðan var frá því sagt að þýska ríkisstjórnin væri að íhuga að slíta öllu hernaðarsamstarfi við Tyrki vegna þeirra atburða sem gerst hafa í Tyrklandi. Því vil ég ítreka þá spurningu sem ég spurði áðan: Hafa íslensk stjórnvöld látið eitthvað frá sér heyra vegna þeirra atburða sem gerst hafa í Tyrklandi? Ef svo er ekki, ætlar utanrrh. sér að láta frá sér heyra um þetta mál? Ég skora á hæstv. utanrrh. að svara þessari spurningu og jafnframt að hann beiti sér í þessu máli því hér er virkilega um örlög einnar þjóðar að ræða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Enn hafa íslensk stjórnvöld ekki látið frá sér heyra um þessi alvarlegu mál. Það var í gærkvöldi fyrst sem ég óskaði eftir því að aflað yrði staðfestra upplýsinga um þessar loftárásir, um mannfall og um aðrar þær aðgerðir gegn Kúrdum sem tíundaðar hafa verið í fréttum. Við munum síðan skoða þetta mál trúlega síðdegis í dag og taka það til athugunar hvort og með hvaða hætti við komum á framfæri mótmælum og þá munum við jafnframt trúlega leitast við að hafa um það eitthvert samráð við nágrannaþjóðir okkar aðrar á Norðurlöndum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp er ofur einföld. Hún er að spyrja hæstv. forseta hvaða mál sé á dagskrá og undir hvaða þingskapagrein er verið að ræða. Hæstv. forseti sagði aðspurður áðan að það væri búið að slíta umræðunni en eftir það hafa a.m.k. þrír ræðumenn kvatt sér hljóðs án þess að forseti hafi á nokkurn hátt gert grein fyrir því hvað væri verið að ræða. Ef það er svo, virðulegur forseti, að þetta mál sé enn á dagskrá, ef hægt er að tala hér um brot á þingsköpum í dag, þá var þingskaparæða hæstv. utanrrh. áðan alls ekkert um þingsköp, heldur að öllu leyti efnisleg umfjöllun á því sem hér hefur verið rætt.

Ég vil einnig, virðulegur forseti, benda á það að sú umræða, sem hér hefur átt sér stað um skýrslu utanrrh., um utanríkismál almennt, innan þess máls sem ég er að spyrja eftir hvort er á dagskrá enn þá, er langt innan þeirra hefða sem hér hafa skapast á Alþingi um það sem tekið er til umfjöllunar við umræður um einstök mál.

Ég segi það því sem mína skoðun, virðulegur forseti, að ég var mjög undrandi á því að við skyldum hér þó nokkrir þingmenn vera áminntir um það að þetta mál væri ekki á dagskrá.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vona að hv. þm. sé ljóst hvað er á dagskrá enda liggur dagskráin fyrir prentuð. Fyrsta dagskrármálið er til umræðu og hefur verið til umræðu. Og það er mat forseta hvað fellur innan markanna eða ekki. Undir það verða hv. þm. að beygja sig. Annars vegar er verið að ræða þetta dagskrármál og hins vegar hafa menn blandað inn í það skýrslu utanrrh. sem væntanlega verður rædd í næstu viku og forseti verður að reyna að skilja á milli eftir því sem hann best getur. Honum er falið að gera það.

Ég sagði hér áðan að umræðum væri lokið, en þá var óskað eftir orðinu í þann mund og ég veitti við-

komandi þingmanni orðið, en síðan hélt umræðan áfram. En nú vill svo til að umræðu er lokið. Og þingmenn hafa haft tækifæri til þess að tjá sig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 166. mál. — Þskj. 180.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 180 um friðun „Landnáms Ingólfs" fyrir lausagöngu búfjár.

Flm. ásamt undirritaðri eru Svavar Gestsson, Árni R. Árnason, Valgerður Sverrisdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela umhvrh. og landbrh. að vinna áætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem miði að því að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í „Landnámi Ingólfs".

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings, 1992."

Það svæði sem nefnt er Landnám Ingólfs er Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þingvallahreppur vestan þjóðgarðs, Grafningshreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur og brot af Selfosshreppi. Landsvæði þetta takmarkast af línu sem dregin er úr Hvalfjarðarbotni í þjóðgarðinn á Þingvöllum og þaðan suður Þingvallavatn, Úlfljótsvatn, Sog og Ölfusá til sjávar.

Sérstaða þessa svæðis er mjög mikil hvað varðar búsetuþróun því mikill meiri hluti landsmanna eða um ⅔ hlutar býr á þessu svæði. Í Landnámi Ingólfs eru 20 sveitarfélög og yfirgnæfandi meiri hluti íbúa býr í þéttbýli.

Í Landnámi Ingólfs eru 17 friðlýst svæði sem skiptast þannig eftir gerð friðlýsingar: einn þjóðgarður, fjögur friðlönd, átta náttúruvætti og fjórir fólkvangar. Þingvallaþjóðgarður er ekki friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum og er því ekki undir stjórn Náttúruverndarráðs. Með framkvæmd friðlýsingar í þjóðgarðslandinu fer sérstök þingskipuð nefnd.

Mikill áhugi hefur verið á því á undanförnum árum meðal áhugafólks um verndun og eflingu gróðurs í landinu að þetta svæði verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Hafa félögin Líf og land, Landvernd og Árnesingafélagið í Reykjavík ítrekað bent almenningi og stjórnmálamönnum á að brýna nauðsyn ber til þess að hefta hina geigvænlegu jarðvegs- og gróðureyðingu sem orðið hefur, og allt of víða viðgengst enn, á suðvesturhorni landsins. Landvernd hélt sérstaka ráðstefnu árið 1984 um landnýtingu og landnotkun á svæðinu, náttúruverndarþing ályktaði um málið á sl. hausti og sendi frá sér áskorun til Alþingis og félagasamtök skipuð áhugamönnum um verndun og eflingu gróðurs í landinu hafa bundist samtökum um að vinna að framgangi þess að Landnám Ingólfs verði friðað fyrir lausagöngu búfjár.

Þess má geta að áskorun, sem send var þingmönnum í september 1990, var undirrituð af fjórtán félögum og félagasamtökum.

Í þeirri áskorun var bent á að samband milli gróðurs og búsetu sé allt annað nú en það var fyrr á öldum. Áður fyrr hafi landsmenn þurft að sækja mest af lífsbjörg sinni beint og óbeint í gróður landsins. Þó hafi gróðureyðing verið miklu minni en síðar varð. Frá landnámsöld sé talið að ⅓ gróðurlendis hafi eyðst með öllu og eyðing gróðurs fari hraðvaxandi hin síðustu ár.

Bent er á að gróðureyðingu verði tafarlaust að stöðva og að gróðurvernd og landgræðsla geti skilað miklum árangri með nútímaræktunaraðferðum ef náttúrulegur gróður og jarðvegur hefur ekki eyðst.

Lögð er áhersla á að friðun lands sé ekki stefnt gegn hagsmunum bænda. Þvert á móti mun friðun lands og efling gróðurs bæta hag þeirra. Í niðurstöðu þeirra segir, með leyfi forseta:

Félagasamtökin sem stofnuð hafa verið af áhugamönnum um verndun og eflingu gróðurs í landinu hafa bundist samtökum um að vinna að framgangi þess að Landnám Ingólfs verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Þekking á gróðurástandi þessa landsvæðis og hnignun gróðurs hin síðari ár er þegar fyrir hendi. Semja þarf um málið við sauðfjárbændur á svæðinu og gera áætlun um fyrirkomulag framkvæmda í einstökum atriðum og áætla kostnað. Þá sé enn fremur nauðsynlegt að innan stjórnmálaflokkanna fari fram umræða um framkvæmd og fyrirkomulag friðunarinnar.

Þessi mál hafa oft verið til umræðu á Alþingi. Má nefna að á 111. löggjafarþingi var lagt fram stjfrv. um vörsluskyldu búfjár á Reykjanesskaga sem hlaut ekki afgreiðslu. Í greinargerð með því frv. er vísað í samþykkt aðalfundar Gullbringusýslu frá því í júlí 1988 þar sem sýslunefnd Gullbringusýslu skorar ítrekað á stjórnvöld að beita sér fyrir því að Gullbringusýsla verði friðuð fyrir lausagöngu búfjár. Þar vill sýslunefnd Gullbringusýslu vekja athygli á að samkvæmt afsalsbréfi landbrh., dags. 29. sept. 1941, er sýslunefnd Gullbringusýslu eigandi að beitarrétti í landi Krýsuvíkur.

Landgræðslustjóri gefur í sama mánuði eftirfarandi umsögn vegna samþykktarinnar, með leyfi forseta:

„Mál þetta er mjög athyglisvert og brýnt þar sem ástand gróðurs á Reykjanesi er yfirleitt óviðunandi og þrátt fyrir verulega fækkun sauðfjár á þessu svæði kemur sauðfjárbeitin í veg fyrir að gróðri þar fari fram sem skyldi. Verst er ástandið í útlandi Krýsuvíkur og þarfnast það svæði tafarlausrar friðunar. Ljóst er að ef unnt verður að framkvæma bann við lausagöngu búfjár á umræddu svæði væri það fordæmi fyrir fleiri slíkar aðgerðir sem því miður er víða þörf á. Það er brýnt að taka mál þetta föstum tökum og ná víðtækri samstöðu um aðgerðir. Starfsmenn stofnunarinnar eru reiðubúnir til þess að starfa með landbrn. að fram-

gangi þessa máls", segir í umsögn landgræðslustjóra.

Á 113. löggjafarþingi var flutt till. til þál. um lausagöngu búfjár, sem hlaut heldur ekki afgreiðslu, um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að takmarka lausagöngu búfjár við þjóðvegi og þar sem gróður er viðkvæmur fyrir beit. Ríkisstjórnin skyldi fela Landgræðslu ríkisins í samvinnu við gróðurverndarnefndir að gera áætlun um gróðurvernd og uppgræðslu og halda áfram samningum við bændur um afmörkun og staðsetningu beitarhólfa fyrir takmarkaðan fjölda búfjár. Í greinargerð og fylgiskjölum með þeirri þál. er vikið að friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár. Þar er m.a. birt umsögn Ingva Þorsteinssonar um bann við lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs og leyfi ég mér að lesa þá umsögn, með leyfi forseta:

„Undirritaður getur fallist á nánast öll þau rök sem færð eru fyrir áskorun til Alþingis, dags. 28. nóv. 1990, um friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár. Gróðurfarslega er mikill hluti þessa landsvæðis afar illa farinn og þar er ekki hægt að finna óspilltan náttúrulegan gróður nema þar sem land hefur verið friðað fyrir beit í langan tíma eins og í Þjóðgarðinum á Þingvöllum og í elstu hlutum friðlandsins í Heiðmörk. Í Landnámi Ingólfs eru víðáttumikil sandfoksvæði, t.d. sunnan við Hafnir, í Þorlákshöfn og norðan Þingvalla. Í Krýsuvík, á Hengilssvæðinu í Grafningi og víða í Þingvallasveit á sér stað mikil og ör gróður- og jarðvegseyðing sem flokkast með verstu svæðum á landinu hvað þetta snertir. Mikill hluti Reykjanesskagans er hraun með þunnum og afar viðkvæmum jarðvegi og gróðri sem hefur rýrnað gífurlega, fyrst og fremst fyrir áhrif búsetunnar, og sá gróður þolir nánast enga beit.

Allar þessar staðreyndir blasa við þeim sem fara um landið með opnum augum og þær hafa verið staðfestar með rannsóknum. Öll rök mæla með því að þessi svæði séu friðuð fyrir beit og því markmiði er unnt að ná með því að banna lausagöngu búfjár eins og áskorun til Alþingis leggur til að hafist verði handa um.

Það eru raunar fjölmörg önnur rök sem styðja þá áskorun og þar vegur þungt sú staðreynd sem einnig er bent á að á þessu svæði búa um tveir þriðju af íbúum landsins. Á undanförnum árum hefur verið lögð á það vaxandi áhersla að auka skilning landsmanna á því hversu gífurlegt umhverfisvandamál gróðureyðingin á Íslandi er og að virkja landsmenn til baráttu gegn henni. En það er erfitt að koma þeim skilaboðum áleiðis, a.m.k. til þeirra sem búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, meðan landið í kringum þá er með þeim hætti sem nú er og ekki er af alvöru tekið á þeim málum.

Undirritaður styður að sjálfsögðu heils hugar þessa áskorun og telur raunar að fyrir löngu hefði átt að taka á þessum málum. Hins vegar væri rétt á þessu stigi málsins að undanskilja Kjalarnesið og Kjósina á þeim grundvelli að þar er ekki hægt að telja að um umtalsverða gróður- eða jarðvegseyðingu sé að ræða. Gróðurfar á því svæði er í eðli sínu slitsterkt og það ásamt mikilli fækkun á sauðfé á síðasta áratug hefur jafnvel leitt til þess að gróður er þar í framför. Þar gilda því ekki sömu rök fyrir banni við lausagöngu búfjár. Hins vegar er það skoðun undirritaðs að fátt eða ekkert sé betur til þess fallið að stöðva gróðureyðingu á Íslandi og endurheimta að nýju horfin landgæði en takmörkun á lausagöngu búfjár í landinu öllu. Þetta hafa flestar aðrar þjóðir fyrir löngu komið auga á og vonandi þarf ekki að bíða mikið lengur eftir því að alvarleg umræða um það mál hefjist einnig hér", sagði Ingvi Þorsteinsson í umsögn sinni.

Skiptar skoðanir eru um að hefta lausagöngu búfjár og stundum dregin sú ályktun að átakapunkturinn sé ábúendur og þeirra stuðningsmenn annars vegar gegn þéttbýlisfólkinu, vegfarendum og jafnvel umhverfissinnum. Svo einfalt er málið ekki, en þó er ljóst að allt of algengt er að bændum þyki umræðu um þessi mál stefnt gegn hagsmunum sínum meðan aðrir telja að í lausn þessara mála felist hagsmunir allra aðila.

Fyrir skömmu bar það við að sveitarfélag á Austfjörðum setti oddvita sinn af þar sem hann þótti of mikill talsmaður þess að hefta lausagöngu búfjár. Í Ölfushreppi lýstu hins vegar 70 íbúar búandi á lögbýlum í hreppnum vilja sínum með undirskriftalista sem sendur var hreppsnefndinni þar sl. vor. Þeir töldu brýnt að auknar skorður verði settar við lausagöngu sauðfjár í hreppnum og lýsa þar þeim vilja sínum, með leyfi forseta: „að mál þróuðust í þá átt hér á suðvesturhorni landsins að búfjáreigendur yrðu ábyrgir fyrir því að girða af sitt búfé." Jafnframt kom fram það álit að til að farsæl lausn fáist í málinu sé nauðsynlegt að hafa samráð við alla þá er málið varðar.

Það sjónarmið hefur verið sett fram varðandi bann við lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs að þar hafi búskaparhættir breyst svo mjög að ekki sé þörf afskipta af þessum málum. Þar hafi orðið mikil fækkun sauðfjár og jafnvel að framkvæmd búvörusamnings geri það að verkum að smám saman verði slík fækkun að ekki sé aðgerða þörf. Jafnvel er því sjónarmiði hreyft að vegna hins mikla niðurskurðar á svæðinu skapi slík tillaga glundroða og sé árás á Landnám Ingólfs og til þess fallin að skapa ótta hjá þeim fáu ábúendum sem eftir eru. Sú tillaga sem hér er til umræðu tekur að fullu tilliti til þessara sjónarmiða. Þar er lagt til að unnin verði áætlun í samvinnu við sveitarfélögin og sú áætlun verði lögð fyrir Alþingi er fallist á það sjónarmið að ekki sé æskilegt að setja lagaboð beint ofan frá um þetta efni.

Sveitarfélögin fengu með lögum um búfjárhald, sem sett voru á sl. vori, heimild til að koma í veg fyrir ágang búfjár og að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Með samvinnu við sveitarfélögin er jafnframt tryggt að tekið sé tillit til sjónarmiða ábúenda á svæðinu. Það liggur líka í hlutarins eðli að inn í áætlun sem þessa komi kostnaðaraðgerðir og hlutdeild ríkisins í þeim. Það væru ný vinnubrögð og samábyrgð Alþingis að slík áætlun væri lögð fyrir þingið. Þar með kemur fram vilji stjórnvalda til að viðhalda búskap á svæðinu til þess m.a. að tengja þéttbýli og dreifbýli. Það er mikilvægt fyrir íbúana en verður að vera í ákveðnum böndum. Ábyrgð búfjáreigenda hér á landi er minni en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum og hin síð-

ari ár hefur orðið vart vaxandi spennu milli almennings og bænda vegna lausagöngu búfjár, ekki síst vegna umferðarmála.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið eru aðstæður afar misjafnar í Landnámi Ingólfs. Við höfum Reykjanesið með sinn viðkvæma gróður, Kjalarnes og Kjós þar sem gróðurskilyrði eru yfirleitt góð og Þingvallasveit þar sem aðstæður eru enn aðrar. Það er sjálfsagt að taka tillit til þessa en það er líka orðið löngu tímabært að tengja betur saman ábyrgð og réttinn til landnotkunar.

Ég vil að lokum taka undir þau orð að flóra, fána og fólk eigi saman í nánu sambýli þar sem full tillitssemi ríkir.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að máli þessu verði vísað til umhvn.

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er lögð fram till. til þál. um friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár. Í greinargerð með tillögunni er m.a. vitnað í ráðstefnu haldna á vegum Landverndar árið 1984 um landnýtingu og landnotkun á svæðinu.

Vissulega er ömurlegt að horfa upp á alla þá gróðureyðingu sem er um allt land, og sérstaklega á þessu belti sem gengur þvert yfir landið, þessu virka eldgosabelti þar sem jarðvegur er að miklu leyti gjóska og gróður er víða mjög rýr. Þetta á sérstaklega við á svæði Landnáms Ingólfs. Það er líka nöturleg tilfinning að vakna upp að morgni og sjá að nýgróðursettar trjáplöntur hafa verið hressilega stýfðar af fé sem á einhvern hátt hefur komist inn fyrir hinn girta reit. Á svæði því sem hér er nefnt Landnám Ingólfs og á búa tveir þriðju hlutar þjóðarinnar hefur búskapur verið allnokkur alveg fram á þennan dag en hann er óðum að breytast.

Þarna eru margar andstæður og eflaust eru á engu svæði landsins þvílíkar andstæður milli þéttbýlis og dreifbýlis eins og kemur fram í þeim árekstrum sem títt hafa orðið þarna. Og vissulega er það alveg rétt að þetta svæði þarf meðhöndlunar við. Það þarf að græða upp þetta land og það þarf að koma böndum á búfjárhald á þessu svæði. Það er hins vegar dálítið dapurlegt að það þurfi að koma til kasta hv. Alþingis að koma einhverjum böndum á þetta. Að þetta mál hafi ekki verið afgreitt fyrir löngu síðan og unnið í samvinnu við bændur og þeirra samtök. En þannig er að með breyttum búskaparháttum hefur orðið gífurleg fækkun á þessu svæði í sauðfjárhaldi. Og þegar þessi umrædda ráðstefna var haldin árið 1984 voru aðstæðurnar allt aðrar en þær eru í dag.

Á sl. þremur til fimm árum hefur landbúnaðurinn breyst mjög mikið, landbúnaðarframleiðslan enn fremur og við hljótum að þurfa að taka mið af því en ekki hvernig aðstæðurnar voru fyrir enn fleiri árum. Á þessu svæði hefur sauðfé fækkað gífurlega en það má ekki gleyma því að hrossum hefur fjölgað og það eru gjarnan hross þéttbýlisbúans.

Það verður líka að hafa í huga hvað er lausaganga og það er kannski orð sem hefur verið misnotað dálítið að undanförnu. Það er sem sagt lausaganga þegar fé gengur sjálfala utan girðingar. En hitt er svo annað mál að á þessu svæði er mikið af jörðum þar sem ekki er hægt að tala um lausagöngu en þær jarðir eru svo illa farnar að þar má segja að það séu jarðníðingar sem standa að verki og það er kannski það sem líka þarf að skoða. Við getum nefnt dæmi, bæði í Mosfellssveit og víðar, í Ölfusinu, þar eru menn sem kunna ekki að umgangast landið og þar er ekki verið að tala um lausagöngu. En samt sem áður þarf að meðhöndla það svæði.

Það má líka taka dæmi eins og Ölfusforir. Þar er mikil hrossabeit og það er líka spurning hvaða áhrif hrossabeitin hefur á fuglalíf og þann votlendisgróður sem þar er. Þar held ég að þurfi líka að koma bændum á þannig að það er ekki hægt að tala um þetta sem sauðfé eingöngu sem þurfi að koma í hólf og banna lausagöngu. Ég held að þetta orð, lausaganga, eigi ekki rétt á sér í dag. Ég held að það þurfi að skilgreina þetta á annan hátt.

Hins vegar er á þessu svæði er, eins og fram kom hjá hv. 1. flm. tillögunnar, aldur og fjöldi ábúenda jarða er mjög mismunandi. Þetta er mikið af eldra fólki sem hefur búið þarna alla sína tíð og ef við tökum t.d. svæði eins og Þingvallahrepp og Grafning, sérstaklega kannski Grafninginn, þá eru örfá býli þar sem eina atvinna fólksins er sauðfjárbúskapur. Þrátt fyrir öll umsvif Reykjavíkurborgar þar sem hafa verið settir milljarðar í Nesjavallavirkjun og störf þar, þá hefur það ekki skapað atvinnu fyrir það fólk sem þarna býr í sveitinni og það má segja að bæði Grafningur og Þingvallahreppur séu meðal afskekktustu sveita á þessu svæði og fátt um aðra atvinnu en búskap í þessum tveimur hreppum. Hins vegar má ekki gleyma því að ferðamannastraumur er mikill þrjá, fjóra mánuði á ári og það kann vel að vera að þarna væri eitthvað hægt að örva atvinnu þessa fólks en eins og málið er núna þá er ekki um neina aðra atvinnu að ræða og það er ekki hægt að afgreiða þetta mál þannig að bændur geti bara farið að afgreiða í sjoppu á sumrin.

Auk þess er búseta í þessum hreppum ákaflega mikilvæg vegna þess að það er öryggisatriði að þarna sé búið. Ég held að það sé mjög varasamt að fara í aðgerðir nema í fullu samráði við bændur. Annað sem er sérstaða í Grafningi og Þingvallahreppi er það að afréttur og heimalönd liggja saman. Það eru ekki nein afmörkuð skil þarna á milli og vissulega er það góð þróun að þarna er verið að rækta upp og styrkja heimalöndin til þess að létta á afréttunum.

Þarna erum við líka með vandamál þar sem eru vegirnir. Þegar talað er um að um 400 þús. manns komi árlega á Þingvelli þá gefur það auga leið að þetta eru gífurlega fjölfarnar leiðir og það þarf að gera ráðstafanir til að losna við búfé þarna úr vegköntunum. Hins vegar er á svo til öllu því svæði sem rætt er um í tillögunni verið að vinna að svæðisskipulagi. Og svæðisskipulag er í raun og veru samkvæmt skipulagslögum, samkvæmt skipulagsreglugerð er markmiðið að móta samræmda heildarstefnu um þróun byggðar á

svæðinu og stuðla að hagkvæmri þróun og það á að sýna í einstökum atriðum stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkun innan svæðisins. Þetta er mjög öflugt stjórntæki. Að vísu er það stutt á veg komið í okkar skipulagsvinnu hér á landi og fá svæði hafa enn verið tekin til svæðisskipulags. En þarna er sem sagt verið að vinna ákveðið verk og þetta hlýtur að koma inn í þá vinnu vegna þess að þessi landbúnaður er ekkert annað en ákveðin tegund af landnotkun. Og það má ekki aðskilja þetta. Þetta þarf að vinna í samvinnu við bændur, sveitarstjórnirnar, og í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

Það er mjög brýnt að gera áætlun um uppgræðslu á þessu svæði og ég sakna þess að Landgræðsla ríkisins hafi ekki nú þegar gert það. Ég tel hins vegar að þarna þurfi að koma fyrir beitarhólfum. Það þarf að endurskoða girðingar þarna, en ég tel vafasamt að einstök landsvæði séu tekin til sérstakrar meðferðar af hv. Alþingi. Það þarf að líta á landið sem eina heild og ég bendi á þá vinnu sem er í gangi hjá nefnd sem landbrh. skipaði í september sl. Ég efast um það að við eigum að taka svona eitt einstakt svæði til meðferðar.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru gagnmerkar umræður sem hér fara fram. En eftir að hafa hlustað á ræðu hv. 14. þm. Reykv. geri ég mér ekki grein fyrir því hvort þingmaðurinn er með eða á móti þessari tillögu sem hér liggur fyrir og mér þætti vænt um að sú afstaða kæmi skýrt fram.

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessi tillaga fái þá meðferð að henni verði vísað frá vegna þess að það þarf að taka á málinu fyrir allt landið í heild. Ég tel ekki rétt að taka einstakt svæði út.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur sá sögulegi atburður gerst að þingmaður Alþb. leggur til að vísað verði frá tillögu sem fyrrum formaður Alþb., hv. þm. Svavar Gestsson, leggur fram. Ég hygg að þetta sé einsdæmi í sögu þingsins (**Gripið fram í:** Nei, nei.) og er alveg með ólíkindum.

Kristinn H. Gunnarsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það getur nú vafist fyrir óþingreyndum mönnum hvernig eðlilegt sé að leggja til meðferð mála og ég hygg að hv. 17. þm. Reykv. eigi ekki að ganga langt fram í því að nýta sér þekkingarleysi varaþingmanna á þessu sviði. Auðvitað átti þingmaðurinn við það að málið yrði að skoðast í heild og afgreiðslan að miðast við það.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu tillaga frá nokkrum hv. þm. og er 1. flm. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Tillagan er um friðun „Landáms Ingólfs" fyrir lausagöngu búfjár. Ég er einn af meðflm. tillögunnar og styð hana því að sjálfsögðu, en mig langar til þess að segja hér nokkur orð í upphafi umræðu um þetta mál.

Ég geri mér grein fyrir því að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða sem snertir vissulega lífsafkomu fólks og í þessu tilfelli bænda þó svo að hér sé ekki verið að tala um það að banna búfjárhald, heldur að banna lausagöngu. En þar sem hér er ekki verið að tala um valdboð frá Alþingi heldur verið að leggja til samstarf eða samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem eigi að hafa það að markmiði að koma í veg fyrir lausagöngu, þá finnst mér málið vera miklu betra. Ég sem sagt legg áherslu á að þarna verði um samvinnu að ræða enda hefur það komið fram í máli hv. flm. að það er einmitt það sem hún er að tala um líka.

Einnig þarf að vera samvinna og samstarf hvað snertir kostnað því að það gefur auga leið að það að viðkomandi bændur þurfi að færa sitt sauðfé inn í beitarhólf eða girðingar kostar peninga.

Mér er kunnugt um það að hér er ekki um mörg stórbýli að ræða heldur miklu frekar um smærri bú og þeim hefur verið að fækka þannig að e.t.v. má segja sem svo að eftir einhvern ákveðinn tíma séu líkur á því að búfjárhald á þessu svæði verði orðið miklu minna. Ég er ekki að segja að það leggist af en alla vega er þróunin í þá átt.

Ég vil taka undir það sem kom fram hér í máli flm. að svæðin eru misjafnlega illa á sig komin þannig að það þarf kannski að athuga það í nefnd hvort ástæða er til þess að einskorða sig við Landnám Ingólfs eða hvort eitthvert annað svæði öðruvísi afmarkað er álitlegra í þessu efni, en mín skoðun er sú að einhvers staðar sé rétt að byrja á þessu verkefni. Ég lít svo á að þetta svæði sé tiltölulega einfalt að afmarka, og sennilega er það þess vegna sem það hefur verið tekið út úr og svo ekki síst sú ástæða að hér á þessum landshluta, á þessu svæði býr stærstur hluti þjóðarinnar.

Ég veit ekki hvort það er alveg sanngjarnt að halda fram því sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. að gróðureyðing sé um allt land. Ég veit ekki alveg hvernig hún skilgreinir allt land, hvort það eru allir landshlutar eða öll kjördæmi en væntanlega ekki allir hreppar. Nú vitum við það að málið er mjög mismunandi alvarlegt eftir því hvar litið er á landið. Það er kannski allra alvarlegast í mínu kjördæmi, Norðurl. e. Við hljótum öll að hafa af því áhyggjur hvernig ástandið er í sambandi við okkar land, við erum að tapa því og það er nokkuð sem við getum ekki horft á án þess að reyna að grípa til aðgerða og vissulega hefur verið gripið til aðgerða og vissulega er langt frá því að hér sé sauðkindinni einni um að kenna eins og kom fram í máli þeirra tveggja ræðumanna sem hér hafa talað.

Ég vil taka undir það með hv. 14. þm. Reykv. að hrossin eru líka stórt vandamál en eru vinsælli skepna alla vega hjá borgarbúum heldur en sauðkindin. Þess vegna finnst okkur sveitafólkinu stundum að borgarbúar séu svolítið ósanngjarnir gagnvart sauðkindinni þegar litið er á þær skemmdir sem hrossin valda.

Ég er einn af flm. þessarar tillögu og styð hana en hún verður eflaust skoðuð í nefnd eins og öll önnur mál og ekki þar með sagt að tillgr. sem slík geti ekki

litið einhvern veginn öðruvísi út þegar hún kemur þaðan, en ég þakka hv. flm. fyrir að hafa frumkvæði í málinu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er enn á ný komin margfræg tillaga sem flutt hefur verið á allmörgum þingum um bann við lausagöngu búfjár í „Landnámi Ingólfs" og er tilraun til þess að skipta þjóðinni í hópa og setja sérstök lög sem ná til einhvers hluta þjóðarinnar og öðruvísi lög sem ná til annarra. Ég tel að þessi þáltill. sé ekki tímabær og tek undir með hv. þm. Auði Sveinsdóttur, sem hér talaði, að þarna þurfi menn að hafa víðari sjóndeildarhring. Ég held að það sé mjög mikilvægt, eins og hún kom hér að í máli sínu, að skilgreina orðið „lausaganga". Ég held að þeim sem hér hafa talað sé ekki ljóst hvað í því orði er fólgið og þetta mál þurfi þá að ræða í heild sinni hvað landið varðar.

Ég geri mér grein fyrir því að það er ýmislegt sem þarf að taka á hvað það varðar. Ég er t.d. talsmaður þess að það sé farið að girðingarlögum, það eru mjög ströng girðingarlög í landinu og sjálfsagður hlutur hjá fólki að gera kröfu um að farið sé að girðingarlögum og búfjáreigendur hafi búfénað sinn innan sinna landamerkja. Og stærstur hluti þeirra reynir slíkt og stendur sig vel í því. En það er misjafn sauður í mörgu fé. Menn fara misjafnt að hvað þetta varðar og þeir sem ekki standa sig í þessu setja oft blett á heila stétt þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt að taka á þessu.

Hins vegar vara ég við því ef lifandi atvinnulíf má hvergi lifa í snertingu við fólkið sem í þéttbýlinu býr. Það er stórhættulegt. Ég legg áherslu á að þettbýlisbúinn og sveitamaðurinn lifi í friði saman og taki saman á. Og ég held að það sé vaxandi vilji fyrir því að virða störf bændanna og átta sig á því að þeir eru mestu ræktunarmenn landsins og þeir eiga hagsmunina að verja að landið fjúki ekki, það sé skynsamlega nýtt o.s.frv. Það gladdi mig t.d. að sjá hér mikla bók sem lá á borðinu hjá mér þar sem fjallað er um landbúnað og umhverfi. Þar tala ráðherrarnir af fullri skynsemi í þessum málum. Hæstv. forsrh. hefur t.d. fyrirsögn á sinni grein: „Viðurværi mannkyns kemur frá bændum" og talar mikið um lykilhlutverk bænda í sambandi við gróðurvernd o.s.frv. Hæstv. landbrh. talar um bændur í aðalhlutverki í verndun landgæða. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að fleiri stjórnmálamenn átti sig á þessu lykilhlutverki og ég fagna því að margir þeir sem á síðustu árum hafa verið áhugamenn um landgræðslu eru einmitt að átta sig á mikilvægi þess að ná höndum saman við þessa sterku stétt sem á alla hagsmuni þess að landið fjúki ekki og eyðist. Þeir eiga tækin, þeir eiga vélarnar, þeir eiga viljann í mörgum tilfellum og leggja ærið fé frá sjálfum sér í varnir gegn gróðureyðingu.

Við skulum því í fullri sátt virða starf bændastéttarinnar og ná samvinnu við þá. Þessi þáltill. sem hér liggur frammi er ekki sáttatillaga í þessum efnum. Hún er fyrst og fremst tillaga sem miðar að því að reyna að koma í veg fyrir að menn hafi frið til þess að eiga sauðfé hér í heilum sveitum. Verður Þingvallasveitin skemmtilegri yfirferðar ef þar verður enginn bóndi lengur? (**ÖS:** Hún verður betri ef rollurnar verða í girðingum.) Sauðfé er auðvitað þar í girðingum á þeim landareignum sem bændurnir eiga, svo eiga þeir sína afrétt. En ég hygg að það sé hægt að ná miklu samstarfi við bændur. Við skulum átta okkur á því að það eru margar sveitir sem mundu eiga mjög erfitt ef svona einhliða væri unnið. Þess vegna legg ég, og auðvitað gerði flm. það einnig, áherslu á samvinnu. Það skal ég virða og meta þó ég fallist ekki á tillöguna.

Hún minntist hér á bréf og yfirlýsingar sem hefðu komið af svæðinu. Vitnaði þar í undirskriftasöfnun sem farið hefði fram og ég man ekki hvað hún sagði, 80–90 manns hefðu skrifað sig á lista, hlynntir auknum skorðum hvað það varðar að afnema lausagöngu.

Það gerðist í Ölfusinu í fyrravor að íbúar í sveitinni skoruðu á hreppsnefnd að ganga í þetta mál, að girðingarlögum væri framfylgt og menn héldu búpeningi sínum á jörðum sínum. Þarna voru menn líka að mótmæla því að það er búfé á þjóðvegunum þar eins og svo víða annars staðar, og voru í leiðinni að skora á ríkið að taka á sínum þætti. Ríkið á þjóðvegina og ber að verja þá fyrir búfé. Þjóðvegirnir hafa verið lagðir í gegnum heilu eignarlöndin og það er ekki von að einstaklingarnir ráði við og eigi að kosta það að halda þeim búfjárlausum. Þarna hlýtur ríkið að verða að koma inn í. Það sér hver heilvita maður að ef einhver kemur yfir lóðina hjá manni og leggur þar veg, tekur hluta af henni eignarnámi, þá verður hann auðvitað að bera ábyrgð á þeim vegi. Því miður hefur ríkið og Alþingi brugðist í því að verja fjármagni til girðingar í kringum vegi.

En ég vil segja það hér hvað þetta bréf varðar sem barst í hólf þingmanna og fylgdi þá stríðsyfirlýsingu þriggja manna úr sömu sveit, að þá harma viðkomandi 80–90 einstaklingar að þannig skyldi farið með þeirra nöfn. Þau voru misnotuð. Ég er hér með sérstaka yfirlýsingu sem mér vinnst líklega ekki tími til, hæstv. forseti, að flytja í minni ræðu. Ég verð að tala aftur síðar. Eða er það ekki leyfilegt að tala tvisvar í umræðunni?

Af því að hv. flm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði til að málinu yrði vísað til umhvn. vil ég segja að ég hefði talið mjög eðlilegt að málinu væri vísað til landbn. Þetta er landbúnaðarmál. Landgræðslan og landnýtingin heyrir undir landbrn. og þess vegna er þetta mál í mínum huga landbúnaðarmál og á að fara til umfjöllunar til hv. landbn. þingsins. Getur ekki hæstv. forseti tekið undir það? (**Forseti:** Forseti mun svara því síðar.)

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um þá tillögu sem hér liggur frammi. Ég ætla í upphafi að nefna það að umræðan um gróðurvernd og umhverfismál hefur að mínu mati tekið mjög jákvæðum breytingum nú á síðustu mánuðum. Það kom mjög vel í ljós á ráðstefnu sem haldin var á Húsavík um síðustu helgi

af áhugasamtökum þar, Húsgulli. Þar kom það mjög skýrt fram og umræðan og umfjöllunin er að mínu mati komin á það stig að það er fullur grundvöllur til þess að allir aðilar málsins, bændurnir sem nytja landið, áhugafólkið um gróðurvernd og stjórnvöld, geti tekið höndum saman og unnið að sameiginlegu markmiði, að bæta gróðurfar í landinu og forða því frá frekara tjóni.

Það hefur ekki alltaf verið á þennan veg og ég hafði af því verulegar áhyggjur þegar umræðan fyrir nokkrum árum var þannig að menn ræddu út frá þeim forsendum að það að forða landinu frá sauðfjárbeit væri lausnarorðið og það sem gæti læknað öll mein í þessu. Ég hafði af þessu áhyggjur vegna þess að þeir sem þannig töluðu á þeim tíma hefðu væntanlega staðið uppi rökþrota og í ráðleysi ef síðasta sauðkindin hefði verið fallin en landið haldið áfram að blása upp. Það er mjög ánægjulegt að menn skuli vera farnir að líta á málið í víðara samhengi.

Ég vil í þessu sambandi benda á það að á rúmum áratug hefur sauðfé í landinu fækkað um tæplega helming, frá því að vera þegar flest var 1978 eða 1979 yfir 900.000 niður fyrir 500.000 í dag. Þannig að sauðfjáreign landsmanna þarf ekki að standa í vegi fyrir því að menn nái víðtækri samstöðu um gróðurvernd og endurheimt gróðurlands. Ég get hins vegar tekið undir þau sjónarmið að beitarmálin megi skipuleggja betur en gert er í dag og eins og fram kom í ræðu hv. 14. þm. Reykv. hér áðan er unnið að því af fullum krafti á vegum landbrn. í fullu samstarfi við bændur og önnur hagsmunasamtök að svo megi verða.

Ég vil einnig benda á það að á þessum málum hefur víða verið tekið. Ég get upplýst það hér að í minni heimasveit, Eyjafjarðarsveit, sem í dag er langfjölmennasti sveitahreppur landsins, er lausaganga búfjár á stofnbrautum og þjóðvegum bönnuð. Það var ekki gert vegna þrýstings utan frá, það var gert af heimamönnum einfaldlega vegna þess að menn sáu þörfina til þess. Í því sambandi, til þess að undirstrika það að bann við lausagöngu búfjár getur verið af margvíslegum orsökum, þá er það ekki svo að þar væri um að ræða gróðureyðingu. Þetta er nú því betur ein af fáum sveitum landsins þar sem menn þurfa ekki að glíma við þann vágest. Ástæðan var einfaldlega sú að menn töldu það ekki fara saman með svo þéttri byggð sem þar er. Þannig geta ástæðurnar fyrir þessu verið margvíslegar.

En ég vil ítreka það sem ég var að reyna að segja í upphafi ræðu minnar að til þess að ná þarna árangri þarf samvinnu allra aðila. Þetta kom m.a. mjög skýrt fram í ræðu dr. Björns Sigurbjörnssonar, eins af framkvæmdastjórum FAO, á Húsavíkurráðstefnunni þar sem hann sagði: Menn mega ekki líta á bændurna sem vandamál, það verður að líta á þá sem lykilinn að lausninni. Öðruvísi náum við ekki árangri.

Að lokum, virðulegi forseti, örfá orð um ábendingu hv. 5. þm. Suðurl. um hvert vísa ætti málinu. Ég get ég tekið undir með honum að samkvæmt þeirri stjórnskipun sem er í gangi í landinu í dag væri e.t.v. eðlilegra að málið færi til landbn. Ég vil hins vegar ekki gera neitt stórt mál úr þessu þar sem ég vil ekki vekja upp þær deilur sem hafa verið eilítið í láginni núna um það hvar gróðurverndarmálin, landgræðslan, eigi að vera vistuð í stjórnkerfinu. Það er mjög viðkvæmt mál. Ég get fallist á að ef við lítum til lengri tíma þá eigi í það minnsta eftirlitsþátturinn varðandi gróðurvernd og uppgræðslu að vera hjá umhvrn. en menn eiga að fara sér hægt þar, einfaldlega vegna þess að það hefur myndast gott samband á milli Landgræðslunnar sem er undir landbrn. og bændanna í landinu. Þetta er mjög viðkvæmt samband og allar snöggar breytingar á þessu stigi gætu orðið til þess að raska því sem þó hefur náðst.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég efa að sjálfsögðu ekki áhuga hv. 1. flm. á því að koma gróðri til betra ráðs hér í hennar kjördæmi, né áhuga annarra flm. Ég tek vissulega undir það að hér eru mikil verkefni. Þetta tek ég alveg skýrlega fram áður en ég hef mína frásögn um skoðun mína á þessari tillögu. En m.a. af þessum ástæðum finnst mér ekki þessi tillaga vera neitt sérstaklega rismikil.

Þannig vill nú til að Alþingi Íslendinga hefur markað stefnu í landgræðslu- og gróðurverndarmálum sem auðvitað nær til Landnáms Ingólfs eins og annarra hluta Íslands. Í þessari ályktun sem var afgreidd með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi var jafnframt ákveðið að í þessum efnum skyldi hafa náðst umtalsverður árangur um næstu aldamót. Ég held að sú ákvörðun sem tekin var af Alþingi og sú umræða sem hefur af því hlotist hafi átt góðan þátt í því að breyta umhverfinu í umræðunni um landgræðslu- og beitarmálefni á Íslandi. Í framhaldi af þessari ályktun var reyndar tekin önnur ákvörðun um að sérstök úttekt yrði gerð á gróðurfari landsins og jarðvegi og Landnám Ingólfs var ekki undanskilið í þeirri tillögu. Eftir báðum þessum ályktunum Alþingis er farið að vinna og auðvitað að afar stórum hluta sameiginlega.

Þannig hafa núna verið fengin myndbönd þar sem gervihnettir hafa skráð upplýsingar um jarðveg og um gróður, um það hvernig landið okkar lítur út. Það eru þegar farnar að sjást niðurstöður úr einstökum byggðarlögum, einstökum sveitarfélögum, sem segja með afar mikilli nákvæmni hvernig ástandið er í þessum efnum og hvernig við getum hagnýtt okkur þessa tækni til þess að taka ákvarðanir um það hvernig við berum okkur að í landgræðslustarfinu.

Það er alveg augljóst mál að til eru þau lönd hér á Íslandi sem ekki þola sauðfjárbeit. Það eru til önnur lönd sem trúlega væri ávinningur að að friða og svo eru að sjálfsögðu til lönd, og það er nú stærsta málið, sem er grundvallaratriði að haga nýtingu með þeim hætti að ekki spilli ástandi gróðurs. Það er þess vegna fjarri því að þessi þáttur, nýtingarþátturinn, taki ekki til hinna almennu viðhorfa í landgræðslu og gróðurvernd, að ætla sér það að ná fram einhverjum sérstökum árangri á einhverjum tilteknum stað með því einu að banna sauðfjárhald, sem er jafnvel hagsmunamál hér í Landnámi Ingólfs. Einhvers staðar hefur heyrst minnst á það að hér væri til vandamál sem væri kennt við það

að fólk hefði ekki atvinnu, væri atvinnulaust og það eitt út af fyrir sig er fullkomin ástæða til þess að líta á slíka hagsmuni og slíka þörf, meira að segja líka á þessu svæði.

Ég verð þess vegna að segja að þessi tillaga ber ekki vott um mikla hugkvæmni í þessum málum. Það er hárrétt sem kemur fram í greinargerð með till. að hana hefur borið oftar að garði hér á þessum bæ. Ég held nefnilega að ferðalag hennar inn á Alþingi núna sé til komið vegna þess að hún hefur áður átt hér leið um.

Ég sagði frá því hér áðan að í þessum efnum væru breyttir tímar og það er m.a. vegna þess að þau einstrengingslegu sjónarmið sem fram koma í þessari till. hafa ekki sama hljómgrunn og áður hefur verið. Og margt það fólk, sem er einlægt landgræðslu- og gróðurverndarfólk og hefur miklu hlutverki að gegna í þeim efnum, kærir sig ekki um að vinna með þessum hætti, (Forseti hringir.) ekki með þessum boðum og ekki með þessum bönnum, heldur með samkomulagi. Ég er þess vegna alveg sannfærður um það að ef þessi tillaga hefði ekki átt þennan bakgrunn, þá hefði hún ekki gengið fram hér á Alþingi með þeim hætti sem hér er upp sett. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu.

Hér hefur komið fram ágreiningur um það milli manna hvert bæri að vísa þessari till. Persónulega, af því að ég er formaður landbn. Alþingis, ef ég ætti bara að hugsa um mína persónulegu afstöðu, þá gæti ég alveg eins kosið það að vera laus við að fjalla um hana. Ef það kæmi hins vegar í hlut þeirrar nefndar sem ég stjórna, þá mundi áreiðanlega fara fram um hana umræða og afgreiðsla, e.t.v. afgreiðsla, ekki ætla ég að fara að lýsa því yfir, sem tæki til þeirra heildarsjónarmiða sem eru uppi í landgræðslu- og gróðurverndarmálum — (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. (**Forseti:** Þú ert kominn langt fram yfir tímann.) Já, ég hef nú ekki tafið fundahöld í vetur, virðulegi forseti, — sem væri við hæfi þess málefnis sem hér er um fjallað og sem gæti skilað árangri í þeim landbótastörfum sem þurfa að eiga sér stað í Landnámi Ingólfs eins og alls staðar annars staðar á Íslandi. Ef menn hins vegar kjósa það að hafa þennan gamla sperring í afgreiðslu þessarar till. og reyna að koma henni fram í þinginu án þess að virt séu eðlileg vinnubrögð og eðlileg skipting á afgreiðslu mála og umfjöllun mála í þinginu, þá er það út af fyrir sig mál sem ég er ekkert sérstaklega ósáttur við.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. hafa átta mínútur, aðrir en framsögumaður, þegar rætt er um þáltill.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála formanni mínum í landbn. um að við eigum ekki að fá þetta mál þangað til umfjöllunar. Mér finnst þetta mál tengjast að hluta til tillögu sem hér var til umræðu fyrr í vikunni og seinustu viku um vistvænan landbúnað og ég held að það gæti verið gagnlegt að fjalla um þetta í samhengi. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni hér í upphafi að þetta mál heyrir undir landbn.

Ég stíg hér í pontu til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við meginhugsun þessarar till. og ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í tillögunni stendur að Alþingi álykti að fela umhvrh. og landbrh. að vinna áætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem miði að því að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í „Landnámi Ingólfs". Ég undirstrika þetta, „í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög". Þar með er auðvitað átt við samvinnu við bændur og mér þætti ekkert óeðlilegt að bæta því við eða ítreka það að samvinna við bændur er auðvitað nauðsynleg í þessu máli til þess að árangur náist. Ég held að ég muni það rétt að núna séu um þúsund fjár á Reykjanesi. Ekki veit ég hversu margt fé er í Landnámi Ingólfs. Það kann að hafa komið fram hér fyrr í umræðunni. En staðreyndin er sú að þegar litið er yfir sögu þessa svæðis sem telst vera Landnám Ingólfs, og þá einkum og sér í lagi Reykjanesið, þá er sennilega enginn landshluti sem hefur farið eins illa á undanförnum öldum. Þar spila náttúruöflin auðvitað nokkuð inn í en ég held þó að maðurinn og starfsemi hans á þessu svæði eigi þar mestan hlut að máli. Samkvæmt fornum heimildum var Reykjanesið allt viði vaxið, eins og sagt er að landið allt hafi verið. Þar finnast miklar gróðurleifar sem sanna að vaxtarskilyrði eru með miklum ágætum, en það er mjög þekkt úr sögunni að menn sóttu sér eldsneyti í þá víði- eða birkiskóga sem voru til staðar og rifu smátt og smátt upp allan gróður jafnframt því sem blessuð sauðkindin á náttúrlega einhvern hlut að máli.

Til þess að græða upp þetta svæði þarf auðvitað mikið átak, ekki eingöngu það að reyna að koma sauðkindinni í hólf. Ég vil leggja áherslu á að ég tek undir þau sjónarmið að besta leiðin í þessu máli sé að koma kindunum í beitarhólf og hafa þær þar til þess að friða landið í kring. Ég veit að aðalvandamálið í þessu varðandi Landnám Ingólfs — Ingólfur var svo stórtækur að þetta var gífurlegt svæði sem hann lagði undir sig þó hann gæfi nú síðar hluta af því nánustu vinum og vandamönnum — er auðvitað Ölfusið. Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki nægilega vel til þessa svæðis til að vita hversu margt fé er þar eða hversu margir fjárbændur eru þar. Ég vildi gjarnan að hv. 5. þm. Suðurl. sem ég veit að kemur hér í pontu aftur upplýsti okkur um það ef hann gæti. Hann gæti kannski gert það í andsvari ef hann vill spara tíma sinn því að það er auðvitað mjög mikilvægt í þessu máli að þekkja allar staðreyndir, hvaða hagsmunir eru hér á ferð, hverju er verið að breyta með þessu.

En auðvitað er mergurinn málsins sá að þetta svæði þarf að græða upp. Það hefur mikla vaxtarmöguleika. Ég held að Reykjanesið eigi líka mikla möguleika í ferðaþjónustu og þar þarf auðvitað ákveðin friðun að koma til. Á þessu svæði hefur verið mikið um svokallaða sportbændur, þ.e. bændur sem hafa nokkrar kindur sér til skemmtunar. Þeir hafa engan fullvirðisrétt og eru því með þetta fé algjörlega á sína ábyrgð. Ég þekki dæmi þess að þeir borga meira með sínum kindum heldur en þeir fá vegna sláturkostnaðar og hafa

reyndar staðið þar í nokkru stríði, hafa verið að stelast í heimaslátrun og fleira slíkt. Það er nú kannski annað mál.

En ég ítreka að ég styð meginhugsunina í þessu frv. og ég veit að það er margt fólk sem ber það mjög fyrir brjósti að þetta svæði verði friðað fyrst og fremst vegna þess hvað það er óskaplega illa á sig komið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég var þar kominn í máli mínu áðan að ég var að ræða um yfirlýsingu sem barst frá mönnum úr Ölfusi og verður hér sett í þinghólf manna að þeirra beiðni vegna þess sem framsögumaður minntist hér á að 80–90 manns hefðu skrifað undir áskorun um að taka á ákveðnu vandamáli kringum lausagöngu búfjár og sneri að girðingum og vegum í hreppnum. En því miður, þrír einstaklingar úr sömu sveit létu að því liggja að þetta væru stuðningsaðilar þessarar þáltill. og skrifuðu enn fremur undir ég vil segja grófa áætlun sem þeir einstaklingar hafa sent frá sér þar sem ráðist skal að hagsmunum sauðfjárbænda um allt land. En yfirlýsingin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nokkrir aðilar úr Ölfushreppi, sem kalla sig búnaðardeild undirbúningsnefndar, að nafni Jón H. Hannesson, Rafn Haraldsson og Guðmundur Birgisson sendu yður erindi um að lausaganga búfjár verði bönnuð í Landnámi Ingólfs o.s.frv.

Með erindi þeirra fylgdu afrit af undirskriftalistum sem fyrir tæpu ári voru sendir til hreppsnefndar Ölfushrepps um auknar skorður við lausagöngu búfjár í hreppnum.

Við undirritaðir viljum lýsa furðu okkar á slíkum gjörningi og teljum nefnda aðila í engum rétti til að nota þessar undirskriftir til að árétta sitt mál. Við höfum farið fram á það við þá að þeir sendi yður afsökun á að hafa brotið svo gróflega trúnað við það fólk sem ritaði nöfn sín á téðan lista en án árangurs.

Með vinsemd og virðingu, Ragnar Böðvarsson, Svava Gunnarsdóttir, Ólafur T. Ólafsson."

Svo mörg voru þau orð. Um þessa þáltill. var fjallað í héraðsblaðinu Þjóðólfi á dögunum og þar kemur fram umfjöllun um hana. Menn gagnrýna í sjálfu sér mest greinargerðina með tillögunni, kannski miklu meira en tillögugerðina, og tel ég hana mjög villandi. En ef ég, með leyfi forseta, grípur hér ofan í viðtöl við tvo menn sem rætt er við um þetta mál, þá segir m.a. Hrafnkell Karlsson, sem er bóndi á svæðinu:

„Okkur finnst hallað réttu máli í greinargerðinni. Það er talað um að landið sé ofbeitt en þetta er langt undir reiknuðu beitarþoli RALA og fækkunin hefur orðið gífurleg á þessu svæði. Á síðstu 20 árum hefur fé farið úr 37 þús. niður í 14 þús." — Sem sé, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, það eru 14 þús. fjár á þessu svæði. Og hefur fækkað úr 37 þús. þannig að við sjáum að enn hefur stór hópur manna lífsviðurværi sitt af því að stunda búfjárrækt með sauðfé.

Í greininni segir segir enn fremur: „Hann [þ.e. Hrafnkell] taldi að önnur sjónarmið lægju að baki þessari tillögu en hvort sé ofbeitt eða ekki: „Sauðkindin er af sumum talin sjónmengun í umhverfi landsins"."

Auðvitað er þetta rétt hjá Hrafnkatli að það hefur verið aukið á þann áróður með fjölmiðlum og fleiru. Það er ljótt að sjá sauðkind í rofabarði og það er reynt mjög að ýta undir það að hún sé völd að öllum þeim uppblæstri og þeim vandræðum sem við eigum við að etja hvað fjúkandi land varðar en auðvitað eru það margir, margir fleiri þættir sem þar koma inn í og vega miklu þyngra.

Ég ætla að vitna í viðtal sem þarna er einnig við Ólaf Dýrmundsson, landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Með leyfi forseta, segir svo:

„Ólafur ...taldi að nú þegar væri búið að friða mjög mikið af Landnámi Ingólfs og þá sérstaklega það verst farna. Sandarnir allir hjá Þorlákshöfn og Selvogi eru friðaðir og á Reykjanesi voru friðuð svæði fyrir mörgum tugum ára, á höfuðborgarsvæðinu væri búið að friða stórt svæði og nú er búið að friða öll þéttbýlissvæðin. „Að vísu er mjög viðkvæmt svæði ekki búið að friða í Krýsuvík en það eru uppi áform um það. Svo er stundum líka talað um Hengilssvæðið en það er búið að friða það að hluta, þ.e. svæði Reykjavíkurborgar. Svo og Herdísarvík í Selvogi og ýmis smærri svæði og skógarreitir."

Ólafur taldi fólk ekki fá rétta mynd af stöðunni þegar hann læsi þáltill. og greinargerðina. Samkvæmt henni ætti að skipa nefnd á vegum umhvrn. og landbrn. í samráði við sveitarfélög til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í „Landnámi Ingólfs". „En málið er það að nefnd er starfandi núna sem skipuð var í september og er að taka fyrir lausagöngu búfjár um allt land, þar með talið Landnám Ingólfs," sagði Ólafur. Þess vegna væri þessi tillaga óþörf og meingölluð og að auki væri fullsterkt að taka svo til orða að jarðvegs- og gróðureyðing væri „geigvænleg". Nefnd þessi væri að vinna í þessu á vegum landbrn. og umhvrn. og hún tæki ekki aðeins tillit til gróðurverndarsvæða heldur líka vega og alls landsins. Í þessari nefnd eru fulltrúar Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, Samtaka ísl. sveitarfélaga, Vegagerðar ríkisins, landbrn. og umhvrn."

Eigum við nú ekki, hv. alþm., að hinkra við og sjá hverjar tillögur þessarar nefndar verða, hvort hún skilar af sér tillögum sem næst kannski þjóðarsátt um milli bændanna, milli áhugamanna um gróðurrækt, milli þéttbýlisins og milli fagmannanna á sviði gróðurverndar? Ég held að það sé mjög mikilvægt. Að auki gæti það vel verið réttlætanlegt miðað við ýmis ný viðhorf bæði hjá tæknifólki á þessu sviði, hjá bændunum og fleirum eins og hér hefur verið rakið, að Alþingi sjálft skipaði milliþinganefnd skipaða þingmönnum allra flokka til þess að skoða þessi mál einnig. Ég get vel fallist á að það væri ekki óeðlilegt. Ég vil ekki ræða þetta öllu meira hér, en ég legg áherslu á að þetta mál snertir lífsafkomu fólks sem á það undir að mega halda áfram sinni búfjárrækt á sínu eignarlandi, sá réttur verði ekki tekinn af því og þar með heilu sveitirnar lagðar í eyði, ekki bara í Árnessýslu heldur líka í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það eru ýmsir sem hér lifa á þessari atvinnugrein.

En mín lokaorð eru þessi: Ég ítreka það að ríkið

þarf að standa sig í að girða þjóðvegina af. Þar hefur skort fé og það er mjög mikilvægt að þeir séu girtir af og sú hætta sem stafar af búfé hverfi. Þetta ber ríkinu að gera. Um það hljóta allir að vera sammála þegar þeir skoða málið. (Forseti hringir.) Eins legg ég áherslu á að sá réttur verði ekki tekinn af bændum þessa lands að nýta sín heimalönd og nýta sínar auðlindir sem liggja í afréttunum því að vissulega er það svo að hóflega nýtt land er besta landið og það er í minnstri hættu gagnvart gróðureyðingu.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum minna á það t.d. hvað Vestmanneyjar varðar að þar hafa menn komið sér upp sauðfjárstofni til þess að verja gróðurinn í úteyjunum. Ef þeir hefðu ekki sauðfé til þess að verja gróðurinn í úteyjunum, þá mundu þær verða berar klappir einar. Það er því hin skynsamlega nýting sem þarf að eiga ser stað, friður og sátt um málið meðal þjóðarinnar allrar. Á það legg ég áherslu og tel að nú séu aðstæður til þess að ná árangri í þeim efnum. Þess vegna eiga allir að leggja niður stríðshanskana.

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að koma aftur í ræðustól til þess að ítreka afstöðu mína í þessu máli. Þessi till. sem hér er lögð fram fellur í raun og veru alveg að þeim markmiðum sem nefnd sú, sem landbrh. setti á laggirnar sl. haust, er að vinna eftir og í þeirri nefnd eru fulltrúar umhvrn. og landbrn. ásamt fleira fólki.

Ég dreg ekkert úr því að gróðureyðing á þessu svæði er mikil og það þarf að grípa til aðgerða. Hins vegar held ég að í ljósi þess hvernig þær breytingar eru sem hafa átt sér stað á undanförnum þremur árum og jafnvel enn skemur í sambandi við viðhorf manna til að leysa þessi mál, og þá á ég ekki síst við viðhorfsbreytingu hjá bændastéttinni og einnig hjá landgræðslufólki, sé afar slæmt að koma með svona tillögu sem tekur aðeins yfir afmarkað svæði vegna þess að eins og fram hefur komið hér hvað eftir annað eru mjög breytt viðhorf í þessu máli. Og það er vilji til þess að taka á málinu í heild. Svæðið sem um er að ræða er ákaflega breytilegt. Sums staðar er gróður í framför, jafnvel á þessu illa farna Hengilssvæði er gróður í framför en hann er líka þar í afturför. Það er því ekki hægt að alhæfa um þetta. Þarna eru ákaflega mismunandi staðhættir. Og ég ítreka aftur að það er ástæða til að skoða hrossabeitina á þessu svæði.

Ég er ekki í neinum vafa um að það er hægt að leysa þessi mál og þá í sambandi við girðingar, með einhvers konar beitarhólfum, en það þarf að fara mjög nákvæmlega í þá vinnu og það er alveg ljóst að það þarf að koma til aðstoð við bændur til þess að framkvæma þetta.

Ég er sannfærð um það að á öllu landinu, ef tekin er hver sveit fyrir sig — það verður að gera þetta þannig, það þarf að skipuleggja þetta — þá eiga hólf sums staðar rétt á sér og sums staðar er hægt að slá saman svæðum sem er þá hægt að friða. Ég nefni t.d. þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á Fljótsdalshéraði, með því að skipuleggja það vel og fara yfir það allt saman hefur verið hægt að friða mjög stórt svæði og einfalda girðingarmálin og sú vinna er öll til hinnar mestu sæmdar.

En til þess að ítreka það sem ég hef sagt áður þá er ég ekki í neinum vafa um að orðið hefur hugarfarsbreyting í þessum efnum og það er ekki til bóta að leggja fram ályktun um eitt einstakt svæði. Við verðum að halda áfram að vinna að þessu í heild.

Að lokum, virðulegi forseti, fagna ég þeim áhuga sem hv. 17. þm. Reykv. virðist vera farinn að hafa á gróðurverndarmálum.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hefur orðið um þetta mál og ég þakka þær góðu undirtektir sem till. mín hefur fengið í ræðum margra þeirra sem hér hafa talað. Hins vegar verð ég að viðurkenna það að umræðan, eins og hún hefur farið fram núna, hefur opinberað, ég vil segja þann misskilning og þá togstreitu sem menn vilja kenna jafnvel svona tillöguflutningi en sem ríkir í viðhorfum þeirra sem vilja bregðast gegn allri áætlunargerð gegn lausagöngu. Þetta veldur mér miklum vonbrigðum vegna þess að ég hef rakið í þessari greinargerð hvernig aftur og aftur hefur verið komið að þessum málum, en það er rangt að tillaga sem þessi hafi áður komið fram um Landnám Ingólfs. Það hafa komið fram tillögur skyldar henni, sumar eins og ég hef rakið hér þar sem vísað er til landnámsins í greinargerð, en þetta er í raun í fyrsta sinn sem ályktun er flutt varðandi Landnám Ingólfs sérstaklega. Þetta vildi ég taka fram út af því hvernig umræðan fór hér fram áðan.

Hv. 3. þm. Austurl. spurði hvort við ætluðum að banna sauðfjárhald og vísaði til atvinnuleysis á svæðinu. Nokkuð hefur borið á að umræðan beri keim af því að það mætti halda að verið væri að leggja til að friða Landnám Ingólfs fyrir búfé. Það er algjör misskilningur og ég vil taka undir orð hv. 5. þm. Suðurl. um að um þessi mál ætti að ríkja friður og sátt og vinna ætti að fara þannig fram, það er nákvæmlega það sem ég vil að sé gert. Samvinna við sveitarfélög þýðir samvinna við bændur. Áætlanagerð í samvinnu við sveitarfélög milli ríkisvaldsins og bænda þýðir skoðun á framtíðaráformum bænda.

Vissulega tóku flestir undir að það væri jákvætt að vera með umræðu um landgræðslu. Ég hef það á tilfinningunni að nokkuð margir þeirra sem tóku til máls hafi alls ekki hlustað á framsögu mína, vegna þess að tekið var á mörgum þeim þáttum sem seinna var rætt um hér á allt annan hátt og þar sem mér voru gerð upp viðhorf sem ekki komu fram í framsöguræðu minni. Það er alveg ljóst að hér erum við ekki eingöngu, þó það sé veigamesti þátturinn, að tala um landgræðsluna, við erum líka að tala um sambúð þéttbýlis, landbúnaðar og búfjár. Það hefur komið hér fram hver er fjöldi búfjár á svæðinu og hversu því hafi fækkað og það er allt hárrétt. Það er samt enn þá mjög mikið af búfé á svæðinu miðað við hvað þetta er þéttbýlt svæði og þess vegna mjög mikilvægt og dýrmætt að gera áætlun um hvernig þessum búskap verði háttað og í

hvers konar hólfum eða girðingum búfé verði haft í framtíðinni.

Það var sagt hér að ríkið hafi lagt vegi gegnum eignarlönd en ekki girt veginn af og það er ekki til fyrirmyndar, en það hefur líka komið fram að lausnin sé eingöngu að girða vegi af á hvaða svæði sem er og þá erum við að tala um að búfé eigi að vera í raun og veru á öllum svæðum nema vegunum. Við hljótum öll að sjá að ef við erum að tala um kostnað við aðgerðir hlýtur það að verða dýrasti kosturinn. Dýrasti kosturinn og ekki endilega sá besti fyrir bændur.

Ég hef lagt mikla áherslu á það í minni framsögu að við verðum að búa saman, dreifbýli og þéttbýli, í sátt og að tillögugerð mín sé m.a. í þá veru. Það hefur verið talað um að það þurfi að skilgreina lausagönguna. Við erum hér að tala um að í búskap sé sauðfé í innan einhvers konar girðinga. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að í áætlanagerðinni komi það fram hversu stór beitarhólfin eigi að vera, hversu stór svæði miðað við staðsetningu og aðstæður eigi að girða af. Það hefur líka verið talað um kostnað við beitarhólfin og það er eitt af því sem mér finnst mikilvægt að sé lagt fyrir Alþingi þegar ég legg til að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi, að vísu í upphafi næsta þings 1992, en þá verða menn að taka tillit til þess að tillagan var lögð fram í nóvember þó hún komi ekki til umræðu hér á hv. þingi fyrr en nú í lok mars. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þessi tími er orðinn of naumur fyrir þá áætlanagerð sem hér er lögð fram.

Ég ætla ekki að blanda mér í umræðu um hrossin annað en að það er fyrir löngu búið að banna lausagöngu hrossa og það segir okkur líka hvaða misskilningur er lagður í orðið lausaganga vegna þess að hvar sem við förum um á þessu svæði sjáum við mikið af hrossum. En það er alls staðar gert ráð fyrir þeim innan girðinga og þess vegna er mjög undarleg sú umræða sem hér hefur farið fram varðandi beitarhólf eða að búfé sé innan ákveðinna girðinga.

Það hefur líka verið talað um það að þessi sjónarmið falli að markmiðum þeirrar nefndar sem hefur verið sett á laggirnar og þess vegna þurfi ekki að leggja það til sem hér er gert, það sé allt farið í gang sem lagt er hér til. Svo er líka talað um að það eigi ekki að taka einstök svæði fyrir eins og í þessari tillögu.

Ég verð að viðurkenna að það veldur mér nokkrum vonbrigðum að heyra viðhorf 14. þm. Reykv. þó að þingmaðurinn taki undir margt af því sem sett er fram í tillögunni vegna þess að í þeirri ályktun sem var lögð fyrir Alþingi árið 1990 frá hinum ýmsu félagasamtökum þar sem óskað var eftir að Landnám Ingólfs yrði friðað fyrir lausagöngu búfjár og lög sett þar um, þá var undir það ritað af forráðamönnum þriggja stórra samtaka og m.a. ritaði hv. þingmaður Auður Sveinsdóttir undir það fyrir hönd Landverndar. Auðvitað getur fólk skipt um skoðun en þarna var verið að biðja um að setja lög um friðun fyrir lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs sem á þeim tíma var vissulega jafnafmarkað svæði og nú er miðað við landið allt.

Ég vil aðeins nefna það líka hér að það urðu nokkuð hörð viðbrögð, eftir því sem fréttir bárust, út af þessari þáltill. á búnaðarþingi 1992 en mér hefur verið send bókun, ákvörðun stjórnar búnaðarfélags varðandi þetta mál, og þar lýsir búnaðarþingið ánægju sinni, með leyfi forseta, yfir auknum áhuga almennings á umhverfisvernd og endurheimt gróðurs og bændasamtökin bjóða velkomna til samstarfs og samvinnu alla þá sem af einlægni vilja vinna að þessum málum. Hins vegar bendir búnaðarþingið á nauðsyn þess að friða vegsvæði með gripheldum girðingum og vitnar í því sambandi til ályktana búnaðarþings frá 1990 og í þá hættu sem stafar af búfé á vegum og aðgerðir þar að lútandi. Það er nokkuð líkt viðhorf og kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. þar sem hann kom inn á þessi mál og varaði nokkuð við banni við lausagöngu en vísaði samt í að vegna þéttrar byggðar í Eyjafjarðarsveit væri bönnuð lausaganga við stofnbrautir og vegi. Mér finnst því að við þurfum einmitt að skoða þetta. Er þetta það sem við erum að leggja til? E.t.v. yrði niðurstaða ráðherra og sveitarfélaga að miða við aðstæður á svæðinu og þá ætti að girða alla vegi þannig að beitarhólfin yrðu sem stærst en miðað við þá fækkun sem menn hafa haldið fram að hafi orðið, og sem er alveg hárrétt, úr 37.000 fjár 1965 niður í um 14.000, þá væri æskilegra að hafa girðingarnar með öðrum hætti hér í mesta þéttbýlinu en meðfram vegum.

Svo ég víki að búnaðarþinginu aftur, þá segir í ályktuninni, með leyfi forseta: „Sú tillaga sem hér liggur fyrir er aftur á móti óþörf því núna er starfandi nefnd sem vinnur að þessum málum af fullum krafti. Nefnd þessa skipaði landbrh. í september sl. til að móta tillögur um þessi mál og rétt er einnig að benda á að í Landnámi Ingólfs er verið að vinna að skipulagi innan allflestra sveitarfélaganna, auk allflestra sveita sunnan Skarðsheiðar og samkvæmt skipulagsreglugerð er markmið svæðisskipulags að móta samræmda heildarstefnu um þróun byggðar á svæðinu og stuðla að hagkvæmri þróun. Enn fremur að sýna í einstökum atriðum stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þróun byggðar og landnot innan svæðisins. Og þess vegna mælir búnaðarþing ekki með samþykkt tillögunnar."

Hvað þýðir þetta? Menn segja: Nefndin ætlar að gera nákvæmlega það sama og tillagan fjallar um, þess vegna er hún óþörf. Í tillögunni felst það að umhvrh. og landbrh. vinni áætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem miði að því að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í landnámi Ingólfs og áætlunin verði lög fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Væru það nú ekki fagleg og góð vinnubrögð að þegar þessi nefnd, sem ég get alveg fallist á að falli mjög að þessu máli og ráðherrarnir gætu þess vegna ákveðið að sá hluti tillögunnar sem fellur hér að, að þessi nefnd vinni það verk, væri það ekki góður þáttur að síðan yrði málið og ályktunin lögð fyrir þingið? Vegna þess að ef á að koma til móts við bændur í þessu máli og taka þátt í kostnaði t.d. við beitarhólf og annað þá hlýtur sá kostnaður að verða að koma til kasta þingsins. Þetta finnst mér meginatriði og þess vegna ættum við að vera sammála um þessi mál.

Ég get líka alveg tekið undir að það er mismunandi hver aldur ábúenda er á þessu svæði og undir varnaðarorð hv. þm. Auðar Sveinsdóttur varðandi Þingvallasveitina og að þar sé fátt um aðra atvinnu. Ég er heldur ekki að leggja það til að búfjárhald verði lagt af í Þingvallasveit. Ég held að miklu fremur hafi komið fram í minni framsögu að það þurfi að gæta að þessum málum og að í sumum tilfellum geti þurft að stuðla að búskap ef vilji er fyrir því að búskapur leggist ekki af, því ef t.d. er eingöngu mjög fullorðið fólk á einu svæði og ekkert útlit fyrir að aðrir muni taka við, þá getur vel þurft að koma til stuðningur ef það er vilji þeirra sem að málunum vinna að sveitin haldist í slíkri byggð.

Ég hef lagt mikla áherslu á samráð, samráð á milli ríkisins, sveitarfélaga og bænda, og þess vegna tek ég ekki til mín þá gagnrýni sem hefur komið fram um einhvers konar gerræði. Ég legg líka mikla áherslu á að svæðisskipulag komi að slíku máli. Svæðisskipulag er grunnur að áætlanagerð eins og hér er lögð til og hún kemur að þeirri áætlanagerð, en svæðisskipulagið er ekki áætlun í sjálfu sér um þá hluti sem hér eru lagðir til. Þess vegna harma ég að hugmyndir hafi komið fram um að vísa þessu máli frá.

Einmitt vegna þess sem hér er sagt um svæðisskipulag, og svæðisskipulag á vissulega heima undir umhvrn., þá finnst mér það vera einn af þeim þáttum sem gætu verið stuðningur við að málið eigi heima í umhvn. Ég fékk þær upplýsingar að líklega væri það mitt val hvort málið færi til umhvn. eða landbn. miðað við tillöguna sem hér liggur fyrir og hef ég kosið að málið fari til umhvn., en miðað við hvaða afstöðu ég hef til þinghalds og hefða þá mun ég lúta úrskurði forseta í því efni. Ef forseti telur að tillaga mín ætti að vera á annan veg, þá mun ég bara lúta því. En mér hefur sýnst miðað við allt það sem hér hefur komið fram í mínu máli og margt af því sem hefur verið talið stórt atriði í sambandi við áætlanagerð af þessu tagi, sem hér er lögð fram, að þá sé það ekkert síður ástæða til þess að umhvn. fjalli um tillöguna og umhvrn. er nefnt hér fyrst í minni tillögu.

Ég gæti vissulega haldið lengra mál um þetta efni en það er ekki alltaf farsælast og ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hafa látið góð orð falla og tek undir þau orð sem hér hafa fallið um að friður og samvinna sé það sem eigi að koma í þessum málum og tel að í þeim anda sé tillaga mín.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta en mér kom í hug þegar ég hlustaði á síðari ræðu hv. flm. sem ræddi hér um það svæðisskipulag sem verið er að vinna af fagfólki með hreppsnefndum viðkomandi sveitarfélaga og þar af leiðandi í sátt við íbúa hreppanna hvort ekki væri nú rétt að bíða þess að þær tillögur liggi fyrir um framtíðarskipulag áratugi fram í tímann á svæðinu.

Enn fremur vil ég vegna dálítið frjálslegrar umfjöllunar flm. um lausagöngu spyrja hv. þm. að því hvernig hún skilgreinir lausagöngu. Vill hún leyfa bændum og búfjáreigendum að nýta heimalönd sín, vel girt heimalönd? Mega eigendur landsins nýta það undir sitt búfé? Og hver er meining hv. flm. með lausagöngu hvað afrétti varðar? Vill hv. flm. banna mönnum að nýta þá auðlind sem afréttirnir eru á þessu svæði og því mikilvæga hlutverki sem þeir gegna til að skapa fólkinu sem býr í þessum strjálbýlu sveitum tekjur til þess að lifa af?

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar mitt til hv. þm. er stutt. Ég vil ekki banna eitt né neitt á þessu stigi. Ég vil bara að gerð sé áætlun eins og hér er lagt til sem miðar að því að á ákveðnum tíma, sem mun væntanlega koma fram í þeirri áætlun, verði menn búnir að koma sér saman um á hvaða tíma friðun sé orðin varðandi lausagöngu. Fyrir mér er það alveg ljóst að sauðfé sem í skelfingu hrekst um vegi er lausaganga. Annað ætla ég ekki að skilgreina hér.

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. 11. þm. Reykn. og flm. tillögunnar í tilefni ályktunar sem var undirrituð af mér fyrir hönd Landverndar, þá vil ég geta þess að í þau 22 ár frá því að Landvernd var stofnuð hefur nánast á hverjum einasta aðalfundi verið samþykkt tillaga um bann við lausagöngu nema sl. þrjú ár. Þá hefur það ekki verið gert og ástæðan fyrir því hefur aðallega verið sú að aðstæðurnar hafa breyst svo gífurlega mikið að það hefur ekki verið talin ástæða til þess að leggja fram þannig ályktun.

Einnig vegna þess að hv. flm. talar um svæðisskipulag vil ég benda á það að svæðisskipulag fær staðfestingu ráðherra. Það getur fengið staðfestingu ráðherra en eðli skipulags er samvinna og samþætting allra þátta.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. flm. drengilega umræðu. Því síðasta sem hún sagði er ég hjartanlega sammála. Búfé sem hrekst um vegi er slæm lausaganga og það er stærsta vandamálið hvað lausagöngu varðar sem Alþingi hefur því miður ekki tekið á eða ríkisstjórn og þarf að vinda bráða bug í að að leysa þann vanda sem búfé veldur á vegum.

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek líka undir það að þetta er kjarni málsins, en einmitt á því svæði sem hér er til umræðu erum við að reyna að nálgast þá staðreynd hvort eðlilegt sé að girða af vegina sem slíka í þéttbýlasta svæði landsins þar sem ⅔ þjóðarinnar búa eða hvort leita eigi annarra lausna í þessu vandamáli. Einn kjarni tillögunnar.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég efa það ekki að ég hef misst af góðri ræðu þar sem ég hafði ekki tök á því að hlýða á framsöguræðu hv. 1. flm. þessarar tillögu og m.a. skýrir síðari ræða flm. einmitt þá skoðun mína. Það skipt-

ir ekki meginmáli hvað þingmaðurinn sagði eða átti við þegar hún gat þess að það hefði komið fram í máli sumra ræðumanna að engu mætti breyta og menn væru fastir í gömlu fari í þessum efnum. Mér finnst að ræður hér hafi ekki gefið tilefni til þessarar niðurstöðu. Eins var um það sem kom fram í ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur þar sem hún sagði að það væri mikil viðhorfsbreyting hjá bændum í þessum efnum. Ég hef nú verið í nokkuð miklu sambandi við bændur, m.a. í sambandi við starf mitt í landgræðslunefndinni sem hér var haldið úti í tíu ár af Alþingi Íslendinga. Auðvitað eru viðhorf alltaf að breytast, skárra væri það nú. En ég hef aðeins ofurlitla ástæðu til að ætla að þessi heiðursþingmaður hafi eins og ýmsir aðrir þurft að komast í kynni við skoðanir bænda eins og hún gerði á sl. sumri í einstaklega lærdómsríku og ánægjulegu ferðalagi sem hún átti afar góðan hlut að og kynntist þá af eigin raun viðhorfum bænda. Þetta held ég að sé þýðingarmikið að átta sig á. Það er svo annað mál að viðhorfin eru að breytast í þessum efnum. Ég held að Alþingi Íslendinga eigi góðan hlut að þeirri breytingu. Hér hafa verið samþykktar þrjár landgræðslutillögur, reyndar sú fjórða komin í framkvæmd líka, og þær hafa allar átt það sameiginlegt að leggja inn þátt í góðri umræðu um þessi mál í þjóðfélagsumræðuna.

Ég vil svo líka taka það fram út af því sem hér var sagt um afstöðu bændastéttarinnar að búnaðarþing fjallaði um einmitt þessa þáltill., um friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, eins og tillagan heitir. Þetta er till. til þál. um það verkefni. Hér hefur reyndar verið rakið efni þeirrar afgreiðslu sem mér finnst að sé í fullu samræmi við það sem hefur komið fram í þessari umræðu, að fyrir hendi er að sjálfsögðu fullur vilji hjá bændastéttinni til þess að fjalla um þessi mál á málefnalegum grundvelli nú sem fyrr.

Í ályktun búnaðarþings segir að till. til þál. um friðun Landnáms Ingólfs sé óþörf og í því sambandi má kannski segja að fræðilega sé þetta rétt. Hins vegar höfum við býsna oft orðið vitni að því að áhugasamir þingmenn hafa lagt fram tillögur um málefni sem verið er að vinna að, það er ekkert nýtt. Það þykir vera býsna góður vettvangur til þess að koma á framfæri skoðunum sínum og viðhorfum og árétta góð mál að ræða þau á Alþingi þó að verið sé að fjalla um þau á öðrum stöðum. Af þeirri ástæðu er ekkert við það að athuga þó að hér komi fram tillaga sem verið er að vinna að með svipuðum hætti. Það gerist svo margoft. Ég vek hins vegar athygli á því sem mér finnst vera grundvallaratriði í sambandi við þessa till. — og vona ég að ég særi ekki hv. flm. þó að ég segi það — að sú umfjöllun sem á sér stað um þessi mál og hér hefur verið skýrð er miklu víðtækari en þessi tillaga og það kemur til af því að hún tekur of mikið mið af fortíðinni. Það segir ekkert um það að afgreiðslan þyrfti að vera ákvæmlega á þennan veg og það segir ekkert um það að ekki væri hægt að fá stuðning Alþingis við góð málefni í landgræðslu- og gróðurverndarmálum hér á Reykjanesi þó að tillagan sé ekki sérstaklega rúm að þessu leyti. Það var það sem ég tók fram, og reyndar kom á vissan hátt fram hjá flm. hér áðan, að auðvitað er hægt að fella afgreiðsluna að því sem verið er að vinna í þessum málum og þeim heildarviðhorfum sem eru uppi um landgræðslu- og gróðurverndarmál. Og ég teldi það vera mikinn ávinning því að eins og þetta mál hefur borið hér að á Alþingi, þá hefur þetta á vissan hátt verið hálfgildings stríðshanskamál og það kom reyndar afar skýrt fram í síðari ræðu flm., vafalaust líka í fyrri ræðu hennar líka, að það væri ekki það sem fyrir vekti. Þar með get ég ekki séð annað en að hægt væri að ná friði um þetta mál, að vísu með breyttum texta frá því sem hér er gert ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Enska sem fyrsta erlenda tungumálið, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 154. mál. — Þskj. 166.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 166 sem er 154. mál þessa þings. Það er um að enska verði kennd sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskólum. Tillögutextinn hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að breyta aðalnámsskrá þannig að enska verði kennd sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla.“

Með tillögunni fylgir stutt greinargerð sem ég ætla að lesa. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Um langan aldur hefur danska verið fyrsta erlenda tungumálið sem börn og unglingar hafa lært í skólum. Hvílir þessi hefð m.a. á sögulegum grunni. Í 42. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum, er fjallað um efni aðalnámsskrár og í h-lið greinarinnar segir að sett skuli ákvæði í aðalnámsskrá um „kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir“.

Í ljósi þess að enska nýtur sífellt meiri viðurkenningar sem aðaltungumálið á alþjóðlegum vettvangi telur flutningsmaður rétt að leggja meiri rækt við enskukennslu í skólum þannig að enska verði fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er börnum á grunnskólastigi. Skilar það nám sér almennt mun betur sem veganesti fyrir framtíðina en svo rík áhersla á nám í Norðurlandatungumálum. Því er lagt til að Alþingi álykti um að fela menntamálaráðherra að breyta aðalnámsskrá í þessa veru.“

Þannig hljóðaði greinargerðin með tillögunni. Þetta mál, virðulegi forseti, er nú endurflutt, það var flutt hér áður fyrir tveim þingum síðan en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu, en ég vona að víðsýni þingsins hafi aukist með tilkomu nýrra þingmanna og að meiri hluti geti skapast um þetta mál.

Í dag er viðmiðunarstundaskrá þannig að danska er

kennd frá og með 6. bekk í grunnskóla og upp í 10. bekk, hins vegar er ekki byrjað að kenna ensku fyrr en í 7. bekk. Málið í hnotskurn er einfaldlega það að víxla þarna á þannig að það verði byrjað að kenna enskuna í 6. bekk en aftur dönskuna í 7. bekk þó að í mínum huga mætti danskan þess vegna vera valfag.

Ég tel að ekki þurfi að hafa langt mál um þetta. Mér finnst þetta ósköp eðlilegt mál og flestir víðsýnir menn ættu að átta sig á um hvað málið snýst. Ég vek athygli á því sem segir í h-lið 42. gr. um grunnskóla, sem ég var að vitna í og kemur fram í greinargerð, að *tilgangurinn með málakennslu er m.a. að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir* og ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að enskan opnar þá leið *margfalt betur og víðar heldur en danskan* getur nokkurn tíma gert. Þannig finnst mér að öll rök hnígi að því að leggja frekar áherslu á ensku en dönsku.

Ég hvet menn til þess að vera ekki með of mikla tilfinningavellu í þessu máli og vera ekki að slá höfðinu við stein. Það sem börnin okkar læra í skólanum á náttúrlega að vera fyrst og fremst það sem nýtist þeim þegar þau koma út í hinn harða heim og út í veruleikann.

Ég held að flestir þingmenn geti litið í eigin barm og skoðað reynsluna af ferðum sínum erlendis og sjái þá sjálfir hvort málið nýtist betur, danskan eða enskan. Sjálfur hef ég mikla reynslu af því og þarf ekkert að fjölyrða um það að jafnvel á Norðurlöndunum notum við frekar enskuna heldur en dönskuna nema þá kannski helst í Danmörku.

Ég var um daginn á fundi með 10. bekk grunnskóla í einum af skólum borgarinnar þar sem þessi tillaga kom m.a. til umfjöllunar og það var ekki annað að heyra á nemendunum þar en að þeir hefðu fullan skilning á þessu máli og ég vænti þess að svo verði einnig hér inni á hinu háa Alþingi. Menn geta litið í kringum sig hvar sem er. Alls staðar er enska ráðandi, hvort sem það er sjónvarp, tímarit, kvikmyndahús, jafnvel námsefni. Megnið af þessu er á ensku.

Í stuttu máli, hæstv. forseti, hvet ég þingmenn til þess að horfast í augu við staðreyndir. Við skulum taka niður miðaldagleraugun og setja upp nýaldargleraugu og mennta börnin okkar með það að leiðarljósi að það sem þau að læra í skóla nýtist þeim sem best í framtíðinn.

Að lokinni umræðu óska ég eftir að málið verði sent til síðari umr. og hv. menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get að mörgu leyti verið sammála hv. flm. eins og hann talaði hér áðan og eins þeirri greinargerð sem hér liggur fyrir vegna þess að það leyndi sér ekki í orðum hv. þm. að hann vill nánast leggja af kennslu í dönsku eða í Norðurlandamáli og það er allt annað mál en felst í þessari till.

Það var í gær sem hér fór fram umræða um norræna samvinnu. Ég saknaði hv. þm. við þá umræðu. Ég held að það hefði verið ákaflega hollt fyrir hann að hlýða á hana og jafnvel taka þátt í henni vegna þess að norrænt samstarf er okkur ákaflega mikilvægt og því er ekkert að ljúka. Þó svo kannski að þar séu ýmsar hættur fram undan og ýmsir óvissuþættir, þá væri það skrýtið ef við Íslendingar hefðum frumkvæði að því að skerða þá samvinnu, ég tala nú ekki um að slíta henni. Nú er ég ekki beint að leggja hv. þm. þau orð í munn að hann hafi talað um að slíta því samstarfi sem á sér stað innan Norðurlandanna en óneitanlega voru svona ýmsar dylgjur sem gátu þýtt að það væri kannski alveg eins hugmyndin.

En ég sagði það áðan að ég gæti að mörgu leyti verið samþykk þeirri tillgr. sem hér er til umræðu og a.m.k. vil ég ekki útiloka það að svo stöddu að ekki geti komið til greina að hafin sé tungumálakennsla í ensku á undan dönsku. Og ástæðan fyrir því að mér finnst það ekki útilokað er kannski fyrst og fremst vegna þess að við vitum það að börnin kunna eitthvað í ensku þegar þau koma inn í skólann og það gæti verið til að auka sjálfstraust þeirra að fyrsta erlenda tungumálið sem þau læra sé það tungumál sem þau kunna eitthvað í og þar af leiðandi nái þau strax einhverju valdi á því námi. En síðan kæmi danskan á eftir og sú tækni sem þau hafa lært og innrætt sér í sambandi við enskunámið nýtist þeim síðan í dönskunáminu.

Mér er það ljóst að kennsla í dönsku er ekki eins og hún skyldi vera. Því miður. Þar er kannski fyrst og fremst kennaramenntuninni um að kenna. Það er ekki skylda í kennaranámi eftir því sem ég best veit að læra dönsku. Danskan er valgrein. Síðan koma kennararnir með full réttindi út í grunnskólana án þess að hafa lært að kenna dönsku og hafa réttindi til að kenna öll fög í grunnskóla. Þetta er kannski ástæða þess að málin eru ekki í eins góðum farvegi og skyldi.

Það eru nokkur ár síðan að hafið var átak innan Norðurlandasamstarfsins um málskilning. Og í tengslum við það átak er hér hjá okkur Íslendingum í Norræna húsinu starfandi ákveðinn starfsmaður sem vinnur að því að auka málskilning meðal Norðurlandaþjóðanna og m.a. að miðla þekkingu um íslenskt tungumál til annarra Norðurlanda og íslenskri menningu. Með síðustu aðalnámsskrá var tekið upp það fyrirkomulag að ekki er lögð eins mikil áhersla á dönskan framburð eins og var áður heldur fyrst og fremst lögð áhersla á dönskuskilninginn. Eins eru hin Norðurlandamálin, norska og sænska, kynnt í grunnskólanum, eða svo á alla vega að vera, það á að kynna bæði sænsku og norsku. Ég held að þetta sé mjög til bóta og það hafi kannski verið til þess að fæla börnin frá dönskunni að það var ætlast til að þau lærðu þennan erfiða danska framburð sem er okkur mjög óeðlilegur.

Það hefur verið rætt hér hvort það hafi kannski verið röng stefna að hafa það Norðurlandamál sem kennt er í grunnskóla dönsku en ekki norsku eða sænsku. Það má sjálfsagt eitthvað deila um það en ég held þó að rétta leiðin okkar að norrænu málunum sé í gegnum dönskuna. Ég verð vör við það í því norræna samstarfi sem ég tek þátt í að við Íslendingarnir eigum tiltölu-

lega betra með að skilja dönskuna en t.d. Svíarnir og ég tala nú ekki um Finnana. Það er eflaust vegna þess að við förum þessa leið inn að Norðurlandamálunum í gegnum dönskuna sem er erfiðust að skilja af norrænu málunum.

Ef ég á að halda aðeins áfram umræðunni um tungumálakennslu held ég að það sé ekki rétt stefna eins og þetta er núna að það séu bara tveir tímar í viku sem eru notaðir til tungumálakennslu í hverju tungumáli því að það verður að taka þetta með meira átaki í upphafi. Og mér fyndist að það þyrfti að kenna dönsku þegar hún hefst, hvort sem hún væri nú sem fyrsta eða annað erlenda tungumál, að það ættu að vera fjórir tímar á viku í dönsku. Við höfum ekki samskipti við hinar Norðurlandaþjóðirnar á ensku, það liggur alveg ljóst fyrir, og það þýðir ekkert að setja hér fram spurningu um hvort nýtist betur enskan eða danskan. Auðvitað nýtist enskan okkur betur ef við tökum sem hlutfall af heiminum að tala við. Það eru fleiri sem tala ensku heldur en Norðurlandamál, ég geri mér fulla grein fyrir því. En þetta er bara tvennt ólíkt. Við erum óskaplega lítil þjóð og við þurfum mikið á því að halda að vinna með okkar nágrannaþjóðum og við gerum það ekki með því að nota ensku í þeim samskiptum, við notum dönsku eða norsku eða sænsku. Þess vegna megum við ekki líta á þetta á janfeinfaldan hátt og hv. þm. vildi gera í framsöguræðu sinni. Við þurfum að læra bæði ensku og dönsku. Það er spurning hvort kemur á undan. En ég sit í hv. menntmn. og fæ þar tækifæri til að fjalla frekar um málið.

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð því miður að segja það að mér finnst þessi till. sem fyrir liggur bera vott um ákveðið vanmat og jafnvel þekkingarleysi flm. á gildi þekkingar í norrænum málum. Það er alveg rétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að sumir eru þeirrar skoðunar að rétt sé að láta enskuna ryðja brautina eins og hefur verið sagt, enskan sé tungumál sem börnin hafi heyrt og jafnvel þekki svolítið í þegar þau byrja í skólanum og hafi jákvætt viðhorf gagnvart og geti mjög fljótt nýtt sér hana. En aðrir, og þar með talin undirrituð, telja nauðsynlegt fyrir dönskuna að fá ákveðið forskot. Forskot af því að danskan hefur aldrei notið þeirrar almennu viðurkenningar í hugum barna og unglinga sem enskan gerir. En ef maður á annað borð leggur þetta mat á hlutina þá gengur maður líka út frá því að það sé hagkvæmt og nauðsynlegt fyrir Íslendinga að kunna norræn mál.

Ég get talað af mikilli reynslu um þessi mál af því að ég er enskukennari, hef kennt ensku í rúm tíu ár. Ég hef líka kennt dönsku á framhaldsskólastigi. Það þarf engar áhyggjur að hafa af enskunni því hún nýtur mikilla vinsælda, eins og ég sagði. Það verður að vera alveg tryggt að ef við gerum breytingar á þessum málum þá séum við ekki að gera það til að rýra hlut dönskunnar. Það má alveg skoða það að breyta þessum málum en við verðum þá líka að hafa það í huga að verið sé að gera þær breytingar til að bæta hlut dönskunnar, ekki hið gagnstæða.

Við skulum muna það að danskan eða Norðurlandamál, hvert svo sem það væri, er lykill okkar að Norðurlöndum og til Norðurlandanna höfum við margt að sækja. T.d. sækir stór hluti Íslendinga sem fer í framhaldsnám námið til Norðurlandanna. Það er miklu ódýrara að sækja nám til Norðurlandanna en annað, við höfum greiðan aðgang að skólum þar. Kennsluefni í íslenskum framhaldsskólum er oft á Norðurlandamálum. Síðan má benda á það að í síðasta hefti Nordisk Kontakt bendir Dani á það að með hugsanlegri inngöngu Norðurlandaþjóða, einnar eða fleiri, í EB aukist enn vægi Norðurlandamála sem sameiningartákn okkar, norrænna þjóða, í hinu risastóra samfélagi sem EB er.

Auk hinna menningarlegu áhrifa skulum við ekki gleyma því að við eigum mikil viðskipti við Norðurlönd, þetta er 23 millj. manna markaður og í því sambandi er kunnátta í norrænum málum mjög nauðsynleg. Sem dæmi um það hve Danir líta á það sem mikilvægt að kunna tungu þess sem eiga á viðskipti við má nefna að þegar Danir ætluðu að fara inn á Japansmarkað með danskar vörur þá var það þeirra fyrsta verk að kenna sölumönnum og öðrum lykilmönnum japönsku. Norðurlandabúar eru líka stór hluti þeirra ferðamanna sem hingað koma árlega og íslenskur leiðsögumaður sagði mér það að einhverra hluta vegna væri ein sveit á Íslandi mun betur stæð en aðrar hvað varðar kunnáttu í dönsku. Og þessi leiðsögumaður segir mér að það hafi verið mjög áberandi hvað viðhorf ferðamannanna var miklu jákvæðara og ánægjulegra gagnvart þessari sveit þar sem menn gátu tjáð sig og átt samskipti á sínu eigin tungumáli. Auk þessa er alls staðar í kringum okkur verið að auka mikilvægi annarra menningaráhrifa en einmitt hinnar engilsaxnesku. Eins og flm. benti réttilega á sjálfur eru engilsaxnesk áhrif alls staðar í kringum okkur. Og ekki síst beinast þessi áhrif að unga fólkinu.

Ég óttast breytinguna sem lögð er til með þessari þáltill. ekki síst þar sem mér finnst greinargerð flm. mjög grunn og byggjast á allt öðrum forsendum en ég a.m.k. mundi vilja setja fram í þessu sambandi. Það er algjörlega farið fram hjá kennslufræðilegum rökum og það er vanmat á menningarlegu og fjárhagslegu gildi þess að Íslendingar kunni Norðurlandamál.

Ég tel mjög mikilvægt að við frekari umfjöllun málsins verði leitað álits margra aðila sem geta haft um þetta að segja, t.d. nefni ég skólamálaráð bæði HÍK og KÍ, Samtök tungumálakennara, Útflutningsráð, Ferðamálaráð, SÍNE og Stúdentaráð. Þetta eru allt aðilar sem málið snertir.

Síðan ætla ég aðeins að uppfræða hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur um kennaramenntun. Það er rétt sem hún segir að það er ekki skylda að læra dönsku í Kennaraháskólanum eða annars staðar þar sem réttindi fást til kennslu á grunnskólastigi, en þeir kennarar sem læra tungumál fá sömu uppræðslu í aðferðafræði tungumála og það er sama aðferðafræði sem er notuð við kennsku ensku og dönsku og reyndar annarra tungumála mikið til. Þannig að ég held að það sé ekki kennaramenntunin í rauninni sem háir þessu heldur kannski fyrst og

fremst þetta viðhorf sem danskan hefur alltaf átt við að glíma, þ.e. það neikvæða viðhorf að hún sé leiðinlegt tungumál. Það er það sem við þurfum að berjast á móti og við þurfum að reyna að styðja við bakið á dönskunni, hvort við gerum það með því að setja enskuna sem fyrsta tungumál, það getur verið. En við þurfum að fá álit fagmanna á því hvort það verður.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Það er alltaf gott að fá umræður um það hvort það sé rétt að enskan eða danskan eða Norðurlandamálin hafi forgang. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég hef í sjálfu sér ekkert á móti ensku, síður en svo. Hv. flm. upplýsti hér áðan að danskan væri kennd frá 6. til 10. bekkjar en enskuna væri ekki byrjað að kenna fyrr en í 7. bekk. Þetta er að vísu alveg rétt. Það munar þarna einu ári á milli dönskunnar og enskunnar en á móti kemur að enskan hefur ákveðinn forgang vegna þess að þróunin undanfarin ár hefur verið í þá átt að auka kennslu í ensku. Fyrir allmörgum árum síðan var það nánast á síðasta stigi grunnskólamenntunarinnar sem enskan kom inn í og þá hafði danskan e.t.v. verið kennd í tvö til þrjú ár áður. Þróunin hefur verið í þá átt að enskan er alltaf að sækja á. Ég tel þess vegna að það þurfi ekkert að vera að gera enskunni hærra undir höfði en er í dag, bæði í skólakerfinu og í þjóðfélaginu yfirleitt. Það eru mikil áhrif ensku á börn og unglinga í sjónvarpi, mikil áhrif í kvikmyndahúsunum, á vinnumarkaðnum einnig. Það fólk sem hingað kemur frá öðrum löndum til að vinna er margt enskumælandi og er yfirleitt farið út í það að það ræða við það fólk á ensku vegna þess að enskan er það mikið notuð, þá finnst Íslendingunum sjálfsagt að ræða við þetta fólk á ensku, þannig að þar fá unglingarnir líka æfingu í þessu tungumáli. Og enskan er vissulega alþjóðamál, það er alveg rétt. En enskan hefur ákveðinn forgang svo víða í þjóðfélaginu að ég tel ekki að það þurfi að gefa henni enn þá meiri forgang en hún hefur. Reyndar kom hæstv. flm. inn á það að alls staðar væri enskan ráðandi, það er alveg rétt. En eins og fyrri ræðumenn hér á undan mér vil ég einnig leggja áherslu á þá samstöðu sem við verðum að hafa með Norðurlöndunum og sem við höfum haft í gegnum árin. Við megum ekki draga úr þeirri samstöðu með því að minnka þá kennslu eða seinka henni svo við getum haft eðlileg samskipti við Norðurlandaþjóðirnar. Okkur er ákaflega vel tekið þegar við komum til Norðurlandanna og getum mælt á skandinavísku og gert okkur skiljanleg við frændur okkar þar. Og þegar þeir koma hingað til lands eru þeir einnig mjög ánægðir að heyra hversu margir geta talað við þá á þeirra eigin tungumáli. Það er mjög gott að vera Íslendingur á Norðurlöndunum, maður er svona hærra skrifaður þar en margir aðrir.

Ég vil einnig benda á þá þróun sem nú er að verða eins og margoft hefur komið fram hér í þinginu undanfarna daga, það er jú að verða ákveðin þróun í alþjóðamálum og breytingar. Við vitum ekki hvaða breytingar það hefur í för með sér á norræna samvinnu. Ég held þó að það sé engin spurning að norræn samvinna muni halda áfram þó hún verði e.t.v. í breyttu formi. Alla vega munu menningarleg og félagsleg samskipti halda áfram, ekki minni en verið hafa. Þess vegna verðum við að leggja áherslu á að halda þeim og ég held að liður í því sé m.a. sá að styrkja heldur kennslu í Norðurlandamálum en að draga úr vægi þeirra. Það er alveg nægilegur áhugi fyrir ensku inni í skólakerfinu og ég tel ekki þörf á að auka hana. Ég mun þess vegna ekki leggja það til að enskan fái enn þá frekari forgang í skólakerfinu en hún hefur í dag þar sem, eins og ég hef verið að benda á, hún hefur nægilega mikinn forgang alls staðar í þjóðfélaginu og engin þörf á að hún fái enn meira í skólakerfinu.

Hins vegar vil ég benda á það að eins og komið hefur fram hér áður er það vissulega danskan sem mest áhersla hefur verið lögð á þó að lítils háttar hafi verið tekin upp kennsla í norsku og sænsku. En það hefur e.t.v. fælt nemendur nokkuð frá að það er dálítið ólíkt hljómfall í dönskunni miðað við okkar hörðu íslensku. Ég hef nú oft hugsað um það hvort ekki væri tímabært að gefa meira val um það hvort kennd væri norska eða danska í grunnskólum.

Ég vil einnig benda á að í framhaldsskólunum er aftur komið þetta val um það hvaða tungumál lögð er mest áhersla á og nemendur geta þá valið um það. Og mjög snemma á framhaldsskólastiginu er lokið stúdentsprófi í dönsku en eftir það getur fólk haldið áfram að læra önnur tungumál og enskuna auðvitað líka.

Ég held þess vegna, þó að það sé gott og gilt að fá þessa umræðu upp á borðið, að þá mundi ég leggja það til að þessu væri ekki breytt í skólakerfinu heldur hefðu Norðurlandamálin vissan forgang fram yfir enskuna.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um að kenna ensku sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskólum. Ég missti því miður af framsöguræðu flm. og það er alveg greinilegt að hún hefur komið blóðinu allverulega á hreyfingu. Án þess að hafa hlustað á hans framsögu, þá er ég alveg sammála því sem hann leggur hér fram að enska skuli vera fyrsta erlenda málið sem börn læra í grunnskólum. Ekki það að ég sé ekki meðmælt norrænu samstarfi, ég er mjög hlynnt norrænu samstarfi. En ég er alveg viss um það að börn sem eru búin að heyra enskuna alveg frá blautu barnsbeini og eru mjög fljót að tileinka sér framburðinn og fljót að tileinka sér enskuna, þau fá aukið sjálfstraust og fá kannski aukna löngun til þess að læra fleiri tungumál. Þegar kemur svo að dönskunni, þá gengur þeim kannski enn þá betur en áður að læra hana. Ég er alveg viss um að það dregur ekkert úr norrænni samvinnu á einn eða annan hátt þó börn hér byrji að læra ensku og komi svo með dönskuna þar á eftir. Svona til gamans má geta þess að ég man eftir því að þegar ég fór með mína gagnfræðaskóladönsku til Danmerkur 16 eða 17 ára gömul og hélt að ég væri nú ansi fær í því tungumáli, búin að tileinka mér það vel, þá var nú

framburðurinn ekki betri en sá að þegar ég byrjaði að tala dönskuna, þá sögðu Danirnir: „Vær så venlig at snakke dansk“ og ég held að það séu fleiri sem hafa upplifað þetta að bregða fyrir sig enskunni jafnvel þó að maður tryði því að maður kynni dönskuna betur af því að maður var búinn að læra hana aðeins lengur.

Ég tel því ekki að við séum að skemma neitt hvað varðar dönskukennslu þó ég taki undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. að auðvitað verði að fá kennslufræðilegt mat á því hvað rétt er að gera í slíku. En reynslan kennir manni það að oft á tíðum, því miður, ég verð að segja sérstaklega í Danmörku — mér finnst Norðmenn og Svíar leggja sig fram við að skilja Íslendinga þegar þeir tala svona skandinavísku — en Danir leggja sig virkilega ekki fram, finnst mér, að skilja okkar íslenska framburð á dönskunni og vilja þá jafnvel frekar tala við okkur ensku, hvort sem okkur líkar það nú betur eða verr og þótt okkur langi oft mikið til að tala okkar dönsku þegar við komum til Danmerkur, þá er það nú einhvern veginn þannig. Til dæmis er ég alveg viss um að fólk sem er t.d. í verslunum í Kaupmannahöfn og telur sig kunna svolítið í dönsku bregður frekar fyrir sig enskunni einhverra hluta vegna.

En ég trúi því og er alveg viss um það að ef börnin fá að læra fyrst ensku, þá vekur það meira sjálfstraust hjá þeim í tungumálanámi að þau munu vera fyrr að tileinka sér Norðurlandamálin á eftir því að þau munu hafa meiri ánægju af náminu.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Hv. 5. þm. Vestf. þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ég ætli að lesa þessa bók hér, en mér datt í hug að taka hana með mér upp í ræðustólinn af því að við erum að ræða um hvert skuli vera fyrsta tungumálið. Ég er hér með samning um Evrópska efnahagssvæðið, EES, sem er gefinn út af utanrrn. Og skyldi utanrrn. ekki gefa hann út, ja, í fyrsta lagi á íslensku? Nei. En þá væntanlega á fyrsta erlenda tungumálinu okkar, dönsku? Nei. Þeir gera það ekki. Allur þessi doðrantur hér er á ensku. Af hverju skyldi það nú vera þegar danska er fyrsta erlenda tungumálið okkar? Því skyldi það vera? (**KHG:** Det forstår jeg ikke.) Nej, det forstår jeg ikke, hvað sem það þýðir.

Ég vil þakka þeim sem töluðu hér í umræðunni og þeim sem tóku undir upp að vissu marki. Ég harma það að ekki kom fram það sem ég óskaði eftir að með nýju fólki kæmu ný viðhorf. Það er því miður greinilegt að gömlu viðhorfin blunda í ýmsum enn þá en þeir verða náttúrlega að eiga það við sjálfa sig.

Ég held að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi eitthvað misskilið mig. Hún eyddi töluverðum tíma ræðu sinnar í það að ræða norrænt samstarf og ég væri að leggja það til að við mundum slíta því samstarfi. Ég veit nú ekki alveg hvernig mátti túlka mín orð á þann hátt. Ég hef hins vegar — og það er alveg rétt — aldrei verið neinn sérstakur áhugamaður um það samstarf og er sammála fyrrv. forsrh. sem sagði það í útvarpinu í gær að að hans mati ætti það að vera fyrst og fremst á menningarlegum grunni og ekki mikið meira. Undir það tek ég heils hugar.

En hér hafa nokkrir talað og það hefur gætt verulegrar taugaveiklunar í málflutningi þeirra. Þeir virðast hafa skilið mál mitt svo að það ætti að leggja niður kennslu í Norðurlandamálum. Það er alls ekki það sem ég talaði hér fyrir. Ég fór yfir viðmiðunarstundaskrána og hvernig hún væri í dag, það væri byrjað að kenna dönsku í 6. bekk grunnskóla en ensku í 7. og ég sagði alveg skýrt að það væri mín skoðun að það ætti að víxla þessu, ég sagði það alveg skýrt og það þarf ekki að vera neinn misskilningur þar á, enda geri ég mér alveg grein fyrir því að það er sennilega ekki hægt að komast lengra með þingheim þar sem svona gömul og stöðluð viðhorf ríkja enn þann dag í dag innan dyra. Hins vegar sagði ég það svona í framhjáhlaupi að ég mundi ekki gráta það þó að danska eða Norðurlandamálin yrðu valgrein. Enda er það svo að ef við förum t.d. inn í hið nýja Evrópska efnahagssvæði, og ég tala nú ekki um inn í EB eins og sumir hafa látið að liggja undanfarið, þá eru náttúrlega ekki töluð Norðurlandatungumál þar, eins og einhver ræðumaður vildi meina hér áðan að þá mundi vera enn brýnna að vera sterkur í Norðurlandamálum, heldur kemur þá enskan, þýskan og franskan miklu ríkara þar inn í, miklu ríkara.

En ég fagna því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var í rauninni sammála því, eða ég skildi hana þannig, að enskan ætti að vera fyrsta erlenda tungumálið og reyndar hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir einnig. (**Gripið fram í:** Þær eru ekki svo gamlar.) Nei, nei.

Það er náttúrlega fróðlegt að fletta upp í námsskránni, aðalnámsskrá grunnskóla og lesa bara fyrstu setningarnar, annars vegar um dönskuna, og ég vil geta þess að þar er lögð áhersla á það að sænska og norska séu kynntar einnig, ekki eingöngu danska, en í fyrstu setningunni um dönskuna segir:

„Dönskunámið í grunnskólanum hefur því hlutverki að gegna skv. 42. gr. grunnskólalaga að veita okkur aðgang að norrænu málsamfélagi og innsýn í norræna menningu.“

Þetta er gott og blessað og er enginn að leggja stein í götu þess þó að enskan fái aðeins hærri sess. Um enskuna segir hins vegar: „Ensk tunga er nú móðurmál 350 milljóna manna og talið er að allt að því 2 milljarðar jarðarbúa skilji ensku og noti sér til gagns.“ Og hvað á frekar að kenna í skólunum heldur en það sem nýtist börnunum? Hér rísa bara upp málssvarar Norðurlandaráðs og ekkert annað. Það eru bara eiginhagsmunir sem virðast ráða málflutningi sumra þingmanna hér. Þeir koma hér upp og segja: Þeim finnst svo gaman að ég geti talað við þá á þeirra tungumáli, þegar við erum stödd þar. Mér finnst þetta hlægilegt. Að menn skuli ekki frekar lemja í borðið og segja: Af hverju megum við ekki tala íslensku í Norðurlandaráði? Af hverju erum við eina þjóðin sem getur ekki talað sitt eigin tungumál? En að vera með þennan smáborgarahátt að vera stoltur af því að geta talað við þá á einhverju máli. Það er hægt að tala við þá líka á enskunni.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. að ég hygg flutti hér jóm-

frúrræðu sína og ég óska honum til hamingju með það. Mér fannst nú fullstór orð sögð þar, að hér væri um vanmat og þekkingarleysi að ræða á gildi Norðurlandamála. Ef ég skildi rétt er hv. þm. kennari og ég hafði haldið það að kennarar ættu að hafa það að leiðarljósi að kenna það sem nýtist þeirra nemendum hvað best. Hv. þm. tók máli sínu til stuðnings nám á erlendum vettvangi, erlend viðskipti og annað slíkt. Ég held að hv. þm. ætti að endurskoða þessi orð sín því að í viðskiptum held ég að enskan hafi nú allan forgang fram yfir dönskuna og tel ég mig hafa svolitla reynslu í því máli. Þessi hv. þm. talaði einnig á þá lund að hér væri verið að leggja til að dönskukennsla yrði lögð af. Það er algjör misskilningur.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir vildi snúa þessu alveg við, taldi reyndar að þróunin hefði verið jákvæð undanfarin ár og að enskukennsla hefði verið að aukast, en nú væri sem sagt komið að því að auka enn frekar kennslu í Norðurlandatungumálum. Ég bendi aftur á það sem kemur fram í aðalnámsskrá að það ber að kynna norskuna og sænskuna í skólum þó að danskan eigi að vera kennd. En ég vil bara biðja menn í öllum guðs bænum, komið inn í nútímann. Verið þið ekki að hanga þarna aftur í fornöld. Leyfið okkur að kenna börnunum okkar það sem þeim nýtist þegar kemur út í hinn stóra heim. Gleymið Norðurlandaráði og öllu því. — Ég var hér að fá mjög áríðandi skilaboð. — En ég vil ítreka það að í skólunum, og ég tel að það sé í flestum greinum, er verið að kenna það sem nýtist börnunum okkar í framtíðinni. Það eru ekki til ein rök fyrir því að danskan hafi forgang fram yfir enskuna, þau eru ekki til. Þó að einstakir aðilar fari í nám til Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar, þá efast ég um að þeir séu fleiri en hinir sem fara til Englands, Þýskalands, Frakklands, Belgíu, Hollands, Ameríku eða hvað sem menn vilja telja upp. Og ekki er vafi í mínum huga að viðskipti yfir höfuð fara í miklu ríkari mæli fram á enskri tungu heldur en nokkurn tíma á Norðurlandatungum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Inga Björns, hann sagði: Gleymið Norðurlandaráði, og taldi að vegna Norðurlandaráðs vildum við halda við kennslu í norrænu málunum. Ég vil upplýsa hann um það að ég á ekki sæti í Norðurlandaráði og er þess vegna alls ekki að verja hvorki setu mína eða sérstaklega annarra þingmanna þar. En ég ítrekaði það reyndar í minni ræðu að ég teldi að þrátt fyrir breytta skipan eða breytt fyrirkomulag í Norðurlandaráði, þá mundi alltaf verða samvinna þar a.m.k. á sviði menningar- og félagsmála og það tel ég að verði.

En ég vil bara enn og aftur ítreka það að ég held að enskan hafi forgang alls staðar í þjóðfélaginu og ég er ekkert á móti því að hún hafi vissan forgang. Ég veit að hún er alþjóðamál, en ég held að við þurfum ekki að gefa henni neitt forskot umfram það sem hún hefur í dag í skólakerfinu. Ég held að það sé engin þörf á því.

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson snýr í rauninni við í sínum málflutningi þeim forsendum sem eru gefnar fyrir tungumálakennslu í aðalnámsskrá grunnskóla. Þar er sem sagt sett sem fyrsta forsenda menningarlegt mat og menningarleg tengsl við Norðurlönd, þau séu látin ráða meiru. Það er enginn sem mótmælir því að það sé mikilvægt að opna leið fyrir okkur Íslendinga til hins stóra heims sem enskan vissulega gerir. Það er hins vegar alveg ljóst að enskan nýtur í raun forgangs eins og hv. þm. Jóna Valgerður sagði með því hvernig hún glymur í kringum okkur alls staðar í þjóðfélaginu og með því jákvæða viðhorfi sem nemendur hafa gagnvart enskunni.

Það sem er í rauninni orsökin fyrir tortryggni okkar sem höfum talað gegn þessari till. eða verið í vafa um hana er að við erum ekki viss um að sú skoðun að enskan eigi að ryðja brautina sé rétt. Það er eins og ég sagði í fyrri ræðu minni viðhorf sumra að það sé rétt að láta enskuna verða fyrsta erlenda málið til þess að kenna börnunum að læra tungumál og eitthvað í þá áttina, en skoðanir um þetta eru skiptar. Og ég legg áherslu á það að um þetta eiga fagmenn að véla og ég legg líka áherslu á að það á að vera markmið okkar að styðja betur við dönskuna eða Norðurlandamál hvert sem það nú er heldur en nú hefur verið gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

113. FUNDUR

mánudaginn 30. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa nokkur bréf varðandi varaþingmenn. Hið fyrsta er svohljóðandi og er dagsett 27. mars 1992:

„Þar sem ég vegna aðalstarfs míns get ekki lengur setið á Alþingi í veikindaforföllum Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. fer ég fram á að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Magnús Jónsson veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi að nýju í dag.

Valgerður Gunnarsdóttir,
2. varaþingmaður Alþfl. í Reykjavík."

Eins og kemur fram í bréfinu hefur Magnús Jónsson áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá er annað bréf sem hljóðar svo og er dagsett 30. mars 1992:

„Þar sem ég vegna anna get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþfl. í Austurl., Hermann Níelsson íþróttakennari, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl."

Hermann Níelsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Þriðja bréfið hljóðar svo og er dagsett 27. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Vestf., Pétur Bjarnason fræðslustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf."

Kjörbréf Péturs Bjarnasonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili og unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi á ný.

Loks eru hér tvö bréf. Hið fyrra er dagsett 26. mars 1991 og hljóðar svo:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varamaður Alþb. í Vestf. getur ekki af persónulegum ástæðum tekið sæti sitt á Alþingi, taki 2. varamaður Alþb. í Vestf., Bryndís Friðgeirsdóttir kennari, Ísafirði, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf."

Hér er einnig bréf frá 1. varaþingmanni Alþb. í Vestf., dagsett á Suðureyri 25. mars 1992.

„Forseti Alþingis. Af persónulegum ástæðum get ég ekki að sinni tekið sæti á Alþingi í forföllum Kristins H. Gunnarssonar, 5. þm. Vestf.

Lilja Rafney Magnúsdóttir."

Þar sem rannsaka þarf kjörbréf Bryndísar Friðgeirsdóttur skv. 4. gr. þingskapa verður nú gert fimm mínútna fundarhlé meðan kjörbréfanefnd starfar og er fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið til meðferðar kjörbréf Bryndísar Friðgeirsdóttur sem er 2. varaþingmaður Alþb. í Vestf. Kjörbréfið er gefið út 26. mars 1992 og undirritað af öllum landskjörstjórnarmönnum.

Fyrsti varaþingmaður Alþb. í Vestf. hefur ritað bréf þess efnis að af persónulegum ástæðum geti hún ekki að sinni tekið sæti á Alþingi í forföllum Kristins H. Gunnarssonar, 5. þm. Vestf. Það bréf er undirritað 25. mars 1992 af Lilju Rafney Magnúsdóttur.

Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréf Bryndísar Friðgeirsdóttur og leggur einróma til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Bryndísar Friðgeirsdóttur samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Bryndís Friðgeirsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Bryndís Friðgeirsdóttir, 5. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Bryndís Friðgeirsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa

að fara mun fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, um viðræður um kjarasamninga. Samkomulag er milli forseta og þingflokksformanna, svo og forsrh. og málshefjanda, að umræðan megi standa í allt að tvo klukkutíma, þ.e. að hver þingflokkur hafi 20 mínútur til umráða og að auki hafi málshefjandi og ráðherra tíu mínútur hvor í lokin ef þörf krefur. Stefnt er að því að utandagskrárumræðan hefjist eigi síðar en klukkan hálfþrjú. Það gæti því komið til þess að þingflokksfundum seinki um hálftíma eða þeir hefjist ekki fyrr en klukkan hálffimm.

Fríverslunarsamningur EFTA við Tyrkland, frh. fyrri umr.

Stjtill., 395. mál. — Þskj. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og vísað til utanrmn. með 52 shlj. atkv.

Enska sem fyrsta erlenda tungumálið, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA, 154. mál. — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og vísað til menntmn. með 53 shlj. atkv.

Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 166. mál. — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Guðni Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Í umræðum um þáltill. fyrir helgi voru flestir sem þar töluðu þeirrar skoðunar að málinu bæri að vísa til landbn. þar sem um landbúnaðarmál væri að ræða. Landgræðslan, landnýtingin og gróðurverndin heyra undir landbrn. Lagði hv. 1. flm. það í hendur hæstv. forseta að úrskurða um hvort tillögunni skyldi vísað til umhvn. eða landbn. Mér er forvitni á að vita á hvaða rökum sá úrskurður er felldur, að gengið sé fram hjá nefndinni sem samkvæmt þingsköpum á að fá málið og önnur nefnd valin.

Ég tel þetta vera landbúnaðarmál og eigi samkvæmt eðli þingskapa að fara til landbn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var tillaga hv. flm. að vísa málinu til hv. umhvn. og það getur verið matsatriði til hvorrar nefndarinnar málið eigi að fara. Það gæti sjálfsagt einnig fallið undir hv. landbn. Forseti telur ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess en lætur það eftir þinginu að ákveða það. Fer nú fram atkvæðagreiðsla um tillögu flm. um að vísa þessu máli til hv. umhvn.

Till. vísað til umhvn. með 31:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JónS, KSG, KE, LMR, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: ÁMM, GB, HÁ, JHelg, JónK, KÁ, MB, PJ, PB, SJS, StB.

6 þm. (IP, JGS, JVK, ÓRG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, GÞJ, GÁ, GHelg, HjálmJ, IBA, JóhS, MF, PP, RA, SigG, SighB, SP) fjarstaddir.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 31. mál (gengisskráning o.fl.). — Þskj. 607, frhnál. 644 og 666, brtt. 645.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Efh.- og viðskn. tók þetta frv. aftur til umræðu og meiri hluti hennar sér ekki ástæðu til þess að gefa út annað nál. þar sem það er skoðun meiri hlutans að frv. í þeim búningi, sem það er nú í, falli að því sem meiri hlutinn lagði til og er andvígur því að breyta frv. við 3. umr. og leggur því til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Í frhnál. á þskj. 666 gerir minni hluti nefndarinnar grein fyrir ástæðum þess að hann treystir sér ekki til að standa að þessu máli nema að brtt. á þskj. 645 verði samþykkt. Ef hún fellur í atkvæðagreiðslu munum við sitja hjá við atkvæðagreiðslu í málinu.

Það kemur mjög skýrt fram í greinargerð Seðlabanka Íslands um ECU-tengingu íslensku krónunnar að það þurfa að verða miklar breytingar í íslensku efnahagslífi til að unnt sé að tengja íslensku krónuna við ECU.

Það hefur vakað í máli viðskrh. að slík tenging kunni að fara fram þegar á árinu 1993. Í umræðum þann 16. mars 1992 sagði hæstv. viðskrh. eftirfarandi: „Þetta er eingöngu hugsað til þess að þingið sé að gefa alveg skýrt umboð til að ákveða slíkar breytingar þótt þingið sé ekki þar með að ákveða þær.“ Það virðist því vaka í máli viðskhr. að hann líti á samþykkt frv. sem umboð til ríkisstjórnarinnar og hans fyrir hönd ríkis-

stjórnarinnar til að taka upp þessa tengingu. Og það vakir stöðugt í máli hans að svo kunni að verða þegar á næsta ári. Minni hluti nefndarinnar vill enga ábyrgð bera á slíku og telur ekki unnt að veita ríkisstjórninni slíkt umboð. Og í ljósi túlkunar viðskrh. munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins ef brtt. okkar verður felld en ef hún verður samþykkt erum við tilbúin að standa að málinu. Við erum efnislega samþykk þessu máli í öllum aðalatriðum en teljum hins vegar ótímabært að ræða um ECU-tenginu með þeim hætti sem vakað hefur í máli hæstv. viðskrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 645 felld með 26:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, BF, FI, GB, GÞJ, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, PP, PB, RA, StG, StH, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HN, JónS, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, StB, TIO, ÖS.

12 þm. (ÁJ, EgJ, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, MF, ÓRG, SigG, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HN, JónS, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StB, TIO, ÖS.

23 þm. (AÓB, BF, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, PP, PB, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EgJ, GÞJ, GÁ, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, MF, SigG, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 669).

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 3. umr.

Stjfrv., 32. mál (sala erlends gjaldeyris). — Þskj. 32, frhnál. 667.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég sé nú að allóþarfrar svartsýni hefur gætt hjá minni hluta nefndarinnar þegar nál. þetta var skrifað. Í því er gengið út frá að brtt. sú, sem nú er nýlega búið að greiða atkvæði um, yrði felld. En afar litlu munaði að hún yrði samþykkt og þar af leiðandi hefði nál. þetta verið ranglega skrifað. En þar sem þessi brtt. var því miður felld þá stendur nál. fyrir sínu. Ég vísa til þess sem við höfum áður sagt um hið fyrra mál en hér er um fylgifrv. að ræða með því máli og við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nú því miður orðið ljóst að hæstv. viðskhr. hefur með málflutningi sínum í þessum málum tekist að rjúfa samstöðu Alþingis um afgreiðslu þeirra. Það var ljóst og er út af fyrir sig enn að ekki var efnislegur ágreiningur um tilteknar tæknilegar lagfæringar á lögum um Seðlabanka Íslands og á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Það upphófst hins vegar ágreiningur um meðferð þessara mála þegar hæstv. viðskrh. trekk í trekk gerði ósvífnar tilraunir til þess að afflytja afstöðu manna til málsins og afgreiðslu Alþingis á því. Sem sagt læða því að í framhjáhlaupi í ræðum sínum að með afgreiðslu þessara tæknilegu lagfæringa væri Alþingi að veita hæstv. ríkisstjórn umboð til ECU-tengingar krónunnar.

Vegna þessa málflutnings og endurtekinna tilrauna hæstv. viðskrh. í þessa átt er það því miður orðin óhjákvæmileg niðurstaða að leiðir stjórnar og stjórnarandstöðu skiljast í málinu af skiljanlegum ástæðum. Bæði með vísan til efnislegra raka sem fyrir liggja, samanber skýrslur Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar og álit fleiri aðila um að slík ECU-tenging sé ótímabær, og eins með vísan til þess hvernig hæstv. viðskrh. hefur hagað málflutningi sínum og ætlað að lesa meira út úr umfjöllun Alþingis en efni standa til þá er stjórnarandstöðunni ekki annar kostur búinn en að hverfa frá stuðningi við málið til að tryggja með þeim eina hætti sem óumdeilanlegur er að stuðningur við það yrði ekki affluttur með þeim hætti sem hæstv. viðskrh. hefur endurtekið reynt að gera.

Þetta er út af fyrir sig, hæstv. forseti, heldur dapurleg niðurstaða þegar svo tekst til að menn geta ekki orðið samferða við afgreiðslu mála sem í sjálfu sér er ekki umtalsverður efnislegur ágreiningur um.

Ég vil við lokaafgreiðslu frv. vekja athygli á þessari staðreynd og skýra það enn betur en gert hefur verið hingað til hvers vegna við í minni hluta efh.- og viðskn. höfum ákveðið að leggja til við fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna að sitja hjá við væntanlega afgreiðslu málsins. Ábyrgðina á því að svo tókst til að samstaða Alþingis um þessa afgreiðslu rofnaði ber hæstv. viðskrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HN, JónS, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StB, TIO, ÖS.

23 þm. (AÓB, BF, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, PP, PB, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EgJ, GÞJ, HBl, HjálmJ, IBA, JóhS, MF, ÓRG, SigG, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 670).

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 156. mál (iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti). — Þskj. 168.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Örlögin hafa hagað því þannig að

umræðunni er yfirleitt frestað þegar ég er staddur í þessum tiltölulega stuttu ræðum mínum í þessu máli. Við væntum þess að vísu að geta haldið þessari umræðu áfram á fimmtudag, eða föstudag var það nú víst, en það var því miður ekki hægt vegna fjarveru ráðherra.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að endurtaka það sem fram var komið í fyrri ræðu minni en aðeins minna á það örfáum orðum að ég fagnaði þeim yfirlýsingum hæstv. forsrh. sem hann gaf að þetta mál væri ekki liður í sérstöku pólitísku samkomulagi Alþfl. og Sjálfstfl. og með flutningi þess væri ekki tekin afstaða til þess hvar Seðlabankinn ætti að vera í Stjórnarráðinu til frambúðar og hæstv. forsrh. væri tilbúinn að ræða málið.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að árið 1959 þegar tilvist iðnrn. var rædd á Alþingi lýsti fyrirrennari hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson þáv. dómsmrh., því yfir að hann væri tilbúinn til samkomulags og viðræðna við stjórnarandstöðuna um skipan þessara mála innan Stjórnarráðsins. Ég vænti þess að núv. hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. sé það einnig vegna þess að það er mjög óheppilegt að skipan ráðuneyta sé gerð á þann veg að deiluatriði sé milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég var staddur í ræðu minni þar sem ég var að víkja orðum að nokkuð undarlegri ræðu hæstv. viðskrh. sem hann flutti hér sem svar við minni ræðu. Í því sambandi vil ég aðeins ítreka að það er rangt sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. að ég hafi fullyrt að alls staðar heyrðu seðlabankar undir fjmrn. Það stendur hvergi í minni fyrri ræðu en ég spurði hins vegar: Hvar þekkist það, t.d. í OECD-ríkjunum, að seðlabankar heyri undir eitt af atvinnuvegaráðuneytum eins og iðnrn., landbrn., sjútvrn. eða annað slíkt? Þeirri spurningu hefur ekki enn verið svarað hér í umræðunni og það væri mjög fróðlegt ef hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. geta svarað því hvort nokkurt annað fordæmi sé fyrir því að seðlabanki og skipan gjaldeyrismála og peningamála sé sett undir atvinnuvegaráðuneyti. Núv. ríkisstjórn hefur mjög viljað merkja sig á þann veg að hún væri fulltrúi nútímabreytinga í efnahagsstjórn og það er örugglega ekki nútímabreyting í efnahagsstjórn að setja Seðlabankann og peninga- og gjaldeyrismálin undir atvinnuvegaráðuneyti.

Enn fremur sagði hæstv. viðskrh., svo nokkurs gamans sé gætt, orðrétt: „Ég tel það mjög mikilvægt að verkskipulag í Stjórnarráðinu sé ekki talið vera guði gefið og bundið ævarandi.“ Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh., við erum allir sammála um það en þá vona ég að hæstv. ráðherra sé líka sammála því, svo setning hans sé aðeins umorðuð, að það sé mjög mikilvægt að verkskipulag í Stjórnarráðinu sé ekki talið vera Jóni Sigurðssyni gefið og bundið ævarandi. Og það sem hann telji að ganga eigi yfir guð almáttugan gangi þá yfir hann sjálfan.

Hæstv. viðskrh. fór síðan í furðulega sagnfræði, sjálfsagt til þess að reyna að reka mig á gat í þessari umræðu. En það er mjög sérkennileg för vegna þess að þegar sagan er skoðuð kemur nefnilega í ljós að iðnrn. var alls ekki sprottið út úr viðskrn. Ef hæstv. iðnrh. og viðskrh. vill leita fordæmis í sögunni um það að verkefni ráðuneytisins rynnu til sinna fyrri heimkynna er það alveg ljóst að iðnrn. spratt út úr samgrn. Ég átti því satt að segja mjög bágt með að skilja þessa sögulegu upprifjun hæstv. iðn.- og viðskrh. máli sínu til stuðnings. Það kemur t.d. fram í umræðum á Alþingi 1959 að iðnrn. er sett á laggirnar á þann veg að einfaldlega var búið til stjórnarráðsbréf í nafni iðnrn. og verkefnin sem þar voru höfðu fram að þeim tíma tilheyrt samgrn. Það kemur t.d. fram í ræðu Bjarna Benediktssonar, þáv. hæstv. dómsmrh., sem hann flutti á Alþingi 1959, hvernig iðnaðarmálunum hefði verið fyrir komið innan samgrn. Bjarni Benediktsson þáv. dómsmrh. segir m.a. orðrétt í ræðu sinni á Alþingi 1959:

„Samkvæmt framansögðu er ljóst að sú skipulagsbreyting, sem gerð hefur verið og sú verkaskipting sem upp hefur verið tekin innan samgrn. ásamt því að nafn iðnrn. kemur nú orðið fram út á við þegar fjallað er um iðnaðarmál sérstaklega, hefur komist á vegna aukinna verkefna en sérstakt ráðuneyti ekki verið sett á stofn í venjulegri merkingu.“

Í sjálfu sér þarf ekki langt mál til að rekja þessa sagnfræði. Hún liggur fyrir og þess vegna var það frekar tilgangslaus för hjá hæstv. núv. viðskrh. og iðnrh. að ætla sér að sækja í söguna einhver rök fyrir sínu máli.

Ég vil einnig vekja athygli á því sem ég nefndi aðeins í síðustu viku að ef þetta frv. nær fram að ganga munu auk Seðlabankans, bankamála- og peningamála- og gjaldeyrismálasamskipti íslenska stjórnarráðsins við alþjóðastofnanir í efnahagsmálum eins og Alþjóðabankann, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fara í gegnum iðnrn. Það er mjög óeðlilegt. Það gengur einfaldlega ekki. Og ég vil spyrja á nýjan leik: Eru nokkur dæmi þess að samskiptin við OECD, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heyri á Vesturlöndum undir atvinnuvegaráðuneyti? (**Viðskrh.:** Þýskaland.) Þýskaland, segir hæstv. ráðherra. Við skulum skoða það. Ég vona að hæstv. ráðherra leggi fram gögn í málinu vegna þess að ég verð að segja alveg eins og er að munnleg ummæli hans duga mér ekki í þessari umræðu í ljósi þess hvað hann hefur haldið fram miklum rangindum í þessu máli. Ég vona að það verði þá lagt fram skriflega að samskiptin við Alþjóðabankann, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heyri undir iðnrn. í Þýskalandi.

Ég vil að lokum árétta að nauðsynlegt er að í nefndinni verði það kannað ítarlega milli flokkanna að gera breytingar á frv. þannig að Seðlabankinn, peningastofnanir og samskipti við alþjóðlegar fjármálastofnanir verði ekki vistaðar í atvinnuvegaráðuneyti til langframa. Ég hef varpað fram þeirri hugmynd sem ég vona að hæstv. forsrh. íhugi að sú breyting verði gerð á frv. að t.d. frá og með 1. júlí 1995 fari Seðlabankinn og þessar stofnanir út úr iðnrn. og inn í annaðhvort forsrn. eða fjmrn. Ef það er óskaplega viðkvæmt persónulegt mál fyrir núv. iðnrh. að hafa þetta áfram hjá sér væri hægt að ná fram slíkri breytingu sem væri skynsamleg efnislega en enginn veit þó hver fer með þau ráðuneyti að loknum kosningum 1995.

Ég vil svo endurtaka þá ósk mína að um þetta mál geti tekist breið pólitísk samstaða. Hæstv. viðskrh. áréttaði það í upphafi sinnar ræðu að náðst hefði þverpólitísk samstaða í málinu. Það er þá nauðsynlegt að hún fái að birtast í verki en hæstv. iðnrh. standi ekki í vegi fyrir þeim breytingum sem flokkarnir vilja gera hér á Alþingi á þessu frv.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kjarasamningar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað núv. ríkisstjórn hyggist gera til að tryggja að kjarasamningar náist hér í landinu og þar með festa í sessi stöðugleika, *lága verðbólgu og koma á nýju framfaraskeiði í íslensku atvinnulífi.*

Þau slæmu tíðindi bárust okkur á sunnudagsmorgun að slitnað hefði upp úr kjaraviðræðum og í fréttum síðan hefur það komið fram að samningamenn eru farnir til síns heima. Þeir sem voru hér í höfuðborginni í nokkrar vikur til að vinna að kjarasamningum eru aftur farnir til heimkynna sinna víðs vegar um landið. Enginn fundur hefur verið boðaður hjá sáttasemjara og enginn veit hvenær aðilar munu á ný koma saman til fundar. Afleiðing þess að slitnað hefur upp úr kjarasamningum er að óvissa mun áfram víkja í efnahagslífi okkar Íslendinga. Stöðnun í atvinnulífi verður það svipmót sem við blasir vegna þess að forustumenn fyrirtækjanna munu hika við að leggja í fjárfestingar og almenn deyfð og atvinnuleysi verður afleiðingin. Markmið okkar er að tryggja hér í sessi stöðugleikann og hina lágu verðbólgu og það er mjög vont að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur með margvíslegum hætti orðið til þess að kjarasamningar hafa ekki náðst. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. hér og nú: Hvað hyggst hans ríkisstjórn gera til þess að koma kjarasamningum á? Ef mér leyfist vil ég leggja einnig fram nokkrar tillögur og hugmyndir um það hvað ríkisstjórnin eigi nú að gera til þess að koma kjarasamningum á.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar náðust þjóðarsáttarsamningar. Þá var tryggður hér stöðugleiki í efnahagslífinu og núverandi ríkisstjórn var afhent forræði fyrir íslenska efnahagslífinu með því óvenjulega góða ástandi að hér ríkti 3–4% verðbólga. Núv. ríkisstjórn hefur hins vegar setið senn í eitt ár og það eru um átta mánuðir síðan kjarasamningar voru lausir. Engu að síður hefur núv. ríkisstjórn ekki tekist að ná kjarasamningum þótt hún sé í senn æðsta stjórnvald og stærsti vinnuveitandinn á landinu og annar aðalsamningsaðilinn við samtök launafólks. Forustumenn Alþýðusambandins og BSRB hafa sagt skýrt um helgina að sök ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sé stór. Ríkisstjórnin hafi með fjárlagafrv. sínu, með bandorminum, með aðför að velferðarkerfinu og margvíslegum öðrum hætti gert kjarasamninga mun erfiðari en ella. Hæstv. forsrh. sagði hér í síðustu viku, þegar hann var spurður um kjarasamningana, að þeir væru á svo viðkvæmu stigi að hann vildi beiðast undan því að skýra afstöðu og fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar. Nú eru samningarnir ekki á viðkvæmu stigi. Nú hefur viðræðunum einfaldlega verið slitið. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. geri þinginu grein fyrir því með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst bæta fyrir og tryggja að kjarasamningar náist og viðræður hefjist á ný. Íslenska hagkerfið þolir það ekki í vaxandi atvinnuleysi að búa hér áfram í allt sumar og haust við þá óvissu sem fólgin er í því að kjarasamningar hafi ekki tekist, hvað þá heldur ef hér fara að verða verkföll, skæruverkföll eða lengri verkföll, vegna þess að samtök launafólks eiga enga aðra aðferð í baráttu sinni gegn ríkisvaldinu og atvinnurekendum.

Hverjar eru ástæður þess að slitnað hefur upp úr viðræðunum og kjarasamningar ekki tekist þrátt fyrir *átta mánaða lotu? Skýring mín er tvíþætt.* Aðferð ríkisstjórnarinnar hefur verið röng og stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið röng. Ég skal rökstyðja þetta nokkrum orðum.

Ríkisstjórnin beitti þeirri aðferð að hafa lengi vel engin afskipti af kjarasamningum. Sú aðferð var réttlætt í nafni frjálshyggjukenningarinnar um að ríkisstjórn ætti að standa utan og ofan við kjarasamninga og þá fyrst koma að þeim þegar þeir væru á lokastigi. Slík aðferð hefur aldrei skilað árangri á Íslandi enda getur ríkisvald sem er stærsti vinnuveitandinn í landinu og annar aðalsamningsaðili launafólks ekki beitt slíkri aðferð. Enda hefur komið í ljós að hún hefur mistekist.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var allt annarri aðferð beitt. Þá lögðum við margra mánaða vinnu í það að ræða við forustumenn launafólks á formlegum fundum, á óformlegum fundum, með persónulegum hætti og notuðum margvísleg önnur tækifæri til þess að reyna að þróa samstöðuna áfram stig af stigi. Mér hefur verið tjáð að frá því að ríkisstjórnin var mynduð og þar til viðræðufundir áttu sér stað milli t.d. forsrh., formanns Verkamannasambandsins eða forseta ASÍ hafi liðið margir mánuðir og margir mánuðir einnig liðið á milli funda. Og fjmrh., sem er samningsaðili BSRB, hefur að mér skilst ekki átt marga fundi ef þá nokkurn með forustu BSRB í þessum efnum. Það er auðvitað ekki hægt að ná hér kjarasamningum með því að ríkisstjórnin vill alls ekki koma nálægt málinu. Sú aðferð sem við beittum skilaði hins vegar þeim árangri að hér náðust þjóðarsáttarsamningar og voru endurnýjaðir í febrúar á síðasta ári með mjög góðum árangri. En það er ekki aðeins að stefna ríkisstjórnarinnar hafi verið röng og að aðferðin hafi verið röng. Stefnan hefur einnig verið röng, þ.e. sú stefna að leggja í aðdraganda kjarasaminga upp í margvíslega aðför að velferðarkerfinu og kaupmætti almennings í landinu með margvíslegri skattahækkun, hækkun á tekjuskatti, lækkun barnabóta, margvíslegum þjónustugjöldum, gjöldum fyrir lyf og heimsóknir á sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Með þessu hafa verið lagðar af hálfu rík-

isstjórnarinnar stórfelldar nýjar byrðar á launafólk. Það var sagt: Þetta er nauðsynlegt vegna ástandsins í ríkisfjármálunum. Látum það liggja á milli hluta. En ef það var nauðsynlegt þá snýst spurningin um aðferðina. Sú aðferð var valin að leggja byrðarnar á venjulegt launafólk. Byrðarnar voru ekki lagðar á hátekjufólkið. Ríkisstjórnin hafnaði hátekjuskatti. Ríkisstjórnin hafnaði þá líka að leggja byrðarnar á fjármagnseigendur. Ríkisstjórnin hafnaði líka að leggja byrðarnar eignafólkið í landinu heldur kaus að fara þá leið að láta venjulegt launafólk bera þessar byrðar þannig að úr launaumslögum fólksins í landinu hafa verið teknar 50–70 þús. kr. hjá venjulegum launamönnum.

Niðurstaðan af þessu varð sú, bæði með hinni röngu aðferð og eins með stefnu ríkisstjórnarinnar í fjárlögunum og í bandorminum að þrengja mjög svigrúmið fyrir nýja kjarasamninga. Við bentum hæstv. ríkisstjórn á þetta fyrr í vetur á Alþingi. Í ræðu hér á Alþingi 12. des. í 2. umr. um fjárlögin hvatti ég hæstv. ríkisstjórn til að hefja þá þegar viðræður við samtök launafólks og alla aðila launamarkaðarins til að gera breytingar á fjárlagafrv. sem gætu tryggt kjarasamninga þá strax í des. Þessu var hafnað. Síðar í þeim mánuði rétt fyrir jól, 21. des., var þessi ábending til ríkisstjórnarinnar enn á ný áréttuð. En enn á ný ákvað ríkisstjórnin að hafa hana að engu.

Í umræðum um lánsfjárlögin í janúar og í umræðum um bandorminn var ríkisstjórnin af mér og öðrum enn á ný hvött til þess að hefja viðræður við verkalýðshreyfinguna og ákveða breytingar á bandormsfrv. sem gætu orðið til að tryggja kjarasamninga en því var líka hafnað. Öllum ábendingum á Alþingi og utan þings til ríkisstjórnarinnar um að gera breytingar á stefnu sinni til þess að tryggja kjarasamninga var hafnað enda hefur ríkisstjórnin nú uppskorið. Hún hefur uppskorið það að samningum hefur verið slitið, samningamenn eru farnir til síns heima og enginn veit hvað við tekur.

Ríkisstjórnin sagði fyrir áramót að fjárlagafrv. og bandormurinn væri kjölfestan í því að kjarasamningar tækjust og vaxtalækkanir yrðu. Dómur reynslunnar hefur nú verið kveðinn upp undir lok marsmánaðar. Þessi tilraun hefur mistekist. En hvað á þá að gera? Hvað á að gera nú? Á bara að sigla út í óvissuna? Á bara að láta vorið koma með kjarasamninga lausa, hugsanlega verkföll í maí og óvissu til haustsins? Nei, auðvitað ekki. Íslenska hagkerfið má ekki við því. Við þurfum í senn að festa stöðugleikann og lága verðbólgu í sessi og tryggja að hjól atvinnulífsins geti farið að snúast á nýja leik. Ég vil þess vegna leggja fram tillögur í fjórum liðum um það með hvaða hætti ríkisstjórnin getur nú komið inn í kjarasamninga til að tryggja að þeir geti náðst á næstu dögum. Ég vil ekki bara gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það sem hún hefur gert og henni hefur mistekist heldur vil ég einnig svara því með jákvæðum hætti hvað eigi nú að gera. Hvað við hefðum gert ef við værum nú í þessum sporum og með hvaða hætti er hægt að leiðbeina ríkisstjórninni til að feta sig út úr því öngstigi sem hún er komin í og sem reyndar þjóðin öll er komin í.

1. Ég legg til að ríkisstjórnin breyti um aðferð. Í stað þess að standa utan og til hliðar við viðræðurnar hefji hún strax alvarlegar og nánar viðræður við samtök launafólks um breytingar.

2. Ríkisstjórnin lýsi því yfir að hún sé tilbúin að ráðstafa tekjunum af fjármagnstekjuskattinum í samráði við samtök launafólks í kjarasamningunum sem nú standa yfir þannig að frá og með næstu áramótum fái launafólk kaupmáttaraukningu í gegnum tekjuskattskerfið með hækkun barnabóta, með hækkun skattleysismarka og með húsaleigubótum sem fjármagnaðar verði með þeim skatti á fjármagnstekjur sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka upp.

3. Ríkisstjórnin lýsi því yfir að hún sé reiðubúin frá og með næstu áramótum að taka upp sérstakt hátekjuþrep í tekjuskatti og ákveði ráðstöfun þess fjármagns nú í kjarasamningum í samráði við ASÍ, BSRB og Kennarasambandið þannig að sá afrakstur geti aukið kaupmátt launafólks strax frá og með næstu áramótum.

4. Ríkisstjórnin ákveði að taka frumkvæði í kjarasamningunum sem samningsaðili og semji við BSRB í samráði við ASÍ og Kennarasambandið þar sem ljóst sé að Vinnuveitendasambandið hafi gefist upp á að gera þessa samninga. Það var aðferð sem við beittum vorið 1989 með góðum árangri þannig að þeir kjarasamningar urðu forleikur að þjóðarsátt sem þá tókst. Það er mun skynsamlegra fyrir ríkisstjórnina að ákveða nú í samráði við samtök launafólks að ráðstafa tekjunum af fjármagnstekjuskattinum í stað þess að fara þá leið sem fjmrh. boðaði á blaðamannafundi á örlagastundu í kjarasamningunum að nota tekjurnar til þess að lækka skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði eða afnema hann og lækka hinn sérstaka stóreignarskatt. Auðvitað hleypti það illu blóði í samningamenn launafólks þegar ríkisstjórnin hafði sagt við launafólkið vikum saman: Við getum ekki gert neinar breytingar í skattamálum til þess að auka kaupmátt ykkar. En svo kemur hún með fjmrh. í broddi fylkingar og segir: Jú, jú, við erum tilbúin til að afnema skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði fyrir fyrirtækin í landinu og við erum tilbúin til að afnema þennan sérstaka stóreignarskatt og nota tekjurnar af fjármagnstekjuskattinum til þess. En við erum ekki tilbúnir til að ráðstafa þeim tekjum í samvinnu við samtök launafólks.

Þessar fjórar leiðir yrðu örugglega vænlegt skref til þess að koma kjarasamningum á á nýjan leik og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að hugleiða þessar tillögur í alvöru, taka nú frumkvæðið, kalla á forustu ASÍ, BSRB og Kennarasambands Íslands, lýsa sig reiðubúna til þess að ræða ráðstöfun á arðinum af fjármagnstekjuskattinum í þágu kjarasamninganna og launafólks og taka þannig frumkvæði í málinu. Ríkisstjórnin hefur skapað þennan vítahring sjálf. Það er þess vegna skylda hennar að rjúfa hann. Það eru til aðferðir í því máli, það eru til leiðir sem menn geta farið ef þeir hafa viljann til þess, leiðir sem munu tryggja að á þessu ári yrði verðbólgan á Íslandi um eða undir 2% svo að við tryggðum í sessi þann einstæða árangur í verðlagsmálum og efnahagslegan stöðugleika

sem síðustu ríkisstjórn tókst að ná.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég var ekki neitt á móti því að umræður yrðu hér og nú um stöðuna í kjaramálum. Mér þótti það horfa dálítið öðruvísi við en fyrir fáeinum dögum síðan en á hinn bóginn mun ég ekki fara hér út í neinn eldhúsdag um stöðuna í kjaraviðræðum. Mér finnst ekki ástæða til þess og það ekki tímabært þótt sjálfsagt sé að ræða málin nokkuð almennt.

Ég lít ekki þannig á, eins og hv. málshefjandi, að slitnað hafi upp úr þessum viðræðum. Ég lít frekar þannig á nokkurt hlé hafi orðið. Auðvitað koma menn saman á nýjan leik og tala saman á nýjan leik. Það hefur komið fram hjá forustumönnum launþega að þeir nota núna tímann til að tala við sitt fólk, ræða við sitt bakland, eins og það er kallað, um stöðuna í samningamálunum og það er eðlilegt að mínu viti.

Ég tók sérstaklega eftir því að formaður Dagsbrúnar sagði að þessir dagar væru ekki dagar fyrir stórar yfirlýsingar og ég hefði gjarnan viljað að háttvirtur málshefjandi hefði heyrt þau orð og farið eftir þeim. En ég er út af fyrir sig þakklátur honum fyrir margvísleg ráð, ábendingar, úrræði, m.a. stórkostlegar skattahækkanir sem honum datt helst í hug að yrðu til þess að leysa það mál sem hefur verið í hnút.

Hv. málshefjandi, 8. þm. Reykn., spurði hvað það væri sem ríkisstjórnin vildi gera í málinu og reyndar helgaðist öll hans ræða af því að ríkisstjórnin væri hinn raunverulegi gerandi í þessum efnum rétt eins og hún sá um alla hluti hér síðast, kallaði launþegahreyfinguna og forustumenn hennar fyrir sig og skikkaði þá fram og til baka eins og kom glöggt fram í ræðu hv. 8. þm. Reykn. sem bersýnilega hafði stjórnað öllu saman sjálfur að meira og minna leyti í samningagerðinni síðast. Ég hafði reyndar haft þá trú að þjóðarsáttarsamningar hefðu verið gerðir þrátt fyrir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson en ekki vegna hans og ég hef þá trú eftir sem áður þrátt fyrir þá fjölbreyttu ræðu sem hann flutti hér.

Ríkisstjórnin hefur þegar greint forustumönnum launþega og vinnuveitenda frá því — hún gerði það fyrir allmörgum dögum — hvaða efni gæti falist í hennar yfirlýsingu og að hún vildi gæta þess fyrst og fremst í þeim efnum að koma til móts við þau sjónarmið sem sett hefðu verið fram af hálfu þessara aðila en jafnframt að gera það með þeim hætti að ekki væri nokkur hætta á því að sá megingrundvöllur sem áform voru um að gera samningana á raskaðist. Það var orðin samstaða, ríkulegt samflot langstærstu hreyfinga á hinum almenna markaði, um að gera samninga á þeim grundvelli, samninga sem byggðust á því að verðbólga væri hér lág eða nánast engin, að gengið væri stöðugt, að vextir mættu fara lækkandi og þar með mætti skapast nýr og góður grundvöllur fyrir atvinnulífið. Ég er sammála hv. þm., málshefjandanum, að það voru vonbrigði fyrir alla aðila að ekki tókust samningar í þessari lotu, ekki fyrir ríkisstjórnina sérstaklega heldur fyrir alla aðila, fyrir þjóðfélagið allt, fyrir atvinnulífið og fyrir launþega því það er hárrétt hjá honum að nú um þessar mundir er mikilvægt að festa náist, að menn hafi í atvinnulífi og á vinnumarkaði almennt fast land undir svo að hjól atvinnulífsins nái að snúast á nýjan leik. Ég tel að það hafi verið miður að þessi lota dugði ekki til að þess háttar samningar, sem hefðu verið bestu varnarsamningarnir í núverandi stöðu, náðust ekki fram. Ég tel líka augljóst af þeim upplýsingum sem menn hafa haft af samningsgerðinni að það vakti í loftinu og var kominn ríkur vilji til þess að gera allt sem fært væri til að tryggja að kaupmáttur þeirra sem lakast standa raskaðist ekki þó að kaupmáttur þjóðarinnar sem heildar raskaðist. Þetta er afskaplega mikilvægt og mikilvægt var að menn voru komnir áleiðis með þetta verk. Ég er ekki að segja að menn hafi verið að lokum komnir en menn voru komnir áleiðis með þetta verk þó að ekki hafi náðst endanlegt samkomulag. Ég tel mikilvægt að menn leitist við að halda því verki áfram.

Hv. þm. spurði: Hvers vegna náðust ekki samningar? Honum hentaði það, og ég læt það liggja á milli hluta, að kenna ríkisstjórninni um allt saman. Það er eins og gengur gagnvart stjórnarandstöðu. Ég vek hins vegar athygli á því að þessir samningar eða samningsumleitanir fara fram á afskaplega erfiðum tíma. Það er mjög erfitt að gera kjarasamninga af þessu tagi þó að kannski sé langflestum ljóst að það er nauðsynlegt að gera kjarasamninga einmitt af þessu tagi. En það er erfitt og menn skyldu ekki vanmeta það. Það þarf mikilla skýringa við. Það þarf að koma slíkum samningum í gegn á ótal vígstöðvum um landið allt, það þarf mikla kynningu og það þarf heilmikið til að láta menn sættast við að samningsgerð af þessu tagi sé öllum hallkvæmust eins og sakir standa. Það kemur ekki á óvart þó að það taki í þegar menn leitast við að gera samninga af þessu tagi. Ég er ekki í vafa hins vegar um það að allir aðilar, launþegahreyfingin og forustumenn hennar og Vinnuveitendasambandið, voru í alvöru og af einlægni að reyna að ná þess háttar samningum. Og ég tók sérstaklega eftir því hversu varkárir menn voru þegar þetta hlé varð á samningsgerðinni. Það voru ekki eldibrandar og vopnagnýr. Þvert á móti, menn tóku undir með formanni Dagsbrúnar sem sagði að nú væri ekki tími fyrir stóryrtar yfirlýsingar. Það segir mér það að menn vilji áfram skoða þennan kost, að menn sjái, rétt eins og ég og málshefjandi, að það er mjög mikilvægt fyrir alla, ekki síst launafólkið í landinu, að samningar náist.

Ég hef rökstutt það áður að hér sé ekki um uppslit í samningum að ræða heldur hlé því að augljóst er að þessir aðilar verða að tala saman. Þeir yfirgáfu ekki samningsfundastaðina með þeim hætti sem gerist þegar upp er staðið. Menn hafa ekki blásið til illinda, menn hafa ekki hótað stórstyrjöld á vinnumarkaði enda er slík styrjöld ekki til neins og mundi ekki gera nokkrum manni gagn við þessar aðstæður eins og öllum er ljóst að ég hygg. Ég sé ekki neina ástæðu til að örvænta fyrir þá aðila sem að samningunum standa. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þar ráði mestu þeir sem þar eru í forustu en ekki einhver einn snillingsandi sem mér skildist á síðustu ræðu að hefði dreg-

ið þetta allt saman upp síðast og bjargað öllum málum, teymt menn til funda og útbúið samningana og verið með marga snilldarleiki sem voru upphafið að kjarasamningum eins og hv. þm. lýsti.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum hóf ég umræðu um kjarasamningana. Ég gerði það í því skyni að fram mætti koma í umræðunum að a.m.k. við í Framsfl. og ég hygg stjórnarandstaðan öll væri reiðubúin að gera ýmsar breytingar á fyrri ákvörðunum Alþingis ef það gæti greitt fyrir kjarasamningum. Það kom einnig skýrt fram að svo var í þeirri umræðu.

Hæstv. forsrh. taldi sér ekki fært að ræða ýmis atriði kjarasamninganna eða t.d. þær óskir sem fram hefðu komið hjá launþegasamtökum til ríkisstjórnar sem mættu greiða fyrir kjarasamningum og ég skildi það mætavel. Ég held hins vegar að nú verði varla hjá því komist að ræða þau atriði nokkuð. Það er sannfæring mín eftir að ég hef rætt við ýmsa sem að þessum kjarasamningum standa að það þarf ekki ýkja mikið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til þess að greiða fyrir kjarasamningum. Við getum áreiðanlega öll tekið undir þau orð að afar mikilvægt er að kjarasamningar náist og reyndar hygg ég að það sé enn mikilvægara en liggur í sumum þeim orðum. Í landinu er mikið vonleysi í dag, menn halda að sér höndum og ég er sannfærður um að eitt hið mikilvægasta til að slá á þetta vonleysi er að kjarasamningar megi nást og helst í þjóðarsáttarstíl eins og tókst 1990. Ég skal ekkert um það segja hvort það sem nú hefur gerst er frestun á kjarasamningum eða slit þeirra. Þeir sem í þeim standa kalla það slit kjarasamninga en hæstv. forsrh. kallar það frestun og vitanlega gerir hver og einn maður ráð fyrir því að til viðræðna komi aftur einhvern tíma. En eins og ég skil málið þá getur það dregist æðimikið og ég tel að sá dráttur sé mjög skaðlegur fyrir íslenskt þjóðfélag.

Út af því sem hér var sagt áðan um þjóðarsáttina sem náðist 1990 tel ég nauðsynlegt að segja fáein orð. Að sjálfsögðu var sú þjóðarsátt á vegum aðila vinnumarkaðarins. Þeir lögðu í samningunum grundvöllinn að henni. Hins vegar má það ekki gleymast að hún var möguleg með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hafði gripið til á árinu 1989 þar sem atvinnuvegirnir voru réttir úr kútnum og þeim var gert kleift að ganga til kjarasamninga. Einnig var atvinnuvegunum gert fært að mæta launakröfum launþega með þeirri vaxtalækkun sem náðist á árinu 1989. Á þetta vil ég leggja mjög ríka áherslu.

Ég vil einnig láta það koma hér fram að samráð milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins var mjög náið meðan á viðræðum þeirra stóð. Það má segja að nánast daglegt samráð hafi verið svo að þær kröfur eða óskir sem síðan komu fram á vegum aðila vinnumarkaðarins, bæði frá vinnuveitendum og launþegum, voru ekki ókunnar þegar þær voru lagðar fyrir ríkisstjórn, tækifæri hafði fengist til að ræða þær. En staðreyndin er sú að þessar kröfur voru töluvert miklar. Samkomulag varð um kröfur sem ég hygg að hafi mátt meta töluvert á annan milljarð kr. sem var framlag af hálfu ríkissjóðs. Það fer vitanlega ætíð nokkuð eftir stöðu mála hvað slíkar aðgerðir eru kostnaðarsamar. En okkar mat var það að betra hefði verið fyrir ríkissjóð og tvímælalaust langtum betra fyrir þjóðarbúið að verða við óskum, þótt þær kostuðu þetta mikið, ef það gæti orðið til þess að kjarasamningar tækjust hið fyrsta. Ég er sannfærður um að þegar upp er staðið var það rétt. Ég er reyndar sannfærður um að vinnustöðvun, verkföll, þó að ég sé ekki að spá þeim núna og vonandi kemur ekki til þeirra, mundu kosta ríkissjóð langtum meira en eitthvert slíkt framlag til þeirra kjarasamninga sem nú fara fram. Menn verða því að meta þetta á báða vegu. Menn verða að skoða annars vegar hvað það kostar ríkissjóð að ganga til þess verks að greiða fyrir kjarasamningum og hins vegar hvað það kostar ef kjarasamningar nást ekki. Þetta var sem sagt vandlega metið annars vegar af ríkisstjórninni árið 1990, í janúar og febrúar það ár, og hins vegar í sameiginlegum viðræðum við launþega sem fóru fram á mjög eftirminnilegan hátt að því leyti að þar var fullur trúnaður og þannig til verks gengið að til fyrirmyndar var að mínu mati. Þannig leystust þær kjaradeilur og þjóðarsátt náðist.

Þegar ég lít yfir kröfur launþega nú sýnist mér boginn ekki mjög spenntur og sérstaklega eftir að ég hef átt viðræður við ýmsa sem þar eru í forustu sýnist mér að ná megi satt að segja ótrúlega hógværum kjarasamningum miðað við þá kaupmáttarskerðingu sem hefur orðið. Í kaupmætti er ekki farið fram á annað en að ná þeim kaupmætti sem var í júnímánuði 1991 og að það verði gert í áföngum til 1. okt. 1992. Ég er sannfærður um að þessu má ná með því að stuðla að góðri lækkun vaxta. Lækkun vaxta um 2–3% þýðir fyrir allt atvinnulífið í landinu um það bil 4–6 milljarða kr. á ársgrundvelli því að 1% í vöxtum fyrir atvinnulíf í landinu öllu eru um tveir milljarðar á ársgrundvelli. Komið hafa fram dæmi m.a. í þeim viðræðum sem voru og er frestað eða slitið sem sýna að hjá einstökum atvinnurekendum hefur vaxtahækkunin á síðasta ári jafngilt um 15–30% launahækkun. Það skal að vísu skýrt tekið fram að það er hjá einstökum atvinnurekendum þar sem fjármagnskostnaður hefur vafalaust verið mjög mikill. Þegar menn skjóta sér á bak við það að sjávarútvegurinn byggi minna á innlendum lánum, sem er að sjálfsögðu rétt, þá er það þó svo að hjá mörgum vinnslufyrirtækjum í sjávarútvegi, ekki útgerðinni sjálfri heldur vinnslu í landi, vegur fjármagnskostnaðurinn langtum meira að tiltölu en hjá sjávarútveginum í heild. Hér er fyrst og fremst verið að tala um lág laun fiskvinnslufólks sem þurfi að hækka svo að vaxtalækkun mundi koma sér líka afar vel hjá fiskvinnslufyrirtækjum. Ég er þeirrar skoðunar með öðrum orðum, eftir að hafa skoðað það nokkuð vandlega með þeim sem um þessar tölur fjalla, að með því að hafa forgöngu um vaxtalækkun sem næmi um 2–3% gæti ríkisstjórnin nokkurn veginn tryggt það að flutningur verður á milli fjármagnstekna hjá þeim sem eiga fjármagn eða fjármagnsgjalda hjá þeim sem greiða og launþega sem ná mundu saman samningum að því leyti og reyndar stuðla mjög að lækkun fjármagns-

kostnaðar í landinu sem er svo sannarlega mjög þarft. Ég ætla ekki að fara sérstaklega út í það. Þó er líklega vert að spyrja hvort ríkisstjórnin hafi kannað hver hlutur fjármagns í þáttatekjum þjóðartekna er mikill. Ég lét gera það og nokkrar deilur sköpuðust um það því menn deildu um grundvöll slíkra útreikninga, þ.e. hvort reikna ætti á grundvelli nafnvaxta eða aðeins raunvaxta. Erlendis mun ætíð vera reiknað á grundvelli nafnvaxta en hér var það ekki talið fært vegna verðbólgunnar en um þetta hefur verið mjög deilt. Nú ætti ekki að vera vandi að skoða þetta því verðbólgan er mjög lág og því ekki þörf á að taka tillit til hennar. Miðað við að kaupmáttur hefur líklega lækkað um 10–11% á fjórum árum, en einkaneyslan á sama tíma staðið nokkurn veginn í stað, virðist mér alveg ljóst að einkaneyslunni er ekki síst haldið uppi með miklu tekjum fjármagnseigenda enda kemur það fram í svo fjölmörgu öðru.

Ég vil beina því til hæstv. forsrh. að þetta verði skoðað og að fjármagn verði flutt frá fjármagnseigendum til launþega, þ.e. úr fjármagnstekjum í launatekjur.

Það er sannfæring okkar framsóknarmanna a.m.k. og langtum fleiri í þjóðfélaginu hygg ég, að með slíkri tilfærslu, sem að öllu leyti er skynsamleg, megi tryggja nægilega launahækkun sem launþegar mundu gera sér að góðu í því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu a.m.k. miðað við þær kröfur sem þeir hafa lagt fram.

Hins vegar er ljóst að til að ná kjarasamningum þarf að gera meira og þess vegna hefur verið leitað til hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er mjög aðgengilegt á sameiginlegu skjali með áhersluatriðum frá BSRB, ASÍ og Kennarasambandi Íslands í velferðarmálum, sem lagt var fyrir ríkisstjórn 19. mars 1992. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að fara yfir nokkur atriði.

Þar eru fyrst og fremst settar fram nokkrar óskir í heilbrigðisþjónustu og tryggingum. Þar segir um lyfjakostnað og læknisþjónustu í fyrsta lagi að læknisheimsóknir, bæði hjá sérfræðingum, heilsugæslu- og heimilislæknum verði án gjaldtöku fyrir börn. Gjald verði ekki tekið vegna komu fólks á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis.

Mér skilst að munnlega hafi verið tekið undir varðandi gjaldtöku fyrir börn, ég verð þá leiðréttur ef það er rangt. Hins vegar ekki fyrir hin atriðin. Þetta er að mörgu leyti mjög skynsamlegt því koma fólks á heilsugæslustöð og til heimilislæknis er ekki síst forvarnaaðgerð sem sjálfsagt er að stuðla að.

Í öðru lagi er farið fram á að hámarksgreiðsla verði ákveðin fyrir fjölskyldur vegna læknis- og lyfjakostnaðar, þ.e. að lyfjakostnaðurinn verði tekinn með.

Í þriðja lagi að greiðslur fyrir krabbameinsleit verði felldar niður.

Í fjórða lagi að endurskoðuð verði ákvæði um það hverjir fái lyfjakort.

Hér sýnist mér eingöngu vera mjög skynsamlegar leiðréttingar á því sem gripið hefur verið til vegna sparnaðar í læknisþjónustu og lyfjakostnaði. Miðað við hinar fjölmörgu breytingar sem hæstv. heilbrrh. boðar á fundum sínum um landið þar sem hann ferðast og gleður menn með því að kippa til baka einstökum liðum sem ógnað hafa heilbrigðisþjónustunni á viðkomandi stöðum, eins og t.d. það að fæðingardeildinni á Suðurnesjum verði ekki lokað og að verðandi mæður þurfi ekki að fæða á Reykjanesbrautinni, hygg ég að hæstv. heilbrrh. gæti tekið svona ábendingar til meðferðar og skoðað þær.

Það er undarlegt t.d. að niðurfelling greiðslu fyrir krabbameinsleit hafi verið hafnað. Mér skilst að þeirri yfirlýsingu hafi verið flaggað að það hefði ekki dregið úr komu manna til krabbameinsskoðunar. Það er nú gott og blessað. Við skulum vona að gjaldtakan verði ekki til þess að menn láti undir höfuð leggjast að fara í slíkar sjálfsagðar skoðanir. Vitanlega má gjaldtaka alls ekki verða til þess að draga úr því að fólk komi til slíkrar forathugunar.

Einnig er fjallað um niðurskurð á sjúkrahúsum, að hætta við flatan niðurskurð og hverfa frá fjöldauppsögnum. Flati niðurskurðinn kann að vera nokkuð stærra atriði. Mér skilst að fyrri liðurinn um heilbrigðisþjónustu og tryggingar, þ.e. læknisþjónusta og lyfjakostnaður, sé um 300 millj. kr. í aukinn kostnað, en flati niðurskurðurinn á sjúkrahúsum um 560 millj. Hins vegar hygg ég að allir sjái að flatur niðurskurður er nánast ekki framkvæmanlegur í slíku tilfelli. Þarna er einnig um lagfæringar að ræða á því sem nú er framkvæmt.

Að hætta við áform um aukna þátttöku sjúklinga í kostnaði við hjálpartæki er metið á 95 millj. kr.

Tannlækningar, þátttaka foreldra í kostnaði vegna barna verði 5% í stað 15% er metið á 50 millj. kr.

Tenging grunnlífeyris, elli- og örorkulífeyris verði ekki tekjutengdur, er dýrari, 170 millj. Ferðakostnaður sjúklinga verði bættur og þar er talið upp það sem kemur helst undir heilbrigðisþjónustu og tryggingar.

Hér er einnig kafli um skatta, sem ég ætla ekki að fara eins ítarlega yfir, en þar kemur m.a. fram að skattur verði settur á fjármagnstekjur og áætlað að hann gefi um 2,5 milljarða. Ég tek undir það með hv. frummælanda að þessar tekjur ber að sjálfsögðu að nota til þess að liðka fyrir kjarasamningum. Mér kemur á óvart að ríkisstjórnin, eða fjmrh. fyrir hennar hönd, hefur lýst því yfir að þetta eigi að verða til lækkunar á öðrum sköttum.

Ég er satt að segja þeirrar skoðunar, miðað við þær framkvæmdir sem ríkisstjórnin hefur ráðist í til sparnaðar og niðurskurðar í velferðarkerfinu, að veita alls ekki þessum sköttum til að bæta þar um og ekki síst þar sem um leið má greiða fyrir kjarasamningum. Að sjálfsögðu gerir það langtum torveldara að greiða fyrir kjarasamningum ef lækka á skatta á öðrum sviðum.

Hér er einnig fjallað um húsnæðismál. Farið fram á að tryggt verði að engar vaxtahækkanir verði í félagslega íbúðarkerfinu á samningatímanum. Ég veit að þær hugmyndir hafa verið uppi hjá ríkisstjórn að hækka þar vexti en engin hækkun vaxta er að sumu leyti kostnaðarsamt miðað við þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur verið með, en ég er sannfærður um að þarna má einnig finna meðalveginn.

Farið er fram á aðstoð við leigjendur sem lengi hef-

ur verið um rætt í ríkisstjórnum undanfarin ár.

Hér er jafnframt farið fram á það að skerða ekki kennslumagn eða námsframboð og kennslustundafjölda samkvæmt grunnskólalögum og hverfa frá töku skólagjalda. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin ætti að hverfa frá öllum áformum um niðurskurð í kennslumálum, en ekki eingöngu vegna samninganna. Ég tel að niðurskurður í skóla- og kennslumálum sé eitt hið versta sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til og muni skaða okkur verulega þegar til lengri tíma er litið.

Mér sýnist því þegar ég lít yfir þessi áhersluatriði að yfirleitt séu þau mjög skynsamleg og ríkisstjórnin ætti að taka til alvarlegrar umfjöllunar og væru mörg hver verulega til bóta á því sem gert hefur verið af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Mér er ljóst að ef allt sem hér er nefnt er framkvæmt er kostnaður mikill, líklega yfir átta milljarðar kr. Hins vegar er hér bent á tekjur sem eru yfir fjórir milljarðar, en ég vil leyfa mér að fullyrða að ekki þarf nema tiltölulega lítið af þessu til þess að samningar náist. Svo er ætíð að lengri óskalisti er settur fram en menn ætlast til að verði samþykktur.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið með því að telja allt til sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið undir og flutt samningsmönnum munnlega má meta aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar eitthvað nálægt 500 millj. kr. Þó mun það vera umdeilt af launþegum. Ég yrði ekki undrandi þótt mætti ná samningum með því að tvöfalda eða þrefalda þá upphæð.

Skriflegt svar við þessu barst 20. mars. Þá hét forsrh. því fyrir hönd ríkisstjórnar að réttur launafólks til launa og lífeyrisréttar við gjaldþrot verði færður til samræmis við þær hugmyndir sem aðilar vinnumarkaðarins hafa kynnt. Þetta mun alltaf hafa legið í loftinu þegar þessi réttur var skertur, þar vildi ríkisstjórnin hafa nokkuð uppi í handarjaðrinum til þess að ganga til móts við launþega.

Ég vil ljúka máli mínu með því að leggja á það áherslu fyrir hönd okkar framsóknarmanna að ríkisstjórnin hristi af sér slyðruorðið og gangi til þessa verks af fullri alvöru, skoði það sem launamenn hafa farið fram á, taki upp alvöruviðræður við launamenn og bæti nokkuð það tilboð sem hún hefur gert. Ég er sannfærður um að það er fullur vilji að ná samningum og það er afar mikilvægt.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ljóst er að þær samningaviðræður sem staðið hafa yfir að undanförnu eru komnar í strand og allt óljóst um framhaldið. Þótt það sé að sjálfsögðu hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um kaup og kjör síns fólks og ríkisins að ná samningum við starfsmenn sína þá hafa þeir atburðir gerst á undanförnum mánuðum sem valda því að gera verður sérstakar kröfur til þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Með stjórnarstefnu sinni og aðgerðum í skattamálum, heilbrigðis- og menntamálum hefur ríkisstjórnin lagt nýjar álögur á heimilin í landinu og því er ekki að undra að samtök launafólks bregðist við og reyni að fá álögunum hnekkt. Ríkisstjórnin gat ekki búist við öðru. Það kann ekki góðri lukku að stýra í samningum að tala tungum tveim, bjóða tilslakanir með annarri og hóta svo enn meiri samdrætti með hinni.

Niðurskurðarstefna ríkisstjórnarinnar á öllum sviðum bætist ofan á almennan samdrátt og þess er ekki að vænta að uppsveifla eigi sér stað þótt samningar náist. Það er stefna hins hæfilega atvinnuleysis, eins og það var einu sinni kallað, sem virðist vera að halda innreið sína. Í það minnsta bólar ekkert á aðgerðum ríkisins til að bægja atvinnuleysisvofunni frá. Hinni ósýnilegu hönd markaðarins er ætlað að stjórna för. Því er ekki aðeins tekist á um kaup og kjör eða varðveislu kaupmáttar, heldur grundvallarhugmyndir um gerð þjóðfélagsins og þau mannréttindi að fólk hafi vinnu og geti séð sér farborða. Því hljótum við enn og aftur að beina sjónum að ríkisvaldinu, hlutverki þess og viðbrögðum. Óhjákvæmilegt er að ríkisstjórnin komi til móts við launþega og það er einkum þrennt sem þar ber að setja efst á blað að mínum dómi.

Í fyrsta lagi aðgerðir til að bæta hag hinna lægst launuðu. Má þá minna á kosningaloforð um hækkun skattleysismarka. Tekjutapi ríkissjóðs má mæta með hærra skattþrepi á hæstu tekjur.

Í öðru lagi að draga til baka vanhugsaðar og handahófskenndar aðgerðir í heilbrigðis-, tryggingga- og skólamálum.

Í þriðja lagi aðgerðir af hálfu ríkisins til að skapa atvinnu í landinu.

Enn einu sinni minni ég á þá tillögu Kvennalistans að tekin verði erlend eða innlend lán og þeim varið til arðbærra framkvæmda. Slíkt er fullkomlega réttlætanlegt á tímum eins og þessum. Það er hlutverk ríkisstjórnarinnar við þær aðstæður sem nú ríkja að beita sér í þágu síns fólks og nota tiltæk ráð til að liðka fyrir samningum. Enn og aftur segi ég að atvinnulífið verður að geta boðið fólki mannsæmandi laun. Það stenst ekki til lengdar að senda reikninginn til ríkisins.

Að mínu dómi er það ríkisstjórnin sem á næsta leik. Bæði gagnvart launafólki í landinu og atvinnurekendum. Atvinnulífið verður að búa við viðunandi skilyrði, en þar nefni ég lækkun vaxta sem aðgerð númer eitt, tvö og þrjú. Ef ríkisstjórnin notar ekki tækifærið strax í stað þess að sitja með hendur í skauti er hún að kveikja elda ófriðar sem kunna að loga lengi og valda miklum skaða.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. gaf okkur áðan söguskýringar sínar á því hvers vegna kjarasamningar hefðu ekki tekist í þessari lotu. Fyrri skýring hans var sú að ríkisstjórnin hefði beitt rangri aðferð, þ.e. afskiptaleysi. Seinni skýringin var sú að stjórnarstefnan væri röng.

Að því er varðar fyrri söguskýringuna um aðferð afskiptaleysisins þá er hún einfaldlega röng, þ.e. hún stenst ekki staðreyndir. Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa á undanförnum mánuðum átt ítrekaðar og ítarlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins, hvern í sínu lagi og alla í senn og ég get vissulega vottað það sem

samstarfsaðili hv. 8. þm. Reykn. í fyrri ríkisstjórnum að enginn aðferðamunur hefur verið á því. Aðferðamunurinn er kannski helst sá að þessir fundir hafa farið fram meira í kyrrþey en stundum áður, enda eðli málsins samkvæmt vænlegast til árangurs að þeir fari fram með þeim hætti. En ekki hefur skort á að viðræður væru við fulltrúa launþega og vinnuveitenda allan þennan langa undirbúningstíma.

Að því er varðar spurninguna um stefnu stjórnvalda er það að sjálfsögðu pólitískt álitaefni. Hitt stendur að í þeim viðræðum sem fram fóru við aðila vinnumarkaðarins var ekki gerður ágreiningur um hvert væri meginmarkmiðið. Það væri að tryggja að verðbólga yrði lág í framtíðinni, menn tóku undir það markmið að reyna að koma verðbólgu undir verðbólgustig viðskiptalanda og að skapa þannig forsendur fyrir lækkun vaxta og fjármagnskostnaðar. Ég heyrði engan aðila í þessum viðræðum halda öðru fram en að þetta væru meginmál og margar ræðurnar heyrðum við um það ágreiningslaust að þarna væri hin stóra vinningsvon. Þarna væri verið um að ræða hinar stóru upphæðir, milljarðana sem gætu skilað skuldugri þjóð og skuldugum fyrirtækjum og skuldugum heimilum hinum raunverulega ávinningi við þessar kringumstæður. Þetta er auðvitað kjarni þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað og ég veit ekki til að um hana hafi verið ágreiningur. Í ljósi reynslunnar af þjóðarsáttasamningunum fyrr eru menn margs vísari um það hvaða leiðir eru vænlegastar til þess að varðveita kaupmátt og til að varðveita atvinnuöryggi við skilyrði samdráttar og hnignunar í atvinnulífinu. Vegna þess að ef við eru að ræða kjaramál þá erum við ræða um kjaramál þjóðarbús og þjóðar. Það vita allir nú orðið hverjar staðreyndirnar eru. Við erum á fimmta ári, ekki einasta stöðnunar heldur hnignunar. Við höfum orðið fyrir því að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur eru í verðmætum talin mörgum milljörðum minni en þær hefðu verið ef hér hefði verið eðlilegur hagvöxtur. Við þekkjum allar staðreyndir um hallarekstur í ríkisbúskap. Við þekkjum staðreyndirnar um yfirþyrmandi lánsfjárþörf ríkisins, eins og niðurstaðan varð af stjórn ríkisfjármála undir lok síðustu ríkisstjórnar og við vitum hvaða afleiðingar það hafði. Stefna núv. ríkisstjórnar hefur fyrst og fremst haft eitt að markmiði: Að draga úr þessum hallarekstri, að draga úr lánsfjárþörf ríkisins, að skapa forsendur fyrir lágri verðbólgu, að skapa forsendur fyrir lækkun vaxta og það er kjarninn sem þetta mál snýst um. Um það hefur þess vegna ekki verið neinn umtalsverður ágreiningur.

Það er einnig rangt að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi ekki verið gerð ákveðin tilboð. Þau voru gerð. Fyrir utan það að ríkisstjórnin hét því að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að halda stöðugleika í gengi þá hét hún því að hafa forgöngu um lækkun vaxta og það hlýtur auðvitað að teljast meginatriði málsins. Þar að auki veitti ríkisstjórnin í forgjöf í þessum viðræðum fyrirheit um það að breyta ekki ákveðnum réttindamálum launþega sem kröfur voru settar um. Jafnframt var komið til móts við ýmsar óskir eins og t.d. varðandi vexti í félagslegu húsnæðiskerfi, um sameiginlega nefnd til þess að ræða aðgerðir vegna atvinnuástands, t.d. að koma í veg fyrir það að hópuppsögnum yrði beitt í sambandi við samdrátt í opinberum rekstri eða breytingar opinberra fyrirtækja í einkafyrirtæki. Komið var til móts við óskir um það að lækka gjaldtöku vegna barna varðandi heilsugæsluþjónustu. Eftir nokkrar umræður varð að samkomulagi að ef fjármunum væri hægt að verja í einhverjum mæli að því er varðaði heilbrigðisþáttinn þá væri það forgangsverkefni að reyna að stuðla að því að koma í veg fyrir lokun á öldrunarþjónustudeildum. Þannig gæti ég nefnt ýmis dæmi um það að ríkisstjórnin lagði vissulega sitt af mörkum. Auðvitað er öllum harmsefni að þetta skyldi ekki hafa tekist og það er vissulega harmsefni vegna þess að nú var tækifæri til þess að gera kjarasamninga í framhaldi af góðri reynslu af þjóðarsáttarsamningunum sem tóku mið af raunveruleika íslensks þjóðarbúskapar og hefðu skilað íslenskum launþegum því sem hægt var að skila við þessar kringumstæður.

Með því að gera nú kjarasamninga sem hefðu fyrst og fremst haft að innihaldi láglaunabætur til hinna lægst launuðu sem hefðu varið kaupmátt þeirra og kjarasamninga helst til eins eða eins og hálfs árs byggt á forsendum lágrar verðbólgu og lækkunar vaxta, þá hefðum við fyrst og fremst verið að gera það sem okkur bar skylda til að gera til þess að treysta atvinnuöryggið, skapa atvinnulífinu, fyrirtækjunum vaxtarskilyrði vegna þess að stöðugleikinn er það sem fyrst og fremst getur orðið þeim að liði meðan við bíðum breytinga í ytra umhverfi þannig að nýtt hagvaxtarskeið geti hafist. Ekkert þýðir að berja höfðinu við steininn eða neita staðreyndum. Við erum í djúpri efnahagskreppu. Aðalvandamálið sem er fram undan og við ásamt með verkalýðshreyfingunni í landinu höfum mestar áhyggjur af er hættan á vaxandi atvinnuleysi. Við þurfum ekkert að blekkja okkur um líkur á skjótum efnahagsbata. Við vitum að sjávarafli mun ekki aukast fyrirsjáanlega í bráð. Við vitum að framkvæmdir við virkjanir og álver eru ekki í sjónmáli. Við verðum þess vegna að laga okkur að þessum staðreyndum. Leiðin til þess að bjarga því sem bjargað verður og tryggja hag þeirra verst settu hefði einmitt verið í því fólgin að ná slíkum kjarasamningum. Ekki er við ríkisstjórnina að sakast að það tókst ekki og það er út af fyrir sig við engan að sakast. Þessi mál voru í mjög erfiðri stöðu. Að sjálfsögðu látum við í ljósi þá ósk að hér sé ekki um að ræða varanleg slit á viðræðum, enda sjáum við ekki ástæðu til þess að ætla slíkt heldur einfaldlega að samningar hafi ekki tekist í þessari lotu og að þráðurinn verði tekinn upp aftur þegar menn hafa enn borið saman bækur sínar og áttað sig á því í hve þröngri stöðu við erum og hverra kosta er. Hins vegar er á misskilningi byggt að það sé á valdi ríkisstjórnarinnar núna að leysa málið með því að bera fé í dóminn. Líka er mikill misskilningur að sú leið sé rétt að ríkisstjórnin taki til baka þær sparnaðaraðgerðir sem hún hefur beitt sér fyrir í opinberum rekstri. Þvert á móti eru þær sparnaðaraðgerðir forsendan fyrir því að kjarasamningar geti náðst um þetta markmið, lága verð-

bólgu, lægri vexti og stöðugleika í efnahagsumhverfinu. Um það er í raun og veru ekki mikill ágreiningur. Vissulega þykir okkur miður að þetta tókst ekki, en ekki er ástæða til þess að leggja árar í bát, ekki er ástæða til þess að fara á taugum, ekki er ástæða til þess að vera með yfirboð, ekki er ástæða til þess að láta sem svo að ríkisstjórnin geti einfaldlega skrifað gúmmítékkka til þess að leysa þessi mál, það eru ekki rétt ráð. Það sem þarf einfaldlega að gera er að taka upp viðræður aftur þegar menn hafa áttað sig á því að það er ekkert að sækja neinn skjótfenginn gróða einhvers staðar í þjóðfélaginu, það er ekki ráð að grípa til erlendrar lántöku til þess að leysa málin.

Að því er varðar fjármagnstekjuskatt liggur það fyrir að ríkisstjórnin er að vinna í fullri alvöru að því máli. Það liggur fyrir og verður betur kynnt nú á næstunni hvað í því felst, hver sá skattstofn er, hvaða tekjuvonir þar er um að ræða. Það er misskilningur að það hafi verið sett fram krafa um hátekjuskatt vegna þess að það var ágreiningur um það innan launþegahreyfingarinnar og tvö fjölmenn launþegasamtök vísuðu þeirri kröfu á bug. Að því er varðar t.d. tekjutengingu barnabóta þá stóð ekki á ríkisstjórninni að stíga skrefið þar til fulls þannig að tekjutenging væri gerð hrein og klár og barnabótagreiðslur til fjölskyldna með hærri tekjur þurrkuðust út. Um það var hins vegar ekki heldur full samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar. Hér er ekki staður eða stund til þess að hefja leit að sökudólgum, þeir eru engir. Það sem þarf er meiri tími til þess að menn átti sig á að eina leiðin sem fær er til þess að tryggja einmitt atvinnuöryggið og standa vörð um kaupmátt hinna lægst launuðu er að tryggja kjarasamninga af því tagi sem menn voru að reyna og þurfa að gera aðra atrennu að.

Guðmundur Þ Jónsson:

Virðulegi forseti. Mönnum er gjarnan tíðrætt um þjóðarsáttarsamningana og vitnað til þeirra þegar talað er um góða hluti á þeim vettvangi. Ég get tekið undir það að þjóðarsáttarsamningarnir voru mjög merkilegir samningar og þeir urðu til vegna góðra samskipta, góðrar samvinnu þáv. hæstv. ríkisstjórnar og launþegahreyfinganna. Án þeirrar góðu samvinnu sem þar var á milli hefðu þeir samningar ekki tekist og ekki skilað þeim árangri sem þeir gerðu. Alveg er ljóst að þótt þeir samningar fælu ekki í sér kaupmáttarauknigu þá voru einmitt þær aðgerðir sem fylgdu og sú afstaða sem ríkisstjórnin tók, t.d. hraðminnkandi verðbólga og lækkandi vextir, til þess að auka í mörgum tilfellum ráðstöfunartekjur og kaupmátt heimila. Það verður ekki sagt um þessa hæstv. ríkisstjórn sem nú situr að samskipti launþegahreyfinganna við hana hafi verið með sama hætti. Frá því að núv. hæstv. ríkisstjórn settist að völdum hefur einmitt launþegahreyfingin verið í stöðugu stríði við ríkisstjórnina út af þeim aðgerðum sem hún hefur áformað og framkvæmt. Það er fyrst og fremst atlagan að velferðarkerfinu sem hefur komið ákaflega illa við allt launafólk og orðið til þess að rýra kjör þess verulega. Svo hafa verið boðaðar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur nú lýst yfir að hún muni ekki framkvæma, þ.e. lækkun á atvinnuleysisbótum eða skerðing á rétti til atvinnuleysisbóta eða til fæðingarorlofs. Það er út af fyrir sig ávinningur að hafa getað stoppað þau áform sem þar hafa verið uppi en samt sem áður held ég að alveg nauðsynlegt sé að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir því að ef samningar eiga að takast núna á næstu vikum verður hún að koma með skýrari hætti inn í það en hún hefur gert fram til þessa. Þá skerðingu á rétti fólks í velferðarkerfinu verður að bæta og koma til móts við kröfur okkar í verkalýðshreyfingunni.

Það getur vel verið rétt hjá hæstv. heilbrrh. sem hann hefur talað um á fundum sínum um landið að komum á heilsugæslustöðvar eða til lækna hafi ekki fækkað. En það er alveg ljóst að þegar fólk leitar til læknis eða fer með börn sín til læknis þegar þau eru veik þá kemur það niður á kjörunum að öðru leyti. Þá peninga verður að taka af einhverju öðru, þeir verða ekki notaðir tvisvar og það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að oft er um verulega kjaraskerðingu er að ræða.

Ég lít svo á að það hafi slitnað upp úr viðræðum núna um sinn. Enginn fundur er boðaður og viðræðum var hætt þannig að það er ekki hægt að líta öðruvísi á þetta en að slitnað hafi upp úr viðræðum því að nú er málið í höndum sáttasemjara sem metur hvenær hann telur ástæðu til þess að kalla saman fund að nýju. Að vísu getur hann ekki dregið það nema í tvær vikur og vafalaust hefur hann engan vilja til þess heldur að draga það lengur en engar viðræður eru í gangi núna.

Kröfum verkalýðshreyfingarinnar hefur verið mjög í hóf stillt og við höfum ekki gert okkur neinar háar vonir um miklar kauphækkanir í þeirri stöðu sem við erum núna. Þess vegna er mikilvægara og enn þýðingarmeira að ríkisstjórnin komi að þessu máli á jákvæðari hátt en hingað til hefur verið og sé tilbúin til þess að skila einhverju til baka af því sem hún hefur tekið af launþegum í landinu á undanförnum vikum í þeim efnahagsaðgerðum sem hún hefur staðið fyrir.

Það er rétt að ekki er ástæða núna til þess að vera með stórar yfirlýsingar eins og einn ágætur verkalýðsleiðtogi orðaði það í útvarpinu í dag. En þrátt fyrir það skulu menn líta á málið af fullri alvöru vegna þess að ef ríkisstjórnin er ekki tilbúin til þess að koma til móts við okkur þá dragast samningar á langinn. Það er alveg ljóst. Við verðum að miða við það að ríkisstjórnin komi til móts við okkar hóflegu kröfur. Þær hugmyndir sem voru uppi hefðu tryggt láglaunafólki fyrst og fremst sæmilega útkomu út úr samningunum en það eitt dugir ekki til. Það verður að koma líka frá ríkisstjórninni og frekari aðgerðir af hennar hálfu til móts við þær kröfur sem við höfum sett fram eru nauðsynlegar. Við skulum vona að svo geti orðið og þetta fari í gang fljótlega aftur. Það er von mín og raunar tilfinning að það muni gerast en ég ítreka að það er mikið undir hæstv. ríkisstjórn komið hvað hún vill gera og ef hún ekki er tilbúin til þess að gefa meira eftir en hún hefur gert fram til þessa þá líst mér þunglega á

það að samningar takist á næstu vikum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykv. sem talaði síðast sagði að slitnað hefði upp úr kjaraviðræðum. Ég held að við vitum það öll hér inni að hann þekkir innviði verkalýðshreyfingarinnar og ég held við megum reikna með að þá séu það fleiri innan verkalýðshreyfingarinnar sem líti svo á málin. Við þær aðstæður höfum við hlustað á forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., forustumenn ríkisstjórnarinnar. Heldur var það þunnur þrettándi sem þeir höfðu fram að færa fyrir okkur við þessar aðstæður.

Hæstv. utanrrh. sagði að kjarninn í þessu máli væri lækkandi tekjur þjóðarbúsins og um það er ekki ágreiningur að tekjur þjóðarbúsins hafa og munu að öllum líkindum lækka á þessu ári. Um það er ekki ágreiningurinn. Ágreiningurinn hefur staðið um það á Alþingi í allan vetur og stendur nú um það við verkalýðshreyfinguna hvernig við eigi að bregðast. Og hvernig bregðast menn við sem standa í því að tekjur heimilanna minnki, við skulum segja um 6%? Menn bregðast við því með því að skera niður lúxus og þeir bregðast við með því að láta þá greiða sem mest hafa.

Hæstv. forsrh. sagði hér að megingrundvöllurinn mætti ekki raskast í þessum kjarasamningum, það yrði að halda stöðugu gengi og halda hlutum þannig að vextir mættu fara lækkandi. Festu þyrfti að ná í atvinnulíf og þjóðlíf. Um þetta getum við svo sem verið sammála. En hver á að borga? Hver á að borga nú sem fyrr? Það er launafólk sem á að borga. Fyrst átti að ná niður verðbólgunni og síðan áttu þá að skapast aðstæður til þess að hækka launin. Nú á fyrst að ná niður vöxtunum og þá skapast forsendur fyrir launahækkanir að því er manni skilst. Ég held að það sé orðið ljóst af þessu og auðvitað veit launafólk það, að því verður ekki fært neitt á silfurfati, það verður að sækja þessa hluti. Ég ætla að fullyrða það af samtölum mínum við fólk og sérstaklega ungt og fullvinnandi fólk að það er orðið býsna þreytt á því hvernig á kjaramálum hefur verið haldið, ekki síst af hálfu ríkisvaldsins á undanförnum árum. Verðbólgan var lækkuð, hún náðist niður og það var launafólk sem greiddi það niður. Þá var fólki sagt að skuldir þess mundu auðvitað ekki vaxa eins ört og þær höfðu gert fram að því og þær gerðu það ekki, þær hafa ekki vaxið eins ört síðan. En í staðinn eru komnir háir vextir og fólk finnur ekki fyrir lækkun verðbólgunnar í afborgunum sínum af lánunum. Það finnur ekki fyrir því og meira að segja er það svo að þrátt fyrir að fólk hafi borgað hundruð þúsunda af vísitölutryggðum lánum á sl. ári þá hafa lánin ekkert lækkað í krónum talið.

Í þjóðarsáttarsamningunum var samið um vextina. Við skulum ekki gleyma því. Það var samið um vextina í þeim samningum. Kaupkröfum var stillt í hóf vegna þess að það átti að ná niður vöxtunum. Nú á að selja fólkinu vextina aftur. Nú á aftur að semja um vextina. Nú á aftur að halda kaupinu niður út af vöxtunum.

Ég var að tala um ungt og fullvinnandi fólk sem hefur tekið á sig háar skuldir vegna húsnæðislána. Þetta fólk hefur borgað hundruð þúsunda af þessum lánum á undanförnum árum en því gengur ekkert að eignast íbúðir sínar. Þetta fólk hefur þurft að leggja talsvert á sig í vinnu á undanförnum árum til að geta borgað af húsnæðinu sem það eignast þó afskaplega hægt. Þetta fólk lendir af þeim sökum m.a. í tekjutengingu barnabótanna sem núv. ríkisstjórn var að samþykkja um áramótin í þeirri jöfnunaraðgerð ríkisstjórnarinnar að tekjutengja barnabætur. Þetta fólk greiðir engu að síður jafnvel hálft bílverð á ári í barnagæslu fyrir börnin sín til að geta sótt sér þær tekjur. En hvaða tillit er tekið til þess? Ekki nokkurt. Þetta fólk er ekki tilbúið til að samþykkja samninga sem skila því engu. Ég held að ég þori næstum því að fullyrða það hér að þetta fólk er ekki tilbúið til þess og það er þetta fólk sem mundi gera verkalýðsforustuna afturreka með slíka kjarasamninga og sem verkalýðsforingi einn minntist á, bæði í dagblöðum í dag og í hádegisútvarpinu eftir því sem mér skilst.

Ég get sagt það sem mína skoðun að ég er almennt ekki hrifin af því að ríkisvaldið sé notað til að greiða niður launakostnað fyrirtækjanna. En við þær aðstæður sem nú eru verðum við að hafa í huga að ríkisstjórnin breytti öllum forsendum við gerð síðustu fjárlaga. Hún setti nýjar leikreglur. Hún lagði þá línu að hefja í auknum mæli gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Sá straumur sem ríkisstjórnin fer þarna eftir að taka í auknum mæli upp þjónustugjöld er mjög þungur í ríkisfjármálum alls staðar í Evrópu um þessar mundir. Þetta er ekkert einsdæmi hér. Hverju hefur það skilað? Menn tala mikið um Danmörku og Danmörk á að vera orðið eitthvert fyrirmyndarland í ríkisfjármálum eftir því sem manni skilst og það hefur verið talað um að heilbrigðisþjónustan hjá Dönum sé ódýr. En heilbrigðiskerfi Dana, sem á að vera svo ódýrt, er líklega gífurlega dýrt fyrir samfélagið í heild sinni engu að síður. Það er kerfi sem hefur ekki efni á því að taka fólkið þegar það þarf á því að halda. Fólk er óvinnufært. Það er á bótum, það missir atvinnu sína, jafnvel fólk á miðjum aldri. Danska skólakerfið er eftir því sem manni skilst að verða ein rjúkandi rúst vegna stöðugs niðurskurðar í því kerfi. Þetta eru fyrirmyndirnar. Ég ætla að leyfa mér að segja mönnum það hér og hæstv. ráðherrum að þeir þurfi ekki að halda að þeir geti velt þjónustugjöldum yfir á almenning án þess að fólk spyrni við fótum, án þess að fólk geri þá kröfu um mannsæmandi laun sem hægt er að greiða þjónustugjöldin með. Það verður eitthvað að koma í staðinn. Það er alveg ljóst. Þegar ríkisstjórnin er ekki tilbúin í þessum kjaraviðræðum til að leggja meira af mörkum er ekki nema eðlilegt að fólk fari þá til atvinnurekenda og segi: Við verðum þá að sækja það hingað. Fólk tekur þetta ekki á sig þegjandi.

Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra en ég verð að lýsa því yfir að mér finnst dálítið furðuleg ummæli fjmrh. í DV í dag þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Náist ekki samningar mun ríkisstjórnin hins vegar halda áfram sinni vinnu. Verst er að verði dráttur á

samningum kann vaxtalækkun að frestast eitthvað."

Ég á dálítið erfitt með að skilja þetta vegna þess að ef hóflegir kjarasamningar, eins og menn eru alltaf að tala um hérna, hefðu stuðlað að vaxtalækkun, af hverju er þá ekki hægt að ná niður vöxtunum ef engir samningar eru gerðir? Hvernig stendur á því að það er ekki hægt? Er í raun og veru verið að segja það að menn hafi ætlað að nota handaflið ef kjarasamningar hefðu verið gerðir en þeir ætli ekki að nota handaflið ef engir samningar eru gerðir? Er það það sem verið er að segja? Á að skilja þetta sem hótun? Ég hlýt að spyrja ríkisstjórnina að því almennt þar sem fjmrh. er ekki staddur í salnum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að lýsa miklum vonbrigðum með svör hæstv. forsrh. og svör hæstv. utanrrh. Greinilegt er að núv. ríkisstjórn hefur engar hugmyndir og engar tillögur um það hvernig á að koma kjarasamningaviðræðum í gang á nýjan leik og það sem meira er, hún ætlar ekkert að gera. Hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. eru að reyna að sækja sér rök í umræðunum fyrir því að gera ekki neitt. Það eru falsrök og það eru rangfærslur. Hæstv. forsrh. sagði að lausn mín og tillögur mínar hefðu fólgist í skattahækkun. Þetta er rangt, hæstv. forsrh. Ég sagði að ríkisstjórnin hefur nú samþykkt að taka upp skatta á fjármagnstekjur. Ég fagna því að Sjálfstfl. er loksins kominn í sveit okkar hinna hvað það efni snertir. En fjmrh. sagði að hann ætlar að nota tekjurnar af fjármagnsskattinum til að afnema skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem er um 500–600 millj. og til þess að afnema hinn sérstaka háeignaskatt. Það sem ég er að segja er að í stað þess að lækka skattana á fyrirtækjunum og á háeignafólkinu á að nota fjármagnstekjurnar til að lækka tekjuskattinn, hækka barnabæturnar, hækka persónuafsláttinn hjá launafólkinu. Heildarupphæð skattanna í landinu yrði óbreytt engu að síður, hæstv. forsrh. Það er því beinlínis rangt að þær tillögur sem ég lagði hér fram feli í sér skattahækkanir. Þær fela hins vegar í sér að launafólkið fái að njóta ávaxtanna af tekjunum af fjármagnsteknaskattinum en ekki stórfyrirtækin í landinu, verslunin eða háeignastéttin. Það er auðvitað athyglisvert að formaður Alþfl. skuli ekki treysta sér til að mótmæla því hér að háeignastéttin í landinu og verslunarfyrirtækin eigi að fá sérstaka skattalækkun en ekki láglaunafólkið, ekki dagsbrúnarmennirnir, ekki sóknarkonurnar og ekki konurnar í fiskvinnslunni.

Þess vegna er staðreyndin sú, hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin hefur lykil að því að koma kjarasamningunum í gang á nýjan leik og tryggja þá í höfn að mínum dómi. Því það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði hér áðan: Það þarf kannski ekki svo mikið í upphæðum til að gera þessa kjarasamninga ef ríkisstjórnin vill leysa málið og vill ganga til móts við óskir launafólks um kjarajöfnun. En kannski vill ríkisstjórnin ekki kjarajöfnun og það er kannski skýringin að ríkisstjórnin stendur á bak við fjmrh. sem ætlar að létta byrðarnar hjá verslunarfyrirtækjunum og létta byrðarnar hjá háeignastéttunum í landinu. Ef ríkisstjórnin vill ekki kjarajöfnun fer maður að skilja hvers vegna kjarasamningarnir eru í strandi. En ef ríkisstjórnin vill hlusta á óskir Alþýðusambandsins, BSRB og Kennarasambandsins um kjarajöfnun liggur það fyrir að fjmrh. hefur boðað 1.500 millj. kr. í nýjar tekjur frá og með næstu áramótum af skattlagningu fjármagnstekna. Þá segi ég enn á ný við hæstv. ríkisstjórn: Tillögur okkar og ráð eru þau að ríkisstjórnin lýsi því yfir t.d. á fundi sínum á morgun að hún sé tilbúin að ræða við ASÍ, BSRB og Kennarasambandið um að ráðstafa tekjunum af fjármagnstekjuskattinum til skattalækkunar á launafólki. Þá gæti ríkisstjórnin opnað þetta samningaferli á nýjan leik og jafnvel tryggt nýja kjarasamninga í þessari viku. Þótt það kunni að vera rétt að einhverjir innan raða samtaka launafólks séu ekki fylgjandi hátekjuskatti er það ljóst að yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna Alþýðusambandsins, BSRB og Kennarasambandsins eru fylgjandi þeirri stefnu. Ríkisstjórnin getur þess vegna breytt málum ef hún vill og ef hún vill leggja fram þá stefnu sem launafólk kann að meta.

Hæstv. utanrrh. sagði hér að núv. ríkisstjórn hefði beitt sömu aðferð og við gerðum á sínum tíma. Það er einfaldlega ekki rétt, hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að rekja það mjög nákvæmlega en ég vil bara spyrja hér: Hvenær hefur hæstv. forsrh. rætt við formann Verkamannasambandsins á síðustu sex til sjö mánuðum á sérstökum trúnaðarfundi öðruvísi en á einhverjum fjöldafundum þar sem aðrir hafa verið viðstaddir? Hefur forsrh. átt slíkan trúnaðarfund með formanni Verkamannasambandsins? Ég hugsa ekki. Ég spyr: Hvenær hefur fjmrh. rætt við formann BSRB og aðra stjórnarmenn BSRB í trúnaðarviðræðum milli fjmrh. og þeirra? Mér þætti fróðlegt að vita það. Ég held nefnilega að það liggi töluvert í því að ríkisstjórnin hefur ekki lagt þessa vinnu í málið. Enda lýsti forsrh. því yfir hvað eftir annað þangað til fyrir mánuði að hann ætlaði sér ekki að gera það, hæstv. utanrrh. Það er margyfirlýst af hæstv. forsrh. að hann ætli ekki að gera það. Vegna þess að núv. ríkisstjórn ætli sér ekki að beita sömu aðferðum og við beittum á sínum tíma. Enda er niðurstaðan sú að eftir átta mánaða tilraunir er kjaraviðræðum slitið. Hæstv. utanrrh. segir: Við ætlum ekki að bera fé í dóminn. Það getur vel verið. En hæstv. ríkisstjórn ætlar að bera fé í verslunar- og skrifstofufyrirtækin. Hæstv. ríkisstjórn ætlar að bera fé í eignastéttina sem býr í stóru einbýlishúsunum og borgar háa eignarskattinn. Það ætlar ríkisstjórnin að gera. Fjmrh. var svo smekkvís að halda sérstakan blaðamannafund í ögurviku kjarasamninganna til að tilkynna að ríkisstjórnin ætlaði vissulega að bera fé í dóminn, hæstv. utanrrh., en það voru bara fjármunir sem áttu að fara, 600 millj., til skrifstofu- og verslunarfyrirtækja og síðan rúmur milljarður til háeignastéttarinnar í landinu sem hefur borgað hinn sérstaka háeignaskatt. Þá er hægt að bera fé í dóminn, hæstv. utanrrh., þegar eignastéttin og verslunarfyrirtækin eiga hlut að máli. Eða er kannski bannað að bera fé í dóminn þegar það gagnast launafólki? Stendur Alþfl. á bak

við þessa yfirlýsingu fjmrh.? Kannski ekki, ég spyr. Fjmrh. gat ekkert um að hann væri að túlka sína sérskoðun þegar hann flutti þennan boðskap. Þess vegna er auðvitað alveg ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að gera breytingar á skattamálum frá og með næstu áramótum. Hún ætlar sér að gera breytingar á skattamálum á gildistíma nýrra kjarasamninga. Þá er bara spurningin: Hverjir fá að njóta þeirra breytinga? Ég legg til hér og nú og enn á ný að ríkisstjórnin tilkynni að hún vilji ræða við Alþýðusambandið, BSRB og Kennarasambandið um þær skattabreytingar. Það er lykillinn að stöðugleika og árangri.

Hæstv. forsrh. getur farið í orðaleiki um að hvort hafi slitnað upp úr samningum. Ég hlustaði á Þórarinn V. Þórarinsson lýsa því yfir í hádegisfréttum að slitnað hefði upp úr samningum. Við hlustuðum á formann Landssambands iðnverkafólks, hv. þm. Guðmund Þ Jónsson, sem nú á sæti hér á Alþingi, lýsa því yfir að upp úr samningum hefði slitnað. Kannski er forsrh. með einhvern sérstakan skilning á þessum málum sem hvorki forustumenn Vinnuveitendasambandsins eða forustumenn samtaka launafólks hafa áttað sig á.

Hæstv. forsrh. gerði lítið úr vilja mínum til að gefa ráð í þessum efnum. Það fannst mér skrítin afstaða. Ég hélt satt að segja að það væri sameiginlegt hagsmunamál íslensku þjóðarinnar að ná hér stöðugleika og lágri verðbólgu. Ég tel skyldu mína að gagnrýna ekki bara núv. ríkisstjórn heldur líka leggja fram tillögur um það hvað eigi að gera. Ríkisstjórnin verður svo að eiga það við sig hvort hún vill hafa þær tillögur að engu. En ég hef lagt þær hér fram. Það hafa komið fram fleiri hugmyndir frá öðrum. Ég er sannfærður um það að með því að gera fernt, breyta um vinnuaðferð í fyrsta lagi, í öðru lagi lýsa yfir vilja til að ráðstafa skattinum af fjármagnstekjum í samráði við ASÍ, BSRB og Kennarasambandið, í þriðja lagi taka upp meiri tekjujöfnun innan tekjuskattsins að öðru leyti og í fjórða lagi lýsa því yfir að ríkisvaldið sé reiðubúið að gera kjarasamning á grundvelli þeirra hugmynda sem ASÍ og BSRB hafa lagt fram, þá væri hægt að gera nýjan kjarasamning á næstu dögum. Kjarasamning sem tryggði 2% verðbólgu. Er það ekki markmiðið að tryggja 2% verðbólgu þegar hægt er að gera kjarasamning við ASÍ og BSRB sem tryggir 2% verðbólgu? Af hverju vill þá ríkisstjórnin af getuleysi eða hugmyndafræðilegri kreddu neita sér um það? Það má vel vera að mótsagnirnar innan Vinnuveitendasambandsins séu með þeim hætti að Vinnuveitendasambandið sé ekki fært um að gera það m.a. vegna þess að ákveðin öfl innan Vinnuveitendasambandsins eru að reyna að knýja á um gengislækkun. En ef svo er þá verður þessi ríkisstjórn að gera það sama eins og við gerðum vorið 1989, höggva á hnútinn, rjúfa vítahringinn og gera kjarasamning með þessum hætti.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ræða hv. 8. þm. Reykn. um fjármagnstekjuskattinn var kannski ágætt leikrit út af fyrir sig en því miður skrum. Þingmenn munu kynnast því á næstunni hverjar eru helstu staðreyndir þessa máls. Hver er skattstofninn? Ef við ætlum að framkvæma skattinn sem skatt á raunvaxtatekjur, hvernig verðum við þá að hafa ákveðið frítekju- eða fríeignamark í þeim skattstofni til þess að vinna ekki á móti tveimur meginmarkmiðum sem eru þau að draga ekki úr sparnaðarvilja og annars vegar stuðla ekki að hækkun vaxta sem gengi þvert á það meginmarkmið okkar núna m.a. í tengslum við kjarasamningana? Sannleikurinn er sá að ef litið er á þessi dæmi þá getum við kannski gert okkur vonir um eftir að skatturinn kemst á, í ársbyrjun 1993 í fyrsta lagi, að hann skili um 1,5 milljörðum á ársgrundvelli. Út af fyrir sig var það sniðugt hjá hv. formanni Alþb. að segja: Þarna er fundið fé en fjmrh. ætlar að nota þetta í annað. Um það er eftirfarandi að segja: Ef þessi skattur yrði lagður á núverandi eignarskattsprósentu ásamt með eignarskattsauka og þjóðarbókhlöðuskatti ber öllum saman um að þá yrði jaðarskatturinn það hár að hann væri ekki til samræmingar á tekjum af eignum heldur mundi hann draga úr sparnaði og ýta undir hækkun vaxta. Það gengi því ekki upp. Með öðrum orðum þarna er um að ræða tekjuvon upp á tiltölulega lága upphæð en hvernig á að verja henni? Ríkisstjórnarflokkarnir voru samamála um að það bæri að hafa samræmt kerfi. Það væri fyrst og fremst gat og veila í kverfinu að eignatekjur væru skattfrjálsar að hluta til. Það órættlæti ber að afnema. Hitt er svo annað mál að við verðum að sjálfsögðu þegar um þennan skattstofn er að ræða að gæta að því að það er engum í hag fyrir skulduga þjóð að draga úr sparnaði eða ýta undir vaxtahækkun. Ekki er búið að ræða það til hlítar innan stjórnarflokkanna að þessi skattur eigi að upphefja skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði enda mundi þessi tekjustofn ekki duga til þess. Hitt er svo annað mál að þessi upphæð, 1,5 milljarðar, er um það bil það sem fjmrn. reiknaði að væri verðgildi þerra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur reyndar þegar boðið, ekki fyllilega þó því það var reiknað á um tíu hundruð millj. Tekjuáætlunin af þessum skatti er um fimmtán hundruð millj. á ársgrundvelli og munar nú ekki miklu.

Ein spurning var hér borin fram af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur var: Hvernig stendur á því að vextir lækka þá ekki ef ekki takast kjarasamningar? Svar mitt við því er þetta: Þegar verðbólga er jafnlág og hún er núna eru forsendur fyrir lækkun vaxta, raunvextir eru of háir miðað við þessi skilyrði. Hitt er svo annað mál að vel má búast við því í ljósi reynslunnar að forsvarsmenn bankakerfisins tregðist við í ljósi þeirrar óvissu að samningar hafa ekki tekist. Ég er ekki í vafa um að vextir hefðu lækkað snarlega í kjölfar frumkvæðis ríkisins um leið og samningar hefðu náðst til eins eða eins og hálfs árs. Þetta kann hins vegar að valda okkur meiri erfiðleikum við að keyra þá vaxtalækkun niður.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til margvíslegra athugasemda um það sem fram hefur farið hér. Þó vil ég nefna nokkur atriði vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. áðan. Ég vil vekja athygli á því að það kom

glöggt fram eftir að þetta hlé var gert á samningum að allir aðilar launþegamegin frá lögðu mikla áherslu á það að samflotið héldist. En hv. þm. kom hér með fjölmargar kröfur fyrir hönd þessara aðila, ég veit nú ekki í hvaða umboði hann gerði það að vísu, sem stangast á við hina sameiginlegu kröfur. Sumar kröfurnar höfðu heyrst frá öðrum aðilanum, aðrar kröfurnar frá hinum aðilanum en þegar þessir aðilar vegna samflotsins höfðu sameinað sínar kröfur þá voru þær kröfur sem þingmaðurinn nefndi ekki með. Þær stangast á við samflotið. Þingmaðurinn hefur því ekkert leyfi til þess að koma með slíkar kröfur af hálfu þessara aðila án þess að hann hafi nokkurt umboð til þess og beina þeim sérstaklega að ríkisstjórninni.

Þingmaðurinn spurði um það og gerði mál úr því hversu mikið og oft hefði verið rætt við aðila. Hann spurði sérstaklega um hversu mörg trúnaðarsamtöl ég hefði átt við tiltekna menn. Mér fannst það bera vott um að það að þingmaðurinn taldi sig vita heilmikið um það mál af einhverjum ástæðum sem ég get ekki alveg áttað mig á hvernig á stendur. En ég ætla hvorki í þessum sal né annars staðar að rekja það hvort eða hve oft ég hafi hitt einstaka aðila að málum. Það er ekki viðeigandi af minni hálfu og heldur ekki viðeigandi af hv. þm. að spyrja um það með þeim hætti sem hann gerði. Hins vegar vek ég athygli á því að forustumenn launþegahreyfingarinnar hafa hvergi kvartað yfir því að þeir nái ekki fundum forráðamanna ríkisstjórnarinnar. Enda er það mála sannast að þeir ná slíkum fundum hvenær sem þeim þóknast með afskaplega skömmum fyrirvara. Það er mála sannast og verður ekki hægt að hrekja.

Mér fannst það óábyrgt af hv. fyrrv. forsrh., 7. þm. Reykn., að gefa það í skyn eða nánast segja að það væri hægt og ekkert mál að auka kaupmátt á þessu ári þegar sameiginlegar tekjur þjóðarinnar hafa farið forgörðum. Auðvitað hlýtur sá maður að vita það eða má vita að það er ekki hægt. Á hinn bóginn eins og kom fram í minni ræðu og ræðu hv. 9. þm. Reykv. hér áðan þá var vilji í þessum samningsumleitunum og kom glöggt fram að reyna að tryggja kaupmátt þeirra sem lægstir væru og jafnvel þannig að þeir sem lægstir væru mundu fá örlítið betri kaupmátt á samningstímanum en ella væri. En það var allt það svigrúm sem menn sjá báðum megin frá að er fyrir hendi. Að gefa það í skyn að hægt sé auka almennan kaupmátt í landinu þegar sameiginlegar tekjur þjóðarinnar fara minnkandi er óábyrgt og jafnvel bara ómerkilegt yfirboð.

Sami hv. þm. virtist telja að hvort tveggja væri hægt að ganga að fjölmörgum kröfum og auka útgjöld ríkissjóðs, safna væntanlega skuldum, taka lán og stuðla að því að vextir lækkuðu. Ég hef ekki heyrt betra dæmi í annan tíma um það að menn vilji bæði eiga og éta kökuna. Þetta vita flestir að er ekki hægt, það gengur ekki upp, fer ekki saman. Þess vegna höfum við lagt höfuðáhersluna á það af ríkisstjórnarinnar hálfu að gera ekkert sem gerir það að verkum að forsendurnar muni bregðast. Ég vil ítreka það að ég hef þá trú rétt eins og hv. 9. þm. Reykv. að menn muni taka upp þráðinn á nýjan leik áður en langt um líður. Það er svo mikið í húfi að það verði gert fyrir alla aðila að ég er ekki í vafa um að þeir muni gera það. Ég hygg reyndar að þegar grannt er skoðað sé það sá atbeini sem ríkisstjórnin hefur viljað hafa af samningnum þess eðlis að hann eigi að geta verið sem hliðaraðgerð, verið traustur stuðningur þess að samningar geti náðst og menn tryggi að hér verði ekkert kaupmáttarhrun, menn tryggi að verðbólgan æði ekki af stað aftur og menn tryggi að vextir geti lækkað og að atvinnustigið muni eflast. Því það er mál manna og ég hygg að menn segi það af einlægni að þeir vilji með öllum ráðum reyna að stuðla að því að atvinnuleysi aukist ekki. Í landinu er ekkert til, hvorki af hálfu ríkisstjórnarinnar né annarra, sem menn kalla hæfilegt atvinnuleysi. Íslendingar eru ekki þeirrar gerðar að þeir vilji una við atvinnuleysi.

Hv. 10. þm. Reykv. virtist telja að menn væru að selja sama gripinn tvisvar þegar menn töluðu um að það ætti að draga úr verðbólgu og síðan lækka vexti og reyndar hefðu menn talað um það að lækka vextina líka í síðustu þjóðarsáttarsamningum. Staðreyndin er sú að þar sem ekki var fylgt eftir með aðgerðum í ríkisbúskapnum þá stóðust slík loforð ekki, þau voru innantóm. Loforð um lækkun vaxta um leið og fjárhagur ríkisins er látinn lönd og leið fara ekki saman. Og það er nákvæmlega það sem við viljum ekki gera núna. Við viljum ekki lofa því að auka stórlega útgjöld ríkissjóðs og um leið lofa lækkandi vöxtum því að þá erum við að ávísa á svik innan aðeins örfárra mánaða hvað sem menn vildu gera og hvað sem hugur manna stæði til.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði líka að ríkisstjórnin hefði breytt forsendum fyrir því að samningar mættu nást. Ég legg í þetta allt aðra merkingu en hv. þm. Ég tel einmitt að ríkisstjórnin hafi með aðgerðum sínum lagt grunn að því að samningar geti náðst á grundvelli lágrar verðbólgu, lækkandi vaxta, stöðugs gengis og forsendu fyrir því að atvinnuleysi aukist ekki. Þetta er grundvallarforsenda sem ég vil ekki á nokkurn máta hvika frá. Það hefur aðeins borið á því að mínu viti í þessum umræðum að hv. stjórnarandstöðuþingmenn vilji blanda saman pólitískum áhugamálum sínum og viðhorfum og tengja þau um of stöðunni í kjaramálum. Ég tel það ekki vera sanngjarnt eða eðlilegt.

114. FUNDUR

þriðjudaginn 31. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa eftirfarandi bréf, það fyrsta dagsett 26. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti sitt á Alþingi, taki 2. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Ragnhildur Eggertsdóttir verslunarkona, Hafnarfirði, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn."

Þá er hér einnig bréf frá 1. varamanni Samtaka um Kvennalista í Reykjaneskjördæmi sem er dagsett 26. mars 1992:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni sem 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi.

Virðingarfyllst, Kristín Sigurðardóttir."

Þar sem rannsaka þarf kjörbréf Ragnhildar Eggertsdóttur skv. 4. gr. þingskapa verður nú gert fimm mínútna fundarhlé meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið til athugunar kjörbréf Ragnhildar Eggertsdóttur sem er 2. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjanesi. Kjörbréfið er dags. 26. mars 1992 og undirritað af öllum landskjörstjórnarmönnum.

Fyrsti varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Kristín Sigurðardóttir, hefur skrifað bréf þess efnis að vegna sérstakra anna sjái hún sér ekki fært að taka sæti á Alþingi á næstunni.

Kjörbréfanefnd var sammála um að mæla með því að kjörbréf Ragnhildar Eggertsdóttur, 2. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, verði tekið gilt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ragnhildar Eggertsdóttur samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ragnhildur Eggertsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ragnhildur Eggertsdóttir, 9. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ragnhildur Eggertsdóttir hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Um þingsköp.

Frv. um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í Morgunblaðinu í dag er að finna frétt á baksíðu þar sem haft er eftir aðstoðarmanni menntmrh., Ólafi Arnarsyni, að menntmn. sé í þann veginn að ljúka umfjöllun um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Síðan er í þessari frétt gerð grein fyrir þeim breytingartillögum sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um. Nú vill svo til að í morgun var haldinn fundur í menntmn. og þar voru þessar breytingartillögur kynntar í nefndinni í fyrsta sinn. Sama morgun og þessi frétt birtist í Morgunblaðinu eru þessar tillögur lagðar fram í menntmn. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að sú spurning vaknar: Hver fer með löggjafarvaldið í þessu landi, hver er það sem á að fjalla um þessi mál og hvar? Menntmn. hefur frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna til meðferðar. Þar á vinnan og umræðan um þær breytingar sem menn vilja gera á frv. að fara fram. Ekki í Boston, en þar var fyrrnefndur aðstoðarmaður ráðherra að halda sína ræðu.

Ég vil gera sterklega athugasemd við vinnubrögð eins og þessi og ég vil beina því til hæstv. forseta að hann komi þeirri athugasemd á framfæri við hæstv. menntmrh. sem hér er því miður ekki staddur. Mér finnst þetta vera óvirðing við Alþingi, mér finnst þetta vera óvirðing við löggjafarhlutverk Alþingis og mér finnst að þarna sé aðstoðarmaður ráðherra að grípa inn í mál með mjög óviðurkvæmilegum hætti.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Formaður menntmn. hefur lagt áherslu á að kynna breytingartillögur um Lánasjóð ísl. námsmanna í menntmn. áður en aðrir fengju að sjá þær, þar með taldir fjölmiðlar. Ég hef ítrekað neitað fjölmiðlum um upplýsingar um þessi mál og ég hef brýnt það sama fyrir samstarfsmönnum mínum.

Heimildarmaður blaðsins hefur aðgang að upplýsingum um málið sem aðstoðarmaður ráðherra. Ég harma að þessi fréttaflutningur hefur átt sér stað og lýsi því yfir að heimildarmaður er einn ábyrgur fyrir honum.

Utanríkismál, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 399. mál. — Þskj. 649.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Skýrsla sú sem ég fylgi hér úr hlaði um utanríkismál er viðameiri en áður. Það endurspeglar m.a. þá ótrúlega hröðu atburðarás og þær gagngerðu breytingar sem orðið hafa í alþjóðasamskiptum á undanförnum missirum. Það endurspeglar einnig að við Íslendingar, eins og aðrar þjóðir, erum í vaxandi mæli háðir samskiptum okkar og samningum við aðrar þjóðir að því er varðar afkomu okkar og vel-

ferð. Enn fremur má segja að það endurspegli vaxandi umsvif utanríkis- og utanríkisviðskiptaráðuneytisins í íslensku stjórnkerfi eftir að sú breyting varð að ráðuneytið *tók við stjórn viðskiptastefnunnar.* Í vaxandi mæli sjáum við að sá þáttur sem lýtur að samningagerð varðandi markaðsmál hefur æ meira gildi fyrir íslenskt atvinnulíf.

Hafi einhvern tímann mátt finna þeim orðum stað að utanrrn. væri fílabeinsturn sýnist mér að þau orð séu úrelt, hafi þau nokkurn tímann átt við rök að styðjast. Ég hygg að þessi greinargerð um hið viðamikla svið utanríkis- og utanríkisviðskiptamálefna sanni það berlega.

Virðulegi forseti. Ef við lítum til baka til þess tíma þegar við Íslendingar hófum samningagerð í félagskap annarra EFTA-þjóða um myndun hins Evrópska efnahagssvæðis snemma árs 1989 er auðsýnt að þær breytingar sem orðið hafa á heimsmyndinni frá þeim tíma eru ótrúlegar. Þær eru svo róttækar og gagngerar að við finnum ekki aðra hliðstæðu á okkar öld nema í kjölfar meiri háttar styrjaldarátaka. Berlínarmúrinn, tákn tvískiptingar Evrópu, og í vissum skilningi heimsins milli tveggja gerólíkra hugmyndakerfa og þjóðfélagskerfa, er fallinn. Ríki Mið- og Austur-Evrópu eru frjáls undan ánauð sovéskrar nýlendustjórnar. Þar hefur átt sér stað lýðræðisbylting. Þar fer nú fram einhver eftirtektaverðasta þjóðfélagstilraun sem við höfum orðið vitni að. Varsjárbandalagið, eitt voldugasta hernaðarbandalag heims, er horfið af vettvangi. Eystrasaltsríkin, sem við Íslendingar höfum tengst með sérstökum hætti, hafa endurheimt sjálfstæði sitt. Þýskaland sem var skipt í tvö ríki á ólíkum áhrifasvæðum, er endursameinað og hefur endurheimt forustuhlutverk með ótvíræðum hætti meðal þjóða á meginlandi Evrópu. Og síðast en ekki síst sjálf Sovétríkin, seinasta nýlenduveldið, er hrunið og á rústum þess eru risin fjöldamörg nýsjálfstæð fullvalda ríki sem nú eru að hasla sér völl í alþjóðlegu samstarfi.

Það er fagnaðarefni að þessar einstæðu og sögulegu breytingar hafa að mestu leyti orðið með friðsamlegum hætti. Samt skulum við ekki líta fram hjá því að það hefur ekki orðið svo einhlítt sé vegna þess að víða hefur komið til harkalegra vopnaviðskipta, blóðsúthellinga og átaka sem kostað hafa fjölmörg mannslíf.

Ef við *lítum til Evrópu má greina í stórum dráttum* ólík öfl að verki. Í álfunni vestanverðri sjáum við samrunaferilinn festa sig í sessi. Í álfunni austanverðri sjáum við við fyrstu sýn upplausn, sundurvirkni og tvístrun, þannig að ætla mætti að ólíkir kraftar væru að verki eftir sem áður í Evrópu.

Ég sagði áðan að í austanverðri álfunni erum við nú vitni að einhverri merkilegustu þjóðfélagstilraun sem orðið hefur í manna minnum. Hún fer fram við einhver erfiðustu skilyrði sem hugsanleg eru vegna þess að viðskilnaður kommúnismans við þessi ríki er svo ömurlegur og svo hræðilegur að það eru engar ýkjur að segja að hann hafi skilið eftir sig sviðna jörð í bókstaflegum skilningi. Jafnvel harðvítugustu gagnrýnendur kommúnismans höfðu ekki hugarflug til þess að lýsa þeim ósköpum sem þar blasa við.

Það má segja að efnahagskerfi þessara ríkja sé gersamlega í molum, framleiðslukerfið er í molum, samgöngukerfið er víða óvirkt, matvælaframleiðslan er í lamasessi *þannig* að víða blasir við matarskortur og reglulega koma upp ógnvekjandi forspár um meiri háttar hungursneyð. Stjórnkerfið gamla er hrunið, nýtt er ekki komið í staðinn. Þessi umskipti frá miðstýrðu efnahagskerfi, frá lögregluríki í átt til lýðræðisríkis, valddreifðs ríkis, réttarríkis eru svo erfið og munu kosta svo sársaukafullar breytingar og slíka félagslega áraun að í einu orði getum við sagt að þessi tilraun fari fram við skilyrði óendanlegrar óvissu. Væntingar fólks um skjótar breytingar hafa endað í vonbrigðum. Við fólki blasir stjórnlaus óðaverðbólga, vaxandi atvinnuleysi svo að nemur tugum milljóna einstaklinga, fátækt mikils fjölda íbúanna, sem flokkast langt undir nauðþurftarmörkum svo að flóttamannavandamál, sem jafnvel varðar vestanverða álfuna, er orðið að alþjóðlega viðurkenndu vandamáli. Allt þetta og síðan bætist við sá viðskilnaður hins kommúníska hagkerfis sem kalla má eitt samfellt umhverfisslys. Eini iðnaðurinn sem raunverulega var samkeppnisfær í einhverjum skilningi var vopnaiðnaðurinn. Það eina sem þetta þjóðfélagskerfi skaraði fram úr í var vígbúnaðarkapphlaup. En nú eftir hrun Sovétríkjanna hafa náðst stórkostlegir sögulegir samningar um meiri háttar afvopnun á öllum sviðum. Verið er að taka úr umferð og taka úr framleiðslu helstu verksmiðjur þessa vígbúnaðariðnaðar. Það er einnig verið samkvæmt samningsskuldbindingum að fækka hermönnum svo að nemur hundruðum þúsunda. Við blasa ógnvænleg vandamál um hver fari með stjórn á kjarnorkuvopnum á því landsvæði sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Við þetta bætast síðan viðkvæm, söguleg, erfið þjóðernisvandamál, bæði mál þjóðernisminnihluta og þjóða sem eru að endurreisa sjálfstæði sitt, jafnvel landamæradeilur. Með öðrum orðum hér er þjóðfélagsástand sem er mikilli óvissu undirorpið, sem er eldfimt, getur hvenær sem er leitt til meiri háttar hernaðarátaka og er þess vegna eitt af því sem ríki Vestur-Evrópu, í kjölfar endaloka kalda stríðsins og reyndar loka seinni heimsstyrjaldarinnar, verða að taka mikið tillit til.

Það er þarna sem átakasvæðið í alþjóðamálum verður á næstu árum og það eru þau vandamál sem eru *samfara þessum umskiptum sem munu reynast hvað* vandasömust fyrir hið lýðræðislega samfélag, fyrir þjóðir Vestur-Evrópu og Ameríku og reyndar fyrir iðnríkin í heild sem gera verður þá kröfu til að leggi mikið af mörkum til þess að reyna að stuðla að því að þessi þjóðfélagstilraun mistakist ekki af þeirri einföldu ástæðu að þess er ekki að vænta að Vestur-Evrópa geti verið í framtíðinni sem vin í eyðimörk upplausnar og örbirgðar á hinu evró-asíska meginlandi. Þess vegna eru viðbrögð við þessu ástandi, frumkvæði að lausnum gagnvart þessu ástandi og samræmdum aðgerðum brýn og aðkallandi.

Ef við lítum í vesturátt sjáum við að þróunin einkennist öðru fremur af vaxandi afli samrunaferilsins, af vexti og viðgangi og styrk Evrópubandalagsins. Það fengum við staðfest nýlega, nánar tiltekið hinn 7. febr.

þegar fyrir lá staðfesting á hinu svokallaða Maastricht-samkomulagi sem felur í sér að Evrópubandalagið muni ekki bara nú í árslok koma á áætlunum sínum um innri markað heldur stíga skref í átt til aukins samruna sem að mínu mati hafa enn ekki verið metin af nægilegu raunsæi vegna þeirra áhrifa sem það mun hafa, ekki aðeins innan Evrópubandalagsins heldur á ríki utan þess. Í framhaldi af Maastricht munum við sjá á næstu árum Evrópubandalag sem hefur ekki aðeins skipulagt innri markað sinn án landamæra á grundvelli laga og reglna um fjórfrelsið heldur einnig komið á pólitískri einingu og um það er lýkur sameiginlegu varnarbandalagi auk þess sem innan fárra ára verður komið á eitt sameiginlegt myntbandalag með einum gjaldmiðli í stað þeirra sögulega þekktu gjaldmiðla Evrópuþjóðanna sem við þekkjum.

Með þessu samrunaferli gera menn sér vonir um að tryggilega sé um hnútana búið, að ekki sé nokkur hætta á vopnuðum átökum eða styrjaldarátökum milli Evrópuþjóða en þeir sem kunnugir eru sögu Evrópu vita að saga þeirrar álfu hefur verið blóði drifin. Það er í fyrsta sinn í sögunni, og það er eftirtektarverð staðreynd, sem við getum sagt að um álfuna alla reyna menn að sameinast um sameiginlegt gildismat og sameiginlegar hugsjónir, um sameiginlega viðleitni til þess að koma á lýðræðislegu réttarríki sem byggi á mannréttindum þannig að um álfuna alla stefni menn að sameiginlegum markmiðum. Þetta hefur verið samningsbundið í hinum merku sáttmálum sem kenndir eru við Helsinki-sáttmálann og Parísaryfirlýsinguna. Það er einnig athyglisvert að hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu sem eru nýlega leyst undan oki kommúnismans lýsa því yfir hvert á fætur öðru að þau hafi það að markmiði í fyrsta lagi að sameinast Evrópubandalaginu, þótt það kunni að taka nokkurn tíma, og í annan stað hafa leiðtogar a.m.k. þriggja Austur-Evrópuríkja lýst því yfir fyrir hönd ríkisstjórna sinna að þeir vilji ganga í Atlantshafsbandalagið. Þessi þróun skapar vissulega ný vandamál en hún skapar einnig ný tækifæri. Hún er að nokkru leyti þversagnarkennd vegna þess að annars vegar er hér stórkostlegt tækifæri til þess að stöðva viti firrt vígbúnaðarkapphlaup, til þess að fækka í herjum, til þess að ná samningum um það að engin þjóð hafi yfir að ráða hernaðarmætti umfram eðlilegar varnarþarfir. Í þessu felst þess vegna dvínandi hernaðarógnun og fyrirheit um aukið öryggi og um friðsamleg samskipti við lausn ágreiningsmála. Hins vegar blasir við í austri svo alvarlegt efnahagslegt hrun, hætta á þjóðernisátökum, félagsleg áraun vegna þjóðfélagstilraunar sem getur leitt til ekki einasta djúpstæðra vonbrigða heldur örvæntingar og þess vegna orðið kveikja að vopnuðum átökum, jafnvel styrjöld við bæjardyr Vestur-Evrópu.

Eitt einkenni enn þykir mér rétt að nefna. Við þessa þróun sem orðið hefur á síðustu árum eru á því vaxandi líkur að Bandaríkin, sem verið hafa eins konar vörsluaðili eða ábyrgðaraðili öryggis og friðar í Vestur-Evrópu, muni á næstu árum fjarlægjast Evrópu og jafnvel er hugsanlegt að hlutverki þeirra í Evrópu ljúki á næstu árum. Þetta gerist bæði vegna vaxandi krafna innan lands í Bandaríkjunum um það að Bandaríkin einbeiti sér meir að lausn vandamála heima fyrir sem og vegna þess að Evrópubandalaginu vex nú svo mjög fiskur um hrygg að eðlilegt má telja að það taki fyrst og fremst við hinu fyrrum bandaríska hlutverki sem frumkvæðisaðili og ábyrgðaraðili öryggiskerfis Vestur-Evrópu.

Það er einnig ástæða til að nefna að þess eru nokkur merki að á það geti reynt í vaxandi mæli að samherjar á pólitíska sviðinu geti orðið keppinautar á viðskiptasviðinu, jafnvel þannig að til alvarlegra árekstra geti komið. Þá er ég annars vegar að vísa til Bandaríkjanna og hins vegar til Evrópubandalagsins og Japans. Ekki hvað síst vísa ég til þeirrar tilraunar sem nú fer fram til þess að koma á nýju heimsviðskiptakerfi í GATT-samningunum en því miður eru horfur á að það takist ekki í þessari lotu en afleiðingar af því gætu hraðað þeirri varhugaverðu þróun sem ég áður nefndi.

Samhliða þessu, annars vegar dvínandi hernaðarógnun á grundvelli breyttra forsendna en hins vegar vaxandi óvissu um framtíðina þegar litið er til Austur-Evrópu, er einnig vert að hafa í huga að athygli hefðbundinna bandalagsþjóða okkar á stöðu og öryggi í norðanverðri álfunni mun trúlega fara minnkandi. Þessa gætir mjög t.d. í umræðum í Noregi um varnar- og öryggismál og á stóran þátt í því hvernig norsk stjórnvöld a.m.k. meta stöðu Noregs gagnvart Evrópubandalaginu og í vaxandi mæli Vestur-Evrópubandalaginu. Það sem er jákvætt í þessari þróun er að það er mun minni áhersla á hinn hernaðarlega þátt öryggismála, miklu meiri áhersla á hinn pólitíska þátt sem leiðir til samstarfs í alþjóðamálum en jafnframt að efnahagsmál, umhverfismál og jafnvel félagsmál verða æ fyrirferðarmeiri í alþjóðlegum samskiptum.

Grundvallarvandamál hinna nýfrjálsu ríkja eru óvenju margslungin og viðamikil og krefjast þess að þjóðir Mið- og Austur-Evrópu axli þungar byrðar. Önnur ríki geta veitt mikilvægan stuðning til þess að greiða fyrir jákvæðri þróun en það er ekki síst á sviði efnahagsmála sem ríki Mið- og Austur-Evrópu vænta mikils af vestrænum ríkjum. Vestræn ríki hafa brugðist við með umtalsverðum stuðningi en það er greinilegt að hann er engan veginn nægilegur miðað við þau viðfangsefni sem leysa þarf. Núverandi aðstæður minna um margt þess vegna á árin eftir seinni heimsstyrjöld. Þá var þörfin brýnust að reisa Vestur-Evrópu úr rústum styrjaldarinnar. Nú er þörfin brýnust að reisa Vestur-Evrópu við úr rústum óstjórnar og miðstýringar kommúnismans. Þá var áberandi vonleysi og vonbrigði í Vestur-Evrópu eins og nú er að grafa um sig í álfunni austanverðri. Endurreisn eftirstríðsáranna varð árangursrík vegna einstaks framtaks í sögu alþjóðasamskipta, Marshall-áætlunarinnar, sem bar vott um óvenjulega stjórnvisku. Þetta einstaka framtak veitti örmagna efnahagslífi Evrópuríkja bolmagn til að endurheimta fyrri styrk. Í áætluninni fólst jafnframt siðferðilegur stuðningur við þjóðir Evrópu sem skipti þær ekki síður miklu máli. Ríkin í Mið- og Austur-Evrópu þurfa nú á hvoru tveggja að halda. Það er þörf á nýrri marshall-áætlun sem sniðin verði að þeim kringum-

stæðum sem nú ríkja í Mið- og Austur-Evrópu. Marshall-áætlun fyrir Mið- og Austur-Evrópu mundi kosta umtalsverðar upphæðir, jafnvel á bilinu 20–30 milljarðar dala að lágmarki á ári hverju fram eftir þessum áratug. Það er einungis á færi hinna öflugustu iðnríkja heims, Bandaríkjanna, Japans og Evrópubandalagsins, að bera uppi stærstan hlut þessa kostnaðar þótt önnur ríki þurfi að leggja þar fram sinn skerf eins og t.d. Norðurlöndin hafa reynt að gera sameiginlega að því er varðar t.d. Eystrasaltsríkin. Vissulega er hér um að ræða háar fjárhæðir en menn skyldu hafa í huga að þær eru engan veginn sambærilegar við þær fjárhæðir sem fóru í það að heyja kalda stríðið með því vitfirrta vígbúnaðarkapphlaupi sem það kostaði.

Þessar einstæðu breytingar á alþjóðamálum sem ég hef hér stuttlega lýst kalla á margvísleg viðbrögð flestra þjóða og engin þjóð í okkar heimshluta kemst hjá því að bregðast við þeim með einum eða öðrum hætti. Við leitumst við að finna ný samskiptaform. Þannig má t.d. nefna að Evrópuríkin hafa reynt í kjölfar Helsinki-ferilsins að koma sér upp fastastofnun. Ráðstefnan um samvinnu og öryggi í Evrópu er í raun og veru orðin stofnanabundin og hefur höfuðstöðvar í þremur höfuðborgum Mið-Evrópu. Eitt af þeim verkefnum sem við þurfum nú að takast á hendur er að koma þar á fót fastanefnd vegna þess hversu geysilega þýðingarmikil þessi málefni eru í hinu evrópska samstarfi.

Atlantshafsbandalagið hefur brugðist við þessum kringumstæðum á margvíslegan hátt með róttækum breytingum á varnarstefnu, með frumkvæði í afvopnunarmálum, með því að opna dyr sínar fyrir pólitísku samstarfi við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu sem er stofnanabundið í Norður-Atlantshafsráðinu og þannig mætti lengi telja.

Að því er okkur varðar hygg ég að við verðum að hafa það að meginmarkmiði að byggja brýr til Evrópu án þess þó að það verði til þess að veikja samstarf okkar við Bandaríkin. Við verðum að forðast í lengstu lög að lenda í þeirri stöðu að því er varðar öryggismál okkar að þurfa að velja í einhverjum skilningi milli Evrópu og Bandaríkjanna. Við eigum á þeim árum sem fram undan eru að freista þess að treysta öryggi okkar með því að taka þátt í því alþjóðlega samstarfi þar sem Atlantshafsbandalagið er kjölfestan, með því að taka til rækilegrar og jákvæðrar athugunar boð um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, sem verða varnarsamtök Evrópuríkjanna, með því að vera virkir þátttakendur í samstarfinu innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, innan Atlantshafsráðsins og þannig mætti lengi telja.

Virðulegi forseti. Þegar við lítum til baka til upphafsára lýðveldisins þegar lagður var grunnur að þeirri stefnu í utanríkis- og öryggismálum sem allar ríkisstjórnir á Íslandi hafa fylgt síðan getum við vel við unað þegar við metum árangur þeirrar stefnu. Öryggismál Íslands hafa verið í föstum skorðum og þjóðin hefur búið við stöðugleika og öryggi sem hefur gert henni kleift að byggja hér upp hraða sókn til bættra lífskjara og velferðarríkis í góðu samstarfi við grannþjóðir án þess að vera ofurseld hættu á hernaðarlegri ásælni. Vissulega var það svo að uppi voru með þjóðinni miklir flokkadrættir og mikil sundurþykkja þegar grundvöllurinn var lagður að þessari stefnu en þegar við lítum til baka þurfum við ekki að efast um að mikill meiri hluti þjóðarinnar lítur svo á að þarna hafi verið skynsamlega, viturlega og vel á málum haldið og vissulega stöndum við í þakkarskuld við þá framsýnu stjórnmálaleiðtoga sem lögðu grundvöll að mótun þessarar stefnu. Við getum í stuttu máli sagt að hún hafi hvílt á þremur meginstoðum. Meginatriðið var þátttaka okkar í Atlantshafssamstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins og því næst að treysta það samstarf frekar með tvíhliða varnarsamningi okkar við Bandaríkin. Hernaðarlegt mikilvægi Íslands á tímabili kalda stríðsins olli því að Ísland lagði fram mikilvægan skerf í þessu samstarfi þjóða Evrópu og Ameríku og ég er ekki í nokkrum vafa um það að fenginni reynslu að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hefur gert meira en aðild þess að nokkrum öðrum alþjóðasamtökum til þess að tryggja áhrif Íslendinga á alþjóðavettvangi hvenær sem eftir þurfti að leita. Þarna var um að ræða samstarf sextán ríkja á jafnréttisgrundvelli. Með þessu samstarfi höfðu Íslendingar greiðan aðgang að voldugustu forustumönnum grannþjóða þegar á þurfti að halda.

Önnur meginstoð þessa samstarfs hefur verið Norðurlandasamstarfið þótt annars eðlis sé. Það á rætur sínar til sögulegra og menningarlegra erfða Norðurlandaþjóðanna. Það er ekki eins mikilvægt þegar við lítum til hins viðskiptalega þáttar, en samstarfið er samt sem áður afar víðtækt og óvenjulegt og hefur vissulega skilað Íslendingum verulegum ávinningi. Þar nefni ég bara sem dæmi samstarf okkar að því er varðar norræna vinnumarkaðinn.

Þá er einnig þess að geta að þegar Norðurlandaþjóðirnar koma saman sameiginlega fram á alþjóðlegum vettvangi eru áhrif þeirra meiri en ella. Ég hygg að það hafi ítarlega verið kannað að stuðningur við norrænt samstarf á sér djúpar rætur með okkar þjóð og það væri mikil eftirsjá að því ef við horfðum til þeirra tíma að það væri víkjandi eða breytti um inntak.

Þriðja meginstoðin í okkar utanríkis- og öryggisstefnu hefur verið Evrópusamstarfið, annars vegar innan Atlantshafsbandalagsins að því er varðar samstarfið á sviði öryggismála og hins vegar og í vaxandi mæli á undanförnum árum samstarf við Evrópuríkin til þess að gæta viðskiptahagsmuna þjóðarinnar. Það hefur fyrst og fremst farið fram innan Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, með fríverslunarsamningum Íslands við Evrópubandalagið frá því á áttunda áratugnum og nú á síðustu þremur árum hefur það birst sem eitt meginverkefni Íslendinga á alþjóðavettvangi þar sem eru samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið.

Nú er það svo að hin gerbreytta heimsmynd sem áður er lýst hefur m.a. í för með sér að þegar hafa orðið breytingar sem snerta þessar þrjár meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu eða færa má sterkar líkur að því að þær breytingar verði jafnvel meiri í framtíðinni.

Lítum fyrst aðeins á Atlantshafssamstarfið. Um það

er ekki mikill ágreiningur að Atlantshafsbandalagið er árangursríkasta varnarbandalag sem uppi hefur verið í sögunni á hvaða mælikvarða sem það er metið. Það hefur tryggt Vestur-Evrópuþjóðunum það öryggi sem dugði þeim til þess að byggja hér upp eftirsóknarvert þjóðfélag, lýðræðislegt þjóðfélag sem tryggði þegnum sínum ákjósanleg lífskjör. Það hefur jafnframt staðið vörð um það gildismat sem nú fer sigurför um heiminn, þ.e. gildismat sem birtist í þjóðfélagsmálum í formi viðurkenningar á mannréttindum, á nauðsyn þess að halda uppi réttarríki, á viðurkenningu á valddreifingu, á yfirburðum markaðskerfis o.s.frv.

Það er þess vegna nokkuð þversagnarkennt þegar því er haldið fram að að sumu leyti kunni Atlantshafsbandalagið að verða fórnarlamb sinnar eigin velgengni eða árangurs, að það geti hugsanlega jafnvel orðið upphafið að endalokum þess. Hér er ég ekki að vísa til einhvers sem er orðinn hlutur, ég er einungis að hafa uppi orð um það að samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins geti breyst í grundvallaratriðum. Þá á ég annars vegar við það að Bandaríkin kunni í vaxandi mæli að draga sig til baka frá vettvangi Evrópumála sem vörsluaðili evrópsks öryggis og hins vegar vísa ég til þeirrar þróunar sem líkleg er í kjölfar Maastricht-samkomulagsins að Vestur-Evrópubandalagið verði í vaxandi mæli ekki aðeins evrópsk stoð innan Atlantshafsbandalagsins heldur hugsanlega sjálfsætt varnarbandalag þannig að Atlantshafssamstarfið breyti um eðli, það verði kannski fyrst og fremst fólgið í tvíhliða samskiptum þessara tveggja meginblokka, annars vegar Bandaríkjanna-Kanada, hins vegar Vestur-Evrópusambandsins sem verði varnarbandalag Vestur-Evrópuþjóðanna. Þá er hætt við því að þær þjóðir sem þarna eru í milli finni fyrir því að áhrif þeirra minnki nema því aðeins að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir. Þess vegna vil ég vekja athygli á því að nú er tímabært fyrir okkur að taka afstöðu til Vestur-Evrópusambandsins og að því máli er vikið sérstaklega í skýrslunni, bæði í inngangskafla hennar og eins í sérstakri greinargerð sem fylgir sem fylgiskjal þar sem gerð er grein fyrir sögulegri þróun, horfum á þróun í framtíðinni og starfsháttum bandalagsins eftir því sem best er um það vitað.

Ég vil vekja athygli á því að í kjölfar Maastricht-samkomulagsins var eftir því leitað að þau þrjú ríki Evrópubandalagsins sem ekki eiga þar aðild breyti þeirri stefnu sinni og gerist fullgildir aðilar. Jafnframt var samþykkt að gefa þeim þremur ríkjum sem eru í Atlantshafsbandalaginu en utan Vestur-Evrópubandalagsins, Íslandi, Noregi og Tyrklandi, kost á því að sækja um aukaaðild. Þessu erindi hefur verið formlega komið á framfæri við íslensk stjórnvöld í bréfi formanns bandalagsins, Hans-Dietrich Genschers, og því hefur verið svarað jákvætt að minni hálfu en við bíðum eftir því að vinnu við skilgreiningu á viðeigandi málsgrein Maastricht-yfirlýsingarinnar um réttindi og skyldur sem þessu tengjast verði fulllokið. Við stefnum að því að jákvætt svar liggi fyrir og umsókn verði afgreidd fyrir lok ársins.

Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu mundi ekki einungis vega upp á móti breytingum á stöðu landsins vegna breyttra starfshátta Atlantshafsbandalagsins heldur einnig tengja Ísland Evrópusamstarfinu á sviði öryggis- og varnarmála með hliðstæðum hætti og Evrópska efnahagssvæðið gerir á sviði utanríkisviðskipta. Atlantshafsbandalagið verður áfram sú meginstoð sem öryggi landsins hvílir á en með aðild að Vestur-Evrópusambandinu, Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu og Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu er það stefna íslenskra stjórnvalda í öryggis- og varnarmálum aðlöguð umskiptum í stjórnmálum Evrópu, a.m.k. í bráð. Þegar til lengri tíma er litið ber hins vegar að gæta að þróuninni í stjórnmálum Evrópu og hún tekur örum breytingum sem geta breytt stöðu mála aftur í veigamiklum atriðum.

Á sömu forsendum og Atlantshafsbandalagið gegnir enn nauðsynlegu hlutverki til að tryggja öryggi Evrópu er brýnt að áframhald verði á varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna. Óvissan um þróun mála í Austur-Evrópu gerir það að verkum að grundvallarbreytingar á varnarsamstarfinu væru mjög óæskilegar. Hins vegar er ljóst að á næstu missirum og árum munu umsvif varnarliðsins hér á landi minnka, varnarliðsmönnum mun fækka í ljósi nýrra kringumstæðna. Samhliða slíkri fækkun er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að mæta atvinnuvandamálum sem upp munu koma, sérstaklega á Suðurnesjum, í kjölfar slíkra breytinga.

Það er kannski talandi tákn um þessar breytingar að nú hefur verið ákveðið að höfðu samráði milli bandarískra og íslenskra stjórnvalda að ekki sé lengur þörf fyrir svokallaðar AWACS-ratsjárflugvélar hér á landi frá og með næsta sumri vegna breyttra aðstæðna í öryggismálum og á alþjóðavettvangi. Flugvélarnar, sem eru bandarískar, eru notaðar til þess að fylgjast með ferðum herflugvéla sem koma í heimildarleysi inn á íslenskt flugstjórnarsvæði. Nýju ratstjárstöðvarnar í hverjum landsfjórðungi munu geta sinnt reglubundnu eftirliti með aðstoð F-15 flugvéla sem enn eru á Keflavíkurflugvelli. AWACS-flugvélar geta komið aftur með stuttum fyrirvara ef öryggi og varnir landsins krefjast þess á hættutímum. Til að tryggja það verður áfram starfslið á Keflavíkurflugvelli sem sér um viðhald ýmiss konar búnaðar fyrir þessar vélar. Auk þess verða reglubundnar æfingar AWACS-véla áfram hér á landi.

Þriðja meginstoð íslenskrar utanríkisstefnu hefur síðan tvímælalaust verið hið norræna samstarf. Það er ljóst að á því samstarfi munu verða gagngerar breytingar á næstu árum. Til marks um það er sú staðreynd að Norðurlandaþjóðirnar, aðrar en Danir, hafa nú breytt stefnu sinni í grundvallaratriðum að því er varðar aðild að Evrópubandalaginu. Svíþjóð og Finnland hafa þegar lagt fram ósk aðild og það er mat manna að niðurstaða Norðmanna, að lokinni þeirri athugun og umræðu sem nú fer fram, verði hin sama síðar á þessu ári. Það er einnig athyglisvert að að þýsku frumkvæði hefur verið myndað sérstakt Eystrasaltsráð sem tekur til Norðurlandaþjóðanna, Rússlands og þá sérstaklega Eystrasaltssvæðanna í Rússlandi, t.d. Sankti Pétursborgar-svæðisins, Eystrasaltsþjóðanna hinna nýfrjálsu og Póllands. Það hefur verið orðað svo að þarna megi

kenna sögulegt fyrirbæri sem er hið endurreista Hansabandalag. Þótt þessi þróun sé á byrjunarstigi hefur mikil umræða farið fram um það að með þessari þróun sé Norðurlandasamstarfið að færast meira í áttina til skandinavísks-baltnesks samstarfs sem verði þá fyrst og fremst undirsvæði í Evrópubandalagi framtíðarinnar auk þess sem athygli hefur verið vakin á því að hér er einnig um að ræða vaxtarbrodd í austurpólitík þýska stórveldisins.

Hvað svo sem mönnum sýnist um þessa þróun fer mikil umræða fram um það á Norðurlöndum að það sem hér hefur verið nefnt, sérstaklega aðild Norðurlandanna, þá án Íslands, og stofnun þessa Eystrasaltsráðs í nánu samstarfi við stórveldi svæðisins, Þýskaland og Rússland, muni breyta inntaki Norðurlandasamvinnunnar. Þeir sem þekkja til þess hversu mjög stjórnkerfi ríkjanna verða upptekin af samningum sínum við Evrópubandalagið og eftir það samstarfinu innan Evrópubandalagsins munu átta sig á að þetta verður það fyrirferðarmesta í samstarfi þessara ríkja. Vaxtarsvæðin eru að vissu leyti líka fyrir mörg þeirra í suður- og austurátt á Eystrasaltssvæðinu. Það hlýtur að sjálfsögðu að vekja upp spurningu um það hver verður hlutur jaðarsvæða eins og t.d. Íslands, Færeyja og Grænlands þegar þessi þróun er komin betur af stað.

Þá er þess að geta að tengsl okkar við Evrópu, að fráskildum öryggisþættinum, þ.e. gæsla hagsmuna okkar á mörkuðum Evrópu sem fram hefur farið í EFTA og með samningunum um Evrópska efnahagssvæðið, eru með vissum hætti í verulegri óvissu. Sú staðreynd eða öllu heldur sú sýn að innan skamms verði allar EFTA-þjóðirnar, fyrir utan Ísland og Liechtenstein, orðnar umsækjendur að Evrópubandalaginu þýðir einfaldlega að Fríverslunarsamtökin EFTA, sem hafa verið ramminn utan um viðskiptasamstarf okkar við Evrópu, verða ekki til í óbreyttri mynd innan fárra ára. Og að því er varðar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er fljótsagt að hversu umdeildur sem hann kann að vera hér á landi þá er aðalatriðið við þann samning það að sá samningur er alls ekki í höfn og á þessari stundu getur enginn fullyrt að hann sé okkur í hendi.

Af því sem hér hefur verið sagt, virðulegi forseti, má ráða að grundvallarþættir íslenskrar utanríkis-, öryggis- og viðskiptastefnu, eins og við höfum rekið hana á undanförnum áratugum, eru verulegri óvissu undirorpnir. Það er fljótsagt að árið 1989 þegar við byrjuðum EES-samningana í tíð fyrrv. ríkisstjórnar undir forustu fyrrv. hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, þá var heimsmyndin öll önnur en við blasir nú þrátt fyrir það að hinn efnahagslegi veruleiki sé auðvitað í stórum dráttum sá hinn sami. Þótt skammt sé liðið frá árinu 1989 mælt í tíma þá virðist það órafjarri ef við skoðum það sögulega tímabil sem það fyrst og fremst lýsir. Með þessu á ég einfaldlega við það að EFTA-þjóðirnar voru á þeirri stundu engan veginn undir það búnar eða reiðubúnar til þess að líta á framtíð sína sem fullgildir aðilar að Evrópubandalaginu, með einni undantekningu þó, þar sem var Alparíkið Austurríki. Það sem auðvitað bar hæst var fyrst og fremst að þessi ríki höfðu fylgt hlutleysisstefnu í alþjóðamálum. Sviss er auðvitað hinn sígildi höfundur hlutleysisstefnu sem gekk jafnvel svo langt að eiga ekki aðild að Sameinuðu þjóðunum. Það er beinlínis einn af hornsteinum ríkisins í Sviss, auk þess sem þeir hafa byggt sína viðskiptastefnu með góðum árangri gagnvart umheiminum á því að vera utan bandalaga.

Að því er varðar önnur ríki þá voru kannski önnur sjónarmið í forgrunni, þ.e. annars vegar stjórnarskrárákvæði og tregða á því að taka þátt í því að deila fullveldi sínu með alþjóðasamtökum sem byggðu á þeim grundvelli og svo hins vegar, eins og í tilviki Íslendinga og að nokkru leyti Norðmanna, fyrst og fremst fastheldni við auðlindastefnu viðkomandi ríkis.

Að því er varðar þau sjónarmið sem réðu Evrópubandalagsmegin þá var það viðtekin skoðun að afstaða Evrópubandalagsins á þessum tíma væri að það vildi gjarnan efna til samninganna um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að ríkjandi sjónarmið var að það vildi ekki og taldi sig ekki reiðubúið til þess að veita nýjum ríkjum viðtöku. Þá geisaði deilan um það hvort ætti að hafa forgang innan Evrópubandalagsins að dýpka bandalagið, að breyta stofnanaramma þess, að einbeita sér að framkvæmd innri markaðarins og næstu áföngum varðandi aukinn samruna á pólitíska sviðinu og viðskiptasviðinu eða að þenja svæði bandalagsins út og það var hið fyrrnefnda sjónarmið sem var ráðandi.

Eftir Maastricht þegar þessar breytingar eru áorðnar hafa þau sjónarmið breyst þannig að saman fer annars vegar að hinar pólitísku forsendur sem Evrópubandalagið lagði til grundvallar samningunum um EES hafa breyst og hinar pólitísku forsendur sem EFTA-ríkin lögðu til grundvallar vilja sínum til samningsgerðar um EES hafa breyst að því er varðar meiri hluta þessara ríkja.

Allt eru þetta auðvitað með einum eða öðrum hætti viðbrögð lítilla þjóða, fámennra þjóða, við breytingum sem orðið hafa í hinum stóru dráttum heimsmyndarinnar, þ.e. þetta eru viðbrögð við falli Sovétríkjanna. Það er erfitt að skilgreina hlutleysi löngum en það er athyglisvert hversu þjóð eins og Svíþjóð sem fylgt hefur og lagt slíka höfuðáherslu á hlutleysi, haft það sem aðalsmerki alþjóðastefnu sinnar, var fljót að falla frá þeirri hefð og lýsa því yfir að Svíþjóð væri reiðubúin til þess að ganga í Evrópubandalagið án skilyrða í ljósi þess að þeir eru þar að ganga í það sem fyrirsjáanlega er sameiginlegt varnarbandalag með þeim skuldbindingum sem í því felst.

Ef menn líta á stöðu Finnlands þá er það mat manna að ákvörðun Svía um að leita inngöngunnar hafi strax haft veigamikil áhrif vegna þess hve náin viðskiptatengsl landanna eru, hversu ríkir hagsmunir eru þar í húfi, en meginástæðan hafi kannski verið sú að Finnar hafi viljað nýta tímann og tækifærið til þess að varpa akkeri í öryggisbandalagi vestrænna ríkja á þeim tíma þegar umskiptin eiga sér stað í Rússlandi en líka í ljósi þess að sú þjóðfélagstilraun sem þar fer fram er svo mikilli óvissu undirorpin og þeir treysta því varlega hver niðurstaðan verður þar þegar til lengri tíma er litið.

Ef við lítum til Noregs þá er um margt athyglisvert fyrir okkur að fylgjast með þeirri miklu umræðu sem þar fer fram um stöðu Noregs í heiminum í ljósi þessarar breyttu heimsmyndar. Ég vil vekja í því efni athygli á tvennu. Annars vegar eru þær áhyggjur sem stjórnvöld í Noregi hafa af því að Noregur verði viðskila við hina norrænu samvinnu og kjarna hennar og inntak. Í athyglisverðri ræðu sem utanríkisráðherra Noregs, Torvald Stoltenberg, flutti þegar hann lagði fram skýrslu til Stórþingsins, þann 10. febr. sl., sagði hann eftirfarandi um horfurnar að því er varðar norræna samvinnu í ljósi þess að Noregur yrði viðskila við hin ríkin sem væru á leiðinni í EB. Hann segir þar, með leyfi forseta:

Við verðum að viðurkenna að hin nýja staða getur ekki einungis leitt til þess að norræn samvinna hverfi í skuggann heldur að upp rísi nýir veggir og múrar og ný fjarlægð milli hinna norrænu landa, þ.e. milli þeirra sem eru innan og utan Evrópubandalagsins. Aðild Svía og Finna mun takmarka möguleika fyrir umfangsmikið norrænt samstarf utan Evrópubandalagsins, einnig á þeim mörgu sviðum sem Evrópubandalagssamstarfið tekur til. — Í framhaldi af þessu víkur norski utanríkisráðherrann að þeirri niðurstöðu forsætisráðherra Norðurlanda að setja upp sérstakan starfshóp til þess að rannsaka horfur á breytingum á hinu norræna samstarfi í ljósi gerbreyttra kringumstæðna allt í kringum okkur.

Virðulegi forseti. Það sem ég hef sagt nægir til að sýna að flest er í heiminum hverfult og samstarf Íslendinga við aðrar þjóðir er mjög breytingum undirorpið þótt ofmælt væri að draga upp mynd af því að við blasti innan tíðar einangrun Íslands, það er ekki mín skoðun. En viss hætta er á því að við verðum viðskila við samstarf sem við höfum hingað til talið mikilvægt ef ekki verður sérstaklega við brugðist. Við erum með öðrum orðum að meta hvaða áhrif breytingar á hinu hefðbundna samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins munu hafa í framtíðinni og bregðast við því. Við hljótum að leggja raunsætt mat á þær breytingar sem eru fyrirsjáanlegar í norrænu samstarfi og bregðast við þeim og við hljótum að viðurkenna staðreyndir um það að EFTA-samtökin eru innan tíðar á útleið og við hljótum að meta hvort það hefur einhver úrslitaáhrif á okkar stöðu eða ekki. Og sérstaklega hlýtur það að verða íslenskum stjórnvöldum mikið *áhyggjuefni að samningurinn, sem við höfum verið* að reyna að gera við Evrópubandalagið í þrjú ár, er enn ekki í höfn og við getum þess vegna ekki slegið því föstu að við getum byggt á honum með varanlegum hætti tengsl okkar við Evrópubandalagið. Ég vil í þessu samhengi engu að síður, virðulegur forseti, láta það koma hér fram að varðandi bjartsýna skoðun ýmissa leiðtoga Norðurlandaþjóða, og þá vísa ég t.d. til ítrekaðra yfirlýsinga af hálfu Svía um að þeir hafi einhver fyrirheit stjórnmálaleiðtoga í Evrópubandalaginu um að þeir geti farið hraðferð inn í Evrópubandalagið og þykjast mega treysta því að þeir verði þar fullgildir meðlimir strax árið 1995, að það er valt að treysta slíkum fyrirheitum.

Ég held að okkur væri öllum hollt sem tekið höfum þátt í samstarfi EFTA-þjóðanna og samningum við Evrópubandalagið að líta aðeins til okkar eigin reynslu. Reynsla okkar er sú að þrátt fyrir þriggja ára linnulaust samningaþóf er þessum samningum að forminu til lokið en staðfestingu þeirra er alls ekki lokið. Við höfum staðið frammi fyrir því hvað eftir annað að hafa haft rökstudda ástæðu til að ætla að samningarnir væru í höfn. Það gerðist fyrst þegar forseti ráðherraráðs Evrópubandalagsins lýsti því yfir á miðju sumri fyrir ári að pólitísk lausn væri fengin í hinar erfiðu deilur um sjávarútvegsstefnuna. Þau orð hans voru gerð ómerk fáeinum dögum síðar af öðrum aðilum í bandalaginu. Í annan stað skulum við minnast þess að samningum var lokið þann 22. okt. á sl. hausti svo að ekki fór milli mála, ekki einasta samkvæmt yfirlýsingum og fréttatilkynningum heldur handsölum og heillaóskum samningsaðila fyrir hönd ríkjanna nítján. Það liðu nokkrar vikur þangað til, samkvæmt kröfum Evrópuþingsins, að framkvæmdastjórnin skipti um stefnu og vísaði þessu máli til úrskurðar eða til álitsgerðar dómstólsins sem síðan komst að þeirri niðurstöðu að ráðherraráðið hefði farið út fyrir umboð sitt og samningarnir stæðustu ekki Rómarsáttmálann. Þá var því lýst yfir og það er þriðji atburðurinn í þessu að þetta væru minni háttar tæknileg mistök af hálfu Evrópubandalagsins og að þeim yrði fljótlega kippt í liðinn. En þegar Íslendingar tóku aftur við forustu í EFTA eftir áramótin kom á daginn að tillögugerð Evrópubandalagsins var lítil sem engin önnur en úrslitakostir um að hlíta bara dómsúrskurði Evrópudómstólsins þannig að það kostaði okkur aftur ómælda vinnu og samráð við okkar bandalagsþjóðir og ráðherraráðið að leggja fram, móta og fá fram stuðning við tillögur um nýja lausn að því er varðaði dómstólsþáttinn. Og sú niðurstaða var ekki fyrr *fengin en Evrópubandalagsþingið* í Strassborg ályktaði enn og óskaði eftir því að þessari niðurstöðu yrði enn á ný vísað til Evrópudómstólsins og enn á ný skipti ráðherraráðið um skoðun á því sem það hafði áður yfir lýst og fór að þeim ráðum. Nú fyrir nokkrum dögum lýsti laganefnd Evrópubandalagsþingsins því yfir að hún teldi að þetta samkomulag stæðist enn ekki hinn rómaða Rómarsáttmála, hún taldi enn rétt að þeir sem gæta réttrúnaðarins í því musteri hafi seinasta orðið um það hvort þessir samningar geti staðist. Við höfum hvað eftir annað heyrt yfirlýsingar *talsmanna öflugra pólitískra hópa* á Evrópuþinginu í Strassborg sem hafa lýst því yfir að þeir hafi horn í síðu þessara samninga. Þeir hafa aðallega byggt það á rétttrúnaðarsjónarmiðum um stofnanarammann og dómstólana. Við skulum átta okkur á því að áður en þessi samningur er í höfn þarf hann að fá staðfestingu í nítján þjóðþingum fyrir utan Evrópubandalagsþingið. Það fer ekkert á milli mála að það eru öfl innan Evrópubandalagsins sem eru andvíg þessum samningum og eru líkleg til þess að bregða fæti fyrir hann ef þau geta.

Samningsaðilar sem hafa orðið fyrir þessari reynslu af samningsaðilanum hljóta að álykta einfaldlega einn hlut: Það er varlegt að treysta því, þótt það sé endur-

tekið af hálfu pólitískra leiðtoga, að það sé enn pólitískur vilji fyrir því að keyra þetta í gegn, í ljósi þess að það er enginn einn aðili innan Evrópubandalagsins sem ræður för. Við erum hér að fást við annars vegar ráðherraráðið, sem í stórum dráttum sinnir almennri pólitískri stefnumörkun, sem síðan þarf að fela framkvæmdastjórninni samningsumboð, sem er síðan háð einstökum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum innan einstakra aðildarríkja, sem síðan þurfa að tryggja sig gagnvart Evrópubandalagsþinginu og gera það m.a. með því að leita mjög oft og iðulega á náðir Evrópudómstólsins til að tryggja það að Evrópubandalagið semji nú ekki af sér fjöreggið.

Það er af þessum ástæðum og í ljósi þessara breyttu kringumstæðna sem það er eðlilegt að hér séu ræddar spurningar eins og þessar: Hefur hin hraða rás viðburðanna í alþjóðamálum hlaupið fram úr hugmyndasmiðum hins Evrópska efnahagssvæðis? Hefur Evrópska efnahagssvæðið í ljósi breyttra aðstæðna glatað tilgangi sínum? Höfum við varið þremur árum í þrotlausa samninga sem ekki er sýnt að skili árangri? Er Evrópska efnahagssvæðið aðeins áfangastaður fyrir flest EFTA-ríkin áður en þau leita inngöngu í Evrópubandalagið? Og er það haldbært þegar við lítum til framtíðar að Evrópskt efnahagssvæði fáist staðist sem tveggja stoða bygging sem hvílir annars vegar á stoð útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa sem saman stendur af Íslandi og Liechtenstein með innan við 300 þús. íbúa? Þetta eru spurningar sem eru á dagskrá. Og þetta eru spurningar sem við þurfum að svara. En þetta eru spurningar sem við getum ekki svarað einir vegna þess að við eigum svörin að verulegu leyti undir samningsniðurstöðunni.

Virðulegi forseti. Nokkrir hv. þm. sem hraðlesið hafa skýrslu mína til Alþingis hafa greinilega misskilið hana á þann veg að stefnu núv. ríkisstjórnar hafi verið breytt, að nú hafi íslenska ríkisstjórnin fallið frá yfirlýstri stefnu sinni að róa öllum árum að því forgangsverkefni að ná fram samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að nú hafi kúrsinn verið tekinn á það að leggja fram umsókn af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar með hinum Norðurlandaþjóðunum um aðild að Evrópubandalaginu.

Ég verð að taka það fram mjög skýrt og afdráttarlaust að ekkert af því sem stendur í skýrslunni rís undir þessari túlkun, ekki neitt. Þeir sem halda þessu fram geta ekki fundið þeim orðum sínum stað enda stendur það hvergi í þessari skýrslu. Það er þess vegna ástæða til að ítreka það að stefna íslensku ríkisstjórnarinnar er óbreytt og það er forgangsverkefni hennar að koma EES-samningunum í höfn. Og við höfum enn það mat að takist það geti samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið leyst brýnustu vandamál okkar í samskiptum við Evrópubandalagið á efnahags- og viðskiptasviðinu. Ekkert sem í skýrslunni stendur breytir þeim grundvallarstaðreyndum.

Sá sem hér stendur ætti ekki að þurfa að fara um þetta mörgum orðum. Ég hef varið þremur árum í tíð nokkurra ríkisstjórna til að vinna að framgangi þessa máls. Og ég er þeirrar skoðunar að takist það að fá þennan samning staðfestan þá verði það engum rökum stutt að það starf hafi verið til einskis. Í ljósi þess sem ég sagði áðan um tímaþáttinn tel ég afar ólíklegt að jafnvel hinar þjóðirnar sem skipt hafa um stefnu og eru á leiðinni í EB nái þeim árangri árið 1995. Í ljósi þeirra tímamarka er alveg ljóst að ekkert getur komið í staðinn fyrir þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði fyrir EFTA-þjóðirnar í heild, alla vega til skamms tíma, til þess tíma sem það ella tekur þær að semja um og ná samningsniðurstöðu og staðfestingu á aðild sinni að Evrópubandalaginu. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er í þeim skilningi, ekki aðeins fyrir Ísland heldur fyrir allar EFTA-þjóðirnar, öryggisnet, lágmarkstrygging sem forðar okkur frá þeim skakkaföllum sem það ella mundi þýða að einangrast frá innri markaðinum. Ég þarf ekkert að rökstyðja þetta með vísan til neinna staðreynda, þetta þekkja hv. þm. Þeir þekkja töflur og skífurit um hlut Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins í okkar útflutningi hvort heldur varðar sjávarafurðaútflutning eða útflutning í heild, gjaldeyrisöflun og hversu geysilega þýðingarmikið mál það er fyrir íslenskt atvinnulíf að ná tollfrjálsum aðgangi að þessum markaði.

Hitt er svo alveg augljóst mál að við látum það ekki sem vind um eyru þjóta ef allar samstarfsþjóðir okkar leggja það mat á hlutina að í ljósi breyttra kringumstæðna dugi þessi samningur þeim ekki lengur. Við vorum sammála um það fyrir nokkrum árum að svo væri. Þessar samstarfsþjóðir hafa endurmetið forsendurnar og komist að annarri niðurstöðu og telja að hann dugi ekki lengur. Fyrst og fremst, þá vísa ég t.d. til umræðunnar eins og hún fer fram í Svíþjóð og Finnlandi, með þeim rökum að þótt lágmarksviðskiptahagsmunir séu tryggðir með aðild að innri markaðinum þá sé Evrópubandalagið svo breytingum undirorpið að þessar þjóðir vilji með aðild sinni tryggja sér hlutdeild í ákvörðunum að mótun þeirrar stefnu sem tekin verði í framtíðinni. Fyrir þjóð sem ætlar sér ekki þann hlut og telur vegna fámennis síns að hún eigi ekkert erindi til þess þá getur það vel verið að það sé mátuleg lausn að ætla sér ekki stærri hlut, það er frekar metnaðarlítil sýn á hlutverk og stöðu þjóðarinnar.

Þegar ég segi að íslenska ríkisstjórnin hafi óbreytta stefnu vil ég árétta þetta: Þrátt fyrir þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir lítum við svo á að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu sé lykilatriði, þar sé að finna kjölfestuna að öryggispólitík þjóðarinnar. Við gerum okkur grein fyrir því að samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins er að breytast og viljum bregðast við því með því að tryggja okkur aukaaðild innan Vestur-Evrópusambandsins. Við gerum okkur grein fyrir því að framtíð Skandinavíu á baltnesku undirsvæði í EB mun þýða að við fjarlægjumst inntak og kjarna norrænnar samvinnu. En við viljum samt sem áður halda í það sem eftir verður af henni vegna þess að við teljum okkur það mikilvægt af vel þekktum sögulegum og menningarlegum ástæðum. Við teljum að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði getum við tryggt brýnustu hagsmuni okkar að því er varð-

ar markaðsaðgang og viðskiptasamband við okkar stærsta og öflugasta markaðssvæði og það sé enn sem fyrr svo að ekkert annað geti komið í staðinn fyrir þennan samning. Í ljósi mats á hagsmunum Íslands, sérstöðu þjóðarinnar, fámennis þjóðarinnar og einhæfni okkar atvinnulífs erum við þeirrar skoðunar að þetta geti orðið á þeim árum sem við sjáum fram í tímann sæmilega haldbær bygging til þess að vera í, þ.e. sæmilega traust forsenda fyrir okkar utanríkispólitík. Við erum þeirrar skoðunar jafnframt að ef þetta yrði niðurstaðan yrðum við að freista þess að treysta þessa sérstöðu okkar enn frekar með því í raun og veru að leita með virkum hætti eftir fríverslunarsamningum við Bandaríkin og einnig Kanada sem gæti þá þýtt það að við hefðum fríverslunarviðskipti bæði við austur og vestur og að Ísland væri jafnálitlegur kostur t.d. fyrir fjárfestendur í nýjum greinum atvinnulífs eins og þau ríki bjóða upp á sem eiga beina aðild.

Að því er tímaþáttinn varðar er ljóst að breytingar sem eru að verða munu taka nokkur ár og þess vegna vil ég leggja á það áherslu að þótt við eigum að ræða alla kosti sem þessi þjóð stendur frammi fyrir opinskátt og hispurslaust þá skulum við einnig átta okkur á því að það er engin nauðhyggja á bak við þetta og það er enginn nauðugur einn kostur og ekkert sem rekur á eftir okkur að taka í skyndi einhverjar ákvarðanir að illa grunduðu eða óathuguðu máli.

Hitt er svo rétt, virðulegi forseti, og það hefur vakið nokkra athygli í þessari skýrslu að ég hef talið bæði æskilegt og reyndar skylduverk mitt sem utanrrh. við þessar aðstæður að vekja athygli þingmanna, stjórnmálamanna og þjóðarinnar allrar á því að það er ekki alveg séð fyrir endann á því að sú stefna sem ég hef hér lýst haldi. Þá á ég fyrst og fremst við einn hlut. Ég ber vissulega sjálfur ugg í brjósti fyrir því að svo geti farið, að svo hrapallega geti til tekist að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nái ekki staðfestingu í tæka tíð. Fari svo er alveg augljóst mál að við verðum að skoða okkar hug, líta aftur yfir okkar kosti og þá er afar óhyggilegt að þurfa að gera það í einhverri tímaþröng og af skyndingu. Ég taldi þess vegna bæði rétt og skylt að draga athygli þingheims og þjóðar að því að við þurfum núna, eins og aðrar þjóðir sem standa frammi fyrir svipuðum kostum, að hefja umræðu um það og ég tel það nánast skylduverk íslenska stjórnkerfisins að láta fara fram ítarlega skoðun á nokkrum þáttum þessa máls sem hingað til hafa ekki fengið nógu vandlega skoðun. Þróunin er afar ör meðal allra helstu samstarfs- og viðskiptaþjóða okkar og staða okkar í samfélagi þjóðanna breytist vegna þess, jafnvel þótt við teljum okkur standa í stað. Það er ekki hægt að halda í horfinu með því að halda að sér höndum eða loka augum fyrir breyttum aðstæðum allt í kringum okkur. Þetta þýðir hins vegar ekki að aðeins ein leið sé fær eða að einhver nauðhyggja hreki okkur nauðuga viljuga í átt til EB-aðildar. EB-aðild er einfaldlega þess eðlis að henni fylgja kostir og alvarlegir gallar og grundvallaratriði er þess vegna, ef við viljum hafna þeim kostum, að gera okkur rækilega grein fyrir hverjir þeir eru, allt út frá einni einfaldri spurningu: Hvernig er íslenskum hagsmunum best borgið? Versta niðurstaðan væri auðvitað einangrun frá hefðbundnum samstarfsaðilum. Þótt ljóst sé að samstarf okkar við grannþjóðir, hvort sem er innan Norðurlandaráðs eða Atlantshafsbandalagsins, eigi eftir að breytast verulega á næstunni er ekki ástæða til að óttast einangrun, þ.e. ef forsendan að EES-samningurinn nái fram að ganga stenst. Samningurinn tryggir okkur aðgang að mörkuðunum. Hann er okkur lífsnauðsynlegur. Ef hins vegar EES-samningurinn nær ekki fram að ganga þá er okkur sá kostur fyrir hendi að skoða stöðu okkar að nýju og það er ekki nægilegt svar í því viðfangi að segja að þá leysum við málið bara með tvíhliða samningum vegna þess að hvort tveggja getur gerst ef við ætlum á annað borð að draga upp mynd af því sem verst gæti hent að EES-samningurinn verði ekki staðfestur og hitt að eftir að hin löndin hafa náð inngöngu í Evrópubandalagið þá blasir það náttúrlega við þótt við lítum svo á að samningurinn haldi, ég segi: jafnvel þótt samningurinn héldi og yrði staðfestur, þá stöndum við frammi fyrir því að að einhverjum árum liðnum verða teknir upp samningar að nýju að því er varðar stofnanaþáttinn. Sjónarmið okkar er að sjálfsögðu að við hljótum að halda öllum þeim réttindum sem okkur eru tryggð gagnvart þessum samningi, en ástæða er til þess að hafa nefnt það að samningurinn var auðvitað gerður sem fjölþjóðlegur samningur sjö ríkja plús tólf og á forsendu um jafnvægi samingsins. Ef til endursamninga kemur að einhverju leyti þá skulum við ekki loka augunum fyrir þeim kröfum sem aðrar þjóðir hafa lagt fram með sínum fórnarkostnaði það mikið inn í þennan samning að óbilgjarn samningsaðili gæti krafið okkur um það að sæta harðari kostum en við fengum í þessum EES-samningi þótt það hafi lítt verið metið hér af ýmsum hagsmunaaðilum.

Önnur Norðurlönd meta það svo að nú sé tækifæri til þess að ganga í EB sem ekki gefist aftur. Aðgönguskilyrðin að þeirra mati herðist eftir því sem á líður, ekki sé vænlegt að fylgja Austur-Evrópuríkjunum í samningaviðræðum og auðveldara verði að sveigja EB að norrænum hagsmunum og sjónarmiðum innan frá nú en síðast þegar endurskoðun stofnana er lokið. Það er ríkjandi viðhorf í hinni norrænu umræðu að pólitískur meðbyr og möguleikar til tilslakana af hálfu EB í mestu hagsmunamálum þeirra væru meiri núna í samfloti Norðurlandanna en óvíst ella hvort það dygði síðar til að fá viðunandi kjör.

Stjórnarandstæðingar hafa látið að því liggja að könnun á afleiðingum aðildar sé óþörf, svo grannt hafi þessi mál verið skoðuð á undanförnum árum í EES-samningunum. En það vita þeir best sem að þessum samningum hafa staðið hversu mikið regindjúp er staðfest milli EES-samningsins annars vegar og aðildar að EB hins vegar. Mikil og góð þekking á innviðum Evrópubandalagsins hefur vissulega skapast í íslenska stjórnkerfinu við þessar viðræður en áherslan hefur allan tímann verið á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og því sem fylgir ákvæðum hans. Veigamiklir þættir sem fylgja EB-aðild hafa því ekki

verið kannaðir og ég vil nefna nokkra þeirra sem eru dæmi um það sem ég er að meina þegar ég segi að við þurfum að kanna nokkra þætti betur en gert hefur verið hingað til.

Fyrsta mál á dagskrá er að sjálfsögðu hin sameiginlega sjávarútvegsstefna EB. Hún á sér auðvitað enga formælendur hér á landi og það er að vonum og hún sætir vaxandi gagnrýni innan Evrópubandalagsins. Það liggur alveg ljóst fyrir að sú kjarnaafstaða er óbreytt, bæði að því er varðar ríkisstjórnina, stjórnarflokkana og alla stjórnmálaflokka á Íslandi eftir því sem ég best veit að Íslendingar geta ekki gerst aðilar að Evrópubandalaginu að óbreyttri hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu eins og hún er framkvæmd. Það hafa verið færð að því rök sem við eigum að hlusta á og kanna að hægt sé að tryggja forræði Íslendinga að því er varðar nýtingu fiskveiðiauðlindar okkar vegna þess hvernig viðmiðunarreglurnar eru varðandi úthlutun á kvótum. Þetta eru ekki nógu haldgóð rök vegna þess að það er einsýnt að mínu mati að Íslendingar mundu krefjast pottþéttra samningsskuldbindinga um ótvírætt forræði sitt að því er varðar auðlindina. Það er athyglisvert að í samningum okkar um Evrópska efnahagssvæðið, sem auðvitað má ekki blanda saman við aðildarsamninga, náðum við samningsmarkmiðum okkar sem flestir voru svartsýnir á, þ.e. við náðum markaðsaðgangi í stórum dráttum án þess að tengjast á nokkurn máta sameiginlegri fiskveiðistefnu EB, án þess að láta einhliða veiðiheimildir af hendi, án þess að fallast á kröfur um fjárfestingarrétt í auðlindinni. Spurningin er þess vegna sú, er þess nokkur kostur að Íslendingar næðu viðlíka samningsárangri og þeir hafa nú þegar gert ef á það væri látið reyna í aðildarumsókn?

Annað sem ber að athuga er samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs. Á það er að líta að helstu samkeppnisþjóðir okkar eru Norðmenn og Danir. Danir eru þegar inni, Norðmenn hugsanlega inni innan fárra ára. Hverju breytir það að þeir væru orðnir fullgildir aðilar að því er varðar samkeppni við íslenskan sjávarútveg á þessum mörkuðum? Markaðsaðgangur okkar er að verulegu leyti tryggður, það er rétt. Þá er á það að líta að sjávarútvegur í þessum löndum hefði aðgang að sjóðum, samstarf í markaðsmálum o.s.frv. sem álitamál er hvort mundi styrkja hann þegar væri til lengri tíma litið. Ekkert af þessu hefur verið kannað enn þá því að sameiginleg sjávarútvegsstefna er utan EES-samningsins.

Þriðja atriðið er að undirbúningur að sameiginlegum gjaldmiðli EB er langt kominn. EB-aðild mundi því nema burt því sem næst allt svigrúm íslenskra stjórnvalda til að hnika til gengisskráningu. Ekki hefur verið kannað hvaða áhrif þetta hefði á íslenskt efnahagslíf, enda er gjaldmiðilssamband ekki til umræðu innan EES.

Enn eitt atriði. EB-aðild fylgdi að taka yrði upp sameiginlega tollskrá EB og sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart löndum utan EB. Enn fremur mundu allar tolltekjur renna til sameiginlegra sjóða í Brussel. Tollstig EB og Íslands er ápekkt, en aðild mundi fylgja að taka þyrfti upp þær hömlur sem EB hefur sett í skjóli verndarstefnu sinnar, t.d. gagnvart varningi og innflutningi frá Japan eða öðrum löndum utan EB-viðskiptalöndum. Sameiginlegri viðskiptastefnu EB fylgir mikill fjöldi ákvarðana um tímabundna undirboðstolla, tollalækkanir, sérstök vildarkjör til handa þróunarríkjum o.s.frv. Ekki hefur verið kannað hvað þetta hefði í för með sér fyrir Ísland því að ekkert af þessu varðar EES-samninginn.

Landbúnaðarstefna EB er einn viðamesti þáttur starfsemi þess og á því sviði mundu áhrif EB-aðildar verða veruleg. Það er athyglisvert að af lögum og reglum Evrópubandalagsins er einungis um þriðjungur sem varðar sjálft fjórfrelsið. Meginið af því sem eftir er fjallar um þessa hina alræmdu sameiginlegu landbúnaðarstefnu fyrir utan það að rúmlega 65% af sameiginlegum tekjum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins fer í að halda uppi þeirri stefnu. Frjáls innflutningur landbúnaðarafurða frá EB mundi lækka verulega verð til neytenda en jafnframt gerbreyta samkeppnisstöðu íslenskra bænda. Á móti kemur aðgangur að millifærslukerfi landbúnaðargeirans innan EB sem t.d. Finnar telja að geti gert gæfumun að því er varðar stuðning landsbyggðarfólksins þar í landi við þennan væntanlega aðildarsamning. Ekki hefur verið borið við að kanna áhrif EB-aðildar á íslenskan landbúnað því að landbúnaður og viðskipti með landbúnaðarvörur eru algerlega utan samningssviðs EES. Að nokkru leyti þyrfti þessi könnun að tengjast horfunum að því er varðar GATT.

Innan EB er langt á veg komin samræming allra óbeinna skatta og vörugjalda og er miðað við að almennt verði virðisaukaskattur um 15%. Virðisaukaskattur er einn gjöfulasti skattstofn íslenska ríkisins og veruleg lækkun hans hefði auðvitað í för með sér nauðsyn á uppstokkun á skattkerfi ríkisins. Þetta hefur ekki verið tekið fyrir sérstaklega í stjórnkerfinu vegna þess að samræming á sköttum er ekki partur af EES-samningnum. Hins vegar er augljóst mál að við erum dæmi um þjóð sem yrði að aðlaga sig að þessum breytingum einfaldlega af samkeppnisástæðum.

Enn eitt atriði. Æ meira fé er nú varið til þess innan EB að tryggja tekjujöfnun milli ríkja í EB og miklum fjármunum er veitt til fátækari héraða í Suður-Evrópu. Við þetta hefur bæst í seinni tíð aðstoð til nýfrjálsra ríkja Austur-Evrópu eins og ég vék að í upphafi. Aðild fylgir, ef tillögur Delors um uppbyggingu fjárlaga EB verða samþykktar, að leggja yrði fram tæplega 1,4% þjóðarframleiðslu í sameiginlega sjóði. Hluti þessa fjár mundi renna aftur til Íslands beint eða óbeint ef Ísland gerðist aðili, en líklegt verður að teljast að Ísland mundi greiða til baka til EB meira en það fengi.

EB-aðild mundi litlu bæta við aðstöðu Íslendinga samkvæmt EES-samningnum til þess að leita sér vinnu eða öðlast starfsréttindi innan EB. Opnast mundu möguleikar á ýmiss konar störfum á vegum EB og hægt yrði að beina einhverjum hluta EB-starfsins hingað heim, en EB-aðild mundi fylgja afnám landamæraeftirlits og veiting kosningarréttar og kjörgengis til EB-borgara búsettra hér í sveitarstjórnarkosningum á

Íslandi. Þetta er einnig atriði sem er utan EES-samnings og hefur þess vegna yfirleitt ekki verið rætt hér á landi.

Þetta eru allt atriði sem hægt væri að fá tiltölulega skýr svör um frá embættismönnum. Hér er þess vegna í raun og veru um tæknilega forvinnu að ræða. Stóru spurningarnar um það hvað EB-aðild hefði í för með sér, hvort hún hefði í för með sér óviðunandi framsal fullveldis, eru auðvitað pólitísks eðlis og krefjast pólitískrar umræðu. Hún hefur einfaldlega ekki farið fram vegna þess að EES-samningurinn hefur ekki í för með sér neitt framsal löggjafarvalds, dómsvalds eða framkvæmdarvalds til sameiginlegra stofnana.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa stjórnvöld og samtök nú ýmist látið fara fram slíkar kannanir eða eru að því. Sjálfsagt er að mínu mati að fara ofan í saumana á því hverjar niðurstöður þeirra hafa verið, en það er engan veginn gefið að okkar niðurstöður verði hinar sömu. Auðvitað er hægt að færa fyrir því veigamikil rök að atvinnulíf þeirra er annars eðlis en okkar og önnur pólitísk rök sem vega þungt hjá þeim en hafa kannski minna vægi hér.

Munurinn á Evrópubandalaginu og Evrópska efnahagssvæðinu er gífurlegur eins og margsinnis hefur verið rakið í umræðum úr þessum ræðustól. Það er þess vegna stórt stökk frá Evrópska efnahagssvæðinu til EB-aðildar. En gangi Evrópska efnahagssvæðið ekki upp samningslega verðum við að láta reyna á það hvaða aðrir kostir standa okkur til boða. Mikið hefur verið gert úr því í umræðum að undanförnu að ágreiningur sé uppi um þetta mál innan ríkisstjórnarinnar, hvaða stefnu eigi að fylgja í Evrópumálum án þess að menn hafi getað fundið rök fyrir því. Ég vil benda þeim sem hafa haft uppi þessi orð að lesa vandlega afar athyglisverða ræðu sem hæstv. forsrh. flutti á fundi með Samtökum áhugafólks um vestræna samvinnu þann 14. þessa mánaðar. Þar veltir hann upp sömu kostum og ég hef verið að gera hér að framan, bendir á að við séum að fjarlægjast grannþjóðir og samstarfsþjóðir eftir því sem EB-samstarfið eflist. Í ræðu þessari sýnir hæstv. forsrh. fram á að auðveldara væri að fá vissum hagsmunamálum okkar framgengt innan EB en utan en leggur á það höfuðáherslu að ástæða sé til að fara að með mikilli gát. Jafnframt er tekið fram að með EES-samningnum sé komist hjá einangrun þótt nauðsynlegt verði að sækja fastar á til að tryggja stöðu okkar. Áréttað er að EB-aðild hafi ekki verið hafnað, að staða okkar krefjist þess að allir kostir séu skoðaðir á þann hátt að við getum sjálf metið kostnað og ávinning af því hvernig við tengjumst umheiminum og tökum á okkur skuldbindingar. Þetta er nákvæmlega sá boðskapur sem skýrsla sú sem hér liggur fyrir Alþingi hefur að flytja mönnum.

Virðulegi forseti. Ég hef varið alllöngum tíma til þess að ræða það hversu mjög fall Sovétríkjanna hefur skapað gerbreyttar forsendur fyrir samskiptum austurs og vesturs. Á sama tíma er óumflýjanlegt að nefna það þegar við ræðum samhengi alþjóðamála að önnur megingjá í heimsmálum, þ.e. bilið milli iðnríkja norðursins og milli fátækra þjóða hins svokallaða þriðja heims heldur stöðugt áfram að breikka. Þar í þeim átakapunkti er að finna mörg tilefni til átaka og ófriðar sem gæti nánast orðið átakasvæðið ef vel tækist til við uppbyggingu Austur-Evrópu á næsta áratug. Ástæða er til þess að minna á að ginnungagjáin í lífskjörum mælist t.d. á þann veg að þjóðartekjur á mann í löndum Norður-Evrópu eru að meðaltali um 50–80 sinnum hærri á mann en meðaltöl í löndum Asíu og Afríku. Ég vil nefna hér stuttlega fimm þætti þessa máls sem beinast að íbúum okkar heimshluta og þar með okkur Íslendingum.

1. Fyrst er að nefna yfirstandandi viðræður um nýtt frjálsræði í alheimsviðskiptum, þ.e. hinar margræddu GATT-viðræður. Hömlur á milliríkjaviðskiptum hafa tafið stórlega fyrir iðnvæðingu þriðja heims landa. Þetta á einnig að nokkru leyti við um þjóðir Mið- og Austur-Evrópu. Um leið hafa útflutningsbætur á framleiðslu háþróaðs landbúnaðar Vesturlanda og margbrotið og rándýrt styrkjakerfi lamað matvælaframleiðslu og útflutning margra landa þriðja heimsins. Mörgum þessara landa kæmi því ekkert betur en aukið verslunarfrelsi og minnkandi niðurgreiðslur á vestrænni landbúnaðarframleiðslu. Rök hafa einnig verið færð að því að fáar aðgerðir gætu dregið jafnmikið úr hungri í heiminum og minnkandi útflutningsbætur á matvælaframleiðslu Vesturlandabúa.

2. Við þurfum að ræða tilhögun þróunaraðstoðar við hinar fátækari þjóðir. Með þróunaraðstoð hafa ríki og félagssamtök á Vesturlöndum síðustu áratugi reynt að styðja að uppbyggingu á atvinnulífi, menntakerfi og heilsugæslu í löndum þriðja heimsins. Árlega er talið að Vesturlönd veiti um það bil 44 milljörðum Bandaríkjadala í þessu skyni. Athyglisvert er að nefna kannski eina tölu í samanburðinum. Talið er að á árinu 1990 hafi ríki fyrir botni Miðjarðarhafsins sem mest hafa verið áberandi á því átakasvæði varið um 35 milljörðum dala til vopnakaupa á árinu 1990 í samanburði við þessa 44 milljarða dala sem er allt framlag allra Vesturlanda til þróunaraðstoðar. Hungursneyð er í Afríku, örbirgð milljóna manna í Asíu og dýpkandi fátækt og andstæður í borgum Suður-Ameríku hefur á síðustu árum vakið aukna athygli og samúð almennings í löndum Evrópu en um leið hafa komið fram auknar efasemdir um gildi og árangur hefðbundinnar þróunaraðstoðar. Það er beinlínis fullyrt af mörgum fræðimönnum að stór hluti þróunaraðstoðar Vesturlanda sé til lítils eða einskis. Dæmi um stórfelldan árangur af einföldum aðgerðum er hins vegar líka að finna. Íslendingar veita mun minna fé til þessara mála en nokkur önnur þjóð á Vesturlöndum. Framlag á hvern íbúa á Íslandi er aðeins 1/10–1/20 af því sem gerist í mörgum þeim löndum sem við berum okkur oftast nær saman við.

Það er einnig athyglisvert að framlög almennings í frjálsum söfnunum er minni hér á landi en víðast annars staðar gagnstætt því sem stundum hefur verið haldið fram. Undan því verður því ekki vikist að þessi mál séu tekin til alvarlegrar athugunar. Ef þróunaraðstoð á ekki rétt á sér eða skilar takmörkuðum árangri er rétt að hætta slíkri aðstoð. Ef menn telja hins vegar að unnt

sé að koma fátæku fólki raunverulega til hjálpar með skilvirkum og skynsamlegum hætti á niðurstaðan að vera sú að okkur beri skylda til að leggja meira af mörkum en við gerum nú.

Þriðja meginatriðið, sem menn hafa stórauknar áhyggjur af og varðar þessa umræðu um alþjóðleg samskipti, er auðvitað gerspilling náttúrunnar, bæði í löndum þriðja heimsins sem og sums staðar á löndum hinna svokölluðu þróuðu ríkja. Sumar af fátækustu þjóðum heims byggja lönd sem eru ríkari og fjölbreyttari að náttúrufari en aðrir hlutar heimsins. Eyðing regnskóga og dýralífs hefur valdið áhyggjum um heim allan en viðbrögð við þeirri ógn sem heiminum öllum stafar af umhverfiseyðingu hafa verið miklu minni en þau þyrftu að vera. Þetta er ekki síst vegna þess að vandinn er einna mestur í þeim löndum þar sem fátækt knýr menn til að ganga ótæpilega á auðlindir og bannar þeim viðnám við spillingu umhverfis.

Í framhaldi af þessum orðum vil ég einfaldlega segja að einn þáttur hinnar breyttu heimsmyndar er þær vonir sem menn nú gera sér um aukið hlutverk, aukið vald og aukin áhrif Sameinuðu þjóðanna, ekki síst til þess að láta að sér kveða á þessum vettvangi til þess að reyna að draga úr því ginnungagapi sem er á lífskjörum milli þjóða og norðurs og suðurs og efla samstarf þeirra í milli. Í því efni vil ég vekja athygli á að Norðurlöndin hafa gjarnan reynt að hafa samstöðu innan Sameinuðu þjóðanna um þá stefnu og gerðu það seinast t.d. með sameiginlegum yfirlýsingum utanrrh. Norðurlanda á Reykjavíkurfundi í byrjun árs.

Virðulegi forseti. Leyfist mér í örfáum orðum að draga saman niðurstöður þessarar ræðu sem að vísu er orðin býsna löng. Þrátt fyrir títtnefnd umskipti í stjórnmálum Evrópu og samskiptum austurs og vesturs eru grundvallarmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu óbreytt. Þau eru að standa vörð um fullveldi og sjálfstæði lýðveldisins, að tryggja öryggi og velferð þjóðarinnar, að verja auðlindir landsins og efla atvinnuvegi og samgöngur. Þessara hagsmuna þjóðarinnar hefur verið gætt með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, með tvíhliða varnarsamningum við Bandaríkin, í norrænni samvinnu, með virkri þátttöku innan Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, þar á meðal í EFTA og GATT. Með samningum um Evrópska efnahagssvæðið höfum við aðlagað stefnu landsins Evrópusamstarfinu á sviði viðskiptamála og tryggt útflutningsafurðum okkar óhindraðan aðgang að Evrópumarkaði. Umskiptin í Evrópu valda því að forsendur utanríkisstefnunnar eru ekki þær sömu og áður. Atlantshafsbandalagið er að breytast jafnframt því sem Atlantshafssamstarfið fer víkjandi fyrir Evrópusamstarfinu. Atlantshafsbandalagið er þrátt fyrir það áfram kjölfestan í öryggismálum Evrópu einmitt á tímum óvissu og óstöðugleika í stjórnmálum Mið- og Austur-Evrópu. Staða Atlantshafsbandalagsins og hlutverk í framtíðinni ræðst ekki síst af framvindu mála í þessum heimshluta, þ.e. í Austur-Evrópu, og því hvort Bandaríkin standi áfram við skuldbindingar sínar gagnvart öryggi Evrópu að ónefndri þróuninni í samstarfi Evrópubandalagsins á sviði öryggis- og varnarmála.

Íslendingar geta áfram byggt öryggi landsins á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu, styrkt það frekar með aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Aukaaðild að sambandinu vægi upp á móti breyttum starfsháttum Atlantshafsbandalagsins í kjölfar aukinnar samvinnu Evrópubandalagsríkja á sviði öryggis- og varnarmála. Það veitir möguleika á því að setja fram sjónarmið Íslendinga í öryggismálum til að hafa áhrif á ákvarðanatöku og gerir okkur kleift að fylgjast náið með samstarfi Vestur-Evrópuríkja á sviði öryggis- og varnarmála. Jafnframt getum við aðlagað stefnuna í öryggismálum enn frekar þróuninni í Evrópu með fullri þátttöku í Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu og Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu Evrópu.

Tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna verður eftir sem áður ein af meginstoðum utanríkisstefnunnar en jafnhliða fyrrnefndum breytingum þurfum við Íslendingar að búa okkur undir að vægi og umsvif varnarliðsins hér á landi minnki á næstu árum. Þróun innanríkismála í Bandaríkjunum veldur þar mestu um. Því er ráðlegt og tímabært að íslensk stjórnvöld efni til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um tilhögun og umfang varnarsamstarfsins á komandi árum og eru uppi áform um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að skipa sérstaka nefnd til þess að sinna því verkefni á næstu dögum eða vikum.

Eftir því sem samstarf Evrópuríkja eflist og fleiri þjóðir ganga til liðs við Evrópubandalagið breytist staða Íslands innan álfunnar. Evrópusamstarfið nær til æ fleiri þátta sem til þessa hafa verið ræddir innan stofnana sem Ísland hefur átt fulla aðild að. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tryggir öryggi í utanríkisviðskiptum og aðstöðu íslenskra fyrirtækja á Evrópumarkaði. Hann gefur íslenskum stjórnvöldum hins vegar ekki sömu stöðu til áhrifa og fengist með aðild.

Það er áfram yfirlýst stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að byggja á þeim forsendum sem hér hefur verið lýst um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Hins vegar er því yfirlýst að við þurfum að kanna nánar nokkra þætti málsins sem varða það hvernig hagsmunir Íslands kæmu út ef um væri að ræða aðild að Evrópubandalaginu. Um það ætti að vera full samstaða allra flokka á Alþingi Íslendinga af þeirri einföldu ástæðu að enginn tekur ákvörðun að óathuguðu máli.

Virðulegi forseti. Þar með læt ég þessari ræðu minni lokið.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er víðar sviðin jörð en í Austur-Evrópu. Það er alveg augljóst að það er sviðin slóðin eftir hæstv. utanrrh. og viðleitni hans til þess að tengja Ísland Evrópubandalaginu gegnum Evrópskt efnahagssvæði á undanförnum þremur árum. Hér hefur hæstv. utanrrh. og formaður EFTA-ráðsins verið að kasta rekunum á samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Hann hefur gert það af mikilli stílfimi og jafnframt vísað mönnum á það að nú verði að halda í

næstu stöð. Það var dálítið sérkennilegt undir lok ræðunnar þegar hann þurfti að fara að lesa saman breytingarhugmyndirnar frá hæstv. forsrh. inn í texta sinn um þetta efni, það var svolítið torlæst. Og það er mjög merkilegt að hæstv. utanrrh. skuli velja þetta tækifæri nú til þess að kveða upp þennan dauðadóm. Það er heldur ósmekklegt gagnvart hæstv. forsrh. sem lýsti því yfir hér fyrir jólin að það þyrfti kraftaverk til þess að bjarga þessum samningi. En þá kom utanrrh. upp í þennan ræðustól og staðhæfði að það væri alveg ástæðulaust að dæma þennan samning af. Nú velur hann tækifærið í þessari umræðu til þess og án þess að hafa samráð um það við forsrh. áður en hann gefur yfirlýsingar um það á Alþingi. Svona er komið meðferðinni á utanríkismálum landsins, stærstu viðfangsefnum sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir síðan stofnað var lýðveldi. Þetta er alveg hörmulegt. Og það er athyglisvert með hvaða hætti hæstv. utanrrh. réttlætir þetta. Hann er að fara yfir þróun mála sl. þrjú ár og segja: Það er þessi breytta staða sem veldur þessum sinnaskiptum. Hann hefði mátt sjá þetta fyrr. Það eru orðin nokkur ár síðan Berlínarmúrinn hrundi og þær breytingar sem fylgdu í kjölfarið hafa gengið yfir. Nei, þetta eru satt að segja ömurleg leiktjöld sem hér eru dregin frá og vísa Íslandi að mati ráðherrans inn í Evrópubandalagið. En ég er nokkuð sannfærður um það að íslenska þjóðin er honum ekki sammála.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta andsvar er ákaflega stutt. Hér talaði áðan hv. 4. þm. Austurl. sem að öðrum hv. þm. ólöstuðum hefur alla tíð verið eindregnastur andstæðingur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, hefur fundið honum allt til foráttu, hefur gagnrýnt hann harkalegar en flestir aðrir, hefur talið hann vera íslenskri þjóð til hinnar mestu óþurftar, telur hann fela í sér framsal á valdi, landsréttindum o.s.frv. Þess vegna ætti það væntanlega að vera mikið fagnaðarefni hv. þm. ef horfir illa um það að þessi samningur nái fram að ganga.

Hér talar hins vegar sá maður sem hefur beitt sér hvað mest fyrir því að þessir samningar náist fram. Það er rangt hjá hv. þm. að í ræðu minni hafi falist að ég hafi gefið upp von um það. En það væri óheiðarlegt af mér ef ég hins vegar talaði hér á þeirri forsendu að það væri sjálfgefið að samningurinn væri í höfn. Ég vísa einungis til staðreynda. Samningurinn er því miður ekki í höfn. Það er staðreynd að við höfum orðið fyrir bakföllum og vonbrigðum vegna þess hversu samningarnir hafa dregist á langinn og við höfum orðið þess áskynja að víða er andstaða við samninginn. Því miður er það svo að við eigum það bara ekki í hendi okkar sjálfra að ná samningnum fram. Við eigum það undir atkvæðum og atfylgi annarra, bæði í þjóðþinginu 19 eða hinum 18 sem og á Evrópuþinginu þannig að það er ástæða til þess að spyrja: Hvar er rökrétt samhengi milli þessara orða sem hv. þm. fór hér með áðan? Það sem ég sagði hér áðan af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar er þetta: Við teljum það forgangsverkefni eftir sem áður að ná samningnum. En við berum nokkurn ugg í brjósti um að það takist ekki. Það væri óheiðarlegt og ábyrgðarlaust að leyna því og einnig hinu að fari á versta veg, þá er það hygginna manna háttur að hafa rætt það fyrir fram.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði að ég hef frá upphafi varað við þeirri siglingu sem hann hefur verið kapteininn á og stýrt undanfarin þrjú ár vegna þess að ég hef óttast það að sú stund rynni upp sem nú er komin. En ég hef ekki sett samasemmerki og hef aldrei gert það milli samnings um Evrópskt efnahagssvæði og aðildar Íslands að Evrópubandalaginu og afstaða mín í þeim efnum er alveg skýr. Ef velja á milli tveggja slæmra kosta, þá er auðvitað bláa bókin sem liggur nú á borðum þingmanna illskárri kostur en aðild að Evrópubandalaginu og það svo miklu munar. En það hefur bara ekki verið í hugum þeirra sem ráðið hafa þessari för að stöðva þar af siglinguna heldur að halda í næstu stöð. Hvað felst í orðum ráðherra sem segir á Alþingi að það sé metnaðarlítil þjóð sem láti staðar numið við samning um Evrópskt efnahagssvæði? Að lítill metnaður sé í því fólginn fyrir þjóð að ætla að sitja í bandalagi eins og Evrópsku efnahagssvæði án þess að fá nokkru um ráðið siglinguna? Það er m.a. af þeim sökum sem ég hef varað við þeim samningi um EES. En að láta sér til hugar koma að bjóða íslenskri þjóð að afsala sér sjálfræði og sjálfstæði og halda inn í stórveldi Vestur-Evrópu, Evrópubandalagið, umbreytt í Evrópusamveldi sem samningarnir í Maastricht vísa á. Það er kveðja sem ég vonaði að kæmi ekki, jafnvel ekki frá hæstv. utanrrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki sleppt þessu tækifæri til þess að þakka hv. þm. þá óvæntu stuðningsyfirlýsingu sem hann gaf hér áðan við meginbaráttumál mitt sl. þrjú ár, þ.e. við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég er alveg sammála honum um það að reginmunur er á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og aðild að Evrópubandalaginu og það er algert skilyrði þess að við getum með góðum og traustum rökum hafnað aðildinni að Evrópubandalaginu að þessi samningur nái í höfn. Mér sýnist að hér hafi gerst það undur að leiðtogi fjandaflokks EES-samningsins er nú upp risinn og hefur loksins skilið að það er lífsnauðsyn og lífsankeri vorri þjóð.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. sagði áðan að regindjúp væri á milli EES og EB. Það getur vel verið að það sé rétt. En það ætti þá öllum að vera ljóst sem það vilja vita að ef Ísland gerist aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði er það ekkert annað en áfangi á leið inn í EB, til fyrirheitna landsins, Evrópubandalagsins samkvæmt stefnu utanrrh. Líklega hefur áform hans allan tímann frá upphafi verið að koma

okkur þangað inn og er það vel að hann skuli vera kominn út úr skúmaskotinu og segja okkur það hreint út að þangað stefni hann því að það hefur mér verið ljóst nokkuð lengi.

Það er hins vegar ekkert nýtt að menn ræði á Alþingi stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Ég vil minna á það að í maí 1988 var kosin níu manna nefnd alþingismanna samkvæmt þál. sem hlaut nafnið Evrópustefnunefnd og hún skyldi athuga áhrif líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf. Nefndin starfaði í þrjú ár og er raunar ekki búið að leggja hana formlega niður enn þá. Hún er búin að gefa Alþingi skýrslu um starf sitt sem almenningur hefur haft aðgang að og vorið 1990 komst nefndin að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að aðild Íslendinga að EB væri ekki á dagskrá. En hér talar hæstv. utanrrh. í aðra átt að mínu mati þótt hann reyni að sverja það af sér. Hann segir að ekkert í skýrslunni gefi tilefni til þess að fullyrða að um stefnubreytingu hafi verið að ræða. Hann talar í aðra átt en kom fram í þeirri skýrslu sem Evrópustefnunefnd gaf, en ég get alveg fallist á það sjónarmið að það er engin stefnubreyting því að þetta hefur mér verið ljóst allan tímann.

Mér finnst nauðsynlegt að við ræðum áfram á Alþingi þróun mála í Evrópu, en mér finnst hins vegar hörmulegt til þess að vita að nú skuli a.m.k. hluti ríkisstjórnarinnar vilja taka aðild Íslands að EB á dagskrá.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessum orðum hv. þm. vil ég nú rifja upp að ég varði ekki litlum tíma af ræðu minni til þess að vekja athygli þingheims á því hversu mjög heimsmyndin hefur breyst frá árinu 1989. Það hefur m.a. borið til tíðinda að flest ef ekki öll hin EFTA-ríkin hafa breytt afstöðu sinni til Evrópubandalagsins, með öðrum orðum metið breytingar í umhverfinu með þeim hætti að þau hafa komist að öðrum niðurstöðum. Það ætti náttúrlega ekki að verða neinum til lasts.

En aðalatriðið er þó þetta. Hv. þm. sagði að hún hefði allan tímann vitað að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði væri áfangastaður á lengri leið inn í aðild að Evrópubandalaginu. Þessu er alveg þveröfugt farið. Það er engin rökrétt nauðung í því að þar beri að stíga eitthvert skref í framhaldi af því. Það hefur aldrei verið mitt sjónarmið, hvorki 1989, 1990, 1991 né í dag. Þvert á móti. Ég hef hins vegar aldrei dregið dul á það að ef þessi samningur tækist ekki, ef hann færi forgörðum, þá hef ég sagt og það fyrir löngu að þá teldi ég engan vafa á því að þrýstingur frá forsvarsmönnum íslensks atvinnulífs mundi aukast um það að í stað þessa yrði þrýst á um aðild að Evrópubandalaginu. Það er kjarni þeirra viðvörunarorða sem ég hef haft uppi vegna áhyggju minnar af því að samningur um Evrópskt efnahagssvæði tækist ekki.

Kjarni málsins er nú þegar í þessum stuttu orðaskiptum orðinn þessi: Þeir sem hafa beitt sér hvað harðast gegn samningnum um Evrópskt efnahagssvæði munu í raun og veru í hjarta sínu líta svo á að hann sé þó að verulegu leyti skárri en aðild að EB, geti kannski hugsanlega tryggt hagsmuni þjóðarinnar án þess að honum fylgi þeir gallar sem eru óaðgengilegir. Með öðrum orðum skora ég á andstæðinga aðildar að EB að styðja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði samkvæmt þessum röksemdum.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvaðan hefur hæstv. utanrrh. það að andstæðingar aðildar að Evrópsku efnahagssvæði séu farnir að lofa og blessa þann samning? Ég hef aldrei nokkurn tíma sagt það. Kvennalistinn hefur verið á móti þessum samningi — ekki allan tímann, það er rétt. Ég hef ekki allan tímann vitað að þetta yrði svo. Mér hefur orðið það ljóst smám saman að þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði er ekkert annað en áfangi á leið inn í EB. Í upphafi var ég ekki andvíg samningnum. Þá voru ýmsir fyrirvarar settir um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þeir eru allir foknir út í veður og vind, það er búið að keyra þá alla á haugana. Það er ekki rétt að tala um að þessi samningur sé skárri en aðild að EB þegar hann er áfangi á leið inn í EB, ég veit ekki hvernig hægt er að komast að þeirri niðurstöðu og ég er alveg undrandi á hæstv. utanrrh. að vera með slíkan málflutning því að það hef ég aldrei nokkurn tíma sagt.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá bók sem við höfum fengið um utanríkismál og fyrir ítarlega ræðu hans. Bæði í bókinni og í ræðu hans er margt að finna sem vert er að ræða og undir sumt af því get ég tekið. Mér þykir þó undarlegt og vekur satt að segja furðu mína hve miklu efni er varið, bæði í bókinni og í ræðunni, til að fjalla um hugsanlega aðild okkar Íslendinga að Evrópubandalaginu. Að vísu get ég ekki sagt að þetta komi mér algerlega á óvart. Ég vakti athygli á þessu fyrir kosningar þegar ég benti á það að í stefnuskrá Alþfl. segir að ekki beri að útiloka aðild að Evrópubandalaginu, enda ráðum við áfram sjávarútvegsmálum okkar. Þessu var þá mótmælt af mikilli hörku og lögð á það áhersla að Evrópubandalagið væri alls ekki á dagskrá og það mátti svo sannarlega ekki aðeins skilja heldur var lögð áhersla á að fullvissa þjóðina um það að Evrópubandalagið yrði alls ekki rætt á því kjörtímabili sem þá væri fram undan. Nú kveður við allt annan tón. Nú er Evrópubandalagið og hugsanleg aðild að því orðið megininntak bæði skýrslu og ræðu hæstv. utanrrh. Ég get ekki neitað því að mér finnst sem hæstv. utanrrh. hafi jafnvel dáleitt sjálfan sig inn í Evrópubandalagið eins og ég heyrði það orðað nýlega í umræðuþætti í Ríkisútvarpinu. Ég mun að sjálfsögðu koma töluvert að þeim málum en ég ætla áður að rekja nokkur önnur atriði sem eru í skýrslunni.

Ég vil taka undir það með hæstv. utanrrh. að gífurlegar breytingar hafa orðið í heiminum í kringum okkur, breytingar sem við Íslendingar getum alls ekki látið fram hjá okkur fara eins og við séum ekki aðil-

ar að þeim. Vitanlega erum við aðilar að þessum litla heimi sem nú er orðinn og allt það sem þar gerist hefur áhrif á okkur. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að hraði þessara breytinga hefur orðið meiri með hverju ári. Mér kemur oft í hug að það er rétt sem einn mikill spekingur sagði eitt sinn að hraði breytinganna tvöfaldist á hverjum 10 árum. Án þess að ég fari að endurtaka það sem hæstv. utanrrh. sagði um þessar breytingar vil ég þó leggja áherslu á að þeim er langt frá því að vera lokið.

Lítum bara á Evrópubandalagið. Þar eru fram undan afar miklar breytingar. Samkomulagið í Maastricht boðar sumar þessar breytingar eins og sameiginlega utanríkisstefnu, sameiginlegan gjaldmiðil og fleira mætti nefna. Einnig má vekja athygli á því að ákveðið var að halda næstu ráðstefnu valdamestu manna Evrópubandalagsins 1996 minnir mig frekar en 1995, en þegar er rætt um að hraða henni og halda hana 1993. Ég vek athygli á þeim yfirlýsingum frá mestu ráðamönnum bandalagsins sem fara ekki leynt að því skuli breyta á næstunni frá því að vera bandalag 12 jafnráðandi þjóða í bandalag nokkurra voldugra þjóða sem ráða þar langsamlega mestu.

Nú er boðað að takmarka skuli neitunarvaldið og að það skuli helst vera í höndum Þjóðverja og Frakka og e.t.v. tveggja til þriggja annarra stórvelda. Þannig bendir allt til þess að Þjóðverjum sé að takast nú, eins og ég hef sagt áður, það sem Hitler tókst ekki, að leggja undir sig Evrópu. Enda kveður í vaxandi mæli við þennan tón hvar sem komið er hjá smáríkjum Evrópu.

Við höfum hlustað á það í fréttum að t.d. í Danmörku er andstaðan við Evrópubandalagið nú vaxandi. Fleiri og fleiri skoðanakannanir lýsa efasemdum Dana um að þeir eigi heima í Evrópubandalaginu og þá að sjálfsögðu með tilvísun til þess sem þar er að gerast. Fleira sem boðar gífurlega miklar breytingar gæti ég nefnt. Ég tek undir það sem segir í inngangsorðum þessarar skýrslu, þar sem áhersla er lögð á það í fyrstu málsgreininni að í hinum breytta heimi sé það höfuðverkefni íslensku utanríkisstefnunnar að tryggja sjálfstæði landsins og tryggja og varðveita yfirráð yfir auðlindum þjóðarinnar. Ég tek heils hugar undir þetta. En spyr, hvernig var unnt að skilja vangaveltur, svo ég taki ekki dýpra í árinni, hæstv. utanrrh. um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu sem viðleitni til þess að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og yfirráð yfir auðlindum hennar? Ég held að enginn maður, hversu góðviljaður sem hann er, geti túlkað orð hæstv. utanrrh. sem tilraun til þess.

Ég vil fara orðum um nokkur atriði sem minnst er á aftarlega í skýrslunni. Ég tek undir það sem hæstv. utanrrh. sagði um þróunaraðstoðina. Við höfum að vísu rætt um það í æðimörg ár að hana þurfi að auka og að hún sé okkur til háborinnar skammar. Ég vona að loksins verði af þeim orðum sem hæstv. utanrrh. mælti áðan og að við aukum þróunaraðstoð. Í þessu sambandi vil ég leggja áherslu á að við Íslendingar getum aukið þróunaraðstoð þannig að hún komi okkur sjálfum að gagni. Ekki er nokkur vafi á því að við Íslendingar getum staðið að miklu meiri útflutningi á þekkingu heldur en við höfum gert til þessa, þekkingu t.d. á sviði jarðhitanotkunar sem við höfum vissulega gert í nokkrum stíl en getum aukið og margfaldað, og ekki síður þekkingu á sviði sjávarútvegs sem fjölmargar þjóðir þurfa á að halda, vanþróaðar þjóðir og þjóðir sem eru að brjótast úr viðjum eins og hér er t.d. talað um Rússland og samvinnu sjálfstæðra ríkja sem berjast nú í bökkum og þurfa á mikilli aðstoð að halda. Ég lýsi ánægju minni með þá ákvörðun að beina nokkru fjármagni til þess að auka tækniaðstoð Íslendinga við slíkar þjóðir.

Í skýrslunni er fjallað um GATT sem von er. Ég sakna þess hins vegar að í henni er ekkert minnst á, ég gat a.m.k. ekki fundið það við hraðlestur skýrslunnar, þá fyrirvara sem við Íslendingar settum eftir hina heitu umræðu sem varð hér á landi um hugsanlegan samning við GATT um landbúnaðarfurðir og afhent var með sérstöku bréfi af sendiherra okkar sem gegnir málefnum GATT. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig er þeim fyrirvörum fylgt eftir? Ég tel afar mikilvægt að við fáum svör við þeim. Við heyrum að á GATT-samkomulagi kunni að verða nokkur frestur vegna þess að samstaða næst ekki enn á milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna. En ég legg áherslu á að GATT-samkomulag er langtum meira en samkomulag milli risaveldanna. Frá eigin sjónarmiði séð erum við alveg eins stórir í GATT-samkomulagi og þau. Það getur vel verið að GATT-samkomulagið varði okkur Íslendinga langtum meira en þessi veldi þegar upp er staðið. Margt bendir til þess að Bandaríkin og Evrópubandalagið fái í málamiðlun sættir sem tryggja að þau fái að halda verulegum hluta af því sem í raun samræmist ekki frjálsri verslun með landbúnaðarafurðir en aðrir sem smærri eru gleymist.

Ég vil einnig spyrja að því hvort athugað hafi verið það sem ekki var upplýst í umræðunni um GATT, þ.e. hvort unnt sé að vera aðili að GATT-samkomulagi með ýmsum fyrirvörum vegna stöðu smáþjóðar í því samkomulagi sem þarna er um að ræða. Hefur fengist svar við því frá GATT? Ef samstaða á að nást um GATT tel ég mjög nauðsynlegt að þessum spurningum verði svarað sem fyrst.

Ég tek það fram að við framsóknarmenn teljum að viðskiptafrelsi sé þjóðinni afar nauðsynlegt og styðjum aðild Íslendinga að GATT. Við erum sannarlega tilbúnir til þess að fórna einhverju til þess að víðtækt viðskiptafrelsi um afurðir okkar geti orðið. En ég legg hins vegar áherslu á að um svo stóra hagsmuni er að ræða, ekki síst í íslenskum landbúnaði, að taka þarf hvert skref með varúð og tryggja þá hagsmuni eins og frekast verður gert.

Í skýrslunni er töluvert rætt um þau vandamál sem nú steðja að heiminum og get ég tekið undir þau, ekki síst vandamál eins og umhverfismál og dýpkandi gjá á milli norðurs og suðurs. Ég er þó þeirrar skoðunar að í skýrslunni og ræðu hæstv. utanrrh. hafi þau mál ekki verið skoðuð nægilega ítarlega og ekki komið fram sú áhersla á mikilvægi þessara mála sem nauðsynleg er. Við Íslendingar hljótum að vera þátttakendur í allri

viðleitni til að leysa þessi mál. Þau varða okkur öll. Ég held að ekki sé nokkur vafi á að í efnahagsþróun þessa heims og í allri áætlun sem gerð er um efnahagsmál verður núna að taka tillit til þess hvað kosti að vernda umhverfið og að brúa þá miklu gjá á milli ríkra og fátækra sem hæstv. utanrrh. lýsti. Það verður alls ekki lifað í hinum litla heimi lengur án þess að þessa sé gætt. Ljóst er að ganga þarf töluvert lengra en bara að halda umhverfinu í því horfi sem það er nú. Ekki er nokkur vafi á því að við þurfum að gera ráð fyrir að af þeim tekjum sem við fáum af efnahagsþróuninni verði að verja mjög stórum hluta til þess að bæta tjón sem orðið hefur á umhverfinu og við sjáum svo mjög í landinu. Mér þykir ástæða til að leggja töluverða áherslu á þetta vegna þess að fleiri og fleiri aðhyllast þá skoðun að sú hraða efnahagsþróun sem verið hefur í vestrænum heimi á undanförnum áratugum hljóti að hægja mjög á sér ef ekki stöðvast ef tekið er það tillit til þessara vandamála sem er nauðsynlegt. Sumir hafa gengið svo langt að heimsbylting sé orðin að þessu leyti og menn lifi í allt öðrum heimi en áður.

Í skýrslunni er töluvert rætt um Atlantshafsbandalagið, sem von er og Vestur-Evrópubandalagið. Ég tek undir þær miklu breytingar sem orðið hafa að þessu leyti og að við hljótum að skoða okkar mál þar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum afar lítið erindi jafnvel sem aukaaðilar að Vestur-Evrópubandalaginu. Ég tel að við eigum að auka aðild okkar og starfa innan RÖSE, leggja áherslu á að RÖSE verði það sem undir var skrifað og gert ráð fyrir í París 19. nóv. 1990 og gera okkar til þess að RÖSE komi sem allra mest í staðinn fyrir þau varnarbandalög sem smám saman hafa verið að gufa upp.

Einnig tek ég undir það með hæstv. utanrrh. að sjálfsagt er að taka upp viðræður við Bandaríkin um breytingar á varnarsáttmála Íslands og Bandaríkjamanna með tilliti til hinna gerbreyttu viðhorfa sem nú eru. Ég tel að með tækjakosti okkar, m.a. nýjum ratsjárstöðvum, getum við Íslendingar gætt þeirra hagsmuna sem við og aðrir eigum með öllu eftirliti í Norður-Atlantshafinu með langtum minni umsvifum varnarliðs hér á landi en verið hefur. Mér sýnist að í skýrslunni sé nú loksins viðurkennt að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hlýtur að draga mjög saman seglin. Reyndar hefur allt bent til þess lengi en hæstv. utanrrh. hefur lagt sig fram við að halda starfseminni gangandi og að sjálfsögðu ber að meta það með tilliti til atvinnumála á Suðurnesjum. En ég tel að lengi hafi þó verið ljóst að það var haldlítil viðleitni, jafnvel vonlaus viðleitni og mér sýnist það vera viðurkennt í skýrslunni. Í skýrslunni kemur einnig fram að hæstv. utanrrh. hefur látið undan, að því er mér virðist, í skipulagningu verktakastarfseminnar á Keflavíkurflugvelli. Sú yfirlýsing er gefin, sem reyndar hefur komið fram áður í fréttum frá hæstv. ríkisstjórn, að á þessu kjörtímabili yrði starfsemi Aðalverktaka lokið, a.m.k. einkaréttur þeirra til þess að framkvæma fyrir varnarliðið. Ég skil það svo að Aðalverktakar í núverandi mynd yrðu nánast leystir upp eða a.m.k. yrði tilboð í alla verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli opin, ekki aðeins fyrir íslensk fyrirtæki heldur öll fyrirtæki innan Atlantshafsbandalagsins sem kjósa að bjóða í. Ég heyrði hæstv. utanrrh. ekki koma að þessu í ræðu sinni en vel má vera að það hafi þó verið, en ég vildi gjarnan að hann lýsti þessu nánar. Hér er um gífurlega stórt verkefni að ræða. Að vísu má vera að nýbyggingar á Keflavíkurflugvelli verði stórum minni í framtíðinni en hingað til. Allt bendir vissulega til þess en ég hygg að viðhaldsstarfsemi verði þar mikil og því er æskilegt að vita hvort útboð á viðhaldi falli einnig undir þetta og sömuleiðis gaman að vita hvort hæstv. ríkisstjórn hafi skoðað það hvaða áhrif þetta hljóti að hafa á atvinnuástand á Suðurnesjum sem nú er hvað verst á öllu landinu. Eins og menn vita á mikill fjöldi manna afkomu sína undir starfsemi á Keflavíkurflugvelli, því miður leyfi ég mér að segja. Þessi yfirlýsing er því mjög mikilvæg og nauðsynlegt að fá hana rædda nánar. Ég er þeirrar skoðunar að um leið og hún er gefin hljóti hæstv. ríkisstjórn að gera ráðstafanir til þess að það fólk sem vinnur þarna hafi kost á öðru. Að vísu starfar hæstv. ríkisstjórn undir kjörorðunum „kemur-mér-ekki-við“ en hve langt má ganga að þessu leyti? Með þessari ákvörðun gerbreytir hún því atvinnuástandi sem þarna hefur verið og hefur þannig afskipti af því og hlýtur því að teljast ábyrg að nokkru leyti ef ekki öllu fyrir því sem fram undan er og af því sem það leiðir til. Þetta eru fyrst og fremst þau atriði sem ég kaus að minnast á áður en ég kem að því máli sem bar hæst í orðum hæstv. utanrrh., þ.e. samningi um Evrópskt efnahagssvæði og ekki síst hugsanlegri aðild okkar Íslendinga að Evrópubandalaginu.

Ég sagði áðan að út af fyrir sig kom mér ekki á óvart að hæstv. utanrrh. skyldi hreyfa þessu máli, þ.e. aðild að Evrópubandalagi. Þetta hefur augljóslega verið mjög ofarlega í huga hans jafnvel lengi og kannski fleiri manna í Alþfl. Vitanlega er nauðsynlegt að fá að heyra hvernig hæstv. forsrh. lítur á málið, hvort hann telji t.d. koma til greina eins og ýjað er að, að við ættum að fylgjast með Norðurlöndunum og sækja um aðild til að fá á það reynt hvaða kostir okkur eru boðnir. Ég tel hins vegar að það hafi verið afar óheppilegt að fá þessa umræðu núna þegar menn hafa vænst þess að umræðuna um Evrópskt efnahagssvæði beri hvað hæst. Ég vek athygli á því að fullyrt hefur verið að niðurstaða Evrópudómstólsins eigi að liggja fyrir fyrir páska. Það eru því ekki nema tvær vikur þangað til að við höfum niðurstöðu Evrópudómstólsins, ef það stenst. Hefði ekki verið skynsamlegra að bíða með umræðuna þar til hugsanleg neitun Evrópudómstólsins lægi fyrir? Ég hefði getað skilið að hæstv. utanrrh. hefði þá vakið máls á þessu atriði. En ég efa hins vegar ekki að með umræðunni nú er stórlega spillt fyrir því að breið samstaða náist um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vek athygli hæstv. utanrrh. á því að við í síðustu ríkisstjórn stóðum saman að þeim samningum sem síðan hafa verið um Evrópskt efnahagssvæði. Við stóðum saman að þeim fyrirvörum sem ákveðið var að setja um Evrópskt efnahagssvæði. Þessu höfum við ekki fengið fullnægt, við höfum ekki fengið svör við ýmsum atriðum. Ég sakna þess t.d. að hafa hvorki

heyrt þessa fyrirvara rakta í ræðu hæstv. utanrrh. né fundið þá í skýrslunni. Ég spyr sjálfan mig að því: Getur verið að hæstv. utanrrh. sé búinn að gleyma þeim eða skeyti þeim engu? Ég verð að nefna þessa fyrirvara hér.

Við settum í fyrsta lagi fyrirvara um að við Íslendingar hefðum full yfirráð yfir íslenskum sjávarútvegi. Við settum fyrirvara um að erlendir aðilar fengju ekki fjárfest í íslenskum sjávarútvegi. Við settum fyrirvara í sambandi við fjármagnsflutninga til landsins m.a. að ekki mætti kaupa hér upp land í stórum stíl nema land sem væri nauðsynlegt vegna atvinnustarfsemi sem heimiluð er samkvæmt samningnum. Við settum líka fyrirvara um aðild útlendinga að orkufyrirtækjum, eignarhlut þeirra að orkufyrirtækjum og fyrirvara um fólksflutninga til landsins. Eftir því sem ég fæ séð er aðeins einum þessara fyrirvara enn þá fullnægt. Það er fjárfesting erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi og ég lít svo á að þeim lögum verði ekki breytt því að bann við fjárfestingu í sjávarútvegi er viðurkennt í þeim drögum sem við höfum séð að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég vona að þetta muni halda.

Ég hef ítrekað spurt að því hvað líði fyrirvara eða girðingu eins og við höfum gjarnan kallað það, gegn því að erlendir aðilar geti keypt hér upp land, jarðir, dali, fjöll o.s.frv. Ég hef engin svör fengið við því. Ég hef í besta falli fengið góðlátlegt bros frá hæstv. utanrrh. þegar ég hef spurt um þetta í utanrmn. Í skrá sem við höfum fengið, a.m.k. í utanrmn., yfir þau frumvörp sem þarf að leggja fyrir Alþingi er sagt að hæstv. landbrh. muni leggja fram frv. um jarðalög. Hins vegar segir þar að óvíst sé hvenær frv. verði lagt fram. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er þetta sú girðing sem við í síðustu ríkisstjórn a.m.k. vorum ákveðnir að setja upp til að fyrirbyggja að erlendir aðilar gætu keypt hér upp land? Ég vek athygli á því að við höfum, nokkrir þingmenn Framsfl., flutt á Alþingi frv. sem á að koma í veg fyrir slíkt. Við töldum rétt að leggja það fram þar sem við höfum ekki séð nein merki þess að þetta væri að koma frá ríkisstjórninni. Ég vona að það sé enn þá skoðun a.m.k. hæstv. utanrrh. og alþýðuflokksmanna að fyrirbyggja þurfi slík jarðakaup.

Hvað um eignaraðild að orkufyrirtækjum? Ég sé að hæstv. iðnrh. hyggst flytja frv. um eignaraðild að jarðhita og um orkumálin. Ég spyr: Er þarna um að ræða það sama og áður var um rætt, að flytja yrði frv. sem tryggði eignarrétt hins opinbera að jarðhita fyrir neðan ákveðna dýpt?

En það er fleira sem þarf að skoða í þessu sambandi. Í hvítri bók hæstv. ríkisstjórnar er boðað að einkavæða eigi orkufyrirtækin. Ég hef spurt að því hér á hv. Alþingi hvort ríkisstjórnin ætli að standa við þau fyrirheit þrátt fyrir Evrópskt efnahagssvæði, ef úr því verður, sem mundi heimila aðilum í Evrópu eða aðilum innan þess svæðis, jafnt og Íslendingum að kaupa hlutabréf í slíkum einkavæddum orkufyrirtækjum. Ég sé ekki betur en að með því sé raunar til lítils að ætla ríkinu einkarétt á t.d. jarðhitanum eins og það hefur nú á virkjun fallvatna fyrir ofan ákveðna stærð orkuvers. Þetta er mál sem ég hefði gjarnan viljað fá að heyra um frá hæstv. utanrrh. ef hann hefði fjallað eitthvað að ráði um þessi stóru mál sem varða Evrópskt efnahagssvæði.

Hæstv. utanrrh. hefur lýst því áður hér í umræðum um Evrópskt efnahagssvæði að almennur fyrirvari eigi að gera Íslendingum kleift að stöðva fólksflutninga til landsins en því miður eru ýmsir lítt sannfærðir um það.

Ég hefði líka viljað heyra frá hæstv. utanrrh. ítarlegri lýsingu á þeim breytingum sem urðu eftir afstöðu Evrópudómstólsins og þeim hugmyndum sem hafa verið um gerðardóm og um vald hinnar svokölluðu pólitísku nefndar. Mér sýnist að þótt Evrópskt efnahagssvæði eða samningurinn kunni að koma hér fyrir fljótlega verði einnig að ræða þetta í almennri umræðu um utanríkismál.

Loks er eitt gífurlega stórt atriði sem ég hefði gjarnan viljað fá að heyra um frá hæstv. utanrrh. Hverju gerir hæstv. utanrrh. ráð fyrir í tengslum við samninginn um fiskveiðar erlendra aðila hér? Þar er fjöldamörgum spurningum ósvarað. T.d. er því ósvarað hvernig verður með eftirlitsmenn í þessum skipum. Hvað verða þeir margir? Hvað verða skipin mörg? Hver greiðir fyrir þann kostnað? Hvernig verður ef við náum ekki allri þeirri loðnu sem við höfum heimild til að veiða? Og þannig gæti ég haldið áfram að telja. Hvenær á að gera þann samning? Liggur sá samningur fyrir áður en umræðan um Evrópskt efnahagssvæði verður tekin fyrir á Alþingi eða telur hæstv. utanrrh. að þessi samningur skipti engu máli í því sambandi? Ég vek athygli á því að fulltrúar sjávarútvegsins íslenska hafa a.m.k. sagt að þeir geti ekki tekið afstöðu til samnings um Evrópskt efnahagssvæði án þess að sá samningur liggi fyrir.

Á ég að skilja hæstv. utanrrh. svo þegar hann talar svo lítið um þessi stóru mál að hann sé í raun í hjarta sínu búinn að gefa Evrópskt efnahagssvæði upp á bátinn og stefni markvisst að aðild að EB? Lái mér hver sem vill að hugsa þannig. Mér þykir sú hugsun að vísu afar leið og hefði vart trúað því fyrir ári eða svo en ég hef nefnt hér fjölmörg atriði sem varða Evrópskt efnahagssvæði mjög sem hæstv. utanrrh. minntist ekki á.

Hins vegar, eins og ég sagði, fjallaði mest eða mjög mikið af ræðu hæstv. utanrrh. um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu. Hæstv. utanrrh. segir hér einhvers staðar í þessari skýrslu að nú sé svo komið að menn séu hættir að spyrja: Hvers vegna ættum við að ganga í EB? Menn spyrji í staðinn: Hvers vegna ættum við að standa utan við það?

Það er dálítið furðulegt að leggja svona spurningar til grundvallar. Ég held að staðreyndin sé sú að menn þurfa að skoða þetta hvort tveggja. Ég vil vekja athygli á því sem hér hefur verið nokkuð í umræðunni: Menn fara ekki að máta flík ef þeir þurfa enga flík eða ef þeir eru fyrir fram sannfærðir um að hún passar ekki. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það að flíkin EB passar okkur Íslendingum alls ekki og við eigum þar við allt aðrar aðstæður að búa en sum þau lönd sem hafa ákveðið að sækja um aðild að EB. Hæstv. utanrrh. fór nokkrum orðum um það og ég skal lýsa mínum sjónarmiðum til þess. T.d. kom fram í um-

ræðu innan EFTA þegar ákveðið var að Austurríkismenn ætluðu að sækja um aðild að EB og sýndu þá minni áhuga fyrir hugsanlegum samningum við Evrópubandalagið að Austurríkismenn töldu sér bókstaflega ekki annað kleift. Þegar ég hlustaði á ástæðurnar fyrir því þá þóttu mér þær afar skiljanlegar. Austurríkismenn sögðu sem svo: Við erum þarna inni í miðri Evrópu, við erum landlukt land, við eigum hvergi aðgang að umheiminum nema fara annaðhvort yfir Sovétríkin eins og þá var eða austurblokkina eða í gegnum Evrópubandlagið. Viðskiptin eru nánast öll við Evrópubandalagið. Þarna er tungumál talað sem er talað í stórum hluta Evrópubandalagsins. Mér þóttu rökin satt að segja afar sannfærandi fyrir því að Austurríki gæti ekki staðið fyrir utan.

Svíar skoðuðu þetta mál einnig mjög vandlega og komust smám saman að niðurstöðu. Mér þótti afstöðu Svía hvað best lýst í viðtali sem ég átti einu sinni við hinn þekkta sænska iðnjöfur og fjármálamann Curt Nicolin þegar hann lýsti því að Svíar ættu í raun varla um annað að ræða en að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Og hvers vegna? Hann sagði að 80% af fjárfestingum sænsks iðnaðar væri í Evrópubandalaginu og svo að segja öll fjárfesting sænska stóriðnaðarins. Þetta eitt, og hann nefndi reyndar fleira, gerir það nauðsynlegt að við fylgjumst sem vandlegast með því sem þar er að gerast og leitum allra leiða til að hafa áhrif á ákvarðanir Evrópubandalagsins sem skipta sænskt atvinnulíf svo miklu.

Hann sagðist hins vegar, í þessari sömu umræðu, ekki skilja þær raddir sem hann hafði þá heyrt, þetta var fyrir tveimur árum, að sumir Íslendingar teldu að við ættum að sækja um aðild að EB. Ég veit satt að segja ekki við hverja hann hefur þá talað. Íslendingar verða aldrei stórir fjárfestingaraðilar í EB, a.m.k. ekki þannig að nokkru máli skipti og nokkurn tímann komi upp á borðið í Brussel. Þvert á móti taldi hann allar líkur til þess að það yrði öfugt og ekki þyrfti mikla fjárfestingu stórfyrirtækjanna í Evrópu til að kaupa upp allt sem einhverju máli skipti hér á Íslandi. Staðreyndin er nefnilega sú að við Íslendingar erum slíkir dvergar í þessu samstarfi að við mundum hverfa í mannhaf 370 milljón manna samveldis.

Ég skil einnig mæta vel þá niðurstöðu sem Finnar komust að. Margir lýsa mikilli aðdáun á ákvörðun þeirra og hvernig þeir sneru þar við spilunum. En mér sýnist að menn gleymi alveg þeirri gífurlegu breytingu sem varð á allri stöðu Finna. Finnar glata u.þ.b. 25% af sínum útflutningi á örfáum dögum. Finnar eru þar staddir að þeir eru nánast lokaðir á milli annars vegar hrynjandi Rússaveldis og baltnesku landanna, hrynjandi markaðar þar og hins vegar EB þar sem Svíar ætla einnig að loka Finna af með aðild. Finnar urðu að velja á milli þess að verða háðir viðskiptum í austur, sem eru afar ótrygg á þessari stundu, eða sækja um aðild að EB. Finnar gera það að vísu með ýmsum fyrirvörum sem ég held að langflestir telji að þeir muni ekki fá heldur muni þeir fá aðlögunartíma og ég kem að því nokkru síðar.

Við Íslendingar erum að sjálfsögðu í allt annarri stöðu. Við Íslendingar erum ekki í stöðu sem líkist stöðu Finna sem betur fer. Við erum staðsettir langt frá þessum átakapunktum í Evrópu. Engin hætta er á því að við einangrumst hér. Við erum nokkurn veginn miðja vegu á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Við höfum góðan aðgang einnig að löndunum í Austur-Asíu. Við getum spilað á þetta kerfi sem betur fer, kerfi heimsvelda, á ótrúlega góðan máta ef við höfum til þess manndóm.

Ég er algjörlega ósammála því sem kemur bæði fram í bók þeirri sem við höfum fengið og í ræðu hæstv. utanrrh. að það sé heldur metnaðarlítil sýn, svo ég noti hans orð, að við Íslendingar verðum fyrir utan þennan samruna sem er að verða í Evrópu, þennan sogkraft sem er að verða í Evrópu þar sem allt sogast undir miðstýringuna í Brussel sem fáir hafa fordæmt meir en hæstv. utanrrh., ég er honum sammála um það, að sogast inn í miðstýringu sem er komin þegar með 2.000 nefnda fargan. Hvernig hugsar hæstv. utanrrh. sér að þessi smáþjóð taki þátt í því til þess að hafa einhver áhrif? Jú, við höfum haft nokkur áhrif í EFTA. Hæstv. utanrrh. hefur gegnt þar formennsku og gert það vel. En ímyndar hæstv. utanrrh. sér að hann hafi einhver áhrif eða annar utanrrh. innan EB eins og þróunin er þar? Það er náttúrlega hin mesta firra. Getur verið að þetta sé einhvers konar mikilmennskudraumur sem hrjáir hæstv. utanrrh.? Það eru einhver hættulegustu veikindi sem þekkjast og menn falla stundum fyrir björg þegar þeir ætla sér of hátt í þeim efnum. Getur þetta verið? Ég spyr.

Það er alltaf sagt með EB og Ísland: Jú, að sjálfsögðu ætlum við að ráða okkar sjávarútvegsmálum. Í 38. gr. í Rómarsáttmálanum er mjög skýrt kveðið á um það að stefnan í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum skuli vera sameiginleg og það er ekki nokkur skapaður hlutur í greinunum sem þar fara á eftir sem gefur til kynna að jafnvel í Brussel megi gera þar nokkrar undantekningar. Þeir hafa ekki gert það, það er bara tímabundið. Það er tímabundið sem öðruvísi er farið með Miðjarðarhafið en önnur höf sem Brussel hefur aðgang að með svokölluðum tilkynningum frá Brussel sem eru eiginlega tilskipanir þaðan. En framkvæmd þessarar stefnu innan ramma Rómarsáttmálans er ákveðin til tíu ára í senn. Það getur vel verið að hún verði önnur tíu ár óbreytt þannig að viðkomandi strandríki fái að veiða innan 12 sjómílna. En nægir það okkur? Ég spyr hæstv. utanrrh. Dettur einhverjum það í hug að við höfum barist til þess að losna við þessar þjóðir, stórveldin, út úr 200 sjómílum til að láta okkur nægja 12 sjómílur? Nei, mér dettur ekki í hug að hæstv. utanrrh. hugsi þannig.

Eftir hverju er hæstv. utanrrh. að sækjast? Að hvaða leyti passar þessi flík okkur? Að hvaða leyti? Ég sé ekki eitt einasta atriði, ekki eitt einasta. Hentar það okkur að loka okkur innan tollmúranna í EB? Getur verið að menn telji það og vera háðir því viðskiptastríði sem hæstv. utanrrh. hefur réttilega lýst sem viðskiptastríði þríhöfða þursa? Þetta er alveg hárrétt hjá honum. Það er ekki til meira afturhald í heiminum í viðskiptamálum en EB. EB rekur enn þá nýlendustefn-

una. Hentar okkur Íslendingum að verða fangar slíkrar stefnu? Ég held að það komi ekki til mála að hæstv. utanrrh. sjái þar eitthvað sem passar okkur af flíkinni. Mér dettur það ekki í hug.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. að því — nefni hann eitt atriði: Hvað það er sem við þurfum að sækjast eftir innan EB sem réttlætir það að við sækjum um aðild að Evrópubandalaginu með öðrum Norðurlöndum? Eitt atriði. Jafnvel þótt við fengjum nú, sem er alls ekki inni í myndinni, undanþágu frá þessari sjávarútvegsstefnu. Við getum fengið aðlögun í tíu ár, við fáum aldrei undanþágu og það vita allir. Til hvers? Til að komast út úr þessari meðalmennsku? Ég vil bara segja fyrir mitt leyti að ég er fullkomlega sáttur við að við séum meðalþjóð og frjáls og sjálfstæð hér úti í Atlantshafinu og það er kannski miklu, miklu betra en þessi stórveldi sem ógna heiminum hvert af öðru og hafa gert undanfarna áratugi og aldir.

Ég fæ bókstaflega ekki, hvernig sem ég skoða þetta, einn einasta hluta af þessari flík til að passa okkur Íslendingum. En svo er náttúrlega líka það að í öllum þeim fyrirvörum sem settir hafa verið, eins og t.d. fyrirvaranum í stefnuskrá Alþfl., á bls. 54 minnir mig, er eingöngu fyrirvari um sjávarútveginn. Er hann það eina sem við Íslendingar þurfum að passa okkur á? Hvað um landakaupin sem við vorum sammála um? Hvað um orkulindirnar? Og hvað um fjárfestinguna í sjávarútveginum og að komast þannig bakdyramegin inn?

Nokkrir spekingar hér á landi hafa boðað það, í takt við þennan boðskap og dáleiðslu hæstv. utanrrh., að það sé allt í lagi fyrir okkur að gerast aðilar af því að annars vegar muni þeir í Brussel vera svo góðir við okkur Íslendinga að þeir muni leyfa okkur að veiða meira en öðrum þjóðum. Kannski er það rétt, í tíu ár eða svo. Eða hins vegar að það geti enginn keppt við okkur ef við tökum upp auðlindaskatt, við munum geta keypt upp skattinn og það verði meiri hagkvæmni hjá okkur en öðrum. Hvílíkur barnaskapur er þetta. Mig langar til að heyra hvort hæstv. utanrrh. tekur undir þessi sjónarmið. Dettur hæstv. utanrrh. í hug að risafyrirtæki í matvælaiðnaðinum, eins og Nordsee, mundi hika við að kaupa upp kvótann jafnvel þótt þeir tapi einhverju á honum til að byrja með? Og þegar spurt er af þessum aðilum: Hvað um fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi og að komast þannig bakdyramegin inn? Þá yppta menn öxlum því við getum ekki útilokað fjárfestingu í sjávarútveginum ef við gerumst aðilar. Ég hygg að það sé slíkt grundvallaratriði að í EB fengist aldrei undanþága frá því. Menn segja: Við fáum viðurkennt núna að erlendir aðilar fá ekki heimild til að fjárfesta í sjávarútvegi. Við skulum bara gæta þess að sjávarútvegurinn er ekki með í fríversluninni, hann er raunar sér kafli. Það var ekki fallist á að verslun með sjávarafurðir yrði frjáls. EB féllst ekki á það hreinlega vegna þess að þeir vilja halda áfram sinni styrkjapólitík, sem er gífurlega mikil, og þeir munu verja mörgum milljörðum á næstu tveimur árum til að styrkja sinn sjávarútveg og fiskiðnað. Að sjálfsögðu, ef við erum komnir inn, þá er málið orðið allt annað. Við getum fengið einhverja ölmusu af borði Brussel í einhvers konar styrkjum, þó veit ég það ekki því okkar sjávarútvegur er líklega langtum þróaðri en það sem er víðast þar sem menn verka fiskinn með pípu í kjaftinum og derhúfu á hausnum sem er ekki leyft hér eins og við höfum stundum séð myndir af. Mig langar sem sagt til að fá svör við þessum spurningum. Er nokkur ástæða til að ætla að við fáum þarna nokkrar undanþágur? Eða er þessi boðskapur fræðimannanna eitthvað sem hæstv. utanrrh. tekur undir?

Ég segi líka að í þessu öllu er ekki minnst á önnur atriði sem við vorum sammála um að tryggja yrði að ekki næðu hér fótfestu, eins og t.d. kaup á landi, svo ég nefni það aftur, og fjárfestingu í orkulindum og fleira þessa háttar.

Ég sé ekki að við höfum neitt að sækja á ýmsum sviðum eins og t.d. í félagsmálum. Ætlum við Íslendingar að fara að taka á okkar herðar að lyfta Suður-Evrópuþjóðum upp í félagsmálum? Er það það sem við eigum að sækjast eftir? Er okkar mikilmennska fólgin í því eða halda menn virkilega að við mundum hafa einhver áhrif á utanríkismálastefnu Evrópubandalagsins? Dettur einhverjum það í hug? Dettur mönnum í hug að við hefðum svo þungt neitunarvald, eitt atkvæði af 90, sem á nú að því er mér skilst á þessum ráðandi mönnum eins og Kohl og fleirum að takmarka mjög? Halda menn að við getum beitt því og staðið gegn öllum breytingum sem þeir vilja gera? Margrét Thatcher hrökklaðist frá þegar hún hugðist beita neitunarvaldi. Ég held að þetta sé allt saman slík draumsýn að ég spyr enn einu sinni: Vill ekki hæstv. utanrrh. benda okkur bara á eitthvað sem við ynnum með því að gerast aðili að EB?

Svo kemur að hinu atriðinu sem við þurfum vitanlega að ræða: Hvernig eigum við þá að haga okkar málum? Ég tel að okkar metnaði væri sannarlega fullnægt að öllu leyti ef þessir samningar um EES næðust og allir þessir fyrirvarar yrðu tryggðir og sjávarútvegssamningurinn, sem kannski verður því miður að gera og greiða þannig aðganginn með, yrði þannig að við gætum sætt okkur við hann, haft öruggt eftirlit jafnvel þótt það verði Spánverjar sem hér munu veiða sem fáum hefur tekist að fylgjast með. Við skulum segja að það tækist að ganga svo vel frá þeim samningi. Þá tel ég að okkar framtíð og metnaður væri best tryggð í því að leita nánari viðskiptasamninga við Bandaríkin, eins og hæstv. utanrrh. nefndi, leita viðskiptasamninga við Japan, leita t.d. að því hvort þessi lönd vilji koma hér í iðnað til þess að tryggja sér þannig aðgang að Evrópubandalaginu. Ég tel satt að segja að við höfum miklu, miklu meiri möguleika þannig heldur en að loka okkur innan viðskiptahindrana og tollmúra Evrópubandalagsins.

En ef svo fer að dómstóllinn hafnar því samkomulagi sem nú er rætt um þurfum við vitanlega að skoða okkar mál á ný, ég er sammála því. Ég er að vísu ekki þeirrar skoðunar að þá sé slík vá fyrir dyrum að hér muni allt saman hrynja. Áætlað er að um það bil 1 milljarð megi spara með þeim tollum sem falla niður. Þó að ég viðurkenni að það sé sannarlega eða vonandi töluvert meiri vinningur í því að losna við toll af fersk-

um flökum, þ.e. að meira af fiski verði unnið hér heima, þá er það alls ekki gefið mál. Ég bendi þar sérstaklega á þá styrki sem fiskvinnslan í Evrópubandalaginu fær og er enn þá hindrun sem þarf að yfirstíga í þessu sambandi. En við skulum segja að það kunni að vera þróun sem getur orðið jákvæð þegar til lengri tíma er litið. Hvað með iðnaðinn? Gera menn sér vonir um það eftir að iðnaðurinn hefur því miður ekki vaxið, eins og við gerðum okkur vonir um þegar gengið var í EFTA, hann hefur átt erfitt uppdráttar satt að segja og átt erfitt í samkeppninni, að hann muni þar finna stærri markaði? Það er alls ekki tryggt. Og reyndar er það jafntryggt í þeim samningi sem við höfum nú og í þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Ég trúði því lengi vel að í þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið yrði tryggt að við stæðum jafnfætis þessum löndum í skipasmíðum. Mér þótti því sorglegt að sjá í samantekt frá iðnaðarmönnum nú nýlega að í þessum samningi náðist það ekki. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort þetta sé rétt. Er það rétt að það hafi ekki náðst fram að skipasmíðaiðnaðurinn yrði á sambærilegum samkeppnisgrundvelli, þ.e. ríkisstyrkjum yrði þar hætt? Við höfum að vísu barist mikið innan EFTA fyrir þessu og orðið nokkuð ágengt og fengið þar nokkur loforð sem ekki hafa öll verið efnd og menn hafa skotið sér þar á bak við byggðasjónarmið og fleira.

Ég held sem sagt að þótt við næðum ekki þessum samningi getum við Íslendingar borið höfuðið hátt og leitað á önnur mið. En ég tek það skýrt fram að ef allir fyrirvarar sem við settum um Evrópskt efnahagssvæði eru tryggðir og samningurinn um veiðarnar hér er tryggður, þá er vissulega töluverður fengur viðskiptalega að því að ná þessum samningi. Það munum við framsóknarmenn skoða mjög grannt en við viljum þá fá svör við þeim spurningum sem við höfum þegar sett fram og ég hef endurtekið hér. Ég fæ a.m.k. ekki séð að það væri nokkur minnsta ástæða til þess að krjúpa á kné fyrir altarinu í Brussel og biðja þá að taka okkur upp í sína faðma og fórna því öllu sem ég hef hér nefnt og þó er ekki nema fátt eitt talið. Ég tel að ef þessi samningur næst ekki eigum við að leita sérsamninga við Evrópubandalagið, alveg tvímælalaust. Ég á dálítið erfitt með að sjá að Evrópubandalagið geti neitað okkur um sérsamninga í svipuðum dúr og við höfum nú á borðinu í drögum að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég viðurkenni að ef við fellum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði yrði líklega erfitt að sækja samninga í svipuðum dúr til Brussel. Ef þessi samningur er felldur eða bannfærður af dómstólnum finnst mér að það fyrsta sem við ættum að gera væri að setjast niður og athuga hvort við getum náð sérsamningi en alls ekki að örvænta og sækja um aðild með hinum löndunum.

Eitt atriði hef ég ekki nefnt í þessu sambandi en er verðugt að ræða og þyrfti að ræða miklu betur hér á Alþingi. Lærðir menn ýmsir halda því fram að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við íslensku stjórnarskrána. Ég er ekki nógu fróður um þau mál til að fullyrða eitt eða neitt en mér sýnist alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn beri skylda til þess að ganga úr skugga um það atriði. Því höfum við nokkrir þingmenn flutt þáltill. um það atriði og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann hefur nokkuð á móti því að slík óháð athugun fari fram. Ég held að honum hljóti að vera það jafnmikið kappsmál og öllum öðrum að það verði vandlega athugað. En ég hygg að hæstv. utanrrh. hljóti að geta samþykkt það án nokkurrar athugunar að ef um aðild að Evrópsku efnahagssvæði á að vera að ræða, jafnvel það að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, þá hljóti það að stangast á við íslensku stjórnarskrána. Það er slíkt fullveldisafsal. Ég held að það sé alveg óumdeilanlegt mál og hlýtur því að athugast mjög vandlega.

Ég skal ekki lengja þessar umræðu fyrir mitt leyti. Satt að segja eru fjölmörg atriði í þessari skýrslu sem ég hefði gjarnan viljað ræða nánar um og sem mér þykja vissulega umræðuverð. Sum eru kannski smá. Ég merkti t.d. við hér atriði eins og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem sagt er að sé mikið tap á en þegar dæmið er gert upp fær ríkissjóður meira í tekjur af starfseminni þar en hann greiðir í tapið. Ég hefði í því sambandi gjarnan viljað ræða um gjörbreytt fyrirkomulag á rekstri þessarar flugstöðvar og reyndar fugvallarins, einkavæða hann að vissu leyti eða losa hann undan viðjum ríkisvaldsins og gera hann að fyrirtæki sem keppir við aðrar flugstöðvar í heiminum um lendingar, um þjónustu við flugvélar o.s.frv. Ég tel að það væri mjög athugandi að hætta þessum skollaleik um tap eða hagnað af Flugstöðinni og láta hana spjara sig sem allra best. Það er líka umhugsunarvert að ég fann t.d. ekki nema á einum stað í einni setningu minnst á Kúrda. Þeirra vandamál sem minni hluta er þó ekki nýtt og þó að hæstv. utanrrh. hafi sagt að hann sé að afla gagna um það sýnist mér að málefni þeirra hafi gleymst hér. Sannarlega væri full ástæða til að taka það mál upp og athuga hvernig við Íslendingar getum stuðlað að réttlæti á því sviði einnig.

Það hefði einnig verið fróðlegt að ræða hér um þá yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar, sem við öll stöndum að, að hún virði sjálfsákvörðunarrétt þjóða og fróðlegt væri að ræða t.d. um sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna líka, ekki bara Kúrda heldur Palestínumanna og fleiri og hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst stuðla að því. Ég tel einnig að við Íslendingar þurfum að skoða miklu betur en við höfum gert hvernig okkar starf innan Sameinuðu þjóðanna getur orðið virkt. Sameinuðu þjóðirnir eru vitanlega hornsteinn í okkar utanríkisstefnu og við þurfum að skoða það mjög vandlega, t.d. utanrmn. með hæstv. utanrrh., hvernig við getum beitt okkur þar langtum betur. Kemur t.d. til greina fyrir okkur Íslendinga að taka sæti í öryggisráðinu? Við höfum hafnað því hingað til. Ef við ætlum að hefja okkur upp yfir meðalmennskuna væri það mál sem við ættum að skoða. Þannig eru það ýmis atriði í utanríkismálunum sem við þurfum að taka vandlega til meðferðar og væntanlega vinnst tími til þess.

Ég læt þessu nú senn lokið. Ég fagna því að okkar starfsemi í utanríkismálum hefur orðið töluvert virkari en hún var hér áður fyrr. Ég held að það megi

sannarlega færa rök að því að svo hefur verið á undanförnum fjórum árum og ég er þeirrar skoðunar að við höfum komið ýmsu góðu til leiðar. Við höfum getað beitt okkur t.d. í afvopnunarmálum og áreiðanlega haft einhver áhrif þar. Það má segja að dropinn holar steininn. Það var mjög ánægjulegt að taka þátt í því að skrifa í París hinn 19. nóv. undir sáttmála um það, ásamt hæstv. utanrrh., að við Íslendingar mundum ekki bera vopn á aðrar þjóðir o.s.frv. Það má kannski segja að það hafi þótt nokkuð undarlegt að við rituðum undir slíkt en þátttakan er mjög jákvæð. Því miður óttast ég að öll umræða um slíkt verði ofurliði borin af þessari ótímabæru og raunar að mínu mati óafsakanlegu umræðu um EB, af frumhlaupi sem hefði mátt spara og raunar engin ástæða var til.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil leyfa mér að benda á vegna ræðu hv. 7. þm. Reykn. Í kosningunum á síðasta ári lýsti þjóðin þeim vilja sínum að fyrri ríkisstjórn veitti henni forstöðu áfram. Alþfl. treysti sér hins vegar ekki til þess af þeim tveimur meginástæðum að Alþb. væri ekki að treysta varðandi nýtt álver á Keilisnesi og því væri ekki að treysta í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Þessi tvö meginmál Alþfl. voru öllu æðri og áttu að tryggja velferð þjóðarinnar um allan aldur. Þessar áhyggjur Alþfl. voru með öllu ástæðulausar. Hvorugt hefði hindrað áframhaldandi samvinnu því að annarra leiða verður trúlega leitað svo að sú velferð sé tryggð. Við fáum nefnilega ekkert álver og trúlega verða lífdagar ríkisstjórnarinnar allir áður en samningur um Evrópskt efnahagssvæði verður að veruleika ef hann verður nokkurn tíma að veruleika. Staðreyndirnar eru ljósar. Það er óhugsandi að samningurinn taki gildi 1. jan. 1993.

Á fundi þingforseta EFTA-ríkjanna 21. febr. kom eftirfarandi fram: Svisslendingar geta með engu móti leyst þetta mál nema á mjög löngum tíma og ástæðan er sú að fyrst verður að samþykkja sextíu sambandslög sem eru mörg mjög viðkvæm pólitískt, segir hér í yfirliti frá EFTA-skrifstofunni. Þegar það er búið verða bæði þjóðþingið og síðan sambandsþingið að fjalla um þessi mál og komast að sameiginlegri niðurstöðu og sníða alla agnúa af áður en um er að ræða að hægt verði að leggja málin fyrir kantónurnar. Þegar það er búið og þær eru orðnar sammála þarf að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. (Forseti hringir.) Forseti, ég get ekki verið búin með tíma minn. Sama er að segja um Liechtenstein sem ekki getur hugsanlega leyst þetta mál. Í sænska þinginu verður málið fyrst rætt í nóvember nk. Hér er talið upp að öll þau ríki sem um er að ræða eigi langan veg að því að hægt sé að undirrita samning um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að bæta við að það er auðvitað ljóst að þetta mál á langt í land. Hvað þá? Erum við nauðbeygð til að sækja um aðild að Evrópubandalaginu? Það getur vel verið að einhverjum finnist það. En það er alveg dagljóst að þangað fáum við ekki að fara, jafnvel þótt við kæmust að þeirri niðurstöðu að við vildum fara þangað. Og ég hlýt að fá að koma hér aftur og vænti þess að hv. 7. þm. Reykn. lýsi því yfir eða svari mér því hvort hann sé ekki sammála mér um það að þessi samningur verði ekki að veruleika og því síður að Íslendingar komist inn í Evrópubandalagið.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gat ekki betur heyrt á ræðu hv. 7. þm. Reykn. og formanns Framsfl. að hann tryði því að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu væri endastöð. Ég kvaddi mér hljóðs í mars 1989 þegar Evrópskt efnahagssvæði kom fyrst til umræðu hér í þinginu og ræddi við þáv. forsrh. um fyrirvara, ég ræddi við hann um Evrópskt efnahagssvæði og það sem koma skyldi. Þá var verið að fara til Óslóar til viðræðna. Þá talaði hæstv. þáv. forsrh. um fyrirvara af Íslands hálfu og hann endurtekur þá fyrirvara hér. Hv. 7. þm. Reykn. talar, auk fyrirvaranna í sjávarútveginum, um fjármagnsflutninga, uppkaup á landi, aðild að orkufyrirtækjum, fólksflutninga og fleira sem hann saknaði og hefur ekki áttað sig á að eru fyrir löngu komnir út úr öllu þessu. Það eru ekki neinir fyrirvarar fyrir utan sjávarútvegsfyrirvarann í þeim samningum sem eru núna um Evrópskt efnahagssvæði. Það er búið að taka þá alla fyrir löngu í burtu.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, eins og hann liggur nú fyrir, er ekkert annað en gálgafrestur og mun auðvelda þeim öllum leikinn sem hafa að markmiði að keyra Ísland alla leið inn í Evrópubandalagið. Mig undrar að hv. 7. þm. Reykn. skuli ekki vera búinn að átta sig á þessu. Hann er fulltrúi í utanrmn. og hlýtur að hafa fylgst með þessum málum og ætti af lestri skýrslu hæstv. utanrrh. og umræðum um hana að vera búinn að átta sig á því að það stöðvar enginn þá menn sem eru á leiðinni inn í Evrópubandalagið, það stoppar enginn við Evrópskt efnahagssvæði. Þeir munu halda áfram alla leið og þingmaðurinn hlýtur að vera búinn að átta sig á því.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil alls ekki gefa það upp á bátinn að hæstv. utanrrh. sé sömu skoðunar og hann lýsti svo oft í síðustu ríkisstjórn að þessa fyrirvara yrði að setja. Hann hefur hvað eftir annað lýst því. Við ræddum ítarlega þessi mál, mig minnir að það hafi verið í nóvember 1990 í fyrri ríkisstjórn og þá kom það greinilega fram að hann var ákveðinn í að leita leiða til að setja þá fyrirvara sem ég er sammála hv. þm. um að eru ekki enn þá komnir í ljós. Ég sagði hins vegar áðan að ég sá á þeim lista yfir mál sem á að leggja fyrir þingið nefnd mál sem kveiktu nokkra von hjá mér að þar kynnu að vera á ferðinni slíkir fyrirvarar og ég vil sjá þá. Hvort þetta er áfangi inn í EB er vitanlega mál sem tekur langtum lengri tíma að ræða. Ég held að ef enginn samningur er gerður, eða svo heyri ég hæstv. utanrrh. tala, verði enn þá meiri þrýstingur af hans hálfu að ganga inn í EB en ef við gerum þennan samning. Hins vegar hvort það verður stöð um alla eilífð veit ég ekki. Ég er satt að segja þeirrar skoðunar að

EB endist ekki svo lengi, ég hef ekki nokkra trú á því. Djengis Kahn tókst ekki að halda sínu veldi saman, Rómverjum tókst það ekki, Rússum tókst ekki að halda sínu eða Sovétríkjunum. Þarna eru þjóðir sem tala hver sitt tungumál. Þetta sundrast einhvern tíma og þá er best fyrir okkur Íslendinga að vera fyrir utan þá kjarnorkusprengju.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 7. þm. Reykn. sagði að þeir fyrirvarar væru ekki enn þá komnir í ljós. Við erum komin með samninginn í hendurnar. Það stendur í honum að ekkert megi setja í þann samning sem mismuni eftir þjóðerni. Þess vegna er ekki hægt að samþykkja það frv. t.d. sem hann ásamt öðrum hefur lagt fram hjá þinginu þar sem það mismunar. Hann hlýtur einnig að vita það að EES er ekkert sem Íslendingar munu búa við um neina framtíð ef það verður að veruleika. Ég held að rétt sé að fólk fari að taka blinkurnar frá augunum og hugi að öðrum kostum en Evrópubandalaginu. Það verður að líta til annarra átta og hætta að vera eins og hestur með blinkur sem ekki sér til hliðanna og neita að horfast í augu við þá staðreynd að heimurinn er miklu stærri en Evrópubandalagið með 12 ríkjum úti í Evrópu.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek aðeins athygli á því að málin má leysa eins og aðrar þjóðir hafa gert eftir öðrum leiðum en með fyrirvara í samningnum. Oft hefur verið talað um og vakin athygli á því að t.d. Írar hafa leyst landakaupavandamálið eftir allt öðrum leiðum og það hefur haldið meira að segja fyrir dómstóli hjá Evrópubandalaginu. Um það er ég að spyrja. Síðasta ríkisstjórn ákvað að fara þá leið. Hvar er sú girðing, eins og stundum hefur verið kallað?

Einnig er upplýst að svo lengi sem hið opinbera hefur einkarétt til virkjana verði því ekki hnekkt. Einkaréttur er ekki ólögmætur samkvæmt Evrópsku efnahagssvæði og samningi um það. Þannig að það eru leiðir til að leysa þessi mál og ég var að segja áðan að ég bíð eftir því að fá að sjá hvernig ríkisstjórnin ætlar að leysa þau. Fyrr treysti ég mér ekki til að taka endanlega afstöðu til samningsins.

Ég vona að þetta sé nógu skýrt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar er orðið ljóst að umræðan hefur látið gott af sér leiða því hver maðurinn á fætur öðrum, sem áður velktist í vafa um hið Evrópska efnahagssvæði, kemur nú og vitnar um það að meðan við höfum það í hendi sé ekki að örvænta um framtíð þjóðarinnar. En sérstakt tilefni er um fyrirvara þá sem gilda í þeim samningum. Ég skil satt að segja ekki af hverju fólk er enn við það heygarðshornið að halda því fram að fyrirvörum hafi öllum verið glutrað niður. Hvaða fyrirvarar voru það sem menn settu sér í upphafi þegar lagt var upp í þessa ferð?

Í fyrsta lagi varðandi sjávarútveg. Fyrsti fyrirvarinn var sá að tengjast ekki skuldbindingum sameiginlegrar fiskveiðistefnu. Það felur í sér að halda forræði yfir fiskveiðilögsögunni, veita hvorki einhliða veiðiheimildir né rétt til fjárfestingar við að nýta þá auðlind.

Annar fyrirvarinn snerist um orkulindirnar. Það kom á daginn að samkvæmt okkar löggjöf þurfti ekki að setja formlega fyrirvara um það vegna þess að íslensk löggjöf tryggir forræði ríkis og sveitarfélaga í því efni.

Þriðji fyrirvarinn varðaði girðingar að því er varðaði jarðeignir og því hefur margsinnis verið lýst hver stefna íslenskra stjórnvalda er og það er fullkomin heimild til þess að setja lög með þeim takmörkunum. Það er á vettvangi landbrh. að gera svo.

Fjórði fyrirvarinn er hinn almenni öryggisvarnagli sem varðar t.d. rétt íslenskra stjórnvalda til að stöðva innflutning vinnuafls. Það er þannig gjörsamlega út í hött að halda því fram að öllum þessum fyrirvörum hafi verið glutrað niður og þeirra sjái hvergi stað.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki heyrt að þetta væri andsvar við ræðu minni. Ég held satt að segja að hæstv. utanrrh. hafi laumast inn á fölskum forsendum ef ég má orða það svo. Ég vil þó nefna það og endurtaka að við viljum að sjálfsögðu fá að sjá hvernig þessar girðingar verða reistar. Hvernig þær verða gerðar. Hvenær er frumvarp frá hæstv. landbrh. væntanlegt?

Ég spurði einnig: Verður því virkilega fylgt eftir að einkavæða orkufyrirtækin og falla þannig gjörsamlega frá öllum fyrirvörum sem við höfum sett eða girðingu sem allir vildu hafa í sambandi við eignarhald útlendinga að orkufyrirtækjum?

Ég vil gjarnan nota komu hæstv. ráðherra í pontuna til að endurtaka spurningarnar. Ef hann kæmi aftur upp og vildi svara þessu núna væri einhver fengur í ferð hans upp í ræðustólinn.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir hálfsmánaðar fjarveru hafði ég misreiknað mig á tíma en það sem ég vildi sagt hafa er þetta: Á fundi með EFTA-nefndunum 16. mars sl. urðu miklar umræður um hvernig Evrópubandalagið gæti tekið við nýjum þjóðum. Þar flutti langan fyrirlestur Marcelino Oreja sem er formaður allsherjarnefndar Evrópuþingsins. Hann er fyrrverandi utanríkisráðherra Spánar og fyrrverandi aðalritari Evrópuráðsins. Ég hygg að margir hér inni þekki þann mann. Hann lýsti erfiðleikum Evrópubandalagsins við að taka við nýjum þátttökuþjóðum. Í umræðum á eftir spurði ég hann hvort Íslendingar fengju inngöngu ef þeir sæktu. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hv. þm. Páll Pétursson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ættu að vera vitni hér í salnum. Þeir heyrðu spurninguna og svarið. Marcelino Oreja sagði: Þetta er óhugsandi. Síðan lýsti hann í mörgum orðum hvernig Evrópubandalagið reyndi að bregðast við því að smáríki kæmu og gerðu kröfur um stöðu innan Evrópubandalagsins. Hugmyndin er sú að komi til þess að Malta, Ísland, og fleiri þjóðir af þessum stærðargráð-

um sæki um aðild þá þarf að fara að búa til búnt af þjóðum og skella þessum þjóðum saman því að Þjóðverjar ætla ekkert að hafa einhverja Íslendinga og einhverja Möltubúa í formennsku fyrir Evrópubandalaginu. Svar þessa manns var ósköp hreint og skýrt: Þátttaka Íslendinga kemur ekki til greina og vafasamt um Norðmenn. Og varð nú uppi nokkur fótur og fit meðal sumra norsku fulltrúanna.

Ég held því að menn séu með dagdrauma um eigin mikilleik sem á sér enga stoð í raunveruleikanum — og gengur nú í salinn hv. 4. þm. Reykv. sem heyrði orðaskipti okkar Marcelino Oreja sem segir: Það kemur ekki til greina að Ísland fái inngöngu í Evrópubandalagið. Ég held því, herra forseti, og mun koma að því í ræðu minni síðar í þessari umræðu, að hæstv. utanrrh. ætti að fara heim og hvíla þreytta bakið sitt. Það verður hvorki um að ræða Evrópskt efnahagssvæði né að Ísland gangi í Evrópubandalagið.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það gæti orðið til þess að hv. þm. megi koma upp í þriðja sinn í andsvari þá vil ég bara segja örfá orð. Ég vona að þetta sé rétt sem hv. þm. lýsti um afstöðu Evrópubandalagsins. Það kann að vera eina leiðin til þess að vekja hæstv. utanrrh. af EB-transi sínum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þessi andsvaraumræða sem fór fram áðan var nokkuð fróðleg og sérkennileg. Hún var kannski sérkennileg fyrir þá sök að hæstv. fyrrv. forsrh., núv. hv. þm., var orðinn miðdepill umræðunnar. En núv. hæstv. forsrh. hefur kosið að haga umræðunni með þeim hætti í dag að tala ekki fyrr en við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna værum búnir að tala. Það er vissulega öðrum þræði nokkur kurteisi sem ber að þakka. En það endurspeglar kannski líka erfiðleikana sem hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, er í. Þrátt fyrir þá miklu umræðu, sem hefur farið fram í þjóðfélaginu síðan skýrsla utanrrh. birtist sl. fimmtudag, treystir hann sér ekki til þess að koma upp í umræðunni áður en við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna tölum til þess að svara einfaldri spurningu með jái eða nei: Talar Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eða ekki? Já eða nei.

Hæstv. utanrrh. reyndi að finna fyrir því veik rök hér áðan og fann þau aðeins í fáeinum málsgreinum í ræðu hæstv. forsrh. frá 14. mars sl. að það væri ekki ágreiningur milli hans og hæstv. forsrh. En ég mun rekja það á eftir að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur í ræðum á Alþingi, í ræðunni sem hann flutti 14. mars, í viðtölum við fjölmiðla á síðustu vikum, sagt hvað eftir annað að ekki komi til greina enda sé fullkominn óþarfi fyrir Íslendinga að kanna aðild að Evrópubandalaginu.

Hæstv. utanrrh. segir hins vegar í skýrslu sinni að nauðsynlegt sé að allt Stjórnarráðið, öll ráðuneytin og allar stjórnarstofnanir hefjist nú handa við þá könnun og þá fyrst sé hægt að hafna aðild. Ég mun rekja þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. á eftir vegna þess að þær standa enn og stóra spurning þessara umræðna er ekki ræða hæstv. utanrrh. Hann sagði ekki neitt í þeirri ræðu sem ekki er sagt í skýrslunni nema það eitt að það hefur orðið að samkomulagi að AWACS-flugvélarnar fari brott. Það var það eina nýja í ræðu hæstv. utanrrh. og því ber vissulega að fagna. Allt hitt var í ræðunni.

Hin stóru tíðindi umræðunnar er ræðan sem ekki hefur verið flutt og við bíðum eftir henni. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því að í stórmáli af þessu tagi ber forsrh. íslensku þjóðarinnar að tala skýrt. Það er skylda þess manns sem hefur tekist á herðar þá ábyrgð að vera forsrh. íslenska lýðveldisins að tala skýrt. Þó að ég sé andstæðingur núv. hæstv. ríkisstjórnar og hafi barist, að sumum finnist kannski nokkuð hart gegn núv. hæstv. forsrh., þá hef ég sagt það síðustu daga og mun segja það enn: Ég kýs að standa með þeirri yfirlýsingu sem hann hefur flutt hvað eftir annað frá því í maí á sl. ári í fyrsta mánuði sínum sem forsrh. og til 14. þessa mánaðar, endurtekið aftur og aftur afdráttarlaust og skýrt að athugun eða könnun á aðild Íslands að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar. Ég styð hæstv. forsrh. í þeirri yfirlýsingu. Við fögnuðum henni þegar hún var fyrst flutt í maí á síðasta ári og í krafti hennar hefur engin umræða verið hér á Alþingi í allan vetur um þetta mál sem utanríkismálanefnd hefur tekið algjörlega út af sínu borði. Allir stjórnmálaflokkar í landinu hafa sýnt í verki að þetta er ekki á dagskrá og þeir virða yfirlýsingu forsrh. Hins vegar kaus einn maður í síðustu viku að hætta að virða þessa yfirlýsingu og það er hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson.

Þetta mál er svo einfalt að menn verða að velja og hafna. Ég vil segja það strax við hæstv. forsrh. að fyrst hann hefur kosið að hafa þennan hátt á framgöngu sinni í umræðunum vona ég að hann fari þá ekki að flytja eitthvert loðið svar. Annað hvort verður hann að segja að fyrri yfirlýsingar sínar endurteknar og samhljóða standi óbreyttar og því munum við fagna eða hann verður að styðja afstöðu hæstv. utanrrh. Engin millileið er til. Hann er að þessu leyti í sporum þess manns sem lýst er í frægri bók: Sá sem ekki er með mér er á móti mér.

Ég vona að Davíð Oddsson, formaður Sjálfstfl., skilji að í þessu máli er sú ábyrgð og sú skylda sem hvílir á honum sem forsrh. íslenska lýðveldisins stærri og meiri en margir fyrirrennarar hans hafa borið.

Hæstv. utanrrh. hefur kosið að gera það að forsendu kenningar sinnar um það að nú þurfi Íslendingar að fara að athuga inngöngu í Evrópubandalagið að tímarnir séu að breytast. Svo einföld er kenningin, og ég vil segja svo barnaleg, að þeir sem ekki vilja samþykkja það að taka til umræðu inngöngu Íslands í Evrópubandalagið séu þar með að afneita því að tímarnir séu að breytast. Hvílík einföldun. Heldur hæstv. utanrrh. virkilega að veröldin sé svona einföld? Nei, auðvitað er það okkur fagnaðarefni að veröldin er að breytast. Auðvitað er það okkur fagnaðarefni sem höfum lengi glímt við frosnar forsendur samskipta þjóðanna í veröldinni á undanförnum árum og áratugum að

þær eru nú að breytast. Auðvitað fögnum við því að í dag ríkir meiri friður og djúpstæðari og traustari veröld en um langan tíma áður. Auðvitað fögnum við því að í fyrsta sinn síðan Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar eru menn að ræða um það í alvöru að beita sáttmála hinna Sameinuðu þjóða til þess að búa til nýtt öryggiskerfi í veröldinni. Auðvitað fögnum við því að nú er hafin stórfelld einhliða afvopnun þar sem fyrst Bush og Gorbatsjov og nú Bush og Jeltsín keppa hver við annan, ekki um að vopnast heldur keppa hver við annan um einhliða afvopnun, hver getur þar stigið stærri og meiri skref. Einhliða afvopnun sem var bannorð hér á landi og á Vesturlöndum þegar við margir vorum að boða það sem aðferð til að draga úr spennu í veröldinni en lærimeistarar NATO-fræðanna og hinnar vestrænu samvinnu sögðu: Einhliða afvopnun kemur ekki til greina, er ekki rökrétt, mun ekki standast, leiðir í ógöngur.

En nú eru þeir komnir í kapp með einhliða afvopnun, Bush og fyrst Gorbatsjov og nú Jeltsín. Auðvitað fögnum við þessu. Auðvitað fögnum við því líka að þjóðir Austur-Evrópu hafa verið að brjóta af sér hlekki kúgunarstjórnarinnar, hafa verið að berjast fyrir mannréttindum en líka fyrir þjóðfrelsi, virðulegi utanrrh., líka fyrir þjóðfrelsi. Ekki til þess að ganga inn í nýjar samsteypur og blokkir og afsala sér fullveldi, nei þvert á móti. Eitt hið stóra sem er að gerast í Evrópu í dag en utanrrh. kýs að nefna ekki einu nafni í allri sinni skýrslu, er efling þjóðríkjanna í Evrópu. Af hverju er Evrópa öðruvísi í dag en hún var fyrir þremur árum? Jú, svarið hið fyrsta er skýrt: Það er að í álfunni hafa ekki í langan tíma verið jafnmörg þjóðríki, jafnmörg sjálfstæð ríki, jafnmörg fullvalda ríki. Á bekkjum hinna Sameinuðu þjóða í New York hafa aldrei verið fulltrúar jafnmargra evrópskra sjálfstæðra þjóðríkja og þar hafa aldrei verið á flaggstöngum jafnmargir þjóðfánar evrópskra ríkja. Og þá er það eina sem utanrrh. sér, það er blokkin mikla, það sem hann hefur sjálfur sagt að væri hinn þríhöfða þurs — Evrópubandalagið. Að straumur tímans sé að ganga þangað inn þegar straumur tímans er að hinn mikli vöxtur hinna evrópsku þjóðríkja. Greiningin er röng. Forsendurnar rangar og ályktun ráðherrans þess vegna fjarstæðukennd. En það er ekki aðeins þetta, það eru hernaðarblokkirnar sem hverfa líka og auðvitað fögnum við því. Varsjárbandalagið er horfið, heyrir sögunni til. Það sem meira er að Bush og Jeltsín undirrituðu 1. febr. á þessu ári friðarsáttmála Bandaríkjanna og Rússlands, formlegan sáttmála þar sem þeir lýsa því yfir að tímabili óvináttu sé lokið, tímabil friðar og samvinnu hefjist. Þá er eðlilegt að spurt sé þótt utanrrh. Íslands hafi ekki kjark til að spyrja sjálfan sig þeirrar grundvallarspurningar — hver er þá óvinurinn, hæstv. utanrrh.? Hver er þá óvinurinn sem á að verja Ísland fyrir? Hafa hér fjölmennan her, öfluga herstöð til að verja okkur. Eða er það bara þannig að herstöðin eigi að vera áfram í þeirri von að einhver óvinur kunni kannski að birtast einhvern tímann síðar sem réttlæti hana? Nei, auðvitað er það sú grundvallarspurning sem utanrrh. skýtur sér fram hjá í skýrslu sinni að óvinurinn er horfinn. Heimskommúnisiminn er hruninn. Varsjárbandalagið fallið og Bush og Jeltsín undirrituðu formlegan friðarsáttmála í Camp David 1. febr. á þessu ári. Ég held ég fari rétt með að í skýrslu hæstv. utanrrh. sé ekki orð um þann formlega friðarsáttmála. Hann er a.m.k. svo vel falinn að það þarf að leita að honum til þess að finna hann. Hann er einhvers staðar aftarlega í skýrslunni, falinn inn á milli annarra hluta þótt hann hljóti að vera grundvallaratriði alls þess sem ráðherrann hefur kallað stöðugleika í íslenskum utanríksimálum sl. 40 ár. Gengum við ekki í Atlantshafsbandalagið af því að sagt var til þess að verjast þessum óvin? Kom ekki herinn vegna þess að ógnunin frá Sovétríkjunum væri slík að hann þyrfti að vera hér? Nú hefur varnarhershöfðinginn sjálfur, yfirmaður bandaríska hersins George Bush, undirritað formlegan friðarsáttmála við þennan óvin. En utanrrh. Íslands skýtur sér hjá því að draga ályktanir í því en segir svo við þjóð sína, bæði hér í dag og í skýrslunni: Tímarnir eru að breytast, veröldin er öll önnur, við þurfum að hafa kjark til þess að draga ályktanir. — Já, hafðu þá kjark, virðulegi utanrrh., til þess að draga ályktanir af öllu því sem felst í breytingum heimsins en ekki velja bara eitthvað eitt og fátt sem hentar af því að Alþfl. langar inn í Evrópubandalagið. Það er auðvitað eina forsendan sem er fyrir þessu öllu saman að forustu Alþfl. langar til þess að fylgja forustu annarra flokka í Evrópu inn í Evrópubandalagið.

Það liggur við að maður segi að hæstv. utanrrh. sé í þessari skýrslu í sporum þess manns sem horfir á veröldina breytast, ólgu umskiptanna allt í kringum sig nánast eins og jarðskjálfta og eldgos, en stendur upp hér á Alþingi og segir líkt og þeir á 14. öld: Hún er enn þá flöt. Jörðin er flöt. Hæstv. utanrrh. hefur ekki áttað sig á þeirri grundvallarforsendu að jörðin er hnöttur. Hæstv. utanrrh. tekur sér í munn það hugtak og segir hér í ræðunni sem utanrrh. Íslands: Ísland er á jaðarsvæði. Jaðar hvers? (Gripið fram í.) Já, ég veit að landakortin sem héngu uppi á veggnum í barnaskólanum á Ísafirði, þar sem við vorum báðir, voru flöt og þar var Ísland vissulega á jaðrinum, Evrópa fyrir neðan stór og voldug en litla eyjan efst uppi í horninu. Það hefði kannski verið skiljanlegt að saklaus börn trúðu því að jörðin væri flöt. En hæstv. utanrrh. hefur væntanlega komist að raun um það á hinum miklu ferðalögum sínum að jörðin er hnöttur. Ef litið er á jörðina á þann hátt, þá er Ísland ekki jaðarsvæði, nei þvert á móti. (**HÁ:** Var hún flöt á Ísafirði?) Í hugum barnanna í barnaskólanum var hún flöt, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, en sumir vitkuðust fljótt. (**HÁ:** Misjafnlega fljótt.) Já, það er alveg rétt. Þeir á Austfjörðum hafa kannski uppgötvað það fyrr að jörðin væri hnöttur en í ýmsum öðrum efnum hafa þeir verið í þoku þó ég ætli nú ekki að fara að útskýra það fyrir hv. þm. En mér er þetta nokkurt alvörumál vegna þess að grundvallarkenning hæstv. utanrrh. byggir einmitt á þeirri forsendu að jörðin sé flöt, að Ísland sé jaðarsvæði í þeim skilningi, svo að ég noti hans orð. Því ef litið er á veröldina út frá hinni réttu forsendu að jörðin er hnöttur þá kemur það í ljós að á þessum miklu

breytingatímum er Ísland nefnilega á miðju svæði breytinganna með möguleika í allar áttir og samgöngukerfi veraldarinnar og lega landsins falla saman í þann punkt að Ísland eitt landa liggur í miðjunni milli hinna þriggja viðskiptablokka sem eru að myndast í veröldinni, meginlands Ameríkulandanna, Evrópu og Asíu. Hin hnattræna lega Íslands er þess vegna þannig að í heimi flugsamgangna, vöruflutninga í lofti og fjarlægða sem verða að litlu vegna hinnar nýju tækni þá er Ísland í miðjunni, hæstv. utanrrh., en ekki á jaðrinum. Það var löngum notað sem rök fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma og ýmsu öðru í okkar utanríkismálum að lega landsins skapaði ákveðnar forsendur og vissulega er það rétt, hún skapar ákveðnar forsendur en hún gerir það ekki ein og sér. Hún gerir það í tengslum við samgöngutæknina, hún gerir það í tengslum við umhverfið og viðskiptaheildirnar og hvað er að gerast í kring. Af hverju er það þannig að stóru ameríska flugfélögin sem horfa á Japansmarkað eru að koma sér upp bækistöðvum í Grænlandi? Hin risavöxnu ameríska flutningaflugfélög eru að huga að því að byggja upp stórar bækistöðvar í Grænlandi. Af hverju er það? Er til meira land en jaðarland í skilningi utanríkisráðherra Grænlands? Jú skýringin er einföld. Jörðin er hnöttur og það hentar einfaldlega í flutningakerfinu milli þessara tveggja öflugustu viðskiptablokka veraldarinnar, Japans og Asíu annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar, að fara um miðju svæðisins, Grænland eða Ísland. Það er nefnilega dálítið grátlegt að veraldarsýn utanrrh. í þessari skýrslu er ótrúlega gamaldags, ótrúlega þröng, ótrúlega mikið í ætt við gömlu nýlenduherrana í Evrópu sem horfðu á sjálfa sig sem miðdepil heimsins. Meginland Evrópu, þetta lokaða virki, hefur kosið sér það helst til varnar í harðri samkeppninni í Japan og Asíu og fríverslunarsvæði Bandaríkjanna að búa til múra í kringum sig til að vernda hagsmuni hinna gömlu þjóða á meginlandi Evrópu sem eru á fallandi fæti í aldurssamsetningu og hafa ekki tæknigetu eða kunnáttu til þess að keppa við Japana eða aðrar leiðandi þjóðir Asíu eða kraftinn sem er í hagkerfi Bandaríkjanna, Kanada og nú líklegast Mexíkó á næsta ári sem allt verður eitt fríverslunarsvæði, hvað þá heldur ef öll Suður-Ameríka verður komin inn í það, eins og margir telja, á þessum áratug. Um það er auðvitað ekki stafur í skýrslu hæstv. utanrrh. vegna þess að álfan mikla, Suður-Ameríka, fær ekki einu sinni eina málsgrein í skýrslu hæstv. utanrrh. Hún passar ekki inn í hina þröngu og gamaldags heimssýn hæstv. utanrrh. Það væri auðvitað vel þess virði að verja nokkuð löngu máli í að sýna fram á það að hinar fræðilegu forsendur, skilgreiningin sjálf í skýrslu hæstv. utanrrh. er úrelt. Hún er byggð á veraldarsýn sem á ekki lengur við. Hún er byggð á því að rembast við að halda í eitthvað sem var.

Virðulegi utanrrh. ég veit að ráðherrann er bókelskur maður og Stefan Zweig skrifaði einu sinni meistaralega sem ég legg til að utanrrh. lesi á góðkvöldum, Veröld sem var. Lofsöngur rithöfundarins mikla um Evrópu fyrir heimsstyrjöldina fyrri. Á sama hátt kemur það í ljós í skýrslu hæstv. utanrrh. að hann er að reyna að boða okkur framtíðarsýn en hún er bara byggð á veröld sem var, veröld þar sem Bretland og Frakkland eru einhverjir drifkraftar í þróun jarðarinnar. Þau eru það ekki lengur. Þau voru það en þau eru það ekki lengur, það eru heimsveldi sem eru búin að vera. En það eru aftur á móti lönd eins og þjóðirnar í Asíu, Japan, Indland, jafnvel Indónesía þó að hún sé í miklum erfiðleikum um þessar mundir, lönd í Suður-Ameríku eins og Brasilía, eins og Argentína, fríverslunarsvæði Kanada, Bandaríkin og Mexíkó sem eiga eftir að verða burðarásinn í hagþróun veraldarinnar um næstu aldamót. Það vill svo til að við Íslendingar eigum land sem er í miðju þessarar þróunar og þess vegna er kannski ágreiningur minn við hæstv. utanrrh. um það einfalda atriði að hann gengur út frá heimssýn þar sem veröldin er flöt. Ég geng út frá heimssýn þar sem jörðin er hnöttur.

Þar að auki er það líka ljóst þótt lítið sem ekkert sé um það að finna í skýrslu hæstv. utanrrh. að þær auðlindir sem eiga eftir að verða dýrmætastar á nýrri öld eru þær auðlindir sem Íslendingar eiga ærnar. Okkur var flutt það í fréttum í fyrrakvöld að það hefði náðst viðurkenning á undirbúningsráðstefnu í New York fyrir umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna í Ríó, viðurkenning heimsbyggðarinnar á því að orka úr fallvötnum sé umhverfisvæn orka og eigi þess vegna að hafa annan sess í efnahagsþróun og alþjóðlegum samskiptum en orka byggð á kolum eða olíu. Þetta er glæsilegur árangur. Þetta eru stór tíðindi fyrir okkur Íslendinga þó að ekki hafi farið mikið fyrir þeim í umfjöllun fjölmiðlanna hér heima. En þetta mun auðvitað gefa fallvötnum okkar og þeirri auðlind sem felst í þeim allt annan sess í hinni efnahagslegu samkeppni heldur en það hefur haft til þessa. Náttúra landsins sjálfs, víðáttan, ekki bara fagrir dalir og fjöll heldur hið hreina loft, hið mannlega umhverfi, heilsan sem í því felst, allt þetta er að fá á sig gersamlega nýja mynd sem auðlind á nýrri öld. Sem betur fer er sjávarútvegurinn bara lítill þáttur í þeim auðlindum sem við Íslendingar eigum.

Ég var um síðustu helgi á merku atvinnumálaþingi sem Alþb. hélt. Þar komu margir forustumenn úr íslensku atvinnulífi og lýstu þeim möguleikum sem í boði eru, ef við höfum hugvit, kjark og þor. Það var fróðlegt að hlusta á Davíð Scheving Thorsteinsson lýsa reynslu sinni við að byggja upp öflugan útflutning á því að setja í neytendaumbúðir hreint vatn og efni sem á engan hátt eru gerviefni heldur náttúruefnin ein. Ég segi við hæstv. utanrrh.: Ég held að í engu fyrirtæki hafi á síðustu tveimur árum verið jafnör vöxtur í útflutningi eins og í þessu fyrirtæki. En það fer ekki heldur hátt.

En þegar menn eru að gefa sér það að nauðsynlegt sé fyrir okkur að elta það virki sem gömlu nýlenduveldin í Evrópu eru að byggja í kringum sjálf sig til að reyna að varðveita gamla valdadrauma sína eins og Frakkar, Þjóðverjar og Bretar þá verða menn auðvitað að horfa á breytingarnar í veröldinni með fjölþættari hætti en hæstv. utanrrh. gerði í ræðu sinni. Ég held

að ég fari rétt með að eftir að hann rekur alls konar tæknileg atriði og fjárhagsleg atriði, sem þarf að skoðast í tengslum við aðild Íslands að Evrópubandalaginu, þá koma tvær línur um hina pólitísku þætti. Þegar kjarninn í þeim breytingum sem Evrópubandalagið er að fara í gegnum er hið pólitíska bandalag, „Political Union", sem Maastricht-samkomulagið snýst um. Auðvitað er það þannig að Bretar, Frakkar og Þjóðverjar hafa áttað sig á því að einir og sér ná þeir ekki að halda völdum. En í gegnum Evrópubandalagið og forsæti sín til skiptis í þessu ríkjabandalagi geta þeir náð sterkari völdum í veröldinni en þeir hefðu ella. Evrópubandalagið er nefnilega ekki bara einhver tæknileg útfærsla á fiski og tollum, samkeppnisreglum og öðru slíku. Það er fyrst og fremst tilraun til þess að varðveita eins lengi og hægt er eins mikil völd fyrir hin gömlu nýlenduveldi og mögulegt er. Jafnmikill áhugamaður um sögu og póilitík og kunnáttumaður í þeim fræðum eins og núv. hæstv. utanrrh. á auðvitað að draga þennan þátt fram því að það er hann sem er höfuðatriðið í því sem er að gerast innan Evrópubandalagsins. Þá er ég þeirrar skoðunar að Ísland, sérstaða þess, lega þess, sjálfstæði þess, hæfni þjóðarinnar og líka smæð skapi okkur miklu sterkari stöðu, til efnahagslegra framfara og pólitískra áhrifa utan bandalagsins en innan. Fyrir því er hægt að færa margvísleg rök, bæði úr sögu þjóðanna og því sem er að gerast í veröldinni í dag vegna þess einfaldlega að þegar risarnir taka að dansa á veraldarsviðinu þurfa þeir á því að halda að í fáeinum stöðum sé skjól fyrir dansi risanna. Það er í krafti þess skjóls sem smáþjóðirnar hafa oft í gegnum aldirnar getað notið sín. Svo vill til að lega Íslands veitir okkur þetta skjól. Staða okkar á hnettinum veitir okkur þetta skjól. Pólitískt sjálfstæði þjóðarinnar veitir okkur þetta skjól.

Ég hef í þessum inngangsorðum vikið nokkuð að því sem eru kannski stóru drættirnir í þessari mynd vegna þess að ég tel að öll greiningarforsenda, heimssýn, sögulegu lærdómarnir, forsendurnar sem hæstv. utanrrh. gefur sér í skýrslunni séu mjög villandi, takmarkaðar og beinlínis út í hött. En málið er hins vegar það stórt að nauðsynlegt er að ræða það, ekki bara á einhverjum þröngum tæknilegum eða peningalegum forsendum heldur í miklu víðara samhengi.

Hæstv. utanrrh. hefur reynt að halda því fram frá síðasta fimmtudegi að ekki sé um stefnubreytingu að ræða. Auðvitað getur hann leikið sér með orð af þessu tagi og sagt: Þá fyrst yrði stefnubreyting ef sótt væri um. Ef jafnvel væri búið að sækja um gæti hann líka sagt að það væri ekki stefnubreyting heldur væri þá aðeins stefnubreyting þegar menn gengju inn í Evrópubandalagið. Allt þetta er bara leikur að orðum. Það sem liggur hins vegar fyrir er að samkomulag hefur verið um það milli allra flokka og forustusveita þeirra hér á landi að taka ekki aðild Íslands að Evrópubandalaginu til formlegrar efnislegrar meðferðar innan íslenska stjórnkerfisins. Í því felst stefnubreyting hæstv. utanrrh. Ég ætla að sýna honum fram á það með því að lesa honum nokkrar yfirlýsingar hæstv. forsrh. svo að hæstv. utanrrh. megi þá loksins sjá muninn á því sem hæstv. forsrh. hefur sagt og því sem hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni.

Hv. þm. Davíð Oddsson tók við embætti forsrh. á síðasta degi aprílmánaðar í fyrra ef ég man rétt. Tveimur vikum síðar eða 16. maí 1991 sagði hæstv. forsrh. í umræðum hér á Alþingi, með leyfi virðulegs forseta: „Það er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar svo vel ég fái séð, hvorki í bráð eða lengd, að hún fari að fjalla um beina aðild að Evrópubandalaginu." Hér er ekki sagt að ríkisstjórnin ætli ekki að sækja um aðild. Hér er sagt svo skýrt að ekki er hægt að efast neitt um það að það er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar, hvorki í bráð eða lengd, að fjalla um aðild að Evrópubandalaginu. Nú segir hæstv. utanrrh.: Það er brýn nauðsyn að öll ráðuneytin, allar stjórnstofnanirnar fari að fjalla um slíka aðild.

Hæstv. forsrh. hefur haldið sig við þessar yfirlýsingar allt frá fyrsta mánuði í embætti til þess mánaðar sem nú er enn að líða. 5. mars sl. sagði hæstv. forsrh. í Ríkisútvarpinu, með leyfi virðulegs forseta:

„Við höfum sagt það að það sé ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar og það yrði þá alveg sérstakt mál að taka það upp og yrði að hafa töluverðan aðdraganda. Það var nú á sínum tíma fundið að því þegar ég sem formaður svonefndrar framtíðarnefndar Sjálfstfl. nefndi það sem einn kost að það væri hugsanlegt að við ættum að banka dyra hjá Evróubandalaginu og sjá með hvaða kostum okkur yrði hleypt inn. En núv. ríkisstjórn hefur ekki tekið þann pólinn í hæðina. Hún hefur sagt það að við munum halda okkur við Evrópsk efnahagssvæði, það nægir okkur."

„Ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar — alveg sérstakt mál — yrði að hafa langan aðdraganda." En hvað segir utanrrh. nú? Hann birtir allt í einu án nokkurs fyrirvara á borðum þingmanna skýrslu þar sem hann segir að nauðsynlegt sé að fara strax í það að athuga í öllu Stjórnarráðinu kosti og galla inngöngu og þá fyrst sé hægt að hafna henni þegar því er lokið. En það er fleira sem hæstv. forsrh. hefur sagt. 14. mars sl., fyrir hálfum mánuði, u.þ.b. tíu dögum áður en hæstv. utanrrh. leggur sína skýrslu fram eða með öðrum orðum í þann mund sem skýrsla hæstv. utanrrh. er að fara í prentun, þá segir hæstv. forsrh. við þjóð sína í Ríkisútvarpinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Við vitum nokkurn veginn hvað það er sem mundi felast í beiðni um inngöngu í Evrópubandalagið og ég vek athygli á því að allar þær þjóðir sem nú eru að sækja um eða fara væntanlega að sækja um, Finnar, Svíar, Norðmenn, Austurríkismenn, engin þessara þjóða er að sækja um inngöngu bara til þess eins að sjá hvað í boði er. Þær eru í rauninni búnar að taka afstöðu til þess að ganga inn í bandalagið nema eitthvað sérstakt gerist þannig að ég hygg að sá kostur núna, eftir mjög miklar umræður um Evrópskt efnahagssvæði, að við þurfum að kynna okkur hvað í umsókn um Evrópubandalagið þurfi að felast með því að sækja um eigi ekki lengur við. Þetta séu breyttar forsendur."

Þetta er mjög skýrt. Ég get tekið undir hvert einasta orð sem hæstv. forsrh. sagði fyrir tæpum tveimur vikum, 14. mars, dagana sem utanrrh. var að ganga

frá handritinu að skýrslu sinni í prentun. En hæstv. utanrrh. segir allt annað í sinni skýrslu eins og við vitum öll. Nú þarf að kanna, það er brýn nauðsyn, allt Stjórnarráðið, öll ráðuneytin, allar stjórnstofnanirnar. En hæstv. forsrh. segir meira. Hann er spurður að því hvort eigi að kanna hvaða skilmálar bjóðast við inngöngu í Evrópubandalagið. Hann er spurður þessarar spurningar. Svar hans er líka mjög afdráttarlaust og skýrt: Nei, ég er ekki sammála því. Svo bætir hæstv. forsrh. við og ég bið hæstv. utanrrh. að hlusta vel. Hæstv. forsrh. segir síðan orðrétt við þjóð sína 14. mars sl.: „Við vitum hvaða annmarki er á því fyrir okkur að vera inni í Evrópubandalaginu. Við vitum líka að það sem aðrar þjóðir eru að sækjast eftir, að hafa raunveruleg áhrif innan bandalagsins, mundi hafa tiltölulega litla þýðingu fyrir okkur. Áhrif okkar yrðu alltaf mjög lítil. Við vitum hins vegar hverjir hættupunktarnir eru."

Er utanrrh. eini maðurinn á Íslandi sem veit þetta ekki? Hvað er það sem hæstv. utanrrh. þarf að kanna í öllu Stjórnarráðinu? Væri ekki hægt að spara sér allt ómakið með því að fyglgja einfaldlega þessari afdráttarlausu niðurstöðu hæstv. forsrh.? Hann veit hvaða annmarki er á því að vera í Evrópubandalaginu. Hann veit að við munum hafa mjög lítil áhrif innan þess. Hann veit hvar hættupunktarnir eru. Í raun og veru er það þannig að þær tilvitnanir sem ég hef lesið í nýleg viðtöl við hæstv. forsrh. eru svo afdráttarlaus afneitun á stefnu og kenningu hæstv. utanrrh. að í reynd gætum við stjórnarandstæðingar á Alþingi sparað okkur að hafa um þetta fleiri orð. Það var þess vegna sem ég hafði vænst þess að hæstv. forsrh. talaði fyrr í umræðunni af því að þá hefði verið hægt að spara sér mikinn hluta orðræðunnar. Það hefði verið hægt að draga þá ályktun að hæstv. utanrrh. hefði verið að lýsa afstöðu sinni, kannski afstöðu Alþfl., en innan ríkisstjórnarinnar fengi sú stefna ekki brautargengi. En hæstv. forsrh. bætir við, 14. mars, með leyfi hæstv. forseta:

„Við mundum aldrei geta unað því Íslendingar að þurfa að sækja um leyfi til að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu til Brussel. Jafnvel þótt sérfræðingar telji núna að við gætum kannski fengið allgóðan kvóta úthlutaðan þá mundum við aldrei geta polað það að vera í þeirri stöðu að þurfa að sækja um það til Brussel að fá að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu."

Auðvitað er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að það er grundvallaratriði „sine qua non" í Rómarsáttmálanum og uppbyggingu Evrópubandalagsins að fiskveiðistefnunni er stjórnað frá Brussel. Án þess er engin aðild, án þess er enginn Rómarsáttmáli. Heldur utanrrh. að hann komist fram hjá þessari „sine qua non"? Auðvitað ekki, auðvitað veit hann það. Er hann þá hissa á því að við séum að tala um stefnuágreining milli hans og hæstv. forsrh.? Ég vona að allir þeir sem hafa hlýtt á þessar tilvitnanir í hæstv. forsrh. og þeir sem hafa hlýtt á ræðu utanrrh. og lesið skýrsluna sjái glöggt muninn. Hann er augljós. Mér er nokk sama hvað hæstv. utanrrh. kýs að kalla hann. Ef hann vill ekki kalla það aðra stefnu þá er það mér fullkomið aukaatriði. Aðalatriðið er það að afgerandi munur er á því sem þarna er lýst.

En hæstv. utanrrh. byggði ræðu sína á þeirri kenningu að Íslendingar megi ekki einangrast. Við mættum ekki einangrast frá þróun í Evrópu. Það gekk eins og stef í gegnum alla ræðuna, málflutninginn, forsendurnar, röksemdafærsluna.

En hvað segir forsrh. Davíð Oddsson um þessa kenningu hæstv. utanrrh. 14. mars sl.? Hann er spurður þessarar spurningar í Ríkisútvarpinu. Svar hans er líka ótvírætt og skýrt. Það er á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta: „Mér finnst fráleitt að menn haldi því fram að við séum að einangrast þrátt fyrir að við séum ekki í EB. Við höfum samning um Evrópskt efnahagssvæði, þetta tryggir okkur vissa hluti, við erum virkir í Norðurlandaráði, í NATO, í RÖSE, erum að velta fyrir okkur Vestur-Evrópubandalaginu, þannig að það er fráleitt, að halda því fram að við séum að einangrast. Og ég held að þó að hinar fjórar þjóðirnar sæki um aðild að bandalaginu þá er ekkert sem í því felst sem breytir okkar stöðu."

Virðulegi forseti. Ég verð að játa það að stundum eru dálítið skondin örlög manna, að ég þurfi að standa í ræðustólnum og lesa hæstv. utanrrh. texta Davíðs Oddssonar forsrh., en ég geri það afdráttarlaust og skýrt vegna þess að ég er sammála öllu því sem forsrh. hefur sagt um þetta mál. Þess vegna hafa engar umræður verið á Alþingi eins og ég gat áðan um. Ekki í flokkunum, ekki í utanrmn., ekki í þingsalnum. Af því að við höfum, eins og aðrir Íslendingar, treyst því að þessi orð forsrh. sem við síðast hlýddum á fyrir tæpum tveimur vikum standi.

Stóru tíðindi umræðunnar yrðu þau ef hæstv. forsrh. kæmi upp í kvöld og lýsti því yfir að þau standi ekki lengur. Þá er málið auðvitað orðið allt annað og miklu alvarlegra. En ef hæstv. forsrh. lætur þau standa þá blasir í raun og veru ekkert annað við en það að hæstv. utanrrh. og Alþfl. hafa sýnt á sín spil, en það eru bara ekki spil íslensku þjóðarinnar. Af því að það er meiri hluti á Alþingi, myndaður af Sjálfstfl., Alþb., Framsfl. og Kvennalistanum, sem Alþfl. er einangraður frá.

Það eina sem hæstv. utanrrh. gat fundið til þess að sýna fram á að hann væri þó í einhverjum tengslum við hæstv. forsrh. var að benda mönnum á að á fundi Varðbergs og Samtaka um vestræna samvinnu 17. mars hefði hæstv. forsrh. flutt merka ræðu. Já, ég er sammála því hún var á margan hátt athyglisverð. En það vekur hins vegar athygli að hæstv. utanrrh. virðist ekki hafa lesið lokakafla ræðunnar eða umræðunnar. Ég var ekki á þessum fundi, því miður, kannski mæti ég næst ef það er þannig að þarna er vettvangur hinna merku ræðna og maður verði helst að koma á slíka fundi til þess að geta talist gjaldgengur í því sem er að gerast. Mætti vel vera að forsrh. byði mér næst svo ég þyrfti ekki að hafa utanrrh. sem millilið. En í frásögn Morgunblaðsins frá 17. mars sl., sem er það eina sem ég hef undir höndum, segir alveg skýrt á bls. 24, með leyfi virðulegs forseta:

„Forsrh. sagði að aðild að EB hefði vafalaust hlið-

ar sem mundu auðvelda hagsmunagæslu Íslendinga á meginlandinu. Hins vegar mætti ekki flana að neinu vegna mikillar óvissu sem fæli í sér meiri áhættu fyrir Íslendinga en aðrar hliðar á hugsanlegri EB-aðild. Óvissa þessi lyti að yfirráðum yfir fiskistofnum sem væri eina stóra auðlind Íslendinga og yfirráðum yfir veiðum og vinnslu. Af þessum ástæðum væri umsókn um aðild að EB ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar."

Þetta er auðvitað allt annar tónn, allt aðrar áherslur, allt aðrar röksemdarfærslur en þær sem hæstv. utanrrh. hefur flutt hér fram.

Virðulegi forseti. Það var óhjákvæmilegt að rekja ummæli hæstv. forsrh. allt frá fyrstu dögum hans í embætti til síðustu daga og vikna. Ég vil að lokum umfjöllunar minnar um þennan kafla segja alveg skýrt að ég vona að þessi orð hæstv. forsrh. standi enn. Ef skýr og afdráttarlaus yfirlýsing kemur frá honum í kvöld um það þá munu öldur umræðnanna lægja á nýjan leik. Ef hins vegar verður eitthvert hik, einhver vafi, einhver orðhengilsháttur vakna óneitanlega spurningar um það að í þágu friðsamlegrar sambúðar á stjórnarheimilinu sé hæstv. forsrh. að láta hæstv. utanrrh. draga sig hægt og bítandi inn í það að íslenska stjórnkerfið fari að fjalla um hugsanlega aðild Íslands að EB. Ég mun bíða með ályktanir mínar þar til ég hef hlýtt á ræðu hæstv. forsrh.

Varðandi aðildina að Evrópubandalaginu get ég í sjálfu sér tekið undir flest af því sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði fyrr í dag. Þau eru svo mörg og svo mikilvæg rökin fyrir því að Ísland eigi ekki að gerast aðili að Evrópubandalaginu að það ætti að vera óþarfi að rekja þau ítarlega hér. Þá eru það auðvitað rökin sem snerta grundvallaratriðin og eins og ég sagði áðan þá er athyglisvert að í skýrslu hæstv. utanrrh. eru bara tvær línur um þessi grundvallaratriði en margar blaðsíður um alls konar tæknileg og peningaleg vandamál. Evrópubandalagið er ekki tæknilegt og peningalegt fyrirbæri. Evrópubandalagið er tilraun til að búa til nýtt sambandsríki í Evrópu — „Federal State" — eins og það heitir á ensku máli og allir þeir sem hafa fylgst með stjórnmálaferli Margrétar Thatcher sem hæstv. forsrh. heimsótti í London fyrir skömmu vita þetta auðvitað, að Margrét Thatcher var knúin til að segja af sér í Bretlandi vegna þess að hún var andvíg því að Evrópubandalaginu yrði breytt í sambandsríki af þessu tagi. Ástæðan fyrir því að Maastricht-samkomulagið er í hættu í Danmörku er að stór hluti dönsku þjóðarinnar vill ekki afsala sér því fullveldi og því sjálfstæði og ég vil bæta við, því lýðræði, sem felst í því að varðveita þjóðríkið í náinni samvinnu við aðrar þjóðir á viðskiptagrundvelli. Það er athyglisvert að orðið lýðræði kom hvergi fyrir í greiningu hæstv. utanrrh. Hvers vegna ekki? Jú, vegna þess að það er hin mikla brotalöm í Evrópubandalaginu að lýðræðinu er þar mjög áfátt. Menn hafa stundum spurt á Íslandi þegar mönnum hefur ógnað vald Seðlabankans, svo ég vitni í fyrrverandi þingmann Vilmund Gylfason heitinn, hver hefur kosið Jóhannes Nordal? Hver hefur kosið Jacques Delors? Hefur fólkið í Evrópu kosið Jacques Delors? Nei. Hafa þjóðþingin í Evrópu kosið Jacques Delors? Nei. Það er fámennur hópur ráðherra sem hefur komið saman til þess verks.

Þess vegna er auðvitað frumástæða þess að menn hafna aðild að Evrópubandalaginu fólgin í grundvallarafstöðu manna til lýðræðis, sjálfstæðis og fullveldis. Vel má vera að forusta Alþfl. sé komin á þær brautir að gera lítið úr fullveldi og sjálfstæði. Það má vel vera. Við erum ekki í þeim hópi. Hinn stóra jafnaðarmannaflokk Íslands, sem okkur dreymdi suma um að mynda, átti ekki að mynda til þess að fórna sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar. Ef það hefur verið virkilega í huga hins ágæta utanrrh. þegar við fórum saman um landið og boðuðum nauðsyn á samfylkingu jafnaðarmanna á Íslandi, að það ætti að vera aðferð til þess að fórna fullveldi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar hefur sú för verið byggð á misskilningi. Ég mun aldrei taka þátt í því að leggja niður þá miklu ávinninga sem þeir sem í eina öld börðust fyrir sjálfstæði og fullveldi Íslendinga náðu. Ég er nefnilega sammála því sem mér er sagt að einn aldinn forustumaður og stofnandi Sambands ungra sjálfstæðismanna hafi sagt í *góðra vina hópi um síðustu helgi að við vorum ekki* að stofna Samband ungra sjálfstæðismanna til þess að leggjast undir Brussel, en það var eitt af höfuðstefnumálum Sambands ungra sjálfstæðismanna að fá sjálfstæði frá Dönum. Það er nefnilega þannig að við teljum margir að bestu eiginleikar þjóðanna og einstaklinganna felist í því að tilheyra lýðræðisríki, fullvalda og sjálfstæðri þjóð þar sem við getum í kosningum tekist á um það hvernig við ráðum málum okkar, þar sem við getum hér á þinginu tekið ákvarðanir um það hvernig við viljum haga skipan mála, þar sem fólkið í landinu getur valið og hafnað í návígi við stjórnendur landsins en þessum mikla ávinningi, þessum aðaleinkennum íslensku þjóðarinnar sé ekki fórnað fyrir fjarlægt kommissarakerfi hins þríhöfða þurs í Brussel, svo notað sé orðalag hæstv. utanrrh. Þetta eru grundvallaratriðin löngu áður en kom að einhverjum tollum, einhverri iðnaðarstefnu, einhverjum samræmingarþáttum í reglugerðum og öðru slíku. Það er spurningin um það, á veröldin að byggjast upp af sjálfstæðum fullvalda lýðræðisríkjum, stórum og smáum, eða á veröldin bara að byggjast upp af sterkum ríkjaheildum þar sem hinir stóru ráða mestu í krafti meirihlutavaldsins eins og Maastricht-samkomulagið kveður á um? Staðreyndin er auðvitað sú að samkomulagið í Maastricht staðfestir það að Evrópubandalagið er ekki efnahagslegt fyrirbæri. Evrópubandalagið er fyrst og fremst stjórnmálaleg eining, „Political Union" eins og það heitir á ensku, með öllu sem því tilheyrir. Kannski er skiljanlegt að þjóðirnar á meginlandi Evrópu sjái þann kost bestan fyrir sig. Ég get skilið ýmis af þeirra rökum vegna þess að það er ekkert sem hindrar þar flutning á milli landa og landamærin oft og tíðum óeðlileg og sérkennileg. En það sem skorti á málflutning hæstv. utanrrh. var að gera sér grein fyrir því að það eru síðan sértækar ástæður í tilviki Svíþjóðar, sértækar ástæður í tilviki Finnlands og sértækar ástæður í tilviki Austurríkis fyrir því að þessi ríki hafa kosið að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið. Það eru ekki almennar

ástæður. Þær byggja allar á sérstöðu hvers lands fyrir sig í efnahagslegu, landfræðilegu og sögulegu tilliti. Það sem skorti algerlega í ræðu og skýrslu hæstv. utanrrh. og það er sérkennilegt að það skorti, það var ekki stafur um það, eru hinar sérstöku ástæður Íslands, hin sérstaka greining á því hverjir eru hagsmunir, auðlindir og staða Íslands gagnvart framtíðinni. Útgangsforsendan er varanleiki Evrópubandalagsins og aðlögun okkar að því og hæstv. utanrrh. er svo skammsýnn að segja í skýrslu sinni að Íslendingar eigi bara tvo kosti. Annaðhvort EB eða EES, enginn annar kostur. Hæstv. utanrrh. getur virkilega ekki meint þetta.

Hann flutti síðan í ræðu sinni nokkra greiningu á því að töluverðar líkur væru á því að EES yrði ekki að veruleika en þá var hann sjálfur búinn að stilla dæminu þannig upp í skýrslunni að þá er bara EB-aðildin ein eftir því að það stendur hvað eftir annað í skýrslunni og var sagt hér í ræðunni að Íslendingar ættu bara tvo kosti: EES eða EB. Þar með leiðir af sjálfu að ef uppstilling hæstv. utanrrh. er gild að eyðileggi Evrópudómstóllinn EES verði Íslendingar að ganga í EB. Er nokkur furða þótt menn verði undrandi? Er nokkur furða þótt menn tali um stefnubreytingu? Er það nokkur furða þótt landið fari allt að loga í nýrri umræðu þegar utanrrh. Íslands er búinn að stilla þessu svona upp að það séu bara tveir kostir og annar þeirra sé að hverfa úr sögunni. Það er auðvitað þannig, hæstv. utanrrh., að ekki er hægt að lesa þessa skýrslu öðruvísi en hæstv. utanrrh. sé kominn 80–90% að þeim áfanga: Vilja Íslendingar leggja fram umsókn? Öll rökin, allar áherslurnar í þessari skýrslu eru á þann veg. Var setningin sem hæstv. utanrrh. flutti í salnum, að það væri metnaðarlítil sýn að ætla sér ekki inn í EB, misheyrn? Eða er það virkilega þannig að hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, telji að þeir stjórnmálamenn og þeir flokkar sem vilja hafna EB-aðild séu metnaðarlitlir og þeir einir hafi metnað sem vilji ganga í bandalag hins þríhöfða þurs?

Virðulegi forseti. Saga Alþfl. árin 1916–1918 er dálítið fróðleg, hæstv. utanrrh. Ég hef mikla samúð að þú ræðir við hv. 7. þm. Reykn. og það er synd hjá mér að stöðva þær samræður. Það gæti kannski leitt til einhvers góðs. En ég verð því miður að biðja virðulegan utanrrh. að ljá þessu aðeins eyra. Ég ætla að biðja hann að skoða sögu Alþfl. 1916–1918. Ég veit að vísu að hæstv. utanrrh. er betur lesinn í sögu Alþfl. frá því um 1930 og þaðan til nútímans. Ég er ekki viss um það að hann hafi mjög kynnt sér sögu Alþfl. á fyrstu árunum en hún er nefnilega mjög fróðleg.

Hver var aðalboðskapur Alþfl. á fyrstu tveimur til þremur árunum? Það var eitt. Það var sú kenning að það væri grundvallarmisskilningur hjá öðrum flokkum í landinu að fullveldi og sjálfstæði Íslendinga skipti einhverju máli. Alþfl. boðaði þá formlegu stefnu á fyrstu starfsárum sínum að hafna algerlega kröfunni um fullveldi og sjálfstæði Íslendinga og ég sé að sumir þingmenn í salnum eru nokkuð undrandi en þetta er engu að síður söguleg staðreynd. Um þetta má lesa mjög rækilega í blöðum og málgögnum flokksins, ræðum og skrifum forustumanna hans. Alþfl. boðaði að það sem væri að gerast væri að innan tíðar mundi myndast eitt norrænt ríki, eitt norrænt stórríki, þar sem allir hinir norrænu verkamenn mundu sameinast í einu bandalagi á móti auðvaldinu, hinu norræna auðvaldi. Hugmyndafræðin sem byggðist á því að einhverju máli skipti að vera með sjálfstætt Ísland og fullvalda Ísland, væri úr sögunni. Verkefnið væri hvernig íslensk alþýða gæti gætt hagsmuna sinna í hinu nýja, norræna stórríki sem væri að myndast. Norrænir öreigar sameinist og skipum okkur í sveit þar sem við leggjum því lið að koma í veg fyrir að auðvaldið á Íslandi geti skapað hér fullvalda og sjálfstætt ríki. Þetta var kenningin. Sjálfstæði og fullveldi væru úrelt hugtök. Ég veit að vísu að forusta Alþfl. hefur yfirleitt kappkostað að tala mjög lítið um þetta tímabil í sögu flokksins og við hinir sem erum í forustu hinna flokkanna höfum almennt ekki rifjað þetta upp því að við höfum skoðað þetta sem svona bernskubrek hjá Alþfl. En forustumenn Alþfl., Jón Baldvinsson og fleiri, sá maður sem bar upphaflega það nafn sem utanrrh. ber nú með vissum hætti, trúðu þessari kenningu. Þeir trúðu því að fullveldi og sjálfstæði Íslendinga væru gamaldags hugtök og væru úr sögunni og tæki því ekki að berjast fyrir því, það væri rangt. Sagan hefur hins vegar sýnt að þessir forustumenn Alþfl. höfðu rangt fyrir sér. Drifkrafturinn í þróun Evrópu var sjálfstæði þjóðanna, fullveldi, tilkoma þjóðríkjanna, aukið lýðræði. Hið norræna stórríki varð aldrei að veruleika. Auðvitað er margt sem bendir líka til þess að það sé fullkominn efi að hið evrópska stórríki verði að veruleika. Ég verð að játa að sumt í skýrslu hæstv. utanrrh. og málflutningi hans í dag minnti mig óþyrmilega á það sem ég las sem ungur fræðimaður af þessum textum fyrstu forustumanna Alþfl., ritgerðunum, blaðagreinunum og ræðunum sem þeir fluttu um það að fullveldi og sjálfstæði væri úrelt hugtak og þess vegna væri 1918 enginn áfangi fyrir íslenska þjóð og samningurinn sem gerður var þá við Dani einskis virði. Ég bið hæstv. utanrrh. að koma í huga sér nokkrum efa um að greiningin sem hann hefur sett fram sem forsendu að opnun umræðunnar um aðild að EB kunni kannski að vera álíka röng og þessi greining Alþfl. á bernskuárum hans.

Virðulegi forseti. Ég hef verið beðinn um að gera hlé á máli mínu svo að þingflokkur Alþfl. geti komið saman og kannski aðrir þingflokkar. Kannski er til of mikils mælst að ég ætlist til þess að þingflokkur Alþfl. myndi nú fróðleiksstund um fyrstu árin í sögu flokksins og kynni sér þessa texta og hugleiði svo hvar menn eru staddir í dag en ég vona að þeir geri það vegna þess að ég held að menn geti eftir nokkra áratugi fundið æríð margt af því sem hæstv. utanrrh. hefur flutt hér í dag og lesa má í skýrslu hans vera álíka fjarstæðukennt í augum þeirra sem þá lifa og okkur finnst sá málflutningur sem forustumenn Alþfl. höfðu uppi 1916–1918.

Ég skal svo, virðulegi forseti, gera hlé á ræðu minni þar til fundi verður fram haldið í kvöld. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Við gerðum hlé kl. 6. Þingflokk-

ur Alþfl. óskaði eftir því að halda fund og var sjálfsagt að verða við því. En þetta hlé sem hér hefur verið í tvær og hálfa klukkustund (**PJ:** Það hefur verið vel notað.) hefur verið vel notað, sagði hv. þm. Pálmi Jónsson, þegar hann gekk hér um salinn. (**ÖS:** Er ekki þingmaðurinn sammála því?) Mér er ekki gaman í hug, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, því það sem gerðist í þessu hléi var að það var tekið af skarið af hálfu Alþfl. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason kom í fréttir Stöðvar 2 og lýsti því yfir skýrt og greinilega að það væri skoðun hans að Íslendingar ættu að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið fyrir árslok. Yfirlýsingin er því komin frá flokki utanrrh. um að Íslendingar eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Þar með þarf ekki að efast neitt um það lengur hvert Alþfl. er að fara í þessum málum.

Ég vakti athygli á því fyrir nokkrum dögum á Alþingi að fyrir tæpum tveimur vikum varð breyting í skrifum Alþýðublaðsins um málefni Evrópu, Evrópubandalagið og Ísland. Ég spurði hæstv. utanrrh. að því í umræðu sl. föstudag hvort þessi breyting á Alþýðublaðinu hafi verið undanfari þess að Alþfl. væri að koma fram með þá stefnu að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ég gat þess sl. föstudag að það væri fámennur hópur manna í landinu sem læsi Alþýðublaðið og enn fámennari sem læsi það af athygli. En við sem erum í hinum fámenna hópi sem les Alþýðublaðið af athygli veltum því auðvitað fyrir okkur hvers vegna Alþýðublaðið birti föstudaginn 20. mars forsíðufréttina „Ísland og Albanía ein eftir utan EB" og var tilvitnunin í grein í Arbeiderbladet í Noregi. Síðan hefur oft í hverri viku í Alþýðublaðinu, í um 10 daga verið að birtast greinar og fréttir sem hafa slegið þennan tón. Ísland mætti ekki einangrast, Ísland yrði að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Síðan kemur skýrsla hæstv. utanrrh. sl. fimmtudag og þar er margvíslegum rökum leitt að því að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu þó að afstaðan sé ekki tekin endanlega og hæstv. utanrrh. segir í dag að það sé metnaðarlítil sýn að ætla sér ekki að sækja um aðild að EB. Svo gerist það í dag að hv. þm. Karl Steinar Guðnason, áhrifamesti þingmaður Alþfl. utan ráðherrahópsins, lýsir því yfir í aðalfréttatíma Stöðvar 2 að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu fyrir árslok. Þar með er auðvitað ljóst að forusta Alþfl. hefur tekið þá ákvörðun að stíga þessi skref að knýja á um það að Íslendingar sæki um aðild að Evrópubandalaginu á þessu ári. Röksemdafærsla hæstv. utanrrh. er einnig í þessa veru. Hann segir í ræðu sinni og segir í skýrslunni að í reynd sé ekki hægt að fá svör við því hvað felist í aðild að EB fyrir Ísland nema sækja um. Ekki þarf ekki mikla umorðun á því sem ráðherrann segir til þess að sú merking sé alveg ljós. Nú hefur skrefið verið stigið til fulls af hálfu áhrifaríkasta þingmanns Alþfl. utan ráðherrahópsins.

Þess vegna alveg ljóst, hæstv. forsrh., að við stöndum frammi fyrir þeirri nýju stöðu að sá flokkur sem fer með utanríkismálin í ráðuneyti Davíðs Oddssonar er markvisst að vinna að því að Íslendingar leggi inn umsókn að aðild að EB fyrir lok ársins til þess að verða hluti af hinni norrænu hraðlest sem utanrrh. fer um svo jákvæðum orðum í skýrslu sinni.

Ég ætla ekki að minna á yfirlýsingar Alþfl. fyrir síðustu kosningar. Þá sóru leiðtogar Alþfl. það, m.a. hæstv. utanrrh. hvað eftir annað, að ekki kæmi til greina að Alþfl. beitti sér fyrir því að Íslendingar sæktu um aðild að Evrópubandalaginu á kjörtímabilinu. Ég ætla ekki að rifja upp, það geta framsóknarmenn gert, hinar hörðu ásakanir í garð þáv. hæstv. forsrh. og þáv. hæstv. sjútvrh. fyrir þær yfirlýsingar þeirra að Alþfl. stefndi að því að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. En það er alveg ljóst, hæstv. utanrrh., að þeir sem mæltu þessi orð — ég var nú ekki í þeirra hópi — fyrir síðustu kosningar hafa haft rétt fyrir sér og hefðu sjálfsagt margir orðið hissa að ekki þurfti að líða nema tæpt ár frá kosningunum til þess að þessi spásögn mundi rætast. Hins vegar er aukaatriði í þessu máli hvernig Alþfl. gengur á bak kosningafyrirheita sinna, það er aukaatriði. Það á hann við sjálfan sig og kjósendur sína. Hitt er stóra atriðið í þessu máli að nú hefur skapast sú nýja staða að flokkur utanrrh. hefur lagt upp í för sem meiri hluti Alþingis er á móti. Ég tel að það liggi fyrir þar til annað kemur í ljós í atkvæðagreiðslu að meiri hluti Alþingis sé andvígur því að Ísland sæki um aðild að Evrópubandalaginu á þessu ári. Ég tel þar til annað kemur í ljós að Sjálfstfl. fylgi þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. hefur túlkað frá því að ríkisstjórnin var mynduð. Stóra spurningin er: Á minnihlutaaðili í þessu máli, Alþfl., að fá að leiða íslenska lýðveldið á þessari braut? Getur það gengið að flokkur sem er í algerum minni hluta í þessu stórmáli fari með utanrrn. á þessum tímum? Það er ekki bara eitthvert hagkvæmnismál þeirra flokka sem í ríkisstjórninni eru, það er grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipan og íslensku lýðræði. Ég tel þess vegna að sú staða sé komin upp að nauðsynlegt sé að hér fari fram á Alþingi innan tíðar ákveðin og skýr atkvæðagreiðsla um það hvort meiri hluti Alþingis sé sammála því eða ekki að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ég mun beita mér fyrir því á næstunni í viðræðum við forustumenn allra flokka að slík atkvæðagreiðsla fari fram. Vegna hvers? Jú, vegna þess að ég ætla ekki að taka þátt í þeim leik að Alþfl. í krafti þess að hann fékk utanrrn. á fölskum forsendum í þessari ríkisstjórn við myndun hennar í krafti fyrirheitanna um að standa við loforðin um að sækja ekki um aðild að EB og taka það mál ekki á dagskrá á þessu kjörtímabili geti stig af stigi eins og atburðarásin síðustu tvær vikur hefur sýnt leitt íslensku þjóðina inn á að sækja um aðild að EB. Það verður að vera alveg skýrt á næstunni hvar meiri hluti Alþingis liggur. Þetta er slíkt stórmál að ekki er hægt að flokkur sem hugsanlega er einangraður á Alþingi í þessu máli leiði íslenska lýðveldið á sviði utanríkismála á þeim örlagatímum sem nú eru. Þegar við höfum í höndunum skýrslu utanrrh., höfum hlýtt á ræðu hans í dag og heyrum síðan yfirlýsingu áhrifamesta þingmanns Alþfl. utan ráðherrahópsins að hann telji að Ísland eigi að leggja inn umsókn að EB fyrir árslok, þá verður meiri hluti Alþingis að tala. Það er

óhjákvæmilegt að meiri hluti Alþingis tali. Það verður að finna þeirri atkvæðagreiðslu form fyrir vorið svo að þingið fari ekki heim fyrr en búið er að kveða upp úr með það hvort þetta sjónarmið Alþfl. er meirihlutasjónarmið eða minnihlutasjónarmið á Alþingi. Í reynd teldi ég að ef það kæmi í ljós að þetta væri minnihlutasjónarmið, bæri Alþfl. að láta utanrmn. af hendi eða a.m.k. núv. utanrrh. að víkja úr því þannig að ljóst sé að sá maður eða sá flokkur, sem fer með utanrrn., starfi í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis. Þetta er eitthvert örlagaríkasta mál sem íslenska þjóðin fæst við og mun fást við á næstu árum og það má ekki gerast í því að íslenska lýðveldið verði teymt stig af stigi eða dáleitt stig af stigi eins og hér var orðað í dag inn á braut sem Alþfl. sem minnihlutaflokkur í þessu máli kýs að fara. Alþfl. verður að horfast í augu við þá pólitísku staðreynd að hann hefur sett þetta mál á dagskrá með afgerandi hætti og þjóðin þarf að fá að vita hvort meiri hluti Alþingis styður það sjónarmið eða ekki. Ég mun þess vegna á næstunni beita mér fyrir því í viðræðum við forustumenn annarra flokka að finna form á slíkri atkvæðagreiðslu í þinginu áður en Alþingi fer heim í maímánuði svo að vilji þingsins liggi alveg fyrir. Alþb. hefur svarað fyrir sig. Framsfl. hefur svarað fyrir sig. Kvennalistinn hefur svarað fyrir sig. Það sem þarf að koma í ljós í slíkri atkvæðagreiðslu er svar Sjálfstfl. og síðan annarra þingmanna Alþfl.

Virðulegi forseti. Í raun og veru er það þannig að þótt ærið margt annað sé í skýrslu utanrrh. sem vissulega væri fróðlegt að fjalla um hér, þá hafa þessar yfirlýsingar í dag breytt svo öllu landslagi umræðunnar að óhjákvæmilegt er að halda sig nánast alfarið eða eingöngu við aðild Íslands að Evrópubandalaginu og EES-samninginn. En ég ætla að vísu áður en ég lýk ræðu minni að víkja örfáum orðum að öðrum þáttum. Ég vil þó árétta það hvernig hæstv. utanrrh. leiðir að því sterk rök í skýrslu sinni að EFTA sé úr sögunni. Það kemur greinilega fram bæði á bls. 12 og 13 í skýrslu hæstv. utanrrh. að EFTA er að hans dómi í reynd úr sögunni.

Það er líka athyglisvert að hæstv. utanrrh. segir alveg skýrt að þær pólitísku forsendur, sem leiddu til EES-samningsins, eigi ekki við lengur, svo notuð séu hans óbreyttu orð. Ef utanrrh. er nú þegar sjálfur þeirrar skoðunar að pólitísku forsendurnar fyrir EES-samningnum eigi ekki við þá vil ég spyrja: Er þá ekki samningurinn sjálfdauður að dómi hæstv. utanrrh. vegna þess að meginþátturinn, orsökin fyrir samningsgerðinni á sínum tíma var sú pólitíska sýn sem fólst í tveggja stoða kerfinu sem Delors talaði fyrir í frægri ræðu? Hæstv. utanrrh. spyr einnig í skýrslu sinni: Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fáist staðist sem tveggja stólpa brú sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstóla Íslands og Liechtensteins með innan við 300 þúsund íbúa? Spurningin er sett þannig fram að svarið liggur í augum uppi. Slíkt tveggja stoða kerfi stenst auðvitað ekki.

Þess vegna er alveg ljóst að hæstv. ráðherra er sjálfur að rökstyðja rækilega í skýrslunni að hann er búinn að missa trú á EES-samningi. Hitt er svo annað mál að röksemdir hans fyrir því að þetta hafi ekki verið til einskis og það hafi margt gagnlegt komið fram í þessum viðræðum geta út af fyrir sig alveg átt rétt á sér. Það breytir því ekki að hæstv. utanrrh. er í þessari skýrslu, formaður EFTA, að segja þjóðinni það að EFTA er úr sögunni, meginforsendur EES-samningsins eru ekki lengur fyrir hendi. Síðan er spurt á bls. 14 og 15 hvort við viljum vera aðili í innsta hringnum. Orðalagið er auðvitað á þá leið að rökrétt er að draga þá ályktun sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði í kvöld að samkvæmt vilja hæstv. utanrrh. eigi Ísland að leggja inn umsókn að aðild að EB fyrir áramót.

Hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni: „Óhætt er að fullyrða að möguleikar á því að ná sama árangri í aðildarviðræðum eru miklum mun meiri í þessari umferð í samfylgd með öðrum EFTA-ríkjum en í næstu lotu þegar Austur-Evrópa knýr dyra."

Virðulegi forseti. Á bls. 18 í skýrslunni er síðan lögð til sú formlega tillaga að í ráðuneytum og stjórnarstofnunum fari fram ítarleg úttekt á því hvað EB-aðild hefði í för með sér. Það er auðvitað lykilspurning þessara umræðna hvort ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlar að láta þá athugun fara fram eða ekki. Við því verður að fást svar í þessum umræðum.

Ég vék að því fyrr í dag að aðildin að Evrópubandalaginu er auðvitað ekki bara spurning um peningalegt mat eða tæknilegar útfærslur. Maastricht-samkomulagið felur í sér að Evrópubandalagið verði í reynd með alla höfuðþætti sameiginlegs ríkis. Það verður einn seðlabanki, einn gjaldmiðill, ein peningastefna. Það verður ráðherraráð og þing sem tekur allar meginstefnumótandi ákvarðanir ásamt framkvæmdastjórninni. Það verða ytri tollar gagnvart umheiminum. Stefnt er að sameiginlegri utanríkisstefnu, sameiginlegri varnarstefnu, og ég legg áherslu á að stefnt er að sameiginlegri fiskveiðistjórnun. Stefnt er að sameiginlegri landbúnaðarstefnu. Með öðrum orðum allir þeir höfuðþættir sem við Íslendingar höfum ráðið sjálfir síðan við fengum fullveldi og sjálfstæði eigum við núna að stjórna sem minnihlutaaðili, örlítill minni hluti í ríkjasamsteypu þar sem meiri hlutinn tekur allar slíkar ákvarðanir ef við göngum í Evrópubandalagið.

Hæstv. utanrrh. segir að það séu bara tveir kostir, aftur og aftur, bara tveir kostir: Aðild að Evrópsku efnahagssvæði eða innganga í EB. Ég er algerlega ósammála þessari greiningu. Það eru margir fleiri kostir. Sem dæmi vil ég nefna þann kost að fara í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um samning sem getur byggst á meginþáttum viðskiptaákvæða EES-samningsins og ýmsu öðru sem tryggir markaðsaðgang og markaðsstöðu framleiðsluvöru, þjónustustarfa og annað. Það væri mjög erfitt að mínum dómi fyrir Evrópubandalagið að neita því að gera tvíhliða samning sem byggði á höfuðþáttum viðskiptakafla EES-samningsins, sérstaklega í ljósi þess að önnur aðildarríki EFTA og hugsanleg aðildarríki EES-samningsins hafa ákveðið að fara aðra braut. Auðvitað væri hægt að verja löngu máli til þess að lýsa því hverjar röksemdirnar voru þegar ákveðið var í tíð síðustu ríkisstjórnar að

fara í viðræðurnar við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði. Alþb. stóð að þeirri ákvörðun. Við töldum rétt að kanna þá leið til hlítar. Ég man eftir því að í ríkisstjórninni vakti það nokkra athygli þegar Svíar ákváðu að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Samt sem áður efast ég um að nokkur maður í þeirri ríkisstjórn hefði trúað því þá ef honum hefði verið sagt það að árið 1992 hefðu nánast öll önnur aðildarríki EFTA ákveðið að sækja um aðild. Ef við hefðum vitað það árið 1990 þá hugsa ég að við hefðum allir orðið sammála um þá niðurstöðu að ekki væru lengur forsendur fyrir áframhaldandi viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði af því að meginforsendan var hugmyndin um stórt ytra svæði, aðra meginstoðina í viðskiptakerfi Evrópu utan við Evrópubandalagið, utan við ríkjaeiginleika Evrópubandalagsins sjálfs, viðskiptabandalag fullvalda sjálfstæðra ríkja sem ættu í þessum efnahagslegu tengslum við Evrópubandalagið en ætluðu ekki að afsala forræði sínu og sjálfstæði í hendur stjórnar stofnana þess. Ég er líka þeirrar skoðunar að mikill misskilningur sé að halda að einhver efnahagsleg óáran muni hefjast á Íslandi þótt ekki takist samningar um Evrópskt efnahagssvæði. Hvernig rökstyð ég þá skoðun? Í fyrsta lagi er það þannig að mikil eftirspurn er eftir íslenskum sjávarafurðum víða um heim. Það sem við fáum kannski á Evrópumarkaðnum í dag umfram annað skiptir 1–2 milljörðum. Að vísu er það mikilvægt en það er engin afgerandi tala. Við skulum heldur ekki gleyma því að hinn mikli þungi útflutnings frá Íslandi á Evrópumarkaðinn í dag er fyrst og fremst afleiðing af innbyrðis gengisþróun Evrópumyntanna og Bandaríkjadollars á síðustu tíu árum. Það er ekkert sem segir að það innbyrðis vægi muni halda áfram næstu tíu ár. Það getur hæglega gerst að sveiflan verði á ný dollaranum hagstæð og Evrópumyntunum óhagstæð og hvað mun þá gerast? Það sem mun gerast er að íslenskir útflytjendur flytja vörur sínar einfaldlega yfir á þann markað þar sem þeir fá meira fyrir vöruna, Bandaríkjamarkaðinn. Það er ekkert eðli í sjálfu sér sem skapar þessa áherslu á Evrópumarkaðinn. Það er fyrst og fremst verðið sem þar hefur fengist á undanförnum missirum. Íslenskir útflytjendur hafa sýnt það að þeir hafa mikla hæfileika til þess að flytja vörur sínar frá einu markaðssvæði til annars ef gengisþróun og verðsveiflur segja þeim að það sé hagstætt.

Það er líka alveg ljóst að fyrst og fremst bílaiðnaðurinn, annar þungaiðnaður og framleiðsluiðnaður í Evrópubandalaginu og samkeppni hans við bandarískar vörur og japanskar vörur knýr Evrópubandalagið til að búa til þetta innra varnarsvæði fyrir sína eigin framleiðslu. Það er meginástæðan fyrir því að Svíar telja sér nauðsynlegt að fara þangað inn. Hin ástæðan er hin sameiginlega landbúnaðarstefna, hið risavaxna framleiðsluráð landbúnaðarins sem hæstv. utanrrh. hefur fordæmt mjög á Íslandi og talið af hinu illa í hinu íslenska hagkerfi en er nú greinilega orðinn svo skotinn í að hann setur það ekki fyrir sig þegar hann horfir á Evrópubandalagið. Þess vegna er ekkert í reynd, engin sönnunargögn sem liggja á borðinu um það að hagvöxtur á Íslandi og efnahagsleg velsæld muni hnigna þótt við náum ekki á allra næstu árum viðunandi samningum við Evrópubandalagið. Við höfum verið með þá stöðu frá 1976 að hafa ekki viðunandi samninga við Evrópubandalagið. Hefur það komið í veg fyrir eitthvert mesta hagvaxtarskeið hér á Íslandi á árunum 1980, 1976, 1977–1987 eða svo? Nei, auðvitað ekki. Við vorum með eitt mesta hagvaxtarskeið á Íslandi þótt okkur hefði mistekist að ná viðunandi samningum við Evrópubandalagið. Engu að síður upplifðum við metár í efnahagslegri velsæld, aukningu þjóðartekna þannig að við sköruðum langt fram úr öðrum OECD-ríkjum án þess að hafa viðunandi samninga við Evrópubandalagið. Það er satt að segja fáheyrð skammsýni og villandi málflutningur að ætla að telja þjóðinni trú um það eins og hæstv. utanrrh. gerði hér í dag og hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði í fréttatíma Stöðvar 2 núna áðan að ef við sækjum ekki um aðild að Evrópubandalaginu og komumst þangað inn, blasi hér við efnahagsleg örbirgð og einangrun. Ég fullyrði að það eru fjárfestingarmistök Íslendinga sjálfra sem valda meiru um lífskjörin hér á landi nú og á næstu árum heldur en skorturinn á samningi við Evrópubandalagið. Ef Íslendingar halda áfram á braut fjárfestingarmistaka, við sjálfir eins og við höfum gert í margvíslegum atvinnugreinum á síðustu tíu árum, munu samningar við Evrópubandalagið engu breyta í þeim efnum. Það er okkar eigið fjöregg, hvernig við förum með það sem ræður úrslitum. Við skulum bara nefna nokkur dæmi.

Hæstv. forsrh. hefur lagt fyrir þingið flugstöðina og Framkvæmdasjóð. Til viðbótar má nefna loðdýraræktina og fiskeldið og ég veit að hæstv. forsrh. þekkir það vel að í stjórn Landsvirkjunar hefur á síðustu tíu árum verið fjárfest fyrir 22 milljarða án þess að neinn nýr orkukaupandi sé fyrir hendi. Síðan á að vígja glæsihús í næsta mánuði, þekkt veitingahús og annað sem ég ætla ekki að telja upp. En sé þetta allt lagt saman, fjárfestingar Landsvirkjunar, loðdýraræktin, fiskeldið, ráðhúsið og flugstöðin, þá eru fjárfestingar á síðustu tíu árum sem engum arði skila í dag 45–50 milljarðar. Þetta er meginorsök hinna efnhagslegu örðugleika á Íslandi, ekki skortur á samningum við Evrópubandalagið. Það er satt að segja alveg fáheyrð skammsýni í efnahagslegri greiningu og vítaverð blekkingariðja ef menn gera sér grein fyrir því sjálfir að halda því að þjóðinni að það sé vegna skorts á viðunandi samningum við Evrópubandalagið sem hér sé ekki hagvöxtur eða efnahagsleg hagsæld. Það eru sjálfskaparvítin hjá okkur sjálfum sem hafa komið í veg fyrir það að þjóðartekjur Íslendinga geti vaxið þrátt fyrir aflasamdrátt. Ef þessir 45–50 milljarðar, sem liggja í virkjunarkostum Landsvirkjunar, í fiskeldinu og loðdýraræktinni, flugstöðinni og ráðhúsinu, væru í arðbærum atvinnutækifærum sem atvinnulífið hefði fjárfest af skynsemi og skipulögðum hagnaði og arði þá værum við með álíka hagvöxt í dag og er í öðrum OECD-ríkjum. Þessi patenthyggja er bölið í umræðunni. Hvort sem það er álver, eða EES eða aðild að EB, eitthvað eitt sem á að leysa allan vanda.

Nei, auðvitað er það þannig, virðulegi utanrrh., að

Ísland á marga kosti. Þó að það sé eðli okkar kennaranna, sem erum að glíma við nemendur hvort sem það er í Menntaskólanum á Ísafirði eða Háskólanum á Melunum, að einfalda málin þannig að það sé bara A og B svo að bekkurinn skilji þetta nú skýrt, þá er veröldin miklu flóknari, hæstv. utanrrh. Það er algerlega villusýn að móta íslenska utanríkisstefnu út frá því að íslenska lýðveldið eigi bara tvo kosti og annar þeirra sé senn úr sögunni og þá sé bara EB eftir.

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hefur verið lögð fram er viðamikil. Í henni er að finna margt um afvopnunarmál, um Atlantshafsbandalagið, um störf Sameinuðu þjóðanna og margt annað sem vissulega er meira en þess virði að ræða í umræðunni vegna þess að það mun ekki síður hafa áhrif á örlög íslenska lýðveldisins á næstu árum og áratugum en sá kafli sem mesta athygli hefur vakið. Auðvitað er það þannig að verði sáttmálsörk 21. aldarinnar samþykkt á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó og fari þjóðir heimsins að haga hagkerfi sínu í samræmi við þá sáttmálsörk þá mun það hafa í för með sér miklu meiri breytingar á íslenska hagkerfinu en aðild að Evrópubandalaginu. Fróðlegt væri fyrir hv. þm. að kynna sér efnisatriði þeirrar sáttmálsarkar, þessarar nýju stjórnarskrár heimsins sem taka á gildi á nýrri öld og okkur öllum er ætlað að starfa eftir ef við ætlum að skila jörðinni byggilegri í hendur barna okkar. Ef við ætlum að koma í veg fyrir það að þegar börnin okkar verða á sama aldri og við verði allur suðurhluti Evrópu orðin brennandi eyðimörk; ef við ætlum að koma í veg fyrir það að allir fiskstofnar sem við þekkjum í dag hverfi af Íslandsmiðum; ef við ætlum að koma í veg fyrir það að jöklarnir bráðni hér í hafið; ef við ætlum að koma í veg fyrir það að krabbamein verði útbreiddasti sjúkdómur Íslendinga vegna gatsins á ósonlaginu; ef við ætlum í reynd að geta sagt við börnin okkar: sá heimur sem þið takið við er jafnöruggur og sá heimur, sem við tókum við, þá verða þjóðir heimsins að breyta hagkerfum sínum á næstu 10–15 árum í samræmi við hina nýju sáttmálsörk. Þær breytingar eru sem betur fer á þann veg að það sem við eigum á Íslandi gnótt af mun vaxa að verðmæti. Hreint vatn, umhverfisvæn orka, óspillt náttúra, víðátta, aðgangur að umhverfinu, hrein vara úr landbúnaðarvörum og fiski. Verðmæti þess á eftir að vaxa og vaxa.

Ég á að vin mann sem er yfirmaður Araba- og Norður-Afríkudeildar Alþjóðabankans. Hann er reyndar giftur íslenskri konu og hefur kynnt sér nokkuð okkar mál. Hann er líka einn helsti ráðgjafi Arabaríkjanna og ríkjanna í norðurhluta Afríku í efnahagsmálum og hann hefur sagt hvað eftir annað: „Þið Íslendingar eruð með í höndunum olíu 21. aldarinnar.“ Vatnið, olía 21. aldarinnar, vegna þess að það er ekki aðeins í stórborgum Evrópu sem menn eru farnir að borga offjár fyrir drykkjarvatnið sem við tökum úr krönunum, heldur er millistéttin og hin ríka efri stétt í stórborgum þriðja heimsins líka þegar í dag reiðubúin að borga offjár fyrir það öryggi sem felst í hreinu vatni. Vöxtur markaðarins í Bandaríkjunum einum fyrir drykkjarvatn er tvær billjónir lítra á ári. Á sama tíma og allt stjórnkerfi landsins hefur verið upptekið við álver og verksmiðju þar og verksmiðju hér þá hefur einn af frammámönnum íslenskrar iðnvæðingar, Davíð Scheving Thorsteinsson, sýnt og sannað það að það er hægt að skapa gull með því að setja vatn í neytendaumbúðir. Menn hafa brosað í kampinn og sagt: Davíð Scheving. Hæstv. utanrrh. hefur leyft sér að gera grín að því að ég hafi á opinberum vettvangi vakið athygli á þessu afreki í útflutningsþróun sem Davíð Scheving Thorsteinsson hefur unnið í andstöðu við flest og flesta hér heima. En það er einn risagámur á dag, hæstv. utanrrh., sem fer frá þessari verksmiðju og hún er þegar orðinn stærsti orkukaupandi á höfuðborgarsvæðinu ef álverið er undanskilið og ætlar að stækka við sig. Hún ræður ekki við eftirspurnina.

Nei, við skulum átta okkur á því hverjar eru auðlindirnar sem við höfum í höndunum. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé reiðubúinn að gera samning sem felur það í sér að Perrier og fleiri slík fyrirtæki, frönsk, þýsk, svissnesk geti komið hingað og sett upp átöppunarverksmiðjurnar frjálst, tekið vatnið úr krönunum í frjálsri fjárfestingu og tekið þannig allan arðinn úr landinu af þessari auðlind. Við höfum sagt: Þeir mega ekki fara í fiskinn, þeir mega ekki fjárfesta í sjávarafurðum. En eins og þeir samningar liggja núna fyrir sem utanrrh. vill gera og eins og markaðskerfi Evrópubandalagsins er úr garði gert þá gætu þessi fyrirtæki haft óhindraðan og frjálsan aðgang að dýrmætustu auðlind Íslands, blávatninu, vatnslindunum. Þau þyrftu bara að fá leyfi til þess að láta renna í kranann. En allur arðurinn yrði þeirra.

Ég segi nei. Ég er ekki tilbúinn til þess að afhenda þýskum og frönskum og enn öðrum erlendum fyrirtækjum yfirráðaréttinn yfir nýtingunni á þeirri auðlind 21. aldarinnar sem e.t.v. á eftir að verða okkur verðmætari en fiskurinn í hafinu. Það væri mikil skammsýni okkar sem nú erum kjörnir á þing ef við ættum að verða til þess að taka þessa auðlind frá afkomendum okkar.

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir að ákveðið hefði verið að leita eftir viðræðum við ríkisstjórn Bandaríkjanna um starfsemi Bandaríkjamanna hér á Íslandi, herstöðina og varnarsamninginn. Ég fagna því. Hins vegar fannst mér nokkuð skorta á að hæstv. utanrrh. ræddi um forsendurnar. Ég ætla ekki að rifja upp deilurnar um bandaríska herinn eða aðildina að NATO. Í salnum eru menn sem hafa lifað allan þann tíma og þekkja hann vel. Auðvitað vita allir að rökin fyrir komu bandaríska hersins var óttinn við árás Sovétríkjanna á Ísland. Ráðamenn kommúnistaríkjanna mundu reyna að yfirtaka Ísland með herafla. Nú er Varsjárbandalagið úr sögunni, kommúnistakerfið er hrunið, ógnarstjórnin farin og margar frjálsar þjóðir komnar þar í stað. En við erum enn þá með herinn, við erum enn þá með varnarkerfið. Þess vegna er óhjákvæmilegt að spyrja: Hver er óvinurinn? Hver er óvinurinn sem hyggur á árás á Ísland? Eða erum við komnir svo, hæstv. utanrrh., að við erum bara með herstöð ef ske kynni að einhverjum dytti í hug að ráðast á okkur? Þá vil ég í því sambandi minna á þá fyrirvara sem

Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson og Eysteinn Jónsson gengu frá og Alþingi Íslendinga lýsti yfir á sínum tíma að hér ætti ekki að vara her á friðartímum.

Ekki hefur vakið mikla athygli hér á landi að 1. febr. sl. átti sér stað á Camp David fyrsti leiðtogafundur George Bush og Jeltsíns, forseta Rússlands. Á þeim leiðtogafundi gáfu þeir út mjög merka yfirlýsingu sem vakið hefur mikla athygli erlendis en lítið farið fyrir hér heima. Í þeirri sameiginlegu yfirlýsingu sem er í sex sérstökum liðum kemur það alveg skýrt fram í fyrsta lið að Rússland og Bandaríkin líta ekki lengur á hvort annað sem óvini. Héðan í frá munu samskipti ríkjanna einkennast af vináttu, gagnkvæmu trausti og samvinnu.

Í yfirlýsingunni kemur fram að bæði ríkin munu vinna að því að útrýma öllum leifum kalda stríðsins, óvináttu og spennu, munu draga úr vopnabirgðum og taka saman höndum til að byggja upp samvinnu, lýðræði, öryggi, mannréttindi, verslun, fjárfestingu og efnahagslega samvinnu. Ríkin munu vinna markvisst saman að því að leggja niður deilur annars staðar í heiminum, draga úr útbreiðslu kjarnorkuvopna og koma í veg fyrir ógnaraðgerðir á fjölmörgum sviðum. Þetta nýja samband, eins og segir í yfirlýsingunni, verði forsenda varanlegs friðar í veröldinni og milli ríkjanna tveggja. Kalda stríðinu sé lokið en Bandaríkin og Rússland munu tengja heiminn saman á grundvelli vináttu Bandaríkjanna og Rússlands.

Virðulegi forseti. Ég sakna þess nokkuð að í ítarlegri skýrslu hæstv. utanrrh. er lítið sem ekkert vikið að þessari tímamótayfirlýsingu forseta Bandaríkjanna og forseta Rússlands, þessa friðarsáttmála sem þeir hafa gert og verið hefur grundvöllur samskipta þeirra síðan.

Ég tek hins vegar undir það sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að afgerandi líkur eru á því að Bandaríkin munu sjálf að eigin frumkvæði draga úr umsvifum herstöðvarinnar hér. Það er efnahagsleg nauðsyn fyrir Bandaríkin, en það er líka afleiðing af þeirri stefnu sem þar hefur verið mótuð. Staðreyndin er nefnilega sú að forseti Bandaríkjanna og þingið taka þessa stefnu mjög alvarlega. Það sem hefur hins vegar heyrst frá Alþfl. á Íslandi er að hamla verði gegn þessari stefnu og þar hefur líka verið í fararbroddi hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann sé ekki sammála að forsenda endurskoðunar varnarsamningsins, sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að fara í, hljóti að vera hin nýja vináttugjörð rússneska lýðveldisins og Bandaríkjanna. Ef við göngum út frá þeirri nýju vináttugjörð, er þá nokkur annar óvinur í Evrópu sem varnarstöðin er til þess að verja okkur gagnvart?

Þannig er að margir þurfa að endurskoða heimsmynd sína við það að kúgunarkerfi kommúnismans hefur blessunarlega hrunið. Það er dálítið leitt að þurfa að játa það að maður finnur miklu fyrr slíka lifandi meðvitund hjá mörgum þingmönnum í Bandaríkjunum en ýmsum fulltrúum gamalla kaldastríðsviðhorfa á Alþingi Íslendinga.

Ég vil einnig láta það koma fram að mjög fróðlegt verður að fylgjast með því hver ákvæðin verða sem Vestur-Evrópubandalagið mun festa í lög sín um aukaaðild. Ég mun veita því mikla athygli þegar þau koma fram hvers eðlis þau verða. Mér finnst satt að segja dálítið bráðlæti hjá hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn að lýsa því yfir að þeir séu mjög spenntir fyrir aukaaðild að Vestur-Evrópubandalaginu án þess að fyrir liggi nokkur ákvæði um það hvað felst í þeirri aukaaðild. Hins vegar er alveg rétt að nauðsynlegt er að skoða með opnum huga hvað í því kann að felast. Kannski höfnum við því, kannski skoðum við það með ákveðnum hætti. En það er ekki skynsamlegt að segja fyrir fram áður en menn sjá hver ákvæðin verða að þetta sé æskileg skipan fyrir okkur.

Ég tek eftir því í skýrslunni að þess er að vænta í apríl að greinargerðin liggi fyrir um þessi ákvæði og þá finnst mér rétt að utanrmn. og Alþingi allt skoði þau og geri sér grein fyrir því hvaða skuldbindingar eru fólgnar í slíkri aukaaðild.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. utanrrh. til þess að halda áfram á þeirri braut sem hann hefur að nokkru leyti verið á, einnig innan ríkisstjórnarinnar, að beita sér fyrir með virkum hætti að afvopnun á höfunum verði formlegt samningsatriði milli kjarnorkuveldanna. Sú kenning var lengi við lýði að einhliða afvopnun gæti ekki átt sér stað. Eins og ég hef rakið fyrr í ræðu minni hafa forsetar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, og síðar Rússlands, sýnt fram á það að einhliða afvopnun getur verið mjög árangursrík og margt mælir með því að hún geti einnig orðið það hvað snertir höfin.

Hins vegar hefur komið fram að innan Sjálfstfl. er töluverð gagnrýni á stefnu hæstv. utanrrh. um afvopnun á höfunum. Aðstoðarmaður forsrh. hefur m.a. skrifað gagnrýnisgreinar á hæstv. utanrrh. varðandi þetta atriði en ég vil hins vegar láta það koma fram að þar finnst mér hæstv. ráðherra vera á réttri braut og vil eindregið styðja hann til þess að halda áfram að vinna þeim hugmyndum brautargengi á alþjóðlegum vettvangi.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þær hugmyndir um endurskipulag Sameinuðu þjóðanna sem komu fram í tillögum sem Norðurlöndin hafa lagt fram innan Sameinuðu þjóðanna og lýsa yfir samstöðu með þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda hér á landi 21. jan. um þetta efni. Það er mjög ánægjulegt að utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa lýst yfir stuðningi við leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna eða öryggisráðsins sem haldinn var í lok janúar en á þeim fundi var staðfestur skilningur allra ríkja í öryggisráðinu að vinna að nýju öryggiskerfi á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna og fela framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Boutros-Ghali, að leggja fram í júlímánuði ítarlega skýrslu þar sem fram kæmu hugmyndir um breytingar á starfsháttum og skipulagi Sameinuðu þjóðanna til þess að festa í sessi nýtt öryggiskerfi. Ég sakna þess hins vegar að á Íslandi hefur ekki orðið mikil umræða um þessar hugmyndir. Þær eru mjög athyglisverðar. Þær fela það m.a. í sér að

hvert og eitt aðildarríki Sameinuðu þjóðanna geti kallað til sín friðargæslusveitir og öryggissveitir Sameinuðu þjóðanna án þess að öryggisráðið samþykki það formlega ef viðkomandi ríki telji sér ógnað. Með öðrum orðum að gagnstætt því sem verið hefur hingað til að fyrst þurfi stríð að brjótast út, síðan þurfi öryggisráðið að fjalla um málið og þá fyrst þegar þar hefur náðst samkomulag sé hægt að senda friðargæslusveitir og öryggisgæslusveitir á vettvang, þá fela þessar hugmyndir í sér að fyrir fram geti hvert ríki sem telur sér ógnað óskað eftir því að fá til sín slíkar friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna og þá fyrst þegar þær hafa verið í landinu í ákveðinn tíma verði metið af öryggisráðinu hvort árásarhættan sé fyrir hendi.

Hugmyndirnar fela einnig í sér að Sameinuðu þjóðirnar fái yfir að ráða gervihnöttum og öðru upplýsinganeti sem veitir upplýsingar um flutning herafla, flugvéla, kafbáta og annað það sem hernaðarbandalögin hafa hingað til ein og sér haft. Hugmyndirnar fela einnig í sér að hernaðarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur sofið værum svefni í um 40 ár, verði aftur virk þannig að ásamt framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna fari nefnd hershöfðingja með yfirstjórn yfir friðar- og öryggisgæslusveitum Sameinuðu þjóðanna til þess að tryggja smáum ríkjum og stórum frið og öryggi án þess að þær þurfi að leggja mikið fé í eigin herafla. Allar þessar hugmyndir tryggðu mjög öryggi Íslands ef þær næðu fram að ganga. Þess vegna er brýnt hagsmunamál fyrir Íslendinga að innan Sameinuðu þjóðanna verði fljótlega niðurstaða í málinu. Ég hef haft aðstöðu til þess á undanförnum vikum að kynna mér nokkuð þær hugmyndir sem þarna er um að ræða og þann stuðning sem þær kunna hugsanlega að hafa, bæði innan öryggisráðsins og eins hjá ýmsum mikilvægum ríkjum sem nú eru utan öryggisráðsins. Það er ánægjulegt að verða vitni að því að í fyrsta skipti í um það bil 40 ár er raunverulegur vilji til þess að gera öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna að virkum framkvæmdaraðila um alla veröld. Það mundi auðvelda okkur Íslendingum mjög lausn okkar öryggismála ef slíku kerfi væri komið á og það er ekki bara draumsýn. Það er ekki fjarlægur veruleiki. Það er satt að segja ekkert minni líkur á því að það verði komið á innan 2–3 ára en að Norðurlöndin gangi í Evrópubandalagið. Þess vegna er vissulega mikilvægur þáttur í umræðunni um öryggismál Íslands, framtíð herstöðvar hér á landi, aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópubandalaginu, framtíð Atlantshafsbandalagsins hvaða áhrif nýtt öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna hefði á öryggismál Íslands. Ég vona þess vegna að allir flokkar á Alþingi kynni sér þessar hugmyndir. Ég vona að utanrrh. Íslands verði jafnvirkur í að kynna þær hér á landi og hann hefur verið í að kynna ýmislegt annað því það er vissulega brýn nauðsyn fyrir okkur litlu þjóð að átta sig á þeim róttæku breytingum sem eru að eiga sér stað. Sem betur fer er það þannig að flestar þær breytingar sem eru að gerast í veröldinni í dag styrkja tilveru smáríkjanna, efla sjálfstæði þeirra og öryggi og veita víðtækari viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti þeirra, lýðræðislegum grundvelli, mannréttindum og efnahagslegu sjálfstæði. Mikill misskilningur er að halda því fram að straumþunginn í breytingunum í dag í allri veröldinni sé að það hafi átt að draga úr tilverugrundvelli smáríkjanna. Síðasti áratugur 20. aldarinar er í reynd blómatími smáríkjanna í veröldinni. Það sýna breytingarnar á Sameinuðu þjóðunum þar sem við vorum lengi minnsta þjóðin en erum það engan veginn lengur. Það sést af víðtækum umræðum sem fjölmörg smáríki um heim allan taka þátt í í dag um hagsmuni þeirra í framtíðinni. Það sést af hinni víðtæku viðurkenningu sem sjálfsákvörðunarrétturr þjóðar, mannréttindi og lýðræðisleg stjórnskipun njóta um alla veröldina. Þess vegna vil ég biðja hæstv. utanrrh. að hugleiða í alvöru hvort ekki sé rétt hjá honum að víkja nú af braut þeirrar villu að telja að veröldin sé að verða á næstu árum heimur hinna stóru bandalaga, og við þurfum að leita þar skjóls og átta okkur frekar á því að breytingarnar sem við erum blessunarlega að verða vitni að fela í sér blómaskeið smáríkjanna ef menn hafa vit og vilja til þess að nýta sér þá möguleika sem auðug þjóð með traustan efnahag, örugga menningu og langa hefð sjálfsstjórnar getur vissulega átt um langa framtíð.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. lagði áðan út af fréttaviðtali við áhrifamesta þingmann Alþfl. utan ráðherraliðsins, hv. 6. þm. Reykn., og ályktaði af þeim ummælum að nú væri hið mikla samsæri afhjúpað, nú lægi fyrir hvert væri stefnt og ekki nein tvímæli lengur á því að Alþfl. hefði lýst því yfir að sækja bæri um aðild að Evrópubandalaginu fyrir áramót. Þetta eins og flest annað sem fram kom í maraþonræðu hv. þm. er ofmælt af þeirri einföldu ástæðu að við umræðu um utanríkismál 30. mars 1990 lýsti hv. þm. Karl Steinar Guðnason, vissulega áhrifamikill þingmaður, ekki ofmælt hjá hv. 8. þm. Reykn., sömu viðhorfum og fram komu í þessu fréttaviðtali. Hann sagði þá orðrétt í umræðum um utanríkismál, með leyfi forseta:

„Ég tel að Íslendingar verði af fullri alvöru að hugsa um mögulega inngöngu í Evrópubandalagið. Ef nágrannar okkar, t.d. Norðmenn, helstu keppinautar okkar á fiskmörkuðunum, gerast aðilar er líklegt að rödd Íslands utan þess bandalags verði afar veik."

Þetta gefur til kynna þá afstöðu sem hv. þm. hafði áður lýst. Síðan hefur Alþfl. haldið flokksþing. Þar var tillaga borin upp um það að flokkurinn lýsti yfir fylgi við inngöngubeiðni í Evrópubandalagið. Hún var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Síðan hefur flokkurinn gengið til kosninga og birti þar stefnuskrá sína. Þar stendur vissulega eins og frægt var að Alþfl. útilokaði ekki þennan kost fyrir fram frekar en aðra, en setti ströng skilyrði.

Með öðrum orðum hefur engin ákvörðun verið tekin fyrir hönd Alþfl. Ég vil taka það skýrt fram svo að það vefjist ekki fyrir mönnum í umræðunni að stefna Alþfl. er óbreytt, að stefna ríkisstjórnarinnar er óbreytt og þessi ummæli gefa ekki tilefni til þess að túlka eða ályktа neitt annað.

Enn fremur liggur alveg ljóst fyrir að það sem sagt var fyrir seinustu kosningar er jafnrétt nú og það var þá. Með öðrum orðum jafnvel þótt meiri hluti Alþingis kæmist að þeirri niðurstöðu eftir vandlega skoðun á kostum að rétt væri að leggja fram aðildarumsókn að Evrópubandalaginu þá mun engin slík ákvörðun verða tekin á þessu kjörtímabili af tæknilegum ástæðum. Þar að auki lægi það fyrir að um það færu fram kosningar, þjóðaratkvæðagreiðsla og annað þess háttar þannig að öll eru þessi ummæli út í hött.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið er mjög einfalt, hæstv. utanrrh. Er hæstv. utanrrh. sammála eða ósammála hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni? Ég bið hæstv. utanrrh. að svara því með já-i eða nei-i. Er hæstv. utanrrh. sammála hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að Íslendingar eigi að leggja fram umsókn um aðild að EB fyrir áramót? Við skulum alveg sleppa öllum dómum um það hvort ég er með ofmæli eða ekki. Við skulum bara fá það á hreint. Er utanrrh. og formaður Alþfl. sammála Karli Steinari Guðnasyni eða ekki? Já eða nei? Ég bið hæstv. utanrrh. að koma upp og mæla annað hvort orðið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er fljótsvarað. Utanrrh. er ósammála því að Íslendingar leggi fram umsókn um aðild að Evrópubandalaginu fyrir áramót að gersamlega ókönnuðu máli. Ég er jafnósammála þeirri afstöðu nú og ég var ósammála tilvitnuðum ummælum árið 1990. Ég er hins vegar að flytja þau boð og hef rökstutt það ítarlega að það eru nokkrir þættir þessa máls sem ég tel rétt að Íslendingar láti fara fram rækilega skoðun og könnun á og taki þess vegna enga afstöðu eða lýsi engri niðurstöðu í því máli fyrr en að rækilega rannsökuðu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. var ekki reiðubúinn að taka hér af skarið. Hann er að vísu reiðubúinn að segja það að hann sé ekki sammála þeirri skoðun að við eigum að leggja inn umsókn nú að óathuguðu máli, en hann vill láta athuga málið, það hefur komið fram í skýrslunni, það hefur komið fram hér í dag. Hann telur nauðsynlegt að kanna málið. Hann útilokaði ekki að sú ákvörðum yrði tekin fyrir áramót að lokinni þeirri athugun að sækja um aðild. Munurinn er eingöngu sá að hv. þm. Karl Steinar Guðnason telur sig vera búinn að kanna málið og er reiðubúinn að ákveða nú þegar að leggja fram umsókn. Hæstv. utanrrh. vill fá að kanna málið, útilokar ekki að leggja fram umsókn og útilokar ekki að hann kunni að vera reiðubúinn til þess fyrir lok ársins.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína við ræðu hv. 8. þm. Reykn. og formanns Alþb. að hann lagði mikið upp úr því að forsrh. hefði sagt að aðild að EB væri ekki á dagskrá á þessu kjörtímabili. Ég vil benda þingmanninum á að aðeins eru þrjú ár þangað til þessu kjörtímabili lýkur og ég tel aðild að EB hvorki koma til greina á þessu kjörtímabili né heldur því næsta. Ég heyrði ekki að þingmaðurinn gerði nokkuð með það að það kemur annað kjörtímabil eftir þetta kjörtímabil. En það sem kannski var merkilegast við ræðuna var það sem ekki var sagt, nákvæmlega sama og hann orðaði með hæstv. forsrh., að hann hefði ekki talað. Það var það sem hann sagði á föstudaginn var og reyndar í hádegisfréttum þann sama dag að búið væri að koma í veg fyrir þann möguleika að á næstu mánuðum mundi nást víðtæk samstaða allra flokka um Evrópskt efnahagssvæði. Ekkert slíkt kom fram í ræðu þingmannsins og ég fagna því að hann hafi áttað sig á því, kannski við nákvæman lestur skýrslu hæstv. utanrrh. og að hlusta á hann hér og hlusta á fleiri eins og t.d. hv. þm. Karl Steinar Guðnason sem sagði svo sem ekkert nýtt núna í kvöld því að þetta hefur hann sagt oft áður. Hann hefur kannski áttað sig á því að Evrópskt efnahagssvæði er ekkert annað en stoppistöð á leiðinni inn í Evrópubandalagið og þó að það verði ekki á þessu kjörtímabili þá verður það á því næsta og þess vegna verðum við að stöðva að Alþingi staðfesti samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Þessu hlýtur þingmaðurinn að gera sér grein fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er fyllilega ljóst að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur ekki útilokað aðild að Evrópubandalaginu um aldur og ævi. Það er fullkomið aukaatriði í málinu. Hann hefur hins vegar tekið á sig þá ábyrgð að vera forsrh. Íslands þetta kjörtímabil. Síðan mun þjóðin kjósa að því loknu og fylgi flokkana og samstarfsamningar þeirra ráða því hvaða ríkisstjórn verður þá mynduð. Ég hef ekki gert aðra kröfu til hæstv. forsrh. en þá að orð hans og yfirlýsingar fyrir hönd þessarar ríkisstjórnar standi. Það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að hæstv. forsrh. svari fyrir sig eða ríkisstjórn sína um aldur og ævi. En hann hefur alveg tvímælalaust tekið af skarið fram til þessa hvað þetta kjörtímabil varðar, valdatíma þessarar ríkisstjórnar og það er það sem hann er ábyrgur fyrir sem forsrh. Íslands. Ég hef þess vegna kosið að treysta þeim orðum hans og þeim yfirlýsingum þar til annað kemur í ljós. Hv. þm. verður bara að hafa þann skilning á því sem hún vill, en ég kýs að treysta þessum orðum hæstv. forsrh. þar til annað kemur í ljós. Ég rakti hér fjölmargar yfirlýsingar hans fyrr í dag, yfirlýsingar frá fyrsta mánuði hans í embætti og yfirlýsingar frá síðustu tíu dögum sem ganga alveg þvert á það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt.

Varðandi stuðninginn um Evrópskt efnahagsvæði þá tel ég að sú yfirlýsing sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson flutti fyrr í dag, að yfirlýsing utanrrh. hefði að hans dómi dregið mjög úr möguleikunum á að ná samstöðu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, sýni það augljósa mat að hafi utanrrh. haft áhuga á því að skapa samstöðu um samninginn um Evrópskt efna-

hagssvæði hefur hann valið mjög ranga aðferð til þess með skýrslu sinni.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var ekki að draga í efa hér áðan að hv. þm. tryði því sem hæstv. forsrh. hefur sagt. Ég benti honum einfaldlega á það og það kom fram í máli hans hér áðan að hæstv. forsrh. hefði eingöngu sagt að aðild kæmi ekki til greina á þessu kjörtímabili. En ég vil einnig taka fram að yfirlýsingar hæstv. utanrrh. koma mér ekkert á óvart og þetta er ekkert ósvipað mörgu því sem kom fram hjá utanrrh. í síðustu ríkisstjórn sem var sú ríkisstjórn sem hv. þm. sat í. Auðvitað er þetta orðið miklu skýrara og menn hafa komið út úr skúmaskotunum og talað hreint út. Það er auðvitað ágætt að það skuli vera gert. Þá þurfa menn ekki að velkjast í vafa en þessir fyrrum samstarfsmenn þingmannsins í ríkisstjórn eru búnir að vera með þetta á stefnuskrá sinni að mínu mati ansi lengi. Þetta er ekki að koma núna fyrst í ljós. Þeir reyna að sverja það af sér enn þá en nú er þingmaðurinn orðinn sammála mér í því að þeir stefni að sjálfsögðu beint inn í EB. Mér var það mikil ánægja að heyra í máli þingmannsins að nú væru komnir aðrir kostir og nú ætti að kanna aðrar leiðir og tekur hann þá undir það sem við þingkonur Kvennalistans höfum talað um hér allt síðasta kjörtímabil að stefna ekki að EES eða EB heldur leita annarra leiða.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennilegt að ég skuli þurfa að koma hér hvað eftir annað til þess að verja hæstv. forsrh. fyrir ummælum hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, en ég ætla að gera það engu að síður því það er rangt hjá þingmanninum að ég sé nú orðinn þeirrar skoðunar að hæstv. forsrh. hafi eingöngu sagt það að það væri ekki á dagskrá að fara inn í Evrópubandalagið á þessu kjörtímabili. Ég hef alls ekki sagt það. Ég hef þvert á móti vitnað í fjölmargar yfirlýsingar hæstv. forsrh. þar sem hann hefur sagt það að það væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar að fjalla um aðild — ekki einu sinni að fjalla um aðildina. Ég vil nefna ræðuna sem hæstv. forsrh. flutti 16. maí þar sem þetta kom skýrt fram að ekki væri einu sinni á dagskrá ríkisstjórnarinnar að fjalla um aðild, hvað þá heldur að ganga inn. Ég vil líka nefna ummæli hans frá 5. mars, frá 14. mars, þar sem skýrt kemur fram að ekki sé á dagskrá ríkisstjórnarinnar að fara að kanna eða ræða eða fjalla um aðild að Evrópubandalaginu. Þar til annað kemur í ljós kýs ég að láta yfirlýsingar hæstv. forsrh. standa enda er ég sannfærður um það að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar styður þessar yfirlýsingar og ég mun ekki breyta þeirri afstöðu minni fyrr en ég heyri hæstv. forsrh. lýsa því yfir að nú sé hann kominn með aðra skoðun. Þar til hæstv. forsrh. kemur með slíka yfirlýsingu kýs ég að telja að hann tali fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa skýrslu sem er að mörgu leyti fróðlegt og merkilegt plagg þótt þar orki vissulega margt tvímælis. Ég lít svo á að skýrslan, sem er mikil að vöxtum, gefi okkur þingmönnum tækifæri til að ræða málefnalega og af hreinskilni um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna í dag og hverra kosta við eigum völ í því efni.

Margir hafa sagt það á undan mér og það er vissulega rétt að við Íslendingar stöndum núna á krossgötum og við verðum að endurmeta stöðu okkar. Fyrir því eru tvær ástæður sem eru raunar mjög samtengdar.

Í fyrsta lagi þá stöndum við andspænis nýrri heimsmynd sem varð til við hrun Sovétkerfisins. Annar pólli nn í heimspólitíkinni varð að engu og það þarf, ef svo má að orði komast, „umpóla" allt kerfið. Múrar hrundu, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkinu og menn, sem sáu ekki lengra en nef þeirra náði, fengu allt í einu nýtt útsýni. Órækasti vitnisburður um þetta er að allt í einu mátti gagnrýna Íslenska aðalverktaka harkalega án þess að eiga á hættu að vera kallaður kommi. Meira að segja Morgunblaðsritstjórarnir voru eins og kálfar að vori og tóku fullan þátt í gagnrýninni. Allt er þetta jákvætt og við skulum vona að nýfengið hugsanafrelsi í utanríkismálum haldist sem lengst.

Eftir hrun Sovétkerfisins fór fólk úti um allan heim að reyna að átta sig á þeirri breytingu sem orðin var í heimsmálunum og þeirri hugmyndalegu gerjun sem hún hlýtur að hafa í för með sér. Þetta var önnur ástæðan fyrir því að við stöndum á krossgötum.

Í öðru lagi má nefna að hrun Sovétkerfisins hefur breytt landakortinu og þar með dregið úr þeirri mikilvægu stöðu sem Ísland hafði á landakorti eftirstríðsáranna. Óvinurinn í austri er kominn að fótum fram og líklega er það að verða álíka fáránlegt fyrir Bandaríkin að miða hernaðaruppbyggingu sína og skipulag við óvininn í austri og það hefði verið í upphafi þessarar aldar fyrir Breta að miða uppbyggingu sína við Frakka sem þeim hefur engin ógn stafað af alla þessa öld. Þetta þýðir með öðrum orðum að íslensk stjórnvöld geta ekki lengur spilað á hernaðarlegt mikilvægi landsins í samskiptum sínum við grannana í vestri. Heimurinn í dag er með öðrum orðum allt annar en hann var að stríðslokum og það kallar á pólitískt endurmat, bæði hjá einstaklingum og þjóðum. Slíkt mat er ekkert einfalt og hefur aldrei verið.

Í skýrslu sinni segir hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Sá margslungni veruleiki sem tekið hefur við af einfaldri heimsmynd eftirstríðsáranna hefur í för með sér áður óþekkt tækifæri í alþjóðamálum. Jafnframt hefur hann þó skapað nýja óvissu."

Þessi fullyrðing hæstv. utanrrh. er rétt að því leytinu til að við stöndum vissulega andspænis óþekktum tækifærum og nýrri óvissu, en hún er röng hvað það varðar að heimsmynd eftirstríðsáranna hafi verið einföld. Hún var áreiðanlega ekki einföld í augum þeirra sem þurftu að átta sig á henni að stríðslokum. Hún var áreiðanlega ekki einföld í augum íslenskra stjórnmálamanna sem þurftu að taka afstöðu til utanríkismála á árunum 1946–1951.

Sú reynsla að verða vitni að fjörbrotum valdstjórn-

arinnar í Austur-Evrópu hefur aukið bjartsýni Vesturlandabúa og trú okkar á getu mannsins til að brjótast undan kúgun og ótta. En á sama tíma höfum við fyllst sjálfumgleði og ákveðinni siðblindu. Við höfum sannfærst um að samfélag okkar sé hin ókjósanlegasta fyrirmynd sem þurfi að eignast spegilmyndir í öllum heimshlutum. Hagkerfi okkar sé hið besta allra hagkerfa. Menning okkar annarri menningu æðri. Stjórnmál okkar öðrum stjórnmálum fremri. En er það svo? Hvar á hugmyndafræði alræðisins í austri upptök sín ef ekki í vestrænni menningu okkar og hugmyndaheimi? Hver var viðmiðun Sovétríkjanna í iðnvæðingu ef ekki Vesturlönd? Hvar á hugmyndin um að hægt sé að skapa hagkerfi sem standi utan og ofan við manninn sér sterkari rætur en einmitt á Vesturlöndum? Hagkerfi þar sem einhver ópersónuleg velsæld mæld í hagvexti er keppikeflið. Hagkerfi þar sem menn trúa því að fái hin ósýnilega hönd markaðarins að ráða mun hún tryggja bestu fáanlegu niðurstöðu.

Ofurseld þessari trú eða blekkingu skipuleggur nú allur hinn vestræni heimur nýja hagvaxtarsókn sem kemur líklega hvergi skýrar fram en í Evrópubandalaginu. Boðorð dagsins er að steypa saman fyrirtækjum og byggðum til að ná fram sérhæfingu og hagkvæmni svo hægt sé að lækka vöruverð. Framleiða vöruna þar sem það hagkvæmast er og flytja hana þaðan til neytenda um alla Evrópu og jafnvel vítt og breitt um heim allan. Til þess að knýja öll þau farartæki sem til þess þarf ganga menn á olíuforða heimsins sem senn er á þrotum. Með því að skipuleggja framleiðsluna með þessum hætti eykst kaupgeta fólks og neysla sem leiðir til meiri framleiðslu og veltu sem aftur skapar meiri hagvöxt í tölvum og pappírum reiknimeistarana. Enda þótt auðlindir séu þurrausnar, rigningin súrni, fiskurinn hætti að klekjast út í sjónum, skógar eyðist, súrefnisforði okkar minnki og frjósamt land breytist í eyðimörk þá hefur það ekki áhrif á hagvöxtinn. Náttúran er ekki færð til bókar, hún mælist ekki í hagtölum. Menn reikna með að náttúran láti þjónustu sína í té endurgjaldslaust og það gerir hún vissulega, en aðeins tímabundið. Jörðin og auðlindir hennar eru höfuðstóll sem hefur takmarkaða stærð og þess vegna ríkir þar lögmálið um takmarkaðan vöxt. Trú okkar á endalausan vöxt mætir takmörkunum sínum í náttúruheiminum. Þegar okkur skilst þetta og þegar við hættum að ganga á höfuðstólinn og tökum aðeins vextina hefur fyrst myndast það sem við getum kallað þegnskapur milli okkar og náttúrunnar. En ef okkur skilst þetta ekki fljótlega hrynur hið vestræna velferðarríki senn til grunna líkt og alræðiskerfið fyrir austan. „Þá er maðurinn ekki lengur mannsins skjól, heldur versti óvinur mannsins", eins og Halldór Kiljan Laxness orðaði það.

Þetta vitum við öll í hjarta okkar, almenningur jafnt sem stjórnmálamenn og athafnamenn. En þessar staðreyndir eru einfaldlega of erfiðar til að við viljum horfast í augu við þær. Við treystum okkur ekki til að leita lausna. Þess vegna segjum við eins og hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Margvíslegar hömlur á milliríkjaverslun hafa tafið stórlega fyrir iðnvæðingu þriðja heims landa."

Hafa menn velt því fyrir sér hvað iðnvæðing þriðja heims landa mundi þýða? Vitum við ekki öll hvernig færi ef bílar og ísskápar breiddust út um heimsbyggð alla? Þó að þessar spurningar séu erfiðar þá eru svörin það ekki síður. Við Vesturlandabúar getum auðvitað ekki látið þriðja heiminn súpa seyðið af neyslufylliríi okkar. Þeir sem búa í suðurhluta heimsins geta auðvitað ekki sætt sig við það að nýfengin umhverfisvitund okkar í norðrinu eigi að verða til þess að þeim séu allar bjargir bannaðar. Við þessu er í rauninni ekki nema eitt svar og það er að við Vesturlandabúar lærum að minna er betra. Við þurfum ekki að auka kaupmáttinn á Vesturlöndum, hann er ærinn, en honum er bara misskipt. Vesturlönd verða að beina kröftum sínum að því að þróa og nota nýja tækni og bæta nýtingu náttúruauðlinda.

Ég var að tala um þriðja heiminn og það sem þar þyrfti að gerast. En ef litið er til framlags Íslendinga til þróunarhjálpar verður það ekki beinlínis til að auka bjartsýni á að við Íslendingar viljum leggja eitthvað á okkur til að bæta stöðu þriðja heimsins. Enn er framlag okkar til þróunarhjálpar aðeins 0,13% af þjóðarframleiðslunni en ætti að vera um tífalt meira eins og kemur fram í skýrslu utanrrh. Það dapurlega er, ef marka má kannanir sem nýverið hafa verið gerðar hér á landi, að stórum hluta þjóðarinnar finnst að nóg sé að gert og hefur satt að segja ekki mikinn á huga á að auka framlög sín. Þetta þýðir þó ekki að þjóðin sé ekki, ef svo má að orði komast, raungóð á þrautastundu því á undanförnum missirum hefur hún slegið öll met í fatasöfnunum handa Kúrdum og öðrum þjóðum sem eru klæðalitlar og illa haldnar.

Ég hlýt engu að síður að vekja athygli á því að í raun eru þessar safnanir til vitnis um þá miklu neyslu sem við Íslendingar eins og aðrar Vesturlandaþjóðir ástundum. Þjóð sem getur gefið og sent frá sér fleiri tonn af góðum fatnaði er ekki á neinni vonarvöl eins og stundum mætti ætla af umræðunni.

Eins og ég sagði þá er Evrópubandalagið í hagvaxtarsókn. Liður í henni er innri markaður bandalagsins sem EFTA-ríkin hafa lagt alla áherslu á að komast inn á, fyrst í formi EES-samnings og þegar fram líða stundir sem fullgildir aðilar að EB. Ég er sjálf býsna sannfærð um að grunnhugmyndin á bak við stór og þurftafrek efnahagskerfi eins og EB er manninum ekki vinsamleg og ég hef reynt að færa rök fyrir því hér á undan. Það breytir þó ekki því að EB er staðreynd sem hvorki við Íslendingar eða aðrir komast fram hjá. Við erum öll sammála um að við þurfum að tengjast bandalaginu með einum eða öðrum hætti, en okkur greinir á um hverra kosta við eigum völ í því sambandi. Hvaða kostir eru farsælastir þegar til lengri tíma er litið?

Undanfarin þrjú ár hafa menn einblínt á hið Evrópska efnahagssvæði og allir stjórnmálaflokkar nema Kvennalistinn vildu láta reyna á þá leið til að tengjast EB. Við kvennalistakonur höfum hins vegar alltaf haldið því fram að EES sé anddyrið að EB og það þarf ekki okkur til að segja það. Martin Bangemann, vara-

forseti framkvæmdastjórnar EB, var að því spurður nú nýlega í svissnesku tímariti hvort menn gætu gleymt EES, hvort það væri búið að vera og þjónaði ekki tilgangi lengur. Hans svar var, svo vitnað sé orðrétt, með leyfi forseta: „Svo talað sé táknrænt þá er EES anddyrið að stóra, upplýsta veislusalnum þar sem kvöldverðurinn mikli verður framreiddur.“ — Þetta voru orð Martins Bangemanns.

En vegna þess að við kvennalistakonur höfum litið svo á að þetta væri anddyrið að EB hafa margir furðað sig á ítrekuðum yfirlýsingum mínum um að ég telji eðlilegt að ræða aðild að EB sem einn af þeim kostum sem við Íslendingar eigum núna í utanríkismálum. En því skyldi ég neita að taka þátt í umræðu um EB fremur en EES þegar ég er þeirrar skoðunar að EES leiði til aðildar að EB? Við kvennalistakonur höfum aldrei neitað þeirri umræðu.

Það sem gæti kannski komið í veg fyrir beint orsakasamhengi þar á milli, þ.e. á milli EES og EB og orðið okkur til bjargar ef að af EES verður þá á annað borð, væri lítill áhugi innan EB til að fá í sinn hóp 250 þúsund manna málsamfélag sem nyti hlutfallslega sömu réttinda og aðrar og stærri þjóðir innan bandalagsins. Ég held að það þjóni ekki hagsmunum Íslendinga að ræða EES einangrað og án þess að gera sér sæmilega grein fyrir því sem líklega mun gerast þegar og ef önnur EFTA-ríki ganga inn í EB. Hin einangraða umræða er vissulega einfaldari og auðveldar ýmsum að taka afstöðu til EES-samningsins en við getum tæplega gert út á þægindin í þessum málum. Það er vissulega ríkt í okkur öllum að firra okkur pólitískum óþægindum, ekki síst í utanríkismálum þegar margvíslegir stimplar eru á lofti og menn sem ekki rekast með réttum hætti í umræðunni eru ýmist stimplaðir sem einangrunarsinnar eða landsölumenn. En til þess eru vítin að varast þau. Íslensk þjóð er nýskriðin upp úr skotgröfum sem mynduðust á fimmta áratugnum vegna ágreinings í utanríkismálum og það er mikilvægt að við reynum í lengstu lög að koma í veg fyrir að hún skríði ofan í þær aftur.

Að ýmsu leyti stendur þjóðin í svipuðum sporum og hún gerði að stríðslokum, þ.e. hún verður að finna stað sinn í breyttum heimi. Að vísu voru aðstæður að því leytinu til öðruvísi þá en nú að menn og þjóðir voru enn í sárum eftir mannskæða styrjöld og milli hervelda anna í austri og vestri ríkti svikalogn og ótti gróf um sig. Á árunum 1946–1951 átti sér stað atburðarás hér á landi sem menn sáu ekki fyrir og sem leiddi til þess að hér settist að bandarískur her og hefur verið æ síðan.

Árið 1945 höfnuðu Íslendingar staðfastlega þeirri málaleitan Bandaríkjamanna að leigja til langs tíma bækistöðvar fyrir herlið á þremur tilgreindum stöðum á landinu. Um þetta voru fulltrúar allra þingflokka sammála. Árið 1946 var hinn svokallaði Keflavíkursamningur gerður sem mörgum virtist harla saklaus en aðrir töldu að í raun fæli í sér að Bandaríkjamenn fengju herstöðvar á Íslandi. Heimildir sýna svo ekki verður um villst að margir íslenskir stjórnmálamenn, sem að samningnum stóðu, voru sannfærðir um að hann mundi duga og að á Íslandi yrðu aldrei herstöðvar á friðartímum. En atburðarásin var hröð í heiminum þá sem nú og eftir því sem upptakturinn að kalda stríðinu var sleginn fastar þeim mun fleiri stjórnmálamenn komust að þeirri niðurstöðu að Keflavíkursamningurinn dygði ekki einn og sér. Næsta skref var þá að ganga í NATO 1949 og í kjölfar Kóreustríðsins þótti ýmsum sem nauðsynlegt væri að auka enn hervernd landsins og árið 1951 var gerður samningur við Bandaríkin um varnir Íslands. Það var með öðrum orðum búið að semja um þær herstöðvar sem menn höfðu svo staðfastlega neitað Bandaríkjamönnum um aðeins sex árum áður og voru þá allir sammála um.

Því er þetta rifjað upp hér að ástæða er að hafa í huga hvernig eitt skref leiðir til og réttlætir að næsta skref sé stigið. Þess vegna er rétt að hafa það hugfast þegar fyrsta skrefið er stigið hvert ferðinni er heitið. Það sakar a.m.k. ekki að gera sér nokkra hugmynd um það.

Sem betur fer þurfum við hér inni ekki að ræða um utanríkisstefnu Íslendinga og stöðu Íslands í alþjóðamálum við sömu aðstæður og þeir sem sátu á Alþingi á árunum 1945–1951 og einmitt þess vegna er engin ástæða til að setja strax á sig hlekki í umræðunni. Við stöndum andspænis nýfengnu frelsi til að skoða og skilgreina heiminn og við megum ekki afsala okkur því við fyrstu hentugleika.

Eina hefðin sem við Íslendingar eigum í umræðum um utanríkismál er hefð sjálfstæðisbaráttunnar og hefð herstöðvabaráttunnar. En þessar tvær hefðir eru reyndar sérkennilega samofnar. Þær duga okkur ekki lengur til að takast á við veruleikann, þær eru ekki lengur í takt við breytta tíma. Við sem tökum þátt í umræðum um utanríkismál í dag verðum því að leitast við að móta nýja hefð og ég vil leyfa mér að segja hefð sem ekki er eins frumstæð og hefð sjálfstæðisbaráttunnar og hefð herstöðvabaráttunnar sérstaklega þegar þær samtvinnast.

Hæstv. utanrrh. skilgreinir í skýrslu sinni, sem er til umræðu, hver hafi verið og skuli vera grundvallarmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu eða eins og segir: að standa vörð um fullveldi og sjálfstæði lýðveldisins og tryggja öryggi og velferð þjóðarinnar, verja auðlindir landsins og efla atvinnuvegi og samgöngur.

Þetta eru vissulega göfug markmið, en standast þau? Hvernig er komið sjálfstæði lýðveldis sem á síðasta ári tók við um 14 milljarða kr. greiðslum vegna reksturs og framkvæmda bandarískra herliðsins hér á landi?

Um 10% af gjaldeyristekjum Íslendinga komu frá hernum og fjárfesting hans var jafnmikil og öll fjárfesting í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða samanlagt. Ef skoðuð eru margfeldisáhrifin af gjaldeyristekjunum vegna herliðsins má áætla að 40–45 milljarða króna af þjóðarframleiðslunni megi rekja til beins eða óbeins arðs, ef svo má að orði komast, af herliðinu á árinu 1991. Það ár var bara eitt af fjörutíu svo að tekjurnar sem Íslendingar hafa haft af hernum eru ekki litlar þegar allt er saman talið.

Margt bendir nú til þess að Bandaríkjamenn muni draga úr umsvifum sínu á Íslandi á komandi árum og

reyndar eru þeir þegar byrjaðir á því. Þetta munu þeir gera bæði vegna minnkandi hernaðarmikilvægis landsins og vegna krafna heima fyrir um að skera niður útgjöld til hermála. Auðvitað ættum við Íslendingar að fagna því enda stóð aldrei til að gera þetta land að herstöð, eða hvað? En hvað á að koma í staðinn fyrir öll eggin sem látin voru í þessa körfu? Enginn flokkur á Alþingi hefur svar við því, það verður að segjast eins og er, og þetta er einmitt eitt af þeim málum sem við verðum að taka á sameiginlega þó að þeir flokkar sem stóðu að þessari efnahagslegu samtvinnun og hafa staðið að henni í gegnum árin beri vissulega ríkari ábyrgð en aðrir.

Það hversu efnahagslega háð við erum Bandaríkjamönnum sýnir að sjálfstæðishugtakið er ekki einhlítt. En hvað er það þá sem skiptir máli í öryggis- og utanríkismálum þjóðarinnar? Ég er sannfærð um að líf ríki sjávarins er stærsta öryggismál þjóðarinnar og ég hef reyndar margsagt það hér á Alþingi og þess vegna hljótum við að leggja alla áherslu á að vernda það og endurheimta þau gæði sem þegar hafa tapast. Til þess að ná því markmiði er ýmsu fórnandi og þar á meðal misskildu stolti ráðamanna og reyndar stórs hluta þjóðarinnar í hvalamálinu. Við þurfum að ná samstöðu við eins marga og kostur er um að það lífshagsmunamál þjóðarinnar að vernda lífríki sjávarins fái staðist. Í því sambandi vaknar auðvitað sú spurning hvernig stjórnvöld ætla að verjast umhverfisslysi í hafinu umhverfis Ísland. Á það er ekki minnst einu orði í skýrslu utanrrh. en hins vegar er enn þá verið að velta því fyrir sér hvernig æfingu bandarísks liðsafla hér á landi skuli hagað eða „til varnar Íslandi" eins og segir í skýrslunni. Og ég spyr: Hverju eiga þessir hermenn að verjast? Hvaðan kemur hættan? Kemur hún úr austri?

Hvernig sem allt veltist og snýst í samskiptum okkar Íslendinga við aðrar þjóðir verðum við að tryggja yfirráð þjóðarinnar yfir helstu auðlindum okkar, ekki síst fiskimiðunum og fallvötnunum. Um þau yfirráð má ekki vera neinn vafi. Þessi yfirráð skipta ekki síst máli ef og þegar hinar stóru heildir leysast upp því að það geta þær sannarlega gert. Eignarréttur á auðlindum skiptir litlar þjóðir mun meira máli en stórar. Það skiptir okkur máli að valdið yfir mikilvægustu auðlindum okkar og fyrirtækjum sé ekki í höndum manna eða afla sem eru ósýnileg og víðs fjarri íslenskum veruleika. Þeir sem með þetta vald fara þurfa að vera þekktir og tiltækir og deila kjörum með þjóðinni. Síðast en ekki síst er það umhverfi okkar, menning og tunga sem við verðum að passa upp á þó ekki væri vegna annars en þess að fjölbreytni er kostur í sjálfu sér og öflug menning er einhver mikilvægasti aflvaki þjóðar. Ég held að tengsl okkar við aðrar þjóðir verði menningu okkar ekki skeinuhætt. Þau hafa aldrei verið það. Það sem gæti hins vegar sem best gert út af við menninguna væri andvara- og aðgerðarleysi stjórnvalda í menningar- og menntamálum.

Það er mín skoðun að allt þetta og fleira til þyrfti að kanna og leggja til grundvallar umræðu um stöðu Íslands í breyttum heimi. Sú umræða er ekki einföld og hún verður að fara fram í þjóðfélaginu öllu. Utanrrh. leggur til í skýrslu sinni að í ráðuneytum og stjórnarstofnunum fari fram ítarleg úttekt á því hvað EB-aðild hefði í för með sér. Hann segir, með leyfi forseta: „Að lokinni slíkri úttekt verður fyrst hægt að hafna aðildarkostinum að vandlega athuguðu máli." Og síðar í skýrslunni segir hann: „Fyrst og fremst verður að kanna mælanleg áhrif EB-aðildar á íslenskt efnahagslíf og stjórnkerfi. Því fer fjarri að slík könnun jafngildi meðmælum með aðild að EB en hitt væri ábyrgðarleysi að kanna ekki hvaða afleiðingar hún hefði í för með sér."

Með þessum yfirlýsingum hefur hæstv. ráðherra komið umræðu um EB-aðild á dagskrá með öðrum og meira afgerandi hætti en hingað til. Til skamms tíma voru svör hans og forsrh. á þá lund að málið væri ekki á dagskrá. Utanrrh. var vanur að segja að því aðeins væri rétt að skoða aðild að EB að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði fengist ekki samþykktur hér á landi eða af EB. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort hann sé e.t.v. að komast á þá skoðun að ekkert verði af samningnum um EES, hvort hann meti kröfur þingmanna á EB-þinginu um að dómstóllinn skoði fleira en dómstólaþátt samningsins sem svo að þeir muni ekki tilbúnir til að samþykkja samninginn. Þessar athugasemdir hafa nýverið borist í pósti til þeirra þingmanna sem sitja í þingmannanefnd EFTA. Þar kemur auðvitað fram að þær eru mjög alvarlegar en þær eru í rauninni ekki aðrar en þær hafa verið nú um langt skeið. Þeir hafa alla tíð gert alvarlegar athugasemdir við þennan samning og eitt af því sem þeir hafa bent á er að ekki sé hægt að hafa lýðræðislegt eftirlit með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Laganefnd Evrópuþingsins tekur í rauninni talsvert afgerandi afstöðu til samningsins í athugasemdum sínum sem nú eru fram komnar. En það er kannski ekkert nýtt og þess vegna hlýtur sú spurning að vakna hvort ráðherra hafi í höndunum einhverjar upplýsingar sem við hin höfum ekki og sem bendi til þess að samningurinn verði ekki samþykktur af Efnahagsbandalaginu. Þessum spurningum hljóta bæði utanrrh. og forsrh. að þurfa að svara hér í dag vegna þess að ef svo er hafa þau svör afgerandi áhrif á umræðuna. Mig langar í því sambandi að minnst orða utanrrh. hér fyrr í dag þegar hann sagði: „Aðalatriðið við EES-samninginn er að hann er ekki í höfn." Telur hæstv. utanrrh. að þessi samningur muni ekki nást í höfn? Hefur hann einhverjar þær upplýsingar í höndunum sem benda til þess?

Forsrh. hefur hingað til hliðrað sér hjá öllum svörum og svarað því til að hann leggi ekki í vana sinn að svara yfirlýsingum meðráðherra sinna í fjölmiðlum. Þetta eru auðvitað engin rök hjá hæstv. forsrh. því að yfirlýsing utanrrh. voru ekki orð í gáleysi töluð í hita leiks heldur vandlega úthugsaðar setningar í skýrslu ráðherrans sem er væntanlega skýrsla ríkisstjórnarinnar allrar til Alþingis. Hafði hæstv. forsrh. kannski ekki séð þessa skýrslu eða umræddar yfirlýsingar? Er skýrslan prívatframtak utanrrh.?

Í þessu sambandi skulum við hafa það hugfast líka að allir, nema kannski íslenskir ráðamenn, líta á Evr-

ópska efnhagssvæðið sem mikla skammtímalausn. Nú síðast hafa heyrst háværar raddir frá Svisslendingum um að þeim beri að sækja um aðild að EB og þess má geta að ungliðahreyfingar sex stjórnmálaflokka þar í landi hafa sameinast um tvö baráttumál: Í fyrsta lagi að berjast gegn fíkniefnum og í öðru lagi að vinna að því að Sviss sæki um aðild að EB. Verði það raunin er lítið orðið eftir af EFTA-stoðinni á Evrópska efnahagssvæðinu. Og ég segi og tek undir orð hæstv. utanrrh.: Varla trúa menn því að litla Ísland geti orðið eitthvert burðarvirki í EFTA. Þess vegna segi ég nú og það höfum við kvennalistakonur alltaf sagt: Ef menn ætla á annað borð að ræða EES þá verður EB að vera inni í þeirri mynd. Að öðrum kosti eru menn hugsanlega að gangast undir það, meðvitað eða ómeðvitað, að leiða þjóðina bakdyramegin inn í EB. Eftir aðlögunarferlið að Evrópska efnahagssvæðinu gætum við staðið í þeim sporum að EB hefði ráð okkar í hendi sér og hverra kosta ættum við þá völ?

Um þá tillögu utanrrh. að láta fara fram úttekt á EB-aðild í stjórnarstofnunum og ráðuneytum vil ég segja það eitt að ég óttast að út úr slíkum úttektum komi pantaðar niðurstöður, þ.e. ráðuneyti og stofnanir lagi sig að vilja þeirra sem með völdin fara og úttektirnar panta. Við höfum því miður séð allt of mörg dæmi um slíkt. Eigi slík úttekt að fara fram þarf hún bæði að vera víðtækari en ráðherra leggur til og pólitískir flokkar og félagshreyfingar þurfa að koma að henni. Og það þarf að taka almennt á því hverra kosta Íslendingar eiga nú völ í alþjóðamálum og með hvaða hætti við ætlum að tengjast grannríkjum okkar. Við þurfum m.a. að skoða stöðu okkar gagnvart Norðurlandaráði, NATO, Vestur-Evrópusambandinu og EB. Sú spurning vaknar í þessu sambandi hvort ekki sé ástæða til að dusta nú rykið af Evrópustefnunefndinni sem starfaði á Alþingi og útvíkka verksvið hennar þannig að hún geti tekið til þessara þátta allra.

Talandi um Vestur-Evrópusambandið þá vaknar m.a. upp sú spurning hvernig á því standi að ríkisstjórnin hafi ekki rætt hugsanleg tengsl Íslands við Vestur-Evrópusambandið á vettvangi utanrmn. Íslandi hefur verið boðin aukaaðild að þessu sambandi sem er, ef að líkum lætur, öryggis- og varnarbandalag Evrópu í framtíðinni. Segir í skýrslu utanrrh. að íslenskir embættismenn hafi átt fundi með þýskum starfsbræðrum sínum og aðalframkvæmdastjóra Vestur-Evrópusambandsins til að fá frekari upplýsingar um merkingu aukaaðildar. Utanrmn. hefur engar upplýsingar fengið um þessar umræður og ég hlýt að nota tækifærið og mótmæla því og vil ég í því vitna til 24. gr. þingskapalaga þar sem skýrt er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli hafa samráð við utanrmn. við mótun utanríkisstefnu.

Um Norðurlandaráð, sem er eitt af því sem Íslendingar þurfa að taka til skoðunar núna, og framtíð þess væri auðvitað hægt að tala langt mál en ég læt það ógert, a.m.k. að sinni. Það er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af Norðurlandasamstarfinu, ekki síst vegna afstöðu forustumanna í ríkisstjórnum á Norðurlöndum til þessa samstarfs. Því miður virðist gæta mikils tvískinnungs hjá þeim gagnvart samstarfinu á vettvangi Norðurlandráðs og þeim menningarlegu rótum sem þetta samstarf byggir á. Segja má að þeir tali tungum tveim þegar að Norðurlandaráði kemur. Annars vegar segja þeir eins og Carl Bildt að tími norræna módelsins sé liðinn eða eins og Esko Aho að norræna módelið sé dautt, svo að vitnað sé beint til þessara tveggja heiðursmanna, og hins vegar segja þeir að norrænt samstarf og norrænt gildi eigi framtíð fyrir sér innan EB. Ætla þeir að flytja lík í þeirri hraðlest sem á að fara inn í EB árið 1995? Er það það sem þeir hafa hugsað sér ef þetta módel er dautt og ekki nothæft? Og af hverju segja menn að norræna módelið sé búið að vera?

Á Norðurlöndum hefur jöfnuður og jafnræði verið meira en víða annars staðar og þetta tvennt, þ.e. jöfnuður og jafnræði, hefur í raun verið kjarni og inntak hins norræna módels. Þar hefur atvinnuleysi verið minna en í EB-löndum. Þar hefur staða kvenna verið betri. Þar hefur velferðarkerfið verið þróaðra. Finnst mönnum þetta ekki nokkurs virði? Ef þeim finnst það ekki hvað eru þeir þá að tala um að gera þessi gildi að útflutningsvöru til EB? Er það þá ekki frekar markmið þeirra að nota aðild eða aðlögun að EB til að veita norræna módelinu náðarhöggið því að þetta módel á satt að segja mjög undir högg að sækja eftir að hægri stjórnir settust að völdum á öllum Norðurlöndum nema í Noregi. Ég óttast að í röðum ráðherranna í ríkisstjórn Íslands sé mismikill skilningur og áhugi á norrænu samstarfi þó að stuðningur við þetta samstarf sé mikill bæði í orði og verki meðal þjóðarinnar eins og utanrrh. sagði í dag.

Virðulegi forseti. Skýrsla utanrrh. er mikil að vöxtum og því fer víðs fjarri að ég hafi gert henni þau skil sem þyrfti. En væntanlega gefast fleiri tækifæri kvöld, í nótt eða á morgun eða hvenær sem það verður til að taka til máls um þessa skýrslu og ræða fleiri atriði. En áður en ég fer úr ræðustól vil ég nota tækifærið og vekja athygli á þögn utanrrh. um Íslenska aðalverktaka í skýrslunni. Þegar velvilji þeirra til sjálfra sín varð opinber í janúar sl. boðaði utanrrh. að hann mundi flytja Alþingi munnlega skýrslu um málefni fyrirtækisins en vegna veikinda hans varð aldrei af því. Nú hefði hins vegar verið tækifæri fyrir ráðherrann til að ræða þetta mál og gera grein fyrir því í skýrslu sinni hér á Alþingi en hann gerir það ekki. Ég hlýt því að spyrja hvenær von er á umræðu um Íslenska aðalverktaka hér á Alþingi eða ætlar utanrrh. að senda þjóðinni skilaboð um að þetta hafi bara verið eins milljarðs króna bóla sem nú er sprungin?

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi þróun innan hinna iðnvæddu samfélaga og þörfina á gerbreytingu í sambandi við þá vegferð alla. En þegar kemur að spurningunni um tengsl Íslands við Evrópubandalagið á ég afar erfitt með að átta mig á þankaganginum hjá hv. þm. Hún hefur um það mörg orð að við þurfum að skoða þetta allt saman mjög opnum huga og

er þá væntanlega að gefa í skyn að við höfum ekki verið að því á undanförnum árum. Ég veit satt að segja ekki hvað hv. þm. hefur verið að gera. Ég hef verið að reyna að fara yfir þessi mál í þeirri vídd sem ber að líta á þau. En það er mikill munur á því að athuga landslagið í Evrópu og hugsanleg tengsl okkar þar og svo hitt að ýja að því að við eigum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu eða taka málin upp í því samhengi að til þess geti komið. Hv. þm. hefur undanfarna daga verið að gefa það út að hún telji að slíkt geti komið til greina. Hún sagði fyrir fáum dögum: „Ég held að við gætum mjög auðveldlega staðið í þeim sporum að við ættum ekki annarra kosta völ en að sækja um aðild og þess vegna vil ég fá þessa umræðu upp núna." Fyrir 3–4 dögum ræddi þingmaðurinn þetta einnig. Ég held að við verðum að taka þessa umræðu fordómalaust og við megum ekki bara skoða hvaða áhrif það hefur fyrir íslenskt efnahagslíf og stjórnkerfi að ganga inn í EB. Við verðum að skoða umhverfismálin, velferðarmálin, menningarmálin og ýmislegt fleira og við verðum að skoða það í miklu víðara samhengi hver staða okkar er í alþjóðamálum núna. Aðspurð hvort hún gæti hugsað sér aðild segir hún: Ég get kannski hafnað því fyrir mig en ég treysti mér ekki til þess að hafna því fyrir íslensku þjóðina. Hvert er verið að leiða fólk með hugleiðingum af þessu tagi? Að telja sig í öðru orðinu vera á móti aðild að Evrópubandalaginu en halda samt dyrunum galopnum með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum áður staðið hér í andsvörum, ég og hv. 4. þm. Austurl. um þessi mál. Mér varð reyndar að orði þegar ég heyrði hann mæla það hér úr pontu í dag að af tvennu illu væri EES skárri kostur en EB að hafi ég setið í súpunni þegar ég sagði að af tvennu illu væri EB skárri kostur en EES, þá datt hv. þm. í minn súpupott í dag hér á Alþingi því að hann túlkaði orð mín sem svo, þegar ég sagði þetta að þar með væri ég að segja að aðild að EB væri góð, væri æskileg. Þá hljótum við líka með sömu röksemdafærslu að túlka orð hv. þm. í dag um að aðild að EES sé góð og æskileg og Íslandi til framdráttar en það hefur hann venjulega ekki sagt.

Það sem ég hef verið að tala um hér á Alþingi og víðar er að ég vil skoða þessi mál fordómalaust. Ég vil hafa leyfi til þess að hugsa upphátt í ræðustól og ég tel mig ekki vera að afvegaleiða íslensku þjóðina með því móti. Þegar ég hef sagt að við gætum vel staðið í þeim sporum að við ættum ekki annarra kosta völ en að ganga í EB hefur það verið á þeim forsendum, eins og kom fram hjá mér áðan, að ef EES yrði að veruleika og við værum búin að fara í gegnum það aðlögunarferli gætum við mjög auðveldlega staðið í þeim sporum að við ættum ekki annarra kosta völ en að ganga inn þegar aðlögunarferlinu í gegnum Evrópska efnahagssvæðið væri lokið. Ég hélt satt að segja að hv. 4. þm. Austurl. væri mér nokkuð sammála um þetta atriði og að við þyrftum ekki að deila um það hér í sölum Alþingis. Þegar ég segi að ég geti hafnað því fyrir mig þá segi ég að ég er búin að gera upp minn hug gagnvart Evrópubandalaginu eins og málin standa í dag. Ég tel að það þurfi að fara fram gagnger umræða um þetta þannig að ef við höfnum Evrópubandalaginu viti þessi þjóð nákvæmlega hverju við erum að hafna en finnist ekki eftir á að hún hafi með einhverjum hætti verið snuðuð um umræðuna.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Séum við hv. þm. Ingibjörg Gísladóttir sammála um það að aðild að Evrópubandalaginu sé óæskileg sem og að Evrópsku efnahagssvæði erum við því miður ekki sammála um það hvernig eigi að berjast gegn því að svo fari. Hv. þm. er að ýta undir að það verði farið ofan í saumana á þessu máli með tilliti til þess að sótt verði um aðild að Evrópubandalaginu og telur að slík umræða sé þjóðinni holl og nauðsynleg. Ég held að hv. þm. ætti að átta sig á því hvernig beislinu var smeygt upp á Svía og Finna í þessum málum. Ætli það hafi verið með það í huga að leiða þjóðina í allan sannleikann? Nei, ónei, það var til að geta hafið samningaviðræður við Evrópubandalagið og það á svo fölskum forsendum að ekki var einu sinni haft fyrir því að skýra það fyrir Finnum og Svíum hvað til stæði í Maastricht og raunar ekki eftir að það var búið.

Það er hægt að hafa frómar óskir uppi og stunda akademíska umræðu en þegar til kastanna kemur er það spurningin um valdið og valdakerfið á Íslandi og hvort því leyfist að draga Íslendinga að þessu samningaborði um aðild að Evrópubandalaginu. Gegn því verðum við að beita okkur sem erum raunverulega þeirrar skoðunar að það sé óæskilegt fyrir íslenska þjóð. Það gerum við ekki með því að hjálpa hæstv. utanrrh. og hans skoðanabræðrum með því að framleiða skýrslur um að slíkt geti verið æskilegt eins og þegar er boðað að gert skuli.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Austurl. ratаðist satt orð á munn þegar hann sagði að þó að við værum hugsanlega sammála um að Ísland ætti ekki að ganga inn í EB værum við ekki sammála um baráttuaðferðir. Það er svo sannarleg satt og ég hlýt að spyrja: Ber mér að vera sammála hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni um baráttuaðferðir? Ber mér það? Mér hafði ekki dottið það í hug enda erum við ekki í sama flokki.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls færa hæstv. utanrrh. þakkir fyrir þessa fróðlegu og umfangsmiklu skýrslu sem hann hefur dreift hér á þinginu og fyrir þá ræðu sem hann flutti um skýrsluna sem var yfirgripsmikil og gerir það að verkum að ég get mjög stillt mínum orðum hér í hóf og þarf ekki að fjalla mjög ítarlega um þá þætti sem þar koma fram enda er ég í öllum meginatriðum sammála flestu því sem hæstv. utanrrh. sagði í þessari löngu og ítarlegu ræðu.

Ég ætla í þeim fáu orðum sem ég mun hafa í kvöld

um þetta efni að fjalla um þrjá eða fjóra þætti sem hér hafa verið til umræðu. Ég vil þá fyrst víkja nokkuð að öryggismálum, aðeins fjalla um umhverfismál, norræna samvinnu og svo síðast að þeim málum sem helst tengjast þróuninni í Evrópu og stöðu Íslands gagnvart því sem þar er að gerast.

Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. og kemur glöggt fram í skýrslu hans hafa orðið hreint ótrúlegar breytingar í öllum öryggismálum í okkar heimshluta, Evrópu. Það er ekki vafi á því að þessar umfangsmiklu breytingar munu hafa mikil áhrif á framtíð Atlantshafsbandalagsins og á varnarsamvinnu Íslands og Bandaríkjanna. Það er óhjákvæmilegt fyrir okkur að átta okkur á hverjir séu varanlegir öryggishagsmunir þjóðarinnar óháð breyttum aðstæðum, hverju megi breyta og á hvaða grunni verði að byggja áfram. Þetta er nákvæmlega það sem bandamenn okkar og nágrannar eru að gera þessa dagana og vikurnar og mánuðina.

Þær miklu orrahríðir, þær miklu styrjaldir sem menn háðu hér fyrr á öldinni í tvígang sýndu og sönnuðu glöggt að grundvallarhagsmunir Íslendinga og Íslands í varnar- og öryggismálum lúta fyrst og fremst að því að stöðugleiki ríki á meginlandi Evrópu og jafnframt að varnir Íslands séu tryggðar í samstarfi við Atlantshafsveldin, Bretland og Bandaríkin, einkum þó Bandaríkin. Það eru varanlegir hagsmunir okkar í þessum efnum að tryggja þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Varanlegir hagsmunir okkar mætast á þeim vettvangi og ég vil næstum segja einungis þar í þessum efnum. En Atlantshafsbandalagið tryggir jafnframt að okkar mikilvægasti bandamaður um langan tíma, Bandaríkin, taki beinan og öruggan þátt í öryggismálum Evrópu og haldi þar úti herstöðvum og hersveitum.

Með allt þetta í huga þá höfum við tekið jákvætt í tilboð ríkja Vestur-Evrópusambandsins um aukaaðild þeirra Evrópuríkja sem eru innan NATO en eru ekki í Evrópubandalaginu. Það eru auk okkar, Norðmenn og Tyrkir.

Verði aukaaðilum veitt þau réttindi sem nú virðist mega búast við er í mínum huga ekki vafamál að sú aðild verður varanlegum íslenskum öryggishagsmunum mjög til framdráttar og við eigum, auðvitað eftir yfirvegun, að taka jákvætt tilboði um slíka þátttöku.

Ég lít þannig á að aukaaðild komi annars vegar í veg fyrir að við verðum að velja á milli tveggja meginstoða Atlantshafsbandalagsins, þ.e. Evrópubandalagsríkjanna annars vegar og Norður-Ameríku, Bandaríkjamanna og Kanadamanna, hins vegar eða hafa minni vægi að öðrum kosti í NATO og evrópskum öryggismálum. Við hvorki viljum né að mínu mati getum valið þar á milli. Aukaaðild veitir okkur því möguleika á að hafa áhrif í NATO og jafnframt að hafa áhrif í öryggismálum Evrópu. Ég lít einnig þannig á að aukaaðild komi til skemmri tíma í veg fyrir að við þurfum að gera upp á milli þess að skipa okkur í þessum efnum í hóp EB-ríkja annars vegar og hins vegar NATO-ríkja og hins að glata mikilvægum tækifærum til áhrifa.

Eina leiðin sem kemur til greina önnur en aukaaðild, vilji menn ekki hætta á að missa áhrif, er að stórauka samvinnu við Bandaríkin og fjarlægjast Evrópu. Það fellur að mínu mati ekki að íslenskum öryggishagsmunum né að vilja Íslendinga sem Evrópuþjóðar.

Til lengri tíma litið er hætta á því að samþróunin í Evrópu og ólíkar skoðanir EB ríkja á því hvert skuli vera hlutverk einstakra stofnana í álfunni dragi úr vægi NATO. Vestur-Evrópusambandið kann, vegna frekari stækkunar og samruna EB og vegna innanhússpólitíkur í EB, að þróast andstætt hagsmunum NATO. Það gæti gerst þannig að samráð og ákvarðanir EB-ríkja í NATO færðust alfarið á vettvang EB og þau mættu til funda í NATO og RÖSE með ákveðna afstöðu án raunverulegs samráðs við önnur NATO-ríki. Hins vegar mætti segja að þau mundu í þeirri stöðu jafnframt vilja halda NATO áfram sem einhvers konar tryggingafélagi í bakgrunni Evrópumálanna fremur en pólitískum vettvangi. Ég tel að hvorki við Íslendingar né Bandaríkjamenn gætu sætt sig við slíkt ástand. Ég lít þannig á að án Bandaríkjamanna og hersveita þeirra í Evrópu og a.m.k. skuldbindinga um liðsauka sé tilveru NATO mjög í hættu stefnt.

Ég tel hins vegar að okkur muni gefast kostur á að halda áfram á vettvangi EB-ríkja að vinna að þeim hagsmunum okkar að Atlantshafsbandalagið skipti áfram máli í Evrópu og þar með tengslin yfir hafið milli Evrópu og Norður-Ameríku. NATO hefur á margan hátt tekist mjög vel að hasla sér pólitískan völl við nýjar aðstæður. Samvinnuráð bandalagsins með nýfrjálsu ríkjunum er m.a. til marks um það. Hér hefur NATO notið velgengni sinnar, notið góðs skipulags og áratuga samráðsvenja og þess að mörg nýfrjálsu ríkjanna hafa mikinn hug á að ganga í bandalagið. Þessi ríki gera sér grein fyrir mikilvægi bandalagsins og þess að það tryggir áframhaldandi beina þátttöku Bandaríkjanna í öryggismálum Evrópu.

Breytingar í álfunni og samrunaþróunin í Evrópubandalaginu valda því þó að ekki er sjálfgefið að pólitískt vægi Atlantshafsbandalagsins í Evrópu sé tryggt. Fari svo að það minnki að ráði gæti verið grafið undan áhuga Bandaríkjamanna á bandalaginu og undan tengslum yfir hafið og þar með þeim vettvangi sem skiptir Íslendinga mestu í öryggismálum. Ég lít þannig á að ekkert komi í staðinn fyrir þau tengsl.

Þótt vissulega megi búast við, eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh., verulegri fækkun í norðurflota Rússa og þótt flest bendi til að hann haldi sig áfram að langmestu leyti á heimaslóð og dragi enn frekar úr umsvifum á úthafinu, þá þarf engu að síður, hér eftir sem hingað til, að tryggja varnir siglingaleiðanna yfir Norður-Atlantshaf. Það má hins vegar gera með mun minni viðbúnaði en áður. Þess er þegar farið að gæta að fækkað hafi í herstyrk Keflavíkurstöðvarinnar og ekki er unnt að útiloka frekari samdrátt. Mikilvægum herþotum hefur verið fækkað og nú síðast hefur hátæknivæddum eftirlitsflugvélum verið skipað annars staðar, a.m.k. eftir mitt þetta ár, og munu ekki verða hér nema samkvæmt sérstakri ákvörðun ef atburðir eru taldir réttlæta slíkt.

Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. er tímabært að eiga viðræður við bandarísk stjórnvöld um hverjir séu varanlegir hagsmunir Íslands og Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum almennt og hvort og hvernig þurfi að aðlaga varnarsamstarfið að breyttum aðstæðum og hvernig varnir Íslands verði tryggðar áfram og hver verði framtíðarskipan í öryggismálum okkar og nánustu bandamanna okkar.

Hv. 8. þm. Reykn. og reyndar hv. 10. þm. Reykv. ræddu nokkuð um þessa breyttu stöðu sem tengist öryggismálum okkar. Hv. 8. þm. Reykn. ræddi um einhliða afvopnun sem hefði verið baráttumál sumra en væri orðin viðtekinn háttur og menn kepptust hver á fætur öðrum um að ná sem mestum árangri og standa sem fremst í þeim efnum en áður hefði slíkt verið talin bannvara í umræðum um utanríkismál. Auðvitað veit þessi hv. þm. að aðstæðurnar eru allar aðrar. Það er fyrst eftir hrun Sovétríkjanna sem Vesturveldin telja að komi til álita að vera með einhliða afvopnun. Þeir sem börðust fyrir einhliða afvopnun á sínum tíma, þegar kalda stríðið stóð sem hæst, hvöttu til þess að Vesturlöndin afvopnuðust einhliða meðan sú ógn og sá ógnvænlegi herafli, gereyðingarherafli, var austur þar og laut enn þá stjórnkerfi sem byggt var á alræðiskerfi kommúnismans.

Þessir tveir hv. þm. sem ég nefndi spurðu: Hvar er óvinurinn? Ég hygg að báðir hv. þm. hafi orðað það eins: Hvar er óvinurinn? Fyrir hverjum er verið að verja Ísland og hugsanlega Evrópu og Bandaríkin? Það má kannski segja að óvinurinn í augnablikinu sé óvissan og vopnin eru þar, upplausnin er þar sem vopnin eru. Óvissan er mikil, því miður, enn þá. Í raun hefðu hv. þm. jafnframt getað spurt aðra en okkur. Það hefði mátt spyrja bæði Havel og Valesa sem vilja ganga í Atlantshafsbandalagið og vilja hafa það bandalag sterkt og vilja tryggja bandaríska nærveru í Evrópu. Það mætti spyrja þessa aðila: Hvar er óvinurinn? Ég býst við að þessir aðilar mundu svara með áþekkum hætti og ég hef hér gert.

Hv. 8. þm. Reykn. upplýsti okkur, að ég hygg einum sjö sinnum, um að jörðin væri hnöttur og var það út af fyrir sig gagnlegt að fá það inn í umræðuna. Það kom hins vegar fram hjá honum að allt fram undir 1950 — ef ég skildi það rétt — hefði verið kennt á Ísafirði að jörðin væri flöt. Ég á bágt með að trúa þessu en allt getur gerst og ef önnur kennsla á þeim stað hefur verið með svipuðum hætti skýrir það nokkuð hvers vegna menn hafa fengið ýmsar dularfullar hugmyndir og setið uppi með þær. (**JBH:** Þetta var óhróður.) Mér skilst að aðeins séu 30 ár síðan það var hrakið á Ísafirði að jörðin væri flöt.

Mig langar, virðulegi forseti, að víkja örfáum orðum að þætti sem ég tel mikilvægan í umræðu sem þessari. Ég er sammála því sem kom fram í þeim efnum hjá ýmsum þingmönnum, nú síðast hjá hv. 10. þm. Reykv., að mál eru að snúast þannig að umhverfisþættir og umhverfismál eru að vera hvað mikilvægustu þættir sem menn hljóta að horfa til þegar utanríkismál eru rædd svo merkilegt sem það nú er. Þrátt fyrir að það hafi vissulega verið lengi og séu enn vísindalegir óvissuþættir um margt virðist nokkuð breið samstaða vera að skapast meðal sérfræðinga, leikmanna, stjórnmálamanna, um að umhverfisspjöll hvers konar sé alvarlegur og vaxandi alþjóðavandi sem nauðsynlegt sé að taka fastari tökum á alþjóðavettvangi en gert hafi verið. Það er reyndar, eins og fram hefur komið, kveðið sífellt fastar að orði. Sumir telja jafnvel að vistkerfi jarðarinnar sé beinlínis ógnað verði ekkert að gert og hafa menn þá einkum talað um svonefnd gróðurhúsaáhrif þó að sjálfsagt sé enn svo að slík áhrif er erfitt að meta.

Við Íslendingar höfum enn þá að miklu leyti sloppið við utanaðkomandi mengun. Þrátt fyrir það held ég að það sé ekki vafi í huga neins í þessum sal að mengun, eða réttara sagt vernd hafsvæða okkar gagnvart mengun, er eitt af okkar allra brýnustu og stærstu hagsmunamálum. Þetta á auðvitað við um hafsvæðið í kringum landið en einnig miklu víðar. Það er ljóst að mengun annars staðar kynni að skaða ímynd sjávarvöru almennt. Það eru reyndar fréttir um það einmitt þessar vikurnar að ímynd sjávarvöru hafi skaðast á mikilvægum mörkuðum og auðvitað getur slíkt valdið okkur miklu tjóni. Þótt verndun hafsins verði best leyst með svæðisbundinni samvinnu þá er ljóst að mínu mati að við eigum mikið undir alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Svæðisbundna samninga sem snerta okkar hafsvæði þarf að gera skilvirkari og fljótvirkari. Sönnunarbyrði um umhverfishættu hvílir nú yfirleitt á þeim sem óttast mengun en ekki öfugt. Þessu þyrfti að breyta. Menn tala um það að hafinu stafi einnig hætta af gróðurhúsaáhrifum og þynningu ósonlagsins sem mikið er um rætt. Við eigum auðvitað þá hagsmuni að koma í veg fyrir að slíkar hættur myndist og aukist sameiginlega með öllum ríkjum heims og þessi vandamál verða eingöngu leyst með samvinnu þeirra allra.

Umhverfisvá getur einnig aukið spennu milli ríkja og ríkjahópa og ógnað alþjóðlegu öryggi. Umhverfisvandi verður þannig að mínu mati ekki leystur nema í nánari og umfangsmeiri alþjóðasamvinnu en hingað til hefur þekkst. Þar standa vissulega mjög margar pólitískar hindranir í veginum. Pólitísk tregða á rætur í vísindalegum óvissuþáttum um stöðu mála og óvissuþáttum um afleiðingar umhverfisvanda og í þeim kostnaði sem fylgja mundi mjög mörgum róttækum hugmyndum um umhverfisvernd. Hún á einnig rætur í alþjóðakerfinu sjálfu. Þar skortir vísi að því framkvæmdarvaldi sem alþjóðastofnanir þyrftu óhjákvæmilega að hafa til að fást við alvarlega umhverfisvá.

Ég hygg að það sé kostur og í raun fagnaðarefni að umhverfismál virðast vera á leið til að verða eitt af meginsviðum á vettvangi alþjóðamála. Þau eru einnig ólík hefðbundnum alþjóðamálum, m.a. vegna þess að lausn umhverfisvanda er fremur komin undir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum en ríkisstjórnum. Alvarlegustu hætturnar fyrir umhverfið eins og gróðurhúsaáhrif, þynning ósonlagsins og margs konar mengun sem berst milli ríkja ráðast ekki af ákvörðun ríkisstjórna heldur af friðsamlegum starfa milljóna manna sem þeir teljan nauðsynlegan til að tryggja sín lífskjör. Umhverfismál eiga því við miklu fjölbreytt-

ari og flóknari hagsmuni innan ríkja en öryggismál og hefðbundin efnahagsmál gera.

Þá er utanaðkomandi umhverfisvá óháð landamærum ríkja á allt annan hátt en önnur utanaðkomandi ógn. Slíkar tilfinningar koma iðulega upp. Ég hygg að við höfum mörg hver fengið slíka tilfinningu þegar fréttir bárust, sem betur fer voru þær orðum auknar, um það sem hafði gerst í Rússlandi í námunda við vinaþjóð okkar, Finna. Engin landamæri, enginn her stöðvar vá af því tagi. Umhverfisvá af þessu tagi bitnar á ríkjum óháð gerðum þeirra og jafnt á andstæðingum sem bandamönnum. Að kjarnorkuvopnum frátöldum má verjast árásum annarra með hervörnum. Þá er hægt að hafa stefnu gagnvart umheiminum, draga á ýmsan átt úr utanaðkomandi efnahagsáhrifum og jafnvel einangra sig frá sumum þeirra. Eins og ég sagði er ekkert af þessu unnt að gera gegn utanaðkomandi umhverfisvá. Þá skipta aðgerðir í einu ríki gegn mengun, súru regni sem nefnt var hér fyrr í kvöld, hafmengun, kjarnorkuslysum og þess háttar litlu máli ef önnur ríki fara ekki að dæmi þess. Mengunarvarnir í efnahagslögsögu eins ríkis gera miklu minna gagn en ella ef ekki er samkomulag milli margra ríkja um að vernda hafið utan lögsögunnar. Loks er það ekki eingöngu svo að umhverfisvá nái milli ríkja. Hún nær jafnvel, eins og nú er um talað þó að sjálfsagt skorti enn vísindalega þekkingu, inn í efstu lög gufuhvolfsins og getur með þeim hætti leitt til loftlagsbreytinga um alla veröldina.

Nú stendur fyrir dyrum ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Það bendir að vísu margt til þess að samþykktir þessarar ráðstefnu, Ríó-ráðstefnunnar, verði almennt orðaðar. Margir sérfræðingar munu þeirrar skoðunar að ekki eigi að setja markið hærra á þessu stigi, til þess séu pólitískar hindranir enn of miklar vegna kostnaðar af róttækum aðgerðum um leið og veruleg vísindaleg óvissa ríki um stórmál eins og gróðurhúsaáhrifin. Of metnaðarfull áætlun mundi leiða til harkalegs ágreinings og yrði einfaldlega ekki framkvæmd. Um leið er mjög mikilvægt að ná fram sameiginlegri yfirlýsingu ríkja heims þess efnis að umhverfisvá sé hnattrænt vandamál og viljayfirlýsing um að hafist verði handa. Ég vil ítreka það í umræðu um skýrslu um utanríkismál að ég tel þennan þátt, umhverfismálin, verða í framtíðinni mikilvægasta þátt sem taka eigi til umræðu í tengslum við skýrslu af þessu tagi.

Ég ætla að víkja fáeinum orðum að Norðurlandaráðssamstarfinu sem menn hafa rætt hér. Enginn vafi er á því og ég hygg að það skynji flestir að þetta samstarf er á tímamótum. Það er að taka breytingum og því miður fáum við ekki mjög miklu um það ráðið. Ég vil þó fullyrða að Íslendingar, jafnt ríkisstjórn sem þeir þingmenn sem mest hafa haft sig í frammi, hafa allir beitt sér í þá áttina að reyna að tryggja stöðu norræns samstarfs og tryggja það að það samstarf verði fyrir sem minnstum hnekki. Þeir sem sátu Norðurlandaráðsþing í Helsinki á dögunum hljóta að hafa fundið glöggt að áhugi manna þar er að beinast í aðrar áttir. Ég er að vísu ekki góður dómari í þeim efnum, ég hef ekki farið á slíkt þing áður, en hygg þó að ég geti sagt rétt eins og aðrir að það fór ekki fram hjá neinum að suðrið kallaði á athygli manna. Það var tímanna tákn að kanslari Þýskalands hélt aðalræðu á þessu þingi, mjög ákveðna ræðu, kannski mætti segja afskiptasama ræðu, en það bar ekki á því að þingfulltrúar almennt séð bæru sig undan því. Og við Íslendingar sem þarna vorum, a.m.k. tala ég þar fyrir mig, fundum glöggt að áhuginn var allur í þessa áttina. Auðvitað töluðu menn fagurlega áfram um norrænt samstarf, vináttu frændþjóðanna og mikilvægi þess að menningarleg tengsl og önnur samskipti yrðu öflug hér eftir sem hingað til en það var engu að síður nokkuð holur hljómur í allri þeirri umræðu.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna skipuðu eftir fund í Maríuhöfn í fyrra sérstakan samstarfshóp til þess að gera tillögur um það með hvaða hætti mætti vinna að sameiginlegum málum Norðurlandanna í framtíðinni. Aðeins fyrri hluta þeirra tillagna hefur verið skilað og þær kynntar og jafnvel í þeim tillögum og umræðum um þær finna menn enn þau áhrif sem umræðan í suðurátt hefur. Ég vil nefna dæmi í þessum efnum. Menn tala um að auka vægi ríkisstjórnanna og auka vægi þess lands sem hverju sinni fer með forustu eða undirbýr Norðurlandaráðsþing. Þegar umræða um þetta atriði kom sögðu menn nauðsynlegt að hafa ekki bara formann heldur jafnframt varaformann í þessu nýja kerfi. Og hvernig stóð á því? Jú, vegna þess að flest benti til þess að Ísland yrði eitt utan við Evrópubandalagið í framtíðinni og margt benti til þess að umræðan um þau mál sem tengdust Evrópubandalaginu yrði fyrirferðarmest og þá væri eðlilegt að varaformaðurinn tæki yfir þegar þau mál væru rædd á sameiginlegum fundum forsætisráðherranna þegar Ísland væri í forsæti. Þegar ræddar voru tillögur um það að styrkja norrænt samstarf í tilefni þeirra breytinga sem orðið hafa, þá höfðu þær breytingar strax á umræðustiginu áhrif á þessar nýju tillögur.

Út af fyrir sig var ekki allt neikvætt sem gerðist á þessu þingi. Ég tel til að mynda jákvæða þá tillögu sem hv. 1. þm. Austurl. flutti og fékk samþykkta. Ég tel að með þeim hætti getum við og eigum að vinna að málefnum Norðurlandanna og sannfæra okkar vinaþjóðir um mikilvægi þess að halda því samstarfi öflugu áfram.

Ég vil þá fara úr þessu umræðuefni yfir í það fjórða sem ég vil nefna og heilmikið hefur verið rætt hér í tengslum við þessa umræðu um utanríkismál, ekki vegna þess að ég sé þeirrar skoðunar að þessi breyting á norrænu samstarfi ein og sér eigi að leiða til þess að við eigum að breyta um okkar afstöðu í þeim efnum. Ég vil reyndar í upphafi umræðu um þennan þátt nefna að í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt að veruleg umræða fari fram um þennan þátt í skýrslu um utanríkismál en þó vil ég geta þess að ég tel að segja megi að umræða um Evrópskt efnahagssvæði, ég tala ekki um umræðu um aðild að Evrópubandalaginu, sé kannski frekar innanríkispólitískt mál en utanríkispólitískt mál. Ég vil færa rök fyrir því. Ég tel til að mynda að áður en menn taka ákvörðun um það að taka þátt í samfloti

EFTA-ríkja um Evrópskt efnahagssvæði, þá sé slík umræða í raun miklu frekar innanríkisumræða en utanríkisumræða vegna þess að þá fara menn yfir þau atriði sem sú ákvörðun hefur áhrif á innan lands, efnahagsmál í víðum skilningi, skattamál, sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, iðnaðar- og verslunarmál og önnur slík atriði enda er það svo að það voru forsætisráðherrar landanna sem leiddu fundina í Ósló þegar lagt var upp í umræðun um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar hins vegar meginafstaða hefur verið tekin um það að ganga til slíkra viðræðna má segja að málið breytist í utanríkismál. Þegar taka þarf upp viðræður við aðrar þjóðir um samning af því tagi fer málið yfir á vettvang utanríkismála. En meðan málin eru í þessari grundvallarumræðu er umræðan, að mínu viti, frekar um innanríkismál en utanríkismál enda tengist og teygist umræða af þessu tagi inn á alla þætti þjóðlífsins. Hún getur gerbreytt þeim eins og menn vita og hefur gríðarleg áhrif hvort sem er talað um sjávarútveg, landbúnað eða aðrar grundvallaratvinnugreinar landsins, efnahagsmál, skattamál eða önnur slík atriði.

Í kvöld og fyrr í dag hafa menn rætt um afstöðuna til Evrópubandalagsins og hver sé afstaða ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég tel að það sé í sjálfu sér enginn vafi um afstöðuna hvað það snertir. Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Það er ekki ástæða fyrir Íslendinga að leggja inn aðildarumsókn núna til að sjá hvernig tekið verður í okkar sérkröfur. Það verður ekki gert vegna þess eins að önnur EFTA-ríki og Norðurlönd eru á leið í aðildarsamninga. Hin EFTA-ríkin eru ekki bara að knýja dyra hjá EB til að sjá hvað er innan dyra, ekki einu sinni Finnar þótt finnska ríkisstjórnin hafi sett vissa fyrirvara í umsókn sinni. Hin EFTA-ríkin vita allvel hvað þar er innan dyra og hafa komist að þeirri niðurstöðu að það sé þeim í öllum aðalatriðum þóknanlegt. Þau hafa með öðrum orðum tekið grundvallarákvörðun um að eiga fulla aðild að samrunaþróuninni í Evrópubandalaginu. Þau meta það sem sagt þannig að ávinningurinn sé meiri en kostnaðurinn. Kostnaðurinn, ef við getum notað það orð innan gæsalappa kannski, hefur orðið sveigjanleg afgangsstærð í samningnum ef þannig má að orði komast.

En þótt aðild að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar er staða Íslands við breyttar aðstæður í alþjóðamálum auðvitað á dagskrá. Það segir sig sjálft. Þar vegur þungt þróun mála í Evrópu. Ég benti á í ræðu fyrir rúmum tveimur vikum, sem til hefur verið vitnað, að ekki væri til neins að láta sem svo að ekki skipti máli fyrir íslenska utanríkisstefnu og hagsmunagæslu að við stöndum utan Evrópubandalagsins. Svo lengi sem við erum ekki aðilar að EB hefði það áhrif á íslenska utanríkisstefnu, framkvæmd hennar og hagsmunagæslu. Um það þarf ekki að deila og við því þarf að bregaðst. Auðvitað hafa menn úr öllum flokkum og forustumenn allra flokka verið að skoða kosti og galla aðildar að EB. Slíkt er auðvitað forsenda þess að menn hafa treyst sér til að taka afstöðu í öllum meginatriðum til þess hvort aðild fyrir Íslendinga sé æskileg eða óæskileg. Menn hafa auðvitað verið að skoða slíka kosti og það hlýtur að verða gert áfram. Slík athugun hefur að hluta til átt sér stað í sambandi við umræður um EES-samningana sem hófust 1989. Og slík skoðun hefur auðvitað átt sér stað hjá íslenskum stjórnvöldum þegar þau eru að kanna hvað felist í aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Ég sagði einnig í þessari ræðu minni, sem ég nefndi áðan, að Íslendingar þyrftu að horfa til umheimsins með opnum huga, staða okkar krefðist þess að allir kostir væru skoðaðir þannig að við gætum sjálf metið kostnað og ávinning af því hvernig við tengdumst umheiminum og tækjum á okkur skuldbindingar þar. En við erum á hinn bóginn ekki komin á sama stað og önnur EFTA-ríki í endurmati á stöðu og möguleikum þjóðarinnar við breyttar aðstæður. E.t.v. gerum við það aldrei vegna sérstöðu okkar almennt en einkum vegna grundvallarkröfunnar um yfirráð yfir fiskstofnunum og að þau hljóti ætíð að vera í okkar höndum.

Ungur fræðimaður kom á dögunum í sjónvarp. Hann hafði rannsakað, sem lokaverkefni í lagadeildinni hygg ég, sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins. Hann var að ræða það að út af fyrir sig þyrfti hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins ekki að vera í veginum fyrir því að Íslendingar sæktu um aðild að því bandalagi vegna þess að Íslendingar mundu að öllum líkindum fá mjög sterka og mikla úthlutun úr sameiginlegum kvóta vegna hefðaréttar og einhæfni íslensks atvinnulífs. Þetta er allt gott og blessað. En ég get ekki séð það fyrir mér, ég segi það alveg eins og er, að Íslendingar mundu nokkru sinni una því að þurfa að sækja um það til erlends valds, til Brussel, hvort þeir mættu veiða við Íslandsstrendur þótt búast mætti við að það sem skammtað yrði væri mjög ríflegt. Ég get ekki séð það fyrir mér að Íslendingar gætu nokkru sinni samþykkt þá stöðu.

Það er út af fyrir sig alveg rétt að ríkisstjórnin hefur ekki hafnað aðild að EB fyrir fram og auðvitað getur hún ekki fyrir fram fullyrt að samningar geti ekki tekist um aðild sem tryggðu yfirráð okkar yfir þessari meginauðlind þjóðarinnar. Við höfum á hinn bóginn sagt það ítrekað að aðild að EB sé ekki á dagskrá vegna þess að fyrir okkur felst meiri ávinningur í EES-samningunum en fyrir hin EFTA-ríkin sem eru iðnríki. Þá er það svo að þótt eðlileg og nauðsyleg umræða um aðlögun íslenskrar utanríkisstefnu að breyttum aðstæðum sé hafin er hún skammt á veg komin, einkum þegar sleppir áþreifanlegum viðskiptahagsmunum. Því verður örugglega áframhaldandi umræðu um mat á stöðu þjóðarinnar ekki beint á þessu stigi í einn farveg öðrum framar og alls ekki vegna þess eins að önnur EFTA-ríki, sem um margt eru ólík okkur, hafa tekið tilteknar ákvarðanir um hvernig þau verði að aðlagast breyttum aðstæðum. Það hefur ekkert gerst í grundvallaratriðum síðustu daga eða vikur sem gefur okkur tilefni til kúvendingar í stefnu okkar í þessum efnum enda hefur engin slík kúvending átt sér stað eins og hæstv. utanrrh. tók skýrt fram í ræðu sinni fyrr í dag.

Því var haldið fram fyrr í dag, af hv. 7. þm. Reykn., að hæstv. utanrrh. hefði dáleitt sjálfan sig inn í EB,

eins og ég hygg að það hafi verið orðað. Þessi ummæli voru felld með vísun til inngangs hans í skýrslu um utanríkismál. Það er nú fróðlegt að lesa sumt af því sem þessi ágæti maður, hæstv. utanrrh., sem á að vera með þessa EB-glýju í augunum segir einmitt í þessum sama inngangi. Hann segir til að mynda, með leyfi forseta:

„En jafnvel þótt EB takist að endurskoða fiskveiðistefnu sína með svo róttækum hætti að hún tryggði hagkvæma nýtingu fiskstofna, stendur grundvallarvandinn eftir óleystur. Hann er sá að framkvæmdastjórnin í Brussel hefði fullt vald yfir fiskveiðistjórnun frá 12 upp í 200 mílur og ákvarðanir um úthlutun veiðiheimilda yrðu teknar þar.

Vissulega má vera að í „hinni fögru veröld" Evrópu framtíðarinnar verði öll samskipti byggð á gagnkvæmu trausti og sanngirni. En hætt er við að Íslendingar muni seint taka það trúanlegt að hægt sé að bera traust til ákvarðana sjávarútvegsráðherra bandalagsþjóða um réttláta og skynsamlega nýtingu auðlindarinnar þegar þess er gætt að slíkar ákvarðanir skipta þá litlu máli en geta varðað okkur líf eða dauða."

Það er ekki mikil EB-glýja í þessum orðum sem koma fram í inngangi hæstv. utanrrh. Og hann segir enn með leyfi forseta: „Það er fræðilegur möguleiki að í raun verði unnt að tryggja áframhaldandi yfirráð yfir eigin fiskveiðiauðlindum, jafnvel innan vébanda núgildandi fiskveiðistefnu EB. En vígstaðan gæti orðið erfið ef eitthvert aðildarríkið sækti það fast að fá fiskveiðiheimildir, meðan ekki væru skýr ákvæði sem tryggðu Ísland þessi yfirráð. Það yrði þungur róður að fá slík ákvæði staðfest í aðildarviðræðum."

Og enn segir hæstv. utanrrh: „Þegar við þetta bætast öll þau stjórnsýslulegu vandamál sem tengjast því að fámenn þjóð með eigið tungumál gerist aðili er enn ólíklegra að forráðamenn EB vilji mikið á sig leggja til þess að greiða Íslandi leið inn í EB á ásættanlegum kjörum, jafnvel þó svo að einhverjir bandamenn kynnu að vera þar innan dyra."

Það er ekki hægt að segja að sá sem skrifar þennan texta sé með mikla EB-glýju í augunum þegar hann lætur hann frá sér. En út af fyrir sig er rétt að einstaka setningar í inngangi hæstv. utanrrh. kunna að vekja spurningar og ég er ekki í vafa um að það hafi verið tilgangur hans að vekja spurningar og vekja umræður í þeim efnum. Þannig get ég sagt að ég er ekki sáttur við þá setningu sem vitnað var til hér á bls. 12 og hv. 8. þm. Reykn. gerði að umtalsefni sem hljómar svo, með leyfi forseta:

„Hinar pólitísku forsendur, sem leiddu til EES-samninganna, virðast ekki eiga við lengur, hvorki við EB né EFTA." Ég tel að þarna sé of fast að orði kveðið. Ég er miklu meira sammála því sem kemur fram í þessari sömu skýrslu á bls. 15 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það fer því fjarri að samningurinn um EES hafi verið til einskis. Ekkert getur komið í stað EES fyrir EFTA-ríkin þegar til skamms tíma er litið og sá skammi tími gæti staðið allt til ársins 1997. EES tryggir að eftir 1993 verði EFTA-ríkin ekki síður vænn kostur en EB fyrir fjárfestingar, bæði á sviði iðnaðar og þjónustu. EES hefur einnig haft áhrif á efnahagsleg tengsl EFTA-ríkjanna innbyrðis og tryggt að ekki verði settar upp nýjar viðskiptahindranir þegar einhver EFTA-ríkjanna gerast aðilar að EB.

Þá fer því fjarri að fullvíst sé að öll EFTA-ríkin muni ná samnignum um aðild að EB. Fyrir þau ríki, sem kjósa að standa áfram utangarðs, mun EES hafa úrslitaþýðingu. Þegar öllu er á botninn hvolft hefur EFTA á undanförnum 20 árum fremur miðast við að skilgreina tengsl EFTA og EB en tengsl EFTA-ríkjanna innbyrðis. Fyrir þau ríki, sem ekki hyggja á aðild, mun EES verða sá rammi um verslun og viðskipti sem tryggir að viðskiptaaðilum verði ekki mismunað jafnvel þótt breyta þurfi ákvæðum samningsins um stjórnun og stofnanir þegar til lengri tíma er litið."

Ég tel að hér sé talað með mjög afgerandi og skýrum hætti og er algerlega sammála þessum orðum og eins því sem er á bls. 17, með leyfi forseta: „Evrópska efnahagssvæðið tekur til jákvæðari og framsæknari hluta viðskiptafrelsis EB en tekur ekki til þátta sem enn eru undirseldir gömlu verndarhyggjuhugmyndinni, þ.e. landbúnaðarstefnu og fiskveiðistefnu EB." Allt þetta finnst mér skjóta stoðum undir þá niðurstöðu mína að ekki sé hægt að túlka á neinn veg þennan inngang utanrrh. með þeim hætti sem gert hefur verið, fjarri því, og þau orð hans standi sem eru og mín orð að stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum hafi ekki verið breytt.

Hv. 10. þm. Reykv. nefndi áðan hvort ríkisstjórnin hefði einhverjar upplýsingar sem gæfu tilefni til svartsýnis um það að EES-samkomulagið mundi endalega komast í höfn. Við höfum engar slíkar upplýsingar. Hins vegar höfum við því miður þá forsögu sem orðin er nokkur og þau vonbrigði sem orðin eru nokkur. Þess vegna er að mínu viti eðlilegt að menn hafi fyrirvara. Ég man ekki betur en bæði hæstv. utanrrh. og ég höfum verið sakaðir um það hér fyrr, kannski að einhverju leyti með réttu, að hafa verið of bjartsýnir um það að EES-samningurinn væri í höfn. Við töldum okkur þá hafa tilefni til þeirrar bjartsýni en reynslan hefur kannski kennt okkur það að vera varkárari, tala varlegar og utanrrh. hefur sagt, og það er ekki hægt að gagnrýna hann fyrir það, að með hliðsjón af því telji hann eðlilegt að láta það sjónarmið koma fram sem hann hefur látið koma fram í inngangi sínum og í umræðum sínum í dag. En auðvitað getum við séð allmarga þætti sem geta haft áhrif í þessum efnum. Hv. þm. hafa vitnað í skoðanakannanir um þjóðaratkvæðagreiðsluna í Danmörku um Maastricht-samkomulagið og það kemur í hug að þegar það samkomulag var kynnt í Danmörku þá lýsti forsætisráðherra Danmerkur því yfir ef ég man rétt að yrði það samkomulag fellt þá teldi hann að Danmörk yrði að segja sig úr Evrópubandalaginu. Kannski er þarna eitthvað ofsagt hjá þessum ágæta forsætisráðherra, kannski yrðu fyrstu viðbrögðin ekki önnur en þau að hann yrði að segja af sér og menn mundu bíða eitthvað með það að segja Danmörku úr Evrópubandalaginu. En ef svo færi að Danir mundu hafna þessu samkomulagi í þjóðarat-

kvæðagreiðslu þá teldi ég algerlega víst að sú niðurstaða hefði heilmikil áhrif. Hvaða áhrif hefði slík niðurstaða á almenningsálitið t.d. í Noregi? Hvaða áhrif hefði slík niðurstaða á almenningsálitið í öðrum EB-löndum ef Danmörk hefði hafnað samkomulaginu með þessum hætti? Hvaða áhrif mundi slík niðurstaða hafa á inngöngu nýrra ríkja í Evrópubandalagið? Ég er ekki í vafa um að það hefði gríðarleg áhrif í þeim efnum.

Ég tel, virðulegi forseti, að aðalatriðin í Evrópuumræðunni og stöðu hennar a.m.k. gagnvart ríkisstjórninni séu ljós. Engin fjöður hefur verið yfir það dregin, hvorki af hæstv. utanrrh. né mér að samningsgerðin um EES er forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Hvergi hefur verið sagt að Íslendingar séu að huga að því að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og síst á þeirri forsendu einni að önnur EFTA-ríki hafi sótt um aðild. Ég tel að það séu í sjálfu sér engin rök vegna mismunandi aðstöðu ríkjanna sem ég hef áður rakið.

Á hinn bóginn hefur átt sér stað eðlilegt mat á stöðu þjóðarinnar við breyttar aðstæður eins og hæstv. utanrrh. nefndi. Ég tel reyndar að það mat hafi hafist með EES-samningnum fyrir þremur árum og ég tel eðlilegt eins og hæstv. utanrrh. að það mat haldi auðvitað áfram. Í sjálfu sér má segja að ríkisstjórnin hafi engu hafnað fyrir fram en EB-aðild er ekki á dagskrá og ekkert hefur gerst nýlega sem í sjálfu sér setur aðild á dagskrá, enda hefur slíku ekki verið haldið fram af hæstv. utanrrh. En um leið er augljóst að úttekt á því hvað EB-aðild hefði í för með sér er og hefur verið óhjákvæmilegur hluti af því að meta stöðu þjóðarinnar við gerbreyttar aðstæður. Ég vil vekja athygli á því að auðvitað hefur gríðarmikil úttekt átt sér stað þegar í tengslum við EES-samningana og hún hefur skarast og mjög lotið að því í mörgum efnum hvaða áhrif EB-aðild mundi hafa. Það er óhjákvæmilegt að slíkt fylgist að og það hefur komið glögglega fram í þeim fjölda úttekta sem gerðar hafa verið. Ég vil nefna úttekt á áhrif EES á íslenskan sjávarútveg, úttektaráhrif á innri markaði EB á íslenskan iðnað, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif EES, skýrslu um EES og byggðaþróun. Þar er líka rætt innan þeirrar skýrslu um EB annars vegar og byggðaþróun hins vegar. Það er skýrsla um Efnahagssamvinnu Evrópuþjóða og hagstjórn á Íslandi. Það er skýrsla um Evrópu 1992 og ríkisfjármálin. Það má nefna rit Stefáns Más Stefánssonar um Evrópuréttinn og sjávarútvegsreglur EB. Það má nefna, sem ég veit að 8. þm. Reykn. þekkir, að skýrsla hefur verið unnin, þó hún sé ekki fullkláruð, á vegum öryggismálanefndarinnar sem starfaði áður fyrr um sjávarútvegsstefnu EB. Sú skýrsla er unnin af viðurkenndum erlendum sérfræðingum og ég hygg að þingmaðurinn eigi eintak af henni í þeirri mynd sem hún er núna. Það hefur því auðvitað verið unnin margvísleg úttekt í þessum efnum og ég tel að það sé auðvitað fráleitt að gera það tortryggilegt þó að hæstv. utanrrh. telji það nauðsynlegt og eðlilegt að slík áframhaldandi úttekt eigi sér stað. En ég ítreka að það er mín skoðun og það er stefna ríkisstjórnarinnar eins og hefur glöggt komið fram bæði hjá mér og hæstv. utanrrh. að umsókn um aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá. Í þeim efnum hefur ekkert breyst.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. flutti hér mjög athyglisverða ræðu. Hann var vissulega í miklum vanda vegna þess að utanrrh. ríkisstjórnar hans, formaður samstarfsflokksins í ríkisstjórninni, hafði lýst mjög afdráttarlausum skoðunum í skýrslu sinni og hér fyrr í dag í ræðu. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi í ítarlegri umfjöllun sinni staðfest þær fyrri yfirlýsingar sem hann var búinn að gefa um afstöðu ríkisstjórnarinnar frá 16. maí í fyrra og til og með 17. mars í þessum mánuði, að aðild að Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar og eins og hæstv. forsrh. sagði, ekkert hefði komið fram síðustu daga eða vikur sem knýði á um það að slík aðild væri tekin á dagskrá sem viðfangsefni. Hæstv. forsrh. sagði skýrt að ekkert samhengi væri á milli þess sem aðrar EFTA-þjóðir væru að gera og þess sem Íslendingar þyrftu að gera. Eins og við vitum var það meginstoðin í kenningu hæstv. utanrrh. að vegna þess að aðrar EFTA-þjóðir væru að sækja um aðild að Evrópubandalaginu þyrfti íslenska Stjórnarráðið nú að taka það til meðferðar.

Hæstv. forsrh. ítrekaði hvað eftir annað að ekkert hefði breyst frá fyrri yfirlýsingum sínum. Þær voru tíundaðar rækilega hér í dag og ég tel að þær standi þess vegna áfram. Ég vil þess vegna þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar yfirlýsingar. Ég tel þær vera eins skýrar og hægt var að búast við í ljósi hinnar erfiðu stöðu sem hann var í vegna samvinnunnar við hæstv. utanrrh. Ég veit að sumir eru kannski undrandi á því að ég skuli kjósa að túlka ræðuna með þessum hætti vegna þess að ýmsir kynnu að falla í þá freistni að vilja frekar spyrða hæstv. forsrh. saman við hæstv. utanrrh. Ég tel málið hins vegar vera svo stórt að menn geti ekki leyft sér slíkt. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa staðfest hér fyrri yfirlýsingar sínar um það hver sé stefna hæstv. ríkisstjórnar.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni hér áðan að aðild að EB væri ekki á dagskrá. En aðild að EB er komin á dagskrá um leið og menn mæla með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Við kvennalistakonur höfum rakið það mjög rækilega og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir rakti það hér áðan með mörgu tilvitnunum í erlenda aðila einnig að það er mat allra, nema þá kannski nokkurra íslenskra ráðamanna, að aðild að Evrópsku efnahagssvæði sé ekkert annað en stórt skref inn í Evrópubandalagið og raunar fordyrið að því. Ég get því ekki verið sammála hæstv. forsrh. í því að aðild að EB sé ekki á dagskrá því að það er þegar búið að setja þá aðild á dagskrá og það verður að ræða málin í því samhengi. Hæstv. forsrh. hlýtur að vita það eins og svo margir aðrir að EES er ekkert nema tímabundið fyrirbæri og getur aldrei staðið nema í mjög skamman tíma ef það þá fer nokkurn tíma af stað.

Ég held að það væri rétt að gera sér grein fyrir hvar

við stöndum og ræða þann kost í fyllstu alvöru, sem er auðvitað nærtækastur, að við stöndum utan við EB. Ég á mjög erfitt með að skilja hver er tilgangurinn með þessum feluleik, hæstv. forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í rauninni er það sem hv. þm. nefndi gamall ágreiningur ef hún hefur það sjónarmið að um leið og sótt er um aðild að EES séu menn að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Í þeim efnum þurfti ég ekki að gefa neina sérstaka yfirlýsingu hér í kvöld. Það er þá ágreiningur sem staðið hefur yfir í um þrjú ár.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil leiðrétta hæstv. forsrh. Þetta er ekki ágreiningur sem hefur staðið í þrjú ár. Þetta er að verða ljóst núna á síðustu tímum og það verður æ ljósara og það hefði kannski átt að renna upp fyrir honum ljós þegar hann hlýddi á ræður manna á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki því að þar kom það greinilega fram í máli allra að EES er ekki fyrirbæri sem menn tala um sem framtíðarlausn. Það talar ekki nokkur einasti maður um það, það vita allir að þetta er bara stökkpallur á leið inn í EB en það var ekki rætt fyrir þremur árum. Það er að koma í ljós núna upp á síðkastið og það hlýtur hæstv. forsrh. að gera sér jafn vel grein fyrir og ég.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og hv. 8. þm. Reykn. þakka hæstv. forsrh. fyrir yfirlýsingar hans. Ég met þær svo að hann hafni því að til greina komi þrátt fyrir það sem hefur gerst eins og hann sagði með Norðurlöndin að við Íslendingar látum á það reyna hvort við eigum að gerast aðilar að Evrópubandalaginu með því að sækja um. Hæstv. forsrh. sagði að það væri alls ekki á dagskrá.

Hins vegar er afar skiljanlegt að hæstv. forsrh. verji utanrrh. sinn og rétt er það hjá hæstv. forsrh. að í skýrslunni má finna ýmislegt sem bendir eindregið gegn því að við eigum eða þurfum að láta á það reyna að sækja um aðild að Evrópubandalaginu eins og það sem hann las upp úr skýrslunni. En hæstv. forsrh. hefur eflaust lesið lengra og þegar ég segi að hæstv. utanrrh. sé að dáleiða sig inn í Evrópubandalagið vísa ég til þess sem hann segir þrátt fyrir þau varnaðarorð sem hæstv. forsrh. las. Hæstv. utanrrh. telur að með þeim breytingum sem hafi orðið með Maastricht-samkomulaginu komi t.d. til greina að við Íslendingar fáum undanþágur frá sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins. Að vísu hefur t.d. sjávarútvegsráðherra Dana vísað því á bug sem fásinnu og í þeim gögnum sem á eftir fylgja má finna fjöldamörg atriði sem benda til glýjunnar sem hæstv. forsrh. ræddi um í augum hæstv. utanrrh.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að vekja athygli á orðum sem hæstv. forsrh. lét falla hér í pontunni áðan og sem mér fannst út af fyrir sig athyglisverð. Þar sagði hann að hann liti svo á að grundvallarumræða um Evrópskt efnahagssvæði og EB væri í rauninni innanríkismál. Það væri fyrst þegar grundvallarafstaða hefði verið tekin til Evrópsks efnahagssvæðis eða Evrópubandalagsins eftir atvikum sem málið yrði að utanríkismáli. Ég gat ekki betur skilið en með þessu væri forsrh. í rauninni að gagnrýna það að utanrrh. skyldi setja þessa umræðu af stað í sinni skýrslu. Með öðrum orðum þetta væri ekki umræða sem ætti heima í skýrslu hæstv. utanrrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað voru þau orð mín sem þarna var vitnað til ekki hugsuð á neina lund sem gagnrýni á skýrslu hæstv. utanrrh. enda nefndi ég að það væri ekki óeðlilegt að þetta væri rætt í skýrslunni. Ég vék hins vegar að því að í heild mætti segja að mál af þessu tagi væru innanríkismál, auðvitað ekki lengur umræðan um Evrópskt efnahagssvæði. Þar hafa menn tekið þá grundvallarafstöðu að reyna að leita eftir því samstarfi. Áður en menn fara að ræða um inngöngu í Evrópubandalagið þá væri það hreint innanríkismál, mjög mikilvægt innanríkismál og mundi skipta alla ríkisstjórnina máli til að mynda en er ekki bara á verksviði utanrrh.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað sem um þessi orð forsrh. má segja verður því engu að síður ekki á móti mælt að hæstv. utanrrh. eyðir miklu plássi í skýrslu sinni í umræðu um Evrópubandalagið, þróun þess og þá hluti sem þar eru að gerast. Þannig að hann setur málið vissulega með þeim hætti hér á dagskrá Alþingis. Enda sjáum við það og heyrum að öll umræða um skýrsluna og um utanríkismálin hefur snúist um Evrópubandalagið. Ég fæ því ekki betur séð en að utanrrh. hafi þar með gert þetta að utanríkismáli á sínu málasviði en ekki forsrh.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að fram fari áhugaverð umræða um íslenskt utanríkismál og jafnvel þótt áherslur í málflutningi manna séu mismunandi þá held ég að allir geti verið sammála um að miklar breytingar eiga sér nú stað í alþjóðamálum. Þetta eru breytingar sem við Íslendingar hljótum að taka tillit til. En hvað sem þessum breytingum líður þá stöndum við jafnt í dag sem áður frammi fyrir ákveðnum staðreyndum, þeim staðreyndum að við erum háðir utanríkisviðskiptum og við verðum að eiga gott samstarf við okkar helstu viðskiptaþjóðir til að tryggja hagsmuni okkar. Við erum nú sem hingað til þjóð sem er afar háð náttúruauðlindum sem eru viðkvæmar og mikilvægt er að séu nýttar af skynsemi og sé forðað frá mengun. Við höfum þurft að leita samstöðu með nágrannaþjóðum okkar og bandamönnum um þessi mál og þar hefur ekki orðið breyting á heldur hefur sú þörf aukist ef eitthvað er.

Ég tel þess vegna sjálfgefið að við hljótum nú sem

hingað til að skipa okkur á bekk með vestrænum þjóðum í utanríkismálum okkar, með þjóðum Norðurlandanna og með öðrum vestrænum þjóðum sem virða lýðræði og mannréttindi, ekki síst þeim þjóðum sem við höfum átt gott samstarf við á vettvangi NATO.

Ég verð hins vegar að segja að nokkur vandi er á höndum að túlka með skýrum hætti stefnu núv. ríkisstjórnar í utanríkismálum því að margt sem sagt er stangast á. Það stangast á sumt af því sem hv. utanrrh. segir í skýrslunni og hefur látið hafa eftir sér á opinberum vettvangi að undanförnu og það sem hæstv. forsrh. setur hér fram.

Ég vil í fyrsta lagi gera að umtalsefni það sem hefur komið fram um samstarf okkar innan Atlantshafsbandalagsins og um svokallað Vestur-Evrópusamband. Það er nokkuð athyglisvert að aðeins fyrir stuttu síðan var hæstv. utanrrh. að fjalla um meginstoðir í íslenskum utanríkismálum. Hæstv. utanrrh. tók svo sterkt til orða í Morgunblaðinu 29. febr., með leyfi forseta, að hann sagði: „Sú stefna var mótuð upp úr stríði, ekki hvað síst að frumkvæði Bjarna Benediktssonar, að byggja öryggis- og samskiptastefnu Íslands á nokkrum meginstoðum, annars vegar varnarsamningnum við Bandaríkin og aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar á víðtæku samstarfi Norðurlandaþjóðanna á alþjóðavettvangi." Síðan bætir hæstv. utanrrh. við: „Vísbendingar eru um að þessar tvær meginstoðir séu nú að molna." Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að tvær meginstoðir í stefnu Íslendinga í utanríkismálum séu að molna. Hann hefur ekki haft þau orð um samstarf okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem er jafnframt meginstoð og ég lít svo á ef eitthvað er að sú stoð hafi verið að styrkjast. Ég vil leyfa mér að skilja hæstv. utanrrh. svo að hann hafi ekki neinar áhyggjur af þeirri meginstoð.

Það er nú sitt hvað að hafa áhyggjur af þeim stoðum sem standa undir utanríkismálastefnu Íslendinga eða halda því fram að þær séu að molna. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. af þessu tilefni: Telur hann að Atlantshafsbandalagið sé að molna? Hefur hann þá framtíðarsýn eins og hann segir í ræðu sem hann flutti hér fyrir nokkru með leyfi virðulegs forseta, að Vestur-Evrópubandalagið gæti á endanum breyst í sérstakt evrópskt varnarbandalag sem leysti af hólmi fremur en styrkti það Atlantshafsbandalag sem varðveitt hefur frið og velmegun Vestur-Evrópu í bráðum hálfa öld. Er þetta sú framtíðarsýn sem íslenska ríkisstjórnin sér að því er varðar Vestur-Evrópusambandið? Er það m.a. með tilvitnun til þessara orða að hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni á bls. 21, með leyfi forseta: „Utanrrh. hefur svarað bréfi Genschers og fagnað boðinu sem felst í Maastricht-yfirlýsingunni og gert grein fyrir því að íslensk stjórnvöld bíði átekta þar til aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins hafa komið sér saman um skilgreiningu á aukaaðild."

Ég skil það svo að íslenska ríkisstjórnin fagni þessu boði og ég gat ekki betur heyrt í máli forsrh. hér áðan en að hann teldi að það kæmi mjög til greina og það mundi þjóna hagsmunum Íslendinga að gerast aukaaðilar að þessu Vestur-Evrópubandalagi. Ég vil leyfa mér að draga mjög í efa að það þjóni hagsmunum Íslendinga að skipa sér á þann bekk og vera með einhvern sérstakan fögnuð yfir því sem þarna er að gerast. Það er staðreynd að við höfum gert varnarsamning við Bandaríkin. Sá samningur er í gildi og honum hefur ekki verið sagt upp. Ég tel það mjög eðlilegt sem hefur komi fram í máli forsrh. að teknar séu upp viðræður við Bandaríkin um þessi mál. Það kom hér fram í máli hæstv. forsrh. að hann teldi mjög freistandi að gerast aukaaðili að þessu Vestur-Evrópubandalagi m.a. með tilliti til þess að þá gætum við tryggt áhrif á samstarfið í þessum málaflokki. En ég vil leyfa mér að halda því fram að okkur sé mikilvægara í þessu sambandi að treysta samstarfið yfir hafið og hafa fremur meira samstarf við Bandaríkin á þessum vettvangi en við þjóðir Evrópu.

Ég tel það vera mjög vafasamt að gerast aukaaðili að þessu Vestur-Evrópusambandi. Ef það er framtíðarsýn utanrrh. að þetta bandalag muni leysa af hólmi Atlantshafsbandalagið þá er ég þeirrar skoðunar að það sé okkur mikilvægara að tryggja samstarf við Norður-Ameríku í stað þess að leggja allt of mikið upp úr því sem þarna er að gerast. Jafnframt er ljóst að ágreiningur er um þessi mál innan Atlantshafsbandalagsins, það eru ekki sömu áherslur hjá Bretum og t.d. Þjóðverjum og Frökkum. Við hljótum að skipa okkur á bekk með Bretum og Bandaríkjamönnum í þessu máli af þeirri einföldu ástæðu að Ísland er á hafinu á milli Evrópu og Ameríku og það er meginhagsmunamál okkar að sú samstaða sem hefur verið um varnir á svæðinu muni áfram verða fyrir hendi. Þar af leiðandi finnst mér það sem hér hefur komið fram vekja spurningar og það sé mikilvægt að ræða þessi mál mjög náið áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar um aðild Íslands að þessu samstarfi hvort sem væri með aukaaðild eða með öðrum hætti.

Ég tók áðan eftir því að engar umræður hafa farið fram um þetta mál í utanrmn. og finnst mér það gegna nokkurri furðu. Hér hlýtur að vera stórpólitískt mál sem skiptir Íslendinga miklu máli. Hér er um meginstoð að ræða í utanríkispólitík okkar eins og hæstv. utanrrh. hefur haldið fram. Í stað þess að tala um það að hún sé að molna hlýtur íslensk ríkisstjórn á hverjum tíma að hafa þær skyldur að reyna að styrkja þessa stoð en tala þá heldur minna um það að hún sé öll að hrynja. Ég átta mig ekki á því hvert íslenski utanrrh. er að fara í þessum efnum eins og í sumum öðrum efnum sem ég mun koma betur að.

Þá vil ég gera að umtalsefni það sem hæstv. utanrrh. segir, þ.e. að það sé önnur stoð jafnframt að molna sem er hið norræna samstarf. Í skýrslunni segir á bls. 17, með leyfi forseta: „En það er umhugsunarvert að Ísland er nú að verða viðskila við norræna samvinnu". Þetta er stórt sagt, hæstv. utanrrh., að fullyrða að Ísland sé að verða viðskila við norræna samvinnu. En síðar kemur að vísu viðbót sem dregur nokkuð úr, en hún er svo: „því önnur Norðurlönd meta það svo að nú sé lag til þess að ganga inn í EB sem ekki gefist aftur." Hvernig getur íslenski utanrrh. og íslenska utanrrn. sagt það og hvað liggur því til grundvallar, hæstv.

utanrrh., að við séum að verða viðskila við norræna samvinnu? Hvernig getur íslenski utanrrh. leyft sér að segja annað eins og kemur fram í ræðu sem hann flutti á Hótel Sögu um Ísland í breyttri Evrópu, með leyfi forseta: „Stofnun Hansasambandsins fyrir nokkrum dögum táknar í mínum huga lokin á norrænu samstarfi eins og það hefur tíðkast hingað til og upphafið að skandinavísk-baltnesku samstarfi innan ramma útvíkkaðs Evrópubandalags." Og síðan: „Íslendingum hefur verið sagt hreint út að þrátt fyrir 40 ára norræna samvinnu séu þeir ekki velkomnir gestir við Eystrasaltsborðið. Íslendingar verða því að leita annað að akkerisfesti í þeim sjóalögum sem vænta má á varhugaverðri siglingu sem fram undan er." Hvað á íslenski utanrrh. við? Er hann búinn að draga upp öll akkeri og er hann nú að ráfa um villtur í hafi og er hann að leita að heppilegum stað til að kasta akkeri? Er núverandi stefna í íslenskri utanríkispólitík að sigla um höfin í leit að heppilegum stað til að kasta einhverjum járnhlunkum fyrir borð?

Ég leyfi mér að fullyrða það að ekkert gefur tilefni til að ætla að norræn samvinna sé að leggjast af og ekkert gefur tilefni til að ætla að sú stoð, sem norræn samvinna er, sé að molna. Ég tel að það sé á margan hátt hægt að styrkja norræna samvinnu. En ég geri mér jafnframt grein fyrir því að norræn samvinna mun taka mið af því sem er gerist að öðru leyti í Evrópu. Það er ekkert annað en eðlileg þróun. Það er t.d. alveg ljóst að ef af stofnun Evrópska efnahagssvæðisins verður þá er margt af því sem hefur einkennt norræna samvinnu eins og norræni vinnumarkaðurinn og margt fleira í reynd orðið óþarft vegna þess að sams konar ákvæði munu taka yfir á langtum stærra svæði. Þar af leiðandi er það dæmi um breytingar í norrænu samstarfi. Það er líka alveg ljóst að sú staðreynd að mörg Norðurlandanna hafa nú ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu mun hafa áhrif. En það er engan veginn einsýnt að allar Norðurlandaþjóðirnar nema Íslendingar muni gerast aðilar að þessu bandalagi. Það er t.d. alls ekki uppgert mál í Noregi. Jafnvel þótt það sé líkum að því leitt að Noregur muni sækja um aðild er það alveg ljóst að þar er um mjög umdeilt mál að ræða. Enginn getur fullyrt á þessari stundu hvort þar muni samstaða t.d. nást um það hvort af því verður þótt það sé hins vegar miklu líklegra að því er varðar Svíþjóð og Finnland. Að mínu mati er því of snemmt að fullyrða um það að öll Norðurlöndin nema Ísland verði aðilar að Efnahagsbandalaginu. En hvað sem því líður þá er alveg ljóst að það er afar mikilvægt fyrir Íslendinga að eiga náið samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar um Evrópumálin og það er mjög óheppilegt í umræðunni hvað íslenski utanrrh. gerir lítið úr norrænni samvinnu og virðist gangast upp í því að tala um þau mál og senda skilaboð til Norðurlandaþjóðanna um hversu léttvægt samstarfið sé og lítils virði. Ég leyfi mér að efast um að hæstv. utanrrh. hafi haldið vel á samstarfi Norðurlandaþjóðanna við Eystrasaltsríkin. Hann varð mjög reiður þegar utanríkisráðherra Danmerkur neitaði Íslendingum um þátttöku í undirbúningi þess samstarfs. En ég spyr: Hvað gerði íslenski utanrrh. til þess að tryggja að Íslendingar gætu átt aðild að því samstarfi áður en kom að síðustu dögunum fyrir þann fund? Hvernig stóð á því að Norðmenn voru með í þeim undirbúningi en ekki Ísland? Er ástæðan e.t.v. sú að íslenski utanrrh. var búinn að lýsa því yfir að hann væri þeirrar skoðunar að Eystrasaltsþjóðirnar ættu að fá aðild að Norðurlandaráði þótt seinna væri upplýst í umræðum á Alþingi að það væri persónuleg skoðun hans? Það væri ekki skoðun ríkisstjórnar Íslands og mér skildist ekki heldur skoðun Alþfl. Getur verið að samstöðuleysi íslenska utanrrh. með öðrum Norðurlandaþjóðum hafi orðið til þess að Íslendingar voru ekki með í þessum undirbúningi? Það hefur jafnframt komið skýrt fram og ég veit ekki betur en það hafi verið staðfest á fundi hæstv. forsrh. með forsætisráðherrum Norðurlandanna að vilji er fyrir því hjá Norðurlandaþjóðunum að Íslendingar séu með í þessum undirbúningi vegna þess að hér er um norrænt mál að ræða. Vissulega snertir það meira þær þjóðir sem búa við Eystrasaltið en líta ber á það sem norrænt mál sem geti haft áhrif á norrænt samstarf og þess vegna rétt að Íslendingar taki þátt í því. Í fullri vinsemd hvet ég hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson til þess að setja sig betur inn í norrænt samstarf. Þó ég skilji mjög vel að hann hafi miklu að sinna og sé gagnrýndur fyrir ferðalög er þýðingarmikið að hann sæki þing Norðurlandaráðs, þótt ekki væri nema einu sinni, til að upplifa með sama hætti og aðrir strauma á þessum mikilvæga tíma. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst íslenski utanrrh. lítt verða var við þá strauma. Kannski er það vegna þess að utanríkisráðherrar Norðurlanda sinni Norðurlandasamstarfinu almennt lítið. Um langan tíma hefur aðeins einn norrænn utanríkisráðherra sést þar en það er norski utanríkisráðherrann sem hefur lagt það í vana sinn að koma til að kanna andrúmsloftið sem þar ríkir. Norrænu utanríkisráðherrarnir hafa ekki sýnt því áhuga að verða við tilmælum margra um að mynda ráðherraráð með svipuðum hætti og aðrir ráðherrar Norðurlandaráðs. Það gæti haft samskipti við utanríkismálanefnd hjá Norðurlandaráði hvort sem það yrði sérstök utanríkismálanefnd eða forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Ef slík samskipti ættu sér stað mætti e.t.v. koma í veg fyrir að svipuð uppákoma ætti sér stað og þegar Uffe Elleman-Jensen og Genscher héldu sérstakan fund um samstarf Eystrasaltsríkjanna sömu dagana og þing Norðurlandaráðs stóð yfir. Það er alveg ljóst að danski utanríkisráðherrann var mjög gagnrýndur fyrir þetta tiltæki hjá Norðurlandaráði. Það er ekki einungis íslenski utanrrh. sem hefur gagnrýnt það heldur mjög margir sem sátu þing Norðurlandaráðs. Mér finnst því ekki tilefni til að draga svo sterkar ályktanir af því sem þarna er að gerast eins og íslenski utanrrh. hefur gert. Ég hlýt að lýsa mig andvígan svo sterkum yfirlýsingum að þetta sé að molna.

Einnig vekur það nokkra athygli, hæstv. utanrrh., að í skýrslunni er lítið fjallað um Norðurlandasamstarfið og hugsanlega þýðingu þess í framtíðarsamvinnu í Evrópu. Það er vissulega rétt að hér hefur verið flutt sérstök skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda sem er úr sama flokki og utanrrh. Það vill svo til að hann hefur

fjallað um málið með allt öðrum hætti en hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson og komið með allt aðrar áherslur.

Eigum við sem störfum á vettvangi Norðurlandaráðs að halda því fram að ekki beri að taka íslenska utanrrh. alvarlega þegar við erum spurðir um yfirlýsingar hans? Að það hafi oft komið fyrir að hann hafi verið með persónulegar yfirlýsingar sem eigi ekki stuðning í ríkisstjórn Íslands? Að forsrh. og samstarfsráðherrann séu annarrar skoðunar og að við þurfum bara að halda því blákalt fram að utanrrh. sé einn á báti í þessu og yfirlýsingar hans um norrænt samstarf séu hlutir sem ekki eigi að taka mark á? Þegar Íslendingar eru spurðir um það hvort rétt sé að Eystrasaltsríkin gangi í Norurlandaráð á þá að svara því svo að það sé víst persónuleg skoðun utanrrh. en ekki skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar og að skoðanir utanrrh. beri ekki að taka alvarlega? Það er heldur ömurlegt að þurfa að svara fyrir orð hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar um norrænt samstarf. Ég tek eftir því að flokksfélagar hans á Norðurlöndunum leggja ekki í vana sinn að taka allt of mikið mark á því sem hann segir í þessum efnum en við hljótum að ætlast til að hann tali af fullri ábyrgð um norrænt samstarf.

Eitt af því sem komið hefur mjög til umræðu er spurningin um Evrópskt efnahagssvæði og þróunin í Evrópu að öðru leyti. Efst á bls. 18 í skýrslunni er framhald af því sem segir um norrænt samstarf en þar stendur, með leyfi forseta: „Því er nauðsyn að fram fari hér í ráðuneytum og stjórnarstofnunum ítarleg úttekt á því hvað EB aðild hefði í för með sér. Að lokinni slíkri úttekt verður fyrst hægt að hafna aðildarkostinum að vandlega athuguðu máli."

Hvaða tilgangi þjónar þessi setning? Hæstv. forsrh. sagði réttilega áðan að að sjálfsögðu hefðu menn verið að skoða það í gegnum tíðina hvað aðild að Evrópubandalaginu hefði í för með sér. Hann sagði að þær þjóðir sem hefðu ákveðið að sækja um aðild hafi gert sér grein fyrir því hvað þar væri innan dyra og hefðu komist að þeirri niðurstöðu, ef ég hef rétt eftir sem ég vænti að sé, að það þjónaði hagsmunum þeirra að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Er hæstv. utanrrh. að halda því fram að við vitum ekki hvað þar er innan dyra? Að ekki liggi fyrir þekking á því og þess vegna þurfi nú að fara fram sérstök úttekt á því? Hann nefndi nokkur atriði þessu til sönnunar og sagði, eða a.m.k. skrifaði ég þetta niður eftir honum: „Við þurfum að láta fara fram úttekt á því hvort hægt sé að komast fram hjá sjávarútvegsstefnunni." Það liggur alveg ljóst fyrir hver núverandi sjávarútvegsstefna EB er. Einnig liggur fyrir að ýmsar þjóðir hafa að nokkru getað verndað hagsmuni sína þrátt fyrri þessa sjávarútvegsstefnu. Í skýrslunni kemur líka ljóst fram að litið er á auðlindir hafsins sem sameiginlega auðlind og að ákvarðanir um veiðar eru teknar í Brussel. Vel má vera að þær ákvarðanir geti orðið í samræmi við það sem Íslendingar halda fram. Ekki ætla ég að draga það í efa. En eru menn tilbúnir að fallast á slíkt prinsipp og slíkt prinsippafsal? (Gripið fram í.) Ég ætlaði einmitt að vitna í það. En ég þarf ekki að lesa það upp vegna þess að hæstv. forsrh. gerði það áðan. Hæstv. utanrrh, þarf að fara fram sérstök úttekt á þessu? Liggur þetta ekki alveg ljóst fyrir? Hvaða nýja úttekt þarf að fara fram?

Síðan nefndi hæstv. utanrrh. að einnig þyrfti að gera sér grein fyrir því hver yrði hugsanlegur aðgangur að sjóðum bandalagsins. Ég skildi það svo að kanna þyrfti hvort við gætum náð einhverjum aurum út úr sjóðunum sem m.a. greiða fyrir hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu. Það er nú með þeim hætti að ekki er gott að eiga mikla aðild að því styrkjabákni sem þar er í gangi. Ég held að það liggi nokkurn veginn fyrir hvernig það er rekið. Og ég veit ekki betur en að ýmislegt hafi verið skrifað um þetta. Þess vegna verð ég að segja eins og er að ég skil ekki tilganginn með þessari yfirlýsingu hæstv. utanrrh. sérstaklega í ljósi þess að nú hefur það verið skýrt tekið fram af hæstv. forsrh. að ekki standi til að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og hann hefur ítrekað fyrri yfirlýsingar. Þar af leiðandi vekur það mikla undrun að utanrrh. er að kasta því fram nú að fara þurfi fram alveg sérstök og ítarleg úttekt á þessu. Auðvitað getur enginn bannað hæstv. utanrrh. að skoða þessi mál af fullri alvöru. Hefur íslenski utanrrh. ekki verið að því? Á þeim þremur árum sem hann hefur unnið að þessum málum hefur hann þá ekki verið að reyna að gera sér grein fyrir því hverra kosta væri völ? Hafa þeir embættismenn Íslands sem hafa verið að vinna að þessum málum ekki verið að svara þeim spurningum m.a. gagnvart utanrrh. Íslands hvaða kostir væru í spilunum þarna? Af hverju kemur þessi yfirlýsing allt í einu? Það er mjög eðlilegt að menn álykti sem svo að nú eigi að hefja fyrsta leik að því er varðar umsókn um aðild. Það hefur verið borið til baka en ég tek undir það að þegar ég las þetta fannst mér eins og verið væri að gefa í skyn að rétt væri að fara að líta á málin með nýjum hætti vegna þess hvað þarna hefði verið að gerast. Í reynd er það í nokkurri mótsögn við það sem segir á bls. 15 í skýrslunni sem mér finnst þó á margan hátt skynsamlegt. Þar segir, með leyfi forseta: „Hver sem verður ákvörðun annarra EFTA ríkja þá er ekki ástæða til að ætla annað en að þau réttindi og sú aðstaða sem EES samningurinn veitir séu tryggð þó svo að Ísland sæti þar eitt eftir. Stofnanaákvæðin þyrfti að semja um en eftir stæði tvíhliða samningur við EB sem væri mun yfirgripsmeiri en nokkur sem fengist hefði í tvíhliða viðræðum." Þetta er að mínu mati mikið aðalatriði, þ.e. mat á því. Hvort er líklegra að Ísland geti fengið betri samning með því að standa að samkomulagi um Evrópskt efnahagssvæði eða með tvíhliða viðræðum? Er það vænlegt til árangurs að ákveða það núna að draga sig út úr viðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði og biðja um tvíhliða viðræður? Það má kannski segja að við séum komin inn í sömu umræðuna og hafin var þegar Sjálfstfl. hélt því fram að fara ætti í beinar tvíhliða viðræður en ekki viðræðurnar um Evrópskt efnahagssvæði. Við tókum þá umræðu á sínum tíma og niðurstaðan varð að standa að málinu með þeim hætti sem gert hefur verið. Síðan þurfa menn að taka efnislega afstöðu til samningsins þegar hann ligg-

ur fyrir eins og hann gerir í öllum meginatriðum. Þó eru þar nokkur atriði sem enn eru ekki ljós t.d samningur um sjávarútvegsmál. Ekkert liggur endanlega fyrir varðandi tollfrelsi t.d. á síldarafurðum. Afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar um það hvernig farið verður með eignaraðild að orkufyrirtækjum innan lands liggur ekki fyrir en mun að sjálfsögðu hafa áhrif á afstöðu margra. Það liggur heldur ekki fyrir með hvaða hætti frv. verður flutt hér á Alþingi um skilyrði fyrir eignarhaldi á landi. Og margt fleira á eftir að ræða í þessu samhengi. Ég hef ekki skipt um skoðun í þessum efnum og sé enga ástæðu til þess að stökkva frá málinu nú og fara út í það að biðja um tvíhliða viðræður. En ég vænti þess ef svo fer að úr þessu verður og hagsmunum Íslands verður þar bærilega borgið og síðan muni öll önnur ríki ganga í Evrópubandalagið þá muni staða Íslands til þess að tryggja hagsmuni sína vera tiltölulega góð og ætti á engan hátt að þurfa að draga Ísland inn í Evrópubandalagið. Ég tel út í hött að halda því fram að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði þurfi að draga Ísland inn í Evrópubandalagið og er alveg sammála hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. í þeim efnum og ítreka það sem ég hef áður sagt að ég hef alltaf talið að samningur um Evrópskt efnahagssvæði væri miklu líklegri til þess að gera Íslandi kleift að standa utan Evrópubandalagsins.

Herra forseti. Vissulega er ástæða til að ræða hér margt annað. T.d. hefur lítið komið fram hjá hæstv. utanrrh. hver er stefna hans að því er varðar viðskiptamál. Það hefur verið um sérkennilegar uppákomur að ræða undanfarið í utanríkisviðskiptum, t.d. að því er varðar saltfisk sem er utanríkisviðskiptamál og það skiptir miklu máli hvernig skipulagi þeirra mála verður háttað í framtíðinni. Einhver stefna þarf að vera í þeim efnum, en ekki einhverjar tilviljanakenndar ákvarðanir og ég sé ekkert í skýrslunni sem gefur tilefni til að ætla hvernig þar á að standa að málum.

Ég vildi líka gjarnan heyra skoðanir hæstv. utanrrh. á samstarfi við þjóðir á Norðurhöfum. Ég tel fulla ástæðu til þess að styrkja mjög samstarfið við Kanada, Noreg, Rússland, jafnvel Bandaríkin, Færeyjar, Grænland, um nýtingu og varðveislu auðlinda. Ég tel ekki líklegt að það muni skila miklum árangri á næstunni að ná samstöðu við þjóðir Evrópubandalagsins um nýtingu sjávarspendýra. Ég tel það ekki góða bandamenn í því skyni og því beri að treysta samstarfið við þjóðir hér á norðurslóð sem hafa svipaðra hagsmuna að gæta. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. utanrrh. hvort íslenska ríkisstjórnin hefði brugðist við að því er varðar það sem Kanadamenn hafa lagt til, að stofna jafnvel ráð þeirra þjóða sem eru í kringum norðurheimskautið og styrkja samstarf þeirra. Það er ekki ný hugsun, það er gömul hugsun og enginn hefur gert því máli betri skil en Vilhjálmur Stefánsson gerði á sínum tíma og það er mál sem við hljótum að láta okkur skipta. Það er samstarfsmál sem er líka norrænt mál með sama hætti og samstarf þjóðanna við Eystrasaltið er norrænt mál og því er eðlilegt að það sé rætt á norrænum vettvangi, en líka er nauðsynlegt að íslenska ríkisstjórnin taki frumkvæði í þessum málum og svari þeim hugmyndum sem m.a. hafa komið fram af hálfu Kanadamanna.

Það er okkur afar mikilvægt að ná samstöðu með þjóðum sem hafa skilning á þessum málum um nýtingu þessara auðlinda og það á að vera mikið forgangsmál í íslenskri utanríkispólitík að sinna því.

Þótt ég sé ósammála mörgu sem hæstv. utanrrh. hefur sagt þá ég vildi ég þakka fyrir þessa skýrslu. Hún hefur gefið tilefni til umræðna og þrátt fyrir allt mikilvægast að skoðanaskipti eigi sér stað um þessi mikilvægu mál en ég vænti þess að gott samstarf geti verið með íslenskum stjórnmálaflokkum áður en eitthvað af þeim, ég vil nú segja vanhugsuðum yfirlýsingum sem hæstv. utanrrh. hefur sett fram, verður hrundið í framkvæmd í íslenskum utanríkismálum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort verið gæti að yfirlýsing þess sem hér stendur þess efnis að æskilegt væri að Eystrasaltsþjóðirnar fengju aðild að Norðurlandaráði, hefði getað leitt til þeirrar niðurstöðu að Íslendingum var synjað um áheyrnaraðild á stofnfundi þess, þ.e. stofnfundi Eystrasaltsráðs. Svar við því er fráleitt já, m.a. vegna þess að sá sem til fundarins boðaði, danski utanríkisráðherrann, hafði einmitt lýst sig samþykkan þessari skoðun íslenska utanrrh. og tók það fram einnig að þetta væru persónuleg viðhorf hans. Svo ekki getur það verið skýringin.

Það kynni að vera hluti skýringarinnar, þótt ekki sé það staðfest, að synjun meiri hlutans í Norðurlandaráði á því að veita Eystrasaltsþjóðunum viðtöku, hefði leitt til þess að hinni hugmyndinni var raunverulega hrundið í framvkvæmd með þeim hætti sem gert var.

Hv. þm. hvatti utanrrh. Íslands til þess að ferðast meira, koma á Norðurlandaráðsfund og upplifa lífsreynsluna. Hæstv. forsrh. skýrði á eftirminnilegan hátt frá upplifun sinni á þeirri reynslu í fyrsta sinn og komst reyndar að því af þeirri upplifun að margt benti til þess í andrúmslofti og ummælum og samtölum að ákveðin gliðnun væri í þessu samstarfi. En það eru margir aðrir til vitnis um það. Ég vitnaði áðan í norska utnaríkisráðherrann sem hv. þm. sagði að væri góður maður og kæmi iðulega á Norðurlandaráðsþing. Sá góði maður hefur einmitt sagt að ein meginástæðan fyrir þeirri afstöðu hans að hvetja í Noregi til aðildar að Evrópubandalaginu sé sú að hann sjái það fyrir fram að ef Noregur fari ekki þá leið þá verði hann viðskila við kjarnann í Norðurlandasamstarfinu vegna þess að þegar Norðurlandaþjóðirnar þyrpast inn í EB og verði þar undirsvæði, og þá verði þar reistir múrar milli þeirra Norðurlandaþjóða sem eru innan og hinna sem eru fyrir utan. Ég gæti haldið áfram að þylja tilvitnanir í fjöldann allan af norskum stjórnmálamönnum sem hafa lýst þeirri skoðun. Ég veit ekki til þess að þeir sem taka þátt í norrænu samstarfi séu endilega taldir ekki með réttu ráði eða ekki mark á þeim takandi þrátt fyrir þetta.

Ástæðan fyrir því að ekki er ítarlegar fjallað um Norðurlandasamstarfið í skýrslu utanrrh. er að sjálf-

sögðu sú að fyrir liggja á borðum þingmanna tvær skýrslur frá samstarfsráðherra um norrænt samstarf og ekki þótti ástæða til að endurtaka þá skýrslu.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðhafði ekki þau orð að sagt væri að hæstv. utanrrh. væri ekki með réttu ráði. Ég sagði einfaldlega að ekki væri hægt að taka nægilega mikið mark á íslenska utanrrh. af því er varðar norrænt samstarf og ég tel að íslenski utanrrh. hafi enga heimild til þess, ég vænti þess að hann hafi ekki heimild til þess í ríkisstjórninni að halda því fram nánast að norrænt samstarf sé að líða undir lok. Vel getur verið að einhver hafi haldið því fram við hann að einhver gliðnun væri í norrænu samstarfi. Það eru miklar breytingar í norrænu samstarfi. En það er ekki þar með sagt að það sé að veikjast þó að breytingar séu að eiga sér stað. Ég veit ekki betur en að þetta hafi verið meginstoð í íslenskri utanríkispólitík og vænti þess að íslenski utanrrh. reyni að gera sér upp sjálfstæða skoðun í málinu en treysti ekki um of á kollega sína, hvort sem þeir heita Thorvald Stoltenberg eða Uffe Elleman-Jensen.

Ég er ekki viss um að skoðanir danska utanríkisráðherrans eigi jafnmiklu fylgi að fagna og hæstv. íslenski utanrrh. hefur gefið í skyn. Í umræðunni sem átti sér stað á Norðurlandaráðsþingi varð ég ekki var við það. Ef eitthvað hefur verið að gerast á vettvangi Norðurlandanna hefur það frekar gengið í þá átt að menn eru mun bjartsýnni um framtíð Norðurlandasamstarfsins en þeir voru fyrir nokkrum mánuðum. Það er afar mikilvægt að íslenski utanrrh. geri sér grein fyrir því og tali í samræmi við samstarfsráðherrann og forsrh. landsins. Ég tel að hæstv. utanrrh. geri það alls ekki.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Viðkvæmni hv. 1. þm. Austurl. gagnvart umræðum um breytingar á inntaki norrænnar samvinnu er algjörlega óþörf. Einnig er óþarfi að persónugera það með þeim hætti sem hv. þm. reynir. Staðreyndin er sú að mikil umræða er um það á Norðurlöndunum. Ég þarf ekki einu sinni að heimsækja klúbbinn, Norðurlandaráðið, til þess að verða var við það. Heilmikil umræða fer fram um gervöll Norðurlönd um framtíð norræns samstarfs ef þannig fer að Norðurlöndin verði viðskila við þá stóru ákvörðun að sum fari í Evrópubandalagið og myndi þar sérstakt undirsvæði en önnur verði utan við það. Því er haldið fram af hverjum leiðtoganum á fætur öðrum og má þar tilnefna tvo forsætisráðherra, væntanlega er hægt að taka mark á þeim, sem segja að við það verði meginviðfangsefni norræns samstarfs að fást við samninga við Evrópubandalagið og að taka upp samstarf um lausn á vandamálum í tengslum við Evrópubandalagið. Þær þjóðir sem verði utan við þetta verði þannig viðskila við kjarna norræns samstarfs. Hvers konar viðkvæmni er þetta, hv. þm.? Að ekki megi ræða þetta og rökstyðja, benda á dæmi að fjöldinn allur af norrænum leiðtogum er sömu skoðunar og ég í þessu máli. Það er algjör óþarfi að persónugera það og segja sem svo að viðhorf mín sem margir eru sammála um, hv. þm. er kannski annarrar skoðunar, lýsi einhverri fordómafullri afstöðu á norrænu samstarfi eða bendi til þess að ekki sé mark á mönnum takandi. Hvers konar eiginlega umræðumáti er þetta, hv. þm.?

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, hvers konar umræðumáti er þetta? Ætli umræðumátinn sé ekki með þeim hætti hvernig íslenski utanrrh. talar um norrænt samstarf. Hvaða leyfi hann hefur til þess að gera jafnlítið úr því og hann hefur gert og hvaða framtíðarsýn hefur hann um það? Ég vil benda utanrrh. á skýrslu, bráðabirgðaskýrslu eða milliskýrslu, sem er komin frá forsætisráðherrunum og gefur ekki tilefni til annars en að álykta að norrænt samstarf muni áfram verða sterkt. En það mun breytast. Ég bið utanrrh. að kynna sér skýrsluna vel því hún gefur ekki tilefni til þeirra ummæla sem hann hefur haft í frammi. Vel má vera að hann styðji ummæli sín í samtölum við ýmsa aðila. Ég er ósammála þessu stöðumati, tel það rangt og skaðlegt íslenskum hagsmunum og röng skilaboð til samstarfsþjóða okkar á Norðurlöndunum. Hæstv. utanrrh. getur svo átt það við sjálfan sig hvernig hann rekur þessa umræðu því ég mun ekki mótmæla orðum hans nema af fyllsta tilefni. Ég tel hann hafa talað afar gáleysislega um þessi mál, svo ekki sé meira sagt. Þess vegna hvet ég hann til þess að kynna sér málin betur, jafnvel þótt það kosti aukaferðalag.

Umræðu frestað.

115. FUNDUR

miðvikudaginn 1. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 31. mars 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Sigríður Jóhannesdóttir kennari, Keflavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn."

Kjörbréf Sigríðar Jóhannesdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á

Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Sigríður Jóhannesdóttir hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Utanríkismál, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 399. mál. — Þskj. 649.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. verði viðstaddur framhald umræðunnar í dag, eins og hann fylgdist grannt með umræðunni í gær og tók þátt í henni. — Ég sé að hæstv. ráðherra er viðstaddur. — Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er m.a. sú að eftir framlagningu skýrslu hæstv. utanrrh. og umræðuna í gær er ljóst að flokkarnir sem eiga aðild að ríkisstjórninni tala ekki einum rómi. Í þýðingarmiklum atriðum munar þar miklu eins og þeir sem fylgdust með umræðunni og hafa farið yfir skýrslu hæstv. utanrrh átta sig á. Við framhald umræðunnar er nauðsynlegt að átta sig á hver staðan er varðandi þau stóru mál er snerta stöðu Íslendinga út á við, sérstaklega með tilliti til samskipta landsins við Evrópubandalagið. Svo ég reyni að lýsa því hvernig staðan í þessu máli kemur mér fyrir sjónir, þá er hún sú að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., hefur með skýrslu sinni lagt áherslu á að aðild Íslands að Evrópubandalaginu verði tekin á dagskrá, að hafin verði vinna á vegum Stjórnarráðsins og stofnana þess á því að athuga afleiðingar aðildar Íslands að Evrópubandalaginu og að staðan verði metin í ljósi þess.

Í skýrslunni dregur hæstv. ráðherra aðeins upp tvo kosti fyrir Ísland. Annars vegar aðild að Evrópsku efnahagssvæði með þeim samningi sem liggur fyrir og kannski ættum við að segja og/eða aðild að Evrópubandalaginu. Þetta er í rauninni mjög skýrt og liggur enn ljósar fyrir eftir ummæli hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum á undanförnum dögum, af þátttöku hans í umræðum í gær ásamt framsöguræðu fyrir skýrslunni.

Jafnframt liggur fyrir að hæstv. forsrh. er ekki sammála utanrrh. í útleggingum hans og áherslum að því er snertir Evrópubandalagið á þessari stundu. Hann lýsti því yfir í umræðunni í gærkvöld að slík aðild væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar nú. Ég held við ættum að taka eftir smáorðinu „nú“ því hæstv. forsrh. tímasetti ekki neitt í þeim efnum og lét fylgja að eðlilegt væri að taka á málum eins og hæstv. utanrrh. er að leggja til að öðru leyti en því að ekki væri á dagskrá ríkisstjórnarinnar að sækja um aðild að Evrópubandalaginu eða miða störfin við að það verði gert alveg á næstunni.

Við hljótum að ræða málin út frá þessum forsendum. Það skiptir auðvitað ekki litlu máli að forustuflokkurinn á sviði utanríkismála í ríkisstjórnarsamstarfinu, Alþfl., er með þessa áherslu og mun auðvitað, eins og við þekkjum störf hans og starfshætti, beita sér fyrir framgangi þeirrar stefnu eftir því sem hann hefur afl til. Um það þurfum við ekki að efast. Það hlýtur að vera mikils virði fyrir okkur í öðrum flokkum svo og aðila innan Sjálfstfl., þar sem eru mjög skiptar skoðanir um viðhorfið til Evrópubandalagsins og samskipta við það að því er ég best veit, að átta sig á stefnu hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. Það veldur nokkrum heilabrotum hvers vegna hæstv. utanrrh. velur þennan tíma til að koma með slíka áherslu inn í umræðuna. Hann reynir að búa til jarðveg í kringum áherslur sínar í skýrslunni og í ræðunum með því að draga fram þær miklu breytingar sem orðið hafa á landslagi alþjóðamála, einnig að því er snertir Ísland á undanförnum árum, og að það kalli á að nú verði aðild Íslands að Evrópubandalaginu tekin á dagskrá á Íslandi.

Hæstv. ráðherra nefndi þrjú atriði sérstaklega, ef ég man rétt. Breytingarnar í Austur-Evrópu á undanförnum árum, þ.e. brottfall járntjaldsins og fall kommúnistastjórnanna. Breytingar í Norðurlandasamstarfi með umsóknaraðild nokkurra Norðurlanda að Evrópubandalaginu til viðbótar við Danmörku sem þar er inni. Og í þriðja lagi samrunaferlið í Vestur-Evrópu með EES samningunum og fjölgun þeirra ríkja sem berja dyra hjá Evrópubandalaginu.

Það er út af fyrir sig rétt að stórfelldar breytingar hafa orðið á stjórnmálum í álfunni. Því neitar að sjálfsögðu enginn. Þær gefa tilefni til þess að við Íslendingar athugum okkar gang eins og aðrar þjóðir þurfa að gera. En ég vefengi mjög að það sé réttmætt sem hæstv. utanrrh. segir að breytingarnar eigi að leiða til þess að Íslendingar taki kollsteypu í samskiptum út á við í þátttöku sinni í alþjóðlegu samstarfi og að þær gefi tilefni til þess að Íslendingar stígi í raun það skref til baka sem tekið var 1918 og 1944, afsali sér fullveldi og gangi inn í stórveldið Vestur-Evrópu. Um það snýst málið frá upphafi til enda og inn í það samhengi kemur spurningin um aðild að Evrópsku efnahagssvæði sem er brú inn í þetta landslag, stórt skref á þessari vegferð sem er það viðfangsefni sem ríkisstjórnin samkvæmt orðum hæstv. forsrh. hefur sem dagskrármál nú, þó annað kunni að vera uppi innan tíðar.

Ég held að breytingarnar í Austur-Evrópu, sú staðreynd að Varsjárbandalagið er horfið, að múrarnir milli austurs og vesturs hafa fallið í hernaðarlegu tilliti kalli ekki á það að Íslendingar fari að stíga þau skref sem hæstv. ráðherra leggur til né heldur að tengjast Vestur-Evrópubandalaginu eins og ráðherrann hefur á dagskrá og hæstv. forsrh. hefur tekið undir með vissum hætti. Styrjaldarógnin er fjarlægari nú en hún var fyrir skömmu. Hafi menn metið það svo að þörf væri fyrir Íslendinga að hafa herstöðvar í landinu, vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu til að tryggja öryggi sitt, þá eru þær forsendur nú úr sögunni og möguleikar á að

stíga skref í allt aðra átt en þá að tengjast með nýjum hætti hernaðaruppbyggingu eða varnarsamstarfi Evrópubandalagsins. Vestur-Evrópubandalagið er jú vísirinn að því og á eftir að taka við því samkvæmt þeim samþykktum sem þegar hafa verið gerðar. Ég tel þannig að þetta atriði gildi ekki sem rökstuðningur fyrir því að við förum að breyta til með þeim hætti sem ráðherrann er að boða.

Þá kemur spurningin um Norðurlandasamstarfið og breytingar á norrænu samstarfi. Eigum við Íslendingar að gerast farþegar á þeirri lest sem stjórnmálamenn og ríkisstjórnir á Norðurlöndum hafa sumpart ákveðið að stíga upp í áleiðis til Brussel? Er sjálfsagt að við Íslendingar stígum þar um borð? Er ráðlegt að við íhugum það? Ég vísa því frá og tel engin rök fyrir því að við Íslendingar tökum svo afdrifaríkt skref jafnvel þó þrjú önnur Norðurlönd gerist aðilar að Evrópubandalaginu á þessum áratug. Mun ég koma nánar að því á eftir.

Þá er það þriðji þátturinn, samrunaferlið í Vestur-Evrópu. Eigum við að bregðast við þeim breytingum — því auðvitað verðum við að bregðast við breytingum í umhverfi okkar — með þeim hætti að gera samning um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. vera þátttakendur í þeim samningi með því sem því fylgir? Hann er, eins og oft hefur komið fram, stór áfangi á leiðinni í Evrópubandalagið. Eigum við að taka þá áhættu sem því fylgir og auðvelda þeim öflum leikinn sem vilja fara alla leið með því að gerast aðilar að þeim samningi ef í boði verður? Að ekki sé talað um hitt, sem hæstv. ráðherra nú vill taka á dagskrá, beina aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

Ég vil næst koma að því mati sem lýtur að Norðurlöndunum vegna þess að ég tel að það skipti miklu máli í þessari umræðu. Það liggur fyrir, ekki aðeins hér á landi heldur einnig á hinum Norðurlöndunum, að reynt er að tengja löndin saman í eina lest, knýja fram pólitíska vilja til þess að sækja um aðild að Evrópubandalaginu með þeim rökum að löndin þurfi að vera samferða til Brussel, það auki styrk þeirra og möguleika til að vinna sig fram úr samningaviðræðum við Evrópubandalagið og ná bestum kostum í þeim efnum. Þetta endurómar á öllum Norðurlöndunum utan Danmerkur sem eru í annarri stöðu og nú endurómar þetta hér. Það er víða að finna í skýrslu hæstv. utanrrh. með beinum hætti að hann tengir þetta saman og setur fram spurninguna hvort ekki sé einmitt tækifæri núna að stíga um borð og láta reyna á aðild að Evrópubandalaginu. Hæstv. utanrrh. er í rauninni að taka undir með framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins sem gaf þá yfirlýsingu á sérstakri EB-ráðstefnu hérlendis fyrir nokkru að hann teldi að svona bæri að halda á málum. Það er athyglisvert hvernig hugmyndir um þessi efni koma fram á ýmsum bæjum, jafnvel á ólíklegustu stöðum þar sem menn hafa látið undan þessum áróðri, taka það gilt að nú beri að láta á þetta reyna.

Mér finnst að þeim aðilum, að utanrrh. hæstv. meðtöldum, sem bera fram tillögur í þessa átt láist að ræða afleiðingar þess fyrir Ísland að stíga þessi skref, afleiðingar fyrir stöðu Íslands í heild. Látið er því liggja að þetta sé öðrum þræði tæknilegt vandamál, samningatæknilegt vandamál, spurning um það hvernig við getum samið okkur út úr hinu og þessu en menn ræða ekki grundvallaratriðið sem er það að með því að gerast aðili að Evrópubandalaginu erum við að taka Ísland út af korti sjálfstæðra þjóða því að um það snýst málið. Maastricht-samkomulagið frá 7. febr. sl. markar með ljósum hætti stefnuna til bandaríkja Evrópu, Europian Union eða Evrópusamveldis, eins og farið er að kalla það. Það er kjarni málsins. Höldum við að hag Íslands og Íslendinga verði betur borgið með því að stíga þessi skref sem eru auðvitað allt önnur en hæstv. ráðherra er að láta að liggja í inngangsorðum og lokaorðum inngangskafla í sinni skýrslu? Í lokaorðunum á bls. 24 má lesa:

„Þrátt fyrir títtnefnd umskipti í stjórnmálum Evrópu og samskiptum austurs og vesturs eru grundvallarmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu óbreytt, þ.e. að standa vörð um fullveldi og sjálfstæði lýðveldisins, tryggja öryggi og velferð þjóðarinnar, verja auðlindir landsins og efla atvinnuvegi og samgöngur."

Gott ef satt reyndist að þetta væru markmiðin. Þetta eru markmið sem ekki eru samrýmanleg hugmyndum um að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Aðild að Evrópubandalaginu, eða öllu heldur að Evrópusamveldinu, á grundvelli samninganna frá Maastricht, hins nýja samkomulags, hins nýja sáttmála, sem breytir mörgum atriðum Rómarsáttmálans í grundvallaratriðum, er ávísun á það að leggja þátttökuríkin af sem sjálfstæð ríki og koma á skipan sem að sumu leyti minnir á Bandaríki Norður-Ameríku en gengur þó enn lengra á ýmsum sviðum í þéttriðnari ríkisheild.

Ef menn eru á því að hér sé verið að ýkja, hér sé verið að oftúlka, þá bið ég menn að fara í gegnum þessa bók, samningana frá Maastricht. Þá bið ég menn um að lesa nýjustu ræðu Jacques Delors sem hann hélt í Evrópuþinginu alveg nýlega og þær áherslur sem þar eru og hugmyndir um að herða enn á þessu ferli og boða til ríkjaráðstefnu fyrr en rætt var um í aðdraganda samninganna í Maastricht. Það þýðir ekki fyrir menn að ræða þessi efni án þess að svara því hvort þeir vilji sjá slíka framtíð fyrir Ísland eða ekki. Svo getum við farið að ræða tæknilegar útfærslur, samningaaðferðir og þess háttar, ef svo skyldi reynast að pólitískur meiri hluti væri á Íslandi fyrir því að leggja upp í slíka ferð. Það er í þessa vegferð sem er reynt að ýta Norðurlöndunum fjórum og lóðsinn í þeirri lest er góðvinur hæstv. utanrrh. sem nú skrifar grein eftir grein eftir grein í norræn málgögn, Uffe Elleman-Jensen, til þess að hvetja Norðurlöndin til að grípa nú gæsina og slást í hópinn. Í öllum víðlesnustu dagblöðum Norðurlanda er nú fullt af kjallaragreinum eftir þennan hugmyndasmið. Auðvitað finna danskir stjórnmálamenn sig, sem eru þó áhangendur Evrópubandalagsins, ósköp einmana. Þetta litla ber ofan á hinu stóra Þýskalandi er valdalítið og stendur frammi fyrir afleiðingum sáttmálans í Maastricht sem danska þjóðin þarf þó að taka afstöðu til innan skamms.

Eru málin þannig, eins og látið er að liggja í þess-

um umræðum, að líklegt sé að þjóðir Norðurlanda, utan Danmerkur, skrifi upp á hugmyndir stjórnmálamannanna? Það var athyglisvert að heyra í gær orð hæstv. forsrh. (**Forseti:** Forseti biður hv. þingmenn að vera ekki að tala saman í salnum á meðan ræðumaður flytur sitt mál.) í sambandi við væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku. Það sýnir, sem ég raunar efaðist ekkert um, að hæstv. forsrh. fylgist með því sem er að gerast á norrænum vettvangi. Það væri betur að fjölmiðlarnir á Íslandi fylgdust með þeim atburðum og höguðu sínu máli, upplýsingum og túlkunum þannig að það bærust almennt fréttir af því í hvaða átt umræða hnígur á hinum Norðurlöndunum í sambandi við þessi mál. Hann virðist ansi þykkur sá múr sem þarf að fara í gegnum til að flytja hlutlægar fréttir af þróun mála úti í heimi. Það virðist undarleg árátta að fylgja forskrift þeirra sem valdið hafa á hverjum tíma og sjá hlutina í gegnum slík gleraugu. Vissulega eru þó undantekningar þar frá í fjölmiðlum á Íslandi eins og annars staðar.

Staðan í Danmörku er sú þessa stundina, eftir skoðanakönnunum að dæma, að mikil óvissa er um, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, hvort Danir skrifa upp á Maastricht-samningana í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í raun sýna skoðanakannanir að verulegur meiri hluti þeirra sem afstöðu hefur tekið að undanförnu er í andstöðu við þessi áform. Ég vil þó að sjálfsögðu ekkert fullyrða um það hver staðan verður þegar á hólminn er komið en ég er sammála hæstv. forsrh. um að það getur haft mjög víðtæk áhrif á stöðu þessara mála á Norðurlöndum í heild. Þarf það þó eitt ekki að koma til því það er einnig umræða í gangi innan hinna landanna, Svíþjóðar og Finnlands, sem þegar hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu eða Evrópusamveldinu, eins og réttara væri að kalla það eftir Maastricht.

Það var Svíþjóð sem reið á vaðið með aðildarumsókn. Haustið 1990 gerðust þau undur að margra mati að sænska krataríkisstjórnin tók ákvörðun um að stefna að aðild að Evrópubandalaginu og setti það fram í eins konar bandormi, eins konar kreppuráðstöfun í efnahagsmálum, það stefnumið að kúvenda frá stöðu og stefnu Svíþjóðar í utanríkismálum. Síðan var þetta innsiglað í fyrrasumar með sérstakri ákvörðun og samþykki í Ríkisdeginum sænska. Þetta gerðist nánast án nokkurrar umræðu þar í landi. Stjórnmálamennirnir sáu þetta sem einhverja útleið úr þrengingum í efnahagsmálum. Spurningin var um það hvort lækka ætti gengið enn einu sinni og það var tekin ákvörðun í þessa átt. Almenningur var ekki spurður. Almenningur hafði ekki rætt málið. Það var ekki búið að kynna sænskum almenningi hvað hér var á ferðinni í raun og veru. Og það er fyrst nú undanfarna mánuði sem einhver umræða að ráði hefur hafist í Svíþjóð um þessi efni. Og til hvers hefur sú umræða leitt? Skoðanakannanir sýndu fyrir ári síðan að ⅔ eða þar um bil af sænskum kjósendum sem afstöðu tóku skrifuðu upp á stefnu stjórnvalda um að sækja um aðild og lýstu sig jákvæða en nú er það minni hluti kjósenda sem þannig svarar og breytingarnar hafa verið mjög hraðfara undanfarna mánuði. Að vísu, samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum í Svíþjóð, svarar meiri hluti þeirra sem svarar spurningunni um aðild játandi eða 44% sem segja já en 36% segja nei. Það eru tölurnar úr síðustu skoðanakönnun frá því í marsmánuði. En ef bætt er við spurninguna: Viljið þið gerast aðilar að Evrópusamveldinu? Viljið þið gerast aðilar að því Evrópubandalagi sem verður eftir að búið er að staðfesta Maastricht-samningana? — þá snýst dæmið við, þá er orðinn bullandi meiri hluti með því að segja nei við aðild, þ.e. aðild að hernaðarsamstarfinu og sameiginlegri utanríkisstefnu, því sem felst í því að sækja um aðild að EB í dag.

Nú ríkir upplausnarástand í sænsku flokkunum, þ.e. mikil ólga og gerjun er innan krataflokksins, innan Sósíaldemókrataflokksins sænska. Þeir eru í hreinustu vandræðum með það hvernig þeir eiga að standa að málum nú á næstunni í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu sem fyrirhuguð er 1994 um þetta mál. Það sýnir sig nefnilega að enginn tryggur meiri hluti er lengur fyrir þessari stefnu í Sósíaldemókrataflokknum sænska heldur þvert á móti. Þeir sem eru neikvæðir í afstöðu til EB vinna stöðugt á og stefnir þar í meiri hluta. Sama er að gerast hjá sænska Miðflokknum þar sem gagnrýnin var alltaf miklu meiri. Þar lýsa nú um 80% stuðningsmanna flokksins neikvæðri afstöðu til aðildar að Evrópubandalaginu og Olaf Johanson, formaður flokksins, er nánast eins og í fangelsi, búinn að skrifa upp á stjórnarsáttmála sem felur í sér að það eigi að láta reyna á aðild. Einnig er í Folkaflokknum sænska nákvæmlega það sama upp á teningnum, að vísu er meiri hluti ekki neikvæður en nærri því 40% sögðu nei á nýafstöðnum fundi. Þannig ganga hlutirnir fyrir sig í Svíþjóð þessa dagana og Carl Bildt, sem berst eindregið fyrir þessu og skrifar upp á allt sem varðar Maastricht, er auðvitað að verða dálítið eins og kalkvistur í þessari umræðu. Hann og Hægri flokkurinn ætla sér og ætluðu að nota tækifærið með aðildarumsókninni til þess að skera sænska velferðarkerfið niður við trog því það eru auðvitað áformin sem tengjast þessu í hugum hægri manna sem vilja gjörbreytingu á því velferðarkerfi á Norðurlöndum sem við höfum búið við. Þegar svona leki er kominn að móðurskipinu í Svíþjóð halda menn þá að það sé eitthvað borðleggjandi að Svíar samþykki aðild að Evrópubandalaginu, aðild að Evrópusamveldinu, eftir eitt og hálft ár eða svo í þjóðaratkvæðagreiðslu sem verður væntanlega bindandi fyrir afstöðuna í þessu máli?

Finnland, segja menn, setti kúrsinn á Evrópubandalagið og varð að gera það eftir að Svíþjóð sótti um aðild. Auðvitað hafði aðildarumsókn Svía áhrif. Ríkisdagurinn finnski samþykkti 18. mars sl. þessa stefnu finnsku ríkisstjórnarinnar eftir að Esko Aho las okkur pistilinn á Norðurlandaráðsþingi nýlega og þann boðskap að þjóðríki væru nánast úrelt fyrirbæri. Þá tókst honum að brjótast yfir mjög öfluga andstöðu í Miðflokknum finnska, auðvitað með hótunum og vísun til þess að ríkisstjórnin mundi falla ef svona yrði. Í miðflokkunum í þessum ríkjum er nú hver höndin upp á móti annarri í þessum efnum í andstöðu við forustu flokkanna og meiri hluti sem þar er í rauninni er and-

stæður þessum áformum. Staðan er þannig í Ríkisdeginum að þar er enginn tryggur ⅔ aukinn meiri hluti fyrir aðild að Evrópubandalaginu, jafnvel þó að samningar tækjust en samkvæmt finnsku stjórnarskránni þarf ⅔ til að samþykkja slíka aðild ef til kæmi.

Hv. þm. Björn Bjarnason skrifar grein í Morgunblaðið 25. mars sl.: „Finnar á hraðferð inn í Evrópubandalagið." Ég held að það væri rétt að Alþingi styrkti hv. þm. til að fara til Finnlands til að setja sig inn í málin áður en hann fer að nota þessa stöðu í Finnlandi og horfa á málin með þeim gleraugum sem hann notar þegar hann ritar þessa grein í Morgunblaðið til að ráðleggja Íslendingum að feta í fótspor Finna. Það er þessi fulltrúi Sjálfstfl. í utanrmn., sem í rauninni er að segja það og ekkert annað í þessari grein, sem þið skuluð kynna ykkur, að Íslendingar eigi nú að söðla um og feta í fótspor Finna. Ég leyfi mér að finna orðum mínum stað með lítilli tilvitnun, virðulegi forseti: „Full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að fylgjast náið með því hvernig Finnar hafa staðið að því að móta stefnu sína og taka ákvarðanir um þátttöku í EB. Þótt aðstæður okkar og Finna séu ekki hinar sömu er margt líkt með hagsmunum þjóðanna þegar litið er til Evrópusamstarfsins." Fleira segir þar undir lokin en ég tek ekki tíma í að rekja það nánar. Þetta ættu menn að kynna sér. Og það sýnir okkur auðvitað að öflugir talsmenn eru innan Sjálfstfl., við vissum það auðvitað fyrir, sem hugsa mjög eindregið í þessa átt og ef þeir fengju einir ráðið mundu þeir þegar í stað skrifa upp á hugmyndir hæstv. utanrrh. í þessum efnum. Það er kannski ekkert skrýtið þegar horft er til þess að núv. hæstv. forsrh. var með hugann mjög upptekinn við þetta hér fyrir tveimur árum eða svo að aðferðin til þess að kanna landslagið væri að sækja um aðild eins og kom fram í nefndaráliti á landsfundi Sjálfstfl. haustið 1989. En skoðanir eru afar skiptar í þessum stóra flokki og hæstv. forsrh. hefur tekið þá skynsamlegu afstöðu að bíða og sjá til. Við skulum vona að þessi bið verði til þess að bæði hann og Sjálfstfl. komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki mjög skynsamlegt að slá af íslenska lýðveldið, íslenskt fullveldi, með því að ganga inn í Evrópubandalagið.

En þetta var Finnland. Hvað um Noreg? Þar hafa átökin verið með mjög hörðum og áberandi hætti um langt skeið og umræðan öðrum þræði farið fram í ljósi þess sem gerðist fyrir 20 árum í Noregi þegar tillaga valdamanna á þeim tíma um aðild að Evrópubandalaginu var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu sem enn sjást örin eftir í norsku samfélagi. Síðustu skoðanakannanir þar sýna járn í járn milli þeirra sem segja já við inngöngu í Evrópubandalagið og þeirra sem segja nei. 41% á móti 41% og 18% sem voru óvissir í afstöðu sinni. Það var um 10. mars sem þessi skoðanakönnun var gerð á vegum Opinion-stofnunarinnar fyrir Aftenposten. Þetta þekkja menn og þróunin hefur verið að ganga í þá átt upp á síðkastið að þeim, sem eru neikvæðir gagnvart inngöngu og aðildarumsókn, hefur vaxið ásmegin. Það er mjög langt frá því, eins og látið er að liggja af hæstv. utanrrh. bæði í orði og riti, að líkurnar vísi á það að niðurstaðan verði aðildarumsókn í vil í þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi. Það er mjög langt frá því að menn eigi að leiða líkur að því. Slík er óvissan þar í landi. Nú eru aðeins fáir dagar í það að Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, komi út úr híðinu og segi það sem allir vita, hver hugur hennar er í sambandi við inngöngu í Evrópubandalagið. Það er 4. apríl, eftir þrjá daga, sem hún mun á fylkisþingi norskra jafnaðarmanna í Hörðalandi skýra frá afstöðu sinni, viðhorfi til aðildar. Einmitt núna á næstu dögum heldur um helmingurinn af fylkiseiningum norska Verkamannaflokksins flokksþing sín til að kjósa fulltrúa á landsfundinn sem verður ekki síðar en í nóvember nk.

Norski krataflokkurinn er klofinn í tvennt í þessum efnum og það er ekki friðvænlegt á þeim bæ. Það þekkja alþýðuflokksmenn hér, við vitum það af umræðunni og hefur ekki farið leynt. Þeir flokkar í Noregi sem hafa haft þá stefnu — ég vil segja hafa haft vit á því — að taka aðra afstöðu nú um lengri tíma, Sósíalíski vinstri flokkurinn og Miðflokkurinn, hafa sópað til sín fylgi að undanförnu vegna þeirrar stefnu sinnar. Þó það finnist einstaka aðilar í þeim flokkum sem hafa aðra afstöðu hefur meiri hlutinn verið mjög skýr og ljós og afstaðan eindregin. Nú eru sem sagt möguleikar á því að forusta Verkamannaflokksins verði undir, ef ekki formlega þá í reynd, ef reynt verður að knýja þessa stefnu fram í þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi.

Málin eru því þannig að það er mjög langt frá því að menn geti gefið sér það að þessi hraðlest til Brussel fari nokkurn tímann af stað nema kannski bara eimvagninn ósköp einmana með Carl Bildt, Esko Aho og Gro Harlem. Góða ferð. En ekki er víst að þjóðirnar fylgi foringjunum. Það er það merkilega, lærdómurinn sem hægt er að draga af því sem hefur verið að gerast á Norðurlöndum að undanförnu. Það er þessi breyting, þessi stóra breyting á afstöðu almennings, loksins þegar farið er að ræða málin og menn hafa áttað sig á því hvað raunverulega var að gerast. Þetta á alveg sérstaklega við Svíþjóð og Finnland.

Annað mál er svo að í hinum EFTA-ríkjunum sem eftir standa fyrir utan Ísland, þ.e. Austurríki og Sviss, er svipað á ferðinni, þ.e. vaxandi andstaða eftir því sem mönnum verður ljóst hvað hér er á ferðinni. Ég skal ekki leiða neinum getum að því hvað þar gerist en auðvitað er það athyglisvert að átta sig á því. Þar gildir það sama. Forusta flokkanna, sem hafa verið að taka þessa stefnu, fær ekki fólkið með sér í þeim mæli sem menn höfðu vænst. Skilningur og tilfinning almennings í þessum löndum á gildi þess að varðveita sjálfstæðið, standa vörð um þjóðlegt sjálfstæði, er annað en menn höfðu reiknað með. Staða þeirra og mat þeirra sem vilja varðveita smáþjóðina sem einingu og með sem mest sjálfræði, þó í breyttum heimi sé, á meiri hljómgrunn og ríkari meðal almennings í löndunum en foringjarnir hafa ætlað.

Ég taldi rétt, virðulegur forseti, að draga þetta fram vegna þess að skýrsla hæstv. utanrrh. úir og grúir af rangfærslum á þessu stöðumati. Auðvitað er hann að reyna að segja okkur það að þetta sé allt öðruvísi af

því að hann er að rökstyðja það að við eigum að stíga um borð. Hann er að rökstyðja það. En þetta er ekki heiðarlegt, hæstv. utanrrh. Það er ekki heiðarlegt að þegja yfir þróun mála í löndum sem eru þó með þá lýðræðislegu fótfestu að greiða á þjóðaratkvæði um slíkt mál og jafnvel í sumum löndum um Evrópskt efnahagssvæði eins og eðlilegt væri og sjálfsagt að gert yrði hérna.

Hitt er svo annað mál og skiptir minna máli fyrir umræðuna hjá okkur en við hljótum þó að taka eftir, það eru líkurnar á því að komið verði til dyra ef bankað er í Brussel. Það er alveg rétt sem nefnt var hér af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í stuttu innleggi í umræðunni í gær að langt er frá því að menn hafi gert upp hug sinn hjá Evrópubandalaginu um hvort og í hvaða mæli eigi að hleypa inn fyrir, jafnvel bara að samningaborði. Delors var að segja Evrópuþinginu að nú yrði að fara í gegnum stofnanir og ákvarðanatökuferli, hvernig tekið er á málunum. Þetta verður allt að endurmeta á þessu ári áður en til samningaviðræðna við önnur ríki kemur. Öll lýtur þessi þróun að því að staða smáríkjanna, sem hyggja á inngöngu verður veikari, verður önnur, allt önnur en var áður en Maastricht-samningarnir voru gerðir við óbreytt kerfi. Meira að segja tungumálaþátturinn hefur breyst en hann var notaður hér sem agn af þeim sem voru að gylla inngöngu því að þar væri svo vel fyrir séð að menn gætu talað sitt móðurmál á öllum fundum. Það er ekki bara enska eins og í Evrópsku efnahagssvæði, þar sem enska er hið opinbera mál og engin túlkun. Haldið þið að allir fundir séu túlkaðir á móðurmálið? Ónei, það er ekki borðleggjandi heldur. Einnig það er til endurskoðunar. Spurningin um svokallaða tilfærslu á formennsku milli allra þátttökuríkja er til umræðu og endurmats og mjög ólíklegt að hæstv. utanrrh., hver sem hann verður í framtíðinni hér á landi, sitji við borðsendann í ráðherraráði Evrópubandalagsins ef ógæfa Íslands yrði slík að hann ætti þar stól.

Vissulega er viðleitni hjá hæstv. utanrrh. að segja svolítið frá því hvað í Maastricht-samningnum felst. Það er reynt, en mér finnst áherslurnar vera mjög sérkennilegar, hvernig það mál er fyrir lagt í skýrslunni. Ekki er verið að draga fram aðalatriði máls, þar er allt sett í nokkra þoku í sambandi við það hvað í samningnum felst. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að láta þýða þetta plagg á íslenskt mál. Menn eru hér komnir í nokkra þjálfun í EB-rétti og tungutaki eftir að hafa farið í gegnum hluta af EES-skjölunum og komið því á íslensku. Ég held það væri rétt fyrir hæstv. utanrrh. áður en hann gerði nokkuð annað til að kanna spurninguna um aðildarumsókn að Evrópubandalaginu að láta þýða þennan nýja sáttmála, þessa stóru viðbót við Rómarsáttmálann, svo menn vissu eitthvað hvað hér væri um að ræða.

Það er verið að gera það að meginatriði máls í umræðunni af hálfu þeirra sem tala um að láta reyna á aðild að Evrópubandalaginu að það sé fyrst og fremst einn þáttur sem þar skiptir sköpum. Það er hin margumtalaða sameiginlega fiskveiðistefna Evrópubandalagsins. Hæstv. utanrrh. er að vísu varfærinn í mati á þeirri stöðu en hann lætur samt að því liggja að það sé fræðilegur möguleiki, og ég skal ekkert hafa af honum með það, að hægt sé að hugsa sér að hún breytist í framtíðinni og að þar verði landslagið eitthvað annað. En það er mjög fjarri lagi að verið sé að breyta þessari sameiginlegu fiskveiðistefnu núna í eitthvað af því sem máli skiptir. Hérna er skýrsla frá því um áramótin frá framkvæmdastjórn EB til ráðherraráðsins og þingsins um þetta efni sem dregur upp stöðuna í þessu máli varðandi þá umræðu um endurskoðun sem hægt væri að gera, samkvæmt samningi að sameiginlegri fiskveiðistefnu. Þetta er allt saman smá snurfus á þeirri stefnu og allt vísar á það að hún haldi gildi sínu, þ.e. að samkomulagið frá 1982 framlengist um tíu ár og ef það fellur úr gildi er það grundvöllur Rómarsáttmálans sem tekur við og ekkert annað.

Það er mjög merkilegt að lesa vangaveltur lærðra manna uppi í háskóla í sambandi við sameiginlegu fiskveiðistefnuna. Það er vissulega athyglisvert að menn eru að reyna að krafla sig eitthvað fram úr EB-rétti þar í skóla og margt ágætt sem hefur komið fram. Ég nefni t.d. rit prófessors Stefáns Más Stefánssonar um þau efni sem vissulega er mjög til bóta að liggi fyrir á íslensku máli. En varðandi þær greinar sem koma öðru hvoru frá lærðum mönnum uppi í háskóla, frá félagsvísindadeild, stjórnmálafræðingum o.s.frv., finnst mér vel hægt að taka undir með hv. þm. Steingrími Hermannssyni sem talar um að þeir séu að dáleiða sjálfa sig inn í EB. Hugurinn og kappið leynir sér ekki í þessum skrifum en undirstöðurnar eru vægast sagt veikar. Síðast í gær lásum við eina slíka grein í Morgunblaðinu eftir aðila sem hefur undanfarin missiri verið mjög ötull við það að telja Íslendingum trú um að þeirra hag væri vel borgið innan EB. Það er Gunnar Helgi Kristinsson sem skrifar um rökin fyrir aðild Íslands að Evrópubandalaginu og auðvitað er fróðlegt að átta sig á þeim hugarheimi sem þar birtist.

Áður en menn fara að velta meira vöngum yfir sameiginlegu fiskveiðistefnunni ættu menn kannski að svara grundvallarspurningum um hvort þeir vilji kasta sjálfræði Íslendinga fyrir borð. Það finnst mér kjarni málsins. Telja menn að það að afsala sér landsréttindum, afsala sér fullveldinu, leggja örlög Íslands í einn pott úti í Brussel, af því að menn vilja gjarnan frekar tala um að leggja saman reiturnar með inngöngu í Evrópubandalagið, sé ráð sem beri að veðja á? Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því áður en þeir fara að líta á sameiginlegu fiskveiðistefnuna sem þá púfu sem helst sé til fyrirstöðu fyrir Íslendinga til þess að gerast aðilar.

Virðulegur forseti. Hverfum nú frá þessu aðalhugðarefni hæstv. utanrrh. í skýrslunni, þessu nýjabrumi sem hæstv. ráðherra var að kasta fram í umræðuna með framlagningu þessarar skýrslu og komum að því sem hæstv. forsrh. segir okkur að sé staða málsins frá sjónarhóli ríkisstjórnar sinnar, þ.e. að aðild að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá nú heldur það að ná samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Og þá er að ræða það, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Ég orðaði

það svo hér í gær að í rauninni hafi hæstv. utanrrh. verið að kasta rekunum á þann samning með ræðu sinni hér í gær. Ég tel að það liggi fyrir að mat utanrrh. á möguleikunum á að þessi samningur verði staðfestur eða komist á það stig að vera staðfestur sé ekki bjartsýnt frá hans bæjardyrum séð heldur miklu frekar — og kannski er það skýringin á því að hæstv. ráðherra velur þann kost að draga fram aðildina að Evrópubandalaginu sérstaklega nú í sambandi við þessa skýrslugjöf til Alþingis — að hann óttast í rauninni að þriggja ára strit, sem hann hefur verið ötull þátttakandi í, til að koma á samningi um Evrópskt efnahagssvæði hafi verið unnið fyrir gýg. Það ætla ég að vona að reynist niðurstaðan. Þá væri mikilli vá frá okkur bægt ef þetta hugverk félli og næði aldrei lengra en hafa komið hér sem drög að samningi, óstaðfest, inn á borð Alþingis Íslendinga en þyrftu ekki að tefja störf okkar hér frekar.

Hins vegar getum við engan veginn verið viss um að málin séu þannig og þess vegna hljótum við að ræða þetta mál, Evrópskt efnahagssvæði, sérstaklega og stöðu þess. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma að þessu sinni. Ég hef oft úr þessum ræðustóli lýst mínum viðhorfum í því efni og ég vænti þess og tel að það séu ýmis merki þess að þeim sé að fjölga hér á landi sem skoða málin gagnrýnið að því er varðar Evrópskt efnahagssvæði. Ég tel að gatan verði engan veginn eins greið fyrir það mál og hæstv. utanrrh. væntir ef það kemur til kasta Alþingis Íslendinga.

Þessi samningur er eins og oft hefur verið sagt stór áfangi á leið inn í Evrópubandalagið og hann mun auðvelda þeim öflum eftirleikinn sem vilja fara alla leið. Í ljósi þess ber að skoða þennan samning. Það er hrein tálsýn, sem reynt er að telja mönnum trú um og virðist nægja fyrir suma, að hugsanlegt verði að stöðva sig af með þennan samning og halda ekki lengra. Ef menn ættu þá kosti og gætu gert ráð fyrir þeim gætu þeir valið á milli þeirra og þá er að sjálfsögðu staðan sú að Evrópskt efnahagssvæði, eins og það liggur samningslega fyrir, er allt annars eðlis, a.m.k. að formi og inntaki, verulega annað en aðild að Evrópubandalaginu. Það sér auðvitað hver maður sem setur sig inn í þetta mál.

En samhengið er það sem máli skiptir og matið á því hvort þessi samningur fær staðist og hver er staðan til að verjast ásókn þeirra sem vilja fara alla leið og gera kröfu um það. Ég hef verið sannfærður um það, og mér finnst að æ fleiri rök hafi komið fram fyrir því eftir því sem liðið hefur á umræður um þennan samning og samningaumleitanir, að þetta verður raunin enda er staðan sú á hinum Norðurlöndunum þar sem stjórnvöld hafa tekið mið af aðild að Evrópubandalaginu. Þar er þessi samningur ekki ræddur sem neitt sjálfstætt fyrirbæri. Þar er alls ekki með því reiknað og auðvitað kemur það mat víða fram í skýrslu hæstv. utanrrh. Og það er eitt af því sem menn þurfa að svara hér og nú varðandi þennan samning. Hver væri staðan með slíkan samning eftir að Ísland eitt eða ásamt einu eða tveimur öðrum EFTA-ríkjum stæði eftir með þetta á bakinu og hin ríkin væru gengin inn og Evrópubandalagið komin hinum megin við borðið? Hæstv. utanrrh. er að leiða líkur að þessu því að hann hefur ekki trú á að hin Norðurlöndin hafni aðild. Hann hefur ekki mikla trú á því og þá segir hann í skýrslu sinni: Þá er góð staða til þess að breyta þessu og ná samningi um íslenska hagsmuni, plokka rúsínurnar úr þessum samningi, endursemja, fá stofnanaþáttinn út og allt það kerfi sem byggt er upp í kringum þennan samning og menn þekkja úr bláu bókunum. Staða Íslands gæti verið alveg viðunandi að því búnu. Þetta er mikil bjartsýni og ég bið þá sem þessu trúa að koma hér í ræðustól og rökstyðja sitt mál. Ég bið t.d. þá talsmenn Framsfl. sem eru að gera því skóna að þetta geti orðið brúkleg niðurstaða að koma í ræðustól og segja okkur frá því hvernig þetta eigi að gerast, hvernig menn sjá þetta hopp út úr EES-samningi yfir í tvíhliða samning til að tryggja hagsmuni Íslendinga. Og eftir að liðinn er nokkur tími og Ísland orðið þátttakandi í meiri hlutanum af lögum og reglum Evrópubandalagsins, ómálga þarna inni — eins og fylgir þessum EES-samningi því að þar hafa menn í rauninni engin ráð til að verjast lagasetningum EB og ætla síðan að ná landi með íslenska hagsmuni og Alþfl. hér og sterk stjórnaröfl í öðrum flokkum til þess að reka á eftir og ýta alla leið — það er þokkaleg staða. Þessa áhættu megum við ekki taka.

Ég heyrði það frá hv. 1. þm. Austurl., sem er nú ekki hér í þingsal en mætti gjarnan vera viðstaddur ef hann er í húsi, virðulegur forseti, að málflutningurinn um að Evrópskt efnahagssvæði væri aðeins áfangi á leiðinni í Evrópubandalagið og mundi auðvelda eftirleikinn þeim sem vilja fara inn í Evrópubandalagið væri alveg út í hött. Þetta segja menn án þess að færa nokkur rök fyrir sínu máli enda komu þau ekki fram í hans máli. Og ég trúi því ekki að formaður Framsfl. sé í raun þeirrar skoðunar að það sé hægt að taka málin þessum tökum. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur slegið marga varnagla í umræðum um þessi mál á liðnum árum. En þegar hann illu heilli lagði upp í þessa ferð 1989, knúinn af utanrrh. ríkisstjórnar sinnar, og álpaðist út í samninga í gegnum EFTA um Evrópskt efnahagssvæði þá var það með mjög skýrum fyrirvörum af hans hálfu í orði en þeir komust aldrei inn á borðið. Hæstv. utanrrh. sá um það. Og síðan hefur það gerst, allir fyrirvarar eru horfnir nema fyrirvarinn í sjávarútvegsmálunum og hvers virði er hann? Jú, hann er betri en enginn. Og hæstv. utanrrh. segir: Okkur tókst að verja auðlindirnar. En nú liggur það fyrir að vísu í ófullgerðum samningi.

Ég spyr hæstv. utanrrh.: Hvenær kemur sá tvíhliða samningur um sjávarútvegsmálefni milli Íslands og EB varðandi veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu m.a.? Hvenær kemur hann hér inn á borð okkar þingmanna? Hvenær verður hann til sýnis? Hvenær liggur hann fyrir? Samningur sem felur það í sér að Evrópuandalagið tryggir sér veiðar á 3.000 lestum af karfa svona til að byrja með og vísað er á pappírsloðnu á Grænlandsmiðum sem aldrei hefur verið veidd, ekki eitt tonn síðan 1986. Evrópubandalagið er með þá stöðu í þessum samningi að geta á tveggja ára fresti tekið málið upp til

umræðu og knúið á og notað þrýsting til þess að heimta meira af Íslendingum, a.m.k. ef þeir vilja sækja einhvern meiri rétt gagnvart þessum samningi. Og þetta er að verja auðlindirnar.

Ég tel, virðulegur forseti, að að því er snertir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sé mikil þörf á því að menn noti tímann ef samningurinn verður að veruleika og áður en hann verður að veruleika til þess að fara í gegnum málin á Alþingi Íslendinga. Það er alveg hörmulegt til þess að vita að í rauninni hefur öll skipuleg vinna á vegum Alþingis við að fylgjast með þróun mála í Evrópubandalaginu legið niðri að því er snertir þennan samning síðan fyrir kosningar.

Hér var starfandi á vegum þingsins Evrópustefnunefnd sem svo var kölluð undir forustu Kjartans Jóhannssonar og síðan hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Hún hefur ekki verið lögð formlega niður, hún hefur sofnað. Hvers vegna var talið nauðsynlegt að ýta þessum vettvangi burt — þar sem þó var verið að vinna að því að halda þræði í þessum málum og koma upplýsingum á framfæri við Alþingi og almenning í ritum sem menn þekkja — þegar nær dró úrslitum í þessum málum? Það er eingöngu utanrmn. sem fjallar um þessi mál en sú málafylgja öll er mjög í skötulíki og upplýsingamiðlun frá utanrmn. til þingsins um stöðu mála er sáralítil. Þannig hagar til að formaður utanrmn., sem hefur lengi verið varðstöðumaður í sambandi við fiskveiðiauðlindir okkar og vökumaður í þeim efnum, hefur ekki allt of mikinn stuðning í sínum flokki, því miður. Hann hefur ekki allt of mikinn stuðning við sín sjónarmið og það er ekki mikið ýtt á hann, held ég, að koma málum frá lokuðum fundum utanrmn. inn á borð alþingismanna og til almennings. Það hlaut að vera meiningin með því að svæfa Evrópustefnunefndina að utanrmn. ætlaði að taka til hendi og sjá um að miðla upplýsingum til þings og þjóðar. Þetta hefur ekki verið gert. Og við sitjum hér með bláar bækur og ég spyr: Eru menn búnir að lesa þetta? Eru menn búnir að skrifa niður spurningarnar sem blasa við í hverri grein og hverju fylgiskjali? Svo ekki sé talað um bækurnar sem eiga eftir að fylgja, tíu bindi sjálfsagt sem menn eiga að lesa á sumardögunum ef áætlanirnar um EES ganga upp, fyrir utan frumvörpin sjötíu eða áttatíu sem boðað er að komi hér inn í þingið. Það er staðan sem blasir við ef stefna ríkisstjórnarinnar, hin opinbera stefna, um að það eigi að reyna að ná saman endum um Evrópskt efnahagssvæði, gengur eftir og gengur upp. Eru menn ekki að leika sér hér að fjöregginu með óeðlilegum, ég vil segja ósæmilegum hætti?

Mér finnst að ekki hafi verið mikið um að vera á Alþingi Íslendinga síðan í janúar. Ég skrapp að vísu úr landi og hafði varamann í tvær vikur og það var ekki allt saman uppörvandi sem barst frá sölum Alþingis á þeim dögum. En það hefur ekki verið mikið hér umleikis og ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum sér ekki ríkisstjórnin til þess með forustu í nefndum í þinginu að menn séu þá að skoða þetta fósturbarn, EES-samninginn, til þess að greiða eitthvað fyrir þessu máli? Að menn setji sig inn í samninginn og séu færir um að taka rökstudda afstöðu til mála frekar en að láta þingið sitja hér starfslítið vegna þess að ríkisstjórnin hefur sáralítið fyrir það að leggja.

Alþb. ályktaði um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði á landsfundi sínum í nóvembermánuði. Landsfundurinn fól þingflokki Alþb. að taka afstöðu til málsins ef og þegar þar að kemur. Afstaða Alþb. endurspeglast í samþykkt þess sem ég nefndi og þeir sem lesa hana geta leitt líkur að því hvert er viðhorf og niðurstaða flokksins í þessu máli. Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að grípa niður í þessari samþykkt flokksins. Þar stendur:

„Alþb. setti í tíð síðustu ríkisstjórnar skýra og ákveðna fyrirvara vegna þeirra viðræðna sem þá hófust milli EFTA og Evrópubandalagsins og það gerði einnig þáv. forsrh. Alþb., hafði m.a. fyrirvara um mörg ákvæði svonefnds fjórfrelsis varðandi flutning fjármagns, þjónustu og vinnuafls. Vegna viðræðna um EES lagði Alþb. áherslu á það sem meginforsendur að tryggð yrði frjáls skipan viðskipta með sjávarafurðir hliðstætt því sem gerist um iðnaðarvörur, að Íslendingar haldi óskertu forræði yfir auðlindum lands og sjávar og að ekki verði um að ræða yfirþjóðlegar stofnanir.

Þegar niðurstöður þessara samningaviðræðna liggja nú fyrir er ljóst að þær eru ekki í samræmi við ofangreindur forsendur og fyrirvara Alþb. Fyrir árslok 1990 lágu fyrir hugmyndir um það frá EFTA að láta undan kröfum EB um að falla frá varanlegum fyrirvörum. Það mál var ekki afgreitt í fyrri ríkisstjórn fyrir alþingiskosningar sl. vor og það var fyrst við myndun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að utanrrh. fékk fyrirvaralaust umboð til samninga."

Síðan er vikið nokkrum orðum í þessari samþykkt að þeim jákvæðu punktum sem er að finna í þessum samningi að því er varðar m.a. lækkaða tolla gagnvart útfluttum sjávarafurðum sem auðvitað er út af fyrir sig jákvæður þáttur í þessu máli hvar svo sem hægt er að ná slíku fram. „Enginn varanlegur fyrirvari er í samningnum", stendur hér, „um búferlaflutninga til landsins, heldur aðeins einhliða yfirlýsing íslenskra stjórnvalda þess efnis að þau kunni að grípa til öryggisráðstafana ef um alvarlegar truflanir verði að ræða á vinnumarkaði. Svokallað almennt öryggisákvæði sem talsmenn samningsins vísa til veitir hins vegar afar takmarkað svigrúm og samningsaðilar hafa óskoraðan rétt til gagnaðgerða og málshöfðunar." Og hér stendur einnig:

„Landsfundur Alþb. varar íslensku þjóðina við fjölmörgum ákvæðum í EES-samningnum og þeirri miklu áhættu sem tekin væri með samþykkt hans fyrir stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga. Með EES-samningi værum við að lögfesta drjúgan hluta af ákvæðum Rómarsamningsins og samþykktum Evrópubandalagsins og margt bendir til að það auðveldi þeim eftirleikinn sem vilja koma Íslandi alla leið inn í Evrópubandalagið.

Landsfundurinn ítrekar þá stefnu flokksins að ekki komi til greina að Ísland leiti eftir aðild að Evrópubandalaginu en það er um þessar mundir að stíga stór

skref í átt að ríkisheild. Ekki hefur verið sýnt fram á að nauðsyn reki Íslendinga til að gera samning um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Við getum einhliða tekið ákvörðun um aðlögun að breytingum í Evrópu sem og annars staðar eftir því sem samræmist íslenskum hagsmunum. Við höfum hagstæðan viðskiptasamning við Evrópubandalagið ásamt bókun sex og við getum leitað eftir útvíkkun á honum og endurbótum í tvíhliða viðræðum. Jafnframt hefur um árabil verið unnið að tvíhliða samningum milli Íslands og EB á öðrum sviðum og slíkir gagnkvæmir samningar liggja nú fyrir um marga þætti óháð EES-samningi, m.a. í skólamálum, umhverfismálum og varðandi rannsóknir og menningarstarfsemi. Slíkt samstarf eigum við að þróa áfram til að tryggja sem best gagnkvæm tengsl og samskipti við aðrar Evrópuþjóðir. Viðskiptalegir hagsmunir Íslendinga kalla hins vegar á það að við höfum góða samvinnu einnig við aðra heimshluta. Í því efni veitir lega lands okkar góðan grundvöll sem og sérstaða íslensks samfélags á mörgum sviðum."

Virðulegur forseti. Það væri freistandi að ræða þennan þátt málsins, stöðu Íslands án samnings um Evrópskt efnahagssvæði og án hugmynda um aðild að Evrópubandalaginu sérstaklega. Ég ætla með tilliti til þátttöku annarra í þessari umræðu ekki að fara í þessari ræðu út í þá þætti mála en þeir skipta auðvitað grundvallarmáli þegar við erum að meta möguleika okkar og stöðu. Þar er spurningin að meta möguleika Íslands sem sjálfstæðrar þjóðar, óháðrar samsteypum stórvelda og annarra ríkja eins og nú eru að myndast í Vestur-Evrópu, möguleika okkar með óskoruð yfirráð yfir íslenskum auðlindum, möguleika okkar á því að nota landfræðilega stöðu Íslands til framdráttar íslenskum hagsmunum í framtíðinni, spila úr því sem landnámsmennirnir festu trú á fyrir löngu síðan, þeir sem tóku sér bólfestu í landinu, og sem hefur skilað Íslandi til velmegunar á þessari öld, möguleika okkar á samstarfi jafnt við Evrópu sem Norður-Ameríku og önnur svæði, þar á meðal Austur-Asíu. Ef við viljum nota þá möguleika, ef við viljum rækta þá, þá eru þeir geysilega miklir. En úrslitaþýðingu hefur það að Ísland haldi sjálfræði, afsali sér ekki stjórntækjum sínum, verji auðlindir sínar og um fram allt, beiti sér af alefli á sviði umhverfismála til þess að auðlindirnar haldi gildi sínu og gæðum fyrir íslenska þjóð.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. alþm. Hjörleifur Guttormsson gat um það að lítið hefði verið starfað að undanförnu í svokallaðri Evrópustefnunefnd en hún var sett á laggirnar með þál. 11. maí 1988 og átti að kanna samskipti Íslands og þróunina í Evrópu. Það er rétt sem hv. þm. sagði að nefndin hefur ekki formlega verið lögð niður. Þetta er níu manna nefnd og það er út af fyrir sig hægt hvenær sem er að kalla hana saman. Ég hafði raunar hugsað mér að gera það við gott tækifæri en náttúrlega eru Evrópubandalagsmálin langstærstu málin í utanrmn. og þá er það að sumu leyti tvíverknaður að vera með tvær nefndir sem ræða það sama.

Ég hef ekki verið ásakaður fyrir að nenna ekki að halda nefndarfundi eða víkja mér undan því. Þvert á móti reyni ég að halda fundi í þeim nefndum sem ég hef verið formaður fyrir hvenær sem menn þess óska. (**Gripið fram í:** Og oftar.) Og oftar. Já, ég hef verið gagnrýndur töluvert fyrir það að boða óþarfa fundi í utanrmn. t.d., það er alveg rétt hjá hv. þm. En þessi nefnd er við lýði en hún lauk störfum að mestu leyti með þessari merku bók sem mun fást í bókabúðum og flestir Íslendingar þyrftu að lesa til þess að kynna sér þessi mál. Niðurstöðurnar eru dregnar saman og það geri ég sem formaður nefndarinnar. Það er dags. 7. des. 1990. Og niðurstaðan um aðild Íslands að Evrópubandalaginu er ósköp einfaldlega þessi, með leyfi forseta:

1. Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá."

Og síðan segir: „Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á dagskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Ég veit ekki til að stjórnmálaflokkarnir hafi breytt þessu áliti. Ef svo væri, þá væri að sjálfsögðu fullt tilefni til miklu lengri, strangari og meiri fundahalda.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kemur fram að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson telur að hann sé enn í fullu hlutverki sem formaður Evrópustefnunefndar. Það þykja kannski einhver tíðindi, ég veit það ekki. Ég gat þess að nefndin hefur ekki verið lögð niður formlega en hitt getur ekki talist viðunandi eða sæmilegt miðað við allar aðstæður að nefndin blundi umboðslaus einhvers staðar undir yfirborðinu í rauninni án þess að sinna nokkrum verkum miðað við allt það sem á hefur gengið síðan hún var síðast kvödd til fundar, líklega í marsmánuði á árinu 1991. Það er að sjálfsögðu ákvörðunarefni formanns sem og þeirra flokka sem að ríkisstjórninni standa hvort þau vilja nýta slíkan vettvang. Þegar nefndin var síðast að störfum lágu fyrir veruleg drög að næsta þætti í ritsafni hennar, hefti nr. 8 með útgáfu á öllum meginsamþykktum á vettvangi Evrópubandalagsins sem sneri að EES-umræðum á árinu 1990. Það er upplýsingagjöf að þessu leyti, þó ekki væri meira fyrir nú utan stefnumótun, sem náði það langt að flokkarnir sameinuðust um þá yfirlýsingu sem hv. þm. las upp úr bókum frá nefndinni. Auðvitað hefði nefndin átt að vinna af auknum þrótti eða annar vettvangur settur á laggirnar ef menn voru ekki sammála um að hún héldi áfram starfi með þessum hætti.

Ég hef haft þá skoðun að tæpast væri á utanrmn. þingsins leggjandi ofan á öll önnur störf að sinna þessu verki með þeim hætti sem þyrfti að vera. Út af fyrir sig er ekki of seint að bæta þarna úr. Hins vegar hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan nefndin var að störfum.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú umrædda nefnd, sem okkur hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þykir áreiðanlega báðum

mjög vænt um, er ekki þingnefnd í venjulegum skilningi en kosin af Alþingi og í henni eru eða voru níu alþingismenn. Ég held að ég hafi örugglega getið þess, bæði við hv. þm. Hjörleif Guttormsson og aðra sem voru í nefndinni þegar hún var að hægja á sér að ég væri reiðubúinn að kalla hana saman hvenær sem menn vildu og það er ekkert í veginum að gera það. En eins og ég gat um áður væri það kannski tvíverknaður, en við sjáum bara til. Ég er reiðubúinn til að starfa í henni áfram ef menn vilja. Það er engin formleg ákvörðun um að leggja hana niður, hvorki frá mér né neinum öðrum svo að ég viti til. Hún er þess vegna í gildi og það yrði kannski að endurnýja í henni eitthvað liðið en hún hefur ekki verið lögð niður. Það er sameiginlegur skilningur okkar hv. þm. Ágætt er að hafa hana í bakhöndinni ef svo slægist að menn vildu ræða eitthvað ítarlegar um Evrópumálin en gert er. Þess vegna mun ég á þessu stigi ekki hafa frumkvæði að því að hún verði lögð niður.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég þakka hæstv. utanrrh. skýrslu hans um utanríkismál sem nú er til umræðu. Með henni hefur verið dregin upp heildarmynd sem að mínu mati gefur gott yfirlit yfir stöðu alþjóðamála um þessar mundir. Þar eru einnig dregin fram áhersluatriði varðandi stefnumótun sem er í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar á þessum miklu óvissutímum. Ég vil einnig þakka hæstv. forsrh. ræðu hans í gærkvöldi. Með henni var tortryggni eytt sem stjórnarandstaðan leitaðist við að skapa með túlkun sinni á skýrslu utanrrh. Ég skil orð forsrh. á þann veg að undir forustu hans og ríkisstjórnarinnar væri markvisst kannað hvernig staða Íslands verði best tryggð með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem eru að verða á samstarfi Evrópuþjóðanna þar sem Evrópubandalagið er eins og segulstál. Jafnframt verði haldið fram þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá.

Í ræðu minni ætla ég að ræða um stöðuna í öryggismálum og Evrópumálunum eins og hún blasir við mér. Áður en tekið verður til við það langar mig í stuttu máli að drepa á það hvernig staðið er að umræðum um utanríkismál á Alþingi og fortíðarvandann í þeim umræðum.

Hinar hörðu deilur, sem settu svip sinn á umræður um íslensk utanríkismál frá því á árinu 1946 þegar nýsköpunarstjórnin sprakk vegna deilna um Keflavíkursamninginn og allt fram á miðjan áttunda áratuginn, setja svip sinn á meðferð skýrslu utanrrh. og umræðurnar um hana. Við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að stefna kommúnista og síðan Alþb., sem hefur gengið þvert á meirihlutaviðhorf þjóðarinnar í utanríkismálum og vilja hennar til að eiga náið og gott samstarf við nágrannaþjóðirnar í austri og vestri, olli mikilli tortryggni í samskiptum stjórnmálamanna þegar utanríkismál og öryggismál voru annars vegar. Ekki eru nema rúm 10 ár liðin frá því að utanrrh. Alþfl. í ríkisstjórn með Alþb. lýsti því yfir hvað eftir annað að sér dytti ekki í hug að ræða um öryggis- og varnarmál þjóðarinnar í ríkisstjórn ef það fæli í sér að sýna samráðherrum sínum úr Alþb. trúnað. Um langt árabil má segja að hv. utanrmn. Alþingis hafi verið næstum óstarfhæf vegna þess að þar voru ekki borin upp viðkvæm utanríkismál af ótta við að með því væri hagsmunum þjóðarinnar stefnt í voða. Ástæðan var sú að menn treystu þeim ekki er aldrei sáu neitt athugavert við framgöngu ráðamanna í Sovétríkjunum hvort heldur var á heimavelli eða á alþjóðavettvangi. Smátt og smátt hefur málum þokað í þá átt að allir flokkar hafa orðið virkir þátttakendur í trúnaðarviðræðum um stefnumótunina í utanríkismálum. Slíkar viðræður eru að mínu mati forsenda þess að víðtæk pólitísk samstaða náist um þessi mikilvægustu viðfangsefni stjórnmálamanna. Ég tel að skipan öryggismálanefndar í ársbyrjun 1979 og störf nefndarinnar hafi verið mikilvægur liður í þróuninni en nefndin var lögð niður um síðustu áramót svo sem kunnugt er. Þar sátu fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka sem áttu menn á Alþingi árið 1979. Mér finnst enn eima eftir af því í störfum hv. utanrmn. að þar sitji menn í svipuðum stellingum og þeir gerðu áður fyrr. Sú spurning hefur einnig vaknað í mínum huga hvort nægur trúnaður sé á milli ríkisstjórnarinnar og utanrmn.

Kem ég þá að þeirri gagnrýni sem ég vil láta í ljós vegna vinnubragða við skýrslugerð utanrrh. Mér finnst fráleitt að hvað eftir annað skuli umræður um skýrsluna á Alþingi hafa þann aðdraganda að þeir sem eru utan ríkisstjórnar þurfi að spyrja hvort skoða beri skýrsluna sem stefnu ríkisstjórnarinnar eða ekki. Auðvitað á að standa að skýrslugerð sem þessari með þeim hætti að þar séu samræmd sjónarmið þeirra sem starfa saman í ríkisstjórn á hverjum tíma. Eins og kunngt er hefur sú hefð skapast að skýrslan er að verulegu leyti upprifjun á staðreyndum um þróun alþjóðamála. Að svo miklu leyti sem um stefnumótandi atriði er að ræða þarf að halda þannig á málum að um þau sé rætt í ríkisstjórn og að sjálfsögðu helst í þingflokkum stjórnarflokka þannig að tryggð sé sem víðtækust samstaða. Þá hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki sé ástæða til að taka skýrsluna til sérstakrar umræðu í utanrmn.

Nú hefur verið farið inn á þá braut að vísa skýrslum umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar fyrst til þingnefnda áður en þær eru ræddar í þingsalnum. Væri ekki ástæða til að hafa svipaðan hátt á með skýrslu utanrrh.? Kynni slík málsmeðferð að leiða til þess að auka gildi þessarar mikilvægu skýrslugjafar?

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að varpa þessum spurningum fram nú þegar ég hef í fyrsta sinn tækifæri til að taka þátt í umræðum um slíka skýrslu á hinu háa Alþingi.

Ég minntist á að mér fyndust umræðurnar á þinginu um utanríkismál enn í gömlum skorðum. Það stafar m.a. af því að Alþb. forðast fortíð sína eins og heitan eldinn og neitar að viðurkenna að í rúma fjóra áratugi hefur það fylgt stefnu í öryggis- og varnarmálum sem nú er hrunin til grunna.

Þegar það blasti við að kommúnisminn var að hverfa úr sögunni sem áhrifavald á alþjóðavettvangi eða í lífi einstakra þjóða, hófust deilur um það í

Bandaríkjunum hvort það markaði endalok sögunnar, eins og komist var að orði í tímaritsgrein. Að sjálfsögðu höfðu þeir betur í þessum deilum sem voru á þeirri skoðun að sögunni væri alls ekki lokið. Á þetta er minnt hér vegna þess að mín skoðun er sú að með hruni kommúnismans hafi kafla í Íslandssögunni lokið og deilum um þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi sem hafa að verulegu leyti átt rætur að rekja til þess að hér hefur starfað stjórnmálaafl sem hefur verið hluti af alþjóðlegu neti heimskommúnismans. Þegar rætt er um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi við nýjar aðstæður verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd. Vandinn við uppgjör á þessum kafla í stjórnmálasögunni er einkum sá að þeir sem jafnan hafa haft rangt fyrir sér við meginákvarðanir um íslensk utanríkismál og þar að auki látið stjórnast af hugmyndafræði og hagsmunum kommúnismans vilja ekki líta á fortíðina og ræða um hana í hreinskilni. Lítum á hvaða áhrif þessi kaflaskil hafa með hliðsjón af ágreiningsefnum í íslenskum utanríkismálum undanfarna áratugi.

Það hefur löngum verið krafa andstæðinga aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu að hernaðarbandalögin tvö í Evrópu yrðu lögð niður. Nú er sú krafa úr sögunni með brotthvarfi Varsjárbandalagsins og með óskum aðildarríkja þess fyrrverandi um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Ýmsir hafa rætt um að eðlilegt væri fyrir Ísland að skipa sér stöðu í sveit hlutlausra ríkja eða óháðra sem eru utan hernaðarbandalaga eða á milli þeirra. Þessi kostur er ekki lengur fyrir hendi. Hlutlaus ríki á borð við Svíþjóð og Finnland hafa t.d. horfið frá þeirri skoðun að hlutleysisstefna komi í veg fyrir aðild þeirra að Evrópubandalaginu sem stefnir óðfluga í átt til meira samstarfs á sviði öryggis- og utanríkismála og utanrrh. Finnlands hefur orðað þann möguleika að Finnar gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu.

Helsta hættan af dvöl varnarliðsins í landinu hefur af andstæðingum þess verið talin sú að það gerði Ísland að skotmarki ef til hernaðarátaka kæmi. Við núverandi aðstæður hefur þessi átylla um að Ísland sé skotmark misst gildi sitt. Enginn getur lengur litið á varnarliðið sem segul fyrir árás frá Sovétríkjunum eins og herstöðvaandstæðingar hafa gert. Sovétríkin eru ekki lengur til sem ríki.

Síðustu vikur og mánuði hafa þeir sem hafa viljað ýta undir hræðslu almennings með því að ala á ótta við að kjarnorkuvopn kunni að vera hér á landi eða í skipum við landið beint athygli sinni að herskipum. Fjölmiðlamenn og þingmenn hafa haldið því á loft að hingað hafi komið bandarísk herskip með kjarnorkuvopn án vilja og vitundar íslenskra stjórnvalda. Ekkert hefur þó verið sannað í þessu efni. Þessum hræðsluáróðri er ekki lengur hægt að halda að okkur eftir að George Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti að Bandaríkjamenn mundu hætta að hafa þau kjarnorkuvopn sem hingað kynnu að verða flutt um borð í herskipum sínum samkvæmt þessum órökstuddu fullyrðingum. Bandaríkjastjórn hefur einnig ákveðið að falla frá áformum um að beita djúpsprengjum með kjarnahleðslum ef til átaka kynni að koma. Þar með heyra þau kjarnavopn sögunni til sem sagt var á sínum tíma að yrði beitt héðan úr kafbátaleitarflugvélum.

Fleiri atriði mætti tíunda ef ætlunin væri að gefa tæmandi yfirlit yfir áróðursefni andstæðinga þátttöku Íslendinga í varnarsamstarfi vestrænna þjóða á undanförnum áratugum. Ástæðulaust er að hafa upptalninguna lengri því að ekkert af hræðsluáróðrinum hefur ræst. Ef hrakspárnar hefðu gengið eftir stæði íslensk menning eftir ekki með blóma heldur hefði hún verið kaffærð í ameríska lágmenningu og við værum ekki lengur sjálfstæð þjóð.

Með hliðsjón af framvindu umræðna um varnar- og öryggismál síðan 1949 er furðulegt til þess að hugsa ef andstæðingar virkrar aðildar Íslands að samstarfi og samruna Evrópuþjóðanna ætla að grípa til svipaðs hræðsluáróðurs í umræðunum sem eru fyrir dyrum um þátttöku í evrópskri samvinnu. Við heyrðum ávæning af því í ræðu hv. 4. þm. Austurl. næst á undan mér. Ef þetta verður gert kemur enn í ljós að þeir sem vilja ekki læra af reynslunni eða sögunni átta sig aldrei á raunveruleikanum fyrr en þeir reka sig sjálfir á. Fyrir einstaklinga geta slíkir árekstrar orðið sársaukafullir en fyrir þjóðir geta þeir orðið stórhættulegir. Þess vegna er full ástæða til að gjalda varhug við hræðsluáróðrinum um framtíð íslensku þjóðarinnar í náinni samvinnu við vina- og frændþjóðir nú eins og áður.

Hernaðarlegt mikilvægi Íslands hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum í réttu hlutfalli við hernaðaruppbyggingu Sovétmanna á Kólaskaga. Nú hefur orðið mikil breyting á afstöðunni til víghreiðranna á Kóla. Þótt Sovétríkin séu úr sögunni er hins vegar ekki unnt að segja hið sama um þörfina fyrir þá er ráða ríkjum í Rússlandi fyrir aðgang að höfnum. Og hafnirnar á Kólaskaganum eru mikilvægari nú en áður eftir að þrengt hefur að við Svartahaf og á Eystrasalti. Staða Íslands verður að skoða áfram í þessu ljósi. Landið tengist hvers konar viðleitni til að stuðla að stöðugleika á Norður-Atlantshafi. Sagan sýnir að evrópskt meginlandsveldi sem sækist eftir að auka áhrif sín leitar fyrr eða síðar út á Atlantshaf. Á meðan Sovétstjórnin hafði tögl og hagldir innan Varsjárbandalagsins var tiltölulega auðvelt að skýra hvaða hlutverki Ísland gegndi í varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. M.a. var dregin lína frá Grænlandi um Ísland til Noregs eða Skotlands þegar rætt var um varnir NATO á Atlantshafi. Varðstaða á Íslandi var nauðsynleg til að tryggja öryggi á siglingaleiðinni um Norður-Atlantshaf. Einnig kom aðstaða á Íslandi til álita við mat á stöðugleikanum í kjarnorkuvopnakerfinu milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Nú er ekki unnt að draga upp jafnskýra mynd þegar litið er á hernaðarlegt gildi Íslands. Staðan á Atlantshafi breytist eins og annars staðar. Kjarnorkuvopn í skipum munu hverfa eins og ég gat um. Það á þó ekki við um „strategíska" kjarnorkukafbáta. Þeir eiga eftir að gegna mikilvægu hlutverki áfram. Tilvist þeirra hefur áhrif á það eftirlit sem stundað er frá Íslandi. Þegar öryggishagsmunir Íslands eru metnir á hið sama við nú og áður um gæslu þeirra að náið samstarf sé á milli þjóða Evrópu og Norður-Ameríku. Versti kostur Íslands og Íslendinga í öryggismálum

væri að þurfa að velja á milli samstarfs við ríki Norður-Ameríku annars vegar og Evrópu hins vegar. Þess vegna hlýtur það áfram að vera höfuðmarkmið skynsamlegrar stefnu Íslands í utanríkis- og öryggismálum að Atlantshafsbandalagið starfi áfram. Í þessu markmiði felst jafnframt að Bandaríkin haldi úti herafla á meginlandi Evrópu.

Í umræðum um samstarf Íslands og Bandaríkjanna hefur verið minnst á að á þeim breytingatímum sem nú eru þurfi ríkin að efla samráð sín á milli um framtíð varnarsamstarfsins og hvernig því skuli háttað. Að þessu er vikið í skýrslu hæstv. utanrrh. og hann tilkynnti í ræðu sinni í gær að ætlunin væri að setja niður nefnd til þess að ræða um tvíhliða samskipti Íslands og Bandaríkjanna í öryggis- og varnarmálum. Ég fagna þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka þetta mál upp með þeim hætti sem tilkynnt var í ræðu ráðherrans. Íslendingar hafa kynnst því að Bandaríkjamenn telja sig geta einhliða tekið ákvarðanir um ýmis atriði í starfsemi varnarstöðvarinnar í Keflavík sem æskilegra væri að bera undir stjórnvöld beggja ríkjanna. Og ég er þeirrar skoðunar að efla beri tvíhliða samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda að þessu leyti og tel að það verði gert með þeirri nefndarskipan sem utanrrh. kynnti í ræðu sinni í gær og með þeim áformum sem kynnt eru í skýrslu ráðherrans. Ég tel einnig nauðsynlegt að betri sátt takist milli Íslands og samaðila okkar innan Atlantshafsbandalagsins um varnarframkvæmdir í landinu og greiðslu kostnaðar við þær. Og ég vil taka undir með þeim sem mæltu þau orð hér í gær, að æskilegt væri að utanrrh. hefði fjallað nánar um þann þátt í skýrslu sinni en gert er, sérstaklega með hliðsjón af því að hann boðaði á sínum tíma að hann mundi flytja munnlega skýrslu um þessi málefni en af því varð ekki af óviðráðanlegum orsökum eins og okkur öllum er kunnugt. Ég tel að mál þetta þurfi að ræða ítarlega og með opnum huga og það eigi að stefna að breytingum í þessu efni og ég fagna þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið um það og vona að skipulega verði unnið að framkvæmd hennar.

Í ræðu, sem forsrh. flutti á vegum Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs, fyrir rúmum tveimur vikum, rakti hann ítarlega viðhorf ríkisstjórnarinnar til þátttöku í Vestur-Evrópusambandinu, varnarsamtökum sem starfa meðal Evrópuþjóða og munu fá aukið hlutverk nú þegar samstarf þessara þjóða í varnar- og öryggismálum eykst, hvort heldur litið verður á sambandið sem evrópska stoð innan Atlantshafsbandalagsins eða brú frá Evrópubandalaginu til Atlantshafsbandalagsins. Það skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli. Hitt skiptir höfuðmáli að á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Kaupmannahöfn á sl. sumri var ákveðið af ráðherrunum að skilgreina bæri evrópska öryggishagsmuni innan Atlantshafsbandalagsins og síðan hefur verið ákveðið að þetta samband, þetta gamla þjóðasamband, Vestur-Evrópusambandið, sinnti þeim málaflokki af hálfu Evrópuþjóðanna. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að Ísland eigi þar aðild að og fagna þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar í því efni og ég vona að viðræður milli íslenskra stjórnvalda og Vestur-Evrópusambandsins leiði til þess að unnt verði að koma á skipulegu samstarfi á þessum vettvangi. Ég tel þetta ekki aðeins brýnt vegna öryggishagsmuna Íslendinga heldur einnig til þess að beina athygli Evrópuþjóðanna út á Atlantshafið og minna þær á að öryggi og stöðugleiki á Atlantshafinu er ekki síður hluti af evrópsku öryggi en samstarfið við Bandaríkin sem er mikilvægast, en þá er ekki hitt síður mikilvægt fyrir Evrópuþjóðirnar að huga að öryggisgæslu á Atlantshafinu.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina mótuðu lýðræðisríkin markvissa stefnu um það hvernig snúist skyldi gegn útþenslustefnu kommúnismans. Segja má að framkvæmd þessarar stefnu hafi krafist þátttöku Íslands vegna landafræðinnar. Stefnan skilaði þeim árangri sem að var stefnt og á grundvelli hennar var komið á fót alþjóðastofnunum og samstarfsneti þjóða sem enn eru við lýði og ástæðulaust að leggja niður. Nú er ekki lengur um neina sambærilega stefnumótun að ræða sem nær til Atlantshafssvæðisins alls.

Sterkustu pólitísku kraftana, sem setja svip sinn á ríkjasamstarf í okkar heimshluta, er að finna í Evrópu og þar er Evrópubandalagið öflugast og dregur ríkin til sín eins og segulstál. Þetta sterka aðdráttarafl hefur mikil áhrif á Norðurlöndunum eins og annars staðar í Evrópu. Það riðlar hefðbundnu samstarfi ríkja og gengur þvert á gamalgrónar, pólitískar hugmyndir þjóða og stjórnmálaflokka. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að meiri hluti Norðurlandanna verður innan fárra ára í Evrópubandalaginu. Norðurlandasamstarfið á eftir að gjörbreytast við þetta og þeir, sem fyrir utan EB standa, eiga einnig á hættu að einangrast, ekki einvörðungu frá samstarfi Evrópuþjóðanna heldur einnig svæðisbundnu samstarfi eins og samvinnu Norðurlandaþjóðanna. Hér er ég ekki að boða neina stefnu heldur einvörðungu að lýsa staðreyndum sem við blasa og menn hafa brugðist við á öllum Norðurlöndunum hver með sínum hætti. Hér á landi höfum við brugðist við með þeirri stefnu sem fram kemur í skýrslu utanrrh. og fram kom í hinni ágætu ræðu hæstv. forsrh. á Alþingi í gær.

Þessar þjóðir á Norðurlöndunum hafa með misjöfnum hætti tekið á þessu máli. Þær hafa látið rannsaka stöðu sína og þær hafa metið hagsmuni sína í ljósi athugana og komist að niðurstöðu og það hefur gerst með undravert skjótum hætti, t.d. í Finnlandi, eins og ég hef raunar gert grein fyrir í blaðagrein og hv. 4. þm. Austurl. vitnaði til í sinni ræðu áðan. Ég vil, þar sem sá hv. þm. lýsti því hvernig hann metur stöðuna á Norðurlöndunum, leyfa mér við þetta tækifæri að fara nokkrum orðum um afstöðu Norðurlandanna og lýsa því hvernig hún blasir við mér. Að vísu var ég ekki á Norðurlandaráðsþingi eins og hv. 4. þm. Austurl. en eins og þingmenn geta séð í ritinu Nordisk kontakt lét hv. 4. þm. Austurl. að sér kveða á þingi Norðurlandaráðs með þeim hætti að í blaðinu segir: „Hjörleifur Guttormsson var sá ræðumaður í almennu umræðunum sem hafði uppi þyngst viðvörunarorð gegn EB og EES.“ Það má segja að hann hafi þar verið samkvæmur sjálfum sér. Hann er á ysta kanti þegar rætt er um

þessi mál, samstarf Evrópuþjóðanna, hvort heldur er hér á Alþingi Íslendinga eða innan Norðurlandasamstarfsins og ræður hans á Norðurlandaráðsþingi vekja athygli fyrir það hvað hann er andvígur þessu evrópska samstarfi og skipar sér þar algera sérstöðu eins og mér virðist hann ætla að gera hér á hinu háa Alþingi þar sem hann hleypur upp á eftir ræðumönnum til þess að yfirheyra þá um afstöðu þeirra til Evrópumálanna ef honum finnst að skoðanirnar séu eitthvað öðruvísi heldur en hann þóttist geta vænst í ræðum manna. En það er nú aukaatriði. Hann metur þessi mál frá þeim sjónarhóli sem þannig er lýst í ritinu Nordisk kontakt og hans niðurstaða var eins og fram kom að þótt rétt stjórnvöld í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi hefðu tekið ákvarðanir um að efla samstarf sitt við Evrópubandalagið þá mundi þeim ákvörðunum öllum verða hnekkt af þjóðum þessara landa þegar þær yrðu bornar undir þjóðaratkvæðagreiðslu í löndunum.

Ég vil aðeins líta á þetta og hefja yfirferðina í Danmörku þar sem 2. júní nk. verður þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort Danir ætli að samþykkja Maastricht-samkomulagið sem gert var í desember á milli þjóðarleiðtoga Evrópubandalagsríkjanna.

Þeir atburðir hafa gerst í Danmörku að þetta er í þriðja sinn sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer þar fram um þátttöku Dana í Evrópubandalaginu. Hún fór fram um þátttökuna sjálfa 1972, síðan 1986 um það hvort Danir vildu samþykkja evrópsku einingalögin og svo núna í þriðja sinn 1992, 20 árum eftir að aðildin var samþykkt, um það hvort Danir vilji stíga næstu skref í þessu samstarfi. Sú breyting hefur orðið, ef litið er á stjórnmálaflokkana í Danmörku á þessum tíma, að Jafnaðarmannaflokkurinn, sem jafnan var klofinn í þessu máli og beitti sér frekar gegn þátttöku í Evrópubandalaginu, stendur núna heils hugar að þeirri ákvörðun að styðja Maastricht-samkomulagið og allir stærstu flokkarnir eru þannig hlynntir því. Ég held að það séu aðeins flokkurinn yst til hægri, gamli flokkur Glistrups, og síðan flokkurinn lengst til vinstri sem eru á móti þessu þannig að allir stærstu stjórnmálaflokkar Danmerkur styðja þetta og það er meiri einhugur meðal forustusveitar danskra stjórnmálamanna um þetta atriði nú heldur en var og hefur nokkru sinni verið. Enginn getur spáð fyrir um úrslit kosninga en ég tel ákaflega vafasamt að þau verði á þann veg sem hv. þm. taldi, að þetta yrði fellt. Ég tel að líkurnar bendi frekar til þess að stjórnmálaforustan muni sækja á þegar nær dregur og fá þetta samþykkt eins og jafnan hefur verið. Menn verða að hafa það í huga hve hratt það gengur fyrir sig á hinum pólitíska vettvangi í öllum þessum löndum að ríkisstjórnirnar og stjórnmálaflokkarnir taka ákvarðanir, standa að ákvörðunum og síðan er það borið undir þjóðina og á vissu stigi í þessari baráttu kemur upp andstaða og kemur hún þá fram meðan þrýstihópar og hagsmunasamtök láta að sér kveða og síðan er eins og sú bylgja falli að nýju og síðan náist niðurstaðan í samræmi við hinar stórpólitísku ákvarðanir þegar til kosninganna sjálfra kemur.

Þetta gerðist að vísu ekki í Noregi 1972, enda setur það mjög sterkan svip sinn á umræðurnar í Noregi og viðhorf norskra stjórnmálamanna til þessa máls og það sem athyglisverðara er — ég hafði tækifæri til þess í síðustu viku að sækja fund í norska utanrrn. Þar er starfandi nefnd á vegum norsku ríkisstjórnarinnar til þess að kanna allar hliðar Evrópusamstarfsins og sérstaklega Evrópubandalagsins. Þessi nefnd kallaði til fundar við sig menn frá öllum Norðurlöndunum til að ræða um málið og það er athyglisvert að fylgjast með því í Noregi hvað þar ber hæst núna í umræðunum. Skoðanabræður hv. 4. þm. Austurl., sem voru andvígir þátttöku Noregs í Evrópubandalaginu 1972, flykkjast nú fram og gefa út bækur og skrifa greinar og láta hafa við sig viðtöl í fjölmiðlum þess efnis að þeim hafi snúist hugur og þeir sjái að skynsamlegasta leiðin fyrir Noreg sé að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Þetta held ég að gefi réttari mynd af stöðunni í almennum umræðum í Noregi t.d. heldur en sú mynd sem hv. þm. dró upp og það er alveg ljóst að í norska Stórþinginu er andstaðan við EES-samkomulagið úr sögunni og það verður samþykkt þar og engin ástæða til að efast um að aukinn meiri hluti skapist í norska Stórþinginu til stuðnings því samkomulagi sem var talinn vafi á um tíma. Þróunin í Noregi er þannig alls ekki í þá átt að þar sé andstaða við evrópskt samstarf að aukast. Þvert á móti held ég að hún minnki og ég tek undir það með hv. 4. þm. Austurl. að það verður fróðlegt að heyra hvað Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, hefur um þetta mál að segja um næstu helgi. Þess er beðið með mikilli eftirvæntingu hvernig hún leggur málið upp en allar umræður benda til þess að innan norska Verkamannaflokksins hafi verið tekin ákvörðun um að mæla með þátttöku Noregs í Evrópubandalaginu. Þannig er aðstaðan allt önnur þar heldur en hér á landi þar sem við höfum kynnst og vitum hver stefna ríkisstjórnarinnar er, þar sem málið er ekki á dagskrá hjá ríkisstjórninni þá er líklegt að nú um næstu helgi muni norski forsætisráðherrann setja þetta mál á dagskrá sinnar ríkisstjórnar. Það er á dagskrá innan norska Verkamannaflokksins og verður tekin endanleg ákvörðun á vegum flokksins á flokksþinginu í nóvember í haust eins og fram kom í ræðu hv. þm.

Í Finnlandi gerðist þetta eins og fram hefur komið. Allir stærstu stjórnmálaflokkarnir eru hlynntir þátttöku Finnlands í Evrópubandalaginu. Jafnaðarmannaflokkurinn greiddi ekki atkvæði með ríkisstjórninni í þingi út af því að hann taldi að þau skilyrði, sem stjórnin setti og sérstaklega kröfur hennar varðandi stöðu finnsks landbúnaðar, væru of stíf og þess vegna taldi hann sér ekki fært að greiða atkvæði með stjórninni. Hún fékk 108 atkvæði af 200 í finnska þinginu og 55 þingmenn Jafnaðarmannaflokksins studdu í raun aðild Finnlands að Evrópubandalaginu þótt þeir væru ekki sammála málatilbúnaði finnsku ríkisstjórnarinnar. Við skulum ekki gleyma því að síðan var umsókn Finna um aðild að bandalaginu afhent í Brussel án nokkurra skilyrða. Það komu engin skilyrði fram í þessari umsókn og er hún undirrituð af forseta Finnlands og forsætisráðherra sem mér finnst athygisvert og ástæða til að nefna með hliðsjón af þeirri spurningu, sem fram

kom í umræðunum í gær, um hvar á að draga mörkin í þessu máli milli utanríkismála og innanríkismála, en það hefur vakið athygli að finnski utanríkisráðherrann skrifaði ekki undir þessa umsóknarbeiðni með forseta Finnlands heldur forsætisráðherrann.

Einnig í Noregi er það forsætisráðuneytið og forsætisráðherrann sem hafa frumkvæði í þeirri athugun sem fram fer á vegum norskra stjórnvalda varðandi Evrópubandalagið. Og spurningin er, eins og ég raunar sagði í upphafi máls míns, hver eigi að hafa forræði ef ríkisstjórnin ætlar út í þá könnun sem bæði forsrh. og utanrrh. hafa nefnt og er eðlilegur hluti af athugunum okkar um stöðu okkar á alþjóðavettvangi við þessar breyttu aðstæður, hvort sá málatilbúnaður eigi ekki að vera þannig að hún sé undir forustu forsrn. eins og hefur verið í öðrum löndum að stýra slíku starfi.

Í mínum huga er þessi mynd af stöðunni á Norðurlöndunum allt önnur en hjá hv. 4. þm. Austurl. enda lítur hann á það mál frá þeim ysta kanti sem hann stendur þegar hann talar á þingi Norðurlandaráðs og metur stöðuna í ljósi þess. Hins vegar er spurningin hvort sú áhersla, sem Norðurlöndin leggja á að gera þetta með svona skjótum hætti, eigi við rök að styðjast og hvort menn mikli fyrir sér þann hraða sem verður á öllum ákvörðunum innan Evrópubandalagsins varðandi útvíkkun bandalagsins. Það voru hugmyndir um að ákvarðanir yrðu teknar á fundi í Lissabon núna í sumar um þetta mál en líkur benda til þess að það verði ekki. Fjárlög bandalagsins fyrir næstu fimm ár hafa ekki hlotið samþykki og verða vafalaust ekki samþykkt fyrir þennan fund í Lissabon og þess vegna frestast nú allar ákvarðanir, held ég, um þetta.

Við höfum kynnst því í samskiptum okkar við Evrópubandalagið að hraðinn þar er frekar lítill og frestanirnar vegna Evrópska efnahagssvæðisins ættu að segja okkur að það geta komið upp margvísleg vandamál í samningum eins og þeim, hvað þá heldur þegar fjallað er um aðild nýrra þjóða eða breytingar á Rómarsáttmálanum, þá tekur það allt ákaflega langan tíma og ekki ástæða til þess, held ég, af hálfu Norðurlandanna að óttast að þeir komist í tímaþröng að þessu leyti. Norðmenn hafa sagt að þeim dugi, ef þeir taki ákvörðun um aðild að Evrópubandalaginu, að tilkynna ákvörðun um það fyrir lok þessa árs og þá geti þeir haft samflot með Finnum, Svíum og Austurríkismönnum og komist inn í þá samningalotu sem Evrópubandalagð hefur boðað að muni hefjast. En hvenær þeirri samningalotu lýkur er allt annað mál því að það er talið líklegt að önnur þjóðarleiðtogaráðstefna bandalagsins þurfi að fara fram áður en slíkar ákvarðanir verða teknar og næsta slík ráðstefna er ekki ráðgerð fyrr en 1996 þannig að tíminn í þessu, sem skiptir verulega miklu máli í hugum margra, kann að vera rýmri en við áttum okkur á núna. Þetta snertir þau ríki sem hafa ákveðið að slást í þennan hóp og á ekki eins við um okkur. Hins vegar á það við um okkur hvað varðar framgang Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er einnig tíminn að hlaupa frá mönnum ef ætlunin er að hann verði staðfestur og gangi í gildi 1. jan. 1993 eins og að hefur verið stefnt.

Enn er óvíst hvenær Evrópudómstóllinn skilar sínu áliti um Evrópska efnahagssamninginn og e.t.v. verður það ekki fyrr en í maí. Þegar þessi mál voru til umræðu í október 1991 þá sögðu Svisslendingar að þeir gætu ekki efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu í landi sínu um þetta mál fyrr en 6. des. 1992 og töldu sig þurfa svo langan frest til þess að undirbúa þá þjóðaratkvæðagreiðslu.

Á undanförnum vikum hefur magnast upp spenna í samskiptum Svía og Svisslendinga út af þessu máli þar sem Carl Bildt, forsætisráðherra Svíþjóðar, hefur lýst því yfir að hann teldi Svisslendinga tefja fyrir því að endanleg niðurstaða næðist um Evrópska efnahagssvæðið ef þeir kæmu í veg fyrir að það tæki gildi 1. jan. 1993. Svissneskur ráðherra kom til Svíþjóðar í hálfopinbera heimsókn og sérstaka athygli vakti að forsætisráðherrann neitaði að hitta manninn og var það talið til marks um reiði Svía yfir því hvernig Svisslendingar drægju lappirnar í þessu máli. Þetta varð að töluverðu stórmáli í Sviss þar sem menn eru mjög óvanir því að standa í pólitískum, sérstaklega utanríkispólitískum, deilum við aðrar þjóðir og þóttu það mikil tíðindi að svissneskum ráðherra væri sýnd slík móðgun að forsætisráðherra neitaði að tala við hann. Ástæðan er sú, og við skulum hafa það í huga og einnig þegar við metum stöðu annars staðar á Norðurlöndunum og afstöðu þjóða til Evrópubandalagsins, að það eru ekki síst sænskir efnahagshagsmunir sem ráða þar ferðinni. Ef einhver eimreið dregur þessar þjóðir inn í Evrópubandalagið þá er það sænski stóriðnaðurinn. Hann hefur mikilla hagsmuna að gæta að því leyti að honum séu tryggðar greiðar leiðir að Evrópska efnahagssvæðinu frá og með 1. jan. 1993. Sænska ríkisstjórnin telur að hagsmunum Svíþjóðar kunni að vera stefnt í voða ef tafir verða á evrópska efnahagssamningnum og hann geti ekki tekið gildi 1. jan. 1993.

Ef ég má lýsa persónulegri skoðun minni á málinu þá tel ég að það hljóti að frestast. Ég sé ekki hvernig það getur orðið raunhæft að búast við því. Ef samningurinn verður ekki undirritaður fyrr en í maí, en eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra hér í gær er líka vafi á hvort hann verði undirritaður, þá finnst mér ekki ólíklegt að það taki lengri tíma en fram að áramótum að ganga frá málum þannig að hann geti tekið gildi 1. jan. 1993. Það á eftir að koma í ljós og er náttúrlega miklu nær fyrir okkur ef við ætlum að fjalla um tíma í þessu evrópska samstarfi að huga að þessum þáttum.

Ég er hjartanlega sammála hv. 4. þm. Austurl. um það að ég hefði kosið að unnt hefði verið að nota tímann betur á Alþingi í vetur til þess að undirbúa þingmenn og vonandi einnig þjóðina undir þátttökuna í Evrópska efnahagssvæðinu með þeim hætti að umræður hefðu farið fram um mál í nefndum en um leið og ég segi þetta minni ég á að hvað eftir annað í vetur hafa þingmenn úr stjórnarandstöðunni risið upp og lýst því yfir að þessum samningaumleitunum væri í raun lokið. Samningurinn yrði aldrei að veruleika. Mig minnir að hv. 4. þm. Austurl. hafi talað um að EES-skútan væri komin á sker og hún mundi aldrei

losna aftur. Í ljósi slíkra yfirlýsinga er fráleitt að sitja í þinginu og leggja mikla vinnu í gögn ef menn eru þeirrar trúar í hinu orðinu að það sé alveg gagnslaust af því að samningur verði aldrei gerður. En ef hv. 4. þm. Austurl. hefði viljað vinna að málinu og haft trú á því að það næði fram að ganga og væri þess vegna að leggja á sig erfiði í því skyni að fjalla um eitthvað sem yrði að veruleika þá hefði málið kannski horft öðruvísi við. Þess vegna kom mér á óvart miðað við fyrri yfirlýsingar hans í málinu að hann skyldi nú kvarta undan því að við hefðum ekki setið undir slíkum skjölum hér í vetur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir ýmsa þá meginþætti sem ég tel að hljóti að að setja svip sinn á það þegar við metum stöðu Íslands á alþjóðavettvangi um þessar mundir. Ég tel í fyrsta lagi að til þess að umræðurnar á Alþingi geti verið á þeim grunni sem skynsamlegt er þá þurfi þeir sem hafa haft rangt fyrir sér varðandi töku ákvarðana um utanríkismál Íslands allt frá því að lýðeldið var stofnað að líta í eigin barm og skoða hug sinn og velta því fyrir sér hvar þeir fóru út af sporinu og hvers vegna þeir gerðu það um leið og þeir lýsa því yfir hvað það var sem afvegaleiddi þá í umræðunum um utanríkismálin að mati þeirra og stöðu öryggismálanna og hluta okkar Íslendinga í þeim. Það mundi auðvelda mjög allar umræður um þessi mál. Þess vegna finnst mér ákaflega sorglegt þegar sömu aðilar koma nú upp í ræðustólinn og tala raunverulega alveg í sama dúr og þeir hafa gert um alþjóðamál þótt það sé að sjálfsögðu að breyttu breytanda. En það eru sömu hrakspárnar, sami hræðsluáróðurinn, sömu viðhorfin til þess að samstarf við önnur ríki muni verða íslenska sjálfstæðinu að fjörtjóni, muni svipta þjóðina fullveldi, muni eyðileggja menningu þjóðarinnar o.s.frv. Þeir tala ekki lengur um það eins og þeir gerðu að þeir hefðu rétt fyrir sér því að allar þjóðir heims vildu frið og friðarhreyfingarnar stæðu með þeim og menn mundu sjá það að ákvarðanir um aukinn vígbúnað, andsvar Atlantshafsbandalagsins við vígbúnaði Sovétríkjanna mundi aldrei ná fram að ganga því að hvað sem ríkisstjórnir segðu þá mundu friðarhreyfingar koma og grípa fram fyrir hendurnar á þeim og stoppa slíka uppbyggingu o.s.frv. Nú er talað um að ef ríkisstjórnir taki ákvarðanir í Evrópumálum þá muni þjóðirnar koma og taka ákvarðanir og ganga fram fyrir skjöldu og verjast þessu ofríki valdhafanna. Að breyttu breytanda er því sami tónninn í umræðunum. Undirtónninn er nákvæmlega sá sami. Annars vegar er lagt upp eins og valdhafarnir séu slitnir úr tengslum við þjóðirnar þegar rætt er um þessi mikilvægu utanríkismál og höfðað til þess að þeir sem vilja kannski skoða málin í heild, ræða þau af raunsæi og reyna að taka afstöðu til þeirra með hliðsjón af þeim ákvörðunum sem aðrir hafa tekið, hafi bara einfaldlega rangt fyrir sér því að þeir menn sem hafi tekið ákvarðanir, þjóðkjörnir menn í öðrum löndum komist ekkert upp með að hrinda þeim í framkvæmd af því að það muni einhverjir aðrir koma og grípa fram fyrir hendurnar á þeim. Þessi tegund af umræðum átti sér stað um öryggismálin og endurspeglast síðan í kröfunni um það að alltaf þegar á að taka einhverjar slíkar ákvarðanir hér á landi þá er talað um að það eigi að bera þær undir þjóðina. Þegar það er síðan ekki gert þá sé alveg sannað að ákvarðanir séu í óþökk þjóðarinnar. Ég tel að allt þetta tal heyri fortíðinni til. Hvað eftir annað hefur komið fram hér á landi að slíkur áróður er gersamlega marklaus.

Þegar Íslendingar gerðust aðilar að EFTA árið 1970 urðu miklar deilur um það mál hér á Alþingi. Eins og ævinlega þegar skynsamlegar ákvarðanir hafa verið teknar um utanríkismál þjóðarinnar snerist Alþb. gegn aðild að EFTA. Alþb. treysti sér að vísu ekki til þess að fjalla um það málefnalega heldur flutti um það rökstudda dagskrá að úr því að aðild að EFTA væri ekki samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu þá vildi það vísa málinu frá. Mér virðist eitthvað svipað í uppsiglingu í sambandi við EES. Alþb. skoraðist undan því á síðasta landsfundi sínum eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Austurl. að taka afstöðu til Evrópska efnahagssvæðisins. Mér kæmi ekki á óvart miðað við forsöguna þegar þessir samningar koma til ákvörðunar á lokastigi að Alþb. kæmi fram með þá tillögu í þinginu að þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla færi ekki fram þá mundi það ekki taka afstöðu til málsins. Þessi leikur í utanríkismálaumræðum hér á landi hefur runnið sitt skeið. Það verður að gera aðra kröfu til stjórnmálaflokka en að þeir fari í þessar stellingar og neiti í raun og veru að taka á málum nema á einhverjum allt öðrum forsendum en þarf að leggja til grundvallar þegar um þessi mál er rætt.

Ég vil ljúka máli mínu eins og ég hóf það með því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið og þá ræðu sem hann flutti í gær og einnig hæstv. forsrh. Ég tel að með þessum ræðum og með skýrslunni hafi umræður um Ísland og Evrópusamstarfið þokast inn á rétta braut og það sé eðlilegt að halda áfram á þeim forsendum sem ráðherrarnir greindu frá í ræðum sínum í gær. Það mun reynast okkur best í framtíðinni eins og hingað til að taka ákvarðanir um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna á grundvelli skynsamlegs mats á öllum aðstæðum. Ég treysti því að núv. ríkisstjórn muni skapa okkur þingmönnum þær forsendur í umræðum okkar um stöðu Íslands í Evrópu að við getum lagt slíkt mat til grundvallar þeim ákvörðunum sem við tökum.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er afar fróðlegt að hlusta á hv. þm. Björn Bjarnason og fylgjast með sýn hans og söguskoðun. Hann býr til staðreyndirnar á færibandi og þegar kalda stríðinu er lokið skal það bara keyrt áfram út á raketturnar á Kólaskaga í von um að halda megi Bandaríkjunum við efnið hér á landi. Þetta er sú sýn sem hann dregur upp. Mér finnst hv. þm. vera ansi fastur í kaldastríðsfarinu, ekki komast úr því og það er ekki mjög gott fyrir mann sem er áhrifamaður í flokki sínum varðandi utanríkismál.

En varðandi Evrópumálin sem voru megininntak hans ræðu tók ég eftir því að hann sagði að aðild að

Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá enn. Hann bætti því við.

Hann gerði heldur ekki athugasemd við þá ábendingu mína að greinilegt samhengi væri á mati hans á finnskum aðstæðum og vilja hans sjálfs að því er Ísland varðar. Þetta er atriði sem við skulum taka eftir. Smáorðin skipta einnig máli í þessu samhengi. Þegar litið er til Norðurlandanna og hv. þm. fer að draga upp stöðumat sitt varðandi þau þá býr hann til staðreyndir alveg eins og hann vill gera í hernaðarlegu samhengi. Hann segir fullum fetum í framsöguhætti: „Við stöndum frammi fyrir þeim staðreyndum að öll Norðurlöndin verða innan fárra ára orðin aðilar." Síðan býr hann til mat sitt í löndunum til að styðja þessa fullyrðingu. Mér finnst þetta aldeilis undur hvernig hv. þm. flytur mál sitt að þessu leyti og þó vildi hann skapa aðeins svigrúm fyrir danska kjósendur að kveða upp dóm sinn í Danmörku 2. júní. En þegar kom að Noregi benda allar umræður til þess að ákvörðun hafi verið tekin um aðild að Evrópubandalaginu og að Verkamannaflokkurinn á eftir að kjósa sína fulltrúa á flokksþing. Þetta eru alveg hrein undur. Hann fór í ferð til Noregs og þar sá hann doðranta eftir vinstri sósíalista sem væru búnir að snúa frá villu síns vegar ef ég skildi hann rétt.

Ég veit ekki í hvaða heimi hv. þm. lifir. Ég held að hann ætti kannski að lesa heimalexíuna fyrst áður en hann fer í fleiri ferðir til útlanda þó að ég hafi verið að stinga upp á því að styrkja hann til slíkra ferða til að átta sig.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Heimssýn hv. þm. og það sem hann sagði kom mér kannski ekki mjög á óvart því að hún hefur ekkert breyst um nokkurra ára skeið, a.m.k. frá því að ég byrjaði að lesa greinar eftir hann í Morgunblaðinu. En það sem ég ætlaði aðallega að gera athugasemdir við varðandi fullyrðingar hans var um vaxandi andstöðu fólks á Norðurlöndum við inngöngu landanna í EB og ég hlýt að spyrja hann hvort hann hafi ekki fylgst með umfjöllun í dagblöðum frá Norðurlöndum. Skoðanakannanir hafa t.d. sýnt mjög greinilega að almenningur er í vaxandi mæli að gerast andsnúinn samningunum, bæði samningnum um EES en þó sérstaklega að löndin gerist aðilar að EB. Í Danmörku er mjög mikil og vaxandi andstaða við að Danir samþykki Maastricht-samkomulagið. Hv. þm. hlýtur að vita þetta. Mér fannst þingmaðurinn einnig gera mjög lítið úr almenningi. Það er eins og skoðun almennings skipti engu máli og fólk ætti ekki að vera að skipta sér af því hvað ríkisstjórnir ákveða og hann talaði mjög neikvætt um það. Mér þykir það furðuleg skoðun að almenningur eigi ekki skipta neinu máli.

Það er alveg rétt sem hann segir að ríkisstjórnir landanna hafa tekið ákvarðanir, t.d. í Svíþjóð og í Finnlandi. Þingin hafa verið meira tvístígandi en þau hafa hins vegar líka að meiri hluta að því er virðist enn sem komið er talið aðild æskilega, en almenningur hefur verið hins vegar hikandi og það skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hv. 15. þm. Reykv. missti af einhverjum kafla í ræðu minni því að ég taldi mig einmitt hafa fjallað um þetta að ákvarðanir væru teknar, síðan kæmu þessar skoðanakannanir, síðan liði tími og síðan yrði gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu og þá kæmi endilega ekki sú niðurstaða fram. Ég tók einmitt líkinguna af friðarhreyfingunum eins og kannanirnar sýna núna. Hve oft heyrðum við ekki á árunum 1979–1983 — og ef hv. 15. þm. Reykv. hefur lesið greinar mínar af mikilli athygli, sem ég vona að hún hafi gert, þá hefur hún séð að hvað eftir annað hef ég bent á þessa staðreynd — að talið um það að friðarhreyfingarnar hafi svo og svo mikil áhrif reyndist rangt? Ég velti því aðeins upp að umræður núna um það að tal núna um skoðanakannanir, hvað kann að gerast í þjóðaratkvæðagreiðslu í Svíþjóð eftir tvö ár, í Finnlandi eftir þrjú ár eða hvernig þær verða, finnst mér að eigi ekki að nota sem röksemdir ef menn vilja ræða um málið á einhverjum haldbærum forsendum. En ef menn vilja spá í það hvað gerist eftir tvö eða þrjú ár á grundvelli skoðanakannana sem gerðar eru núna þá get ég ekki gert við því. En það er alls ekki nein lítilsvirðing á vilja almennings, enda verða allir stjórnmálamenn að sætta sig við hann og dóm kjósenda og það hefur hvað eftir annað komið í ljós, t.d. varðandi öryggis- og afvopnunarmálin, að friðarhreyfingarnar töpuðu hverjum kosningunum á fætur öðrum þótt skoðanakannanir sýndu kannski á einhverjum tíma að viðhorf þeirra nytu samúðar meðal almennings.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykja þær fullyrðingar sem koma fram hjá hv. 3. þm. Reykv. alveg með ólíkindum, að friðarhreyfingarnar hafi ekki haft nein áhrif. Ég veit það mjög vel þó ég hafi kannski ekki lesið greinar hv. þm. nægilega vel að hans mati, þá hef ég þó alla vega lesið þær það vel að þetta veit ég að hefur verið viðhorf hans alla tíð og ég er honum algerlega ósammála, því að ég er alveg sannfærð um það að friðarhreyfingarnar höfðu mjög mikil áhrif og hafa enn mjög mikil áhrif. Meiri hlutinn af þeim friðarhreyfingum eru hreyfingar almennings. Það eru ekki hreyfingar sem hafa boðið fram t.d. til þings nema þá í einhverjum undantekningartilvikum. Áhrif þeirra eru því mest óbein, ekki það að þær hafi komist inn á þing eða ríkisstjórnir landanna. Það er því með ólíkindum að fullyrða það að friðarhreyfingarnar hafi ekki haft nein áhrif og vera síðan að tala um að það sé eitthvað sambærilegt við það sem er að gerst núna varðandi Evrópubandalagið. Hann hlýtur að vita það eins vel og ég, og hann minntist reyndar á það hér í ræðu sinni, að það er þjóðaratkvæðagreiðsla 2. júní í Danmörku og hún skiptir auðvitað verulegu máli, ekki bara fyrir Danmörku heldur alls staðar á Norðurlöndum. Rödd almennings heyrist helst í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu og ég tel eðlilegt að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram um miklu fleiri mál en t.d. hefur verið notað hér á landi til þess að hægt sé að kanna skoðun al-

mennings. Það er skoðun mín að verði samningar um Evrópskt efnahagssvæði að veruleika eigi að bera þá undir þjóðaratkvæði áður en þeir verða staðfestir á Alþingi. — [Fundarhlé.]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska eftir því að utanrrh. og forsrh. verði gert viðvart um að umræðan sé að hefjast. Ég þykist vita að þeir séu í húsinu. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að hæstv. utanrh. og forsrh. mæti í salinn og er þess að vænta að ekki líði löng stund þar til að þeir koma.) Þá kýs ég að bíða, herra forseti. — Herra forseti. Þar sem hæstv. utanrrh. er genginn í salinn þá ætla ég að byrja ræðu mína.

Í upphafi máls míns get ég ekki stillt mig um, sem fyrrverandi sögukennari, að benda á villu í skýrslu hæstv. utanrrh. og verð að segja að þeir, sem gengu frá þessari skýrslu, hefðu ekki fengið hátt hjá mér á söguprófi eða í ritgerð en það er í fyrstu setningu skýrslunnar sem þessa villu er að finna. Þar stendur:

„Á þeim tæplega fjórum áratugum sem liðnir eru frá stofnun lýðveldisins," o.s.frv., en eins og flestir ættu að vita þá eru þessir áratugir að verða fimm. Menn vilja kannski fara tíu ár til baka.

Herra forseti. Í u.þ.b. 100 ár hafa Íslendingar fyrst og fremst átt sér eina hugsjón sem hefur yfirgnæft allar aðrar, en hún er sú að selja fisk. Þegar horft er yfir sögu þessarar aldar hafa Íslendingar ýmislegt lagt á sig til að koma sínum fisk á markað og það er athyglisvert þegar lesið er um þá atburði sem gerðust á tímabilinu 1945–1951, sem nokkuð hafa komið við sögu hér í þessari umræðu, þegar Íslendingar tóku mjög afdrifaríkar ákvarðanir, að þá lá þar ekki síst að baki hvernig nýta mætti svokallaða öryggishagsmuni þjóðarinnar til þess að selja fisk og þess voru dæmi að Íslendingar notuðu umræður um Keflavíkursamninginn og aðild að NATO til þess að koma fiski til Bretlands á uppsprengdu verði allt í nafni öryggisins. Ég vil meina að þessi hugsjón sé enn í fullu gildi og það séu sterk rök í því sem fram undan er í íslenskum stjórnmálum hvernig bæði fiskveiðum okkar og fisksölu muni vegna. En mig langar fyrst til að taka til umræðu stöðu Íslands í heiminum eins og hún kemur mér fyrir sjónir eða réttara sagt velta fyrir mér þeirri spurningu hvaða stöðu við eigum að taka okkur í heiminum í ljósi allra þeirra breytinga sem átt hafa sér stað að undanförnu.

Umræðan um skýrslu utanrrh. hefur að miklu leyti snúist um afstöðuna til hins Evrópska efnahagssvæðis og Evrópubandalagsins og ég ætla að koma að því máli undir lok ræðu minnar, en þetta hvort tveggja, hið Evrópska efnahagssvæði og Evrópubandalagið, boðar mikil tíðindi í evrópskri sögu. Þarna eru á ferð miklar breytingar á ríkjaskipan og samskiptum ríkja og vissulega er það skiljanlegt frá sjónarhóli þeirra sem búa á meginlandi Evrópu hversu miklar vonir margir binda við Evrópubandalagið og þær breytingar sem þar eiga sér stað vegna þeirrar sögu sem Evrópa á að baki, sögu endalausra styrjalda og átaka. Það eru margir sem horfa á Evrópubandalagið sem tákn þess að friður megi haldast í Evrópu. Síðan eru aðrir sem gagnrýna margt sem þar er á ferð, uppbyggingu, pólitík, stöðu kynjanna og ýmislegt fleira.

Við höfum horft upp á miklar breytingar í valdahlutföllum álfunnar, hernaðarbandalagið í austri var lagt niður en það sem var í vestri stendur enn og menn velta mjög fyrir sér hlutverki þess, þ.e. Atlantshafsbandalagsins. Á tímabili voru menn með hugmyndir um að breyta NATO í náttúruverndarsamtök. Ég veit ekki til að sú umræða hafi komist á alvarlegt stig en vissulega er hlutverk Atlantshafsbandalagsins mjög að breytast og ég held að menn hljóti að velta því fyrir sér hversu margfalt þetta kerfi er orðið. Það er Atlantshafsbandalagið, Vestur-Evrópubandalagið, það eru Sameinuðu þjóðirnar og eflaust á fleiri sviðum, t.d. RÖSE, eru menn að ræða um öryggismál og afvopnun og það vill oft verða þannig að þegar slík samtök eða slíkar stofnanir eru komnar á fót þá gengur hægt og illa að breyta þeim, en ég held einmitt að Íslendingar ættu að beita sér fyrir því að einhver sameining eigi sér stað og að það ætti að duga að hafa ein slík samtök fyrir Evrópubúa og auðvitað vildi ég helst sjá Sameinuðu þjóðirnar í því hlutverki að standa vörð um friðinn í heiminum eins og þeim var ætlað í upphafi.

Í Bandaríkjunum eru ekki síður breytingar á ferð. Það veit reyndar enginn hvað þar er fram undan vegna forsetakosninga á þessu ári en greinilegt er að þar eru ýmsir hugmyndastraumar á ferð. Bandaríkjamenn gera sér að sjálfsögðu ljóst eins og aðrir hversu miklar breytingar eiga sér stað, þeirra ríkissjóður er rekinn með miklum halla og þeir vilja að sjálfsögðu nota sína skattpeninga til að byggja upp sitt eigið þjóðfélag í stað þess að vera að halda uppi einhvers konar heimslögreglu eins og stjórnvöld þar hafa gjarnan viljað.

Allar þessar breytingar þýða að við sem hér búum stöndum frammi fyrir algjörlega nýju ástandi og að mínum dómi þarf að skoða alla kosti mjög rækilega. Þjóðin þarf að vita hverra kosta er völ og við þurfum að velta fyrir okkur öllum möguleikum. Ég sé aðallega þrjá möguleika stöðunni. Það er í fyrsta lagi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Ég hafna þeim möguleika þegar í stað enda alls óvíst að yrði svo mikið sem tekið við umsókn frá okkur. Aðild að Evrópubandalaginu kemur ekki til greina að óbreyttu, en ég veit ekki hver telur sig þess umkominn að spá um stöðu Evrópusamvinnunnar og stöðu Íslandsmála eftir fimm til tíu ár.

Í öðru lagi er um það að ræða að gera samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, halda áfram þeirri samvinnu sem við eigum í viðskiptum við Bandaríkin, Kanada og fleiri ríki. Ég er í þeirra hópi sem hafna hinu Evrópska efnahagssvæði, ég ætla að koma að því síðar hvers vegna. Þar við bætist að samkvæmt ræðu utanrrh., sem var haldin í gær, var að heyra að enn væru þar mörg ljón í veginum og alveg eins líklegt að þessi samningur verði ekki að veruleika.

Í þriðja lagi eigum við þann kost að standa utan við

öll efnahagssamvinnusvæði og gera tvíhliða samninga við þau ríki sem við viljum eiga hvað mest samskipti við en það er allsendis óvíst hvað af því mundi leiða og því er ekki að neita að sú hugsun læðist að manni að við séum komin í afar einkennilega stöðu og að það sé mikil hætta á því að við munum einangrast og það er kannski það sem svona lítil þjóð eins og við má ekki við.

Að mínum dómi er ekki skynsamlegt að svara þessum spurningum, um það hvaða stöðu Íslendingar eigi að taka sér í heiminum, þessum erfiðu spurningum, á jafnafgerandi hátt og gert hefur verið í þessari umræðu. Kannski finnst mörgum að þeim sé auðsvarað en ég er ekki þeirrar skoðunar. Hv. 4. þm. Austurl. hefur látið þau ummæli falla í umræðunni að menn eigi ekki að vera með akademískar vangaveltur í umræðum eins og þessum, það eigi að tala skýrt og hafa hlutina á hreinu, en að mínum dómi er staða mála langt í frá einföld og ég tel að það sé ekki hægt að byrja umræðuna á því að skella öllu í lás jafnvel þótt maður viti hluta svaranna fyrir og hafi ákveðna afstöðu. Umræðan þarf að eiga sér stað og við þurfum að ganga að henni með opnum huga og skoða alla möguleika, jafnvel þótt við vitum svarið fyrir fram.

Í skýrslu utanrrh. kemur fram ákveðin heimsmynd og að mínum dómi er sú heimsmynd öll miðuð við Evrópu og eins og þessi umræða sem hér hefur átt sér stað ber vott um þá snýst hér allt um Evrópu. Það hefur lítið verið minnst á atburðina í Austur-Evrópu eða þróunina þar. Menn hafa horft bæði með ánægju og nokkrum áhyggjum á það sem þar hefur verið að gerast og ég vil koma á framfæri þeim skoðunum mínum að það sé mjög mikilvægt að fylgjast með því sem þar er að gerast og að huga að því hvaða stuðning við getum veitt þessum þjóðum því mér finnst það hafa komið fram nú þegar að þar er ákaflega stutt í ýmiss konar einræðistilhneigingar. Það má minna á að blaðamenn hafa átt í nokkrum átökum við stjórnarherra, annars vegar í Rússlandi og hins vegar í Litáen þar sem menn þola illa hina frjálsu pressu. Þetta hefur gengið svo langt að heimssamtök blaðamanna hafa séð ástæðu til að grípa inn í og reyna að koma pressunni til hjálpar. Það er mjög stutt í að mönnum finnist að þeir geti og eigi að ráða því hvernig er skrifað og um hvað er skrifað.

Við höfum líka séð það í austurhluta Evrópu og austur undir Asíu að stutt er í það að vopnum sé beitt. Þarna virðist alls staðar vera nóg af vopnum og menn grípa fyrst til þeirra og frekar til þeirra en að setjast við samningaborð. Við höfum horft upp á hin hörmulegu átök í Júgóslavíu. Þar hefur komið í ljós hversu þær alþjóðastofnanir og bandalög, sem við þó höfum, eru vanbúin til að taka á slíkum innanlandsátökum og koma til aðstoðar.

Mig langar að vekja athygli á frásögn sem birtist í Morgunblaðinu sl. sunnudag um ferð til Tékkóslóvakíu sem ég veit ekki hvort þingmenn hafa lesið. Í rauninni var sú frásögn afar sorglegt dæmi um það hve fátt hefur breyst í landi, eins og Tékkóslóvakíu vegna þess að menn hafa ekki treyst sér eða ekki farið í það verk að hreinsa til í kerfinu og gamla „bírókratíið" malar þar hægt og bítandi.

Jafnvel í okkar heimshluta, í Evrópu, er afar fjölbreytt og mismunandi menning sem ber að varðveita og hugarfarið er mismunandi. Það kemur ekki síst fram í samskiptum þeirra þjóða sem nú takast á í austurhluta álfunnar.

Í umræðunum hér í gær var forsrh. að því spurður og utanrrh. hver væri óvinurinn í ljósi þess sem sagt er í skýrslunni um nauðsyn öryggis- og varnarbandalags. Hverjum á að verjast. Hæstv. forsrh. svaraði því svo: „Óvinurinn er óvissan." Hann var þar að vísa til Austur-Evrópu og nefndi þau svæði þar sem vopn er enn að finna.

Ég held að við eigum umfram allt að forðast að koma okkur upp nýjum óvinaímyndum í stað þeirra sem eru nýlega horfnar. Að mínum dómi ógna ríki Austur-Evrópu og hin fyrrverandi ríki Sovétríkjanna ekki heimsfriði, en þau þurfa vissulega á mikilli aðstoð að halda og það er einmitt þörfin fyrir aðstoð sem dregur mjög mikið úr hættu á átökum. Ég held sem sagt að engin ástæða sé til að óttast óvissuna í austri. En hitt er annað mál að þær þjóðir búa yfir miklum vopnabúrum og hættulegum og það er mikið framtíðarverkefni að semja um það hvernig frá þeim málum verði gengið og þá á ég ekki síst við kjarnorkuvopnin.

Sú mikla þróun, sem átt hefur sér stað í afvopnunarmálum, hefur furðulítið komið við sögu í þessari umræðu. Á því sviði höfum við horft upp á mikla atburði gerast á undanförnum árum þar sem stórveldin hafa samið um fækkun, bæði kjarnorkuvopna og hefðbundinna vopna, svo og fækkun í herjum sínum og það auðvitað tengist hinum miklu breytingum í álfunni en þó er mikið verk óunnið, einkum í afvopnun á höfunum en það er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga að árangur náist í þeim efnum.

Hv. þm. Björn Bjarnason vék að því í dag að ekki væri mikið að marka ýmsar fjöldahreyfingar sem hefðu þrýst á t.d. í afvopnunarmálum en mín skoðun er sú að sú þróun, sem við höfum horft upp á á undanförnum árum, sé ekki síst að þakka friðarhreyfingum, hinum miklu fjöldahreyfingum sem beittu margvíslegum óhefðbundnum aðferðum til að hafa áhrif á ráðamenn og náðu stórkostlegum árangri. En auðvitað áttu breytingarnar í Sovétríkjunum ekki síður þátt í þessari ánægjulegu þróun sem sumir hafa kallað afvopnunarkapphlaupið.

Eins og ég nefndi hér áðan horfir þessi skýrsla á heiminn út frá sjónarhóli Evrópu og áhyggjur koma hér fram um ástandið í austurhluta álfunnar. En mér finnst í rauninni furðulítið gert af því að horfa á þann heim sem kannski er okkur þar næstur og þá er ég að tala um svæði við sunnanvert Miðjarðarhaf og hinn arabíska heim. Að mínum dómi er þar helst að vænta óróa og þar er þegar mikill órói á ferð. Þar takast á miklir hugmyndastraumar. Þar hefur bókstafstrúarmönnum vaxið mjög fiskur um hrygg og við horfum þar líka upp á afleiðingar hins hörmulega stríðs við Persaflóa sem hefur skilið eftir sig mikil sár. Þar voru vopnin

látin tala og efnahagsþvinganir fengu ekki að vinna sitt verk en síðan var skilið við í miðjum klíðum og harðstjórinn fær að sitja þar áfram.

Ég held að mjög mikil ástæða sé fyrir Evrópubúa að beina sjónum að heimi Araba og reyna að skilja hvað þar er að gerast. Við þurfum að skilja að þetta er annar menningarheimur, þarna ríkir annar hugsunarháttur. Við eigum ekki að óttast þennan heim, við eigum ekki að búa okkur til nýja óvini á þeim slóðum heldur fyrst og fremst að reyna að skilja hvað þar er á ferð. Þetta tengist einum hluta hins múslímska heims sem er Tyrkland og ég get ekki látið hjá líða hér að minnast aðeins á Kúrda. Fáar þjóðir hafa sætt jafnhörmulegum örlögum og Kúrdar. Þeir urðu fórnarlömb Persaflóastríðsins og þeir sæta nú ofsóknum af hendi tyrkneskra stjórnvalda. Reyndar er það svo að það mál hefur komist í fréttir nú undanfarna daga vegna þess að keyrt hefur um þverbak. Gerðar hafa verið loftárásir á þorp Kúrda og þar eiga sér stað handtökur og ýmiss konar aðgerðir af hálfu lögreglu og hers en sannleikurinn er sá að þetta er daglegt brauð. Þrátt fyrir það að Tyrkir hafi undirritað ýmsa mannréttindasáttmála og séu aðilar að Evrópuráðinu er það staðreynd að í Tyrklandi eiga sér stað mikil mannréttindabrot. Ég vil ítreka það sem fram kom í umræðum í síðustu viku að íslensk stjórnvöld láti frá sér heyra varðandi málefni Kúrda og geri athugasemdir við tyrknesk stjórnvöld. Við erum í bandalagi með þessari þjóð, Tyrkjum, og okkur ber skylda til að gera athugasemdir og veita þeim ákúrur fyrir framkomu þeirra við Kúrda. Þess má minnast að þetta er ekki í fyrsta skipti sem tyrknesk stjórnvöld ganga á hólm við minnihlutahópa í sínu landi. Árið 1915 var gerð mikil og hörkuleg árás á Armena í Tyrklandi í þeim tilgangi að útrýma þeim. Nokkur hundruð þúsund Armenar sluppu yfir til næstu ríkja, m.a. komst hópur Armena alla leið til Bandaríkjanna og til skamms tíma hafa þeir verið að reyna að fá tyrknesk stjórnvöld til að viðurkenna þessa atburði en sú viðurkenning hefur ekki fengist enn þá svo ég viti. Tyrkir eiga sér því langa sögu hervirkja og þeir eru ekki mjög vel að sér í lýðræði og lýðræðishefðum. Það þarf virkilega að halda þeim við efnið í þeim málum.

Ég vil aðeins nefna Palestínumálið og þá atburði sem þar hafa átt sér stað. Á bls. 52 í skýrslunni er vikið að málefnum Palestínu og þar segir, með leyfi forseta:

„Þá varð áframhald „Intifada", andófs Palestínumanna gegn hernámi Ísralesmanna á Vesturbakka Jórdanar og Gaza-svæðinu, og skammsýnn stuðningur útlægrar forustu frelsissamtaka Palestínu, PLO, við innrás Íraka í Kúvæt til þess að styrkja stöðu hófsamari leiðtoga Palestínumanna á herteknu svæðunum."

Mér þykir þetta nokkuð einkennileg túlkun. Ég veit ekki betur en forusta PLO hafi ítrekað reynt að leiðrétta þann misskilning að þeir hafi lýst yfir stuðningi við Íraka vegna innrásarinnar í Kúvæt. Þeir reyndu að beita sér í því máli til þess að koma í veg fyrir innrásina og þeir hafa svo sannarlega fengið að gjalda fyrir enda var mikill fjöldi Palestínumanna búsettur í Kúvæt. Mér þykir þessi afstaða sem hér kemur fram gagnvart PLO bera svolítinn keim af afstöðu Ísraelsmanna sem aldrei hafa viljað viðurkenna PLO en vilja fá hina hófsamari leiðtoga, eins og það er hér kallað, á herteknu svæðunum til þess að tala þeirra máli.

Ég vil í þessu samhengi minna á samþykkt Alþingis frá 18. maí 1989 þar sem segir í síðustu setningu, með leyfi forseta:

„Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við frelsissamtök Palestínu, PLO."

Þetta þýðir auðvitað ekki að samþykkja eigi allt sem gert er í þeim samtökum enda er það mikil flóra og ýmsar skoðanir þar á ferð en þetta mál er afar flókið og alveg lágmark að fara rétt með staðreyndir.

Þá langar mig til þess að víkja hér nokkuð að þriðja heiminum og þróunarmálum. Við höfum horft upp á það á undanförnum áratugum, þrátt fyrir miklar framfarir í heiminum, að andstæður milli suðurs og norðurs eru stöðugt að aukast. Það er ástæða til þess að ætla að sú þróun, sem um margt er ánægjuleg, sem hefur átt sér stað í Evrópu verði frekar til þess að auka þennan mun en minnka. Það er vegna þess að Vesturlönd vilja gjarnan styðja ríki í Austur-Evrópu til framfara og menn óttast að þá muni um leið draga mjög úr stuðningi við þriðja heims ríkin. Þá óttast menn það líka að hin bættu samskipti austurs og vesturs verði til þess að þessar tvær fyrrverandi andstæðu blokkir sameinist sem eins konar lögregla heimsins. Það er þróun sem ber að varast og væri heldur til hins verra ef þróunin í Austur-Evrópu yrði til þess að auka vald hinna ríkari þjóða í heiminum.

Þegar kemur að þriðja heiminum og afstöðunni til hans í skýrslunni er allt séð með augum Evrópu. Það er ástæða til að lýsa yfir ánægju með það hvernig hér er reynt að draga upp hin stóru vandamál sem við er að glíma í þriðja heiminum en þau eru séð frá sjónarhóli Evrópubúa. Í skýrslunni eru í fyrsta lagi nefndar GATT-viðræðurnar og áhrif þeirra en talið er að ef GATT-samningurinn kemst í höfn muni hann um margt hafa góð áhrif á stöðu þriðja heimsins, ekki síst vefnaðariðnað sem þar er víða mikill en þeir eiga erfitt með að koma sínum vörum á framfæri vegna ýmiss konar hafta í hinum iðnvæddu löndum. En það er nú svo að þarna sem víðar eru það hinar ríku þjóðir sem standa í veginum. Það eru fyrst og fremst Bandaríkin og Evrópubandalagið sem takast á í GATT-samningunum og koma í veg fyrir að þeir samningar náist og ekki síst Evrópubandalagið.

Í öðru lagi er vikið að þróunaraðstoð hinna ríku landa sem hefur verið allveruleg en eins og hér er vikið að réttilega hafa vaknað mjög margar spurningar um gildi þessarar vestrænu aðstoðar vegna þess að það hefur komið í ljós að peningarnir fara meira og minna í hina vestrænu starfsmenn og skila sér í litlu auk þess sem aðstoðin hefur öll verið með vestrænum hætti og frá vestrænu sjónarhorni. Henni hefur fyrst og fremst verið beint að körlum og hefur oft á tíðum orðið til þess að raska mjög þeim samfélögum sem átti að hjálpa og þá til hins verra. Menn hafa verið að troða ýmiss konar vestrænum gildum upp á þjóðir þriðja heimsins.

Þá er í þriðja lagi vikið að flóttamannastraumi frá þriðja heims ríkjum til Evrópu. Það vekur athygli okkar á því að þarna er um mjög alvarlegt vandamál að ræða sem þarf að taka á, ekki síst með samræmdri löggjöf Evrópuþjóða. Vissulega er við mikil vandamál að stríða í þriðja heiminum en auðvitað eru takmörk fyrir því hvað Evrópa getur tekið við af flóttamönnum. Ég vil nefna það að mér barst nýlega bréf frá Caritas, hjálparstofnun kaþólsku kirkjunnar. Ég veit ekki hvort öðrum hefur borist það en ég þykist vita að ég hafi fengið það vegna þess að ég er fulltrúi í Evrópuráðinu. Þar er einmitt verið að vekja athygli á nauðsyn samræmdrar löggjafar hvað varðar flóttamenn og innflytjendur. Ég vil enn skora á hæstv. dómsmrh., af því að ég sé að hann stendur hér í hliðarherbergi, að taka sig nú til og endurskoða hina íslensku innflytjendalöggjöf.

Í fjórða lagi, þar sem verið er að ræða um vandamál þriðja heimsins, er vikið að spillingu náttúrunnar. Og mikið rétt, hún er veruleg í þriðja heiminum og ekki síst er þar um að ræða uppblástur og eyðingu skóga sem við höfum miklar áhyggjur af enda er þar verið að ganga á súrefnisforða heimsins.

Síðast en ekki síst er vikið hér að heimi múslima og þar kemur fram að margir spá því að þar sé að finna og verði að finna eina helstu átakalínu heimsmála á næstu árum og áratugum. Eins og ég nefndi áðan tel ég að veruleg ástæða sé til þess að skoða þau mál mjög rækilega.

Það sem ekki er nefnt vekur auðvitað athygli í þessu samhengi. Hér er t.d. ekki minnst á hina gífurlegu fólksfjölgun sem á sér stað í þriðja heiminum og er sennilega eitthvert alstærsta vandamál sem við er að glíma á jörðunni. Þar verður að nefna að ég tel að kaþólska kirkjan sýni í rauninni mikið ábyrgðarleysi í þeim efnum. Mér finnst það ábyrgðarleysi að halda fast í bókstafinn og horfast ekki í augu við vandamál og örbirgð heimsins og veita ekki sínu fólki upplýsingar og aðstöðu til þess að nota getnaðarvarnir.

Ég býst við að ef þriðja heims ríkin væru beðin að svara þeirri spurningu hver væru þeirra helstu vandamál mundu þau nefna ýmislegt annað en það sem nefnt er í þessari skýrslu. Þar má nefna fátækt og misrétti, m.a. misrétti milli karla og kvenna, sjúkdóma, ófrið og þjóðfélagsátök, vatnsskort og uppblástur, harðstjórn og pólitískar ofsóknir, heljargreipar fyrrverandi stórvelda heimsins á þeirra efnahagslífi og ýmislegt fleira. Þar með komum við að þeirri spurningu hvað við Íslendingar getum gert til þess að bæta ástandið. Ég get tekið undir þau orð sem fram koma í skýrslunni að aðstoð Íslendinga við þriðja heiminn sé skammarlega lítil. Við sem sitjum á Alþingi getum ekki skotið okkur undan því að taka á þessum málum og gera markvissa áætlun til þess að ná því takmarki sem Alþingi hefur samþykkt að skuli náð.

Í þessu samhengi vil ég nefna konur í þróunarlöndunum sérstaklega og minnast á það að Íslendingar hafa þó lítillega komið þar við sögu. Hér er starfandi á landinu deild í samtökunum UNIFEM, sem er þróunarsjóður á vegum Sameinuðu þjóðanna, og nýlega hafa þær gert samning um yfirtöku á verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar í kvennahúsinu í Mindelo á Grænhöfðaeyjum. Ég tel að þarna sé um að ræða verkefni af því tagi sem á að beina sjónum að, að aðstoða ákveðna hópa, reyna að finna hvað það er sem kemur að gagni. Til þess að upplýsa þingheim aðeins um þennan merkilega sjóð, UNIFEM, sem var stofnaður í kjölfar kvennaáratugs Sameinuðu þjóðanna, þá segir í fréttabréfi um þróunarmál frá því í febrúar 1992, með leyfi forseta:

„Markmið UNIFEM er tvíþætt. Annars vegar að veita fjárhagslega og tæknilega aðstoð til samvinnuverkefna kvenna á sviði atvinnureksturs, fæðuframleiðslu, við orku- og drykkjarvatnsöflun ásamt heilsugæslu. Hins vegar að tryggja að jafnt tillit sé tekið til þarfa kvenna og karla í hinum ýmsum þróunarverkefnum."

Þessi samtök hafa stöðugt verið að færa út kvíarnar. Þar er nú mikið gert af því að reyna að tengja konur og umhverfismál saman og það hefur verið ákveðið að helga áratuginn sem nú stendur yfir, frá 1990–2000, efninu „Konur, umhverfi og þróun".

Það er nokkuð merkilegt hvað athygli þeirra sem talað hafa í þessari umræðu hefur lítið beinst að GATT-viðræðunum og það er kannski að finna skýringu á því hversu stutt er síðan GATT-slagurinn, eins og menn hafa kallað hann, átti sér stað hér í þingsölum, GATT-slagurinn 1992. Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvað sé að frétta af því máli og hvernig hann metur stöðu þessara samninga núna. Það er nýkomin fram skýrsla þeirrar nefndar sem landbrh. skipaði til þess að kanna áhrif GATT-samninganna á íslenskan landbúnað. Þar varð niðurstaðan nokkuð í þeim dúr sem sumir ræddu í þeirri umræðu sem átti sér stað að menn væru að draga upp allt of dökka mynd af áhrifum GATT-samningsins og ég vona svo sannarlega að það fari að draga til tíðinda í GATT-samningunum.

Þá ætla ég að lokum að koma aðeins að hinu Evrópska efnahagssvæði og Evrópubandalaginu. Eins og ég nefndi í upphafi vil ég undirstrika það að öll þessi umræða þarf að vera opin og skoða þarf þessi mál frá öllum hliðum. Hér hafa menn lýst því yfir fjálglega að þeir hafi lesið bæði Rómarsáttmálann og Maastricht-samkomulagið og þekki þessa samninga út og inn. En það breytir auðvitað litlu þótt einstakir þingmenn, jafnvel allir þingmenn, hafi kynnt sér þessa samninga rækilega. Þjóðin þarf að vita hvað um er að ræða og það skiptir mjög miklu máli að þjóðin viti hverju er verið að hafna, því ég gef mér það að við höfnum aðild að Evrópubandalaginu, og það er í fyrsta lagi vegna sjávarútvegsstefnunnar, í öðru lagi vegna þeirrar miklu miðstýringar sem einkennir þetta bandalag og þetta er karlstýrt bandalag. Þar er hlutur kynjanna mjög fjarri því sem við þekkjum á Norðurlöndum. Og síðast en ekki síst vegna þess að í uppsiglingu er nýtt ríkjabandalag sem enginn veit enn þá hvert fer eða hvað mun af leiða.

Ég er líka þeirrar skoðunar að við eigum að standa utan hins Evrópska efnahagssvæðis ef sá samningur

verður að veruleika vegna þess að ég óttast það að ef við stígum fyrsta skrefið verðum við líka að stíga annað skrefið, þ.e. að aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði muni leiða okkur inn í Evrópubandalagið. Ekki vegna þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði „per se" leiði til aðildar heldur vegna þess hve hann verður ófullnægjandi þegar til lengri tíma er litið. Það er verið að búa þarna til mikið bákn, ólýðræðislegt bákn og það er ekki bara hér sem menn láta í ljós efasemdir varðandi þennan samning heldur eru þær efasemdir ekki síður að finna innan Evrópubandalagsins og þá ekki síst á Evrópuþinginu. Þar segja menn: Við ætlum ekki að láta þessi EFTA-ríki segja okkur fyrir verkum. Við ætlum ekki að láta þau hafa áhrif á gang mála.

Það kemur víða fram í því sem rætt er og ritað um hið Evrópska efnahagssvæði að þarna verður um þvílíkt skipulagsskrímsli að ræða að það mun ekki duga til lengdar. Menn munu fljótlega fara að glíma við framhaldið. Þar að auki þá hljótum við að velta því fyrir okkur hver okkar staða verður ef Norðurlöndin og Austurríki ganga í Evrópubandalagið og við stöndum ein eftir ásamt Liechtenstein, hugsanlega Sviss. En við skulum auðvitað ekki gefa okkur það að aðild að Evrópubandalaginu verði samþykkt í þessum löndum.

Ég vil líka minna á það sem Willy Brandt sagði þegar hann var hér á ferð, líklega í hittiðfyrra. Hann var mjög að undrast umræðuna um Evrópubandalagið, hér sem annars staðar, og lýsti þeirri skoðun sinni að það mundi verða mjög ófullnægjandi fyrir ríkin á hinu Evrópska efnahagssvæði að verða að sæta lögum og samþykktum Evrópubandalagsins innan ramma samningsins en geta lítlu ráðið um breytingar og framkvæmd. Minn ótti er því fyrst og fremst þessi: Þegar búið er að segja A þá verða menn að segja B. Auðvitað, eins og ég hef nefnt hér áður, veit ég ekki hver er þess umkominn að spá um það hvernig ástandið verður eftir 5–10 ár. Við skulum ekki gleyma því að auðvitað fylgja kostir bæði EES-samningnum og Evrópubandalaginu. Ég met hins vegar stöðuna þannig að gallarnir séu meiri eins og málin blasa við.

Ég verð að segja það að ég treysti mér ekki til þess að hafna aðild að Evrópubandalaginu um aldur og ævi. Ég get ekki gefið mér það að ekki muni verða breytingar eða við munum standa í þeim sporum að verða að gera eitthvað annað eða telja hagsmunum Íslands betur borgið á annan hátt þegar kemur fram á næstu öld.

Mér finnst að umræðan eins og hún er að þróast sé að verða nokkuð svart-hvít og ég vil vara við því að menn festist í þeim sporum. Ég ætla að vitna í þá umræðu sem átti sér stað hér í gærkvöldi og í orð hv. 4. þm. Austurl. þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að hann hefði verið að líta á þessi mál, þ.e. Evrópubandalagið og EES „í þeirri vídd sem ber að líta á þau." Og hann komst einnig svo að orði: „Beislinu var smeygt upp á Svía og Finna." Mér finnst gæta nokkurs hroka í þessum ummælum og þingmaðurinn sé bæði að gefa sér það að hann hafi fundið hina réttu leið til að skoða þessi mál og í rauninni gefa sér það að eitthvert skrímsli sé búið að kræka klónum í Svía og Finna. Mér finnst í raun og veru að verið sé að gera mjög lítið úr hinni lýðræðislegu umræðu. Ég vara þingmenn við að tala svona. Við erum rétt í upphafi umræðunnar og við eigum að draga fram hér rök og mótrök.

Hv. 4. þm. Austurl. komst líka þannig að orði að við stæðum frammi fyrir því hvenær valdinu og valdakerfinu á Íslandi leyfðist að draga Ísland að þessu samningaborði um aðild að Evrópubandalaginu. Mér finnst menn vera að draga þarna upp, eins og í GATT-umræðunni, heldur dökka mynd af ástandinu og ég held einfaldlega að pólitísk umræða um svo alvarleg mál eigi að fara fram með rökum en ekki slíkum stórfullyrðingum. Þetta ber nokkurn vott um samsæriskenningar um hin illu öfl sem alls staðar séu á ferðinni og gott og illt takist á en málin eru auðvitað ekki svo einföld. Við erum að ræða um kosti og galla og ég ítreka að ég tel gallana vera meiri en kostina. En ég vil að umræðan sé málefnaleg og lýðræðisleg og það er nú einu sinni partur af lýðræðinu að sætta sig við vilja meiri hlutans og það er hlutverk þjóðkjörinna þingmanna að ræða málin með málefnalegum hætti.

Að lokum, herra forseti, sú framtíð sem ég vil sjá fyrir Ísland er sú að Ísland skipi sér í hóp þeirra þjóða sem tala máli friðar, mannréttinda, jöfnuðar og náttúruverndar í heiminum. Í því liggja hagsmunir okkar fyrst og fremst. Við erum ein örfárra þjóða í heiminum sem getum tjáð okkur hræsnislaust um stöðu heimsmála vegna þess að við höfum aldrei lýst yfir styrjöld á hendur nokkurri þjóð. Við virðum mannréttindi þokkalega vel og tilheyrum enn hinu norræna velferðarkerfi sem til skamms tíma hefur þótt til fyrirmyndar hvað sem um það mun verða. Þessa stöðu eigum við að varðveita um leið og við metum upp á nýtt þær ytri aðstæður sem við búum við og fram undan eru.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. talaði um það í ræðu sinni í gær að það væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar að sækja um aðild að Evrópubandalaginu nú. Hv. þm. Björn Bjarnason sagði í umræðu í dag um þetta efni að ekki væri enn þá á dagskrá að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kemur hér upp og segir okkur að það eigi ekki að vera á dagskrá að sækja um aðild að Evrópubandalaginu „að óbreyttu". Svo bætir þingmaðurinn við: „En hver getur spáð um stöðu Evrópusamvinnunnar að 5–10 árum liðnum? Umræðan á ekki að vera svart-hvít. Auðvitað fylgja kostir EES og EB." Þetta er þá leiðsögn fyrir íslenska þjóð hjá hv. þm. Ég hélt að vírusinn væri ekki orðinn mjög útbreiddur innan Kvennalistans en ég hef tekið eftir því að hann er í þeim garði. En að hann væri orðinn svona útbreiddur, því hef ég bara ekki gert mér grein fyrir.

Það er alveg ljóst að hv. þm. vill fara með Þórarni V. Þórarinssyni, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, í verslunina og máta flíkina. Það er alveg dagljóst. Og hv. þm. hefur enga leiðsögn að gefa

almenningi um það hvert er mat hennar á þessu, þ.e. hver eru gagnrökin. Hún segir: „Eins og stendur, að óbreyttu." En hefur þingmaðurinn ekki einhverja mynd af því í hvaða átt Evrópubandalagið er að þróast? Hefur þingmaðurinn ekki mynd af því? Hvers vegna er þingmaðurinn að segja: Það verða allir að vera galopnir fyrir þessum rökum og gagnrökum? Í hvaða andrúmslofti hrærist þingmaðurinn? Veit þingmaðurinn t.d. hvernig fjölmiðlaflóran á Íslandi matreiðir mál eða hvaða aðstöðu þeir hafa sem eru með aðvörunarorð í þessu máli til að fá fjölmiðlana til að eiga hlut í því að hlutlæg umræða eigi sér stað?

Ég verð að lýsa svo verulegum vonbrigðum með að heyra þennan málflutning frá fólki sem ég hélt að hefði það á stefnuskrá sinni að berjast gegn því að Ísland afsali sér fullveldi sínu og gerist aðili að Evrópubandalaginu. Það er mikil raun að hlýða á þetta.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. tíðkar það að taka sterklega til orða. Ég sagði að ég væri andvíg aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Ég sagði að ég væri andvíg hinu Evrópska efnahagssvæði, þ.e. aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði, en hins vegar þá treysti ég mér ekki til að segja til um það hver staða heimsmála eða staða Íslands í Evrópu verður eftir 5–10 ár. Ég er ekki svo framsýn að geta séð hvernig ástandið verður þá og hvernig við munum meta stöðuna. Ég nefndi í minni ræðu ýmis rök fyrir því að ég tel hvorki aðild að Evrópska efnahagssvæðinu né Evrópubandalaginu koma til greina, t.d. sjávarútvegsstefnuna, miðstýringuna, karlstýringuna, o.s.frv. Ég tel þetta ekki vænlega kosti fyrir Ísland. Það getur verið að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geti svarað því fyrir sig hvernig ástandið verður eftir 10–20 ár, að þar verði engin sú breyting á sem breyti hugsanlega okkar afstöðu varðandi Evrópubandalagið, en ég treysti mér ekki til þess að gera það.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði litið svo á að 5–10 ár væru það sem við flokkum undir nána framtíð. Vissulega geta orðið verulegar breytingar, ófyrirséðar breytingar í málum eins og hefur gerst t.d. í Evrópu á undanförnum árum sem fáir sáu fyrir. Þar á ég við breytingarnar í Austur-Evrópu alveg sérstaklega. Ég sé hins vegar ekki ef ég reyni að meta nána framtíð, það sem maður getur séð fram á veginn, að þar séu nein sólarmerki um að þær breytingar séu að verða sem geti gert aðild Íslands að Evrópubandalaginu aðlaðandi í náinni framtíð. Það sé ég bara alls ekki. Ég bið hv. þm. um að lýsa því fyrir mér hvað hann er að hugsa þegar hann er að varpa slíku upp á vegginn eins og þessu, að hér verði að fara fram opin og víðsýn umræða um kosti og galla EES og EB, væntanlega til þess að menn geti skoðað þetta og mátað flíkina.

Spurningin stendur um það hvort Íslendingar ætli að afsala sér sínu sjálfstæði og kasta sínum stjórntækjum. Allir vita í hvaða átt Evrópubandalagið stefnir. Það hefur gert sína samninga og samkomulag í Maastricht. Það er að þróast í stórríki. Getur þingmaðurinn séð það fyrir eða telur þingmaðurinn að það komi til greina fyrir Íslendinga að ganga inn í það hús?

Auðvitað getum við alltaf sagt: Framtíðin er óræð. Mikil ósköp. En ég á afar erfitt með að átta mig á svona leiðsögn því stjórnmálamenn verða náttúrlega að taka á sig ákveðna ábyrgð. Þeir hafa ákveðnu leiðsagnarhlutverki að gegna, upplýsandi hlutverki og leiðsagnarhlutverki en geta ekki bara setið í dyngju sinni og spjallað yfir prjónum og velt fyrir sér ýmsum þáttum sem enginn getur út af fyrir sig sagt fyrir um. Við hljótum að ganga út frá ákveðnum forsendum. Ég hélt að þingmaðurinn sem sagnfræðingur hefði þjálfað með sér hugarfar í þá áttina.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka enn fyrir leiðbeiningarnar og það hugarfar sem kom hér fram varðandi það hvernig konur verja tíma sínum.

Hv. 4. þm. Austurl. spurði hvort ég teldi að Íslendingar ættu að ganga inn í það hús sem Maastricht-samkomulagið er að reisa. Ég hef lýst því m.a. í grein að ég hef mikla trú á lýðræðishefðum Evrópu og baráttu fólks úti í Evrópu fyrir mannréttindum og lýðræði. Það er ekkert sem segir mér það að þó að búið sé að samþykkja Maastricht-samkomulagið að það verði óbreytt um aldur og ævi eða sú stefna sem þar hefur verið tekin verði ofan á.

Það sem ég og fleiri höfum verið að leggja áherslu á er að við vitum öll um hvað þessi mál snúast, um hvað Evrópuumræðan snýst, hvað felst í hinu Evrópska efnahagssvæði, bæði kostir og gallar og hvað felst í aðild að Evrópubandalaginu, kostir og gallar. (**HG:** Fyrir hvern?) Fyrir okkur Íslendinga. Við erum fyrst og fremst að ræða málið út frá sjónarhóli Íslendinga og við þurfum auðvitað að vega og meta og fólk á að vita um hvað umræðan snýst. Það er hlutverk okkar sem tökum þátt í þessari umræðu að vera málefnaleg og upplýsa um leið og við tökum afstöðu. Ég ítreka það enn og aftur: Ég tel aðild að Evrópubandalaginu ekki koma til greina nema einhverjar verulegar breytingar verði. Ég þori ekki að spá um þær.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt næstum að þakka fyrir það að fá að taka nú til máls vegna þess að fjöldi þingmanna hefur vottað það að ég bað hér um orðið fyrst allra eftir að framsögumaður, hæstv. utanrrh., hóf mál sitt í gær og nú er komið á tíunda tíma daginn eftir. Það er sannarlega virðingarvert að ég skuli fá að hefja hér mál mitt.

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram að mörgu leyti áhugaverðar umræður og margt skynsamlegt komið fram í þeirri umræðu og skal ég reyna í máli mínu að endurtaka ekki það sem ég var sammála um í máli manna. Ég hef þess vegna tekið þann kost að renna í gegnum þessa miklu skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur hér lagt fram og mun reyna að koma inn á þau atriði sem mér finnst skipta meginmáli. Það fór þó svo að ég staldraði strax við þriðju línu í inngangi þessar-

ar miklu skýrslu, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þeim tæpu fjórum áratugum, sem liðnir eru frá stofnun lýðveldisins, hafa höfuðmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu verið í því fólgin að tryggja sjálfstæði landsins og aðgang þess að útlendum viðskiptamörkuðum og tryggja og varðveita yfirráð yfir auðlindum þjóðarinnar."

Fyrsta spurning mín hlýtur því að vera: Hvað eru auðlindir þjóðarinnar?

Í annars ágætri ræðu sinni í gær kom hv. 10. þm. Reykv. inn á auðlindir jarðarbúa og talaði um náttúru jarðarinnar. Sú náttúra er því aðeins auðlind að menn-irnir geti umgengist hana og þess vegna er ég ósammála hv. 10. þm. um það hvað sé hin raunverulega auðlind jarðarinnar. Það er að sjálfsögðu maðurinn sjálfur, hamingja hans og velferð. Nú veit ég ekki hvort þetta var of mikið fyrir hæstv. utanrrh. en ég mundi mælast til þess að ég fái að sjá til hans þó að ég virði það af sérstökum ástæðum að hann gangi hér um gólf þar sem mér er kunnugt um að hann á erfitt með að sitja. En ég vænti þess að hann hlýði á mál mitt þar sem ekki eru fleiri ráðherrar viðstaddir þessa mjög svo mikilvægu umræðu. En það mætti gjarnan koma oftar fram í umræðum á Alþingi fyrir hvern við erum að berjast, hvers velferð við erum að tryggja. Þess vegna held ég að umræðan ætti að snúast um sjálfstæði og öryggi þeirrar einu sönnu auðlindar sem Íslendingar eiga sem eru Íslendingar sjálfir. Þetta hygg ég að sé mjög mikilvægt atriði að menn íhugi áður en lengra er haldið, og ekki síst í umræðunni um Evrópubandalagið og Evrópskt efnahagssvæði sem ég mun koma að síðar.

Síðan segir hæstv. utanrrh. í inngangi sínum að með tvíhliða samningum og með þátttöku í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, þar á meðal í EFTA og GATT hafi stjórnvöld komist að hagstæðum kjörum í viðskiptum við aðrar þjóðir og það er mikið til í því. En menn taka eftir „með tvíhliða samningum". Síðar í skýrslunni er lögð áhersla á „tvíhliða viðræður við Bandaríkjamenn um varnir þjóðarinnar" og svo framvegis. En þessir „tvíhliða samningar" sem hafa gefið svo góða raun virðast ekki hafa orðið hæstv. utanrrh. að fyrirmynd þegar kemur að þeim samningum sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni.

Við stöndum auðvitað á mjög erfiðum tímum og það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, það er mjög erfitt að horfa fram á veginn og reyna að gera sér grein fyrir í hvers konar veröld við lifum á næstu árum, að ég tali nú ekki um á næstu öld. Þegar ég var mjög ung las ég bók sem hefur orðið mér eftirminnilegri en margar og jafnvel flestar aðrar erlendar bækur en það var bók Stefans Zweig „Veröld sem var" í ágætri þýðingu Ingólfs Pálmasonar. Bókin lýsti veröld sem var að lokinni heimsstyrjöldinni. Sannleikurinn er sá að ég hygg að við séum í svipuðum sporum núna og Stefan Zweig var þegar hann reit þessa merku bók sína. Við lifum í algerlega nýrri Evrópu. Í þingmannaheimsókn sem ég fór í til Tékkóslóvakíu fyrir nokkrum dögum, sem ég mun aðeins koma inn á síðar, var þessi bók mér mjög ofarlega í huga því að mér fannst ég standa í „veröld sem var". Það er auðvitað ekki vandalaust að bregðast við nýrri veröld á nokkurra áratuga fresti eins og við, sem á þessari öld lifum, höfum orðið að gera og forfeður okkar.

En ég ætla að snúa mér fyrst að Evrópuumræðunni. Hér er sorglegt að sjá hversu fáir eru viðstaddir vegna þess að mér er ekki grunlaust um að fjölmargir hv. þm. hefðu gott af að fá smásagnfræðilega yfirferð um hvað erum við að ræða um. Ég ætla þess vegna að gerast svo djörf að fara aðeins ofan í upphaf efnahagssamvinnu Evrópuríkja. Hafi menn ekki tíma til að sitja þennan þingfund þá er að minsta kosti hægt að lesa þá yfirferð í þingtíðindum.

Þegar síðari heimsstyrjöldinni lauk vaknaði mikill áhugi á samvinnu ríkja og er tilkoma ýmissa fjölþjóðasamtaka á fyrstu árunum eftir stríð til marks um þennan áhuga. Í Evrópu varð Efnahagssamvinnustofnun Evrópu OEEC til árið 1945, sem síðar varð Efnahags- og framfarastofnun Evrópu OECD árið 1960, og Evrópuráðið 1949. Sama gildir um Kola- og stálbandalagið sem stofnað var árið 1951 og Efnahagsbandalagið og Kjarnorkubandalagið sem stofnuð voru 1957. Tvær meginástæður ollu myndun þessara bandalaga og skal reynt að gera þeim nokkur skil því að erfitt er að ræða þessi mál án þess að geta sögu þeirra að nokkru.

Í fyrsta lagi kom til veik efnahagsleg og pólitísk staða Vestur-Evrópuríkja eftir heimsstyrjöldina. Þessi ríki höfðu glatað fyrri valdastöðu og stóðu nú í skugga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna sem voru hernaðarlega og efnahagslega miklu sterkari en misjafnlega illa farin ríki Vestur-Evrópu. Menn töldu að eina leiðin til að tryggja efnahagslega velmegun og tæknilega framþróun til jafns við Bandaríkin væri aukin samvinna ríkjanna. Endurreisn hagkerfis ríkjanna eftir eyðileggingar stríðsins og bætt lífskjör almennings væru undir því komin að ríkin efndu til efnahagslegrar samvinnu. Í því sambandi töldu menn að frjáls og hindrunarlaus viðskipti væru öruggasta leiðin til að tryggja hagvöxt og bætt lífskjör. Því verður ekki neitað að Evrópubandalagið og Fríverslunarbandalagið EFTA hafa gegnt veigamiklu hlutverki í efnahagslegri — og ég sagði efnahagslegri — endurreisn Evrópu og verið að nokkru forsenda fyrir bættum lífskjörum íbúa aðildarríkjanna ásamt efnahagsaðstoð Bandaríkjamanna, af Marshall-aðstoðinni sem flestir þekkja.

Önnur meginástæða fyrir ríkjasamvinnunni var sterkur vilji manna til að koma í veg fyrir frekari styrjaldir milli ríkja Evrópu. Reynsla Evrópubúa af tveimur heimsstyrjöldum, sem hófust í álfunni og þar fóru meginátökin fram, var á þann veg að engan fýsti að eiga það á hættu að til slíks kæmi á ný. Menn yrðu að lifa saman í friði. Skapa yrði forsendur til þess að stríðsátök milli ríkja Evrópu yrðu ekki aðeins ólíkleg heldur óhugsandi. Mikilvægt skref í þá átt var sameining Evrópuríkja í eina efnahagslega heild. Margir bundu einnig vonir við að samhliða eða í framhaldi af slíkri efnahagssamvinnu kæmi til pólitísk sameining ríkjanna í álfunni sem mundi tryggja enn frekar varanlegan frið þeirra í milli. Sú hugsun var skiljanlegri

þar sem landamæri höfðu flust til eftir styrjaldir og þjóðerni því óljóst meðal þjóða sem þrátt fyrir allt höfðu samt sterka þjóðerniskennd. Pólitísk sameining hefur engin orðið meðal ríkja Evrópubandalagsins og hvert ríki hefur að mestu haldið pólitísku fullveldi sínu. Eða hafa þau það? Inn á það verður komið seinna. En hin nána efnahagslega og pólitíska samvinna sem átt hefur sér stað milli ríkja Evrópubandalagsins hefur vissulega gert hugsunina um vopnuð átök milli þeirra óraunverulega, a.m.k. að sinni.

En vitanlega var það ekki samvinnuhugsjónin ein sem réð ferðinni. Stofnun Evrópubandalagsins styrkti einnig pólitíska stöðu hinna einstöku ríkja í Evrópu. Frakkar litu efalaust á Evrópubandalagið sem tæki til að tryggja Frakklandi ákveðna forustu meðal Evrópuþjóða. Vestur-Þjóðverjar og Ítalir þörfnuðust nýrrar tiltrúar annarra Evrópuríkja og minnstu ríkin í bandalaginu, Holland, Belgía og Lúxemborg eygðu leið til að hafa áhrif á gang mála í álfunni með þátttöku sinni í bandalaginu. Þá þjappaði kalda stríðið ríkjum Vestur-Evrópu saman í andstöðunni við Sovétríkin og Bandaríkin hvöttu þess vegna mjög til pólitískrar og efnahagslegrar samvinnu milli ríkja Vestur-Evrópu.

NATO var hinn hernaðarlegi armur slíkrar samvinnu og um hernaðarbandalagið var meiri eining milli ríkjanna en um efnahagssamvinnu. Nokkuð skorti nefnilega á að samkomulag væri um hvernig efnahagssamvinnan skyldi vera og því tókst ekki að mynda efnahagsbandalag sem hefði innan vébanda sinna flest ríki Evrópu. Þess í stað mynduðust tvær meginblokkir í Evrópu. Evrópubandalagið sem var samband sex ríkja og Fríverslunarsamtök Evrópu sem var upphaflega sjö ríkja samsteypa en síðar urðu ríkin níu. Þessi tvö bandalög voru ljóst dæmi um ólíkar hugmyndir manna um samvinnuna.

Þegar grunnurinn var lagður að núverandi Evrópubandalagi með stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu árið 1951 voru stofnríkin sex talsins. Belgía, Frakkland, Ítalía, Holland, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland. Þessi sömu ríki stóðu síðan að myndun Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalagsins árið 1957, en þessi þrjú bandalög eru uppistaðan í Evrópubandalaginu. Árið 1973 bættust þrjú ríki í hópinn en það voru Bretland, Danmörk og Írland. Ríkisstjórn Noregs hafði tekið þátt í umræðum um inngöngu en meiri hluti Norðmanna hafnaði aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Árið 1983 urðu Grikkir aðilar og Spánn og Portúgal gengu í bandalagið árið 1986. Sumir telja að Evrópubandalagið eigi enn eftir að stækka. Austurríkismenn og Tyrkir hafa þegar sótt um inngöngu og vonast til að gerast aðilar fyrir aldamót. Eins og allir þekkja hafa farið fram umræður innan allra EFTA-ríkjanna sem ekki eru aðilar, þ.e. Finnlands, Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss. Og nú hafa Austurríkismenn tekið ákvörðun um að sækja um aðild.

En eiga þessi ríki auðvelda innkomu í Evrópubandalagið? Því fer fjarri. Á fundi sem haldinn var í Genf 16. mars sl. þar sem voru saman komnar EFTA-nefndir EFTA-ríkjanna flutti Marcelino Oreja, formaður allsherjarnefndar Evrópuþingsins, fyrirlestur. Hann er fyrrverandi utanríkismálaráðherra Spánar og fyrrverandi aðalritari Evrópuráðsins. Hann gerði grein fyrir stöðu hinna tólf ríkja Evrópubandalagsins og sagði að tólf ríki væru hámark eins og uppbygging Evrópubandalagsins væri núna. Evrópubandalagið gæti ekki tekið við fleiri ríkjum nema með gjörbreytingu á uppbyggingu bandalagsins. Þegar Oreja hafði lokið máli sínu áttum við þingmenn kost á að spyrja hann spurninga. Ég spurði hann þá hvort hann væri hér með að segja okkur það svo að dæmi væri tekið hvort Íslendingar ættu einhverja von um að komast inn sæktu þeir um aðild á morgun. Oreja svaraði því alveg hreinskilnislega: Nei, slíkt kæmi ekki til greina. Mér varð þá litið á sessunaut minn, norska fulltrúann, og spurði því hvort sama gilti um Norðmenn og hann taldi það einnig. Hann útskýrði fyrir okkur að valdakerfi Evrópubandalagsins væri á þann veg að óhugsandi væri að ríki bandalagsins gætu sætt sig við inngöngu smáríkja á borð við Möltu, Kýpur, Ísland og Liechtenstein og þar gæti komið til greina að búa þyrfti til samsteypur hinna litlu ríkja, eins konar „búketta", blómvendi smáríkja. Má hugsa sér hversu fáranleg samsetning það væri að Ísland, Malta, Liechtenstein og Kýpur yrðu eins og eitt ríki í þessari miklu ríkjasamstæðu. Slíkt er auðvitað fráleitt með öllu.

Síðan hafa komið upp miklir árekstrar milli Evrópuþingsins annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar. Mér finnst oft — og ekki veit ég nú hvort hæstv. utanrrh. heyrir mál mitt — að allar fréttir, allar upplýsingar um þessi mál séu meira en misvísandi. Og svo er einnig um þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Þess vegna vildi ég óska þess, þrátt fyrir alla umræðu um sparnað í utanlandsferðum þingmanna og ráðherra, að sem allra flestir hv. þm. ættu þess kost að fara suður fyrir Alpafjöllin og heyra hvernig rætt er um þessi mál þar. Ég skal þess vegna ekki eyða fleiri orðum um það að vitanlega er Evrópubandalagsaðild ekki á dagskrá og það hafa sem betur fer ráðherrar ríkisstjórnarinnar staðfest hér og síðast hæstv. forsrh. sem klappaði hæstv. utanrrh. á kinnarnar með högg í huga í gærkvöldi. En þökk sé honum fyrir það.

En hvað þá með EES? Menn hafa rætt hér að þeir viti ekki hvernig eigi að bregðast við þessu, hvernig Evrópa verði eftir tvö til þrjú ár. Að mínu viti skiptir það nákvæmlega engu máli. Ef menn eru á móti aðild Íslendinga að Evrópubandalaginu þá hljóta þeir líka að vera á móti samningi um Evrópskt efnahagssvæði og af hverju? Af því að bæði vinna á nákvæmlega sömu forsendum og sú ein forsenda nægir mér til að vera á móti hvoru tveggja, en hún er sú að þjóðþing aðildarlandanna afsala sér valdi sínu. Menn hafa verið að jagast um það hér hvort svo sé. Suður í Genf og suður í Brussel er sú umræða löngu liðin. Þar viðurkenna menn að sjálfsögðu að vitaskuld er þarna komið yfirþjóðlegt vald sem tekur vald af viðkomandi þjóðþingum. Ef við yrðum aðilar að hvoru sem væri yrðum við tilneydd að breyta hundruðum laga sem við höfum sjálf sett til að aðlaga þau að þeim lögum sem Evrópuþingið setur. Þetta nægir mér alveg. Ég þarf ekkert meira auk þess sem ég sé ekkert hvaða knýjandi nauðsyn

kvelur mig til að gerast aðili að þessum samtökum. Það er satt að segja kyndugt að þeir sem mest hafa hamast og hæst hafa talað um miðstýrt skrímsli austantjaldslandanna dreymir nú um það eitt að búa til annað slíkt í Vestur-Evrópu.

Það er mér eilíft ánægjuefni, það verður að segjast eins og er, að hlýða á hv. 3. þm. Reykv. tala um stjórnmál, einkum utanríkismál. Vegna þess að það er eins og hann hafi ekki opnað blað eða bók sl. 20–30 ár. (**ÓS:** Fimmtán kannski.) Fimmtán kannski segir hv. þingflokksformaður Alþfl. Stundum eru ástæður þess sem gerist ljósari en margur heldur. Ég vissi nú ekki fyrr en hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, sagði mér það að ég hefði í öllu mínu pólitíska lífi verið hluti af neti alþjóðaheimskommúnismans. Þetta hef ég víst verið með því einu að vinna fyrir Alþb. Það vill nú svo til að ég hygg að hv. 3. þm. Reykv. hafi tíðar farið ferðir til austantjaldslandanna, m.a. Sovétríkjanna. Það vill nú svo til að þeir hafa ekki verið ánægðari með mig en svo að ég hef aldrei komið þangað, þannig að ekki get ég nú sagt að ég hafi verið í nánu samneyti við þá góðu herra. En það sem grínlaust skynsamur maður og vel gefinn maður og menntaður eins og hv. þm. Björn Bjarnason hefur ekki uppgötvað er að „fall kommúnismans" eins og hann segir, og það þarf eiginlega að skrifa þetta með sérstökum framburði, á sér ósköp einfalda ástæðu sem hefur í raun og veru ekkert með hugsjónir jafnréttis og bræðralags að gera. Nefnilega: *Ástæðan fyrir hruni kommúnismans er einfaldlega sú* sem við alþýðubandalagsmenn höfum alltaf vitað, að sósíalismi án lýðræðis er þverstæða sem ekki gengur. Þetta tvennt er óaðskiljanlegt ef byggja á þjóðfélag sem grundvallast á jafnrétti og bræðralagi. Höfuðmistök þeirra sem létu sig dreyma um að reka sósíalískt þjóðfélag eru að þeir gleymdu að lýðræði þarf að fara með. Af því súpa þeir nú seyðið. Hvort það er nú hin eina lausn þeirra ríkja sem nú standa í fullkominni upplausn að hoppa yfir í vestrænt samfélag eins og þau eru sum rekin hef ég jafnmiklar efasemdir um. Þetta hélt ég að væri öllu sæmilega menntuðu fólki nokkuð ljóst. Að lýðræði og sósíalískt þjóðfélag hlýtur að vera tvær greinar á sama meiði, annað er óhugsandi.

Það hlýtur þess vegna að vera svar mitt við öllum þessum umræðum, sem eru löngu komin út í smáatriði sem um yrði að semja á miklu síðari stigum, að ég geri ekki mikinn greinarmun á hvort Ísland yrði aðili að Evrópsku efnahagssvæði eða Evrópubandalaginu á meðan það mál er óleyst að þjóðþingin haldi sjálfstæði sínu og rétti til að taka sínar ákvarðanir án þess að spyrja einhverja yfirstjórn suður í Brussel eða hvar sem hún annars er.

Annað er að einnig má velta fyrir sér hvert er í raun og veru hlutverk Evrópubandalagsins og þá raunar líka samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Eins og áður var minnst á var hið upphaflega hlutverk efnahagslegs eðlis. Kola- og stálbandalaginu var ætlað að tryggja sameiginlegan markað fyrir kol, járn og stál með því að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum milli ríkjanna. Krupp og aðrir slíkir lifðu styrjöldina af, þeir urðu að tryggja hag sinn áfram.

Efnahagsbandalaginu var ætlað að vera alhliða markaðsbandalag sem tryggði óheftan flutning vöru, vinnuafls, þjónustu og fjármagns milli aðildarríkjanna og mótaði sameiginlega stefnu. Kjarnorkubandalagið átti svo að vinna að friðsamlegri nýtingu kjarnorku í þágu iðnaðar með samhæfðum rannsóknum á því sviði. Af þessu sést að Efnahagsbandalagið hefur haft víðtækust verkefni enda verið burðarásinn í þessu samstarfi. En þegar í inngangsköflum sáttmála, bæði Efnahagsbandalagsins og Kola- og stálbandalagsins, má sjá að hugmyndir voru uppi að frekari verkefnum svo sem pólitískri einingu aðildarríkjanna.

Eins og sáttmálar Evrópubandalagsins bera með sér er efnahagssamvinnan tvíþætt. Í fyrsta lagi er Evrópubandalaginu ætlað að skapa eitt sameiginlegt markaðssvæði fyrir aðildarríki bandalagsins þar sem tryggður er frjáls flutningur á vöru, vinnuafli, þjónustu og fjármagni. Hins vegar er bandalaginu ætlað að móta sameiginlega stefnu á ýmsum sviðum efnahagsmála. Hvort tveggja hefur óneitanlega haft í för með sér ákveðið framsal á sjálfsforræði aðildarríkjanna. Um það deilir enginn lengur.

Þarna er veikleiki fyrirætlana um ríkjasamband af þessu tagi falinn. Þessi skerðing á sjálfsforræði hinna einstöku ríkja er meginvandamál bandalagsins. Þó má segja að hin ýmsu aðildarríki geti ráðið miklu um hvernig með sameiginlegt vald bandalagsins er farið. Meðferð þess er í höndum ráðherra viðkomandi ríkis*stjórna sem sitja í ráðherraráði bandalagsins.*

En auðvitað er þarna þegar hafin valdabarátta innan bandalagsins þegar að umsókn annarra ríkja en þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta kemur. Menn hafa talað hér um Norðurlandasamvinnu og meðal annarra nokkrir sem ekkert um hana vita. En við þekkjum öll eðli Norðurlandasamvinnu og starfsemi Norðurlandaráðs. Sjálf átti ég sæti í ráðinu í fimm ár. *Sú samvinna byggist á sameiginlegum hagsmunum* íbúa Norðurlandanna og þar hafa náðst fram mikilvægar samþykktir um fjölmörg mál sem snerta daglegt líf borgaranna. Nægir að nefna afnám vegabréfa, sameiginlegan rétt til heilbrigðisþjónustu, atvinnu, atvinnuleysisbóta, tryggingabóta, auk margvíslegrar samvinnu á sviði menningarmála og vísindarannsókna. En ólíkt Evrópubandalaginu byggist norræn samvinna á þeirri grundvallarreglu að sjálfsforræði aðildarríkjanna sé óskorað, ráðið getur engin lög sett heldur er það vald alfarið í höndum þjóðþinga viðkomandi ríkja. Samræming löggjafar er í höndum þeirra og þeirra einna. Vissulega hefur ráðherranefnd ráðsins völd, en sérhver fulltrúi getur borið mál ráðsins undir þjóðþing sitt. Því er mikilvægur eðlismunur á þessum tveimur ríkjabandalögum sem vert er að gaumgæfa.

Annað er einnig vert að íhuga og vík ég þá aftur að því sem ég sagði í upphafi. Hverjar eru þær auðlindir sem okkur ber að gæta? Norðurlandasamvinna byggðist aldrei fyrst og fremst á sameiginlegum hagsmunum í heimi stórfyrirtækja og viðskipta, heldur miklu frekar á hagsmunum hvers einstaks íbúa í daglegu lífi og þetta tvennt fylgist ekki alltaf að eins og við öll vitum. Þá byggist norræn samvinna ekki síður á mennt og

menningu og sameiginlegum hagsmunum í þjóðlegri list og andlegri reisn. Þá getum við spurt sjálf okkur hvor ríkjasamvinnan hafi reynst farsælli, sú sem byggð var utan um viðskiptahagsmuni eða sú sem sneri að velferð borgaranna. *Ef til vill er ekki sanngjarnt* að bera saman aðstæður þeirra þjóða sem að stofnun Evrópubandalagsins og forvera þess stóðu, sem sumar lifðu í rjúkandi rústum styrjaldarinnar, og Norðurlandasamvinnu. En við skulum heldur ekki gleyma að stutt var aftur í fátækt Norðurlandaþjóða þegar Norðurlandaráð varð til. Eitt er víst að þjóðir Evrópubandalagsins eiga þó nokkra leið fyrir höndum til að ná því velferðarstigi sem við búum við á Norðurlöndum þó að okkur þyki enn margt á vanta hjá okkur. Lífskjör fara ekki endilega eftir heildarniðurstöðum viðskiptalífsins, heldur eru þau gjarnan í nokkru samræmi við þjóðlega vitund og reisn manna og þjóða. Þetta gengur hagfræðingum illa að skilja og þess vegna fá þeir oft ranga niðurstöðu þó að þeir leggi rétt saman. Sumir stjórnmálamenn treysta oft um of á þessa röngu niðurstöðu af því að þá skortir hugmyndir um hvers konar líf þeir ætla að búa fólki. Enginn skrifar góða bók nema hún byggist á hugmynd og stjórnmál án hugmyndar, hugsjónar eru vond og vitlaus stjórnmál.

„Engum Norðmanni líður betur þó að sex eða átta brauta þjóðvegur liggi beint frá Ósló til Brussel", sagði Tore Houg í ágætri ræðu einu sinni fyrir nokkrum árum á fundi í Alþýðubandalaginu, „ef hinn almenni borgari kemst ekki leiðar sinnar nema að stofna lífi sínu í hættu." Slíkur þjóðvegur er fyrir fjármagn en ekki fólk.

Sú bylting sem orðið hefur í Evrópu á síðustu áratugum á litla samleið með evrópskri hefð í tónlist, bókmenntum, heimspeki og myndlist. Hún er bylting í viðskiptum og fjármagnsflutningi fjármagnsins vegna. Eitthvað af þeim menningarheimi sem Evrópa byggðist á kann að hafa stiknað í gasklefum heimsstyrjaldarinnar en óeðlilega lítið fer fyrir þeim sem af komust. Byltingin er tæknileg, hún er yfirborðsleg, ég leyfi mér að kalla hana framfarir firringarinnar og meðaltalsins. Í slíkum heimi er sjálfsforræði þjóða og andleg reisn í hættu. Norræn samvinna hefur hingað til styrkt og eflt þjóðlega vitund aðildarríkjanna og þess vegna tel ég hana ótvíræðan sigurvegara í þessum samanburði mínum.

Umtalsverð þáttaskil urðu að vísu í norrænni samvinnu þegar Danir urðu aðilar að Evrópubandalaginu og sú staða veldur ákveðinni truflun í starfinu. En þeirri staðreynd verður sjálfsagt ekki breytt og þess vegna er mikilvægt, eða hefði verið mikilvægt og ýmsir vonuðu, að Danmörk yrði kannski hlið sem hleypti áhrifum hins norræna velferðarríkis og hugmynda þess og þeirra ríkja inn á vegi Evrópubandalagsins. Sú hefur ekki orðið raunin og ég hygg að margir Danir séu núna að uppgötva að þeir hafa ekki náð nokkrum minnstu áhrifum innan Evrópubandalagsins og þess vegna ríkir auðvitað mikil óvissa þar í landi um þessar mundir.

Ég tel þess vegna, og skal þá lokið umræðu um norræna samvinnu, að sterk norræn samvinna sé nauðsynlegri núna en nokkru sinni fyrr. Norðurlöndin verða að finna sér stað í nýrri og breyttri Evrópu því að Evrópubúar viljum við vera. En án alls hroka og með takmarkaðri auðmýkt tel ég okkur Norðurlandabúa eiga að halda áfram uppbyggingu hins norræna módels og slaka hvergi á kröfum okkar til þess að aðlagast minni kröfum Evrópubandalagsins. Við eigum ekki að slaka á kröfum um gæði matvæla, um heilbrigðisþjónustu, um nám og menntun, um verndun umhverfisins, eða um neitt það sem við höfum varið löngum tíma í að byggja upp og höfum hvergi nærri lokið við. Við eigum að standa saman um okkar norræna valkost í vinsamlegri samvinnu við allar þjóðir Evrópu og með fullri virðingu fyrir eigin þjóðerni og menningu.

Í skýrslu utanrrh. er kafli sem heitir „Geta Íslendingar nýtt sér sérstöðu sína?" En áður en ég vík að honum hlýt ég að líta á síðuna við hliðina en þar stendur:

„Það er fræðilegur möguleiki að í raun verði unnt að tryggja áframhaldandi yfirráð yfir eigin fiskveiðiauðlindum, jafnvel innan vébanda núgildandi fiskveiðistefnu EB."

Það er eins og menn læri aldrei neitt. Auðvitað er þetta ekki hægt og það er einfaldlega ekki hægt vegna þess að Evrópubandalagið hefur sín eigin lög og þeim lögum verðum við að lúta. Og aldrei hefur verið um annað rætt en verði af samningum um Evrópskt efnahagssvæði muni nefnd sú sem á að annast samstarf Evrópubandalags og EES vinna á forsendum Evrópubandalagsins. Menn eru ekkert að skrökva til um það. Samvinnunefndin eða Joint Committee, eins og hún mun eiga að heita, mun verða að sætta sig við það að hún má segja álit sitt, en hún mun ekki ráða neinu. Það verður Evrópubandalagið sem ræður og því endurtek ég: Það er þess vegna sem ég er á móti hvoru tveggja þessara fyrirbæra. Ég get ekki hugsað til þess að Alþingi Íslendinga afsali sér sínu eigin sjálfsforræði. Það er þess vegna, og það er óhjákvæmilegt að minnast á það þó að það hafi verið gert meðan við vorum erlendis, að það hlýtur að vekja furðu og undrun sérhvers þingmanns að koma suður í Genf þar sem lögð er á borð okkar fundargerð þingforseta EFTA-ríkjanna þar sem koma fram ósköp einfaldar staðreyndir eins og þær að óhugsandi sé að Evrópskt efnahagssvæði gangi í gildi 1. janúar 1991. Það er í upphafi tekið fram að það sé óframkvæmanlegt og síðan gerir hvert ríki grein fyrir því af hverju það er ekki hægt. Ég ætla til gamans að rekja feril í slíkri ákvarðanatöku í Sviss en þingforseti þess var fyrstur á mælendaskrá, gerði fyrstur grein fyrir stöðu síns þings eða sinna þinga:

Hann segir að það verði að samþykkja 60 sambandslög sem snerta mjög viðkvæm pólitísk mál. Þegar þjóðþingið og sambandsþingið hafa fjallað um þær samþykktir hvort í sínu lagi verður að slétta yfir allan ágreining um þessi mál. Þá fer málið til löggjafar í kantónunum, en þær eru þó nokkuð margar. Þegar því verki er lokið verður að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. Menn ana því ekkert að slíkum málum í því landi.

Sænski þingfulltrúinn segir að almenn umræða um

málið fari fyrst fram um miðjan nóvember.

Forseti norska stórþingsins segir að engin umræða fari fram þar fyrr en að lokinni fjárlagagerð og mætti tala um í byrjun október.

Finnski þingfulltrúinn talar um að afgreiða þurfi 250 lagafrumvörp.

En þá kemur íslenski þingforsetinn. Þar er nú ekki vandi á ferðum. Að vísu þarf að aðlaga um 200 lög en það er búist við því að það taki fjórar til sex vikur og því ætti að vera lokið fyrir lok 115. löggjafarþings sem verður 30. september. Þetta er auðvitað alveg með hreinum ólíkindum að sjá. En ég skal ekki hafa fleiri orð um það. Ég lýsi bara hneykslun minni yfir svo gjörsamlega ábyrgðarlausu hjali sem gerir okkur þingmönnum ekki auðveldara að ræða þessi mál á fundum þar sem við höfum átt fullt í fangi með að reyna að fylgjast með og taka þátt í umræðum af einhverju skynsamlegu viti. Ég vil mælast til þess að menn vandi málflutning sinn betur á erlendum vettvangi en þetta ber vitni.

Ég sé það að yfirferð mín um skýrslu hæstv. utanrrh. hefur gengið hægt og er ég aðeins komin á bls. 17, en ég get lofað því að ég fer hraðar yfir hér eftir. En hér er kafli sem heitir „Geta Íslendingar nýtt sér sérstöðu sína?" — Hvaða sérstöðu? Hvað halda Íslendingar að þeir séu? Hvers konar heimóttarháttur er þetta hjá reyndum stjórnmálamönnum? Hvað er Ísland úti í hinum stóra heimi? Það er eins og sveitaþorp í svissnesku Ölpunum. Jú, jú, sumir vita að það er til, fjölmargir vita það ekki. Og enginn veit eða þekkir nafn hæstv. utanrrh., haldi hann það. Þannig að heimurinn stendur ekkert á öndinni og bíður eftir að Ísland komi og gangi í samtök þjóða. Við megum þakka fyrir meðan þeir láta okkur í friði. Auðvitað hefur Ísland þar enga sérstöðu til nokkurs hlutar og það er auðvitað hlutverk okkar að verja þann sjálfsagða þjóðrétt sem við höfum. Lýðræði, þingræði og þjóðlegan rétt. Til þess höfum við verið kjörin hingað. Þannig að hjal um einhverja íslenska sérstöðu er svo gjörsamlega út úr kortinu að ég mælist til að það sé ekki verið að bera slíkt þvaður á borð fyrir okkur. Enda segir svo ráðherrann hér sjálfur, eða hver sá sem hefur samið þennan samsetning, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert er því til fyrirstöðu að þróa viðskiptatengsl bæði til austurs og vesturs." — Auðvitað ekki. Og það er auðvitað það sem við eigum að gera, þó að menn hafi talað hér af jafnlitlu viti um hin ófrjálsu viðskipti Sovétríkjanna og Íslendinga, sem ég hef aldrei vitað til að væru neitt ófrjáls. Ég hélt að menn hefðu sest niður og samið um að Sovétríkin keyptu síld eða ullartrefla eða eitthvað því um líkt og við keyptum olíu í staðinn. Og ég hef aldrei vitað til þess að það væri neitt ófrjálst við það, þó að hv. 3. þm. Reykv. virðist halda að menn hafi verið sendir þangað í böndum til að semja um slík samskipti.

En, hæstv. forseti, það er kominn tími til að Íslendingar hætti þessum heimóttarskap og hætti að tala eins og roggnir sveitakallir úti í hinum stóra heimi af engri þekkingu en alveg ómældum hroka.

Nú skal ég hlaupa yfir frammistöðu Íslendinga varðandi Evrópskt efnahagssvæði. Þau vinnubrögð eru auðvitað öll afskaplega slæm, lítið sem ekkert hefur verið gert til að uppfræða fólk, þjóðina sjálfa, sem skiptir nú allnokkru máli þó að þessir menn virðist ekki halda það, um hvað er hér á ferðinni, en einungis talað um Evrópskt efnahagssvæði eins og eitthvert lausnarorð sem það auðvitað er ekki.

Síðan kemur kafli um Atlantshafssamstarfið. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, en auðvitað hefur NATO verið sams konar hagsmunasamtök og Evrópubandalagið hefur verið enda engin tilviljun að sömu ríkin hafa setið að. Það sem hefur auðvitað breyst, og er mjög athyglisvert að enginn skuli minnast á, er að Bandaríkin hafa æ minni ítök í Atlantshafsbandalaginu. Þess vegna er kyndugt í meira lagi að við skulum enn sitja hér uppi með bandarískan her og vitaskuld er löngu komið að því að upp verði tekinn til endurskoðunar samningurinn um varnir Íslands eins og hann heitir. En ég vænti þess að það yrði gert í tvíhliða samningum sem hæstv. utanrrh. er svo hrifinn af, alls staðar annars staðar en þegar kemur að Evrópusamsteypunni. Það er hins vegar mikill misskilningur ef hv. 3. þm. Reykv. heldur að alþýðubandalagsmenn beri kinnroða fyrir baráttu sinni gegn þátttöku Íslendinga í NATO og veru hersins hér á landi. Það er nú öðru nær. Fyrir þá baráttu og hana þrotlausa hafa Bandaríkjamenn ekki vaðið meira uppi en orðið hefur hér í landi. Þar höfum við að sjálfsögðu notið þess sem aðrar þjóðir, sem þeir hafa læst í klónum, ekki hafa notið, að hér býr sæmilega upplýst þjóð. Ég hygg að íbúar Púertó Ríkó hefðu verið betur staddir ef þeir hefðu búið við það almenna menningarástand sem hér ríkti þegar að þeim kom.

Auðvitað er óeðlilegt, og ætti að vera óeðlilegt hvar í flokki sem menn standa í landinu, að hafa erlendan her áratugum saman. Enda skilst mér nú að helstu tæki þeirra og tól séu að týnast í burtu og eitthvað munum við hafa losnað við, ef ég hef rétt skilið, þegar sorgleg Persaflóastyrjöldin geisaði, a.m.k. voru einhverjar AWACS-vélar sendar af stað og menn hafa ekki séð ástæðu til að þær kæmu aftur eftir því sem ég best veit og vona ég svo sannarlega að þær geri það ekki. En auðvitað á hið háa Alþingi að vinna að því að hér verði ekki her enda vandséð hvar óvinurinn leynist þessa stundina. Varla er hann þar sem menn hafa hingað til haldið að hann væri. Verið gæti að hann kviknaði einhvers staðar annars staðar, ekki skal ég segja til um það.

En ég skal, herra forseti, reyna að stytta mál mitt. Það er þó afar erfitt þar sem hér er um þykka og mikla skýrslu að ræða en ég skal reyna að tala um það sem menn hafa ekki talað um áður.

Á bls. 23 er kafli sem heitir „Sáttmálsörk jarðar" og hygg ég að þar sé nýyrði um að ræða og hreint ekki ljótt og skal ég ekki hafa á móti því. En það vakti athygli mína í ræðu hæstv. forsrh. í gær að hann taldi næstum óeðlilegt að hvenær sem farið væri að tala um utanríkismál væri farið að tala um umhverfismál. Fyrir mér er þetta þeim mun eðlilegra sem honum finnst það óeðlilegt vegna þess að það er auðvitað alheims-

mál hvernig komið er fyrir nýtingu á auðlindum jarðarinnar. Þar verða Íslendingar auðvitað eins og allar aðrar þjóðir að vinna allt það sem þeir geta til þess að sú ofnýting og ill meðferð á móður jörð verði stöðvuð og menn reyni að skila einhverju aftur sem þeir hafa þaðan tekið. En hér er í upphafi minnst á ráðstefnu sem hefst í Ríó de Janeiro í júní nk. Þegar eru smásálir þjóðarinnar farnar að telja eftir farareyri þingmanna og ráðherra og embættismanna á þá ráðstefnu. Það verður að vera þeirra mál og ég er óhræddur við að ræða það. Vitaskuld eiga menn að sækja þessa ráðstefnu og vitaskuld eiga allir þingflokkar á hinu háa Alþingi að senda fulltrúa á þessa ráðstefnu og annað kemur auðvitað ekki til greina. Þess vegna lýsi ég hneykslan minni yfir einhverjum orðrómi hér á hinu háa Alþingi um að forsætisnefnd hafi ákveðið að einungis einn frá stjórn og annar frá stjórnarandstöðu sæki þetta þing vitandi það að ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem eru auðvitað þingmenn jafnframt munu flykkjast þangað og ekki skal ég heldur hafa á móti því. En svona vinnubrögð lætur auðvitað ekkert þjóðþing bjóða sér því að hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Hins vegar er sorglegt að við skulum þurfa (**Gripið fram í:** Við förum bara öll.) já, það veitti ekki af, hv. 1. þm. Norðurl. v., að við færum þangað öll. En ég skal vera tilbúin til þess að taka þátt í sparnaði þjóðarinnar og segja að þar væri kannski til of mikils ætlast. En það er hins vegar þeim mun sorglegra að við skulum þurfa að sitja í höfuðborg þess lands sem nú mun vera að hreinsa til hjá sér með því að skjóta og myrða börn, betlibörn sem ekki eiga að saurga götur borgarinnar meðan hinir háu fulltrúar hinna ríku þjóða gista borgina. Auðvitað hefði átt að velja einhvern annan stað en þetta land sem er að eyðileggja regnskóga Suður-Ameríku, getur ekki boðið þegnum sínum betri kjör en svo að hundruð þúsunda barna búa á götunni og betla og selja sig og eru síðan hreinsuð af götunum eins og lausagöngufé og jafnvel á miklu grimmilegri hátt.

En það er ágætt að tala um umhverfismál. En eitt er það mál sem hefur verið mikið viðkvæmnismál í þessu þjóðþingi nú um nokkurra ára bil og það er hvalamálið svokallaða. Hvað ætla Íslendingar að segja um það mál á þessari miklu ráðstefnu? Það hefur gengið afar illa að fá sjónarmið hæstv. umhvrh. sem ég hélt þó að væru nokkuð skýr því að ekki var hann í minnsta vafa áður en hann varð ráðherra, en þá var hann ákafastur manna að mótmæla banni á hvalveiðum. Ég var afar ósammála honum eins og ég hygg að alþjóð viti því að ekki gekk svo lítið á þegar verið var að reyna að verja þann málstað. Einkum og sér í lagi vegna þess að inn í hann blönduðust alls konar hlutir sem aldrei komu málinu neitt við. Það sem gerðist ósköp einfaldlega var það að Íslendingar höfðu um langt árabil verið aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þegar hundruð sérfræðinga í rannsóknum á hvalastofninum lýstu því við Alþjóðahvalveiðiráðið að þeir bæru ugg í brjósti um stofnstærð ýmissa hvalategunda brást ráðið þannig við að það taldi rétt að banna hvalveiðar um fjögurra ára skeið. Þau tilmæli gengu til hinna ýmsu þjóðþinga, aðildarríkja, m.a. hingað til Alþingis. Um það greiddum við atkvæði, við deildum um það og samþykktum það með mjög naumum meiri hluta, reyndar einu atkvæði. Alþingi Íslendinga samþykkti að mótmæla ekki banninu. Ég hygg að þar hafi aðild Íslendinga að gerð Hafréttarsáttmálans haft úrslitaáhrif. Hvað gerðist síðan? Áhrifamaður á hinum ýmsu stöðum þjóðfélagsins, stór fjölskylda sem síðan hefur hlotið nafnið „kolkrabbinn" gerði athugasemdir og þá var skrattinn laus. Íslendingar fóru að fara einhverjar krýsuvíkurleiðir að því að klóra upp nokkrum hvölum. Auðvitað skipti þetta engu máli fyrir afkomu þjóðarbúsins, svo sem ekki miklu máli eins og síðar kom í ljós fyrir það kjördæmi sem um var að ræða og allt var þetta mál Íslendingum til hinnar mestu háðungar.

Íslendingar voru svo sem ekki einir í heiminum um þetta. Japanir treystu sér ekki til þess að samþykkja bannið, Norðmenn ekki heldur, Rússar ekki heldur, en við gerðum það. Við samþykktum að virða bannið og það var meginröksemd mín. Ég ber enga ást í brjósti til hvala umfram aðrar skepnur jarðarinnar. Ég vil heldur ekki að fílarnir í Afríku séu drepnir svo stofninn deyi út og það kemur mér við. En síðan ég hélt ræður mínar um þetta mál og vitnaði til regnskóga Suður-Ameríku og sagði að þeir kæmu mér jafnmikið við og þeim þjóðum kæmi hvaladrápið við sem byggju í löndum sem hvergi kæmu að sjó hlæja menn ekki lengur að þeim röksemdum. Það gerðu menn fyrir fimm árum.

En þetta skal ég ekkert vera að rifja upp. Ég hef fengið minn skammt af hatri og ofsóknum vegna afstöðu minnar í þessu máli. Það hef ég aldrei látið á mig fá vegna þess að það er nú margsönnuð regla í hinu stjórnmálalega lífi að fyrir hvert tapað atkvæði fyrir það að standa á sannfæringu sinni fær maður annað og mér er alveg sama hvort atkvæðið það er.

En nú stöndum við hér og nú er fram undan alþjóðleg umhverfismálaráðstefna og við höfum hér í salnum hæstv. umhvrh. Við deildum hart um þetta og höfum oft gert það og ég er ekki að efna til neinna illinda við hann. Ég hef átt við hann hina ágætustu samvinnu um ýmis mál, en það hlýtur að vera skylda hæstv. ráðherra nú þegar hann situr í þessari lykilstöðu að upplýsa mig og aðra hv. þm. um það hvað íslenska sendinefndin ætlar að segja ef hún verður fyrir árásum vegna hvalamálsins sem ég hygg hún hljóti að verða. Þrjár greinar í Hafréttarsáttmálanum koma sérstaklega inn á hvalveiðar og þar stendur einmitt að hvalastofnarnir séu alþjóðleg eign. Það er enginn Íslandshvalur til og hefur aldrei verið. Þess vegna skuldbinda þjóðirnar sem hafa samþykkt þennan sáttmála og undirritað að hafa samvinnu um hvalveiðar. Nú hafa loksins 51 ríki — mér liggur við að segja druslast til að staðfesta þennan sáttmála, allt of langan tíma hefur tekið að staðfesta sáttmálann, af þessum sömu sökum. Eiginhagsmunasjónarmiðum. Og alþjóðleg samvinna getur ekki gengið og alþjóðlegir samningar eru einskis virði ef menn ætla að svíkja þá hvenær sem þeir sjálfir þurfa á að halda. Hefði hagsmunum Íslendinga verið einhver hætta búin? Nei, það var bara einn Íslendingur sem átti um sárt að binda — Kristján

Loftsson. Þar þótti mér miklum hagsmunum fórnað fyrir litla hagsmuni.

Ég vona að Íslendingar beri gæfu til að lagfæra ímynd sína meðal þess fólks í heiminum sem hugsar af einhverri alvöru um umhverfismál og hæstv. ráðherra leiði nú sendinefnd sína að einhverri þeirri niðurstöðu sem getur verið Íslendingum sæmandi. Ég vil margítreka, vegna þess að öll orð mín um þetta mál hafa verið afbökuð á versta veg, að ég hef aldrei lýst því yfir að ég sé á móti hvalveiðum um alla framtíð. Aldrei. Ég hef aldrei sagt þau orð. Ég er hins vegar sannfærð um að hefðu þjóðir heims haldið þetta fjögurra ára bann væri löngu farið að veiða hval að nýju, eftir ákveðnum reglum og ég tala nú ekki um hversu illa þetta hefur bitnað á mönnum sem virkilega áttu hagsmuna að gæta hér á Íslandi, aðrir en Kristján Loftsson, sem voru hrefnuveiðimenn á Vestfjörðum. En í þetta mál hljóp þvergirðingsháttur og þrjóska sem enginn gat viðurkennt. Þess vegna vil ég biðja hæstv. umhvrh. að lýsa mér svolítið inn í hug sinn hvernig menn ætla að taka á þessu máli.

Ég heyri það í fréttum mér til ómældrar undrunar að nú sé setið að einhverju samningaborði eða viðræðuborði. Þar séu á ferðinni Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Grænlendingar. Og ég spyr: Síðan hvenær hafa Færeyingar og Grænlendingar eitthvert umboð til að efna til ríkjasamvinnu? Ég vildi að þeir hefðu það, en ég veit hins vegar að þeir hafa það umboð ekki. Það væri nú til þess að bæta gráu ofan á svart í þessu klúðri að menn færu að tala um það í alvöru að mynda eitthvert nýtt hvalveiðiráð með Grænlendingum og Færeyingum. Ég ætla a.m.k. að vona að Danir verði spurðir á meðan ástandið er eins og það er þar í landi hvort þetta sé með þeirra góða leyfi. En síður en svo hef ég á móti því að vinna með Færeyingum og Grænlendingum, það skal enginn skilja orð mín svo. En mér eru nokkuð ljósir þar kostir hins mögulega.

Eitt er það atriði sem óhjákvæmilegt er að minnast á þegar við ræðum um Evrópu annars vegar og t.d. Norðurlönd eða þann hluta Evrópu þegar við tölum um meginland Evrópu og Norðurlönd. Stundum vill brenna við að menn reyna ekki að setja sig inn í hugsunarhátt annarra þjóða en meta málefni út frá íslenskum sjónarhóli. Þótt Íslendingar séu nú merkileg þjóð, og stundum að manni virðist nafli heimsins, er það nú svo að suður í Evrópu bjó fólk hundruðum og þúsundum ára áður en nokkurt kvikindi settist að á þessu góða landi. Þetta meginland á sér mjög langa og merka sögu, en eitt er það sem auðvitað setur svip sinn á meginland Evrópu og það er að þar eru þjóðamörk miklu óskýrari en þegar við erum að tala um þjóðir. Land eins og Rúmenía er t.d. engin þjóð. Ég átti þess kost, eins og líka er frægt orðið, árið 1971 að heimsækja þjóðþing Rúmena. Einn þriðji talaði ungversku, einn þriðji talaði þýsku og afgangurinn rúmensku. Þetta kalla ég ekki þjóð, enda var þetta engin þjóð fyrr en 1918. Við brostum auðvitað að því sem svona kommúnískum brandara að þjóðminjasafn Rúmena hófst með árinu 1918. En þegar við fórum að hugsa þá var það líklega bara alveg rétt hjá þeim. Þannig var það.

Ástandið í Tékkóslóvakíu núna byggist auðvitað á því að Slóvakía og Bæheimur koma sér ekki saman. Það á sér sína sögu og ég er ósköp hrædd um að Íslendingar sem hæst tala um þessar þjóðir viti mest lítið um það sem býr að baki. Við vorum þar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem ég hef reyndar ekki séð síðan, á ferð í boði Dubceks þingforseta þar og ég vil taka það fram að hv. þm. var hinn ágætasti ferðafélagi og bæði hygg ég að við höfum lært af þessari ferð. En við áttum m.a. fund með forseta þingsins, Dubcek, margfrægum manni, og fjölmörgum þingmönnum. Við sátum auðvitað á fundum mestan hluta þess tíma sem við dvöldum í landinu, en þó fór svo að við fengum dagstund til þess að fara á okkar eigin vegum út í borgina og höfðum þar mikinn og góðan leiðsögumann, tékkneska vinkonu mína sem er þar prófessor við háskólann í Prag sem gat svarað þeim spurningum sem vöknuðu við það sem fyrir augu bar. Ég hef miklar áhyggjur af þessari þjóð, þessari gömlu menningarþjóð sem einu sinni hýsti höfuðborg Evrópu, Prag, enda ber hún þess merki og er reyndar einhver fegursta borg sem ég hef augum litið og verður manni hugsað hlýlega til Habsborgara þegar maður sér það lifandi listasafn sem þessi borg er. Sem betur fer losnaði hún við að verða sprengd í styrjöldinni. Aðrar hörmungar voru látnar nægja. Í sýnagógu þar í borg eru nöfn 77.000 gyðinga, sem Þjóðverjar brytjuðu niður þegar þeir hertóku Bóhemíu, skrifuð á vegg. Í það eina skipti í sögunni varð Slóvakía sjálfstætt ríki og að mati þeirra Bæheimsbúa sýndu þeir Þjóðverjum fremur aðstoð en hitt. Þessi sár eru ekki gróin. Þetta hafði afdrifarík áhrif fyrir tékkneskt samfélag vegna þess að svo vildi til að meðal þeirra 77.000 gyðinga sem þarna voru aflífaðir var lunginn úr verksmiðjueigendum landsins og þegar þeir voru horfnir eða flúnir, sumir gátu sem betur fer komist undan, þá voru ekki menn til þess að reka þessar verksmiðjur og þar með fór það feiknalega ríkidæmi sem þessi þjóð bjó yfir í stríðsbyrjun meira og minna forgörðum og þessum, sem ég er hluti af, eins og hv. 3. þm. Reykv. segir, neti heimskommúnismans, ekki fórst þeim nú vel úr höndum að lækna þau sár.

En í sumar standa Tékkar frammi fyrir kosningum. Eins og menn minnast voru kosningar þar fyrir tveimur árum og nú skulu þær fara fram aftur. Öllum þar í landi ber saman um að það ástand komi upp að engin leið verði að mynda ríkisstjórn. Slóvakar hafa neitunarvald í þinginu á mjög sérkennilegan hátt og stöðva þar öll mál og m.a. hafa þeir á þessum tveimur árum purkunarlaust stöðvað gerð stjórnarskrár þannig að landið hefur enga stjórnarskrá. Þess vegna er það í raun og veru órekanlegt í augnablikinu því að land sem hefur enga stjórnarskrá á afar erfitt með að setja lög. Lítið hefur farið fyrir þessari umræðu og í kafla í skýrslu hæstv. utanrrh. er ekki orð um þetta. Nú hef ég ekki komið til Rúmeníu í yfir tuttugu ár, aldrei til annarra austantjaldslanda því ég virðist ekki hafa haft mikið gagn af að vera hluti af þessu merka neti, en ef sannleikurinn sem hér kemur fram um Tékkóslóvakíu er jafnáreiðanlegur og hann er um önnur lönd sem hér

er getið þá bið ég guð að hjálpa mér. Í skýrslu utanrrh. stendur: „Atvinnuleysi hefur verið lítið en búist er við að það fari ört vaxandi samfara tímabundnum samdrætti í utanríkisviðskiptum sem byggðust áður fyrst og fremst á vöruskiptum við önnur kommúnistaríki.“

Ég get upplýst hæstv. utanrrh. og get lánað honum það hér á pappír ef hann svo kysi, auk þess sem ég sá það með eigin augum og heyrði í Tékkóslóvakíu, að á þessum tveimur árum hefur það lukkast að gera 500 þús. Tékka atvinnulausa. Það er almennt atvinnuleysi og örvænting í landinu. Landið er óvélvætt, það er ótölvuvætt, þingið er nýtt og það hafði satt að segja veruleg áhrif á okkur, hv. þm. Vilhjálm Egilsson og mig, að verða þess vör hversu yfirgengileg fáfræði ríkti meðal þingmanna. Svo eitt lítið dæmi sé tekið, þá spurðum við hvernig það mætti vera að samkvæmt OECD-skýrslum flyttu Tékkar inn í þau lönd miklu meira en kæmi fram í útflutningsskýrslum Tékka. Enga skýringu höfðu þeir á því og grunur minn er sá að sumir þeirra hafi bara alls ekkert vitað hvað OECD var. Þingmaður einn fylgdi okkur hv. 5. þm. Norðurl. v. í hið undurfagra Smetanaleikhús, sem er einn af dýrgripum Pragborgar, og spurði ég hann meira í gamni en alvöru eftir allt einkavæðingarhjalið: Ég vænti þess að þetta fagra leikhús fái nú samt að vera ríkisrekið? Hann bara vissi ekkert um hvort það væri ríkisrekið og hann vissi ekkert hver rak það. Var því ekki mikið á þeim þingmönnum að græða og býst ég nú við að einhverjir ábyrgir þingmenn hafi verið valdir til þess vera leiðsögumenn fyrir svo merka einstaklinga sem þessa EFTA-þingmenn.

En hver sem hefur tekið saman þessa samantekt um Tékkóslóvakíu getur fengið hér yfirlit sem EFTA-skrifstofan nestaði okkur með til Tékkóslóvakíu og ég er ansi hrædd um að þeir mundu hlæja hátt ef þeir sæju það sem íslenska utanrrn. hefur að segja um Tékkóslóvakíu. Þetta er með ólíkindum að sjá en það er eftir öðru sem menn voga sér að bera hér á borð, rangfærslur, misskilning, fordóma og heimóttarhátt og við höfum ekkert að gera við svona upplýsingar.

Mér er ljóst, herra forseti, að ég hef haldið hér alllanga ræðu nú þegar og skal ég nú af virðingu við samþingmenn mína hlaupa yfir flesta kafla en ég vil aðeins fá leyfi til að minnast á örfá atriði í síðari köflum skýrslunnar. Ég kemst ekki hjá að víkja aðeins að því reginhneyksli sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar er og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt árshlutauppgjöri 30. september 1991 nam tap á rekstrinum 136.000 þús. kr. og uppsöfnuð vanskil hjá Ríkisábyrgðasjóði námu 265.600 þús. kr. Erlend endurlán og vanskil við Ríkisábyrgðasjóð nema 3.570.800 þús. kr.“

Það hefur orðið umræða um þetta fyrirtæki áður. En ég vil aðeins vekja athygli á að það er með hreinum ólíkindum að þeir hv. þm. sem að þessu máli komu og þeir embættismenn sem á því báru ábyrgð skuli fá að leika lausum hala á þennan hátt. Það er með hreinum ólíkindum. Þess vegna það er eins og í gamanleikriti að á sama tíma og þjóðin stendur frammi fyrir svona gríni er ekki hægt að bæta kjör hinna vinnandi stétta í landinu. Ætli það væri ekki ágætt að hafa þessa 3 milljarða til þess að laga þar svolítið til? En í þessu er eiginlega ekkert hægt að gera annað en hrista höfuðið og verður það látið nægja.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, langar mig að koma aðeins inn á þróunarsamvinnu og ég skal ekki fara neitt almennum orðum um hana, enda er hún okkur til skammar. Framlög Íslendinga eru til háðungar fyrir þjóðina og það vitum við öll. En eitt atriði langar mig til þess að minnast á, sem kann að vera einhver misskilningur hjá mér en alla vega er ekki mér skiljanlegt, en það er hér lítill kafli um Namibíu þar sem sagt er að Íslendingar leggi til yfirmenn og sjái að nokkru leyti um rekstur hafrannsóknaskips sem Namibíumenn eiga og auk þess séu þar tveir íslenskir fiskifræðingar að störfum. Síðan er sagt að samstarfssamningur, sem hafi verið undirritaður og gildi til ársloka 1995, kveði á um markmiðin með samvinnu, skyldur beggja aðila, réttarstöðu og réttindi starfsmanna og fleira. Sagt er að verkefnið hafi að flestu leyti gengið vel eftir nokkra byrjunarörðugleika og líklegt sé að leggja verði aukna áherslu á aðstoð við þjálfun skipstjórnarmanna o.s.frv. Þetta stendur á bls. 135 en á bls. 180 er yfirlit yfir þróunaraðstoð Íslands og önnur frjáls framlög 1991 og 1992 sem hafa verið veitt eða eru ráðgerð eins og hér segir, og þar er Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFN, íslenskar krónur á árinu 1991 124 þús. en á árinu 1992 ekkert. Nú kann að vera að hér sé einhver skipulagsbreyting á ferðinni en ég átta mig ekki alveg á því hvert framlag Íslendinga er til þessa verkefnis þó að svo fallegum orðum sé um það farið.

Ég hef þegar vikið að Norðurlandasamvinnunni og ætla ekki að gera það frekar að öðru leyti en því — og harma ég nú að hæstv. sjútvrh. er horfinn úr salnum — að ég vil minnast á það að um árabil eins og hæstv. umhvrh. veit hefur verið einhugur um það að sérstaka rækt bæri að leggja við Vestnorræna ráðið, efla samvinnu Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga. Það kemur því eins og högg framan í þá sem að þessu hafa unnið, ekki síst með það fram undan að ég hygg að hér eigi að vera ráðstefna þessara þjóða á þessu ári, að nú þegar Færeyingar eru s
vo sannarlega illa staddir skuli veiðikvóti skorinn niður, sem við höfum verið að rausnast við að veita þeim af frændsemi og vináttu, meira en það sem við skerum niður af kvóta okkar sjálfra. Ég hefði talið eðlilegt að þeir yrðu að lúta því sama og við höfum orðið að lúta til verndunar fiskstofna en mér finnst það meiri háttar smásálarháttur að fara að skera frekar kvóta þeirra Færeyinga þar sem þeir eru afar illa staddir og satt að segja jaðrar við að þjóðin sé gjaldþrota. Mér finnst þetta ekki bera vott um mikla frændsemi og enn einu sinni sannast það að það fara ekki alltaf saman orð og athafnir þegar samskipti þjóða eru annars vegar.

Herra forseti. Það mætti auðvitað segja svo miklu meira um þessa skýrslu en ég skal láta máli mínu lokið. Ég vænti þess að nokkrum þeim meginspurningum sem ég hef hér lagt fram verði svarað og ég mun ekki

hafa þann hátt á eins og sumir hv. þm. virðast gera að buna úr sér sinni eigin ræðu, spyrja ótal spurninga og hlaupa svo í burtu. Ég þakka hæstv. forseta þolinmæði hans meðan ég flutti mál mitt og þakka áheyrnina.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 14. þm. Reykv. vitnaði til fundargerðar óformlegs fundar forseta þjóðþinga EFTA í Strasborg sem forseti Alþingis sat. Forseti vill af því tilefni vekja athygli þingmannsins á því, en það gæti hafa farið fram hjá hv. 14. þm. Reykv., að forseti gaf yfirlýsingu vegna þessarar fundargerðar þar sem gerð var grein fyrir því að þessi tilgreinda fundargerð er bæði villandi og forseti gerði mjög glögga grein fyrir því hér í yfirlýsingu 19. mars sl.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði því miður ekki alla ræðu hv. 14. þm. Reykv. en hún vék orðum að mér og ég skal reyna að svara því sem hún spurði um. Hvalveiðimál standa henni afar nærri hjarta eins og áður hefur komið fram í umræðum í þinginu. Hún spurði um afstöðu Íslendinga og þeirrar sendinefndar sem fara mun til umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Río de Janeiro í byrjun júní.

Undanfarnar vikur hefur farið fram og stendur raunar enn undirbúningsfundur vegna þessarar ráðstefnu í New York. Þeim fundi er ekki lokið. Þar er verið að ræða lokatexta ýmissa skjala sem ætlunin er að leggja fram og væntanlega samþykkja á sjálfri ráðstefnunni í sumar. Eitt af því sem ég tel að samkomulag hafi náðst um er texti um hvalamál og ég á ekki von á því, ef svo heldur sem horfir, að það verði sérstakt ófriðarefni í kringum þá ráðstefnu. Ég hygg a.m.k. eins og mál standa nú og ég veit best þá hafi tekist um það bærilegt samkomulag og þó að hv. þm. kunni kannski að finnast það ótrúlegt þá er það raunar svo. Ég hef ekki þann texta í höndunum og ekki er búið að samþykkja endanlega niðurstöðu þessa fundar í New York. Það verður væntanlega gert nú í vikulokin þegar honum lýkur og ætla ég svo sem ekki á þessu stigi að segja fleira um það. Það eru auðvitað mörg álitamál og mörg málefni sem út af standa í sambandi við undirbúning þessarar ráðstefnu og margt er þar sem enn er ágreiningur um.

Það var fróðlegt að heyra ferðasögu hv. þm. frá Prag þó ég hafi nú efasemdir um hvert erindi slíkt á inn í umræður um þessa skýrslu. Ég leyfi mér að draga mjög í efa það sem hún segir, að allt sé nánast rangt sem segir í skýrslu utanrrh. um ástandið í Tékkóslóvakíu. Svo vill til að ég hef þrisvar á stuttum tíma verið í Prag en ég ætla mér ekki þá dul að verða á þeim tíma sérfræðingur í málefnum þess lands. Til þess þarf meiri tíma en svo að unnt sé um það að dæma eins og gert var hér úr þessum ræðustól.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma að þurfa enn þá að hlusta á hæstv. umhvrh. segja það sama og hann sagði hér á árum áður þegar við deildum um afstöðu Íslendinga í hvalamálinu að mér séu hvalamál eitthvað sérstaklega hugstæð. Ég hefði haft alveg sömu afstöðu hvaða skepna sem í hlut hefði átt ef Íslendingar hefðu samþykkt að standa að alþjóðlegri samþykkt um að drepa hana ekki einhvern tíma. Ég vil í stuttu máli að Íslendingar standi við gerða samninga. Um það hefur allur minn málflutningur ævinlega snúist. Ég gleðst yfir því ef það skyldi komast einhver niðurstaða á um þetta mál meðal þjóða. Þetta hefur spillt mjög fyrir áliti Íslands erlendis og enginn hefur náttúrlega gert að sérstöku umræðuefni að milljarðar töpuðust fyrir þvergirðingshátt Íslendinga í hreinum sölusamningum og hrundum fiskmörkuðum vegna þessa klaufalega og kjánalega máls. En ég gleðst yfir því ef menn verða sammála um einhvern texta. Ég hlakka til að sjá um hvað sá texti er en ég mundi hafa talað jafnmikið um ef Íslendingar væru að svíkjast undan merkjum um hvað annað sem er. Menn notuðu hins vegar tækifærið til þess að þvæla þann málstað með einhverjum „hysterískum" amerískum kerlingum sem tóku hvali í fóstur. Ég hef ekkert samband við það fólk og hef aldrei haft og var aldrei að tala um slík kjánalæti. Þau gerðu málstaðnum aldrei neitt nema ógagn.

En ég sem sagt gleðst yfir því ef Íslendingar geta reist sig ofurlítið við eftir óttalega klaufalega frammistöðu í þessu máli.

Ég er ekki sérfræðingur í málefnum Tékkóslóvakíu en ég veit nokkrar einfaldar staðreyndir sem ekki koma fram í skýrslunni eins og það að því verður ekki á móti mælt að það er hálf milljón manns atvinnulaus í Tékkóslóvakíu. Og maður þarf ekki nema að hafa augu í höfðinu til að sjá hvað er svo annað að gerast með því að vestræn menning heldur innreið sína en það er pönkfólk seljandi eiturlyf á hinu fagra Vacslavs-torgi. Mér er til efs að það hafi verið þar fyrir nokkrum mánuðum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að undirstrika það og leggja sérstaka áherslu á það vegna þess að þeirri firru hefur of oft verið haldið fram úr þessum ræðustól af ýmsum hv. þm. að Íslendingar hafi brotið einhverja samninga, lög eða alþjóðareglur í sambandi við hvalveiðimál. Það hafa þeir ekki gert. Við höfum í hvívetna, — og það legg ég sérstaka áherslu á, — í hvívetna farið að lögum og reglum, öllum þeim samþykktum sem við höfum verið aðilar að og hvergi brotið þar gerða samninga við aðrar þjóðir.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera rétt að það sé hægt að segja að við höfum ekki brotið nein lög. En eins og allir vita er Alþjóðahvalveiðiráðið samansett af mörgum nefndum og þar sem hundruð vísindamanna eru saman komin eru menn auðvitað ósammála um hluti. Menn greinir á um hluti. Og það hefur verið ágreiningur innan hvalveiðiráðsins milli vísindanefndar og tækninefndar og viturlegast hefði verið fyrir Íslendinga að fara að ráðum vísindamanna en ekki annarra

aðila en það gerðum við ekki og það hefur skaðað okkur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Út af fyrir sig er það svo að hefði ekki beinlínis valið mér þennan ræðutíma ef ég hefði mátt kjósa en ætla þó ekki að kvarta undan því að fá hér orðið nú, en enn lifir klukkustund til miðnættis, til þess að ræða utanríkismál. Ég mun hins vegar með góðri samvisku taka mér þann tíma sem ég tel mig þurfa til að fara yfir nokkur atriði þeirra mála sem sum hver hafa lítið og jafnvel ekkert verið rædd hér í umræðunni enn þá, svo sem eins og staða mannréttindamála á nokkrum svæðum í heiminum og fáein slík atriði. Ég held að sjaldan eða nokkurn tíma hafi verið meiri þörf fyrir það og eðlilegra að Alþingi taki sér dálítinn tíma til að ræða utanríkismál og hefði verið æskilegt ef unnt hefði verið að stilla upp þannig dagskrá fyrir þessar umræður að eins og tveir heilir fundardagar frá næstum að segja morgni til kvölds hefðu verið til ráðstöfunar, fyrir fram ætlaðir í þessu skyni.

Það lá í hlutarins eðli að umræður um utanríkismál yrðu miklar við þessar aðstæður og undir það ýtir auðvitað viðamikil skýrsla frá hæstv. utanrrh. sem er með þeim myndarlegri og sennilega sú myndarlegasta sem nokkurn tíma hefur birst á borðum þingmanna og hef ég þó haft það fyrir sið sl. níu ár að fylgjast nokkuð vel með þessum pappírum og lesið marga þeirra spjaldanna á milli held ég að ég megi segja. Enda tók ég mér til hugarhægðar tvo gamla kunningja úr því safni hingað til samanburðar þar sem er síðasta skýrsla fyrrv. hæstv. utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, og sú fyrsta sem núv. hæstv. lagði fram. Og kem ég e.t.v. aðeins inn á efni þeirra eða þá tíma sem þær standa fyrir á eftir.

Undir umræðunni væri æskilegt, herra forseti, fyrr en síðar að hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu gæti hlýtt á mál mitt en eins er það að hv. 3. þm. Reykv. hefur þegar talað í þessari umræðu og ég vona að þess verði að vænta að hann mæti til hennar aftur því þá kröfu er sanngjarnt að gera til þeirra hv. alþm. sem þegar hafa talað og jafnvel vikið máli sínu að öðrum þingmönnum eða þingflokkum að þeir séu þá viðstaddir umræðuna það sem eftir lifir eins og kostur er til að taka við svörum ef einhver kynnu að verða. Ég vil aðvara hæstv. forseta um það að svo kann að fara að mér væri þægð í að hv. 3. þm. Reykv. væri látinn vita af því að ég óskaði að eiga kannski orðastað við hann.

Ég ætla tímans vegna ekki að fara mörgum orðum um þær yfirlýsingar og þau ummæli þessarar skýrslu um stöðu Evrópuumræðunnar og Evrópumálanna sem þegar hafa verið gerð mikið að umtalsefni — oft kemur góður þá getið er — í þessari umræðu. Það hafa aðrir gert á undan mér með þeim hætti að ég sé ekki ástæðu til að dvelja lengi við hana eða fjölyrða um hana. Ég vil þó segja eingöngu um það fyrir mitt leyti að ég harma að hæstv. utanrrh. talar jafnógætilega um þessa hluti og hann gerir í skýrslu sinni á bls. 11–18, fyrst og fremst í inngangi skýrslunnar. Það hefur að sjálfsögðu ekkert breyst í málefnum Evrópubandalagsins sem gerir það fýsilegra fyrir okkur að nálgast það frekar en hingað til hefur verið nema síður sé. Það er auðvitað ljóst öllum sem fylgjast með málefnum þar að sú þróun sem nú er í gangi og nú er til umræðu á þeim vettvangi gerir það enn síður fýsilegt fyrir smáþjóð með sérhæft efnahagslíf og mikla sérstöðu að ganga inn í það ríkjabandalag með samrunaþróun í fullum gangi sem þar blasir við mönnum, sérstaklega eftir niðurstöðu leiðtogafundarins í Maastricht. Hugmyndir sem þar eru jafnframt til umræðu, um að takmarka mjög stöðu smærri ríkja í hópnum, gera það líka að verkum að þær röksemdir, sem helst eru færðar fram fyrir nálgun okkar við Evrópubandalagið, að við þurfum að fara þar inn til að hafa áhrif á þróun mála, verða ekki studdar með vísan til þróunarinnar í Evrópubandalaginu nú þar sem ljóst er að hún gengur í þá átt að minnka möguleika smáríkja til að hafa áhrif. Það er jafnvel sagt fullum fetum að það sé óþolandi staða sem upp muni koma ef fjölgi í Evrópubandalaginu að smáríkin geti haldið áfram að fara þar með forustu til að mynda hálft ár í senn eins og verið hefur. Þannig að ég hygg að þeir kenningasmiðir, sem færa helst rök fyrir nálgun við Evrópubandalagið með því að segja að við, stórveldið Íslendingar, þurfum að fara þangað inn til að hafa þar áhrif á gang heimsmála, verði nú aðeins að líta í eigin barm og velta því fyrir sér hvort það séu þá ekki í öllu falli að verða úreltar röksemdir eins og nú stefnir.

Ég harma að hæstv. utanrrh. skuli tala með jafnógætilegum hætti og raun ber vitni í skýrslunni þó svo ég fagni því að skaðinn sem það veldur verður kannski minni en ella vegna þess hversu tiltölulega afdráttarlaust hæstv. forsrh. hefur tekið af skarið um það að stefna ríkisstjórnarinnar sé óbreytt, að aðild að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá. Þar með getur umsókn um slíka aðild ekki heldur verið á dagskrá og ég vona og gef mér það og túlka það þannig að hæstv. forsrh. hafi þar talað fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili. Þannig að við megum treysta því að á þessu kjörtímabili, sitji þessi ríkisstjórn, þá verði þetta mál ekki á dagskrá. Og mér þætti vænt um að sé þessi skilningur minn ekki réttur þá kæmi það fram strax. Þar með er auðvitað hæstv. utanrrh. að nokkru leyti rekinn til baka með sínar gáleysislegu umfjöllun í inngangi skýrslunnar og er það vissulega af hinu góða.

Hinu er ekki að leyna að maður er sleginn nokkrum ugg yfir þeim smáfuglum sem aftur og aftur hafa á undanförnum dögum verið sendir út af örkinni svona til að prófa hvort það sé í lagi að fljúga um skóginn. Þessir smáfuglar eru orðnir þrír má segja núna á nokkrum sólarhringum. Sá fyrsti var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, það var fyrsti litli þrösturinn sem flaug út með þann boðskap að það þyrfti að fara að athuga þetta og reyna á þetta með aðild að Evrópubandalaginu. Fyrsti fuglinn sem sendur var út af örkinni kom óskotinn til baka þannig að sá næsti þorði fljótlega út úr örkinni til að prófa líka og það má segja að það hafi verið ekki ómerkari maður en hv. formaður fjárln. Hann hefur reyndar hafið sig á flug áður með svipuðum ummælum. Þriðji smáfuglinn

sem er þó nokkru stærri vöxtum en hinir fyrri er hæstv. utanrrh. með sínum orðum hér í skýrslunni. Ég óttast að með þessu kvöldflugi smáfuglanna séu menn að reyna að prófa sig áfram í þessum efnum hvort það sé ekki óhætt að fara að læða þessu á flot, koma þessu á loft og setja fjaðrirnar út í vindinn og láta á það reyna hvort þær á fluginu geti kannski vaxið í hænu.

Þetta er sú aðferð sem notuð hefur verið í nágrannalöndunum og sé svo þá vil ég áskilja mér allan rétt til að hefja baráttu gegn slíkum hugmyndum og það af fullri hörku. Því að fyrir fáum málum hef ég ríkari sannfæringu en þeim að Íslendingar eigi ekki að hefja slíkt feigðarflan. Og það er skaðlegt samstöðunni um þessi mál á heimaslóðum sem og að mínu mati samninsstöðu okkar og möguleikum okkar almennt séð í alþjóðlegu samstarfi að vera að ljá máls á slíku vegna þess að þá væru í fyrsta sinn opnaðar sprungur í þá samstöðu sem blessunarlega hefur ríkt milli allra stjórnmálaflokka á Íslandi um þessi efni fram að þessu.

Maður hefur tekið eftir því að á alþjóðavettvangi hafa allir sem eitthvað þekkja til afstöðu Íslendinga í þessum málum tekið hana fyrir gefna og virt hana og gengið út frá því að aðild Íslendinga að Evrópubandalaginu væri óhugsandi vegna þess að það ríkti um það alger samstaða í öllum stjórnmálaflokkum í landinu að slíkt væri ekki á dagskrá. Þetta hefur verið viss styrkur fyrir okkur að menn hafa ekki velkst í vafa um okkar stöðu og menn hafa tekið hana gilda og tekið mark á henni fyrir utan kannski einstöku bullukolla eins og utanríkissráðherra Dana, sem ég leyfi mér að kalla svo fyrir það endemis raus um þessa hluti sem hann hefur undanfarin ár verið að reyna að hamra.

Að öðru leyti segi ég ekki annað um þessi Evrópumál en það að auðvitað eru málin að mörgu leyti komin í hið mesta óefni. Sjálfur hæstv. utanrrh. margræðir um þá fullkomnu óvissu sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé í. Nú er ég ekki mikill stuðningsmaður þess gjörnings eins og hann lítur nú orðið út, tel hann að mörgu leyti óhagstæðan Íslendingum og í honum stórfelldar hættur sem enn hefur ekki tekist að girða fyrir. Ég er t.d. þannig gerður, mér liggur við að segja innan í mér, að ég á ákaflega erfitt með að styðja þann samning þótt ekkert kæmi annað til en opnun fiskveiðilandhelgi Íslendinga fyrir flotum Evrópubandalagsins. Það kann ýmsum að þykja 3.000 tonn af karfa fáir silfurpeningar í þessum efnum en ég tel að þar sé slíkt gífurlegt grundvallarmál á ferðinni að það stappar nærri að það eitt og sér gæti ráðið afstöðu minni til þessa gjörnings og þá á þann veg að ég yrði á móti honum.

Það alvarlegasta í þessu fyrir okkur til umhugsunar, að ég tel, er auðvitað sú þrautaganga sem hæstv. utanrrh. hefur orðið að ganga sl. þrjú ár í þessum málum. Það er auðvitað það algera skipbrot þeirrar samningstækni sem hann lagði upp með og átti að vera geysilega snjöll og var margpresenteruð t.d. í fyrri ríkisstjórnum þar sem ég átti sæti með hæstv. núv. utanrrh. Þetta var ósköp einfaldlega þannig að öll stóru hagsmunamál Íslendinga áttu að hrökkva í liðinn á lokapunkti samningsferlisins og þá áttu aðrir að borga brúsann. Þessi baneitraða samningstækni, að geyma allt það erfiða þangað til á lokakvöldinu og láta sér aldrei stökkva bros fyrr en klukkan væri orðin fimm mínútur í tólf, átti að gera það að verkum að öll helstu hagsmunamál Íslendinga kæmust þarna á þurrt í einu vetfangi í lok samningsferlisins. En hvað hefur svo skeð? Ósigrarnir sem þessi tækni hefur beðið eru jafnmargir og sigrarnir og hafa jafnan fylgt í kjölfarið á hinum vígreifu yfirlýsingum um sigra. Og það versta er að að lokum fór það auðvitað svo að viðkvæmustu hagsmunamálum Íslendinga var ýtt úr af borðinu, gengið frá málunum að öðru leyti, og ósamið er enn milli Íslendinga og Evrópubandalagsins um sérmál þeirra á sviði sjávarútvegs, þ.e. sá samstarfssamningur um þau efni sem Evrópubandalagið hefur gert að skilyrði að verði hluti af þessari niðurstöðu. Og þannig er það því miður, herra forseti, og það er skaði að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera viðstaddur og út af fyrir sig mætti hæstv. iðnrrh. líka vel vera viðstaddur til að heyra það að þessar endalausu undirskriftir þeirra hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh., Jónanna, í hinum stóru málum, hafa bara reynst einskis virði. Maður hlýtur auðvitað að vorkenna blessuðum mönnunum að vera sífellt að vera að skrifa undir pappíra um þetta og pappíra um hitt, ál og EES, og blekið er varla þornað fyrr en það reynist haldlaust trekk í trekk sem þar er samið um. Og auðvitað eru menn orðnir mjög hvekktir, samanber t.d. samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi. Ég skil hæstv. utanrrh. mjög vel að hann sé orðinn nokkuð hvekktur á þessu. Hann hefur auðvitað á köflum haft hörð orð um Evrópubandalagið, nánast lýst því yfir að það væri ófært að gera slíka samninga þegar illa hefur legið á honum og hann hefur verið að koma heim eftir eina hrakförina enn þar sem sigur hefur snúist upp í ósigur.

Þau litlu kynni sem ég hef haft af þessu bákni, Evrópubandalaginu, t.d. í gegnum samningaviðræður á vettvangi GATT — ég verð að segja alveg eins og er að þau renna mjög í sama farveg og lífsreynsla hæstv. utanrrh. að það er ákaflega erfitt að eiga við Evrópubandalagið vegna þess hvers konar skrifræðisbákn það er orðið, vegna þess hversu ákvarðanatökuferlið þar er flókið, valdakerfið margbrotið og í raun og veru oft á tíðum óáreiðanlegt að henda reiður á því sem þar er að gerast og erfitt að eiga við það. Og að öllu samanlögðu hlýtur maður að spyrja með þessa lífsreynslu hæstv. utanrrh. í huga og það sem maður hefur sjálfur kynnst á þessum vettvangi: Er það þetta sem menn vilja? Er það meiri nálgun við þessi vinnubrögð, þetta bákn, þennan ákvörðanatökustrúktúr, þetta valdaferli? Er það þetta sem menn vilja nálgast, smáþjóð eins og Íslendingar? Ég segi það alveg eins og er að ég bara skil það ekki.

Á lokafundi umræðunnar um GATT, sem svo átti að verða í Brussel í desember 1990, lágu ráðamenn yfir 100 þjóða við í Brussel í viku og biðu — eftir hverju? Eftir Evrópubandalaginu. Það kom eitt í dag og annað á morgun. Það var eitt þegar rætt var við Johns og annað þegar rætt var við McChery. Einn sagði já í dag, þá kom sá næsti og sagði nei á morgun. Svona

gekk þetta til og frá. Menn voru að fá njósnir af næturfundum háttsettra embættismanna eða jafnvel ráðherra sem kallaðir voru saman í skyndingu til Brussel og gjörbreyttu afstöðu til einhverra málamiðlunartillagna sem verið höfðu uppi daginn áður.

Ég er að rifja þetta upp til að draga athyglina að þeirri hlið þessara mála sem allt of lítið er rædd og hún er sú, burt séð frá hagsmunaástæðum Íslendinga í formi viðskiptasamninga og öðru slíku, hvers eðlis er þetta fyrirbæri, Evrópubandalagið? Er það þannig upp byggt, er það þannig hugsað, á það að þjóna þannig markmiðum að það sé æskilegt fyrir Íslendinga að nálgast það í þeim skilningi að þeir bindist því með einhverjum hætti? Ég held ekki. Og ég held að það væri fróðlegt fyrir fleiri en undirritaðan að heyra fyrrum landsstjórnarformann Grænlendinga, Jonathan Motzfeldt, sem hefur marga ölduna stigið í stjórnmálum eins menn þekkja og marga ausuna sopið ef svo má að orði komast, segja frá ferðalögum sínum niður til Brussel á þeim tíma sem Grænlendingar voru enn hluti af Evrópubandalaginu, heyra hann lýsa því hvílík niðurlæging það var fyrir landsstjórnarformann eða við skulum segja forsætisráðherra Grænlendinga að þurfa að fara þær beiningaferðir og setjast þar á kontór á biðstofu hjá kontórista í Brussel og bíða þar e.t.v. langtímum saman eftir því að fá áheyrn. Til hvers? Til þess að fá að vita hvað Grænlendingar mættu og mættu ekki í sinni efnahagslögsögu á næsta ári. Ég held að það væri fróðlegt fyrir fleiri en undirritaðan að heyra þennan ágæta stjórnmálaforingja lýsa þeirri reynslu sem þetta var fyrir hann sem æðsta ráðamann Grænlendinga sem þá fögnuðu nýfenginni heimastjórn. Og það sagði hann í mín eyru að hann óskaði engum stjórnmálamanni þess sem færi með forsvar þjóðar sinnar að þurfa að leggja slíkar ferðir á sig og var ekki vafi á því í mínum huga að hann átti þar við Íslendinga eða t.d. Færeyinga.

Ég vona, herra forseti, að þrátt fyrir allt og þrátt fyrir smáfuglana, sem hafa hafið sig til flugs að undanförnu, séu ekki að opnast alvarlegar glufur í samstöðuna um þessi mál hér á Íslandi því það væru mikil ótíðindi og dapurleg og þau væru mikið áfall að mínu mati fyrir málafylgju okkar Íslendinga í þessum efnum, mundu veikja okkar stöðu og þau væru að mínu mati alveg augljóslega í hróplegu ósamræmi við vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar. Það er enginn vafi á því í mínum huga að mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar er því algerlega andvígur að Íslendingar fórni fullveldi sínu og sjálfstæði og bindist þessu stórríki sem þarna er að myndast með einhverjum þeim böndum sem draga frá okkur völd eða sjálfsforræði í okkar mikilvægustu málum. Og ég segi það að lokum að mikil er ábyrgð þeirra manna sem fyrstir ætla að hefja þann darraðardans í íslenskri þjóðmálaumræðu.

Herra forseti. Það munu vera einhver vandamál í Alþfl. sem heitir á dönsku vanskeligheder. Og ég hygg að hæstv. utanrrh. sé eitthvað tepptur við sáttastörf í sínum flokki. Ég hef út af fyrir sig á því djúpan skilning að hann sé að reyna að stilla til friðar í Alþfl. og hef nú þegar gefið honum alllangan tíma til þess og eins og hv. síðasti ræðumaður látið það óátalið að hann væri fjarstaddur úr þingsalnum í svo sem eins og hálfa klukkustund. Það verð ég þó að segja að ákaflega þætti mér vænt um það — ekki sérstaklega vegna þess að ég sé ábyrgðarmaður fyrir því að friður tækist í Alþfl. heldur hins að ég vil gjarnan að hæstv. utanrrh. komist til umræðunnar og geti hlýtt á mál mitt — að þeir alþýðuflokksmenn gætu slitið þessum sáttafundum og hæstv. utanrrh. komið hingað upp. Þeir kratar verða þá bara að hittast aftur síðar í nótt og reyna að ná úr sér innanverkjunum. Með öðrum orðum og með penari hætti sagt, herra forseti, ég er að fara fram á að það verði kannað hvort hæstv. utanrrh. geti ekki fljótlega komið í salinn.

Mér finnst í öðru lagi, herra forseti, ... (**Forseti:** Forseti mun kanna það. En hv. ræðumaður gat þess að hann þyrfti að gera árásir á forseta einnig þannig að forseti situr hér ...) Nei! Nú fer forseti ekki rétt með. Ég nefndi ekki árásir í því sambandi, ekki stakt orð og virðist nú hæstv. forseti eiga von á verru heldur en endilega efni standa til eða samviska hæstv. forseta ekki sem hreinust að hann skuli búast við sverum árásum. Það orð var ekki nefnt hér í garð hæstv. forseta eða hv. 3. þm. Reykv.

Í öðru lagi ætlaði ég að nefna lítillega mál sem vikið er að á bls. 19–20 í skýrslunni, þ.e. klúbbi sem NATO heitir og er hernaðarbandalag á íslensku máli. (**Gripið fram í:** Varnarbandalag.) Það hefur heitið her í 1100 ár á íslensku, hv. þm., og ég man ekki eftir orðinu varnarbandalag eða varnarflokkur í fornsögunum t.d. og finnst mér þeirra málfar þó snöggtum betra en kansellístíllinn á þessum skýrslum sem menn eru að reyna að búa til hér í seinni tíð. Held ég að Heimskringla t.d. sé mikið, mikið betur orðuð en þetta plagg.

Þetta hernaðarbandalag NATO er lítillega til umfjöllunar á bls. 19–20. Mér finnst það fremur fátækleg umfjöllun satt best að segja og er kannski að nokkru leyti til marks um þá tilvistarkreppu sem klúbburinn er í. Þetta fyrirbæri hefur verið til umræðu á þinginu undir öðrum dagskrárlið og skal ég ekki þreyta menn með löngum ræðuhöldum af minni hálfu um það en ég hefði talið að það hefði mátt fara aðeins betur yfir tilraunir NATO til þess að finna sér nýjan óvin og nýjan tilgang og ræða svolítið um það hvernig leitin gangi í skýrslu hæstv. utanrrh. T.d. hef ég haft mikinn áhuga á því að fá meira að heyra um áform þeirra NATO-manna um að búa sér til einhvers konar alþjóðaher sem geti rassakastast um heiminn allan og tekið þátt í velheppnuðum átökum þar sem þau brjótast út. Mér hefur fundist það ákaflega athyglisvert ef við Íslendingar ætluðum með aðild okkar að blessa þetta á einhvern hátt.

Staðreyndin er auðvitað sú að fjölmargir stjórnmálaleiðtogar um allan heim sjá að NATO á í mikilli tilvistarkreppu. Það var nokkuð athyglisvert að fáeinum sólarhringum eftir að við áttum um þetta orðastað á Alþingi á dögunum þá gekk ekki ómerkari stjórnmálamaður en Ingvar Carlsson, fyrrv. forsætisráðherra Svía, fram á sjónarsviðið og lýsti þeirri skoðun sinni

að það bæri að stefna að því að leggja NATO niður og æskilegast væri að NATO yrði leyst upp og í staðinn mundu menn efla Ráðstefnuna og vettvanginn um samvinnu og öryggi innan Evrópu og undir slíkum friðsamlegum formerkjum bandalags, sem ekki er stofnað um vígbúnað heldur til að gæta friðar og til að afvopna heiminn, mundu menn reyna að tryggja alþjóðlegt öryggi og öryggi í þessum heimshluta. Þessi orð voru eins og úr mínu hjarta töluð og mjög á sömu lund og ég lét reyndar falla í umræðunum um NATO á dögunum þar sem ég nefndi bæði RÖSE og Sameinuðu þjóðirnar sem vettvang sem ég bindi vonir við að gætu leyst af hólmi hernaðarbandalögin og vígbúnaðarhyggjuna og komið í veg fyrir að menn yrðu aftur svo ógæfusamir að reyna að gæta friðarins með því að vopnast villt og galið.

Því miður er það svo að hin dapurlega reynsla af vopnunum er sú að þau eru af og til notuð. Það er það versta í raun og veru við þau. Meira að segja byssur, jafnvel veiðibyssur eru því miður af og til notaðar á fólk. Tilvist þeirra er hættuleg. Það sýnir sagan. Hvort sem er í Bandaríkjunum eða á Grænlandi þar sem tugir eða hundruð eða þúsundir manna allt eftir fólksfjölda falla fyrir slíkum vopnum af því að þau eru af og til notuð. Tilvist hættulegra vopna er hættuleg, ósköp einfaldlega vegna þess að þetta eru skaðræðistól. Og ef af einhverjum ástæðum vegna ófriðar eða slysni þeim er beitt getur það haft skelfilegar afleiðingar. Þess vegna hefur það í raun og veru aldrei gengið upp og það eru öfugmæli að það sé jákvæð eða heppileg aðferð til að tryggja frið að hlaða niður vopnum. Það á við jafnt um svæðisbundnar aðstæður sem og heiminn allan. Það eru öfugmæli af því tagi sem einu sinni var kveðið, að til þess að halda sjálfstæði sínu þyrftu menn að fórna því. Þetta er svona sams konar þvæla og auðvitað stórhættuleg.

En ég ætla ekki að dvelja lengur við þennan ólánsama klúbb NATO sem hefur misst tilgang sinn að verulegu leyti, bar ekki gæfu til þess að nota sér hagstæðar aðstæður í alþjóðamálum og leggja sjálfan sig niður um leið og höfuðandstæðingurinn, sem NATO var að nokkru leyti stofnað gegn eða þróaðist gegn, Varsjárbandalagið, blessunarlega leið undir lok. Það var mikil gæfa og því fögnuðu menn, en enn glaðari hefði ég og margir, margir fleiri vítt og breitt um heiminn orðið ef hitt höfuðhernaðarbandalagið, NATO, hefði verið leyst upp og aðrir og friðsamlegri farvegir eða vettvangar tekið við svo sem eins og Ráðstefnan um samvinnu og öryggi innan Evrópu, Sameinuðu þjóðirnar og samtök ríkja víða í heiminum um friðlýsingu tiltekinna svæða o.s.frv.

Í þriðja lagi, herra forseti, ætla ég að ræða lítillega um það sem getur á bls. 20–21 í skýrslunni og er um Vestur-Evrópusambandið. Því miður er þar sagt að hæstv. utanrrh. hafi svarað bréfi Genschers og fagnað boði um að Íslendingum byðist nú að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst þetta með ólíkindum þegar ég las það í skýrslunni að slík viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda hefðu bara með einu litlu bréfi verið send um hæl. Finnst mönnum það virkilega ekkert mál sem þurfi að taka upp og ræða hvort Íslendingar eru tilbúnir til þess bara svona í góðu skapi af því að þeir fá bréf að svara því um hæl og segja: Jú, þetta er hið mesta fagnaðarefni að okkur skuli vera boðið að ganga inn í þetta nýja hernaðarbandalag meginlands Evrópu? Ég spyr hæstv. formann utanrmn.: Ráðfærði ríkisstjórn Íslands sig við utanrmn. áður en hún svaraði þessu bréfi? (**Gripið fram í:** Nei.) Ég þakka svarið, ég tel það stórhneyksli, herra forseti, því hér er ekki smámál á ferðinni. Hér eru ekki smámál á ferðinni að gefa með þessum hætti tiltekna jákvæða afstöðu Íslendinga til þess að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu og það undrar mig að menn skuli ekki hafa gert þetta meira að umtalsefni en raun ber vitni.

Ég tel þetta hið mesta ógæfuspor og hið mesta flan að rjúka til og svara þessu með þessum hætti. Fyrir það fyrsta vita menn ekkert í hvers konar klúbb þetta Vestur-Evrópusamband er að þróast. Í öðru lagi liggur ekki stafkrókur fyrir um það hvaða skuldbindingar eða ábyrgðir Íslendingar tækju á sig þó svo um að aukaaðild væri að ræða, hvers konar hernaðarskuldbindingar eða ábyrgð á vígbúnaði og hernaðaruppbyggingu Evrópuríkjanna, t.d. Frakka, sem mér er ekki kunnugt um annað en eigi aðild að þessu bandalagi. Tækjum við það á okkur? Eru menn hérna tilbúnir til þess að skrifa upp á kjarnorkupólitík Frakka, eins og hún er rekin t.d. í Kyrrahafinu? Eða hvað felst í þessu? Ég mótmæli þessu harðlega, herra forseti, og gerir það hlutina ekki betri að utanrmn. Alþingis skuli ekki hafa verið eins og lög bjóða, höfð til samráðs um viðbrögð í þessu sambandi. Það er hneyksli, stórhneyksli og ég tel að hæstv. utanrrh. hljóti að koma og bið ég hans aðstoðarmenn að nótera það hjá sér og svara hvers vegna svo var ekki.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég er þessu auðvitað algjörlega andvígur og mun gera mitt til þess að koma í veg fyrir það ef ég get og má nokkurs við í þeim efnum, að við Íslendingar förum inn í þetta samband.

Í fjórða lagi ætlaði ég lítillega að nefna kaflann „Norður-Suður" og þau samskipti. Ég get svo sem haft það stutt. Ég vil fyrst og fremst segja að ég tek undir ákveðna þætti sem þar eru, bæði í þeim kafla og undirkafla um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í þessu sambandi. Það verð ég þó loksins að segja — og gleður það mig að ég get fundið eitthvað í skýrslunni sem ég er ágætlega sammála — að ég held að þar sé alveg réttilega vikið að því að auðvitað hljóta menn að reyna að efla til aðgerða í því sambandi þá einu stofnun sem er alheimsstofnun, að heita má, bæði í eðli sínu og verkefnum samkvæmt og sökum þátttöku flestallra sjálfstæðra þjóða, þ.e. Sameinuðu þjóðirnar. Og þar held ég, og er ég þá ekki að gera lítið úr vaxandi hlutverki Sameinuðu þjóðanna á öryggissviðinu og virkri þátttöku þeirra í t.d. samningaumleitunum sem nú standa yfir á mörgum sviðum um afvopnunarmál, t.d. bann við kjarnorkuvopnum, samninga um eiturefnavopn og lífefnavopn, framlengingu samningsins um takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna og fleira og

fleira, sem og þátttöku t.d. í svæðisbundnum átökum, friðargæslusveitirnar, þátttöku Sameinuðu þjóðanna í lausn gíslamála o.s.frv., öllu þessu fagnar maður. En hitt held ég að hljóti að verða á næstu árum eitt aðalverkefni Sameinuðu þjóðanna jafnframt þ.e. að beita sér fyrir réttlátari skiptingu jarðargæða milli ríkra þjóða og fátækra. Þeirri skoðun vex mjög fylgi að það sé alveg jafnóaðskiljanlegur hlutur, nauðsyn þess í sambandi við að tryggja stöðugleika og frið í heiminum, að jafna aðstöðumun ríkra og fátækra, að jafna lífsgæðunum í heiminum og að koma eftir því sem nokkur kostur er í veg fyrir hungur og fátækt eins og afvopnunin og öryggisgæslan sjálf.

Ég held að reynslan sýni mönnum að stjórnmálalegur stöðugleiki og friður eru óhugsandi nema það takist að bæta lífskjörin og jafna lífsgæðin á jörðinni og tryggja að menn geti þar sæmilega við hlut sinn unað í viðkomandi löndum eða heimsálfum. Í því sambandi horfa menn auðvitað á sóun vígbúnaðarkapphlaupsins og ég verð að segja það alveg eins og er að mig undrar þær ræður sem hér hafa verið fluttar, m.a. af hv. 3. þm. Reykv., og ég kem að hér aðeins síðar, þar sem í raun og veru er verið að lýsa blessun yfir þeim óheyrilegu fjármunum sem mannkynið hefur sóað í vígbúnaðarbrjálæðið á undanförnum áratugum. Og þá menn, friðarsinna og friðarhreyfingar, sem hafa leyft sér þann munað að tala gegn því að í sveltandi heimi væri milljarðatugum, billjónum og billjörðum sóað í vígbúnaðarkapphlaup, á að úthrópa sem alveg sérstaka skynleysingja sem hafi alla tíð haft rangt fyrir sér og ættu bara að grátbiðjast fyrirgefningar og iðrast fyrir það að hafa leyft sér að tala gegn því að mannkynið færi svona að ráði sínu árum og áratugum saman.

Auðvitað hljótum við ekkert síður í dag og til framtíðar litið að horfa á þessa brjálæðislegu ráðstöfun verðmæta í heiminum sem er að blóðmjólka auðlindirnar þar sem meiri hluti mannkyns býr við hungur, fátækt og milljónir svelta heilu hungri. Við höfum ekki efni á því að fara þannig með auðlindir jarðarinnar að ráðstafa jafnstórum hluta verðmætanna og raun ber vitni í brjálæðislegt vígbúnaðarkapphlaup sem hefur ekki aldeilis tryggt frið og farsæld og líf manna alls staðar í heiminum. Því miður er það svo að stríðin skipta tugum jafnvel á ári hverju ef allt er með talið í þeim efnum og þar eru vopnin notuð. Nei, þvert á móti er það auðvitað eitt albrýnasta viðfangsefnið í alþjóðamálum, hvort sem litið er til umhverfismála eða stjórnmála, að færa ráðstöfun þessara fjármuna, nýta þessa krafta, þessar auðlindir í önnur og þarfari uppbyggingarverkefni sem geta orðið hluti af því að jafna lífsgæðunum og koma þannig á varanlegum friði og stöðugleika í heiminum.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, a.m.k. í þeim nefndum allsherjarþingsins sem um þá hluti fjölluðu, fundust mér á sl. allsherjarþingi, því 46., umræður sem hnigu í þessa átt mjög áberandi og það var athyglisvert að fjölmargir ræðumenn tvinnuðu algjörlega saman í máli sínu nauðsyn þess annars vegar að gæta öryggis og fylgjast með vígbúnaði og hins vegar nauðsyn þess að koma á efnahagslegu réttlæti í heiminum.

Þá ætla ég lítillega í fimmta lagi að víkja að afvopnunarmálum og þá sérstaklega afvopnun á höfunum og aðgerðum Íslands í því sambandi. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst vera óskaplega dauft yfir í sambandi við það sem af Íslands hálfu er verið að aðhafast nú um stundir í þeim efnum. Það er að vísu svo að í orði kveðnu er það enn óbreytt stjórnarstefna að við Íslendingar hljótum að leggja áherslu á afvopnun á höfunum og það er vel. En ég hlýt að hvetja hæstv. ríkisstjórn, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., sem hér er að góðu mættur, að aðhafast meira í þeim efnum. Að fylgja málstað Íslands fram með virkari hætti en gert er nú um stundir. Ég tel þetta eitt það allra besta sem þrátt fyrir allt menn hafa orðið sæmilega sáttir um í utanríkismálum á undangengnum árum að við Íslendingar tækjum alveg sérstaklega upp nauðsyn þess að afvopnun tæki til hafanna, bæði af öryggisástæðum en líka umhverfisástæðum.

Ég vil í þessu sambandi minna á frv. sem liggur nú fyrir hv. utanrmn. um friðlýsingu Íslands og hafsvæðanna í kringum Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og fyrir umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Ég vil líka í þessu sambandi vitna í skýrslu sem er nýlega komin frá utanrrn. um 46. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og með alveg sérstakri vísan til hæstv. forseta — og ber nú vel í veiði að geta ávarpað í senn hæstv. forseta og hv. 3. þm. Reykv. í einum og sama manninum og þá leyfilegt að ávarpa hann í persónu sem endranær er ekki þar sem hann er nú hæstv. forseti vor sem stendur. Það var t.d. þannig þegar við vorum að ræða þetta frv. um friðlýsingu Íslands og íslenskrar lögsögu fyrir eiturefnavopnum, kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja að þá hafði hv. 3. þm. Reykv. nokkuð á hornum sér ákveðna hluti í því sambandi, m.a. orðið friðlýsingu. Taldi það óbrúklegt í þessu sambandi — og kinkar nú hæstv. forseti kolli.

Þá ætla ég að fletta upp á skýrslu utanrrn. um 46. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem stóð frá 17. sept. til 20. des. sl. — og hvað stendur þar? Þar í efnisyfirliti til að mynda er vikið að þó nokkrum svæðum og tillögum sem fjalla um friðlýsingu. Þannig er t.d. á bls. 32 fjallað um friðlýsingu Suður-Atlantshafsins. Ég vek athygli hv. 3. þm. Reykv. á því að þetta heitir í skýrslu utanrrn. „Friðlýsing Suður-Atlantshafsins" þannig að það eru ekki bara einhverjir vondir menn eins og ég sem eru að finna upp þetta orð „friðlýsing" og nota það um friðlýsingu landsvæða eða hafsvæða heldur er það beinlínis gert hér í hinni merku skýrslu um allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Í fyrstu nefnd er getið um að rædd hafi verið m.a. kjarnorkuvopnalaust svæði í rómönsku Ameríku, kjarnorkuvopnalaust svæði í Mið-Austurlöndum, kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Asíu, kjarnorkuvopnalaust svæði í Afríku og friðlýsing Indlandshafsins.

Þetta er ég að rekja hér m.a. fyrir hv. 3. þm. Reykv. til þess að sýna honum og sanna að það er ekki bara eitthvað gamalt og úrelt að fjalla um friðlýsingu landsvæða eða heimsálfa eða hafsvæða, heldur er það á fullri ferð víða í heiminum og til viðbótar þeim svæð-

um sem þegar eru orðin lögfest og viðurkennd í meira og minna mæli af hinu alþjóðlega samfélagi, sem eru Tlatelolco-samningurinn um Suður-Ameríku, sem er samningurinn um Kyrrahafið og sem er friðlýsing Nýja-Sjálands, þá eru hér á ferðinni fjölmörg önnur slík mál í formi ályktana sem jafnvel eru flutt af fjölda ríkja, eins og tillaga um friðlýsingu Suður-Atlantshafsins, friðlýsingu Indlandshafs og kjarnorkuvopnalaus svæði í Mið-Austurlöndum, Suður-Asíu og Afríku.

Þess vegna er það, herra forseti, að ég leyfi mér að beina því til hæstv. forsrh. að hann í fyrsta lagi fylgist með þeirri vinnu sem hv. utanrmn. leggur í frv. til laga um friðlýsingu Íslands og íslenska lögsögu t.d. fyrir umferð kjarnorkuknúinna farartækja og við með þeim hætti reynum að tryggja öryggi og auðlindir okkar í senn og afstýra þar mengun eða draga úr hættu á slíku og hæstv. forsrh. að öðru leyti beiti sér með sinni ríkisstjórn fyrir því að þessi málstaður Íslands um afvopnun á höfunum verði með virkum hætti borinn fram á alþjóðavettvangi. Ég held að myndarlegasta byrjunin í þeim efnum væri friðlýsing og yfirlýsing af okkar hálfu um okkar lögsögu og ég trúi ekki öðru ef menn fordómalaust ræða þetta og hleypa ekki í það af fullkomlega ástæðulausu einhverri flokkapólitík, þá geti Íslendingar náð saman um þessi efni, rétt eins og þeir hafa á mikilvægustu stundum sögunnar náð t.d. saman um hagsmunabaráttu sína í sambandi við landhelgismál. Ég tel að þetta séu hin stóru landhelgismál nútímans að við beitum okkur fyrir því að gera allt sem við getum til þess að friðlýsa og vernda þessa lögsögu, afstýra eða draga úr hættunni á kjarnorku- og mengunaróhöppum og það gerum við best með einhverjum slíkum friðlýsingaraðgerðum.

Í sjötta lagi, herra forseti, ætlaði ég að fjalla lítillega um nokkur svæði sem um er fjallað í skýrslu utanrrh. á bls. 55 og áfram þar sem til umfjöllunar eru svæðisbundnar deilur og átök. — Verð ég nú að segja, herra forseti, að nú fer mig mjög að lengja í hæstv. utanrrh. því ég ætla hér, því miður, að gerast nokkuð gagnrýninn á suma hluta skýrslunnar. (**Forseti:** Eins og hv. ræðumanni er kunnugt lét forseti kanna hvar hæstv. utanrrh. væri í húsinu. Hann er í þingflokksherbergi Alþfl. og fylgist þar með umræðunum þannig að hann veit nákvæmlega hvað ræðumaður er að segja. Það voru þau svör sem forseti fékk, en hann mun nú ítreka þessa ósk sína til þess að fullvissa hv. ræðumann um það að hæstv. utanrrh. fylgist með ræðu hans.)

Herra forseti. Ég hef svo sem út af fyrir sig fulla samúð með hæstv. utanrrh. og vandamálunum í Alþfl. eins og ég sagði fyrr í ræðu minni. En ég tel að við höfum sýnt hæstv. utanrrh. þó nokkra þolinmæði nú þegar með því að fallast á að hann sé hér fjarstaddur umræðuna í nærfellt heila klukkustund í einu. (Gripið fram í.) Það kemur þá í ljós. Ef hæstv. utanrrh. hefur t.d. ekki verið sáttur við orðanotkun mína í sambandi við herinn, þá er ég alveg tilbúinn í umræður við hann um það. En það er þá gott og til marks um það að hann er með fullri meðvitund og tekur eftir því sem hér er til umræðu.

Ég ætlaði að nefna svo sem eins og þrjú svæði, herra forseti, gæti þó tekið margt fleira sem er fjallað um í skýrslunni og ég verð að játa að ég er ekki alveg sáttur við hvernig um er talað. Mér finnst t.d. fjallað óskaplega fátæklega um málefni Suður-Ameríku og reyndar er það nánast ekki gert. Ég er algerlega ósammála mati utanrrh. á ástandi mála í Mið-Ameríku og í Karabíska hafinu. Ég tel að þar sé dregin upp allt of bjartsýn mynd af stöðu mála. Og í þriðja lagi hefði ég gjarnan viljað sjá að því hörmulega ástandi sem enn ríkir á eyjunni Austur-Timor væru gerð betri skil. Mér finnst ekki nógu gott að Indónesía skuli ekki vera nefnd á nafn nema nánast í framhjáhlaupi þegar rætt er um málin á Austur-Timor. Að vísu er sagt hér á bls. 55 að ekkert lát sé á andstöðu íbúa Austur-Timor gegn hernámi Indónesa sem nú hafi staðið í tæplega 17 ár, og er mér það mjög vel í minni því að ég var staddur í þessum heimshluta þegar innrás Indónesa hófst, en síðan er ekki mikið meira um það sagt. Hins vegar er staðreyndin sú að sennilega er hvergi í heiminum viðbjóðslegra þjóðarmorð í gangi en einmitt á Austur-Timor. Frammistaða Indónesa í mannréttindamálum sl. 20–30 ár er svo fyrir neðan allar hellur að sennilega þarf að fara til ára seinni heimsstyrjaldarinns og Hitlers- og Stalínstímans til að finna einhverjar hliðstæður. Það er mat margra sem hafa fylgst með málum í Indónesíu og sérstaklega á Austur-Timor að það láti nærri að hálfri þjóðinni, sem byggði Austur-Timor áður en innrás Indónesa hófst, hafi verið slátrað. Í reynd er það með ólíkindum að velmegandi þjóðir og vestrænar skuli láta Indónesíu komast upp með það sem hún hefur gert árum og áratugum saman án þess að séð verði að sjáanlegir tilburðir séu til að þvinga þá til þess að láta af stefnu sinni.

Ég er hér, herra forseti, með ársskýrslu Amnesty International fyrir sl. ár eða þá sem kom út á síðasta ári og er þá um ástand mannréttindamála í heiminum á árinu 1990. Ég fór í það að lesa dálítið í þessari skýrslu núna þegar ég var að undirbúa mig undir þessa umræðu. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er langt síðan ég hef lesið annan eins texta og mér hefur orðið jafnórótt af lestri. Þar er til að mynda ekki fallega sagt frá ástandi mannréttindamála í Indónesíu og á Austur-Timor og eru þó reyndar ekki af hálfu Amnesty sagðar þar jafnhroðalegar sögur og ýmsir sérfræðingar, t.d. óháðra bandarískra samtaka sem þarna hafa verið, hafa sagt og ég vitnaði m.a. í áðan.

Líka er fjallað um Brasilíu í ársskýrslu Amnesty International og það er annað svæðið sem ég ætla að ræða um og hefði átt að vera í skýrslu utanrrh. undir liðunum „Svæðisbundin átök, ófriður eða mannréttindamál". Ég vil segja það í leiðinni að ég tel að skýrslunni sé ákaflega áfátt hvað það snertir að mannréttindamálum sem slíkum eru ekki gerð sjálfstæð skil í skýrslunni. Þau eru að vísu nefnd á nokkrum stöðum þar sem við á t.d. undir liðum sem varða starfsemi Sameinuðu þjóðanna. En ég hefði alveg talið ástæðu til þess að það væri kafli um stöðu mannréttindamála í heiminum í þessum skýrslum og ég bendi á það til umhugsunar fyrir framtíðina að framvegis verði skýrslurnar þannig uppbyggðar, sérstaklega ef þær verða nú

jafnmyndarlegar í pappír mælt eða blaðsíðutali eins og þessi er, þá er nóg pláss fyrir nokkurra blaðsíðna sjálfstæða umfjöllun um stöðu mannréttindamála í heiminum. Eða er það kannski þannig, herra forseti, að mannréttindamálin séu að fara úr tísku? Er það virkilega þannig að ekki sé lengur eins fínt að ræða um ástand mannréttindamála eftir að kommúnisminn hrundi í Austur-Evrópu, blessunarlega, sem við allir fögnum eins og kunnugt er og hæstv. forseti veit manna best?

Það var auðvitað gott að menn héldu vöku sinni gagnvart bágbornu ástandi mannréttindamála í kommúnistaríkjum og því miður voru þeir hlutir oft mjög slæmir. Þar voru menn t.d. í stofufangelsi og jafnvel dæmdir í þrælkunarbúðir fyrir litlar eða upplognar sakir og þar var lítið eða ekkert prentfrelsi o.s.frv. En hitt held ég að hið alþjóðlega samfélag ætti að hafa manndóm í sér til að horfast í augu við að stórfelldar slátranir á fólki voru þó ekki þar að því er best er vitað á síðustu áratugum. Það mun hafa verið talsvert um slíkt þegar verst lét í þeim efnum á tímum Stalíns heitins sem dó nokkru áður en ræðumaður fæddist og var afhjúpaður með frægri ræðu á fæðingarári mínu. Þess vegna hef ég átt erfitt með að finna til mikillar samsömunar með þeirri persónu í sögunni að ég skyldi fæðast á sama árinu norður í Þistilfirði. Það er nú frekar tilviljun en hitt að ég beri þar með einhverja stórkostlega ábyrgð á persónunni Jósef Dzhúgashvíli Stalín. En ég er aðeins að rifja þetta upp vegna þess að ég sakna nokkuð úr umræðunni upp á síðkastið þess krafts sem var á köflum í umræðum um mannréttindamál. Ég spyr mig að því, er það virkilega svo að mannréttindamál séu farin úr tísku af því að núna er fólki slátrað annars staðar en í einhverjum sérstökum kommúnistaríkjum, t.d. ríkjum sem eru undir verndarvæng Vesturlanda og af valdamönnum sem njóta stuðnings og blessunar Vesturlanda? M.a. ætlar öll heimsbyggðin að heimsækja slíkan morðingja innan skamms í Brasilíu.

Ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins upp úr skýrslu Amnesty International um ástand mannréttindamála í Brasilíu. Ég held að Alþingi Íslendinga hafi gott af því að heyra það hafi menn ekki lesið þetta sjálfir nú þegar. Ég verð að biðja hæstv. forseta að sjálfsögðu leyfis eins og venjulega en taka það jafnframt fram að textinn er nokkuð óhuggulegur, en ég ætla þó að grípa niður í hann og tek þó ekki nema fáein dæmi, því miður, af því sem þarna er sagt. Um Brasilíu er sagt í ársskýrslu Amnesty International 1991, um ástand mannréttindamála á árinu 1990, og ég leyfi mér að þýða þetta lauslega og vísa í frumtextann sem hægt er að fá, t.d. hjá samtökunum Amnesty International á Íslandi eða á bókasafni Alþingis ef menn vilja:

„Dauðasveitir drápu hundruð manna, oft við aðstæður sem teljast verða utan laga og réttar. Verkalýðsleiðtogum svæðisbundinna verkalýðssamtaka var hótað með dauða og drepnir af lögreglumönnum í fríum og byssumönnum að því er talið er. Ellefu manns eru skráðir týndir á árinu og líkamsleifar meira en þúsund einstaklinga fundust í leyndri gröf í Sao Paulo. Af þeim voru a.m.k. átta taldir vera horfnir pólitískir fangar frá fyrri árum. Pyndingar og ill meðferð fanga heldur áfram. Sáralítill eða enginn árangur varð af opinberum rannsóknum í málefni fanga. Bændur, sem áttu í landadeilum, hurfu, voru teknir fastir án heimildar og án dóms og þeim haldið í einangrun við slæman aðbúnað."

Svo segir á öðrum stað: „Dauðasveitir sem oft samanstanda af lögreglumönnum í fríum myrtu hundruð manna, þar á meðal ung börn og unglinga. Í sumum tilvikum að því er talið er samkvæmt samningum við viðskiptamenn sem greiddu fyrir verkin. Yfirvöld í Río de Janeiro, borginni sem á að hýsa umhverfisráðstefnuna, telja að um 500 börn hafi verið myrt á árinu 1990, flest þeirra af dauðasveitum. Oft reyndist erfitt að þekkja meðlimi dauðasveitanna þar sem þeir iðulega voru staðnir að því að drepa jafnframt þá sem þeir töldu hafa orðið vitni að atburðunum. Þann 30. apríl gerðist það í fátækrahverfinu Diadema í Sao Paulo að vopnaðir en óeinkennisklæddir menn skutu og drápu Marcello Rosa de Oliveira 17 ára að aldri og bróður hans, Marcos Rosa de Oliveira, 18 ára að aldri, fyrir þá sök eina að unglingarnir afhentu ekki verkalýðsskírteini sín. Einni klukkustund síðar réðust fjórir eða fimm vopnaðir menn í borgaralegum klæðum á sex unglinga á nálægu götuhorni. Samkvæmt skýrslum sjónarvotta voru ungmennin sex á aldrinum 15–21 árs látin leggjast í götuna með andlitin niður, byssumennirnir skutu síðan fimm af sex til bana og særðu þann sjötta alvarlega. Þessi dráp voru dæmigerð fyrir aðferðir dauðasveitanna."

Herra forseti. Ég ætla ekki að lesa meira upp úr þessari skýrslu en hér er á nokkrum blaðsíðum fjallað í sama dúr um ástand mannréttindamála í Brasilíu. Þess vegna er það, herra forseti, að mínu mati ekki gott að í skýrslu hæstv. utanrrh. skuli ekki minnst á Suður-Ameríku. Hún verðskuldar að mati hæstv. utanrrh. greinilega ekki sjálfstæðan kafla. Vel getur verið að menn telji það alvarlegra að átök standi vopnuð milli herja en staðreyndin er nú sú að í nútímahernaði með þeirri fjarlægð sem aðskilur herina er mannfall oft og tíðum sáralítið í samanburði við þær slátranir sem standa yfir t.d. í Brasilíu og í Indónesíu. Mannfallið þar er margfalt á við það sem gerist jafnvel í vopnuðum átökum sem fylla fréttir heimsfjölmiðlanna dögum og vikum saman. Ég held að hv. þm. þyrftu að lesa þessa skýrslu Amnesty International sem hafa orð fyrir það að vera mjög áreiðanleg samtök og reyna samkvæmt bestu getu að sannreyna allar upplýsingar sínar áður en þær eru birtar. Þess eru sem betur fer sárafá dæmi að upplýsingum frá þeirra hendi sé ekki fullkomlega treystandi.

Þetta er nú ástandið í henni Brasilíu og hef ég þó t.d. ekkert minnst á þær slátranir sem standa yfir á frumstæðum ættbálkum á Amazon-svæðinu þar sem menn eru í óða önn að brenna upp regnskógana, m.a. fyrir erlent kapítal, og eitt ágætis firma frá Evrópubandalaginu varð einmitt uppvíst að því nú á dögunum að vera þar blóðugt upp að öxlum í landvinningum og við að hrekja indíána af löndum sínum. Það er

einmitt þessi Brasilía og þessi borg, Río de Janeiro sem heimsbyggðin ætlar að heimsækja og húsvitja hjá núna á næstunni. Mér þykir leitt að segja þetta hér að hæstv. umhvrh. viðstöddum og auðvitað er það ekki svo að við séum á þennan hátt að gera lítið úr mikilvægi umhverfismálanna og ráðstefnunnar sem slíkrar. En ég verð að segja það alveg eins og er hafandi m.a. lesið þessa ársskýrslu Amnesty International um ástand mannréttindamála í Brasilíu til viðbótar auðvitað frammistöðu þeirra í umhverfismálum að þá undrar það mig að menn skyldu að lokum velja þennan stað fyrir þessar athafnir.

Ég spyr mig sem sagt að því, herra forseti, eru mannréttindamál komin úr tísku af því að menn telja sig ekki lengur sérstaklega finna þeim stað í kommúnistaríkjum austan tjalds sem var auðvitað mikið til umfjöllunar hér á undanförnum árum? Því miður er reyndar ástæða til að óttast að e.t.v séu nú kannski mannréttindi ekki að öllu leyti fullkomlega tryggð um aldur og ævi í þeim ríkjum. Alla vega virðist manni t.d. þroski vina okkar í Eystrasaltsríkjunum á því sviði takmarkaður þegar maður fylgist með þeim viðhorfum sem þar skjóta nú upp kollinum, t.d. í minni hluta þjóðarbrota frá öðrum fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna sem þar búa.

Svo á ég eitt svæði eftir enn sem ég ætla að nefna og það vantar líka því miður í skýrslu hæstv. utanrrh. og það land heitir Tyrkland. Þar býr m.a. að hluta til þjóð sem heitir Kúrdar. Það er eins með aumingja Kúrdana og ýmsa fleiri að þeim hefur gengið ákaflega illa að komast í tísku og fá athygli umheimsins á sínum vandamálum. Þeim var eins og fleirum bútað í sundur og þeir settir inn í ein þrjú lönd eða fjögur við landamæradráttarkort hér á sínum tíma og búa við það enn, þessi tiltölulega fjölmenna þjóð og að mörgu leyti merka menningarþjóð með langa sögu og mikinn arf, að fá ekki að mynda landamæri utan um sig. Sjálfsákvörðunarréttur þeirra virðist ekki mikils virði og eru þó Kúrdar þjóð með sameiginlega tungu og arf sem telja um 30 millj. Það er þessi vestræna lýðræðisþjóð, bandalagsþjóð okkar, Tyrkir, sem á þarna m.a. hlut að máli.

Það er lítillega minnst á Kúrda í skýrslu utanrrh. og þá er það sá drýsildjöfull Saddam Hussein auðvitað sem er til umfjöllunar og má margt ljótt um hann segja og þar á meðal skelfilegar aðfarir hans að Kúrdum og nánast tilraunir til þjóðarmorðs á þeim hluta Kúrda sem búa í Írak. En því miður er svo að hlutur Tyrkja er ekki heldur par góður í þessu sambandi. Sennilega er nú kannski ekki á síðari árum að finna hliðstæður við jafnmyndarlegar tilraunir til jafnstórkostlegrar stórslátrunar á fólki af hálfu Tyrkja eins og er hjá Saddam Hussein. En þó er það sennilega þannig að næstverstur þeirra þjóða sem Kúrdar eiga mál við er hlutur Tyrkja. Ekkert er sagt um það í skýrslu utanrrh., ekki minnst á þessa vestrænu lýðræðis- og bræðraþjóð okkar, Tyrkland, sem er að murka lífið úr Kúrdum. Ég spyr mig aftur að því er það vegna þess að mannréttindamál eru ekki í tísku ef brotin eru í Tyrklandi? Getur það hugsast?

Þá ætla ég aftur að lesa hérna fyrir hv. Alþingi úr skýrslu Amnesty International og leyfa mér að þýða lauslega eina af mörgum ljótum dæmisögum um ástand mannréttindamála í Tyrklandi. Þar er fjallað á mörgum blaðsíðum um ástand mála hvað varðar t.d. pólitíska fanga. Þar segir að þúsundir pólitískra fanga séu í fangelsi og flestir af þeim teljist samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna samviskufangar. Hundruð pólitískra fanga síðan dæmdir til fangelsunar eða dauða með dómstólameðferð sem ekki svarar alþjóðlegum kröfum um réttlát réttarhöld. Sem sagt: Tyrkneska dómstólakerfið, sem í þessu tilviki er notað til að dæma menn hundruðum saman til dauða, er ekki viðurkennt sem nægjanlega vel úr garði gert til þess að tryggja réttláta málsmeðferð.

Pyndingar halda áfram, eru víðtækar og kerfisbundnar, segir hér í skýrslu Amnesty International. Í sumum tilvikum hafa þær leitt til dauða fórnarlambanna. Sjö fraskir Kúrdar, sem sumir voru viðurkenndir sem flóttamenn samkvæmt flóttamannaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, voru sendir aftur til Írak og þá vita menn hvað beið þeirra þar.

Svo segir hér á einum stað: Einn af hundruðum pólitískra fanga sem hefur borið að hefur verið pyndaður á árinu 1990 var Mesút Boskúrt. Hann var tekinn höndum á skrifstofu blaðsins „Yenigösum" sem þýðir „New Solution", eða nýjar lausnir, þegar ráðist var á það af lögreglunni í febrúar. Hann var færður til höfuðstöðva lögreglunnar í Izmir og hann ber að þegar hann neitaði að skrifa undir tilbúnar yfirlýsingar um að hann væri meðlimur ólöglegra samtaka var hann pyndaður, sprautað á hann köldu vatni undir þrýstingi, eistu hans voru kreist, rafstraumi var hleypt gegnum líkamann og honum að lokum nauðgað með lögreglukylfu. Sökum þess að hann var blindaður, eða bundið fyrir augu hans allan tímann, þá 16 daga sem hann sætti pyndingum í fangelsi gat hann ekki borið kennsl á þá sem pynduðu hann. Mesút var virtur blaðamaður nokkuð þekkts blaðs sem m.a. hafði á sér gott orð á Vesturlöndum og hafði nokkuð reynt að hamla gegn mannréttindabrotum í Tyrklandi.

Kannski er þetta bara ástæðulaust og þvermóðska af manni að vera að reyna að tala um þessa hluti hér og aðrir og merkilegri hlutir eigi að fylla mörg hundruð blaðsíðna skýrslur hæstv. utanrrh., en ég, herra forseti, leyfði mér að fara svolítið í það að líta yfir stöðu mannréttindamála á nokkrum svæðum í heiminum þegar ég sá að ákaflega fátæklega var að þeim vikið hér í skýrslunni. Ég geri það líka vegna þess að mér finnst dálítil slagsíða vera orðin á umræðum um þessa hluti almennt í heiminum, sérstaklega hér á Vesturlöndum og kennir þar sennilega þess að menn hafa í bjartsýni sinni, sem að nokkru leyti er réttlætanleg eftir fall kommúnismans í Austur-Evrópu, stundum farið að tala eins og þar með væru í raun og veru öll vandamál úr sögunni, af því að svona ástand mála, mannréttindabrot og pyndingar, hefðu fyrst og fremst verið bundin við þetta ómennska kerfi flokkseinræðisins austan járntjalds. En það var því miður ekki svo og er því miður ekki svo. Mannréttindabrot, átök, slátranir á

fólki í stórum stíl, eiga sér stað vítt og breitt um heiminn og ég hef hér ekki rætt fjölmörg önnur svæði sem þarna mætti nefna til sögunnar.

Mér finnst sofandaháttur hinna velmegandi þjóða um þessa stöðu mála með ólíkindum nú um stundir. Hvar eru viðskiptaþvinganirnar gagnvart Brasilíu? Er það virkilega svo að það sé engin ástæða til þess að lyfta litla fingri í pólitískum samskiptum eða viðskiptalegum við þjóð eins og Brasilíu sem er ber að því að slátra börnum svo hundruðum og þúsundum skiptir? Og það jafnvel opinberir sýslunarmenn og löggæslumenn sem standa fyrir því. En síðan er mönnum býsna tamt að grípa til slíkra refsiráðstafana ef þeir menn eða þau ríki sem í hlut eiga eru í minna pólitísku vinfengi við Vesturlönd.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst t.d. frammistaða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum með ólíkindum vegna þess að mannréttindamál eru ekki innanríkismál. Eins og hlutir hafa þróast á undanförnum árum þá er það viðurkennt af öllum, m.a. öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna sem skrifað hafa undir Mannréttindasáttmálann, að þau eru ekki innanríkismál og það er nákvæmlega jafnheimilt samkvæmt stöðu mála hjá Sameinuðu þjóðunum að beita viðskiptaþvingunum á Brasilíu vegna mannréttindabrotanna þar eins og það er á Írak eða Líbýu eða aðrar slíkar fyrir aðrar sakir. Ég er meira að segja ansi hræddur um það, ég hafði að vísu ekki tíma til að fletta því upp, herra forseti, en ég er ansi hræddur um að sumar af þeim þjóðum sem ég hef hér verið að nefna og eru berar að jafnofboðslegum mannréttindabrotum og raun ber vitni séu í hópi hinna útvöldu þjóða bestukjaraviðskipta, t.d. af hálfu Bandaríkja Norður-Ameríku. Ég er ansi hræddur um að svo sé nú með margar þessar þjóðir. Og þess vegna m.a., herra forseti, tók ég líka með mér eldri skýrslur, að mér finnst í þeim að nokkru leyti betur tekið á mannréttindamálunum heldur en nú er. Bæði í skýrslu hæstv. fyrrv. utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, og jafnvel að nokkru leyti í skýrslu hæstv. núv. utanrrh., þeirri fyrstu sem hann lagði fram á Alþingi á árinu 1989.

Ég læt nú lokið umfjöllun um þetta efni, herra forseti, þennan dapurlega kafla, enda engin gleðilestur og ég skil það vel að menn eigi erfitt með að hemja sig að öllu leyti undir þessari umfjöllun, en samvisku minnar vegna hef ég þó a.m.k. komið þessu hér á framfæri og vil með því m.a. gera mitt til þess að Íslendingar sofi ekki værum svefni á þessu sviði eins og mér virðist því miður allt of margir gera um þessar mundir.

Ég ætlaði svo að hvetja hæstv. utanrrh. til dáða á einu sviði enn og það er að fara að undirbúa brottför hersins því staðreyndin er auðvitað sú að hafi einhvern tímann einhver sérstakur tilgangur verið með veru hans hér þá er það í öllu falli augljóst mál að hann fer mjög dvínandi og er nánast þorrinn. Meira segja að mati hæstv. utanrrh. er bersýnilega ljóst að þar verður um mikinn samdrátt að ræða á næstu árum. Af þeim sökum tel ég, hvað sem mönnum pólitísk finnst eða finnst ekki um veru hans hér, að þá ættu menn að hafa manndóm í sér til að fara að mæta því með tilteknum ráðstöfunum gagnvart t.d. atvinnuástandi á Suðurnesjum. Og manna fremstur skal ég vera í þeirri sveit sem leggur eitthvað af mörkum í þeim efnum að reyna að búa mönnum þar nytsamlegri og þarfari störf en þeir hafa hingað til sýslað við í kringum herinn. Ég held að þar geti verið af ýmsu að taka, t.d. er það mitt mat að möguleikar þess svæðis geti verið verulegir í tengslum við þann flugvöll sem þar er og á sviði ferðamennsku, sjávarútvegs, matvælaframleiðslu og fleiri hluta.

Í því sambandi vil ég svo nefna málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem hér er fjallað um á bls. 70 í skýrslunni. Það er einn dapurlegi kaflinn enn. Ég er ekki viss um að neinn hafi mátt vera að því að ræða það mál innan um stóratburðina og Evrópugauragangginn allan, en það er samt á bls. 70 í nokkrum línum fjallað um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og kemur þar fram aftast í klausunni að því miður stefni miðað við óbreyttar forsendur í 400 millj. kr. greiðsluhalla í árslok 1992. Reyndar er sagt „ef ekkert er að gert". Það hefur nú sannast sem sagt var af ýmsum um þessa hrapallegu byggingu, dýru og vitlausu sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar var, eins og að henni var staðið, að þar væru menn að hnýta sér þungar byrðar til frambúðar og þarf ekki frekar um það að deila. Ekki hef ég áhuga á því að vera að nudda mönnum upp úr mistökum og spyr fyrst og fremst um það: Hvað vilja menn gera til að reyna að bæta úr þessu ástandi? Það er auðvitað skaðlegt og ómögulegt að hafa þessa mikilvægu starfsemi sem þar er í og í kringum Flugstöð Leifs Eiríkssonar í því ástandi sem raun ber vitni. Það verður að ráðast í það að taka á þeim skuldahala sem þarna er og koma þeim málum í lag.

Það er og hefur lengi verið mín skoðun að málefni alls borgaralegs flugs á Keflavíkurflugvelli eigi að færast undir samgrn. og þar á ég að sjálfsögðu við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og aðliggjandi svæði, flughlöð, væntanlegt viðhaldsskýli Flugleiða, flugeldhús og aðra slíka starfsemi. Það á að breyta mörkum varnarsvæðisins, sem svo er kallað, þannig að þessi alíslenska starfsemi færist út fyrir þau og um leið undir forræði samgrn., sem að sjálfsögðu á að fara með þennan mikilvæga þátt samgangna eins og aðrar samgöngur í landinu. Af því stafar margs konar óhagræði að hafa þetta eins og það er og satt best að segja skil ég ekki hvers vegna menn drífa ekki í því að gera þetta, m.a. vegna þess að ein höfuðröksemdin fyrir byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á sínum tíma var aðskilnaður borgaralegrar og hernaðarlegrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Það er nú að mestu leyti að takast og má segja endanlega hvað farþegaflugið snertir þegar viðhaldsskýli Flugleiða verður risið og mér finnst rökrétt framhald af því að stíga þá skrefið til fulls og færa þessa starfsemi undir samgrn. Það er margs konar óhagræði af því að vera með þetta undir tveimur ráðuneytum. Það er afar umhendis fyrir samgrn., sem að öðru leyti fer með samgöngur og milliríkjasamgöngur þar á meðal, að þessi hlekkur samgangnanna skuli þar vera út undan.

Ég held líka að nýtingu Keflavíkurflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar mætti stórauka, það kæmi inn á stöðu atvinnumála á Suðurnesjum. Þar mætti með skynsamlegri beitingu gjaldskrár stórauka millilendingar og þjónustu við alþjóðlegt flug sem fer um okkar flugstjórnarsvæði, vaxandi flug tveggja hreyflna flugvéla yfir Atlantshafið eykur mikilvægi Keflavíkurflugvallar vegna þeirra reglna sem gilda um hámarksfjarlægð slíkra véla frá flugvelli á hverjum tíma. Það sem fyrst og fremst stendur því fyrir þrifum að við náum að nýta okkur þessa möguleika eru annars vegar gjaldskármál í þessu sambandi og hins vegar það forræði utanrrn. á þessum málum sem vegna þjónkunar við herinn og sambýlis við hann hefur að því er best verður séð sáralítinn áhuga á því að okkur Íslendingum nýtist þeir möguleikar sem Keflavíkurflugvöllur í þessu sambandi kann að hafa upp á að bjóða. Ég lét vinna, eftir því sem ég hafði aðstöðu til á sínum tíma sem samgrh., nokkuð að þessum málum en varð þó auðvitað að lúta því að forræði Keflavíkurflugvallar var og er því miður enn þá á hendi utanrrh. og því voru mínar tilraunir í þessum efnum ekki alltaf mjög vel séðar. T.d. var á sínum tíma það dæmalausa axarskaft unnið af hæstv. utanrrh. að koma í veg fyrir að við næðum samningum við Sovétríkin um loftferðarmál og ég hef grun um að viðkvæmni gagnvart stöðu Keflavíkurflugvallar hafi að nokkru leyti blandast inn í það, sem var auðvitað með öllu ástæðulaus og það er broslegt nú að hugsa til þess að það er ekki lengra en tvö til þrjú ár síðan að hæstv. utanrrh. taldi það m.a. standa í veginum í þessum efnum að sovéska flugfélagið Aeroflot væri að nokkru leyti herflugfélag. Nú er þetta flugfélag ekki til lengur, hefur liðast í sundur og tilheyrir lýðveldunum í mörgum pörtum undir nýjum nöfnum, og ærið broslegt að við skyldum fyrir þessar sakir missa af því að verða einhver fyrsta vestræna þjóðin til þess að gera loftferðarsamning við Sovétríkin sem væntanlega mundi halda enn þann dag í dag, a.m.k. við Rússland sem mestu máli skiptir, og hefði slíkur samningur tryggt okkur margs konar forskot og hagsmuni sem við hefðum að mínu mati verið litnir öfundaraugum af af öðrum þjóðum, en fyrir ákveðnar aðstæður hagaði því nú þannig til að á þessum tíma voru Íslendingar á undan öllum öðrum vestrænum þjóðum hvað það snertir að ræða slíka samningagerð við Sovétríkin.

Ég veit að hæstv. utanrrh. heyrir hvert orð sem ég segi og þess vegna ber ég hér fram til hans að honum óséðum en heyrandi spurningar um þessi efni: Er hæstv. utanrrh. tilbúinn til að ljá máls á því að forræði borgaralegs flugs, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og nálægra svæða, færist undir samgrn. og það geti orðið liður í því að byggja upp starfsemi af ýmsum toga í þessu sambandi á Keflavíkurflugvelli sem síðan yrði liður í eflingu atvinnulífs á Suðurnesjum í kjölfar og samhliða brottför hersins?

Í níunda lagi ætlaði ég lítillega að nefna viðskiptamál. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa um það mjög mörg orð. Það er fróðleg tafla á bls. 134 í skýrslu utanrrh. þar sem er að finna yfirlit yfir viðskipti okkar Íslendinga og utanríkisverslun m.a. Þar vekur m.a. athygli mína, þó þarna sé ekki um samanburð milli margra ára að ræða að þeirri lægð í útflutningi okkar Íslendinga til Bandaríkjanna sem verið hefur í uppsiglingu undanfarin ár, virðist nú hafa lokið með því að útflutningur þangað vex á nýjan leik, umtalsvert á milli áranna 1990 og 1991. Það eru að mínu mati athyglisverðar upplýsingar. Sama má reyndar segja um Japan. Þó að útflutningur þangað hafi verið jafnt og þétt vaxandi þá minnkaði hann milli áranna 1989 og 1990 en fer síðan aftur mjög vaxandi á árinu 1991 og er sennilega að hlutfalli sá hæsti í sögunni. Þetta finnast mér athyglisverðar upplýsingar m.a. inn í síbyljuna um vaxandi mikilvægi Evrópumarkaðarins sem ég set spurningarmerki við. Hvað er það sem segir okkur að það verði eitthvert endalaust áframhald á því að Evrópumarkaðurinn vaxi að mikilvægi? Ég segi: Ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé stórkostlega skaðlegt íslenskum hagsmunum hversu mikið hefur dregið úr útflutningi okkar á Bandaríkjamarkað. Ég tel að það sé geysilega mikilvægt atriði til að tryggja hér stöðugleika og jafnvægi og fleyta okkur yfir sveiflur sem óhjákvæmilega hljóta að verða í þessum efnum að við reynum að hafa sem sterkasta stöðu á sem flestum mörkuðum. Og það hversu Bandaríkjamarkaður hefur farið niður á undanförnum árum er tvímælalaust óhagstætt í þeim efnum. Ég fagna því þess vegna að sjá á nýjan leik vöxt í útflutningi á Bandaríkin, vona að sú þróun haldi áfram og minni þá menn á það sem ekkert sjá annað en Evrópu, að það eru fleira peningar heldur en mörk eða pund. Dollarinn er enn nokkuð merkileg mynt í heiminum og ef hann ætti t.d. eftir að styrkjast meðal gjaldmiðla á næstu mánuðum eða missirum þá er alveg borðleggjandi að á nýjan leik munu aukin útflutningsviðskipti okkar Íslendinga leita þangað.

Við höfum að nokkru leyti búið við sömu þróun hvað snertir ferðaþjónustu að fjöldi ferðamanna frá Bandaríkjunum hefur hlutfallslega farið minnkandi fram undir það síðasta. Þar er maður þó að vona að þetta geti verið að snúast við aftur og með nákvæmlega sömu rökum tel ég að það sé mjög af hinu góða að við höfum fleiri egg í körfunni á því sviði viðskipta eins og öðru.

Að lokum, herra forseti, hafði ég hugsað mér að draga þetta lítillega saman og ræða aðeins um breytta heimsmynd sem nokkuð hefur verið til umfjöllunar í þessum umræðum öllum og hefja nú umræðuna á nýjum degi sem er nýlega runninn upp með því að ljúka mínu máli á þeim þáttum.

Margt er auðvitað í deiglunni, eins og menn þekkja, og ég hef hér ekkert nefnt fjölmargt sem gaman hefði verið að víkja að, t.d. hina miklu viðræðulotu á vettvangi GATT, kennda við upphafsfundinn í Punta del Este í Úrúgvæ og það urðu örlög mín að sinna um skeið. En það bíður síns tíma og hefur reyndar nýlega verið nokkuð rætt hér á þinginu. Þar vonar maður að sjálfsögðu að niðurstaða fáist sem geti farsæl og réttlát kallast fyrir alla aðila. Það eru því miður blikur á

lofti með það að mínu mati. Ég hef áhyggjur af því og er þar kannski með nokkuð önnur sjónarmið en margir aðrir, að sú niðurstaða sem þar sé í sjónmáli helst, ef einhver verður, sé langt frá því að vera nógu hagstæð þriðja heims ríkjum og þróunarlöndum, eins og látið er stundum í veðri vaka. Því miður er það svo að stórveldin eru þar fyrst og fremst að bítast um sína innbyrðis hagsmuni, og þó aðallega Norður-Ameríka og Evrópubandalagið, og þar verða nú smáfuglarnir ekki mikið fyrir þeim satt best að segja eða til mikillar fyrirstöðu, ef svo ber undir, þegar hagsmunabarátta þessara risa er á fullu.

Ég tel t.d. að það sé að verulegu leyti misskilningur að sú niðurstaða sem helst hefur verið í sjónmáli á sviði vefnaðarvöruviðskipta og textílsviðsins sé þróunarlöndunum nógu hagstæð. Það er því miður alls ekki svo, m.a. vegna þess að Bandaríkin ætla sér að halda í ýmiss konar takmarkanir. Sama á við á ýmsum öðrum sviðum viðskipta þar sem þeir telja sig sérstaklega þurfa að vakta sína hagsmuni. Þeir ætla sér áfram að beita innflutningskvótum og takmörkunum á ýmsar vörur.

Nýlega er komin fram skýrsla sem á að sýna að hætturnar í þessu sambandi, til að mynda ef samningasáttatillaga Dunkels yrði að veruleika eða annað því um líkt, séu minni en menn hafa talið. Ég segi: Betur að satt reynist. Því miður hef ég ekki haft mikinn tíma til að kynna mér þá skýrslu en ég hef þó þegar séð að í henni er byggt fyrst og fremst á ákveðinni og mjög bjartsýnni túlkun á möguleikum Íslands til þess að hagræða sér í vil þannig skilgreiningum að við getum lagt af stað í það ferli með nokkurt forskot. Galdurinn er ekki flóknari en svo að mér sýnast höfundar skýrslunnar gefa sér að við Íslendingar getum teygt á kerfinu þannig að við getum byrjað með 20% yfirtollun verndartollanna. Og þau 20%, sem að vísu minnki um 15%, dugi okkur til þess að halda jöfnu út gildistíma núverandi búvörusamnings. Þar með sé vonandi hægt að verja hann að mestu. Að mínu mati er það sýnd veiði en ekki gefin að okkur dugi þessi ákvæði svona. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð enda kann það að fara svo að þetta verði rætt einhvern tíma síðar. Ég segi bara þetta: Betur að satt reynist að þarna séu okkur meiri möguleikar opnir en ýmsir hafa óttast og þá er það vel.

Málefni Austur-Evrópu eru nokkuð fyrirferðarmikil í skýrslunni, sem og auðvitað Evrópu-umræðan. Þar verð ég að segja alveg eins og er, og hef reyndar áður sagt á þinginu, að ég tel frammistöðu Vesturlanda langt frá því að vera eins myndarlega og þurft hefði. Það er alveg ljóst að menn eru þarna með geysilega hættulegar og vandasamar aðstæður í höndunum þar sem er nánast sú algjöra sundurlimun stórveldis og upplausnarástand að ýmsu leyti sem við tekur þegar sterkt miðstjórnarvald hverfur úr sögunni og ákaflega vanburða stjórnvöld í einstökum lýðveldum eða héruðum þurfa mjög skyndilega að taka við málum, hafandi kannski ákaflega litlar forsendur til þess að taka sín mál þannig allt í einu í sínar hendur.

Fyrst og fremst eru þó áhyggjurnar bundnar við efnahagsmálin og atvinnulífið sem þarna er meira og minna að hruni komið. Út af fyrir sig held ég að ástæða væri til bjartsýni á það að menn mundu ná á skömmum tíma að byggja upp stjórnkerfi og taka upp lýðræðislega stjórnunarhætti ef aðrar forsendur væru fyrir hendi, svo sem stöðugt atvinnuástand og sæmilega þróað efnahagslíf. En svo er því miður ekki. Það er kannski til lítils hér uppi á Íslandi um hánótt að vera að ræða um það hvað hið alþjóðlega samfélag gæti gert í þessu sambandi, en ég leyfi mér þá að segja að ég tel að við Íslendingar ættum í því litla sem við erum megnugir auðvitað að standa okkur betur. Og nefni ég þá enn hið hörmulega klúður hæstv. ríkisstjórnar og bankayfirvalda með síldarútflutninginn á sl. vetri.

Í sambandi við hina breyttu heimsmynd er auðvitað ýmislegt til umræðu. Ég er tiltölulega bjartsýnn á heildina tekið í þessum efnum og bind við það vonir að framþróun mannkynsins sé í sjálfu sér um margt á farsælli brautum nú en maður hefur stundum á undanförnum árum haft ástæðu til að vona. Ég bind t.d. vonir við það að menn muni í vaxandi mæli taka á umhverfismálum á næstunni og það verði ekki bara orðin tóm. Ég bind vonir við það að menn þrói alþjóðlegt öryggiskerfi og að réttarstaða smáþjóða og þjóðarbrota verði betur og meira viðurkennd en orðið hefur að undanförnu.

Þess vegna er það, herra forseti, að mínu mati ákaflega dapurlegt — og kem ég þá að því allra síðasta sem ég ætlaði að ræða — þegar inn í umræðurnar blandast rödd úr fortíðinni, ég segi nú ekki rödd úr gröfinni, eins og hér gerði í dag. Og það er slíkur kaldastríðsgustur í málflutningi að það fer næstum hrollur niður bakið á manni. Ég er að vísa til ræðu sem hv. 3. þm. Reykv. flutti hér fyrr í dag í þessum sal. Mér heyrðist helst á hv. 3. þm. Reykv. að hann vildi setja hér ýmsa menn í einhvers konar allsherjar sögulegan rannsóknarrétt og ég verð að segja að ég held að hv. 3. þm. Reykv. búi við einhvern þann ofboðslegasta fortíðarvanda sem ég hef nokkurn mann vitað gera í þessum efnum.

Það var að vísu svo, og ætti ekki að koma manni mikið á óvart, að lengi var það nú þannig að manni virtist Morgunblaðið vera eini fjölmiðillinn á Vesturlöndum sem hafði ekki áttað sig á því að kalda stríðinu var lokið. Og hv. 3. þm. Reykv. mun hafa komið eitthvað nálægt því að skrifa um utanríkismál í það blað og var þá skylt skeggið hökunni. Reyndar er það svo að ég er ekki frá því að Mogginn hafi heldur braggast eftir að hv. 3. þm. Reykv. hvarf úr ritstjórninni á þessu málasviði. Mér finnst gæta þar jafnvel frjálslegri viðhorfa en áður. En um þessa ræðu hef ég í sjálfu sér ekki mikið meira að segja en þetta, mér finnst þetta heldur dapurlegt og ég veit ekki hvaða lausn felst í því að fara í slíkar sögulegar rannsóknarréttarstellingar eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði hér. Ég hefði t.d. talið það miklu uppbyggilegra ef hv. 3. þm. Reykv. hefði af þeirri upplýsingu, sem honum er gjarnan lagið að reyna að fjalla um hlutina, talað um ýmis vandamál nútímans og framtíðarinnar í hinu alþjóðlega samfélagi.

Mér finnast síendurteknar tilraunir hv. 3. þm. Reykv., sem ég túlka svo til þess að réttlæta vígbúnaðarkapphlaup og að telja að það hafi einmitt verið vígbúnaðarkapphlaupið og kalda stríðið sem hafi tryggt frið og farsæld í heiminum, dapurlegar. Og sömuleiðis endalausar tilraunir til að nánast stimpla allar friðarhreyfingar og friðarsinna, sem á breytilegum tímum reyndu að koma vitinu fyrir mannkynið þannig að það væri ekki að sóa kröftum sínum og fjármunum með þessum óskaplega hætti í tilgangslaust og óþarft vígbúnaðarkapphlaup, að þá eigi nú alla að draga fyrir einhvern óskaplegan rétt og dæma það að þeir hafi allir haft rangt fyrir sér. Ég segi bara: Miklir menn erum við, við sem tökum okkar svona dómarahlutverk í hönd. Það nægja sem sagt ekki allar styrjaldirnar sem orðið hafa á undanförnum árum og allar milljónirnar sem hafa fallið fyrir vopnum í heiminum, það nægja ekki þeir óheyrilegu fjármunir í sveltandi heimi sem farið hafa í vígvæðinguna, það nægja ekki sem rök hv. 3. þm. Reykv. til þess að viðurkenna að einhver önnur sjónarmið en hans um að blessunin felist í vopnunum geti átt rétt á sér. Ég tel að hann umgangist a.m.k. ekki viðhorf önnur en sín eigin af mikilli virðingu þegar hann fjallar um hlutina og satt best að segja með svo fornaldarlegum og ómálefnalegum og ómerkilegum hætti að manni er til efs að það sé réttlætanlegt að vera að eiga við hv. 3. þm. Reykv. orðastað um þessi efni, eins og hann t.d. talaði hér í dag.

Það er nú þannig að mati sérfræðinga sem skoðað hafa eftirstríðsárasöguna og vígbúnaðarkapphlaupið og kaldastríðstímann að í þó nokkur skipti stóð mannkynið hársbreidd frá því að gereyðingarstyrjöld brysti á. Þetta eru þekkt tilvik úr sögunni og menn deila kannski um það hvort það hafi verið þrjár eða fimm sekúndur stundum sem voru til stefnu eða hvað hafi valdið því að þessu varð afstýrt eða að svo illa fór ekki. Stundum var það vegna stjórnmálaátaka svo sem eins og í Kúbudeilunni, þar sem mannkyn var kannski hársbreidd frá því að gereyðingarstríð brytist út. Í önnur skipti er jafnvel talið að það hafi verið af tæknilegum ástæðum þar sem allt vígbúnaðarkerfið var sett á fulla ferð vegna þess að menn fengu falskar aðvaranir um að árás væri í aðsigi. Og meiri hluti þess tíma, sem því miður er mældur í fáeinum mínútum, sem tekur að undirbúa svar við slíkri árás var á köflum liðinn þannig að hann var orðinn frekar mældur í sekúndum en mínútum, sá tími sem var til stefnu að afstýra því að vítisvélin færi í gang.

Og ég spyr bara hv. 3. þm. Reykv. — eða ég velti því fyrir mér, það er best að vera ekkert að spyrja hv. 3. þm. Reykv., ég efast um að það sé rétt af mér að gera það eða ég sjái ástæðu til þess — en ég velti því fyrir mér: Skyldi hv. 3. þm. Reykv. aldrei velta því fyrir sér hvort hann mundi tala eins ef í eitt skiptið af þessum nokkrum hefði ekki tekist að afstýra því að gereyðingarstyrjöld hefði skollið á?

Auðvitað er alltaf hæpið að ræða um söguna í þáskildagatíð. Það er mér ljóst. Því það er voðalega erfitt að fara að halda áfram ef maður byrjar á því að segja: Ef nú eitthvað hefði gerst svona en ekki hinsegin. En það er ekki hægt að halda því fram, því miður, að allar aðstæður hafi ekki verið fyrir hendi til þess að gereyðingarstyrjöld hefði getað skollið á. Eða halda menn að martraðir fólks úti um allan heim hafi verið tilefnislausar og á algjörum misskilningi byggðar? Það var tilvist þessa óhemjulega vopnabúrs stórveldanna, sem stóðu grá fyrir járnum hvort andspænis öðru, sem gerði það að verkum að allt mannkynið óttaðist þessa hluti áratugum saman. Og hefur kannski því miður ekki enn að fullu ástæðu til að hverfa alveg frá þeim ótta.

Ég verð að segja alveg eins og er að ekki mundi ég a.m.k. treysta mér til að tala af þeirri kokhreysti um þennan kafla mannkynssögunnar sem eru eftirstríðsárin og sú hrikalega uppbygging vígvéla sem þá átti sér stað, þegar mannkynið varð í fyrsta skipti, því miður, efnislega í stakk til að gjöreyða sjálfu sér, ekki einu sinni heldur mörgum sinnum.

Og hvað sem því líður og hvaða skoðanir sem við höfum á því, og kannski verðum við hv. 3. þm. Reykv. aldrei sammála um það hversu mikil ógn mönnum hafi í raun verið búin á þessum tíma, þá held ég að við getum ekki annað en orðið sammála um það að æskilegast væri að svona gereyðingarvopn væru ekki til og menn reyndu að vinna sig áfram til þess að tryggja öryggi sitt með öðrum hætti en þeim að hlaða upp slíkum vopnaforða.

Herra forseti. Þá ætla ég nú að fara að ljúka máli mínu og það gleður sennilega ýmsa. Sjálfum finnst mér þetta hafa verið heldur stutt ræða satt best að segja miðað við það sem hér er á dagskrá, og hef tiltölulega góða samvisku yfir því að hafa flutt hana. Hefði getað hugsað mér að tala um fjölmargt fleira í þessari miklu bók sem er skýrsla hæstv. utanrrh. Enda er það auðvitað svo að ef mönnum þykja ekki ástæður til þess að tala um utanríkismál á Íslandi nú við ríkjandi aðstæður í aprílbyrjun 1992, með allt sem hefur verið og er að gerast, ja þá veit ég ekki hvenær það verður. Ég bind svo vonir við það að sjálfsögðu að okkur Íslendingum takist gæfulega að leysa úr okkar málum, þó að ég neiti því ekki að mér finnst siglingin að ýmsu leyti ekki alveg nógu yfirveguð hjá ýmsum hv. ráðamönnum okkar, þar á meðal hæstv. utanrrh., og ég hef leyft mér að gagnrýna hann m.a. fyrir ógætileg ummæli framarlega í þessari skýrslu. Og þar sem það er nú upplýst að hæstv. utanrrh. nemi hvert orð sem hér er sagt þá bíð ég auðvitað spenntur (**Gripið fram í:** Og málvillurnar líka.) og málvillurnar líka, sem að vísu eru engar, þannig að það er nú misheyrn hjá hæstv. utanrrh. — en ég bíð spenntur eftir því að heyra hans svör hér, hvort sem þau verða flutt síðar í nótt eða seinna.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Ég vil aðeins koma því að að í ræðu minni fyrr í dag minntist ég ekki einu orði á hættuna á gjöreyðingarstyrjöld eða hættuna af gjöreyðingarvopnum. Ég tel að það sem hv. síðasti ræðumaður var að vísa til í minni ræðu hafi verið þær staðhæfingar mínar, sem eru réttar, að Alþb., flokkur hv. þm., hefur haft rangt fyrir sér í utanríkismálum í allri sögu sinni og allri sögu

íslenska lýðveldisins, hefur alltaf komist að röngum niðurstöðum við ákvarðanir og stefnumótun í utanríkismálum. Það var þetta sem ég rakti og var meginkjarni í máli mínu í dag að ítreka þessar staðreyndir og þær áttu ekkert skylt við mat á því hvort heimurinn hefði verið nokkrum sekúndum frá kjarnorkustyrjöld eða gjöreyðingarstyrjöld. Það var þessi punktur. Og á þessum punkti hefði ég vænst að hv. þm. reyndi að svara með einum eða öðrum hætti, en hann skorast undan að gera það. En þetta er það meginatriði og var meginkjarni í mínu máli í dag.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er að vísu nokkuð til í því hjá hv. 3. þm. Reykv. að að nokkru leyti var ég kannski að fjalla almennt út frá hans máli hér í dag og líka því sem hann hefur sums staðar annars staðar látið frá sér fara. Ég var að vísa dálítið almennt til hugmynda hv. 3. þm. Reykv. eins og ég hef skilið þær og meðtekið í gegnum tíðina, því það vill nú svo til að ég hef reynt að leggja mig nokkuð eftir því hvaða viðhorf hv. þm. hafi í þessum efnum, eins og aðrir, því að þetta málasvið læt ég mig nokkru varða.

Hitt er svo þetta sem hv. 3. þm. endurtekur hér, og mér finnst satt best að segja svo broslegt að það sé yfir það hafið að svara því mikið — að standa hér í ræðustólnum, setja sig hér í stellingar einhvers háyfirdómara. Hv. 3. þm. Reykv. virðist haldinn af því að hann sé einhver „Iudex Optimus Maximus" utanríkismálaumræðu á Íslandi. Þetta er ofmat, hv. 3. þm. Reykv. Og þó svo að menn séu ósammála og hafi verið ósammála er ekki þar með sagt að í því liggi úrskurður um að annar aðilinn hafi rétt fyrir sér og hinn rangt. Svo einföld er tilveran ekki, hv. 3. þm. Reykv. Mér er að vísu ljóst að hv. 3. þm. Reykv. á ekki litasjónvarp, hann sér hlutina í svarthvítri mynd og hefur jafnan gert og gerir enn, samanber þessa dapurlegu staðreynd sem er mönnum vonandi orðin ljós hér á þinginu og þýðir ekki annað en taka tillit til að hv. 3. þm. Reykv. situr fastur í áratugagömlum hugsunarhætti í þessum efnum og kemst ekki upp úr því hjólfari. Það er dapurlegt. En þó að svo sé þá hefði maður vænst þess að hv. 3. þm. Reykv. hefði þroska til þess að meðtaka þá staðreynd að stundum eru menn ósammála. Og þá er það þannig.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði vænst þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði bent okkur hér, þeim fáu þingmönnum sem að vísu erum enn hér í þessum sal, á eitt dæmi úr sögu lýðveldisins íslenska þar sem Alþb. hefur haft rétt fyrir sér í ákvarðanatöku um utanríkismál. Á eitt einstakt dæmi þar sem það hefur sannast að Alþb. hafi haft rétt fyrir sér eða forverar þess, Kommúnistaflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn, varðandi ákvarðanir um utanríkismál Íslendinga.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að úr því að hv. 3. þm. Reykv. situr við það að fara með þessa umræðu ofan í þetta barnalega far þá sé best að svara honum eins. Þó að það sé auðvitað ákaflega fávíslegt að fara að tíunda hér einhver dæmi.

Ég tel að Alb. hafi haft rétt fyrir sér þegar það var í fararbroddi baráttunnar fyrir því að færa út landhelgi Íslendinga, sem að sjálfsögðu var utanríkismál. Og það kom í hlut sjútvrh. Alþb. að vinna tvo af þremur stórsigrum í því máli. Ég tel að það hafi verið alveg hárrétt stefna hjá Alþb. Og ég tel að það hafi verið rétt hjá Alþb. á tíð viðreisnarstjórnarinnar að berjast fyrir og koma á dagskrá umræðum um útfærslu íslensku landhelginnar, þrátt fyrir það að Sjálfstfl. væri við völd og svæfi vérum svefni í þeim efnum í tólf ár og gerði ekki neitt í þeim efnum. Á þeim tíma tel ég að Alþb. hafi bersýnilega og augljóslega haft rétt fyrir sér en Sjálfstfl. rangt, að sinna ekki þeim brýnu hagsmunamálum Íslendinga. En að öðru leyti er þessi umræða að sjálfsögðu í raun og veru fyrir neðan það plan að maður leggi sig niður við það að vera að taka þátt í henni. Hv. þm. kemur hér upp og þykist geta talað eins og sá sem valdið hafi, söguskýringarnar og dómsvaldið sé allt í hans höndum, sé bara algjör alvaldur túlkandi, sjáandi, skýrandi og dómari þessara mála.

Ég hafði eiginlega ekki áttað mig á því fyrr en hér í kvöld að hv. 3. þm. Reykv. sé svona haldinn af sjálfum sér og sinni persónu að telji sig hafa frá guði fengið þessi völd. Þetta minnir mig á það sem maður hefur lesið í fræðibókum um hugsunarhátt hinna menntuðu einvalda sem töldu sig hafa fengið vald sitt frá guði, þegið vald sitt frá guði. Það er nú ekki svo, hv. þm. Reykv. Það er nefnilega þannig að skoðun hv. 3. þm. Reykv. er nákvæmlega ekki neitt merkilegri en annarra hv. þm. hér og ég held að það sé hollt fyrir hv. 3. þm. Reykv. að fara að átta sig á því ef hann ætlar að vera lengi á þessari samkomu. Því það er alveg ljóst að hann verður ekki lengi umgenginn af virðingu hér ef hann ætlar að reyna að hegða sér með þessum hætti og tala með þessum hætti og flytja mál sitt með þessum hætti almennt hér hvað varðar umburðarlyndi og virðingu fyrir mismunandi skoðunum manna.

Og ef það er svo að Alþb. hafi haft rangt fyrir þá hefur a.m.k. sá fimmtungur þjóðarinnar sem að meðaltali hefur fylgt því að málum líka haft rangt fyrir sér og það er þá ekki bara verið að dæma einhverja einstaka forustumenn Alþb. sem skýjaglópa, heldur líka alla þá sem hafa stutt það í gegnum tíðina og hafa verið þessi hluti þjóðarinnar. Og hefur sá hluti ekki átt rétt til sinnar skoðunar, hv. þm.? Er hv. þm. að tala fyrir öðru en því hér?

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður um utanríkismál hafa að vonum borist allvíða um. Til þess eru í raun og veru full efni vegna þess að bæði er nú skýrsla hæstv. utanrrh. býsna viðamikil og tekur á mjög mörgum þáttum og eins er fullt tilefni til þess í umheiminum að ræða málin á mjög víðum grundvelli þó ég verði að vísu að frábiðja mér tóninn sem mér fannst koma fram í máli hv. síðasta ræðumanns í þeim dúr að tala hér um svefn sjálfstæðismanna í landhelgismálinu, hafandi það

í huga að það voru sjálfstæðismenn sem voru í fararbroddi fyrir útfærslu landhelginnar í 200 mílur, eins og allir vita og menn eru hér inni sem glögglega gætu rifjað upp þá sögu, þó ekki sé sérstakt tilefni til þess að gera það hér og nú.

Ég nefndi það áðan að fullt tilefni gæfist til þess í heiminum í kringum okkur að fjalla um utanríkismálin á mjög almennum og breiðum grundvelli vegna þess að hér hafa verið að gerast á undanförnum árum stórkostlegir atburðir, þróunin í Evrópu annars vegar og hrun marxismans hins vegar, og ég tel ástæðu til að leggja áherslu á hið síðarnefnda alveg sérstaklega.

Ég tel rétt að minna á að það sem hefur verið að gerast í Austur-Evrópu er ekki hrun einstakra ríkja heldur hrun skoðunar, hrun hugmyndar sem hefur verið ráðandi og ríkjandi áratugum saman og hefur verið aflvaki stjórnmálahreyfinga, ekki bara í Austur-Evrópu heldur líka í Vestur-Evrópu og um heimsbyggðina alla og m.a. átt marga fylgjendur hér á landi. Það er ástæða til að rifja þetta upp alveg sérstaklega vegna þess að atburðirnir í Austur-Evrópu og hinum nú föllnu Sovétríkjum hafa verið hérna nokkuð til umræðu.

Hinn þátturinn sem hefur verið mjög fjallað um í þessum löngu umræðum um utanríkismálin hefur auðvitað lotið að Evrópumálunum sjálfum og þeirri merku Evrópuhugsjón sem þar liggur til grundvallar. Í því sambandi vil ég nefna tvö atriði sem ég hygg að séu grundvallandi fyrir það sem hefur verið að eiga sér stað í samruna Evrópu og þeirri miklu ummyndun og breytingu á Evrópu sem hefur orðið á síðustu árum.

Það er í fyrsta lagi auðvitað hin beiska lexía sem menn fengu af heimsstyrjöldinni síðari. Sú lexía kenndi fólki það og var auðvitað ástæðan fyrir því að strax að lokinni heimsstyrjöldinni fóru framsýnir hugsjónamenn að huga að því með hvaða hætti væri hægt að tryggja friðinn með auknu samstarfi Evrópuþjóðanna. Þetta er sú hugmynd sem býr að baki þeirri þróun Evrópu sem m.a. hefur verið að eiga sér stað á síðustu árum en auðvitað er hægt að rekja miklu lengra aftur í tímann.

Hinn þáttur þessarar Evrópuþróunar er vilji til þess að efla viðskipti þjóða í milli og sú trú að til þess að hægt sé að bæta lífskjör einstakra landa og einstakra ríkja þá þurfi að ryðja burtu tollamúrum og hindrunum gegn viðskiptum á milli ríkjanna. Þetta er auðvitað það sem að baki býr. Og þetta hafa Íslendingar skynjað með því að taka þátt af fullri einurð og fullri alvöru í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég minni í þessu sambandi á að allir stjórnmálaflokkar nema Samtök um Kvennalista hafa með beinum og óbeinum hætti komið að þeirri samningagjörð sem aðilar að ríkisstjórn og bera auðvitað þess vegna sameiginlega ábyrgð á samningaviðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, sem vonandi verður fullnaður innan skamms tekst okkur væntanlega að tengja okkur við þær miklu breytingar sem eru að eiga sér stað í Evrópu, og ég hef lýst hér fyrr í máli mínu, og fela það fyrst og fremst í sér að ryðja burt hindrunum fyrir viðskiptum þjóða í milli. En um leið tryggir það þá sérstöðu sem við viljum viðhalda sem íslensk þjóð í þessum margbreytilega og flókna heimi sem sífellt verður flóknari og margbreytilegri eftir því sem árin líða.

Það fer í sjálfu sér ekkert hjá því að á svona miklum breytingatíma þurfum við að taka fjölmargt til endurskoðunar, það sem áður virtist vera býsna einfalt og þurfti ekki mikillar skoðunar við í þeirri heimsmynd sem e.t.v. var ekki jafnflókin og hún er í dag. Þessar miklu breytingar kalla á endurskoðun, einnig á hugtökum sem okkur hafa verið töm. Í þessari umræði, ekki bara í kvöld og ekki bara í dag heldur að undanförnu í umræðunni Evrópumálin, hefur t.d. verið mjög flaggað hugtakinu „fullveldi". Og menn hafa sagt sem svo og talað um þetta í einu slengi, ef þannig má að orði komast, að við séum að falla frá fullveldi, falla frá sjálfstæði — án þess að menn geri þarna greinarmun á milli — með því að taka þátt í þessum Evrópuviðræðum.

Mér er að vísu ekki mjög tamt, og það verð ég að játa, að vitna í orð Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., en ég tel að þeir séu mjög fáir, ef þá nokkrir, sem hefur tekist betur að ræða einmitt hið breytta hugtak „fullveldi" í þeirri heimsmynd, sem við okkur blasir, en einmitt Steingrímur Hermannson sem forsrh. í afar athyglisverðri grein sem hann ritaði í Tímann þann 8. febr. á síðasta ári. Greinin var í raun og veru opið bréf til Hjörleifs Guttormssonar, ákafasta andstæðings hugmyndarinnar um hið Evrópska efnahagssvæði. Í þessari grein fjallar hann um nokkur þau álitamál, sem uppi hafa verið æ síðan og jafnvel þó nokkuð fyrr, um þessi Evrópumál og einmitt hugtakanotkunina, hugtakið fullveldi og hugtakið sjálfstæði. Og þar segir Steingrímur Hermannsson m.a., með leyfi forseta:

„Í samningnum [þ.e. í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði] er aðeins gert ráð fyrir einni yfirþjóðlegri stofnun. Það yrði dómstóll, eins konar hæstiréttur, sem yrði lokadómstóll þegar ágreiningur rís um framkvæmd samningsins."

Og hann segir jafnframt: „Við megum ekki ala með okkur þá minnimáttarkennd að okkar hlutur hljóti að vera fyrir borð borinn í slíkum dómstóli. Við mundum eiga þar dómara og höfum menn sem geta flutt okkar mál ekki síður en aðrir."

Og það er fleira mjög fróðlegt í þessari athyglisverðu grein sem Steingrímur Hermannsson ritaði í Tímann. Hann segir: „Hitt veist þú mætavel" — og beinir orðum sínum til Hjörleifs Guttormssonar — „að við tugi alþjóðasamninga sem við höfum gert hefur orðið að breyta íslenskum lögum svo sem á mannréttindasviðinu, sviði vinnulöggjafar o.s.frv. Rétt er að allt slíkt takmarkar sjálfsákvörðunarrétt okkar." — Ég kem að fullveldinu síðar. — „En þetta höfum við gert vegna þess að við höfum talið okkur það rétt eða skylt."

Og enn síðar í þessari athyglisverðu Tímagrein — og hér er mættur ritstjóri Tímans og kinkar kolli af mikilli velþóknun — ritar formaður Framsfl., fyrrv. forsrh., sem leiddi á þessum tíma, ásamt hæstv. utanrrh., Jóni Baldvin Hannibalssyni, þessar samningavið-

ræður, sem vonandi eru nú að fá farsælan endi, segir hann:

„Ég geri mikinn mun á fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti. Eins og fyrr segir takmörkum við iðulega sjálfsákvörðunarrétt okkar með alþjóðlegum samningum. Í flestum tilvikum getum við hins vegar dregið okkur út úr slíkum samningum, ef við viljum, og þannig endurheimt sjálfsákvörðunarrétt okkar. Sjálfsákvörðunarrétturinn takmarkast einnig af alþjóðlegu umhverfi, ástandi eða viðtekinni venju. Ef úr Evrópsku efnahagssvæði verður takmarkar það sjálfsákvörðunarrétt okkar á sviði viðskipta og efnahagsmála. Hins vegar er ekkert sem bannar að við drögum okkur út úr slíkum samningum og förum okkar eigin leiðir. Ég sé ekki að neinu sé þannig fórnað að slíkt yrði ekki framkvæmanlegt."

Svo mörg eru þau orð og nú læt ég staðar numið í upplestri mínum úr Tímanum.

Þetta segir okkur það að það ber í fyrsta lagi að gera mjög strangan greinarmun á hugtakinu „fullveldi" og hins vegar hugtakinu „sjálfsákvörðunarréttur". Og það ber jafnframt að vekja athygli á því að hér talar sá maður sem hefur haft hvað lengsta reynslu af þessum Evrópusamningum, bæði sem forsrh. og eins áhrifamikill stjórnmálamaður æ síðan og þess vegna hygg ég að það sé sérstakt tilefni til þess að taka verulega mark á því sem hann er hér að segja.

Það er að mínu mati ekki ástæða til þess að orðlengja miklu frekar um þessar viðræður um Evrópuþróunina en mig langar öllu heldur að víkja fremur að máli sem mér hefur ekki fundist fá nægjanlega athygli í þessari umræðu og það er staða GATT-samningsins — og nú hefði verið mjög æskilegt að hafa hér hæstv. utanrrh. því að ég þarf helst að eiga við hann orðastað um mál sem ég tel brýnt að fjallað sé um og hefur legið allt of illa í láginni, bæði í GATT-umræðunum sjálfum hér innan lands og almennt í þeirri utanríkismálaumræðu sem hér hefur átt sér stað. Mér er hins vegar sagt að utanrrh. hlýði af mikilli athygli á hvert orð sem hrýtur af vörum manna hér í ræðustólnum og ég hlýt að treysta því að hann sitji nú negldur við hátalarann í þingflokksherbergi Alþfl. milli þess sem hann ræður ráðum sínum við félaga sína. Og í trausti þess ætla ég ekki að trufla orðræður hans en læt mér duga að fjalla um þessi mál með þeim hætti sem eðlilegt er.

Við höfum á síðustu árum verið að upplifa mjög miklar breytingar í viðskiptalífi umheimsins. Fyrir það fyrsta hafa viðskipti almennt verið mjög að eflast og á árunum 1950–1984 gerðist það að á sama tíma og vöruframleiðslan í GATT-ríkjunum fimm- eða sexfaldaðist jukust heimsviðskiptin a.m.k. fimmtánfalt með þessar vörur. Þetta segir okkur það að þróunin í heiminum í viðskiptunum er í þessa átt. Viðskipti á öllum sviðum eru að aukast, frelsi til viðskipta er að vaxa. Þessarar þróunar hefur vitaskuld gætt í Evrópu, eins og margoft hefur komið fram, og hennar mun gæta og gætir í heiminum í kringum okkur. Þessi viðskipti eru líka að verða almennari og taka til stærri hluta heimsins. Ríki, sem áður áttu takmörkuð viðskipti, hafa núna verið að efla með sér viðskipti og þar er auðvitað nærtækast að taka dæmið frá okkur, viðskipti okkar Íslendinga við Suðaustur-Asíu.

Viðskiptin við Suðaustur-Asíu voru til skamms tíma, getum við sagt, fremur lítil en hafa tekið verulegum breytingum og aukist ár frá ári. Japan var fyrir ekki mjög mörgum árum ekki ýkja stór viðskiptaaðili Íslendinga. Tævan og Kórea voru nær óþekktir viðskiptaaðilar Íslendinga fyrir aðeins örfáum árum. Nú er hins vegar svo komið að þetta viðskiptasvæði er orðið eitt hið mikilvægasta fyrir okkur Íslendinga og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. að viðskipti til þessara þriggja landa, þ.e. Tævans, Japans og Suður-Kóreu, námu á síðasta ári um 8,5 milljörðum kr. Hér er þess vegna um að ræða afar mikilvæga viðskiptaheild fyrir okkur Íslendinga, sem undirstrikast þó alveg sérstaklega ef við skoðum það mál í ljósi þeirrar þróunar sem hefur verið að eiga sér stað í löndunum fyrir austan hið gamla járntjald, í Austur-Evrópu og gömlu Sovétríkjunum, þar sem viðskiptin gagnvart okkur hrundu á síðasta ári. Svo mikið hrun varð í viðskiptunum við Austur-Evrópublokkina gömlu á síðasta ári — og það hefði nú einhvern tíma þótt býsna einkennilegt að viðskipti Íslendinga, útflutningur Íslendinga til Austur-Evrópu nam á síðasta ári lægri upphæð en útflutningurinn til Færeyja einna, smáríkisins Færeyja einna.

Þetta segir okkur auðvitað að það er gjörbreytt mynd sem við okkur blasir. Og þessi gamla, mikilvæga viðskiptaheild, sem þarna var einu sinni til frá sjónarhóli okkar Íslendinga, hefur verið að minnka að þýðingu undanfarin ár og það kastaði auðvitað tólfunum sérstaklega á síðasta ári.

Nú er það þannig að auðvitað vonum við að með þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í Sovétríkjunum og í Austur-Evrópu — og nú kýs ég að kalla þessa ríkjaheild Sovétríkin, því að ég kann ekki alls kostar við þetta tal um Samveldisríkin, sem í mínum huga hafa allt aðra merkingu og minna mig á hið breska, gamla, glæsilega heimsveldi, á samveldisríki bresku krúnunnar sem ég ber mikla virðingu fyrir, og vil þess vegna ekkert rugla því saman við þetta samveldistal sem ég heyri nú í fjölmiðlum að er notað um hin gömlu Sovétríki — auðvitað vonum við það að Eyjólfur hressist og viðskipti okkar við hin gömlu Sovétríki og Austur-Evrópu eigi eftir að braggast að nýju. En það blasir hins vegar við að staðan er í þessum málum þannig í dag og þess vegna hljótum við Íslendingar, sem erum að reyna sem þjóð að efla okkar heimsviðskipti, að horfa mjög til Suðaustur-Asíu, sem er sá vaxtarbroddur sem hefur verið m.a. í utanríkisviðskiptum okkar.

Nú er það að vísu með þessi viðskipti eins og svo mörg önnur að þau eru býsna sveiflukennd og þau ráðast m.a. af því hvernig aflabrögð eru á einstökum fisktegundum. Suðaustur-Asía hefur verið mjög mikilvægur markaður fyrir grálúðu og fyrir karfa og fyrir loðnuafurðir, frystar loðnuafurðir, og eins og allir vita hafa verið miklar sveiflur í loðnuafla og raunar grálúðuafla líka. Þetta sést með því að skoða útflutningstölur fyrir Suðaustur-Asíu, fyrir Japan og fyrir Tævan og Suð-

ur-Kóreu, að sveiflurnar í útflutningi til þessara ríkja á árunum 1989–1991 hafa orðið býsna miklar. Hvað sem því líður þá er það engu að síður svo að útflutningurinn hefur verið býsna mikill og skiptir okkur stöðugt meira máli.

Ég vil minna á það í þessu sambandi að þegar umræðurnar um GATT stóðu sem hæst í byrjun þessa árs þá fór það svo að þær snerust að langmestu leyti um landbúnað. Út af fyrir sig geri ég ekki mikinn ágreining um það, ég tel að það hafi verið fullt tilefni til þess að ræða landbúnaðarþátt GATT-samkomulagsins. Hins vegar varð miklu minna úr umræðum um sjávarútvegsþátt GATT sem að mínu mati þó er afar þýðingarmikill. Ég varð þess vegna mjög ánægður þegar það varð niðurstaðan af samþykkt ríkisstjórnarinnar um GATT þann 10. jan. 1992 að álykta sem svo:

„Unnið verður að því að fá fram þriðjungslækkun allra tolla á sjávarafurðum til samræmis við aðra veruflokka. Enn fremur leggur Ísland áherslu á að sambærilegar tillögur og fyrir liggja um lækkun ríkisstyrkja til landbúnaðar nái einnig til sjávarútvegs."

Þess vegna hefði mér leikið mjög mikil forvitni á því að vita frá hæstv. utanrrh. — sem mér er kunnugt um að situr nú við hátalarann sinn og hlýðir af andakt á hvert orð sem hér hrýtur af vörum manna — hvað liði framkvæmd samþykktar ríkisstjórnarinnar hvað þessu viðkemur. Einkanlega vegna þess að í skýrslu hæstv. utanrrh., ágætri skýrslu hæstv. utanrrh., er nokkuð fjallað um þetta mál en með þeim hætti að það vekur með mér a.m.k. mjög miklar og áleitnar spurningar. Í skýrslunni, í kaflanum um GATT-samkomulagið á bls. 115, er greint frá því að tillaga, sem uppi er um afnám tolla fyrir tiltekin vörusvið, og er tillaga frá Bandaríkjunum, eigi hvað fisk og fiskafurðir áhrærir litla möguleika, eins og segir í skýrslunni, vegna andstöðu Japans og Evrópubandalagsins. Og síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess hve treglega gekk í þeim viðræðum lögðu Kanadamenn fram tillögu um miðjan desember sl. um úrlausn fyrir fisk og fiskafurðir. Samkvæmt henni skal tollur á öllum fiski og fiskafurðum lækkaður um þriðjung a.m.k. en möguleiki að semja um enn frekari lækkanir í tvíhliða viðræðum. Þá skuli samið um að tollar fyrir lifandi fisk verði engir, fyrir ferskan, kældan, frosinn, saltaðan eða þurrkaðan ekki hærri en 5%, fyrir reyktan og kryddleginn ekki hærri en 7,5% og fyrir unnar fiskafurðir hæst 10%. Loks skyldi afnema magntakmarkanir og innflutningsleyfi. Haldnir hafa verið tveir óformlegir fundir nokkurra ríkja um tillögu Kanada, þar sem Íslendingar og Norðmenn hafa stutt hana. Fulltrúar EB virðast tregir til samninga á þessum grundvelli en afstaða Japana er jákvæðari. Virðist margt benda til þess að tekist verði á um tollamálin fyrir fiskinn í tvíhliða viðræðum á grundvelli tilboða og krafna."

Ég hef aflað mér upplýsinga frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem er með söluskrifstofu í Japan, um hvernig tollamálum á fiski, einstökum fisktegundum og einstökum vörutegundum er háttað í þessum mikilvægu útflutningslöndum okkar, Japan, Suður-Kóreu og Tævan. Miðað við þær upplýsingar sem hér koma fram í skýrslu hæstv. utanrrh. get ég ekki betur séð en að jafnvel þær tillögur sem Kanadamenn hafa lagt fram og eru um, að því er manni skilst, rýmkun á tollum, en að þessar tillögur Kanadamanna mundu nákvæmlega enga þýðingu hafa fyrir okkur Íslendinga á þessum mikilvægu markaðssvæðum.

Ég ætla að lesa hérna upp úr upplýsingum Sölumiðstöðvarinnar nokkrar tölur sem undirstrika það að við höfum verulegt verkefni að vinna á þessu mikilvæga markaðssvæði okkar, sem er þarna í Japan, Kóreu og Tævan. Ég tek sem dæmi:

Heilfrystur karfi — sem er þýðingarmikil útflutningsgrein til Japans — ber í Japan 5% toll. Heilfryst grálúða sömuleiðis 5% toll. Fryst loðnuhrogn 5% toll. Fryst karfaflök 5% toll. Fryst rækja í skel 3% toll.

Og ef við síðan vindum okkur til Kóreu þá hafa að vísu þau gleðilegu tíðindi orðið að tollur á karfa í Kóreu, þ.e. á frystum karfaflökum, verður nú lækkaður frá árinu 1993, og ekki þó fyrr, og verður þá með 10% tolli en tollur á heilum karfa hefur nú lækkað í 10% en var áður 20%. Til Tævans aftur á móti, sem að vísu er ekki aðili að GATT, flytjum við heilfrysta grálúðu og verðum að borga þar 20% toll. Hann var að vísu lækkaður úr 40% en flestar botnfisktegundir bera 69% toll samkvæmt þessum upplýsingum sem ég hef aflað mér.

Nú vil ég vekja athygli á því að í þessum tölum í riti og skýrslu hæstv. utanrrh. kemur það fram að heildarútflutningsverðmæti til þessara ríkja, sem ég var hér að vitna til, er um 8,5 milljarðar kr. Það þýðir því ef við tökum þá heildarupphæð að 1% lækkun á tolli gæti fært okkur 85 milljónir kr. Nú sjáum við hins vegar á þeim tölum sem ég hef hér lesið upp að þetta tilboð Kanadamanna, sem auðvitað er fjarri því að vera neitt orðið samþykkt mál og við vitum ekki af skýrslu hæstv. utanrrh. hvert framhaldið verður með, mun ekki færa okkur neinar tollaívilnanir umfram það sem nú gilda í samningum okkar við Japani eða Kóreumenn. Og ég vek líka athygli á því að í þeirri bókun eða þeirri samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. jan. 1992 er talað um það almennt að vinna að því að fá fram þriðjungslækkun allra tolla á sjávarafurðum til samræmis við aðra veruflokka. Og þriðjungslækkun frá því sem nú er er auðvitað allt annað en það tollatilboð sem Kanadamenn hafa verið með og vitnað er sérstaklega til í skýrslu hæstv. utanrrh.

Við þekkjum það að Japanir eru engin lömb að leika sér við í viðskiptum og hafa haldið úti ákveðinni aðferð við það að vernda sína hagsmuni. Það er vísu rangt sem haldið hefur verið fram að Japanir flytji ekki mikið inn, þeir eru stórir innflytjendur á mjög mörgum sviðum. Og það hefur komið fram að þeirra innflutningur, á hvaða vog sem hann er nú mældur, er fyllilega sambærilegur á við það sem gerist í ríkjunum bæði í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Engu að síður hafa þeir þessa tilhneigingu til þess eins og aðrir — og ekki síst þeirra kaupsýslumenn — að reyna að reisa einhverjar skorður við innflutningi eftir því sem þeir hafa talið sér hagkvæmt. Og þeir munu auðvitað

ekki baráttulaust gefa eftir tollvernd ef þeir telja að hún sé þeim hentug. Þess vegna væri það alveg sérstakt verkefni að fjalla um það hvort ekki megi ná fram frekari ívilnun heldur en okkur hefur tekist hingað til og frekari ívilnun heldur en þessi Kanadatillaga sem ég hef verið hér að vitna til gerir ráð fyrir. Mér sýnist að hér sé um að ræða verulega hagsmuni, verulegar upphæðir sem geta verið í húfi og geta haft mikla þýðingu fyrir okkur á ýmsum sviðum sjávarútvegsins, sem síst er ástæða til að gera lítið úr. Ég minni á í þessu sambandi að til að mynda karfi hefur verið mjög erfiður í vinnslu og lítt ábatasamur og þess vegna væri það auðvitað verulegt skref fyrir okkur ef hægt væri að lækka tolla á þessari mikilvægu tegund. Sama er auðvitað að segja um loðnuafurðirnar sem eru okkur svo þýðingarmiklar.

Ég hef, virðulegi forseti, lagt aðaláhersluna á það í mínu máli að fjalla um þennan þátt utanríkisviðskiptanna og þar með utanríkismálanna sem lítt hefur verið ræddur. Ég tel að það sé mjög brýnt fyrir okkur að huga sérstaklega að þessu mikla markaðssvæði í Suðaustur-Asíu og ég tel að það standi alveg sérstök efni til þess nú vegna þeirra miklu viðræðna, GATT-viðræðnanna, Úrúgvæ-þáttar GATT-viðræðnanna sem hafa staðið yfir allt frá árinu 1986. Og án þess að ég geri á nokkurn hátt lítið úr því starfi sem verið er að vinna varðandi landbúnaðinn — og tel ástæðu til þess að fagna því frumkvæði sem ríkisstjórnin hefur sýnt í þeim efnum — þá vil ég undirstrika það alveg sérstaklega að það er að fleiru að hyggja líka og sjávarútvegsþáttur þessa máls má ekki liggja eftir. Hér er svo mikið í húfi. Strax við hina minnstu lækkun tolla er hægt að færa inn í okkar þjóðfélag tugi milljóna, ef ekki hundruð milljóna á einu bretti, sem við vissulega þörfnumst til þeirrar verðmætaaukningar sem þarf að standa undir okkar lífskjörum í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Það var þetta sem ég vildi sérstaklega leggja áherslu á. Ég tel að það sé aðalatriði í okkar utanríkispólitík á næstu árum að efla heimsviðskiptin. Við erum þjóð sem þarf á því að halda umfram allt. Þess vegna hljótum við að fagna þeirri þróun sem er að eiga sér stað í Evrópu og fagna því að okkur takist með hinum ágætu samningum um Evrópskt efnahagssvæði að tengjast þróuninni með þessum hætti. En við þurfum jafnframt að huga að því að styrkja okkar stöðu á öðrum mörkuðum. Það getum við gert jafnframt Evrópusamstarfinu. Það er ekkert sem útilokar okkur frá því þó að við tökum þátt af fullum og heilum hug í Evrópusamstarfinu. Aðalatriðið er hins vegar það að við þurfum að huga að fleiri þáttum og muna það að tollalækkanir í Suðaustur-Asíu geta fært okkur veruleg verðmæti inn í okkar þjóðarbú.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er óhætt að taka undir með hv. 3. þm. Vestf. um það hversu mikilvægt er fyrir okkur að leita allra leiða til þess að fá hagkvæmari viðskiptakjör á sjávarafurðir og þá áskorun hans til ríkisstjórnarinnar að standa þar vel á verði.

En ég vildi nota þetta tækifæri og beina þeirri spurningu eða ábendingu til hv. þm. að hann fylgist þá með öðrum atriðum í fyrirvara ríkisstjórnarinnar, sem birtur var 10. jan., þ.e. um takmarkanir á innflutningi á þeim landbúnaðarvörum sem háðar eru magntakmörkunum í innlendri framleiðslu. Nú mun standa fyrir dyrum að leggja fram eða skila útreikningi á tillögum Dunkels fyrir íslenskan landbúnað. Norðmenn og Finnar og margar aðrar þjóðir hafa þegar skilað þessum útreikningum. Og Norðmenn og Finnar hafa látið fylgja þar þau skilyrði að magntakmörkunum verði haldið áfram hjá þeim. Ég tel það mjög mikilvægt og auðvitað bráðnauðsynlegt að það sama verði gert hjá íslensku ríkisstjórninni. Og ég vildi beina þeirri áskorun til hv. þm. að hann fylgist vel með þessu og e.t.v. kemur það þá fram hjá hæstv. utanrrh. síðar í umræðunni að það muni verða gert.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að verða við þessari áskorun hv. 2. þm. Suðurl. Eins og ég hygg að honum sé kunnugt hefur landbn. Alþingis haft til meðhöndlunar og umræðu skýrslu sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið ásamt forstjóra Hagþjónustu landbúnaðarins og hagfræðingi Búnaðarfélagsins um áhrif GATT-samkomulagsins. Hér er um að ræða áfangaskýrslu sem að mínu mati er hið merkasta plagg og varpar mjög athyglisverðu ljósi á GATT-samningaviðræðurnar. Ég held að hér hafi verið rétt að verki staðið hjá þeim sem stóðu að því að láta útbúa þessa skýrslu.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því sem fram kom í máli forstjóra Þjóðhagsstofnunar á landbúnaðarnefndarfundinum í gær að skýrslur af þessu taginu hafa líklega verið undirbúnar og gerðar í flestum ríkjum Evrópubandalagsins. Hins vegar hafa ríkisstjórnir þessara ríkja ekki talið ástæðu til þess að birta skýrslurnar heldur nota þær sem einhvers konar vinnuplagg í sínum ráðuneytum. Hér hefur hins vegar verið tekin sú skynsamlega ákvörðun að birta þessa skýrslu og varpa þannig ljósi á efnisatriði umræðunnar. Og ég held að sú skýrsla, sem nú hefur verið birt og ég hef hérna vitnað til, sé okkur ómetanleg til þess einmitt að fylgjast með framvindu málsins og áhrifum af þeim samningsdrögum sem nú eru til umfjöllunar og kynnt voru um áramótin og voru hér mjög rædd á Alþingi í byrjun janúar.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans um að fylgjast með þessu atriði. Ég hef aðeins rétt nýlega fengið þessa skýrslu í hendur sem hann nefndi. Ég lagði áherslu á það að Þjóðhagsstofnun gerði slíka úttekt og ég tel það mikilvægt að fá hana í hendur. Og þar sýnist mér, þó að mér hafi ekki gefist tími til að lesa skýrsluna ítarlega, einmitt gengið út frá þessum forsendum. Mér sýnist að Þjóðhagsstofnun eða þessi nefnd hafi gefið sér forsendur sem eru nokkuð aðrar en lágu í augum uppi í tillögum Dunkels, en það hlýtur þá að vera litið svo á að það séu þær forsend-

ur sem ríkisstjórnin hafi gengið út frá eða gefið upplýsingar um og verður þá að vænta að ríkisstjórnin muni standa fast á gagnvart bæði áframhaldandi samningsgerð og síðan við framkvæmd samningsins hér á landi. Mér sýnist af því sem ég hef séð af þessari skýrslu að hún beri þess vitni að þannig plagg muni þetta vera og því vil ég taka undir með hv. þm. að það er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa svona plagg í höndum.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir hv. þm. til hæstv. utanrrh. fyrir greinargóða og yfirgripsmikla skýrslu. En ég hef veitt því athygli eins og ýmsir fleiri að það hvernig hún er lögð fram er með þeim hætti að ekki er ljóst í byrjun umræðunnar hvort hún lýsir utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar ellegar upplýsingum, mati og skoðunum utanrrh. sjálfs. Þó verð ég að segja að það virðist ekki breyta miklu um það hversu skilvís eða markviss umræðan er.

Í inngangi skýrslunnar kemur fram hver hafi verið höfuðmarkmið okkar utanríkisstefnu frá stofnun lýðveldisins, þ.e. að tryggja sjálfstæði landsins og þá um leið öryggi þess, að tryggja og varðveita yfirráð okkar yfir auðlindum þjóðarinnar og að tryggja aðgang okkar að erlendum viðskiptamörkuðum. Röð þessara markmiða virðist vera þessi í framkvæmd og kann það að hafa ráðist af samskiptum þjóðanna og ríkjanna í okkar heimshluta allt frá því að við hófum vegferð okkar sem lýðveldi.

Hæstv. utanrrh. nefndi í inngangsræðu sinni hinn stóra hlut þeirra framsýnu stjórnmálaforingja sem mótuðu höfuðmarkmið, undirstöðuatriði og framkvæmd þessarar stefnu og ég tek undir orð hans. Þeir höfðu djörfung og framsýni til að móta ungri lýðræðisþjóð þá afstöðu og stefnu að gerast þá þegar virkur þátttakandi í samfélagi þjóðanna, í samskiptum, samstarfi og viðskiptum þjóða sem þannig vilja tryggja tilveru sína og sjálfstæði og með aðferðum gagnkvæms samstarfs ná því fram fyrir smáar jafnt sem stórar þjóðir. Þeir höfðu víðsýni til að hafna einangrun þrátt fyrir harða mótstöðu sem enn eimir eftir af, svo undarlegt sem það má vera í ljósi þeirrar reynslu sem þjóðin hefur síðan hlotið á þessu sviði og allar grannþjóðir hennar um allt norðurhvel jarðar. Fyrir smáþjóð, sem við vissulega erum, hvort heldur við teljum Ísland á miðju landakorti eða í jaðri þess, er mikilvægt að eiga traust samskipti við m.a. hina öflugri og stærri einstaklinga í samfélagi þjóðanna. Þar undir liggur í raun fjöregg smáþjóðar.

Þeir sem lögðu grunninn að utanríkisstefnu okkar héldu vel á fjöreggi þjóðarinnar. Hún er í dag virkur þátttakandi í samstarfi þjóðanna í okkar heimshluta og í samstarfi þjóða um heim allan. Við eigum greiða leið að grannþjóðum okkar og fjarlægum þjóðum til viðræðna um hvers konar sameiginleg hagsmunamál, viðskipti, menningarsamskipti, öryggismál, umgengni við náttúru og auðlindir hennar, stjórnmál og félagsmál. Við erum ekki hornrekur án samneytis við aðrar þjóðir. Það höfum við þó séð af örlögum annarra þjóða, sem á svipuðum tíma og við völdu eða voru knúnar til að velja einangrun, að hún hefur leitt yfir þær hörmungar í kjörum þeirra á nær öllum sviðum mannlegrar viðleitni.

Í skýrslunni, sem til umræðu er, er gerð grein fyrir þeim atriðum sem hæst ber í utanríkismálum frá okkar sjónarhóli, þar á meðal þeim stórviðburðum sem hafa orðið í stjórnmálum Mið- og Austur-Evrópu á síðustu þremur árum og enn er ekki séð fyrir endann á en hafa þegar gjörbreytt álfunni. Þar ber hæst pólitískt, félagslegt, efnahagslegt og umhverfislegt gjaldþrot Ráðstjórnarríkjanna og þeirra stjórnarhátta ofstjórnar, einangrunar og kúgunar sem þau voru dæmigerð fyrir en sem því miður eiga enn talsmenn í stjórnmálaumræðunni hér á Íslandi. Einnig ber hátt, og hæst í umræðunni hér á þingi, þær miklu breytingar sem orðið hafa og eru að gerast á samstarfi Vestur-Evrópuþjóðanna, innan Evrópusamfélagsins — sem verður Evrópubandalag innan tíðar — og EFTA, sem má með einföldum hætti rekja þannig á þessum sömu þremur árum sem samstarf ríkjanna innan Evrópubandalagsins er að taka mjög miklum breytingum með nánara samstarfi og sameiginlegri stefnumótun, og væntanlega sameiginlegri ákvarðanatöku í ýmsum og æ fleiri málaflokkum.

Þá hafa nú tekist með samningamönnum þeirra og EFTA-ríkjanna samningar um víðtækt samstarf á sviði efnahagsmála og viðskipta, um aukin viðskipti og samstarf í öðrum málaflokkum. Þó ekki sé á þessari stundu ljóst hvort þeir hljóta staðfestingu verður vart síðar rætt um lakari kjör nokkurs ríkis, sem á að þeim aðild, í viðskiptum við þau sem hins vegar eru. Þá hafa nú þegar flest EFTA-ríkjanna ákveðið — eða eru nú að fjalla um ákvörðun um — að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, þannig að okkar næsti heimur er að breytast.

Okkur er ávallt brýn nauðsyn að fylgjast gjörla með þeim breytingum sem gerast með grannþjóðum og helstu viðskiptaþjóðum okkar og þá einkum með breytingum sem verða á samskiptum þjóðanna sem við eigum mest samneyti við á sviði stjórnmála, menningarmála, efnahagsmála og viðskipta. Þegar þær breytingar gerast ber okkur skylda til að vera vel meðvituð um ástæður og að meta jafnharðan áhrif og afleiðingar á afkomu okkar og tilveru, á okkar eigin hagsmuni og að meta til hvaða ráða við viljum grípa. Við getum ekki látið eins og umheimur okkar sé óbreytanlegur, mér virðast þó sumir hv. þm. álíta svo og bregðast hart við hverju sinni sem einhver tekur upp umræðu um ný viðfangsefni í samskiptum okkar við aðrar þjóðir vegna þessa breytanleika.

„Stoppið heiminn, ég vil komast út" er nafn á gamanleik um látæði fólks sem vildi losna frá síbreytilegum viðfangsefnum í breytandi heimi. Ræður og látæði þeirra hv. þm. sem það virðast vilja er því miður ekki jafnbroslegt, og það hlutskipti sem þeir virðast vilja íselnskri þjóð er ekki gæfulegt. Auðvitað hljótum við alltaf að ræða, meta og spyrja um stöðu Íslands í stjórnmálalegu og viðskiptalegu samstarfi Vestur-Evrópuþjóðanna, annað væri óskynsamlegt. Hver þáttur Ís-

lands skuli vera í æ nánara samstarfi þeirra og hvernig best verði staðinn vörður um hagsmuni okkar, þegar helstu viðskiptaþjóðir tengjast mjög nánum böndum innbyrðis, er sú spurning sem á okkur hvílir að svara á næstu mánuðum og framvegis. Það er hlutverk okkar. Þeirri spurningu var aldrei og verður aldrei svarað til fullrar framtíðar. Samningur um Evrópskt efnahagssvæði mun ekki leysa okkur undan skyldum okkar til að fylgjast grannt með í síbreytilegum heimi, hvort heldur við skynjum hann sem flatan eða hnöttóttan. Hversu vel sem okkur kann að hafa tekist í verki af þessu tagi mun rás tímans úrelda það þegar frá líður.

Til þessa höfum við lagt mesta áherslu á viðskiptafrelsi í samskiptum okkar við aðrar þjóðir og í gerð viðskiptasamninga við þær. Og til þess liggja tvær grundvallarástæður sem enn eru fyrir hendi: Frelsishugsjón, sem við erum að mestu sammála um, og hagsmunir okkar. Og af því höfum við reynslu að við frelsi í viðskiptum er hag okkar betur borgið en við hvers konar höft, bönn eða einokun, sem oft er komið á undir yfirskyni verndar. Sama sjónarmið getum við heimfært á samningana um Evrópska efnahagssvæðið og hugsanlega samninga okkar beint við Evrópubandalagið. Hagsmunum okkar er og verður betur borgið ef við höfum frelsi til að eiga jafnframt viðskipti við lönd utan þess, önnur Evrópulönd, Bandaríkin og önnur Ameríkulönd, Japan eða önnur Asíulönd. En við getum ekki á sama tíma hafnað viðskiptum við Vestur-Evrópu og þurfum því að haga samningum okkar þannig að við getum nýtt þá kosti sem fólgnir eru í legu landsins milli heimsálfanna, Evrópu, Ameríku og Asíu, og það virðumst við geta samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Reynsla okkar kennir að einangrun er okkar versti óvinur. Það er álit mitt að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé þrátt fyrir ókosti ásættanlegur vegna kostanna og að við Íslendingar eigum þess vegna að staðfesta hann af okkar hálfu. Þannig mun hagsmunum okkar betur borgið en með því að hafna honum. Mestu skiptir að við munum með samningnum fá verulega bætt viðskiptakjör á mörkuðum Vestur-Evrópu fyrir helstu afurðir okkar frá okkar öflugustu útflutningsgrein sem hefur á undanförnum árum mjög sótt inn á þessa markaði en á þar í harðri samkeppni við keppinauta sem nú njóta betri kjara af hálfu stjórnvalda þar og því mun samningurinn breyta. Samningurinn mun jafnframt gera kleift að fullvinna meira en verið hefur af sjávarafurðum okkar hér heima og flytja þannig á þessa markaði okkar.

Samkeppnisstaða íslenskrar fiskvinnslu mun stórum batna með staðfestingu þessa samnings. Sjávarútvegur okkar hefur sætt slæmum kjörum á undanförnum árum og er ekki seinna vænna að hefja bætur á rekstrarskilyrðum hans og það verður gert með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Mikilvæg samskipti á öðrum sviðum, svo sem í menningar- og menntamálum og fleiri málaflokkum, komast á eðlilegan grundvöll með staðfestingu samningsins og því er einnig af þeirri ástæðu okkur til hagsbóta að staðfesta hann. Með honum verðum við ekki einangruð, við getum áfram gert viðskiptasamninga við önnur mikilvæg markaðssvæði og gætum þess vegna haslað okkur völl í alþjóðaviðskiptum á grundvelli sérstæðrar legu landsins. En á sama tíma virðist ekki eftir betri viðskiptakjörum að slægjast við Evrópubandalagið með öðrum hætti.

Þó kostir virðist augljósir við aðild að Evrópubandalaginu er hitt líka ljóst að miklir ókostir blasa við. Núverandi fiskveiðistefna Evrópubandalagsins og gífurlegir hagsmunir okkar í auðlindum sjávarins eru algjörar andstæður, svo aðeins eitt sé nefnt af nokkrum atriðum.

Starf Útflutningsráðs eykst mjög að mikilvægi með staðfestingu samningsins. Þá þegar þurfum við að leggja upp með skipulegt markaðsátak í Evrópu fyrir nýjar afurðir okkar, fullunnar neytendavörur, fiskinn á diskinn. Enn fremur þarf að efla mjög kynningu á ímynd Íslands meðal grannþjóða okkar í Evrópu og öðrum heimshlutum sem land heilbrigði, hreinlætis og gæða. Tengja þarf saman kynningarstarf og markaðsátak fyrir íslenskar fiskafurðir, ferðaþjónustu og ráðstefnuhald með áherslu á vetrartíma, heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda kaupendur og landbúnaðarafurðir. Ísland er í hópi þeirra landa sem viðhafa strangar hreinlætisreglur og eftirlit með framleiðslugæðum og nota lítið af utanaðkomandi efnum til ræktunar, fóðurgjafar og eldis. Við ástundum því hreinan landbúnað sem gefur afurðir sem falla undir hugtök og mælikvarða heilbrigðis, hreinlætis og gæða.

Áherslubreytinga má vænta í samstarfi Norðurlandanna. Það mun markast af þeirri breytingu sem orðin er og er að gerast í samskiptum ríkjanna sunnar í álfunni og austan Eystrasalts. Það er fullkomlega eðlilegt að frændþjóðir okkar og grannþjóðir á Norðurlöndum veiti aukna athygli þeim breytingum og leiti eftir þátttöku í þeim, til að mynda til að tryggja viðskiptahagsmuni, öryggishagsmuni og ekki hvað síst umhverfishagsmuni sína. Vegna þessa má vænta nokkurra skila í samstarfi okkar við þær en þess verðum við að gæta sjálfir að verða ekki utangátta. Við eigum líka ríkra hagsmuna að gæta á þessum sviðum, að endurreisa fyrri sterka viðskiptamarkaði og við eigum stóra möguleika til nýrra viðskipta. Þeirra verður aðeins gætt með samneyti við þessar þjóðir og samtök þeirra, hvort heldur þau eru Norðurlandaráð, Eystrasaltsráð, Evrópubandalag eða enn önnur. Látum ekki einangrast.

Aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu ásamt varnarsamstarfinu við Bandaríkin hefur verið einn af hornsteinum utanríkisstefnunnar. Þær miklu breytingar sem orðið hafa í Evrópu og á samskiptum stórveldanna á síðustu árum hafa svo ekki verður um villst sýnt fram á réttmæti þeirra gjörða. Það samstarf er nú meðal burðarása í samtökum frjálsra þjóða sem eru þess umbornar að rétta fram styrk sinn og aðstoð til þeirra þjóða sem nýlega brutust úr helfjötrum kommúnismans og glíma nú við grettistak í uppbyggingu samgöngutækja, atvinnu- og efnahagslífs, þjóðfrelsis sem fólkið geti borið traust til, í stuttu máli félagslegra og efnalegra mannsæmandi lífskjara í líkingu við þau sem

við teljum sjálfsögð mannréttindi. Þessar þjóðir vísa einmitt mjög til Atlantshafsbandalagsins sem helsta aðila til að veita þeim tryggingu fyrir öryggi og sjálfstæði, einkum meðan þær heyja þessa glímu ásamt baráttunni við að brauðfæða sig og klæða og hafa ekki á sama tíma afl til neins sem umfram er. Hvers konar ofstækis-, stjórnleysis- og einræðisöfl ala á sama tíma á óánægju og sundurþykkju íbúa og þjóðfélagshópa. Hætta á valdaráni getur enn verið raunveruleg hjá hinum nýfrjálsu þjóðum Mið- og Austur-Evrópu, þar eru enn mikil vopnabúr, m.a. búin kjarnorkuvopnum, og hver getur séð fyrir afleiðingar ef til valdaráns kæmi? Hlutverki Atlantshafsbandalagsins er síður en svo lokið. Það hefur gengið til móts við óskir þessara þjóða um að taka upp nýtt samráð um öryggi og stöðugleika í Evrópu allri og tekið að sér enn aukið hlutverk.

Dregið hefur úr ágreiningi okkar um þátt Íslands í samstarfi Vesturlandaþjóða um öryggis- og varnarmál, við erum að mestu sammála þar um. Forsendur í Evrópu hafa sannarlega breyst en afstaða okkar getur að þessu leyti verið söm sem hingað til. Við teljum samstarf og samráð til góðs í skiptum þjóða og að nokkur samskipti í öryggis- og varnarmálum muni leiða til betri skilnings þeirra á áhorfsmálum hverrar annarrar, sem aftur dregur úr spennu í samskiptum þeirra. Þess vegna tel ég við hæfi að við höfnum ekki boði um aukaaðild eða áheyrn að Vestur-Evrópusambandinu nema því aðeins að í ljós komi að einhver óþolandi böggull fylgi skammrifi ellegar að þannig verði rekinn fleygur í samstarf okkar við Bandaríkin, en það samstarf hefur til þessa reynst okkur haldbetra en vináttа og frændsemi hinna sundurleitu þjóða á meginlandi Evrópu. Mér virðist á því sem skýrslan segir um þetta að ekki hafi verið svarað á annan hátt en þann að við bíðum átekta.

Allt bendir nú til þess að umsvif varnarliðsins á Íslandi fari minnkandi, bæði almenn starfsemi og framkvæmdir. Sterkar raddir eru vestra um að minnka hlut Bandaríkjanna í varnarsamstarfi þeirra við Vestur-Evrópuríkin í Atlantshafsbandalaginu og víðar um heim. Bandaríkjamenn sjálfir hafa ríka ástæðu til að beina kröftum stjórnvalda að verkefnum heima fyrir og að öðrum verkefnum á sviði alþjóðamála og hafa ákveðið niðurskurð útgjalda til varnarmála bæði heima fyrir og erlendis. Þó má telja líklegt að eftirlitshlutverk varnarstöðvarinnar í Keflavík verði enn talið mikilvægt vegna legu landsins milli meginlandanna, við einstæða siglingarleið inn á Atlantshafið og við flugleiðir um það norðanvert. Viðbúnaður mun væntanlega minnka og það hlutverk taka breytingum við endurmat á stefnu bandalagsins um viðbúnað eða flutninga.

Hæstv. utanrrh. bendir á að íslenskum starfsmönnum varnarliðsins hefur fækkað vegna ráðningarbanns. Hann greinir einhverra hluta vegna ekki frá því að þetta ráðningarbann tók við af öðru og í upphafi hins fyrra voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins talsvert fleiri en hér kemur fram og skiptu tugum. Framkvæmd þessa banns sýnist beint að íslenskum starfsmönnum varnarliðsins og verður ekki séð að það umgangist vinnumarkað á Suðurnesjum og launþega þar af sömu virðingu og það hefur notið um 40 ára skeið sem traustur vinnuveitandi en óbilgjarn keppinautur um vinnuafl. Starfsmenn þess hafa í framkvæmd sætt strangari trúnaðarkröfum en almennt gerist vegna eðlis starfseminnar. Þeir hafa aflað sér sérhæfingar sem kemur þeim þó hvergi að notum annars staðar á vinnumarkaði hérlendis og njóta þess nú að engu við starfslok vegna fækkunar og samdráttar. Um áratugi hefur varnarliðið og umsvif þess í heild tekið til sín allt það vinnuafl sem það hefur þarfnast í krafti yfirburða yfir fábrotnum og veikburða atvinnuvegum á Suðurnesjum rétt eins og um landið almennt. Nú þegar þessi risi á litlum og fábrotnum vinnumarkaði Suðurnesja dregur að sér höndina reynist ekkert í farinu eftir fjóra áratugi. Hann hefur ekkert lagt til þróunar atvinnutækifæra sem gæti tekið við þegar takmarkið næðist, samdráttur í varnarstarfi. Hann hefur ekki lagt til endurhæfingar starfsmanna sinna, ekki til atvinnuleitar eða annarra sambærilegra verkefna, starfsmenn hans fá ekki upplýsingar um hvað fram undan er að þessu leyti fyrr en yfir þá ganga uppsagnir.

Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka og undirverktaka þeirra standa í sömu sporum. Neikvæð umræða um áratuga gamalt eignarhaldsfélag hefur brugðið neikvæðu ljósi á fyrirtækið allt, starfsemi þess og rekstrarárangur. Raunhæft og hlutlægt mat á upplýsingum um afkomu, árangur og uppbyggingu fyrirtækisins hefur ekki átt upp á pallborðið í umræðu fjölmiðla og ráðamanna og svonefndum athugasemdum hv. þm. um atkvæðagreiðslur í málum sem í engu snerta þessa verktakastarfsemi eða verk starfsmanna þar. Hefur þar því miður mest borið á gagnrýni og ásökunum á menn fyrir að fylgja úrskurði réttbærra aðila í skattheimtukerfi landsins, þ.e. réttra aðila að lögum um skattamál eignarhaldsfélagsins. Ákvarðanir stjórnvalda hafa mótað allt hið sérstæða og umdeilda fyrirkomulag verktöku við framkvæmdir á vegum varnarliðsins. Suðurnesjamenn og starfsmenn fyrirtækjanna hafa þar ekki komið nærri og hagsmunir þeirra hafa ekki verið hafðir í fyrirrúmi. Þegar núverandi fyrirkomulagi var komið á laggirnar mun það hafa verið nauðsynlegt til að Íslendingar gætu annast þessi verkefni. En síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og sitthvað tekið breytingum, m.a. tæknilegir burðir verktakafyrirtækja okkar.

Fyrir fáum árum beitti ríkisvaldið sér fyrir þeim breytingum sem mest eru gagnrýniverðar og hafa valdið erfiðleikum í samskiptum okkar og samstarfsþjóða okkar um þessi verkefni. Í framhaldi af afskiptum ríkisvaldsins var komið að útborgun uppsafnaðs hagnaðar og arðs eftir fjögurra áratuga rekstur. Þá voru allir, sem hægt var að tengja starfsemi þessari undir sömu sök seldir, þeir græddu. Þeir hlutu því að hafa brotið lög — eða hvað?

Það er von að margir þeir sem stunda rekstur á eigin áhættu hér á landi telji sig olnbogabörn í umræðu þessa þjóðfélags. Ef þeim mistekst í ákvörðunum, fjárfestingar þeirra reynast illa og reksturinn sýnir tap þá heita þeir kjánar og þess vegna óalandi og óferjandi. Ef þeim tekst vel, fjárfestingar þeirra reynast ábatasamar og reksturinn skilar hagnaði — einkum ef þeir

geyma hagnaðinn í fyrirtækjunum og ávaxta hann með bestu kjörum og þeir græða á öllu saman, þá heita þeir illmenni og svikarar.

Ekki hefur þess verið getið að hagnaður af starfsemi Íslenskra aðalverktaka er fremur lágt hlutfall af rekstrartekjum en umsvifin hins vegar talsverð. Hitt bætist við að fyrirtækið notar sína eigin fjármuni, það er ekki stórskuldugt og borgar því ekki stórfé í vexti, heldur hefur það vaxtatekjur af sínu rekstrarfé. Um skattskyldu af uppsöfnuðum hagnaði er ekki þingsins né heldur fjölmiðla að dæma. Málinu hefur verið skotið til réttra aðila, hvatvísi þingmanna og fjölmiðla hefur þar ekkert um að segja.

Ég er þeirrar skoðunar að varnarliðsstarfsemin krefjist nýrrar athugunar á stöðu starfsmanna þess, einkum þeirra sem eru mjög sérhæfðir og mundu í sambærilegum stöðum hér teljast opinberir starfsmenn og stjórnendur. Það er jafnnauðsynlegt að taka stöðu Íslenskra aðalverktaka til endurskoðunar og hefja þær breytingar sem hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni að hann hafi stefnt að á verktöku fyrir varnarliðið. Þá má heldur ekki útiloka að þetta best búna verktakafyrirtæki Íslendinga fái tækifæri til að hasla sér völl erlendis á alþjóðlegum verktakamarkaði, t.d. á vegum sama varnarsamstarfs annars staðar í Evrópu, jafnvel víðar. Starfsmenn þess hafa alla þá kunnáttu sem til þarf og orðspor fyrirtækisins fyrir tæknilega getu og gæðaeftirlit er óumdeilt. Um mótun hvors tveggja er eðlilegt að starfsmenn og aðilar sem teljast ábyrgir fyrir vinnumarkaði á Suðurnesjum fái upplýsingar fyrr en gerst hefur. Það er of seint.

Gætum að því að tekjur okkar af starfsemi og framkvæmdum varnarliðsins á Íslandi hafa allar verið gjaldeyristekjur, í raun útflutningstekjur af vinnuafli, þjónustu, vörum og mannvirkjagerð. Það fáum við ekki bætt með því að tækjakostur og starfslið Íslenskra aðalverktaka bætist í hóp keppinauta á þröngum — líklega að sinni ofsetnum — verktakamarkaði hér innan lands. Ekki bætir það slæma aðstöðu þeirra starfsmanna sem þarna hafa unnið um árabil af trúmennsku og lagt fram sinn skerf til uppbyggingar þróttmikils verktakafyrirtækis sem lengst af var einstætt á Íslandi, allt þar til erlendir verktakar hófu þátttöku í innlendum verktakafyrirtækjum vegna virkjanagerðar og byggingar stóriðjufyrirtækis fyrir aldarfjórðungi eða ríflega það.

Þegar kemur að frekari samdrætti í starfsemi varnarliðsins mun umferð um flugvöllinn væntanlega minnka nokkuð af þeim sökum. Ég tel einsætt að við nýtum okkur það tækifæri sem þá skapast og hefjum raunverulega markaðssetningu á þeirri aðstöðu sem flugvöllurinn er. Hann er hlið okkar að þremur heimsálfum á þrjá vegu til að eiga mikil viðskipti, í hvers konar atvinnugreinum, með hvers konar vörur eða þjónustu, við efnhags- og viðskiptasvæði handan þriggja heimshafa. Á hinn bóginn verðum við að gæta þess að eiga sem best samstarf við varnarliðið og meta það að þar er til aðstaða sem á margan hátt er betri, sterkari en við getum komið upp á skömmum tíma. Það getur átt við um björgunarstarf og til að mynda þá skyldu sem við hljótum að bera sem stjórnendur flugs, alþjóðaflugs yfir norðanvert Atlantshaf.

Á hinn bóginn býr mér stundum við að spyrja hvort ekki komi að því innan skamms að nokkrar stofnanir sem sérkennilegar virðast vera innan starfssviðs utanrrn., þó undir varnarmál heyri að nokkru leyti, hvenær þær eigi að falla með réttu undir önnur ráðuneyti, svo sem Flugmálastjórn, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Fríhöfnin, löggæsla og tollgæsla. Ég fæ ekki séð að þessar stofnanir séu albundnar af varnarstarfseminni. Á hinn bóginn hlýt ég að segja, vegna þess að þetta kemur til umræðu, að mér þykir sérkennileg staðsetning nýbyggingar þeirrar sem verið er að reisa vegna stjórnstöðvar flugumsjónar á norðanverðu Atlantshafi. Mér þætti eðlilegast að hún hefði verið staðsett við Keflavíkurflugvöll.

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost í febrúar sl. að fara í hópi fleiri þingmanna úr Evrópu til Palestínu og kynnast lítillega ástandinu á hernumdu svæðunum. Í skýrslunni sem hér er til umræðu er nokkuð vikið að þessu máli svo og fjallar hún nokkuð um samskipti EFTA og Ísraels. Ástandið í Palestínu, þ.e. á þessum hernumdu svæðum, er frómt frá sagt afar slæmt. Palestínumenn eru af hernámsliði og stjórnvöldum Ísraels beittir misrétti og harðræði af ýmsu tagi. Um það má nefna nokkur atriði svo sem mjög uppáþrengjandi og ögrandi nærveru ísraelskra herflokka í varðstöðvum, á hæðum, á vegamótum, á gatnamótum, um öll þéttbýli, og víggirðingar þeirra inni í borgum, bæjum og flóttamannabúðum — já, meira að segja í flóttamannabúðum, upptöku eigna af alls konar ástæðum, sem sumar samræmast ekki alþjóðasamþykktum, slæma meðferð á föngum og á börnum, meðferð á flóttamönnum sem ekki samræmist samþykktum þeim sem Ísrael og við ásamt fleiri þjóðum höfum undirgengist, mismunun í húsnæðismálum, aðskilnað og mismunun á rétti þjóða og trúfélaga, um atvinnu, um útflutning eigin afurða, um fiskveiðar, um vatn, um skilríki.

Meðal menntastofnana Ísraela fer greinilega fram verulegur heilaþvottur eða innræting því að við heyrðum ásku Ísraels halda því fram að það hafi gefið Palestínumönnum land í flóttamannabúðum. Við eigum öll væntanlega að vita betur. Palestínumenn hafa búið þetta land í þúsundir ára. Nýlendustefna og landnám Ísraels á ræktarlöndum Palestínumanna í einkaeign er geigvænleg og eru enn frekari brot á þeim samþykktum sem eiga við um hernumin lönd og hernumdar þjóðir. Bann við fjölmiðlum, félasmiðstöðvum hvers konar og undarlegar vega- og götumerkingar þar sem hvergi er getið bæja eða byggða Palestínumanna, aðeins bæja og byggða Ísraelsmanna, er meðal fjölmargra atriða sem sýna fram á niðurlægjandi framkomu gyðinganna við aðra íbúa þessa lands.

Svo virðist vera að þrátt fyrir aðild Ísraels að Sameinuðu þjóðunum komist það upp með að virða ekki samþykktir allsherjarþings þess og öryggisráðs um málefni Ísraels og Palestínu, þrátt fyrir að hafa sérstaklega við inngöngu í samtökin lýst yfir að það mundi gera svo. Einnig virðist vera að þrátt fyrir að Ísrael sé meðal þeirra ríkja sem hafa staðfest fjórða

Genfarsáttmálann um meðferð hernuminna svæða og hertekins fólks, og sérstaklega yfirlýst að það muni virða hann í einu og öllu, þá virði það ekki ákvæði hans — og komist upp með það. Mér virðist það mikið álitamál hvort við eigum að beita okkur fyrir fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Ísraels meðan þannig stendur. Mér er ljóst að ef við hverfum frá afstöðu okkar og beitum okkur aftur gegn samningsgerð þá höfum við snúið við blaðinu því við höfum áður gert viðskiptasamninga við ríki sem hafa beitt þegna sína misrétti, ekki virt mannréttindi og haldið löndum heilla þjóða herteknum. Þannig var um Ráðstjórnarríkin og ekki klígjaði okkur við viðskiptasamningum við þau. Við höfum líka átt aðild að fríverslunarsamningum við ríki sem ekki hafa hreinan skjöld í þessum efnum.

Við höfum haldið því fram að við blöndum ekki saman viðskiptakjörum og mannréttindabaráttu. En við höfum líka tekið þátt í viðskiptabanni á ríki sem hefur hegðað sér líkt og Ísrael, það heitir Suður-Afríka. Vegna þessa hef ég ekki komist að niðurstöðu um það hvor afstaðan muni vera stefna okkar í þessu efni og hverjar forsendur hennar, og lái mér hver sem vill.

Virðulegi forseti, ég þakka aftur skýrslu hæstv. utanrrh. og greinargóða ræðu hans er hann mælti fyrir skýrslunni, en einkum þátttöku og svör hæstv. forsrh. í umræðum um skýrsluna og læt hér með máli mínu lokið.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu er allviðamikið plagg og tekur á mörgu með nokkuð misjöfnum hætti. Í umræðunum hafa verið tekin fyrir allmörg atriði í þessari skýrslu sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í en ég mun hér í tiltölulega stuttu máli ræða nokkur atriði sem mér finnst ástæða til að fjalla nokkru nánar um. Og ég ætla að byrja á því að ræða um þann þátt skýrslunnar sem fjallar um tengsl okkar við Evrópu og þær vangaveltur sem er að finna í skýrslunni um hið Evrópska efnahagssvæði, þá óvissu sem ríkir um þann samning og þær vangaveltur sem þar er að finna um það hversu varanlegt það samkomulag mundi verða.

Í umræðunum um þessa skýrslu hefur mikið verið spurt um það hvort stefna ríkisstjórnarinnar í EES-málum hafi breyst eða ekki. Ég ætla ekki að fjalla mikið um það. Hæstv. forsrh. hefur tekið það mjög skýrt fram að svo er ekki og raunar má finna þess stað allvíða að hæstv. utanrrh. er einnig þeirrar skoðunar. Hann ítrekar það í skýrslunni oftar en einu sinni að um óbreytta stefnu sé að ræða.

Hins vegar get ég ekki neitað því að það vekur athygli mína að í þessari skýrslu er lögð sérstök áhersla á þá óvissu um örlög samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem nú ríkir. Þar að auki er mikið um vangaveltur um það hvers virði samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er og hvaða þýðingu hann muni hafa í framtíðinni. Það er rétt að taka það fram að slíkar efasemdir hafa komið fram á þessum stað áður, en hingað til hefur það einkum verið hlutverk hæstv. utanrrh. að leggja áherslu á það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hafi einmitt gildi þótt aðrar EFTA-þjóðir en Íslendingar gengju í Evrópubandalagið. Í skýrslunni er þess vegna að finna áherslubreytingar þar sem ráðherrann sjálfur kemur fram með miklar vangaveltur um það hvert gildi þessi samningur hafi, og sú áherslubreyting hlýtur að vekja spurningar um hver sé tilgangurinn með þessum vangaveltum um veikleika Evrópska efnahagssvæðisins og samningsins þar um einmitt nú á þessu augnabliki.

Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að hann taldi að með þessum hætti hefði honum tekist að þjappa efasemdarmönnum saman um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég hef miklar efasemdir um að það hafi tekist og fer ekkert í grafgötur með það. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það er mjög mikilvægt að um þetta mál fari fram hér í þinginu opin og víðtæk umræða því að þetta mál er mjög mikilvægt. Ég vil einnig taka það fram að mér finnst að það skipti miklu máli að menn reyni að fjalla um þá þróun sem á sér stað í Evrópu með opnum huga, fordómalaust og gangi þessa göngu með það í huga að efna til málefnalegrar umræðu en fari ekki þessa leið eins og krossfarar. Mér finnst að slíkt hafi komið nokkuð fram í máli hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, sem hefur vakið athygli á sér í þessari umræðu fyrir ofstækisfullan málflutning og einkum og sér í lagi fyrir árásir hans á hv. 10. þm. Reykv. og fleiri talsmenn Kvennalistans sem hafa lagt áherslu á það í umræðunum að fara með málefnalega umfjöllun um þetta mál. Það ber að gæta varfærni í svona máli, það er veruleg hætta á því að hér verði mikill ágreiningur um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þessi ágreiningur er nánast alls staðar þar sem hann er til umfjöllunar, það er líka ágreiningur um þessi mál á Norðurlöndunum. Þessi ágreiningur er djúpstæður á Íslandi. Og þó að segja megi að þessi ágreiningur sé vafalaust óumflýjanlegur hér á landi þá getur hann orðið skaðlegur og því djúpstæðari sem hann er þeim mun skaðlegri verður hann. Hann getur leitt til óstöðugleika í utanríkismálum, og fyrir þjóð sem lifir og hrærist í utanríkisviðskiptum skiptir miklu máli að gæta varfærni á þessu sviði stjórnmálanna. Utanríkisviðskipti skipta miklu máli fyrir Ísland, utanríkisstefnan er einn af hornsteinum þjóðlífsins og það er þess vegna mikilvægt að ná eins víðtækri samstöðu um þetta mál og hægt er. Þessi orð eru sögð í þeim tilgangi að brýna það fyrir þeim sem um þennan samning fjalla og almennt um tengsl Íslendinga við önnur lönd að leita sáttaleiða til þess að fikra sig áfram í skilningi á eðli þessa samnings og áhrifum hans á líf og störf þjóðarinnar. Þetta er skylda okkar og það er þá skylda þeirra sem í ríkisstjórninni sitja og umfram allt skylda hæstv. utanrrh.

Mér er það vel ljóst eins og sjálfsagt öðrum þingmönnum að þessi samningur snertir við djúpum strengjum í brjósti flestra Íslendinga, um það vitna raunar viðbrögð þeirra sem samningurinn laðar að sér og einnig hinna sem hann hrindir frá sér. En ég tek það líka fram að um það vitna þó líka og kannski eink-

um og sér í lagi sá stóri hópur Íslendinga sem viðurkennir af lofsverðri hreinskilni að hann viti ekki nógu mikið um þennan samning til að taka afstöðu til hans. Slík varfærni er óvenjuleg í þessum yfirlýsingaglaða nútíma. Hún bendir til þess að þetta mál sé í augum almennings mikilvægt álitamál sem krefst skoðunar og yfirvegunar. Það er því mikil nauðsyn á opinskárri og málefnalegri umræðu um stöðu Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi. Í þessari umræðu þurfum við að fjalla um samningsaðila EFTA-þjóðanna, Evrópubandalagið, í ljósi þess hvernig tilurð þess bandalags hefur orðið, hver voru upphafleg markmið með þessu samstarfi Evrópuþjóðanna og hvernig það hefur þróast. Þessar umræður mega ekki einfalda um of þann flókna veruleika og á margan hátt mótsagnakennda veruleika sem þetta ríkjasamband er. Þarna er um að ræða ríkjasamband sem er deigla, það breytist hratt og það er allt annað en einfalt mál að átta sig á því hvað þar á sér stað.

Ég held ég verði þó að taka það fram sérstaklega að tilurð Evrópubandalagsins má fyrst og fremst rekja til þess hvernig landamæri eru dregin í Evrópu og hvernig þessi landamæri, sem eru dregin þvert á menningu, þjóðmenningu og tungu, hafa orðið uppspretta styrjalda og átaka í Evrópu, ekki aðeins á þessari öld heldur og á öldum áður. Það hafa raunar staðið óslitið átök í Evrópu öldum saman, sem eiga rætur að rekja til þess að landamæri hafa verið dregin í Evrópu með stríði, blóði og þjáningum þvert á þjóðmenningu og þvert á tungumál. Ef við lítum til þess að Þýskaland varð til í þremur meiri háttar styrjöldum, að allt frá því á tólftu öld hafa landamæri Frakklands orðið til í gegnum stríð ellegar samninga í lok blóðugra átaka, ef við lítum til þess að allar helstu menningarþjóðir Evrópu eiga mjög sára reynslu, aldagamla reynslu, sem tengist átökum um landamæri, þá er það raunverulega ekki að undra þótt sú tíð hafi komið að Evrópuþjóðirnar hafi leitað eftir leiðum til að leysa þessi viðkvæmu mál, sem tengjast landamærum og landamæradeilum, með öðrum hætti en þjóðríkin hafa getað. Það er ekki að undra þó að þessar þjóðir hafi leitað eftir því að finna lausn, að finna leið til þess að tryggja þjóðveldi sitt og sjálfstæði, jafnvel með því að fórna hluta af fullveldinu, vegna þess að hvað eftir annað hafa þessar þjóðir staðið frammi fyrir þeim möguleika að verða að fórna fullveldi sínu tímabundið vegna þessara sérkennilegu aðstæðna sem hafa verið öldum saman í Evrópu.

Frakkar eru ein af þeim þjóðum sem áttu verulegan þátt í því að mynda Evrópubandalagið. Rétt áður en fundurinn í Maastricht var haldinn kom fram það viðhorf hjá François Mitterand, forseta Frakklands, að Frakkar væru reiðubúnir til þess að fórna hluta af sínu fullveldi til þess að tryggja bætt og aukið samstarf Evrópuþjóða. Þetta er í raun og veru kannski ekki að undra þegar tekið er tillit til þess að á sl. tæpum 200 árum hafa Frakkar þrisvar sinnum misst tímabundið fullveldi sitt vegna styrjaldarátaka í Evrópu sem tengjast landamæradeilum og sem hafa verið magnaðar upp með kröfum þjóðarbrota.

Hvar sem litið er í Evrópu eru landamæri dregin þvert á þjóðernishópa. Innan Frakklands er að finna Baska, sem einnig eru á Spáni, þar er að finna Korsíkubúa sem finna til samkenndar með Ítölum. Innan landamæra Ítalíu eru íbúar Aosta-dalsins sem tala frönsku og hafa lengi vel fundið til samkenndar með Frökkum og hafa allt fram á þennan dag haft áhuga á því að berjast fyrir sjálfstæði, en tala nú ekki lengur um það vegna þess að þeir telja hagsmunum sínum borgið innan Evrópubandalagsins.

Ef við lítum til annarra landa þá eru Ungverjar í Rúmeníu, þeir munu vera í Tékkóslóvakíu líka. Það eru Pólverjar víða í heiminum en þeir eru í öllum nágrannalöndum Póllands. Það eru Pólverjar í Litáen. Og öll þessi þjóðarbrot eru nokkurs konar púðurtunna í Evrópu.

Tilgangurinn með Evrópubandalaginu var sá að reyna að finna lausn á þessu mikla vandamáli sem hefur hvað eftir annað tekið Evrópu blóð og skaðað stórlega evrópska menningu. Draumurinn á bak við Evrópubandalagið er í raun og veru mjög flókinn en hluti af þessum draumi og kannski sá mikilvægasti er draumurinn um frið. Og þær hugmyndir sem menn komu fram með og mótuðu Efnahagsbandalagið, í upphafi þess ferils, urðu til strax eftir seinni heimsstyrjöldina.

Evrópa er hins vegar ekki eingöngu í dag draumur um frið. Evrópa er líka á vissan hátt draumur um að fá að búa við og rækta sína eigin þjóðmenningu. Ég hef stundum hugsað til þess að það mundi örugglega fara eins fyrir Evrópubandalaginu og fór fyrir Sovétríkjunum ef það misvirti og vanvirti þjóðlega menningu. Því hefur verið haldið fram hér í umræðunum um þetta mál, sem tengjast núna skýrslu hæstv. utanrrh., að þjóðríkin í Evrópu séu dauð og Evrópa gangi á hlut þjóðlegrar menningar. Þessi fullyrðing er mótsagnakennd á vissan máta vegna þess, eins og ég sagði raunar áðan, að ríkin í Evrópu eru ekki hrein þjóðríki, þau eru það að mjög takmörkuðu leyti. Mjög margir hópar telja hag sínum vel borgið innan Evrópubandlagsins vegna þess að þeir telja sig verndaða fyrir þjóðríkinu, fá frið til þess að iðka sína menningu, tala sitt tungumál.

Það er t.d. ekki ýkja langt síðan að það var efnt til uppákomu í Týról. Þar voru annars vegar Austurríkismenn, sem tilheyra ekki Evrópubandalaginu enn þá, og hins vegar Ítalir. Þessir Ítalir voru að vísu þýskumælandi, en þetta fólk fann til samstöðu og átti þá ósk heitasta að Austurríki gengi inn í Evrópubandalagið til þess að það fengi frið til að iðka sína menningu, tala sína tungu í friði fyrir þjóðríkinu — innan ramma Evrópubandalagsins. Þannig fer það ekki milli mála að í augum margra er Evrópubandalagið griðland fyrir ákveðna þjóðernishópa, ákveðna tungumálahópa. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að horfa fram hjá þessari staðreynd, því ef menn gera það þá vanmeta þeir Evrópubandalagið.

Það hefur einnig komið mjög skýrt í ljós að margir líta á Evrópubandalagið sem sérstakt griðland fylkja og héraða, sem heldur jafnvel aftur af miðstýringaráráttu þjóðríkjanna. Ég hef lesið fjölmargar greinar eft-

ir stjórnmálamenn í Evrópu sem leggja mikla áherslu á þetta. Og það fer ekkert milli mála að þetta viðhorf er að finna mjög víða í Evrópu. Löndin í Þýskalandi hafa á vissan hátt blómstrað innan Evrópubandalagsins. Það hafa í raun og veru héruðin í Frakklandi gert líka. Þess ber líka að geta að innan Evrópubandalagsins koma fram þau sjónarmið að það geti táknað vissan blómatíma fyrir smáríkin. Ég held að það sé alveg rétt að kalla hér fram ákveðna þætti í þessum flókna veruleika, sem Evrópubandalagið er, vegna þess að mér hefur fundist að í máli mjög margra ágætra þingmanna sem hér hafa tekið til máls hafi komið fram takmarkaður skilningur á því hversu flókin heild þetta er.

Það kom t.d. mjög skýrt fram í máli Ólafs Ragnars Grímssonar að hann taldi að Evrópubandalagið ynni gegn hagsmunum þjóðríkjanna. Og það sem væri í raun og veru að gerast í Austur-Evrópu væri það að þjóðríkin hefðu steypt veldi sósíalismans og nú væri kominn tími þjóðríkjanna þar og Evrópubandalagið væri ekki í takt við tímann. Evrópubandalagið múraði sig inni á meðan aðrir væru að brjótast út úr múrum. Hann gaf í skyn, þessi ágæti þingmaður, að Evrópubandalagið væri að þessu leyti hálfgerð tímaskekkja.

En hvað hefur verið að gerast hjá hinum nýfrjálsu þjóðríkjum í Austur-Evrópu? Vissulega er það rétt að upp úr rústum sósíalismans hefur risið mikil þjóðernisstefna. En sú þjóðernisstefna bankar nú stíft á dyr Evrópubandalagsins. Ríkin knýja á dyr þessa lokaða virkis, sem múrar sig inni, og hvers vegna gera þau það? Það er vegna þess að þegar Sovétríkin hrundu þá leystist úr læðingi nákvæmlega sams konar vandi í Austur-Evrópu og Evrópubandalagið hefur að hluta til leyst í Vestur-Evrópu. Það var eins og þar lykist upp eins konar askja Pandóru, full af sjúkdómum, vandamálin sem höfðu verið til fyrir 1914 komu aftur í ljós, þau lifnuðu. Og þessi einfaldi veruleiki, sem hefur ríkt í Evrópu á dögum kalda stríðsins, var horfinn og menn neyddust þá til þess að horfast í augu við raunveruleikann í Evrópu, allan þennan flókna og mótsagnakennda raunveruleika sem er að sjálfsögðu staðreynd Evrópu fyrir austan alveg eins og fyrir vestan. Þessar þjóðir gera sér mætavel grein fyrir því hvaða hættur eru þarna á ferðinni og þær snúa sér til þeirra stofnana sem þær sjá að geta boðið upp á einhvern stöðugleika. Þær snúa sér til Evrópubandalagsins. Þær hafa einnig áhuga á samstarfi við NATO. Og það er vegna þess að þótt tími þjóðríkisins sé að vissu leyti eða einhverju leyti upp risinn aftur þá hafa þessi þjóðríki innan sinna vébanda mikil vandamál sem þau telja að Evrópubandalagið geti leyst, geti hjálpað þeim að leysa.

Þetta er nú m.a. það sem ég held að sé nauðsynlegt að taka til athugunar þegar menn reyna að átta sig á því hvort Evrópubandalagið sé fyrirbæri sem á sér framtíð eða hvort það er fyrirbæri sem stendur gegn hinni eðlilegu þróun Evrópu. Ég er þeirrar skoðunar að Evrópubandalagið eigi sér mjög sterkan tilverurétt og muni styrkjast af sjálfu sér, þó að ég sé ekki viss um að það muni halda áfram á þeirri miðstýringarbraut sem það hefur verið á. Það vill nefnilega svo til að innan ríkja Evrópubandalagsins eru mjög skiptar skoðanir um það hvort Evrópubandalagið sé að þróast í hagstæða og eðlilega átt eða ekki. Það er alveg ástæðulaust að horfa fram hjá þessum flókna veruleika sem er til í Evrópu, það er alveg ástæðulaust að horfa fram hjá því að innan þjóðþinga Evrópubandalagslandanna er víða mikil gagnrýni á þessa þróun og hún kemur að mínu mati til með að aukast ef nokkuð er.

Í umræðunni um tengsl okkar við Evrópubandalagið og um hinn Evrópska efnahagssamning hefur að mínu mati ekki verið nægilega rætt um fullveldi almennt og hvernig þjóðir leitast við að tryggja sér fullveldi nú til dags. Það hefur ekki farið fram nægileg umræða heldur um ný viðhorf til fullveldisins. Þessi nýju viðhorf tengjast mjög mikið þeirri staðreynd að í nútímalegum viðskiptaheimi, þar sem þjóðir byggja tilveru sína og efnahag að mjög miklu leyti á utanríkisviðskiptum, þá verður uppruni ákvarðana í æ ríkari mæli utan landamæra hvers þjóðríkis. Ákvarðanir sem snerta örlög þjóðríkja eru teknar í auknum mæli utan landamæranna og eru flókið samspil, taka langan tíma, það er langt ferli sem þar á sér stað, og ríkin hafa með ýmsum hætti leitast við að tryggja fullveldi sitt með því að efna til verulegs samstarfs ríkja í millum.

Þetta er kannski mótsagnakennt í augum þeirra sem vilja horfa á þetta mál, og gera það of einfalt, hvernig er hægt að afsala sér hluta af fullveldinu til þess að tryggja fullveldið. En það er nú samt þetta sem þjóðir Evrópubandalagsins hafa verið að gera. Þær hafa freistað þess að fara þessa leið. Umræðan um fullveldisafsal hér, eða meint fullveldisafsal, hefur um of einkennst af því að því hefur verið slegið fram, nú síðast hér í dag og raunar líka í umræðunni í gær, að þau ríki sem hafi gengið inn í Evrópubandalagið hafi afsalað sér fullveldi sínu og sjálfstæði. Þetta hefur komið fram í máli a.m.k. þriggja hv. þm. Alþb. Og ég verð að segja eins og er að mér finnst full ástæða til að vara við málflutningi af þessu tagi.

Ef menn líta svo á að þær þjóðir sem nú mynda Evrópubandalagið hafi afsalað sér fullveldi sínu og sjálfstæði með því að ganga í bandalagið þá verða menn að svara því hvað það þýðir í raun og veru. Eru menn reiðubúnir til þess að tala á öðrum vettvangi en hér heima í þessum tón? Eða er þetta málflutningur sem er eingöngu til heimabrúks? Eru þeir þingmenn, sem fullyrða í þessari umræðu um Evrópubandalagið að þjóðirnar í bandalaginu hafi afsalað sér fullveldi sínu og sjálfstæði, reiðubúnir til þess að segja þetta á erlendum málþingum? Eru þeir reiðubúnir til að halda þessu fram við fulltrúa erlendra ríkja? Hafa þeir gert það? Hafa þeir haldið þessu fram á erlendum málþingum við fulltrúa erlendra ríkja? Og ef svo er að þessir ágætu þingmenn hafa þessa afstöðu í raun og nota hana ekki eingöngu til heimabrúks, heldur líka á erlendum vettvangi, hvað þýðir það í þeirra augum ef þessi þjóðríki hafa glatað sjálfstæði sínu og fullveldi með því að ganga inn í Evrópubandalagið? Eigum við þá að slíta stjórnmálasambandi við þau? Hver er merkingin í þessari umræðu?

Þetta eru allt saman spurningar sem verða áleitnar þegar svo djúpt er tekið í árinni eins og t.d. hv. 4. þm.

Norðurl. e. gerði í umræðunni um þessi mál fyrr í kvöld. Það þarf að svara því hvernig menn líta á þessi mál í heild, hvort menn líta svo á að þau ríki sem mynda Evrópubandalagið hafi í raun og veru afsalað sér fullveldi sínu og sjálfstæði. Og þá hljóta þeir sem þannig tala að taka afleiðingunum af þeirri afstöðu sinni.

Þetta er einkum og sér í lagi mikilvægt vegna þess að með þessu móti er hægt að tengja inngöngu í Evrópubandalagið nánast svikum við öll þau gildi sem flestir menn vilja hafa í heiðri, þ.e. sjálfstæði síns eigin þjóðríkis og fullveldi. Ég hef ekki orðið var við það að fulltrúar þeirra þjóða, sem eru í Evrópubandalaginu og ég hef átt þess kost að ræða við, hafi litið svo á að þeir hafi glatað fullveldi sínu, hreint ekki. Þeir hafa ekki litið svo á og mundu sennilega fyrtast ef slíkur málflutningur væri uppi. Þeir hafa hins vegar viðurkennt það að þeir hafi afsalað sér hluta af fullveldi sínu. Það er viðurkennt.

Mér finnst nauðsynlegt að í þessari umræðu sé reynt að varpa ljósi á eðli þessa ríkjasambands fordómalaust. Það er mjög mikilvægt vegna þess að þegar við ræðum um sérstöðu Íslands þá skiptir eðli Evrópubandalagsins náttúrlega mjög miklu máli og eðli þeirra samninga sem við erum að gera við þetta bandalag með samfloti við EFTA-þjóðirnar.

Ísland hefur í samningaviðræðum um Evrópska efnahagssvæðið markað sér mjög skýra sérstöðu. Og það hefur í raun og veru legið fyrir alveg frá upphafi samningaferilsins að Íslendingar hafa í þessu máli mjög mikla sérstöðu. Sérstaðan endurspeglast nánast í öllu samningaferlinu því að þeir hafa áskilið sér þann rétt frá upphafi — og gera það enn — að undanskilja mikilvægustu auðlindir þjóðarinnar fjárfestingu erlendra aðila. En þessi frjálsa fjárfesting er einmitt eitt af grundvallaratriðum í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið. Að þessu leyti föllum við mjög illa að þeim veruleika sem þarna er verið að bjóða upp á. Það er viðurkennt í sjálfum samningaviðræðunum að þetta samrýmist mjög illa okkar hugmyndum um það hvernig við viljum haga okkar samningum við aðrar þjóðir. Þess vegna höfum við tryggt okkur fyrirvara í öllum grundvallaratvinnugreinum okkar, þ.e. í sjávarútvegi, í orkuframleiðslu, og það hafa einnig verið settir fyrirvarar á vissum tíma um landakaupin.

Ég get ekki annað en fjallað um þann fyrirvara örlítið nánar vegna þess að hann hefur orðið tilefni til umræðna hér í þingsölum, einkum og sér í lagi af hv. 7. þm. Reykn., sem þreytist ekki á því að minnast á það að frá fyrirvara um landakaupin hafi ekki verið gengið nógu rækilega, en það hafi ætíð verið mikið áhugamál Framsfl. að ganga vel og rækilega frá þeim málum.

Það vill nefnilega svo til að í kosningabaráttunni síðast fór Framsfl. fram undir merki sem sjálfur formaður flokksins, hv. 7. þm. Reykn., reisti flokknum, en upplýst var eftir kosningarnar að var byggt á misskilningi. Það var varaformaður flokksins sem upplýsti það eftir kosningarnar að sú áhersla sem Framsfl. lagði á það að við værum að kjósa um hvort við ætluðum inn í Evrópubandalagið eða ekki hefði verið byggð á misskilningi. En að sjálfsögðu var það ekki fyrr en eftir kosningarnar þannig að í kosningabaráttunni gekk flokkurinn fram undir merki sem var byggt á misskilningi og þar af leiðandi var hann í kosningabaráttu veifandi röngu tré frekar en öngvu, eins og oft vill nú verða.

Mér er það mjög minnisstætt að í kosningabaráttunni í Norðurl. e. sögðu frambjóðendur og þingmenn Framsfl. að Framsfl. hefði gengist fyrir lagasetningu þar sem það hefði verið sérstaklega tryggt að útlendingar hefðu ekki sama rétt og Íslendingar til þess að kaupa land. Og um þetta var nokkuð deilt. Ég man að ég deildi talsvert á þennan málflutning og fullyrti það að þvert á móti hefði Framsfl. opnað á það að útlendingar gætu keypt hér land. Þessu var kröftuglega mótmælt af þingmönnum og frambjóðendum Framsfl.

Nú vill svo til að sumarþingið hafði ekki staðið lengi þegar formaður Framsfl., hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson, upplýsti þingheim um það að einmitt þessi löggjöf, sem hefði átt að tryggja réttindi Íslendinga til þess að kaupa land umfram réttindi annarra, hefði alls ekki verið sett. Hann veittist meira að segja, ef ég man rétt, að hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa ekki gengist fyrir löggjöf um þetta efni. Þarna var þá komið í ljós í sambandi við þessi mál allsérkennilegt sambandsleysi milli þingmanna Framsfl. í Norðurl. e. og formanns flokksins þar sem formaðurinn kvartaði undan því að lög, sem ættu að tryggja Íslendingum rétt umfram útlendinga til kaupa á landi, hefðu ekki verið sett, en framsóknarþingmenn í Norðurl. e. hældu sér af því að þessi lög hefðu verið sett.

Að sjálfsögðu var þarna um að ræða lög sem heita lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og lög um breytingar á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem framsóknarþingmennirnir í Norðurl. e. höfðu verið að hæla sér af að hafa sett til að tryggja rétt Íslendinga í þessum efnum. Misskilningurinn var byggður á því að þessi lagasetning var rýmkunarlagasetning í staðinn fyrir að hafa þrengt þennan kost, alveg öfugt við það sem þingmenn flokksins höfðu haldið fram í umræðunni.

Þessi lög, sem sett voru, boðuðu þá breytingu að skilyrðin fyrir því að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi, þar með talið veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, eru ekki lengur að vera íslenskur ríkisborgari. Eftir löggjöf þá sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar stóð fyrir er nú nægilegt að hafa átt lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár til að geta keypt landeignir. Flokkurinn hafði þar af leiðandi ekki staðið vörð um sérréttindi Íslendinga í sambandi við landakaup heldur hafði hann opnað þennan möguleika til landakaupa erlendra manna hér á landi.

Hins vegar liggur nú fyrir þinginu frv. til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65 1976, með síðari breytingum. Flm. eru Elín Líndal, Steingrímur Hermannsson og Jón Helgason. Með því frv. er verið að þrengja þennan rétt erlendra aðila nokkuð. Hér er því komið það frv. sem framsóknarmenn höfðu hælt sér mest af

að þeir hefðu sett lög um til þess að tryggja rétt Íslendinga til landakaupa umfram aðra menn. Það er raunar leitt að flm. þessa lagafrv. skuli ekki vera þrír þingmenn Framsfl. úr Norðurl. e., það hefði kórónað þennan málflutning allan.

Ég orða þetta sérstaklega hér vegna þess að mér hefur fundist þessi málflutningur ekki sæmandi, ekki síst vegna þess að umræðan um þessi mál var mjög í brennidepli í þessu kjördæmi og Framsfl. gerði sig að sérstökum varnaraðila fyrir Íslendinga í þessu máli og taldi sig hafa tryggt þeirra forréttindi umfram aðra. Og hvers vegna geri ég þetta að miklu máli hér og nú? Jú, það er vegna þess að ég er sammála framsóknarmönnum um það að landið sé ein af þeim auðlindum sem við eigum að tryggja forréttindi Íslendinga til. Ég er sammála þeim um það.

Það hefur verið sagt að það sé misskilningur að halda að útlendingar bíði í biðröðum eftir því að kaupa land á Íslandi, en það er ekki efnisatriði málsins. Það skiptir engu máli hvort menn standa í biðröðum eða ekki. Við eigum að tryggja rétt Íslendinga til að nýta sitt land og það fólk sem býr hér á Íslandi á að hafa þar rétt umfram annað fólk til þeirra hluta. Þetta er hluti af okkar auðlindum og við eigum að ganga tryggilega frá þessu. Það hefur ekki verið gert enn þá og ég legg sjálfur áherslu á að það verði gert í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þó að ég hafi lagt áherslu á það að menn reyni að sýna því skilning hvers eðlis Evrópubandalagið er og reyni að átta sig á þeim flóknu veruleika sem þar er að finna, þá er ég þeirrar skoðunar að Íslendingar geti ekki gengið inn í Evrópubandalagið eins og það er nú, og hef miklar efasemdir um að það bandalag tryggi okkur neina þá hagsmuni sem við munum sækjast eftir. Ástæðan fyrir því er kannski fyrst og fremst sú að þau vandamál sem ég vék að hér í upphafi máls míns og tengjast því hvernig þjóðríki og hvernig landamæri eru dregin í Evrópu, þau vandamál sem Evrópubandalagið er í raun og veru að leysa í þessum efnum — og hefur gengið prýðilega að leysa, satt best að segja — þau vandamál snerta ekki Íslendinga. Staðan hér á Íslandi er öll önnur. Við eigum ekki neinna þeirra hagsmuna að gæta innan Evrópubandalagsins sem eru í neinni líkingu við það sem Evrópuþjóðirnar hafa. Ég tel að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið getum við tryggt nauðsynlega hagsmuni Íslendinga en tek það fram að þeir fyrirvarar sem settir hafa verið eru nauðsynlegir og það þarf að ganga betur frá fyrirvaranum um landakaupin því að hann snertir íslenska hagsmuni mjög verulega.

Virðulegi forseti. Það er nú allmikið liðið á nóttina og þó að þessi skýrsla utanrrh., sem er viðamikið plagg, gefi tilefni til mjög verulegra umræðna þá ætla ég ekki að lengja umræðuna hér í nótt. Ég fæ eflaust tækifæri til þess að blanda mér í hana nánar síðar og læt hér lokið máli mínu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skal vera stutt. Aðeins til að hafa það alveg og endanlega á hreinu, vegna þess að enn einu sinni voru borin inn í umræðuna orðaskipti sem fallið hafa vegna spurninga um það hvort að rétt hefði verið eða nauðsynlegt að breyta á undangengnum árum, því síðasta eða næstsíðasta jafnvel, íslenskum lögum til þess að setja fyrir fram, að því að mér skilst, einhverjar girðingar inn í íslenska löggjöf til að hindra að við semdum af okkur í samningum um Evrópskt efnahagssvæði og hættur sköpuðust á því að útlendingar eignuðust hér land í stórum stíl. Þetta er að verða heldur klisjukennt og þreytt en í fáum orðum sagt standa málin þannig málin, eða stóðu, að af minni hálfu var sú afstaða alveg skýr, kom margoft fram í ríkisstjórn og hér á þingi á meðan ég fór með embætti landbrh., að ég vildi að í samningaviðræðunum sjálfum yrði af Íslands hálfu settur fram skýr og afdráttarlaus, varanlegur fyrirvari varðandi þetta efni. Þar með væri það í eitt skipti fyrir öll leyst, ef við gengjum til þessara samninga, að þá væri í þeim varanlegur fyrirvari varðandi rétt útlendinga til fjárfestinga hér á landi á grundvelli almennra ákvæða samningsins.

Ég hef aldrei skilið almennilega þessa hugmynd að með breytingum á íslenskum lögum girðum við fyrir þetta þar sem mér skilst nú að eitt viðamesta verkefnið við innleiðingu samningsins sé einmitt að gjörbreyta fjölmörgum íslenskum lagaákvæðum — í kjölfar samningsniðurstöðunnar. Og þar með gæti það væntanlega farið svo að við hefðum þurft að breyta jarðalögum eins og öðrum lögum og afnema þar girðingar, ef einhverjar hefðu verið, sem brotið hefðu í bága við samningsniðurstöðuna — ef hún hefði orðið slík að fjárfestingar útlendinga í landi hefðu orðið almenn regla í bandalaginu. Þess vegna held ég að þessi umræða sé í raun og veru öll hin kostulegasta. (Forseti hringir.) Og í ljósi þess sem síðar hefur orðið með þróun mála þá hefði nægur tími gefist hvort eð var til að gera slíkar breytingar. En afstaða mín til málsins var sem sagt þessi: Það var allan tímann mín krafa sem landbrh. að inn í samningana yrði settur varanlegur fyrirvari hvað okkur snertir í þessum efnum. Ég var þess vegna ekki sammála þeirri aðferð að það ætti að fara í að breyta íslenskum lögum til að fyrirbyggja þarna hættur og hélt að sjálfsögðu fram mínum málstað frá upphafi til enda í málinu. Og það skýrir það að ég sá ekki ástæðu til þess að fara að ómaka upptekna starfsmenn í landbrn. við að semja breytingar, sem hefðu þá líka verið einasta tilvikið af því tagi þar sem við Íslendingar hefum farið að breyta lögum fyrir fram með hugsanlega samningsniðurstöðu í huga. Og í ljósi allrar þeirrar óvissu sem sveif yfir vötnunum hef ég nú aldrei eiginlega almennilega fengið botn í þetta.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hélt hér athyglisverða ræðu um Evrópubandalagið og eðli þess og ég ætla ekki að gera hana að umræðuefni. En hann kom í lokin að málflutningi framsóknarmanna í kosningabaráttunni um Evrópubandalagið, taldi þann málflutning hafa verið misheppnaðan og byggðan á misskilningi.

Ég held að það sé að koma í ljós að sá málflutningur hefur alls ekki verið byggður á neinum misskilningi og málin séu að þróast þannig að það hafi verið full ástæða til að taka jafnvel dýpra í árinni. Við framsóknarmenn gengum til kosninga undir því merki að við vorum að reyna að ná samningum um Evrópskt efnahagssvæði með ákveðnum fyrirvörum sem við vildum halda til haga en nú, eins og menn hafa heyrt hér í þessari umræðu og eins á yfirlýsingum utan þings, eru fleiri og fleiri stjórnarliðar að hallast á þá sveifina að það eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu, sumir segja fyrir áramót. Hins vegar heyri ég að hv. 5. þm. Norðurl. e. er ekki á þeirri skoðun og er það vel.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Ég vil taka það fram að það er ómaklegt af mér að gera þær kröfur til hv. 2. þm. Austurl. að hann svari fyrir gjörðir sinna flokksbræðra í Norðurl. e. En ég vil aðeins undirstrika það að allt sem ég hef sagt hér um þá kosningabaráttu stendur. Þar var því haldið fram að á vordögum 1991, fyrir kosningar, hefðu verið sett lög sem tryggðu Íslendingum réttindi til landakaupa umfram aðrar þjóðir, á sama tíma og þessi lög höfðu einmitt opnað þetta fyrir útlendingum og juku rétt þeirra í staðinn fyrir að þrengja hann, minnkuðu rétt íslenskra ríkisborgara. Og ástæðan fyrir því að lagafrv. hefur verið sett fram nú um þessi mál — af Framsfl. — er einmitt sú að þessi löggjöf hafði ekki verið sett.

Ég ætla ekki að deila um þetta við hv. 2. þm. Austurl. Ég tek þessa ræðu upp við þingmenn Framsfl. í Norðurl. e. vegna þess að þeir eiga það skilið að ég ræði þessi mál við þá. Það er óhjákvæmilegt vegna þess að ég tel að þetta hafi verið óheiðarleiki í málflutningi sem ekki gengur, satt best að segja. En ég ætla ekki að taka þessar viðræður upp við hv. 2. þm. Austurl. þó að ég skilji vel að hann vilji verja flokksbræður sína.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínu andsvari minntist ég ekkert á orðaskipti hv. þm. Norðurl. e. á framboðsfundum þar. Það er ákaflega sérkennilegt að taka upp þá framboðsfundi á næturfundi hér í Alþingi þegar mjög fáir eru viðstaddir og enginn af þeim hv. þm. sem hlut áttu að máli eru viðstaddir. (Gripið fram í.) Þetta hafa að sjálfsögðu verið merkilegir fundir. Það sem ég tók fram í mínu andsvari var að það hefur áreiðanlega ekkert verið ofmælt um það aðild að Evrópubandalaginu eða ekki aðild mundi koma til umræðu á þessu kjörtímabili. Það er að koma í ljós. En um orðaskipti þingmanna á framboðsfundum eða í kosningabaráttunni í Norðurl. e. sagði ég ekki orð og þm. hv. Framsfl. í Norðurl. e. eru menn til að svara fyrir sig í því efni. Ég ætla ekki að eyða tímanum hér í þær umræður.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Við höfum hvergi sagt að við höfum hafnað EB-aðild fyrir fram en við lítum heldur ekki svo á að stefna okkar ráðist af einhverju náttúrulögmáli og Ísland hljóti að sækja um aðild af því að önnur Norðurlönd og EFTA-ríki gera það. Staða okkar krefst þess að allir kostir séu skoðaðir og á þann hátt að við getum sjálf metið kostnað og ávinning af því hvernig við tengjumst umheiminum og tökum á okkur skuldbindingar. Þannig mætum við nýjum tímum. Þetta eru ekki orð hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þetta eru ekki orð hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar eða Björns Bjarnasonar. Það af síður eru þetta orð utanrrh., þess sem hér stendur. Þetta eru orð hæstv. forsrh. Þau ættu kannski að duga til þess að kveða niður þær tilraunir sem gerðar hafa verið í þessari maraþonumræðu til þess að túlka skýrslu utanrrh. á þann veg að upp sé risinn einhver djúpstæður ágreiningur milli stjórnarflokkanna. Þessi umræða hefur alla vega leiðrétt það hafi menn trúað slíku fyrir fram. En sumir reyndar byggðu málflutning sinn í þessari umræðu á þeim tilbúnu og fölsku forsendum.

Það hefur komið skýrt til skila hver er stefna ríkisstjórnarinnar að því er varðar tengsl okkar við Evrópu. Það hefur verið áréttað rækilega að hún er óbreytt. Hún byggir að því er viðskiptaþáttinn varðar á því forgangsverkefni að reyna að ná fram staðfestingu á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Frá þeirri stefnu hefur ekki verið hvikað. Það hefur hvergi verið boðað, hvorki í skýrslu utanrrh. né annars staðar af hálfu stjórnarliða í þessari umræðu, að fyrir dyrum stæði að leggja fram umsókn um aðild að Evrópubandalaginu í samfloti með öðrum Norðurlandaþjóðum þannig að allar ályktanir og ræður, sumar langar, settar á á þeim forsendum eru út í hött. Það sem hefur hins vegar verið sagt er það að sú stefna sem við höfum fylgt í þessu máli er í mikilli óvissu. Við höfum vísað í því efni til reynslunnar af samningsgerðinni við Evrópubandalagið og við höfum vakið athygli á því að þar hafa engar dagsetningar staðist, þar hafa engar tímaáætlanir staðist, þar hafa pólitískar yfirlýsingar forustumanna ekki staðist, þar hefur það komið á daginn hvað eftir annað að samningslok að mati ráðherraráðs Evróubandalagsins hafa ekki haldið. Málinu hefur verið vísað frá Heródesi til Pílatusar innan Evrópubandalagsins og svo er enn. Þess vegna er það svo að af hálfu ríkisstjórnarinnar og í skýrslu utanrrh. er sagt að við getum ekki slegið því föstu að þessi yfirlýsta stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli nái fram að ganga.

Að gefnu tilefni vil ég taka það fram, af því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði um það, að ég hef ekki í höndum neinar sérstakar leyndar upplýsingar því til staðfestu að þessir samningar muni fara forgörðum eða þeir muni ekki ná staðfestu. Ég byggi ekki þetta mat mitt á neinum slíkum upplýsingum sem ekki hafa verið birtar. Það er að vísu ekki svo. Ég vísa einfaldlega til ársreynslu okkar af því hvernig á þessum samningum hefur verið haldið og til almennrar pólitískrar vitneskju um það að víða innan Evrópubandalagsþingsins í einstökum aðildarlöndum og meðal ýmissa hagsmunaaðila Evrópubandalagsins er að finna öfl sem eru andvíg þessum samningi, mundu harma það

lítt þótt hann næði ekki fram að ganga og munu gjarnan stuðla að því að svo verði. Þetta þýðir einfaldlega að það væri hygginna manna háttur að búa sig undir það í tæka tíð að svo kynni að fara. Og ef allt færi á versta veg þá er það nú svo að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, enda er það athyglisverðasta niðurstaða þessarar umræðu að sumu leyti að þeir stjórnmálamenn, þeir hv. alþm., þeir leiðtogar stjórnmálaflokka, sem hér hafa talað sem vissulega hafa haft allt á hornum sér um þennan samning, lagt sig alla fram um að gera hann eins tortryggilegan og þeim hefur verið frekast unnt og harðneitað að taka afstöðu til hans að svo stöddu máli, hafa nú komið fram í þessum umræðum harla ánægðir með þennan samning og sett allt sitt traust á það í tengslum við Evrópu að samningurinn haldi. Þetta á sérstaklega við um forustumenn Framsfl. Það á vissulega við um formann flokksins sem sagði að ef sérstaða og fyrirvarar Íslendinga héldu, þá væri þessi samningur álitlegur kostur og bætti því við að hann væri sammála því sjónarmiði utanrrh. að það væri haldbær leið fyrir Ísland ef þessi samningur héldi að festa hann betur í sessi og tryggja stöðu okkar með því að freista þess að ná sambærilegum samningum í vesturátt við Bandaríkin og taldi þá að þar með væri uppi kostur sem gæti reynst Íslendingum fullnægjandi þrátt fyrir breyttar aðstæður í veröldinni. Ég hef ekki heyrt jafnskýra stuðningsyfirlýsingu við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar frá nokkrum manni eins og í þessum orðum formanns Framsfl.

Þetta var enn betur undirstrikað og styrkt af þeim ummælum sem hv. þm., varaformaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, lét hér falla, en hann gekk beinlínis út frá því að Íslendingar bæði gætu og ættu hér eftir sem hingað til að byggja samskipti sín við Evrópu á traustum forsendum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það er með öðrum orðum svo að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur eða fyrr en hann sér í það kannski að hann eigi von á því að missa og það er auðvitað athyglisverð niðurstaða þessara umræðna að forustuflokkur stjórnarandstöðunnar er svo eindregginn í stuðningi sínum við stefnu ríkisstjórnarinnar að það verður ekki vefengt lengur að Framsfl. muni í heild sinni styðja þá stefnu, sérstaklega vegna þess að honum hryllir svo við þeim möguleika, þeim öðrum kosti sem við blasir, ef þessi samningur færi nú forgörðum. Við þökkum þessa liðveislu og viðurkennum að það munar um hana og erum að sjálfsögðu þakklátir fyrir hana.

Það sakar ekki að það komi fram að ég er sammála því sjónarmiði framsóknarmanna að með engu móti verði slegið föstu að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé samkvæmt einhverju lögmáli áfangastaður á lengri leið inn í Evrópubandalagið. Það má færa fyrir því mjög veigamikil rök að sá samningur, haldi hann, geti í tilviki Íslendinga verið valkostur, komið í staðinn fyrir aðild að Evrópubandalaginu.

Hitt er auðvitað laukrétt sem fram kom í mjög athyglisverðri ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem svar við lögreglustjórahugsun Alþb. um hvað mætti og hvað mætti ekki tala um, það væri undarlegt í meira lagi af þeirra hálfu sem segja að Evrópska efnahagssvæðið sé aðeins fordyri Evrópubandalagsins, það sakar ekkert að við ræðum Evrópskt efnahagssvæði hér í þrjú ár eins og við höfum gert ótæpilega, en allt í einu við það fordyri tekur við tótem og tabú og boð og bönn og það er gjörsamlega óheimilt að ræða seinasta legginn af leiðinni því að þetta eru þær forsendur sem alþýðubandalagsmenn gefa sér sjálfir. Reyndar er það svo að málflutningur Alþb. í þessari umræðu skar sig úr að öllu leyti, bæði vegna þess hversu yfirborðskenndur hann var og ómálefnalegur og raunverulega byggður, sérstaklega af hálfu formanns flokksins, á útúrsnúningum á skýrslu utanrrh. og afbökunum þar af leiðandi í öllum ályktunum.

Það er kannski ástæða líka til þess að nefna það að í slagorðasafni umræðunnar stangast nú sitthvað hvert á annars horn. Hv. formaður Framsfl. t.d. reyndi að gera sér mat úr því að utanrrh. væri greinilega dáleiddur, heillaður af Evrópubandalaginu, nálgaðist það með glýju í augunum. Sami maður hefur í hverri ræðu sinni um þetta efni vitnað til gagnrýninna ummæla þessa utanrrh. gagnvart Evrópubandalaginu og varaformaður Framsfl. hefur gengið svo langt að telja að þau gagnrýnu ummæli hafi stórlega spillt samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins og jafnvel stofnað samningnum um Evrópskt efnahagssvæði í hættu. Margir fulltrúar Framsfl. tala um EFTA- og EES-trúboð utanrrh. en í þessum umræðum töluðu þeir um og áfelldust hann fyrir að hafa ætlað að rífa samninginn um Evrópskt efnahagssvæði í sundur eða farga honum. Sumir þeirra segja: Formaður Alþfl. sér ekkert nema Evrópu en um leið fagna þeir því ákaflega þegar formaður Alþfl. og utanrrh. segir: Við getum byggt haldbæra stöðu okkar á því til viðbótar samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að tengjast nánari viðskiptaböndum Bandaríkjunum, þ.e. með því að ná fríverslunarsamningum þar. Þannig rekst þetta hvað á annars horn og þarf svo sem ekki að elta ólar við það frekar.

Ég sagði áðan að málflutningur alþýðubandalagsmanna, sérstaklega formanns flokksins, hefði verið ótrúverðugur mjög. Formaðurinn varði miklum hluta ræðu sinnar til að bera það upp á Barnaskólann á Ísafirði, sem var góð fræðslustofnun, að bera ábyrgð á því að hann hefði ekki fyrr en mjög síðla á ævinni uppgötvað að jörðin væri ekki flöt. Síðan setti hann á um hálftíma ræðu um það að megintilhneiging í alþjóðamálum nú væri efling þjóðríkja og utanrrh. sleginn mikilli blindu að sjá þetta ekki og hvergi að því vikið í skýrslunni. Meginkjarni minnar greiningar að því er Evrópu varðaði var að annars vegar væri áberandi samrunaferillinn í vestri en upplausnin í austri. Þegar nýlenduveldi hrynja, þegar ríkjasamsteypur gliðna, þá fjölgar þjóðríkjum um sinn. En eins og fram hefur komið í máli annarra ræðumanna, þá er það einkum og sér í lagi athyglisvert að þessi hin nýju þjóðríki eru að leita fyrir sér um skjól, öryggi, tengsl við önnur ríki. Þannig er það á stefnuskrá flestra hinna nýfrjálsu ríkja Austur-Evrópu að leita eftir aðild að Evrópubandalag-

inu, að reyna að ná samningu hvort heldur er við Evrópubandalagið eða EFTA-ríkin, að leita eftir inngöngu í Atlantshafsbandalagið, að varpa akkerum í öllum þeim samtökum sem komið hefur verið á fót núna einmitt til þess að treysta öryggi þeirra í stærri heild.

Það er einnig athyglisvert að Norðurlöndin eru núna nýlega búin að taka upp þá stefnu að þau þurfi að styrkja áhrif sín á framtíðarþróunina í Evrópu, með öðrum orðum að styrkja fullveldi sitt í vissum skilningi með því að gerast aðilar að stærri heild.

Hv. formaður Alþb. nefndi sem dæmi að hér væri hvergi vikið að öðrum heimshlutum þar sem efling þjóðríkja væri í hvað mestum blóma sem sannar náttúrlega að hann hefur ekkert lesið þessa skýrslu. Í inngangskaflanum um utanríkisviðskipti á bls. 126 er til dæmis rækilega fjallað um málefni Suður-Ameríku, sem hann sagði að væri heimshluti sem alls ekki væri minnst á og væri ekki til í orðabók utanrrh., þar sem er rakið hvernig ríki Suður-Ameríku eru hvert á fætur öðru að semja sín í milli um svæðisbundin samtök og efla fríverslunarsamskipti sín og er því lýst rækilega. Sömuleiðis er fjallað um sömu þróun í Asíu og þannig mætti lengi telja. Annað var nú ekki efnislega í ræðu formanns Alþb. fyrr en í seinni hluta að hann vildi leggja það út af fréttaviðtali við Karl Steinar Guðnason að Alþfl. hefði skipt um stefnu og ríkisstjórnin hefði skipt um stefnu og þarna hefði hinn hræðilegi leyndardómur verið afhjúpaður. Allt er þetta frekar innihaldslítið satt að segja.

Að því er varðar þær umræður sem hér hafa farið fram af sæmilegri alvöru og viti um hina breyttu heimsmynd og hin breyttu samskiptaform þjóða, hvort heldur er í Evrópu eða öðrum heimshlutum, þá vörpuðu menn fram spurningunni: Hvar er óvinurinn nú í heimsmynd þeirra tíma sem taka við að loknu hinu kalda stríði? Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að í máli formanns Framsfl. mátti helst ráða að óvinurinn væri hið sameinaða Þýskaland. En hann notaði tækifærið í þessum umræðum til þess að árétta fyrri ummæli sín annars staðar enn á ný um að honum sýndist að Þýskalandi sameinuðu væri nú að takast að koma fram sömu áformum sem Hitlers-Þýskalandi hefði með hernaðarofbeldi og blóðfórnum mistekist að ná. Mér þótti ákaflega mikið miður að fyrrv. forsrh. og utanrrh. Íslands teldi ástæðu til að haga orðum sínum á þennan veg því að þrátt fyrir allt er það nú svo að hið sameinaða Þýskaland er eitt af lýðræðisríkjum Evrópu og af hálfu forustumanna Þýskalands hefur verið lögð á það áhersla að þeir vildu eiga hlut að því að byggja upp samfélag Evrópríkja fremur en þýska Evrópu og ég held að við höfum engin efnisleg rök til þess að líkja framgöngu forustumanna Þýskalands nú á nokkurn máta við framferði Hitlers-Þýskalands á millistríðsárunum. Og satt að segja held ég að það væri ástæða til við gott tækifæri að formaður Framsfl. tæki aftur þessi orð og bæðist velvirðingar á þeim.

Það er svo að sönnu að til mín var beint ýmsum athugasemdum og fyrirspurnum. Ég held, úr því að hér er komið sögu og flestir þeir sem þessar fyrirspurnir báru fram eru ekki hér lengur, að ég láti það liggja á milli hluta. Ég vil þó staldra við örfá atriði. Því var haldið fram að ákvörðun hefði verið tekin um aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu, þ.e. þessu væntanlega varnarbandalagi Evrópubandalagsins, að réttum aðiluum forspurðum, þ.e. án samráðs við utanrmn. Ég vil aðeins af þessu tilefni taka það fram að það eina sem gerst hefur í því máli er, eins og fram kemur í skýrslunni, að orðsendingin eftir Maastricht, um að Íslandi standi til boða ásamt tveimur öðrum ríkjum að verða eins konar aukaaðili að bandalaginu, orðsendingin hefur borist okkur í formi bréfs frá þýska utanríkisráðherranum. Því var svarað á jákvæðan máta, en jafnframt var skýrt tekið fram að við biðum þess að það væri nánar skilgreint af hálfu bandalagsins hvað fælist í formi réttinda og skyldna í stöðu aukaaðila og að endanleg ákvörðun yrði ekki tekin um það mál fyrr en þær upplýsingar lægju fyrir. Jafnframt var fastafulltrúum okkar í Atlantshafsbandalaginu samstundis falið að taka saman greinargóða skýrslu um Vestur-Evrópusambandið. Sú skýrsla er raunar birt hér sem fskj. því að hún var fullunnin um það leyti sem verið var að leggja seinustu hönd á skýrsluna og er þar af leiðandi fram lögð á Alþingi, ekki bara í utanrmn., og að sjálfsögðu verður hún á dagskrá utanrmn. áður en kemur að lokaákvörðun.

Það var einnig spurt sérstaklega um það hvort samþykkt íslensku ríkisstjórnarinnar sem varðaði málefni Aðalverktaka væri því til staðfestingar að utanrrh. hefði látið þar í minni pokann fyrir sjónarmiðum sem lýst hefði verið af sjútvrh. Með öðrum orðum: Sjútvrh. hafði lýst þeirri skoðun sinni að hann teldi að tímabært væri nú þegar í stað að leysa upp fyrirtækið Aðalverktaka þannig að eignaraðilar þess leystu til sín eignarhlut sinn í því, þar á meðal Sameinaðir verktakar, eignarhlut upp á nokkra milljarða, en síðan ætti bara að fara að reglum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins um almenn útboð á verkum í þágu varnarliðsins. Það er nauðsynlegt að taka það fram ef menn skyldu misskilja það að samþykkt ríkisstjórnarinnar var um hið þveröfuga. Hún var um það að taka af öll tvímæli um að til loka kjörtímabilsins færu Aðalverktakar samkvæmt fyrri samningum og skuldbindingum með verktöku þannig að á aðlögunartíma yrði tryggt að eldri samningar giltu. Frá þessu var gerður sá fyrirvari að því er varðar tiltekin verkefni, að þá skyldi opnað fyrir undirverktöku í stórauknum mæli. Þetta lýsir einmitt því meginmarmiði okkar að fylgja fram þeirri stefnu sem boðuð var á fyrra kjörtímabili, nefnilega að ná meirihlutaforræði í þessu fyrirtæki um sinn af hálfu ríkisins til þess að geta þróað fyrirtækið áfram í formi almenningshlutafélags en nýta aðlögunartímann jafnframt með þeim hætti að lokamarkmiðið væri að eftir stæði öflugt verktakafyrirtæki sem gæti — og hefði til þess burði, fjárhagslega og tæknilega — boðið í verk bæði hér innan lands og erlendis. Með öðrum orðum þeirri stefnu að leysa fyrirtækið upp þegar í stað og innleiða hér reglur Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins sem við erum ekki aðilar að, henni var hafnað.

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. Björns Bjarnason-

ar kom fram gagnrýni á þau vinnubrögð sem viðhöfð hefðu verið við undirbúning á skýrslu utanrrh. og ef ég skildi hv. þm. rétt, þá taldi hann eðlilegt að skýrslan yrði lögð fyrir í ríkisstjórn og jafnvel í utanrmn. áður en hún yrði birt á Alþingi. Um þetta hef ég það að segja að þetta er skýrsla utanrrh. til Alþingis. Utanrrh. er hluti framkvæmdarvaldsins og ríkisstjórn Íslands er, eins og lögfræðingar þreytast ekki á að segja, ekki fjölskipað stjórnvald. Meðan þetta er skýrsla utanrrh. þá tel ég það eðlilegt að þeim hefðum sé viðhaldið sem verið hafa en þess eru engin dæmi að utanrrh. hafi lagt skýrslu sína fyrir, ekki einu sinni í ríkisstjórn, í formi texta til umræðu eða afgreiðslu í ríkisstjórn. Það hefur ekki verið gert og það er rétt að það var ekki gert í þessu tilviki og mín skoðun er sú að það séu ekki rétt vinnubrögð. Þetta breytir engu um það að auðvitað er eðlilegt í alla staði að um meginmál, meginpólitísk stefnuatriði sé tryggt af umræðum innan ríkisstjórnar að sé samstaða og ég held að þessi umræða hafi leitt í ljós rækilega, hafi menn efast um það áður, að slík samstaða var fyrir hendi.

Eitt athyglisvert mál kom fram í stuttri ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og það var að hún vitnaði til ummæla fyrrverandi spænsks utanríkisráðherra þess efnis að á því væru engar líkur að Evrópubandalagið vildi veita viðtöku Íslandi né öðrum smáríkjum sem kynnu að vilja leita eftir inngöngu og taldi þess vegna alla umræðu um það þegar í stað óþarfa af þeim sökum. Þetta er kunnuglegt mál og var satt að segja þarft innlegg, að hvað svo sem líður vangaveltum manna hér á landi um það hverra kosta við eigum völ, þá skulum við hafa það í huga að það er ekkert sem liggur fyrir um það að til þess sé vilji innan Evrópubandalagsins að greiða fyrir samningum um aðild Íslands. Það eina sem liggur fyrir er áskorun kanslara Þýskalands til Norðurlandanna sem hóps og fyrirheit um það að Þýskaland vilji fyrir sitt leyti greiða fyrir hraðferð. Ég hef áður tjáð mig um það hvað megi byggja á slíkum yfirlýsingum en ég tel rétt að menn hefðu það í huga áður en menn fara nú á háflug, t.d. í hefðbundum ræðum sínum um landsölu og framsal fullveldis og þess háttar, að umsókn um aðild að Evrópubandalaginu er ekki það sama og aðild. Menn þurfa nefnilega að semja um það mál og samningsniðurstaðan er ekki gefin fyrir fram. Það er eitt gefið við það og það er að hún tekur langan tíma. Þess vegna er það vissulega á misskilningi byggt að þeir framsóknarmenn hafi í málflutningi sínum fyrir kosningar haft rétt fyrir sér eins og nú sé að koma á daginn. Það er mikill misskilningur. Sá málflutningur var, svo að ég rifji það upp, þessi: Að síðustu kosningar, árið 1991, væru þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það var málflutningurinn og ekki seinna vænna en að menn kysu um það í þeim kosningum. Á það var bent að þetta gæti ekki staðist undir neinum kringumstæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að fráfarandi ríkisstjórn hafði ekkert um það mál fjallað, ekki neitt, að enginn af stjórnarflokkunum hafði það mál á sinni stefnuskrá, að enginn stjórnmálaflokkur á Íslandi hafði það mál á sinni stefnuskrá, að málið hafði ekki verið undirbúið og það hafði engin umsókn verið send. Og það sem færi að lokum í þjóðaratkvæðagreiðslu í því máli hlyti náttúrlega að vera niðurstaða af einhverjum samningum sem gerðir hefðu verið og að sjálfsögðu hlytu forráðamenn ríkisstjórnar að hafa upplýst þjóðina um innihald þeirra samninga og lagt mat á þá. Ekkert af þessu væri til staðar. Þess vegna væru þetta allt saman staðlausir stafir og venjulegur ómerkilegur áróður til þess að kría sér út atkvæði á fölskum forsendum sem það var. Enda baðst varaformaður Framsfl. afsökunar á þessum málatilbúnaði.

Það stendur líka sem sagt var af okkar hálfu fyrir kosningar að hvað svo sem í skærist á kjörtímabilinu eftir 1991 þá gæti þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að Evrópubandalaginu ekki verið á dagskrá af þeirri einföldu ástæðu að jafnvel þótt umsókn yrði nú send af stað á þessu kjörtímabili, þá tæki það svo og svo langan tíma að fjalla um það mál áður en samningsumboð væru fengin. Síðan tæki svo og svo langan tíma að standa í þeim samningum og það væri alveg ljóst að samningsniðurstöður gætu ekki legið fyrir fyrr en á þarnæsta kjörtímabili og jafnvel þótt svo færi, þá yrði augljóslega að leggja það samkvæmt íslenskri stjórnarskrá fyrir í tvennum kosningum. Hvernig sem á málið er litið er ljóst að sá áróður sem uppi var hafður af hálfu Framsfl. í seinustu kosningum um þetta mál stóðst ekki þá og stenst ekki enn og þarf ekki mikið meira um það að segja.

Virðulegi forseti. Margt sem sagt hefur verið hér í þingsölum í þessum umræðum hefur verið allrar athygli vert og án þess að ég vilji gera upp á milli manna í því efni, þá neita ég því ekki eins og fram hefur komið að mér þótti sérstaklega athyglisverð ræða hv. þm. Kvennalistans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, ekki síst þau rök hennar að það væri undarleg afstaða á þjóðþingi í umræðum um hin veigamestu mál ef einhverjir ætla sér þá dul að úrskurða það hvað sé til umræðu, hvað megi ræða og hvað megi ekki ræða þegar um það er að ræða að þjóð standi á tímamótum og eigi nokkurra kosta völ. Það eru satt að segja fáheyrðar leifar úrelts forræðishugsjónarháttar að láta sér detta það í hug. Sá sem segir að málin séu ekki á dagskrá lítur reyndar nokkuð undarlega út rúmum tveimur sólarhringum og nokkrum náttum síðar þegar hér hafa farið fram linnulausar maraþonumræður um aðallega það sem ekki á að vera dagskrá, þ.e. tengslin við Evrópubandalagið. Það sem hv. þm. sagði um hefðir okkar í umræðu af þessu tagi, þ.e. um hefðir sjálfstæðisbaráttunnar og herstöðvarbaráttunnar, var laukrétt að mínu mati sem athugasemd um sögulegar aðferðir okkar og ég tek undir þær vonir sem hv. þm. lét í ljós að við hefðum hvað úr hverju lært nóg af reynslunni til þess að endurnýja þær frumstæðu aðferðir.

Athugasemdirnar sem lutu að umfjöllun í skýrslu utanrrh. þar sem verið er að fjalla um samskipti norðurs og suðurs, þar sem sú hugsun er orðuð að leggja eigi mælikvarða vestræns neysluþjóðfélags á vanda þriðja heimsins, þær athugasemdir voru vissulega réttar því að það er hverju orði sannara að ef neyslustig Bandaríkjamanna eða Vestur-Evrópumanna væri yfir-

fært um allan heiminn, þá byggjum við hér á ruslahaugi þannig að það er ástæða til fyrir utanrrh. að biðjast velvirðingar á þessari vanahugsun sem af vangá hefur slæðst inn í þennan texta.

Að lokum, virðulegi forseti, það urðu dálítið skondnar umræður um þá athyglisverðu athugasemd að í raun og veru væri það svo að hin veigamestu utanríkismál væru hin alvarlegustu innanlandsmál og sannleikurinn væri sá að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sem og umræða um aðild að Evrópubandalaginu væru mál af þeirri stærðargráðu að þau snertu hvern einasta þátt íslensks þjóðlífs, þau væru vissulega sjávarútvegsmál, þau væru iðnaðarmál, þau væru landbúnaðarmál, þau væru neytendamál, þau varða nánast alla löggjöf á mjög stórum og veigamiklum sviðum fyrir utan það að þau varða ýmislegt varðandi leikreglur okkar og séu þess vegna innanlandsmál. Þetta staðfestir kannski það sem ég sagði í upphafi framsöguræðu minnar að þess sæjust víða merki að það ráðuneyti sem stýrir utanríkismálefnum og utanríkisviðskiptamálum getur varla lengur talist fílabeinsturn diplómata vegna þess að í vissum skilningi fer það að verða eitt helsta atvinnumálaráðuneyti þjóðarinnar. Minnisstætt dæmi um þetta er spurningin um GATT-samninginn. Það mál heyrir undir utanrrn. Í vitund flestra Íslendinga snýst það mál um landbúnað þó að það sé að vísu misskilningur en engu að síður gæti GATT-samningurinn skipt verulega þýðingarmiklu máli að því er varðar framtíð íslensks landbúnaðar, bæði út frá sjónarmiðum framleiðenda og neytenda. Í þessum skilningi er utanríkisviðskiptaráðuneytið því eiginlega eitt af veigamestu innanlandsráðuneytunum en þá er það orðin spurning aftur á móti hvert af hinum hefðbundu innanlandsráðuneytum ætti að taka við hinu hefðbundna diplómatíska hlutverki utanrrn.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að lengja þessa umræðu frekar, en þakka fyrir hana.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru einkum tvö atriði í ræðu hæstv. utanrrh. sem ég vil gera athugasemdir við. Hann telur það eindregna niðurstöðu umræðunnar að við framsóknarmenn séum stuðningsmenn Evrópsks efnahagssvæðis. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni. Sá stuðningur er sýnd veiði en ekki gefin þó að ég samþykki það að hann sé auðvitað mikils virði.

Okkar stuðningur við Evrópskt efnahagssvæði byggist á því hvort þeir fyrirvarar sem við gerðum um yfirráð yfir landi og orku halda og hvort við sjáum þennan tvíhliða samning um sjávarútvegsmálin sem við getum sætt okkur við. Stuðningur okkar byggist á þessum atriðum. Og það væri áreiðanlega þarfara verkefni fyrir hæstv. utanrrh. að beita sínu starfsliði í því að tryggja þessi mál heldur en fara að setja það í kannanir á aðild að Evrópubandalaginu.

Ég vil einnig geta þess varðandi ummæli sem tilfærð voru eftir formanni Framsfl. um Þýskaland að það er mikil rangtúlkun á þeim ummælum að segja að með þeim hafi formaður flokksins verið að líkja Þýskalandi nútímans við Þýskaland Hitlers. Hann var aðeins að ræða hættuna á því að stórþjóðir yrðu yfirgnæfandi í Evrópubandalaginu, en það er langt í frá að hann væri að halda því fram að lýðræðisríkið Þýskaland nútímans væri að beita starfsaðferðum sem líkar væru og í Þýskalandi Hitlers. Það er engin ástæða til slíkra ummæla. Þjóðverjar hafa ekki gefið neina ástæðu til slíkra ummæla og langt í frá. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram og það er algjörlega ástæðulaust að túlka þessi ummæli á þennan veg.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er orðið nokkuð liðið á nóttu og fer nú að verða úr manni allur vindur í þessari umræðu. Því kýs ég að fara hér í andsvar þó það mætti eflaust tala hér um ýmislegt af því sem kom fram í máli ráðherra. Það var eiginlega þrennt sem mig langar aðeins til að drepa á.

Í fyrsta lagi sagði ráðherra að því hefði verið haldið fram hér í umræðunni að ákvörðun hefði verið tekin um aðild að Vestur-Evrópusambandinu án samráðs við utanrmn. Ég tel að þar sé átt við það sem ég gerði að umtalsefni að menn hefðu verið að kanna þessa aðild og m.a. sent fulltrúa erlendis til þess að kanna hvað fælist í aukaaðild án samráðs við utanrmn. Það gagnrýni ég. Ég tel að það hefði átt að upplýsa utanrmn. um stöðu mála og hvað utanrrn. væri að gera í þessu máli.

Annað sem mig langar til þess að minnast á og það eru Íslenskir aðalverktakar. Ég spurði nefnilega að því í minni ræðu hvort utanrrh. hygðist flytja þinginu þá munnlegu skýrslu sem hann boðaði í janúar eða febrúar um þessi mál en af óviðráðanlegum ástæðum varð ekki af, hvort hún yrði flutt hér og hvort við fengjum um þetta umræðu eða hvort bólan væri bara sprungin.

Í þriðja lagi langar mig aðeins til þess að nefna, af því að ráðherra kom hér inn á orð mín um hefðir baráttunnar eða hefðir umræðunnar í utanríkismálum, og mér finnst menn hafa lagt það svolítið út á þann veg að ég sé þá fyrst og fremst að gagnrýna t.d. herstöðvarandstæðinga eða þá sem hafa barist gegn bandarískum her hér á Íslandi. En það er ekki svo. Ég er í rauninni að gagnrýna á báða bóga, ég er að gagnrýna þessa „pólaríseringu" sem verður í umræðunni miklu fyrr en ástæða er til. Ég vil og það er mín von að við getum hér farið í gegnum þessa umræðu yfirvegað og rökrætt, átt góðar rökræður um þessi mál, án þess að stefna málinu strax í „pólaríseringu" og það gera þeir ekki síður sem í rauninni magna upp ótta við einangrun, rétt eins og þeir gerðu á sínum tíma sem mögnuðu upp ótta hjá þjóðinni við árás eða hertöku Sovétmanna á Íslandi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeirri spurningu hvort ég hyggist flytja Alþingi munnlega skýrslu um málefni Aðalverktaka svara ég á þá leið að ég hef þau áform enn í huga. Hitt er annað mál að ég tel úr því sem komið er, og þetta frestaðist jú af óviðráðanlegum orsökum, rétt að bíða niðurstöðu af ákvörðunum Mannvirkjasjóðs Atl-

antshafsbandalagsins sem geta skipt sköpum um það hvort framkvæmdir verða á vegum þess fyrirtækis á þessu ári og jafnvel á næstu árum. Ég tel úr því hér er komið sögu þær ákvarðanir það mikilvægar að rétt sé að bíða eftir þeim vegna þess að niðurstöður þeirra ákvarðana eru eiginlega ráðandi um framtíð fyrirtækisins svo langt sem við sjáum. Þannig að ég staðfesti að þau áform eru enn í mínum huga, en það ræðst nokkuð af því hvenær niðurstöður af þessum ákvörðunum liggja fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið en ég var ekki viss um að mér ynnist tími til þess í andsvaratíma til að víkja að þeim þrem, fjórum atriðum sem ég ætla aðeins að nefna.

Í fyrsta lagi fagna ég því að hæstv. utanrrh., sérstaklega í upphafi máls síns hér áðan, er í raun og veru að klóra sig í land inn undir m.a. ummæli hæstv. forsrh. sem hann vitnaði sérstaklega í. Þar með er hæstv. utanrrh. í reynd að draga úr vægi ummæla sinna í inngangi skýrslu sinnar um utanríkismál, á bls. 11–18, og draga þau að nokkru leyti til baka og því fagna ég. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi hér verið að draga sig í skjólið af yfirlýsingum hæstv. forsrh. um það að hvorki innganga né heldur innlagning umsóknar um aðild að Evrópubandalaginu né í raun og veru vinna að því að skoða hugsanlega inngöngu sem valkost fyrir Íslendinga væri á dagskrá og því fagna ég.

Hinu fagna ég náttúrlega ekki að hæstv. utanrrh. heldur áfram skætingi sínum um málflutning Alþb. í þessari umræðu, einkum formanns þess sem nú er fjarstaddur. Sá skætingur hæstv. utanrrh. er tæpast svara verður. Það er að vísu skiljanlegt að hæstv. utanrrh. þoli illa gagnrýni á ákveðna þætti í málsmeðferð sinni á sviði utanríkismála á undanförnum árum. Ég skil það mjög vel að hæstv. utanrrh. sé viðkvæm hrakfarasaga undanfarinna þriggja ára í samningaferlinu um Evrópskt efnahagssvæði. Evrópukrossferðin mikla, sem hæstv. utanrrh. hefur á velmektardögum í þeirri krossferð verið mjög hreykinn af, en svo á öðrum dimmum dögum verið ákaflega vonsvikinn og sorgmæddur yfir, ég skil það mjög vel að þessi saga sé hæstv. utanrrh. viðkvæm og hann bregst því illa við og þolir illa gagnrýni á frammistöðu sína í þessum efnum. Sérstaklega nú, þegar enn þá einu sinni allt er í upplausn og hæstv. utanrrh. býr sjálfur við þau örlög að þurfa að koma í þennan ræðustól aftur og aftur og undirstrika óvissuna um það að nokkur minnsta uppskera fáist af allri þessari vinnu, að allar ferðirnar og allir fundirnir og allar undirskriftirnar verði árangurslausar. Þetta er þá að verða lítið betra hjá hæstv. utanrrh. en uppskeran hjá hæstv. iðnrh. sem eins og kunnugt er skrifaði að meðaltali undir plögg einu sinni í viku, liggur mér við að segja, þegar hann var að semja um álver, sem var sífellt á næsta leiti, sem ekkert bólar svo á. Auðvitað er það skiljanlegt að þegar menn hafa eytt kröftum sínum með þessum hætti árum saman og uppskeran er rýr, eftirtekjan mögur, að þá sé mönnum viðkvæmt að um það sé fjallað hispurslaust.

Hæstv. utanrrh. svaraði ekki einni lítilli spurningu sem ég beindi til hans sérstaklega og beint. Ég tel það afsakanlegt og ætla ekki að lá hæstv. utanrrh. eftir langan dag þó að hann svari a.m.k. ekki fjarstöddum mönnum, það tel ég fullkomlega réttlætanlegt og maklegt þeim sem eru skriðnir heim að sofa og geta ekki lagt á sig smá vöku fyrir þessi mikilvægu mál. En ég spurði hæstv. utanrrh. að því hvort hann væri tilbúinn til að skoða það í ljósi breyttra aðstæðna að forræði innlendra samgöngumála sem fara um Keflavíkurflugvöll, þar með talið forræði borgaralegs flugs, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og svæða umhverfis flugstöðina, svo sem aðkeyrsluhlöð, viðhaldsskýli Flugleiða væntanlegt og flugeldhús, færðust undir samgrn. Væri þá endanlega fullkomnaður aðskilnaður borgaralegs flugs og herflugs á vellinum. Í ljósi breyttra aðstæðna væri þar með eðlilegri skipan komið á meðferð þessara mála í íslenska stjórnkerfinu þannig að þessi mikilvægi hlekkur samgangna kæmist til síns heima í samgrn. Ég vonast til að hæstv. utanrrh. svari því nánast með já-i eða nei-i hvort hann er tilbúinn til að skoða þetta í ljósi breyttra aðstæðna, hvort hann hafi e.t.v. eitthvað breytt um afstöðu í því, því ef ég man rétt frá fyrri árum þá var hæstv. utanrrh. ekki mjög spenntur fyrir því að þessu yrði breytt þegar við vorum stundum að ræða þessi mál í ríkisstjórn.

Að lokum aðeins um eðli þessarar umræðu og það sem hæstv. utanrrh. vitnaði í sem sérstaklega merkilegt innlegg í umræðuna frá hv. 10. þm. Reykv. og, ef ég hef numið það rétt, samanber líka umfjöllun hv. 10. þm. Reykv. í andsvörum hér áðan, þá fannst mér það og finnst það ekki sérlega merkilegt innlegg í umræðuna, með fullri virðingu fyrir hv. 10. þm. Reykv. Í fyrsta lagi finnst mér það of billegt af mönnum að ætla að snúa þessari umræðu sem hér hefur farið fram svo að menn séu að leggjast gegn umræðunni. Það er ekki gegn umræðunni sem menn tala hér. Hafi einhverjir gert það þá er ég því ekki sammála. Það sem ég leggst gegn og vona að menn séu yfirleitt að leggjast gegn er afstaðan sem menn telja birtast á bak við ummæli af því tagi sem eru í skýrslu hæstv. utanrrh. Það er ótti manna við það að þar glitti í þá afstöðu til málsins að innganga í Evrópubandalagið geti verið kostur sem komi til álita fyrir okkur Íslendinga. Það er efnisleg afstaða sem menn eiga að geta tekist á um. En um hitt má ekki vera deila að menn geti rætt hlutina. Að sjálfsögðu ekki. Mér finnst þetta einum of billeg aðferð til þess að reyna að slá þetta viðfangsefni út af borðinu.

Ég er líka ósammála, ef ég hef skilið hv. 10. þm. Reykv. rétt, nú þurfum við kannski við betra tóm að ræða það þá, að það sem hún kallar „pólaríseringu" í rökræðum, sé skaðleg fyrir slíka rökræðu á byrjunarstigi. Ég held nefnilega að í sumum tilvikum sé hún gjörsamlega óumflýjanleg og eðlileg afleiðing af því að menn hefja umræður um mikilvæg mál út frá ólíkum grundvallarsjónarmiðum. Auðvitað hljóta þau grundvallarsjónarmið í vissum tilvikum að liggja fyrir strax þegar menn hefja rökræður um mál af því að menn nálgast málin frá gjörólíku sjónarhorni. Og það er ekkert að því þó að menn rökræði mál, slíkar rökræður

geta verið gagnlegar og fræðandi og jafnvel leitt menn nær hver öðrum þó þeir í byrjun nálgist málin frá gjörólíkum sjónarhólum, ef menn eru menn til þess að rökræða málefnalega og hreinskilnislega og gera það með virðingu fyrir sjónarmiðum hvers annars. Ég vil þá vitna í mann sem ég átti stundum í rökræðum við fyrir margt löngu síðan einmitt um utanríkismál og ég lærði ýmislegt af og ber æ síðan eða bar, því sá maður er nú ekki lengur á meðal vor, verulega virðingu fyrir hans málflutningi. Það var hæstv. þáv. utanrrh., Geir Hallgrímsson. Við vorum oft ákaflega ósammála í rökræðum um utanríkismál á þeim árum sem við stóðum í að ræða þau dálítið, m.a. uppbyggingu hernaðarmannvirkja hér í landinu, ratsjárstöð og fleiri hluti. En mér lærðist það fljótt að það var að mörgu leyti mjög gagnlegt og gott að eiga rökræður við þann mann því hann var ákaflega prúður í málflutningi og rökfastur og flutti mál sitt af virðingu fyrir sjónarmiðum annarra. Það var mér ágætur skóli auðvitað ungæðislegum og að mörgu leyti óreyndum í slíkum efnum að eiga í rökræðum við þann mann. En við vorum hins vegar með gjörsamlega ólík grundvallarviðhorf til þessa málaflokks sem við vorum að takast á um. Það fór ekkert á milli mála. Við byrjuðum ekkert sem einhverjir hlutlausir samherjar í þeim efnum þegar við vorum að hefja umræður um þau mál, enda átti það ekki að vera svo. Þetta vildi ég bara segja hér úr því að á annað borð var farið inn í þennan rökfræðilega þankagang hér svona sem hliðarspor í umræðunni, að hafi ég skilið þessi skilaboð rétt sem hv. 10. þm. Reykv. hefur hér komið með og hæstv. utanrrh. var að hæla, þá er ég sem sagt ósammála þeim og býð svo góða nótt og mun ekki lengja þessa umræðu frekar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki laust við að það hlakkaði svolítið í hv. seinasta ræðumanni yfir því að samningsaðila okkar um hið Evrópska efnahagssvæði hefur gengið böslulega að standa við samninginn fyrir sitt leyti, að efna samninginn sem þeir hafa gert. Nú veit ég að hv. þm. er maður sanngjarn og réttsýnn. Mér kemur því í hug að taka dæmi af bónda, t.d. loðdýrabónda, sem gert hefði samning í góðri trú við landbrh. um sín mál og talið sig í skjóli þess samnings eiga von á verulegum fjárhæðum, en nú kæmi á daginn að samningsaðilinn, landbrh., efndi ekki samninginn eða hefði ekki getað efnt hann eða hefði farið út yfir samningsumboð sitt. Þætti þá hv. þm. það réttlátt að hlakka mjög yfir óförum bóndans sem hefði orðið fyrir þessum hremmingum?

Að öðru leyti ætla ég að svara spurningu hv. þm. um hvort ég væri reiðubúinn til að breyta gildandi lögum og reglum um verkaskiptingu í íslenska stjórnkerfinu að því er varðar Keflavíkurflugvöll. Svar mitt við því er mjög einfalt: Skoðun mín er óbreytt. Svarið er nei.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, nú verð ég að svíkja loforðið frá því áðan, en ég ætla bara að fullvissa hæstv. utanrrh. um það — og það tók ég reyndar fram í fyrri ræðu minni hér í kvöld, sem ég verð því miður að gruna hæstv. utanrrh. að hafa ekki heyrt alla eða numið eins og þó var lofað að hann gerði fjarstaddur í öðru herbergi, og vil ég minna hæstv. utanrrh. á þá þolinmæði sem við sýndum erfiðum aðstæðum í Alþfl. með því að leyfa honum að vera fjarstaddan umræðuna hér lengst af kvöldi. — En ég tók einmitt skýrt fram í minni ræðu þegar ég fjallaði um Evrópubandalagið og eðli þess að ég hefði fulla samúð með hæstv. utanrrh. að eiga viðskipti við það bandalag og ég skildi vel þá erfiðleika sem hann lenti í í þeim efnum og það fer alveg heim og saman við reynslu mína af Evrópubandalaginu sem ég rifjaði einmitt upp í því sambandi, t.d. þau kynni sem ég hafði af því fyrirbæri í gegnum þátttöku í GATT, Úrúgvæ-viðræðunum.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. utanrrh. fyrir umræðuna og svörin og tel að hann sé búinn að standa sig nokkuð vel miðað við allar aðstæður og langan dag og leggja á sig þessa vöku og þetta líkamlega erfiði. En hitt verð ég að segja að það hryggir mig að hæstv. utanrrh. skuli ekki í ljósi breyttra aðstæðna vera tilbúinn til að endurskoða þessa fullkomlega óeðlilegu verkaskiptingu hvað varðar forræði samgöngumála á Suðurnesjum og vil enn biðja hæstv. utanrrh. að velta því fyrir sér hvort ekki séu brostnar þær röksemdir, hafi þær einhvern tímann einhverjar verið, að afmörkun svonefndra varnarsvæða skuli endilega liggja nokkur hundruð metra utan við, eða reyndar ekki utan við heldur í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar í staðinn fyrir að liggja innan við hana og væri þá vandinn leystur og forræði mundi þá sjálfkrafa færast undir samgrn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá þingmaður sem hér talaði sagði að það væri sérkennileg útlegging af minni hálfu að láta í það skína að menn legðust gegn umræðu um Evrópubandalagið eða umræðunni almennt um þessi mál. Svo hefði ekki verið heldur hefðu menn hér, þá væntanlega alþýðubandalagsmenn öðrum fremur, óttast þá afstöðu sem glitti í hjá ráðherra. Ég held það fari ekki fram hjá neinum sem hefur hlustað á þá umræðu sem ég hef m.a. átt hér í við 4. þm. Austurl., sem er alþýðubandalagsþingmaður, að hann virðist óttast ansi mikið líka þá afstöðu sem hann telur glitta í hjá mér sem hér stend, þó að ég hafi margítrekað það að ég sæi ekki Evrópubandalagið sem fýsilegan kost og þó að ég hafi líka sagt það að Evrópska efnahagssvæðið væri það heldur ekki vegna þess að það væri skref í átt til EB-aðildar. Þetta hef ég sagt en það hefur ekki breytt því að þingmaðurinn hefur haldið því hér fram og í rauninni komið hér upp og nánast krafist þess að hér sé sagt skýrt af eða á, öðruvísi geti menn ekki rætt þessi mál. Þetta hefur ekkert farið fram hjá neinum.

Þá hefur líka formaður Alþb. komið upp og sagt: Ég þekki Rómarsáttmálann, ég þekki Maastricht-samkomulagið. Við þurfum ekkert að skoða þessi mál nán-

ar. (Gripið fram í.) Það dugir. Hann þekkir þetta.

Mér finnst felast í þessu forræðishyggja. Ég held að þjóðin þekki ekki Rómarsáttmálann, þekki ekki Maastricht-samkomulagið og það þurfi að lýsa þessi mál upp og það þurfi að lýsa það upp hvað mundi ávinnast og hvað mundi tapast við aðild Íslands að þessu samfélagi Evrópu sem nú er að verða að veruleika þannig að þjóðinni sé þá ljóst, eins og ég hef sagt hér, ef við höfnum Evrópubandalaginu hverju hún sé að hafna og henni finnist ekki eins og hún sé snuðuð. Hún fái að fara í gegnum þessa umræðu og hún sé lýst upp hér á Alþingi.

En hvað varðar „pólaríseringu" í rökræðu þá er ég sammála því í sjálfu sér að hún er ekki skaðleg innan vissra marka en þegar menn setja sig gjörsamlega fasta í umræðunni og eru ekki tilbúnir til þess að hlýða á rök eða taka rökum þá er engin umræða í gangi, þá eru enginn „díalógur" í gangi. Það væri afskaplega gott ef það gæti átt sér stað oftar hér á Alþingi að menn kæmu ekki bara í pontu og gæfu út yfirlýsingar heldur væri hér ákveðin umræða í gangi.

116. FUNDUR

fimmtudaginn 2. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Fjöldi leiguliða og fullvirðisréttur, ein umr.

Fsp. AKG, 371. mál. — Þskj. 603.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir fsp. sem hv. 3. þm. Norðurl. v., sem þá sat á þingi varaþingmaður Alþb., Anna Kristín Gunnarsdóttir, hefur lagt fyrir hæstv. landbrh. Hún er nú farin til síns heima og aðalmaður hefur tekið sæti á nýjan leik og ég hef tekið að mér að mæla fyrir fsp.

Fsp. varðar málefni leiguliða á bújörðum og stöðu þeirra í sambandi við uppkaup fullvirðisréttar á grundvelli nýs búvörusamnings. Spurt er vegna þess að mönnum er ljóst að það skiptir miklu máli til þess að þau markmið náist sem stefnt var að í sambandi við aðlögun fullvirðisréttar að framleiðsluaðstæðum fyrir búvörur í landinu að sá stóri hluti bænda, sem er í stöðu leiguliða á bújörðum, geti fyrir sitt leyti með eðlilegum og réttlátum hætti tekið þátt í þessari aðlögun eins og aðrir bændur. Það er auk þess sanngirnismál í sjálfu sér að þeirra staða sé ekki lakari en annarra bænda. Því er spurt:

„1. Hve margir starfandi bændur eru leiguliðar og hve stórt hlutfall eru þeir af bændum landsins?

2. Hve margir þeirra eru leiguliðar á ríkisjörðum og hve margir leigja af öðrum aðilum?

3. Hve mikinn fullvirðisrétt hefur ríkið keypt af leiguliðum á ríkisjörðum og hve mikinn af öðrum leiguliðum?" Þ.e. af þeim sem eru leigjendur eða ábúendur á jörðum í eigu annarra en ríkisins.

„4. Hve hátt hlutfall er fullvirðisréttur sem keyptur hefur verið af leiguliðum af þeim fullvirðisrétti sem keyptur hefur verið í heild?"

Þessi spurning er sérstaklega hugsuð til þess að draga það fram hvort þær reglur sem mótaðar hafa verið í þessu sambandi hafi gert það að verkum að þeir sem eru leigjendur og ábúendur á jörðum annarra hafi fyrir sitt leyti getað tekið þátt í þessari aðlögun til jafns við aðra bændur. Sé hlutfall þess fullvirðisréttar sem af þeim hefur verið keyptur sambærilegt eða a.m.k. ekki mikið frábrugðið því sem gildir um aðra, þá væri það vísbending um að mönnum hefði tekist í þessu sambandi að móta skynsamlegar reglur. Ef ekki þá hefði e.t.v. orðið misbrestur á. Væntanlega þarf ekki að taka fram eða útskýra að með leiguliðum er hér, eins og ráða má af samhenginu, átt við alla þá bændur í landinu sem ekki eru eigendur á sínum bújörðum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hve margir starfandi bændur eru leiguliðar og hve stórt hlutfall eru þeir af bændum landsins?" Svar: Samkvæmt jarðaskrá voru 4.754 jarðir í ábúð á landinu. Þar af voru 844 tví- eða fleirbýlisjarðir. Leiguliðar voru alls 1.335 af 4.754 ábúðarjörðum eða á 28,08% jarðanna. Af 470 ábúðarjörðum eða 9,89% jarðanna eiga ábúendurnir hluta í ábúðarjörðum sínum. Þetta er samkvæmt jarðaskrá fardagaársins 1990–1991.

Spurt er: „Hve margir þeirra eru leiguliðar á ríkisjörðum og hve margir leigja af öðrum aðilum?" Svar: Af jörðum í ábúð eru 559 eða 11,75% í eigu ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Spurt er: „Hve mikinn fullvirðisrétt hefur ríkið keypt af leiguliðum á ríkisjörðum og hve mikinn af öðrum leiguliðum?" Og: „Hve hátt hlutfall er fullvirðisréttur sem keyptur hefur verið af leiguliðum af þeim fullvirðisrétti sem keyptur hefur verið í heild?" Það er óhjákvæmilegt að svara þessum tveim síðari spurningum samtímis.

Ríkissjóður hefur ekki keypt neinn fullvirðisrétt af leiguliðum sínum. Við búskaparlok ábúenda á ríkisjörðum innleysir ríkið framkvæmdir sem þeir eiga á jörðinni samkvæmt mati. Þeim er hins vegar óheimilt í þessum tilvikum að selja fullvirðisrétt jarðarinnar. Ríkið hefur þó heimilað ábúendum á ríkisjörðum samkvæmt sérstökum reglum að innleysa fullvirðisrétt ríkisjarða til sauðfjárframleiðslu og fyrnast þær greiðslur á 10 árum. Ekki hefur farið fram nein úttekt á sölu fullvirðisréttar eftir aðilum enda eru enn nokkrir samningar frá sl. hausti ófrágengnir vegna ýmissa atriða en það mun verða gert í lok þessa verðlagsárs þegar síðari aðlögun samkvæmt búvörusamningi lýkur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Svör hæstv. landbrh. við tveim

fyrstu spurningunum voru skýr og skilmerkileg, enda í sjálfu sér auðvelt að afla þeirra upp úr jarðaskrá eins og hæstv. ráðherra gat um. Þar vekur svo sem ekki margt athygli þeim sem kunnugir eru þeim málum en sú staðreynd er e.t.v. áhugaverð fyrir einhverja hv. þm. að hlutfall leiguliða er jafnhátt og raun ber vitni eða um 28%. Hins vegar voru svör hæstv. ráðherra við 3. og 4. spurningunni nánast engin og það undrar mig að hæstv. ráðherra og landbrn. skuli ekki hafa á takteinum a.m.k. einhverjar upplýsingar, einhverjar vísbendingar að gefa um það hvaða hlutdeild leiguliðar á ríkisjörðum og á öðrum jörðum eiga í því að láta frá sér framleiðslurétt eða innleysa hann og fá greiðslu fyrir þó svo að þeir séu ábúendur á ríkisjörðum. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Er með þessu verið að segja að landbrn. hafi í raun og veru ekki í höndunum neinar upplýsingar um það hvar þessi aðlögun er á vegi stödd, hvað leiguliðana og jafnvel alla aðra bændur í landinu snertir? Hefur virkilega ekki enn farið fram neitt stöðumat á því hvar menn eru á vegi staddir varðandi innlausn fullvirðisréttar frá og með síðasta hausti, frá og með þeim tímamótum sem þá urðu? Ef svo er ekki, þá legg ég eindregið til að slíkra upplýsinga verði aflað því að það er ekki seinna vænna ef menn ætla ekki að renna algjörlega blint í sjóinn með það hvað þeirra bíður á komandi hausti þegar síðari niðurfærsla fullvirðisréttar fer fram.

Ég lýsi miklum vonbrigðum með það að hæstv. landbrh. skuli í raun og veru ekki geta svarað neinu um tvær síðari spurningar þessarar fsp., hafandi þó haft til þess nokkurn tíma að undirbúa svörin. Auðvitað verður að taka því ef staðreynd mála er sú að landbrn. hafi engar upplýsingar um þetta í höndum eins og hér mátti skilja á máli hæstv. ráðherra. Sé svo, þá ítreka ég spurninguna: Er þess að vænta að fljótlega verði slíkar upplýsingar teknar saman þannig að menn viti hvar þeir eru á vegi staddir í þessum efnum? Eru einhverjar tæknilegar hindranir sem menn sjá í vegi fyrir því að taka saman slíkar upplýsingar í ljósi þess að öll slík viðskipti eru tilkynningarskyld til stjórnvalda, fara í gegnum búnaðarsambönd og eru tilkynningarskyld til stjórnvalda jafnharðan, öðlast ekki staðfestingu nema slíkar tilkynningar hafi átt sér stað m.a. vegna þess að ákveðnir aðilar eins og Landgræðslan hafa umsagnareða umfjöllunarrétt?

Mér þætti vænt um ef hæstv. landbrh. gæti eitthvað reynt að bæta í svör sín sem engin voru í raun og veru við 3. og 4. spurningunni en koma þá hér og staðfesta það og játa hreinskilnislega ef svo báglega er ástatt sem ætla mátti að þar sé alls engin svör hægt að veita af hálfu ráðuneytisins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Af ummælum hv. þm. mætti ráða tvennt: Í fyrsta lagi að hann væri ókunnugur í landbrn. og hitt að hann hafi ekki heyrt það sem hér var sagt áðan. Þriðja spurningin hljóðar svo: „Hve mikinn fullvirðisrétt hefur ríkið keypt af leiguliðum á ríkisjörðum og hve mikinn af öðrum leiguliðum?“

Svar mitt áðan var skýrt og skorinort. Ríkissjóður hefur ekki keypt neinn fullvirðisrétt af leiguliðum sínum. Þetta er alveg skýrt og afdráttarlaust og ómögulegt að svara því skýrar.

Um síðustu spurninguna er það að segja að ekki liggja fyrir tölvutækar upplýsingar um þau atriði sem þar er spurt um en á hinn bóginn hefur hv. þm. alla möguleika á því að leggja fram skriflega fsp. og það verður þá kannski hægt að prenta hér jarðaskrána í þinginu til þess að tiltaka hverja einustu jörð, hvernig fullvirðisrétti hafi verið háttað og sé háttað nú eins og sakir standa eftir fyrri aðlögun að búvörusamningi síðasta haust. Og síðan mætti kannski á næsta hausti líka, hæstv. forseti, prenta nýtt eintak af jarðaskránni og leggja fram á Alþingi til að sýna nákvæmlega hvernig þetta lítur út þegar síðari aðlögun lýkur. Þetta er auðvitað spurning um hversu langt menn vilja teygja sig til að svara spurningum þingmanna. Það svar sem ég hef hér gefið á að vera fullnægjandi nema einhverjar sérstakar ástæður búi að baki spurningum hv. þm. og þá er ráðuneytið að sjálfsögðu reiðubúið til þess að veita slíkar upplýsingar, en á hinn bóginn standa ekki efni til þess að setja ráðuneytið á annan endann til þess að svara nákvæmlega upplýsingum sem er mjög dýrt að svara, þegar breytingar eru nú fram undan og niðurstaðan liggur ekki fyrir fyrr en á hausti komanda.

En, hæstv. forseti, ef þess er óskað með skriflegri fsp. að jarðaskráin verði prentuð þá geri ég ráð fyrir að ég geti náð samkomulagi við þingið um það hvernig staðið verði að undirbúningi slíkrar prentunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. getur ekki tekið oftar til máls í þessu máli. (**SJS:** Athugasemd.) Það er ekki hægt. (**SJS:** Um þingsköp þá.) Hv. 4. þm. Norðurl. e. kveður sér hljóðs um gæslu þingskapa en forseti vill benda á að í fyrirspurnatímum hafa þingmenn leyfi til þess að tala tvisvar og ráðherra tvisvar og ekki er gert ráð fyrir að þeir komi með athugasemdir umfram það.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki ræða efni þessarar fsp. Ég vil hins vegar ræða svör hæstv. landbrh. hér og framkomu hans við þingið, m.a. þann hroka sem hann sýndi í seinna svari sínu. Ég á því satt best að segja ekki að venjast og ég held ekki aðrir hv. alþm. að ráðherrar, til viðbótar því að svara ekki því sem þeir eru spurðir um, geri sér far um það og leggi lykkju á leið sína í ræðustólinn til að reyna að lítilsvirða fyrirspyrjendur. Eða hvað átti það að þýða af hálfu hæstv. landbrh. að bera það upp á fyrirspyrjanda að hann sé með öllu ókunnugur í landbrn.? Ég er alveg viss um það hvor hefur eytt fleiri klukkustundum innan veggja þar, sá sem hér talar eða núv. hæstv. landbrh. Það er enginn vafi á því.

Herra forseti. Ég tel það ákaflega miður að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa í sér uppburði til þess að viðurkenna þá ef staða mála er sú að ekki eru efnislegar forsendur til að svara fsp. sem hér hefur verið borin fram. Það er t.d. að mínu mati sjálfsagt mál ef ráðherrar telja sig ekki hafa aðstæður til þess að svara fyr-

irspurnum innan þess tíma sem ætlaður er fyrir það samkvæmt þingsköpum að þá fari þeir fram á lengri frest og gjarnan held ég að bæði forseti og fyrirspyrjandi geti orðið sammála um að veita hann ef slíkt er óhjákvæmilegt til að afla upplýsinga. En að svara hér engu, koma með skæting í garð fyrirspyrjanda eða þess sem tók að sér fyrir hönd fyrirspyrjanda að mæla fyrir fsp. og heimta svo aðra fsp. þar sem beðið sé um skriflegt svar til þess að svara því sem um hefur verið beðið, það er auðvitað sérkennileg framkoma.

Það var ekki verið að biðja hæstv. landbrh. um að gefa jarðaskrána út tvisar á ári. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Fyrirspyrjandi var að reyna að afla upplýsinga um það hvar þessi framkvæmd væri á vegi stödd og því miður er það niðurstaða þessarar umræðu fyrir utan framkomu hæstv. landbrh. sem er ekki alveg ný af nálinni hér í þessum ræðustóli og var svona lítið „exemplar" um það að hæstv. ráðherra hefur ekki breytt ýkja mikið um eðli frá því fyrir um ári síðan eða rúmlega það þegar hann stóð við tilteknar aðstæður hér í þessum ræðustóli og varð frægur að endemum fyrir með þjóðinni. En hitt er öllu alvarlegra að efnisleg niðurstaða er sú að hæstv. landbrh. getur ekki svarað skýrum spurningum sem lagðar eru fyrir hann hér á Alþingi eins og ráðherrum ber skylda til að gera og að sjálfsögðu eiga þeir að sýna þinginu þá virðingu að reyna að gera það eftir bestu getu og útskýra ef þeir eru ekki færir um að veita svör hvers vegna það er með málefnalegum hætti en ekki með skætingi eins og hér var í frammi hafður áðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstv. landbrh. óskar eftir að bera af sér sakir.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):
Hæstv. forseti. Við höfum hlýtt á sömu ræðuna tvisvar nú, að vísu með nokkrum tilbrigðum, hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég sagði í svari mínu og sé ástæðu til að endurtaka: „Ekki hefur farið fram nein úttekt á sölu fullvirðisréttar eftir aðilum enda eru enn nokkrir samningar frá sl. hausti ófrágengnir vegna ýmissa atriða, en það mun verða gert í lok þessa verðlagsárs þegar síðari aðlögun samkvæmt búvörusamningi lýkur."

Svör mín voru alveg skýr. Á hinn bóginn kostar það náttúrlega opinbert fé, tíma og fyrirhöfn ef hraða á svo viðamiklum verkum sem hér eiga í hlut. Ég hef boðið það fram að fyrirspyrjandi fái þær upplýsingar sem hann telur sig þurfa hjá ráðuneytinu og tel mig því hafa fyllilega svarað fsp. og jafnframt boðist til þess að ráðuneytið aðstoði fyrirspyrjanda til að hann geti glöggvað sig enn frekar á þessu máli.

Sala á veiðiheimildum, ein umr.

Fsp. AKG, 366. mál. — Þskj. 585.

Jóhann Ársælsson:
Virðulegur forseti. Ég ber hér fram fsp. sem er á þskj. 585 og er til sjútvrh. um sölu á veiðiheimildum. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði sent þessa fsp. inn en þar sem hann hefur nú horfið til síns heima og aðalmaður tekið sitt sæti á þingi, en fyrirspyrjandi er varamaður, þá ber ég fram þessa fsp. Fsp. hljóðar svo:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ákvæði 11. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, um forkaupsrétt sveitarfélaga verði breytt á þann veg að sveitarfélög hafi í öllum tilvikum forkaupsrétt þegar um er að ræða sölu á veiðiheimildum skipa út úr byggðarlagi?"

Það er öllum alþingismönnum kunnugt að þær varnir sem hafa verið settar við flutningi veiðiheimilda á milli byggðarlaga eru veikar. Það var þó reynt að gefa sveitarfélögunum kost á forkaupsrétti á veiðiheimildum ef skip væru seld milli byggðarlaga og það er enginn vafi á því að það var ásetningur löggjafans þegar þessi ákvæði voru sett í lögin að þetta ættu að vera forkaupsréttarákvæði til þess að koma í veg fyrir að veiðiheimildir flyttust á milli byggðarlaga. En menn áttuðu sig ekki á því að veiðiheimildir eru flytjanlegar á milli skipa. Það er sem sagt heimilt að flytja veiðiheimildir á milli skipa og í framkvæmdinni hefur það komið fram að menn hafa fundið leiðir til þess að flytja veiðiheimildir án þess að selja skip og þar af leiðandi hefur forkaupsréttur sveitarfélaganna ekki verið til staðar ef menn hafa viljað beita þessari aðferð.

Menn hafa líka fundið upp þá aðferð að með því að kaupa hlutafé í fyrirtækjum, í hlutafélögum sem eiga skip og veiðiheimildir, þá hafa menn séð fram á það að geta flutt starfsemi hlutafélagsins á milli byggðarlaga. Ég held að það sé ýmislegt fleira sem hafi líka orðið óðruvísi í framkvæmdinni heldur en menn hafi ætlast til. Sumt hafa menn kannski ekki rætt en ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi fram hvort stjórnvöld hyggist bregðast við og tryggja það sem löggjöfin ætlaði sér í upphafi, þ.e. að sveitarfélögin ættu forkaupsrétt á veiðiheimildum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):
Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda gilda um sölu skipa og framsöl aflahlutdeildar ákvæði 11. gr. laga um stjórn fiskveiða. Er það frv. var flutt hér á vorþingi 1990 var gert ráð fyrir því í 3. mgr. 11. gr. frv. að hygðist útgerð selja fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni bæri henni að tilkynna fyrirhugaða sölu opinberlega, m.a. með tilkynningu til sveitarstjórnar á útgerðarstað skips og viðkomandi útvegsmannafélags og skyldi aflahlutdeild skips ekki fylgja í sölunni væri bindandi samningur um sölu skipsins gerður innan mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Sambærileg ákvæði voru í 4. mgr. 11. gr. frv. um tilkynningarskyldu varðandi fyrirhugað framsal aflahlutdeildar til skips í eigu annarrar útgerðar. Með þessari tilkynningarskyldu var samkvæmt athugasemdum með greininni ætlunin að gefa heimamönnum ráðrúm til að bregðast við áformum um sölu skips eða aflahlutdeildar úr byggðarlagi. Hins vegar fólust ekki í þessum tillögum neinar beinar hömlur eða kvaðir varðandi sölu skips eða aflahlutdeildar sem útgerð

hygðist framselja og ekki var gert ráð fyrir neinum beinum íhlutunarrétti sveitarstjórna.

Þegar drög að frv. voru kynnt á þingum hagsmunaaðila haustið 1989 varð mikil umræða um hvort og þá hvernig ætti að setja kvaðir eða hömlur á flutning skipa eða aflaheimilda milli byggðarlaga. Þegar frv. kom svo til umfjöllunar á Alþingi voru þessi atriði einnig meðal þeirra sem mesta umfjöllun hlutu.

Við 2. umr. í efri deild Alþingis komu fram breytingartillögur við 11. gr. frv. Lutu þær annars vegar að því að í stað ákvæða um tilkynningarskyldu vegna fyrirhugaðrar sölu á fiskiskipum í 3. mgr. 11. gr. kæmi beinn forkaupsréttur sveitarfélags þegar selja ætti fiskiskip til útgerðar sem heimilisfesti á í öðru sveitarfélagi. Hins vegar lutu þær að því að fella niður áðurnefnda tilkynningarskyldu vegna sölu á aflahlutdeild í 4. mgr. 11. gr. frv. Þess í stað var bætt inn í málsgreinina ákvæðum þess efnis að framsal aflahlutdeildar skyldi háð samþykki ráðherra ef það skip sem framselt er til hefði ekki fyrir aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Þessar brtt. hlutu samþykki Alþingis og voru ekki gerðar frekari breytingar á 11. gr. frv. við meðferð þess í þinginu.

Af skýru orðalagi laganna og með hliðsjón af framansögðu er fullljóst að forkaupsréttur sveitarfélaga nær til þess ef selja á fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni til útgerðar sem heimilisfesti á í öðru sveitarfélagi en seljandi.

Þá er ljóst að sveitarstjórn á ekki forkaupsrétt eða annan íhlutunarrétt vegna flutnings aflahlutdeildar milli skipa enda þótt þau séu gerð út frá sitt hvoru byggðarlaginu.

Sameining aflaheimilda á færri skip er grundvöllur núverandi fiskveiðilaga. Ef við ætlum í alvöru að minnka fiskiskipaflotann, sem langflestir eru sammála um að sé of stór, þá verður það ekki gert nema heimildir til að flytja aflaheimildir saman á færri skip séu sem minnst takmarkaðar. En eins og Alþingi er kunnugt um er í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða starfandi nefnd sem m.a. hefur það hlutverk að endurskoða gildandi lög um stjórn fiskveiða. Nefndin á að skila tillögum sínum fyrir næstu áramót.

Þegar nefndin hefur skilað áliti sínu mun ég meta hvort tilefni sé til að leggja til breytingar á gildandi lögum, m.a. um þetta efni. Ég mun því ekki leggja til neinar breytingar, hvorki á 11. gr. né á öðrum greinum laganna fyrr en nefndin hefur lokið störfum. Það er vissulega svo að þetta atriði er einn af fjölmörgum þáttum þessara laga sem endurskoðunarnefndin hefur til meðferðar og þarf að endurmeta í ljósi reynslunnar. En ég hef talið óskynsamlegt að fara fram með einstakar breytingar á lögunum fyrr en endurskoðunarstarfinu er að fullu lokið og því á samkvæmt ákvæðum laganna að vera lokið fyrir árslok.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að á sínum tíma var hugsunin á bak við 11. gr. sú einfaldlega að torvelda sölu kvóta úr byggðarlagi þannig að komið yrði í veg fyrir að af hlytist röskun fyrir atvinnulíf viðkomandi byggðarlags. Ég verð að segja það eins og er að ég hef alltaf haft mjög miklar efasemdir um gildi þessa ákvæðis og hef raunar haft nokkrar áhyggjur af því að þetta gæti virkað hreinlega öfugt. Dæmi: Útgerðarfélag úr litlu og veiku byggðarlagi ákveður að gera kauptilboð í skip úr stóru og ríku byggðarlagi. Þá getur það brugðist þannig við að viðkomandi sveitarfélag sem hefur á því efni kýs að neyta forkaupsréttar síns og koma í veg fyrir að útgerðarfélagið í byggðarlaginu, sem þarf virkilega á kvótanum að halda til þess að efla sjálft sig og atvinnulíf viðkomandi byggðarlags, getur komið í veg fyrir það að þessi viðskipti eigi sér stað. Síðan getur gerst hið öfuga að útgerðarfélag úr stóru byggðarlagi gerir tilboð í kvóta skips innan veiks byggðarlags og hið veika byggðarlag hefur enga möguleika á því að nýta sér þetta ákvæði og þess vegna flyst meiri kvóti frá þessu litla byggðarlagi. Þess vegna hef ég alltaf haft miklar efasemdir um þetta ákvæði og tel að það þurfi að endurskoða það m.a. í þessu ljósi þegar endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar á sér stað.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. skýr svör. Hins vegar er ég ekki ánægður með þessi svör en þau eru svo sem í samræmi við annað sem hefur verið að gerast í sambandi við stjórn fiskveiða hér á undanförnum missirum og mánuðum. Það er sem sagt allt sett í nefnd, það er allt látið bíða. Hin brýnustu viðfangsefni eru látin bíða úrskurðar nefndar sem hefur verið kölluð tvíhöfðanefndin og enginn veit hvort skilar nokkurn tíma nokkurri niðurstöðu. Þarna er um að ræða mjög alvarlegt mál. Það er verið að flytja afganginn af þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar á milli byggðarlaga. Það er enginn vafi á því að löggjafinn ætlaðist til þess að sveitarfélögin í landinu hefðu rétt til þess að neyta forkaupsréttar. Það mislánaðist í lagasetningunni. Sjútvrh. hefur lýst því yfir að hann sé ekki tilbúinn að ganga fram í því að leiðrétta þetta og ég tel það mjög miður og reyndar verð ég að harma það að menn skuli ekki vera tilbúnir til þess að taka á neinum af þeim bráðavandamálum sem núna eru í sjávarútveginum og þetta er einungis eitt af þeim.

Ég tel að þær röksemdafærslur sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni um það að þetta ákvæði sé hamlandi, séu auðvitað réttar. Það er hamlandi. En menn vissu það líka þegar þeir voru að setja þessar reglur til að gefa sveitarfélögunum möguleika á því að varðveita atvinnuna í sínum byggðarlögum að þær væru hamlandi. Og það er enginn vafi á því að þingmenn hafa vitað nákvæmlega hvað þeir ætluðu sér með þessu. (Gripið fram í.) En það mislánaðist það sem þingmenn ætluðu sér með ákvæðinu sem hér er um að ræða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er í hópi efasemdarmanna um gildi þessa forkaupsréttarákvæðis eða ákvæða sem eru í lögum um stjórn fiskveiða og mínar efasemdir eru að nokkru leyti sama eðlis og hv. 3. þm. Vestf. lýsti hér.

Ég hef jafnframt bent á það að ég held að það sé ákaflega lítil hjálp í forkaupsréttarákvæðum fyrir þau sveitarfélög sem einmitt eru verst stödd í þessu sambandi, gjarnan komin í gjörgæslu hjá félmrn. vegna áfalla einmitt í sjávarútvegi og eru þess vegna ekki í miklum færum til að fara að keppa við stóra og fjársterka aðila um kaup á aflakvóta. Ég tel líka að þessi forkaupsréttarákvæði hafi að hluta til verið notuð sem dúsa og blekking handa mönnum til þess að sætta sig við og reyna að þola fremur ágalla núverandi kvótakefis.

En það tekur svo auðvitað steininn úr þegar m.a. vegna túlkana sjútvrn. og úrskurða um beitingu þessara forkaupsréttarákvæða kemur í ljós að þau eru í skötulíki og eru í raun og veru ekki fyrir hendi nema í afmörkuðum tilvikum. Það tekur auðvitað steininn úr. Því til þess að þau væru nothæf ættu þau auðvitað að vera fyrir hendi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram vegna ummæla síðasta ræðumanns að samkvæmt mínum skilningi var þetta ákvæði aldrei sett fram með það fyrir augum að sveitarfélög færu að kaupa útgerðir eða kvóta í stórum stíl þannig að það á þess vegna ekki að koma nema takmarkað við fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga. Ég lít þannig á að þetta ákvæði sé til þess að sveitarfélögin hafi tíma til þess að hafa milligöngu um það að aðilar í viðkomandi sveitarfélagi sem eru í útgerð og fiskvinnslu geti nýtt sér þennan forkaupsrétt. Hitt er hættuleg braut að mínu mati sem hefur verið farið út á að nokkru að undanförnu að sveitarfélögin fari út í atvinnustarfsemi í útgerð og fiskvinnslu langt umfram þær heimildir sem eru í raun í lögum varðandi slíka starfsemi sveitarfélaga. (Gripið fram í.) Ef menn skoða lögin um sveitarfélögin þá hafa sveitarfélögin í raun ekki lagaheimildir til þess að fara út í slíka hluti.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég held að það fari ekki á milli mála að sú hugsun sem var að baki þessa frv. var vilji til þess að verja þann aflarétt sem var í viðkomandi byggðarlögum. Það er engin spurning í mínum huga að það var meining þeirra sem að þessu máli stóðu. Og það er ótrúlegt að fyrrv. hæstv. ráðherra samgöngumála komi hér upp og segi að þetta ákvæði hafi verið sett inn og notað sem dúsa til þess að menn gætu sætt sig betur við kvótakerfið. Þetta er náttúrlega alveg afleitur málflutningur vegna þess að ég veit að honum er fullkunnugt um það að í mjög mörgum tilfellum hefur þessi réttur haldið og þessi skilningur. Ég skil hins vegar hæstv. sjútvrh. að þessi mál eru öll í endurskoðun og þess vegna skil ég það að hann eigi erfitt með að kveða hér fastar að og hnýta þá enda betur ef einhverjir lausir eru. Ég skil það. En samt held ég að það sé brýnt nú að huga að þessum málum því það eru viss vandamál sem við þekkjum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt að ítreka hér enn og aftur að þegar frv. var lagt fram á þinginu árið 1990 var gert ráð fyrir því í frv. að um væri að ræða tilkynningarskyldu, bæði að því er varðar sölu á skipum með aflaheimildum og eins að því er varðar sölu aflaheimildanna einna og sér. Alþingi breytti þessu í meðferð frv. og það voru þingmenn þáv. stjórnarflokka sem breyttu frv. á þann veg að það yrði um að ræða forkaupsrétt ef skip með aflaheimild væri selt en ekki ef um væri að ræða sölu á aflaheimildunum einum og sér. Þessi breyting er mjög skýr og undan henni verður ekki vikist. Menn geta ekki eftir á sagt að þingmenn þáv. stjórnarflokka hafi verið að hugsa eitthvað annað. Það var þetta sem þeir samþykktu. Ráðherra á hverjum tíma er skylt að framkvæma lögin eins og Alþingi hefur samþykkt þau og þar geta menn ekki vísað í einhverjar aðrar óræðar hugsanir.

Ég vil svo líka rifja það upp að þingmenn sömu stjórnarflokka samþykktu að endurskoðun skyldi fara fram á lögunum og hún fer nú fram samkvæmt því ákvæði laganna. Fyrr á þessu þingi stóðu þingmenn upp hér í löngum röðum og fluttu langar ræður um það að sjútvrh. væri beinlínis óheimilt að koma fram með breytingar á einstökum þáttum áður en heildarendurskoðuninni lyki. Mér var nánast borið það á brýn hér, m.a. af hv. fyrirspyrjanda, að hafa brotið lög vegna þess að ég kom fram með breytingar á lögum um Hagræðingarsjóðinn áður en heildarendurskoðuninni væri lokið. En nú er það borið fram hér sem gagnrýniatriði að ég skuli ekki taka eitt atriði út úr þessum lögum og leggja til breytingar að kröfu hv. þm. áður en endurskoðuninni er lokið. Hér rekur sig hvað á annars horn og málflutningurinn gengur í sitt hverja áttina eftir því í hvaða viku hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru að tala. Það er ekki mikið samræmi í gagnrýni af þessu tagi.

Ég tel, eins og hér hefur reyndar komið fram í umræðunum hv. þm., að það séu mörg álitaefni varðandi ákvæði af þessu tagi og það sé ekkert einhlítt að ákvæðið eins og það er í dag sé það besta. Mér er nær að halda að það hafi verið skynsamlegra fyrirkomulag sem var í frv. í upphafi eins og þáv. hæstv. sjútvrh. lagði það fyrir þingið, en ég tel rétt og skylt að þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og annars staðar í þjóðfélaginu séu grandskoðuð og þegar heildarendurskoðun á lögunum hefur farið fram þá meti menn hvaða tillögur verði lagðar fyrir þingið og eftir því vinnulagi verður farið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 3. þm. Vesturl. hefur nú þegar talað tvisvar í þessari fsp. Hann telur sig þurfa að bera af sér sakir og getur forseti ekki neitað honum um það. Hann á eftir að rökstyðja slíka beiðni og tekur hann þá til máls.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði það hér áðan að ég hefði borið það á hann að hann hefði verið að brjóta lög með tillögum sínum. Mig rekur ekki minni til þess að ég hafi tekið þannig til orða. Hann sagði líka að ég hefði haldið því fram að hann hefði ekki rétt til þess að koma með tillögur til úrbóta á fisk-

veiðistefnunni fyrir þann tíma sem þessi endurskoðun lyki. Það er fáránleg ásökun. Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt fram tillögur sem liggja hér fyrir og hafa ekki fengist ræddar í þinginu um breytingar sem ættu að vera bráðabirgðaráðstöfun á þeim tíma sem verið væri að ræða um breytingar á fiskveiðistefnunni. Það er þetta sem ég vil bera af mér og ég tel fulla ástæðu til þess.

Öryggi í óbyggðaferðum, ein umr.

Fsp. KE, 377. mál. — Þskj. 613.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Þann 22. febr. árið 1990 samþykkti Alþingi ályktun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir.“

Í nál. allshn. sem fjallaði um málið segir m.a. að nefndin telji að brýnt sé að þessu máli sé fylgt fast eftir. Nú eru liðin meira en tvö ár frá því að þessi tillaga var samþykkt hér á Alþingi og ekki hef ég orðið vör við að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir þó að það geti vel verið að það hafi verið gert.

Við flm. þessarar tillögu, en það voru flm. úr öllum flokkum sem þá áttu sæti á Alþingi, lögðum áherslu á það að margar af þeim hugmyndum, sem settar voru fram og þyrfti að hafa í huga við endurskoðun, þyrftu ekki lagabreytinga við heldur væri þetta í mörgum tilvikum bara spurning um skipulagningu og samræmingu og setja reglur á grundvelli núgildandi laga.

Við lögðum áherslu á að það þyrfti að auka fræðslu fyrir ferðamenn, bæði innlenda og erlenda. Við bentum á að eðlilegt væri að efla þá tilkynningaþjónustu sem nú þegar er starfrækt og jafnvel tilkynningaskyldu ef farið er á ákveðna staði, fáfarna og erfiða staði. Við bentum á að e.t.v. þyrfti að taka upp einhverjar tryggingar og það væri eðlilegt að hafa samráð við tryggingafélögin um það hvort möguleiki væri á að taka upp ferðatryggingar en víða erlendis er hægt að kaupa slíkar tryggingar þegar farið er inn á ákveðin svæði. Ég get tekið sem dæmi að þegar skíðamenn í Ölpunum fara á svæði sem eru talin hættuleg eða geta verið hættuleg, þá geta þeir keypt sér tryggingar kannski í einn dag eða um nokkurra daga skeið. Við töldum jafnvel að það þyrfti að setja ákvæði um það jafnvel í lög að hægt væri að banna ferðalög á ákveðin tiltekin svæði, ef um sérstakar ástæður væri að ræða, t.d. mikil snjóflóðahætta, óveður í aðsigi eða þess háttar.

Til að fá upplýsingar um þetta hef ég spurt hæstv. ráðherra á þskj. 613 um hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í framhaldi nefndrar þáltill. skipaði dómsmrh. nefnd 9. okt. 1990 til að gera tillögur að framkvæmd hennar. Í nefndina voru skipuð Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgrn., og Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmrn. Nefndin hélt marga fundi með fjölmörgum aðilum sem tengjast ferðalögum, slysavörnum og eftirliti með öryggi á hálendi Íslands. Hún skilaði síðan áliti til ráðherra í febrúar 1991. Niðurstöður nefndarinnar voru í samandregnu formi þessar:

Tillögur hennar lúta að ferðamönnum, innlendum og erlendum. Enn fremur taka þær mið af hagsmunum einstaklinga og skipulagðra hópa. Um skipulagðar hópferðir er nú fjallað í nefnd sem samgrh. skipaði til að gera tillögur að reglum þar að lútandi.

Í þáltill. kemur fram að útlendingar séu e.t.v. í enn meiri hættu en Íslendingar þar sem þeir þekki lítið sem ekkert til aðstæðna hér á landi. Nefndin leggur þó áherslu á að í aðgerðum til að auka öryggi í óbyggðum verði ekki síður beint að Íslendingum, enda þarfnast umgengni um hina óblíðu náttúru landsins mikillar varkárni.

Nefndin hafði í starfi sínu einkum fjallað um eftirtalin atriði sem stuðlað gætu að auknu öryggi í óbyggðaferðum: Fræðslu og upplýsingar, tilkynningaþjónustu eða tilkynningaskyldu, tryggingar, eftirlit og löggæslu, leit og björgun og fjarskipti.

Flestir viðmælenda nefndarinnar voru sammála um að ekki væri rétt að takmarka rétt manna til ferðalaga um landið með boðum eða bönnum. Slík forsjárhyggja virðist síst til þess fallin að auka öryggi í óbyggðaferðum. Öryggi í óbyggðum verður fyrst og fremst bætt með fyrirbyggjandi aðgerðum, fræðslu, ráðgjöf og upplýsingum til fróðleiks auk hugsanlegrar tilkynningaskyldu. Enn fremur þurfa fjarskipti að vera með þeim hætti að ferðamenn geti a.m.k. sent frá sér boð.

Viðmælendur nefndarinnar voru ekki hlynntir því að ferðamönnum yrði gert skylt að tryggja sig áður en lagt er í óbyggðaferðir. Nefndin telur ekki þörf á sérstakri lagasetningu eða reglum hér að lútandi en mikil þörf er á bættri skipulagningu og samræmingu á starfsemi þeirra aðila sem að þessum málum vinna.

Nefndin leggur áherslu á að við framkvæmd tillagna hennar verði haft samráð við þá aðila sem málið varðar.

Ég tel að tillögur nefndarinnar séu nokkuð góðar og ég mun hlutast til um að þeim verði hrundið í framkvæmd að því leyti sem þær eru ekki þegar komnar til framkvæmda. Til þess þarf að koma samstarf margra aðila sem heyra undir ýmsar stofnanir og fleiri en eitt ráðuneyti og ég vænti þess að um þá framkvæmd takist gott samstarf hér eftir sem hingað til.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel það góðra gjalda vert að grennslast fyrir um þetta mál og mér finnst hafa ver-

ið furðuhljótt um niðurstöður þessarar nefndar fram að þessu. Ég hafði ekki orðið var við að þarna lægi fyrir nefndarálit.

Það er ekki vettvangur hér til að fjalla um niðurstöður nefndarinnar fyrir mig sem kem inn í þessa umræðu en mér heyrist þó að það sé margt þar sem þyrfti að athuga betur heldur en fram kemur í máli hæstv. ráðherra, en vonandi verður þetta til góðs fyrir málefnið sem að var stefnt með samþykkt ályktunarinnar hér á Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa ánægju minni með að það skyldi þó hafa komið einhver niðurstaða frá þessari tveggja manna nefnd sem var sett á laggirnar en ég verð hins vegar að lýsa vonbrigðum með að ekki skuli vera búið að gera meira en raun ber vitni varðandi þetta mál. Ég vil taka undir það hjá hæstv. dómsmrh. að ég tel ekki eðlilegt að setja á ferðabann, en það er tekið fram sérstaklega í greinargerð með tillögunni að það var ekki meiningin með þessari tillögu, enda held ég að það mundi engan veginn vera hægt. Hins vegar væri kannski í undantekningartilvikum hægt að banna fólki að fara í ákveðnar ferðir nema þá ef það væri vel tryggt og vel útbúið en það yrði þá að athuga sérstaklega.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að efla tilkynningaþjónustuna. Það getur vel verið að það sé rétt að setja tilkynningaskyldu í vissum tilvikum en ég held að ferðamenn, sem fara inn á óbyggðir og í einhverjar hættuferðir eða ferðir sem hugsanlega gætu verið hættuferðir, vilji gjarnan fá að tilkynna sig. Og að mínu mati er tilkynningaþjónustan, sem nú er starfrækt ef ég man rétt á vegum Hjálparsveitar skáta, allt of lítið kynnt þannig að menn vita of lítið um hana. Ég held því að ef hún væri efld og henni væri hjálpað að auglýsa sig þá mundu mjög margir nota hana og það gæti komið í veg fyrir ýmis óhöpp vegna þess að um leið og fólk tilkynnti sig, þá gæti það aflað upplýsinga, fengið upplýsingar um útbúnað, um hvaða hættu ferðin sem það er að fara gæti e.t.v. haft í för með sér. Ég held því að það sé eðlilegt að reyna að taka niðurstöðu nefndarinnar og fjalla nánar um hana hjá þeim aðilum sem hafa fjallað um þetta mál.

Mig langar aðeins til að inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvort farið hefur verið með þessar tillögur til t.d. hjálparsveitanna sem eru mjög mikilvægur þáttur í björgunarstarfi hér á landi og skiptir mjög miklu máli að þær séu með í þessu máli. Mig langar jafnframt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þessar tillögur séu aðgengilegar þannig að það sé mögulegt fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér þessi mál og fara betur ofan í saumana á þeim og að fá aðgang að niðurstöðum þessarar nefndar. Ég hefði sjálf mjög mikinn áhuga á því.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þetta nefndarálit er að sjálfsögðu opinbert plagg og aðgengilegt öllum þeim sem eftir því óska. Og eins og leiðir af eðli máls heyra framkvæmdaþættir þeirra tillagna sem nefndin leggur til undir ýmis ráðuneyti. Að því er fræðslumálin varðar er sérstaklega bent á Upplýsingamiðstöð ferðamála um forustu. Í því efni fjallar nefndin sérstaklega um útgáfu fræðsluefnis, myndefni, skilti og merkingar þar sem þegar hefur tekist samstarf milli Náttúruverndarráðs og Vegagerðar ríkisins og framkvæmdir hafnar á tillögum nefndarinnar að því leyti. Lögð er áhersla á útgáfu landabréfa og korta. Það er sérstaklega fjallað um tilkynningaþjónustuna og þá aðila sem að henni hafa staðið, Landssamband hjálparsveitar skáta, Landssamband flugbjörgunarsveita og Securitas. Það segir hér svo, með leyfi forseta:

„Nefndin telur ekki rétt að takmarka eða banna ferðir fólks um ákveðin landsvæði á neinum árstímum að öðru jöfnu. Hins vegar eru nokkur landsvæði og sumar ferðir þess eðlis að rétt er að taka upp tilkynningaskyldu. Viðtakendur gætu verið tiltekið eitt símanúmer, t.d. á vegum björgunarsveitanna. Rétt er að slík tilkynningaskylda hvíli á innlendum sem erlendum ferðamönnum og einstaklingum jafnt sem hópum.

Nefndin leggur til að eftirfarandi svæði verði tilkynningaskyld: Vatnajökull, Langjökull, Hofsjökull og Mýrdalsjökull, allt landsvæðið norðan við Ísafjarðardjúp og Ingólfsfjörð á Ströndum, Tröllaskagi, hálendið frá Jökulsá í Lóni norður að Jökulsá í Fljótsdal. Og eftirtaldar ferðir ættu að vera tilkynningaskyldar: Allar gönguferðir, skíðaferðir, klifurferðir og ferðar á vélknúnum ökutækjum á öllu hálendinu sem taka meira en einn dag á tímabilinu 1. des. til 1. maí."

Ég ítreka að nefndarálitið er opinbert plagg og aðgengilegt öllum sem þess óska. Ég þykist vita að þeir aðilar sem hér koma að máli, þó heyri undir ýmis ráðuneyti, leggi sig fram um að koma þessum tillögum í framkvæmd.

Vernd gegn innheimtumönnum, ein umr.

Fsp. JGS, 378. mál. — Þskj. 614.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Svonefnt Þjóðlífsmál hefur vakið verðskuldaða athygli í umtali á landinu í síðustu viku. Þar hafa óprúttnir innheimtumenn komist upp með að féfletta hrekklausa samborgara og að nokkru leyti notið fulltingis dómsyfirvalda við þá iðju. Að minnsta kosti hafa þar til kvödd yfirvöld ekki séð ástæðu til þess að grípa í taumana og stöðva þennan verknað þrátt fyrir að kærur um skjalafals og margháttuð lögbrot innheimtumannanna hafi legið fyrir. Ég vil taka það skýrt fram að það er ekki Þjóðlíf sem stendur að þessum innheimtum.

Hér er um að ræða mjög alvarlegt mál sem snertir fjölda einstaklinga sem bæði hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og ekki síður tilfinningalegum skaða. Ég hef því borið eftirfarandi fsp. fram við hæstv. dómsmrh.:

„Hyggst dómsmrh. grípa til einhverra aðgerða til verndar almennum borgurum gegn innheimtumönnum

sem virðast beita réttarkerfinu til að ná fé út úr saklausu fólki, sbr. fréttir af slíku athæfi í fjölmiðlum í síðustu viku í tengslum við innheimtu áskriftargjalda tímaritsins Þjóðlífs?"

Ég vil taka það skýrt fram að Lögmannafélag Íslands hefur beðið hæstv. dómsmrh. um aðgerðir í þessu máli og hliðstæðum þar sem þeir telja sig ekki hafa vald á slíku. Og ég ítreka að það hlýtur að vera hlutverk réttarkerfisins í aðra röndina að vernda hinn almenna borgara gegn aðferðum af þessu tagi, ekki síst þar sem flest bendir til að hér sé farið út fyrir ramma laganna og lögum beitt á allan hátt til þess að verja þá sem raunverulega standa að þessari innheimtu.

Það er vissulega rétt og hefur verið bent á það að réttarkerfið hljóti að horfa blint á lögin en það má samt aldrei fara svo að úr því verði siðblinda. Það þýðir að grafið verður undan réttarkerfinu og tiltrú almennings rýrð og það má ekki gerast.

Ég vil að lokum ítreka það að fyrir heiðarlegt og grandvart fólk sem hefur staðið í skilum með allt sitt á sinni ævi er það gífurlegt áfall að verða fyrir því að vera dæmt til fébóta að ósekju.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þessarar fsp. er því fyrst til að svara að það telst ekki í verkahring dómsmrn. að hafa með höndum almennt eftirlit með þeim sem starfa við innheimtur í landinu, hvort sem þeir eru lögmenn eða ólöglærðir innheimtumenn. Spurningunni um það hvort dómsmrh. hyggist grípa til sérstakra aðgerða til að vernda borgara gegn innheimtumönnum verður því að svara neitandi, enda eru slíkar aðgerðir ekki í valdi ráðuneytisins. Hins vegar er það hlutverk ráðuneytisins að sjá til þess að íslensk löggjöf veiti mönnum kost á að leita réttar síns þegar brotið er á þeim. Það á því að sjálfsögðu við þegar menn telja að innheimtur séu ólögmætar eins og komið hefur fram varðandi innheimtur á áskriftargjöldum í svokölluðu Þjóðlífsmáli. Þessu hlutverki hefur ráðuneytið sinnt. Það er rangt með farið þegar því er haldið fram að menn eigi engin úrræði þegar óprúttnir innheimtumenn stefna þeim fyrir dóm til greiðslu skulda sem þegar eru greiddar. Nærtækasta úrræðið sem verður gripið til undir þeim kringumstæðum er að mæta fyrir dóm og framvísa kvittun um að skuldin sé greidd eða leita ráðgjafar lögmanns. Við slíkar aðstæður er engin hætta á að dómur falli þeim í óhag sem þegar hefur staðið skil á sínum gjöldum.

Mikilvægt er að stefndi mæti fyrir dóm, enda er litið svo á að útivist hans þýði að hann fallist á þær kröfur sem eru gerðar í stefnu. Við innheimtur í einföldum skuldamálum eru gefnar út svokallaðar áskorunarstefnur sem sæta sérstaklega hraðri meðferð. Ef stefndi mætir ekki í áskorunarmáli og ekkert er við málatilbúning stefnanda að athuga, áritar dómari stefnuna og hefur áritunin þá sama gildi og dómur. Því miður er í allt of mörgum tilvikum um það að ræða að menn sinna ekki slíkum stefnum, mæti hvorki fyrir dóm né leiti ráðgjafar um það hvernig þeir eigi að bregðast við. Þannig verður þeim fyrst ljóst í mörgum þessara tilvika að fallist hafi verið á kröfu stefnanda fyrir dómi þegar fógeti úrskurðar um fjárnám eftir áskorunarstefnunni. Þrátt fyrir þetta stendur mönnum sú leið opin að áfrýja máli sínu til Hæstaréttar og koma þar fram með varnir sem þeir hefðu getað komið fram með fyrir héraðsdómi. Það er skylda fógeta að benda mönnum á þennan rétt sinn ef þeir hafa mótmæli fram að færa við fjárnám.

Skv. 1. mgr. 20. gr. laga um Hæstarétt Íslands er þriggja mánaða frestur frá lokum dómsathafnar til að áfrýja máli til Hæstaréttar og skv. 2. mgr. 20. gr. laganna getur dómsmrh. veitt áfrýjunarleyfi næstu 6 mánuði til viðbótar. Og skv. 3. mgr. getur dómsmrh. að auki veitt leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar ef ríkar ástæður eru til og Hæstiréttur mælir með því. Hafi menn greitt kröfurnar er ekki lengur um að ræða að þeir geti áfrýjað skuldamálinu sem slíku, en sú leið stendur þeim þá opin að krefja innheimtumenn um endurgreiðslu og skaðabætur fyrir dómstólum eftir almennum reglum um skaðabætur.

Loks er rétt að taka fram að ef innheimtumenn eru bersýnilega að reyna að ná fé út úr fólki með ólöglegum hætti, t.d. með því að nýta sér fákunnáttu til þess að það greiði kröfur sem eiga sér enga stoð, þá er það að sjálfsögðu refsivert athæfi sem hinn almenni borgari getur kært til lögreglu. Í hegningarlögum eru ákvæði um fjársvik í 248. gr. þar sem segir að ef menn hafa fé af öðrum með því að hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, þá varðar það fangelsi allt að tveimur árum og ef sakir eru miklar allt að sex ára fangelsi. Ef lögmaður stendur fyrir slíkum innheimtum gæti það átt undir 134. gr. hegningarlaganna, þar sem segir að ef opinber starfsmaður misnotar aðstöðu sína til að neyða mann til að gera eitthvað eða þola eitthvað, þá skuli hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum, en lögmenn teljast vera opinberir sýslunarmenn. Ef opinber starfsmaður gerist sekur um hegningarlagabrot með verknaði sem telja verður misnotkun á stöðu hans, þá skal hann sæta þeirri refsingu sem við því broti liggur en þó svo aukinni að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Sú leið stendur loks opin að kæra lögmann fyrir siðanefnd Lögmannafélagsins. Í 6. gr. laga um málflytjendur segir að ef stjórn Félags héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanna leggur til að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu geti dómsmrh. tekið af honum leyfi til málflutnings um stundarsakir eða að fullu og öllu ef miklar sakir eru.

Ég hef hér, frú forseti, lýst þeim úrræðum sem réttarkerfið býður upp á fyrir hinn almenna borgara til að verjast því þegar reynt er að innheimta af honum kröfur sem hann ekki skuldar. Þeir sem verða fyrir slíkum innheimtum geta með einföldum hætti og án tilkostnaðar leitað réttar síns strax í upphafi en gera því miður ekki í öllum tilvikum, stundum vegna vanþekkingar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nú vonum seinna í raun

að þetta mál komi til umræðu hér á Alþingi, svo fáheyrt mál sem er hér á ferðinni. Þetta ber vitni um þá hörku sem er að færast í fjármálastarfsemi og viðskipti hér á landi, ljóslega finnst mér. Þarna er á ferðinni vargahjörð sem er að taka upp mál með alveg ótrúlegum hætti gagnvart einstaklingum þannig að réttlætisvitund almennings er auðvitað gjörsamlega ofboðið í sambandi við svona málafylgju. Og mér finnst að það hljóti að vera til athugunar hvort ekki er nauðsynlegt að lögleiða skýrari varnir og samræmdari heldur en fyrir liggja í löggjöf og hæstv. ráðherra kynnti hér af þessu tilefni því að þessum tilefnum er að fjölga. Sjálfur er ég áskrifandi að allnokkrum tímaritum og greiði þau yfirleitt svona sæmilega og með góðu samkomulagi, en ég hef orðið var við að það er farið að ganga að mönnum eftir eins eða tveggja mánaða greiðslutöf með hótunum. Ég hef orðið persónulega var við það. Þetta er alveg með ólíkindum.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að lýsa yfir nokkrum vonbrigðum yfir þeim maraþonlestri upp úr lögum sem hæstv. dómsmrh. fór með áðan. Í þessu máli liggur alveg ljóst fyrir að þeir sem seldu kröfurnar í upphafi skrifuðu öllum bæjarfógetum landsins bréf þar sem þeir bentu á það að þarna væri ekki farið að þeim samningi sem gerður hefði verið, þarna væri um lögbrot að ræða og það varð til þess að tiltekin embætti tóku þetta til greina. Á Sauðárkróki til að mynda bárust 14 mál, en eftir að hafa fengið gögn Þjóðlífs í hendur sá fulltrúi þess embættis ástæðu til að skipa lögfræðing fyrir allan hópinn og tekið var til varna í málinu. Öllum málunum var frestað og þar er búist við að innheimtuaðilinn verði dæmdur til skaðabóta.

Varðandi rétt instaklinganna verð ég að ítreka það að ég tel að dómskerfið hafi brugðist þegar það gerist að einstaklingar eru ekki upplýstir um rétt sinn. Og það er þetta sem ég á við þegar ég segi að dómskerfið verði að huga að rétti þeirra sem að á að ganga. Fólk var dæmt til fébóta án þess að vera upplýst um rétt sinn til þess að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Það er ekki fyrr en formaður Neytendafélags Akureyrar tekur málið upp af mikilli hörku að þetta kemur fram.

Ég vil því ítreka það mjög ákveðið til hæstv. dómsmrh. að ég tel fulla ástæðu til þess að dómsmrh. beiti sér fyrir því — það er jú dómsmrh. sem í flestum tilfellum hefur frumkvæði um þá löggjöf sem starfað er eftir — að skerpt verði þau ákvæði sem menn hafa sér til varnar og sérstaklega að skerpt verði ákvæði um það að menn séu upplýstir um hvaða rétt þeir hafa.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, nefna að eftir að hafa skoðað þetta mál svolítið, það sem að baki býr og þá flækju á fyrirtækjum og sölum á viðkomandi kröfum fram og til baka, sér maður inn í heim sem mann hryllir við og það hlýtur að vera rík ástæða til þess fyrir yfirvöld dómsmála að kanna hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir að menn geti skotið sér undan ábyrgð með þeim hætti sem hér er um að ræða.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil fyrst leggja á það áherslu að í gildandi lögum er skylda dómara að upplýsa ólöglærða aðila um réttindi sín. Það hefur ekki annað komið fram af hálfu þeirra dómara sem hér eiga hlut að máli en það hafi verið gert. Þetta er mjög mikilvægt atriði og ástæða til þess að leggja á það áherslu og mjög alvarlegt ef þar á verður misbrestur. Hins vegar verða menn ekki upplýstir ef þeir mæta ekki fyrir dómi eins og óskað er eftir og það er meginatriði ef menn ætla að halda til haga rétti sínum að mæta og verja þannig rétt sinn og þá er ekki áhætta í því fólgin að leggja mál sín fyrir dómara.

Dómsmrn. að því frumkvæði að því er varðar það mál sem mest var til umfjöllunar í fjölmiðlum að bjóða fram gjafsókn í því máli yrði því áfrýjað til Hæstréttar og ráðuneytið mun fyrir sitt leyti fallast á áfrýjun ef Hæstiréttur samþykkir lögum samkvæmt. Þetta liggur fyrir og ég vænti þess að það geti greitt fyrir sanngjarnri og réttlátri niðurstöðu. Ég hygg að hverjum einasta manni misbjóði það hvernig gengið var fram í þessu efni og það er vissulega ástæða til að öll þau viðskipti séu rannsökuð allt frá því að kröfurnar voru seldar og síðan til þess með hvaða hætti þær voru innheimtar og á það vil ég leggja mjög ríka áherslu að slík rannsókn þarf að fara fram.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur haft að því frumkvæði við dómsmrn. að gerð verði athugun á því hvernig skynsamlegast sé að vinna að rannsóknum og forvarnastarfi að því er varðar efnahagsbrot. Hann lítur svo á að þar þurfi að gera átak. Ég er honum sammála í því efni og ráðuneytið er nú með í undirbúningi í samvinnu við rannsóknarlögreglustjóra athugun á því hvernig staðið hefur verið að framkvæmd þessara mála og vinnur að tillögum til úrbóta í því efni. Það er mín skoðun að það sé mjög brýn þörf hér á og þessi mál þurfi að taka föstum tökum og því hefur verið hugað að undirbúningi þessa starfs nú á síðustu vikum í ráðuneytinu, ekki síst fyrir skýra forgöngu rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sem lýst hefur nokkrum áhyggjum af því í hvaða farvegi þessi mál eru og nauðsyn sé þar á úrbótum.

Akstur utan vega, ein umr.

Fsp. KE, 385. mál. — Þskj. 627.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég spyr á þskj. 627 um framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988, um akstur utan vega. Þá var samþykkt tillaga frá Alþingi um að dómsmrh. skipaði nefnd með fulltrúum allra flokka sem fjölluðu um þetta mál, þ.e. að samræma lög og reglur um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna ökutækja utan vega og merktra slóða. Þetta þótti öllum mjög mikilvægt mál á sínum tíma og ég reikna með að öllum þyki það jafnmikilvægt mál nú.

Fulltrúi Kvennalistans, Sigrún Helgadóttir, var í

þessari nefnd og var fundað nokkuð í upphafi, fljótlega eftir að nefndin var skipuð, en formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, þáv. alþm. Ég minnist þess að fulltrúi Kvennalistans í þessari nefnd fór til Bandaríkjanna og var þar í eitt ár og nefndin fundaði aldrei á meðan hún var í burtu þannig að hún hélt bara áfram í nefndinni þegar hún kom aftur, en hún var varla boðuð á fund, ef ég man rétt einn fund eftir þetta fyrsta ár.

Um það bil ári eftir að þessi tillaga var samþykkt spurði hv. þáv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir um framkvæmd tillögunnar. Þá kom fram í máli þáv. dómsmrh. að tekið yrði á þessum málum eða alla vega var lofað bót og betrun en enn hefur ekkert heyrst og enn hefur fulltrúi Kvennalistans a.m.k. ekki verið boðuð á fund. Mér þykir það mjög alvarlegt að ekki skuli vera gert neitt í þessu máli, sérstaklega með tilliti til þess að alltaf berast fréttir um það hvernig farið er með landið með akstri utan vega. Er ég hérna með nýlegt dæmi þar sem er frásögn af ferð sem á að fara þvert yfir landið og til þess að lýsa því hvað þetta sé nú góð ferð, þá segir í lýsingunni:

„Ökumenn eru allir mjög vanir svona ferðum og hafa mikla reynslu í akstri utan vega og uppi á jöklum."

Samkvæmt lögum er akstur utan vega bannaður þannig að þarna gera menn sér enga grein fyrir hvað er leyfilegt í þessum efnum. Ég tel því mjög nauðsynlegt að þessi nefnd verði endurvakin, en spyr um framkvæmd ályktunarinnar. Kannski eru þeir að gera eitthvað í dómsmrn. þrátt fyrir að þessi nefnd hafi lognast út af.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að hér er um mjög mikilsvert viðfangsefni að ræða sem sannarlega er ástæða til að gefa gaum. Nefnd sem skipuð var í framhaldi af ályktun Alþingis tók til starfa en störf hennar féllu svo niður og mér er ekki kunnugt um að hún hafi starfað á síðasta ári.

Mál hafa breyst á ýmsa vegu síðan þessi ályktun Alþingis var gerð 1988. Til að mynda hefur verið stofnað nýtt ráðuneyti umhverfismála sem eðlilegt er að fari með forustu í þessum efnum. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að koma þessum málum í nýjan framkvæmdafarveg og rétt að leggja þá nefnd niður sem átt hefur að vinna að þessum málum en ekki hefur gert það að undanförnu.

Umhvrn. hefur haft mjög markverða og athyglisverða forustu í þessum málum. Það hafði frumkvæði að ráðstefnu sl. vetur í nóvembermánuði ásamt dómsmrn. og samgrn. þar sem ýmsar hugmyndir og tillögur komu fram, bæði að því er varðar verkefni á þessu sviði sem unnt er að framkvæma án lagabreytinga og eins að því er varðar nauðsynlegar lagabreytingar. Umhvrn. er að ýta úr vör starfshópi sem á að vinna að framkvæmdum þeirra atriða sem unnt er að koma fram án lagabreytinga. Í þessum starfshópi starfa Sigurður Þráinsson frá umhvrn. og Hjalti Zóphóníasson frá dómsmrn. og í honum eiga einnig að vera fulltrúar frá Vegagerð og Ferðamálaráði og í undirbúningi er endurskoðun á lögum um náttúruvernd undir forustu Höskuldar Jónssonar.

Víðast hvar eru ákvæði, a.m.k. á Norðurlöndunum, um akstur utan vega ekki í umferðarlögunum sjálfum. Við höfum gengið lengra í því efni en aðrar þjóðir og er litið svo á að hér sé um að ræða verkefni á sviði umhverfismála og þeirrar löggjafar sem um þau efni gilda.

Ég lít svo á að umhvrn. hafi tekið þessi mál föstum tökum og sé að koma þeim á framkvæmdastig með góðum og skipulögðum hætti og dómsmrn. mun leggja sitt af mörkum í þeirri vinnu því að óneitanlega tengjast mjög ákvæði umferðarlaga og þau viðfangsefni sem hér er við að fást. Það hefur verið mjög gott samstarf á milli dómsmrn. og umhvrn. um þetta efni eins og önnur og ég vænti þess að með nýrri skipan á framkvæmd þessara mála verði komið á fastari skipan að því er varðar umferð utan þjóðvega og ekki síst á hálendinu sem er mjög viðkvæmt. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að þar þurfa menn að fara að með mikilli gát.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir og staðfesta margt af því sem hæstv. dómsmrh. sagði. Það þarf að gera ákvæði náttúruverndarlaga skýrari og styrkja þau í þessu efni. Ég hef óskað eftir því við formann þeirrar nefndar sem endurskoðar nú ýmis ákvæði náttúruverndarlaga að taka þetta mál sérstaklega til athugunar. Þar hefur orðalag ekki verið nægilega skýrt. Það þarf einnig að bæta reglur um það hvernig kærur eru settar fram vegna þessa athæfis, hvaða gögn þurfa að fylgja þeim o.s.frv. Þetta hefur reynst svolítið erfitt í framkvæmd þrátt fyrir að reynt hafi verið að gera ýmsar ráðstafanir til úrbóta í góðri samvinnu við dómsmrn. Það þarf líka að samræma störf sýslumanna um það hvernig tekið er á þessum málum og að tekið sé fljótt á þeim þannig að útlendingar sem uppvísir verða að brotum á þessum lögum verði ekki farnir úr landi áður en litið er á málin.

Ég nefni það hér einnig að það er að taka til starfa starfshópur um framkvæmd aukins eftirlits, fræðslu, vegamerkingar og fleira í framhaldi af tillögum sem fram komu á ráðstefnu sem umhvrn., dómsmrn., samgrn. og fleiri aðilar gengust fyrir einmitt um þessi mál á sl. hausti eins og getið var.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir að það er eðlilegt að reglur um umferð á hálendinu utan vegar séu skýrar. Hins vegar vil ég minna á það að þetta mál verður ekki leyst með boðum og bönnum. Ég bendi á það að fyrir 15–20 árum var akstur torfærubifreiða utan vega mikið vandamál. Það hefur breyst til batnaðar, ekki með tilkomu reglna eða banna að ofan heldur vegna þess að þeir sem nota þessi farartæki hafa, ef svo má að orði komast, komið á siðbót innan frá og það er í raun hin eina lausn að þeir sem ferðast um hálendið hafi frumkvæðið og þeir skapi þær reglur inn-

an sinna vébanda sem leysa þetta mál.

Ég vil, virðulegi forseti, að lokum nefna það að einmitt þetta, akstur á vel búnum farartækjum um hálendi landsins, hvort heldur er að sumri eða vetri, er eitt af því sem gerir lífið á Íslandi sérstakt og getur skapað lífsstíl sem hvergi annars staðar þekkist.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það efni sem hér er rætt hefur verið á mínu áhugasviði alllengi. Ég flutti þá tillögu hér á Alþingi sem leiddi til samþykktar og að nefnd hóf störf. Það var veruleg raun að vinna í þessari nefnd, ég var þar tilnefndur fyrir hönd míns þingflokks, því að það var byrjað þokkalega, unnið í tvo mánuði og síðan ekki söguna meir þrátt fyrir ítrekaðar óskir af hálfu nefndarmanna um að störfum yrði fram haldið.

Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir áhuga hans á því að koma þessu máli á braut á ný og mér finnst eðlilegt það sem hér hefur komið fram einnig frá hæstv. umhvrh. að það verði þessi ráðuneyti og umhvrn. e.t.v. sem hafi þar forustu og haft verði samráð við dómsmrn. sem og önnur ráðuneyti sem í hlut eiga. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að taka þessi mál föstum tökum því annars endum við hér með Afríkuástand, svo að notuð sé ávísun á það sem þekkt er undir Afríkusafarí og þykir ekki til fyrirmyndar.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra svör hans og þó að ég verði auðvitað að lýsa óánægju minni með það að ekki hafi verið tekið á þessu máli fyrr, þá verð ég að lýsa ánægju minni með að það skuli eiga að gera það núna og vona ég að það verði gert með myndarlegri hætti en árið 1989 þegar spurt var hér síðast. Reikna ég með eftir því sem hér hefur komið fram af hálfu bæði hæstv. dómsmrh. og umhvrh. að eitthvað verði gert í málinu.

Ég held að það sé öllum ljóst að ekki þýðir að fela þessari nefnd að vinna áfram í málinu ef hún er aldrei kölluð saman þannig að það er betra að gera eitthvað annað til að koma þessu máli áfram. Ég tel líka eðlilegt að það sé endurskoðað hvernig nefndin á að vera skipuð en í ályktun Alþingis er talað um að þar eigi að vera fulltrúar allra flokka en með nefndinni eigi að starfa fulltrúar dómsmrn., menntmrn. og samgrn. Menntmrn. var tiltekið eðlilega því að undir það féllu umhverfismálin en núna eru þau komin í sérstakt ráðuneyti sem betur fer.

Ég get ekki tekið undir það sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það eigi ekki að setja neinar reglur eða eins og hann orðaði það, boð og bönn. Ég talaði um reglur og lög ef á þyrfti að halda, fyrst og fremst reglur sem fólk yrði auðvitað að fara eftir. Ég tel ekki að það sé lausn að eingöngu þeir sem ferðast um hálendið skapi þær reglur vegna þess að eins og ég sagði hér frá áðan, þá eru þeir sem fara í jeppaleiðangra ekki betur að sér en það að þeir telja mönnum það til sérstakra tekna að þeir séu færir í akstri utan vega svo að ekki get ég sagt að það sé eðlilegt að við leitum til þeirra sem þannig hugsa.

Mér hefur líka fundist mjög sérkennilegt hvernig fréttaflutningur hefur oft verið af þeim ferðum þar sem mikið er um akstur utan vega. Ég minnist þess, ég held að það hafi verið í fyrra þegar heill sjónvarpsþáttur var um ferð sem farin var þvert yfir landið á stórum jeppum og það var hrein hörmung á að horfa. Þetta þóttu alveg sérlega skemmtilegir þættir fyrir marga en mér þótti mikil hörmung á að horfa.

Um þá ferð sem ég var að lýsa áðan, þar sem mennirnir ætluðu að sýna færni sína í akstri utan vega, ætla þeir að gera mynd. Eftir blaðinu að dæma ætti ferðin þegar að vera farin, og m.a. á að sýna þessa mynd í BBC þar sem áhersla verði lögð á undirbúning og búnað bílanna þannig að það á að kenna fólki hvernig það á að koma til Íslands og fara í ferðir með það að meginmarkmiði að aka utan vega.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil ítreka það sem áður hefur komið fram af minni hálfu í þessu efni að hér er um að ræða viðfangsefni sem ástæða er til að taka föstum tökum. Ég vil hins vegar taka undir það sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það sem skiptir meginmáli í þessu efni er að fá þá sem hafa ánægju af ferðum um hálendið á jeppabifreiðum til þess að taka þátt í þessu starfi og það er mitt mat að það hafi þegar skilað mjög verulegum árangri og vel flestir þeirra sem ferðast með þessum hætti um hálendið virði þær almennu leikreglur sem við teljum eðlilegt að setja. Því miður eru þar alltaf frávik en ég held að umræðan um þessi efni hafi vakið menn til umhugsunar og flestir þeirra sem ferðast um hálendið á þennan veg leggi sig fram um það að ganga vel um náttúru landsins. Þess vegna legg ég á það áherslu að þetta starf byggi á því að viðhalda þessari umræðu, viðhalda þessari vitund fólks og þeim metnaði að ganga vel um náttúruna.

En við megum ekki ganga á þann veg fram í málinu að við fælum fólk frá því að njóta útivistar og njóta þeirrar náttúrufegurðar og þeirrar dýrðar að vera á fjöllum uppi og ferðast þar um á bifreiðum eftir þeim almennu leikreglum sem við viljum þar um setja. Það eru sannarlega margir sem njóta þessa og sem betur fer í vaxandi mæli, alltaf stærri hópar sem hafa ánægju af því að ferðast um hálendið og við eigum að hvetja til þess og fagna því, en fyrst og fremst að virkja þann metnað Íslendinga að ganga vel um landið sitt.

Útboð, ein umr.

Fsp. GuðjG, 398. mál. — Þskj. 648.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. viðskrh. er svohljóðandi:

„Hyggst ráðherra flytja frv. til laga um útboð þar sem kveðið verður á um réttindi og skyldur þeirra sem starfa á útboðsmarkaði?“

Það hefur lengi verið nokkuð almenn skoðun þeirra sem starfa á útboðsmarkaði, einkum þeirra sem fást við tilboðsgerð, að mikill misbrestur sé á framkvæmd útboða og útboðsmálum almennt og algengar eru kvartanir þess efnis að viðurkenndar reglur um útboð séu virtar að vettugi. Umkvörtunarefni þessi eru margvísleg en oftast eru þau frá verktökum sem hafa talið er að réttur þeirra hafi verið fyrir borð borinn af verkkaupum eða öðrum aðilum. Þessum aðilum hefur reynst erfitt að leita réttar síns, fyrst og fremst vegna þess að engin löggjöf er til um útboð og framkvæmd þeirra hér á landi.

Á 44. iðnþingi Íslendinga sem haldið var á síðasta ári var samþykkt ályktun um útboðsmál þar sem hvatt er til þess að hið fyrsta verði hafist handa við samningu frv. til útboðslaga og að slík lög líti dagsins ljós fyrir þinglausnir vorið 1992. Lög þessi hafi að geyma helstu grundvallarreglur um réttindi og skyldur þeirra sem starfa á útboðsmarkaði ásamt skýringum helstu hugtaka.

Reglur um framkvæmd útboða eru mjög ófullkomnar. Helst er þar stuðst við íslenskan staðal 30, en sá staðall gildir um almenna útboðs- og samningsskilmála um verkframkvæmdir. Þessi staðall var fyrst gefinn út árið 1969 og er hann fyrst og fremst sniðinn fyrir þá sem bjóða út eða bjóða í verk við byggingarframkvæmdir og var hann saminn af fulltrúum helstu hagsmunaaðila á þessu sviði. Hann hefur verð endurútgefinn tvisvar, síðast árið 1988. Í staðlinum er að finna helstu hugtakaskýringar og reglur sem gilda eiga um útboð. Staðallinn hefur ekki lagagildi og er hann því aðeins skuldbindandi í samskiptum aðila ef þeir hafa komið sér saman um það.

Í nútímaviðskiptum aukast útboð stöðugt. Þeim sviðum viðskipta fjölgar sífellt þar sem samningar komast á milli aðila á grundvelli útboða. Útboð tryggja heilbrigða og eðlilega samkeppni ef rétt vinnubrögð eru viðhöfð, þ.e. ef allir aðilar standa jafnt að vígi við tilboðsgerðina og bjóðendur ganga ekki of langt í niðurboðum öllum aðilum til tjóns. Ein af meginforsendum þess að Íslendingum takist að hasla sér völl á alþjóðlegum markaði er að hér á landi séu leikreglur á þessu sviði eins og gerist hjá samkeppnisþjóðum okkar. Að öðrum kosti er hætta á að þróunin verði okkur andstæð, samkeppnisstaðan versni enn frekar og tækifæri til markaðssóknar glatist.

Atvinnulífið á Íslandi á mikið undir því að eðlilegt viðskiptasiðferði sé í heiðri haft á útboðsmarkaði. Það skortir verulega á að svo sé, enda hafa þeir engu að tapa, eins og málum er nú háttað, sem ekki fylgja leikreglum. Þess vegna er það mjög brýnt að lögfestar verði reglur um útboð.

Virðulegi forseti. Fyrr í vetur hugðist ég flytja frv. til laga um útboð og hafði undirbúið það nokkuð. Ég sló því á frest þegar ég komst að því að hæstv. viðskrh. væri að huga að flutningi slíks frv. Þess vegna leikur mér hugur á að vita hvernig það mál stendur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort ég ráðgeri að flytja frv. til laga um útboð þar sem kveðið verði á um réttindi og skyldur þeirra sem starfa á útboðsmarkaði. Því er til að svara að málið er og hefur verið á dagskrá í iðnrn., m.a. vegna samþykkta Landssambands iðnaðarmanna um málið sem hv. fyrirspyrjandi nefndi. Það hefur enn ekki verið tekin ákvörðun um að flytja frv. en hér á landi hefur sú venja lengi gilt að í öllum meiri háttar útboðum hefur verið vísað í staðla um útboðsmál, einkum staðalinn ÍST-30 eins og hv. fyrirspyrjandi gerði hér grein fyrir áðan. Þessi staðall hefur að geyma allnákvæmar reglur um réttindi og skyldur aðila og það er litið svo á að staðallinn sé hluti af samningsskyldum útboðsaðila og þeirra sem bjóða samkvæmt útboði. Með þessum orðum er ég alls ekki að hafna því að til greina komi að setja einnig lög um málið. En staðreyndin er sú að sjónarmið aðila um slíka lagasetningu eru afar mismunandi, að sjálfsögðu allt eftir því hvort um er að ræða kaupendur eða seljendur vöru eða þjónustu. Ég hef fengið ítrekaðar kvartanir frá íslenskum skipasmíðastöðvum sem ég hygg að hv. fyrirspyrjandi muni vera kunnugur þar sem því er einatt haldið fram að rangt hafi verið staðið að útboði verka á þeirra sviði en hins vegar er mér ekki kunnugt um að menn hafi látið á þetta reyna, reyna á rétt sinn í slíkum tilfellum þótt umbúnaður útboðanna hafi verið í samræmi við staðalinn.

Í Danmörku eru í gildi útboðslög frá árinu 1966 og mun Danmörk eitt fárra landa sem hefur lögfest slíkar reglur. Reglurnar sem lögfestar eru í þessum lögum í Danmörku eru um útboð í byggingar og aðra mannvirkjagerð og eru mjög líkar þeim sem í gildi eru hér samkvæmt staðlinum ÍST-30. Þar er fjallað um opin og lokuð útboð sem hér er fjallað um í þessum staðli og lögfestar sömu reglur og þar gilda, þ.e. fyrst og fremst að í opnu tilboði megi taka hvaða tilboði sem er en í lokuðu tilboði skuli taka lægsta tilboði eða hafna öllum. Þar eru settar reglur um opnun tilboða sem eru hliðstæðar því sem hér hefur lengi gilt og loks eru ákvæði um bann við samráði við tilboðsgerð en slík tilvik hafa hér á landi fallið undir verðlagslög og samkeppnislög og eru nú enn skýrar bönnuð í nýju frv. til samkeppnislaga sem mun birtast hér í þinginu í dag að ég hygg.

Í stuttu máli er það niðurstaða samstarfsmanna minna í iðnrn. og viðskrn. að þeir telja óvíst að það þjóni tilgangi að setja sérstök útboðslög nema þá að í slíkum lögum verði vísað til útboðsstaðla og lögð skylda á menn að fylgja þeim stöðlum. Ég er vissulega reiðubúinn til að hlusta á önnur rök í málinu og vildi nota þetta tækifæri til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa málinu, bendi á að einnig á sviði Evrópuréttarins og Evrópustaðla eru þarna hlutir að gerast sem ég tel mikla ástæðu til að við fylgjumst með og hygg gott til samstarfs við hv. fyrirspyrjanda og aðra þingmenn um það mál ef það kynni að koma fyrir Alþingi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið með þessa fsp. því ég held að það sé

tímabært að ræða það hvernig staðið er að útboðum hér á landi. Og af því að ég hef mjög lítinn tíma til þess að ræða það frekar, virðulegi forseti, þá vil ég aðeins benda á það að hjá Vegagerð ríkisins setja þeir sér sínar eigin reglur um útboð og ég er ekki að deila á það í sjálfu sér. Ég veit að þeir hafa reynt að fá sem hagstæðust útboð en mér finnst það samt mjög athugunarvert þegar einhver ein ríkisstofnun getur sétt sér eigin reglur, eigin verklagsreglur um útboð. Ég held því að það sé tímabært að skoða hvort ekki þurfi að setja lög um þetta sem að vísu mundu þá styðjast við íslenskan staðal 30 sem hér hefur verið notaður.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans. Þar kom það fram að hann og hans helstu samstarfsmenn hafi ákveðnar efasemdir um það að rétt sé að setja löggjöf um útboð og hann færði rök fyrir því. Ég skildi hann reyndar þannig að enn væri þetta í athugun og mér er það ljóst að það verður ekki af því á þessu þingi úr því sem komið er en vonast til að á næsta þingi muni hann flytja slíkt frv. En verði það ekki, þá á ég von á því að ég og fleiri þingmenn munum aftur huga að flutningi slíks frv. Og ég ítreka nauðsyn þess að setja lög um framkvæmd útboða.

Það er staðreynd að menn hafa farið mjög frjálslega með þessi mál. Hæstv. viðskrh. nefndi í því sambandi kvartanir frá skipasmíðastöðvum sem er hárrétt hjá honum og þær hafa reyndar komið frá ýmsum fleiri aðilum. Það er mjög algengt í þeirri grein að menn nota lægstu tilboð til þess að pína niður verð hjá öðrum bjóðendum og jafnvel hjá aðilum sem ekki hafa boðið í viðkomandi verk. Menn hafa oft og tíðum gengið með lægsta tilboð á milli annarra aðila og sýnt það og sagt: Hvað viltu fara mikið niður fyrir þessa tölu? Og við slíkt er náttúrlega ekki hægt að una í viðskiptunum.

Ég tek það skýrt fram að ég tel að með setningu laga um útboð sé ekki verið að svipta þá sem hlut eiga að máli neinum rétti til að ráðstafa eigin málum. Það er aðeins verið að setja leikreglur sem tryggja rétt þeirra sem starfa á útboðsmarkaði.

Hæstv. viðskrh. nefndi dönsku lögin. Þau eru afskaplega opin. Þau eru nánast rammi og það er nú svo að danskir iðnrekendur og iðnaðarsamtökin hafa barist mjög fyrir því undanfarið að þau lög verði tekin upp og endurskoðuð og fyllt nánar út í þann ramma þannig að þeim sem starfa á útboðsmarkaði þar í landi finnst að þau lög séu allt of opin og þurfi að vera ítarlegri.

Ég vil bara að lokum ítreka nauðsyn þess að sem fyrst verði sett lög sem hafa að geyma helstu grundvallarreglur um réttindi og skyldur þeirra sem starfa á útboðsmarkaði og ég vona að frv. um það sjái dagsins ljós á næsta þingi.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að þetta mál ber hér vissulega nokkuð einkennilega að vegna þess að á þskj. 201 hef ég flutt mál um útboð sem ég lagði hér fram 5. des. sl. og hefur ekki enn þá fengist rætt í þinginu. Þess vegna kemur það manni nokkuð spánskt fyrir sjónir að stjórnarþingmaður skyldi vera fenginn til þess að flytja hér mál til þess að auðvelda ráðherrum sínum að komast út úr erfiðum málum. Ég teldi það eðlilegra að mitt mál hefði komist að fyrr og við hefðum fengið að ræða það. Það er rétt sem komið hefur fram hjá hv. 6. þm. Vestf. að um svo stórt mál er hér að ræða að engin skynsemi er í því að halda það að alþingismenn láti sér nægja það að ræða slíkt mál í fyrirspurnatíma á Alþingi. Því hef ég flutt um þetta þingmál. Það var einmitt tímanna tákn þegar við heyrðum hæstv. iðn.- og viðskrh. tala áðan vegna þess að hann sagði að vissar efasemdir væru í hans ráðuneyti um það að hér þyrfti að setja lög og dró raunverulega í efa að það væri þörf á slíku. Í mínum huga er engin spurning um að þörf er á því að setja lög um útboð og það er bráðnauðsynlegt. Þess vegna lagði ég þetta mál fram að mjög athuguðu máli og ekki síst að fengnum viðbrögðum hæstv. ráðherra nú er það ljóst að Alþingi þarf að fá að tjá sig í þessu máli þannig að ráðherranum sé það ljóst hver vilji Alþingis er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. þm. Vesturl. hefur nú þegar talað tvisvar í þessu máli eins og fyrirspurnatímar gera ráð fyrir. En hann telur sig þurfa að bera af sér sakir og forseti á erfitt með að neita honum um það. Væntanlega kemur þá í ljós að hann hafi haft ástæðu til þess og tekur hann þá til máls.

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bera af mér þær sakir sem komu fram þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði að stjórnarþingmenn væru fengnir til þess að flytja hér fyrirspurnir til að ráðherra geti svarað fyrir erfið mál. Þetta er alrangt. Það kom fram í máli mínu áðan, ég veit ekki hvort hv. þm. hefur hlustað á það, að fyrr í vetur hugðist ég flytja frv. um útboð, hafði undirbúið það mál allnokkuð og ræddi það síðan við hæstv. viðskrh. og komst að því að hann væri með það mál sjálfur í undirbúningi í ráðuneytinu. Ég taldi betra að málið kæmi þaðan og þess vegna frestaði ég því. Ég sé ekkert athugavert við það að ég fylgi því eftir með fsp. hér á þessum mundi og mótmæli alfarið svona ásökunum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég get staðfest að ekkert samráð var á milli mín og hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Vesturl., um að hann bæri fram þessa fsp. Ég vil þannig styðja hans mál þegar hann bar af sér sakir áðan. Reyndar tel ég að hv. 4. þm. Norðurl. v. hljóti að hafa misheyrt það sem ég sagði. Ég hafna alls ekki lagasetningu um þetta mál. Ég benti á fyrirvara eða efasemdir ýmissa þeirra sem athugað hafa málið og spurningin er í raun og veru ekki um það hvort rétt sé að setja útboðslög eða ekki. Spurningin er aðallega um það hvort þau muni gera gagn. Það er því miður þannig að á mörgum sviðum nægir ekki lagasetning þótt viljinn sé góður. Auðvitað mega lög af þessu tagi ekki leggja óeðli-

legar hömlur á athafna- og viðskiptafrelsi manna. Það veit ég að hv. 4. þm. Norðurl. v. skilur mætavel og þetta er það eina sem fyrir mér vakir í málinu. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég hygg gott til samstarfs við þingið um úrlausn í þessu máli og þakka hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Vesturl., fyrir að hreyfa málinu og lýsi mig meira en fúsan til samstarfs við þingið um að koma á þeirri skipan í sambandi við útboð og framkvæmd þeirra sem þjónar sanngjörnum og eðlilegum viðskiptaháttum. Ég er nokkurn veginn viss um að vel verður á því máli tekið og þá þurfum við að sjálfsögðu að horfa til þeirra landa sem okkur eru skyldust, ekki síst af því að fram undan er opnari útboðsmarkaður en verið hefur með væntanlegri aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar eru í gildi um þetta málefni fastmótaðar reglur þótt ekki séu í löggjöf bundnar. En vel má vera að leiðin sé einmitt löggjöf sem vísar til staðla til þess að gefa mönnum lagastoð fyrir sínum málum ef þeir telja á sér brotið. Það er einmitt sú leið sem ég nefndi í mínu máli og hv. 4. þm. Norðurl. hlýtur annaðhvort að hafa yfirsést eða misheyrst það sem sagt var. Ég endurtek að ég mun halda áfram athugun á málinu og nefna menn til þess að finna á því bestu lausn.

Aðgerðir gegn börnum í Río de Janeiro, ein umr.

Fsp. ISG, 392. mál. — Þskj. 634.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 634 legg ég fram litla fsp. um stórt og ógnvænlegt mál. Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá neinum að hingað til lands hafa borist fréttir um að glæpasveitir, sem jafnvel hafa skjól af stjórnvöldum, vinni skipulega að því að útrýma vegalausum börnum í Brasilíu. Þá er ég að tala um að þær vinni að því að útrýma þeim í bókstaflegri merkingu. Það má kannski segja að þetta sé ekkert nýtt heldur hafi fréttirnar borist vegna fyrirhugaðrar umhverfisráðstefnu í Río de Janeiro. Þingnefnd í Brasilíu sendi frá sér skýrslu fyrir ekki mjög löngu síðan og þar kom fram að a.m.k. 7 þúsund börn hafi verið drepin á sl. fjórum árum af sveitum sem jafnvel er talið að fyrrv. lögreglumenn skipi að stærstum hluta. Þess má reyndar geta í framhjáhlaupi að talið er að í Brasilíu séu, samkvæmt fréttum sem ég hef undir höndum, í allt um 7 millj. vegalausra barna.

Það er skemmst frá því að segja að samkvæmt fréttaskeyti sem ég hef undir höndum kemur fram — það fréttaskeyti var sent út í tengslum við heimsókn Gro Harlem Brundtland til Brasilíu — að engir hafi verið handteknir vegna þessara morða. Þetta er mjög ógnvænlegt mál sem hefur verið í umræðu hér í fjölmiðlum og þess vegna spyr ég hæstv. umhvrh.:

„1. Hefur umhverfisráðherra aflað sér upplýsinga um sannleiksgildi frétta sem borist hafa um að í Río de Janeiro sé litið á vegalaus börn sem umhverfisvandamál sem verði að uppræta fyrir umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í borginni í júní nk.? Þau séu með öðrum orðum drepin með skipulögðum hætti.

2. Ef svo er, hvaða upplýsingar hefur hann fengið og frá hverjum? Telur hann upplýsingarnar gefa tilefni til að endurskoða þátttöku Íslendinga í ráðstefnunni?“

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er vissulega um óhugnanlegt mál að ræða. Umhvrn. hefur með aðstoð utanrrn. leitað upplýsinga um málið, m.a. hjá framkvæmdastjórn umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York og hjá Mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur var leitað til sendiráðs Íslands í Washington sem aflaði upplýsinga hjá norska sendiráðinu í Río de Janeiro en Ísland hefur þar ekki sendiráð eins og kunnugt er.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja er ekkert sem bendir til að á umræddu tímabili, þ.e. núna í febrúar og mars, hafi verið gripið til sérstakra aðgerða af þessu tagi gegn götubörnum í Río. Nú er það svo að þessi borg er mjög í sviðsljósinu núna og kunna þessar fréttir því að hafa komist á framfæri og í fjölmiðla þess vegna. Hitt er vitað að um alllangt skeið hafa verið uppi grunsemdir um skipulögð morð á börnum í Brasilíu.

Það hefur reynst fremur erfitt að afla áreiðanlegra upplýsinga um ástand mála en fulltrúadeild brasilíska þingsins setti sérstaka rannsóknarnefnd á laggirnar árið 1991 sem átti að kanna þessar ásakanir og fyrirspyrjandi vék raunar að því. Þessi nefnd skilaði skýrslu 26. febr. og sú skýrsla staðfestir því miður verstu grunsemdir manna um ástandið í þeim efnum. Þar kemur fram að barnamorð af þessu tagi í Brasilíu hafa átt sér stað allar götur síðan 1975 a.m.k. og megi í upphafi rekja til stofnunar svonefndra dauðasveita herforingjastjórnarinnar. Þessi rannsóknarnefnd yfirheyrði 115 aðila og niðurstaða hennar er sú að þessi morð séu ekki nýtt fyrirbæri í Brasilíu né heldur séu þau bundin við þessa borg, Río de Janeiro, heldur eigi þau sér meira og minna stað því miður í öllu landinu. Flest börn eru talin myrt í Río eða að meðaltali rúmlega fjögur á hverjum degi. Einnig er þetta algengt, í minna mæli þó, í borgunum Sao Paulo, Pernabuco og Bahia. Rannsóknarnefndin hefur einnig staðfest þátttöku lögreglu og einkarekinna öryggisfyrirtækja í morðum og misþyrmingum. Fullvíst er talið að aðilar í viðskiptalífi landsins fjármagni þessa óskiljanlegu glæpastarfsemi.

Rannsóknarnefndin krefst þess í skýrslunni að 103 nafngreindir einstaklingar og samtök verði ákærð fyrir útrýmingu á munaðarlausum börnum. Í skýrslunni er geinnig greint frá lögreglustöðvum þar sem pyndingar á börnum hafi farið fram og að í þremur verslunarmiðstöðvum í Bahia-fylki séu sérstök pyndingaherbergi. Nefndin mun hafa lagt ýmsar tillögur fyrir þingið til að freista þess að bæta hér úr og vernda þessi börn. M.a. er lagt til að þeir herforingjar sem hafa átt aðild að þessum morðum verði dregnir fyrir borgaralega dómstóla, ekki herdómstóla. Lagt er til að reglum um öryggisfyrirtæki og vopnaburð verði breytt og

sérstakir barna- og unglingadómstólar verði settir á laggirnar. Jafnframt verði gefin út ákæra á hendur öllum þeim aðilum sem neituðu að koma fyrir rannsóknarnefnd þingsins.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórn umhverfisráðstefnunnar sem haldin verður í Brasilíu í byrjun júní hafa engin tilmæli borist frá ríkjum Sameinuðu þjóðanna um að hætta við ráðstefnuna vegna þessara mála og ekkert ríki hefur lýst því yfir að það muni hætta við þátttöku. Framkvæmdastjórnin mun þegar hafa ákveðið að Maurice Strong, framkvæmdastjóri umhverfisráðstefnunnar, leggi fram sérstaka áætlun um fjárhagsstuðning frá öllum sendinefndum á ráðstefnunni til hjálpar heimilislausum börnum.

Hvað varðar viðhorf Íslendinga til þátttöku í ráðstefnunni með hliðsjón af þessum upplýsingum um ástand mála er það mitt mat að ekki sé rétt að hætta við þátttöku Íslands í ráðstefnunni af þessum sökum. Ráðstefnan verður fjölsóttasti fundur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa efnt til frá upphafi vega um umhverfismál. Þar verða til umfjöllunar og afgreiðslu mál sem varða framtíð alls mannkyns og skipta Ísland miklu í bráð og lengd svo sem að því er varðar mengun hafsins, nýtingu auðlinda sjávar og fleira. Ég tel á hinn bóginn rétt og ótvírætt að þjóðarleiðtogar og fulltrúar þeirra ríkja sem sækja þessa ráðstefnu noti tækifærið til að ræða þessi mál og þrýsta á stjórnvöld í Brasilíu að taka á þessum vanda og uppræta þá hörmulegu glæpastarfsemi sem barnamorðin í Brasilíu vissulega eru.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að þessi mál beri á góma á Alþingi Íslendinga. Þessir atburðir í Brasilíu sýna okkur inn í heim sem hefur verið framandi okkur Íslendingum og þó höfum við verið minnt á það að einnig hér í okkar landi eru heimilislaus börn. En ástand og réttleysi af þeim toga sem þarna er um að ræða er sem betur fer, að því er við best vitum, óþekkt í Vestur-Evrópulöndum eða a.m.k. mjög fátítt. Ég óttast að þetta ástand sé engan veginn bundið við Brasilíu eina ríkja rómönsku Ameríku né heldur ef litið er til þriðja heimsins almennt. Ég hygg að sviðsljósin sem beinast nú að Brasilíu vegna umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna beini sjónum manna að þessu hörmulega ástandi. Það þarf í raun alþjóðaátak til þess að ráða þarna bót á. Hluti er vandi norðurs/suðurs, misskipting auðæfa í heiminum. En auðvitað er þetta líka spurningin um réttarríki. Þessi mál bar á góma í skýrslu utanrrh. Ég held að þar hafi ekki verið dregnar réttar áherslur og það er rétt fyrir okkur að líta á þessi mál heildstætt.

Ragnhildur Eggertsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. umhvrh. hefur staðfest hér alveg hræðilegar upplýsingar sem við höfum fengið í gegnum fréttir, upplýsingar sem, að því er mér skilst, eiga ekki að koma mjög á óvart. Ég hef þá tilfinningu að með því að Íslendingar taki þátt í þessari ráðstefnu, hversu áríðandi sem hún er, séum við að samþykkja það sem er að gerast þarna. Ég get ekki séð af hverju á ekki að koma fram opinberlega yfirlýsing af hálfu Íslands um það að við samþykkjum þetta ekki, að við getum ekki tekið þátt í ráðstefnu í landi þar sem er verið að hreinsa til með því að myrða börn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta voru vissulega ógnvænlegar upplýsingar sem hér komu fram og staðfesta það sem áður var fram komið. Þær vekja upp margar spurningar og ekki síst hvernig tekið er á fólksfjölgunarvandamálinu í heiminum því ég þykist vita að þar sé að finna rótina að þessum vanda. Þessi vandamál eru mjög áberandi í Suður-Ameríku, þ.e. mikill fjöldi vegalausra barna, og þau eiga rætur að rekja til afstöðu kaþólsku kirkjunnar sem stendur þar mjög í vegi.

Ég vil beina spurningu til hæstv. umhvrh. Ég hef heyrt á skotspónum að landbrn. hafi tekið ákvörðun um að senda ekki fulltrúa á ráðstefnuna í Ríó. Mér finnst að samræmi þurfi að vera í aðgerðum Íslendinga hvað þetta mál varðar. Ég hef ekki fengið það staðfest en ég spyr umhvrh.: Er þetta rétt? Ef svo er er þá ekki ástæða til þess að þarna verði um samræmdar aðgerðir að ræða?

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem hæstv. umhvrh. las upp fyrir okkur þingmenn eru auðvitað þyngri en tárum taki og ekki síst sú staðreynd eða það sem virðist vera staðreynd að þessi barnamorð hafi verið stunduð af hinum svokölluðu dauðasveitum allt frá árinu 1975, að þetta hafi verið stundað í 16–17 ár. Hann nefndi hræðilegar tölur í því sambandi eins og það að fjögur börn væru myrt með þessum hætti í Río de Janeiro á hverjum degi og það væri alls ekki takmarkað við þá borg eina.

Þá kom fram hjá honum að lögregla og her taka þátt í þessu og sérstök þingnefnd hafi verið sett á laggirnar í Brasilíu, eins og ég reyndar vissi, og hún hafi farið fram á það að 103 nafnkenndir einstaklingar og samtök verði dregin fyrir lög og rétt til þess að svara til saka í þessu máli og herforingar verði dregnir fyrir borgaralegan dómstól.

Mér finnst þetta mál svo alvarlegt að það hljóti að vera ástæða fyrir þjóðir heimsins til að nýta sér ráðstefnuna í Río de Janeiro með einhverjum hætti til að knýja stjórnvöld í Brasilíu til aðgerða í þessu máli. Það er greinilegt á upplýsingum sem fram hafa komið að þau horfa í gegnum fingur sér með þessi mál. Þó að skipuð hafi verið þingnefnd og hún hafi komist að þessari niðurstöðu, þá virðist ekki hafa verið notað tækifærið til að verða við óskum þessarar þingnefndar um að gera eitthvað í málinu. Ég held að við verðum að nota tækifæri og þau meðul sem við höfum núna til þess að sýna stjórnvöldum í Brasilíu að heimurinn lítur þetta mjög alvarlegum augum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að framkvæmdastjórn ráðstefnunnar geri kröfu til þess að farið sé að þeim niðurstöðum sem fram koma hjá þingnefndinni í Brasilíu, að við notum þetta tækifæri til að gera beinar kröfur á stjórn-

völd í Brasilíu. Ég ætla ekki að ganga svo langt hér að segja að við eigum ekki að fara á ráðstefnuna. Mér finnst að við þurfum að velta því fyrir okkur núna eftir þessar upplýsingar. Mér finnst þetta mjög erfitt siðferðilegt spursmál sem við stöndum andspænis. Ég þarf aðeins að hugsa um það núna. En ég vil fá einhver svör við því hvort ráðherrann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að framkvæmdastjórnin geri annað og meira en að láta eitthvert fé af hendi rakna til vegalausra barna þarna heldur geri beinlínis kröfur á hendur stjórnvöldum í Brasilíu.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta sem hér hefur komið fram. Varðandi það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði um landbrn. þá er ekki búið að taka saman í umhvrn. upplýsingar um það hverjir af þeim sem höfðu látið í ljós áhuga á að sækja þessa ráðstefnu hyggjast fara. En mér er ekki kunnugt um að landbrn. hafi tilkynnt að það hætti við þátttöku eða ætlaði ekki að taka þátt í ráðstefnunni með tilliti til þessara fregna. Mér er ekki kunnugt um það en skal þó ekki fullyrða neitt um það.

Vegna þess sem hv. 9. þm. Reykn. sagði er ég henni ósammála. Ef við viljum mótmæla þessu framferði, sem við vissulega viljum gera með þeim harðasta hætti sem hægt er, er leiðin ekki sú að sitja heima heldur er leiðin sú, eins og hér hefur réttilega verið bent á og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði ágætlega, að koma á framfæri með þeim áhrifaríkasta hætti sem við getum okkar hörðustu mótmælum til stjórnvalda í Brasilíu. Ég hef ekki séð í öllum atriðum niðurstöður þeirrar rannsóknarnefndar sem hér var um rætt en ég er reiðubúinn fyrir okkar hönd að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að framkvæmdastjórn ráðstefnunnar geri eitthvað meira en að gangast fyrir fjársöfnun eins og ég nefndi áðan og komi hörðustu mótmælum á framfæri við stjórnvöld í Brasilíu.

Hins er að geta í því sambandi að það virðist ríkja upplausn í stjórnmálalífi Brasilíu um þessar mundir. Það hefur reynst afar erfitt að fá svör við ýmsum praktískum spurningum í sambandi við þetta ráðstefnuhald og mér sýnist að um ýmislegt, því miður, sé undirbúningur þess mjög í skötulíki enn sem komið er og ekki fást svör við mjög einföldum spurningum. En ég ítreka að ég mun gera það sem í mínu valdi stendur og ég tel að Íslendingar eigi að gera það sem í þeirra valdi stendur, ekki aðeins til að koma hörðum mótmælum á framfæri heldur að þjóðir heims geti sem flestar sameinast um að gera kröfur um ráðstafanir til að uppræta þessa óhugnanlegu glæpastarfsemi.

Orkusáttmáli Evrópu, ein umr.

Fsp. HG, 386. mál. — Þskj. 628.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. á þskj. 628 beini ég fsp. til hæstv. iðnrh. um framhaldsvinnu við orkusáttmála Evrópu. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hver er þátttaka Íslands í framhaldsvinnu á grundvelli draga að svonefndum orkusáttmála Evrópu sem ráðherra undirritaði viljayfirlýsingu um 17. des. 1991?

2. Í hverju er þessi vinna fólgin, hverjir eiga þar hlut að máli fyrir Íslands hönd og að hvaða áföngum er stefnt á þessu ári?

3. Hver eru helstu álitaefni sem uppi eru að mati ráðherra í þeirri vinnu sem fram undan er?

4. Að hve miklu leyti verður um lagalega bindandi ákvarðanir að ræða samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum og hvers eðlis eru þeir lagalega bindandi efnisþættir?"

Tilefni þessarar fsp. eru augljós. Hér fóru fram umræður á Alþingi 16. des. 1991 um undirritun þessa almenna sáttmála og samkvæmt þeirri vinnu sem kortlögð hafði verið var gert ráð fyrir að vinna síðan frekari málsskjöl á grundvelli þessarar yfirlýsingar, þar á meðal grundvallaryfirlýsingu eða „basic protocol". Ég hef upplýsingar um að þessi vinna sé hafin og það er ekki seinna vænna að óska upplýsinga frá framkvæmdarvaldinu um hvert stefni í þessum málum. Umræðan á Alþingi 16. des. sl. fór fram að hæstv. iðnrh. fjarstöddum sem þá var á vettvangi að undirbúa eða taka þátt í undirritun sáttmálans. Gefnar voru hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar yfirlýsingar varðandi eðli þessa atburðar, undirritunar hæstv. ráðherra, og fyrirvara sem þar yrðu gerðir. Málshefjandi í þessum umræðum, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sagði að hann teldi að skýrt yrði tekið fram hvernig staðan er hér og hvernig við virkjum okkar fallvötn. Síðan þyrfti að taka fram að íslenska ríkisstjórnin muni túlka forræði yfir orkulindum þannig að Íslendingum verði heimilt að halda þeim einkarétti opinberra aðila til virkjana orkulinda landsins sem við í raun búum við í dag. Þetta er eitt atriði af mörgum sem hv. þm. benti á og tekið var undir af öðrum þingmönnum og af hæstv. forsrh. sem gerði í rauninni ýmsar þær áhyggjur, sem þingmenn lýstu, að sínum í sambandi við vinnu málsins, alveg sérstaklega framhaldsvinnu málsins sem hefði lagalega skuldbindandi áhrif. Ég leyfi mér því að bera fram við hæstv. iðnrh. spurningar um hvernig staðið sé að þessari framhaldsvinnu af Íslands hálfu og tel að hér sé mjög stórt mál á ferðinni sem við þurfum að fylgjast mjög vel með á Alþingi Íslendinga. Hér er um grundvallarmál að ræða sem snertir yfirráð okkar yfir náttúruauðlindum og stöðu okkar í samskiptum á mjög þýðingarmiklu sviði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. ber upp fjórar spurningar. Hann spyr fyrst um þátttöku Íslendinga í framhaldsvinnu á grundvelli draga að orkusáttmála Evrópu. Þar eru starfandi fjórir vinnuhópar sem eru annars vegar að undirbúa grunnsamning, á ensku „basic agreement", við þennan orkusáttmála og svo bókanir, „protocols", við hann hins vegar sem eiga að verða lögformlega bindandi plögg eftir að hafa hlotið

staðfestingu þar til bærra yfirvalda í aðildarlöndum að orkusáttmálanum. Þessir fjórir hópar eru: Vinnuhópur tvö sem vinnur að grunnsamningnum, vinnuhópur þrjú sem vinnur að bókun um bætta orkunýtingu, vinnuhópur fjögur sem vinnur að bókun um kolvetni í orkugjöfum og vinnuhópur fimm sem vinnur að bókun um kjarnorku. Starf í þessum vinnuhópum hófst í lok liðins árs. Þátttöku Íslendinga í þessari vinnu hefur verið háttað þannig að sendiráð Íslands í Brussel hefur safnað saman öllum fram komnum gögnum á þeim fundum sem þessir vinnuhópar hafa haldið og sent þau iðnrn. og orkumálastjóra. Orkumálastjóri, Jakob Björnsson, hefur setið tvo fundi í þeim vinnuhópi sem mestu máli skiptir að mínu áliti, þeim sem fjallar um grunnsamninginn. Við erum í samráði og samstarfi við Norðurlöndin, einkum Noreg í þessu máli og munum halda því áfram. Þetta mál er því á dagskrá ráðherrafunda og embættismanna nefndarfunda norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála en í henni sitja starfsmenn iðnrn., Kristmundur Halldórsson og Jón Ingimarsson. Með þessu hef ég einnig svarað annarri af spurningum hv. þm., nefnilega þeirri spurningu hverjir það eru sem starfa að þessum undirbúningi. Grunnsamningurinn er undirstöðuskjal í þessum samningi og það af skjölunum sem ég hef nefnt sem mestu máli skiptir.

Í öðru lagi spyr hv. þm. í hverju starfið sé fólgið og hverjir eigi þar hlut að máli, sem ég hef þegar svarað, og að hvaða áföngum sé stefnt á þessu ári. Hugmyndir og tillögur um texta þessara samninga og bókana eru lagðar fram í fyrsta lagi af sérstakri undirbúningsskrifstofu þessarar ráðstefnu um orkusáttmála Evrópu sem hefur vinnustað í Brussel. Í öðru lagi er þar fjallað um tillögur einstakra aðildarlanda og í þriðja lagi um tillögur ríkjasambanda eins og Evrópubandalagsins og Samveldis sjálfstæðra ríkja, fyrrverandi Sovétríkjanna. Vinnan er fólgin í því að kanna og ræða þessi atriði og meta hvernig íslenskum hagsmunum verður best borgið í hverju máli. Grunnsamningurinn mun væntanlega taka lengstan tíma, að því talið er, enda er hann meginskjalið í málinu. Það er stefnt að því í orði kveðnu að ljúka honum um mitt þetta ár. Ég tel hins vegar mjög ólíklegt miðað við núverandi stöðu mála að það muni takast. Mér finnst ýmislegt benda til þess að menn hafi þar færst of mikið í fang í upphafi og verði að takmarka sig meira til að ná samkomulagi, þ.e. upp hafi verið lagt með samkomulag um fleiri atriði en líkur séu til að samkomulag náist um. Slíkar breytingar á grunnsamningnum munu taka verulegan tíma.

Í þriðja lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hver séu helstu álitamálin sem uppi séu í þessari vinnu eða þeirri sem fram undan er. Ég er búinn að lýsa því að mikið sé óunnið við að ræða og stilla saman fram komnum hugmyndum og tillögum sem eru „legió". Álitaefnin eru mörg og fjalla um flest meginsvið málsins. Þess vegna býst ég við að vinnan við að ganga frá bæði grunnsamningnum og bókununum þremur geti tekið lengri tíma en menn töldu í upphafi. Ég ætla að nefna nokkur dæmi, virðulegi forseti, um álitaefni í grunnsamningnum. Þar er í fyrsta lagi ákvæði um framkvæmd reglunnar um fullveldi ríkja og fullveldisyfirráð þeirra yfir sínum orkulindum sem hv. þm. nefndi reyndar og ég tel mikilvægt skilyrði fyrir okkar aðild af þessu tagi. Í öðru lagi nefni ég ákvæði um afnám hafta í viðskiptum með orku og bann við mismunun eftir þjóðerni eða uppruna orkunnar. Í þriðja lagi ákvæði um aðgang að orkumörkuðum. Þessi tvö ákvæði sem ég nefni síðast eru Íslendingum, sem hugsanlegum orkuútflytjanda, mjög mikilvæg. Ég nefni í fjórða lagi ákvæði um flutninga, „transport", og gegnumflutninga, „transit", á orku og orkuafurðum. Ég nefni í fimmta lagi ákvæði um umhverfismál er snerta vinnslu, umbreytingu, flutning, dreifingu og notkun á orku og orkuafurðum. Ég nefni í sjötta lagi ákvæði um eflingu fjárfestinga, meðhöndlun þeirra og verndun. Ég nefni í sjöunda lagi ákvæði um meðferð á deilumálum milli aðila sáttmálans. Ég nefni í áttunda lagi ákvæði um tilhögun á stjórnsýslu við framkvæmd grunnsamningsins.

Hv. þm. spyr enn að hve miklu leyti verði um lagalega bindandi ákvarðanir að ræða samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum og hvers eðlis þær lagakvaðir muni verða. Þar vil ég nefna í örstuttu máli að gert er ráð fyrir að bæði grunnsamningurinn og bókanirnar við orkusáttmálann verði lagalega bindandi eftir að þau hafa verið staðfest af yfirvöldum í aðildarlöndunum á sama hátt og aðrir alþjóðasamningar sem þurfa að hljóta staðfestingu yfirvalda til að öðlast gildi eins og t.d. hafréttarsáttmálann.

Sjálfur orkusáttmálinn sem undirritaður var 17. des., eins og hv. fyrirspyrjandi réttilega nefndi, er aftur á móti stefnumarkandi yfirlýsing aðildarríkjanna án lögformlegrar skuldbindingar.

Í svari við þriðju spurningunni er ég þegar búinn að lýsa helstu efnisatriðum og ég vil, með leyfi forseta, að lokum segja þetta: Við verðum að skoða orkumálin á Íslandi í alþjóðlegu samhengi. Það þekkjum við auðvitað af langri reynslu með samninga um orkusölu til stóriðju en hugmyndir um orkusölu beint til útflutnings gera það auðvitað enn brýnna. Og ef við horfum fram á við og lítum á það stórverkefni á næstu áratugum að tengja Ísland við orkukerfi Evrópu með sæstreng að þá getum við ekki gert þann draum að veruleika nema með því að tryggja að íslensk orka hafi hindrunarlausan aðgang að orkukerfi Evrópu. Þar kemur ekki síst til skjalanna orkusáttmáli Evrópu sem hér er kominn til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans og upplýsingar um þetta stóra mál sem óhjákvæmilegt er að fjallað verði nánar um á Alþingi á næstunni. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því að hve miklu leyti sú vinna, sem nú er hafin á þessu ári eða frá lokum síðasta árs, er unnin í samvinnu við utanrmn. þingsins og hvort þessi mál hafi verið rædd þar eftir áramótin og kynnt utanrmn. — það ber vel í veiði að formaður nefndarinnar er kominn í þingsal — því að ég tel það sjálfsagt og að iðnn. þingsins fái einnig aðgang að þessu. Ég teldi heldur ekki óeðlilegt að umhvn. þingsins væru kynntir a.m.k. þeir þættir sem snúa

að umhverfismálum að því er varðar þá samninga sem þarna er verið að undirbúa. Ég tel sem sagt afar brýnt að ekki aðeins ríkisstjórn heldur einnig Alþingi og nefndir þingsins átti sig á því nú á þessu stigi vinnunnar hvað þarna er á ferðinni. Þetta er þeim mun brýnna sem margar gagnrýnar ábendingar komu fram við umræðu í þinginu 16. des. sl., að hæstv. ráðherra fjarstöddum, og mjög ríkar kröfur um að slegnir yrðu gildir varnaglar við undirritun sáttmálans sem hæstv. ráðherra stóð að og fullyrt var af hæstv. utanrrh. að þar kæmu fram ýmsir fyrirvarar hjá hæstv. ráðherra.

Af upplýsingum hans má marka hversu þýðingarmiklir grundvallarþættir eru hér á ferðinni sem snerta yfirráð okkar yfir auðlindinni og mörg atriði sem tengjast síðan markaðsfærslu. Ég inni hæstv. ráðherra eftir því hvort hann sé reiðubúinn að taka upp það samstarf við þingnefndir sem ég hef nefnt og koma boðum til nefnda þingsins. Og ég spyr hæstv. ráðherra einnig, ef hann vill leggja hér frekar orð í belg, að hve miklu leyti þessi vinna tengist vinnu sem unnin er innan Evrópubandalagsins eða á vegum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og hugsanlega er verið að fella þar í samþykktir á vegum þess.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna ábendinga hv. 4. þm. Austurl. um þörfina fyrir að kynna þinginu og þingnefndum málefni þau sem hér eru til umræðu þá tek ég undir að á því sé þörf. Ég tel hins vegar ekki tímabært að kynna nefndum þingsins stöðu mála varðandi samninga í framhaldi af undirritun orkusáttmála Evrópu að svo stöddu. Ég mun gera það svo skjótt sem marktækir áfangar í því verki eru í sjónmáli. Því miður ræður nú mannfæð í íslenska stjórnkerfinu því að menn komast ekki yfir það að sinna í senn fundasókn í fjarlægum löndum, greinargerðum, fyrirmælum eða kynningu þeirra fyrir áhugasömum þingefndum jafnharðan eins og menn vildu gjarnan gera. Þarna verða menn að velja og hafna og ég tel að enn sé ekki komið að þeim tíma að það sé vert tíma þingnefndanna eða þingsins að taka á málunum. Það er, eins og fram kom í mínu máli, unnið að þessu í samráði við orkumálastjóra og starfsmenn utanrn., eins og eðlilegt er, og kynning í nefndum þingsins mun að sjálfsögðu fara um rétta farvegi, í iðnn. og utanrmn. Fyrir því mun ég að sjálfsögðu beita mér og þarf varla að taka það fram.

Jöfnun á húshitunarkostnaði, ein umr.

Fsp. JVK, 388. mál. — Þskj. 630.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Þegar ríkisstjórnin tók við völdum í fyrravor var eitt af stefnumálum hennar að jafna orkuverð í landinu, m.a. með jöfnun húshitunarkostnaðar. Það átti að gerast í þremur áföngum á tveimur til þremur árum. Fyrstu aðgerðir komu til framkvæmda hinn 1. júní 1991 og samkvæmt fjárlögum fyrir 1992 hefur sú upphæð sem ætluð er til niðurgreiðslu á raforku hækkað úr 297 millj. í fyrra á fjárlögum í kr. 340,8 millj. á fjárlögum í ár.

Í þessu sambandi hefur hæstv. iðnrh. einnig lýst því yfir að ætlunin sé að fá orkufyrirtækin til að taka þátt í þessu átaki til jöfnunar á orkuverði. Ekki hefur neitt komið fram um það hvernig það er fyrirhugað. Landsvirkjun hefur einokunaraðstöðu í virkjanamöguleikum hér á landi og selur raforku í heildsölu. Auk þess selur RARIK rafmagn til almenningsveitna sem að mestu leyti er keypt af Landsvirkjun. Á stjórnarfundi í Landsvirkjun hinn 12. sept. 1991 samþykkti stjórnin að viðræður færu fram við Þjóðhagsstofnun um mörkun langtímastefnu í verðlagningu rafmagns frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna. Ég spyr því einnig: Hvað líður þeim viðræðum? Hafa þær farið fram eða hvað hefur ríkisstjórnin gert frekar í þeim málum?

Það hefur oft komið fram í umræðum um orkumál hversu óeðlilegt er að Landsvirkjun skuli í verðlagningu á orku gera ráð fyrir að fyrirtæki sé skuldlaust árið 2004 og eru þá fjárfestingar vegna Blöndu meðtaldar. Væri ekki æskilegt að Þjóðhagsstofnun skilaði greinargerð um það mál? Minna má á að orkuverðsjöfnunarnefnd sem hæstv. iðnrh. skipaði 1. okt. 1990 var einnig ætlað að undirbúa frv. um jöfnun orkuverðs. Það hefur ekki enn litið dagsins ljós. Því ber ég fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. á þskj. 630:

„1. Hvenær mun hefjast annar áfangi í niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði á svokölluðum köldum svæðum?

2. Hvernig verður staðið að því að fá orkufyrirtækin meira inn í þessa jöfnunarviðleitni," og ég vitna þar til ummæla iðnrh. 21. nóv. sl. á Alþingi sem finna má í þingtíðindum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 6. þm. Vestf. ber fram fsp. í tveimur liðum:

1. Hvenær mun hefjast annar áfangi í niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði á svonefndum köldum svæðum?

2. Hvernig verður að því staðið að fá orkufyrirtækin meira inn í þessa jöfnunarviðleitni? Hún vitnar þar til ummæla minna frá 21. nóv. sl.

Ég svara þessu í fyrra lagi þannig að engin ákvörðun hefur enn verið tekin um að auka orkuniðurgreiðslur úr ríkissjóði á næsta ári en á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir þeim niðurgreiðslum sem ákveðnar voru vorið 1991 þegar niðurgreiðslur voru auknar verulega með ákvörðun ríkisstjórnarinnar og fé til þess fundið á fjárlögum.

Ég nefni í öðru lagi að meiri hluti orkuverðsjöfnunarnefndar taldi eðlilegt að Alþingi lýsti sínum vilja um jöfnun orkuverðs. Nefndin lagði til að ríkisstjórnin legði hugmyndir nefndarinnar fyrir þingið í formi þáltill. Sú tillaga var því miður aldrei afgreidd. Annar liðurinn í tillögunni var svohljóðandi:

„Alþingi beinir því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyr-

ir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Aðgerðirnar miða að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækki á næstu tveimur árum niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna."

Iðnrn. tilkynnti stjórn Landsvirkjunar með bréfi 21. maí 1991 að ríkisstjórnin hefði ákveðið að auka niðurgreiðslur á orku til húshitunar og breyta tilhögun niðurgreiðslnanna á grundvelli tillagna orkuverðsjöfnunarnefndar. Þá óskaði ráðuneytið jafnframt eftir því að Landsvirkjun bætti við afslátt fyrirtækisins frá 1. júní 1991 úr 15,5 aurum á kwst. í 20 aura jafnframt því sem fyrirtækið mundi miða slíkar niðurgreiðslur við sömu mörk og aðrar niðurgreiðslur ríkissjóðs eru miðaðar við hvað varðar notkun. Í bréfi ráðuneytisins til Landsvirkjunar var sérstaklega bent á annan lið í þáltill. og þar var áréttað það markmið sem þar kemur fram og því beint til stjórnar fyrirtækisins að hún ynni að því að það næðist. Sömu tilmælum verður beint og hefur verið beint til annarra orkufyrirtækja. Markmið tillagna orkuverðsjöfnunarnefndarinnar var að kostnaður við hitun á íbúðarhúsnæði vísitölufjölskyldunnar lækkaði í þremur áföngum á tveimur árum um þriðjung. Aukningin í fyrra, 1. júní 1992, jafngilti því að 1. áfanganum hefði verið náð.

Það er frá því að segja að stjórn Landsvirkjunar samþykkti beiðni ráðuneytisins um að auka afsláttinn í fyrra en tók hins vegar ekki á því stigi afstöðu til markmiðsins sem ég nefndi. Ég mun inna Landsvirkjun aftur eftir afstöðu fyrirtækisins til málsins og mun óska eftir niðurstöðu í málinu fyrir 1. júní nk. en þá er liðið ár frá því að niðurgreiðslur ríkissjóðs voru auknar. Í þáltill. var, eins og ég hef þegar nefnt, gert ráð fyrir því að markmiðinu um jöfnun húshitunarkostnaðar yrði náð í þremur áföngum á tveimur árum þannig að komið væri að næsta áfanga 1. júní á þessu ári. Ég mun vinna áfram í þeim anda að því að ná markmiði þáltill. — sem því miður var ekki samþykkt hér — enda er því lýst í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem nú situr, Velferð á varanlegum grunni, en þar segir einnitt: „Einnig mun ríkisstjórnin leita leiða til að jafna enn frekar húshitunarkostnað á landinu."

Virðulegi forseti. Með þessu hef ég svarað fsp. tveimur. Hv. fyrirspyrjandi bætti við spurningum um verðlagsstefnu Landsvirkjunar og taldi nauðsyn að fram kæmu greinargerðir frá Þjóðhagsstofnun um það mál. Það get ég tekið undir með hv. fyrirspyrjanda og mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að slíkar greinargerðir berist.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvað dugir til þess að Landsvirkjunarrisinn vakni af sínum væra blundi og fari að huga að því að standa við sinn hlut í því að lækka húshitunarkostnað á landsbyggðinni. Það liggur auðvitað fyrir að það var grundvallaratriði í þeirri þáltill. sem ekki náði afgreiðslu á Alþingi, því miður, að Landsvirkjun tæki á í því að lækka húshitunarkostnaðinn á hinum svokölluðu köldu svæðum. Því miður hefur hið gagnstæða gerst. Á síðasta ári hækkaði Landsvirkjun sín gjaldskrárverð þrívegis, alls um nær 16% eins og fram kom í svari hæstv. iðnrh. við fsp. minni hér á Alþingi 21. nóv. sl. Þannig má segja að Landsvirkjun hafi gert hið gagnstæða við það sem til var ætlast í þessari þáltill. Það er auðvitað rétt að hæstv. ríkisstjórn stóð við sinn hluta málsins með því að auka niðurgreiðslurnar og það er vel og ég fagna því. En hitt stendur eftir að Landsvirkjun hefur ekki staðið við sinn hlut og það blasir við að afskriftarpólitík Landsvirkjunar gerir það að verkum að það er verið að leggja auknar og óréttlátar og tilefnislausar byrðar á þá sem nú nota orkuna frá Landsvirkjun. Nauðsynlegt er að brugðist sé mjög harkalega við því hvernig Landsvirkjun virðist leika hér nánast einleik í þessu máli, alveg án tillits til stefnu stjórnvalda og vilja þingsins í þessum efnum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þetta mál hingað inn í þingið. Það er rætt með sæmilega jöfnu millibili þannig að ekki vantar að við erum að minna á þetta hér á Alþingi. En það eru satt að segja kyndug viðbrögð sem koma fram hjá hæstv. iðnrh. og hv. þm. af Vestfjörðum líka því að auðvitað er þetta málefni framkvæmdarvaldsins. Ráðherrann kvartar undan því að Alþingi hafi ekki samþykkt tillögu sl. vor eða í fyrravetur um þessi mál, áskorun á hann sjálfan og framkvæmdarvaldið sjálft. Og af hverju var þessi tillaga ekki flutt aftur að hausti ef þurfti að fá samþykkt Alþingis. Gagnrýnin á tillöguna var sú að hún gekk allt of skammt og tók ekki á vandamálinu. Og hvernig er með stjórn Landsvirkjunar? Hverjir ráða þar ferðinni? Hvaða flokkur á þar flesta stjórnarmenn? Og er ekki meiri hluti í stjórn Landsvirkjunar fulltrúar sem eru á ábyrgð Sjálfstfl. og Alþfl.? Ég veit ekki betur. Menn eru að tala hér við sjálfa sig og víta allt annað en þar sem lykilinn að lausn er að finna.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið með þessa fsp. hér og fyrst og fremst ítreka nauðsyn jöfnunar á húshitunarkostnaði landsmanna. Þarna er um að ræða mjög verulegt misvægi sem nauðsynlegt er að leiðrétta eins og kveðið er á um í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Og ég minnist þess að einmitt Sjálfstfl. á Vestfjörðum hafði þetta sérstaklega á stefnuskrá sinni fyrir síðustu kosningar eins og reyndar allir flokkar. Ég vona að viðbrögð hv. 3. þm. Vestf. í þessu máli og við þessu svari verði þau að hann beiti sér sérstaklega í sínum flokki og í ríkisstjórninni til þess að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin eru í stjórnarsáttmálanum. Hérna er um að ræða mjög mikið réttlætismál sem nauðsyn er að unnið verði að. Ég treysti því að hann fylgi því eftir í sínum flokki.

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir

svörin. Þar kemur fram að hann hefur fullan hug á því að vinna áfram að þessu máli. Hann tók einnig vel í þá aukafyrirspurn sem ég kom með um að Þjóðhagsstofnun kæmi með greinargerð um málið. Ég vil líka benda á það eins og kom fram í máli hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar að Landsvirkjun hækkaði taxta sína þrisvar á árinu 1991 um 5% í hvert skipti. Hún hækkaði þá sem sagt um 16% en á sama tíma hækkaði framfærslukostnaðurinn ekki nema 14–15%. Taxtar Landsvirkjunar hækkuðu umfram framfærslukostnað.

Jafnframt því sem niðurgreiðslur ríkissjóðs voru á síðasta ári miðaðar við 30 þús. kwst. notkun á íbúð á ári þá höfðu þær þó áður verið miðaðar við 40 þús. kwst. En orkuverðsjöfnunarnefnd, sem hæstv. ráðherra vitnaði til áðan, lagði reyndar til að miðað væri við 35 þús. kwst. Hæstv. ríkisstjórn lækkaði sem sagt viðmiðunina enn þá meira eða í 30 þús. kwst. notkun. Það sem stendur eftir og hefur ítrekað komið fram í umræðum um þessi mál á Alþingi er að orkureikningar á þessum svæðum hafa ekkert lækkað í krónum talið þó að verðbólgan sé í lágmarki. Og það er náttúrlega það sem fólk í dag horfir á, það misvægi sem hér er í gangi og þess vegna erum við þingmenn sífellt að minna á þetta mál vegna þess að ég m.a. tel að eitt stærsta málið í því að jafna aðstöðu byggða úti um landið sé að jafna húshitunarkostnaðinn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í svari mínu áðan verður þeim tilmælum beint til orkufyrirtækjanna að þau taki frekari þátt en þau hafa gert í viðleitni til að jafna húshitunarkostnaðinn. Hv. 4. þm. Austurl. gerði áðan kynduga athugasemd svo ég noti hans eigið lýsingarorð. Það er eins og hann muni ekki að í þáltill. fólst einmitt nokkuð merkilegt nýmæli, nefnilega að Alþingi setti hinum þingkjörnu stjórnarmönnum í Landsvirkjun það verkefni að vinna að þessu máli. Og ég leyfi mér að inna eftir því hvort vitað sé að þeir sem sitja í stjórn Landsvirkjunar fyrir stjórnarandstöðuna hafi hreyft orkuverðsjöfnunarmálinu innan þeirrar stjórnar. Ég tek skýrt fram að ég tel að þeir hefðu þar nokkrar skyldur hefði þetta verið samþykkt en það var ekki gert. (Gripið fram í.) Ég bið virðulegan þingmann að sitja á strák sínum í þessu máli. Ég tel að þar hafi ekki komið fram vilji til að beita þessari nýju aðferð og málið var þess vegna lagt, eins og hv. þm. nefndi, í hendur framkvæmdarvaldsins. Þar mun ég vinna að því eftir því sem fjárhagslegt vit og skynsemi stendur til. Við erum ekki að tala um að mál séu leyst með einföldum viljayfirlýsingum úr ræðustólum. Við þurfum að finna fjármuni til þess að sinna þessu án þess að setja rekstrarkjör og eignarstöðu þessara fyrirtækja í hættu. Þess vegna var það skynsamlegt hjá hv. 6. þm. Vestf. að nefna til sögunnar langtímaverðlagsstefnu Landsvirkjunar og reyndar er það mál sem huga þarf að, sérstaklega ef breytingar í skynsemisátt á skipulagi orkumála verða hér gerðar á næstu árum, hvernig jöfnunarþættinum í sambandi við orkuna verði best fyrir komið. Ég tel að ríkisvaldið eigi að einangra þann þátt og taka hann inn á fjárlög en láta fyrirtækin sem allra mest bera ábyrgð á sínu starfi, sínum rekstri og sínum eignum upp á þær tekjur sem þau afla sér sjalf. Þannig er þessu enn ekki fyrir komið hjá okkur en það er næsta mál.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég nefna vegna þess sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, 6. þm. Vestf., að það er vissulega rétt að gjaldskrár hækkuðu á árinu sem liðið er. Það er þó svo að gjaldskrá hjá RARIK fyrir 30 þús. kwst. notkun á ári er lægri í krónum talið 1. febr. 1992 en hún var í ársbyrjun 1991. Þetta á við um 30 þús. kwst. notkun. Sú tala var valin af framkvæmdarvaldinu til þess að styðja sem best við bakið á þeim sem eru í minna húsnæði sem yfirleitt er ávísun á erfiðari kjör. Þarna var um val að ræða sem ég tel að hafi verið stutt rökum til þess að nýta takmarkaða fjármuni sem best, einmitt í jöfnunarskyni en ég skildi spurningu hv. 6. þm. Vestf. þannig að það væri það sjónarmið sem hún bæri fyrir brjósti.

Staða karla í breyttu samfélagi, ein umr.

Fsp. HG, 389. mál. — Þskj. 631.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 631 ber ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um störf nefndar um stöðu karla í breyttu samfélagi. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvert er erindisbréf nefndar um stöðu karla í breyttu samfélagi sem skipuð var 24. okt. 1991 og hverjir eiga sæti í nefndinni?

2. Hefur ráðherra fylgst með kynningu einstakra nefndarmanna á opinberum vettvangi á viðfangsefnum nefndarinnar og viðhorfum þeirra til hlutverks hennar?

3. Hvenær er nefndinni ætlað að ljúka störfum og hvað hefur ráðherra fyrirhugað að gera með niðurstöður hennar?“

Tilefni þessarar fyrirspurnar eru viðtöl í fjölmiðlum við fulltrúa úr þessari nefnd og blaðaskrif sem af þeim hafa sprottið. Þann 26. febr. sl. var viðtal á fréttastofu Bylgjunnar við einn nefndarmann, Guðmund Ólafsson hagfræðing. Það var alllangt viðtal og þar birtast viðhorf sem mér finnst lýsa inn í allóhugnanlegan hugmyndaheim að því er snertir það viðfangsefni sem hæstv. ráðherra hefur ætlað sér að lýsa inn í með störfum þessarar nefndar. Ég gríp lauslega niður í viðtalið. Hann segir um störf nefndarinnar:

„Við erum að huga t.d. að því hvort lög og reglur mismuni kynjum á hinn veginn miðað við það sem tíðast hefur verið rætt, þ.e. í þágu karla, hvort lög og reglur mismuni körlum. Við erum að kanna fleiri svið, t.d. skólakerfi. Það er sömuleiðis tilfinningalegir og félagslegir þættir sem við höfum áhuga á og bókmenntir.“ Og svo segir hér: „Það var náttúrlega gerð krafa á það að menn stæðu sig í vinnunni.“ Hann er að fjalla um hina breyttu þjóðfélagsgerð. „En við bættist síðan krafa um það að menn tækju fullan þátt í heimilisstörfum. Þannig hafa menn svona fundið fyrir þessri

tvöföldu ábyrgð og þetta er breyting frá því sem var. Og síðan þróuðust þessi jafnréttismál þannig að a.m.k. hluti kvenna ákvað að gera þetta, þennan þátt einkalífsins að pólitísku máli.“ Fréttamaður segir: „Já, biddu fyrir þér og þá kemur Kvennalistinn.“ „Jú og það má segja að þessi þróun hafi að sumu leyti a.m.k. hvað mig frá mínum bæjardyrum séð, og nú er ég ekki að tala út frá sjónarhóli nefndarinnar, þá varð óheillaþróun á þessu sviði þannig að Kvennalistinn tók, ef svo má að orði komast, upp marxíska stefnu þar sem var barátta marxistanna fyrir öreigana, fyrir hönd þeirra, að því orði var kippt út og konur sett inn í staðinn. Og þarna hófst eins konar, eins og þetta var skilgreint, stéttarbarátta fyrir konur gegn hinum altæka alheimsóheimi, karlinum.“ „Kynstríð,“ spyr fréttamaður. „Já, konur fóru að endurskilgreina söguna með feðraveldi og aðrar skrýtnar hugmyndir í farteskinu.“ Fréttamaður segir: „Og sungu t.d. á jólaböllum: Eva átti dætur sjö.“ „Einmitt, og þetta hérna marxíska kjaftæði sem er þarna komið upp í dularbúningi og fólkið sem var orðið þreytt á gamla marxismanum og venjulegri baráttu fyrir verkafólk.“

Og svona heldur þetta áfram. Þetta er aðeins brot, aðeins smásýnishorn af þeim hugarheimi sem er að baki hjá einum af nefndarmönnum sem hæstv. félmrh. hefur ráðið til starfa til að lýsa inn í verkefni sem gætu út af fyrir sig verið athugunarverð.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvert sé erindisbréf nefndar um stöðu karla í breyttu samfélagi. Það var að frumkvæði Jafnréttisráðs að lagt var til í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í jafnréttismálum á sl. vori að stofnaður yrði starfshópur um stöðu karla í breyttu samfélagi. Í framhaldi af því skipaði ég í október sl. nefnd til að vinna að úttekt á stöðu karla í samfélaginu. Erindisbréf nefndarinnar er svohljóðandi:

„Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð.“ Á síðasta löggjafarþingi lagði félmrh. fram skýrslu um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þar er m.a. lagt til að skipuð verði ofangreind nefnd. Fyrirhuguð verkefni hennar eru m.a. að vinna að úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi og skila skýrslu ásamt tillögum sem gætu orðið grundvöllur aðgerða. Í nefndinni eiga sæti Margrét Björnsdóttir endurmenntunarstjóri, formaður, Ari Skúlason hagfræðingur, Guðmundur Ólafsson hagfræðingur, Ingimar Ingimarsson fréttamaður, Ragnheiður Harðardóttir, fræðslufulltrúi hjá Jafnréttisráði, Sigurður Snævarr hagfræðingur, Sigurður Svavarsson ritstjóri og starfsmaður nefndarinnar er Ingibjörg Broddadóttir.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur ráðherra fylgst með kynningu einstakra nefndarmanna á opinberum vettvangi á viðfangsefnum nefndarinnar og viðhorfum þeirra til hlutverks hennar?“ Sumt hef ég heyrt, annað ekki. Sumu er ég sammála, sem fram hefur komið, og öðru ekki. Það er auðvitað ljóst að það er erfitt að amast við því þó að einstakir nefndarmenn láti sín persónulegu sjónarmið í ljós í jafnréttismálum. Skoðanir og málfrelsi manna ber vissulega að virða. Varðandi Guðmund Ólafsson og viðtal við hann á Bylgjunni, sem fyrirspyrjandi vitnaði hér í, vil ég segja að Guðmundur tók það sérstaklega fram að hann talaði ekki út frá sjónarhóli nefndarinnar. En ef talað er í nafni nefndarinnar eða viðhorfi hennar gegnir öðru máli.

Spurt er: „Hvenær er nefndinni ætlað að ljúka störfum og hvað hefur ráðherra fyrirhugað að gera með niðurstöður hennar?“ Í skipunarbréfi nefndarmanna er þess óskað að nefndin skili af sér eigi síðar en 1. maí 1992. Nefndin hefur í hyggju að halda málþing 2. maí nk. um stöðu karla í breyttu samfélagi þar sem yfirskriftin gæti verið: Jafnrétti — einnig fyrir karla. Jafnréttisumræðan séð út frá sjónarhóli karla. Þar er fyrirhugað að fjalla um jafnréttismálin út frá fimm meginviðfangsefnum:

1. Breyttir tímar. Þróun fjölskyldulífs og atvinnu undanfarna áratugi.

2. Löggöfin, framkvæmd og beiting. Löggjöf á sviði sifjaréttar og önnur lög og reglur sem hafa áhrif á þátttöku karla í fjölskyldulífi.

3. Fjölskyldulíf og vinna. Breytt staða kynjanna í nútímaþjóðfélagi með hliðsjón af þróun og stöðu fjölskyldunnar.

4. Athuga sérstaklega tilfinningaleg og félagsleg vandamál og athuga þau sérstaklega út frá reynslu drengja og karla.

5. Skóla- og frítími. Athuga það sérstaklega með þarfir drengja og unglingspilta í huga.

Fyrirlesarar á málþinginu verða beðnir um að ljúka erindum sínum með tillögum til úrbóta hver á sínu sviði. Nefndin mun síðan strax að loknu málþingi vinna skýrslu þar sem þessar niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar og gerðar tillögur til úrbóta ef með þarf. Þess má geta hér að í Svíþjóð og Noregi störfuðu 1985 og 1986 og fram til 1991 nefndir með svipuð verkefni, þ.e. að skoða breytta stöðu karla og leggja fram tillögur er gerðu karlmönnum mögulegt að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna og að taka aukna ábyrgð á heimilishaldi.

Í Noregi starfaði nefndin í fimm ár. Hún kaus að starfa með þeim hætti að hennar hlutverk væri að vekja umræður um stöðu karla út frá nýjum forsendum. Konur hefðu um langt skeið skoðað sína stöðu og barist fyrir breytingum og nú væri tímabært að karlar gerðu hið sama á eigin forsendum. Norska nefndin beitti sér fyrir víðtækri umræðu í félögum, í fjölmiðlum, með ráðstefnum, rannsóknum og útgáfustarfi. Vöktu þessar umræður mikla athygli og sýndist sitt hverjum eins og eðlilegt er. Spurningin um hvað ég hyggist gera með tillögur nefndarinnar og niðurstöður fer eftir efni og eðli þeirra.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið svarað fsp. um sjö manna nefnd skipuð fólki með afar ólíkan bakgrunn og mismunandi reynsluheim. Nú kemur það fram að eitt

sjónarmiðið virðist ekki falla að hugmyndum hv. fyrirspyrjanda og þess vegna hefur hann lagt fram fsp. til ráðherrans um hvort hann hafi fylgst með kynningu einstakra nefndarmanna sem voru nánar tilteknir í hans máli. Ég verð að játa að ég skil ekki alveg tilganginn með fsp. Hvers vegna er fyrirspyrjandinn að leggja þetta fyrir hæstv. félmrh.? Við skulum segja sem svo að ráðherrann hefði fylgst með þessu öllu saman, heyrt allt sem fyrirspyrjandinn var að vitna til. Hvað átti þá ráðherrann að gera? Átti hann að setja ofan í við þennan mann? Átti hann að reka hann úr nefndinni eða hvað átti að gera? Mér finnst mjög eðlilegt í máli sem þessu að það komi fram mjög mismunandi sjónarmið og mér finnst ekkert óeðlilegt við að einn nefndarmanna, sem tekur það sérstaklega fram að hann tali í eigin nafni en ekki í nafni nefndarinnar, setji fram sín sjónarmið þó að þau kunni ekki að falla öllum í geð. Ég ítreka að nefndin er fjölskipuð, skipuð sjö manns með mjög mismunandi reynsluheim. Formaður nefndarinnar er þekkt baráttukona á sviði jafnréttismála sem hefur kynnt störf nefndarinnar út frá sjónarhóli hennar sem slíkrar og ég tel ekkert óeðlilegt við þá umræðu sem fram hefur farið og ekkert óeðlilegt við að einn nefndarmanna kjósi að viðra skoðanir sínar þótt þær falli kannski ekki öllum í geð.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég skil vel þann fyrirvara sem hæstv. félmrh. gerði í lok máls síns varðandi það hvað hún mundi gera með tillögur eða niðurstöður nefndarinnar. Það get ég vel skilið í ljósi þess sem við heyrðum frá ½ hluta nefndarinnar, þ.e. einum nefndarmanni. Það er svo mál út af fyrir sig hvort menn gefa gaum að slíku og telja það efni til að fjalla um á Alþingi Íslendinga. Ég hef áhyggjur þegar slík sjónarmið koma frá mönnum eða í þessu tilviki einstaklingi sem er sýndur sá trúnaður að vera settur í stjórnskipaða nefnd og túlkar mál sitt með þeim hætti sem ég vitnaði til og var það þó aðeins brot af, að mínu mati, mjög brengluðu mati á stöðu mála og í rauninni sett fram þannig að hér var verið að hafa mikið alvörumál að fíflskaparmáli. Þetta tel ég hljóti að vera umhugsunarefni fyrir þann ráðherra sem stendur fyrir nefndarstarfi með þessum hætti.

Það sem ég óttast er að þetta nefndarstarf leiði ekki til jákvæðrar niðurstöðu, þ.e. það sé tekið á vandamálum sem vafalaust hefur verið hugmynd ráðherrans að gert væri með þeim hætti að það laðaði til lausna í samstarfi kynja þar sem samstarf er auðvitað skilyrði fyrir farsælli lausn en verði ekki notað til þess að skerpa andstæður eins og mér sýnist að sé stefnt að með þeim málflutningi sem þarna var uppi hafður og kjamsað á í fjölmiðlum. Ég tel að í rauninni hljóti áhyggjur okkar fyrst og fremst að beinast að stöðu kvenna í samfélaginu og því sem þar hallar á í vaxandi mæli einmitt núna þessi missirin, m.a. fyrir tilverknað ríkisstjórnar Íslands og þeirra ákvarðana sem meiri hluti þingmanna hefur tekið á Alþingi Íslendinga. Það eru umræðuefni, það ætti að vera verkefni fyrir stjórnvöld og ráðherra jafnréttismála og svo auðvitað að skoða mál sem tilgangurinn var með með þessu nefndarstarfi og reyna þá að stuðla að því að það sé gert með sæmilegum hætti þannig að það laði fram sjónarmið sem séu líkleg til að vera jákvæð en ekki til að skerpa andstæður sem eru nógu skapar fyrir. Ef umræða um þessi mál gæti orðið til þess að þarna yrði breyting á tel ég ómaksins vert að hafa borið fram þá fsp. sem ég hef hér flutt. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hennar, efnisleg svör hennar við þessari fsp., og ég er ekki í vafa um að hún mun hafa áhyggjur af þeim sjónarmiðum sem hér var vitnað til.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem fram komu hér hjá hv. fyrirspyrjanda, þá er það mín skoðun að það muni styrkja stöðu kvenna að skoða málin í því ljósi sem þessi nefnd er að gera, þ.e. að skoða stöðu karla í breyttu samfélagi með það að markmiði að skoða jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð. Ég vænti þess að hv. þm. sé mér sammála í því.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð en ég tel að það hljóti að styrkja starf þessarar nefndar að sem flest sjónarmið í jafnréttismálum komi þar fram.

117. FUNDUR

fimmtudaginn 2. apríl,
að loknum 116. fundi.

Norræna ráðherranefndin 1991–1992, frh. einnar umr.

Skýrsla samstarfsráðherra, 269. mál. — Þskj. 451.

Norrænt samstarf 1991 til 1992, frh. einnar umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 259. mál. — Þskj. 436.

Vestnorræna þingmannaráðið 1991, frh. einnar umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, 260. mál. — Þskj. 437.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er fram haldið umræðu um norræn málefni á grundvelli þriggja skýrslna sem dreift var á þingi fyrir allnokkru síðan. Við fyrri hluta þessarar umræðu hafði ég fjarvistarleyfi frá þingfundi og átti ekki kost á því vegna fjarveru að taka þátt í umræðunni. Mér var ekki ljóst að mælendaskrá væri tæmd en síst hefði ég á móti því að komast skjótt inn í þessa

umræðu og þar er vissulega af mörgu að taka.

Mér skilst að í fyrri hluta umræðunnar hafi einhverjir hv. ræðumenn beint máli til þess sem hér stendur vegna nýafstaðins Norðurlandaráðsþings og atriða sem því tengjast. Ég hef ekki gefið mér tíma til að fara nákvæmlega yfir umræðuna svo að það verður ekki byggt á neinum tilvitnunum sem ég kann að víkja að þeim þáttum. En þar sem ég tel mig vita nokkurn veginn á hvaða grunni sá málflutningur var byggður kem ég kannski aðeins að því. En það eru hrein aukaatriði í sambandi við þau efni sem við hljótum að ræða varðandi Norðurlandaráðsmálefnin sem tengjast nýafstaðinni umræðu á Norðurlandaráðsþingi fyrir um það bil mánuði síðan. Það er sú umræða og það sem tengist henni sem ég ætla að gera að uppistöðu í mínu máli nú. Auðvitað tengist hún með vissum hætti þeirri umræðu sem hér fór fram síðustu tvo daga um skýrslu hæstv. utanrrh. Við hljótum hins vegar að þrengja svolítið sjónarhornið þegar við ræðum um norræn málefni afmarkað en þó getum við ekki rætt þau án skýrra tengsla við þá umræðu sem snertir Evrópu alla. Því vænti ég þess, virðulegur forseti, að mér leyfist í umræðu um þessa skýrslu að víkja að málum í því samhengi jafnhliða þar sem þetta er svo nátengt og samofið.

Þetta 40. þing Norðurlandaráðs sem haldið var í Helsinki 3.–6. mars var að formi til með hefðbundnu sniði. Almenn umræða með mikilli þátttöku var að vanda í upphafi þingsins og síðan umræða og afgreiðsla á málum frá nefndum ráðsins. Síðasta þingdaginn var sérstök umræða um Norðurlönd eftir 1992. Hún var vissulega mjög skyld hinni almennu umræðu þar sem Evrópumálin voru meginumræðuefni. Það var hins vegar nýmæli á þinginu að þar flutti ræðu sérstakur boðsgestur forsætisnefndar ráðsins sem var Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, fyrsti þjóðarleiðtoginn sem kemur inn á þennan vettvang sem gestur og ávarpar Norðurlandaráð með þessum hætti. Ég tel að koma hans og það uppátæki að bjóða honum til þingsins hafi verið mjög táknræn. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gagnrýna það að Helmut Kohl kom á þennan vettvang, það var auðvitað fróðlegt fyrir menn að heyra hans málflutning, ekki síst vegna þess að hann talaði þar býsna skýrt og miklu skýrar en forsætisráðherrar Norðurlanda gerðu margir hverjir á þinginu eins og ég kem aðeins að síðar.

Þess var minnst á þinginu að Norðurlandaráð hefur starfað um fjörutíu ára skeið og haldinn sérstakur hátíðarfundur af því tilefni. Esko Aho, forsætisráðherra gestalandsins, Finnlands, þar sem við þinguðum, var hátíðarræðumaður þarna á fundinum. Undirtónninn í hans ræðu var vissulega fróðlegur og umhugsunarverður. Þar kom fram endurkast frá stöðunni í finnskum stjórnmálum þessa dagana en finnski forsætisráðherrann hafði einmitt verið upptekinn við það um þetta leyti að knýja finnska stjórnmálamenn til að skrifa upp á ásetning ríkisstjórnar sinnar um að senda inn umsókn um aðild Finnlands að Evrópubandalaginu. Það kom glöggt fram í þessari hátíðarræðu. Mér fannst það mjög á mörkunum að nota tilefnið með þessum hætti en þetta var skilmerkilega og vel flutt af þessum tiltölulega unga forustumanni í finnskum stjórnmálum. Þarna var sett fram spurningin um það hvort þjóðríkið sé orðið úrelt fyrirbæri. Það er sannarlega athyglisvert að slíkt skuli vera eitt meginþema í hátíðarræðu á Norðurlandaráðsþingi. Hins vegar er það alveg réttmætt í ljósi þeirra atburða sem eru að gerast á Norðurlöndunum mörgum hverjum og er umræðuefni þar, þ.e. spurningin um að leggja af þjóðríkin í þeirri mynd sem við þekkjum þau og gangast undir sprota Evrópustórveldis sem er í uppsiglingu. Því neita fáir að það ríki er að koma til undir ægishjálmi sameinaðs Þýskalands. Það var því táknrænt að það var ríkisleiðtogi Þýskalands sem var þarna kominn til að flytja hátíðarræðu og gera mönnum nokkuð ljósa kostina sem þeim væru búnir sem ætluðu að koma undir þennan hjálm.

Það er rétt, finnst mér, að nefna það af því að ég ætla að leyfa mér að fjalla hér um hvernig málatilbúnaður var á þinginu að því er snertir Evrópumálin og þar sem ég á sæti í þeirri nefnd Norðurlandaráðs sem skilaði af sér afurðum til þingsins, þ.e. efnahagsnefndinni sem nú er aðeins þrettán manna en nefndarmenn voru rúmlega tuttugu fram að síðasta ári er breytingar voru gerðar. Ég er nú eini íslenski fulltrúinn í þessari nefnd en við áttum áður tvo fulltrúa.

Í sambandi við aðaldagskrármálin þá lágu fyrir þinginu skjöl varðandi framtíð norræns samstarfs sem hér greinir: Það var í fyrsta lagi yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda frá 2. mars ásamt áfangaskýrslu persónulegra fulltrúa þeirra. Í öðru lagi var tillaga norrænu ráðherranefndarinnar um norræna samvinnu eftir 1992 og hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda er tengiliðurinn inn í það samhengi. Í þriðja lagi var meginviðhorf forsætisnefndar Norðurlandaráðs, þ.e. forsætisnefndar ráðsins, um norrænt samstarf eftir 1992, kallað skjal II og lá fyrir á aukaþinginu í Mariehamn á Álandseyjum 11. nóv. sl. Í fjórða lagi var álit meiri hluta og minni hluta efnahagsnefndar Norðurlandaráðs um ráðherraráðstillöguna og um tillögur sem fjallað hafði verið um af flokkahópum, einkum sósíaldemókrötum og hægri mönnum um framtíð norræns samstarfs.

Mjög örar breytingar urðu á framsetningu um þetta efni stuttu fyrir þingið. M.a. kom tillaga hægri manna fram daginn áður en þingið hófst sem og yfirlýsing forsætisráðherranna. Það var auðvitað fremur óheppilegt að þessi málatilbúnaður skyldi renna svona saman og koma svona seint fram. Það var efnahagsnefndin sem þurfti að funda um þessi efni eftir að þingið hófst og skilaði ekki endanlegum tillögum sínum fyrr en, að mig minnir, á fimmtudag í þingvikunni. Þá var hún klofin í meiri hluta og tvo minni hluta sem þar skiluðu tillögum. Ég var fulltrúi annars þessa minni hluta og hlýt hér að gera grein fyrir því með hvaða hætti ég stóð þar að málum. Mér finnst Alþingi rétti vettvangurinn til að gera grein fyrir því. En áður en að því kemur vil ég fjalla nokkuð um önnur málsskjöl sem þarna liggja fyrir.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda segir

m.a., og þar styðst ég við eigin þýðingu sem verður að teljast lausleg þó að ég hafi reynt að vanda til hennar, með leyfi virðulegs forseta:

„Í náinni framtíð koma fleiri Norðurlönd til með að semja um aðild að EB. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að endurmeta norrænt samstarf út frá þeim aðstæðum að öll eða flest Norðurlönd séu meðlimir EB. Norræn samvinna nær nú til að heita má allra samfélagssviða. Nánari tengsl Norðurlanda við EES/EB-samstarfið, leiðir til þess að úrlausn allmargra mála sem snerta frelsin fjögur og sumpart einnig tengd svið gerist fyrst og fremst annars staðar en á norrænum vettvangi." — Ég vil vekja athygli þingheims á þessu orðalagi úr yfirlýsingu forsætisráðherranna. Það er ekkert annað en að allt EES/EB-sviðið muni fyrst og fremst gerast annars staðar en á norrænum vettvangi. — „Hið sérnorræna samstarf kemur til með að þjappast saman á færri sviðum. Þróun samráðs á sviði utanríkis- og öryggismála og áframhaldandi samráð um mikilvæg evrópsk efni eru tvö meginatriði fyrir ríkisstjórnina sem forsætisráðherrarnir vilja leggja sérstaka áherslu á. Með hliðsjón af því að Norðurlöndin hafa ólík tengsl og skuldbindingar á þetta samráð að vera á frjálsum grunni og ekki bindandi." — Takið eftir því. — „Það er ekki á dagskrá að hafa norræna talsmenn í evrópskum samstarfsstofnunum."

Í framhaldi af þessu leggja forsætisráðherrarnir áherslu á að auka samstarfið milli ríkisstjórna Norðurlanda „til að unnt sé að gæta sameiginlegra norrænna hagsmuna innan ramma evrópskrar samvinnu". Í þessu skyni er rætt um í fyrsta lagi að auka hlut forsætisráðherranna í norrænni samvinnu og hafi þeir til skiptis forustu í sínum hópi. Í öðru lagi beri stig af stigi að aðlaga hina ýmsu norrænu samstarfsvettvanga, eða „fora" eins og það er kallað á þessari samskandínavísku, að hinni nýju evrópsku samvinnu. Þetta á jafnt við um þingmannasamstarf og starf á vegum norræna ráðherraráðsins.

Orðrétt segir: „Það er mikilvægt að núverandi form séu sumpart löguð að kröfum sem leiða af þátttöku í áframhaldandi evrópskum samruna og séu sumpart sniðin að sveigjanlegra og óformlegra samstarfi."

Gert er ráð fyrir að persónulegir fulltrúar ráðherranna ljúki starfi sínu fyrir fund forsætisráðherranna á Borgundarhólmi 17.–18. ágúst 1992.

Þá vil ég nefna hér tillögu norræna ráðherraráðsins. Í tillögu þess, þ.e. ríkisstjórnarvængs hins norræna samstarfs, sem er dagsett 17. jan. 1992, er gerð úttekt á norrænu samstarfi með sérstöku tilliti til væntanlegs EES-samnings. Farið er yfir samstarfssviðið, málaflokk eftir málaflokk og þeim gefnar einkunnirnar óbreytt, minni áhersla eða „nedprioritering" eins og það er kallað á stofnanaskandinavísku og aukin áhersla eða „opprioritering" með tilliti til áframhaldandi samstarfs. Svið sem leggja þurfi á aukna áherslu eru m.a. talin vera umhverfismál í heild sinni og innan menningarmálasviðs einkum fjölmiðlar og æskulýðsmál. Svið sem leggja megi minni áherslu á í norrænu samhengi eru m.a. talin vera stór hluti á sviði atvinnu- og efnahagsmála, þar með taldar fiskveiðar, orkumál og flutningar. Svið sem EES-samningur hefur lítil áhrif á og þar sem gert er ráð fyrir óbreyttu samstarfi eru m.a. menningar- og menntamál, rannsóknastarfsemi og samvinna um löggjafarmálefni. Þá er fjallað um aðlögun norrænna stofnana að þessum breytingum, m.a. um embættismannanefnd og skrifstofu, án þess að gerðar séu beinar tillögur þar að lútandi á þessu stigi. Víða í tillögum ráðherraráðsins er vísað á óformlegt samstarf í formi svokallaðrar NETVERK-samvinnu sem tekið geti við af formlegu samstarfi, m.a. á sviði fjármála og atvinnumála.

Ég vek athygli á að þessi NETVERK-framsetning felur í sér óskuldbindandi óformlegt samstarf og það er í rauninni ekki hægt að átta sig á því hvert verið er að vísa í því samhengi. Ekki er aðeins verið að vísa í frjáls félagasamtök, samtök atvinnulífs o.s.frv., heldur einnig það sem verið hefur viðfangsefni hins opinbera þáttar í þessu samhengi milli norrænna ríkja á Norðurlandavettvangi, að færa það í svona algjörlega óformlegt NETVERK-samstarf.

Gert er ráð fyrir að efla samstarf Vestur-Norðurlanda eða Vestnorden eins og það er kallað. Um það efni liggur fyrir sérstök úttekt frá vinnuhópi sem Jón Júlíusson var formaður fyrir og kallast sú skýrsla „Vestnorden, fremtid, forslag til tiltak for styrking af det Vestnordiske samarbeide." Hún er dagsett 27. nóv. 1991.

Samnorrænu fjárlögin eiga að endurspegla ákveðin áherslusvið og að skera niður fjölda verkefna eða „projekter" er áherslan í þessari tillögu ráðherraráðsins. Skera á niður fjölda verkefna sem fá fjárhagsstuðning, segir í þeirri álitsgerð.

Síðan ætla ég að víkja að umfjöllun og áliti efnahagsnefndar Norðurlandaráðs. Efnahagsnefnd Norðurlandaráðs, sem ég á sæti í eins og ég hef greint frá, hefur fjallað um efnið „Norðurlönd eftir 1992" frá því vorið 1991. Það var reyndar vinna sem fór af stað á sumarfundi nefndarinnar sem haldinn var í Vestmannaeyjum. Þá var settur niður fimm manna vinnuhópur með einum fulltrúa frá hverju landi og átti ég sæti í honum sem fulltrúi héðan eða sjálfskipaður í rauninni sem eini íslenski fulltrúinn í nefndinni. Skiluðu fjórir úr hópnum, þar á meðal undirritaður, áliti í formi tillögu til Norðurlandaráðs um eflingu norræns samstarfs. Þetta er þingskjal eftir Norðurlandaskránni A 974/E og lá tillagan fyrir aukaþinginu í Mariehamn í nóvember 1991 þar sem henni var vísað ásamt fleiri hugmyndum í framhaldsúrvinnslu. Eftir aukaþingið hefur efnahagsnefndin fjallað um tillögur ráðherraráðsins og tillögur flokkahópa sem voru að berast alveg fram að þinginu í Helsinki. Efnahagsnefndin fékk m.a. álit annarra nefnda ráðsins á ráðherraráðstillögunni. Drög að nefndaráliti sem fyrir lágu um ráðherraráðstillöguna 17. febr. sl. og undirbúin voru af ritara nefndarinnar voru þess eðlis að undirritaður, sá sem hér stendur, hefði ekki þurft að gera við þau margar athugasemdir. Þá kom hins vegar fram tillaga frá flokkahópi sósíaldemókrata og síðan einnig frá flokkahópi hægri manna sem breyttu öllum viðhorfum og málsmeðferð í nefndinni á síðasta stigi dagana fyr-

ir þingið. Þessar tillögur höfðu það sameiginlegt að norrænt samstarf var sett í samhengi Evrópusamrunans, EES-samnings og líklegrar aðildar Norðurlanda, annarra en e.t.v. Noregs og Íslands, að Evrópubandalaginu, svo ég vitni í framsetninguna eins og hún var á þessum tíma af hálfu þessara flokkahópa. Talað er þarna um Norðurlönd og, með orðréttri tilvitnun í texta, „sem svæði innan Evrópu". Þetta hugtak kemur víða fram í þessu sambandi og talað um norræna samvinnu sem svæðissamstarf innan Evrópubandalagsins.

Við umræður 1. mars um þessar tillögur í nefndinni kom fram harður ágreiningur um vinnubrögð, þ.e. undirbúning að nefndaráliti. Formaður nefndarinnar flutti tillögu um það að vinnuhópur, skipaður einum fulltrúa frá hverjum flokkahópi, fjallaði um drög að nefndaráliti en sú tillaga var felld, tillaga formannsins sem er ættaður úr Miðflokknum sænska, og þess í stað samþykkt tillaga sósíaldemókrata um fjögurra manna vinnuhóp sem skipaður var tveimur krötum, einum hægri manni og einum frá miðflokkahópnum. Með þessu var því hafnað af meiri hluta efnahagsnefndarinnar að leita að samnefnara til að freista þess að skila einni niðurstöðu. Klofningur í nefndinni var þar með innsiglaður.

Carl I. Hagen, fulltrúi frjálshyggjuhópsins, hafði áður en þetta gerðist lagt fram drög að sérálíti þess efnis að leggja bæri niður formlegt samstarf Norðurlanda og Norðurlandaráð ekki seinna en 1996. Óskaði hann ekki eftir sæti í vinnuhópnum þannig að menn höfðu ekki þann kross að bera. Málið snerist því um það hvort sá sem hér stendur, sem fulltrúi úr hópi vinstri sósíalista, ætti að eiga þar sæti. Því var hafnað og síðan kom og var kokkað utan nefndar að sjálfsögðu í þessum vinnuhópi breiðfylkingar hægri manna, miðflokksmanna og sósíaldemókrata, álit þar sem m.a. er að finna eftirfarandi yfirlýsingar. Ég tek strax fram að þetta er álit sem stutt var af öllum íslensku fulltrúunum á þinginu nema fulltrúa Kvennalistans og þeim sem hér talar án athugasemda. Þar segir m.a. orðrétt: „Að svæðisbundið samstarf Norðurlanda sé mikilvæg viðbót við samstarf í EES og/eða EB." — Viðbót eða „supplement".

Í öðru lagi „að í samningaviðræðum um aðild að EB verði leitt í ljós hvernig norrænt samstarf verði aðlagað EB-rétti." Takið eftir vel eftir þessu. Ég tek eftir að ýmsir leggja við hlustir, m.a. hv. 2. þm. Austurl. Þetta var stutt af miðflokkahópnum og fulltrúa Framsfl. á þinginu athugasemdalaust: „Í samningaviðræðum um aðild að EB verði leitt í ljós hvernig norrænt samstarf verði aðalagð að EB-rétti." Og enn er kveðið: „Að krafturinn [þ.e. intensitet] og möguleikar í samstarfi Norðurlanda geti aukist ef öll Norðurlönd verða meðlimir í EB." Það er matið að á þeim forsendum geti krafturinn aukist. Ég er svo sem ekkert hissa þó að alþýðuflokksmenn og sjálfstæðismenn sem eru að hluta til komnir með hugann inn í þetta samstarf hafi verið þarna uppáskrifendur. En að Framsfl., íslenski miðflokkurinn, standi þarna að án athugasemda voru mér nokkur tíðindi og reynsla.

Og áfram segir: „Það liggur í eðli samrunans að einnig einkennandi norræn málefni" — ég hef reynt að þýða orðin „nordiske mærkesager" sem einkennandi norræn málefni — „á ákveðnum sviðum þarfnast að vissu marki aðlögunar og þróunar eftir því sem samrunanum þokar fram."

Í sjálfum ályktunartexta meiri hluta nefndarinar, sem kratar, hægri menn og fulltrúar miðflokkahópsins mynduðu, stendur m.a. orðrétt að Norðurlandaráð mæli með því „að byggja upp norræna samvinnu um frelsin fjögur með hliðsjón af því að komið verði á fót Norðurlöndum án landamæra innan ramma EES-samningsins og síðar EB-aðildar fyrir öll eða flest Norðurlönd."

Það var um þetta sem hin stóra breiðfylking á þingi Norðurlandaráðs var að greiða atkvæði. Þetta er kjarninn. Þetta er gert áður en menn eru búnir að gera upp málin í þjóðþinginu. Áður en flokkar á Íslandi hafa tekið formlega afstöðu til mála, þá eru menn að skrifa upp á það á þessum fjölþjóða vettvangi, aðlaga það norræna samstarf sem hefur verið samstaða um í utanríkisstefnu Íslendinga, að færa það undir merki EB-réttar, EES-samnings og aðildar að Evrópubandalaginu.

Tillaga þessi, sem þetta var brot úr, gerir ráð fyrir að ráðherraráðið umsemji og þrói áfram tillögu sína sem þarna er í mótun og ég rakti yfirlýsinguna áðan og einnig eins og Norðurlandaráð leggur til og í ljósi hugmynda forsætisráðherra landanna. Eins og Norðurlandaráð leggur til er þessi samþykkt að tillögu meiri hluta efnahagsnefndar Norðurlandaráðs um að færa þetta allt undir merki EB-réttar. Hvað eru menn að gera á þessum vettvangi? Ekki draga hugmyndir forsætisráðherra Norðurlanda úr þessum áherslum.

Í því áliti sem ég skilaði sem minnihlutaáliti, og þar sem ekki var tekið undir álit og tillögur meiri hlutans, var mælt með því að Norðurlandaráð feli norræna ráðherraráðinu og ríkisstjórnum Norðurlanda eftirfarandi. Ég les þann texta, með leyfi forseta:

„1. Að leggja áherslu á að efla norrænt samstarf óháð tengslum hinna ýmsu landa við EB. Það getur ekki verið aðalhlutverk Norðurlandaráðs að aðlaga sig Evrópusamveldinu eða smækka sjálft sig niður í norrænt útibú í Brussel.

2. Að setja í forgang eftirfarandi samstarfssvið innan norrænnar samvinnu: Menningarmál, umhverfismál, atvinnumál, samfélagsmál, Evrópumál.

3. Að styrkja áhrif þingkjörinna fulltrúa á norræna samvinnu með því að ákveða skýr, pólitísk norræn markmið. Ráðherranefndin verður að skipuleggja samstarfið þannig markvisst að Norðurlandaráð geti haft raunveruleg áhrif á töku ákvarðana.

4. Að móta norrænar framkvæmdaáætlanir í nokkrum meginmálaflokkum, m.a. í atvinnumálum og skipulagsþætti (infrastruktur), heilbrigðis- og félagsmál og samvinnu við Eystrasaltslöndin og Kóla-svæðið.

5. Að styrkja samvinnu í utanríkismálum á sameiginlegum áhugasviðum.

6. Að haga starfi þannig að ráðherraráðið safni mikilvægustu áætlunum sínum á einn stað, t.d. í C-2 skjal

(en það er sem sagt framtíðaráætlun sem lögð er fram frá ári til árs um þróun norræns samstarfs) sem fært er til nútíðar hverju sinni til að bæta yfirsýn og skapa skýra mynd fyrir pólitíska umræðu um þróun norræns samstarfs.

7. Að láta kanna afleiðingar þess fyrir norræna samvinnu að fleiri Norðurlönd en nú er verði meðlimir í EB á sama tíma og önnur standi áfram utan þess.

8. Að sem afleiðing af efldu samstarfi Norðurlanda verði fjárlagaramminn stækkaður á komandi árum og ráðið beiti sér fyrir að það taki aukna ábyrgð á norrænu fjárlögunum."

Þetta var tillaga mín sem gekk til atkvæða á þinginu, tillaga sem við í svonefndum flokkahópi vinstri sósíalista stóðum einhuga að og ég kem hér að því hvernig atkvæði féllu á þinginu um þessi meginmál.

Tillaga minni hlutans, svo ég komi að því fyrst, sem ég kynnti hér var felld með 65 atkvæðum gegn 7 en 1 sat hjá. Fjarstaddir voru 13. Þeir sem greiddu tillögunni atkvæði voru 5 úr hópi vinstri sósíalista af 6, einn fulltrúi var farinn til síns heima. Fulltrúi Kvennalistans og Lauri Metsämäki, finnskur sósíaldemókrati, og hann flutti enga atkvæðaskýringu, ég vænti þess að hann hafi ekki ýtt á skakkan hnapp heldur hafi þar búið sannfæring að baki. Fulltrúi norska Miðflokksins, Johan J. Jakobsen, sat hjá.

Tillaga meiri hlutans var samþykkt með 66:6 atkvæðum. Tveir skiluðu auðu og 13 voru fjarstaddir. Þeir sem greiddu atkvæði gegn tillögunni voru 5 úr hópi vinstri sósíalista, 1 var farinn heim og fulltrúi Kvennalistans. Þeir sem sátu hjá voru Johan J. Jakobsen frá norska miðflokknum og Håkan Nordman frá sænska þjóðarflokknum í Finnlandi.

Viðaukatillaga við tillögu meiri hlutans var borin fram af sósíaldemókrötum þess efnis, og er tilvitnunin orðrétt: „að vinna að því að þróa og skapa skilning fyrir og stuðning við norræna samfélagsgerð í víðara evrópsku samhengi" og var hún samþykkt með 38 atkvæðum sósíaldemókrata og vinstri sósíalista gegn 32 atkvæðum hægri og miðjumanna en 3 miðjumenn sátu hjá, Johan J. Jakobsen, Håkan Nordman og Marianne Jelved, sú síðasttalda fulltrúi Radikal venstre parti í Danmörku.

Í fjórða lagi, svo því sé ekki gleymt, var tillaga frjálshyggjuhópsins um að leggja niður Norðurlandaráð felld með 70 atkvæðum gegn 4 atkvæðum svokallaðra líberíalista eða frjálshyggjuhópsins. Að henni felldri studdu þeir meirihlutaálitið þannig að sú breiðfylking stækkaði.

Það sem m.a. vekur athygli við þessar atkvæðagreiðslur er sú staðreynd að allir íslensku þingfulltrúarnir eða fimm fulltrúar úr Íslandsdeild Norðurlandaráðs, þ.e. aðrir en fulltrúi Kvennalistans, og sá sem hér talar, studdu fyrirvaralaust álit meiri hlutans. Ég hef lesið nokkur atriði úr því áliti. Fulltrúi Framsfl., sem því miður hefur boðað fjarvist frá þessum fundi, því ég hefði svo gjarnan viljað eiga við hann orðastað, tók ekki þann kost sem t.d. fulltrúar norska Miðflokksins völdu og fulltrúar úr fleiri hópum í sambandi við viðaukatillögur sósíaldemókrata. Hann valdi ekki þann kost að sitja hjá heldur studdi tillögu þessarar breiðfylkingar á EB-forsendum. Sá hinn sami greiddi atkvæði gegn viðaukatillögunni um stuðning við norræna samfélagsgerð sem og aðrir þingfulltrúar sjálfstæðismanna, því alþýðuflokksmaðurinn bættist þó í þann hóp sem studdi þá tillögu, og hún hlaut þannig atkvæði þriggja fulltrúa úr Íslandsdeildinni en fjórir voru á móti þeirri viðaukatillögu sem gerði þennan texta aðeins skárri þó í litlu væri og fékkst samþykkt gegn atkvæðum miðjunnar og hægri hópsins.

Ég held að alveg nauðsynlegt sé að fyrir liggi hvernig þessi mál þróuðust þarna á þinginu, hvaða afstöðu menn tóku og hvaða sjónarmið menn studdu á þinginu. Það kannski segir mönnum eitthvað um það hvert hugur manna beinist á Alþingi Íslendinga um það eða hvaða áherslur við erum að leggja inn í þessa norrænu umræðu. Auðvitað komum við ekki til með að ráða ferðinni fyrir hin Norðurlöndin og kemur auðvitað engum til hugar. En við hljótum að taka á þessum málum á mótunarskeiði út frá þeim sjónarhóli að reyna að halda utan um norrænt samstarf og grundvöll þess eins og hægt er. Það gerum við ekki með því að styðja þau öfl á Norðurlöndum sem vilja taka þetta samstarf að verulegu leyti út af dagskrá og vísa í suðurátt, til Brussel, og segja: Við erum reiðubúnir að þróa norrænt samstarf sem svæðisbundna samvinnu innan ramma EES-samstarfs og EB.

Menn hljóta að vita það á Alþingi og það var umræðuefni hér í gær í sambandi við skýrslu utanrrh. að gífurleg átök eru á Norðurlöndum nú um það innan flokka á þingum landanna og allt inn í ríkisstjórnir í löndunum hvaða stefnu beri að taka og þessi mál eru svo langt frá því að vera uppgerð. Það er svo langt frá því að úrslit séu ráðin í þessum efnum og menn eiga ekki að láta blekkja sig með því að þarna sé komin af stað einhver hraðlest til Brussel eins og hv. 3. þm. Reykv. nefndi hér í gær og sú brú sé órofa og óslitin og geri ekki nokkurn hlut með það múður sem er uppi að hans mati á Norðurlöndum, svona heyrist í manni og manni, en gefur sér það í framsöguhætti að þegar sé ráðið í hvaða átt verði keyrt. Svo er málið nú ekki sem betur fer og þá er spurningin: Hvernig standa Íslendingar með áhrif sín á þingi Norðurlandaráðs í þessum efnum? Hvaða lóð leggja þeir á vogarskálarnar? Auðvitað helgast sú afstaða að einhverju leyti og ekki litlu leyti út frá því hvaða framtíðarsýn þeir hafa fyrir Ísland í tengslum við Evrópu? Eru þeir að slást fyrir því að gerður verði EES-samningur og hafa þeir trú á því að hann verði gerður? Þá þurfa þeir auðvitað að átta sig á því hvaða afleiðingar hann hefur einnig fyrir norrænt samstarf. Eða eru þeir að hugsa um það að styðja þær hugmyndir sem nú eru komnar mjög hátt á dagskrá innan Alþfl. og hluta af ríkisstjórninni, að það beri að búa sig undir að Ísland sæki um aðild að Evrópubandalaginu?

Ég skil mætavel að þeir sem eru komnir á þá skoðun að Ísland eigi einnig að tengjast því sem hefur verið kallað „hraðlestin til Brussel" og hæstv. utanrrh. hefur í skýrslu sinni og ræðum hér í tengslum við hana haldið því mjög á lofti að það geti verið mjög álitlegt

og freistandi, hann hefur notað það orð, freistandi að stíga þar um borð og tengja íslenska vagninn þarna aftan í eimlest þar sem Carl Bildt og Esko Aho eru lestarstjórarnir. Þetta getur maður skilið. Það er auðvitað alveg ljóst að fulltrúi Alþfl. — sem ég sakna nú hér í þingsal. Er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ekki viðstödd umræðuna? Ég þykist taka eftir því að ekki sé mjög áreynslumikið fyrir hana að styðja þetta sjónarmið. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til útvarpsviðtals sem haft var við tvo fulltrúa úr Norðurlandaráði, Rannveigu Guðmundsdóttur og Halldór Ásgrímsson, í svonefndu hringborði 8. mars sl. að loknu Norðurlandaráðsþingi. Þulurinn spyr: „Hvernig er það, hvað erum við að græða á þessu ef við getum sagt það svo meira en það að fá þarna að taka þátt í einhverri umræðu? Hvað sjáum við áþreifanlegt úr þessu samstarfi, Rannveig?" Hún svarar: „Við sjáum náttúrlega mjög margt áþreifanlegt úr þessu samstarfi. Við þurfum ekki, ef við lítum á Norðurlöndin, þá þurfum við ekki annað en líta bara til baka á þennan sameiginlega vinnumarkað sem hefur orðið hérna innan Norðurlandanna þar sem er hlutdeild á þessu svæði. Félagsmálasáttálinn sem gerður var, vegabréfasáttmáli, þetta eru náttúrlega stærstu þættirnir og þá gætir þú kannski sagt, já, þetta er allt að baki. Er þá ekki nóg komið? En þegar við setjumst niður og ræðum norrænt samstarf og hvers vegna áfram norrænt samstarf þegar Evrópa á að vera svona mikilvæg, þá held ég að við sjáum það öll að við verðum sterkari sem eining og heild heldur en hvert land fyrir sig. Og fyrir mér er það ekki nokkur spurning að það er meira virði fyrir okkur að vera sem hluti af Norðurlöndum inni í Evrópusamstarfi en ef við lendum alveg utan við."

Ég heyri að þetta kemur formanni þingflokks Alþfl., sem hlýðir hér á málið, ekkert mjög á óvart. (Gripið fram í.) Ég þykist sjá það á þingflokksformanninum. Hann er ekkert hissa á þessum upplýsingum en hér stendur það alveg skýrt: Og fyrir mér er það ekki nokkur spurning að það er meira virði fyrir okkur að vera sem hluti af Norðurlöndum inni í Evrópusamstarfi en ef við lendum alveg utan við."

Ég spyr fulltrúa Framsfl. sem eru í þingsal: Hvar eru þeir staddir gagnvart þessari vegferð? Fulltrúi þeirra í Norðurlandaráði hefur ráðstafað atkvæði sínu með þeim hætti sem ég hef hér gert grein fyrir. Það kom mér satt að segja mjög á óvart þótt ég vissi um að á þeim bæ sé býsna langt komið að skrifa upp á samning um Evrópskt efnahagssvæði. En að menn færu í það að óuppgerðum málum datt mér ekki í hug af því að ég held að Framsfl. ætli nú eins og fleiri flokkar loksins að fara að mynda sig í það að fjalla aðeins um þessi alvörumál, þessi meginmál íslenskra stjórnmála sem menn hafa svona ýtt á undan sér og horft til hliðar þegar þau berast inn á borðin og lesa ekki einu sinni textana, hvað þá að ræða þá í opinberri umræðu. Hvar ætlar Framsfl. að skipa sér í þessa sveit? Telur hann að norrænu samstarfi verði best borgið eins og þingmaður Alþfl. orðar það, að Íslandi væri hluti af Norðurlöndum inni í Evrópusamstarfi en lenda alveg utan við?

Ég er því miður ekki með efst í bunka leiðara sem var skrifaður í dagblaðið Tímann rétt ofan í Norðurlandaráðsdagana. En ég man það úr efni þess leiðara að það var ekki mjög skýrt til orða tekið. Rætt var um það að við þyrftum að halda hópinn með þeim sem skyldastir eru okkur, Norðurlöndunum, halda hópinn með þeim. Ekki voru varnaglar slegnir. Svo sannarlega er kominn tími til þess að menn segi upphátt á Alþingi Íslendinga hvert þeir eru að halda með Ísland og íslenska þjóð í þessu samhengi.

Ég held að þörf sé á því að nefna það fáeinum, orðum þó að ég hafi gert það í þingræðu í gær, hvernig staðan er í sambandi við baráttuna sem nú fer fram á Norðurlöndum um það hvort að menn eigi að taka þennan kost, ganga inn í Evrópusamveldið. Meira að segja Danir standa nú frammi fyrir því að ganga inn í hið endurmótaða Evrópubandalag í formi Evrópusamveldis eða European Union, eins og þetta er kallað á enskunni eða eigum við kannski að segja den Europæiske Union, svo maður sletti dönsku inni í umræðunni sem væri réttara en að nota enskuna.

Og hvað er þar á ferðinni? Þar er það á ferðinni fyrir lok þessa áratugar er búið að koma upp vegvísunum, nú þegar að taka upp samvinnu um utanríkismál og hermál og vísa hluta af þeim efnum, varnarsamstarf er það kallað, inn í Vestur-Evrópubandalagið, WEU, eftir enskri skammstöfun.

Það er orðið sameiginlegt viðfangsefni Evrópusamveldisins, ef og eftir að Maastricht-samningurinn hefur verið staðfestur sem er engin spurning talin vera að verði staðfestur, nema þá af Dönum og Írum, sem eru einu ríkin sem ætla að bera hann undir þjóðaratkvæði. Það er hart tekist á í Danmörku um þessar mundir, þó að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki miklar efasemdir um hvernig þau úrslit ráðist því að það eru bara einhverjir undanvillingar, villuráfandi sauðir, sem eru að hugsa um að segja nei við tillögu yfirgnæfandi meiri hluta danska þjóðþingsins um það að skrifað verði upp á Maastricht-samningana. Hv. 3. þm. Reykv. hafði þau orð um þetta í gær að slík væri samheldnin hjá sósíaldemókrötum í Danmörku að það kæmist nú bara ekki þar hnífurinn á milli manna í þessu máli. En ég held að hann ætti að lesa dönsku blöðin svolítið betur.

Það er ekki bara í danska krataflokknum þar sem menn eru farnir að ókyrrast, fylgisveitin, þeir hafa haldið saman í Folketinget, heldur er það í öllu litrófi danskra stjórnála og í fylgihópum stjórnmálaflokkanna, þar sem mikil ókyrrð og áhyggjur ríkja vegna Maastricht-samninganna. Skoðanankannanir segja okkur það þessa dagana, þessar vikurnar, að meiri hluti Dana mundi í dag — meiri hluti þeirra sem afstöðu hafa tekið — greiða atkvæði gegn þeim. Hæstv. forsrh. nefndi það hér í umræðunni um skýrslu utanrrh. að það gæti vissulega haft veruleg áhrif á þróun mála. Ég er er alveg sannfærður um það að danskt nei við Maastricht-samningunum, við inngöngu Dana í Evrópusamveldið — því að það er sjálfstæð ákvörðun — getur haft gífurleg áhrif á þróun mála á öllum Norðurlöndum. Og hvar standa Íslendingar gagnvart þeim spurningum? Hvernig standa þeir?

Íslenski utanrrh. leggur fram skýrslu á Alþingi Íslendinga og telur orðið dagskrármál að fara að ræða um aðild að Evrópusamveldinu, þ.e. Maastricht-samveldinu, því að það er ekkert annað sem hann er að tala um, ekki nokkur annar hlutur — sem m.a. afnemur sjálfstæða mynt aðildarþjóða í síðasta lagi 1. jan. 1999 og færir flest viðfangefni sem máli skipta undir meirihlutaákvarðanir í Brussel. Auðvitað stefnir með beinum og augljósum hætti í það að þjóðríkin verði lögð af, þjóðþingin verði eins konar fylkjasamkundur, eins konar myndarlegar sveitarstjórnir og lítið meira, valdalaus í öllum meginmálum. Það er þetta sem við erum að ræða um, það er flíkin sem menn vilja fara að prófa. Það er engin önnur flík sem stendur til boða í þeirri búð.

Í Svíþjóð var staðan með þeim hætti að sænsku kratarnir, forustuflokkurinn sem var, eru algjörlega í uppnámi hvernig þeir eiga að fara með niðurstöðuna af eigin gerðum frá því í fyrra, sem þeir tóku upp haustið 1990, að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og þeir skrifuðu upp á með samþykkt Ríkisdagsins sænska í fyrrasumar. Þeir vita ekki sitt rjúkandi ráð vegna þess að fólkið, fylgismennirnir, eru að meiri hluta til komnir á aðra skoðun. Niðurstaðan eftir umræðu að undanförnu í sænska krataflokknum, þar sem þeir hafa verið að velta því fyrir sér að komast út úr þessari klemmu með því að greiða atkvæði meðal flokksfélaga — en það voru þeir að hugsa um fram undir þetta, var að efna til almennrar atkvæðagreiðslu meðal flokksfélaga. Þeir hafa einnig gefist upp við það enda séð að það er bein ávísun á klofning flokksins sem þegar á mjög í vök að verjast, m.a. vegna afstöðu sænskra kvenna, þ.e. félaga í krataflokknum, sem margar hverjar hafa verið að velta því fyrir sér að efna til eigin flokksstofnunar, kljúfa sig frá vegna stöðu sinnar innan flokksins.

Margir málsmetandi sænskir sósíaldemókratar hafa að undanförnu hafa verið að gefa yfirlýsingar um það að þeir stilli sér gegn þessari stefnu og flokkurinn mun ekki treysta sér til að gefa leiðbeiningu um hvernig félagar hans og stuðningsmenn eigi að ráðstafa atkvæði sínu í þjóðaratkvæðagreiðslu sem gæti komið til 1994.

Þetta er forustulandið. Eini flokkurinn þarna sem heldur nokkurn veginn utan um sitt eru Moderaterna, er sænski hægri flokkurinn, sem leggur til forsætisráðherrann, Carl Bildt, sem er ólmastur og fremstur í eimvagninum til Brussel og ræður sér varla og hélt hann hefði allt saman borðleggjandi. Hann er heldur betur farinn að horfa til baka, hvort þetta sé allt að slitna aftan úr. Það er ósköp eðlilegt því að það eru ekki bara kratarnir sem eru í uppnámi, einnig Miðflokkurinn og ekki síst sænski Miðflokkurinn, 80% af fylgismönnum hans — ef marka má nýjar skoðanakannanir — eru ósáttir við Evrópustefnuna, þ.e. að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og Olav Johansen er eins og fangi í búri inni í ríkisstjórninni með uppáskrift sem hann gaf um aðildarumsóknina. Og Fólkaflokkurinn, Folkpartiet sænska, sem stendur vel til hægri og er af annarri gerð en er einnig í miðflokkahópnum í Norðurlandaráði, einnig þar er kominn sá slinkur á sveitina að um 40% af fylgismönnum eru á móti stefnunni að láta reyna á aðild að Evrópubandalaginu, sem er hin opinbera sænska stefna.

Þegar spurt er um í skoðanakönnunum: Hvaða Evrópubandalag? og sagt er: Jú, Maastricht, með varnarsamstarfi, — þá eru það 70% sem svara: Nei, það skal ekki verða. Inn í það förum við ekki.

Svona er staðan og það er rétt verið að byrja að ræða þessi mál á grundvelli umsókna um aðild. Hér uppi á Íslandi ætlum við að leggjast í þá sveit að færa norrænt samstarf, hjálpa til að færa norrænt samstarf undir veldissprota Evrópubandalagsins, sem er auðvitað að leggja það niður. Því það er ekki heimilt neitt formlegt samstarf á þeim bæ, í því ríki sem er þarna að koma. Það stangast á við grundvöllinn og því er hrein blekking að tala um að þar sé vettvangurinn fyrir norrænt samstarf. Þar tætast menn upp í flokkahópa, mismunandi hagsmuni, þessar stóru samsteypur í Evrópuþinginu, þar sem kristilegir demókratar, sem eru regnhlífin yfir hægri flokkunum, og sósíaldemókratar eru hinir stóru hópar. Reyndar kalla þeir sig sósíalista þar á þingi, ef ég man rétt.

Nei, þar verður ekki vettvangurinn fyrir norrænt samstarf. Það er hin hroðalegasta blekking og eitt af því sem því miður einkennir þessa málafylgju að menn koma ekki til dyranna eins og þeir eru klæddir. Menn koma ekki til dyranna og leggja spilin á borðið heldur ganga fremstu forustumenn þjóðanna fram með slíkum blekkingum gagnvart eigin þjóð, eins og finnski forsætisráðherrann gerði þegar hann var að mylja niður andstöðuna innan finnska Miðflokksins til þess að fá meiri hluta þingmanna hans til að styðja sig og gerði þetta að spursmáli um lífdaga finnsku ríkisstjórnarinnar sem hann leiddi. Slíkur er heiðarleikinn sem liggur að baki þessum áformum.

Nú og í Noregi, sem hefur löngum verið talið óvissast í þessu samhengi, er tekist á. Þar hafa menn verið að ræða um þessi mál síðan 1970. Þetta er ekki ný umræða, eins og halda mætti af orðum sumra þingmanna hér, nú þurfi að ræða málin varðandi Evrópubandalagið voða vítt og frjálst og svona rétt eins og menn séu að byrja að átta sig á þessu fyrirbæri. Umræðan hefur staðið í áratugi og var farið fram með þessar hugmyndir hér upp úr 1960, skömmu eftir að bandalagið var stofnað hér á Alþingi Íslendinga og í íslenskri þjóðmálaumræðu. Svo koma menn fram, sumir nýbakaðir hér inni á Alþingi Íslendinga, og tala um það að nú þurfi að fara að efna til víðtækrar, fordómalausrar umræðu um málin.

Hvað er verið að gera? Hvað hafa menn verið að gera? Hafa menn ekki fylgst með þróun mála í Evrópu undanfarin ár og áratugi? Þurfa þeir á þessari opnu, fordómalausu umræðu að halda?

Í morgun sagði 3. þm. Reykv. mér hvernig umræðan færi nú fram í Noregi, hvernig sveitirnar skiptast og vopnabúnaðurinn er. Ef ég hef tekið rétt eftir orðum hv. þm. hefur eitt af víðlesnari dagblöðum Noregs tekið afstöðu um það og sett á forsíðu í gær eða í dag: Já við aðild að Evrópubandalaginu. Norska Dagbladet, hið frjálsa og fría málgagn er nú orðið málgagn Maastricht:

Noregur inn í Evrópusamveldið.

Það er einmitt þannig sem hlutirnir gerast. Það eru þeir sem fjármagni ráða, peningum og fjölmiðlum, sem leggjast á eina sveif og reyna að ná þessari niðurstöðu. Auðvitað er það ósköp eðlilegt því að hagsmunir fjármagnseigenda ráða fyrst og fremst ferðinni eins og vissulega hefur verið sagt í umræðunni nú. Það er ekki lítið vægi sem sænsku stórfyrirtækin hafa í þessu samhengi. Það eru ekki lítil ráð sem þau hafa haft í niðurstöðu sænskra stjórnvalda þar sem kratarnir tóku ofan og beygðu sig. Auðvitað er það fjármagnið.

Svo eru menn að tala hér um frjálsa, opna og fordómalausa umræðu. Það sem einkennir þessi mál er að þrátt fyrir þessa stöðu, þennan ójafna leik, ætlar forustumönnum ríkisstjórna á Norðurlöndum ekki að takast það nema með mikilli fyrirhöfn, ofríki í formi upplýsingamiðlunar og ofurvaldi á fjölmiðlum að draga meiri hluta þjóðanna með sér inn í þetta samstarf og leggja Norðurlöndin af sem sjálfstæð ríki og halda inn í stórveldi Vestur-Evrópu. Inn í þetta virki sem er nú að búa sig undir að taka sameiginlega á utanríkismálum, varnar- og hermálum, eins og stórveldi þarf að gera til að verja hagsmuni sína og halda þeim úti sem kynnu að berja þar dyra, flytjast þangað frá öðrum svæðum, hvort sem það er frá Norður-Afríku, botni Miðjarðarhafsins eða Austur-Evrópulöndunum. Það er vissara að hafa varnir til þess að verjast innkomu.

Ekki er verið að hugsa um frjálsa Evrópu í þessu samhengi. Ekki er verið að hugsa um sameinaða Evrópu. Ef — þá eingöngu á skilyrðum fjármagnsins, þjóðfrelsisins, algjörs athafnafrelsis auðmagnsins í Evrópu, þýsku auðhringjanna sem byggja enn á því fjármagni sem mokað var inn til Hitlers á sínum tíma því að þangað liggja ræturnar. Svo kemur Kohl kanslari sem gestur og aðalræðumaður á Norðurlandaþing og segir: Það er skilyrðislaust þessi Evrópa, Evrópa Maastricht og eftir Maastricht, þegar við náum lengra að því ótvíræða og óvefengjanlega stefnumiði að mynda sameiginlegt ríki Evrópu. Auðvitað er síðan reynt að klæða það í hugsjónabúning til þess að lokka menn.

Ekki ætla ég að hafa á móti því að þeir sem gera upp hug sinn þannig og tekst að sannfæra þjóðirnar um að þetta sé framtíðin að þeir geri það. En menn eiga að hugsa ráð sitt. Menn þurfa að gæta að sér, einnig á Norðurlandaráðsþingum. Ekki síst þegar við fjöllum um þessi mál með Norðurlandaþjóðunum sem eðlilega standa okkur næst í sögulegu, menningarlegu og samskiptalegu tilliti.

En við eigum ekki að greiða samstarfið og hollustu við það því verði að láta það verða lóð á þá vogarskál að við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu. Það væri afar röng ályktun einnig með tilliti til þess að þar verður ekki um neitt formlegt samstarf Norðurlandaþjóða að ræða, ekkert svæðisbundið samstarf sýnilegt. Auðvitað ráðgast menn hver við annan að tjaldabaki og á göngum þegar þeir hittast og kunna að banka upp á hver hjá öðrum. En eitthvert formlegt norrænt samstarf jafnvel þó Norðurlöndin öll væru þarna komin er blekking og yfirbreiðsla yfir áform sem eru af allt öðrum toga. Huggun á meðan verið er að ná fram ákvörðunum.

Nei, við þurfum að ná annarri niðurstöðu í þetta mál og beita okkar afli til þess eins og við getum og með því að segja: Inn í þetta stórríki ætlum við ekki að fara. Við viljum halda utan um norrænt samstarf meðan þess er nokkur kostur. Við sjáum fyrir okkur möguleika norrænna þjóða að starfa saman, halda fullveldi sínu og sjálfstæði en auka samstarf sitt um fjölmörg málefni sem eiga saman. Við skorum á aðrar Norðurlandaþjóðir að rífa sig lausar frá þessum stórveldisdraug sem er að koma undir sig fótunum í Vestur-Evrópu og segja við Kohl kanslara og François Mitterand: Það er gott að fá ykkur í heimsókn en við ætlum ekki að ganga undir hjálminn hjá ykkur.

Þó svo illa færi að þetta yrði niðurstaða hinna Norðurlandanna eigum við Íslendingar allt aðra og betri möguleika á að standa á okkar eigin fótum, sem við höfum reynt að standa á í gegnum aldirnar, reynslunni ríkari af því að ganga inn í bandalög. Var það ekki kennt við Kalmar hér á 14. öldinni, sambandið sem skilaði okkur svo inn á slóðir Danakóngs þegar stundir liðu, svona fyrir gleymsku í kanselíum Norðurlanda? Við náðum að koma undir okkur fótum á þessari öld og reisa hér upp sjálfstætt þjóðríki sem við getum verið stolt af og sem hefur alveg gífurlega mikla möguleika til þess einmitt sem sjálfstæð eining að standa á eigin fótum, rækta samband við þjóðir til allra átta, til austurs og suðurs og vesturs og til norðurs, yfir norðurpólinn til Asíu, ef við erum menn til þess að haga samskiptum okkar eftir eigin hagsmunum og rækta samskipti við þjóðir, einnig fjarlægar þjóðir sem við getum átt mjög þýðingarmikið samstarf við.

Það er verið að draga máttinn úr Íslendingum með þessari fjarstæðukenndu umræðu, að mínu mati fjarstæðukenndu hugmyndum um að keyra Ísland inn í þetta vestur-evrópska stórveldi þar sem fyrsta skrefið er hugsað sem EES-samningur en sem mun fyrr en varir leiða til þess að þeir sem vilja halda áfram draga vagninn með til Brussel alla leið, en við skulum vona að það verði ekki, menn sjái að sér og það verði með öðrum hætti sem Íslendingar hagi atkvæðum sínum og málflutningi á þingum Norðurlanda til þess að reyna að ná landi út frá því sem mér sýnist að séu nærtækir íslenskir hagsmunir í þessu samhengi.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. 4. þm. Austurl. hefur áhyggjur af afstöðu Framsfl. til mála þannig að ég er vanur slíku. En varðandi það mál sem hér er um rætt vil ég taka fram að mér sýnist málið snúast um það að vera með í því að þróa norrænt samstarf áfram með tilliti til þeirra hluta sem eru að gerast í umhverfinu. Ég tel og er sammála fulltrúa Framsfl. í Íslandsdeild Norðurlandaráðs um það að norrænt samstarf, sem tekur ekki mið af því sem er að gerast í kringum okkur, sé ekki mikils virði. Og ég er ekkert skyldugur til þess að vera sammála vinstri sósíalistum á Norðurlöndum um það. Ég kannast við and-

rúmsloftið á þessum vettvangi og það er staðreynd að öll Norðurlöndin eru að vinna að því að semja um Evrópskt efnahagssvæði og samstarf sem tekur ekkert mið af því held ég að sé ekki mjög raunhæft samstarf. Ég er því fullkomlega sammála hv. 1. þm. Austurl. um hans afstöðu á þessu þingi.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var nokkuð skýrt svar, þótti mér. En það var ekki það svar sem ég vonaðist til að heyra úr þessari átt.

Hver er að gera kröfu til þess að menn fylgi einhverjum ákveðnum flokkahópi? Um það snýst ekki málið. Málið snýst um það hvernig menn haga sínu atkvæði og sínum áhrifum, sjálfir og sjálfrátt, í þessum stórmálum. Er það svo að vegna þess að þeir séu svona baneitraðir, vinstri sósíalistar sem svo eru kallaðir, í norrænu samstarfi að Framsfl., ja hann bara geti alls ekki komið nálægt slíkum sjónarmiðum og þess vegna velji hann þann kost að hlaupa upp í lestina til Brussel? Er mönnum svona komið? Er þeim ekki sjálfrátt? Og er þetta afstaða Framsfl. sem verið er að túlka? Eru þetta sjónarmið kjósenda Framsfl. sem hér er verið að túlka af hv. 2. þm. Austurl. og fulltrúa flokksins á Norðurlandaráðsþingi? Er það afstaða þessa miðflokks, sem hefur viljað kalla sig svo, að vilja taka lestina til Brussel í EES-samstarfið til að byrja með og síðan alla leið, vegna þess að það sé eina leiðin til að eiga hlut í norrænu samstarfi? Og vegna þess, vegna þeirrar blekkingar að það verði norrænt samstarf að finna sem skipti einhverju máli fyrir Íslendinga innan Evrópubandalagsins? Er það þetta sem ræður gjörðum manna? Ég er svo aldeilis hissa.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki orðið var við að vinstri sósíalistar á Norðurlöndum séu eitraðir. En ég er bara ekki sammála þeim, það er mergurinn málsins. Og um afstöðu okkar framsóknarmanna til Evrópsks efnahagssvæðis, þá hélt ég að hún ætti að vera fullkunnug. Ég tek það fram að 4. þm. Austurl. hefur verið á móti Evrópsku efnahagssvæði frá upphafi. Við framsóknarmenn tókum þátt í því að semja um þetta Evrópska efnahagssvæði, gerðum um það vissa fyrirvara sem við stöndum við enn. Við höfum ekki stefnt að aðild að Evrópubandalaginu, það er fullljóst. Það er algjörlega óþarfi að vera að láta að því liggja í þessari umræðu. Það er fullljóst og margtekið fram og okkur hefur verið legið á hálsi fyrir það að draga það inn í síðustu kosningar. Þetta vita allir og það er alveg óþarfi að blanda því inn í umræðu um þessa skýrslu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Það er ekki bara ágreiningur við þá sem starfa í flokkahópi vinstri sósíalista sem um er að ræða. Það er þá jafnframt ágreiningur við miðflokksmenn í Noregi, þá vösku sveit Norðmanna sem hefur skipað sér undir merki þess flokks og stendur framarlega, og ég gæti vel fullyrt, jafnhliða Sosialistisk Venstre parti þar í landi í þeirri hörðu baráttu sem nú fer fram um framtíð Noregs og samskipti landsins út á við. Þar eru uppi önnur sjónarmið og annað mat en ég heyri hér frá talsmanni Framsfl. sem skrifar fyrirvaralaust upp á samning um Evrópskt efnahagssvæði sem liggur á borðum þingmanna — án fyrirvara, án þess sem um var rætt þegar lagt var upp í þessa samninga og liggur ljóst fyrir að verður ekki breytt nema þá til hins verra og hefur reyndar verið breytt til hins verra að mati utanrrh. og fleiri sem á málið hafa litið.

Þetta er staðan. Og halda framsóknarmenn að menn stoppi eitthvað við þetta Evrópska efnahagssvæði? Heyra þeir ekki hvað verið er að segja úr ráðherrastólunum? Sjá þeir ekki hvert stefnir? Sjá þeir það ekki að þetta er aðeins fyrsta skrefið á leið og atburðarás sem gæti orðið býsna hörð ef menn álpast upp í þennan vagn. Ég er alveg viss um að það verður vart við það innan Framsfl. á næstunni, eins og innan annarra flokka hér á landi, ef þetta á að verða hin ráðandi og ríkjandi stefna.

Ég held að það sé mál til komið fyrir íslenska þjóð að vakna upp þegar við verðum vitni að þeim svefngenglum sem hér verma bekki á Alþingi Íslendinga varðandi stórmál.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Þegar umræðunni var frestað miðvikudaginn fyrir rúmri viku var hv. 1. þm. Austurl. í miðri ræðu. Ég hafði beðið um að fá að gera athugasemd við hans ræðu, þ.e. að koma með andsvar, en það var ekki leyft þar sem hann var í miðri ræðu og þegar umræðan hófst í dag kom það í ljós að hann hafði fallið frá því að ljúka ræðu sinni þannig að ég neyðist til að gera nokkra athugasemd við það sem fram kom í máli hans þar sem um var að ræða örlítinn misskilning á því sem ég hafði sagt.

Ég hef tekið eftir því í dag að hv. þm. 2. þm. Austurl. hefur verið málsvari þessa þingmanns og Framsfl. þannig að ég hefði kosið að honum yrði gert viðvart um að ég vildi gjarnan að hann hlustaði á ræðu mína, ef það er möguleiki, virðulegur forseti. Ég get tekið það fram að ég hafði ekki hugsað mér að endurtaka neitt af því sem ég hef áður sagt heldur eingöngu að ræða þessi atriði þannig að ég hef ekki miklu að bæta við það sem ég sagði við fyrri hluta umræðunnar. Ég hafði ætlað að einskorða mig við einungis þetta og þess vegna langar mig til að athuga hvort hann gæti verið viðstaddur.

Í fyrri ræðu minni skýrði ég út hvernig afstöðu ég hefði tekið til hinna ýmsu tillagna og hvaða málefni hefðu verið rædd á þinginu. Ég tók síðan eftir því þegar hv. 1. þm. Austurl. hóf sína ræðu að hann hafði ekki heyrt það sem ég sagði. Ég var að tala um tillögu sem kom frá fulltrúum sósíaldemókrata í efnahagsnefndinni, hv. 4. þm. Austurl. hefur reyndar gert grein fyrir henni hér en ég var búin að gera grein fyrir henni að því er ég taldi nokkuð nákvæmlega. Sú tillaga fjallaði um að ef að norrænir aðilar væru í tengslum við Evrópu, þ.e. er í víðara evrópsku samhengi, eins og var talað um, mundu þeir leggja áherslu á vinnumarkaðspólitík sem miðaði að fullri atvinnu, jafnrétti milli

kynja, umhverfiskröfum, umhverfi á vinnustöðum, félagslegar áherslur með það að markmiði að samræming yrði á reglum á háu plani. Þetta var tillaga sem ég taldi mjög góða, ég get mjög vel stutt hana. Og ég styð eða hafna tillögum, ekki eftir því hvaðan þær koma, eins og mér heyrðist að það þætti hv. 2. þm. Austurl. mjög eðlilegt að væri gert, heldur fer ég eftir innihaldinu. Þegar þessi tillaga sósíaldemókrata kom fram taldi ég mjög eðlilegt að styðja hana, vegna þess að mér fannst hún góð. Ég er ekki þar með að segja að ég sé sammála öllu sem kemur frá sósíaldemókrötum, það tel ég af og frá.

Í ræðu sinni sagði hv. 1. þm. Austurl. þessa tillögu komna frá vinstri sósíalistum og þess vegna hefði hann ekki getað stutt hana. Það var ekki rétt að hún kæmi frá þeim heldur kom hún frá sósíaldemókrötum. Hann verður auðvitað að ráða því sjálfur hvaða viðmiðun hann notar þegar hann ákveður hvaða tillögur hann styður eða framsóknarmenn yfirleitt. En ég vildi bara segja að það kom mér mjög á óvart að það sé viðurkennd stefna, ekki bara hjá þessum fulltrúa Framsfl. í Norðurlandaráði heldur kom það fram að fleirum þótti það eðlilegt að taka afstöðu til tillagna eftir því hvaðan þær koma.

Ég var einnig í hópi þeirra, reyndar mjög fáu, sem studdu tillögu sem kom frá vinstri sósíalistum. Sú tillaga fjallaði ekkert um það hvort maður hafnaði eða styddi Evrópskt efnahagssvæði. Ég hélt að hv. þm. hefði hlustað hér áðan og hafði ekki hugsað mér að fara yfir þá tillögu því að ég taldi að það hefði verið nægjanlega vel gert. En af því að ég studdi þessa tillögu og af því að greinilega kom fram misskilningur af hálfu hv. 2. þm. Austurl., neyðist ég til þess að að drepa á fáein atriðum í þeim og bið ég hann að hlusta vel.

Í þessari tillögu segir að lögð sé áhersla á að efla norrænt samstarf, óháð tengslum hinna ýmsu landa við EB. Það skiptir sem sagt ekki máli hvað þau velja. Og síðan kemur: Það getur ekki verið aðalhlutverk Norðurlandaráðs að aðlaga sig Evrópusamveldinu eða smækka sjálft sig niður í norrænt útibú í Brussel.

Síðan er talað um hvað eigi að setja í forgang innan norrænnar samvinnu, þ.e. menningarmál, umhverfismál, atvinnumál, samfélagsmál og Evrópumál. Og þá er haldið áfram og talað um ýmsa fleiri þætti sem leggja eigi áherslu á. Ég ætla ekki að að tíunda allt en get tekið sem dæmi: að móta norrænar framkvæmdaáætlanir í nokkrum meginmálaflokkum, að láta kanna afleiðingar þess fyrir norræna samvinnu að fleiri Norðurlönd en nú eru verði meðlimir í EB á sama tíma og önnur standi áfram utan þess.

Það er ekki einu orði vikið að Evrópsku efnahagssvæði í þessari tillögu. Ég taldi mig geta stutt hana, sem ég og gerði, ekki vegna þess hvaðan hún kom, það skiptir mig ekki máli, ég reyni að taka málefnalega afstöðu til tillagna í Norðurlandaráði sem og annars staðar en velti ekki aðallega fyrir mér hverjir koma með tillöguna.

Og hv. 1. þm. Austurl. sagði í ræðu sinni: „Ég vil bara ítreka það — eins og hann orðaði það með leyfi forseta — að ég á enga samleið með vinstri sósíalistum á Norðurlöndum.“ Ég held að það geti átt við um mig líka. Ég taldi mig reyndar ekki eiga samleið með neinum af þeim flokkahópum sem starfa á Norðurlöndum, ég stend fyrir utan alla flokkahópa. En ég reyni nú samt að taka afstöðu til hinna ýmsu tillagna sem þar koma fram og ég er alveg sannfærð um að ég á eftir að styðja tillögur frá miðjuhópnum líka, góðar tillögur, sem ég hef reyndar gert og var ég t.d. ein af þeim sem — reyndar gerðu það allir — studdu tillögu, sem hv. 1. þm. Austurl. flutti á Norðurlandaráðsþingi, um samstarf þjóða á norðurhjara. Ég er því undrandi á þeim fullyrðingum sem koma hér fram. Það er vissulega rétt að í máli vinstri sósíalista á fundinum, ég held í ræðum þeirra allra, kom fram að þeir teldu, sem og ég, að Evrópskt efnahagssvæði væri eitthvað sem ekki bæri að líta á sem varanlegt fyrirbæri og gæti aldrei staðið sjálfstætt, væri bara skref inn í Evrópubandalagið. Það er alveg rétt. En það kom ekki fram í tillögu þeirra. Þannig að þegar maður greiðir atkvæði með eða móti tillögum þá metur maður það ekki út frá einhverju sem fólk hefur sagt einhvern tíma fyrir löngu því maður er ekki að taka tillit til þeirra orða heldur eingöngu það sem kemur fram í tillögunum.

Okkur kvennalistakonum, sessunautum hv. 1. þm. Austurl. sitt hvoru megin við hann, þótti nú einna skemmtilegust sú athugasemd hans varðandi þá tillögu sósíaldemókratanna, að þeir ættu að beita sér fyrir því, ef þeir færu inn í EB, að það velferðarkerfi, sem er nú á Norðurlöndum, yrði tekið upp þar. Þá skýrði hann það þannig að hann treysti ekki hópum, t.d. Ítölum — og nefndi sérstaklega Ástarflokkinn, að honum væri varla treystandi — fyrir því að taka upp norræna velferðarkerfið. Mér þykir miður að hann skuli ekki vera hér til að skýra nánar fyrir okkur hvað hann átti við með því að ítalski Ástarflokkurinn gæti ekki tekið upp hið norræna velferðarkerfi. En hann hafði greinilega mikið álit á þeim flokki og taldi að hann mundi komast til valda hið fyrsta og þess vegna fannst honum eiginlega ómögulegt að styðja þessa tillögu sósíaldemókratanna um velferðarkerfi Norðurlanda. Þetta fannst mér mjög merkilegt. En hv. þm. er ekki hér til andsvara en við eigum kannski eftir að tala um Ástarflokkinn síðar.

Ég má til, virðulegur forseti, að víkja aðeins að einu atriði sem mikið hefur verið rætt í þessari umræðu sem eðlilegt er, þ.e. Norðurlöndin og þá í tengslum við aðild að EES og EB. Mikið hefur verið úr því gert af hálfu EFTA-ríkjanna hversu mikil áhrif þau hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Og af því að hér hefur verið talað um hversu mikilvægt það fyrirbæri er þá langar mig að vitna í ræðu sem mér barst í hendur í morgun. Hún var flutt á vegum utanríkismálanefndar EB-þingsins, REX-nefndarinnar, en það er Van der Pas sem flutti þá ræðu. Hann er að skýra út fyrir REX-nefndinni, utanríkismálanefnd þingsins, hvernig EFTA-ríkin hafi áhrif á ákvarðanatökukerfið innan EB. Mig langar til að lokum, virðulegur forseti, að fá að lesa, í lauslegri þýðingu með aðstoð starfsmanna hér, einn stuttan kafla úr þeirri ræðu. Þar er verið að lýsa

því fyrir utanríkismálanefndinni hvernig ákvarðanatökuferlið muni eiga sér stað innan EES-svæðisins. Og þar tekur hann auðvitað fram að EFTA-löndin hafi ekki nokkra möguleika á að koma með frumkvæði eða neinar tillögur í því sambandi. Og svo segir hann í minni þýðingu:

„Það var mikilvægt að láta EFTA-ríkin halda að þau væru þátttakendur í þessu. Augljóslega er það mjög erfitt fyrir EFTA-land að standa frammi fyrir gerðum hlut en um þetta atriði var deilt allan tímann í viðræðunum. Sá framgangsmáti sem samþykktur hefur verið miðar við að EFTA verði eins mikið með og hægt er í okkar innri málum án þess að láta þau vera með í spilinu." — Eða ef ég þýði alveg orðrétt „að hafa fingurinn í kökunni", eða „to have the finger in the pie." Þarna er alveg greinilegt að Evrópska efnahagssvæðið, sem hv. 2. þm. Austurl. er svo hrifinn af og lýsti því áðan, er í raun fyrirbæri þar sem EFTA-ríkin hafa í raun ekki nokkurn skapaðan hlut að segja heldur eru það EB-ríkin sem stjórna og ráða á þessu svæði.

Mig langar að geta þess áður en ég fer úr ræðustól, af því að nú hefur verið mikið talað, bæði í gær og fyrradag, um að hæstv. utanrrh. hefði ekki breytt stefnu sinni og að ríkisstjórnin hefði ekki breytt stefnu sinni varðandi aðild að EB að þá vorum við hér nokkur á morgunverðarfundi með framkvæmdastjóra frönsku viðskiptaskrifstofunnar, De Pont heitir hann. Það kom honum mjög á óvart að heyra frá fulltrúa Alþfl., formanni þingflokks Alþfl., að engin stefnubreyting hefði orðið og sú spurning væri ekki komin á dagskrá að Ísland sækti um aðild að Evrópubandalaginu. Þá sagði þessi maður: „Nú, það er einkennilegt," og kom honum mjög á óvart. „Við í París fengum þær upplýsingar að það væri algjör stefnubreyting. Ég verð að skrifa þetta hjá mér," sagði hann, „að þetta er þá einhver misskilningur." Þeir úti í París fengu sem sagt þær upplýsingar á Íslandi í gegnum fjölmiðla: Það varð skyndileg stefnubreyting á Íslandi, allt annað hljóð er komið í strokkinn. Hann sagði: „Ég þarf að skrifa þetta hjá mér sérstaklega."

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. getur auðvitað greitt atkvæði með þeim tillögum á vettvangi Norðurlandaráðs sem henni finnast góðar. Hún þarf ekki að gera mér grein fyrir því eða öðrum, a.m.k. ekki Framsfl. Að sjálfsögðu hefur hún atkvæðisrétt þar og getur varið atkvæði sínu að sinni vild. Ég þarf enga skýrslu þar um.

Sömuleiðis vil ég fara fram á það, þó að við framsóknarmenn séum ósammála einhverjum flokkahópum á Norðurlöndum, að á það sé ekki litið sem einhverja fordóma gagnvart þessum hópum, að það sé eitthvert óhreint fólk. Ég hef ekki gefið slíkar yfirlýsingar. Ég er bara einfaldlega ósammála þessum tillögum og ég held að ég hafi heyrt það alveg rétt, bæði hjá hv. 4. þm. Austurl. og hv. 15. þm. Reykv., að þessar tillögur hafi hljóðað þannig að efla ætti norrænt samstarf, óháð aðild Noðurlandanna að Evrópubandalaginu, í menningarmálum, umhverfismálum, samfélagsmálum og Evrópumálum, ef ég hef náð rétt niður á minnisblað þeim atriðum sem hv. 15. þm. Reykv. nefndi. Ég tel að þótt þessar þjóðir gangi í Evrópubandalagið leiði það ekki til þess að við förum þar inn. Það er ekki á stefnuskrá, a.m.k. ekki okkar framsóknarmanna. Þá verður erfitt að efla þetta samstarf, óháð aðild að þessu bandalagi. Ég held að þetta gangi ekki upp í reynd.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að á þessum vettvangi, á vettvangi Alþingis, þá ræðum við það sem er að gerast í norrænu samstarfi, til þess erum við að taka þátt í þessu. Og mér þykir eðlilegt að við gerum grein fyrir því á þessum vettvangi hvað þar fer fram.

Ég veit að ég hef rétt til þess að greiða atkvæði eins og mér sýnist og það sagði ég einnnig að auðvitað hafa allir aðrir það líka. Ég var ekki að skipta mér af því hvernig það væri, ég sagði að það hefði undrað mig hvernig hv. þm. Austurl. greiddi atkvæði. Það var einungis það sem ég sagði. Og það kemur mér á óvart ef hv. þm. telur að óeðlilegt sé að við gerum grein fyrir störfum okkar í ýmsum nefndum. Ég held að við gerum allt of lítið af því og það kemur mér spánskt fyrir sjónir ef hann er ósammála því.

Hann misskilur, held ég, hvað felst í þeirri tillögu sem ég studdi þegar verið var að tala um „óháð tengslum hinna ýmsu landa við EB". Það er verið að tala um að við eigum að efla Norðurlandasamstarf og þá geti norrænu þjóðirnar haft mismunandi tengingu við Evrópubandalagið. Sumar eru inni í Evrópubandalaginu, aðrar væru kannski með EES-samning og svo væru einhverjar aðrar sem væru kannski ekki með önnur tengsl. Samt sem áður gæti verið möguleiki á norrænu samstarfi.

Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. í því að ef meiri hluti Norðurlandaþjóða gengur í Evrópubandalagið verður norrænt samstarf ekki svipur hjá sjón. Það er alveg rétt og það hef ég sagt áður. Það sagði ég í fyrri ræðu minni og hef sagt hér mörgum sinnum áður, bæði á þessum vettvangi og einnig á vettvangi Norðurlandaráðs. Það er nánast útilokað eða alla vega mjög erfitt að hafa formlegt samstarf innan EB á ákveðnum svæðum. Auðvitað geta menn haft óformlegt samstarf og það munu þjóðirnar sjálfsagt gera. En formlegt samstarf verður auðvitað ekki svipur hjá sjón ef flestar Norðurlandaþjóðanna ganga í Evrópubandalagið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg um þann lið dagskrárinnar sem hér er til umræðu og varðar vestnorrænt samstarf, skýrslu um störf Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1991. Hv. 2. þm. Suðurl. hefur þegar mælt fyrir skýrslunni og vísa ég til þess sem sagði um hana í umræðum 26. mars sl. en ég vil bæta fáeinum orðum við varðandi stöðu þessa samstarfs nú um stundir.

Það er mín skoðun, og ég hygg og vænti þess að ég deili henni með mörgum fleirum hv. alþm., að um margt fari mikilvægi þessa samstarfs vaxandi og eigi að gera það. Þar komi margt til. Má þar nefna sam-

starf þessara þjóða á sviði atvinnumála þar sem nýting sameiginlegra auðlinda að nokkru leyti liggur til grundvallar. Nefna má þá staðreynd að þessar þrjár þjóðir, Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar, sem saman mynda hið vestnorræna svæði og þjóðþing þeirra landa standa að Vestnorræna þingmannaráðinu, eru allar utan Evrópubandalagsins og eiga því margt sameiginlegt í yfirstandandi umræðum um stöðu mála í þeim efnum.

Formlegt samstarf milli hinna þriggja vestnorrænu landa á sér ekki ýkja langa sögu ef svo má að orði komast. Vestnorræna þingmannaráðið var fyrst formlega sett á fót á fundi í Nuuk í Grænlandi í septembermánuði 1985. Þetta samstarf hefur þróast býsna hratt á áttunda og níunda áratugnum og að flestu leyti í jákvæða átt að mínu mati. Samskipti þjóðanna hafa stóraukist á þessum tíma. Þar má nefna viðskipti og hafa t.d. markaðir okkar Íslendinga, bæði í Færeyjum og Grænlandi á síðustu árum náð þeirri stærð að geta talist verulega marktækir og skipta máli í okkar utanríkisviðskiptum. Það er að vísu áhyggjuefni í því sambandi að mjög hallast á um viðskiptajöfnuðinn og er það Íslandi í hag þar sem útflutningur héðan á vörum til bæði Grænlands og Færeyja er til mikilla muna meiri en svarar innkaupum okkar á varningi frá þeim.

Ákveðið var á árinu 1989 að reyna að efla þetta samstarf og koma því betur á dagskrá og til umræðu í löndunum þremur með því að helga árið sem nú stendur yfir, árið 1992, sérstaklega vestnorrænni samvinnu. Í því sambandi er ýmislegt á dagskrá sem þegar hefur að nokkru leyti verið gerð grein fyrir í máli framsögumanns. Vil ég þar nefna sérstaklega þær ráðstefnur sem haldnar verða á komandi sumri eða hausti í löndunum þremur, um sitt málefnið hver.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins hefur fyrir sitt leyti reynt að taka þátt í og leggja sitt af mörkum til að kynna vestnorrænt samstarf og stuðla að umræðum og miðla upplýsingum um það á Íslandi, m.a. með útgáfu upplýsingabæklings sem nýlega er kominn út og hv. alþm. þyrftu að fá eintak af og sjálfsagt er að koma til þeirra. Þar er að finna yfirlit um vestnorræna samstarfið eða samvinnuna yfirleitt. Það kæmi mér ekki á óvart þótt ýmsum kæmi nokkuð á óvart þrátt fyrir allt á hversu mörgum sviðum það er þegar orðið þróað og skipulagt. Þar má til nefna starf Vestnorrænu nefndarinnarinnar, Lánasjóð Vestur-Norðurlanda, Vestnorræna ferðamálaráðið, Grænlandssjóð, Vestnorræna þingmannaráðið að sjálfsögðu, sem hér er mælt fyrir, og ýmis samskipti sem eru á mismunandi stigum, allt frá samningum og samstarfi á sviði skólamála og námsstyrkja yfir í vinabæjasamskipti, íþróttasamskipti o.s.frv. Það er von mín að m.a. með þessum aðgerðum á vestnorræna árinu megi auka meðvitund íbúa landanna þriggja um þetta nábýli og vaxandi samskipti þessara næstu nágranna. Ég gæti nefnt fjölmörg svið sem ég tel að ástæða væri til að taka fyrir en ég vísa aftur í þær upplýsingar sem hér er að finna í skýrslunni á þskj. 437 og svo framsöguræðu framsögumanns.

Eitt atriði hefur orðið að umræðuefni í tengslum við vestnorrænt samstarf á síðustu dögum sem ég tel óhjákvæmilegt að nefna hér lítillega. Það er nýleg ákvörðun um veiðiheimildir Færeyinga á Íslandsmiðum á yfirstandandi ári. Því er ekki að leyna að það urðu Færeyingum veruleg vonbrigði þegar veiðiheimildir þeirra á Íslandsmiðum voru skornar niður allmiklu meira en nam almennum aflasamdrætti á Íslandsmiðum eins og hann er áformaður eða boðaður samkvæmt veiðiheimildum. Í framhaldi af því heyrðust þær raddir í Færeyjum sem töldu að taka þyrfti vestnorrænt samstarf til endurmats, m.a. í ljósi þess að Færeyingar töldu þessa niðurstöðu sér óhagstæða.

Við í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins reyndum fyrir okkar leyti að skýra sjónarmið sem legið höfðu til grundvallar þessari ákvörðun Íslendinga. Við fulltrúar Íslandsdeildarinnar áttum m.a. fund með sjútvrh. eftir að hafa verið í símsambandi við forustumenn Vestnorræna þingmannaráðsins í Færeyjum. Í framhaldi af því var svo færeysku deildinni sent bréf þar sem farið var yfir þetta mál og þau rök sem sjútvrh. og sjútvrn. höfðu fyrir sinni ákvörðun voru tíunduð og skýrð. Jafnframt var lögð á það áhersla af okkar hálfu að við vonuðumst til að þessi niðurstaða yrði ekki til að hafa varanlega óhagstæð áhrif á hið vestnorræna samstarf. Ég bind vonir við að með þessum ráðstöfunum m.a. og með því að menn ræði saman og skýri sín sjónarmið komi ekki til þess að þessi erfiða ákvörðun, að ákveða veiðiheimildir Færeyinga við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi og íslensku atvinnulífi, skaði vestnorræna samvinnu. Þvert á móti er mikil nauðsyn að efla hana, ekki síst á sviði sjávarútvegsins, og mjög brýnt að samningar takist um nýtingu sameiginlegra auðlinda og sameiginlegra fiskstofna milli vestnorrænu þjóðanna. Í því skyni er það fagnaðarefni að sjávarútvegsráðherrar vestnorrænu ríkjanna munu hittast í lok þessarar viku á fundi á Grænlandi. Við verðum að vona að árangur verði af þeirra starfi. Ég er þeirrar skoðunar að einmitt sá vettvangur sem hér er til umræðu, Vestnorræna þingmannaráðið, geti verið mikils virði í því sambandi að menn hittist árlega og ræði sameiginleg hagsmunamál á formlegum, skipulögðum vettvangi.

Það er eðlilegt að tekið sé til umfjöllunar, eins og reyndar hefur verið gert á síðasta ári og þessu m.a. af ráðherranefnd Norðurlandaráðs, hvernig beri að þróa og skipuleggja hið vestnorræna samstarf fram í tímann. Þar held ég að skipulagsmálin hljóti að koma til umfjöllunar og ýmislegt fleira. Í því sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á þeirri hugmynd, sem er reyndar sameiginleg afstaða Vestnorræna þingmannaráðsins og komið hefur fram í ályktunum þess, og er ein af tillögum nefndar sem starfaði á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs um vestnorrænt samstarf, að samstarfsráðherrar vestnorrænu landanna verði jafnframt samstarfsráðherrar fyrir vestnorræna samvinnu og taki að sér forsjá þeirra mála. Ég held að það sé tímabært og nauðsynlegt að vista á ákveðnum stað þessi málefni vestnorrænnar samvinnu og þá virðist liggja beinast við að það verði einmitt í höndum samstarfsráðherranna að fara með þau mál. Hér er hæstv. sam-

starfsráðherra okkar Íslendinga viðstaddur umræðuna og væri fróðlegt að heyra hvað hann hefur til mála að leggja í þessu sambandi.

Að öðru leyti vil ég eingöngu nefna að ég tel mikilvægt að vinna áfram að því að þróa þetta samstarf, sérstaklega á sviði samgangna. Þær eru jú einu sinni undirstaða þess að menn geti átt með sér eðlileg og greið samskipti og þar þarf að bæta úr ýmsu. Vil ég þar sérstaklega nefna löngu úreltan loftferðasamning Íslands og Danmerkur sem er verulegur þröskuldur í vegi eðlilegra samskipta á flugmálasviðinu milli Íslands og okkar næstu nágranna, Færeyinga og Grænlendinga, sérstaklega á það við um Grænlendinga. Þessir samningar eru settir undir okkar gamla, úrelta loftferðasamning milli Íslands og Danmerkur. Það leiðir m.a. til þess að íslensk flugfélög geta ekki hafið áætlunarflug á eigin flugnúmerum inn á áætlunarstaði í Grænlandi, þurfa í öllum tilvikum að gera það í samstarfi við eða með leyfi danskra yfirvalda og þá í gegnum samstarf við grænlenska rétthafa. Með öðrum orðum gildir þar ekki gagnkvæmnisregla sökum þess að hinn gamli loftferðasamningur er þannig úr garði gerður að leyfi Íslendinga er bundið við Danmörku eina eða reyndar meginlandið þar. Þessu þyrfti að breyta og ég bendi hæstv. samstarfsráðherra m.a. á þetta atriði til umhugsunar eða athugunar í ríkisstjórn.

Ég nefni svið viðskipta- og markaðssamvinnu og ég nefni sérstaklega ferðamál. Það er mín skoðun, og hún hefur styrkst mjög á undanförnum árum, m.a. með því að kynna mér málefni ferðaþjónustu á Grænlandi og þó sérstaklega á Suður-Grænlandi, að eigi þetta að eiga sér einhverja umtalsverða vaxtarmöguleika muni þeir fyrst og fremst liggja í gegnum Ísland og samstarf Íslendinga og Grænlendinga á sviði ferðamála, svo sem sameiginlegt markaðsstarf, en líka sameiginlega skipulagningu ferða þar sem Ísland væri í raun og veru í flestum tilvikum hlið ferðamannanna til Grænlands.

Þeir sem heimsótt hafa hin geysilega fögru og víðáttumiklu landsvæði á Suður-Grænlandi geta ekki lengi velkst í vafa um hversu stórkostlega möguleika það landsvæði á að geta átt í ferðamálum ef vel tekst til með uppbyggingu í þeim efnum. Þar gætu legið mjög mikilvægir og gagnkvæmir hagsmunir Íslendinga og Grænlendinga og ætti að geta verið báðum jafnhagstætt að farsælt samstarf þróaðist á því sviði.

Sömuleiðis má segja að almenn pólitísk samstaða og samvinna í okkar helstu hagsmunamálum falli hér undir, svo sem aðgerðir sem til þess væru fallnar að kynna sameiginlegar aðstæður og lífsumhverfi veiðimannaþjóðfélaganna við norðvestanvert Atlantshafið.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri en síðar á fundinum mun væntanlega verða mælt fyrir till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins frá síðasta ársfundi þess. Sú hefð hefur skapast að bera þær tillögur jafnan upp á Alþingi sem tilmæli til ríkisstjórna um að vinna þeim brautargengi. Jafnframt koma fram í efni þeirra ályktana nokkur helstu hagsmunamál vestnorrænnar samvinnu sem unnið var að á síðasta ári. Ég hef af þeim sökum ekki fleiri orð um þessa skýrslu um störf Vestnorræna þingmannaráðsins sem ég hef verið að gera að umtalsefni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa skýrslu um störf Vestnorræna þingmannaráðsins, sem kom á dagskrá fyrir viku síðan, þótt ég hafi ekki átt þess kost að vera við byrjun umræðunnar.

Það kemur fram í skýrslu og tillögum, sem Vestnorræna þingmannaráðið hefur lagt fram til ályktunar, þótt þær hafi ekki enn verið formlega fram bornar, að þetta samstarf er enn í mótun og á í raun í vök að verjast. Það hefur verið venja hin síðari ár að leggja þær samþykktir sem gerðar eru á ársfundi ráðsins fram til samþykktar á þingum landanna eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni.

Þó að þessar ályktanir hafi hlotið formlegt samþykki hér á Alþingi á undanförnum árum hefur skort nokkuð á að þeim sé fylgt eftir af ríkisstjórn. Því er það að þær tillögur, sem í sumar voru fram lagðar, eru fyrst og fremst til þess ætlaðar að styrkja þær stoðir sem standa undir vestnorrænu samstarfi. Markmiðið er að samstarf þessara þriggja landa, sem kalla sig Vestur-Norðurlönd, eflist og að vestnorræna nefndin skipi fastan sess í norrænu samstarfi. Liður í því er að þeim ráðherrum sem fara með norræn samstarfsmál sé einnig falin meðferð vestnorrænna samstarfsmála og framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins.

Það fer ekkert á milli mála og hefur oft komið fram að norrænt samstarf er þessi árin, og kannski sérstaklega síðustu mánuði, í endurskoðun. Það hefur komið glögglega í ljós bæði á Norðurlandaráðsþingi á síðasta ári og einnig nú í ár. Þær öru breytingar sem nú eiga sér stað í alþjóðamálum kalla á það að við endurmetum stöðu okkar í norrænu samstarfi. Enginn vafi er þó á því að það samstarf heldur áfram þótt í breyttu formi verði. Það er því mikil þörf á því að við, þessar vestnorrænu þjóðir, stöndum vel saman enda eigum við mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta þar sem lífsafkoma okkar allra er svo mjög háð því sem við sækjum í hafinu sem umlykur löndin.

Fyrir tveimur árum var gerð sú samþykkt á ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins að árið 1992 skyldi tileinkað þessu samstarfi sérstaklega. Það átti að verða vestnorrænt ár þar sem vakin væri athygli á málefnum þessara smáþjóða. Síðan hefur verið unnið að þessum undirbúningi og kannski er óþarfi að endurtaka það hér en það eru þessar þrjár ráðstefnur sem talað hefur verið um og auglýstar eru í þeim bæklingi sem hér er kominn út um vestnorrænt samstarf. Ég geri ráð fyrir að þingmenn hafi fengið hann. Þar kemur það fram að hér verður kvennaþing haldið á Egilsstöðum sem sérstaklega verður tileinkað jafnréttismálum og vinnumarkaði. Í Færeyjum verða æskulýðsmál á dagskrá og á Grænlandi eru það umhverfismálin. Þessar ráðstefnur verða allar í sumar og dagsetning fyrir íslensku ráðstefnuna er ákveðin 20.–23. ágúst á Egilsstöðum og þar er gert ráð fyrir 300 þátttakendum. Nefnd, sem skipuð var fulltrúum frá ASÍ, BSRB, Kvenréttindafélaginu, Kvenfélagasambandi Íslands og Jafnréttisráði hefur starfað að undirbúningi ráðstefn-

unnar og framkvæmdastjóri ráðstefnunnar hefur aðsetur hjá Jafnréttisráði. Undirbúningur að ráðstefnunum í Færeyjum og á Grænlandi mun einnig kominn vel af stað.

Sá kynningarbæklingur sem ég nefndi áðan um vestnorrænt samstarf hefur verið dreift í ýmsar stofnanir og skóla í landinu. Einnig mun standa til að þýða bæklinginn yfir á dönsku. Grænlendingum hefur verið boðið upp á það og það mun fyrirhugað svo hægt sé að dreifa honum jafnframt í hinum löndunum tveim.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þær tillögur sem verða hér lagðar fram, það verður tími til þess síðar ef þörf gerist. Ég vænti þess að þær verði samþykktar og trúlega verður ekki mikil umræða um þær. Ég býst við að samstaða sé um málið í þinginu. Ég vil þó leggja áherslu á það að við fylgjum eftir þeirri samþykkt um að helga þetta ár vestnorrænu samstarfi með því m.a. að bæta svo sem frekast er unnt samgöngur við þessa granna okkar. Það vantar mikið á að þær séu nægilega góðar og þar á ég sérstaklega við flugmálin. Þar er þó ekki við okkur eina að sakast en loftferðasamningurinn er orðinn gamall og staða okkar þar ekki eins og best verður á kosið. Við verðum því áfram að vinna að úrbótum í þeim málum en allnokkuð hefur verið fjallað um flugmál á fundum ráðsins í vetur.

Í þeim ályktunum sem hér eru til umfjöllunar er einnig ályktun um að sá samningur sem samgönguráðherrar Vestur-Norðurlanda gerðu með sér um samstarf í samgöngumálum skuli koma strax til framkvæmda. Og á fylgiskjali II er yfirlýsing ráðsins um nauðsyn þess að koma á beinum viðræðum milli landanna um lausn á vandamálum tengdum fiskveiðum og aðgangi að mörkuðum Evrópubandalagsins.

Í öllum þessum þrem löndum eru fiskveiðar undirstöðuatvinnuvegur og efnahagur landanna mjög undir þeim kominn. Mælst er til þess að ráðstefna verði haldin með þátttöku stjórnmálamanna og annarra aðila sem þekkingu hafi á þessum málum. Þar verði gerð grein fyrir þeim áhrifum sem innri markaðurinn muni hafa fyrir Vestur-Norðurlönd með sérstöku tilliti til sjávarútvegs. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon upplýsti reyndar í ræðustól rétt áðan að fyrirhugað væri að halda ráðstefnu með sjávarútvegsráðherrum þessara landa alveg á næstunni og ég fagna því. Mér fannst nefnilega koma fram á fundinum síðasta sumar viss ótti, sérstaklega meðal Grænlendinga, vegna samningaviðræðna EFTA og EB. Þeir óttast mjög um afkomu sína og fellur ekki sú tilhugsun að Íslendingar séu aðilar að þessum viðræðum ásamt öðrum EFTA-þjóðum. Þeir hafa mikinn áhuga á því að ræða frekar um nýtingu sjávarspendýra, selastofns og hvalastofns. Vestnorræna þingmannaráðið hefur beint því til sinna landa að unnið verði að sameiginlegum aðgerðum til að takmarka selastofninn, eins og segir í einni ályktun sem samþykkt var 1990 á ársfundi. Eða eins og segir þar, með leyfi forseta: „Svo að aftur náist vistfræðilegt jafnvægi í sjónum."

Mjög miklar deilur eru í þjóðfélaginu, eins og við vitum, um það hvort nýta beri selastofna og hvalastofna sem áratugum saman hafa verið nýttir, sérstaklega við Grænland og Færeyjar. Þessar þjóðir halda því fram að við séum komin út á nokkuð erfiðar brautir í því hvernig hefur verið farið með þessi mál á undanförnum árum. Heimsmyndin hefur breytt þeim hlutum mjög. Það er álit manna úti um víða veröld að ekki eigi að veiða hvali og þegar menn finna upp á því að senda sel með flugvélum á milli landa til þess að vernda líf eins dýrs þá finnst manni að málið sé komið nokkuð út í öfgar. En það er mjög mikið hagsmunamál, bæði fyrir Grænlendinga og Færeyinga, að fundin sé lausn á því hvernig megi nýta selastofnana og hvalastofnana á skynsamlegan hátt. Það verður ekki leyst með einhliða friðun. Færeyingar og Grænlendingar eru mjög áhugasamir um að Íslendingar og þessar vestnorrænu þjóðir ræði þessi mál og reyni að finna lausn á því, alla vega einhverjar sameiginlegar tillögur um það og efli sem sagt samstarf sitt í þeim málum ekki síður en öðrum.

Mín skoðun er sú að við eigum að styrkja þetta samstarf við nágranna okkar því að sameiginlegir hagsmunir þessara landa eru miklir þar sem eru auðlindir Norður-Atlantshafsins. Og við verðum að gera allt sem hægt er til að vernda þetta lífríki í hafinu með skynsamleg nýtingarsjónarmið í huga. Við búum við sífellt minnkandi aflakvóta og höfum þar af leiðandi orðið að beita niðurskurði á aflaheimildir til Færeyinga. Það er ekki óeðlilegt miðað við áætlaða fiskstofna að við verðum að minnka aflakvóta til annarra þjóða, jafnvel þó að það séu frændur okkar, Færeyingar sem fyrir því verða. Það höfum við orðið að gera hjá okkur sjálfum líka. Mestu skiptir þó að það sé gert með samráði og að skilningur ríki á nauðsyn þessara aðgerða. Vonandi er það aðeins tímabundið og betri horfur verði á næsta fiskveiðiári. Ég trúi því að Færeyingar muni skilja þessa stöðu okkar og það muni ekki verða til þess að brestir komi í samstarf þessara vinaþjóða.

Samstarf á sviði menningar- og menntamála, félagsmála og samgöngumála er ekki síður mikilvægt. Þar er óplægður akur, aðeins hefur verið unnið í litlu horni þess akurs. Og vegna þess hve skammt það er á veg komið sýnist mér að þar sé fyrirstaða helst í samgöngumálunum. Eins og ég sagði hérna fyrr í ræðu minni höfum við í Vestnorræna þingmannaráðinu verið að skoða þau mál í vetur ef finna mætti leiðir þar til úrbóta.

Virðulegi forseti. Ég veit að spennandi atburðir eru að gerast í austri og Eystrasaltslöndin voru okkur hugleikin á síðasta ári og eru enn. Þar sýndi það sig að þó að við séum smáþjóð þá höfum við áhrif á alþjóðavettvangi. Við megum þó ekki gleyma vinum okkar á Grænlandi og í Færeyjum. Við, sem stærsta þjóðin af þessum þremur, höfum skyldum að gegna í því samstarfi sem við höfum möguleika á að auka innan Vestnorræna þingmannaráðsins.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær skýrslur sem hér hafa verið kynntar og upplýsingar sem gefnar hafa verið. Ég ætla ekki að taka upp þráðinn sem við, ég og hv. 4. þm. Austurl., hurfum frá í umræðum okkar í gær

um stöðu Norðurlandanna og afstöðu þeirra til Evrópusamstarfsins. Það er rétt sem hann greindi frá í ræðu sinni að ég fékk þær upplýsingar að hið útbreidda dagblað í Noregi, Dagbladet, hefði lýst því yfir í dag að það hefði ákveðið að styðja aðild Noregs að Evrópubandalaginu. Það er ekki fyrsta dagblaðið sem gerir það í Noregi því að Aftenposten, dagblað sem einnig er gefið út í Noregi, hefur þegar tekið ákvörðun um að styðja aðild Noregs að Evrópubandalaginu. Slíkar ákvarðanir dagblaða eru síður en svo skerðing á skoðanafrelsi. Ég tel þær þvert á móti staðfestingu á því að þarna hafi menn komist að niðurstöðu og látið hana í ljós og birt með þessum hætti. Ég vil einnig upplýsa hv. 4. þm. Austurl. um það að, eins og við gátum báðir um í umræðunum í gær, eru þær umræður mjög miklar núna innan norska Verkamannaflokksins hvernig eigi að halda á Evrópumálunum. Mér skilst að meiri hluti manna í þeim nefndum — ég held að þær séu 1.600 jafnvel — sem settar voru á laggirnar innan flokksins til að fjalla um þetta mál telji að sækja eigi um aðild að Evrópubandalaginu. Þannig er nú þróunin í pólitískum umræðum í Noregi. Við gætum komið hér upp dag eftir dag á næstu vikum og greint frá fréttum sem við höfum um þessa framvindu. Ég held að það sé ástæðulaust að rekja þau mál frekar og öll hljótum við að fylgjast af eftirvæntingu með því hvernig þessum málum vindur fram í okkar nágrannalöndum og hvaða áhrif það hefur á norrænt samstarf.

Hv. 4. þm. Austurl. gerði ítarlega og glögga grein fyrir samþykktum sem gerðar voru á síðasta fundi á þingi Norðurlandaráðs og þeim ályktunum sem þar komu fram um stöðu Norðurlandasamstarfsins miðað við þessa evrópsku þróun. Mig langar að víkja aðeins að þessum þætti og vestnorræna samstarfinu með fyrirspurnum til hæstv. umhvrh., samstarfsráðherrans um Norðurlandamálefni. Það kemur fram í skýrslu hans á bls. 20 og 21 í kafla 6, Vestnorræna samstarfið. Þar er gerð grein fyrir tillögum nefndar sem skipuð var til þess að gera tillögur um hvernig þessu samstarfi verði háttað. Það kom einnig fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég hef ekkert við það að athuga að þessu samstarfi verði skipað með nýjum hætti og menn setji það í nýjan skipulagsbúning. Ég vara hins vegar við því og tel það þróun sem ekki eigi að stuðla að, þ.e. að Norðurlandasamstarfinu verði skipt þannig upp. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að við lítum á Norðurlandasamstarfið sem eina heild og að ekki verði haldið þannig á málunum að um leið og við viljum efla vestnorrænt samstarf verði litið á það sem einhvers konar deild í norrænu samstarfi, einhvers konar útibú þess og málum, mönnum, þjóðum og ríkjum vísað þangað ef þau vilja t.d. ekki taka virkan þátt í Evrópuþróuninni og Evrópusamstarfinu. Ekki má halda þannig á málum að vestnorræna samstarfið verði einhvers konar aukabúgrein þeirra sem ekki eru fúsir til þess að fylgja Norðurlöndunum í Evrópubandalagið, fara þangað eða hvernig sem þeir haga sínum samskiptum við Evrópubandalagið. Ekki má halda þannig á málum að þarna verði einhver skipti. Mjög mikilvægt er að líta þannig á að Norðurlandasamstarfið sé eitt og óskipt og vestnorræna samstarfið aðeins áhersluþáttur þeirra þjóða sem búa við sérstakar aðstæður við Atlantshafið.

Þetta vildi ég láta koma fram og tel að þessi skoðun sé í samræmi við viðhorf margra á Norðurlöndunum sem vilja ekki að það verði klofningur og eyríkin í Atlantshafi slitni frá heildinni með þessum hætti.

Þá vil ég líka spyrja um það sem kemur fram í einum liðnum á bls. 21, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnir Norræna hússins í Reykjavík, Norðurlandahússins í Þórshöfn og Norrænu menningarmiðstöðvarinnar í Nuuk verði sameinaðar í eina."

Ég held að þetta sé ekki skref í rétta átt. Ég tel að það sé mjög æskilegt að sérstakar stjórnir séu fyrir þessum norrænu stofnunum í hinum einstöku löndum þannig að tekið sé tillit til hagsmuna og viðhorfa á hverjum stað. Mér finnst að þarna sé ekki verið stíga skref til heilla. Ég tel að reynslan af starfsemi Norræna hússins í Reykjavík ætti a.m.k. ekki að vera hvatning til þess að skipulagi á stjórn þess sé breytt í þessa átt. Ég vildi því aðeins spyrja hvort þetta sé afráðið, frá þessu gengið og unnið samkvæmt þessu eða hvort aðeins sé um tillögur að ræða sem enn eru á umræðustigi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um skýrslu þá sem að mér snýr og er undir þessum dagskrárlið. Jafnframt vil ég víkja nokkrum orðum að því sem komið hefur fram í umræðunni og svara þeim fyrirspurnum sem hefur verið beint til mín.

Auðvitað er eðlilegt að umræðan hafi að nokkru leyti snúist um Evrópusamstarfið og stöðu Norðurlandanna gagnvart því svo mjög sem það er nú rætt. Tímamót eru í norrænni samvinnu. Hún hefur breyst mikið á 40 árum og mun breytast í framtíðinni en við eigum auðvitað að kappkosta að hafa heillavænleg áhrif á þær breytingar. Hins vegar er alveg ógjörlegt að horfa á norræna samvinnu sem einangrað fyrirbrigði og hugsa til þess að hún þróist og eflist án tillits til þess sem gerist í heiminum í kringum okkur. Þeirra sjónarmiða þótti mér því miður gæta hjá nokkrum sem hafa tekið þátt í umræðunni, til að mynda hjá hv. 15. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austurl. Ef við viljum styrkja og efla þessa samvinnu, sem ég hygg að við séum bærilega sammála um, gerist það ekki öðruvísi en að teknu tilliti til breytinga í veröldinni umhverfis okkur.

Í umræðunni hefur líka verið sagt að Evrópusamvinnan, væntanlega innganga Norðurlandaríkjanna með ýmsum hætti og aðild að Evrópusamvinnunni, væri liður í þeirri þróun að þjóðríkin legðust af. Ég er algjörlega ósammála þeirri skoðun vegna þess að ég sé þá Evrópusamvinnu sem nú er að þróast, ekki sem deiglu þar sem allt blandast saman heldur miklu frekar sem litríka mósaikmynd þar sem þjóðirnar kappkosta að halda sérkennum sínum, sérkennum menningar sinnar og tungu og varðveita þetta, eins og við höfum lagt áherslu á í norrænni samvinnu. Þvert á móti. Þar sem gerð hefur verið tilraun til að leggja þjóðríkin af eins

og í víða Austurvegi hefur hún gjörsamlega misheppnast. Þjóðirnar sem reynt hefur verið að óla saman í eitt ríki innan nýrra gervilandamæra sprengja af sér þær ólar. Það sjáum við nú því miður gerast með margvíslegum og í mörgum tilvikum mjög hörmulegum afleiðingum ógna og átaka. Ég er því í grundvallaratriðum ósammála þessari skilgreiningu en um það má auðvitað lengi deila. Mér er það vissulega ljóst.

Fróðlegt hefur verið að hlusta á umræðurnar. Raunar hafði ég heyrt hluta af ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í gær en hann taldi nauðsynlegt að endurtaka ýmislegt af því sem hann sagði þá. Má vera að það hafi verið rétt mat hjá honum, ég ætla ekki að fjölyrða um það. En það hefur auðvitað skýrst í umræðunni að innan flokkanna er ekki bara áherslumunur heldur skoðanamunur um ýmsa þætti málsins. Það hefur komið mjög skýrt í ljós að þingmenn Kvennalistans eru t.d. ekki sammála um afstöðu í þessum málum. Það er auðvitað eðlilegt. Ég hygg að það sama sé upp á teningnum í Alþb. Ég held t.d. að skoðanaágreiningur sé milli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og formanns Alþb. um ýmis atriði er Evrópumálin varða. Hins vegar sé ég ekki að skoðanamunur sé milli sjónarmiða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hv. þm. Kristínar Einarsdóttur í þeim efnum þannig að þetta skarast nú á ýmsa vegu.

Hér hefur verið vikið sérstaklega að samstarfi Íslands, Færeyja og Grænlands, útnorðursamstarfinu, sem svo er stundum nefnt. Ég gerði raunar nokkra grein fyrir því í framsöguræðu fyrir skýrslunni sl. fimmtudag og ætla ekki að endurtaka mikið af því nú. En vegna fjarvista sumra sem tóku þátt í umræðunni í dag en voru ekki viðstaddir þá er nauðsynlegt að víkja að örfáum atriðum og eins vegna þeirra spurninga sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín.

Ég get tekið undir afar margt af því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan um þetta samstarf. *Af því að það hefur verið nefnt sérstaklega, nefni* ég loftferðasamning milli Íslands og Danmerkur sem Færeyingar og Grænlendingar eru háðir. Ég veit ekki betur en hæstv. samgrh. hafi þegar óskað eftir því við Dani að þessi samningur verði tekinn til endurskoðunar og ég tel það brýnt og gott. Og það er rétt að á sviði ferðamála liggja áreiðanlega margir ónotaðir samvinnumöguleikar milli okkar og Grænlendinga. Ég er sammála hv. þm. um það.

Hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, situr á forsetastóli og beindi til mín ákveðnum spurningum um framtíð útnorðursamstarfsins og varaði við því að skipta þessu samstarfi upp. Fleiri þingmenn, þeirra á meðal hv. 1. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson sem er gjörkunnugur þessu samstarfi bæði frá hlið þingmanna og einnig sem samstarfsráðherra, hafa einnig orðað slíkar efasemdir. Auðvitað eru nokkur rök fyrir því að með því að formfesta þetta samstarf með þessum hætti sé viss hætta á að um einhvers konar einangrun verði að ræða og get ég að mörgu leyti tekið undir þau rök. Hins vegar held ég að brýnt sé að auka samstarfið og hugsanlega verði það best gert með óformlegri hætti. Raunar nefndi ég það í framsögu minni að það samráð er að nokkru leyti fyrir hendi. Þetta þurfum við að ræða betur og komast að niðurstöðu um. Ég skil alveg þær efasemdir sem menn hafa sett fram um þessa hættu. Það eru viss rök fyrir þeim. Hins vegar þurfum við líka að huga að því hvernig við getum eflt samstarfið án þess að til slíkrar einangrunar komi.

Hitt atriðið sem hv. þm. Björn Bjarnason nefndi var sú tillaga sem er að finna á bls. 21 í skýrslunni, um að stjórnir Norræna hússins í Reykjavík, Norðurlandahússins í Þórshöfn og Norrænu menningarmiðstöðvarinnar í Nuuk verði sameinaðar í eina. Það sem vakti fyrir tillögumönnum var að ég held að leita fyrst og fremst sparnaðar í rekstrinum. Ég er ekki sammála þeirri skoðun hans að ekki yrði til heilla að setja þessum húsum eina stjórn. Ég held hins vegar að stjórnendur húsanna, forstjórar eða hverju nafni þeir eru nefndir, hafi mjög frjálsar hendur um skipulag starfseminnar sem hefur tekist vel. T.d. hefur Norræna húsið í Vatnsmýrinni tekist einstaklega vel og þar er lifandi starf.

Þeir voru til, ég man þá umræðu vel, sem ekki spáðu mjög vel fyrir því þegar Norræna húsið var reist. En reyndin hefur orðið önnur. Þetta er lifandi menningarmiðstöð og mikilvægur hlekkur í tengslum okkar og samskiptum við önnur Norðurlönd. Mér finnst sú hugmynd að sameina húsin undir eina stjórn vel athugunar virði. Ég held að það mundi ekki hafa áhrif á reksturinn *sem slíkan heldur leiða til sparnaðar vegna* þess að hverju húsi er núna skipuð stjórn, ég fullyrði ekki hversu oft þær halda fundi en hitt veit ég að kostnaður — ekki vegna þess að stjórnarmenn séu svo hátt launaðir — heldur ferðakostnaður og dvalarkostnaður *í kringum stjórnarfundina hlýtur að vera* verulegur. Þess vegna finnst mér rétt að hugmyndin verði athuguð og sé ég ýmislegt henni til ágætis.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta til viðbótar, virðulegi forseti, en kemst þó eiginlega ekki hjá því að víkja svolítið að ræðu þeirri sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti áðan. Hann fann að því að fulltrúi Alþfl. í Norðurlandaráði, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, væri ekki við umræðuna (**HG:** Nei, ég benti á það.) Benti á það, já. Það var að mínu mati gert með nokkrum aðfinnslutón. Í þessu sambandi vil ég nefna að hún var viðstödd umræðuna sl. fimmtudag en það var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hins vegar ekki. Ef mér skjöplast ekki var hann á pólitísku fundaferðalagi um kjördæmi sitt. Þetta nefni ég nú bara án þess að ég sé að gera nokkuð meira mál um það.

Hv. þm. ræddi töluvert um sjónarmið vinstri sósíalista í Norðurlandaráði. Hann er auðvitað talsmaður þeirra að einhverjum hluta en þeir vöktu athygli á sér og sínum málstað með mjög sérkennilegum hætti á þingi Norðurlandaráðs, eins og allir vita sem þingið sóttu. Þeir eru þar minnihlutahópur, njóta að vísu stuðnings fulltrúa Kvennalistans í ýmsum málum eins og komið hefur fram, en tala gjarnan eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði raunar hér eins og fyrir sjónarmiðum meiri hlutans. Svo er nú ekki og það er nú raunar ekki ný bóla. Við höfum oft við heyrt það áður.

Ég saknaði eins í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hann kom í þennan ræðustól og talaði eins og engin umræða hefði áður átt sér stað um málið, en það var rætt mjög ítarlega sl. fimmtudag. Ég saknaði þess að hann skyldi ekki svara hv. þm. Páli Péturssyni, fyrrv. forseta Norðurlandaráðs, sem vék sérstaklega að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni í ræðu sinni, nefndi þar og ræddi ítarlega, sem hefði kannski verið ástæða til að ræða sérstaklega nú, þá breytingu sem hefur verið að gerast í Norðurlandaráði, þ.e. að flokkahóparnir hafa fengið aukið vægi og landsdeildirnar kannski misst vægi. Hv. þm. Páll Pétursson, sem er ekki viðstaddur umræðuna, því miður, annars hefði hann sjálfsagt tekið málið upp að nýju við hv. þm. Hjörleif Guttormsson, vék að því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi brugðist íslensku sendinefndinni, hafi beitt yfirþjóðlegu valdi, ég held ég muni orð hans alveg hárrétt, og leitað á náðir þess flokkahóps sem hann tilheyrir, þ.e. vinstri sósíalistanna. Ég held ég muni líka orð hv. þm. Páls Péturssonar „til að ýta" þeim fulltrúa sem Íslendingar áttu, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, út úr stjórn Norræna menningarsjóðsins. Þannig að hið yfirþjóðlega vald, eins og var í þessu tilviki, þar var því beitt, kann nú stundum ekki að vera alfarið af hinu vonda, að mati hv. þm., a.m.k. ekki þegar hann beitir því með þeim hætti sem hv. þm. Páll Pétursson rakti hér í þessum ræðustóli.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þetta mikið lengra. Ég er ósammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni í öllum grundvallaratriðum í afstöðu hans til þróunar hins norræna samstarfs og ég hygg að það væri nokkuð sama hve lengi við ræddum þau mál við yrðum ekki sammála vegna þess að um grundvallarágreining er að ræða. Segja má að þar sé kannski um mjög ólíkar lífsskoðanir að ræða að einhverju leyti. En ég virði hann fyrir það að hann er sínum skoðunum trúr og ástundar heiðarlegan málflutning á sína vísu, þó ég sé algjörlega ósammála næstum því öllu sem hann hafði til málanna að leggja um þetta mál eins og um Evrópumálin og utanríkismál yfirleitt. En ég ítreka þakkir fyrir þessa umræðu sem hefur verið góð og gagnleg á margan hátt.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir slæmt til þess að vita að hæstv. umhvrh., samstarfsráðherra Norðurlanda, skuli ekki hlusta á það sem ég hef sagt hér í tvígang, bæði sl. fimmtudag og núna. Ég sagði að ég hefði stutt eina tillögu frá vinstri sósíalistum og ég studdi líka tillögu frá sósíaldemókrötum. Ég hef ekki haft tækifæri til að styðja fleiri tillögur frá flokkahópum hingað til og að segja síðan „með dyggum stuðningi fulltrúa Kvennalistans" og gefa í skyn að ég sé sammála öllu sem vinstri sósíalistar gera. Ég tók það sérstaklega fram að ég væri það ekki. Mér finnst það alveg ótrúlegt að maður þurfi að margkoma hérna upp og segja það sama.

Ég mótmæli líka þeirri fullyrðingu að þegar ég ræði um norrænt samstarf taki ég ekki tillit til þess sem er að gerast í Evrópu, mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Ef það er að taka tillit til þess sem er að gerast í Evrópu að hlaupa í fangið á Evrópubandalaginu, eins og hæstv. umhvrh. virðist vilja gera, veit ég ekki af hverju það er meira að taka tillit til þess sem er að gerast í Evrópu heldur en sá málflutningur sem ég hef haft hér í frammi. Mér finnst einkennilegt þar sem hann segist virða skoðanir annarra ef hann vill ekki viðurkenna að þótt fólk hafi mismunandi stefnur geti það ekki haft eitthvað til síns máls. Ég vil alveg virða það að hæstv. umhvrh. sem og aðrir hafi sínar skoðanir en hann þarf ekki að traðka á mínum. Hann sagði áðan að ljóst væri að uppi væri skoðanaágreiningur innan Kvennalistans. Ég vil benda honum á það að í þessari umræðu hafa þrjár kvennalistakonur talað um Evrópubandalagið og þær hafa allar lýst því að þær væru á móti inngöngu Íslands í Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið þannig að ég veit ekki hvar hann hefur verið þegar við töluðum um það.

Ég hefði gjarnan viljað taka fleiri þætti hæstv. ráðherra til meðferðar en hef ekki tíma til þess, því miður.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örfá orð varðandi orðaskipti hæstv. samstarfsráðherra og hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. núv. forseta varðandi skipan mála í hinu vestnorræna samstarfi og spurningu um það hvort hætta sé á því að með því að auka og útfæra það samstarf gæti orðið um vaxandi einangrun vestnorrænna þjóða í hinu almenna norræna samstarfi að ræða. Ég hygg að einmitt m.a. með vísan til slíkra sjónarmiða hafi það orðið niðurstaðan á sínum tíma að Vestnorræna þingmannaráðið er algjörlega sjálfstæður vettvangur, óháður Norðurlandaráði, og undirbúningsnefnd, sem starfaði fyrir stofnsetningu þess á árunum eftir 1980, og ég átti sæti í síðustu tvö árin, hafði það m.a. að leiðarljósi að nauðsynlegt væri að tryggja að þó svo að vestnorrænu þjóðirnar ykju sitt samstarf og formbindu það, yrðu þær ekki að heldur settar til hliðar í almennu norrænu samstarfi. Og ég held að það sé rétt að undirstrika þá staðreynd að Vestnorræna þingmannaráðið er algjörlega sjálfstæður vettvangur og í engum formlegum skipulagstengslum við Norðurlandaráð. Það er kosið til þess sérstaklega í þjóðþingunum og það er ekki skilyrði að fulltrúar í Vestnorræna þingmannaráðinu séu jafnframt fulltrúar í Norðurlandaráði. Svo hefur að vísu verið í ýmsum tilvikum en öðrum ekki. Þannig er til að mynda sá sem hér stendur og fer með formennsku í Íslandsdeildinni á þessu ári ekki fulltrúi Norðurlandaráði.

Ég held að einmitt með þessari ráðstöfun eigi það að vera þokkalega tryggt að við getum gert hvort tveggja án þess að það sé í nokkurri mótsögn, eflt vestnorræna samvinnu og jafnframt af fullum krafti tekið þátt í norrænu samstarfi eins og það þróast sem vonandi verður með jákvæðum hætti við breyttar aðstæður á komandi árum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þegar ég lauk máli mínu fyrr í

umræðunni var það með það í huga að leggja nokkur fleiri orð í belg þessarar umræðu, þar á meðal að víkja að því sem áður hefur komið fram í umræðunni og ég nefndi í upphafi míns máls að ég hefði hug á að gera athugasemdir við en hefði hins vegar ekki haft ráðrúm til eða tekið mér tíma til þess að kynna mér þær ræður sem fluttar hefðu verið í síðustu viku þegar umræðan hófst. Nú hef ég gert það að nokkru leyti og skal bæta úr, m.a. í ljósi frýjunarorða hæstv. samstarfsráðherra sem er nú dálítið sérstakt að skuli taka að sér það hlutverk að hlutast til um umræðu sem varðar þingmannahópinn, Íslandsdeild Norðurlandaráðs (**Umhvrh.:** Varðandi hið yfirþjóðlega vald.) og ekki beinlínis það verksvið sem hann er að fjalla um sem samstarfsráðherra. En það breytir ekki því að honum er auðvitað fullkomlega frjálst að víkja að þessu máli og síst hafði ég á móti því að á það væri minnt því að það er út af fyrir sig umræðuvert.

Líklega er rétt að ég geri þau sjónarmið og þær aðdróttanir sem komu fram fyrr í umræðunni að upphafi míns máls en það eru vissulega fleiri atriði sem þörf er að koma að af minni hálfu, m.a. hafði ég í mínu máli ekkert vikið að málafylgju af minni hálfu á vettvangi Norðurlandaráðs í formi tillöguflutnings, fyrirspurna og annars þess háttar, sem er jú yfirlit um, ásamt málatilbúnaði annarra fulltrúa milli þinga, í skýrslu Íslandsdeildar. Ég ætla ekki að fara að taka einhverja heildarúttekt á þeim málum en víkja þó að mikilsverðum málum, sem ég tel vera, sem ég hef reynt að þoka áfram og koma á dagskrá á vettvangi Norðurlandaráðs.

En fyrst það sem snýr að kjöri í trúnaðarstöður í Norðurlandaráði, sem hér var verið að víkja að og var tekið inn í umræðurnar þegar ég var ekki á þingfundi og hafði fjarvistarleyfi frá virðulegum forseta sl. fimmtudag. Það má geta þess svona til skýringar fyrir hæstv. ráðherra að ég hafði reiknað með því eftir viðtöl við forseta að þessi umræða yrði ekki á dagskrá þann dag því auðvitað hafði ég áhuga á því að eiga hlut að umræðunni frá upphafi. En það kom ekki að sök enda var fyrir fram ákveðið að ef hún færi af stað yrði henni ekki lokið og svo fór einnig, ekki vegna minnar fjarvistar heldur vegna óska hv. 1. þm. Austurl. um að hafa utanrrh. viðstaddan, sem ekki var heldur á þingfundi þennan dag eða þegar þessi dagskrárliður var til umræðu.

Það voru haldnar ræður fyrr við umræðuna og þar á meðal talaði hv. þm. Páll Pétursson, fyrrv. forseti Norðurlandaráðs, tvívegis, í seinna skiptið eftir að ég kom inn í Íslandsdeild Norðurlandaráðs sem aðalmaður, en ég var þar varamaður þegar hann var forseti hið fyrra skiptið. Ég átti við hann gott samstarf eins og ég hef átt lengst af í þessari Íslandsdeild við þá sem þar eiga sæti og allt er það þykkjulaust af minni hálfu sem þar hefur gerst. Þar eru eins og gengur mismunandi sjónarmið og menn taka með mismunandi hætti afstöðu þar til mála og það er þeirra efni. En það kom mér dálítið á óvart að það skyldi vera formaður þingflokks Framsfl. sem tók þetta efni inn í umræðuna og sveigði að mér með þeim hætti sem rétt er að rifja hér upp. Hann segir — og það er mjög nærri upphafi hans máls þannig að það má telja að þetta sé eins og svona eitt af meginefnunum sem eru í huga þessa fyrrv. forseta Norðurlandaráðs — hann segir:

„Á síðustu árum hefur þetta samstarf þó tekið talsverðum breytingum. Flokkahóparnir hafa fyrst og fremst fengið stóraukið vægi. Sósíaldemókratar riðu á vaðið og síðan hafa aðrir flokkahópar myndast. Þetta mikla vægi sem flokkahóparnir eru búnir að ná innan Norðurlandaráðs hefur að mínu mati verið Íslendingum óhagstætt, meira að segja mjög óhagstætt. Hagsmunum okkar var miklu betur borgið með samstæðri íslenskri sendinefnd áður en hún sundraðist milli hinna einstöku flokkahópa. Allt fram til síðasta þings hefur íslenska sendinefndin haft tækifæri til að ráða því hvaða Íslendingar gegndu trúnaðarstörfum og allir íslensku fulltrúarnir hafa talið það skyldu sína að fylgja fram ákvörðunum sendinefndarinnar. Á þessu hefur því miður orðið breyting þar. Á síðasta Norðurlandaráðsþingi var þeim fulltrúa sem sendinefndin valdi til setu fyrir Íslands hönd í Norræna menningarmálasjóðnum ýtt þaðan, því miður, fyrir atbeina og samþykki eins íslensks fulltrúa í vinnunefnd, þ.e. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem beitti með því yfirþjóðlegu valdi og brást íslensku sendinefndinni að mínum dómi og leitaði á náðir flokkahóps þess sem hann tilheyrir."

Þetta er innlegg þessa hv. þm., fyrrv. forseta í Norðurlandaráði, sem skipaði þar sæti lengi vel. Það er auðvitað skylt að fjalla um þetta mál. Ég vil taka það fram að ég les það í ræðu formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Geirs H. Haarde, að hann hefur vikið að þessari þróun í norrænu samstarfi. En hann gerir það með allt öðrum hætti og er ekki að bera þar fram neinar ásakanir í garð þess sem hér talar vegna minna athafna sem fulltrúa í kjörnefnd Norðurlandaráðs þar sem ég tók sæti, ekki vegna þess að ég óskaði eftir því heldur vegna þrábeiðni, ef svo má segja, til þess að kapallinn gengi upp sem er lagður þegar skipt er áhrifum í Norðurlandaráði og valið þar í nefndir samkvæmt ákveðnum reglum.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fjalla svolítið um þennan málflutning því að að mínu mati er hann afskaplega ómerkilegur. Mér finnst heldur óskemmtilegt að hafa uppi þennan lestur, virðulegur forseti, að fjarstöddum þingmönnum Framsfl., svo ég spyr: Hafa þeir allir fjarvistarleyfi, allur þingflokkur Framsfl. með tölu? (**Forseti:** Nei, nei, þeir hafa það ekki. Forseti getur upplýst hv. 4. þm. Austurl. um það að hér hefur verið hv. 2. þm. Austurl. og hefur hv. 4. þm. Austurl. m.a. átt í orðaskiptum við hann hér á þessum fundi.) Já. En það kynni að vera að hv. þm. hefði fengið leyfi forseta til að víkja af fundi. Ég óska eftir því að fyrrverandi fulltrúi í Norðurlandaráðsdeild fyrir utan hv. þm., sem hér er mættur sem fulltrúi úr þingflokki Framsfl., hv. 6. þm. Norðurl. e., sem er auðvitað fullgildur, og fleiri eru komnir, hefði ég gjarnan kosið að hv. 2. þm. Austurl. væri einnig viðstaddur því að hann þekkir þessi mál líka og ekki síður en t.d. 1. þm. Austurl., vegna þess að hann átti sæti í Norðurlandaráði nú nýverið og kannast vel við það sem hér er til umræðu.

En ég met það mikils að aðrir hv. þm. Framsfl. vilja hlýða á mitt mál. Til að tengja aðeins saman þá er ég að fjalla um ummæli hv. þingflokksformanns Framsfl., Páls Péturssonar, fyrr í umræðunni í síðustu viku um þessi efni þar sem hann bar þann sem hér talar allþungum sökum. Og ég tel skylt, enda verið gengið eftir því af ráðherra sérstaklega að þetta mál sé rætt hér, en alveg burt séð frá því þá tel ég mér það skylt að fjalla um þetta mál og varpa nokkru ljósi á það sem þarna ber á milli því að það ber talsvert á milli okkar hv. þm. Páls Péturssonar sem ekki er viðstaddur og væntanlega með fjarvistarleyfi, er það ekki? (**Gripið fram í:** Jú, hann er með fjarvistarleyfi.)

Sú þróun hefur verið uppi að vægi flokkahópa í norrænu samstarfi hefur vaxið. Það er eins og hv. þm. Páll Pétursson réttilega nefndi í sinni ræðu, sem ég hef hér útskrift af, að það munu hafa verið sósíaldemókratar sem fyrstir þjöppuðu sér saman á þessum vettvangi og mynduðu flokkahóp en síðan gerðist það einnig með aðra fulltrúa. Það má segja að nú sé málum þannig komið í norrænu samstarfi að til þess að menn hafi áhrif eða geti haft einhver teljandi áhrif og verið kjörnir í trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs þá gerist það ekki nema í gegnum þessa flokkahópa. Og það auðvitað finnur t.d. fulltrúi Kvennalistans, sem nú á sæti í Norðurlandaráði og hefur ekki kosið að skipa sér þar í hópa, að hún verður nokkuð utangátta í þessum efnum þó að það útiloki ekki að Íslandsdeild Norðurlandaráðs geti reynt að hamla þar gegn.

Þetta yfirþjóðlega vald, sem hv. þm. kýs að kalla svo, sem komið er inn í Norðurlandaráð — það er nú kannski matsatriði hvort menn kalla það því nafni — er samstarfsform sem menn hafa náð saman um, að vísu má segja sumir kannski nauðugir, aðrir viljugir, mismunandi hrifning að baki. En þetta er orðið það fastbundið í starfsháttum Norðurlandaráðs að það endurspeglast í grunnsáttmálanum, Helsinki-sáttmálanum, sem er undirstaða þessa ráðs og hefur verið borinn hér upp og samþykktur. Ég hef ekki orðið var við að hv. þm. Páll Pétursson beitti sér hart og mikið gegn þeirri samþykkt eins og frá henni var gengið. Vissulega reyndi Íslandsdeild Norðurlandaráðs að verja sig þar á síðasta ári varðandi tilhneigingu til að útiloka Ísland frá formennsku í þingnefnd sem við höfum haft samkvæmt hefð um langt skeið og það tókst vegna þess að menn brugðust þar við þannig að nú eigum við þó formann í einni af þessum sex — eða eru þær ekki sex, þingefndirnar, sex eða sjö? — og er það hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem skipar formannsætið í menningarmálanefnd ráðsins.

En síðan er ekki bara þessi Helsinki-sáttmáli sem bindur þarna heldur er það forsætisnefnd Norðurlandaráðs sem hefur gengið frá reglum varðandi kjör í trúnaðarstöður og kunngert þær reglur, þannig að þær eru opinber þáttur af þessu norræna samstarfskerfi. Og það bindur enn frekar þá sem starfa í kjörnefnd. Nú þar fyrir utan hafa verið gefnar út starfsreglur og leiðbeiningar teknar saman á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs, yfirlit um hvað teljist vera hefðbundið og kjörnefnd beri að taka tillit til. Þetta er nú yfirstjórn og forusta í þingmannahlutanum, þ.e. Norðurlandaráðshlutanum, það er forsætisnefndin.

Og það skyldi nú ekki vera að hv. þm. Páll Pétursson hafi einhvern tíma komið þar nærri málum á undanförnum árum? Ja, ég bið hv. þm. Framsfl. að fletta upp í bókum og athuga það, jafnvel með viðtölum við hv. þm., hvort hann hafi eitthvað komið að æðstu stjórn Norðurlandaráðs á undanförnum árum. Ég hef ekki yfirlit yfir það hversu lengi hann sat í forsætisnefnd ráðsins en það voru nokkur kjörtímabil. Tvívegis er hann forseti og sótti það fast. Og þar með var hann mesti áhrifamaður þau árin sem þetta féll Íslandi í skaut. Ég hef ekki orðið var við að hann hafi beitt sér hart að þessu leyti sem slíkur og sem fulltrúi í forsætisnefnd. Það kann að vera en það hefur ekki endurómað inn á þing ráðsins í ríkum mæli að öðru leyti en því að hann hefur verið samstiga öðrum í að leitast við að verja ákveðinn rétt Íslandsdeildar í sambandi við hlutaskiptin.

Þannig vísa ég gagnrýni hv. þm. frá með öllu og tel hana bæði óréttmæta og ósanngjarna, sérstaklega af manni sem hefur notið þess trausts af Íslandsdeild ráðsins og af Norðurlandaráði að gegna æðstu stöðu í tvígang. Ég er satt að segja aldeilis undrandi yfir slíku skítkasti, sem ég leyfi mér, virðulegur forseti, að nefna svo, út úr húsum á Höllustöðum. Mér finnst þetta ekki skemmtilegur vopnaburður af hálfu hv. þm.

Svo að litið sé á það tilefni sem þarna er um að ræða má geta þess að vissulega var brugðið út af þarna og kjörnefnd ráðsins breytti þeirri niðurstöðu sem hafði orðið í Íslandsdeild á fundi þann 19. febr. þegar kosið var í trúnaðarstöður af Íslandsdeild. Rétt er að víkja aðeins að því sem gerðist þar. Til skýringar má geta þess að forsætisnefnd skiptir trúnaðarstöðum í Norðurlandaráði í þrjá hópa með mismunadi vægi, 1. hóp, 2. hóp og 3. hóp, kallað primer, sekunder og tertier á hinu norræna stofnanamáli.

Til 1. hóps, primer hóps, flokkast forsætisnefnd og formennska í nefndum ráðsins. Í 2. hóp falla varaformenn í nefndum, formaður og varaformaður í ritnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og stjórn Norræna menningarsjóðsins. Eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans er einnig í 2. hópi. Í 3. hópinn fellur moðið sem eftir er, t.d. varamenn í stjórn Norræna menningarsjóðsins og aðrir fulltrúar en formaður og varaformaður í ritnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.

Síðan eru reglurnar þannig að inn á þessi trúnaðarstörf skal raðað samkvæmt styrkleika flokkahópa í Norðurlandaráði þó að teknu tilliti til Helsinki-sáttmálans að því er varðar forsætisnefnd ráðsins og í rauninni er það eina sem bundið er í Helsinki-sáttmála að þar skuli vera tveir fulltrúar frá hverju landi. Þessu stendur Íslandsdeildin frammi fyrir en hún er ekki bundin af þessu sem hópur og því geta önnur sjónarmið komið til greina og væntanlega þar á meðal sanngirnissjónarmið.

Hvernig hagaði Framsfl. sér í Íslandsdeild Norðurlandaráðs að þessu leyti? Fyrst að formaður þingflokks Framsfl. sér ástæðu til þess að bera mig þeim þungu sökum og nánast svikum — ég segi ekki land-

ráðabrigsl — að ég hafi brugðist íslensku sendinefndinni og það er nokkuð langt gengið, hvernig hagaði Framsfl. sér í Íslandsdeild Norðurlandaráðs? Hann fær stuðning þar og var ekki ágreiningur um það að fulltrúi Framsfl. yrði kjörinn í þyngstu og mikilvægustu nefnd Norðurlandaráðs, forsætisnefndina. Hann hlaut það traust ásamt Geir H. Haarde og þeir tveir ágætu fulltrúar skipa það sæti. (**Gripið fram í:** Enda þungir og traustir.) Já. Ég ætla ekki að rifja ítarlega upp orð fyrrv. þingmanns sem nú vermir sæti í bankastjórastól Landsbankans. En það kemur mér í hug en ég tel það tæpast þinghæft, virðulegur forseti.

Síðan gerist það að það er valið í formennsku í nefndum og þar átti Ísland einn kost samkvæmt reglum og við erum sammælt um það í hópnum að kjósa fulltrúa Alþfl. inn í það sæti. Viðmiðunin sem þarna er höfð er stærð flokkanna. Menn eru með auga á því, þó að það væri auðvitað alls ekkert sjálfgefið, að t.d. fulltrúi Framsfl. færi inni í forsætisnefnd umfram fulltrúa Alþfl. Það er svo langt frá því að það væri nokkuð sjálfgefið. Ef þeir stjórnarliðar hefðu kosið að binda sig saman þá hefðu þeir getað ráðið því, þeir hefðu getað skipt með sér forsætisnefndinni ef þeir hefðu ætlað að láta afl atkvæða skera úr, þá gátu þeir ráðið því að það yrðu stjórnarliðar í þessari þyngstu nefnd, alþýðuflokksfulltrúi og sjálfstæðismaður. Sannarlega hefðu margir sósíaldemókratar glaðst á Norðurlöndum ef sú hefði orðið raunin að Rannveig Guðmundsdóttir hefði verið kosin sem fulltrúi í forsætisnefndina og ekki reynt á þetta í sambandi við skiptin í formennsku í nefndum — ekki endilega.

Þetta varð niðurstaðan varðandi þessa þrjá — 1. hóps stöður. Þá eru þessir þrír flokkar búnir að fá nokkuð. Síðan fá allir sæti í nefndum, m.a.s. Kvennalistinn nýtur þeirra sérstöku kjara, þrátt fyrir það að vera utan flokkahópa, að sitja í nefnd í ráðinu. Fulltrúi Framsfl. má lúta því að þurfa að taka sæti í nefnd fyrir utan það að vera í forsætisnefnd. Það er aðeins annar fulltrúi Íslands sem tekur sæti í nefnd fyrir utan forsætisnefndina og fulltrúi flokkahóps vinstri sósíalista, sem fékk nú í fyrsta skipti sæti í forsætisnefnd. Hann á jafnframt sæti í þingnefnd, aðrir ekki.

Síðan eru það önnur trúnaðarstörf. Samkvæmt ákvörðun á fyrra ári var Geir H. Haarde, fulltrúi Sjálfstfl., kosinn í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og hann skipar þá stöðu til tveggja ára. Þá kemur spurningin um það hver eigi að skipa sæti í stjórn Norræna menningarsjóðsins. Um það varð ágreiningur í nefndinni. Hvað gerist? Fulltrúi Framsfl., hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, gerir bandalag við ríkisstjórnarliðið í Íslandsdeild til þess að tryggja fulltrúa úr Framsfl. — vissulega verðugan fulltrúa — varamanni sínum, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, sæti í stjórn Norræna menningarsjóðsins. Hann hefur ekkert fyrir því að sinna ábendingum frá minni hálfu og fulltrúa Kvennalistans um að þetta sé ekki beinlínis sanngjarnt þegar menn eru að skipta trúnaðarstöðum eftir það sem á undan var gengið og við höfðum staðið að því að tryggja Framsfl. sæti ágreiningslaust í forsætisnefnd ráðsins.

Eftir eru svo þessi aukastörf, fulltrúi Kvennalistans í ritnefnd Nordisk Kontakt og fulltrúi Sjálfstfl. varamaður í stjórn Norræna menningarsjóðsins og er þá nokkurn veginn upp talið.

Ég leyfði mér að mótmæla þessum vinnubrögðum af hálfu fulltrúa Framsfl. í Íslandsdeild. Mér fannst þau vera ósanngjörn, órökstudd og gegn öllum eðlilegum samskiptareglum að ætla að troða sér með þeim hætti inn í störf og trúnaðarstöður innan Íslandsdeildar. Ég gerði um þetta bókun og lá ekkert á þeim ágreiningi og þeir hv. þm. Framsfl. hafa vafalaust fengið að sjá hana og hv. þm. Halldór Ásgrímsson bréfaði á móti og reyndi að verja sig. Þetta varð sem sagt niðurstaðan og ég harma að þetta rifrildi skuli bitna á varafulltrúa Framsfl. í Íslandsdeildinni því að auðvitað er það ekki til komið að hennar frumkvæði.

Þegar kemur í kjörnefnd Norðurlandaráðs sem samkvæmt nýjum reglum frá fyrra ári á að gera tillögur til ráðsins kemur í ljós að þessi kapall gengur bara ekki upp og ekki þessi íslenski kapall einn út af fyrir sig heldur heildarkapallinn. Þá kemur í ljós að miðjumenn þurfa að velja og hafna eins og aðrir. Það það er miðjuhópurinn, sem hv. þm. Páll Pétursson er búinn að sitja í árum saman og Halldór Ásgrímsson á nú sæti í, sem ríður á vaðið gagnvart kjörnefnd ráðsins og gerir kröfu til þess að stokkað verði upp gagnvart forsætisnefndinni, niðurstaða í landsdeildunum, gerð verði breyting á máli fyrrv. hv. bónda á Höllustöðum í krafti yfirþjóðlegs valds eins og hann kýs að kalla það. Ég hef ekki heyrt um ágreining frá hv. 1. þm. Austurl. við þessari gjörð. Hvers konar vopnaburður er þetta sem menn hafa hér uppi og færa inn í þingsali? Mér finnst það ekki vera til þess að auka hróður þeirra sem fyrir honum standa.

Þegar kom að því að sá flokkahópur, sem ég starfa í, héldi einhverjum hlut — og það var aðeins einn hlutur fyrir utan sæti í forsætisnefnd ráðsins. Það lá fyrir að við óskuðum eftir að fá fulltrúa í stjórn menningarsjóðsins, en hefðum kosið að taka varaformennsku í nefnd ef það hefði staðið til boða, og sem við áttum rétt á samkvæmt styrkleika — þá varð miðjuhópurinn og fulltrúar hans, en þeir áttu tvo í kjörnefndinni, að gera það upp við sig hvað þeir vildu gera. Þeir voru með heil fimm störf sem þeir þurftu að draga til baka frá óskum eins og þær lágu fyrir frá landsdeildunum í upphafi.

Er það frambærilegt af manni sem gjörþekkir innviðina, hvernig þessi mál liggja og hefur tekið þátt í að móta þessar reglur meira en ég og flestir aðrir að koma inn í þingsali með þeim hætti sem hv. þm. Páll Pétursson leyfði sér sl. fimmtudag? Ég óska eftir því að menn reyni að temja sér önnur vinnubrögð en þetta.

Auðvitað verður Framsfl. að kjósa þann næturstað sem hann vill hafa í málum. Hann verður að finna sér sinn næturstað og ráða honum í þessu sem öðru. En það er ekki skemmtileg hvíla sem hann hefur kosið sér þarna.

Ég tel að ég þurfi ekki miklu meira um þetta að segja. Kannski er þetta í fyrsta sinn sem hefur verið farið yfir hvernig þessi mál ráðast á þessum vettvangi.

Þetta er flókið kerfi sem þarna liggur fyrir sem er ekkert auðvelt að botna í fyrir utanaðkomandi. Það er tiltölulega auðvelt að vera með slefsögur og ómerkilegan fréttaflutning inn í þingsal og gagnvart alþjóð í þessum efnum, ég tala nú ekki um ef menn eru ekki viðstaddir til að svara fyrir sig og skýra málin.

Einu má bæta við. Kjörnefnd í Norðurlandaráði er kosin á Norðurlandaráðsþingi. Rétt til að skýra fyrir mönnum hvernig aðstæðurnar eru þá tilnefndi Íslandsdeildin — sem reyndar er óskað eftir eins og gagnvart öðrum landsdeildum að tilnefni fleiri en einn í hverja stöðu til þess að hægt sé að grípa í, að kapallinn sé ekki bundinn þegar reynt er að láta hann ganga upp — í þessu tilviki greip Íslandsdeildin til þess að tilnefna þrjá fulltrúa af sinni hálfu í kjörnefnd. Ég tók sérstaklega fram að ég væri ekki að sækjast eftir þeirri stöðu fremur en áður. Ég var hins vegar varamaður í mínum flokkahópi. Hver verður niðurstaðan? Gegn þessum vilja Íslandsdeildar og án þess að ég væri að sækjast eftir því kemur tillaga, ákveðin með meiri hluta eftir atkvæðagreiðslu í forsætisnefnd, um það að ég skuli áfram sitja í kjörnefnd Norðurlandaráðs. Nú, ég veit ekki hvort það er hægt í rauninni að skipa það sæti eftir þennan áburð sem ég hef fengið frá félögum mínum hér á þingi, og ég á þá við þingbræður hér í deild og fyrrverandi fulltrúum í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Í rauninni er mjög erfitt að starfa undir slíkum áburði eins og þarna er fram kominn.

Virðulegur forseti. Aðeins til að venda kvæði í kross. Norðurlandaráð hefur auðvitað alltaf verið merkur vettvangur og tekist á um stór atriði og önnur smærri. Nú eru óvenjustórir þættir sem þar eru ræddir og sem varða framtíðarstöðu norrænna þjóða í víðara samhengi og samstarfi. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til þeirra stóru mála. Mér þótti miður um leið og hæstv. ráðherra lýsti ágreiningi við mig um þessi efni, þ.e. í grundvallaratriðum, að hann gerði ekki nokkra tilraun til þess að skýra í hverju ágreiningurinn lægi af hans hálfu. En það er auðvitað hans mál og vafalaust má lesa eitt og annað út úr skýrslu hans og framsögu í þessum efnum. En hæstv. ráðherra kaus sem sagt að afgreiða málið mjög pent og stutt: grundvallarágreiningur, engir snertifletir fremur en á öðrum sviðum, ef ég skildi hann rétt. (**Gripið fram í:** Utanríkismála.) Já, á sviðum utanríkismála.

Út af fyrir sig er það athyglisvert. Það eru kannski engin ný sannindi fyrir mig, en mér finnst samt gagnvart umræðunni að mjög gott væri að menn gerðu aðeins grein fyrir því, þegar bilið er svona breitt, í hverju það liggur. Og hver er sýnin hjá hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda til þessara mála? Þá vil ég rifja það upp sem ég las úr blaðaviðtali við hann á sama tíma og Norðurlandaráðsþingið í Helsinki stóð yfir að hann lýsti þeirri skoðun sinni að Ísland væri ekkert á leið inn í Evrópubandalagið og hann teldi að það væri ekkert á dagskrá. Það sýnir hvað samræmingin og samstillingin er mikil innan Alþfl. að ráðherrann mælir þetta aðeins skömmu áður en utanrrh. gerir mynduga tilraun til þess að færa málið hér inn á dagskrá sinnar ríkisstjórnar og Alþingis í formi skýrslu utanríkisráðherra. Vel má vera að hæstv. samstarfsráðherra hafi allt aðra skoðun á þessum málum. Ég hef ekki heyrt hana nema í þessu yfirlýsingaformi. Og ég ætla að vona að það séu ólíkar skoðanir uppi innan Alþfl. að þessu leyti því að auðvitað verður hver og einn að standa reikningsskil gagnvart sínum kjósendum í þessum stóru og afdrifaríku málum áður en til úrslita kemur.

Síðan eru mörg mál sem eru til umræðu og afgreiðslu á þessum vettvangi. Það voru mörg mál sem vert væri að nefna. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma en mörg mál voru til afgreiðslu og umræðu á þinginu og þar er af allnokkru að taka. Þarna var fjallað um margvíslegar tillögur. Ég vil nefna hér tillöguna, sem var samþykkt, um það að auka eigið fjármagn Norræna fjárfestingarbankans um 800 millj. SDR, þ.e. um 2.400 millj. SDR. Það var þarna tillaga sem mér finnst athyglisverð fyrir okkur Íslendinga. Hún varðaði það að samræma reglur um eftirlaun sjómanna. Samþykkt var að undirbúin yrði samþykkt um félagslegt öryggi. Samþykkt var tillaga um að styrkja starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins. Það var samþykkt tillaga um að auka eigið fé Norræna þróunarsjóðsins um 150 millj. SDR. Það var samþykkt tillaga um að kanna möguleika á að sett verði samræmd lög á Norðurlöndum til verndar börnum. Og samþykkt var samvinnuáætlun á fiskimálasviði í samræmi við fram komna tillögu ráðherranefndar. Það var Íslendingur sem mælti fyrir nefndaráliti um það atriði, þ.e. hv. 15. þm. Reykv., fulltrúi Kvennalistans sem var framsögumaður fyrir því máli. Það var samþykkt að auka skipti á norrænu sjónvarps- og útvarpsefni. Og það var samþykkt síðast en ekki síst að norræna ráðherraráðið hafi frumkvæði að samstarfi ríkisstjórna um heildarsamvinnu um málefni heimskautasvæða, tillaga sem hv. 1. þm. Austurl., fulltrúi Framsfl. var flutningsmaður að og fékk afgreiðslu á þinginu þótt hún væri borin fram skömmu fyrir þinglok.

Af minni hálfu voru bornar fram fyrirspurnir til ráðherraráðsins um tvö atriði. Annað varðaði áform um stóraukna flutninga á geislavirkum úrgangi frá kjarnorkutilraunastöðvum í Þýskalandi til Dounreay-stöðvarinnar í Skotlandi. Hin tillagan varðaði afstöðu norræna ráðherraráðsins til losunar ósoneyðandi efna. Varðandi seinna atriði, sem norski umhverfisráðherrann svaraði fyrir hönd ráðherraráðsins, var ég langt frá því að vera ánægður með svar ráðherraráðsins um þetta afdrifaríka og stóra mál. Ráðherrahópurinn náði ekki saman af einhverjum ástæðum um það að koma með yfirlýsingu í samræmi við það sem heyrist frá mörgum ríkisstjórnum núna, að herða mjög á eftirliti og banni við losun ósoneyðandi efna alveg á næstunni og að því verði mjög hraðað sem liggur fyrir í Montreal-bókuninni um þessi efni, þ.e. að reyna að stöðva þetta fyrir aldamótin. Mörg ríki stefna að því að ná þessu marki miklu fyrr. Það hefði að mínu mati verið eðlilegt og metnaðarmál fyrir þennan vettvang, ráðherraráðið, að stilla nú strengina saman í þessu stóra máli um þetta efni. Því miður kom það ekki fram í þessu svari við minni tillögu.

Ég vil aðeins geta þess að ég hef nýlega lagt fram,

sem fyrsti flutningsmaður, ásamt fulltrúum í flokkahópi vinstri sósíalista, tvær tillögur sem nú eru inni í kerfinu, þ.e. eru nú til meðferðar í nefndum Norðurlandaráðs og koma væntanlega til afgreiðslu, annaðhvort á þinginu í Árósum í nóvembermánuði eða á þinginu þar á eftir. — Er það ekki í Ósló að ári, þ.e. í marsmánuði á komandi ári? Önnur tillagan er um hópa sem standa höllum fæti á Norðurlöndum og varðar það að menn safni saman upplýsingum og tillögum á grundvelli þess til að bæta stöðu þessara hópa, manna sem eru undir lágmarksmörkum tekjulega eða standa höllum fæti gagnvart kerfinu. Það er þessi þriðjungur, sem er að myndast í sumum vel stæðum löndum, fólk sem er langt utan við meðaltalið og býr við félagslegt og kjaralegt misrétti og á kannski rétt til hnífs og skeiðar og tæpast það sumir hverjir. Ég vona að þessi tillaga fái þinglega meðferð — og efast ekkert um það. Hvað um afdrif hennar verður er auðvitað Norðurlandaráðs og viðkomandi þingnefnda sérstaklega að skera úr um en hún er til meðferðar í félagsmálanefnd þingsins.

Hin tillagan sem ég flutti er um sjálfbæra skipulagningu orkumála á Norðurlöndum. Sjálfbær er þýðing á enska hugtakinu „sustainable" eða „bæredygtig" eða „bærekraftig" eins og það er kallað (**Gripið fram í:** Á stofnanaskandinavísku.) já, á stofnanaskandinavísku og er sótt í Brundtland-skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Ég vil aðeins leyfa mér, virðulegur forseti, að geta um meginefni þessarar tillögu, þ.e. ályktunartillöguna sjálfa. Þar er lagt til að Norðurlandaráð leggi til við Norrænu ráðherranefndina með vísan til meðfylgjandi greinargerðar að láta vinna eftirtalið:

„Að láta vinna á vegum ráðherranefndarinnar í samvinnu við stjórnvöld einstakra Norðurlanda á sviði umhverfis- og orkumála sameiginlega og sjálfbæra langtímaáætlun um orkumál á Norðurlöndum með sýn til allt að 40 ára, þar sem m.a. verði gengið út frá eftirfarandi:

Að minnka heildarorkunotkun um allt að 50% af núverandi umfangi.

Að leysa kjarnorku af hólmi með öðrum orkugjöfum.

Að breyta markvisst yfir í endurnýjanlega orkugjafa.

Að taka upp hreina tækni með bættri orkunýtingu.

Að minnka losun koltvísýrings um meira en 90% og brennisteinsdíoxíðs og NOX enn frekar.

Að stórbæta orkunýtingu og gera hana hagkvæmari.

Að verðleggja orku þannig að endurspegli heildarkostnað — að umhverfisáhrifum meðtöldum.

Að dreifa orkuframleiðslunni.

Að tvinna saman orkupólitísk og félagsleg markmið, m.a. að tryggja atvinnu og búsetu á jaðarsvæðum.

Að gera ráð fyrir opinberri stjórnun og skuldbindandi almennum skilyrðum.

Að meta nauðsynlega rannsókna- og þróunarsamvinnu sem tengist þessari samnorrænu orkuskipulagningu.

Að setja fram tillögur um samstarfsform á sviði orkumála milli Norðurlanda og um endurskipulagningu núverandi stofnana til að ná fram og fylgja eftir markmiðum orkuskipulagsins.

Að vinna að því að markmið þessarar norrænu orkuáætlunar verði hluti af alþjóðasamvinnu og sáttmálum m.a. orkusáttmála fyrir Evrópu."

Þessi tillaga fjallar um stórt mál og ég er nokkuð viss um að mörgum þykir hér stórt lagt til og stefnumiðið tekið á mikla breytingu. En hér er þó ekki um annað að ræða en reyna að útfæra í tillögu það stefnumið sem Brundtland-skýrslan gerir ráð fyrir að iðnaðarlöndin geri að sínum á sviði orkumála. Það segir mönnum það eitt, ef mönnum finnst að hér sé um róttæka tillögu að ræða, að það þarf mikið til að þetta gangi upp. Svo er að sjá hvaða undirtektir þetta fær en svo vill til að þessi tillaga er ekki í umhverfisnefnd Norðurlandaráðs til umfjöllunar heldur liggur hún hjá efnahagsnefnd Norðurlandaráðs sem fer með orkumálin samkvæmt verkaskiptingu nefnda. Mér finnst það eitt af álitamálunum í sambandi við þá tilhögun sem hefur verið tekin upp, að láta orkumálin, sem eru undirstöðuþáttur í sambandi við umhverfismál, þ.e. mengunina, liggja þarna. Við höfum ekki það kerfi, a.m.k. er það ekki upp tekið, að vísa málum milli nefnda þannig að það er fyrst og fremst efnahagsnefndin sem fjallar um og ræðir þessa tillögu. Þar kann að vera þyngra undir fæti í sambandi við undirtektir en ef málið væri í umhverfisnefnd ráðsins. Það geri ég mér fyllilega ljóst.

Virðulegur forseti. Ég ætla senn að ljúka máli mínu. Ég vil að lokum segja varðandi horfurnar í norrænu samstarfi að þótt þær séu dökkar á marga lund er það auðvitað ekki svo að ég geri ráð fyrir því að norrænt samstarf hverfi sem dagskrármál á öllum sviðum — og þá á ég við í formlegum búningi. Auðvitað verður áfram mikið samstarf, frjálst samstarf á milli aðila á Norðurlöndum, frá einstaklingum yfir í stór samtök sem hefur þróast á undanförnum árum og er auðvitað sá jarðvegur sem við byggjum á og höfum byggt á í norrænu samstarfi. En staða hins formbundna Norðurlandasamstarfs er mikilli óvissu háð og um það hef ég rætt áður. Hver sem verður niðurstaðan hjá hinum Norðurlöndunum í sambandi við samskiptin við Evrópubandalagið og tengslin ber okkur auðvitað að reyna að bjarga því í land og halda því sem hægt er án þess að láta það hafa nokkur áhrif á okkur í þá átt að við förum að leita okkur að næturstað innan Evrópusamveldisins í framtíðinni af þeim sökum. Það má ekki ráða um þau efni enda léttvægt í þeirri heildarmynd að mínu mati.

Ég vil þakka fyrir þær skýrslur sem liggja til grundvallar þessari umræðu bæði frá hæstv. ráðherra, samstarfsráðherra, sem og frá Íslandsdeild, sem ég á auðvitað hlut að eins og aðrir fulltrúar og frá Vestnorræna þingmannaráðinu sem hér hefur einnig verið rætt. Ég hef ekki farið út í að ræða þau efni sem snúa að því samstarfi sérstaklega en ég er alveg sammála þeim áherslum sem núv. formaður í þessu ráði túlkaði hér, hv. 4. þm. Norðurl. e. Og ég er sammála þeim áhyggj-

um sem hafa komið fram um að þetta samstarf þróist eða losni frá og verði einhver undirdeild eða sérdeild innan norræns samstarfs. Ég held að við þurfum að gjalda varhug við því engu síður en í sambandi við Eystrasaltsráðið og Eystrasaltssamstarfið að við eigum þar eðlilegan hlut að máli. En ég ætla ekki að fara að gera það að umræðuefni frekar.

Ég tel afar mikilvægt að við ræðum þessi efni á Alþingi og tel að þessi umræða hafi verið mjög góðra gjalda verð um þetta stóra samhengi. Einnig auðvitað sú umræða sem tengdist skýrslu utanríkisráðherra. Það er spurning hvort ekki er þörf á því að ræða þessi mál oftar en einu sinni á ári hér á Alþingi vegna þeirra öru breytinga sem eiga sér stað í norrænu samstarfi. Ég minni á það að nú er sú nýbreytni upp tekin að Norðurlandaráð heldur reglubundið tvö þing á ári. Þó að annað sé mun stærra í sniðum væntanlega þá er þó formlegt þing tvívegis og möguleiki á aukaþingi þar utan. Ég vil varpa því hér fram í lokin að mér finnst ekki úr vegi að Íslandsdeild Norðurlandaráðs beiti sér fyrir umræðu í samvinnu við samstarfsráðherra áður en kemur til þings í Árósum í nóvembermánuði. Þar er hugmyndin að skýra þá mynd sem varðar framtíð norræns samstarfs. Þá liggur fyrir álit forsætisráðherra, endanleg álitsgjörð, og ýmislegt kann að hafa skýrst að því er varðar tengsl einstakra landa eða hvert stefnir í þeim efnum gagnvart Evrópusamveldinu þó að sú umræða verði ekki komin í endanlega stöð sem á sér nú stað um gjörvöll Norðurlönd.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom í minn hlut að sitja hér, taka vaktina nokkra stund undir maraþonræðu hv. 4. þm. Austurl. um Framsfl. Ég vil sérstaklega þakka honum fyrir að hafa beint kastljósinu að flokknum allt þetta síðdegi. Ég veit ekki hvað hægt er að gera flokknum betra en að hv. 4. þm. Austurl. hamist á honum.

Varðandi það sem hann beindi til hv. 2. þm. Norðurl. v. og 1. þm. Austurl. fór ekkert á milli mála að þar sveið undan. Og það er kannski þannig að sannleikanum er hver sárreiðastur þegar á reynir. Væntanlega hefur hv. 4. þm. Austurl. reiknað með að það fréttist ekkert út fyrir hið flókna regluverk Norðurlandaráðs hvernig þar var staðið að málum.

Ég vil að lokum segja, eftir þessar miklu ræður um Framsfl., þar sem varla var vikið orði að samstarfsráðherra Íslands í Norðurlandaráði, hann var hér nánast í aukahlutverki, og eftir að hafa hlustað á hv. 4. þm. Austurl. útskýra regluverk Norðurlandaráðs og hvernig hann telur að hægt sé að spila á það, sjálfsagt kann það enginn maður betur en hv. þm., að ég þekki nú engan annan hér sem mundi sóma sér betur til að taka þátt í regluverki hinnar sameinuðu Evrópu og tileinka sér alla klæki og annað sem þar þarf til.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í máli hv. þm. kom í rauninni ekkert efnislegt fram sem skýrði þessa afstöðu og vinnu af hálfu fulltrúa Framsfl. í þessu máli. Það er því svo sem engu að svara sérstaklega. Það er svo mál út af fyrir sig hvaða tilefni þingmenn Framsfl. telja að komi sér vel í sambandi við umræður á Alþingi. Ég hefði í þeirra sporum kosið annað og skárra tilefni til þess að orðum væri beint sérstaklega til þeirra.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mín viðbrögð hér skýrast fyrst og fremst af því að ég þekki fulltrúa Framsfl. í Norðurlandaráði, 1. þm. Austurl., ekki af öðru en því að vinna af fyllstu heilindum bæði gagnvart íslenska þjóðþinginu og ekki síður Norðurlandaráði. Ég hef ekki heyrt í mörgum sem á þessum vetri hafa tekið upp á ákveðnari hátt málstað Norðurlandaráðs og mikilvægi norrænnar samvinnu. Það einstaka mál sem hv. þm. nefndi áðan og varði löngum tíma í sneri hins vegar að því hvort það ætti að vera hin íslenska sendinefnd sem legði fram tillögur og hefði lokaorðið um skiptingu embætta innan Norðurlandaþings fyrir Íslands hönd eða hvort það ætti að vera hið yfirþjóðlega vald flokkasamsteypanna sem ætti að ráða. Um það snýst málið.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, benda á það að bæði í ræðu hv. 4. þm. Austurl. og ekki síður — af því að menn eru farnir að frumkvæði þess hv. formanns að tala um ræður fjarstaddra þingmanna — í ræðu formanns Alþb. um skýrslu utanrrh. sýnist mér að það ætli að gerast enn og aftur í utanríkismálaumræðu á Íslandi að Alþb. ætli að einangra sig og hlaupa frá málefnalegri umræðu. Hlaupa frá starfi sínu í fyrri ríkisstjórn að samningum um Evrópskt efnahagssvæði.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er málefni þeirra framsóknarmanna hverjum þeir treysta til verka og ég ætla ekki að blanda mér í þau efni. Mín ræða hér, sá hluti sem sneri að skipan í trúnaðarstöður hjá Norðurlandaráði, var að gefnu tilefni sem ég held að hv. þm. átti sig á. Þar var formaður þingflokksins, hv. þm. Páll Pétursson, sem reið á vaðið og gaf upp þennan bolta sem hefur orðið tilefni af minni hálfu til nokkurrar umræðu.

Síðan er það hvernig Framsfl. metur hin stærri mál í íslenskri pólitík. Hvort það eru efnisatriði máls sem eiga að ráða eða spurningin um það, eins og hv. þm. orðaði það hér áðan, hvort menn væru að einangra sig. Það var mjög fróðlegt að fá fram undir lok umræðunnar frá þessum talsmanni Framsfl. að mat hans, og mér heyrðist hann tala fyrir flokkinn í heild, byggðist á því hvort þeir ættu á hættu að einangrast í íslenskri pólitík eða ekki. Hvaða nafngiftir hæfa slíkri siglingu? Það eru fleiri en ég sem geta spáð í það. Einhvern tíma hefði það verið orðað við tækifærismennsku ef það réði afstöðu í hinum stærstu málum. Einnig þar verður Framsfl. að kjósa sér sitt hlutskipti. Ég held að betra sé fyrir hann að ráðfæra sig við fólkið sem hefur veitt honum nokkurn trúnað í íslenskum stjórnmálum á undanförnum árum og áratugum áður en hann festir kompásinn með þeim hætti sem mér heyrist að til standi hér að því er snýr að Evrópumálum bæði EES og í því sem það mun óhjákvæmilega leiða til, tengsl-

um Íslands við vaxandi stórveldi í Vestur-Evrópu.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Austurl. varði löngum tíma í að lýsa því hvernig kosið var í trúnaðarstöður og er það ágætt að menn geri sér grein fyrir því hvernig það er gert. En hann undanskildi þó eitt og það var þegar tilnefnt var af Íslands hálfu í kjörnefnd. Það er rétt að það voru þrír aðilar sem tilnefndir voru, einn fulltrúi frá Framsfl., einn frá Alþfl. og einn frá Sjálfstfl. Ég bauð hins vegar sjálfa mig fram og færði fyrir því rök af hverju ég væri rétti og eini fulltrúi Íslands sem ætti að vera í þessari kjörnefnd. Það var vegna þess að ég var ekki í neinum flokkahópi og þar af leiðandi mundi ég ekki taka tillit til neins annars en hagsmuna Íslands. Og það er það sem mér heyrist að fólk hér vilji gjarnan gera.

Það var ekki fallist á tillöguna af hálfu Íslandsdeildarinnar, að ég væri í kjörnefnd, og það voru mér auðvitað mikil vonbrigði. Rök þeirra voru þau að ég gæti ekki verið í kjörnefnd vegna þess að ég væri ekki í neinum flokkahópi. Það voru einu rökin sem voru borin fram. Ég get svo sem tekið það fram að ég er ekki sátt við að flokkahóparnir ráði svona miklu. Ég er mjög ósátt við það vegna þess að ég hef þá nánast enga möguleika á að taka þátt í neinum af þessum trúnaðarstörfum sem eru á vegum Norðurlandaráðs. En ég verð auðvitað að sætta mig við þær reglur sem þar eru og gerði reyndar athugasemd í þessa veru við breytingar á Helsinki-sáttmálanum sem hér var til umræðu fyrir jól vegna þess að ég var mjög ósátt við þetta.

Ég verð að segja það að ég skil ekki hvernig hv. 4. þm. Austurl. getur hugsað sér að starfa í þessari kjörnefnd eftir það sem hefur verið sagt um hans störf. Ég hefði a.m.k. aldrei tekið það í mál að vera í þessari nefnd eftir það sem um hann hefur verið sagt.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kannast við það sem hér er bætt við. Sennilega hef ég verið á fundi í kjörnefnd þegar þetta uppgjör varðandi fulltrúa í kjörnefnd fór fram eða tillaga Íslandsdeildar var til umræðu í deildinni. Ég hefði fyllilega treyst fulltrúa Kvennalistans til að skipa þetta sæti, m.a. með þeim rökum sem hún hefur fært fyrir því. Ég heyrði það sem sagt utan fundar að þessi tillaga hefði komið fram og ekki hlotið stuðning í hópnum. Þarna voru þrír tilnefndir en enginn þeirra náði kjöri samkvæmt þessum kapli sem þarna var lagður og ekki kom ég nálægt honum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka beinan þátt í þessari umræðu en ég sé mig knúinn til þess eftir svar hv. 4. þm. Austurl. við andsvari.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að Framsfl. hefur hlotið verulegan trúnað kjósenda í íslenskum stjórnmálum á undanförnum áratugum. Framsfl. hefur axlað þá ábyrgð sem því fylgir. Varðandi það sem hv. þm. sagði, að flokkurinn vilji sjá hvað kemur út úr Evrópsku efnahagssvæði, eins og að var stefnt þegar lagt var upp með samningana á sínum tíma, og að hann vilji halda við þá stefnu sína eftir að hann er horfinn úr ríkisstjórn, það er ekki tækifærismennska. Eða telur hv. þm. það?

Hv. þm. sagði: Liggur það ekki fyrir? — Nei. Og ég hélt að hv. þm. væri betur lesinn í Evrópumálum en þetta. Það liggur ekki fyrir. Það er margt mjög óljóst, m.a. er tvíhliða samningurinn um fiskveiðarnar ófrágenginn. Og ég geri að minnsta kosti ekki upp minn hug endanlega fyrr en að ég sé hvað liggur frammi og hvað kemur út.

Það er hins vegar annað mál að ég hef haft verulegar efasemdir gagnvart því sem við höfum verið að sjá á síðustu vikum og mánuðum bæði efnislega og ekki síður hef ég haft efasemdir vegna þess að hið pólitíska andrúmsloft í Evrópu er allt annað í dag en þegar lagt var upp með samningana fyrir rúmum tveim árum síðan. Ég er þeirrar skoðunar, hv. 4. þm. Austurl., að tekið verði eftir málflutningi og afstöðu einstakra stjórnmálaflokka og einstakra stjórnmálamanna á næstu mánuðum varðandi utanríkismálapólitík Íslands. Ég er einnig þeirrar skoðunar að við séum á miklum tímamótum á því sviði núna, tímamótum sem á margan hátt eru svipuð þeim sem voru upp úr seinni heimsstyrjöldinni. Ég óttast ekki dóm kjósenda yfir Framsfl. í þeirri vinnu sem fram undan er. Það mun koma í ljós í fyllingu tímans. Ég vil hins vegar benda hv. 4. þm. Austurl. á það að hann getur alveg sparað sér áhyggjurnar gagnvart Framsfl. Það munum við, trúnaðarmenn hans, taka allt á okkur.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég hefði ekki ætlað að taka mikinn þátt í þessari umræðu þannig að ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar. Ég ítreka það að lokum að nú er þörf málefnalegrar og yfirvegaðrar umræðu um utanríkismál þar sem fulltrúar helst allra flokka geta náð samstöðu um þá leið sem getur á næstu árum tryggt sem best hagsmuni okkar sem smáþjóðar norður í hafi. Það gerist ekki með gífuryrðum. Þeir sem fara þannig fram dæma sig úr leik í umræðunni. Þeir verða ekki marktækir vegna þess að þjóðin gerir kröfu til annars.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sést að leikslokum hverjir dæma sig úr leik í umræðu og niðurstöðu varðandi stór mál þar sem niðurstöðu er þörf. Ég bið hv. þm. að taka sér smátíma til að bera saman það upphaf sem varð í marsmánuði 1989 varðandi samning um Evrópskt efnahagssvæði, hvernig það mál var lagt fyrir Alþingi Íslendinga, hvernig formaður Framsfl., þá forsrh. Íslands, hagaði sínu máli, hverja fyrirvara hann sló í því efni á þeim dögum og þá niðurstöðu sem liggur nú fyrir á borðum þingmanna. Það þarf ekki að bíða eftir einhverjum frumvörpum sem eiga að taka mið af þessari niðurstöðu. Þau eru sjötíu talsins og hafa verið boðuð hér ef þessi samningur verður undirritaður. Við þurfum ekki á því að halda, grunnurinn er lagður. Þar á meðal stórfelld skerðing á áhrifum þeirrar samkomu sem við sitjum hér, Alþingi Íslendinga, sam-

kvæmt þessum samningi. Og menn þurfa að gera sér grein fyrir þessu og standa skil á því og afstöðu sinni gagnvart kjósendum í landinu áður en lýkur.

Ég vil líka benda á að það sem einkennir stöðu mála á Norðurlöndum nú er einmitt hið breiða bil sem er að myndast á móti forustu í stjórnmálaflokkum, sem vilja draga þjóðirnar inn í Evrópusamveldið, og almenningsálitsins, þar á meðal fólksins sem hefur haslað sér völl í flokkunum. Þessu ætti Framsfl. m.a. og aðrir flokkar hér á Alþingi að taka eftir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að draga það inn í umræðuna að það var formaður Framsfl. sem markaði stefnuna í upphafi þessara samninga og setti þá fyrirvara sem enn eru í fullu gildi innan Framsfl. Ég vil sérstaklega þakka honum fyrir þetta.

Það er síðan það verk sem er fram undan núna, og hluti af þeirri vinnu að móta framtíðarstefnu okkar í utanríkismálum, að meta það að hve miklu leyti þessir fyrirvarar hafa verið haldnir. Ég get tekið undir með hv. 15. þm. Reykv. að þar hefur ekki nóg verið að gert. Hvað þarf til viðbótar til þess að tryggja að svo verði áður en endanleg afstaða verður tekin?

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka fram og ítreka það sem ég sagði áðan að stóri óvissuþátturinn í málinu er hve mikið hið pólitíska umhverfi í Evrópu hefur breyst frá því að lagt var upp. Það er eitt af því sem verður að leggja mat á áður en tekin verður lokaafstaða til þess samnings eða slitra af samningi, eins og hv. formaður utanríkismálanefndar kaus að kalla það plagg fyrr í vetur, áður en tekin verður afstaða til þess sem endanlega kemur út úr því máli.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru ekki fyrirvarar fyrrv. hæstv. forsrh. sem gilda í þessu máli. Þeir hafa ekki fengið mikið rúm í þessum samningi. Þeir komust aldrei inn í samningsgrundvöllinn. Það voru aðrir sem sáu fyrir því sem sátu í ríkisstjórn Íslands með honum. Þetta ættu framsóknarmenn að vera búnir að átta sig á fyrir lifandis löngu. Og það verður erfitt að draga þessa fyrirvara inn á borðið á nýjan, jafnvel þó að Framsfl. legðist á eitt í því máli, því að það liggur þegar fyrir samningur, gjörbreyttur grunnur á marga lund, frá því sem var í huga sumra sem áttu hlut að því að upp var lagt í þessa ferð.

Það er rétt að miklar breytingar hafa orðið í Evrópu varðandi Evrópubandalagið sem nú er að breytast í ríkisheild. Hv. þm. sagði ekki orð um það hvaða ályktanir hann drægi af þeim breytingum, ekki orð. En það hafa líka orðið breytingar hér innan lands, m.a. hafa þær endurspeglast í umræðu um utanríkismál í síðustu viku. Þær ættu ekki að hvetja menn til að skrifa upp á þann samning um Evrópskt efnahagssvæði ef hann berst undirritaður inn á borð.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. sagði að ég hefði ekkert minnst á þær breytingar sem eru að eiga sér stað í Stór-Evrópu núna, væntanlega í kjölfar Maastricht-samkomulagsins. Ég get sagt mína skoðun á því. Ég get sagt hv. þm. að þær breytingar styrkja enn þá skoðun sem ég hef haft árum saman, að við eigum ekkert erindi inn í Evrópubandalagið. Þar greinir okkur hv. 4. þm. Austurl. alls ekkert á. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að okkur sé mjög nauðsynlegt að ná hagstæðum viðskiptasamningum við Evrópuþjóðir. Í mínum huga snýst málið fyrst og fremst um þetta: Ég hef ekki séð það enn hvort við náum þeim samningum gegnum hið Evrópska efnahagssvæði. Ég vil fá að sjá málið í heild og hvað fylgir með í pakkanum áður en hægt er að kveða upp þann dóm. En það liggur bara einfaldlega ekki fyrir enn þá.

Það liggur heldur ekki fyrir hvort Íslendingar geta á lokastigum snúið þeirri samningsgerð upp í tvíhliða samning við Evrópubandalagið á sama tíma og samstarfsþjóðir okkar í EFTA eru allar að ganga þar inn. Þessu öllu verðum við að gefa gaum á næstu vikum og mánuðum. Ég er reyndar sammála hv. formanni utanríkismálanefndar hvað það varðar að þarna séu engir stórir hlutir að gerast alveg á næstunni. Og við þurfum vonandi ekki að sitja fagra sumardaga á Alþingi yfir þeim málum.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 185. mál. — Þskj. 204.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fyrir till. til ál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins á árinu 1991. Efnislega vísa ég til þeirra umræðna sem þegar hafa farið fram um skýslu Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Johnsen, Jón Helgason, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir sem eru fulltrúar Íslands í Vestnorræna þingmannaráðinu. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hrinda í framkvæmd eftirfarandi ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991:

1. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að reglum þeim, sem gilda um Þróunarsjóð Vestur-Norðurlanda, verði breytt í því skyni að unnt verði að veita áhættulán til atvinnustarfsemi í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi.

2. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að áframhaldandi starfsemi ferðamálanefndar Vestur-Norðurlanda verði tryggð með norrænum fjárframlögum og fjárframlögum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi.

3. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn

Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að staða vestnorrænu nefndarinnar innan skipulags norræns samstarfs verði metin í því skyni að gera nefndina eins hæfa og mögulegt er til að sinna þeim störfum sem fylgja auknu samstarfi Vestur-Norðurlanda.

4. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands feli þeim ráðherrum, sem fara með norræn samstarfsmál, meðferð vestnorrænna samstarfsmála ríkis- og landsstjórnanna og framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins.

5. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands tryggi fjármögnun vegna þeirra þriggja ráðstefna sem Vestnorræna þingmannaráðið ályktaði árið 1989 um að haldnar yrðu árið 1992. Vísað er til ályktunar Vestnorræna þingmannaráðsins nr. 4/1989, en þar ályktaði Vestnorræna þingmannaráðið um að árið 1992 yrði vestnorrænt ár og þá yrði sérstök áhersla lögð á jafnrétti kvenna og karla, umhverfismál og ungt fólk. Ráðstefnur yrðu haldnar um jafnréttismál á Íslandi, um umhverfismál á Grænlandi og ungmennaráðstefna yrði haldin í Færeyjum. Fjármagn til þessa yrði tryggt og fulltrúar landanna þriggja tilnefndir til að undirbúa vestnorræna árið.

6. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands um að samningur sá sem samgönguráðherrar Færeyja, Grænlands og Íslands gerðu í desember 1990 um samstarf um samgöngumál, kæmi strax til framkvæmda."

Herra forseti. Samkvæmt venju er lagt til að Alþingi staðfesti ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins og geri þær að sínum og beini þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að þessum ályktunum verði hrint í framkvæmd og held ég að með hliðsjón af þeim umræðum sem þegar hafa farið fram um málefni vestnorræns samstarfs þurfi ekki frekari ræðuhalda við af minni hálfu. Að lokinni umræðunni legg ég til að till. verði vísað til utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskistofa, 1. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 690.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 429. mál. — Þskj. 687.

Hlutafélag um Ríkismat sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 689.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 688.

Forseti (Björn Bjarnason):

Eins og hv. þm. sjá á hinni prentuðu dagskrá eru fjögur þingmál tilgreind undir þessum dagskrárlið. Þau eru öll efnislega skyld og eru flutt af sjútvrh. Með tilvísun til 3. mgr. 63. gr. þingskapa hefur ráðherra óskað eftir því að þessi fjögur þingmál sem tilgreind eru undir stafliðunum a–d í dagskránni verði rædd í einu og hefur tjáð forseta að þessi ósk sé fram komin í samkomulagi við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í sjútvn. Forseti fellst á þessa ósk og mun haga umræðunni eins og heimilað er í 3. mgr. 63. gr. þingskapa ef enginn þingmaður andmælir því.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Skv. 63. gr. þingskapalaga er hægt að fjalla um fleiri en eitt dagskrármál saman undir einum dagskrárlið eins og forseti hefur gert grein fyrir. Ég er ekki sátt við að það sé haft að meginreglu að skella saman svona mörgum málum eins og þarna er verið að gera. Það þykir mér mjög óeðlilegt og tel að þó að öll þessi fjögur mál séu frá sjútvrh. þá séu þau að nokkru leyti ólík og hefði ég talið eðlilegt að þau yrðu rædd hvert fyrir sig og langar mig reyndar til að spyrja hvort það sé einhver sérstök ástæða til að þetta sé gert en ég ætla ekki að andmæla þessu, því að eins og fram kom er það nægilegt að einn þingmaður andmæli. Ég hef ekki hugsað mér að gera það og lít á þetta sem undantekningu í hverju sérstöku tilviki en ekki að farið verði að taka mörg mál undir einum dagskrárlið, eins og nú er gert, að einhverri reglu.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti lítur svo á að hér sé um undantekningu að ræða eins og fram kemur í þingskapalögunum og eins og fram kemur í þeirri yfirlýsingu eða skýringu sem forseti las og einnig vegna þeirrar staðreyndar að einn þingmaður getur andmælt þessu og komið í veg fyrir að málsmeðferð sé með þessum hætti þannig að hér er um undantekningu að ræða. Það er alveg ljóst. En varðandi skýringar á því hvers vegna hæstv. sjútvrh. hefur óskað eftir þessu vill forseti beina því til hæstv. ráðherra hvort hann vilji svara þeirri fyrirspurn undir gæslu þingskapa.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að sú heimild, sem hér er verið að fjalla um eða sem hér er verið að vitna til, er undantekningarregla. Svo stendur á að þessi frumvörp eru öll efnislega tengd og skyld fyrir þá sök að um er að ræða frv. sem kveður á um skipulagsbreytingu og verkefni nýrrar stofnunar á vegum sjútvrn. og síðan þá löggjöf sem sú stofnun á að vinna eftir á tilteknum sviðum og munu falla undir stofnunina. Fyrir þá sök lít ég svo á að um efnislega tengd mál sé að ræða og það yrði býsna erfitt að ræða málið án þess að vísa í frumvörpin hvert fyrir sig og því mjög mikilvægt fyrir umræðuna að hægt sé að ræða þau öll í einu.

Að auki stendur svo á að ég þarf um helgina að fara til fundar með sjávarútvegsráðherrum Norðmanna, Grænlendinga og Færeyinga vegna hvalveiðimála og

taldi mjög mikilvægt að þessi mál kæmust til meðferðar í hv. sjútvn. og bar það því undir fulltrúa í nefndinni hvort þeir gætu á það fallist að hafa málsmeðferðina með þessum hætti þannig að nefndin gæti sem fyrst tekið frumvörpin til umræðu og ég met það bæði við fulltrúa í nefndinni og forseta að á þessa beiðni skuli hafa verið fallist og met það við hv. 15. þm. Reykv., þrátt fyrir þá athugasemd sem fram hefur komið af hans hálfu, að hann skuli ekki andmæla því að þetta fari fram með þessum hætti eins og á stendur.

Kristín Einarsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég lít svo á að þetta séu gild rök fyrir því að þetta skuli rætt saman og ekki vil ég koma í veg fyrir það að þessi mál verði tekin öll á dagskrá og rædd núna og geti öll komist til sjútvn. Ég er alveg sammála því. Ég tel það mjög mikilvægt og mun þar af leiðandi einungis gera athugasemd en ekki andmæla og ég vil endurtaka það að ég lít á þetta sem algera undantekningu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Tilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessum fjórum frumvörpum, sem hér eru rædd sameiginlega, eru annars vegar að auka skilvirkni í opinberri stjórnsýslu með því að laga hana að breyttum aðstæðum og hins vegar að bregaðst við auknum kröfum við meðferð, framleiðslu og eftirlit með sjávarafurðum.

Á síðasta áratug hafa orðið stakkaskipti í starfsumhverfi sjávarútvegsins. Vega þar þyngst breytingar á skipulagi fiskveiða en jafnframt hafa verið gerðar ýmsar breytingar er lúta að því að auka frjálsræði í fjárhagslegu skipulagi sjávarútvegsins. Má þar nefna afnám flókins sjóðakerfis, afnám opinbers mats á ferskum fiski, stofnun uppboðsmarkaða og breytingar á Verðlagsráði sjávarútvegsins í átt til frjálsrar verðmyndunar á fiski. Settar hafa verið skýrar reglur um nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar sem annars vegar miða að því að vernda fiskstofnana og hins vegar að minnka kostnað við að ná þeim afla sem ráðlegt er að veiða á hverjum tíma.

Þrátt fyrir að lög og reglur um nýtingu auðlindarinnar hafi á undanförnum árum verið hertar til muna hefur frjálsræði innan þess ramma, sem settur er með ákvörðun um heildarafla, verið aukið. Fyrirtæki í sjávarútvegi geta nú í ríkari mæli en áður skipulagt starfsemi sína fram í tímann þar sem veiðiheimildirnar eru að mestu leyti ljósar. Fiskveiðistjórnunin er farin að skila verulegum árangri í sameiningu aflaheimilda á færri skip sem mun leiða til þess að meira samræmi verður á milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskstofnanna á næstu árum. Breytingar á umgerð sjávarútvegsins hafa því á sl. áratug annars vegar beinst að því að auka athafnafrelsi þeirra sem við sjávarútveg starfa innan þess ramma sem afrakstursgeta auðlindarinnar leyfir og hins vegar að gera viðskipti innan sjávarútvegsins einfaldari og skýrari. Þeim breytingum, sem orðið hafa á starfsumhverfi sjávarútvegsins, hefur ekki verið fylgt eftir með breytingum í stjórnsýslunni enn sem komið er. Því er tímabært að gerðar verði róttækar breytingar á stjórnsýslu sjávarútvegsins til að laga skipulagið að gerbreyttum aðstæðum.

Með frv. um Fiskistofu er lagt til að komið verði á fót lægra stjórnsýslustigi á sjávarútvegssviðinu. Fiskistofa yrði opinber stofnun og starfaði á ábyrgð sjútvrh. Verkefni Fiskistofu yrðu að annast framkvæmd laga og reglna varðandi ýmsa veigamikla þætti á sjávarútvegssviði. Í fyrsta lagi yrði Fiskistofu falið að annast daglega stjórn fiskveiða. Í öðru lagi yrði henni falið eftirlit með fiskveiðum og mál er tengjast gjaldtöku vega ólögmæts sjávarafla. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Fiskistofa fari með söfnun og skráningu opinberra upplýsinga um þau atriði sem máli skipta við stjórnsýslu. Í fjórða lagi mun stofnuninni verða falið að annast opinbert eftirlit með meðferð sjávarafurða og framleiðslu þeirra.

Þau verkefni sem Fiskistofu yrðu falin samkvæmt frv. eru nú unnin í sjútvrn., Veiðieftirliti, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun og Ríkismati sjávarafurða.

Í umfjöllun Alþingis við setningu laga um stjórn fiskveiða á árinu 1990 kom fram vilji þingsins til að fram færi endurskoðun á löggjöf um upptöku ólögmæts sjávarafla, einkum að því leyti að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald. Nauðsynleg forsenda þess að markmiðum fiskveiðistjórnunar verði náð er að eftirlit með fiskveiðum sé virkt. Komist menn upp með að virða reglur að vettugi verður stjórn fiskveiða markleysa ein. Hlutverk stjórnvalda hlýtur að vera að koma í veg fyrir að einstakir menn hafi hag af því stunda ólögmætar veiðar. Í langflestum tilvikum er ekki ágreiningur um að brotið hafi verið gegn settum reglum. Því er nauðsynlegt að unnt sé með skjótum hætti að koma í veg fyrir að menn hafi ábata af því að fara ekki að settum reglum án tillits til refsinæmis verknaðar. Hins vegar er ávallt nauðsynlegt að réttaröryggis sé gætt í hvívetna og þau úrræði sem stjórnvöld hafa yfir að ráða séu skjótvirk og réttmæt.

Í frv. um sérstakt gjald vegna upptöku ólögmæts sjávarafla er tekið tillit til þessara sjónarmiða. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að Fiskistofa fari með þessi mál en að hægt verði að skjóta úrskurði hennar til óháðs úrskurðaraðila með svipuðum hætti og gert er með ágreining í skattamálum sem skotið er til ríkisskattanefndar.

Á undanförnum árum hafa orðið allmiklar breytingar á alþjóðavettvangi og í samskiptum milli þjóða. Samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum mun enn aukast á komandi árum í kjölfar frjálsari viðskiptahátta og aukinna milliríkjaviðskipta. Aukin alþjóðleg samkeppni knýr stjórnvöld og fyrirtæki hér á landi til þess að endurskoða stöðu sína og leita leiða til að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja. Eftirlitsyfirvöld og neytendur í markaðslöndum okkar gera sífellt meiri kröfur til sjávarafurða. Krafist er tryggingar fyrir því að sjávarafurðir séu heilnæmar og eru yfirvöld erlendis á

verði gagnvart öllum innfluttum sjávarafurðum. Í nýjum reglum Evrópubandalagsins sem taka eiga gildi um næstu áramót og í nýju eftirlitskerfi bandarískra stjórnvalda eru settar fram ítarlegar kröfur í þessum efnum. Til að hindrunarlaus viðskipti á helstu mörkuðum okkar geti átt sér stað þurfum við að uppfylla skilyrði þessara þjóða um heilnæmi afurða, hollustuhætti við framleiðslu, merkingar og eftirlit með framleiðslu. Þessar kröfur kalla á breytingar á löggjöf um meðferð og eftirlit með sjávarafurðum og gera auknar kröfur til framleiðenda. Augljóst er að þjóð, sem er jafnháð utanríkisverslun og Íslendingar, verður að fara eftir þeim kröfum sem gerðar eru í markaðslöndunum og ber því nauðsyn til að laga löggjöf okkar að löggjöf þessara landa. Gildandi löggjöf um meðferð sjávarafurða er um margt úr sér gengin og fullnægir ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til framleiðslu og eftirlits. Með frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra er ætlunin að koma á skýrri rammalöggjöf á þessu sviði. Við samningu frv. hefur verið tekið mið af framangreindum sjónarmiðum og kröfum í helstu markaðslöndum.

Megintilgangur frv. er að tryggja neytendum heilnæmar sjávarafurðir og að koma í veg fyrir að svikin vara fari á markað. Jafnframt er það markmið að bæta ímynd íslenskra sjávarafurða og auðvelda þeim aðgang að erlendum mörkuðum ásamt því að gera eftirlit með meðferð og framleiðslu þeirra virkara og traustara. Ábyrgð framleiðenda á vörum sínum er aukin og samhliða er dregið úr umsvifum og kostnaði ríkisins með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi með því að fella niður mat afurða samkvæmt viðskiptakröfum.

Í öðru lagi hefur þáttur hins opinbera eftirlits verið skilinn frá ráðgjafar- og þjónustuþættinum sem nú verður falinn öðrum aðilum.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að viðurkenndum skoðunarstofum verði falinn hluti af verkefnum sem verið hafa á hendi opinberra eftirlitsaðila.

Með þessu fyrirkomulagi er komið á heildstæðu opinberu eftirlitskerfi sem vænst er að fullnægi kröfum erlendra heilbrigðisyfirvalda um opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða. Jafnframt er dregið úr opinberum umsvifum á þessu sviði og eftirlitið fært í meira mæli til atvinnugreinarinnar sjálfrar. Hagsmunir neytenda eru hafðir að leiðarljósi og því er í frv. að finna hert viðurlög við brotum sem stefnt gætu heilsu neytandans í hættu, allt í því skyni að verja þá hagsmuni sem þýðingarmesti atvinnuvegur þjóðarinnar hefur af því að íslenskar sjávarafurðir njóti álits sem heilnæm matvara er ávallt megi treysta. Vegna þessara skipulagsbreytinga í opinberu eftirliti með meðferð og framleiðslu er lagt til að hlutverki og rekstrarformi Ríkismats sjávarafurða verði breytt. Er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um ráðgjafar- og skoðunarhlutverk Ríkismatsins um næstu áramót en opinbert vald stofnunarinnar fært til Fiskistofu frá sama tíma. Fiskistofu verður falið að veita sjávarútvegsfyrirtækjum vinnsluleyfi og útflutningsnúmer í samræmi við þær reglur sem settar verða í þessum efnum.

Ég mun nú, herra forseti, víkja að einstökum frumvörpum og fyrst að frv. til laga um Fiskistofu en henni er samkvæmt frv. þessu falið að annast útgáfu leyfa til veiða í atvinnuskyni við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Enn fremur verður Fiskistofu falið að annast útgáfu veiðileyfa til nýrra skipa er koma í stað þeirra eldri. Fiskistofu verði falið að gefa út árlegt aflamark til skipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni á grundvelli aflahlutdeildar hvers skips og ákvörðunar um leyfilegan heildarafla. Í þessu felst að Fiskistofu yrði falið að senda út allar tilkynningar um aflaheimildir og annast innheimtu þeirra gjalda sem tengjast útgáfu veiðileyfa og tilkynningum um aflamark.

Samkvæmt frv. verður Fiskistofu falið að annast allan flutning á aflamarki og aflahlutdeild milli skipa. Verkefni Fiskistofu á þessu sviði yrðu að sjálfsögðu grundvölluð á almennum framkvæmdareglum sem ráðuneytið kann að setja á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að Fiskistofu verði falið að annast alla söfnun og skráningu upplýsinga um landaðan afla. Stofnuninni verði jafnframt falið að annast eftirlit með framkvæmd vigtunar sjávarafla í samvinnu við hafnarstjórnir og móttöku og skráningu þeirra upplýsinga. Þá verði Fiskistofu falið að annast söfnun og skráningu allra annarra skýrslna sem krafist er á hverjum tíma, hvort sem það er vegna stjórnunar fiskveiða í þágu hafrannsókna eða öflunar annarra tölulegra upplýsinga um sjávarútvegsmál. Lagt er til að Fiskistofu verði heimilt að fela Fiskifélagi Íslands verkefni á sviði úrvinnslu upplýsinga og útgáfu hagskýrslna um sjávarútvegsmál. Mun verða haft samráð við Hagstofu Íslands við val á útgáfu á þeim verkefnum sem Fiskifélaginu kunna að verða falin á þessu sviði. Í tengslum við þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í frv. hefur ráðuneytið rætt við stjórn Fiskifélagsins um að félaginu kunni að verða falin önnur verkefni á sviði sjávarútvegs. Sýnist það hagfellt. Þar má nefna ýmiss konar fræðslu- og kynningarmál.

Fiskistofan mun hafa á hendi veiðieftirlit um borð í fiskiskipum og í löndunarhöfnum og annað það eftirlit og skoðanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja framkvæmd fiskveiðistjórnunar. Verkefni veiðieftirlitsmanna er í dag að fylgjast með veiðum og veiðarfærum skipa. Þeir fara í því skyni í veiðiferðir með skipum, ferðast milli hafna og fylgjast með afla og aflasamsetningu við löndun. Þá annast þeir í samstarfi við starfsmenn hafnasjóða eftirlit með framkvæmd vigtunar og tegundasamsetningu afla.

Sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun hafa frá árinu 1990 rekið tölvudeild í sameiningu. Á hennar vegum hefur verið unnið aflaupplýsingakerfi sem m.a. inniheldur allt kvótabókhald ráðuneytisins. Auk þess hefur ráðuneytið í samvinnu við Hafnasamband sveitarfélaga unnið að viðamiklu verkefni við að samræma vigtun sjávarafla í höfnum landsins og til að bæta upplýsingastreymi um landaðan afla. Hefur verið þróaður sérstakur tölvubúnaður sem gerir höfnunum kleift að senda daglega allar upplýsingar um landaðan afla einstakra skipa til ráðuneytisins. Með þessu fyrirkomulagi hefur verið unnið mikið brautryðjendastarf sem

mun styrkja mjög alla upplýsingasöfnun um landaðan afla og gera hann enn virkari en verið hefur. Þá eru allar upplýsingar Hafrannsóknastofnunar úr afladagbókum fiskiskipa og önnur fiskifræðigögn stofnunarinnar skráð í þennan sameiginlega gagnagrunn.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þessi sameiginlega tölvudeild verði færð til Fiskistofu. Þar með færi öll söfnun og skráning á aflaupplýsingum sem nú er á vegum Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn. fram hjá einum og sama aðila. Frá næstu áramótum er gert ráð fyrir að Fiskistofu verði falið eftirlit með meðferð og framleiðslu sjávarafurða, verði frv. um það efni að lögum. Ég mun síðar víkja að þeim verkefnum sem Fiskistofu yrðu falin á því sviði.

Í frv. er kveðið á um ráðningu fiskistofustjóra sem yrði æðsti yfirmaður Fiskistofu og annaðist m.a. ráðningu annars starfsfólks. Gerð er tillaga um að hann verði ráðinn en ekki skipaður, eins og algengast er með forstöðumenn ríkisstofnana. Ekki þykir rétt að binda skipulag eða deildaskiptingu Fiskistofu í lögum. Jafnan hljóta breytingar að vera á verkefnum stofnunar sem þessarar sem hefur svo vítt starfssvið. Því er eðlilegt að haga þessum málum eftur því sem hagfelldast þykir á hverjum tíma og kostnaðarminnst. Er því lagt til að ráðherra setji reglugerð um megindrætti skipulags og starfsemi Fiskistofu. Í upphafi er hins vegar ljóst að Fiskistofa mun starfa í deildum eða á sviðum sem hvert um sig spanni eitt af fjórum meginhlutverkum stofnunarinnar. Með Fiskistofu er komið á tveimur stjórnsýslustigum varðandi stjórn fiskveiða og eftirlit með þeim. Með þessum tillögum er komið til móts við þá gagnrýni sem hefur verið uppi á undanförnum árum að óeðlilegt sé að heimild til setningar almennra reglna og fyrirmæla sem og dagleg framkvæmd þeirra og eftirlit með því að þeim sé framfylgt sé hjá sömu stofnuninni.

Rétt er að benda á að Fiskistofa á að vera stjórnsýslustofnun sem heyri undir sjútvrh. Ákvörðunum hennar um önnur atriði en gjaldtöku ólögmæts sjávarafla mætti því skjóta til ráðuneytisins eftir almennum reglum um málskot til æðra stjórnvalds. Þeir sem ekki sætta sig við einstakar ákvarðanir Fiskistofu ættu því kost á fljótvirkri kæruleið. Þessi atriði stuðla ótvírætt að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni. Með því að setja á fót Fiskistofu er ekki verið að fjölga opinberum stofnunum frá því sem nú er. Hér er eingöngu verið að færa verkefni til Fiskistofu frá sjútvrn., veiðieftirliti og Fiskifélagi ásamt Hafrannsóknastofnun og Ríkismati sjávarafurða sem breytt verður í hlutafélag um næstu áramót.

Þá er gert ráð fyrir að opinberum starfsmönnum fækki nokkuð við þessa skipulagsbreytingu. Áætlað er að starfsmenn Fiskistofu verði um 60 talsins á árinu 1993. Verði frv. að lögum er ráðgert að semja við stjórn Fiskifélags Íslands um leigu á allt að helmingi húsnæðis félagsins undir starfsemi Fiskistofu.

Samkvæmt frv. er lagt til að Fiskistofa taki til starfa 1. sept. 1992 eða við upphaf nýs fiskveiðiárs. Þó er lagt til að verkefni stofnunarinnar á sviði eftirlits með framleiðslu sjávarafurða flytjist ekki frá Ríkismati sjávarafurða fyrr en 1. jan. 1993. Það er í samræmi við tillögu um gildistöku frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Á sérstökum fylgiskjölum með frv. koma fram upplýsingar um rekstrarkostnað og stofnkostnað við Fiskistofu. Þar kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að starfsemi Fiskistofu á fyrsta heila starfsárinu hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hins vegar er áætlað að stofnkostnaður nemi um 40 millj. kr.

Því næst ætla ég að víkja að frv. til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi lög um upptöku ólöglegs sjávarafla frá árinu 1976. Með þeim lögum var sjútvrn. veitt heimild til þess að kveða upp úrskurði um upptöku andvirðis ólöglegs sjávarafla. Í lögunum var skilgreint hvaða afli teldist ólöglegur og ráðuneytinu veitt víðtæk heimild til þess að úrskurða hvort um ólöglegan afla væri að ræða og í hve miklum mæli. Samkvæmt ákvæðum þeirra laga er upptaka óháð því hvort um refsiverðan verknað sé að ræða og rennur andvirði hins ólöglega sjávarafla í sérstakan sjóð sem varið skal í þágu fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum.

Meginástæða fyrir setningu gildandi laga um upptöku ólöglegs sjávarafla var að settur var kvóti árið 1975 á tiltölulega lítið magn síldar sem skiptist milli margra báta. Á haustvertíðinni 1975 urðu mikil brögð að því að bátar veiddu verulega umfram aflakvóta sína. Þeir bátar sem veiddu umfram kvóta voru kærðir fyrir brot á ákvæðum þágildandi laga en í ljós kom að dómstólaleiðin var ekki fær til að framfylgja þessum málum. Var hún bæði mjög seinfarin og viðurlög við slíkum brotum svo væg að menn högnuðust á brotunum. Lögin skilgreina ólöglegan sjávarafla þannig að í langflestum tilvikum hefur ekki verið ágreiningur um það hvort afli sé ólöglegur eða ekki.

Í fyrstu var lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, aðallega beitt varðandi upptöku andvirðisafla sem ekki náði lágmarksstærð samkvæmt reglum sem þá giltu. Eftir að aflakvótar urðu almenn regla við stjórn fiskveiða í ársbyrjun 1984 hafa flestir úrskurðir um upptöku ólöglegs sjávarafla varðað þau tilvik þegar fiskiskip hafa veitt umfram veiðiheimildir sínar. Framkvæmd þessara laga hefur almennt gengið hnökralaust enda gáfu þau möguleika á að ljúka málum með einföldum og skilvirkum hætti ef ekki var uppi ágreiningur.

Enda þótt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla hafi nú verið beitt í tæp fimmtán ár hefur ekki nema í sérstökum undantekningartilvikum risið ágreiningur um upptöku. Hins vegar hefur það sætt gagnrýni að sjútvrn., sem mótar almennar reglur um stjórn fiskveiða og fer með eftirlit með framkvæmd þeirra, skuli jafnframt hafa úrskurðarvald varðandi brot á þeim reglum. Samkvæmt núgildandi skipan er ekki hægt að hnekkja úrskurði um upptöku andvirðis ólögmæts afla nema með málskoti til dómstóla þar sem úrskurði ráðuneytisins er ekki hægt að skjóta til annars stjórnsýslustigs. Á það ber að líta að núgildandi lög eru mjög knöpp og kveða ekki ítarlega á um réttarstöðu aðila þannig að sjónar-

mið um réttaröryggi hafa tæplega þótt nægjanlega tryggð til þessa.

Í frv. er lagt til að verulegar breytingar verði gerðar á fyrri lögum. Þær breytingar miða bæði að því að gera framkvæmdina einfaldari ef um ótvíræða gjaldskyldu er að ræða og að auka réttaröryggi til muna með því að fela sjálfstæðum úrskurðaraðila að skera úr um greiðsluskyldu ef um ágreining er að tefla. Gert er ráð fyrir að unnt sé að ljúka máli með einfaldri gjaldaálagningu án þess að til sérstaks úrskurðar komi ef ekki er ágreiningur um gjaldskyldu. Jafnframt er með þessu áréttuð sú framkvæmd sem hefur verið að hinn ólögmæti afli er ekki gerður upptækur heldur andvirði hans. Í frv. er nákvæmlega skilgreint hvenær afli telst ólögmætur og fellur sú skilgreining að mestu leyti saman við skilgreiningu eldri laga með þeirri breytingu sem gerð var á þeim með lögum um stjórn fiskveiða og lúta að veiðum utan leyfilegra sóknardaga. Nauðsynlegt þykir að hafa slíka heimild þar sem veiðum smábáta er enn að hluta til stjórnað með sérstökum tímabundnum veiðibönnum.

Samkvæmt frv. er það meginregla að gjald skuli aðeins lagt á útgerð skipa eða báta sem veitt hafa gjaldskyldan afla. Þar er um verulega breytingu frá gildandi lögum að ræða en samkvæmt þeim getur innheimta andvirðis ólögmæts sjávarafla beinst hvort sem er að kaupendum eða seljendum aflans. Frá þessari meginreglu er lagt til að ein undantekning verði gerð. Verði uppvíst um gjaldskyldan afla án þess að upplýst verði hver hafi veitt hann má leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða haft milligöngu um sölu hans. Forsendur slíkrar álagningar eru þó að starfsmenn Fiskistofu sýni fram á að afli eða afurðir sem viðkomandi hefur verkað eða selt séu umfram uppgefin kaup eða aðföng og verkandi eða kaupandi hafi vitað eða mátt vita að um ólöglegan afla væri að ræða. Nauðsynlegt þykir að hafa slíka heimild ef upp kemur að framleiðsla fyrirtækis er ekki í samræmi við innveginn afla fyrirtækis. Slík tilvik geta m.a. komið upp þegar fyrirtæki vinnur afla úr fleiri en einum báti og uppgefnar afla- og ráðstöfunarskýrslur eru rangar.

Í frv. er gert ráð fyrir að framkvæmdinni verði breytt þannig að fyrst verði lagt á gjald vegna ólögmæts sjávarafla án þess að formlegur úrskurður verði kveðinn upp. Ef það liggur óumdeilt fyrir að forsendur upptöku séu fyrir hendi þykir ekki þörf á að kveða upp sérstakan úrskurð heldur ætti einföld álagning gjalds að nægja. Algengustu tilvikin af þessu tagi eru þegar skip veiða umfram aflamagn sitt og enginn ágreiningur er um úthlutað aflamark eða landaðan afla. Þykir hlutaðeiganda ákvörðun Fiskistofu um álagningu óréttmæt getur hann kært hana til Fiskistofu. Er þá gert ráð fyrir að Fiskistofa leggi rökstuddan úrskurð á kæruefnið innan tveggja vikna.

Í frv. er gert ráð fyrir að sá sem ekki vill una úrskurði Fiskistofunnar geti skotið máli sínu til úrskurðar sérstakrar óháðrar nefndar, sbr. 6. gr. frv. Nefnd þessi verður skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir fullnægja almennum skilyrðum laga til að fá stöðu í þjónustu ríkisins, auk þess sem formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Aðili sem ekki fellir sig við úrskurð Fiskistofu vegna gjaldtöku getur skotið honum til þessarar nefndar innan tveggja vikna frá því hann fékk vitneskju um úrskurð Fiskistofu. Með þessu móti er það réttaröryggi sem sjálfstæður úrskurðaraðili á að veita, tryggt. Lögð skal áhersla á að málskot til dómstóla er eftir sem áður heimilt.

Ákvæði í frv. eru mun ítarlegri en ákvæði gildandi laga og frv. að sama skapi efnismeira en gildandi lög. Má í því efni nefna ítarlegri reglur um málsmeðferð, um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir og um innheimtu gjaldsins.

Varðandi efni frv. vil ég að lokum leggja áherslu á að virkt eftirlit með þeim reglum sem um veiðarnar gilda eru í raun forsenda þess að okkur auðnist að nýta auðlindir sjávar af skynsemi. Í þessu sambandi má nefna þau vandamál sem ýmsar nágrannaþjóðir okkar eiga við að glíma á þessu sviði, eins og til að mynda Evrópubandalagið. Af þess hálfu hafa aflakvótar verið ákveðnir fyrir flestar mikilvægustu fisktegundir en vegna þess að allt eftirlit með veiðunum er í molum hefur afli farið úr böndum. Er nú svo komið að fiskifræðingar Alþjóðahafrannsóknaráðsins telja að það hafi ekki tilgang til að gera tillögur um ákveðinn hámarksafla einstakra fisktegunda þar sem eftirlit með veiðum sé ekkert og skýrslur um landaðan afla í engu samræmi við raunverulegan afla. Meginþáttur í öllu eftirliti með fiskveiðum hér við land lýtur því fyrst og fremst að því að fylgjast með og að reglur um aflaheimildir skipa séu virtar. Í því skyni hefur verið kostað miklu til, bæði með starfi veiðieftirlitsmanna og nýrri skipan varðandi vigtun afla í höfnum. Allt stendur þetta þó og fellur með því að unnt sé að bregðast við með skilvirkum hætti ef leikreglur eru ekki virtar.

Herra forseti. Ég kem þá næst að frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Eins og áður er getið hefur eftirlit með framleiðslu og vottun um heilbrigði sjávarafurða breyst mjög á undanförnum árum. Í flestum löndum er þess nú krafist að fyrirtæki sem framleiða sjávarafurðir hafi til þess sérstök leyfi yfirvalda og þurfa þau að uppfylla lágmarkskröfur um gæði afurða, búnað, hreinlæti, hollustuhætti, merkingar, vigtun og fleira samkvæmt reglugerðum eða fyrirmælum. Opinberir aðilar og kaupendur hafa gert sífellt meiri kröfur til matvælaframleiðslu. Yfirvöld í mörgum löndum hafa í auknum mæli beint sjónum að innra eftirliti fyrirtækjanna og reynt að færa sér það í nyt í þágu opinbers eftirlits. Reynslan hefur sýnt að þrátt fyrir opinbert eftirlit, oft með miklum tilkostnaði, hefur ekki tekist að framfylgja ákvæðum laga og reglna. Athugasemdir yfirvalda við framleiðslu hafa einungis tímabundin áhrif og fljótt sækir aftur í sama horf. Vænlegra til árangurs þykir samspil innra eftirlits fyrirtækja og opinbert eftirlit. Styðjist opinbert eftirlit við eftirlit fyrirtækjanna er byggt á sterkum grunni því fylgjast má með framleiðsluferli af skráðum gögnum milli heimsókna í fyrirtæki. Eftirlitið í heild eykst, það verður markvissara og komið er í veg fyrir tví-

verknað. Yfirvöld í helstu markaðslöndum okkar, þ.e. ríkjum Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna, krefjast eftirlits með fiskiskipum, með aðstöðu og framkvæmd við löndun, uppboðs, dreifingar, auk eftirlits með fyrirtækjum til að tryggja að framleiðendur standi við skilmála fyrir leyfisveitingu, svo sem um persónulegt hreinlæti starfsfólks og þrif, að hreinlæti við vinnslu sé fullnægjandi og að innra eftirlit fyrirtækis sé framkvæmt á fullnægjandi hátt.

Eftirlitið nær einnig til skoðunar afurða á markaði til að tryggja að þær séu merktar í samræmi við reglur og hafi verið fluttar og séu geymdar í samræmi við gildandi heilbrigðisreglur. Allar þessar kröfur eru miðaðar við að hagsmunir neytenda séu tryggðir.

Í viðskiptasamningum er í æ ríkari mæli gerð krafa um að seljandi sýni með skjalfestum gögnum hvernig gæði eru tryggð. Oft gera erlendir kaupendur strangari kröfur en tíðkast í markaðslandi. Fyrirtækjum og framleiðendum er að sjálfsögðu heimilt að setja sjálfum sér strangari vinnureglur en það losar þau ekki undan opinberu eftirliti sem haldið er uppi til að tryggja neytendum heilnæma og óskemmda vöru. Yfirvöld í mörgum löndum krefjast heilbrigðisvottorða til tryggingar því að fiskafurðir sem fluttar eru inn uppfylli tilgreindar lágmarkskröfur varðandi heilnæmi og fleira, eins og að framan hefur verið rakið. Þau taka yfirleitt aðeins gild vottorð þar að lútandi frá opinberum eftirlitsstofnunum eða láta starfsmenn sína taka sýni af afurðum til rannsókna til að ganga úr skugga um að þær séu heilnæmar áður en tollafgreiðsla fer fram.

Víða erlendis hefur þróunin gengið í þá átt, t.d. hjá Evrópubandalaginu og í Bandaríkjunum, að í stað vottorða með afurðum er þess nú krafist að hvert fyrirtæki sem hyggst framleiða sjávarafurðir fyrir markaði í þessum ríkjum hafi opinbert númerað vinnsluleyfi sem prenta skal á allar umbúðir. Númerið er staðfesting opinbers eftirlits á því að fyrirtækið uppfylli allar kröfur, þar með talið eigið innra eftirlit. Opinberum eftirlitsstofnunum er ætlað að fylgjast með því að fyrirtækin standi við þá skilmála sem leyfisveitingin er háð. Uppfylli framleiðandi þessar kröfur fær hann sérstakt útflutningsnúmer hjá Fiskistofu til ríkja Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna. Bandarísk yfirvöld hyggjast leyfa þessum fyrirtækjum að setja sérstakt merki sem nota má í auglýsingaskyni á umbúðir þessu til staðfestingar. Útflutningsvottorð munu því í framtíðinni að mestu verða ónauðsynleg vegna útflutnings á þessa markaði. Hins vegar mun útflutningsvottorða verða krafist til landa í Afríku, Asíu og einhverra annarra landa. Fiskistofa mun gefa út slík opinber vottorð en verður heimilt að veita viðurkenndri skoðunarstofu, að uppfylltum sérstökum skilyrðum, heimild til útgáfu slíkra vottorða. Þessi heimild yrði í samræmi við fyrirkomulag sem haft hefur verið við útflutning frá árinu 1985. Eftirlitsdeildir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Íslenskra sjávarafurða hf., Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda og Sölusamtaka lagmetis, hafa þessa heimild í dag. Óvíst er með hvaða skilyrðum þessi heimild verður veitt í framtíðinni. Mun það væntanlega byggjast á samningum við Evrópubandalagið og bandarísk yfirvöld og áliti þeirra á gildandi fyrirkomulagi.

Við samningu þessa frv. hefur verið tekið mið af framangreinum sjónarmiðum og kröfum yfirvalda í helstu markaðslöndum okkar fyrir sjávarafurðir til þess að auðvelda þeim aðgang að mörkuðum.

Í II. kafla frv. eru settar fram opinberar lágmarkskröfur til sjávarafurða varðandi heilnæmi, geymslu, flutninga, aukefni og merkingar. Í mörgum tilvikum er gert ráð fyrir að sjútvrh. setji nánari ákvæði um einstakar greinar með reglugerð. Þess skal getið að fram til þessa hafa kröfur til sjávarafurða almennt ekki verið lögfestar heldur settar fram í reglugerðinni.

Í fyrsta lagi verða sjávarafurðir að vera heilnæmar og ómengaðar, þ.e. að ekki sé að finna í þeim efni eða gerla sem valdið geta heilsu neytenda tjóni. Í öðru lagi verða sjávarafurðir á hverjum tíma að uppfylla skilgreindar kröfur sem settar verði með reglugerðinni. Er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú að í samráði við þá sem í atvinnugreininni starfa verði settar fram lágmarkskröfur um hreinlæti, búnað og hráefni.

Nauðsynlegt þykir að hafa þennan hátt á af því að kröfur um hráefni og afurðir eru breytingum háðar og geta verið mismunandi eftir mörkuðum. Þessar kröfur geta t.d. varðað ferskleika, hámark leyfilegra niðurbrotsefna og mengunarefna, hámarksfjölda gerla og hámark eiturefna af völdum þörunga. Samstarfshópar með aðild atvinnurekenda í sjávarútvegi, sjútvrn. og Ríkismats sjávarafurða vinna nú að greiningu á kröfum til hverrar vinnslugreinar, þar á meðal um fyrirkomulag innra eftirlits. Nánari reglur um framkvæmd þessara atriða verða settar á grundvelli tillagna frá þessum starfshópum.

Í III. kafla frv. er fjallað um leyfisveitingar og eftirlit með framleiðslu sjávarafurða. Mismunandi leyfi hafa verið veitt til vinnslustöðva, lagmetisiðja, skipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, skipa sem vinna afla um borð og uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla. Til einföldunar er gert ráð fyrir að Fiskistofa veiti aðeins eina tegund leyfa, þ.e. vinnsluleyfi, til þessara aðila. Skilyrði fyrir vinnsluleyfi eru ferns konar:

Í fyrsta lagi þarf að uppfylla kröfur um hreinlæti til að fullvíst sé að meðferð, vinna eða pökkun sjávarafurða hafi farið fram við þær hreinlætisaðstæður sem hæfa við meðferð matvæla.

Í öðru lagi þarf allur aðbúnaður að vera ákjósanlegur fyrir matvælavinnslu þannig að ekki sé hætta á að hann spilli afurðunum.

Í þriðja lagi þurfa öll skip og fyrirtæki sem undir greinina falla að koma á fót skipulögðu eftirliti með meðferð afla, vinnslu hans og geymslu. Er hér átt við eigið innra eftirlit eða gæðakerfi.

Í fjórða lagi þurfa þeir aðilar sem getið er í greininni að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu.

Auk þess verði fiskgeymslum, sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki, fiskimjölsverksmiðjum, framleiðendum dýrafóðurs úr sjávarafurðum, skylt að hafa vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum.

Í 13. gr. frv. er að finna það nýmæli að lögð verði sú skylda á herðar forstöðumanna fyrirtækja að þeir sjái um að sett verði á fót innra eftirlit með framleiðslu eða að unnið sé eftir gæðakerfi. Krafa um innra eftirlit í fyrirtækjum ýtir undir að þar sé kerfisbundið tekið á gæðamálum og þeim gert mun hærra undir höfði en verið hefur. Aukin þekking á áhættuþáttum í framleiðslu minnkar áhættu á göllum og þeir uppgötvast mun fyrr sem hefur í för með sér lægri framleiðslukostnað. Gæðavitund eykst hjá starfsfólki og mun auðveldara verður að halda framleiðslunni stöðugri sem aftur skilar sér fljótt í auknu trausti hjá viðskiptavinum.

Með innra eftirliti fyrirtækja með framleiðslu er í stuttu máli átt við að framleiðandinn annist skoðanir, prófanir og athuganir á öllum þáttum framleiðslunnar og meðferð og geymslu afurðanna og beri niðurstöður saman við skilgreindar kröfur. Með því að skylda framleiðendur til að koma á fót eigin eftirliti með framleiðslu er verið að auka ábyrgð þeirra. Þetta er í samræmi við þær aðferðir sem teknar hafa verið upp í framleiðslu iðnaðarvara víða um heim en þar hefur beiting gæðakerfa í þessu skyni gefið góða raun. Gæði framleiðslunnar hafa aukist og dregið hefur úr kostnaði og þörf fyrir beint opinbert eftirlit. Komi framleiðendur gæðakerfum á hjá sér sem byggja á þeim atriðum sem fram koma í frv., þar með talið lýsingu á vinnureglum og skiptingu ábyrgðar, mun það leiða til þess að eftirlit opinberra aðila getur minnkað verulega án þess að hætta sé á að öryggi eftirlitsins minnki.

Evrópubandalagið og yfirvöld í Bandaríkjunum gera skilyrðislaust kröfu um eigið eftirlit eða einhvers konar gæðakerfi í fyrirtækjum, ef þau eiga að fá leyfi til að nota útflutningsnúmer sem tryggi þeim aðgang að mörkuðum þessara þjóða án skoðunar. Þessir aðilar telja að sé þessi aðferð notuð við eftirlit undir yfirumsjón opinberra aðila, sé það nægjanleg trygging fyrir heilnæmi og gæðum afurðanna.

Að athuguðu máli virðist opinbert eftirlit sem byggir á eigin eftirliti fyrirtækjanna tryggja betur en hefðbundið fyrirkomulag að matvæli, og þar með taldar fiskafurðir, uppfylli ákvæði laga og reglugerða um kröfur kaupenda. Hvort sem eigið eftirlit er skyldubundið eða frjálst er afar þýðingarmikið að fyrirtækin sjái sér hag í að taka það upp. Það má gera með því að veita viðurkenningu sem hefði viðskiptalega þýðingu, t.d. í formi merkis og afturkalla viðurkenninguna uppfylli fyrirtækið ekki kröfur.

Fyrirtækjum sem komið hafa á eigin eftirliti hefur með fyrirbyggjandi aðgerðum tekist að auka gæði, lækka gallatíðni og þar með kostnað við framleiðslu allverulega og bregðast skjótar við þörfum viðskiptavinarins. Mikilvægt er að hvert fyrirtæki sníði sér eigið innra eftirlit með tilliti til stærðar, eðlis framleiðslu og annarra aðstæðna. Þetta á m.a. við um skilgreiningar um greiningu á hættustöðum, hvað skuli skoðast, hver séu leyfileg frávik og til hverra aðgerða skuli grípa. Á þann hátt má tryggja að í fyrirtækinu sé nauðsynleg þekking á því hvaða hlekkir í framleiðslunni séu viðkvæmastir, hvar hættan á því að eitthvað fari úrskeiðis sé mest og vitneskja fyrir hendi um það til hvaða ráða þurfi að grípa. Telji opinberir eftirlitsaðilar hins vegar að eigið eftirlit í fyrirtæki tryggi ekki nægjanlegt öryggi eða að nauðsynleg aðlögun að breyttum vinnubrögðum hafi ekki farið fram, skulu yfirvöld og forsvarsmenn fyrirtækisins yfirfara fyrirkomulag og framkvæmd þess. Á hinn bóginn má reikna með að í viðskiptum séu settar fram meiri kröfur um öryggi í framleiðslu og til þeirra prófunaraðferða sem notaðar eru en innra eftirlit fyrirtækis gerir ráð fyrir. Frammi fyrir slíkum kröfum er sennilegt að fyrirtækið sæi sér hag í að koma á gæðakerfi í samræmi við alþjóðlega staðla og hugsanlega að fá slík gæðakerfi vottuð af óháðum aðilum. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Sölusamtök lagmetis hafa rekið eftirlitsdeildir sem hafa fylgst með framleiðslu félagsmanna þeirra og að afurðirnar fullnægðu jafnt opinberum kröfum og kröfum erlendra viðskiptaaðila. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel enda þótt óljós skipting á hlutverki opinbers eftirlits og eftirlitsdeilda sölusamtakanna hafi skapað nokkra togstreitu.

Í ljósi þeirra breytinga sem frv. þetta mun hafa í för með sér er mikið verk fyrir höndum að kanna hreinlætisaðstæður og búnað fyrirtækja auk reglubundinna sýnataka og endurmats á gæðakerfum. Þetta eftirlit yrði afar kostnaðarsamt og líklega ofviða Ríkismati sjávarafurða eins og það er nú búið tækjum og mannafla. Þá er ljóst að beinu opinberu eftirliti með hverjum framleiðanda fylgir ávallt ráðgjöf og aðstoð við að koma í lag því sem ábótavant er. Hér er því farin sú leið að aðskilja opinbert eftirlit frá framleiðslueftirliti og ráðgjöf. Fyrirtækjum er því skylt að koma á fót innra eftirliti eða gæðakerfi til að tryggja nauðsynlegt eftirlit með framleiðslu og gera samning við skoðunarstofur til að fylgjast með og votta virkni kerfisins þannig að það sé í samræmi við þá lýsingu sem er fyrir hendi. Skoðunarstofur verða þannig hluti af framleiðslueftirliti fyrirtækjanna og eiga að vera trygging opinberra yfirvalda fyrir því að það sé virkt. Skoðunarstofur munu að hluta til hafa eftirlit með því að opinberum kröfum sé fullnægt jafnframt því að fylgjast með að farið sé eftir sérkröfum kaupenda. Með þessum breytingum er því verið að færa hluta af þeim verkefnum sem hafa verið hjá Ríkismati sjávarafurða til skoðunarstofa sem þurfa starfsleyfi Fiskistofu. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa verða m.a. að skoðunarstofurnar geti framvísað nákvæmri lýsingu á starfsemi sinni skipulagi, stjórnun, hlutleysi, dreifingu ábyrgðar og upplýsingum um þekkingu og reynslu starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa fylgist með starfsemi skoðunarstofanna og geri reglulegar athuganir hjá einstökum framleiðendum til að ganga úr skugga um að farið sé að settum reglum.

Þá mun ég loks, frú forseti, víkja að frv. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Í tengslum við framangreinda endurskipulagningu á stjórnsýslu sjávarútvegsins hefur markmið stjórnvalda með eftirliti á framleiðslu sjávarafurða verið endurmetið. Við þá vinnu var m.a. fylgt þeirri stefnu ríkis-

stjórnarinnar að þau störf sem eðlilegt megi telja að einkaaðilar sinni verði færð frá ríki til þeirra. Til að nálgast þessi markmið og uppfylla um leið nýjar kröfur helstu viðskiptaaðila Íslendinga á sjávarútvegssviði er gert ráð fyrir að breyta verulega núverandi starfsemi Ríkismatsins. Í frv. til laga um Fiskistofu er lagt til að opinber verkefni sem hafa verið hjá Ríkismati sjávarafurða verði færð til Fiskistofu. Meðal verkefna Fiskistofu á þessu sviði mun, eins og að framan er rakið, verða veiting starfsleyfa til skoðunarstofa að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Daglegt eftirlit með gæðakerfum framleiðenda verði í höndum skoðunarstofa og önnur þau verkefni sem teljast eðlilegur þáttur í rekstri þeirra.

Í áðurnefndu frv. um meðferð sjávarafla og eftirlit með framleiðslu þeirra er eins og áður er vikið að lögð sú skylda á öll sjávarútvegsfyrirtæki og skip að þau lúti eftirliti skoðunarstofu sem fylgist reglubundið með innra eftirliti, hreinlæti og búnaði þeirra. Gert er ráð fyrir að eftirlitsdeildir sölusamtakanna muni sækja um að starfa sem skoðunarstofur, enda uppfylli þær skilyrði sem Fiskistofan setur. Til að tryggja að allir framleiðendur, einnig þeir sem standa utan sölusamtaka, hafi aðgang að skoðunarstofu þykir rétt að ríkið hafi forgöngu um að stofna hlutafélag um slíka starfsemi.

Með frv. er lagt til að Ríkismat sjávarafurða verði endurskipulagt og stofnað verði hlutafélag um rekstur skoðunarstofu. Félaginu verði hins vegar ekki veittur neins konar einkaréttur og er gert ráð fyrir að öll fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði geti fengið leyfi til að reka skoðunarstofu. Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru einnig ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Hlutafélagsformið er því sérstaklega hentugt félagsform þegar ríkið á samstarf við aðra aðila um atvinnurekstur.

Flest fyrirtæki á Íslandi starfa innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar. Verði frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra að lögum má búast við að skoðunarstofur sem settar verða á fót yrðu reknar í formi hlutafélaga. Því er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur skoðunarstofu sem taki við hluta af rekstri Ríkismats sjávarafurða. Gert er ráð fyrir að nafnverð hlutafjár verði 25 millj. kr. við stofnun hlutafélagsins og að ríkissjóði verði heimilað að leggja það til. Í því skyni er lagt til að heimilað verði að leggja hlutafélaginu til eignir þ.e. lausafé Ríkismatsins allt eða að hluta. Nauðsynlegt er að mat fari fram á lausafé, þar með töldum bifreiðum. Þær eignir yrðu metnar sem greiðsla við uppgjör á hlutafjárloforði ríkisins. Lagt er til að ríkissjóður verði í upphafi einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Við söluna skal stefnt að dreifðri hlutafjáreign. Við söluna verði jafnframt horft sérstaklega til þeirra starfsmanna Ríkismats sjávarafurða sem verða í starfi við stofnun félagsins og á fyrsta starfsári þess heimilt að gefa þeim kost á að kaupa ákveðið hlutfall af hlutafé á sérstökum kjörum. Kjörin geta verið í formi afsláttar frá nafnverði og með gjaldfresti til ákveðins tíma gegn venjulegum vaxtakjörum og tryggingum sem tíðkast í slíkum viðskiptum og skilyrðum um eignarhaldstíma þeirra hlutabréfa sem fengjust með þessum sérstöku kjörum.

Ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu yrði í höndum hluthafa. Þar sem starfsemi Ríkismats sjávarafurða hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins er gert ráð fyrir að það ráðuneyti fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Með ákvæðum í frv. er lögð sérstök áhersla á að fá starfsmenn Ríkismats sjávarafurða til þátttöku í hlutafélaginu.

Þótt hér sé að sumu leyti um nýja starfsemi að ræða hafa starfsmenn Ríkismatsins að hluta til starfað að sambærilegum verkefnum. Takist vel til um myndun og mönnun félagsins ætti það að hafa nokkurt forskot á hinum nýja markaði.

Hjá Ríkismati sjávarafurða starfa nú 28 manns. Sé staða hjá ríkinu lögð niður skal starfsmaður fá greidd föst laun skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 eftir lengd þjónustualdurs í 6–12 mánuði frá því hann lét af starfi enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Athugun bendir til að 20 af starfsmönnum stofnunarinnar eigi 6 mánaða biðlaunarétt og 8 eigi 12 mánaða biðlaun. Gera má ráð fyrir að hluti starfsmanna Ríkismatsins muni starfa hjá Fiskistofu og eigi þar með ekki rétt á biðlaunum. Í frv. eru engin ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn Ríkismats sem kunna að koma til starfa hjá nýja félaginu missi biðlaun sem þeir eiga rétt á við það að störf þeirra eru lögð niður hjá stofnuninni.

Frú forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni þessara fjögurra frv. og hvernig þau tengjast saman. Það er mikils um vert að starfsemi geti hafist samkvæmt hinu nýja skipulagi við upphaf næsta fiskveiðiárs sem byrjar 1. sept. nk. Fyrir þá sök skiptir miklu máli að Alþingi geti afgreitt og samþykkt frv. á þessu þingi. Ég vænti þess að hv. sjútvn. taki málin til rækilegrar skoðunar og eins skjótrar afgreiðslu og kostur er.

Ég legg svo til að að lokinni umræðunni verði frumvörpunum vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þau mál sem nú er verið að flytja séu búin að vera í nokkurn tíma í vinnslu í sjútvrn. og að hugmyndin hafi verið orðin til í tíð fyrri ríkisstjórnar og frumvinnan að breytingunum þegar verið hafin. Ég get tekið undir þau meginmarkmið sem hér koma fram. Í fyrsta lagi held ég að eðlilegt og æskilegt sé að tvö stjórnsýslustig fjalli um útfærslu fiskveiðistefnunnar þannig að sami aðili hafi ekki vald til að setja reglugerðirnar og annast framkvæmdina. Þetta hefur verið nokkuð lengi til umræðu

og ég tel þessa breytingu verulega til bóta.

Ég ætla að nefna annan þátt í þessu sambandi og það er gæðaeftirlitið. Þarna sýnist mér löggjafinn í raun og veru fylgja eftir þeirri þróun sem hefur verið varðandi gæðaeftirlit í allri framleiðslu, sérstaklega þó matvælaframleiðslu og að ekkert kemur í stað innra eftirlits fyrirtækjanna. Enginn aðili getur tryggt gæðin betur en sá sem vinnur við þetta á hverjum stað. Það er svo annað mál að nauðsynlegt er að ríkisvaldið hafi þar nokkuð eftirlit og að mínu mati verða allar rannsóknir, mælingar á efnainnihaldi og annað slíkt að vera í höndum ríkisins. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem teljum okkur flytja út hágæðavöru en það er bara ekkert mark tekið á slíku nema sá stimpill sé látinn fylgja að það sé kannað og mælt. Ég ítreka að endanlegur árangur og endanleg gæði ráðast af innra eftirliti fyrirtækjanna og að ekkert getur komið í staðinn fyrir það.

Varðandi hugmyndir um að stofna hlutafélag úr Ríkismati sjávarafurða tek ég það skýrt fram að ég hef út af fyrir sig ekkert á móti hlutafélögum. Það er þjált og æskilegt rekstrarform á mjög mörgum sviðum. Og það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að það er eina nothæfa formið sem við höfum í samstarfi ríkisins og annarra aðila. Hins vegar vil ég fara nokkrum varnarorðum um framkvæmd slíkrar breytingar. Fyrst nefni ég víti sem við höfum til varnaðar og er Bifreiðaskoðun Íslands. Þar hefur að mínu mati ekki tekist vel til í samstarfi ríkis og einkaaðila um rekstur hlutafélags um ákveðna þjónustu. Það segir mér að menn þurfi að vanda mjög til verka strax í upphafi og setja sér skýr markmið sem þyrftu helst að liggja fyrir meðan þingið er enn að fjalla um málið.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra um biðlaun. Af því sem komið hefur fram á síðustu vikum, m.a. í umfjöllun þingnefnda um breytingu á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, sýnist mér þó nokkuð starf óunnið þar varðandi biðlaunin. Þeir sem ganga lengst telja að verndað sé í Stjórnarskránni að menn haldi biðlaunaréttindum nánast hvernig sem að breytingunni er staðið. Ég get ekki tekið undir þau sjónarmið, a.m.k. ekki í þeim tilfellum þar sem viðkomandi heldur sínu starfi hjá nýju fyrirtæki.

Fjórði þátturinn sem ég ætla að ræða varðandi framlagningu þessara frumvarpa ræðst nokkuð af ákvæðum í hinni hvítu bók sem hæstv. núv. ríkisstjórn gaf út eftir að hún komst til valda. Þar eru ýmis markmið ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili sett fram.

Ég minni á að í hinni hvítu bók eru fyrirheit um flutning ríkisstofnana út á land. Ég hef alla tíð gert mér grein fyrir því að slíkt er erfitt og flókið og langt frá því að vera einfalt í framkvæmd. Ég hef hins vegar alltaf haldið því fram að þægilegast væri að eiga við slíkt þegar um nýjar stofnanir væri að ræða. Nú veit ég að hér er ekki nema að hluta til um nýja stofnun að ræða, þ.e. verið er að steypa saman þáttum sem hafa verið í höndum margra aðila. Hins vegar held ég að þetta tilefni, stofnun Fiskistofunnar, ætti að nota til að setja fram markmið um staðsetningu Fiskistofunnar utan höfuðborgarsvæðisins og því markmiði væri hægt að ná á einhverju árabili. Ég tel það á margan hátt vel við hæfi, ekki síst þar sem hér er verið að sýsla með sjávarútveginn og fiskvinnsluna sem er uppistaðan í atvinnulífinu mjög víða í hinum dreifðu byggðum.

Í þessu sambandi nefni ég að nú í vikunni samþykkti bæjarráð Akureyrar áskorun til allra hlutaðeigandi aðila þess eðlis að Fiskistofan yrði á Akureyri og þá í tengslum við sjávarútveginn, rannsóknir og kennslu, og gæti verið stoð fyrir þá starfsemi. Ég geri mér að vísu fulla grein fyrir því að um er að ræða starfsemi sem er ekki nema að hluta til skyld en mundi engu að síður verða mikil stoð og að mínu mati getað samnýtt starfskrafta að hluta. Háskólanum á Akureyri, sjávarútvegsbrautinni, væri mikill styrkur að slíku.

Nú skyldi maður ætla að þetta mál væri auðunnið með tilvísun til hvítu bókarinnar og að sami flokkur fer með forustu í ríkisstjórn og bæjarstjórn á Akureyri. Samskiptaleiðir við að hrinda þessu áhugamáli bæjarstjórnar Akureyrar í framkvæmd ættu því að vera greiðar. Það er einu sinni svo að mjög mikill þungi er orðinn í þessari umræðu á landsbyggðinni. Þar láta menn sér ekki nægja lengur fögur orð og fyrirheit. Ég vil taka skýrt fram að ég er ekkert sérstaklega að gagnrýna núverandi stjórnvöld sem hafa setið að völdum í nokkra mánuði. Þetta á ekkert síður við þá sem hafa verið við stjórnvölinn á undanförnum áratugum en það er orðinn mikill þungi í umræðunni og menn krefjast aðgerða í framhaldi af fögrum orðum.

Ég minni til viðbótar m.a. á tillögu Árna R. Árnasonar, 5. þm. Reykn., um möguleika á því að Landhelgisgæslan flytjist til Keflavíkur. Ég hef bent á það í þessu sambandi að ég teldi að næsta æskilega skref varðandi Hafrannsóknatofnun væri að í það minnsta rekstur annars hafrannsóknaskipsins væri fluttur norður á Akureyri þannig að það eru ýmsir möguleikar fyrir hendi. Hér á kannski við frekar en nokkru sinni fyrr að vilji er allt sem þarf.

Það var m.a. af þessum orsökum, til þess að sýna í það minnsta minn vilja í verki, að ég væri tilbúinn til að veita núv. hæstv. ríkisstjórn allt mitt lið í þessum málum, að við tveir þingmenn lögðum á Alþingi í gær fram lagafrv. sem kveður á um flutning ríkisstofnana. Ég hafði gert mér vonir um að flutningsmenn frá öllum flokkum fengjust með á frv. en það tókst ekki þrátt fyrir vissan vilja einstakra þingmanna að fá leyfi stjórnarflokkanna til þess að meðflutningsmenn frv. væru úr röðum þeirra. En þrátt fyrir það, og þó að það tengist ekki þessu máli nema óbeint og sé ekki til umræðu nú, þá geri ég mér vonir um að það frv. fái þinglega meðferð í vetur og í það minnsta allra þeirra þingmanna sem hafa lýst svipuðum skoðunum í máli sínu og hvað þá þeirra sem hafa gert það með tillöguflutningi á Alþingi.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur kynnt merkileg mál. Við höfum því miður ekki haft tíma til þess að kynna okkur þau sem skyldi. Út af fyrir sig tel ég ekkert athugavert við að ræða þau saman í upphafi

og að þau fari til sjútvn. í framhaldsvinnslu. Hins vegar vil ég gera strax fullan fyrirvara um að þau geti öll átt framgang á þessu þingi. Ég tel raunar að það sé nánast útilokað nema, eins og hæstv. sjútvrh. virðist gera, að menn gefi sér fyrir fram að ekki verði breytingar á fiskveiðistefnunni sem nú er í gildi. Hæstv. sjútvrh. leggur áherslu á það að þessi mál verði komin í gegn þannig að Fiskistofa taki til starfa 1. sept. og það sé mikilsvert. En öll eru þessi mál tengd saman og öll virðast þau byggja á því eða þeirri afstöðu hæstv. sjútvrh. að ekki verði breytingar á fiskveiðistefnunni. Ég hef þá spurningu fram að færa til ráðherrans hvort hann telji ekki að meiri hluti sjútvn. muni vísa einhverju af þessum frv. til umsagnar svokallaðrar tveggja formanna nefndar sem er að vinna að stefnumótun í sjávarútvegi fyrir ríkisstjórnina og hvort hann trúi því að sú nefnd geti veitt umsögn um þessi mál með þeim hætti nú strax þannig að hægt sé að afgreiða þau fyrir þinglok, að hægt sé að afgreiða þau. Eftir því sem sú ágæta nefnd hefur sagt við sjávarútvegsnefndarmenn þá er hún ekki tilbúin með neinar tillögur og verður það í fyrsta lagi í haust og það yrði hugsanlega jafnvel bara áfangaskýrsla sem hún mundi skila þá. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því að hugsanlega geti orðið verulegar breytingar á þeim lögum sem yrðu hugsanlega úr þessum frv. sem lögð hafa verið fram.

Nú má ekki taka þetta þannig að ég sé út af fyrir sig neikvæður eða á móti öllu því sem kemur fram í þessum frumvörpum. Það er af og frá. Sumt er til mikilla bóta að mínu viti og ég mun koma að því nokkuð hér á eftir.

Mér fannst eiginlega dálítið táknrænt fyrir það hvernig mál hafa skipast að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem tók fyrstur til máls eftir að sjútvrh. talaði, virtist hafa langmestan áhuga á því og velta því langmest fyrir sér hvar svonefnd Fiskistofa yrði sett niður. Hann virtist vera nokkurn veginn sammála öllu því sem kemur fram í þessum frumvörpum og taldi reyndar að hans samflokksmaður fyrrv. sjútvrh. hefði átt upptökin að öllu saman. Það kann vel að vera og ekki ætla ég að þræta neitt fyrir það, ég þekki ekki málið nógu vel. Aftur á móti get ég tekið undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að mér hefur fundist að hæstv. sjútvrh. talaði pínulítið eins og fyrrv. sjútvrh. ágætur og ekki bara í þessu máli heldur í mörgum öðrum sem tengjast sjávarútvegsstjórninni. Mér er ekkert fagnaðarefni að þannig skuli vera. En ég verð að segja það alveg eins og er að það eru mér mikil vonbrigði að hæstv. sjútvrh. skuli leggja í það að koma inn með þessi frumvörp með þessum hætti nánast sem yfirlýsingu um það að hann stefni að óbreyttu kerfi og menn skuli ekki einu sinni bíða með að slá því föstu þangað til menn hafi rætt málin og komið með þau hingað til Alþingis til skoðunar.

Ég ætla að gera fáeinar athugasemdir við þessi frv. en við munum fjalla um þau í sjútvn. og þar munu auðvitað koma fram fleiri athugasemdir. Ég vil þó hér við 1. umr. benda á það að samkvæmt umsögn fjmrn. virðast menn þar á bæ ekki velkjast í vafa um það að þarna sé á ferðinni veruleg breyting á stjórn þessara mála. Í fskj. III með frv. til laga um Fiskistofu segir, með leyfi forseta:

„Með frv. þessu er ætlað að gera víðtækar breytingar á stjórn og eftirliti fiskveiða. Þetta er liður í gagngerri endurskoðun á stjórnsýslu sjávarútvegs sem verður fylgt eftir með öðrum frv. sem lögð verða fram á þessu þingi."

Það var nákvæmlega þetta sem ég taldi að ætti að vera í endurskoðun úti í bæ og ætti að vera til umfjöllunar í sjútvn. a.m.k. þar til tæki að hausta. Ég vil samt sérstaklega að það frumvarp komi til umræðu og ég segi það hér og nú að ég hefði verið tilbúinn að leggja töluvert á mig til þess að menn gætu fundið leið til þess að koma til framkvæmda frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Það er mjög tímabært mál og hefði í sjálfu sér ekki þurft að tengja breytingunni yfir í Fiskistofu nema bara vegna þess að hæstv. sjútvrh. vill það við hafa. Hann hefði eins getað komið með það til umræðu í þinginu án þess því að við höfðum í haust flutt till. til þál. um sölumeðferð á ferskum fiski og gæðamál þar sem eindregið var lagt til að farið yrði í þessa vinnu. Mér var sagt við umræðu um það mál, og það er sjálfsagt alveg rétt, að þessi vinna væri hafin og að von væri á þessu frv. Ég fagna því út af fyrir sig en harma að það skuli vera hengt saman við aðra þætti sem munu óhjákvæmilega tengjast endurskoðun fiskveiðistefnunnar.

Þá kem ég að frv. til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Það er auðvitað líka tengt þessari Fiskistofu og hlýtur það að verða hluti af henni ef hún verður til í framtíðinni. Ég hef engar sérstakar athugasemdir við þær breytingar sem koma þarna fram og hefði talið að þetta frv. hefði líka getað komið til umræðu án þess að vera endilega tengd Fiskistofunni í upphafi og að menn hefðu getað gefið sér tíma til þess að skoða þessi tvö frumvörp saman, þ.e. frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og frv. um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla — og án þess að tengja það Fiskistofunni þar sem í því er fólgin sú pólitík sem ég var að ræða hér áðan.

Fjórða frv. er frv. til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða. Þar verð ég að gera fleiri athugasemdir en við hin tvö. Ég vil hafa allan fyrirvara um þá hugmynd að stofna hlutafélag um Ríkismat sjávarafurða og sérstaklega við þá hugmynd að heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu sem mér finnst út af fyrir sig fráleit hugmynd og ætti a.m.k. ekki að koma til umræðu fyrr en einhvern tíma síðar þegar menn sæju fram á að hægt yrði að koma á einhvers konar samkeppni í þessari grein sem þarna er talað um að skapa. Það virðist vera orðinn svo mikill áhugi á því að stofna hlutafélög í öllum mögulegum og ómögulegum tilvikum að maður veit svo sem ekkert á hverju maður á von. Ætli næst komi ekki bara frv. um að stofna hlutafélag um Hæstarétt, þjóðkirkjuna eða Seðlabankann? Ég verð að segja það eins og er að mér finnst þetta ekki eðlilegt. Mér finnst að það hefði átt að koma þessari stofnun á legg, átta sig á því hvernig hún mundi starfa í framtíðinni áður en menn gæfu sér það að þetta yrði hlutafélag sem yrði látið starfa og að öðr-

um yrði síðan gefinn kostur á því að koma inn í greinina. Ég ætla að vona að þarna verði ekki á ferðinni nýtt Bifreiðaskoðunar-Íslands-mál.

Annars er fleira í þessu máli sem ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á. T.d. er alveg makalaust og furðulegt að sjá að öðruvísi ákvæði skuli vera gagnvart starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða í þessu frv. en er í öðrum frumvörpum sem hafa verið lögð hér fram, t.d. Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðju ríkisins. Enginn vafi er á því að sumum þessara starfsmanna verða boðin sams konar störf í nýja fyrirtækinu eða a.m.k. mjög sambærileg störf og þeir hafa verið í áður. Hvernig ætla menn að forsvara það að samþykkt sé frá hendi ríkisins hér á Alþingi með því að leggja fram mismunandi frumvörp að sumir starfsmennirnir eigi skýlausan rétt á því að fá biðlaun en aðrir ekki? Mér finnst þetta fáránlegt og ég sé ástæðu til þess að mótmæla því. Ég held að menn verði að horfast í augu við að allir starfsmenn ríkisins verða að vera undir sams konar reglum og þó að það sé ekki nema hluti af starfsmönnum Ríkismatsins sem mun fara í sambærileg störf sé ekki hægt að hafa aðra reglu um þá en starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eða Síldarverksmiðju ríkisins sem það sama mundi gilda um.

Ég held satt að segja að menn eigi að gá að sér þarna og skoða þetta frv. betur og velta því fyrir sér hvort ekki er rétt að bíða með það að gefa sér fyrir fram að hlutafé verði selt í þessu fyrirtæki og það verði reynt að samræma þessi ákvæði við þau ákvæði lagafrumvarpa sem hafa komið fram. Ég er ekki þar með að segja að ég sé samþykkur þeim frv. sem hafa komið fram en ég tel að a.m.k. sé full ástæða til þess að samræmi sé í hlutunum.

Það var aldrei meiningin hjá mér að halda langa ræðu um þessi mál núna. Við komum til með að fá nóg tækifæri til þess að ræða þau hér. Ég vil bara endurtaka að ég harma að það skuli vera hugmyndin að þjófstarta í endurskoðun fiskveiðistefnunnar með þessum hætti sem hæstv. sjútvrh. er greinilega að gera. Hann er að reyna að vinna sér einhvers konar stöðu í þessu máli, enda kannski að sumu leyti eðlilegt að hann geri það. Mál hafa verið tekin af borði hans og sett inn í nefnd úti í bæ. Auðvitað vill hann bregðast við með einhverjum hætti og reyna að halda utan um sitt. Þetta er ein af hans aðferðum til þess. Við eigum eftir að sjá hvort hún tekst og verður fróðlegt að fylgjast með því.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta eru sannarlega stór og mikil mál sem hér eru komin fram og ekki óeðlilegt að skoðað sé hvernig best verði fyrir komið stjórn fiskveiða og öllu sem því tilheyrir í sambandi við allar þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum, sérstaklega síðasta áratug. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að það er nokkuð óeðlilegt að koma fram með þetta frv. án þess að það sé í tengslum við mótun fiskveiðistefnu sem e.t.v. verður breyting á við endurskoðun fiskveiðilaga þó að manni heyrist að hæstv. sjútvrh. muni að mestu leyti ætla að fylgja fram stefnu fyrirrennnara síns. Ég vil taka undir að ég tel til bóta að hér verði komið á tveimur stjórnsýslustigum í stjórnun þessara verkefna. Það leiðir aftur hugann að því hvort núv. ríkisstjórn er e.t.v. farin að hugsa um að ekki sé nægilegt að þau stjórnsýslustig sem víðast hvar eru í gildi, þ.e. ríkisstjórn og síðan sveitarfélög, séu ekki nægileg, hvort það vanti þarna stjórnsýslustig á milli sem gæti orðið til bóta. Óskandi að svo væri. Það mun kannski koma fram í tengslum við það þegar frv. um sameiningu sveitarfélaga verður rætt en þetta frv. er auðvitað alls ekki hægt að ræða að neinu marki og ég ætla ekki að eyða neinum tíma í það hér.

Sumt af því sem ég hef verið að velta fyrir mér er komið fram eins og það að ég hef mjög miklar efasemdir um það að breyta Ríkismati sjávarafurða í hlutafélag og selja þau hlutabréf. Ég tel að þar sé farið út á nokkuð hættulega braut vegna þess að hætt er við því að Ríkismatið hafi ákveðna einokun á því sviði sem því er ætlað að sinna. Dæmið um Bifreiðaskoðun Íslands er öllum í fersku minni og þarf ekki að tíunda það nánar.

Ég vil einnig spyrja um störf sem hingað til hafa verið á vegum þeirra stofnana sem á að sameina í Fiskistofu. Ýmist hafa útibú verið starfandi úti á landi eða einn maður starfandi á nokkrum stöðum um landið og m.a. hefur það gerst að einhver hefur hætt störfum vegna aldurs eða annars og ekki verið ráðið í hans stað. Þar er nærtækt dæmið um Ríkismat sjávarafurða á Ísafirði en þar var starf lagt niður eftir að maður sagði upp vegna aldurs og starf hans fært til stofnunarinnar í Reykjavík. Þess vegna koma upp efasemdir þegar sameina á svo margar stofnanir í eina. Hvaða störf leggjast af og hvar eru þau?

Einnig má spyrja hvert hlutverk Fiskifélagsins verði ef frv. verður að lögum. Fiskifélagið er frjálst félag og hluta af verkefnum þess er ætlað að fara inn í Fiskistofu. Þá má spyrja hvert hlutverk þess verði eftir það. Er sú tölvuvæðing sem hefur verið í samstarfi sjútvrn. og Hafrannsóknastofnunar við úrvinnslu á aflatölum ekki að einhverju leyti það starf sem Fiskifélagið hefur líka sinnt á undanförnum árum?

Veiðieftirlit ríkisins verður einnig sameinað. Það hefur líka haft starfsmenn úti um landið og sama spurning um það, þ.e. hvort starfsmönnum muni fækka. Áætlað er að starfsmenn Fiskistofu verði 60 á árinu 1993. Ég hef ekki séð tölur um það hversu margir starfsmenn eru hjá þessum stofnunum núna en í umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða segir, með leyfi forseta:

„Vakin skal athygli á að í frumvarpi þessu er ekkert ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn sem hverfa frá Ríkismati sjávarafurða til hins nýja hlutafélags fái ekki biðlaun."

Það er sem sagt reiknað með því að fækkun verði á starfsmönnum Ríkismatsins og þó einhverjir þeirra fari e.t.v. til hins nýja hlutafélags er það ekki ákveðið fyrir fram. Greinilegt er að talsverður kostnaður verður hjá ríkissjóði vegna þessarar fækkunar starfs-

manna og hér er sagt að ætla megi að sú fjárhæð sem starfsmenn fá í biðlaun geti numið allt að 8–12 millj. kr. og til viðbótar því þurfi ríkissjóður að greiða 16,4% ofan á laun starfsmanna árlega til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þarna mun því vera um talsverðan viðbótarkostnað ríkissjóðs að ræða vegna breytinga á Ríkismati sjávarafurða í hlutafélag. Og starfsmenn munu eftir sem áður halda áunnum réttindum sínum. Í sjálfu sér er ekkert nema gott um það að segja en ég sé bara ekki alveg tilganginn með því að leggja niður Ríkismatið og breyta því í hlutafélag. Það mun auka kostnað ríkisins og verða til þess að starfsmönnum verður sagt upp. Það getur einnig valdið því að hlutafélagið fái einokunaraðstöðu og því sé ég mjög marga galla á að breyta Ríkismati sjávarafurða í hlutafélag.

Þessar vangaveltur koma upp þegar maður flettir frv. og eftir að hafa hlustað á hæstv. sjútvrh. áðan.

Eins og ég sagði í upphafi er margt gott um frv. að segja. T.d. það að skipta upp stjórnsýslunni því óeðlilegt er að heimild til reglna og fyrirmæla sé á sama stað og daglegar framkvæmdir og eftirlit. Það hefur mjög verið gagnrýnt á undanförnum árum og ég tel þá breytingu til bóta. Hins vegar hef ég vissar efasemdir um að hér er verið að setja á fót nýja stofnun. Ég hélt að það væri ekki í sigtinu hjá hæstv. ríkisstjórn að setja á fót fleiri nýjar stofnanir. Mér hefur skilist að draga ætti úr öllum framkvæmdum og ekki ráða í störf þegar menn hætta. Þess vegna hélt ég að það ætti heldur ekki að setja á fót nýjar stofnanir sem trúlega taka til sín fjármagn af takmörkuðu fjármagni ríkissjóðs.

Þetta eru helstu hugleiðingarnar. Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði áðan og kemur heim og saman við þær hugmyndir sem ég hef verið með í sambandi við flutning ríkisstofnana út á land. Ég tel ekki raunhæft að taka stofnanir og flytja þær út á land heldur tel ég að þegar verið er að setja á fót nýjar stofnanir, sérstaklega stofnanir sem tilheyra atvinnuvegunum í landinu, eigi þær heima úti á landsbyggðinni. Þar hafa stjórnvöld tækifæri til þess að koma til móts við þær óskir sem mjög eru á lofti í þjóðfélaginu að fleiri störf í opinberri stjórnsýslu verði ekki til á Reykjavíkursvæðinu, heldur verði þeim komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins.

Annars geri ég ráð fyrir að öll þessi frv. fái mjög góða umfjöllun í sjútvn. Ég mun sitja þar sem áheyrnarfulltrúi næstu vikur í fjarveru hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson og mun þá fylgjast frekar með og koma athugasemdum á framfæri sem verða sjálfsagt fleiri.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt eins og komið hefur fram að samkomulag hefur verið gert um það að stilla máli manna mjög í hóf og reyna að verða við þeim tilmælum að ljúka umræðunni nú og koma frv. til nefndar. Vissulega er það rétt að skammt er síðan málið kom fram. Af þeim sökum m.a. hefur mönnum ekki unnist sá tími sem æskilegur væri til þess að skoða málið og velta því fyrir sér.

Hins vegar vekur það athygli mína þegar menn eru að fjalla um stjórn fiskveiða að í hinu ágæta húsi okkar munu nú vera einir sex stjórnarþingmenn. Einhvern tímann hefði verið gerð athugasemd við slíkt þegar um jafnyfirgripsmikið mál hefur verið að ræða. Við stjórnarandstæðingar látum það hins vegar ekki á okkur fá og sitjum hér. (**Gripið fram í:** Hvað eru þið margir?) Við erum a.m.k. fjórir í húsinu, síðast þegar ég vissi. Við viljum verða við því að koma málinu áleiðis.

Það hefur komið á daginn að sá rammi sem menn höfðu smíðað um stjórnun fiskveiða hefur dugað býsna vel. Hér hefur komið fram, nú síðast í orðum hæstv. sjútvrh., að fiskveiðistjórnunin sem slík er farin að skila verulegum ávinningi og er það vissulega til að gleðjast yfir. Menn voru ekki í vafa um slíkt þegar þessi lög voru sett á sínum tíma. Hins vegar var mönnum jafnframt ljóst að vissa annmarka þyrfti að sníða af og eru nú einmitt að reyna að bæta við og raða ýmsum þáttum atvinnugreinarinnar inn í þann ramma sem smíðaður var um þennan mikilvæga málaflokk.

Hins vegar er ljóst og ábyggilega farsælt fyrir framgang málsins að því verði gefinn nægur tími í meðferð þingnefnda. Ég teldi það mikið óráð ef nefndin gæfi sér ekki allan þann tíma sem hún þyrfti til þess að fara yfir málið og ég trúi því ekki að það nái fram og horfi til heilla fyrir atvinnugreinina nema að þeir verði kallaðir til sem búa og starfa í greininni fái að segja álit sitt á þessu. Ég legg áherslu á að allir verði sæmilega sáttir við þær reglur sem settar verða. Ég held að það sé stóra málið. Þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett var það gert þó svo að athugasemdir þá hafi verið margar og miklar. Engu að síður er það staðreynd að ótrúlega víðtæk samstaða náðist um það hjá þeim aðilum sem búa við það.

Vegna þess hve skamma stund málið hefur verið í þingsölum er ljóst að af þeim sökum m.a. mun það taka lengri tíma í meðferð þingnefnda og einnig í 2. umr. Fyrir sjálfan mig get ég sagt að þar sem ég á sæti í sjútvn. er ég tilbúinn að leggja vinnu af mörkum til þess að skoða og rannsaka málið af mikilli kostgæfni. Vissulega er okkur vandi á höndum þegar um svo yfirgripsmikla grein eins og sjávarútveginn er að ræða og mikilvægt að okkur takist að smíða þá löggjöf sem allra best.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að bregðast því sem um var samið og get þess vegna ekki farið yfir frv. eins og ég hefði þó annars kosið að gera hér og nú vegna þess að það yrði mjög langt mál. Engum sem um málið fjallar dylst að um gífurlega róttækar breytingar á stjórnun og eftirliti með fiskveiðum er að ræða. Það fer ekki fram hjá neinum sem les frumvörpin.

Ég get nú sagt það svona í gamni og nokkurri alvöru að ég veit alveg hvað hefði verið sagt ef Framsfl. hefði borið fram þessi fjögur frv. Það hvarflar ekki að mér að taka slíkt upp í mig hér og nú vegna þess að sjútvrh. kemur úr öðrum flokki. En ég get kannski komið með smá blaðagreinar fyrrverandi þingmanna Sjálfstfl. um þessi mál. Í þeim blaðaskrifum var ekki farið mjúkum höndum um okkur þingmenn Framsfl. Því miður er ekki tími til þess að fjalla ítarlega um þetta.

Ég tek undir það sem sagt var um Ríkismatið áðan, ég held bæði af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur. Þar er um mikið mál að ræða og það þarf að skoða af mjög mikilli kostgæfni ekki síður en hin málin. Ekki bara vegna þess að verið er að breyta Ríkismatinu í hlutafélag heldur fremur virkni stofnunarinnar, fyrst og fremst um það hvernig hún muni virka.

Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Áður en ég fer héðan vil ég þó segja að ég held að ástæða sé til þess að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir þeim mikla vanda sem við er að fást í skilgreiningu á eftirlaunaréttindum starfsmanna hinna ýmsu fyrirtækja sem lagt er til að breyta. Ég held að engir axarskaftasmiðir megi koma að þeirri smíði. Það er alvarlegt mál hvernig með þau verður farið. Þetta er í mörgum málum sem eru nú til meðferðar um réttindi þessa fólks og hreint ekki sama hvernig með þau verður farið.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, talaði um að hér væru á ferðinni gífurlega róttækar breytingar. Annars staðar í ræðu sinni sagði hann að ramminn hefði dugað vel, þ.e. ramminn um fiskveiðistjórnun. Ég get ekki setið á mér að benda á þetta. Með því sem lagt er til að verði gert eru menn auðvitað að viðurkenna að þetta hefur ekki verið í lagi. Það hefur ekki verið í lagi að mönnum sé skammtað frá sömu stofnun og dæmir þá ef þeir fara ekki eftir reglunum. Að sama stofnun setji reglurnar og dæmi menn ef þeir fara ekki eftir þeim. Með þessum frv. er auðvitað verið að bregðast við þeirri gagnrýni eins og hæstv. sjútvrh. sagði.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði líka að ótrúlega góð samstaða hefði verið um fiskveiðistefnuna. Ég verð að taka undir það með honum. Hún var það góð að það dugði til þess að koma henni í framkvæmd. Eftir á að hyggja og eftir að hafa séð hvernig allt hefur gengið er alveg óhætt að taka undir það með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að samstaðan um þessa vitleysu var ótrúlega góð.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við þurfum ekki að karpa hérna. Við erum báðir í sjútvn. og gætum hafið umræðuna þar. Sjálfsagt náum við ekki saman þar um málið því býsna mikið bil er á milli okkar í málaflokknum stjórn fiskveiða. Það sem ég á við þegar ég segi að ramminn hafi verið smíðaður, eru það fyrst og fremst um hina ýmsu stjórnunarþætti. Ramminn er fyrst og fremst um það að við náum hámarksnýtingu og hámarksarðsemi þess takmarkaða magns sem draga má úr hafinu. Það er allur galdurinn. Enginn vafi er að það sem hefur kannski farið mest úrskeiðis er að við höfum fram að þessu ekki getað haldið okkur við það aflamark sem stjórnvöld hafa ákveðið hverju sinni. Þess vegna voru gerðar svo veigamiklar breytingar á þeim ramma sem ég er að tala um þegar breytt var úr sóknarmarki í aflamark til þess að standast þau ákvæði sem ákveðin eru hverju sinni. En við þurfum ekkert að vera hissa á því þó að það taki okkur einhverja stund að smíða slíka reglugerð eða löggjöf um jafnyfirgripsmikinn þátt og sjávarútvegur á Íslandi er.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær málefnalegu umræður sem farið hafa fram um þessi viðamiklu frumvörp. Ég geri mér grein fyrir því að þingmenn eiga óhægt um vik að kynna sér efni þeirra á svo skömmum tíma sem liðinn er frá því að þau voru lögð fram, á þann veg að umræðan geti orðið fullnægjandi. Það hlýtur að bíða 2. umr. Ég met mikils að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa með þessum hætti greitt fyrir því að hin fjögur frv. komist til meðferðar í hv. sjútvn. Ég tel mjög mikilvægt að nefndin leggi verulega vinnu í yfirferð þessara frv. um leið og ég set fram þá ósk að hún nái að afgreiða þau til 2. umr. þannig að hægt verði að samþykkja þau nú á vorþinginu.

Ég ætla ekki að víkja að einstökum athugasemdum sem komið hafa fram, aðeins að geta þess að frv. standa alveg sjálfstætt burt séð frá því hvers konar fiskveiðistjórnun verður viðhöfð. Verkefni Fiskistofunnar verður eins og segir í 2. gr. að annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða. Ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. séu sammála því að hafa þarf stjórn á fiskveiðum. Einu gildir hvaða kost menn hafa í því efni, að þeim málum þarf að skipa með sérstökum hætti og tryggja að stjórnsýsluleg framkvæmd sé á þann veg að fyllsta réttaröryggis sé gætt. Hitt er svo alveg kórrétt hjá hv. 3. þm. Vesturl. að ég hef ákveðnar skoðanir á því hvernig skynsamlegast er að stjórna fiskveiðunum. Frv. stendur alveg óháð því og er þess vegna ekki á neinn hátt tengt þeirri endurskoðun sem fram fer á fiskveiðilöggjöfinni og því með öllu út í bláinn að þurfi vísa því til umsagnar þeirrar nefndar sem nú vinnur að þeirri endurskoðun.

Þegar vitnað er til umsagnar fjmrn. þar sem segir að frv. verði fylgt eftir með öðrum frv. á þessu þingi, er verið að vísa í þau frumvörp sem fylgja með fiskistofufrv. og eru óhjákvæmilegir fylgifiskar þess, sú lagaumgerð sem Fiskistofan á að starfa eftir á tilteknum sviðum. Það er ekki verið að vísa til fyrirhugaðrar endurskoðunar á fiskveiðilögunum. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram þannig að ekki ríki misskilningur í því efni.

Varðandi hugleiðingar um það hvar stofnun af þessu tagi á að vera staðsett þá gilda um það sömu sjónarmið og um aðrar ríkisstofnanir. Hér er ekki verið að setja á fót nýja starfsemi. Það er verið að færa starfsemi til sem þegar er fyrir í öðrum stofnunum og ráðuneytinu og þeir starfsmenn sem annast þau verkefni nú munu flytjast til hinnar nýju stofnunar. Hér er verið að sníða nýja umgjörð en ekki að búa til ný verkefni. Það er kjarni málsins og það verða menn að hafa í huga í allri umfjöllun. Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þau sjónarmið, sem að sönnu gilda um þessa stofnun eins og aðrar, hvar eðlilegt er að þær séu staðsettar. Í heild er vissulega verið að fækka starfsmönnum við þau viðfangsefni sem lögin taka til. Sú fækkun kemur fyrst og fremst fram í Ríkismati sjávaraf-

urða þannig að þegar því hefur verið breytt í hlutafélag og síðan selt verða starfsmenn þess ekki ríkisstarfsmenn. Að einhverjum hluta kunna starfsmenn að koma frá Ríkismatinu til þess sviðs Fiskistofunnar sem fer með gæðaeftirlit. En það hefur enn ekki verið ákeðið nákvæmlega hversu margir starfsmenn Fiskistofunnar munu fjalla um og fara með opinbert vald varðandi gæðaeftirlitið. Þeir gætu orðið um það bil sex. Á vissan hátt má segja að um leið og við erum að færa gæðaeftirlitið meira út til atvinnufyrirtækjanna sjálfra, erum við að færa störf frá miðstjórnarvaldinu í Reykjavík út á landsbyggðina vegna þess að í þessu tilviki eru flest framleiðslufyrirtækin staðsett úti á landsbyggðinni.

Haft hefur verið mjög náið samráð við Fiskifélagið um undirbúning þessarar löggjafar svo og sölusamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Þegar hefur náðst samkomulag við Fiskifélagið um hagnýtingu á húsi þess undir starfsemina. Fiskifélagið mun ekki fara með opinbert vald eftir þessa breytingu en við höfum talið eðlilegt að það geti annast útgáfustarfsemi á tölulegum upplýsingum sem unnar verða á vegum stofnunarinnar eins og hver annar verktaki sem ríkið kynni að ráða til slíkra starfa. Þar býr Fiskifélagið yfir þekkingu og reynslu og ráðuneytið vill fyrir sitt leyti eiga gott samstarf við það. Ég er því ánægður með það hversu Fiskifélagið og stjórn þess hefur verið jákvætt við undirbúning þessa máls og viljað stuðla að framgangi þess.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þau atriði sem fram hafa komið í umræðunni en vænti þess að hv. sjútvn. taki málin og þær athugasemdir sem hafa hafa komið til athugunar. Ég ítreka þakklæti mitt til hv. þm. fyrir að greiða svo fyrir því að málin komist til nefndar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að teygja umræðuna. Hins vegar get ég ekki annað en mótmælt því sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan um það að engin ástæða væri til þess að setja þessi frumvörp í samhengi við endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Hér úir og grúir af tilvitnunum í þá fiskveiðistefnu sem er í gildi núna. Talað er um aflamark, kvótabókhald og aflahlutdeild. Þetta eru þau hlutverk sem Fiskistofan á að hafa og fylgjast með. Auðvitað er verið að tala út frá því kerfi sem er í gildi núna og aflahlutdeildin er meira að segja þarna inni en hún er að mínu mati eitthvert versta fyrirbrigði sem við er að eiga í kvótakerfinu. Hún gefur þeim útgerðarmönnum sem eiga skip núna kost á því að eignast allan þann viðbótarfiskafla sem veiddur verður í framtíðinni.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að frv. gerir ráð fyrir að Fiskistofa annist framkvæmd á fiskveiðistjórnun. Alþingi getur vitaskuld breytt henni og þá mun Fiskistofan annast framkvæmd í samræmi við þá löggjöf sem Alþingi ákveður. En öllum má vera ljóst og hv. þm. einnig að við ríkjandi löggjöf hlýtur Fiskistofan að framkvæma hana og við hljótum að styðjast við þau hugtök sem sú löggjöf byggir á. En skipulagið stendur burt séð frá því hvers konar stjórnun menn ákveða að hafa. Á hinn bóginn vænti ég að áframhaldandi samstaða verði um að stjórna fiskveiðum í grundvallaratriðum með svipuðum hætti og við höfum gert þó að það kerfi þurfi að þróa og laga á marga lund.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

118. FUNDUR

föstudaginn 3. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tvö bréf hafa borist til forseta, dags. 3. apríl. Fyrra bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna annarra óhjákvæmilegra starfa 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi taki 2. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Anna Kristín Sigurðardóttir, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Þá hefur borist annað bréf, dags. 3. apríl:

„Ég undirritaður varaþingmaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurl., í fjarveru hennar nú. Ástæður þess eru önnur óhjákvæmileg störf mín.

Ragnar Óskarsson, Háteigsvegi 28, Vestmannaeyjum."

Anna Kristín Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er boðin velkomin til starfa.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (heildarlög). — Þskj. 692.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum starfar samkvæmt lögum nr. 32 29. maí 1979.

Tilgangur þessa starfs er að aðstoða við nauðsynleg hús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

Starfsemi forfallaþjónustunnar hefur haft mikla þýðingu fyrir íbúa sveitanna þau ár sem hún hefur starfað og aukið mjög á félagslegt öryggi sveitafólks.

Sú þjónusta sem forfallaþjónustan veitir verður stöðugt mikilvægari eftir því sem fólki fækkar í sveitum og erfiðara verður að treysta á aðstoð nágranna og skyldmenna ef hjálpar er þörf.

Á þeim 10 árum sem forfallaþjónustan hefur starfað hefur fengist mikilvæg reynsla af stjórnun og skipulagi slíks starfs. Að þeirri reynslu fenginni og með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í landbúnaðinum á undanförnum árum þykir ástæða til að endurskoða lagaákvæði sem forfallaþjónustan starfar eftir.

Við endurskoðun laganna var sú leið valin að semja *nýtt frv. í stað þess að gera tillögur til breytinga á einstökum greinum.*

Drög að frv. voru kynnt á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1989 og samþykkti fundurinn eftirfarandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1989 telur nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á lögum og reglum um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum með tilliti til fenginnar reynslu. Því mælir fundurinn með því að frumvarp það til laga um forfalla- og afleysingaþjónustu sem kynnt hefur verið fyrir fundinum, verði lögfest hið fyrsta. Það er skilyrði fundarins fyrir gjaldtöku samkvæmt 2. grein frumvarpsins að framleiðendagjald til Stofnlánadeildar lækki að sama skapi."

Í 1. gr. frv. er fjallað um tilgang laganna. Sú breyting er lögð til frá gildandi lögum að fastráðnir starfsmenn á bændabýlum eigi eftirleiðis rétt á aðstoð. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að gjald til að kosta starfsemi forfalla- og afleysingaþjónustunnar er tekið af allri búvöruframleiðslu í landinu.

Í búgreinum þar sem mest er um aðkeypt vinnuafl, svo sem í garðyrkju, alifuglarækt og svínarækt, hafa möguleikar til þess að hagnýta sér þjónustuna ekki verið í samræmi við það fjármagn sem búgreinarnar leggja starfseminni til, þar eð einungis bóndinn og maki hafa átt rétt á þjónustu. Nauðsynlegt er að hér verði breyting á svo að bændur standi sem jafnast að vígi í þessu efni.

Í 2. gr. frv. er vísað til nýsettra laga um Búnaðarmálasjóð, en skv. 4. gr. þeirra laga er forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum tryggður ákveðinn hluti af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi sem ætlað er að standa straum af kostnaði við þjónustu þessa.

Í 3. gr. frv. er fjallað um rétt einstakra aðila til þjónustu. Lögð er til sú grundvallarbreyting að réttur hvers einstaklings miðist við vinnuframlag hans í stað þess að miða við hlutfall tekna af landbúnaði af heildartekjum.

Hlutverk forfallaþjónustunnar er að útvega starfskraft til þess að leysa af hendi þau verkefni er sá sem forfallast hefur annast við búreksturinn og/eða heimilisstörf. Því er eðlilegt að meta þörfina fyrir aðstoð út frá umfangi þeirrar vinnu sem hann að jafnaði leysir af hendi við landbúnað. Búrekstur einstakra bænda er mjög mismunandi að umfangi og er því sú vinna sem þörf er fyrir vegna forfalla að sama skapi breytileg.

4. gr. frv. er efnislega samhljóða ákvæðum þeim sem er að finna í 2. gr. núgildandi laga.

Gert er ráð fyrir að stjórn forfallaþjónustunnar ákveði fjölda afleysingamanna fyrir hvert búnaðarsambandssvæði en skipulag starfsins og daglegur rekstur verði í höndum og á ábyrgð viðkomandi búnaðarsambands.

Felld eru niður ákvæði um kjör afleysingamanna þar sem tæpast getur talist eðlilegt að slík atriði séu lögbundin. Einnig eru felld niður ákvæði um fjölda daga á ári sem bóndi eða maki hans geti notið þjónustu. Eðlilegra virðist að slíkt sé ákveðið af stjórn forfallaþjónustunnar eða með reglugerð með tilliti til þeirra *fjármuna sem til ráðstöfunar eru og til annarra aðstæðna.*

Samkvæmt gildandi lögum fer Búnaðarfélag Íslands með yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustunnar *í umboði landbrh.* Í 5. gr. frv. er lögð til sú breyting að sérstök stjórn skipuð fimm fulltrúum hagsmunaaðila, Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna og einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, fari með stjórn þessara mála.

Í 7. gr. er kveðið á um að gerðar skuli lágmarkskröfur um starfsreynslu afleysingamanna, svo sem um námskeiðahald fyrir þá. Í bændaskólunum er boðið upp á námskeið sem nýst geta þessum mönnum. Í 8. gr. felst það nýmæli að forfallaþjónustunni er heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

Fjmrn. hefur yfirfarið frv. með tilliti til kostnaðar og gefið þá umsögn að útgjöld ríkissjóðs aukist ekki við samþykkt þess. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýrasjúkdómar, 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (heildarlög). — Þskj. 698.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Frv. er samið af nefnd sem fyrrv. landbrh. skipaði í byrjun árs 1990 en í henni voru Brynjólfur Sandholt yfirlæknir, Guðmundur Jónsson bóndi og Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbrn. sem var formaður nefndarinnar.

Frv. er ætlað að leysa af hólmi fimm gömul lög sem gilda um afmarkaða búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim. Eru það lög nr. 3. frá 14. febr. 1902, um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða, lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi,

lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lög nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og lög nr. 22 10. maí 1977, um sauðfjárbaðanir.

Öll helstu efnisatriði laganna eru rakin í almennum athugasemdum með frv. og ekki er ástæða til að endurtaka þau hér. Mörg ákvæði gildandi laga þykja orðin úrelt enda samin vegna annarra búfjársjúkdóma en barist hefur verið við á síðustu árum. Á það sérstaklega við um lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og varnir gegn þeim, en þau eru að stofni til ríflega hálfrar aldar gömul.

Frv. það sem hér liggur fyrir hefur að geyma almenn ákvæði um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Það verður að teljast eðlilegt að skipa öllum ákvæðum um sjúkdóma dýra og varnir gegn sjúkdómum í ein lög er tryggi samræmda framkvæmd og betri nýtingu á starfskröftum þeirra sem koma að þessum málaflokki. Leggja ber áherslu á að með frv., verði það að lögum, er í engu slakað á kröfum gildandi laga um sjúkdómavarnir.

Frv. skiptist í átta kafla. Fjallar sá fyrsti um tilgang laganna og gildissvið. Þar eru einnig ákvæði um yfirstjórn dýrasjúkdómamála. Tilgangsákvæðið er ítarlegar skilgreint en gildandi lög gera, en tilgangur laganna er að stuðla að góðu heilbrigði dýra í landinu, koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins og jafnframt að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Eins og áður er komið fram takmarkast gildandi lög við tiltekna dýrasjúkdóma. Skv. 2. gr. frv. er nýjum lögum hins vegar ætlað að taka til allra sjúkdóma í dýrum, ekki eingöngu í búfé heldur einnig gæludýrum og villtum dýrum. Er það breyting frá því sem gildandi lög kveða á um. Engin rök eru til þess að takmarka löggjöf sem þessa við hús dýrasjúkdóma þar sem dæmin sanna að sjúkdómar geta borist í búfé frá gæludýrum og villtum dýrum.

Með frv. eru lagðar til breytingar á stjórn sjúkdómavarna. Samkvæmt lögum nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er sauðfjársjúkdómanefnd ætlað að stuðla að heilbrigðiseftirliti sauðfjár og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum og gera viðhlítandi varúðarráðstafanir komi upp grunur um aukna hættu af völdum sjúkdóma sem lögin taka til og séu sóttvarnarreglur brotnar eða vanræktar. Jafnframt er sauðfjársjúkdómanefnd ætlað að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra, hafa yfirumsjón með fjárskiptum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um sjúkdómamál sauðfjár. Frv. gerir ráð fyrir að starfsemi sauðfjársjúkdómanefndar verði lögð niður og stjórn dýrasjúkdóma færð til embættis yfirdýralæknis. Sú breyting er óumdeilanlega til þess fallin að auka hagkvæmni og skilvirkni allra framkvæmda við sjúkdómavarnir og leiðir til sparnaðar fyrir ríkissjóð þegar til lengri tíma er litið. Og síðast en ekki síst, sem er aðalatriðið, á hún að tryggja faglegri umfjöllun þessara mála en nú.

Á undanförnum árum hefur eins og kunnugt er verið gert mikið átak til útrýmingar á riðuveiki, þeim illvíga sjúkdómi sem herjað hefur á sauðfé landsmanna. Aðgerðir stjórnvalda til að útrýma riðuveiki úr sauðfé eiga sér langa sögu sem ekki verður rakin hér. Þó má nefna að fram til ársins 1978 var einstöku bændum sem orðið höfðu fyrir stórfelldu tjóni af völdum riðuveiki hjálpað með fjárstyrk til að lóga öllu fé og taka sér nýtt frá ósýktum svæðum.

Árið 1978 þegar riðuveiki var staðfest á bænum Brú á Jökuldal urðu þáttaskil í stefnu stjórnvalda til útrýmingar riðuveiki. Í samráði við bændur var tekin ákvörðun um að lóga þeim fjárhópum þar sem veikin kæmi upp í áður ósýktum varnarhólfum. Jafnframt var ákveðið að halda veikinni í skefjum, svo sem unnt væri, á sýktu svæðunum og undirbúa samræmdar aðgerðir með það markmið að útrýma veikinni. Voru þannig tekin fyrir stór svæði í einu í Barðastrandar-, Skagafjarðar-, Húnavatns-, Þingeyjar- og Múlasýslum og samið við hundruð bænda um niðurskurð á öllu sauðfé þeirra, fjárleysi og fjárskipti.

Í marsmánuði árið 1987 samþykkti sauðfjársjúkdómanefnd tillögu um niðurskurð sauðfjár vegna riðuveiki um allt land haustin 1987 og 1988. Samþykkt nefndarinnar hlaut staðfestingu ráðherra og var kynnt fjárveitinganefnd. Áfanga þessum um niðurskurð lauk ekki fyrr en haustið 1989. Með honum var tekin afstaða til þess að allt sauðfé skyldi skorið á staðfestum riðubæjum. Á árinu 1990 var einnig talsverður niðurskurður á Austurlandi.

Á síðustu fimm árum hefur sauðfé um 600 bænda verið skorið niður, samtals ríflega 88 þús. kindur. Skipting niðurskurðar milli ára er eftirfarandi:

Árið 1987 28.039 kindur, 1988 26.159 kindur, 1989 12.615 kindur, 1990 18.169 kindur og 1991 um 3.400 kindur eða samtals 88.382 kindur.

Á síðasta ári var riðuveiki í sauðfé staðfest á 11 bæjum og 3.400 kindur skornar niður samkvæmt samningum sauðfjárveikivarna við fjáreigendur.

Það er von þeirra sérfræðinga sem til þekkja að með því niðurskurðarátaki sem að framan er lýst hafi tekist að hefta útbreiðslu riðuveikinnar hér á landi og að staðfestum tilfellum um riðuveiki fækki enn á komandi árum. Jafnframt að menn standi nú á tímamótum í baráttunni við útrýmingu á þessum vágesti. Því verður að telja næg rök til að leggja niður þá sérstöku framkvæmdanefnd sauðfjársjúkdóma sem starfar samkvæmt lögum nr. 23/1956 og fela embætti yfirdýralæknis þau verkefni.

Í II. kafla er að finna orðskýringar sem eru nýmæli í lögum á þessu sviði.

III. kafli frv. fjallar um tilkynningarskyldu og sjúkdómsgreiningu. Samkvæmt lögunum á að grípa til mismunandi aðgerða eftir því hvort í hlut á tilkynningarskyldur sjúkdómur en þeir eru taldir upp í viðauka 1 með lögunum eða skráningarskyldur sjúkdómur sbr. viðauka 2. Smitsjúkdómar dýra sem taldir eru upp í viðauka 1 eru hættulegir mönnum og dýrum og geta valdið stórfelldu tjóni.

Í IV. kafla er kveðið á um varnaraðgerðir og fyrirbyggjandi aðgerðir í V. kafla. Þar er m.a. kveðið á um

bann við innflutningi ýmissa vörutegunda sem kemur í stað 2. gr. laga nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Ákvæði laga nr. 11/1928, um innflutningsbann, á rót sína að rekja til þeirrar hættu sem fyrir hendi er að sjúkdómur þessi berist til landsins. Ýmsar sláturafurðir geta auðveldlega borið smithæfni milli landa og því er nauðsynlegt að í engu sé slakað á kröfum gildandi laga að þessu leyti.

Í VI. kafla laganna eru ákvæði um kostnað og bætur. Ekki er ætlunin að auka á skyldur ríkissjóðs vegna bótagreiðslna fyrir búfé sem fellt er til útrýmingar sjúkdómum frá því sem nú er.

Með frv. fylgir samantekt Páls A. Pálssonar, fyrrv. yfirdýralæknis, um búfjársjúkdóma og innflutning dýra og búfjárafurða. Hún er í senn fróðleg og skemmtileg aflestrar. Þar er m.a. rakin þróun eldri löggjafar á þessu sviði og helstu sjúkdóma sem herjað hafa á dýr hér á landi getið.

Þá fylgir frv. umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um kostnaðaráhrif frv. og staðfest að samþykkt þess hafi ekki aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

Í desember á síðasta ári voru drög að frv. send ýmsum aðilum til umsagnar, þar á meðal Dýralæknafélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Í umsagnarbréfi Stéttarsambands bænda segir orðrétt m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stéttarsambandið er sammála þeirri meginstefnu sem fram kemur í frumvarpsdrögunum að fella í einn lagabálk allar þær heimildir sem stjórnvöld telja sig þurfa vegna eftirlits og varnar gegn dýrasjúkdómum og að ábyrgð á framkvæmd þeirra verði á einni hendi. Stéttarsambandið bendir á að hugsanlegum auknum innflutningi búvara muni fylgja aukin hætta á því að dýrasjúkdómar berist til landsins. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að skjótt sé brugðið við og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að hefja útbreiðslu sjúkdóma. Telur Stéttarsambandið að samræmd löggjöf þar sem ákvarðanataka og framkvæmd er á einni hendi muni betur tryggja markvissa framkvæmd slíkra aðgerða en ef fleiri aðilar þurfa um að fjalla."

Frv. þetta var til umfjöllunar á nýafstöðnu búnaðarþingi og lýsti þingið yfir stuðningi við megintilgang frv. Í greinargerð með ályktun búnaðarþings komu fram nokkrar ábendingar og athugasemdir við texta frv. sem bárust ráðuneytinu um miðjan mars eða svo seint að ekki var unnt að taka afstöðu til þeirra. Ég mun því gera ráðstafanir til þess að hv. landbn. fái ályktun og greinargerð búnaðarþings til umfjöllunar með frv., svo og aðrar umsagnir sem bárust ráðuneytinu sé þess óskað. Það flýtir væntanlega fyrir störfum nefndarinnar.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. en mælist til þess, hæstv. forseti, að því verði vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Ég hef gert ráðstafanir til þess að landbrn. og yfirdýralæknir gefi allar upplýsingar sem landbn. kann að óska eftir og stendur í valdi ráðuneytisins að gefa.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir flutning þessa frv. Að sjálfsögðu er mikilvægt að lagaákvæði um þetta málefni séu sem mest sniðin eftir þeim aðstæðum sem ríkja á hverjum tíma. Við vitum að miklar breytingar hafa orðið síðan núgildandi lög voru sett þó þau hafi á margan hátt reynst vel m.a. við að koma í veg fyrir að sjúkdómar bærust hingað. Þegar það hefur gerst, í örfáum tilvikum með miklu tjóni fyrir landbúnaðinn og þjóðfélagið allt, hefur á grundvelli þeirra verið brugðist við og árangur náðst þannig að nú væntum við þess að heilbrigði okkar bústofns, a.m.k. margra tegunda, sé betri en oft áður. Er skemmst að minnast átaks til útrýmingar á riðuveikinni og hæstv. ráðherra rakti hér.

Eins og hæstv. ráðherra gat um fjallaði nýafstaðið búnaðarþing um frv. og gerði nokkrar ábendingar við breytingar á því þó í heild væri lýst yfir stuðningi við það. Hæstv. ráðherra fjallaði sérstaklega um það að vegna árangurs sem náðst hefur við útrýmingu riðuveiki væri ekki lengur þörf á sauðfjársjúkdómanefnd. Hægt er að taka undir það að ekki er ástæða til að vera með sérstaka nefnd til þess að fjalla um sauðfjársjúkdóma fremur en aðra sjúkdóma þar sem við væntum þess að heilbrigði sauðfjár sé nú orðið betra en það hefur verið um margra áratuga skeið. Hins vegar bendir búnaðarþing á að æskilegt geti verið að hafa nefnd sem væri tilbúin að fjalla um vandamál ef upp kæmu í sambandi við sjúkdóma í öllum búfjártegundum. Ég held að sauðfjársjúkdómanefnd hafi oft verið til stuðings fyrir ráðuneytið við framkvæmdir og að ráða fram úr mörgum viðkvæmum ágreiningsmálum. Því vænti ég þess að landbn. skoði þær ábendingar ítarlega sem komu frá búnaðarþingi um þetta atriði.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta en tek að lokum undir það með hæstv. ráðherra að aðalatriðið í þessu sambandi er að sjálfsögðu að hvergi verði slakað á kröfum og aðgát varðandi sjúkdómavarnir. Nú er ekki síður mikið í húfi en áður að þarna verði staðið vel á verði og ekki verði alvarleg slys.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi fagna ég því að þetta frv. er komið fram. Ég held að öllum sem eitthvað hafa kynnst framkvæmd þessara mála á undanförnum árum sé ljóst að endurskoðun lagaákvæða á þessu sviði var löngu orðin tímabær. Til marks um það geta menn lesið 31. gr. frv. og skoðað aldur þeirra lagaákvæða sem frv. er ætlað að koma í staðinn fyrir. Má þar nefna lög nr. 3 frá 1902, lög nr. 25 frá 1923 og lög nr. 11 frá 1928, svo dæmi sé tekið. Sum þessara lagaákvæða hafa staðið, að ég best veit, lítt eða ekkert breytt frá því þau voru sett við allt aðrar aðstæður en nú eru. Á margan hátt hefur það einnig torveldað framkvæmd þessara mála að lagaákvæði um sjúkdómavarnir hafa verið dreifð og þau hefur verið að finna á mörgum stöðum. Einnig hefur skort samræmingu og samræmda yfirstjórn þessara mála. Frv. bætir úr því og sú leið hefur orðið fyrir valinu að færa verkefnin í heild sinni undir yfirdýralæknisembættið. Ég er þeirri tilhögun sammála. Ég held að það geti tæpast verið deiluefni að á

þeim stað er þessi málaflokkur best kominn og það ætti að geta auðveldað ýmislegt í framgangi þessara mála. Ég tel eðlilegt að málin séu á hendi yfirdýralæknis og heyri beint undir landbrn. en sjálfstæðar nefndir og stjórnir fari ekki með einhverja hluta af þessum málefnum. Með þessu er ekki á nokkurn hátt verið að kasta rýrð á þá aðila sem á undanförunum árum og áratugum hafa sinnt verkefnum á þessu sviði. Ég dreg það ekki í efa að menn hafi samkvæmt bestu samvisku og eftir efnum og ástæðum reynt að gera vel. Í samræmi við stjórnsýslu annars staðar og breytta tíma held ég að það sé löngu tímabært að endurskoða þessa skipan mála.

Í þriðja lagi vil ég nefna það sem kannski er stærst í þessum málum og lýtur að bótagreiðsluákvæðum. Með frv. er um samræmingu allra bótagreiðsluákvæða að ræða og er það meira en tímabært vegna þess að ekki er forsvaranlegt hversu mönnum hefur í raun og veru verið mismunað á grundvelli mismunandi lagaákvæða fram að þessu. Nú verða bótagreiðsluákvæði samræmd fyrir allt búfé og ekki gert upp á milli þar þó svo að það eigi eftir að skilgreina og útfæra í reglugerð hvernig bætur verði ákvarðaðar í hverju tilviki og gagnvart hverri tegund. Fram að þessu og samkvæmt gildandi lagaákvæðum hefur þarna verið um mikið misræmi að ræða. Í sumum tilvikum hafa verið greiddar fullar bætur miðað við verðgildi afurða og jafnvel rekstrartap, en í öðrum tilvikum hefur nánast um engar slíkar bætur verið að ræða þó svo um fyrirskipaðar aðgerðir í þágu sjúkdómavarna hafi verið að ræða. Auðvitað er ekki hægt að láta standa við svo búið. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að með frv. og VI. kafla þess, sem er um kostnað vegna sjúkdómavarna og bætur þegar um aðgerðir samkvæmt fyrirmælum ráðherra eða yfirdýralæknis er að ræða, eru slík samræmd ákvæði komin inn í lögin. Þar er að vísu talsverð vinna eftir sem mikilvægt er að fylgi frv. eða lagasetningu af þessu tagi. Ég á við að setja verður ítarlega reglugerð um útreikning eða vinnureglur varðandi útreikning bóta í hverju tilviki. Fyrir vel heppnaða framkvæmd þessara mála er satt best að segja ákaflega brýnt að skýrar og ítarlegar reglur liggi fyrir áður en til þess getur komið í einstökum tilvikum að fyrirskipa þurfi förgun búfjár í þágu sjúkdómavarna.

Ég hygg að hv. alþm. þekki það að fá mál ef nokkur eru jafnviðkvæm og þær aðgerðir, af skiljanlegum ástæðum, að fyrirskipa niðurskurð eða útrýmingu á búfé, jafnvel ræktuðum stofnum sem mikil verðmæti eru í. Þar er oft og tíðum bæði um fjárhagslega og tilfinningalega viðkvæm mál að ræða. Ég held að öllum sé fyrir bestu og tryggi best sæmilegan frið og farsæla framkvæmd þessara mála að skýrar vinnureglur liggi fyrir í lögum og reglum sem tiltaki réttarstöðu málsaðila þegar þannig ber undir.

Í fjórða lagi vil ég nefni mikilvægt atriði. Samkvæmt ákvæðum frv. er ekki, nema síður sé, gert ráð fyrir að slakað verði á takmörkunum á innflutningi búvara eða matvöru til að tryggja sjúkdómavarnir eða verjast smitsjúkdómum erlendis frá. Í 10. gr. frv. er skilgreint nánar en verið hefur í lögum hvaða vörur það eru sem óheimilt er að flytja til landsins og hvaða takmarkanir aðrar gilda í þessum efnum. Þetta atriði er ákaflega mikilvægt m.a. vegna yfirstandandi samningaviðræðna á alþjóðavettvangi um viðskipti með landbúnaðarvörur. Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að ég held að það væri að mörgu leyti mjög æskilegt að takist að lögfesta þessi ákvæði á yfirstandandi þingi og afgreiða frv. allt, ekki síst þessi ákvæði. Það getur tæpast verið nema til bóta hvað löggjöf okkar snertir að við göngum frá þessum hlutum með alveg skýrum hætti.

Fjölmargt fleira mætti nefna af efnisatriðum þessara mála sem gæti orðið tilefni mikilla umræðna, t.d. hina viðamiklu aðgerð til þess vonandi að ráða niðurlögum riðunnar sem staðið hefur yfir á undanförnum árum og kostað hefur hundruð milljóna króna ef ekki milljarða. Menn geta í öllu falli haft til marks um það hversu mikilvæg mál og kostnaðarsöm geta verið á ferðinni í formi útgjalda fyrir ríkissjóð þó hitt sé enginn vafi að þeim peningum er vel varið ef þeir mega verða til þess að afstýra öðru og enn meira tjóni sem það auðvitað er að búa við smitsjúkdóma eða hafa þá grasserandi í landinu.

Ég fagna sem sagt frv. og lýsi í meginatriðum yfir stuðningi við efni þess. Ég vona og tel fulla ástæðu til að Alþingi reyni að haga vinnu sinni þannig að málið verði afgreitt og gert að lögum á yfirstandandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskistofa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÞJ, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PB, SalÞ, SJóh, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, BF, DO, EH, GHH, GHall, GHelg, HÁ, HN, HjálmJ, ISG, JGS, JónK, JónS, JVK, KSG, MJ, PP, RA, REg, RG, SigG, SighB, SP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 429. mál. — Þskj. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til sjútvn. með 34 shlj. atkv.

Hlutafélag um Ríkismat sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 689.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til sjútvn. með 35 shlj. atkv.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 185. mál. — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (heildarlög). — Þskj. 692.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til landbn. með 35 shlj. atkv.

Dýrasjúkdómar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 440. mál (heildarlög). — Þskj. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til landbn. með 35 shlj. atkv.

Jarðasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Endurskoðun jarðalaga hófst í landbrn. sl. haust. Síðan hef ég ásamt dómsmrh. falið þremur mönnum, Ólafi Walter Stefánssyni ráðuneytisstjóra, Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni, að gera úttekt á áhrifum EES-samningsins á íslenska löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindi og heimildir erlendra aðila til að eignast fasteignir, þar með talið land og bújarðir. Vænti ég þess að álitsgerð þeirra geti legið fyrir í lok þessa mánaðar. Það varð að ráði að heildarendurskoðun jarða- og ábúðalaga biði þeirrar niðurstöðu.

Gildandi lagaákvæði um Jarðasjóð ríkisins eru í VI. kafla jarðalaga nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984. Við endurskoðun þeirra þótti rétt að setja sérstök lög um Jarðasjóð. Með frv. er ákvæðum sem nú gilda fækkað og þau einfölduð. Aðalbreytingin frá gildandi ákvæðum er í 4. gr. frv. um tekjur sjóðsins. Þar er gert ráð fyrir að í Jarðasjóð renni afgjöld ríkisjarða sem eru á forræði landbrn. svo og leiga eftir lóðir og landspildur sem leigðar hafa verið úr landi jarðanna. Gera má ráð fyrir að þær nemi rúmlega 20 millj. fyrir árið 1992. Nú renna leigutekjur þessar í ríkissjóð.

Að frátöldu ákvæðinu í 4. gr. frv. eru eftirtaldar breytingar gerðar á núgildandi ákvæðum um Jarðasjóð ríkisins:

a. Hlutverki sjóðsins í 1. gr. er breytt til samræmis við viðauka II í búvörusamningi. landbrh. og Stéttarsamband bænda frá 11. mars 1991.

b. Felld eru niður ákvæði 44. gr. laga um skyldur jarðanefndar og Búnaðarfélags Íslands til að rannsaka búrekstrarskilyrði jarða sem boðnar eru Jarðasjóði til kaups.

c. Nefnd sú sem ráð er fyrir gert að starfi skv. 45. gr. laganna hefur ekki verið skipuð og ákvæðið fellt brott, enda verður að telja óþarft að hafa slíka nefnd starfandi og eðlilegt að leita eftir skipan dómkvaddra matsmanna þegar á þarf að halda.

Um einstakar greinar frv. er þetta helst að segja:

Í 1. gr. er lagt til að hlutverki Jarðasjóðs sé breytt til samræmis við búvörusamning eins og áður segir þar sem m.a. er kveðið á um ákveðið fjármagn til að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa fullvirðisrétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði. Jafnframt að aðstoða sveitarfélög við eigendaskipti að jörðum eins og nú er.

Heimildarákvæðum til kaupa Jarðasjóðs samkvæmt 2. gr. er fækkað um tvö. Felld eru brott ákvæðin í 3. og 6. tölul. annars vegar um jarðir sem ekki njóta framlaga og lána sem veitt eru til umbóta á lögbýlum sbr. jarðræktarlög og hins vegar um jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælir með að Jarðasjóður kaupi. Heimildaákvæði þessi þykja úrelt orðin, auk þess sem önnur eru það rúm að á engan hátt er þrengt að möguleikum sjóðsins til jarðakaupa þótt þeim sé fækkað eins og hér er lagt til.

Í 3. gr. er kveðið á um að að mati dómkvaddra manna ráði kaupverð jarðar þegar þannig háttar að ekki næst samkomulag milli Jarðasjóðs og seljanda í stað mats þriggja manna nefndar sem fjallað er um í 45. gr. jarðalaga.

Samkvæmt 42. gr. jarðalaga eru tekjur Jarðasjóðs annars vegar andvirði seldra ríkisjarða og árlegt framlag samkvæmt fjárlögum.

Til viðbótar gerir frv. þetta ráð fyrir að afgjald ríkisjarða og forræði landbrn. og leiga eftir lóðir og landspildur, sem leigðar eru úr ríkisjörðum, renni í Jarðasjóð en þessar tekjur renna nú í ríkissjóð. Eðlilegra þykir að hafa þennan hátt á og ætti að vera vörslumönnum ríkisjarða og Jarðasjóðs hvati til að hafa góðar reiður á innheimtu afgjalda.

Í umsögn fjmrn. kemur fram að frv. þetta hafi ekki í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu máli sé vísað til 2. umr. og landbn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um Jarðasjóð sem fjallar um mál sem er úr einum kafla núgildandi jarðalaga. Það getur vel verið að eðlilegt sé og jákvætt að gera þetta að sérstökum lögum en vegna ummæla hæstv. ráðherra um endurskoðun á jarðalögunum með tilliti til hugsanlegra samninga eða nýrra alþjóðasamninga þá finnst mér að það geti verið vafamál að tímabært sé að afgreiða þetta frv. fyrr en nánar sér fyrir endann á þeim samningum og hvernig menn ætli að bregðast við þeirri úttekt sem hæstv. ráðherra talaði um að væri verið að gera og væntanlega lægi fyrir síðar í þessum mánuði.

Mér sýnist því að landbn. muni þurfa að skoða þetta mál mjög vandlega. Mér finnst ekki ólíklegt að ef af slíkum alþjóðasamningum yrði sem nú er verið að ræða um mundi þurfa að breyta lögum um Jarðasjóð með tilliti til þess. Að mínu mati er það ákaflega mikilvægt að halda jarðeignum í eigu okkar Íslendinga og það gæti þá verið nauðsynlegt í sumum tilvikum að Jarðasjóður væri það öflugt tæki til að geta aðstoðað við slíkt. En það sést að sjálfsögðu betur þegar þeirri endurskoðun, sem ég minntist á áður og hæstv. ráðherra gat um, er lokið og þá hvernig ætlast er til að fara með þau mál. Ég vildi fyrst og fremst koma fram þeirri ábendingu að landbn. skoði þetta mál mjög vel með tilliti til þessara atriða, sem sagt endurskoðun jarðalaganna að öðru leyti með tilliti til hugsanlegra alþjóðasamninga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 466. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 724.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. þetta felur í sér breytingar á ákvæðum XIV. kafla laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, sem fjallar um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar. Í 91. gr. laganna er fjallað um tekjur sjóðsins sem eru annars vegar fjárveiting úr ríkissjóði og gjöld af veiðitekjum og hins vegar tekjur vatnsaflsstöðva sem selja orku til almennings. Samkvæmt 1. gr. frv. er bætt við greinina nýrri málsgrein um heimild ráðherra til að setja reglugerð sem kveður nánar á um gjaldskyldu, innheimtu o.fl. vegna þeirra gjalda sem greiða ber til sjóðsins. Slík ákvæði eru nauðsynleg til að Fiskræktarsjóður fái þær tekjur sem honum ber samkvæmt lögunum og þær innheimtist með eðlilegum hætti.

Í 92. gr. laganna er fjallað um lán- og styrkveitingar úr Fiskræktarsjóði og er þar einungis gert ráð fyrir að unnt sé að styrkja framkvæmdir er lúta að fiskrækt og fiskeldi. Í 2. gr. frv. er lagt til að heimild 1. mgr. 92. gr. verði aukin þannig að stjórn Fiskræktarsjóðs geti tekið ákvörðun um að styrkja verkefni sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenska laxastofnsins, t.d. kaup á úthafslaxveiðikvóta, rannsóknir í fiskrækt, fiskeldi o.fl.

Ísland hefur um langt skeið verið í fararbroddi er varðar aðgerðir til verndar villta laxastofninum í Atlantshafinu. Í lax- og silungsveiðilögunum sem Alþingi samþykkti árið 1932 var sett á bann við sjóveiði á laxi. Skipulag og stjórnun laxveiða hér á landi hefur verið með ágætum og til fyrirmyndar öðrum þjóðum. Laxaverndarstofnunin NASCO var stofnuð hér á landi árið 1982 og fyrsti formaður hennar var Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur og sendiherra.

Í des. 1989 var að frumkvæði Íslendinga stofnuð alþjóðasamtök til að kaupa laxveiðiréttindi í sjó. Flest laxveiðilöndin við Atlantshaf eru aðilar að þessum samtökum sem hafa á stuttum tíma náð miklum árangri. Á seinasta ári gerðu samtökin sérstakan laxasáttmála við stjórnvöld í Færeyjum og viðræður við Grænlendinga standa enn yfir. Þá hefur ríkisstjórn Bretlands samþykkt að hætta reknetaveiðum á laxi í Norðursjónum og í Kanada er í burðarliðnum samningur um kaup á laxveiðiréttindum í sjó við strendur Labrador og Nýfundnalands. Samtökin hafa lagt hart að stjórnvöldum á Írlandi að reknetaveiðum þar verði hætt og hafa lagt til að í öllum laxveiðilöndunum verði tekið upp nýtt virkt eftirlit til að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar á Atlantshafslaxi.

Í framhaldi af tilmælum samtakanna settu stjórnvöld í Panama og Póllandi reglugerðir á seinasta ári sem koma í veg fyrir laxveiðar sjóræningjaskipa á alþjóðasvæðinu milli Íslands og Noregs. Norsk stjórnvöld veita samtökunum þegar umtalsverða fjármuni til kaupa á laxveiðikvótum í sjó svo og laxasamtök í Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi, Bretlandi og Svíþjóð. Samtökin eru nú að stofna hér á landi alþjóðasjóð, North-Atlantic Salmon Fund, til að annast greiðslu eða bætur til þeirra sem hætta laxveiðum í sjó.

Mikilvægt er að Íslendingar verði áfram brautryðjendur í að vernda villta laxastofninn í Atlantshafinu. Einstaklingar, sveitarfélög í dreifðum byggðum landsins, ferðamannaþjónustan í heild sinni og ríkissjóður hafa miklar tekjur af laxveiði í ám og vötnum. Þessar tekjur og verðmæti verður að treysta og efla sem kostur er.

Allir helstu hagsmunaaðilar hér á landi hafa stutt þetta verkefni, veiðiréttareigendur, stangveiðisamtök og

samtök hafbeitarstöðva. Hafbeit á laxi á sér litla framtíðarmöguleika nema laxveiðum í sjó verði hætt. Frumkvæði Íslendinga hefur vakið alþjóðaathygli og er óhjákvæmilegt að nefna nafn Orra Vigfússonar í því sambandi. Fjölmörg samtök víða um lönd styðja starfsemina og erlendir fjölmiðlar hafa fagnað aðgerðum og árangrinum.

Mér hefur verið sagt að hinn danski utanríkisráðherra Uffe Elleman-Jensen hafi sagt opinberlega, sem mér þykir bæði í senn, gott og skemmtilegt, að laxasáttmálinn, sem samtökin gerðu við Færeyinga á seinasta ári, væri skólabókardæmi um hvernig leysa ætti flókin og viðkvæm umhverfismál með rólegri yfirvegun veiðimannsins en með henni mætti leysa alla erfiða hnúta.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég hef í undirbúningi að stofna sérstaka nefnd til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði og framtíðarskipulag Veiðimálastofnunar og er þess að vænta að hægt verði að leggja endurskoðaðar tillögur fyrir á næsta reglulega Alþingi næsta haust eða um áramót.

Ég vil í sambandi við þetta frv. rekja aðeins hversu innheimtum á tekjum Fiskræktarsjóðs hefur verið háttað á undanförnum árum. Tekjurnar eru samkvæmt núgildandi lögum í fyrsta lagi fjárveiting úr ríkissjóði. Í öðru lagi gjald af skýrum veiðitekjum, 2% er innheimtist af veiðifélögum. Í þriðja lagi tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins samkvæmt ákvörðun ráðherra. Í fjórða lagi 3‰ af óskýrum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu sem selja orku til almennings og í fimmta lagi aðrar tekjur.

Að sögn veiðimálastjóra hefur sjóðurinn eingöngu fengið gjald af skýrum veiðitekjum sem innheimtist af veiðifélögum og frá vatnsaflsstöðvum hin síðari ár, en ekki t.d. framlag á fjárlögum. Tekjur Fiskræktarsjóðs á árinu 1988 voru innheimt hjá rafveitum 4.060 þús. kr. Innheimt hjá veiðifélögum og einstaklingum 5.726 þús. kr. Vaxtatekjur 3.629 þús. eða samtals 13.415 þús. kr. Tekjur 1989 voru: innheimt hjá rafveitum 4.798 þús., innheimt hjá veiðifélögum og einstaklingum 2.839 þús., vaxtatekjur 7.383 þús. eða samtals 15.019 þús. Á árinu 1990 var innheimt hjá rafveitum 7 millj. 395 þús., innheimt hjá veiðifélögum og einstaklingum 3.916 þús., vaxtatekjur voru 4.680 þús. eða samtals 15.991 þús. Tekjur á árinu 1991 innheimt hjá rafveitum 5.772 þús., innheimt hjá veiðifélögum og einstaklingum 3.475 þús., vaxtatekjur 5.525 þús. eða samtals 14.772 þús.

Í 2. mgr. 91. gr. laganna segir m.a.: „Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur.“ Í gildi er reglugerð um Fiskræktarsjóð nr. 124/1971 og hefur hún eingöngu að geyma nánari ákvæði en lögin varðandi lán og styrkveitingar úr sjóðnum. Ítrekað hefur verið óskað eftir því að ráðuneytið gefi út reglugerð sem hefði að geyma ítarleg ákvæði um greiðslu á innheimtu þeirra gjalda sem ber að greiða til Fiskræktarsjóðs skv. b- og d-liðum 1. mgr. 91. gr. Ákvæði laganna varðandi innheimtu eru engin og hefur það valdið vandræðum þegar fylgja á eftir greiðslutilmælum. Mér er ekki kunnugt um hvernig málarekstur hefur gengið. Því hefur verið svarað í ráðuneytinu að í lögum skorti ótvíræða heimild til að setja reglugerðarákvæði um innheimtu þessara gjalda, t.d. heimild til tekjuáætlunar og innheimtu samkvæmt henni. Í bréfi lögmanns Fiskræktarsjóðs, Þórólfs Kristjáns Beck, dags. 19. ágúst 1991, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég leyfi mér fyrir hönd Fiskræktarsjóðs, með vísan til fyrri viðræðna og bréfaskrifta varðandi innheimtumál sjóðs þessa og nauðsyn þess að tafarlaust verði lögleidd fyllri ákvæði um innheimtu gjalda, að nánari ákvæði um framkvæmd innheimtunnar verði lögtekin á næsta þingi, en svo sem kunnugt er kemst umtalsverður fjöldi aðila sem greiða eiga þessi gjöld upp með að borga ekki í sjóðinn.“

Skv. 1. gr. frv. er lagt til að fella niður ákvæði 2. mgr. um að ráðherra setji Fiskræktarsjóði starfsreglur en í staðinn komi ný málsgrein um heimild til að setja í reglugerð ákvæði varðandi innheimtu á tekjum sjóðsins, þ.e. gjöldum skv. b- og d-liðum 1. mgr. 91. gr. Varðandi reglugerð um ráðstöfun fjármuna úr Fiskræktarsjóði er lagt til að heimildin verði sett í lok 1. mgr. 92. gr. laganna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og samkvæmt skýringu hans er tilgangur þessa frv. tvíþættur. Í fyrsta lagi að auka tekjur Fiskræktarsjóðs með bættri innheimtu og í öðru lagi að bæta við hlutverk hans að kaupa upp úthafslaxveiðikvóta. Það eru að sjálfsögðu flestir eða allir sammála um mikilvægi þess að koma í veg fyrir laxveiðar í sjó þannig að sú ræktun sem fram fer í ám skili sér aftur til baka en hverfi ekki út í hafsauga. En það kom ekki fram í máli hæstv. ráðherra hvort þeirri tekjuaukningu, sem gert er ráð fyrir að ná með setningu reglugerðar, sé ætlað að nægja til að sinna þessu nýja hlutverki eða hvort þetta muni verða á kostnað annarra verkefna sem Fiskræktarsjóður hefur annast hingað til og væri æskilegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra.

Í öðru lagi kemur það ekki fram í frv. hvort þetta hafi verið borið undir hagsmunaaðila eða hverjir hafi fjallað um samningu þessa frv. Á búnaðarþingi sem er nú nýlokið var fjallað um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði og þá var ekki kunnugt um undirbúning þessa frv. Þar var hins vegar bent á tvö atriði sem beint var til landbrh. að taka til athugunar í sambandi við endurskoðun á lögum um lax- og silungsveiðar. Í fyrsta lagi að rýmka veiðiheimildir í einstökum ám þannig að veiðitími geti verið sveigjanlegri og miðast við það hvenær fiskur gengur í árnar. Sums staðar er það svo að fiskur gengur svo seint að sumri upp í árnar að veiðitíma er rétt að verða lokið eða alveg lokið og þá nýtist að sjálfsögðu lítt sá fiskur þegar ekki má lengur veiða hann. Stofninn er þó að mati fiskifræðinga a.m.k. stundum miklu stærri en þarf til að viðhalda náttúrulegu klaki.

Í öðru lagi er síðan bent á nauðsyn þess að setja inn í lög ákvæði varðandi tökubúnað hafbeitarstöðva. Það mun sums staðar hafa valdið nokkrum ágreiningi hvernig með það skuli fara og því nauðsynlegt að setja ákvæði um það inn í lög og það má segja að það tengist að nokkru leyti öðru atriði þessa frv. Ég tel því nauðsynlegt að landbn. skoði þetta mál vandlega og vænti þess að hún athugi þá þær ábendingar um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði sem komu frá búnaðarþingi og hvort hún telji sér fært að taka þær inn í þetta frv.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er auðvitað rétt athugað hjá hv. 2. þm. Suðurl. að ef Fiskræktarsjóði er ætlað að koma að fleiri málum þá hlýtur það auðvitað að takmarka möguleika hans til þess að sinna þeim sem fyrir voru með jafngóðum hætti. En það er ekki þar með sagt að heildarmarkmiðum sjóðsins verði verr sinnt en áður, það er ekki þar með sagt. Fiskræktarsjóði er auðvitað ætlað það hlutverk að stuðla að aukningu og viðhaldi íslenska laxastofnsins og það er alveg ljóst að einn mikilvægasti þátturinn í því er að friða úthöfin fyrir úthafslaxveiðum og þess vegna eðlilegt að minni hyggju að Fiskræktarsjóður komi að því máli einnig. Ég get líka svona í framhjáhlaupi getið þess að hér eru stundaðar úthafslaxveiðar undir ýmsum formerkjum við strendur landsins sem nú er í athugun hvernig sé hægt að bregðast við en þetta er okkur öllum kunnugt.

Um hitt er það að segja að stjórn Fiskræktarsjóðs hefur lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að setja ákvæðnar og skýrari reglur um það hvernig staðið sé að innheimtu á þeim tekjum sem sjóðnum eru ætlaðar lögum samkvæmt. Það er annað tveggja að standa betur að því verki eða breyta lögunum á þann veg að viðurkenna að sjóðnum hafi ekki tekist að ná sínum tekjum og falla þá frá þeim gjöldum með breytingu á lögum í þá áttina eða hitt að styrkja möguleika Fiskræktarsjóðs til þess að sækja það sem honum er ætlað lögum samkvæmt.

Ég er öldungis sammála hv. þm. um að nauðsynlegt er að landbn. taki þetta mál til glöggrar yfirskoðunar.

Jón Helgason:

Herra forseti. Mér er að sjálfsögðu ljóst að ef bætt er við fleiri verkefnum þá muni ekki verða jafnmikið fjármagn til þeirra sem fyrir voru nema tekjurnar vaxi. En það sem ég átti við með minni spurningu var það hvort það væri líklegt að tekjurnar mundu vaxa það mikið að það mundi nægja fyrir þessu nýja verkefni eða hvort það yrði á kostnað þeirra verkefna sem fyrir eru því að það finnst mér skipta töluverðu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skálholtsskóli, 1. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 709.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Skálholtsskóla, en frv. er ætlað að leysa af hólmi lög um Skálholtsskóla sem eru nr. 31 frá árinu 1977. Frv. og athugasemdir með því er samið af nefnd sem ég skipaði að frumkvæði biskups Íslands og í samráði við menntmrh. til þess að huga að málefnum Skálholtsstaðar og gera tillögur þar að lútandi. M.a. var nefndinni ætlað að kynna sér starfsemi Skálholtsskóla og gera tillögur um framtíðarskólarekstur á staðnum. Nefnd þessa skipuðu: Ásdís Sigurjónsdóttir deildarsérfræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu fjmrh., séra Jón Einarsson prófastur, skipaður samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs, séra Jónas Gíslason, vígslubiskup Skálholtsstiftis, skipaður samkvæmt tilnefningu biskups Íslands, séra Sigurður Sigurðarson sóknarprestur, skipaður samkvæmt tilnefningu menntmrh., og Lára Margrét Ragnarsdóttir alþm. sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Í athugasemdum með frv. er saga Skálholtsskóla rakin en hann tók til starfa árið 1972 undir stjórn séra Heimis Steinssonar. Bygging skólans hófst hins vegar tæplega 10 árum áður. Var skólabyggingin að miklu leyti fjármögnuð fyrir söfnunarfé Skálholtsvina og lýðháskólanna á Norðurlöndum.

Samkvæmt núgildandi lögum um Skálholtsskóla heyrir skólinn undir menntmrn. og skal starfa í anda norrænna lýðháskóla. Þróunin í skólamálum á undanförnum árum m.a. tilkoma fjölbrautaskólanna hefur hins vegar leitt til þess að minni áhugi virðist vera á lýðháskólanámi en áður var. Það hefur haft þær afleiðingar að undanfarin ár hefur skólinn í raun ekki starfað sem hefðbundinn lýðháskóli innan þess ramma sem lögin frá 1977 marka honum, heldur hefur hann meir færst í það form að vera kirkjuleg menningar- og fræðslustofnun og hefur starfsemi hans einkum verið í formi ráðstefnuhalds og námskeiða sem hafa vakið áhuga og verið vel sótt. Með hliðsjón af þessari þróun er augljóslega nauðsynlegt að marka skólanum nýjan farveg með nýjum lögum.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. kynnti nefndin sér skólastarf í Skálholti á undanförnum árum og hugmyndir aðstandenda skólans um framtíðarstarfsemi innan skólans. Nefndin kynnti sér enn fremur tónlistarstarf í Skálholti á undafórnum árum en frá árinu 1975 hafa verið haldnir þar tónleikar á hverju sumri sem hafa vakið verðskuldaða athygli og verið einn helsti vaxtarbroddurinn í starfsemi á Skálholtsstað á undanförnum árum. Hafa áhugamenn um tónlistarstarf í Skálholtskirkju og aðstandendur sumartónleikanna stofnað með sér samtökin Collegium Musicum. Með frv. sínu hefur nefndin leitast við að laga starfsemi Skálholtsskóla að þörfum samtíðarinnar og þá einkum að þörfum kirkjunnar. Jafnframt hefur verið tekið mið af því sem verst hefur gefist í starfi skólans á undanförnum árum.

Í frv. er lagt til að Skálholtsskóli verði kirkjuleg menningar- og menntastofnun sem starfi á vegum þjóðkirkju Íslands undir stjórn kirkjuráðs en ríkið taki þátt í kostnaði af rekstri hans samkvæmt samningi sem dóms- og kirkjumrh., menntmrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og biskups Íslands fyrir hönd kirkjuráðs hins vegar hafa gert með sér. Samningurinn er fylgiskjal með lagafrv. Í honum er gert ráð fyrir að ríkið greiði árlega 4 millj. kr. í grunnframlag til reksturs skólans. Að auki veitir ríkissjóður framlag til skólans sem árlega nemi sömu fjárhæð og skólinn fær frá öðrum aðilum en ríkissjóði árið þar á undan, þó ekki hærri fjárhæð en nemur 2 millj. kr. Samkvæmt samningnum er ríkissjóður ekki skuldbundinn til fjárframlaga vegna stofnkostnaðar. Tekið skal fram að skv. 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga um Skálholtsskóla skal ríkissjóður greiða rekstrarkostnað skólans að fullu nema rekstrarkostnað heimavistar sem skal greiðast að 80%. Enn fremur skal ríkissjóður greiða 80% af stofnkostnaði kennsluhúsnæðis sem byggt verður eftir gildistöku laganna.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv., sem er fylgiskjal með því, er gerð nánari grein fyrir kostnaði ríkisins vegna samningsins. Þar kemur m.a. fram að í fjárlögum fyrir árið 1991 var framlag ríkisins til skólans 6,2 millj. kr. og að samningurinn leiði ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð miðað við fjárlög 1992. Í 7. gr. samningsins kemur fram að samkomulag hafi orðið um það milli menntmrh. og kirkjuráðs í samræmi við 5. mgr. 8. gr. laga um Skálholtsskóla, nr. 31/1977, að húsnæði skólans verði afhent í samræmi við lög nr. 32/1963, um heimild til að afhenda þjóðkirkjunni Skálholtsstað. Í 2. gr. frv. er gerð grein fyrir markmiðum skólans sem skulu vera þau að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi. Skv. 3. gr. skal skólinn einkum starfa á þremur sviðum, þ.e. guðfræðisviði, kirkjutónlistarsviði og fræðslusviði. Svo sem fram kemur í athugasemdum með greininni er gert ráð fyrir að starfsemi á þessum sviðum verði fjölbreytt og að skólinn hafi svigrúm til að móta starfsemina á hverjum tíma.

Í 4. gr. er lagt til að skólaráð fari með stjórn skólans í umboði kirkjuráðs. Kirkjuráð skipi fulltrúa í ráðið, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sóknarnefndar Skálholtssóknar og einn án tilnefningar. Vígslubiskup Skálholtsstiftis skal vera formaður skólaráðsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að guðfræðideild Háskóla Íslands eigi fulltrúa í ráðinu og að sá fulltrúi hafi ásamt forstöðumanni tilsjón með starfi á guðfræðisviði skólans. Á sama hátt skuli biskup Íslands tilnefna fulltrúa í ráðið sem hafi tilsjón með starfi á fræðslusviði skólans. Með hliðsjón af því dýrmæta starfi sem tónlistarfólk hefur unnið í Skálholti á undanförnum árum og þeim áhuga sem það hefur látið í ljós á áframhaldandi tónlistarstarfi þar svo og þörfum kirkjunnar í þessum efnum er lagt til að samtökin Collegium Musicum hafi rétt til að tilnefna fulltrúa í ráðið sem hafi tilsjón með starfi á kirkjutónlistarsviði.

Í frv. er lögð áhersla á að skólinn starfi á sviði skipulegrar stefnumótunar og að gerðar séu áætlanir um skólastarf með reglubundnum hætti samanber 5. gr. frv. Samkvæmt 6. gr. þess á kirkjuráð að ráða forstöðumann skólans til allt að sex ára í senn að fengnum tillögum skólaráðs og setja honum erindisbréf. Forstöðumaður skal stjórna daglegum rekstri skólans.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gefa yfirlit yfir efni frv. Ég legg áherslu á að það verði að lögum á þessu þingi því eins og ég hef vikið að virðist brostinn grundvöllur fyrir rekstri skóla í Skálholti innan þess ramma sem núgildandi lög marka. Með frv. er að því stefnt að í Skálholti verði starfrækt öflug kirkjuleg menningar- og menntastofnun samboðin virðingu þessa fornfræga staðar og kirkju og þjóðlífi til gagns.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra mælt fyrir frv. sem er nýkomið inn í þingið, líklega lagt fram í gær án þess að ég hafi kannað það sérstaklega. Málið er því nýlega fram komið og ekki hefur gefist mikill tími til að gaumgæfa það. Ég vil hins vegar segja svolítið um málið við 1. umr. og spyrja hæstv. ráðherra um viss atriði sem tengjast því. Einnig er hér einn af þeim sem hefur undirbúið þetta mál, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, sem er viðstödd umræðuna og leggur inn orð í hana til upplýsingar eftir því sem henni þykir ástæða til.

Ég tek fram í upphafi að ég skil það mjög vel að þörf sé á því að fara yfir málefni Skálholtsstaðar miðað við núverandi stöðu mála og skólahald þar, sérstaklega þar sem ekki hafa gengið eftir í seinni tíð hugmyndir og stefnumörkun sem var ákvörðuð í lögum um Skálholtsskóla, nr. 31/1977. Hér er verið að leggja til mikla breytingu á högum Skálholtsskóla og stjórnunarformi og skiptir auðvitað miklu að vel takist til um þau efni þegar reynt er að fitja upp að nýju og byggja á reynslu sem hefur ekki verið allt of góð miðað við þær væntingar sem uppi voru þegar lög voru sett um þetta fyrir hálfum öðrum áratug eða svo.

Ég tek eftir því að það er hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra sem hefur tekið forustu í þessu máli með skipun nefndar sem hefur undirbúið frv. Með þeirri ákvörðun og að höfðu samráði við núv. hæstv. menntmrh. virðist svo sem menntmrn. hafi vísað þessu máli frá sér. Það gefur tilefni til að spyrja, virðulegi forseti, hvort hæstv. menntmrh. sé viðstaddur þingfund eða hvort hann geti komið í þingsal því að mér finnst eðlilegt að hann sé einnig hér í forsvari vegna þessa máls sem heyrir nú undir hans ráðuneyti. Hér er verið að breyta til.

Samkvæmt því frv. sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að stofninn í starfsemi í Skálholtsskóla verði áfram fræðslustarfsemi en nú er verið að vísa því undir forræði dóms- og kirkjumrn. og kirkjuráðs sérstaklega sem er falið verulega aukið hlutverk frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Ég vil nefna það strax af

þessu tilefni að mér finnst það vera mikið álitamál svo ekki sé meira sagt að færa skólastofnun af þessu tagi frá menntmrn. til dóms- og kirkjumrn. Mér finnst mikið álitamál hvort það eigi að gera. Ef það skref er aftur á móti stigið er spurningin um hvernig haldið er á málum gagnvart skólanum og hvað ástæða er til að setja ítarleg lagafyrirmæli um innri starfsemi hans og reyndar hvort sem er. Mér sýnist að það þurfi nákvæmrar skoðunar við af hálfu þingsins hvort skynsamlegt er að færa þennan skóla alveg frá ráðuneyti menntamála eins og hér er gerð tillaga um, og fela stjórn hans í rauninni þjóðkirkjunni og kirkjuráði einvörðungu. Nú er það svo að margt af þeirri starfsemi sem komið getur til greina og jafnvel fallið undir þau svið sem upp eru talin í 3. gr. geta varðað almenna starfsemi eða starfsemi sem tengist fullorðinsfræðslu með ákveðnum hætti. Ég er ekki viss um að sá rammi standist sem þarna er gerð tillaga um. Það getur þurft að breyta frá honum og mér finnst mjög óráðlegt að tryggja ekki tengsl með einhverjum hætti við ráðuneyti menntamála. Ég hefði sjálfur talið að eðlilegt væri að gera ráð fyrir því að skólinn heyrði áfram undir menntmrn.

Tengslin við þjóðkirkjuna eru augljós og eru auðvitað líka í gildandi löggjöf með ýmsum hætti þó að fyrst og fremst sé gert ráð fyrir lýðháskólastarfsemi. Skálholtsstaður er auðvitað tengdur kirkjunni bæði fyrr og síðar, hinni kaþólsku og síðar hinni lúthersku kirkju og það er ekki áhugamál mitt að höggva á þau tengsl út af fyrir sig. Þau eru mjög eðlileg miðað við sögu staðarins. En hér er gert ráð fyrir því að eitt af sviðunum verði það sem kallað er guðfræðisvið í starfi skólans og tengist guðfræðideild Háskóla Íslands. Háskóli Íslands heyrir undir ráðuneyti menntamála og menntun guðfræðinga á vegum Háskólans heyrir undir menntrn. Sama gildir um tónlistarskóla í landinu og tónlistarfræðslu en hér er talað um, undir b-lið, kirkjutónlistarsvið. Og af hverju er verið að höggva á þau tengsl sem geta verið við hið almenna fræðslustarf með því að taka skólann undan menntmrn. sem fer með þessi efni í hinu almenna fræðslukerfi í landinu? Hæstv. menntmrh. hefur einmitt nýverið lagt fram frv. til laga um fullorðinsfræðslu til að styrkja þann þátt mála og mér finnst að með starfsemi þessa skóla, sem eftir sem áður verður rekin með verulegum stuðningi af hálfu ríkisins, þurfi að treysta tengslin við hið almenna fræðslustarfsemi í landinu þó svo að áherslurnar tengist guðfræðisviði og kirkjunni með einum og öðrum hætti. Þetta vildi ég nefna.

Mér er til efs að nauðsynlegt sé og skynsamlegt að lögbinda jafnmikið og gert er í þessu frv. varðandi innri starfsemi skólans og einnig vegna þess að vart er á vísan að róa með sumt af því. Það stangast í rauninni nokkuð á við þá stefnu sem hefur verið tekin í sambandi við lagasetningu um skóla á framhaldsskólastigi að lögbjóða ekki mikið þætti sem snerta beinlínis innra starf. En það er auðvitað álitamál hvað á að segja um þau efni og ekkert óeðlilegt að kveðið sé á um stjórnunarþætti með vissum hætti. Í 6. gr. t.d. eru allítarleg ákvæði um þetta, meira að segja tekið fram að forstöðumaðurinn sé fulltrúi annarra starfsmanna skólans gagnvart kirkjuráði og skuli tala máli þeirra þar. Hann er bundinn af því. Það er lögfest í lok 6. gr. Þetta er bara ábending og dæmi um það hversu langt er seilst í sambandi við löggjöf varðandi innri starfsemi. Ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt að ganga svo langt í þeim efnum.

Ég vil spyrja um hvernig hafi verið unnið að undirbúningi málsins m.a. að því er varðar samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Hvaða kynning hefur þar farið fram? Mér skilst að þetta frv. hafi verið sýnt þar fullmótað mjög nýverið en ég bið um upplýsingar um það og staðfestingu hvort svo er. Mér finnst að slík mál séu einn af þeim þáttum sem snerta samskipti Alþingis og kirkjunnar og ef verið er að stíga lengra en áður var í sambandi við tengsl Skálholtsstaðar og kirkjunnar væri ástæða til þess að athuga þau mál frá upphafi í þessari samstarfsnefnd eða strax á mótunarstigi og kannski hefur það verið gert. Mér er ekki fullkunnugt um það en ég hef þó heyrt að frv. hafi verið sýnt fullmótað þar mjög nýlega og gerðar athugasemdir sem ekki hafi orðið til þess að framlagning þess hafi tafist eða verið dregin þannig að málið er hér komið til umræðu.

Það eru kannski ekki mörg atriði til viðbótar sem ástæða er til að ræða hér. Ég tel þó nauðsynlegt að menn líti á þá löggjöf sem er í gildi um þetta og hún verði borin saman við þær tillögur sem nú eru uppi. Það er alveg ljóst að hér er verið að breyta til með róttækum hætti, einnig varðandi stjórn skólans. Það er verið færa hana alveg yfir til kirkjuráðs í staðinn fyrir að áður var það sjö manna skólanefnd sem stýrði skólanum og starfseminni sem henni tengdist. Ég spyr: Hvaða tengsl voru við þessa skólanefnd í sambandi við undirbúning málsins? Var sú nefnd höfð að einhverju leyti með í ráðum sem starfar samkvæmt gildandi lögum þegar þetta mál var mótað?

Hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur lagt til að málinu verði vísað til allshn. Alþingis til meðferðar og athugunar. Það finnst mér ekki rétt ráðið. Mér finnst auðsætt að mál af þessu tagi, sem er fræðslumálefni og menntamálefni þó að hugmyndin sé að tengja það með öðrum hætti við starfsemi þjóðkirkjunnar, eigi að vera til umfjöllunar fyrst og fremst í menntmn. þingsins og geri það að tillögu minni að málinu verði vísað þangað. Ég tel hins vegar sjálfsagt að haft sé samstarf við allshn. varðandi málsmeðferðina þannig að allshn. gefist kostur á að fjalla um málið en undir hana munu heyra kirkjuleg málefni samkvæmt starfsskipan og held að það væri farsælt að halda þannig á. Ég bið menn um að taka ekki orð mín þannig að ég vilji vísa þessu máli með einhverjum hætti á bug eins og það liggur fyrir að ekki betur athuguðu máli. Ég hef haft lítið ráðrúm til þess að skoða það en ég tel miklu skipta að það sem hér verður ákveðið sé sem allra best grundað. Ég efast ekki um góðan hug þeirra sem hafa unnið að málinu varðandi það að reyna að styrkja stöðu Skálholtsstaðar og skólans sem þar er risinn. Um það hljóta menn að geta sameinast. Þetta er frekar spurning um það hvernig við leggjum upp þegar reynt er að gera

nýtt átak í þessum efnum og ég vil gjarnan stuðla að því að það geti orðið sem best.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni erum við þar komin í umræðum á Alþingi að ræða það hvað eru skólamál, hvað eru menntamál, hvað á að heyra undir hvaða ráðuneyti. Ég skil það frv. sem hér er til umræðu þannig að meiningin sé að koma upp nýrri stofnun í Skálholti, eins konar fræðasetri kirkjunnar. Því finnst mér það ekki óeðlilegt og lít þannig á að hér sé um sjálfstæða stofnun að ræða sem að nokkru leyti er styrkt af ríkinu enda heyrir kirkjan undir ríkið. Hér er um sjálfstæða stofnun að ræða sem mun annast ýmiss konar fræðslustarfsemi á vegum kirkjunnar og fræðslustarfsemi nánast í allra víðasta skilningi. Ég get ekki annað en fagnað því að hér skuli gerð tilraun til þess að taka á málum Skálholtsstaðar. Ég þekki örlítið til þess reksturs sem þar hefur átt sér stað og það hefur ekki farið fram hjá neinum að grundvöllurinn fyrir lýðháskóla var löngu brostinn.

Skálholt er ákaflega vel í sveit sett enda var það ekki að ástæðulausu að þar var valinn staður fyrir biskupssetur á sínum tíma. Við vitum að þar var skóli frá því að biskupsstóllinn var stofnaður og fram undir 1800 þegar allt var komið í niðurníðslu m.a. vegna jarðskjálfta og þeirra hörmunga sem þá gengu yfir þjóðina. Skólinn og biskupsstóllinn voru þá aðskildir að nokkru og fluttir til Reykjavíkur. Menn dreymdi lengi um að koma Skálholti aftur til vegs og virðingar og það var reynt með stofnun lýðháskólans í Skálholti og byggingu nýrrar kirkju þar. En ég held að það megi segja að að nokkru leyti hafi þær vonir brostið sem bundnar voru við lýðháskólann enda, eins og rakið er hér í greinargerð, urðu miklar breytingar á íslensku skólakerfi. Það hefur verið mikið framboð á hvers konar námi og einhvern veginn hefur þessi lýðháskólahugmynd ekki fallið í kramið eða komið rétt inn í ástand skólamála enda um það að ræða að fólk sem gekk í þennan skóla kom ekki út með neitt próf. Ég er fylgjandi því að þessi starfsemi sé fyrst og fremst á vegum kirkjunnar og ég ítreka það sem ég hef áður sagt hér í umræðum að ég get ekki með nokkru móti séð að hvert einasta námskeið sem haldið er í þjóðfélaginu, þó að það sé menntandi og fræðandi, eigi endilega að heyra undir menntmrn. Hins vegar ber að undirstrika það að auðvitað á að vera góð samvinna milli ráðuneyta og menn eiga að vita hvað er verið að gera víðs vegar í ríkiskerfinu en ég fagna því að kirkjan skuli taka hér meiri ábyrgð á sínar hendur. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að kirkjan ætti að hafa sem mest sjálfstæði þó að það sé reyndar ekki alveg í fullu samræmi við kenningu Lúthers.

Það eru örfá atriði í frv. sem mig langar til þess að spyrja út í og ræða aðeins um. Það er í fyrsta lagi þetta svið sem hér er kallað fræðslusvið. Ég skil það þannig að það geti verið býsna opið og hugmyndin sé að ná til almennings með ýmiss konar námskeiðahaldi. Ég vil gjarnan fá nánari skilgreiningu á því hvað átt er við með fræðslusviði. Ég beini orðum mínum til formanns nefndarinnar sem hér situr, Láru Margrétar Ragnarsdóttur.

Það kemur fram í greinargerð með frv. að húsakynni skólans setja honum afar þröng mörk eða takmarka mjög starfsemina. Það er að mínum dómi mjög brýnt að ljúka við byggingu skólans til þess að hann geti unnið markvisst starf, byggingarnar eru einfaldlega of litlar til þess að rúma stór námskeið eða stórar ráðstefnur en ég held það sé alveg ljóst að gríðarleg þörf er fyrir slíkt fræðasetur þar sem hægt er að halda alls konar námskeið og fundi.

Mér finnst líka mjög óljóst hvernig að rekstri skólans verður staðið fjárhagslega. Mér þykir þær skyldur sem ríkið tekur á sig ekki mjög íþyngjandi fyrir það, þetta er frekar lítill ríkisstyrkur og ég vil gjarnan fá að fræðast um það hvernig menn hugsa sér að reka skólann. Ég reikna með að það sé með einhvers konar námskeiðsgjaldi en hætt er við að það muni reynast erfitt að halda uppi mikilli starfsemi, sem vonandi verður þarna, eingöngu með námskeiðsgjöldum en kannski er hugmyndin að kirkjan leggi eitthvað til líka.

Ég vil benda á í þessu samhengi að núna liggja fyrir þinginu tvær þáltill. sem að nokkru koma inn á þau mál sem hér eru til umræðu þó þar sé ekki beint vikið að Skálholti. Það er annars vegar tillaga sem ég flyt ásamt öðrum kvennalistakonum um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði. Hins vegar er tillaga frá þingmönnunum Tómasi Inga Olrich og Hjálmari Jónssyni um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal. Í minni tillögu er um það að ræða að mér finnst að stað eins og Skálholt, einn helsta sögustað þjóðarinnar, beri að tengja miklu betur inn í ferðaþjónustu. Þar ætti að fara fram mikil fræðsla og vera ýmiss konar upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn. Ég vil benda á það að menn hugi að því varðandi skólann eða þetta setur í Skálholti að þar þarf að eiga sér stað mikil og víðtæk þjónusta vegna þess hver staðurinn er og hver saga hans er. Ég tel að þar þurfi að eiga sér stað mikil uppbygging í ferðaþjónustu. Ég vil benda á að það er algjörlega óunnið verk að grafa upp bæjarrústirnar í Skálholti til þess að menn fái þar glögga mynd af því hvernig staðurinn leit út í raun og veru þegar starfsemi var þar sem mest. Og ég held að svo margt í Skálholti geti kallað á mikla umferð þangað, bæði ferðamanna og annarra sem þangað eiga erindi.

Ég tel að Skálholtsstaður eigi mikla möguleika bæði sem fræðasetur og ferðamannastaður. En það kallar á markvissa uppbyggingu og ég held að menn verði að taka þennan þátt inn í dæmið í sambandi við uppbygginguSkálholtsstaðar og þess fræðaseturs sem þar á að koma á fót.

Það er ekki mikið meira um þetta að segja. Ég get tekið undir þær spurningar sem hér hafa komið fram svo sem varðandi 6. gr. þar sem rætt er um að forstöðumaður sé fulltrúi annarra starfsmanna skólans gagnvart ráðinu og tali máli þeirra þar. Það er mikið á hann lagt og nokkuð sérstakt að tíunda það svo nákvæmlega í lagatextanum.

Varðandi það hvert málið eigi að fara get ég tekið undir það að hér er auðvitað um menningarmál að

ræða og ég vil leggja til að verði það niðurstaðan að málið fari til allshn. verði þar farin sama leiðin og gert var varðandi frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu að við í menntmn. fáum málið að minnsta kosti til umsagnar. Í rauninni finnst mér málið eiga heima í menntmn. en sem varatillögu legg ég til að það verði sent til umsagnar í menntmn.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Margir fögnuðu því þegar hæstv. kirkjumálaráðherra skipaði nefnd til þess að kynna sér starfsemi Skálholtsskóla og gera tillögur um framtíðarskólarekstur á staðnum. Áhugamenn um Skálholt hafa talið það mikilvægt að staðurinn rísi til enn meiri virðingar í okkar samfélagi og að menn nái þar þeim árangri sem fylgdi gjöfinni í upphafi þegar biskupinn yfir Íslandi gaf íslensku þjóðinni þennan stað og mælti svo fyrir að þar skyldi biskupssetur vera og menningarstaður. Saga Skálholts er náttúrlega svo merk í gegnum söguna en mörgum okkar sem höfum áhuga fyrir því að staðurinn rísi upp til mikillar sóknar hefur þótt það vera tafsamt. Auðvitað kemur það fram í greinargerð með þessu frv. að því miður hafa menn ekki náð þeim árangri að gera staðinn að verulega lifandi mennta- og menningarsetri sem menn vildu sjá hann færast í.

Það frv. sem hér liggur fyrir er því miður í mínum huga brennt því marki að þar hafa menn samið fallegan stíl um göfug markmið sem mér sýnist að kannski verði erfitt að fylgja eftir. Þess vegna er það mikilvægt að Alþingi vinni frv. vel. Ég held að það sé mikilvægt sem hér kom fram að það verði ekki bara allshn. heldur einnig menntmn. sem fjalli um þetta frv. og komist að einhverri niðurstöðu.

Ég var að ræða við skólamenn í gær þar sem það kom glöggt fram að merkur háskóli sem mark er tekið á í norrænu samstarfi, búvísindadeildin á Hvanneyri, styðst ekki við nein lög heldur skipunarbréf og fjórar línur frá ráðherra. En skólinn hefur þó náð fullri virðingu og þar er lifandi starf. Það er enginn vafi þegar menn byggja skólahús og stofna skóla að þá verður skólinn að eiga sér markmið og í nútímasamfélagi verður hann að gefa einhver réttindi, hann verður að vera staddur einhvers staðar í menntakerfinu. Þannig skóla vil ég sjá í Skálholti.

Ég hef haldið því fram lengi að í rauninni muni Skálholt ekki rísa til þeirrar virðingar fyrr en kirkjan á Íslandi og Alþingi Íslendinga komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að biskupinn yfir Íslandi skuli sitja í Skálholti. Og enn fremur að við breyttar aðstæður taki menn þá ákvörðun að guðfræðinámið, sem nú fer fram við háskólann, skuli einnig færast í Skálholt. Ég hefði viljað spyrja hæstv. kirkjumrh. og formann nefndarinnar, hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, hvort þessar hugleiðingar um endurreisn Skálholts í þessum vanda hafi verið ræddar. Við skulum gera okkur grein fyrir því að tímarnir hafa breyst og samgöngurnar hafa breyst, þannig að aðstaðan er allt önnur. Ég hygg að það gæti verið hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að byggt væri yfir guðfræðideildina í Skálholti. Það eru yfir 80 manns í guðfræðideildinni í dag og aðsókn hefur verið vaxandi á þessu hausti. Og eins og ég sagði, samgöngurnar hafa breyst. Hér eru reknir háskólar sem gefast afar vel, eins og t.d. háskólinn á Bifröst í Borgarfirði. Ég sá fróðlegan þátt í sjónvarpi þar sem var rætt við nemendur og forráðamenn þess skóla. Hann virðist gefast afar vel með þessu sniði og allir, bæði nemendur og kennarar, eru mjög ánægðir með það starf sem þar fer fram. Ég sæi það fyrir mér að svo gæti einnig verið um Skálholt ef menn þyrðu að taka þessa ákvörðun og ef kirkjan vildi efna það sem gefandinn að þessum mikla stað lét fylgja gjöfinni, að þar skyldi biskup sitja um aldir. Um þetta vildi ég spyrja því ég held að það geti ráðið úrslitum um endurreisn Skálholts hvort menn stíga þessi skref.

Hvað þetta frv. varðar frekar þá kemur það t.d. ekki fram, sem hefði verið mikilvægt í greinargerðinni, að sjá hversu margir hefðu sótt ráðstefnur og numið við skólann á þessu tuttugu ára tímabili. Það hefði verið fróðlegt og auðvitað efast ég ekki um að formaður nefndarinnar hefur þær upplýsingar en aðeins er fullyrt í greinargerðinni að starfsemin síðustu ár, sem einkum hefur verið í formi ráðstefnuhalds og námskeiða, hafi verið öflug. Ég vil spyrja um það hver aðsóknin hefur verið og eins hefði verið fróðlegt að vita um aðsókn að skólanum í gegnum tíðina.

Ég vil leggja á það áherslu að finna skólanum í Skálholti stað í menntakerfinu og að hann sé vel staddur hvað réttindi og annað varðar. En fyrst og fremst er mér það efst í huga sem ég vildi hér koma á framfæri: Ég sé ekki að menn endurreisi Skálholt til þeirrar virðingar sem staðnum ber fyrr en þeir taka þá ákvörðun að biskupinn yfir Íslandi sitji þar og að guðfræðideild háskólans verði þar einnig.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frv. skuli vera til umfjöllunar í dag og ég vil fá að þakka þá málefnalegu umræðu sem var í morgun um frv.

Í frv. er viðurkennd sú staðreynd að rekstur skólans hefur breyst á undanförnum árum frá því að vera hefðbundinn lýðháskóli í kirkjulega menningar- og menntastofnun sem byggir á grunni fornrar skólahefðar í Skálholti og norrænnar lýðháskólahefðar. Markmið skólans, eins og fram kom í morgun, verður að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í landinu.

Af þessum ástæðum hefur verið lagt til að skólinn verði framvegis alfarið undir stjórn og á ábyrgð kirkjuráðs og þess vegna, eðli málsins samkvæmt, flytjist hann frá menntmrn. til kirkjumrn. Til staðfestingar nýju fyrirkomulagi og til þess að skilgreina aðeins nánar fyrirhugaða starfsemi í framtíðinni, eru tilgreind þrjú svið sem skólinn, eins og sagt er, skal einkum starfa á, þ.e. það er ekki bundið við þessi þrjú svið og verið er að reyna að þróa þarna ákveðna grasrótarstarfsemi þar sem þess er vænst að starfsemin þróist með árunum í

takt við tímann og þær óskir sem fram koma um nýja starfsemi skólans.

Í fyrsta lagi er um að ræða guðfræðisvið. Þar á m.a. að fara fram endurmenntunarnámskeið fyrir presta og aðra starfsmenn kirkjunnar og hluti af starfsþjálfun guðfræðikandídata ásamt ráðstefnum um málefni kirkjunnar og kristinnar trúar.

Í öðru lagi er talað um kirkjutónlistarsvið. Því er ætlað að fegra og efla tónlistarlíf í íslenskum kirkjum. Sviðinu tilheyra m.a. sumartónleikar ásamt organista- og kóranámskeiðum á vegum söngmálastjóra kirkjunnar, æfingabúðir kirkju- og barnakóra og fleira sem gæti rúmast undir því.

Síðan er það fræðslusvið. Því er ætlað að ná til almennings með hvers konar námskeiðum og fræðslu m.a. í samvinnu við fræðslu- og þjónustudeild kirkjunnar. Meðal þeirra námskeiða sem fyrirhuguð eru, eins og segir í athugasemdum með frv., eru námskeið um trúfræðslu og kyrrðardagahald. Það hefur verið rætt um hjónanámskeið, sem hafa verið vinsæl innan kirkjunnar, og einnig námskeið um þjóðlegan menningararf Íslendinga, m.a. um bókmenntir og fleira.

Þess er líka vænst að skólahald, en skólinn hefur verið rekinn með lýðháskólastigi á undanförnum árum, rúmist þarna innan þess sem ákvarðanir verða teknar þar um og þau verkefni sem þróast á þeim vettvangi. Ágætt samstarf og samvinna og tengsl hefur verið við lýðháskóla á Norðurlöndum og því var talið rétt að slíta ekki tengsl við þá skóla.

Í sambandi við fjármögnun kemur fram að gerður hefur verið samningur um rekstur skólans milli kirkjuráðs annars vegar og kirkjumrh., menntmrh. og fjmrh. hins vegar. Þar er gert ráð fyrir ríkisframlagi á ársgrundvelli að upphæð um 4 millj. kr. og allt að 2 millj. að auki til jafns við sjálfsaflafé skólans. Það þýðir að með þessu er verið að hvetja skólann til að afla fjár sjálfur til þeirra verkefna sem eru umfram framlög og munu kosta meira en það sem ríkið leggur til skólans.

Enn fremur er gert ráð fyrir, eins og nefnt var áður, að stjórn skólans sé í höndum sjö manna skólaráðs undir forustu vígslubiskups, sem hefur yfirumsjón með starfi þar í umboði biskups og kirkjuráðs, enda er það svo að vígslubiskup mun setjast að í Skálholti og þótti eðlilegt að hann hefði forustu í þessum málum.

Vegna ábyrgðar kirkjuráðs þótti rétt að það skipaði að öðru leyti fulltrúa í skólaráðið, fimm af sex samkvæmt tilnefningu. Einnig þótti rétt að guðfræðideildin kæmi þar með einn fulltrúa og Collegium Musicum, sem staðið hefur með miklum ágætum að sumartónleikunum og annarri tónlistarstarfsemi í Skálholti á undanförnum 16 árum, tilnefndi fulltrúa í skólaráð. Biskup Íslands ætti síðan fulltrúa í skólaráði sem yrðu þá tengsl inn í fræðslu- og þjónustudeild kirkjunnar. Þessir aðilar yrðu, eins og áður er sagt, eins konar tengiliðir inn í hvert svið.

Ég ætla aðeins að víkja að þeim spurningum sem fram komu hér í morgun. Eins og ég sagði áðan var talið að skólinn ætti að verða kirkjuleg menningar- og menntastofnun og heyra undir kirkjuráð. Því þótti eðlilegt að skólinn félli undir kirkjumálaráðuneyti og af þeim ástæðum, hv. 4. þm. Austurl., var þetta lagt til í frv.

Skólanefnd var höfð með í ráðum, m.a. með því að páv. rektor skólans, séra Sigurður Árni Þórðarson, og séra Þorbjörn Hlynur Árnason, sem er fulltrúi í skólanefndinni, komu á fund nefndarinnar og ræddu um sínar hugmyndir og hugmyndir skólanefndar um framhald á starfi Skálholtsskóla auk þess sem fulltrúar skólans komu óformlega á fund formanns nefndarinnar og var þá rætt um starfsemi skólans. Enn fremur var leitað til fyrrv. rektors skólans, séra Heimis Steinssonar, og hugmyndir frá honum til framhald skólans voru einnig ræddar.

Fræðslusviðið er haft býsna opið vegna þess að við væntum þess að starfið þróist á næstu árum í markvissa átt og þeir aðilar, sem koma að starfi sviðanna, muni þá verða driffjöðrin í því starfi sem verður þarna á næstu árum auk þess sem þeir, sem hafa áhuga á þessu starfi, geta hugsanlega komið þar inn ef þannig stendur á. Það er ljóst að í framtíðinni og á næstunni mun nefndin beita sér að frekari verkefnum. Skálholtsskóli hefur verið forgangsverkefni og það var ljóst fljótlega eftir að nefndin tók til starfa að úrlausnir í málefnum skólans yrðu að vera forgangsverkefni. Nefndin mun áfram vinna að ýmsum þeim verkefnum sem hún hefur rætt um fram að þessu. Þar kemur m.a. inn í deiliskipulag Skálholtsstaðar, fornminjauppgröftur, skrásetning örnefna sem eru á staðnum, skógrækt, safnahlutverk Skálholts, gönguleiðir, þjónusta við ferðamenn ekki síst, önnur nýting jarðarinnar svo sem landbúnaður og nýting jarðhita, hlutverk sumarbúða og annað það sem tilheyrir staðnum. Þetta er því mjög viðamikið starf sem fram undan er og Skálholtsskóli ekki nema einn áfangi í því starfi. Í greinargerð með frv. leggur nefndin til að frv. verði að lögum og verði lögin endurskoðuð um leið og samningurinn. Það er m.a. gert til þess að tryggja að starfsemi skólans þróist í takt við eðlilegar áherslubreytingar á þessu tímabili. Að sjálfsögðu er það skólans í framtíðinni að ákveða nánar innri stjórnun skólans og hvernig hann aflar sér þess sjálfsaflafjár sem honum ber. Samningarnir fela í raun og veru í sér hvatningu til að skólinn vinni á þann hátt.

Ég held að fram séu komin svör við spurningum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Enn fremur vil ég benda á að við höfum rætt fleiri atriði og ýmsa möguleika á því hvernig byggja megi upp Skálholtsskóla og við munum reyna að vinna þannig að lokaskýrslu okkar að þarna verði fundin lausn sem við leggjum til að verði unnið að í áföngum. Mjög náið og gott samstarf hefur verið í nefndinni um þau málefni sem fjallað hefur verið um. Það sama gildir um undirbúning þessa frv. sem nefndin varð síðan einhuga um. Þess vegna erum við nefndarmenn sannfærðir um að ný lög um Skálholtsskóla gætu ekki aðeins haft í för með sér gerbreytingu á starfi skólans heldur er einnig vonast til að þessar breytingar á starfsemi í Skálholti verði þannig að í Skálholti muni mönnum auðnast að halda á áfram þeim glæsta ferli staðarins sem þar hófst fyrir hartnær 1000 árum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða um framtíð Skálholtsskóla og Skálholtsstaður hlýtur að tengjast því máli. Það er áreiðanlega öllum landsmönnum mjög hugfólgið að Skálholt eigi framtíð fyrir sér og þá ekki síst með veglegu skóla-, námskeiða- og ráðstefnuhaldi þar á staðnum. Ég tel að þróunin í þessum málum undanfarin ár hafi valdið því að við erum í dag að ræða frv. til laga um Skálholtsskóla. Staðreyndin er sú að þótt allar góðar óskir og allar góðar hugmyndir væru á lofti í sambandi við lýðháskólaformið hefur það ekki gengið. E.t.v. er hluti af skýringunni, eins og komið hefur hér fram, tilkoma fjölbrautaskólanna en þeim hefur verið að vaxa fiskur um hrygg.

Hér er aftur á móti farið út í það að sérstaklega verði um nýja stofnun fyrir kirkjuna að ræða og það tel ég engan veginn óeðlilegt þar sem staðurinn tengist kirkjusögu. Kirkjan var frumkvöðull í menntamálum fyrr á öldum og því er ekki óeðlilegt að hún hafi sína eigin skólastofnun. Ég tel að frv. sé tilraun til að taka á þeim vanda sem þarna hefur skapast frá því að skólinn tók til starfa. Það tekur á því máli sem snýr að mótun hlutverks skólans sem þarf að vera skýrt. Það þarf að vera alveg skýrt hvernig stjórnun skólans á að vera, hvers konar starfsemi á að fara þar fram. Að vísu eru í 3. gr. nefnd þrjú svið sem gera það að verkum að það er mjög opið hvernig sú starfsemi muni verða. Ég tel það ekki vera galla á frv. því að þessi starfsemi verður að mótast. Það tekur mið af því sem verið hefur að gerast en starfsemin mun halda áfram að mótast. Það er því ágætt að skólinn hafi nokkurt frjálsræði í þessum efnum.

Í 4. gr. er rætt um að kirkjuráð skipi skólaráð og um hvernig skólaráðið er skipað. Skólaráð fer með stjórn skólans í umboði kirkjuráðs. Þar eru tilnefndir til stjórnunar sjö menn og ég hef athugasemdir fram að fram að færa við það að þarna mun Háskóli Íslands eiga tvo fulltrúa í skólaráðinu, þ.e. þar segir að einn maður sé skipaður samkvæmt tilnefningu háskólans og síðan einn samkvæmt tilnefningu guðfræðideildar háskólans. Það er mjög eðlilegt að einn sé tilnefndur samkvæmt tilnefningu guðfræðideildar en ég teldi að Kennaraháskólinn ætti alveg eins að eiga þarna fulltrúa til þess að tengja saman það sem er að gerast í Kennaraháskólanum, ekki síst með tilliti til c-liðar í 3. gr., fræðslusviðs. E.t.v. hægt að tengja saman ýmis nýmæli sem eru í Kennaraháskólanum við skólahald í Skálholti. Þar hef ég ekki síst í huga þá umræðu í þjóðfélaginu um vaxandi þörf á friðarfræðslu sem e.t.v. mætti hugsa sér að færi þar fram í námskeiðaformi, annaðhvort í tengslum við Kennaraháskólann eða að skólar, grunnskólar og framhaldsskólar, sendu þangað nemendur á námskeið í friðarfræðslu.

Ég ætla einnig að segja nokkur orð um fjármögnun til skólans. Sá vandi sem skapast hefur á undanförnum árum hefur ekki síst verið í því fólginn að mikill halli hefur verið á rekstri skólans og hér er tekið á því máli með því að setja upp samning við ríkissjóð um það hvernig rekstur skólans skuli fjármagnaður. Ég hef ekki sérstakar athugasemdir við það en í 6. gr. samningsins segir: „Ríkissjóður er ekki skuldbundinn til fjárframlaga vegna stofnkostnaðar." Þá er spurningin: Hvernig hugsa menn sér að stofnkostnaður verði fjármagnaður því að í greinargerð með frv. segir einnig efst á bls. 3, með leyfi forseta:

„Alla tíð hefur skólinn starfað í þröngum og ónógum húsakynnum, enda er byggingu skólahússins ekki nærri lokið og hefur ekkert miðað í byggingarmálum hans frá árinu 1974. Brýnt er að ljúka byggingu skólans á næstu árum svo að hann geti veirð sú menningarmiðstöð og gegnt því menningarhlutverki sem Skálholti sómir og hæfir."

Mér finnst því að það vanti annaðhvort inn í lögin eða í samninginn, á hvorum staðnum sem það ætti betur heima, að tekið sé á því hvernig stofnkostnaður skólans sé fjármagnaður. Stofnkostnaður annarra skóla ríkisins er fjármagnaður með ákveðnum hlutföllum og þó að þessi skóli heyri undir kirkjuna er kirkjan okkar ríkiskirkja. Þannig er þetta allt saman tengt og ég held að þarna vanti inn ákvæði um stofnkostnað. Hins vegar finnst mér mjög eðlilegt í framhaldi af þeim, breytingum sem hér eru fyrirhugaðar að þessi skóli muni heyra undir kirkjumálaráðuneyti þótt í dag heyri hann undir menntmrn. Eins og ég gat um í upphafi var kirkjan frumkvöðull að allri menntun hér á landi. Þó að mál hafi þróast þannig að nú sjái sérstakt ráðuneyti að mestu leyti um þau mál sé þá ég ekkert því til fyrirstöðu að þessi skóli heyri undir kirkjumálaráðuneyti. Hins vegar má segja að það sé gott að sem flestir komi að því að koma hugmyndum á framfæri og ræða um framtíð skólans og því eðlilegt að menntmn. fjalli einnig um það þó svo frv. verði vísað til allshn.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. kirkjumálaráðherra fyrir að flytja frv. til laga um málefni Skálholtsstaðar, að þessu sinni um Skálholtsskóla. Það er eðlilegt að breyta þurfi lögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er af tiltölulega skömmum tíma sem liðinn er frá því að endurreisn Skálholtsstaðar hófst, m.a. með skólahaldi. Í þessu frv. eru miklar breytingar frá fyrri lögum og sumar þeirra eru tvímælalaust til bóta en aðrar orka meira tvímælis og nauðsynlegt að skoða þær rækilega í meðferð Alþingis. Ég held að mikill ávinningur sé að því að formaður skólaráðs verður nú vígslubiskup sem samkvæmt lögum skal hafa aðsetur í Skálholti. Það var mikilvægur áfangi þegar það var bundið í lög að vígslubiskup skyldi vera í Skálholti því að þar með var kominn ótvíræður húsbóndi á staðinn. Það hefur greinilega komið fram á liðnum árum að ýmislegt hefði getað betur farið í málefnum Skálholts ef yfirstjórn þar hefði verið í betri tengslum við næsta umhverfi, fólkið í sveitinni sem er að sjálfsögðu nátengt Skálholti og hefur besta tilfinningu fyrir þeim stað. Því vil ég taka sérstaklega undir þá breytingu að það verði heimamaður sem bæði verði stjórnandi skóla og staðar að öðru leyti.

Um önnur atriði, eins og ég sagði, er vafalaust frekar spurning. Það er mikilvægt að þarna verði í fram-

tíðinni rótgróin menntastofnun en ekki sundurlaust námskeiðahald eins og kannski er hægt að láta sér detta í hug að hætta sé á ef ekki verður vel á þessum málum haldið og ef ekki verður um neitt samfellt skólahald að ræða heldur stutt námskeið.

En það eru fleiri spurningar svo sem um fjárráð þessarar stofnunar. Ríkið er með þessu frv., ef að lögum verður, að firra sig lögboðnum skyldum til framlaga til skólans og beinlínis tekið fram að það hefði ekki skyldur gagnvart stofnkostnaði og rekstur sé aðeins samkvæmt samningi sem ekki er nánar skilgreint hvernig skuli vera. Óneitanlega hvarflaði að mér við lestur þessa samnings sem hér liggur fyrir, að þarna sé verið að stefna að því að losa ríkið enn þá frekar við ábyrgð því að samningurinn á aðeins að gilda til tveggja ára. Enginn veit hvað tekur við að þeim tíma liðnum. Ég vil því leggja áherslu á að samþykkt frv. má ekki leiða til þess að ríkið telji sig ekki lengur bera neina ábyrgð á framvindunni í Skálholti. Að sjálfsögðu mun staða Skálholts, þegar þessum samningi lýkur, að einhverju leyti fara eftir því hvernig hefur til tekist við framkvæmd á þeim verkefnum sem gert er ráð fyrir að þar fari fram á þeim tíma, þ.e. næstu tvö árin. Því hlýtur að vera mjög mikilvægt að þeim nýju stjórnendum, sem nú eiga að taka þar við forræði, takist vel til. En skólahaldið er að sjálfsögðu ekki nema hluti af starfsemi Skálholts. Þar, eins og ég sagði áður, hefur vígslubiskup einnig aðsetur og að mínu mati er mjög mikilvægt að vegur Skálholts fari vaxandi. Ég tel að það sé ekki aðeins vegna skyldu kirkjunnar og þjóðarinnar við þennan stað heldur sé það líka mikilvægt fyrir kirkjuna að nýta sér Skálholt, þ.e. nýta sér þá sögu og fortíð sem þar er. Þó að við verðum að sjálfsögðu að horfa fram á veginn finnst mér Skálholt skipa svo fastan sess í þjóðarsögu okkar að nauðsynlegt er fyrir kirkjuna og þjóðina alla að nýta sem best þau verðmæti sem í þeirri sögu eru fólgin.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Svo sem von er hafa umræðurnar um frv. ekki einskorðast við sjálft skólastarfið í Skálholti heldur einnig lotið nokkuð að hugmyndum manna um uppbyggingu Skálholtsstaðar. Það er eðlilegt. Enda ber einnig á það að líta að hér er um að ræða fyrsta áfanga í starfi þeirrar nefndar sem fjallar um mótun uppbyggingarstarfs í Skálholti. Þess vegna er fullkomin ástæða til þess að ræða málefni Skálholts í víðara samhengi en því einu sem afmarkast af frv. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem kvatt hafa sér hljóðs fyrir málefnalega umræðu.

Hv. 13. þm. Reykv., sem gegnir formennsku í Skálholtsnefnd sem samdi frv., svaraði ýmsum spurningum sem komið hafa fram og lúta að frv. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að endurtaka þau svör.

Efasemdir hafa komið fram um að rétt sé að flytja málefni Skálholtsskóla frá menntmrn. yfir til kirkjumrn., að ástæða sé til þess að fella allt skólastarf undir eitt ráðuneyti. Ég er ósammála þessari skoðun. Ég tel mjög mikilvægt að við getum byggt upp skólastarf í þjóðfélaginu og gefið þeim sem áhuga og ástæður hafa til að hafa með höndum fræðslu- og menningarstarf og skólastarf möguleika á að sinna slíkum verkefnum án þess að það þurfi að vera rígbundið í eitt mót. Við eigum ekki að hugsa á þann veg um skólastarf í landinu að fella þurfi alla skóla að einni og sömu reglugerð, að einni og sömu hugsun. Sem betur fer ríkir það frjálslyndi í menntmrn. að það hefur séð að skynsamlegt er að fylgja slíkum viðhorfum eftir og taka fegins hendi vilja kirkjunnar til þess að taka ábyrgð á slíkum rekstri og móta hann á þeim grundvelli sem hér hefur verið lagður. Ég tel mjög mikilvægt að við nýtum vilja kirkjunnar og gefum henni tækifæri til þess að byggja upp skólastarf með þeim hætti sem hér hefur verið ákveðið og samningar hafa tekist um við kirkjuna. Ég tel það vera skólastarfi í landinu til góðs og að það stuðli að fjölbreyttara og blómlegra starfi á þessu sviði. Ég tek þess vegna ekki undir þær athugasemdir sem komið hafa fram og tel að sú skipan mála sem mælt er fyrir um í frv. að þessu leyti sé rétt og skynsamleg. Unnið hefur verið að undirbúningi málsins í mjög nánu samstarfi við kirkjuna, enda er það tekið upp að hennar frumkvæði og hún hefur átt fulla aðild að nefndinni sem unnið hefur að því.

Að því er varðar samstarfsnefnd Alþingis og kirkju var málið kynnt á fundi nefndarinnar og fékk góðar viðtökur. Ég geri ráð fyrir því að ef einhver álitaefni koma upp í meðferð málsins á Alþingi sem ástæða þykir að hafa sérstakt samráð við kirkjuna um, sé samráðsnefndin fús til þess að fjalla um málið. Eftir að mál af þessu tagi er komið á borð Alþingis er eðlilegt að samstarfsnefndin taki það til meðferðar en undirbúningsvinna hlýtur eðli málsins samkvæmt að hvíla á því ráðuneyti sem fer með ábyrgð á málefnum kirkjunnar og á herðum kirkjunnar sjálfrar.

Af þessu tilefni kom fram tillaga um það á Alþingi að málinu ætti að vísa til menntmn. þingsins. Nú segi ég það sem mína skoðun að ég treysti menntmn. þingsins mjög vel til þess að fjalla um frv. en með vísan til efnis þess og ákvæða þingskapa þykir mér eðlilegt að málið fari til allshn., eins og ég hef gert tillögu um. Þingsköpin gera beinlínis ráð fyrir því að málum skuli vísað til nefnda með hliðsjón af starfsskiptingu ráðuneyta og sérstaklega tekið fram að vísa skuli dómsmálum, kirkjumálum, byggðamálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður til allshn. Hér er um að ræða frv. um skóla sem á að starfa á ábyrgð kirkjuráðs og er því kirkjulegt málefni og á því að mínu mati, samkvæmt efni sínu og í samræmi við þingsköp, að fara til meðferðar í allshn.

Vissulega er rétt eins og komið hefur fram að húsakynni Skálholtsskóla eru takmörkuð og setja starfsemi skólans ákveðin takmörk. Við höfum gert samning um rekstur á skólanum. Ég tel það vera mjög eðlilega skipan að stjórnvöld og kirkjan geri samning um það sín á milli hvernig staðið skuli að framlögum til rekstrar. Með þessu móti er fjárhagslegt sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar aukin og útgjöldum ríkisins því settar ákveðnar skorður. Að því er varðar rekstur og stofnkostnað, hygg ég að reynslan ætti að hafa kennt hv.

þm. það að engin trygging er fyrir því að séð sé fyrir rekstrarframlögum eða framlögum til stofnkostnaðar þó að með lögum sé kveðið á um skyldu ríkisins í þeim efnum. Þvert á móti hygg ég að þingið hafi gengið býsna langt í að kveða á um skyldur umfram það sem það svo treystir sér til að taka af fólkinu í landinu til þess að úthluta aftur til sömu verkefna. Þess vegna sé rétt og skylt af Alþingi að ákveða fjárframlög bæði til rekstrar og stofnkostnaðar slíkra viðfangsefna eins og við erum að fást við hér, á þann veg að við sjáum fyrir að geta staðið við þær skuldbindingar. Á þeim grundvelli hefur þessi samningur verið gerður og ég legg áherslu á að tekist hefur mjög gott samstarf við kirkjuna um að standa á þann veg að málum að því er fjárlagahliðina snertir. Kirkjan telur þetta vera eðlilega skipan á því verkefni sem verið er að fjalla um og ég held að hún sé í fullu samræmi við þá ábyrgð í ríkisfjármálum sem þingið þarf að viðhafa í hverju falli og lýsir ekki á nokkurn hátt takmörkuðum vilja til stuðnings við verkefni í Skálholti. Þvert á móti lít ég svo á að frv. sé fyrsta skrefið til þeirrar viðreisnar Skálholtsstaðar sem ætlunin er að stefna að og Skálholtsnefnd hefur í undirbúningi. Enda er þetta fyrsta framlag nefndarinnar til uppbyggingar starfsins og hún mun síðan halda áfram störfum eins og formaður nefndarinnar hefur þegar gert grein fyrir.

Hjá hv. 18. þm. Reykv. kom fram að æskilegt væri að tengja uppbyggingu Skálholtsstaðar við þau sögulegu og menningarlegu verkefni sem gerðu það að verkum að fleiri legðu leið sína í Skálholt. Ég tek undir þau sjónarmið. Eitt af meginmarkmiðum nefndarinnar er að leggja til uppbyggingu sem er í samræmi við sögu staðarins og þá menningarlegu reisn sem við viljum að staðurinn hafi í íslensku þjóðfélagi. Ég er sannfærður um að ef vel tekst til í því uppbyggingarstarfi mun staðurinn kalla til sín marga menn, bæði innlenda og erlenda, þeim til ánægju og staðnum til álitsauka og tek þess vegna heils hugar undir þau sjónarmið.

Það var á það minnst og varpað fram í spurnarformi hvort stjórnvöld teldu ekki rétt að biskup Íslands sæti í Skálholti. Nú er það svo að ákvörðun hefur verið tekin um að vígslubiskup sitji í Skálholti. Nú er verið að undirbúa það að sú skipan verði og á vordögum mun vígslubiskup taka sér sæti í Skálholti. Ég tel það mikið framfaraspor og þátt í uppbyggingu staðarins.

Vissulega er það álitaefni hvort biskup Íslands eigi að sitja í Skálholti. Ég tel hins vegar að kirkjan eigi sjálf að hafa frumkvæði og forræði í því efni og að stjórnvöld ættu ekki að taka fram fyrir hendurnar á henni. Hitt er annað að það kann vel að vera eðlilegt umræðuefni milli Alþingis og kirkju og ákjósanlegt viðfangsefni samstarfsnefndar Alþingis og kirkju að ræða um slíka breytingu en frá mínum bæjardyrum séð á Alþingi að tryggja sem best sjálfstæði kirkjunnar á þann veg að hún geti mótað innra starf sitt og uppbyggingu sem mest á eigin spýtur og án afskipta stjórnvalda, þar á meðal hvar biskup situr. Ég vil líta á sjálfstæði kirkjunnar á þann veg þó að ég sé á engan hátt að mæla gegn þeirri hugmynd sem hér var varpað fram.

Einnig var spurt að því hvort ekki væri ástæða til að flytja allt guðfræðinám við Háskóla Íslands í Skálholt. Vel má vera að rök séu fyrir því að flytja guðfræðinám við háskólann í Skálholt í ríkari mæli en hér er gert ráð fyrir, jafnvel alfarið. En að mínu mati hefur verið hér stigið eðlilegt skref. Verið er að opna möguleika á og gera ráð fyrir því að hluti af námi sem nú fer fram í guðfræðideildinni verði staðsettur í Skálholti. Ég hygg að gott sé að fá reynslu af því hvernig til tekst í því efni og þróa aukin tengsl Skálholtsskóla og guðfræðideildarinnar smám saman eftir því sem reynslan leiðir mönnum í ljós hvað heppilegast er að gera og hvernig mönnum tekst til með áframhaldandi uppbyggingu skólans í Skálholti. Kjarni málsins er sá að merkilegt skref er stigið með því að flytja ákveðinn hluta af náminu í Skálholt og tengja námið í guðfræðideild og Skálholtsskóla þeim böndum sem lagafrv. gerir ráð fyrir. Vonandi er það upphaf af annarri og meiri þróun.

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni en vænti þess að það fái vandaða meðferð í hv. allshn. og að þingið sjái sér fært að ljúka afgreiðslu þess á vordögum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra um stofnkostnað skólans tek ég fram að ég skil vel að núv. ríkisstjórn vilji ekki setja neitt fast fram um fjárframlög til stofnkostnaðar Skálholtsskóla. Ég tel þó að ákvæði mættu og ættu að vera um skiptingu byggingarkostnaðar milli ríkis og skólans. Það fer að sjálfsögðu eftir fjárlögum hverju sinni hver upphæðin er.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel þá niðurstöðu sem orðið hefur í samstarfi ráðuneytanna og kirkjunnar um rekstur skólans mjög skynsamlega. Síðari ákvarðanir um áframhaldandi uppbyggingu hans verða að ráðast af því hvernig til tekst um skólastarfið á næstu árum. Ég hygg að vonir allra hv. þm. séu við það bundnar að við getum eflt þennan skóla og bætt húsakynni hans en ákvarðanir þar um verður að taka á síðara stigi og að ekki er tilefni til þess að taka skuldbindandi ákvarðanir nú um hlutverk ríkisins í því efni. Skilningur hefur verið innan kirkjunnar á því að meginatriðið er að koma rekstrinum af stað í nýju formi og koma þeim nýmælum fram. Það er kjarni málsins. Mestu máli skiptir að Alþingi takist á við það verkefni og treysti kirkjunni fyrir þeirri nýju ábyrgð sem lögð er á herðar hennar með frv. því sem hér liggur fyrir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég heyri það á máli hæstv. ráðherra að hann hefur mikla trú á því að frv. sem mælt hefur verið mælt fyrir skili miklum árangri fyrir Skálholtsstað. Við skulum vona að sú löggjöf sem verður

ákvörðuð af Alþingi nái því markmiði. Ég hygg að það hljóti að vera hugur allra.

Ég hef óskað eftir því að menntmn. þingsins fái málið til meðferðar og því verði vísað þangað. Ég vil aðeins rökstyðja það og kaus frekar að kveðja mér hljóðs undir ræðuformi heldur en andsvari vegna þess að í rauninni er ekki rúm til þess að rökstyðja mikið undir því formi. Þetta er af almennum ástæðum sprottið en ekki endilega sem viðbrögð við tillögu hæstv. ráðherra sem mælir fyrir frv. Við höfum áður staðið frammi fyrir spurningum um það hvernig haga eigi málsmeðferð innan þingsins. Ég vil rökstyðja aðeins frekar tillögur mínar um þetta efni.

Við erum að fjalla um breytingu eða nýja löggjöf sem á að taka við af annarri löggjöf og eru lög um Skálholtsskóla frá 1977. Það eru þau lög sem eru í gildi og á að fella úr gildi samkvæmt frv. Sú löggjöf heyrir undir menntmrn. Það er sem sagt verið að breyta ákvörðunum sem varða það ráðuneyti samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er efni frv. um skólahald sem snertir mjög víðtæk tengsl við annað skólakerfi í landinu eins og glöggt má sjá bæði af frumvarpstexta sem og rökstuðningi í athugasemdum við einstakar greinar.

Ég bendi á það sem fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frv. um 3. gr. þess og tel ástæðu til að vitna í það, með leyfi forseta:

„Til að vinna að markmiði sínu skv. 2. gr. starfrækir Skálholtsskóli eftirtalin þrjú svið er grein þessi tekur til:

a. Guðfræðisvið. Gert er ráð fyrir að þar geti farið fram endurmenntunarnámskeið fyrir presta og aðra starfsmenn kirkjunnar og einnig hluti af starfsþjálfun guðfræðikandídata, sbr. 16. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990. Enn fremur námskeið á vegum guðfræðideildar Háskóla Íslands og Guðfræðistofnunar, svo og margs konar námsstefnur og ráðstefnur um málefni kristinnar trúar og kirkju."

Þetta er a-liður og hér er um að ræða tengsl og ávísun á námsþætti sem tengjast guðfræðideild Háskóla Íslands, sem er hluti af Háskóla Íslands, sem heyrir undir menntmrn. eins og við þekkjum. Af hverju færa menn þá ekki málefni guðfræðideildarinnar undir dóms- og kirkjumrn.? Það er hluti af starfi þjóðkirkju Íslands undirstaða, menntun guðfræðinga.

Síðan er b-liður um kirkjutónlistarsvið. Þar segir: „Undir þetta svið heyra sumartónleikarnir í Skálholtskirkju og ýmiss konar samstarf og tónlistariðkun í tengslum við þá. Enn fremur organista- og kóranámskeið á vegum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, tónlistariðkun og æfingabúðir fyrir kirkjukóra og barnakóra, sumartónbúðir barna og námskeið á vegum Tónskóla þjóðkirkjunnar og guðfræðideildar. Með samstarfi kirkjutónlistarsviðsins skal almennt að því stefnt að það megi fegra og efla tónlist í íslenskum kirkjum."

Og síðan er c-liður fræðslusvið. „Á þessu sviði er gert ráð fyrir margs konar námskeiðum og fræðslu, m.a. í samvinnu við fræðslu- og þjónustudeild kirkjunnar og fleiri aðila, t.d. námskeiðum í trúfræðslu, kyrrðardagahaldi o.fl. Gert er ráð fyrir að undir þetta svið heyri umfjöllun um þjóðlegan menningararf Íslendinga, bókmenntir fornar og nýjar, kirkjulist og listir yfirleitt frá ýmsum tímum. Enn fremur ráðstefnur á sviði þjóðfélags- og menningarmála, félagsmálanámskeið og ráðstefnur á vegum félagsmálasamtaka. Einnig starfsemi sem tengist norrænni lýðháskólahefð og norrænu samstarfi á því sviði."

Þetta eru skýringar um 3. gr. frv. og eins og þar kemur fram er um mjög víðtæk tengsl að ræða við fræðslustarfsemi sem tengist víða úti í þjóðfélaginu. Mér finnst eðlilegt þar sem menntmn. þingsins sem fjallar um skóla- og menningarmál almennt fái hún þetta mál til umfjöllunar og hafi aðalumfjöllun um það. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra skiptir það auðvitað ekki máli varðandi skipan í þinginu hverjir sitja í hvaða þingnefnd, heldur með hvaða hætti við fjöllum um málið. Ég ítreka enn frekar að við erum að fjalla um breytingu frá löggjöf sem heyrir undir menntamál með skýrum hætti og því er það tillaga mín að frv. gangi til menntmn. en ég óska þá eftir því áður en atkvæðagreiðsla verður um málið að forseti þingsins, forsætisnefnd eftir atvikum, líti á þetta mál og fjalli um það og komi eftir atvikum með tillögu um hvernig með það skuli farið samkvæmt þingsköpum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Að sjálfsögðu er ekki ástæða til þess að eyða löngum tíma í þref um það til hvaða nefndar mál eigi að fara þó að vitaskuld skipti það nokkru að rétt sé staðið að ákvörðunum í því efni. Ég vil aðeins ítreka fyrri sjónarmið mín að því er málið varðar. Það er samkvæmt þingsköpum gert ráð fyrir því að málum sé vísað til nefndar með hliðsjón af því hvernig mál skiptast á milli ráðuneyta. Hér er um að ræða frv. sem heyrir undir kirkjumálaráðuneytið og er af þeim sökum eðlilegt að fari til allshn. Vegna skírskotunar til guðfræðikennslu í Skálholtsskóla og þess að Háskóli Íslands heyrir undir menntmrn. vil ég ítreka að einmitt fyrir þá sök á bæði Háskólinn og guðfræðideildin fulltrúa í stjórn hins nýja skóla ef frv. verður að lögum. Ég vil líka minna á að Háskóli Íslands eðli máls samkvæmt lýtur verulegri sjálfsstjórn um innri málefni sín og þess vegna er eðlilegt að fulltrúar skólans sjálfs og guðfræðideildarinnar komi að þessum stjórnunarstörfum miklu fremur en menntmrn. vegna þess að Háskólinn á vegna hlutverks síns að njóta verulegrar sjálfsstjórnar um innri málefni sín. Ég tel að eins og frv. er upp byggt séu þarna eðlileg tengsl á milli.

Ég ítreka svo fyrri sjónarmið mín um það að eðlilegt sé að frv. verði vísað til allshn.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fjalla um eða bregðast við því sem sagt var um frv. sjálft og ákvæði þess. Mér finnst það ekki ráðast af því sérstaklega til hvaða þingnefndar því er vísað hvernig fyrirhugað er að koma þessum málum fyrir stjórnunarlega varðandi Skálholtsskóla. Mér finnst óskylt þessu efni hvernig

við eigum að fjalla um þetta í nefndum þingsins. Ég bendi á að nú getur hvaða þingmaður sem er komið með frv. alveg eins og hæstv. ráðherrar og lagt fyrir Alþingi og lagt til breytingu frá tilhögun á málum og lögum sem eru í gildi. Mér þætti dálítið sérkennilegt ef það ætti að láta það ráðast hvert málum er vísað hér í þinginu eftir því hvaða hugmyndir koma hvort sem það er hæstv. ráðherrar sem leggja fram mál um breytingar á gildandi lögum eða einhverjir hv. þm. og það eigi síðan að ráða því hvert málin fara. Ég held að þingsköpin séu ekki ráðandi eða vísi ekki á það ef menn eru að breyta til frá Stjórnarráðinu eða koma með tillögur um að breyta þar til frá gildandi lögum þá eigi það ekki að vera ákvarðandi heldur hitt, efni máls og þeirra laga sem verið er að breyta og færa til annarrar áttar en verið hefur. Þessa vildi ég geta sem sjónarmiðs inn í þá umræðu og skoðanaskipti sem hér hafa farið fram.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sumir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa sakað ríkisstjórnina um það í vetur að horfa um of til baka og binda sig við fortíðina. Hér er um að ræða mál sem kveður á um að flytja tiltekna starfsemi á milli ráðuneyta. Ég tel fullkomlega óeðlilegt að skipa málinu í nefnd með tillit til þeirrar fortíðar sem hefur verið á skipan þessara mála heldur eigi að skipa málinu í nefnd með hliðsjón af þeirri nýskipan sem verið er að leggja til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Stjfrv., 452. mál (heildarlög). — Þskj. 710.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Frv. þetta til nýrra hjúskaparlaga sem hér er mælt fyrir er samið af sifjalaganefnd, en í henni eiga sæti Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar, Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Guðrún Erlendsdóttir, forseti Hæstaréttar. Ritari nefndarinnar hefur verið Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri í dómsmrn.

Eftir að sifjalaganefnd hafði lokið við frumgerð að frv. ásamt yfirlitsgreinargerð voru þessi gögn send ellefu aðilum til umsagnar. Nefndinni bárust umsagnir frá fimm þeirra, þ.e. frá biskupi Íslands, Jafnréttisráði, Lögmannafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Þá voru réttarfarsákvæði frv. og ákvæði þess um fjárskipti hjóna sérstaklega kynnt fulltrúum réttarfarsnefndar sem settu fram ýmsar ábendingar. Hafa margar ábendingar umsagnaraðila verið teknar til greina við endanlega mótun og gerð frv. og athugasemda sem því fylgja. Loks liggja til grundvallar frv. niðurstöður úr norrænu löggjafarsamstarfi og einnig hefur verið tekið mið af nýlegri, norrænni hjúskaparlöggjöf.

Með þessu frv. til nýrra hjúskaparlaga er lagt til að steypt verði í einn lagabálk ákvæðum þeirra laga sem nú eru í gildi á þessu sviði, þ.e. lögum nr. 20 frá 1923, um réttindi og skyldur hjóna, og lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

Frv. skiptist í 17 kafla. I. kafli þess fjallar um efnissvið laganna og hefur að geyma almenn ákvæði. II. og III. kafli fjalla um hjónavígsluskilyrði og könnun á þeim. IV. kafli um hjónavígslur, sá V. um ógildingu hjúskapar. VI. kafli um hjónaskilnaði og VII. kafli um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar. VII. og VIII. kafli geyma ákvæði um eignir hjóna og forræði maka á eign sinni og X. kafli um skuldaábyrgð hjóna og heimild annars hjóna til að skuldbinda hitt. Í XI. og XII. kafla eru ákvæði um samninga milli hjóna, séreignir og kaupmála og í XIII. og XIV. kafla eru reglur um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar og vegna hjúskaparslita. Í XV. kafla er að finna ákvæði um réttarfar í hjúkskaparmálum og í XVI. kafla reglur um meðferð og úrlausn stjórnvalda að málum samkvæmt frv. Í XVII. kafla eru loks ákvæði um gildistöku, lagaskil og brottfallin lög. Frv. er einskorðað við hjón í skilningi sifjaréttarins þar sem karl og kona hafa verið gefin saman í hjúskap þannig að lágmarksskilyrðum um gildi hjónavígslu sé fullnægt og tekur þannig ekki til óvígðrar sambúðar og heldur ekki til samninga samkynja manna um sambúð.

Í athugasemdum með frv. er þeim breytingum sem í því felast frá núgildandi lögum lýst ítarlega en ég ætla hér að gera í stuttu máli grein fyrir því hverjar helstu breytingar felast í frv. Í I. kafla þess, sem fjallar m.a. um jafnstöðu og verkefnaskiptingu hjóna, segir í 2. gr. að hjón séu í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum. Er hér lagt til að afnuminn verði sá munur á lagastöðu karla og kvenna sem er að finna í núgildandi lögum um réttindi og skyldur hjóna. Í 2. mgr. 3. gr. er það nýmæli að hjónum sé skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu.

Í II. kafla frv., um hjónavígsluskilyrði, er lagt til að fækkað verði hjúskapartálmum frá núgildandi lögum. En sú stefna hefur verið ríkjandi í norrænni sifjalöggjöf og víðar. Vissulega eru það mikilvæg mannréttindi að menn geti stofnað til fjölskyldu og að lög girði ekki fyrir að menn geti stofnað til hjúskapar nema brýnir þjóðfélagshagsmunir bjóði annað. Ein merkasta breyting þessa kafla frá núgildandi lögum er sú að hér er lagt til að ekki verð lagt bann við hjónavígslu geðveikra manna og þroskaheftra. Þykja ekki rök fyrir því að andlega fatlaðir menn njóti ekki þeirra mannréttinda að geta stofnað til hjúskapar.

III. kafli frv., um könnun á hjónavígsluskilyrðum, hefur að geyma nokkuð fyllri reglur um þetta efni en eru í núgildandi lögum en felur ekki í sér umtalsverðar breytingar á þeim, enda þykja þær hafa gefið góða raun.

Í IV. kafla frv., um hjónavígslu, er fjallað um borgaralega og kirkjulega hjónavígslu, hverjir framkvæmi hana og hvar og hverjum sé kræf borgaraleg hjóna-

vígsla. Þar eru m.a. skýrari ákvæði en í núgildandi lögum um heimildir þjóðkirkjupresta sem látið hafa af embætti til að gefa saman hjón og það nýmæli að skyldleiki eða vensl vígslumanns við hjónaefni valdi ekki vanhæfi hans til þess.

V. kafli frv., um ógildingu hjúskapar, er svo til óbreyttur frá núgildandi lögum en þetta réttarúrræði er nánast óþekkt hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Í VI. kafla frv., um hjónaskilnaði, gætir verulegra nýmæla. Reglur hafa verið gerðar einfaldari og hjónaskilnaðarástæðum fækkað.

Í 34. gr. er kveðið á um að maki sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap eigi rétt á skilnaði að borði og sæng án þess að vikið sé að þeim sakarþætti sem er í núgildandi lögum enda oftast erfitt um vik að meta svör í þessum efnum. Önnur ástæða fyrir því að fella niður sakarþáttinn er sú að það er talið stuðla að því að draga úr deilum og ásökunum hjóna hvors í annars garð við skilnað og auðvelda hjónum slit þessara persónutengsla með virðingu.

Nýmæli er í 35. gr. um áhrif þess ef samvistir hjóna haldast eftir að skilnaður að borði og sæng er fenginn eða hjón taka aftur upp samvistir. Er þar dregið úr kröfunni um samvistaslit og verður þessi skilnaðaraðgerð þá sveigjanlegri og vænlegri til sátta.

Þá er það nýmæli í 36. gr. að lagt er til að sá lágmarkstími, sem líða þarf frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og til þess að lögskilnaður er kræfur á grundvelli hans, verði styttur úr einu ári í sex mánuði ef hjón eru þá sammála um að óska lögskilnaðar en annars verði hann áfram eitt ár.

Í 41. gr. segir hverjir leysi úr kröfum um skilnað og byggist hún á þeirri grunnreglu að í flestum tilvikum eigi að vera unnt að leita skilnaðar hvort sem er hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Ef hjón eru sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng leysir sýslumaður úr máli en í öðrum tilvikum er hægt að leita skilnaðar hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það en ella hjá dómstólum. Með þessu ákvæði er lagt til að sýslumenn afgreiði skilnaðarmál á frumstigi ef skilnaðar er leitað hjá stjórnvöldum en ákvörðun sýslumanns megi skjóta til dómsmrn. Synjun stjórnvalds um útgáfu leyfis er því ekki til fyrirstöðu að unnt sé að leggja skilnaðarkröfu fyrir dómstóla. Víða um lönd er úrlausn skilnaðarmála hjá dómstólum einum en ekki hafa þótt rök til þess að fara þá leið þegar hjón eru sammála um skilnað eða um að leita hans hjá stjórnvaldi. Ekki verður hjá því litið að stjórnvaldsleiðin er að jafnaði greiðfærari og ódýrari fyrir aðila auk þess sem hún styðst við langa hefð hér á landi og ekki verður séð að þessi skipan sé andstæð þjóðaréttarsamningum sem Ísland er aðili að.

Í þessu sambandi ber að benda á að 43. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, var breytt með lögum nr. 92/1991 þannig að stjórnvaldsúrlausnir í skilnaðarmálum færast til sýslumanna þann 1. júlí nk. í tengslum við aðskilnað framkvæmdarvalds og umboðsvalds í héraði með málskotsrétti til dómsmrn. Sáttaákvæðið í 42. gr. frv. hefur að geyma nokkur nýmæli, m.a. að ekki sé skylt að leita sátta með hjónum með framhald hjúskaparins nema þau hafi forsjá fyrir ósjálfráða börnum en við þær aðstæður mælir tillitið til barna með skyldubundnum sáttatilraunum. Í öðrum tilvikum þykja ekki rök til að þvinga hjón til sáttaumleitana en lögð er áhersla á að þau eigi þess ávallt kost þegar þess er óskað.

Í 2. mgr. 44. gr. er að finna það þarfa nýmæli að hægt er að veita skilnað þótt ekki hafi verið leyst úr ágreiningi um forsjá barns. Langan tíma getur tekið að leysa úr deilu foreldra um forsjá og geta hjón haft ríka hagsmuni af því að fá skilnað áður en forsjármál er útkljáð. Ákvæðið byggir að sjálfsögðu á því að ágreiningur um forsjá sé til meðferðar hjá lögmæltum yfirvöldum í samræmi við ákvæði barnalaga.

Í VII. kafla frv. eru svo einkaréttarreglur um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldunnar. Í þessum kafla eru felld saman ákvæði um framfærsluskyldu hjóna, bæði meðan hjúskapur varir og eftir skilnað hjóna en ekki gætir verulegra nýmæla frá gildandi rétti. Ákvæðin eru þó um margt einfaldari í sniðum en núgildandi lagareglur.

Ákvæði um VIII. kafla frv., sem fela í sér nokkurt nýmæli, er einkum ætlað það hlutverk að veita yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap og hafa leiðsögugildi. Í 53. gr. er eignamynstri í hjúskap lýst samfellt og þar greindar þær eignadeildir sem til greina geta komið og í 54. gr. er hugtakið „hjúskapareign" skilgreint. Í 55. gr. segir hvernig séreignir geti myndast og í 56. gr. er fjallað um sameignir hjóna og þar lagt til að fræðiskýring verði lögfest.

Í IX. kafla frv., um forræði maka á eignum sínum, gætir ekki nýmæla í fyrri þætti kaflans um almenn ákvæði. Í síðari þætti hans, um takmarkanir á forræði maka yfir eignum sínum, er fjölskyldu maka veitt ríkari vernd gegn ráðstöfun hans á fasteign er fjölskyldan býr í en í gildandi lögum og einnig gegn ráðstöfun maka á innbúi á sameiginlegu heimili hjóna og fleira. Þá er ákvæði í 67. gr. um heimild til riftunar á gjöf maka til þriðja manns nýmæli.

Í X. kafla frv., um skuldaábyrgð hjóna, er safnað saman í einn kafla dreifðum ákvæðum um þetta efni í lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, en meginreglurnar eru óbreyttar. Lagt er til að afnumin verði ákvæði gildandi laga er mismuni hjónum með einum eða öðrum hætti enda samrýmast þau ekki jafnréttisviðhorfum nútímans.

Í XI. kafla frv. eru ákvæði um samninga milli hjóna þar á meðal séreignir samkvæmt kaupmála. Samhengisins vegna eru einnig í kaflanum reglur um aðrar séreignir svo sem vegna fyrirmæla gefenda eða arfleiðenda. Helstu nýmæli kaflans eru þau að lagt er til að unnt sé að ákveða með kaupmála að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna sem aflað er eftir gerð kaupmála verði séreign og að unnt verði að tímabinda kaupmála og gera þá skilyrta, t.d. þannig að kaupmáli hafi ekki lengur gildi ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja. Fleiri nýmæli eru einnig í þessum kafla sem er ítarlega lýst í athugasemdum með frv.

Í XII. kafla frv., sem fjallar um kaupmála, er skip-

að í samfellu dreifðum ákvæðum laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, m.a. um hæfi til kaupmálagerðar, form kaupmála og reglur um skráningu þeirra. Í kaflanum eru ýmis nýmæli, m.a. vottun á undirritun kaupmála, skráningu í veðmálabækur, afskráningu kaupmála o.fl. Reglur um skráningu kaupmála eru svipaðar núgildandi reglum en hafa verið lagaðar að nýjum lögum.

Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar og vegna hjúskaparslita greinir í XIII. og XIV. kafla frv. Í þessum köflum er m.a. að finna efnisreglur um opinber skipti til fjárslita milli hjóna þar sem reglan um helmingaskipti milli hjóna er eftir sem áður meginregla við þessi skipti en rýmkaðar heimildir eru til frávika frá henni frá því sem er í núgildandi lögum.

Einnig er þess freistað að gefa aðgengilegt yfirlit yfir ferli skiptameðferðar með því m.a. að vísa til viðeigandi reglna XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991. Hér gætir ýmissa nýmæla sem eru rækilega reifuð í athugasemdum með frv.

Í XV. kafla frv. eru reglur um réttarfar í hjúskaparmálum. Við gerð ákvæðanna um réttarfar hefur verið tekið tillit til nýrra laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 en að sjálfsögðu einnig séreðlis þessara mála. Ákvæði núgildandi laga hafa verið einfölduð og nokkur felld niður.

Í XVI. kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt frv. og eru það nýmæli í hjúskaparlögum. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur sem hafa mótast í lagaframkvæmdinni, en lögskráning þeirra horfir til réttaröryggis. Er þess sérstök þörf nú þegar margvíslegar úrlausnir flytjast frá dómsmrn. til sýslumanna. Við mótun þessara reglna hefur verið höfð hliðsjón af frv. til stjórnsýslulaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi og álitsgerðum umboðsmanns Alþingis.

Í XVII. kafla frv. er loks fjallað um gildistöku laganna sem miðast við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þann 1. júlí nk., lagaskil og brottfallin lög.

Frú forseti. Ég hef þá lokið að fara yfir meginefni þessara nýju hjúskparlaga. En ég vek um leið athygli á mikilvægi þess að frv. verði að lögum fyrir þinglok vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds á komandi sumri. Þótt skammur tími sé nú til stefnu er þess óskað að hv. allshn. hagi störfum sínum á þann veg að takast megi að afgreiða frv. á vordögum. Ég tel að það eigi að vera gerlegt enda hefur mjög verið vandað til alls undirbúnings og allrar vinnu við samningu þessa frv. og leitað athugasemda hjá fjölmörgum þeirra aðila sem gerst þekkja og þegar verið tekið tillit til margra þeirra ábendinga sem fram hafa komið frá slíkum aðilum.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var aðeins smáatriði. Ég heyrði ekki í ræðu hæstv. dómsmrh. að hann skýrði 5. gr. Orðalagið „hjúskap lýkur fyrir andlát maka" vefst eilítið fyrir mér. Kannski er þetta eitthvert venjulegt lögfræðiorðalag. Mér finnst þetta svolítið sérkennilegt. Hvað er átt við með því? Mín máltilfinning er sem sagt sú að það sé áður en maki deyr, þ.e. fyrir andlátið. Mig langar til að spyrja um þetta atriði.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mín máltilfinning segir að orðið „fyrir" geti táknað eitthvað sem gerist á undan tilteknum atburði en einnig vegna einhvers atburðar og ég hygg að það sé mjög almenn skoðun og almenn tilfinning manna um þetta mjög svo kunna orð í íslensku máli.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir þetta ekki mjög heppilegt orðalag í lögum og ég legg til að reynt verði að finna eitthvert betra orðalag þannig að venjulegt fólk skilji betur hvað þarna er átt við. (**Gripið fram í:** Við andlát.) Við andlát, gæti komið í staðinn.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég geri ekki athugasemd við það að hv. nefnd taki þetta orðalag til athugunar. En vegna þess að sú ósk var sett fram með þeim rökstuðningi að setningin ætti að vera venjulegu fólki skiljanleg þá vil ég nú halda því fram sem flm. frv. að ég flokkist undir venjulegt fólk og því þurfi aðrar röksemdir fyrir þessari ósk. (**Gripið fram í:** Gæti ráðherra ekki samþykkt þetta — við andlát?)

Ragnhildur Eggertsdóttir:

Virðulegi forseti. Í því frv. sem er til umræðu og hæstv. ráðherra hefur kynnt, frv. til hjúskaparlaga, sé ég að í felast ýmsar góðar úrbætur á þeim hjúskaparlögum sem nú eru í gildi og vissulega þörf á. Má t.d. nefna að í 60. gr. eru reistar nokkrar skorður við forræði maka á fasteign eða réttindum yfir fasteign ef fjölskyldan býr á henni, ef hún er ætluð til þeirra nota eða atvinnurekstrar annars eða beggja. Skorðurnar eru í því fólgnar að öðru hjóna er óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda, veðsetja, leigja eða byggja hana, sama hvort um hjúskapareign eða séreign er að ræða. Það að skriflegt samþykki skuli þurfa að liggja fyrir um nýmæli og einnig það að sama gildi þótt um séreign sé að ræða. Þetta er að mínu mati afar mikilvægt þar sem það getur komið í veg fyrir mikla erfiðleika þess maka er ekki stendur að gerningnum og hann er gerður án hans vitundar. Þegar rætt er um séreignir getur verið um að ræða eign sem hjón hafa fjárfest í með sameiginlegum fjármunum þótt hún sé aðeins þinglýst á nafn annars. Ég sé reyndar ekki af hverju óbyggðar lóðir sumarbústaða sem ummerki sýna að fjölskyldan sé afhuga og húsnæði til annarra frístunda eiga að vera undanþegin. Mér finnst eðlilegt að álykta að þessar eignir séu tilkomnar vegna sameiginlegra fjárframlaga hjóna.

60. gr. tekur einnig til uppsagnar leigusamnings um

húsnæði sem ætlað er til bústaðar fjölskyldunnar eða til nota við atvinnurekstur beggja eða annars svo og framlengingu slíks samnings. Ákvæðin gilda einnig um afhendingu á hlutabréfum, öðrum eignarskilríkjum og réttindum sem ætluð eru til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn þeirra eða sameiginlegan atvinnurekstur.

Í 61. gr. eru sömu skorður settar varðandi innbú og annað lausafé sem ætlað er til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn þeirra eða sameiginlegan atvinnurekstur þeirra. Þetta á einnig við þó svo um séreign sé að ræða. Í báðum lagagreinum er tekið fram að skriflegt umboð þarf frá maka en í dag er það svo að munnlegt samþykki nægir, sbr. 20. gr., þó ekki ef þinglýsa á löggerningi. Þarna eru veigamikil atriði tekin fyrir og til mikilla bóta.

Þá ber að nefna það nýmæli sem felst í 68. gr. þar sem segir að maki beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hins makans nema sérstök heimild sé til þess og að heimild til samábyrgðar verði að vera ótvíræð samkvæmt almennum lögskýringarreglum, t.d. umboð er annar maki gefur hinum til samningsgerðar fyrir sig. Þarna er ekki tekið fram að umboð þurfi að vera skriflegt og langar mig að vita hvort þess þurfi ekki. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort honum finnist ekki að taka þurfi fram að umboðið sé skriflegt. Tekið er fram að þetta eigi þó ekki við um skatta en um þá gilda sérstakar lagareglur um samábyrgð.

10. gr. veldur mér hins vegar töluverðum heilabrotum svo ekki sé meira sagt. Þar segir að kjörforeldri og kjörbarn megi ekki giftast hvoru öðru nema ættleiðing sé niður felld. Þetta vekur að mínu mati upp þá spurningu hvort líta beri á að ábyrgð og skyldur kjörforeldris séu ekki sambærilegar við ábyrgð og skyldur kynforeldris. Í mínum huga er ekki nokkur vafi á að kjörforeldri tekur við allri þeirri sömu ábyrgð og öllum þeim sömu skyldum gagnvart kjörbarni sem kynforeldri gerir gagnvart sínu barni. Þar af leiðandi finnst mér að hjónaband milli kjörforeldris og barns, þó svo ættleiðing sé felld úr gildi, komi engan veginn til greina. Mér finnst full ástæða til að staldra hér við og hugleiða hvort það sé eðlilegt að gert sé ráð fyrir því í lögum að milli foreldris og barns þróist þær tilfinningar er leiði til hjónabands. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort honum finnist það.

Í athugasemd við 10. gr. kemur fram að í norskum lögum er vísað til ættleiðingarlaga en í þeim felst hjúskaparbann. Ég hallast óneitanlega að því að þannig ætti að einnig að vera hér og mér finnst í alla staði mjög óeðlilegt að kjörforeldri og barn gangi í hjónaband þó svo að ættleiðing sé niður felld.

Í 43. gr., sem fjallar um skilnaðarkjör, er sagt: „Áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslu og aðra skilnaðarskilmála." Ég er ekki viss um að hægt sé að búast við að sýslumaður eða dómari sé í stakk búinn til að veita ráðgjöf hvað varðar forsjá barna og tel eðlilegt að þarna kæmi fram að í þeim efnum ætti að leita til sérfræðings svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðings svo eitthvað sé nefnt.

Ráðgjöf er að mati okkar kvennalistakvenna mjög mikilvægt atriði í sambandi við fjölskyldumál og á það leggjum við einmitt höfuðáherslu við afgreiðslu frv. til barnalaga sem væntanlega verður innan tíðar á dagskrá hér á þinginu.

Sú spurning er mjög áleitin hvort ekki sé nauðsynlegt að gera hjónaefnum skylt og framkvæmanlegt að sækja fræðslu um þær skyldur sem þau taka sér á herðar við að giftast. Mig langar að benda á að fram er komin þáltill. á þskj. 713 frá okkur kvennalistakonum um gerð fræðslubæklings um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Tel ég að slíkur bæklingur um helstu atriði varðandi réttarstöðu fólks við skilnað og erfðamál gæti komið að mjög góðum notum við slíka fræðslu. Ef um slíka fræðslu væri að ræða væri hugsanlega hægt að koma í veg fyrir marga þá ógæfu sem er þjóðfélaginu dýr efnahagslega og einstaklingnum mikil raun.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega þetta mikla frv. sem hæstv. dómsrh. hefur lagt fram. Mér mun gefast færi á að gera það í hv. allshn. Hvorki formaður þeirrar nefndar né varaformaður eru á þessum fundi þannig að mér þótti skylt sem nefndarmanni að standa upp vegna þeirra óska hæstv. dómsmrh. að nefndin lyki störfum sínum við frv. í vor svo það gæti orðið að lögum áður en þingi lyki. Ég vek máls á því að hæstv. ráðherra hefur verið ákaflega röskur við að leggja mikla lagabálka fyrir Alþingi á þessum vetri og bálka sem allshn. hefur farið gaumgæfilega yfir og er núna að ljúka yfirferð sinni yfir frv. til barnalaga. Vonandi mun það takast í næstu viku hjá nefndinni að ljúka þeirri yfirferð sem hefur verið mjög nákvæm og ítarleg. Síðan hafa komið fram mörg merk frv. frá hæstv. ráðherra, m.a. um skaðabótalög og ýmsa grundvallarþætti í okkar löggjöf. Ég verð að segja það sem einn nefndarmanna að mér finnst í sjálfu sér ólíklegt að hv. allshn. takist að afgreiða þetta mál í vor ef hún ætlar að beita þeim nákvæmu vinnubrögðum sem hún hefur beitt, t.d. við yfirferðina yfir barnalögin, og ég tel að það sé ákaflega mikilsvert fyrir Alþingi og þingmenn og þá sem að slíkum málum koma utan Alþingis að gefa sér rúman tíma til að fjalla um jafnmikilvæg málefni og þetta. Ég útiloka sjálfsögðu ekki að nefndin geti farið yfir þessar 140 greinar sem hér eru og komist að niðurstöðu um þær á næstu vikum en ég vildi aðeins slá þennan varnagla vegna ummæla hæstv. ráðherra að það kann svo að fara að vegna anna í nefndinni og við önnur merk frv. sem hann hefur lagt hér fram takist henni ekki að ljúka þessu áður en þingi lýkur í vor.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ragnhildur Eggertsdóttir hefur farið yfir þetta frv. efnislega. Á hún sæti í hv. allshn. á meðan hún situr á Alþingi og mun þá væntanlega fjalla um frv. þar. En það er aðeins eitt

atriði sem mig langar að gera að umtalsefni og það er 42. gr. frv. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Skylt er að leita um sættir með hjónum sem eiga ósjálfráða barn, annað eða bæði, er þau hafa forsjá fyrir". Síðar segir: „Prestar leita um sættir eða löggiltir forsvarsmenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og getur þá sýslumaður eða dómari eftir því hvar mál er til meðferðar leitað um sættir." Ég tel að það sé ekki eðlilegt að fólk hafi ekki möguleika á að leita til fleiri aðila um sættir en eingöngu presta og löggiltra forstöðumanna trúfélaga. Ég hefði talið eðlilegt að fleiri aðilar kæmu þarna að þótt ég hafi ekki tillögu um hverjir það ættu að vera hér og nú. Langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til álita að þarna kæmu fleiri að. Nú vil ég minna á að margar hjónavígslur fara fram hjá sýslumönnum eða bæjarfógetum og finnst mér eðlilegt að fólk sem er í þannig hjónabandi geti leitað annað en til prestanna. Mér finnst annað óeðlilegt og langar til að spyrja um þetta atriði. Það er möguleiki að það sé í einhver annari grein, ég hef ekki lesið frv. svo nákvæmlega enda er það margar síður og stutt síðan við fengum það á borðin. Ef þetta hefur ekki komið til álita þá hefði mér þótt eðlilegt að allshn. liti einmitt á þennan þátt málsins.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið. Það er mjög skiljanlegt að hv. þm. hafi ekki haft mikinn tíma til að kynna sér frv. og því eðlilegt að frekari umræða verði um málið eftir að hv. allshn. hefur farið yfir frv. Það er vissulega efnismikið og þarfnast rækilegrar skoðunar. Hér hafa tveir hv. þm. borið fram fsp., hv. 9. þm. Reykn. um álit mitt á 10. gr. frv. og 60. gr. þess. Því aðeins hef ég lagt frv. fram með efnisákvæðunum eins og segir í lagafrv. að ég lít svo á að í báðum tilvikum sé um eðlilega skipan mála að ræða. En vissulega er ástæða til þess að taka öll þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í umræðunni til skoðunar í hv. nefnd og ég vænti þess að nefndin taki að venju þær ábendingar sem fram hafa komið við umræðuna til athugunar. En skoðanir mínar um það hvað eðlilegast er í báðum tilvikum koma í raun fram í frv. sjálfu.

Að því er varðar spurningu hv. 15. þm. Reykv. um sáttaaðila þá er það mín skoðun að eðlilegt sé að prestar fari með þetta hlutverk. Það er svo kveðið á um það að bæði sýslumenn og dómarar eftir því hvar mál er til meðferðar geti farið með þessi mál hjá aðilum sem eru utan trúfélaga. En þess hefur einnig verið gætt við þessa frumvarpssmíð að ráðgjöf af þessu tagi geti farið fram með öðrum hætti og í lokamálsgrein 42. gr. segir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið geti ákveðið í reglugerð að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitunar samkvæmt þessari grein. Þannig að þar er gert ráð fyrir því að unnt sé að víkka þetta eða fela fleiri aðilum en meginregla frv. gerir ráð fyrir að fari með sáttaumleitanir.

Hv. 3. þm. Reykv. vék réttilega að því að hv. allshn. hefur haft og hefur mjög mörg stór og viðamikil frv. til meðferðar og hefur hún unnið mjög vel og vandvirknislega að öllum þeim málum sem hún hefur fengið til meðferðar á þessu þingi. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er býsna erfitt að koma fram jafnviðamiklu frv. með hliðsjón af þeim miklu störfum sem hvíla á nefndinni. En ein meginástæðan fyrir því að þessi ósk er borin fram er að hluti frv. lýtur að þeirri réttarfarsbreytingu sem tekur gildi 1. júlí nk. með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði og einkum með tilliti til þeirra hagsmuna var þessi hógværa ósk fram borin.

Ragnhildur Eggertsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason telur að örlítið meiri tíma þurfi í allshn. til að afgreiða svo mikilvægt mál. Ég get hins vegar skilið sjónarmið hæstv. ráðherra en mér finnst þetta mál svo mikilvægt að það hljóti að þurfa að fjalla mjög vel um það.

Ég kann hæstv. ráðherra þakkir fyrir að koma svo mikilvægu frv. á framfæri. Það hefur vissulega verið mikil þörf á að koma svona frv. á framfæri og ég efast ekki um að að baki liggur gífurlega mikil vinna. Hvað varðar svör ráðherra, þá þakka ég þau en get ekki enn þá skilið um hvað verið er að fjalla, en ég mun vissulega beita mér fyrir því í allshn., á meðan ég er þar, að reynt verði að útskýra það fyrir mér þannig að ég skilji hvað verið er að tala um.

Ég endurtek það að ég hallast að því varðandi 10. gr. að þar ætti að fara eins að og í norskum lögum. Ég er hrædd við að með því að setja svona lagað í lög sé verið að ýta undir það að tilfinningar kjörforeldris til kjörsbarns séu ekki eðlilegar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hér hefur m.a. verið rætt um orðalag greina í þessu frv. sem vafalaust er að mörgu leyti til bóta en ég skal aðeins víkja nánar að því síðar. Sérstaklega var rætt um 5. gr. þar sem stendur í frv.: „Hjúskap lýkur fyrir andlát maka" o.s.frv. Ég kastaði hér fram hugmyndinni um að orða þetta: Hjúskap lýkur við andlát maka, en það fékk ekki undirtektir skildist mér hjá flm. eða fólki hér almennt. Mér sýnist einsætt að leysa þetta deilumál með þeim hætti að tala íslensku. Það vill nefnilega þannig til, og ég segi það nú þó að ég eigi að heita hæstaréttarlögmaður, að þetta lagamál er oft til mikilla lýta og skemmir mjög íslenskt mál. Þetta er kansellístíll frá þýðingum á dönskum lögum og norskum og ill íslenska sem á að reyna að uppræta sem mest og mættu ungir lögfræðingar gjarnan temja sér það að reyna að tala íslensku en ekki „lögfræðsku". En það var nú annað mál.

Það er ýmislegt í þessu frv. sem ég mundi vilja gera athugasemdir við ef ekki væri svo illa farið hér í þessum hóp að konur eru nú fleiri á þingi í þessu augnabliki og lengst af, a.m.k. svona að morgunlagi og ég er alltaf svolítið hræddur við konur. En mér finnst óþarft að fara að hnýsast í öll einkamál okkar karlanna, peningamál og annað slíkt. Ég held að við eigum að gæta varhug við því og hafa svona sæmilegt jafnræði í

þessu, að menn hafi a.m.k. vasapeningana sína í friði.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. 4. þm. Reykv. um þetta kunna orð „fyrir" í 5. gr. frv. vil ég aðeins segja þetta. Þegar ég var ungur maður í lagadeild Háskólans og laut þar leiðsagnar dr. Ármanns Snævarr þá brýndi hann það fyrir okkur ungum lagastúdentum að þegar að því kæmi að við fengjum það hlutverk að semja lagafrumvörp og stjórnvaldsareglugerðir fyrir stjórnvöld þá ættum við að hyggja að því að hafa þau á góðu íslensku máli og taka þar til fyrirmyndar hinar fornu bókmenntir þjóðarinnar.

Nú stendur svo á að þetta frv. er samið fyrir dómsmrh. af þessum gamla og góða lærimeistara mínum og okkar margra í lagadeildinni sem brýndi okkur svo á þessu og orðalagið er frá honum komið og ég treysti honum manna best til þess að velja þau orð sem best eiga við í þessum lagatexta eins og mörgum öðrum.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja fram þetta frv. en eins og fram hefur komið er þetta mikið frv. í 17 köflum og engin leið að átta sig á snöggu augabragði á öllum þeim þáttum sem í þessu frv. felast. En samt sem áður, af því að það er nokkuð nákvæmlega til orða tekið á ýmsum stöðum, þar er nákvæmlega getið um það hvaða réttindi og skyldur eru við hjúskaparslit, þetta er svona hálfgert skilnaðarfrv., þá finnst mér vanta í það að frekar sé getið um það hvaða réttindi og skyldur menn eiga að hafa áður en þeir ganga í hjónaband. Þetta er mikilvæg stofnun og mikilvægt að fólk viti út í hvað það er að ganga og það er að mínu mati nauðsynlegt, sérstaklega í ljósi þess hvað hjónaskilnaðir eru nú tíðir á Íslandi, að fólk fái einhverja fræðslu áður en það gengur í hjónaband þannig að það fái að vita hverjar eru skyldur þess og hver er réttur þess í hjónabandinu. T.d. að það komi hv. þm. Eyjólfi Konráð ekkert á óvart þegar konan hans vill vita nákvæmlega hvað er í buddunni hjá honum því að eftir að frv. verður að lögum verður hann að láta hana vita nákvæmlega hvað er í buddunni. Sæll er sá sem annan á en á sig sjálfan þó. Nú á Eyjólfur Konráð, ef þetta frv. verður að lögum, sig ekki alveg sjálfur og ekki það sem í buddunni er þannig að mér finnst nauðsynlegt, þegar svona miklar breytingar verða, að menn geri sér grein fyrir því áður en í hjónabandið er gengið að svona á þetta að vera. Þetta er það sem mér finnst vanta. Hins vegar er mjög nákvæmlega fjallað í 3. gr., og spurning hvort það á að vera í lögum, um verkaskiptingu og upplýsingar um efnahag, þ.e. að hjón skuli skipta milli sín verkum á heimili eftir föngum. Mér finnst mikil spurning hvort þetta á að vera í lögum. (**Gripið fram í:** Jú, jú, jú.) Mér finnst það t.d. mikil spurning fyrir mig sem hérna stend og hef ekki komið heim til mín lengi hvort þetta eigi að vera í lögum.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta frv. verður ekki afgreitt á þessu þingi þrátt fyrir góðan vilja svo viðamikið sem það er því það eru margar og svo miklar breytingar í þessu frv. sem menn hljóta að þurfa að skoða. En í sambandi við 5. gr. þá er ég sammála athugasemdum sem fram hafa komið því að ég hef velt þessu mikið fyrir mér: Hjúskap lýkur fyrir andlát maka. Það kynni að vera að einhver vildi misskilja þessi orð og notfæra sér það þannig að mér finnst rétt að þarna sé skýrara til orða tekið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 195. mál. — Þskj. 215.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir þáltill. á þskj. 215, um tímabundnar ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Ég vil vekja athygli forseta á því að þetta númer, 215, er mjög lágt miðað við það lagafrv. sem verið var að ræða næst á undan sem var 710, ef ég man rétt. Ég vek sérstaka athygli á þessu vegna þess að þessi tillaga er um tímabundnar ráðstafanir og hefði auðvitað þurft að komast til umræðu fyrir langalöngu síðan. En við þetta megum við stjórnarandstæðingar búa að okkar mál komast seint og um síðir til umræðu í þinginu.

Við flytjum þetta saman þrír þingmenn Alþb., Steingrímur J. Sigfússon og Kristinn H. Gunnarsson ásamt mér. Tillgr. hljóðar svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis, að undirbúa ráðstafanir til að draga úr óvissu í sjávarútvegsmálum á árinu 1992 eða þar til lokið er endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Í þessu skyni verði eftirfarandi ráðstafanir athugaðar sérstaklega:

að draga markvisst úr flutningi veiðiheimilda milli byggðarlaga með kvótaskerðingu eða öðrum áhrifaríkum hætti,

að stöðva frekari flutning fiskvinnslunnar út á sjó (fjölgun frystitogara),

að lýsa yfir að yfir að tvöföldun línuaflans í fjóra mánuði á ári verði áfram í gildi,

að lýsa yfir að ekki sé stefnt að afnámi krókaveiðileyfa undir 6 tonna markinu,

að stemma stigu við flutningi veiðiheimilda frá minni bátum og trillum á stærri skip,

að taka upp þá reglu, til að hindra að afla, einkum smáfiski, sé hent í sjóinn, að skip megi landa slíkum afla utan kvóta, þannig að útgerðin fái metið kostnaðarverð til sín en afgangurinn sé fényttur, t.d. í þyrlukaupasjóð,

að fallið verði frá áformum um að fénýta Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og allar ráðstafanir, sem gerðar verða á árinu 1992, verði við það miðaðar að

tryggja stöðugleika á meðan endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir."

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er hluti af stefnumörkun sem Alþb. vann að á haustmánuðum. Áður en þing kom saman voru sjávarútvegsmál mikið rædd í þingflokki Alþb. og í forustu flokksins. Í framhaldi af þeirri stefnumörkun var ákveðið að við mundum flytja tillögur í þinginu um tímabundnar ráðstafanir og hins vegar yrði unnið tillögum um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða í flokknum. Í lok nóvember héldum við landsfund í Alþb. Á þeim landsfundi var mikið rætt um sjávarútvegsmál og var þar gerð ályktun um hvaða ramma menn ættu að hafa við endurskoðun á stjórn fiskveiðanna. Þar var samþykkt ályktun í sex liðum um það hvað við ættum að hafa að leiðarstjörnu við þessa endurskoðun og ég vil lesa það hér upp:

1. Að tryggður verði til frambúðar óumdeilanlegur eignarréttur þjóðarheildarinnar á auðlindum íslenska hafsvæðisins.

2. Að stjórnkerfi fiskveiða stuðli að því að bæta meðferð afla, vernda smáfisk og verja lífríkið í sjónum fyrir óheppilegum áhrifum veiðiaðferða.

3. Að réttlætis verði gætt gagnvart byggðarlögum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og útgerðaraðilum.

4. Að komið verði í veg fyrir að fiski verði hent í sjóinn.

5. Að stjórnkerfi fiskveiðanna feli í sér hvata til hagræðingar í fiskveiðum.

6. Að stuðlað sé að nýsköpun og eðlilegum aðgangi nýrra aðila að sjávarútvegi.

Með þetta að markmiði höfum við síðan unnið að þessum málum. Við héldum sjávarútvegsráðstefnu fyrir stuttu síðan á Austfjörðum og við höfum stofnað sérstakan sjávarútvegshóp í Alþb. til að fjalla um þessi mál. En í samræmi við þessa stefnumörkun frá því í haust höfum við flutt, eins og ég sagði áðan, tvær tillögur. Fyrri tillagan á þskj. 33 og var um gæðamál og sölumeðferð á fiski. Hin tillagan, sem er hér til umræðu, er um tímabundnar ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Ég verð að lýsa yfir sérstakri óánægju með það að í þinginu hafa ekki verið til umræðu frá hendi ríkisstjórnarinnar neinar sambærilegar tillögur við það sem við höfum lagt fram. Ég tel að það sé mikið slys að menn skuli ekki hafa viljað taka tímabundið á þeim vanda sem er í sjávarútveginum og mun að öllum líkindum verða að bíða að mestu leyti endurskoðunarinnar sem er í gangi núna. Ég ætla aðeins lesa úr greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur nú yfir og skal vera lokið fyrir áramótin 1992–1993. Mikið umrót og óvissuástand hefur skapast vegna þeirra laga sem nú gilda um stjórn fiskveiða og óvissunnar um hvort þau muni breytast og hvernig. Ofan á þetta bætist gríðarlegur rekstrarvandi í sjávarútveginum og er nú þannig komið að fjölmörg fyrirtæki riða á barmi gjaldþrots eða eru nú þegar gjaldþrota.

Heimaaðilar og sveitarfélög hafa víða enga möguleika á að tryggja að veiðiheimildir verði ekki seldar í burtu. Veiðiheimildir flytjast einnig stjórnlaust milli skipagerða án tillits til atvinnusjónarmiða og þjóðhagslegrar hagkvæmni. Veruleg hætta er á miklum atvinnumissi vegna þessa.

Auk almennra og sértækra ráðstafana til að styrkja atvinnugreinina í heild er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að margvísleg vandamál skapist þann tíma sem tekur að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða.

Draga mætti tímabundið úr flutningi veiðiheimilda milli byggðarlaga með því að beita kvótaskerðingu. Þann kvóta sem þannig félli til mætti setja í Hagræðingarsjóð til að styrkja byggðarlög sem lenda í erfiðleikum.

Brýna nauðsyn ber nú til að stöðva flutning fiskvinnslunnar út á sjó, þ.e. fjölgun frystitogara. Þann tíma sem vinnst þarf fiskvinnslan í landi og útgerð tengd henni að nota til að endurmeta stöðu sína og búa sig undir að takast á við kröfuna um ferskara hráefni."

Þessi mál hafa verið til umræðu í þinginu hvað eftir annað í vetur. Við sjáum að það er verið að gera samninga bæði um smíðar og kaup á frystiskipum. Þetta þýðir að verið er að færa verulegan hluta af fiskvinnslunni út á sjó auk þess sem verið er að draga verulega úr atvinnustarfseminni í kringum fiskinn líka. Þess vegna hefði verið ástæða til að doka við og gefa fiskvinnslunni í landinu möguleika á því að bregðast við en að stórum hluta til er þetta að gerast vegna þess að menn sem stjórna fiskvinnslunni, útflutningnum frá landinu, hafa sofið á verðinum. Það er t.d. eitt af stóru atriðunum sem ráða því að menn fara út í að kaupa sér frystiskip að í gegnum tíðina hefur nánast óflokkaður fiskur frá Íslandi verið seldur t.d. til Bandaríkjanna, þ.e. ekki er gerður neinn munur á þeim fiski sem unninn er í þessar pakkningar. Ef hann nær þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til hans er hann allur seldur undir einu merki og einum flokki. Þetta þýðir að fiskvinnslan sem er að vinna fyrsta flokks hráefni oft á tíðum getur ekki fengið svipað verð og t.d. frystitogari sem vinnur afla sinn úti á sjó vegna þess að kaupendurnir eru tilbúnir að borga hærra verð fyrir þann fisk sem er seldur undir því merki að hann hafi verið unnin úti á hafi, einfaldlega vegna þess að þeir telja sig hafa tryggingu fyrir því að hann hafi verið unninn alveg ferskur. En nú eru menn að selja t.d. á Bandaríkjamarkað fisk sem er allt frá því að vera 1–2 daga gamall, frá veiðidegi, þegar hann fer í pakkningar og upp í það að vera 10–12 daga gamall. Það er alveg sama þótt einhver frystihús reyni að vanda sína vöru eins og þau mögulega geta og vinna einungis sem allra nýjast hráefni, þau fá ekki hærra verð en hin sem vinna fisk sem er orðinn mjög gamall ef hann nær þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til hans.

Ég tel að þarna hefðu menn átt að bregðast við með því að stöðva þessa þróun, hreinlega banna innflutning á þessum skipum og frysta þetta ástand.

Mörg byggðarlög sem byggja afkomu sína á bátaútgerð eru nú í mikilli óvissu vegna þess þrýstings sem forráðamenn útvegsmanna hafa beitt til að fá tvöföldun línuaflans afnumda. Þess vegna er nauðsynlegt að skera úr því máli með tilliti til byggðasjónarmiða. Þetta mál þarf alveg sérstakrar skoðunar við. Rökin fyrir því

að ekki megi tvöfalda línuaflann vegna þeirra sjónarmiða, sem höfð hafa verið til hliðsjónar í því máli, eru sprottin af eignaréttarsjónarmiðum sem ráða í sjávarútvegi. Þeir eru aldeilis rasandi sumir, sem telja sig eiga kvóta, yfir því að menn séu að fá tvöföldun á kvótanum vegna þess að þeir veiði fisk á línu. Þeir eru orðnir svo uppteknir af því að þeir eigi þessa auðlind þjóðarinnar að ekki má færast til eitt einasta tonn á milli réttra aðila í sjávarútvegi, þá er verið að taka eitthvað frá þeim. Upp á það horfum við að menn eru raunverulega búnir að slá eign sinni yfir réttinn til að veiða fisk. Þess vegna er það sem verið er að ýta út öllu sem hugsanlega verður til þess að veiðiréttur færist á milli skipagerða. Þá eru hagsmunir þeirra sem gera út og eiga þennan veiðirétt þeir einu sem eru í gildi. Aðrir hagsmunir, þjóðhagslegir t.d., komast aldrei inn í þessa umræðu. Og það er ekki bara þannig að menn eigi réttinn til þess að veiða samkvæmt einhverri aflareynslu sem þeir hafa fengið á einhverju árabili þegar þeir voru upp á sitt besta, einhver þrjú ár á öldinni sem fundin voru út sem áttu að gefa mönnum rétt til þess að veiða fisk við Ísland. Þeir eiga meira en það, þeir eiga áfram allan þann rétt sem myndast ef fiskstofnarnir stækka. Ef við fengjum einhvern tímann að veiða helmingi meira af þorski en veiddist á viðmiðunarárunum mundu þeir sem eiga veiðiréttinn í dag fá alla viðbótina til sín. Það er ekki aldeilis að þeir hafi bara unnið fyrir því að fá að veiða einmitt það sem þeir veiddu á viðmiðunarárunum og hafi myndað sér þennan þegnrétt sem menn hafa talað svo fagurlega um heldur eiga þeir framtíðina fyrir sér ef það tekst að láta fiskstofnana á Íslandsmiðum stækka.

Sama má segja um krókaveiðileyfin á bátum undir 6 tonna markinu. Ýmis af minnstu byggðarlögunum sem byggja afkomu sína á smábátaútgerð munu hreinlega leggjast af ef kvóta verður úthlutað á báta undir 6 tonna markinu eins og gert er ráð fyrir í lögunum um stjórn fiskveiða. Það kapp sem menn leggja nú á að vinna sér inn kvóta á þessa báta er mjög hættulegt fyrir öryggi sjómanna og forkastanlegt að stjórnvöld skuli stuðla að glannalegri sjósókn með þessum hætti.

Flutningur aflaheimilda frá smábátum til smærri skipa hefur verið mikill og hann mun hafa slæm áhrif í atvinnulegu tilliti, sérstaklega í smærri fiskiþorpunum á landsbyggðinni. Þá verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að með þeirri tilfærslu veiðiheimilda, sem er í gangi og hefur verið undanfarið í stórum stíl, frá bátum og yfir á togara, er sóknin að færast frá stærri fiski yfir í smærri fisk, samanber meðalþyngd á fiski sem króka- og netaveiði skilar á móti meðalþyngd frá stærri togskipum. Einnig er ástæða til þess að ætla að sóknarkostnaður sé minni hjá bátum en togurum og þess vegna að mörgu leyti þjóðhagslega óhagkvæmt að þetta gerist. Því virðist einsýnt að loka beri fyrir flutning aflaheimilda frá þessum bátum til togaranna.

Vegna þess afla sem talið er að fleygt sé í sjóinn er hér lagt til að sú tilraun verði gerð að gefa mönnum kost á að koma með allan afla að landi sem kemur í veiðarfærin. Sá kostur verði í boði að skip geti landað aflanum utan kvóta. Afli verði seldur, útgerðin fái metið kostnaðarverð fyrir hann, en mismunurinn verði síðan nýttur t.d. í þyrlukaupasjóð.

Þá er lagt til að menn leggi á hilluna öll áform um að fénýta Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og allar ráðstafanir í sjávarútvegsmálum sem gerðar verði á árinu 1992 verði við það miðaðar að tryggja sem best stöðugleika í greininni á meðan endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir. Eins og menn heyra þá er þetta samið áður en lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins fóru í gegnum þingið en þar fyrir stendur þetta enn þá fyrir sínu. Það er aldrei of seint að hverfa frá villu síns vegar og ég hvet hæstv. sjútvrh. til þess að endurskoða lögin um Hagræðingarsjóðinn sem allra fyrst.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði þáltill. vísað til síðari umr. og sjútvn.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé mjög þörfu máli hreyft og vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við meginatriði þess, einkum og sér í lagi þau atriði sem eru talin upp í öðrum til sjötta lið, þ.e. að stöðva beri frekari flutning fiskvinnslu út á sjó, að lýsa yfir tvöföldun línuaflans, lýsa yfir að ekki sé stefnt að afnámi krókaveiðileyfa undir 6 tonna markinu og að stemma stigu við flutningi veiðiheimilda frá minni bátum og trillum yfir á stærri skip. Það sjötta er að hindra að afla og einkum smáfiski sé hent í sjóinn. Ég held raunar að þetta séu þannig mál að það eigi að vera nánast samstaða um að afgreiða svona hluti tímabundið. Vissulega er það rétt að sjávarútvegsstefnan er í endurskoðun og ég held raunar að þetta séu atriði sem hljóti að vega nokkuð þungt í þeirri endurskoðun.

Fjölmörg atriði í þessu hafa verið að koma í ljós á undanförnum mánuðum og sýna í raun fáránleika og ég vil segja eyðingarstefnuna sem nú er rekin í sjávarútveginum: Að það skuli eiga sér stað núna að fiskveiðar við Ísland skuli að verulegu leyti vera að flytjast frá smærri bátum yfir á stór skip, að flytjast frá veiðarfærum sem eru mjög umhverfisvæn, ef nota má svoleiðis orð, yfir í veiðarfæri sem eru mjög umdeild hvað snertir umhverfisþáttinn. Það er hlutur sem ég held að menn hljóti að þurfa að endurskoða og það fyrr en seinna.

Það er fróðlegt að skoða línurit, sem er fylgirit með þessari þáltill., um þróun sjófrystingar undanfarin ár. Það vantar árið 1991 en sú súla er enn hærri en þessi frá 1990. Eftir að þetta er komið á fullan skrið — og við getum lagt við 1987 og 1988, það er mikil aukning á þessum árum — hlýtur að hafa dregið mjög verulega úr vinnslu í landi.

Við búum við það núna að hafa haft neikvæðan hagvöxt í fimm eða sex ár samfleytt og ég get ekki neitað því að það hvarflaði að mér hvort eitthvert samband sé milli þeirrar hagvaxtarþróunar og þessa súlurits sem þarna kemur fram. Með öðrum orðum hvort við séum nánast að grafa okkur gröf í sambandi við lífskjör til frambúðar. Það er líka furðulegt að á sama

tíma og verið er að eyðileggja smábáta skuli verið að fjárfesta í frystitogurum upp á a.m.k. 4 milljarða. Það er líka athyglisvert að skoða umhverfisþáttinn í þessu máli því við, sem erum á því að togararnir geti verið mjög skaðlegir lífríki sjávarins, erum ekki einir á báti. Mig langar að vitna í grein eða ummæli fyrrv. siglingamálastjóra, núv. aðstoðarmanns umhvrh., þegar hann er að fjalla um þessi mál, með leyfi forseta:

„Almennt má segja að uppi séu hugmyndir um að skoða veiðarfæri út frá því hvaða áhrif þau hafa á lífríkið, hvort tiltekin veiðarfæri geta valdið skaða á lífríkinu. Það getur verið um að ræða eyðileggingu á gróðri eða dýraríki og jafnvel að þau taki upp aukaafla sem er óæskilegur."

Það hefur komið fram í dagsljósið á undanförnum mánuðum og missirum að togarar eira nánast engu þegar þeir vita af fiski einhvers staðar, þá eru nánast öll meðul notuð til þess að ná þessum fiski. Ég hef heimildir fyrir því að menn hafi jafnvel skipulega verið að vinna að útjöfnun á botni sjávarins til þess að geta komið að togveiðafærum. Það sér hver maður að fáránlegt er að ætla sér að bera þetta saman eins og nú er gert og jafnvel auka þessar veiðar á kostnað veiða með krókum.

Í þessu sama viðtali segir Magnús Jóhannesson orðrétt, með leyfi forseta, þegar hann er spurður um framtíð frystitogaranna:

„Þess vegna er ég sannfærður um það að veiðar frystitogara eins og þær eru stundaðar nú munu ekki eiga framtíð fyrir sér."

Það hlýtur að vera mjög vafasamt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, ef menn ætla að stefna að því að auka þessar veiðar á sama tíma og það á að útrýma hinum. Því hefur verið haldið fram að það megi ekki gera neitt núna á þessu ári vegna þess að allt sé í endurskoðun.

Í gær mælti hæstv. sjútvrh. fyrir fjórum frv. sem tengjast sjávarútvegsstefnunni þó að rétt sé að það sé ekki verið beinlínis að kveða á um að ekki megi breyta þar einu eða neinu. En þó er þar t.d. eitt atriði sem ég rak augun í. Þar er gert ráð fyrir því í frv. um Fiskistofu að ekki geti komið nýir útgerðaraðilar inn, að þeir geti ekki fengið leyfi til fiskveiða. Með öðrum orðum: Þetta er orðið lokað kerfi og það er gert ráð fyrir því að þetta verði lokað kerfi þannig að enginn geti fengið leyfi til fiskveiða á Íslandi nema hann hafi haft slíkt leyfi. Og eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom hér inn á áðan að enginn nýr aðili getur fengið að koma inn til þess að veiða slíka aukningu þótt kvótinn verði aukinn um helming. Það bætist einfaldlega ofan á þá sem eru fyrir.

Ég sé því ekki betur en að með þessum frv. í gær, þótt þau séu ekki gerð að umræðuefni hér, sé verið að gefa það til kynna að festa eigi enn frekar í sessi núverandi fiskveiðistefnu.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar, enda er tími minn búinn, en ég vil skora á hæstv. sjútvrh. að taka til gaumgæfilegrar athugunar þau atriði sem þarna er minnst á, einkum og sér í lagi hvað varðar smábátana, því eins og sjómennska á þeim er stunduð núna er það raunar guðs mildi að ekki skuli hafa hlotist af stórslys.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sum þeirra atriða sem hér er lagt til að tekið verði á eru allrar athygli verð og nauðsynlegt að takast á við í stjórnsýslu sjávarútvegsins. Önnur hljóta að koma til skoðunar við þá athugun sem nú fer fram og endurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni. Það væri fullkomlega óeðlilegt að Alþingi færi að álykta um einstaka þætti þess og binda þannig hendur þeirra sem vinna að endurskoðuninni enda á hv. sjútvn. samkvæmt lagaboði aðild að þeirri endurskoðun og hefur með því skipulagi sem upp hefur verið komið í því efni alla möguleika á að hafa sjálf frumkvæði að því með hvaða hætti hún kemur sínum sjónarmiðum á framfæri við endurskoðunarnefndina.

Hér eru einnig atriði sem nú þegar eru á undirbúningsstigi. Ég nefni það atriði sem lýtur að frystitogurunum. Að vísu geta verið mismunandi skoðanir uppi í þeim efnum. Ríkisstjórnin telur ekki að beita eigi boðum og bönnum heldur að koma eigi á jafnari starfsskilyrðum. Hún hefur lagt frv. fyrir þingið, og það er til meðferðar í hv. sjútvn., um vinnslu um borð í skipum þar sem gert er ráð fyrir aukinni nýtingu og bættri meðferð afla og jöfnun á starfsskilyrðum vinnslu í landi og úti á sjó. Þessi þáltill. gerir hins vegar ráð fyrir því að stöðva eigi kaup á frystitogurum með boðum og bönnum. Þó að ég hafi ákveðnar áhyggjur af því að þessi þróun verði of hröð, þá er ég andvígur því að beita bönnum í þessu efni eins og orðalag ályktunarinnar gefur til kynna. Hitt væri miklu nær að koma fram með hraði því frv. sem liggur fyrir hv. sjútvn.

Það hefur einnig verið unnið að því með sérstöku samstarfsátaki milli ráðuneytisins og sjómanna og útgerðarmanna að stemma stigu við því að smáfiski sé hent. Eins og hv. flm. er kunnugt um eru heimildir innan ákveðinna marka til að koma með undirmálsfisk að landi. Í ýmsum efnum er því verið að vinna að atriðum sem hér er fjallað um. Önnur er eðlilegt að komi til skoðunar við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar en óeðlilegt að binda hendur þeirra sem þar um fjalla með sérstakri ályktun frá Alþingi.

Ræða hv. 7. þm. Reykv. vakti hins vegar nokkra athygli mína. Það kemur svolítið spánskt fyrir sjónir þegar þingmaður Alþfl. vill innleiða hér meiri ríkisafskipti og opinber afskipti með því að banna frystitogara með því að setja ákveðnar skorður á því hvert er hlutfallið á milli veiða smábáta og stærri togara og hindra að veiðar skipa geti þróast með eðlilegum hætti án opinberra afskipta. Allt í einu er þingmaður Alþfl. kominn hér með þau sjónarmið að ríkisvaldið eigi að hlutast til um það hver verður þróunin í þessari grein. En það er auðvitað sérstaklega athyglisvert að þingmaður Alþfl. skuli koma hér upp og lýsa yfir stuðningi við tillögu Alþb. um að stöðva frekari frystitogarakaup í ljósi reynslunnar. Ég hef haft af því nokkrar áhyggjur að þessi þróun yrði of ör. Ég beitti mér þess vegna fyrir því að lánveitingar í Fiskveiðasjóði yrðu takmarkaðar þegar í ljós kom að sjóðstjórnin

hafði veitt nokkuð mikil lán til nýrra verkefna á þessu sviði. Þegar til átti að taka ákvað hæstv. viðskrh. hins vegar að opna allar flóðgáttir fyrir erlendri lántöku til þess að fjölga frystitogurum. En nú kemur einn af þingmönnum Alþfl. og lýsir yfir stuðningi við þá tillögu Alþb. að stöðva frekari frystitogarakaup. Ég held að hv. þm. ætti að óska eftir því að þeir alþýðuflokksmenn taki til í garðinum heima hjá sér áður en þeir blanda sér í umræður með þessum hætti hér í þingsölum og geri það upp við sig hvort það sé stefna hv. þm. eða stefna hæstv. viðskrh. sem á að gilda fyrir Alþfl. í þessu efni en sjónarmið þeirra virðast fara út og suður ef marka má þau sjónarmið sem hv. þm. lýsti hér og þær ákvarðanir sem hæstv. viðskrh. hefur tekið í þessum efnum.

Ég skildi hv. þm. einnig þannig að hann væri þeirrar skoðunar að það ætti að opna með öllu aðgang til veiða og það ætti ekki að hafa neinar takmarkanir á því að aðilar gætu hafið veiðar. Ef sú er ekki merking orða hans, þegar hann mælir gegn þeirri skipan sem nú er, þá er næst að halda að í hans huga sé að stjórnvöld eigi að skammta nýjum aðilum aðgang að fiskveiðunum. Að minnsta kosti er hv. þm. að mæla fyrir mikilli grundvallarbreytingu sem ég sé ekki að geti samræmst því markmiði að við varðveitum fiskstofnana og tryggjum um leið að þeir séu hagnýttir á sem hagkvæmastan hátt því að ef við hverfum frá núverandi skipan og heimilum öllum frjálsan aðgang að veiðunum verða þær stundaðar með býsna óarðbærum hætti og lífskjör þjóðarinnar mundu rýrna mikið og ég efast um að hv. þm. mundi vilja taka ábyrgð á því. Hér er því hreyft nokkuð kynlegum hugmyndum. Það er hins vegar ekkert sem kemur í veg fyrir það að nýir aðilar komi inn í þessa atvinnugrein og núverandi stjórnfyrirkomulag girðir á engan hátt fyrir það enda er það býsna algengt að nýir aðilar komi inn og þeir hafa vaxið upp og dafnað. Nýir aðilar hafa komið inn og orðið að stórum útgerðaraðilum eftir að núverandi skipan var tekin upp svo því fer víðs fjarri að kerfið útiloki þetta. En eigi að hvika frá grundvallaratriðunum í þessu efni, þá er ég hræddur um að það stefni í óefni varðandi nýtingu auðlindarinnar og þá eðlilegu kröfu þjóðarinnar að veiðarnar séu stundaðar með sem mestri hagkvæmni. Sjónarmið hv. þm. Alþfl. sem hér talaði ganga þvert gegn þeim sjónarmiðum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ákaflega undrandi á framgöngu hæstv. sjútvrh. hér. Í fyrsta lagi held ég að sé rétt að undirstrika það að hlutdeild sjútvn. Alþingis í endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar eða fiskveiðistefnunnar hefur orðið allt önnur en til stóð og ég held að meining Alþingis hafi verið þegar ákvæði um það voru sett inn í lög. Sjútvn. Alþingis hefur sjálf mátt grípa til aðgerða til þess að draga til sín upplýsingar og fá fundi með þeirri endurskoðunarnefnd ríkisstjórnarinnar sem sett var á laggirnar, mönnuð eingöngu af fulltrúum stjórnarflokkanna. Þar með var rofið það vinnulag sem áður hafði tíðkast að allir stjórnmálaflokkar ættu aðild að slíkri vinnu.

Í öðru lagi held ég að hæstv. sjútvrh. þurfi að gæta orða sinna hér þegar hann tekur þannig til orða að það sé óeðlilegt að Alþingi sé að gera sérstakar ályktanir og binda þar með hendur endurskoðunarnefndarinnar. Er hæstv. sjútvrh. virkilega að tala um það að einhver nefnd manna úti í bæ hafi hér ríkari rétt til þess að ráða þessum málum til lykta en Alþingi Íslendinga? Hafa þeir Þröstur Ólafsson og Magnús Gunnarsson fengið einhvern einkarétt á því að ráða til lykta sjávarútvegsstefnunni í landinu? Eða er það ekki Alþingi Íslendinga, valdamesta stofnun þjóðarinnar, sem á að lokum að hafa þar síðasta orðið? Ef Alþingi sýnist svo síðar í dag eða á morgun, þá hefur það að sjálfsögðu allan rétt til þess að setja ákvæði um meðferð sjávarútvegsmála ef það telur það til heilla horfa. Ég bið hæstv. sjútvrh. að gæta sín í þessum efnum. Alþingi Íslendinga hefur ekki enn afsalað valdi sínu til Þrastar Ólafssonar, sem betur fer og guði sé lof.

Í öðru lagi fundust mér Heimdallarstælar hæstv. sjútvrh. honum ekki samboðnir, m.a. þegar hann var að svara máli hv. 7. þm. Reykv. Mér finnst að hann þurfi að gæta sín dálítið í því. Er það vikilega þannig að það sé alveg sama hversu óhagstæða menn meta einhverja þróun í sjávarútveginum? Er það skoðun hæstv. sjútvrh. að það eigi að láta slíkt óátalið og ganga fyrir sig bara af því að aðalatriði sé að ekki megi vera með boð og bönn. Boð og bönn voru aðalmálið í huga hæstv. ráðherra. Þetta er Heimdallarstrákamálflutningur sem ég var satt best að segja að vona að hæstv. sjútvrh. væri vaxinn upp úr. Er það sem sagt þannig að það eigi að láta hvaða vitleysu sem er óátalda vegna þess að ekki má vera með boð og bönn og það sé aðalatriðið? Þetta gengur ekki svona, hæstv. sjútvrh., og ég held að við þurfum að eiga hér miklu rólegri og málefnalegri umræðu um þessa hluti en þessi fyrsta ræða hæstv. sjútvrh. gaf tilefni til að halda.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. 4. þm. Norðurl. e. væri vaxinn upp úr útúrsnúningastíl sínum í umræðum í þinginu. Ég minni á að nú fer fram samkvæmt lögum, sem Alþingi hefur sett, endurskoðun á fiskveiðistefnunni. Það var kveðið á í lögunum með hvaða hætti sú endurskoðun ætti að fara fram. Ríkisstjórnin skipaði sérstaka nefnd til þess að hafa yfirstjórn með því máli. Það hlýtur að teljast eðlilegt enda ber hún ábyrgð á málaflokknum. Hún skipaði í samræmi við ákvæði laganna nefnd hagsmunaaðila sem unnið hefur að málinu með þeirri nefnd sem ríkisstjórnin skipaði. Jafnframt var gert ráð fyrir því að sjútvn. þingsins gæti haft frumkvæði að sjálf með hvaða hætti hún kæmi að þessu starfi, hversu oft og í hversu ríkum mæli hún kallaði á upplýsingar eða kæmi sínum eigin sjónarmiðum á framfæri. Það var gert til þess að auka sjálfræði og sjálfstæði sjútvn. við þessa endurskoðun en ekki til þess að rýra það. Þvert á móti höfðu komið fram umkvartanir um það meðan gamla skipulagið var í gildi að sjútvn. væri hálfpartinn sett til hliðar þegar

einstakir þingmenn væru settir í fjölmennar nefndir hagsmunaaðila en gætu ekki komið með sjálfstæðum hætti að þessari endurskoðun. Það er þess vegna í fullu samræmi við það sem ég tel óeðlilegt að þingið álykti nú um einstök atriði þessarar endurskoðunar og bindi hendur þeirra aðila sem Alþingi sjálft hefur falið þessa endurskoðun. Ég sagði ekki að það væri óheimilt heldur væri það óeðlilegt vegna þess að Alþingi sjálft hefur ákveðið að endurskoðun skuli fara fram og við hverja skuli hafa samráð. Það væri í ósamræmi við þær ákvarðanir að tekið yrði fram fyrir hendurnar á þeim sem það verk eru að vinna samkvæmt ákvörðun Alþingis sjálfs.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ósköp einfaldlega rangt hjá hæstv. sjútvrh. Alþingi Íslendinga hefur ekki skipað þá Þröst Ólafsson og Magnús Gunnarsson til verka, það er ósköp einfaldlega rangt. Það hefur ríkisstjórnin gert og tókst ekki betur til en svo að eftir margra mánaða þóf varð til þessi tvíhöfðaði óskapnaður sem er auðvitað stjórnskipulegt slys, að geta ekki einu sinni haft einn mann við borðsendann til þess að stjórna fundum og verklagi þessarar nefndar. Það ber órækt vitni um ástandið í þessum efnum innan stjórnarherbúðanna.

Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að viðurkenna að það hefur ekki tekist til sem skyldi í sambandi við samráð sjútvn. Alþingis við þessa vinnu. Órækt dæmi um það er t.d. sú staðreynd að formaður sjútvn. varð að skrifa bréf til endurskoðunarnefndarinnar fyrir nokkrum vikum síðan til að fá upplýsingar um hvort hún væri á lífi, hvað hún væri að gera og biðja um að sjútvn. fengi upplýsingar um það sem þarna væri á ferðinni. Algert sambandsleysi var ríkjandi frá því á haustmánuðum eftir þann eina fund sem sjútvn. og endurskoðunarnefndin höfðu átt saman og þangað til sjútvn. varð að skrifa bréf til nefndarinnar til að fá upplýsingar um það hvort hún væri á lífi og ef svo væri, hvað hún væri þá að gera og kalla síðan nefndina fyrir sig. Og ríkisstjórnin setti þessi mál í þannig farveg að það hefur alls ekki verið það samráð við sjútvn. sem ætlunin var.

Ég er alveg undrandi, herra forseti, á því hvernig hæstv. sjútvrh. stillir hér hlutunum upp. Er það virkilega meining hæstv. ráðherra sem mér sýnist svo eftir tvær ræður að hann sé að segja að Alþingi eigi ekkert að skipta sér af þessum málum meðan hin virðulega endurskoðunarnefnd sé að starfa? Það er nú nýtt að hæstv. sjútvrh. sé orðinn svona ánægður með þessa endurskoðunarnefnd og Þröst Ólafsson t.d., fulltrúa Alþfl. í henni. Það veit sennilega á mikil tímamót í þessum málum öllum saman. En auðvitað er það svo, hæstv. sjútvrh., að þessi málflutningur gengur ekki upp, m.a. vegna þess að endurskoðunarákvæðið kveður á um að sú vinna geti staðið allt til áramóta en kvótaárinu lýkur 31. ágúst nk. Af þeim sökum einum getur reynst óhjákvæmilegt að grípa til ráðstafana áður en endurskoðunarstarfinu lýkur.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst minna hv. þm. á að hann greiddi sjálfur atkvæði með lögunum eins og þau eru í dag. Þau kveða á um að endurskoðunarstarfinu skuli ljúka um áramót en að kvótaárið hefjist 1. september. Það er hans eigið atkvæði sem hefur komið því til leiðar að lög eru með þeim hætti sem raun ber vitni og hann getur ekki kastað ábyrgð á aðra í því efni. Það er á ábyrgð sjútvrn. að annast þá endurskoðun sem lög kveða á um og það er fullkomlega eðlilegt að stjórnarflokkar á hverjum tíma sameinist um það hvernig forustu er skipað um slíka endurskoðun. Auk þess að taka á sig þá ábyrgð hefur ráðuneytið í samræmi við lögin skipað sérstaka nefnd hagsmunaaðila og ráðuneytið skrifaði hv. sjútvn. bréf, gerði henni grein fyrir því hvernig ætlunin væri að standa að endurskoðuninni og óskaði eftir því að nefndin hefði sjálf frumkvæði að því að kalla eftir upplýsingum og koma sínum sjónarmiðum á framfæri og ákveða hversu oft fundir yrðu með nefndinni og þeirri nefnd sem hefur forustu um endurskoðunina. Jafnframt var gert ráð fyrir því að sú nefnd gæti haft frumkvæði að samráði við nefndina. Þetta var gert til þess að auka sjálfstæði hv. sjútvn. við þessa endurskoðun og það er svo nefndarinnar sjálfrar að ákveða þar um. Bréfaskriftir á síðara stigi þess máls af hálfu hv. nefndar eru góðra gjalda verðar en ráðuneytið gerði hv. nefnd í upphafi grein fyrir þessu og á hvern veg sjálfstæði nefndarinnar væri tryggt.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt sem breytist á milli daga. Nú hafði hæstv. sjútvrh. miklar áhyggjur af því að það sem verið er að leggja til í okkar tillögu þyrfti auðvitað að fara í umfjöllun í steríónefndinni því að ekki mætti binda hendur hennar með einhverjum samþykktum í þinginu. Í gær lagði hann fram stórkostlegar hugmyndir um breytingar á öllu stjórnkerfi í kringum sjávarútvegsmálin og lýsti því sérstaklega yfir í ræðu á hv. Alþingi að þessi merkilega nefnd ætti ekki að fjalla um þær. Það væri ekki aldeilis þörf á því. Það er mjög sérkennilegt og ég held að víða verði eftir því tekið að hæstv. sjútvrh. skuli hafa sagt það hér í þinginu að nefndin ætti ekki að skoða tillögurnar sem nefndin lagði fram í gær og mælti fyrir.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég öfunda hæstv. sjútvrh. ekki af hans hlutverki í þessari ríkisstjórn ef það er svo slæmt að hæstv. viðskrh. skuli hafa eyðilagt fyrir honum hugmyndirnar um það að koma í veg fyrir kaup á skipum til landsins. Og það getur varla verið að merkilegt samráð sé eða góð samstaða í ríkisstjórn þar sem einn kemur með hugmyndir og tillögur og annar brýtur allt niður. Mér þykir þessi yfirlýsing afar merkileg og hún útskýrir auðvitað það sem hefur gerst í vetur að menn virðast geta keypt skip til landsins burt séð frá því að Fiskveiðasjóður er búinn að taka upp nýjar reglur. Það er mjög athyglisvert.

Ég vil svo mótmæla því sérstaklega sem hæstv. sjútvrh. sagði að hann teldi að ekki mætti koma í veg fyr-

ir að fiskveiðarnar þróuðust með eðlilegum hætti, þ.e. að veiðiréttur færðist á milli skipanna með eðlilegum hætti og er greinilega vísað til þess að kaup og sala á aflaheimildum sé það sem tryggir það alfarið. Engan veginn er sannað og hefur því miður ekki verið skoðað almennilega þannig að menn geti fullyrt að þetta tryggi að hagsmunir þjóðarinnar hafi verið hafðir að leiðarljósi við tilfærslur á veiðiheimildum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfagt getur enginn sannað það hvernig þróun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum gerist best, en ég er sannfærður um og styðst þar við reynslu að betra sé að atvinnugreinin hafi sjálf forræði á þeim málum, hitt sé óskynsamlegra og leiði jafnan til verri niðurstöðu ef stjórnvöld ætla að stýra atvinnugreininni og um það stendur þessi ágreiningur.

Síðan vil ég enn á ný leiðrétta misskilning hv. þm. og mér þykir leitt að hann skuli ekki hafa skilið athugasemdir mínar frá í gær því hann hefur misskilið efni frumvarpanna sem þá voru til umræðu og hann virðist gera það enn. Þau lúta að mjög róttækum breytingum á stjórnsýslu í sjávarútvegi, hvernig skipað er meðferð stjórnsýslu varðandi úthlutun veiðileyfa, varðandi eftirlit, varðandi meðferð gæðamála og ýmissa annarra þátta. Þessi stjórnsýsluákvæði geta átt við hverja þá skipan sem menn vilja koma á varðandi stjórn veiðanna, hvort heldur það er stjórn samkvæmt aflamarki eða sóknarmarki. Hv. þm. þarf ekki annað en að lesa texta frv. um Fiskistofu til þess að komast að raun um þetta. Meðan núverandi lög eru í gildi mun ráðuneytið og væntanlega Fiskistofan framkvæma þau á þeim grundvelli, en skipulag stjórnsýslunnar er allt annar hlutur og kemur ekki sjálfri fiskveiðistjórnuninni við. Ég vona að ég þurfi ekki að leiðrétta hv. þm. í hið þriðja sinn um þetta atriði.

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að hæstv. sjútvrh. hlýtur að vita betur. Hann hefur þá ekki lesið frumvörp sín eins vel og hann vill vera láta. Þar úir og grúir af öllum þeim hugtökum sem tengjast því stjórnkerfi gildir um fiskveiðarnar í þessum plöggum. Auðvitað þarf að breyta þessu meira og minna ef menn ætla að fara að stjórna með einhverjum öðrum hætti. Nú er ég ekkert að segja að það verði niðurstaðan, en allt sem hefur komið fram í sambandi við meðferð þessara mála bendir í eina átt. Hæstv. sjútvrh. er að reyna að klóra í bakkann og ráða einhverju. Það er verið að taka þetta meira og minna frá honum. Tillögur hans hafa verið teknar og settar í nefnd úti í bæ. Að vísu mótmælir hann því ekki opinberlega að málin séu tekin frá honum, en hann kemur með mál hér inn í þingið sem hann ætlar að reyna að koma með á eigin spýtur og láta verða að lögum hér í þinginu án þess að þessi nefnd fái að hafa áhrif á það. Ég er út af fyrir sig ekkert að gagnrýna hann sérstaklega fyrir þetta. Þetta er bara mjög athyglisvert að horfa upp á hvernig togast er á í stjórn landsins um þessar mundir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilningur hv. 3. þm. Vesturl. fer nú alltaf þverrandi. Ég hélt það væri á almanna vitorði að sú nefnd sem vinnur að endurskoðun fiskveiðistefnunnar starfar á vegum sjútvrn. og er skipuð af sjútvrh. í mjög góðu samstarfi þeirra flokka sem standa að ríkisstjórninni, þó að vitað sé að ágreiningur er á milli þeirra um ýmis veigamikil atriði í fiskveiðistjórnuninni.

Vegna þess að hv. þm. vitnar enn í frv. um Fiskistofu bið ég hann að lesa það nánar. Í því er kafli um þá stjórnskipan sem komið verður á og þar er mælt fyrir um það hvernig henni er fyrir komið, algjörlega án tillits til þess hvaða stjórnunaraðferð við notum. II. kafli í því frv. felur í sér breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem vitnað er til ráðuneytisins og hlutverk þess og í þeim tilvikum þar sem það á við kemur Fiskistofa í staðinn.

Þar sem segir að ráðuneytið úthluti aflahlutdeildum í fiskveiðistjórnunarlögunum kemur að Fiskistofa gerir slíkt og hið sama. Ef þingið breytir fiskveiðistjórnunarlögunum og segir að sóknarmarksreglan skuli gilda þá leiðir af sjálfu sér að Fiskistofa fer með það hlutverk. Annars vegar er um að ræða ný lagaákvæði um starfsreglur og starfssvið Fiskistofu og hins vegar nauðsynlegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þar sem Fiskistofa kemur í stað ráðuneytis. Ég bið hv. þm. að lesa frv. einu sinni enn áður en hann kemur með þessar röngu athugasemdir sínar upp í ræðustólinn.

Magnús Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ýmislegt í málflutningi hæstv. ráðherra kom mér svolítið spánskt fyrir sjónir. Í fyrsta lagi talaði hann um boð og bönn. Hvað er núverandi fiskveiðistefna annað en boð og bönn? Ég má ekki fara út á sjó og ná mér í fisk og koma með hann að landi nema tryggja það að ég geti torgað honum sjálfur. Með öðrum orðum má ég ekki fara og ná í fisk og selja hann. Er það ekki bann og boð?

Hann talaði um hagkvæmasta háttinn. Eru nema nokkrar vikur síðan hann lýsti því yfir að meiri hluti sjávarútvegsfyrirtækja væri á gjaldþrotabraut? Hefur þróunin þá verið á hagkvæmasta hátt undanfarin ár? Að vísu tók hann ekki með inn í það dæmi að hópur báta er rekinn á hagkvæman hátt, en hann er ekki tekinn inn í þessa tölu sem hann var að nefna þar vegna þess að menn treysta sér ekki til þess að fara inn í það bókhald.

Varðandi aukið frjálsræði í peningamálum og opnun út á við sem hæstv. viðskrh. hefur beitt sér fyrir og ég styð að sjálfsögðu, er ekki hægt að kenna því um að við höfum lent í einhverju fjárfestingarbrjálæði í frystitogurum. (**Gripið fram í:** Það þarf kannski ekki boð og bönn þar.) Það má kannski segja að hann vilji boð og bönn þar. Ég dró að vísu ekki þá ályktun af því

sem hann sagði áðan að hann vildi boð og bönn þar, ég geri honum ekki upp þær skoðanir. En hins vegar held ég að kannski sé hægt að draga þá einföldu ályktun að stefnan í sjávarútvegi sé galin þegar hún leiðir til þessa en ekki að setja eigi boð og bönn í peningamálum. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég ætla að ljúka máli mínu með því að segja að fyrir mér snýst þetta ekki bara um peninga. Við vitum að gífurleg fjárfestingarmistök í sjávarútvegi hafa átt sér stað á undanförnum árum og jafnvel 20 árum. Að ætla útiloka útgerð sem hefur verið stunduð á Íslandi frá því að land byggðist með veiðarfærum sem eru gjörsamlega skaðlaus náttúrunni og koma í staðinn fyrir togveiðum er hlutur sem ég held að við ættum að íhuga rækilega áður en við höldum lengra.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. lýsir því yfir að hann vilji ekki boð og bönn en jafnframt lýsir hann yfir fullum stuðningi við þáltill. Alþb. um að stöðva frekari vinnslu um borð í frystiskipum. Ég held að þessar gagnstæðu yfirlýsingar segi allt um málflutning hv. þm. Ekkert hefur gerst í núverandi fiskveiðistjórnunarlöggjöf sem takmarkar útgerð smábáta, þvert á móti hefur í engum flokki skipa fjölgað meira en einmitt í hópi smábáta. Hins vegar er mjög eðlilegt að ákveðin þróun eigi sér stað frá einum tíma til annars á milli stærðarflokka fiskiskipa og fiskveiðistjórnunarlöggjöfin er alveg ótvírætt farin að skila árangri í því að aflaheimildir hafa færst saman og við nýtum nú betur fiskiskipastólinn og eigum eftir að sjá meiri árangur af því á næstunni.

En að lokum, herra forseti, þá kemst ég ekki hjá því að víkja enn og aftur að því sjónarmiði hv. þm. að öllum eigi að vera frjálst að hefja veiðar á þann veg að engum takmörkunum sé háð hver fjöldi þeirra er sem stundar veiðarnar á sama tíma og við búum við verulega takmörkun á afrakstri fiskstofnanna. Annaðhvort er verið að stefna í slíka sóun á verðmætum varðandi sókn eða þá að hv. þm. stendur nákvæmlega á sama um hversu nærri við göngum stofnunum og er reiðubúinn að taka áhættu af því að þeir hrynji fyrir sakir ofsóknar. Það fer einfaldlega ekki saman að hafa hlutina á þann veg gjörsamlega opna að hver sem er geti komið inn og hafið veiðar án tillits til þeirrar sóknar sem fyrir er. Það kerfi stenst einfaldlega ekki við ríkjandi aðstæður. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að stýra veiðum í takmarkaða auðlind og við höfum gert það með kerfi sem tryggir miðað við takmarkaða auðlind best athafnafrelsi. Hv. þm. getur ekki sýnt fram á að nokkuð annað stjórnkerfi tryggi meira athafnafrelsi en þetta í ljósi þess að við þurfum að takmarka veiðarnar. En mér er nær að halda að hv. þm. telji enga þörf á því að hafa stjórn á veiðum og hver sem er geti komið inn í veiðarnar án nokkurra takmarkana.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Umræða um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því brýnar aðstæður valdi því að forseti ákveður að fresta umræðunni í miðjum klíðum þegar tillagan hefur beðið mánuðum saman eftir því að komast til umræðu. Ég verð að segja eins og er að það er auðvitað ákaflega óheppileg ráðstöfun. Ég ætla ekki að fara að mótmæla henni og við þingmenn getum sjálfsagt lítið gert annað en að sætta okkur við það að svo sé gert. En það er auðvitað alla jafnan mjög hvimleitt að þurfa að slíta slíkar umræður í sundur og sérstaklega finnst manni óheppilegt og ósanngjarnt þegar mál eiga í hlut sem eru eðli sínu samkvæmt tímabundin en hafa þó orðið fyrir því að bíða hér mánuðum saman eftir að komast til umræðu á þinginu. Þess vegna vil ég nota þá þetta tækifæri um leið og ég lýsi vonbrigðum mínum með það að svona skuli fara og óska eindregið eftir því að umræðunum verði haldið áfram í upphafi næsta fundar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. vill forseti taka fram að ríkar ástæður eru fyrir því að það var ákveðið að halda fundinum ekki lengur áfram en til klukkan hálffjögur. Forseti mun koma athugasemdum þingmannsins á framfæri þegar gengið verður til þess verks að setja saman dagskrá fyrir þingfundi næstu viku.

119. FUNDUR

mánudaginn 6. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dagsett 6. apríl 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Drífa Hjartardóttir bóndi, Keldum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl."

Kjörbréf Drífu Hjartardóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Drífa Hjartardóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Jarðasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 699.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og til landbn. með 53 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 466. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og til landbn. með 52 shlj. atkv.

Skálholtsskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 451. mál (heildarlög). — Þskj. 709.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en atkvæðagreiðslan hefst vill forseti minna á að við umræður um málið lagði hæstv. kirkjumrh. til að frv. yrði vísað til 2. umr. og til hv. allshn. Hv. 4. þm. Austurl. þótti hins vegar eðlilegra að vísa málinu til hv. menntmn. og lagði fram tillögu um það, en það auk þess um að forseti hugleiddi málið fram að atkvæðagreiðslu. Forseti telur tillögu ráðherra eðlilega, málið er flutt af kirkjumrh. og varðar kirkjulega starfsemi í Skálholti í framtíðinni. Kirkjumálum skal, skv. 23. gr. þingskapa, vísað til allshn. en um þetta atriði finnst forseta eðlilegast að þingið ákveði með atkvæðagreiðslu. Þegar greidd hafa verið atkvæði um hvort vísa skuli málinu til 2. umr. verða næst bornar upp tillögur um vísun til nefndar, þá fyrst tillaga ráðherra um að málinu verði vísað til hv. allshn. því að hún kom fram fyrr. Verði sú tillaga samþykkt er málið afgreitt en falli tillagan kemur tillaga hv. 4. þm. Austurl. til atkvæða. Þetta vildi forseti láta koma fram áður en atkvæðagreiðslan hefst.

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir útlistun á þingsköpum og skýringum sem fram hafa komið af hennar hálfu. Ég vil aðeins nefna að tillaga mín um það að vísa frv. um Skálholtsskóla til hæstv. menntmn. gengur út frá því að hér sé um málefni að ræða sem varði menntamál og skólamál í landinu og því eðlilegt að menntmn. fjalli um málið. Þetta er óháð því hvaða ráðuneyti taki hugsanlega við þessum skóla. Nú er það menntmrn. sem fer með málefni skólans.

Ég vil nefna til hliðsjónar að það hefur nokkrum sinnum a.m.k. á undanförnum árum komið til að málum hefur verið vísað til annarrar nefndar en varðar skiptingu málaflokka innan Stjórnarráðsins. Dæmi um það er frá síðasta þingi varðandi frv. um vernd barna og ungmenna sem var vísað til menntmn. þótt frv. gerði ráð fyrir því að málaflokknum yrði ráðstafað til félmrn.

Annað dæmi, að vísu ekki varðandi skólamál heldur mannanöfn, þá var það á þingi 1990 að hausti að því máli var vísað til menntmn. þó að dómsmrn. hefði með framkvæmd laganna að gera.

Þetta vildi ég nefna til skýringar um leið og ég ítreka tillögu mína en þeir sem hana styðja greiða þá atkvæði gegn tillögunni sem fyrr verður borin upp.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Frv. vísað til allshn. með 36:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, TIO, ÖS.

nei: AKS, BF, GÞJ, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JVK, KÁ, KE, PP, RA, REg, SJóh, SJS, VS.
3 þm. (ISG, IP, StH) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, DO, GHH, GuðjG, IBA, KSG, StB, VE) fjarstaddir.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 452. mál (heildarlög). — Þskj. 710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og til allshn. með 53 shlj. atkv.

Samkeppnislög.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 749.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Eins og fram kemur á dagskránni er 10. málið, samkeppnislög, stjfrv., of seint fram komið. Vegna óvæntra tafa kom frv. degi síðar en áskilið er skv. 2. mgr. 36. gr. þingskapa. Frv. verður þess vegna því aðeins tekið til meðferðar að þingið samþykki það og vill forseti leita atkvæða um hvort leyft skuli að taka þetta mál til meðferðar.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um gæslu þingskapa til að mótmæla viðtali eða staðfestingu á frétt í Morgunblaðinu þar sem hæstv. forseti staðfestir ákveðna hluti sem hafi átt að vera í bréfi frá Alþb. til forseta sem lagt var fram fyrir helgina. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upphafið af þessari frétt. Hér segir: Umhverfismálaráðstefna í Río de Janeiro ...(**Forseti:** Forseti vill aðeins benda hv. þm. á að við vorum í atkvæðagreiðslu og ef hv. þm. vill bíða með að ræða um gæslu þingskapa varðandi þetta atriði þar til atkvæðagreiðslunni væri lokið þá væri forseti þakklátur fyrir það.)
Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því að fá að tala um þingsköp og ég get vel fallist á að því verði frestað en mér var gefið orðið. (**Forseti:** Forseti hélt að það væri varðandi atkvæðagreiðsluna sem forseti var búinn að tilkynna að væri hafin og mun því gefa hv. þm. orðið strax og henni er lokið.)

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Ég vildi spyrjast fyrir um það hvort hugmyndin sé að taka þetta mikilvæga mál fyrir í dag. Þetta frv. mun hafa verið lagt fram fyrir helgina. Vel má vera að einhverjir hv. þm. hafi haft tækifæri til þess að kynna sér þetta mál og fara yfir það. Ég hef því miður ekki haft tækifæri til þess og ég spyr hvers vegna liggi svo á í þessu máli að leita þurfi afbrigða til þess að það megi koma hér fyrir. Verður ekki að bíða eftir því að þingmenn fái tækifæri til að kynna sér þetta mál með eðlilegum hætti þannig að þeir geti tekið þátt í umræðum? Ég vil því spyrja hvaða brýna nauðsyn beri til að taka þetta mál fyrir með afbrigðum. Ég tel að það eigi eingöngu að vera í undantekningartilvikum og þess vegna vildi ég fá frekari rök frá hæstv. forseta fyrir því hvers vegna svo þarf að vera.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. varðandi þetta mál. Ég sat allan föstudaginn og það hefur komið mikið af málum inn á okkar borð og það hafði algjörlega farið fram hjá mér að þessu máli hefði verið dreift. Því vil ég ítreka þá spurningu sem hér er fram borin hvaða nauðsyn beri til þess að taka þetta núna fyrir þar sem okkur hefur ekki gefist kostur á því að kynna okkur málið.

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Þetta er stórt og mikið frv. sem var dreift hér eftir að mjög margir þingmenn höfðu horfið af fundi fyrir helgina. Þess vegna kom það mér og væntanlega fleirum mjög á óvart að sjá að ætlunin væri að ganga til atkvæðagreiðslna um afbrigði fyrir því að taka þetta frv. á dagskrá í dag.
Ég hefði a.m.k. talið æskilegt að slíkri atkvæðagreiðslu yrði frestað þangað til á morgun þannig að þingflokkar gætu rætt saman um það hvort takast mætti samkomulag um að heimila umfjöllun um þetta mál á yfirstandandi þingi með afbrigðum. Nú vil ég alls ekki útiloka að svo geti orðið en þá er að það að sjálfsögðu samkomulagsatriði í þinginu og hlýtur að tengjast meðferð mála að öðru leyti. Ég bendi á að fyrir þinginu liggur annað mál sambærilegs eðlis sem varðar endurskoðun á löggjöf um samkeppni og reyndar lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti en frv. hæstv. viðskrh. er einmitt ætlað að koma í staðinn fyrir þau lög. Ég tel til að mynda óhjákvæmilegt að það verði rætt hvort þessi mál hljóti þá ekki að verða samferða í umfjöllun á hinu háa Alþingi ef til þess kemur að fallist verði á umfjöllun um frv. hæstv. viðskrh. sem er of seint fram komið eins og áður hefur komið fram. En með tilliti til þess að þingmönnum hefur alls ekki gefist neinn tími til þess að ræða það í sínum hóp hvort samkomulag geti tekist um einhverja þá tilhögun sem menn fallast á þá óska ég eindregið eftir því að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað og hún fari í fyrsta lagi fram á morgun.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Frú forseti. Ég skildi það svo að þetta frv. hefði komið of seint fram, þ.e. eftir að lögmætur frestur var liðinn. Ef svo hefur ekki verið vona ég að ég verði leiðréttur. Ég sé ekkert á móti því að þetta frv. hljóti umfjöllun á þinginu í vor og verði tekið á dagskrá sem slíkt. Mér finnst hins vegar óeðlilegt að taka það til umræðu strax í dag og ég vildi leggja til að málið yrði ekki tekið til umræðu fyrr en mönnum hefði gefist

tækifæri til að fara yfir það nákvæmlega, en sé aftur á móti ekkert á móti því að málið komi til umræðu og er tilbúinn að greiða því atkvæði að afbrigði verði veitt og málið fái að koma á dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að það var aðeins verið að leita eftir að málið megi koma á dagskrá vegna þess að það var of seint fram komið, þ.e. einum sólarhring eftir að framlagningarfresturinn var runninn út. En það er ekkert sem segir að málið muni koma til umræðu í dag.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. þegar hann lýsti afstöðu sinni til málsins. Ég er honum að öllu leyti sammála og þar með reyndar þeim hv. þm. 1. þm. Austurl., 18. þm. Reykv. og 4. þm. Norðurl. e. að eðlilegt sé að þingheimi gefist tóm til þess að kynna sér efni þessa viðamikla frv. Það gildir reyndar um mjög mörg mál sem lögð voru fram á síðustu dögum fyrir síðasta skiladag þingmála. Það er í alla staði eðlilegt en ég skildi erindi hæstv. forseta á þann veg sem forseti skýrði rétt áðan sjálfur að eingöngu væri verið að leita afbrigða til þess að málið mætti koma á dagskrá þingsins þótt umræða um það færi ekki fram í dag.

Ég vil til skýringar láta það koma fram að á síðasta skiladegi nýrra þingmála á þessu þingi var gengið frá öllum skilaskjölum vegna þessa máls, þar með texta frv. í endanlegri gerð til skrifstofu þingsins í trausti þess að prentverkinu lyki þann dag eða meðan þingfundur var eins og til var ætlast. Því miður urðu tafir í prentsmiðjunni til þess að málið komst ekki í hinu prentaða formi til þingsins. Í því og því einu liggur töfin. Ég vona að þingheimur hafi skilning á málinu og greiði því atkvæði að málið megi fyrir koma en að sjálfsögðu verður þingmönnum veittur hæfilegur frestur til að kynna sér efni málsins.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skil hæstv. forseta þannig að það eigi að ganga til atkvæða um málið. Hér var ósk borin upp um það að atkvæðagreiðslu um þetta yrði frestað. Ég óska eftir því að orðið verði við þeim tilmælum þannig að þingflokkar geti rætt um þetta og einnig sé hægt að ræða um málsmeðferðina.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hélt — vegna þeirra skýringa sem fram hafa komið í umræðu um atkvæðagreiðslu — að menn hefðu sætt sig við að atkvæðagreiðsla færi fram um að málið mætti koma á dagskrá þrátt fyrir að umræðu yrði frestað. En ef það er eindregin ósk um að fresta atkvæðagreiðslu um að málið megi koma á dagskrá þó að umræða fari fram síðar, þá mun forseti að sjálfsögðu verða við því.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil alls ekki leggjast gegn því að þetta mál fái umfjöllun á þessu þingi og vil undirstrika það að orð mín ber ekki að skilja svo. Ef menn fallast á það að um tilhögun umræðna um þetta mál þurfi að takast samkomulag þá er ég út af fyrir sig fyrir mitt leyti tilbúinn til að greiða atkvæði um það og styðja það að málið fái að koma á dagskrá þessa þings. En það er ósköp einfaldlega það sem verið er að leita heimildar fyrir, enda eins og ég segi verði það þá rætt í framhaldinu hvenær tímabært sé að taka þetta mál til umræðu, jafnviðamikið og það er og um það takist samkomulag. Í því trausti er ég tilbúinn til þess að greiða því atkvæði að það komi hér fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 50 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KÁ, KE, LMR, MJ, MB, PP, PJ, PB, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÞJ, GÁ, RA) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, DO, GHH, GuðjG, IBA, IP, KSG, ÓE, StB, VE) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Fulltrúar Alþingis á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiro.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan er upphaf þess að ég óska eftir að fá að tala um þingsköp það að í Morgunblaðinu á sunnudaginn er sagt frá umhverfismálaráðstefnu í Ríó. Með leyfi forseta vil ég vitna í þessa frétt. Þar segir:

„Alþýðubandalag vill senda fimm fulltrúa frá Alþingi. Ákvörðun tekin um að senda tvo. Þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur mótmælt þeirri ákvörðun forsætisnefndar Alþingis að senda tvo þingmenn, einn úr stjórn og einn úr stjórnarandstöðu, á umhverfismálaráðstefnuna í Ríó de Janeiro í Brasilíu í júnímánuði. Flokkurinn vill senda fimm fulltrúa frá Alþingi, einn frá hverjum þingflokki. Salome Þorkelsdóttir, forseti Alþingis, staðfesti við Morgunblaðið í gær að sér hefði borist bréf frá þingflokki Alþýðubandalagsins þessa efnis."

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem sagt er hér. Alþb. hefur ekki krafist þess að fimm fulltrúar verði sendir frá Alþingi.

Alþb. skrifaði bréf til forseta Alþingis þann 1. apríl sl. og með leyfi hæstv. forseta vil lesa upphaf og endi þess til þess að skýra málið betur. Í upphafi bréfsins stendur:

„Þingflokkur Alþýðubandalagsins lýsir megnri óánægju sinni með þau munnlegu skilaboð sem nú hafa

borist frá forsætisnefnd Alþingis að horfið verði frá því að allir þingflokkar eigi þess kost að senda fulltrúa sína á umhverfismálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram undan er í Brasilíu.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur þegar valið Hjörleif Guttormsson sem fulltrúa sinn á ráðstefnuna og hefur hann nú um nokkurra vikna skeið unnið að undirbúningi undir ráðstefnuna. Þingflokkurinn taldi sig hafa upplýsingar um að fulltrúum allra þingflokka mundi gefast kostur á að sækja ráðstefnuna."

Í lok bréfsins stendur: „Það er lágmarkskrafa að mati þingflokks Alþýðubandalagsins að það verði tryggt í gegnum þátttöku Alþingis að þeir þingflokkar fái fulltrúa sem ekki eiga þegar menn úr sínum röðum í hópi ráðstefnufara sem fulltrúar ríkisstjórnar eða ráðuneyta."

Við erum sem sagt ekki að gera tillögu um að Alþingi sendi fimm fulltrúa heldur einungis að fara fram á að allir þingflokkar eigi fulltrúa á ráðstefnunni.

Þegar þetta kom til umræðu á fundi með formönnum þingflokka þar sem ég mætti var ég með þau skilaboð frá Alþb. að við teldum annað ófært en að þar yrðu fulltrúar frá öllum þingflokkum en teldum jafnframt að ráðherrar gætu eins vel verið fulltrúar sinna flokka og þess vegna þyrfti ekki að fjölga á ráðstefnunni. Á þeim fundi komu ekki fram þær upplýsingar, sem hæstv. forseti kemur með í umræddu viðtali, að 11 fulltrúar muni verða sendir. Á fundinum var ég einnig með þau skilaboð frá Alþb. að við mundum ekki mótmæla ef einungis 10–12 fulltrúar verða sendir.

Mér eru mikil vonbrigði að þurfa að segja það en mér finnst full ástæða til þess að mótmæla þegar forseti staðfestir ranga frásögn af því hvað standi í bréfi Alþb. Eins og hv. þm. vita höfum við beðið eftir þessari ráðstefnu í allan vetur eftir að bréf kom frá umhvrn. þar sem lagt var til að þingflokkar sendu einn þingmann hver á ráðstefnuna. Við gerðum ráð fyrir því fyrirkomulagi og fulltrúi okkar hefur undirbúið sig og tekið þátt í fundum til þess að undirbúa ráðstefnuna. Þegar sú ákvörðun forsætisnefndar Alþingis kemur svo fram að aðeins tveir þingmenn verði sendir mótmælum við því. Þótt menn ætli sér einungis að senda 13 fulltrúa samanlagt eins og núna virðist liggja fyrir er full ástæða til þess að þrír af þeim 13 fulltrúum séu fulltrúar stjórnarandstöðunnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna þessa máls sem hv. 3. þm. Vesturl. hefur reifað nú vill forseti geta þess að hún staðfesti við blaðamann Morgunblaðsins að borist hefði bréf frá Alþb. þar sem lýst hefði verið andstöðu við það að fyrirhugað væri að senda aðeins tvo fulltrúa frá löggjafarsamkomunni, Alþingi. Að öðru leyti óskar forseti eftir því að geta rætt málið á fundi með formönnum þingflokka eftir að forsætisnefnd hefur komið saman og fjallað um þetta bréf. Það verður væntanlega í hádeginu á morgun.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það væri betur að hæstv. forseti og þeir hv. þm. aðrir sem sátu þann fund þar sem bréf Alþb. var afhent hefðu hegðað sér í samræmi við þessi síðustu orð hæstv. forseta, en það var ekki gert heldur var efni þessa bréfs sem forsætisnefnd eða forseti óskaði sérstaklega eftir að fá, lekið umsvifalaust í fjölmiðla og efni þess afflutt þar og rangtúlkað. Sú ranga frétt var síðan staðfest af forseta. Þannig ber þetta mál að þingflokki Alþb. Það er óhjákvæmilegt að mótmæla mjög harðlega þessum atburði, hæstv. forseti, og harma að hann skyldi eiga sér stað. Nóg var komið af uppákomum af þessu tagi þegar í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu við hina einlitu forsætisnefnd þó að þetta hefði ekki bæst við.

Það er algerlega óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, úr því sem komið er, að farið verði ofan í saumana á aðdraganda þessa leiðindamáls. Þá verður að upplýsa alla þætti þess, líka það klúður sem fyrir löngu er orðið ljóst í sambandi við undirbúning stjórnvalda að ráðstefnunni.

Þann 7. febr. sl. barst þingflokkum bréf frá umhvrn. Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra leggur til að sendinefnd Íslands verði skipuð fulltrúum ríkisstjórnar og Alþingis ásamt embættismönnum ráðuneyta." Og síðar í sama bréfi frá 7. febr. sl. stendur: „Lagt er til að fulltrúar Alþingis verði einn fulltrúi frá hverjum þingflokki. Fulltrúar ráðuneyta verði þeir embættismenn umhvrn. og utanrrn. sem tekið hafa þátt í undirbúningsfundum ráðstefnunnar en að auki verði öðrum ráðuneytum gefinn kostur á að hafa fulltrúa í sendinefndinni."

Með öðrum orðum, hæstv. forseti, það eru tæpir tveir mánuðir liðnir síðan þingflokkarnir fengu beiðni um að tilnefna fulltrúa sína til að taka þátt í undirbúningi að ráðstefnunni og jafnframt lagt til af hálfu þess ráðuneytis sem fer með málin að einn fulltrúi frá hverjum þingflokki siti í sendinefnd Íslands. Ég veit ekki betur en að formanni þingflokks Sjálfstfl., sem er sá flokkur sem hæstv. forsrh. mun tilheyra eins og kunnugt er, hafi eins og öðrum formönnum þingflokka verið sent þetta bréf þannig að það er með ólíkindum að næstum tveimur mánuðum síðar, þegar fulltrúar þingflokkanna hafa lagt á sig heilmikla vinnu til að undirbúa þátttökuna í ráðstefnunni, skuli allt í einu vera tilkynnt að nú sé horfið frá því, annað sé uppi og einungis einn fulltrúi stjórnarandstöðunnar skuli fara á ráðstefnuna í Ríó. Rétt er að menn hafi einnig í huga að fram að þeim tíma og þangað til í viðtali Morgunblaðsins við hæstv. forseta og í viðtölum við hæstv. umhvrh. um helgina höfðu menn ekki á öðru að byggja en fréttum fjölmiðla um það að jafnvel tugir manna færu á vegum Íslands suður til Brasilíu. Upplýst var að 40 sæti hefðu verið tekin frá og í blaðafréttum að undanförnu hafa komið fréttir um kippur af ráðherrum og jafnvel hæstv. forseta þingsins sem væru líklegir kandídatar á ráðstefnunni. Þetta voru þær upplýsingar sem stjórnarandstaðan hafði. Er það í því ljósi skrýtið að Alþb. skyldi mótmæla því að skera ætti þátttöku stjórnarandstöðunnar niður í einn fulltrúa?

Það tekur svo auðvitað steininn úr, sá trúnaðarbrestur sem verður í samskiptum þingflokks Alþb. og

forsætisnefndar með þessum síðustu atburðum. Í fyrsta lagi neitar forsætisnefnd að taka málið til umfjöllunar nema að fá um það formlegt bréf og ég spyr: Til hvers? Er það svo að framvegis verði ekki hægt að eiga samskipti við forsætisnefnd nema að skrifa henni bréf um alla skapaða hluti? Er það kannski til þess að þeim bréfum sé hægt að leka í fjölmiðla áður en þeim er svarað? Þingflokkur Alþb. hefur ekki fengið svör við sínu bréflega erindi. En hæstv. forseti þingsins er farinn að fjalla um það í fjölmiðlum. Þetta er auðvitað hin hörmulegasta uppákoma, hæstv. forseti, og bætir gráu ofan á svart í þessu leiðindamáli.

Til þess að eyða öllum misskilningi í eitt skipti fyrir öll skal það að lokum tekið mjög skýrt fram að Alþb. er ekki að gerast talsmaður þess að söun eigi sér stað í sambandi við þátttöku Íslands á ráðstefnunni í Brasilíu. Við höfum ekki verið sérstakir talsmenn þess að sendir yrðu tugir manna þangað niður eftir með ærnum tilkostnaði. Þvert á móti hafa þau sjónarmið okkar komið fram í umræðum um skýrslu utanrrh. að ástæða gæti verið til þess að endurskoða þátttöku okkar og halda kostnaði þar í lágmarki. En við gerum kröfu til þess að hlutföll í sendinefnd Íslands verði sanngjörn. Ég sé ekki að í 12–13 manna sendinefnd, ég tala nú ekki um ef hún ætti að vera tugir manna, væri réttlátt að stjórnarandstöðuflokkarnir ættu þar aðeins einn fulltrúa á sama tíma og stjórnarflokkarnir verða af augljósum ástæðum margfaldir í roðinu á ráðstefnunni, í margföldum skilningi.

Ég mótmæli þessari uppákomu, hæstv. forseti. Ég óska eftir því að forseti boði fund sem fyrst og að þar verði staddir þeir hinir sömu og voru á fundinum þegar bréf Alþb. var afhent. Auk þess sem það er óhjákvæmilegt að við munum gera fjölmiðlum ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli eins og að okkur hefur verið vegið með þessari framkomu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vísar því á bug að hann eigi nokkurn þátt í að upplýsa fjölmiðla um þetta bréf — frekar en önnur bréf sem berast forsætisnefnd.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið er mjög sérkennilegt að á Íslandi skuli öll umræðan um undirbúning ráðstefnunnar snúast um það hverjir fara, hve margir og fleiri atriði þar að lútandi en ekki um þau efnisatriði sem fjalla á um á hinni mikilvægu ráðstefnu. Ég get þess í leiðinni að sá sem þetta mælir átti raunar að vera suður á Keflavíkurflugvelli núna til þess að taka á móti umhverfisráðherra Portúgals sem kemur hingað í forsvari fyrir EB-ríkin, m.a. til þess að ræða undirbúning og efnisatriði ráðstefnunnar. En varðandi þau orð sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon lét falla hér áðan þá hefur auðvitað aldrei í allri þessari umræðu staðið til að á vegum ríkisins færu 40 manns til þessarar ráðstefnu og það veit hv. þm. áreiðanlega mjög vel. Hins vegar hefur undanfarnar vikur verið mjög mikill áhugi margra samtaka á því að taka þátt í þessari ráðstefnu og þeirri ráðstefnu sem fer fram samhliða henni, félagasamtaka. Þegar rætt var við ferðaskrifstofurnar og reynt að afla upplýsinga og fá kostnað við ferðina niður var talið rétt að hafa töluna rúma þannig að allir þeir sem héðan færu, ekki bara á vegum ríkisins heldur líka á vegum allra félagasamtaka sem sýndu mikinn áhuga á að fara þarna, gætu átt kost á hagstæðu fargjaldi. Engin skuldbinding hefur falist í þessari tölu um þátttöku ríkisins, hún verður auðvitað langtum minni og það hefur verið nefnt að það yrðu u.þ.b. 10–12. Það er alls ekki ljóst enn þá. Fleiri verða það örugglega ekki á þessari stundu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði í bréf frá umhvrn. Þegar síðasta ráðstefna af þessu tagi var haldin í Stokkhólmi, sú eina, fyrir 20 árum þá voru þar fulltrúar þingflokka. Þess vegna skrifaði umhvrn. þingflokkunum bréf þar sem lagt var til að fulltrúar Alþingis yrðu einn fulltrúi frá hverjum þingflokki eins og var á síðustu ráðstefnu, fulltrúar ráðuneyta frá þeim ráðuneytum sem málið snertir. Síðan sagði — og nú ætla ég að lesa það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon las ekki — hvað varðar kostnað við þátttöku sendinefndarinnar í ráðstefnunni: „Er lagt til að viðkomandi ráðuneyti eða stofnun greiði allan kostnað við fulltrúa sinn og Alþingi greiði kostnað fyrir fulltrúa þingflokka.“ Síðan segir, með leyfi forseta: „Hér með er óskað eftir tilkynningu um það hvort þér hyggist tilnefna fulltrúa í íslensku sendinefndina og það berist ráðuneytinu fyrir 1. mars.“ Hvort þér hyggist? Það voru ekki önnur tilmæli frá umhvrn. en að leita eftir því hvort þingflokkar hygðust tilnefna fulltrúa. Þetta er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að sé alveg skýrt sérstaklega í ljósi þeirra ummæla sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lét falla hér áðan.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnast vera tvær hliðar á þessu máli. Hér er alveg tvímælalaust um mikilvæga ráðstefnu að ræða og ég vil ekki taka undir með þeim sem hafa talið óþarfa að Íslendingar sæktu slíkar undirskriftaráðstefnur eða hvað þeir nú kalla það. Ég held að það sé ákaflega óheppilegt ef Ísland tekur ekki þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál út af fyrir sig. M.a. þess vegna var sett á stofn, að vísu við töluvert harða andstöðu þáv. stjórnarandstæðinga, umhvrn. m.a. til að geta sinnt með eðlilegum og myndarlegum hætti alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál. Þetta var önnur hliðin.

Í framtíðinni kann að vera að þessi ráðstefna marki nokkur þáttaskil í umhverfismálum veraldarinnar. Mikið er í hana lagt og eftir því sem mér skilst eru bundnar talsverðar vonir við þau straumhvörf sem vonast er til að ráðstefnan marki. Hin hlið málsins er ekki nærri eins góð. Það er að ráðstefnustaðurinn er alveg einstaklega illa valinn og undirbúningur heimamanna við að taka til í Río de Janeiro með því að fjarlægja og að því talið er lífláta útigangsbörn er náttúrlega með þeim hætti að þær spurningar hljóta að vakna hvort sómasamlegt sé að heimsækja svona þjóðir jafnvel þótt í góðum tilgangi sé gert.

Í mínum huga er spurning um það hvort Alþingi

eigi yfirleitt að senda fulltrúa á þessa ráðstefnu. Jafnvel þó mikilvæg sé og ég vil leggja sérstaka áherslu á það að ég held að þessi ráðstefna sé mikilvæg.

Í öðru lagi er það náttúrlega Alþingis að ákveða með hverjum hætti þátttaka þess verður í svona ráðstefnu, hvort eða hve margir fulltrúar fara þangað. Þótt umhvrn. hafi sent bréf í vetur þá bindur það að sjálfsögðu ekki hendur Alþingis enda var skýrt tekið fram eins og umhvrh. áréttaði að Alþingi væri ætlað að bera kostnaðinn og að sjálfsögðu velur Alþingi fulltrúa sína sjálft. Ég er reiðubúinn að ræða við forseta ásamt formönnum annarra þingflokka um þessa ráðstefnu hvort Alþingi á yfirleitt að eiga þar fulltrúa eða hve margir þeir eigi að vera og hvernig þátttöku Alþingis skuli yfirleitt háttað.

Ég vil taka fram að ég sat ekki fund þann sem hér hefur verið vitnað til hjá forseta og vil ekki tjá mig um atburði sem þar gerðust eða trúnaðarbrest sem hlotist kann að hafa í kjölfar þess fundar.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. umhvrh. að leitt er til þess að vita að umræðan hér á landi skuli fyrst og fremst snúast um það hversu margir verði sendir á þessa ráðstefnu því að innihald hennar skiptir auðvitað mestu máli. Í máli síðasta ræðumanns kom fram að ráðstefnustaðurinn væri mjög illa valinn. Auðvitað er ákveðin ástæða fyrir valinu og hún er eyðing skóganna í Brasilíu. Ég þykist vita að menn ætli sér að eiga þarna miklar samræður við stjórnvöld í Brasilíu og reyna að hafa áhrif á stefnu þeirra í umhverfismálum.

Ég vil taka undir það að ég harma að það bréf sem lagt var fram á síðasta fundi þingflokksformanna skuli hafa komist í blöðin því að staða þessara mála er einfaldlega sú að mikil umræða á eftir að fara fram á vettvangi þingflokksformanna um það hvernig að þessum málum verði staðið. Við þurfum að fá ákveðnar upplýsingar um það hvernig staðið verði að ráðstefnunni í heild og hverjir verði fulltrúar Íslands. Ég vil benda á að sú ákvörðun sem hefur verið tekin af forsætisnefnd Alþingis var tilkynnt okkur þingflokksformönnum og þar átti sér ekki stað neitt samráð. Þetta er einhliða ákvörðun forsætisnefndar og hefði verið eðlilegra að umræða hefði átt sér stað áður um það hvernig Alþingi skyldi standa að þessum málum.

Ég tel eðlilegt að sem flestir þingflokkar og helst allir eigi fulltrúa á þessari ráðstefnu. Það kemur í hlut Alþingis að samþykkja lög sem snerta umhverfismál og ég er viss um að það verður ákaflega fróðlegt að fylgjast með þessari ráðstefnu og vonandi mun hún margt gott af sér leiða. En auðvitað stöndum við frammi fyrir því að verða að takmarka kostnaðinn við þetta ráðstefnuhald af okkar hálfu.

En ég ítreka að mikil umræða á eftir að eiga sér stað meðal þingflokksformanna og ég tel eðlilegast á meðan svo háttar að umræðan verði bundin við þá samkomu og við reynum að finna á þessu lausn sem öllum líkar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram sem reyndar átti ekki að misskiljast að ég fullyrti ekkert um það að til hefði staðið að senda tugi manna eða 40 manns. Það var ósköp einfaldlega vitnað til þeirra einu upplýsinga sem stjórnarandstaðan hafði um þessi mál og það var umfjöllun fjölmiðla um það að tekin hefðu verið frá svo mörg sæti og vangaveltur um það hversu stór þessi sendinefnd yrði. Það voru einu upplýsingarnar sem stjórnarandstaðan hafði í höndunum um þetta efni fyrir utan bréf umhvrn. frá 7. febr. sl. Það var það eina bréflega sem þingflokkar stjórnarandstöðunnar höfðu í höndunum um þátttöku Íslendinga í ráðstefnunni. Með öðrum orðum, hæstv. forseti, hæstv. umhvrh., þingflokkar stjórnarandstöðunnar og þingflokkar yfirleitt á þinginu voru í þeirri trú að ákveðið hefði verið að senda fulltrúa frá hverjum þingflokki. Þeir fulltrúar höfðu þegar hafið störf við undirbúning að þátttöku í ráðstefnunni, setið marga undirbúningsfundi og sumir þeirra lagt sitt af mörkum í þeim efnum. Við höfðum engar ástæður til að ætla annað en að þetta yrði niðurstaðan. Engin viðbrögð komu frá hinni virðulegu forsætisnefnd eftir að bréfið barst þingflokkum 7. febr. sl. Ég ætlaði að hæstv. forsætisnefnd hefði haft um það upplýsingar í hartnær tvo mánuði að þetta bréf hafði borist þingflokkunum frá umhvrn. Það kemur því eins og þruma úr heiðskíru lofti. Eins og hér var réttilega rakið af síðasta hv. ræðumanni var það án nokkurs samráðs við þingflokkana að forsætisnefnd tilkynnir allt í einu að tekin hafi verið ákvörðun um að senda aðeins tvo fulltrúa frá Alþingi og þar af verði annar þeirra úr röðum stjórnarliða. Í þessu ljósi er óhjákvæmilegt að mótmæla þessari málsmeðferð allri saman.

Hitt er rétt að taka fram að við erum út af fyrir sig tilbúin til þess að ræða upp á nýtt þátttöku Íslendinga í ráðstefnunni og fara yfir það en við óskum eftir að það verði gert að siðaðra manna hætti á fundum þar sem menn geta talað máli sínu en ekki gegnum leka í Morgunblaðið. Það er ekki hinn rétti samskiptamáti hæstv. forsætisnefndar við aðra þingmenn að gera það í gegnum Morgunblaðið þó að sumum þeirra sem sitja í forsætisnefnd þyki vænt um Morgunblaðið eins og kunnugt er. Þeir eiga ekki að láta það ráða afstöðu sinni í slíkum tilvikum. Við óskum eftir því að slíkt samráð fari fram og verði í fyrsta lagi samráð en ekki tilkynningar og í öðru lagi fari fram á fundum þar sem mönnum gefist kostur á að ræða mál sín. Vonandi er enn hægt að eiga slík samskipti á munnlegu formi en ekki öll í gegnum bréf sem væntanlega verður að senda í ábyrgðarpósti innan tíðar.

Hæstv. forseti. Ég tel að mótmæli okkar við þessari uppákomu og rangtúlkun á afstöðu okkar í þessu máli hafi komist til skila. Ég vona að hæstv. forseti taki það eins og það er talað til íhugunar og athugunar. Vonandi tekst að gera gott úr því klúðri sem allur undirbúningur á þátttöku Íslands í þessari ráðstefnu er því miður orðinn. Ég ætla ekki að ræða ráðstefnustaðinn eða annað slíkt sem blandast hefur hér inn í umræðuna, en ég segi aðeins það að lokum að aðalatrið-

ið er að niðurstaðan í þessu sambandi verði réttlát og sanngjörn og fulltrúar ólíkra sjónarmiða stjórnar og stjórnarandstöðu og aðrir þeir sem þarna er eðlilegt að verði til staðar verði í sanngjörnum hlutföllum. Það er það sem verið er að fara fram á af okkar hálfu. Við sjáum ekki að neitt það hafi komið fram enn þá sem rökstyðji það sérstaklega að nauðsynlegt sé að skilja tvo af þremur stjórnarandstöðuflokkum á Alþingi algerlega út undan hvað varðar þátttöku Íslands á þessari ráðstefnu.

Greiðslukortastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál. — Þskj. 655.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Frv. til laga um greiðslukortastarfsemi sem er á þskj. 655 og ég mæli nú fyrir er nú flutt að nýju og er þess vænst að það fái vandaða en skjóta meðferð á þessu þingi, einkum með hliðsjón af þeirri ítarlegu umfjöllun sem málið hefur áður fengið á hv. Alþingi.

Frv. var upphaflega samið af nefnd sem skipuð var í ársbyrjun 1988 til að leggja drög að löggjöf um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan viðskiptabanka og sparisjóða en hefur verið endurskoðað af hálfu embættismanna viðskiptaráðuneytis í samráði við þingflokka ríkisstjórnarinnar.

Vonast er til þess að sú endurskoðun greiði fyrir málinu en á síðasta þingi mælti ég fyrir frv. náskyldu þessu en það náði þá ekki fram að ganga.

Í þessu frv. og þeim sem á undan því fóru var í fyrsta sinn gerð tillaga um sérstaka lagasetningu um greiðslukortastarfsemina. Og þess vegna eru öll ákvæði þessa frv. nýmæli í íslenskum lögum.

Það eru fyrir því margar ástæður að nú er nauðsynlegt að setja um þetta efni sérstaka löggjöf. Ég ætla að nefna örfá atriði þessu til staðfestingar. Í fyrsta lagi hefur greiðslukortanotkun vaxið stöðugt undanfarinn áratug, þann áratug sem innlend kortafyrirtæki hafa starfað hér á landi. Eins og öllum er kunnugt eru greiðslukortin nú mikið notaður greiðslumáti meðal alls almennings. Gera má ráð fyrir að útbreiðsla greiðslukortanna aukist enn þegar nýjar tegundir korta verða teknar í notkun eins og svonefnd debetkort sem væntanlega munu í framtíðinni leysa af hólmi ávísanir á banka og sparisjóði.

Með aukinni notkun hefur jafnframt komið í ljós að þörf er á að kveða á í lögum um ýmis atriði sem tengjast notkun þessara korta. Ég nefni sérstaklega í þessu sambandi hvernig haga skuli ýmsum samskiptum korthafanna og útgefanda kortanna bæði vegna útgáfu greiðslukortsins sjálfs og ekki síst gerð samnings um greiðslukortið og framkvæmd þessa samnings. Einnig er nauðsynlegt að setja skýrar reglur í lög sem mæla fyrir um ábyrgð korthafa vegna ólögmætrar notkunar kortsins. Í frv. er þannig til að mynda að finna reglur um hámark þeirrar fjárhæðar sem korthafa kann að vera gert að greiða ef kort týnist eða tapast á annan hátt. Einnig er kveðið á um ábyrgð útgefanda kortsins að svo miklu leyti sem korthafinn verður ekki gerður ábyrgur fyrir því tjóni sem hljótast kann af kortaviðskiptum með ólögmætum hætti. Enn fremur þykir nauðsynlegt að settar verði reglur um lögskipti greiðsluviðtakanda, þ.e. þeirra sem selja korthöfunum eitthvað, vöru eða þjónustu, og taka greiðslu fyrir með ástimplun á kortareikninginn og kortaútgefandans sem annast þessa greiðslumiðlun.

Í stuttu máli er megintilgangur þessa frv. að gæta hagsmuna almennings og neytenda sérstaklega í skiptum við kortafyrirtækin og þá sem taka við greiðslum með kortum, að tryggja nauðsynlegt eftirlit með þessari starfsemi og yfirleitt að móta skýrt þennan farveg greiðslumiðlunar í landslagi viðskiptanna. Nauðsynlegt er að setja lagaramma vegna þessarar starfsemi, m.a. vegna samanburðar við aðra greiðslumiðlun og lánastarfsemi sem fer fram innan þeirra stofnana sem fyrir eru á fjármagnsmarkaðnum.

Sjónarmið jafnræðis á milli fyrirtækja sem annast fjármál og þjónustu er afar mikilvægt í þessu máli. Einnig má líta á þetta frv. sem einn þátt í aðlögun íslenskra efnahags- og fjármála að aðstæðum í Evrópu sem tekið hafa miklum breytingum að undanförnu og eru nú á miklu breytingaskeiði.

Frv. sem ég mæli fyrir er að hluta byggt á erlendum fyrirmyndum. Við gerð þess hefur verið m.a. höfð til hliðsjónar dönsk löggjöf um þetta efni en svo ekki síður — reyndar kannski fyrst og fremst — samþykkt tilmæli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess varðandi greiðslumiðlum.

Ég vík þá að einstökum þáttum þessa frv. og hlýt, virðulegur forseti, að fara næsta fljótt yfir sögu enda hefur þetta frv. eins og ég hef þegar nefnt áður komið til umfjöllunar á þingi.

Í I. kafla frv. er að finna ákvæði um gildissvið laganna, skilgreiningu helstu hugtaka og vísa ég til frv. og greinargerðar með því um þau efni.

Í 4. gr. hefur einnig verið bætt við ákvæði um það að einungis viðskiptabönkum og sparisjóðum sé heimilt að gefa út svonefnd debetkort sem ég hef áður nefnt í máli mínu, en það eru kort sem nota má til þess að greiða fyrir vöru eða þjónustu með beinni millifærslu á innlánsreikningi korthafans. Gera má ráð fyrir því að þessi tegund korta muni þegar fram í sækir leysa af hólmi ávísanir sem nú eru algengari í viðskiptum á Íslandi en í flestum öðrum löndum.

Í II. kafla frv. er lagt til að kortaútgefendur skuli hafa skráð firma eða útibú hér á landi nema annað leiði af alþjóðlegum samningum eða sérstakar undanþágur verði veittar frá þessari reglu. Jafnframt er svo í 4. gr. áskilið að kortaútgefanda sé skylt að afla sér starfsleyfis og að tilkynna um öll meginatriði greiðslukortastarfseminnar og hvernig hún skuli fara fram. Í II. kafla frv. er einnig kveðið nánar á um eftirlit með greiðslukortastarfseminni og það falið bankaeftirliti Seðlabankans. Er eðlilegt með hliðsjón af þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið með starfsemi bankaeftirlitsins í lögum á undanförnum árum. Þá er jafnframt

ákvæði um skyldu Verðlagsstofnunar undir yfirstjórn Verðlagsráðs að fylgjast með því að greiðslukortastarfsemin sé rekin í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti.

Í III. kafla frv. er að finna ýmis almenn ákvæði varðandi greiðslukortastarfsemina. Þannig er í 7. gr. mælt fyrir um ýmis atriði sem réttmætt þykir að kortaútgefandinn upplýsi áður en samningur er gerður milli hans og korthafans um útgáfu greiðslukortsins. Í 8. gr. er lögð til sú meginregla að útgáfa greiðslukortsins skuli ávallt byggjast á viðskiptatrausti umsækjandans um greiðslukort en ekki annarra aðila. Þetta er afar mikilvægt ákvæði. Sú tilhögun er reyndar líka í samræmi við þá viðskiptavenju sem myndast hefur almennt í öðrum löndum um gerð samninga um greiðslukort. Þannig gerir frv. ráð fyrir að aðeins í undantekningartilvikum verði aðrir en korthafinn krafðir um ábyrgð á úttekt samkvæmt greiðslukortasamningi en sá háttur, þ.e. tryggingavíxlar gefnir út eða með ábyrgð annarra aðila en greiðslukorthafans, hefur hins vegar verið aðalregla við gerð greiðslukortasamninga á Íslandi fram til þessa eins og hv. þm. er vafalaust vel kunnugt af mörgum dæmum og sumum misjöfnum af þeirri reglu.

Þá er í frv. kveðið skýrt á um rétt þriðja aðila til þess að afturkalla ábyrgð sem hann hefur áður veitt, til að mynda hafi aðstæður gerbreyst eða forsendur fyrir áður veittri ábyrgð af hans hálfu teljast brostnar að öðru leyti.

Í 9. og 11. gr. frv. er að finna ýmis ákvæði sem ætla verður að tryggi betur rétt þeirra sem nota greiðslukortin.

Í 12. gr. er svo mörkuð sú stefna að greiðslumiðlun með greiðslukortum skuli ekki valda almennri hækkun á vöruverði. Þetta byggist m.a. á því að óeðlilegt þykir að kostnaði þeirra korthafa sem nota lánskort eða svonefnd kreditkort skuli velt yfir í verðlagið með þeim hætti sem hér hefur tíðkast. Því þykir rétt að kveða svo á um að almenna reglan verði að korthafar beri þann kostnað sem fylgir notkun greiðslukortsins. Það leiðir síðan af eðli kortsins hvort korthafinn þurfi að greiða lánskostnað auk annars kostnaðar sem óhjákvæmilega fylgir við notkun á greiðslumiðlun af þessu tagi.

Þá er í 12. gr. frv. að finna heimildarákvæði fyrir Verðlagsráð til þess að ákveða hámarksgjald sem kortaútgefanda er heimilt að krefja greiðsluviðtakandann um, þ.e. mjög oft kaupmanninn eða þjónustufyrirtækið og aðra seljendur vöru og þjónustu sem taka við greiðslu frá almenningi með greiðslukortum. Með því að gera tillögu um þetta ákvæði er verið að stefna að því markmiði sem ég hef rakið hér að framan og jafnframt tekið undir það sjónarmið sem sett hefur verið fram, ekki síst af Neytendasamtökunum og Samtökum kaupmanna, að stuðlað verði að því að kostnaður af notkun greiðslukortsins leggist á korthafana en ekki aðra viðskiptavini verslana og hann komi ekki fram í hærra vöruverði en ella væri. Á síðasta ári er t.d. talið að vaxtagreiðslur félagsmanna Kaupmannasamtakanna til greiðslukortafyrirtækja hafi numið um eða yfir 300 millj. kr. Þessari heimild sem ég hef lýst eru þó þau takmörk sett að ekki verður unnt samkvæmt frv. að ákveða slíkt hámarksgjald ef það tíðkast almennt í viðkomandi verslunargrein að veita þeim afslátt sem borga með peningum eða með öðrum staðgreiðsluaðferðum.

Loks er svo ákveðið að gjaldskrár kortaútgefenda skuli vera birtar opinberlega og aðgengilegar en slíkt eykur að sjálfsögðu verðskyn þeirra sem nota greiðslumiðlunina og eykur einnig samkeppni í þessari starfsemi, þ.e. að væntanlegir korthafar geti borið saman gjaldskrárnar hjá fyrirtækjunum.

Í IV. kafla frv. er að finna reglur sem kveða á um ábyrgð korthafa vegna ólögmætrar notkunar á greiðslukortinu. Þar er lagt til að ákveðið verði hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa kann að verða skylt að greiða ef ekki er um að ræða tjón sem korthafi hefur sjálfur valdið með vísvitandi ráðstöfun sinni eða þá með vítaverðu gáleysi en um þetta eru nánari ákvæði í 13. gr. frv.

Í 13. gr. er m.a. lagt til að hámarksbótafjárhæð, sem unnt sé að krefja korthafa um, sé 8.000 kr. þegar kortið hefur verið notað í heimildarleysi. Framangreind fjárhæðartakmörk eiga þó ekki við ef kortaútgefandinn sannar að korthafi eigi hlut að máli og er þá unnt að krefja hann um bætur fyrir allt það tjón sem orðið hefur. Vísa ég á 2. mgr. 13. gr. frv. í því sambandi. Ef einkaleyninúmer korthafans hefur verið notað við ólögmæta notkun á greiðslukorti þá eru fjárhæðarmörkin fyrir því tjóni, sem korthafa ber að mæta, 12.000 kr. Þetta á þó ekki við ef t.d. þykir sannað að korthafi hafi viljandi eða með ásetningi upplýst þann sem misfer með kortið um þetta leyninúmer.

Fjárhæðarmörkin í 13. gr., sem ég hef hér lýst nokkuð, eru hliðstæð þeim mörkum sem lagt hefur verið til að gilda skuli í Danmörku samkvæmt frv. sem lagt var fram þar í landi á liðnu ári sem er ekki enn orðið að lögum. Með þessu ákvæði ætti að vera betur tryggt en nú að svipaðar reglur gildi um ábyrgð korthafa, þegar tilkynnt er um að greiðslukort hafi til að mynda tapast, óháð reglum sem einstakir kortaútgefendur setja. Í 13. gr. er einnig lagt til að kortaútgefandinn beri ábyrgð á því tjóni sem telja má að falli undir eðlilega rekstraráhættu sem greiðslukortastarfseminni fylgir nema tjónið verði rakið til saknæmra athafna greiðsluviðtakanda.

Eins og hv. þm. heyra er þetta samskiptanet, þessi greiðsluþríhyrningur korthafans, útgefanda kortsins og greiðsluviðtakandans, kannski eitt af mestu hagsmunamálum heimilanna um þessar mundir vegna þess hversu hátt hlutfall greiðslna fyrir daglegar nauðsynjar fer fram eftir þessum farvegum. Það er tilgangur þessa frv. að gæta fyrst og fremst hagsmuna neytandans í þessum samskiptum en reyndar að sjálfsögðu almannahagsmuna, þeirra hagsmuna að eftirlit sé með þessari sívaxandi grein greiðsluviðskipta og reyndar neytendalána eins og algengt er að fari fram með raðgreiðslum á kortum einstaklinga.

Í 14. gr. frv. er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu sem leggur ábyrgð á hendur kortaútgefanda vegna tjóns sem rekja má til rangrar skráningar viðskiptanna, mistaka í

útreikningi eða til annarra tæknilegra mistaka. Í 4. mgr. þessarar greinar er svo jafnframt ákveðið að sönnunarbyrði fyrir því að ástæður þær sem ég hef hér nefnt eigi ekki við skuli hvíla á kortaútgefanda. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði og færir sönnunarbyrðina til frá því sem verið hefur en þykir eðlilegt eins og hér hagar sérstaklega til.

Í V. kafla er að finna sérreglur um skráningu og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandinn skráir. Að því leyti sem ekki er að finna sérreglur í þessu frv. um meðferð og skráningu persónuupplýsinga fer að sjálfsögðu um þau málefni samkvæmt almennum lögum þar að lútandi eins og reyndar segir berum orðum í 17. gr. þessa frv.

Í VI. kafla frv. er að finna reglur um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum frv. og um viðurlög við brotum. Lagt er til að yfirstjórn með málefnum er varðar greiðslukortastarfsemina verði í höndum viðskrn. og framkvæmd eftirlitsins verði í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Verðlagsstofnunar og Verðlagsráðs eins og ég hef þegar lýst.

Í VII. kafla er að finna skýringarreglu í 23. gr. frv., þ.e. að hvaða leyti víkja megi frá þeim skilyrðum sem sett eru í þeim greinum frv. sem þetta ákvæði tekur til. Í 24. gr. er t.d. að finna ákvæði um almenna reglugerðarheimild til handa ráðherra, svo og til að kveða nánar á um skiptingu kostnaðar skv. 12. gr. frv. ef um er að ræða alþjóðlega greiðlukortastarfsemi.

Ég kem þá að ákvæði til bráðabirgða. Þar er í 1. tölulið loks lagt til að starfandi kortaútgefendum verði gefinn þriggja mánaða frestur til þess að uppfylla ákvæði 4. gr. frv. til þess að afla sér starfsleyfis. Í 2. tölulið ákvæðisins er gert ráð fyrir að kortaútgefendur endurnýi samninga sína við korthafa í samræmi við ákvæði þessa frv. eftir því sem þeir falla úr gildi en almennt er það reglan nú að samningar milli kortaútgefenda og korthafa séu endurnýjaðir árlega.

Að mínu áliti, virðulegi forseti, er ekkert því til fyrirstöðu að ákvæði þessa frv. geti verið komin að fullu til framkvæmda innan 15 mánaða frá gildistöku eins og þetta ákvæði gerir ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir meginatriðum frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Loks er komið að því að afgreiða frv. um greiðslukortastarfsemi. Hinn 11. mars 1980 bar ég fram fyrirspurn í þinginu sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„1. Þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar lánakortafyrirtækis hér á landi?

2. Eru slík fyrirtæki háð eftirliti, t.d. samsvarandi bankaeftirliti?

3. Ef slík lánastarfsemi er óháð lögum, hyggst þá viðskrh. beita sér fyrir lagasetningu sem tekur til slíkrar starfsemi og tryggir eftirlit með henni?"

Þetta var 11. mars 1980 og fyrrv. hæstv. þáv. viðskrh. svarar m.a.:

„Kann vel að vera að það verði talið nauðsynlegt að setja lög um slíka starfsemi sem þessa. Á þessu stigi málsins get ég ekki tjáð mig frekar um þetta þar sem ég hef ekki tiltækar nauðsynlegar upplýsingar sem þurfa að vera fyrir hendi þegar á að meta hvort þurfi eða sé æskilegt að setja sérstaka löggjöf um slíka starfsemi sem þessa."

Hv. þáv. þm., Kjartan Jóhannsson, lagði orð í belg og hafði þá verið viðskrh. skömmu áður, en hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þriðja lagi eru það svo áhyggjur sem hv. 8. landskjörinn þm. fjallaði allítarlega um í máli sínu, nefnilega sú hætta að fólk stofni til óheyrilegra skulda þegar lánsfé fæst með greiðum hætti eftir þessari leið. Af þessu hafa menn greinilega ekki haft verulegar áhyggjur í grannlöndum okkar en ég tel að miðað við þær aðstæður sem ríkt hafa í íslensku þjóðfélagi þar sem hefur verið lánsfjárskömmtun en jafnframt lánsfjáreftirsókn, því að það hefur nánast verið úthlutun á niðurgreiddu fé að geta fengið lán, þá hljóti að vera ástæða til þess í sambandi við hugsanlega reglugerðarsetningu að líta sérstaklega til þess hvort einhverjar takmarkanir þurfi að vera hér á landi að þessu leytinu vegna þeirra aðstæðna sem við búum við hér í þjóðfélaginu." Þessari umræðu lauk svo og varð ekki meira úr að sinni.

Hinn 29. október 1984 lagði ég enn fram fsp. sem var styttri en hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Er þess að vænta að frumvarp til laga um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi?" Síðan er gerð grein fyrir því að þá þegar hafi greiðslukort öðlast mikla útbreiðslu. Þá segir hæstv. þáv. viðskrh., Matthías Á. Mathiesen:

„Ég vænti þess að frv. til laga um greiðslukort sem einnig hefði að geyma ákvæði um starfsemi greiðslukortafyrirtækja verði lagt fyrir á yfirstandandi þingi." Það var árið 1984.

Sú sem hér stendur sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta mál er hins vegar lærdómsríkt að því leyti að þarna kemst á laggirnar í raun og veru án þess að nokkur stýri því umtalsverð breyting á viðskiptaháttum landsmanna. Síðan sitjum við uppi með orðinn hlut og verðum að reyna að fella þessa breytingu undir lög og reglur þegar hún er þegar almennt um garð gengin. Heppilegra hefði e.t.v. verið að þáv. hæstv. viðskrh. hefði brugðist við og reynt að setja þessar reglur fyrr." Hygg ég nú að enginn deili um að þarna hafði hv. þm. lög að mæla. Nú erum við komin inn árið 1992 og loks er komið frv., sem að vísu birtist fyrir einu eða tveimur árum, og skal nú aðeins vikið að því.

Auðvitað er alveg ljóst að hin mikla notkun greiðslukorta hefur haft afgerandi áhrif á allt verðlag í landinu og það leiðir af sjálfu þar sem þeir sem við greiðslunum hafa tekið hafa borið kostnað af láninu. Nú stendur til að breyta því og jafnframt að finna nýjar leiðir. Ætla ég aðeins fyrst að víkja að því þar sem hæstv. ráðherra boðar nú svokölluð debetkort sem eiga

að koma í staðinn fyrir ávísanir. Það er út af fyrir sig í lagi ef hægt er að nota þau hvar sem er en þá vil ég leggja til við hæstv. ráðherra að ávísanahefti og ávísanir verði með öllu lagðar niður. Annars er hér einungis komin enn ein leiðin til þess að verða sér úti um peninga án þess að eiga þá. Ég sé ekki betur en ávísanir hljóti að verða með öllu óþarfar ef þessi kort komast í notkun sem ætti að vera trygging fyrir því að menn gefi ekki út ávísanir, sem engin innstæða fyrir, og ekki er nema gott eitt um það að segja.

En það er ýmislegt sem mér finnst vanta í þetta frv. sem hér liggur fyrir. Talað er um að korthafar beri nú kostnað af notkun korta og þannig hljóti vöruverð að lækka. En hvernig á að tryggja það? Það finnst mér gersamlega vanta í þetta. Ég get ekki betur séð en að kaupmenn, sem að yfirgnæfandi meiri hluta fá greiðslukort í staðinn fyrir peninga inn í verslanir sínar, hljóti áfram að verða að greiða innkaup sín með lánum, e.t.v. með greiðslukortum, og þannig sé ég ekki hvernig kostnaður við notkun kortanna veltist af vörunum. Ég held að hæstv. ráðherra verði að gera okkur aðeins betur grein fyrir því hvernig hann ætlar að tryggja lækkun vöruverðs ef korthafar bera nú allan kostnað af notkun kortanna.

Annað er það sem mig minnir að ég hafi einhvern tíma spurt hæstv. ráðherra um áður. Það er vaxtataka greiðslukortafyrirtækjanna. Hver ákveður þá vexti í raun og veru? Mér hefur aldrei verið það með öllu ljóst hvernig þeir vextir eru ákveðnir, dráttarvextir, svo og aðrir vextir sem kortafyrirtækin hafa tekjur af, gjaldtaka, kostnaður o.s.frv. og hvað sem það nú heitir sem við öll getum lesið á okkar eigin kortalistum.

Síðan er eitt sem mér finnst að líka þurfi að tryggja og það er að þeir sem kjósa að nota peninga og greiða með peningum eiga auðvitað að fá umbun fyrir það vegna þess að þeir eru ekki að taka lán hjá þeim sem þeir skipta við, þeir eru að greiða með peningum sem hafa gildi þá þegar. Það hlýtur auðvitað að vera krafa þeirra sem kjósa að nota peninga að þeir fái lækkun á því sem þeir eru að kaupa vegna þess að það er auðvitað allt annað að greiða með peningum en greiða með lánum sem notkun greiðslukorta er hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Ekki fer á milli mála að þau fyrirtæki sem hafa rekið greiðslukortaviðskipti hafa gríðarlegar tekjur. Ég gáði nú ekki að því, og ber að víta mig fyrir það, en ég man ekki betur en Visa-Ísland hafi skilað í hreinum hagnaði á síðasta ári hátt í 100 millj. kr. og kann nú að vera að hæstv. viðskrh. muni hreinlega hver þessi ágóði var. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Samt er verið að herða að. T.d. liggur ekkert fyrir í hvað þessi hagnaður á að fara. Sjálfsagt rennur hann til eigendanna sem koma væntanlega þessum arði einhvern veginn vel fyrir en samt er verið að herða hér ýmis ákvæði sem rýra mjög rétt kortaeigendanna, t.d. að þeir borgi fyrstu 12.000 kr. ef annar aðili kemst yfir kort fyrir slysni og síðan komi til 8.000 kr. sekt ef menn láta hjá líða einhvern tíma að tilkynna um horfið kort. Þetta þykir mér gersamlega óþarft. Það er alveg ljóst að fyrirtækin, og má rannsaka það, hafa ekki borið neinn þann skaða í svo verulegum mæli að ástæða sé til þess að vera að herða þessar reglur, alls ekki. Ég hygg að allir þeir sem hafa kort undir höndum séu lítt hrifnir af því að það sé á einhverjum flækingi og ég hygg að menn noti fyrsta tækifæri sem gefst til þess að tilkynna að kort hafi horfið, þannig að mér finnast þessi tvö ákvæði gjörsamlega fráleit.

Í athugasemdum við lagafrv., sem ætti að vera greinargerð, segir að árið 1991 sé heildarvelta innan lands 39,8 milljarðar og 7,6 milljarðar erlendis. Þar er vitnað í Hagtölur mánaðarins sem gefnar eru út af Seðlabanka Íslands. Hér er því ekki um neitt smáræði að ræða og segir í lok greinargerðarinnar eða því sem kallað er athugasemdir við lagafrv., með leyfi forseta:

„Hins vegar er talsverður kostnaður henni samfara [þ.e. greiðslumiðluninni] og jafnframt hafa þróast hér á landi venjur varðandi notkun og skilmála greiðslukorta sem eru frábrugðnar því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þannig er greiðslumiðlun kortafyrirtækja óalgeng í matvöruverslunum erlendis, en hér er hún um 40% af veltu fyrirtækjanna. Þá gera greiðslukortafyrirtækin kröfur um tryggingar korthafa sem eru frábrugðnar því sem tíðkast í nágrannalöndunum."

Að lokum, hæstv. forseti, hnaut ég um atriði sem er í athugasemdum um 6. gr. Þykir mér nú hoggið nærri hv. Alþingi. Þar er talað um að starfsemi skuli ekki vera í andstöðu við sanngjarna viðskiptahætti. Þá er m.a. átt við, með leyfi hæstv. forseta:

„að viðskiptamaður kortaútgefanda sé ekki þvingaður á neinn hátt til þess að taka þátt í greiðslumiðluninni".

Svo kostulega vill til að nýjar reglur hafa verið teknar upp á hinu háa Alþingi um greiðslur þegar þingmenn fara utan. Sú breyting felst í því að áður fengu hv. þm. dagpeninga sem hægt var að greiða hótelin með, en nú hefur sú regla verið útgefin að svo skuli ekki vera heldur skuli menn greiða hótelin með greiðslukortum sínum og fá það endurgreitt þegar þeir koma heim. Hið háa Alþingi hefur í raun og veru þvingað hv. þingmenn til þess að vera með greiðslukort. Ég býst við að það komi ekki að mikilli sök, væntanlega eru flestir með greiðslukort. En ég gerði athugasemd við þetta vegna þess að mér finnst þetta með öllu óviðeigandi. Það á auðvitað að vera hverjum í sjálfsvald sett hvort hann vill taka þátt í þessu gríni.

Ég skal stytta mál mitt, hæstv. forseti. Að lokum skal ég draga saman athugasemdir sem ég óska skýringa á. Hvers vegna þarf að herða viðurlög við því ef kort týnist eða það er ekki tilkynnt? Ég vil vita hvort það stendur til að leggja niður ávísanir ef debetkort verða almennt tekin upp. Ég vil fá að vita hvernig hæstv. ráðherra ætlar að tryggja að verðlag lækki við það að korthafar beri sjálfir kostnað af kortunum. Mig langar að vita hverjir ákveða þá vexti sem greiðslukortafyrirtækin leggja á viðskiptavini sína, hvort sem það er gjald fyrir það eitt að fá að hafa kort og aðrar slíkar álögur. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta liggi fyrir áður en umræðu lýkur. Síðan á málið eftir að fara til hv. efh.- og viðskn. og ég vænti þess að hv. þm. fái

tækifæri til að skoða það mjög gaumgæfilega. Persónulega held ég að setja hefði átt meiri takmarkanir á hina gríðarlegu notkun kortanna og mér finnst mjög til athugunar hvort matvöruverslanir eigi að taka við slíkum greiðslum. Greinilegt er að menn treysta fólki betur til þess að fara sér ekki í óhófi um greiðslu matvæla heldur en um kaup á áfengi en ÁTVR mun líklega vera eina stofnunin í landinu sem ekki tekur við slíkum greiðslum. (**Gripið fram í:** Bensínstöðvar.) Bensínstöðvar, það er rétt. Hv. landsmönnum er ekki treyst til að hafa stjórn á kaupum á bensíni og áfengi.

Ég vil að lokum þakka hæstv. viðskrh. fyrir það að hafa nú loksins gert tilraun til þess að koma lögum yfir þessa starfsemi því það hefur auðvitað alltaf verið til vansa að hún skyldi komast á án þess að nokkur lagastoð væri fyrir.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. er komið fram á nýjan leik. Það er að vísu nokkuð bagalegt að málið skuli koma fram svo seint, sérstaklega miðað við að það hefur verið lengi í undirbúningi. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja og vænti ég þess að efh.- og viðskn. vinni í málinu með þeim hætti að hægt verði að afgreiða það á yfirstandandi þingi.

Ég hef ekki miklar athugasemdir við frv., tel flest af því sem þar er til bóta. Ljóst er að greiðslukortastarfsemin hefur þróast hér á landi í skjóli þess að litlar og ófullkomnar reglur hafa verið um hana og enginn vafi er á að það hefur orðið til þess að útbreiðsla kortanna hefur orðið meiri hér á landi en annars staðar. Fólk telur mikilvægt að fá greiðslufrest án þess að greiða fyrir hann, sem er mjög eðlilegt. Allir hljóta að vilja stjórna fjármálum sínum á þann hátt að henti sem best hverjum og einum, hverju heimili eða fyrirtæki og leitast við að fá ókeypis greiðslufrest. Það er að sjálfsögðu hagkvæmara en að taka lán með háum vöxtum.

Það hefur á engan hátt verið ljóst hver greiðir kostnaðinn af þessari starfsemi. Því er haldið fram að hann komi ekki við neytendur, en allir vita að svo er að sjálfsögðu. Allur kostnaður sem leggst á fyrirtæki kemur með einum eða öðrum hætti fram í hærra vöruverði. Því er það stór spurning sem kemur fram í 12. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Greiðslumiðlun með greiðslukortum skal eigi valda almennri hækkun á vöruverði."

Ég tel ótvírætt að þessi greiðslumiðlun hefur valdið einhverri hækkun á vöruverði án þess að hægt sé að fullyrða hver hún er. Í mörgum tilvikum er það svo að þeir sem greiða fyrir þessa þjónustu eru ekki endilega þeir sem njóta hennar. Það er því ljóst að vandi er að haga því þannig að kostnaðurinn leggist fyrst og fremst á þá sem nota þjónustuna. Í 12. gr. frv. er verið að reyna að koma á reglum sem eiga að tryggja það og e.t.v. víðar í frv. Mér sýnist það vera nokkrum vafa undirorpið hvort það muni takast. Þá vaknar sú spurning að hvaða leyti frv. er á skjön við frv. til laga um samkeppnislög sem er nýbúið að leggja fram. Þar er gert ráð fyrir að Verðlagsstofnun heiti ekki lengur Verðlagsstofnun heldur samkeppnisstofnun og Verðlagsráð heiti ekki lengur Verðlagsráð heldur samkeppnisráð. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir því að nöfn þessi séu óbreytt. Ég á von á að hið komandi samkeppnisráð muni starfa með allt öðrum hætti en Verðlagsráð að því er varðar hámarksþóknun fyrir ýmislegt í okkar þjóðfélagi því þar er gert ráð fyrir að verðlagseftirlit verði með öðrum hætti. En í 12. gr. er gert ráð fyrir að Verðlagsráð geti ákveðið hámarksþóknun sem kortaútgefendur krefjast af greiðslu viðtakanda.

Ég fagna því mjög að ákvæði eru sett um það að greiðslukort skuli látin aðilum í té á grundvelli viðskiptatrausts. Það er með öllu ólíðandi hvernig íslenska bankakerfið starfar að þessu leyti og krefst ávallt ábyrgða frá þriðja aðila. Þetta hefur viðgengist mjög lengi og með ólíkindum hvað bankakerfið er seint að aðlaga sig almennum viðskiptaháttum sem eru í löndunum í kringum okkur. Það er hart að setja þurfi sérstök lög til þess að leggja af slíka siði. Jafnvel þó samkeppni hafi aukist mjög á sviði bankaþjónustu er enn verið að krefja menn um tryggingarvíxla þegar þeir fá greiðslukort. Þetta hefur áreiðanlega líka orðið til þess að auka útbreiðslu kortanna og má segja að óeðlilegir viðskiptahættir eins og þessir hafi ýtt nokkuð undir þá þróun.

Ég hef ýmsar smávægilegar athugasemdir við frv. Í 13. gr. er gert ráð fyrir að fjárhæðartakmörk sem getið er um í upphafi greinarinnar skuli miðast við lánskjaravísitölu og breytast í hátt við þá vísitölu. Eins og verðlagsþróun er um þessar mundir hér á landi og miðað við þær fyrirætlanir núv. og fyrri stjórnvalda að berjast með oddi og egg gegn verðbólgu tel ég mikilvægt að hætta að nota slíkar viðmiðanir í löggjöf hér á landi. Ég tel slíkar viðmiðanir komnar frá tímum þar sem verðlagsþróun var allt önnur og að það eigi ekki að birta ótta um verðbólgu í framtíðinni með því að vera sífellt að vitna til lánskjaravísitölu eða verðlagsvísitölu o.s.frv. Ef nauðsynlegt þykir að breyta fjárhæðarmörkum sem þessum er eðlilegt að það sé gert með reglugerð viðkomandi ráðherra og fella eigi niður viðmiðanir sem þessar.

Ég fagna því líka að gert er ráð fyrir svokölluðum debetkortum. Mér vitanlega er ekkert því til fyrirstöðu að íslenskir bankar taki upp kort af slíku tagi. Í löggjöfinni kemur ekkert, mér vitanlega, í veg fyrir að það sé hægt þannig að löggjöfin sem slík breytir engu þar um. Það er nú svo með ýmsilegt hér á landi að það er eins og að það þurfi að gera nánast allt með lögum og sú árátta bæði hjá stjórnvöldum og Alþingi að halda að allar framfarir byggist á því að sett séu lög um viðkomandi starfsemi. Þessi oftrú á löggjöf birtist í þjóðlífinu á hverjum degi og birtist m.a. í öllum þeim fjölda frv. sem núv. ríkisstjórn er að koma með inn á Alþingi á síðustu stundu. Ætli mætti ekki bíða með eitthvað af þessum lögum? Sem betur fer hafa einhverjir ráðherrar komið í veg fyrir að þetta flóð yrði enn þá meira.

Ég er ekki að segja að þetta frv. sé dæmi um þetta flóð. Ég vildi bara minna á að auðvitað eiga bankarnir að taka upp debetkort hvað sem þessu frv. líður. Bankarnir eiga að byggja lánsviðskipti á viðskipta-

trausti en ekki á ábyrgðum ættingja. Þeim mun fleiri ættingja sem hægt er að ná í þeim mun betra og byggja það á viðskiptatrausti, ekki á að þurfa löggjöf til að breyta því. Bankarnir eiga einfaldlega að sjá sóma sinn í að laga sig að því sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Fyrr en varir mun það hvort eð er gerast og ekki ætti að þurfa að setja þvingandi löggjöf í þeim efnum.

Að lokum fagna ég því að frv. er komið fram. Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því að það geti náð fram að ganga á yfirstandandi þingi á vettvangi efh.- og viðskn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austurl. fyrir stuðning við meginstefnu frv. Það er hverju orði sannara sem fram kom í máli hv. 14. þm. Reykv. að það var löngu orðið tímabært að setja leikreglur um þetta svið viðskiptalífsins og þótt fyrr hefði verið. Í þessu felst þó ekki á nokkurn hátt oftrú á mikilvægi löggjafar til þess að koma góðum málum fram. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl. að oftrú á lagasetningu er ekki heppilegt leiðarljós fyrir Alþingi í löggjafarstarfi sínu. Hins vegar er þetta svið viðskiptanna svo mikilvægt eins og kom reyndar fram í máli beggja þingmannanna að óhjákvæmilegt er að setja þar lágmarksleikreglur til þess að tryggja almenna hagsmuni.

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að því sem fram kom hjá hv. þingmönnum en bendi jafnframt á að margt af því sem þar var hreyft er eðlilega viðfangsefni efh.- og viðskn. sem ég treysti að fari mjög vandlega yfir frv. Ég hef hlýtt með athygli á margt af því sem kom fram í máli þeirra þingmanna sem hafa talað.

Í fyrsta lagi vil ég tala um debetkortin sem bæði hv. 14. þm. Reykv. og 1. þm. Austurl. gerðu að umtalsefni. Ég vil gera það alveg skýrt að ekki þarf lagasetningu til að bjóða upp á nýtt form fyrir færslu milli reikninga í lánastofnunum eins og hægt er að gera með debetkortum eða rafeindafærslum milli reikninga án þess að ávísanablöð séu notuð. Hins vegar tel ég mjög heppilegt eins og gert er í frv. að gera það skýrt að þessi nýja tækni við ávísanir á reikninga, því auðvitað er hér um ávísanir að ræða þótt þær séu gerðar með rafeindatáknum en ekki skrifuðum táknum á blað, sé verkefni banka og sparisjóða. Í raun og veru er það efni tillögunnar sem hér er gerð en ekki að verið sé að stofna þetta form greiðslna. Þetta svarar í raun og veru líka spurningunni sem hv. 14. þm. Reykv. bar fram. Ég tel að debetkortin, eins og þeim er lýst í frv., gefi mönnum ekki nýtt færi á að komast yfir peninga og eyða þeim án þess að eiga þá eins og hv. 14. þm. Reykv. orðaði hér áðan. Þetta kann að eiga við sum greiðslukortin og sum lánskortin en ekki þessi kort, því þau eru rafeindaávísanir. Þess vegna svara ég þeirri spurningu á þann veg. Það að gefa jafnframt út allsherjarskipun um að hér eftir tíðkist ekki ávísanir, treysti ég mér ekki til að taka upp á mína málaskrá af þeirri einföldu ástæðu að oft getur verið mjög eðlilegt að nota pappír og penna, sem eru hvort tveggja tól og tæki sem ég veit að hv. 14. þm. Reykv. eru kær, ef svo stendur á að menn eiga ekki aðgang að rafeindavél sem er læs á segulkortin. Þetta getur átt við til sveita eða í viðskiptum sem menn vilja gera sín á milli með formlegri hætti en gert yrði með greiðslukortum eða debetkortum.

Í öðru lagi spurði hv. 14. þm. Reykv. um vaxtatöku greiðslukortafyrirtækjanna og hver ákvæði hæð vaxta. Þar gilda þær reglur sem almennt gilda á lánamarkaði okkar að vextirnir eru ákveðnir í viðskiptum milli aðila. Reyndar er það svo að gjaldtakan hjá kortafyrirtækjunum er yfirleitt ekki í mynd vaxta heldur eins konar þátttökugjalda sem lögð eru á hvern korthafa. Vextirnir eru fyrst og fremst dráttarvaxtataka ef menn eru í vanskilum. Greiðslukortin eiga að vera greiðslukort en ekki lánskort þótt upphafsáhrif upptöku þeirra hafi verið veruleg neyslulántaka. Þessir vextir lúta sömu reglum og aðrir vextir í þjóðfélaginu og hafa tekið mið af þeim. Öðru máli gegnir hins vegar um gjöldin sem fyrirtækin ákveða, það er viðskiptaleg ákvörðun þeirra og vonandi að einhverju leyti í samkeppni þeirra á milli.

Spurt var um veltu og kostnað þar sem greiðslukortin eru algengur greiðslumiðill og það kom fram bæði hjá hv. 14. þm. Reykv. og 1. þm. Austurl. og það er vissulega rétt að það getur verið mjög vandasamt að greina kostnaðarþættina. Það er líka rétt ábending hjá hv. 1. þm. Austurl. að aðalreglan í þessu á að vera samkeppni, eins og reyndar kemur fram í athugasemdunum við þetta frv. að aðalreglan á að vera að treyst sé á samkeppni milli kortafyrirtækjanna þegar þetta er gert og reyndar samkeppni milli fyrirtækjanna sem taka við greiðslunum. Það sem er nýmælið í tillögu í 12. gr. er að það sé veittur formlega sams konar aðgangur og aðhald af opinberri hálfu að þessari verðákvörðun, að þessum samkeppnisháttum eins og annarri verðmyndun í landinu. Þetta er mergurinn málsins. Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Austurl. um að það er vandasamt með þetta að fara og eftirlitið mundi fyrst og fremst beinast að því hvort kortafyrirtækin hafi haft með sér samtök gegn hagsmunum neytenda þegar þessar ákvarðanir eru teknar og kostnaðinum velt yfir á viðskiptavinina og á milligönguaðilanna. Þess vegna tel ég að þarna sé alls ekki nein mótsögn við meginstefnu hins nýja samkeppnislagafrumvarps sem ég vona að komi fljótt til umræðu í þinginu. En vissulega er það rétt að þarna þarf að fara með gát og heimildin til að setja hámarksgjald er frávik frá þeirri reglu að ríkið hlutist ekki til um einstakar verðákvarðanir og yrði þá að byggjast á því að menn teldu þar ekki ríkja næga samkeppni.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. að kortafyrirtækin hafa haft góða afkomu undanfarin ár. Það væri ekki rétt að fara að rifja upp tölur eftir minni en ég bendi á að hv. efh.- og viðskn. mun hafa tækifæri til að hitta fulltrúa þessara fyrirtækja að máli og kynna sér reikninga þeirra. En það er hverju orði sannara að mikilvægi þessa greiðsluforms er nú slíkt að það er skylda almannavaldsins að setja um það almennar,

sanngjarnar leikreglur. Það er einmitt tilgangur þessa frv. og sannarlega tímabært að taka á málinu.

Ég kem þá að því sem hv. 14. þm. Reykv. nefndi að ekki væri heimilt að þvinga til notkunar eins greiðsluforms fremur en annars. Það tel ég vera eðlilega viðskiptareglu. Ég ætla alls ekki að beina máli mínu á nokkurn hátt til Alþingis sem stofnunar, hvað þá hæstv. forseta eða forsætisnefndar sem hafa húsbóndavaldið í því máli sem vikið var að. Ég vil alls ekki að skilja þá hugsun eftir að þessu hafi á nokkurn hátt verið beint að Alþingi eins og skilja mátti á máli hv. 14. þm. Reykv. Þingið verður auðvitað í sinni framkvæmd að fara að eðlilegum og sanngjörnum viðskiptaháttum og ekki beita viðskiptamenn sína óeðlilegri þvingun í þeim efnum hvort sem í hlut eiga þingmenn eða aðrir menn.

Vegna orða hv. 1. þm. Austurl. þá fagna ég því að hann telur mikilvægt að kortaviðskiptin byggist á viðskiptatrausti korthafans eingöngu en ekki á öllum frændgarði hans. Það er aðferð í viðskiptum sem ég held að við eigum ekki að hafa og mörg afar vond dæmi um að það hafi verið misnotað og óskaplega erfiðar raunir sem fjölskyldur hafa lent í einmitt vegna slíkra trygginga.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. um ákvæði 13. gr. um takmarkaða ábyrgð þegar kort glatast eða er notað með ólögmætum hætti vil ég benda á að tillagan, sem þarna er gerð, er fyrst og fremst hugsuð til að koma í veg fyrir réttaróvissu í þessum efnum. Það er reynt að hafa reglurnar þannig að þær skapi korthöfunum nægilegt réttaröryggi en um leið þannig að þær hvetji korthafana til eðlilegrar varkárni í meðhöndlun kortanna og að kortaútgefendur tryggi eins og frekast er kostur að fullnægjandi öryggis sé gætt í starfsemi greiðslumiðlunarinnar og að hafa reglurnar frekar skýrar og einfaldar þannig að ekki komi til erfiðra sönnunarvandamála. Sannleikurinn er sá að nú ríkir réttaróvissa um þetta þannig að það er alls ekki rétt að orða það eins og hv. 14. þm. Reykv. gerði að segja að hér væri verið að leggja nýjar byrðar á korthafana með því að setja þessi takmörk, allt að 8.000 kr. eða allt að 12.000 kr. þegar um ólögmæta notkun korts er að ræða. Þvert á móti tel ég að þetta takmarki áhættu korthafans en minni menn um leið á að þetta er líka að nokkru leyti á þeirra ábyrgð.

Þetta, virðulegi forseti, vildi ég hafa sagt um það sem fram kom í máli hv. 14. þm. Reykv., að nokkru leyti vegna þess sem kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. og um ábending hv. 1. þm. Austurl. um lánskjaravísitöluna og tilvísun til hennar. Ég get á ýmsan hátt tekið undir það sem hv. þm. sagði að það væri e.t.v. eðlilegra að hafa einfalda reglugerðarheimild til þess að breyta þessu ákvæði eða fela það Verðlagsstofnun, Verðlagsráði, eða eftir eftirkomendum þeirra stofnana. Það ber hins vegar á það að líta að þessi ákvæði í frv. eru sennilega frá árinu 1988 fremur en frá árinu 1992 og mætti það e.t.v. verða til nokkurs skilnings á því hvernig þetta mál er vaxið. En öll atriðin, sem hér hafa verið nefnd, eru tæknilegs eðlis. Ég fagna því að meginstefna frv. nýtur stuðnings þeirra sem hér hafa talað og tek það skýrt fram að það að samþykkja þetta frv. er mikilvægt hagsmunamál heimilanna í landinu og reyndar líka fyrir fjármálaþjónustuna og felur síður en svo í sér oftrú á lagasetningu frá Alþingi heldur er þetta að mínu áliti beinlínis skylduverk þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 1. umr.

Stjfrv., 417. mál (heildarlög). — Þskj. 675.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. um mál, vog og faggildingu sem er á þskj. 675. Hér er um að ræða frv. til mikilvægra laga sem ætlað er að leysa af hólmi gömul og ófullnægjandi lagaákvæði. Eins og fram kemur í athugasemdum með þessu frv. hafa menn lengi reynt að tryggja rétta mælikvarða í landinu, bæði um þyngd, lengd og rúmtak og má rekja slík ákvæði alla tíð sögulegrar lagasetningar í landinu frá árinu 1281. Nokkrar breytingar urðu á þessum mælieiningum í sögunnar rás. Árið 1907 tókum við upp metrakerfið og í framhaldi af því voru á næstu árum sett í lög nokkur ákvæði um mælitæki og eftirlit með þeim. Eiginlega hefur lítið gerst á þessu sviði frá árunum 1907 til u.þ.b. 1917. Hins vegar hafa þarfir atvinnulífs og almennings fyrir viðmiðun við staðlaðar mælieiningar á hinum ýmsu sviðum eðlis- og mælifræði stórlega aukist og auðvitað er það sama að segja um opinbert eftirlit á þessu sviði.

Löggildingarstofan var stofnuð með lögum árið 1917 til að annast eftirlit með mælitækjum og einkasölu á stimpluðum og löggiltum mælitækjum og tók til starfa 1. jan. 1919. Ári seinna var svo komið á fót sérstakri veðurstofudeild við Löggildingarstofuna sem síðar var frá henni skilin og varð að Veðurstofu Íslands. Þetta er í raun og veru það sem er í íslenskum lögum um vog og mál. Þótt mikið vatn hafi til sjávar runnið frá því að þessi lög voru sett hefur ekki verið á þeim tekið með fullnægjandi hætti.

Það kemur næst til þessarar sögu að í júní 1988 var í finnsku borginni Tampere undirritaður sáttmáli milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um gagnkvæma viðurkenningu vottunar og prófana. Byggir þessi samningur á verklagsreglum um samræmd vinnubrögð vottunar- og prófunarstofa eins og þær reglur eru skilgreindar í Evrópustöðlum sem kenndar eru við staðlastofnanir tvær CEN og CENELEC en Íslendingar hafa tekið virkan þátt í starfi þessara stofnana frá árinu 1988.

Þessi staðlastarfsemi er einn af hornsteinum þeirrar markaðssamvinnu sem er að komast á í álfunni en gagnkvæm viðurkenning vottunar og prófunar er þáttur í því að ryðja úr vegi öllum tæknilegum viðskiptahindrunum á markaðinum. Gert er ráð fyrir því að þær stofnanir, sem gefa út vottorð eða prófunarskírteini á eiginleikum vöru eða þjónustu, þurfi að hafa það sem

í þessu frv. er nefnt faggilding frá opinberri stofnun. Samningurinn frá Tampere var fullgiltur og tók gildi hér á landi 1. okt. 1990. Þar er byggt á því að vottunar- eða prófunarstofnanir í einkaeigu jafnt sem opinberri eigu geti tekið að sér verkefni í hvaða ríki EFTA eða Evrópubandalagsins sem er, enda fullnægi þær allar samræmdum kröfum.

Þegar að því kom að framkvæma þátt Íslands í þessu samstarfi þurfti að fela einhverri opinberri stofnun faggildingarhlutverkið og beindust þá sjónir manna að Löggildingarstofunni vegna þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Það varð til þess að yfirstjórn hennar var flutt til viðskrn. fyrir tveimur árum og jafnframt hafist handa um að búa hana undir nýtt hlutverk í samræmi við Tampere-sáttmálann. Komið var á fót sérstakri deild innan Löggildingarstofunnar til þess að annast það sem í þessu frv. er nefnt faggilding og ég hef þegar nefnt, en heitir á erlendum málum „accreditation" eða „akkreditering" eða svipuðum orðum. Jafnframt var samið við þá stofnun í Svíþjóð sem sér um þessi mál að veita faggildingardeildinni tæknilega aðstoð og þjálfun starfsmanna og er sá samningur í gildi.

Þá hafði viðskrn. nokkra forgöngu um að aðilar úr atvinnulífinu tóku höndum saman um að stofna svokallað vottunarfélag en vottunin er annar hlekkurinn í kerfi faggildingar, vottunar og prófunar, sem gæðakerfi og gæðaeftirlit á Evrópumarkaðinum á að byggjast á. Það var ráðinn forstöðumaður fyrir faggildingardeildinni og hefur hann fengið þjálfun hjá samstarfsstofnuninni í Svíþjóð. Er hann nú að vinna að faggildingu fyrstu vottunar- og eftirlitsstofnananna sem settar hafa verið upp á Íslandi.

Þá hefur jafnframt verið ákveðið að byggja betur upp mælifræðideild Löggildingarstofunnar og færa út starfsemi hennar þannig að hún geti staðfest nákvæmni mælitækja sem mæla eiga hitastig, tíðni, geislun, ljósmagn o.s.frv. en slík mælitæki eru nú víða notuð í atvinnulífi okkar. Tilgangurinn með þessu er kannski ekki síst sá að við getum átt á því von á markaði hins Evrópska efnahagssvæðis á næstunni að vera krafin um formlegan grundvöll vottunar og prófunar á þeirri vöru sem við höfum þar að bjóða.

Til þess að standa fyrir þessu starfi var ráðinn vel menntaður maður til deildarinnar og hefur hann líka sótt nokkra starfsþjálfun til Svíþjóðar.

Í þessu sem ég hef þegar nefnt felst að Löggildingarstofan er nú betur í stakk búin en áður til að takast á við þau nýju verkefni sem henni hafa verið falin. Það er gert ráð fyrir að hún verði framvegis B-hluta stofnun og að tekjur hennar standi að öllu leyti undir útgjöldum. Þessi breyting tengist svo starfi sem nú er unnið að í viðurkenningu sameiginlegra staðla fyrir Evrópuríkin á vegum staðlastofnananna tveggja sem ég nefndi, CEN og CENELEC, en Evrópustaðlarnir eru nú viðmiðun sem faggilding, vottun og prófun miðast við eins og ég hef þegar nefnt, auk þess sem miðað er við lög og reglugerðir hvers lands.

Svo ég víki nokkrum orðum að frv. sjálfu þá skiptist það í níu kafla auk kafla um viðurlög og gildistöku. Fyrsti kaflinn fjallar um gildissvið og skilgreiningar. Annar kaflinn um grunnmælifræði og mælieiningar landsmælistaðla, en þær einingar hafa viðmiðun í hinum alþjóðlegu mælikerfum sem nú eru lögð til grundvallar í Vestur-Evrópu. Í þriðja kaflanum er fjallað um þau mælitæki sem eru eftirlitsskyld og kröfur sem þau þurfa að fullnægja. Í fjórða kaflanum er fjallað um hagnýta mælifræði og í fimmta kaflanum um faggildingu. Ég hef áður skýrt merkingu þess orðs en það nýyrði er tekið upp að tillögu starfsmanna staðlaráðsins. Í sjötta til áttunda kafla frv. er fjallað um Löggildingarstofuna og loks í níunda kafla um löggilta vigtarmenn en sá kafli er saminn í nánu samráði við sjútvrn. sem leggur nú mikla áherslu á hlutverk löggiltra vigtarmanna í eftirliti með framkvæmd veiðileyfakerfisins.

Það skal einnig tekið fram að ásamt embættismönnum sjútvrn. fóru embættismenn landbrn. yfir efni þessa frv. áður en það var lagt hér fram.

Í tíunda og ellefta kafla eru svo ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum svo og gildistökuákvæði.

Virðulegi forseti. Frv. þetta fjallar í reynd um eitt grundvallaratriði í atvinnulífi okkar sem er að fylgt sé viðurkenndu og samræmdu mælifræðikerfi. Það leysir af hólmi úrelt lagaákvæði á því sviði, ákvæði sem hafa úrelst af þeim sökum að þarfir atvinnulífsins hafa breyst og reyndar aukist. Það hefur einnig að geyma mjög mikilvæg nýmæli sem eru ákvæðin um faggildingu, „accreditation". Faggildingarþáttur þess leggur grundvöll fyrir þátttöku Íslendinga að sameiginlegum markaði Vestur-Evrópuríkja og það á eftir að hafa mikil áhrif á starfsemi hvers konar eftirlits- og prófunarstofnana hér á landi um leið og það leggur grundvöll að því að niðurstöður þeirra verði teknar gildar í framtíðinni í viðskiptum, sem að sjálfsögðu er kjarni þessa máls. Þetta er óháð því hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður endanlega samþykktur því eftir sem áður er um að ræða samræmdar reglur á mikilvægasta markaðssvæði fyrir okkar útflutning jafnt sem innflutning.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. verði sem fyrst að lögum. Ég legg til að því verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að svo ítarlegt frv. skuli vera komið fram um vog, mál og faggildingu þótt satt að segja vefjist ögn fyrir mér það nýyrði sem sett er fram í þessu frv., orðið faggilding, sem ég hef ekki séð reyndar fyrr en í þessu ágæta frv. Að öðru leyti vil ég segja að það ber að fagna því að svo ítarlega sé kveðið á um þau málefni sem hér er um að ræða. Ég tel hins vegar að það þurfi að skoða þetta frv. mjög rækilega í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar í þinginu. Það er alveg ljóst að kröfur um vigtun hvers konar hafa aukist verulega, ekki síst á það við um hafnir landsins sem hafa fengið mjög viðamikið verkefni í tengslum við stjórnun fiskveiða sem er að

sjá til þess að allur afli sem á land kemur sé veginn og að sjálfsögðu þarf til þess löggildingu og fullkomin vigtunarbúnað. Hafnirnar eru settar í þessa stöðu og er alveg ljóst að það er mikilvægt að allar reglur séu greinilegar og skýrar hvað varðar vigtun.

Aðaltilgangur minn með því að taka til máls í þessari fyrstu umræðu var að vekja athygli á því að gæta ber þess að kostnaður fari ekki úr hófi í tengslum við þetta frv. Í fskj. með frv. er umsögn fjmrn. en þar segir: „Frv. felur í sér engin útgjöld fyrir ríkissjóð. Framkvæmd þess er í höndum Löggildingarstofunnar sem mun endurheimta útlagðan kostnað alfarið með gjaldtöku af þeim aðilum sem frv. nær til."

Með þessu frv. er auðvitað gert ráð fyrir því að sinna þessari þjónustu en þeir sem fá þjónustuna skulu greiða allan kostnað. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það að nefndin, sem fjallar um frv., skoði mjög rækilega hvort því fylgi mikill kostnaður hjá þeim sem þurfa að greiða þjónustuna því það er alveg ljóst að ríkisstofnanir sem ganga óbeislaðar fram í því að búa til kostnað geta valdið fyrirtækjum og stofnunum, sem þurfa að greiða þessa þjónustu, verulegum vanda.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. iðnrh. gilda mörg gömul lagaákvæði um þessi mál sem frv. fjallar um og er það vel að reynt sé að samræma lagaákvæði og færa þau til nútímaviðhorfs. Ég vil sérstaklega fagna því sögulega yfirliti sem kemur fram í athugasemdum við frv. því, eins og hæstv. ráðherra veit eflaust, að þá erum við í þingflokki Kvennalistans vel mannaðar af sagnfræðingum og leggjum mikið upp úr að hafa söguna ávallt til hliðsjónar þegar verið er að fjalla um lagafrv. sem og annað. Ég vil fyrir þeirra hönd fagna því og það er mjög skemmtilegt að fá upplýsingar eins og hér koma fram.

En það fór fyrir mér eins og síðasta ræðumanni að ég átti frekar erfitt með að skilja orðið „faggilding". Ég var að reyna að átta mig á því hvað í því fælist nákvæmlega, hvað orðið þýddi. Ég er ekki alveg búin að átta mig á því og mér hefði þótt ágætt ef hægt væri að skýra það aðeins nánar, sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. ráðherra lagði til að frv. færi til efh.- og viðskn. Ég hefði haldið, eftir að hafa lesið frv., að því yrði að sjálfsögðu vísað til iðnn. eftir að hafa borið það saman við það sem við höfum verið að fjalla um þar. Við í iðnn. höfum haft til meðferðar frv. um staðla og staðlaráð og hefði mér þótt eðlilegt að iðnn. fjallaði um frv. Þótt þetta frv. snúist ekki um iðnað er samt sem áður verið að fjalla um hliðstætt mál í iðnn. einmitt nú. Við erum langt komin með það frv. og hefði iðnn. að mínu mati verið eðlilegasti vettvangurinn til að fjalla um málið. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra hvort honum þætti ekki eðlilegra að iðnn. fengi málið í ljósi þess og eins þess að efh.- og viðskn. er með gífurlega mörg mál. Það getur vel verið að hægt sé að færa fyrir því rök, þó að ég sjái þau ekki í fljótu bragði, að efh.- og viðskn. ætti að fá frv. en ég held að það væri að ýmsu leyti eðlilegra að iðnn. fengi frv. til meðferðar.

En það sem mig langar til að gera að umtalsefni eru aðeins nokkrar greinar hér og falla undir V. kaflann, Faggildingu. Þar segir í 14. gr. að við samræmingu á reglum skuli hafa faggildingu Löggildingarstofunnar eða sambærilegra stofnana í Vestur-Evrópu. Mér fannst þetta „í Vestur-Evrópu" svolítið stórt og er að velta fyrir mér hvort það væru lönd EFTA og EB sem verið væri að tala um eða hvort það væri eitthvað víðtækara. Mér sýndist á athugasemdum að það gæti verið átt við þau lönd en fannst kannski dálítið hæpið að hafa svo opin ákvæði í lagatextanum. Þetta er kannski smáatriði en ég vil bara spyrja um það.

Síðan er það 15. gr. sem mér finnst ástæða til að athuga nánar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð forsendur faggildingar samkvæmt 14. gr. enda sé reglugerðin samin í samræmi við reglur EFTA-þjóða og reglur þær sem gilda í ríkjum EB ásamt gildandi stöðlum þar að lútandi." Og síðan segir: „Reglugerðin skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í samningi sem EFTA-ríkin gerðu með sér í Tampere hinn 15. júní, 1988 . . . "

Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta svolítið óvanalegt orðalag í lagatexta en þó getur það kannski staðist. Í athugasemd við þessa grein er tekið fram að þetta hafi verið tekið upp í íslenskan staðal sem nefnist ÍST EN 45000. Er ekki eðlilegra að hafa þetta ákvæði inni í lögunum fremur en taka fram að þetta sé í samræmi við reglur sem EFTA-þjóðir og EB-ríki hafa tekið upp? Það hlýtur að vera erfitt fyrir löggjafann að fylgjast með hvort farið er að lögum þegar verið er að vitna til einhverra reglna sem kannski ekki eru aðgengilegar nema þær hafi verið teknar upp í íslenskan staðal og þá ætti það að vera, að mínu mati, eðlilegra að vitna beint til hans.

Síðan segir í 16. gr. að Löggildingarstofan lúti yfirstjórn iðn.- og viðskrn. Mér fannst mjög sérkennilegt að sjá þetta vegna þess að ekki getur hún fallið undir bæði iðnrn. og viðskrn. Hún verður að heyra undir annað hvort. Það er kannski sérstaklega þess vegna sem ég hélt, þegar ég las frv., að iðnn. mundi fá málið og það væru einhver mistök að skrifa viðskrn. Ég velti því svo fyrir mér hvort þetta tengdist á einhvern hátt frv. til laga um breytingar á lögum um Stjórnaráð Íslands sem er 156. mál þingsins. Þar er gert ráð fyrir að sameina iðnrn. og viðskrn. Það frv. er á dagskrá þessa fundar og er framhald 1. umr. og hefur ekki hlotið meðferð á Alþingi. Mér fannst þó einkennilegt ef svo væri því að við vorum að fjalla um mál um greiðslukortastarfsemi rétt áðan og þar er talað um viðskrh. Eins er um annað frv. sem ég greip hér með mér, 424. mál, Gjaldeyrismál, en þar er einnig talað um viðskrh. Ég átta mig því ekki alveg á af hverju þetta er tekið svona upp í 16. gr. Ég hafði reyndar haldið allan tímann að þetta mál um staðla væri málefni iðnrn. Um þetta vildi ég gjarnan fá að vita, sérstaklega, eins og ég segi, með tilliti til þess ef frv. verður ekki vísað til iðnn. þar sem ég hefði talið að ég fengi tækifæri til að fjalla um málið.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega á ferðinni mál sem á margan hátt er tímabært. Verði frv. að lögum er því ætlað að leysa af hólmi lög sem eru flest hver um 70 ára gömul og ríflega það. Auðvitað er fyrir löngu orðið ljóst að þar er margt orðið úrelt og margt í þeim lögum sem manni finnst hljóma dálítið kynduglega þegar við skoðum það í ljósi nútímans.

Þannig er hluti af þeim lögum, sem nú á að fella úr gildi ef þetta frv. verður samþykkt, tilskipun um mælitæki og vogaráhöld frá 1925 þar sem m.a. er fjallað mjög ítarlega um fyrirbrigðið reisluvog sem á sínum tíma var auðvitað hið merkasta og þarfasta þing en er ekki mjög mikið brúkað við vigtun og mundi varla samrýmast þeim miklu kröfum sem gerðar eru víðast hvar um vigtun og vog í okkar þjóðfélagi. Þess vegna má segja sem svo að í sjálfu sér hafi það verið orðið löngu tímabært að endurskoða þessi lög og líka í ljósi þess sem fram kom í máli hæstv. ráðherra áðan að það er auðvitað afar þýðingarmikið að um þessi mál öll séu gildandi skýr lög og nútímaleg sem séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru á alþjóðlegum vettvangi og skiptir þá litlu sem engu hvort ákvörðun verður tekin um hið Evrópska efnahagssvæði eður ei. Það breytir engu um það því að við þurfum að búa við afar skýrar reglur og skýr lög þar í þessum efnum vegna þess að það er nauðsynlegur hluti af þeirri samkeppnisstöðu sem íslenskt atvinnulíf þarf að búa við að þessar reglur séu sem skýrastar og sambærilegastar við það sem gerist erlendis svo að okkar vara geti af þeim sökum a.m.k. keppt við vöru og framleiðslu annarra þjóða.

Ég tel hins vegar ástæðu til að nefna áhyggjur mínar út af því að hér erum við að fjalla um stofnun sem er í eðli sínu opinber eða hálfopinber og er í sömu stöðu og margar slíkar stofnanir að þeim er nánast selt sjálfdæmi um verðlagningu sinnar þjónustu. Nú vil ég taka fram áður en lengra er haldið að ég er mjög eindregið í hópi þeirra sem telja að atvinnulífið eigi að standa að mestu leyti undir þjónustu af því tagi sem hér er verið að veita. Mér finnst ósköp eðlilegt að atvinnulífið greiði fyrir þetta og það sé ekki verið að kosta til þess af almannafé. En þá verður auðvitað að ganga úr skugga um það að gjaldtaka sé hófleg og rekstri slíkra stofnana sé veitt eitthvert aðhald. Að mínum dómi hefur mikið skort á það að þessi tvö skilyrði séu uppfyllt því á sama tíma og sú stefna hefur réttilega verið mörkuð að atvinnulífið sjálft taki meiri þátt í kostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, þá hefur aðhaldið að rekstri stofnunarinnar ekki verið fyrir hendi. Möguleikar atvinnulífsins til þess að fylgjast með hvernig tekjum stofnunarinnar hefur verið varið hafa engir verið og þess vegna hefur Löggildingarstofan auðveldlega getað skammtað sér tekjur nánast að eigin vild.

Ég nefni þetta hér vegna þess að nú er að koma vor og þegar vorar birtast okkur vorboðanir með ýmsum hætti. Í útvarpinu var sagt frá því að einn af helstu vorboðunum væri lóan sem væri að gera sér hreiður um þessar mundir og það var ótvírætt merki um að vorið væri í nánd. En fyrir okkur úti á landi birtist vorið líka með öðrum hætti. Það birtist í formi alls konar eftirlitsmanna, eftirlitssveita hins opinbera og hálfopinbera, sem fylla þjóðvegina af sérmerktum bifreiðum og inn í fyrirtækin streyma menn með harðar töskur og reikningseyðublöð sem þeir rita á háar kostnaðartölur fyrir ýmiss konar viðvik. Eitt af þessum viðvikum er það að löggilda vogir og hv. 1. þm. Vesturl. nefndi t.d. í því sambandi hafnarvogir.

Það er auðvitað ljóst að Löggildingarstofan hefur margs konar annað hlutverk með höndum. Hún hefur m.a. það hlutverk með höndum að löggilda allar vogir í frystihúsum, mælitæki olíufélaga út um allar þorpagrundir, vogir í verslunum og síðast en ekki síst, svo ég nefni helsta vaxtarbroddinn m.a. hér í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins, þarf hún að löggilda alla sjússamæla og er þá fátt eitt nefnt. Fyrir þetta viðvik sendir Löggildingarstofan auðvitað háan reikning, þar með talinn ferðakostnað af ýmsu tagi, sem fyrirtækin úti um land þurfa síðan að greiða. Ef menn heimsækja frystihús er eitt af því sem þeir kvarta hvað sárast undan í rekstri þeirra einmitt kostnaður af þessu tagi og kostnaður vegna löggildingar voga, ekki vegna þess að hér sé um að ræða svo gríðarlega þungan kostnaðarlið í sjálfum sér, heldur hitt að mönnum blöskrar að fyrir ekki stærra viðvik en löggildingu voganna er séu menn að borga í meðalfrystihúsi tugi ef ekki hundruð þúsunda. Þetta er náttúrlega alveg sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að gjaldskrár Löggildingarstofunnar hafa verið að hækka ár frá ári og núna sérstaklega milli ára um prósentur sem eru gersamlega út í hött miðað við kostnaðarþróunina í landinu svo það tekur engu tali.

Samtök fiskvinnslustöðvanna könnuðu, svo að ég taki dæmi, kostnað fiskvinnslufyrirtækja vegna löggildingar á vogum. Þá kom í ljós að kostnaður sautján fiskvinnslufyrirtækja víðs vegar um landið hefur hækkað að meðaltali um 76%. Og það eru dæmi um allt að 257% hækkun á löggildingarkostnaði á milli ára á sama tíma og við erum að tala um það að hér séum við ekki einungis að stefna að eins stafs verðbólgutölu heldur verðbólgu á bilinu 0–2%. Við erum sífellt að klifa á því að hér eigi að tryggja stöðugt gengi og ekki megi auka kostnað og ekki megi auka á byrðar fyrirtækjanna vegna þess að við ætlum að tryggja stöðugt gengi og þar með stöðugt verðlag. Síðan gerist það að hálfopinbert fyrirtæki af þessu tagi kemst upp með það í skjóli sinnar einokunar og í skjóli þess að viðskiptavinurinn er háður löggildingunni að senda reikning sem hækkar um 257% milli ára á sama tíma og við höfum nánast enga verðbólgu í landinu. Það er auðvitað ekki að furða þótt mönnum blöskri þetta og menn séu farnir að setja ærið stór spurningarmerki við starfsemi af þessu tagi.

Nú er mér mætavel ljóst að það var gert ráð fyrir því í í fjárlögunum sem við samþykktum um jólin að sértekjur Löggildingarstofunnar ættu að hækka til þess að mæta því að ætlunin er að draga úr fjárveitingum hins opinbera til stofunnar. Út af fyrir sig, eins og ég sagði hér áðan, geri ég engar athugasemdir við það. En fyrr á nú rota en dauðrota og það er alveg ljóst að sú

ákvörðun að breyta taxta Löggildingarstofunnar í samræmi við það sem fjárlögin gera ráð fyrir átti ekki að hafa í för með sér annað en það að sértekjur Löggildingarstofunnar hækkuðu um 23,6%. Við erum hins vegar að tala um að meðaltalskostnaður þessara sautján fiskvinnslufyrirtækja víða um landið hafi hækkað að meðaltali um 76% og þetta rímar auðvitað alls ekki saman.

Ég tel með öðrum orðum, virðulegi forseti, að þegar við erum að ræða um þetta mál verði það að liggja mjög skýrt fyrir, ekki bara það hver kostnaðurinn verður fyrir ríkissjóð heldur ekki síður hitt hvort frv. í sjálfu sér sé liður í þeim ásetningi stjórnvalda að draga úr tilkostnaði fyrirtækjanna og treysta þannig verðlagsforsendur þær sem við byggjum hugmyndir okkar um gengisfestuna á. Við byggjum okkar hugmyndir um það að festa gengið á því að við getum náð raungengislækkun með því að verðbólgan hér innan lands verði verulega lægri en í samkeppnislöndum okkar. En þetta framferði Löggildingarstofunnar, sem ég kýs að kalla svo, gengur auðvitað þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég sé í rauninni ekki að í þessu frv. sjái menn fyrir endann á þessu og ég sé ekki að í frv. komi það nægilega skýrt fram með hvaða hætti þetta kostnaðaraðhald eigi að nást við framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að í þeirri nefnd sem fær þetta mál til endurskoðunar og meðhöndlunar þurfi að ganga úr skugga um að kostnaðaraðhald verði tryggt til þess að Löggildingarstofan, eins og svo mörg opinber og hálfopinber fyrirtæki, geti ekki leikið þann leik í krafti sinnar einokunar að þvinga upp alla kostnaðarliði sem leggjast beint ofan á atvinnulífið og gera því erfiðara fyrir að mæta þeirri samkeppni sem nauðsynleg er og óhjákvæmileg er á erlendum mörkuðum.

Það mun vera opnað fyrir það í frv., ef ég skil það rétt, að auka samkeppni og fjölga þeim aðilum sem geta tekið að sér núgildandi hlutverk Löggildingarstofunnar. Ég vil samt sem áður segja það, virðulegi forseti, að mér finnst þessi mál ekki nægilega skýr. Hér kemur að vísu fram bæði í 18. og 19. gr. tiltekin opnun á þessum málum en þegar við skoðum aftur á móti greinargerðina með þeim greinum virðist manni blasa við að ekki sé ætlunin að ganga ýkja langt í þessum efnum. Til að mynda varðandi 19. gr. er gert ráð fyrir því í frv. að Löggildingarstofan geti með samningi falið aðilum sem búa yfir sérþekkingu á sviði mælifræði að leysa afmörkuð verkefni sem falin eru stofnuninni samkvæmt 17. gr. Þegar við lesum athugasemdir við 19. gr. er þeirri hugmynd varpað fram að hér geti verið um að ræða stofnun eða deild innan Háskóla Íslands, Geislavarna ríkisins eða aðra slíka stofnun, eins og þar er sagt, þar sem sérþekking á tækjabúnaði er fyrir hendi. Hér er með öðrum orðum ekki verið að opna fyrir það, sem ég teldi eðlilegra, að þetta verði fært meira út í þjóðfélagið án þess að þar væri um að ræða opinbera stofnun, sem auðvitað er staðsett hér í Reykjavík vel að merkja, sem ætti að annast þetta hlutverk.

Í sambandi við hugmyndina um faggildingu vil ég segja það að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér eru hér ekki nema um u.þ.b. átta fyrirtæki að ræða á ári sem þyrftu á þessari þjónustu faggildingardeildarinnar að halda eins og staðan er í dag. Það hefur verið reiknað út að kostnaðurinn við það að koma á þessari faggildingardeild er mikill. Auðvitað ber að taka undir það að úr því að menn eru að burðast við að koma upp þessari faggildingardeild til þess að mæta eðlilegum kröfum, þá verður að gera það mjög myndarlega þannig að hægt sé að treysta því starfi sem þar fer fram. En eftir því sem ég hef komist á snoðir um hefur rekstrarkostnaðurinn við það að koma þessari deild á haft í för með sér hækkun á rekstrarliðum stofnunarinnar úr rúmlega 28 millj. í fyrra í 40 millj. í ár eða 41% hækkun. Auk þess stóð stofan í umtalsverðum fjárfestingum á síðasta ári sem áformað er að halda áfram í ár eftir því sem ég hef upplýsingar um. Fjárfestingar Löggildingarstofunnar verða því orðnar liðlega 20 millj. á þessum tveimur árum. Hér virðist mér að verið sé, svo að ég noti nokkurs konar líkingu, að reyna að skjóta skógarþröstinn með vélbyssu eða fallbyssu, að það sé verið að byggja upp gríðarlega deild til þess að annast tiltölulega litla þjónustu, þótt hún sé í sjálfri sér mikilvæg, og þess vegna hlýt ég að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé eðlilegt að nema nú staðar og huga að því að sækja þessa þjónustu út fyrir landssteinana, nýta sér þá sjálfsögðu hluti í nútímaþjóðfélagi sem heitir verkaskipting. Við vitum að starfsemi af þessu tagi er til staðar erlendis, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, og mér fyndist þess vegna ekki óeðlilegt að við skoðuðum þann möguleika að minnsta kosti hvort ekki væri hægt að fá faggildingu leysta af hendi af aðilum utan lands sem gætu þar með létt kostnaði af okkar atvinnulífi. Ég er sammála því sem hæstv. iðn.- og viðskrh. sagði og ég veit að hann hefur ríkan skilning á því að öll lög og allar reglur fyrir atvinnulífið þurfa að vera mjög skýrar og einfaldar til að starfsemin geti gengið sem greiðast fyrir sig. Það er líka kórrétt sem hæstv. ráðherra sagði að hér þarf að vera samræmi í hlutunum til þess að atvinnulífið innan lands geti keppt á erlendum vettvangi á sem sambærilegustum grundvelli við það sem erlend fyrirtæki eru að keppa á. En þá þarf líka jafnframt að gæta að því að sá kostnaður sem fellur á atvinnulífið af þessum sökum sé sem allra minnstur svo við séum ekki að hlaða óeðlilegum og ónauðsynlegum pinklum á atvinnulífið í landinu sem rýrir svo aftur möguleika til þess að halda uppi góðum lífskjörum og treysta verðlagsforsendur sem við öll viljum keppa að.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, þó að ég sé fyllilega sammála því að hér sé um að ræða tímabæra endurskoðun á lögunum, að það þyrfti að skoða það miklum mun betur hvort með frv. sé það tryggt að horfið verði af braut sjálfvirkra hækkana á öllum kostnaði eins og hefur verið landlægt í starfsemi Löggildingarstofunnar á síðustu árum og horfið að því að skapa hér eðlilegan starfsramma. Jafnframt þarf að athuga hitt hvort ekki megi kveða skýrar á um það í frv. að fela megi aðilum utan stofnunarinnar þau verkefni

sem gert er ráð fyrir að hin nýja löggildingarstofa hafi.

Ég vek athygli á því að við erum ekki að fjalla um neitt smámál. Það mætti ætla miðað við það fámenni sem hlýðir á umræðurnar að hér sé ekki um að ræða mál sem komi mjög mörgum við. En ég held þvert á móti að svo sé. Við þurfum ekki annað en að lesa 5. gr. frv. til að sjá að hér verið að taka á gríðarlega stórum hlutum. Í 5. gr. segir að löggildingarskyld séu „öll þau mælitæki og búnaður, sem notuð eru til að mæla stærðir, sem hafa áhrif á verð eða gjald fyrir hvers konar viðskipti með vörur eða þjónustu og skattlagningu," þó með tilteknum undantekningum. Við erum með öðrum orðum að tala um hluti sem snerta flesta þætti viðskiptalífs landsins, flesta þætti atvinnulífsins, framleiðslunnar í landinu og það líður ekki sá dagur að við séum ekki hvert og eitt að nota þjónustu sem snertir verksvið Löggildingarstofunnar. Þess vegna held ég að það þurfi að skoða þessi mál afar vel og af mikilli gaumgæfni í miklu og nánu samstarfi við atvinnulífið sjálft og huga sérstaklega að því með hvaða hætti megi ná því meginmarkmiði að gera reglurnar skýrar, aðgengilegar og einfaldar en um leið að létta af kostnaði til þess að við getum bætt lífskjörin í landinu en um það væntanlega snýst allt þetta mál.

Forseti (Björn Bjarnason):

Þótt klukkan sé orðin fjögur vill forseti freista þess að ljúka umræðunni. Til máls tekur hæstv. viðskrh. með þeim tilmælum frá forseta að hann stytti mál sitt sem mest hann getur.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mun leitast við að verða við tilmælum forseta.

Ég fagna því að í máli þeirra sem hér hafa talað hefur komið fram almennur stuðningur við þörfina fyrir nýja löggjöf á þessu sviði. Það þarf vissulega að gæta þess, eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Vesturl., að kostnaður fari ekki úr hófi. Undir þetta tók hv. 3. þm. Vestf. og fór um mörgum orðum og að mínum skilningi ekki að öllu leyti nauðsynlegum vegna þess að ég get fullvissað hv. þm. um að fyrir mér og þeim sem undirbúið hafa frv. vakir ekkert annað en að gera það með lágmarkskostnaði sem gera þarf til þess að við höfum lykilinn að Evrópumarkaði framtíðarinnar í höndunum. Um það snýst þetta mál. Ef við ekki getum sýnt fram á að við höfum fullnægjandi farveg fyrir faggildingu, vottun og prófun, þá eiga okkar útflutningsvörur upp brekku að fara.

Ég er hv. 3. þm. Vestf. einlæglega sammála um það að við þurfum að gefa kost á samkeppni um þessa þjónustu og vek athygli þingmanna á því að bæði í 18. og 19. gr. og raunar einnig í 14. gr., um faggildinguna, er beinlínis opnað fyrir það, sérstaklega hvað varðar faggildinguna, að þá geti gilt faggilding sambærilegra stofnana í Vestur-Evrópu. Vegna fyrirspurnar hv. 15. þm. Reykv. vil ég taka það fram að ég lít svo á að þarna sé fyrst og fremst átt við hið Evrópska efnahagssvæði, eins og um það er nú rætt, EFTA- og EB-ríkin.

Um orðið „faggildingu" vil ég segja að þetta orð var einfaldlega tillaga þeirra sem starfa við verkefnið. Þetta orð er að öllu leyti hliðstætt orðinu löggilding. Í því felst að staðfesta að starfsemi fari fram á faglegum grundvelli á sama hátt og löggilding felur í sér að eitthvað fari að lögum, sé gilt að lögum. Þetta er hliðstæðan sem þessir ágætu menn hafa gert að tillögu sinni en finni þingnefndin annað orð og heppilegra skal ekki á mér standa að styðja það.

Vegna þess sem hér var rætt um tilvísun til þingnefnda vil ég taka það fram að hér er gerð tillaga um að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. vegna þess að Löggildingarstofan fellur undir viðskrn. og það er samkvæmt aðalreglunni í þingsköpunum nú. En ég er alveg sammála hv. 15. þm. Reykv. um það að æskilegt væri að málinu yrði vísað milli nefnda, að iðnn. fjalla líka um það og það kann kannski að vera að einhverju leyti skýringin á því sem segir í 16. gr. um yfirstjórn þessara mála. Að sjálfsögðu hlýtur það ákvæði að fara eftir því hvernig ástatt verður um frv. sem liggur fyrir þinginu um sameiningu þessara tveggja ráðuneyta.

Vegna orða hv. 15. þm. Reykv. um 15. gr. má vera að hér sé um óvenjulegt orðalag að ræða en ég fullvissa þingmanninn um að hér er fyrst og fremst leitast við að sýna að við viljum með okkar lögum og reglum uppfylla þær kvaðir sem við tókum á okkur um gagnkvæma viðurkenningu, vottun og prófun, eins og það áður hét, en mundi væntanlega heita um gagnkvæma faggildingu, vottun og prófun með Tampere-samkomulaginu 1988.

Ég vil taka mjög undir það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf. að málið er ákaflega mikilvægt. Ég skal fyrstur manna játa að það er margt í þessu lesmáli sem er tormelt og óaðgengilegt en því miður er veruleikinn á þessu sviði þannig að við verðum að hafa stað til að standa á í okkar samskiptum fyrst og fremst vegna fyrirtækja okkar. Hvarvetna sem hægt er eigum við að gæta þess að þau séu ekki ofurseld einokunarvaldi stofnana á sviði faggildingar, vottunar eða prófunar. Þess vegna eru ákvæði frv., eins og þau eru upp sett, en hins vegar verður ríkið líka að standa við þá lágmarksskyldu að geta veitt þessa þjónustu vegna þarfa útflutningsatvinnuveganna.

Vegna þess að hv. 3. þm. Vestf. vitnaði nokkuð í gjaldskrármálefni Löggildingarstofunnar vil ég taka það fram að ekkert í þeim ákvörðunum hefur verið til annars hugsað en fara að gildandi fjárlögum. Dæmi um meiri hlutfallshækkun en almennt var ætluð í fjárlögunum hygg ég að muni fyrst og fremst stafa af því að sú ákvörðun var tekin, sem reyndar er umdeild, að jafna niður ferðakostnaði og gistikostnaði eftirlitsmanna á alla gjaldskrána öfugt við það sem áður var þegar fyrirtækin í hinum afskekktustu byggðum borguðu mest. Þá voru virkilega háir reikningar sendir til Bolungarvíkur og Bakkafjarðar. Nú eiga þeir að vera tiltölulega lægri. En annars er vandinn sá að hlutfallstölurnar sýna oft breytingar frá mjög lítilli þjónustu til nýrrar þjónustu svo það er ekki alltaf verið að bera saman sambærilega hluti. Hins vegar tek ég það mjög

skýrt fram að það er mikilvægt að þetta mál verði kannað og rætt í samráði við starfsmenn og fulltrúa atvinnuveganna og ég tek það fram og endurtek, sem ég sagði hér áðan, að áður en frv. var lagt fram var rætt ítarlega við embættismenn sjútvrn. og landbrn. en vafalaust er þörf á frekari könnun á málinu.

Ég endurtek, virðulegi forseti, að málið er mikilvægt og þarfnast rækilegrar endurskoðunar í efh.- og viðskn. og e.t.v. vísun að einhverju leyti til annarra nefnda þingsins.

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit að tíminn er naumur en ég vil bara benda á að í 23. gr. þingskapa er talað um að vísa skuli frumvörpum, þingsályktunartillögum og fleiru til nefnda og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu. Ég skora því á hæstv. iðnrh. að athuga það til morguns, en þá greiðum við væntanlega atkvæði um frv., hvort ekki sé rétt að vísa málinu til iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

120. FUNDUR

þriðjudaginn 7. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Fyrirspurnir til ráðherra samkvæmt 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala ríkisfyrirtækja og reglur um eignaraðild.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hef hugsað mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. Hún tengist umræðu um einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja, sérstaklega ríkisbankanna og orkufyrirtækja, RARIK. Nokkur umræða hefur og verið um einkavæðingu Landsvirkjunar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það, þegar að því kemur að hlutafé í þessum fyrirtækjum verður boðið til sölu á almennum markaði, hvort þær reglur sem menn hafa varpað fram í umræðunni um takmarkaða eignaraðild einstaklinga og fyrirtækja að þessum félögum eða fyrirtækjum standist gagnvart þeim kvöðum sem við mundum taka á okkur ef við gengjum til samstarfs um hið Evrópska efnahagssvæði. Í öðru lagi vil ég spyrja hvort það geti á einhvern hátt skaðað varanleg yfirráð okkar til að mynda yfir orkuauðlindum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég verð að hafa þann inngang að mínu svari að þau mál, sem nú eru rædd á vegum ríkisstjórnarinnar og þingflokka hennar og lúta að því hvernig réttast sé að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og e.t.v. orkufyrirtækjum eins og t.d. RARIK, snúa eingöngu að því verkefni sem ég hef þegar nefnt, þ.e. að breyta rekstrinum í hlutafélagsform. Í þeim frv. sem rædd eru um þessi mál á vettvangi ríkisstjórnar og flokka hennar er ekki verið að tala um sölu á hlutum í þessum félögum, a.m.k. ekki að svo stöddu. Reyndar get ég látið þá skoðun í ljós að ég tel að sala á hlutum í ríkisbönkunum komi naumast til greina á næstu árum nema e.t.v. fyrir annan bankann og þá að hluta til. Einkum mundi koma til greina að gefa út nýtt hlutafé vegna þessara stofnana. Sama gildir í enn ríkari mæli um Rafmagnsveitur ríkisins.

Hér er fyrst og fremst rætt um það hvort megi finna áhrifaríkara og hagkvæmara rekstrarform fyrir þennan ríkisrekstur. Ef að því kæmi einhvern tímann að hlutafé yrði boðið til sölu er ekkert í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem leggur band á það að eigandinn geti sett skilyrði fyrir sölunni um dreifingu hlutanna. Ég tek reyndar fram að þær hugmyndir hafa enn ekki verið mótaðar en yrðu að sjálfsögðu ræddar og reifaðar mjög nákvæmlega því það er mikilvægt sjónarmið að efnahagslegt vald þjappist ekki á fárra hendur við það að seldar eru ríkiseignir. Að þessu máli er enn ekki komið. Að endingu get ég svarað því skýrt að ekkert í þessum málatilbúnaði skaðar íslenska hagsmuni eða íslensk yfirráð yfir orkulindum landsins.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans sem voru að mínu mati ekki nægjanlega greinileg. Það verður einfaldlega að skoða alla þessa umræðu í ljósi þeirra yfirlýsinga stuðningsmanna núv. ríkisstjórnar að ekki sé eingöngu fyrirhugað að breyta um rekstrarform. Menn tala fullum fetum um einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja. Nú síðast í blöðum í dag ræða menn um að selja útlendingum Póst og síma. Menn gjalda allan varhug við þessu máli og gera þá kröfu að málið sé skoðað til enda. Gagnvart þeim ummælum hæstv. viðskrh. að það sé ekki talað um að selja hlutabréf bankanna heldur hugsanlega að afla nýs fjár með sölu hlutabréfa þá er það bara hin hliðin á sama peningnum því það þýðir náttúrlega að nýir aðilar geta eignast hlutdeild í bankanum sem nemur því sem selt er á hverjum tíma.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil bara að það komi alveg skýrt fram að það sem nú er rætt á vettvangi ríkisstjórnar og flokka hennar í þessu máli er formbreyting á rekstrinum. Fyrir því eru ekki nein sterk rök að mínu áliti að við förum ekki að fyrirmynd nágrannaríkja okkar sem hafa valið þetta rekstrarform, hlutafélagsformið, fyrir nær allan sinn ríkisrekstur þótt hann sé áfram í ríkiseigu. Sala hluta er ákvörðun sem tekin verður síðar og þá verður að sjálfsögðu gætt þeirra sjónarmiða sem mér finnst að vaki í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. þótt hann segi það ekki skýrt. En ég bið hann að varast þá hugsun að það búi eitthvað meira í þessu máli en fram hefur komið. Á

þessu stigi máls er ekki fleira um það að segja.

Sameining sveitarfélaga.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Á síðasta ári starfaði á vegum félmrn. nefnd um skiptingu landsins í sveitarfélög. Sú nefnd skilaði skýrslu í september 1991 og nefnir þar þrjár leiðir til breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög, sérstaklega á landsbyggðinni. Hvað verður gert í framhaldi af starfi nefndarinnar? Má vænta þess að lagt verði fram frumvarp um sameiningu sveitarfélaga sem byggist á tillögum nefndarinnar?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Í framhaldi af starfi fyrri nefndar sem skilaði af sér skýrslu um hvaða valkostir væru fyrir hendi í þessu efni hef ég að nýju skipað nefnd með aðild allra stjórnmálaflokkanna ásamt fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga. Í erindisbréfi þessarar nefndar er lögð áhersla á að nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. okt. nk.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin en vil segja að ég tel að sú skýrsla í tveimur bindum, sem útgefin var í september í haust, hefði átt að koma til umfjöllunar í þinginu.

Greiðslukortastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 402. mál. — Þskj. 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv.

Vog, mál og faggilding, frh. 1. umr.

Stjfrv., 417. mál (heildarlög). — Þskj. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og vísað til efh.- og viðskn. með 47 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Röð mála á dagskrá.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Áður en við göngum til dagskrár langar mig til að spyrja forseta hvernig málum sé niður raðað hér á Alþingi. Ég tek eftir því að hér eru á dagskrá mál, sem eru auðvitað allra góðra gjalda verð í sjálfu sér, en það eru t.d. þáltill. sem er 370. mál, útvarpslög, 406. mál, hér er fréttamaður Ríkisútvarps á Vesturlandi, þáltill., 447. mál og svona gæti ég áfram upp talið. Einhvern tíma endur fyrir löngu, ætli það hafi ekki verið í nóvember sl., flutti ég þáltill. ásamt fleiri þingmönnum um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Sú tillaga komst á dagskrá, ekki í síðustu viku heldur í vikunni þar áður og var þar í nokkra daga. Síðan hef ég ekki séð hana á dagskránni og hún er ekki á þeirri dagskrá sem hér liggur fyrir í dag. Sama má segja um frv. sem ég flutti til breytinga á almannatryggingalögum, það er 343. mál. Það hefur heldur ekki sést á dagskránni síðan í næstsíðustu viku. Og nú spyr ég hvernig á því standi að málum sé raðað niður á dagskrána með þessum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það stendur þannig á að ákveðið var um dagskrár þessarar viku að raða málum niður eftir því undir hvaða ráðuneyti og ráðherra þau tilheyrðu, þ.e. að mál sem t.d. eru á málefnasviði menntmrn. og falla undir þann málaflokk eru á dagskrá þann dag sem hæstv. menntmrh. mælir hér fyrir frv. eins og sést á dagskránni. Og þannig koll af kolli. Þegar hæstv. heilbrrh. mælir fyrir sínum málum munu þingmannamál, sem falla undir þann málaflokk, væntanlega verða á dagskrá.

Þetta var sett svona á dagskrá fyrir þessa viku og engar athugasemdir gerðar við það. Það var gert til hægðarauka, ekki síður fyrir þingmenn en hæstv. ráðherra. Ég vona að þetta svar sé fullnægjandi fyrir hv. þm.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þetta er svar út af fyrir sig en ekki fullnægjandi að mínu mati. Ég sá í upphafi fundarins að hæstv. félmrh. sat hér. Á dagskrá er mál sem ég hefði að óreyndu haldið að væri á starfsvettvangi félmrh., þ.e. starfsréttindi norrænna ríkisborgara. Það má segja að sú þáltill. sem ég lagði fram í nóvember komi m.a. inn á vettvang félmrh. Ég hefði því talið eðlilegt að það mál t.d. væri á dagskrá Alþingis í dag.

Það má segja að það geti verið til hægðarauka fyrir ráðherra að raða málum upp eftir því hvort þeir eru hér til að tala fyrir málum eða ekki en það er ekki til hægðarauka fyrir þingmenn að leggja fram mál einhvern tímann í nóvember og bíða jafnvel fram á vor eftir því að mæla fyrir þeim, sjá þá á eftir þeim inn í nefnd og þaðan aldrei út aftur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það vildi svo til að ég sat ekki fund þingflokksformanna síðast með forseta og veit takmarkað um hvað þar gerðist. Ég gerði enga athugasemd við þá dagskrá, sem þar hefur sjálfsagt verið kynnt, af skiljanlegum ástæðum. En ég kem hér upp, úr því vakið var máls á þessu atriði, að mér sýnist að störfum þingsins sé verið að sigla í nokkurt óefni. Það er fyrst og fremst vegna þess að Alþingi er í meira mæli en nokkurn tíma áður þann tíma sem ég hef setið á þingi að verða afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn.

Þetta kann að helgast að nokkru leyti af því að hér hefur verið breytt um starfshætti, frumvörp og þáltill. eru rædd sömu dagana. Eðli málsins samkvæmt eru gjarnan fleiri þáltill. fluttar. Þingsályktunardagana, sem við bjuggum við í gamla skipulaginu, voru tekin jöfnum höndum mál stjórnar og stjórnarandstöðu en nú hefur það skipulag verið í vetur að stjórnarfrumvörpin hafa haft algeran forgang. Einhvers staðar neðarlega á dagskránni hafa dinglað einhver þingmannamál sem síðan hafa ekki komið til umræðu nema í undantekningartilfellum. Ég tel að þetta sé ekki nógu gott skipulag og vil beina því til forseta að hann beiti sér fyrir því, og ég mun fylgja því eftir á fundum formanna þingflokkanna með forseta, að breytt verði um starfshætti og einhverjir dagar teknir undir þingmannamál, þ.e. ekki séu allir dagar undirlagðir einungis í umræðum um stjfrv. Þetta leiðir til þess að einstakir þingmenn fá ekki eðlileg tækifæri til þess að fylgja eftir þeim málum sem þeir hafa flutt.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir og þetta voru vissulega orð í tíma töluð. Ég hef hreyft þessu máli hér áður og ég hef áhyggjur af því hvert hér stefnir.

Það er út af fyrir sig virðingarvert ef forseti hefur tekið upp ný og breytt vinnubrögð en sannarlega eru þau ný þegar þingmál frá óbreyttum þingmönnum hafa komist að, án þess að ráðherrar væru viðstaddir því að sannast að segja er það fátítt að þeir mæti hér í þingið. Venjulega eru þeir miklu færri en sitja hér inni nú.

Ég flutti tillögu í nóvembermánuði sem er búin að vera nokkrum sinnum á dagskrá en ég sé að hún er ekki á dagskrá í dag. Ég sé hins vegar að sá ráðherra sem ég beini máli mínu til situr hér í dag. Ég skil því ekki af hverju sú tillaga hefði ekki átt að vera á dagskrá.

Kannski finnst einhverjum, virðulegur forseti, að ég segi of mikið en mér finnst þetta vera ómögulegir starfshættir. Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að mér finnst Alþingi líkjast einum of afgreiðslustofnun. Því held ég að það sé líka orðið tímabært að við veltum fyrir okkur og skoðum hvort við höfum gengið götuna til góðs með því að breyta þingsköpum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur sennilega ekki talað nógu skýrt þegar hún reyndi að gera grein fyrir því að mál, sem væru á dagskrá í dag, heyrðu undir hæstv. menntmrh. og undir þann málaflokk sem menntmn. fjallar um. Önnur mál eru ekki á dagskrá í dag. Reynt var að skipuleggja dagskrár þessarar viku þannig að einn ráðherra hefði hvern fund fyrir sig og málin, sem heyrðu undir þann málaflokk og þingmenn flyttu væru jafnframt á dagskrá á sama fundi.

Varðandi það að þingmenn eigi hér mörg mál sem bíði 1. umr. þá getur forseti tekið undir það. Það veldur forseta vissulega áhyggjum að mál ganga ekki betur fram en raun ber vitni. En ég held að við verðum öll að hafa það í huga að fundir eru tímasettir en umræður yfirleitt ekki. Þess vegna gengur oft seint að koma málum áfram, jafnvel þótt þau séu á dagskrá fund eftir fund. Við þetta er erfitt að ráða nema við breytum þingsköpum í þá veru að þetta tvennt fari betur saman. Eins og áður hefur verið nefnt stendur til að endurskoða þingsköp og vonandi finnum við góða lausn á þessu máli.

Ég vil jafnframt minna á að við erum á þingi með nýju sniði, í einni málstofu, og þinghaldið í vetur hefur borið nokkurn keim af því. Ég vænti þess að við getum verið sammála um að við erum að þreifa okkur áfram í einni málstofu. Áður gátum við skipt verkum á milli tveggja deilda samtímis þar sem aðallega voru frumvörp til umfjöllunar. Þetta vildi forseti segja sem svar við þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram.

Varðandi það að þingmenn hafi átt mál á dagskrá fund eftir fund og þau hafi ekki komist til umræðu, þá eru ýmsar skýringar á því. Stundum er það af því að viðkomandi þingmaður er ekki tilbúinn eða hefur ekki aðstöðu til að mæla fyrir sínu máli. Stundum er það vegna þess að viðkomandi ráðherra er ekki viðstaddur á fundi og þingmaðurinn vill eðlilega að ráðherrann sé við þegar hann mælir fyrir málinu. Þannig geta verið ýmsar ástæður fyrir þessu en það er fullur vilji forseta að reyna að greiða fyrir málum eins og mögulegt er og ég ætla að vona að hv. þm. geri sér grein fyrir því.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur ekki farið mikið fyrir því að þetta mál væri rætt sem einhver stefnubreyting eða ný stefna sem virðist vera að móta varðandi uppsetningu dagskrár. Þó var þess getið af þingflokksformanni í mínum þingflokki að þetta væri sjónarmiðið sem réði ferðinni þessa vikuna. En mér finnst nauðsynlegt, ef þarna er verið að móta að einhverju leyti nýja starfshætti, að það sé tekið upp með mjög skýrum hætti gagnvart þingflokkum. Mér finnst það álitamál, þó að það sé sjónarmið sem forsætisnefnd og hæstv. forseti mæli hér fyrir, að ráða málum með þessum hætti. Mér finnst eðlilegt að það sé málaröð sem fyrst og fremst marki stefnu um það hvenær röðin er komin að málum fremur en það sjónarmið sem hér er nefnt.

Það er auðvitað nokkur nýbreytni ef ráðherrar ætla að stunda viðveru að jafnaði og sem meginreglu þegar þingmenn mæla fyrir sínum málum. Það hefur oft þurft að ganga eftir því þegar óskir hafa verið um það. Aðrir eru ekki með óskir um það og í mörgum tilvikum er engin ástæða fyrir þingmenn að biðja sérstaklega um viðveru ráðherra vegna flutnings máls hér. Sé áhugi á því hjá þingmanni hefur hann sett sig í samband við viðkomandi ráðherra og reynt að stilla svo til að ráðherrann væri viðstaddur. Hæstv. ráðherrar geta auðvitað haft áhuga á því að leggja orð í belg varðandi mál þingmanna og gera það vissulega oft á tíðum en engin regla hefur verið á því. Ég vil nefna dæmi úr mínu málasafni. Ég á tvær þáltill. á sviði utanríkis-

mála og ég greindi skrifstofu þingsins frá því í síðustu viku að ég gerði enga kröfu um að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur þegar ég mælti fyrir þeim málum vegna þess að þau eru í rauninni ekki þess eðlis að þau kalli eftir afstöðu hans frekar en þingsins almennt. Ég hugsa að oft á tíðum sé það þannig að þingmenn eru ekki að leggja neina ofuráherslu á það að ráðherrar séu viðstaddir eða tali í þeim málum sem þeir flytja þó að það sé alltaf ánægjuefni þegar þeir láta í sér heyra í sambandi við málefni þingmanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var aðeins að greina frá staðreyndum áðan í sínu máli.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég sé ekki að 8. mál á dagskrá, skýrsla Ríkisendurskoðunar, sé neitt sérstakt málefni hæstv. menntmrh. þó að ég vilji ekki gera lítið úr valdsviði hans. Það hefur a.m.k. slæðst inn eitt mál á dagskrána sem að mínu mati heyrir ekki beint undir hann.

Ég tel ekki að neina breytingu þurfi á þingsköpum til þess að laga það ástand sem hér hefur verið gert að umkvörtunarefni. Það er einungis ákvörðunaratriði stjórnar þingsins hvernig hún vill haga þinghaldinu. Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Það er hægt að taka málin eftir málaröð. Ég er ekki að hafa á móti því að ríkisstjórnin fái eðlilegan vinnufrið með sín mál, síður en svo. En það er ólíðandi að sniðganga algerlega eða næstum algerlega málefni flutt af einstökum þingmönnum. Ég vil hér og nú gera kröfu um það að teknir verði frá sérstakir dagar og þá verði ekki rædd stjórnarfrv. heldur rædd frumvörp eða ályktanir flutt af þingmönnum. En ég vil jafnframt láta í ljósi þá ákveðnu ósk að ráðherrar verði viðstaddir þingfundi eftir því sem þeir geta. Það hefur verið áberandi í vetur hvað ráðherrar hafa sótt illa þingfundi. Það er kannski skýringin á því að mál hafa verið flokkuð að talsverðu leyti í málefni einstakra ráðherra, þ.e. einn hefur kannski þurft að mæta, hinir hafa verið stikkfrí þann daginn og þeir hafa þá heldur ekki verið að koma.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er sammála hv. þm. um að það er gott að taka fundi eingöngu undir þingmannamál enda var það gert í síðustu viku.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins láta í ljós þá skoðun að mér þykir þau vinnubrögð skynsamleg að raða svona niður á dagskrána og það er ekki sérstaklega af tilliti til ráðherrans. Ég hafði reiknað með að vera hér á þingfundum í þessari viku, það var vafi með föstudaginn. En mér finnst þetta vera miklu fremur til hagræðis fyrir viðkomandi þingnefnd sem hlýtur að þurfa að hlusta á þau mál sem til hennar koma. Hér telst mér til að séu ellefu mál á dagskránni frá einstökum hv. þm. og þau mál falla flest til menntmn., kannski ekki alveg öll. En mér sýnist alla vega að ein átta eða níu þeirra mundu fara til hv. menntmn.

Menntmrn. er hér með fjögur mál sem ég held að allir ættu að vera sammála um að væri æskilegast að kæmust til þingnefndar fyrir páskahlé og ég vonast til að fá tækifæri til að tala fyrir þeim í dag. Það fer auðvitað eftir því hvort mikil umræða verður um einstök mál. Ég vil aðeins láta það koma fram að mér sýnast þetta vera skynsamleg vinnubrögð að raða svona niður.

Ég hef áhuga á því að hlusta á þá þingmenn sem tala fyrir málum og eru á sviði menntmrn. Fyrir fram hef ég ekki ákveðið hvort ég tek beinan þátt í þeirri umræðu en ég hef áhuga á að hlusta á þá og það er þá öruggt að ég verð hér við þegar mál sem ég þarf að tala fyrir eru á dagskrá. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Miklum vonbrigðum varð ég fyrir með þessa ræðu hæstv. menntmrh. Ég hélt að kynni mín af honum væru á annan veg, að hann væri réttsýnn og góður maður og ég vona að hann hafi ekki breyst við það að verða ráðherra. Er það virkilega svo að hæstv. menntmrh. finnist það eðlilegt að mál sem lögð voru fyrir Alþingi á síðasta ári skuli ekki enn þá hafa fengist rædd en mál sem voru hins vegar lögð fram á Alþingi í síðustu viku skuli tekin á dagskrá? Finnst hæstv. menntmrh. þetta virkilega vera góð vinnubrögð?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Við þessu er mjög einfalt svar. Það fólst ekki í mínum orðum að mér þætti neitt eðlilegt við það að mál sem lögð voru fram á síðasta ári væru ekki komin á dagskrá. En ég sé ekki að það breyti neinu um heppileg vinnubrögð í þá veru sem ég var að lýsa sem er hagkvæmt bæði fyrir viðkomandi þingnefndir og viðkomandi ráðherra. Ég vil því ekki að mín orð séu túlkuð þannig að mér finnist eðlilegt að mál sem voru lögð fram á haustdögum skuli ekki enn þá hafa fengist rædd.

Starfsréttindi norrænna ríkisborgara, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál. — Þskj. 678.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um starfsréttindi norrænna ríkisborgara. Á undanförnum árum hefur Ísland gerist aðili að nokkrum Norðurlandasamningum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað ýmissa starfsstétta, samningum sem fela m.a. í sér gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda. Enda þótt samningar þessir hafi verið fullgiltir af Íslands hálfu hefur löggjöf ekki verið samræmd efni þeirra.

Nú seinast var samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun er veitir starfsréttindi, undirritaður í Kaupmannahöfn 24. okt. 1990. Markmiðið með frv. er að fram-

fylgja ákvæðum þessa samnings og jafnframt að greiða fyrir því að öðrum samningum um norrænan vinnumarkað fyrir sérmenntaðar starfsstéttir, sem Ísland á aðild að eða gerist aðili að, verði framfylgt hér á landi. Samningurinn um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun er veitir starfsréttindi kveður á um að norrænn ríkisborgari sem hlotið hefur í einhverju aðildarlandanna löggildingu eða önnur sambærileg atvinnuréttindi á grundvelli náms á háskólastigi, eigi skemmra en þriggja ára námi, skuli með þeim skilyrðum sem í samningnum greinir eiga rétt á viðurkenningu til starfa í einhverju öðru aðildarlandi þar sem slíkrar löggildingar er krafist. Þau skilyrði sem vísað er til eru einkum um málakunnáttu og þekkingu á innlendri löggjöf og stjórnsýslureglum.

Meðan á gerð samningsins stóð var haft víðtækt samráð hérlendis við ráðuneyti, stofnanir og helstu hagsmunasamtök sem málið varðar. Af hagsmunasamtökum sem skiluðu umsögnum um samninginn má nefna Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Landssamband iðnaðarmanna, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands. Þessi samtök tóku yfirleitt jákvæða afstöðu til efnis samningsins.

Á fundi fyrrv. ríkisstjórnar 27. ágúst 1990 var samþykkt að samningurinn yrði undirritaður fyrir Íslands hönd. Jafnframt var menntmrn. falið að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Umhvrh. undirritaði samninginn á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda 24. okt. 1990. Í bókun sem fylgir samningnum er því lýst yfir að samningsaðilar muni vinna að því að þeim breytingum á landslögum sem samningurinn gerir ráð fyrir verði komið á eigi síðar en 1. júlí 1991. Umsömdum breytingum á landslögum hefur þegar verið komið á í Danmörku og Svíþjóð en löggjöf um sama efni hefur verið í undirbúningi hér á landi, í Noregi og í Finnlandi.

Á fundi fyrrv. ríkisstjórnar í ársbyrjun 1991 var síðan samþykkt að fela menntmrh. í samráði við þau ráðuneyti sem efni samningsins varðar einkum að undirbúa lagafrv. um starfsréttindi norrænna ríkisborgara á Íslandi. Við gerð þessa frv. hefur verið haft náið samráð við dóms- og kirkjumálaráðuneytið en einnig hefur verið leitað samráðs við ráðuneyti félagsmála, fjármála, heilbrigðis- og tryggingamála, iðnaðar-, landbúnaðar- og umhverfismála. Öll þessi ráðuneyti hafa lýst sig samþykk efni frv.

Ég vík þá að einstökum ákvæðum.

Í 1. gr. er kveðið á um gildissvið laganna. Athygli er vakin á því að greinin gildir jafnt um samninga á þessu sviði á milli ríkisstjórna Norðurlanda sem búið er að staðfesta og samninga er kunna að verða gerðir síðar meir. Slíkir samningar öðlast þó ekki gildi fyrr en þeir hafa verið fullgiltir að undangenginni heimild Alþingis.

Með störfum sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til er átt við það þegar lög, reglugerðir eða aðrar stjórnvaldsreglur beint eða óbeint áskilja tiltekið próf sem skilyrði fyrir leyfi til að gegna starfi. Störf þar sem löggildingar, leyfis eða annarrar jafnsettrar viðurkenningar er ekki krafist falla undir almenna samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað frá 6. mars 1982 en þar er kveðið á um gagnkvæman aðgang norrænna ríkisborgara að vinnumarkaði einstakra aðildarríkja.

Í 2. gr. er kveðið á um skilyrði þess að heimild sé veitt til að gegna starfi hérlendis. Ákvæðið tekur einungis til norrænna ríkisborgara. Þess er krafist að viðkomandi uppfylli ákvæði norrænna samninga sem vísað er til í 1. gr. Enn fremur er ákveðið að sömu skilmálar eigi við um heimild til að gegna fyrrgreindum störfum og gilda um íslenska ríkisborgara. Í samningum þeim sem gerðir hafa verið er sérstaklega vikið að því að áskilja megi að umsækjandi kunni nægileg skil á íslenskri tungu.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að þau ráðuneyti, sem nú fjalla um umsóknir til að gegna starfi hérlendis þar sem löggildingar, leyfis eða annarar jafnsettrar viðurkenningar er krafist, sjái um að skilyrði 2. gr. hafi verið uppfyllt. Þegar lög eða reglugerðir kveða á um veitingu leyfisbréfa til starfsréttinda, annast viðkomandi stjórnvald útgáfu þeirra.

Ákvæði í lögum eða reglugerðum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda eru í andstöðu við efni samningsins frá 24. okt. 1990 og hliðstæða norræna samninga að því er gildissvið þeirra varðar. Með 4. gr. frv. er því lagt til að ráðherra sem í hlut á geti með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í samningi sem fellur undir 1. gr. Með þessu ákvæði, ef samþykkt verður, má segja að íslensk löggjöf hafi verið aðlöguð samningsskuldbindingum en einnig má telja eðlilegt að í framhaldi af setningu þessara laga, ef til kæmi, verði ákvæði eldri laga endurskoðuð og aðlöguð efni frv. þessa.

Vakin er athygli á því að með 3. mgr. 10. gr. samningsins frá 1990 er ákveðið að tilteknar æðri stöður og stöður er varða þjóðaröryggi megi ætla ríkisborgurunum einum. Ganga verður út frá því að ákvæði þessu verði m.a. beitt um stöður dómara, sýslumanna (lögreglustjóra) og saksóknara, samanber og ákvæði 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir að engan megi skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið gegni hlutverki samræmingaraðila. Hins vegar mun hlutaðeigandi stjórnvald fara með sín málefni, samanber ákvæði 3. gr.

Vegna samningsskuldbindinga er að lokum lögð áhersla á að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er mál á ferðinni sem varðar gagnkvæm réttindi norrænna ríkisborgara og það er

gott mál að samræma aðstæður við það sem reynt hefur verið á hinum samnorræna vinnumarkaði ýmissa starfsstétta. Ég vænti þess að málið geti fengið framgang hér, mér sýnist það vera þess eðlis að það beri að styðja. En nokkrar spurningar vakna upp í sambandi við flutning frv. og snerta samskipti okkar og samningaviðræður sem leitt hafa til samnings um Evrópskt efnahagssvæði sem að vísu hefur ekki verið staðfestur. Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. menntmrh. og einnig hæstv. samstarfsráðherra í Norðurlandasamstarfi, sem hér er viðstaddur umræðuna, hvort það hafi verið athugað í sambandi við þennan samning hvort samræmi er milli norrænna laga í þessu efni. Mér sýnist það þó vera fljótt á litið vegna þess sem fram kemur á bls. 4 þar sem vísað er til þess að við samningu frv. hafi m.a. verið stuðst við dönsk lög sem sett voru til að auðvelda fullgildingu danskra stjórnvalda á ákvæðum samnings frá 24. okt. 1990 og löggjöf Evrópubandalagsins um gagnkvæm starfsréttindi. Það mætti því ætla af þessu að þarna sé samræmis gætt. Þetta segi ég vegna Danmerkur sem aðila að norrænu samstarfi og þessum samnorræna samningi.

Það hefur komið fram að vegna hugsanlegs samnings um Evrópskt efnahagssvæði muni þurfa að endurskoða allmarga af samnorrænu samningunum. Ég vil inna hæstv. samstarfsráðherra eftir því hvort hann geti veitt okkur upplýsingar um það hvað líði mati á því hvaða samningar það eru, hversu mikið umfang þetta er og hversu mikil vinna þarf að fara fram hér og þá í samvinnu við önnur EFTA-ríki norræn og auðvitað varðar þetta Danmörku líka.

Ég held að æskilegt sé að við fáum vitneskju um þessi atriði áður en vinna að þessu máli hefst í þingnefnd. Auðvitað er það sérstaklega nauðsynlegt að því er snertir frv. en einnig væri gott að fá upplýsingar um stöðu þessara mála með tilliti til þeirra samninga sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að beita sér fyrir.

Í þessu sambandi vil ég nefna það að breytingar í Evrópubandalaginu í tengslum við vinnumarkaðsmál og félagsleg málefni geta auðveldlega haft bein áhrif á norræna samninga og hafa auðvitað haft það. Þeir geta gert það í auknum mæli ef svo færi að Danmörk yrði aðili að Evrópusamveldinu, þ.e. staðfesti samninginn frá Maastricht um Evrópska samveldið sem við köllum svo og kennt er við samningana frá Maastricht.

Ég vil nefna hér eitt dæmi sem snýr að Dönum í þessu sambandi, mjög stórt mál sem þar hefur vakið umræðu og getur haft áhrif inn í norrænt samstarf og varðar EES-samstarfið ef af því yrði. Það er ákvæði sem er að finna í Maastricht-samningunum þess efnis að lög þurfi í sambandi við kjarasamninga. Að það sé í rauninni ekkert hald í samningum aðila vinnumarkaðarins eins og við þekkjum þá hér á Norðurlöndum og sem eru algengasta formið. Þeir fái í rauninni ekki staðist og það sé ekki hægt að tryggja að þeir séu virtir vegna þess að Maastricht-samningurinn geri ráð fyrir því að það þurfi lög til að kjarasamningar haldi, séu heldir og veiti einhverja réttarstöðu. Þetta er mikið rætt núna í Danmörku og ég leyfi mér að nefna það hér, virðulegur forseti, í þessu samhengi sem varðar samnorrænt samstarf á sviði félagsmála. Það eru miklar áhyggjur hjá dönsku verkalýðshreyfingunni vegna þessa ákvæðis inni í Maastricht-samningunum sem geta auðvitað haft áhrif á hið norræna samstarf fyrr en varir.

Ég ætla ekki að gera þetta mál að öðru leyti að umtalsefni hér en vildi nefna það því það er nýtt og býsna stórt mál sem snertir Norðurlöndin í tengslum við Danmörku. Danir eiga eftir að svara því fyrir sig hvort þeir staðfesta samkomulagið og engin vissa er fyrir því að svo fari. Þjóðaratkvæðagreiðsla verður um Maastricht-samningana þar 2. júní eins og rætt hefur verið hér um nýverið.

Vissulega eru mörg fleiri atriði sem snerta réttarstöðu vinnandi fólks sem koma sem endurkast frá Evrópubandalaginu og snerta Danmörku, óháð Maastricht-samningunum, þ.e. varðandi núverandi stöðu. Þar má nefna ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá því í marsmánuði 1991 þar sem kveðið var upp úr með það að fyrir verkafólk eða starfsfólk sem leitar að vinnu í öðru landi innan Evrópubandalagsins gildi ekki launasamningar viðkomandi lands nema því aðeins að þeir samningar séu lögbundnir, hafi lagastöðu. Þetta er mikið áhyggjuefni á vinnumarkaði í Danmörku sem eðlilegt er og spurningin er: Hver er staðan hér ef menn fara út í EES-samstarfið? Hver er staða íslenskrar verkalýðshreyfingar að þessu leyti? En ég ætla, virðulegur forseti, með tilliti til þess að þetta er til hliðar við frv. sem við ræðum hér, ekki að fara lengra út í þá sálma þótt ég leyfi mér að nefna þetta hér.

Ég vil í leiðinni vekja sérstaka athygli á þeim þætti sem varða EES-samningana, þ.e. breytingar á atvinnurétti sem eru gífurlega miklar. Mér finnst að sá þáttur málsins hafi fengið allt of litla umræðu hér. Ég hef ekki orðið var við mikla umræðu á vegum samtaka launafólks þótt hún hafi verið nokkur um þetta efni. En í ljósi þess sem fyrir liggur og m.a. má lesa um í skýrslu hæstv. utanrrh. frá október 1990 á bls. 25–26, þar sem menn hafa dregið saman hvernig þetta liggur, hversu gífurlega miklar breytingar hér er um að ræða í sambandi við vinnurétt og hvernig við afsöluðum okkur því sem tengist íslenskum þegnrétti og því sem við höfum deilt með Norðurlöndunum að þessu leyti og færum yfir á allt annað svið sem hlýtur auðvitað að vera áhyggjuefni í sambandi við hið mikla atvinnuleysi sem ríkir í Evrópu, í Evrópubandalagsríkjunum og fer vaxandi á nýjan leik. Atvinnuleysi er rétt um 10% að meðaltali og auðvitað er það vaxandi og þrengingar eru einnig á vinnumarkaði hér sem annars staðar á Norðurlöndum. Ég leyfi mér að nefna þetta.

Ég ætla að fara til baka til frv., virðulegur forseti. Er það svo, hæstv. menntmrh., að löggilding starfa, lögbinding starfsréttinda og viðurkenning á prófskírteinum fái að halda sér ótrufluð af þessum samningum og með tilliti til þess að það er sú stefna sem farin er innan Evrópubandalagsins nú? Ég hef ekki sett mig inn í það neitt að gagni. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti upplýst okkur um það.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að hér er um að ræða samning sem gerður var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og kemur hér aðeins til staðfestingar. Mér heyrðist hv. þm. taka þannig til orða að við værum að afsala okkur réttindum, það kann að vera að mér hafi misheyrst. Mér sýnist að við séum miklu frekar að afla íslenskum ríkisborgurum margháttaðra réttinda sem mörgum þykja einmitt eftirsóknarverð, þ.e. að þessi viðurkenning fáist.

Varðandi þær spurningar sem hann bar fram varðandi gildi norrænna samninga gagnvart EES-samningi þá hygg ég að sú meginregla gildi að þar sem hinir norrænu samningar veita betri rétt en gert er ráð fyrir á Evrópsku efnahagssvæði haldist sá réttur. En þar sem *réttindi eru minni muni það leiða til breytinga.* Hins vegar skal ég viðurkenna að frá þeim tíma sem ég vissi að þingmaður ætlaði að bera fram þessa fyrirspurn sína hefur mér ekki gefist ráðrúm til þess að kanna þetta mál þannig að ég gæti veitt honum ítarlegri svör. Hinir norrænu samningar eru vistaðir í hinum ýmsu ráðuneytum og ég hygg að þar sé athugun þessara mála í gangi. Hversu langt það verk er komið treysti ég mér ekki til að fullyrða um nema að undangenginni vandaðri athugun en þeirri sem tíu mínútna frestur gefur tilefni til.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég á að sjálfsögðu enga kröfu á að hæstv. samstarfsráðherra veiti svör við beinum fyrirspurnum þótt ég nefndi það við hann hér utan umræðunnar að ég vildi fræðast um þetta efni af því að hann var hér eftir þegar hinir hlupu á dyr. Það tók ekki langan tíma, það tæmdist hér ráðherrabekkurinn eftir þá nýbreytni sem var innleidd. Það var dálítið slæm staðfesting á vondum grun sem bjó með okkur þingmönnum að nýskipanin leiddi kannski til þess að það yrði ekki nema einn sem sæti eftir á þessum útdeilda tíma fyrir ákveðin málasvið. En það er önnur saga og ég þakka viðleitni hæstv. umhvrh. til svara í sambandi við þetta. Ráðherrann hefur ekki alveg stillt inn á rétta bylgjulengd þegar ég flutti mitt mál varðandi frv. Ég taldi að hér væri um gott mál að ræða sem ég vonaði að fengi jákvæða afgreiðslu en var aðeins að forvitnast um stöðu þess og hversu tryggt málið væri með tilliti til annarra samninga og miklu stærri mála sem hér eru nærri þótt ekki séu staðfest eða komin til þingsins og nokkur óvissa ríkir um þessa dagana.

Varðandi það viðhorf og von sem hæstv. samstarfsráðherra lét í ljós um að EES-samningur hróflaði ekki við með neikvæðum hætti þeim samningum sem menn hafa bundist í norrænu samhengi skulum við vona að það viti á gott. Ég er ekki alveg viss um að það gildi í öllum tilvikum en það er eitt af því sem við þurfum að *setja okkur inn í í sambandi við þetta. Ég held* að það sé alveg ljóst að við höfum ekki kröfu til neinna sérréttinda og þess vegna kemur mér nokkuð á óvart ef við getum lokað okkur af með sérréttindi í slíkum samningum sem ekki gildi fyrir aðra íbúa, óháð þjóðerni, á EES-svæðinu. Ég mun bera fram þinglega fyrirspurn til hæstv. samstarfsráðherra um þetta efni þannig að við fáum þá upplýsingar að athuguðu máli.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er kannski að vonum að spurningar vakna varðandi Evrópskt efnahagssvæði í sambandi við þetta mál. Nú er það ekki enn orðið staðreynd. Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi segir í athugasemdum með frv. að við samningu frv. hafi „m.a. verið stuðst við dönsk lög sem sett voru til þess að auðvelda fullgildingu danskra stjórnvalda á ákvæðum samningsins frá 24. okt. 1990 og löggjöf Evrópubandalagsins um gagnkvæm starfsréttindi." Þeir norrænu samningar sem við höfum gert á vettvangi hins norræna samstarfs gilda enn. Eins og við vitum hafa komið upp álitamál um það að hve miklu leyti þeir þurfa að fara í endurskoðun ef af samningum um Evrópskt efnahagssvæði verður. Ég kann ekki að svara þeirri spurningu hvort lögbundin starfsréttindi muni gilda áfram eða hvort sú stefna sem farin er innan Evrópubandalagsins verði ráðandi. *Því miður þekki ég það* ekki. En ég skil ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þannig að hann styðji málið og ég þakka það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (tölvuforrit, ljósritun o.fl.). — Þskj. 694.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um höfundarétt frá 29. maí 1972. Það eru lög nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984. Eðli málsins samkvæmt þurfa höfundalög að vera í stöðugri endurskoðun, sérstaklega vegna gífurlegra tækniframfara sem átt hafa sér stað varðandi miðlun og hagnýtingu á verkum höfunda. Ef ekkert verður að gert mun þessi tækni stofna réttindum höfunda í verulega hættu og valda verulegri röskun á hagsmunum þeirra og réttindum. Ég tel löggjöf um höfundarétt afar mikilvæga á sviði menningarmála enda byggir höfundaréttur á því meginsjónarmiði að skapa höfundum réttindi og þar með möguleika til þess að fá réttmæta þóknun fyrir afnot af verkum þeirra með því að leitast við að skapa þeim fjárhagslegt öryggi og þar með möguleika til þess að sinna hugverkasköpun sinni og efla þannig menningarlífið á hverjum tíma. Þetta á ekki síst við nú þegar ný tækni hefur leitt til nýrra tjáningamöguleika, nýrra afþreyingasiða, nær óþrjótandi möguleika á fjölföldun hugverka og háþróaðrar fjölmiðlatækni sem þekkir ekki mikil takmörk.

Frv. er samið af sérstakri endurskoðunarnefnd höfundalaga, sem skipuð var af páv. menntmrh. Birgi Ísleifi Gunnarssyni á árinu 1987. Í nefndinni eiga sæti Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Ragnar Aðalsteinsson hæsta-

réttarlögmaður, Knútur Bruun hæstaréttarlögmaður, Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntmrn.

Í frv. er fjallað um þær breytingar á höfundalögunum sem brýnast er talið að þurfi að gera. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði snerta flestar listgreinar, þ.e. ritlist, tónlist, myndlist og listflutning. Þá er tekið upp í frv. ákvæði um vernd tölvuforrita og ákvæði um sönnunarbyrði ef um stórfelld brot á höfundarétti er að ræða. Enn fremur ákvæði sem miða að því að greiða fyrir fullgildingu alþjóðasáttmála á þessu sviði. Ég vík nú að einstökum þáttum frv.

Í fyrsta lagi er sá skilningur lögfestur að tölvuforrit njóti verndar að höfundarétti og í frv. eru tölvuforrit skilgreind sem sérstök verk enda verða lagaákvæði um þau að sníðast að sérstöðu þeirra sem höfundaréttarlegra verka. Í íslenskri löggjöf nú eru engin bein ákvæði um verndun tölvuforrita en þó hefur verið talið að tölvuforrit njóti verndar samkvæmt núgildandi höfundalögum að fullnægðu því skilyrði höfundaverndar að þau séu árangur sjálfstæðs sköpunarstarfs og því verk í skilningi höfundalaga. Hefur verndin því byggst á sömu sjónarmiðum og vernd bókmenntaverka sem er ekki alls kostar réttmætt þar sem tölvuforrit finnast einnig á véllæsilegu formi, á böndum, disklingum eða hliðstæðri gerð.

Að meginstefnu til njóta tölvuforrit sams konar verndar og önnur hugverk en þó tekur verndin mið af sérstöðu þeirra. T.d. hefur þótt rétt að veita þeim frekari vernd gegn eftirgerð til einkanota en öðrum verkum vernduðum af höfundarétti, aðallega vegna eðlis forritanna og hinnar sérstöku þýðingar þeirra í atvinnu- og viðskiptalífinu. Gerð tölvuforrita er mjög kostnaðarsöm og endurgjald framleiðanda fyrir réttinn til nýtingar þeirra er verulegur hluti framleiðslukostnaðar. Eftirgerðir eru hins vegar ódýrar og auðunnar. Því er í frv. gert ráð fyrir því að eftirgerðir til einkanota verði almennt bannaðar hverrar gerðar sem forritin eru. Þrátt fyrir þetta almenna bann við eftirgerð tölvuforrita er eintakagerð leyfileg að því marki sem hún kann að reynast nauðsynleg vegna eðlilegrar nýtingar forritanna. Hér er ekki aðeins átt við gerð vara- og öryggiseintaka heldur og annarra eintaka sem nauðsynleg kunna að reynast vegna eðlilegrar nýtingar þeirra.

Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja hafa vakið athygli ráðuneytisins á því að heimildir sem felast í frv. til breytinga á tölvuforritum kunni að vera of rúmar. Ég vek athygli á þessum sjónarmiðum og vænti þess að það verði sérstaklega tekið til athugunar í hv. menntmn. sem væntanlega fær frv. til athugunar.

Í öðru lagi er ákvæði í frv. sem miðar að því að treysta stöðu höfunda í ljósi tækniþróunar og á sviði ljósritunar og skyldrar fjölföldunar í þeim tilgangi að hamla gegn ólögmætri ljósritun. Er hér lagt til að sérstök samtök höfunda semji við opinbera aðila og aðra um gjald fyrir slíka fjölföldun og innheimtu þess. Þótt hér sé um nýmæli í íslenskri löggjöf að ræða er í raun aðeins verið að lögfesta ríkjandi skipan í þessu efni sem upphaflega byggðist á samningum höfunda við menntmrn. á árinu 1983 og úrskurði sérstaks gerðardóms árið 1984. Samtök höfunda voru stofnuð á árinu 1985 undir nafninu Fjölís.

Í þriðja lagi er kveðið á um heimild til handa útvarpsstöðvum til flutnings á bókmenntaverkum og tónverkum án leyfis höfunda hverju sinni en að fullnægðum sérstökum skilyrðum, m.a. um greiðslu þóknunar fyrir flutninginn. Enn fremur er það skilyrði sett fyrir almennri heimild til útvarpsflutnings að fyrir liggi heimild til slíks frá höfundaréttarsamtökum sem annast samningsgerð fyrir meiri hluta íslenskra höfunda um flutningsrétt bókmenntaverka eða tónverka eða einstakra greina þeirra. Hér er horfið frá afnotakvöðinni og í stað þess tekin upp svonefnd samningskvöð en í reynd verður um litla breytingu að ræða þar sem útvarpsstöðvar hafa ævinlega gert sérstaka samninga við höfundaréttarsamtökin um útvarpsflutning og greiðslu fyrir hann.

Í fjórða lagi er með frv. greitt fyrir aðgangi almennings að útvarpsefni sem dreift er viðstöðulaust um kapal. Hér er um sérstaka nýtingu hugverka að ræða sem með óbreyttum lögum yrði óheimil án sérstaks leyfis höfunda þar sem slík dreifing mundi teljast nýr og sjálfstæður flutningur. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku leyfi höfunda hverju sinni til þessarar nýtingar, enda komi gjald til þeirra fyrir dreifinguna samkvæmt sérstöku samkomulagi. Með þessum ákvæðum er leitast við að skerpa og skilgreina nánar heimildir útvarpsstöðva til útsendinga á bókmenntaverkum og tónverkum.

Í fimmta lagi er stefnt að verulegum réttarbótum fyrir höfunda myndverka. Lagt er til að svokallaður fylgiréttur verði lögfestur. Í honum felst að við endursölu myndverka í atvinnuskyni renni tiltekinn hundraðshluti endursöluverðs til rétthafa. Í 14. gr. Bernarsáttmálans er gert ráð fyrir því að aðildarríki geti tekið upp slík ákvæði til verndar myndhöfundum að fullnægðum skilyrðum um gagnkvæmni og hafa slík ákvæði verið tekin upp í löggjöf Danmerkur og Þýskalands. Rökin fyrir þessum réttindum eru þau að oft og tíðum eru verk mikilhæfra listamanna lítils metin í upphafi listferils þeirra en stíga í verði þegar listgildi þeirra verður mönnum ljóst. Í slíkum tilvikum rennur allur ágóði af verðhækkun listaverka í vasa þeirra sem hafa keypt listaverkin, oft og tíðum fyrir lítið fé í upphafi og höfundar því orðið afskiptir.

Auk ákvæðanna um fylgirétt eru ákvæði um svokallaðan aðgangsrétt sem felur í sér að vörslumanni myndlistaverks sé skylt að veita höfundi aðgang að verkinu, m.a. til fjölföldunar eða útgáfu, enda verði hún talin höfundi mikilvæg. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum um Listasafn Íslands að því er varðar aðgang að myndverkum höfunda í eigu safnsins. Ljóst er að í mörgum tilvikum getur verið um viðkvæmt mál að ræða fyrir eiganda listaverks og því verði að fara með fullri gát. Leitast er við að greiða fyrir dómstólameðferð í þeim tilvikum að ekki semjist milli aðila, m.a. með því að vörslumaður eigi ætíð rétt til gjafvarnar í slíkum málum.

Hvað varðar réttarbætur til handa myndlistarmönn-

um að öðru leyti er lagt til að heimilað verði að veita samtökum myndlistarmanna réttargæslu með sama hætti og önnur samtök listamanna hafa hlotið, svo sem STEF, Rithöfundasamband Íslands og Hagþenkir.

Í sjötta lagi er lagt til að vernd til handa listflytjendum og framleiðendum hljóðrita verði lengd úr 25 árum í 50 ár og færð þannig til samræmis við verndartíma höfunda.

Í sjöunda lagi er lagt til að greitt verði fyrir því að Ísland geti gerst aðili að alþjóðlegum höfundaréttarsáttmálum með því að tekið verði upp almennt heimildarákvæði til handa framkvæmdarvaldinu til að staðfesta slíka samninga án sérstakrar lagasetningar hverju sinni, en að tilskildri gagnkvæmni. Hliðstætt ákvæði er í dönsku höfundalögunum og var einnig í fyrstu höfundalögum okkar.

Þessu til viðbótar er í frv. að finna ákvæði er lúta að lögfestingu reglna um sönnunarbyrði til að auðvelda frekar og greiða fyrir framkvæmd höfundaréttar. Frv. felur í sér lögfestingu á löglíkindareglu sem lýtur að því að þeim aðilum sem flytja eða dreifa verkum í verulegu magni beri að sýna fram á að verkum hafi ekki verið miðlað sem vernduð eru af höfundarlögum. Réttmætt er að ætlast til þess að þeir sem hafa atvinnu af slíkri miðlun hugverka sanni heimildir sínar í þessu efni, enda nánast hverfandi líkur á að einungis óvernduðu efni sé miðlað þegar um umfangsmikla dreifingu er að ræða.

Þá er í frv. kveðið á um að ákvæði núgildandi laga um bann við útlánum tónverka á nótum skuli einnig ná til tónverka á hljómplötum, geisladiskum og böndum. Einnig eru tekin af tvímæli um að útleiga og lán útgefinna kvikmyndaverka, þar á meðal myndbanda, sé óheimil án samþykkis höfunda.

Að lokum er gert ráð fyrir skipan fámennrar skilvirkrar ráðgefandi höfundaréttarnefndar og höfundaréttarráði sem verði umræðuvettvangur allra þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta á sviði höfundaréttar.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginþáttum frv. Ég vil árétta að frv. fjallar um mjög mikilvægt svið menningarmála sem á vafalaust eftir að verða æ mikilvægara í framtíðinni. Það er áríðandi að við drögumst ekki aftur úr réttarþróuninni á þessu sviði bæði innan Evrópubandalagsins og í nágrannalöndum okkar. Við getum verið stolt af þeirri löggjöf sem við höfum búið við, enda var hún um margt afar framsækin á þeim tíma sem hún var sett. En höfundalögin þurfa, eins og ég sagði áður, að vera í stöðugri endurskoðun og ég legg mikla áherslu á að endurskoðunarnefndin haldi áfram störfum til þess að tryggja svo sem best má verða hag höfunda í framtíðinni.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hæstv. menntmrh. mælir fyrir er allrar athygli vert. Í rauninni má segja að það sæti nokkrum tíðindum að það skuli ekki vera fyrr en nú á árinu 1992 að gerð er sú atrenna að þessu máli sem hér er gerð. Ég hef þó ekki sett mig inn í það hvaða tilraunir hafa verið gerðar í millitíðinni til þess að fá breytingu fram á höfundaréttarlögum. Ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðherra hafi fjallað sérstaklega um það en hann rakti undirbúninginn að frv. og nefndi viðleitni Birgis Ísl. Gunnarssonar sem menntmrh. til að koma hreyfingu á þessi mál.

Hér er um mjög mikið hagsmunamál fyrir höfunda að ræða og skiptir líka miklu fyrir þá sem skipta við þá. Því tel ég frv. mjög jákvætt innlegg inn í málefni sem okkur ber að fylgjast með og gæta þess að við gerumst ekki eftirbátar frá því sem er í nágrannaríkjum okkar að því er snertir vernd höfundaréttar.

Ég tek eftir því að hæstv. ráðherra hefur haft nefnd sem skipuð var á árinu 1988 til að undirbúa málið og í henni eru aðilar sem hafa fylgst með þessum málum, bæði innan ráðuneytis og utan. Ég vænti þess að vel hafi verið vandað til málsins en menntmn. mun að sjálfsögu líta nánar á það, eins og gerð hefur verið tillaga um. Ég ímynda mér að einn helsti þröskuldurinn í vegi þess að höfundar haldi lögvernduðum rétti sé það eftirlit sem þarf til þess að tryggja að lög af þessu tagi séu haldin. Á tímum örrar tækniþróunar kemur sú spurning satt að segja oft upp í huga manns hvernig takast megi að tryggja rétt höfunda jafnvel þó að löggjöf reyni að ná utan um hann og reglur séu settar. Þetta á ekki síst við um tölvusviðið sem vikið er að og ég tel góðra gjalda vert að tekið er á því máli í frv. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að það geti orðið nokkur þraut að koma í veg fyrir sjóræningjastarfsemi á því sviði og spyr hæstv. ráðherra hvort þátturinn í sambandi við undirbúning málsins hafi verið kannaður sérstaklega. Ég hef ekki sett mig nógu vel inn í málið til að geta svarað því. Þetta er eitt af þeim frv. sem nýlega er komið til þingsins. En ef hæstv. ráðherra getur frætt okkur um það með hvaða hætti verði tekið á því, þá væri það gott.

Að endingu vil ég nefna það að ég held að nokkuð skorti á að upplýsingum sé komið til almennings. Hér er vissulega um almenningsmál að ræða, um gildandi rétt á þessu sviði. Því er hætt við að ýmsir verði til þess að ganga lengra en lög bjóða í sambandi við endurrit, fjölföldun og annað þess háttar vegna þess að menn þekkja ekki gildandi rétt og fyrirmæli. Með aukinni upplýsingu mætti styrkja stöðu höfunda að þessu leyti.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugmyndir uppi um að auka fræðslu um gildandi rétt á þessu sviði og þá auðvitað um þau nýmæli sem væntanlega verða lögfest á grundvelli þessa frv.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. undirtektir hans við málið. Ég held að engum blöðum sé um það að fletta að undirbúningur málsins er mjög vandaður.

Í nefndinni hafa starfað þeir menn sem mest hafa kynnt sér höfundaréttarmálefni á undangengnum árum, ég vil segja áratugum og ég hef sannfærst um að mjög vel hafi verið vandað til verksins. Síðasta breyting á þessum lögum var gerið árið 1984 og nefndin var skipuð

1987. Hún hefur síðan verið að störfum og mun starfa áfram eins og ég gat um í framsöguræðu minni.

Tölvusviðið er vafalaust mjög vandmeðfarið og áreiðanlega rétt sem hv. þm. sagði að það kann að vera erfiðleikum háð að koma í veg fyrir sjóræningjastarfsemi, eins og hann orðaði það. Það er kannski rétta orðið. Eins og ég sagði hafa samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja vakið athygli ráðuneytisins á því að ákvæði frv. kunni að vera nokkuð rúm. Mér þykir þess vegna rétt að það verði athugað sérstaklega í hv. þingnefnd. Þær athugasemdir komu ekki, kannski af eðlilegum ástæðum, fyrr en alveg nýlega. Þeim hefur sjálfsagt ekki verið nægilega kunnugt um efni frv. áður.

Varðandi hugmyndir hv. þm. um að upplýsa almenning um hvað er á ferðinni, held ég að það sé mikið nauðsynjamál og mun taka það til sérstakrar athugunar með hvaða hætti hægt væri að kynna þau nýmæli sem frv. felur í sér, verði það að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullorðinsfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 679.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Hátt í tvo áratugi hefur verið reynt að koma á löggjöf um fullorðinsfræðslu hér á landi. Árið 1974 var viðamikið frv. til laga um fullorðinsfræðslu lagt fram á hv. Alþingi. Það frv. náði ekki fram að ganga. Árið 1980 var frv. lagt fram í annað sinn en það fór á sömu leið. Á 112. löggjafarþingi lagði þáv. menntmrh., Svavar Gestsson, fram frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Það frv. var var lagt fram að nýju á 113. löggjafarþingi en í hvorugt skiptið hlaut það afgreiðslu Alþingis. Það frv. byggði á niðurstöðu sem fulltrúar menntmrn. og félmrn. komust að snemma árs 1989 um að stefnt skyldi að sérstakri löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyrði til verksviðs félmrn. og annarri um almenna fullorðinsfræðslu sem heyrði til verksviðs menntmrn.

Í byrjun desember sl. mælti hæstv. félmrh. fyrir frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu sem í samræmi við fyrrgreint samkomulag skyldi falla undir félmrn. Í umræðum þá sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka fram að ég tel mjög brýnt að efla möguleika fullorðinna til að afla sér hvers konar menntunar hvort sem um er að ræða grunnmenntun eða endurmenntun, almenna menntun eða starfstengda. Það er einnig mjög brýnt að góð tengsl séu á milli grunnmenntunar í skóla og endurmenntunar í tengslum við atvinnulífið.

Það er áreiðanlega æskilegast — ja, ég segi áreiðanlega, það er mín skoðun að æskilegast sé að hafa eina rammalöggjöf um fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. en tryggja tengsl við önnur fagráðuneyti og ekki hvað minnst við aðila vinnumarkaðarins. Ýmsir líta hins vegar á starfsmenntun í atvinnulífinu sem málefni aðila vinnumarkaðarins þar sem oft sé stofnað til hennar með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Það er hins vegar spurning, sýnist mér, hvort aðilar vinnumarkaðarins gætu ekki eins haft áhrif þó svo að um ein lög væri að ræða á vegum menntmrn."

Ég hef í sjálfu sér ekki breytt um skoðun á því að æskilegast sé að hafa eina rammalöggjöf um fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. Þar sem frv. hæstv. félmrh. um starfsmenntun í atvinnulífinu er þegar í umfjöllun á hv. Alþingi varð niðurstaðan á þessu stigi málsins að brýnt væri að frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu kæmi fram og fylgdi í kjölfarið. Þessi tvö frv. svo og ákvæði í lögum um framhaldsskóla mundu að mestu ná yfir alla fullorðinsfræðslu. Ekki er þó svo að öllu leyti því eins og kom fram í umræðum á hv. Alþingi í desember sl. mun starfsfræðsla í fiskvinnslu heyra áfram undir sjútvrn.

Á tímum mikilla breytinga í atvinnulífi og harðnandi samkeppni í viðskiptum er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að efla möguleika fullorðinna á því að auka og bæta menntun sína, jafnt almenna menntun sem meira starfstengda. Vissulega hafa orðið miklar breytingar á sviði fullorðinsfræðslu á undanförnum árum. Framboðið hefur aukist og þátttakan einnig. Einna mest hefur breytingin orðið á starfsmenntun í atvinnulífinu. Reiknað er með að um 30% þeirra sem eru á aldrinum 19–75 ára taki árlega þátt í einhvers konar fullorðinsfræðslu. Reyslan er sú að þær starfsstéttir sem mesta menntunina hafa fyrir hafi einnig bestu aðstöðu til að bæta við menntun sína.

Mjög hefur skort á að samræmdar reglur væru til um fyrirkomulag náms fyrir fullorðna. Aðstöðumunur hefur einnig verið eftir landshlutum og eftir starfsstéttum. Mest framboð hefur eðlilega verið á höfuðborgarsvæðinu en á seinni árum hefur í auknum mæli verið reynt m.a. með tilkomu farskóla framhaldsskólanna að bjóða landsbyggðarfólki upp á endurmenntun í heimabyggð. Fjarnám hefur einnig verið að eflast. Bréfaskólinn hefur lengst allra boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða og nú er hægt að stunda nám í sumum kjarnagreinum framhaldsskóla í fjarkennslu.

Á síðasta hausti hóf Fósturskóli Íslands svokallað dreift og sveigjanlegt fóstrunám og Kennaraháskóli Íslands er að undirbúa 90 eininga kennaranám í farskólaformi en það nám á að hefjast á næsta ári. Mikilvægt er að löggjöf á sviði fullorðinsfræðslu drepi ekki í dróma það frumkvæði sem þegar er fyrir hendi á þessu sviði hjá fjölmörgum samtökum, fyrirtækjum, skólum og einstaklingum. Löggjöfin ætti að styðja og styrkja þá starfsemi án þess að komið verði á óæskilegri miðstýringu eða óþarfa skriffinnsku. Einnig er mikilvægt að löggjöf stuðli að góðu samstarfi milli þeirra fjölmörgu sem fást við fullorðinsfræðslu innan og utan við skólakerfið og að þess sé gætt að þekking, húsa- og tækjakostur og námsgögn nýtist sem best.

Frv. það sem hér er lagt fram er að mestu leyti óbreytt frá því frv. sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi af þáv. menntmrh. Ekki var talið mögulegt að

breyta því í neinum grundvallaratriðum þar sem þetta frv. og áðurnefnt frv. hæstv. félmrh. um starfsmenntun eru að vissu leyti spyrt saman í eina heild. Umbreyting, þá hefði ég helst kosið eins og ég sagði áður eina rammalöggjöf, hefði leitt til töluverðrar skörunar. Ég tel ekki rétt að gera slíkt á þessu stigi málsins. Mikilvægast nú er að skapa betri skilyrði fyrir eflingu hvers konar fræðslu fyrir fullorðna.

Meginmarkmið frv. er að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar og að skapa fullorðnum einstaklingum almennt betri skilyrði til að taka þátt í fullorðinsfræðslu. Ýmsir eiga erfitt með að sækja lengra eða styttra nám sökum fjarlægðar, erfiðra samgangna á vetrum eða vegna breytilegs vinnutíma. Hér er ekki síst um mikilvægt byggðapólitískt mál að ræða en eins og staðan er nú er námsframboð mest og fjölbreytilegast á höfuðborgarsvæðinu. Jafnrétti mismunandi þjóðfélagshópa er líka í fyrirrúmi.

Leiða má getum að því á grundvelli upplýsinga sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands aflaði í könnunum á árinu 1991 að milli 30 og 40% fullorðinna yfir þrítugt séu aðeins með grunnskólapróf. Hlutfallið hækkar með aldrinum. Konur eru í meiri hluta. Taka þarf á í þessum málum og auka námsframboð fyrir þessa hópa þar sem áhersla er lögð á samspil milli almennrar hæfni og kunnáttu og sérstakrar starfsþjálfunar.

Annað meginmarkmið frv. er að skapa fræðsluaðilum betri starfsskilyrði þannig að þeir geti boðið fullorðnu fólki upp á fjölbreyttari kosti, betri námsaðstöðu og hagstæðari kjör. Frv. er ætlað að taka til almennrar fullorðinsfræðslu. Með almennri fullorðinsfræðslu er átt við þá fræðslu sem fullorðnum stendur til boða í skólakerfinu, t.d. í öldungadeildum framhaldsskóla, á námskeiðum á vegum annarra skóla og tómstundanám af ýmsu tagi sem boðið er af mörgum aðilum, svo sem framhaldsskólum, námsflokkum, fræðslusamtökum, einkaskólum og einstaklingum. Enda þótt þetta nám sé ekki alltaf beinlínis tengt skólagöngu eða starfi leiðir það mjög oft til þess að þátttakendur taka að stunda nýtt nám eða auka við starfsþekkingu sína.

Samkvæmt frv. nær almenn fullorðinsfræðsla þannig til náms á grunn-, framhalds- og háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum, en einnig til almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms.

Eitt veigamikið atriði í frv. er ákvæði 3. gr. um skipun fullorðinsfræðsluráðs. Eins og mál standa nú hefur enginn aðili fulla yfirsýn yfir þá fullorðinsfræðslu sem er í boði í landinu. Það er heldur enginn sem markar heildarstefnu. Hlutverk fullorðinsfræðsluráðs verður að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, svo sem um námsframboð, forgang verkefna og hópa. Ráðið verður samtengjandi aðili fyrir almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu. Verkefni ráðsins lúta einnig að söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu, samræmingu á námsefni, námsframboði og faglegu mati á þeirri fræðslu sem í boði er, samstarfi milli skóla og annarra fræðsluaðila. Því er ætlað að stuðla að betri menntun kennara og leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu og vera menntamálayfirvöldum og fræðsluyfirvöldum yfirleitt til ráðuneytis.

Í fyrri gerð frv. var skipan fullorðinsfræðsluráðs tilgreind í 3. gr. Þar var gert ráð fyrir nokkuð fjömennu ráði eða alls 13 fulltrúum og skyldu 12 þeirra vera tilnefndir af ákveðnum samtökum eða aðilum. Það er eðlilegt að kalla þurfi til allfjölmennan hóp fólks til að tryggja góð tengsl ráðuneytis við það sem er að gerast á vettvangi fullorðinsfræðslu og á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Ekki var þó talið rétt að binda í lögum samsetningu og stærð ráðsins þar sem slíkt getur verið háð aðstæðum á hverjum tíma. Þykir því rétt að ákvæði sem þetta verði sett í reglugerð.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að einnig verði skipuð fastanefnd um almenna fullorðinsfræðslu sem verði menntmrn. og fræðsluaðilum til ráðuneytis og aðstoðar. Þetta er í samræmi við það sem lagt er til í frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu og felur í sér að á vegum hvors ráðuneytis, menntmrn. og félmrn., starfi sérstakir samstarfshópar um hvort fræðslusvið fyrir sig. Gert er ráð fyrir að flestir nefndarmenn komi úr fullorðinsfræðsluráði.

Til þess að hægt sé að ná þeim markmiðum frv., sem ég hef gert að umtalsefni, er nauðsynlegt að fé verði veitt til verkefnanna. Í 11. gr. frv. er því að finna mjög mikilvægt ákvæði um stofnun menntunarsjóðs fullorðinna. Úr menntunarsjóðnum er ætlað að féð renni fyrst og fremst til þeirra sem sjá um og skipuleggja fullorðinsfræðslu en sjóðnum er einnig ætlað að veita fé til þróunarstarfs, skipulags og undirbúningsvinnu, samningar og útgáfu námsefnis, og til greiðslu stjórnunar- og kennslukostnaðar. Stefnt er að því að við úthlutun úr menntunarsjóði þessum megi veita tiltekinni menntun forgang. Þetta er til þess að veita megi t.d. þeim, sem minnstrar menntunar hafa notið, greiðari aðgang að nýrri þekkingu. Markmið með styrkveitingunum er að stuðla að fjölbreyttu framboði á sviði fullorðinsfræðslu, draga úr kostnaði nemandans við námið og stuðla að því að jafna aðstöðu fullorðinna er hug hafa á skemmra eða lengra námi. Þá er gert ráð fyrir að veita styrki til þróunarverkefna og námsgagnagerðar en oft skortir talsvert á að fræðsluaðilar hafi nauðsynlegt bolmagn til slíkra verkefna.

Gert er ráð fyrir að til sjóðsins renni framlög úr ríkissjóði ásamt öðrum tekjum sem sjóðnum er heimilt að afla sér með útgáfu og fleiru. Ljóst er að það þarf þó nokkuð mikið fjármagn ef lyfta á grettistaki á þessu sviði. Í fjárlögum 1992 er framlag ríkissjóðs til almennrar fullorðinsfræðslu 15,9 millj. kr.

Af öðrum ákvæðum frv. má nefna að taka skal tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegu þroskaferli eða vegna sjúkdóms eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar. Einnig eru ákvæði um ábyrgð fræðsluaðila á þeirri fræðslu sem hann býður. Nauðsynlegt er að þessi ábyrgð fari ekki á milli mála, ekki síst til þess að nemandinn geti reitt sig á að það nám sem hann sækir sé

metið í skólakerfinu eða sé nokkurs virði á vinnumarkaði. Lagt er til að gildistími laganna verði fjögur ár og að þau verði endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Ýmis ákvæði lagafrv. þessa verða útfærð nánar í reglugerð svo sem venja er.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir meginþáttum frv. Að öðru leyti reikna ég með því að frv. skýri sig sjálft. Ég vil undirstrika að frv. tekur á mjög mikilvægu sviði menntamála, sviði sem sennilega verður æ mikilvægara í framtíðinni. Þörf er fyrir að fólk geti aukið og bætt grunnmenntun sína, að það geti oft á lífsleiðinni sótt sér alls konar þjálfun og endurmenntun í styttri eða lengri tíma í skólakerfinu eða utan þess og mun sú þörf án efa aukast mjög á næstu árum. Frv. er liður því að koma til móts við þessa auknu þörf.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það segir ekki nógu góða sögu um Alþingi Íslendinga að það skuli hafa liðið nærri tveir áratugir frá því að fyrst var flutt hér frv. til laga um fullorðinsfræðslu og enn stöndum hér og erum að fjalla um frv. um þennan þýðingarmikla þátt eða þátt sem ætti að vera gildur og þýðingarmikill í fræðslukerfi þjóðarinnar. Við skulum því vona að þessari raunagöngu fari að ljúka og það náist að setja löggjöf um þessi efni á Alþingi. A.m.k. ættu menn að vera búnir að átta sig á því hvað sé þörf á að lögbjóða í þessum efnum. Vissulega var tekið skref í þessa átt með lögum um öldungadeildir menntaskóla á sínum tíma. Ég kann ekki að árfæra hvenær það var gert en það var svona styttri leið sem valin var til þess að greiða fyrir fræðslu fullorðinna í framhaldsskólum eða í tengslum við framhaldsskóla í landinu. Það var góðra gjalda vert að svo var gert enda hafa öldungadeildirnar unnið hið þarfasta verk og orðið mörgum góður skóli og margir sem hafa notað þær sem innkomu á nýjan leik í fræðslukerfi í landinu og aflað sér réttinda fyrir utan almenna fræðslu eftir þeirri leið. Síðan hafa skólar auðvitað verið opnaðir mikið frá því sem áður var þannig að menn hafa möguleika á því að stíga inn í hið formlega skólakerfi með allt öðrum hætti en gerðist án þess að hafa til þess prófgráður eins og við þekkjum, og það er sannarlega vel að það hefur verið gert og e.t.v. hefur það dregið úr þrýstingi á lagasetningu um fullorðinsfræðslu. Eftir sem áður hefur verið spurt eftir slíkri löggjöf og enn er Alþingi beðið um að lögfesta ákvæði um þessi efni.

Fyrsta frv., sem hæstv. ráðherra vitnaði um og varð tilefni þess að ég tók þennan doðrant með mér í ræðustól, var frv. um fullorðinsfræðslu sem fyrrv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson, kenndur við Brekku í Mjóafirði, lagði fram á Alþingi og var mikið mál. Það var mikið að umfangi og var mér raunar minnisstætt þegar mælt var fyrir þessu frv. vegna þess að ég pældi í gegnum þetta sem vesæll skólanefndarformaður austur á landi og við fjölluðum um frv. mjög ítarlega í skólanefndinni í Neskaupstað og veittum umsögn um það. Í þessu þingskjalasafni tekur það yfir frá bls. 322 til 397 þannig að hæstv. núv. menntmrh. er langt frá því að því er snertir umfang málsins að vera jafnoki bóndans frá Brekku sem kom þessu fyrsta frv. hingað inn. Nefnd um þetta efni vann málið fyrir ráðuneytið. Hún var undir forustu Guðmundar Sveinssonar skólastjóra, sem var mjög mikill áhugamaður um fullorðinsfræðslu og flutti um hana útvarpserindi og þessi útvarpserindi er að finna í þessari bók fyrir þá sem vilja kynna sér sögu og hugmyndir og bakgrunn fullorðinsfræðslu aftur í aldir. Þetta er hið fróðlegasta skjal og fyrir utan það er langt heimildasafn, upp á einar þrjár blaðsíður, úr ritum víðs vegar að úr heiminum um málaflokkinn. Þetta mæli ég bara til upprifjunar fyrir okkur í þingnefnd sem eigum eftir að fjalla um þetta sem og aðra áhugaaðila.

En þetta nægði ekki og mig minnir málið hafa komið nokkrum sinnum fyrir Alþingi í ráðherratíð Vilhjálms á Brekku og ekki gekk rófan, ekki var frv. samþykkt eða lögfest.

Síðan hafa verið gerðar atrennur að þessu máli og ein atrennan hófst með glímu uppi í Stjórnarráði. Það er náttúrlega ekki í fyrsta sinn sem er glímt í Stjórnarráðinu eða við ríkisstjórnarborðið um hvernig eigi að halda á málum í sambandi við löggjöf í landinu og var hart glímt og hart deilt. Hæstv. ráðherra fór fljótt yfir þá sögu sem eðlilegt var og gaf um það yfirlýsingu að ekki hefði hann treyst sér í að taka þann rammaslag upp á nýjan leik við hæstv. félmrh. sem forveri hans hefði mátt þreyja og orðið undir, ef ég hef skilið málið rétt. Ein afleiðing þess er sú að við erum hér með tvö frv. sem varða fullorðinsfræðslu í landinu til meðferðar á Alþingi þessa dagana, þ.e. frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hæstv. ráðherra vék að í sinni framsögu og frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Við ræddum hitt málið við 1. umr. fyrr í vetur og var þá einmitt lýst eftir þessu frv. sem nú er fram komið og sem við ræðum. Það var einnig til umræðu í þingnefndum, félmn. að ég held og í öllu falli í menntmn., að ástæða væri til að fá að líta á frv. menntmrh. um almenna fullorðinsfræðslu áður en þingnefndir skiluðu áliti varðandi hitt málið sem félmrh. dreif fram, auðvitað langt á undan menntmrh., enda átti hún það í pússi sínu. Ég veit ekki af hverju hæstv. menntmrh. varð á eftir í þessu kapphlaupi þeirra ráðherranna eða tókst ekki að koma ekki með málið nokkurn veginn jafnhliða þannig að okkur gæfist færi á að fjalla um það samtímis sem æskilegt hefði verið því ég lít svo til að hvað sem líður átökum uppi í Stjórnarráði og við ríkisstjórnarborðið þá höfum við hér á Alþingi frjálsar hendur um að leiða saman mál sem saman eiga og stuðla að því að friður geti tekist og löggjöfin orðin sem best úr garði gerð.

Ég ætla ekki að fara langt út í þá vandræðalegu stöðu sem blasir við okkur í sambandi við frv. sem eru um fullorðinsfræðslu. Það er búið að skila áliti varðandi fyrra málið sem hæstv. félmrh. lagði fyrir þingið, komið er nál. og brtt. og sýnist sitt hverjum. Ég er í hópi þeirra sem tel að rangt sé að staðið í þeim efnum að taka starfsmenntun í atvinnulífinu út úr og tengja ekki við aðra starfsemi í fullorðinsfræðslu og

fara að færa fyrri þáttinn undir allt annað ráðuneyti en það sem fer með meginþætti fræðslustarfsemi í landinu. Og ekki aðeins það heldur er jafnframt í frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu verið að búa til hólf fyrir sjútvrh. til að hafa fræðsluþátt að bjóða á sínu sviði. Allt er þetta mjög ambögulegt svo ekki sé meira sagt því í rauninni er verið að búa til tvöfalt kerfi og reyndar þrefalt, með tilheyrandi ráðum og nefndum sem eiga að fjalla um þetta og tveimur sjóðum sem eiga að fjármagnast af fjárlögum. Þetta er auðvitað ekki hægt. Það er auðvitað ekki frambærilegt að koma með mál svona fyrir þingið. En það er ekki í fyrsta sinn. Þetta hefur legið fyrir okkur áður og nú er okkar að breyta þessari vitleysu, vinda ofan af þessari þrætu sem leiðir auðvitað bara til ófarnaðar og erfiðleika í sambandi við að efla málaflokkinn, að efla fullorðinsfræðsluna. Það er það sem liggur fyrir okkur og ég þykist vita að við getum fengið a.m.k. bakstuðning hæstv. ráðherra þó hann kannski hafi ekki mjög hátt um það svona af herkænskuástæðum, en ég treysti því að við gætum átt von á bakstuðningi hæstv. ráðherra til þess að færa þetta í skynsamlegt horf, þó hann ekki treysti sér í glímuna þarna upp frá.

Það sem kemur í ljós þegar þessi mál eru borin saman er að í rauninni er verið að búa til tvöfalt kerfi. Það sem mér þykir síst til eftirbreytni í þessum málum er það sem snýr að stefnumótun. Starfsmenntaráðinu, sem félmrh. ætlar að ráða yfir, er ætlað að hafa frumkvæði um mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs. Og síðan ætlar hæstv. menntrmh. að skipa fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn til að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu. Og hvað er fullorðinsfræðsla, almenn fullorðinsfræðsla og hvað er starfsmenntun og hvernig er greint þarna á milli? Það er þrautin þyngri að hólfa þetta sundur. Það verður þrautin þyngri fyrir viðskiptaaðila Stjórnarráðsins, þjóðina, að vita í hvort ráðuneytið á að skrifa. Það er náttúrlega alveg undir hælinn lagt hvort bréfin verða flutt á milli ráðuneyta ef þau skyldu lenda á röngum stað, því það er engin tenging þarna á milli. Þess er gætt svo vandlega að hvorugur viti af öðrum að í þessum ráðum, fullorðinsfræðsluráði og starfsmenntaráði, sem allnokkrir eiga sæti í, mig minnir sjö hjá hæstv. félmrh., samkvæmt hans frv. Þar er enginn frá hinu ráðuneytinu. Það er passað að sýna ekki á spilin. Það er passað að engin tengsl séu þarna á milli og hvorugur viti af öðrum, svo vandlega er séð fyrir þessari sundurgreiningu. Og ég andmæli þessari stefnu og að fá afkvæmi þessarar þrætu inn á Alþingi í þessu formi. Hér er óskynsamlega á máli haldið og auðvitað óskynsamlegt hvernig sem á málið er litið, en það má ekki hins vegar verða til þess að við missum sjónar á málefninu. Við verðum að reyna að leiða þessi mál hér til einhverra lykta þannig að málefnin gjaldi ekki fyrir þetta fram á næstu öld. Ég veit ekkert hvað hæstv. núv. félmrh. endist í starfi. Hún er einbeitt og gæti vel átt það til að halda hér út og þreyja þorrann ef hún má ráða eitthvað fram eftir áratugnum og kannski lengur. — Hvað segir hv. þm. mér á vinstri hönd um það? Hann kann að meta það betur en ég. Auðvitað vona ég að við sjáum núv. hæstv. menntmrh. í þingsölum en ég vona að hann vermi ekki stólana í menntmrn. allt of lengi. Það er önnur saga sem ekki tengist beint þessu frv.

Það er á þessum þáttum sem ég vildi vekja athygli og þessum tengslum og nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er kannski í boði að við dokum við með afgreiðslu hins málsins þannig að menntmn. geti tekið á málinu? Ekki hefði ég á móti því að hún talaði við félmn. því þær þurfa að vita hvor af annarri þó að hin sé búin að afgreiða fyrra málið frá sér þannig að okkur gefist kostur á því að leita að einhverri farsælli niðurstöðu í þessu máli en efnt er til samkvæmt þessum stjórnarfrumvörpum.

Það einkennir þetta mál hæstv. menntmrh. fyrir utan efnið að það er ekki stórt að umfangi. Það er smátt miðað við málið frá Vilhjálmi á Brekku á sínum tíma og það byggir mikið á því að vísa málum í reglugerð. Út af fyrir sig er það í máli sem þessu stefna sem ég ætla ekki að hafa á móti að sé notuð, að vísa til reglugerðar um útfærslu á ýmsum þáttum eins og hér er gert ráð fyrir.

Mér finnst að það þurfi að fara ofan í saumana á þessu máli, auðvitað með tilliti til efnis þess en einnig með hliðsjón af hinu málinu og hvernig þetta megi allt saman bæta þannig að málið hafi sóma af umfjöllun þingsins og við náum fram löggjöf um þetta. Auðvitað verðum við að rista okkur fram úr þessum málum í þinginu þó við séum sáróánægð með það sem að okkur er rétt af ríkisstjórnarinnar hálfu í þessum efnum. Ég tala þar fyrir mig og við höfum látið til okkar heyra frá bæði félmn. og menntmn. sem sitjum í þeim nefndum af hálfu Alþb. og ég túlka viðhorf sem við stöndum þar fyrir og höfum þegar kynnt vegna hins fyrra málsins.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Til umræðu er mál sem er okkur, sem höfum setið einhver ár í þinginu, ekki alveg ókunnugt. Þó að nokkuð hafi verið deilt um hvaða skipan eigi að hafa á þessum málum er ég þeirrar skoðunar að við verðum að reyna það fyrirkomulag sem nú er orðin niðurstaða um, að þarna verði um tvenns konar lagasetningu að ræða, annars vegar lög um almenna fullorðinsfræðslu og hins vegar starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eins og kemur fram í 16. gr. skulu lögin endurskoðuð að fjórum árum liðnum og hlýtur þá að koma aftur til kasta Alþingis að meta hvernig til hafi tekist og móta tillögur til framtíðar með þá reynslu að leiðarljósi. Mér finnst það aldeilis ótækt að við látum líða fleiri áratugi án þess að sett séu lög um almenna fullorðinsfræðslu í landinu. Þó að ég viðurkenni að ég er ekki alveg sannfærð um að það sé rétt að hafa þennan hátt á sem hér eru gerðar tillögur um þá met ég það meira að við hefjum starfið. Reynist þetta kerfi ekki nógu vel og þetta fyrirkomulag þá, eins og ég sagði áðan, verði það skoðað að fjórum árum liðnum.

Eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra og

hv. 4. þm. Austurl. reyndar líka þá er um mjög mikilvægt mál að ræða og ekki síst fyrir landsbyggðina. Það er vitað að þessi mál hafa fengið ákveðinn forgang víða hjá nágrannaþjóðum okkar, þar hefur þeim verið sinnt og þau leitt margt gott af sér.

Ég vil nefna í þessu sambandi, án þess að ég ætli að fara að gera það að umræðuefni, að síðar á dagskránni í dag er mál, sem ég flyt ásamt fleiri þingmönnum, um samskipti menntastofnana með tölvum og opnar ýmsar leiðir og gefur möguleika sem t.d. geta nýst í sambandi við fullorðinsfræðslu, ekki síst í strjálbýli. Það þurfi ekki alltaf að vera um það að ræða að fólk ferðist til ákveðins staðar og taki þar þátt í námi heldur sé hægt að nýta tölvuna miklu, miklu meira en gert hefur verið fram að þessu. Reyndar er merkilega mikið búið að þróa samstarf gegnum tölvur án þess að það hafi farið mjög hátt í þessu þjóðfélagi. Þar hefur skólastjóri á Kópaskeri unnið mikið brautryðjendastarf og gífurlegir möguleikar eru auðsjáanlega fram undan. Ég ætla ekki að fara út fyrir þetta umræðuefni sem hér er á dagskrá með því að gera það frekar að umræðuefni sem í þeirri tillögu felst en mér þótti ekki óeðlilegt að nefna hana þar sem hún tengist mjög þessu máli.

Frv. verður vísað til hv. menntmn. þar sem ég á sæti og ég mun leggja mig fram um að það eigi skjóta leið í gegnum þá nefnd, eða a.m.k. mun ég ekki tefja fyrir því að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram en þykir slæmt að það skuli ekki hafa komið fram fyrr á þessu þingi þannig að það væri nokkuð ljóst að við gætum afgreitt það. Ég vona að það hve seint það kemur fram verði ekki til þess að það hljóti ekki afgreiðslu. Eins og fram hefur komið er þetta ekki í fyrsta skipti sem samið er frv. til laga um fullorðinsfræðslu og eru orðin nokkuð mörg ár síðan slíkt frv. var fyrst samið.

Ég hefði talið eðlilegra og betra fyrirkomulag að það væru ein lög sem fjölluðu um alla fullorðinsfræðslu, bæði þá sem hér er kölluð almenn fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífinu, eins og það er nú kallað. En það hefur verið kosið að flytja um málið tvö frumvörp og þykir mér það miður. Ekki er endanlega búið að afgreiða lög um starfsmenntun í atvinnulífinu en mér skilst að félmn. sé búin að afgreiða málið svo að það er of seint að óska eftir því að þessi tvö frumvörp verði rædd saman. Það var talað um það, þegar mælt var fyrir frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu, að von væri á frv. til laga um fullorðinsfræðslu. En greinilegt er að það hefur tekið lengri tíma en von var á þá og því miður er búið að afgreiða hitt frv. frá nefndinni en hún hefði átt að fjalla um þau saman.

Þrátt fyrir þessa annmarka, sem ég tel þó nokkra, er auðvitað betra að fá löggjöf um fullorðinsfræðslu, þ.e. bæði starfsmenntun í atvinnulífinu sem og þessa svokölluðu almennu fullorðinsfræðslu, en ekki neitt. Ég tel að það sé betra en festa okkur í deilum um hvar eigi að vista þessa fræðslu.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að á 108. löggjafarþingi var flutt þáltill. Fyrsti flm. var Guðrún J. Halldórsdóttir, sem þá var á þingi fyrir Kvennalistann sem varaþingmaður. Það var till. til þál. um fullorðinsfræðslulög. Meðflutningsmenn að þeirri tillögu voru Guðrún Agnarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, núv. hæstv. félmrh., og Kristín Halldórsdóttir. Sem fskj. með þeirri tillögu er frv. sem tekur á fullorðinsfræðslu í heild, bæði starfsmenntun í atvinnulífinu og fullorðinsfræðslu. Mér fellur miklu betur það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í því frv. Þar er tekið á almennu námi sem er hliðstætt námi við grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla. Einnig er fjallað um starfsnám og félagslega menntun og fleira.

Þó að ég telji mjög gott að fá þetta frv. og hafi nokkrar athugasemdir og spurningar, sem ég vildi koma á framfæri, finnst mér miður að ekki skyldi hafa náðst samkomulag um það innan Stjórnarráðsins hvernig með þetta mál skyldi fara. Þarna verður óhjákvæmilega mikil skörun og getur orðið til þess að verkefnum sé drepið á dreif og ekki tekið á þessum málum heildstætt eins og þó er gert ráð fyrir í frv. ef það verður að lögum. Það kemur í athugasemd við 3. gr. en þar segir: „Vonast er til að þetta fyrirkomulag“, þ.e. fyrirkomulag um fullorðinsfræðsluráð sem verið er að tala um, „leiði til nauðsynlegs samræmis og samstarfs þeirra sem fást við fullorðinsfræðslu.“ Auðvitað getur maður alltaf vonað en ég óttast að það rætist því miður ekki. Á bls. 5 í greinargerðinni segir, með leyfi forseta, þegar talað er um yfirstjórn fullorðinsfræðslu: „Þó fjallar kaflinn um yfirstjórn fullorðinsfræðslu að hluta um starfsmenntun í atvinnulífinu samanber athugasemd við 3. grein.“ Það las ég áðan. „Rétt er að leggja áherslu á að við setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og samningu reglugerða á grundvelli hvorra tveggja laganna er nauðsynlegt að gæta fyllsta samræmis, þannig að öll fullorðinsfræðsla eigi heima undir tilteknum lögum og geti notið tilstyrks sem í þeim lögum felst.“

Ég er þessu innilega sammála en ég átta mig ekki á því hvernig það fellur undir tvo lagabálka. Ég endurtek þó að ég tel betra að fá þetta allt saman fram og athuga hvernig málin þróast og hvernig þetta muni þá ganga með því að hafa það undir þremur ráðuneytum og lít á það sem tímabundið fyrirkomulag enda minnir mig að í frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sé gert ráð fyrir endurskoðun laganna eftir þrjú ár. Þá hlýtur að þurfa að endurskoða það sérstaklega með tilliti til þessa atriðis, þ.e. hvort ekki sé rétt að setja ein almenn lög um alla fullorðinsfræðslu.

En það er 3. gr. sem mér finnst dálítið sérkennileg og ástæða til að spyrja hvað ráðherra hefur í huga og hvort hann hefur hugleitt hversu margir yrðu í þessu fullorðinsfræðsluráði. Hann minntist á að gert hafi verið ráð fyrir þrettán manns í fyrra frv. og þar af hafi verið tólf sem voru tilnefndir af ákveðnum fulltrúum og einn frá ráðuneytinu væntanlega. Mér þykir sérkennilegt að ekkert skuli vera kveðið á um það hverjir ættu að eiga sæti í þessu ráði, hvorki fjöldi né á neinn hátt gefið til kynna hverjir ættu sæti þar.

Mig langar að geta þess, virðulegi forseti, hvernig

gert var ráð fyrir skipun þessara mála í þeirri nefnd sem Guðrún J. Halldórsdóttir sat í og skilaði til ráðherra tillögum árið 1984, held ég að það hafi verið. Ef ég má lesa upp segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Ráðið skal skipað fjórum fulltrúum tilnefndum af heildarsamtökum þeirra aðila sem annast fullorðinsfræðslu, einum fulltrúa úr fræðsludeild menntmrn., tilnefndum af menntmrh., einum fulltrúa frá Ríkisútvarpinu, tilnefndum af útvarpsráði, og einum fulltrúa, tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga." Þarna er Ríkisútvarpið með vegna þess að gert var ráð fyrir að reyna að nýta, eins og gert er í þessu frv,. útvarp og fjölmiðla til hjálpar við kennsluna. Þetta nefni ég ekki vegna þess að ég sé endilega að segja að þetta sé það eina rétta en mér hefði þótt eðlilegra að einhver ákvæði væru í frv. um það hverjir ættu að tilnefna í ráðið. Ég tel einnig nauðsynlegt að ef það verður niðurstaðan að starfsmenntun í atvinnulífinu eigi að heyra undir félmrn. og sjútvrn. sé eðlilegt að sjá um einhverja tengingu þarna á milli meðan það fyrirkomulag er við lýði vegna þess að það getur orðið erfitt skipulagslega.

Ég legg áherslu á IV. kafla frv. sem er mjög mikilvægur kafli, þ.e. að einhver peningur komi í þetta allt saman. Því miður hefur allt of litlu fé verið varið til menntamála á síðustu árum og ekki batnar það. En ég tel mjög mikilvægt að framlag ríkissjóðs í þennan menntunarsjóð verði þannig að eitthvað sé hægt að gera í þessum málum, það verði ekki skorið við nögl sem þarna er lagt fram. Það er talað um framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert og þykir mér mjög mikilvægt að séð sé til þess að hægt sé að taka á þessum málum. En 12. gr. gerir grein fyrir því hverjir geta sótt um styrk í þennan sjóð.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa fleiri orð um málið við 1. umr. en ég legg áherslu á að menntmn. geti fjallað um frv. og við getum afgreitt það fyrir þinglok. Ég get því miður ekki lagt annað til í þeim efnum. Ekki er ég í menntmn. og þess vegna get ég ekki annað en vonað að hægt verði að afgreiða málið fyrir þinglok svo mikilvægt sem ég tel að það sé.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því að fullorðinsfræðslumál eru til umræðu og vonandi afgreiðslu á þessu þingi. Það var fróðlegt að heyra það sem hv. 4. þm. Austurl. upplýsti að málið væri orðið jafngamalt og raun ber vitni. En mér finnst yfirleitt að frv. sem hér liggur fyrir sé mjög til góðs og vænti þess að það fái góðan framgang. Hins vegar vil ég segja varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði að þessi mál, frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu og um starfsmenntun í atvinnulífinu, hengju saman að ég held að það sé rétt. En gallinn er sá að þau fara ekki samferða gegnum þingið.

Ég kom á fund í menntmn. á fyrsta morgni mínum í þessari þingsetu þar sem menntmn. var að gefa umsögn um frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu til félmn. Ég kom að þessari umræðu rétt í þann mund sem nefndin var að afgreiða málið frá sér og taldi mig ekki hafa forsendur til þess að gera ágreining á þeirri stundu þar sem ég hafði ekki fylgst með umræðunum eða gat gefið mér tíma til þess að gaumgæfa öll þau gögn sem að þessu sneru. En mér finnst rétt að það komi fram hér að ég tel þessi mál í rauninni eðlilegar komin í menntmn. en félmrn. og þá fyrst og fremst með hliðsjón af því að þarna er um að ræða námsefni, gert er ráð fyrir að menntmrn. hafi með höndum mat á því sem þarna fer fram og oft og tíðum er um að ræða rökrétt framhald fyrra náms. Ég tel mjög mörg rök hníga að því að svo eigi að vera. Það virðist ljóst að þetta fer fram sem tvenn lög núna og hvað sem öðru líður eru þau bæði, þrátt fyrir allt, rökrétt og allgott framhald af þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

Þegar öldungadeildir komu til skjalanna held ég að þeim hafi fylgt mikil vakning fyrir alþýðu manna. Það skapaðist nýr möguleiki, fyrst eingöngu í þéttbýli en ótrúlega fljótt eftir tilkomu þeirra var farið að auka framboð í ýmsum greinum og breyta áherslum. Það var nokkurn veginn um sama leyti sem gömlu farskólarnir lögðust niður að farið var að huga að nýjum farskólum og nú starfa farskólar á framhaldsskólastigi sem gefa fólki einmitt mjög vaxandi möguleika á því að afla sér menntunar á fullorðinsárum. Það er að sjálfsögðu mjög af hinu góða.

Það sem þessum lögum er kannski fyrst og fremst ætlað er að starfa við hliðina á og auka fjölbreytina til viðbótar við það sem framhaldsskólarnir og öldungadeildirnar hafa gert. Einkaaðilar hafa í vaxandi mæli verið á ferðinni og ég hugsa að við verðum meira varir við þetta á landsbyggðinni en menn hér á þéttbýlissvæðunum. Þeir koma gjarnan með hin og þessi námskeið, mörg hver hin gagnlegustu. Það eru bæði verk- og listgreinar, námskeið í tölvufræðum, í skrifstofumennt og fjöldamargt annað. Ekki ætla ég að amast við þeirri ágætu starfsemi. Hins vegar er skylt að geta þess að einmitt lög, eins og hér er fjallað um, gætu komið að gagni við það að samræma störf þessara aðila, hafa eftirlit með þeim og sjá til þess að það gjald sem þeir taka af þeim sem þessa fræðslu þiggja og það nám eða fræðsla sem þeir bjóða haldist í hendur. Ég held að þetta hafi færst til betri vegar á undanförnum árum en fyrir fáeinum árum þegar þetta var að byrja voru dæmin dálítið slæm sem við sáum og ég vil nefna svona aðeins eitt til glöggvunar. Fyrstu námskeiðin af þessu tagi tengdust verulega mikið tölvum og ýmsu sem þeim tilheyrði. Ég get nefnt dæmi um aðila sem bauð fram tölvunámskeið, skrifstofustörf og sitthvað fleira úti á landi, þetta var reyndar á Norðurlandi. Hann fékk til liðs við sig kennara sem starfaði þar á staðnum og bað hann að kenna íslensku á þessu tölvunámskeiði hvað hann bjó sig undir að gera og hóf störf. Síðan þegar hann var nýbyrjaður á þessu og var í óðaönn að kenna sínum nemendum kom stjórnandinn að máli við hann og sagði honum að hann væri á villigötum því þá var hann að kenna um ypsílon. Þetta, sagði stjórnandinn, þarftu alls ekki að kenna því að við gerum ekki ráð fyrir að kennt sé um ypsílon. Þau fá bara lista. Þetta er dæmi um hvernig menn litu á sitt hlutverk. Þau fá orðalista yfir ypsílonin, sagði hann. En sem ber

fer fara þessi námskeið, þetta fullorðinsfræðsluefni sem boðið er, stöðugt batnandi og ég held að þar komi kannski eitthvað við sögu samkeppni. Engu að síður er mjög til bóta að yfir þetta náist einhver umsjón og hægt verði að hafa bæði eftirlit og kannski aðstoð við þetta og sömuleiðis margháttaða samræmingu.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að 15,9 millj. eru ætlaðar í fjárlögum 1992 til þessara starfa. Þar að auki er hér ákvæði um menntunarsjóð fullorðinna. Svo nauðsynlegt sem það starf, að koma á öflugri og vandaðri fullorðinsfræðslu, er hlýtur öllum að vera ljóst að slíkt kostar peninga og ég vil leggja á það áherslu — eins og ég er þó hlynntur því að fullorðinsfræðslu verði gerð góð skil — að við megum ekki draga úr grunnmenntun til þess að spara saman fyrir þessu. Við verðum að sjálfsögðu að halda því fram sem við mögulega getum til að grunnmenntun, þ.e. grunnskóli og framhaldsskóli, haldi sínum kjörum jafnframt því sem við bætum við menntunarvettvanginn.

Það hefur verið svo með þau frumvörp sem hingað hafa komið inn í þingið síðustu daga að þau hafa verið æðimörg og jafnframt hefur verið nokkuð annasamur tími svo að það er misjafnt hvað menn hafa haft mikinn tíma til að gaumgæfa hvert einstakt mál. Mig langaði aðeins til þess að víkja að nokkrum efnisatriðum þessa frv. Hér er auðvitað tekið fram í 1. gr. og undirstrikað þar með „í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma". Það er svo sem ekki tekið fram í öllum lögum en er þó í framkvæmdinni, eins og allir vita, í samræmi við fjárveitingar þar sem fjárlög upphefja önnur.

Varðandi yfirstjórn fullorðinsfræðslu, II. kafla, og skipulag almennrar fullorðinsfræðslu sem er III. kafli. Ég hefði gjarnan viljað sjá þetta frv. þannig að II. kaflinn dytti út eins og hann leggur sig. Þetta er í samræmi við athugasemdir sem ég gerði við frv. að grunnskólalögum fyrir ári síðan. Ég er þeirrar skoðunar að umfang stjórnar á þessum málum batni ekki endilega í réttu hlutfalli við fjölda þeirra sem settir eru til að stjórna. Ef við lítum hér á 3. gr.: „Menntamálaráðherra skipar fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn til að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu. Kveða skal á um skipan ráðsins í reglugerð." Hér vantar fjöldann. Ég held að annað sé óskynsamlegt en tekið sé á því í lögunum sjálfum. Síðan kemur 4. gr. um verkefni fullorðinsfræðsluráðs. Ég sé ekki annað en þessi verkefni mundu velflest falla prýðilega að þeim verkefnum sem fullorðinsfræðslunefnd um almenna fullorðinsfræðslu, er ætlað að annast. Undir lið a stendur að hlutverk fullorðinsfræðsluráðs sé að: „vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, jafnt starfsmenntun samkvæmt sérstökum lögum sem almenna fullorðinsfræðslu". Mér finnst í samræmi við það sem ég sagði áðan svolítið sérstakt við þessi starfsmenntunarlög, sem eiga heima innan félmrn., að þar er samt nefnd sem á að vera til ráðuneytis innan menntmrn. auk þess sem gert er ráð fyrir að mat á störfum félmrn. sé á hendi menntmrn. Ef þetta á að vera svona gætu allar þessar greinar, a, b, c, d, e og f átt heima innan 6. gr. í verkefnum sem þar eru talin upp. Þá mundi b-liður heyra undir d-lið í 6. gr. og annað fellur að almennu hlutverki þessarar nefndar um fullorðinsfræðslu. Ég hefði því talið eðlilegt að í stað þessa ráðs kæmi nefnd sem hefði betri starfsskilyrði og gæti starfað betur að þessum málum í stað þess að dreifa þeim á fjöldamarga aðila sem e.t.v. hafa tæpast möguleika á því að rækja þetta starf eins og gert er ráð fyrir í lögunum. T.d. er gert ráð fyrir því að margt sé sérfræðilegs eðlis, að „afla gagna og miðla upplýsingum um fullorðinsfræðslu í landinu og erlendis". Það er fullorðinsfræðsluráðinu ætlað að gera. Sömuleiðis á það að „beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna".

Ég sé ekki nauðsyn á því eða ástæðu til að ætla að störf verði betri með því að hafa þarna annars vegar fullorðinsfræðsluráð og hins vegar fullorðinsfræðslunefnd sem starfa að sömu verkefnum og eiga meira og minna að fjalla um sömu mál. Reyndar er gert ráð fyrir því að fjórir af fimm nefndarmönnum í fullorðinsfræðslunefnd eigi sæti í fullorðinsfræðsluráði.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni með 8. gr., þar stendur: „Við skipulagningu og framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu skal tekið tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar." Það er mjög gott að sjá þessi ákvæði hérna inni en svo er náttúrlega spurning hvernig gengur að framfylgja þeim. En orð eru til alls fyrst og út af fyrir sig er mjög ánægjulegt og gott að þetta skuli sett í frv.

En það er annað sem ég var að velta fyrir mér í 9. gr. Þar stendur: „Skólahúsnæði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla."

Nú getur verið að mér hafi sést yfir það í frv. eða athugasemdum en ég hef ekki séð að fræðsluaðili væri skilgreindur og þá velti ég fyrir mér hvort þessi lög, ef samþykkt verða, geta falið hverjum sem er rétt til þess að krefjast afnota af skólahúsnæði. Ég held að nauðsynlegt sé að það sé ljóst hverjir teljast fræðsluaðilar í þessu tilviki. Það er reyndar talað síðar um fræðsluaðila sem eiga rétt á styrk. En ég vil benda á það að ef ekki er skilgreint frekar hver er fræðsluaðili þá erum við í rauninni að segja að hverjum og einum sem dettur í hug að fræða einhverja aðra um hvað sem er beri réttur til að nota skólann. Ég held að rétt væri að hafa þetta skýrar tilgreint.

Um menntunarsjóð fullorðinna er að sjálfsögðu allt hið besta að segja og eins það hverjir geti fengið styrk úr þeim sjóði. Ég sé ekki annað en að þar sé um mörg og góð verkefni að ræða. Mig langar að spyrja hvort hugmyndin sé að stofna til þessa sjóðs þegar eftir samþykkt laganna eða hvort eitthvað hefur verið ráðgert um hvenær til hans verður stofnað og hvort honum verði þá tryggt nægilegt fjármagn. Þessi sjóður verður að litlu gagni nema til hans komi fjármagn, trúlega nokkurn veginn í þá veru sem greinargerðin gerir ráð

fyrir. Það eru, ef ég man rétt, um 5% af framhaldsskólaframlaginu. Þar er um að ræða allverulega fjárhæð en með minna þyddi líklega ekki að fara af stað.

Um fullorðinsfræðsluráð segir í greinargerð: „Talið er rétt að forðast beri flóknar reglur um fullorðinsfræðslu og ekki sé ástæða til að lögfesta viðamikið stjórnkerfi í kringum þetta menntunarstig." Mér finnst þetta frekar styðja þessar hugmyndir en hitt.

En að öðru leyti og að þessum athugasemdum gerðum sem ég hef borið hér fram vil ég lýsa aftur yfir ánægju minni með því að frv. skuli vera komið fram. Ég vonast til að um það náist sátt að almenn fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífinu geti með einhverjum hætti orðið samstiga. Ég tel æskilegt að starfsmenntunin njóti, hvernig sem með vistun hennar verður farið innan ráðuneytis, leiðsagnar og þekkingar sem er að finna í menntmrn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir sem frv. hefur fengið hjá hv. ræðumönnum. Við getum verið sammála um að það sé ekki gott til afspurnar fyrir hv. Alþingi að svo langur tími skuli hafa liðið frá því að tilraunir hófust til að koma frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu í gegnum þingið. En það er staðreynd sem blasir við og ég hlýt að láta í ljós þá von að okkur takist að fá þetta mál afgreitt á þessu þingi. Það hefur verið fundið að því hversu seint frv. er lagt fram. Ég viðurkenni að það er seint á ferðinni, því miður. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Við eyddum kannski of löngum tíma í að kanna hvort æskilegt væri að gera frekari breytingar á frv. frá því sem áður var. Niðurstaðan varð sú, og tók kannski óþarflega langan tíma að fara yfir málið, að á því eru gerðar hverfandi litlar breytingar. Ég hef þegar skýrt þær og þær varða einkum 3. gr. sem hefur verið gerð að umtalsefni af nokkrum hv. ræðumanna. Ég endurtek aðeins það sem ég sagði í framsögu minni að ekki þótti rétt að binda þetta niður eins og gert var í fyrra frv. þar sem þrettán aðilar voru tilgreindir eða tólf tilgreindir fulltrúar ákveðinna samtaka. Það þótti skynsamlegra að setja ákvæði um það í reglugerð vegna breytinga sem á geta orðið og aðilar kynnu að vilja koma þar inn sem ekki væru þá taldir upp í lögunum og þyrfti þá að breyta þeim. Mér þykir satt að segja líklegt að farið verði mjög nærri því sem var í fyrra frv. að biðja um tilnefningar þeirra aðila sem þar eru taldir upp en ákvæði um það verða, eins og ég segi, að koma í reglugerð.

Það hefur komið upp aftur nú, sem kom einnig upp í umræðunni um frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu, að flestum sem hafa tjáð sig sýnist að réttara sé að þessi mál, bæði starfsmenntun í atvinnulífinu og almenn fullorðinsfræðsla, séu á verksviði menntmrh. Ég lýsti þeirri skoðun minni við umræðuna um frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu að mér sýndist það skynsamlegri leið. En samt er það svo að um þetta varð samkomulag milli núverandi stjórnarflokka, alveg eins og var milli þeirra flokka sem stóðu að fyrrverandi ríkisstjórn. Mér sýnist því að það sé Kvennalistinn einn sem hefur ekki tekið þátt í slíku samkomulagi. Allir aðrir flokkar, sem nú eiga fulltrúa á þingi, hafa fallist á að hafa þetta með þeim hætti sem við erum nú að ræða í þinginu.

Ég nefni það, vegna þess að það hefur verið gert að umtalsefni, að hv. félmn. hefur þegar skilað nál. og komið hefur brtt. frá henni við frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu og hv. menntmn. hefur veitt sína umsögn. Málið er þó ekki komið lengra en það að auðvitað er hægt að ræða það áfram í nefndum, það leyfa þingsköp. Ég bendi bara á það án þess að ég sé nokkuð að hvetja til þess að farið verði að setja þessi mál í hættu við það að taka þau aftur upp í þingnefndunum. En það er sem sagt hægt, það er ekkert sem bannar það.

Hér hefur verið rætt nokkuð um að tengingu skorti milli þessara frv., annars vegar um almenna fullorðinsfræðslu og hins vegar um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í því sambandi vil ég aðeins koma að því sem hv. þm. Pétur Bjarnason ræddi hér áðan varðandi II. kaflann sem honum sýndist mega falla brott, Yfirstjórn fullorðinsfræðslu. Það er sjónarmið út af fyrir sig en ég bendi aðeins á að sá kafli fjallar um yfirstjórn þessarar fullorðinsfræðslu yfirleitt og tengist þannig starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er verkefni fullorðinsfræðsluráðsins að vera stjórnvöldum almennt til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu eins og segir í 4. gr. Í III. kafla, í 5. gr., er fjallað um skipan fimm manna nefndar um almenna fullorðinsfræðslu. Hún er hins vegar eingöngu undir menntmrn. og er menntmrn. og fræðsluaðilum til ráðuneytis. Á þetta bendi ég en útiloka ekki að það megi taka þetta saman í einn kafla og jafnvel undir eina og sömu nefndina. Mér finnst sjálfsagt að það sé kannað frekar.

Ég nefndi í minni framsögu hvaða fjárveitingar væru til fullorðinsfræðslunnar á árinu 1992 og það eru 15,9 millj. Ég sagði einmitt að það væri alveg ljóst að það þyrfti að bæta við þá fjárhæð ef þetta frv. verður samþykkt og má raunar segja hvort eð er. En ég bendi á að auðvitað er miklu meiri fjármunum varið til fullorðinsfræðslumála á þessu ári en þessum 15,9 millj. Mig minnir að til starfsmenntunar í atvinnulífinu séu á fjárlögum eitthvað yfir 40 millj. kr. og ef ég man rétt eru hjá sjútvrn., vegna sérstakrar fræðslu á sviði fiskiðnaðarins, um 60 millj. Það eru því á annað hundrað milljónir til ráðstöfunar í þessum fræðslumálum almennt. En ég tek undir það og ítreka að það þarf að bæta við þetta fjármagn. Eins og segir í frv. er það háð fjárveitingum frá Alþingi og mér sýnist það liggja í augum uppi að verði frv. að lögum hlýtur menntunarsjóður að fá framlag á næstu fjárlögum. Það mundi þá þýða að á fjárlögum ársins 1993 yrði framlag til menntunarsjóðs fullorðinna sem ákvæði eru um í 11. gr. frv.

Varðandi 9. gr. og spurningu hv. þm. Péturs Bjarnasonar um hvort hún þyddi það að hver sem er geti krafist afnota af skólahúsnæði þar sem ekki sé nægilega skilgreint í frv. hverjir fræðsluaðilar eru. Ég skil greinina alls ekki þannig að hver sem er geti krafist afnota af skólahúsnæði og ég bendi aðeins á í því sam-

hengi að í greininni sjálfri er gert ráð fyrir að sett verði sérstök reglugerð og hún mun áreiðanlega taka á þeim þætti líka.

Ég held það sé ekki fleira sem ég tel ástæðu til að koma að en ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 680.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vernd barna og ungmenna. Frv. er samið af nefnd sem skipuð var hinn 30. apríl 1987 af þáverandi menntmrh. Sverri Hermannssyni. Frv. var lagt fram sem stjfrv. á 112. og 113. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frv. felur í sér heildarendurskoðun á lögum um vernd barna og ungmenna frá árinu 1966. Frv. tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur á þessum tíma en aðstæður barna, þekking á málefnum þeirra og tiltæk úrræði í barnavernd hafa tekið miklum breytingum frá því að gildandi lög um barnavernd voru sett. Hér má sérstaklega nefna uppbyggingu í félagslegri þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga, eflingu dagvistar og sálfræðilegrar þjónustu í skólum, aukna faglega þekkingu, tilurð ýmissar starfsemi fyrir unglinga og starfsemi útideilda.

Með frv. er leitast við að samræma ýmis lög er þetta varða svo sem barnalög, nr. 9/1981, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lög um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í því frv. sem hér er lagt fram er lögð áhersla á að skilgreina barnavernd út frá þörfum barna og að hagsmunir barna sitji í fyrirrúmi. Annað meginsjónarmið sem frv. er byggt á er sú nauðsyn að barnaverndarmál séu samþætt annarri félagslegri þjónustu og að starfshæfar einingar standi að framkvæmdinni. Hvað þetta atriði varðar sérstaklega er tekið mið af þeirri réttarþróun sem orðið hefur á Norðurlöndum þar sem umfjöllun barnaverndarmála er í höndum þeirra aðila sem fjalla um félagsleg mál. Því er lagt til að yfirstjórn barnaverndarmála verði framvegis í höndum félmrn. í stað menntmrn. eins og nú er.

Barnaverndarstörf tengjast með ýmsum hætti félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaga og þykir því fara betur á því að yfirstjórn þessara mála verði í sama ráðuneyti. Jafnframt er lagt til að leiðbeiningarskylda sú og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda sem verið hefur í höndum barnaverndarráðs fari fram í félmrn. enda þykir ráðuneytið hafa mun betri aðstöðu en barnaverndarráð til að hafa virkt eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og skyldum sveitarfélaga og hafa þar áhrif á ef þessir aðilar bregðast lögboðnum skyldum sínum.

Hvað varðar það atriði að brýnt sé að starfshæfar einingar standi að framkvæmd í barnaverndarmálum er lagt til að barnaverndarumdæmi verði stækkuð frá því sem nú er enda verður að líta svo á að barnaverndarstarfi verði ekki hægt að sinna á fullnægjandi hátt í svo smáum einingum sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir.

Reynslan hefur sýnt að barnaverndarstarf strandar oft á smæð sveitarfélaga þar sem þau hafa ekki bolmagn til að sinna raunhæfu barnaverndarstarfi. Bæði er fjármagn af skornum skammti og einnig sérþekking við úrlausn barnaverndarmála. Með sameiginlegum barnaverndarnefndum sveitarfélaga yrðu þær fremur starfshæfar einingar og ættu t.d. auðveldara með að ráða sérhæft starfsfólk og að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði.

Í frv. þessu er leitast við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum og miðað er að því að auka réttarvernd þeirra. Því er sett fram sú tillaga að börn eigi að jafnaði rétt á að tjá sig um málið og er það skylt þegar barnið er orðið tólf ára. Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd auk þess heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.

Svo sem að framan er getið er í frv. lagt til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félmrn. í stað menntamrn. Því er ekki gert ráð fyrir óbreyttum starfsháttum barnaverndarráðs þannig að það fari með það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum úrlausn einstakra mála og fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum. Gerð er tillaga um að barnaverndarráð fari einungis með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum en leiðbeiningaskyldan og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda fari fram í félmrn. Hvað varðar úrskurðarvald í barnaverndarmálum gerir frv. því ráð fyrir að barnaverndaryfirvöld fari með slíkt úrskurðarvald eins og nú háttar til, þ.e. barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvaldið en þeim úrskurðum má síðan skjóta til barnaverndarráðs sem hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum málum eins og verið hefur en þó með þeirri veigamiklu breytingu að hlutverk barnaverndarráðs er takmarkað við úrlausnir í málum sem skotið er til ráðsins en eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk verði í höndum félmrn.

Það var mat nefndar þeirrar, er samdi tillögur að því frv. sem nú er lagt fram, að slíkir úrskurðir fari ekki fram á vettvangi dómstóla. Þessi niðurstaða nefndarinnar er byggð á því meginsjónarmiði að í barnavernd felist stuðningur samfélagsins við börn, ef grípa þurfi til úrskurðar er eðli hans og tilgangur að tryggja velferð barnsins og öryggi en alls ekki að refsa foreldrum. Í meðferð barnaverndarmáls er mikilvægt að tryggja samfellda meðferð þar sem eitt úrræði leiðir af öðru barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis er að barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún ákveður að taka barn af heimili. Ókostir dómstólameðferðar eru fyrst og fremst þeir að sú leið er ekki talin nægilega skilvirk. Tryggja þurfi sérþekkingu dómara og dómstólameðferðin yrði dýr og seinleg. Í frv. þessu er leitast við að tryggja réttaröryggi þeirra sem aðilar eru að úrskurðarmálum

á sviði barnaverndar með skýrari málsmeðferðarákvæðum og sterkari stöðu barnaverndarráðs sem áfrýjunaraðila.

Í I. kafla frv. er fjallað um markmið og stjórn barnaverndarmála. Í kaflanum er einnig fjallað um skipulag barnaverndarmála. Að nokkru leyti hefur verið gerð grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem þessi kafli frv. byggir á. Frv. þetta tekur til barna, þ.e. einstaklinga innan 16 ára aldurs og ungmenna frá 16–18 ára aldurs. Þegar talað er um foreldra í frv. þessu er einnig átt við aðra þá sem hafa forsjá barna með höndum.

Í 1. gr. frv. er gengið út frá því að hagsmunir barna verði alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu. Hér er því gengið út frá því að fjölskylda hvers barns gegni lykilhlutverki í uppeldi barna. Þó getur komið til þess að grípa þurfi til sérstakra ráða til verndar barni og getur þá verið að slíkar aðgerðir beinist gegn vilja og hagsmunum annarra í fjölskyldu barnsins. Því verður að meta í hverju einstöku tilfelli hvað barni eða ungmenni sé fyrir bestu. Lögð er áhersla á stöðugleika í uppvexti þannig að börn fái að alast upp í öryggi og án þess að aðgerðir barnaverndaryfirvalda raski stöðu þeirra og högum nema hjá því verði ekki komist.

Í 2. gr. er fjallað um þau stjórnvöld sem bera ábyrgð á störfum er varða barnavernd og teljast því barnaverndaryfirvöld en það er félmrn., barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk félmrn. varðandi barnaverndarmál og er lögð áhersla á að ráðuneytið hafi frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar.

Hér er afar mikilvægt að vel takist til og að ráðuneytinu verið sköpuð fullnægjandi skilyrði og því verði tryggt fjármagn til að geta fullnægt þessari lagaskyldu verði frv. þetta að lögum.

Samkvæmt 4. gr. eru meginþættir í starfi barnaverndarnefnda fjórir. Þ.e. forvarnir, eftirlit og leitarstarf, úrræði og önnur verkefni. Þetta eru hinir sömu meginþættir og verið hafa í störfum barnaverndarnefnda. En í þessu frv. eru þessir þættir taldir upp og skilgreindir.

Í 5. gr. er fjallað um þagnarskyldu barnaverndaryfirvalda og eru þau ákvæði óbreytt frá gildandi lögum.

II. kafli fjallar um barnaverndarnefndir. Meginnýmæli, sem felast í þessum kafla, eru stækkun barnaverndarumdæma með því að gert er ráð fyrir að héraðsnefndir og bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem standa utan héraðsnefnda, kjósi í barnaverndarnefnd. Kjörgengi í barnaverndarnefndir er háð sams konar skilyrðum og nú. Kjörtímabil barnaverndarnefnda er óbreytt frá því sem nú er. Svo sem verið hefur er það borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd svo fremi sem almennum hæfisskilyrðum sé fullnægt. Það nýmæli er að gert er ráð fyrir að sá, sem setið hefur í barnaverndarnefnd tvö síðustu kjörtímabil, geti skorast undan kosningu.

Í 10. gr. frv. er fjallað um mikilvægi þess að barnaverndarnefndir hafi á að skipa sérhæfðu starfsliði. Er hér átt við starfsmenn sem fengið hafa sérmenntun í þeim fræðum sem mest tengsl hafa við barnaverndarnefndir, þar á meðal sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérmenntaða kennara og uppeldisfræðinga. Stækkun barnaverndarumdæma skv. 6. gr. ætti að gefa nefndum aukna möguleika til að ráða starfsfólk og er brýnt að héraðsnefndir og sveitarstjórnir styðji við nefndirnar að þessu leyti enda getur það staðið barnaverndarstarfi mjög fyrir þrifum og valdið óeðlilegum drætti að mál séu könnuð, málsmeðferðin verði ómarkviss og dragist á langinn og réttarstöðu allra aðila sé ekki gætt sem skyldi ef barnaverndarnefndirnar hafa ekki nægan aðgang að sérhæfðu starfsliði.

Í III. kafla er fjallað um barnaverndarráð og er gert ráð fyrir fækkun ráðsmanna úr fimm í þrjá. Sömu hæfisskilyrði eru gerð til formanns ráðsins og verið hafa.

Hér að framan hefur verið vikið að breyttu hlutverki ráðsins þannig að það hafi eingöngu með höndum fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum sem skotið er til ráðsins en leiðbeiningarskylda barnaverndarráðs og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda flyst til félmrn. skv. 3. gr.

Telja verður að þessi veigamikla breyting á hlutverki barnaverndarráðs styrki verulega stöðu þess sem áfrýjunaraðila þar sem því er ekki lengur ætlað það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og kveða síðan upp fullnaðarúrskurð í þessum sömu málum síðar.

Í IV. kafla frv. er fjallað um tilkynningarskyldu og aðra skyldur við barnaverndaryfirvöld. Ákvæði frv. um tilkynningarskyldu eru að efni til óbreytt að öðru leyti en því að nú er gerð tillaga um sérstaka grein sem lýtur að nafnleynd tilkynnenda og er það nýmæli. Jafnframt er miðað að því að gera lagaákvæðin um tilkynningarskyldu skýrari og er þeim nú skipað í samfellu í sérstakan kafla ásamt ákvæði um skyldur annarra, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, við barnaverndaryfirvöld. Tilgangur tilkynningarskyldunnar er sá að vitneskja um barn eða börn sem eru hjálparþurfi komist til barnaverndaryfirvalda þannig að þau geti sinnt þeim lögboðnu skyldum sínum að tryggja öryggi, aðbúnað og viðunandi uppeldisskilyrði barna og ungmenna. Enda þótt það nýmæli felist í 18. gr. frv. að tilkynnandi til barnaverndaraðila njóti nafnleyndar felst einvörðungu í slíku að barnaverndarnefnd heiti tilkynnanda að halda nafni hans leyndu fyrir öðrum ef hann óskar þess. En hann verður eigi að síður að gefa nefndinni upp nafn sitt.

Í 19. gr. frv. fjallar um mikilvægi þess að tryggja samvinnu allra þeirra aðila og stofnana sem mest afskipti hafa af málefnum barna og unglinga.

Í V. kafla frv. sem fjallar um skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og ungmennum og fjölskyldum þeirra er leitast við að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hverjar skyldur barnaverndaryfirvalda eru gagnvart þessum hópum og þá jafnframt við hvaða aðstæður þessar skyldur verða virkar.

Flest þau úrræði, sem gildandi lög ætla barnavernd-

arnefndum að beita, halda enn gildi sínu en eru hér einnig með ýmist óbreytt eða færð til nútímalegra orðalags. Framsetning og orðalag kaflans er að mestu leyti nýmæli en þess er getið í athugasemdum við einstakar greinar hverjar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Það ber sérstaklega að vekja athygli á athugasemdum um V. kafla frv. um hversu viðkvæm barnaverndarmál eru þar sem öll afskipti barnaverndaryfirvalda hafa með einhverjum hætti mikil áhrif á einkalíf viðkomandi fjölskyldu. Afskiptin þurfa því í öllum tilvikum að vera réttlætanleg og verða að byggjast á þeim eina tilgangi að koma barni til hjálpar þegar foreldrar bregðast skyldum sínum gagnvart því. Afskipti eru því aðeins réttlætanleg að með þeim verði hagur og aðbúnaður barnsins bættur. Nú er ekki alltaf auðvelt að sjá fyrir hvenær afskipti koma til með að ná þessu marki. Því verður ekki hjá því komist að það verði að einhverju leyti háð mati barnaverndaryfirvalda hvenær þau eiga að hafa afskipti af því hvernig foreldrar rækja þær skyldur sem þau bera gagnvart börnum sínum. Engu að síður hlýtur markmið lagasetningar í þessu tilliti að vera að skilgreina skyldur barnaverndanefnda sem nákvæmast þannig að orðalag gefi sem minnst tilefni til mismunandi túlkunar. Þótt það sé ótvíræður réttur barna að barnaverndaryfirvöld grípi inn í ef aðstæður þeirra eða aðbúnaður er óviðunandi er það einnig réttur foreldra að lög kveði skýrt á um til hvers er ætlast af þeim sem foreldrum og hvaða háttsemi þeirra leiði til afskipta barnaverndaryfirvalda af heimilisháttum og uppeldisaðferðum. Því hefur verið reynt að orða lagaákvæði svo að barnaverndaryfirvöld hafi afskipti af málefnum barns ef foreldrar sýna þá hegðun sem er líkleg til að valda barninu skaða eða að barn eða ungmenni er líklegt til að skaða sjálft sig með hegðun sinni. Vísast um þetta efni til greingargerðar með ákvæðum V. kafla.

Í VI. kafla frv. er fjallað um ráðstöfun barna í fóstur. Er í kaflanum safnað saman ákvæðum um fóstur barna. Um ýmis nýmæli er hér að ræða sem ekki hafa verið í lögum áður. Í kaflanum er lögð sérstök áhersla á skyldu barnaverndaryfirvalda varðandi fósturmál enda óhjákvæmilegt að setja skýrar reglur um þetta atriði sem barnaverndarnefndir grípa mjög oft til. Ákvæði um helstu skyldur barnaverndarnefnda varðandi málefni barna í fóstri er að finna í 35. og 36. gr. gildandi laga. Þar er m.a. kveðið á um að enginn megi taka börn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar. Óheimilt er að ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hefur slíkt samþykki. Þá er kveðið á um skyldur barnaverndarnefndar til að gera viðeigandi ráðstafanir ef fósturforeldrar vanrækja hlutverk sitt og getur barnaverndarnefnd lagt bann við að slíkir aðilar taki börn framvegis í fóstur.

Sérstök eftirlitsskylda er lögð á barnaverndarnefnd þegar hún ráðstafar barni í fóstur. Loks getur barnaverndarnefnd úrskurðað að barn, sem er í fóstri, skuli vera þar kyrrt ef það fer vel um það þótt þeir, sem foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því. Hugtakið fóstur er í frv. eingöngu notað um formlegar ráðstafanir sem barnaverndarnefndir gera en fjallað er í sérstökum kafla um þau tilvik er foreldrar vista börn sín sjálfir utan heimilis. Í gildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á því hvort fóstur sé til langs eða skamms tíma. En samkvæmt frv. þessu getur fóstur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum.

Í niðurlagsákvæði frv. er lagt til að lögin taki gildi 1. júní nk.

Ég bið þingheim að íhuga hvort heppilegra kunni að vera að gildistími laganna verði frá og með næstu áramótum. Ég tel það vel koma til athugunar. Í því sambandi er vert að minna á að ákvæði núgildandi barnaverndarlaga um skoðun kvikmynda mun falla brott við gildistöku þessa frv. Frv. sem felur í sér heildarlöggjöf um skoðun kvikmynda og starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins er nánast fullbúið í ráðuneytinu en því miður vannst ekki tími til að leggja það fram á þeim tíma sem settur var. Það frv. verður því lagt fram á haustþingi.

Virðulegur forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginþáttum frv. Að öðru leyti tel ég að frv. skýri sig sjálft. Ég vil undirstrika að hér er um mikla réttarbót að ræða sem á að styrkja stöðu barnaverndarmála og hag barna í landinu.

Ég legg til, virðulegur forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og þá sérstaklega hvað varðar stækkun umdæma barnaverndarnefnda. Það hefur oft verið mjög viðkvæmt mál í fámennum sveitarfélögum þegar þarf að taka á málefnum barna. Því finnst mér það sérstaklega gott ef þetta fer yfir á héraðsnefndasviðið. Einnig fagna ég því að lögð skuli verða áhersla á aukna réttarvernd barna.

Með leyfi forseta langar mig til að víkja aðeins að skólamálum því mér þykir velferð barna og unglinga felast ekki hvað síst í því að þeim líði vel í skóla. Það er afskaplega mikilvægt í vaxandi samkeppni okkar við umheiminn að vel sé búið að börnum og unglingum hvað varðar menntun og nám. Þekking er góð fjárfesting og kjölfesta fyrir framtíðina. Ef vel er á haldið gefur hún ungu fólki innri styrk sem vinnur gegn lífsflótta. Í nútímasamfélagi tekur skólinn að miklu leyti þátt í uppeldi barna og unglinga ásamt foreldrum og öðrum uppalendum sem að sjálfsögðu bera þar mesta ábyrgð. Það er því mikið atriði að gott samstarf ríki á milli heimila og skóla. Þar á milli þarf að ríkja gagnkvæmur skilningur og samvinna. Mikið er í húfi að vel takist til í skólastarfinu og eru þá fyrstu árin ekki undanskilin. Skiptar skoðanir eru um hve mikið á að kenna ungum börnum en þau eru mjög misjöfn að þroska. En ætla má að nýta megi fyrstu árin mun betur en nú er gert. Menntakerfið á að þjóna þörfum og óskum einstaklinganna. Það verður að taka tillit til þroska hvers og eins og það er ákaflega mikilvægt að lögð sé áhersla á hjálparkennslu fyrir þá sem þurfa þess með því það er oft sem það vantar ekki nema herslumun-

inn á að nemandinn geti fylgt hinum eftir. Þetta er þáttur sem ekki má vanmeta. Skólinn má aldrei hefta framfarir einstaklingsins og þeim sem eiga auðvelt með að læra á að hjálpa áfram. Það er allt of mikið gert af því í dag að miða allt við meðalnemandann. Með því að draga úr miðstýringunni í skólakerfinu er ég þess fullviss að mun betur verður farið með þá fjármuni sem skólanum er treyst fyrir.

Í ört vaxandi samkeppni þjóðanna þarf ekki hvað síst að efla verkmenntun í landinu og virðingu fyrir þeim störfum sem henni tengjast. Það er menning að gera hlutina vel, hvort sem er að yrkja jörðina, vinna úr sjávarafla, byggja hús, vera í barnaverndarnefnd og svo mætti lengi telja. Ef við hugum ekki að þessum þáttum verðum við undir í samkeppni þjóðanna. Vopnin í glímuna höfum við en þau eru menntun og menning.

Skólinn er einn þýðingarmesti starfsvettvangur í samfélaginu. Þar eru börnin búin undir framtíðina, líf og starf í nútímasamfélagi sem er í sífelldri þróun. Íslensk æska er fjöregg okkar og því ber að hlúa að henni eins og kostur er. Við mættum öll huga að Sögunni af brauðinu dýra en þar segir Halldór Laxness frá því hverju Guðrún Jónsdóttir svaraði þegar spurt var hvort henni hefði staðið á sama um líf eða dauða, bara að brauðið kæmist til skila. „Því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir." Ég ætla að vona að Íslendingar beri gæfu til þess að hafa barnavernd og lög um verndun barna að leiðarljós.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv., sem hér hefur verið lagt fram, er vissulega stórt og mikið í sniðum og e.t.v. er mál til komið að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna. Þau lög sem frv. á að leysa af hólmi eru að ég held 26 ára gömul. Markmið þessara laga er að tryggja börnum og ungmennum bestu fáanleg skilyrði. Þetta er, eins og ég sagði, mjög stórt og viðamikið frv. og því erfitt að taka fyrir allar greinar þess og fara yfir þær sem e.t.v. þyrfti að gera.

Ég ætla aðeins að drepa á nokkur atriði. Í 1. gr. er talað um að með börnum sé átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs en ungmenni séu 16–18 ára. Mér finnst að þarna komi fram mjög mikill misskilningur eða a.m.k. mismunur milli þess hvort við erum að tala um börn eða ungmenni. Það leiðir hugann að því að í dag eru unglingar, eins og ég vil kalla þá, sjálfráða þegar þeir eru 16 ára gamlir. Síðan taka þeir ökupróf 17 ára og 18 ára gamlir hafa þeir aðgang að vínveitingastöðum en mega ekki kaupa sér vín fyrr en 20 ára. Þarna eru alls konar aldurstakmörk á ýmsum stigum frá 16–20 ára og það er spurning hvort ekki ætti að miða í frv. við að einstaklingar væru börn til 18 ára aldurs en ekki að skilgreina börn innan 16 ára og ungmenni 16–18 ára. Ég held að breytt samfélag í dag kalli á að við endurskoðum þessa afstöðu okkar með að við eigum ekki börnin nema til 16 ára aldurs, þá séu þau sjálfráða. Í dag er það staðreynd að börn eru miklu lengur á framfæri foreldranna. Við höfum framfærsluskyldu til 17 ára aldurs. Það stangast því hvað á annað, að þau séu sjálfráða en samt höfum við skyldu til framfærslu. Ég held að þetta atriði þyrfti að skoða. Hvort það verði gert í tengslum við þetta veit ég ekki en alla vega fannst mér rétt að nefna þetta hér.

Það má einnig skoða að aldurstakmörk eru ekki alltaf miðuð við það sama, þ.e. stundum er miðað við áramót en stundum við fæðingardag. Börn eru sjálfráða um leið og þau eru orðin fullra 16 ára, þ.e. á afmælisdaginn. Síðan hafa þau aðgang að danshúsum þegar þau eru 16 ára, þ.e. um áramót, þá er ekki miðað við fæðingardag og þau hafa aðgang að veitingahúsum 18 ára. Þá er miðað við fæðingardag en ekki um áramót þannig að þarna er allt sitt með hvorum hætti.

Í 3. gr. er sagt að ráðuneytið skuli hafa „frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar". Það er ágætt að mínu mati að tekið skuli á því að það sé félmrn. sem eigi að hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum. Það er orðið mjög tímabært í okkar nútímaþjóðfélagi að unnið sé meira að málefnum barna og unglinga og það sé gert með það í huga að efla fræðslu foreldra og þeirra sem hafa með höndum forræði barna. Oft hefur verið rætt um skort á fjölskylduráðgjöf, foreldrafræðslu og fleira í þeim dúr. Þarna virðist mér að tekið sé nokkuð af skarið um það hver eigi að hafa frumkvæði að því sem gæti leitt til fjölskyldufræðslu og foreldrafræðslu.

Svo eru nokkur einkennileg orðasambönd í þessari 3. gr. líka. Þar segir t.d. í einni setningu, með leyfi forseta:

„Það [þ.e. félmrn.] skal hafa eftirlit með störfum allra barnaverndarnefnda á landinu, heimta frá þeim ársskýrslur ..." Það er nokkuð undarlegt að taka svona til orða. Er ekki nægilegt að ætlast til að þær skili ársskýrslum? Enn fremur segir að ráðuneytið skuli krefja barnaverndarnefnd skýrslna „og halda henni til að rækja skyldu sína." Það er fast að orði kveðið þarna. Það er verið að heimta og krefja og halda nefndum til að gera þetta og hitt. Síðan er sagt í þessari sömu málsgrein 3. gr.:

„Nú verður ráðuneytið þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum ..." Mér finnst undarlegt ef barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum þar sem hún hlýtur að byggja úrskurði sína á lögum. Hún getur varla farið að kveða upp úrskurð sem hún getur ekki rökstutt með tilvísun í lög. Síðan segir — og þá hef ég kannski fagnað því of snemma að félmrn. muni ætla sér að vinna að því að efla fjölskylduráðgjöf og foreldrafræðslu. Það segir við neðstu greinarskil: „Ráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir samkvæmt 54. gr. laga þessara." Þarna er þetta mjög opið, þar segir ekkert um að ráðuneytið eigi að gera þetta. Það er ekki kveðið jafnskýrt á og um barnaverndarnefndirnar sem eiga að skila af sér til félmrn. heldur á ráðuneytið að hlutast til um þetta. Það er því mjög opið hvort ráðuneytið muni gera það eða ekki.

Í 4. gr. segir um eftirlit og leitarstarf að barnaverndarnefndir skuli hafa eftirlit með aðbúnaði og hátt-

erni barna og ungmenna. Hvernig eiga barnaverndarnefndir að hafa þetta eftirlit? Hver á að gera þeim grein fyrir hlutunum og hverja geta þær krafið um skýringar? Það er ekkert talað um að setja eigi nánari reglugerð um það hvernig barnaverndarnefndir hagi þessu eftirliti. Mér finnst vanta inn í þessa grein.

Í II. kafla laganna er rætt um breytingar á umfangi barnaverndarnefnda, þ.e. að nú séu það héraðsnefndir sem kjósi í barnaverndarnefnd. Ég vil taka undir orð hv. 1. þm. Suðurl. áðan um að það hefur oft valdið miklum erfiðleikum, sérstaklega í dreifbýli, að barnaverndarnefndir eru kosnar af smáum sveitarfélögum sem ekki hafa þá aðstöðu til að sinna þeim málum sem þeim eru falin. Oft er starfið mjög erfitt sökum fámennis, allir þekkja alla og erfitt um vik að taka afstöðu. Málin eru viðkvæmari eftir því sem samfélagið er fámennara. Ég held að það sé mjög til bóta að héraðsnefndirnar kjósi í barnaverndarnefndir og það stækkar þá það svæði sem þær ná yfir þó að bæjarstjórnir geti kosið sér sínar eigin barnaverndarnefndir og að sjálfsögðu borgarstjórn í Reykjavík.

Í 10. gr. er fjallað um að barnaverndarnefnd geti ráðið sér sérhæft starfslið. Það tel ég einnig mjög brýnt að hægt sé að gera og það er e.t.v. þessi stækkun á svæði sem barnaverndarnefnd á að ná yfir sem mun frekar gera það mögulegt.

Í 17. gr. er aftur fjallað um barn innan 16 ára aldurs og þar held ég að ætti frekar að segja barn innan 18 ára aldurs samanber það sem ég sagði hér í upphafi. Ég tel að við eigum að skoða það hvort við þurfum ekki að breyta þeim ákvæðum að börn séu sjálfráða 16 ára. Ég tel að breytt þjóðfélag kalli á það að börn eru miklu lengur heima, þau eru miklu lengur í umsjá foreldranna og ég held að við þurfum að skoða það hvort þetta þarf ekki alla vega að fara saman við forsjárskyldu foreldra sem er til 17 ára.

Í 22. gr. er rætt um að barnaverndarnefnd eigi að láta gera skriflega skýrslu um meðferð máls ef komið hefur í ljós að „aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt" og barnaverndarnefnd ætlar að beita sér fyrir úrbótum. Það er ekki sagt fyrir hvern hún á að leggja þá skriflegu áætlun heldur aðeins að hún eigi að gera skriflega áætlun og ég spyr því: Hver skoðar þá áætlun og athugar hvort hún er við hæfi? Eða eru það aðeins foreldrarnir sem fá þá áætlun og ákveða hvort þeir vilji þá fara eftir henni?

Í 24. gr. er atriði sem ég vil aftur koma að í sambandi við fræðslu- og fjölskylduráðgjöf. Það er a-liðurinn í 24. gr. um stuðningsúrræði, þ.e. þegar könnun leiðir í ljós að þörf sé aðgerða barnaverndarnefndar, þá er talað um að það þurfi fyrst að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns. Það er mjög áríðandi og mikils um vert að sem fyrst verði komið á einhverri ráðgjöf. Þetta á sérstaklega við úti um landið, enn meira a.m.k. en hér í Reykjavík og í stærri kaupstöðum sem eru raunverulega einu staðirnir á landinu þar sem einhver félagsmálaþjónusta er. Það er ekki í smærri sveitarfélögunum og í heilu sýslunum er e.t.v. engin slík félagsmálaráðgjöf. Þarna er enn og aftur komið að því sem okkur vantar svo mjög í þessu þjóðfélagi, það er fjölskylduráðgjöf.

Í VI. kafla er rætt um ráðstöfun barna í fóstur. Í 33. gr. segir að ef barnaverndarnefnd hefur valið fósturforeldra skuli fulltrúi barnaverndarnefndar koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju til eftirlits. Mér finnst þetta nokkuð lítið vegna þess að jafnframt er sagt í 32. gr. að hægt sé að gera samning um varanlegt fóstur eftir reynslutíma sem ekki á að vera lengri en eitt ár. En á þessu eina ári á sem sagt fulltrúi barnaverndarnefndar að koma einu sinni til þess að líta eftir hvernig barnið hefur það og hvort allt sé í lagi. Mér finnst að það þyrfti að vera a.m.k. fjórum sinnum á ári sem barnaverndarnefnd sendi sinn fulltrúa til að athuga hvort allt færi nú rétt fram og vísast þá í þessa 32. gr., síðustu setninguna, að það sé hægt að gera samning um varanlegt fóstur og tíminn á ekki að vera lengri en eitt ár. Ég hefði heldur viljað orða það öðruvísi og segja að reynslutíminn ætti ekki að vera styttri en eitt ár en hann gæti hugsanlega verið lengri.

Í 41. gr. er rætt um endurskoðun fóstursamnings og í fyrstu setningu segir, með leyfi forseta: „Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts eða búferlaflutninga, ber að tilkynna barnaverndarnefnd um það og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til." Mér finnst þetta undarlegt orðalag að vegna andláts eða búferlaflutninga þurfi að tilkynna barnaverndarnefnd það og þá þurfi að endurskoða fóstursamning í ljósi þess. Ég vil líta svo á að ef fólk hefur tekið að sér börn, þá líti það á þau börn sem sín eigin. Kynforeldrar mundu náttúrlega aldrei láta sér detta í hug að leita sér aðstoðar barnaverndarnefndar þó svo að maki félli frá eða um búferlaflutninga væri að ræða. Annað mál er skilnaður, það getur þurft að leita aðstoðar vegna skilnaðar eða breytinga á högum þess vegna. En falli maki frá eða búferlaflutningar eru í aðsigi held ég að kynforeldrar færu ekki að leita eftir aðstoð barnaverndarnefndar og mér finnst að það eigi að gilda það sama um fósturforeldrana.

Ég held að huga þurfi betur að ákvæðum 43. gr. Ég mundi alla vega vilja beina því til nefndarinnar sem um þetta mun fjalla hvort rétt sé að hafa það ákvæði inni að tilkynna beri barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. En aftur á móti ef barnið er hjá vandamönnum þarf ekki að tilkynna þá ráðstöfun nema hún eigi að standa í níu mánuði eða lengur. Þetta atriði orkar kannski tvímælis.

Eins og ég sagði í upphafi er þetta allt of viðamikið frv. til að hægt sé að taka hverja grein sem væri full ástæða til að gera en e.t.v. verða einhverjir til þess hér á eftir mér. Í IX. kafla um stofnanir segir í 54. gr. að félmrn. skuli hlutast til um að settar verði á fót stofnanir eða heimili sem nauðsynleg eru til að barnaverndarnefndum sé unnt að rækja störf sín. Þarna komum við enn og aftur að því að félmrn. þarf að hafa forgöngu í því að til séu stofnanir jafnframt fjölskylduráðgjöf. Félmrn. á þarna stórt verkefni fram undan ef frv. nær samþykki þingsins.

Í 54. gr., síðasta málslið, er sagt að félagasamtök-

um sé heimilt að setja á stofn heimili eða stofnanir að fengnu leyfi félmrh. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn vegna þess að annars gætu sérhver félagasamtök eða aðilar sett á stofn heimili sem síðan lenti á sveitarfélögum eða ríki að reka. Ég held að það sé nauðsynlegt að félmrh. eða einhverjir hafi yfirsýn yfir það hvað er sett á stofn af heimilum eða stofnunum til stuðnings börnum og ungmennum.

Hæstv. menntmrh. vék áðan að því, í sambandi við gildistíma frv., að á næsta hausti yrðu endurskoðuð lög um eftirlit með kvikmyndasýningum. Í 59. gr. hnaut ég um ákvæði sem mér finnst orka tvímælis líka og það er, með leyfi forseta:

„Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum og hvers konar opinberum sýningum eða skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum."

Mér fannst einkennilegt að barnaverndarnefnd ætti ekki að hafa neitt eftirlit með kvikmyndasýningum svo ég fór að athuga hvað segði um þetta í umsögninni. Þar segir: „Greinin er að mestu samhljóða 43. gr. gildandi laga." Í þeim lögum segir í 43. gr. laga nr. 53/1966, með leyfi forseta:

„Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim, sem veita slíkum skemmtunum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, samanber þó um kvikmyndasýningar 58. gr., 5. mgr. Skulu þá forstöðumenn skemmtana geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana. [Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, samanber 58. gr. þessara laga, þá skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.]"

VI. kafli núgildandi laga er um skoðun kvikmynda og mér finnst þetta vera tekið algjörlega út úr þessu frv. Ég held að það þurfi að skoða þetta samhliða en svo mikið hefur verið deilt á myndefni, bæði í sjónvarpi og kvikmyndum, og allt það fjölmiðlaefni sem er hellt yfir börn og unglinga. Ég held að við getum ekki afgreitt þetta mál um kvikmyndaeftirlit vegna barna og unglinga bara með þessari 59. gr. í frv., þ.e. að barnaverndarnefnd verði að hafa eftirlit með öllum skemmtunum, sýningum, skemmtunum, öðrum en kvikmyndasýningum.

Mér virðist að þarna sé verið að koma þessu ákvæði undan á einhvern hátt án þess að tekið sé á því og e.t.v. er skýringin sú, eins og hæstv. menntmrh. sagði áðan, að þessi lög eru öll í endurskoðun, þ.e. lög um eftirlit með kvikmyndasýningum og ég vona að svo sé. En ég held að það verði að skoðast í samhengi við þessa grein.

Í XI. kafla eru refsiákvæðin rædd. Mér finnst þar ýmislegt stangast á. Í 63. gr. segir t.d.: „Nú lætur maður hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns eða ungmennis ...þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum."

Í 66. gr. segir að ef þeir sem hafa börn eða ungmenni í sinni umsjá og vanræki þau andlega eða líkamlega varði það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við.

Í 67. gr. segir: „Hver, sem beitir barn eða ungmenni refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum."

Þarna finnst mér vera ósamræmi í frv. Þetta er í raun og veru allt það sama. Í 63. gr. er fjallað um þann sem veit um illa meðferð eða slæman aðbúnað barns og e.t.v. mætti vera vægara ákvæði þar. En í 66. og 67. gr. tel ég að um það sama sé að ræða og ekki þurfi að vera ósamræmi í því að fyrir annað gildi refsing í tvö ár en fyrir hitt gildi refsing í þrjú ár. Þetta held ég að þurfi að skoða, bæði 66. og 67. gr.

Þau nýmæli í frv. að yfirstjórn barnaverndarmála verði hér eftir í höndum félmrn. í stað menntmrn. tel ég til bóta og í takt við þá þróun sem er að verða alls staðar í kringum okkur á Norðurlöndunum. Ég held að þetta sé það sem mun koma hjá okkur og því eðlilegra að þetta sé í höndum félmrn. en menntmrn. enda heyrðist mér að hæstv. menntmrh. hefði ekkert við það að athuga. Einnig er nauðsynlegt að greina þarna á milli félmrn. og barnaverndarráðs um það hver hafi leiðbeiningarþjónustuna með höndum og hver hafi úrskurðarvaldið. Það hefur mjög verið gagnrýnt undanfarin missiri og ár að hvort tveggja væri í höndum barnaverndarráðs, bæði ráðgjöf og úrskurður. Ég held að þarna sé tekið á því á réttan hátt. Ég held líka að sameiginlegar barnaverndarnefndir sveitarfélaga undir yfirstjórn héraðsnefnda séu til bóta eins og ég hef lýst áður.

Síðan er einnig rætt um í frv. að nauðsynlegt sé að gera viðeigandi breytingar á lögræðislögum en það er ekkert sagt í hvaða átt þær breytingar eiga að vera. Þetta er á bls. 19 í helstu nýmælum frv. Þá er sagt að í sambandi við skyldur yfirvalda sé nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á lögræðislögum nr. 68/1984. Ég spyr því: Í hvaða átt er fyrirhugað að þær breytingar gangi? Hvað er það sem verið er að ýja að þarna?

Að öðru leyti fagna ég því að frv. skuli rætt í þinginu og tel það tímabært þótt ég efist um að það geti fengið framgang og samþykki í þinginu núna áður en því lýkur í vor vegna þess að ég tel að hér sé um mjög stórt og viðamikið mál að ræða sem tæplega verði hægt að afgreiða með svo stuttum fyrirvara.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ekki þarf að hafa um það mörg orð að sá málaflokkur sem frv. fjallar um, vernd barna og ungmenna, er einhver sá vandmeðfarnasti og erfiðasti sem hægt er að fást við. Það skiptir því miklu máli að frv. fái vandaða meðferð í nefnd enda er þetta ekki í

fyrsta skiptið sem mál af þessu tagi er hér á ferðinni og hefur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu. Ég vil ekki spá um það í upphafi hvernig sú afgreiðsla verður en ég hef tækifæri til þess að vinna að þessu máli í félmn. Við fulltrúar Framsfl. munum að sjálfsögðu gera það af fullum krafti. En það skiptir meira máli hvernig frv. er úr garði gert en hvort það hlýtur afgreiðslu í vor eða haust. Með því er ég ekki að spá því að þetta mál hljóti ekki afgreiðslu, ég er bara að leggja mikla áherslu á að það þarf að vinna þetta mál vel.

Í 1. gr. frv. er barnavernd sett markmið og síðan segir:

„Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar...“

Þetta er háleitt markmið og auðvitað, ef þetta ætti að taka bókstaflega, kemur það inn á miklu fleiri mál en frv. fjallar um. Að setja sér það markmið í löggjöf að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði er ekkert smámál. Við getum spurt okkur hvað við gerum til að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Um það mætti halda mikla ræðu en ég ætla ekki að gera það. Það er ljóst að höfundum frv. er ljóst að það er erfitt að þjóna þessu markmiði því um 1. gr. segir:

„Gengið er út frá því að hagsmunir barna verði alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu. Þótt litið sé á barnið sem einstakling er lögð áhersla á að það er engu að síður hluti af fjölskyldunni og ber barnaverndaryfirvöldum að virða það. Með orðalagi greinarinnar er stefnt að því að setja barnaverndaryfirvöldum raunhæf markmið. Ekki er barnaverndaryfirvöldum ætlað að tryggja öllum börnum bestu aðstæður, heldur að sjá svo um að engin börn búi við skaðlegar aðstæður.“

Hér er náttúrlega komið inn á það ofurviðkvæma mál hvenær á að láta til skarar skríða og taka börn úr umsjá foreldra. Það er vandmeðfarið í meira lagi. Þá er komið að því að auðvitað verður markmið þessara laga að miða að því fyrst og síðast að gera það sem börnunum er fyrir bestu og setja hagsmuni þeirra og velferð ætíð í fyrirrúm. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að þessi lög séu skýr og þannig úr garði gerð að þau séu tæki sem duga til að vinna að þessum markmiðum.

Ég hef, eins og ég sagði, tækifæri til að vinna að þessu máli í nefnd. Ég tók það fram að við fulltrúar Framsfl. í nefndinni munum gera það af fullum krafti og teljum að leggja þurfi vinnu í málið þótt það sé þegar búið að leggja mikla vinnu í það áður eins og kemur fram í fskj. frv. Þess vegna mun ég ekki rekja frv. lið fyrir lið og mun láta það bíða starfans í nefndinni.

Helstu nýmæli frv. eru þau að yfirstjórn þessara mála er flutt undir félmrn. Það hefur verið rakið í ræðum þeirra sem hafa talað á undan mér við þessa umræðu hver þau nýmæli eru. Ég er sammála því að það sé til bóta og að breyttar aðstæður geri það að verkum að félmrn. sé eðlilegur vettvangur þessara mála vegna þess að það annast skyld málefni og ætlunin er að efla þau störf innan ráðuneytisins, t.d. félagsþjónustu sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir breyttum starfsháttum barnaverndarráðs og mun ég ekki fara út í það að þessu sinni. Ætlunin með frv. er að stækka barnaverndarumdæmin en barnaverndarnefndir eru nú yfir 200 á öllu landinu. Ég tel að það sé líka til bóta og tel að það návígi sem er í þessum málum í fámenninu, ef takast þarf á við erfið mál, sé afar óheppilegt og geti haft slæmar afleiðingar. Hitt verður þó að taka fram að stækkun umdæma má ekki verða til þess að afgreiðsla verði vélræn eða óvandaðri. Ég hef vissulega enga ástæðu til að ætla það eða dæmi í því efni en vil þó benda á að stækkun barnaverndarumdæma má ekki verða til þess að hlutaðeigandi kynni sér ekki aðstæður eins og kostur er. Ég held að það sé mikilvægt og stækkun umdæma er nauðsynleg til þess að hægt sé að ráða fólk með sérþekkingu til ráðgjafar þeim aðilum sem sinna þessum málum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð við fyrstu umræðu málsins öllu lengri. Málið kemur til félmn. og ég ætla að geyma frekari athuganir á málinu til nefndarstarfsins.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Það er gott að það frv. er komið fram sem hér liggur fyrir en það verður því miður að segjast að það er allt of seint fram komið. Hér liggja nú fyrir því þingi sem samkvæmt starfsáætlun á að ljúka um miðjan maí, 31 stjfrv. sem eftir á að ræða. Það liggja fyrir 25 þingmannafrv. sem eftir á að ræða. Það liggja fyrir 53 þáltill. sem eftir á að ræða. Nánast öll önnur mál liggja í nefndum og ekki sýnilegt að þar verði um mikla afgreiðslu að ræða og satt að segja sætir það undrun hversu fá mál hafa verið afgreidd á þessu þingi. Það er þess vegna satt að segja mikil bjartsýni að halda að þetta mikilvæga mál hafi nokkra möguleika á að verða afgreitt á þessu þingi, því miður.

En frv. liggur fyrir og það er auðvitað sjálfsagt að koma þeim athugasemdum að sem eðlilegt getur talist við 1. umr. málsins. Ég vil þá byrja á því að taka undir hvert orð sem hv. 1. þm. Suðurl., hv. þm. Drífa Hjartardóttir, sagði hér áðan vegna þess að það hlýtur að vera inngangur að öllum þeim frv. sem varða vernd barna og unglinga að við reynum að gera okkur grein fyrir því hvernig þjóðfélag við búum börnum og ungmennum landsins. Það er nefnilega ekki hægt að taka eitthvað sem heitir vernd barna og ungmenna út úr öllu þjóðfélagslegu samhengi, reka þjóðfélagið þannig að það er beinlínis óvinsamlegt börnum og unglingum og byggja svo upp eitthvert slysavarnafélag sem á að bjarga börnum og ungmennum þegar skaðinn er skeður. Það eru auðvitað ekki réttar aðferðir.

Sannleikurinn er sá að það þjóðfélag sem við búum við er þannig gert og þannig byggt að það gerir foreldrum nær ómögulegt að annast börn sín og ungmenni. Það verður að segjast eins og er. Með því ástandi sem við búum við í húsnæðismálum og í launamálum er nauðsynlegt að báðir foreldrar vinni langan

vinnudag og þá segir sig sjálft að enginn er til að hugsa um börnin. Þau ganga meira og minna sjálfala, flækjast milli dagmæðra og dagheimila og þetta er auðvitað enginn kostur fyrir börn eða ungmenni. Ég held að það sé tómt mál að tala um að við eignumst heilbrigð og hraust og sterk börn fyrr en við höfum ráðið einhverja bót á þessu. En það væri of langt mál að fara út í þá umræðu en ég held að því miður séu ekki nein teikn á lofti um það að sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr beri mikla umhyggju fyrir börnum og ungmennum landsins. En vissulega er nauðsynlegt að hafa lög um vernd barna og ungmenna og ekki síst barna sem eru *undantekningin en ekki reglan.*

Um margt er þetta frv. vel og sæmilega unnið að því er ég fæ best séð. Ég held að það sé ekki fjarri lagi að félmrn. fari með þessi mál. Þau eru þess eðlis að þau hljóta að vinnast í náinni samvinnu við félagsmálastofnanir og sveitarstjórnir og þannig finnst mér það samhengi ekki óeðlilegt. Ég mun hins vegar ræða hvernig mér finnst dómshlutverkið eiga að vera þegar kemur að barnaverndarráði.

Ég get tekið undir með hv. 6. þm. Vestf., Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, að þessi aldursskilgreining á börnum og ungmennum kann að orka tvímælis og ég held að nefndin sem fær málið til meðferðar ætti að huga aðeins að því. Sannleikurinn er sá að ég held að 16 ára unglingar nú til dags séu orðnir ærið fullorðið fólk að eigin mati og jafnvel hafi foreldrar og fjölskyldur *beygt sig fyrir því. Ég hef nokkrar efasemdir* um hvort ekki megi skilgreina ungmenni aðeins yngri en hér er gert en um það getur nefndin fjallað þegar þar að kemur. Félmrn. er auðvitað því aðeins fært um að taka við þessum málaflokki að þar verði vel vandað til þeirrar deildar sem á að annast samræmingu og heildarskipulag þessara mála því að við vitum það öll og það hefur margoft verið sagt hér í þingsölum og má segja það *enn einu sinni* að ástand í barnaverndarnefndum landsins hefur satt að segja verið fyrir neðan allar hellur og meðferð barnaverndarmála hefur ekki verið okkur til sóma á köflum. Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt að reyna að koma betra skipulagi á þessi mál og þar held ég að sé tvímælalaust til bóta að svæðin verði stækkuð þannig að það verði hægt að hafa starfhæfar barnaverndarnefndir með því fagfólki sem nauðsynlegt er að um þessi mál *fjalli.*

Ef litið er í gegnum frv., ég skal ekki eyða allt of miklum tíma í það, þá held ég að eitt atriðið sé varasamast. Það er að mér sýnist hér gert ráð fyrir að þriggja manna barnaverndarráð sé eins konar dómstóll. Það hefur endanlegt úrskurðarvald eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta, í 13. gr.: „Hlutverk barnaverndarráðs er að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 52. gr." Hér er auðvitað mikill vandi á ferðum og eins gott að þar sé til vandað um mannval í barnaverndarráð. Hins vegar held ég að rétt sé að afnema það að barnaverndarráð sé jafnframt að leiðbeina barnaverndarnefndum. Ég held að það sé af hinu góða að þarna sé skilið á milli. Almennt held ég að við eigum að reyna að hafa aðskilið hið þríeina vald í þessu landi, þ.e. að dómstólar fari með dómsmál, framkvæmdarvaldið sjái um það sem til þess friðar heyrir og löggjafarvaldið sitji hér. Ég lýsti því þegar frv. til barnalaga var hér til umræðu að ég er smeyk við að þar virðist vera lagt til að tveir aðilar geti skorið úr um mál, dómsmrn. og dómstólar. Ég er satt að segja á móti því að ráðuneyti hafi dómsvald eða úrskurðarvald. En einnig það má ræða þegar málið kemur til nefndar.

Þegar kemur að skyldum barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra þá þykja mér ákvæði 20. gr. máttlaus ef svo má segja. Þar er kveðið á um skyldu barnaverndarnefnda til að „aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum, en grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt þessum kafla ...", eins og þar segir. Ég held að það verði að vera alveg skýrt að það sé ævinlega allt reynt til þrautar til að halda fjölskyldum saman því að ég er sannfærð um að það er best í allflestum tilvikum að foreldrar geti haldið börnum sínum. *Það er nú einu sinni svo* að það má bjóða börnum ýmislegt áður en þau kjósa frekar að fara frá foreldrum sínum. Þess vegna held ég að það verði að leggja á það megináherslu að allt sem í mannlegu valdi stendur sé gert til að aðstoða fjölskyldurnar áður en börnin eru tekin af heimilinu. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt og ég vil beina því sérstaklega til þeirrar nefndar sem við málinu tekur að að þessu sé hugað eins og *unnt er.*

Þá vil ég aðeins nefna 43. gr. en þar er ákvæði um að foreldrar geti falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Þar er talað um, eins og áður hefur komi fram hér, að foreldrum beri þó að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en í sex mánuði. Þetta *finnst mér óþarfi að sé algilt ef hægt er að hugsa sér* að annað foreldrið falli frá og hitt foreldrið feli aðstandendum eða skyldmennum ummönnun barnsins. Það þykir mér vera einkamál sem kemur barnaverndarnefndum ekkert við hafi allt verið með felldu um uppeldi barnsins fram að þessu. Þá hlýtur það að vera ákvörðun foreldris sem ekkert hefur annað gert en að reynast barni sínu hið besta foreldri að ákveða sjálft hvort það kýs að *nýta sér einhverja* aðstoð við *uppeldi* barnsins. Ég held að það eigi ekki að vera sjálfgefið að það sé skylda að blanda barnaverndarnefnd í slíkt mál.

Þá ber að lýsa ánægju með það að þarna er sérstaklega talað um í 49. gr. að að jafnaði skuli veita barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar ef barnið er 12 ára eða eldra og ég held að það sé mjög mikilvægt.

Í 59. gr. þykir mér dálítið óljóst, eins og hér hefur komið fram áður og við sýnumst *hnjóta* um sömu hlutina, en það er eftirlit með kvikmyndasýningum. Ég sé ekki betur en það sé lagt í vald þess sem sýninguna selur. Ég held að ástæða sé til þess að láta barnaverndarnefnd skera úr um hvort skemmtun eða sýning sé við hæfi barna. Ég held að þarna hljóti að verða að koma málum betur fyrir.

Í 62. gr., en það er kafli sem fjallar um refsi-

ákvæði, er eðlilega talað um það valdi sektum eða jafnvel varðhaldi að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd. Mér þykir hins vegar lítið tillit tekið til þess sem verður fyrir slíkum órétti og það virðist ekki ljóst að fólk sem gæti orðið fyrir slíku eigi rétt á verulegum bótum vegna þess. Ég minnist á það vegna þess að mér er kunnugt um að slík mál hafa komið upp í nágrannalöndum okkar þar sem mannorð, æra og líf fjölskyldna hefur verið eyðilagt fyrir slíka óvináttu nágranna, gersamlega að ósekju og fólk hefur fengið háar skaðabætur fyrir slíkt sem auðvitað getur aldrei komið í staðinn fyrir það sem gerst hefur en lágmark er að fólk hafi einhvern rétt gagnvart slíku fólki.

Ég hljóp yfir eina grein sem mér sýnist vera með öllu óraunhæf en það eru reglur um útivist barna. Það eru ákvæði í 60. gr. Mér líst ekkert á að íslenskum foreldrum takist að halda þau ákvæði að börn 12 ára og yngri megi ekki vera á almannafæri eftir kl. 8 á kvöldin nema í fylgt með fullorðnum. Ég er ansi hrædd um að flest íslensk börn séu úti að leika sér á sumrin löngu eftir kl. 8 og hingað til held ég að það hafi ekki orðið til skaða. Mér líst ekkert á að í friðsælum þorpum úti á landi takist að smala krökkunum inn kl. 8. Ég held því að hér sé um algerlega óraunhæfar reglur að ræða. Og ekki held ég að sé síður óraunhæft að börn á aldrinum 13–16 ára skuli ekki vera á almannafæri eftir kl. 10. Ég þekki ekki slík fyrirmyndarbörn á Íslandi og held að þetta hljóti að vera tekið upp úr einhverjum erlendum lögum sem eiga tæplega við hér. Ég held að það sé verra að setja slík lög ef alveg er ljóst að eftir þeim verður aldrei farið. Svo má deila um hvort við erum frjálslegri í þessum efnum en nágrannaþjóðirnar en það kemur ýmislegt til, bjartar nætur og fleira sem setur okkur í dálitla sérstöðu í þessu efnum. Ég vil því biðja menn að hugsa aðeins betur um þessa grein.

Í 66. gr. eru ákvæði um þá sem á einhvern hátt misbjóða börnum og segir þar að það varði varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Ég verð að segja að mér finnst dálítið kyndugt þetta ákvæði um tvö ár. Ég held að slík meðferð á börnum hljóti að geta verið orsök fyrir miklu harðari dómi og kannski alveg ástæðulaust að kveða á um tíma á slíkri refsingu ef til kæmi.

Þá held ég að 69. gr. geti verið dálítið vafasöm líka en hún er stutt og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver, sem sýnir barni eða ungmenni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum."

Ég held að því miður sé fólk að móðga og særa börn meira og minna á hverjum einasta degi í hundraða tali svo það mætti æra óstöðugan ef setja ætti það fólk allt undir lás og slá. Ég held að það væri nær að reyna að brýna fyrir fólki að umgangast börn eins og manneskjur en ekki setja svona ákvæði í lög sem ég held að væri afar erfitt að skilgreina og ég er hrædd um að lögreglan hefði nóg að gera eftir að þetta tæki gildi. Það er því miður svo að ótrúlega margt fólk er gersamlega ófært um að umgangast börn af þeirri virðingu sem þessi fjórðungur þjóðarinnar svo sannarlega verðskuldar og hver einasta manneskja ætti að vera meðvituð um að ber að umgangast eins og skyni borinar verur. Því miður er það ekki alltaf gert.

Ég þarf ekki að spyrja að því, ég þykist geta svarað mér sjálf að þó að hér standi á bls. 18 að niðurstaða nefndarinnar sé sú að best fari á því að barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvald eins og nú háttar til. Úrskurðum megi síðan skjóta til barnaverndarráðs sem hefur, eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta, „endanlegt úrskurðarvald". Þeim úrskurði hlýtur að vera hægt að vísa til dómstóla. Ég held að annað geti varla verið. Spurningin er hvort það mætti ekki koma þarna skýrar fram.

Það mætti auðvitað margt um frv. segja. Ég held þó að hér sé margt til bóta sem er mun skýrara en í eldri lögunum og því hefði verið mjög nauðsynlegt að í frv. hefði verið hægt að leggja mikla vinnu í þinginu. En ég sé ekki hvernig tími vinnst til þess. Eins og menn sjá í þskj. 422, þá er hér birt nál. frá 113. löggjafarþingi og brtt. frá hv. þáv. menntmn. Mér sýnast þær vera meira og minna orðalagsbreytingar og ekki skipta miklu máli. Þó er ein hér sem skiptir dálitlu efnislegu máli en það er að barnaverndarnefnd sé skylt að tilkynna foreldri barns, eins og segir í frv., ef mál er varðar barn er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum o.s.frv. og síðan segir: „Óski foreldri eftir því að vera viðstatt yfirheyrslu yfir barni sínu yngra en 16 ára skal það að jafnaði heimilt." Það er breyting sem skiptir nokkru máli.

Virðulegi forseti. Svo unnt sé nú að ljúka umræðu um frv. og koma því til nefndar, þá skal ég stytta mál mitt. Vel kann að vera að mér hafi skotist yfir einhver þau atriði sem ég hefði viljað gera að umræðuefni en það er hellt yfir okkur málum á degi hverjum svo að það má hafa sig allan við að lesa slíka bálka yfir og vera reiðubúinn til þess að halda langar ræður um þá. En ég fagna því að frv. er komið fram. Þessi þrjú mál, frv. til barnalaga, frv. til laga um vernd barna og ungmenna og frv. til laga um umboðsmann barna, eru nauðatengd og ég vil beina þeirri ósk til hv. þm. að þeir geri allt sem í þeirra valdi stendur til að þessi mál verði afgreidd á þessu þingi.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um vernd barna og unglinga og það er vel að loksins sé þetta frv. fram lagt og loksins sé farið að tala um börn og ungmenni í þinginu vegna þess að um flest annað er talað en börn og ungmenni en þau eru auðvitað framtíð þessarar þjóðar.

Ég var að hugsa meðan ég var að hlusta á umræðuna um börn og ungmenni að vandamál barna er að þau velja sér ekki foreldra og því getum við náttúrlega ekki breytt. Þó að margt sé mjög til bóta í frv. og ég fagna mörgum greinum frv., ef að lögum verða, þá kemur strax fram í 1. gr., með leyfi forseta: „Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því

að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við." Það er ekkert í frv. sem sem styrkir foreldra til þess. Ég er sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem talaði á undan mér, um það að 20. gr. er alveg máttlaus í þessu sambandi. Í 33. gr. er talað um að barnaverndarnefnd eigi að þjálfa og undirbúa fósturforeldra áður en fóstur hefst og enn fremur að veita þeim stuðning og leiðbeiningar meðan fóstur varir eftir því sem nauðsyn ber til. „Fulltrúi barnaverndarnefndar skal koma á *fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju.*" Það er spurning hvort það er nógu oft. Þarna er kveðið á um það að væntanlegir fósturforeldrar skuli þjálfaðir og undirbúnir en foreldrar nú til dags eru lítið þjálfaðir og undirbúnir. Það er þetta forvarnastarf sem vantar mikið á hér á landi, að foreldrar séu fullkomlega meðvitaðir um skyldur sínar.

2. gr. frv. er um stjórn barnaverndarmála. Ég tel að hún sé til bóta.

Varðandi 3. gr. er líka mjög til bóta að félmrn. taki yfir þennan málaflokk. Það er auðvitað í beinu framhaldi af því að sveitarfélögin sjá um þessi mál og því jákvætt og eðlilegt.

Fyrst ég er að tala um jákvæðar hliðar frv. þá er 6. gr. þess mjög jákvæð líka. Hún er um kosningu og kjörgengi barnaverndarnefndar. Með þessum tillögum eru störf barnaverndarnefndanna gerð skilvirkari.

Eins og ávallt hefur verið er skylda hvers einstaklings í þjóðfélaginu, sem verður þess áskynja að einhverju er alvarlega ábótavant í uppeldi barna, sú að gera viðvart. Þetta er auðvitað flókið og viðkvæmt mál en mjög mikilvægt að fólk almennt geri sér grein fyrir skyldu sinni. Kannski þarf að gera fólk betur meðvitað um að það á að gera viðvart og koma til aðstoðar börnum í neyð. Presturinn í mínum bæ endar predikanir sínar alltaf með þeim áminningarorðum. Ég hélt að þetta væri orðið fast í ritúalinu en þegar við vorum að ræða um messugjörðir í kaffistofununni var mér sagt að þetta væri einstakt. Ég held að það væri ágætt að hinn almenni borgari væri ávallt minntur á þá ábyrgð sína að gera viðvart ef hann sér að einhverju er ábótavant í aðbúnaði barna. Það er svo mikilvægt að gripið sé inn í áður en mikill skaði er skeður. Ef frv. verður að lögum verður mun auðveldara að grípa fljótar inn í heldur en verið hefur og er það mjög til bóta.

Þrátt fyrir mikla almenna velmegun á Íslandi þá sjáum við börn allt niður í sex ára sem eru vegalaus og börn innan við tólf ára sem enginn treystir sér til að taka í fóstur vegna þess að þau eru svo varanlega skemmd. Þetta er auðvitað hlutur sem á ekki að geta átt sér stað. Hversu góð sem lagaákvæði kunna að vera þá er aðalatriðið að til séu úrræði í þjóðfélaginu þegar gripið er í taumana í slíkum málum. Mikið hefur vantað á að nægileg úrræði hafi verið til því ekki er nóg að grípa í taumana ef úrræðin eru jafnvel verri en sá aðbúnaður sem börnin hafa búið við.

Ég hef tækifæri til þess í hv. félmn. að fara í gegnum frv. og vona að við berum gæfu til þess að fara mjög nákvæmlega en hratt í þetta því ég held að það liggi á að frv. verði að lögum. Eins og kemur fram í 4. gr. er forvarnastarfið eitt af því sem er til bóta og að ráðuneytið hafi frumkvæði að þróunar- og rannsóknastarfi á sviði barnaverndar. Engar rannsóknir eru til á sviði barnavernda og ekkert frumkvæði að rannsóknum t.d. um hvað valdi því að svo mörg börn hafi það jafnslæmt, vil ég segja, og við vitum að þau hafa. Við þykjumst vita það en þurfum að vita nákvæmlega hvað veldur því.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er kannski ekki beinlínis andsvar við ræðu hv. þm., en vert er að benda á að í okkar litla landi er leiðin til samhjálpar kannski ekki sú að hringja í barnaverndarnefnd hvenær sem einhver grunur er uppi um að barni líði illa. Ég væri t.d. lítið stolt af því ef eitthvert barn sem héti vegalaust barn væri í minni götu. Ég held ég mundi sjá til þess að það væri ekki vegalaust, lægi a.m.k. ekki úti. Ég held við ættum líka að leggja áherslu á að þegar við verðum og *ef við verðum þess áskynja að eitthvað sé að barni í* okkar nánasta umhverfi ættum við sem manneskjur að reyna að taka þar í taumana sjálf áður en við leitum til opinberra aðila. Við ættum að reyna að vinna slík mál með því hugarfari að öll börn í landinu séu okkar börn, ekki bara þessi fáu sem við höfum á okkar eigin heimilum, heldur að við séum manneskjur til þess að meta og virða öll börn þessa lands og gera það sem við getum í einkalífi okkar til þess að börnum í umhverfi okkar líði sæmilega. Mér finnst það svolítið óhugnanleg tilfinning ef barni líður illa og við vitum að ekki er séð um það á heimilinu að eina ráðið og fyrsta verkið sé að gera barnaverndaryfirvöldum viðvart. Mér finnst að við hljótum að geta gert eitthvað aðeins fyrr í okkar eigin garði.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikið óskaplega hlýt ég að hafa talað óskýrt þegar ég var að tala um að það þyrfti að grípa í taumana þegar við sæjum að börn hefðu það ekki nógu gott. Auðvitað eigum við að breyta því sem við getum breytt án þess að kalla til yfirvalda, að sjálfsögðu. En ef við náum ekki að breyta því sem við getum breytt verðum við að sjálfsögðu að ganga lengra. Það var einmitt það sem mér fannst ég vera að segja áðan þegar ég var að tala um að mér finnst vanta inn í frv. hvernig eigi að koma til móts við fjölskyldurnar sem hafa það ekki nógu gott. Og nú sé ég að við skiljum hvor aðra, hv. þm. Guðrún Helgadóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég skal gera mitt ýtrasta til að lengja ekki umræðuna svo koma megi málinu sem fyrst til nefndar og fara að vinna í því.

Ég held að margt sé fært til betri vegar og margt sé til bóta í frv. og að það gefi þeim sem eiga mikið undir þessum lögum að mörgu leyti aukið réttaröryggi. Þá á ég við börnin ekki síst, foreldra og aðra sem fara með mál barna.

Í 1. gr. frv. er greint frá markmiði barnaverndar og þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við."

Mig langar til þess, eins og fleiri sem hafa talað, að nefna að mér finnst afskaplega fátt í frv. styrkja þetta markmið, þ.e. að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar eins og segir hér. Ekki er beinlínis stuðlað að því með frv. Þar er aðallega kveðið á um eftirlit með fjölskyldum en mjög lítill almennur stuðningur við fjölskyldur boðaður. Þau úrræði sem þarna er að finna eru fyrst og fremst sértæk úrræði við fjölskyldur sem eru komnar í vanda, en samkvæmt frv. eru ekki almenn úrræði í boði.

Það kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, áðan að öll börn væru okkar börn og ég er sannarlega sammála henni í því. Öll börn eru okkar börn en ég get ekki séð að það sé skilgreining þessa frv. Í frv. finnst mér vanta eitthvað um siðferðilegar skyldur okkar allra gagnvart börnum. Þá skyldu okkar almennt að misbjóða ekki börnum og mér finnst þetta ekki síst eiga við um ýmsar stofnanir samfélagsins. Ég tek eftir því að það er ekki orð t.d. um fjölmiðla sem mér finnst oft á tíðum misbjóða börnum. Mér finnst að það ætti að vera hægt með einhverjum hætti jafnvel að lögsækja fjölmiðla fyrir slíka hluti og gera þá ábyrga gerða sinna.

Ég er reyndar með fyrirspurn í þinginu til hæstv. menntmrh. vegna myndbirtingar af barni sem lenti í mikilli ógæfu. Þegar þetta mál kom upp fór ég í gegnum lög um vernd barna og ungmenna, barnalögin, fór í gegnum öll lög sem mér datt í hug og sá ekki neins staðar beinlínis tekið á þessu. Segja má að andi laganna sé sá að fólk skuli ekki haga sér með þessum hætti og síst af öllu fjölmiðlar. En ég gat ekki fundið það beinlínis í einni tiltekinni lagagrein að það væri á einhvern hátt verið að misbjóða börnum með þessum hætti eða að þetta stangaðist á við lög. Ég bar fram fyrirspurn til þess að vita hvort ráðherra gæti hjálpað mér við að finna þessu stað í lögum því svona lagað finnst mér að megi ekki gera. Svona nokkuð má ekki gerast eins og þessi myndbirting sem fyrirspurnin fjallar um og sem kemur væntanlega til umfjöllunar síðar á þinginu.

Ég hefði gjarnan viljað sjá eitthvað í frv. sem segði til um ábyrgð okkar allra gagnvart börnum og siðferðilegar skyldur við öll börn. Þá hefði ég gjarnan viljað sjá eitthvað um ábyrgð stofnana sem eru ekki beinlínis á vegum ríkisins en eru engu að síður stofnanir í samfélaginu eins og fjölmiðlarnir.

Í 4. gr. frv. er talað um meginþætti í starfi barnaverndarnefnda. Þar er m.a. talað um forvarnir og sagt að barnaverndarnefndir skuli benda á félagsleg atriði sem eru andstæð góðum uppeldisskilyrðum sem börnum eigi að búa. Kannski væri nær að það yrði á verksviði eins aðila, t.d. ráðuneytis eða barnaverndarráðs, að benda á félagsleg atriði sem eru andstæð börnum og koma í veg fyrir að börn njóti almennt góðra uppeldisskilyrða en ekki á sviði margra barnaverndarnefnda. Mér datt í hug að það frv. sem lagt var fram í vetur um umboðsmann barna hefði á einhvern hátt tengst þessu frv., að inn í frv. kæmi eitthvert ákvæði um umboðsmann barna sem ætti að sinna þessu hlutverki.

Í þessari sömu grein er fjallað um úrræði sem barnaverndarnefnd hefur eða hvernig hún skuli beita sínum úrræðum. Þar segir:

„Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis."

Mér finnst spurning hvort taka hefði átt upp í þessari málsgrein eitthvað um að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá fjölskyldu sinni. Í athugasemdum við 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Gengið er út frá því að hagsmunir barna verði alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu."

Þetta er hins vegar hvergi að finna í sjálfum frumvarpstextanum og mér finnst spurning hvort hefði átt að taka það hér í þá málsgrein sem fjallar um úrræði þannig að ljóst sé að fyrst eigi að leita úrræða til þess að tryggja að börn geti verið hjá fjölskyldu sinni, ef það gangi ekki verði að leita annarra úrræða.

Við 6. gr. hef ég örlitla athugasemd því þar segir, með leyfi forseta:

„Leitast skal við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur, og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna, t.d. barnalækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa."

Ég skil alveg hvað mönnum gengur til með því að setja þetta þarna en mér finnst aðalatriðið að fagfólk vinni í málum barna. Þegar kemur til þess að úrskurða í barnaverndarmálum og barnaverndarráð þurfa að leggja talsverða vinnu í slík mál, sé þar fólk með fagþekkingu og sérþekkingu sem vinnur í málinu, en ekki sé endilega nauðsynlegt að slíkt fólk sé í barnaverndarnefndum. Það hefði kannski alveg eins átt að standa þarna eitthvað um að tryggja ætti að í barnaverndarnefndum sæti fólk sem ætti börn, því barnafólk er að vissu leyti sérfræðingar í börnum. Hins vegar er ekkert slíkt ákvæði þarna. Kannski vegna þess að það er hreinlega gengið út frá því að þarna sé barnafólk, en það er auðvitað ekki sjálfgefið. Af því að ég var að tala um fagfólk og sérfræðinga segir í 10. gr.:

„Barnaverndarnefnd skal að fenginni heimild héraðsnefndar, bæjarstjórnar eða borgarstjórnar ráða sérhæft starfslið."

Mér finnst að þarna mætti kveða skýrar að orði og það ætti hreinlega að vera skylda barnaverndaryfirvalda að tryggja, eins og ég sagði, að fagfólk vinni í málum einstaklinga. Þessi skylda er ekki skýr samkvæmt þessari grein og ég tók eftir því þegar fjallað er um barnaverndarráð í 13. gr. Þar segir:

„Barnaverndarráð skal hafa sérhæfða starfsmenn í þjónustu sinni og enn fremur annað starfsfólk við hæfi."

Það er ekki spurningin um það hvort fjárveitingavaldið heimilar það eða ekki, það skal gera það. Það er lagaskylda. Mér finnst að það mætti skoða hvort ekki ætti að kveða jafnskýrt að orði um barnaverndarnefndirnar þó þær þurfi ekki að hafa fagfólk á sínum vegum allt árið skuli þær nota fagfólk þegar þær þurfa að vinna í einstökum málum.

Þá segir reyndar líka í 10. gr.:

„Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem félagsmálastofnanir, fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir eða heilsugæslustöðvar, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu, svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum."

Mig langar í því sambandi að minna á mjög athyglisverða hugmynd sem þingmenn hafa sjálfsagt flestir hverjir fengið í pósti einhvern tímann í vetur. Hún var frá Sálfræðingafélaginu og var um miðstöð í öllum héruðum þar sem væri fagfólk sem gæti þjónustað barnaverndarnefndir, fræðsluskrifstofur, stofnanir fatlaðra og ýmsa slíka þannig að góður kjarni af fagfólki væri í hverri sýslu eða hverju héraði sem gæti sinnt ýmsum slíkum málum sem upp á kæmu. Það gæti held ég — nú varpa ég þessu fram án mikillar skoðunar — styrkt faglegt starf úti á landsbyggðinni.

Hv. 14. þm. Reykv. fjallaði aðeins um barnaverndarráðið og hafði efasemdir um að rétt væri að barnaverndarráð hefði dómsvald í þeim málum sem undir það falla. Ég get tekið undir þær efasemdir. Mér finnst hins vegar ástæða til þess að skoða það mjög vandlega vegna þess að maður óttast líka dómstólaleiðina að ýmsu leyti með svona viðkvæm mál. Mér finnst þetta vera eitt af því sem við verðum að skoða mjög vandlega og velta fyrir okkur í félmn. Hins vegar er alveg ljóst að þarna hefur þó verið gerð ákveðin bragarbót á því að barnaverndarráð er núna fyrst og fremst úrskurðaraðili í áfrýjunarmálum en ekki faglegur eftirlitsaðili eða umsagnaraðili eins og það var áður.

Í 22. gr. er fjallað um áætlun um meðferð máls ef umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða einhvers annars. Kveðið er á um að barnaverndarnefndir skuli láta gera skriflega áætlun um meðferð máls og þar verði kveðið á um það hvaða aðstoð barnaverndarnefnd ætlar að veita foreldrum og hvaða skyldur foreldrar hafa við barnið í þessum málum. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði og sé til þess fallið að bæta réttarstöðu, bæði foreldra og barna, í samskiptum sínum við barnaverndaryfirvöld.

Í 23. gr. er fjallað um skráningu barna í áhættuhópi og að barnaverndarnefnd skuli halda sérstaka skrá um slík börn. Ég skil hvað mönnum gengur til með þessu og veit að það getur verið mjög mikilvægt að hafa slíka hluti skrásetta þannig að við gerum okkur ljósa grein fyrir því hvernig málin standa. En svona skrár geta líka verið hættulegar og það hvernig farið er með upplýsingar er mjög viðkvæmt mál, ekki síst þegar börn eiga í hlut. Spurningin er sú hvort upplýsingar um óhöpp eða hvað eigum við að kalla það, vandræði sem börn hafa ratað í, eigi að fylgja þeim hvert sem þau fara. Eiga þessar upplýsingar að fylgja þeim inn í skólakerfið eða heilbrigðiskerfið? Eiga þær að fylgja þeim hvert sem þau leita? Mér finnst þetta mjög vandmeðfarið og það þarf að tryggja að þegar barn er tekið út af slíkri skrá sé upplýsingum eytt, að þær séu ekki geymdar.

Í 25. gr., 2. mgr., er m.a. fjallað um vistun barna til skammtímameðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun. Þar segir:

„Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta."

Ég sé ekki rökin fyrir því að setja þarna 12 ára aldurstakmark. Barn, sem er yngra en 12 ára og á að vistast einhvers staðar, getur haft mjög ákveðnar skoðanir á vistun sinni og viljað tala sínu máli. Ég sé enga ástæðu til þess að hafa aldurstakmarkið, ef þetta er gegn vilja barns skuli það fá tækifæri til að tala máli sínu ef það óskar þess.

Í 28. gr., d-lið er talað um forsjársviptingar. Sagt er að forsjársvipting geti átt sér stað ef foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána „svo sem vegna vímuefnaneyslu, alvarlegrar geðveilu, mikils greindarskorts eða hegðun foreldra". Í þessu sambandi vil ég spyrja hvort litið sé á áfengi sem vímuefni. Þarna er ekkert fjallað um áfengi og mér er ekki alveg ljóst hvort áfengi er flokkað sem vímuefni eða með einhverjum öðrum hætti. Ef það er ekki flokkað sem vímuefni í öðrum lögum þá á þetta ákvæði ekki við um foreldra sem misnota áfengi. Ég vil varpa þeirri spurningu fram hvernig áfengi er skilgreint því að ég tel að tvímælalaust þurfi að vera klár skilgreining á því að þetta ákvæði eigi við ef fólk misnotar áfengi.

Sjálfsagt mætti taka ýmislegt til umræðu en ég ætla að sleppa því að sinni enda fæ ég tækifæri til þess að fjalla um málið í félmn. Í 38. gr. er fjallað um fóstur barna og þar er talað um að hægt sé að rifta fóstursamningi og að foreldrar sem samþykkt hafa fóstur geti fengið fóstursamningi rift og barnaverndarnefnd skuli þá taka málið til meðferðar. Síðan segir í greininni:

„Barnaverndarnefnd er þá jafnan heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum ef þar fer vel um það og hagsmunir barns mæla með því."

Nú getur barn kannski hafa verið í fóstri lengi hjá fósturforeldrum og bundist fósturforeldrum mjög nánum böndum og þá finnst mér það dálítið sérkennilegt að það skuli orðast þannig að barnaverndarnefnd sé heimilt. Mér finnst réttur fósturforeldranna vera orðinn víkjandi í þessum efnum. Hafi barn farið í langtímafóstur og verið gerður samningur um langtímafóstur þá ætti a.m.k. að vera undantekning að slíkum samningi sé rift.

Um VIII. kafla, þar sem fjallað er um málsmeðferð, sýnist mér, a.m.k. ef marka má athugasemdir með frv., að ekki sé ljóst að þessi kafli eigi við um forsjárdeilur milli foreldra. Í athugasemdum á bls. 39 segir, með leyfi forseta:

„Ef umsagnarskyldu barnaverndarnefndar í forsjárdeilumálum verður ekki breytt, telur einn nefndarmanna," þ.e. þeirrar nefndar sem samdi þetta frv.,

„Ingibjörg Rafnar, að reglur þessa kafla frv. um málsmeðferð eigi að gilda þegar barnaverndarnefnd fjallar um mál foreldra og barna í slíkum málum eftir því sem við á. Nauðsynlegt sé að foreldrar njóti þeirrar réttarstöðu, sem þessum kafla frv. er ætlað að tryggja aðilum, þar sem umsögn barnaverndarnefndar vegur að jafnaði mjög þungt við ákvörðun dómsmrn. um það hvort foreldra skuli hafa forsjá barns til frambúðar."

Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort málsmeðferð forsjárdeilna foreldra við sambúðarslit eða skilnað sem eru til meðferðar í barnaverndarnefndum og fara til úrskurðar hjá barnaverndarnefndum skuli vera samkvæmt þessum kafla laganna. Ljóst er að margir foreldrar, sem hafa farið í gegnum slíkar forsjárdeilur, gagnrýna einmitt það t.d. að barnaverndarráð er í dag umsagnaraðili um þessi mál og þangað skuli síðan málum áfrýjað. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort þetta sé svo.

Þá vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. um útivistartíma barna. Ég held að algerlega óraunhæft sé að hafa í lögum með þessum hætti að börn 12 ára og yngri megi ekki vera á almannafæri eftir kl. 8. Þetta er ekki í samræmi við íslenskan veruleika eða íslenskar uppeldishefðir. Menn geta haft á því einhverjar skoðanir að það væri afskaplega gott ef það væri á einhvern annan veg en þannig er það ekki. Það er alþekkt fyrirbæri að 10 ára gömul börn eru úti eftir kl. 8 og engin ástæða til þess að „kríminalisera" það að börn séu úti á þessum tíma.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri en vil taka undir það sem hefur komið fram hér hjá ýmsum varðandi 66. og 67. gr. að mjög sérkennilegur aðskilnaður er þarna gerður og að refsing skuli þyngri skv. 67. gr. en 66. Undir það get ég fyllilega tekið. En eins og ég segi, ég tel að bót sé að þessu frv. og þetta mundi bæta réttarstöðu bæði barna og foreldra ef það yrði að veruleika og þess vegna vona ég að það fái tiltölulega skjóta umfjöllun í félmn. En auðvitað er margt sem nefndin þarf að skoða og þarf að fara vandlega ofan í.

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst og fremst atriði sem ég vildi aðeins árétta frekar og sem 10. þm. Reykv. gat um og sagði að hefði komið frá Sálfræðingafélagi Íslands sem vafalaust er rétt. Þetta hefur verið rætt víðar og reyndar í nefnd sem var að fjalla um endurskoðun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum. Ég vildi fyrst og fremst taka fram að þessi hugmynd er allvíðtæk og að vissu leyti nokkuð merkileg. Hún gerir ráð fyrir því að sett sé upp ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta barna og ungmenna í rauninni frá fæðingu og til 20 ára aldurs. En það sem ég ætlaði að árétta hér er að þetta er mál sem er ekki hægt að taka eingöngu með þessum málaflokki. Til þess að þetta mætti verða og þessu yrði komið á yrði að íhuga að slík ráðgjafarþjónusta mundi fara inn á svið menntamála, inn á svið heilbrigðismála, inn á svið félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarmála og fjölmörg önnur svið. Hins vegar þótti mér að mörgu leyti ágætt að minnst var á þetta og hvet þingmenn til þess að íhuga þessa skipan mála.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa talað og lýst stuðningi við frv. í megindráttum. Undirtektir eru yfirleitt jákvæðar. Eins og eðlilegt er hafa komið athugasemdir við ýmsar greinar frv. og ábendingar um það sem betur mætti fara. Ég ætla ekki að fara sérstaklega í þessar einstöku athugasemdir þó að ég hafi skrifað þær að mestu hjá mér en vonast til þess að hv. félmn. taki þessar ábendingar til sérstakrar athugunar. Svo vill til að ýmsir þeir sem hér hafa talað eiga sæti í félmn. og ég efast ekki um að þeir komi þar sínum ábendingum til skila. Ég bendi sérstaklega á í þessu samhengi, og ekki síst vegna þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram á því hversu seint málið er lagt fram, að þetta sama frv. fékk á sínum tíma mjög ítarlega umfjöllum í félmn. hv. efri deildar, sem þá var, og til eru umsagnir um frv. frá þeim tíma og með frv. er prentað sem fskj. brtt. sem þáv. félmn. efri deidar hafði orðið ásátt um. Ég vænti þess að félmn. Alþingis taki þær brtt. líka til sérstakrar íhugunar.

Varðandi athugasemd sem hefur komið fram frá fleiri en einum hv. ræðumanni um 59. gr., það er varðandi það sem segir:

„Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum og hvers konar opinberum sýningum eða skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum."

Mér þótti gæta dálítils misskilnings og ég held að svo sé. Ég gerði grein fyrir því í framsögu minni að ákvæði gildandi barnaverndarlaga falla brott við samþykkt þessa frv. og ég gerði grein fyrir því að nú væri nánast fullgert frv. í ráðuneytinu um skoðun kvikmynda sem ætlunin var að leggja fram á þessu þingi en tókst ekki en verður lagt fram á haustþinginu. Það var m.a. þess vegna sem ég hreyfði þeirri hugmynd að breytt yrði gildistökuákvæði í frv. þannig að í stað 1. júní öðlaðist það gildi um næstu áramót. Ég vona því að það sé skilið hvers vegna kvikmyndasýningar eru þarna undanþegnar. Það er vegna þess að það er ætlunin að koma með sérstakt frv. og sérstaka löggjöf varðandi skoðun kvikmynda.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi ýmis atriði sem mér þóttu athyglisverð eins og t.d. að það vantaði í frv. ákvæði um siðferðilegar skyldur okkar. Vel má vera að það liggi ekki alveg á borðinu hvort setja eigi í lög ákvæði um siðferðilegar skyldur en hún nefndi þátt fjölmiðla, en þeir hefðu stundum gefið tilefni til þess að þeir yrðu lögsóttir. Ég er alveg sammála þessari athugasemd og held að þetta þyrfti að athuga alveg sérstaklega hvort í nýjum barnaverndarlögum ættu heima ákvæði sem tækju af öll tvímæli um að hægt yrði að beita þegar fjölmiðlar misbjóða börnum en vissulega hefur það gerst.

Varðandi spurningu hv. þm. um ákvæði 28. gr. og hvort áfengi teldist vímuefni. Ég mundi ætla að ef einhver vafi léki á því í þessu samhengi, í 28. gr., þá ætti

að taka áfengi þar með, en mér er ókunnugt um hvernig það er skilgreint í öðrum lögum. En ég mundi telja að það ætti við þarna en ef einhver vafi er á því þá ætti að bæta áfengisneyslu við í upptalninguna.

Varðandi VIII. kaflann sem hv. þm. spurði einnig um og hvort ákvæði hans skyldu gilda í forsjárdeilum, — ég held að ég hafi skilið spurninguna rétt — þá verð ég að hafa ákveðinn fyrirvara á skilningi mínum. Mér sýnist að það væri eðlilegt að kaflinn gilti. Það segir hér raunar í athugasemdum: „Kaflinn um málsmeðferð hefur því ekki að geyma tæmandi talningu ákvæða og meðferð mála fyrir barnaverndaryfirvöldum heldur að því marki sem best þykir henta." Mér sýnist ástæða til að þessu gefna tilefni og reyndar líka af athugasemdum eins af höfundum frv., að þetta yrði líka tekið til sérstakrar meðferðar í hv. félmn.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir sem þetta frv. hefur fengið og þótt það sé seint fram komið læt ég í ljós þá von að það verði reynt að afgreiða málið. Ég ítreka enn að ég tel að sú vinna sem unnin hefur verið í þinginu hér áður geti komið að gagni þótt hún hafi verið unnin af öðrum en nú sitja í hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, fyrri umr.

Þáltill. StB o.fl., 266. mál. — Þskj. 445.

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 445 um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði. Tillgr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta fara fram rannsókn á botndýrum í Breiðafirði í samvinnu við vinnslustöðvar og útgerðir skelbáta við Breiðafjörð.

Tilgangur rannsókna verði að leita nýrra hörpudiskmiða á Breiðafirði, meta betur en gert hefur verið hörpudiskmiðin og kanna aðrar dýrategundir sem nýtanlegar kunna að vera."

Í grg. með þáltill. segir svo:

„Með minnkandi veiðiheimildum skipa, sem stunda bolfiskveiðar, verður stöðugt mikilvægara að auka rannsóknir annarra fiskstofna og nýtanlegra botndýra.

Skelveiðar hafa verið stundaðar á Breiðafirði í rúma tvo áratugi með ágætum árangri. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til verulegan samdrátt veiða á hörpudiski án þess að rannsóknir hafi verið auknar. Aðrar botndýrategundir hafa ekki verið rannsakaðar að nokkru marki. Sjómenn, sem stunda skelveiðar, telja nauðsynlegt að auka rannsóknir og hafa lýst vilja sínum til þess að taka þátt í rannsóknarverkefni sem miðist við að rannsaka veiðisvæði hörpudisksins og annarra botndýra.

Að beiðni þingmanna Vesturlands tók Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur saman stutta greinargerð um botndýrarannsóknir í Breiðafirði. Fylgir sú greinargerð með sem fskj."

Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur er mjög vel kunnugur öllum rannsóknum á Breiðafirði en hann hefur staðið fyrir þeim í áratug eða meira og hefur kynnt sér Breiðafjörðinn afar vel. Í greinargerð fiskifræðingsins segir, með leyfi forseta:

„Sem kunnugt er hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að hörpudiskveiði í Breiðafirði verði takmörkuð við 8.500 tonn árið 1992 en undanfarinn áratug hafa tillögur stofnunarinnar hins vegar hljóðað upp á 10–11 þús. tonna hámarksafla á ári. Rekja má þennan samdrátt til minnkandi hlutdeildar af skel yfir 70 mm í stofninum en nýliðun virðist aftur á móti góð undir 70 mm samkvæmt niðurstöðum stofnmælingar 1991.

Vegna minni veiða á öllum helstu nytjategundum á næsta ári eða jafnvel árum er því enn frekari ástæða nú en áður að huga að nýjum möguleikum í fiskveiðum hérlendis. Til þess að svo geti orðið þarf auknar rannsóknir og eitt af líklegri svæðum til árangurs er Breiðafjörður, a.m.k. hvað varðar skeldýr og önnur botndýr. Hér á eftir verður fjallað lauslega um nokkra nýja möguleika með auknum rannsóknum í Breiðafirði."

Síðan segir í greinargerð fiskifræðingsins:

„Hörpudiskur. Talið er mjög tímabært í ljósi núverandi samdráttar að leita nýrra hörpudisksmiða á þessu svæði. Undirritaður hefur rætt við nokkra skelveiðiskipstjóra nú í haust um að hver bátur gefi dagsvinnu eða svo í slíkt verkefni, sem yrði skipulagt og stjórnað frá rannsóknaskipinu Dröfn í tengslum við aðrar rannsóknir skipsins á svæðinu. Fyrstu viðbrögð manna hafa verið góð en fylgja þarf málinu eftir.

Ígulker. Hugsanlega má kanna útbreiðslu og stofnstærð ígulkera með hörpudiskplóg í tengslum við ofangreinda leit. Hafa ber þó í huga að þroski (gæði) ígulkerahrogna getur verið mjög ólíkur eftir svæðum þannig að það dýpi sem vænta má hörpudisks á sé utan við bestu ígulkerasvæðin sem eru líklega grynnra. Skollakoppur er mjög vænlegur kostur með þekkta markaði í Japan og Frakklandi. Hvað Frakkland varðar er þó enn ógengið frá samningi milli landanna ef hugsað er til útflutnings á lifandi ígulkerum.

Sæbjúga. Kanna má útbreiðslu og magn sæbjúgna með hörpudisksplóg í tengslum við hörpudiskleitina. Markaðir fyrir sæbjúgu eru m.a. í Suðaustur-Asíu og Japan.

Aða. Þessi skel hefur fengist í umtalsverðu marki í hörpudiskplóga þó að ekki sé hægt að ná til nema hluta útbreiðslusvæðisins með því veiðarfæri. Hins vegar er markaður lítt eða ekki þekktur í stóru skelfiskneyslulöndunum í Evrópu, Frakklandi, Spáni og Ítalíu. Könnun sem gerð var í haust á Hollandsmarkaði reyndist neikvæð.

Beitukóngur. Þessir kuðungar fást yfirleitt ekki í miklu magni í hefðbundna hörpudisksplóga, enda eru þeir fremur smáir og halda sig á öðru dýpi/botnlagi en t.d. hörpudiskur. Rannsóknir með gildrum eru því nauðsynlegar í þessu tilviki en þær eru fremur seinlegar og því dýrar. Lágt verð á beitukóngi hefur þó fram til þessa staðið veiðum og vinnslu fyrir þrifum.

Um hafkóng gildir svipað og um beitukóng nema hvað vinnsla hans er vandasamari vegna eitraðra meltingarkirtla.

Trjónukrabbi. Tilraunaveiðar á trjónukrabba, sem hófust haustið 1983, tókust þá þegar með ágætum. Verð og markaðsmál hafa hins vegar verið í flöskuhálsinum í þessu máli enda virðist trjónukrabbi dæmigerður súpu- eða kæfukrabbi vegna smæðar. Góða vísbendingu um útbreiðslu og magn trjónukrabba má þó fá með hörpudisksplóg, t.d. í tengslum við hörpudisksleit.

Kúfskel, sandskel, krókskel og báruskel er að líkindum aðeins hægt að magnmæla með vatnsþrýstingseða dæluplógum sem aðeins eru að hluta til staðar hérlendis. Tvær fyrrnefndu tegundirnar eru þekktar sem markaðsvara en hinar náskyldar t.d. hjartarskel sem veidd er í stórum stíl í Evrópu."

Hér lýk ég tilvitnun í greinargerð fiskifræðingsins. Það er alveg ljóst að þó að hörpudiskurinn hafi verið mikil búbót við Breiðafjörðinn þá ætti með rannsóknum að vera hægt að leita að fleiri tegundum eins og þarna kemur fram.

Hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðarframeiðslunni hefur tekið litlum breytingum síðustu árin. Ekki eru sjáanlegar breytingar á þann veg að aðrar atvinnugreinar auki þjóðartekjur eða skjóti styrkari stoðum undir tekjuöflun þjóðarbúsins. Í ljósi þess er mjög mikilvægt að nýta sem best þær auðlindir sem við höfum aðgang að, ekki síst auðlindir sjávar. Í Breiðafirði hafa verið nýttir stofnar, svo sem hörpudiskurinn sem er ásamt rækjunni meðal stærstu stofna sem nýttir eru fyrir utan bolfiskinn.

Ekki er lengra síðan en árið 1970 að hörpudiskveiðar hófust í Breiðafirði en það ár veiddust 2.216 tonn af hörpudiski. Árið eftir voru veidd rúmlega 2.500 tonn, síðan jókst veiðin mjög mikið og 1972 veiddust 4.500. Nokkur minnkun varð næstu ár á eftir, árin 1973, 1974 og 1975. En árið 1976 jókst veiðin aftur og þá var markaðurinn hagstæðari auk þess sem þá hafði farið fram mikil þróun bæði í veiðum og vinnslu og verðið hækkaði. En verð á skelfiski, hörpudiskinum, hefur sveiflast mjög mikið. Árið 1978 voru veiðarnar komnar upp í 7.500 tonn og var þá þegar orðinn mjög stór þáttur í atvinnulífinu í Stykkishólmi. Nokkur vinnsla hefur einnig verið í Grundarfirði og hin síðari ár á Brjánslæk við Breiðafjörð.

Veiðarnar fóru stöðugt vaxandi. Árið 1982 voru veiðarnar komnar upp í 10.000 tonn og 1985 var leyft að veiða ríflega 12.000 tonn af hörpudiski úr firðinum. Þá var hámarki náð að því er virðist og síðan hefur veiðin minkað og í ár er gert ráð fyrir að veidd verði 8.500 tonn á fiskveiðiárinu.

Með þessari lýsingu vildi ég gefa nokkra mynd af því eftir hverju hefur verið að slægjast með veiðum á hörpudiski. Ef aðrar tegundir í firðinum gætu nýst með svipuðum hætti þá er um verulega möguleika og mikla búbót að ræða ef vel tækist til.

En eins og fyrr er getið hafa sjómenn og raunar allir þeir sem tengjast veiðum og vinnslu við Breiðafjörðinn lagt ríka áherslu á það að rannsóknir verði auknar. Útgerðir og fiskvinnslustöðvar hafa lýst vilja sínum til að taka þátt í rannsóknum og taka þátt í leit að nýjum miðum, ekki síst þegar litið er til þess að skelbátar hafa þurft að sæta sérstakri skerðingu á þorskkvóta sem að sjálfsögðu kemur einnig niður á vinnslustöðvunum, sem höfðu byggt alla sína afkastagetu upp í samræmi við þann bolfiskafla sem veiddur var í byggðarlögunum við Breiðafjörð, sem nýta skelina.

Þær rannsóknir, sem hér er lagt til að komið verði á, gætu orðið þáttur eða verið hluti í fjölstofnarannsóknum líkt og verkefnið botndýr, í sunnanverðum Faxaflóa, sem beinist að vistfræðilegum tengslum fæðuframboðs og afráns botnlægra fiskstofna í sunnanverðum Faxaflóa. Það verkefni er sérstaklega styrkt af Vísindasjóði.

Virðulegur forseti. Ég tel rannsóknir á botndýrum við Breiðafjörð vera mjög mikilvægar og gætu orðið mikilvægt innlegg í eflingu atvinnulífs á svæðinu. Í fyrsta lagi til að leita nýrra hörpudiskmiða og skjóta e.t.v. nýjum stoðum undir þá atvinnugrein. Í öðru lagi til að tryggja að ekki sé um að ræða ofveiði á þessum stofni og er auðvitað geysilega mikilvægt fyrir alla aðila að fylgjast náið með þróun á stofnstærð og ástandi þessa nytjastofns. Í þriðja lagi til að kanna veiðar annarra nýtanlegra botndýra og vil ég vitna til þess sem áður var greint frá úr skýrslu fiskifræðingsins. Í fjórða lagi til að þróa ný og endurbætt veiðarfæri. En ég vil vekja sérstaka athygli á því að það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga sem fiskveiðiþjóð að stundaðar verði rannsóknir á veiðarfærum, ekki einungis á þeim hefðbundnu veiðarfærum sem nýtt eru til veiða á bolfiski, loðnu og síld heldur einnig á öðrum tegundum. Það er alveg ljóst ef árangur á að nást í veiðum, t.d. á skel eða krabbadýrum tekur það langan tíma og kostar fjármuni að þróa veiðarfæri svo vit sé í þeim veiðum. Staða sjávarbyggðanna er og hefur verið í mikilli óvissu vegna minnkandi afla og verri afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Því er mjög brýnt að auka rannsóknir og leitast við að nýta betur fiskstofna sem nýtanlegir eru. Með því ætti fremur að vera hægt að efla og styrkja byggðirnar sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Það hlýtur að vera hlutverk rannsóknastofnana sjávarútvegsins að taka þátt í slíkri vinnu, taka þátt í skipulagi slíkra rannsókna. Vil ég sérstaklega í því sambandi vekja athygli á því að við Breiðafjörðinn er útibú Hafrannsóknastofnunar sem er staðsett í Ólafsvík og ættu að geta verið hæg heimatökin að nýta þá aðstöðu til að stunda öflugar rannsóknir á Breiðafirðinum.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til hv. sjútvn.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Sem einn af flm. þessarar þáltill. um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði hlýt ég að fagna því að hún er hér til umræðu.

Þjóð sem byggir alla sína afkomu á sjávarafla eða því sem næst ber skylda til að stunda kannanir á líffríki sjávar og þarf í auknum mæli að stunda rannsókn-

ir á fiskstofnum almennt. Ástæðan fyrir því að þessi þáltill. er borin fram er m.a. eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði að um 20 ára skeið hefur verið veidd skel í Breiðafirði og verið mikil búbót. Ég vil segja meira en það því að ég vil meina að þær veiðar hafi haldið uppi vissum blóma, t.d. í Stykkishólmi. En nú er svo komið að nú má aðeins veiða 8.500 tonn en um tíu ára skeið hafa verið veidd 10–11 þús. tonn. Það er ekkert launungarmál að sjómenn á þessu svæði telja að þar sé um meira magn að ræða en má veiða. Þess vegna er nauðsynlegt að sem allra fyrst fari fram rannsókn á því hvort svo sé. Eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði þá eru sjómenn við Breiðafjörð tilbúnir að taka þátt í þessum rannsóknum og hlýtur það að verða mjög til góða fyrir Hafrannsóknastofnun sem að sjálfsögðu mun stunda þessar rannsóknir ef af verður sem við vonum sannarlega.

Það er ósk okkar sem að þáltill. stöndum að mjög fljótt verði tekið á þessum málum svo að það megi sjást innan tíðar hvernig ástand nytjastofna er í Breiðafirði þannig að áfram sem hingað til megi nýta skynsamlega þá gullkistu sem Breiðafjörðurinn hefur verið og vonandi mun verða um langa tíð. Til þess þurfa þessar rannsóknir að fara fram og ég vona að sjútvn. muni fljótt og örugglega afgreiða þetta mál. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir þá sem búa á þessu svæði.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég kem upp til að lýsa yfir ánægju minni og stuðningi með þessa þáltill. Ég held að það sé mikið hagsmunamál að þessi rannsókn farið fram á Breiðafirði sem eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni er sannkölluð gullkista og hefur verið það í gegnum aldirnar. Vafalaust er þar að finna miklu fjölbreyttara dýralíf en við höfum nýtt fram að þessu og kannski mun fjölbreyttara en við vitum í rauninni um. Í Breiðafirði eru og hafa verið um aldir geysilega gjöful lúðumið, sem mörg hver eru þekkt enn þann dag í dag, en við vitum svo sem ekki hvort svo er um öll þeirra. Kann að vera þó nokkuð mikið af slíku enn. Mér er mjög minnisstætt í sambandi við skelvinnsluna að fyrir rúmum 20 árum þegar vinnsla var að hefjast á hörpudiski var eiginlega ekki litið á þetta í upphafi sem alvöruatvinnugrein heldur var þetta eins konar uppbótarvinna til að nýta húsin þegar rækja var ekki fáanleg eða það fékkst ekki heimild til að veiða rækjuna. Þá þessi skel veidd sem enginn vissi hvaða framtíðarmöguleikar fólust í. Upphaflega var þetta skeljað úr í höndum og þetta var geysilega mikil vinna. Mér er mjög minnisstætt þegar byrjað var að vinna þetta í vélum, það var einmitt samhliða í Stykkishólmi og á Bíldudal þar sem unnið var að þróun þessara véla því að upphaflega brutu þær allar skeljarnar ofan í fiskinn og var mjög erfitt að eiga við þetta. En þróun þessara mála við Arnarfjörð og í Breiðafirði hefur fylgst mjög mikið að. Það hefur sýnt sig á tveimur áratugum að þetta er arðbær atvinnugrein og miðin endurnýja sig að einhverju leyti. Við þurfum að kanna betur hvernig botninn fer við þær veiðiaðferðir sem notaðar eru. Plógarnir eru nokkuð gróf veiðitæki og fara ekki vel með botninn þó það virðist hafa gengið. En þetta þarf að kanna miklu betur.

Hérna er líka tekið á því að kanna þurfi fleira en hörpudiskinn og rækjuna sem eru það sem við höfum notað langmest á þessum slóðum í Breiðafirði og á ýmsum öðrum fjörðum, t.d. við Arnarfirði. Hér er talað um hörpudisk, hér er talað um ígulker og hér er talað um sæbjúga og ég held að þeir félagar mínir sem ég var að vinna með á unglingsárum við beitingar hefðu látið segja sér það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að það sem hérna er kallað sæbjúga yrði einhvern tímann útflutningsvara, hvað þá matvara. Reyndar höfðum við fjöldamörg önnur nöfn á þessum dýrategundum sem ég ætla ekki að rekja hér en ég býst við að flestir þekki sem hafa verið við sjávarsíðuna. Það er samt staðreynd að það er möguleiki á að nýta þetta kvikindi til útflutnings og til matar og það er auðvitað vel því a.m.k. fannst okkur þá að það væri meira en nóg af þessu, þetta var stundum á hverjum króki þegar við vorum að taka línuna og frekar lítið í það varið. Auðvitað þarf að kanna hvort við getum gert okkur einhverjar nytjar úr þessu eins og öðru. Sama er að segja um trjónukrabba sem hér er nefndur. Hvað snertir kúskelina þá held ég að vandamálið verði ekki aðallega að finna hana og heldur ekki að veiða hana, vandamálið er og verður fyrst um sinn að selja hana og finna markað fyrir hana.

Ég ætla svo sem ekki að fjölyrða mikið um þessa tillögu en mér finnst gott að hún er komin fram og ég held að við ættum að leggja áherslu á og líta til þess að Hafrannsóknastofnun hefur lítið fjármagn en mörg verkefni og í mörg horn að líta. Kannski sinnum við þessu of lítið, ekki er nægilegt að kanna þessi hefðbundnu mið umhverfis landið og göngur hinna hefðbundnu veiðistofna, við þurfum líka að sinna innfjarðabotnlaginu, kanna hvað það gefur af sér, hvað þar er að finna og efla rannsóknir einmitt á þeim greinum sem eru tiltölulega nýjar en hafa sýnt sig að vera arðbærar og hagkvæmar að flestu leyti.

Mér finnst mjög ánægjulegt að sá sem hér er fenginn til að gera greinargerð, Hrafnkell Eiríksson fiskifærðingur, lýsir því yfir að hann hafi rætt við nokkra skelveiðiskipstjóra, nú í haust segir hann. Að hver bátur gefi dagsvinnu eða svo í slíkt verkefni sem yrði skipulagt og stjórnað frá rannsóknaskipinu Dröfn í tengslum við aðrar rannsóknir skipsins á svæðinu. Fyrstu viðbrögð manna hafa verið góð en fylgja þarf málinu eftir. Þetta felur það í sér að íslenskir sjómenn eru yfirleitt mjög tilbúnir að taka undir og aðstoða við rannsóknir sem þessar en frumkvæðið þarf að koma frá hinu opinbera, frá Hafrannsóknastofnun, sem hefur yfir sérfræðingunum að ráða. Síðan á að nýta sér þennan góða vilja manna til þess að fylgja málinu eftir.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að lýsa yfir fyllsta stuðningi við þá tillögu sem er til umræðu. Svo vill til að ég var æðinærri sjónum þegar ég var á bernsku- og unglingsárum af því að faðir minn keypti gamalt íshús, ekki frystihús, og byggði ofan á það.

Sjávarfalla gætti í kjallaranum svo að ég var nú alinn upp í fjörunni í Breiðafirði. Ég held að ég hafi bara dafnað vel þar. Menn eru nú að segja svona sögur um lífið í þeim firðinum og það er svo sannarlega mikið, a.m.k. var það þá og ég held að það sé eitthvað svipað enn.

Við eigum meiri auðlegð í þessum firði en í mörgum öðrum fjörðum. Þetta gefur mér enn eitt tilefnið til að minna á að við erum ekki farin að nýta nema örlítið brot af þeim auði sem er að finna í langríkasta landi heims. Við erum alltaf að fárast yfir því að engir peningar séu til, allt þurfi nú að spara og helst ekki að framkvæma nokkurn skapaðan hlut eða afla þess auðs sem við höfum fyrir fótunum og augunum alls staðar. Hér eru menn búnir að lýsa því nákvæmlega hvernig var á krókunum í Hólminum í þá daga og er enn. Lífið var þar alls staðar og er enn alls staðar. Þetta er allt herramannsmatur t.d. í Frakklandi og öðrum Evrópulöndum og selst á miklu hærra verði en nokkuð annað sem úr sjónum kemur.

Fyrir utan 200 mílurnar eigum við meira og stærra landgrunn, ég segi og endurtek, við eigum það. Það er fullveldisréttur að 350 mílum á öllum Reykjaneshryggnum suður af okkur og hægt að ná samningum við Breta um Rockall-svæðið þar sem við förum 600 mílur út. Hvað halda menn að sé á hafsbotninum, bara á botninum sjálfum? Eftir hafréttarsáttmálanum er fullveldisréttur á botninum og öllu sem á honum er, jafnt lífverum sem öðru og hreyfist ekki öðruvísi en með snertingu við botninn þ.e. öll krabbadýr og öll þau auðæfi sem við erum að ræða um. Þetta á við um Reykjaneshrygginn, Hatton-Rockall hafsbotnssvæðið, einkum og sér í lagi Hatton-svæðið sem er alveg skýlaus eign okkar hvað sem öllum samningum við Breta líður. Þar er grunnsævi eins og a.m.k. margir vita.

Það er ekki nokkur lifandi leið að fá fólk til að hlusta á svona einfalda hluti. Við eigum þetta fyrir höndunum alls staðar. Svo koma menn frá Breiðafirðinum og vekja athygli á þessu. Það er nú vonandi að einhver fari að hlusta. Mættu menn ekki fara út á sjóinn í Stykkishólmi t.d. og sjá hvað þar er að finna? Og því í ósköpunum ekki að beita einhverju skipa okkar á Hatton-Rockall hafsbotnssvæðinu? Það veit ekki nokkur maður hvað þar er. Við vitum aðeins að þar hefur verið veiddur þorskur, ýsa og öll möguleg sjávardýr. Nei, nei, nei. Það á bara að rífast um það að flotinn er helmingi of stór, svo á að rífast um kvótann og annað álíka geðfellt.

En það má ekki verja neinum peningum í að leita auðinn uppi, auðinn sem við eigum og náttúrlega börnin okkar. Auðurinn endurnýjar sig nefnilega og þess vegna er allt í lagi að taka af honum. Það getur jafnvel flýtt fyrir vexti með því að þekkja svæðið sem við erum að nytja að róta við botninum og lífverunum.

Það er ekki hægt mikið lengur að vita ekki! Þingmenn vilja jafnvel ekki horfast í augu við það af óskaplegri skelfingu, að það er fullveldisréttur að hafsbotninum á öllu Hatton-Rockall hafsbotnssvæðinu sem við einir megum neyta. Það má enginn snerta botninn. Það má enginn henda neinu til sjávar sem fellur til botns. Þetta er fyrsta skrefið til þess að helga sér landið allt og sjóinn yfir því.

Ekki er lengra síðan en árið 1945 sem Bandaríkjamenn helguðu sér allt landgrunnið út af Bandaríkjunum á báða vegu til austurs og vesturs. Þá sagði New York Times í leiðara, sem ég á einhvers staðar:

„Það er alveg ljóst að sá sem getur helgað sér botninn eignast hafið yfir honum."

Í hafréttarsáttmálanum var þess mjög rækilega gætt að undirstrika alls staðar ýtrustu landgrunnskröfur. Þar gengum við Íslendingar langt fram að sjálfsögðu, að þetta væri fullveldisréttur, alger eignarréttur. Allt aðrar reglur gilda um hafsbotnssvæðið sem ég er að tala um en um úthafið, líka norður af landinu. Þessum rétti er ég að reyna að lýsa. Á úthafinu á hins vegar engin þjóð fullveldisrétt.

En það er liðið á dag. Ég held að óþarfi sé að tala mikið skýrar. Það er hneyksli að við skulum ekki ganga fram í því að nytja þennan fisk, ekki bara fyrir okkur heldur fyrir sveltandi þjóðir. Allt þetta hnossgæti sem við eigum þarna og að við skulum alltaf vera vælandi út af því að ekki séu til peningar. Hvað eru peningar? Þeir eru ekki neitt annað en ávísun á auðæfi. Pappírinn í þeim er einskis virði og líka tölvusendingarnar og alltaf er sagt: Það eru engir peningar til, það er ekkert hægt að gera. Helst bara að leggjast niður og sofna, kannski ekki hinum eilífa svefni en láta þetta gummast og dumma svona áfram. Ég held að Alþingi ætti að hlusta á það fólk sem var að tala áðan.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fagna því að þessi till. til þál. skuli vera komin fram, þakka flm. fyrir það. Við kvennalistakonur höfum lengi haldið því fram að auka þurfi rannsóknir í sjávarútvegi miklu meira en gert hefur verið og teljum að þær ákvarðanir sem hingað til hafa verið teknar í þeim málum hafi ekki byggst á nægum rannsóknum. Þess vegna hlýtur allt sem lýtur að því að auka rannsóknir á sjávardýrum að vera til bóta. Það væri mjög gott ef hægt væri að gera rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði í tengslum við fjölstofnarannsóknir sem fyrirhugaðar eru í sumar. Ég tek undir það að hér eru nefnd mjög mörg botndýr sem hægt væri að nýta ef nægar rannsóknir yrðu bæði á því til hvers þær yrðu nýttar og eins á markaðsmálum í því sambandi.

Mig langar til að geta þess að á Ísafirði hafa nokkrir ungir menn tekið sig til og hafið tilraunaveiðar á ígulkerum. Einn þeirra er kafari að mennt og hefur unnið mikið við það og þeir hafa hafið tilraunavinnslu á ígulkerum. Ekki er mikið komið út úr því enn þá en þó hafa þeir kannað það að hægt er að fá mjög gott verð fyrir þau. En þetta verkefni er enn verið að þróa.

Þá vil ég einnig geta þess að á atvinnumálaráðstefnu á Ísafirði í haust var fiskvinnslukona sem hélt mjög gott erindi um botnfiska sem finnast í Ísafjarðardjúpi og hafa komið inn á borð fiskvinnslukvenna til skoðunar en ekki vinnslu. Þetta eru margar óþekktar tegundir sem ekki er farið að nýta enn þá nema hörpudiskinn og kúskelina í litlum mæli. Hún nefndi m.a.

sæbjúgu sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi áðan og ég í fávisku minni spurði hvað væri. Lýsingin á því var svolítið furðuleg, ég verð að viðurkenna það. Hún sagði *jafnframt* að búið væri að kanna að þetta væri mjög eftirsótt vara hjá ýmsum erlendum þjóðum þannig að ég er ekki í vafa um að ef rannsóknir mundu verða til þess að eitthvað af þeim tegundum sem nefndar voru fyndust í því magni að hægt væri hefja á þeim veiðar og nýta þær, væri það mjög æskilegt fyrir okkur, ekki síst vegna þess ástands sem er í fiskveiðimálum okkar. Ég vil því lýsa yfir stuðningi við þáltill. og vona að hún fái skjótan framgang og að þessi markaðsleit geti hafist sem fyrst.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa sérstökum stuðningi mínum við þetta mál. Eins og fram kom í máli flm. held ég að þetta sé mjög mikilvægt fyrir Breiðafjörð og byggðirnar þar. Raunar held ég að það sé enn mikilvægara fyrir þjóðina í heild að fara að stunda slíkar rannsóknir því satt að segja er ótrúlegt að ekki skuli hafa verið farið út í ítarlegri rannsóknir, fjölstofnarannsóknir eins og það er kallað, og þá ekki síður rannsóknir á áhrifum veiðarfæra. Ég held að með slíkum rannsóknum mundi gefast kjörið tækifæri til þess að rannsaka hvaða áhrif veiðarfæri eins og notuð eru við þessar veiðar hafi á lífríki botnsins.

Ég er ekki einn um að hafa dálitlar áhyggjur af því hvernig við göngum um sjávarbotninn, þ.e. með hvaða veiðarfærum við tökum aflann og ég tel að ef byrja á að nýta ný mið eigi að nota tækifærið og rannsaka þau áhrif sem plógar eða önnur dráttarveiðarfæri hafa á lífríkið.

Þegar maður skoðar línu- og súlurit sem fylgja þáltill. slær það mann svolítið að samkvæmt kenningu fiskifræðinga er þegar komin vísbending um ofveiði á þeim stofnum sem um er að ræða því að ljóst er að afli á hverja sóknareiningu hefur minnkað. Einnig hefur dregið úr magni á stórum hörpudiski — nú er ég að vísu bara að tala um hörpudisk þar sem súluritin eiga við hann, en á sama tíma eykst magnið af smáhörpudiski. Ef ég hef skilið þetta rétt er þetta viss vísbending um að þarna sé ofveiði enda kom það fram í máli fyrri ræðumanna að veiði hefur verið að minnka undanfarin ár. Engu að síður held ég að það sé mjög mikilvægt að þessi rannsókn fari fram, þá eins og ég sagði ekki síst með tilliti til áhrifa veiðarfæra sem notuð eru. Einnig held ég að full ástæða sé til að bera niður víðar í kringum landið því að menn telja sig vita af staðbundnum stofnum í þessum flokki, þ.e. skelfiskinum af ýmsum tegundum og öðrum tegundum sem þarna eru talin upp og hægt væri að nýta, a.m.k. að einhverju magni og skapa bæði verðmæti og vinnu sem ekki er vanþörf á núna.

Ég lýsi svo enn og aftur stuðningi við málið.

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þá þáltill. sem er til umræðu.

Í fyrsta lagi vek ég athygli á hvatningu hv. 4. þm. Reykv. til þingmanna og annarra til þess að halda vöku sinni. Hún var held ég nauðsynleg áminning um að leita allra leiða til að tryggja rétt okkar til nýtingar á hafsbotninum og allri þeirri auðlegð sem þar er að finna.

Að öðru leyti tek ég undir það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði að mjög mikilvægt er að rannsaka rækilega áhrif veiðarfæra á þá stofna sem eru í Breiðafirðinum. Það verður að segjast eins og er að veiðarfæri sem notuð eru til þess að veiða t.d. hörpuskelina eru á vissan hátt frumstæð. Ekki hefur verið lagt mikið í að þróa veiðarfærin. Að vísu hafa komið fram hugmyndir um að nýta dælubúnað til þess að veiða skel. Ég tel að rannsóknastofnanir í samvinnu við útvegsfyrirtækin eigi að taka þátt í að þróa veiðibúnað sem fari betur með botninn og skapi um leið betri möguleika á að nýta þessa auðlind til langs tíma, vonandi ævarandi.

Til fróðleiks fyrir hv. þm. vil ég geta þess að einn ágætur uppfinningamaður við Breiðafjörð sem hefur verið sjómaður á skelbátum hefur hugleitt hvernig nýta mætti dælubúnað til þess að veiða skelina. Hann hefur kynnt hugmyndir sínar við afskaplega dræmar undirtektir, eins og oft vill verða með hugmyndasmiði, ekki síst þeirra sem í raun ættu að styrkja og styðja slíkar rannsóknir.

Hjá hv. þm. var komið inn á ýmislegt varðandi þáltill. Ég er ánægður með undirtektir eins og ég sagði í upphafi.

Varðandi það hvort um ofveiði í firðinum sé að ræða, vil ég ekki segja neitt um á þessu stigi. Á tímabili var veitt mjög mikið, allt upp í 12 þús. tonn. Það var gagnrýnt á þeim tíma, bæði af sjómönnum, forsvarsmönnum byggðanna og fleiri aðilum. Ég ætla ekki að rifja þá sögu upp, hún er til í þingtíðindum ef menn vilja kynna sér hana. En það er mat sjómanna að sum svæði séu ofveidd en e.t.v. mætti nýta önnur svæði betur og enn önnur hafa ekki verið nýtt neitt enn þá e.t.v. vegna þess að búnaður til veiðanna er ekki nægjanlega góður. Þróa þyrfti betri búnað til þess að stunda veiðarnar og nýta fjörðinn þá enn betur en gert er í nú. Það er mat sumra sjómanna að með betri veiðibúnaði mætti auka veiðarnar verulega.

Þáltill. sem er til umræðu er fyrst og fremst flutt í þeim tilgangi, eins og ég gat um í ræðu minni, að leita nýrra miða, tryggja að ekki verði ofveiði og leita svo aftur nýrra möguleika varðandi önnur botndýr en hörpuskelina. Þetta tel ég afar mikilvægt, ekki bara fyrir byggðirnar við Breiðafjörð heldur einnig byggðir við aðra firði sem hægt er að stunda ámóta veiðar í.

Að lokum endurtek ég þakkir mínar fyrir ágætar undirtektir frá hv. þm. Ég vænti þess og vona að hv. sjútvn. taki þáltill. vel áður en hún kemur til 2. umr. og vonandi afgreiðslu sem fyrst og að flutningsmenn fái góðan stuðning til þess að rannsóknir geti hafist, ekki síst ef hætta er á ofveiði því þá er mjög mikilvægt að ekki dragist að rannsaka veiðisvæðin og tryggja okkur hagsæld sem byggir á veiðum úr Breiðafirði ekki síður en öðrum svæðum við landið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Velferð barna og unglinga, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 370. mál. — Þskj. 600.

Flm. (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 600 hef ég leyft mér ásamt níu öðrum hv. alþm. að flytja till. til þál. um velferð barna og unglinga sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika og hættur fyrir börn og unglinga sem koma m.a. fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Til að vinna að þessu verkefni skipi ríkisstjórnin nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Í starfi sínu leiti nefndin upplýsinga hjá þeim stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem um þetta mál hafa fjallað.

Nefndin skili skýrslu sinni og ábendingum um úrbætur svo fljótt að taka megi málið til meðferðar á næsta Alþingi í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að í starfi sínu."

Þáltill. fylgir stutt greinargerð þar sem ekki er þörf á löngum útskýringum að mínu mati. Hinar sorglegu staðreyndir sem blasa hvarvetna við í þjóðfélaginu tala þar svo skýru máli og af þeim sökum tel ég heldur ekki þörf á langri framsögu. Ég legg ekki eingöngu áherslu á orð í þessu sambandi heldur fyrst og fremst á athafnir og því vænti ég þess að tillagan komist sem fyrst til nefndar og að nefndin afgreiði hana svo fljótt að hana megi samþykkja nú á þessu þingi.

Tillagan byggir á því að hinir eldri, sérstaklega stjórnvöld og aðrir sem forræði hafa í þjóðfélaginu, bera ábyrgð á því umhverfi sem börn og unglingar alast upp í. Það er þetta umhverfi sem skapar þau örlög sem eru dapurleg fyrir allt of mikinn fjölda þeirra. Lögð er áhersla á það með þessari málsmeðferð að draga það fram hvað orsakar þessi örlög og reyna síðan að breyta því sem veldur þeim svo ekki þurfi sífellt að glíma við hinar ömurlegu afleiðingar heldur getum við dregið úr vandanum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu á þessu stigi. Þetta efni snertir mörg ráðuneyti og því mætti vísa því til margra nefnda en af þeim sökum legg ég til að tillögunni verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ragnhildur Eggertsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að verða margorð. Ég fagna því að till. til þál. um velferð barna og unglinga er hér til umræðu og tek undir það sem segir í greinargerð að það er óverjandi að Alþingi horfi aðgerðarlaust á að sá fjöldi barna og unglinga er lendir í erfiðleikum fer sífellt vaxandi og lendir því miður oft í miklum erfiðleikum áður en þau ná fullorðinsaldri. Þessi mál eru ekki einkamál hverrar fjölskyldu, heldur mál sem skipta okkur öll. Það er nauðsynlegt að reyna af fremsta megni að finna úrræði til fyrirbyggjandi aðgerða, ekki aðeins til að reyna að koma í veg fyrir þann mannlega harmleik sem á sér orsakir í því þjóðfélagi sem við fullorðna fólkið höfum mótað þótt ég telji það vega mjög þungt heldur líka vegna þess kostnaðar er fylgir úrbótum eftir á þegar skaðinn er skeður. Ég tek undir það með Jóni Helgasyni, sem mælti fyrir þessari þáltill., að málinu beri að hraða og við höfum margt í höndunum til að vinna úr. Ég verð að segja að þennan stutta tíma sem ég er búin að vera á þingi hefur það verið mjög ánægjulegt að sjá að hér eru frv. og þáltill. um velferð barna og unglinga til umfjöllunar. Að vísu dengist sumt hvert af þessu yfir mjög ört þannig að erfitt verður kannski að afgreiða þetta allt í því skyndi sem ætlast er til og sumt ætti náttúrlega ekki að afgreiða með svo miklum hraða.

Þáltill. eins og þessi er mjög þörf og ég vona að henni verði fylgt eftir. Það verði gert eitthvað í því að reyna að finna fyrirbyggjandi aðgerðir en ekki eingöngu bæta allt af úr þegar skaðinn er skeður þó þess þurfi auðvitað en það er miklu mikilvægara að finna leið til að fyrirbyggja skaðann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 447. mál. — Þskj. 705.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 705 um fréttamann Ríkisútvarpsins á Vesturlandi. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til öflunar frétta fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps og sjónvarp. Fréttamaðurinn starfi með fréttariturum útvarps og sjónvarps á Vesturlandi þegar því verður við komið."

Þessi þáltill. er komin í beinu framhaldi af fsp. minni fyrr í mánuðinum til hæstv. menntmrh. þar sem ég spurði ráðherra hvað liði því að svæðisútvarpi yrði komið á laggirnar á Vesturlandi. Svör ráðherra voru í þá veru að einhver bið yrði á því vegna fjármagnsskorts og þá kemur þessi tillaga í staðinn sem er að sjálfsögðu mun ódýrari og kostar mjög lítið að fastur fréttamaður sé starfandi í kjördæminu og vinni með fréttariturum á svæðinu.

Áður hefur verið flutt álíka þáltill. hér. Það var á 113. löggjafarþingi. Það var fyrrv. þingmaður, Skúli Alexandersson, sem flutti þá tillögu ásamt öllum þingmönnum Vesturlands. Sú tillaga dagaði uppi í nefnd en ég vona svo sannarlega að það verði ekki örlög þessarar þáltill. því að það er mjög mikilvægt fyrir öll byggðarlög að hafa eðlilegan fréttaflutning frá sínum svæðum. En það er langt frá að það geti talist þegar það er undir hælinn lagt hvernig fréttum er hagað af svæðunum.

Það eru ein tíu ár síðan að svæðisútvarp tók til

starfa á Akureyri og það segja allir sem hafa notið þess og einnig á Vestfjörðum, þó það sé styttra síðan það var tekið í notkun, að það hafi gjörbreytt fréttaflutningi frá þessum svæðum og þar að auki hafi byggðirnar innbyrðis tengst miklu betur en áður var. Því er það svo að þeir, sem ekki njóta þessarar þjónustu, knýja náttúrlega dyra um að fá hennar notið hið allra fyrsta.

Ég vona að þessi tillaga fái hraða meðferð og að lokinni umræðu um hana legg ég til að henni verði vísað til hv. menntmn. Ég hef ekki hugsað mér að hafa fleiri orð um hana. Þetta er að mínu mati sjálfsagt mál og ekki málefni sem kostar mikla peninga.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Það var aðeins vísað til Vestfjarða hjá hv. flm. áðan og mér finnst skylt að segja að einhverju leyti frá reynslu okkar af því að hafa fréttamann Ríkisútvarpsins að störfum. Hún er í stuttu máli góð. Okkur finnst mjög gott að vita af fréttamanni Ríkisútvarpsins og þó fannst okkur hvað mest breyting þegar komið var á svæðisútvarpi og hljóðstofu útvarps þar fyrir vestan. Það vill svo til að ég hef fylgst með þróun þessara mála frá því að fyrst var ráðinn fréttamaður. Hann starfaði fyrst við mjög frumstæð skilyrði, hann hafði upptökutækið sitt, svokallaðan „nagra", á öxlinni og hafði húsgagnalaust herbergi að heita mátti til að sinna þeim verkum sem hann tók að sér. En þótt aðstaðan væri svona frumstæð í upphafi þá var þetta samt sem áður að okkar mati mjög gagnlegt. Við fengum í rauninni miklu meiri umfjöllun um það sem var að gerast á Vestfjörðum. Við fengum líka meiri tilfinningu fyrir fréttnæmu efni í kringum okkur.

Eins og ég sagði var kannski mesta breytingin þegar svæðisútvarpið kom með tiltölulega fullkomna hljóðstofu, aðstöðu til að taka upp útvarpsefni og til að búa til dagskrár. Það hefur orðið til þess að nokkur störf hafa skapast þarna og þó ekki sé annað en það þá er það mjög mikils virði auk þess sem okkur finnst að við eigum mun meiri þátt í því sem verið er að gera í kringum Ríkisútvarpið. Reyndar liggur við að það sé öfugmæli að tala um svæðisútvarp Vestfjarða vegna þess að það væri nær að kalla það svæðisútvarp Ísafjarðar þar sem svæðisútvarpið nær aðeins um Ísafjarðardjúp og vestur um til og með Þingeyri. Á Ströndum heyrist í Svæðisútvarpi Norðurlands frá Akureyri en ekki í Svæðisútvarpi Vestfjarða. Byggðirnar við Arnarfjörð og þar vestar, Tálknafjörður, Patreksfjörður, Rauðisandur, Barðaströnd og Reykhólar hafa ekki Svæðisútvarp Vestfjarða og heyra ekkert í því. Einu afskipti þessara sveitarfélaga, bæði á Ströndum og Barðastrandarsýslu, eru að þau senda samt reglulega efni til Svæðisútvarps Vestfjarða.

Ég held að það væri mjög til bóta að starfsemi sem þessi kæmi á Vesturland. Og hugsanlega, ég þekki ekki nægilega vel tæknileg atriði, yrði að vera svo að byggðirnar við Breiðafjörð, þ.e. Barðastrandarsýslur og Vesturland mundu starfa sameiginlega að svæðisútvarpi.

Nú var það kannski svo að svæðisútvarp var að nokkru leyti hugsað á kjördæmagrundvelli. Svæðisútvarp kom fyrir austan, síðan í Norðurlandskjördæmin en samt sem áður, eins og hér kemur fram þá nær Svæðisútvarp Vestfjarða ekki til nema litlu broti af Vestfjörðum. Út af fyrir sig tel ég mjög líklegt að tæknilega væri mun auðveldar að tengja syðri hluta Vestfjarða útvarpi á Vesturlandi og hugsanlega svæðisútvarpi ef það nafn helst áfram í tengslum við það.

Ég vil styðja þessa tillögu og tel að hún sé allra góðra gjalda verð.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. þessarar þáltill. hefur verið leitað eftir því áður að koma á stofn svæðisútvarpi fyrir Vesturland. Það hafa verið fluttar um það tillögur á Alþingi en ekki haft erindi sem erfiði. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað og óskað eftir að komið yrði á betri þjónustu Ríkisútvarpsins og því hefur verið fylgt eftir. Að öðru leyti er það að segja um þessa tillögu er að Vestlendingar leggja á það mjög mikla áherslu að fá þessa þjónustu. Hún hefur gefið góða raun í öðrum landshlutum eins og fram hefur komið í þessari umræðu. En það er þannig að fréttastofa Ríkisútvarpsins sérstaklega hefur hálft í hvoru haft horn í síðu svokallaðra fréttaritara. Þeir þykja ekki alltaf vinna faglega að mati fréttastofunnar og þess vegna vill fréttastofan sjálf ráða lögum og lofum um það hvernig unnið er að fréttaöflun og fréttavinnslu. Ég tel að það sé mun æskilegra á allan hátt og líklegt til betri vinnubragða að starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem í þessu tilviki er verið að fjalla um, séu á vettvangi, þekki aðstæður og geti fjallað um þau mál sem eru efst á baugi af einhverri þekkingu. Það vill oft brenna við að fréttamenn, sem sendir eru út af örkinni, með allri virðingu fyrir þeim, kynni sér ekki nægjanlega vel allar aðstæður og fái kannski ekki að öllu leyti þá tilfinningu sem þarf að hafa til að geta fjallað með bærilegum hætti um fréttir á líðandi stundu miðað við tiltekið svæði. Þess vegna tel ég að það sé mun æskilegra að Ríkisútvarpið hafi sína fréttamenn í landshlutum og það hljóti að vera hægt að taka með einhverjum hætti til við Efstaleitið þannig að hægt sé að losa þar um einn starfsmann eða svo til að hafa hann staðsettan á Vesturlandi og þjóna þannig þeim landshuta eins og vera ber.

Ég vil ekki hafa þessi orð fleiri en ég legg áherslu á að þessi þáltill. nái fram að ganga. Að vísu veit ég að þær mótbárur munu heyrast frá Ríkisútvarpinu að ekki séu til fjármunir, stofnuninni sé þröngt sniðinn stakkurinn, Ríkisútvarpið hafi ekki þær tekjur sem það eigi að hafa o.s.frv., en ég tel að í Ríkisútvarpinu hljóti að vera hægt að hagræða og bæta reksturinn með þeim hætti eins og í öðrum stofnunum á vegum ríkisins, sem unnið er að hagræðingu í, á þann veg að það verði hægt að halda úti fréttamanni eða svæðisútvarpi fyrir Vesturland.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa talað svo mjög jákvætt um þá þáltill. sem hér

liggur fyrir. Ég vona að þær jákvæðu umræður verði til að fleyta þessu máli alla leið. Eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði þá er þetta ekki stórt mál og ætti að vera mjög auðvelt fyrir Ríkisútvarpið að koma því til leiðar. Ég er alveg viss um að ef einhverjum fréttamanni Ríkisútvarpsins væri boðið þetta þá mundi hann gleypa við því því það er náttúrlega hvergi betra að búa en á Vesturlandi og honum yrði ábyggilega sköpuð þar góð aðstaða og ég er alveg viss um að sveitarfélögin væru tilbúin að fjármagna það að hluta til ef það væru peningarnir sem væru þar í veginum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

121. FUNDUR

miðvikudaginn 8. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Starfsréttindi norrænna ríkisborgara, frh. 1. umr.

Stjfrv., 420. mál. — Þskj. 678.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, IP, JónS, KE, LMR, MB, RA, SigG, StG) fjarstaddir.
Frv. vísað til menntmn. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, KE, LMR, MB, SigG, StG) fjarstaddir.

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (tölvuforrit, ljósritun o.fl.). — Þskj. 694.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, MB, SigG, StG) fjarstaddir.
Frv. vísað til menntmn. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, MB, SigG, SJóh, StG) fjarstaddir.

Fullorðinsfræðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 679.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, MB, SigG, StG) fjarstaddir.
Frv. vísað til menntmn. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, MB, SigG, StG) fjarstaddir.

Vernd barna og ungmenna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 680.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, JónK, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. StB o.fl., 266. mál. — Þskj. 445.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, MB, SigG, StG) fjarstaddir.

Velferð barna og unglinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 370. mál. — Þskj. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Fréttamaður Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 447. mál. — Þskj. 705.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁMM, BBj, BF, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GuðjG, GÁ, LMR, SigG, StG) fjarstaddir.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (ávöxtun á fé, stigaútreikningur, verðtrygging o.fl.). — Þskj. 700.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að fylgja hér úr hlaði frv. til laga um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Frv. þetta er að finna á þskj. 700 og er 442. mál yfirstandandi Alþingis.

Þetta frv. var samið að frumkvæði stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Helsti tilgangur frv. er að samræma reglur Söfnunarsjóðsins reglum hinna almennu lífeyrissjóða.

Í stjórn Söfnunarsjóðsins sitja fulltrúar lífeyrissjóðasambandanna, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fulltrúar ríkisins.

Í 1. gr. frv. er fjallað um ávöxtun fjár. Samkvæmt frumvarpsgreininni fær sjóðurinn með þessu ákvæði heimild til að fjárfesta í hlutabréfum. Eingöngu verður heimilt að kaupa bréf sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði og eigi verður heimilt að kaupa fyrir meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé og ekki heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins má aldrei nema meiru en 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Flestir lífeyrissjóðanna hafa nú sambærilegar heimildir. Er orðið mjög brýnt að Söfnunarsjóðurinn geti fjárfest í hlutabréfum. Ef miðað er við árið 1991 fela framangreindar heimildir í sér að sjóðurinn gæti keypt fyrir um 110 millj. kr. á ári.

Í 3. og 4. gr. er fjallað um verðtryggingu. Lagt er til í 3. gr. að við stigaútreikning verði í stað grundvallarlauna miðað við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu. Grundvallarfjárhæð þessi er 45.602 kr. miðað við janúar 1992. Þetta ákvæði er samhljóða 1. gr. laga nr. 80/1991, um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra. Breytingin er því gerð til samræmis við þau lög.

Lagt er til í 4. gr. að greiddur lífeyrir verði verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu. Sjóðurinn hefur frá upphafi greitt verðtryggðan lífeyri. Breytingin er gerð til samræmis við breytinguna á stigaútreikningnum skv. 3. gr. og ég hef áður minnst hér á.

Í 6. gr. frv. er gerð breyting á lífeyrisréttindum. Þar er lagt til að ráðherra verði heimilt að breyta með reglugerð ákvæðum laganna um lífeyrisréttindi, þ.e. elli-, örorku- og makalífeyri til samræmis til lífeyrisréttindi eins og þau eru hjá lífeyrissjóðum innan SAL og Landsambands lífeyrissjóða. Eðlilegt er að lífeyrisréttindi hjá Söfnunarsjóðnum taki mið af því sem almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum. Því kann að reynast nauðsynlegt að breyta lífeyrisréttindum hjá sjóðnum nokkuð oft og er þá heppilegra að unnt sé að gera það með reglugerð heldur en að þurfa að breyta lögum með atbeina Alþingis.

Í 2. og 5. gr. er fjallað um dráttarvexti og endurgreiðslur. Samkvæmt 2. gr. verður heimilt að reikna dráttarvexti 20 dögum eftir gjalddaga í stað 30 daga nú. En skv. 5. gr. verður sjóðnum skylt að endurgreiða þau iðgjöld sem hann fær vegna manna sem orðnir eru 75 ára eða eru ekki orðnir 16 ára. Nú er eingöngu heimilt að endurgreiða launþegahluta iðgjalda þeirra sem orðnir eru 75 ára. Ákvæði um endurgreiðslu iðgjalda til útlendinga er efnislega óbreytt frá núgildandi 16. gr. laga um Söfnunarsjóðinn.

Ég hef nú lýst meginefni frv. Í fyrsta lagi er lagt til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í hlutabréfum í fyrirtækjum. Og til að tryggja að sjóðurinn kaupi hlutabréf á markaðskjörum og þau séu auðseljanleg er sett það skilyrði að viðkomandi bréf hafi skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá viðurkenndu verðbréfaþingi eða a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum.

Þá er í öðru lagi eins og fram hefur komið lagt til að stigaútreikningur sjóðsins taki frá og með byrjun þessa árs mið af lánskjaravísitölu og þannig verði í stað grundvallarlauna miðað við grundvallarfjárhæð sem verði 45.602 kr. miðað við janúar 1992.

Í þriðja lagi er lagt til að verðtrygging á lífeyrisgreiðslum sjóðsins verði lögbundin. Miðað við þá breytingu sem hér er lögð til á viðmiðun stigaútreiknings er fyrirsjáanlegt að sjóðurinn muni standa undir því að greiða verðtryggðan lífeyri hér eftir sem hingað til. Enda kemur fram í athugasemdum með frv. að á árinu 1991 hafi sjóðurinn náð 7,8% raunávöxtun á eignir sínar miðað við lánskjaravísitölu og að samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 1988 þurfi hann að ná 2,92% nettóávöxtun umfram hækkun launa á eignir sjóðsins að óbreyttu iðgjaldi og reglum um lífeyrisréttindi til að eignir standi undir framtíðarskuldbindingum hans.

Í fjórða lagi vil ég geta þess að eins og fram hefur komið er lagt til að ráðherra geti með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, breytt lífeyrisákvæðum. Á það er minnt að þegar lögin um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda voru sett tóku lífeyrisákvæði þeirra mið af þáverandi samræmdri reglugerð SAL-sjóðanna. Síðan hafa reglugerðir SAL-sjóðanna breyst með ýmsum hætti og það þykir fullviðurhlutamikið að Alþingi þurfi að breyta lögum þótt um slíkar breytingar verði að ræða. Þess vegna er lagt til að ráðherra fái þessa heimild, en þess ber að geta að flestir lífeyrissjóðir starfa samkvæmt reglugerðum sem fjmrn. þarf að staðfesta.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi með þessari stuttu ræðu lýst flestum helstu efnisatriðum frv. Frv. er flutt, eins og sagt hefur verið, að tilhlutan stjórnar Söfnunarsjóðsins. Þess er getið í athugasemdunum hverjir sitja í þeirri stjórn og þess óskað að málið fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Þess vegna geri ég tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það mál sem hér er flutt sé í sjálfu sér sjálfsagt og eðlilegt að greiða fyrir því að þessi lífeyrissjóður geti keypt hlutabréf í fyrirtækjum með sama hætti og aðrir lífeyrissjóðir og stjórn sjóðsins fái þannig heimild til að fjárfesta í slíkum eignum. Það er mjög mikilvægt að lífeyrissjóðir landsins ráðstafi hluta af fjármagni sínu til að efla atvinnulíf landsmanna, ekki síst um þessar mundir þegar atvinnuástandið er heldur bágborið og lítill kraftur í uppbyggingu atvinnulífsins.

En ég vil af þessu tilefni benda hæstv. fjmrh. á að það er ekki nóg að heimila lífeyrissjóðunum að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, það er jafnframt mikilvægt að það sé farið í skattalegu tilliti eðlilega með þau mál. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á það að sú ríkisstjórn sem hann á sæti í hefur skapað mikla óvissu í þessum málum því samkvæmt lögum er nú ekki lengur heimilt að draga arðgreiðslur frá tekjum fyrirtækja. Að vísu hefur verið samþykkt ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að það ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en síðar. Þetta ákvæði skapar verulega óvissu á hlutabréfamarkaðinum og er nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu og kveða skýrt á um það hvernig eigi að með-

höndla arð í skattalegu tilliti í framtíðinni. Það er ekki hægt, hæstv. fjmrh., að bjóða þeim aðilum sem vilja fjárfesta með þessum hætti upp á slíka óvissu. Ég hef áður gert þetta mál að umtalsefni en þetta frv. gefur tilefni til að endurtaka það.

Hér er vissulega góður vilji og eðlilegar heimildir sem koma fram, í þessu frv. en ég vil leyfa mér að leggja til að í tengslum við það verði þessari óvissu eytt og skattalög færð í fyrra horf, enda er það ósiður að breyta skattalögum og setja síðan ákvæði til bráðabirgða um það hvenær breytingin eigi að koma til framkvæmda. Þetta er meiri háttar klúður sem ég að vísu hlýt að rekja til einhvers óskiljanlegs ósamkomulags í ríkisstjórninni og skilningsleysis ákveðinna ráðherra á mikilvægi hlutabréfamarkaðar og mikilvægi þess að lífeyrissjóðirnir komi inn í atvinnulífið, en ég trúi því vart að slíks skilningsleysis gæti hjá hæstv. fjmrh. Því vildi ég spyrja hvort ekki sé rétt að nota tækifærið og gera breytingu á skattalögum í tengslum við þetta frv. (**GHelg:** Ég get fallið frá orðinu, forseti, ég ætlaði eiginlega að segja það sama.)

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka þessa ræðu hv. 1. þm. Austurl. Ég ætla ekki heldur að gera lítið úr ágiskunum hans sem komu fram í ræðunni og vissulega er hægt að lýsa yfir ánægju með frammíköll, ef þau bókast hér, sem urðu síðan milli hans og hv. 14. þm. Reykv. Ég ætla ekki að rifja það mál upp, sem snertir skattgreiðslur vegna arðs, það höfum við rætt hér heilmikið fyrr á þessu þingi. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að það ákvæði tekju- og eignarskattslaganna sé tekið upp í tilefni af þessu frv. einu sér því það er eingöngu flutt til þess að samræma ákvæði laga um Söfnunarsjóðinn ákvæðum sem nú er að finna í almennum lífeyrissjóðum. Hitt er svo annað mál að nýlega var gefin út áfangaskýrsla af nefnd sem hefur verið að kanna samræmingu á skattlagningu eigna og eignatekna og af því tilefni þarf að koma fram að að því er stefnt að flytja frv. um það efni, vonandi á þessu þingi. Við það tækifæri finnst mér eðlilegt að fjallað verði um það mál sem hv. síðasti ræðumaður gerði hér að sérstöku umtalsefni.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. sagðist vænta þess að flytja frv. til laga um breytingu á skattlagningu eignatekna á þessu þingi. Ég hef miklar efasemdir um að það verði gert, hæstv. fjmrh., miðað við þann tíma sem eftir stendur af þessu þinghaldi og miðað við það hvernig málið stendur samkvæmt þeirri skýrslu sem hefur verið lögð fram. Mér þykir því ekki mikið á það treystandi að það mál fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Ég tel hins vegar mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem þarna hefur skapast og vænti þess að hæstv. fjmrh. hafi a.m.k. ekki á móti því að efh.- og viðskn. beiti sér fyrir breytingum í þessu efni, ég skil orð hans svo. Jafnvel þó að einhverjir aðrir einstakir ráðherrar kunni að hafa athugasemdir þar við, þá vil ég biðja hæstv. fjmrh. lengstra orða að fara ekki að viðurkenna neitunarvald einstakra ráðherra hér á Alþingi þó að það kunni að vera viðhaft í núv. ríkisstjórn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður ljósmæðra, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (brottfall laga). — Þskj. 702.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. sem er 444. mál þingsins og er að finna á þskj. 702. Þetta er frv. til laga um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra. Frv. er afar stutt, það er í þremur greinum.

1. gr. fjallar um að lögin skuli falla úr gildi.

2. gr. að allar skuldbindingar sem á sjóðnum hvíla falli á ríkissjóð.

3. gr. er gildistökugrein og þar er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Þetta frv. er flutt að tillögu Ljósmæðrafélags Íslands en Ljósmæðrafélagið leggur til að Lífeyrissjóður ljósmæðra verði lagður af. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður með lögum 1938 og þeim lögum hefur lítið verið breytt frá setningu ef undan er skilið að gerðar voru örlitlar breytingar á lögunum árið 1940.

Þessi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður ljósmæðra, tók til allra lögskipaðra ljósmæðra nema þeirra sem störfuðu í bæjum og voru tryggð þar sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna. Sjóðurinn tók heldur ekki til þeirra ljósmæðra sem störfuðu við fæðingardeild Landspítalans.

Með lögskipuðum ljósmæðrum var átt við þær ljósmæður sem skipaðar voru til að gegna ljósmóðurumdæmum samkvæmt ljósmæðralögum frá 1933. Í öllum meginatriðum fylgdi skipting landsins í ljósmóðurumdæmi, hreppa- og kaupastaðamörkum, svo segja má að ljósmóðir hafi verið í hverjum hreppi. Til þessara ljósmæðra var lífeyrissjóðnum ætla að taka.

Það kom fram í grg. með frv. sem flutt var 1933 að ljósmæður voru þá taldar tæplega 200, eða nánar tiltekið 198 talsins. Þetta ljósmóðurumdæmakerfi var lagt af með lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi árið 1984.

Þessi starfsstétt, umdæmisljósmæður, sem ein skyldi eiga aðild að Lífeyrissjóði ljósmæðra, er því ekki lengur til og því er ekki lengur um það að ræða að iðgjöld séu greidd til sjóðsins eða að neinn sjóðfélagi ávinni sér þar frekari rétt en orðið er.

Í athugasemdum með þessu frv. er athyglisverð lýsing á réttindaákvæðum þessara laga sem eru með fyrstu lögum sinnar tegundar. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla hér nákvæmlega um þau atriði þar sem þau hafa verið prentuð í þskj., en bendi á að fram koma rök að leggja beri Lífeyrissjóð ljósmæðra niður. Rökin eru í stuttu máli þessi:

1. Starfsstétt sú sem lífeyrissjóðnum var ætlað að sinna er ekki lengur til.

2. Réttindareglur sjóðsins eru löngu úreltar.
3. Sjóðurinn er tómur.
4. Starfandi ljósmæður landsins eiga eðlilega aðild að öðrum almennum lífeyrissjóðum.

Þess skal getið, og reyndar kemur það fram í grg., að Ljósmæðrafélag Íslands hefur gert tillögu um hvernig fara skuli með skuldbindingar sjóðsins þegar hann verður lagður niður og hvernig greiðslum til sjóðfélaga skuli háttað.

Af samþykkt frv. sjálfs leiðir ekki neinn kostnaðarauki fyrir ríkissjóð enda er sjóðurinn skv. 1. gr. gildandi laga eign ríkisins og ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr honum skv. 3. gr. laganna og skuldbindingar sjóðsins eru óverulegar.

Þess skal getið að fjármunum hefur verið ráðstafað til þeirra sem njóta réttinda úr sjóðnum í gegnum fjárlög á ári hverju umfram það sem sjóðurinn hefur greitt sjálfur.

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta frv. Þetta er einfalt frv. og flutt að beiðni Ljósmæðrafélagsins. Ríkissjóður mun taka að sér allar skuldbindingar sjóðsins. Þær ljósmæður sem hafa átt réttindi og eiga réttindi í þessum sjóði nú eru sumar fullorðnar og þess dæmi að þær séu yfir 100 ára, en þær yngstu tíu eru flestar rétt innan við sjötugsaldur.

Ég tel að réttindum þessara kvenna sé fullkomlega sinnt með öðrum hætti og þar sem ríkissjóður á sjóðinn sé engin ástæða til þess lengur að halda honum úti sem sérstakri einingu.

Að svo mæltu legg ég til að þetta frv. verði sent til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirskattanefnd, 1. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 722.

og

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 465. mál (yfirskattanefnd). — Þskj. 723.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér eru tvö frv. til umræðu í einu, enda náskyld. Í fyrsta lagi frv. til laga um yfirskattanefnd. Það frv. er að finna á þskj. 722, 464. mál þingsins. Hitt frv. er 465. mál þingsins á þskj. 723 og er frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og er það fylgifrv. með hinu frv.

Ef litið er til aðalfrumvarpsins og könnuð efnisatriði í því og samanburður gerður við efnisatriði í gildandi lögum má benda á eftirtalin atriði:

1. Löggjöf um yfirskattanefnd verður í sjálfstæðum lögum enda fjallar nefndin um skattamál almennt. Í gildandi lögum eru ákvæði um nefndina í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta tiltæki ætti að verða til þess að undirstrika sjálfstæði nefndarinnar og mikilvægi hennar.

2. Nefndarmenn verða, ef frv. verður samþykkt, allir í föstu starfi, skipaðir til sex ára í senn. Núverandi fyrirkomulag er þannig að tveir nefndarmenn eru fastir en fjórir í hlutastarfi, skipaðir til sex ára í senn.

Með þessari breytingu er hugmyndin að flýta afgreiðslu mála hjá nefndinni og, það sem er ekki síður mikilvægt, að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta orðið ef í nefndinni eru aðilar sem vinna jafnframt að eins konar málflutningi gagnvart nefndinni eins og er í dag.

3. Samkvæmt frv. er opnaður sá möguleiki að nefndin kalli sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Ekki er þó gert ráð fyrir að umræddir sérfræðingar taki sæti í nefndinni og kveði upp úrskurði.

Varðandi þetta atriði er rétt að benda á að þau rök hafa komið fram að það geti verið heppilegt að fulltrúar í ríkisskattanefnd, sem eftir breytinguna mun heita yfirskattanefnd, komi úr röðum þeirra sem vinna við skattframtöl og bókhald fyrirtækja. En á móti kemur sú röksemd, eins og getið var um í 2. lið að um hagsmunaárekstra geti orðið að ræða. Til þess að sameina þetta tvennt og ná kostunum fram er opnaður þessi möguleiki að nefndin kalli sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

4. Kærufrestur skattaðila til nefndarinnar er óbreyttur, þ.e. 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra.

5. Frestur ríkisskattstjóra til að skjóta úrskurði skattstjóra til nefndarinnar er styttur verulega, þ.e. úr þremur mánuðum í 30 daga en þetta er gert til að flýta meðferð og ákvörðun gagnvart skattborgurunum um það hvort skattamál hans sé til meðferðar eða ekki.

6. Frestur ríkisskattstjóra til að senda rökstuðning frá sér vegna mála sem eru kærð til nefndarinnar er samkvæmt frv. 45 dagar. Í gildandi lögum er fresturinn 30 dagar en hefur í reynd komist upp í að vera allt upp undir eitt ár. Gert er ráð fyrir því að ríkisskattstjóri haldi sig innan umrædds frests, þ.e. innan 45 daga frestsins.

7. Lögð er skylda á nefndina að hafa úrskurðað um kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist greinargerð ríkisskattstjóra. Núgildandi frestur er sex mánuðir en hefur í reynd oft verið mun lengri eins og fram kemur í athugasemdum við frv.

8. Lögð er áhersla á að úrskurðir nefndarinnar séu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum er byggt. Þetta er mjög mikilvægt enda er nauðsynlegt að rök nefndarinnar fyrir skattaákvörðun séu skýr og ótvíræð. Það er þýðingarmikið fyrir réttaröryggi að niðurstöður séu rökstuddar þannig að skattaðilar sjái ótvírætt á hverju er byggt, svo og að ljóst sé af úrskurði hvaða fordæmi felist í honum fyrir skattframkvæmd. Ef vel tekst til í úrskurði nefndarinnar ætti það að draga úr því að menn leiti til dómstóla með niðurstöður hennar.

9. Sameinaðar eru tvær nefndir, þ.e. ríkisskatta-

nefnd og sektarnefnd staðgreiðslu þannig að sektarmeðferð verður á einum stað eftir breytingu. Og það er einmitt vegna sektarnefndarinnar sem gerð er tillaga til breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en í þeim lögum er ákvæði um sektarnefnd. Verður því ákvæði breytt þannig að yfirskattanefnd fjalli um þau mál sem hingað til hafa gengið til sektarnefndar.

Þess skal getið, virðulegi forseti, að það er algengt í dag að frá því að kærandi leggur fram kæru og þar til máli lýkur hjá ríkisskattanefnd líði eitt til tvö ár. Aðalatriðið er að þessi tími styttist í sex mánuði. Það er hugsað með þeim hætti að skattaðili og ríki hafi 30 daga til að kæra úrskurð skattstjóra til nefndarinnar. Nefndin á síðan að senda málið tafarlaust til ríkisskattstjóra. Slíkt gæti tekið 15 daga eða þar um bil. Ríkisskattstjóri hefur þá 45 daga til að gefa umsögn um málið eftir að það berst honum og nefndin síðan 90 daga til að úrskurða í málinu en samtals eru þetta 180 dagar eða um sex mánuðir.

Ýmsar upplýsingar koma fram í athugasemdum með lagafrv. en frv. er samið af starfsmönnum á tekjuskrifstofu fjmrn. Þegar ríkisskattanefnd varð til árið 1932 voru starfandi skattanefndir, nema í Reykjavík, sem sáu um álagningu opinberra gjalda en þá voru jafnframt til yfirskattanefndir sem úrskurðuðu um ágreining milli skattaðila og framteljenda í hverju lögsagnarumdæmi. Þannig er nafnið „yfirskattanefnd" ekki nýtt í íslenskum lögum en er tekið upp aftur í þessu frv. til þess að skýra skilin sem eru á milli ríkisskattstjóraembættisins annars vegar og þessa úrskurðaraðila hins vegar sem í dag er ríkisskattanefnd en verður yfirskattanefnd.

Það var árið 1972 sem ríkisskattanefnd varð að sérstakri stofnun án tengsla við ríkisskattstjóraembættið. En því miður er það svo að ýmsir telja að ríkisskattstjóraembættið og ríkisskattanefnd sé enn eitt og sama fyrirbærið.

Sektarnefnd staðgreiðslu var sett á laggirnar með lögum nr. 90/1987. Hlutverk hennar er að úrskurða um sektir vegna brota á staðgreiðslulögum. Í nefndinni hafa setið þrír menn í hlutastarfi, þar af einn sem ríkisskattstjóri tilnefnir. Að áliti okkar í fjmrn. er fyrirkomulag þetta um margt óhentugt og óeðlilegt að fulltrúi ríkisskattstjóra sem fer með framkvæmd á staðgreiðslu sitji í nefndinni. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að nefndin verði lögð niður og störf hennar falin yfirskattanefnd.

Ég legg áherslu á nauðsyn þess að starfsemi æðsta úrskurðarvalds á stjórnsýslustigi í skattamálum verði þannig tryggð að gjaldendur geti fengið úrlausn mála sinna með eðlilegum hætti á tilskildum tíma. Eins og fram hefur komið áður í mínu máli dregur mikill dráttur á uppkvaðningu úrskurða mjög verulega úr skilvirkni skattframkvæmdar og góðrar innheimtu. Þess gætir nokkuð að innheimta skattkrafna dragist vegna deilumála fyrir ríkisskattanefnd og þar með eykst hættan á tapi ríkissjóðs og sveitarfélaga á skattkröfum. Tafir í afgreiðslu skattamála draga einnig mjög verulega úr að réttaröryggi sé tryggt í stjórnsýslunni. Það má bæta úr þessu ástandi með eflingu æðsta úrskurðaraðila á stjórnsýslustiginu í skattamálum og tryggja þannig greiða skattframkvæmd.

Ég vil að lokum rifja upp helstu atriðin sem felast í þessum frumvörpum sem hér eru til umræðu.

1. Gert er ráð fyrir að unnt verði að flýta verulega meðferð mála fyrir yfirskattanefnd en afgreiðslutími hjá ríkisskattanefnd er nú milli eitt og tvö ár.

2. Allir nefndarmenn verða í föstu starf en tímabundið í sex ár, þó þannig að í fyrsta sinn eru skipaðir menn í nefndina til fjögurra, sex og átta ára þannig að tveir láta af störfum í senn með tveggja ára millibili.

3. Nefndinni er heimilt að kalla sér til aðstoðar og ráðgjafar sérfróða aðila.

4. Frestur nefndarinnar til afgreiðslu í einstökum málum er styttur.

5. Kærutími ríkisskattstjóra til nefndarinnar er styttur verulega.

6. Sektarnefnd staðgreiðslu og ríkisskattanefnd eru lagðar niður.

7. Nefndarmönnum er óheimilt að hafa afskipti af skattframkvæmd á fyrri stigum.

8. Krafist er ítarlegs rökstuðnings nefndarinnar fyrir niðurstöðu kærumála.

9. Opnaður er möguleiki á að nefndin geti starfað í tveimur deildum.

10. Frv. gerir ráð fyrir sérlögum um starfsemi æðsta úrskurðaraðila á stjórnsýslustigi í skattamálum.

11. Nefndinni er heimilt að starfa utan Reykjavíkur þegar hún telur þörf á.

Ég vil að síðustu geta þess, virðulegi forseti, að a.m.k. tvisvar sinnum hefur verið reynt að afgreiða frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með þeim hætti að tekist hefur verið á við þetta verkefni. Í bæði skiptin hefur það gerst að efnisatriði málsins hafa verið skilin frá öðrum atriðum og átt að ræða þau síðar í hv. efh.- og viðskn. — eða í hv. fjárhags- og viðskiptanefnd eins og hún hét áður en yfirstandandi kjörtímabil hófst. Nú er brugðið á það ráð að flytja sérstakt frv. um þetta mál og gera það heldur viðurhlutameira. Það er von mín að málið geti fengið afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Að sjálfsögðu munu fulltrúar ráðuneytisins og ríkisskattstjóra, svo og ríkisskattanefndar gefa allar upplýsingar sem um verður beðið þegar hv. nefnd. tekur til starfa um þetta mál. Frv. er afar skýrt. Það er sett upp með nokkuð nýjum hætti þar sem fyrirsögn tilheyrir hverju efnisatriði, hverju ákvæði reyndar, þannig að tiltölulega auðvelt er að fletta upp í frv. og væntanlega má lögfesta frv. með þessum kaflaskiptum sem yrði til bóta fyrir þá sem nota lögin og nota bækur, lagasafn sem lögin hefur að geyma.

Ég legg til að báðum frumvörpunum, frv. til laga um yfirskattanefnd og frv. til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. á sér alllangan að-

draganda en síðast þegar fjallað var um þetta mál, var það gert í tengslum við frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem var flutt af fjmrh. fyrr á þessu þingi. Það frv. fékk umfjöllun í efh.- og viðskn. en það varð að samkomulagi við afgreiðslu þess máls að taka ákvæðin sem snertu breytingar á ríkisskattanefnd út úr því frv. og fjalla um það mál síðar á þessu þingi.

Þetta frv. er flutt í samræmi við það sem kom fram við meðferð þess máls og lýsti ég því yfir í efh.- og viðskn. að ég væri tilbúinn til að taka þátt í meðferð þessa máls síðar á þessu þingi og mun að sjálfsögðu standa við það.

Ég tel ekki ástæðu til að fara út í ítarlega umfjöllun um málið hér við 1. umr. Það er út af fyrir sig gagnlegt að setja sérstaka löggjöf um þennan dómstól og ég hef engar athugasemdir við það að gera að hann heiti yfirskattanefnd. Það er rétt, eins og fram kemur í athugasemdum með frv., að nefndin hefur fram til þessa fjallað um hagsmunamál fleiri aðila sem hafa tekjur af þegnum landsins en ríkisins og er áreiðanlega rétt að það mun hjálpa almenningi að skilja betur að ríkisskattstjóraembættið er allt annað embætti en ríkisskattanefnd.

Sá háttur hefur verið hafður á að fjórir af nefndarmönnum hafa verið í hlutastarfi og hafa verið nokkurs konar fastir meðdómendur í nefndinni en það er alkunna að dómstólar landsins kalla til meðdómendur í ýmsum málum og verður þá að gæta þess að þeir séu ekki vanhæfir til að gegna skyldum sínum. Þau rök eru nú færð fram að þar sem þessir föstu meðdómendur kunni að reka mál fyrir ríkisskattanefnd sem er áreiðanlega rétt, þá séu þeir ekki hæfir. Ég er ekki sammála þessari túlkun, enda komi viðkomandi aðilar ekki nálægt þeim málum sem þá snerta. Ég held að það hljóti að vera alveg ljóst að í mörgum tilvikum eru meðdómendur sem koma að dómstólum landsins jafnframt málaflutningsmenn í svipuðum málum þótt það snerti aðra einstaklinga.

Ég er þeirrar skoðunar að það tryggi meiri breidd og réttlátari úrskurði að hafa menn með sem víðtækasta þekkingu og reynslu og ég hef ákveðnar efasemdir um að það muni takast að fá til þessara starfa í einu vetfangi sex aðila sem munu geta tekið við skyldum þeim sem hvíla á núverandi ríkisskattanefnd. Ég vil í þessu sambandi, með leyfi forseta, m.a. benda á að skv. 23. gr. er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd skuli hefja störf 1. júní 1992. Skal hún þá taka við störfum ríkisskattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu. Frá sama tíma skuli ríkisskattanefnd ljúka störfum.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að það er ekki hægt að leggja niður starf sem þetta í einu vetfangi og stofna til nýrrar nefndar nema að tryggt sé að það starf sem í gangi er færist með eðlilegum hætti yfir í hina nýju nefnd. Ég hygg að engum manni dytti í hug að leggja niður einn af dómstólum landsins í einu vetfangi og færa alla skjalabunkana á einum degi yfir í einhvern annan dómstól. Ég á ekki von á því að það verði til þess að stytta biðtímann að því er þessa nefnd varðar og ég tel það í reynd vera villandi sem hér kemur fram í greinargerð með þessu frv. en þar stendur, með leyfi forseta:

„Nú bíða afgreiðslu hjá nefndinni 1.400 mál og er það svipað og hefur verið undanfarin ár. Algengur biðtími frá því að kærandi leggur fram kæru er 1–2 ár en þó eru þess dæmi að gjaldandi hafi þurft að bíða í 3½ ár þar til að ríkisskattanefnd lagði úrskurð á deilumálið. Leita má skýringa á hægfara málsmeðferð m.a. til þess að í nefndinni sitji menn í hlutastarfi.

Ástand þetta er með öllu óviðunandi og nauðsyn ber að efla starfsemi æðsta úrskurðarvaldshafa á stjórnsýslustigi í skattamálum með þeim hætti að tryggt sé að gjaldendur geti fengið úrlausn mála sinna með eðlilegum hætti á tilskildum tíma."

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fram kemur frv. til laga um breytingar á skattalögum þar sem því er haldið fram að nú eigi að bæta framkvæmd skattamála með því að setja nýja löggjöf. Ég tel að miklar breytingar á skattalögum, þar sem látið er í það skína að nú muni allt breytast í skattamálum vegna lagabreytinga, séu misvísandi. Framkvæmd skattamála verður ekki lagfærð með lagabreytingum almennt séð. Framkvæmd skattamála verður fyrst og fremst lagfærð með því að breyta starfsemi hjá þeim aðilum sem fara með þessi mál og fjölga fólki eða þá að auka hagræðingu og það hefur ekkert með lagabreytingar að gera. Það má segja að þessi meinloka sé ekki aðeins ríkjandi í skattamálum heldur í ýmsum öðrum málaflokkum í þjóðfélaginu. Það er eins og menn haldi að með því að skrifa ný orð á blað og fá þau samþykkt hér á Alþingi muni allt breytast, biðtímar styttast og allir verða hamingjusamir sem í kringum þessi mál starfa og þurfa að una úrskurðum nefndanna. Þannig var gert ráð fyrir því þegar ríkisskattanefnd var sett á stofn að biðtíminn yrði aldrei lengri en sex mánuðir. Komið hefur í ljós að biðtíminn er miklu lengri og nú er látið í það skína að með því að fjölga í nefndinni verði hægt að standa við að biðtíminn verði innan við þrír mánuðir. Ég tel að þetta sé af og frá og ekkert sem kemur í veg fyrir það að fjmrn., undir forustu hæstv. fjmrh., geti ráðið fleira fólk til starfa hjá ríkisskattanefnd. Ég veit ekki til þess að það sé nokkurt lagaákvæði sem bannar það að fleira fólk vinni að þessum störfum. Það er ekki endilega nauðsynlegt að hafa sem flesta yfirmenn í stofnunum og það er ekki einu sinni nauðsynlegt að hafa sérstaka eftirlitsmenn með stofnunum. Það tryggir ekki endilega góða framkvæmd. Það sem skiptir máli er eðlileg verkaskipting og nægilega mikið af hæfu starfsfólki.

Hvers vegna hefur ekki verið ráðið fleira fólk til ríkisskattanefndar til að bæta úr þessu ástandi? Er það vegna þess að ríkisskattanefnd hafi ekki farið fram á það? Eða gæti verið að þar sé um að kenna almennum fjárskorti hjá ríkinu eins og í svo mörgu öðru? Hér er gert ráð fyrir því samkvæmt áliti fjmrn., sem ég skal ekki leggja neinn dóm á, að kostnaðarauki af þessu frv. sé 6–7 millj. kr. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það vera heldur lág áætlun, en hvað um það, við skulum segja að hún sé rétt. Er gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu í fjárlögum, hæstv. fjmrh.? Og hvernig verður það tryggt að þetta fé verði til ráðstöfunar fyr-

ir ríkisskattanefnd? Ef þetta frv. verður ekki að lögum, getur þá núv. ríkisskattanefnd fengið þetta fé til umráða til að bæta úr um úrskurð mála eins og nú standa sakir?

Ég vil aðeins ítreka það, virðulegur forseti, að ég tel sjálfsagt að taka þetta mál til umfjöllunar og greiða fyrir afgreiðslu þess. Ég er sammála mörgu sem þar kemur fram og meginstefnu í frv., en ég verð að segja það alveg eins og er að það er leitt að þurfa að lesa það skipti eftir skipti að vöntun á löggjöf komi í veg fyrir betri framkvæmd skattamála. Þessu hefur verið haldið fram allt of lengi og er kominn tími til að hætta að skrifa slíka texta í þau frumvörp sem hér eru flutt að því er varðar skattamál. Sannleikurinn er sá að það er allt of mikið af breytingum á skattalögum sem koma fyrir Alþingi en of lítil áhersla lögð á betri framkvæmd þeirra skattalaga sem eru í gildi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir flest af því sem hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Austurl., sagði og stytt mál mitt af þeim sökum. Það sem ég hugðist einmitt sérstaklega benda á í þessu sambandi var sú tilhneiging, sem mér finnst gæta nokkuð í þessu máli og greinargerð með því, að halda því fram eða binda vonir við það og trúa því að með kerfisbreytingu af því tagi sem hér er á ferðinni eða lagabreytingu einni og sér náist stórkostlegur árangur í meðferð skattamála og deilumála á því sviði.

Ég held að það sé einmitt nauðsynlegt við slíkar aðstæður að skoða mjög vandlega hvað af því sem úrskeiðis hefur farið er annars vegar að kenna úreltri eða gallaðri löggjöf og hvað hins vegar misbresti í framkvæmd og/eða ósköp einfaldlega að menn hafi ekki lagt það til framkvæmdarinnar sem nauðsynlegt má teljast. Ég hygg að enginn deili um að það sé óviðunandi ástand eins og sagt er hér í grg. með frv. að um 1.400 mál bíði nú afgreiðslu hjá ríkisskattanefnd. Þess eru jafnvel dæmi að kærendur þurfi að bíða árum saman til þess að fá úrskurð sinna mála. Það er óhagstætt fyrir báða aðila, bæði kæranda sem veit þá ekki hver hans réttarstaða er og hver greiðslubyrði hans verður að lokum og einnig fyrir ríkið sem að sjálfsögðu á ef það vinnur í slíkum málum eftir að innheimta þær tekjur sem úrskurðað er um og af sjálfu leiðir að þær eru ekki eins tryggt fé eftir því sem frá líður upphaflegri gjaldfellingu þeirra.

Það kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að það er reiknað með því að kostnaðaraukinn við framkvæmd þessa frv. verði 6–7 millj. kr. Með öðrum orðum snýst þetta frv. kannski fyrst og fremst um það að hækka fjárveitingar til ríkisskattanefndar um 6–7 millj. kr. og ég spyr því eins og hv. síðasti ræðumaður: Þurfa menn í sjálfu sér flóknar lagabreytingar til þess að auka starfsemi á sviði skattamála sem þessu nemur? Væri ekki einfaldlega hægt að auka nokkuð fjárveitingar til þessa málaflokks og efla þar með starfsemina þannig að hún gæti afkastað meiru og unnið upp þann langa hala sem þarna er við að glíma?

Í sjálfu sér má velta því fyrir sér, í ljósi þess að fjöldi mála sem beðið hefur úrskurðar á undanförnum árum hefur verið nokkuð svipaður, hvort vandinn sé ekki kannski sá að vinna fyrst og fremst upp þennan hala í eitt skipti fyrir öll og koma ríkisskattanefnd eða yfirskattanefnd — eða hvað hún nú heitir, það má einu gilda — í eitt skipti fyrir öll á sæmilega hreint borð og hafa síðan ósköp einfaldlega bolmagn hennar þannig að hún afkasti í samræmi við þann fjölda mála sem til hennar berst. Mér virðist þetta liggja þannig að nefndin hafi spólað með svipaðan hala mála framan við sig um alllangt árabil og það hafi í sjálfu sér ekki mjög mikið breyst í þeim efnum. Málafjöldinn sé yfirleitt á þessu bili og það samsvari þeim fjölda sem berst nefndinni á 1–1½ ári sem jafnan hafi legið þar fyrir óafgreidd.

Með þessu er ég ekki að segja að sú kerfisbreyting sem hér er lögð til geti ekki að einhverju leyti verið réttlætanleg og nauðsynleg, en ég tel þó að það sé réttast að ræða um hlutina eins og þeir koma fyrir. Að því leyti til sem málið snýst ósköp einfaldlega um það að menn hafi ekki haft þá fjármuni og þann mannafla til að sinna þessum verkefnum á undanförnum árum sem skyldi, þá eigi menn auðvitað bara að viðurkenna það og horfast í augu við það. Það þarf þá ekki endilega mjög flóknar lagabreytingar til þess að bæta úr því ástandi ef það er þetta sem menn eru að taka á.

Ég hef líka vissar efasemdir um það, eins og ég hygg að hv. 1. þm. Austurl. hafi líka nefnt, að það muni reynast auðvelt verk að ráða þá, ja, ég hygg fjóra fastráðna starfsmenn til viðbótar til starfa hjá nefndinni sem ætlunin er með þessu nýja fyrirkomulagi. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. sem jafnframt fer með samninga við starfsmenn ríkisins: Hvert er mat hæstv. fjmrh. á því að hæfir menn úr þeim starfsgeira sem hér þarf að sækja starfskraftana til fáist til starfa við nefndina með auðveldum hætti og fyrirhafnarlitlum á þeim launakjörum sem þar verða væntanlega í boði á töxtum opinberra starfsmanna? Er hæstv. fjmrh. bjartsýnn á það að menn muni standa í biðröðum til þess að færa sig um set úr löggiltri endurskoðun eða öðrum slíkum greinum yfir í þessi störf? Ja, ef svo er þá hefur dregið mjög saman miðað við þann launamun sem fullyrt hefur verið á undanförnum árum að væri á milli starfsmanna ríkisins annars vegar einmitt í þessari grein eða skyldum greinum og þeirra sem starfa á almenna vinnumarkaðnum hins vegar.

Þá er enn eftir að nefna það sem snertir þessa breytingu og það er hvort það sé í öllu tilliti skynsamleg breyting að afnema það fyrirkomulag að starfandi einstaklingar geti komið inn í starfsemi yfirskattanefndar eða ríkisskattanefndar eins og verið hefur og að hún verði frá og með þessum breytingum eingöngu mönnuð fastráðnum starfsmönnum. Ég hygg að það megi sjá í þessu bæði kost og löst. Því er að sjálfsögðu ekki mótmælt að fastráðnir starfsmenn sem engum öðrum verkefnum sinna eru ólíklegri til þess að verða vanhæfir í málum heldur en aðrir. En á hinn bóginn má líka spyrja sig að því: Er ekki viss hætta á því að nefndin einangrist frá umhverfinu með því að í henni starfi sömu mennirnir og sinni eingöngu verkefnum

þar, kannski um langt árabil, en séu ekki jafnframt starfandi úti á markaðnum? Því sjónarmiði hefur verið hreyft í mín eyru að það geti verið kostur fyrir aðila af þessu tagi að fá af og til til liðs við sig e.t.v. einhvern hluta af dómendum eða úrskurðaraðilum, starfandi menn úr faginu og það er sjónarmið sem mér finnst að eigi fyllilega rétt á sér og er ástæða til að hafa í huga. Þess vegna hef ég spurt mig að því hvort ekki gæti verið vænlegt að hér væri hugsanlega farin millileið, að ríkisskattanefnd, eða sambærilegt fyrirbæri undir einhverju nafni, yrði efld, t.d. með fastráðningu einhverra starfsmanna í viðbót og rýmri fjárveitingum, en jafnframt væri eftir sem áður möguleiki á því að kalla til inn í starfsemi nefndarinnar utanaðkomandi aðila ef aðstæður mæltu með eða heppilegt þætti. Ég sé í sjálfu sér ekki að það þurfi að vera nein mótsögn í því að þetta tvennt fari saman. Ég hef ekki gengið úr skugga um það hvort það sé nokkuð sem beinlínis komi í veg fyrir slíkt í frv. eins og það er upp byggt. En það bíður væntanlega þeirrar nefndar sem fær þetta mál til umfjöllunar að fara ofan í saumana á slíkum atriðum og ég er fyrir mitt leyti tilbúinn að leggja því lið.

Það er eitt annað atriði, herra forseti, sem ég vil aðeins gera að umtalsefni og spyrja hæstv. fjmrh. um og það er orðalag 2. gr. Ég velti því fyrir mér hvort það sé skynsamlegt eða nauðsynlegt að fara út í þá miklu upptalningu sem þar er. Þar er ósköp einfaldlega talið upp allt það sem falla skal undir gildissvið eða úrskurðarsvið yfirskattanefndar og síðan kemur löng romsa í 2. gr. að úrskurðarvald nefndarinnar taki til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, tekjustofna sveitarfélaga, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald, Iðnlánasjóð, iðnaðarmálagjald, Útflutningsráð, málefni aldraðra, Þjóðarbókhlöðu og guð má vita hvað. Og ég spyr þá: Er það þá þannig að í raun og veru þyrfti að breyta síðan lögunum um ríkisskattanefnd eða yfirskattanefnd í hvert skipti sem nýr skattur eða breyting yrði á innheimtu af þessu tagi? Nú hefur það gerst í sögunni af og til eins og dæmin sýna að menn hafa fundið upp á ýmsum nýjum sköttum. (Gripið fram í.) Ja, það hefur einn og einn maður verið að því, hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Nú mundi ég fara varlega í sporum hæstv. fjmrh. að gefa engar ótímabærar yfirlýsingar því hæstv. fjmrh. hefur því miður neyðst til að éta talsvert ofan í sig nú þegar af fyrri fögrum fyrirheitum í skattamálum. T.d. stóð hann hér oft í ræðustól á Alþingi og fór með dýra svardaga um það að fyrr skyldi hann dauður liggja heldur en standa nokkurn tímann að því að innheimta þennan óréttláta skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en hann er á fullri ferð hér og meira að segja í þessu frv., sá ágæti skattur, og fjmrh. bráðlifandi þannig að hann getur nú kyngt ýmsu eins og dæmin sanna. (Gripið fram í.) Og lögguskattinum o.s.frv. Ég hygg því að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. þurfi nú að gæta sín mjög að fara ekki út í ótímabærar yfirlýsingar hér. Og þá er þetta spurning mín: Ef hæstv. fjmrh. finnur nú upp einhvern nýjan skatt á næsta ári, t.d. fyrir nýjan málaflokk, ekki löggu-skatt heldur kannski prestaskatt eða kennaraskatt eða einhverja slíka skatta sem hann ákveður að skíra einhverju göfugu nafni, og tekur til við að innheimta þá í ríkissjóð, þarf hann þá jafnframt að breyta lögunum um yfirskattanefnd ef sett verða með þessum hætti? Ég hygg að svo mætti ætla því að annars kæmi upp ósamræmi í 2. gr. laganna þar sem sumir skattarnir eru taldir upp en þeir sem við bættust væru þá ekki þar inni. Þetta held ég að sé ákaflega ambögulegt fyrirkomulag og skerði mjög svigrúm hæstv. fjmrh. til leikfimiæfinga á skattasviðinu sem er auðvitað alveg nauðsynlegt að hann hafi, hæstv. fjmrh. Ég spyr mig þess vegna að því: Væri ekki hyggilegra að orða þetta öðruvísi og segja að allir þeir skattar sem lagðir eru á samkvæmt lögum eða með þeim hætti á hverjum tíma skuli falla undir gildissvið yfirskattanefndar. Þetta mundi auk þess spara mikinn pappír því að greinin mundi styttast um ¾ ef þessari upptalningu yrði sleppt og ég sé ekki að hvað varðar tæknileg atriði við lagasetningu séu á þessu neinir meinbugir. Ekki nema hér sé eitthvað varðandi það að öruggara sé talið að tilgreina með sérstökum hætti af þessu tagi öll þau skattform sem yfirskattanefnd geti látið sig varða og þess vegna sé þetta gert, til þess að fyrirbyggja hugsanlega árekstra við stjórnarskrá eða annað því um líkt í þessu tilviki. Þá vænti ég þess að hæstv. fjmrh. geti skýrt það. Ég sé nú ekki að svo þurfi að vera og það sé ekki hægt að útbúa þetta einhvern veginn þannig að slíkur vafi verði alls ekki fyrir hendi og þá held ég að væri miklu auðveldara að einfalda þetta svona.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meir enda á ég þess kost að athuga þetta í þeirri nefnd sem væntanlega fær málið til umfjöllunar. Ég er út af fyrir sig velviljaður því að þessar breytingar verði gerðar á yfirstandandi þingi ef ég hef sannfæringu fyrir því að þær séu einhver umtalsverður áfangi í átt til þess að bæta framkvæmd þessara mála. En ef þetta er að mestu leyti nafnbreytingin ein og síðan ekkert annað en áform um að í framtíðinni eigi að ráðstafa meira fé til framkvæmdarinnar á þessu sviði, þá sé ég ekki lengur jafnsterk rök fyrir málinu því að okkur er alveg vandalaust að útvega meira fé í þessi verkefni, t.d. við afgreiðslu næstu fjárlaga, ef það er afstaða hæstv. fjmrh. að þess þurfi með. Út af fyrir sig mælir margt með því að svo sé gert, samanber þann málahala sem liggur fyrir ríkisskattanefndinni.

Ég vona að hæstv. fjmrh. geti gefið okkur einhver svör við þessum spurningum en áskil mér að öðru leyti rétt til þess að útskýra afstöðu mína til málsins þegar ég hef haft tækifæri til að skoða það í nefnd.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest það sem fram hefur komið í þessari umræðu. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þá meginhugsun og meginhugmynd sem liggur að baki þessa frv. Það er auðvitað góðra gjalda vert að reyna að bæta innheimtu skatta og að sjá til þess að það verði skorið úr þeim málum sem valda deilum á sem allra skemmstum tíma. Það eru athyglisverðar upplýsingar sem koma fram í grg. um hvern-

ig þessi mál ganga fyrir sig í því kerfi sem við nú höfum og þær tölur sýna auðvitað svart á hvítu að þarna þurfa úrbætur að eiga sér stað. En í grg. kemur fram að nú bíði afgreiðslu hjá nefndinni 1.400 mál og þannig hafi það verið á undanförnum árum. Ég vona að það hafi ekki verið svo á þeim 12 árum sem nefndin starfaði, en þetta sýnir auðvitað að þarna er mikill seinagangur á ferð.

Eins og fyrri ræðumenn hafa vakið athygli á er spurning hvort sú leið sem hér er valin verði til þess að bæta meðferð mála, hvort það sé endilega lausnin að fjölga fastráðnum starfsmönnum. Það verður fróðlegt að heyra hvað þeir sem vinna í þessum málum hafa um þetta að segja. En ef menn eru þeirrar skoðunar að fyrst og fremst vanti meiri festu í starfið og betri skipulagningu þá eru þessar hugmyndir auðvitað af hinu góða.

Það hefur verið spurt að því og ég get tekið undir þá spurningu hvort hér sé nógu margt fólk sem er sérmenntað í þessum fræðum og hvort það muni takast að manna yfirskattanefnd með góðum hætti.

Mig langar líka að spyrja hæstv. fjmrh. út í einstök atriði í þessu frv. Þá er fyrst að nefna það að í 9. gr. er tekin sú stefna að sex menn skuli sitja í yfirskattanefnd í fullu starfi og sú spurning vaknar auðvitað hvort þetta dugi. Er þetta nægjanlegt? Hvaða rök liggja þarna að baki?

Í þessu sambandi langar mig að varpa fram þeirri tæknilegu spurningu hvort það sé eðlilegt í lagatexta eins og þessum, þar sem um það er að ræða að skilgreina hvaða kröfur beri að gera til viðkomandi starfsmanna, að vísa þá yfir í önnur lög. Ég hefði talið eðlilegra að það væri skilgreint í lögunum hvaða kröfur þarna eigi að uppfylla. Það kemur reyndar fram í öðrum greinum, þar sem verið er að tala um málsmeðferð og hlutverk yfirskattanefndar, að þar er verið að vísa í önnur lög enda um margs konar lög að ræða þar sem skattar og skyldur koma við sögu. Mér finnst spurning hvort rétt sé í lagatexta að fara þessa leið.

Þá vil ég taka undir það sem kemur fram í 19. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Yfirskattanefndarmönnum er óheimilt að hafa afskipti af skattframkvæmd á öðrum málsstigun eða fyrir einstaka skattaðila."

Mér finnst þetta vera til góðs, menn eiga ekki annars vegar að vinna að framkvæmd hlutanna og síðan að hafa eftirlit með sjálfum sér. Það ber auðvitað alltaf að forðast slíkt.

Þá finnst mér líka vera góð hugsun í því að það eigi sér stað ákveðin endurnýjun í þessari yfirskattanefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II, þó ekki sé þar með sagt að ekki verði skipaðir sömu mennirnir aftur og aftur, en þetta er ákveðin tilraun til þess að hafa þarna sveigjanleika.

Mig langar líka að víkja að því sem kemur fram í 4. gr., að gert er ráð fyrir því að nefndinni sé ætlað aðsetur í Reykjavík. Nú eiga sér stað hér á Alþingi oft og tíðum umræður um flutning ríkisstofnana út á land og ég hefði gaman af því að heyra álit hæstv. fjmrh. á því hvort það sé nauðsynlegt að yfirskattanefndin sitji í Reykjavík með alla þá tækni sem við nú búum yfir, tölvutækni og slíkt. Ég vil koma því á framfæri að ég tel vel koma til greina að flytja yfirskattanefnd eitthvert út á land. Það þarf ekki endilega að vera mjög langt.

Ég sit í efh.- og viðskn. og fæ þar með tækifæri til þess að skoða þetta mál sérstaklega og ræða við þá sem við viljum þar ræða við en ef raunin reynist sú að sú leið sem hér er valin verði til þess að bæta meðferð skattamála, þá er hér að sjálfsögðu um gott mál að ræða.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram og lýsi yfir stuðningi mínum við það. Ég held það sé enginn vafi á því að hröð meðferð skattamála skiptir afskaplega miklu máli og framkvæmd alls skatteftirlits er meðal mikilvægustu þátta í stjórnsýslu okkar. Þess vegna skiptir verulega miklu máli að þeir aðilar, sem eiga að úrskurða kærur, úrskurða um skattalegar ákvarðanir, vinni vel og faglega og að öll löggjöf sem lýtur að þeirri framkvæmd sé skýr og greinileg. Ég vil þess vegna lýsa því yfir að þetta frv. er að mínu mati nauðsynlegt og mikilvægt og það ber að undirstrika mikilvægi þessa verkefnis sem yfirskattanefnd er ætlað að vinna.

Hér hefur verið rætt um það að hröð meðferð sé e.t.v. ekki tryggð með samþykkt þessa frv. Ég vil að nokkru taka undir það, ég sé ekki að það sé tryggt. T.d. er það auðvitað augljóst að yfirskattanefnd er samkvæmt frv., og svo sem eðlilegt er, gert að leita umsagnar og leita gagna hjá skattstjórum og ríkisskattstjóraembættinu. Ég hef grun um það að e.t.v. hafi flöskuhálsinn einmitt legið í þeim embættum fremur en annars staðar og eftir sem áður, þrátt fyrir yfirskattanefnd og miðað við núverandi aðstöðu skattstjóraembættanna og þau starfslegu skilyrði sem skattstjórum eru búin, þá gæti orðið verulegur dráttur á afgreiðslu og úrskurði yfirskattanefndar. Þess vegna tel ég og tek undir þær ábendingar sem hér hafa komið fram að það ber að bæta starfsaðstöðu skattstofanna og ríkisskattstjóraembættisins til þess að yfirskattanefnd geti unnið með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Það er m.a. hlutverk okkar á hinu háa Alþingi að búa svo um hnúta að þessir mikilvægu þættir skattkerfisins vinni við aðstæður sem tryggi það að þeir sem eiga að greiða skatta og fá úrskurði skattstjóra en kæri fái bærilega meðferð.

Ég vil taka undir með hv. 18. þm. Reykv. að þrátt fyrir allt sé ég ekki ástæðu til þess að það sé sett í lög að yfirskattanefnd verði endilega í Reykjavík og ég fagna því að hv. þm. Reykv. skuli hafa svo skarpan skilning á því að það beri ekki allt að setja niður hér í okkar ágætu höfuðborg.

En varðandi það sem segir í 10. gr. frv. um sérfróða aðila, þá tel ég að það skipti mjög miklu máli, og vil undirstrika það, að yfirskattanefnd hafi greiðan og góðan aðgang að sérfræðingum og það geti einmitt orðið styrkur yfirskattanefndar að hafa aðgang að sérfræðingum til þess að vinna tiltekin atriði og það beri

að stuðla að því að svo geti orðið. Með þeim orðum vil ég að lokum lýsa yfir stuðningi við þetta frv.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa átt sér stað um þetta frv. og stuðningsyfirlýsingu frá a.m.k. einum þingmanni ef ekki fleirum. Ég veit að málið verður í góðum höndum þegar það fer til hv. nefndar, enda hafa nú þegar tjáð sig um málið nokkrir ágætir hv. nefndarmenn.

Fyrst langar mig til að víkja að ræðu hv. 18. þm. Reykv. og þá fyrst um 4. gr. þar sem sagt er að nefndin skuli hafa aðsetur í Reykjavík. Ég vil taka það fram að það sem er kannski sérstakt við þessa grein er hitt að nefndinni er heimilt að ákveða málflutning og úrskurði um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu, ef hún telur þörf á. Með öðrum orðum að þótt aðsetrið sé í Reykjavík þá geta komið upp þau tilvik að yfirskattanefnd flytji sig um set og setji sig niður um stundarsakir annars staðar og vinni þar og um það snýst þessi grein. Hitt er svo annað mál, sem fram kom í ræðu hv. Reykjavíkurþingmanns að vera kann að starfsemi af þessu tagi á vegum hins opinbera geti allt eins átt sér stað annars staðar en í Reykjavík og finnst mér full ástæða til að það sé kannað hvort þessi starfsemi og sérhver önnur verði flutt frá Reykjavík og til annarrar byggðar. Við höfum tekið þátt í slíkum umræðum um margra ára og áratuga skeið án þess að mikið hafi gerst í þeim efnum. Ég hygg að þótt einhvers staðar verði að byrja, þá sé ekki víst að þetta sé eðlilegasta byrjunin, en skal ekki útiloka að svo geti orðið þegar fram líða stundir.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort það dygði að hafa sex menn í yfirskattanefnd eins og nú segir í 9. gr. frv. Af því tilefni og eins vegna þeirra umræðna sem fram fóru hér fyrr um það hvort þetta væri ekki framkvæmdaratriði frekar en lagaatriði, að flýta málum fyrir yfirskattanefnd, vil ég segja að í 9. gr., þótt það sé ekki sagt bókstaflega í greininni sjálfri, er opnað fyrir það að nefndin geti starfað í deildum, t.d. tveimur deildum. Þess er getið í athugasemdum með 9. gr. að hugsanlegt sé að hún skipti sér upp í tvær þriggja manna deildir. Verði slíkt gert, sem ég tel ástæðu til þess að láta gerast, þá ættu afköst nefndarinnar að verða meiri en verið hefur. Á þetta vil ég minna. Það þótti ekki ástæða til að taka þennan texta upp í lagagreinina sjálfa, en þegar vísað er til athugasemdanna kemur í ljós að það er álit þeirra sem semja frv. að þessi úrskurðaraðili, yfirskattanefnd, geti starfað í tveimur deildum rétt eins og Hæstiréttur gerir nú. Í þeim skilningi ættu því þessir sex menn að geta afkastað talsverðu og umfram það sem nú hefur verið gert með breyttum vinnubrögðum. Skal ég þá ekki segja hvort hægt hefði verið á grundvelli gildandi laga að láta ríkisskattanefnd starfa í fleiri en einni deild.

Hv. þm. spurðist enn fremur fyrir um það hvort algengt væri að sagt sé í lagatexta að einhverjir aðilar skuli vera hæfir eða fullnægja tilteknum skilyrðum og síðan sé vitnað til annarra laga. Slíkt er mjög víða að finna í íslenskum lögum, sérstaklega þegar um er að ræða skilyrði sem eru nokkuð skýr. En stundum þá gerist það að slík skilyrði breytast frá einum tíma til annars, þótt það gerist ekki oft og þá þarf ekki að breyta tiltölulega mörgum lögum, þótt skilyrðin, t.d. skilyrði til þess að verða sýslumaður, skilyrði til þess að geta orðið héraðsdómari o.s.frv. breytist, en það er víða í lögum sem eru bendingar í aðra löggjöf til þess að ná fram sams konar skilyrðum og þar er lýst. Fyrir mér er það ekkert áluhjálparatriði að þessu sé ekki lýst mjög nákvæmlega í þessum tilteknu lögum og má gera það mín vegna, en þeir lögfræðingar sem semja þetta frv. gera eins og oft er gert að vísa til annarra laga.

Það kom fram hjá þeim sem hér töluðu, einkum og sér í lagi þremur fyrstu ræðumönnunum eftir að framsöguræðan var flutt, að menn höfðu skiptar skoðanir á því hvort það væri til bóta að hverfa frá því fyrirkomulagi sem ríkir nú, en það lýsir sér í því að fjórir nefndarmenn eru ekki fastráðnir en eru aðilar sem vinna við slík störf, m.a. hjá fyrirtækjum eða á sjálfstæðum skrifstofum í bænum. Þau rök eru færð fram að það geti verið heppilegt fyrir ríkisskattanefndina, eða yfirskattanefndina, að njóta slíkra starfskrafta. Undir það vil ég taka. Það eru bæði kostir og gallar á því að breyta þessu eins og gert er ráð fyrir í frv. En á móti kemur það sjónarmið sem kom skýrast fram hjá hv. 18. þm. Reykv. þegar minnst var á 19. gr. að hún taldi að það væri til góðs að skilja vel á milli úrskurðaraðilans annars vegar og hinna sem vinna við þessi störf og jafnvel flytja mál af þessu tagi fyrir nefndinni í öðrum málum. Ég skal ekki fullyrða að framkvæmdin hafi verið þannig að menn hafi hlaupið og stokkið yfir borðið í eigin málum en það er vissulega hætta á því að menn sem starfa aðeins að hluta til sem úrskurðaraðili sem nálgast það að vera dómstóll séu ekki nægilega lausir við þá hagsmuni sem hljóti að fylgja því að starfa sem málaflutningsmenn. En ég viðurkenni að með þeim hætti sem nú ríkir hafa fengist margir mjög góðir og duglegir menn til þessara starfa. Ég vil undirstrika það að með þessari breytingu er ekki verið að lýsa því yfir að um duglausa eða annars flokks menn hafi verið að ræða, því það er síður en svo, og satt að segja mundi ég fagna því ákaflega ef einhverjir þeirra fengjust til þess að sækja um þau embætti sem auglýst yrðu ef þetta frv. yrði að lögum.

Ég bendi á að í frv. er gert ráð fyrir því að hægt sé að kalla á sérfróða menn og auðvitað munu þeir gera það sem verða í yfirskattanefndinni að kalla til slíka aðila til þess að fá þá sérfræðilegu aðstoð sem þeir þurfa á að halda í þeim mjög svo flóknu málum sem ríkisskattanefnd, eða yfirskattanefnd, hefur til úrskurðar.

Ég vek athygli á því vegna athugasemda sem fram komu og snúa að 23. gr. að einmitt í vor þarf að skipa menn í nefndina og ég vek athygli sérstaklega hv. nefndarmanna á því að ef þetta frv. verður ekki að lögum, þá stend ég að sjálfsögðu frammi fyrir því að þurfa að ráða menn til nokkurra ára sem fasta starfsmenn eða fasta ríkisskattanefndarmenn. Þess vegna þótti mér brýnt að flytja frv. nú og freista þess að fá

afgreiðslu á því á yfirstandandi þingi.

Ég skal taka undir að það kann vel að vera að áætlun fjmrn. sé í lægri kantinum þegar talað er um 6–7 millj. en þar er um árstölu að ræða, ef ég man rétt, þannig að þetta er þá 3–3,5 millj. sem mundi verða kostnaðaraukinn á yfirstandandi ári í þá 6–7 mánuði sem nefndin kemur til með að starfa í breyttri skipan.

Ég held að ég hafi nú svarað flestöllu því sem til mín var beint í umræðunum. Það kom fram að stundum bæri of mikið á því að menn héldu að hægt væri að laga skattframkvæmdina með nýjum lögum og ég tek undir þau sjónarmið. Það ber dálítið á því oft að menn telja að það eigi að grípa til nýrra laga, það sé það sem sé að en veita því minni athygli að stundum er hægt að gera breytingar á grundvelli gildandi laga. Í þessu tilliti bið ég hv. nefndarmenn að kynna sér málið af gaumgæfni, og sérstaklega að kalla til þá aðila sem að þessum málum hafa starfað hingað til.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði miklar áhyggjur af því að í 2. gr. þessa frv. væru taldir upp þeir skattar og þau gjöld sem væru á gildissviði yfirskattanefndarinnar og taldi að þetta ákvæði gæti orðið sérstaklega mér fjötur um fót í framtíðinni þar sem búast mætti við að ég yrði að leggja nýjar álögur, nýja skatta á landsmenn á næstunni, og þá væri það viðurhlutamikið að þurfa að vera að breyta þessum lögum í hvert skipti. Nú er það svo að ef settur er nýr skattur á landsmenn, þá gerist það ekki nema með lögum þannig að í hvert skipti má þá gæta þess að setja fram breytingu á 2. gr. þessara laga ef þetta frv. verður að lögum. Ég held að það sé nú ekki ofverk neins ráðherra að sjá til þess. Hitt er svo annað mál að gildissviðið er takmarkað. Það nær ekki til allra gjalda og allra svokallaðra skatta. Í sumum tilvikum er um að ræða gjöld sem renna til ríkissjóðs eða einstakra sjóða á vegum ríkisins og sveitarfélaga og þá er úrskurðarvald ríkis og yfirskattanefndar ekki fyrir hendi heldur einungis um það að ræða að til dómstóla verði leitað. Af þessu ástæðum þarf að tilgreina gildissvið þessara laga og þessa úrskurðaraðila mjög rækilega í 2. gr.

Að lokum ætla ég að benda hv. þm., sem ber mikla umhyggju fyrir mér í þessum efnum, á að frv. um nákvæmlega sömu efnisatriði var á sínum tíma flutt af hv. 8. þm. Reykn., hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem mun vera formaður Alþb., þess flokks sem hv. þm. er varaformaður í, og ég treysti því nú að hv. þm. fylgi meginstefnu formanns síns og sé ekki með uppsteyt í þessu máli þótt ég viti að það sé gaman fyrir mýsnar að leika sér þegar kötturinn er ekki heima.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem voru greinargóð og ítarleg og málefnaleg í hvívetna. Hæstv. ráðherra hefur sem sagt svarað því að ástæða þess að þetta sé talið upp svona í 2. gr. sé sú að um takmarkandi ákvæði sé að ræða og ég spurði nú einmitt eftir því hvort ekki hlyti í raun og veru að vera einhver slík ástæða fyrir því að menn sæju ástæðu til að telja þetta sérstaklega upp. Ég skildi hann svo að þannig væri þar sem undir ríkisskattanefnd, eða yfirskattanefnd, heyrðu ekki öll þau mál sem þó teljast til skatta. Og þá er það e.t.v. þannig að það sé ekki annar kostur betri í þessu en sá að telja jafnan upp öll þau svið skattheimtu, gjaldákvörðunar um skatta og gjöld, sem nefndin skuli hafa á sínu verksviði á sínum tíma. Þar með er líka verið að segja að hæstv. fjmrh. verður að leggja það á sig eða leggja það á Alþingi að breyta þessum lögum í hvert skipti sem hann tekur upp nýjan skatt, en eins og dæmin sanna getur það orðið oft á ári eins og við fengum að upplifa hér á síðasta þingi eða reyndar þessu. Og þá það. Þá er ekki um það að fást. Ég er enn ekki sannfærður um að tæknilega sé ekki hægt að útfæra þetta öðruvísi en það er kannski ekki stórt mál og út af fyrir sig er mér ekkert að vanbúnaði að taka þátt í því með hæstv. fjmrh. jafnan þegar hann kemur hér inn með hugmyndir um nýja skatta, hvort sem það eru lögregluskattar eða einhverjar aðrir skattar, að aðstoða hann við nauðsynlegar lagabreytingar í því sambandi. Það er mér ljúft og skylt.

Það gerir þetta mál síst lakara að ættgöfgi þess skuli vera svona mikil eins og hér hafa verið færðar sönnur á og það er auðvitað ánægjulegt að hæstv. núv. fjmrh. veit engin rök sterkari í neinu máli en þau að þetta mál sé frá forvera hans komið. Þá jafngildir það því að málatilbúnaðurinn sé nánast fullkominn og ekki þurfi frekari vitna við um hvílíkt snilldarverk sé þar á ferðinni og undir þetta get ég að sjálfsögðu tekið með hæstv. fjmrh. Það er auðvitað ekki hægt að gefa neinu máli og allra síst frá núv. ríkisstjórn betri einkunn en þá að hún sé að endurflytja mál frá tíð fyrri ríkisstjórnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 701.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga sem er 443. mál þingsins og er á þskj. 701. Þetta er frv. til endanlegra fjáraukalaga fyrir árið 1991 en með því eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1991 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1991 og lögum nr. 75/1991, fjáraukalögum fyrir árið 1991. Með frv. að þeim lögum sem var lagt fram á Alþingi í október 1991 fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1991 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga.

Þá var hinn 27. febr. sl. lögð fram á Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál fyrir 1991 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform samkvæmt fjárlögum og útkomu ársins 1990. Ég mun því hér aðeins stikla á helstu atriðum um framvindu og niðurstöðu ríkisfjármála en vísa að öðru leyti til fyrrnefndr-

ar skýrslu og greinargerðar með fjáraukalögum sl. haust.

Rekstrarhalli ríkissjóðs varð samkvæmt uppgjöri ríkisbókhalds 12,5 milljarðar kr. eða rúmlega 2 milljörðum lakari en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga. Mismunurinn kemur nær eingöngu fram á tekjuhlið en tekjurnar urðu alls tæplega 100 milljarðar kr. í stað 101,9 milljarða kr. samkvæmt fjáraukalögum. Endanlegar útgreiðslur eru alls 112,5 milljarðar kr. og verða þannig 237 millj. kr. umfram útgjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Að frádregnum notuðum geymdum fjárveitingum frá fyrra ári, samtals að fjárhæð 298 millj. kr., eru útgjöld 61 millj. kr. innan heimilda.

Heimilda til lántöku umfram það sem áætlað var í fjáraukalögum var aflað með lögum nr. 74/1991, um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins sem alls varð 22,3 milljarðar kr.

Áður en ég skýri nánar frávik frá fjáraukalögum sem samþykkt voru sl. haust vil ég aðeins gera grein fyrir framvindu ríkisfjármála á sl. ári og viðskilnaði síðustu stjórnar.

Eins og áður hefur komið fram varð afkoma ríkissjóðs árið 1991 miklu lakari en fjárlög gerðu ráð fyrir. Rekstrarhallinn varð 12,5 milljarðar kr. eða þrisvar sinnum meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hrein lánsfjárþörf nam 14,6 milljörðum eða ríflega tvöfalt hærri en fjárlagaáætlun. Þetta er einhver mesti halli sem orðið hefur á ríkissjóði hér á landi. Ef ekki hefði verið gripið til þeirra aðhaldsaðgerða sem ákveðnar voru sl. vor af núv. ríkisstjórn, sem þá hafði nýlega tekið við, hefði lánsfjárþörf ríkissjóðs orðið 3–4 milljörðum meiri. Samkvæmt fjárlögum var áformað að mæta lánsfjárþörfinni alfarið á innlendum lánamarkaði og reyndar gott betur þar sem jafnframt var fyrirhugað að greiða niður lán bæði í Seðlabanka og erlendis. Þau áform runnu út í sandinn. Þegar upp var staðið tókst einungis að ná inn 3 milljörðum kr. með sölu ríkisbréfa. Til að brúa bilið varð að grípa til um 6 milljarða kr. erlendrar lántöku og 6 milljarða kr. yfirdráttar í Seðlabanka.

Lánsfjárþörf annarra opinberra aðila og sjóða fór einnig langt fram úr áætlun. Þannig nam lánsfjárþörf hins opinbera í heild, þ.e. bæði ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og opinberra lánastofnana, rúmlega 40 milljörðum kr. árið 1991. Frávik frá áætlun er um 17 milljarðar kr. Þar af stafa tæplega 9 milljarðar kr. af aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs og 5 milljarðar af aukinni fjárþörf húsnæðiskerfisins á síðasta ári.

Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir helstu skýringum á frávikum gjalda og tekna frá áformum eins og þau voru í fjárlögum fyrir sl. ár. Sný ég mér þá fyrst að gjaldahliðinni.

Ýmsar skýringar eru á hækkun útgjalda umfram fjárlög. Þannig hafði samþykkt lánsfjárlaga í mars 1991 í för með sér ákveðnar breytingar á útgjaldaáformum fjárlaga. Endurskoðuð áætlun fjmrn. frá því fyrir stjórnarskiptin í apríl benti enn fremur til þess að útgjöld ríkissjóðs færu verulega fram úr fjárlögum. Með aðhaldsaðgerðum nýrrar ríkisstjórnar á miðju ári var síðan nokkuð dregið úr fjárþörf ríkissjóðs. Á hinn bóginn var orðið ljóst við afgreiðslu fjáraukalaga í nóvemberlok að fjárhagsstaða ýmissa stofnana og sjóða var verri en áður var áætlað og að útgjöldin mundu fara a.m.k. 6,5 milljarða kr. fram úr fjárlögum. Nú er ljóst, og var ljóst fyrir lok ársins, að útgjöld ríkissjóðs fara 6,7 milljarða kr. fram úr upphaflegum fjárlögum. Nálægt helmingur þessa fráviks eða 3,4 milljarðar skýrist af auknum framlögum til tryggingakerfisins. Vaxtaútgjöld og stofnkostnaður fóru tæplega 2,5 milljarða fram úr fjárlögum, rekstrarútgjöld tæplega 1 milljarð en viðhaldskostnaður var heldur undir áætlun fjárlaga.

Helstu frávik á gjaldahlið frá fjárlögum voru þessi: Hækkun útgjalda við afgreiðslu lánsfjárlaga í mars 1991 nam um 1 milljarði kr. Sparnaðaráform fyrri ríkisstjórnar sem hvarf frá völdum í apríllok á sl. ári á sviði heilbrigðismála komst ekki í framkvæmd en þar var ráðgert að ná 800 milljörðum kr. Aukin fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna, almannatrygginga og ríkisábyrgðar á laun, mismunurinn nemur um 2 milljörðum kr. Skuldbindingar umfram fjárlög, þ.e. fasteignakaup, Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, Þjóðleikhús og ýmis samgöngumál 2,2 milljarðar. Skuldbindingar sem voru vanmetnar í fjárlögum, þar er átt við uppbætur á lífeyri, afurðalán og fleira í þeim dúr eru 300 millj. Aukin útgjöld vegna sjúkrahúsa, útflutningsuppbóta, strandflutninga og fleira 1.400 millj., útgjaldaákvarðanir nýrrar ríkisstjórnar, þar er fyrst og fremst um að ræða útflutningsupbætur umfram það sem ráðgert hafði verið, er um 700 millj. kr. Samtals eru þetta um 8,4 milljarðar en gripið var til sérstakra sparnaðaraðgerða hjá nýrri ríkisstjórn sem leiddi til 1.700 millj. kr. lægri gjalda eða minnkandi gjalda þannig að nettó er hér um að ræða 6,7 milljarða kr.

Sé litið til tekjuhliðarinnar eru líkt og á gjaldahlið margvíslegar skýringar á þeim frávikum sem verða á niðurstöðum og áætlun í fjárlögum fyrir sl. ár. Tekjurnar reyndust vera tæplega 1.800 millj. kr. undir fjárlagaáætlun. Í því sambandi vil ég geta þess að horfið var frá ýmsum áformum um tekjuöflun sem gert var ráð fyrir í fjárlögum eða þeim breytt. Helstu atriðin í því eru þessi:

Fallið var frá áformum um sérstaka verðhækkun áfengis og tóbaks í upphafi sl. árs og tekjutap af þeim ástæðum einum er 300 millj. kr.

Fallið var frá áformum um álagningu jöfnunartolls á innflutt matvæli en á lokastigi fjárlaga var sett inn tala í því sambandi að upphæð 200 millj. kr. án þess að nokkuð væri reynt til þess að ná þeim tekjum inn.

Arðgreiðslu Íslenskra aðalverktaka var flýtt til ársins 1990 þannig að á árinu 1990 komu inn tekjur til viðbótar því sem þá hafði verið ætlað 400 millj. en að sama skapi drógust saman tekjur á sl. ári. — Ég vil í þessu sambandi geta þess að fjárlög voru samþykkt örfáum dögum fyrir jól en strax milli jóla og nýárs var gengið frá greiðslu Íslenskra aðalverktaka að því er best verður séð vegna tilmæla úr fjmrn. Þetta er augljóslega gert til þess að kalla fram meiri tekjur á árinu 1990 en að sama skapi að draga úr tekjum síðasta árs.

Ber þessi aðgerð að sjálfsögðu með sér nokkurn kosningasvip.

Tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður með lögum og nam sú lækkun 500 millj. kr. en samtals er hér um að ræða 1.400 millj. kr. sem eru frávik vegna þess að fyrri ríkisstjórn greip ekki til þeirra ráða sem hún ætlaði sér í fjárlögum sl. árs.

Þá vil ég nefna í öðru lagi áhrif aukinna umsvifa í efnahagslífinu sem skiluðu sér í auknum tekjum af veltusköttum, einnig innflutningsgjöldum, tryggingagjaldi og tekjuskatti einstaklinga.

Í þriðja lagi og á móti áhrifum aukinnar veltu vega svo ýmsir þættir svo sem lakari innheimta, einkum í virðisaukaskatti, sem m.a. má rekja til versnandi árferðis. Varðandi virðisaukaskattinn kemst ég þó ekki hjá því að geta þess að við síðustu umræðu fjárlaga, rétt fyrir 3. umr., var tekjuáætlun virðisaukaskattsins breytt og hún hækkuð um u.þ.b. einn milljarð, annars vegar vegna þess að búist var við betri innheimtu fyrri part ársins þar sem hún hafði slaknað haustið 1990, en enn fremur var tekjuáætlunin hækkuð um 400–500 millj. vegna þess að heimta átti meira inn á sl. ári en árið þar áður. Nákvæmlega ekkert stóð á bak við þessa hækkun og ekkert hafði verið gert til þess að ná inn þessu fjármagni, heldur virðist það hafa verið sett inn fyrst og fremst til andlitslyftingar á halla á fjárlögum sl. árs.

Auk þessara atriða sem ég hef nú nefnt, má nefna áhrif lakari afkomu fyrirtækja og mikil hlutabréfakaup einstaklinga í árslok 1990 sem komu fram í minni tekjuskatti árið 1991. Þá voru enn fremur gerðar breytingar á uppgjöri staðgreiðslu sem lækkuðu skattskil á síðasta ári um 600 millj. kr., færast yfir á þetta ár, og samsvarandi breyting verður síðan í lok þessa árs með færslu yfir á næsta ár. Hér er um að ræða samræmingu við það sem gerist annars staðar.

Í kjölfar ákvarðana um aukin útgjöld sl. vor og minni tekjuöflun breyttust afkomuhorfur ríkissjóðs mjög til hins verra. Að mati fjmrn. voru þegar í apríl ýmis hættumerki á lofti í ríkisfjármálum. Þannig stefndi í a.m.k. 13 milljarða kr. lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu öllu eða helmingi meira en áform fjárlaga stóðu til.

Enn fremur var halli ríkissjóðs á fyrstu mánuðum ársins fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabanka en ekki með sölu ríkisverðbréfa enda voru vextir á þeim ekki samkeppnisfærir við vexti á almenna markaðnum. Til viðbótar við meiri hallarekstur hjá ríkissjóði var lánsfjárþörf annarra opinberra aðila, einkum húsnæðiskerfisins, talin stefna talsvert fram úr fyrri áætlunum. Jafnframt hafði misvægi í þjóðarbúskapnum aukist framan af árinu 1991 en það birtist m.a. í vaxandi innlendri eftirspurn, auknum útlánum bankanna og minnkandi sparnaði. Viðskiptahalli fór því ört vaxandi framan af árinu.

Ríkisstjórnin ákvað að sporna við þessari þróun með því að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða í peninga- og ríkisfjármálum þegar um mitt síðasta ár. Þannig voru vextir af verðbréfum ríkisins hækkaðir til að örva sparnað í þjóðfélaginu og draga úr yfirdrætti í Seðlabanka. Vextir á spariskírteinum ríkissjóðs til áskrifenda voru hækkaðir úr 6,6% í 8,1% í lok maí. Í öðru lagi var ákveðið að beita ströngu aðhaldi í ríkisbúskapnum með því að herða eftirlit með útgjöldum ríkissjóðs. Í þriðja lagi var ákveðið að lækka útgjöld og falla frá ýmsum lántökuáformum sem blöstu við þegar ríkisstjórnin tók við völdum.

Með aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar sl. vor tókst að lækka lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs um 3–4 milljarða kr. Jafnframt var spornað við ört vaxandi viðskiptahalla og minnkandi sparnaði. Þannig dró smám saman úr innflutningi og á síðustu mánuðum ársins varð samdráttur miðað við sama tíma árið 1990. Engu að síður varð viðskiptahallinn á síðasta ári rúmlega 19 milljarðar kr. sem er mesti halli sem orðið hefur síðan 1982.

Meginskýring á miklum viðskiptahalla á síðasta ári er veruleg lækkun útflutningstekna, bæði að raungildi og í krónum talið og mikill innflutningur. Í kjölfar aðgerðanna fór sparnaður aftur vaxandi og er nú talið að hann hafi orðið 32–33 milljarðar kr. á síðasta ári, eða 6–7 milljörðum meiri en áætlað var sl. vor. Þá dró verulega úr verðbólgu á síðari hluta ársins og var hún komin niður í u.þ.b. 6% í árslok.

Virðulegi forseti. Ég mun þá víkja að þeim frávikum sem urðu umfram heimildir í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 1991.

Eins og áður er getið urðu heildargreiðslur á árinu 112 milljarðar 487 millj. kr. á meðan heimildir eru 112 milljarðar 548 millj. kr. Þannig urðu greiðslur í heild 61 millj. kr. innan heimildar. Þess ber þó að geta að frávik koma fram á ýmsum liðum. Af greiðslum umfram áætlanir vega þyngst 475 millj. kr. hærri vaxtagjöld ríkissjóðs sem skýrast einkum af hærri vaxtagjöldum af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabanka en ráð var fyrir gert. Greiðslur uppbóta á lífeyri urðu 176 millj. kr. hærri, einkum vegna uppgjörs á skuld við sjóðinn frá fyrri árum. Þá urðu greiðslur útflutningsbóta 109 millj. kr. umfram áætlun.

Á móti þessu vegur að ýmsir liðir eru innan áætlana. Þannig verða niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur 184 millj. kr. lægri, einkum vegna minni sölu, en áætlað var. Þá urðu viðhaldsgjöld tæplega 200 millj. kr. innan heimilda sem skýrist af lægri kostnaði hjá Vegagerð ríkisins. Loks urðu greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs 94 millj. kr. innan áætlana og ýmsar tilfærslur 348 millj. kr. lægri. Rekstrargjöld stofnana urðu í heild innan heimilda á meðan frávik komu einkum fram á ýmsum neyslu- og rekstrartilfærslum, svo og viðhalds- og stofnkostnaði.

Þá mun ég að lokum gera grein fyrir yfirfærslu heimilda og gjalda til ársins 1992.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins og bréf fjmrh. frá 14. júní 1991 eru fjárheimildir til rekstrar í fyrsta sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður hafa geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna er mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til

árs og það væri nánast hending ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri þar sem stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Það kannast sjálfsagt flestir hv. alþm. við það að hjá ýmsum stofnunum hagaði þannig til við lok árs þegar fjárveitingar voru eftir að stjórnendur og starfsfólk kappkostuðu að eyða þeim peningum sem til var af ótta við að þeim yrði refsað árið eftir þar sem ekki hafði tekist að eyða öllum fjármununum. Með þessum breytingum er verið að ganga til móts við nútímastjórnunarhætti þannig að stjórnendur fyrirtækja og starfsfólk viti af því að þótt ekki hafi verið greitt fyrir ýmislegt fyrir áramótin en það geymt fram yfir áramót, t.d. kaup á ýmsum tækjum, þá þarf ekki að óttast að fjmrn. stýfi þær greiðslur á næsta ári heldur verður heimilt að færa þær yfir áramótin eins og gengur og gerist hjá ýmsum fyrirtækjum, sérstaklega þeim sem hafa sjálfstæðan fjárhag.

Eftirfarandi vinnureglur hafa verið notaðar við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramótin:

1. Flutningur á innstæðu tekur mið af lækkun gjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna á milli ára. Sé ástæða inneignar hins vegar sú að ekki hefur verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum þá fellur heimildin niður.

2. Greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu er felldur niður. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.

3. Innstæður eða umframgjöld á tilfærslum eru almennt felld niður þegar um er að ræða lög eða samningsbundnar greiðslur. En við slík skilyrði er augljóst að ríkissjóður þarf að koma til skjalanna og greiða slíkar greiðslur þegar þær falla til, algjörlega burt séð frá því hvernig áætlun fjárlaga er.

Samkvæmt þessum reglum er nú gert ráð fyrir að inneign stofnana í lok ársins 1991 að fjárhæð 511 millj. kr. vegna reksturs flytjist yfir til ársins 1992. Á móti er dregið af heimildum stofnana á þessu ári umfram greiðslur að fjárhæð 348 millj. kr. Þá er ónýttur stofnkostnaður og viðhaldsheimildir sem flytjast til 1992 alls 194 millj. kr. Rétt er að leggja áherslu á að ef stofnanir nota á þessu ári að fullu óhafnar heimildir frá fyrra ári mun það koma fram í auknum halla ríkissjóðs á þessu ári.

Ég tek það fram að það sjónarmið sem hér ræður ríkjum og þessar nýju reglur geta leitt til þess að rekstrarhalli vegna sl. árs færist yfir á þetta ár þar sem samkvæmt greiðsluuppgjöri á greiðslan sér ekki stað fyrr en á þessu ári þótt til skuldbindingarinnar hafi verið stofnað á sl. ári með einum eða öðrum hætti. Á þetta legg ég áherslu því að þetta þýðir það í raun að hallinn á sl. ári, eins og sumir aðilar vilja telja hann fram, er í raun meiri en þessi fjáraukalög sýna. Það verður þó að hafa í huga þegar þetta er sagt að enginn veit á þessu ári hvort hallinn framkallast á því ári. Það fer allt eftir því hvaða yfirfall verður á tekjum og gjöldum milli áranna 1992 og 1993.

Í fskj. með fjáraukalagafrv. er gerð ítarleg grein fyrir flutningi inneigna og skulda á einstakar stofnanir en þetta fskj. er að sjálfsögðu unnið í fullu samráði við önnur ráðuneyti en fjmrn.

Þessar vinnureglur sem ég hef hér lýst eru nú í endurskoðun. Reynslan af þeim verður metin og haldið áfram á þessari braut, að færa fjárhagsleg völd og ábyrgð til stofnana ríkisins. Þetta er að sjálfsögðu vandasamt verkefni og varanlegur árangur er undir því kominn að völd og ábyrgð fylgist að. Það er ekki nóg að framselja ákvörðunarvaldið, hlutaðeigandi stofnun verður einnig að vera í stakk búin til þess að axla þá ábyrgð sem völdunum fylgir. Með samsvarandi hætti verður að gæta þess að stofnununum sé ekki misboðið með því að ætla þeim ábyrgð sem í raun á að vera hjá Alþingi eða hjá ríkisstjórn.

Við endanlega ákvörðun þeirra yfirfærslureglna sem eiga að gilda á þessu ári vegna næsta áramótauppgjörs verður einnig tekið mið af því frv. sem hér liggur fyrir þinginu og er frv. um greiðslur úr ríkissjóði, en það frv. hefur fjárln. nýlega lagt fram. Þetta frv. byggir á eldra frv. um sama efni frá síðustu tveimur þingum en hefur nú verið breytt í samráði við fjmrn.

Virðulegi forseti. Það mætti fara mörgum fleiri orðum um það frv. sem hér liggur fyrir. Með frv. eru athugasemdir sem skýra allrækilega innihald þess og vil ég vekja sérstaka athygli hv. þm. á þeim töflum sem þar er að finna, en nánast ófært er að lýsa í töluðu máli.

Þá er grg. sem fylgir hverju ráðuneyti fyrir sig og loks er að finna, eins og áður hefur komið fram, fskj. sem lýsir flutningi inneigna og skulda yfir áramótin 1991–1992.

Ég gerði í ræðu minni í stærstum dráttum grein fyrir umframgjöldum, óhöfnum og geymdum fjárveitingum. Slík tafla kemur fram á bls. 11 í athugasemdum með frv. og get ég vísað til hennar og annarra gagna sem er að finna í grg.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði afgreitt til 2. umr. og hv. fjárln.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill vekja athygli á því að fundinum verður frestað kl. fjögur til kl. hálfníu í kvöld.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Út af þessari athugasemd forseta um tímasetningar og ákvörðun um að halda umræðum áfram í kvöld vil ég aðeins láta það koma fram að ég get því miður ekki verið á kvöldfundi í dag af því að ég hafði áður en það lá fyrir að um kvöldfund yrði að ræða ráðstafað tíma mínum til annarra fundahalda, sem er auðvitað leitt af því að sjálfsögðu verða störf Alþingis að ganga fyrir öðrum fundum ef mögulegt er, en svona stendur nú á. Ég mun því reyna að ljúka máli mínu ef ég má, jafnvel þó það fari kannski einhverjar mínútur fram yfir kl. fjögur en mun þó reyna að teygja það ekki um of og vona að þeim fyrirspurnum sem ég kann að beina til hæstv. fjmrh. verði svarað í umræð-

unum þó að ég kunni að verða fjarstaddur.

Frv. það sem hér er til umræðu, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, fjallar að þessu sinni fyrst og fremst um lokaniðurstöður á greiðslum úr ríkissjóði til ráðuneyta og ríkisstofnana, svo sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. Það undraði mig hins vegar nokkuð að hann skyldi eyða meginhluta af máli sínu í að tala um fyrri mál sem í þinginu hafa verið rædd áður, þ.e. um fjáraukalög sem voru hér til umræðu í haust, um framkvæmd ríkisfjármála almennt á síðasta ári. Hér liggur að vísu fyrir skýrsla um ríkisfjármál fyrir árið 1991 á þskj. 463 og hefði kannski verið ástæða til að taka sérstaka umræðu um það skjal. Nú er það ekki á dagskránni, heldur fyrst og fremst þetta frv. sem er á þskj. 701 og ég hafði gert ráð fyrir að umræðan mundi fyrst og fremst snúast um það. Þar að auki vil ég benda á það að fyrrv. hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu en að sjálfsögðu ber hann kannski fyrst og fremst ábyrgð á fjárlögum síðasta árs, eins og þau eru lögð fram í árslok og samþykkt í árslok 1990, þó svo að ríkisstjórnin fyrrverandi öll beri auðvitað ábyrgð á þeim fyrir sitt leyti. En hæstv. fjmrh. ræddi allnokkuð um framkvæmd ríkisfjármála á seinasta ári.

Mig langar í sambandi við það aðeins að geta þess — án þess að blanda mér þó mikið inn í deilur hæstv. núv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh. um einstaka þætti í framkvæmd ríkisfjármálanna, svo sem um innheimtu virðisaukaskatts, svo ég nefni eitthvað sem hefur borið hér á góma áður — að það hlýtur að vekja nokkra athygli og vekja upp spurningar hversu tekjuáætlunin hefur illa gengið eftir hvað varðar innheimtu virðisaukaskattsins þrátt fyrir veltuaukningu og aukningu á tekjum af innflutningi og ýmsum öðrum póstum í okkar efnahagslífi sem hefði jafnframt átt að leiða til þess að tekjur af virðisaukaskattinum hefðu átt að aukast eða a.m.k. standast fyllilega þá áætlun sem gerð var.

Hæstv. fjmrh. nefndi það að vísu að hann teldi að sú áætlun sem sett var í fjárlög á sínum tíma, fjárlög fyrir árið 1991, hefði verið óraunhæf, henni hefði verið breytt án sérstaks rökstuðnings annars en þess að til stæði að efla eða bæta innheimtuna. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það á þessu stigi, ég hef ekki í höndum nein gögn til þess að mótmæla slíkri fullyrðingu en veit þó að hæstv. fyrrv. fjmrh. lagði mikla áherslu á bætta innheimtu skatta, þar á meðal virðisaukaskatts með ýmiss konar aðgerðum, hertum aðgerðum, stórhertum innheimtuaðgerðum, mikilli auglýsingaherferð og ýmsu fleiru sem gripið var til, enda fékk hann af því, a.m.k. í máli sumra, viðurnefni sem ég er ekkert að hafa eftir hér (Gripið fram í.) en gæti verið að hæstv. núv. fjmrh. ætti að reyna að leggja sig fram um að fylgja af miklum krafti eftir þessum innheimtuaðgerðum sem þá var gripið til og sumir hafa leyft sér að álíta að hafi verið slakað á og kunni að vera hluti af því að tekjuöflunin hefur ekki gengið eftir.

Þá kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra að ekki hafi náðst að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem uppi voru um aðhalds- og sparnaðaraðgerðir og boðaðar voru við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1991. Vil ég aðeins í því sambandi endurtaka einu sinni enn það sem ég hef þó margsinnis áður sagt varðandi þann þáttinn sem undir ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála heyrði og ég sýslaði sérstaklega með, að þar voru uppi — og reyndar voru lögð hér fram frv. — aðgerðir og hugmyndir um verulegan sparnað og kerfisbreytingar og voru lögð fram frumvörp sem áttu að fylgja því eftir og hefðu getað leitt til hundruð millj. kr. sparnaðar ef um það hefði náðst nægilega góð samstaða í fyrrv. hæstv. ríkisstjórn. En þar stóð einkum á ráðherrum Alþfl. og þingflokki Alþfl. að þau frumvörp fengju efnislega umfjöllun á því þingi, þ.e. þegar þau voru lögð fram og hefðu leitt til sparnaðar hefðu þau fengið umfjöllun og afgreiðslu.

Það var auðvitað hægt að grípa til aðgerða sem drógu úr útgjöldum ríkissjóðs með því að láta fólk borga fyrir þjónustu og fara þar aðrar leiðir í skattheimtu sem í raun varð niðurstaðan hjá hæstv. núv. ríkisstjórn eftir að hún kom til valda. Það var auðvitað afar einföld og auðveld leið að færa og flytja þannig til skattbyrðina. En það var ekki vilji eða stefna fyrrv. ríkisstjórnar og því var ekki gripið til slíkra aðgerða. Það var reynt að knýja fram kerfisbreytingar og hafa áhrif á það með hvaða hætti væri hægt að spara í ríkisútgjöldum á þann hátt fremur en auka álögur á almenning eða einstaklinga.

Hæstv. forseti. Ég mun þá snúa mér ofurlítið að því frv. sem hér er til umræðu. Ég sé að vísu því miður að tíminn er að renna út en ég vil þó segja það að ég tel að sú aðferð sem hér er boðuð og reyndar sýnd í töflu eða fskj. með grg. frv., sé rétt, að flytja til eignir og skuldir hjá stofnunum eins og þar er gerð grein fyrir og boðað er í þessu frv. Ég tel það vera rétta stefnu og ég tek undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hæstv. ráðherra þegar hann nefndi að það kynni að vera afar óeðlilegt ef stofnanir kepptust við að eyða þeim fjármunum sem fjárlög á hverjum tíma úthluta til þeirra fyrir einhverja ákveðna tiltekna dagsetningu.

Það kann að vera að fresta þurfi ákveðnum verkefnum eða færa til í tíma innan ársins og það getur alveg eins staðið svo á að það sé heppilegt að gera það um eða yfir áramót eins og milli einhverra annarra mánaðamóta á árinu. Ég tel því að hér sé farið í rétta átt hvað þetta varðar og ætti að leiða til betri vitundar forsvarsmanna ráðuneyta og stofnana um meðferð ríkisfjármála að þeir hefðu vissu fyrir því að geta nýtt þessa fjármuni þó síðar yrði. Það getur einnig staðið svo á í sambandi við framkvæmdir eða fjárfestingarliði að einnig sé heppilegra að standa svo að málum sem hér er boðað, enda er þessi hugsun í samræmi við það sem fram kemur í frv. um greiðslur úr ríkissjóði sem hér hefur nýlega verið lagt fram af öllum nefndarmönnum í fjárln. og kemur væntanlega fljótlega til umræðu.

Varðandi einstaka útgjaldaliði er eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. að þar ber ekki mikið í milli frá þeim fjáraukalögum sem samþykkt voru seint á síðasta ári, lög nr. 75/1991, og því ekki um mikla misvísun að ræða ef tekin er heildarniðurstaða upp á 61 millj. kr., en mismunur er þó nokkur milli einstakra ráðuneyta. Þar kemur t.d. fram að fjmrn. hefur farið allnokkuð

fram úr eða 663 millj. á meðan önnur ráðuneyti hafa ekki fullnýtt sínar heimildir, t.d. félmrn., heilbrrn. og viðskrn. sem eru með stærstu tölurnar sem eftir standa. Á því eru ýmsar skýringar eins og ráðherrann nefndi og gerð er grein fyrir því hér í frv. Mig langar þó að spyrja ráðherra aðeins um nokkra þessa liði eins og t.d. það sem ónotað er af hálfu viðskrn. upp á 189,9 millj. kr. Er þar einkum um að ræða sparnað vegna niðurgreiðslna. Ráðherra sagði að það stafaði af minni sölu á þeim vörum sem niðurgreiðslur eiga að ganga til þannig að ekki sé um að ræða sérstakan sparnað eða hagræðingu á þessum lið en það væri fróðlegt að fá aðeins nánari sundurliðun á því hvað það er sem hér hefur ekki gengið eftir eða ekki farið fram svo sem fjárlagaáætlunin gerir ráð fyrir og munar þó þetta miklum upphæðum.

Eins langar mig að spyrja ráðherra aðeins um þær tölur sem munar um í fjmrn. upp á 663 millj. og ég nefndi áðan, t.d. upphæðir varðandi uppbætur á lífeyri upp á 175,5 millj. en í grg. með frv. er vísað til þess að þar sé um að ræða uppgjör á skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það hefði verið æskilegt að fá aðeins nánari upplýsingar um það eða útskýringu á því í hverju það liggur. Nú vil ég láta það koma fram að fjárln. mun auðvitað fara nánar yfir málið þegar það kemur til meðhöndlunar þar og hefur reyndar nú þegar aðeins litið á þau atriði sem ég er að spyrja um, en það væri æskilegt að fá frekari skýringar hjá hæstv. ráðherra á þessum þáttum við 1. umr. um frv.

Einnig langar mig að nefna hér þá töluna sem hæst er varðandi umframkostnað í fjmrn. sem eru vextir vegna ýmissa lána ríkissjóðs upp á 475 millj. kr. Í grg. er vísað til þess að það skýrist einkum af hærri yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabankanum en gert var ráð fyrir. Vafalaust er það stór hluti af þessu en það væri fróðlegt að heyra það frá ráðherra hvort ekki kunni líka að vera hér að einhverju leyti orsakir hærri vaxta, hærra vaxtastigs sem ég tel að hljóti að hafa haft áhrif á þessar umframvaxtagreiðslur og var auðvitað aðgerð núv. hæstv. ríkisstjórnar fljótt eftir að hún kom til valda að hækka verulega vaxtastigið í landinu.

Nú langar mig einnig að spyrja hæstv. ráðherra varðandi greiðslu úr iðnrn. til Orkustofnunar upp á 47 millj. kr. en um það segir í greinargerð frv. að skýringin sé sú að stofnunin hafi ekki skilað innheimtum sértekjum til ríkissjóðs fyrr en eftir áramótin. Væntanlega þýðir þetta að það sé nú þegar búið að skila þessari upphæð samkvæmt orðanna hljóðan, en það sem mig langar að vita hjá ráðherra er hvort það er mikið um svona hluti, að sértekjur stofnana renni ekki í ríkissjóð eins og þeim ber og hvort einstakar stofnanir geti notað sértekjur til þess að greiða fyrir aðra þætti í rekstri sínum og komist jafnvel upp með það í lengri tíma að skila þeim ekki í ríkissjóð svo sem vera ber. Þetta voru nokkur atriði sem mig langaði að nefna varðandi útgjaldahliðina.

En þá langar mig að koma aðeins aftur að tekjuhliðinni þar sem mismunurinn er upp á tæpa 2 milljarða kr. í frv. og stafar fyrst og fremst af því að innheimta virðisaukaskatts hefur ekki gengið eftir svo sem fjárlög fyrra árs gerðu ráð fyrir.

Í skýrslunni um ríkisfjármál fyrir árið 1991 á þskj. 463 er reyndar reynt að gera nokkra grein fyrir því hvernig á þessu stendur, hverjar eru orsakirnar. En það sem kemur mér undarlegast fyrir sjónir er, eins og ég nefndi reyndar áðan, að innflutningur hefur aukist, innflutnings- og vörugjöld hafa farið umfram áætlun upp á 742 millj. kr. á sama tíma og virðisaukaskatturinn dregst saman um 2,6 milljarða eða 2.596 millj. eins og segir í töflu í þeirri skýrslu. Og þó að reynt sé að leita hér svara við þessari misvísun, þá finnst mér að við þurfum að velta því fyrir okkur. Það er kannski ekki endilega að það séu spurningar til hæstv. ráðherra varðandi málið heldur velta því fyrir okkur hvernig á þessu stendur og hvað er til ráða. Í frv. er bent á það að innskatturinn eða frádráttarbær virðisaukaskattur af aðföngum hafi hækkað hlutfallslega miklu meira en gert var ráð fyrir. Er þar um að ræða einhver undanbrögð? Eru menn þar að finna nýjar leiðir sem kannski kunna að vera löglegar — og vonandi að menn séu ekki að fara hér fram með ólöglegum hætti að ná undan virðisaukaskatti — en það sé þá um að ræða einhverjar þær smugur eða þá þætti í lögum um virðisaukaskatt sem nauðsynlegt er að fylla upp í? Hefur hæstv. ráðherra velt því fyrir sér hvað þar kunni að vera til ráða? Það er t.d. nefnt í athugasemdum með frv. að það sé verulega aukin fjárfesting í bílum, í vélum, í tækjum upp á 24% milli ára og þetta muni þá líklega vera búnaður sem viðkomandi fyrirtæki hafi getað dregið sem innskatt frá veltu sinni eða útskattinum og hefur þá hækkað mikið meira heldur en veltan hefur þó í raun gert. Eru menn hér að koma inn undir þennan lið í útgjöldum fyrirtækja sinna einhverjum þeim þáttum sem e.t.v. eiga þar ekki heima ef grannt væri skoðað og lögin þyrftu að taka ítarlegar á hvað er frádráttarbært?

Í öðru lagi er nefnt að áætlað hafi verið fyrir beinum endurgreiðslum t.d. vegna hráefniskaupa fiskvinnslu, aðkeyptrar þjónustu sveitarfélaga og vinnu við íbúðarhúsnæði og allt virðist þetta hafa farið fram úr. Hversu mikið hefur það farið fram úr áætlunum? Í töflu á bls. 19 í þessari skýrslu er greint frá því að beinar endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna hráefniskaupa í fiskvinnslu hafi numið 5,7 milljörðum kr. Vinna við nýbyggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis 1,4 milljörðum kr. og endurgreiðslur til sveitarfélaga 625 millj. kr. Hversu mikið er þetta umfram það sem áætlanir ráðuneytisins og fjárlaga seinasta árs gerðu ráð fyrir væri fróðlegt að sjá og heyra þá líka hvaða álit hæstv. ráðherra hefur í þessu efni á því hvernig þar sé hægt að bregðast við ef um óeðlilega þróun er að ræða.

Að lokum er svo nefnt og áréttað það sem ég hef verið að velta hér fyrir mér að það sé undarlegt að samdráttur skuli vera svo mikill í innheimtu virðisaukaskattsins á sama tíma og innlend eftirspurn hefur þó aukst, veltan aukist og tekjur af innflutningi hafa farið vaxandi.

Þetta voru, virðulegi forseti, nokkrar spurningar sem ég vildi velta upp í umræðunni og fá viðbrögð hæstv. ráðherra við. Auðvitað væri hægt að hafa hér uppi all-

nokkru lengra mál og ýmis fleiri atriði sem nauðsynlegt hefði verið að taka inn í umræðuna, ekki síst vegna þess hvernig hæstv. fjmrh. hóf sína umræðu og ræddi ítarlega um framkvæmd fjárlaga á seinasta ári sem ég hélt þó að væri ekki sérstaklega hér til umræðu. En tímans vegna ætla ég ekki að hafa mál mitt lengra og þakka forseta fyrir það umburðarlyndi sem hann hefur sýnt mér að gefa mér kost á tala hér nokkrar mínútur fram yfir áætlaðan fundartíma að þessu sinni.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það hefur flogið fyrir að þessari umræðu verði frestað í dag og ekki verði frekari umræða en síðan farið eftir kvöldmatarhlé í önnur mál. Þessu vil ég mótmæla harðlega. Það er óþolandi að slíta svo viðamikla og þýðingarmikla umræðu í sundur. Ég vil beina þeim óskum til forseta að eðlileg umræða um þetta mál haldi áfram á fundi þessa dags og óska eftir að það komi svar við því frá forsætisnefnd hvort það sé rétt að til standi að fresta umræðunni.

Forseti (Björn Bjarnason):

Það er rétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að það hefur verið hér á sveimi að það komi til álita að fresta þessari umræðu með tilliti til þess að ætlunin var að halda kvöldfund til þess að taka fyrir þingmannamál. En vegna þessara eindregnu tilmæla sem hér hafa komið fram um að ekki verði rof á umræðunni, þá telur forseti víst að það verði framhald á þessari umræðu kl. hálfníu í kvöld. — [Fundarhlé.]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við að fjalla um önnur fjáraukalögin fyrir árið 1991. Fyrri fjáraukalög samþykktum við í desember á síðasta ári og er það árviss viðburður að manni skilst að tvisvar sinnum séu lögð fram fjáraukalög til leiðréttingar á fjárlögum. Í þetta sinn er um allverulegan mismun frá upphaflegum fjárlögum að ræða, þ.e. 12,5 milljarða, sem er mismunur tekna og gjalda, gjöldin eru þessum mun hærri heldur en tekjurnar. Við fyrri fjáraukalögin, sem hér voru til umræðu í desember, ræddum við ástæðurnar sem fyrir því eru, þó þær hafi að vísu orðið enn lakari núna, þ.e. í dag horfum við fram á það að gjöld umfram tekjur til viðbótar fjáraukalagafrv. sem samþykkt var í desember eru tæpum 2 milljörðum hærri en þau voru þá. Það skýrist mest af því að tekjurnar eru lægri en þá var gert ráð fyrir.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. fyrr í dag er skýringin fyrst og fremst sú að virðisaukaskattur innheimtist ekki eins og áætlað hafði verið. Þar munar tæplega 2,5 milljörðum á því sem innheimtist frá því sem áætlað hafði verið.

Það er nærtækt að spyrja hvers vegna slíkt gerist. Er ekki hægt að gera áætlanir nákvæmari en svo að í virðisaukaskatti, sem er ⅓ hluti af innkomu, skuli muna þarna 2,5 milljörðum kr. fyrir árið? Manni verður orðfátt þegar að slíku er spurt en e.t.v. eru margar skýringar og sjálfsagt fleiri en ein á því að veltan hefur ekki orðið meiri en svo að áætlun stæðist í virðisauka. Það má hugsa sér að sú umræða sem varð í þjóðfélaginu með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar, öll sú neikvæða umræða sem varð í kjölfar þess um ástandið í ríkisfjármálum hafi haft sitt að segja, menn héldu að sér höndum og óttuðust það sem fram undan var. Það má líka reikna með því að á fyrri hluta ársins hafi mikið verið búið að kaupa inn af vörum sem síðan hlaðast upp og seljast ekki af sömu ástæðu, fólk kaupir ekki eins mikið og áður. Kaupmátturinn minnkar og við stöndum frammi fyrir því að hafa flutt inn miklu meira heldur en síðan selst.

Fleiri atriði geta líka komið til og í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisfjármálin sem kom á borð þingmanna fyrir nokkru síðan eru taldar upp nokkrar ástæður fyrir þessum lélegu skilum á virðisaukaskatti, m.a. það sem ég nefndi og einnig það að endurgreiðslur virðisaukans hafi verið talsvert meiri en reiknað hafi verið með bæði vegna viðhalds fasteigna og vegna aðkeyptrar þjónustu sveitarfélaga, einnig vinna við íbúðarhúsnæði og ýmislegt fleira sem hefur orðið meira heldur en reiknað var með. Þannig eru margar samverkandi ástæður fyrir því að ekki hefur innheimst jafnhá upphæð af virðisaukaskatti og reiknað hafði verið með í fjárlögum. Það er í raun og veru aðalskýringin á því hvers vegna við í dag erum að skoða frv. til fjáraukalaga þar sem gjöld umfram tekjur eru tæpir 2 milljarðar.

En í framhaldi af því langar mig að skoða það hvaða áhrif slíkt hefur að við skulum hafa farið 12,5 milljarða fram úr fjárlögum, þ.e. að halli á fjárlögum sé 12,5 milljarðar. Það segir ekki alla söguna vegna þess að við þurfum líka að horfa á það hvað þjóðin hefur orðið að taka að láni. Samkvæmt þessu frv. sem áður er getið þá er verg lánsfjárþörf ríkissjóðs rúmir 22 milljarðar kr. Af því eru tekin ný lán upp á rúma 16 milljarða og greiðsluafkoman verður þá rúmlega 6 milljarðar sem er, talað með almennum orðum, yfirdráttur ríkisins í Seðlabankanum. Yfirdráttur ríkisins í Seðlabankanum um áramót er þá rúmir 6 milljarðar kr. sem samkvæmt lögum þarf að ganga frá innan þriggja mánaða frá áramótum í lántökum ríkissjóðs. Þessi yfirdráttur í Seðlabankanum um áramót veldur því svo aftur að vaxtagreiðslur sem koma líka inn á þetta fjáraukalagafrv. eru tæpur hálfur milljarður kr. — 475 millj. kr. er sem sagt vegna yfirdráttar í Seðlabankanum. Það leiðir aftur hugann að því hvernig við förum með þá aðstöðu sem við höfum til þess að hafa þennan yfirdrátt í Seðlabankanum. Það má spyrja að því hvort það sé eðlilegt að ríkissjóður geti alltaf gengið í Seðlabankann og það sé ekki neitt þak á þeim yfirdrætti sem ríkissjóður getur tekið þar.

Það má einnig áætla að þessi vaxtagjöld, sem hér eru upp á hálfan milljarð kr., séu þeim mun meiri sem vextir voru hærri, sérstaklega á seinni hluta árs í fyrra og þó að ríkissjóður hafi hækkað sína vexti til þess að selja betur ríkisskuldabréf og víxla, þá hefur það aftur komið niður á fjárlögum ríkisins að því leyti til að vaxtagjöld verða þá að sjálfsögðu líka hærri af þeim

yfirdrætti sem ríkissjóður hefur í Seðlabankanum.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér sem stendur í skýrslu um ríkisfjármál árið 1991, helstu niðurstöður sem Ríkisendurskoðun kemst að, þ.e. að rekstrarhallinn sem hér muni verða sé 3,3% af landsframleiðslu samanborið við 1,3% árið 1990. Við getum einnig skoðað þetta í stöplaritum sem sýnd eru á bls. 8 í þessari sömu bók. Þar sjáum við hvernig afkoma A-hluta ríkissjóðs er, þ.e. að hrein lánsfjárþörf og halli er mun meiri heldur en allar götur frá árinu 1986.

Við getum auðvitað endalaust haldið áfram að velta því fyrir okkur hvers vegna framvinda efnahagsmála okkar er á þennan veg. Það fer ekki hjá því að orsök minnkandi fiskafla hlýtur að vera ein meginástæðan. Við getum minna flutt út og þar af leiðandi minna selt og höfum því minni útflutningstekjur og það hlýtur vissulega að vera stærsta ástæðan fyrir því að afkoman verður slík sem hún er. Hins vegar virðist þenslan innan lands alltaf halda áfram nokkuð fram yfir það sem eðlilegt gæti talist og við stofnum til sífellt meiri skulda.

Við stöndum frammi fyrir því að þessi fjáraukalög eru orðinn hlutur. Það er verið að leiðrétta reikninga ríkissjóðs miðað við uppgjör um síðustu áramót og það er engin leið að mæta því öðruvísi en með að taka lán, eins og hér hefur komið fram. Lánsfjárþörf ríkissjóðs virðist hafa aukist um helming frá fyrra ári og það er ansi mikið.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Mér finnst rétt að vekja athygli hv. þm. á því hversu mikill þessi halli er og í stórum dráttum hvers vegna hann er þó ég ætli ekki að fara að rekja þetta frv. hér, enda gerði hæstv. fjmrh. það fyrr í dag. En ég ætla þó aðeins að nefna það að menntmrn. á inni 144 millj., og svo virðist sem þar hafi ríkissjóður fjármuni til þess að mæta framlögum til grunnskóla og ýmissa sérskóla ef þær heimildir eru færðar yfir á næsta ár. Það má undarlegt heita að í bandorminum vorum við mikið að ræða um niðurskurð um 180 millj. kr. til grunnskóla en svo þegar farið er að skoða frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 þá eru 152 millj. kr. sem ekki hafa verið nýttar af heimildum ársins 1991 fyrir grunnskóla. Ætti sú upphæð þar af leiðandi að vera færanleg yfir á næsta ár og getum við þá e.t.v. sagt að ekki hefði þurft að skera niður nema um 28 millj. þannig að það er hægt að velta ýmsu fyrir sér í þessum tölum.

Ég er því samþykk, og lýsi yfir ánægju minni með það sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að stefnan sé sú að færa fjárhagslega ábyrgð í vaxandi mæli yfir á stofnanir ríkisins frá ráðuneyti. Ég held að það sé alveg rétt stefna og einnig sú stefna að ekki þurfi að fullnýta allar fjárheimildir á árinu fyrir áramót til þess að missa ekki af þeim heldur verði a.m.k. hluti þeirra færanlegur yfir áramót og nýtist þá á næsta ári. Það ætti að verða til þess að stofnanir fari betur með fjármuni, ef hægt er, og geti þá fært peninga á milli mánaða, milli áramóta, og þurfi ekki endilega að nota þá til þess að missa ekki af því að fá þá til afnota.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða frekar um þetta fjáraukalagafrv. Mér sýnist að hér stöndum við eins og venjulega frammi fyrir orðnum hlut og getum ekki miklu breytt í því sambandi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að við skulum nú ræða fjáraukalög á sama ári og heimildir þarf að veita en ekki fjáraukalög síðustu áratuga eins og hér tíðkaðist áður fyrr og ber að þakka hæstv. fyrrv. fjmrh. fyrir að taka upp þann sið að afgreiða fjáraukalög jafnóðum. En þó er það harmsefni að hér skuli þurfa að vera að fjalla um fjáraukalög öðru sinni fyrir árið 1991 sem sýnir að enn er ekki nægileg stjórn á framkvæmd fjárlaga og kemur þar sjálfsagt ýmislegt til og ekki ber að hvítþvo hv. fjárln. af því að gera þá ekki raunhæf fjárlög. En til þess að ná einhverri stjórn á framkvæmd fjárlaga er auðvitað nauðsynlegt að reynt sé að halda sig innan við þær heimildir sem fjárln. hefur látið Alþingi lögfesta.

En það vekur ýmsar spurningar hvernig á þessari útkomu stendur að vanta skuli 12,5 milljarða til þess að endar nái saman. Þegar hefur komið fram að enn eru óinnheimtir 3 milljarðar í útistandandi staðgreiðslusköttum og ljóst er að mikið vantar á að virðisaukaskattur hafi innheimst eins og til stóð og raunar ekki fundin nein skýring á því — og vildi ég nú að hæstv. fjmrh. hlýddi á mál mitt. Sýnist mér hann hafa sest í hliðarsal og ætti að geta heyrt til mín. — Hér hafa bæði verið lagðar fram fyrirspurnir á hinu háa Alþingi og margsinnis verið að því spurt hér í ræðustól, hvernig það megi vera að virðisaukaskattur af innfluttum vörum skili sér ekki. Ég held að þar þurfi fjmrn. að leggja mikla vinnu af mörkum til þess að það skýrist hvernig það megi vera að þessar tölur komi ekki heim og saman. Það er auðvitað alveg ljóst að einhvern veginn tekst fólki að fara fram hjá lögum sem um virðisaukaskatt gilda. Það er engin önnur skýring til á því. Sýnast menn harla fljótir að tileinka sér kúnstir sem koma þeim fram hjá gildandi lögum.

En þegar litið er á útkomu ársins 1991 er ýmislegt sem stingur í augu. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, í inngangi að frv. því til fjáraukalaga sem við erum nú að fjalla um:

„Í þeirri þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1991 var gert ráð fyrir að samdráttarskeiði undanfarinna þriggja ára væri um það bil að ljúka og að hagvöxtur tæki að glæðast á nýjan leik. Þannig var gert ráð fyrir að þjóðartekjur myndu aukast um tæplega 2% árið 1991, en þær höfðu dregist saman um 3,5% á árunum 1988–1990." — Ég vek þá athygli á því að fjárlagahalli var þó mun minni á þeim árum þegar samdrátturinn var miklu meiri. — Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Spáin um auknar þjóðartekjur var byggð á forsendu um aukna framleiðslu sjávarafurða og hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Jafnframt var gert ráð fyrir að innlendri eftirspurn yrði haldið í skefjum, jafnt útgjöldum opinberra aðila og fyrirtækja sem heimila." — En síðan segir:

„Niðurstaðan er því sú að landsframleiðsla er talin hafa aukist heldur minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða um rúmlega 1%, samanborið við 1,5% í

forsendum fjárlaga. Þjóðartekjur jukust hins vegar meira vegna batnandi viðskiptakjara eða um rúmlega 2,5% samanborið við tæplega 2% í fjárlögum. Þrátt fyrir meiri aukningu þjóðartekna en búist var við versnaði skuldastaða þjóðarbúsins erlendis enn frekar vegna vaxandi viðskiptahalla."

Lái mér hver sem vill. Ég kem þessu ekki heim og saman. Ég skil þetta ekki. Mér finnst óeðlilegt með öllu að útkoman sé svo bágborin sem hún er þar sem samdráttur varð alls ekki slíkur sem spáð hafði verið og þrátt fyrir minni afla jókst verðmæti aflans að sama skapi. Eftir stendur að innheimtar tekjur ríkissjóðs námu tæpum 100 milljörðum kr. og útgjöld námu 112,5 milljörðum kr.

Síðan getum við spurt sjálf okkur hvort þetta sé í raun og veru allur sannleikurinn. Ég held nefnilega að svo sé ekki og mál til komið að við förum að líta á aðrar tölur.

Á bls. 16 er tafla um lánahreyfingar ríkissjóðs. Þar segir: Hrein lánsfjárþörf ríkisins var 14 milljarðar 648 milljónir. Afborganir af teknum lánum 7 milljarðar 623 milljónir. Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs var því 22 milljarðar 271 milljón og að mínu viti var það hallinn á þjóðarbúinu, hinn raunverulegi. Ég held nefnilega að við séum að blekkja sjálf okkur og höfum gert um langt skeið með því að líta einungis á þennan svokallaða viðskiptahalla.

En ástæðan fyrir því að ég kom hér í ræðustól er fyrst og fremst sú að ég tel að þetta fjáraukalagafrv. sé ekki mjög marktækt plagg og ástæðan fyrir því er sú að í morgun komu embættismenn heilbrrn. á fund hv. fjárln. og kynntu tillögur um útdeilingu á fé til sjúkrahúskerfisins í Reykjavík. — Og hvað er lagt fyrir hv. þm. þar, án allra laga sem ég tel að þurfi að setja til þess að annað eins og það eigi sér stað? Þar er farið fram á, eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til viðbótar hefur ráðherra tekið ákvörðun um ráðstöfun úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna aukinna hjúkrunarrýma fyrir aldraða á árinu og stofnframkvæmdir því fylgjandi." Og það er til St. Jósefsspítala, Landakoti 35 millj., og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 9 millj. og það er skýrt tekið fram að þessar 44 millj. eigi að fara í rekstur. Það er verið að færa til úr stofnkostnaði peninga í rekstur. Aðspurðir staðfestu embættismenn að þarna væri ekki um neinar breytingar vegna breyttrar notkunar á rými að ræða heldur er verið að finna rekstrarfé til sjúkrahúskerfisins. Þegar búið er að láta eins og látið hefur verið við að eyðileggja sjúkrahúskerfið í Reykjavík á þessum vetri, þá er verið að bjarga því sem bjargað verður með því að læðast í Framkvæmdasjóð aldraðra. Menn virðast í fyrsta lagi gleyma því að honum stýrir sérstök stjórn þannig að fjárln. hefur auðvitað ekkert vald á þeim sjóði. En í öðru lagi er hér um að ræða svo gróft brot á þeim venjum sem verið hafa að færa úr stofnkostnaði peninga til reksturs að ég tel að við getum ekki afgreitt þetta fjáraukalagafrv. fyrr en við höfum fengið inn í það frv. leyfi til að nýta þessa peninga á þennan hátt. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir hversu langt er hægt að seilast.

Það er svo til umhugsunar um hvernig farið er með fé í þessu landi að á sama tíma og hver hæðin eftir aðra stendur auð á Borgarspítalanum, húsrými sem ætlað var fyrir aldraða, þá er verið að troða öldruðu fólki inn á Landakotsspítala sem hefur margra ára hefð fyrir ákveðinni þjónustu og enginn hafði nokkru sinni kvartað yfir henni, þangað til einhver skelfileg þróunarstofnun innan ríkisspítalanna hófst handa um að eyðileggja sjúkrahúskerfið í Reykjavík. Það er auðvitað alveg ljóst að hæstv. heilbrrh. er í standandi vandræðum með þetta mál allt. Það er alveg ljóst og þarf sérstakt hugmyndaflug til að halda að það sé hægt að sameina bráðaþjónustu í borginni, setja hana alla inn í eitt sjúkrahús án þess að það kosti fé. Hver manneskja með nokkurn veginn heilbrigða skynsemi hlýtur að geta sagt sér það sjálf. Og hvað er svo verið að bera á borð fyrir okkur nú? Borgarspítalinn, nýjar bráðavaktir 200 millj. kr., stendur hér. Um þetta átti fjárln. að taka ákvörðun í morgun. Ég tek það fram að við óskuðum auðvitað eftir að fá á okkar fund forstöðumenn St. Jósefsspítala, Borgarspítala og ríkisspítalanna því að hér er unnið þannig að það veit enginn hvað hann er að gera lengur. Hér er verið að ráðstafa 359 millj. kr. sem skulu skiptast milli St. Jósefsspítala, ríkisspítalanna og Borgarspítalans til þess að bjarga því sem bjargað verður úr því sem nú þegar er búið að eyðileggja.

En meðferð fjármuna er um margt sérkennileg og minnst af því vita hv. þm. um. Uppi við Reykjalund er búið að byggja hús fyrir 6 eða í hæsta lagi 7 sjúklinga sem eru mjög heilaskaðaðir og hefur lengi verið sár þörf á slíku húsnæði. Áhugamenn söfnuðu til þessa verks 27 millj. og maður gæti haldið að það hefði nægt til að byggja þetta hús. Því fer nú aldeilis fjarri. 30 millj. hafa farið til viðbótar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og eitthvert fé til viðbótar því þannig að húsið stendur nú í milli 70 og 80 millj. Þarna, eins og ég segi, eiga að vera 6–7 sjúklingar. Til að kóróna þessa framkvæmd er svo það að nú stendur þetta hús autt vegna þess að það er ekki til eyrir í rekstur þess. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvað eigum við lengi að horfa upp á þennan taumlausa fjáraustur? Nægir að nefna það sem við höfum hér fyrir augunum, perlur og ráðhús, þar sem allar fjárhagsáætlanir fara milljarða fram úr áætlun. Í þessu tilviki er ekki hægt að byggja tiltölulega lítið hús til að veita þjónustu þeim samborgurum okkar sem kannski allra bágast eiga fyrir minna en milli 70 og 80 millj. Ekki króna til að reka það. Og hvað liggur nú fyrir Framkvæmdasjóði fatlaðra? Umsókn frá hinum sparsama hæstv. heilbrrh. þar sem hann biður um nýjar 30 millj. því nú ætlar hann að byrja á nýju húsi uppi við Grensásdeild. Maður spyr sjálfan sig: Væri ekki nær að nýta það húsnæði sem stendur autt heldur en að ólmast svona áfram án nokkurrar fyrirhyggju?

Þetta er svo sem ekkert einsdæmi. Mikið af þessum framkvæmdum í þágu fatlaðra t.d. hafa farið úr öllum böndum og nægir að nefna eitt slíkt sambýli á Akranesi þar sem er glæsihús, og ekki skal ég lasta að slík hús séu vel úr garði gerð. Þar áttu upphaflega að

vera einir sjö sjúklingar, þeir hafa sjaldnast verið nema fjórir. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það hefði kannski verið vitlegra að láta það fólk, sem hefur unnið við þessi mál um árabil, setjast niður og leita leiða til sparnaðar í kerfinu án þess að þjónustan skertist í nokkru, heldur en að ösla inn í sjúkrahúskerfið í Reykjavík sem þjónar vitaskuld öllu landinu, leggja þar allt í rúst, margra áratuga þekkingu, sem stendur meira og minna ónotuð vegna þess að sjúklingarnir eru horfnir eitthvert annað og stöðugildi ekki fyrir hendi fyrir þá sem ráku mjög svo sérhæfða þjónustu. Síðan stendur eitthvert ringlað ráðuneytisfólk og reynir að finna peninga til þess að bjarga því sem bjargað verður og dettur í hug að ráðast inn í Framkvæmdasjóð aldraðra til þess að fara að reka sjúkrahúsin í Reykjavík.

Mér er bara spurn: Veit hæstv. félmrh. þetta? Ég stórefast um það. Hún hefur þá tekið upp nýja siði ef hún sættir sig við vinnubrögð af þessu tagi. En það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, það er fullkomin tilviljun að ég veit þetta. Það geta verið svona mál á hverju strái þess vegna. Það bara vill svo til að ég frétti af þessu fyrir hreina tilviljun. Og ég spyr: Er mikið af svona framkvæmdum í gangi í landinu? — Spyr sá sem ekki veit og ég hygg að því miður sé þekking hv. þm. á svona fjáraustri afar takmörkuð.

Ég vil minna hv. þm. á að fyrir nokkrum árum, í ráðherratíð hæstv. páv. heilbrrh. Svavars Gestssonar, var mikið neyðarástand hér í bráðaþjónustu fyrir geðsjúka í borginni. Hvernig var það leyst? Það var leyst með því að setja nefnd til starfa, sjö manneskjur, sem nauðaþekktu þennan málaflokk. Það tók nokkrar vikur að semja milli sjúkrahúsanna hvernig þessu yrði best fyrir komið. Það þurfti ekki að byggja neitt hús. Það þurfti ekki að fjölga starfsliði. Þetta var einfaldlega leyst með hagræðingu. Síðan hefur enginn kvartað yfir að þessi þjónusta væri ekki í lagi. Þannig á auðvitað að vinna að hagræðingu jafnt í heilbrigðiskerfinu sem á öðrum stöðum.

Ég skal, hæstv. forseti, reyna að stytta mál mitt, því ég vil mjög gjarnan stuðla að því að hv. þm. sem hér þurfa að tala fyrir málum, því miður að kvöldi til, þar sem ekki er von til að þau mál veki þá athygli sem þau eiga skilið, komist að.

En ég vil spyrja hvaðan það plagg er komið sem ég stend hér með í höndunum sem heitir „Alþingi 1985–1991". Á fyrstu síðu þess er tafla sem heitir „Hækkun á almennum rekstri" og þingfararkaupið 1985–1991 þar sem almennur rekstur sýnist fara hér beina leið upp á við. Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að mótmæla þessu mjög harðlega og biðja hæstv. forseta að kanna með eigin augum að í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1990 um framkvæmd fjárlaga 1990 stendur skýrum stöfum að rekstur Alþingis hafi lækkað að raungildi árið 1989 og 1990 að 2,9%. Hver sem þessa töflu hefur búið til er hreinlega að villa hv. Alþingi sýn. Þetta er ekki svona. Og ég vil mjög svo mótmæla því að svona skjöl skuli lögð fram. Því miður hef ég ekki hugmynd hvernig ég hef fengið þetta. (Gripið fram í.) Þetta hlýtur að hafa verið lagt fram í fjárln., þar mun ég alla vega hafa fengið þetta, en ég frábið mér að fá þær upplýsingar sem ég veit af tilviljun að eru rangar og bið ég menn einfaldlega að kanna það í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga það ár.

En endir máls míns skal vera sá, hæstv. forseti, að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari því hvort hann telji að þessi útdeiling á fé til heilbrigðiskerfisins í Reykjavík standist lög og hvort ekki sé ástæða til að líta á það áður en þessi fjáraukalög verða send til afgreiðslu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær umræður sem farið hafa fram um fjáraukalagafrv., þetta endanlega fjáraukalagafrv. vegna ársins 1991.

Mig langar til að fara örfáum orðum um nokkur atriði sem komu fram í ræðum hv. þm. sem reyndar eiga allir sæti í hv. fjárln. og munu því hafa tækifæri til þess að kynna sér þetta mál betur en flestir aðrir á næstu dögum og vikum því nú þegar er byrjað að fjalla um frv. í nefndinni, ef ég veit rétt, og verður áfram haldið á næstunni.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason vék að virðisaukaskattinum og mun ég koma að því máli síðar, en hann sagði að fyrrum ráðherra, hv. 8. þm. Reykn., hefði bætt eftirlitið en það virtist svo sem slakað hefði verið á á síðari hluta ársins. Þetta er ekki rétt. Það var ákveðið í fjárlögum fyrir árið 1991 að gera átak í framhaldi af því að Alþingi hafði samþykkt að setja upp sjóðvélar svokallaðar og Alþingi samþykkti að ráða nokkra menn tímabundið til þess að fylgjast með framkvæmd þess máls. Þetta voru tímabundnir ráðningarsamningar. Þeir voru framlengdir um stutta stund til viðbótar því sem áætlað hafði verið fyrir í fjárlögum, en engar aðrar áætlanir voru uppi né heldur var gert ráð fyrir því í fjárlögum sl. árs að halda þessu starfi áfram. Þetta er ekki skatteftirlit í þeim skilningi sem við tölum oftast um, né heldur hert innheimta eins og sumir hafa haldið að verið hafi á þessum tíma, heldur var einungis verið að fylgjast með því hvort fyrirtæki færu að lögum sem Alþingi hefur sett og settu upp sjóðvélar með þeim hætti sem lög bjóða og þær væru notaðar með þeim hætti. Vissulega er þetta gagnlegt en hefur samt ekki með innheimtu að gera né heldur skil og ekki heldur eftirlit í þeim skilningi sem það orð er oftast notað.

Ég mun víkja að því síðar í minni ræðu, vegna þess að allir ræðumennirnir ræddu um virðisaukaskattinn sem eðlilegt er því um það er nokkuð fjallað í yfirliti því sem fjmrn. gaf út undir heitinu „Skýrsla um ríkisfjármál árið 1991".

Hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, spurði nokkurra spurninga. Hann spurðist fyrir um það hvað fælist í þeim tæpu 190 millj. sem eftir hefðu staðið í viðskrn. og vildi fá nánari sundurliðun. Því miður get ég ekki svarað honum öðru til en því að hér er um að ræða niðurgreiðslur og þær eru ekki sundurliðaðar að öðru leyti. Það voru minni not fyrir niðurgreiðslur vegna minni sölu og það er meginskýringin,

en væntanlega er hægt að fá, ef um er að ræða frekari sundurliðun, þær upplýsingar frá viðskrn. á næstu dögum af nefndarinnar hálfu.

Þá spurði hv. þm. að því hvernig stæði á 175,5 millj. lífeyri sem kæmi fram í fjmrn. og þyddi það að fjmrn. hefði farið fram yfir í sínum áætlunum. Meginástæðan fyrir þessu er sú að á sínum tíma var þessi liður skertur, í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, en það kemur að sjálfsögðu að skuldadögum og það þarf að fara fram uppgjör. Þegar uppgjör fór fram þar sem ríkið varð að gera upp við sína, vegna bóta og lífeyris sem ríkið þarf að standa skil á, þá reyndist vanta á þennan lið 175,5 millj. kr.

Hv. þm. spurðist fyrir um vexti og vaxtagreiðslur, reyndar er frá því greint í frv. að meginástæðan fyrir hærri vöxtum en áætlanir voru um eru í fyrsta lagi þær að hallinn varð meiri en ætlast hafði verið til, meiri en áætlaður var, og sá halli var brúaður tímabundið með lánum innan lands einkum í Seðlabankanum og framkallaði að sjálfsögðu auknar og meiri vaxtagreiðslur heldur en ráð var fyrir gert.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um hvernig á því stæði að Orkustofnun hefði farið 47 millj. yfir með því að skila ekki sértekjum fyrr en í upphafi þessa árs og hann spurði hvort það væri algengt að B-hluta stofnanir skiluðu ekki af sér sértekjum fyrr en á árinu eftir að þeirra var aflað. Því er til að svara að það mun ekki vera algengt og gerast reyndar örsjaldan. Í þessu tilviki er um það að ræða, eins og reyndar hefur komið fram í blöðum, að Orkustofnun heimtir þessar tekjur inn, nýtir sér þær í sínum rekstri og skapar sér þannig svigrúm á tekjuárinu, en í stað þess að skila tekjunum inn fyrir áramótin, og kannski mætti ég heldur segja jafnóðum og þær koma, tók Orkustofnun sér það bessaleyfi að skila ekki tekjunum fyrr en eftir áramótin. Að þessu hefur verið fundið og hygg ég að það verði ekki endurtekið.

Hv. 6. þm. Vestf. ræddi eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. talsvert um virðisaukaskattinn og kem ég að honum síðar, en jafnframt minntist hv. þm. á þá fjármuni sem færðir hefðu verið yfir áramót í menntmrn. og spurðist fyrir um það hvort ekki mætti nýta þessa fjármuni til að hjálpa til við þann sparnað sem fyrirhugaður er og reyndar er hafinn í grunnskólunum. Það er rétt. Hugmyndin er að sjálfsögðu sú að þessir fjármunir komi til skjalanna. Meginástæðan fyrir því að þessir fjármunir urðu til er sú að menntmrn. hóf strax í fyrrahaust að spara í grunnskólanum og mun sá sparnaður koma að notum þegar enn þarf að skera niður útgjöld til grunnskólanna og ætti að hjálpa til við að gera þann niðurskurð sársaukaminni en ella.

Nokkuð var minnst á skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það væri kannski fróðlegt í leiðinni fyrst minnst var á þá skýrslu að segja frá því að það hefur komið fram í fréttum m.a. að Ríkisendurskoðun telur að spár sínar um hallann á síðasta ári hafi reynst réttar en ekki spár fjmrn. Þetta er út af fyrir sig rétt ef eingöngu er litið á niðurstöðutölur en ekkert hirt um innihaldið. Sé hins vegar litið á spárnar frá því í maí og þær bornar saman við niðurstöðutölur kemur í ljós að það skakkar heilmiklu, til að mynda taldi Ríkisendurskoðun í maí að það yrði halli upp á 3 milljarða samtals vegna búvörusamninganna og Byggingarsjóðs ríkisins en í niðurstöðutölum fyrir sl. ár er ekkert um þetta að finna, enda er sl. ár gert upp á greiðslugrunni. Hins vegar minntist Ríkisendurskoðun í maí ekkert á nokkra háa útgjaldaliði sem nú hafa komið í ljós eins og vaxtagjöld, eins og greiðslur til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, til strandflutninga og ýmissa annarra útgjalda sem samtals gera yfir 2 milljarða kr. Þannig getur niðurstöðutala stundum reynst tiltölulega rétt þótt þær tölur sem saman eru lagðar eða dregnar hver frá annarri séu allt aðrar í báðum dæmunum. Til að mynda er hægt að fá sömu tölu þegar maður leggur saman 3 og 6 eða dregur 3 frá 12. Talan er 9 en það þýðir ekki að innihaldið í dæmunum sé það sama svo ég taki nú einfalt dæmi sem skýrir það hvað þarna hefur átt sér stað.

Hv. 14. þm. Reykv. ræddi hér um nokkur atriði sem kannski væri heppilegra að aðrir ráðherrar svöruðu en sá sem hér stendur, einkum og sér í lagi hæstv. heilbrrh. Ég vil þó aðeins minnast á örfá atriði. Í fyrsta lagi tel ég að það verði langt í land að hægt verði að flytja aðeins eitt fjáraukalagafrv. Ég tel að í framtíðinni verði flutt fjáraukalagafrv. á fjárlagaárinu en ég hygg að aldrei verði hjá því komist að flytja síðan endanlegt fjáraukalagafrv. árið eftir. Ég tek undir með hv. þm. þegar hún sagði að það væri til fyrirmyndar að koma með slíkt fjáraukalagafrv. sem allra fyrst eftir áramótin og að því hefur verið stefnt, en sá háttur var tekinn upp eins og kom fram hjá hv. þm. í tíð hv. 8. þm. Reykn. þegar hann gegndi stöðu fjmrh.

Hv. 14. þm. Reykv. ræddi síðan um Framkvæmdasjóð aldraðra. Af því tilefni vil ég að það komi fram að ég veit ekki betur en að lögum og reglum um Framkvæmdasjóð aldraðra hafi verið breytt í þá veru að heimilt er að nota þriðjung af ráðstöfunarfénu til rekstrar og við það hefur verið miðað. Ég held að ef grannt er skoðað, þá séu tillögur heilbrrh. — sem fjmrh. þarf formsins vegna skv. 6. gr. fjárlaga að nýta sér samkvæmt heimildinni þar, auðvitað í samráði við heilbrrh. og fjárln., — byggðar á lagagrunni, byggða á breytingum sem gerðar voru á lögum fyrir skömmu síðan og ég tel ljóst að þessi heimild er fyrir hendi.

Hv. þm. ræddi síðan um sjúkrahúsin í Reykjavík og fleira sem viðkemur heilbrigðiskerfinu og sagðist efast um það eða taldi að það varla réttlætanlegt, ef ég skildi hv þm. rétt, að afgreiða fjáraukalagafrv. áður en búið væri að kanna ofan í hörgul réttmæti og lögmæti þeirrar tillögu sem fram kemur í bréfi hæstv. heilbr.- og trmrh. til mín, dags. 26. mars, um ráðstöfun fjár skv. 6. gr. fjárlaga. Ég man nú ekki nákvæmlega hvaða liður það er í 6. gr. Ég hygg að það sé liður 6.50 en það verður þá leiðrétt þegar á reynir.

Ég vil taka það fram að í raun og veru hefur þessi ráðstöfun ekkert með fjáraukalögin að gera. Við erum hér að tala um tvö ár, annars vegar árið 1991, fjáraukalögin snúast um árið 1991, en þessi ráðstöfun á fjármununum er ráðstöfun sem gerast á árinu 1992. Ég bendi á þetta því að ég sé ekki að þetta tiltekna mál,

jafnvel þó umdeilt sé, þurfi að tefja afgreiðslu fjáraukalaga vegna sl. árs.

Þá vil ég, virðulegi forseti, aðeins víkja að því máli sem ræðumenn hafa nokkuð gert að umtalsefni, eðlilega, en það er innheimta tekna, sér í lagi innheimta og skil á virðisaukaskatti. Af þessu tilefni vil ég láta eftirtaldar upplýsingar koma fram: Ef litið er til fjárlagafrv. fyrir árið 1991 og það skoðað, en það frv. var lagt fram í október 1990, þá kemur það fram strax í því frv. í athugasemdunum að þáv. fjmrh. hafði vissar efasemdir um það hvort áætlanir væru nákvæmar þegar um virðisaukaskattinn væri að ræða. Í frv. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þegar haft er í huga að einn og sami skattur, þ.e. virðisaukaskatturinn, stendur undir allt að helmingi allra skatttekna ríkissjóðs er ljóst að jafnvel minni háttar breytingar á greiðsluflæði jafnt innskatts sem útskatts og innheimtu virðisaukaskatts í tolli geta leitt til verulegrar röskunar á tekjum og þar með afkomu ríkissjóðs. Í raun má segja að innheimtuferill virðisaukaskatts sé enn óþekkt stærð enda skammur tími liðinn frá upptöku hans. Þetta skapar óhjákvæmilega nokkra óvissu við gerð tekjuáætlunar nú og ber að skoða tölurnar fyrir 1990 og 1991 með þessum fyrirvara."

Hér er með mjög skýru orðalagi sagt frá því áður en sl. ár hófst að brugðið gæti til beggja vona, enda er virðisaukaskatturinn, innheimtan og skilin, óþekktar stærðir. Það má þess vegna segja að strax í upphafi gerðu menn sér glögga grein fyrir því að erfitt væri að áætla með nákvæmni tekjurnar af virðisaukaskattinum á sl. ári.

Í meðförum Alþingis við afgreiðslu fjárlaganna fyrir 1991 var áætlunin um tekjur hækkuð um 1 milljarð kr. eða í 41,5 milljarða kr. Hækkunin var skýrð með tvennum hætti: Annars vegar að minni innheimta á síðustu mánuðum 1990 gæfi tilefni til þess að ætla að hún skilaði sér eftir áramótin 1990–1991 og hins vegar að með sérstöku innheimtuátaki mætti auka tekjur um 400–500 millj. kr. Þessi sérstaka hækkun sýnist þó fyrst og fremst hafa verið gerð til að snyrta niðurstöðutölur fjárlaga fremur en að rök hafi verið fyrir henni. Við vitum satt að segja ekki í dag nákvæmlega hverju það sætir að menn héldu haustið 1990 að innheimtan mundi skila sér í upphafi ársins 1991 og á sama hátt getum við sagt að ekki er hægt að sjá nákvæmlega heldur hvort það sé hlaup í innheimtunni frá hausti eða frá síðustu innheimtunni 1991 og yfir til 1992. En rétt fyrir jól 1990 lagði þáv. fjmrh. það til að tekjurnar yrðu hækkaðar því að hann gerði ráð fyrir því að skilin kæmu seinna. Á sama hátt gætum við líka gert ráð fyrir því að skilin vegna sl. árs kæmu fram í byrjun þessa árs, einfaldlega vegna þess að virðisaukaskatturinn er ólíkur söluskattinum um margt. Þetta er nettóskattur þar sem innskatturinn dregst frá útskattinum. En þessu til viðbótar, og ég legg áherslu á það, var það lagt til í lokameðferð málsins rétt fyrir jól 1990 að hækka tekjurnar um 400–500 millj. og það var gert út á nákvæmlega engin rök. Það var ekkert sem benti til þess, ekki neitt, að það gæti tekist að heimta inn 400–500 millj. með aukinni og hertri innheimtu, einfaldlega vegna þess að menn höfðu mjög litlar upplýsingar um skil og innheimtu á þessum skatti, enda er hann nýtilkominn og var fyrst lagður á fyrir örfáum árum síðan. Þetta vil ég benda á því að það er stundum talað um að það þurfi að skýra 2,5 milljarða og þetta er auðvitað hluti af skýringunni, að áætlunin sjálf sem miðað er við, áætlunin í frv. og síðan í fjárlögunum hafi kannski reynst vera röng og gert ráð fyrir meiri tekjum á sl. ári en efni og rök stóðu til.

Framan af ári og til hausts 1991 taldi fjmrn. ekki tilefni til þess að breyta áætlunum um tekjur af virðisaukaskattinum þótt óvissa ríkti um skil tekna á árinu öllu. Í greinargerð fjmrn. sem lögð var fyrir Alþingi í maí 1991 segir að skil af virðisaukaskattinum, þ.e. tímabilið janúar til apríl, hafi verið minni en áætlað var þrátt fyrir merki um aukin umsvif í þjóðarbúskapnum. Sú þróun hefði að óbreyttu átt að skila ríkissjóði viðbótartekjum en reyndin varð önnur. Meginskýring þess er talin að frádráttur vegna innskatts, þ.e. endurgreiddur virðisaukaskattur af aðföngum og fjárfestingu í atvinnurekstri, virðist hafa aukist meira en útskattur, þ.e. endanlegur skattur af eiginlegri veltu. Hér voru ekki talin efni til að lækka áætlun um tekjur þrátt fyrir áframhaldandi óvissu um skil.

Ég tek það fram að strax á fyrstu mánuðum sl. árs, þrátt fyrir verulega aukna veltu, verulega aukna einkaneyslu komu þessi skattskil ekki fram eins og spáð hafði verið fyrir haustið áður. Hins vegar höfðu þær breytingar orðið í efnahagslífi landsmanna að ekki þótti ástæða vegna aukinnar veltu að breyta tekjuáætluninni í maí. Síðar kom annað á daginn. Þetta tek ég hér fram þar sem því er stundum haldið fram að misbrestur hafi komið fram á síðustu mánuðum sl. árs.

Í fjárlagafrv. ársins 1992 og frá því það var lagt fram í október 1991 voru tekjuhorfurnar af virðisaukaskattinum á árinu 1991 enn endurmetnar og var þá fyrri áætlun lækkuð örlítið. Þessi lækkun hefði e.t.v. átt að vera meiri með tilliti til óvissu um skil skattsins og þess að endurskoðunin byggði aðeins á reynslutölum ársins 1990 og hluta árs 1991, en virðisaukaskatturinn leysti söluskattinn af hólmi í ársbyrjun 1990 eins og menn muna.

Því hefur verið haldið fram, eins og ég sagði áðan, að innheimta og eftirlit hafi brugðist í veigamiklum atriðum síðari hluta ársins 1991 en eins og ég hef minnst á eru þetta flóknari skýringar sem eru til staðar og þarf að hafa það í huga að það eru skattstjórarnir sem annast eftirlitið og álagninguna, eftirlit með álagningu, en innheimtumenn ríkissjóðs sem sjá um innheimtuna á álögðum virðisaukaskatti. Þess vegna er álagningin eitt en skil í ríkissjóð annað.

Áætlun um skil virðisaukaskatts í ríkissjóð á árinu 1991 víkur frá niðurstöðum um 2,5 milljarða kr. — og það er þetta sem verið er að reyna að skýra hér og þeir ræðumenn sem hafa tekið til máls hafa beðið um skýringar á. — Hvort tveggja kemur þar til álita að forsendur tekjuáætlunarinnar um skil í ríkissjóð hafi brugðist og/eða að á skattframkvæmdinni hafi slaknað og undandráttur frá skattinum aukist.

Í upphafi er rétt að glöggva sig á samhengi álagn-

ingar og skila á virðisaukaskatti í ríkissjóð. Álagning virðisaukaskattsins, þ.e. álagning í innflutningi og af innlendri starfsemi og innskatturinn sem fellur til af hverju tímabili er eitt, en skil skattsins í ríkissjóð á hlutaðeigandi fjárlagaári er annað.

Álagning skattsins og endurgreiðslur voru samkvæmt gögnum ríkisskattstjóra 1990 og 1991 með þeim hætti að heildarálagningin var 115,3 milljarðar kr. 1990 en 131,3 milljarðar 1991. Breytingin í heildarálagningunni var 13,8%. Breytingin þegar miðað er við innflutninginn er 18,1%, miðað við innlendu viðskiptin er breytingin 12,9%, innskatturinn sem kemur til frádráttar breytist á milli áranna um 12,8%, álagningin nettó, *álagningin þar sem lagt er á breytist um* 15,8%, endurgreiðslurnar eru eins og dæmið stendur nú sú sama eða 2,3 milljarðar, en krafan til ríkissjóðs, það sem stendur þegar miðað er við álagninguna, var á árinu 1990 36,7 milljarðar en 42,9 milljarðar á árinu 1991 og nú er ég að tala um álagninguna en ekki innheimtu og skil. Ég tek það fram að þessir 2,3 milljarðar, endurgreiðslur á 1991 er bráðabirgðatala.

Yfirlitið ber það glöggt með sér að tiltölulega lítil hlutfallsbreyting á skattskyldri veltu getur verið mjög afgerandi fyrir virðisaukaskattinn sem til innheimtu kemur. Sama máli gegnir ef breyting á innskatti frá einu tímabili til annars víkur verulega frá breytingu heildarálagningarinnar. Endurgreiðslur eftir nettóálagningu eru aftur á móti vegna íbúðarhúsnæðis, vegna sveitarfélaga og matvöru. Samkvæmt tölunum sem ég las áðan hækkaði álagning á innflutning um 18,1% og af sölu innan lands um 12,9% að meðtöldum áætlunum um skatt á þau fyrirtæki sem ekki skila skattskýrslum. — Ég vek athygli á því að þegar talað er um álagningu þá er búið að taka inn álagninguna áætlaðar tölur vegna þeirra fyrirtækja sem ekki hafa skilað neinni skýrslu. Þær tölur leiðréttast síðan í tímans rás og draga venjulega álagninguna niður þannig að skattskilin verða hagstæðara hlutfall af álagningunni eins og hún stendur á hverjum tíma.

Þessar tölur sýna að innflutningur hefur aukist meira en innlend viðskiptavelta. Innskatturinn, þ.e. frádráttarbær virðisaukaskattur af aðföngum, er í áætlun talinn hafa hækkað um 12,8% en hefði eðli máls samkvæmt mátt vænta að hækkaði meira vegna aukins innflutnings, enda var það reyndin framan af ári. Af þessu leiðir að heildarálagning virðisaukaskattsins á öllu árinu 1991 er tæplega 16% hærri en var árið áður eða 15,8%. Þess er þó að gæta að áætlun skattstjóra á fyrirtæki sem ekki skila skýrslu 1991 ýkir nokkurn mun milli ára eins og ég tók hér skýrt fram áðan. Með tilliti til þess má gera ráð fyrir að hækkun milli ára verði minni þegar öll kurl eru komin til grafar.

Þegar álagning og innskattur eru aftur á móti skoðuð eftir skatttímabilum innan ársins 1991 kemur í ljós að á 5. og 6. tímabili, en það er tímabilið frá september til desember, er hækkun mun minni en á fyrri tímabilum ársins. Þannig hækkaði álagning á innflutning einungis um 5,8% milli áranna, útskattur af innlendri starfsemi um 8,6% og innskattur um 3,6%. Samdráttur í efnahagslífinu er þá að koma fram með tilheyrandi áhrifum á álagningu virðisaukaskattsins. Af sömu ástæðu, og ekki síst vegna áhrifa frá innflutningi, dregur úr hækkun innskatts síðustu mánuði ársins.

Að því er tekur til krafna um endurgreiðslu vegna matvöru, viðhalds íbúðarhúsnæðis og til sveitarfélaga og ríkisstofnana þá eru fjárhæðirnar þær sömu 1990 og 1991 eða 2,3 milljarðar kr., endurgreiðslukröfur á virðisaukaskatti vegna ársins 1991 munu þá væntanlega hækka þar sem þær eru ekki allar komnar fram. Það sama gerðist á sl. ári að menn áttuðu sig ekki á því að þessar kröfur komu fram eftir áramótin jafnvel þótt starfsemin sem leiddi til kröfunnar hefði farið fram á árinu á undan. Hér er ekki verið að sakast við einn eða neinn heldur einungis að benda á að þetta skattkerfi er nýtt og við höfum tiltölulega litla reynslu af því og það tekur auðvitað nokkur ár að finna nákvæmlega út hvernig það hagar sér.

Skil tekna — og nú er ég að ræða um skilin, það sem greitt er í ríkissjóð — skil tekna í ríkissjóð af veltu breyttust um 5% á milli áranna 1990 og 1991. Skilin urðu minni en gert hafði verið ráð fyrir og búast mátti við í ljósi almennrar veltu og verðbreytinga. Það er einmitt þetta sem hv. þm. hafa verið að velta fyrir sér. Þá ber að hafa í huga að á árinu 1990 samanstóð innheimtan bæði af virðisaukaskatti fyrir 1.–5. skatttímabil og söluskatti fyrir síðustu mánuði árins 1989 *þannig að þetta voru ekki alveg fyllilega sambærileg tímabil.*

Einkaneysla er talin hafa aukist um 5,5% og verðlagsbreyting milli áranna er metin um 7%, en einkaneyslan, eins og allir vita, ræður langmestu um tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti. Auk neyslu- og verðlagsbreytinga eru önnur atriði sem skýra mismunandi skil á skatti 1990 og 1991 og frávik frá áætlun. Ég ætla að nefna þrjú atriði:

Í fyrsta lagi byggjast skil skattsins á fjárlagaárinu á álagningu virðisaukaskatts á 6., þ.e. síðasta tímabili næstliðins árs og síðan fimm fyrstu tímabil fjárlagaársins, auk innheimtueftirstöðva frá fyrri tímabilum. Af þessu leiðir að breytingar a innflutningi viðskiptaveltu innan lands, innskatti eða endurgreiðslum á 6. tímabili næstliðins árs koma fram í tekjum ríkissjóðs árið eftir. Framan af árinu 1991 jókst innflutningur umfram innlenda viðskiptaveltu og sömuleiðis innskatturinn þó að úr þessu hafi dregið síðar á árinu. Ætla má að tekjuskilin hafi orðið nokkru lægri 1991 af þeim sökum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Einnig reyndist innskattur fiskverkenda, sláturleyfishafa og bænda hærri en áætlað hafði verið á árinu 1991 sem væntanlga skilar sér þó í hærri útskatti 1992, þ.e. á yfirstandandi ári. Þetta eru m.a. skýring á minni skilum á síðustu skatttímabilum ársins 1991.

Í öðru lagi virðist sem eftirstöðvar álagðs virðisaukaskatts hækki milli ára. Í lok 1.–4. tímabils 1991 voru eftirstöðvar til innheimtu af veltu án innflutnings um 250–300 millj. kr. hærri en árið áður. Vaxandi eftirstöðvar gætu bent til að innheimta hafi verið tregari m.a. vegna lakari afkomu fyrirtækja. Athugun gefur vísbendingu um að skil í ríkissjóð kunni að hafa slaknað um 1–2%. — Ég vek athygli á því að 1–2% í virð-

isaukaskatti eru háar upphæðir. Virðisaukaskatturinn skilar um 40% af tekjum ríkissjóðs eða 40 milljörðum um það bil þannig að 1% er hvorki meira né minna en 400 millj. kr., 2% liðlega 800 millj. — Áætlanir skattstjóra á fyrirtæki sem ekki skila skýrslum eru þó ávallt nokkrar. Nokkur hluti þeirra áætlana gengur alla jafna til baka innan fárra vikna frá gjalddaga. Því skal alveg ósagt látið hvort umrædd álagning skilar sér í endanlegri innheimtu á árinu 1992. Hér getur verið um tímatöf að ræða en ekki að álagningin sé glötuð.

Í þriðja og síðasta lagi reyndust endurgreiðslur virðisaukaskatts af matvöru, íbúðarhúsnæði og til sveitarfélaga mun hærri 1991 en 1990. Að hluta til skýrist hækkunin af því að á árinu 1990 komu eingöngu fimm skatttímabil til útborgunar en sex á árinu 1991. Að auki má geta þess að kröfur um endurgreiðslur voru óvenjuháar á 6. tímabili 1990, einkum vegna viðhalds húsa en sú fjárhæð kom til útgreiðslu í janúar og febrúar á sl. ári. Þessar endurgreiðslur hækkuðu umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Ég hef hér, virðulegur forseti, vegna þess að allir hv. ræðumenn sem tóku til máls viku að þessu máli, gert því ítarleg skil. Ég tek það fram að þessi texti sem ég las hérna er unninn vegna svars við fsp. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og ég á von á því að svarinu verði dreift til þingmanna á morgun og getur þá hv. nefnd haft skrifaðan texta hjá sér því að ég lái engum sem situr undir þessum lestri þótt hann skilji ekki nema lítið brot af því sem upp er lesið. Ég skal viðurkenna að það hefur tekið okkur meira að segja nokkurn tíma að átta okkur til fullnustu á þessu nýja kerfi sem er æðiflókið þegar menn kafa ofan í það með þessum hætti sem hér er gert þannig að ef einhver hefur ekki skilið hvert einasta orð sem sagt var, þá var það ekki vegna þess að eitthvað sé að honum heldur er hitt að þetta er flóknara en það virðist í fljótu bragði.

Virðulegi forseti. Ég tel mig þá hafa svarað nokkuð ítarlega þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint og vænti þess að senn komi að því að þetta mál fái að ganga til 2. umr. og hv. nefndar.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til upplýsingar fyrir hæstv. ráðherra. Hann sagði hér áðan að breyting hefði verið gerð á lögum um málefni aldraðra í þá veru að leyfilegt væri að taka fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs. Þetta er að því leyti rétt að það var gerð breyting á lögunum um málefni aldraðra 26. febr. 1991, en sú breyting sem hæstv. ráðherra vitnar í hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, en þar er talað um hvert sé hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra:

„4. Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst."

Þessi breyting var gerð til þess að tryggja fé stofnun fyrir aldraða sem risin væri en hæfi síðan rekstur á einhverju ótilgreindu tímabili á fjárlagaárinu þannig að stofnunin þyrfti ekki að standa auð. En ég vil vekja athygli á því að St. Jósefsspítali á Landakoti er ekki stofnun fyrir aldraða. Þar eru fjölmargar aðrar deildir og önnur starfsemi þannig að þetta getur í engu tilviki átt við um það sem hér er farið fram á af hálfu hæstv. heilbrrh., enda man ég mætavel hvernig þessi breyting var hugsuð. Og síðan er nú ekki nóg með það að beðið sé um 35 millj. kr. í rekstur til Landakots heldur einnig til framkvæmda 15 millj. en það er sjálfsagt samkvæmt þeirri breytingu að veita styrki, en það er liður 2 í sömu umræddri grein, til „að veita styrki til breytinga, endurbóta og viðhalds á stofnunum aldraðra sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga". Þetta á jafnlítið við Landakot og það sem ég rakti hér varðandi rekstrarhliðina. Hér er því ekki verið að fara að neinum lögum heldur er verið að leita að fé þegar í það óefni er komið að það verður að bjarga rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík svo að starfsemi heilu deildanna leggist ekki með öllu af.

Þetta vildi ég nú segja hv. þingheimi og það liggur við að við stjórnarandstæðingar ávörpum ekki aðeins hæstv. forseta heldur hv. útvörð Sjálfstfl. á Alþingi, hv. 4. þm. Reykv., sem virðist vera eini þingmaðurinn sem hefur nokkurn áhuga á fjáraukalögum hæstv. fjmrh. og þykir mér nú ráðherrann ekki eiga sér marga aðdáendur í þeim flokki. (Gripið fram í.)

Aðeins að lokum svo ítrekað sé að reynt sé að halda sig við raunhæfa fjárlagagerð. Það er t.d. beðið um 16 millj. fyrir hið háa Alþingi. Á sama tíma er hinu háa Alþingi gert að skera niður þannig að hv. þm. hafa nú fengið bréf þar sem þeim er hótað verri þjónustu, lokun símakerfis og öðru slíku, sem er sennilega óheyrt í nokkru þjóðþingi, en þetta er gert í nafni sparnaðar. Ég hygg að þrátt fyrir þennan sparnað gæti svo farið að hið háa Alþingi yrði að biðja um fé á fjáraukalögum sem kunna að koma fram árið 1992 en þetta er auðvitað út í hött og með öllu fráleitt að framkvæmdarvaldið sé að skipa Alþingi fyrir um sparnað. Hið háa Alþingi veit sjálft hvers það þarf með. Ef það hefur ekki vitsmuni til að fara með fé eins og sæmir þeirri stofnun, þá hefur það ekki hæfileika til þess að gera það sem það á að gera. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að mótmæla því að verið sé að skipa forsætisnefnd hins háa Alþingis að skera niður í starfsemi þingsins. Ég held að þess gerist ekki nokkur þörf. Hún er algjörlega í lágmarki.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns vil ég enn ítreka að þau atriði sem hún nefnir hér til sögunnar fjalla um fjárlög á yfirstandandi ári en við erum hér að ræða um fjáraukalög vegna síðasta árs og þess vegna vil ég enn ítreka að sú vinna sem nú fer fram í hv. fjárln. og snýr að ráðstöfun fjár sem reyndar skv. lið 6.2.2 í 6. gr. fjárlaga en ekki 6.5.0 eins og ég hafði nú einhverjar hugmyndir um, trufli ekki störf nefndarinnar um fjáraukalögin.

Ég tel eðlilegt að nefndin fái upplýsingar hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. um þau mál sem hér hefur verið fjallað um. Ég tel að hann hafi farið að lögum. Það kann að vera um það ágreiningur og þá er eðlilegt að nefndin fjalli um það.

Varðandi bréf til alþingismanna vil ég nota tækifærið til þess að þakka forráðamönnum Alþingis fyrir að senda okkur þingmönnum slíkt bréf sem ég tel vera til mikillar fyrirmyndar og gæti verið fyrirmynd fyrir aðrar stofnanir. Varðandi niðurskurðinn býst ég við að þeir sem lögðu hann til hafi haft það í huga að á sl. ári var kosið og þinghald óvenjudýrt. Við gerum ráð fyrir því að þinghaldið í ár verði ekki eins kostnaðarsamt og var í fyrra en auðvitað kann það að koma upp og ef það kemur í ljós að þinghald verður með öðrum hætti en venja er á þessu ári, þá ber auðvitað að taka tillit til þess og ég er viss um að þingmenn munu þá sjá til þess í fjáraukalögum að nýjar tillögur um kostnaðinn verði samþykktar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, fyrri umr.

Þáltill. JÁ, 201. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 224.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér till. til þál. sem er 201. mál þessa þings og er á þskj. 224, um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkistofnana. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað."

Greinargerðin með þáltill. er svohljóðandi:

„Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns.

Það kemur mörgum undarlega fyrir sjónir að hið opinbera skuli á tíðum innheimta gjöld af ýmsu tagi sem augljóslega eru óeðlilega há miðað við þá þjónustu sem veitt er. Þegar aftur á móti kemur að samningum um kaup og kjör eða önnur viðskipti milli almennra borgara landsins þykir sú regla sjálfsögð að full þjónusta sé veitt fyrir endurgjaldið og full rök séu færð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er einnig í ljósi þeirrar stefnu núverandi stjórnvalda að innheimta þjónustugjöld af ýmsu tagi í miklu meira mæli en áður ástæða til að gera aðgengilegar upplýsingar um hve stóran hlut menn greiða í þeirri þjónustu sem veitt er af hinu opinbera í hverju einstöku tilviki.

Almenn viðhorf til viðskipta milli aðila og nauðsyn á rökstuddri réttlætingu á gerðum hins opinbera kallar á aðgerðir í þessu efni."

Ástæðurnar fyrir því að ég flyt þessa þáltill. eru þær að það er í gangi innheimta á vegum ríkisins, alls kyns gjöld eins og ég var að lýsa hérna áðan, sem er ekki í samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Ég tel að hið opinbera eigi ævinlega að vera til fyrirmyndar í viðskiptum. Þess vegna er mjög mikilvægt að viðskiptavinir þess viti hvað þjónustan kostar og geti treyst því að aldrei sé verið að innheimta hærra endurgjald en kostnaðurinn gefur tilefni til.

Ég ætla að taka hér fáein dæmi til þess að styðja mál mitt sem ég hef tekið af handahófi. Fyrstu dæmin eru úr lögunum um aukatekjur ríkissjóðs sem voru samþykkt á þessum vetri. Þar eru mismunandi há gjöld fyrir mismunandi leyfi og atvinnuréttindi. Við getum t.d. velt fyrir okkur hver er munurinn á þjónustu ríkisins þegar það veitir leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti kostar 75 þús. kr. en leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi kostar 50 þús. Löggilding manns sem dómtúlkur t.d. kostar 25 þús. Meistarabréf kostar 25 þús. en sveinsbréf kostar 5 þús. Hver er munurinn á þjónustu ríkisins í sambandi við þau réttindi sem þarna er verið að gefa leyfi fyrir? Ég tel að það þurfi að gera sömu kröfu til ríkisins og við gerum til almennings í landinu, til fyrirtækjanna. Ef við kaupum þjónustu af einhverju fyrirtæki, þá ætlumst við til þess að á reikningnum komi fram hvaða þjónusta er af hendi leyst og hvað hún kostar, sundurliðað. En það er hægt á vegum ríkisins að ákveða að innheimta gjöld og kalla það gjöld sem eru í engu samræmi við þá þjónustu sem veitt er.

Ég er hér með eitt smádæmi í viðbót. Það er t.d. veitt sú þjónusta á fógetaskrifstofum úti um landið að gera tollskýrslur fyrir fólk. Það tekur 2–3 mínútur fyrir vanan mann að gera eina tollskýrslu. Skýrsla eins og þessi kostar 1.000 kr. Það er í engu samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Þó tekur nú steininn úr í sambandi við stimpilgjöld sem fólk þarf að borga. Í lögunum um stimpilgjöld, sem eru frá 10. maí 1978, er gert ráð fyrir því að fólk sem þinglýsir skuldabréfum og tryggingabréfum borgi 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund að fjárhæð sem þinglýst er. Þetta þýðir að t.d. ungt

fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið er orðið skattstofn vegna þessara gjalda. Fólk sem þarf að þinglýsa lánum upp á 6 millj. kr. borgar t.d. 90 þús. kr. í skatt til ríkisins. Ég tel þetta alveg fráleitt og tel reyndar að ástæðan fyrir því að þetta varð til á sínum tíma hafi verið sú að menn hafi talið að það væri lán að fá lánaða peninga og þess vegna ættu menn að taka skatta af þeim sem fengju lánaða peninga með þessum hætti. En það er liðin tíð að menn borgi ekki til baka það sem þeir fá lánað. Nú eru vextir það háir að þeir aldeilis sjá nú til þess að fólk borgi til baka það sem það fær lánað.

Félagssamningar t.d. félaga sem talað er um líka í þessum lögum, þar sem fólk er að stofna félög, t.d. til atvinnurekstrar, þá er ég ekki að tala um hlutafélög, heldur samninga félaga með ótakmarkaðri ábyrgð, skulu stimpla inn 2% af því sem í félagið er lagt. Ef menn eru sem sagt að stofna til atvinnurekstrar í félagsformi eru tekin 2% af framlögðu fé í ríkissjóð sem skattstofn á félagið sem ekki er farið að skila neinum arði og ég held að það væri rétt að menn veltu því fyrir sér hvort þetta sé eðlilegur skattstofn.

Ég er fyrst og fremst að fara fram á það með þessari tillögu að menn yfirfari þessi mál með það fyrir augum að það verði gerður alveg skýr greinarmunur á sköttum og þjónustugjöldum. Það á að vera þannig í þjóðfélaginu að menn ræði og hafi stefnu í því hvernig eigi að leggja skattana á og þá sé það metið hvaða aðstæður eigi að vera fyrir hendi, hvernig fjárhagur er hjá fólki og annað því um líkt. En að lán sem þarf að þinglýsa eða eitthvað slíkt skuli verða skattstofn finnst mér fráleitt. Og mér finnst það líka fráleitt að ríkið notfæri sér það ef ákveðið er að það skuli þurfa leyfi til þess að gera einhverja ákveðna hluti, það sé líka notað til þess að innheimta skatta. Ég tel að það sé mikið atriði að menn geri þarna skýran greinarmun á og eins og ég var að segja áðan tel ég að þessi ríkisstjórn sem núna situr, sem hefur komið fram með miklu meira af þjónustugjöldum og hækkanir á þeim heldur en aðrar ríkisstjórnir, hljóti að vera mér sammála um að það sé mikið atriði að gerð sé nákvæmlega grein fyrir því hve stór hluti þjónustugjöldin séu af þeirri þjónustu sem veitt er því að ég veit það að í langflestum tilfellum er einungis verið að innheimta hluta af þjónustunni en fólk gerir sér almennt ekki grein fyrir því. Þess vegna eigi að koma fram á reikningi sem lagður er fram þegar þjónustugjöld eru innheimt mat á því hve stór hluti af þjónustunni greiddur er. Ég tel að ríkið eigi eins og ég sagði áðan að vera til fyrirmyndar í viðskiptum og það eigi þess vegna að hlíta sömu reglum og gilda í þjóðfélaginu almennt um viðskipti og það eigi að ganga þar á undan og vera til fyrirmyndar eins og mögulegt er á þessu sviði.

Ég vonast til þess að tekið verði jákvætt á þessu máli hjá ríkisstjórninni.

Ég ætla að nefna eitt dæmi til viðbótar, ég gleymdi því áðan. Það er Bifreiðaskoðun Íslands en gjaldskrá þess fyrirtækis er staðfest af dómsmrh. Það kom fram í fréttum í vetur að merki á bílana, þ.e. númeraspjöldin, eru framleidd á Litla-Hrauni. Það kostar einhver hundruð króna að framleiða hvert merki en þegar búið er að selja merkin þeim sem þurfa þau á bílana sína, þá kosta þau 5–6 þús. kr. stykkið. Þetta er dæmi um óeðlilega viðskiptahætti sem ríkið tekur ábyrgð á með því að staðfesta gjaldskrá.

Mér finnst að svona hlutir eigi ekki að koma fyrir og þarna þurfi menn að gá að sér. Þetta snýst fyrst og fremst um siðsemi í viðskiptum og það hlutverk ríkisins að vera til fyrirmyndar.

Ég óska eftir því að þessu máli verði vísað til síðari umr. og efh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil segja örfá orð um þessa till. til þál. og fagna því satt að segja að till. skuli koma fram því að hún vekur okkur aftur til umhugsunar um þessi mikilvægu mál.

Það má kannski segja að það séu tvær meginstefnur í gangi. Annars vegar er gjaldastefnan og hins vegar skattastefnan. Við gætum út af fyrir sig hugsað okkur það, og þá er ég að tala um þjónustugjöld að sjálfsögðu, að ríkið eins og aðrir tæki gjöld fyrir alla starfsemi sína og fengi þannig þá til að greiða sem njóta þjónustunnar hverju sinni. Þetta má hugsa á mjög mörgum sviðum og hefur verið gert í vaxandi mæli annars staðar á Norðurlöndum. Við höfum hér á landi tekið fyrstu skrefin í þessa átt, til að mynda með því að leggja meiri áherslu á þjónustugjöld heldur en skattahækkanir og um það er auðvitað frægust umræðan frá því í vetur. Hin stefnan er að leggja á skatta og láta fólk greiða án tillits til þess hvort það nýtur opinberrar þjónustu eða ekki. Munurinn er kannski ekki alltaf skýr og kannski sjaldnast skýr. Til að við glöggvum okkur betur á þessu þá hugsa ég að það megi segja að þegar menn greiða skatta, þá eru lagðir skattar á viðskipti, á tekjur, á eignir og síðan eru fjármunirnir notaðir til þarfa þjóðfélagsins algjörlega burt séð frá því hver greiddi skattana eða af hverju skattarnir voru greiddir. Hins vegar höfum við þjónustugjöldin, þar sem sá sem fær þjónustuna greiðir gjöldin að fullu eða að hluta. Þessar tvær stefnur sem oft geta farið saman kunna líka stundum að stangast á. Ég er hlynntur því að slík umræða fari hér fram og tel að við höfum gengið of langt í skattheimtu en of stutt í gjaldtöku.

Það má kannski nefna tvö dæmi sem komu fram hjá hv. þm. til þess að skýra hlutina. Annars vegar eru stimpilgjöldin. Stimpilgjöld eru ekki þjónustugjöld fyrir þá þjónustu að stimpla bréf. Það er misskilningur. Stimpilgjöld eru hreinn skattur, skattur á þessi umsvif og hafa ekkert með það að gera hvað það kostar að stimpla skjölin, enda sjá menn að það er ekkert erfiðara að stimpla skjal sem er upp á 60 milljarða og hitt sem er upp á 20 kr. Hér er því um að ræða hreinan skatt, að sjálfsögðu, og hann er umdeildur, undir það skal ég taka.

Dæmi um gjaldtöku er hins vegar það að ef opinber aðili fyllir út tollskýrslu eða skattskýrslu og tekur fyrir það gjald, þá á það gjald auðvitað nokkurn veginn að svara til kostnaðarins. Menn mega þó ekki gleyma því að það er enginn skyldugur til þess að láta

opinbera stofnun gera þetta, menn geta auðvitað gert þetta sjálfir eða fengið hvern sem er til að gera þetta fyrir sig. Að því leytinu til er hérna um talsvert frjálsræði að tefla.

Við höfum stundum dæmi um það hve erfitt það er að líkja eftir gjöldunum og gott dæmi um það er nýlegt gjald sem tekið er til hafrannsókna hér á landi upp á 525 millj. á þessu ári. Hafrannsóknastofnunin er rannsóknastofnun atvinnulífsins og rannsakar hafið með tilliti til fiskigengdar og fiskveiða Íslendinga. Það er mjög erfitt að koma því fyrir í kerfinu að hver bátur greiði eftir notum á þjónustu stofnunarinnar og sumir halda því fram, með réttu eða að nokkru leyti, að þetta sé jafnvel eins konar allsherjarlögreglustofnun ríkisins til þess að fylgjast með að ekki sé gengið of mikið á stofnana. En að verulegu leyti er þó um þjónustu við atvinnugreinina að ræða rétt eins og þegar Iðntæknistofnun Íslands þjónustar atvinnulífið. Og það er ekkert óeðliegt að atvinnulífið eða fyrirtækin í landinu greiði að hluta til og jafnvel alveg fyrir þá þjónustu sem hið opinbera lætur í té. Það er vissulega sanngjarnt eins og það er sanngjarnt að einstaklingar greiða fyrir þá þjónustu sem þeir fá til þess að hægt sé að halda úti þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Stundum er kostnaðarvitundin ekki alveg í lagi. Ég minnist þess — það er nú broslegt, það vita margir að ég spila stundum fótbolta í hádeginu og tvívegis hefur það komið fyrir að ég hafi handarbrotið mig í fótbolta. Það mun ekki gerast oft, menn fótbrotna miklu frekar en handarbrotna, en þetta hefur gerst tvívegis. Í annað skiptið fór ég á Slysadeildina og þurfti að taka af mér röntgenmynd og ég spurði þann sem tók myndina: Hvað kostar þetta? Ég man ekki hvert svarið var. Það var um 400 kr. eða eitthvað svoleiðis. Já, sagði ég, ég veit það, ég borga 400. Ég var ekki að spyrja um það, ég var að spyrja um hvað þetta kostaði. Þetta var nú stúlka sem þarna átti í hlut og hún horfði á mig eins og ég hefði dottið á höfuðið en ekki á höndina því að ég hlyti að vita það að ég ætti að borga 450 kr. — ég held að það hafi verið 450 kr. þá, en ríkisstjórnin er búin að hækka þetta allverulega síðan. Eftir nokkra mæðu komst ég þó að því að kostnaðurinn var líklega 10–20 falt meiri, mig minnir að hún hafi sagt 15 þús. kr. og hafði þá leitað upplýsinga og þá sagði ég: Þetta er einmitt munurinn á því sem þetta kostar og hinu sem ég borga. Og þetta verðum við, bæði ég og þú, að hafa á hreinu.

Þetta skýrir kannski nokkuð hvað stundum er nauðsynlegt að fólk hafi kostnaðarvitund, bæði ég og sá sem þarna átti í hlut til þess að við förum vel með þau verðmæti sem við höfum milli handanna og það er kannski ein tegund af hugmyndafræðinni sem á bak við þetta liggur.

Loks vil ég nefna það dæmi sem hv. þm. nefndi sérstaklega sem voru hæstaréttarlögmannsréttindin og héraðsdómslögmannsréttindi. Þetta er nefnilega nýlegt dæmi. Síðasti fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., lagði nefnilega gjöld eftir efnum og ástæðum á ýmsa hvað þetta snertir án þess, takið eftir því, án þess að lagaheimildin væri skýr og þess vegna hefur umboðsmaður Alþingis gert athugasemd við þetta. Núv. ríkisstjórn festi þetta hins vegar í lög þannig að nú hefur þetta lagagildi og það má leggja skattinn á samkvæmt lögum þannig að ekki er lengur spurt um það hvort hér sé skattur eða gjöld fyrir veitta þjónustu. Við vitum hins vegar og það hefur komið fram í vörn fjmrn. að ef við ætlum að þráast við að borga til baka þessa fjármuni til þess tíma sem við settum lögin þá verðum við að geta sýnt fram á að þjónustan hafi kostað eitthvað og við höfum lauslega slegið á að héraðsdómslögmannsréttindin kosti um 40 þús. en hæstaréttarlögmanns nánast ekki neitt. Þannig verður að líta á þessi gjöld sem skattheimtu frekar en annað, skattheimtu sem var sett á sínum tíma á þá aðila sem vildu fá að kalla sig sérstökum starfsheitum eða fá starfsréttindi viðurkennd. Þetta nefni ég hér, hv. þm., vegna þess að mér fannst nokkuð bitið nærri greninu þegar minnst var á þessi gjöld, þ.e. um aukatekjur ríkissjóðs.

En að allra síðustu, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) og lýk ég nú máli mínu, þá vil ég taka undir það með hv. flm. till. að það er full ástæða fyrir okkur þingmenn að skoða þessi mál sérstaklega og hafa grunninn í lagi en það er einmitt það sem hv. þm. lagði réttilega áherslu á.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það var fróðlegt að heyra skilgreiningar hæstv. fjmrh. á sköttum og gjöldum en þá rifjaðist upp fyrir mér breyting sem var gerð í vetur á gjöldum vegna ökuprófa þar sem í skýringum fjárlagafrv. fyrir árið 1992 var sagt að það ætti að hækka gjöld fyrir ökupróf til þess að standa í vaxandi mæli undir kostnaði Umferðarráðs, þannig að það væri aðeins hluti af prófgjaldinu sem rynni til ríkisins vegna kostnaðar ríkisins af próftökunni en hluti skyldi renna til þess að greiða hina almennu starfsemi Umferðarráðs sem greidd hefur verið úr ríkissjóði.

Ég áttaði mig ekki almennilega á því hvort þessi nýja stefna hæstv. fjmrh. í verki fellur undir þessa skilgreiningu sem hann var að gefa okkur hér áðan þó að sjálfsagt sé rétt að það sé ótvíræð lagaheimild til þess að gera þetta. En þá virðist mér að þetta stangist á við þá skilgreiningu sem hæstv. fjmrh. var að gefa um að ríkisstjórnin vildi láta þá sem njóta þjónustu greiða fyrir hana. Ég held að það geti ekki verið í þessu tilviki því að það er að sjálfsögðu aðeins örlítið brot af þjónustu Umferðarráðs sem ætti að falla í hlut þeirra 17 ára unglinga sem taka prófið.

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir þeirra sem töluðu hér á undan. Ég tel að það þurfi að setja af stað athugun á þessum málum eins og ég sagði áðan og mér finnst að það ætti að vera hlutverk þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr sem hefur lagt áherslu á þessi þjónustugjöld. Ég er ekki sammála henni um að leggja ríka áherslu á þjónustugjöldin með sama hætti og hún gerir en ég tel að það sé hennar hlutverk vegna þessarar

áherslu að endurskoða þessa hluti sem hér er verið að tala um. Mér finnst að það megi kannski segja, eins og hæstv. fjmrh. benti á hér áðan, í sambandi við tollskýrsluna sem ég nefndi, að menn þurfi ekki að notfæra sér þá þjónustu vegna þess að það er hægt að fá hana annars staðar. Það er ekki málið, heldur hitt að ef ríkið býður upp á einhverja þjónustu þá á hún að vera verðlögð með eðlilegum hætti. Þá á ekki að innheimta hærra gjald en það kostar sem gert er og menn verða að kalla hlutina réttum nöfnum. Ég er sannarlega sammála hæstv. fjmrh. um það að stimpilgjöldin eru auðvitað skattur og verða ekki kölluð annað en skattur. En við ættum þá að geta orðið sammála um að það sé skattur sem menn hljóti að verða að endurskoða vegna þess að skattstofninn er óeðlilegur. Við þurfum að gera meiri kröfur til þeirrar siðfræði sem er á bak við ákvörðun um það að menn skuli borga skatta, heldur en gert er í dag. Það er alveg fráleitt að skuldugt fólk sem þarf að þinglýsa lánum, eða ungt fólk sem er að koma þaki yfir höfuðið á sér verði út á það að skattstofni, eins og ég var að segja hér áðan. Þess vegna þarf auðvitað að endurskoða þessa hluti.

Hæstv. fjmrh. spurði hvað röntgenmyndin kostaði þegar hann handarbraut sig. Það er einmitt það sem ég var að segja hér áðan að þurfi að gerast, að þegar menn fá reikning frá heilsugæslustöð eða öðrum fyrirtækjum ríkisins þá sé gerð nákvæmlega grein fyrir því á þeim reikningi hvað verið er að borga. Hvað það er stór hluti af kostnaðinum sem menn borga þannig að fólk viti hvað það er að borga. Ég er mjög sammála því að þannig verður það auðvitað að vera. En það þýðir ekki að ég sé sammála hæstv. ríkisstjórn um að það eigi að leggja áherslu á að innheimta sem allra mest af þjónustugjöldum.

Hæstv. ráðherra nefndi hér áðan afrek forvera síns að leggja á eftir efnum og ástæðum, eins og hann kallaði, og sem hefði af umboðsmanni Alþingis verið bannfært. Það er rétt að þarna voru menn við sama heygarðshornið að líta þannig á að það væri hægt að leggja gjöld á menn án þess að á bak við það væri eitthvert mat á því hvort um væri að ræða skattstofn eða ekki. Öllu ruglað saman, þjónustugjöldum og sköttum. Í raun og veru eru skattar kallaðir gjöld. Þessu þurfa menn að breyta, menn þurfa að gefa sér tíma til þess að fara í gegnum þessi mál með það fyrir augum að ríkið bjóði ekki upp á þessi vinnubrögð. Almenningur í landinu verður fyrir þessu. Ég hef hitt marga sem eru ævareiðir yfir því að hafa þurft að borga reikninga sem þeim finnst ósanngjarnir. Menn eru að borga háa reikninga fyrir einhvern bíl sem þeir eiga, t.d. þungaskatt af bíl sem aldrei fer á götuna, menn eru reiðir vegna þess að þeir fá enga þjónustu fyrir það sem þeir eru að borga. Það er hægt að nefna fjölmörg önnur dæmi um gjöld sem ekki er veitt þjónusta fyrir.

Ég vona það, sérstaklega vegna þeirra undirtekta sem hæstv. fjmrh. kom með hér áðan við þessari till., að hann vindi sér í það að endurskoða þessa hluti með það fyrir augum að þetta kerfi verði sanngjarnt og að menn fái þá þjónustu sem innheimt er gjald fyrir og það verði þá kallað réttu nafni, það verði kallað skattar þegar um er að ræða skatta og að menn leggi það á sig í hvert skipti sem nýir skattar eru teknir upp að ræða alvarlega um skattstofninn, að hann sé eðlilega valinn, það verði ekki tilefni til innheimtu skatts þó að menn þurfi að leita á náðir ríkisins til að fá einhvers konar lítilvæga þjónustu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattlagning fjármagnstekna, fyrri umr.

Þáltill. RA o.fl., 283. mál. — Þskj. 473.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 473 ásamt átta öðrum þingmönnum Alþb., þ.e. þingflokkurinn í heild flytur þessa tillögu um skattlagningu fjármagnstekna.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram frumvarp um skattlagningu fjármagnstekna eigi síðar en 15. apríl nk.

Stefnt skal að því að skattur sé lagður á greidda raunvexti innan ramma núverandi tekjuskatts- og eignarskattslaga en þó ekki á vexti sem féllu til áður en skattskylda kom á. Minni háttar raunvaxtatekjur hjá hverjum einstaklingi, þ.e. tekjur sem eru innan vissra hóflegra marka, skulu þó ekki skattlagðar."

Svokallaðar fjármagnstekjur eru annars vegar arður af hlutafjáreign, söluhagnaður hlutabréfa og leigutekjur, og allt er þetta nú skattlagt í dag að mestu leyti, en hins vegar vaxtatekjur, þar með talin afföll. Í íslenskum skattalögum er almenna reglan sú að tekjur af hlutafé og leigu eru skattskyldar með örfáum undantekningum en vaxtatekjur eru svo til allar skattfrjálsar.

Í áfangaskýrslu nefndar um samræmda skattlagningu eigna og eignatekna sem dreift hefur verið hér á Alþingi að frumkvæði hæstv. fjmrh. kemur fram í töflu 5 hvernig þessum málum er háttað í 24 ríkjum OECD. Og það er skemmst frá því að segja að í 23 þessara ríkja eru vextir skattlagðir allt frá 10% og upp í 60%, en í einu þessara ríkja, okkar landi, Íslandi, er ekki um neinn skatt að ræða. Þetta er að sjálfsögðu fráleitt með öllu og hlýtur að verða leiðrétt.

Það er rétt að vekja á því athygli að hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Í þessari skýrslu sem ég hef nefnt kemur fram m.a. í töflu 4 hvað hér er um miklar fjárhæðir að tefla, en þar er gerð grein fyrir peningalegum eignum og eignatekjum í milljörðum króna talið. Þar kemur fram m.a. að ef litið er á áætlaða eign heimila í árslok 1990 af innstæðum, bankabréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, spariskírteinum og öðrum verðbréfum t.d. húsbréfum, þá var þessi eign samtals 146 milljarðar kr. Stærsta upphæðin var í bönkunum, 88 milljarðar, í verðbréfasjóðunum voru rúmir 15 milljarðar, spariskírteinin námu rúmum 18 milljörðum og banka- og veðdeildarbréfin voru 13 milljarðar kr.

Ef reynt er að áætla vaxtatekjur út frá þessum upphæðum er talið að þær gætu hafa numið um 12,5 milljörðum kr. á aðeins einu ári, árinu 1990. Ef öll þessi upphæð væri skattlögð án undantekninga og allt væri þetta í hæsta skattþrepi mundi heildarskattfjárhæðin nema um 5 milljörðum kr. en auðvitað er þessu ekki þannig varið. Í fyrsta lagi mundi töluvert af þessari upphæð lenda innan marka persónuafsláttar og ekki lenda í hæsta skattþrepi. Í öðru lagi hefur verið talað um það að þegar útgefnir flokkar spariskírteina verði ekki skattlagðir vegna þess að vilyrði hafi verið gefin um það þegar skírteinin voru seld að þau yrðu ekki skattlögð og auk þess má gera ráð fyrir því að einhver hluti vaxtatekna hjá hverjum einstaklingi yrði ekki skattlagður, minni háttar raunvaxtatekjur, eins og reyndar við alþýðubandalagsmenn gerum að okkar tillögu í þáltill. sem ég er nú að mæla fyrir og kemur líka fram í áfangaskýrslunni frá nefndinni sem hefur verið að undirbúa þetta mál af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þegar allt þetta hefur verið tekið til hliðsjónar þá skerðist skattstofninn að sjálfsögðu mjög verulega og má telja þá raunhæft að skatttekjur gætu numið 1,7–2 milljörðum kr. á ársgrundvelli.

Nú kunna menn að spyrja sig þeirrar ágætu spurningar hvers vegna fjármagnsskattur hafi ekki fyrr verið á lagður og af hverju árin hafi liðið án þess að til þessa skattstofns væri gripið. Þá er sjálfsagt að minna menn á að lengst af í hagsögu Íslendinga voru vextir neikvæðir og undir þeim kringumstæðum var auðvitað hvorki raunhæft né þarflegt að skattleggja vaxtatekjur. Við erum auðvitað fyrst og fremst að tala um það að skattleggja raunvexti, þ.e. vexti umfram verðbólgu og þeir hafa í raun og veru ekki verið til staðar að neinu marki í okkar hagkerfi fyrr en á seinasta áratug. Og reyndar var það svo fram eftir seinasta áratug að raunvextir voru aðeins 3–4% þrátt fyrir það að verðtrygging fjárskuldbindinga hefði verið tekin upp og því var eðlilegt að ekki væri mikil umræða um það að skattleggja vaxtatekjur vegna þess að menn voru þá fyrst og fremst að hugsa um það að efla innlenda sparifjármyndun og fannst kannski ekki að af svo miklu væri að taka. En um miðjan seinasta áratug þrefölduðust raunvextir á skömmum tíma og þá hlutu að sjálfsögðu kröfur um skattlagningu vaxtatekna að gerast töluvert háværari.

Ég hygg að ég hafi flutt fyrstu tillögurnar hér á Alþingi um skattlagningu fjármagnstekna. Það var á árunum 1985–1987 að ég flutti þáltill. þar sem gerðar voru tillögur um ýmiss konar breytingar á skattkerfinu, en þær náðu ekki fram að ganga á þeim tíma.

Fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, hafði hins vegar mikið frumkvæði um þetta mál. Hann skipaði nefnd í janúar 1989 til að gera tillögur um skattlagningu fjármagnstekna og sú nefnd skilaði áfangaskýrslu í apríl 1989. Þar var gerð tillaga um að skattur yrði lagður á fjármagnstekjur um leið og skattur á atvinnutekjur, utan ramma laganna um tekjuskatt og eignarskatt. Það urðu miklar umræður um þessar tillögur á sínum tíma og þær voru harðlega gagnrýndar, bæði af hagsmunaaðilum og reyndar af stórum hluta stjórnarandstöðunnar á þeim tíma. Nefndin hélt áfram störfum og haustið 1990 kynnti þáv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, tillögur um staðgreiðsluskatt á greidda vexti ársins 1991. Þetta voru bráðabirgðatillögur byggðar á starfi nefndarinnar sem ég gat um áðan og var litið svo á að framkvæmd þessara tillagna gæti orðið gagnlegur undirbúningur undir samræmda skattlagningu fjármagnstekna á síðara stigi. Það var samið stjfrv. um þetta efni, en það náði ekki fram að ganga vegna andstöðu ráðherra Alþfl. og var aldrei flutt hér á Alþingi. Nefndin hélt áfram störfum og lét semja á sínum vegum drög að frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessi drög að frv. hafa legið fyrir í fjmrn. síðan þetta var.

Núverandi ríkisstjórn hefur sett sér það markmið að samræma skattlagningu fjármagns- og eignatekna. Það er nú bráðum liðið eitt ár síðan hún kom til starfa. Öll gögn um fyrirkomulag þessarar skattlagningar lágu í ráðuneytinu þegar núv. hæstv. fjmrh. kom í það ráðuneyti en enn hefur ekkert raunhæft gerst í þessu máli annað en það að vissulega hafa verið skrifaðar miklar skýrslur um málið og fjmrh. hefur boðað að hann muni flytja frv. um þetta efni. Það er að sjálfsögðu ágætt, en því miður sýnist manni að þeim mun lengur sem það dregst því minni séu líkurnar á því að slíkt frv. nái fram að ganga á þessum vetri.

Mig langar að endingu til að leggja örfáar spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

Í fyrsta lagi: Verður þetta frv., sem hann hefur gert að umtalsefni nokkrum sinnum, borið fram það snemma að tæknilega sé mögulegt að afgreiða það fyrir þinglok? Það er ekki nóg að fram komi frv. ef það kemur fram svo seint að ekki er hægt að afgreiða það.

Ég spyr í öðru lagi: Hvað þarf að líða langur tími frá því að lögin eru samþykkt og þar til vaxtatekjur geta orðið skattskyldar? Er ekki ætlunin að lögfesta sjálfvirka upplýsingaskyldu lánastofnana til að auðvelda álagningu skattsins og hvað þarf þá að ætla lánastofnunum langan undirbúningstíma, t.d. varðandi tölvukerfi? Og hvað þurfa skattyfirvöld langan tíma til undirbúnings álagningu skattsins?

Ég spyr að lokum: Er ekki ljóst að verði lögin ekki samþykkt í vor þá verður skattur ekki lagður á fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1994 vegna tekna á árinu 1993?

Ég tel að þetta mál hafi lent í allt of miklum drætti og að það sé mjög nauðsynlegt að fram komi hér í þinginu frv. um þetta efni frá ríkisstjórninni strax á næstu dögum. Því er þessi tillaga flutt. Hún miðar að því, eins og hér kemur fram, að mál þetta verði afgreitt fyrir 15. apríl nk. því ég hef það á tilfinningunni að dragi ríkisstjórnin mikið lengur að koma með þetta mál þá bendi flest til þess að hæstv. ráðherra sé að finna sér leið til að draga það á langinn þannig að komist verði hjá því að gera mikið meira en að tala um málið, komist verði hjá því að láta skattlagninguna koma til framkvæmda á þessu kjörtímabili.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Í stefnuskrá Kvennalistans frá árinu 1991, þ.e. stefnuskrá þeirri sem gerð var fyrir kosningarnar 1991, segir, með leyfi forseta: „Kvennalistinn vill að fjármagnstekjur verði skattlagðar eins og aðrar tekjur."

Þar af leiðir að ég vil að sjálfsögðu lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. sem hér er fram komin. En það má nokkuð ljóst vera að þessi till., eins og ýmsar fleiri sem hér hafa verið lagðar fram í vetur, hefur hlotið þau örlög að komast ekki á dagskrá fyrr en allt of seint þannig að það er vandséð að þessu máli verði bjargað úr þessu. Í það minnsta skil ég þingsköpin þannig að það sé nú orðið um seinan fyrir ráðherrann að koma með lagafrv. og fá það samþykkt hér á þessu þingi (**RA:** Nema með afbrigðum.) Nema með afbrigðum, segir flm. tillögunnar, og ekki skal ég vera á móti því að það takist. En hitt er svo annað mál að ég vil náttúrlega fá að skoða rækilega frv. ríkisstjórnarinnar þegar þar að kemur, því að ég á nú svo sem ekki von á góðu í þessum efnum frá henni. Og það er m.a. vegna þeirrar niðurstöðu sem fram kom í áliti nefndarinnar sem skoðaði þetta mál fyrir hæstv. ríkisstjórn, en það var ein meginhugsunin í áliti hennar að ef skatti yrði komið á fjármagnstekjur þá yrðu þeir peningar sem þannig fengjust notaðir til þess að lækka eignarskatta.

Ég hefði nú heldur viljað sjá þennan skatt notaðan sem jöfnunartæki — að vísu er svo sem engin ástæða til þess að vera að eyrnamerkja þessar tekjur neitt sérstaklega, en hér er auðvitað fyrst og fremst um jöfnunartæki að ræða, það er mjög eðlilegt að skattleggja þessar tekjur. Við höfum dæmi um það í okkar þjóðfélagi að einstaklingar hafi gífurlegar fjármagnstekjur og mér er einmitt minnisstætt úr kosningabaráttunni að þar notuðum við kvennalistakonur eitt ákveðið dæmi um hjónakorn hér í bæ sem höfðu 14 milljónir í fjármagnstekjur á árinu 1990 og hefði nú ýmsum þótt gott að fá þann pening. Og eins er mér mjög minnisstætt dæmi sem var til umræðu í Tryggingastofnun ríkisins þar sem verið var að ræða um heimilisuppbót til mjög fullorðinnar konu, 92ja ára gamallar, sem átti rétt á heimilisuppbót — en hún hafði haft 6 milljónir króna í fjármagnstekjur. Svona nokkuð á náttúrlega ekki að eiga sér stað. Að vísu er búið að breyta þessu núna í lögum. Það er búið að loka fyrir þetta.

En ég ætla ekki að tala hér langt mál heldur fyrst og fremst að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu og þetta mál. Það hefur dregist allt of lengi að taka á þessu enda mikil tregða verið af hálfu ákveðinna afla hér á Alþingi sem oft fara nú í vörn fyrir hina ríku. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Það eru ýmsir hér. En ég á sæti í hv. efh.- og viðskn. og við fáum þessa tillögu væntanlega þar til meðferðar. En ef okkur tekst ekki að afgreiða þetta mál þá verðum við bara að lofa bót og betrun og taka málið upp snemma næsta haust og sjá til þess að það fái þá skjótan framgang.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál., sem ber þess nú merki að hún er nokkuð við aldur, því að hún er lögð fram áður en sú skýrsla sem vitnað hefur verið til var samin og lögð fram til alþingismanna.

Það er rétt sem komið hefur fram hjá hv. flm. till. að nokkurt starf hafði farið fram á vegum fjmrn. í þessu máli hjá forvera mínum. En ég vil þó láta þess getið að margt var óunnið og nú fyrst þegar þessi áfangaskýrsla liggur fyrir má segja að kominn sé góður umræðugrundvöllur sem hægt er að byggja ákvarðanir á.

Hv. þm. spurði mig nokkurra spurninga og skal ég reyna að veita svör við þeim. Hann spurði hvort frv. verði borið fram það snemma, og þá væntanlega stjfrv., að tæknilega sé mögulegt að afgreiða það fyrir þinglok. Það er alveg augljóst — sem svar við þessari spurningu — að frv. kemur ekki fram fyrir 15. apríl.

Áfangaskýrslan er auðvitað álit nefndarinnar. Stjórnarflokkarnir hafa ekki endanlega komið sér niður á eina tillögu. Áfram er hins vegar stefnt að því að hægt sé að leggja fram frv. á yfirstandandi þingi. Ég get ekkert um það sagt á þessari stundu hvort það kemur það snemma fram að hægt verði að afgreiða málið og m.a.s. get ég ekki fullyrt að frv. komi fram á þinginu því það er ekki tilbúið. Ég vil þó geta þess að nefndin sem vann þessa skýrslu vinnur nú að gerð frv. á grundvelli skýrslunnar en það frv. hlýtur síðan að taka breytingum þegar stjórnarflokkarnir hafa fjallað um það. Að þessu verki vinna tveir menn af hálfu hvors stjórnarflokks og á þessari stundu er ekki hægt að segja meira um þessa spurningu.

Önnur spurningin var hvað þyrfti að líða langur tími frá því að lögin yrðu samþykkt og þar til vaxtatekjur gætu orðið skattskyldar. Ég held að þessari spurningu sé nokkuð vandsvarað en sé miðað við hugmyndir sem koma fram í þessari skýrslu þurfa ekki að líða margir mánuðir, enda er þar gert ráð fyrir að skattar séu greiddir eftir á, ári eftir að skattskyldan tekur gildi, þ.e. sé miðað við það að skattskyldan taki gildi um leið og lögin verða virk þótt greiðslur komi ekki fram fyrr en ári síðar.

Þá er spurt hvort ekki sé ætlunin að lögfesta sjálfvirka upplýsingaskyldu lánastofnana til að auðvelda álagningu skattsins og hvað þurfi þá að ætla lánastofnunum langan undirbúningstíma, t.d. varðandi tölvukerfi. Ég vil geta þess að í skýrslunni á bls. 6, 13. lið, er sagt frá því að lögfesting upplýsingaskyldunnar sé að mati nefndarinnar ófrávíkjanleg forsenda þess að skattlagning eignatekna sé framkvæmanleg í þeim dúr sem þar um getur. Mér er kunnugt um það að nefndin hefur hagað sínum störfum þannig að við það er miðað að innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og önnur fyrirtæki, sem þyrftu að gefa skattyfirvöldum upplýsingar, hafi yfir að ráða þeim tækjabúnaði sem þarf og við það er miðað að ekki þurfi að leggja í mikinn kostnað til þess að kalla fram þessar upplýsingar. Þess vegna ætti að vera hægt að gera slíkt með tiltölulega stuttum fyrirvara. Þó er ég sammála því sem fram hefur komið, að það liggur jafnvel meira á að lögfesta þetta eina atriði heldur en aðra þætti í þeirri löggjöf sem við þurfum á að halda því að það þarf að gefa þessum stofnunum nokkurn

tíma til þess að undirbúa sig.

Hvað þurfa skattyfirvöld langan tíma til að undirbúa álagningu skattsins? Ég tel að hann þurfi ekki að vera mjög langur og vil geta þess að ríkisskattstjóri var einn nefndarmanna þannig að skattkerfið hefur þegar fengið allar upplýsingar og fylgst mætavel með þessu máli og við það er miðað að hægt hefði verið að láta slík lög taka gildi strax um næstu áramót.

Og þá er spurt hvort ekki sé ljóst, verði lögin ekki samþykkt í vor, að skattur verði ekki lagður á fyrr en á árinu 1994 vegna tekna á árinu 1993. Ég tel að jafnvel þótt lögin yrðu samþykkt í vor, sem ég skal nú ekki fullyrða að miklar líkur séu til, kannski minni frekar en meiri, þá er ljóst að ekki stóð til að taka inn tekjur af þessum skatti fyrr en á árinu 1994.

Ég vil að lokum taka fram, virðulegi forseti, að hugmyndir sem koma fram í skýrslunni eru skoðanir nefndarinnar. Málið er ekki einfalt og ég vil sérstaklega taka fram að við verðum að gæta þess að ekki dragi úr sparnaði. Hann er okkur hér á landi ákaflega mikilvægur, ekki síst í ljósi þess að við eigum við mikla erfiðleika nú að etja og þurfum að fjármagna ekki eingöngu ríkissjóð heldur enn fremur flestalla starfsemi hér á landi með því fjármagni sem lagt er til hliðar, ekki síst því fjármagni sem einstaklingar leggja til hliðar í frjálsum sparnaði.

Að allra síðustu vil ég geta þess að stjórnarflokkarnir fóru af stað með þessa vinnu með því hugarfari að um samræmingu væri að ræða milli eignarskatta og eignatekjuskatta og vil geta þess að eignarskattar hér á landi eru mjög háir miðað við eignarskatta annars staðar, enda verður að líta svo á að með eignarsköttum hafi menn fyrst og fremst verið að nálgast þá hugmynd að skattleggja hugsanlegar eða raunverulegar tekjur af eignum. En það sjá allir að það er meira í stíl við það skattkerfi sem við notumst við hér á landi. Að vísu er slíkur samanburður eins og allur samanburður dálítið erfiður vegna þess að það þarf að taka tillit til fríeigna eða frítekjumarks en ekki er nóg að bera saman skatthlutföllin.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég hafi svarað að einhverju leyti þeim fyrirspurnum sem til mín var beint. Mér þykir þessi till. vera ágæt og hún er nokkuð lík þeirri tillögu sem fram kemur frá nefndinni sem sent hefur frá sér áfangaskýrsluna.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. þessarar till. fyrir að hreyfa þessu máli og lýsa því yfir að Framsfl. styður þá stefnu sem þar er sett fram. Ég vil einnig þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektir og upplýsingar um það hvernig unnið er að þessu máli af núverandi hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. fjmrh.

Það er að sjálfsögðu ekki síður rétt að skattleggja nettótekjur af fjármagni heldur en vinnu og það virðist ekkert vera síður að opinbera fjármagnstekjur heldur en launatekjur, eins og nú er gert í skattskrám. En það er væntanlega gamall arfur að finnast það eitthvað rétthærra að gefa þær ekki upp frá þeim tíma þegar menn áttu ekki fúlgur inni í fjármálastofnunum heldur geymdu sparifé undir kodda sínum. Og sömuleiðis er það sjálfsagt arfur frá þeim tíma þegar vextir voru neikvæðir hvað menn voru seinir að átta sig á því eftir að vextir urðu jákvæðir að breyta skattalögum á þann veg að fjármagnstekjur skyldu skattlagðar eins og launatekjur. En hv. flm. gerði grein fyrir því af hverju hæstv. síðasta ríkisstjórn flutti ekki frv. um skattlagningu á fjármagnstekjur þó að það mál hefði þá verið undirbúið.

En ég vil svo að lokum taka undir það sem hv. 18. þm. Reykv. sagði að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að skoða það frv. sem fram kemur frá hæstv. ríkisstjórn um hvernig það er útfært. Ég tel að það þurfi ekki endilega að lækka skatta á miklar eignir þó að þessi skattur sé tekinn upp þar sem áreiðanlega væri réttlátara að nota hann til einhverra þeirra hluta sem viðkvæmastir voru við síðustu fjárlagagerð heldur en að hverfa frá skattlagningu á eignum.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hugmyndin að skattlagningu eignatekna hefur alllengi verið í deiglunni eins og kunnugt er og þarf í sjálfu sér ekki nokkurn að undra. Aðstæðurnar hafa verið þannig hér á landi, eins og fram kom í máli hv. 1. flm. þessarar þáltill., að auðvitað stóðu í sjálfu sér engin efni til þess að taka upp skattlagningu fjármagnstekna meðan raunvextir voru neikvæðir. Hitt kemur auðvitað líka til að þetta mál er afar flókið, það er afar viðkvæmt og það er þannig úr garði gert að til þess þarf að vanda mjög mikið svo að afleiðingarnar verði ekki hinar alvarlegustu. Þetta hygg ég að sé skýringin á því að hæstv. fráfarandi ríkisstjórn gat aldrei komið því í verk að hefja hér skattlagningu fjármagnstekna, þó að ætla hefði mátt að innan þeirrar ríkisstjórnar væru mjög miklir áhugamenn um slíka skattlagningu. A.m.k. töluðu menn á þann veg að það hefði mátt ætla að þar innan borðs störfuðu miklir áhugamenn um fjármagnstekjuskatt.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að sú skýrsla, sem hér var gerð að umtalsefni og kom fram að lokum frá ágætri nefnd sem fráfarandi ríkisstjórn skipaði til að vinna að undirbúningi þessa máls, leit ekki dagsins ljós í sinni endanlegu mynd fyrr en alllöngu eftir að fráfarandi ríkisstjórn hafði safnast til feðra sinna. Það var því fyrst í tíð núv. ríkisstjórnar að skýrsla nefndar fráfarandi ríkisstjórnar leit dagsins ljós og var í raun og veru orðið fullbúið skjal. Það er svo ekkert óeðlilegt við það að ný ríkisstjórn kjósi að hafa nokkuð aðrar áherslur og velji þann kost að skoða þessi mál út frá sínum sjónarhóli með liðsstyrk sinnar nefndar þegar um er að ræða mál af þessu taginu, sem bæði er í sjálfu sér pólitískt ágreiningsefni og einnig svo flókið og viðurhlutamikið og viðkvæmt, eins og öllum ætti að vera orðið ljóst.

Ég tel því að í ljósi alls þessa sæti það nokkurri undrun en beri að þakka það hversu vel og hratt núv. ríkisstjórn hefur unnið að þessu máli og að sú skýrsla sem þingmönnum hefur verið kynnt, sem þó er eingöngu áfangaskýrsla og á eftir að vinna nokkuð frekar, er að mínu mati hið merkasta innlegg inn í alla

þessa miklu umræðu sem er nauðsynlegur undanfari þess að hér verði tekin upp samræming á skattlagningu eigna og eignatekna.

Ég vil minna á það að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar, sem sumum þótti nokkuð knappur, kemur það mjög skýrt fram að talað er um samræmingu á skattlagningu eigna og eignatekna. Það er með öðrum orðum greinilega gefinn sá tónn að ekki sé hugmyndin að efna til stórkostlegrar nýrrar skattlagningar af þessu taginu. Og þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að um leið og skattlagning eignatekna sé tekin upp sé hugað að því að endurskoða um leið skattlagningu á ýmsum eignum, sem í dag bera ekki tekjur en eru hins vegar skattlagðar með ýmsum hætti. Við vitum það að þessi skattlagning hefur komið mjög þungt niður, ekki bara á þessu ríka fólki sem menn eru stundum að vitna til og m.a. hv. 18. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni, heldur líka bara á mjög venjulegu rosknu fólki, sem er komið út úr sínu húsnæðisbasli og hefur eignast sitt húsnæði og á það orðið skuldlaust.

Við þekkjum öll umræðuna sem fór hér fram fyrir nokkrum missirum um hinn svokallaða ekknaskatt, sem auðvitað er einhver hinn ranglátasti skattur sem sögur kunna frá að greina. Vitaskuld er það mjög eðlilegt þegar við erum að tala um að endurskoða skattlagningu eigna og eignatekna að við ráðumst í það að afnema þessa skattlagningu í þeirri mynd sem hún er í dag. Og þess vegna finnst mér það mjög eðlilegt að um leið og þetta mál sé unnið sé mjög hugað að því á hvern hátt hægt sé að leiðrétta það augljósa skattalega misrétti sem felst í núverandi eignarskattslöggjöf.

Ég ítreka það að ég tel að það sé höfuðmál í þessu sambandi að til þessa verks, skattlagningu eigna og eignatekna, sé vandað mjög mikið. Það þarf alveg sérstaklega að gæta þess að í fyrsta lagi verði þessi skattlagning ekki til þess að fæla fólk frá sparnaði. Við höfum á Íslandi verið að byggja upp traust fólks á því að spara, sýna ráðdeild og leggja fyrir og þetta hefur verið okkur alveg ómetanlegt og er raunar forsenda fyrir því t.d. að hægt sé að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs eða rekstur ríkisins, hins opinbera, á innlendum fjármagnsmörkuðum eins og til að mynda hæstv. fráfarandi fjmrh. lagði ofurkapp á í sinni fjármálapólitík. Og í öðru lagi þarf einnig að gæta þess að þegar þessari breytingu á skattlagningunni verður hrundið í framkvæmd þá megi hún ekki valda, a.m.k. ekki teljandi, vaxtahækkun. Ég hygg að það sé nokkuð gott samkomulag um það í rauninni í þjóðfélaginu þrátt fyrir allt að vaxtastigið verði að vera mjög hóflegt til þess að atvinnulífið fái borið það og þess vegna verðum við auðvitað að gæta þess að sú skattapólitík sem við rekum hvetji fremur til vaxtalækkunar en til þess að vextirnir hækki. Á það hefur verið bent með nokkrum rökum að sú hætta kann að skapast, ef fjármagnsteknaskatturinn er þeim mun hærri, að vextirnir geti hækkað og ég ítreka þess vegna að það er auðvitað gríðarlega þýðingarmikið að þannig sé að þessu máli unnið að það sé komið í veg fyrir að nýr skattstofn af þessu taginu valdi vaxtahækkun.

Virðulegi forseti. Ég tel að sú till. til þál. sem hér liggur fyrir sé góðra gjalda verð og ég lít á hana sem á vissan hátt táknrænan stuðning við þann ásetning ríkisstjórnarinnar að skattleggja fjármagnstekjur þó ég geri mér grein fyrir því að það muni verða pólitískur ágreiningur um framkvæmd þessa máls. Ég hygg hins vegar að menn séu komnir á þann stað í umræðunni að um það sé nokkuð bærileg sátt að það sé eðlilegt að taka upp skattalgningu af þessu tagi í einhverri mynd þó að vissulega muni menn greina á um skattprósentuna, skattastigið, framkvæmd skattamálanna, en um það snúast nú stjórnmálin meðal annars.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. úr þremur stjórnmálaflokkum, sem hafa í máli sínu hér verið mjög jákvæðir gagnvart þessari tillögu. Ég vil líka þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Hann svaraði af fullri hreinskilni þótt auðvitað væru svör hans nokkur vonbrigði. Vonbrigðin stafa af því að hann upplýsti okkur hér um það að stjórnarflokkarnir hefðu enn ekki komið sér saman um hvernig að þessari skattlagningu skyldi staðið. Og hann tjáði okkur það að ekkert væri hægt að fullyrða um það að svo stöddu að nokkurt frv. kæmi fram áður en þingi lyki, þó að hann væri hins vegar að vona það.

Í máli hv. 3. þm. Vestf. kom fram að skýrsla um þessi efni væri í raun og veru nýframkomin og hefði ekki legið fyrir í tíð fyrri ríkisstjórnar. (**EKG:** Í endanlegri mynd.) Já, það er rétt hjá hv. þm. að þessi skýrsla lá ekki fyrir í endanlegri mynd í tíð fyrri stjórnar. En það er rétt að minna á það hér að nefndin skilaði áfangaskýrslu í aprílmánuði 1989 og reyndar aftur haustið 1990 og vann að þessu máli áframhaldandi og mun hafa verið með þrjár atrennur í þá átt að koma frumvörpum á framfæri en það náði ekki fram að ganga eins og kunnugt er og ég hef hér gert grein fyrir vegna andstöðu ráðherra Alþfl. í fyrrv. ríkisstjórn.

Hv. þm. tók svo til orða að sú till. sem hér lægi fyrir væri jákvæð og mætti í raun og veru segja að hún fæli í sér stuðning við þann ásetning ríkisstjórnarinnar að leggja skatt á fjármagnstekjur. Og það er rétt að það fyrirkomulag sem boðað er í till. er ekki ósvipað því sem kemur fram í tillögu nefndarinnar sem nýlega sendi frá sér álit. Hins vegar er einn reginmunur á afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna annars vegar svo aftur þeirri afstöðu sem fram hefur komið hjá talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar. Hann felst í því að hæstv. ríkisstjórn virðist ganga út frá því sem gefnu að eðlilegast sé að lækka eignarskatta á móti, en við alþýðubandalagsmenn teljum miklu eðlilegra að framkvæmdar séu nauðsynlegar og sanngjarnar leiðréttingar á núverandi tekjuskattskerfi og þá kemur auðvitað margt annað fyrr í hugann en eignarskatturinn.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra og hv. 3. þm. Vestf. að eignarskattar hér á Íslandi eru í hærri kantinum miðað við það sem er í mörgum löndum. Þó eru þeir ekki hæstir hér á Íslandi. Það má finna nokkur Evrópulönd sem hafa hærri eignarskatta. En ég vil

vekja á því athygli að eignarskattar hér á Íslandi eru í raun og veru sérstaklega sanngjarnir vegna þess að þar er verið að skattleggja verðbólgugróða liðinna áratuga. Við bjuggum hér við það kerfi mjög lengi að vextir voru verulega neikvæðir og verulegur verðbólgugróði varð til hjá þeirri kynslóð sem hafði aðstöðu til þess að útvega sér lán og byggja sér húsnæði. Þessu er auðvitað þveröfugt farið hjá þeirri kynslóð sem nú stendur í nýbyggingum. Hún nýtur ekki hinna neikvæðu vaxta heldur þvert á móti eru vextirnir nú mjög háir. Og það að halda eignarsköttunum áfram eins og þeir eru er ekkert annað en sanngjörn jöfnunarviðleitni í þjóðfélaginu og kemur upp á móti þeim mikla verðbólgugróða sem kynslóðir á mínum aldri og þaðan af eldri hafa notið á liðnum áratugum. Ég held að okkur, sem eigum einhverjar eignir, sem ríkið hefur getað skattlagt, sé engin vorkunn að greiða þá eignarskatta sem á okkur eru lagðir í dag.

Hitt er aftur á móti sanngirnismál og réttlætismál að persónuafsláttur sé aukinn þannig að hægt sé að draga úr skattlagninu lægstu tekna. Það er sanngirnis- og réttlætismál að barnabætur séu auknar, og það er að sjálfsögðu mikið nauðsynjamál að dregið sé úr þeim álögum á sjúka, aldraða og námsmenn og ýmsa aðra hópa sem orðið hafa fyrir þungum búsifjum af völdum núverandi ríkisstjórnar á seinustu mánuðum. Þetta er sanngjörn, eðlileg ráðstöfun á tekjum af fjamagnsskatti en hitt ekki, að nota þá til þess að lækka eignarskattana á móti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 446. mál. — Þskj. 704.

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna. Flm. ásamt mér eru Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ingibjörg Pálmadóttir, Bryndís Friðgeirsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að láta endurskoða núgildandi reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna. Endurskoðunin hafi það markmið að einfalda framkvæmdina og lækka þá lágmarksupphæð sem ferðamaður má versla fyrir til þess að eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts."

Eins og kemur fram í grg. og fskj. með þáltill. er í gildi reglugerð nr. 50/1989, sem prentuð er með þáltill. sem fskj. I, og 3. gr. þeirrar reglugerðar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan 30 daga frá því að kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum tollyfirvöld við brottför.

Til þess að endurgreiðsla samkvæmt reglum þessum fáist verður að uppfylla öll eftirtalinna skilyrða:

a. Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan mánaðar frá því að kaupin voru gerð.

b. Kaupverð vörunnar nemi minnst 5.000 kr. með virðisaukaksatti.

c. Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af vörum á einum og sama vörureikningi sé kaupverð þeirra samtals 5.000 kr. eða meira ásamt virðisaukaskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð."

Enn fremur segir í 4. gr. að við sölu skuli útfylla endurgreiðsluávísun þar sem fram komi eftirtaldar upplýsingar:

a. Nafn og heimilisfang seljanda.

b. Dagsetning er kaup gerast.

c. Vörutegund og magn.

d. Verð vörunnar með virðisaukaskatti.

e. Fjárhæð sem óskast endurgreidd.

f. Nafn, heimilisfang og vegabréfsnúmer kaupanda.

Seljandi skal fylla út liði a–e en kaupandi lið f. Frumrit ávísunarinnar á þannig að afhenda kaupanda og búa síðan um vöruna í lokuðum og innsigluðum umbúðum.

Svo sem hér kemur fram fylgir því töluverð vinna fyrir seljanda vörunnar að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir því að kaupandi eigi rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þessi þáltill. er sett fram til þess að gera þeim sem selja erlendum ferðamönnum vörur í einhverjum mæli léttara um vik. Enginn vafi er á því að það mun verða til söluaukningar og því lítil hætta á að það verði útgjaldaauki fyrir ríkissjóð þó að reglurnar yrðu rýmkaðar og viðmiðunarupphæðin lækkuð. Einnig má benda á hve hér er um lítið hlutfall að ræða af heildarveltu virðisaukaskatts og kemur það raunar fram á fskj. II. Þar er sýnt að samkvæmt tölum frá Fríhöfninni í Keflavík um endurgreiðslu virðisaukaskatts árið 1991 er hér um að ræða 0,09% af áætluðum tekjum af virðisaukaskatti árið 1991 samkvæmt fjárlögum þessa árs. Og verð ég að leiðrétta það hér með að í till. hefur prentast 0,9% en á að vera 0,09%.

Í grg. með till. segir einnig, með leyfi forseta:

Mikil þörf er á að hlúa að hvers kyns atvinnuuppbyggingu í landinu. Einn af vaxtarbroddum atvinnulífsins hefur verið í ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta bænda hefur komið þar mikið við sögu og nýst vel til atvinnuaukningar í strjálbýli. Einnig má segja að vakning hafi orðið sérstaklega meðal kvenna í að endurvekja heimilisiðnað og ýmsan smáiðnað, m.a. minjagripagerð. Mjög hefur vantað séríslenska minjagripi til að selja erlendum ferðamönnum. Með aukningu á smáiðnaði til sveita væri bætt úr þeirri þörf.

Nú eru í gangi námskeið og hópvinna víða um land til að koma á fót smáiðnaði sem gæti verið atvinnuskapandi ef rétt er á málum haldið. Sem dæmi má taka að í Skagafirði hafa verið haldin námskeið til að kenna

fólki að sauma skinnskó, skera út spæni úr lambshorni, spinna band o.fl. — Svipuð framleiðsla er einnig í Þingborg á Suðurlandi. — Framleiðslan í Skagafirði er ekki hafin en framleiðendur sjá fram á söluerfiðleika ef varan verður of dýr.

Framleiðsla á handunnum vörum er tímafrek og því hætt við að ekki fáist það verð fyrir vöruna sem kostar að framleiða hana. Sérstaklega á þetta við fyrstu árin meðan verið er að þróa framleiðsluna og markaðssetja hana. Það er því áríðandi að þar komi stjórnvöld að og styðji þessa viðleitni með almennum aðgerðum. Liður í því gæti verið að auðvelda þeim sem kaupa íslenska handunna muni að fá endurgreiddan virðisaukaskatt þegar þeir fara úr landi og lækka þau viðmiðunarmörk sem gilda nú. Hvort tveggja getur haft áhrif til söluaukningar og þarf því ekki að rýra tekjur ríkissjóðs. Endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt þessum upplýsingum frá Fríhöfninni í Keflavík sem ég gat um áðan var árið 1991 38.542.400 kr. En heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti samkvæmt fjárlögum ársins 1991 eru áætlaðar 41.550.000.000 kr. — Reyndar hefur komið fram í umræðum um fjáraukalög hér fyrr í kvöld að þessar tekjur eru nú allmiklu minni.

Ég lít svo á að hér sé á ferðinni mál sem er hvetjandi fyrir þá sem selja erlendum ferðamönnum vörur í einhverjum mæli og þetta sé hvetjandi til þess að auka þá sölu. Það hlýtur svo aftur að skapa aukna þjónustu í ferðaiðnaði og þar með fleiri störf. Við ættum því að fara að dæmi nágranna okkar í Danmörku og einfalda þessa framkvæmd á endurgreiddum virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna. En í Danmörku er nýbúið að taka upp nýtt kerfi við endurgreiðslu virðisaukaskatts sem flýtir mjög afgreiðslu mála. Þar hefur viðmiðunarupphæðin einnig verið lækkuð úr 600 dönskum kr. í 300 kr. Virðisaukaskatturinn í Danmörku er ekki ósvipaður og hjá okkur, 25%, en hjá okkur reyndar 24,5%. Þarna er því um talsverða upphæð að ræða í heildarvöruverði en ekki um svo mjög háa upphæð að ræða ef miðað er við tekjur af virðisaukaskatti hjá ríkissjóði.

Að lokum mælist ég til þess að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og efh.- og viðskn.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal vera afar stuttorður um þessa þáltill. Ég vil að það komi fram hér að það efnisatriði sem kemur fram í þáltill. og heyrir undir mitt ráðuneyti stendur þannig núna að ég hef þegar — og hafði reyndar áður en till. kom fram — beðið starfsmenn ráðuneytisins um að fara yfir þessa reglugerð til þess að gera tillögur um það með hverjum hætti helst væri hægt að endurskoða hana. Það er rétt sem kom fram hjá hv. ræðumanni og einnig í grg. með till. að sums staðar annars staðar hefur verið tekið upp nýtt kerfi, en til skamms tíma var mjög áberandi að endurgreiðslukerfin væru þannig að fólki væri bókstaflega gert erfitt fyrir að fá slíkan skatt endurgreiddan. Má til að mynda minna á Bretland og Frakkland í því sambandi, þótt þetta hafi verið að breytast á undanförnum árum.

Það stóð þannig á þegar ég var iðnrh. á sínum tíma, á árunum 1987–1988, að þá fóru íslenskir iðnrekendur fram á að tekin yrði upp endurgreiðsla af söluskatti. Á það féllst ríkisstjórnin og að tilhlutan iðnrh. féllst fjmrh. á að gefa út fyrstu reglugerðina sem síðan var gefin aftur út eftir að virðisaukaskattslögin tóku gildi. Og sú reglugerð er núna í gildi, reglugerðin frá 1989.

Ég vildi aðeins, virðulegi forseti, láta þetta koma fram. Það spillir ekki að fá þessa till. og ég held að það sé gott að hv. nefnd sem fær tillöguna til meðferðar kynni sér málið. Má vera að í þeim umræðum sem þá verður stofnað til komi fram sjónarmið ráðuneytisins sem leiða til þess að óþarft sé að samþykkja till. eða ef þingnefndin vill og Alþingi þá verður tillagan samþykkt eins og hún er eða breytt. Ég lít á hana sem stuðning við það verkefni sem ég hef nú þegar falið embættismönnum, án þess þó að það væri gert að skilyrði að niðurstaðan yrði einföldun framkvæmdarinnar og lækkun lágmarksupphæðarinnar, en það tel ég samt vera atriði sem þurfi að kanna rækilega, ekki síst í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í nágrannalöndunum.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir framlagningu þessarar þáltill. og ekki síður undirtektir hæstv. fjmrh. sem mér finnst lofa góðu um að hann hyggist skoða þessi mál og koma til móts við þau sjónarmið sem þar er lýst. En fyrst og fremst kem ég upp til þess að fagna því að hér skuli vera rætt um ferðamál og vil vekja athygli á því að það eru ýmsar aðrar hugmyndir, tillögur og frumvörp, í gangi um ferðamál í þinginu núna í vetur.

Ég hef fylgst með því í fimm ár hvernig Alþingi hefur fjallað um ferðamál og vægast sagt hefur gætt þar lítils skilnings á þessari grein. Þegar það er haft í huga að nú þegar veltir hún á öðrum tug milljarða í gjaldeyristekjum þá hlýtur það að vera hverjum manni ljóst að hér er um að ræða verulega hagsmuni þjóðarinnar og ríkissjóðs. Menn sáu reyndar fyrir mörgum árum að það væri rétt að tryggja þessari grein tekjur og þá var farið að velta því fyrir sér hvernig það yrði best gert. Einhverjum datt í hug að líklega væri samband á milli veltu í Fríhöfninni í Keflavík og ferðaþjónustunnar, umferðar um Keflavíkurflugvöll. Og mikið rétt, það var tekin sú ákvörðun og bundið í lög að 10% af þeirri veltu ætti að fara til ferðamála. Aukning varð veruleg strax eftir að þetta var gert og hefur verið æ síðan — ég held ég megi segja alveg samfellt — þannig að það fór nú því miður svo að þessar 10% tekjur voru skertar strax og hafa verið skertar allar götur síðan. Og sem dæmi um hvað hérna er um að ræða má geta þess að tekjur af Fríhöfninni núna eru tæpir tveir milljarðar, þ.e. vörusala þar er 1.840 millj., og hefði því átt að gefa Ferðamálaráði til ráðstöfunar 184 millj., en það fékk 68 millj. á þessu ári, sem er sama tala í krónum og það fékk á síðasta ári.

Þetta veldur því að menn eru hér í þinginu að flytja

þáltill. um ýmis atriði ferðaþjónustu sem væri og er sjálfsagt verkefni Ferðamálaráðs, en menn eru þá af vanmætti sínum að reyna einhverjar aðrar leiðir fyrst ekki næst samstaða um að þessar sjálfsögðu tekjur renni til ferðamála. Ég vil nefna að hér eru t.d. einar fjórar þáltill., þrjár auk þessarar. Það er kynning á ímynd Íslands erlendis, sem er nákvæmlega það sem Ferðamálaráði er ætlað að gera, það sem Ferðamálaráð er að vinna að, en er vanmáttugt vegna fjárskorts. Því held ég að þessi umfjöllun og umfjöllun um ferðamál yfirleitt sé mjög gagnleg til þess að upplýsa þingmenn um gildi þessarar atvinnugreinar sem er orðin verulegur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og fer stöðugt vaxandi.

Ég vildi vekja á þessu athygli vegna þess að þar sem ég þekkti til í sveitum þá þótti það lélegur búskapur að fóðra ekki mjólkurkýrnar sínar og það finnst mér vera einmitt verið er að gera hér, það er verið að halda þeim í svelti með því að veita ekki fjármagni í þessa vaxandi atvinnugrein, sem er reyndar sú atvinnugrein í heiminum sem er í mestum vexti um þessar mundir.

Reyndar höfðu verið boðuð af hálfu ríkisstjórnarinnar ný lög og nýjar áherslur í skipulagi ferðamála en það er ekkert sem bendir til þess að úr því verði á þessu þingi því að eina tillagan sem komið hefur um skipulag ferðamála er um breytta skipan á þeim sem eru stjórnskipaðir í Ferðamálaráð og ég ætla ekkert að ræða það hér og nú.

En ég held að þessi till. sem hér liggur fyrir um endurgreiðslu virðisaukaskatts sé góðra gjalda verð. Ég fagna því hversu henni er vel tekið af hæstv. fjmrh. Mín skoðun er sú að hér sé frekar ódýr leið til þess að efla þann innlenda iðnað sem getið er um í grg. og ýmsa verlsun og þjónustu við ferðamenn og þessi endurgreiðsla komi til með að auka allverulega einmitt þessi smáu innkaup ferðamannanna. Við erum með mikið af ferðafólki hér sem heldur dálítið fast um budduna og reynslan hefur sýnt að erlendir ferðamenn eyða mun minni peningum hérlendis heldur en Íslendingar gera erlendis. Þannig að einmitt þetta, þessar smáu upphæðir en mörgu, mundu geta fært okkur þó nokkra aukningu á þessum iðnaði og gæti verið mjög vænlegur kostur. Samt sem áður má líta á það að þetta mundi líklega ekki kosta ríkissjóð mikla fjármuni því að margt af því sem þarna yrði verslað yrði kannski frekar keypt ef þessi heimild yrði rýmkuð. Og það er ágætt að sjá þarna til viðmiðunar hvað Danir hafa verið að gera sem eru með mjög svipaðan virðisaukaskatt og við erum með.

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið undir þessa þáltill. í ræðum hér á undan. Og ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það hversu vel hann hefur tekið undir þetta líka og upplýst að hann sé jafnframt að láta skoða núgildandi reglugerð. Ég vænti þess þá að hann taki þau efnisatriði til greina sem koma fram í þessari þáltill., þ.e. að endurskoðunin hafi það markmið að einfalda framkvæmdina og lækka lágmarksupphæðina sem ferðamaður má versla fyrir til að fá endurgreiðslu og að sú endurskoðun sem hann ræddi um að væri í gangi í ráðuneytinu miðaði þá ekki í aðra átt heldur að þetta markmið sem ég er hér að setja fram væri þar fullkomlega tekið til greina.

Ég vil einnig benda á það að í dag er ekki endurgreitt nema 60–75% af greiddum virðisaukaskatti, það er ekki endurgreitt meira af honum en það og fer það eftir verði og er samkvæmt þessari töflu sem hér fylgir með á fskj. Það mætti e.t.v. hugsa sér það að við færum út í það, eins og ýmsar aðrar þjóðir hafa gert, að endurgreiða virðisaukasakttinn að fullu, en ekki aðeins 60–75%, og þar með væri ⅓ hlutinn af verði vörunnar endurgreiddur.

En ég þakka fyrir þær undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið og vænti þess að hún fái þinglega meðferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 193. mál. — Þskj. 213.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir tillögu sem birt er á þskj. 213 og felur í sér að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til að vinna að afnámi misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Flm. ásamt mér eru þau Össur Skarphéðinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Einar K. Guðfinnsson.

Tillaga sama efnis var flutt á 108. löggjafarþingi veturinn 1985–86 og komst þá til nefndar en ekki út úr henni aftur.

Því miður er jafnrík ástæða til þess að flytja þessa tillögu nú sem þá þar sem lítið hefur þokast í jafnréttisátt í málefnum samkynhneigðra. Enn þá er þessi þjóðfélagshópur misrétti beittur á ýmsum sviðum. Ég ætla mér ekki þá dul að gera því misrétti viðhlítandi skil í stuttri framsögu enda er það verkefni þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um. Nokkur augljós dæmi er engu að síður rétt að nefna.

Það misrétti sem einstaklingar verða fyrir vegna kynhneigðar sinnar getur bæði verið formbundið og menningarbundið. Í fyrsta lagi getur misréttið beinlínis verið bundið í lög. Þannig kveða hegningarlögin t.d. á um mismunandi refsimörk þegar um kynferðismök við unga einstaklinga er að ræða eftir því hvort í hlut eiga gagnkynhneigðir eða samkynhneigðir. Refsimörk gagnkynhneigðra eru við 16 ára aldur en samkynhneigðra við 18 ára aldur. Til að gæta allrar sanngirni er þó rétt að taka það fram að á þessu er gerð breyting í því frv. til hegningarlaga sem nú er til umfjöllunar í allshn. þingsins og er full ástæða til að fagna því.

Í öðru lagi kemur formlegt misrétti fram í því að samkynhneigðir njóta ekki sömu verndar eða styrks af

lögum og reglum og þeir sem gagnkynhneigðir eru. Þannig heimila lög aðeins hjúskap milli karls og konu og þar af leiðandi getur sambúð samkynhneigðra einstaklinga ekki notið þeirrar verndar eða þess réttar sem hjúskapur veitir. Í fjölmörgum lögum er að auki að finna ákvæði um réttindi fólks í óvígðri sambúð, en þau eru jafnan orðuð á þann veg að þau ná aðeins til karls og konu í sambúð en ekki til tveggja einstaklinga af sama kyni. Réttarstaða samkynhneigðra einstaklinga í sambúð er því verulega skert. Milli þeirra er ekki gagnkvæmur erfðaréttur og ættingjar hafa ríkari rétt en maki. Þannig geta ættingjar sjúklinga t.d. meinað samkynhneigðum maka hans aðgang að gjörgæsludeild sjúkrahúss og því miður eru sorgleg dæmi um að slíkt hafi gerst.

Formbundnu misrétti er hægt að útrýma með því einfaldlega að breyta lögum og setja ný lög þar sem þess er þörf. Öðru máli gegnir um félagslegt og menningarbundið misrétti. Rætur þess liggja djúpt í þjóðarsálinni og oft er það dulið og erfitt að henda reiður á því. Og einmitt þess vegna er það gjarnan erfiðara og sársaukafyllra fyrir einstaklinginn heldur en formlegt, sýnilegt misrétti. Einstaklingurinn kemur engum vörnum við.

Félagslegs misréttis gagnvart samkynhneigðum einstaklingum gætir á öllum sviðum þjóðlífsins og þeir njóta ekki sama öryggis og félagslegrar verndar og fólk flest. Þannig búa þeir við skert öryggi á vinnumarkaði og á húsaleigumarkaði og þess eru dæmi að samkynhneigðir telji sig órétti beitta í samskiptum við börn sín og kynhneigð þeirra sé notuð til að takmarka umgengnisrétt þeirra við börnin. Reyndar má segja að réttarstaða samkynhneigðra á öllum þessum sviðum sé formlega sú sama og annarra, en þeim reynist mun erfiðara að standa á og sækja sinn rétt vegna fordóma samfélagsins í þeirra garð.

Menningarlegt misrétti gagnvart samkynhneigðum er ekki síst fólgið í misnotkun tungunnar til að sýna hommum og lesbíum virðingarleysi og fjandskap. Þannig þykir sumum karlmönnum nærtækt að úthúða konum með því að kalla þær lesbíur, ekki síst ef konurnar eru að gæla við kvenréttindi af einhverju tagi. Þegar litlir strákar lenda í rimmu og vilja höggva þungt grípa þeir gjarnan til þess ráðs að kalla hvern annan homma. Í flestum tilvikum vita þeir ekkert hvað hugtakið þýðir en þeir hafa þó fengið þau skýru skilaboð frá samfélaginu að það sé neikvætt og skammarlegt að vera hommi. Og bragð er að þá barnið finnur. Þessir litlu strákar eiga eftir að verða stórir strákar og sumir þeirra verða hommar. Skyndilega standa þeir uppi, jafnvel strax sem unglingar með sjálfsímynd sem þeim var kennt að fyrirlíta frá blautu barnsbeini. Hvernig eiga þeir að öðlast persónulega hamingju við slíkar aðstæður? Óhamingja samkynhneigðra einstaklinga felst nefnilega ekki í sjálfri kynhneigðinni heldur í öryggisleysinu, niðurlægingunni og höfnunarkenndinni sem mætir þeim víðs vegar í samfélaginu.

Þetta er auðvitað sameiginleg reynsla margra undirokaðra hópa og er í því sambandi nærtækast að nefna svokallaða litaða kynþætti í samfélagi hvítra. Sá er hins vegar munurinn að einstaklingar þessara hópa eru lausir við fordómana innan vébanda fjölskyldunnar en sömu sögu er ekki að segja um samkynhneigða. Því miður mega margir þeirra búa við fyrirlitningu og fordóma foreldra, systkina og annarra ættingja og án efa er það einhver sársaukafyllsti þáttur þessa máls.

Foreldrum er vissulega nokkur vorkunn. Öll viljum við að börnin okkar verði hamingjusamir einstaklingar og við vitum að sá sem víkur á afgerandi hátt frá því sem er almennt viðurkennt og viðtekið getur átt erfitt uppdráttar í samfélaginu. Þetta er hin klassíska saga um ljóta andarungann. Þess vegna fyllast foreldrarnir ótta gagnvart kynhneigð barna sinna og óttinn verður þess valdandi að þeir reyna að þvinga börn sín undir viðtekin norm samfélagsins. En það er ekki hægt að þvinga hefðbundinni hamingju upp á fólk. Því aðeins getur einstaklingurinn öðlast hamingju að hann fái að vera maður sjálfur með fullum rétti og virðingu.

Þegar hugtökin jafnrétti og mannréttindi fengu pólitískt innihald og þunga fyrir tæpum tveimur öldum náðu þau fyrst og fremst til hvítra velstæðra karla á Vesturlöndum. Síðan hafa æ fleiri hópar gert tilkall til jafnréttis og mannréttinda og er nærtækast í því sambandi að nefna konur, trúarbragðahópa og kynþætti. Nú er tæpast til sú mannréttindayfirlýsing sem ekki kveður á um að engum megi mismuna á grundvelli stjórnmálaskoðana, trúarbragða, kyns eða kynþáttar. Kynhneigð hefur enn ekki ratað inn í margar slíkar yfirlýsingar. Samt eiga samkynhneigðir að ýmsu leyti mun erfiðara með að berjast fyrir jafnrétti sínu en flestir aðrir þjóðfélagshópar. Til að komast hjá beinu misrétti geta þeir dulið kynhneigð sína en kona getur ekki afneitað kynferði sínu né blökkumaður kynþætti sínum. Og sá sem læðist með veggjum öðlast ekki þá sjálfsvirðingu sem þarf til að krefjast réttar síns.

Yfirgnæfandi meiri hluti samkynhneigðra kýs að fórna rétti sínum til fullrar aðildar að samfélaginu á jafnréttisgrundvelli fremur en að beita sér gegn misréttinu. Hér er því kominn vítahringur. Samkynhneigður einstaklingur getur ekki krafist réttar síns nema hann geri grein fyrir máli sínu. En hann getur ekki gert grein fyrir máli sínu vegna réttleysis síns.

Virðulegi forseti. Sem stjórnmálamenn og sem manneskjur höfum við alþingismenn mikilvægu hlutverki að gegna í málefnum samkynhneigðra. Við getum átt frumkvæði, kortlagt misréttið, afnumið hið formlega misrétti og gripið til raunhæfra aðgerða gegn því félagslega og menningarlega. Í þessum efnum erum við því miður talsvert á eftir þeim löndum sem við miðum okkur helst við. Á flestum Norðurlöndum eru nú í gildi lög sem kveða á um að það sé refsivert að blása til andúðar á samkynhneigðu fólki. Þá hafa bæði í Danmörku og Svíþjóð verið sett lög sem kveða á um rétt fólks í sambúð í erfðamálum, skattamálum og skiptingu eigna við skilnað, og taka þessi lög jafnt til sambúðar fólks af sama kyni sem gagnstæðu. Það er von mín að sambærileg lög líti dagsins ljós á Íslandi í nánustu framtíð.

Flm. þessarar þáltill. vilja ekki lengur una því að á Íslandi líðist misrétti sem byggist á kynhneigð og telja

því nauðsynlegt að verða við ályktunum Evrópuráðsins frá 1. okt. 1981 og Norðurlandaráðs frá 1. mars 1984 en þær fjalla báðar um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Það er ósk okkar að mál þetta fái málefnalega umfjöllun hér á Alþingi og skjóta meðferð í nefnd þannig að takast megi að afgreiða það á þessu þingi.

Fordómar, ótti og afskiptaleysi á ekki heima í svo litlu samfélagi sem Ísland er. Við ættum að hafa þá yfirsýn sem þarf til að þekkja og virða þarfir og tilfinningar fólks af ólíkum toga og við eigum að leggja metnað okkar í að koma í veg fyrir að einstaklingar séu órétti beittir og rændir hamingju sinni.

Að þessu sögðu legg ég til, hæstv. forseti, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til umfjöllunar í hv. félmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna þessarar till. en eins og hv. 10. þm. Reykv. gat um er ég ein af flm.

Það er svo sannarlega kominn tími til að Alþingi Íslendinga reki af sér slyðruorðið í þessum málum. Við stöðum að því, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, á sínum tíma að vinna að samþykkt ráðsins um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki en urðum jafnframt að taka við réttmætri gagnrýni félaga okkar á Norðurlöndum að Ísland og Finnland væru einu löndin sem hefðu lítið sem ekkert gert í þessum málum.

Það er nú einu sinni svo að við gerum kannski ekki allt of mikið af því hér á hinu háa Alþingi að ræða um hamingju fólks sem ætti þó að vera meginmarkmið allrar stjórnmálastarfsemi, að auka á hamingju landsmanna. Til þess erum við raunar kjörin og ekkert vinnur eins gegn hamingju einstaklings og laumuspil með tilfinningar fólks vegna fordóma samferðamannanna.

Samkynhneigð hefur alla tíð fylgt manninum og hefur á sumum menningarsvæðum þótt fullkomlega eðlilegt ástand og nægir að nefna hið forna Grikkland. Hvernig sem á því stendur, hvort samkynhneigt fólk er gjarnan meira skapandi eða ekki, þá er því ekki að neita að ótrúlega margir fremstu listamanna í heiminum hafa verið samkynhneigðir og hefur það gjarnan fylgt skáldum og listamönnum og verið viðurkennt vegna yfirburða þeirra. En auðvitað á ekki að gilda annað um þá sem gæddir eru sérstökum náðargáfum umfram aðra. Og það er auðvitað óþolandi fyrir þetta fólk sem er ákveðið hlutfall í öllum þjóðfélögum þurfi að búa við það að fela tilfinningar sínar, gerast jafnvel landflótta eins og mörg dæmi eru um og við öll þekkjum vegna þess að í okkar litla samfélagi hefur þessu fólki verið óbærilegt að vera meðal okkar og það er ekki til þess að státa af.

Það er þess utan auðvitað í þágu samfélagsins alls að samkynhneigðir geti lifað eðlilegu fjölskyldulífi því að laumuspil eins og þetta fólk hefur orðið að búa við elur af sér miklu óæskilegri lifnaðarhætti, svo sem lausung og skyndikynni sem eru engum til góðs, hvorki samkynhneigðum né gagnkynhneigðum. Þegar eyðnisjúkdómurinn kom upp var mönnum auðvitað ljósara en nokkru sinni fyrr að lausung í kynferðismálum, hvort sem um er að ræða gagnkynhneigða og samkynhneigða, er ekki æskileg og kannski hættuleg. Og það verður að segjast eins og er að engir þjóðfélagshópar tóku það mál eins ákveðnum tökum og sýndu eins mikla ábyrgð gagnvart þessum sjúkdómi og einmitt samtök samkynhneigðra hér í landi.

Þetta fólk hefur orðið að búa við það að hafa ekki leyfi til að auglýsa samkomur sínnar. Satt að segja veit ég ekki hvort það er svo enn, þó hygg ég að svo sé, og við þetta verður auðvitað á engan hátt búið. Ég held því að þessi till. sé mjög svo tímabær og ég treysti því að hið háa Alþingi vinni að því að að þessu máli verði unnið af mestu alvöru. Ég held að það hljóti að vera takmark okkar allra að allir þegnar þjóðfélagsins fái að njóta hamingjusams fjölskyldulífs, fái að njóta þess að þurfa ekki að fara með tilfinningar sínar í felur. Ég held að að sé engum til góðs. Og ég tel mjög æskilgt að nefnd eins og hér er gerð tillaga um hefji sem allra fyrst störf og vinni í samráði við samkynhneigða að skynsamlegri lagasetningu þannig að þessi hópur Íslendinga njóti sömu mannréttinda og við hin.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það má náttúrlega telja að það sæti nokkurri undrun að þurfa að ræða um mál eins og það að hv. Alþingi lýsi yfir sérstökum vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi, eins og komist er að orði í þessari þáltill. Og enn þá fremur hitt að fimm þingmenn úr jafnmörgum stjórnmálaflokkum hafi komist að þeirri niðurstöðu að það sé nauðsynlegt að fela ríkisstjórninni það að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi, eins og hér sé um að ræða hóp sem á einhvern hátt ætti að þurfa að hafa sérstöðu í okkar samfélagi umfram það sem hver hópur hefur og eðlilegt er og hver einstaklingur hefur. Þetta undirstrikar þá alvarlegu stöðu sem hópur samkynhneigðs fólks er í í okkar þjóðfélagi og kom svo glögglega fram í máli hv. 1. flm. þessarar þáltill. og hefur komið fram í máli þessa kjarkmikla fólks sem hefur lagt í það að mæta sumpartinn óvinveittu samfélaginu og látið rödd sína heyrast og tekið til máls og krafist réttar síns.

Að sönnu ríkir hér á landi ýmiss konar lagaleg mismunun gagnvart því fólki sem er samkynheigt, t.d. varðandi hjúskaparstöðu og fleira er því máli tengist og kom raunar fram í ágætri ræðu hv. 1. flm. þessarar þáltill. Það sem ég tel þó miklu alvarlegra og er kannski erfiðara við að eiga er sú félagslega og menningarlega mismunun sem ríkir í þjóðfélaginu gagnvart því fólki sem er samkynhneigt og hefur orðið til þess að bæla þetta fólk og troða á því og gert stöðu þess miklu örðugri heldur en eðlilegt getur talist. Ég tel að það sé eitt það besta sem gæti hugsanlega fylgt í kjölfarið á slíkri þáltill. sem rædd yrði af einurð og einlægni hér á hv. Alþingi og fengi eðlilega þinglega meðferð, ég tel að eitthvað það heppilegasta sem gæti komið út úr slíku væri það að kannski yrði litið á það sem ákveðinn táknvilja Alþingis, ákveðinn lið í því að brjóta niður þá múra fordóma sem reistir hafa verið í

kringum þetta fólk og líf þess. Það er ekki mjög langt síðan menn létu sig hafa það í okkar samfélagi að hafa samkynhneigt fólk opinberlega að háði og spotti og velja því jafnvel nöfn í samræmi við það. Ég hygg að slíkt sé nú á undanhaldi, a.m.k. í opinberri umræðu, en enn þá er það samt sem áður þannig að margs konar menningarlegir og félagslegir fordómar eru ríkjandi sem nauðsynlegt er að brjóta niður.

Mér er ekki kunnugt um að til séu nákvæmar eða sannreyndar tölur um hversu margir samkynhneigðir eru hér á landi. Það hafa heyrst tölur eins og 3%, 5%, 10% íbúa landsins en í raun skiptir sú tala kannski ekki öllu máli. Hver sem nú er, þá undirstrikar hún það að hópur samkynhneigðs fólks er talsverður hér á landi og þetta fólk á sinn rétt eins og við öll hin.

Á síðustu árum hafa farið fram margs konar rannsóknir á samkynhneigð og áhugi vísindamanna á samkynhneigðinni hefur vaxið eðlilega og ég hygg að það sé vottur um það að málstaður þessa fólks er að fá eðlilegri og réttari skilning í okkar samfélagi. Hópur samkynhneigðra hefur orðið sýnilegri í okkar þjóðfélagi en ég minni á að bara það hefur kostað það fólk mikla baráttu, oft og tíðum baráttu við mikla fordóma, baráttu sem hefur falið í sér ákveðið uppgjör við fjölskyldur, nána vini, samstarfsfólk jafnvel, skólafélaga og ég tel ástæðu til þess að virða þessa baráttu.

Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að vera hluti af sóma Alþingis að afgreiða þessa þáltill. og hrinda því í framkvæmd að þegar í stað sé það tryggt að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi. Vitaskuld getum við ekki tryggt það að fullu með lagalegum ramma en vonandi má líta á það að lög sem fela í sér jafnrétti gagnvart því fólki séu líka tilkynning til samfélagsins um að löggjafarsamkoma íslensku þjóðarinnar ætlist til þess að fordómar af þessu taginu séu látnir lönd og leið, heyri fortíðinni til, enda samrýmast þeir ekki upplýstu samfélagi.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær jákvæðu undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið þó að ég hafi náttúrlega ekki átt von á því að þeir þingmenn sem hér töluðu mundu tala gegn henni, enda voru þetta hvort tveggja samflm. mínir að þessari till. Ég vil taka undir það sem sá ræðumaður sem síðast talaði sagði, þ.e. að það ætti auðvitað ekki að vera þörf á því hér á hinu háa Alþingi að flytja tillögur af þessu tagi. Auðvitað ættu málin að vera þannig í samfélagi okkar að allir einstaklingar fengju að njóta sín með sínum sérkennum og sínum einstaklingseinkennum og þá þyrfti ekkert að spekúlera í hlutum eins og kynferði, kynhneigð eða öðru slíku. En því miður er málum ekki þannig háttað í samfélagi okkar, að við höfum útrýmt svo fordómum að till. eins og þessi sé óþörf. Mig langar til þess að benda á það, fyrst ég er nú komin hér upp, að hér á Alþingi í vetur hefur verið fjallað um sjálfsvíg ungmenna. Um þetta mál hefur verið mikil umræða í Bandaríkjunum og m.a. hefur verið á það bent þar að um 1.500 samkynhneigðir einstaklingar á tvítugsaldri fremji sjálfsvíg þar á hverju ári og þetta eru taldar mjög varfærnar tölur. Þetta er hins vegar einn af þeim þáttum sem ekki hefur komið til skoðunar hér í sambandi við sjálfsvíg ungmenna. Nú er ég alls ekki að halda því fram að þar sé eitthvert beint orsakasamhengi á milli eða allt þetta unga fólk sem fremur sjálfsvíg á Íslandi sé samkynhneigðir einstaklingar, síður en svo. En þetta er einn af þeim þáttum sem þarf að skoða í sambandi við þessi mál líka.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég þakka góð viðbrögð og ég vona að þetta sé til marks um það að málið fái skjótan framgang hér á Alþingi og við getum afgreitt það á þessu þingi þannig að ekki þurfi að endurflytja það hér aftur í haust og taka það upp að nýju þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á skólastarfi, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 335. mál. — Þskj. 542.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mat á skólastarfi á þskj. 542. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og Össur Skarphéðinsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna reynslu erlendis frá af mati á skólastarfi og móta tillögur um hvernig best verði staðið að þessum málum hér á landi. Í nefndinni eigi sæti m.a. fulltrúar Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Félags háskólakennara, fræðslustjóra og Rannsóknastofnunar uppeldismála, auk menntamálaráðuneytis. Úttekt þessi nái yfir öll skólastig."

Hér er e.t.v. ekki um endanlega upptalningu að ræða heldur frekar hugmyndir um það hverjir gætu setið í nefndinni og má t.d. nefna að ekki væri óeðlilegt að Kennaraháskólinn kæmi þarna að.

Mjög hefur færst í vöxt erlendis að skólar geri úttekt eða láti fara fram mat á starfi sínu og þeirri þjónustu sem þeir bjóða upp á. Hér á landi eru þessi mál stutt á veg komin. Þó hefur á síðustu árum verið unnið að greiningu og mati á skólastarfi í grunnskólum með skólaþróunarstarfi í tengslum við aðalnámsskrá og gerð skólanámsskráa. Þá má nefna það að verkfræðideild Háskóla Íslands hefur látið meta það starf sem þar er unnið og þá þjónustu sem deildin býður upp á. Frumkvæði að því hefur komið frá Verkfræðingafélagi Íslands og einmitt núna er unnið að nýrri úttekt að deildinni sem framkvæmd er af nefnd frá Bandaríkjunum. Úttekt eða einhvers konar gæðamatsaðgerð er þekkt greiningartæki í stjórnunarfræði og er beitt á fyrirtæki, stofnanir og samtök.

Á Norðurlöndum hefur á síðustu árum verið unnið að því að móta og koma í framkvæmd mati á skólastarfi á öllum skólastigum. Í Svíþjóð t.d. er þetta starf mjög vel á veg komið og er notað í skólakerfinu í

heild. Enginn vafi er á því að slíkt mat hefur í för með sér kostnað en þjónusta skólanna kostar peninga og því mikilvægt að árangurinn sé eins mikill af starfinu og mögulegt er. Í Bandaríkjunum hafa lengi tíðkast úttektir á háskólum og háskóladeildum, einstökum starfsþáttum, sem og rannsóknum og kennslu og jafnvel starfsmenntun, kennurum og starfsmönnum í stjórnunarstöðum. Tilgangur skólaúttekta getur verið nokkuð breytilegur en í flestum tilfellum er hann að meta gæði þess starfs og þeirrar þjónustu sem fram fer á vegum viðkomandi skóla.

Markmið úttektar er hvatning og leiðsögn fyrir þann sem hún beinist að. Hún er einnig hugsuð til þess að styrkja það sem vel er gert. Slíkt getur t.d. leitt til endurskoðunar á námsleiðum og stefnu skóla. Vel má hugsa sér skóla sem hefur margar námsbrautir en eftir að starf brautanna hefur verið metið og viðkomandi brautir komið misvel út úr þeirri úttekt sé tekin ákvörðun um að fækka þeim og styrkja frekar þær brautir sem samkvæmt mati reyndust góðar og þar verið að gera rétta hluti.

Önnur ástæða úttektar er stjórnsýslulegs eðlis. Er þá átt við að yfirstjórn skóla þurfi að vita sem best um stöðu og gang mála í ýmsum deildum eða námsbrautum, m.a. með tilliti til þess hvernig skuli ráðstafa fé, mannafla og húsnæði. Þetta er ekki síst mikilvægt á tímum niðurskurðar eins og nú er þegar það hlýtur að vera enn mikilvægara en ella að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist vel. Þetta er sagt án þess að sú sem hér stendur ætli að taka nokkra ábyrgð á þeim niðurskurði sem gripið hefur verið til innan menntakerfisins.

Þriðji tilgangur með úttektum er nokkuð sérstæður og takmarkast helst við háskóla og fagskóla en hann er að öðlast viðurkenningu sérstakra fagsamtaka sem hafa að markmiði að veita hana einungis þeim skólum sem ná fagkröfum samtakanna. Slík viðurkenning er að sjálfsögðu mikilvægur gæðastimpill, en þessi aðferð við mat á skólum á best við í stórum samfélögum þar sem samkeppni er mikil. Í Bandaríkjunum eru t.d. ekki allir skólar viðurkenndir að fullu sem háskólar og þarf þá augljóslega að fara fram mat á þeim áður en kveðið er upp úr um slíkt.

Í fjórða lagi má segja að skóli, sem gengst undir sjálfsmat, sýni með því fram á faglega ábyrgð á starfi sínu.

Auk þess að þykja sjálfsagður hluti af starfsemi hverrar stofnunar má einnig færa sterk rök fyrir mikilvægi úttekta. T.d. hefur fjöldi athugana sýnt að skólastarf, sem sýnir alhliða góðan árangur, einkennist mjög af samkennd og samvinnu milli kennara, sameiginlegri stefnumótun innan skólans um markmið og leiðir, skýrum kennslumarkmiðum, forustu í kennslumálum, stöðugleika og samfellu í skólastarfinu, góðum tengslum við nemendur og virku sjálfsmatskerfi. Það er því ekki ólíklegt að starf kennara og annarra starfsmanna skóla við það að framkvæma mat á starfinu geti orðið til þess að styrkja innra starf skólans. Eins getur það komið af stað ákveðnum metnaði sem er af hinu góða ef þess er gætt að hann sé innan ákveðinna marka.

Oft er greint á milli úttekta eftir því hver gerir þær. Í fyrsta lagi má tala um eigin úttekt eða sjálfsmat. Námsleiðir, kennsluhættir, verkefni og starfsmenn eru oftast viðfangsefni slíkra úttekta. Yfirmenn deilda eða námsbrauta skólans geta gert þessar úttektir.

Í öðru lagi má nefna úttektir aðila utan stofnunar. Það geta verið þeir sem hagsmuna eiga að gæta eins og menntamálaráðuneyti eða fræðsluskrifstofur sem hafa þekkingu og yfirsýn til að bera viðkomandi skóla og námsleiðir hans saman við aðra sambærilega skóla. Slíkar úttektir skulu þó unnar í samstarfi við starfsfólk viðkomandi skóla.

Skiptar skoðanir eru á því hvort úttektir ættu að byggja á sjálfsmati eða athugun aðila utan stofnunar. Ef miðað er við blandaða úttekt gengur hún oft þannig fyrir sig að fyrst í stað metur skóli sjálfan sig og leggur síðan fram sína skýrslu. Þar kemur fram stefna skólans og leiðir, ýmsar tölulegar upplýsingar um þróun og vöxt skólans, lýsing á uppbyggingu kennslu og annarri starfsemi ásamt mati skólans á starfseminni og hvað betur mætti fara. Síðan styðst nefnd utanaðkomandi aðila við skýrsluna í mati sínu á skólanum. Hins vegar eru þær úttektir einnig algengar sem byggja eingöngu á sjálfsmati skóla. Í því tilfelli vinna skólar gjarnan að úttektinni í náinni samvinnu við t.d. menntamálaráðuneytið.

Talið er að skólakerfið hér á landi sé orðið mjög umfangsmikið og yfirgripsmikið og erfitt sé fyrir menntamálaráðuneytið að fylgjast með gæðum kennslu og náms í hverjum skóla fyrir sig hvort sem er á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi. Skýrsla OECD um menntastefnu á Íslandi frá 1987 gefur í skyn að þörf sé á aðhaldi og samræmingu í skólamálum og tengslum milli skólastiga.

Menntakerfið á Íslandi hefur á örfáum áratugum breyst úr því að vera einhæft og smátt í sniðum í það að vera margslungið og öflugt kerfi sem setur sér það háleita markmið að láta í té þá þjónustu sem önnur þróuð lönd veita. Markmið menntunar voru til skamms tíma fremur einföld á Íslandi og hlutverk kennslu talið vera að miðla bókviti og utanbókarlærdómur var í heiðri hafður. Nú hafa kennarar, skólastjórar og aðrir forustumenn fræðslumála nútímalegar hugmyndir og hafa tileinkað sér það sem nýjast er í kennslumálum. Framfarir hafa verið ótrúlega skjótar og þær hafa átt sér stað við erfið skilyrði. Það verður hins vegar að viðurkennast að það hefur ekki alltaf verið fullt samræmi á milli þess sem löggjafinn hefur ætlað sér í menntamálum og þess sem hefur verið mögulegt að framkvæma samkvæmt fjárlögum hins sama löggjafa.

Aðstæður hér á landi eru að mörgu leyti ólíkar því sem þekkist í öðrum þróuðum ríkjum og þess vegna er skólasaga okkar og þau vandamál sem við hefur verið að glíma einnig frábrugðin. Þessu veldur aðallega það hvað landið er tiltölulega stórt og strjálbýlt.

Fyrr á þessum vetri, nánar tiltekið þann 29. nóv. sl., var haldin ráðstefna hér í Reykjavík um gæðamat á sviði heilbrigðis- og menntamála. Það var Bandalag háskólamanna sam boðaði til ráðstefnunnar og var hún haldin með stuðningi menntmrn. og heilbrrn. og und-

irbúin með starfsmönnum þessara ráðuneyta. Megintilgangur með ráðstefnunni var að leggja grunn að því að ná víðtækri samstöðu um aðferðir við mat á skólastarfi og að vekja athygli á þessum málum þar sem ljóst væri að Íslendingar væru á eftir nágrannaþjóðunum á þessu sviði. Virtir fræðimenn á sviði gæðaeftirlits héldu fyrirlestra á ráðstefnunni sem þótti takast vel.

Með því að beita matsaðferðum á skólastarfið er betur hægt að gera sér grein fyrir stöðu skólans. Hér er ekki verið að tala um að nota slíkt mat sem neins konar „grýlu" eða aðferð til þess að gefa skólun einkunnir sem síðan verði bornar saman af foreldrum þegar þeir velji skóla fyrir börn sín, heldur fyrst og fremst aðferð til að hvetja til góðra hluta og vissulega að verka sem ákveðið aðhald.

Hæstv. forseti. Með þessum tillöguflutningi er lagt til að skipuð verði nefnd til að meta þörf fyrir að tekið verði upp mat á skólastarfi í skólakerfi landsins á öllum skólastigum og komi nefndin með tillögur um fyrirkomulag og leiðir til úrbóta.

Að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að málinu verði vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir flest þau sjónarmið sem koma fram í grg. þessarar till. til þál. um mat á skólastarfi. Það er full ástæða til að taka undir flest sem þar kemur fram. Ég vil líka vekja athygli á því sem kemur fram í upphafi grg. með till. þar sem stendur: „Þó hefur á síðustu árum verið unnið að greiningu og mati á skólastarfi í grunnskólum með skólaþróunarstarfi í tengslum við aðalnámsskrá og gerð skólanámsskráa." Þetta er starf sem hefur eflst mjög og þróast á allra síðustu árum og þarna er unnið að mörgu leyti mjög gott starf, einkum hvað snertir innri greiningu og skoðun á því sem hver skóli er að gera og það er af hinu góða og í anda þessa máls. Enda hefur verið höfð hliðsjón m.a. af því sem getið er um hér aftar, skýrslu OECD um menntastefnu á Íslandi sem kom út árið 1987. Það hefur verið litið til þeirrar lýsingar sem þeir skýrslugjafar gefa á íslensku skólakerfi.

Ég tel það víst að nefnd sem yrði skipuð eins og hér er gert ráð fyrir mundi þurfa þó nokkurt fjármagn til starfa og allmikinn tíma. Nú er það svo að við höfum yfir að ráða í íslenska skólakerfinu allmörgum sérfræðingum sem hafa reynslu erlendis frá, hafa einmitt lært það að meta skólastarf. Þeir hafa verið við nám í Bandaríkjunum, í Evrópulöndum ýmsum og við höfum yfir að ráða allmikilli og víðtækri þekkingu í þessum efnum. Samt sem áður er það nú svo með þetta eins og annað að það verður að fylgjast með á hverjum tíma. Ég vil því leyfa mér að setja fram hugmynd um að í stað þessarar nefndar yrði kannað hvort ekki væri rétt að fela Kennaraháskólanum eða Rannsóknastofnun uppeldismála eða þeim sameiginlega, enda eru þær stofnanir mjög tengdar, að annast þessa úttekt og gera þessar tillögur. Síðan mætti, þegar þær tillögur væru komnar fram, kalla til fulltrúa þeirra sem hér eru nefndir til þess að ræða þær niðurstöður. Einhvern veginn snýr málið þannig við mér að ég hef tilfinningu fyrir því að það ynnist betur á þennan hátt þar sem í þessum tveimur stofnunum sem ég nefndi, e.t.v. kæmi háskólinn þarna inn líka, er fólk sem hefur sérþekkingu í þessum málum, hefur reynslu og þekkingu til að annast þetta. Síðan mætti, eins og ég sagði áðan, taka þá frumniðurstöðu til skoðunar af viðkomandi aðilum.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir undirtektir við till. Hann hefur ákveðnar efasemdir um nefndina, en eins og ég tók fram þegar ég mælti fyrir till. þá var þetta í sjálfu sér ekki tæmandi upptalning eða endilega réttir aðilar sem tilnefndir voru, en við flm. vildum að það kæmu fram einhverjar hugmyndir um það hvernig við vildum að nefndin væri skipuð. Nú verður till. væntanlega vísað til hv. menntmn. og síðan út til umsagnar. Það má vel vera að þar komi hugmyndir jafnvel frá fræðslustjórum, sem eflaust munu fá till. til umsagnar, um það að nefndin skuli öðruvísi skipuð. Ég efast ekki um að það verður farið yfir allar slíkar tillögur því aðalatriðið er að þessi mál verði tekin til gagngerrar athugunar hér á landi eins og hefur verið gert hjá okkar nágrannaþjóðum. Það að lagt er til að skoðuð sé reynsla erlendis frá á þessum málum er kannski fyrst og fremst hugsað til þess að spara tíma, að við séum ekki að móta okkur einhverjar tillögur um hvernig þetta verk skuli unnið án þess að vita a.m.k. hvernig að málum er staðið hjá okkar nágrannaþjóðum því eins og kom fram í mínu máli áðan þá veit ég að t.d. Svíar eru komnir mjög langt með þetta starf og eflaust fleiri.

Hv. þm. talaði um að það yrði eflaust nokkur kostnaður af þessu og ég geri mér grein fyrir því að allt nefndarstarf kallar á einhvern kostnað, en ég held að það sé engin frágangssök í þessum efnum og ég hugsa þetta ekki þannig að nefndin þurfi að heimsækja allar þessar þjóðir, heldur væri kannski frekar með pósti hægt að fá upplýsingar um hvernig að málum er staðið annars staðar.

Það er nú víst komið eitthvað fram yfir miðnætti og ég skal viðurkenna það að þegar ég lagði þetta mál fram þá hafði ég ekki hugsað mér það að ég yrði að tala fyrir því á miðnætti í apríl, (**Gripið fram í:** Eða að tala í tvo daga.) og það eru að vísu komnar tvær dagsetningar, en samt sem áður leyfi ég mér að vona að tillagan fái jákvæða meðferð í hv. menntmn. og þessi mál verði í framhaldi af því tekin til alvarlegrar athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. GÞJ, 396. mál (félagslegar íbúðir á vegum verkalýðsfélaga). — Þskj. 646.

Flm. (Guðmundur Þ Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um

breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

1. gr. hljóðar svo:

„B-liður 1. mgr. 39. gr. laganna orðist svo:

b. Félagslegar eignaríbúðir: Sveitarfélög eða verkalýðsfélög."

2. gr. hljóðar svo:

„Á eftir 1. mgr. 48. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Verkalýðsfélög, sem byggt hafa samkvæmt lögum þessum, geta með samkomulagi falið húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags rekstur og ráðstöfun íbúðanna hætti þau byggingarstarfsemi."

Og 3. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Stutt grg. fylgir þessu lagafrv. sem er 396. mál á þskj. 646, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Innan verkalýðshreyfingarinnar hefur komið fram áhugi meðal aðildarfélaga hennar á að standa fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis. Þrjú verkalýðsfélög í Reykjavík hafa samið drög að samkomulagi um byggingu félagslegra íbúða fyrir félagsmenn sína. Ætlunin var að byggja félagslegar eignaríbúðir eingöngu. Félagsmálaráðuneytið hafnaði drögunum þar sem núgildandi lög gera ráð fyrir að félagasamtök geti eingöngu staðið fyrir byggingu kaupleiguíbúða og leiguíbúða.

Með breytingunni, sem hér er lögð til, er tryggt að verkalýðsfélög, ein sér eða fleiri saman, eigi sama rétt og sveitarfélög til byggingar félagslegra eignaríbúða fyrir félagsmenn sína að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna."

Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að þegar lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var breytt síðast og sá möguleiki opnaður að sveitarfélög, félagasamtök og/eða fyrirtæki gætu byggt fyrir félagsmenn sína eða starfsmenn sína eftir atvikum, þá vaknaði sá áhugi hjá þremur verkalýðsfélögum hér í Reykjavík, þ.e. Verkamannafélaginu Dagsbrún, Verkakvennafélaginu Framsókn og Iðju, félagi verksmiðjufólks, að takast á við það verkefni að byggja íbúðir fyrir félagsmenn sína og nota þar hin góðu kjör sem bjóðast í hinu félagslega húsnæðiskerfi.

Þessi undirbúningur tók að vísu nokkuð langan tíma og fóru fram töluverðar umræður hjá þessum félögum um málið og það er vægt til orða tekið að þær hafi fengið verulega góðar undirtektir. En þegar málinu var áfram haldið og þessi félög voru reyndar búin að gera drög að samningi um byggingu þessara íbúða og höfðu sent hann til staðfestingar ráðuneytisins þá var þeim hafnað með þeim rökum að aðeins væri leyft að byggja, eins og kemur fram í grg., kaupleiguíbúðir og leiguíbúðir. Við nánari athugun laganna var þetta nokkuð augljóst þannig að okkur yfirsást það hvaða möguleikar væru til íbúðarbygginga. Hins vegar er það svo að það form sem núgildandi lög gera ráð fyrir hentar okkur ekki vegna þess að það kallar á verulegan rekstur, sem alls ekki var ætlunin að fara út í. Við ætlum okkur eingöngu að byggja íbúðir fyrir okkar félagsmenn og síðan, eins og þetta lagafrv. gerir ráð fyrir, afhenda þær til ráðstöfunar á einhverju seinna stigi húsnæðisnefnd Reykjavíkur í þessu tilfelli eða húsnæðisnefndum sveitarfélaganna hér í kring, því að þessi stéttarfélög öll ná yfir sveitarfélögin hér í kringum Reykjavík. Það er ekki skynsamlegt þótt við mundum vilja gera átak í þessa veru að fara að koma hér af stað einhverri stofnun við hliðina á húsnæðisnefndinni til langrar framtíðar. Það var aldrei meiningin og reyndar ekki heppilegt að hafa það þannig. Hins vegar er þörfin fyrir slíkar íbúðir mjög brýn. Við vitum að það eru margir um hverja íbúð, það eru u.þ.b. 1.000 umsóknir um 200–300 íbúðir þannig að vandamálið er verulegt og álagið á þessu félagslega íbúðakerfi umtalsvert. Þrátt fyrir það að mikið sé byggt og ágætlega að málum staðið, þá virðist það ekki fullnægja á nokkurn hátt þörfinni.

Í þessu sambandi má kannski rekja það að þetta hefur lengi verið mikið áhugamál verkalýðshreyfingarinnar, bæði verkalýðshreyfingarinnar sem heildar, einstakra félaga og margra forustumanna hreyfingarinnar sem hafa lagt þessu máli alveg sérstakt lið og sinnt því með sérstökum hætti, og af miklum dugnaði oft á tíðum. Við gætum út af fyrir sig rakið langa sögu, allt frá fyrstu verkamannabústöðunum hér vestur við Hringbraut sem Héðinn heitinn Valdimarsson, þáv. formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, stóð fyrir og reyndar allar götur síðan. Við getum nefnt ártöl eins og 1964 og 1965 þegar verkalýðshreyfingin samdi um byggingu framkvæmdanefndaríbúðanna. Reyndar hefur hreyfingin átt stóran þátt í félagslega íbúðakerfinu allt frá fyrstu tíð og enn þann dag í dag er þetta mikið áhugamál hjá hreyfingunni og mörgum forustumönnum hennar, bæði hér á þessu svæði sem við erum að tala um og reyndar alls staðar hringinn í kringum landið. Þeirri hindrun sem er í lögunum til að við gætum náð þessu fram þarf að breyta til að hægt sé að sinna þessu sem ég hygg að verði öllum til góðs og ætti ekki út af fyrir sig að mæta andstöðu nokkurs manns.

Þá er kannski eðlilegt að menn spyrji: Hvar á að taka peningana til að gera þetta? Það væri til lítils unnið ef við ætluðum að sækja í þá peninga sem eru til ráðstöfunar í félagslega íbúðakerfinu. Þeir eru af skornum skammti og vantar stórlega aukið fé inn í félagslega íbúðakerfið til þess að það geti sinnt hlutverki sínu með meiri myndarbrag en það gerir í dag. Það væri þess vegna ekki mikið með því ef þeir peningar væru teknir frá þeim opinberu aðilum sem eiga að sinna þessum málum heldur þarf nýtt fjármagn að koma til og það er nú einmitt meiningin hjá okkur að leggja það til að einhverju leyti sjálf. Lífeyrissjóðirnir sömdu um að kaupa bréf af Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 55% af ráðstöfunartekjum sínum og gera það með skilum, að ég hygg, flestir hverjir. Hins vegar eru þó nokkrar upphæðir þar enn þá eftir sem lífeyrissjóðirnir ráðstafa oft til annarra sjóða, atvinnuvegasjóða eða til kaupa á bréfum frá öðrum aðilum. Við höfðum hugsað okkur að leita til þeirra sjóða sem þessi þrjú verkalýðsfélög eiga aðgang að, þ.e. Lífeyrissjóðs verksmiðjufólks og Lífeyrissjóðs Framsóknar og Dagsbrúnar og fara þess á leit að þeir leggi til það fjármagn sem þarf til þess að þetta sé mögulegt.

Við fyrstu athugun fékk þetta nokkuð góðar undirtektir þannig að við vorum mjög bjartsýn um að þetta gæti gengið upp, að sjálfsögðu með fyrirgreiðslu frá Húsnæðisstofnun í þá veru að nýtt fjármagn sem þar kæmi inn þannig merkt rynni til baka til þessara samtaka og félagsmenn verkalýðsfélaganna sem fengju úthlutaðar íbúðir nytu þeirra kjara sem félagslega íbúðakerfið býður upp á þannig að kostir þess yrðu að fullu nýttir. En eins og hér hefur komið fram skortir ákvæði, þessa viðbót við lögin, að þarna bætist við í einum lið „verkalýðsfélög" og reyndar komi síðan ákvæði í lögunum sem heimili það að félögin geti þá framselt þessu til viðkomandi húsnæðisnefndar til að þetta geti orðið mögulegt.

Ég þarf ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta. Frv. skýrir sig nokkuð sjálft og ég held að ég hafi dregið aðalatriðin fram. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, fyrri umr.

Þáltill. REg o.fl., 455. mál. — Þskj. 713.

Flm. (Ragnhildur Eggertsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir þáltill. á þskj. 713 um að gerður verði fræðslubæklingur um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Meðflytjendur eru hv. þingkonur Kvennalistans, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Vegna þess hve oft hafa komið upp erfið vandamál við sambúðarslit eða andlát annars sambúðaraðila teljum við flytjendur þessarar till. brýnt að gefinn sé út fræðslubæklingur um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Einkum er mikilvægt að fólk viti rétt sinn í óvígðri sambúð þar sem nánast algerlega skortir réttarreglur um slíka sambúð. Það hefur komið í ljós að ríkjandi er mikill misskilningur um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Sá misskilningur er sennilega til kominn vegna nokkurra ákvæða í almannatryggingalögum sem kveða á um að eftir tvö ár í sambúð eða hafi sambúðarfólk eignast barn saman eða ef konan er þunguð öðlist það rétt til bóta frá Tryggingastofnun eins og um hjón sé að ræða.

Munurinn á hjónabandi og óvígðri sambúð er í aðalatriðum þessi:

1. Í óvígðri sambúð eru engar reglur um helmingaskipti eigna og skulda.
2. Enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks.
3. Enginn réttur er til setu í óskiptu búi.
4. Engin gagnkvæm framfærsluskylda er fyrir hendi.

Fólki, sem býr í óvígðri sambúð, verður einna helst líkt við tvo aðila sem stofna með sér fyrirtæki, fjárfesta í fasteignum og tækjum og stofna til skulda. Þegar hætta á rekstri fyrirtækisins verður hvor um sig að sanna sitt fjárframlag og gera grein fyrir sinni skuldastöðu. Ef um andlát annars aðilans er að ræða þarf sá aðili sem eftir lifir að gera slíkt hið sama vegna lögerfingja hins látna. Ekki er um erfðarétt að ræða eins og ég sagði áðan og langar mig að taka dæmi varðandi erfðarétt eða réttleysi réttara sagt.

Við skulum taka sem dæmi roskið fólk, konan er fráskilin og á íbúð, innbú og bíl. Maðurinn er eignalaus en á uppkomna dóttur sem hann eignaðist utan hjónabands og hefur aldrei haft neitt samband við. Þau hefja sambúð og kaupa íbúð erlendis á nafni mannsins. Til að fjármagna kaupin er tekið lán að upphæð 3 millj. kr. með veði í íbúð konunnar. Maðurinn deyr skyndilega, þau höfðu þá verið fimm ár í sambúð og töldu víst að þau hefðu allan sama rétt og hjón eftir svo langan tíma. Staðan sem konan kemst í er sú að hún verður að selja íbúð sína til að greiða lánið og dóttur mannsins sem er einkaerfingi að íbúðinni sem lánið var notað til að greiða.

Annað dæmi um sambúðarslit í óvígðri sambúð. Kona og maður fara að búa saman. Eftir nokkur ár slitnar upp úr sambúðinni. Hún átti litla íbúð áður en sambúð hófst sem á hvíldu nokkrar veðskuldir. Á meðan á sambúðinni stóð gerðist þetta: Íbúð konunnar var seld og þau keyptu sér aðra stærri og um leið dýrari sem skráð var á nafn mannsins. Til að fjármagna mismuninn á verði íbúðanna voru tekin nokkur lán á nöfnum beggja með ábyrgðarmenn úr báðum fjölskyldum. Þau keyptu bíl sem greiddur var með bankaláni er konan tók á sínu nafni og ættingjar hennar voru ábyrgðarmenn á. Bíllinn var skráður á nafn mannsins, innbúið var keypt með afborgunum og enn eru ábyrgðarmenn úr fjölskyldum beggja. Þau eignuðust barn saman og konan fór að vinna á kvöldin og um helgar til að drýgja tekjur heimilisins. Þessar tekjur hennar voru ekki gefnar upp til skatts. Maðurinn sá um öll fjármál heimilisins og afhenti konan honum laun sín sem fóru eins og aðrar tekjur heimilisins m.a. upp í að borga skuldir. Þessar skuldir voru auk fyrrgreindra fjárfestinga meðlagsskuldir sem maðurinn kom með í sambúðina. Þegar sambúðarslit lágu fyrir seldi maðurinn íbúðina og bílinn enda hafði hann lögum samkvæmt rétt til að ráðstafa að vild eignum skráðum á sitt nafn, þó um sameiginlegt heimili þeirra væri að ræða þar sem þau voru ekki gift.

Til að leysa úr hugsanlegum deilum sem upp geta komið við aðstæður sem þessar þarf m.a. að svara eftirfarandi spurningum: Hvers virði var nettóeign sú er konan kom með í sambúðina? Þ.e. hvers virði var litla íbúðin? Hverjar voru skuldir konunnar á þeim árum? Hvert væri verðmæti íbúðarinnar og skuldastaða konunnar í dag? Hvers virði er íbúðin sem þau keyptu? Hver á að greiða skuldir? Hver á að endurgreiða ábyrgðarmönnum það sem þeir hafa hugsanlega orðið að leggja út? Er um raunverulega eignaukningu að ræða og ef svo er hvernig á hún þá að skiptast á milli þeirra? Ef maðurinn hafnar helmingaskiptum á þeim forsendum að hann hafi haft mun hærri tekjur en konan hvernig á hún þá að sanna sitt fjárframlag þegar allar kvittanir eru á nafni mannsins og skattframtöl sýna

engar tekjur hjá henni? Hvað með heimilisstörfin? Á að meta þau til einhverra tekna?

Af því sem hér hefur verið nefnt má sjá að mál sem upp geta komið þegar slitnar upp úr óvígðri sambúð geta verið hreint ekki auðveld viðureignar. Og þá er aðeins verið að tala um það sem varðar eignir ekki tilfinningar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að réttarreglur um óvígða sambúð skortir.

Þegar ég leitaði upplýsinga hjá lögfræðingi um hvað gert hefði verið í þeim málum var mér tjáð að sifjalaganefndin á Norðurlöndum hefði fjallað um þetta efni um áraraðir og komist að þeirri niðurstöðu að ekki beri að setja fólki í óvígðri sambúð sömu lög og þeim sem eru í vígðri sambúð þar sem fólk sem giftir sig ekki vilji bersýnilega komast hjá þeim réttarreglum er hjónabandi fylgja.

Ef fólki væri ljós réttarstaða sín áður en það stofnar til óvígðrar sambúðar yrðu mál eins og hér hafa verið tekin sem dæmi að öllum líkindum mun fátíðari en þau eru í dag. Mikil þörf er á að setja reglur um réttindi og skyldur í sambúð því það er nú svo að sambúð er til í ýmsum myndum, t.d. sambúð samkynhneigðra, sambúð systkina, sambúð foreldris og fullorðins barns, sambúð vina og vinkvenna. Hvað varðar réttarstöðu fólks í hjónabandi er það svo hvað varðar eignir, skilnaðarmál og erfðamál að margur er afar illa að sér um þau mál. Sú skoðun er almenn að engu máli skipti hvort hjóna sé skráð fyrir eignum. Þetta er rangt. Ef litið er á íslensk hjúskaparlög eins og þau eru í dag þá eru reglur þessar: Hvort hjóna á sínar eignir og ábyrgist sínar skuldir. Þær eignir sem hjón flytja með sér í hjónaband eða eignast síðar verða hjúskapareign þess sem skráður er fyrir þeim og standa undir skuldum þess sama aðila. Þessar lagareglur hafa þá þýðingu að ef annar aðilinn á bíl fyrir hjónaband, í hjónabandinu er keypt íbúð, sumarbústaður, hesthús, atvinnuhúsnæði og önnur íbúð og allt þetta er skráð á nafn þessa sama aðila, segjum sem svo að það sé maðurinn, þá á hann þessar eignir, þær eru hjúskapareignir hans og hann hefur leyfi til að veðsetja þær eða selja án þess að samþykki konunnar þurfi til, þó með þeirri undantekningu að ekki sé um að ræða fasteign sem fjölskyldan býr í eða notuð er til atvinnureksturs hjónanna. Það væri fróðlegt að vita hve stór hluti fasteigna hér á landi er þinglýstur á nafn kvenna.

Þá er það líka útbreidd skoðun að ári eftir að gengið hefur verið frá skilnaði að borði og sæng gangi lögskilnaður sjálfkrafa fyrir sig. Þetta er einnig rangt. Fólk verður sjálft að afla sér prestsvottorðs á nýjan leik og ganga aftur fyrir borgardómara eða sýslumann. Í framhaldi af því gefur síðan dómsmrn. út lögskilnaðarleyfi. Þessi misskilningur getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Í dag er því t.d. þannig varið að ef konan fæðir barn á því tímabili sem ekki hefur verið gengið frá lögskilnaði við maka telst barnið vera barn þess manns og er þannig skráð í þjóðskrá. Til að leiðrétta slíkt þarf málaferli fyrir dómstólum, svokallað vefengingarmál með tilheyrandi blóðrannsókn á móður, barni og báðum feðrum.

Aðrar alvarlegar afleiðingar þess að ekki er gengið frá lögskilnaði geta komið upp í sambandi við makalífeyri. Dæmi um það: Maður fær skilnað að borði og sæng frá konu sinni. Þau höfðu verið gift í nokkur ár. Tveimur árum seinna hefur hann sambúð með annarri konu og stendur sú sambúð í 20 ár, eða þar til maðurinn deyr. Maðurinn var opinber starfsmaður og þegar sambúðarkonan ætlaði að ganga eftir makalífeyri fær hún neitun af þeirri einföldu ástæðu að lögum samkvæmt fellur lífeyririnn til eiginkonunnar sem maðurinn skildi við að borði og sæng en gekk ekki eftir lögskilnaði við vegna þess að hann hélt að hann gengi sjálfkrafa fyrir sig.

Þá ber að nefna hvað fólk er ómeðvitað um rétt sinn samkvæmt erfðalögum. Það er mjög útbreiddur misskilningur að börnum beri að fá arf og stundum leiðir þetta til þess að gamalt fólk leyfir sér ekki að ganga á sparifé sitt vegna þess að það heldur að með því sé það að ganga á rétt barna sinna, sem er þá jafnvel miðaldra fólk í góðum efnum. Að sjálfsögðu eru börn og maki skylduerfingjar. En arfur er eins konar vonarpeningur og eingöngu það sem eftir er þegar arfláti fellur frá.

Enn fremur hafa margir ekki hugmynd um að þeim er heimilt að ráðstafa ⅓ hluta eigna sinna með erfðaskrá. Með því að nota sér þá hugmynd er hægt að bæta við þann arfshluta sem eftirlifandi maki á rétt á samkvæmt erfðalögum eða e.t.v. bæta stöðu einstakra barna. Þessum ⅓ hluta getur viðkomandi ráðstafað að vild. Ef gerð er erfðaskrá er einnig heimilt að setja inn í hana ákvæði þess efnis að þegar börn taki arf samkvæmt henni verði sá arfur séreign þeirra en ekki hjúskapareign. Hliðstæður þessara aðstæðna sem eru hér hafa verið teknar sem dæmi hafa allt of oft komið upp í raunveruleikanum og staðreyndin er auðvitað sú að þegar ástin og rómantíkin eru alls ráðandi leggst fólk ekki í lestur lagabókstafa um réttarstöðu sína gagnvart þeim er það óskar eftir að stofna til sambúðar með. Ef hins vegar saminn er lítill, aðgengilegur bæklingur með upplýsingum um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð sem prestur, borgardómari eða sýslumaður fengi væntanlegum hjónaefnum í hendur þegar þau bæðu hann að gefa sig saman og bæði þau um leið að kynna sér efni hans gæti það komið í veg fyrir leiðindi og erfiðleika ef sú staða kemur upp þegar rómantíkin verður að bláköldum raunveruleika, að þá treysti fólk sér ekki til að búa lengur saman og vilji skilnað eða sambúðarslit. Til að koma bæklingi þessum til þeirra sem kjósa að búa í óvígðri sambúð væri hægt að beina því til Hagstofunnar að dreifa honum til þeirra sem skrá sig í slíka sambúð. Einnig væri hægt að fela skattstofum um land allt að koma bæklingnum til þeirra sem telja fram saman. Þá gæti slíkur bæklingur sem best legið frammi í bönkum og hjá opinberum stofnunum. Og síðast en ekki síst væri tilvalið að nýta efni hans við kennslu í samfélagsfræði í efstu bekkjum grunnskólans og í framhaldsskólum og með því tryggja eins og kostur er að fólki sé gerð grein fyrir réttarstöðu sinni og á hvern hátt það getur best tryggt hana áður en það hefur sambúð.

Ég hafði samband við fjölskylduráðgjöf kirkjunnar

og fékk þær upplýsingar að þar vantaði tilfinnanlega eitthvað í líkingu við svona fræðslubækling varðandi rétt fólks til eigna þar sem til þeirra leitaði fólk mjög oft eftir ráðgjöf varðandi slík mál og starfsfólk þar hefði ekki í höndunum handhæg gögn til að leiðbeina fólki eftir. Hjá Tryggingastofnun ríkisins var mér sagt að svokölluð tveggja ára regla valdi miklum misskilningi hjá mörgum og starfsfólk þar hafi fullt í fangi við að útskýra fyrir þeim sem þangað leita að með þeirri reglu öðlist fólk ekki öll sömu réttindi og ef um hjón væri að ræða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri en að henni lokinni legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til síðari umræðu og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með opinberum framkvæmdum, fyrri umr.

Þáltill. BF o.fl., 470. mál. — Þskj. 728.

Flm. (Bryndís Friðgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla að tala hér fyrir þáltill. sem er á þskj. 728 og er 470. mál þingsins og er um eftirlit með opinberum framkvæmdum. Meðflm. mínir eru Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að auka og bæta eftirlit með opinberum framkvæmdum. Í þessu skyni verði endurskoðuð lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63 frá 12. maí 1970, lög um opinber innkaup, nr. 52 frá 30. mars 1987, og önnur lagaákvæði á þessu sviði sem ástæða er til að endurskoða. Nýtt frumvarp verði lagt fyrir næsta Alþingi ásamt tillögum um aðrar nauðsynlegar aðgerðir."

Með till. er svohljóðandi grg., með leyfi forseta:

„Hið opinbera hefur veg og vanda af margvíslegum framkvæmdum á fjölmörgum sviðum um allt land. Þessar framkvæmdir eru ýmist alveg á vegum þess eða í samstarfi við aðra aðila. Mjög miklum fjármunum er ráðstafað með þessum hætti. Þess vegna er mikið í húfi að vel takist til við allar framkvæmdir. Því miður eru fjölmörg dæmi um að hið opinbera hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki var staðið rétt að framkvæmdum. Einnig gerist það allt of oft að fjárhagsáætlanir fari úr böndum og fjárhagslegt eftirlit bregst.

Eitt það allra mikilvægasta til að tryggja góðan árangur og forðast tjón er að hið daglega eftirlit sé vel af hendi leyst. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að ævinlega séu ráðnir aðilar til eftirlitsins sem hafi möguleika til að fylgjast með hvernig staðið er að verki dag frá degi, bæði vegna verklegra og fjárhagslegra atriða. Því er hagkvæmast að ráða heimamenn til þessarar starfsemi þar sem því verður við komið." — Þ.e. að þeir búi ekki langt frá þeim stað þar sem byggt er og til að koma í veg fyrir að þeir komi kannski ekki einu sinni í mánuði til að fylgjast með. Það er þetta daglega eftirlit sem er svona mikilvægt. — „Eins og nú er háttað hefur framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins veg og vanda af þessu eftirliti, en hún er í raun ekki hluti af starfsemi Innkaupastofnunar heldur sérstök deild í fjármálaráðuneytinu.

Það var ætlun Alþingis þegar lög um opinber innkaup, nr. 52 frá 30. mars 1987, voru sett að eftirlit með opinberum framkvæmdum yrði í höndum Innkaupastofnunar ríkisins. Þessi ásetningur löggjafans hefur ekki enn orðið að veruleika.

Einnig af þeim sökum er ástæða til að endurskoða umrædd lög og eftir því sem þörf krefur önnur lagaákvæði í þessu sambandi. Rétt er að undirstrika að þótt endurskoðun lagaákvæða um þessi efni sé nauðsynleg er einnig brýnt að betrumbæta framkvæmd þessara mála og ljóst virðist að ýmislegt sem úrskeiðis hefur farið í opinberum framkvæmdum má rekja til þess að gildandi lagaákvæðum hefur ekki verið framfylgt.

Sem fskj. með þessari till. eru lög um skipan opinberra framkvæmda, lög um opinber innkaup og einnig upplýsingar frá Ríkisendurskoðun um hönnunar- og eftirlitskostnað með opinberum framkvæmdum. Ég ætla ekki að rekja það neitt nánar sem stendur á fskj., það skýrir sig sjálft.

En að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og efh.- og viðskn.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir að flytja þetta mál hér inn á þingið. Ég tel að það sé full ástæða til að taka á þessum málum. Við sem höfum komið nærri sveitarstjórnarmálum þekkjum að það er nauðsynlegt að hafa gott og virkt eftirlit með framkvæmdum og oft hefur skort á að það hafi verið full samræming í eftirlitinu. Ég held að því miður megi finna fjölmörg dæmi um að það hafi orðið fjárhagsleg stórslys vegna þess að ekki hefur verið fylgt nógu vel eftir eftirliti með byggingarframkvæmdum og jafnvel ekki síður hinu fjárhagslega eftirliti sem hefur því miður stundum verið í skötulíki þegar um framkvæmdir á vegum hins opinbera hefur verið að ræða. Það er því full ástæða til að skoða þessi mál upp á nýtt. Það sem hv. flm. nefndi hér áðan, að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar hafi aldrei komist í það horf sem upphaflega var hugmyndin, bendir auðvitað líka til þess að það sé ekki endilega víst að þessi mál séu í réttu horfi stjórnskipulega séð og þess vegna þarf að fara yfir þau. Mér er kunnugt um það að á sínum tíma varð um þetta töluvert mikil togstreita sem endaði með því að framkvæmdadeildin var aldrei flutt inn í Innkaupastofnun eins og til stóð þannig að þar þarf að skoða málin.

Það atriði sem flm. nefndi, að það er mikilvægt að þetta eftirlit sé daglegt og að það sé framkvæmt af heimaslóðum, er mjög mikilvægt og ég tel að það þurfi að reyna að leysa það með þeim hætti alls staðar þar sem því verður við komið. Ég vona að þetta mál fái góðan framgang og komist til framkvæmda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á jarðvegi við varnarsvæðin á Suðurnesjum, fyrri umr.

Þáltill. SJóh, 480. mál. — Þskj. 738.

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Till. sem ég flyt hér til þál. fjallar um rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við „varnarsvæðin" á Suðurnesjum. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við „varnarsvæðið" á Keflavíkurflugvelli í þeim tilgangi að leiða í ljós hvort þar hafi á liðnum árum farið niður eiturefni á þeim tíma sem þar hefur verið herstöð."

Svohljóðandi grg. fylgir þáltill.:

Á undanförnum árum hefur verið dregið fram í dagsljósið að fjölmörg mengunarslys hafa orðið í nágrenni herstöðva frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Það er nú ljóst að með ýmsu móti hafa farið niður í jarðveg efni eins og þotueldsneyti, afísingarefni, ýmiss konar hreinsiefni (t.d. hið baneitraða tríklóretylene TCE), úrgangsolíur, slökkviefni, rafgeymaleifar (blý og sýra), spennaolía sem stundum innihélt PCB, málningarleifar, málmhúðunarleifar og ýmislegt annað miður geðslegt.

Vitað er að hér áður fyrr höfðu menn einkum áhuga á því að nota efni sem voru umfram allt skjótvirk en voru sér ekki meðvitaðir um skaðsemi efnanna. Nú er því brýn nauðsyn á að safnað verði allri fáanlegri vitneskju um þá staði sem kunna að vera hættusvæði meðan enn eru á lífi menn sem hafa unnið við herstöðina frá upphafi og búa yfir vitneskju um hvar slík eiturefni hafa verið urðuð eða fóru niður fyrir slysni eða gáleysi. Í framhaldi af því verði svo kortlögð sú vitneskja sem fæst og nákvæm efnagreining gerð á þeim jarðvegi sem óttast er að sé mengaður.

Meðan niðurstaða slíkrar könnunar liggur ekki fyrir getum við aðeins borið aðstæður hér saman við þær sem nú eru þekktar frá öðrum herstöðvum þar sem slíkar rannsóknir hafa verið gerðar, t.d. í Vestur-Þýskalandi, á Guam og Filippseyjum, en þar hafa víða komið fram alvarleg mengunartilfelli og þurft hefur að leggja í mikinn kostnað við hreinsun jarðvegs.

Þess má geta að í sýnum, sem tekin hafa verið á Heiðarfjalli, þar sem var þó aðeins rekin ratsjárstöð í 15 ár, hefur greinst töluvert af baneitruðum þungmálmum, t.d. kadmíum, krómi, blýi og nikkel.

Árið 1989 lét bandarískí herinn gera mælingar á grunnvatnssýnum sem tekin voru úr borholum sem á meðfylgjandi fylgiskjölum eru merkt með svörtum punkti. Rannsóknin tók aðeins til tveggja hættulegra efna, þ.e. leysiefnanna TCE eða tríklóretylene og PCE eða perklóretylene. Rannsóknin leiddi í ljós að efnið tríklóretylene fannst þá á útbreiddu svæði við flugvöllinn og víða yfir hættumörkum, m.a. við þáverandi vatnsból Njarðvíkinga og hersins eins og marka má af meðfylgjandi korti. — Og ef þið lítið á þetta kort þá er ljósgráa svæði allt saman svæði sem er við hættumörk og þeim mun dekkri sem svæðin eru þarna á kortinu, þeim mun mengaðra er svæðið og það má glöggt sjá af þessu korti að ástandið þarna er óvanalega alvarlegt. — Þetta efni TCE er talið geta valdið ýmsum alvarlegum sjúkdómum, svo sem hjartagöllum, og vera krabbameinsvaldandi. Hitt efnið, sem rannsakað var, perklóretylene (PCE), sem er á seinna kortinu, er baneitrað og fannst einnig í nokkrum mæli í grunnvatnssýnum. Þetta efni er það hættulegt og eitrað að það er talið að við mælingar verði það að vera núll, en þarna mælist það alveg upp í 5 míkrógrömm á lítra. Efni sem þessi eyðast ekki. Það verður að hreinsa jarðveginn, annars breiðast þau sífellt meira út.

Nú er líklegt að umsvif „varnarliðsins" á Suðurnesjum fari minnkandi á næstu árum og þá verður að finna annars konar atvinnutækifæri fyrir þá Íslendinga sem nú hafa þar atvinnu sína. Talað hefur verið um að möguleikarnir liggi fyrst og fremst í matvælaframleiðslu, ýmiss konar heilbrigðisþjónustu sem yrði starfrækt í formi heilsuhælis í tengslum við Bláa lónið og aukinni ferðamannaþjónustu. Allir þessir möguleikar byggjast á hreinu umhverfi og því er afar brýnt að málið verði gjörkannað áður en lagt verður út í miklar fjárfestingar á svæðinu.

Það má ljóst vera að leiði niðurstaða jarðvegs- og grunnvatnsrannsókna í ljós að þar fyrirfinnist eiturefni í einhverjum mæli verður að gera þá kröfu að herinn hreinsi upp eftir sig áður en lengra er haldið. Og þessi krafa á í raun ekki aðeins við um Suðurnes, heldur og aðra þá staði á Íslandi þar sem herinn hefur haft umsvif. Það þarf ekki mikinn spámann til að sjá fyrir hver yrðu örlög þeirra atvinnugreina sem helst hefur verið rætt um að byggja upp á Suðurnesjum og kynna sem heilsubætandi vegna hreinleika hinnar óspilltu íslensku náttúru ef í ljós kæmi að við flytum hér á eiturpolli.

Því telur flm. að af ofangreindum ástæðum og með vísan til almennra hollustu- og heilbrigðissjónarmiða sé brýnt að þegar í stað verði tekið á þessum málum.

Meðfylgjandi eru kort gerð á vegum Bandaríkjahers 1989.

Í framhaldi af þessu langar mig að segja ykkur frá óformlegri könnun sem var gerð árið 1973 á búsetu barna í Arizona sem fæddust með hjartagalla. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að um þriðjungur þessara barna komu frá litlu svæði í suðvesturhluta borgarinnar Tucson. Við nánari athugun 1981 kom í ljós að á þessu svæði var drykkjarvatn mengað eiturefnum og þar á meðal eiturefninu TCE. Þetta eiturefni, tríklóretylene, er lífrænt leysiefni sem getur haft alvarleg áhrif á miðtaugakerfi manna og truflað illa starfsemi hjarta og lifrar. Efnið getur borist í líkamann gegnum húðina auk hinnar hefðbundnu leiðar með mat og drykk. Rannsóknir hafa líka verið gerðar á efninu sem krabbasmeinshvata.

Á vegum barna- og hjartadeildar háskólasjúkrahússins í Tucson í Arizona var því gert faraldursfræðileg rannsókn á börnum með hjartagalla sem fæðst höfðu í Tucson-dal frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1987. Tekin voru viðtöl við foreldra 707 barna með meðfæddan hjartagalla. Í ljós kom að á meðal barna þeirra foreldra sem drukkið höfðu mengað vatn voru líkurnar þrefalt meiri á hjartagöllum en í börnum foreldra

sem bjuggu utan vatnsveitusvæðisins. Árið 1981 var hinum menguðu brunnum lokað og vatn tekið af öllu þessu vatnasvæði. Brá þá svo við að meðfæddum hjartagöllum í suðvestur Tucson-borg fækkaði til samræmis við meðaltalið í Tucson-dal.

Um þessa rannsókn er ritað í tímaritið Journal of the American College of Cardiology í júlí 1990, bls. 155–164.

Í St. Clara héraði í Kaliforníu var gerð önnur rannsókn 1980–1982 þar sem aukin tíðni andvana fæðinga var rakin til TCE-mengunar drykkjarvatns.

Til að klykkja út með í þessari óhugnanlegu upptalningu er þess að geta að of mikið nítrat í drykkjarvatni, sem er eitt af því góðgæti sem einmitt hafði fundist í drykkjarvatninu á Suðurnesjum, hefur mjög alvarleg áhrif á súrefnisflutningagetu blóðsins, „The Blue Baby Syndrome".

Á nýliðnu hausti var loks tekin í notkun ný vatnsveita fyrir Keflavíkursvæðið. Samkvæmt því sem hér liggur fyrir kortlagt hafa þá a.m.k. einhverjir ráðamenn vitað um alllangan tíma að drykkjarvatn þar um slóðir væri í meira lagi varasamt. Enginn mælti þó nein varnaðarorð.

Ég og kollegar mínir í kennarastétt á Suðurnesjum stóðum m.a. fyrir því fyrir nokkrum árum síðan að taka þátt í sérstakri áróðursherferð á vegum heilbrm. að hvetja börn til að drekka vatn og við hengdum plaköt upp á veggi og hvöttum mjög eindregið til aukinnar vatnsdrykkju. Ég veit að mengað neysluvatn hefur án efa verið drukkið um árabil á varnarsvæðinu án þess að menn gerðu sér grein fyrir því.

Ég vil að lokum upplýsa að á undanförnum fimm árum hefur orðið vart við óeðlilega tíðni fæðingargalla hjá fyrirburum á Sjúkrahúsi Keflavíkur. Nefnist hann „Potter's Syndrome" og lýsir sér í nýrnaleysi barnanna og leiðir þar af leiðandi alltaf til dauða. Staðfest munu vera sjö tilfelli á tímabilinu. Ég hringdi í landlækni og hann staðfesti þetta og sagði að þetta væri mjög furðulegt, vægast sagt, því þessi sjúkdómur væri svo fáheyrður að hann ætti varla að geta komið fyrir hér á landi. Ég get auðvitað ekki fullyrt að um bein tengsl sé að ræða, en tel að faraldursfræðileg athugun sé nauðsynleg svo og athugun á tíðni annarra hugsanlegra mengunarsjúkdóma á Keflavíkursvæðinu.

Það er að vísu nöturlegt að nota fólk sem mælitæki en hins vegar er rétt að menn viti á hverju þeir geta átt von ef um mengun drykkjarvatns hefur verið að ræða. Það hlýtur að vera krafa okkar sem eigum hús okkar á þessu svæði og ölum upp börnin okkar að íslensk stjórnvöld taki myndarlega á þessu máli.

Að lokum mælist ég til þess að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn. og vona að hún muni vinna að því í nánu samráði við umhvn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli hér og er þeirrar skoðunar að það sé löngu tímabært að hulunni sé svipt af því málefni sem hér er til umfjöllunar. Það er reyndar nokkur skaði að hæstv. umhvrh. og hæstv. utanrrh. og jafnvel hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera viðstaddir umræðuna en við skulum ætla að skilaboðin komist til þeirra. Ég held að það sé enginn vafi á því að sá leyndarhjúpur, sem sveipaður hefur verið tilvist hersins hér í landinu, allt frá komu hans og fram á síðustu daga, hefur ekki síst átt við um þessi mál sem hér er hreyft við. Staðreyndin er sú að þeir sem fylgst hafa með umræðum á undanförnum árum um viðskilnað eða áhrif af rekstri herstöðva á umhverfi erlendis hljóta að spyrja sig að því furðu lostnir hvernig standi á því að jafnlítið hefur verið um þessa hlið málanna fjallað hér uppi á Íslandi og raun ber vitni.

Ég tel reyndar að það liggi fyrir vísbendingar um það, og meira en vísbendingar, sannanir þess að frammistaða íslenskra stjórnvalda í þessum efnum sé svo bágborin, svo langt fyrir neðan allar hellur í raun og veru, að það eitt og sér kalli jafnvel á sérstaka rannsókn, hvernig íslensk stjórnvöld hafa í raun og veru — að mínu mati og margra fleiri sem um þetta hafa eitthvað hugsað — gjörsamlega brugðist hlutverki sínu, því hlutverki að gæta hagsmuna íslenskra ríkisborgara og vernda lífríki og náttúru og heilsufar á Íslandi. En þess í stað birtist málafylgja yfirvalda á þessu sviði oft og tíðum fyrst og fremst í því að verja það sem að veru hersins snýr og frammistöðu hans eða framgangi hér í landinu í stað þess að gæta, eins og eðlilegt væri að sjálfsögðu, íslenskra hagsmuna á þessu sviði.

Þar ber að vísu að hafa í huga þá sérkennilegu tilhögun í stjórnkerfinu að utanrrn. og varnarmáladeild þess fer með alræðisvald á öllum málasviðum að heita má þegar þau landsvæði sem tekin hafa verið frá undir hernaðarumsvif eiga í hlut. Þannig er utanrrh. á margan hátt allt í senn, heilbrrh., póst- og símamálaráðherra, umhvrh. o.s.frv. þegar komið er inn fyrir varnarsvæðin.

Mér eru betur kunn dæmi sem lúta að öðrum svæðum á landinu heldur en Suðurnesjum, þar sem íslensk yfirvöld hafa lent í því að þurfa að eiga nokkur samskipti við herinn og/eða utanrrn. og varnarmálaskrifstofu þess fyrir þess hönd vegna áhrifa sem hersetan hefur haft á umhverfi og eru það ófögur dæmi.

Ég gæti tekið þar bæði samskipti landeigenda á Langanesi vegna eftirstöðva af veru bandarískra hersins á Heiðarfjalli en þar virðast þau furðulegu tíðindi hafa gerst í kjölfar þess að herinn yfirgaf staðinn að íslensk stjórnvöld, eða varnarmálaskrifstofa utanrrn., sem þá hefur trúlega heitið varnarmáladeild, hafi í raun og veru tekið að sér og hvítþvegið með sérstökum samningi herinn af allri ábyrgð á gerðum sínum þar á svæðinu. Væri ástæða til að sá samningur væri dreginn fram í dagsljósið og réttarstaða hans til að mynda könnuð og í hvaða umboði utanrrn. á sínum tíma tók að sér eða fyrir á íslenska ríkið þá alla ábyrgð á þeim spellvirkjum á umhverfinu sem herinn kann að hafa valdið með veru sinni þar og virðist því miður hafa valdið.

Annað dæmi frá svipuðum slóðum eru samskipti heilbrigðisyfirvalda í Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu við utanrrn. vegna byggingar ratsjárstöðvar á Gunnólfsvíkurfjalli. Í ljós kom að allar regl-

ur voru þverbrotnar á byggingarstigi hinnar nýju ratsjárstöðvar, olíuvörur fluttar upp á fjallið án þess að tilskilinn búnaður væri fyrir hendi til þess að geyma þar olíu og í raun flestar reglur brotnar sem skylt var þó samkvæmt lögum að hafa í heiðri og virtist það engu breyta þó að vatnsból byggðarlagsins væru rétt utan í fjalli því sem mannvirkið var að rísa á.

Viðbrögð varnarmálaskrifstofu og utanrrn. voru þau, þegar heilbrigðisfulltrúi á þessu svæði reyndi að leita réttar heimamanna, að daufheyrast lengi vel við öllum erindum, svara ekki bréfum og standa í stífri hagsmunagæslu og vörslu fyrir herinn í stað þess sem eðlilegra hefði verið að veita liðsinni í því að gæta réttar og sækja hagsmuni íslenskra ríkisborgara gegn þessum erlenda aðila.

Þannig hafa því miður dæmin verið heldur dapurleg sem ég hef komist yfir og haft kynni af í þessu sambandi og verð ég því að segja að fátt kemur mér á óvart í sambandi við þetta mál sem hér hefur verið hreyft við með þáltill. og upplýst er um í grg. Ég fagna því þess vegna að hulunni skuli að nokkru leyti svipt af þessu máli með tillögu þessari og þeim gögnum sem henni fylgja sem satt best að segja draga hér upp afar alvarlega mynd af ástandi mála á Suðurnesjum.

Mér er ómögulegt að trúa öðru en því að eftir að þessar upplýsingar hafa verið dregnar fram í dagsljósið hljóti það að leiða til þess að þetta mál komist á dagskrá og tekið verði á því. Ég teldi það vítavert ábyrgðarleysi og kæruleysi af íslenskum yfirvöldum ef svo yrði ekki gert.

Það er rétt að minna á það aftur og hafa það í huga að sporin erlendis frá hræða mjög í þessum efnum. Það er ljóst, og minnt er á það í grg. með till., að margs konar efnanotkun er mjög algengur fylgifiskur hersetu og hefur reynslan því miður orðið sú víðast hvar erlendis frá þar sem áhrif af herstöðvarekstri hafa verið könnuð á umhverfið að þau eru mjög slæm. Það er enda orðið mjög útbreitt og víðtækt að erlendir herir standi straum af kostnaði við að hreinsa upp landsvæði sem þeir hafa haft til afnota og má heita íþrótt orðin í efnaiðnaði og meðal lögfræðinga í Bandaríkjunum að útbúa og sækja slík mál og stórum fjárhæðum nú varið á fjárlögum bandaríska hersins til að mynda á hverju ári til þess að kosta slíka hreinsun. Þess vegna er að sjálfsögðu ekkert annað á dagskrá en að sækja rétt okkar Íslendinga í þessum hliðstæðu tilvikum.

Ég vona, herra forseti, að þessi tillaga verði liður í því, og treysti því reyndar að málið verði ekki látið sofna út af eftir að á því hefur verið tekið með þessum hætti og vona svo sannarlega að hv. utanrmn. og eftir atvikum umhvn., sem eðlilegt væri að fengi þetta mál jafnframt til umfjöllunar, sjái sóma sinn í því að ganga frá því með hvaða hætti tekið verði á þessu máli áður en Alþingi lýkur störfum á þessu vori.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til að lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. Ég tel að þarna sé hreyft mjög þörfu máli og eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. er það víðar á landinu sem væri þörf á að rannsaka slíka hluti. Og af því að hann gat hér um það sem hann þekkti til á Norðurl. e. þá get ég ekki stillt mig um að geta þess að ég þekki svipuð dæmi frá Vestfjörðum, bæði frá Ísafjarðardjúpi, fjöllunum í kringum Aðalvík, Straumnesi og Rit. Reyndar var í sumar tekið til við að hreinsa á vegum utanrrn. á Straumnesfjalli. Við sem höfum ferðast um þetta svæði undanfarin ár höfum oft og tíðum orðið vör við mjög mikla mengun sem við höfum að vísu ekki haft nein vísindaleg gögn fyrir að væri meira en á yfirborðinu en sjálfsagt hefur hún verið miklu meira en það. Fyrir svo utan það sem það skemmir í náttúrunni að horfa á allt þetta drasl liggjandi úti á víðavangi og upp um fjöll og firnindi þá er það að sjálfsögðu mjög hættulegt þegar öll þessi hættulegu efni geta verið til staðar líka. Nýjasta dæmið sem við höfum fyrir okkur er ratsjárstöðin á Bolafjalli við Bolungarvík þar sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur átt í erfiðleikum og staðið í þrasi við þau yfirvöld sem þar standa fyrir verki um að ekki mengaðist neysluvatn þeirra og er ekki útséð um hvernig það mál muni fara.

Þetta er því víða vandamál þar sem herinn hefur komið að málum og ég held að þessi till. um að rannsaka jarðveg og grunnvatn á Suðurnesjum væri e.t.v. byrjunin á því sem þyrfti að gera víðar á landinu. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við till. og þakka flm. fyrir að hafa komið fram með hana.

Bryndís Friðgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að standa hér upp og þakka flm. þessarar tillögu fyrir að reifa þetta mál, þakka henni fyrir — ég veit ekki hvað ég á að segja — þessa óhuggulegu þáltill. Mér finnst svo alvarlegt að heyra hana segja að því sé haldið fram að þarna fæðist börn með fæðingargalla sem leiði þau til dauða og ekkert sé að gert. Ég held að við ættum skilyrðislaust að heimta að þarna fari fram skipulegar rannsóknir á þessum málum. Þetta getur ekki verið eitthvert leyndarmál einhverra þeirra sem styðja herinn. Þetta getur ekki verið pólitískt mál einu sinni, að leyndarhjúpur skuli vera yfir þessu máli. Ég skil ekki hvernig í ósköpunum þetta getur orðið pólitískt. Ef þarna færu fram rannsóknir og herinn væri látinn hreinsa upp eftir sig þessi eiturefni, þá held ég að það ætti ekkert að styggja herinn neitt. Að hafa þennan leyndarhjúp yfir þessu er ekki aðferð sem notuð er til að halda fast í her hér á landinu. Það eru allt aðrar aðferðir sem eru notaðar til þess.

Ég ætla að vona að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér í þinginu eins alvarlegt og það er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

122. FUNDUR

fimmtudaginn 9. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Framkvæmd búvörusamnings, ein umr.

Fsp. RA, 477. mál. — Þskj. 735.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því í búvörusamningi að niðurfærsla fullvirðisréttar í sauðfjárrækt fari fram í tveimur áföngum, þ.e. haustin 1991 og 1992. Á sl. hausti fór niðurfærsla fullvirðisréttar fyrst og fremst fram með frjálsri sölu til ríkisins en flöt skerðing fullvirðisréttar varð hlutfallslega lítil, sums staðar aðeins fáein prósent og þaðan af minna, jafnvel sums staðar ekki nein flöt skerðing. Nú er hins vegar talið að flöt skerðing fullvirðisréttar geti orðið talsvert miklu meiri og menn hafa verið að nefna tölur upp í 12–15%. Þarf ekki að hafa mörg orð um að það er að sjálfsögðu mjög kvíðvænlegt ef svo fer því að flöt skerðing fullvirðisréttar er mjög óhagkvæm leið til minnkunar fjárstofnsins og mjög sársaukafull leið fyrir bændastéttina.

Til þess að draga úr flatri skerðingu haustið 1992, eins og kostur er, var ákveðið í búvörusamningi að ríkissjóður hefði heimild til að kaupa 20% af fullvirðisrétti í hverri sölu á tímabilinu frá 1. sept. 1991 til 31. ágúst 1992. Það hlutfall gæti verið lægra eða ekkert á ákveðnum svæðum sem byggja afkomu sína nær eingöngu á sauðfjárrækt, en sem sagt, heimild til að kaupa 20% af fullvirðisrétti af hverri sölu. Ég hef sterkan grun um að ráðuneytið hafi ekki nýtt sér þessa heimild ýkja mikið og er það miður. 20% kaup ríkisins í þessum viðskiptum hefðu hugsanlega dregið verulega úr því höggi sem yfir vofir á komandi hausti. Einmitt þess vegna var þetta heimildarákvæði sett í búvörusamninginn. En þetta verður að sjálfsögðu best metið þegar hæstv. ráðherra hefur svarað eftirfarandi fyrirspurnum:

„1. Hversu mikinn framleiðslurétt hefur ríkisstjórnin keypt af bændum síðan 1. sept. sl.?

2. Hversu mikil eru viðskipti milli bænda með fullvirðisrétt orðin síðan þau voru leyfð og hvað veldur því að ríkið hefur ekki nema að litlu leyti nýtt sér rétt sinn til að ganga inn í viðskiptin og kaupa fimmtung réttarins til að draga úr þörf á flatri skerðingu næsta haust?

3. Hversu mikil verður seinni niðurfærsla fullvirðisréttarins á komandi hausti eins og nú horfir og hefur ríkisstjórnin í huga einhverjar ráðstafanir til að draga úr eða auðvelda niðurfærslu?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Við fyrstu spurningunni: „Hversu mikinn framleiðslurétt hefur ríkisvaldið keypt af bændum síðan 1. sept. sl.?" er þetta að segja: Síðasta sumar keypti ríkisvaldið fullvirðisrétt af sauðfjárbændum sem nam alls um 1.730 tonnum eða liðlega 95 þús. ærgildum, nákvæmlega 95.111 ærgildum. Þetta er 14,7% af öllum fullvirðisrétti til sauðfjárframleiðslu sem skráður var 31. ágúst sl. Síðan 1. sept. sl. hafa aðeins þrír bændur selt ríkissjóði fullvirðisrétt, samtals 74,3 ærgildi virk og 28,5 ærgildi af óvirkum fullvirðisrétti.

Önnur spurning: „Hversu mikil eru viðskipti milli bænda með fullvirðisrétt orðin síðan þau voru leyfð og hvað veldur því að ríkið hefur ekki nema að litlu leyti nýtt sér rétt sinn til að ganga inn í viðskiptin og kaupa fimmtung réttarins til að draga úr þörf á flatri skerðingu næsta haust?" Við þessu er þetta svar: Síðan viðskipti með fullvirðisrétt voru heimiluð hafa 105 aðilar selt rétt en kaupendur eru talsvert fleiri. Salan nemur alls 6.948 ærgildum eða um 126 tonnum. Sumt af þessum selda rétti hefur verið nýtt af kaupendum samkvæmt leigusamningum síðustu 4–5 ár.

Hvað varðar rétt ríkisins til að ganga inn í viðskiptin og kaupa 20% af hverri sölu er það að segja að ákveðið var að neyta ekki þessa réttar þegar um væri að ræða sölu til hreinna sauðfjárbúa, þ.e. búa með a.m.k. 80% fullvirðisréttar síns í sauðfé. Þessi ákvörðun var tekin að höfðu samráði við bændasamtökin og í fullri sátt. Rökin eru þau að þeir sem búa eingöngu við sauðfé verða fyrir hlutfallslega mun meiri skerðingu en hinir sem búa blönduðu búi eða nær eingöngu við kýr. Þess vegna þótti sanngjarnt að setja reglur sem stuðluðu heldur að því að laus réttur færðist aftur til sauðfjárbænda.

Spurt er: „Hversu mikil verður seinni niðurfærsla fullvirðisréttarins á komandi hausti eins og nú horfir og hefur ríkisstjórnin í huga einhverjar ráðstafanir til að draga úr eða auðvelda niðurfærslu?" Því er til að svara að fullvirðisréttur til sauðfjárframleiðslu er nú alls um 10 þúsund tonn og þar af eru 515 tonn í leigu hjá Framleiðnisjóði. Niðurfærsla næsta haust veltur annars vegar á því hvort eitthvað verður um frjálsa sölu, en á því virðast litlar líkur, og hins vegar á þróun kindakjötsmarkaðarins næstu mánuði. Eins og staðan blasir við í dag eru horfur á að flöt skerðing næsta haust þurfi að vera 15–17%. Það er alveg ljóst að gangi þetta eftir er mjög alvarlegt ástand fram undan í sauðfjárbúskap. Ég hef þegar átt viðræður við forustumenn Stéttarsambands bænda um þessar horfur og mun eiga með þeim fund í næstu viku til að fara yfir stöðuna og meta hvaða möguleikar séu helstir til að milda þau áhrif sem samdráttur framleiðslunnar hlýtur óhjákvæmilega að hafa. Ákvörðun um ráðstafanir sem hv. þm. spyr um liggur ekki fyrir á þessari stundu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa svo sem vænta mátti komið fram gagnlegar upplýsingar um stöðu sauðfjárræktarinnar í landinu og hver alvara þar er á ferðum. Það hefur ýmsum mönnum reyndar verið ljóst og m.a. af þeirri ástæðu hefur landbn. Alþingis fjallað nokkuð um þessi mál og á fundum sínum hefur hún gengið frá tveimur bréfum til að fá málið í betri umræðu. Annars vegar hefur verið leitað til Ríkisendurskoðunar með

ósk um að gerð verði úttekt á kostnaði við slátrun og sölu á kindakjöti sem er og hefur verið óeðlilega hár og stuðlað að því að dregið hefur úr neyslu. Frá hinu bréfinu hefur svo verið gengið nýlega. Það er til hæstv. landbrh. um að gerð verði úttekt á stöðu sauðfjárræktarinnar í landinu og þeim afleiðingum sem kunna að verða vegna þess niðurskurðar sem fyrirsjáanlegur er ef ekkert verður að gert.

Þetta þótti mér vert að kæmi hér fram, virðulegi forseti, og þakka ég fyrir að hafa fengið að mæla þessi orð.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Þau staðfesta í meginatriðum það sem kemur fram í fsp. Ráðuneytið ákvað að neyta ekki þess réttar sem búvörusamningurinn veitti því og því hefur sáralítið verið keypt, þ.e. aðeins í þremur tilvikum. Það kunna að vera nokkur rök fyrir þeirri ákvörðun sem ráðuneytið tók en þó hygg ég að þyngri rök hefðu verið fyrir því að fara hina leiðna, þ.e. að neyta þess réttar sem búvörusamningurinn veitti. Ég hygg að ef ráðuneytið hefði neytt þessa réttar hefðu bændur í mörgum tilvikum selt ráðuneytinu allan sinn rétt og það hefði getað munað um það. En ráðherrann staðfesti sem sagt að við blasir mjög alvarlegt ástand. Hann taldi jafnvel hina flötu skerðingu vera talsvert miklu meiri en ég gaf í skyn áðan. Ég nefndi 12–15% en hann nefndi töluna 15–17% sem er að sjálfsögðu mjög skuggalegt útlit. Ég get ekki á þessu stigi málsins gert neitt annað en að hvetja ráðuneytið mjög eindregið til þess að gera allt sem í þess vald stendur til að milda áhrif af þeirri miklu skerðingu sem fram undan er.

Að öðru leyti þakka ég fyrir.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Á þessum stutta tíma er ekki hægt að fara mörgum orðum um þetta mikla vandamál en ég vil aðeins undirstrika það sem kom fram hjá hæstv. landbrh. að þetta mál þarf að taka föstum tökum og leita allra leiða til að hægt sé að draga eitthvað úr því sem allt stefnir nú að. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur ásamt Stéttarsambandi bænda átt viðræður við landbrh. og starfsmenn hans og lagt áherslu á að nú þegar verði reynt að gera sér grein fyrir því hvernig horfurnar eru í reynd og út frá því að vinna sig eitthvað út úr vandanum. Hér er ekki aðeins um gífurlegt áfall fyrir bændur og landbúnaðinn að ræða heldur þjóðfélagið allt ef svo fer fram sem kom fram í tölum hæstv. ráðherra.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og enn fremur hæstv. landbrh. fyrir hans skýru svör. Út af fyrir sig koma þessar tölur, sem hæstv. ráðherra rakti, ekki svo mjög á óvart í ljósi þess búvörusamnings sem gerður var og við erum öll kunnug. Hann fól í sér aðlögun á nokkrum tíma að innanlandsneyslunni á kindakjöti og það gaf auga leið að það mundi leiða til verulegs samdráttar í sauðfjárræktinni.

Ég vil hins vegar leyfa mér að hvetja hæstv. landbrh. til að leita allra leiða til þess að milda þau alvarlegu áhrif sem örugglega fylgja í kjölfarið á hverju því sem gert verður til að aðlaga þessa framleiðslu að innanlandsneyslunni. Hvaða leið sem við förum þá verða áhrifin mjög alvarleg eins og fram kom í mati Byggðastofnunar á áhrifum búvörusamningsins á byggðirnar í landinu. Það er ljóst að áhrifin verða mjög alvarleg og ég hygg að það þurfi að grípa til mikilla ráðstafana til þess að milda þessi áhrif.

Ég tel að þessar tölur sem hæstv. ráðherra nefndi séu skilaboð til þeirra sem sífellt klifa á því að landbúnaðurinn geri ekkert í sínum málum til að aðlaga sig innanlandsframleiðslunni. Þetta eru ströng skilaboð til þeirra, sem sífellt klifa á þessum áróðri, um að þeir hafi rangt fyrir sér.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á í þessu sambandi að forsendur sem menn gáfu sér við gerð búvörusamningsins hafa brostið að hluta. Það liggur nú fyrir að nánast allir sem hafa rétt ætla að nýta sér hann til framleiðslu sauðfjár. Það koma allir inn sem voru með lausa samninga vegna riðuniðurskurðar eða leigu til Framleiðnisjóðs. Það er að hluta til afleiðing af slæmu atvinnuástandi. Það er einfaldlega ekki að neinu öðru að hverfa og af hálfu stjórnvalda er ekki ýtt að nokkru leyti undir bjartsýni til átaka á öðru sviði. Þess vegna verður, ef svo fer fram sem horfir, afleiðingin annað tveggja nema hvort tveggja sé: Stóraukið, dulið atvinnuleysi í sveitum eða hitt að flutningur fólks úr sveitum í þéttbýli mun enn aukast. Þess vegna tek ég undir það að hér er aðgerða þörf.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Fáir hafa borið jafnmikið lof á þann búvörusamning sem hér er spurt um framkvæmd á og hv. þm. Ragnar Arnalds. Auðheyrt var að honum fannst ekki nægilega skarplega fram gengið af hálfu hæstv. ráðherra við að framfylgja þeim ákvæðum samningsins sem verða til þess að draga úr sauðfjárframleiðslu í landinu og hefði viljað láta ganga skarplegar fram á síðasta ári í því efni.

Ég vil aðeins segja það að hér er um gífurlegt vandamál að ræða ef framfylgja á þessum ákvæðum samningsins og ég hvet hæstv. ráðherra eins og hér hefur komið fram hjá fleirum að athuga allar leiðir sem hægt er að fara í þessum efnum en þær verða fyrst og fremst að byggjast á því að greiða fyrir sölu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hér er sagt að við blasa erfiðar aðstæður í aðlögun sauðfjárframleiðslunnar að innanlandsmarkaði á komandi hausti. Þó er rétt að menn hafi það í huga að hér er á ferðinni seinni niðurfærsla fullvirðisréttarins að greiðslumarkinu sem

er ekki endilega það sama og samsvarandi samdráttur í frameiðslu. Ég hygg að það sé alveg ljóst að samdráttur í framleiðslu á milli ára þurfi ekki að vera af þeirri stærðargráðu sem hæstv. ráðherra nefndi og stafar af því að hluti réttarins er ekki virkur í framleiðslu á þessum árum. Ég verð að segja það í ljósi þess sem hér kom fram, sérstaklega með tilliti til þeirra samninga sem kunna að verða gerðir það sem eftir stendur ársins fram að 1. sept., að réttara hefði verið að beita 20% uppkaupareglu ríkisins af meiri þunga eða jafnvel að fullu með hliðsjón af þeim erfiðu aðstæðum sem fram undan eru á næsta hausti. Þó að þar dragi ekki mjög mikið um, þá hefði það þó munað einhverju. Það er auðvitað skammgóður vermir að sleppa því að nýta þann möguleika til að ná einhverjum framleiðslurétti úr umferð þegar fram undan blasir við flöt niðurfærsla réttarins á komandi hausti sem verður þeim mun meiri sem minna hefur náðst úr umferð í frjálsri sölu eða með uppkaupum ríkisins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst, út af ummælum hv. 4. þm. Norðurl. e. og 3. þm. Norðurl. v., taka fram að það má auðvitað færa skýr rök fyrir því að rétt hefði verið að láta eitt yfir alla ganga, bæði þá sem hafa sauðfjárrækt sem aukabúgrein og hina sem byggja lífsafkomu sína á sauðfjárræktinni. En þegar ákvörðun var tekin um að neyta ekki þess réttar að taka 20% af hverri sölu hjá þeim bændum sem byggðu afkomu sína a.m.k. að 80% á sauðfé var með því verið að reyna að styrkja sauðfjárbyggðirnar í landinu. Það er auðvitað markmið sem er umdeilanlegt og má færa fyrir því almenn rök að það valdi því að kvótinn lendi af þessum sökum í minna mæli en ella til hinna sem eru með blönduð bú. Ég skal ekki um það deila hvernig menn eiga að halda á því. En afskipti af þessu tagi eru auðvitað alltaf umdeilanleg. Við kusum að leggja áherslu á að reyna að styrkja stöðu sauðfjárbænda í þeim niðurskurði sem nú er óhjákvæmilegur.

Ég vil í annan stað til að koma í veg fyrir misskilning taka skýrt fram að við erum auðvitað að tala um það að framleiðslan dragist saman um 15–17% ef til flats niðurskurðar kemur hjá einstökum bændum. Það liggur alveg ljóst fyrir og þetta byggist á því, eins og hér kom fram, að hinn ónýtti réttur hefur vaknað til lífsins með ýmsum hætti og þetta byggist líka á því að ýmsir bændur sem eru að hugsa um hætta búskap kjósa að láta réttinn renna til sinnar sveitar frekar en að lenda í almennum uppkaupum ríkisins til að reyna að treysta byggðarlagið. Þessi hugsunarháttur er mjög ríkur hjá bændum og mjög skiljanlegur og auðvitað í anda og í ætt við þeirra atvinnugrein.

Eins og ég sagði áðan höfum við ákveðið, forustumenn Stéttarsambands bænda og landbrn., að eiga fundi þegar í næstu viku til þess að fara yfir stöðuna, meta hana og athuga hvaða leiðir hægt er að fara til að reyna að milda þessar aðgerðir sem eru óhjákvæmilegar. Það er búið að taka pólitíska ákvörðun um að kindakjötsframleiðsla miðist við innanlandsmarkað og það verður svo að vera meðan ekki finnst viðhlítandi markaður erlendis en þá er bændum líka frjálst að nota hann hvar sem hann finnst.

Lóranstöðin á Gufuskálum, ein umr.

Fsp. StB, 438. mál. — Þskj. 696.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 696 ber ég fram fsp. til hæstv. samgrh. um Lóranstöðina á Gufuskálum á Snæfellsnesi. Ástæður fyrir fsp. eru verulegar áhyggjur sem sjómenn hafa af því að stöðin verði lögð niður en Lóranstöðin á Gufuskálum hefur í langan tíma gegnt mjög mikilvægu hlutverki sem öryggisþjónusta auk þess sem sjómenn hafa nýtt sér lórankerfið til staðsetningar. Fiskimenn leggja mjög ríka áherslu á það að hafa slíkan búnað til þess að geta staðsett sín skip við landið.

Auk þess sem lórankerfið er mikilvægt öryggistæki er Lóranstöðin stór vinnustaður í Neshreppi utan Ennis. Þar vinnur allnokkur hópur manna auk þess sem þarna er um töluverð mannvirki að ræða sem ekki liggur fyrir hvað verður um þegar og ef stöðin verður lögð af í árslok 1994 eins og allt bendir til. Af þessum ástæðum hef ég lagt þessa fsp. fyrir hæstv. samgrh.:

„1. Er afráðið að leggja niður starfsemi Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum og hætta þjónustu við skip og báta?

2. Hefur verið tryggt að annað sambærilegt staðsetningarkerfi komi í stað lórankerfisins?

3. Hvernig verða mannvirki og byggingar Lóranstöðvarinnar nýttar ef starfsemi stöðvarinnar verður hætt?“

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er einhver misskilningur í sambandi við þetta mál. Það kom í ljós í gær að svarið var ekki tilbúið og ég hafði talið víst að þær upplýsingar hefðu borist forseta og biðst afsökunar á að svo skuli ekki vera.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þær upplýsingar hafa greinilega ekki komist til skila en hæstv. samgrh. á næsta mál einnig og væntir forseti þess að svar sé tilbúið við þeirri fsp., það er þriðja dagskrármálið. (**Landbrh.:** Það er sama um það að segja.) Nú fór í verra, verður forseta að orði. En þá er ekki annað að gera en fresta svari við þessari fsp. og hefur hæstv. ráðherra beðið fyrirspyrjanda velvirðingar og forseti gerir það einnig því þessi skilaboð hafa ekki komist á leiðarenda og af sömu sökum verður ekki tekið fyrir þriðja dagskrármálið.

Umræðu frestað.

Myndbirtingar af börnum í dagblöðum, ein umr.

Fsp. ISG, 403. mál. — Þskj. 656.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. sú sem ég ber hér fram fjallar um myndbirtingar af börnum í dagblöðum og ég ber hana undir menntmrh. þar sem hann fer með yfirstjórn barnaverndarmála. Það þarf ekki að segja alþingismönnum það að fjölmiðlar á Íslandi njóta mikils frelsis og eru mjög litlar takmarkanir settar af lögum. Til marks um það má kannski nefna að hugtakið „fjölmiðill" finnst ekki í atriðisorðaskrá íslenska lagasafnsins né heldur hugtakið „dagblað". Þetta er að vissu leyti mikill kostur og sýnir að okkur er annt um frelsið og við viljum að prentmiðlar njóti sem mests frelsis.

Þó að þetta sé ekki nefnt í lögum, þá eru þess þó engu að síður dæmi að dagblöð og ritstjórar hafi verið dæmd og líklega hefur það eingöngu verið fyrir meiðyrði í garð einstaklinga. Það má kannski segja í sambandi við þessa dóma, þ.e. að það skuli eingöngu hafa verið dæmt fyrir meiðyrði í garð einstaklinga, að þeir séu til marks um að hið ritaða orð vegur mjög þungt hjá okkur Íslendingum.

En myndbirting getur líka verið meiðandi ekki síður en hið talaða eða ritaða orð. Um það hafa menn verið nokkuð sammála og þess vegna hefur það almennt ekki tíðkast að myndir séu birtar í dagblöðum af fólki sem ratað hefur í einhverja ógæfu þó að frá því séu því miður dapurlegar undantekningar.

Að undanförnu hafa einstakir fjölmiðlar verið heldur óvarkárir í meðferð sorglegra mála þar sem börn koma við sögu. Finnst mér sem börnum hafi oft og tíðum ekki verið sýnd nægilega mikil nærgætni í þessum málum. Þessir fjölmiðlar hafa haft það sér til afsökunar eða útskýringar að þeir séu með þessum hætti að veita yfirvöldum barnaverndarmála á Íslandi aðhald og það sé í verkahring þeirra og þeirra skylda. En þá hlýt ég að spyrja hvað blað hafi sér til afsökunar sem birtir þriggja dálka útsíðumynd af 9 ára gömlum dreng sem verður fyrir því óláni að stinga jafnaldra sinn með hnífi. Hverjum er verið að veita aðhald með slíkri myndbirtingu? Af hverju fara blöð svona með frelsi sitt og tilfinningar annarra? Ef fólk hér inni veit ekki um hvað ég er að tala, þá er það mynd sem birtist í DV þriðjudaginn 24. mars á baksíðu af þessum litla dreng sem hefur brugðið þar hjólabretti fyrir andlit sér en hann varð fyrir því óláni, 9 ára gamall, að stinga jafnaldra sinn með hnífi. Eins og þið sjáið hefur drengurinn brugðið hjólabretti fyrir andlitið og reyndar gaf DV þá skýringu nýverið í frétt að þar með sé ljóst að andlit barnsins sjáist ekki. En maður getur rétt ímyndað sér hvernig þessu barni líður við þær aðstæður sem þarna eiga sér stað. Lögreglan er komin í fullum skrúða til að taka hann og ljósmyndari er mættur á staðinn til að mynda hann eins og hvern annan stórglæpamann. Hvernig líður þessu barni þegar það sér myndina af sér í blöðunum? Barninu er væntanlega alveg sama hvort það er andlitið sem sést eða ekki. Þetta er hann sem er þarna á útsíðu blaðsins og birt mynd af eins og glæpamanni. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh. þeirrar fsp. sem birtist á þskj. 656, Ég sé að ég hef ekki tíma til að lesa hana enda hafa þingmenn fsp. fyrir framan sig og því ætti að vera óþarfi að lesa hana upp.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Telur menntmrh., sem fer með yfirstjórn barnaverndarmála, að birting myndar af barni, sem ratað hefur í mikla ógæfu, eins og átti sér stað í DV þriðjudaginn 24. mars sl., sé á einhvern máta í andstöðu við lög um vernd barna og ungmenna eða önnur gildandi lög?"

Ég svara því með þessum hætti: Ég mun ekki á þessum vettvangi gerast dómari um sekt eða sakleysi ritstjórnar þessa dagblaðs vegna þeirrar myndbirtingar sem hér er til umfjöllunar. Ég get þó sagt það sem mitt mat að myndbirting af þessu tagi er ámælisverð. Vil ég í því sambandi benda á ákvæði 4. gr. núgildandi laga um vernd barna og ungmenna sem kveður á um að þeim sem fjalla um mál barna og ungmenna beri að sýna þeim alla nærgætni. Þá bendi ég enn fremur á ákvæði í siðareglum blaðamanna sem hljóðar svo orðrétt:

„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og samsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt sem getur valdið saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu."

Ég tel ekki að þessara mikilvægu meginsjónarmiða hafi verið gætt við umfjöllun DV um þá ógæfu sem þar er fjallað um.

Annar liður fsp. er svohljóðandi: „Ef svo er, hvað hyggst ráðherra gera til að koma í veg fyrir að slík myndbirting, eða jafngildi hennar í ljósvakafjölmiðlum, endurtaki sig?"

Ég tel að öll bein afskipti stjórnvalda sem miða að því að hefta umfjöllun fjölmiðla um tiltekin mál séu óskynsamleg og kunni jafnvel að vera í beinni andstöðu við ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi. Engu að síður verða fjölmiðlar að starfa innan ákveðins almenns ramma og sýna af sér þá ábyrgð sem krafist er af þeim. Hér nefni ég refsilöggjöfina, jafnréttislöggjöfina og einnig barnaverndarlöggjöfina og vísa aftur til þeirra ákvæða sem ég vék að í upphafi.

Ég get ekki neitað því að umfjöllun fjölmiðla að undanförnu um barnaverndarmál hefur verið afar neikvæð, borið vott um takmarkaðan skilning á aðstæðum barna og til þess fallin að grafa undan því starfi sem opinberir aðilar sinna til verndar börnum og ungmennum. Barnaverndarráð sá ástæðu til þess að kæra tiltekna fjölmiðla fyrir umfjöllun um barnaverndarmál fyrir skömmu og tel ég að sú kæra hafi verið eðlileg. Ég hef hugleitt hvernig rétt sé að bregðast við þeirri tilhneigingu fjölmiðla að gera barnaverndarmál og starf barnaverndaryfirvalda tortryggilegt. Ég mun boða ritstjóra og útvarpsstjóra á minn fund til að ræða þessi mál á næstunni.

Þriðji liður fsp. er svohljóðandi: „Hyggst ráðherra

beita sér fyrir því að skyldur samfélagsins alls, bæði einstaklinga þess og stofnana gagnvart börnum, verði gerðar skýrari og afdráttarlausari í lögum en nú er?"

Ég hef lagt fram nýtt frv. til laga um vernd barna og ungmenna sem miðar sérstaklega að því að auka réttarvernd barna og gera skyldur samfélagsins gagnvart börnum og ungmennum afdráttarlausari en nú er.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og jafnframt hæstv. ráðherra fyrir svörin og lýsa ánægju minni með viðbrögð þau sem hann boðaði vegna þessa máls. Þetta minnir okkur á að það er langt frá því að vera búið svo að börnum og málefnum þeirra í okkar löggjöf og stjórnkerfi sem vera skyldi. Þessar umræður ættu m.a. að hvetja okkur til að gera þar bragarbót á. Þá á ég m.a. við afgreiðslu frumvarpa sem liggja hér fyrir þessu þingi um málefni barna, annars vegar tillaga um umboðsmann barna og hins vegar barnaverndarlög.

Enn fremur er það svo að á einu sviði enn tel ég að gera hefði þurft fyrir löngu bragarbót. Það er varðandi veika réttarstöðu barna og varðar m.a. samskipti við fjölmiðla. Þar á ég við að vernda börn fyrir innrætandi auglýsingum. Það er eiginlega til skammar að ekki skuli hafa tekist þrátt fyrir tilraunir um 6–8 ára skeið að koma neinum ákvæðum að gagni inn í íslenska löggjöf á þessu sviði. Allmörg ár eru síðan ég hreyfði því máli fyrst á Alþingi með tillöguflutningi og enn sem komið er því miður hafa ekki komist inn í íslensk lög ákvæði sem tryggja réttarstöðu barna fyrir áhrifum af því tagi sem hér um ræðir.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf og þau ágætu viðbrögð sem hann sýndi við fsp. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra um að það sé óskynsamlegt að hefta frelsi fjölmiðla og m.a. rakti ég það í mínum inngangi að það hefðu Íslendingar ekki gert og þess vegna væru engin ákvæði um fjölmiðla í íslenskum lögum. Hins vegar verður maður að segja að fyrst fólk er sammála um þetta, þá er það enn þá sárgrætilegra að fjölmiðlar skuli ekki fara betur með frelsi sitt en raun ber vitni í þessum málum.

Ráðherra vitnaði til jafnréttislaga og hegningarlaga og að þar væru m.a. ákvæði. Ég kann þau ekki en mig minnir að þau séu eitthvað á þá leið að ekki megi sýna fólki lítilsvirðingu, t.d. konum í auglýsingum eða í myndbirtingu. Mér finnst það álitamál hvort ekki ætti að vera eitthvert sambærilegt ákvæði í lögum varðandi börn. Og ég gerði það að umtalsefni þegar við ræddum lögin um vernd barna og ungmenna hvort þar inn í vantaði ekki eitthvert almennt ákvæði um skyldur okkar allra sem einstaklinga, þó að við séum ekki forsjáraðilar barna, gagnvart börnum, skyldur samfélagsins alls og skyldur stofnana samfélagsins gagnvart börnum. Ég vil beina þeim tilmælum til þeirra sem sitja með mér í félmn. Alþingis að við skoðum það hvort með einhverjum hætti sé hægt að koma því inn í lög um vernd barna og ungmenna því að mér sýnist að full þörf sé á því að gera eitthvað slíkt.

Þá vil ég bara vonast til þess að umræða eins og sú sem hér hefur átt sér stað í dag verði til þess að fjölmiðlar, sem ástunda slíkar myndbirtingar eða jafngildi þeirra, hugsi sinn gang og átti sig á því að fólki í samfélaginu er ekki sama um svona hluti.

Stofnun sjávarútvegsskóla, ein umr.

Fsp. FI, 414. mál. — Þskj. 671.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 671 er fsp. til menntmrh. um stofnun sjávarútvegsskóla. Í skýrslu sem starfshópur eða nefnd á vegum menntmrh. skilaði af sér í mars á þessu ári um sameiningu og samstarf skóla er gert ráð fyrir slíkum skóla. Ein af þeim tillögum, sem nefndin leggur fyrir ráðherra um sameiningu og samstarf skóla, er sú að Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Vélskóli Íslands og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði verði sameinaðir í einn skóla, sjávarútvegsskóla.

Sagt er í þessu nefndaráliti að það sé í samræmi við tillögu nefndar sem starfaði fyrir nokkrum árum og gerði tillögur um þetta mál en tillögurnar komust þá ekki í framkvæmd. Það sem hér er verið að vitna í er nefndarálit frá því í október 1986 sem kom frá starfshópi er starfaði á vegum þáv. sjútvrh. og þáv. menntmrh. en gert var ráð fyrir í því nefndaráliti að stofnaður yrði sjávarútvegsskóli í Reykjavík sem tæki við hlutverki Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Það var gert ráð fyrir því einnig að þessi sjávarútvegskóli yrði sérskóli á framhaldsskólastigi líkt og þeir skólar sem nú eru starfandi í dag en hafa ekkert samstarf eða neina samvinnu eða a.m.k. litla samvinnu sín á milli. Í því áliti var gert ráð fyrir að sjávarútvegsskólinn fengi til umráða húsnæði það sem Stýrimannaskólinn er í og Vélskólinn sem er sama húsnæðið og hið nýja verknámshús sem Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði hefur til umráða og er nú fluttur í. Í álitinu var einnig gert ráð fyrir því að það yrði kannað mjög rækilega í sparnaðarskyni hvort ekki væri eðlilegt að þessi sjávarútvegsskóli starfaði allt árið um kring í þremur önnum, sumar, vetur, vor og haust.

Því miður þegar þessar niðurstöður lágu fyrir urðu hér stjórnarskipti og við tók nýr menntmrh. sem sýndi málinu ekki þann sama áhuga og fyrrv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, gerði. Því er nú svo komið að þetta hefur haldið áfram með óbreyttu sniði, skólarnir þrír starfa hver í sínu lagi og með mjög lítið eða ekkert samband sín á milli. Staðreyndin er sú að í þessum skólum er verið að kenna hálfsetnum bekkjum að mörgu leyti sömu námsgreinarnar með ærnum tilkostnaði, lélegri nýtingu kennsluhúsnæðis, lélegri nýtingu tækja og búnaðar sem í skólanum er. Það hefur verið kannað að mjög auðvelt er að koma öllum þessum þremur skólum fyrir í húsnæði því sem Stýri-

mannaskólinn og Vélskólinn hafa nú til umráða. Því spyr ég hæstv. menntmrh.: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Vélskóli Íslands, Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði verði sameinaðir í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi?“

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til þá skipuðu þáv. menntmrh. og sjútvrh. fjögurra manna starfshóp í janúar 1986 til að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Skilaði þessi hópur áliti í október það sama ár og eins og fyrirspyrjandi vitnaði líka til voru meginniðurstöðurnar þær að stofnaður skyldi sjávarútvegsskóli í Reykjavík sem tæki við hlutverkum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans. Gildandi lögum um sjávarúvegsfræðslu yrði breytt og sett rúm rammalöggjöf sem veitti svigrúm fyrir breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins.

Þessi sjávarútvegsskóli yrði sérskóli á framhaldsskólastigi og ætti að heyra undir menntmrn. Aðfararnám að skólanum og nám á einstökum brautum gæti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla. Stofnað skyldi sérstakt fræðsluráð sjávarútvegsins skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og ráðuneytis sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins. Þarna var líka talað um nýtingu á húsnæði Stýrimannaskólans og líka það að skólinn starfaði árið um kring.

Það varð ekki af því í framhaldi af þessari skýrslu að stofnaður yrði sjávarútvegsskóli og kom þar ýmislegt til. Það komu fram mjög mismunandi sjónarmið eftir því sem ég fæ upplýst og auk þess, eins og fyrirspyrjandi gat um, urðu stjórnarskipti þarna skömmu síðar.

Í nefndaráliti um hagræðingu í framhaldsskólum, sem skilað var til mín fyrir skömmu, er m.a. fjallað um verkaskiptingu á milli skóla, sameiningu og samstarf. Þar er einkum fjallað um samstarf varðandi innritun og námsframboð en einnig er nefndur sá kostur að sameina skóla og talið koma til greina að kanna sameiningu stýrimannaskólanna í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í einn sjávarútvegsskóla. Ég tel þess vegna rétt að taka þetta mál aftur til athugunar og vega og meta hvort þetta sé hyggilegt og hvort það hafi í för með sér hagræðingu og gæti stuðlað að bættri sjómannamenntun í landinu. Þessi skýrsla sem vitnað er til er nú til meðferðar í ráðuneytinu og verður fylgt eftir með beinum tillögum um ýmsa þá þætti sem nefndir eru í skýrslunni. Það er augljóst mál að við þurfum að skoða þetta mál í ljósi þess að ýmislegt hefur breyst frá því að starfshópurinn frá 1986 skilaði sinni skýrslu. Greinilegt er af þessari nýju skýrslu um hagræðingu í framhaldsskólakerfinu að þessar hugmyndir eru enn á kreiki og ég tel rétt að athuga þær nánar og að nýju.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. að um leið og þessi athugun á hagræðingu í framhaldsskólakerfinu fer fram verði alveg sérstaklega hugað að því sem mér finnst eðlilegt, að flytja starfsemi þessara skóla sem hér um ræðir, Véskóla Íslands, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, út á land. Hér er um að ræða skóla fyrir atvinnulíf landsbyggðarinnar og það er alveg ljóst að mikill meiri hluti nemenda, til að mynda í Fiskvinnsluskólanum, kemur af landsbyggðinni og öll rök mæla vitaskuld með því að skóli af þessu taginu sé staðsettur á landsbyggðinni þar sem hann á heima í nágrenni við atvinnulíf landsbyggðarinnar sem hann á að þjóna. Ég tel að þessir skólar staðsettir á höfuðborgarsvæðinu hafi verið börn síns tíma og núna þegar tilefni þykir til að endurskoða starfsemi skólanna, hvort sem það gerist með því að steypa þeim saman í einn eða með einhverjum öðrum hætti, þá standi full efni til þess að flytja þessa starfsemi út á land og koma henni fyrir þar sem hún á heima.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör og ég er honum þakklátur fyrir að hann skuli taka undir þær hugmyndir sem fram kom í skýrslunni frá 1986. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að margt hefur breyst frá því að skýrslan kom út á sínum tíma en ég held þó að breytingarnar séu þess eðlis að þær styðji enn frekar að komið sé á sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Það er ekki nóg að byggja bara upp háskólastigið og hugsa ekki um grunnmenntunina. Ég held að það sé málinu ekki til framdráttar ef menn byrja á því að karpa um það hvar slíkur skóli skuli vera staðsettur. Auðvitað kemur að mínu viti allt til greina í þeim efnum. Hins vegar held ég að með því fyrirkomulagi, sem er á þessari menntun í dag, þrískiptri í Vélskólanum, í Stýrimannaskólanum og í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði, hafi dregið úr aðsókn að skólunum á undanförnum árum. Kennsluhúsnæði er illa nýtt, kennslutæki eru illa nýtt, kennarar, sem ráðnir eru að skólunum, eru að kenna hálfsetnum bekkjum. Á þeim tímum mikils sparnaðar og aðhalds held ég að þetta sé kannski eitt af þeim stærstu verkum sem hægt væri að ráðast í til að spara og hagræða. Og auðvitað hljóta menn í þeirri umræðu allri saman að horfa á það sem fyrir er og sjá að það skólahúsnæði sem er í Reykjavík, sem oft er kallað Stýrimannaskóli Íslands, hentar afskaplega vel til þess að hér sé komið upp öflugum sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Í Hafnarfirði er búið að byggja upp mjög stórt og myndarlegt verkmenntahús fyrir Fiskvinnsluskólann. Það mundi auðvitað nýtast í nánum starfstengslum við sjávarútvegsskóla sem staðsettur væri í Reykjavík. En fyrir alla muni skulum við ekki byrja á því að karpa um hvar slíkur skóli eigi að vera staðsettur því auðvitað er alveg sama hvar hann er. Hann getur auðvitað verið með sín útibú hvar sem er á landinu eins og Stýrimannaskólinn, Vélskólinn og

Fiskvinnsluskólinn gera í dag. En ef ætlunin er að huga að því að hagræða og spara þá verða menn auðvitað að nýta það sem fyrir er með sem bestum hætti.

En ég ítreka þakkir mínar til hæstv. menntmrh.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja þó að menn vilji endurskoða skipulag skólamála á þessu sviði á höfuðborgarsvæðinu að svo miklu leyti sem slík starfsemi er hér og verður hér. Það er hins vegar stórháskalegur málflutningur, sem á alls ekki við í þessu sambandi, að tala um skólann með stórum staf og ákveðnum greini. Svo er ekki og vonandi er það ekki afstaða hv. fyrirspyrjanda að það eigi aðeins að vera einn skóli með stórum staf og ákveðnum greini á þessu sviði í landinu. Ég minni auðvitað á þá starfsemi á þessu sviði sem er t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu, á Dalvík og Akureyri. Þar er að mestu leyti þegar fyrir hendi þessi skólastarfsemi og ég vona að ég hafi ekki heyrt rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að hann sé að leggja til að að verði allt saman fært undir einhver útibú stórskóla hér í Reykjavík. Ég bendi á starfsemina í Vestmannaeyjum og víðar. Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði, að það er auðvitað að mörgu leyti eðlilegt að finna slíkri starfsemi stað úti í sjávarútvegsbyggðunum þar sem þessi atvinnugrein er stunduð. En ég er ekki andvígur því að menn geri tilraunir til að endurskipuleggja það starf á Reykjavíkursvæðinu sem er fyrir hendi á þessu sviði að svo miklu leyti sem það verður starfrækt hér og skynsamlegt er að starfrækja það hér. En þessari útibúastefnu Reykjavíkurdeildar Framsfl. mótmæli ég.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Síst hef ég á móti því að það sé kannað til þrautar hvaða starfsemi megi flytja út á land héðan af höfuðborgarsvæðinu, hvort sem þar er um að ræða skóla, sérskóla eða aðrar stofnanir, en ég bendi aðeins á í þessu samhengi að þessi umræða kviknar kannski nú að nýju vegna þess að það er verið að gera ákveðnar kröfur til skólakerfisins um aðhald í rekstri og öllum kostnaði. En mönnum hefur dottið í hug áður eins og hér kom fram bæði hjá fyrirspyrjanda og mér áðan að sameina þessa skóla. En eins og ég segi, umræðan núna á sér auðvitað stað vegna þess að nemendum hefur fækkað, einkum í Stýrimannaskólanum. Þessi skóli er afar vel búinn tækjum og ég held að það mundi hafa í för með sér meiri kostnað en við treystum okkur til að leggja í núna að fara að flytja svona stofnun út á land. Auðvitað verður þetta nám stundað að einhverju leyti úti á landi eins og hér hefur komið fram og er þegar gert. En þeir skólar, eins og t.d. á Dalvík, starfa samkvæmt lögunum um framhaldsskóla og það er auðvitað hægt að hugsa sér þetta nám víðar um land. Það er alveg ljóst.

Ég tel sem sagt sjálfsagt að athuga hvar úti á landsbyggðinni hægt er að láta í té kennslu í þessum efnum. Ég hef ekki við höndina upplýsingar en er að sjálfsögðu ekkert að rengja þær upplýsingar sem komu fram að mikill meiri hluti nemenda við Fiskvinnsluskólann komi utan af landi. Það er eins með hann að hann er mjög vel búinn, þ.e. verklega hliðin í kennslu Fiskvinnsluskólans býr við mjög góðar aðstæður en hins vegar ekki bóknámshliðin. Það nám fer fram á allt öðrum stað í Hafnarfirði þar sem skólinn er og þarf þess vegna að hyggja að bættum aðbúnaði þess skóla að því er tekur til bóknámsins.

Ég vil líka láta þess getið í leiðinni að það á sér þegar stað gott samstarf á milli Vélskólans og Stýrimannaskólans í Reykjavík enda eru þeir nánast í sömu byggingunni.

Inntaka nýnema í framhaldsskóla og háskóla, ein umr.

Fsp. HN, 433. mál. — Þskj. 691.

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt fsp. til hæstv. menntmrh. Þessari fsp. var dreift fyrir rúmri viku og fjallar um inntöku nýnema í framhaldsskóla og háskóla. Hún hljóðar þannig:

„Er fullvíst að allir nýstúdentar, sem sótt hafa um skólavist við Háskóla Íslands, geti hafið nám þar næsta skólaár?

Verða einhverjar hömlur settar á inntöku nemenda í mennta- og fjölbrautaskóla umfram það sem verið hefur?"

Það er öllum kunnugt að mikil óvissa ríkir nú meðal væntanlegra nýnema við Háskóla Íslands. Stjórnendur skólans hafa látið að því liggja í umræðum að brugðist verði við niðurskurði á fjárveitingu til skólans með því að engir nýnemar hefji þar nám í haust. Slík óvissa er að mínu viti lítilsvirðing gagnvart því unga fólki sem gert hefur áætlanir um nánustu framtíð sína, t.d. með leigu á húsnæði í Reykjavík og umsóknun til lánasjóðsins. Þetta unga fólk veltir nú fyrir sér þeirri spurningu hvort það megi búast við að ganga um atvinnulaust næsta vetur.

Gagnvart framhaldsskólunum gilda svipuð sjónarmið að viðbættu því hvernig hinir einstöku skólar munu bregðast við niðurskurði greiðsluáætlunar næsta haust. Engar línur munu verða lagðar af hálfu ráðuneytisins um það hvernig bregðast skuli við. En ýmsar spurningar leita á hugann í þessu sambandi. Á að fækka áföngum sem boðið verður upp á eða jafnvel leggja niður brautir? Á að minnka yfirvinnu kennara? Munu breytingar leiða til lengingar á náminu eða með öðrum orðum seinka námi? Námsfólk okkar hlýtur að eiga rétt á því að fá tæmandi upplýsingar um námsframboð og aðstæður til náms næsta skólaár.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég svara fsp. með þessum hætti:

Skrásetning nýrra stúdenta til náms í Háskóla Ís-

lands háskólaárið 1992–1993 fer fram dagana 1.–12. júní nk. Engir hafa því enn sótt um skólavist. Skv. 21. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, hefur hver sá sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, rétt á að vera skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald. Ég hef ekki í hyggju að svo stöddu að leggja fram frv. til breytinga á lögum um Háskóla Íslands í þá veru að heimila aðgangstakmarkanir að honum. Hins vegar mun væntanlegri þróunarnefnd um Háskóla Íslands verða m.a. falið að fjalla um þetta mál og gera tillögur um breytingar teljist þess þörf. Af framangreindu er ljóst að Háskóli Íslands hlýtur að skrásetja nýnema fyrir háskólaárið 1992–1993 í samræmi við gildandi lög.

Svar við seinni spurningu fyrirspyrjanda, hvort einhverjar hömlur verði settar á inntöku nemenda í mennta- og fjölbrautaskóla umfram það sem verið hefur, er það að ekki er ráðgert að setja hömlur á inntöku nemenda í mennta- og fjölbrautaskólum umfram það sem verið hefur.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Við upplifðum það fyrir áramót og í byrjun ársins að fjármagn var skorið verulega niður til skólakerfisins. Nú segir hæstv. menntmrh. að engin takmörk verði sett á innritun hvorki í háskólum né framhaldsskólum og ég fagna því að það skuli ekki vera fyrirhugað að setja slíkar takmarkanir. En hins vegar er þeirri spurningu ósvarað hvernig skólarnir eiga að mæta þessum niðurskurði. Heldur hæstv. menntmrh. virkilega að það komi ekki niður á kennslu og kennurum? Þeirri spurningu er algerlega ósvarað hér á þingi hvernig verður staðið að þessum niðurskurði. Hvernig kemur hann niður á nemendum því að það mun hann vissulega gera, bæði í háskólanum og framhaldsskólunum.

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Það kom fram í hans máli að engir hefðu sótt um skólavist við Háskóla Íslands. Mér er kunnugt um það, þar sem ég umgengst mikið ungt fólk, að ungt fólk, sem útskrifaðist sem stúdentar á haustönn, um áramótin, og fólk sem hyggst ljúka stúdentsprófi núna með vorinu, hafi þegar sótt um inngöngu í Háskóla Íslands vegna þeirrar óvissu sem hefur verið ríkjandi af því að forsvarsmenn Háskóla Íslands hafa látið að því liggja eins og ég sagði áðan, að kannski yrði brugðist við niðurskurðinum á þann hátt að taka ekki við nýnemum. Ég fagna því að hæstv. menntmrh. hefur eytt þeirri óvissu.

Í sambandi við framhaldsskólana er það slæmt fyrir þjóðfélagið að geta ekki boðið fólki upp á öryggi á viðkvæmum tíma í lífi þess. Þess vegna hefði verið gaman að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hans skilningur sé sá að framhaldsskólar á Íslandi séu öllum opnir eins og segir í lögum um slíka skóla.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Já, ég vona að þeirri óvissu sem kann að hafa verið uppi um hvort nýnemar verði skráðir til náms við Háskóla Íslands í haust sé eytt. Sú óvissa kom upp vegna ályktunar háskólaráðs 16. des. sl. þar sem því var lýst yfir að ef fjármagn til háskólans yrði svo naumt skammtað eins og þá var sýnt orðið samkvæmt fjárlagafrv., gæti háskólinn ekki tekið inn nýnema. Háskólinn hefur falið svokallaðri lögskýringarnefnd að fara yfir gildandi lög og niðurstaða hennar er að háskólinn hafi jafnar skyldur við þá sem innritast og þá sem fyrir eru í skólanum og að óbreyttum lögum hljóti háskólinn þess vegna að innrita nýnema á næsta háskólaári þrátt fyrir að minna fé sé til umráða en menn hefðu óskað. Þannig á þessari óvissu að vera eytt þótt háskólaráð hafi í sjálfu sér ekki ályktað um þetta. En háskólarektor hefur lýst þessu yfir í ræðu sem hann hélt fyrir tæplega tveimur vikum, ef ég man rétt, á svokölluðu opnu húsi háskólans sem haldið var í Þjóðarbókhlöðunni þar sem kynntar voru hinar ýmsu námsbrautir. Þessari óvissu á þannig að vera eytt.

Varðandi það að tæmandi upplýsingar liggi ekki fyrir um þær námsbrautir í framhaldsskólakerfinu sem í boði kunna að verða á næsta hausti, þá var starfandi nefnd sem ég skipaði hinn 15. jan. sl. sem gera skyldi tillögur um hagræðingu í framhaldsskólum. Sú nefnd skilaði áliti fyrir skömmu eins og ég sagði áðan og lagði þar fram lítið af beinum tillögum en margs konar hugmyndir um hagræðingu í framhaldsskólakerfinu. Í nefndinni sátu fjórir fulltrúar frá Skólameistarafélaginu og fjórir frá menntmrn. Unnið er að úrvinnslu á þessum hugmyndum og tillögum í ráðuneytinu núna og verða ýmsir aðilar kallaðir til. Mjög náið samband er haft við við skólastjóra framhaldsskólanna og haft samband við þá hvern og einn af ráðuneytisins hálfu. Þannig að einmitt nú er unnið að því að vega og meta hvernig koma megi við hagræðingu í hverjum einasta skóla. Þar kemur mjög margt til t.d. samstarf og sameining skóla. Við vorum að ræða eitt atriði áðan, mögulega sameiningu Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans. Það er nokkuð sem gerist auðvitað ekki í einu vetfangi, er kannski meira langtímamarkmið. En fjölmargar slíkar tillögur eru uppi varðandi t.d. námsframboð skóla sem eru á sama svæði, að þeir bjóði ekki allir upp á það sama þar sem eru kannski fáir nemar í hverjum skóla þannig að komið verði mjög nánu og ákveðnu samstarfi á milli skólanna. Þetta á ekki síst við á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og Reykjanesumdæmi.

Eins og ég sagði eru þessar hugmyndir og tillögur til meðferðar núna í ráðuneytinu. Mér er alveg ljóst að vont er að hafa þessi mál í óvissu mikið lengur og ég hef ástæðu til að ætla að allri óvissu verði eytt á allra næstu dögum eða viku.

Ég gleymdi að svara einni spurningu. Hvort það væri álit mitt að framhaldsskólinn væri öllum opinn. Álit mitt er að svo sé. Samkvæmt gildandi lögum er hann opinn.

Endurskoðun grunnskóla og framhaldsskóla, ein umr.

Fsp. BF og SJóh, 484. mál. — Þskj. 742.

Fyrirspyrjandi (Bryndís Friðgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er með þrjár fyrirspurnir til menntmrh. og þær varða endurskoðun laga um grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðasta kjörtímabili voru samþykkt ný lög um grunnskóla og framhaldsskóla og um þau varð pólitísk samstaða. Nú hefur ráðherra hins vegar séð ástæðu til þess að láta endurskoða þessi glænýju lög og fengið til þess einvala lið með einhliða tilskipun. Það er ekki ætlun mín að lasta það fólk sem á sæti í nefndinni, síður en svo. Þetta er fagfólk sem örugglega kann vel til verka. Það er hins vegar athugunarvert hvernig staðið er að tilskipun í þessa nefnd. Í erindisbréfi nefndarinnar stendur m.a. að nefndinni sé falið að kanna kosti þess að færa grunnskólana alfarið undir sveitarfélögin. Ég hlýt því að spyrja hvernig í ósköpunum standi á því að enginn fulltrúi í nefndinni er frá samtökum sveitarfélaga. Ég ætla einnig að spyrja menntmrh. hvers vegna enginn fulltrúi frá kennarasamtökunum sé í nefndinni. Og varðandi 3. spurninguna vil ég benda á að það eru fleiri skólar, bæði grunn- og framhaldsskólar en þeir sem eru á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru úti um allt land, enn þá sem betur fer.

Hvers vegna er aðeins einn fulltrúi utan höfuðborgarsvæðisins í nefndinni?

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hver er tilgangurinn með endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla nú? Var ekki þjóðarsátt um þetta mál í fyrravor? Hvað breyttist á einni nóttu sem gerði það að verkum að hæstv. menntmrh. var ekki fyrr tekinn við embætti en hann taldi brýnt að endurskoða þau lög sem hann hafði sjálfur samþykkt með miklum fögnuði fáum vikum áður?

Sögur ganga um það að megintilgangur samninga nýrra laga um grunnskóla nú sé að flytja rekstur þeirra alfarið út til sveitarfélaganna. Ef það er tilfellið er vægast sagt ankannalegt að ekki skuli vera neinn fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga í nefndinni. Og þegar maður hugsar til þess hve vandi hinna fjölmörgu litlu sveitarfélaga, sem eru að burðast við að reka skóla, er mikill læðist að skólamönnum sú hugsun að skynsamlegt hefði verið að hafa fleiri en einn fulltrúa utan höfuðborgarsvæðisins til að fjalla um þessi mál. Kennarasamtökin höfðu lengi barist fyrir því að fá að tilnefna eigin fulltrúa í slíka nefnd og þeim varð að ósk sinni á síðasta kjörtímabili. Þeir fulltrúar sem samtökin hafa tilnefnt hafa verið valdir án tillits til stjórnmálaskoðana. Þeir hafa fyrst og fremst verið lykilfólk úr uppeldismálaumræðunni innan kennarasamtakanna, fólk sem er með fingurinn á púlsinum. Það var ekki síst fyrir atbeina þessara aðila að málum var svo vel tekið innan samtakanna þegar frv. komu síðan fram. Þau voru í takt við það sem fólk innan stéttarinnar var að hugsa. Það var mikil stjórnviska hjá hæstv. fyrrv. menntmrh. að vinna að málum með þessum hætti og þau vinnubrögð mættu fleiri hæstv. ráðherrar taka sér til fyrirmyndar.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér virðist sú fyrirspurn á nokkrum misskilningi byggð hvers vegna enginn fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga og kennarasamtökunum eigi aðild að endurskoðunarnefndinni. Ég lýsti því margoft yfir áður en nefndin var skipuð og eftir að ég var búinn að lýsa því að ég mundi láta fara fram endurskoðun á grunnskóla- og framhaldsskólalöggjöf að ég mundi ekki leita tilnefninga í hana. Þess vegna er það svo að engin hagsmunasamtök hafa tilnefnt fulltrúa í nefndina, hvorki sveitarfélagasamtök, kennarasamtök né aðrir. Þegar listi yfir nefndarmenn er skoðaður má glögglega sjá að í nefndinni situr fólk með margvíslega og víðtæka reynslu. Í henni eru sveitarstjórnarmenn, kennarar, skólastjórar, fræðslustjórar, fólk úr atvinnulífinu, fólk með þekkingu á verk- og starfsnámi auk fólks sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu af æðri menntun. Allir þeir sem sæti eiga í nefndinni hafa getið sér gott orð á sínu sviði. Allir hafa þeir víðtæka reynslu af skólakerfinu með einum eða öðrum hætti. Hins vegar er enginn fulltrúi í nefndinni bundinn stefnu eða ákvörðunum hagsmunaaðila vegna þess að hver og einn sem í henni situr er þar vegna þeirrar reynslu sem hann hefur en ekki vegna tilnefningar frá hagsmunaaðilum. Í nefndinni er einn fulltrúi sem búsettur er utan höfuðborgarsvæðisins. Sjónarmið dreifbýlisins eru engu að síður vel kynnt í nefndinni vegna margháttaðrar reynslu ýmissa nefndarmanna af málefnum þess.

Þetta er í sjálfu sér nægilegt svar við fyrirspurninni en hjá hv. 8. þm. Reykn. kom mikil samúð með sveitarfélögunum kom í ljós, að þau skyldu ekki eiga aðild að nefndinni og undrast hvers vegna væri verið að endurskoða hina glænýju löggjöf um grunnskólann. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að sveitarfélagasamtökin skulu eiga sér svo góða talsmenn sem þessa fulltrúa Alþb. sem hér hafa talað, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að þegar löggjöfin var sett í fyrra var nákvæmlega ekkert samráð haft við Samband ísl. sveitarfélaga. Mjög var gagnrýnt að í meðferð grunnskólafrv. á þingi í lok síðasta kjörtímabils var ekkert samráð haft. Ástæðan fyrir nauðsyn þess að endurskoða löggjöfina er ekki síst sú að þrátt fyrir góð markmið sem þar eru sett fram og voru ástæða þess að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu studdi grunnskólafrv., var ekki sagt hvernig ná ætti þessum markmiðum. Þar voru m.a. lagðar mjög þungar skyldur á sveitarfélögin í landinu án þess að útskýrt væri hvernig þau ættu að standa undir þessum auknu skyldum.

Sú saga gengur að megintilgangurinn sé að flytja reksturinn yfir til sveitarfélaganna, sagði hv. 8. þm. Reykn. Það er ekki megintilgangurinn. Það er hins vegar ein af mörgum spurningum sem sett er fram í erindisbréfi til nefndarinnar og óskað er svara við hvort skynsamlegt sé að færa grunnskólann alfarið yfir til sveitarfélaganna. Mjög margar aðrar spurningar og

hugmyndir eru settar fram í erindisbréfinu sem óskað er eftir að svarað verði.

Í erindisbréfinu er jafnframt lögð rík áhersla á að nefndin hafi náið samband og samráð við alla þá sem með einum eða öðrum hætti hafa hagsmuna að gæta varðandi skólann og þeir eru margir. Ég nefni bara þau sem sérstaklega hafa verið nefnd hér, Samband ísl. sveitarfélaga eða sveitarfélögin í landinu yfirleitt og kennarasamtökin. Það er tekið mjög skýrt fram að ætlast sé til þess að nefndin hafi samráð við þessa aðila meðan á starfstíma hennar stendur, ekki aðeins að þessum aðilum sé sent eitthvert fullbúið frv. eða fullbúnar hugmyndir og stillt þannig upp við vegg og sagt að gefa sína umsögn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er ekki nema gott eitt um það að segja að skólamál skuli vera til umræðu. Samt hlýtur sú spurning að vakna hvaða nauðsyn beri til þess að setja á laggirnar svo stóra nefnd sem raun ber vitni til þess að endurskoða grunnskólalögin og framhaldsskólalögin þegar þau eru svo nýlega sett. Þetta er svolítið einkennilegt á þeim miklu sparnaðartímum sem við nú lifum. En í hvítbók ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun endurskoða lög um grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga."

Þegar horft er á erindisbréfið sem nefndin fékk hlýtur sú spurning að vakna hvernig samstarfinu verði háttað. Þegar erindisbréfið er lesið vakna upp margar spurningar um það hver raunverulegur tilgangur þessa nefndastarfs skuli vera, verksvið hennar er gífurlega breytt. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvernig á þetta samráð að eiga sér stað?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Málsvörn hæstv. menntmrh. var ákaflega fátækleg þegar hann var að reyna að útskýra það að eðlilegt væri að $^{17}/_{18}$ hlutar nefndarinnar kæmu af tilteknu landshorni. Þó það sé hinn mætasti maður sem af landsbyggðinni er sprottinn og starfar í nefndinni efa ég að hann sé 17 manna maki jafnvel þótt samanburðurinn sé við Reykvíkinga eða fólk á suðvesturhorninu.

Í öðru lagi ætti hæstv. menntmrh. að tala gætilega þegar hann er að ræða um samskipti við sveitarfélögin og bera saman frammistöðu fyrrv. og núv. ríkisstjórnar. Ég held að ríkisstjórn lögregluskattsins, sú ríkisstjórn sem þverbraut lögbundin ákvæði um samráð við sveitarfélögin á sl. vetri, ætti að tala gætilega eða hæstv. ráðherrar hennar. Auðvitað er alveg ljóst að sú stefnumörkun og sú lagasetning sem fór fram í ágætu samkomulagi að lokum í fyrravor og um tókst víðtæk sátt, þar á meðal um þátttöku sveitarfélaganna í að bæta íslenska grunnskólann á 10 ára tímabili. Um það snerist það mál og þar ætluðu bæði ríkið og sveitarfélögin sér nokkurn hlut. Auðvitað mundu sveitarfélögin vera að breyttu breytanda velviljuð í því að reyna að gera íslenska grunnskólann betri. Það er allt annað mál að á niðurskurðartímum þegar verið er að skemma grunnskólann, að ætla þar á ofan að velta auknum byrðum yfir á sveitarfélögin.

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra í rauninni ekki svara fyrirspurnunum. Spurt var hvers vegna ákveðið hefði verið að hafa ekki fulltrúa frá samtökum í nefndinni. Hann sagði ekkert hvers vegna, það væri fróðlegt ef hann gæti skýrt það betur. Mér fannst líka athyglisvert að hann lýsti því yfir að gagnrýnt hefði verið harðlega að ekki hefði verið haft samráð við sveitarfélögin á síðasta þingi. Samt er nákvæmlega sama leið farin og ekki haft samráð við sveitarfélögin. Þetta finnst mér svolítið sérkennilegt. Hins vegar er vafalaust rétt að íhuga þarf mjög vandlega hvort sveitarfélögin eigi að hafa vaxandi áhrif á málefni skólanna þar sem við lög um verkefnaskiptinguna vantaði mjög á að skýrt væri kveðið á um hvernig þeim málum yrði háttað.

Anna Kristín Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið máls á þessu því að það er í hæsta máta mjög óeðlilegt að nú eigi að endurskoða grunnskólalögin sem svo víðtæk sátt var um á síðasta ári. Við sem störfum úti í skólanum verðum mjög vör við hvílíkt óöryggi það skapar, bæði meðal foreldra, nemenda og kennara að nú skuli eiga að umbylta þessum lögum sem margir voru sammála um að væru til mikilla bóta. Ég vil minna þá umræðu sem hefur farið fram á þinginu í þessari viku um aðbúnað barna og ungmenna og menntmrh. hefur lýst sig sammála því að hann sé alls ekki góður hér á landi. Samt vill hann skera svona mikið niður til grunnskólans og skaða starf hans með nýskipan þessarar nefndar.

Varðandi tilnefningu í nefndina þá tek ég undir það sem síðasti ræðumaður sagði. Ekki hafa ekki komið fram skýringar á því hvers vegna ekki var leitað tilnefninga í nefndina og hvernig voru þessir aðilar valdir í nefndina fyrst ekki var leitað eftir tilnefningu fra hagsmunasamtökum. Var kannski farið í félagaskrá ákveðinna stjórnmálaflokka?

Fyrirspyrjandi (Bryndís Friðgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það eru greinilega fleiri en ég sem hafa áhyggjur af nefndinni og hvernig hún er valin. Ráðherra talaði um það áðan og lýsti ágæti þessa fólks og það væri í nefndinni vegna eigin ágætis. Ég lýsti líka yfir því að þetta væri ágætisfólk og þetta væri fagfólk á sínu sviði og vissi nákvæmlega hvað það væri að gera. Hins vegar talaði ég um að fólk vantaði í nefndina og óeðlilegt er að tilnefningin komi frá ráðherranum og að þetta lið skuli vera svona einvala. Kannski getum við kennt fólkið við einhvern ákveðinn stjórnmálaflokk eins og áðan var sagt.

Ráðherrann talaði áðan um það hversu góða talsmenn sveitarfélaga Alþb. átti. Ég vil benda ráðherranum á það að ég er sveitarstjórnarmaður utan af landi og vissulega hlýt ég þá að hafa áhyggjur af því þegar

á að skoða kosti þess að færa grunnskólana alfarið undir sveitarfélögin. Sveitarstjórnarmenn hljóta þá að vera hræddir við að hafa engan fulltrúa í þessu liði sem á að kanna þessa kosti. Því er mjög eðlilegt að við gerum athugasemd við það og í sveitarstjórnum um allt land er rætt hvað nefndin er að gera.

Ég vil í lokin skora á ráðherrann að gefa nú línuna út í skólana hvernig eigi að mæta niðurskurðinum. Auk þess að vera sveitarstjórnarmaður er ég líka starfsmaður í grunnskóla úti á landi og nú er verið að undirbúa skólastarf næsta árs og auðvitað þarf niðurskurðurinn að vera samræmdur á milli allra skóla í landinu. Ég hef t.d. heyrt talað um að sumir skólar séu að velta því fyrir sér hvort eigi að taka alfarið einn bekk af. Þá er stundum nefndur 6 ára bekkurinn, sem er nýbúið að gera að skyldu, en þá þyrfti að samræma það, t.d. um allt land. Því vil ég skora á ráðherrann að ýta við því fólki sem á að gefa línuna um þennan niðurskurð ef það er ekki hann sjálfur sem gerir það.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég svaraði þessum fsp. á þskj. alveg beint en ég get vel bætt við ef það sem ég sagði hefur ekki skilist. Hv. þm. Pétri Bjarnasyni þótti vanta í svar mitt hvers vegna hefði ekki verið óskað tilnefningar. Ég hélt að það hefði komið raunverulega fram í svarinu þar sem ég sagði að enginn fulltrúi sæti í nefndinni bundinn af stefnu eða ákvörðunum hagsmunaaðila og mér þótti það til bóta. Það er mitt mat að ekki sé verið að binda aðila í slíkri nefnd fyrir fram við stefnu sem er mótuð með misjöfnum hætti hjá hinum ýmsu samtökum sem hafa samskipti af skólamálum án þess að ég ætli að fara nánar út í það.

Út af fyrir sig er freistandi að ræða hvaða nauðsyn bar til að sett skyldi á laggirnar svona stór nefnd eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði. Það kallar á lengri tíma en ég hef hér til umráða en ég held að engum dyljist að ýmislegt þarf að kanna í íslenska skólakerfinu. Ég held að það sé alveg ljóst og við höfum reyndar þegar átt nokkra umræðu í þinginu um það.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir las upp kafla í hvítbókinni þar sem getið var að endurskoðun skyldi fara fram í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Það verður einfaldlega gert þótt ekki hafi verið beðið um tilnefningu á fulltrúa í nefndina þaðan. Ég bendi á í því samhengi að í nefndinni sitja valinkunnir sveitarstjórnarmenn og ég nefni nú bara tvo líka sem hafa lengi verið fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga í ýmsum nefndum sem varða skólamálin, Björn L. Halldórsson, fulltrúi skólaskrifstofu Reykjavíkur, og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ. Ég get líka nefnt ýmis nöfn sem eiga að tryggja að skilningur sé á hagsmunum landsbyggðarinnar þótt ekki sé nema einn nefndarmaður búsettur úti á landi, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri í Norðurl. e. Ég er búinn að nefna Björn Halldórsson og Ingimund Sigurpálsson. Ingimundur var áður bæjarstjóri úti á landi. Ég nefni formann nefndarinnar, Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem lengi var í sveitarstjórnarmálum á Vesturlandi og ég gæti nefnt fleiri. Ég gæti nefnt skrifstofustjóra skólamálaskrifstofu ráðuneytisins, Sólrúnu Jensdóttur, sem vegna starfa sinna er gerkunnug þörfum skólanna úti á landsbyggðinni og fleiri gæti ég vafalaust nefnt þannig að ég tel vel séð fyrir hagsmunum landsbyggðarinnar í nefndinni.

Hv. 4. þm. Suðurl. talaði um að það væri óeðlilegt að endurskoða lög sem svo víðtæk sátt varð um. Ekki er ætlunin að afnema þau ákvæði laganna sem svona víðtæk sátt varð um sem oft og tíðum hefur verið látið liggja að í umræðunni. Í erindisbréfinu til nefndarinnar er tekið beint fram að ekki sé ætlast til þess og þar er t.d. nefnt markmiðið um einsetinn skóla, um skólamáltíðir og annað slíkt. Með þessari endurskoðun er ekki ætlunin að raska við slíku. Það er beinlínis tekið fram.

Fulltrúar í nefndina voru valdir að höfðu samráði við mikinn fjölda manna. Ekki var farið í félagaskrár ákveðinna stjórnmálaflokka og ef einhver er hér inni sem veit alveg nákvæmlega um stjórnmálaskoðanir hvers manns þá væri það út af fyrir sig fróðleikur fyrir mig vegna þess að ég segi það alveg fullum fetum að mér er ekki kunnugt um stjórnmálaskoðanir allra þeirra sem sitja í nefndinni. En ég þekki mætavel stjórnmálaskoðanir sumra þannig að ég kann því afskaplega illa þegar sagt er í ræðustól á Alþingi að þessir menn hafi verið valdir eftir félagaskrá tiltekins stjórnmálaflokks. Það er það sem er verið að segja og það er beinlínis rangt nema þeir sem svona tala vilji væntanlega setja stimpil Sjálfstfl. á hvern einasta mann sem situr í nefndinni. Ég mundi auðvitað fagna því ef þeir væru allir meðlimir í Sjálfstfl. eða kjósendur hans. En ég hef grun um að svo sé ekki, því miður. En það réði sem sagt ekki vali mínu heldur ráðleggingar hinna mætustu manna á því að fá til starfa í nefndinni hið besta fólk og það tel ég að hafi tekist. Ég vænti góðs af starfi nefndarinnar. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. forseti.

Aðeins í lokin vegna áskorunar frá fyrirspyrjanda um að ráðherra gæfi línuna til skólanna um það hvernig ætti að standa að sparnaði vil ég aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt að þetta er mjög svo í höndum fræðslustjóranna varðandi grunnskólann. Svo vill til að fræðslustjórar landsins eru á fundi í Reykjavík núna og ég ætla einmitt að hitta þá að loknum þessum fundi og þar verða þær ákvarðanir kynntar sem þarf að taka í ráðuneytinu sjálfu. Ég vona að það liggi fyrir eftir þann fund til hvaða aðgerða verði gripið af hálfu ráðuneytisins og þar á ég við að ákvörðun verði tekin um hver verði skerðing á vikulegum kennslutíma.

Samskipti varnarliðsins og íslenskra starfsmanna þess, ein umr.

Fsp. ÁRÁ, 212. mál. — Þskj. 277.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur um fjögurra áratuga skeið verið langstærsti at-

vinnuveitandi og um leið langstærsti kaupandi að vörum og þjónustu Suðurnesjamanna. Það er í raun risi á vinnumarkaði Suðurnesja og hefur ætíð fengið allan þann mannafla sem það þarfnast í krafti stærðar og stöðugleika umfram fyrirtæki heimamanna sem starfa í áhættusömum og sveiflukenndum rekstri við fiskveiðar og fiskvinnslu og þjónustu við þær greinar. Þar af hefur leitt að önnur atvinnustarfsemi á Suðurnesjum hefur oft átt undir högg að sækja um vinnuafl og það ástand hefur átt drjúgan þátt í að framtak og vöruþróun í öðrum greinum atvinnulífs hefur lengst af átt erfitt uppdráttar. Afleiðingin er að á Suðurnesjum er nú ekki til að dreifa atvinnustarfsemi sem er þess megnug að taka við svo miklum mannafla sem losnar við hraðan samdrátt í umsvifum varnarliðsins.

Allt frá 1974 og fram á síðustu ár hafa umsvif þess í framkvæmdum, rekstri og þjónustu allri þarfnast nálægt 2.000 íslenskra starfsmanna, þar af um 1.100 hjá varnarliðinu sjálfu og um 600 hjá ýmsum verktökum. Hæst launuðu starfsmenn varnarliðsins og Íslenskra aðalverktaka búa að vísu utan Suðurnesja, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu. En nú í meira en tvö ár samfellt hefur varnarliðið ekki ráðið í störf sem losna nema finnist starfsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins. Skilyrði sem augljóslega bitna á Íslendingum.

Á sl. hausti hófust uppsagnir og fleiri uppsagnir eru enn að líta dagsins ljós og enn og þráfaldlega heyrast fregnir um væntanlegar uppsagnir. Með samdrætti í framkvæmdum, í viðgerðum og endurbótum bygginga og almennu mannahaldi hefur nú frá hausti 1990 orðið umtalsverð fækkun starfsmanna við umsvif varnarliðsins eða nær 200 manns. Mest hjá varnarliðinu sjálfu en á sama tíma hefur þar aðeins fækkað um nær 40 bandaríska starfsmenn. Á sama tíma og Íslendingar, ekki síst Suðurnesjamenn, glíma við mikinn samdrátt í sjávarútvegi og fiskvinnslu og standa því frammi fyrir hörðustu og lengstu atvinnukreppu síðari tíma sökum ástands fiskstofnanna. Þegar innt hefur verið eftir upplýsingum um fyrirætlanir þessa risa á vinnumarkaði Suðurnesja, sem er fábreyttur, hefur orðið fátt um svör en fluttar gamalkunnar ræður um að varnarstöðin gegni enn sem fyrr mikilvægu hlutverki, jafnvel enn mikilvægara en áður. En risinn er augljóslega að dragast saman og ég inni nú utanrrh. eftir því hversu hratt og hversu langt hann mun ætla að ganga, hverjar munu fyrirætlanir hans, hvort hann ætli að mismuna Íslendingum og bandarískum starfsmönnum sínum. Ég orða fsp. mína til hæstv. utanrrh. á þennan veg:

„Hvað hyggst ráðherrann gera til að bæta samskipti varnarliðsins á Íslandi og íslenskra starfsmanna þess og eyða óvissu þeirra um atvinnuöryggi sem skapast hefur að undanförnu?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hver áform séu uppi til þess að eyða óvissu um atvinnuöryggi íslenskra starfsmanna varnarliðsins sem og hvað unnt sé að gera til þess að bæta samskipti varnarliðsins við starfsfólk sitt. Ég vil byrja á að vísa til þess að í skýrslu minni til Alþingis sem var nýlega til umræðu var rækilega að því vikið að þessi mál eru mikilli óvissu undirorpin og við Íslendingar hljótum að búa okkur undir það að umsvif varnarliðsins minnki á alveg næstu árum. Það á bæði við um umsvif varnarliðsins sjálfs að öllum líkindum sem og um framkvæmdir í þágu þess. Þessi mál eru þess eðlis að þau eru utan valdsviðs íslenskra stjórnvalda að verulegu leyti og þarf ekki að orðlengja um það. Óvissan er tilkomin vegna jákvæðrar þróunar í heiminum í kringum okkur og er bein afleiðing af minnkandi hernaðarumsvifum, afleiðing af því að það er dregið stórlega úr fjárveitingum til varnarmála, fyrirhuguðum breytingum á varnarviðbúnaði og varnarstefnu vestrænna lýðræðisríkja. Allt mun þetta hafa bein áhrif á okkur.

Það sem er efst á dagskrá hjá íslenskum stjórnvöldum er tvennt: Annars vegar að fá úr því skorið innan stjórnar Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins að framkvæmdaáform sem eru innan framkvæmdaáætlunar til nokkurra ára verði staðfest og ekki verði horfið frá þeim. Það varðar þá fyrst og fremst framkvæmdir sem yrðu unnar á vegum Aðalverktaka og undirverktaka þeirra á næstu árum. Það mál er enn í óvissu. Íslensk stjórnvöld hafa tekið það upp mjög ákveðið við alla samstarfsaðila okkar. Þannig hef ég nýlega skrifað bréf um þetta efni, bæði til varnarmálaráðherra Noregs og Bretlands. Málið er á dagskrá í stjórn Mannvirkjasjóðs. Þar hefur m.a. stjórnarfólki sjóðsins verið boðið hingað til lands til þess að kynna sér málin og til viðræðna en því miður er það svo að þau eru enn í óvissu. Ákvarðanir hafa ekki fengist teknar og m.a. tengist þetta enn aukinni óvissu vegna óska bandarískra stjórnvalda um það að samstarfsaðilarnir innan Atlantshafsbandalagsins auki framlög sín vegna kostnaðar af þessum framkvæmdum, þ.e. efli hina evrópsku stoð samstarfsins.

Hinn þátturinn lýtur að sjálfsögðu að starfsmannahaldi varnarliðsins hér. Þar hefur verið í gildi svokölluð ráðningarfrysting frá því í janúar 1990. Hún er eingöngu í því fólgin að ekki er ráðið aftur í störf þeirra íslenskra starfsmanna sem láta af störfum af hvaða ástæðum sem er. Þess skal getið að víðast hvar þar sem bandarískar varnarstöðvar eru samkvæmt slíkum samningum í Evrópu og annars staðar í heiminum hafa þær ýmist verið lagðar niður eða þar er um að ræða mjög verulega fækkun. Það hefur ekki orðið í okkar tilviki. Reyndar er það nú svo að á seinustu mánuðum hefur ráðningarbanninu verið aflétt að hluta, þ.e. að veittar hafa verið undanþágur frá því þannig að í upphafi janúar 1991 voru 1.033 íslenskir starfsmenn hjá varnarliðinu. Þeim hafði fækkað niður fyrir 950 en þeir eru nú 970, þ.e. það hefur verið ráðið aftur í þessi störf.

Að því er varðar spurningu um frekari breytingar, er vitað að uppi eru óskir um það af hálfu varnarliðsins að auka verkútboð á tilteknum þáttum þar sem sjónarmið íslenskra stjórnvalda er náttúrlega það að það fólk sem sinnt hefur þessum verkum verði endurráðið og þá til innlendra verktaka sem munu sinna þessum störfum, viðhalds- og þjónustuþáttum, í auknum mæli.

Að lokum, virðulegi forseti. Eins og tilkynnt var í

umræðunum um skýrslu utanrrh. þá er boðað að ég mundi nú fljótlega skipa sérstaka nefnd til þess að kanna hvort tveggja út frá íslenskum hagsmunum, þær breytingar sem eru að verða á varnarsamstarfinu og þá jafnframt að taka upp viðræður við bandarísk stjórnvöld til þess að báðir aðilar gangi út frá sömu forsendum og til þess beinlínis að semja um það að þessi minnkun umsvifa fari fram með þeim hætti í samræmi við ákvæði varnarsamningsins og í samræmi við íslenska hagsmuni.

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svör hans og vænti þess að þau muni leiða til þess að starfsmenn, sem hafa talið sig búa við óvissu og raunar virðingarleysi að nokkru, muni þar eiga bættan hag að þessu leyti. Ég vil taka fram að ég hef átt samtöl við forstöðumann varnarmálaskrifstofu utanrrn. og starfsmenn varnarliðsins, þar á meðal fólk sem ég vann með fyrir fáum árum, og ég tel mig hafa orðið varan við ákveðna hluti sem ég tel verulega alvarlega.

Það virðist vera að varnarliðið hafi á prjónunum að fela hermönnum viðgerðarstörf sem íslenskir starfsmenn hafa unnið til þessa vitandi að það fer í bága við okkar samkomulag, þ.e. samkomulag ríkjanna tveggja um hefðir og venjur í þessum samskiptum. Það virðist líka ætla að knýja fram styttan opnunartíma flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli sem við höfum notað til samgangna við önnur þjóðfélög. Það virðist nú þegar nota hermenn til að vinna hreinlætisstörf sem íslenskir starfsmenn hafa annast til þessa og það virðist vera að auka ráðningar fjölskylduliðs hermanna til starfa sem íslenskir starfsmenn hafa unnið. Það virðist nú þegar vera að leggja niður vinnustaði þar sem Íslendingar hafa eingöngu unnið og fela verkefnin Bandaríkjamönnum, jafnvel hermönnum. Það virðist þegar hafa metið samskiptin við íslensk stjórnvöld þannig að þar sem viðbrögð þeirra hafa verið takmörkuð á síðustu árum sé vel þess virði að láta reyna á og reyna að komast eins langt og komist verði eða þar til íslensk stjórnvöld bregðist hart við og þá megi semja en allténT muni nást fram breytingar á þessum samskiptum. Ég tel þetta, ef rétt er skilið, alvarlegt og tel nauðsynlegt að ráðherra eigi viðræður við okkar samstarfsþjóð og fái fram upplýsingar svo að starfsmenn hennar hér geti búið við annaðhvort vissu um það sem fram undan kann að vera eða vitneskju um þær breytingar sem líklega verða.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Við höfum orðið vitni að því á undanförnum missirum að hæstv. utanrrh. hefur farið í ferðalög til Ameríku til að reyna að fá eitthvað meira að gera fyrir fólkið sem hefur unnið fyrir herinn. Ég er út af fyrir sig ekki að koma hér til þess að deila á það starf sem fólk hefur innt þar af hendi en hitt ætla ég að deila á að íslensk stjórnvöld virðast berja höfðinu við steininn og ekki vilja viðurkenna það eða gera sér grein fyrir því almennilega að þessi atvinnustarfsemi er á undanhaldi og við því þarf að bregðast, ekki með því að betla störf hjá ameríska hernum, heldur með því að skapa ný störf fyrir það fólk sem hefur unnið á vegum hersins. Það verða ekki sköpuð fleiri ný störf handa Íslendingum að óbreyttu hjá hernum á Keflavíkurvelli eða í þjónustu við hann.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hlítir ekki í þessum umræðum að segja: Ég hef upplýsingar um að áform séu uppi um að eitthvað sé að gerast. Ég vil taka það skýrt fram að því er varðar starfsmannahald varnarliðsins, að þá reyndi fyrst og fremst á þessa svokölluðu ráðningarfrystingu. Það er staðreynd að íslenskum stjórnvöldum hefur tekist að fá undanþágur frá þessari ráðningarfrystingu og það er eina dæmið sem þekkt er að því er varðar varnarstöðvar Bandaríkjanna hér á Vesturlöndum.

Í annan stað hefur Bandaríkjamönnum verið haldið stíft og ákveðið við ákvæði varnarsamningsins. Þeim hefur ekki verið látið líðast að ráða bandaríska hermenn eða bandaríska ríkisborgara í störf sem Íslendingar áður gegndu. Þetta á við um öll þau störf sem eru innan fjárlaga, þ.e. sem kostuð eru af almannafé og heyra undir viðeigandi ákvæði varnarsamningsins. Hitt er rétt að þegar um er að ræða þjónustustarfsemi varnarliðsmanna sjálfra, sem rekin er sem sjálfseignarstofnanir og fyrir þeirra eigið fé, getum við ekki beitt viðurlögum eða ákvæðum varnarsamningsins.

Ég vil taka skýrt fram að það er ranghermi hvaðan sem það er komið að utanrrh. hafi farið einhverja betliferð til Bandaríkjanna af þessu tilefni. Það hefur hann alls ekki gert. Hitt er auðvitað rétt að við verðum auðvitað sem íslensk stjórnvöld að búa okkur undir það og okkar fólk að þarna verði á næstu árum verulegar breytingar og því verður ekki fram haldið að íslensk stjórnvöld hafi ekki sinnt því.

Þá minni ég á í fyrsta lagi samningagerðina sem lengi hefur verið í undirbúningi við Atlantsálaðilana um byggingu álvers á Keilisnesi. Það er ekki við íslensk stjórnvöld að sakast að ytri kringumstæður hafa þýtt að þeim áformum hefur verið frestað. En auðvitað var það stór þáttur í undirbúningi þeirra áforma að þar kæmi til starfsemi sem leysti atvinnuleysisvandamál á þessu svæði.

Annað dæmi má nefna af mörgum dæmum. Það er undirbúningur að stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli og margvíslegur undirbúningur að því að nýta Keflavíkurflugvöll betur. Þar vega mest áformin um fríiðnaðarsvæðið. Að því hefur verið unnið kappsamlega af samstarfshópi þriggja ráðuneyta. Fyrir liggur nú þegar, sem reyndar var rætt um í gær, mjög ítarleg áfangaskýrsla um það mál. Þar er í gangi sérstök könnun sem beinist að því að laða erlenda samstarfsaðila til þess að stofnsetja þar fyrirtæki og skapa störf.

Enn mætti nefna einn þátt samninganna um Evrópska efnahagssvæðið sem augljóslega mundi auka mjög hlut Keflavíkurflugvallar í fraktflutningi á unnum sjávarafurðum frá Íslandi. Þótt fæst af þessum málum sé nú þegar í höfn, þá hefur verið skipulega að því unnið að mæta þeim vanda sem kynni að skapast við

minnkandi umsvif varnarliðs og samdrátt í varnarliðsframkvæmdum einmitt á þessu svæði. Ég vísa því á bug hvort heldur er að þarna hafi verið farinn einhver bónar- eða betlivegur að bandarískum stjórnvöldum. Af hálfu íslenskra stjórnvalda er verið að búa sig undir að þarna verði breytingar en með þeim hætti að leggja á það áherslu að búin verði til arðvænleg störf í staðnn.

Mengun frá bandaríska hernum, ein umr.

Fsp. ASv, 368. mál. — Þskj. 591.

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa áhyggjur manna um allan heim farið vaxandi vegna mengunar frá herstöðvum. Það má segja að nánast hvarvetna þar sem farið hefur verið fram á rannsókn á mengunarþáttum í grennd við herstöðvar hafi komið fram mengun og sums staðar af mjög alvarlegu tagi. Nærtækustu dæmin eru frá Þýskalandi en þar eru nú þekkt meira en 300 svæði þar sem hættuleg efni hafa farið niður í jarðveg og hefur þurft að verja gríðarlegum fjárhæðum til úrbóta. Svipaðar upplýsingar hafa komið frá Guam, Suður-Kóreu, Mið-Ameríku og Filippseyjum auk þess sem um þessar mundir er gengið hart fram í hreinsun þessara eituefna úr jarðvegi víðs vegar í Bandaríkjunum og hefur Bandaríkjastjórn stofnað sérstakan sjóð til að fjármagna þessar aðgerðir enda er nú talið að þarna verði um þúsund milljarða kostnað að ræða, þúsund milljarða Bandaríkjadala.

Nú hefur það gerst að í sambandi við málshöfðun landeigenda á Heiðarfjalli gegn bandarískum stjórnvöldum hefur komið í ljós þetta plagg sem undirritað er fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og varnarliðsins og vil ég leyfa mér að lesa 1. gr., með leyfi hæstv. forseta. Hún er svohljóðandi:

„Varnarliðið afhendir hér með ríkisstjórn Íslands svæði H2 á Langanesi (H2-Site Langanes). Ríkisstjórn Íslands afsalar sér hér með fyrir sína hönd og allra íslenskra ríkisborgara öllum kröfum gegn Bandaríkjum Norður-Ameríku eða embættismönnum þeirra eða fulltrúum, öllum kröfum sem kunna að stafa af komu þeirra til eða notum þeirra af þessu landsvæði eða hverjum þeim endurbótum sem á því hafa verið gerðar."

Og þá vaknar spurningin: Hefur verið samið í þessum dúr um eitthvað fleira? Og spurningin sem ég ber hér undir hæstv. utanrrh. fyrir hönd 9. þm. Reykv., Auðar Sveinsdóttur, er því svohljóðandi:

„Hefur íslenska ríkið afsalað sér skaðabótarétti vegna grunnvatnsmengunar í Keflavík og nágrenni með vatnsveitusamningi við bandaríska herinn?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Utanrrn. og yfirstjórn Atlantshafsflota Bandaríkjanna undirrituðu samkomulag 17. júlí árið 1989 um lausn á grunnvatnsmengun sem fram hafði komið í Keflavík, Njarðvík og á flugvallarsvæðinu. Aðdragandi þess máls var sá að fram höfðu farið og staðið yfir í alllangan tíma ítarlegar rannsóknir á orsökum þessarar mengunar og umfangi. Niðurstaða þessara rannsókna varð sú að ekki væri óyggjandi, þar á meðal að mati ríkislögmanns, að einn aðili væri valdur að skaðanum. Fremur en láta á það reyna fyrir dómstólum var samið um þetta mál og þann samning tel ég vera til mikillar fyrirmyndar einmitt að því er varðar lausn á slíkum mengunarvandamálum og á samskiptum þessara aðila.

Samningurinn var um það einfaldlega að reist var sérstök ný vatnsveita fyrir Suðurnes og um það samið að kostnaður við byggingu vatnsveitu og dreifikerfis upp á 9 millj. dollara eða 540 millj. ísl. kr. var greiddur af bandaríska varnarliðinu en vatnsöflunarkerfi og rekstur veitunnar síðan afhentur sveitarfélögum. Fulltrúar sveitarfélaga á Suðurnesjum áttu aðild að þessu máli frá upphafi, bæði að því er varðaði rannsóknirnar og samningsniðurstöðuna. Og þegar þessu verki var lokið var lýst yfir mikilli ánægju af hálfu sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum með þessa farsælu lausn.

Í viðbæti við varnarsamninginn um réttarstöðu varnarliðsins og um eignir þess, þá er það svo að íslenska ríkið á endurkröfurétt fyrir 85% af tjóni á eignum, lífi og limum Íslendinga sem úrskurðað er að varnarliðið sé orsakavaldur að. Sé um að ræða tjón þar sem menn í liði Bandaríkjanna og íslenskir þegnar eiga báðir sök skulu Ísland og Bandaríkin hvort um sig greiða helming tjónsins. Þetta hefði kannski verið það ákvæði sem orðið hefði að fylgja ef ekki hefði samist um það með öðrum hætti. Réttaráhrif samningsins frá 17. júlí 1989 eru þau að íslenska ríkið á ekki endurkröfurétt á hendur Bandaríkjunum, bæturnar eru þegar fram lagðar í formi nýs vatnsbóls og nýrrar vatnsveitu. Samningurinn breytir þó í engu þeim bótarétti sem íslenskir ríkisborgarar eða fyrirtæki kunna að eignast á hendur íslenska ríkinu, samkvæmt viðbætinum við varnarsamninginn, vegna skaðaverka sem sannanlega væru rakin til varnarliðsins. En þetta mál var það rækilega rannsakað að við teljum ekki á því nokkrar líkur að til þess komi.

Að því er varðar mál sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér og varðar Heiðarfjall, þá vil ég aðeins taka fram eftirfarandi: Upphaflega var kröfum beint að íslenskum stjórnvöldum af hálfu landeigenda en síðan sneru landeigendur sér með sína kröfugerð á hendur bandarískum stjórnvöldum. Auk varnarmálaskrifstofu hafa um það mál fjallað ríkislögmaður og umhvrn. Ágreiningur er um að sönnuð sé megun vegna fyrrum varnarstöðvar. Einnig hefur komið upp ágreiningur milli umhvrn. og landeigenda um sýnatöku á fjallinu. Þetta mál verður á dagskrá utanrmn. þar sem fulltrúar utanrmn. munu gera rækilega grein fyrir málsatvikum.

Bryndís Friðgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að bæta aðeins inn í þessa umræðu. Margir voru ekki hér í nótt þegar umræður fóru fram um varnarliðið og þá ógn sem okkur stafar af óþverranum sem frá því kemur. Þá kom einnig fram í umræðum um það mál að upplýs-

ingum væri haldið leyndum og farið hefði verið í launkofa með það hversu hættuleg efni væru í jarðvegi og grunnvatni á þeim svæðum þar sem herinn hefur aðstöðu. Svo kom líka fram í umræðunni hvort þetta væri pólitískt mál og hvort herstöðvarsinnar væru að halda þessu leyndu og herstöðvaandstæðingar væru að rífa þetta mál upp. Ég vil bara benda þeim á það sem hafa boðið þessum gestum að vera hjá sér að passa upp á það að við verðum ekki gestirnir að lokum sem verðum að biðjast afsökunar. Það yrði herstöðvarsinnum kannski til framdráttar að þeir fengju herinn til þess að þrífa upp eftir sig svo að hann væri ekki eins óvelkominn og raun ber vitni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft stóru máli sem því miður er enginn tími til að ræða efnislega í þessu knappa formi. Ég vil þó segja að svör hæstv. utanrrh. komu ekki á óvart. Þau eru samkvæmt venju tilraun til að breiða yfir þessi mál eins og framast er kostur. Því miður er það jafnan hið ömurlega hlutskipti íslenskra yfirvalda, sem með utanríkismálin og samskipti við þessa aðila fara, að reyna að breiða yfir það sem úrskeiðis hefur farið í samskiptum við þá.

Auðvitað er enginn vafi á því að hér er stóralvarlegt mál á ferðinni og með ólíkindum ef einhverjir embættismenn í utanrrn. hafa tekið sér það vald í hendur að færa yfir á íslenska ríkið skaðabótaskyldu vegna umhverfisslysa sem e.t.v. gætu mælst fremur í milljörðum kr. ef bæta ætti fyrir þau eða reyna að bæta fyrir þau eins og dæmin sanna erlendis frá. Hreinsun á jarðvegi af því tagi sem gæti þurft að fara fram á Suðurnesjum og jafnvel víðar í landinu er óheyrilega kostnaðarsamt verkefni. Maður hlýtur að spyrja sig að því hvort ekki sé nauðsynlegt að fram fari ítarleg opinber rannsókn á öllum þessum málum og spurningunni um réttarstöðu einstakra embættismanna til að gera slíka samninga bæði varðandi Heiðarfjall og Suðurnes.

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og ég verð að segja að ekki líður mér betur eftir að hafa hlustað á það sem hann hafði hér fram að færa. Það er sem sagt svo að einhverjir örfáir hafa setið einhvers staðar í leynibyrgi og gert samning um það að við ættum að drekka, alveg þar til sl. haust, stórlega mengað vatn og búa til æviloka við þá mengun sem var sýnd á þeim kortum sem ég lagði fram í gær og eru frá bandarísku hernum, hvorki meira né minna. Þar var bara um tvö efni að ræða sem þeir könnuðu. Þeir könnuðu bara bara TCE-mengun í grunnvatni og PCE-mengun í grunnvatni. TCE fannst á öllu þessu útbreidda svæði og ljósgráa svæðið á kortinu er allt saman svæði þar sem um mengun er að ræða. Þeim mun alvarlegri sem mengunin er eftir því verður svæðið dekkra, undir 3 eða 4 millj. kr. fjárfestingu okkar inn í framtíðina er ástandið svartast eins og dæmin sanna. Ég verð nú að segja að mér finnst það stórlega alvarlegt mál ef það hefur verið samið til framtíðar um að ekkert skuli gert í þessum málum annað en byggja eitt vatnsból þó að það hafi auðvitað fyrir löngu verið orðið brýnt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hér gefst ekki tími til að ræða þetta mál í neinum smáatriðum en ég leyfi mér að fullyrða að þær staðreyndir og upplýsingar sem fyrir liggja um málið gefa ekki tilefni til þeirra ýkju- og öfgakenndu sleggjudóma sem hér hafa verið kveðnir upp.

Að því er varðar vatnsmengunina á Suðurnesjum, þá er hún svo sannarlega ekkert leyndarmál. Þetta er mál sem átti sér mjög langan aðdraganda. Við kvöddum til alla okkar hæfustu sérfræðinga til að stýra þeim rannsóknum. Þær stóðu yfir mjög langan tíma og það var óyggjandi niðurstaða að um mengun var að ræða en hins vegar var, þar sem þetta hafði átt sér stað í langan tíma, ekki hægt að mati hinna færustu sérfræðinga að slá neinu föstu um að orsakavaldurinn væri aðeins einn.

Ég endurtek að ég tel að samningarnir sem gerðir voru af hálfu íslenska ríkisins í þessu tilviki séu dæmi um góðan vilja beggja aðila og ekki síst varnarliðsins sjálfs til að bæta fyrir mengun sem óumdeilanlega var, a.m.k. að hluta, á þess ábyrgð og í staðinn fyrir að lasta það ættum við að fagna því. Og ég vil reyndar geta þess að þegar hin nýja vatnsveita var loksins opnuð voru mörg hundruð Suðurnesjamanna þar viðstaddir sem þekktu þetta mál í þaula. Það hefur verið rætt víða í sveitarstjórnum á Suðurnesjum og í blaðakosti Suðurnesjamanna og ekki heyrst ein einasta óánægjurödd.

Að því er varðar Heiðarfjall, þá er það nú einfaldlega svo að þar hafa rannsóknir farið fram. Þar er auðvitað forræðið fyrir því faglega af hálfu umhvrn. Engin rök er hægt að færa fyrir því að af hálfu utanrrn. sé reynt að hylma yfir mál af þessu tagi, því fer fjarri. Ég vísa því alveg á bug.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlusta á þessa umræðu og þá sleggjudóma og dylgjur sem hér hafa komið fram. Sem Suðurnesjamaður vil ég flytja sérstakt þakklæti til utanrrh. og utanrrn. fyrir það hvernig að málum var staðið varðandi vatnsból Suðurnesjamanna. Þar var mjög myndarlega að verki staðið og brugðist skjótt við. Þar var engu leynt. Suðurnesjamenn hafa sjálfir fagnað því hvernig að málum var staðið, sveitarstjórnarmenn hafa fagnað því mjög og þau úrræði eða þær úrbætur sem áttu sér stað eru á þann veg að vatnsbólum Suðurnesjamanna er ekki lengur hætt vegna þess að vatnið er tekið allt annars staðar en á þessum hugsanlegu mengunarsvæðum. Það er líka fróðlegt að heyra í umræðunni hér, sem svokallaðir herstöðvaandstæðingar standa fyrir, á hversu lágu plani andstaða er gegn því að Íslendingar taki þátt í vörnum vestrænna þjóða, taki þátt í og styðji að Ísland verði varið land.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæðulaust að kalla

það sleggjudóma og dylgjur þó að menn hafi áhyggjur af mengun vegna hersins sem hefur haft hér aðsetur í mörg ár. Ég sé ekki að ástæða sé til þess að menn svari því með þeim hætti þegar vakin er athygli á mjög alvarlegum málum sem menn vita kannski ekki enn þá og örugglega ekki hve alvarleg geta verið. Ég tel að menn eigi að taka því með stillingu og koma af stað rannsóknum á þessum málum.

Ég verð að segja að mér þykja menn af Suðurnesjum ansi lítilþægir ef þeim finnst að það hafi verið einhvers konar góðgerðarstarfsemi frá hendi hersins að gefa þeim tækifæri til að drekka hreint vatn að nýju.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Umræður vegna fsp. um mál, sem er í sjálfu sér eðlilegt, hafa orðið sérkennilegri eftir því sem á hefur liðið. Ég skal reyna að upplýsa hvernig málið lítur út frá sjónarhóli venjulegs Suðurnesjamanns.

Um árabil hefur staðið yfir rannsókn á mengun í vatnsbólum okkar syðra og í ljós hefur komið, eins og hér var sagt frá, að mengunar gætir. Athugunin beindist að nokkrum efnum sem kunna að vera mengandi og í ljós kom að það er olíumengun þar sem vatnsból Njarðvíkinga og Keflvíkinga stóðu. Það er vitað um olíutjón hjá varnarliðinu og hjá venjulegum íslenskum íbúum. Handan götunnar, beint á móti nýlegu pósthúsi Keflvíkinga og Njarðvíkinga, varð fyrir allnokkrum árum skaði. Þar sprakk olíugeymir með tugþúsundum lítra. Hann var íslenskur. Hugsið þið ykkur. En hins vegar liggja fyrir traustar upplýsingar um að vatnsbólasvæði þetta og svæði sem nú er notað séu ekki samtengd. Þessar upplýsingar eru taldar einhverjar nákvæmustu sem vitað er um á íslenskum vatnsbólum og geri aðrir betur. Þau eru talin þekktustu vatnsból á landinu, bæði hvað varðar samgang á milli vatnstökusvæðanna og það hversu ungt vatnið er eða gamalt og hvaða efni hafa farið niður.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, ein umr.

Fsp. GHelg, 419. mál. — Þskj. 677.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. nóv. 1989. Hæstv. þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, undirritaði síðan samning þennan fyrir Íslands hönd á ráðstefnu um málefni barna í New York í septemberlok 1990. Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna er kerfi reglna sem ýmsar þjóðir heimsins samþykkja að setja inn í lög sín.

Fyrir hinu háa Alþingi liggja nú á þessu þingi ýmis lög er varða réttindi barna. Nægir að nefna lög um vernd barna og ungmenna, frv. til barnalaga og frv. til laga um umboðsmann barna. En öll þessi lagasetning er meira og minna háð og byggð á þessum sáttmála sem hér um ræðir um réttindi barna. Þar er tekið á ýmsum atriðum, svo sem að öll börn eigi meðfæddan rétt til lífs og öllum ríkjum beri að tryggja þeim fullan þroska. Einnig að börn séu ekki skilin frá foreldrum sínum nema að sá aðskilnaður sé ákveðinn á faglegum forsendum og teljist vera til framdráttar barninu. Öllum ríkjum ber að auðvelda sameiningu fjölskyldna með því að leyfa ferðalög einstaklinganna milli landa og í alþjóðasamningum gildir sú höfuðregla að foreldrar annist börn sín og ber öllum ríkjum að aðstoða þá við að fullnægja uppeldisskyldum sínum.

Ýmis fleiri ákvæði eru í þessum merka samningi svo sem að öllum ríkjum beri skylda til að sjá foreldralausum börnum fyrir hæfilegu uppeldi og öllum fötluðum börnum fyrir rétti til sérstakrar meðferðar, menntunar og umsjár. Síðan eru í þessum samningi *ýmis atriði sem varða vinnuþrælkun barna, herskyldu* og annað slíkt, afnám misréttis vegna kynferðis og kynþátta o.s.frv. Hér er því um hinn merkasta sáttmála að ræða og sjálfsagt að Íslendingar staðfesti hann fyrir sitt leyti þar sem ég tel að sjálfsagt sé að líta til þessa sáttmála þegar endanlega verður gengið frá þeim lagafrumvörpum sem nú liggja fyrir hinu háa Alþingi. Ég hef því leyft mér, hæstv. forseti, á þskj. 677 að beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh. hvað tefji staðfestingu á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna sem undirritaður var af Íslands hálfu 26. jan. 1990. Hér held ég raunar að sé um misskilning embættismanna að ræða. Það var sannarlega í septemberlok 1990 sem sáttmálinn var undirritaður af Íslands hálfu. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær má búast við að lögð verði fram till. til þál. um staðfestingu samningsins?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Spurt er: Hvað dvelur að sáttmál Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna verði formlega staðfestur á hinu háa Alþingi? Svarið við því er þetta:

Fyrst var þessi sáttmáli til ítarlegrar athugunar hjá dómsmrn. þar sem ástæða þótti til að kanna sérstaklega hvort nauðsyn væri að beita annarri löggjöf samkvæmt skuldbindingum sáttmálans. Eftir því sem mér er tjáð varðaði það einkum og sér í lagi spurningar um áfrýjunarrétt til æðra stjórnvaldsstigs í barnaverndarmálum. Sú athugun tók nokkurn tíma en henni er lokið. Jafnframt hefur verið unnið að því að þýða þennan mikla sáttmála og því verki er einnig lokið. Það sem þá dvelur lokaafgreiðslu málsins er mikið annríki þjóðréttarsérfræðings utanrrn. sem nú er önnum kafinn við að undirbúa hina gagnmerku heimsráðstefnu í Ríó og hefur verið síðasta mánuð af þeim sökum í New York og er nú á Grænlandi. Mér er tjáð að það sé áætlað tveggja daga verk að ljúka þessu og þannig er ekki útilokað að unnt sé að leggja sáttmálann á íslensku máli ásamt þáltill. fyrir hið háa Alþingi fyrir þinglok.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir greið og góð svör en verð hins vegar að lýsa áhyggjum mín-

um yfir þeim mannafla sem hann hefur yfir að ráða. Ekki dreg ég í efa að Guðmundur Eiríksson sé hinn mætasti starfsmaður en tæplega er hægt að ætlast til þess að hann einn og sjálfur sjái um öll samskipti ráðuneytisins við aðrar þjóðir. Ég mundi því vilja mælast til þess og skal reyna að beita mér fyrir því í hv. fjárln. að ráðuneytið fái að hafa yfir að ráða lágmarksmannafla.

En ég tel að það sé afar mikilvægt að þáltill. verði lögð fram á þessu þingi. Það er Alþingi til sóma ef tekst að afgreiða á þessu þingi þau lagafrumvörp sem hér liggja nú fyrir um málefni barna og var tími til kominn að þeim málum væri sinnt af einhverri alvöru. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra að leita sér aðstoðar til að hægt sé að ganga frá þessu máli ef það er ekki nema tveggja daga verk, þýðingu lokið og öllum ítarlegum athugunum. Það hlýtur því að vera leysanlegt að ganga frá þáltill. sem lögð yrði fram á þessu þingi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst leiðrétta að hinn ágæti þjóðréttarfræðingur er ekki sá starfsmaður utanrrn. sem sér um samskipti við önnur ríki. Hins vegar er hann eini þjóðréttarfræðingurinn í þjónustu ráðuneytisins.

Í annan stað kom það fram í mínu svari að fagleg umfjöllun um þetta mál fór fram í dómsmrn. og það var þar sem könnun fór fram á því hversu samningurinn samræmdist íslenskum lögum.

Að því er varðar tilboð hv. þm. um að bjóða fram krafta sína til að fjölga starfsmönnum utanrrn. þá vil ég taka skýrt fram að í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu almennt þykir mér vænt um að heyra þetta en það boð er hér með afþakkað. Ég tel að það sé hægt að reka íslenska utanríkisþjónustu með ágætum með þeim mannafla sem hún hefur og væri jafnvel hægt á sparnaðartímum að gera það með eitthvað færra fólki.

Fræðsla fyrir almenning um kynferðismál, ein umr.

Fsp. KÁ, 358. mál. — Þskj. 577.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1975 voru samþykkt ný lög á Alþingi um fóstureyðingar, kynlíf og barneignir eftir allmiklar umræður og nokkrar deilur í þjóðfélaginu. Hluti þeirra laga, eins og nafnið gefur til kynna, snýst um það að auka beri fræðslu almennt í þjóðfélaginu um kynlíf og barneignir og þá ekki síst til þess að draga sem allra mest úr fóstureyðingum.

Eftir því sem árin liðu þótti ýmsum sem lögunum væri illa framfylgt og því gerðist það eftir að Kvennalistinn fékk fyrst konur á þing árið 1983 að þær tóku að hreyfa þessu máli og inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig gengi að fræða Íslendinga um þessi mikilvægu málefni. Þar kom að Kvennalistinn flutti þáltill. árið 1987 sem var samþykkt þá um vorið. Tillagan var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Eins og fram kemur í þessari tillögu hafði það gerst í millitíðinni að sjúkdómurinn eyðni fór því miður að gera vart við sig hér á landi og það ýtti ekki síst undir það að tekið yrði af alvöru á þessum málum. Það má greina þessa fræðslu í tvennt. Það er annars vegar sú fræðsla sem fer fram innan skólanna og beinist fyrst og fremst að ungu fólki og síðan er sú hliðin sem snýr að almenningi og á þá ekki síst við um varnir gegn eyðni og öðrum kynsjúkdómum. Ég sé að hæstv. heilbrrh. hefur látið dreifa hér fræðsluefni og ég þakka fyrir það og líklega veitir ekki af.

Ég vil beina eftirfarandi spurningum til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hvernig er staðið að fræðslu og ráðgjöf fyrir almenning um kynlíf og barneignir, samanber lög nr. 25/1975 um þau efni?

2. Hvað hefur ráðherra gert til að efla fræðslu og ráðgjöf um kynlíf og barneignir, samanber samþykkt Alþingis um þau efni frá 19. mars 1987?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fsp. Það er nokkuð langt síðan fsp. af þessu tagi hefur komið hér fram í sölum Alþingis. Síðast var það á fyrsta kjörtímabili sem ég átti hér sæti á árunum 1974–1978. Þá svaraði hæstv. þáv. heilbrrh., hv. núv. 1. þm. Vestf., sambærilegri fsp. með þeim hætti sem ég tel að sé orðinn nokkuð hefðbundinn, þ.e. með því að upplýsa þingmenn um hvaða fræðsluefni gefið hafi verið út í þessu sambandi og hef ég haldið mig, með leyfi hæstv. forseta, við þann hátt sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. markaði í svari sínu þá.

Fyrsta spurningin er: Hvernig er staðið að fræðslu og ráðgjöf fyrir almenning um kynlíf og barneignir? Síðla árs 1986 var ráðinn sérmenntaður hjúkrunarfræðingur við landlæknisembættið til að taka að sér verkefni tengd fjölskylduáætlun. Þessi verkefni voru mjög viðamikil þar sem bæði þurfti að huga að ýmsum þáttum varðandi kynfræðslu í skólum og fjölskylduáætlunarþjónustu í landinu. Í upphafi var lögð áhersla á að bæta fræðslu um alnæmi fyrir almenning. Í því sambandi var skipulögð fræðsla um alnæmi á öllum stærstu vinnustöðum, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni og enn fremur var safnað gögnum erlendis frá. Þá hefur hlutverk viðkomandi hjúkrunarfræðings m.a. verið að veita ráðgjöf um útgáfu fræðslugagna, þ.e. þeirra bæklinga sem hér liggja fyrir. Ég vil þó vekja athygli hv. alþm. á því að þegar þessi fsp. kom síðast fram fyrir hartnær 20 árum lá eiginlega allt það fræðsluefni fyrir sem hér liggur enn frammi og þar hefur aðeins bæst við einn bæklingur eða svo á öllum þessum tíma og finnst mörgum sjálfsagt ekki mikið. Aðrir bæklingar á vegum embættisins eru bæklingar

um kynsjúkdóma, alnæmi og bæklingur fyrir ferðamenn.

Varðandi fjölskylduáætlun þótti nauðsynlegt að skoða stöðu þeirrar þjónustu erlendis og var skrifað víða eftir upplýsingum. Einnig var leitað upplýsinga um stöðu þessara mála á heilsugæslustöðum hér á landi. Í því sambandi var gerð könnun á fjölskylduáætlunarþjónustu og hvernig heilbrigðisstarfsfólk var undir það búið að veita fræðslu og ráðgjöf. Niðurstöður sýndu að langoftast var veitt fræðsla um getnaðarvarnir, tíðahvörf og kynsjúkdóma en sjaldnar um fósturеyðingu, kynlífsvandamál og kynlífsheilbrigði. Það eru aðallega læknar ásamt hjúkrunarfræðingum sem veita þessa þjónustu og hún er mest veitt í tengslum við almenn heilsugæslustörf.

Í framhaldi af þessu hefur verið unnin skýrsla fyrir landlæknisembættið sem fjallar um hugmyndafræði fjölskylduáætlunar, fjölskylduáætlun erlendis og alþjóðasamstarf í því sambandi og að lokum settar fram margvíslegar tillögur til úrbóta sem m.a. koma fram í heilbrigðisskýrslu, fylgiriti 1990 nr. II bls. 48–61 og 63–64. Þessi skýrsla var gefin út í apríl 1990 og m.a. send til helstu heilbrigðisstofnana og til Alþingis þannig að þessi skýrsla er tiltæk á bókasafni og má að sjálfsögðu einnig fá hana hjá landlæknisembættinu og í heilbrrn.

Myndaður hefur verið vinnuhópur til að vinna handbók fyrir starfsfólk heilsugæslustöðva um fræðslu og ráðgjöf varðandi fjölskylduáætlun. Þessi vinnuhópur mun ljúka störfum á þessu ári. Í þeirri handbók eru teknir fyrir eftirfarandi þættir: viðtöl og ráðgjöf, kvenskoðun, getnaðarvarnir, ófrjósemisaðgerðir og fósturеyðingar.

Í upphaflegri skipulagningu í kynfræðslu í skólum var lögð áhersla á samstarf við menntmrn. Árið 1987 var skipuð fjögurra manna samstarfsnefnd heilbr.- og trmrn. og menntmrn. til að vinna að heilbrigðisfræðslu í skólum. Aðalhlutverk nefndarinnar hefur verið að bæta fræðsluefni varðandi kynfræðslu. Við lok ársins 1988 voru gefin út leiðbeiningarrit um kynsjúkdóma fyrir þá sem annast kynfræðslu í skólum, þ.e. um alnæmisvarnir fyrir efstu bekki grunnskóla og framhaldsskóla. Samhliða hafa verið haldnir ýmsir fundir t.d. með fulltrúum Námsgagnastofnunar, skólayfirlækni menntmrn., kennurum og skólahjúkrunarfræðingum, um kynfræðslu og auk þess leitað álits þeirra á kynfræðsluefni sem stuðst er við í bandarískum skólum og stendur til að þýða og staðfæra.

Á vormissiri 1990 var tilraunaútgáfa þessa námsefnis tilbúin og ber hún heitið „Kynfræðsluefni, lífsgildi og ákvarðanir". Var þá haldinn dagslangur kynningarfundur með skólahjúkrunarfræðingum og kennurum frá sjö skólum landsins sem tóku þátt í tilraunakennslunni. Í lok hennar var gerð könnun á árangri á vegum Háskóla Íslands, þ.e. námsbrautar í hjúkrunarfræði og menntmrn. og er sú könnun tiltæk í báðum þessum ráðuneytum.

Að lokinni tilraunakennslu var haldinn annar dagslangur vinnufundur með kennurum og skólahjúkrunarfræðingum til að skoða árangur kennslunnar og hvað betur mætti fara. Þorvaldur Örn Árnason námsstjóri hefur gert grein fyrir aðalatriðum þessarar tilraunakennslu.

Að alls konar fræðslu og upplýsingarstarfi varðandi alnæmi hefur auk þess verið unnið af hálfu landlæknisembættisins.

Einnig er spurt hvað ráðherra hefði gert til að efla fræðslu og ráðgjöf um kynlíf og barneignir. Eins og fram kemur í svari landlæknisembættisins sem ég hef hér stuðst við hefur fræðsla og ráðgjöf um kynlíf og barneignir verið mikil frá árinu 1986 þegar sérstakur hjúkrunarfræðingur var ráðinn til starfa hjá embættinu til þessa verkefnis.

Um aðrar sérstakar aðgerðir í framhaldi af samþykkt Alþingis frá 19. mars 1987 hefur ekki verið að ræða.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessi svör og þá fræðslubæklinga sem hann hefur dreift.

Ástæða þess að ég spurðist fyrir um þessi mál er auðvitað ekki sú að ég hafi ekki hugmynd um að ýmislegt er verið að gera í þessum málum heldur tel ég að það sé mjög nauðsynlegt að alþingismenn og stjórnvöld fylgist vel með þessum efnum vegna þess að þetta er eitt þeirra sviða þjóðlífsins og mannlífsins þar sem stöðug fræðsla þarf að fara fram vegna þess að auðvitað eru alltaf að koma nýir og nýir hópar til vits og þroska og stjórnvöld þurfa stöðugt að vera vakandi vegna ýmissa sjúkdóma sem stinga upp kolli og breiðast út og það vita auðvitað allir sem hér eru að sjúkdómurinn eyðni er eitt stærsta heilsuvandamál sem við er að stríða í okkar heimi í dag.

En spurningin sem vaknar eftir þær upplýsingar sem hafa komið fram er auðvitað sú hvort þessi fræðsla og útgáfustarfsemi sem á sér stað skilar þeim árangri sem til er ætlast. Ég vona svo sannarlega að svo sé en það væri auðvitað fróðlegt að fá fram mat á því hvort þetta er nægjanleg fræðsla og hvort hún skilar okkur þeim árangri að þessi mál séu með viðunandi hætti.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Á þeim stutta tíma sem ég hef til umræðu til að svara þessari umfangsmiklu fyrirspurn get ég að sjálfsögðu ekki nema rétt drepið á það allra helsta. Hins vegar er staðreynd að mjög mikið af könnunum hefur átt sér stað, bæði á árangri alnæmisfræðslu og eins á því tilraunanámsefni sem menn hafa verið með í sambandi við kynfræðslu í skólum. Ég er t.d. með í höndunum könnun á alnæmisfræðslu í grunnskólum sem eru niðurstöður landlæknis um árangur þessarar fræðslu, hvað hún hefur náð til margra og hvaða árangri hún hefur skilað um aukna þekkingu. Þetta var kynnt á fréttamannafundi hjá landlæknisembættinu þann 27. nóv. í haust. Ég er enn fremur með fjölskylduáætlun í íslensku heilbrigðiskerfi í fylgiriti úr heilbrigðisskýrslum sem mér er mikil ánægja að afhenda fyrirspyrjanda. Auk þess er sjálfsagt að afla annarra gagna sem til eru í ráðuneytinu um þann mikla árangur sem orðið hefur af þessari fræðslu því að árang-

urinn hefur bæði orðið mikill og fræðslan miklu meiri en fólk gerir sér kannski grein fyrir.

Ferðakostnaður lækna, ein umr.

Fsp. ÖS, 372. mál. — Þskj. 604.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Engum dylst að það eru verulegir erfiðleikar í fjármálum íslenska ríkisins og af þeim sökum hafa stjórnvöld talið nauðsynlegt að draga saman seglin á mörgum sviðum. Eðli máls samkvæmt er slíkur samdráttur oftar en ekki umdeildur og sársaukafullur. Það er rætt um að til að ná endum saman í heilbrigðiskerfinu og til að ná þeim niðurskurði sem stjórnvöld telja óhjákvæmilegan þurfi e.t.v. að grípa til aðgerða á borð við lokun deilda, fækkunar á starfsfólki á sumum stofnunum auk annars samdráttar.

Þess vegna er eðlilegt að menn reyni að finna leiðir til sparnaðar og hagræðingar sem hafi sem minnstar breytingar í för með sér á hefðbundinni þjónustu heilbrigðiskerfisins. Einn af þeim þáttum sem menn horfa til þegar rætt er um leiðir til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu er sá kostnaður sem hið opinbera mun samkvæmt ákvæðum í samningum þurfa að greiða vegna ferðalaga lækna sem starfa á sjúkrahúsum. Mér finnst það satt að segja ótækt og ósanngjarnt, svo ekki sé meira sagt, að á tímum sem þessum þar sem aðhalds er þörf í ríkara mæli en áður þá skuli þetta fyrirkomulag vera við lýði. Þess vegna tel ég tímabært, virðulegi forseti, að þetta verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar. Ekki síst vegna þess hef ég óskað svara frá hæstv. heilbrrh. við eftirfarandi spurningum:

„1. Hvaða reglur gilda um greiðslur á ferðakostnaði lækna?

2. Hve miklum upphæðum er varið samanlagt til þessa þáttar á hverju ári?

3. Hver er hámarksgreiðsla til hvers læknis?

4. Njóta einhverjar aðrar starfsstéttir heilbrigðisgeirans svipaðra hlunninda?“

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fsp. hans og ég er honum alfarið sammála um að tímabært er að endurskoða þessi mál.

Fyrsta fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda hljóðar svo:

„Hvaða reglur gilda um greiðslur á ferðakostnaði lækna?“

Þar lít ég svo á að hann eigi við þær reglur sem samið var um sérstaklega við lækna um ferðakostnað vegna samningsbundinna námsleyfa en á almennum ferðum innan lands eru læknar á sömu kjörum eins og allir aðrir opinberir starfsmenn.

Þessi samningur var gerður í tíð hv. þáv. fjmrh. Ragnars Arnalds til þess að leysa ákveðin launavandamál í kjaradeilu lækna. Þá var samið við þá um tilteknar námsleyfisferðir á kostnað hins opinbera sem er þannig að sérfræðingar á sjúkrahúsum og heilsugæslulæknar hafa samið um að fá greitt hálfs mánaðar námsleyfi árlega og aðstoðarlæknar sem hafa starfað samfellt eitt ár á sömu sjúkradeild eiga rétt á sjö daga námsleyfi, t.d. að fara á ráðstefnu þar sem þeir gera grein fyrir ákveðnu rannsóknarverkefni.

Gert er ráð fyrir því sem almennri reglu að læknar taki námsleyfi sitt árlega, en þeir hafa heimild til þess ef atvinnurekandi samþykkir að sameina tveggja ára námsleyfi og taka 30 daga annað hvert ár í stað 15 daga á hverju ári. Eldra námsleyfi en tveggja ára leyfi firnist hins vegar.

„2. Hve miklum upphæðum er varið samanlagt til þessa þáttar á hverju ári?“

Um 485 læknar á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum eiga rétt á námsleyfi árlega. Læknar fá greidda fulla dagpeninga í 15 daga samkvæmt ferðareglum fjmrn. og auk þess námskeiðsgjald að hámarki 400 Bandaríkjadollarar. Meðalfargjald er um 60–70.000 kr. vegna hverrar ferðar en þó getur það verið misvísandi vegna þess að í sumum tilvikum getur verið um allháan ferðakostnað að ræða.

„3. Hver er hámarksgreiðsla til hvers læknis?“

Gera má ráð fyrir því að meðalgreiðsla til hvers læknis sé um 300.000 kr. en þá eru ekki talin með þau laun sem læknar fá auk þess greidd í námsferðum sínum þannig að það er óhætt að bæta þeim við. Enginn sérstakur hámarkskostnaður er greiddur í þessu sambandi annað en reynt hefur verið að hámarka fargjald og hámarkskostnaðurinn miðast að sjálfsögðu við 15 daga dvöl eða 30 daga dvöl annað hvort ár. Ekki er langt frá því að menn gætu ætlað að þetta gæti verið allt að 600.000 kr. sem einstakir læknar gætu fengið í greiðslur, vegna ferðakostnaðar, dagpeninga og launagreiðslna á meðan á þessum ferðum stendur. Ef menn taka þann kostnað allan þá gæti ég trúað að þetta væru í kringum 300 millj. á ári. Ef menn taka hins vegar aðeins útgreiddan kostnað, þ.e. ferðakostnað og dagpeninga þá eru þetta trúlega í kringum 145.000 kr. á ári. Hér eru því um viðbótargreiðslur til hvers læknis að meðaltali um 300.000 á ári vegna námsleyfisins en auk þess fá þeir laun greidd í þessu námsleyfi eins og frá var sagt.

Engar aðrar starfsstéttir heilbrigðisgeirans fá hlunnindi af þessu tagi en í samningum nokkurra heilbrigðisstétta eru heimildarákvæði um námsleyfi og þá stjórnun sjúkrastofnana sem taka afstöðu til styrkja til starfsmanna miðað við fjárhagsgetu stofnunarinnar hverju sinni.

Ég vil aðeins taka það fram í þessu tilviku að það hafði gerst eftir að þessir samningar voru gerðir að fyrrv. ráðherrar höfðu heimilað yfirlæknum á sjúkrastofnunum nokkuð rýmri ferðakjör en þarna var samið um, þannig að yfirlæknar höfðu möguleika á því að taka sér nokkuð lengra námsleyfi en þarna er um að ræða, jafnvel þó svo að það sé ekki samningsbundið. Þeir hafa ekki samningsbundin betri kjör en aðrir læknar.

Eitt af því sem ég hef gert í heilbrrn. er að skrifa til Læknafélags Íslands og stjórna heilsugæslustofnana og tilkynna að þessi ákvörðun fyrrv. heilbrrh. sé dregin til

baka þannig að yfirlæknar á sjúkrastofnunum hafi ekki rétt til þess að fá lengri námsleyfi eða betri kjör vegna námsleyfisferðar en er í gildandi samningum við lækna.

Til þess að breyta þessu frekar þarf hins vegar að sjálfsögðu að breyta kjarasamningum við lækna sem nú standa yfir.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Það er örstutt athugasemd og ein fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.

Þau fjögur ár sem ég starfaði í heilbrrn. sem aðstoðarmaður fyrrv. heilbrrh. heyrði ég aldrei þess getið að yfirlæknar stofnana hefðu sérkjör. Þess vegna vildi ég gjarnan fá að heyra það frá hæstv. heilbrrh. á grundvelli hvaða reglna að slíkar heimildir hafa verið veittar. Það væri fróðlegt að fá það hér inn á þingið til umræðu hvaða upphæðir þarna er um að ræða umfram þá kjarasamninga sem þessi ákvæði eru lögð til grundvallar í. En af því að hæstv. ráðherra vitnaði til þess í tíð hvaða fjmrh. þetta ákvæði hefði komið inn í kjarasamningana, það var í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds, þá er gott að hafa það líka í huga að þá var formaður samninganefndar ríkisins núv. aðstoðarmaður utanrrh., þannig að ef menn vilja líta á þetta sem fortíðarvanda, þá ættu menn aðeins að skoða hvar sá fortíðarvandi hefði verið skapaður.

Á sama tíma held ég að sé rétt hjá mér, (forseti hringir.) virðulegi forseti, ég er rétt að ljúka máli mínu, þá hafi einnig komið inn í þá kjarasamninga níu tíma heimild til sérfræðinga að stunda starf sitt á eigin stofu utan sjúkrastofnana.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra, sem eru þingflokksformaður og ráðherra Alþfl., hvort þetta mál muni ekki hafa verið tekið upp í þingflokki Alþfl., því að hér kemur fram að þetta er sameiginlegt áhugamál þeirra og hvar málið hafi þá strandað í kerfinu fyrst þeir sjá ástæðu til þess að taka það upp með þessum hætti í þingsölum.

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram í svari hæstv. ráðherra að u.þ.b. 485 læknar njóta þessara vildarkjara sem þýðir að u.þ.b. 300.000 kr. launauppbætur eru greiddar til þeirra á ári og mestu greiðslur geta farið upp í 600.000. Þar að auki fá viðkomandi læknar laun greidd.

Í þriðja lagi hefur ráðherrann upplýst það hér að yfirlæknar hafa fengið greiðslur fyrir lengra námsleyfi og líka hefur komið fram að þessar greiðslur eru í heimildarleysi. Þess vegna vil ég taka undir þá fsp. sem hv. þm. Finnur Ingólfsson beinir hér til ráðherrans varðandi þetta.

Mig langar síðan líka til þess að spyrja ráðherrann hvort ekki sé alveg rétt skilið hjá mér að þessar tekjur eða hlunnindi eru ekki taldar fram til skatts og mig langar líka til að spyrja hvort að hann telji að starfsemi sjúkrahúsanna mundi líða fyrir ef þessar sjálfvirku greiðslur yrðu lagðar af. Mig langar líka til þess að fá svar við því hvort hann telji nokkra sanngirni í því að læknar fái þetta en engar aðrar sérmenntaðar stéttir sem starfa á sjúkrahúsunum.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þær upplýsingar sem hæstv. heilbrrh. kom fram með sýni það alveg og undirstriki að hér er ekki um að ræða hefðbundin leyfi til námsdvalar. Hér er greinilega um að ræða ákveðna uppbót á kjör og ég hygg að það þurfi að líta á það þannig og ég hygg að það þurfi að leggja mjög mikla áherslu á það í viðræðum við lækna að það beri að líta á þessar greiðslur sem þarna eru inntar af hendi, sem hlaupa á hundruðum millj. kr., sem beina uppbót á kjör. Auðvitað er líka alveg ljóst að af þeim tölum sem hæstv. ráðherra kom fram með að meðalferðakostnaður er til að mynda ekkert í samræmi við það sem maður sér að verið er að auglýsa á almennum ferðamarkaði sem venjulegt fólk sækist eftir. Hér er greinilega fylgt þeirri gömlu reglu að þegar þriðji aðilinn borgar þá þarf lítið að huga að því hver kostnaðurinn er. Ég vil enn fremur vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur þáltill. sem verður vonandi rædd innan tíðar sem lýtur að því að taka til umfjöllunar sérstakar vildargreiðslur til starfsfólks sjúkrahúsanna vegna leikskóla og fróðlegt væri að skoða þessi mál öll í samhengi.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Sjálfsagt er að upplýsa það að eitt af því fyrsta sem við skoðuðum í heilbrrn. þegar að því kom að verulega þurfti að draga úr fjárframlögum var þessi kostnaður við námsferðir lækna. Svo vill til að þar erum við að tala um svipaðar fjárhæðir og Alþingi treystir sér til þess að ráðstafa til framkvæmda við öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar á Íslandi utan Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar. Þetta eru því engir smá fjármunir sem menn eru að tala um.

Niðurstaða þeirra athugana var þessi: Hér er um samningsbundnar greiðslur að ræða þannig að ráðherra og Alþingi geta ekki einhliða ákveðið að breyta þeim eða lækka. Þetta er hluti af kjarasamningi sem gerður hefur verið og auðvitað er möguleiki á því hjá ríkinu að framlengja ekki slík ákvæði kjarasamnings. Ég hef komið því á framfæri við samninganefnd ríkisins að ég óski eftir því að þessi þáttur kjarasamninga lækna verði endurskoðaður í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir. Í annan stað lét ég athuga sérstaklega hvort unnt væri af heilbrigðisyfirvöldum að takmarka eitthvað þessar greiðslur og hvaða möguleika við hefðum á því. Þá kom það fram að yfirlæknar á sjúkrastofnunum hefðu rýmri námsfríðindi en samið er um í kjarasamningi við Læknafélag Íslands og mér var skýrt svo frá að það væri með heimild í bréfi frá fyrrv. heilbrrh. Ég var ekkert að rekast í því, virðulegi forseti, hvaða

fyrrv. heilbrrh. það var. Ég tek því eins og gullvægum sannindum sem hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði áðan að þessi gjörningur hefði ekki gerst á sl. fjórum árum. Um það get ég ekkert fullyrt. Mér var bara sagt að þetta væri með heimild frá ráðherra. Þessa heimild dró ég til baka og skrifaði sérstakt bréf um það til Læknafélags Íslands þar sem ég vakti athygli á þessari framkvæmd og með því að draga þessa heimild til baka þá var ég ekki að mínu áliti að brjóta samning við læknafélagið. Undir það tóku þeir. Þeir lýstu því yfir að þeir teldu að þetta væri ekki samningsbrot þar sem ekki væri um þetta samið. Nokkur lækkun á þessum kostnaði hefur því átt sér stað.

Ég ítreka að það er auðvitað rétt og skylt og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þessi mál upp og vekja athygli á þeim, því að það er ekkert smáræði að inn í kjarasamningi einnar heilbrigðisstéttar skuli vera svona ákvæði sem kostar ríkissjóð álíka mikið fé á ári eins og menn treysta sér til að verja til stofnkostnaðar allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa utan Reykjavíkur og Akureyrar. Hér er um álíka mikið fé að ræða, sennilega heldur meira en menn eru nú með harmkvælum að reyna að skera niður í útgjöldum ríkisins til sjúkrahúsa í Reykjavík. Það er því ekkert óeðlilegt við það að vakin sé athygli á þessu.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði hér áðan af hverju þingmaður Alþfl. væri að taka þetta mál upp hér, hvort þetta mál hefði strandað einhvers staðar í kerfinu? Málið strandar einfaldlega á því að hér er um kjarasamningamál að ræða sem menn verða að taka upp við kjarasamningaborðið en ekki við ríkisstjórnarborðið því að ríkisstjórn og Alþingi ráða ekki við þetta nema gerðar séu breytingar á kjarasamningi um þessi efni.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi svarað þeim fsp. sem til mín var beint. Ég ítreka það að ég var ekkert að leita uppi í hvaða gjörningi hvaða fyrrv. heilbrrh. þessi framkvæmd hefði fundið stoð um að ívilna yfirlæknum meira en öðrum. Mér fannst það skipta minna máli, hitt skipti meira máli að sá gjörningur yrði dreginn til baka og það hef ég gert.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég var því miður ekki hér inni þegar þessar umræður hófust eða þessi fsp. var borin fram sem hér er til umræðu og heyrði því ekki svar hæstv. ráðherra. Ég vil aðeins láta það koma fram að í tíð fyrrv. heilbrrh. var einnig skoðað hvaða möguleikar væru á því að draga úr þessum mikla kostnaði sem ég heyri að er til umræðu. Hvaða möguleika hæstv. heilbrrh. og reyndar einnig hæstv. fjmrh. hefðu til að draga úr slíkum kostnaði og komumst við þá að þeirri sömu niðurstöðu og ég heyri að núv. hæstv. ráðherra hefur komist að. Hér er um samningsbundið ákvæði að ræða sem ekki verður hróflað við öðruvísi en með kjarasamningsgerð eða við samningaborðið.

Varðandi það að einhverjar breytingar hafi verið gerðar til rýmkunar í tíð fyrrv. ríkisstjórnar kannast ég ekki við. Ég vil þó ekki fullyrða að það kunni ekki að hafa verið í einhverjum tilvikum um eitthvert einstakt mál að ræða sem hefur komið til umfjöllunar og e.t.v. verið fallist á. En alls ekki almenn regla, það leyfi ég mér að fullyrða.

Endurgreiðslur á tannréttingakostnaði, ein umr.

Fsp. VS, 409. mál. — Þskj. 662.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 662 til hæstv. heilbr- og trmrh. um endurgreiðslur á tannréttingakostnaði. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvenær má vænta þess að það fólk, sem á kröfur á Tryggingastofnun ríkisins vegna tannréttingakostnaðar og á að fá þær greiddar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 1/1992 (bandormi), fái greiðslur í hendur?"

En þannig er að samkvæmt þeim lögum átti Tryggingastofnun ríkisins að auglýsa fyrir 15. febr. 1992 með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem töldu sig eiga rétt á endurgreiðslum samkvæmt framansögðu og var viðkomandi gert að senda inn umsóknir fyrir 15. mars 1992 á sérstöku eyðublaði sem stofnunin hefur látið í té. Að öðrum kosti félli þessi réttur niður. Greiðslum samkvæmt þessu bráðabirgðarákvæði skal ljúka eigi síðar en 31. des. 1993 eins og ég skil lögin.

Nú er mér ekki kunnugt um á hversu áberandi hátt var auglýst af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins en mér er hins vegar kunnugt um að það hafa borist 4.500 umsóknir. Þessir einstaklingar velta því að sjálfsögðu fyrir sér hvenær þeir muni fá greiðslur í hendur. Hvort það verður greitt á síðasta mögulegum degi, þann 31. des. 1993, og eins það hvort tekið verður tilliti til verðlagsbreytinga frá því að krafan varð til. Þá veltir maður því einnig fyrir sér um hversu háar upphæðir hér er að ræða og hversu mörgum starfsmönnum Tryggingastofnun ríkisins þarf að bæta við til að sinna þessu verkefni. Þó það komi ekki fram í minni fsp. þá væri forvitnilegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað sjálfsagt að svara öllum fsp. hv. þm. En það er náttúrlega ekki við því að búast ef menn bæta mjög mörgum spurningum við sínar skriflega fluttu fsp. þegar þeir mæla fyrir henni þannig að ráðherra hefur ekki haft aðstöðu til að afla þeirra upplýsinga sem hann þarf að fá til að geta svarað þeim fsp. fullkomlega sem menn bera fram munnlega með þeim hætti. Þá geta menn að sjálfsögðu ekki átt von á því, virðulegi forseti, að ráðherra geti svarað öllum slíkum spurningum á stað og stundu. Ég mundi gjarnan vilja svara öllum þeim fyrirspurnum sem hv. fyrirspyrjandi bætti við en mér var bara ekki kunnugt um þær fyrr en hún mælti fyrir sinni skriflegu fsp. og mitt svar miðast því fyrst og fremst við hana.

Í fyrsta lagi eru nú komnar inn 4.500 umsóknir en þær bárust flestar í síðustu viku fyrir skilafrestinn sem var 15. mars. Giskað er á að meðaltalskostnaður á hvern sjúkling verði um 215 þús. kr. og meðalmeðferðartími verði um 2½ ár. Hér er því um að ræða heildarkostnað upp á 967 millj. kr. Sé gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins greiði að meðaltali 50% er hlutur Tryggingastofnunar ríkisins um 480 millj. kr. Hafi eyðublöðin frá Tryggingastofnun verið rétt fyllt út er mjög auðvelt að flokka sjúklinga eftir þeim og nægir þá fyrir tryggingayfirtannlækni að skoða eingöngu hluta af tilfellunum nánar vegna vafaatriða og eftirlits. Allir almennir tannlæknar sem hafa annast tannréttingar, og er talsvert um að þeir geri það, hafa fyllt út eyðublöðin á fullkominn hátt. Hins vegar hefur enn komið í ljós þrátt fyrir allt sem á undan er gengið að sérfræðingar í tannréttingum hafa ekki fyllt út eyðublöðin nema að hluta. Nota þeir þannig svokölluð ICD-númer í stað flokkunartöflu eyðublaðanna en tannskekkju er ekki hægt að flokka nákvæmlega eftir þeim númerum. Þrátt fyrir afskipti landlæknis af málum þessara tannlækna fyrr í vetur þar sem landlæknir gerði þeim grein fyrir því að það væri lagaskylda allra lækna, þar á meðal tannlækna, að láta í té upplýsingar og vottorð um verk sín til heilbrigðisyfirvalda og þrátt fyrir að ljóst væri að svo gæti farið að þeir misstu starfsréttindi sín ef þeir skiluðu ekki þeim skýrslum til heilbrigðisyfirvalda sem heilbrigðisyfirvöld krefja þá um hafa þeir ekki virt niðurstöður landlæknis. Ég mun að sjálfsögðu ræða við landlækni að nýju en ég bendi á að ef þetta verður enn til að tefja afgreiðslu málsins þá bitnar það á sjúklingum þessara lækna.

Það sem við höfum gert til að hraða málinu er það að ég hef fallist á að ráðið verði — eða mæla með því við tryggingaráð — að ráðinn verði aðstoðartannlæknir til að hjálpa tryggingayfirtannlækni til að vinna þessi flokkunarstörf þannig að reynt verði að hefja þegar í stað flokkun á þeim umsóknum sem ágreiningur er um hvort séu nægilega skýrar af hálfu tannréttingalæknanna. Ljóst er að deilan við þessa menn, sem ég sem ráðherra fékk í arf frá fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem hafði staðið í löngu stímabraki og stappi við þessa menn, hefur bakað sjúklingum ómæld vandkvæði. Nú loksins hillir undir lausn á vandamálinu og sjúklingar eygja nú endurgreiðslumöguleika eftir nánast 2½ árs bið. Hitt er alveg ljóst að ég mun láta reyna á það til þrautar hvort þessi hópur heilbrigðisstarfsmanna ætlar að vanvirða þá lagalegu skyldu sem þeim ber að uppfylla að fylla út þau vottorð og þær skýrslur, sem heilbrigðisyfirvöld krefja, eða hvort þeir ætla að láta hætta á það að heilbrigðisráðherra noti úrslitavald sitt og taki af þeim starfsréttindi.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992, í ákvæði þar til bráðabirgða, var gert ráð fyrir því og í umsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. að rúmlega 600 umsóknir lægju þegar fyrir hjá einstaklingum um endurgreiðslur á þessum tannréttingakostnaði. Í umsögn fjmrn. er gert ráð fyrir því að þessum umsóknum geti fjölgað um helming og því geti heildarkostnaður numið um 240 millj. kr. og ef, eins og heilbrrh. lýsti hér áðan, 50% yrði greitt af honum þá væri það í kringum 120 millj. kr. Nú liggja fyrir 4.500 umsóknir sem þýðir að tæplega 1 milljarð kr. á að greiða út eða heildarkostnaður er í kringum 1 milljarður kr. sem þýðir ef 50% reglan er notuð að þarna er um 500 millj. sem út yrðu greiddar. Þetta undirstrikar auðvitað það sem menn héldu fram í umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum í janúar að fjárlögin og allar þessar aðgerðir sem þar var verið að gera eru algerlega óraunhæfar.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég verð þó að segja að mér fannst hann ekki svara þessari þó einu spurningu sem ég lagði fram á þinglegan hátt, um það hvenær fólkið mætti búast við að fá þessar greiðslur í hendur. Hann talaði mikið um vandamálið með tannlæknana og þeir skiluðu ekki vottorðum sem þarf til að Tryggingastofnun ríkisins greiði út viðkomandi upphæðir. Ég vil því endurtaka þá spurningu: Er það meiningin að greiða þetta allt saman þann 31. des. 1993, og þá með verðbótum væntanlega, eða á að mjatla þessu smátt og smátt út úr stofnuninni eftir að vottorð hafa borist? Ég get tekið undir það með ráðherranum að ekki er ánægjulegt að eiga við það ef sumir tannlæknar neita að skila gögnum sem nauðsynleg eru í þessu sambandi en eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá eru nú líka margir tannlæknar sem ætla að standa sig í því og veita þessi vottorð.

Það er annað sem þessu tengist sem er forvitnilegt að vita um. Ég skal viðurkenna að sú fsp. er ekki borin fram á þinglegan hátt þannig að ráðherrann þarf ekki að svara henni frekar en hann vill eða hann hefur þekkingu til. En nú er það svo með suma þessara sjúklinga að þeir þurfa að fara í skurðaðgerðir í tengslum við tannréttingarnar. Hvernig er tekið á þeim málum núna þegar lýtalækningadeild er ekki að störfum? Þetta er mál sem mér leikur líka forvitni á að vita um og þessi spurning kemur bara upp núna í sambandi við þetta mál. En eins og ráðherrann tók fram þá ber honum ekki skylda til að svara þeim spurningum sem ekki hafa verið lagðar fram áður.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt að ekki séu gerðar lýtalækningaaðgerðir með sama hætti og gerðar hafa verið þó svo að sé búið að taka ákvörðun um að loka sérstökum gangi fyrir lýtalækningasjúklinga um ákveðið tímabundið skeið. Í staðinn eru þeir lýtalækningasjúklingar sem eru til meðferðar vistaðir á öðrum deildum. En aðgerðirnar eiga sér stað engu að síður, þar á meðal þessar tannaðgerðir sem hv. þm. spurði um. Hins vegar hefur komið fram hugmynd um það hjá örfáum einstaklingum að fyrir þessar aðgerðir sé greitt og innheimt hjá Tryggingastofnun ríkisins, jafn-

vel þó svo þær séu gerðar á Landspítalanum, á sjúklingum sem liggja þar inni. Það verður ekki samþykkt. Það er meira en nóg af tvöföldum greiðslum í þessu kerfi þó svo það bætist ekki við. En það er mesti misskilningur ef menn halda að það sé eitthvert uppihald eða einhver stöðvun á þessum aðgerðum. Þær halda áfram og lýtalækningadeildinni hefur ekki verið lokað, þeim gangi hefur verið lokað þar sem lýtalækningasjúklingarnir hafa verð lagðir sérstaklega inn, en þeir eru nú lagðir inn og vistaðir á öðrum deildum Landspítalans og er það smámál hjá öllum öðrum vandamálum sem eru þar miklu stærri.

Hvenær þessar greiðslur hefjast? Ég get ekki svarað því upp á dag, það er alveg ljóst. Það á eftir að fara yfir þessar umsóknir. Hins vegar er komin heimild til að auka við starfslið hjá Tryggingastofnun ríkisins. Eftir því sem tryggingayfirlæknir upplýsir mig um þá munu þeir, hann og aðstoðartannlæknirinn, geta afgreitt á milli 10 og 20 umsóknir á hverri klukkustund þannig að þetta á ekki að vera mjög mikið vandamál. Eftir því sem ég best veit verður hver umsókn afgreidd og greidd fyrir sig þannig að fjárhagsleg afgreiðsla þeirrar umsóknar sem afgreidd er í þessum mánuði verður ekki dregin til ársloka þó svo einverjar aðrar umsóknir þurfi að bíða þann tíma.

Það er alveg rétt að sú áætlun sem lögð var fram hér fyrr á þessu þingi þegar ekki var vitað um fjölda umsókna tók auðvitað mið af því sem þá var vitað. Enginn mannlegur máttur gat þá sagt fyrir um hversu margar þessar umsóknir yrðu. En ég býst við að hv. þm. Finnur Ingólfsson minnist þeirra orða minna sem ég lét þá falla að þessi átök við tannréttingalæknana og þessi langi biðtími sem fólk hefði orðið fyrir þar sem fólk m.a. hélt að sér höndum um að sækja um aðgerðir vegna auglýsinga frá heilbrrn. þar um, þessi tími og þessi töf yrði ekki til þess að það bitnaði á sjúklingunum. Við það hefur að fullu verið staðið þrátt fyrir að hv. þm. drægi þá í efa að við það yrði staðið. Hins vegar veit ég náttúrlega ekkert fremur en hann hversu margar umsóknir af þessum 4.500 verða afgreiddar jákvætt. Ég er alveg sannfærður um að sumar af þessum umsóknum hljóta ekki náð fyrir augum tryggingartannlæknanna. En hljóti þær allar náð fyrir þeirra augum og séu allar réttmætar er kostnaðurinn af þeirri stærðargráðu sem ég var að tala um.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þessi hópur tannlækna, tannréttingalæknarnir, eru einu læknarnir í heilbrigðiskerfinu sem hafa neitað að skila tilskildum vottorðum um verk sín til heilbrigðisyfirvalda. Hvernig halda menn að ástatt væri í heilbrigðiskerfinu ef t.d. heilsugæslulæknar eða sjúkrahúslæknar neituðu að skila til heilbrigðisyfirvalda skýrslum á eyðublöðum sem heilbrigðisyfirvöld láta í té um þau verk sem þeir eru að vinna? Hvers konar ástand héldu menn að væri þá á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum ef þessar heilbrigðisstéttir brygðust við eins og tannréttingalæknarnir gera? Það eru tólf einstaklingar sem eiga þarna í hlut. Það skal ég taka fram og ég veit að ég hef þar fullan stuðning forvera míns í embætti að tólf tannréttingalæknar brjóta ekki niður það heilbrigðiskerfi sem við höfum byggt upp sem grundvallast á því að heilbrigðisstéttirnar virði lög og reglur samfélags okkar og skili þeim vottorðum um verk sín til heilbrigðisyfirvalda sem heilbrigðisyfirvöld krefjast. Fyrr mun ég svipta þá starfsleyfi en ég samþykki það og það vald hef ég í minni hendi.

Líffæraflutningar frá Íslandi til annarra landa, ein umr.

Fsp. FI, 415. mál. — Þskj. 672.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 672 er fyrirspurn til heilbrrh. um líffæraflutninga frá Íslandi til annarra landa. Til skamms tíma hefur skort hér lög um heimildir einstaklinga til að gefa samþykki sitt fyrir því að nema á brott líffæri eða lífrænt efni úr líkama viðkomandi einstaklings við dauða. Á þessu varð breyting í febrúar 1991 þegar Alþingi samþykkti lög um brottnám líffæra og krufningar. Mikill skortur er á líffærum hjá þeim stofnunum erlendis sem standa í slíkum líffæraflutningum. Þess vegna hafa læknar erlendis og sjúkrastofnanir fylgst mjög náið með því hvernig við Íslendingar höfum hugsað okkur að koma þessum hlutum fyrir og sérstaklega hafa þeir læknar erlendis sem stundað hafa líffæraflutninga á Íslendingum fylgst mjög náið með hvernig við ætlum að standa hér að.

Nú er eitt ár síðan að allar lagaheimildir fengust fyrir því að slíkir líffæraflutningar gætu átt sér stað. Í þessu sambandi vil ég vitna í viðtal í Dagblaðinu 28. mars sl. við séra Jón Baldvinsson, sjúkrahúsprest í London, þar sem hann er að fjalla um þá erfiðleika sem skapast hafa vegna þess að þessir líffæraflutningar hafa enn ekki átt sér stað frá Íslandi. Þar segir séra Jón orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég hef verið í sambandi við heilbrigðisyfirvöld og lækna heima vegna þessa og allir höfðu góð orð um það. Við sendum nauðsynlegar upplýsingar heim og nú er ár liðið og ekkert hefur gerst. Mér hafa verið gefnar tölur um þá sem hefði verið möguleiki að taka líffæri úr og samkvæmt þeim eru það tíu manns. Líffæri úr einum manni geta gagnast þremur þannig að þarna var hægt að bjarga mörgum, segir Jón."

Því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hvað veldur því að flutningar á líffærum hafa enn ekki hafist frá Íslandi til annarra landa þrátt fyrir að allar lagaheimildir séu fyrir hendi?"

Nú skil ég vel tíma tekur að koma slíkum samningum á og þeir samningar þarfnast undirbúnings. Hæstv. heilbr.- og trmrh. má ekki skilja það sem svo að einhverjar ásakanir felist í þessari fyrirspurn minni að ekki hafi verið vel að verki staðið. Fyrirspurnin er fyrst og fremst sett fram til að afla sem gleggstra upplýsinga um það hvenær megi vænta að af þessum líffæraflutningum geti orðið. Þá hef ég það í huga að í þeirri blaðagrein sem ég vitnaði í hér áðan segir séra Jón frá reglugerð sem sett hefur verið í Bretlandi þar sem ver-

ið er að flokka þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda, annars vegar í forgangsröð þar sem Bretarnir eru á fyrsta klassa, þegna EB-þjóðanna á öðrum klassa og síðan aðrar þjóðir á þriðja klassa og í þeim hópi erum við Íslendingar auðvitað. Þannig að ég skil mjög vel að það þurfi að vanda þennan undirbúning eins og kostur er. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„2. Hvenær má búast við að slíkir líffæraflutningar hefjist?"

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Lög um brottnám líffæra voru afgreitt frá Alþingi 6. mars 1991 og reglur um skilmerkingu dauða voru settar af heilbrrh. 1. júlí 1991. Í lok maí 1991 skipuðu læknar á Borgarspítala, Landakotsspítala og Landspítala nefnd um brottnám líffæra og ígræðslu líffæra. Nefndin hafði eftirfarandi hlutverk:

1. Að kanna við hvaða erlenda aðila ætti að hafa samstarf um málið.

2. Hvernig skipuleggja mætti líffæratöku.

3. Hvaða vandkvæði væru á að flytja líffæri úr landi.

4. Hvaða kostnaður er í þessu sambandi og hver ætti þá að bera hann.

5. Hvenær hugsanlegt væri að líffæraígræðslur færu fram hér á landi.

Þessi nefnd læknaráðanna skilaði tillögum sínum 9. jan. sl. Niðurstaða nefndarinnar er í stuttu máli þessi:

1. Ekki er hægt að gera ráð fyrir líffæraígræðslum hér á landi að svo stöddu.

2. Gera eigi samkomulag við eina erlenda ígræðslumiðstöð um brottnám ígræðslulíffæra og ígræðslulíffæra í íslenska sjúklinga.

3. Að svo stöddu verði það Reykjavíkurspítalarnir þrír sem leggðu til líffæri.

4. Lögð er áhersla á almenningsfræðslu um brottnám líffæra til ígræðslu og fræðslu til starfsfólks frá þeim sjúkrahúsum þar sem brottnámið fer fram.

5. Ekki er mælt með útgáfu gjafakorta af hálfu heilbrigðisyfirvalda.

6. Talið er nauðsynlegt að einum manni verði falið það hlutverk að standa að undirbúningi líffæratöku þegar slíkt kemur til greina.

7. Talið er nauðsynlegt að brottnám líffæra til ígræðslu sé jafnan borið undir héraðslækni vegna hugsanlegrar réttarkrufningar.

8. Nefndin kannaði möguleika til samninga við fimm ígræðslusjúkrahús, þ.e. Rigshospitalet í Kaupmannahöfn, Rikshospitalet í Ósló, Sahlgrenska sjukhuset í Gautaborg, Akademiska sjukhuset í Uppsölum/Huddinge sjukhuset í Stokkhólmi, National Heart & Lung Institute - Royal Brompton og Kings College Hospital í London.

Nefndin skrifaði öllum þessum sjúkrahúsum og óskaði upplýsinga um fjölda ígræðslna, árangur, biðtíma og kostnað.

Að fenginni skýrslunni og eftir viðræður við aðila á ríkisspítölum varð það að ráði að tveir læknar á ríkisspítölunum, sérfræðingur í hjartasjúkdómum og sérfræðingur í nýrnasjúkdómum, heimsæktu þær stofnanir sem helst þóttu koma til greina í London og Gautaborg. Læknarnir hafa skilað mér skýrslu nú fyrir nokkrum dögum og varð niðurstaða þeirra sú að vænlegast mundi að reyna að ná samningum við sjúkrahúsið í Gautaborg og fara nú fram könnunarviðræður um slíkan samning.

Skrifstofustjóri í heilbrrn. fór til viðræðna við sjúkrahúsmenn í Gautaborg um þessa hluti. Verði gerður samningur við aðila á Norðurlöndum hefur verið staðfest, sem er meginatriði málsins, að þeir sjúklingar sem bíði eftir líffærum í London standi á biðlistum sínum þar en verði jafnframt færðir inn á biðlista í Gautaborg að teknu tilliti til þess tíma sem þeir hafa beðið. Sjúkrahúsið í Gautaborg er því reiðubúið að gera samkomulag við Íslendinga um það að í fyrsta lagi njóti íslenskir ígræðslusjúklingar sama réttar og sænskir varðandi bið á þessum sjúkrahúsum og í öðru lagi að þeir sjúklingar íslenskir sem hafa beðið eftir ígræðslu, sumir þeirra bíða úti í London og aðrir bíða heima, fái biðtíma sinn viðurkenndan eins og þeir hefðu allan tímann verið á biðlista hjá hinum sænsku aðilum. Þetta er auðvitað lykilatriði í málinu.

Við í heilbrrn. erum að skoða uppkast að slíkum samningi. Áður en ég geng frá honum vil ég ræða málið frekar við forsvarsmenn þessara þriggja sjúkrahúsa, formenn læknaráða þar og þá lækna sem með þessi mál hafa unnið og ég reikna með því að hægt verði að ganga frá málinu á fáum vikum.

Það er rétt sem hv. þm. Finnur Ingólfsson tók fram hér áðan að það kom í ljós við ferð umræddra lækna og viðræður þeirra, t.d. við þá aðila í London sem fengist hafa við ígræðslur líffæra þar, að í tvö ár hafa þar verið þær reglur í gildi að í fyrsta lagi má ekki græða í aðra en Breta líffæri úr Bretum, þannig að ekki er heimilt að græða líffæri sem fengin eru í Bretlandi í aðra en Breta.

Í öðru lagi þá er forgangsröðun þar þannig að í algjörum forgangshópi eru breskir þegnar, hvort sem um er að ræða líffæri sem fengin eru í Bretlandi eða annars staðar frá. Í öðrum forgangshópi eru þegnar Evrópubandalagsins og í þriðja forgangshópi, virðulegi forseti, eru þegnar annarra ríkja svo sem Íslands. Bresku aðilarnir geta ekki breytt þessu þrátt fyrir beiðni okkar og þeir geta ekki gefið okkur neinar hugmyndir um það eða tryggingu fyrir því hvað íslenskir líffæraþegar þurfi að bíða lengi eftir líffæraígræðslu í Bretlandi. Ég held að þessar niðurstöður, sem komu um sumt mjög á óvart, hafi e.t.v. riðið baggamuninn um að það virðist vera einróma niðurstaða þeirra sem um hafa fjallað að réttast sé og skynsamlegast fyrir okkur að reyna að gera samninga við sjúkrahúsið í Gautaborg um þessi mál, að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem ég hef lýst hér áðan um hvernig þeir bjóðast til að meðhöndla Íslendinga eins og sænska ríkisborgara og með hvaða hætti þeir sjúklingar sem beðið hafa eftir ígræðslu á Íslandi og annars staðar geta öðlast forgang á biðlistum við þetta sjúkrahús.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyr-

ir skýr og greinargóð svör. Það er þó eitt sem kemur upp í huga minn þegar ég sat undir svarinu: Verður þannig gengið frá í þessum samningi við sjúkrahúsið í Gautaborg að á þeim tíma er búast má við að Svíar gangi inn í Evrópubandalagið munum við í framtíðinni njóta sama réttar og Svíar í þeirri forgangsröð sem þarna yrði um að ræða?

Ég treysti þessum orðum heilbrrh. og sérfræðinga hans um mat á því hvaða sjúkrahús sé skynsamlegast að velja til samstarfs í þessum efnum en ég spyr: Hver er árangurinn hjá þessu sænska sjúkrahúsi í samanburði við sjúkrahúsið í London sem við höfum verið í mestu sambandi við og samskiptum við á undanförnum árum í þessari líffæraígræðslu?

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Spurt var hvort hugsanleg aðild Svía að Evrópubandalaginu muni hafa einhver áhrif á þennan samning. Það mál hefur ekkert verið skoðað. Engin slík vandkvæði hafa komið upp í viðræðum við hina sænsku aðila þannig að hvorki við né þeir hafa séð neina meinbugi af þessu tagi á þeim samningi sem fyrir liggur.

Í öðru lagi hefur það verið skoðað um árangurinn og eftir því sem þeir aðilar sem um þetta fjalla af hálfu heilbrrn. og umræddra þriggja sjúkrahúsa segja þá er hann fyllilega samanburðarhæfur. Þannig að þeir telja ekki nema síður væri að það sé verið að velja verri kost með samningi við sjúkrahúsið í Gautaborg heldur besta kostinn sem okkur Íslendingum bjóðist. Ekki voru allir þeirrar skoðunar þegar sú könnun hófst en allir virðast vera þeirrar skoðunar eftir að umrædd könnun hefur farið fram.

Framkvæmd jafnréttislaga, ein umr.

Fsp. KÁ, 448. mál. — Þskj. 706.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Sl. vor voru samþykkt ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á Alþingi, en í 12. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu þar sem því verður við komið sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Þegar þessi lög voru sett var nokkuð hert á þessu ákvæði frá fyrri lögum. Skoðun mín er sú að þar hafi ekki af veitt því þegar við horfum á þær upplýsingar sem fyrir liggja um hlut karla og kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins má ljóst vera að þar er hlutur kvenna mjög fyrir borð borinn.

Samkvæmt því sem fram kemur í þáltill. sem liggur fyrir þinginu frá hæstv. félmrh. var hlutur kvenna í stjórnum, ráðum og nefndum á vegum ríkisins árið 1990 16,6% en á sama tíma er hlutfallið í Noregi 36%. Það er því augljóst að við erum langt á eftir þeim þjóðum sem við berum okkur jafnan saman við þegar þessi mál eru skoðuð. Nú geta menn spurt sig hvort það skipti alltaf máli að tala karla og kvenna sé með sem jöfnustum hætti þar sem um slík ráð og nefndir er að ræða. Ég vil svara því játandi. Máli skiptir að konur séu þar sem ákvarðanir eru teknar, ákvarðanir sem snerta líf okkar allra og ekki getur talist annað en eðlilegt að hlutföll kynjanna séu með sem jöfnustum hætti nánast hvar sem er í okkar þjóðfélagi. Miklar breytingar eiga sér stað varðandi starfsval og nánast hvert einasta svið sem við lítum á í þjóðfélaginu og það er og verður eðlilegt að konur komi þar að.

Því vil ég leita eftir svörum hjá hæstv. félmrh. um það hvernig hún hyggist fylgja eftir 12. gr. jafnréttislaganna og bið hana að svara eftirfarandi fsp.:

„Hvernig hyggst félagsmálaráðherra sjá til þess að 12. gr. jafnréttislaganna, nr. 28/1991, verði framfylgt þannig að tala karla og kvenna „í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka" verði sem jöfnust?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð hefur verið fyrir Alþingi er í kafla um starfsmannamál ríkisins að finna ákvæði um hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum. Ríkisstjórninni er þar falið að ná því markmiði að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis en ekki miðað við 30% í hverri nefnd. Þegar leitað er eftir tilnefningu við skipan í opinbera nefnd verði framvegis óskað eftir nafni karls og konu þannig að markmiði þessu verði náð. Jafnréttisráð taki árlega saman tölfræðilegt yfirlit um hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum.

Ég vil nota þetta tækifæri og minna á það að þegar frv. til nýrra laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla var lagt fyrir Alþingi árið 1989 var lagt til að fara svokallaða tilnefningarleið, þ.e. að svokallaðir tilnefningaraðilar tilnefndu tvo, konu og karl, og að við skipan skuli þess gætt að skipting milli kynjanna verði sem jöfnust. Nefndin rökstuddi tillögu sína um nauðsyn þess að lögfest yrði formleg leið til að ná markmiðum um sem jafnasta stöðu kvenna og karla í opinberum ráðum og nefndum.

Þessi till. náði ekki fram að ganga á Alþingi en ákvæðið var þannig: Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu þar sem því verður við komið, setja sem næst jafnmargar konur og karla og ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.

Með framkvæmdaáætluninni sem ég greindi frá fyrr í máli mínu, sem ég vænti að verði afgreitt á yfirstandandi þingi, væri hins vegar farin sú leið sem upphaflega stóð til að farin yrði til að tryggja sem jafnastan hlut kvenna og karla í nefndum og ráðum. Þess

má geta að svokölluð tilnefningarleið sem fram kemur í þessari þál. var lögfest í Danmörku árið 1985. Það ár var hlutur kvenna í nefndum 12,7% en var kominn í 38% árið 1990. Í skýrslu Jafnréttisráðs, Hlutur kvenna í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum í apríl 1990, kom fram að konur voru þá 16,6% nefndarmanna í opinberum nefndum. Sambærileg tala frá 1987 var 9,4%. En opinberum nefndum er skipt í tvo hópa. Annars vegar eru nefndir sem eru kosnar af Alþingi. Þar var hlutur kvenna í apríl 1990 15% en var 9% 1987. Hins vegar eru verkefnanefndir, en þar var hlutur kvenna í apríl 1990 17%, var 11% 1987. Hlutur kvenna hefur því aukist töluvert á þessu tímabili.

Benda má á jafnréttisáætlanir ráðuneyta sem tóku flestar gildi um áramót 1988–1989. Í öllum var tekið fram að stefnt skuli að jafnari hlut kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum viðkomandi ráðuneyta. Það skyldi gert með því að minna sérstaklega á skyldur stjórnvalda hvað varðar jafnrétti kynjanna og með tilvísun til 12. gr. laganna. Þessar áætlanir ná til næstu áramóta og þá er ætlunin að gera úttekt á þessu atriði sem og öðrum er varða jafnréttisáætlanir.

Hvað varðar nefndir á vegum sveitarstjórna var að koma út ný skýrsla hjá Jafnréttisráði, Verkaskipting kvenna og karla í sveitarstjórnum, en þar kemur m.a. fram að konur eru 30% fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum stóru sveitarfélaganna. Sú tala endurspeglar nokkuð vel hlutfall þeirra í sjálfum borgar- eða bæjarstjórnum sem er núna rétt 32%. Þann 8. maí verður síðan haldinn fundur á vegum Jafnréttisráðs með fulltrúum frá jafnréttisnefndum sveitarfélaga. Þar verður m.a. farið í möguleika jafnréttisnefndar til að hafa áhrif á tilnefningar viðkomandi sveitarfélaga í opinber ráð og nefndir og þannig fylgt eftir ákvæðum 12. gr. jafnréttislaganna.

Ég vænti þess að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Augljóst er að ýmislegt er verið að gera í ráðuneyti hennar eins og vera ber. Þetta er mjög þarft mál og ég efast ekki um að nauðsynlegt er að hafa reglur um þessi mál, við erum einfaldlega ekki lengra komin. Vandinn er sá hvernig á að fylgja þeim eftir.

Mér líst vel á að alltaf séu tilnefnd karl og kona þannig að þeir sem skipa í viðkomandi ráð og nefndir eigi þá nokkurra kosta völ og það sé þá alla vega ekki hægt að skjóta sér á bak við það að það finnist ekki konur til að gegna viðkomandi störfum sem eru röksemdir sem oft heyrast.

En auðvitað er ástæða til að hafa áhyggjur af ákveðnum geirum samfélagsins og þá dettur mér í hug t.d. bankastjórnir. Þetta eru virki þar sem karlveldið stendur föstum fótum og dyrnar eru býsna lokaðar. Þarna er auðvitað ekki bara um það að ræða að hafa reglur og fylgja þeim eftir heldur þetta sem við erum auðvitað alltaf að reka okkur á aftur og aftur að það þarf líka að breyta hugarfari. Ég vil því þakka svörin og hvetja ráðherrann til frekari dáða í þessum efnum.

123. FUNDUR

fimmtudaginn 9. apríl,
að loknum 122. fundi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (ávöxtun á fé, stigaútreikningur, verðtrygging o.fl.). — Þskj. 700.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JónK, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður ljósmæðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (brottfall laga). — Þskj. 702.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Yfirskattanefnd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 722.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 465. mál (yfirskattanefnd). — Þskj. 723.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (niðurstöður greiðsluuppgjörs). — Þskj. 701.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, KÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ, 201. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, KÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, MJ, MB, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA,

ISG, IP, JÁ, KÁ, LMR, ÓE, PP, SigG, StG, ÖS) fjarstaddir.

18 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Skattlagning fjármagnstekna, frh. fyrri umr.

Þáltill. RA o.fl., 283. mál. — Þskj. 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, KÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, KÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 446. mál. — Þskj. 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

Afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 193. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, StG, StH) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Mat á skólastarfi, frh. fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 335. mál. — Þskj. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. GÞJ, 396. mál (félagslegar íbúðir á vegum verkalýðsfélaga). — Þskj. 646.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, frh. fyrri umr.

Þáltill. REg o.fl., 455. mál. — Þskj. 713.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

16 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 47 shlj. atkv.

Eftirlit með opinberum framkvæmdum, frh. fyrri umr.

Þáltill. BF o.fl., 470. mál. — Þskj. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Rannsókn á jarðvegi við varnarsvæðin á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJóh, 480. mál. — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

16 þm. (ÁJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG, StH) fjarstaddir.

Heimild til að selja kirkjujörðina Stóru-Borg, 1. umr.

Frv. JHelg og MF, 435. mál (sölukvaðir). — Þskj. 693.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SJóh, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

18 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH) fjarstaddir.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Er ekki eðlilegra að efh.- og viðskn. eða fjárln. fengi þetta mál en landbn.? (**Forseti:** Það er tillaga um að vísa þessu frv. til hv. landbn., það er tillaga flm. og forseti gerir ekki athugasemd við þá tillögu. Það er að því er forseti veit best venjan með slík mál að vísa þeim til landbn. Hv. 1. flm. er fyrrv. landbrh. svo að hann væntanlega veit hvað hann er að gera. Því verður tillaga hv. 1. flm. borin upp, um að vísa málinu til hv. landbn.)

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að almennt þarf heimild 6. gr. fjárlaga til þess að selja eigur ríkisins og ég sé ekki betur en hér sé um að ræða breytingu á fjárlögum ársins. Ég held að það hljóti að þurfa að fara fyrir hv. fjárln. hvort frekari heimildir verði veittar. En ég skal ekki gera mikið mál út af þessu en ég mundi óska þess að einhver mér fróðari sannfærði mig um eitthvað annað. En almennt er það fjárln. Alþingis sem veitir heimild til sölu ríkiseigna. (**Forseti:** Það er landbn. sem hefur með jarðeignir ríkisins að gera.)

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það kemur að vísu ekki fram í fyrisögn þessa frv. en ríkið á ekki þessa jörð. Hún er í einkaeign.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég bið velvirðingar á að vera að ragast í þessu máli. En ég vil benda á að hér stendur í titli þessa frv.: „Frv. til laga um breyting á lögum nr. 33 frá 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breyting." Þetta er sem sagt breyting á þeim lögum.

Af því ég hef nú fyrir sið að greiða ekki atkvæði um eitthvað sem ég skil ekki þá vildi ég óska eftir því að einhver útskýrði hreinlega fyrir mér hvað er hér um að vera.

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns þá er hér um að ræða frv. til laga um að breyta eldri lögum. Samkvæmt þeim lögum var veitt heimild til að selja jörðina, þau lög hafa verið nýtt. Hins vegar er þetta frv. til að breyta skilmálum sem voru fyrir þeirri sölu. (**GHelg:** Ég þakka fyrir þetta.)

Frv. vísað til landbn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BF, DO, DH, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÞJ, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MJ, MB, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE.

2 þm. (HG, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EKJ, GHH, GuðjG, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, LMR, ÓE, SigG, StG) fjarstaddir.

Skipulag ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 456. mál (skipunartími Ferðamálaráðs). — Þskj. 714.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Skömmu eftir að ég kom til embættis samgrh. lét ég hefja vinnu við endurskoðun laga um skipulag ferðamála. Einn helsti tilgangur þeirrar endurskoðunar hefur verið sá að með nýrri löggjöf fengist í senn skilgreining á því hverjir teljast til ferðaþjónustu og um leið að samkeppnisstaða þeirra greina verði bætt, þeim verði sköpuð sömu rekstrarskilyrði og öðrum gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum. Í þeim tilgangi lágu fyrir tillögur um fjármögnun Ferðamálaráðs en ekki tókst samstaða um þá lausn. Því verður bið á því til hausts að frv. verði lagt fram til nýrra laga um skipulag ferðamála og um Ferðamálaráð Íslands.

Á hinn bóginn er ljóst að til þess að fullur trúnaður geti ríkt milli ráðherra og ráðuneytis annars vegar og Ferðamálaráðs hins vegar þarf ráðherra hverju sinni að hafa sína trúnaðarmenn í stöðum ráðherraskipaðra fulltrúa. Þetta er einnig nauðsynlegt til þess að gott samband sé á milli þessara stofnana og upplýsingastreymi rofni ekki. Á það skal minnt að hliðstætt vandamál kom upp í tíð fyrrv. menntmrh. varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna og er frv. það sem hér er mælt fyrir sniðið eftir þeirri breytingu sem gerð var á lögum um lánasjóðinn um sama efni, sbr. lög nr. 107 1989.

Ég vil sérstaklega taka fram í þessu sambandi að milli mín og ráðuneytisins og Ferðamálaráðs eru engin þau vandamál uppi nú sem hægt er að skilgreina sem slík að þau standi í vegi fyrir góðri samvinnu nema það eitt að nauðsynlegt er að marka pólitíska stefnu í ferðamálum. Eðlilegt er að formaður Ferðamálaráðs komi inn í þá endurskoðun og það er vitaskuld eðlilegt með hliðsjón af því að formaður Ferðamálaráðs sé sérstakur trúnaðarmaður ráðherra.

Á sumri komanda þegar Ferðamálaráð hefur verið skipað að nýju, verði frumvarp þetta að lögum, verður skipuð nefnd í samráði við hið nýskipaða Ferðamálaráð og verður nefndinni falið að endurskoða lög um skipulag ferðamála og skila drögum að frumvarpi áður en þing kemur saman á ný að hausti. Í þeirri vinnu er óhjákvæmilegt að fullur trúnaður ríki milli ráðherra og Ferðamálaráðs. Á þessum vetri hefur far-

ið fram nokkur umræða um skipunartíma fulltrúa í lögbundnum stjórnum og nefndum sem skipaðar eru af ráðherra án tilnefningar. Í flestum tilvikum háttar svo til að skipunartíminn er bundinn við ákveðinn árafjölda. Á hinn bóginn er embættistími þess ráðherra sem skipar fulltrúana bundinn öðrum lögmálum. Þess vegna verður alloft sú staða uppi að ráðherra á ekki trúnaðarmenn sína í lögbundnum stjórnum og nefndum sem hann ber þó stjórnsýslulega ábyrgð á. Eðlilegt verður að teljast að ríkisstjórn og þá um leið einstakir ráðherrar hennar eigi trúnaðarmenn sína í lögbundnum stjórnum og nefndum þegar um er að ræða fulltrúa sem skipaðir eru af ráðherra án tilnefningar. Ætla verður að tilgangur slíkrar skipunar nefndarmanna sé sá að með þeim hætti megi tryggja að ríkisstjórn á hverjum tíma, sem hefur meiri hluta Alþingis að baki sér, hafi áhrif á störf og ákvarðanir viðkomandi nefndar og að trúnaðarmenn ráðherra vinni að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar. Þegar fulltrúar ráðherra eru skipaðir af fyrrv. ráðherra, sem er pólitískur andstæðingur og hefur aðrar áherslur og aðra stefnu en núv. ráðherra, verður óhjákvæmilega trúnaðarbrestur milli nefndar og ráðherra. Til þess að koma í veg fyrir þennan trúnaðarbrest og til þess að tryggja eðlilegan framgang mála á vettvangi viðkomandi nefndar er á allan hátt einfaldast og eðlilegast að skipunartími ráðherraskipaðra nefndarmanna sé bundinn starfstíma þess ráðherra sem skipar þá.

Ég vil svo, hæstv. forseti, ítreka það sem ég sagði áðan að með þessum frumvarpsflutningi er með engum hætti vegið að því fólki sem var skipað af forvera mínum í Ferðamálaráð, síður en svo. Hér er einungis um það að ræða að ég tel það eðlilegt að formaður Ferðamálaráðs sé pólitískur trúnaðarmaður ráðherra og geti unnið með honum að þeirri endurskoðun ferðamála sem óhjákvæmilegt er að vinna að. Hér er þess vegna ekki um neina persónulega áreitni af neinu tagi að ræða. Það er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á dagskrá þessa fundar eru þrjú málefni sem varða ferðaþjónustu og hefði kannski verið hugsanlegt að ræða þau nokkuð í samfellu en ekki hefur verið leitað eftir því sérstaklega, enda kannski áhorfsmál gagnvart þingsköpum. Því verður að parta umræðuna dálítið niður út frá því hvernig hæstv. ráðherra hagar uppdeilingu þessara mála, eins og hann leggur þau fyrir þingið og mælir fyrir þeim. Ég skal því reyna að virða það og ræða um hin frumvörpin eftir að hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir þeim. En ég vildi hér af tilefni þessa fyrsta máls, sem hæstv. ráðherra mælir fyrir, ræða svolítið um þau tök sem hann hefur tekið þessi mál — eða öllu heldur sem hann hefur ekki tekið þessi mál, því að það liggur fyrir að nær ári eftir að hæstv. ráðherra tók við samgrn. að þá er það fyrst núna á eindaga þingmála og stutt til þinglausna samkvæmt starfsáætlun Alþingis að hæstv. ráðherra kemur með þrjú mál fyrir þingið sem varða ferðamál og breytingu á gildandi lögum um ferðamál.

Það veldur vissulega miklum vonbrigðum að það skuli taka svo langan tíma fyrir hæstv. ráðherra að gera upp hug sinn í sambandi við hvaða stefnu eigi að taka í ferðamálunum. Og eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra þá boðar hann það að á komandi sumri muni hann skipa nefnd til að fara yfir þessi efni til þess að móta stefnu varðandi stjórnkerfi ferðamálanna sem hið opinbera kemur að. Það hefur tekið hæstv. ráðherra nærri ár að komast að þeirri niðurstöðu að hann muni þurfa að skipa nefnd. Og þröskuldurinn í vegi þess og skýringin á þessu af hálfu hæstv. ráðherra er sú að hann hefur nú uppgötvað að í Ferðamálaráði er formaður, skipaður af fyrrv. hæstv. samgrh., sem stendur í vegi fyrir því verki sem ráðherra nú boðar, að skipuð verði nefnd til þess að taka til við stefnumótun í ferðamálum, pólitíska stefnumótun.

Maður hlýtur að spyrja sig: Hvers er að vænta frá hæstv. ráðherra í þessum efnum á hugsanlega fjögurra ára kjörtímabili og setutíma hans í samgrn. ef hraðinn verður með því skriði snigilsins sem þetta ber vott um? Þetta er auðvitað þeim mun mun undarlegra, virðulegur forseti, — og sé ég nú ekki að hæstv. ráðherra sé hér í sjónmáli, jú, hann kemur í þingsal — þetta er þeim mun undarlegra sem það var hv. þm. Halldór Blöndal sem stöðvaði frv. til laga um ferðaþjónustu sem lá fyrir síðasta þingi og fékk þar mjög ítarlega umfjöllun. Það hafði hlotið afgreiðslu frá neðri deild þingsins með mjög góðu og víðtæku samkomulagi og var komið til efri deildar þingsins og komið út úr nefnd eftir skoðun þar, en það var fyrst og fremst fyrir atbeina hv. þm. Halldórs Blöndals að þetta mál var stöðvað og fékk ekki framgöngu og var ekki lögfest. Sjálfstæðismenn, sem unnið höfðu ásamt öðrum í nefnd, sem fyrrv. hæstv. samgrh. skipaði, höfðu átt fulla aðild að mótun þess frv. sem lagt var fyrir þingið og enginn ágreiningur af þeirra hálfu og fulltrúa þeirra, sem var hv. þáv. þm. Friðjón Þórðarson, sem átti sæti í stjórnskipuðu nefndinni, maður sem hafði fjallað um ferðamál og samgöngumál af hálfu Sjálfstfl. um árabil og átt drjúgan þátt í stefnumótun þar að lútandi. Hann stóð heils hugar að þessu frv. og mælti mjög með því í neðri deild þingsins í fyrravetur. Hann stóð að afgreiðslu málsins með öðrum og stóð að breytingum sem breið samstaða var um í samgn. neðri deildar ásamt hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, sem einu sinni var samgrh. Sjálfstfl., ef ég man rétt, í heilt kjörtímabil og sinnti þessum málum mjög mikið. Hann stóð að nefndaráliti sem fulltrúar allra þingflokka úr samgn. neðri deildar þingsins áttu hlut að og stóð að breytingartillögum sem gerðar voru. Þessa hv. þm. greindi ekki á um málið þó að fyrirvari kunni að hafa verið gerður um einhver atriði af þeirra hálfu.

Þetta var staðan eftir ítarlega umfjöllun í þingflokki Sjálfstfl., að því er þeir nefndarmenn sem unnu með þeim að málinu tjáðu okkur. Síðan er málið komið í efri deild og fær meðferð þar í nefnd, en þá er það verk hv. þm. Halldórs Blöndals að stöðva málið á lokastigi, frv. sem var búið að fá mótun með víðtækara

samráði, held ég, en nokkurn tíma hefur verið staðið að í sambandi við ferðaþjónustu í landinu og stefnumótun þar að lútandi. Þetta frv., sem sameinaði sérlög um veitinga- og gististaði og var þannig nokkuð heildstæð löggjöf varðandi ferðamál, svo og þál. um ferðamálastefnu, sem unnin hafði verið samhliða, lágu fyrir þinginu. Ef ég man rétt, voru talsvert á annað hundrað aðilar sem höfðu komið sjónarmiðum sínum á framfæri í samvinnu við stjórnskipaða nefnd og ferðamálaráðstefna haldin um þetta. Alls staðar blés byrlega fyrir þessum málum — þangað til kom að hv. þm. Halldóri Blöndal í fyrravetur. Þá var fæti brugðið fyrir þetta mál.

Rökstuðningur hv. þm. þáverandi, núv. hæstv. ráðherra, í málinu var ekki mjög efnismikill. Ég fór yfir þingræður hans úr efri deild 7. og 11. mars í fyrra. Fyrir utan einræður við forseta deildarinnar, sem hv. þm. var mjög þjálfaður í, var aðalásteytingsefni hv. þm. varðandi frv. — ja, hvað skyldi það hafa verið? Jú, það var að ekki skyldi hafa verið séð fyrir því að virðisaukaskattur yrði felldur niður af fjárfestingum í byggingum veitinga- og gististaða, eða hótelbygginga. Hann yfirheyrði þáv. hæstv. samgrh. mjög um málið og sagði m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ég vil vekja athygli á því í annan stað að hæstv. ráðherra vék ekki einu einasta orði að þeirri fyrirspurn minni sem lýtur að því hvort hann hafi tekið upp viðræður um það við hæstv. fjmrh. eða hvaða skoðun hann hefði á því að stíga skrefið til fulls, viðurkenna ferðaþjónustu sem samkeppnisiðnað og útflutningsiðnað í þeim skilningi að ferðaþjónusta aflar orðið verulegra gjaldeyristekna og er auðvitað rétt í samræmi við það að leggja aðstöðugjald á eins og um útflutningsframleiðslu væri að ræða."

Þetta segir hv. þm. þann 11. mars. Ég hefði fyrst átt að grípa niður í fyrri ræðuna þar sem hann útlistar þetta enn frekar og segir m.a.:

„Nú hygg ég að hæstv. ráðherra" — hann vísar þessu til þáverandi samgrh. — „minnist þess að þegar við vorum að ræða hér um frv. um virðisaukaskatt fluttum við sjálfstæðismenn tillögu um það og lögðum fram það sjónarmið í umræðuna að það bæri að líta á ferðaþjónustu sem útflutningsatvinnuveg. Ferðaþjónusta hér á landi væri í samkeppni við erlendan ferðamannaiðnað, ef nota má það orð." Og síðar: „Á hinn bóginn hefur það markmið verið sett fram að rétt og hollt sé að reyna að efla ferðaþjónustu hér á landi í því skyni að fá landsmenn sjálfa til að ferðast meira um landið en verið hefur."

Einnig segir hv. þm., sem lengi var í stjórn Byggðasjóðs og víkur að þætti Byggðasjóðs í þessu máli:

„En samtímis því sem fjvn. hefur með þessum hætti lokað fyrir frekari umsóknir um styrkveitingar til hótelbygginga víðs vegar um landið hefur það gerst að einstakir ráðherrar og ríkisstjórn hafa vísað þeim sem hafa í hyggju að reisa hótel eða gistihús á Byggðastofnun með þeim ummælum að sú ríkisstofnun sé reiðubúin til þess að leggja fram fé til hótelrekstrar.

Nú er það regla Byggðasjóðs að gerast ekki stærri hluthafi í fyrirtæki en nemur 20%. En 20% er nákvæmlega sama fjárhæð og greiða þarf virðisaukaskatt til ríkisins af hótelbyggingu."

Þarna sjá menn röksamhengið hjá hæstv. ráðherra. Hann eyddi enn mörgum orðum að þessu og þeirri stefnu Sjálfstfl. að fella bæri niður virðisaukaskatt af hótelbyggingum. Þetta var aðalágreiningsefni hans í sambandi við allan þennan lagabálk. Margar fleiri tilvitnanir mætti hafa upp eftir hæstv. ráðherra fyrir utan samtöl hans við forseta deildarinnar á þessum fundum en ég ætla að spara mér það.

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra og bið hann um að leggja við hlustir. Ég kynni nú betur við að hæstv. ráðherra væri í þingsal en sæti ekki á samtölum við embættismenn í hliðarherbergjum þegar verið er að ræða stjfrv. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann gæti ekki orðað það við hæstv. ráðherra að hann væri í þingsal og notaði tímann til þess að fylgjast með og taka þá væntanlega þátt í umræðunni í framhaldi af því sem við þingmenn leggjum orð í belg.

Ég beini fyrirspurn til hæstv. ráðherra: Hvað hefur hann aðhafst á því nær ári sem hann hefur setið í stóli samgrh. til þess að koma þessu hjartans máli sínu í höfn? Þessu aðalásteytingsefni og í raun eina efnisatriði sem hann hafði uppi sem ágreiningsatriði vegna frv. um ferðaþjónustu, sem var komið langleiðina í gegnum þingið í marsmánuði í fyrra. Það vantar ekki að hæstv. ráðherra hafi leitt rök að þessu öllu saman, sjónarmiðum sínum og sjónarmiði síns flokks, þó þetta sjónarmið hafi ekki verið flutt af þeim sjálfstæðismönnum sem áttu þátt í að móta frv. í stjórnskipaðri nefnd og fylgdu því eftir langleiðina í gegnum þingið þangað til röðin kom að umræddum hv. þm.

Ekki ber á því að nú sé flutt frv. um afnám virðisaukaskatts í þeim þáttum ferðaþjónustunnar sem hæstv. ráðherra gerði sem mestan ágreining um. Hvar eru þau mál stödd? Hvað hefur hæstv. samgrh. gert til þess að ná þessu fram? Af hverju kemur hann ekki með frv. til að afnema þennan aðalþröskuld og ásteytingsefni? Hvernig er háttað samtölum hæstv. ráðherra við fjmrh. um þetta efni? Af því að hann spurði forvera sinn um það hvað hann hefði rætt við fjmrh. Og ég spyr: Hvar er þetta mál statt hjá Sjálfstfl. og hæstv. samgrh.?

Síðan kemur það atriði frv. að gefa hæstv. ráðherra færi á að skipa nýjan formann í Ferðamálaráð og formann stjórnar Ferðamálasjóðs. Það er sá þröskuldur sem hann vill nú ryðja úr vegi öðrum fremur þannig að hann komist að málinu, ef ég hef skilið hann rétt. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En ég hélt að hæstv. ráðherra gæti vel skipað nefnd með væntanlegum formanni. Hann hlýtur að hafa augastað á einhverjum sem hann vill setja sem formann Ferðamálaráðs að frv. lögfestu og hinn sama að formanni eða skipa hann í nefnd þá sem taka á til starfa á næsta sumri. Hvað hindrar hæstv. ráðherra í að koma því starfi af stað svo hann geti farið að draga aðra til liðsinnis við þessi mál til þess að ná áttum? Þann ágæta mann nafngreindi hann í svari við fsp. í þinginu þann 19. mars sl. þegar hann var spurður hvað liði frumvörpum af hans hálfu. Þá greindi hann frá því að hann hafi ráðið Knút Óskars-

son hagfræðing til að vera sér innan handar við mótun frumvarpa og sagði hann þaulkunnugan ferðamálum allt frá barnsaldri. Ég hélt að hann hlyti að geta kallað til þá reyndu menn sem hann ætlar að láta hjálpa sér við að ná áttum í sambandi við ferðamálin, frá sínum bæjardyrum séð, án þess að þurfa að ýta frá formanni Ferðamálaráðs. Hvað hindrar ráðherrann í að koma þessu starfi af stað?

Greinilegt er að það eru önnur málstök af hálfu hæstv. ráðherra eins og hann áformar það, en hjá fyrrv. hæstv. samgrh. Steingrími J. Sigfússyni sem skipaði ekki flokksbróður sinn eða innanbúðarmann úr Alþb. formann Ferðamálaráðs heldur fyrrverandi þingmann úr öðrum flokki. Ekki varð vart við sérstakan þröskuld í sambandi við starfsemi á þeim tíma sem páv. hæstv. ráðherra fór með þessi mál. Ég er frekar á því að það hafi greitt fyrir mörgu að sá kostur var ráðinn, sem var óvenjulegur. Ég er ekki frá því að páv. hæstv. ráðherra hafi fengið orð í eyra frá stöku manni úr eigin röðum fyrir þessa nýbreytni. En það er alveg ljóst að hæstv. núv. samgrh. ætlar að hafa annað uppi þó hann hafi ekki neinn ágreining fram að færa við núv. formann Ferðamálaráðs. Hann talar um að mikilvægt sé að hafa gott samstarf við ráðið og engin þau vandamál uppi sem hægt er að skilgreina. Og það skil ég ósköp vel því að ég best veit hefur hæstv. ráðherra nánast engin samskipti haft við Ferðamálaráð á þeim tíma sem hann hefur starfað. Hann hafði a.m.k. ekki fyrir því að tíunda það þegar hann svaraði fsp. 19. mars sl. að hann hefði haft samráð við undirbúning mála, sem nú eru fram komin, hafi haft samráð við Ferðamálaráð. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa þau frv. sem hér eru borin fram, það nægir að spyrja um það fyrsta, ef hæstv. ráðherra vill taka það út af fyrir sig, verið kynnt Ferðamálaráði á mótunarstigi? Hefur ráðherra viðhorf Ferðamálaráðs til þess? Sú stofnun er þó til þess að vera ríkisvaldinu innan handar við stefnumótun og sem tengiliður við atvinnugreinina. Jafnvel þó formaður ráðsins sé ekki í sama flokki og hæstv. samgrh. er ég nokkuð viss um að formaðurinn hefði lagt þetta fyrir Ferðamálaráð, ef borist hefði ósk frá ráðuneytinu þar að lútandi. Jafnvel frv. um að ýta formanni ráðsins úr vegi, sem er aðalinntak þessa máls.

Ég spyr: Við hverja var haft samráð og hvaða fleiri aðilar kunnugir ferðamálum frá barnsaldri voru dregnir að stefnumótun um hin merku frv. sem hæstv. ráðherra er að bera fram?

Einnig væri fróðlegt að fá fram við umræðuna: Hver eru þau sjónarmið og stefnumið hjá hæstv. ráðherra sem eru ný og allt önnur en boðuð voru í frv. og á ferðamálastefnu í fyrra og nutu góðs stuðnings sjálfstæðismanna þá? Hver eru þessi nýju pólitísku stefnumið og siglingarljós?

Áður en ég hverf frá meginatriði frv. kemst ég ekki hjá því að upplýsa að það var vissulega til umræðu í stjórnskipuðu nefndinni, ferðamálanefndinni, sem skilaði frv. til samgrn. á árinu 1991, hvort hafa ætti þann hátt á sem nú er verið að leggja til, hafa skipunartímann styttri og það ráð var upp tekið og fram borið að hafa tveggja ára skipunartíma en ekki fjögurra. Og það var einnig rætt hvort rétt væri að hafa þann hátt á líka að formaður Ferðamálaráðs og formaður stjórnar Ferðamálasjóðs, fylgdi starfandi ráðherra hverju sinni. — Hvar er nú hæstv. samgrh.? Er hann svona kvikur að hann festist ekki við? Hann hleypur í gegnum þingsalinn út og inn og virðist engan tíma hafa til þess að fylgjast með umræðu. — Þetta var vissulega rætt í stjórnskipuðu nefndinni og ýmsir voru þessarar skoðunar. En ég man það mjög glöggt að einn nefndarmaður sérstaklega aftók að styðja þessa hugmynd. Og hver skyldi það hafa verið? Það var fulltrúi Sjálfstfl. í nefndinni, hv. þm. Friðjón Þórðarson, sem lýsti því mjög eindregið að hann væri því andvígur af ýmsum ástæðum og færði fyrir því sín góðu rök, að það væri verið að skipta út mönnum í stjórnum, stjórnskipuðum nefndum og ráðum, eftir því hver vermdi ráðherrastóla hverju sinni og vísaði til langrar reynslu að þessu leyti. En nú kemur flokksbróðirinn, núv. hæstv. samgrh., með tillögu sem gengur í þveröfuga átt. Hv. páv. þm. Halldór Blöndal hafði ekki orð á málinu þegar hann ræddi þetta í efri deild 7. og 11. mars í fyrra. Hann minntist ekki á það. Svo að varla hefur hann haft uppi mikinn ágreining í þingflokki sjálfstæðismanna þótt hann komi nú með þetta sem eina framlag sitt á þinginu eftir árs setu í ráðherrastóli, að ýta frá formönnum í Ferðamálaráði og stjórn Ferðamálasjóðs. Hann segir okkur síðan að hann ætli að skipa nefnd í sumar, þegar hann er búinn að fá þetta lögfest, því hann treysti sér ekki til þess án þess að víkja núv. formanni Ferðamálaráðs frá.

Virðulegur forseti. Þetta er afskaplega raunaleg staða og auðvitað áhyggjuefni og hún er það litla sem hæstv. ráðherra hefur látið í skína í sambandi við hugmyndir sínar varðandi mótun stefnu í ferðamálum af hálfu hins opinbera. Í svari við fsp. 19. mars sem borin var fram af varaþingmanni, sem sat á Alþingi fyrir þann sem hér talar, víkur hæstv. ráðherra að ýmsum þáttum og er að afsaka það að hafa ekki komist lengra í þessum málum á einu ári. Að vísu tíundar hann ekki þetta sérstaklega með formanninn, hann hefur ýmsar aðrar skýringar uppi. Hann fjallar í svari sínu sérstaklega um samskipti við náttúruverndaraðila. Ég get ekki látið hjá líða, virðulegur forseti, að draga þann þátt inn í umræðuna vegna þess að hún segir okkur nokkuð um það hver sýn hæstv. samgrh. er til þeirra mála, sem hann er þó ekki einu sinni farinn að koma í nefnd á sínum vegum. Hann segir hér:

„Um sambýli náttúru og ferðaþjónustu er það eitt að segja að menn víðs vegar um heim og raunar hvarvetna gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur fyrir ferðaþjónustu, eins og annan atvinnurekstur, að hún lifi í sátt við umhverfi sitt." — Þetta er nú gott og blessað. „Fyrir okkur Íslendinga skiptir þetta mjög miklu máli vegna þess aðdráttarafls sem náttúra Íslands hefur fyrir erlenda ferðmenn. Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að stjórna slíku nábýli með einhverjum lögreglu- eða eftirlitsaðgerðum. Allt veltur á því að ferðaþjónustan sjálf skilji mikilvægi þess að vel sé um landið gengið og varðveiti þær náttúruperlur sem hafa mest aðdráttarafl. Ein-

ungis með því að ferðaþjónustan sjálf skipuleggi ferðir um landið með það í huga að hlífa viðkvæmustu stöðunum og reyni að opna nýjar leiðir fyrir ferðmenn er þess að vænta að menn hafi ánægju af dvöl sinni hér og náttúruperlurnar geti varðveist."

Við sjáum hvað koma skal þegar hæstv. ráðherra fer að leggja hinni væntanlegu nefnd línurnar. Það er mikil hugsun í þá átt að það eigi að reyna að hafa með skipulegum hætti áhrif á það hvert ferðamannastraumi er beint. Nei, það eiga hinir nær óteljandi aðilar, sem koma að ferðarekstri í landinu, að finna á sjálfum sér. Þetta er inntakið í því sem hæstv. ráðherra er að segja.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. frekar, það koma önnur hér á eftir. En ég verð aðeins að segja það að ég tel að hæstv. samgrh. sé orðinn alldýr í sínu starfi fyrir atvinnuþróun í þessu landi með þeim slóðaskap sem hann hefur gert sig beran að í sambandi við málefni þessa vaxtarbrodds í íslensku atvinnulífi, sem er ferðaþjónustan, og í rauninni þeirrar fáheyrðu framgöngu sem hann leyfir sér gagnvart þinginu og atvinnugreininni, að bregða fæti fyrir stefnumótun og frumvarpsgerð sem unnin hafði verið í mjög nánu samráði við aðila í ferðaþjónustu og aðra sem þetta snertir með aðild hans eigin flokks sem og annarra þingflokka og breið samstaða hafði tekist um. Hann brá fæti fyrir það á lokastigi afgreiðslu í þinginu af því honum hentaði það ekki af einhverjum ástæðum rétt fyrir kosningar og lætur síðan hjá líða að koma með nokkurn skapaðan hlut sem því nafni er nefnandi inn í þingið fyrr en á eindaga. Varðandi stjórn ferðamála er það hugðarefni eitt fram lagt að ýta til hliðar pólitískum andstæðingum úr tveimur stjórnum og ráðum.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Í máefnasamningi ríkisstjórnarinnar, sem settur var fram fyrir tæpu ári, er kafli sem fjallar um ferðamál. Þar segir að verið sé að endurskoða löggjöf um ferðamál og verði frumvörp um þau lögð fram á Alþingi haustið 1991 og stefnt að því að ný lög taki gildi frá og með ársbyrjun 1992. Þau verði til þess að erlendum ferðamönnum, sem hingað komi, fjölgi, ferðatíminn ár hvert lengist og ferðaþjónusta verði arðvænleg atvinnugrein sem auki gjaldeyristekjur þjóðarinnar og atvinnu í landinu.

Það er enn fremur sagt að dregið verði úr miðstýringu og að Ferðamálaráð Íslands verði endurskipulagt með fjárhagslegri þátttöku og ábyrgð atvinnulífsins. Það er líka rætt um það að um leið og frumvörp til nýrra laga verði lögð fram þá verði birt áætlun sem á að bæta rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar og tryggja henni hliðstæða samkeppnisaðstöðu og öðrum atvinnugreinum sem afla gjaldeyris.

Þarna eru sett fram markmið sem eru vissulega góðra gjalda verð og hefði verið ánægjulegra að sjá eitthvað af þeim koma fram á annan hátt en hér er. Það eina sem kemur fram um breytingu á lögum um skipulag ferðamála nr. 79/1985 er frumvarp í tveimur greinum sem varðar skipan manna í Ferðamálaráð og í stjórn Ferðamálasjóðs. Það eru tvær breytingar sem gert er ráð fyrir. Annars vegar að skipun manna í Ferðamálaráð verði til tveggja ára í senn, og reyndar sömuleiðis í Ferðmálasjóð, og hins vegar hitt að skipunartími fulltrúa ráðherra skuli þó vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá, sitji hann skemur. Nú finnst manni að þarna séu eiginlega tvö ákvæði til tryggingar og annað hefði verið nóg. Út af fyrir sig get ég skilið þá viðleitni ráðherra að vilja hafa einhver tök á því fólki sem þar situr — án þess að ég hafi séð nokkurn tíma að núverandi formaður eða stjórn ráðsins hafi gefið ástæðu til þess. Hér var spurt áðan hvort Ferðamálaráð hefði fjallað um þessi frumvörp. Ég held að ég geti a.m.k. fyrir hönd Ferðamálaráðs fullyrt að ráðið sjálft hefur ekki fjallað um þessi frumvörp og óbreyttir ráðsmenn hafa ekki vitað að til stæði að gera þetta með þeim hætti sem hér er kominn fram.

En síðan veltir maður fyrir sér hvort ráðherra nær tilgangi sínum með þessari breytingu. Og lítum þá aðeins á hvað lögin sem í gildi eru, nr. 79/1985, segja um skipan í Ferðamálaráð. Þar segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Samgrh. skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður." Síðan segir: „Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:" Síðan eru taldir upp 18 aðilar sem tilnefna í Ferðamálaráð og skulu skipaðir af ráðherra en án tilnefningar eru það fimm. Þetta segir okkur það að fimm menn af 23 í Ferðamálaráði eru skipaðir af hálfu ráðherra. Mig langar til að spyrja ráðherrann, ef hann má heyra mál mitt, hvort það beri ekki að líta á þessa skipun með allt Ferðamálaráð eða hvort hér eigi eingöngu við þá fimm sem eru skipaðir án tilnefningar.

Það er kannski rétt að fara yfir hverjir það eru sem tilnefna menn í Ferðamálaráð og sitja þar síðan eftir skipun ráðherra. Það er Félag hópferðaleyfishafa, sem skipar einn mann, og eftirtaldir einn mann hver: Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Félag leiðsögumanna, Félag sérleyfishafa, Ferðafélag Íslands, Flugleiðir hf., Náttúruverndarráð, Samband veitinga- og gistihúsa, önnur flugfélög en Flugleiðir hf., Ferðaþjónusta bænda, Reykjavíkurborg og sjö samtök, landshlutabundin samtök, ferðamálasamtök, sem skipa eða tilnefna einn fulltrúa hvert. Alls eru þetta 18 aðilar auk hinna fimm sem ráðherra velur sjálfur.

Nú vil ég fullyrða að á þeim tíma sem ég hef setið í Ferðmálaráði, sem eru þau tæp þrjú ár sem núverandi ráð hefur setið, hefur verið unnið þar gott starf og ég hef ekki rekið mig á að það hafi verið teknar ákvarðanir þar með pólitískum hætti. Enda held ég að fæstir — ég þori ekki að segja enginn, ég get ekki fullyrt um það — þeirra aðila sem tilnefna í það velji sína fulltrúa með hliðsjón eða tilliti til þess hvaða ríkisstjórn situr eða hvaða pólitískur litur er þar á. Það er mjög erfitt, jafnvel þótt þessi lög taki gildi og skipunartími ráðsins verði hinn sami og embættistími ráðherra að láta pólitískan lit ráða setu manna í ráðinu.

Það segir reyndar í frv. „skipunartími fulltrúa ráðherra". Þess vegna vil ég spyrja og fá alveg skýrt hvort það á einungis við þá sem skipaðir eru án tilnefningar eða hvort það á við alla, eins og ég gat um áðan.

En það er annað sem ég hefði gjarnan viljað vita líka: Ber þá að líta á þetta þannig að ef ríkisstjórn hyggst skipta um menn í ráðherrastólum, eins og kemur fyrir, þá beri skilyrðislaust að skipa í nýtt Ferðamálaráð ef nýr ráðherra tekur þar við störfum, þó að samflokksmaður sé? Og ég spyr vegna þess að í frv. er þessi texti orðaður þannig: „Skipunartími fulltrúa ráðherra skal þó ..." Það þykir mér benda til þess að það beri að skipa þessa fulltrúa fyrir hvern og einn sem skipar stól ráðherra, jafnvel þó að samflokksmenn séu og skipt sé á miðju kjörtímabili. Fróðlegt væri að fá þetta skýrt betur.

Ég hefði kosið sem áhugamaður um ferðaþjónustu að fá eitthvað marktækara og bitastæðara um ferðamálin en það sem hér kemur fram, þrátt fyrir að hér séu fleiri frumvörp á ferðinni sem ég mun ekki fjalla um nú, það kemur að þeim á eftir. Mér finnst þetta afskaplega rýr eftirtekja, miðað við þau markmið sem ég las upp úr málefnasamningi ríkisstjórnar og kom að hér áðan.

Eins og komið hefur fram í þessu máli þá er það síður en svo að upplýsingar vanti um ferðmál. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir þeirri skoðun minni að nefnd sú sem kölluð var Hjörleifsnefnd og starfaði fyrir um tveimur árum hafi skilað af sér verulega miklu og góðu starfi. Hún hafi farið yfir mjög breitt svið og aflað ítarlegri upplýsinga um ferðamál en nokkru sinni hafa verið dregnar saman á einn stað áður. Að því leyti til hafi undirbúningur þess frv. sem hér var sett fram á þingi í framhaldi af því og þáltill. um ferðamálastefnu, verið afskaplega vandaður og góður.

Það hefur komið fram í þinginu í vetur að auk þessarar miklu vinnu sem þarna var unnin og sett á blað og allra þeirra gagna sem þarna var aflað þá hefur ráðherra verið með mann í vinnu við það að leiðbeina sér um stefnu í ferðamálum. Þeim mun sárara er að ekkert kemur út úr þessu. Ekkert bendir til þess að þeir sem að ferðamálum starfa nú séu nokkru vísari eftir þessa breytingu en áður hvað fram undan er í ferðamálum.

Ég get ómögulega látið hjá líða nú frekar en áður þegar rætt er um ferðamál hér í þinginu, að koma inn á það sem ég held að þingmenn þurfi endilega að fara að gera upp við sig. Það eru fleiri ræður haldnar í þinginu nú en áður og þær eru mun fleiri en fyrst þegar ég kom inn í þing fyrir fimm árum. Fleiri þingmenn af þeim sem tala um ferðamál tala um ferðamál sem grein í örum vexti, sem björtustu von íslenskrar atvinnuþróunar og fleira í þeim háfleyga dúr. Samt sem áður eru ævinlega við setningu fjárlaga og fjáraukalaga á hverju einasta ári skert þau lögboðnu framlög sem sett voru á til þess að ferðaþjónustan fengi að eflast af sjálfri sér og hún fengi að eflast í samræmi við þann vöxt sem hún sjálf skapaði. Þetta er eins og þingmenn vafalaust vita 10% af vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík sem ákveðið var fyrir — ég þori ekki alveg að segja hvað löngu, sennilega tíu eða tólf árum, að rynnu til ferðamála. En jafnskjótt, ég held bara sama ár eða næsta á eftir, og þessi lög höfðu verið samþykkt þá var byrjað að höggva í þennan stofn, einkum og sér í lagi þegar það kom í ljós að þarna var um mikinn vöxt að ræða. Ferðaþjónustan var og er — eins og menn tala um núna — grein í örum vexti og hún lofar mjög góðu um atvinnuþróun í framtíðinni. Þetta þýddi líka að umferð um Keflavíkurflugvöll jókst verulega. Það þýddi aftur á móti að vörusala í Keflavíkurfríhöfninni fór vaxandi og gaf af sér meiri tekjur og meiri tekjur en menn gátu unnt ferðaþjónustunni að hafa til sinna nota. Sem dæmi um það, ef við nefnum forsendur fjárlaga 1992, þá held ég að ég fari rétt með að þar er reiknað með 1.840 millj. kr. sölu í Fríhöfninni í Keflavík, tæpum tveimur milljörðum. Samkvæmt þessum lögum hefði ferðaþjónustan og Ferðamálaráð átt að fá til markaðssetningar og annarra starfa sem því er falið að inna af hendi 10% af þessu, eða 184 milljónir. En það var nú ekki aldeilis svo í fjárveitingum sem Alþingi ætlaði Ferðamálaráði. Fjárveitingin var skorin niður og skorið rösklegar niður nú en nokkru sinni fyrr. Ferðamálaráð fékk 68 millj. til sinna þarfa núna, sem er sama krónutala og það fékk í fyrra. Mismunurinn er hvorki meiri né minni en 116 milljónir sem teknar voru af Ferðamálaráði eða teknar voru af þessum lögboðna stofni þess.

Þetta finnst mér að menn ættu framar öllu öðru að beita sér fyrir að lagfæra. Út af fyrir sig sé ég ekki ástæðu til að amast við því að ráðherra geti ráðið hverja hann skipar í þetta ráð. Ég vil hins vegar gera athugasemd við það, ef það er þannig að allir ráðsmenn verði skipaðir til tveggja ára, eins og mér sýnist alveg ljóst að hér sé gerð tillaga um, vegna þess að 23 aðilar sitja í Ferðamálaráði, skipaðir af 18 aðilum og fimm af ráðherra, að tvö ár eru ekki mjög langur tími í svona stórum hópi til þess að menn nái að stilla saman krafta sína og vinna vel saman.

Núverandi Ferðamálaráð hefur starfað tæp þrjú ár og ég held að einmitt þau kynni sem þar hafa tekist með mönnum og sú góða samvinna sem hefur tekist, sé þó nokkur þáttur í því að þar er samvinna góð. Ég get fullyrt sem óbreyttur ráðsmaður í Ferðamálaráði að þangað hafa ekki mér vitanlega komið nein þau mál, hvort heldur er í sambandi við stefnumótun eða tilmæli frá ráðherra, sem Ferðamálaráð hefur lagst gegn. Eins og ég gat um áðan þá situr þarna fólk með einlægan áhuga á þessari atvinnugrein og yfirleitt með mikla reynslu og verkefni þess er fyrst og fremst að stilla saman sína krafta til að gera það sem gera má fyrir þá knöppu fjármuni sem ráðinu eru ætlaðir.

Ef mönnum er svona mikið í mun að efla ferðamannaiðnaðinn, sem er farinn að skila okkur verulega á annan tug milljarða í þjóðarbúið á hverju ári, þá held ég að þeir ættu að gera eins og góður bóndi og fóðra mjólkurkúna sína frekar en að svelta hana. Ég held að nytin hljóti að verða mun betri við það. En af því ég er ekki viss um að ráðherra hafi heyrt spurningarnar þá ítreka ég þær aftur. Spurt var um skipunartíma, og þá er ég bæði að tala um þessa fimm ráðherraskipuðu og

eins hina 18 sem hann skipar eftir tilnefningar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér lítið og vesælt frv. Ég hafði búist við að við mundum á þessu þingi fá til meðferðar frv. til laga um ferðaþjónustu eða um skipulag ferðamála eins og talað var um strax í haust, en ekki þetta pínulitla frv. sem við ræðum núna. Áður en ég tek að ræða frv. vil ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir góð orð í garð formanns Ferðamálaráðs, Kristínar Halldórsdóttur, sem er mér mjög vel kunnug, eins og menn vita, og er fyrrv. þm. Kvennalistans.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér það gróskumikla starf sem hefur farið fram á vegum núverandi Ferðamálaráðs. Ég heyrði það áðan úr þessum ræðustóli að það virtist sem ráðherrann hefði ekki haft mikinn áhuga á starfi þess ráðs en ég geri þó ráð fyrir því að hann hafi fengið einhverjar upplýsingar um hvað þar færi fram. Ég geri ráð fyrir og vil reyndar spyrja hann að því hvort hann, ef frv. verður að lögum, sé tilbúinn til að stuðla að því að tryggja að það haldi áfram störfum á svipaðri braut og það hefur gert hingað til eða hvort að frv. sé flutt vegna þess að hann er ósáttur við þá stefnu sem það Ferðamálaráð sem nú situr hefur markað. Á undanförnum árum, þ.e. eftir að núv. Ferðamálaráð tók við, hefur mjög margt verið unnið til eflingar ferðaþjónustu þrátt fyrir mjög þrönga fjárhagsstöðu. Það hefur nú þegar verið gerð grein fyrir því, m.a. af hv. síðasta ræðumanni.

Hæstv. ráðherra hverfur úr salnum, ég vona að það sé til mjög skamms tíma og hann muni heyra mál mitt. Mér þykir leitt að þurfa að krefjast þess að hann komi í salinn, ég hefði reiknað með að hann sæti hér meðan við fjöllum um þetta mál.

Upplýsingamiðstöð ferðamála hefur verið efld og upplýsingaþjónusta aukin og bætt um allt land. Aukin áhersla hefur verið lögð á umhverfismál. Umhverfisfræðingur hefur ferðast um landið þvert og endilangt, kannað ástand fjölsóttra ferðamannastaða og reyndar einnig þeirra sem eru minna sóttir og gert tillögur um úrbætur sem síðan er unnið úr í samvinnu við heimafólk, m.a. sjálfboðaliðasamtök af ýmsu tagi. Þarna hefur náðst mikill árangur þrátt fyrir afar lítið ráðstöfunarfé og væri stórslys ef því starfi yrði ekki haldið áfram. Það er svo með umhverfismálin að þeim verður hið opinbera að sinna. Í sambandi við það vil ég taka fram að ég óttast það ef ekki er tekið mjög alvarlega á þeim málum muni ástandið á ferðamannastöðum verða enn verra en það er víða. Ég get ekki tekið undir það sem m.a. kom fram í máli hæstv. ráðherra þegar hann svaraði fsp. fyrr á þessu vori um að það yrði bara að koma af sjálfu sér. Það gerist ekki og það hlýtur hann að vita jafn vel og við sem höfum áhyggjur af þessum málum. Það er ekki hægt að vísa þeim til einkaaðila, það hefur sýnt sig því að einkaaðilar, sem telja sig ekki hafa beinan fjárhagslegan hagnað af slíku starfi, þ.e. að hagnaðurinn komi í vasann strax, virðast ekki sinna umhverfismálum nægjanlega vel.

Þá hefur einnig verið unnið mikið starf á sviði landkynningar og markaðsmála og er margt á döfinni hjá Ferðamálaráði. Nú er í bígerð opnun ráðstefnumiðstöðvar og nýhafið er kynningarstarf í samvinnu við japanskt fyrirtæki enda viðbúið að Japanar og fleiri þjóðir úr þeim heimshluta komi hingað í æ ríkara mæli. Auk alls þessa er nú um þessar mundir verið að vinna að stefnumótun bæði í umhverfismálum og landkynningar- og markaðsmálum. Þess vegna er mjög forvitnilegt að heyra viðhorf ráðherrans til þessa starfs og hvort hann er sammála þeirri stefnu sem núverandi Ferðamálaráð hefur framfylgt. Mun hann sjá til þess að því starfi verði haldið áfram á sömu braut? Mér þykir mjög mikilvægt að því starfi, sem þarna hefur farið fram, verði ekki hætt. Það verður á einhvern hátt að sjá til þess að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið.

Það kom fram í máli ráðherrans og reyndar kemur það fram í athugasemdum við lagafrumvarpið að nauðsynlegt sé að fullur trúnaður sé milli ráðherra og fulltrúa hans í ráðinu. Ég er fyllilega sammála því. Ég var hins vegar undrandi þegar hann sagði hér áðan í ræðu sinni að svipað vandamál hefði komið upp varðandi menntmrh. og stjórn Lánsjóðs ísl. námsmanna á sínum tíma. Ég man ekki betur en að það vandamál sem kom upp milli menntmrh. og stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna hefði verið nokkuð alvarlegt vandamál. Ráðherrann vildi hins vegar leggja áherslu á að engin vandamál hefðu komið upp í sambandi við Ferðamálaráð, þ.e. milli stjórnar Ferðamálaráðs og ráðherrans. En mér þótti mjög sérkennilegt að hann skyldi líkja þessu við það sem kom upp varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna og vona ég að það hafi verið mistök af hans hálfu að nefna það í þessu sambandi, því, eins og hann reyndar ítrekaði, ekki hafa komið upp nein vandamál og vona ég að það sé rétt.

Tilganginn með þessum breytingum á lögunum sagði hann vera að gera það kleift að endurskoða núgildandi lög um ferðamál, að endurskoðun gæti ekki átt sér stað nema nýtt Ferðamálaráð verði skipað. Þetta þótti mér mjög einkennilegt. Er ekki meiningin að reyna að ná víðtækri samstöðu um skipan ferðamála? Er ekki nauðsynlegt að það komi fleiri að þeirri endurskoðun laganna en eingöngu trúnaðarmenn ráðherra og hans fulltrúar? Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé meiningin, ef nú fyrst á að fara að endurskoða þessi lög, að reynt verði að ná víðtækri samstöðu og reynt að fá fleiri aðila en einungis örfáa sérlega trúnaðarmenn ráðherrans til þess að gera þessa endurskoðun? Mér þótti slæmt, ef ég hef tekið rétt eftir, að þetta væri eini tilgangurinn með frv.

Þann 1. júní 1990 skipaði þáv. menntmrh. nefnd sem í voru fulltrúar frá öllum þeim stjórnmálaflokkum sem þá áttu sæti á Alþingi og fleiri aðilum sem ekki höfðu bein tengsl við sérstakan stjórnmálaflokk. Nefndin samdi till. til þál. og frv. til laga. Í fylgiskjölum með till. til þál. um ferðamálastefnu, sem hér var lögð fram á 112. löggjafarþingi, kemur fram listi yfir alla þá aðila sem nefndin hafði samband og samráð við sem voru mjög margir. Fólk lét í ljós skoðun sína, það kom til viðtals við nefndina og sendi inn skriflegar athugasemdir og tillögur. Reynt var að taka tillit til eins

margra athugasemda og mögulegt var. Auðvitað stönguðust sumar á og ekki var hægt að taka tillit til allra. Við reyndum að meta það, þessi hópur sem þarna var, hvernig best væri að koma þessu fyrir þannig að sem flestir gætu orðið sammála. Auðvitað er alltaf eitt og annað í svona starfi sem verður til þess að menn eru ósammála og allir geta svo sem fundið eitthvað sem þeir vildu hafa öðruvísi. En þetta varð samt niðurstaðan, eins og frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi bar með sér. En hv. þm. Halldór Blöndal, núv. hæstv. samgrh., lagðist í víking gegn því frv., því miður.

Ég hefði því talið eðlilegra að leggja fyrir þetta þing eða hið næsta, fyrst ekki er hægt að gera það nú, það er greinilega orðið of seint, heildarendurskoðun á lögunum en ekki eingöngu þennan litla bastarð sem hér er kominn. Ef ég tek efnislega á frumvarpinu sjálfu, þá get ég verið alveg sammála því sem fram kemur í því, að skipunartími fulltrúa ráðherra skuli vera takmarkaður við embættistíma viðkomandi ráðherra. Ég er nokkuð sammála þessu atriði þó að ég hefði talið eðlilegra að átt hefði að standa „fjögurra ára skipunartími" eða jafnvel lengur. Fjögurra ára skipunartími hefði ég talið að væri eðlilegur þar sem ráðherrar að öðru jöfnu sitja í fjögur ár og ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. en hann taldi að tvö ár væru allt of stuttur tími. Hann hefur reynslu af setu í Ferðamálaráði og ég held að flestir hljóti að sjá að þetta er ákaflega stuttur tími og menn rétt að kynnast málunum og komast í tengsl við verkefnið þegar ætlast er til þess að farið sé að skipa á ný. En þetta gildir að sjálfsögðu um alla ráðsmenn, tvö ár í senn, ég get ekki séð annað af samhenginu. Fyrir utan það að ég tel að það skipti ekki máli, það sé allt of stutt að skipa þessa fimm ráðherraskipuðu til tveggja ára þó að hinir séu til fjögurra.

Almennt tel ég og hef verið því fylgjandi að skipunartíminn sé í samræmi við embættistíma ráðherra og sé ég ekkert athugavert við það í sjálfu sér. En hv. 4. þm. Austurl. minnti á það áðan og um þetta atriði urðu nokkrar umræður á sínum tíma, þ.e. skipunartíma Ferðamálaráðs þegar við vorum að semja frv. sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi. Það var fyrst og fremst fulltrúi Sjálfstfl. sem lagðist eindregið gegn því að slíkt ákvæði yrði inni í frv. Ég þori ekki að fullyrða það en ef ég man rétt þá held ég að hann hafi verið sá eini sem lagðist sérstaklega gegn því. Við hin, sem vorum nokkuð mörg, höfðum skiptar skoðanir. Sum voru nokkuð ákveðin í að þetta þyrfti að vera með þessum hætti en aðrir höfðu ekki eins sterkar meiningar. Hann var sá eini sem ég man eftir að barðist gegn þessu ákvæði. Og þess vegna varð ég mjög undrandi þegar þetta frv. kom á borð mitt og ég sá að þetta var komið á þennan hátt. Ég er hins vegar ekki að segja að hv. þm. Friðjón Þórðarson hafi þar með verið að tala fyrir allan Sjálfstfl. þó að hann talaði mjög eindregið gegn þessu inni í nefndinni. Ég hélt að hann hefði einhvern meiri stuðning en bara sjálfan sig bak við það, en það má vel vera.

En það breytir ekki því að ég styð þetta atriði og mér þykir það eðlilegt í sjálfu sér en ég tel óheppilegt að gera þetta einmitt núna. Og það er kannski minn ókunnugleiki en ég hefði einnig talið það mjög óheppilegt að breyta Ferðamálaráði svona seint, að vorlagi — ef frv. yrði hugsanlega að lögum fyrir vorið — þá erum við að breyta skipan Ferðamálaráðs, skipta um formann o.fl., rétt fyrir ferðamannatímann. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki óheppilegt að hans mati. Ég átta mig sjálf ekki á því, ég hef ekki sjálf unnið þarna og hef ekki sérstaka þekkingu á því. E.t.v. er Ferðamálaráð búið að skipuleggja sín störf fyrir sumarið og þá breytir þetta ekki neinu til eða frá. Ég vil samt gera þessa athugasemd þar sem ég velti því fyrir mér hvort þetta geti ekki verið svolítið óheppilegt.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa mikið fleiri orð um frv. að svo komnu máli en vil þó spyrja. Ég hélt að ég hefði rétta útgáfu af núgildandi lögum. Ég bendi á að ég held að þar sé prentvilla, að það sé 24. gr. sem verið er að breyta í 2. gr., en ég sé ekki betur en það sé 24. gr. laganna sem fjallar um Ferðamálasjóð. Ég er þó ekki alveg viss. Ég gat ekki séð betur er þarna væri um prentvillu að ræða.

Af því að ég hef haft fá orð um Ferðamálasjóð þá gilda auðvitað sömu rök um Ferðamálasjóð og um Ferðamálaráð, að þarna sé eðlilegt að skipunartíminn sé lengri en ekki í svo stuttan tíma. Mér sýnist kannski að sá hluti frv. sé eingöngu fluttur til þess að reyna að losna við núverandi formann Ferðamálasjóðs.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að láta það álit mitt í ljós strax í byrjun að ég hefði vænst þess, þegar frv. um ferðamál lítur loks á nýjan leik dagsins ljós, að það væri meira að vöxtum og með tilkomumeira innihaldi en það sem hér er til umfjöllunar.

Það hefur þegar verið farið yfir það í ræðum þeirra sem fyrr hafa talað hver forsaga mála er frá undanförnum þingum. Hv. síðasta Alþingi var komið langleiðina með að setja nýja heildarlöggjöf um endurskoðaða um ferðaþjónustu þar sem sameinuð voru í einu lagafrv. ákvæði sem varða málefni ferðaþjónustunnar í víðasta skilningi þess orðs. Það var afrakstur af miklu starfi sem unnið hafði verið að samfellt meira og minna í eitt og hálft ár og lágu fyrir þinginu bæði það frv. og sömuleiðis till. til þál. um ferðamálastefnu sem hugsuð var sem almenn stefnumörkun, samsíða lagasetningu á þessu sviði.

Hæstv. núv. samgrh. lét það fljótlega frá sér fara að hann hygðist gera það að einu af sínum fyrstu verkefnum, gott ef ekki að forgangsverkefni, að endurskoða lög um málefni ferðaþjónustunnar og leggja fyrir Alþingi nýtt frv. í þeim efnum. Ef ég man rétt var jafnvel látið í veðri vaka að það yrði eitt af fyrstu málum hæstv. ráðherra sem hann legði fyrir þingið. Það voru út af fyrir sig ágæt tíðindi að hæstv. ráðherra hygðist veita ferðaþjónustunni þannig sérstaka athygli og ekki vanþörf á þó nærtækt hefði verið og sé enn að spyrja hvort ekki hafi verið hugsanlegt að nýta í ríkara mæli en nú er raunin þá miklu vinnu sem þegar

hafði verið unnin á þessu sviði á undanförnum tveimur árum.

Þá er rétt að hafa í huga hvernig að þeirri vinnu var staðið. Hún var fyrst og fremst unnin á vegum nefndar sem skipuð var fulltrúum helstu ferðaþjónustuaðila og fulltrúum allra stjórnmálaflokka. Þannig var fyrir því séð að með einum eða öðrum hætti ættu, eftir því sem best var vitað, allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa áttu á Alþingi greiðan aðgang að einstökum nefndarmönnum. Þar á meðal var einn af hv. alþm. Sjálfstfl. Flokkur núv. hæstv. samgrh. átti því greiðan aðgang að upplýsingum.

Í þessari nefnd var unnið gríðarlega mikið starf og svo ánægjulega tókst til að nefndin náði samhljóða niðurstöðu, afgreiddi nefndarálit sín og tillögur, bæði þátill. um ferðamálastefnu og frv. til nýrra heildarlaga um málefni ferðaþjónustu, með einróma áliti.

Sömuleiðis tókst um þessa tillögugerð og vinnu ágæt samstaða — ég treysti mér til að fullyrða það — við alla helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Málið var á dagskrá tveggja ferðamálaþinga og á hinu síðara, sem svo háttaði til um að var að miklu leyti helgað umfjöllun um þessa stefnumörkun og tillögugerð, var ekki annað að heyra en í öllum aðalatriðum væri góð samstaða um þessa vinnu enda höfðu hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu átt mjög mikinn hlut í henni og átt greiðan aðgang að nefndinni á öllum starfstíma hennar og haft mjög mikil áhrif á mótun vinnunnar á einstökum sviðum. Þess vegna eru það nokkur vonbrigði, verð ég að segja, hæstv. forseti, að eftir árs umhugsunartíma, eða svo gott sem og með hliðsjón af þeirri vinnu sem hæstv. samgrh. tók við og lá fyrir þegar hann kom í samgrn. skuli ekki vera um myndarlegri málafylgju að ræða af hans hálfu þegar hann loksins leggur hér fram sitt fyrsta þingmál á sviði ferðaþjónustu en raun ber vitni. Eins og hér gefur að líta eru það eingöngu tvær lagagreinar sem hafa þann eina tilgang að setja út úr Ferðamálaráði og stjórn Ferðamálasjóðs núverandi ráðherraskipaða fulltrúa.

Þetta er að sjálfsögðu harla bágborin uppskera hjá hæstv. ráðherra og í engu samræmi við yfirlýsingar hans frá fyrstu mánuðum í embætti, í engu samræmi við stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar sem lofar allt öðru og að mínu mati í alls engu samræmi við þá miklu vinnu sem búið var að leggja í stefnumörkun á þessu sviði, þá miklu vinnu sem var algjörlega á þverpólitískum og faglegum grundvelli reist og sérstaklega vandað til þess að um þá vinnu væru ekki pólitískir flokkadrættir.

Nú eru hins vegar greinilega breyttir tíma. Ég hef ekki heyrt af neinu starfi af því tagi þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka eigi einhverja aðild að yfirferð á þessum málum og heyrði reyndar ekki í máli hæstv. ráðherra að neitt slíkt stæði til.

Ég ætla þó fyrir siðasakir eftir sem áður að spyrja hann að því hvort það sé á dagskrá af hans hálfu, ef hann hrindir í framkvæmd áformum sínum um að setja á fót nýja nefnd til að endurskoða lög um málefni ferðaþjónustunnar, að í þá nefnd veljist fulltrúar ólíkra sjónarmiða og þar á meðal einhverjir fulltrúar stjórnarandstöðuflokka eða hvort sú nefnd verði á einlitum flokkspólitískum grunni eins og hefur viljað bregða við hjá hæstv. ríkisstjórn, þeirri sem nú situr.

Það er reyndar nokkuð skemmtileg upplifun fyrir þann sem hér talar að minnast þess að á undanförnum árum kom það oftar en ekki fyrir að talsverð rekistefna varð út af kröfuhörku Sjálfstfl., sem þá sat í stjórnarandstöðu, fyrir að fá ekki bara fulltrúa í ýmsar stjórnskipaðar nefndir sem þá var verið að setja á laggirnar heldur fleiri en aðrir flokkar stærðar sinnar vegna. Ég held sú hentistefnumynd megi vera ýmsum hv. alþm. Sjálfstfl. nokkurt umhugsunarefni sem er að dragast upp af þeim flokki sem fyrir einu eða tveimur árum síðan neitaði að skipa fulltrúa t.d. í nefnd allra flokka um endurskoðun langtímaáætlunar um vegagerð nema hann fengi aukið vægi í þeirri nefnd vegna stærðar sinnar, frekar tvo fulltrúa en einn. En sá var þó annars vegar lýðræðisþroski og skilningur þeirra sem þá fóru með völd og hins vegar vilji þeirra til að reyna að hafa sæmilegan frið og sæmilega pólitíska samstöðu um málin að þetta var iðulega látið eftir Sjálfstfl. Sjálfstfl. fékk á síðasta kjörtímabili, þótt í stjórnarandstöðu væri, í þó nokkuð mörgum tilvikum tvo fulltrúa á móti einum fulltrúa annarra flokka í stjórnskipuðum nefndum þegar þannig háttaði til að allir flokkar voru beðnir að koma með tilnefningar. Og þetta er sami flokkur og síðan hefur mannað nefndir sínar og starfsemi sína með ýmsum hætti eins og raun ber vitni á undanförnum mánuðum. Þar má nefna til að mynda hina frægu átján manna nefnd hæstv. menntmrh. sem er skipuð sautján mönnum af höfuðborgarsvæðinu og einum sjálfstæðismanni norðan af landi, sem er að vísu margra manna maki og alls góðs maklegur, en þar fer a.m.k. ekki mikið fyrir því að reynt sé að hafa þverpólitíska mynd á slíku starfi.

Hin fræga „steríónefnd" hæstv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum, tvíhöfðanefndin, er að sjálfsögðu ekki skipuð öðrum en þeim sem hafa nýlega endurnýjað flokksskírteini frá stjórnarflokkunum upp á vasann. Öðruvísi mér áður brá og ég hef hér gert grein fyrir því og það kemur fram í skjölum frá þessum tíma hvernig að þessari vinnu var staðið á fyrri árum.

Hæstv. ráðherra situr sem sagt uppi með þá rýru uppistöðu að leggja fram þessa örk, prenttextinn rétt teygist yfir á aðra síðuna, greinargerðin er ekki meiri en það að vöxtum með fylgigögnum þessa fyrsta stjfrv. hæstv. ráðherra um ferðamál, að hún kæmist fyrir á einni blaðsíðu í Gagni og gamni. Þetta er sem sagt uppskeran hjá hæstv. ráðherra.

Þegar hefur verið vitnað í alldigurbarkaleg ummæli í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar, hvítu bókinni, sem er annað meginrit stjórnarstefnunnar og næst á eftir handbók ráðherranna frá því á síðasta vori. Þar segir m.a. þetta um samgöngu- og ferðamál á bls. 42, með leyfi hæstv. forseta:

„Verið er að endurskoða löggjöf um ferðamál og verða frumvörp um þau lögð fram á Alþingi haustið 1991". Nú er bara farið að vora talsvert á árinu 1992 og löngu liðið hið kalda og leiða haust en það er ekki farið að vora mikið hjá hæstv. samgrh. Formaður Al-

þfl. taldi að vísu að farið væri að vora í skoðanakönnunum hjá Alþfl. og eru kratar þó ekki góðum vorkomum vanir verð ég að segja. En haustið er löngu liðið hjá hæstv. samgrh. en ekkert bólar á þeirri vinnu sem er lofað í stjórnarsáttmálanum.

Síðan eru ekki dónaleg fyrirheitin í textanum. Þar segir svo í næstu setningu, með leyfi forseta: „Að því er stefnt að ný lög taki gildi frá og með ársbyrjun 1992 og verði til þess að erlendum ferðamönnum sem hingað koma fjölgi.“ Það eru ekki dónaleg fyrirheit, það á bara að tryggja það með lagasetningu, setja lög um svo og svo mikla fjölgun erlendra ferðamanna ef taka má textann bókstaflega. Jafnframt á að lengja ferðatímann og ferðaþjónustuna á að skipuleggja sem arðvænlega atvinnugrein og er allt gott um það að segja.

Enn fremur segir í næstu málsgrein stjórnarsáttmálans um þetta efni: „Til að ná þessum markmiðum verður“ — og nú bið ég menn að taka vel eftir — „dregið úr miðstýringu og Ferðamálaráð Íslands endurskipulagt.“ Ég vek sérstaka athygli manna á orðalaginu „dregið úr miðstýringu“, það á að vera eitt aðallykilorðið í endurskipulagningu hæstv. ríkisstjórnar á ferðamálum að draga úr miðstýringu. En um hvað vitnar sá hugsunarháttur sem hér birtist í frv.? Er það sérstaklega trúverðugt að sá ráðherra sem hefur það eitt fram að færa í málefnum ferðaþjónustunnar eftir árs starf að hann þurfi að hreinsa út það stjórnskipaða Ferðamálaráð sem er á síðari hluta síns kjörtímabils til þess eins að koma, eins og hann sagði hér, pólitískum trúnaðarmanni þar í forsæti? Er það að draga úr miðstýringu? Er það aðferðin við að efla fyrirheit hæstv. ríkisstjórnar um að breyta skipan ferðamála sérstaklega með það að leiðarljósi að draga úr miðstýringunni? Að hafa það eitt fram að færa af því að svo vill til að núv. formaður Ferðamálaráðs, og e.t.v. einhverjir aðrir af þeim sem í ráðinu eru og ráðherra getur haft áhrif á, eru ekki í sama flokki og hæstv. samgrh.? Þess vegna er flutt hér grímulaust frv. um það og það eitt að hreinsa þessa aðila út til að koma, eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur, pólitískum trúnaðarmönnum sínum að. Er það aðferð Sjálfstfl. við að draga úr miðstýringu að hreinsa út allt það fólk sem kann að hafa stutt eða starfað í öðrum stjórnmálaflokkum og koma sjálfstæðismönnum að í staðinn?

Nei, þetta er óskaplega dapurleg niðurstaða, herra forseti, svo ekki sé meira sagt og verður að lýsa miklum vonbrigðum yfir því að hæstv. samgrh. skuli koma svo fátæklega klæddur, ég segi ekki að hann sé jafnklæðalaus og keisarinn var forðum en það vantar þó ekki mikið upp á.

Það er svo allt annar hlutur að menn geta haft þá afstöðu að í tilvikum sem þessum og sem almennar reglur í stjórnkerfinu ætti að miða við það að ýmsir af trúnaðarmönnum og æðstu embættismönnum í stjórnkerfinu ættu að fylgja kjörtímabilum ríkisstjórna. En ég tel að það eigi þá ekki bara við um Ferðamálaráð og stjórn Ferðamálasjóðs og reyndar miklu síður en um margt annað og ég hyggst færa rök fyrir því. Ef hæstv. ríkisstjórn hefur þá stefnu að almennt séð væri heppilegast að skipta um forustumenn í stjórnum, nefndum og ráðum þegar nýjar ríkisstjórnir taka við völdum þá er það stefna út af fyrir sig en á þá líka að vera almenn stefna. Hún á ekki að beinast að einstökum aðilum, eins og á við í þessu tilviki og er fremur hvimleitt að skuli sérstaklega eiga við hér þar sem kjörtímabil er langt komið hjá þeirri stjórn og því ráði sem í hlut á. Þau eiga rétt liðlega eitt ár eftir ef ég man rétt. Það háttaði einmitt mjög svipað til þegar ég tók við starfi samgrh. á árinu 1988. Þá var um eitt ár eftir af kjörtímabili þess Ferðamálaráðs og þeirrar stjórnar sem þá sat. Ekki hvarflaði að mér að fara að rjúka til með lagasetningar til þess eins að hreinsa það ágæta sjálfstæðisfólk út sem þá sat alla vega í stjórn Ferðamálasjóðs og var í forustu fyrir Ferðamálaráði. Reyndar skiptir það mig engu máli hvaða stjórnmálaskoðanir það fólk hafði, ég átti við það ágætt samstarf á meðan það lauk sínu kjörtímabili.

Ég vil jafnframt minna á það, sem þegar hefur verið gert, að þegar ég skipaði nýjan formann fyrir Ferðamálaráði fór ég ekki í flokkspólitíska farveg með það mál. Þvert á móti valdi ég fyrrverandi alþingismann úr öðrum stjórnmálaflokki og þáverandi og núverandi starfsmann úr öðrum stjórnmálaflokki, manneskju sem hafði getið sér mjög gott orð fyrir skeleggan málflutning í ferðamálum og ég hafði fylgst með, m.a. á Alþingi, sem öflugum talsmanni fyrir þennan málaflokk. Manneskju sem ég treysti mjög vel til þess að taka þarna við forustu og færa á ýmsan hátt ferska og nýja vinda inn í starfsemi Ferðamálaráðs hvað tókst óumdeilanlega að mínu mati.

Hæstv. samgrh. hefur a.m.k. ekki það fyrir sér sem rök til þess að sparka núverandi formanni Ferðamálaráðs að hann sé sérstakur pólitískur trúnaðarvinur fyrrv. samgrh. eða flokkssystkin því svo er ekki. Mætti hæstv. samgrh. e.t.v. taka sér þetta til eftirbreytni og skipa formann Ferðamálaráðs úr gerólíkum stjórnmálaflokki þegar þar að kemur. Það verður fróðlegt að bíða og sjá.

Ég held líka að menn verði að horfa á það hvers eðlis sú stofnun eða sú starfsemi er sem í hlut á hverju sinni áður en því er svarað hvort endilega sé eðlilegt eða nauðsynlegt að stjórnarformennska fylgi kjörtímabilum ríkisstjórnar eða ráðherra. Staðreyndin er auðvitað sú að fulltrúar samgrh. í Ferðamálaráði eru þar í miklum minni hluta og hafa þar á ekki nokkurn hátt þá oddaaðstöðu sem átt getur við í einstökum öðrum tilvikum. Það dæmi sem hér var vitnað til um lánasjóðinn er auðvitað allt annars eðlis, m.a. vegna þess mikla valds sem stjórn lánasjóðsins er með sérstökum lögum selt í hendur varðandi framkvæmd í sínum málaflokki. Hlutverk Ferðamálaráðs er annars eðlis auk þess sem starf þess, eðli málsins samkvæmt, er fyrst og fremst mótað af hagsmunaaðilum greinarinnar sem eru í yfirgnæfandi meiri hluta í ráðinu. Þar eru fulltrúar stærstu hagsmunaaðila eins og lög um skipan ferðamála mæla fyrir um. Þar gegnir því allt öðru máli en um ýmislegt annað og sama má segja um stjórn Ferðamálasjóðs. Þar er auðvitað aðeins einn fulltrúi ráðherra sem er í minni hluta borið saman við fulltrúa hagsmunaaðila í greininni. Ég held því að hæstv. ráðherra,

þegar hann tekur sérstaklega fram að hann hafi ekkert upp á störf núverandi Ferðamálaráðs eða stjórnar Ferðamálasjóðs að kvarta eða klaga, þurfi að útskýra þetta aðeins betur fyrir okkur. Hvers vegna er þessi lagabreyting nauðsynleg, úr því að hann hefur ekkert annað til málanna að leggja um ferðamál en að rjúka til með sérstaka lagasetning í þessu efni? Heldur hæstv. ráðherra virkilega að hann geti sannfært nokkurn mann um að hann hafi ekki nægjanlega frjálsar hendur til að setja á fót endurskoðunarnefnd þó svo að núverandi Ferðamálaráð sitji áfram og ljúki kjörtímabili sínu á rétt liðlega ári? Þetta er auðvitað slíkur endemis málflutningur að það tekur engu tali. Það er alls enginn sem skyldar hæstv. samgrh. til að setja formann Ferðamálaráðs í forustu fyrir þá vinnu sem hann vill láta vinna á sviði ferðamála. Hann þarf ekki frekar en hann vill að taka þaðan nokkurn fulltrúa í sínar nefndir eða sín „appíröt" sem hann setur til starfa á þessu sviði. Það er auðvitað alveg augljóst mál. Ef hæstv. ráðherra hefði í höndunum dæmi um að það hefði torveldað honum störf eða Ferðamálaráð hefði beinlínis spillt áformum hans um breytingar á þessu sviði af einhverju tagi þá gegndi öðru máli og ég hygg að menn hefðu þá frekar einhverja samúð með hæstv. ráðherra.

Ég verð að segja, herra forseti — þó að ég taki það skýrt fram að ég er ekki þar með að útiloka að það sjónarmið sem hér er hreyft við að æskilegt sé að forusta fyrir starfi af þessu tagi fylgi kjörtímabilum ríkisstjórna geti ekki átt rétt á sér — að fyrir þessum málatilbúnaði, svo nakinn sem hann hér birtist, sé ég ákaflega lítil rök. Mér finnst hann heldur ósmekklegur. Ég verð að segja það alveg eins og er, heldur „brútall" eins og menn mundu kannski leyfa sér að segja. Það er óskaplega grímulaust og nakið hjá hæstv. ráðherra að hann þurfi af einhverjum óútskýrðum ástæðum, sem hann hefur engin rök fært fyrir hér, að koma einhverjum sérstökum pólitískum vildarmönnum sínum að. Það er ekki nægjanlega gott tilefni. Lagasetning á Alþingi á ekki að ganga eftir brautum slíkra duttlunga, slíkra pólitískra duttlunga. Það er með öllu ósæmandi og Alþingi hefur margt miklu þarfara að gera en að taka tíma sinn í slíka hluti. Ég tel þess vegna að þetta fyrsta frv. hæstv. ráðherra sé sýnu lakast af þeim þremur sem hann er með á dagskránni í dag. Ég ætla að leyfa mér að nefna það í þessu samhengi, þótt umræður um þau komi hér síðar, vegna þess að hin eru þó efnisleg að einhverju leyti, hvort sem menn eru þeim sammála eða ekki eða hafi við þau meiri eða minni athugasemdir. Þau eru þó efnisleg og hafa eitthvað fram að færa. Í þeim felst einhver afstaða, einhver málafylgja á þessu sviði. En þessi útafskiptingarsnepill hæstv. samgrh. er með miklum endemum og satt best að segja harla lágkúrulegur.

Hæstv. ráðherra varð, eins og kunnugt er, til þess á síðasta Alþingi meira en aðrir menn — og má segja að hann eigi að því mestan heiður ef ekki óskiptan — að stöðva framgang frv. í efri deild, frv. sem var langleiðina komið í gegnum Alþingi með ágætu samkomulagi, m.a. með einróma samþykkt neðri deildar sem þá fundaði í þessum salarkynnum. Ég tel að hæstv. samgrh. beri talsverða ábyrgð á, vegna þess að hann komst óvænt í þá aðstöðu undir lok þinghaldsins, að bregða fæti fyrir þetta mál og ég tala ekki um á jafnómálefnalegum forsendum og hann gerði. Það var, eins og hér hefur verið rifjað upp, aðaltilefni hæstv. samgrh. í ræðustólinn þá að ráðast á þáv. ríkisstjórn fyrir að hafa ekki skapað ferðaþjónustunni nægjanlega góð starfsskilyrði og hafa ekki létt af henni sköttum í stórum stíl eins og hæstv. ráðherra taldi einboðið og sjálfsagt að gera. Þá var það einkum virðisaukaskattur sem hæstv. ráðherra taldi að ætti að létta af ferðaþjónustunni. Hann kvartaði mikið undan því að málefni ferðaþjónustunnar hefðu ekki fengist skoðuð í réttu ljósi sem samkeppnisatvinnugreinar eins og hún væri.

Ég verð að segja að hæstv. samgrh. ætti í ljósi þess hvert hefur orðið vinnuframlag hans á tæpu einu ári á sviði ferðamála að tala varlega í því ljósi sem síðar hefur fallið á þessa hluti, ummæli hans frá fyrri tíð um að aðrir hafi staðið slælega að verki í þessum efnum. Staðreyndin er nefnilega sú að ferðamálanefnd samgrn., sem starfaði á árunum 1989–1990, er sú fyrsta og eina sem unnið hefur eitthvert umtalsvert verk á því sviði að skoða málefni ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar, sem fullgildrar og fullvaxinnar atvinnugreinar í hópi slíkra, og á þessum tíma fór fram fyrsta og eina heildstæða úttektin á starfsskilyrðum ferðaþjónustunnar í nefndinni. Til marks um það geta menn haft fylgiskjöl með þáltill. frá fyrra þingi um málefni ferðaþjónustunnar, Stefnumörkun í ferðamálum, og jafnframt að nokkru leyti fylgiskjöl með því frv. sem ég hef hér gert að umtalsefni. Eitt af meginverkefnum nefndarinnar á sínum tíma, eins og skilgreint er í hennar erindisbréfi, var að fjalla um samkeppnisskilyrði og starfsskilyrði ferðaþjónustunnar og í því skyni var unnin ýmiss konar grunnvinna og gagnasöfnun sem aldrei áður hafði farið fram í landinu. Ég hygg að þeir sem fylgdust með umræðunni um þessi mál á þeim tíma, fylgdust betur með en hæstv. núv. samgrh. gerði því hann virtist ekki hafa áttað sig á þessu og hefur e.t.v. ekki enn, því miður, munað eftir því að þá komu einmitt fram í umfjöllun fjölmiðla mjög margar nýjar og athyglisverðar upplýsingar sem ekki höfðu áður birst um mikilvægi og stærð ferðaþjónustunnar í íslenskum þjóðarbúskap. Það var m.a. afrakstur af starfi sérstaks tölfræðihóps sem settur var á laggirnar til að vinna einmitt það verkefni að kanna samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar. Í þessu skyni var settur á fót sérfræðingahópur með fulltrúum frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun og auk þess unnu sjálfstæðir sérfræðingar með hópnum.

Hópurinn vann allviðamikið starf og ég hvet þá sem áhuga hafa á þessum málum að verða sér úti um tillögu til þál. um ferðamálastefnu frá síðasta þingi, sem var 164. mál þess þings og var á þskj. 177. Þar er greinargerð þessa tölfræðihóps um athugun á samkeppni, stöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu birt sem fylgiskjal og er allmikið plagg, upp á tæpar 60 blaðsíður. Þetta er fyrsta og eina heildstæða úttektin á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustunnar í landinu. Hún var einmitt unnin af þessari nefnd

og var m.a. grundvöllur þeirra tillagana og frv. sem hæstv. núv. samgrh., þrátt fyrir málflutning sinn, brá fæti fyrir. Í þessum hópi sátu meðal annarra Friðrik Már Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Kristinn Karlsson frá Hagstofu Íslands, Þorsteinn M. Jónsson frá Seðlabanka Íslands, deildarstjóri í samgrn. sem jafnframt var starfsmaður ferðamálanefndarinnar. Einnig starfaði með tölfræðihópnum á síðari stigum Vilborg Júlíusdóttir á Þjóðhagsstofnun og sumarið 1990 vann Björn Fr. Björnsson, sem þá var starfsmaður samgrn., einnig að þessu verkefni.

Þarna var í fyrsta sinn reynt að ná fram samræmdum upplýsingum á grundvelli þjóðhagsreikningauppgjörs og rekstraryfirlits fyrir ferðaþjónustuna. Þarna var samkeppnisstaðan skilgreind og skoðuð og þarna voru fjölmargar aðrar tölfræðilegar upplýsingar tengdar ferðaþjónustu dregnar saman.

Þess vegna er ég að rekja þetta, hæstv. forseti, að hæstv. núv. samgrh. hefur allar upplýsingar sem hann þarf. Hann vantar nefnilega ekki grunninn til þess að taka sínar ákvarðanir. Er hv. formaður samgn. orðinn órólegur? (**Gripið fram í:** Ég er bara að minna á fundinn sem átti að vera klukkan fjögur.) Ég er þakklátur umhyggju hv. formanns samgn., hann er velviljaður og góðhjartaður maður eins og dæmin sanna. En ætli ég verði ekki að bera þann kross að ráða minni dagskrá í dag þó að einhverjir hér inni kynnu e.t.v. að kjósa að ég væri ekki mikið að rifja þetta upp af skiljanlegum ástæðum.

Hæstv. samgrh., sem var brennandi í andanum síðasta vori að létta sköttum af ferðaþjónustunni og bæta starfsskilyrði, rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu, vantar engar upplýsingar ef hann hefur áhuga á að hrinda þessu í framkvæmd. Þær liggja fyrir. Þökk sé þeirri fyrstu og einu úttekt sem unnin hefur verið á samkeppnisskilyrðum og rekstrarstöðu ferðaþjónustunnar í landinu, ítarlegri úttekt sem unnin var af þessum tölfræðihópi sérfræðinga frá Þjóðhagsstofnum, Hagstofu og Seðlabanka. Auðvitað hlýtur hæstv. samgrh. að viðurkenna þetta brautryðjendastarf og nýta sér þessar upplýsingar til góðra verka.

Það hefði verið mannsbragur á því ef hæstv. samgrh. hefði verið að tala fyrir frv. um að t.d. létta að einhverju leyti virðisaukaskatti af ferðaþjónustu. Hann hefði eignast marga stuðningsmenn í því, hæstv. samgrh. Sömuleiðis hefði það átt við ef hæstv. samgrh. hefði við afgreiðslu síðustu fjárlaga aukið fjárveitingar til ferðamála svo sem til Ferðamálaráðs. En gerði hæstv. samgrh. það? Sá sem sá ástæðu til þess að stöðva heilt frv. og setja í uppnám gríðarlega mikið starf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og stjórnskipaðrar nefndar út af því einu að honum fannst ekki nógu vel tekið á starfsskilyrðum ferðaþjónustunnar. Hvert hefur orðið framlag hans til þessa á því sama sviði? Jú, að lækka að raungildi fjárveitingar til Ferðamálaráðs milli ára, því miður og þar með hverfa frá þeirri þróun sem þó tókst að innleiða við afgreiðslu tvennra eða þrennra fjárlaga að auka að raungildi fjárveitingar til Ferðamálaráðs milli ára, úr tæplega 30 millj. á árinu 1988 upp í tæpar 70 millj. á síðasta ári. Síðan hefur reyndar óbreyttri krónutölu verið haldið milli ára sem þýðir, þó ekki sé mikið, lítils háttar raungildislækkun. Og það á tíma þegar tekjurstofninn er stærri en nokkru sinni fyrr og lætur nærri að um 190 millj. kr. ættu að renna til Ferðamálaráðs ef Ferðamálaráð fengi þau 10% af sölutekjum Fríhafnar sem lög gera ráð fyrir.

Hæstv. samgrh. hefur því ekki af miklu að státa það árið sem liðið er frá því að hann tók við embætti. Þeim mun dapurlegra er þetta allt saman að framlag hans nú til þessara mála skuli ekki vera annað en þetta litla frv. um að framkvæma flokkspólitískar hreinsanir í stalínískum anda, liggur mér við að segja, í Ferðamálaráði og stjórn Ferðamálasjóðs. Flokkspólitískar hreinsanir.

Það er heldur dapurlegt, herra forseti, að þurfa að segja þetta en það verður að ræða um hlutina eins og þeir eru og liggja fyrir. Ekki á að hlífa hæstv. núv. samgrh. frekar en öðrum mönnum við því enda rekur mig ekki minni til þess að hann hafi dregið af sér á undanförnum árum ef hann hafði eitthvað við málflutning annarra að athuga. Hann hefur ekki af þeim ástæðum undan neinu að kvarta þó að honum sé sagt hressilega til syndanna ef mönnum býður svo við horfa varðandi hans eigin frammistöðu. En það er auðvitað sjálfsagt að temja sér að gera það með málefnalegum og yfirveguðum hætti eins og ég er að reyna að gera hér, að ég tel, herra forseti.

Ég ætla ekki efnislega að fara dýpra í þetta mál eða ítarlegar. Ég vil þó segja að það eitt veldur mér strax vonbrigðum að hæstv. ráðherra skuli vera að leggja fram þrjú frv. og tæta þar með í sundur þennan málaflokk í meira mæli en verið hefur hvað lagasafnið snertir. Það var alveg þveröfug ætlan þeirrar nefndar sem starfaði á síðasta ári. Þá var einmitt ætlunin að færa saman í ein lög öll málefni ferðaþjónustunnar svo þau væri að finna á einum og sama stað í einni samræmdri heildarlöggjöf. Hér er hæstv. ráðherra þvert á móti að breyta lögum um veitinga- og gististaði. Hann gerir þá væntanlega ráð fyrir að þau standi áfram sem sjálfstæð lög. Í öðru lagi er hann að draga út kafla um ferðamiðlun og gera að sérstökum lögum og verður þá ekki annað ráðið en það sé ætlun hans til frambúðar að þessi skipan haldist. Það tel ég miður. Ég hefði talið miklu eðlilegra að menn beindu sjónum sínum að því að í framtíðinni yrði þessum ákvæðum fundinn samastaður í einum samræmdum heildarlögum.

Herra forseti. Þótt það sem ég hef verið að rekja af frammistöðu hæstv. samgrh. á undanförnu ári gefi kannski ekki tilefni til mikillar bjartsýni bind ég samt sem áður vonir við það að þeirri miklu vinnu að málefnum ferðaþjónustunnar sem unnin var undir forustu ferðamálanefndar samgrn. á árunum 1989–1990 verði ekki allri kastað fyrir róða. Það væri að mínu mati mikið slys. Auðvitað væri það sorglegt ef það þarf að fara þannig í stjórnsýslunni að vinna af þessu tagi — mér liggur við að segja vegna einhverrar pólitískrar fordildar — ónýtist í hvert sinn sem ríkisstjórnarskipti verða í landinu. Það er auðvitað bagalegt ef það verður að reglu í stjórnsýslu að slík viðamikil vinna sem unnin hefur verið, kannski undir forustu og með mik-

illi þátttöku hagsmunaaðila í einni atvinnugrein, geti ekki nýst mönnum þrátt fyrir einhvern mismun í pólitískum áherslum. Ekkert er við því að segja þó að nýjum herrum fylgi nýir siðir og þeir hafi sín sjónarmið varðandi yfirstjórn þessara mála eða aðra slíka hluti og séu ekki að öllu leyti sammála þeim sem áður hafa um þá vélað hvað það snertir. En að slík grundvallarvinna sem þarna fór fram nái ekki að nýtast mönnum er mjög bagalegt. Ég hlýt að hvetja menn eindregið til þess að kasta slíku ekki frá sér að óathuguðu máli. Hér voru dregnar saman geysilega miklar upplýsingar, að mörgu leyti tímamótaverk og grundvallarupplýsingar sem aldrei áður höfðu verið teknar saman í landinu og ég er alveg sannfærður um að það er sama hvaða aðila úr ferðaþjónustu menn ræða við um það efni, allir viðurkenna gildi og mikilvægi þess starfs sem þarna var unnið. Að sjálfsögðu voru menn ekki alltaf sammála um einstök útfærsluatriði, t.d. þegar kom að samningu lagafrv. Þannig ræddu menn fram og til baka um það hversu margir ættu að sitja í Ferðamálaráði og hvort og hvernig ætti t.d. að innleiða sérstök þing fyrir ferðaþjónustuna sem atvinnugrein sem væri sambærileg við ársfundi eða þing annarra atvinnugreina eins og búnaðarþing, iðnþing o.s.frv. Um slíkt er eðlilegt og ekki nema heilbrigt að menn takist á og ræði því um líkt. En að nýta ekki undirstöðuvinnu af því tagi, sem hér var unnin og stefnumarkandi áherslur t.d. varðandi æskilega þróun og uppbyggingu í greininni, væri mikið slys. Það væri slys ef menn væru svo blindaðir af einhverjum ástæðum í starfi sínu eftir stjórnarskipti í landinu að þeir næðu ekki að nýta sér slíkt.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona að þrátt fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið um frv. hafi hæstv. samgrh. í huga þegar kemur að frekari vinnu, sem væntanlega verður, að halda þessu starfi til haga. Ég hvet hann mjög eindregið til að manna þá starfsemi þannig, sem hann hefur boðað að fram fari á sumri komanda, svo um þessi mál geti verið sæmilegur pólitískur friður. Það er þannig að ráðamenn koma og fara, stjórnir koma og fara, en væntanlega ætlum við þessari atvinnugrein að lifa og dafna um ókomin ár og þá held ég að það sé a.m.k. henni fyrir bestu, hvað sem öðru líður, að um málefni hennar ríki sæmileg breið pólitísk samstaða í landinu.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur flutt frv. um breytingu á lögum um skipulag ferðamála sem felur í sér að heimild skuli vera fyrir ráðherra að skipta þar um yfirstjórn. Það verður að viðurkenna að það er að sjálfsögðu ekki gott ef harðar deilur eða mikill ágreiningur er milli húsbónda og hjúa. Því er þörf á að finna ráð til að breyta ef slíkt er fyrir hendi. Nú kom það reyndar ekki fram hjá hæstv. ráðherra hvort beinlínis væri um það að ræða í þessu tilviki. Ef það er ætlun hæstv. samgrh. að breyta mjög um stefnu í ferðamálum og taka upp gjörbreytta stefnu þá má segja að búast megi við að ágreiningur rísi milli þeirra sem hafa staðið að framkvæmd hinnar fyrri stefnu og hinna sem standa að þeirri nýju sem ætlunin er hjá ráðherra að taka upp. Það hefur hins vegar enn þá lítið komið fram hver hin nýja stefna hæstv. samgrh. er. Vafalaust er það ætlun hans að leggja áherslu á að hún muni leiða til betri árangurs í ferðaþjónustunni. Sérstaklega er það með tilliti til þeirrar ræðu sem núv. hæstv. ráðherra flutti á síðasta vetri í hv. efri deild um þessi mál. Hv. 4. þm. Austurl. vitnaði í nokkur atriði í henni. Að vísu sleppti hann þeim kafla þar sem núv. hæstv. ráðherra fjallaði um hlaup ráðherra úr stólum og milli herbergja, en það kemur málinu kannski ekki við og á ekki við nú. En vegna þeirra ummæla hans í ræðunni um að styðja þurfi betur við uppbyggingu hótela og gistihúsa, sérstaklega á landsbyggðinni, langar mig að beina einni spurningu til hæstv. ráðherra. Hún er á þá leið hvort hæstv. ráðherra muni fela hinni nýju stjórn Ferðamálasjóðs, sem hann mun væntanlega skipa að lokinni samþykkt frv., að beita 3. tölul. 23. gr. laganna um skipulag ferðamála sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði."

Þetta ákvæði er búið að vera í lögum að mig minnir síðan 1978 eða þar um bil og hefur ekki verið notað hygg ég nema að fjármagni hafi sérstaklega verið veitt til þess á fjárlögum og þá fyrst og fremst til þeirra fyrirtækja sem hafa staðið mjög höllum fæti. Með tilliti til þeirrar bjartsýni sem virðist vera hjá núv. hæstv. ríkisstjórn á framtíð og möguleika ferðaþjónustunnar og hefur m.a. komið fram hjá hæstv. forsrh., mætti vænta þess að ríkisstjórnin legði áherslu á að styðja við nauðsynlegustu uppbyggingu og gera kleift að taka á móti fleiri ferðamönnum.

Fyrr á þessu þingi flutti ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. þáltill. um að gerð yrði úttekt á því hvar þörfin væri brýnust og vænti ég þess að hv. samgn. skili áliti sínu um það mál.

Með tilliti til þess hvað rennur beint í ríkissjóð vegna virðisaukaskatts af byggingu hótela og eins vegna orða hæstv. ráðherra í fyrrnefndri ræðu, virðist það vera lágmark að hæstv. ráðherra beindi því til stjórnar Ferðamálasjóðs að nýta þessa heimild og leggja t.d. fram hlutafé sem nemur 10% af byggingarkostnaði og er þá ekki farið fram á mikið. Ég fullyrði að það gæti ráðið úrslitum um að hægt væri að ráðast í slíka framkvæmd og vildi því bæði spyrja hæstv. ráðherra hvort hann, í samræmi við viðhorf sín sem áður hafa komið fram, muni beita sér fyrir þessu og fara fram á það við nýja stjórn sjóðsins.

Ég tel miklu æskilegra að þetta sé í formi hlutafjár en beinna framlaga með það í huga að hlutaféð yrði selt sem fyrst. Með tilliti til þeirra vona sem borin er til framtíðarmöguleika ferðaþjónustunnar virðist ekki þurfa að óttast að ekki verði markaður fyrir slík hlutabréf þegar rekstur er kominn í fullan gang í þeirri framkvæmd sem ráðist er í og hún fer að skila arði. Ég þori að fullyrða að ef rétt er staðið að slíkum framkvæmdum á það ekki að vera neitt áhættufjármagn en

í ýmsum tilvikum ómetanleg lyftistöng.

Það er að sjálfsögðu margt fleira sem kemur upp í hugann en þar sem tvö önnur mál eru á dagskrá sem varða þetta málefni skal ég ekki tefja tímann með miklu lengra máli.

Í lokin vil ég bera fram aðra spurningu til hæstv. ráðherra: Af hverju er skipunartími Ferðamálaráðs alls styttur niður í tvö ár úr fjórum? Ég held að viss rök séu fyrir því sem komið hefur fram hjá fyrri ræðumönnum að gott er að það ríki nokkur festa í störfum svona stofnunar þó hún þurfi vissulega alltaf að vera reiðubúin að breyta málum til betri vegar ef slíkt kemur í ljós. En mér sýnist að það sé ekki endilega nauðsynlegt að stytta þennan tíma niður í tvö ár, þó að ráðherra fái heimild til þess að skipa trúnaðarmenn sína hvenær sem nýr ráðherra tekur við starfi, sem er ekki víst að verði nema á fjögurra ára fresti og kannski skemur. Um það skal ég ekkert spá.

Hins vegar er spurning hvort það eigi að vera í hvert skipti eða af hverju í hvert skipti sem ráðherraskipti verða. Nú minnumst við þess að fyrir stuttu skipti Sjálfstfl. um ráðherra innan ríkisstjórnar án þess að margir nýir kæmu inn. Hæstv. forsrh. hefur nú boðað að hann sé að hugleiða að gera slíkar tilfæringar fljótlega. Þá er það spurning af hverju, ef það er ráðherra sama flokks jafnvel sama forsrh., þarf að hafa heimild til þess að skipa nýja menn. Mér sýnist að ekki ættu að þurfa að verða árekstrar milli trúnaðarmanna og ráðherra í þeim tilfellum þar sem þeir eru úr sama flokki.

Ég skal ekki tefja tímann lengur með því að ræða frekar þetta mál að sinni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum margra þingmanna er ljóst að í salnum er mikill skilningur á nauðsyn þess að rétt sé að ráðherra geti skipað sína trúnaðarmenn til trúnaðarstarfa, en sitji ekki uppi með þá sem voru í sérstökum trúnaði hjá forvera hans og kemur þetta mér í raun og veru ekki á óvart. Það kemur heldur ekki á óvart að forveri minn skuli telja það mikla óhæfu að ég skuli ekki gera mig ánægðan með þá menn sem hann hefur sérstaklega viljað starfa með að þessum málum. Það er nú svo um suma menn sem eru skipaðir í nafni samgrn. að maður fréttir lítið af þeim þó að svo eigi að heita að lögum samkvæmt séu þeir að vinna í umboði samgrn. Sumir hverjir hafa ekki séð ástæðu til þess að gera ráðuneytinu grein fyrir því hverju þeir hafa verið að sinna eða hafi fyrir stafni.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um það en vil aðeins skýra frá því að 25. mars sl. barst samgrn. bréf frá ferðamálasamtökum Norðurl. e. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna breytinga á stjórn ferðamálasamtaka Norðurl. e. tilnefna samtökin hér með nýjan aðalmann í Ferðamálaráð Íslands í stað Þorleifs Þórs Jónssonar sem beðist hefur undan áframhaldandi setu, sbr. lög um ferðamál nr. 79/1985. Hinn nýi aðalmaður er Jón Illugason, Bjargi, Skútustaðahreppi og óskast hann hér með skipaður af samgönguráðuneytinu í Ferðamálaráð."

Það hefði sem sagt þótt eðlilegt norður í landi að fara eins að og ég legg hér til og hefur að sjálfsögðu verið orðið við þessari beiðni.

Í sambandi við það sem hér hefur komið fram vil ég í fyrsta lagi segja það varðandi fsp. hv. 2. þm. Suðurl. að stundum hefur það verið svo að Ferðamálasjóður hefur breytt skuldum í hlutafé. Aðalreglan hefur a.m.k. verið sú að það hafi verið gert samkvæmt ákvörðun Alþingis og afgreitt sérstaklega í fjárln. hverju sinni.

Á hinn bóginn hef ég haft mínar efasemdir um að blanda eigi saman lánum með markaðsvöxtum og sérstökum styrkjum. Ég er líka í miklum vafa um að sjóður eins og Ferðamálasjóður eigi yfir höfuð rétt á sér og hvort ekki sé réttara að sameina hann öðrum sjóði. Ég nefni Iðnlánasjóð í því sambandi.

Það stendur því ekki til af minni hálfu að leggja til að sjóðurinn veiti óafturkræft framlag til byggingar gistirýmis, enda er fjárhagur hans ekki með þeim hætti að hann hafi ráð á því að verja fé til slíkra hluta.

Það sjónarmið hefur komið fram að það sé óheppilegur tími að skipta um menn í Ferðamálaráði nú. Ég get ekki fallist á það. Undirbúningstímanum fyrir næstu ferðamannavertíð er lokið og ég tel einmitt mjög heppilegt að ný stjórn taki við nú og vil að gefnu tilefni taka það fram að samkvæmt því lagafrv. sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að endurskipun í Ferðamálaráð taki til allra ráðsmanna. Það er ekki höfuðatriði frv. heldur hitt að heimild sé til að endurskipa þá sem sérstaklega eru skipaðir án tilnefningar, en hitt er mér ekki fast í hendi.

Það gefur auga leið að með nýjum mönnum í Ferðamálaráði hljóta að koma nýjar og aðrar áherslur en áður, það er ævinlega svo. Það á heldur ekki að koma mönnum á óvart að óhugsandi var að ég gerðist flutningsmaður að frv. forvera míns um ferðamál. Ég er í grundvallaratriðum ósammála þeirri stefnu sem þar kemur fram og mikið ofsagt þegar talað er um að eining hafi verið um það frv.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kýs að bregðast við orðum hæstv. ráðherra, kannski raunar því sem hann svaraði ekki og sagði ekki, með andsvari. Fróðlegt er að heyra frá hæstv. ráðherra að hann sé í grundvallaratriðum ósammála því sem lá fyrir þinginu í fyrra og breið samstaða skapaðist um. Gerir hæstv. ráðherra sér von um að hann komi einhverri allt annarri stefnu í gegnum þingið en menn sameinuðust um á fyrra þingi að því er snertir neðri deild og meiri hluta í efri deild þingsins? Mér finnst það merkilegt og það væri þá betra að eitthvað færi að sjást í þá stefnu.

Hæstv. ráðherra leyfði sér að hafa uppi dylgjur og hálfkveðnar vísur um starfsmenn samgrn. Mér finnst afar ósmekklegt af hæstv. ráðherra að gera það með þeim hætti sem hann viðhafði hér. Auðvitað er það hans mál hvernig hann hagar samskiptum sínum við fólk sem er í starfi hjá honum en kannski er unnt að

bregðast við því með öðrum hætti en dylgjum úr ræðustól á Alþingi.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningum mínum varðandi starfsskilyrði og skattlagningu á ferðaþjónustuna. Það var eins og ég nefndi, aðalásteytingsefni hans og eina efnisatriðið í raun sem hann bar við þegar hann stöðvaði frv. í fyrra vetur og hafði uppi mörg orð um það að virðisaukaskatti bæri að létta af ferðaþjónustunni, sérstaklega byggingu gistirýmis í þágu ferðaþjónustu. Hvað líður þessu máli? Hvað hefur hæstv. ráðherra gert til þess að ná fram þeirri stefnu sinni sem hann skrifar í raun og veru Sjálfstfl. fyrir í ræðu sinni í fyrra? Um þetta vil ég spyrja og vænti svara frá hæstv. ráðherra.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú skoðun mín er alveg óbreytt frá því sem áður hefur verið að líta eigi á ferðamannaþjónustu sem gjaldeyrisskapandi atvinnugrein og hún eigi af þeim sökum að hafa sömu skattameðferð og útflutningsatvinnuvegir.

Í annan stað hef ég ekki verið með dylgjur í garð eins né neins. Ég hef aðeins skýrt frá því að eðlilegt sé að trúnaðarmenn ráðherra séu hans trúnaðarmenn.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með svar hæstv. samgrh. við spurningu minni um hugsanlegt hlutafé úr Ferðamálasjóði. Vegna orða hæstv. ráðherra í ræðu sem var flutt í fyrra, sagði hann svo, með leyfi forseta:

„En samtímis því sem fjárveitinganefnd hefur með þessum hætti lokað fyrir frekari umsóknir um styrkveitingar til hótelbygginga víðs vegar um landið hefur það gerst að einstakir ráðherrar og ríkisstjórn hafa vísað þeim sem hafa í hyggju að reisa hótel eða gistihús á Byggðastofnun með þeim ummælum að sú ríkisstofnun sé reiðubúin til að leggja fram fé til hótelrekstrar.

Nú er það regla Byggðasjóðs að gerast ekki stærri hluthafi í fyrirtæki en nemur 20%. En 20% er nákvæmlega sama fjárhæð og greiða þarf virðisaukaskatt til ríkisins í hótelbyggingu."

Síðar segir: „Þetta hefur valdið því að í rauninni er ógerningur að hugsa sér að hægt sé að koma upp gistihúsi úti á landsbyggðinni af eigin rammleik nema til komi styrkveitingar úr ríkissjóði ..."

Ég sagði að ég teldi að það æskilegra að þetta væru ekki beinar styrkveitingar heldur hlutafé sem hægt væri að selja síðar en gæti haft mikla þýðingu. Það skiptir að sjálfsögðu engu máli hvort Ferðamálasjóður er sér eða sameinaður Iðnlánasjóði, þessi heimild er a.m.k. enn þá fyrir hendi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé orðinn annarrar skoðunar en hann var í fyrra um að þarna þurfi að koma til stuðningur.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist vera búinn að svara því. Ég er þeirrar skoðunar að líta beri á ferðaþjónustu sem útflutningsatvinnurekstur og af þeim sökum eigi að skattleggja hana eins og annan útflutningsrekstur. Eitt af því sem þrengir mest að okkur nú er hversu illa hefur til tekist með öflun gjaldeyris. Ýmsar tilraunir, sem við höfum gert, hafa fullkomlega mistekist en á hinn bóginn hefur ferðaþjónustan skilað nokkru meira frá einu ári til annars og ég tel þess vegna að óhjákvæmilegt sé að efla þá atvinnugrein.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hæstv. landbrh. erum nákvæmlega sömu trúar á möguleika ferðaþjónustunnar. En ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra hvort ég eigi að skilja svar hans svo að hann muni beita sér fyrir og fá því framgengt að allur virðisaukaskattur af hótelbyggingum verði endurgreiddur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Framhald þingfundar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langaði til að spyrja virðulegan forseta hversu lengi ætlunin væri að halda þessum fundi áfram. Við höfum setið hér meira og minna frá því klukkan hálfellefu í morgun og mér er ekki kunnugt, ég hef margspurt minn þingflokksformann um það, hvort eitthvert samráð hefði verið haft um það hversu lengi skyldi haldið áfram. Henni er ekki kunnugt um það og hefur ekki getað veitt mér þær upplýsingar. Mig langar þess vegna til að spyrja hversu lengi ætti að halda áfram. Einnig langar mig að spyrja um fund á morgun, bæði að því er varðar tíma og annað því ekki hefur heldur verið haft samráð við þingflokksformann um það að því ég best veit. Alla vega hef ég ekki getað fengið þær upplýsingar og þess vegna langar mig að spyrja bæði um daginn í dag og daginn á morgun.

Forseti (Björn Bjarnason):

Fundi verður fram haldið til klukkan sex a.m.k., og klukkan 10.30 í fyrramálið er fundur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu ákvörðunaratriði hverju sinni hversu lengi er fundað á Alþingi en við höfum nú einu sinni almennar reglur sem hafa verið settar sem við hljótum að ganga út frá að séu í heiðri hafðar á meðan ekki er um annað rætt og um annað samið. Ég hef ekki heyrt að hér ætti að halda áfram þingstörfum til klukkan sex á þessum degi eða fram yfir umsaminn tíma sem er miklu fyrr, í lengsta lagi til klukkan þrjú á fimmtudögum samkvæmt þeim reglum sem kynntar voru í þingbyrjun. Hið sama gildir um föstudaginn, það væri mjög æskilegt að fá vitneskju um það með fyrirvara hversu lengi er ráðgert að

funda. Þetta er afar óheppilegt. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið þar að lútandi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég man ekki betur en að við höfum strax í upphafi þings fengið afrit af samkomulagi frá þingflokksformönnum um að þingfundir að jafnaði ættu að vera til klukkan tvö á fimmtudögum en gætu orðið til þrjú.

Ég veit að við höfum oft farið fram yfir þann tíma í vetur en þó hefur það verið í allgóðu samkomulagi við þingflokksformenn. Mér þykir mjög erfitt, þegar ég er að reyna að skipuleggja minn tíma, að fá að vita það þegar klukkan er langt gengin fimm að ég eigi að vera hér til klukkan sex, þegar ég vil gjarnan fá að taka þátt í umræðum. Það á einnig við um föstudaga. Það var gert ráð fyrir því að ákveðnir föstudagar væru teknir frá og auðvitað gerði maður ráð fyrir því en það væri æskilegt að við fengjum að vita það með örlitlum fyrirvara til þess að við gætum skipulagt okkar tíma.

Það er einnig miðað við það, eftir því sem forseti segir, að byrja á morgun klukkan hálfellefu. Er þá miðað við að við verðum til klukkan sex eða sjö líka annað kvöld? Eru þá fundarslit miðuð við tvö eða í hæsta lagi þrjú, líka á föstudegi? Þetta hefði verið æskilegt að ræða við þingflokksformenn þannig að þingmenn fengju upplýsingar um það með sæmilega góðum fyrirvara. Mér þykir eiginlega ámælisvert að það skuli ekki hafa verið gert og þykir mjög sérkennilegt að það skuli vera tilkynnt hér einhliða úr forsetastóli eftir fyrirspurn hvernig þinghaldi skuli hagað í dag og á morgun án þess að um það hafi verið haft nokkurt samráð við þingflokksformenn.

Forseti (Björn Bjarnason):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að hann gerði ekki annað en að svara fyrirspurn sem kom fram í þingskapaumræðu og telur ekki ámælisvert að svara því. Forseti sagði að hér yrðu fundir til klukkan sex a.m.k. og síðan svaraði hann þeirri fyrirspurn að fundur hæfist klukkan 10.30 í fyrramálið. Það er samkvæmt starfsáætlun þingsins að fundur er á morgun, á föstudegi, og venjulega hefjast fundir klukkan 10.30 á föstudögum svo að það ætti ekki að koma þingmönnum í opna skjöldu.

Varðandi fundahöldin í dag þá er það viðleitni forseta að reyna að koma sem flestum málum þingmanna á framfæri svo þingmenn fái tækifæri til að flytja mál sín. Við vorum hér á fundi í gærkvöldi til klukkan eitt, m.a. til að koma sem flestum málum fram. Annars vegar sitja forsetar undir gagnrýni fyrir það að veita ekki málum framgang og hins vegar fyrir það að halda of langa fundi. Forseti veit ekki almennilega hvernig hann á að bregðst við þessum óskum sem ganga þvert hver á aðra.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við höfum verið að ræða þingmál í dag, ekki þingmál almennra þingmanna heldur ríkisstjórnarinnar og ég veit ekki betur en við séum enn að því. Ef það hefur verið meiningin að halda svo lengi áfram vegna þess að verið er að liðka til fyrir þingmálum þingmanna sem eru búin að bíða, m.a. mál nr. 28 allt frá því í nóvember, þá ætti auðvitað að taka þau fyrr á dagskrá. En þessi fundahöld eru ekki til þess, við erum að ræða hér stjfrv. sem komu fram fyrir örfáum dögum.

Ferðamiðlun, 1. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 715.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hygg að flestum sé enn í fersku minni það ástand sem varð þegar Ferðamiðstöðin Veröld komst í þrot og varð síðan gjaldþrota í byrjun þessa árs. Meðal þess sem hæst bar í þeirri umræðu sem þá varð í þjóðfélaginu var hagur og réttur viðskiptavina ferðaskrifstofunnar, hins almenna neytanda. Af því tilefni áttu m.a. fulltrúar ferðaskrifstofanna og fulltrúar Neytendasamtakanna fundi með samgrn.

Fólk sem keypt hafði ferðir af Ferðamiðstöðinni Veröld var um skeið í óvissu um hvort það biði tjón af viðskiptum sínum og tapaði því fé sem það hafði innt af hendi eða skuldbundið sig til að greiða. Að auki var allstór hópur fólks á vegum ferðaskrifstofunnar staddur erlendis, á Kanaríeyjum, og ríkti óvissa í nokkra daga um hvort fólkið héldi þeirri gistingu sem það hafði greitt fyrir. Af þessu hlutust allnokkur óþægindi fyrir viðskiptavini Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar. Ef ekki hefði komið til sérstakur velvilji Flugleiða hf. er hætt við að stór hópur fólks hefði tapað fjármunum sínum vegna gjaldþrots ferðaskrifstofunnar en Flugleiðir hf. tóku að sér að tryggja þeim farþegum sem þegar höfðu greitt eða gert skuldbindandi samninga við Veröld að þeir fengju án viðbótargjalds þær ferðir sem keyptar höfðu verið. Jafnframt tóku Flugleiðir hf. við þeim ferðum sem óseldar voru og buðu þær til sölu á eigin vegum.

Þeir viðskiptavinir Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar sem staddir voru á Kanaríeyjum þegar fyrirtækið varð gjaldþrota þurftu þó aldrei að óttast það að komast ekki heim á ný né heldur að þurfa að bera af heimferðinni sérstakan kostnað þrátt fyrir það að forsvarsmenn ferðaskrifstofunnar hafi sýnt slíkt ábyrgðarleysi að flytja fólkið utan með leiguflugi án þess að tryggt væri að það hefði örugga heimferð. Það stafar af því að sérhver ferðaskrifstofa þarf að sýna fram á að hún eigi eða hafi yfirlýsingu banka um að hann veiti henni aðgang að tryggingu sem nemur 6 millj. kr. Heimilt er að ganga í þennan tryggingarsjóð til þess að kosta heimflutning farþega sem annars stæðu uppi veglausir ef ferðaskrifstofan verður gjaldþrota. Þessi tryggingarsjóður er forsenda þess að ferðaskrifstofa fái starfsleyfi.

Þegar flytja þurfti farþega ferðaskrifstofunnar heim frá Kanaríeyjum var gripið til þessa tryggingarsjóðs og heimflutningur kostaður af honum en Flugleiðir hf.

önnuðust flutninginn að beiðni samgrn.

Að frátöldum heimflutningskostnaði, eins og í framangreindu tilviki, er ekki heimilt að nota fé sjóðsins án *undangengis dóms*. Að því leyti er tryggingarsjóðurinn, eða það sem eftir kann að vera af honum eftir hugsanlegan heimflutning farþega í einhverju hliðstæðu tilviki, til þess að greiða úr honum kröfur sem gerðar eru í þrotabú ferðaskrifstofu.

Það var eitt af fyrstu verkefnum mínum í embætti samgrh. að ræða við forsvarsmenn Félags ísl. ferðaskrifstofa um þessi efni. Þá þegar komu í ljós athugasemdir þeirra við þennan 6 millj. kr. tryggingarsjóð og áhyggjur af því að hann annars vegar íþyngdi sumum ferðaskrifstofum í rekstri þeirra og hins vegar væri sjóðurinn *engan veginn nægilega stór til þess* að tryggja neytendavernd gagnvart stærstu ferðaskrifstofunum. Í kjölfar þess réð ég Knút Óskarsson viðskiptafræðing til að yfirfara þau lög sem gilda um rekstur ferðaskrifstofa og gera tillögur um úrbætur en Knútur hefur langa reynslu af ferðaþjónustu og yfirgripsmikla þekkingu á rekstri ferðaskrifstofa. Niðurstaða hans vinnu af þessu máli er frv. það sem hér er mælt fyrir um ferðamiðlun.

Tryggingarsjóður ferðaskrifstofa sem nú er 6 millj. kr. hefur ýmsa annmarka, bæði hvað snertir rekstur ferðaskrifstofa og ekki síður varðandi neytendavernd. Augljóslega er vafasamt að krefjast 6 millj. kr. tryggingarsjóðs af ferðaskrifstofu sem hefur lítil umsvif og selur eingöngu ferðir innan lands. Sjóðurinn hefur lítið eða ekkert gildi sem neytendavernd í slíku tilviki en íþyngir aftur á móti ferðaskrifstofunni vegna þeirrar fjárbindingar sem nauðsynleg er eða þess kostnaðar sem fylgir bankatryggingu að öðrum kosti.

Jafnaugljóst er að 6 millj. kr. sjóður verður of lítill ef til þess kæmi að einhver stór ferðaskrifstofa yrði gjaldþrota á þeim tíma þegar flestir viðskiptavina hennar eru staddir í ferðum erlendis, jafnvel þúsundir manna sem farið hefðu í hópferðir með leiguflugi. Til samanburðar má geta þess að þegar fluttir voru heim farþegar Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar í vetur, um 120 manns í einni flugferð, þurfti nær ⅔ hluta tryggingarsjóðs ferðaskrifstofunnar til að standa straum af kostnaðinum við heimflutninginn.

Þá er sá galli við tryggingarsjóð ferðaskrifstofa að hann mismunar fyrirtækjum. Það tíðkast ekki almennt að þær kröfur séu gerðar til fyrirtækja að þau leggi fram tryggingarupphæð fyrir rekstri sínum sem síðan er hægt að ganga í til greiðslu almennra krafna verði fyrirtækið gjaldþrota. Að þessu leyti er tryggingarsjóðurinn hindrun í rekstri ferðaskrifstofa og ekki til þess fallinn að örva fyrirtæki innan ferðaþjónustunnar sem nú er ein mikilvægasta gjaldeyrisaflandi atvinnugrein okkar Íslendinga. Þá er tryggingarsjóðurinn vissulega einnig hindrun í rekstri lítilla ferðaskrifstofa á innanlandsmarkaði.

Til þess að bregðast við og breyta til betri vegar, jafnt fyrir neytendur sem og seljendur þjónustunnar, þarf því að koma til neytendavernd sem er í samræmi við umfang rekstrarins og þann markað sem ferðaskrifstofa vinnur á um leið og horfið er frá íþyngingu á rekstrinum sem felst í að ferðaskrifstofan haldi úti sjóði sem ætlaður er öðrum þræði til að greiða kröfur vegna gjaldþrots. Í frv. er brugðist við þessum vandamálum eins og nánar er skýrt í grg.

Sem betur fer hafa gjaldþrot ferðaskrifstofa ekki verið mörg hér á landi. Minnist ég reyndar aðeins tveggja síðustu fimm ár. Annars vegar gjaldþrots Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar í vetur og hins vegar Ferðaskrifstofunnar Terru fyrir um fimm árum. Það breytir ekki því að við þurfum að vera við því búin að slíkt geti gerst hvenær sem er og hver sem í hlut á. Verði ferðaskrifstofa gjaldþrota er afar mikilvægt að tjón verði sem minnst. Ætla verður að fyrirtæki sem viðskipti eiga við ferðaskrifstofu hafi þekkingu, reynslu og fjárhagslega burði til að taka áhættu að yfirlögðu ráði sem því fylgir að selja vöru eða þjónustu gegn gjaldfresti og geti því sjálf verið einfær um að bera sína áhættu af viðskiptunum án þess að til komi sérstakur tryggingarsjóður sem þau geti gengið að ef illa fer. Öðru máli gegnir um hinn almenna neytanda sem jafnvel kaupir ferð af ferðaskrifstofu aðeins einu sinni á ævinni. Ekki er með nokkrum rétti hægt að ætlast til að hann geti metið hvort hann eigi á hættu að tapa fé sínu eða ferð hans rofni áður en henni ætti að ljúka. Að auki er oft svo að þegar almennir borgarar kaupa slíkar ferðir leggja þeir mikið undir og hafa lagt í kostnað sem nemur stórum hluta af ráðstöfunartekjum. Eðlilegt verður að teljast að almennum viðskiptavinum ferðaskrifstofa sé tryggð lágmarksvernd gegn fjárhagstjóni og óþægindum vegna ferðafalls sem þeir hafa ekki forsendur til að sjá fyrir og tryggingarsjóður ferðaskrifstofa verði við það miðaður að hann tryggi neytendavernd og sé hvað stærð varðar í samræmi við umfang reksturs ferðaskrifstofunnar.

Í frv. er gert ráð fyrir að nánari reglur verði settar í reglugerð og hefst vinna við samningu þeirra reglna þegar ljóst verður að frv. verður að lögum.

Við þá vinnu verður haft samráð við hagsmunaaðila, bæði fulltrúa ferðaþjónustu og neytenda. Jafnframt verður leitað til sérfræðinga um hugsanlegt hlutverk banka, tryggingafélaga og eftir atvikum annarra sem komið geta að málinu þegar slík neytendatrygging er veitt. Samningu reglugerðar um þessi mál verður hraðað svo sem kostur er.

Þetta frv. felur í sér löggjöf um almennar ferðaskrifstofur sem ekki verður hluti af lögum um Ferðamálaráð Íslands. Ferðamálaráð Íslands er stofnun skipuð af stjórnvöldum og starfar í umboði stjórnvalda. Því er talið rétt að lög um frjálsa starfsemi einstaklinga og fyrirtækja að rekstri ferðaskrifstofa sé ekki hluti af þeirri löggjöf.

Það er nýmæli í frv. að fyrirtækjum á því sviði sem frv. fjallar um, sem kallast samheitinu ferðamiðlun, er síðan skipt í tvo flokka eftir því hvort þau starfa einungis á innlendum markaði eða hvort þau selja jafnframt farseðla til útlanda. Þessi skipting er gerð í þeim tilgangi að unnt sé að gera mismunandi kröfur um tryggingar fyrir neytendavernd eins og nánar er skýrt hér á eftir og fyrirtækjum sem einungis starfa innan lands sé ekki íþyngt með sams konar kröfum um trygg-

ingar og hinum er selja ferðir til útlanda.

Í frv. er brugðist við alþjóðlegri þróun undangenginna missira og þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er á vettvangi Evrópuþjóða á þann veg að gert er ráð fyrir að erlendir aðilar eigi þess kost að eiga og reka ferðaskrifstofur á Íslandi að uppfylltum þeim almennu skilyrðum sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. gr. Að því leyti skapast skilyrði til jafnræðis með íslenskum og erlendum fyrirtækjum í greininni hvað varðar starfsemi utan heimalands.

Önnur meginbreyting í frv. varðar neytendavernd samkvæmt 4. gr. Þar er gert ráð fyrir að ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skuli leggja fram tryggingu fyrir neytendavernd í samræmi við reglur sem samgrh. setur. Hér er opnuð leið fyrir fyrirtæki í þessari grein að sameinast um tryggingu, ef þeim sýnist svo, samkvæmt reglunum. Jafnframt er horfið frá því að trygging sú sem sett verður sé ætluð til að greiða aðrar skuldbindingar en þær sem greiða þarf til að tryggja hagsmuni neytenda er við ferðamiðlun skipta. Í athugasemdum við 4. gr. er nánar skýrt með hvaða hætti þessi neytendavernd er ætluð. Um upphæð tryggingarfjár verður kveðið á í reglugerð og er gefinn kostur á að tryggingarupphæð einstakra fyrirtækja sé mishá eftir því hver umsvif ferðamiðlunarinnar eru hverju sinni og eftir því hvort ferðamiðlunin starfar á innanlandsmarkaði einvörðungu eða selur farseðla til útlanda.

Með frv. er löggjöfin um rekstur ferðaskrifstofa einfölduð hvað varðar leyfisveitingar og eftirlit með að rekstur ferðamiðlunar sé í samræmi við lög og reglur og í ríkara mæli sett í hendur Ferðamálaráðs Íslands sem gera skal tillögu um afturköllun leyfa ef rekstur fyrirtækis innan greinarinnar er talinn skaða hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu. Með því móti er ábyrgð í ríkara mæli sett á herðar aðila innan greinarinnar á að hvert fyrirtæki starfi innan ramma laga og reglna en úrskurðarvald er hjá ráðherra.

Í 1. gr. er tekið mið af íslenskum aðstæðum varðandi tvenns konar flokkun á ferðamiðlun. Annars vegar er um að ræða almenna ferðaskrifstofu er sinnir nánast öllu í miðlun þjónustu til ferðamanna innanlands og utan. Hins vegar er um að ræða ferðaskipuleggjanda er veitir nánast eingöngu þjónustu varðandi ferðalög innan lands. Til fyrri flokksins teljast flestar stærri ferðaskrifstofur landsins og aðrir þeir aðilar er selja og skipuleggja ferðir til útlanda. Til hins síðari teljast þeir aðilar er annast móttöku erlendra ferðamanna og skipuleggja fyrir þá ferðir innan lands og aðra ferðaþjónustu. Til seinni flokksins teljast einnig þeir sem skipuleggja eða selja ferðir og aðra þjónustu innan lands til innlendra ferðamanna. Gert er ráð fyrir að ferðaskipuleggjandi geti í tengslum við móttöku erlendra ferðamanna skipulagt og selt ferðir til nágrannalanda, svo sem Grænlands og Færeyja.

Í gildandi lögum er þessi greinarmunur ekki gerður á ferðamiðlun en mikill munur er á starfsemi ferðamiðlunar eftir því hvort hún selur ferðir til útlanda eða ekki. Einnig ber að gera aðrar og meiri kröfur varðandi neytandavernd til fyrirtækja sem skipuleggja ferðir til útlanda og selja þær á neytendamarkaði innanlands.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það fer svo að þetta verður eins konar framhaldsumræða því hæstv. ráðherra hefur valið þann kost að klippa sundur löggjöf um ferðaþjónustu og flytja sem sérlög frv. til laga um ferðamiðlun sem var hluti af gildandi löggjöf um skipulag ferðamála. Einn kafli fjallaði þar um almennar ferðaskrifstofur og er það sem við höfum til samanburðar við gildandi lög. Rökin fyrir því finnst mér ekki sannfærandi en þau er að finna í upphafi greinargerðar frv. Ég tel að það miður að farið er að búta niður með þessum hætti lög um ferðaþjónustu. Það var góður stuðningur við það sjónarmið, þegar undirbúið var frv. sem lagt var fram á síðasta þingi, að sameina frekar en sundra í þessum efnum. Þá gerðist það að löggjöf um veitinga- og gististaði var tekin inn sem einn kafli í lög um ferðaþjónustu. Þetta var gert að höfðu fullu samráði við forustumenn á sviði veitinga- og gistihúsareksturs og hagsmunasamtaka þeirra sem féllust á þau rök að þetta væri skynsamleg stefna. Hér hefur annað orðið ofan á og því fáum við frv. í pörtum. Rökin fyrir hinu eru auðvitað þau að það er æskilegt til þess að fá betri yfirsýn yfir þá löggjöf sem í gildi er hverju sinni og knýr stjórnvöld til að taka heildstætt frekar en í pörtum á málefnum atvinnugreinarinnar sem er eðli máls samkvæmt afar sundurleit. Það er kannski enginn atvinnurekstur í landinu sem er samsettur af jafnólíkum aðilum, mismunandi stórum og öflugum, allt frá stórfyrirtækjum á okkar vísu, eins og Flugleiðum, niður í smárekstur einstakra sérleyfishafa og gistihúsarekendur svo dæmi séu tekin. Þetta er því afar fjölbreytilegt og þeim mun meiri nauðsyn er á að stilla saman strengi þótt löggjöfin sé þannig upp byggð að hún lúti frekar að því að yfirsýn fáist og sé stuðningur við þá aðila sem þurfa í rauninni að standa saman, ef á að takast að móta hér öfluga ferðamálastefnu. Það er auðvitað ekki málefni opinberra aðila nema að takmörkuðu leyti heldur hagsmunaaðilanna, þeim er einmitt stuðningur að því að löggjöfin sé heildstæð og þar sé horft til heildarinnar, til atvinnugreinarinnar í heild, en ekki með því bútasjónarmiði sem endurspeglast í þessum tillöguflutningi.

Hæstv. ráðherra, sem enn á ný er horfinn af vettvangi, flutti framsöguræðu sem var dálítið óvenjuleg. Hann byrjaði á því að víkja að tilteknu gjaldþroti og erfiðleikum sem viðskiptaaðilar tiltekinnar ferðaskrifstofu höfðu orðið fyrir vegna þessa gjaldþrots og tengdi það síðan þeirri tillögu um það sem hér er kallað neytendavernd í frv. Ég er ekki að gagnrýna út af fyrir sig þessa nálgun en mér finnst kannski skipta meira máli það skipulag sem hér er verið að innleiða með svolítið breyttum hætti frá því sem er í gildandi löggjöf. En auðvitað er neytendaverndin, sem þörf er á að styrkja á þessu sviði, gildur þáttur af því sem opinberir aðilar þurfa að hlutast til um á sviði ferðaþjón-

ustu og ætla ég síst að mæla gegn því.

Ég tel að ýmsum spurningum sé ósvarað sem varða frv. og ég vil leyfa mér að koma hér að nokkrum atriðum. Þá vil ég fyrst koma að því sem að mínu mati skiptir mestu máli varðandi þennan þátt ferðaþjónustunnar en snertir auðvitað rekstur ferðaþjónustu almennt. Það er aðgengi útlendinga að þessum rekstri. Möguleika þeirra til þess að taka yfir rekstur í ferðaþjónustu hér á landi er verið að auðvelda talsvert með frv., ef að lögum verður, frá því sem nú er og eru þó ekki mjög háar girðingar sem fyrirbyggja eða hindra og draga úr möguleikum erlendra fyrirtækja og lögaðila til þess að koma inn í rekstur í íslenskri ferðaþjónustu.

Þetta er rökstutt og kemur fram í 2. gr. frv. Þar stendur: „Ábyrgðaraðili ferðamiðlunar samkvæmt 1. gr. þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til þess að stunda starfsemi samkvæmt lögum þessum:

a. vera fjárráða,

b. hafa forræði yfir búi sínu,

c. eiga varnarþing á Íslandi."

Ekki er lengur krafist búsetu í landinu fyrir þá sem standa fyrir rekstri í ferðamennsku eins og er í 15. gr. gildandi laga. Þar eru ákvæði um fjárræði og forræði í búi en þar er einnig krafa um búsetu á Íslandi. Þar segir einnig: „Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf." — Þau tengjast þá auðvitað búsetunni. Einnig segir: „Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir."

Þetta er sem sagt afnumið og allar hindranir varðandi möguleika erlendra aðila fjarlægðar. Eina skilyrðið sem eftir stendur er að hafa varnarþing á Íslandi sem er í raun mjög einfalt fyrirkomulagsatriði að því er ég best veit að geta haft varnarþing fyrir ábyrgðaraðila hérlendis. Búsetuskilyrðið er fellt niður og dvöl í landinu.

Mér sýnist að hér sé verið að ganga lengra að þessu leyti en nauðsyn krefur ef ráðherrann vildi reyna að koma við hindrunum og betra aðgengi íslenskra aðila að þessu leyti en erlendra. Það er ljóst að ef ráðherrann er að laga löggjöfina að EES-samningi þurfum við að fá um það upplýsingar, þ.e. hvort hann sé að því í raun og veru, og um leið hvort það sé stefna hans að opna þetta eins og frekast má verða og taka út hindranir eins og varðandi búsetuna og búsetukröfuna. Meginatriði Evrópuréttarins er um það að ekki megi mismuna eftir þjóðerni. Það er það sem á að gilda og íslensk stjórnvöld með utanrrh. í fararbroddi hafa fallist á það í samningi, sem utanrrh. stendur að um EES, að ekki megi mismuna eftir þjóðerni í allri Vestur-Evrópu samkvæmt þessari hugmynd að EES-samningi.

Hins vegar hefur í ýmsum tilvikum verið sett krafa um búsetu og sú krafa var í frv. því hún mismunar út af fyrir sig ekki eftir þjóðerni en setur það skilyrði að útlendingur hafi haft búsetu í landinu um eitthvert skeið og að stjórnarmenn hafi hér búsetu. Ég spyr ráðherrann: Er þetta hans einlægur vilji og stefna að gera það sem allra auðveldast fyrir erlenda aðila að koma inn í ferðaskrifstofurekstur, ná hér tökum og stjórn á þessum málum? Ég fullyrði að engin atvinnugrein hjá okkur er jafnberskjölduð í raun og jafnauðvelt og freistandi fyrir útlendinga að yfirtaka hér í mjög ríkum mæli en einmitt ferðaþjónustan og ýta Íslendingum til hliðar og haga rekstri atvinnugreinarinnar eftir eigin höfði og hagsmunum. Auðvitað með það í huga að fleyta rjómann af toppnum, af þeim tiltölulega stutta ferðamannatíma sem við búum við og haga sinni starfsemi eftir því. Þeir hafa markaðinn, þeir ráða yfir verulegum þáttum á markaðinum, þ.e. að því er erlenda ferðamenn varðar og geta með því haft mikil áhrif. Með því að yfirtaka eða ná tökum á þjónustufyrirtækjum innan lands sem hér eru starfrækt er mjög auðvelt fyrir þá að hirða afraksturinn og stýra þróun þessarar atvinnugreinar. En takið eftir rökstuðningnum, þessu feimnislega orðalagi sem hér er að finna í athugasemdum með frv. Takið eftir hvernig þetta er orðað: „Í frumvarpinu er brugðist við alþjóðlegri þróun undangenginna missira og þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er á vettvangi Evrópuþjóða á þann veg, að gert er ráð fyrir að erlendir aðilar eigi þess kost að eiga og reka ferðaskrifstofur á Íslandi að uppfylltum þeim almennu skilyrðum sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. gr. Að því leyti skapast skilyrði til jafnræðis með íslenskum og erlendum fyrirtækjum í greininni hvað varðar starfsemi utan heimalands."

Er það okkar kappsmál að skapa þetta jafnræði? Eru það okkar hagsmunir? Hvað segja þingmenn utan af landi sem átta sig á því hvaða gildi uppbygging ferðaþjónustunnar og þátttaka fólks um allt land hefur í þessari atvinnugrein? Halda menn að það verði farið að taka tillit til þeirra af þeim sem munu ná yfirtökunum í íslenskri ferðaþjónustu sem verður þá ekki íslensk nema að nafninu til ef gengið verður að þessum samningi og sú stefna verður ofan á sem hæstv. ráðherra er að læða hér inn? Ekki undir nafni EES, því hann nefnir ekki þann samning, heldur býr hann þetta í gervi felumyndar. Talar um að verið sé að bregðast við alþjóðlegri þróun undangenginna missira. Til hvers er hann að vísa?

Ég get vel skilið það ef ráðherrann er að laga löggjöfina að Evrópurétti. En ég spyr: Er hann að því? Er það það sem um er að ræða? Evrópa er fleira en Evrópubandalagið og Evrópa er fleira en EES-svæðið, það er stærra. Hvers konar rósamál er þetta? Það er auðvitað EES-samningurinn sem væntanlega er verið að vísa til. Er það þá sjónarmið ráðherra að það eigi að hafa þetta sem allra opnast og hindrunarlaust? Er það þá hans sjónarmið? Ég óska svara. Hvaða jafnræði vill hann tryggja?

Ég ítreka að fátt í íslenskum atvinnurekstri er jafnvarnarlaust að þessu leyti og ferðaþjónustan og það er fátt sem verður eins harkalega fyrir barðinu á því ef útlendingar ná hér stjórnun þessum rekstri vegna þess að ef við reynum að taka þetta því taki að landið allt sé þátttakandi, sem er auðvitað æskilegt út frá dreifingu ferðamanna, þátttöku almennings um allt land í

starfseminni og út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Það er ekki það sem verður horft til af þeim erlendum aðilum sem hér munu fleyta rjómann ofan af þessum rekstri á komandi árum ef farið verður að þessum tillögum.

Síðan ætla ég að koma að upphafinu. Hæstv. ráðherra leggur frv. fram eins og í því séu uppfinningar sem ráðgjafar hans, vanir ferðaþjónustu allt frá barnæsku, hafi fundið upp. Það er raunar ekki því lunginn í frv. er klipptur út úr frv. sem hæstv. ráðherra stöðvaði í fyrra með smávegis tilfærslum á milli greina og miklu örökrænni uppbyggingu frv. en þá lá fyrir. Ýmsu er þar sleppt sem ég held að sú þingnefnd, hv. samgn., sem væntanlega fær þetta til meðferðar, ætti að líta á.

Hæstv. ráðherra setur þetta fram varðandi 1. gr. þannig að hann sé að skipta upp ferðamiðlun sem er sama hugtak og tekið var upp í frv., sem við ræddum í fyrra, sem samheiti, að skipta því í almenna ferðaskrifstofu, hann kýs að kalla það því nafni, og ferðaskipuleggjendur. Hugtakið ferðaskipuleggjandi þekkjum við frá fyrra frv. En hann dregur mörkin með dálítið sérkennilegum hætti. Hann undirstrikar varðandi almenna ferðaskrifstofu að hún skipuleggi „ferðir hópa eða einstaklinga í leigu- eða áætlunarferðum fyrir innlenda og erlenda ferðamenn." Af hverju er ástæða til þess, hæstv. ráðherra, — virðulegi forseti, ég hef fullan skilning á því að ráðherra þurfi að sinna embættisstörfum hér en ég held að ég verði að doka við á meðan því ég er að beina fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

Virðulegi foreti. Það hlé sem ég geri á ræðu minni er vegna þess að ég held að ég hafi ekki athygli ráðherrans. (**Forseti:** Hlýðir hæstv. samgrh. á mál ræðumanns?) (**Landbrh.:** Það er ljúfur söngur í eyrum mínum.) Telur forseti þetta fullnægjandi svar? (**Forseti:** Er svarið ekki fullnægjandi fyrir hv. ræðumann?) Mér fannst það ekki vera þannig fram borið né heldur ráðherrann í þeim stellingum að hann sé í rauninni í alvöru að tala við þingið um þetta hugðarefni sitt sem hann leggur hér fyrir. Ég hlýt að finna að því að verið sé að gera þingsalinn að vettvangi fyrir embættisverk á meðan á umræðum stendur. En ég er að spyrja hæstv. ráðherra að því varðandi 1. gr. frv. hvers vegna hann dragi svo skarpar línur milli töluliðar eitt og tvö, almennra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda, út frá því hvort um er að ræða þjónustu er varðar innlenda og erlenda ferðamenn. Í fyrstu efnisgreininni sé ég enga þörf á því ef það eru innlendir og erlendir ferðamenn að vera að tíunda það í lagatexta að svo sé, því hverjir eru þá undanskildir? Tunglfarar eða einhverjar verur utan úr geimnum?

Í öðru lagi er varðandi ferðaskipuleggjendur tekið fram sérstaklega að ferðaskipuleggjandi annist ekki almenna þjónustu og farmiðasölu varðandi ferðalög til útlanda. Ég skil það svo að verið sé að leggja blátt bann við því. Það er alveg augljóst með þessum texta. Það er þá væntanlega stefna en mér finnst aðgreining með þessum hætti ekki fyllilega rökheld og bið um að nánar verði litið á þetta.

Þá vil ég vekja athygli á því, virðulegur forseti, að tillögur lágu fyrir á síðasta þingi um það að fyrir utan þessa flokkun í ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur yrðu einnig teknar upp skilgreiningar eins og „ferðaumboðssali", sem þriðja skilgreining í ferðamiðlun og það er þannig orðað: „Ferðaumboðssali er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast sölu farmiða og ferðaþjónustu í umboði löggiltrar ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis og á ábyrgð þess."

Í fjórða lagi var í frv. sem lá fyrir þinginu í fyrra tekinn upp þáttur í ferðamiðlun, upplýsinga- og bókunarkerfi og orðað þannig: „Upplýsinga- og bókunarkerfi merkir í lögum þessum fyrirtæki sem á eða rekur tölvukerfi er veitir milliliðum og kaupendum ferðaþjónustu upplýsingar um framboð seljenda og/eða tekur við bókunum."

Þarna er um mikla starfsemi að ræða og ég fullyrði að það að skilgreina þetta og setja á þetta ákveðnar kvaðir varði neytendavernd, þ.e. viðskiptaaðilana í ferðaþjónustu og ekki síst í sambandi við bókunarkerfi að tryggt sé að ekki sé um mismunun að ræða. Það voru rökin fyrir því, hæstv. ráðherra, að ástæða var talin til þess að taka þessa skilgreiningu upp sem einn þátt ferðamiðlunar.

Þá vildi ég aðeins koma að efni 3. gr. frv. Þar er seinni málsgreinin orðuð þannig:

„Samgönguráðherra getur að tillögu stjórnar Ferðamálaráðs afturkallað leyfi til starfrækslu ferðamiðlunar ef stjórn Ferðamálaráðs Íslands telur að viðkomandi starfsemi skaði hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu."

Þarna er ráðherra að opna fyrir það að stjórn Ferðamálaráðs komi tillögum til hans sem hann taki afstöðu til út frá því hvort viðkomandi starfsemi skaði hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu. Mér er nokkuð til efs að innleiddum EB-rétti hérlendis sé mikið hald í ákvæðum af þessum toga og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi íhugað það í því samhengi. Hvað er í raun íslensk ferðaþjónusta í þessu samhengi? Hvað er það sem verið er að vísa til í þessum frumvarpstexta?

Í 4. gr. er að finna ákvæði um tryggingar og hugtakið neytendavernd kemur þar fram og það er mjög hliðstætt því sem lagt var til á síðasta þingi af þáv. samgrh. að upp yrði tekin trygging fyrir neytendavernd í samræmi við reglur sem samgrh. setur. Að vísu var þar tengd trygging fyrir rekstraröryggi og neytendavernd en hugtakið rekstraröryggi hefur verið tekið út úr þessum þætti. Það kunna að vera rök fyrir því að svo er gert, en ég vek athygli á því að það hefur verið fellt niður.

Í gildandi lögum um ferðaþjónustu er sérstakt ákvæði sem varðar hópferðir og rekstur á sérleyfum og þetta hefur verið tekið inn í skilgreiningu 1. gr. um almenna ferðaskrifstofu eins og þar kemur fram, seinni hluti í 1. gr. 1. tölul. vísar einmitt til skipulagningar hópferða eða einstaklinga í leigu eða áætlunarferðum og þar með er búið að fella þá starfsemi undir hugtakið almenn ferðaskrifstofa.

Ég veit ekki hvort skynsamlegt er að öllu leyti að setja rekstur af þessu tagi undir hugtakið almenn ferðaþjónusta en ég vil út af fyrir sig ekki vísa því neitt frá að ekki betur athuguðu máli.

Þetta eru nokkrar athugasemdir sem ég leyfi mér að

gera við þetta frv. og í rauninni er þar þyngst á metunum að mínu mati það sem snýr að aðgengi útlendinga í þennan rekstur og þá galopnun sem hér er innleidd án þess þó að tekið sé fram inn í það samhengi sem við erum að ganga ef við ætlum að lögleiða EB-rétt hér og gerast aðilar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég bið ráðherrann að tala skýrar í þessum efnum en hann gerir í framsögu og fram kemur í greinargerð.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um ferðamiðlun sem nær yfir það sem við höfum kallað ferðaskrifstofuþjónustu og kannski eitthvað fleira. Á undan hefur nokkuð verið rakið það sem er jákvætt við frv., eins og aukin neytendavernd, en mér finnst að nokkur ákvæði mættu vera skýrari í frv. Í 1. gr. er starfseminni skipt í tvennt, almennar ferðaskrifstofur og svo er ferðaskipuleggjandi. Í niðurlagi töluliðarins um ferðaskipuleggjanda er sagt, með leyfi forseta: „Hann annast ekki almenna þjónustu og farmiðasölu varðandi ferðalög til útlanda.“

Hins vegar er síðan í athugasemd með þessari grein sagt að hann geti selt ferðir til nágrannalanda og svo sem Grænlands og Færeyja.

Mér sýnist að þetta geti varla staðið svona afdráttarlaust í öðrum töluliðnum og ætlast til þess að framfylgja því eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni þar sem meira að segja er loðnari afmörkun en aðeins þessi tvö lönd. Mér fyndist að eðlilegt væri að setja þarna hreinlega: „Hann annast ekki almenna þjónustu og farmiðasölu varðandi ferðalög til útlanda nema Grænlands og Færeyja“, sem getur verið liður í Íslandsferð og er auðvitað æskilegt að tengja það sem mest, bæði fyrir okkur og þessi grannlönd okkar þannig að ég hef síður en svo neitt við það að athuga, en mér finnst að þetta verði þá að vera skýrara í greinni.

Í 4. gr. er rætt um neytendaverndina og þar er sagt að þessu eigi öllu að skipa í samræmi við reglur sem samgrh. setur en það er alveg skilið eftir opið hvernig þær verði.

Hins vegar er imprað á nýrri leið í greinargerðinni, þ.e. að hafa sameiginlegan ábyrgðarsjóð til að veita nauðsynlega tryggingu sem hæstv. ráðherra ræddi um og ég held að geti verið jákvætt og æskilegt. Bæði getur það verið aukin vernd fyrir neytendur og einnig þá betra að það séu aðilar í ferðaþjónustunni sem fylgist þar með. Þeir virðist gera það betur en ráðuneytið eins og kom glöggt fram í vetur í því máli sem hæstv. ráðherra gerði hér sérstaklega að umræðuefni, þ.e. gjaldþrot Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar þar sem samgrn. sagði alveg fram á síðasta dag að allt væri í lagi þó að öðrum sem sinna ferðaþjónustu væri ljóst að hverju stefndi, því miður.

En ég held að æskilegt væri að hafa einhverjar ábendingar í 4. gr. að þessa leið skuli fara eða megi fara af því að hún er nýmæli frekar en að hafa þetta algjörlega opið fyrir reglugerð ráðherra.

Þá vildi ég víkja sérstaklega að 2. gr. Hv. 4. þm. Austurl. drap á það hvað þarna virtist vera alveg opnað fyrir útlendinga. Ég vil taka undir með honum að ég tel að æskilegt sé að við reynum að setja upp þær girðingar sem frekast er unnt að hafa til þess að tryggja stöðu okkar innlendu fyrirtækja. Ég held að það sé tvímælalaust æskilegast fyrir íslenska ferðaþjónustu í heild. Að sjálfsögðu þarf að skoða vel hvað þar er hægt að ganga langt en ég vil taka undir með hv. 4. þm. Austurl. því að það er ekki aðeins æskilegt fyrir ferðaþjónustuna, ég held að það sé æskilegt líka fyrir þjóðarbúið. Benda má á að líklega yrði þróunin sú til að byrja með að umboðsskrifstofur kæmu upp sem hefðu sáralitla veltu, þjónustan færi fyrst og fremst fram erlendis þannig að út úr þeirri þjónustu hefði íslenska ríkið a.m.k. sáralítið. Þannig eru áreiðanlega mörg önnur atriði sem hægt er að benda á auk þeirra sem hv. 4. þm. Austurl. gerði.

Annað atriði í sambandi við skilyrði fyrir rekstri ferðmiðlunar sýnist mér að þurfi að taka til alvarlegrar íhugunar, þ.e. hvort ekki ætti að bæta inn skilyrði þarna t.d. í d-lið: sé ekki allsráðandi í öðrum þáttum ferðaþjónustu.

Við vitum að staðan hjá okkur er þannig að fyrst og fremst eitt flugfélag ræður öllum ferðum milli Íslands og annarra landa. Að sjálfsögðu er ákaflega mikilvægt fyrir okkur að hafa öflugt flugfélag sem tryggir slíka samgöngur, enda hefur íslenska ríkið hlaupið undir bagga með þessu fyrirtæki til að gera því kleift að sinna þessu mikilvæga verkefni. En á sama tíma og það hefur algjöra lykilaðstöðu held ég að reynslan hafi gefið tilefni til að setja fram slíkan varnagla gegn því að þetta fyrirtæki geti orðið allsráðandi á öðrum sviðum. Aðstaða þeirra í flutningum skapar svo gífurlega sterka aðstöðu fyrir ferðaþjónustuna í heild að það er erfitt fyrir aðra að keppa þar við. Sumir segja jafnvel að ef Flugleiðir vilji hafa einhverja ákveðna stefnu þá sé erfitt fyrir Ferðamálaráð að ráða við það og rísa þar alveg á móti. En þó eru umræðurnar sem fram fóru um ferðaskrifstofurnar í vetur mér efst í huga, en þar kom fram í fréttum frá Flugleiðum að þeir ætluðu að hefja mikla sókn á ferðaskrifstofumarkaði. M.a. með því, eins og stendur í fyrirsögn í Morgunblaðinu, með leyfi forseta: „Allt að þriðjungs verðlækkun í sumar“ er í fyrirsögn. „Félagið hyggst fara í beina samkeppni um sólarlandaferðir. Flugleiðir hafa ákveðið að lækka verð fyrir flug og bílferðir til ýmissa staða í Evrópu um 25–30% miðað við ferð sem stendur í viku.“

Að sjálfsögðu getur ferðaskrifstofa sem er í eigu flugfélags boðið slíkt með því að fá afslátt hjá flugfélagi. Í fréttum kom líka fram að á undanförnum árum hefur orðið tap af þessari ferðaskrifstofu sem nemur 191 millj. kr. og það hafa Flugleiðir borgað með þessari ferðaskrifstofuþjónustu.

Ég held að það væri ákaflega slæmt fyrir okkur ef þróunin yrði sú að með þessari lykilaðstöðu yrði hér fyrst og fremst ein ferðaskrifstofa allsráðandi. Benda má á annað dæmi, sem líka snertir Alþingi nokkuð, hvernig þessi aðstaða hefur úrslitaáhrif. Rætt hefur verið um það að ríkið eigi að bjóða út ferðir til annarra landa og leita eftir því við ferðaskrifstofu hver býður hagstæðust kjör. Ef við skoðum málið þá held ég að sé

augljóst að þarna getur ekki orðið um neitt raunverulegt útboð að ræða. Aðilinn sem hefur á hendi sér að lækka verðið er auðvitað fyrst og fremst sá sem annast flutninginn því að aðrar ferðaskrifstofur fá aðeins smáþóknun fyrir að selja miðana og hafa því af litlu að taka til þess að gera tilboð sem einhverju máli skiptir, hvort sem það er fyrir alþingismenn, starfsmenn Alþingis eða aðra opinbera starfsmenn.

Mér finnst spurning hvort þessi lykilaðstaða brjóti ekki í bága við 20. gr. frv. sem hæstv. viðskrh. er nýbúinn að leggja fram um samkeppnislög, þar sem segir, með leyfi forseta: „Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir, eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda."

Ég veit ekki hvort þetta er beinlínis óhagstætt hagsmunum neytenda í augnablikinu en ég vil fullyrða að það er óhagstætt hagsmunum neytenda ef ein ferðaskrifstofa yrði algerlega ráðandi í skjóli þess sem ræður flutningum til landsins að segja má. Ég hygg að það verði ekki nein skyndileg breyting á flutningum til landsins um næstu áramót þó að þá verði frjálsar ferðir. Ég hygg að Flugleiðir muni hafa yfirburðaaðstöðu áfram og ég vil segja vonandi mun það ekki leiða a.m.k. til þess að staða Flugleiða versni svo að Flugleiðir geti ekki haldið áfram að sinna vel því mikilvæga hlutverki sem það fyrirtæki hefur í þjóðfélaginu, að tryggja okkur öruggar og góðar ferðir til annarra landa því að sjálfsögðu verður ekki of mikil áhersla lögð á það, en þeim mun síður er að mínu mati ástæða til að þeir séu að greiða ár eftir ár háar upphæðir til reksturs ferðaskrifstofu sem aðrir aðilar í þjóðfélaginu virðast hafa getað rekið án slíks stuðnings um langt skeið.

Ég vildi í þessu sambandi leggja sérstaka áherslu á að samgn. taki þessi atriði til athugunar við umfjöllun sína um þetta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér eru stór mál á dagskrá þar sem eru skipulagsmál í ferðaiðnaði og það er miður að hæstv. ráðherra samgöngumála hafi ekki meira fram að færa en fram kemur í þeim frv. sem hann mælir hér fyrir í dag. Reyndar sagði ráðherra nokkuð í ræðu fyrr í dag sem gerir það að verkum að málið er í enn meiri óvissu en annars hefði þurft að vera. Hann sagði eitthvað á þá leið að hann væri í grundvallaratriðum ósammála þeirri vinnu sem fram hafði farið á vegum stjórnvalda og var komin inn í Alþingi í frumvarpsformi í fyrra.

Nú er ég ekki að segja að ég hafi að öllu leyti verið sammála því sem þar kom fram. En þar sem ráðherra bar ekki gæfu til að koma þá með sína stefnu fram í formi mótaðra þingmála er það mjög slæmt að hann skuli skilja við þessi mál í slíkri óvissu því að þessi grein, eins og allar aðrar greinar í uppbyggingu, þarf á stefnufestu af hálfu stjórnvalda í greininni að halda og menn viti það á hverjum tíma hver sé ætlan ráðherra og ríkisstjórnar. Það eina sem menn hafa í höndunum eru ræður hæstv. samgrh. frá því hann sat hér sem óbreyttur þingmaður og vissulega er þar ýmislegt bitastætt sem menn verða þá sjálfsagt að byggja á þangað til annað kemur fram.

Ég ætla aðeins að fara út í þetta frv., frv. til laga um ferðamiðlun, á svipuðum nótum og hv. 2. þm. Suðurl. gerði í lok sinnar ræðu. Það er út af fyrir sig ekki gott að þurfa að fjalla um mál á Alþingi út frá hagsmunum eða sjónarmiðum einstakra fyrirtækja. Það þrengir alltaf umræðuna og veldur því að hætta er á að hún verði ekki eins almenn og einskorðist e.t.v. við þrönga stundarhagsmuni. En hæstv. ráðherra hóf þessa umræðu með afar sérstökum hætti þar sem han bar mikið lof á mildi og mannúð Flugleiða sem komu vegalausum ferðalöngum til aðstoðar suður á Kanaríeyjum og skyldi maður ætla af orðum hæstv. ráðherra að þar hafi ekkert komið til annað en góðvild viðkomandi fyrirtækis. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta fyrirtæki sé í mjög hörðum bisness og kannski svo hörðum að þar sé nánast einskis svifist. Ég vil tengja þetta því sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Suðurl. og sneri að skilyrðum fyrir rekstri ferðamiðlunar. Ég held að ef frv. sem þetta eigi að tryggja hag neytenda, eins og hér er sagt og ég efa ekkert að viljinn sé fyrir hendi, þá verði þetta atriði að koma inn.

Það er einu sinni svo að viðkomandi fyrirtæki, Flugleiðir, ferjar ekki eingöngu okkur Íslendinga og aðra ferðalanga til og frá landinu. Flugleiðir annast líka umfangsmikinn flugrekstur innan lands og svona til að sýna aðeins hvernig hin hliðin á dæminu snýr, — virðulegi forseti, ég geri hlé á máli mínu á meðan virðulegur forseti og samgrh. ljúka sínum fundi — en það er önnur hlið á þessu máli og hún er sú að viðkomandi fyrirtæki sér líka um að ferja okkur milli staða innan lands í skjóli sérleyfis. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. En hvernig skyldi það koma út gagnvart hinum almenna neytanda? Ég hef í höndunum ljósrit af farseðli sem góður kunningi minn á Egilsstöðum hefur geymt í veski sínu frá því 1986 og framreiknað reglulega hækkun á fluggjaldinu og borið saman við hinar ýmsu vísitölur sem eru í gangi í þjóðfélaginu. Á þessu árabili hefur það gerst að flug fram og til baka á Egilsstaði hefur hækkað úr 5.330 upp í 15.060 kr. Það er nálægt 2.000 kr. hærra heldur en boðið er lægst til Glasgow um þessar mundir. Þetta er hækkun á fargjaldi á þessum tíma um 158,3%. Á sama tíma hækkar lánskjaravísitala um 120,8%, launavísitala um 130,04%, framfærsluvísitala um 131,1% og byggingarvísitala um 126%. Það gefur auga leið að í þessu tilfelli hefur verið um litla neytendavernd að ræða og það gefur líka auga leið að þessi verðþróun á flugfargjöldum innan lands hlýtur að vera mjög hamlandi fyrir alla ferðaþjónustu í landinu. Þannig að ég vil eindregið beina því til hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til þess að setja inn í þessi lög ákvæði til verndar neytendum á fleiri sviðum en því sem þarna er nefnt.

Viðkomandi fyrirtæki er að hasla sér þann völl á innlendum ferðamarkaði að það er vandséð að það þjóni hagsmunum okkar Íslendinga sem heildar. Fyrir nokkrum dögum hafði aðili sem rekur litla ferða-

skrifstofu úti á landi samband við mig. Hann sagði að hann seldi farmiða fyrir tiltölulega lítið fyrirtæki sem rekur bæði ferðaþjónustu og flug frá landinu og hefur komið nokkru róti á þann markað en hann sagðist ekki þora að auglýsa það. Vegna hvers? Vegna hættunnar á því að sá aðili, sem er nánast ráðandi á þessum markaði, tæki af honum umboð til sölu fyrir sig. Þegar svona er komið í skipulagi ferðamála á landinu þá er vissulega ástæða til að lagt sé fram frv. til laga um ferðamiðlun. En þá er líka full ástæða til að tekið sé á málinu í heild og sett fram löggjöf sem tryggir aðilum starfsaðstöðu á einhverju sem nálgast það að vera jafnréttisgrunnur.

Virðulegi forseti. Ég hef komið hér á framfæri þeim atriðum sem mér þykir ástæða til í þessu sambandi og þar sem hæstv. samgrh. notar yfirleitt hvert tækifæri sem gefst til að koma þeim skoðunum sínum á framfæri að það sé frjáls samkeppni á jafnréttisgrundvelli sem sé hinn eini rétti starfsvettvangur í atvinnulífinu — ég vil taka fram að ég er ekki sammála honum að öllu leyti en þar sem ég hef svo oft heyrt hæstv. ráðherra setja fram þessar skoðanir sínar þá treysti ég því að hann hafi forgöngu um það að inn í þetta frv. til laga um ferðamiðlun verði sett ákvæði sem tryggi að aðilar geti starfað þar á jafnréttisgrundvelli, það verði engum einum aðila kleift að ná þar þeirri yfirburðarstöðu að aðrir nái ekki að þrífast.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Frv. til laga um ferðamiðlun er að hluta til tekið úr frv. til laga sem flutt var á 113. löggjafarþingi um ferðaþjónustu. Það kom ekki fram í máli hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir frv. Ég vil þó taka fram að veigamiklum atriðum er sleppt úr frv. sem ég hefði talið mjög mikilvægt að hafa inni og vonast ég til þess að samgn. taki til athugunar hvað lagt var til á sínum tíma varðandi ferðamiðlun, eins og það var kallað, og taki upp fleiri þætti sem þar koma fram sem ég held að séu til mikilla bóta. Ég vil taka það fram að mjög mikið samráð var haft við Félag ísl. ferðaskrifstofa þegar það frv. var samið, þ.e. það frv. sem ég vitnaði hér til, og langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvert samráð hafi verið haft við Félag ísl. ferðaskrifstofa þegar þetta frv. var samið. Ég vildi spyrja að því vegna þess að ég minnist þess að það voru nokkur atriði sem fulltrúar þess félagsskapar lögðu höfuðáherslu á þegar verið var að ræða um þessi mál.

Eitt af því sem lögð var mjög mikil áhersla á var að þeir sem hefðu leyfi eða fengju leyfi til að reka ferðaskrifstofu væri búsettir hér á landi. Reyndar vildu sumir að það fengju eingöngu íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Þeir vildu ganga svo langt en við töldum okkur ekki geta verið svo ströng á þessu og töldum að hitt væri eðlilegra og það varð að samkomulagi að eðlilegt væri að leggja til að menn hefðu búsetu hér á landi. Nú sé ég að það ákvæði er algerlega fallið burtu. Það má vel vera að þetta sé gert til þess að koma til móts við Evrópuréttinn, þ.e. þau lög og reglur sem við þurfum að taka yfir varðandi Evrópska efnahagssvæðið og væri gott að vita hvort svo er. Því hefur verið haldið fram m.a. af hæstv. utanrrh. að hægt væri að setja það inn í öll lög að krefjast búsetu, það væri ekki mismunað vegna þjóðernis heldur eingöngu krafist að menn væru búsettir á landinu og væri það þá ekki talin mismunun. Ég vildi spyrja ráðherrann að því hvort það sé af einhverri sérstakri ástæðu sem þetta hefur verið fellt út og hvort Félag ísl. ferðaskrifstofa eða fulltrúar, sem töluðu fyrir þeirra hönd, hafi fallið frá þeirri hörðu kröfu eða hvort það hafi ekki verið talið fært af hálfu ráðuneytisins að verða við henni vegna þeirra skuldbindinga sem hugsanlega eru í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég vil minna á að erlendar ferðaskrifstofur hafa starfað hér á landi allt of oft án þess að hafa til þess tilskilin leyfi og höfðu þeir fulltrúar, sem komu frá ferðaskrifstofunum, ýmsar sögur um það að segja. Ég ætla ekkert að fara að rifja þær upp en sumar hverjar voru ekki fallegar. Þær ferðaskrifstofur koma oft hingað með allt með sér, mat og starfsfólk, og skilja engan arð eftir hér á landi. Þetta var mikill þyrnir í augum þessara manna og skil ég það mjög vel að þeir telja að þetta sé miður heppilegt fyrirkomulag. Það er langt frá því að samkeppnisstaða þeirra innlendu aðila sem hér eru að reyna að reka ferðaskrifstofur fyrir erlenda ferðamenn sé sú sama og þessara erlendu aðila sem koma hingað og þurfa ekki að greiða skatta og hafa ekki neinar skyldur að því er varðar ríkissjóð Íslands.

Í greinargerð með þessu frv. er tekið fram að eftirlit með því að rekstur ferðamiðlunar sé í samræmi við lög og reglur eigi að vera í höndum Ferðamálaráðs. Ferðamálaráð eigi að sjá til þess að lög og reglur séu haldnar og þá reikna ég með að það sé einnig að því er varðar starfsemi erlendra ferðaskrifstofa hér á landi. En ég sé ekki fyrir mér hvernig Ferðamálaráð á að geta sinnt þessu hlutverki. Ekki hefur verið hægt að koma í veg fyrir þessa starfsemi hingað til og hefur Ferðamálaráð mjög takmarkaðan fjárhag eins og margir hafa bent á og hæstv. ráðherra er fullkunnugt og hefur á engan hátt bolmagn til að taka á sig aukin verkefni. Ég tek eftir því að það er engin kostnaðaráætlun með þessu frv. eins og þó hefur oft verið með frv. sem við fáum og get ég ekki tekið því öðruvísi en að ekki sé reiknað með að þetta frv. hafi neinn kostnað í för með sér verði það að lögum. En ef Ferðamálaráð á að taka á sig aukin verkefni hlýtur að þurfa að ætla því auknar tekjur eða aukið fé.

Ég tek líka eftir því að í frv. er gert ráð fyrir að fella úr lögum ákvæði sem fjalla um rétt sérleyfishafa. Nú er ég víst ekki með nýprentað skjal en ætli það sé ekki 20. gr. laganna eða 22. gr. hjá mér, ég held að ég sé ekki með nýjustu prentun. Þar er fjallað um eigendur og umráðamenn samgöngutækja. Það hefur færst í vöxt að þeir sem hafa yfir slíkum tækjum að ráða reka í raun ferðaskrifstofur án þess að þeir sæki um tilskilin leyfi. Ég sé að það er ætlunin að fella þetta ákvæði algerlega burt úr lögunum í staðinn fyrir að herða það eins og hefði kannski verið ástæða til. Ég vil því spyrja ráðherrann hvort það sé af einhverjum sérstökum ástæðum gert.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til að setja inn í frv. sem þetta ákvæði um að menn með íslensk leigsögumannaréttindi eigi að vera í hópferðum um landið eða hópferðum af einhverri ákveðinni stærð. Það eru reglur mjög víða erlendis að þess er krafist að innlendir leiðsögumenn komi inn í hópa þegar þeir fara um viðkomandi lönd. Þetta er misjafnt eftir löndum en það er mjög víða erlendis. Ég veit til að það er í Grikklandi og ég held bæði á Ítalíu og Spáni og e.t.v. víðar. Ég hefði talið eðlilegt að inn kæmi ákvæði um að menn með ákveðin réttindi og þekkingu þyrftu að vera í þessum ferðum. Við munum það frá síðasta sumri þegar menn komu í hópferðum á vegum erlendrar ferðaskrifstofu með erlenda leiðsögumenn og voru m.a. með eyðileggingarstarfsemi í Tjörneslögunum og e.t.v. víðar. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að einhver ákvæði komi inn í frv. um hvaða réttindi leiðsögumenn sem eru í þessum hópferðum eigi að hafa.

Þetta eru nokkur atriði sem ég vildi benda á við 1. umr. málsins. Þó er eitt atriði sem ég gleymdi en vildi spyrja líka um. Ráðherra minntist á að það væri mjög mikilvægt að reynsla og þekking og fjárhagsleg ábyrgð væru tryggð hjá þeim sem rækju ferðaþjónustu eða ferðaskrifstofu eða væru ferðaskipuleggjendur. En ég get ekki séð að neitt ákvæði í frv. sé um það atriði að krefjast eigi þekkingar á útgáfu ferðaskjala eða hafa einhverja reynslu í ferðamiðlun. Ég vil minna á að einn af þeim nefndarmönnum, sem voru í þessari svokölluðu ferðamálanefnd, sem fulltrúi Alþfl., heitir Bjarni Sigtryggsson og er með menntun í ferðamálum og hefur mikla reynslu á því sviði. Hann lagði mjög mikla áherslu á það vegna sinnar reynslu og þekkingar að þess þyrfti að krefjast að menn sem fengju leyfi til slíkrar starfsemi hefðu ákveðna þekkingu og reynslu. Það væri ekki hægt að hleypa hverjum sem væri í slík mál, þetta væri það flókið og það mikil ábyrgð sem í þessu fælist, sérstaklega að því er varðaði rétt neytanda. Ég man að hann taldi mjög mikilvægt að um það yrði ákvæði í lögunum. En ég get ekki séð að neitt sé um það í frv. og hefði talið eðlilegt að það yrði tekið til athugunar og e.t.v. sett inn sem ákvæði í frv. ef samkomulag verður um að vinna að málinu.

Úr því að ég minnist á þennan ágæta mann sem var í þessari nefnd, ferðamálanefnd svokallaðri, vil ég nefna að ef ég man rétt átti hann mestan heiðurinn af því að koma með þau frumdrög sem urðu að IV. kafla frv., um ferðamiðlun. Ég held meira að segja hann hafi átt hugmyndina að þessu orði sem þarna er notað, að kalla þetta ferðamiðlun. Hann lagði mjög mikilvæga hluti inn í þennan kafla og hefði ég talið eðlilegt að meira tillit hefði verið tekið til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram. Ég vænti þess að hv. samgn. taki til athugunar það sem hefur komið fram áður á fyrri þingum til að reyna að bæta frv. því það veitir ekki af og ekki hægt að samþykkja það óbreytt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að samtök ferðaskrifstofa eða fulltrúar Félags ísl. ferðaskrifstofa hafa að sjálfsögðu farið yfir frv. Þeir hafa lagt mjög ríka áherslu á nauðsyn þess, sem er aðalatriði þessa máls, að hægt sé að koma við meiri neytendavernd en verið hefur og hægt sé með ýmsum öðrum aðgerðum að bæta og tryggja rekstrargrundvöll ferðaskrifstofa. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir hafa verið hafðir með í fullkomnu samráði um frv. sem hér liggur fyrir.

Ég sé ástæðu til að leiðrétta hv. 4. þm. Austurl. Hann var órólegur í ræðustólnum áðan, vísaði til þskj. og annars slíks. Ég gerði ráðstafanir til að fá að sjá slík þskj., sem er alvanalegt, og fékk til þess starfsmann þingsins, sem þingmanninum í þessu tilviki þóknaðist að kalla embættismann og gefa með því í skyn að embættismenn samgrn. hefðu verið á vappi hér inni í þingsalnum sem er fullkomlega rangt. Það var einungis um það að ræða að starfsmaður í skjaladeild Alþingis leitaði að skjölum fyrir mig sem varða það mál sem er til umræðu og sem hv. þm. vék sérstaklega að í sínu máli. Hann gekk meira að segja svo langt að beina til mín sérstökum spurningum sem lutu að því hver væri mismunur á því frv. sem liggur fyrir og frv. sem hann hafði sjálfur staðið að og var til umræðu á síðasta þingi. Það er auðvitað alveg ljóst að ekki er hægt að svara spurningum af þessu tagi ef maður hefur ekki við höndina þau plögg sem í hlut eiga. Nú þykist ég vita að hv. þm. hafi haldið að mér gengi annað til en raunin var og hafi af þeim sökum séð ástæðu til að vanda um við ráðherra.

Ég vil fyrst víkja að 1. gr. frv. Hv. 4. þm. Austurl. vék réttilega að því að frv. er að stofni til og í mörgum efnisatriðum byggt á frv. til laga um ferðaþjónustu sem lagt var fram á síðasta þingi. Þar á meðal er sú almenna skilgreining sem hér er. Annars vegar er talað um almenna ferðaskrifstofu og hins vegar er talað um ferðaskipuleggjendur. Þetta er í fullkomnu samræmi við 24. gr. frv. sem lagt var fram á síðasta þingi. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar eru eftirfarandi:

A. Leyfi fyrir ferðaskrifstofur.

B. Leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur."

Hitt er svo annað mál að í frv. er tekið fram að ferðaumboðssalar megi starfa á ábyrgð ferðaskrifstofu. Þá er auðvitað um það að ræða að ferðaskrifstofan ber ábyrgð á störfum þeirra þannig að ég sé ekki að þarna sé um efniságreining að ræða milli mín og hv. þm. Á hinn bóginn er frv. sem hér liggur fyrir einfaldara og styttra en frv. sem lagt var fram á síðasta Alþingi. Skýringin á því að þessi aðferð er viðhöfð, að skilgreina almenna ferðaskrifstofu með þeim hætti sem hér er gert, er auðvitað sú að hugmyndin er að nota þessar skilgreiningar síðar meir m.a. til þess að byggja á þeim í sambandi við tryggingar sem óhjákvæmilegt er að krefjast af þeim sem hafa starfsemi af þessu tagi með höndum. Það er augljóst að tryggingarfé þarf ekki að vera jafnmikið þegar um fyrirtæki, félag eða einstakling er að ræða sem annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir hópa og einstaklinga innan lands. Þetta er svo augljóst að ekki þarf að hafa um það fleiri orð og í fullkomnu samræmi við hagsmuni og mál-

flutning Félags ísl. ferðaskrifstofa.

Um 2. gr. frv. er það að segja að, eins og hv. þm. er kunnugt, við höfum gert samning um hið Evrópska efnahagssvæði. Í ferðaþjónustunni sérstaklega hefur það verið stefna mín og hefur verið skoðun þeirra sem ég hef talað við innan ferðaþjónustunnar að það sé okkar hagsmunir að brjóta niður þá þröskuldi og höft sem eru á samskiptum Íslendinga og annarra þjóða. Ég hef m.a. af þeim sökum nýlega skrifað utanrrn. og óskað eftir því að gerður verði nýr loftferðasamningur milli Íslands og Danmerkur. Það vakti sérstaka athygli mína að tveir hv. þm. sáu ástæðu til að víkja sérstaklega að því hversu voldugt og mikið fyrirtæki Flugleiðir væru. Annar komst svo að orði að Flugleiðir hefðu í sínum höndum eða réðu öllum ferðum milli Íslands og Evrópu. Þetta er auðvitað algerlega rangt. SAS hefur þegar blásið til atlögu gegn Flugleiðum og beitir margvíslegum aðferðum til að reyna að veikja stöðu Flugleiða á þessari flugleið og um leið liggur það fyrir að dönsk flugmálayfirvöld hafa staðið á móti því að Flugleiðir hafa getað boðið þau fargjöld milli Íslands og Kaupmannahafnar sem Flugleiðir hafa talið henta sínum hagsmunum en við höfum vegna loftferðasamningsins orðið að sætta okkur við það. Sömuleiðis höfum við orðið að sætta okkur við að SAS hefur margvísleg tilboð sem Flugleiðir af augljósum ástæðum geta ekki boðið bæði hvað varðar framhaldsflug á Norðurlöndum og flug til Bandaríkjanna í sambandi við hótel og ýmislegt annað. Flugleiðir standa frammi fyrir mjög harðnandi samkeppni á þessari flugleið og megum við þakka fyrir meðan fyrirtækið heldur þeirri hlutdeild sem það nú hefur og meðan það hefur burði til að halda uppi þeirri atvinnustarfsemi, þjónustu, landkynningu og gjaldeyrisöflun sem það gerir. Talað er um að gjaldeyristekjur okkar af ferðaþjónustu séu í kringum 11–12%. Af því má tengja heminginn starfsemi Flugleiða eða um 6%. Við erum því auðvitað að tala um geysilega öfluga starfsemi sem er okkur mjög mikils virði og raunar lykillinn að velgengni okkar í ferðamálum.

Það kom mjög skýrt fram hjá ýmsum þingmönnum sem hér töluðu að þeir eru hræddir um að erlend áhrif verði of mikil í ferðaskrifstofurekstri hér á landi og er í þeim efnum sérstaklega talað um að þeir sem fyrir slíkum rekstri standi þurfi að vera búsettir hér á landi. Í brtt. sem lögð var fram á síðasta þingi er gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að viðkomandi verði að hafa búið hér á landi í eitt ár. Nú man ég þetta ekki nákvæmlega en ég hygg að það sé svo.

Með frv. er tekið mið af samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði í 2. gr. enda samkvæmt þeim óheimilt að leggja þjóðerni til grundvallar í sambandi við atvinnustarfsemi. Síðasta Alþingi samþykkti viðamikil lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og auðvitað fer um ferðaþjónustu sem annan atvinnurekstur. Hún hlýtur um leið að lúta þessum lögum. Í þeim er gerður sérstakur fyrirvari eða ákvæði eru höfð strangari varðandi fiskveiðar, fisvinnslu, orku, flugrekstur og banka. Þannig er gert ráð fyrir því samkvæmt þessum lögum að samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslenskum atvinnufyrirtækjum, sem stunda flugrekstur hér á landi, megi á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Í bönkum er talað um 25%. Síðan eru almenn skilyrði sett í þessum lögum og kveðið á um það að erlendur atvinnurekstur í hverri atvinnugrein fyrir sig megi ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskrh. og ýmis önnur ákvæði eru í þessum lögum. Það er vitaskuld eðlilegt að ferðamiðlun starfi á sama grundvelli og aðrar atvinnugreinar að þessu leyti. Hitt er svo almennt íhugunarefni hversu langt menn vilja ganga í samvinnu við erlenda aðila og með hvaða hætti menn vilja opna landamærin. En öll slík viðskipti milli Íslendinga og annarra aðila hljóta að vera á gagnkvæmum grundvelli.

Það liggur líka ljóst fyrir að þegar við erum að velta fyrir okkur með hvaða hætti við getum lengt ferðamannatíma og eflt ferðaþjónustu hér á landi stöndum við jafnan frammi fyrir því að við höfum ekki ráð eða efni til að ráðast í ýmislegt það sem við höldum að geti orðið til að örva þessa atvinnugrein. Ég nefni sem dæmi ferðaþjónustu sem tengist Bláa lóninu og heilsuvernd, heilsuhælum, sérstakri meðferð á sérstökum sjúkdómum sem ég er nú ekki klókur í að lýsa. Það eru tilraunir í gangi og hugmyndir uppi um það víða um land hvernig við getum komið inn á þennan markað. M.a. er verið að athuga það sérstaklega norður í Þingeyjarsýslum en við stöndum á hinn bóginn alltaf frammi fyrir sama vandasmálinu, við höfum ekki peninga aflögu til að ráðast í tilraunir sem við sjáum ekki fram á hversu kostnaðarsamar verða. Hið sama á raunar við um ráðstefnumiðstöð hér á landi. Ýmsir hafa talið, og ég hygg að það sé á rökum reist, að þar þurfi að standa myndarlegar að verki en við gerum nú ef við eigum að gera okkur vonir um að ráðstefnuhald verði snar þáttur í ferðaþjónustu hér á landi.

Ég tek undir með hv. þm. um að erfitt er að skilgreina og gera sér nákvæma grein fyrir hvað átt sé við með orðunum „að skaða hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu“. Þetta er auðvitað teygjanlegt hugtak og kannski ekki mjög lögfræðilegt en þarna er þó settur viss fyrirvari sem er rúmur og getur lotið að ýmsum þáttum bæði fjármálalegs og umhverfislegs eðlis.

Ég vil að lokum segja, út af því sem sagt var um leiðsögumenn. Ég er fullkomlega sammála hv. þingmanni um að það þarf að skilgreina þá hluti betur, hver skuli vera réttindi leiðsögumanna og hver skuli vera staða þeirra og hvernig við eigum að meta atvinnuréttindi manna sem hingað koma með erlendum hópum. Það er sérstök nefnd að störfum að kanna þessa hluti á vegum samgrn., félmrn. og Ferðamálaráðs og er nýtekin til starfa. Ég vonast til að hún geti lokið störfum sem fyrst. Ég átta mig ekki á hvað átt er við með því sem sagt var um sérleyfishafa en þeir hafa að sjálfsögðu ekki ferðaskrifstofuleyfi. Þeir geta fengið leyfi sem ferðaskipuleggjendur að sjálfsögðu með sömu skilmálum og aðrir.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa sett á laggirnar nefnd til að kanna réttindi og

skyldur þeirra leiðsögumanna sem eru í hópferðum hér á landi. Ég tel það mjög mikilvægt og sérstaklega ljósi þeirra atburða sem ég vitnaði til og gerðust hér síðasta sumar og eru því því miður ekkert einsdæmi. Hann tók það fram að hann áttaði sig ekki á því hvað ég var að ræða um varðandi sérleyfishafa en í 20. gr. laganna, ef ég hef talið rétt, þar sem 22. gr. er síðasta greinin í kafla núgildandi laga um almennar ferðaskrifstofur, segir orðrétt, með leyfi forseta, og vona ég að ég sé með þetta nákvæmlega rétt: „Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum þannig að fæði eða næturgisting fylgi." Síðan koma einhver fleiri ákvæði.

Eftir því sem mér skilst hefur það gerst æ oftar að eigendur og umráðamenn samgöngutækja skipuleggja ferðir þar sem innfalin er gisting og matur og allt sem fólk þarf á að halda í svo og svo langan tíma án þess að vera í raun og veru með leyfi ferðaskrifstofu. Ég var eingöngu að spyrja um þetta atriði. Ég vil hins vegar fagna því ef gert er ráð fyrir að allir fari undir einn hatt því ég held að það mjög eðlilegt að allir sitji við sama borð varðandi þessi atriði. Að öðru leyti var ég ekki að segja að ég teldi að þeir ættu að vera undir sérstöku ákvæði heldur eingöngu að spyrja af hverju áætlað er að fella þetta burtu úr núgildandi lögum. Hins vegar vil ég skilja orð hæstv. ráðherra þannig að það sé meiningin að allir séu settir undir sama hatt, hvaða stöðu þeir hafa innan þessa ferðamálageira, þannig að allir þurfi að fullnægja einhverjum ákveðnum skilyrðum til þess að geta rekið ferðaþjónustu sem fellur undir þennan kafla laganna.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá atriði, vegna ræðu hæstv. ráðherra, til viðbótar því sem kom fram í fyrri ræðu minni um málið. Þær ábendingar sem hér er verið að gera verða væntanlega teknar til athugunar af hv. samgn. og það sem hér er mælt varðandi einstök atriði frv. varða athugunarefni sem nauðsynlegt er að nefndin fari yfir og fjalli um. Varðandi 1. gr. frv. og fleiri þætti þá nefndi ráðherra það réttilega og tók undir það að þar væri að finna ákvæði sem væru tekin út úr því frv. um ferðaþjónustu sem strandaði í þinginu í fyrra. Það er hins vegar svo að skilgreiningum er breytt og ég vakti athygli á því varðandi það sem var áður í 22. gr. um ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Þar er skilgreiningum breytt og þessi áhersla á innlenda og erlenda ferðamenn tekin upp í fyrsta lið en undantekin ferðalög til útlanda varðandi ferðaskipuleggjendur. Hv. 2. þm. Suðurl. vék að þessu atriði réttilega í sinni ræðu og benti þarna á ósamræmi í skýringum við lagagreinina og hins vegar lagatextann. Svona atriði er auðvitað nauðsynlegt að fara yfir.

Varðandi hina þættina, ferðaumboðssölu og upplýsinga- og bókunarkerfi, sem við töldum ástæðu til að taka inn í frv. sem lá fyrir næst síðasta þingi, finnst mér full þörf á því að fara yfir. Ég vil ekki fullyrða að það sé til mikilla bóta að hafa slíkar skilgreiningar inni en þó vorum við sannfærð um það sem fórum yfir það með fulltrúum ferðaskrifstofa, því náið samráð var við þá haft, og um málið var fjallað af nokkurri þekkingu svo vægt sé til orða tekið. Þar var m.a. fulltrúi tilnefndur af þingflokki Alþfl. í nefndinni sem undirbjó frv. og þegar hefur verið nefndur hér. Nefndin undirbjó þau atriði sem m.a. snúa að þessum upplýsinga- og bókunarkerfum og við töldum að við værum að vinna þarft verk með því að setja þau inn í frv. með þeim hætti sem gert var. M.a. af þessum ástæðum vil ég biðja hæstv. ráðherra að fara yfir það í fullri vinsemd hvort ekki sé skynsamlegt að taka þennan þátt mála einnig inn og ekki held ég að það þurfi að trufla þau markmið sem hann nefnir máli sínu til stuðnings varðandi neytendavernd þótt þarna væri tekið á málum með þessum hætti.

Varðandi 2. gr. frv. sem við höfum nokkuð rætt um og opnunina gagnvart útlöndum, aðgengi útlendinga til að yfirtaka hér eða setja á fót rekstur, þá er það vissulega alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að hér var sett almenn löggjöf á síðasta þingi um þessi efni. Ég var ekki stuðningsmaður þeirrar löggjafar, ég get nefnt það hér, vegna þess að ég taldi að þar væri allt of langt gengið, m.a. varðandi rekstur eins og ferðaþjónustu. En það breytir ekki því að að sjálfsögðu þarf að athuga hvað mönnum leyfist sem eru talsmenn samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Hvað leyfist, þrátt fyrir slíkan samning, að setja í lög? Síðan er það annað úrlausnarefni hvað menn vilja gera á grundvelli þess. Þessi almenna regla um að mismuna ekki eftir þjóðerni gerir mönnum kleift að setja búsetuskilyrði sem ætti að vera hægt í þessu samhengi. Raunar kemur það nokkuð á óvart ef það eru orðin sjónarmið talsmanna þessa rekstrar og Félags ísl. ferðaskrifstofa að taka þær hindranir sem allra mest niður því þau sjónarmið voru alls ekki ráðandi, heldur þvert á móti, þegar við þá var rætt fyrir tveimur árum síðan eða svo.

Ég er ekki að fullyrða neitt um þau efni en ég vek athygli á þessu og tel nauðsynlegt að menn gangi með opin augun inn í það landslag sem þarna er verið að opna með þessum ákvæðum.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að taka mér frekari tíma til að ræða fleiri þætti, ég tel ekki þörf á því. Ég ítreka það viðhorf mitt að ég tel ekki til bóta, nema síður sé, að skipta lögum um ferðaþjónustu upp með þeim hætti sem hér er að stefnt. Það verður ekki heldur til að greiða fyrir meðferð þingsins á þessum málum. Stundum hefur verið nefnt að það hefur verið erfiðara að breyta slíkum lögum ef þau eru í samhengi flutt og í einum lagabálki. Það tel ég ekki vera röksemd, það hefur ekki verið nefnt núna en ég hef heyrt það. Auðvitað getum við hvenær sem er tekið á einstökum þáttum laga hvort sem þau eru í samsettu formi eður ei.

Um málið að öðru leyti vil ég segja að allt það sem mætti verða til bóta frá gildandi löggjöf ber að sjálfsögðu að athuga. Það gildir um þetta mál. Aðalatriðið er að það fái vandlega athugun. Óskir margra, sem hafa tekið þátt í umræðunni, eru þær að menn reyni að varðveita ákveðna heildarsýn til ferðaþjónustunnar og

að styrkja stöðu Íslendinga, íslenskra aðila, sem eru þar þátttakendur í rekstri svo sem verða má, þannig að hagur landsmanna verði sem mestur. Jafnframt því verða menn að gæta að þeirri auðlind, náttúru Íslands, sem við erum í raun að selja því erlenda fólki sem sækir okkur heim. Menn verða að gæta þess að hún spillst ekki heldur haldi gildi sínu og verði áfram sú uppspretta sem þarf að vera ef rekstur af þessum toga á að geta dafnað og blómgast um langa framtíð. Það hlýtur að vera okkar markmið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

124. FUNDUR

föstudaginn 10. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Skipulag á Miðhálendi Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 707.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Þunnt er setinn ráðherrabekkurinn á þessum drottins degi. Hér á að fara að ræða stórmál sem er skipulag Miðhálendis. Ég skal ekki draga úr því. En þar sem mér sýnist að hér sé um tillögur að ræða sem draga völdin frá sveitarfélögunum, auka miðstýringuna, ganga þvert á stefnu núv. ríkisstjórnar, þá held ég að það væri mjög mikilvægt og fer fram á það að þetta mál verði ekki hér rætt nema hæstv. félmrh. verði viðstaddur. Ég tel að þetta frv. sniðgangi eigna- og umráðarétt einstaklinga og sveitarfélaga og vil að hæstv. félmrh. verði við þessa umræðu og geri kröfu um það að svo verði, þ.e. að umræðan hefjist ekki fyrr en hæstv. félmrh. verði hér viðstaddur. Það er nú svo að maður hefur svolítið meiri álit á þeim ráðherra en kannski mörgum öðrum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. 5. þm. Suðurl. um að ríkisstjórnarfundi var rétt að ljúka þannig að hæstv. ráðherrar eru væntanlega rétt ókomnir hingað. Sá hæstv. ráðherra sem flytur þetta mál og málið heyrir undir bíður eftir því að hefja mál sitt og væntanlega verður hæstv. félmrh. hér viðstaddur þegar umræðan hefst.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að hæstv. félmrh. komi hér innan stundar en ég legg áherslu á að félmrh. verði við þessa umræðu því þetta snertir mjög hagsmuni sveitarfélaga og gengur í berhögg við yfirlýsingu félmrh. um stækkun sveitarfélaga, aukin völd sveitarfélaga o.s.frv. Ég fer því fram á það að hæstv. forseti hafi samband við félmrh. og geri honum þau boð að þess sé vænst að hann verði við þessa umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. félmrh. verða send þessi skilaboð.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands, en frv. er að finna á þskj. 707.

Ásamt frv. hefur verið dreift til hv. þm. Íslandskorti í mælikvarðanum 1:750.000 þannig að hv. þm. geti betur glöggvað sig á þeirri hugmynd — og ég endurtek hugmynd — sem sett er fram um afmörkun Miðhálendis að því er varðar skipulags- og byggingarmál. Einnig vil ég, virðulegi forseti, í upphafi máls taka það sérstaklega fram að enda þótt frv. þetta sé flutt sem stjfrv. hafa ýmsir stjórnarþingmenn gert fyrirvara um efni þess, jafnvel lýst andstöðu við einstök efnisatriði. Ég tel rétt að þetta komi fram í upphafi umræðunnar, enda er málið fyrst og fremst flutt til kynningar á þessu þingi þótt vissulega væri ákjósanlegt að geta samþykkt nú á vorþingi reglur um þessi mikilvægu mál. Í þessu sambandi, og þá ekki síst vegna orða hv. 5. þm. Suðurl. sem tengdi þennan málflutning stefnu ríkisstjórnarinnar og taldi hann í andstöðu við hana, þá vil ég vekja sérstaka athygli á því að þessi frumvarpsflutningur er í rökréttu og eðlilegu framhaldi af því sem segir í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar „Velferð á varanlegum grunni" en þar segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Hálendið verði afmarkað og settar reglur um skipulags- og byggingarmál þar."

Í ágústmánuði sl. skipaði umhvrh. fimm manna nefnd til að semja frv. um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands. Í þessari nefnd áttu sæti: Árni R. Árnason alþm., Árni Gunnarsson fyrrv. alþm., Gunnar Eydal skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, og Páll Líndal ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn urðu sammála um það frv. sem nú hefur verið dreift hér á Alþingi ef undan er skilin skipan stjórnarnefndar sem fjallað er um í 3. gr. Ýmsir munu sjálfsagt verða til þess að benda á að eðlilegt væri að fella efni þessa frv. inn í frv. til skipulags- og byggingarlaga sem verður innan skamms lagt fram til kynningar hér á Alþingi. Að athuguðu máli þótti þó rétt að hafa þennan háttinn á en þetta mál þolir ekki mjög langa bið. Málið er einfaldlega þannig vaxið. Það er líklegt að þingið muni þurfa talsvert rýmri tíma til að fjalla um almenn lög um skipulags- og byggingarmál.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka það alveg sérstaklega fram að með þessu frv. er í engu tekin afstaða til eignarréttar á landi, né afnotaréttar og það hefur ekki í för með sér neinar breytingar í þeim efnum. Þetta er nauðsynlegt að leggja alveg sérstaka áherslu á vegna þess að ég hygg að sú andstaða sem sums staðar hefur komið fram við þetta frv. byggist að verulegu

leyti á misskilningi, eins og eru raunar fleiri dæmi um og nefni ég sérstaklega frv. til laga um vernd, friðun og veiðar villtra dýra sem hér olli töluverðu fjaðrafoki á sínum tíma. Ég hef síðan átti fundi m.a. með skotveiðimönnum þar sem kemur í ljós að menn eru bara ágætlega sáttir við málið þegar þeir hafa kynnt sér það og skoðað og gaumgæft þau ákvæði sem helst voru umræðuefni áður. Ég hygg raunar að hið sama muni verða upp á teningnum með þetta mál þegar menn hafa gefið sér tíma til að skoða það og þegar hugsanlegum hugaræsingi sumra vegna misskilnings þá linnir.

Núna á síðustu árum hafa ferðir manna um hálendi Íslands aukist mjög verulega. Landsmenn eiga flota farartækja sem farið geta um fjöll og firnindi vetur, sumar, vor og haust. Hálendi Íslands er nú innan seilingar allan ársins hring. Það er mikil breyting frá því sem var fyrir fáeinum áratugum þegar gangnamenn voru kannski þeir einu sem fóru um Miðhálendið að einhverju marki. Þangað var farið til leita fram á haust. Allt bendir til þess að sókn ferðafólks inn á Miðhálendi Íslands, sem hér er ekkert verið að amast við, síður en svo, muni halda áfram að aukast á komandi árum. En við þessu þarf hins vegar að bregðast með ýmsum hætti og það gerist auðvitað með ýmsu móti en ég held að eitt fyrsta skrefið verði að vera að sjá til þess að það gildi samræmdar reglur á þessu verðmæta og mikilvæga landsvæði um skipulags- og byggingarmál.

Það má skipta notkun hálendisins í grófum dráttum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er þar sumarbeit fyrir búfé, fyrst og fremst sauðfé, að einhverju leyti hross. Þar er hins vegar tímabært að gera á breytingar enda þótt þetta frv. fjalli ekki um það því auðvitað eru stór svæði á hálendinu og hálendisjöðrunum þar sem öll beit er ofbeit. Í öðru lagi er sú orkuvinnsla og þær framkvæmdir sem henni fylgja með uppistöðulónum, byggingum og raflínulögnum. Í þriðja lagi nefni ég svo ferðamennsku og útivist, en ferðaþjónustu fylgja byggingar, fjallaskálar, einkabústaðir og jafnvel hesthús. Þessu fylgir mengun af völdum sorps og frárennslis. Enn má nefna akstur utan vega og traðk manna og hrossa. Nefna má framkvæmdir sem fylgja líka veiði í ám og vötnum.

Hálendi landsins okkar er víðáttumikið, um 60% af *flatarmáli landsins er ofan við 400 m hæð og tæplega* helmingur af því í meira en 500 m hæð. Hálendið er að mestu ógróið, mótað af eldi, jöklum og vatni, öldótt háslétta en upp af henni rísa einstök fjöll og jökulbreiður. Við fyrstu sýn virðist þetta svæði vera gróðurvana eyðimörk, grá urð og grjót, svartir sandar, en annað kemur í ljós þegar nánar er athugað. Svipmót hálendisins er auðvitað frábrugðið hinni manngerðu *náttúru sem Evrópubúar þekkja kannski best og er þess* vegna eftirsótt í vaxandi mæli, ekki síst af erlendu fólki og innlendu raunar líka, til ferðalaga. Við erum svo lánsamir Íslendingar að vera í hópi þeirra fáu þjóða sem enn eiga stór landsvæði, næstum ósnortin, gagnstætt því sem er í þéttbýlum löndum þar sem slík svæði eru raunar ekki lengur til og þau stóru svæði sem annars staðar eru og ekki bera sýnileg merki umsvifa mannsins eru svæði sem eru óbyggileg, lítt aðgengileg, eins og hjarnbreiður Suðurskautslandsins, Grænlands og eyðimerkur Afríku, Ástralíu og Arabíu. Íslensku öræfin hafa upp á margt að bjóða, tiltölulega ósnortna náttúru, fjölbreytni í landslagi og það að auki að vera tiltölulega aðgengileg ferðafólki með þeirri samgöngutækni sem nú stendur til boða.

Nú er svo komið að það verður ekki lengur undan því vikist að koma skipulags- og byggingarmálum á Miðhálendinu undir einhvers konar heildarstjórn, móta þarf stefnu í skipulagsmálum, þannig að samræmis og samkvæmni sé gætt. Það verður ekki séð að neitt formlegt eftirlit sé með umsvifum og framkvæmdum á hálendinu eins og nú er. Þar hafa í tugatali, svo varlega sé til orða tekið, risið byggingar af ýmsu tagi, oft, og oftast, án nokkurra formlegra heimilda að ég hygg og það er varla ofmælt þó sagt sé að í byggingar- og skipulagsmálum á Miðhálendinu hafi ríkt stjórnleysi.

Eins og hv. þm. er afar vel kunnugt er stjórnsýsla utan byggða nokkuð á reiki hér á landi og framkvæmd byggingar- og skipulagsmálanna hefur verið æði tilviljanakennd utan byggðarinnar, að ekki sé meira sagt. Þetta ástand er óviðunandi og getur leitt til marghátt*aðra náttúruspjalla á hinu viðkvæma hálendi og raun*ar haft í för með sér eyðileggingu sem aldrei er hægt að bæta. Auk þess hlýtur þetta að leiða til óviðunandi réttaróvissu þegar framkvæmdir eru undirbúnar, t.d. lagning vega, línulagning vegna orkuframkvæmda og önnur mannvirkjagerð. Það hefur verið leitað ýmissa leiða til að koma skipan á þessi mál og skapa lögformlegan grundvöll í þessum efnum. Hér er rétt að nefna að Landsvirkjun hefur um árabil borið allar framkvæmdir á sínum vegum á hálendinu undir Náttúruverndarráð og nú síðustu ár hefur Landsvirkjun kynnt skipulagsstjórn ríkisins fyrirhugaðar framkvæmdir. Á næstu fjórum árum ráðgerir Landsvirkjun að leggja 400–500 km háspennulínu um hálendið m.a. frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun að Rangárvöllum við Akureyri og þaðan suður um að Sigöldu. Þar sem línan fer um svæði innan staðarmarka sveitarfélaga fer um málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum. Hins vegar er óljóst hvernig skuli haga málsmeðferð utan sveitarfélaga og þar með hversu langt inn á hálendið lögsaga sveitarfélaganna í rauninni nær.

Eins og ég vék að hér áðan, virðulegi forseti, hefur umferð ferðamanna um hálendið aukist mjög verulega. Fjallaskálar ferðafélaga, björgunarsveita og raunar ýmissa einstaklinga eða hópa þeirra hafa risið á víð og dreif. Á Hveravöllum, í Kerlingarfjöllum, í Nýjadal og víðar hefur verið unnið að því að bæta hreinlætisaðstöðu og fjölga skálum sem ástæða hefði verið til að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Í sumum tilvikum hafa byggingarnefndir þeirra sveitarfélaga sem næst eru fjallað um byggingarleyfisumsóknir, en Skipulag ríkisins hefur hvergi komið þarna nærri þannig að á þessu hefur í rauninni verið mesta handahóf.

Allar byggingarframkvæmdir á Miðhálendinu, hvort sem þær eru meiri eða minni háttar, breyta umhverfinu. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt og óhjá-

kvæmilegt að um þær sé fjallað eins og framkvæmdir innan marka sveitarfélaga. Þótt hugsanlega megi flytja fjallaskála milli staða, þá verður háspennulína ekki auðveldlega flutt og það sama gildir auðvitað um vegi sem hafa verið lagðir.

Það er einfaldlega komið að því, og við getum ekki lengur undan því vikist, að gera heillega skipulagsáætlun fyrir hálendi Íslands sem tekur til allra þátta núverandi landnotkunar og þeirrar landnotkunar sem við nú getum séð fyrir en slíkt skipulag þarf auðvitað að endurskoða með ákveðnu millibili.

Þátt ferðamála þarf að athuga sérstaklega í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu og meta hvernig best fari saman hófleg nýting og náttúruvernd. Í þessu sambandi get ég lýst þeirri skoðun að mér finnst að stefnan ætti að vera sú að mannvirki vegna ferðaþjónustu ættu sem mest að vera í jöðrum hálendisins. Þá má í þessu sambandi nefna skipulag löggæslu- og björgunarstarfa og ýmislegt annað en umræða um það tengist raunar ekki þessu frv. og þessu máli þó skylt sé þar raunar skeggið hökunni.

Fyrsta spurningin sem vaknar þegar um þessi mál er fjallað er auðvitað sú hvernig afmarka skuli Miðhálendið. Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur samdi greinargerð fyrir umhvrn. á sínum tíma, raunar fyrir mína komu á þann stað, og þessi greinargerð er fskj. með frv. Í þessari greinargerð er greint frá stöðu hálendisins frá stjórnsýslusjónarmiði og ég vek sérstaka athygli hv. þm. á þeirri greinargerð og hvet þá til að kynna sér hana.

Í frv. er lagt til í samræmi við það sem áður hefur komið fram að stofnað verði sérstakt stjórnsýsluumdæmi á Miðhálendinu að því er tekur til skipulags- og byggingarmála. Í skýrslu sem samin var af nefnd er þáv. umhvrh. hafði skipað og lögð var fyrir Alþingi fyrir rúmu ári koma fram rök fyrir þessari skipan. Þessi skýrsla forvera míns í þessu starfi var send öllum sveitarstjórnum á Íslandi ásamt bréfi 24. mars 1991. Umhvrn. hafa engar athugasemdir borist frá sveitarfélögum við efni skýrslunnar og uppdrættinum sem henni fylgdi en auðvitað ber ekki að túlka það sem neins konar samþykki. Það hvarflar ekki að mér. En einhverra hluta vegna hafa menn ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við þessar hugmyndir og hefði nú verið gott að fá þær á því stigi. Uppdrátturinn hefur nú verið endurskoðaður og einfaldaður og er birtur sem fskj. IV með frv. Og eins og í frv. segir, og ég hef þegar áréttað og undirstrikað, eru þessi mörk aðeins hugmynd eins og gert er raunar ráð fyrir í 2. gr. og 6. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða. Í þessari umræðu verður það auðvitað ekki nógsamlega áréttað og undirstrikað að ekki er gert ráð fyrir því að þessi afmörkun raski með nokkrum hætti eignarrétti og afnotarétti eins og hann nú er á Miðhálendinu.

Það er talið eðlilegt að sér stjórnarnefnd, samvinnunefnd ríkis og sveitarfélaga, fari með stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu. Til álita kom að fela skipulagsstjórn ríkisins þetta verkefni en að athuguðu máli var horfið frá því, enda verkefni þessarar stjórnarnefndar töluvert frábrugðin verkefnum skipulagsstjórnar og krefjast að ýmsu leyti annars konar sérþekkingar en þar er byggt á.

Samkvæmt 3. gr. frv. skulu tveir nefndarmenn vera skipaðir að tilefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og þrír án tilnefningar. Mér er afar vel ljóst að um þetta eru skiptar skoðanir og auðvitað kemur til greina að fara einhverja aðra leið um val nefndarmanna en þá sem þarna er sett upp. Og það er þeim umhvrh. sem þetta mælir ekkert sáluhjálparatriði í þessu efni að skipa þrjá nefndarmenn af þessum fimm. Til þess að koma þessari nefnd á laggirnar má auðvitað fara ýmsar aðrar leiðir og það finnst mér allt vera opið til skoðunar.

Það þykir eðlilegt að Skipulag ríkisins veiti þessari stjórnarnefnd hvers konar aðstoð í starfi. Í 4. gr. frv. er í meginatriðum greint frá því hvert sé hlutverk nefndarinnar en ráðherra setur henni starfsreglur.

Það er gert ráð fyrir því í 7.–17. gr. að málsmeðferð samkvæmt frv. verði í samræmi við meginreglur núgildandi skipulagslaga og byggingarlaga frá 1978 með áorðnum breytingum og reglugerðum samkvæmt þeim.

Í V. kafla er mælt fyrir um hvernig haga megi eftirliti með því að farið sé að lögum um þær framkvæmdir á Miðhálendinu sem lögunum er ætlað að taka til. Það fyrirkomulag sem nú gildir um slíkt eftirlit getur ekki átt við á Miðhálendinu nema að vissu marki. Því er gerð tillaga um að það megi vera með öðrum hætti eins og nánar er þar greint.

Sú varð niðurstaða nefndarmanna eftir mjög miklar umræður að gerð er tillaga í 19. gr. að fjórum sýslumönnum verði falin löggæsla á Miðhálendinu eins og þar er nánar lýst. Valið byggist á því að telja verður að þessir fjórir, þ.e. sýslumennirnir á Selfossi, í Borgarnesi, á Akureyri og á Eskifirði, hafi hver í sínum landshluta mestan mannafla til að sinna þessum málum.

Í VI. kafla laganna er fjallað um greiðslu kostnaðar, en þar kemur fram að sá sem sækir um framkvæmdaleyfi á Miðhálendinu skuli greiða sérstakt umsýslugjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við meðferð stjórnarnefndar á umsókn hans. Þar er einnig fjallað um leyfisgjald sem miða má við umfang framkvæmdarinnar. Einnig er í þessum kafla heimild til að láta fram fara sérstaka könnun umhverfisáhrifa — eins og nú þykir sjálfsagt með meiri háttar framkvæmdir, sérstaklega á svæðum eins og hér um ræðir — er kunna að leiða af framkvæmdum.

Þá er í VII. kafla ákvæði um viðurlög við brotum og er nánar greint frá nýmælum um þau í skýringum við einstakar greinar.

Um þann kostnað sem það hefur í för með sér ef þetta frv. verður að lögum, þá vísa ég til fskj. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. en sá kostnaður er raunar hverfandi, 15–20 millj. er deilist á þrjú ár og er þá vegna gerðar skipulags fyrir Miðhálendið.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta: Ég er sannfærður um það að okkur sem nú lifum verður seint fyrirgefið ef við látum það afskiptalítið eða afskiptalaust að hálendinu verði spillt meira en orðið er. Skammsýni,

kæruleysi eða gróðabrall mega ekki ráða því hvernig fer um þennan þjóðarauð og þessa þjóðareign. Það hefur því miður reynst svo í áranna rás að sveitarfélögin hafa ekki reynst þess megnug að valda því hlutverki að sinna skipulags- og byggingarmálum á hálendinu enda eru mörk þar óljós og óglögg. Ég nefni t.d. að nú fer í vöxt og hefur gerst að menn byggja hús jafnvel á jöklum og stunda ferðalög um jökla landsins — sem þekja vissulega stór svæði, enda stærsta jökulbreiða í Evrópu, ein af gersemum þessa lands — þar eru engar markalínur eða lögsagnarumdæmi. Þar eru engar markalínur. Þar eru engin sveitarfélagamörk.

Það munu áreiðanlega einhverjir finna að því að með þessu frv. sé stefnt að nokkurri gjaldtöku í 21.–23. gr. sem ég hef nú gert grein fyrir. Um það er því til að svara að ef hér á að spyrna við fótum og ekki láta reka á reiðanum verður að vinna ýmislegt undirbúningsstarf sem kostar peninga og einnig að annast eftirlit á nokkuð víðáttumiklu svæði. Þá er spurningin sú hvort sá sem unnið er fyrir á að greiða kostnaðinn við það starf sem unnið er fyrir hann eða hvort það á að greiða úr almannasjóðum. Ég velkist ekkert í vafa um það hvora leiðina á að fara. Mér þykir eðlilegt að fyrrnefnda leiðin sé farin, þ.e. að sá greiði sem þjónustunnar nýtur, enda er það í fullu samræmi við stefnu núv. ríkisstjórnar að sá sem nýtur þjónustu á borð við þessa eigi að greiða það verð sem sú þjónusta kostar og raunar er slíkur kostnaður eðlilegur hluti framkvæmdakostnaðar.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, í þessari framsögu málsins að hafa um það fleiri orð að sinni en legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Á sínum tíma var ég mikill stuðningsmaður þess að hér yrði sett á fót umhvrn. og ég taldi á því mjög mikla þörf. Fyrrv. umhvrh. vann að því af heilum hug og með talsverðum árangri að móta starf þessa ráðuneytis þannig að á því yrði tekið nokkurt mark en ég verð að segja að ég öfunda ekki kunningja minn, hæstv. umhvrh., sem þarf að mæla fyrir eða telur sig þurfa að mæla fyrir hverju frv. á fætur öðru. Raunar er lagasetning núv. ríkisstjórnar, og reyndar margra ríkisstjórna á undan henni þó að hér taki kannski steininn úr, óþarflega umfangsmikil og er umhugsunarefni hve lagasetningaglaðir menn eru. Menn setja lög um ólíklegustu efni, semja langa lagabálka eftir einhverjum dyntum einstakra manna en síðan eru þessi lög iðulega meira og minna óframkvæmanleg. Það eru sett lög um ágætis málefni þar sem kveðið er á um að þjónusta verði veitt eða annað sem til framfara kann að horfa, en síðan er hin hliðin alveg skilin eftir, að sjá þessari þjónustu fyrir nægilegum fjármunum til að standa undir sér. Svona lög heyrði ég kölluð í fyrradag óskalög, þ.e. lög sem sett eru eftir einhverjum óskum í einhverjum bjartsýnisköstum en verða síðan ekki nema dauður bókstafur.

Það er ekki svo að skilja að þetta frv. snerti ekki mikilvægt mál og út af fyrir sig var ég sammála ýmsum fallegum setningum í ræðu hæstv. umhvrh. Sumar þeirra voru gjörsamlega sjálfsagt mál og hefði ekki þurft að segja þær. En það gerði svo sem ekkert til þó að ráðherra hefði þær í ræðu sinni og þær voru vissulega til bóta.

Sessunautur minn, hv. 4. þm. Reykv., rifjaði upp fyrir mér gamla sögu. Hann vitnaði til svonefndrar Norðurlandsáætlunar sem einu sinni var samin þar sem verið var að lýsa staðháttum á Norðurlandi en þar sagði m.a.: „Skagafjörður er víður dalur með fljótum sem renna til sjávar.“ Það voru að vísu gagnlegar upplýsingar að fljótin í Skagafirði rynnu til sjávar en það var bara sjálfsagður hlutur og það vissum við og þurftum ekkert að lesa Norðurlandsáætlun til þess að sjá það. Svo var um suma hluti í ræðu hæstv. ráðherra. En það er ekki að segja um alla kafla ræðunnar.

Mér finnst einstök ólukka yfir mörgum frumvörpum eða frumvarpsgerð í umhvrn. þó að nú taki steininn úr með gerð þessa frv. Mér fundust ummæli hæstv. utanrrh. jaðra við — (**Gripið fram í:** Umhvrh.) Umhvrh. Ég hugsa að þetta sé orðið eitthvað „freudískt“ hjá mér. Ég mismæli mig hvað eftir annað og ég tek það svo sem ábendingu um það að stólaskipti verði í ríkisstjórninni innan tíðar og hæstv. umhvrh. eigi eftir að verða utanrrh., og það tel ég mjög til bóta því að ég hef ekki reynt þennan ágæta ráðherra að öðru en góðu en honum eru mislagðar hendur í því ráðuneyti sem hann er í núna, eða hann er leiksoppur illra örlaga að lenda í þessum ósköpum. — En mér fundust ummæli hans jaðra við það að vera hrokafull þegar hann taldi að allir misskildu þessa speki frá þeim í umhvrn., nú vandaði ég mig og hafði nafnið rétt, það skildu ekki frumvörpin þeirra neinir nema þeir sjálfir. En það dugir ekki til því að auðvitað þarf þjóðin að skilja þau lög sem sett eru.

Varðveisla landsins er mikið mál og það er ekki einungis lofsvert heldur er það bráðnauðsynlegt að sinna varðveislu landsins með betri hætti heldur en gert hefur verið. Ég tel að löggæslu á hálendinu hafi í ýmsum tilfellum verið ábótavant og hana þyrfti að efla, en til þess þarf náttúrlega peninga. En ég tel sýslumönnum og lögreglustjórum þeirra svæða sem liggja á hálendinu eða þeirra svæða sem til lögsagnarumdæmanna heyra á hálendinu prýðilega treystandi til þess að hafa löggæsluna á hendi. Það þarf að vísu að útvega þeim fjármuni til þess að sinna henni betur en gert hefur verið, en ég sé enga ástæðu til þess að fara að taka löggæsluna úr höndum einstakra sýslumanna og færa hana til fjögurra sýslumanna eins og reikanð er með í þessu frv.

Þó er hitt enn þá verra að það er verið að traðka á sveitarstjórnum í landinu og ráðin tekin af einstökum sveitarstjórnum sem þarna eiga hlut að máli. Það er reyndar ekki í eina skiptið hjá þessari hæstv. ríkisstjórn sem málum er þannig háttað. Það er eiginlega alveg ótrúlegt í hvers lags stríði við sveitarstjórnir landsins þessi sérstaka ríkisstjórn virðist vera. Það er hver aðförin að sveitarstjórnum landsins af annarri. (Gripið fram í.) Ég tók eftir því þegar hv. 5. þm. Suðurl.,

Guðni Ágústsson, óskaði eftir nærveru hæstv. félmrh., sem er algerlega óhjákvæmilegt að fylgist með þessari umræðu, og ég sakna, og ég bið menn að leggja orðið á minnið, ég sakna hæstv. félmrh. úr salnum að þessu sinni. Það er að vísu ágætt að hafa þessa stóla og það eru prýðileg á þeim bökin en eins og nú er háttað í þinghaldi voru og hefur verið lengst af í vetur, þá eru níu auðir en einn skipaður þegar málefni ríkisstjórnarinnar eru til umræðu. Ég tel að herra forseti eigi að verða við ósk 5. þm. Suðurl. og kveðja hæstv. félmrh. í salinn og ítreka ég hér þá ósk.

Ég öfunda nefnilega ekki hæstv. félmrh. sem á að annast málefni sveitarfélaganna í landinu þegar ríkisstjórn sem hún á sæti í sýnir sveitarfélögunum í landinu þvílíka fyrirlitningu og yfirgang sem núv. ríkisstjórn gerir. Það er ekkert sinnt um lögbundið samráð, það er ekkert sinnt um möguleika sveitarfélaganna til þess að taka þær byrðar sem ríkisstjórnin leggur þeim á herðar.

Fjandskapur og fyrirlitning ríkisstjórnarinnar á sveitarstjórnarmálum og sveitarstjórnum landsins er þeim mun ótrúlegri þar sem oddviti þessarar ríkisstjórnar, reyndur sveitarstjórnarmaður og jafnframt því að vera forsætisráðherra landsins er borgarfulltrúi í langstærsta sveitarfélagi landsins, og þiggur laun sem slíkur, sinnir því vonandi með lukkulegri hætti heldur en hinu starfinu. Þetta er eins og dr. Jekyll og Mr. Hyde að lenda í þessari aðstöðu eða láta það henda sig sem hæstv. forsrh. hefur látið henda sig í vetur.

Hæstv. umhvrh. ræðst með offorsi á byggingarnefndir sveitarfélaganna. Hann sakar þær um handahófskennd vinnubrögð. Þar sem ég þekki til vinna byggingarnefndir af samviskusemi og það þyrfti heldur að styrkja aðstöðu þeirra en að fara að taka hluta af þeirra umdæmi undan þeim. Og ég mótmæli ummælum hæstv. umhvrh. um byggingarnefndir landsins. Mörk sveitarfélaga eru víðast hvar skýr og óumdeild. Skyldur sveitarfélaga til að annast skipulagsmál innan sinna sveitarfélaga eru ótvíræðar. Það eru að vísu svæði til á landinu sem falla utan marka sveitarfélaga og það er hugsanlegt að setja einhverja hreppsnefnd yfir þau svæði þar sem önnur sveitarfélög eiga ekki skyldur eða rækja þær ekki. En ég tel alveg útilokað að ráðast á sveitarfélög og svipta þau eðlilegum umráðum yfir hluta af sveitarfélögunum eins og gert er með þessu frv.

Ég tel að þetta frv. eigi náttúrlega ekki að fara til umhvn. Að sjálfsögðu á þetta frv. heima í landbn. og ég vil gera tillögu, herra forseti, um það að þessu máli verði vísað til landbn. en ekki til umhvn.

Ég vænti þess að úr því sem komið er ljúki þessari umræðu einhvern tíma og málið verði sent til nefndar. En ég vænti þess líka að þegar þingmenn sjá þetta þingmál næst, eða það þingmál sem vonandi kemur í stað þess, þá verði það með þeim hætti að unnt sé að veita því ljúfari viðtökur heldur en þessari smíð sem hæstv. umhvrh. var hér að kynna. Og ég treysti því að hlutaðeigendur og þá ekki síst forráðamenn sveitarfélaga láti með myndarlegum hætti til sín heyra um þetta efni, svo og að ríkisstjórnin breyti viðhorfi sínu til sveitarfélaganna í landinu, sýni þeim eðlilega kurteisi í samskiptum, standi við skyldur sínar gagnvart þeim og reyni að kappkosta að hafa við þær gott samstarf fremur en að vaða yfir þær. Hlutverk sveitarstjórna er mikilvægt. Sveitarstjórnirnar eru nær fólkinu heldur en landsstjórnin og sveitarstjórnarstigið á fremur að styrkja heldur en veikja.

Herra forseti. Ég get látið ræðu minni lokið. Ég vona að ég þurfi ekki að segja meira um þetta frv. vegna þess að það komi ekki til umræðu hér í þinginu framar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir er athyglisvert mál. Það er flutt hér sem stjfrv. en hæstv. ráðherra greindi frá því að ekki væri tryggur stuðningur við málið í þingflokkum ríkisstjórnarinnar. Vafalaust er hæstv. ráðherra þar að greina frá staðreyndum sem fyrir liggja en ég vek athygli á þessu og mér þykir það lakara að svo stórt málefni skuli koma hér fyrir þingið stefnumál af hálfu ríkisstjórnarinnar, eins og hæstv. ráðherra greindi frá, án þess að búið sé að ganga frá málinu í baklandi ríkisstjórnarinnar. Ég held að við höfum þegar heyrt hér í upphafi þessarar umræðu tóna sem bera vott um það að misjafnar undirtektir verði af hálfu stjórnarandstöðu varðandi málið og þeim mun brýnna hefði ég nú talið að í slíku stórmáli væri búið að stilla saman strengi af hálfu stjórnarliðsins. Þetta er, eins og hæstv. ráðherra greindi frá, atriði sem er í stjórnarsáttmála með ákveðnum hætti. Ef svo mikilsverð mál eins og það sem hér er á ferðinni hefur ekki stuðning þegar á reynir í því liði sem styður ríkisstjórnina hér á Alþingi þá er mjög erfitt að átta sig á hvaða gildi samstarfssamningurinn, hvítbókin svonefnda, hefur í raun varðandi önnur mál.

Nú er það vissulega svo að ég hef ekki sérstakar áhyggjur af því hvernig mál ganga fyrir sig innan ríkisstjórnarinnar, hjá stuðningsflokkum hennar, síst af öllu í málum sem mér eru mótdræg og ég er í andstöðu við en hitt er þó umhugsunarefni hvort ekki er þörf á því hér vegna starfa þingsins og vegna stöðu ríkisstjórna að reynt sé að ganga betur frá málum sem varða grundvallaratriði áður en þau eru lögð fyrir þing sem stjfrv.

Aðdragandi þessa máls hefur að nokkru verið kynntur. Það var unnið að þessu málefni í tíð fyrrv. ríkisstjórnar á hennar vegum, á vegum hæstv. umhvrh. sem þá starfaði sem skipaði nefnd sem kölluð var hálendisnefnd. Það var haustið 1990, í októbermánuði sem það var ákveðið og nefndin starfaði um tveggja til þriggja mánaða skeið ef ég man rétt. Þetta var fjölmenn nefnd sem bar sig saman um það málefni sem hér er komið á dagskrá. Í henni áttu sæti m.a. þrír alþingismenn. Sá sem hér talar var einn af þeim sem þar starfaði, tilnefndur af þáv. menntmrh., en einnig voru tilnefndir þingmenn og fulltrúar annarra þingflokka sem áttu þarna sæti. Þar af voru tveir alþingismenn, sem ég sé ástæðu til að geta um, þeir Geir Gunnars-

son frá Alþb. og Jóhannes Geir Sigurgeirsson frá Framsfl.

Það samráð sem fram fór á vegum þessarar hálendisnefndar var mikilsvert í aðdraganda málsins og sú kynning sem síðan átti sér stað á meðan Alþingi sat, 113. löggjafarþing, og það erindi sem sent var sveitarstjórnum í sambandi við skýrslu sem þáv. umhvrh. lagði fram um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á Miðhálendi Íslands að því er tekur til skipulags- og byggingarmála. Það var athyglisvert að heyra frá hæstv. ráðherra að engin viðbrögð hefðu komið við þessu erindi frá sveitarstjórnum í landinu og út af fyrir sig mætti hugsanlega eitthvað lesa úr þeirri afstöðu en auðvitað ekki ástæða til að draga af því víðtækar ályktanir aðrar en þá þær að það málefni sem vakin var athygli á með þessari skýrslu og hugmyndum sem henni tengdust væru ekki jafnmótdrægar sveitarstjórnum í landinu og þeim viðhorfum sem þar eru eins og jafnvel hefði verið ástæða til að ætla og verið er að gefa í skyn að muni verða vegna þessa frv. Ég held að við ættum ekkert að gefa okkur fyrir fram í þeim efnum. Auðvitað skiptir það afar miklu máli að samráð sé haft sem víðtækast um svo þýðingarmikið mál sem hér liggur fyrir þinginu og það sé reynt að taka á málinu efnislega, málefnalega og í ljósi þeirrar miklu þýðingar sem það hefur fyrir alla Íslendinga að ráðin verði bót á því ástandi og þeirri þróun sem er í gangi, óheillaþróun leyfi ég mér að segja, að því er varðar umgengni við óbyggðir í landinu.

Ég tel að það frv. sem hér hefur verið kynnt sé efnislega vel búið. Ég vil ekki dæma um undirbúning. Ég þekki það ekki svo náið fyrir utan hálendisnefndina en ég tel að þær tillögur sem hér eru framreiddar varðandi stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands séu þess efnis að það sé mjög langt frá því að ástæða sé til að vísa þeim frá. Þvert á móti er fyllsta ástæða til þess fyrir þingið og þingnefndir sem um þetta mál fjalla að taka þetta mál af alvöru og festu til meðferðar og ég er reiðubúinn til þátttöku í því starfi út frá þeim sjónarhóli sem ég stend á þegar litið er til óbyggða í landinu.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara langt út í það að fjalla um þær aðstæður sem kalla á aðgerðir í þessum efnum. Þær ættu í rauninni að vera hverjum manni ljósar sem fylgist með stöðu mála. Það var minnt á það í ræðu hæstv. ráðherra hvernig aðstæður hafa breyst á undanförnum áratugum, á þessari öld, einkum á seinni hluta hennar og möguleikar manna, innlendra sem erlendra, til að ferðast um óbyggðir með vélknúnum tækjum hafa batnað til stórra muna þannig að í rauninni eru þar engir staðir utan seilingar. Og sú staðreynd ætti að vera mönnum umhugsunarefni, ekki út frá því sjónarmiði að það beri að loka þessum óbyggðum fyrir umferð fólks, að það eigi að koma í veg fyrir að menn njóti óbyggðanna, heldur út frá því sjónarmiði að við varðveitum þá kosti sem óbyggðirnar hafa og þá gífurlega miklu möguleika sem Íslendingar hafa til að njóta þessarar auðlindar sem óbyggðirnar eru, þessara landkosta og sérstæðu aðstæðna sem óbyggðir Íslands búa yfir. Það er mjög auðvelt að spilla þessum kostum, að eyðileggja þá í rauninni ef ekki er séð fyrir því með almennum reglum að umgengnin sé í því horfi að kostirnir sem við viljum varðveita séu í reynd verndaðir.

Það er nokkuð síðan að sett var löggjöf hér á Alþingi um skipulagsskyldu landsins alls. Í reynd hefur sú löggjöf ekki náð fram að ganga varðandi stór svæði á landinu vegna þess að ekki hafa verið virtar þær leikreglur sem þar eru settar, bæði vegna þess að áhuga kann að hafa skort á að virða þær en eins vegna hins að það er veruleg réttaróvissa um stöðu stórra svæða í landinu, afmörkunar á milli heimalanda jarða og afréttarlanda og á milli afréttarlanda og svokallaðra almenninga. Það eru þessar óvenjulegu aðstæður, einstæðar í Evrópu að ég held, sem gera það knýjandi að við tökum þessi mál sérstæðum tökum í ljósi þessara aðstæðna og bregðumst við með því að skapa leikreglur með löggjöf og heimildir til handa framkvæmdarvaldinu til þess að taka á þeim þáttum og stilla saman strengi eins og nauðsynlegt er að gera, ef vel á að fara. Það er með öllu ólíðandi, virðulegur forseti, að mínu mati, ef þröngir hagsmunir fárra í landinu eiga að koma í veg fyrir það nauðsynjaverk að slíkar reglur séu settar. Hverjar reglurnar svo eru og hvernig þær eru mótaðar og hverjir þar koma við sögu, er það mál sem við þurfum að ræða og leita sem víðtækastrar samstöðu um því auðvitað er það svo að því betri stuðningur sem er við ákvarðanir og löggjöf þeim mun meiri líkur eru á að hún haldi í reynd og verði að því gagni sem að er stefnt.

Það er ekki frambærilegt, virðulegur forseti, að vísa til þess að þessi mál séu í skaplegu horfi í landinu og við höfum tæki nú þegar til þess að bregðast við aðstæðum og það sé ekkert annað heldur en að bæta þær aðstæður, bæta aðstæður þeirra sem þar eigi að koma við sögu. Þannig eru málin ekki og það er ekki frambærilegt, og hljóta flestir að átta sig á því, að tala út frá þeim grunni.

Þetta mál varðar ekki spurninguna um lögformlegan eignarrétt að landi. (Gripið fram í.) Þetta varðar ekki þá spurningu. Ef svo væri, ef málið hefði verið tekið upp á þeim grunni, þá held ég að það væri ekki komið hér inn á vettvang Alþingis. Þá held ég að það væri ekki komið hingað inn. Vegna þess að væri svo, þá þyrfti löggjafinn að taka á ýmsum óvissuþáttum sem snerta eignarráð og eignarhald á landi í framhaldi af þeim dómum m.a. sem fallið hafa þar að lútandi og sem skilja málið eftir opið og vísa því til Alþingis Íslendinga ef það svo kýs að kveða á um það í löggjöf.

Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi hefði fyrir löngu átt að taka á því máli til að eyða réttaróvissu eins og svo fjölmörgum málum öðrum sem þingið hefur látið hjá liggja að gera varðandi hin þýðingarmestu málefni. Og það verður að segjast að mér finnst metnaður Alþingis, og þá er ég að tala um okkur í heild, Alþingi sem stofnun, hafi verið ótrúlega lítill á liðinni tíð til þess að taka á slíkum aðstæðum. Þörfin á því að það sé gert verður æ brýnni, verður æ nærtækari og nú þegar farið er að tala um það að breyta grundvelli þeim sem við höfum í raun staðið á hér í landinu um aldir

og alveg sérstaklega eftir að við tókum stjórn mála í eigin hendur og fengum fullveldi, stofnuðum ríki, fullvalda ríki á Íslandi, þá er verið að breyta þeim aðstæðum eða boða það með drögum að samningum sem liggja á borðum alþingismanna, að opna Ísland fyrir útlendingum í algjörlega áður óþekktum mæli. Ætla menn sem vilja stíga þetta skref, ég er ekki í þeirra hópi, að standa að slíkum gjörningi án þess að búið sé að ganga frá leikreglum hér innan lands um hin þýðingarmestu efni? Áður en búið er að koma því í kring hvernig menn ætla að taka á skipulagi og stjórnsýslu á stórum svæðum landsins? Og auðvitað líka án þess að hafa tekið á grundvallarspurningum um yfirráðarétt og eignarhald sem svo er kallað? Sem svo er kallað því þar eru mörkin einnig óljós að því er varðar okkar stjórnarskrá og þess vegna liggur málið fyrir Alþingi að taka á því. Ég bið menn að hafa þetta í huga og þær sérstöku aðstæður sem nú eru í sambandi við umræðuna um tengslin út á við við önnur lönd og að deila í áður óþekktum mæli rétti Íslendinga með öðrum þjóðum, í raun öllum íbúum Vestur-Evrópu.

Þær hugmyndir sem komnar eru í frumvarpsbúning og við ræðum hér eiga rætur í þeirri umræðu sem fór fram innan hálendisnefndar veturinn 1990–1991. Þar var mönnum ljóst, og ég má segja að um það hafi verið sammæli, að ekki væri ráðlegt að taka á þessum málum að neinu leyti út frá spurningunni um eignarhald, heldur hinu að takmarka sig við að setja reglur og löggjöf eftir því sem þörf er á um meðferð skipulags- og byggingarmála í óbyggðum, á hálendi landsins.

Ég ætla ekki hér að fara að rekja umræðu um þetta á vettvangi nefndarinnar, en ég vil þó nefna það að fulltrúi þingflokks Alþb. í þessari stjórnskipuðu nefnd, Geir Gunnarsson, fyrrv. alþm., átti hlut að því að beina málinu í þennan farveg með því að benda á í nefndinni og hafa að því frumkvæði að slík málstök væru skynsamleg. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fá þetta álit?) Það liggur fyrir, virðulegur þingmaður, í skýrslu frá 113. löggjafarþingi sem þá var lögð fram, 388. mál þess þings á þskj. 693. Það er ekki formlegt nál., það var ekki gefið út nál., heldur tók páv. umhvrh. saman skýrslu og lagði hana fyrir þingið á þessu þskj.

Ég var að vona það að umræðan um þetta mál gæti orðið með jafnvinsamlegum og hógværum hætti og var í því samráði sem fram fór í þessari fjölmennu nefnd. Þar á ég bæði við þingmenn sem þar áttu sæti sem og aðra, því að í rauninni greindi menn ekki á um að þörf væri á því að taka á viðfangsefninu. Það voru hins vegar ýmsar hugmyndir uppi um leiðir til þess að ná fram úrbótum, það ætla ég ekki að rekja hér. Ég geri ráð fyrir því að fundargerðir þessarar nefndar séu aðgengilegar fyrir þá sem vilja kynna sér þær, a.m.k. hefði ég ekki á móti því. Þetta var ekki langvinnt nefndarstarf, sem þarna fór fram, en það varð til þess að málið beindist í þann farveg sem málið liggur nú fyrir í og er rætt hér.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara langt út í einstök efnisatriði þessa máls. Hæstv. ráðherra hefur gert tillögu um það að umhvn. þingsins fái mál þetta til meðferðar. Það tel ég rétt ráðið og eðlilega. Umhvrn. fer með skipulagsmál. Hér er um að ræða mál sem snertir umhverfi landsins og er tengdara því heldur en margt annað sem fyrir umvhn. hefur komið, þó ég ætli ekki að gagnrýna neitt af því sem þangað hefur verið vísað, en vil aðeins undirstrika að þetta er stórt mál og mikilsvert.

Hæstv. ráðherra benti á að hér væru ýmis álitamál á ferðinni og ég tek undir það. Það er skylt að fara yfir það og leita auðvitað sem víðast álits á þeim tillögum sem fyrir liggja með þessu frv. Eitt af því sem þar hlýtur að verða til álita er fyrirkomulag þeirrar nefndar, stjórnarnefndar sem svo er kölluð, sem gert er ráð fyrir að fari með stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu.

Ég ætla ekki hér að fara að viðra neinar beinar tillögur til breytinga frá því sem fyrir liggur, en nefni það þó að mér finnst mjög vel koma til greina að reynt yrði að ná þar betri tengslum heldur en mér sýnist að fært sé samkvæmt þeirri leið sem hér er mörkuð við einstaka landshluta, við einstök kjördæmi getum við sagt, því það fer saman í mörgum tilvikum, fjórðungamörk gömul eða landshlutamörk og kjördæmi landsins. Þar er einnig, þó ekki hafi tekist þannig til eins og þörf væri á, að komið væri á sjálfstæðum stjórnsýslueiningum í landshlutunum, eins konar fylkjaskipan í landinu sem ég hef verið talsmaður fyrir. Það hefði auðveldað margt ef horfið væri að því ráði því málaflokk eftir málaflokk, þegar við erum að ræða um það að styrkja stöðu byggðarinnar í landinu, fólksins víða um landið, þá rekumst við á að það skortir slíkt stjórntæki sem sjálfstætt stjórnsýslustig væri þannig að unnt sé að taka heildstætt á málum og vísa málaflokkum sem eru á verkefni ríkisvaldsins nú yfir til slíks heimavalds sem hlyti og þyrfti að vera lýðræðislega kjörið og kemur ekki sveitarstjórnarmálum við í reynd eða því stjórnsýslustigi nema að takmörkuðu leyti þó að samstarf þyrfti að sjálfsögðu að vera þar á milli. En það er ekki umræðuefni í tengslum við þetta frv. þó ég nefni það hér því það tengist möguleikunum til tengsla við þá stjórnarnefnd sem hér er verið að gera tillögu um.

Ég geri ráð fyrir því að það verði eitt af því sem við þurfum að ræða að ná slíkum tengslum, einnig við þá aðila sem vinna að skipulagsmálum í kjördæmum landsins þar sem skipulagsstjórn ríkisins hefur vísað málum út til undirstofnana eða skipulagsstofa sem eru starfandi og leitast við að leysa verkefni í samvinnu við skipulagsstjórn svæðisbundið. Þetta er ekki meginmál í sambandi við þetta frv. en skiptir þó mjög miklu að vel takist til í þessu efni þannig að þeir sem næst vettvangi eru, í þessu tilviki næst hverjum þeim hluta Miðhálendisins sem tengist viðkomandi byggðu svæði. Vissulega eru hér hugmyndir um það að tryggja slík tengsl í tengslum við þá skipan sem hér er gerð tillaga um, en sem er eitt af því sem hlýtur að verða til álita.

Ég hef ekki sett mig náið inn í það hvernig hugmyndin er að fjármagna þá þætti sem varða grunnvinnu vegna skipulags á Miðhálendinu. Ég sé að gert

er ráð fyrir því að þeir sem óska eftir mannvirkjagerð þar og umsvifum greiði fyrir slíkt með ákveðnu gjaldi. Slíkt kemur vissulega til álita að gert sé, en hitt er jafnnauðsynlegt að fara yfir þessi málefni á vegum almannavaldsins, á vegum ríkisins og stjórnarstofnana þess, til þess að átta sig á aðstæðum og gera frumúttekt á því hvernig ráðstafa beri landi og leitast við að stýra þar umferð og landnotkun almennt séð. Og það vænti ég að sé hér fyrirhugað í sambandi við þetta mál því að í því efni er mikið verk óunnið, geysilega mikið verk óunnið og það er einmitt eitt af því sem er áhyggjuefni varðandi þetta mál sem við ræðum hér.

Það er nefnilega mál út af fyrir sig hvort útilokað er að gera mannvirki á tilteknu svæði og tekin afstaða til þess, alveg eins og að reisa mannvirki sem óskir koma um frá einstaklingum eða hagsmunaaðilum. Það er kannski það fyrsta sem stjórnarnefnd og skipulagsaðilar þyrftu að fara yfir: Hvar eru þau svæði, lítt snortin af mannvirkjagerð á hálendi landsins, sem ástæða er til að taka frá og vernda án mannvirkjagerðar eða með sem minnstri mannvirkjagerð til þess að halda eðli þeirra sem slíkra, sem ósnortinna víðerna sem er í rauninni það sem gefur hálendinu gildi í hugum okkar? Síðan er jafnvíst að óskirnar um umsvif, mannvirkjagerð, byggingar, vegi, slóða, muni ekki vanta enda eru þær á okkur nú þegar og landslög brotin í ríkum mæli án þess að vörnum sé við komið í sambandi við umferð á Miðhálendinu.

Sá aðili í stjórnkerfi landsins sem hvað mest hefur gert til þess að vekja athygli á og reyna að koma vörnum við í sambandi við Miðhálendið og óbyggðir almennt er Náttúruverndarráð. Því hefur tekist í samvinnu við heimaaðila að friðlýsa og ná fram verndun á nokkrum svæðum í óbyggðum, sem betur fer. Þar er yfirleitt um að ræða friðlönd samkvæmt náttúruverndarlöggjöf en ekki þjóðgarða þó að þeir séu einnig þarna til staðar og aðstæðurnar hafa verið þær að friðlýsing á grundvelli ákvæða náttúruverndarlaga um friðlönd hefur verið það sem eðlilegt hefur verið miðað við aðstæður, þær óskir um að halda hefðbundinni nýtingu sem gjarnan eru uppi hjá þeim sem tengdastir eru viðkomandi svæðum, en með slíku hefur þó tekist að koma við ákveðnum vörnum og koma í veg fyrir óhöpp sem væru orðin ef Náttúruverndarráð á undanförnum 15–20 árum hefði ekki komið þar við sögu. Sama gildir um tengsl ráðsins við opinbera framkvæmdaaðila sem hafa verið með nokkuð skipulegum hætti. Það á bæði við um opinberar stofnanir og framkvæmdaaðila eins og Vegagerð ríkisins. Það á við um virkjunaraðila og rannsóknaraðila og það kerfi, sem þar hefur verið leitast við að byggja upp, þó með veikum hætti sé og með rýrum fjárhag og fjárveitingum, hefur þó komið í veg fyrir stórslys í mörgum tilvikum og orðið til þess að þróa þessi mál, oft í mjög góðu samkomulagi við þá aðila sem hafa staðið fyrir umferð og umsvifum og mannvirkjagerð á hálendinu.

Það er því ekki svo að við höfum verið með öllu varnarlausir í þessum efnum eða án stjórntækja þótt ófullkomin væru. Ég tel að þó að margt megi betur gera eftir þeirri leið, þá sé einmitt nú þörf á því að taka þessi mál nýjum tökum efnislega með þeim hætti sem hér liggur fyrir í þessu frv., að nú sé rétti tíminn og það megi ekki dragast.

Ég vænti því, virðulegur forseti, að þetta mál fái athygli hjá framkvæmdarvaldinu og ríkisstjórn hver sem hún er og hver sem hún væri og að núv. ríkisstjórn leitist við að stilla saman strengina innanvert í sínu liði hvað þetta mál snertir því að ekki mun af veita ef menn ætla að ná árangri. Ég vil fyrir mitt leyti taka þátt í því að góð og efnisleg umfjöllun geti orðið um málið á vegum þingnefndar og sem víðast samráð um þetta mikilsverða málefni. Ég er viss um að mjög víða og raunar um allt land er ríkur skilningur á því að það þurfi að grípa til aðgerða í þá átt sem hér gerð tillaga um þó að menn séu kannski ekki reiðubúnir nema að betur athuguðu máli að taka afstöðu til þess nákvæmlega hvaða leið er valin. Og ég vara mjög eindregið við því, virðulegur forseti, að reynt sé að þyrla upp ómálefnalegu moldviðri vegna þess máls sem hér er fram borið og láta í það skína að hér sé um að ræða einhvern hernað Reykjavíkurvaldsins gegn landsbyggðinni. Þetta er mál landsins alls, sama hvar við búum. Þetta er ekkert sérmál Reykvíkinga. Þetta er ekkert sérmál þéttbýlisbúa. Þetta er málefni okkar allra. Þeir sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins þurfa að átta sig á því að það eru ekki alltaf þeir sem hæst mæla og telja sig vera þar í vörn fyrir þeirra hagsmuni sem í raun vísa á æskilegustu leiðir í því efni. Um viljann til góðra áhrifa og góðra verka efast ég ekki, en það eru ekki alltaf þeir sem vísa á vænlegustu leiðir að marki í þessum málum.

Ég tel mig vita nokkuð hvað klukkan slær hjá almenningi um þessi efni, ekki síst hjá því fólki víða um landið sem lætur sér annt um málefni óbyggðanna, þykir vænt um óbyggðirnar, notar þær og nytjar með hefðbundnum hætti en notar þær einnig til lífsfyllingar, hver hjá sér og auðvitað um landið allt á ferðalögum. Við þurfum jafnframt að átta okkur á því að þótt þetta sé íslenskt málefni, háíslenskt máefni, okkar eigin mál, þá snertir þetta auðvitað þann sívaxandi fjölda fólks sem okkur sækir heim, þann atvinnurekstur sem við erum að byggja upp í landinu í formi ferðaþjónustu en ég vil ekki draga nein skýr mörk á milli þeirra sem um landið fara eftir þjóðerni. Þeir eiga allir þann rétt að fara að settum reglum en þeir þurfa þá jafnframt að vita hverjar eru þær reglur. Og ef við gerum kröfur til þeirra sem sækja okkur heim, þá eigum við umfram allt að vera fyrst menn til þess að hegða okkur með þeim hætti sem við viljum að gestkomendur geri.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að segja fleira að sinni um þetta mál. Ég er reiðubúinn til þess að taka á því á takmörkuðum tíma sem þetta þing hefur. Ég heyrði það á hæstv. ráðherra að þetta væri ekki eindaga mál miðað við þinglausnir eða þingfrestun af hans hálfu en ég tel út af fyrir sig að margt lakara hefði Alþingi gert heldur en afgreiða mál af þessum toga á þeim mánuði eða svo sem við höfum til umráða.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að þetta frv. skuli komið hér fram. Það urðu mér hins vegar vonbrigði að hæstv. ráðherra skyldi segja að frv. væri flutt nú til kynningar. Ég lít svo á að málefni hálendisins, þ.e. skipulags- og byggingarmál hálendisins, þoli ekki neina bið og vona ég að við berum gæfu til þess að afgreiða þetta mál fyrir þinglausnir í vor.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um það áðan að hér væri um mikinn lagabálk að ræða. Þetta eru nú ekki þau ósköpin að við ættum ekki að geta komist fram úr því á þessum tíma sem við höfum fram á vor og vonast ég til þess að hv. umhvn. geti strax hafist handa við að líta á þetta mál og við getum afgreitt það.

Það kom fram hér í máli hæstv. ráðherra og reyndar fleiri að í október árið 1990 var skipuð nefnd af þáv. umhvrh. til að undirbúa frv. til laga um tilhögun stjórnsýslu á hálendi Íslands. Fulltrúi Kvennalistans í þeirri nefnd var Bryndís Brandsdóttir. Þó að öllum eða flestum hafi þá þegar verið ljóst að það þyrfti að gera átak í þessum málum, málefnum hálendisins, þá var það enn ljósara eftir starf þessarar nefndar. Eins og hér hefur komið fram fengum við skýrslu í hendur á Alþingi á 113. löggjafarþingi um störf nefndarinnar og geta menn þá sjálfsagt nálgast hana ef þeir hafa áhuga á að vita hvað þar kom fram.

Ég held að það hljóti öllum að vera ljóst eins og ég reyndar sagði áðan að það þarf að taka á skipulagi hálendisins. Þetta frv. sem hér liggur frammi sýnist mér gera það á nokkuð ásættanlegan hátt. Það eru að vísu nokkur atriði sem þarf að taka til nánari athugunar sem ég tel sjálfsagt að verði gert í nefnd. Það eru atriði t.d. varðandi mörk hálendisins, nákvæmlega hvar þau eiga að liggja. Ég tel að það kort sem við fengum með þessu frv. ágætt viðmið en það má auðvitað endurskoða hvar mörkin eiga nákvæmlega að vera. Það kemur m.a. fram í fskj. með þessu frv. að litið hafi verið á það að hálendinu yrði skipt niður á allar sveitarstjórnir en fram komu margir annmarkar á því, m.a. má nefna að jöklarnir á Miðhálendinu mundu ekki tilheyra neinu sveitarfélagi og ýmislegt fleira sem gerir það að verkum að það er mjög erfitt að hugsa sér skipulags- og byggingarmál á hálendinu í höndum mjög margra sveitarstjórna. Ég er því mjög ánægð með það meginfyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og tel að þetta sé eina leiðin, að taka á skipulags- og byggingarmálum á þennan hátt. Það má síðan um það deila hvort það eigi að ganga enn þá lengra með alla stjórnsýslu og t.d. hafa margir bent á það að löggæslan er mjög flókin í höndum mjög margra sveitarfélaga. Það er að vísu ekki tekið neitt á því í þessu frv. heldur afmarkast það eingöngu við skipulagsmál. En ég hefði talið eðlilegra að líta á það einnig, en það verður þá væntanlega gert í framhaldinu.

Svo virðist á mörgum að þeir haldi að málin séu í góðu horfi, alla vega einhverjir og má nefna til sögunnar hv. 1. þm. Norðurl. v. sem talaði hér áðan. Hann leit svo á að málunum væru ekki svo illa fyrir komið eins og þau væru núna. Mig langar þess vegna, virðulegur forseti, að fá að vitna hér í grein í Morgunblaðinu frá því 10. nóv. 1991 þar sem tekið er á þessum málum. Greinina skrifar Kristín Gunnarsdóttir, sem ég reyndar þekki ekki en ég reikna með að sé blaðamaður hjá Morgunblaðinu. Mig langar til að taka nokkur atriði úr þessari grein, með leyfi virðulegs forseta, en þar segir:

„Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld og allar byggingar ofan jarðar sem neðan jarðar háðar samþykktu skipulagi viðkomandi sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar ríkisins." Þetta er haft eftir Stefáni Thors skipulagsstjóra. Og síðan, þegar búið er að rekja nokkuð hvernig þessum málum er fyrir komið, segir í greininni:

„Þegar kemur að hálendinu virðist vera gloppa í lögum og erfitt að átta sig á hver fer með lögsögu þar og hvaða reglur eiga að gilda." Og enn síðar segir, og þá er haft eftir Stefáni Thors: „Við höfum túlkað það þannig að þegar sveitarfélögunum sleppir og um er að ræða svæði, sem ekki teljast sannanlega innan staðarmarka ákveðins sveitarfélags, þá sé það skipulagsstjórnar og ráðuneytisins að fjalla um byggingarmál þar. En það hefur borið við að fólk almennt og sveitarstjórnir hafa litið svo á að inni á miðhálendi gildi engar reglur og að þar sé hægt að gera nánast hvað sem er. Þá eru byggðir skálar án þess að leita umsagnar og tilskilinna leyfa. Og þó svo að tilskilin leyfi sveitarstjórnar liggi fyrir og umsagnir náttúruverndarnefnda þá telja margir að hægt sé að byggja þar öðruvísi, eða réttara sagt skála sem minni kröfur eru gerðar til en þeirra sem eru í byggð. En hús á hálendinu þurfa auðvitað að standast sömu kröfur og hús í byggð. Þar á ekki allt að fyllast af skúrum, gömlum vinnubúðum og bensínafgreiðsluskúrum sem ekki er hægt að nota í byggð."

Þetta er haft eftir skipulagsstjóra ríkisins þannig að ég held að allir hljóti að vera alveg vissir á því, bæði eftir að hafa ferðast um hálendið og lesið það sem um það hefur verið sagt, að þar er ekki allt í lagi. Það verður að gera eitthvað í skipulagsmálum hálendisins. Og að halda því fram að það sé hægt að búa við óbreytt kerfi er auðvitað tóm firra.

Ég verð, virðulegur forseti, að fá að vitna aðeins meira í þessa ágætu grein sem hér er þó að fréttir af því sem þar kemur fram hafi komið víða annars staðar. Til dæmis er talað um að það séu um 400 skálar á víð og dreif um allt hálendið, gangnamannakofar, slysavarnaskýli, ferðafélagsskálar og 100 skálar eru í einkaeign, í mismunandi ástandi. Og við höfum heyrt það í fréttum bæði í fyrrasumar og sl. vetur að það er alltaf verið að flytja skála þarna upp eftir og að mati margra og mín líka oft og tíðum í óleyfi eða að leyfið hefur ekki verið fyrir því sem byggt hefur verið. Til dæmis er auðvitað ekki hægt að leyfa að byggja einhverja skúra og eitthvert drasl og þó að sveitarstjórnir hafi kannski verið að reyna að spyrna við fótum, þá hefur samt verið farið með þessi hús upp á hálendið og í mörgum tilvikum hafa menn talið sig vera þar í fullum rétti.

Ég má til að vitna hér, ég hef reyndar gert það áður úr þessum ræðustól, en það var um fyrirspurn þar sem

ég var einmitt að spyrja um þetta atriði en mig langar til, virðulegur forseti, að segja aðeins frá því sem Ragnar Krisjánsson, sem er sérfræðingur Náttúruverndarráðs í skipulags- og mannvirkjagerð, segir um það hvernig menn líta á hálendið. Ragnar segir:

„Spurningin er hvort sveitarstjórnir geta heimilað slíkar byggingar" — það er verið að tala um skálabyggingar á hálendinu — „er ekki á hreinu og þar með ráðstafa því til næstu 25 ára." Það er sem sé ekki á hreinu hvort þeir geta leyft byggingar þar. Og svo segir hann: „Ég veit til þess að maður sem fór með skála inn á hálendið gerði athugasemd vegna annars skála sem reistur var í nágrenninu og honum þótti vera of nærri. Óskaði hann eftir að framkvæmdir yrðu stöðvaðar. Hvorugur skálanna hafði fengið tilskilin leyfi en hann vildi vera einn og taldi sig vera í fullum rétti þar sem hann kom fyrstur á staðinn." Og svo segir Ragnar: „Þetta minnir á hugsunarhátt bandarísku frumbyggjanna."

Þarna sjá menn að þetta er mjög óljóst. Það þarf að vera miklu ljósara hvernig með þessi mál eigi að fara og þeir sem hafa ferðast um hálendið vita að menn keyra þvers og kruss án þess að virða nokkrar reglur. Það er keyrt utan vega og því miður höfum við ekki heldur nægilega góða reglu varðandi það atriði, en ég ætla ekki að fara að ræða það hér. En hvaða skoðun sem maður hefur á því hver eigi að fara með stjórnsýsluna þá er alveg ljóst að hún er mjög langt frá því að vera í góðu lagi. Þess vegna vil ég aftur lýsa ánægju minni með það að þetta frv. skuli hér vera komið fram en velti því fyrir mér hvernig fer með skálabyggingar sem fyrir eru, hvort það er alveg ljóst að þá skála sem hafa verið byggðir í óleyfi hingað til verði mönnum gert að fjarlægja. Mér er það ekki alveg ljóst af lestri frv. en þó taldi ég að svo væri og vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt lesið úr þessu frv. ef það verður að lögum að menn verði þá skyldaðir til þess að fjarlægja þær byggingar sem hafa verið byggðar í óleyfi vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að það verði gert.

Ég vil minnast á eitt atriði í viðbót sem gerir það að verkum að ég tel mjög nauðsynlegt að það sé tekið á skipulagi hálendisins heildstætt, þ.e. að sú leið sé valin sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er að ég tel mjög nauðsynlegt að það séu tekin frá ákveðin svæði þar sem ekki er neitt hróflað við og hafa verið nefnd óbyggð víðerni og er minnst á í fskj. II með þessu frv. þar sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir ræðir um mikilvægi hálendisins. Og mig langar aðeins að lesa þar nokkrar línur, með leyfi forseta:

„Öræfin skipa Íslendingum í fámennan flokk þjóða, þeirra sem enn eiga stór óráðstöfuð landsvæði. Í mörgum þéttbýlum löndum eru engin svæði eftir sem ekki bera merki um umsvif landsins. Upprunalegur gróður og dýralíf er að mestu horfið en í staðinn komin meira eða minna manngerð vistkerfi." Við erum svo heppin að eiga enn eftir nokkurt land sem ekki er meira og minna komið með manngerð vistkerfi og tel ég mjög mikilvægt að við gætum þess að við skiljum eftir einhver ákveðin landsvæði algjörlega ósnortin til þess að við getum notið þeirra án þess að þar séu nein mannvirki, vegir, hús eða neitt annað.

Mér gafst kostur á því fyrir einum þremur árum að fara til Bandaríkjanna og kynna mér þessi mál, eða ég gerði það í ferð sem ég fór þangað, og þá kynntist ég því hvernig Bandaríkjamenn hafa gert þetta. Þeir hafa tekið frá ákveðin landsvæði þar sem enginn fær að koma inn á nema gangandi. Það eru ekki nein vélknúin ökutæki á einn eða annan hátt, það er ekki hægt að fara á hestum þar inn heldur eingöngu gangandi. Þeir hafa gætt þessara svæða mjög vel og meira að segja svo vel að þeir skammta fólk inn á svæðin. Það má ekki vera nema ákveðinn fjöldi fólks inni á hverju svæði gangandi. Þeir telja að það sé svo mikilvægt að fólk geti verið þar í tengslum við náttúruna og það séu ekki allt of margir í einu á svæðinu þannig að það þarf að sækja um leyfi til að koma inn á þessi svæði. Mér er ekki kunnugt um það hvort mörgum sé vísað frá, en aðspurður sagði þó maður sem þetta kynnti að það væri nokkuð um það að fólk sem kæmi með stuttum fyrirvara og vildi komast inn á þessi svæði fengi ekki að fara inn vegna þess að of margir væru inni á svæðinu. Ég er ekki að segja endilega að við þurfum að ganga svona langt í að taka frá svæði þannig að við förum að standa við hlið og banna fólki að fara inn. Ég tel það bæði óframkvæmanlegt og vonandi er það óæskilegt, eða ég tel það á vissan hátt óæskilegt ef við þurfum að fara að gera slíkt. Ég tel mjög mikilvægt að taka frá ákveðin svæði og ég tel að það sé nánast útilokað að gera það öðruvísi en að taka á skipulagi hálendisins með heildstæðum hætti eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég vona að hv. Alþingi samþykki það að þetta mál fari til umhverfisnefndar. Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði það að tillögu sinni að þetta mál færi til landbn. Hann rökstuddi það alls ekki, hann rökstuddi ekki það mál á neinn hátt og skil ég alls ekki hvað lá að baki þeirri tillögu. En hv. þm. er því miður ekki í salnum þessa stundina þannig að ég get ekki beðið hann um skýringu á þessari tillögu sinni, en ég get ekki séð nokkur rök fyrir því að þetta mál fari til neinnar annarrar nefndar en umhvn. sem eðli málsins samkvæmt fjallar einnig um byggingarmál.

Virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að fara út í einstök efnisatriði þessa frv. þar sem ég sit í umhvn. og tel mig geta þá komið þeim á framfæri en það eru nokkur smáatriði sem ég hefði viljað breyta eða hafa öðruvísi og mun þá vinna það í samvinnu við aðra nefndarmenn í hv. umhvn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Mér þykir rétt að ítreka það sem virtist koma fram í upphafi ræðu hæstv. umhvrh. þegar hann mælti fyrir þessu máli að þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkti að frv. þetta væri lagt fram á þessu þingi einvörðungu til kynningar. Það gæfist þá ráðrúm til þess að fram færi um það umræða í þjóðfélaginu og athugasemdir kæmu fram við frv. áður en það yrði tekið til efnislegrar afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Ég tel að í þessu felist auðvitað það að frv. er ekki ætlað að ná afgreiðslu á þessu þingi. Það er einnig rétt að taka það fram að þingflokkur sjálfstæðismanna tók enga efnislega afstöðu til málsins en ég sé enga ástæðu til annars en að greina frá því að frv. hlaut allmikla efnislega gagnrýni í þingflokknum. Ég held því að sú vinnutilhögun sem hér er viðhöfð, að flytja þetta mál til kynningar, sé eðlileg og hyggileg. Málið sé síðan e.t.v. tekið til athugunar í þingnefnd til að við því fáist viðbrögð í þjóðfélaginu og um það skapist umræða sem gæti væntanlega og vonandi leitt til þess að þessum málum verði skipað með þeim hætti sem friður getur tekist um, ekki einungis á Alþingi heldur við þá aðila sem mest eiga í húfi í þjóðfélaginu um land allt. *Þetta er sem sagt um þá formlegu hluti sem ég tel* nauðsynlegt að liggi hér alveg skýrt fyrir.

Ég held að það megi vissulega um það deila sem fram kom hjá hæstv. ráðherra hvort tilefni sé til þess að þetta mál fái hraðari meðferð heldur en skipulagsmál eða ný lög um skipulagsmál í heild, en mér virtist að hann liti svo á að þau mál væru það viðamikil og flókin og tækju það langan tíma að ástæða væri til að þessi þáttur skipulagsmála yrði afgreiddur áður en heildarlög verða sett. Ég er nú ekki nákunnugur því á hvaða stigi þessi vinna er en segi einungis á þessari stundu að ég dreg í efa að það sé ekki hyggilegt að *láta þessi mál verða samferða.*

Ég held að það sé ekki tilefni til þess að fara hér að ræða í mörgum atriðum efnisþætti þessa máls. Ég vil þó aðeins segja að það er brýna viðurhlutamikið að taka yfirstjórn þessara mála, skipulagsmála, úr höndum sveitarfélaga. Það er viðurhlutamikið, ekki síst með tilliti til þess, það er mín skoðun, að skipulagsmál í það heila tekið ættu að færast í meira mæli til sveitarfélaga en er í dag og yfirstjórn skipulagsmála á vegum ríkisins ætti einungis að vera til samræmingar nokkrum meginþáttum skipulagsmála en að öðru leyti væru þau í höndum sveitarfélaganna sjálfra. Slík samræming á vegum ríkisins gæti verið til þess að skera úr þegar um ágreiningsefni er að ræða og annað slíkt sem ég ætla ekki að tíunda hér. Allt þetta verður væntanlega tekið til athugunar við endurskoðun skipulagslaga eins og hæstv. ráðherra minntist á.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að Miðhálendi Íslands, eins og það er kallað, sé skipulagsskylt og það verði sett upp sérstök stjórnarnefnd byggingar- og skipulagsmála til að fjalla um mál varðandi það sem kallað er Miðhálendi landsins og sú nefnd starfi undir yfirstjórn umhvrn. og Skipulags ríkisins. Ég held að það blandist engum hugur um, þrátt fyrir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér sagt, að í ýmsum tilvikum eru skýrar eignarheimildir að því er varðar eignarráð á hálendi, þinglýstar skýrar eignarheimildir og í sumum tilvikum hafa sveitarfélög keypt hluta af hálendinu af opinberum stofnunum ellegar ríkinu fyrir ekki mjög löngum tíma. Ég held því að það þurfi engum að blandast hugur um það að í ýmsum tilvikum eru skýrar eignarheimildir fyrir því landi. Það er hins vegar rétt að þetta er ekki alls staðar. Sums staðar eru óskýrar eignarheimildir eða óvissar og annars staðar finnast eignarheimildir ekki þannig að hvort tveggja er að um almenninga er að ræða sem eru eðlilega í eigu ríkisins ellegar þá að skýrar eignarheimildir munu ekki finnast og þá er eðlilegt að afskipti ríkisins komi til.

Ég hef ekkert við það að athuga að hálendi landsins, og þá ekki einungis Miðhálendi sem hér er kallað, sé skipulagsskylt og 1. gr. frv. um þetta efni mætti hljóða í þá veru. Ég tel að það komi mjög til greina að sú kvöð verði lögð á sveitarfélög sem hafa hluta hálendisins innan sinna marka og undir sínum eignarráðum að á þau verði lögð sú kvöð að skipuleggja þann hluta hálendisins sem þau hafa eignarráð á. Og vanræki þau það, þá komi til eitthvert slíkt stjórnarform og sett er upp í þessu frv. En ég er ekki reiðubúinn til *þess að taka þetta mál úr höndum sveitarfélaganna* og tel að það sé brýna viðurhlutamikið. Ég bendi á að sum sveitarfélög sem eiga hluta hálendisins eru þegar að vinna að skipulagi þessa lands. Og það er tilefnislítið að taka þá vinnu úr höndum þeirra sveitarfélaga og færa hana yfir í hendur annarra aðila. Það er tilefnislítið, væntanlega tilefnislaust.

Ég skal ekki ræða hvaða nauðsyn ber til þessa. Það hefur verið skýrt dregið fram, bæði af hæstv. ráðherra og af einstökum ræðumönnum, og ég skal ekki fara út í að fjalla um það frekar. Ég tek undir það að okkur ber að fara með hálendi landsins með siðlegum hætti og við *þurfum* að hafa reglu á því hvaða mannvirkjagerð er þar leyfð og við þurfum að vernda það gegn mengun og óþarfa eða skaðlegum aðgerðum af ýmsum toga eins og mögulegt er. Við getum verið sammála um þau markmið þó að við séum ekki sammála um þær leiðir sem áætlað er að fara að því marki.

Ég held sem sé að það sé mjög gott að þetta komi til umræðu. Ég ætla ekki að fara hér að svara þeim brýningum sem t.d. komu fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hann varaði við að þyrlað væri upp moldviðri um þetta mál. Hæstv. ráðherra varð meira að segja á að vara því að það væri kannski hugsanlegur „hugaræsingur" um þetta mál, eins og hann orðaði það, sem er mjög sérkennilegt í framsöguræðu fyrir máli sem ráðherra flytur, en slíkar hugleiðingar læt ég alveg fram hjá mér fara. Ég held að það sé best að það komi fram í þeirri umræðu sem verður í þjóðfélaginu um þetta mál á komandi mánuðum, e.t.v. missirum.

Ég ætla heldur ekkert að fara frekar út í það sem hér var sagt af hv. 4. þm. Austurl. þar sem hann talaði um eignarráð á landi „sem svo er kallað". Ég hef þegar skýrt frá því að í ýmsum tilvikum eru lögmætar, þinglýstar eignarheimildir og hv. 4. þm. Austurl. má fara óvirðingarorðum um slíkar heimildir ef hann kýs, ég þarf ekkert að svara því. Ég þarf heldur ekki að svara því, eins og hér var sagt, að öll beit á hálendinu væri ofbeit. Ég þarf ekki að svara því. (Gripið fram í.) Þetta sagði nú ekki hv. 4. þm. Austurl. en hér var sagt í þessari umræðu: „Öll beit á hálendinu er ofbeit." Ég þarf ekki að svara því. (**Umhvrh.:** Til eru svæði þar sem öll beit er ofbeit á hálendinu.) En ég vek athygli á því að í 2. gr. frv. segir að umhvrh. fari með yfirstjórn þessara mála og „lætur gera tillögu að mörkum Miðhálendisins" — og síðan segir — „og staðfestir

hana". Ég efast um að þetta séu hyggileg lagaákvæði. Ég efast ekkert um góðan vilja hæstv. umhvrh. Ég met hann mikils og er stuðningsmaður hans og þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. En það er ekki hyggileg lagasetning að segja: Eitt stjórnvald skal láta gera tillögur um tiltekna hluti og sama stjórnvald skal svo staðfesta þær tillögur. Þetta er mjög vafasöm lagasetning. En síðan liggur hér fyrir á korti uppkast að einni slíkri tillögu sem er mjög sérkennileg. Það sem kallað er Miðhálendi Íslands er afmarkað með línu. Sums staðar teygir sig línan niður á láglendi, í Austur-Skaftafellssýslu niður fyrir jökla. Það vita menn að er láglendi þegar komið er niður fyrir skriðjöklana. Annars staðar eru stór landsvæði hálendisins utan línunnar. Svo er t.d. um norðausturhorn landsins allt upp að Hólsfjöllum. Svo er um Tröllaskaga milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Það er Vestfjarðakjálkinn. Það er allt hálendi vestan Holtavörðuheiðar og Tvídægru svo dæmi sé tekið. Þannig að sú lína sem hér er gerð tillaga um er, auk sérkennilegra króka sem teygja sig niður í eignarlönd einstakra jarða þannig úr garði gerð að stór svæði hálendisins verða utan þess sem kallað er Miðhálendi landsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að lengja umræðuna. Ég vildi aðeins koma því skýrt á framfæri að þingflokkur Sjáflstfl. samþykkti að þetta mál væri lagt fram til kynningar þannig að það mætti taka það til athugunar á milli þinga og heyra viðbrögð við því víðs vegar að úr þjóðfélaginu. Á grundvelli þeirra viðbragða mætti síðan leggja fram á nýju Alþingi nýtt frv., e.t.v. með verulegum breytingum, ef tilefni þykir til. Ég vonast til þess að meðferð þessa máls geti orðið þannig að það leiði til þess að um málið verði sátt í þjóðfélaginu og það er ekkert til að greiða fyrir þeirri sátt að vera með brýningar hér í 1. umr. eins og fram komu til að mynda í ræðu hv. 4. þm. Austurl.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð sérstakt að hv. þm. hefur á móti því að menn hafi uppi skýrt mál í sambandi við svo mikilsvert atriði eins og frv. sem hér er til umræðu, sem ríkisstjórnin hefur haft fyrir að leggja hér fyrir þingið. En tilefni þess að ég vil svara í stuttu ræðu hv. þm. er það sem hann mælti varðandi túlkun mína á eignarhaldi á landi. Í rauninni svaraði hann því sjálfur í sínu máli en dró svo mjög einkennilegar ályktanir af því þegar ég gaf til kynna að um þetta væri mikil óvissa, réttaróvissa varðandi stór landsvæði. Það er ekkert annað en það sem fyrir liggur og það sem Hæstiréttur landsins hefur staðfest og nægir að vísa þar til hæstaréttardóms frá 1981 varðandi eignarrétt á Landmannaafrétti, en fyrir utan þá meginniðurstöðu að hvorki ríki né bændum var dæmdur eignarréttur yfir landinu en málinu nánast vísað til Alþingis eða löggjafans, þá segir m.a. í þeim dómsorðum:

„Hins vegar verður að telja að handhafar ríkisvalds sem til þess eru bærir geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess sem hér er um að ræða en líta ber til þess að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota sem lög eða venjur eru fyrir."

Ég held einmitt að þessi niðurstaða Hæstaréttar 1981 segi okkur talsvert um það hver staðan er í þessum efnum. Og þegar ég tala um svonefndan eignarrétt, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) og skal ekki lengja mál mitt teljandi, þá er einmitt verið að vísa til þessarar réttaróvissu. Ég held að hv. þm. ætti að lesa ritgerðir manna úr Sjálfstfl. varðandi þessi efni, t.d. varðandi auðlindir lands, eins og jarðhitaréttindi og kynna sér viðhorf manns eins og Bjarna Benediktssonar, sem einu sinni var formaður Sjálfstfl., þar að lútandi.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér að ræða almennt um eignarráð á landi né þá dóma sem fallið hafa ellegar skoðanir forustumanna Sjálfstfl. frá fyrri tíð. Hins vegar gat ég um það í minni ræðu, sem stendur óhaggað, að þegar hv. þm. ræddi almennt um eignarrétt eða eignarráð á landi, þá kallaði hann eignarráð „sem svo er kallað", og hann hafði ekki neinar undantekningar á því. Og þetta fannst mér vera gert með þeim hætti að það væri verið að draga í efa þær lögmætu eignarheimildir sem víða hvar eru skjallega staðfestar.

Þó að hann komi hér aftur og reyni að draga þetta yfir í það að hann hafi átt við einstök landsvæði sem deilur standa um og dómar hafa ekki úrskurðað einhverjum landeigendum í vil, þá er það bara seinni tíma túlkun af hans hálfu.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem við ræðum hér er spurningin um túlkun 67. gr. stjórnarskrárinnar og það er alveg ljóst að það er ekkert einhlít skoðun sem hægt er að hafa uppi yfir hvað sú grein tekur að því er snertir land og auðæfi sem tengjast landi. Það liggur fyrir og dómar hafa um það fallið í ágreiningsefnum og það eru viðhorf til þess sem ég vísaði til, t.d. varðandi jarðhitaréttindi, sem menn eins og Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson, fyrrum þingmenn og ráðherrar og forustumenn í sínum flokkum, höfðu mjög skýrar hugmyndir um að rækjust ekki á, að lagasetning um þau efni rækist ekki á eignarréttarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Hitt er svo atriði sem við þurfum að átta okkur á að hér erum við ekki að ræða þetta mál sem deiluefni um yfirráðarétt yfir landi, við erum ekki að ræða það þannig þó að það hafi borist hér inn í umræðuna.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram í umræðunni að það er skaðlegt hvað mörg stór mál koma seint fram á þessu þingi eins og oft áður, þegar bæði lítill tími er eftir til efnislegrar vinnu hér í þinginu, því nú skilst mér að samkvæmt dagskrá þingsins séu ekki eftir nema u.þ.b. þrjár vikur af þeim tíma sem markaður var í upphafi. Ég held því að það sé lítið svigrúm fyrir mörg þau stóru mál

sem ríkisstjórnin hefur lagt fram til efnislegrar umfjöllunar.

Hvað varðar þetta mál sem hér er á dagskrá, frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands, þá geri ég ekkert lítið úr mikilvægi þess að marka þar stefnu og taka þar á á ýmsum sviðum. Ég geri hins vegar athugasemdir við það þegar lagt er fram frv. sem miðar að aukinni miðstýringu þar sem lagt er til að taka undan sveitarstjórnum verkefni sem þær hafa farið með og fara með samkvæmt lögum og fela það sérstakri hreppsnefnd hv. umhvrh. eins og hér er lagt til. Hér er lagt til að stofna nýtt stjórnsýsluumdæmi með sérstakri hreppsnefnd sem umhvrn. skipar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar sem fari með vald á mikilvægum eignarsvæðum og umráðasvæðum sveitarfélaga og einstaklinga. Við þetta er ég mjög ósáttur og mun fara yfir það hér.

Ég ræddi það, hæstv. forseti, í upphafi þessarar umræðu að það væri mikilvægt að hæstv. félmrh., sem fer með málefni sveitarfélaganna og hefur boðað þar aukið frelsi, aukið vald sveitarstjórnanna, væri viðstaddur þessa umræðu. Hverju sætir það nú að forseti hefur ekki komið slíkum boðum áfram? Eða var þeim boðum ekki komið til skila?

Það á öllum að vera ljóst að verkefni sveitarstjórna eru samkvæmt lögum að fara með skipulags- og byggingarmál, þar á meðal gerð aðal- og svæðisskipulags, gerð deiliskipulags, framkvæmd byggingarlaga og byggingareftirlit. Þetta er skýrt markað í lögum landsins. Eins er það auðvitað skýrt markað að afréttir og upprekstrarlönd heyra undir viðkomandi sveitarstjórnir. Hitt er annað mál að ráðuneyti geta auðvitað krafið og veitt aðhald um það að sveitarfélög gegni skyldum sínum og þess þarf kannski stundum með í sumum tilfellum.

Ef við víkjum aðeins áður en ég kem að frv. að afréttunum, hverjir eiga þá og hverjir eiga að fara með þau málefni. Það er nú svo með hálendið og marga stærstu afrétti á Miðhálendinu að þeir voru markaðir hreppum fyrir þann tíma að Alþingi sjálft var stofnað. T.d. var á Suðurlandi búið að stofna eina fjóra hreppa og skýrt markaður réttur hverrar jarðar til afréttarins og bændurnir áttu hlutdeild í afréttinum og greiddu gjöld samkvæmt þeim eignarrétti. Og þar með gerðist það að sveitarstjórnirnar fóru að fara með þessi málefni. — Ég fagna því að hæstv. félmrh. er hér komin í þingsalinn, en hún hefur mjög boðað þá stefnu sem skal tekið undir að auka völd sveitarstjórna, stækka sveitarfélögin og færa þeim æ stærri verkefni í framtíðinni.

Nú hefur það gerst að flokksbróðir félmrh. flytur hér frv. þar sem lagt er til að taka undan valdi og áhrifum sveitarstjórnanna heilan málaflokk, skipulags- og byggingarmál á Miðhálendi Íslands. Nú vill svo til að þetta Miðhálendi eða þessi hreppur sem hæstv. umhvrh. markar sér snýr ekki bara að Miðhálendinu því samkvæmt þeirri girðingu sem hann hefur sett á kort sýnist mér að hann sé nærri túnum allmargra bæja og heilu eignarjarðirnar séu inni á Miðhálendinu. Mér kæmi t.d. ekki á óvart þó að hv. þm. Egill Jónsson byggi á Miðhálendinu samkvæmt girðingunni sem er á kortinu og ég sé það að margir bæir á Suðurlandi eru markaðir innan Miðhálendisins, t.d. Merkurbæir undir Eyjafjöllum. Mér kæmi ekki á óvart þó að einhver hluti jarðar hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem hér situr sem varaþingmaður, sé inni á Miðhálendi og svo gæti ég áfram talið. Þannig að það er kannski nær höggvið valdsviði sveitarstjórna en ég gerði mér grein fyrir. Þess vegna er mér nú mikilvægt að vita það hvort hæstv. félmrh. er sama sinnis og umhvrh. að það þurfi af einhverjum ástæðum sérstaka hreppsnefnd á Miðhálendið.

Ég er andvígur hreppsnefnd á Miðhálendinu og tel eðlilegra að við miðum við þau hreppamörk sem verið hafa og þau umráðasvæði afréttanna að þau gildi áfram og verði undir ábyrgð heimamanna, öll mál þar að lútandi, bæði skipulagsmál, byggingarmál o.s.frv., en það verði eðlinu samkvæmt stuðst við lög. Sem betur fer hafa flestar sveitarstjórnir sem fara með þessi málefni gert það, verið í mjög nánu samráði við Skipulag ríkisins, við Náttúruverndarráð um framkvæmdir og í flestum tilfellum tekist vel. En ég ætla ekkert að draga úr því að það getur verið og er sjálfsagt nauðsynlegt að setjast niður og semja áætlun um skipulag Miðhálendisins, ná um það samstöðu meðal allra Íslendinga hvernig við skulum marka framtíðina á þessu dýrmæta svæði landsins sem Miðhálendið er.

Ég hefði talið eðlilegt, í stað þess að leggja þetta frv. fram að hæstv. umhvrh. hefði skipað samráðshóp þeirra sem landið eiga og nota og manna frá Skipulagi ríkisins, Náttúruverndarráði og úr umhvrn. þar sem gerðar væru tillögur um skipulag Miðhálendis í framtíðinni. Ég er í engum vafa um það að á hálendi Íslands er mikill auður. Sú þjóð er rík sem á bundið vatn í stórum jöklum og fannbreiðum hér á hálendinu. Forðabúr Íslands í orkumálum liggur í jöklunum, ám og vötnum Miðhálendisins. Og þetta eiga eftir að verða enn þá meiri auðæfi en við gerum okkur kannski grein fyrir á þessari stundu. Í heimi þverrandi orkugjafa liggur framtíðarauður Íslendinga, ekki síst í virkjuðu sem óvirkjuðu vatnsafli, í fossum og flúðum, svo og í jarðhita.

Við vitum það að kol og olía eru auðlindir sem munu þverra innan áratuga og árhundraða. En fossaflið stendur fyrir sínu, endurnýjast meðan við varðveitum þessi forðabúr.

Það væri kannski mikilvægasta verkefni hins nýja umhvrh. að reyna fremur að standa gegn hinum eyðandi öflum sem hafa áhrif á ósonlagið heldur en að standa í valdabaráttu með það í huga að miðstýra öllu Miðhálendinu úr sínu umhverfi, umhvrn., og eiga þar alveg sérstaka hreppsnefnd.

Ég veit líka að hálendið er enn fremur dýrmæt paradís. Þangað beinist vaxandi fjöldi ferðamanna til að takast á við og njóta útiveru í stórbrotnu landslagi í kyrrð öræfanna. Það verða ekki bara Íslendingar sem vilja sækja sér hamingju og kraft inn á íslensk öræfi. Útlendingar sýna öræfum okkar vaxandi áhuga. Ferðalögin munu verða fjölbreytt. Það mun verða göngufólk, hestaferðir, jeppaferðir, sleðaferðir, enn fremur munu eigendur og notendur afréttarlandanna vilja nýta

afréttinn undir sauðfé sitt. Þarna er og verður vaxandi umferð, vaxandi áhugi, þannig að skipulag og starfshættir eru mikilvægir hvað þetta varðar.

Ég hef t.d. heyrt að hingað sæki erlendir menn í vaxandi mæli með börn sem eiga í erfiðleikum og það sé að verða ein aðalsálfræði til þess að hjálpa börnum út úr ákveðinni sálarkreppu að takast á við erfiða náttúru, fara þvert yfir hálendi Íslands. Ég sá það t.d. í umræðu hér á dögunum um vegalaus börn að bóndi í Biskupstungum og húsfreyja sögðu frá því að hvergi sæktu þau meiri heilsulind fyrir þessi börn en inn á öræfum í hestaferðalögum þar sem lækningin virtist koma við kraft öræfanna og þess að takast á við og bera ábyrgð á sjálfum sér í því fagra umhverfi.

Það er mikilvægt, eins og ég hef sagt, að taka á þessu og gæta umhverfisverndar og eiga skipulag. Akstur utan merktra leiða og vegslóða, stórir flokkar manna með tugi eða hundruð hrossa, efnistaka á grjóti eða náttúruperlum, allt þetta án skipulags og án eftirlits getur valdið varanlegu tjóni og skaða fyrir þjóðina. Og eins er það auðvitað sem hér liggur í þessu frv. og ég hef rætt að það er mikilvægt að skoða byggingarmál hálendis, á fjallaskálum og öðrum mannvirkjum, með framtíðarsýn í huga. En að ætla með löggjöf að svipta eigendur á lögformlegu umráðasvæði, sveitarfélögin, að svipta eigendur viðkomandi svæða öllum rétti og allri ábyrgð væri glórulaus vitleysa. Og ég spyr hæstv. félmrh. hvort hún sé þeirrar skoðunar að svipta beri þessi sveitarfélög, sem farið hafa með þessi málefni í þúsund ár eða meira, öllum umráðarétti hvað þessi málefni varðar eins og frv. gerir ráð fyrir.

Sveitarstjórnarmenn hafa hrokkið dálítið við sem er ekki óeðlilegt þegar þeir hafa heyrt anda þessa frv. Það hafa þeir gert af mörgum ástæðum. Þeir hafa gert það ekki síst vegna þess að þeir hafa borið talsvert mikla ábyrgð á sínum afréttum og margir sinnt því mjög vel. Ég ætla t.d. að nefna það hér að úr mínu kjördæmi, ef ég tek t.d. eigendur Biskupstungnaafréttar, sem er nú skýlaust sveitarfélagið því að það mun hafa afsal fyrir því að hafa keypt afréttinn af kirkjujörðunum, af Skálholti, af Haukadal og Bæðratungu. Sveitarstjórnarmenn þar hafa sýnt þessum afrétti sínum sem þeir nýta mjög mikla skyldurækni, bæði lagt til hans fjármagn til uppgræðslu, reynt að draga úr fjölda fjár sem á afréttinum er og gera það með skipulagi, lagt stórkostlega peninga til uppgræðslustarfa og í ofanálag tekið upp á því að hafa þar mann á launum, hreppsfélagið, allan ferðamannatímann yfir sumarið til þess að sinna ferðamönnum, hirða rusl og koma því fyrir kattarnef, fara með það til byggða og brenna það þar, vera með hey til þess að selja hestamönnum og leiðbeina þeim um óbyggðirnar. Þetta hefur þessi sveitarstjórn t.d. haft á sinni könnu og ég teldi óeðlilegt að ríkið færi þar að fást við slík verkefni eða sveitarstjórnirnar yrðu hraktar frá þessu starfi sem er í vaxandi mæli. Þannig gæti ég farið yfir fleiri afrétti hálendisins hvað Suðurland varðar, þar hafa sveitarstjórnirnar í vaxandi mæli verið að koma með aukna þjónustu. Þetta á við um Hrunamannaafrétt o.fl., hvað sorphirðuna varðar, hvað þjónustuna varðar við hestamennina og stóra hópa hrossa sem menn eru að fara með yfir, að passa að valdi ekki skaða og vera þar með heyfeng og fleira.

Nú vill svo til að sex oddvitar í Árnessýslu hafa komið saman og brugðið illa við lestur þessa frv. og sýnist að þeir muni ekki sætta sig við þau áform sem þar eru því að á fundi oddvita í uppsveitum Árnessýslu, sem haldinn var að Borg í Grímsnesi 7. apríl 1992, mótmæla þeir harðlega framkomnu frv. til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn telur frv. ganga þvert á yfirlýsta stefnu um eflingu sveitarfélaga og aukin verkefni heima í héraði. Fundurinn telur frv. algjörlega sniðganga eignar- og umráðarétt einstaklinga og sveitarfélaga. Fundurinn álítur stjórnun á þessum málum best komna hjá aðilum sem hagsmuna eiga að gæta við nýtingu landsins og eru staðkunnugir."

Undir þetta rita oddvitarnir Böðvar Pálsson, oddviti Grímsneshrepps, Þórir Þorgeirsson, oddviti Laugardalshrepps, Steinþór Ingvarsson, oddviti Gnúpverjahrepps, Loftur Þorsteinsson, oddviti Hrunamannahrepps, Gísli Einarsson, oddviti Biskupstungnahrepps, og Kjartan Ágústsson, oddviti Skeiðahrepps.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu og ekki síst af því sem ég hef áður talað til hæstv. félmrh.

Ef ég aðeins skoða frv. og fer yfir greinar þess, þá segir þar skýrt í 1. gr. sem ég hef hér rakið að það er verið að taka ákveðna málaflokka undan yfirráðum sveitarstjórnanna og færa þá til miðstýringarvaldsins hér í Reykjavík. Þess vegna væri mikilvægt að hæstv. félmrh. læsi frv. og segði sitt álit.

3. gr. segir frá því sem ég hef hér þegar gagnrýnt að umhvrh. skipi að afloknum sveitarstjórnarkosningum sérstaka stjórnarnefnd til að fara með stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands. Tveir nefndarmenn skuli skipaðir að fenginni tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga en þrír án tilnefningar. Ég held að það væri afskaplega óheppilegt ef menn settu þetta form á málið. Nú gætum við hugsað okkur það að umhvrh. vilji Miðhálendinu vel, sem ég efast ekki um, og þá þætti mér ekkert óeðlilegt að samstarfsnefnd væri skipuð. Ég hef þegar rætt um að ég teldi eðlilegt að gera skipulags- og framtíðaráætlun um svæðið, en að hér væri um einhverja samstarfsnefnd að ræða sem umhvrh. fengi skipaða í þetta verkefni, t.d. frá sveitarstjórnum á Suðurlandi, sveitarstjórnum eða héraðsnefndum á Norðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi. Þetta þyrfti ekkert að vera flókið battarí en þar með hefði verið opnuð leið til samstarfs við heimamenn.

Ég hef rætt 4. gr. sem er um hlutverk stjórnarnefndarinnar og tel allt í lagi að frumkvæðið um skipulag á Miðhálendinu komi frá Skipulagi ríkisins, frá ráðuneytunum sem málið varðar, en þetta skipulag verður ekki unnið nema í samstarfi við þá menn, eins og ég hef hér rakið, sem þessu landi ráða.

2. liður 4. gr., um hlutverkið, er „að sjá um að skipulagstillögur fái lögformlega meðferð og senda

slíkar tillögur til staðfestingar umhvrh., þegar hún telur formleg og efnisleg skilyrði vera fyrir hendi." Ég skil nú ekki alveg þessa flóknu grein sem þarna er sett fram.

Síðan er 3. liður 4. gr., þar sem farið er fram á það „að veita byggingarleyfi og önnur leyfi til framkvæmda á Miðhálendinu, eftir því sem áskilið er í lögum þessum." Það verði nefnd hér í Reykjavík sem fái þetta vald í hendur. Haldið þið að sé nú ekki heilbrigðara að menn sem fara með þessa málaflokka starfi eftir lögum og fari með þetta alveg eins á hálendinu, eftirlitið o.s.frv. eins og önnur mál í sínu sveitarfélagi?

Síðan segir í 6. gr. frv. að þetta frv., ef að lögum verði, haggi í engu eignar- og afnotarétti einstakra aðila á landi sem verður innan umdæmisins. En ef maður les frv. áfram og kemur að 10. gr., í III. kafla, þá segir þar:

„Í áætlun um hálendisskipulag skal kveðið á um þá þætti er snerta Miðhálendið í heild og tengsl þess við aðra landshluta. Hér er meðal annars átt við þá þætti sem lúta að samgöngum, orkuveitum, fjarskiptum, landnotkun og landnýtingu, náttúruvernd og ferðamálum."

Allt í einu hefur sá sem frv. samdi farið að herða klóna fastar, ná til sín völdunum á sem flestum sviðum eins og kemur glöggt fram í 10. gr. og þær stangast merkilega á, þessi grein við þær fyrri sem ég hef hér farið yfir.

Ég get þó ekki lagt annað til hvað þetta frv. varðar en að það fái þinglega meðferð og ég efast ekkert um að það verði sent til umsagnar. Ég geri ekki ráð fyrir því að menn nái að afgreiða þetta mál á þessu þingi en kannski verður þetta grunnurinn, þessi umræða og umfjöllun hér í þinginu um málið og í þeirri nefnd, umhvn. sem á að fá málið, að menn nái breiðri samstöðu um að haga þessum málum með öðrum hætti en hér er lagt til, að menn átti sig á því samstarfi sem þeir þurfa að eiga um málið við heimamenn í hverju héraði og að hér gæti kannski með haustinu á nýju þingi legið fyrir mál með allt öðrum hætti en þetta miðstýringarfrv. gerir ráð fyrir.

Ég hygg að ég hafi hér komið inn á flest þau atriði sem ég vildi minnast á. Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar að einræðisvald sé versta vald sem hægt er að setja upp og ég get ekki sætt mig við það að stór hluti þessa lands búi við það að því fari að ráða einhver ráðherraskipuð nefnd á hverjum tíma, skipuð pólitísk, sem óhjákvæmilega mun standa í stríði við réttkjörna sveitarstjórnarmenn vítt og breitt um landið. Ég vil ekki trúa því að félmrh. fallist á slíkt. Ég vil heldur ekki trúa því að margir lýðræðissinnaðir sjálfstæðismenn sem að þessari ríkisstjórn standa muni heldur sætta sig við slíkt ofríki úr ráðuneyti í Reykjavík. Það er því ekki vafi í mínum huga að þetta mál muni hér í þinginu snúast á annan veg. Málið hefur þegar eins og það er lagt fram vakið úlfúð og tortryggni sveitarstjórnarmanna allt í kringum landið sem undra sig á þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir helstu atriðin sem ég vildi koma að. Hæstv. umhvrh. flutti hér að vísu heilmikla framsöguræðu í málinu þar sem hann kom inn á mörg atriði. Ég veit ekki hvort ég á að fara að tína eitthvað sérstakt til að gera athugasemdir við hans ræðu en það var ýmislegt sem ég hnaut um í máli hans og er ekki sammála þó að annað hafi ég vel getað tekið undir.

En ég legg að lokum áherslu á það að menn noti þau félagslegu og lögkjörnu samtök sem til eru í landinu til þess að ná samstöðu um málið því að ég tek undir það að þetta er mál allrar þjóðarinnar hvort sem menn búa í dreifbýli eða þéttbýli. Þetta er dýrmæt eign og við eigum okkur framtíðarsýn í kringum öræfin og þess vegna er það mikilvægt að menn nái sátt um málið og vinni eftir réttum leiðum en ekki með einstrengingslegum hætti og þvingaðri löggjöf að svo merku máli sem þessu.

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur þingflokkur Sjálfstfl. samþykkt að frv. þetta væri lagt fram á þessu þingi einungis til kynningar og til að fá um það umræður í þjóðfélaginu. Þingflokkurinn hefur ekki samþykkt efni frv. Ég fagna því hins vegar að umhvrh. hefur í hyggju að taka á þessu máli því að það er einsýnt að það er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að skipuleggja Miðhálendið og ég vil í því sambandi undirstrika það að ákvörðun um það að ákveðin svæði skuli óbyggð er líka skipulag. En mér sýnist að á þessum punkti skilji leiðir, þ.e. með mér og umhvrh., en ég tel óhjákvæmilegt að frv. verði tekið til endurskoðunar áður en það verður lagt fram til lokaafgreiðslu.

Ég er í megindráttum ósammála þeirri leið sem ráðherrann hefur valið til þess að leysa þetta vandamál. Ég er á móti því að ráðuneyti taki sér vald og verkefni sveitarstjórnar á einhverju tilteknu landsvæði og ég er á móti því ofurvaldi og þeim íhlutunarrétti sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að ráðherrann hafi hvað þetta varðar. Ég tel að þau verkefni sem hér um ræðir eigi heima hjá sveitarstjórnum og eigi að vinnast sem líkast því sem gerist almennt í skipulags- og byggingarmálum á landinu. Ráði hins vegar einstök sveitarfélög ekki við þessi verkefni væri rétt að reikna með því að þau hefðu um það samstarf. Tel ég að það sé í anda þess sem er að gerast hér á landi og þeirrar umræðu sem hefur verið í sveitarstjórnarmálum. Vanræki hins vegar sveitarstjórnir einar sér eða í tilskildu samstarfi við aðra að skipuleggja hálendið eða fylgja þar eftir málum á réttan og löglegan hátt, þá ber ríkinu að taka við málinu og grípa þar inn í. Sé hins vegar um sérstaklega viðkvæm svæði að ræða eða náttúruperlur, þá tel ég að það væri ráð að friða þau svæði sérstaklega og gera að þjóðgörðum eða friðlöndum og fela þau Náttúruverndarráði til umsjónar.

Hv. umhvn. mun væntanlega taka þetta mál til ítarlegrar athugunar og leita umsagna og þar sem ég á sæti í þeirri nefnd og mun taka þátt í því starfi ætla ég ekki að tefja umræðurnar nú með því að fara nákvæmar í þetta mál. Ég læt hins vegar í ljós þá ósk að nefnd-

in muni finna betri lausn á þessum vanda en fram kemur í frv.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Þar sem hæstv. umhvrh. þurfti að hverfa af vettvangi verður umræðu frestað um sinn, en líklega verður málið tekið fyrir aftur í dag.

Umræðu frestað.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (heildarlög). — Þskj. 676.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Um nokkurt skeið hefur það verið skoðun manna í heilbr.- og trmrn. að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um farsóttir og sóttvarnir. Fyrrv. heilbr.- og trmrh. skipaði því nefnd í október 1988 sem fékk það verkefni að endurskoða sóttvarnarlögin frá 1954, farsóttalögin frá 1958 og einnig ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berkalvarnalög frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingum, og lög um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í umræddu nefnd voru skipaðir Guðjón Magnússon, þáverandi aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen, borgarlæknir í Reykjavík, Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrrn., og var hún ritari nefndarinnar, og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, og var hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. á samt fylgiskjölum í september 1989 og var frv. lagt fram óbreytt frá tillögum nefndarinnar á 112. löggjafarþingi. Frv. náði ekki fram að ganga.

Haustið 1990 endurskoðaði farsóttanefnd frv. m.a. með hliðsjón af þeim umsögnum sem borist höfðu Alþingi. Í farsóttanefnd eiga sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, sem er formaður, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir, Ólafur Steingrímsson yfirlæknir, Hrafn Tuliníus prófessor, Margrét Guðnadóttir prófessor og Sigurður B. Þorsteinsson læknir. Farsóttanefnd gerði nokkrar breytingar á frv. og var það lagt fram í þeirri mynd sem farsóttanefnd, að Margréti Guðnadóttur undanskilinni, varð sammála um. Sú framlagning frv. átti sér stað á vorþingi 1991. Frv. náði ekki heldur fram að ganga þá.

Frv. er nú lagt fram í þriðja sinn, nánast óbreytt frá því sem það var lagt fram á 113. löggjafarþingi, að öðru leyti en því að í þessu frv. er gert ráð fyrir að kostnaður vegna sóttvarna verði greiddur eins og annar sjúkrakostnaður.

Þau nýmæli sem koma fram í þessu frv. frá fyrri lögum eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gerð tillaga að rammalöggjöf þar sem sameinuð eru í ein lög ákvæði um farsóttavarnir, sóttvarnir og varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum. Hér er fylgt fordæmi annarra nágrannaþjóða okkar, svo sem Norðurlanda og Bretlands. Verði frv. að lögum mun það hafa í för með sér umtalsverða lagahreinsun þar sem gert er ráð fyrir að a.m.k. sjö gildandi lög falli úr gildi við setningu laganna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ábyrgð á sóttvörnum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar hver í sínu héraði og auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að fella sóttvarnanefndirnar niður. Jafnframt þessu þykir nauðsynlegt að hjá embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir sem hafi sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja samræmi í sóttvörnum um landið allt en að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulæknar og aðrir læknar eftir því sem við á.

Í þriðja lagi er það nýmæli að um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma er fylgt mjög sambærilegum reglum og nú þegar gilda samkvæmt hinum ýmsu lögum um þessi efni en þó eru ákvæði um skýrslugerð mun skýrari í frv. en í gildandi lögum.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um frv. að þessu sinni. Það var gert við fyrstu framsögu þess auk þess sem breytingarnar sem gerðar hafa verið eru ekki þess eðlis að efni þess hafi breyst að neinu verulegu marki.

Ég vil þó sérstaklega undirstrika þá lagahreinsun sem samþykkt þessa frv. hefur í för með sér. Ef frv. verður að lögum falla eftirtalin lög úr gildi:

1. Berklavarnalög frá 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt frá 1940.
3. Lög um eyðing á rottum frá 1945.
4. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki frá 1953.
5. Sóttvarnarlög frá 1954.
6. Farsóttalög frá 1958.
7. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með breytingum frá árinu 1986.

Með frv. er eitt fskj. þar sem taldir eru upp þeir sjúkdómar sem vænta má að reglugerð geri ýmist tilkynningarskylda eða skráningarskylda.

Með frv. sem lagt var fram 1989 voru ítarleg fskj. um þróun íslenskrar löggjafar á þessu sviði sem og um erlenda löggjöf. Ekki var talin ástæða til að endurprenta þessi fskj. að þessu sinni.

Vegna umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. vil ég taka fram að þar er ekki tekið tillit til þess að vísir að göngudeildum eins og frv. gerir ráð fyrir er þegar fyrir hendi. Sömuleiðis munu ýmis sérgreind embætti lækna leggjast niður. Við kostnaðarmat er heldur ekki tekið tillit til þessa. Ég tel því að mat fjárlagaskrifstofunnar á kostnaði vegna frv. sé of hátt.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir því lagafrv. sem hér er lagt fram. Ég tel að hér hafi vel til tekist

um að endurskoða og einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir og flestir eru sammála um að löngu var tímabært að gera breytingar á lagaákvæðum okkar í samræmi við breytta tíma.

Það er von mín að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir á Alþingi og fái afgreiðslu nægilega fljótt til þess að það geti gengið í gildi eins og gert er ráð fyrir í ársbyrjun 1993.

Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að frv. verði afgreitt til 2. umr. og vísað til hv. heilbr.- og trn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði réttilega hér í pontu áðan er með þessu frv. til sóttvarnalaga greinilega um talsverða lagahreinsun að ræða og með frv., ef að lögum verður, munu mörg og úrelt lög sem nú eru í gildi falla úr gildi. Þessi lög hafa greinilega verið sett á undanförnum áratugum eða á þessari öld, hver um sig til að bregðast við tilteknum sjúkdómum, t.d. holdsveiki, berklum, fýlasótt og sullaveiki. Það hafa verið sett lög til þess að bregðast við rottufaraldri og síðan heildstæðari lög sem eru sóttvarnarlög og farsóttalög. Það er því fyllilega tímabært að þessi lagahreinsun fari fram og sett sé heildstæð löggjöf um sóttvarnir.

Ég hef ekki haft tíma til að kynna mér þetta mál ofan í kjölinn en mig langar þó til að vekja athygli á nokkrum atriðum og ekki síður spyrja út í ákveðin atriði, sem eru í þessum frumvarpstexta.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að vekja athygli á því að 1988 skipaði þáv. heilbrrh. nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða, eins og segir í athugasemd við lagafrv., farsóttalögin frá 1958, sóttvarnarlögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingum, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í þessa nefnd voru síðan skipuð Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrrn., og hún var jafnframt ritari nefndarinnar.

Mig langar til þess að vekja athygli á því að þeir sem í þessari nefnd sitja eru allir læknar, að undanskilinni Dögg Pálsdóttur, sem er lögfræðingur á vegum heilbrrn., en það hafa sem sagt eingöngu verið læknar skipaðir í þessa nefnd til að endurskoða þessi lög öll.

Síðan lauk nefndin störfum haustið 1989 og frv. var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Þá segir í athugasemdum með þessu frv.: „Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndum."

Farsóttanefnd fékk frv. þetta til umsagnar eða meðferðar í ljósi athugasemda sem fram komu og í farsóttanefndinni eiga sæti: Ólafur Ólafsson landlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli G. Johnsen borgarlæknir, Ólafur Steingrímsson yfirlæknir, Hrafn Tulinius prófessor, Sigurður B. Þorsteinsson læknir og Margrét Guðnadóttir prófessor.

Með öðrum orðum það eru líka eingöngu læknar sem sitja í farsóttanefnd sem skoðaði þessi lög og þessar umsagnir. Allt er þetta fólk sem er þekkt og hefur mikla þekkingu á sínu sviði og ekki ætla ég að lasta það en ég geri ákveðnar athugasemdir við að það skuli eingöngu læknar sitja í nefndum sem um þessi mál fjalla vegna þess að ég held að sóttvarnir komi inn á svo margt annað en bara læknisfræðilega hluti.

Í því sambandi langar mig til að víkja einmitt að 6. gr. frv., en þar er kveðið á um að ráðherra skuli skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Og þar segir:

„Ráðið mótar stefnu í málum sóttvarna og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í sóttvarnaráði sitja sjö menn skipaðir af heilbrigðisráðherra. Þar skulu vera starfandi embættislæknir, sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma, faraldsfræði/heilbrigðisfræði, auk landlæknis sem jafnframt er formaður ráðsins."

Með öðrum orðum er þarna líka eingöngu gert ráð fyrir að sitji læknar og mér finnst inn í þetta vanta fólk sem sér um umönnun fólks sem er haldið sjúkdómum eða hefur náið samneyti við fólk sem haldið er smitsjúkdómum og þá á ég ekki síst við hjúkrunarfræðinga eða félagsráðgjafa, vegna þess að varnir gegn útbreiðslu smitsjúkdóma eru ekki bara læknisfræðilegar. Vörnunum er hægt að koma við á svo margan annan hátt. Þar koma til dæmis til upplýsingar, upplýsingagjöf og þekking á þeim einstaklingum sem haldnir eru smitsjúkdómum. Ég held að þetta geti ekki síst skýrt málin núna með tilkomu eyðni, að þarna séu inni einhverjir sem sjá um umönnun fólks sem haldið er smitsjúkdómum.

Þá vil ég vekja athygli á 8. gr. frv. Ég fæ ekki betur séð en að þar hafi texti eitthvað skolast til því að seinni málsgreinin þar hljóðar svo:

„Ef læknir kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi er tilkynningarskyldur" o.s.frv. Það er einhver villa í þessum lagatexta þannig að hann verður lítt skiljanlegur.

Síðan hljóðar 9. gr. svo:

„Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni."

Ég fæ ekki annað séð en það sé nánast sami textinn í 8. og 9. gr. og skil ég ekki alveg hvernig á því stendur og væri ágætt að fá einhverja útskýringu á því í hverju munurinn á þessum tveimur greinum felst.

Í IV. kafla þessa lagafrv. er fjallað um opinberar sóttvarnaráðstafanir og þar er í 14. og 15. gr. fjallað um aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum. — Nú finnst mér vanta heilbrrh. hingað

inn í salinn til þess að hann heyri hvað ég segi því þetta er það sem ég vildi helst vekja athygli hans á í þessu frv. (Gripið fram í.) Er það tryggt að ráðherra heyri til mín? Ég sé hann ekki hér hliðarsölum. Þarna kemur hann. — Já, það er 14. og 15. gr. Í 15. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða að rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti. Um þessa dvöl skulu gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr."

3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með samþykki dómsmrn. má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fer skv. 14.–17. gr. hér á eftir."

Hvað segir þá í þessari 2. mgr. sem vísað er til? Það segir:

„Þó má hefta frelsi manns ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa nema til komi samþykki dómsmrn."

Með öðrum orðum kveða lögræðislögin skýrt á um það að frelsiskerðing skuli því aðeins eiga sér stað að um alvarlega geðsjúkdóma eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna sé að ræða. Lögræðislögin kveða ekki á um að þannig megi fara með einstakling sem haldinn er alvarlegum sjúkdómi. Það kann vel að vera að lögfræðilega sé heimilt að kveða á um að þannig megi koma fram gagnvart einstaklingi í sóttvarnalögum, en mér finnst að lagatexti verði að vera skýr og gagnsær þannig að það þyrfti þá að breyta lögræðislögunum jafnhliða þessu.

En það er fleira sem ég hef athugasemdir við í þessu sambandi. Það segir nefnilega að um slíka vistun, þ.e. nauðungarvistun, skuli fara skv. 14.–17. gr. lögræðislaganna. Ef maður lítur á 14.–17. gr. þá segir í 14. gr.:

„Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan."

Og þá er að kíkja á 1. mgr. 5. gr. þessara laga. Þar kemur fram að það er verið að vísa til þess að þeir sem geti lagt fram beiðni um nauðungarvist á sjúkrastofnun séu í fyrsta lagi maki eða ættingjar þess sem um er að ræða, í öðru lagi lögráðamaður aðila og svo í þriðja lagi félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.

Mér finnst það mjög hæpið að þessir aðilar eigi að standa að nauðungarinnlögn einstaklings sem haldinn er smitsjúkdómi og heilbrigðisyfirvöld skuli þar hvergi eiga að koma nærri. Það eru með öðru orðum ættingjar hans sem eiga að standa að þessu eða félagsmálastofnun sem er kannski alls ekkert inni í málinu. Mér finnst að þetta hafi verið sett í lög með það fyrir augum að þarna væri um að ræða einstakling sem ekki væri með sjálfum sér eða vissi ekki hvað hann aðhefðist, en ef einstaklingur er með smitsjúkdóm og hann telur að framferði hans sé ekki slíkt að það þurfi að einangra hann, þá er það við heilbrigðisyfirvöld að eiga en ekki ættingja þessa einstaklings.

Mér finnst löggjafinn kominn þarna út á dálítið hálan ís varðandi þessi mál og fyndist mjög nauðsynlegt að skoða þetta betur í nefnd, því þarna erum við auðvitað að tala um mjög dýrmæt mannréttindi sem eru þau að fá að fara frjáls ferða sinna en þarna er verið að heimila ákveðna frelsissviptingu. Það þarf í fyrsta lagi að fara mjög varlega í að heimila slíkt yfirleitt og það þarf að standa mjög vel að slíkum hlutum.

Þetta vildi ég nú gera hér að umtalsefni og spyrja ráðherra út í og hvort hann telji að rétt sé að þessu staðið með þessum hætti.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns langar mig að vekja athygli á því að hér í salnum sitja nú eingöngu konur — og einn karlmaður birtist, fyrir utan ráðherrann að sjálfsögðu, ég bið ráðherrann afsökunar, ég átti við almenna þingmenn. (**Heilbrrh.:** Það eru komnir hérna tveir.) Já, það fjölgar stöðugt, virðulegi forseti. Þessi ummæli mín höfðu mjög hvetjandi áhrif. En það sem ég vildi sagt hafa með þessu var auðvitað að það er nokkuð dæmigert fyrir áhugann á málum eins og þessu hversu menn láta sig hverfa þegar ýmis þau mál sem snerta almenning í landinu koma til umræðu.

Mig langar að gera athugasemd við það, virðulegi forseti, að það er ekki í fyrsta skipti sem það gerist að ráðherra lýsir því yfir við kynningu á máli að það hafi verið lagt fyrir áður. Nú er það svo að við erum í upphafi nýs kjörtímabils, þetta er fyrsti vetur á nýju kjörtímabili, og það sitja nú 25 nýir þingmenn hér á þinginu. Mér finnst ekki viðeigandi að þegar ráðherrar mæla fyrir málum að þeir vísi til einhverra umræðna sem hafi átt sér stað á síðasta kjörtímabili. Ég vildi koma þessu hér á framfæri. Mér finnst þetta ekki gott. Það koma mjög mörg mál inn, ekki síst núna þessar síðustu vikur, og við höfum fullt í fangi með að reyna að setja okkur inn í málin og það er einfaldlega til of mikils mælst að mínum dómi að við förum að lesa umræður fyrri ára til þess að átta okkur á því hvað hefur verið sagt um hin ýmsu mál. Ég vil því óska eftir því að ráðherrar geri jafnan grein fyrir málum, alla vega í upphafi nýs kjörtímabils, með tilliti til nýrra þingmanna.

Mér finnst þetta mál að mörgu leyti mjög merkilegt og ég vil fagna því eins og síðasti ræðumaður að hér er verið að samræma, hér á sér stað nokkur lagahreinsun og hún á sér auðvitað skýringar í því að ýmsir þeir sjúkdómar sem menn settu lög um fyrr á öldinni eða undir lok síðustu aldar eru sem betur fer horfnir úr okkar þjóðfélagi.

En ég ætla að koma strax að ástæðunni fyrir því að ég kveð mér nú hljóðs. Hún er sú að sjónarhornið í þessum lögum er fyrst og fremst sjónarhóll læknisfræðinnar en mér finnst vanta hér mjög tengsl við al-

menning og hvernig virkja megi almenning eða skilgreina það betur hvaða kröfur beri að gera til almennings til þess að sóttvarnir megi verða sem bestar. Mig langar aðeins til að rifja það hér upp vegna þess að það skiptir máli í þessu samhengi að ef við horfum svo sem 150 ár aftur í tímann, þá voru hér landlægir ýmsir sjúkdómar eins og holdsveiki, berklar og fleiri slíkir sjúkdómar sem lögðust á allan almenning, sjúkdómar sem enn ber nokkuð á í þriðja heiminum og gengur mjög illa að ráða við.

Á seinni hluta 19. aldar fóru að koma hingað til lands íslenskir læknar sem voru mótaðir af nýjum vísindum sem þá voru að koma upp og það er mjög merkilegt að lesa sér til um það hvernig þeir tóku á þessum málum og hvílíkar gífurlegar breytingar urðu hér á landi á stuttum tíma. Ég vil sérstaklega nefna Jónas Jónassen, sem var landlæknir í kringum síðustu aldamót, sem einbeitti sér að því að fræða almenning. Hann áttaði sig á því að leiðin til þess að ná tökum á þessum sjúkdómum var sú að fræða almenning. Hann skrifaði bækur og bæklinga, hann beindi orðum sínum til mæðra ungbarna, hann skrifaði sérstaka bók ætlaða konum og hann skrifaði sérstaka bók um almennar lækningar, ekki síst til þess að kenna fólki að þekkja sjúkdóma.

Nú er það svo að við höfum aðgang að ýmsum bókum en ég held að til þess að ná verulegum árangri og til þess að bæði almenningur og stjórnvöld haldi vöku sinni í þessum efnum þurfi að eiga sér stað jöfn og góð fræðsla. Ég er að nefna þetta vegna þess að það hefur borið á því sjónarmiði á undanförnum árum að það sé óhætt að fara að slaka á í þessum efnum. Mér er kunnugt um umræður sem áttu sér stað í Svíþjóð þar sem menn voru að tala um að það væri nú óhætt að hætta þessum bólusetningum, hætta að bólusetja lítil börn því að þessir sjúkdómar væru meira og minna úr sögunni. En það er langt í frá að svo sé. Þess vegna er svo mikilvægt að halda vöku sinni í þessum efnum.

Svo ég víki aðeins að frv. sjálfu eftir þennan inngang þá finnst mér vera margt mjög gott í því að finna en það vakna ýmsar spurningar varðandi framkvæmd þessara laga. Ég ætla að hlaupa strax yfir í 14. gr. Hér á undan eru fyrst og fremst skilgreiningar á gildissviði laganna og starfssviði þeirra sem eiga að vinna við sóttvarnir. Mér er ekki alveg ljóst hvernig þetta á að ganga fyrir sig samkvæmt 14. gr., hvernig sóttvarnalæknar eiga að vinna, hvernig á að framfylgja lögunum, sem mér finnst vera stór þáttur í þessu sambandi, hvernig á að framfylgja þessum lögum, hvernig á þessi keðja að ganga fyrir sig. Og þó vaknar enn stærri spurning varðandi 16. gr. þar sem segir: „Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir.“ Í ljósi þess mikla sparnaðar sem nú gengur yfir er vandséð hvernig eigi að fylgja eftir þessu lagaákvæði.

Í athugasemd frá fjmrn. segir, með leyfi forseta:

„Óvíst er um kostnað af slíkri deild“ — þeir tala hér eins og um eina deild sé að ræða — „en ráðuneytið telur að hver slík deild með fimm stöðugildum muni ekki kosta undir 15 millj. kr. í árlegum rekstri auk stofnkostnaðar til innréttinga og búnaðar sem telja má að geti numið yfir 30 millj. kr.“ Það er því augljóst að eigi þetta að komast í framkvæmd þá fylgir hér nokkur kostnaður. Og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hvernig ætlar hann að fylgja þessu eftir? Hvenær má vænta þess að slíkum göngudeildum verði komið á fót í ljósi þess ástands sem ríkir í heilbrigðismálum hér á landi?

Í fskj. eru skilgreindir þeir sjúkdómar sem um ræðir og ber að tilkynna og fylgjast með og það er greinilegt samkvæmt þessu frv. að menn eru mjög vakandi gagnvart ýmsum þeim sjúkdómum sem löngu er búið að útrýma hér á landi en auðvitað geta alltaf borist hingað eða komið upp, t.d. sullaveiki. Það koma alltaf öðru hvoru upp einstaka tilfelli af sullaveiki. En vegna þess sem ég sagði áðan um stutta kynningu hæstv. heilbrrh. á þessu frv. hefði ég gjarnan viljað fá upplýsingar um það hvernig þessi mál standa. Hvað er mikið um það að þessir sjúkdómar stingi hér upp kolli? T.d. barnaveiki, kólera og hér á listanum er jafnvel svarti dauði sem lifir einhverju dularfullu lífi í Asíu og stingur þar öðru hverju upp kolli en mér er ekki kunnugt um að hafi borist hingað öldum saman. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar hjá ráðherra varðandi þetta.

Samkvæmt grg. með frv. virðist Margrét Guðnadóttir sem átti sæti í nefndinni hafa gert athugasemdir eða lagt fram sérálit og ég vildi gjarnan fá það fram í hverju hennar skoðun var fólgin, að hvaða leyti hún var ekki sammála því sem hér er lagt til.

Það er ýmislegt sem hér mætti gera að umræðuefni sem varðar framkvæmd þessara laga en ég ætla ekki að eyða tíma í það. En ég vil að lokum ítreka það að ég mælist til þess við þá nefnd sem fær frv. til umfjöllunar að hún hugi svolítið að þeim þætti sem snýr að almenningi og hvernig virkja megi fólk til vitneskju og þekkingar á þessu málefni því að samkvæmt þessu frv. ber öllum skylda til að tilkynna um sjúkdóma. Það segir í 7. gr.:

„Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.“

En við þekkjum auðvitað dæmi um það að út af þessu hefur nú brugðið, m.a. hvað varðar eyðni. Það er því mjög mikilvægt til að lög eins og þessi nái tilgangi sínum að fræðsla og samband við almenning sé sem allra best.

Ragnhildur Eggertsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er til umræðu. Núgildandi sóttvarnarlög munu vera síðan 1954, sem sagt tæpra 40 ára, ef ég hef skilið rétt. Síðan þau voru sett hafa komið alvarlegir smitsjúkdómar upp og nægir þar að nefna þann voðalega sjúkdóm eyðni sem nú leggur í valinn milljónir manna í heiminum. Til að verjast þeim sjúkdómi hefur farið fram nokkur fræðsla og ber í þeim efnum að þakka félagi samkynhneigðra, Samtökunum '79, fyrir þann framgang og það hugrekki og ábyrgð sem þau hafa viðhaft til að styrkja og koma þeirri fræðslu á framfæri ásamt landlæknisembættinu.

Það er aftur á móti svo að eyðnisjúklingar eru sumir einnig sjúkir að öðru leyti, þ.e. eru fíkniefnasjúklingar, og sumir þeirra leiðast út í vændi til að afla sér peninga fyrir fíkniefnunum sem þeir eru svo háðir. Þetta býður auðvitað hættunni heim þar sem dómgreind þessara sjúklinga er í molum og fíknin sem þeir eru haldnir stjórnar gerðum þeirra. Þess vegna vil ég benda á 10. gr. í frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis."

Ég tel ég að 10. gr. sé allra góðra gjalda verð. En þó verður að gæta vandlega að því að ekki sé um leið verið að merkja opinberlega einstaklinga úti í þjóðfélaginu sem taldir eru á þennan hátt hættulegir umhverfi sínu.

Í umsögn um frv. segir að ætla megi að kostnaður við að ráða sérstakan sóttvarnalækni til embættis landlæknis sé a.m.k. 7 millj. kr. á ári. Það eru töluverðir peningar nú á tímum niðurskurðar en að mínu mati er þeim vel varið þó að ég sakni þess að sjá ekki áætlaðan kostnað vegna forvarna en væntanlega er það innifalið í þessari upphæð.

Í frv. kemur einnig fram eins og réttilega var bent á áðan að starfrækja verður göngudeildir sem kostar líka töluvert og það er gott að ráðherra telur þjóðina hafa efni á því núna á tímum boðaðs niðurskurðar í ríkisbúskapnum. Ég fagna því að heyra að það skuli þó vera efni á þessu.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta frv. brýnt en held að ýmislegt í því þurfi að skoða nánar eins og ég benti á í sambandi við 10. gr. Og eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir benti á áðan ber að skoða nánar sérstaklega það er snýr að ýmsu er varðar persónufrelsi og að mínu mati þarf að fara mjög varlega í því sambandi.

Það kom líka fram í máli ráðherra að með því að frv. verði að lögum verði mikil lagahreinsun og það er auðvitað til bóta. Það er vafalaust. En mig langar til að spyrja ráðherra um það að nú skilst mér að fella eigi út lög sem varða berklasjúkdóminn og lög sem varða kynsjúkdóma — ég verð nú að viðurkenna að ég er ekki nógu fróð til að þekkja þessi gömlu lög — mig langar að spyrja í framhaldi af því hvernig er með berklatilfelli hér á landi núna og eins með kynsjúkdómatilfelli. Ég veit að berklatilfellin eru mikið í rénun en mig langar að vita hvort það er eitthvað um þau núna og mig langar að vita líka hvort kynsjúkdómatilfellum hefur fækkað mikið.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir þeirra orð og stuðning við meginefni þessa frv. og skal reyna eftir föngum að svara þeim spurningum sem hv. þm. hafa varpað hér fram.

Í fyrsta lagi var bent á það af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það hefðu svo til einvörðungu læknar komið að þessu máli. Það út af fyrir sig er mjög eðlilegt vegna þess að sóttvarnastarfið er fyrst og fremst starf sem læknar eru í forsvari fyrir. Þeir eru ábyrgir sem faglegir ráðunautar heilbrigðisyfirvalda í þeim málum. Þeir sitja í þeim embættum sem um sóttvarnamál fjalla af hálfu hins opinbera og það er náttúrlega mjög eðlilegt að læknar, og þá sérstaklega sérfræðingar í smitsjúkdómum og þeir læknar sem fara með stjórnsýslumál í heilbrigðiskerfinu, séu sóttir til ráðuneytis um slík mál því að hér er fyrst og fremst verið að fjalla um tvennt, þ.e. annars vegar stjórnkerfi sóttvarnanna í landinu og í öðru lagi almennar sóttvarnaráðstafanir. Og hvort heldur menn fjalla um stjórnkerfi sóttvarnanna eða sóttvarnaráðstafanirnar þá eru það í öllum tilvikum læknar sem eru stefnumótandi ráðgjafar heilbrigðisyfirvalda um þessi mál. Það er því mjög eðlilegt að það séu fyrst og fremst læknar sem um þessi mál fjalla. Hins vegar er sjálfsagt að taka það til athugunar og ég vísa því til hv. nefndar sem með þetta mál fer hvort eðlilegt sé að aðrir en læknar komi að yfirstjórn og stjórn sóttvarna á Íslandi. En ég vek athygli á því að það eru náttúrlega fjölmargir aðrir starfsmenn heilbrigðiskerfisins sem að þeim málum munu vinna samkvæmt þessu frv. og að þeim málum vinna í dag því að þó að þannig sé tekið til orða í frv. að þau mál séu falin sóttvarnalækni eða héraðslæknum á viðkomandi stöðum, þá er þarna um að ræða stjórnsýsluaðila. Það er að sjálfsögðu starfsfólkið allt á heilsugæslustöðunum víðs vegar um landið sem kemur að málunum í raun jafnvel þó svo að héraðslæknarnir séu gerðir ábyrgir fyrir meðferð og sóttvarnalæknir og landlæknir fyrir stjórnun. Mér finnst sjálfsagt að menn skoði þessar ábendingar hv. þm. en ég vek athygli á því að það er ekkert óeðlilegt að í þessum þætti heilbrigðismála séu það fyrst og fremst læknarnir sem að málum koma. Það segir sig raunar nokkuð sjálft.

Um 8. gr. er það að segja að eins og hún er hér í frv. er ekki fjallað nákvæmlega um sama efnisatriði og í upphafsmálsgrein 9. gr. 8. gr. er óbreytt frá sams konar ákvæði í gildandi lögum. Mér gafst ekki tími til þess að slá upp á greininni í gildandi lögum en í 8. gr. er fjallað um það, eins og kemur fram í athugasemdum við frv., að komist læknir að því í starfi sínu að einstaklingur sem smitast hefur af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og hefur ekki hirt um að leita læknis, þá skuli hann þegar í stað vekja athygli héraðslæknis og sóttvarnalæknis á því.

Í 9. gr. er fjallað um það hvernig lækni eigi að tilkynna til viðkomandi yfirvalda, þ.e. héraðslæknis eða sóttvarnalæknis, um aðila sem hann hefur rökstuddan grun um að smitast hafi af smitsjúkdómi og hvaða skyldur hvíla á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Það hafa því fallið niður einhver orð úr 8. gr. en það er ekki sama efnisatriði sem um er fjallað í henni og 9. gr. þó svo málsgreinarnar séu nokkuð líkar. En þetta er ekki sama efnisatriðið.

Varðandi 15. gr., sem hv. þm. spurði einnig um, er

því ekki að leyna, og ég reikna með að hv. þm. viti það ósköp vel eins og flestir aðrir, að heilbrigðisyfirvöld t.d. hér í Reykjavík hafa lent í miklum erfiðleikum með tiltekna sjúklinga sem haldnir eru smitsjúkdómi sem hættulegir kunna að vera öðru fólki og hafa ekki fylgt reglum sem sóttvarnalæknir eða héraðslæknir í Reykjavík t.d. hefur sett þeim að fylgja eftir og menn hafa lent í vandræðum með hvernig á að taka á slíkum málum. Þarna er verið að reyna að opna þessum aðila leið, þ.e. sóttvarnalækni, það er ekki gert ráð fyrir því að héraðslæknir geti gripið til þeirra aðgerða sjálfur að setja slíkan aðila í einangrun. Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er ekki ástæða til að gerð sé sama krafa og er í 3. mgr. 13. gr. lögræðislaganna um að einhver nákominn ættingi viðkomandi einstaklings hafi forgöngu um málið. Ég lít svo á að um sé að ræða forgöngu sóttvarnalæknis í slíkum málum. Ég vona að mér fyrirgefist það, virðulegi forseti, þó ég fari ekki að tilgreina dæmi hér um, en ég býst við að flestir þingmenn þekki slík dæmi, að einstaklingur sem hættulegur hefur verið umhverfi sínu vegna smitsjúkdóma hefur neitað að fara að fyrirlagi héraðslæknis eða landlæknis og menn þurft að viðhafa sérstakar ráðstafanir til þess að kosta þá upp á gæslumenn til að fylgja viðkomandi einstaklingi eftir til þess að hann verði ekki öðrum að skaða. Ákvæðið lýtur að því að sóttvarnalæknir geti gripið til þess ráðs í slíkum tilvikum að einangra slíkan sjúkling á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti en þó ekki lengur en 15 daga utan dómsúrskurðar.

Hv. 18. þm. Reykv. kom réttilega að því að það tíðkast hér á Alþingi að þegar endurflutt væru frv. af hálfu stjórnvalda þá væri yfirleitt látið nægja að geta þess að slík frv. hefðu verið lögð fram áður og gera grein fyrir meginbreytingum sem gerðar hefðu verið á þeim. Ástæðan er einfaldlega sú að það mundi æra óstöðugan ef ráðherra færi að flytja alla sögu slíkra þingmála með þeim umræðum og þeim breytingum sem gerðar hefðu verið á því hverju sinni, heldur hafa ráðherrar yfirleitt látið sér nægja að geta þess hvenær slík mál hafi verið lögð fram á Alþingi og hvaða umfjöllun þau hafi fengið í stórum dráttum. Þannig sé verið að vísa þeim þingmönnum, sem hafa áhuga á að ná sér í viðbótarupplýsingar um málið, á hvert þeir geta sótt þær viðbótarupplýsingar. Þær eru að sjálfsögðu annars vegar til í þingtíðindum, hins vegar í þeim þingskjölum sem lögð hafa verið fram um þau mál á fyrri þingum og í þriðja lagi í vörslu þeirra þingnefnda sem um málin hafa fjallað. Þar eru t.d. allar umsagnir sem um mál hafa borist. Þetta er sú aðferð sem hefur verið viðhöfð hér á Alþingi. Það má vel gagnrýna það að þetta sé gert en svona er þetta einfaldlega. Hv. þm. er vísað á þá staði þar sem hægt er að finna upplýsingar um þau efni sem þeir spyrja um. Til dæmis spurði hv. þm. um afstöðu Margrétar Guðnadóttur læknis. Það kemur fram í sérálíti hennar með fskj. þess frv. sem lagt var fram á sl. vori. Þar er sérálit Margrétar Guðnadóttur að finna. Ef hv. þm. óskar eftir því að ráðherra hafi upp á því þá er það auðvitað alveg sjálfsagt, en ég taldi ástæðulaust að vera að gera sérstaka grein fyrir því í framsöguræðu minni með þessu frv. vegna þess að hennar sérálit liggur fyrir á Alþingi í þinggögnum. Það er auðvitað guðvelkomið að grafa það upp og flytja um það sérstakt mál, en þá auðnast okkur að sjálfsögðu ekki að ljúka umræðunni í dag.

Hv. 18. þm. gat þess einnig að það væri nauðsynlegt að efla fræðslu um sóttvarnamál. Það er rétt. Það er eitt af þeim hlutverkum sem ætlast er til að landlæknir gegni. Landlæknir fer með fræðslu um sóttvarnamál og ýmis önnur mál sem hv. þm. veit af. Það er tekið fram sérstaklega í 5. gr. að meðal verksviða sóttvarnalæknis, sem er nýtt embætti sem á að stofna til við landlæknisembættið, sé að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. hvað varðar upplýsingar og fræðslu til almennings um þessi efni. Þannig gerir frv. ráð fyrir því að um sérstaka fræðslu við almenning sé að ræða og að það sé eitt af meginverkefnum sóttvarnalæknis að hafa yfirumsjón með þeirri fræðslu á vegum landlæknisembættisins. En eins og hv. þm. er kunnugt er það landlæknisembættið sem fyrst og fremst fer með fræðslumál til almennings um smitsjúkdóma, um aðra sjúkdóma, um forvarnir og um forvarnastarfsemi. Hann útbýr slík gögn í hendurnar á heilsugæslustöðvunum en eitt af hlutverkum heilsugæslustöðva eins og kveðið er á um í lögum um heilbrigðismál er að fræða almenning m.a. um varnir gegn smitsjúkdómum og um forvarnir gegn öðrum sjúkdómum. Það er því ekki rétt að í þessu frv. sé ekki lögð áhersla á það fræðslustarf. Þvert á móti er sérstaklega tekið fram að eitt af hlutverkum sóttvarnalæknis sé að hafa yfirumsjón með slíkri fræðslu.

Þá spurði hv. þm. nokkuð út í 14. gr., þ.e. hvernig gangur mála ætti að vera þegar sóttvarnalækni berst tilkynning um smitsjúkdóm. Ég get ekki svarað því öðruvísi en að vísa í efnisatriði greinarinnar. Þar er gerð grein fyrir því hvernig á málum skuli haldið. Ég ítreka það aðeins að hér er ekki verið að ræða um sóttvarnalækna í fleirtölu, eins og hv. þm. gerði, heldur sóttvarnalækni sem er sérstakt starf sem stofnað er til við embætti landlæknis samkvæmt frv. Því er lýst í þessari grein hvernig sóttvarnalæknir skuli bera sig að þegar honum hefur borist tilkynning um smitsjúkdóm, að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert o.s.frv. Þannig tel ég að 14. gr. skýri sig nokkuð sjálf en ítreka að þarna er verið að tala um hinn sérstaka sóttvarnalækni sem ráðinn er til starfa hjá landlækni samkvæmt ákvæðum frv. en ekki sóttvarnalækna, óskilgreinda í fleirtölu.

Þá er spurt hvenær göngudeildum verði komið á fót. Eins og ég sagði í framsögu minni er vísir að göngudeild fyrir slíkt fólk þegar starfrækt. Þ.e. göngudeild fyrir þá sem smitast hafa af alnæmisveiru og öðrum smitsjúkdómum, en vísir að slíkri göngudeild er starfræktur við Borgarspítalann eins og hv. þm. er kunnugt. Þó ekki sé búið að stofna sérstaka göngudeild fyrir þá sjúklinga sem haldnir eru varhugaverðum smitsjúkdómum þá er engu að síður kominn vísir að slíkri deild. Það er því ekki rétt sem segir í umsögn fjmrn. að ekki sé þegar búið að koma upp vísi að þeirri starfsemi sem um fjallar í frv. til sóttvarnalaga með stofn-

un deildar, sennilega þá við Borgarspítalann eða Landspítala, það færi eftir aðstæðum á hvorum spítalanum stofnsett yrði sérstök deild, göngudeild fyrir smitsjúkdóma, þ.e. varhugaverða smitsjúkdóma. Það er út af fyrir sig ákvörðun Alþingis um fjárveitingar hvenær að því kemur en ég ítreka að þegar er til vísir að þessu starfi.

Ég hef að sjálfsögðu ekki upplýsingar um fjölda þeirra tilvika um sýkingar sem taldir eru upp sem smitsjúkdómar í fskj. með frv. Ég verð því miður enn að vísa hv. þm. í því efni á ársskýrslu landlæknis. Landlæknir sendir einu sinni á ári út skýrslu þar sem m.a. er greint frá tíðni smitsjúkdóma. Þær skýrslur eru áreiðanlega til hér á bókasafni Alþingis, þar er þessar upplýsingar að finna. Ég mæti því miður ekki með allar hugsanlegar upplýsingar um slíka hluti þegar ég flyt framsögu fyrir frv. af þessu tagi, annað en það að ég held ég geti fullyrt að það hafi ekkert tilvik af svarta dauða komið upp á Íslandi á sl. ári, né heldur af kóleru, né heldur af ýmsum öðrum hættulegum smitsjúkdómum sem hér eru nefndir. Með sama hætti get ég ekki svarað fyllilega þeirri spurningu sem ég fékk um fjölda berklaveikitilfella á síðustu árum annað en að upplýsa það sem allir vita að berklaveikitilfellum hefur snarlega farið fækkandi á undanförnum árum og er nú hrein tilviljun að upp komi slík tilvik. Um kynsjúkdóma og sýkingar vegna kynsjúkdóma hef ég einnig litlu öðru við að bæta en þeim almennu staðreyndum að þessir sjúkdómar virðast sveiflast svolítið til eftir árum. Eitt árið er talsvert mikið af slíkum tilvikum, annað árið minna.

Virðulegi forseti. Þetta eru spurningar sem eru til fullgild svör við sem er sjálfsagt að veita ef hv. þm. gefa þá ráðherra tíma til þess að afla þeirra. Þetta er allt saman í ársskýrslu landlæknis og þar að auki í ársskýrslum héraðslæknanna í hinum einstöku læknishéruðum þannig að það eru til sérstakar upplýsingar um öll þessi tilvik, bæði í skýrslu héraðslæknisins í Reykjavík fyrir Reykjavíkurlæknishérað og eins í skýrslu landlæknis fyrir landið í heild. En ég vona að mér fyrirgefist þó ég sé ekki hér mættur með upplýsingar um öll þessi atriði sem um var spurt.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer ekkert ofan af því að ég geri þá kröfu til ráðherra að þeir kynni rækilega þau mál sem þeir eru með og minni á það sem ég sagði áðan að það er upphaf nýs kjörtímabils. Ég hef það ekki nákvæmlega í huganum hvenær þessu frv. var dreift hér en það eru ekki margir dagar síðan, þannig að með öllum þeim málum sem hér eru til umræðu get ég bara ekki með nokkru móti séð hvernig þingmenn eiga að geta kynnt sér þessi mál til hlítar sem auðvitað væri þörf á að gera. Ég vildi svo sannarlega hafa haft meiri tíma til þess að fara ofan í þetta mál.

Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. ráðherra varðandi 14. gr. hvernig þessir hlutir ættu að ganga fyrir sig og í rauninni er þá spurningin kannski frekar hvernig hefur þetta gengið fyrir sig. Hér er náttúrlega verið að tala um hin ýtrustu tilfelli þegar jafnvel þarf að leita aðstoðar lögregluyfirvalda og það hefði verið fróðlegt að fá meira að vita um þetta. Mér finnst það vera góð vinnubrögð eins og tíðkast í sumum ráðuneytum að gefa nokkuð gott yfirlit yfir stöðu mála.

En aðalatriðið, virðulegi forseti, er auðvitað það að heilbrigðisyfirvöld og þeir læknar, sem fyrst og fremst vinna við þessi mál, sinni sínum skyldum en það sem gildir til þess að ná árangri er auðvitað að almenningur hafi ákveðna þekkingu og að heilbrigðisyfirvöld og almenningur haldi vöku sinni. Það er það sem þarf til þess að ná árangri í þessum málum.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg nákvæmlega rétt sem hv. þm. segir að það er nauðsynlegt að uppfræða almenning um þessi mál. Þetta frv. er sérstaklega miðað við þær þarfir vegna þess að það er gert ráð fyrir því að stofnað verði embætti sérstaks sóttvarnalæknis sem hafi það hlutverk að fræða almenning. Ég vil einnig lýsa því yfir, virðulegi forseti, að a.m.k. um suma þá sjúkdóma sem hér um ræðir, t.d. þann sem talinn er oft einna alvarlegastur, alnæmi, hefur mikið fræðsla átt sér stað af hálfu landlæknisembættisins og heilbrigðisyfirvalda, þannig að ég held að það sé ekki hægt að kvarta yfir því t.d. hvað þann sjúkdóm varðar að fræðsluhlutverkinu hafi ekki verið mjög vel sinnt. Og ég ítreka að það er alveg nýlega, það var í gær, sem hv. þm. fékk upplýsingar um það frá mér hvernig fræðslu um þennan sjúkdóm hefði verið háttað í skólum og hvaða árangur sú fræðsla hefði borið.

Ég er alveg sammála hv. þm. um það að þetta er lykilatriði í málinu en það er verið að vinna að þessu og það er verið að styrkja þetta fræðsluhlutverk í þessu frv.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt hjá ráðherranum að töluverð fræðsla á sér stað, sem betur fer, en það sem ég var að leggja mesta áherslu á í mínu máli var að það er mjög nauðsynlegt að fólk þekki þessa sjúkdóma sem eru nánast horfnir eða alveg horfnir. Mönnum hættir til að afskrifa sjúkdóma eins og berkla og segja að þeim hafi verið útrýmt á Íslandi, en þeir geta stungið upp kolli. Eins og ég nefndi áður eru ýmsir þessir sjúkdómar landlægir í þriðja heiminum og ferðalög aukast jafnt og þétt þannig að það er mjög mikilvægt að allur almenningur sé vakandi fyrir og þekki þessa sjúkdóma sem fyrir allnokkru lögðu fjölda Íslendinga í gröfina.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég gera lítið úr því að það sé nauðsynlegt að ástunda fræðslu um smitsjúkdóma sem nú hafa að mestu verið útlægir gerðir á Íslandi og hefur tekist að yfirstíga þó ég telji náttúrlega enn þýðingarmeira að auka fræðslu og efla fræðslu um þá sjúkdóma sem raunverulega ógna Íslendingum og

íslensku fólki fremur en kannski hina. Ég vil enn taka það fram til upplýsingar að þetta sem hv. þm. var að ræða um hefur einmitt verið gert vegna þess að það hefur verið tekið saman sérstakt upplýsingarit fyrir íslenska ferðamenn á suðrænum slóðum þar sem reynt er að vara þá við ýmsum sjúkdómum sem þar eru landlægir en búið er að útrýma héðan af Íslandi, t.d. berklum og fleiri sjúkdómum. Þannig að það sem hv. þm. er hér að lýsa eftir og telur að sé nauðsynlegt, og ég er henni sammála um það, hefur þegar verið gert.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. var lítillátur, ljúfur og kátur í svarræðu sinni hér áðan eins og hans er von og vísa. Það geislar yfirleitt glaðværðin af ráðherrum þegar þeir eiga orðastað við þingmenn um mál. Hann sagði að það væri eðlilegt að eingöngu læknar hafi komið að því að semja sóttvarnalög og gefa umsögn um það frv. sem samið var. Þeir væru ábyrgir fyrir þessum málum og færu með stjórnsýsluna. Þeir væru stefnumótandi um stjórnkerfið og það segði sig sjálft að þeir ættu að sinna þessari lagasmíð. Ég er ekkert viss um að það segi sig neitt sjálft. Það kann að vera orðið svo nú að læknar séu stefnumótandi alls staðar í stjórnkerfinu, í heilbrigðiskerfinu, en mér finnst það ekkert segja sig sjálft að þannig skuli það vera. Ég er alveg sannfærð um það að hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk hefur unnið mikið starf í sóttvörnum og ég er líka alveg sannfærð um að það er til sérhæft starfsfólk í sóttvörnum á öðrum sviðum en læknisfræðinni. Ég er alveg sannfærð um að það eru til hjúkrunarfræðingar sem eru sérhæfðir í sóttvörnum og hefðu kannski ýmislegt að leggja inn í þetta mál og inn í þessa umræðu, þó þeir virðist ekki hafa verið spurðir eða þeirra fulltrúar settir inn í nefndir á vegum heilbr.- og trmrn. Mér finnst það satt að segja dálítið sérkennilegt hvað það er í rauninni lítið um það þegar almenn heilbrigðismál eru til umfjöllunar. Ég hef svo sem engar tölur handbærar um það akkúrat núna, en þetta er eitt af því sem m.a. hjúkrunarfræðingar hafa kvartað undan á fundum hjá heilbr.- og trn., að þeirra fulltrúar rati yfirleitt aldrei inn í nefndir á vegum ráðuneytisins vegna þess að það sé ekki eftir þeim leitað.

Ég gerði einnig athugasemd við 14. og 15. gr. þessa frv. þar sem verið er að tala um innlagnir eða einangrun fólks gegn vilja þess, þ.e. nauðungarinnlagnir og sagði að ég teldi mjög óeðlilegt að það væri vísað til lögræðislaganna í þessu frv. Í lögræðislögunum er kveðið á um það hverjir geti átt aðild að því að leggja einstaklinginn inn nauðungarinnlögn, það eru ættingjar og það er félagsmálastofnun sem kannski kemur alls ekkert að þessum málum, þ.e. að smitsjúkdómum.

Hæstv. ráðherra sagði að hann liti svo á að í 14. og 15. gr. væri átt við sóttvarnalækni, það væri hann sem ætti að sinna þessari nauðungarinnlögn, en það er ekkert hægt að líta svo á, frv. segir ekkert um það og menn geta ekki túlkað það að vild hver eigi að standa að þessum málum þó að þeim finnist það sjálfum eðlilegt að það væri sóttvarnalæknir. Ef yfirvöld telja nauðsynlegt að hafa einhverja lagaheimild til að einangra einstakling eða leggja inn nauðungarinnlögn vegna smithættu þá verða lagaákvæðin að verða skýr og tvímælalaus til að tryggja réttarstöðu einstaklinganna. Það er ekki hægt annað og ég held að þetta þyrfti að vera inni í lögræðislögunum, þannig að það sé alveg klárt í hvaða tilvikum megi meðhöndla einstakling með þessum hætti, svipta hann ákveðnum mannréttindum, getum við sagt, en það sé ekki hægt að hafa ákvæði hér og þar í öðrum lögum sem kveði á um hvernig túlka beri lögræðislögin. Mér finnst það ekki vera sæmandi íslensku réttarkerfi að halda þannig á málum.

Þetta eru leikmannsþankar um þessi atriði en mér finnst að þetta sé hlutur sem verði að skoða vandlega. Við getum ekkert leyft okkur að fara með þessi mál af einhverri léttúð þó að vissulega sé það alvarlegt ef einstaklingur sem er með alvarlegan smitsjúkdóm hegðar sér þannig að af honum stafi hætta. Það er vissulega alvarlegt, en við getum ekki leyft okkur að koma fram við þann einstakling með hverjum þeim hætti sem heilbrigðisyfirvöldum þóknast og telja nauðsynlegt.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. — Er hæstv. ráðherra ekki einhvers staðar í nágrenninu, hæstv. forseti? Jú, þarna er hann. — Ég ætla að fá að segja okkur orð í sambandi við þetta frv. og þá vil ég fyrst taka undir með hv. 18. þm. Reykv. að það er auðvitað fullkomlega ástæðulaust að ekki skuli fylgja með því þskj. sem nú er fram lagt þær upplýsingar sem hafa verið í fyrri svo til samhljóða frv., einkum og sér í lagi þar sem eins og hér hefur komið fram sitja nú 25 nýir þingmenn Alþingi Íslendinga, eða ættu a.m.k. að gera það þó að það komi sjaldan fyrir. En það er auðvitað ekki hægt að vísa til þingskjala fyrri ára meðan allt annað fólk sat hér á hinu háa Alþingi.

Fyrst ætla ég að minnast aðeins á að það kemur mér dálítið á óvart að heyra nú hæstv. heilbrrh. lofa nýjum embættum og göngudeildum og ég veit ekki hverju. Sjálfur gekk hann fram í því að semja frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði sem núv. hv. fjárln. hefur lagt fram svo til óbreytt eða mikið til óbreytt frá því að hæstv. ráðherra var formaður fjárveitinganefndar og höfundur þessa frv. þar með, sat í undirnefnd um samningu þess. En þar segir í 2. gr.: „Óheimilt er að auka launa- og rekstrarkostnað ríkisins umfram það sem ákveðið er í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjárlögum."

Þar sem þetta frv. til sóttvarnalaga á nú að taka gildi 1. jan. 1992 skal bent á að það hafa þegar verið samin og samþykkt fjárlög fyrir 1992 og ég held að ástæða sé fyrir nefndina til að breyta þessu, ég held að þetta hljóti að eiga að vera 1. jan. 1993 og vil leyfa mér að skoða þetta sem prentvillu. En ég vil aðeins heyra frá hæstv. heilbrrh. hvort hann telji að ástæða sé til þess að auka launa- og rekstrarkostnað án þess að leitað sé heimilda fjárln.

Síðan eru nokkur atriði sem ég vil taka undir og m.a. það að auðvitað er það algjör grundvallarmis-

skilningur að einungis læknar eigi að fást við sóttvarnir og bera ábyrgð á þeim. Það leiðir af sjálfu að þegar sjúklingur er kominn í einangrun er honum fyrst og fremst hjúkrað af hjúkrunarfólki og sérfræðingum á því sviði og bæði andleg hlið málsins og félagsleg og umönnunarleg er fyrst og fremst unnin af því fólki, auk þess sem fræðsla og fyrirbyggjandi aðgerðir eru oft á höndum þeirrar stéttar, þ.e. hjúkrunarfræðinganna. Ég held því að það sé alveg sjálfsagt að kalla það fólk til ráðslags þegar frv. að slíkum lögum er samið, en það er sennilega of seint nú en sjálfsagt er þá að styðjast við kunnáttu og þekkingu þess fólks þegar reglugerðir verða samdar.

En svo rétt að lokum, hæstv. forseti, langar mig að spyrja hér um tvö atriði. Samkvæmt þessu frv. falla úr gildi lög um berklavarnir eða berklavarnalögin svokölluðu. Ef ég man rétt, ég hef ekki haft tíma til þess að fletta þeim upp eða fara ofan í saumana á þeim, þá eru í þeim lögum, og ég man það áreiðanlega rétt, mjög ströng ákvæði um að hverjum manni sé skylt að hlíta rannsókn ef óskað er, almennri rannsókn, þó að enginn grunur leiki um að berklar séu á ferðinni og sú var tíðin að landsmenn voru beinlínis teknir með valdi ef þeir urðu ekki við því. Þetta er nokkuð langur bálkur, ef ég man rétt, og því langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra. Þó að svo farsællega hafi til tekist að berklaveikinni hafi næstum verið útrýmt, þá kemur það nú fyrir að henni skýtur upp og ekkert okkar óskar sjálfsagt eftir því að hún gæti náð sér á strik, en óþarft er að rifja upp þegar hundruð manna hrundu niður úr berklaveiki og heilu heimilin lögðust í rúst og höfðu víst á tímabili flest íslensk heimili orðið fyrir barðinu á þeirri veiki. Mig langar þess vegna að spyrja af hreinni vanþekkingu, ég skal játa það: Er ekki enn þá berklaprófað í grunnskólum og aðgerðir í frammi hafðar til þess að hindra að berklaveiki geti náð fótfestu? Nú spyr ég hæstv. ráðherra, ég hreinlega hef ekki fylgst með því hvort svo er enn þá.

Annað rak ég augun í sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um. Á þeim lista sem fylgir um flokkun smitsjúkdóma sakna ég eins smitsjúkdóms sem gat hér á árum áður orðið harla skæður þó að nú séu komin lyf við honum sem lækna hann fljótlega, sé hann uppgötvaður, en hann er dálítið erfitt að greina, og það er skarlatssótt. Ég er dálítið hissa að sjá ekki skarlatssótt á þessum lista. Mér hefur þá yfirsést en ég sé hana ekki hér.

Í þriðja lagi og að lokum: Ég vil taka það fram að það er afar erfitt að fylgjast með þessum frv. síðustu daga, maður hefur ekki undan að kynna sér mál og sumum liggur svo mikið á að þau eru lögð fram óræddd, svo að enginn botnar neitt í neinu eins og kom hér fyrir í gær. En varðandi almennar ónæmisaðgerðir á smábörnum. Ég fór allt í einu að hugsa, hvar er ákvæði um þær að finna í lögum? Og ef þær eru einungis reglugerðaratriði eða einhvern veginn öðruvísi ákvarðaðar, sem ég hreinlega veit ekki, þá vildi ég spyrja ráðherra hvort ekki væri ástæða til að hafa ákvæði um skyldubólusetningar sem allir foreldrar ættu að bera ábyrgð á varðandi ungbörn sín og raunar e.t.v. endurteknar bólusetningar ef þurfa þykir.

Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra upplýsti mig um þetta áður en við ljúkum þessari umræðu. Að öðru leyti tel ég ágætt að fá ný sóttvarnalög og ástæða er til að færa þau til nútímans. En þessi atriði eru ofurlítið óljós fyrir mér.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla fyrst að taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning að frv. er ekkert um það að banna hjúkrunarfræðingum eða öðru starfsfólki í heilbrigðiskerfinu en læknum að sinna smitsjúkdómum, nema síður væri. (**GHelg:** Það sagði ég ekki.) Það mátti skilja það á ræðu hv. síðasta ræðumanns að þessi lög ættu eiginlega að banna hjúkrunarfræðingum að umgangast fólk sem sýkt væri af smitsjúkdómum, en það er aldeilis ekki. Frv. er fyrst og fremst um skipun stjórnsýslu í sambandi við smitsjúkdómavarnir. Ef við förum yfir það saman, hv. þm., þá er I. kaflinn um skilgreiningar. II. kaflinn um yfirstjórn sóttvarna. III. kaflinn er um almennar sóttvarnaráðstafanir og þar eru m.a. ákvæði sem taka til allra heilbrigðisstéttanna. Vegna þess að það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. að það eru fleiri en læknar sem koma að smitsjúkdómavörnum og sinna því fólki sem orðið hefur fyrir smitsjúkdómum. Það eru allar heilbrigðisstéttir sem það gera. Og III. kaflinn fjallar ekki bara um starfsskyldur lækna, ekki bara skyldur þeirra einstaklinga sem orðið hafa fyrir smitsjúkdómum heldur skyldur allra heilbrigðisstétta sem slíkum sjúkdómum og slíkum sjúklingum sinna. Það er því mikill misskilningur ef menn halda að með þessum lögum sé verið að einskorða smitsjúkdómavarnir við lækna. Það er síður en svo. Það er gert ráð fyrir því að þessi starfsemi fari m.a. fram á öllum heilsugæslustöðvum landsins og öllum sjúkrahúsum landsins meira og minna, jafnvel þó svo að við vegna smæðar þjóðarinnar verðum að láta okkur nægja að hafa smitsjúkdómagöngudeild kannski aðeins á einu sjúkrahúsi eða svo. En það er alveg ljóst að þetta mál varðar meira og minna allar heilbrigðisstéttir. Það hefur hins vegar verið mjög einfalt, það eru fyrst og fremst læknar sem fjalla um stjórnsýslumálin í þessu sambandi og um almennar sóttvarnaráðstafanir, um skilgreiningar og um samsetningu á þeim lista sem fylgir með í fskj. um flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.

Mér er hins vegar vel kunnugt um það eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún sagði hér áðan að hjúkrunarfræðingar hafa óskað eftir því að fá í meira mæli aðild að nefndum á vegum heilbrrn. sem vinna að ýmissi lagagerð á þess vegum. Ég vil aðeins upplýsa það í því sambandi að ég hef reynt að gera mér far um það í þeim nefndum sem ég hef skipað, að þar séu hjúkrunarfræðingar með. Ég skipaði hins vegar ekki þær nefndir sem sömdu þetta frv. eins og glögglega kemur fram, því það var samið í tíð fyrrv. ráðherra. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það þó að sá fámenni hópur sem að þeirri frumvarpssmíð kom sé fyrst og fremst skipaður læknum eða eingöngu læknum að einum lögfræðingi undanskildum.

Ég get því miður ekki sagt af hverju skarlatssótt er ekki í þessari upptalningu. Hún er ekki samin af mér og ég tók ekki þá ákvörðun að hafa skarlatssótt ekki með. Það getur líka vel verið að eitthvað af þessum latnesku nöfnum sem hér eru talin upp eigi við skarlatssótt, ég hef bara ekki minnstu hugmynd um það en ég tel að það sé þá rétt að menn skoði það í þeirri nefnd sem fær þetta frv., hvernig á því standi að þeir smitsjúkdómalæknar sem um hafa vélað hafa fellt skarlatssóttina út. (Gripið fram í.) Hvort þeir hafa gert það óvart eða hvort þeir hafa gert það meðvitað og hvers skarlatssóttin á að gjalda að fá ekki að vera inni á þessum lista eins og margar sjálfsagt miklu ómerkilegri sýkingar en þær sem skarlatssóttinni valda, um það veit ég bara hreinlega ekki.

Ég hef eitthvað misskilið hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í sambandi við ákvæði 14. og 15. gr. en ég tel að þessi ákvæði séu þess eðlis að auk þess sem kveðið er á í lögræðislögunum, þ.e. í 13. og 5. gr. þeirra laga, þá sé verið að gera ráð fyrir því að sóttvarnalæknir geti, eins og segir í athugasemd með þessari grein, 15. gr.: „Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim tilvikum þegar maður sem haldinn er smitsjúkdómi fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð" o.s.frv. Í einkamálaréttinum eru talin upp þau tilvik þar sem má beita frelsisheftun og að vista sjálfráða mann á sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Þar er aðeins miðað við geðsjúkdóma, ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Ég stóð í þeirri trú að með þessu væri verið að bæta við þá skilgreiningu því að unnt væri að einangra einnig gegn vilja viðkomandi á sjúkrahúsi smitbera sem stafaði hætta af fyrir annað fólk og að það væri sóttvarnalæknir sem gæti farið fram á slíka vistun.

Ég bendi mönnum á í þessu sambandi að það er áskilið í 3. mgr. 13. gr. í III. kafla lögræðislaganna að það skuli leita samþykkis dómsmrh. við slíkri beiðni og ég tel að skírskotunin í greininni, þ.e. þar sem skírskotað er til ákvæðis 3. mgr. 13. gr. lögræðislaganna, sé skírskotun til þess að sóttvarnalæknir yrði að afla sér samþykkis dómsmrn. áður en slík vistun færi fram, áður en nauðungarvistun færi fram.

Ef það orkar tvímælis þá tel ég nauðsynlegt að þau tvímæli verði af tekin í nefndinni sem fær þetta frv. því að tilgangur þeirra sem sömdu frv. er að sjálfsögðu sá að sóttvarnalæknir geti einnig komið við vistun manns gegn vilja sínum á sjúkrastofnun ef um er að ræða smitbera sem með framferði sínu stefnir öðrum í hættu.

Hins vegar má vel vera, eins og hv. þm. sagði, að það sé rétt að koma þessari breytingu frekar inn í lögræðislögin en inn í sóttvarnalögin en tilgangurinn og meiningin er þessi.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að minna hæstv. ráðherra á að hann hefur ekki skrifað allt hjá sér sem spurt var um. Mér fannst ég ekki fá svör við spurningu minni um brottnám beklavarnalaga né heldur hvort meiningin er að gildistaka verði sú sem hér er gert ráð fyrir og í þriðja lagi, samkvæmt hvaða lögum almennar bólusetningar barna eru eða hvort þær eru samkvæmt einhverjum lögum og hvort ástæða væri til að taka það inn í þetta frv.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ónæmisaðgerðirnar eru gerðar samkvæmt farsóttalögum. Þau eru felld niður samkvæmt ákvæðum þessara laga enda er gert ráð fyrir því að sóttvarnalögin, verði þau samþykkt eins og frv. gerir ráð fyrir, veiti landlækni þær heimildir sem farsóttalögin veita honum í dag til ónæmisaðgerða.

Í öðru lagi var spurt um berklavarnir. Mér er ekki kunnugt um annað en að berklaskoðun fari fram enn eins og hún hefur farið fram á undanförnum árum. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm. að það hefur komið til tals hvort ástæða væri til að ganga jafnríkt eftir berklaskoðunum og gert hefur verið. Engin ákvörðun um að breyta til hefur hins vegar verið tekin.

Í þriðja lagi þá er það auðvitað Alþingi sem með fjárveitingum ákvarðar um það hvort unnt sé að efna til sérstakrar göngudeildarstarfsemi fyrir smitsjúklinga. Það ákvarðast að sjálfsögðu í þeim fjárlögum sem Alþingi afgreiðir næst þegar kemur að fjárlagaafgreiðslu þannig að ég hef enga fjármuni til þess að geta stofnsett slíka göngudeild fyrir smitsjúklinga öðruvísi heldur en með heimildum frá hinu háa Alþingi. Það veit hv. þm. Guðrún Helgadóttir því hún veit það af sinni löngu þingreynslu að ráðherra getur ekki ákveðið fjárveitingar sem Alþingi hefur ekki samþykkt.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í miklar lögskýringar enda sagði hæstv. forsrh. og páv. borgarstjóri Reykjavíkur að ég væri aðeins komin á annað ár í lögfræði þegar ég var í borgarstjórn þannig að ég ætla ekki að hætta mér mjög langt í þessu máli. En það sem ég var að reyna að gera athugasemd við hér áðan var að samkvæmt 14. gr. lögræðislaga segir, með leyfi forseta:

„Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans [það er 14. gr.] geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan."

Og í 1. mgr. 5. gr. lögræðislaga segir að sóknaraðili í lögræðissviptingarmáli geti verið: a) maki varnaraðila, ættingi hans í beinan legg og systkin; b) lögráðamaður aðila; og síðan er þessi e-liður sem vitnað er til: félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.

Með öðrum orðum: Lögræðislögin kveða á um það hverjir geta staðið að lögræðissviptingarmáli, hverjir geta staðið að nauðarinnlögn. Mér finnst að þau lög hljóti að geta staðið þannig að einstaklingur, sem þannig háttar til um að er lagður inn gegn vilja sínum, geti litið í lögræðislögin og séð þar hvernig háttar til um hans rétt. En ekki að menn geti síðan komið og sagt: Aha, það er svona ákvæði inni í sóttvarnalögun-

um og svo er svona ákvæði inni í einhverjum öðrum lögum sem veita okkur heimild til þess að gera hitt og þetta. Þetta finnst mér ekki vera sæmandi og mér finnst ekki að sóttvarnalögin geti einhliða falið sóttvarnalækni slíkan rétt þó að það sé kveðið á um það í 15. gr. þegar lögræðislögin kveða á um eitthvað allt annað. Það er þetta sem ég er að reyna að gera athugasemd við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 343. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 552.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frv. til laga um breyting á 15. gr. laga um almannatryggingar. Frv. sem flutt er af öllum þingkonum Kvennalistans felur í sér breytingu á upphæð og ákvörðun barnalífeyris og er markmiðið með frv. að tengja barnalífeyri betur raunveruleikanum en raunin er í dag.

Upphæð barnalífeyris var síðast ákveðin með lögum nr. 96/1971 en það ár mun barnalífeyrir hafa hækkað um 40%. Þá var jafnframt ákveðið að hann sem og aðrar bætur og greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins skyldu taka breytingum í samræmi við þær breytingar sem yrðu á launum í almennri verkamannavinnu. Upphæð barnalífeyris er í dag 7.425 kr. á mánuði.

Samkvæmt 15. gr. almannatryggingalaga er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Ef þetta á við um bæði foreldri er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Þá er barnalífeyrir greiddur með börnum sem ekki eru feðruð og í ákveðnum tilvikum með börnum ellilífeyrisþega og refsifanga.

Barnalífeyrir er með öðrum orðum greiddur með börnum þegar annars eða beggja framfærenda nýtur ekki við eða þegar aðstæður framfæranda eru með þeim hætti að þeim er ekki unnt að uppfylla framfærsluskyldu sína.

Síðast en ekki síst er barnalífeyrir notaður sem viðmiðun um meðlagsgreiðslur eða eins og segir í 2. mgr. 16. gr. barnalaga, með leyfi forseta:

„Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, ...“

Þannig er ákvæði barnalaganna og þess vegna setur barnalífeyririnn neðri mörk meðlagsins.

Af þessu má ljóst vera að barnalífeyrir er framfærslueyrir barna og ætti því, ef allt væri með felldu, að taka mið af raunverulegum framfærslukostnaði þeirra. Því fer hins vegar víðs fjarri að svo sé í dag. Við þurfum ekki annað en að skoða einfalt reikningsdæmi til að sjá að svo er ekki. Við skulum gefa okkur að forsjáraðili barnsins leggi 7.425 kr. til framfærslu þess, sem er eins og barnalífeyririnn er í dag eða meðlagið. Meðlagið, eða barnalífeyrir eftir atvikum, nemi síðan 7.425 kr. Það er þá framlag hins aðilans. Mæðralaun eru 4.653 kr. og barnabætur 7.970 kr. á mán. ef barn er undir sjö ára aldri en 5.560 kr. ella. Að öllu samanlögðu hefur barnið til framfærslu 27.473 kr. á mánuði ef það er undir sjö ára aldri en 25.063 kr. ella.

Ýmsum kann að þykja þetta allnokkuð en það vantar engu að síður talsvert upp á að upphæðin nægi barni til framfærslu og það sem upp á vantar verður forsjáraðili barnsins að leggja fram sem í langflestum tilvikum er móðirin.

En hvað kostar þá að framfæra barn? Um það má sjálfsagt deila en mun nær lagi væri að kanna það og í þessu frv. er raunar lagt til að það verði gert og sú könnun notuð sem grundvöllur fyrir ákvörðun um upphæð barnalífeyris.

Félag einstæðra foreldra lét gera slíka könnun árið 1986 og það má vel notast við hana til að gera sér einhverjar hugmyndir um framfærslukostnað barna því ólíklegt er að hlutföll hafi raskast svo nokkru nemi síðan hún var gerð. Ef upphæðir í könnuninni sem birt er sem fskj. með þessu frv. eru framreiknaðar til dagsins í dag kemur í ljós að framfærslukostnaður tveggja ára barns einstæðs foreldris er um 31.700 kr. á mánuði, sex ára barns um 34.700 kr. og tólf ára unglings um 56.000 kr. á mánuði. Inn í þessar tölur er ekki reiknaður kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, ljóss, hita og þvotta. Á þessum tölum sést að forsjáraðili barnsins þarf að leggja 4.200 til 31.000 kr. á mánuði til framfærslu barnsins umfram það sem meðlagsgreiðandi leggur til.

Það er dýrt að eiga börn í íslensku nútímaþjóðfélagi, svo dýrt að það jaðrar við að vera munaður. Þannig ætti það auðvitað ekki að vera því barnsfæðingar eru forsenda þess að íslenskt samfélag fái staðist til frambúðar.

Ef við sem hér erum á þingi viljum búa við efnahagslegt og félagslegt öryggi í ellinni þarf að gera ungu fólki kleift að eignast börn og koma þeim til manns. En það er reyndar önnur saga og ekki sú sem ég ætlaði mér að segja hér í dag. Ég ætlaði að leyfa mér að fullyrða og benda þingmönnum á þá nöturlegu staðreynd að þeir sem hafa minnstan tilkostnað af börnum sínum í dag eru meðlagsgreiðendur. Hverjir aðrir komast af með að greiða 7.425 kr. til uppihalds barna sinna á mánuði? Ekki einstæðar mæður og ekki feður eða móðir í sambúð. Foreldrar í sambúð sem vinna fulla vinnu utan heimilis þurfa að greiða um 25.000 kr. á mánuði fyrir dagvistun barnsins hjá dagmóður og þá er allt annað eftir. Og jafnvel þó að þeir greiddu aðeins fyrir fimm tíma vistun á leikskóla þá væri það eitt 7.300 kr. á mánuði.

Þess má líka geta í þessu sambandi að meðlagið, eða barnalífeyririnn hrekkur ekki fyrir greiðslu dagvistargjalds sem nú er 8.600 kr. á mánuði í Reykjavík fyrir hina svokölluðu forgangshópa sem eru einstæðir foreldrar. Meðlagið er 7.425 kr., dagvistargjaldið 8.600 kr.

Ég hef heyrt því fleygt að mörgum meðlagsgreiðendum þyki illa með sig farið og meðlagsgreiðslur hindri þá jafnvel í því að eignast nýja fjölskyldu. Þeir hafi hreinlega ekki efni á því.

Guðmundur Ólafsson, fulltrúi í nefnd þeirri sem félmrh. skipaði til að skoða stöðu karla, líkti meðlagsgreiðandi karlmönnum við melrakka í nýlegu útvarpsviðtali. Sagði þá ekki hafa efni á öðru en að hírast í forstofuherbergjum vegna þeirrar byrðar sem meðlagið væri þeim. Illt ef satt væri og leiðir óneitanlega hugann að því hvað kalla eigi mæðurnar sem bera hitann og þungann af framfærslu barnanna og hafa að auki minni möguleika á að afla sér tekna en melrakkarnir í forstofuherbergjunum.

Ótal kannanir sýna að einstæðir foreldrar eru almennt tekjulægri og búa við verri félagslegar aðstæður en aðrir hópar í þjóðfélaginu.

Ég er reyndar með útskrift af þessu makalausa viðtali við hagfræðinginn Guðmund Ólafsson og fulltrúa í nefnd á vegum félmrn. um stöðu karla, en svo ég fari rétt með það sem hann er að segja þá er kannski rétt að leyfa þingmönnum að heyra hér aðeins tilvitnun í þetta viðtal, með leyfi forseta. Hagfræðingurinn segir:

„Við vitum t.d. að launalágir karlmenn sem lenda í skilnuðum og eiga börn, að slíkur maður er nánast útlægur ger úr samfélaginu. Hann á fyrir höndum að hírast í forstofuherbergjum áratugum saman meðan hann er að vinna fyrir meðlögum og öðru þess háttar. Nú, þetta er náttúrlega allt annað fyrir launaháan karlmann en þennan launalága. Þá er þetta áreiðanlega óskaplega erfið staða fyrir þennan launalága og þegar rætt er um vanda þessa hóps, þessara melrakka, sem verða nánast að liggja úti, eins og ég kalla, þá hafa menn tilhneigingu til að segja: Ja, þetta er hans persónulega vandamál og kemur okkur ekki við. En ef upp kemur eitthvað viðlíka í sambandi við konur þá er talað um kúgun karla á þessum hóp kvenna," segir Guðmundur Ólafsson.

Mér er auðvitað ljóst eins og flestum öðrum að láglaunamenn munar um að greiða eitt, tvö og jafnvel þrjú meðlög á mánuði. Þá munar auðvitað um það. En ég held að það sé óhætt að fullyrða að láglaunamaðurinn sem greiðir meðlag sé samt betur settur fjárhagslega en láglaunamaðurinn sem fer með forræði eða framfærslu barna sinna. Meðlagsskylda föðurins getur vissulega gert honum erfitt fyrir að stofna fjölskyldu að nýju og eignast fleiri börn, en þá vaknar sú spurning hvort við höfum ríkari skyldum að gegna við þau börn sem við höfum þegar sett inn í þennan heim eða hin sem ófædd eru.

Ég hef hér reynt að færa rök fyrir nauðsyn þess að hækka barnalífeyri og meðlög og færa upphæð þeirra nær raunverulegum framfærslukostnaði barna. Sú spurning vaknar óneitanlega hvernig á því standi að ríkisvaldið hafi haldið upphæð meðlags niðri á sama tíma og það hrósar sér af því alltaf annað slagið að vilja gera svo vel við einstæðar mæður, leiðréttir þá lítillega mæðralaunin og jafnvel barnabótaaukann og segir síðan: Við erum að vinna í þágu einstæðra mæðra.

Ég hallast að því að ástæðan fyrir þessum tvískinnungi hjá ríkisvaldinu — þ.e. það heldur barnalífeyrinum niðri meðan það setur einhverjar sposlur í mæðralaun og barnabótaauka — liggi í því að hagsmunir ríkisvaldsins og meðlagsgreiðanda fari saman. Þeir samtvinnast í 15. gr. almannatryggingalaganna og 16. gr. barnalaganna vegna þess að ríkið getur ekki hækkað meðlagið nema með því að hækka barnalífeyrinn og þar með sín eigin útgjöld.

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að árlegur barnalífeyrir verði ákvarðaður með öðrum hætti en nú er eða eins og segir í 1. gr. frv.:

„Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal ákvarðaður af ráðherra eftir tillögum barnalífeyrisnefndar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, einn tilnefndur af ráðherra og er hann jafnframt formaður, einn tilnefndur af tryggingaráði, einn tilnefndur af Félagi einstæðra foreldra, einn tilnefndur af dómsmrh. og einn tilnefndur af Hagstofu Íslands. Nefndin skal meta kostnað við framfærslu barns að frádregnum bótum til einstæðra foreldra og miða tillögu sína við að barnalífeyrir nemi ekki lægri upphæð en sem nemur helmingi af kostnaði við framfærslu barns samkvæmt mati nefndarinnar. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris."

Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að þetta sé metið eftir ákveðnum reglum og barnalífeyrir ákvarðaður í framhaldi af því. Ég er að sjálfsögðu opin fyrir hvers konar breytingum á þessu frv. ef þær horfa í sömu átt, þ.e. að lagt verði mat á kostnaðinn við framfærsluna og að barnalífeyririnn nemi um helmingi framfærslukostnaðarins, þá er mér nokk sama hvernig það lítur út formlega séð að öðru leyti.

En ég legg þetta frv. hér fram til umræðu og að henni lokinni legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að fram er komið frv. um þessi mál sem hefur að vísu verið lagt fram áður og eitt er víst að það getur orðið til þess að umræða hefjist um stöðu einstæðra foreldra í þessu landi. Það er alveg ljóst að margir þeir sem eru einir með börn eiga við verulega erfiðleika að stríða þar sem það liggur alveg fyrir að tvennar tekjur eru í raun nauðsynlegar til þess að reka eðlilegt heimili.

Í landinu munu nú vera um 10.000 börn hjá öðru foreldri og það er ekki lítill hópur af börnum landsins undir 16 ára aldri, raunar undir 18 ára aldri, og það er staðreynd að staða þessa fólks er með öllu óviðunandi. Oftast eru það mæðurnar sem eru með börnin og vinna gjarnan tvöfalda vinnu, við þekkjum mörg dæmi þess, og staða slíks foreldris til þess að sinna uppeldisskyldum sínum er náttúrlega nánast engin.

Hitt er svo annað mál að ég veit ekki hvaða afstöðu ég á að taka gagnvart hækkun meðlags. Víst má það eitthvað hækka vegna þess að það hefur staðið svo til í stað um árabil og sætir undrun hversu lítið þessi

tala hefur hreyfst. En vissulega mætti leita annarra leiða til þess að rétta við stöðu einstæðra foreldra sem mér finnst samfélagið allt eiga að bera. Ég nefni t.d. að einstæðir foreldrar fengju einhverja verulega ívilnun í sköttum. Það er staðreynd að konur sem eru einar með börn mega hreint ekkert missa af tekjum sínum og hafa margar hverjar farið illa út úr því að leggja á sig kannski tvöfalda vinnu en verða svo að greiða fulla skatta af þeirri vinnu og eru þar með komnar í slæma sjálfheldu.

Nú er ég svo sem ekki að vorkenna fólki að bera ábyrgð á börnum sínum og auðvitað þyrfti þar að vera sem allra mestur jöfnuður. Enginn mótmælir því að oftast hafa karlmenn verulega miklu hærra kaup heldur en konur og eiga þar með auðveldara að gegna sínum framfærsluskyldum. Ég veit ekki hvað umræddur hagfræðingur hefur á mánuði en ég hygg að menn á borð við hann ættu að hafa efni á því að borga nokkru hærra meðlag en nú er. Því að víst má líta á tölur um kostnað við uppeldi barna eins og hér er að sjá í könnun þeirri sem gerð var. En þar er ég ansi hrædd um að hafi gleymst að taka ýmislegt inn sem tilheyrir orðið uppeldi barna, ég nefni alls kyns aukagjöld, t.d. kostnað við hljómlistarkennslu, sem því miður er ekki enn þá að finna innan skólakerfisins þannig að þar er um stórfé að ræða og segir sig sjálft hvernig einstæð móðir er í stakk búin til þess að kosta kannski til 50.000 kr. á ári til þess að barn geti lært á hljóðfæri, sem nú er sem betur fer í æ meira mæli talinn sjálfsagður þáttur í uppeldi barna. Ég tala nú ekki um alls kyns hugðarefni og áhugamál sem börn einstæðra foreldra eiga auðvitað allan rétt á að stunda. Það er töluvert um það nú orðið að mikið kórastarf fer fram í skólum landsins. Þessir kórar eru síðan boðnir í ferðalög til útlanda og söngkeppi og ýmislegt slíkt og það er ekkert einfalt fyrir einstætt foreldri að bera kostnað af þessu. Venjulega verða foreldrarnir að greiða fargjöldin, jafnvel einhvern farareyri og þetta er auðvitað nær óleysanlegt fyrir einstæð foreldri. Og þá erum við komin að því að við erum að búa til stéttir í þessu þjóðfélagi sem eru verr settar en aðrar. Það er alveg tvímælalaust töluvert um það að börn einstæðra foreldra hér í landi fá ekki að njóta ýmislegs af því sem börn kjarnafjölskyldna njóta, einfaldlega af fjárhagsástæðum.

Ég get alveg tekið undir það með hv. 10. þm. Reykv. að auðvitað bera foreldrar fyrst og fremst ábyrgð á þeim börnum sem þeir eru búnir að setja í þennan heim og verða kannski aðeins að draga úr barneignum ef nægar skyldur eru þegar fyrir hendi og meiri en þeir ráða við, en ekki viljum við nú að fólk eigi þess ekki kost að lifa nokkurn veginn eðlilegu lífi þó að til skilnaðar hafi komið og fólk hafi ekki borið gæfu til að búa saman. En eins og verið er að kveða á um í því frv. til barnalaga sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi, þá viljum við auðvitað öll að báðir foreldrar beri sem allra mesta ábyrgð á börnum sínum hvort sem þeir kjósa að búa saman eða ekki.

Ég held að í þessum málum þyrfti sú nefnd sem málið fær til meðferðar að skoða ekki aðeins hækkun meðlags heldur líka aðrar leiðir til að létta einstæðum foreldrum uppeldi barna sinna því að fyrst af öllu ber okkur að tryggja að öll börn í landinu sitji við sama borð og að ekki sé stór hópur landsins barna sem virkilega fer á mis við það sem annars þykir tilheyra að börn njóti.

Það má t.d. ímynda sér börn utan Reykjavíkur sem eru send til framhaldsnáms í fjarlægum héruðum. Þau verða að búa á heimavist og mér er satt að segja algjörlega hulin ráðgáta hvernig það er leyst. Ég má segja að t.d. heimavistardvöl við Menntaskólann á Akureyri nú í ár er á fjórða hundrað þúsund yfir veturinn og það segir mér enginn að einstætt foreldri ráði við að greiða þetta. Ég tala nú ekki um ef barnið skyldi vera stúlka sem ekki getur haft þær tekjur sem strákar geta stundum aflað með því að fara á sjó eða í einhverja uppgripavinnu yfir sumartímann. Ég held að hér hljóti að vera óhjákvæmileg mismunun sem verður auðvitað til þess að þessi börn eru ekkert send í skóla. Það er einfaldlega ekki hægt. Og þá erum við komin að því ójafnræði sem ríkir hér varðandi rétt til menntunar, þó að ákvæði sé í hverjum lagabálkinum á fætur öðrum um að allir skuli hafa jafnan rétt til náms.

Ég hef satt að segja oftlega undrast hvað lítið hefur verið tekið undir þetta. Ég hef áður gert þetta að umræðuefni og ég hef undrast hvað landsbyggðarþingmenn hafa verið sofandi fyrir þessu vandamáli. Hér var einhvern tímann lögfestur sjóður sem átti að koma til móts við þessa nemendur en hann hefur ævinlega og alveg frá upphafi verið beinlínis hlægilega lágur þannig að hann hefur engu bjargað. Ég man að fyrir tveimur eða þremur árum voru þetta 18.000 kr. eða eitthvað í þá veru og segir sig sjálft að það breytir auðvitað engu um vandamálið. Ég held að hér sé nefnilega töluverður vandi fyrir hendi.

Ég átti þess kost í morgun að koma í kennslustundir í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem verið var að ræða málefni fjölskyldunnar í landinu. Þar kom auðvitað fram að það gengur þess enginn dulinn að börn einstæðra foreldra búa við miklu lakari kjör en börn þeirra foreldra sem saman búa. Þetta er auðvitað ekki eðlilegt og hlýtur að þýða að það foreldri sem ekki býr með barninu sinnir ekki sem vera bæri skyldum sínum við barnið og það er alveg rétt og staðreynd. Einhvern veginn verður því að finna lausn á þessu vandamáli, bæði með einhverri hækkun meðlags og síðan má hugsa sér, og mér er kunnugt um að þannig hafa t.d. Danir þau mál, að meðlagsgreiðsla fari að einhverju leyti eftir tekjum meðlagsgreiðanda og hægt að sækja um hækkun ef maður hefur miklar tekjur o.s.frv., nú eða móðir, svo jafnræðis sé gætt þó að oftar sé um að ræða það munstur að móðirin sé með börnin.

En ég vil leggja á það áherslu að ég held að það þurfi að leita fleiri leiða, svo sem einhverrar ívilnunar í skattgreiðslum, aðstoð við nám fjarri heimahögum og annað slíkt. Að ég nú ekki tali um það vandamál sem auðvitað gerir öllu fólki, hvort sem það er í sambúð eða ekki sambúð, lífið næstum óbærilegt sem er það ástand sem við búum við í húsnæðismálum. Þar á ég við að ekki skuli vera hægt að hafa til frambúðar leiguíbúðir á skaplegu verði en fólk er hins vegar

þvingað til að fara út í verulegar fjárfestingar, hvort sem fólk ræður nokkuð við það eða ekki. Ég vil því leggja á það áherslu að ég tel erfitt að gera hér verulega bragarbót með þessari einu aðgerð, að hækka meðlag. Ég dreg í efa að nokkurn tímann takist að hækka það svo án þess að til verulegra vandræða kæmi að það lagaði í raun og veru stöðu einstæðra foreldra. Þess vegna held ég að samfélagið þurfi að koma til. Ég hef sagt það áður og segi það enn að við eigum börnin í landinu öll saman. Okkur koma þessi börn við, þau eru framtíð þjóðarinnar og þegar þau koma út á vinnumarkaðinn og taka við að reka samfélagið sitt þá spyr enginn hvort þau hafi verið alin upp hjá einu eða tveimur foreldrum. Við berum á því ábyrgð að þessir einstaklingar vaxi úr grasi við þau kjör sem við viljum búa börnum hér á landi og ég held að við verðum að taka höndum saman um að sjá svo til að 10.000 íslensk börn séu ekki í verulegri hættu að búa við þrengri kost.

Ég vil minna á orð sem féllu hér í umræðu um daginn um börn sem eiga í vandræðum í þjóðfélaginu að það verður því miður að segjast að svo virðist sem börn einstæðra foreldra séu þar á veikari ís heldur en hin. Við það getum við auðvitað ekki búið. Þess vegna fagna ég þessu frv. því að þótt ég eigi varla von á því að það nái afgreiðslu á þessu þingi þá vona ég að það verði til þess að umræða hefjist af einhverri alvöru um málefni einstæðra foreldra og barna þeirra.

Ragnhildur Eggertsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fær væntanlega framgang í þinginu og öðlast gildi sem allra fyrst. Það er nú einu sinni svo að sú upphæð sem greidd er í meðlag með barni hrekkur engan veginn til — og það held ég að allir viti — ekki fyrir brot af því sem það kostar í rauninni að framfæra barn.

Í töflunni sem fylgir með frv. er ýmislegt tekið til og sem þá flokkast undir nauðsynjar, en það vantar auðvitað mjög mikið sem við öll teljum að börn þurfi til að öðlast þann þroska sem þau þurfa til að búa sig undir lífið. T.d. að læra eitthvað til lista, eins og að læra á hljóðfæri, læra dans, eða eitthvað sem hjálpar þeim til að öðlast öruggari félagslegan grunn meðal jafnaldra sinna. Bókakostnaður er enginn hérna og kostnað vegna íþróttaiðkana, sem er töluvert mikill og mikill kostnaðarbaggi þar sem börn eru fyrir hendi, vantar alveg inn í þessa töflu.

Það gefur auga leið að kostnaðurinn sem tekinn er til á meðfylgjandi fylgiskjölum er í raun og veru allt of lágur og ég vona að nefndin sem fær frv. til umfjöllunar útfæri enn ítarlegri kostnaðaráætlun en fram kemur. Það er einu sinni staðreynd að það þarf lög til að foreldrar, sem ekki búa samvistum við börn sín og í langflestum tilfellum eru það feðurnir, borgi meðlög til þess að taka þátt í framfærslu barnsins. Það er í raun og veru mjög hastarlegt að það þurfi lög yfir svo sjálfsagðan hlut og það er að taka þátt í framfærslukostnaði barnsins en það er staðreynd og fyrst að lög þarf til þá þarf að gera þær kröfur í þeim lögum að meðlagið hrökkvi til að standa raunverulega á einhvern hátt undir þessum kostnaði.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir las upp fyrir okkur raunalega lýsingu Guðmundar Ólafssonar á feðrum sem þurfa að greiða meðlag og ég efast ekkert um að meðlög eru erfiður baggi á tekjulágum feðrum. En framfærsla barns er líka baggi á tekjulágri móður, þannig að ég sé ekki sérstaka ástæðu til að vorkenna tekjulágum feðrum meira en tekjulágum mæðrum.

Eins og ég sagði áðan vona ég að þetta frv. fái framgang hér í þinginu og enn fremur að nefndin sem fær það til umfjöllunar taki enn þá ítarlegar á kostnaðinum en gert er með frv. því að það er mikið þjóðþrifamál að börnum farnist vel í þjóðfélaginu hjá okkur. Eins og hér kom fram og allir vita eru börnin framtíð þjóðarinnar. Ef við höfum ekki efni á því að framfæra þau eins og þau þurfa þá höfum við alls ekkert efni á að eiga þau. Þetta er kannski svolítið hörkulega mælt en þetta er bara staðreynd og þjóðfélagið mætti gjarnan sjálft taka meiri þátt í þessu, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan, með skattaívilnunum eða einhverju því um líku.

Eins og ég er búin að segja hér tvisvar og ég ítreka það enn þá vona ég að þetta frv. fái góða framgöngu. Þetta er þó a.m.k. eitthvað í áttina.

Bryndís Friðgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því að þetta frv. lítur dagsins ljós á Alþingi. Það er hið mesta þarfaþing að ræða þetta og sorglegt að það skuli ekki vera fleiri þingmenn hér inni, sérstaklega karlmenn sem mundu kannski vilja taka til máls um þetta mál, því auðvitað varðar þetta þá líka. Karlmenn eru líka foreldrar og oft eru þeir líka einstæðir foreldrar þó það séu konur í meiri hluta sem sjá um framfærslu barnanna að mestu leyti.

Það var talað hérna um það áðan að börn einstæðra foreldra og einstæðir foreldrar væru stundum flokkaðir sem önnur stétt í landinu og auðvitað getur svo farið að þetta verði bara sérstétt út af fyrir sig ef tekjurnar hrökkva alltaf svona skammt. En mig langar til að minnast á það hvað einstæðar mæður og einstæðir foreldrar á Íslandi hafa það stundum betra í umfjöllun almennings miðað við nágrannalönd. Það þykir t.d. ekkert tiltölumál hér á Íslandi að vera einstæð móðir, ekki eins skammarlegt og er oft í öðrum löndum. Ég átti t.d. tal við finnskan sveitarstjórnarmann sl. sumar og hann spurði mig sérstaklega eftir því hvort það væri satt að það væri ekkert mál hér á Íslandi að kona eignast barn bara ein og sér og byggi ekki með neinum manni og sagðist vera alveg yfir sig hissa á þessu að heyra þetta því að heima hjá honum væri þetta frekar skammarlegt og reynt að halda því leyndu og fjölskylda konunnar færi öll á skjön bara við það að hún eignaðist barn og sæi um það ein og sér.

Hvað varðar meðlagsgreiðslur og aumingja mennina sem eru liggjandi í forstofunum, eins og hv. 10. þm. Reykv. talaði um áðan, hvar liggja þá þessar einstæðu mæður og börnin þeirra ef feðurnir eru liggj-

andi í forstofunum bara af því að þeir þurfa að borga með þeim? Vissulega getur það verið erfitt fyrir feðurna að stofna til hjónabands og eignast fleiri börn og borga svo með þessum sem þeir áttu áður — og ég segi börnum sem þeir áttu áður því sorglega oft líta þessir feður á þessi börn sem eitthvað sem er liðið og þeir geti bara byrjað upp á nýtt. En auðvitað á þetta ekki við um alla feður og kannski getur einhver karlmaður staðið hér upp og verið málsvari fyrir þá.

Það má kannski líka segja svo að þá ætti þjóðfélagið að koma til og hjálpa þessum karlmönnum með því að veita mæðrunum skattívilnanir. Það er ekki bara hjálp við móðurina, það er hjálp við börnin og föðurinn sem þarf að borga meðlagið með þeim.

Ég ætla bara að endurtaka að ég þakka fyrir að fá að fjalla um þetta mál og vona að það fái skjótan framgang, virðulegur forseti, hér í þinginu.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er eiginlega ekki hægt annað en að taka slíkri áskorun sem hér kom fram áðan af því við vorum ekki allt of margir í salnum af þessu kyni.

En ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið að það er auðvitað hið besta mál að þessi mál séu tekin til umræðu hér. Ég er þeirrar skoðunar að efni frv. sé þess eðlis að það sé ekki verið að taka raunverulega á þeim vanda sem við er að glíma. Raunar er það mín skoðun að flm. séu að reyna að leggja til að setja nokkurs konar plástur á vandamál í staðinn fyrir að reyna að komast að kjarna málsins. Ég held raunar að kjarni málsins í þessu sé sá að það er engan veginn búið nægilega vel að fjölskyldum í landinu. Og að ætla sér síðan að reyna að fara að bæta þar úr með því að auka greiðslur til einstæðra foreldra eða meðlagsgreiðslur frá feðrum til einstæðra mæðra, ég held að við séum ekki að leysa neitt vandamál til frambúðar með því. Þess vegna get ég tekið undir þau orð sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að við ættum að reyna að leita einhverra annarra leiða en hér er lagt til.

Raunar er ég heldur ekki viss um að það sé rétta leiðin að fara að tvílna einstæðum foreldrum skattalega. Þeir sem lásu hér blað fyrir rúmri viku gátu séð fyrirsögn með flennistóru letri: „Hjón með tvö börn geta grætt hálfa milljón á því að skilja".

Það er hægt að búa til kerfi sem býður upp á misnotkun. Þó það sé í sjálfu sér sett í góðri meiningu upphaflega er það engu að síður ákveðin árátta þegar búið er að mismuna annars vegar fólki í sambúð og hins vegar fólki sem ekki er í sambúð á þennan hátt, því fólki í hag sem ekki er í sambúð, þá er viss hætta á því að fólk fari að misnota það. Þess vegna er ég ekki alveg viss um að skattareglur geti komið í veg fyrir þetta.

Raunar er svolítið fróðlegt að grípa hér ofan í þessa blaðagrein á nokkrum stöðum. Það kemur sem sagt fram að tekjuauki eftir skilnað — svo ég grípi bara orðrétt ofan í þetta, samkvæmt úttekt þessa blaðs — hjá hjónum með tvö börn er 47.961 kr. á mánuði, að gefnum ákveðnum forsendum sem ég ætla ekki að rekja hér nánar. Þetta er auðvitað ekkert sérístenskt vandamál. Meðal annars Svíar, sem manna lengst eru komnir í þessum málum og við höfum um margt tekið okkur til fyrirmyndar, hafa reynt að gera á því könnun hversu mikil misnotkun eða notkun er á þessu kerfi. Þeir sendu út lista til þess að reyna að komast að því, en viðbrögðin við þessum lista urðu þau að hann var álitinn rammasta árás ríkisvaldsins, persónunjósnir, og þar af leiðandi fengust engin svör. Það kom með öðrum orðum yfirvöldum ekki við hvernig fólk hegðaði sínum sambúðarmálum.

Það er mín skoðun að þetta sé svo margslungið mál að við leysum ekki það sem hér er ætlað að reyna að leysa með þeim tillögum sem flm. þessa frv. leggja til.

Mig langar líka að gera örlitlar athugasemdir við tölur í sambandi við kostnað sem hér eru birtar. Það t.d. slær mig mjög að sjá að það hjá 12 ára barni — hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir færir þá kannski frekari rök fyrir því að þetta rétt — að tannréttingakostnaður hjá 12 ára barni sé að meðaltali meiri en fæðiskostnaður, með öðrum orðum 65.000 kr. á ári. Vissulega kom fram í umræðum hér í gær að tannréttingakostnaður er mikill en ég á bágt með að trúa því að þetta sé tala sem hægt er að nota til viðmiðunar ef það ætti að fara að reikna út meðlagsgreiðslur til barna.

Það var vitnað í ummæli Guðmundar Ólafssonar hagfræðings sem er gjarnan hressilegur í tali þegar hann tekur til máls. Ég held hins vegar að það sé ýmislegt til í því sem hann segir því að í kjölfar skilnaðar sé það oft þannig að karlmaðurinn fari ekki sérlega vel út úr honum. Nú get ég ekki talað af neinni reynslu þannig að ég ætti ekki að vera að hætta mér út á þennan hála ís, en hins vegar hefur maður heyrt fjöldann allan af lýsingum á því að þeir verði bæði húsnæðislausir og nánast á hrakhólum eða í forstofuherbergjum, eins og Guðmundur kýs að kalla það, eftir að hafa gengið í gegnum slíkt. Ég held að jafnvel þessar upphæðir þótt ekki séu háar, ég er sammála því, geti verið mönnum sem eru komnir í slíka aðstöðu erfiðar viðureignar.

Ég vil segja það að lokum að ég fagna þessari umræðu, þó að ég telji hana ekki alveg vera á þeim nótum sem ég hefði talið æskilegt að ræða þessi mál því að undirrót vandamálanna er fyrst og fremst aðbúnaður að fjölskyldunni í landinu en ekki endilega aðbúnaður einstæðra foreldra.

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þeim ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls og lagt sitt af mörkum í þessari umræðu. Samandregið má kannski segja að í orðum flestra þeirra hafi falist stuðningur við umræðuna og reyndar hjá tveimur sem töluðu, stuðningur við málið almennt, en mér heyrðist nú bæði á þeim ræðumanni sem síðast talaði, hv. þm. Magnúsi Jónssyni, og reyndar Guðrúnu Helgadóttur, að þau fögnuðu umræðunni en kannski ekki frv. eins og það lægi fyrir. Magnús Jónsson sagði að kjarni málsins væri sá að það væri ekki búið nógu vel að fjölskyldum í landinu og með

þessu máli væri verið að setja einhvern plástur á vandann í stað þess að taka á honum. Ég er alveg hjartanlega sammála ræðumanninum í því að hér er ekki tekið á heildarvandanum og ég verð að segja honum það af því að hann er stjórnarþingmaður að þessi ríkisstjórn sem hann styður og er fulltrúi fyrir hér á Alþingi er alveg afskaplega glámskyggn á þann vanda sem við er að etja í fjölskyldumálum í landinu. Og þá má bara benda á það m.a. að ríkisstjórnin lækkaði barnabætur um 500 millj. við afgreiðslu síðustu fjárlaga og það er ekki beinlínis til að bæta almennt hag barnafólks í landinu. Þessi lækkun á barnabótunum kom niður á meðaltekjufólkinu m.a. Það var ekki bara spurningin um hátekjufólk, heldur meðaltekjufólkið líka. Það gæti meira að segja vel verið að sá þingmaður sem hér talaði hafi kannski orðið fyrir barðinu á því sjálfur, ég þekki það ekki. (**Gripið fram í:** Og fagnaði því.) Og fagnaði því að verða fyrir barðinu á því, já, og kvartar svo hér í ræðustól undan skorti á almennum úrræðum í þágu fjölskyldunnar.

Ég verð að játa að lausnin á framfærsluvanda barnafólks felst ekki í því frv. sem ég hef lagt hér fram, það þarf miklu víðtækari aðgerðir til þess að leysa hann. Það þarf nefnilega almennar aðgerðir í samfélaginu til að auðvelda fólki að eignast börn og koma þeim til manns. Það þarf að grípa til slíkra almennra aðgerða í gegnum skattakerfið eða í gegnum barnabótakerfið eða með einhverjum slíkum úrræðum. Ég hef talað fyrir því margsinnis hér á þingi að börnum fylgi ákveðinn persónuafsláttur rétt eins og hinum fullorðnu og það sé ákveðið hlutfall af persónuafslætti fullorðinna, það sé bara réttur þeirra eins og annarra að gert sé ráð fyrir þeim í skattakerfinu. En verði tekið á málum með slíkum almennum aðgerðum þá kemur það líka meðlagsgreiðendum til góða. Það kemur einstæðum mæðrum til góða, það kemur fólki í sambúð til góða, það kemur meðlagsgreiðendum til góða. Það er því mjög brýnt að gera það. Ég held að það sé mjög ljóst að það er afskaplega dýrt að eiga efnilega ómegð, eins og það er kallað, efnilega ómegð sem leitar sér mennta t.d.

Eins og hv. 14. þm. Reykv. benti á er kostnaður á heimavist fyrir norðan um 400 þús. í þessa níu mánuði sem börnin eru þar í skóla. Það er ekkert einfalt mál fyrir barnafólk, þó í sambúð sé, að senda börn sín í skóla sem kostar slík ókjör að vera í þó að það sé ekki heldur mikið fyrir skólann að fá það, það skal ég fúslega fallast á. En þá skulum við horfa á það, þetta eru 400 þús. kr. sem þarna er greitt fyrir níu mánuði í skóla. Ef þetta barn eða unglingur sem þarna er í skóla fengi meðlag, hver væri meðlagsgreiðslan í þessa níu mánuði? Hún væri um 70 þús. kr. Það sér náttúrlega hver maður að það er ekki nema dropi í hafið og vandamálið er það að sá sem brúar bilið í dag er framfærandi barnsins, móðirin. Og það sem verið er að reyna að taka á í þessu frv., sem er mjög sértækt — ég játa það, þetta frv. er mjög sértækt, þetta eru ekki almenn úrræði í þessum málum — það er verið að reyna að taka á þessum aðstöðumun og jafna aðstöðumuninn milli framfæranda barns og meðlagsgreiðanda. Það er nú allt og sumt sem hér er verið að leggja til.

Það kom fram í máli 14. þm. Reykv., Guðrúnar Helgadóttur, að meðlagið þyrfti hugsanlega eitthvað að fara eftir efnum og aðstæðum þess sem greiðir það og ég get verið sammála henni í því. Og það er rétt að rifja það upp að í barnalögunum segir einmitt, með leyfi forseta: „Framfærslueyrir skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra." Þetta virðist hins vegar afskaplega lítið vera notað og það virðist vera úrskurðuð lágmarksmeðlagsgreiðsla í flestöllum málum. Hitt telst til undantekninga og er þá yfirleitt tímabundið, rétt í kjölfar skilnaðar. Síðar segir í þessum lögum, eins og ég vitnaði til áðan: „Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur." Það má úrskurða hærri, en það virðist því miður ekki vera mikið um að það sé gert, þó vissulega væri oft ástæða til þess.

Hv. þm. Magnús Jónsson sagði að Guðmundur Ólafsson tæki yfirleitt hressilega til máls þegar hann kæmi fram opinberlega og það þekki ég fjarska vel, þekki orðfæri þess ágæta manns og veit að þetta er kannski í og með gert til þess að kalla fram umræðu. Magnús sagði að það væri hins vegar ýmislegt til í því sem Guðmundur Ólafsson segði og karlmenn færu oft illa úr út skilnaði, fjárhagslega og á annan máta. Ég efa það ekki. Ég held að allir fari illa út úr skilnaði. Ég held að móðir, faðir og barn fari öll illa út úr skilnaði og bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Þetta er ekkert einfalt mál. En málið sem við stöndum andspænis í dag er bara það að framfærsla barna eftir sambúðarslit kemur mun harðar niður á framfærandanum eða þeim sem fer með forræði barnsins heldur en meðlagsgreiðandanum og þetta litla frv. sem hér er flutt í tveimur greinum er einvörðungu hugsað til þess að jafna þennan aðstöðumun en ekki — og ég tek það skýrt fram — þetta er ekki lausnin á framfærsluvanda barnafólks. Því fer víðs fjarri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag á Miðhálendi Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 707.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði af óviðráðanlegum orsökum því miður ekki tækifæri til þess að hlýða á framsögu hæstv. umhvrh. fyrir þessu frv. en það eru nokkur atriði sem ég vildi koma að varðandi málið þó að það hafi komið fram við umræðuna síðan að það er alls óvíst um stuðning annars stjórnarflokksins við þetta frv. Ef ég tók rétt eftir hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði þingflokkur Sjálfstfl. fallist á að frv. yrði lagt fram til kynningar og þeir reikni ekki með því að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að frv. fari til nefndar þó það megi deila um hvað það innifelur þegar frv. er lagt fram til kynningar. Sum slík mál eru

ekki tekin til umræðu og aðeins lögð fram, en ég ætla ekki að gera athugasemdir um það út af fyrir sig þó að málið fari til nefndar og verði sent til umsagnar. Ég tel að ekkert mæli á móti því.

Ég vil taka það fram í fyrsta lagi að ég tel nauðsyn bera til þess að Miðhálendið sé skipulagsskylt og þar sé góð regla og þau málefni þarfnast úrbóta. Ég er sammála því. Hins vegar, eins og komið hefur fram hjá ýmsum sem talað hafa við umræðuna, hef ég miklar efasemdir um þá leið sem frv. fer í þessum efnum. Mér finnst stærsta spurningin vera þessi: Á að taka upp þá miklu miðstýringu sem þetta frv. gerir ráð fyrir, taka þetta landsvæði undan forræði sveitarfélaganna og setja það undir sérstaka stjórnarnefnd? Ég hef miklar efasemdir um þá leið og ekki síður hef ég efasemdir vegna þess að það er búið að setja vinnu í gang og hefur verið í gangi um nokkurt skeið af hálfu hæstv. félmrh. að auka valdsvið sveitarfélaganna og reyna að koma þeirri skipan á að þau stækki og sameinist eftir ákveðnum tillögum þar sem heil héruð verði að einu sveitarfélagi, fái aukin völd og áhrif. Þetta er forskriftin sem þeim sem vinna í þessari nefnd á vegum félmrn. hefur verið lögð í hendurnar af hæstv. félmrh. og ég neita því ekki að mér finnst það þá skjóta dálítið skökku við að síðan komi fram frv. þar sem málefni eru tekin úr höndum sveitarfélaga, hluti af þeim sem heyrir til þeirra, tekin undan þeim og sett undir aðra skipulagsstjórn. Ég held að þetta þurfi mikillar athugunar við og ég tel, eins og ég sagði í upphafi máls míns, rétt að þetta mál fari til umsagnar. Ég heyrði reyndar ekki ræðu hæstv. umhvrh. en mér skildist að samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn væri ekki á því að afgreiða málið á þessu þingi þannig að ef það er ljóst þá gefst tími til að skoða þá hluti.

Í II. kafla frv., þar sem fjallað er um stjórnarnefnd byggingar- og skipulagsmála, er gert ráð fyrir því að umhvrh. skipi að afloknum sveitarstjórnarkosningum sérstaka stjórnarnefnd til að fara með stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu. Þessi nefnd hefur mikil völd sem talin eru upp í 4. gr. og ég ætla ekki að rekja. Síðan segir í 7. gr. um gerð skipulagsáætlana að hún skuli í upphafi starfstíma síns semja greinargerð um þau meginsjónarmið sem hafa ber við þá skipulagsgerð sem hún fer með samkvæmt lögum þessum. Við það skuli hún hafa samráð við stofnanir, félög og samtök, eftir því sem hún telur ástæðu til. Henni er sem sagt algjörlega í sjálfsvald sett hvort samráð er í þessum efnum. Mér finnst satt að segja það vera ansi mikil völd, vægast sagt, sem þessi nefnd fær í hendur. Þá segir í 10. gr.:

„Í áætlun um hálendisskipulag skal kveðið á um þá þætti er snerta Miðhálendið í heild og tengsl þess við aðra landshluta. Hér er meðal annars átt við þá þætti sem lúta að samgöngum, orkuveitum, fjarskiptum, landnotkun og landnýtingu, náttúruvernd og ferðamálum."

Þarna er sem sagt komið inn á mjög marga þætti og vald þessarar nefndar er mikið. Henni er heimilt skv. 18. gr. að semja svo við aðila sem hún telur til þess hæfa að þeir annist fyrir hönd hennar eftirlit með gerð mannvirkja og framkvæmdum á tilteknu svæði eða gerð tiltekins mannvirkis. Síðan segir í 19. gr. það sem mér finnst dálítið vafasamt svo ekki sé meira sagt:

„Sýslumenn á Selfossi, í Borgarnesi, á Akureyri og á Eskifirði fara með yfirstjórn löggæslu á Miðhálendinu að því er tekur til byggingar- og skipulagsmála." — En síðan segir:

„Stjórnarnefndin ákveður hvern þeirra hún kallar til í hverju einstöku máli."

Þarna er stjórnarnefndin beinlínis sett yfir löggæslumál og ræður því hvern hún kallar til. Skýringin á því er í athugasemdum með frv., efst á bls. 15, þar sem segir: „Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir að þar sem mörk milli stjórnsýsluumdæma séu óskýr, svo sem á hálendinu, ákveði dómsmrh. í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Rétt þykir að stjórnarnefndin eigi tillögurétt í þessu sambandi." — Þarna er sem sagt farið að hlutast til um verkefni dómsmrn. og væri fróðlegt að fá skýringar á þessu.

Það eru ansi stíf ákvæði í þessu frv. um greiðslur á kostnaði. Það er sagt að sá sem sækir um framkvæmdaleyfi skuli greiða sérstakt umsýslugjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við meðferð stjórnarnefndar á umsókninni.

Það er ákvæði um sérstakt leyfisgjald í 22. gr. sem greitt sé áður en heimilt er að hefja gerð mannvirkis eða framkvæmd og umhvrn. setur sérstaka gjaldskrá fyrir leyfisgjaldið.

Síðan er í 23. gr. rætt um ákvæði um umhverfisáhrif og könnun á þeim af gerð tiltekins mannvirkis og umsækjanda er skylt að greiða kostnað sem af þeirri könnun leiðir samkvæmt reikningi. Stjórnarnefndin getur ákveðið að umsækjandi setji tryggingu sem hann telur hæfilega áður en könnun hefst. Þessi ákvæði ganga talsvert langt og ég held að réttur þeirra sem vilja eitthvað gera sé dálítið fyrir borð borinn eða ákvæði a.m.k. óljós um hver réttur hans er.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að setja langar ræður um þetta mál núna. Það er greinilegt að það er ekki ætlunin — eða það er a.m.k. útlit fyrir að málið fari ekki áfram á þessu þingi ef marka má þær umræður sem orðið hafa. En ég verð að segja að þetta kort sem fylgir frv. hefði betur verið óprentað vegna þess að ég held að það sé afar vafasamt svo ekki sé meira sagt að draga þessar girðingar eins og þær eru dregnar á kortinu og fer áreiðanlega mjög í taugarnar á fólki að sjá markalínur dregnar jafnvel um miðjar sveitir eins og í Austur-Skaftafellssýslu þar sem mér finnst að þessi lína hefði átt að fylgja jöklinum og jökullinn sjálfur hefði þá átt að tilheyra Miðhálendinu en ekki fara fara að draga þar þvert fyrir alla skriðjökla eins og þarna er gert.

Ég hef sem sagt miklar efasemdir um þetta frv. og ég er þess fullviss að um það verða mjög skiptar skoðanir. Ég hefði talið rétt að taka þessi skipulagsmál öll til meðferðar í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en ekki að gera slíkar einhliða aðgerðir í miðjum klíðum sem kemur af stað illu einu í þeirri vinnu sem þar þarf að inna af hendi sem er mjög þarft

verk, að taka þá verkaskiptingu og þróa hana áfram. En þar þurfa öll mál að vera undir.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka þá ágætu og málefnalegu umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál. Ýmsir þeirra sem hafa tekið til máls hafa haft um það einhver orð að um þetta mál væri ekki full eining í stjórnarflokkunum. Það er rétt. Ég gerði mjög ítarlega grein fyrir því í framsöguræðu minni í morgun. Auðvitað er það ljóst að hér er um mál að ræða sem er þverpólitískt og um það eru skiptar skoðanir. Það er deginum ljósara. Ég held hins vegar að það sé mjög nauðsynlegt að ræða þessi mál og ræða þau til niðurstöðu. Og til þess að unnt sé að ræða þau þá verður auðvitað að koma með þau hingað inn á hið háa Alþingi.

Hv. þm. Jón Kristjánsson lét svo ummælt um það kort sem frv. fylgir að það hefði betur verið óprentað. Ég er honum ekki sammála. Ég held að það hafi verið nauðsynlegt að viðra hugmyndir um þetta. Og þegar um er að ræða kort í mælikvarðanum 1:750.000 þá er einn millimetri á kortinu 750 metrar í náttúrunni. Það er ekki mjög auðvelt að átta sig á þessu og hefði kannski verið æskilegt að hafa kortið í öðrum kvarða en því fylgdi hins vegar mikill kostnaður. Landmælingar Íslands gerðu þessa markalínu að ósk nefndarinnar sem samdi frv. Meginsjónarmiðið sem var lagt til grundvallar við ákvörðun þessarar markalínu var að hún lægi sem næst mörkum heimalanda og afrétta eða heimalanda og almenninga eins og því varð við komið. Og þar sem ráð var fyrir því gert að þetta raskaði hvorki eignar- né afnotarétti tóku Landmælingar ekki sérstakt tillit til eignamarka bújarða eða annarra landa. Það var leitast við að hafa viðmiðunarpunkta sem fæsta og á skýrum kennileitum tengdum þríhyrningamælistöðum þar sem hægt var að koma því við.

Þegar verið var að staðsetja þessi mörk, segir í greinargerð Landmælinga Íslands, þá kom glögglega fram það sem lengi hefur verið vitað að landamörk víða um land eru ekki nægilega vel þekkt. Og það vantar mjög mikið á að þau séu mæld og kortlögð. Þetta er nokkuð misjafnt eftir landshlutum þegar rætt er um mörk heimalands hvað eru taldir almenningar og hvað eru taldir afréttir. Þetta var sem sagt sett hér fram sem hugmynd og ég held að það hefði verið gagnrýnivert og hefði verið gagnrýnt ef ekkert af þessu tagi hefði fylgt frv.

Hv. þm. Jón Kristjánsson vék að löggæslumálum. Það eru þá eingöngu löggæslumál í málum sem varða skipulags- og byggingarmál. Um það var haft samráð við dómsmrn. Ég vek hins vegar athygli á því, og hér hafa fleiri þingmenn nefnt löggæslu almennt á hálendinu, að sú löggæsla sem þar hefur farið fram er allt of lítil, en það sem gert hefur verið hefur verið gert vel. Það voru lögreglumenn við vörslu á hálendinu í sumar. Ég hef fengið bæði skýrslu og myndir frá þeirra störfum. Þeir hafa unnið sitt verk mjög vel. En þetta var kannski of skammur tími og þeir hefðu þurft að vera fleiri og fara víðar. En, hv. þm. Jón Kristjánsson, sú löggæsla var á vegum vegalögreglunnar. Vegalögreglan hefur annast löggæsluna á hálendi Íslands vegna þess að það hefur verið talinn eðlilegur og hagkvæmur framkvæmdamáti. Vegalögreglan er undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík. Ég veit ekki til að það hafi leitt til neinna árekstra við lögregluyfirvöld í öðrum landshlutum, alls ekki. Ég get frá því greint að sú hugmynd var uppi að það væri lögreglustjóraembættið í Reykjavík sem annaðist löggæslu á þessu afmarkaða Miðhálendi. Þeirri hugmynd var hafnað, ég hygg að hún hefði orðið mönnum alveg sérstakt umræðuefni hér á hinu háa Alþingi, enda þótt lögreglustjórinn í Reykjavík stjórni vegalögreglunni sem annast löggæslu á hálendinu og hefur farist það vel úr hendi. Það hefur verið árekstralaust og ádeilulaust. Þess vegna var sú leið valin að fela þetta fjórum sýslumannsembættum þar sem mestur mannafli er til löggæslustarfa. Og ég hygg að á þeirra sviði hafi verið stærstur hluti þessa hálendis.

Það var minnst hér varðandi leyfisgjaldið og þann kostnað sem er þessu samfara. Ég nefndi það í minni ræðu í morgun sem hv. þm. Jón Kristjánsson heyrði ekki að ég held að það sé eðlileg regla í þessu sambandi að þeir sem óska eftir framkvæmdum á þessu svæði greiði þann kostnað sem þeim framkvæmdum er samfara varðandi skipulagsmál og önnur mál en það sé ekki greitt úr almannasjóðum. Sá kostnaður á að vera hluti framkvæmdakostnaðarins og er það við mannvirkjagerð af þessu tagi.

Það hefur komið hér fram að þetta sé fyrst og fremst málefni sveitarfélaganna. Það er auðvitað nokkuð til í því og það er alveg rétt sem sagt hefur verið að í sumum tilvikum eru landsvæði eða skikar á þessu afmarkaða svæðis sem alveg ótvírætt eru eign sveitarfélaganna. Um það er ekki deilt. Hins vegar er það svo að það eru líka svæði þar sem þetta er allt saman mjög óskýrt. Og ég vek sérstaka athygli á því vegna þess sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði hér áðan að í 1. gr. laga nr. 8/1986, sveitarstjórnarlaganna, segir orðrétt, með leyfi forseta: „Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð." Það segir „byggðin" og auðvitað er það af ráði gert. Af þessu leiðir að óbyggðin í landinu skiptist ekki í sveitarfélög með sama hætti og byggðin. Við verðum að viðurkenna það og það hafa hv. þm. viðurkennt að víða eru þessi mörk óljós. Ég held að við séum alveg sammála um að það er mikil þörf á að stemma stigu við þeirri þróun sem hefur verið að hefjast, þ.e. að menn byggi út um hvippinn og hvappinn, stundum í trausti þess að þeir hafi leyfi. En ég vek athygli á því að stundum getur það verið svo að eignarréttur, umráðaréttur á því landi sem sveitarstjórn úthlutar byggingarleyfi á í óbyggðum kann að vera tvíræður, hann kann að vera umdeildur. Þess eru ýmis dæmi. Svo kann að vera að sveitarstjórn hafi á einhverjum tíma talið sig hafa keypt umrædd svæði og þá kann að leika vafi á hvort sá sem seldi hafi haft eignarrétt á landinu. Þarna er um að ræða mjög flókin lögfræðileg og raunar sagnfræðileg deiluefni. Og þess vegna er af ásettu ráði ekki komið að þessum hluta málsins í frv. Hitt er svo það að hv. Alþingi getur ekki

endalaust vikist undan því að taka afstöðu til þeirra álitaefna varðandi eignarrétt á landi þar sem hann er óljós. Almenningar eru það land sem almenningur þessa lands í rauninni ætti að eiga. Þetta vandamál er uppi hér hjá okkur, hjá þessari þjóð. Það er ekki uppi með sama hætti hjá öðrum. En þetta er mál sem Hæstiréttur hefur í rauninni beint til Alþingis að taka afstöðu til og ég held að það sé mjög brýnt að þingið taki afstöðu til þess. En það er ekki einfalt mál og það er ekki verið að gera það hér. Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að þetta mál sé rætt og það sé kynnt og að það eigi sér stað málefnaleg umræða um þetta vegna þess að við stöndum hér andspænis vandamáli sem við þurfum að leysa.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir, sem er nú ekki stödd hér í salnum, spurði hvort fjarlægja ætti þá skála sem reistir hafa verið í óleyfi. Það er ekki tekin afstaða til þess hér í frv. Þar verða mörg álitamál. Í sumum tilvikum, eins og ég vék að hér áðan, er það áreiðanlega svo að þeir sem reistu þá skála hafi talið sig hafa leyfi þótt það megi draga í efa. Og ég hygg nú að það muni takast, það tekur áreiðanlega langan tíma, að leysa slík mál í bærilegri sátt.

Hv. þm. Páll Pétursson, sem reyndar er nú heldur ekki viðstaddur þessa umræðu, talaði um að það væri óþarflega mikil lagasetning í landinu. Ég get verið honum sammála um að það sé of mikið af löngum lagabálkum. Það er mikið rétt. En þetta frv. getur hins vegar ekki flokkast með löngum lagabálkum. Hann viðurkenndi að vísu þann vanda sem hér er við að stríða og ætla ég svo sem ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég vil þakka þeim hv. þm. að nýju sem hafa tekið jákvætt undir þetta mál og það hafa raunar flestir gert. Ég tel mjög mikilvægt að umræða fari fram um þetta og menn átti sig á þeim nýju viðhorfum sem nú eru uppi bæði í þessu þjóðfélagi og annars staðar til verðmæta af þessu tagi og líka til hugtaksins um aðgang almennings að náttúru landsins og slíkum svæðum. Auðvitað gæti ég sagt það að ákjósanlegast væri að gera allt Miðhálendið að þjóðgarði. Það hefur afar lengi verið mín skoðun en það er ekki hægt á þessu stigi vegna þess að til þess að gera land að þjóðgarði þá verður eignarréttur ríkisins á því landsvæði að vera alveg ótvíræður. Hann er það ekki í þessu tilviki og þess vegna er sú tillaga óraunhæf og ekki framkvæmanleg.

Ég vil, herra forseti, ljúka máli mínu með því að þakka þessa umræðu og ítreka tillögu mína um að málinu verði vísað til hv. umhvn. Það geri ég að gefnu tilefni vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti tillögu um að málinu yrði vísað til landbn. Þó að hún sé mikilvæg nefnd þá sé ég ekki að það sé hægt að styðja rökum með einum eða neinum hætti að þetta mál, sem varðar skipulagsmál, sem varðar byggingar- og skipulagsmál, sem varðar umhverfismál, eigi heima annars staðar en í umhvn. hins háa Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, 2. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 150, nál. 744 og 746, brtt. 745, 747 og 755.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 744 og brtt. á þskj. 745 frá meiri hluta félmn. um frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum og fékk til viðræðna um málið Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félmrn. og formann þeirrar nefndar er samdi frv., Guðrúnu Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur, Þuríði Magnúsdóttur frá Fræðslumiðstöð iðnaðarins, Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntmrn., Láru V. Júlíusdóttur, framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, Þráin Hallgrímsson, skrifstofustjóra Alþýðusambandsins, Snorra Konráðsson, framkvæmdastjóra Menningar- og fræðslusambands alþýðu, Gissur Pétursson, fulltrúa í sjútvrn. og fulltrúa í starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Þóri Daníelsson, framkvæmdastjóra Verkamannasambands Íslands, Elínborgu Magnúsdóttur, ritara fiskvinnsludeildar Verkamannasambandsins, Þórleif Jónsson, framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna, og Sjöfn Ingólfsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þá lágu fyrir nefndinni umsagnir sem borist höfðu félmrn. þegar frv. var til endurskoðunar í ráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Kennarasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Vegna sérstakrar óskar, er fram kom við 1. umr. málsins, sendi nefndin frv. til umsagnar menntmn. 12. febr. sl. Menntmn. fjallaði um málið á nokkrum fundum og í umsögn meiri hluta nefndarinnar, sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu ásamt umsögn minni hluta nefndarinnar, kemur fram að meiri hlutinn mælir með samþykkt frv.

Leyfi ég mér, virðulegur forseti, að lesa umsögn meiri hluta menntmn., sem er stutt, hér í minni framsögu en hún hljóðar svo:

„Með bréfi dagsettu 12. febr. sl. óskaði félmn. umsagnar menntmn. um frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, 140. mál þingsins. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um frv. Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félmrn. og formann þeirrar nefndar er samdi frv., Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntmrn., og Gissur Pétursson, fulltrúa í sjútvrn. sem jafnframt á sæti í starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.

Ágreiningur var í nefndinni um frv., einkum hvar vista bæri málið í stjórnsýslunni. Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er öllum nefndarmönnum nema Hjörleifi Guttormssyni, mælir með samþykkt frv.

Meiri hlutinn álítur að það skipti miklu máli fyrir góðan framgang þessa máls að aðilar atvinnulífsins hafi verulegt frumkvæði í allri starfsmenntun.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma."

Undir þetta álit ritar Sigríður Þórðardóttir, formaður.

Eins og fyrr segir er umsögn minni hluta menntmn. einnig prentuð sem fylgiskjal og mun áliti minni hlutans verða gerð skil hér á eftir.

Miklar umræður hafa orðið um einstök atriði frv. í félmn., m.a. um ákvæði 4. gr. þess um hvar málaflokkur þessi eigi heima í stjórnsýslunni. Meiri hluti nefndarinnar telur þó ekki ástæðu til breytinga á frv. nema að því er varðar 11. og 15. gr. Breytingin við 11. gr. felur í sér að bætt er við þau skilyrði sem umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði þarf að uppfylla og tiltekið að fylgja þurfi upplýsingar um leiðbeinendur.

Þá er 15. gr. er varðar hugsanlegt mat á námi til námseininga umorðuð til að gera ákvæði hennar skýrara en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur á það áherslu að mikilvægt sé að sú starfsmenntun, sem frv. á að stuðla að, komi ekki síst ófaglærðu fólki til góða.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Undir þetta nál. rita undirrituð, formaður og frsm. nefndar, Guðjón Guðmundsson, Jón Kristjánsson með fyrirvara, Ingibjörg Pálmadóttir með fyrirvara, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir með fyrirvara, Eggert Haukdal, Einar K. Guðfinnsson og Hermann Níelsson.

Virðulegi forseti. Brtt. á þskj. 745 hljóðar svo:

„1. Við 11. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður er orðist svo:

Upplýsingar um leiðbeinendur.

2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðuneytið ákveður hvaða nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skuli metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi."

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þau miklu umbrot og þær miklu breytingar sem hafa orðið í atvinnulífinu hér á landi sem annars staðar hafa kallað á aukna þörf á starfsmenntun og endurmenntun í atvinnulífinu og ég tel að það frv., sem hér er til meðferðar og við ræddum nokkuð ítarlega við 1. umr. málsins fyrir jólin, sé svar við þeirri ósk og þeirri þörf sem hefur greinilega komið fram í atvinnulífinu upp á síðkastið. Þessi þörf hefur kannski orðið enn þá meira áberandi í ljósi þess að víða í sumum starfsgreinum hefur þrengt nokkuð að og atvinnuleysi hefur skotið upp kollinum og allt þetta hefur auðvitað undirstrikað þörfina fyrir að efla starfsmenntun í atvinnulífinu, jafnframt því sem flestir hafa komist að þeirri niðurstöðu að starfsmenntun út af fyrir sig, aukin þekking og hæfni til að gegna mismunandi störfum, hefur í eðli sínu þau áhrif að afköst aukast í atvinnulífinu og þannig er hægt að bæta lífskjörin þegar til lengri tíma er litið.

Ég tel að með því frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem hér er til umræðu ásamt þeim brtt. sem fram hafa verið settar af meiri hluta hv. félmn., sé mjög komið til móts við þau sjónarmið sem uppi hafa verið varðandi þessi mál í okkar þjóðfélagi og raunar kristallast í því að mikið og gott samkomulag tókst um það hjá flestum aðilum málsins við undirbúning þess hvernig að skyldi standa. Ég tel að það hafi verið til fyrirmyndar hvernig að þessu máli var unnið að því leytinu að til verksins voru kallaðir aðilar vítt og breitt úr þjóðfélaginu og þannig leitað eftir því að ná samkomulagi enda held ég að það sé grundvallaratriði ef eitthvert gagn á að vera af starfsmenntunarfrumvarpi og starfsmenntunarlögum sem þessum að um það sé sátt milli þeirra sem eiga að taka þátt í því, atvinnurekanda, vinnuveitanda og launþega og þannig hefur verið að þessu máli unnið.

Ég tel verulega ástæðu til að leggja áherslu á það sem fram kemur í nál. meiri hluta félmn. þar sem segir að nefndin leggi á það áherslu að mikilvægt sé að sú starfsmenntun sem frv. eigi að stuðla að komi ekki síst ófaglærðu fólki til góða. Ég hygg að í þeim miklu breytingum sem við erum núna að sjá fram á í okkar atvinnulífi sé ekki ofmælt að á þetta mál sé lögð mikil áhersla og það sé greitt fyrir fólki sem vill og þarf að breyta um starf með starfsmenntun af ýmsu tagi.

Ég vek athygli á því að í 1. gr. þessa frv. er einmitt gert ráð fyrir að verið sé að opna leiðir fyrir fólk til þess að mennta sig eða hljóta þekkingu til þess að geta skipt um störf með auðveldari hætti. Í 1. gr. frv., f-lið, segir svo, með leyfi forseta: „Markmið þessara laga er að ... mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma."

Þetta hygg ég að sé afar þýðingarmikið og verði seint of mikil áhersla lögð á þetta mál.

Ég vil, varðandi þær brtt. sem meiri hlutinn leggur fram, segja að ég tel að þær miði að því að styrkja enn stöðu þessa máls með því að opna leiðir fyrir það að hið nýja starfsmenntaráð geri ákveðnar kröfur til leiðbeinendanna þannig að alltaf sé tryggt að það fólk sem sé ráðið til starfa til að sinna leiðbeiningum af hverju taginu sem er, uppfylli lágmarksskilyrði. Við höfum oft á tíðum heyrt sögur af því að hæfni leiðbeinenda í námskeiðum af ýmsu tagi sem haldin hafa verið, m.a. og ekki síst úti um landið, hafi verið með ýmsum hætti. Með þessu ákvæði er vitaskuld verið að árétta þann skilning löggjafans að það beri að gera verulega miklar kröfur til þeirra leiðbeinenda sem eru ráðnir til starfa til að sinna þessu gríðarlega mikla og mikilvæga hlutverki sem starfsmenntun í atvinnulífinu er á hverjum tíma.

Enn fremur er mál þetta styrkt með brtt. sem ég hygg að félmn. almennt standi að, þar sem lagt er til að 15. gr. frv. sem orðist svo:

„Menntmrn. ákveður hvaða nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skuli metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi."

Auðvitað er þetta mál ekki einfalt. Það er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um með hvaða hætti eigi að meta hvert námskeið til námseininga. Menntmrn. er ætlað það hlutverk að setja nánari reglur þar um og ég hygg að þetta sé mjög mikilvægt og geti gegnt því hlutverki m.a. að hvetja til þátttöku í starfsmenntunarnámskeiðum af því tagi sem hér er verið að koma á laggirnar.

Ég ítreka það að ég tel að þetta frv. sé vel úr garði gert og hafi verið unnið með þeim hætti sem eðlilegt

hafi verið með því að hafa sem nánast samstarf við sem flesta. Það er ánægjulegt til þess að vita að aðilar vinnumarkaðarins hafa lýst yfir stuðningi við meginmarkmið þess og um þetta telst þess vegna bærileg sátt, m.a. það ákvæði að það sé eðlilegt að starfsmenntun í atvinnulífinu, að undanskilinni starfsfræðslu í fiskvinnslunni, skuli heyra undir félmrn. Það er niðurstaða aðila vinnumarkaðarins, m.a. þess fólks sem á að nýta þessa menntun, og um það tel ég að sé þar af leiðandi góð sátt hjá því fólki sem á að nýta sér þessa starfsmenntun.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég stend að nál. meiri hluta félmn. en þó með ákveðnum fyrirvara. Ástæður þessa fyrirvara birtast í brtt. mínum sem lagðar eru fram á þskj. 755, en ég lít svo á að þessar brtt. séu í raun minni háttar og þær breyta engu um þá staðreynd að ég styð þetta frv. í meginatriðum.

Þær tillögur sem ég geri eru tvær. Sú fyrri er á þá leið að ég legg það til að fellt verði út ákvæði í 4. gr. laganna um að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjútvrn. 4. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir félagsmálráðuneytið. Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið."

Það er sem sagt þessi síðari setning sem ég legg til að verði felld út. Ég tel ekki eðlilegt að starfsfræðsla í einni tiltekinni atvinnugrein sé undanþegin þessum lögum sem við erum hugsanlega að samþykkja. Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar hefur sett fram þá skoðun að forræði og ábyrgð starfsmenntunar eigi að vera í höndum fagráðuneyta almennt og það þýddi þá að starfsfræðsla í iðnaði heyrði undir iðnrn., í landbúnaði undir landbrn., í sjávarútvegi undir sjútvrn. o.s.frv. Þessi skoðun er út af fyrir sig allra góðra gjalda verð og mætti skoðast, en þar er bara á ferðinni allt önnur hugmynd en þetta frv. byggir á. Mér finnst ansi hæpið að gera ráð fyrir tveimur hugmyndum sem toga í gagnstæðar áttir í einu og sama frv., þ.e. bæði hugmyndinni um að dreifa menntuninni á fagráðuneyti og hinni að safna menntuninni saman í einu ráðuneyti. Mér finnst þetta toga í tvær gagnstæðar áttir þó báðar hugmyndirnar geti vissulega átt rétt á sér.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar leggur mikla áherslu á að halda starfsmenntun í fiskvinnslu í sjútvrn. Ég hef hins vegar ekki orðið vör við að starfsfólk fiskvinnslunnar eða fólkið sem starfar í fiskiðnaði leggi á það neitt ofurkapp. Þvert á móti má eiginlega segja að þetta fólk hafi lýst yfir áhuga á að vera í samfloti með öðrum en kannski ekki treyst sér til að gera það beinlínis að tillögu sinni. Því geri ég þessa brtt. vegna þess að mér finnst þetta kannski fyrst og fremst vera mikið kappsmál hjá starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar en ekki endilega því fólki sem starfar í fiskvinnslunni.

Síðari brtt. mín gerir ráð fyrir því að í starfsmenntaráði verði fjölgað um einn og sá fulltrúi sem þar bætist við komi frá menntmrn.

Brtt. hljóðar þannig: „Ráðherra skipar átta manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara." — Frv. gerir ráð fyrir að það sé sjö manna starfsmenntaráð. — „Einn fulltrúi skal skipaður af félmrh. án tilnefningar" eins og nú er „og einn af menntmrh." Síðan heldur þessi grein áfram óbreytt: „Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum." Eina breytingin þarna er sem sagt sú að inn í starfsmenntaráðið komi fulltrúi frá menntmrn.

Ég held að öllum þingmönnum sé ljóst að í stjórnkerfinu sem og hér á Alþingi eru mjög skiptar skoðanir um það hvar eigi að vista starfsmenntun — vista, eins og það er kallað svo sérkennilega að mínu mati a.m.k. — hvar eigi að vista starfsmenntun í atvinnulífinu. Ég held að a.m.k. í þrígang í vetur hafi komið upp umræður á Alþingi í þá veru og það er ljóst að í öllum flokkum eru skoðanir á reiki um þessi mál þó að allir flokkar nema Alþb. hafi kosið að styðja það að starfsmenntunun heyrði undir ráðherra vinnumála. En eins og ég segi, ég held að skoðanir séu nokkuð á reiki í öllum flokkum um það hvort það sé endilega besta ráðstöfunin. Ég sjálf hef ekki sannfæringu fyrir því að það sé hið eina rétta að vista starfsfræðslu í atvinnulífinu í menntmrn., en mjög ákveðnum málflutningi hefur verið haldið uppi í þá veru að öll menntamál eigi að vera í menntmrn. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að starfsfræðslan eigi að vera þar. En ég get hins vegar séð nauðsyn þess að upplýsingastreymi sé gott milli þeirra sem sinna almennri fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. og hinna sem sinna verkmenntun fullorðinna á vinnumarkaði í skjóli félmrn. Því geri ég tillögu um að menntmrn. fái fulltrúa í starfsmenntaráðið til að tryggja upplýsingamiðlun þarna á milli.

Eins og fram kemur í nál. meiri hlutans komu nokkuð margir á fund nefndarinnar og allt var þetta fólk sem kemur nálægt starfsmenntunarmálum með einum eða öðrum hætti og voru flestir þeirra sem komu á fund nefndarinnar mjög afgerandi þeirrar skoðunar að málaflokkurinn ætti að heyra undir ráðuneyti vinnumála. Ástæðan sem mér fannst fólk færa fram var kannski ekki síst sú að sú starfsmenntun, sem hingað til hefur staðið vinnandi fólki til boða, hefur verið á vegum aðila vinnumarkaðarins eða fyrir þeirra frumkvæði og algjörlega fyrir utan skólakerfið og menntmrn. Þeir aðilar, sem standa á bak við meiri hlutann í starfsmenntaráðinu, virðast treysta sér betur til að rata um innviði félmrn. en menntmrn. og ég tel ástæðu til að virða þá skoðun og virða skoðanir þess fólks sem hefur haft hvað mest frumkvæði í starfsmenntamálum á vinnumarkaði. Aðalatriðið í þessu máli öllu saman hlýtur að vera að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu og auka möguleika vinnandi fólks til að sækja sér menntun í sínu fagi. Þegar fólk fer að sækja slík námskeið þá er það reynsla allra, sem nálægt því hafa komið, að það auki mjög sjálfstraust fólksins og möguleika og það opnar mörgum nýja sýn á getu sína og

hæfileika og námskeið í starfsmenntun gera það oft á tíðum að verkum að fólk leitar jafnvel inn í bóknám eftir slíkt. Oft er fólk sem fer á þessi námskeið illa brennt eftir skrykkjótta skólagöngu, hefur jafnvel verið talin trú um að það geti ekki lært en kemst svo að því að það er eins og hver önnur dauðans della, það kemst að því að það er ágætlega til þess hæft.

Ég held, eins og frsm. nál. meiri hlutans, að það sé mjög mikilvægt að þessi starfsmenntun nýtist öðru fremur þeim sem eru ófaglærðir. Faglærðir hafa notið langrar skólagöngu oft og tíðum og fjárhagslegs stuðnings frá ríkinu í formi menntunar umfram það sem þeir ófaglærðu hafa fengið þannig að þegar ríkið ákveður að setja fjármagn í starfsmenntun í atvinnulífinu þá finnst mér eðlilegt að þeir, sem hafa ekki notið mikils úr opinberum sjóðum til sinnar menntunar, hafi þarna forgang öðrum fremur. En það er auðvitað eitthvað sem starfsmenntaráðið verður að passa upp á og þar eru fulltrúar sem ég treysti til að horfa þeim augum á málin.

Frv. gerir ráð fyrir því að lögin, verði frv. að veruleika, verði endurskoðuð eftir þrjú ár. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði og eftir þessi þrjú ár sé hægt að meta reynsluna sem af þessu hefur fengist og m.a. sé þá hægt að meta reynsluna af því hvernig til hefur tekist að hafa þennan málaflokk inni í félmrn. en ekki inni í menntmrn.

Frsm. minni hluta félmn. (Bryndís Friðgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. minni hluta félmn. sem eru á þskj. 746 og 747 um frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu. Nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Bakgrunnur þessa máls felur í sér jákvætt framlag til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu. Hins vegar hefur málinu verið valinn rangur farvegur með því að drepa starfsmenntun samkvæmt frumvarpinu á dreif í stjórnkerfinu.

Að mati minni hlutans ætti það að vera sjálfsögð stefna að fela ráðuneyti menntamála umsjón þessarar starfsemi innan Stjórnarráðsins. Afar brýnt er að lyfta úr láginni svonefndri verkmenntun og vinna gegn þeirri úreltu aðgreiningu á bóknámi og verknámi sem allt of lengi hefur viðgengist. Það er hins vegar mikill og alvarlegur ljóður á frumvarpinu að gert er ráð fyrir að setja starfsmenntun í atvinnulífinu undir önnur ráðuneyti en ráðuneyti menntamála, sbr. 4. gr. Með því er gengið í öfuga átt að því er varðar samræmingu verkefna innan Stjórnarráðsins. Mikil þörf er á að tengja saman sem verða má almenna fræðslustarfsemi, fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu. Aðgreining og sérmeðferð verk- og starfsmenntunar innan skóla og utan reisir hindranir sem þörf er á að fjarlægja. Á undanförnum árum hafa ýmsir sérskólar, sem áður heyrðu undir ýmis fagráðuneyti, verið færðir yfir til ráðuneytis menntamála. Engin frambærileg rök eru fyrir því að ætla nú að festa aðra skipan í sessi að því er starfsmenntun í atvinnulífinu varðar. Slíkt mun auka tilkostnað og draga úr möguleikum á að sú starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði til að styrkja stöðu verkmenntunar.

Þetta er þeim mun fráleitara þegar litið er til markmiða laganna skv. 1. og 2. gr. þar sem m.a. er gert ráð fyrir „frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs". Til þessarar menntunar á m.a. að heyra grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa og eftirmenntun, sbr. 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi sjö manna starfsmenntaráð sem m.a. á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar og ákveða forgangsröðun verkefna. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að neinn fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu eigi sæti í þessu ráði og væri lítils háttar bragarbót að breytingu í þá veru. Nota hefði átt tækifærið með samningu þessa frumvarps til að tengja saman meginstofn verkmenntunar í landinu sem nú heyrir undir menntamálaráðuneytið og þá starfsfræðslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta er því miður ekki gert. Í umsögnum um frumvarpsdrög um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem send voru út á vegum félagsmálaráðuneytis árið 1990, var m.a. bent á þessa brotalöm af Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi iðnmenntaskóla og Sambandi málm- og skipasmiðja.

Þá er félagsmálaráðuneyti ætlað að safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og miðla þeim til aðila vinnumarkaðarins. Hér er verið að drepa á dreif málum sem eðlilega eiga heima í menntamálaráðuneyti. Aðeins á einum stað í frumvarpinu er minnst á menntamálaráðuneytið, þ.e. í 15. gr. þar sem tekið er fram að hægt sé að fá nám sem styrkt er samkvæmt frumvarpinu „metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins". Í þessu tilviki má ráðuneyti menntamála koma við sögu þótt það hafi að öðru leyti engan íhlutunarrétt í starfsmenntun í atvinnulífinu.

Til að gera þennan málatilbúnað enn ruglingslegri er síðan í 4. gr. skotið inn svohljóðandi ákvæði: „Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið." Sjávarútvegsráðherra eða ráðuneyti sjávarútvegsmála er þó hvergi nefnt annars staðar í frumvarpinu þannig að óljóst er um verkaskiptingu þessara ráðuneyta að öðru leyti. Ekki er heldur vikið orði að þeirri starfsemi sem farið hefur fram á vegum Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins um árabil í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og innan vébanda iðnaðarráðuneytisins.

Undirrituð harmar þá skammsýni sem einkennir stjórnkerfisþátt þessa frumvarps og varar við samþykkt þess í núverandi formi. Hér er verið að spilla annars þörfu máli. Undirrituð mun leitast við að ná fram breytingum á frumvarpinu með því að flytja og styðja breytingartillögur sem ganga í þá átt sem hér er vísað til.

Rétt er og að benda á að menntamálaráðherra lagði 31. mars fram frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Eðlilegt hefði verið að Alþingi og nefnd-

um þingsins gæfist kostur á að fjalla um þessi frumvörp samhliða."

Brtt. sem ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flytjum eru á þskj. 747 og eru svohljóðandi:

„1. 4. gr. orðist þannig:

Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar átta manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.

3. Í stað orðanna „félagsmálaráðuneytið" í 7. og 14. gr. og „félagsmálaráðuneytinu" í 13. gr. komi: menntamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytinu, og í stað orðsins „félagsmálaráðherra" í 8. gr. komi: menntamálaráðherra."

Guðmundur Þ Jónsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni yfir því að þetta mál skuli vera komið á lokastig í þinginu þannig að við getum kannski vænst þess að það fái endanlega afgreiðslu fyrir páska.

Þetta mál er búið að vera lengi í gangi, reyndar svo lengi að það er farið að gæta verulegrar ólþolinmæði hjá verkalýðshreyfingunni að fá þessi lög vegna þess að á undanförnum allmörgum árum hefur farið fram töluvert starf á þessum vettvangi, þ.e. í fræðslumálum fyrir ófaglært fólk. Það byrjaði í fiskvinnslunni og síðan færðist það yfir á aðrar greinar og hefur verið tekið upp í auknum mæli t.d. í iðnaðinum þar sem þetta starf hefur verið með allmiklum þrótti. Er gaman að geta þess að í gærkvöldi voru útskrifaðir á milli 40 og 50 félagsmenn þriggja verkalýðsfélaga í Reykjavík eða afhenda þeim viðurkenningu fyrir þátttöku í starfsnámskeiðum. Vandamálið við þetta hefur verið að skort hefur fjármagn og verkalýðsfélög sem hafa staðið að þessu eða verkalýðshreyfingin hefur nánast þurft að sníkja peninga frá einu námskeiði til annars. En ég vil taka sérstaklega fram að við höfum notið verulegs velvilja hæstv. félmrh. í þessu máli og ber að þakka það og virða að verðleikum.

En þetta er mikilvægt mál eins og hér hefur komið fram og þótt ég hafi ekki átt þess kost að hlýða á umræður um frv. þegar það var lagt fram á þinginu hef ég fylgst mjög vel með umræðum um málið á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar þar sem þetta hefur fengið mjög mikla og ítarlega umræðu enda er þetta áhugamál margra þar. Það hefur verið nánast samdóma álit þeirra sem hafa fjallað um málið á þeim vettvangi að það bæri að hafa þetta mál í félmrn. og líta á það sem vinnumarkaðsmál sem ég tel að það sé. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert þótt menn vilji setja það í menntmrn. og geta út af fyrir sig fært rök fyrir því, en ég held að þetta heyri til vinnumarkaðnum, það eru fyrst og fremst aðilar vinnumarkaðarins sem koma til með að framkvæma þessi lög, búa og lifa við þau þannig að það er miklu eðlilegra að okkar dómi að hafa þau þar. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það er svolítið ankannalegt að vera að draga fiskvinnsluna sérstaklega út og láta hana heyra undir annað ráðuneyti. Ég get út af fyrir sig samþykk þá breytingu í sjálfu sér en ég mundi ekki treysta mér til að standa að breytingu á frv. að þessu leyti vegna þess að um þetta frv., sem er búið að vera mjög lengi í vinnslu og búið að fara í gegnum mikla umræðu í okkar röðum, er samkomulag og mál í þessu sambandi viðkvæm en það er samkomulag um þetta og ég teldi að slík breyting mundi hafa mjög neikvæð áhrif á framkvæmd laganna og framhald málsins. Ég mundi því ekki treysta mér til að samþykkja þessa brtt. út frá þeirri forsendu jafnvel þótt ég sjái að það er kannski ekki beint skynsamlegt að vera að taka eina atvinnugrein út úr og setja hana undir annað ráðuneyti.

Að öðru leyti eru þær brtt. sem fram hafa komið þess eðlis að þær út af fyrir sig breyta málinu ekki mikið Kjarni málsins stendur óbreyttur og það er það sem skiptir máli. Ég er hins vegar andvígur því, eins og menn hafa mátt skilja á máli mínu, að færa þetta undir annað ráðuneyti en félmrn. vegna þess að það ætti að vera þar. Að því leyti til er ég ekki sammála háttvirtum talsmanni minni hluta félmn. þótt við séum samflokksmenn en það eru út af fyrir sig skiptar skoðanir um þetta í okkar hópi að þessu leyti eða ég kem alla vega inn með önnur viðhorf inn í þingflokkinn þann stutta tíma sem ég kem til með að sitja hér. En ég fagna því að þetta mál skuli vera komið á lokastig og vona að hv. Alþingi geti afgreitt það núna fyrir páskana því við höfum satt að segja lengi beðið eftir því og það eru ótalmörg verkefni sem bíða og fara í gang þegar þessi lög hafa tekið gildi og ég vona því að menn hraði afgreiðslu frv.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilumál Alþb. að öðru leyti en því að ég styð skoðun þeirra hv. 5. þm. Vestf. og 4. þm. Austurl. einmitt með þeim rökum að mér er mikið í mun að lyfta úr láginni, eins og hér segir, svonefndri verkmenntun og koma henni á sama stað og bókmenntun. Ég held að verkmenntun hafi dregist mjög aftur úr hér í landi og ég held að hún eigi að heyra undir menntmrn. eins og bókmenntun.

En það var ekki þess vegna sem ég kom upp í ræðustól heldur langar mig að spyrja hvort ákvæði í lögum nr. 64/1981, um Atvinnuleysistryggingasjóð, eiga að vera áfram í gildi verði þetta frv. að lögum. En í 18. gr. laga um Atvinnuleysistryggingasjóð segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að sex vikur ef atvinnuleysi hefði skap-

að honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa." Síðan fylgja nokkur frekari ákvæði um það. Síðan segir síðar í sömu grein, með leyfi forseta: „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans, enda verði það talið nauðsynlegt vegna verulegra breytinga og nýjunga í starfsháttum ..." Þess vegna er ég að spyrja að því að mér finnst stundum vanta þegar verið er að setja lög hér á hinu háa Alþingi að það sé litið til annarra laga og kem ég þá enn og aftur og einu sinni enn að því að í lögum nr. 48 frá 1929 er gert ráð fyrir laganefnd við Alþingi Íslendinga. Sú laganefnd hefur aldrei orðið til. En ég held sannarlega að það væri ekki vanþörf á því því að grun hef ég um að mikið vanti á samræmingu frv. og laga hér í þinginu. Þetta er einmitt talandi dæmi um það. Ég sé ekki að þessi ákvæði séu felld úr gildi. En ég hygg að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi gert afar lítið af að greiða slíka styrki en ákvæðið er hér eftir sem áður. Og ef það á ekki að vera nema nafnið eitt þá er alveg eins gott að fella þessa grein úr gildi. Ég vil benda á að þarna er í raun og veru, verði þetta frv. að lögum, ákvæði sem fjalla um sömu starfsemina. Mér sýnist að Atvinnuleysistryggingasjóður sé ekki vel haldinn fjárhagslega og með vaxandi atvinnuleysi hygg ég að hann hafi nóg á sinni könnu þó að hann eigi ekki að standa undir námskeiðahaldi og styrkjum til þeirra sem óska eftir að sækja slík námskeið. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta ákvæði eigi að standa óbreytt. Ef ekki þá vil ég biðja hæstv. ráðherra að athuga eða biðja hv. nefndarformann félmn. að líta aðeins inn í hvort ekki þyrfti að samræma þarna áður en endanlega yrði gengið frá lögunum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við fulltrúar Framsfl. í félmn., ég og hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir, höfum skrifað undir álit meiri hluta félmn. með fyrirvara. Sá fyrirvari var vegna þess að við höfum lagt á það höfuðáherslu að sú starfsmenntun, sem hér um ræðir, komi aðallega ófaglærðu fólki til góða. Við óttumst að sá starfsmenntunarsjóður, sem gert er ráð fyrir, verði lítilsmegnugur ef á hann er lagt að standa undir allri starfs-, og endurmenntun hverju nafni sem hún nefnist. Það er reyndar tekið fram í nál. að það sé skilningur meiri hluta nefndarinnar og er það mjög til bóta. Þar segir: „Meiri hluti nefndarinnar leggur á það áherslu að mikilvægt sé að sú starfsmenntun, sem frv. á að stuðla að, komi ekki síst ófaglærðu fólki til góða." Við teljum þetta mikilvægt og í ljósi þess sem fram hefur komið, að frv. byggist á samkomulagi milli aðila m.a. verkalýðshreyfingarinnar í landinu, og einnig á samkomulagi milli ráðuneyta sem nokkur undirbúningsvinna var lögð í að ná þessu samkomulagi áður en frv. var lagt fram, höfum við ákveðið að flytja ekki brtt. við frv. en láta nægja að ítreka þessa fyrirvara okkar við þessa umræðu. Við stöndum að brtt. meiri hlutans á þskj. 745. En á þskj. 755 hefur hv. 10. þm. Reykv. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutt tvær brtt. Við erum andvíg fyrsta hlutanum á þeim forsendum að það mál sem þar um ræðir byggist á vissu samkomulagi sem tókst þar um og við teljum ekki ástæðu til að breyta þar um vegna þess að í fiskvinnslunni hefur verið rekin öflug starfsmenntun. En við teljum geta komið til greina að styðja brtt. við 5. gr.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Við höfum staðið að þessari vinnu og munum samþykkja frv. með þeim formerkjum sem ég hef gert hér grein fyrir.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að það frv. sem hér liggur fyrir er komið það langt sem raun ber vitni. Eins og fram hefur komið hefur gerð þess tekið langan tíma enda mikilsvert málefni á ferðinni. Það hefur verið rætt mjög ítarlega á vettvangi verkalýðshreyfingar, hjá vinnuveitendum og hjá þeim nefndum sem um málið hafa fjallað. Hér á Alþingi hefur það einnig verið allnokkuð rætt. Það hefur verið ríkur vilji fyrir því hjá verkalýðshreyfingunni að ná þessu frv. fram í þeirri gerð sem það er núna. Þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hafa vissulega komið fram við mótun frv. eins og t.d. hvar eigi að vista fræðslu þá sem sjútvrn. hefur staðið fyrir með svokölluðum fiskvinnslunámskeiðum. En það varð niðurstaða að skynsamlegt væri að sú starfsemi yrði áfram innan sjútvrn. enda er þekkingin mest þar. Það var vissulega tekist á um það hvernig að þessu skyldi staðið en ég minni á að ákvæði er um það að endurskoða frv. að þremur árum liðnum og ekki er ólíklegt að þá verði ein af breytingunni sú að öll starfsemin verði þá innan félmrn.

Starfsfræðsla í þeirri mynd sem nú er hafin byrjaði af krafti með fiskvinnslunámskeiðunum í samvinnu Verkamannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og sjútvrn. Þar var mjög myndarlega að málum staðið og öðruvísi en gert hafði verið. Það þurfti að gæta að mörgum hlutum þegar þessi námskeið voru mótuð, t.d. þurfti sérstaklega að gæta þess að velja leiðbeinendur sem töluðu til fólksins eins og jafningjar. Leiðbeinendur sem skynjuðu að þeir væru að kenna eða leiðbeina fólki sem ekki hafði verið í skóla jafnvel áratugum saman. Margir spáðu illa fyrir þessum námskeiðum en reyndin varð sú að þessi námskeið heppnuðust mjög vel. Allir voru mjög ánægðir með þau, ekki síst fólkið sem þau sótti. Af því að ég hef tengst þessum málum mikið vil ég geta þess að maður sá einstaklinga sem höfðu unnið í fiski jafnvel í 40–50 ár og hugsuðu áður eða sögðu: Ég þarf ekki að fara á svona námskeið en fóru samt. Það var mjög ánægjulegt að heyra í þessu fólki á eftir er það lýsti því hversu mikið það hefði lært. Það var líka gaman að hlusta á það hversu ánægjutónninn var mikill.

Ég vil líka geta þess að vinnuveitendur töldu að námskeiðin hefðu fært framleiðniaukningu inn í fyrirtækin og þess vegna voru menn mjög ánægðir frá þeirri hlið. Námskeiðin voru haldin um allt land og eru enn í gangi og verða áfram í gangi. Það þótti eðlilegt að hafa þennan þátt innan sjútvrn. um sinn en það er

vissulega til skoðunar að hafa þetta allt í einum farvegi. Hins vegar voru allir sammála um að starfsmenntun í atvinnulífinu almennt yrði á vettvangi félmrn. vegna þess að það er vinnumálaráðuneyti og er í nánustum tengslum við þá aðila sem hafa mótað þessi námskeið, þessa fræðslu, verið frumkvöðlar að henni. Ég trúi því að með því að hafa hlutina svona takist betur til. Hugsanagangurinn í menntmrn. er öðruvísi. Þar er vissulega til staðar mjög hæft fólk en það er að starfa að allt öðrum hlutum og ég held það skynji ekki jafnnáið þarfirnar hjá ófaglærðu fólki og gerist hjá vinnumálaráðuneytinu, sem eins og ég sagði áðan, er í meiri tengslum við aðila.

Ég vil líka segja það að í kjölfar fiskvinnslunámskeiðanna fóru margir aðrir, t.d. í iðnaðinum af stað með námskeið. Félag iðnverkafólks, Iðja, hefur t.d. verið mjög duglegt í þessum efnum og haldið fjölda námskeiða fyrir sitt fólk, starfsfræðslunámskeið sem hafa orðið til þess að fólk hefur orðið hæfara í störfum sínum og einnig fengið kaupauka í framhaldi af því.

Það er og rétt að það komi fram að talið er að helsti vaxtarbroddur í framtíðinni, í hinni nýju Evrópu, hvað varðar atvinnulífið sé aukin starfsmenntun. Á það er lögð mikil áhersla og ég tel að ekki sé seinna vænna fyrir okkur að setja lög sem tryggja það og treysta að þessum málum verði betur stýrt en verið hefur, að meira fjármagn fáist til þessara hluta og starfsfræðslan verði víðtækari en hefur verið. Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar Þ Jónssonar að félmrn. hefur verið mjög vinveitt þessari starfsemi og gert allt sem mögulegt hefur verið til að ýta málum áfram og ná samkomulagi um að frv. nái fram að ganga, fyrst að ná samkomulagi um að það yrði til og síðan að það nái fram að ganga.

Ég vil ítreka að frv. er byggt á samkomulagi, byggt á reynslu þeirra sem með málin hafa farið og ég vek athygli á því enn á ný að í því er ákvæði um að það endurskoðist að þremur árum liðnum.

Ég vænti þess að málið nái fram að ganga og í þeirri gerð sem meiri hlutinn hefur lagt áherslu á enda virðist mér að býsna góð sátt sé um að svo verði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. félmn. fyrir umfjöllun um frv. og fagna því í hvaða farveg það er að fara í hv. Alþingi á nýjan leik. Við erum kannski að sjá fyrir endann á því að fá löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem ég tel mjög brýnt að fáist. Öll löndin í kringum okkur hafa fyrir löngu sett slíka löggjöf og ég tel að hún muni styrkja allt skipulag og heildaryfirsýn í þessum mikilvæga málaflokki. Það sem kannski er mest um vert er að ég tel að þessi löggjöf muni stuðla að og bæta atvinnuöryggi fólks vegna tæknibreytinga og nýjunga í atvinnulífinu. Ég get tekið undir þær áherslur sem fram hafa komið, bæði frá framsögumanni nefndarinnar og formanni og hv. 10. þm. Reykv., að starfsmenntunin og löggjöfin muni kannski öðru fremur nýtast best þeim sem eru ófaglærðir. Hér er um rammalöggjöf að ræða sem byggir á þeim grunni sem fyrir er í málinu og hér er lögð áhersla á frumkvæði þeirra sem best þekkja til málanna, aðila vinnumarkaðarins.

Það er reyndar svo að þetta mál hefur verið nokkuð lengi á ferðinni og í undirbúningi og hér í þinginu alloft án þess að það hafi náð fram að ganga. Það hafa verið skiptar skoðanir um nokkur atriði, m.a. þau sem nefnd hafa verið í þessari umræðu. Ég ætla ekki að fara mikið út í þau sjónarmið sem fram hafa komið um að málið eigi fremur að heyra undir menntmrn. en félmn. Mín skoðun er alveg skýr í því efni, þetta er vinnumarkaðsmál og að mínu viti á það að heyra undir vinnumarkaðsráðuneyti með sama hætti og gerist og gengur í löndunum í kringum okkur. Þar fellur það, að því er ég best veit, alls staðar undir ráðuneyti sem fer með vinnumarkaðsmál.

Ég get vissulega líka tekið undir það sem fram kom hjá 10. þm. Reykv. og reyndar fleirum að eðlilegra væri að starfsfræðslan í fiskvinnslunni heyrði einnig undir félmrn., sérstaklega með nauðsyn þess í huga að á því máli verði gott skipulag og heildaryfirsýn. Um það náðist ekki samkomulag, eins og hér hefur komið fram, og tel ég því að við verðum að búa við það, a.m.k. að sinni, og vænti þess að þegar lögin, ef þau verða samþykkt, verða endurskoðuð að þetta verði þá sérstaklega tekið til athugunar.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Hv. 14. þm. Reykv. spurðist hér fyrir um Atvinnuleysistryggingasjóð og hvort ákvæðum, sem þar er að finna varðandi starfsþjálfun, þyrfti með einhverjum hætti að breyta yrði frv. að lögum. Ég tel að svo sé ekki og að þetta skarist ekki. Þessi ákvæði sem er að finna í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð hafa lítið verið notuð. En í þeim tilvikum sem þau hafa verið notuð eða þeim beitt þá hefur það fyrst og fremst verið til að styrkja námskeið fyrir atvinnulaust fólk. Ég sé því ekki að þetta komi til með að skarast á einn eða annan hátt.

Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um málið og vona að frv. geti orðið sem fyrst að lögum. Ég finn að það er mikill áhugi fyrir því máli að auka hér alla starfsmenntun. Við höfum haft fjármagn í ráðuneytinu á undanförnum tveimur árum, að vísu lítið, 15 millj. kr., en engu að síður tel ég að það hafi nýst nokkuð en alls ekki þannig að hægt hafi verið að fullnægja öllum umsóknum sem hafa komið fram og óskað hefur verið eftir fjármagni í. Fyrir ráðuneytinu liggur núna töluvert mikið af umsóknum sem ég hef af ásettu ráði frestað að afgreiða sjálf, taldi eðlilegra að starfsmenntaráðið fjallaði um þær umsóknir sem eru í ráðuneytinu um styrki til starfsmenntunar. Á fjárlögum núna var verulega aukið fjármagn til þessara mála og vonandi verður hægt að halda því áfram vegna þess að það er einmitt það sem hefur háð starfsmenntun í atvinnulífinu að ekki hefur verið veitt til þess nægilega miklu fjármagni. Það er einmitt það sem löndin í kringum okkur gera mikið af, það er að veita verulegu fjármagni til starfsmenntunar og raunverulega er starfsmenntun helsta tækið sem löndin í kringum okkur beita gegn atvinnuleysinu.

En ég ítreka þakklæti mitt fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um málið.

Frsm. minni hluta félmn. (Bryndís Friðgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að fjalla um það sem fram hefur komið hjá fyrri ræðumönnum. Talað var um það áðan að upplýsingamiðlun milli ráðuneytanna yrði að vera öflug svo þessi starfsmenntun mundi nýtast vel í atvinnulífinu. Það er einmitt það sem við, minni hlutinn í félmn., óttumst. Þess vegna teljum við svo brýnt að málið verði undir menntmrn. Það er ekki nóg að vonast til og mælast til þess og til að upplýsingamiðlunin verði góð á milli ráðuneytanna. Það er engan veginn tryggt að svo verði og þess vegna eru svo skiptar skoðanir í stjórnmálaflokkunum um þetta. Fólk óttast að það að tvö ráðuneyti sjái um menntun geti rýrt frv.

Ég get vissulega tekið undir að það sem kemur fram í frv. er að þetta eigi að nýtast ófaglærðu fólki. En ég get ekki séð að þótt málaflokkurinn yrði undir menntmrn. kæmi það í veg fyrir að það nýtist ófaglærða fólkinu.

Hv. 6. þm. Reykn. talaði um að hugsanagangurinn væri öðruvísi í menntmrn. og þess vegna væri ekki gott að hafa þessa starfsmenntun í atvinnulífinu þar undir. Sennilega telur hann að í menntmrn. sé bóknámi gert hærra undir höfði. Þá er kannski mikilvægt að færa þetta inn í menntmrn. til að lyfta úr láginni starfsmenntuninni og tengja hana betur bóknáminu. Félmrh. sagði að þetta væri vinnumarkaðsmál og ég get tekið undir það þótt ég ítreki að þetta megi ekki eingöngu verða vinnumarkaðsmál því þá er hætta á því, eins og ég segi enn og aftur, að bóknám og verknám slitni meira í sundur en orðið er.

Guðmundur Þ Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða mikið frv. sem er til umræðu heldur aðeins að fá að leggja orð í belg vegna þeirra orða sem féllu um Atvinnuleysistryggingasjóð af því vitnað var til 18. gr. laga um Atvinnuleysistryggingasjóð og hvort sú grein skaraðist ekki við frv. sem er til umræðu. Ég ætla að láta í ljós þá skoðun mína að ég held að svo sé ekki vegna þess að í þeim tilfellum, sem ekki eru mjög mörg, að greitt hafi verið úr Atvinnuleysistryggingasjóði til námskeiða út á þessa grein, hefur það verið fyrst og fremst, eins og kom fram í máli ráðherra, til að styrkja námskeið fyrir atvinnulausa og aðstoða þá við að koma sér í vinnu aftur. Einnig hefur verið greitt í nokkrum tilfellum til fyrirtækja sem hafa verið að taka upp nýja starfshætti eða tileinka sér ný vinnubrögð og hafa þurft að þjálfa upp starfsfólk sitt. Í sumum tilfellum hefur verið um að ræða að fyrirtæki hafi flust t.d. úr Reykjavík út á land þar sem óvant fólk hefur komið til starfa. Í einstaka tilfellum hafa þau fengið styrki til að reka námskeið í því formi eða kosta kennslu eða tilsögn á þeim vettvangi. Í frv., sem hér er til umræðu, er náttúrlega verið að tala um námskeið eða nám fyrir fólk sem er í fullri vinnu, fastráðið í fyrirtækjunum, og bæði starfsfólk og fyrirtækin koma að málinu. Þarna er því ekki um sama hlutinn að ræða og Atvinnuleysistryggingasjóður hefur ekki gert mikið af þessu enda ekki ýkja mikið sótt í það satt að segja en í nokkrum tilfellum hefur þó umsóknum þar að lútandi verið hafnað.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Út af þeim orðum sem hér hafa fallið um nauðsyn upplýsingamiðlunar milli menntmrn. og félmrn. vegna þessa máls og þá kannski líka vegna brtt. sem liggur fyrir frá hv. 10. þm. Reykv. þess efnis að fulltrúi menntmrn. taki sæti í starfsmenntunarráði, vil ég benda á að um þessa upplýsingamiðlun milli ráðuneytanna var fjallað í viðræðum sem fóru fram milli ráðuneytanna um þetta mál þegar frv. var á vinnslustigi. Niðurstaðan þá milli ráðuneytanna varð, og kemur fram í fskj. með þessu frv. sem er til umræðu, en þar segir, með leyfi forseta: „Eins og áður er komið fram leggur viðræðunefndin til að fullorðinsfræðslan og starfsmenntun í atvinnulífinu verði tengd með skipan fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið verði vettvangur upplýsingamiðlunar um menntunarframboð fyrir fullorðna.“ Ég tel að ef tenging þarf að vera þarna á milli varðandi upplýsingamiðlun milli ráðuneytanna í þessu máli sé eðlilegra gerist það á þeim vettvangi, í fullorðinsfræðsluráðinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að kveðið er á um það í fskj. með frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu að skipa eigi fullorðinsfræðsluráð og í því ráði sé eðlilegt að sitji fulltrúi frá félmrn. þannig að ákveðin samræming sé þar á milli. Nú er ég með fyrir framan mig frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu þar sem kveðið er á um yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar. Þar segir í 3. gr.: „Menntmrh. skipi fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn til að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti fullorðinsfræðslu. Kveða skal á um skipan ráðsins í reglugerð.“

Það er með öðrum orðum ekkert kveðið á um það í þessum lögum hvernig samtengingunni skuli vera háttað. Mér finnst að engin vissa sé fyrir því að þessi gagnkvæma upplýsingamiðlun fari fram. Ég sé ekki betur en að það gæti verið til ákveðinnar málamiðlunar í þessu máli, vegna þess að það er ágreiningur um hvar beri að vista þetta, að tryggja fulltrúa frá menntmrn. í starfsmenntunarráðinu þótt ekki væri til annars en að eyða tortryggni sem upp kynni að koma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigulög, 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög). — Þskj. 720.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til húsaleigulaga. Frv. byggir að stofni til á gildandi lögum um

húsaleigusamninga sem sett voru 1979.

Nú eru liðin 13 ár frá því sett var fyrsta heildarlöggjöf hér á landi um samskipti aðila leigumarkaðarins. Á þessum reynslutíma hafa komið fram ábendingar um ýmis atriði sem betur mættu fara og á það jafnt við um þætti er lúta að leigusölum og leigjendum.

Hér á landi hefur ekki þróast öruggur og stöðugur markaður fyrir leigjendur líkt og þekkist víða hjá nágrönnum okkar. Ein af ástæðunum er sú að aðstoð hins opinbera í húsnæðismálum hefur í meira mæli og jafnvel einvörðungu verið bundin við þá sem eru að eignast húsnæði. Málefnum leigjenda og leigumarkaðar hefur oft verið lítið sinnt. Mikilvægt er fyrir húsnæðismálin að fyrir hendi sé traustur leigumarkaður og forsendur fyrir góðum samskiptum aðila. Leiguíbúðir eru nauðsynlegur valkostur fyrir ungt fólk sem er að hefja búskap og hefur ekki sparað nægilega til að ráðast strax í íbúðarkaup. Sama gildir um fólk sem hefur ekki tök á að eignast íbúð vegna lágra launa og vegna ýmissa félagslegra aðstæðna. Ýmsir aðrir þættir eins og fjölgun einhleypra, fráskilinna og lengri skólaganga hefur aukið þörfina fyrir leiguhúsnæði. Það er auðvitað bæði sjálfsagt og eðlilegt að húsnæðiskerfið sinni jafnt þeim sem þurfa að leigja og þeim sem eru að eignast húsnæði. Ekki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um stærð og einkenni leigumarkaðar í dag en talið er að um 15% heimila búi í leiguhúsnæði. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir hendi eru, má ætla að 14.000 íbúðir séu á leigumarkaði. Þar af eru nærri 3.000 íbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Þeir sem leigja hér á landi eru einkum námsmenn, einstæðir foreldrar, fatlaðir og aldraðir, auk annarra sem oftast leigja tímabundið. Það sem einkennir almenna leigumarkaðinn hér á landi er að leigusalar eru langoftast einstaklingar sem leigja út aðeins eina íbúð. Samskiptin á þessum markaði eru því oft mjög persónuleg. Einnig er algengt að þeir sem leigja á almennum markaði tengist leigusala vensla- eða vináttuböndum. Þetta sýnir m.a. hve mikilvægt það er að húsaleigulög, sem kveða á um samskipti aðila á leigumarkaði, séu skýr og aðgengileg öllum almenningi.

Í september 1990 skipaði ég nefnd með fulltrúum frá félmrn., Húsnæðisstofnun ríkisins, Leigjendasamtökunum og Húseigendafélaginu til að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um húsaleigusamninga. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni falið að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga hvað varðar tryggingarfé, tilkynningarskyldu, ákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, húsaleigunefndir, úttektarmenn og gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana.

Nefndin skilaði niðurstöðum í mars sl. með frv. að húsaleigulögum sem hér eru til umræðu. Full samstaða var í nefndinni um tillögur að frv. til húsaleigulaga. Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa var ljóst að störf hennar mundu verða mun víðtækari en í upphafi var gert ráð fyrir. Frv. byggir að stofni til á gildandi lögum en lagðar eru til ýmsar veigamiklar breytingar. Lögð er til sú veigamikla breyting að ákvæði gildandi laga um fardaga verði að fullu og öllu lögð niður. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar hvað varðar forgangsrétt leigjenda sem ætlað er að efla rétt þeirra og öryggi gagnvart geðþóttauppsögnum. Þá hefur allri efnisröðun verið breytt frá því sem er í gildandi lögum í því skyni að gera lögin aðgengilegri öllum almenningi en hér er einmitt um að ræða þann lagabálk sem að líkindum er einna oftast notaður af almenningi. Nefndin skilaði því nýju frv. til heildarlaga í stað frv. til breytinga á gildandi lögum.

Frv. það sem hér er til umræðu byggir á tillögu nefndarinnar að undanskildum örfáum breytingum sem gerðar hafa verið við frekari umfjöllun málsins. Helstu breytingar eru þær að uppsagnarfrestur leigjenda og leigusala er samræmdur og er lagt til að hann verði sex mánuðir fyrir báða aðila en í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir að hann yrði þrír mánuðir fyrir leigjendur. Þá var horfið frá því að fela Húsnæðisstofnun úrskurðarvald um ágreiningsmál eins og tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir. Í frv. er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun skili áliti varðandi deilu og vafamál sé þess óskað.

Meginbreytingar frá eldri löggjöf sem felast í frv. þessu eru eftirfarandi:

Fyrst má nefna að forgangsréttur leigjenda er aukinn verulega en heimilisréttur leigjenda hefur hingað til, þrátt fyrir að setning gildandi laga um húsaleigusamninga fyrir 13 árum síðan hafi bætt þar nokkuð um, verið mun vanþróaðri en í flestum nágrannalöndum okkar. Um forgangsrétt leigjenda er fjallað í sérstökum kafla, X. kafla, og er lagt til að hann taki til allra leigusamninga jafnt tímabundinna sem ótímabundinna. Gert er ráð fyrir að leigjandi sem stendur í skilum með leigugreiðslur og ekki brýtur að öðru leyti gegn leigusamningi eigi að jafnaði forgangsrétt að hinu leigða svo fremi sem húsnæðið sé áfram hæft til leigu. Frá forgangsréttinum eru þó verulegar undantekningar samkvæmt frv. svo sem þegar leigusali býr sjálfur í sama húsi eða ef hann hyggst ráðstafa húsnæðinu til náinna skyldmenna. Leigjandinn getur aldrei öðlast forgangsréttinn sjálfkrafa heldur verður hann ætíð að fara skriflega fram á hann. Þá er lagt til að fellt verði niður gildandi ákvæði um fardaga. Það er samdóma álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að meiri þörf sé á að binda flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna fardaga vor og haust heldur en almenn íbúðaskipti á íbúðamarkaði sem eiga sér stað hvenær ársins sem er.

Þá valda núgildandi ákvæði oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með. Slík lenging er reyndar oftast leigjanda í hag og hefur með þeim hætti nokkuð bætt stöðu leigjenda þótt oft hafi slíkur framlengdur leigutími verið mjög í óþökk leigusala. Þó eru ýmis dæmi um að leigjendur séu krafðir um leigugreiðslu eftir að þeir hafa flutt út húsnæði í krafti fardagaákvæðanna. Nefndin leggur því til að fardagaákvæðin verði afnumin jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir. Þá er einnig á það að líta að hinn aukni forgangsréttur leigjenda sem felst í X. kafla frv. mundi draga verulega út gildi þeirrar leigutímalengingar sem

leitt getur af núverandi ákvæðum um leigufardaga. Einnig er lagt til að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins gagnvart íbúðaleigumarkaði verði aukið frá því sem nú er.

Til viðbótar við það ráðgjafar- og kynningarhlutverk sem stofnunin gegnir nú er lagt til að hún verði hér eftir til eftirlits og umsagnaraðili með ýmsum þáttum húsaleigumála og skili skriflegum álitsgerðum varðandi deilumál og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum aðila leigumarkaðarins. Í reynd hefur félmrn. í ríkum mæli á síðustu árum vísað erindum og klögumálum einstaklinga til úrlausnar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Eðli málsins samkvæmt er ýmsum vankvæðum bundið að ráðuneytið sinni deilumálum sem kunna að vera milli leigjenda og leigusala. Talið er heppilegra að stofnun á vegum ráðuneytisins taki að sér þetta hlutverk alfarið enda góð reynsla fengist af því á síðustu árum. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að leita álits í slíkum ágreiningsmálum sem upp kunna að koma milli einstaklinga. Ekki er gert ráð fyrir að áliti Húsnæðisstofnunar verði skotið til félmrn. heldur verði leitað til almennra dómstóla ef aðilar sætta sig ekki við niðurstöður stofnunarinnar.

Frv. gerir ráð fyrir að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Meginástæða þess er sú að reynslan hefur sýnt að húsaleigunefndir sveitarfélaganna hafa af ýmsum ástæðum sjaldnast náð að starfa eins og til er ætlast í gildandi lögum. Þá var með lögum nr. 70/1990 kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skuli fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna og að þær geti, ef þurfa þykir, skotið málum til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir að byggingafulltrúaembætti sveitarfélaganna taki við því hlutverki sem sérstakir úttektarmenn hafa í gildandi lögum. Núverandi ákvæði um úttektarmenn og úttekt leiguhúsnæðis hafa engan veginn náð tilgangi sínum og slíkt starf hefur aðeins farið fram í litlum mæli í fáum sveitarfélögum. Störf við úttekt leiguhúsnæðis eru í eðli sínu mjög áþekk störfum byggingarfulltrúanna sem nú þegar eru starfandi í öllum sveitarfélögum og því má telja eðlilegast að fela þeim umrætt úttektarhlutverk.

Þá eru ákvæði um húsaleigumiðlanir í ýmsum atriðum endurskoðuð og gerð fyllri og ítarlegri en áður. M.a. er lagt til að félmrn. verði sá aðili sem veiti leyfi til að reka leigumiðlun í stað lögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum.

Í frv. eru tillögur um að ákvæði um atvinnuhúsnæði verði frávíkjanlegt og ákvæði húsaleigulaga gildi því aðeins um atvinnuhúsnæði að ekki hafi samist um annað milli aðila. Hin ófrávíkjanlegu ákvæði frv. eru fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði enda standa aðilar þá miklum mun jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Einnig er leitast við að draga nokkuð úr formfestu núgildandi laga t.d. hvað varðar skyldur aðila um skriflegar tilkynningar. Jafnframt er lagt til að ákvæði laganna verði í ríkara mæli frávíkjanlegt en verið hefur samkvæmt núgildandi lögum.

Loks má nefna að efnisröðun og kaflaskipan er í grundvallaratriðum breytt frá núgildandi lögum. Er leitast við að efni sé skipað í eins konar tímaröð þannig að fyrst sé fjallað um gerð leigusamnings og kröfur um ástand húsnæðisins en atriði eins og uppsögn og riftun leigusamnings og skil leiguhúsnæðis komi í síðasta hluta laganna. Markmiðið með þessu er að gera lögin aðgengilegri fyrir allan almenning en nefna má fleiri atriði sem þjóna sama markmiði. Flestir kaflar frv. eiga sér beina samsvörun í núgildandi lögum. Í frv. er að auki að finna tvo nýja kafla, þ.e. X. kafla, sem ber heitið Forgangsréttur leigjenda, og VIII. kafla, sem heitir Aðgangur leigusala að leiguhúsnæði. Þá er lagt til að tveir kaflar gildandi laga falli brott, þ.e. kaflinn sem ber heitið Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o.fl. og kaflinn um refsiákvæði.

Frv. fylgja ítarlegar athugasemdir við einstaka kafla og greinar þess. Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir öll þau atriði hér. Að því er varðar einstaka kafla og greinar frv. skal þó vikið að því helsta.

Í I. kafla er fjallað um gildissvið laganna. Þar er tekið fram með skýrari hætti en áður að þau skuli taka bæði til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í 2. gr. er sú meginregla sett fram að lögin skuli vera ófrávíkjanleg en frá þeirri reglu eru undantekningar í vissum tilvikum. Í frv. er lagt til að samningsfrelsi aðila verði aukið. Þá er lagt til að ákvæði laganna verði frávíkjanleg hvað atvinnuhúsnæði varðar og gildi þá og því aðeins um slíkt húsnæði að ekki hafi um annað samist milli aðila.

Í II. kafla er fjallað um gerð samninga. Samkvæmt 4. gr. er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun taki við hlutverki félmrn. hvað varðar útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga og ákvörðun endurgjalds fyrir þau. Það er í samræmi við tilfærslu verkefna á sviði húsaleigumála frá ráðuneytinu til Húsnæðisstofnunar.

Í 9. gr. er afnumin skylda leigusala til að tilkynna leigjenda með tímabundinn leigusamning að samningurinn verði ekki endurnýjaður. Tilgangur breytingarinnar er sá m.a. að einfalda samskipti aðila leigusamnings. Einnig er í sömu grein afnumin tilvísun til ákvæðis um fardaga en það er ein af meginbreytingum, eins og áður hefur komið fram í mínu máli, sem felast í þessu frv.

Í 13. gr. frv. eru þær lágmarkskröfur sem rétt þykir að gera til ásigkomulags leiguíbúðar skilgreindar mun nákvæmar en gert hefur verið. Er höfð hliðsjón af þeim kröfum sem nú eru gerðar til íbúða í almennum fasteignaviðskiptum.

Í IV. kafla er fjallað um viðhald leiguhúsnæðis og er þar lögð meiri áhersla en áður á höfuðábyrgð leigusala á viðhaldi hins leigða húsnæðis en viðhaldsskylda leigjenda síðan skilgreind nánar þar sem um er að ræða undantekningar á skyldum leigusala. Skilgreining á viðhaldsskyldu leigjenda er nokkuð þrengd frá eldri lögum og lagt er til að hún nái ekki lengur til viðhalds á rúðum og hreinlætistækjum.

Í 30. gr. er lögð til sú nýjung í íslenskri húsaleigulöggjöf að leigjendum atvinnuhúsnæðis sé ótvírætt lögð sú skylda á herðar að halda starfsemi sinni opinni.

Einnig er lagt til að sé húsnæði leigt fyrir atvinnurekstur í ákveðinni grein megi leigusali ekki leigja út annað húsnæði fyrir sömu eða sambærilega starfsemi né sjálfur hagnýta húsnæðið á sama hátt.

Í 33. gr. er lagt til að skorður við fyrirframgreiðslu eigi aðeins við íbúðarhúsnæði en samningsfrelsi gildi um annað húsnæði en til íbúðar.

Þótt jafnvægi á leigumarkaðnum hafi aukist á undanförnum árum og kröfur um fyrirframgreiðslu leigu hafi minnkað og samningsstaða leigjenda því styrkst þykir enn þörf á að vernda leigjendur íbúðarhúsnæðis með því að takmarka fyrirframgreiðslu á leigu. Þá er lagt til að umræddar skorður við fyrirframgreiðslu á leigu íbúðarhúsnæðis verði mildaðar frá því sem nú er en samkvæmt 3. mgr. 51. gr. gildandi laga öðlast leigjandi sjálfkrafa leigurétt í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir ef hann greiðir fyrir fram í meira en þrjá mánuði. Lagt er til að þessi sjálfkrafa framlengingarréttur verði aflagður og rétturinn verði háður því að leigusali verði ekki við kröfu leigjenda um endurgreiðslu á ofgreiddri fyrirframgreiðslu. Þá er lagt til að þessi réttur til framlengingar verði styttur úr fjórföldum þeim tíma, sem leigjandi greiddi fyrir, í þrefaldan.

Í 34. gr. er tekið á því þegar leiga er greidd fram í tímann með viðskiptabréfum. Hefur því verið haldið fram að ekki sé um fyrirframgreiðslu að ræða í slíkum tilvikum þar sem leigjandi verði ekki fyrir beinum peningaútlátum í upphafi og að frekar sé um tryggingar fyrir leigugreiðslum að ræða. Lagt er til í frv. að því sé slegið föstu að sé leiga greidd með þessum hætti teljist það fyrirframgreiðsla.

Ákvæði gildandi laga um tryggingarfé hafa þótt stirð í vöfum og hafa verið tiltölulega lítið notuð. Í 38. gr. frv. eru lögð til mun fyllri ákvæði hvað þetta varðar en eru í núgildandi lögum og er lagt til að trygging geti verið með fernum móti. Algengt er að tryggingar séu nú í formi tryggingarvíxla, tryggingarbréfa, skuldabréfa og jafnvel óútfylltra ávísana. Slíkar tryggingar hafa í för með sér verulegt óöryggi fyrir leigjendur og eru ekki samþýðanlegar ýmsum ákvæðum gildandi laga og frv. þessa og þykir því nauðsynlegt að stemma stigu við þeim.

Í 39. gr. er að finna þau nýmæli að skýrt er kveðið á um það að leigusala sé óheimilt aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi er ekki viðstaddur nema leigjandi veiti samþykki til þess. Einnig er lagt til að réttur leigusala til að sýna hið leigða húsnæði væntanlegum leigjendum eða kaupendum verði þrengdur.

Í 41. gr. er lagt til að seljanda leiguhúsnæðis sé skylt að tilkynna leigjanda um söluna og þau atriði varðandi hana sem snerta hann og hans hagsmuni. Ákvæði þetta er sjálfsagt og eðlilegt og til þess fallið að koma í veg fyrir og eyða óvissu sem oft vill verða við eigendaskipti á leiguhúsnæði.

Í X. kafla frv. er lögð til sú meginregla að leigjandi íbúðarhúsnæðis skuli hafa forgangsrétt til leigu þess, að leigutíma loknum, ef það er falt til leigu í a.m.k. eitt ár. Á forgangsréttinum er þó lagt til að verði ýmsar undantekningar sem taldar eru upp í 11. tölul. í 49. gr.

Í 60. gr. frv. er fjallað um riftunarheimild leigjanda. Þar er að finna verulegar viðbætur miðað við ákvæði gildandi laga. M.a. er lagt til að alvarleg vanræksla leigusala varðandi viðhald íbúðar og almennt ástand hennar geti haft í för með sér riftun af hálfu leigjenda. Þá er lagt til að nýr tölul. bætist við þar sem kveðið er á um riftunarheimild leigjenda ef heimilisfriður hans raskast verulega af völdum annarra aðila er afnot hafa af sama húsi. Einnig er í nýjum tölulið lagt til að leigjendur hafi skýra riftunarheimild ef leigusali hindrar umráð og afnot hans af hinu leigða, ef leigusali gengur um hið leigða húsnæði í heimildarleysi eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.

Í 77. gr. er að finna þau skilyrði sem menn verða að uppfylla til að geta fengið leyfi til leigumiðlunar. Þá er lagt til að félmrn. birti auglýsingar um veitingu leyfis til leigumiðlara svo og sviptinu leyfis m.a. til að tryggja réttaröryggi almennings í þessum efnum.

Í 80. gr. er lögð til sú breyting að í stað lögreglustjóra, eins og nú háttar til, verði það í verkahring félmrh. að svipta leigumiðlara útgefnu leyfisbréfi ef tilteknar ástæður eru fyrir hendi. Þegar svipting hefur átt sér stað ber leigumiðlara að hætta starfsemi. Sinni hann því ekki ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að ljá atbeina sinn og stöðva starfsemina og innsigla hana.

Í 85. gr. er lagt til að húsnæðisnefndir sveitarfélaganna taki að hluta við hlutverki því sem húsaleigunefndir hafa samkvæmt núgildandi lögum og að ákvæðin um húsaleigunefndir falli jafnframt brott. Reynslan hefur sýnt að þessi ákvæði hafa aðeins verið virk í tiltölulega fáum sveitarfélögum. Þá er á það að líta að í lögum nr. 70/1990 var kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem eiga að fylgjast með framvindu húsaleigumála eins og áður er getið.

Loks er í 90. og jafnframt síðustu grein frv. lagt til að ákvæði frv. taki gildi 1. jan. 1993. Rétt þykir að veita visst ráðrúm fram að gildistöku laganna svo tími gefist til að kynna þau og undirbúa verkefni þau sem Húsnæðisstofnun fær í þessu sambandi. Þá er lagt til að mælt sé fyrir um það að aðilum beri fyrir 1. apríl 1993 að endurskoða samninga sína til samræmingar við ákvæði frv.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja nokkur orð varðandi þetta mál. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Málefni leigjenda ber ekki oft á góma í þingsölum en svo sannarlega veitir ekki af. Það er reynsla þeirra sem starfað hafa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og komið nálægt leigumálum að löngu sé orðið tímabært að endurskoða lögin frá 1979.

Okkur kvennalistakonum hefur lengi fundist að þær áherslur sem ríkt hafa í landinu í húsnæðismálum hafi ekki verið alls kostar réttar og málefni leigjenda hafi legið þar óbætt hjá garði. Eins og fram kemur í greinargerð þessa frv. hefur orðið allt önnur þróun hér á

landi í húsnæðismálum en það sem við þekkjum frá Norðurlöndum. M.a. kemur fram í greinargerð að árið 1920 voru 62,9% íbúða í Reykjavík leiguíbúðir en eins og nú háttar eru á bilinu 15–20% landsmanna leigjendur. Þetta ræðst auðvitað af þeirri lífskjarabyltingu sem hefur átt sér stað og þeirri stefnu sem ríkt hefur í húsnæðismálum að sem flestir skuli eiga sitt eigið húsnæði. Þessi ofuráhersla á eignarhúsnæði hefur svo aftur þýtt það að framboð á leiguhúsnæði hefur verið mjög af skornum skammti og leiga há. En ákveðnir hópar komast ekki hjá því að leigja ýmist til lengri eða skemmri tíma. Þar má nefna námsmenn, ungt fólk, fatlaða, aldraða, láglaunafólk, einstæða foreldra og fleiri. Hugmynd okkar kvennalistakvenna hefur verið að það ættu að ríkja einhverjir valkostir í þessum málum, menn ættu einfaldlega að geta valið um það að leigja eða búa í eigin húsnæði.

Þær breytingar sem gerðar voru árið 1990 á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. sá kafli sem varðaði félagslegt húsnæði, auðvelda sveitarfélögum að beina sjónum að leiguíbúðum, það auðveldar þeim að afla sér lánsfjár og að byggja leiguíbúðir. Mér þætti fróðlegt að heyra frá félmrh. hver þróunin er. Er merkjanleg einhver þróun í þeim efnum? Er eitthvað meira um að sveitarfélögin byggi leiguhúsnæði en áður? Er straumurinn eitthvað í þá átt?

Í þessum lagabreytingum sem urðu árið 1990 voru sett í lögin ákvæði um svokallaðar húsnæðisnefndir sem m.a. var falið að annast málefni leigjenda. Mig langar líka að spyrja félmrh. hvort einhver reynsla sé komin á það. Er málefnum leigjenda í sveitarfélögum sinnt eitthvað betur en áður? Það vekur auðvitað þær spurningar, ef svo er ekki, hvort eitthvað þurfi að herða ákvæði sem snerta þau mál.

En auðvitað snýst framboð á leiguhúsnæði meira og minna um fjármagn, að fjármagni sé varið sérstaklega til byggingar leiguhúsnæðis. Ég minni á að oft eru það hinir lægst launuðu sem búa í leiguhúsnæði. Mig langar líka í þessu sambandi að spyrja hæstv. félmrh. um hugmyndir varðandi það að auðvelda íbúðareigendum að leigja. Nefndin sem endurskoðaði félagslega húsnæðiskerfið velti fyrir sér þeirri hugmynd hvort ekki væri rétt að veita íbúðareigendum hugsanlega afslátt af eignarsköttum í því skyni að auka framboð á leiguhúsnæði. Ég hef ekki orðið vör við að þessi hugmynd hafi komist til framkvæmda og væri forvitnilegt að heyra hvort eitthvað slíkt hafi verið rætt.

Gaman er að geta þess að í greinargerðinni er allnokkur sögulegur inngangur að málinu. Hér kemur í ljós að það var borgarstjórinn í Reykjavík, Knud Zimsen, sem beitti sér fyrir fyrstu setningu húsaleigulaga í Reykjavík eða á landinu og væri gaman ef Sjálfstfl. tæki sér þetta til fyrirmyndar og sinnti málefnum leigjenda betur en hann hefur gert hingað til. Þessi saga er nokkuð merkileg því að ýmist hafa verið í gildi lög um húsaleigu eða engin lög. Á stríðsárunum ríkti náttúrlega mjög sérstakt ástand þar sem hreinlega voru sett lög til að halda leigu niðri. Það er merkilegt sem hér kemur fram að þegar þau voru afnumin þá var það gert alls staðar á landinu nema í Keflavík. Fram til ársins 1979, þegar núv. lög tóku gildi, voru einungis lög um húsaleigu í Keflavík og sennilega hefur það nú eitthvað tengst veru hersins þar um slóðir.

Í frv. er að finna margar breytingar frá núgildandi lögum. Ég hef ekki gefið mér tíma til að kynna mér þetta nógu vel en mér sýnist að mjög margt sé til bóta enda var þetta mikil sómanefnd sem ráðherrann skipaði, fólk þar sem þekkir mjög vel til þessara mála. Mér sýnist að bæði sé verið að afnema eitt og annað sem verður að teljast úrelt en jafnframt að herða á ákvæðum í ljósi fenginnar reynslu.

Ég ítreka að ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram og vona að það fái skjótan framgang í þinginu. Enda er þetta þarft og gott mál.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem um ræðir er eitt af tölu vert vænum bunka stjórnarfrv. sem hafa verið lögð fram núna síðustu dagana. Ég vil hafa um það örfá orð í 1. umr. málsins. Ég á sæti í hv. félmn. sem fær þetta mál til meðferðar og hægt er að skoða þar nánar einstakar greinar frv. Ég er sammála hv. 18. þm. Reykv. að um þarft mál er að ræða og þarft að fjalla um málefni leigjenda sem eru nokkuð stór hópur þjóðfélagsþegna þótt þeim hafi fækkað á undanförnum árum eins og kemur fram í athugasemdum frv. Þarna er stór hópur ungs fólks, sem er að byrja búskap, og allstór hópur fólks, sem stendur höllum fæti í þjóðfélaginu, sem verður að leigja sér húsnæði og síðan þeir sem af einhverjum ástæðum kjósa þetta form íbúðar.

Núv. húsaleigulög eru ekki ýkja gömul. Eins og kemur fram eru þau ekki nema 13 ára. Út af fyrir sig leysir lagasetning ekki allan vanda leigjenda. Þetta er harður markaður sem byggist á framboði og eftirspurn og það ræður skilmálunum, kannski í allt of ríkum mæli. En eigi að síður þarf auðvitað að vera skýr og einfaldur lagarammi um þessa starfsemi. Hann þarf auðvitað að byggjast á því sem er siðlegt og sanngjarnt eins og öll lög eiga að gera.

Á bls. 21 er gerð grein fyrir helstu breytingum sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að þær séu flestar til bóta og ég styð meginefni þessa frv. þó að ég hafi auðvitað almennan fyrirvara á því varðandi það sem upp kemur í starfi nefndarinnar. Forgangsréttur leigjenda er aukinn verulega og er það auðvitað til bóta. Vandinn varðandi réttindi og réttinn til leigutaka og leigusala er að hafa hæfilegt jafnvægi þannig að það verði fýsilegur kostur fyrir leigusala að leigja út húsnæði og að séu skýrar og einfaldar reglur þar um. Ég hef ekki athugasemdir um að fella niður ákvæðu um fardaga. Ég vil gera þá athugasemd við hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem er aukið hér samkvæmt frv. varðandi leigumál, að það verður auðvitað að gera ráðstafanir þegar þar að kemur að Húsnæðisstofnun verður fær um að taka við þessu hlutverki. En það mál kemur auðvitað til meðferðar á sínum tíma vegna þess að lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót.

Ég tel eðlilegt að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Nýbúið er að setja á stofn húsnæðisnefndir sveitarfélaga samkvæmt nýjum lögum um félagslegar íbúð-

ir sveitarfélaga þannig að ég tel ástæðulaust að hafa tvöfalt kerfi hvað þetta snertir. Sömuleiðis tel ég til einföldunar að byggingafulltrúaembætti sveitarfélaga taki við hlutverki sérstakra úttektarmanna. Ég hef yfirleitt trú á að það sé til bóta að sameina þessi verkefni eins og kostur er. Byggingafulltrúarnir vinna mikið varðandi byggingarmál og íbúðarmál yfirleitt og þetta fellur ekki illa að þeirra starfssviði. Leitast hefur verið við að draga úr formfestu núgildandi laga hvað varðar skyldur aðila um skriflegar tilkynningar.

Ég tók áðan fram að ég tel að lög um þessi atriði, húsaleigulög, eigi að vera einföld og setja skýrar starfsreglur. Auðvitað er nauðsyn að verja rétt leigjenda eftir föngum og ég tel sérstaklega til bóta þau ákvæði í frv. að ekki sé hægt að heimta fyrirframgreiðslu af leigjendum um langan tíma og setja afarkosti í þeim efnum eins og því miður hefur oft heyrst. Satt að segja heyrast ótrúlegar lífsreynslusögur af því hvað leigjendum er boðið upp á þegar leigumarkaður er þröngur. Hins vegar verður auðvitað að vera visst jafnvægi í þessu þannig að framboð á leiguhúsnæði sé tryggt. Reglurnar mega auðvitað ekki vera það harðar í garð leigusala að það freisti hans ekki að leigja út ef hann hefur húsnæði aflögu. En eigi að síður er nauðsynlegt að hafa það sjónarmið í huga að tryggja rétt þeirra sem leigja. Þótt ég sé síður en svo að alhæfa standa margir í þessum hópi höllum fæti og eiga kannski erfitt með að ná fram rétti sínum. En auðvitað er fjöldinn allur af leigjendum. Hópar manna sem hafa kosið þetta form á búsetu sinni og er ekkert um það að segja.

Ég endurtek að ég er í flestum efnum fylgjandi þessu frv. Ég mun taka þátt í að skoða það í nefnd vandlega og hef fyrirvara um þann stuðning ef einhver vandkvæði koma upp sem liggja ekki ljós fyrir nú en ég ætla ekki að hafa fleiri orð við þessa umræðu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir sem þetta frv. hefur fengið og vona að þær gefi tilefni til að ætla að málið geti fengið greiða ferð í gegnum þingið. Vissulega er um ítarlegan lagabálk að ræða og hann þarf örugglega nokkra umfjöllun í nefnd en engu að síður vona ég að hægt sé að lögfesta frv. á þessu vori.

Varðandi þá spurningu sem til mín var beint af hv. 18. þm. Reykv. hvort framboð hafi aukist á leiguíbúðum og hvort málefnum leigjenda sé betur sinnt af sveitarfélögunum þá vil ég svara báðum þessum spurningum játandi, það er mitt mat. Ég vil rifja upp að á árunum 1980–1987 voru mjög fáar leiguíbúðir byggðar, þær voru innan við 100 á þessu sjö ára tímabili á öllu landinu. En það hefur orðið hér veruleg breyting á. Ég er ekki með tölurnar við höndina en á undanförnum árum hefur fjölgunin orðið það mikil að aukningin hefur skipt einhverjum hundruðum þannig að veruleg breyting hefur orðið á enda mátt það svo sannarlega verða. Það er svo að nokkuð stór hópur í þjóðfélaginu er ekki fær um að festa sér kaup á íbúð á almennum markaði og oft ekki einu sinni í félagslega íbúðakerfinu, hann á þá ekki fyrir þeirri útborgun sem þar er. Þess vegna er nauðsynlegt að til sé öflugur leigumarkaður.

Varðandi stuðning við leigusala sem rætt hefur verið í nefndinni sem starfaði 1990 þá er það enn til umræðu og er til umræðu í þeirri nefnd sem fjallar um aðstoð við leigjendur. Þar er m.a. einn þáttur sem er verið að ræða sem að finna leið til að auka framboð á leiguhúsnæði. Þá er m.a. verið að skoða hvort rétt sé að fara inn í einhvers konar afslátt til leigusala, t.d. varðandi eignarskatta, þannig að þetta er áfram til skoðunar í þeirri nefnd sem enn starfar að því að vinna að tillögum og úrbótum til aðstoðar við leigjendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útboð, fyrri umr.

Þáltill. StG og GÁ, 183. mál (nefnd til að semja frumvarp). — Þskj. 201.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um útboð. Ásamt mér flytur hv. þm. Guðni Ágústsson þessa till.

Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frv. til útboðslaga.

Starf nefndarinnar skal miða við að hægt verði að leggja frv. fram í október 1992.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila."

Í greinargerð segir svo m.a.:

„Grundvallarhugmynd útboðsfyrirkomulagsins er að koma á verðsamkeppni þar sem kostir heilbrigðrar samkeppni fá að njóta sín innan viðurkenndra leikreglna.

Brýna nauðsyn ber til að endurmeta þær reglur sem nú eru um framkvæmd útboða hér á landi og setja lög er tryggja þau grundvallaratriði sem útboð byggjast á og skapa nauðsynlegt réttaröryggi verktaka og verkkaupa.

Útboðshugtakið hefur verið skilgreint þannig: „Þegar verkkaupi leitar skriflegra, bindandi tilboða í framkvæmd verks frá fleirum en einum aðila samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests."

Útboðum má skipta í þrjú meginsvið:

1. Almenn útboð: Þegar ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

2. Lokað útboð: Þegar einungis tilteknum aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð (oftast á grundvelli forvals).

3. Alútboð: Þegar tilboða er leitað í hönnun og framkvæmd verks samkvæmt forsögn.

Með því að setja lög um útboð er enginn réttur tekinn af einstaklingum né fyrirtækjum til frjálsrar ráðstöfunar eigin mála. Löggjöf um útboð og ákveðinn staðal er nauðsynlegt form til að ná fram aukinni hag-

kvæmni og bættri nýtingu þess fjármagns sem til einstakra framkvæmda er ætlað.

Reynslan hefur sýnt ótvíræðan fjárhagslegan ávinning útboða, svo og að þar er um æskilegt viðskiptaform að ræða séu leikreglur í heiðri hafðar.

Þær reglur, sem nú er unnið eftir við gerð útboða, byggjast öðru fremur á staðlinum ÍST 30 þar sem er að finna helstu hugtakaskýringar og reglur sem gilda um útboð. Þessi staðall var fyrst gefinn út árið 1969 en endurskoðaður árið 1979 og síðan 1988.

Staðallinn ÍST 30 sem hér er notaður við útboð er að mestu byggður á venjum sem hér hafa þróast. Notkun staðalsins er hins vegar ekki lögbundin og hann hefur ekki lagagildi.

Sú reynsla, sem fengin er af útboðsmálum, sýnir að staðallinn ÍST 30 dugir ekki til að tryggja það réttaröryggi og þá viðskiptahætti sem verður að krefjast. Reynslan hefur enn fremur sýnt að staðallinn hefur ekki staðist þær væntingar sem til hans voru gerðar árið 1988."

Árið 1990 var að frumkvæði Staðlaráðs Íslands haldin ráðstefna undir yfirskriftinni Útboðsþing. Einn megintilgangur þeirrar ráðstefnu var að skilgreina þau vandamál sem uppi voru á útboðsmarkaðnum. Einn fyrirlesari á þessari ráðstefnu var Sigurður Gissurarson, bæjarfógeti á Akranesi. Erindi hans nefndist: Er þörf á útboðslögum hér á landi? Sigurður fjallaði um þetta svið af yfirgripsmikilli þekkingu og sagði m.a.: „Íslenskur staðall ÍST veldur ekki því hlutverki að skapa nauðsynlegt réttaröryggi og festu á þessu mikilvæga sviði þjóðlífsins. Lagasetning ákvæða um gerð verksamninga er líkleg til að brjóta í blað." Undir þetta sjónarmið hafa mjög margir tekið sem um þessi mál hafa fjallað og talið lagasetningu grundvöll þessara viðskiptahátta. Mikil breyting hefur orðið á verktakastarfseminni hér hin seinni ár og ekki síður á almennum útboðsþætti verka.

Verkkaupa þarf að vera það ljóst að á honum hvíla einnig skyldur og ábyrgð. Dæmi er um að bjóðendur undirbjóði hver annan eftir að tilboð hafa verið opnuð og að útboðsskilmálum hafi verið breytt eftir að útboð hafi farið fram og tilboð verið opnuð. Það er enginn efi að almennum samkeppnisreglum á verktakamarkaðnum er mjög ábótavant. Því er svo nauðsynlegt að taka á þessum málum og setja um þau skýrari lög. Staðallinn hefur ekki lagagildi og því er hann aðeins skuldbinding á samskiptum aðila. Löggjöf um útboð með skýrum reglum er nauðsynleg til að ná festu og trausti sem svo nauðsynlega þarf að skapa á íslenskum útboðsmarkaði.

Það er mjög nauðsynlegt að kveða skýrt á um þær samkeppnisreglur sem ríkja eiga í útboðsmálum hér á landi og leita leiða til að tryggja sem allra best hagsmuni Íslendinga sjálfra. Jafnframt þarf að huga að leikreglum sem gilda á alþjóðavettvangi. Með því að setja lög um útboð er ekki aðeins átt við að þau taki til framkvæmda í mannvirkjastarfsemi og hvers konar verklegum framkvæmdum heldur einnig til margvíslegrar þjónustu, viðskipta og vörukaupaútboða.

Með flutningi þessarar þáltill. er knúið á um að sett verði löggjöf um útboð með ófrávíkjanlegum reglum ásamt notkun staðla sem skapi þá festu og traust sem nauðsynlegt er til að byggja upp íslenskan útboðsmarkað.

Virðulegi forseti. Þetta mál er vissulega ekki bundið við iðnaðinn einan. Það kemur einnig til með að grípa á ýmiss konar verktakastarfsemi, viðskiptum og margvíslegri þjónustu. Þrátt fyrir það en að athuguðu máli, virðulegi forseti, legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli flm., hv. 4. þm. Norðurl. v., er þetta mál ekki bundið við iðnaðinn einan. Ég tel því eðlilegra að beina slíku máli til viðskrh., af því að þetta varðar almennar reglur í viðskiptum um fleira en iðnaðarverk eða iðnaðarvörur, eins og réttilega kom fram hjá hv. flm. Ég vil taka fram að ég tel að með þessari þáltill. sé hreyft þörfu máli, máli sem hefur verið í athugun í iðnrn. Eins og fram kom reyndar í umræðum fyrirspurnartíma í þinginu 2. apríl sl., þegar til umræðu var fsp. hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, 5. þm. Vesturl., þar sem hann spurðist fyrir um það hvort áform væru uppi um að semja frv. til laga um útboð, tel ég reglur um útboð vera hluta af kaupareglum, jafnvel gætu þær verið hluti af kaupalögum. Ég segi það skýrt að ég tel þetta mál allrar athygli vert en hygg að réttara væri að beina því til hv. efh.- og viðskn. vegna þess að það hlýtur að taka til fleiri þátta í viðskiptum en eingöngu þess sem fer fram milli iðnaðarins og þeirra sem við hann skipta.

Það er rétt að endurtekið hefur komið fram á undanförnum árum óánægja þeirra sem vinna að tilboðsgerð og það er líka rétt að í nálægum löndum sumum, sérstaklega er það kunnugt frá Danmörku, eru í gildi útboðslög. Það er líka staðreynd að í þessu máli er þróun í okkar nágrannalöndum sem ég tel að ástæða sé til að fylgjast með. Vel má vera að heppilegt sé að skipa til nefnd til að kanna það algerlega fordómalaust hvort setning útboðslaga getur stuðlað að heilbrigðari viðskiptaháttum, sanngjarnari samkeppni en nú er á okkar markaði og þá er ég að sjálfsögðu stuðningsmaður þess máls.

Að endingu, virðulegur forseti, ég vildi eingöngu nefna þessi formsatriði því ég tel að málið ætti fremur að beinast til viðskrh. og vistast hjá efh.- og viðskn. þingsins.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem til að taka undir það sem fram kemur í þáltill. Ég tel nauðsynlegt að farið verði ofan í þessi mál til að auðvelda útboð, til að leikreglurnar séu ljósar, til að ekki þurfi að vera neinn vafi á því hvar menn standa í þeim efnum.

Það er ljóst, eins og kemur fram í greinargerð með þáltill., að staðallinn ÍST 30 hefur verið notaður við útboð. En það breytir ekki því að nauðsynlegt er að fá skýrari reglur um þetta efni hér á landi.

Við höfum um nokkurt skeið verið að fjalla um í

iðnn. frv. um staðla og þó það komi þessu máli ekki beinlínis við þá tengjast þessi mál öll saman að sjálfsögðu.

Ég vil geta þess, virðulegur forseti, að ég hef undir höndum ræðu sem flutt var fyrir utanríkismálanefnd EB-þingsins, REX-nefndina svokölluðu. Þar kemur fram að sá sem flytur þessa ræðu er herra Van der Pas. Ég tek fram að þetta er skrifað á ensku og þýðingin er mín. Þetta er kannski ekki góð þýðing en vonandi kemst efnið til skila. Þar segir um útboð, sem er mjög mikilvægur þáttur innan bandalagsins og reyndar innan alls Evrópska efnahagssvæðisins, með leyfi forseta:

„Hérna verða einnig EFTA-löndin að taka við okkar löggjöf í heild sinni" — eða „in toto" eins og segir. „Aðlögunartími hefur verið samþykktur fyrir tvö lönd, þ.e. Sviss og Noreg." Kannski þarf Alþingi því ekki að fela iðnrh. að skipa nefnd eins og kemur hér fram til að semja frv. til laga um útboð, kannski verður þetta auðveldur leikur og kannski er þegar búið að ákveða að við eigum að taka í heilu lagi við þessari löggjöf. Þar af leiðandi hefur Ísland eða Alþingi ekkert annað að gera en stimpla þessi lög Evrópubandalagsins þegar þar að kemur ef samningur um Evrópskt efnahagssvæði verður staðfestur hér á landi og þá er þessi tillaga kannski óþörf.

Ég hef þá trú að það geti vafist fyrir mörgum að samþykkja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og þess vegna sé ástæða til að Alþingi álykti að fela iðnrh. að semja frv. sem mundi henta okkur þótt það sé að sjálfsögðu eðlilegt að taka mið af því sem gerist í nágrannalöndunum. Ég hef ekki trú á öðru en að sú lagasetning sem þarna er um að ræða geti verið okkur til fyrirmyndar vegna þess að við höfum yfirleitt litið til annarra landa, t.d. okkar nágrannalanda, um þessi mál. Við verðum að gera okkur grein fyrir að í þessum málum getum við ekki haft reglur og lög sem ekki eru viðurkennd af nágrannalöndunum. Við gerum ráð fyrir því að í mjög mörgum málum er auðvitað um alþjóðleg útboð að ræða en ekki eingöngu útboð á innanlandsmarkaði. Ég vildi geta þess, virðulegur forseti, í tengslum við málið að kannski ættum að hafa nú þegar í höndum þann lagabálk sem gildir um þetta hjá Evrópubandalaginu til þess að gera okkur grein fyrir því hvort hann henti okkur. Ef ég man rétt eða veit rétt þá er ekki búið að þýða hann eða setja í þannig form að við höfum aðgang að honum. Mér hefur ekki tekist að ná í þennan lagabálk, kannski vegna þess að ég hef ekki beitt mér nægilega vel í þessum efnum.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa talað og finnst það heldur innlegg í umræðuna. Og ég trúi því eftir að hafa fylgst með þessum málum um nokkra hríð að þeir sem um þessi mál fjalla, hvort sem það verður í iðnn. þingsins eða í efh.- og viðskn., ættu að hafa skilning á mikilvægi þess að löggjöf verði sett um þessi mál. Hv. 15. þm. Reykv. minntist á ræðu sem flutt hefði verið á EB-þinginu. Þar er sjálfsagt búið að halda æðimargar ræður og margar eru enn ófluttar. Það má vera að hún hafi mælt þar rétt en ég verð þó að segja og vona að þar til eitthvað annað kemur í ljós munum við halda áfram að búa okkur okkar eigin lög til að starfa eftir.

Virðulegur forseti. Ég mundi geta sætt mig við að hlíta úrskurði virðulegs forseta um það hvort eðlilegra væri að þessu máli væri vísað til iðnn. eða efh.- og viðskn. Mér er það í sjálfu sér ekki mikið kappsmál. Eins og ég sagði í mínum upphafsorðum er það ljóst að hér er ekki aðeins verið að tala um útboð vegna iðnaðarins, það er margs konar önnur starfsemi í þjónustu og ýmiss konar viðskiptum og verslun sem þarf að smíða löggjöfina um. Ég treysti því að góð ráð frá hæstv. forseta geti úrskurðað í þessu máli og ég mun hlíta þeim.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég gat þess kannski ekki eða það var ekki nógu skýrt hjá mér að þetta var ekki ræða sem haldin var á EB-þinginu heldur var hún útskýring eins af aðalsamningamönnum EB um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Hann var er að útskýra fyrir utanríkismálanefnd EB-þingsins í hverju samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felst. Þetta var ekki bara einhver ræða. Þetta vildi ég taka fram því að það var kannski ekki nógu skýrt hjá mér áðan. Ég er ekki að segja endilega að samningsmenn Íslands hafi viljað taka yfir þessi lög heldur er þarna aðeins um að ræða hans útskýringu. Það getur vel verið að þetta sé mjög góður lagabálkur og því eðlilegt fyrir okkur að taka hann yfir. Ég hef ekkert um það að segja hér og nú en auðvitað verður Alþingi að fara ofan í þetta þegar þar að kemur.

Varðandi það sem kom hér fram og ég gleymdi að geta um, þ.e. hvert þetta mál ætti að fara, þá tel ég mjög eðlilegt að það fari til iðnn. Ég minntist á það áðan að í iðnn. hefði verið til umfjöllunar um nokkurt skeið frv. um staðla og staðlaráð. Það fjallar auðvitað um fleira en iðnað. Ég tel því mjög eðlilegt að iðnn. fái þessa tillögu til umfjöllunar. Þó að e.t.v. séu einhver rök til þess að hún geti farið eitthvað annað tel ég að rökin séu sterkust fyrir því að hún fari til þessarar nefndar auk þess sem efh.- og viðskn. hefur mjög mikið af málum og mikið að gera. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál og iðnn. hefur ekki svo mikið að gera þessar vikurnar. Fyrst og fremst er hún að fjalla um staðla og þess vegna styð ég það sem kom fram í máli hv. frummælanda, hv. þm. Stefáns Guðmundssonar í upphafi, að leggja til að tillagan fari til iðnn. og tel að það sé mjög eðlilegt og vil taka undir þá tillögu.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti þakkar hv. 4. þm. Norðurl. v. það traust sem hann sýnir forseta með því að fela honum að úrskurða í þessu máli. En málið er kannski ekki svo einfalt því að það verður borið upp á Alþingi í hvaða nefnd málið skuli fara. Hér liggja fyrir tvær ólíkar tillögur og forseti mælist eindregið til þess að áður en til afgreiðslu málsins og atkvæðagreiðslu kemur komi menn sér saman um eina tillögu ef kostur er. Ef það tekst

ekki verður þingheimur að taka ákvörðun um það. Það er ekki á úrskurðarvaldi forseta. Ef tillögumenn óska þess að forseti eigi hlut að viðræðum þeirra um þetta mál er hann fús til að taka þátt í þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH, 215. mál. — Þskj. 296.

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem nú er flutt í fimmta sinn á hv. Alþingi. Megintilgangur frv. er eins og segir í 1. gr. þess: „Frá og með 1. júlí 1992 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar með lánskjaravísitölu, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.s.frv.“

Í 2. gr. segir: „Heimilt skal þó vera að verðatryggja spariskírteini ríkissjóðs, enda sé þá miðað við vísitölu vöru og þjónustu.“

Í 3. gr. segir: „Við gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–37. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur ákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.“

Spyrja má hver nauðsyn þess sé nú að afnema lánskjaravísitölu þegar hækkun hennar hefur verið með minnsta móti undanfarna mánuði en þörfin er meiri en nokkru sinni fyrr. Það stafar einfaldlega af því að hún hefur fullkomnað skemmdarverk sitt í íslensku efnahagslífi. Hún hefur valdið allsherjarkreppu, hrinu gjaldþrota og hrikalegu atvinnuleysi. Uppsöfnun skulda af völdum vísitölunnar nálega allan níunda áratuginn hefur verið af slíkri stærðargráðu. Vísitalan hækkaði á ári um 40% og allt upp í 75%. Eini ávinningurinn við þessi ósköp er sá að menn hafa loks gert sér grein fyrir skaðvaldinum, þó ekki allir því miður.

Fulltrúar bæði atvinnurekenda og launþega krefjast vaxtalækkana. Útvegsmenn keppast við að lýsa því yfir að skuldabréfin, ekki aflasamdrátturinn, baki rekstrinum mesta örðugleika og svarta skýrslan um skuldir sjávarútvegsins, sem nýlega hefur verið sagt frá, staðfestir það ástand sem leitt hefur af upptöku lánskjaravísitölunnar.

Við skulum byrja á byrjuninni og líta á Ólafslög, lög nr. 13/1979. Þau gerðu ráð fyrir tvíhliða verðtryggingarákvæðum, þ.e. eftir VII. kafla, á sparifé, og á eftir VIII. kafla, um vinnulaun. Að brjóta þetta grundvallaratriði laganna er afskræming á hugmyndinni sem að baki lá. Spyrja má hvort það hafi veri í anda Ólafs heitins Jóhannessonar, sem svokölluð Ólafslög eru kennd við, þegar annar formaður Framsfl. afnam verðtryggingu á laun.

Svo sem kunnugt er var það Seðlabankinn sem hafði frumkvæði að lögunum og mættu því lögin eins kallast Nordalslög og Ólafslög.

Hvað gera aðrar þjóðir í þessum efnum? Finnar afnámu lánskjaravísitölu um leið og þeir afnámu kaupgjaldsvísitölu. Annað töldu þeir siðleysi. Aðrir mælikvarðar virðast gilda hér. Okkur er boðið það sem aðrir láta ekki bjóða sér. Verðtrygging fjárskuldbindinga var af formælendum hennar talin boða þrjár breytingar til batnaðar:

1. Hún átti að draga úr eftirspurn lána.
2. Hún átti að auka sparnað.
3. Hún átti að minnka erlenda skuldasöfnun.

Ekkert af þessu stóðst. Lánaþenslan jókst stöðugt og náði áður óþekktu hámarki. Bundin spariinnlán jukust minna en að viðbættum vöxtum. Erlend skuldasöfnun hélt áfram og gerir enn. En áhrifin á verðlag létu ekki á sér standa. Vaxtaskrúfan olli stanslausum hækkunum vöruverðs og þjónustu eins og framfærslvísitalan gegnum árin ber með sér. Atvinnuvegirnir fundu illilega fyrir þessu, einkanlega útflutningurinn sem keppir á erlendum mörkuðum. Það var ekki fyrr en launþegasamtökin tóku á sig byrðina með svonefndri þjóðarsátt að verðlagið fór að kyrrast.

Eitt hið óhugnanlegasta við verðtryggðu lánin er það að sá sem tekur slík án veit ekki og getur ekki vitað hvaða fjárhæð hann gengst undir að greiða. Verðbólgan er ekki séð fyrir enda hefur reynslan sýnt að lánin margfaldast á fáum árum þó að staðið sé í skilum með allar afborganir, vexti og verðbætur. Ræður skuldarinn þá ekki við neitt og er óafvitandi orðinn vanskilamaður. Þetta er fjárplógsstarfsemi sem er mannskemmandi bæði fyrir þann sem iðkar hana og hinn sem er þolandinn.

Enginn skyldi ætla að verðbólga geti ekki enn skollið á í þessu landi þótt við vonum að svo verði ekki. Ekki má til þess koma að lánskjaravísitalan nái öðru sinni að koma af stað vaxtaskrúfu sem elur verðlags- og kaupgjaldshækkanir. Þá er úti um möguleika á auknum og opnari milliríkjaviðskiptum sem stefnt er að. Það nægir ekki að gera valið frjálst milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra eins og talað er um. Sá sem peninga á, lánveitandinn, ræður kjörunum. Lántakandinn hefur þar ekkert um að segja, óbreytt kerfi mundi þá í reynd haldast.

Í Morgunblaðinu 28. febr. sl. mátti lesa: „„Vaxtastigið er í samræmi við hagsmuni Landsbankans,“ segir Kjartan Gunnarsson varaformaður bankaráðs Landsbankans.“ Þetta er óvenjulega hreinskilið orðalag. Þarna er handaflið margumtalaða. Markaðslögmálin virka ekki í þjóðfélaginu þegar ríkið eyðir umfram tekjur. Þegar erlend lán eru tekin og seðlar prentaðir eftir þörfum eins og verið hefur undangengin ár. Hvorki Seðlabankinn né stjórnvöld ráða í reynd neinu um vaxtastigið. Til slíks þarf róttækar lagabreytingar.

Þá skal enn vakin athygli á því að verðbótaþáttur vaxta er hluti vaxta alveg á sama hátt og verðbótaþáttur kaupgjalds er hluti launa. Áróðursmeistarar hávaxtamanna reyna sífellt að villa um fyrir fólki og vilja aðeins telja raunvextina vexti. Hver borgar verðbótaþáttinn annar en látakandinn?

Óyggjandi heimildir eru fyrir því að Ólafur Thors, ástsælasti formaður Sjálfstfl., var andvígur verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hann taldi að hún mundi leiða

til vaxtahækkana sem atvinnuvegirnir og heimilin þyldu ekki. Þetta kom fram á viðreisnartímanum. Glöggskyggni hans studdist við reynslu. Sýnum þau hyggindi og þann manndóm að fara að ráðum hans. Með því heiðrum við minningu hans þegar 100 ár eru liðin frá fæðingu hans. Burt með lánskjaravísitöluna.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að flytja þetta mál fyrr á þessu þingi en af heilsufarsástæðum hefur það dregist til þessa. Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. flytur nú í fimmta sinn frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár eða um afnám lánskjaravísitölu eins og hann hefur oftast kosið að lýsa því í sínum framsöguræðum. Ég ber á vissan hátt hlýjan hug til frv. eins og annarra vorboða því í þau fjögur skipti sem það hefur áður komið til umræðu á þinginu hefur það verið upp úr áramótunum þegar dag er tekið að lengja.

Ef maður hyggur að framsöguræðu hv. flm. þá mátti af henni ráða að hann hefur í huga afnám verðtryggingar sem miðast við vísitölur á öllum fjárskuldbindingum á innlendum fjármagnsmarkaði að spariskírteinum ríkissjóðs þó undanskildum. Í frv. er hins vegar aðeins fjallað um afnám lánsfjárvísitölunnar en þar bendi ég á að aðrar vísitölur tíðkast einnig við verðtryggingu fjárskuldbindinga, t.d. framfærsluvísitala og byggingarvísitala. Mér virðist því að hv. flm. telji verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu sérstaklega slæman kost og því ástæða til að banna hana frekar en verðtryggingu með öðrum hætti. Ég verð að játa að ég átta mig ekki alveg á þessu. Ég vil líka vekja athygli á því að samkvæmt 2. gr. frv. yrði ríkissjóði áfram heimilt að verðtryggja sín spariskírteini enda ríkissjóður sjálfsagt svo staddur að mati hv. flm. þótt hann talaði réttilega um þá ábyrgð sem ríkið ber á jafnvæginu á lánamarkaðinum með því að halda aftur af sínum útgjöldum. Honum virtist þá samkvæmt þessari tillögu að hann gæti staðið undir verðtryggðum skuldbindingum þótt atvinnuvegirnir gætu það ekki, svo að ég vísi aftur til röksemda í greinargerðinni með frv.

Það er hverju orði sannara að málefni vaxta og verðtryggingar hafa komið hér mjög reglulega til umræðu á þessum vettvagi. Ég tel ekki ástæðu til þess að við endurtökum enn einu sinni allt sem um það mál hefur verið sagt en mig langar þó til að benda á að verðbólgu- og vaxtaþróun síðustu mánuðina sýnir okkur að mínu áliti svo ekki verður um villst að verðtryggingin er alls ekki sú meinsemd á innlendum fjármagnsmarkaði sem iðulega hefur verið haldið fram. Þannig lækkaði lánskjaravísitalan og þar með höfuðstóll margra skulda milli nóvember og desember á síðasta ári sem svaraði til 2,6% á heilu ári. Milli desembermánaðar í fyrra og janúar á þessu ári var líka lækkun á lánskjaravísitölunni, þessum bölvaldi, ef marka má tillögur frv. sem hér er til umræðu um sem svarar 0,7% á ári. Vísitalan hækkaði lítillega milli janúar og febrúar en svo er hún aftur óbreytt milli febrúar og mars á þessu ári. Ef við lítum yfir síðustu þrjá mánuði hefur hún ekkert hækkað. Gildi hennar í mars er nákvæmlega það sama og var í desember. Höfuðstóll verðtryggðra skulda hefur því alls ekki hækkað á síðustu þremur mánuðum. Á meðan svo stendur er erfitt að halda því fram að þessi vísitala sé erkióvinur lántakenda. Þetta sýnir líka ljóslega það sem ég og margir aðrir hafa ávallt haldið fram að um leið og við náum tökum á verðbólgunni verður verðtrygging skuldanna aukaatriði sem hverfur smátt og smátt eins og margir góðir og gegnir hlutir sem ganga sér til húðar og verða þannig óþarfir.

Mig langar líka að benda á að í 22 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, sem við berum okkur oft saman við, eru engin lagaákvæði um verðtryggingu fjárskuldbindinga heldur ráða þar venjur og frjálsir samningar manna á meðal og fyrirtækja á meðal um það hvort verðtryggingu sé beitt í lánssamningum eða ekki. Aðeins tvö ríki í OECD hafa lagaákvæði sem banna beinlínis verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það er í Þýskalandi og Hollandi. Þar er sögulegt baksvið þeirrar lagasetningar skelfileg reynsla af óðaverðbólgu á fyrri hluta þessarar aldar, sérstaklega í kjölfar fyrra stríðs og reyndar aftur í kjölfar seinna stríðs. Þetta er sem betur fer ekki okkar reynsla.

Mig langar líka að benda á að um áramótin 1990 og 1991 mótaði ríkisstjórnin, sem þá sat, þá áætlun sem núv. ríkisstjórn hefur staðfest að smátt og smátt verði hlutur óverðtryggðra fjárskuldbindinga aukinn og sérstök lagaákvæði um beitingu verðtryggingar hverfi í lok þessa árs um leið og síðustu hömlurnar á langtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu verða líka numdar brott. Í þessu felst ekki bann við fjárskuldbindingarverðtryggingu heldur eingöngu að það verði ekki lagaþvinganir í málinu. Ég sannfærist um það betur og betur að þetta er rétta leiðin. Mín trú er sú að lögbann gegn verðtryggingu mundi valda óróa á lánamarkaðinum og því miður án efa verða til þess að sparnaður minnkaði tímabundið. Það er mín skoðun að þjóðin megi ekki við slíkum uppákomum þegar við búum við tæpt jafnvægi í okkar efnahag. Þróunin á fjármagnsmarkaðinum síðustu mánuðina sýnir líka mjög glöggt að verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki helsta vandamál skuldugra manna og fyrirtækja heldur er það nafnvaxtastefna bankanna sem hv. flm. vill gera að aðalatriðinu í framkvæmd vaxtastefnu.

Ég vek athygli á því að á undanförnum allmörgum mánuðum hafa einmitt raunvextirnir af óverðtryggðum skuldum verið mun hærri en raunvextir af verðtryggðum skuldum og allt of háir. Þarna er ákveðin hætta fólgin sem ég hygg að hv. flm. muni kannast við. Það er líka rétt að nafnvextirnir hjá okkur hafa um skeið falið í sér mun hærri raunvexti en gerist og gengur í okkar helstu viðskiptalöndum. Auðvitað er farsælasta leiðin til að ráða bót á þessu, eins og margoft hefur komið fram af minni hálfu, að auka samkeppni á fjármagnsmarkaðnum. Þetta má gera með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að afnema gjaldeyrishöft og auka þannig möguleika innlendra aðila til að skipta beint við erlenda aðila og ákveðin skref í þessa átt

voru einmitt stigin árið 1990 þegar í gildi gengu nýjar og frjálslegri gjaldeyrisreglur. Reyndar liggur nú fyrir þinginu lagafrv. um gjaldeyrislög sem fela í sér staðfestingu á þessu frelsi og gera það að meginreglu.

Hin aðferðin er að auka samkeppnina á markaðinum hér heima fyrir. Þar á ég ekki aðeins við samkeppni milli einstakra lánastofnana á markaðinum heldur líka samkeppnina á milli stóru kaupendanna á skuldabréfum, stóru fjárfestingaraðilanna. Ég er t.d. sannfærður um það að samráð lífeyrissjóða sín á milli um verðbréfakaupin hafa á margan hátt staðið þróun fjármagnsmarkaðarins fyrir þrifum og sé eitt af því sem Alþingi ætti að hugleiða fremur en færa í lög boð og bönn af því tagi sem þetta frv. felur í sér.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt að heppilegast virðist að notkun verðtryggingar í fjárskuldbindingum og fjársamningum mótist af hefðum og frjálsum samningum milli manna. Ég tel farsælast að við reynum að treysta í sessi þann árangur sem við höfum náð í baráttunni við verðbólguna og sköpum okkur þannig þær aðstæður að notkun verðtryggingarinnar víki sjálfkrafa eftir frjálsu vali manna. Ég held að við eigum að forðast þarna lögbundna þvingun. Þess vegna er ég ekki sammála tillögunum sem frv. felur í sér frekar en ég var í hin fjögur fyrri skiptin. En ég vil enn á ný ítreka það sem ég hef sagt að ég veit að flm. flytur þetta í góðu skyni því að við reynum í sameiningu að festa stöðugleika í efnahagsmálum í sessi.

Guðmundur Þ Jónsson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins upplýsa það vegna ummæla flm. um kaupgjaldsvísitölu að það er rétt að hún er bönnuð samkvæmt lögum, bein tenging launa við vísitölu, en þó er það svo að kaupgjald hefur á undanförnum árum verið verðtryggt eftir öðrum leiðum. Við höfum notast við það sem við höfum kallað rauð strik þar sem sett eru ákveðin mörk og koma þá bætur í launum fyrir ef verðlag fer yfir ákveðin tiltekin mörk, fyrir fram ákveðin. Eins hafa verið settar launanefndir sem hafa úrskurðað launabætur ef mál hafa þróast með þeim hætti og í mörgum tilfellum hefur valdið verið alfarið í höndum Alþýðusambands Íslands til að úrskurða það þannig að við höfum notið nokkurrar tryggingar á þessu sviði þrátt fyrir lögin.

Hvað þetta frv. um afnám verðlagsvísitölu eða lánskjaravísitölu varðar þá verð ég að segja að ég er ekki alveg tilbúinn til þess að gera upp við mig klárt og kvitt hvort ég væri tilbúinn að samþykkja tillöguna eða ekki, en ég ætla að benda á að þetta hefur verið skoðað svolítið og þá með tilliti til greiðslubyrði skuldara. Við getum tekið dæmi um fólk sem er að byggja eða koma sér upp húsnæði og tekur til þess vísitölutryggt lán annars vegar og óverðtryggð lán hins vegar. Ég hygg ég að greiðslubyrði fólks af óverðtryggðum lánum hafi verið mun meiri á undanförnum árum en af verðtryggðum lánum. Verðtrygging er ekki skaðleg í svo lítilli verðbólgu sem við höfum núna. Í mikilli verðbólgu dreifist vísitöluþátturinn eða verðbótaþátturinn á lánstímann á sama tíma og nafnvextir á óverðtryggðum lánum falla jafnóðum til greiðslu. Ég hygg því að erfiðleikarnir hjá fólki með óverðtryggð lán hafi verið öllu meiri en með verðtryggð lán. Meinsemdin er ekki verðtryggingin heldur óðaverðbólgan sem hér hefur verið. Núna eru það svo fyrst og fremst þessir háu vextir sem sliga bæði einstaklinga og fyrirtæki og hefur mjög mikil tregða verið hjá stjórnvöldum að taka á málinu. Háir raunvextir er vandamálið sem fólk og fyrirtæki þurfa að burðast með í dag en ekki verðtryggingin sem slík.

Við gerð kjarasamninga í febrúar 1990 leiddi svokallaður þjóðarsáttarsamningur til þess að verðbólga fór mjög niður, nafnvextir lækkuðu mjög hratt en það verður ekki sama sagt um raunvextina. Þeir hafa enn þá haldist mjög háir og þar af leiðandi valda þeir þessu fólki og fyrirtækjum erfiðleikum núna en ekki verðtryggingin. Við verðum því að athuga hvað er orsök og hvað er afleiðing í þessu efni eins og hverju öðru. Þótt sú krafa hafi heyrst að afnema beri lánskjaravísitöluna bæði frá mönnum sem reka fyrirtæki og einstaklingum þá held ég að menn verði að skoða það mál nokkuð vel. Ef verðbólgan eykst þá aukast nafnvextirnir þannig að fólk þarf kannski að standa frammi fyrir mun meiri greiðslubyrði af lánum sínum en ella því að eins og ég gat um dreifast verðbæturnar á lánstímann og koma léttar niður á fólki en nafnvextirnir. Ég ætlaði aðeins að draga þetta fram.

Umræðu frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 1. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 426. mál (greiðslur til Vélstjórafélags Íslands). — Þskj. 684.

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til breytinga á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, og fjallar frv. um þá breytingu að tilteknu hlutfalli í greiðslumiðlun verði ráðstafað til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands, en því hefur fram til þessa verið ráðstafað til Farmanna- og fiskimannasambandsins eingöngu. Enn fremur leggjum við til að í viðkomandi grein laganna komi málsgrein sem mælir fyrir um að sjútvrh. setji reglur um skiptingu þessa fjár milli þessara tveggja samtaka.

Í grg. með frv. kemur fram að það er til orðið vegna erindis Vélstjórafélags Íslands en það hefur nýlega verið stofnað og vélstjórar þar með gengið úr Farmanna- og fiskimannasambandinu. Með þessu er ætlað að samtök þeirra fái sinn hlut í þessari greiðslumiðlun til stéttarsamtaka sjómanna. Nefndarmenn komust að þeirri niðurstöðu eftir að hafa athugað erindi Vélstjórafélags Íslands og fengið umsagnir annarra aðila að greiðslumiðluninni að eðlilegt væri að Vélstjórafélagið gæti fengið sinn hlut frá borði. Þar

sem samtökin eru ekki á þessari stundu sammála um hvernig skiptingin megi verða þá er eðlilegra að sjútvrh. verði falið að ákveða hana í reglugerð vegna þess að hugsanlegt er að hún geti breyst á milli tímabila. Hugsanleg ástæða þess er sú að innan Vélstjórafélags Íslands eru bæði vélstjórar sem starfa á sjó og á landi. Nefndin hefur ekki á þessu stigi óskað endurumsagnar og úr varð að frv. flytja nefndarmenn allra þingflokka og áheyrnarfulltrúi Kvennalistans að nefndinni sem hefur starfað með nefndarmönnum.

Ég mælist svo að lokum til þess að frv. verði sent eðlilega leið til síðari umræðna og umfjöllunar í hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

125. FUNDUR

mánudaginn 13. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess, áður en gengið er til dagskrár, að hér mun fara fram utandagskrárumræða og er reiknað með að hún hefjist klukkan hálffjögur í dag. Það er hálftímaumræða sem fer fram að beiðni hv. 10. þm. Reykv. og er um Fæðingarheimili Reykjavíkur.

Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 456. mál (skipunartími Ferðamálaráðs). — Þskj. 714.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, JónS, KÁ, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, JónS, KÁ, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Ferðamiðlun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 457. mál. — Þskj. 715.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

12 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, JónS, KÁ, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, HG, JónS, KÁ, RA, SAÞ, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

Skipulag á Miðhálendi Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 707.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

11 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. með 51:1 atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

nei: PP.

11 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (heildarlög). — Þskj. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, RA, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG,

EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónK, JónS, KÁ, SAÞ, SP, StH, VS) fjarstaddir.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 343. mál (barnalífeyrir). — Þskj. 552.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, JónS, KÁ, MB, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (AKS, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, SAÞ, StH, SJS, VS) fjarstaddir.

Húsaleigulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (heildarlög). — Þskj. 720.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

11 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Útboð, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG og GÁ, 183. mál (nefnd til að semja frumvarp). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

12 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JGS, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 426. mál (greiðslur til Vélstjórafélags Íslands). — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, StB, SvG, TIO, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, SJS, VS, VE) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður sjómanna.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 754.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 48 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

14 þm. (AKS, ÁMM, DO, EgJ, FrS, GHH, GB, GHall, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku.

Stjfrv., 492. mál. — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 51 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SAÞ, StH, VS) fjarstaddir.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 150, nál. 744 og 746, brtt. 745, 747 og 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv., 4 þm. greiddu ekki atkv.

2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EKG, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

4 þm. (AKS, FI, GÁ, StH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GHall, GHelg, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS) fjarstaddir.

Brtt. 747,1 felld með 29:14 atkv., og sögðu

já: AKS, SJóh, PB, RA, SJS, SvG, GB, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, KHG, KE.

nei: MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, DH, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, HBl, IBA, ISG, JóhS, MJ, KSG, LMR, GunnS.

10 þm. (PP, StG, StH, REg, FI, HÁ, IP, JGS, JónK, JVK) greiddu ekki atkv.

10 þm. (SAÞ, VS, SalÞ, ÁMM, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um grundvallaratriði í menntastefnu í landinu, þ.e. það grundvallaratriði hvort menn vilja halda því áfram að hafa skil, jafnvel múra, á milli atvinnulífs og skóla eða hvort menn vilja stuðla að því að skólar og atvinnulíf nái sem bestri samstöðu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að leggja áherslu á þetta atriði og þess vegna hafa þingmenn Alþb. flutt þessa tillögu og ég tel að það verði mjög eftirtektarvert upp á seinni tíma hvaða afstöðu einstakir þingmenn taka til þessarar mikilvægu tillögu. Ég tel það mikilvægt að hún verði samþykkt og ég segi já, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mikill meinbugur á annars góðu máli að valinn er sá kostur af meiri hluta félmn. og samkvæmt frv. einnig að láta þennan málaflokk, starfsmenntun í atvinnulífinu, heyra undir félmrn. Skipan starfsmenntaráðs á þess vegum án nokkurra tengsla við menntmrn. gerir ráð fyrir stefnumörkun í starfsmenntun í atvinnulífinu á vegum þessa starfsmenntaráðs sem engin tengsl er ætlað að hafa við menntmrn. Við þingmenn Alþb. hörmum að það skuli reynt að knýja þessa stefnu fram svo arfavitlaus sem hún er en það sýnir hins vegar hug okkar til málsins — við metum það mjög mikils að það verði reynt að gera átak í starfsmenntun í atvinnulífinu og því munum við ekki bregða fæti fyrir frv. þó að þessar brtt. okkar verði felldar. Ég segi já.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það kom fram í umræðum um málið og er vafalaust öllum ljóst að hér er um að ræða samkomulagsmál aðila vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingin hefur lagt á það þunga áherslu að þessi mál verði vistuð hjá félmrn. sem er vinnumálaráðuneyti. Menntmrn. hefur alla burði til þess að tengjast atvinnulífinu á allan þann hátt sem því er reyndar ætlað og ég hygg að þessi breytni verði ekki á neinn hátt til að hindra það.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að þessum málum sé betur komið í þeim farvegi sem það hefur verið og þar muni starfsfræðslu, starfsmenntun, verða ýtt áfram af enn meiri þrótti heldur en verið hefur. Ég segi því nei við brtt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nái þessi grein frv. fram að ganga þá verða menntunarmál vistuð í þremur ráðuneytum og

þar af verður starfsmenntun í atvinnulífinu vistuð í tveimur ráðuneytum. Þessi brtt. gerir ráð fyrir að færa málaflokkinn í heild sinni undir menntmrn. og ég segi því já.

Brtt. 755,1 felld með 35:7 atkv. og sögðu

já: AKS, IBA, ISG, JVK, KE, REg, SJóh.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SP, StG, StH, StB, TIO, ÖS.

8 þm. (GB, GHelg, HG, KHG, PB, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið byggist þetta frv. og afgreiðsla þess á samkomulagi m.a. við aðila vinnumarkaðarins í landinu. Við fulltrúar Framsfl. í félmn. höfum tekið þá ákvörðun að standa að því samkomulagi. Hins vegar erum við mótfallin því að breyta þeirri skipan sem verið hefur á starfsmenntun í fiskvinnslunni þar sem öflug starfsemi er á vegum sjútvrn. og munum því greiða atkvæði gegn þeirri brtt. en munum sitja hjá við seinni brtt. á þskj. 755.

4. gr. samþ. með 40:2 atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÖS.

nei: HG, KSG*.

7 þm. (FI, GÁ, JVK, KHG, KE, StH, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, IBA, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 747,2 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 755,2 felld með 26:11 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KE, RA, REg, SJóh, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JóhS, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SighB, SP, StB, TIO, ÖS.

13 þm. (AKS, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, PB, StG, StH, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DH, EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÖS.

8 þm. (FI, GÁ, HG, JVK, KHG, KE, RA, StH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 747,3 kom ekki til atkvæða.

6.–10. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÖS.

8 þm. (AKS, FI, GÁ, HG, JVK, PB, RA, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 745,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KSG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, REg, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÖS.

8 þm. (AKS, FI, GÁ, JGS, JHelg, KHG, PB, StH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SJóh, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, REg, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÖS.

6 þm. (FI, GÁ, JHelg, PB, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, IP, JGS, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, StH, VS, VE) fjarstaddir.

12.–14. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÖS.

7 þm. (FI, GÁ, HG, KHG, KE, PB, StH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GHH, GHall, GHelg, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 745,2 (ný 15. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JVK, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, REg, RG, SigG, SighB, SP, StG, StB, TIO, ÖS.

16 þm. (AKS, FI, GÁ, GHelg, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KE, PB, SJóh, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er erfitt að sjá eitthvert rökrænt samhengi í þessari smíð. Samkvæmt 15. gr. frv. átti nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, að vera metið samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntmrn. Hér er flutt brtt. af meiri hlutanum sem kveður á um að menntmrn. ákveði „hvaða nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skuli metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi." Ráðuneytið, sem hvergi má koma við sögu samkvæmt frv., á allt í einu að ákveða hvaða nám, sem styrkt er, skuli metið til námseininga. Í starfsmenntaráðinu, sem á að skipuleggja þetta, fær ekki einu sinni að vera fulltrúi frá menntmrh. Þetta er sögulegt plagg sannast að segja og ég greiði ekki atkvæði um brtt.

16.–17. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KSG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, RA, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÖS.

8 þm. (AKS, FI, GÁ, JGS, KHG, KE, PB, StH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, DH, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PB, RA, REg, RG, SigG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, ÖS.

13 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GHH, GHall, JónS, KÁ, PP, SalÞ, SAÞ, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Veitinga- og gististaðir, 1. umr.

Stjfrv., 458. mál (heildarlög). — Þskj. 716.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er mjög einfalt í sniðum. Með því er gert ráð fyrir einföldun laganna og eru breytingarnar tvíþættar. Annars vegar varða þau skilyrði sem sett eru til að starfrækja megi veitinga- og gististaði. Hins vegar flokkun veitinga- og gististaða.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að sérstakt leyfi þurfi til rekstrar veitinga- og gististaða heldur þurfi að uppfylla almenn skilyrði samkvæmt 2. og 3. gr. og með þeim hætti fá skráningu hjá lögreglustjóra eins og gildir um annan atvinnurekstur. Skráningin er ótímabundin meðan forsendur eru óbreyttar. Skráningin kemur þá í stað tímabundinna leyfa samkvæmt gildandi lögum. Í frv. er ekki gert ráð fyrir að flokkun veitinga- og gististaða sé bundin í lög heldur skuli kveðið á um hana í reglugerð sem er eðlilegt þar sem flokkun veitinga- og gististaða er ekki atriði sem ástæða er til að lögfesta.

Það nýmæli er í frumvarpinu að við setningu reglugerðar um flokkun veitinga- og gististaða skal haft samráð við Ferðamálaráð Íslands og önnur hagsmunasamtök í greininni. Þá er gert ráð fyrir að nánari reglur um skipulag og starfsemi samkvæmt frumvarpinu verði settar samkvæmt tillögum stjórnar Ferðamálaráðs Íslands og tryggir það í senn aukinn sveigjanleika reglna um rekstrarumhverfi greinarinnar og áhrif hagsmunaaðila á ákvarðanatöku í þeim efnum.

Eins og ég sagði áður er með frumvarpi þessu leitast við að einfalda löggjöf um starfsemi veitinga- og gistihúsa þannig að ákvæði laganna verði ekki til þess að hindra eða tefja uppbyggingu á þessu sviði ferðaþjónustunnar í landinu, jafnframt því að gætt er neytendaverndar með ákvæðum um þau almennu skilyrði sem uppfylla þarf um hollustuhætti, eldvarnir og staðfestingu sveitarstjórnar. Ferðaþjónusta er í örum vexti hér á landi, jafnt við innlenda sem erlenda ferðamenn, og því mikilvægt að skapa atvinnugreinum innan ferðaþjónustunnar góð skilyrði til að bregðast við auknum umsvifum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Frv. er einfalt í sniðum, fyrst og fremst tæknilegs eðlis til að auka eða gera reglur um veitinga- og gististaði nútímalegri og sveigjanlegri. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. mælir fyrir þriðja frv. sem hann flytur nú um ferðamál, trúr þeirri stefnu sinni að búta málaflokkinn niður sem mest má verða í löggjöf. Í síðustu viku ræddum við frv. hæstv. ráðherra um breytingar á skipulagi ferðamála sem fjallaði um það hugðarefni hæstv. ráðherra að fá aðstöðu til þess að skipta um forustu í Ferðamálaráði og í Ferðamálasjóði. Einnig ræddum við frv. um ferðamiðlun. Hér mælir hæstv. ráðherra fyrir frv. til laga um veitinga- og gististaði, breytingu frá gildandi lögum, sett upp sem nýtt frv. um þetta mál. Hann segir að frv. sé einfalt í sniðum og fjalli nánast um tæknileg atriði svo halda mætti, virðulegur forseti, að ekki væri þörf á að ræða málið mikið miðað við framsöguræðuna sem hér var haldin. En ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar athugasemdir við þetta mál.

Hæstv. ráðherra er að gera veigamikla breytingu á lögum um veitinga- og gististaði. Það eru ekki bara tæknilegar breytingar heldur mjög veigamiklar breytingar að því er varðar aðstöðu útlendinga til fjárfestinga, kaupa og stofnunar fyrirtækja. Í þessari grein eru ákvæði gildandi laga veikt frá því sem verið hefur þar sem ekki er lengur krafist búsetu á Íslandi til að geta keypt hér hótel og veitinga- og gististaði eða sett slíka staði upp heldur aðeins að aðili sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu, þótt í útlöndum búi, og eigi varnarþing á Íslandi. Þetta er auðvitað mikil breyting frá því að krafan um búsetu er inni í gildandi löggjöf og fleiri ákvæði sem snerta kröfur til þeirra sem stofna fyrirtæki í greininni. En það sem mestri breytingu veldur, samkvæmt frv., er það að ekki er lengur skylt að sækja

um leyfi fyrir veitinga-og gistihúsarekstri heldur einfaldlega eins og segir í 3. gr.:

„Lögreglustjóri skráir starfsemi samkvæmt lögum þessum, að fullnægðum skilyrðum samkvæmt 2. gr.," sem ég hef nefnt hver eru og áfram segir: „að fengum nauðsynlegum staðfestingum frá sveitarstjórn, eldvarnaeftirliti og heilbrigðisnefnd og fer um eftirlit samkvæmt lögum og reglugerðum þar að lútandi."

Ef litið er á gildandi löggjöf þá segir í 3. gr. laga nr. 67/1985:

„Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis."

Síðan eru frekari ákvæði sem snúa að þessari leyfisveitingu eins og þetta:

„Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi."

Þá eru ákvæði sem varða þrotabú og dánarbú og í 7. gr. gildandi laga segir, með leyfi forseta:

„Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,

b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega."

Þá er í lögunum lögboðin flokkun gististaða og veitingastaða en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að um það gildi reglugerð og við það geri ég ekki athugasemd enda staðið að tillögum um annað eða undirbúið tillögur sem eru hliðstæðar því sem segir í frv., að það skuli fært til reglugerðar hvernig veitinga- og gististaðir eru flokkaðir.

En það er þetta efni varðandi leyfisveitinguna. Nú á að taka upp skráningu. Lögreglustjóra er nú gert að skrá starfsemi samkvæmt lögum þessum að fullnægðum skilyrðum o.s.frv. Þetta mál snertir ýmsa þætti sem rétt er að nefna og nauðsynlegt er að fá skýringar á. Af því tilefni, virðulegur forseti, óska ég eftir því að hæstv. dómsmrh., ef hann er í húsinu, verði viðstaddur umræðuna því ég tel nauðsynlegt að víkja máli mínu að þáttum sem lúta að lögbundinni starfsemi dómsmrn.

Það er nefnilega svo, virðulegi forseti, að á grundvelli leyfisveitinga varðandi veitinga- og gististaði eru byggð meginákvæði áfengislaganna varðandi sölu og veitingu áfengis. Leyfi þar að lútandi falla undir dómsmrh. sem setur reglur þar að lútandi. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 82/1969 og samanber lög nr. 84 frá 17. des. 1971, lög nr. 52 frá 11. maí 1978 og lög nr. 7 frá 2. apríl 1985, sem ég hef hér fyrir framan mig, eru ákvæði um heimildir til að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga samkvæmt skilyrðum.

Ég hef litið svo á að þessar leyfisveitingar séu bundnar við það að búið sé að taka afstöðu til og veitt sé leyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði en ekki aðeins að það sé skráning á slíku enda sé ég ekki hvernig lögreglustjóra er ætlað að koma því við að tryggja að um slíka skráningu sé að ræða. Í 12. gr. þessara laga eru sett ákveðin skilyrði. Þriggja manna nefnd á að dæma um hvaða veitingahús fullnægja ákvæðunum og áður en vínveitingaleyfi er veitt skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar og fleira er þar tilgreint og fleiri skilyrði eru sett.

Ég held að hér sé afskaplega ótryggilega um hnútana búið varðandi frágang og tillögur samkvæmt þessum lögum vegna tengslanna m.a. við áfengislögin. Ég spyr hæstv. samgrh. að því hvort hann hafi við undirbúning þessara laga haft samráð við dómsmrn. um þessi efni, svo og við lögreglustjóraembætti, sem samkvæmt gildandi lögum er ætlað að veita leyfi, og hvort búið sé að fara yfir það hvaða afleiðingar sú lagabreyting hefði, ef samþykkt verður, sem hæstv. ráðherra er að bera fram með frv. Ég held það geti orðið mjög snúið fyrir lögreglustjóra, ef það á að vera marktækt og tryggt, að honum sé einungis ætlað að skrá umrædda starfsemi samkvæmt frv. og ganga úr skugga um að tilskilin leyfi séu fengin. Það er alveg greinilegt að mun ótryggilegar er frá því gengið en er í gildandi löggjöf með þeim tengslum sem eru við áfengislögin þar að lútandi.

Þetta tel ég nauðsynlegt að sé upplýst við 1. umr. um málið og bið hæstv. samgrh. að gera okkur grein fyrir því hvernig að þessu hafi verið staðið og hvaða samráð hafi verið haft við Félag veitinga- og gistihúsa, við dómsmrn. og við lögreglustjóraembættið, sem ætlað er að sinna þessum skráningum. Hafi það ekki verið gert með viðhlítandi hætti sýnist mér einboðið að það þurfi að vinna þetta mál frá grunni.

Greinargerðin, athugasemdir með frv., er afskaplega rýr að mínu mati og hroðvirknislega frá gengið svipað og gilti um frv., sem ég nefndi í upphafi míns máls. Þar var ótrúlega kastað til hendi og ekki rökstutt hvers vegna verið er að leggja til þá breytingu sem hér er nema þá „af því bara".

Þá segir í athugasemdum. „Það nýmæli er í frv. að við setningu reglugerðar um flokkun veitinga- og gististaða skal haft samráð við Ferðamálaráð Íslands og önnur hagsmunasamtök í greininni." Ég hef ekki litið svo til að Ferðamálaráð Íslands væri í raun hagsmunasamtök. Ég átta mig ekki á því hvert hlutverk Ferðamálaráðs ætti að vera í þessu efni þótt auðvitað sé sjálfsagt að hafa samráð við það. Og í framhaldi af þessu segir í athugasemdum: „Þá er gert ráð fyrir að nánari reglur um skipulag og starfsemi samkvæmt frv. verði settar samkvæmt tillögum stjórnar Ferðamálaráðs Íslands og tryggir það í senn aukinn sveigjanleika

reglna um rekstrarumhverfi greinarinnar og áhrif hagsmunaaðila á ákvarðanatöku í þeim efnum." Hér er verið að fela stjórn Ferðamálaráðs Íslands tiltekin verkefni. Mér er ekki ljóst hvort það hefur áður verið gert að taka stjórn Ferðamálaráðs sérstaklega út úr í sambandi við lagasetningu. (**Forseti:** Ef ég má trufla hv. þm. varðandi beiðni hans um að hæstv. dómsmrh. komi og sé viðstaddur umræðuna þá hef ég verið upplýstur um að hann er staddur í ráðuneyti sínu og er tilbúinn til að koma ef hv. þm. telur það mjög áríðandi að hann sé viðstaddur.) Nei, virðulegur forseti, ég geri ekki kröfur til að dómsmrh. verði kvaddur frá ráðuneyti þótt auðvitað ætlumst við til að ráðherrar séu sem oftast á þingfundum. En með því að koma þessu máli á framfæri við 1. umr., og ég treysti því að hv. samgöngunefndarmenn fylgist með því, verði það tryggt við meðferð málsins í nefnd að farið verði ofan í saumana á þessum atriðum sem ég hef gert að umræðuefni sérstaklega og varðar dómsmrn. og áfengislög.

Það er vikið að því í athugasemdum enn frekar að með frv. sé „leitast við að einfalda löggjöf um starfsemi veitinga- og gistihúsa þannig að ákvæði laganna verði ekki til þess að hindra eða tefja uppbyggingu á þessu sviði ferðaþjónustunnar í landinu, jafnframt því að gætt er neytendaverndar með ákvæðum um þau almennu skilyrði sem uppfylla þarf um hollustuhætti, eldvarnir og staðfestingu sveitarstjórnar." Þetta finnst mér illa rökstutt og ég sé ekki hvaða tafir þurfa að hljótast af því sem skilyrt er í núgildandi löggjöf varðandi leyfi að þessu leyti. Ég hefði haldið að betri rök þyrfti fyrir því að gera þá breytingu á sem hér er lögð til. Ég hef vakið athygli á því hvernig haldið er á þessum málum í gildandi lögum varðandi skilyrði fyrir rekstri samkvæmt 2. gr.

Í 5. gr. frv. er að finna ákvæði sem varða menntun starfsfólks og um búnað og flokkun gisti- og veitingastaða. Það varð niðurstaða þeirra, sem fóru yfir ferðamálalöggjöfina í tíð fyrri ríkisstjórnar, að ekki væri sérstök þörf á að kveða á með þessum hætti í sérlögum um menntun starfsfólks. En ekki er það meiri háttar mál að mínu mati hvort gert er. En síðan segir í síðustu málsgrein 5. gr.: „Samgrh. getur samkvæmt tillögu stjórnar Ferðamálaráðs Íslands sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi samkvæmt lögum þessum í reglugerð." Hér er að finna mjög opna ótilgreinda heimild til samgrh. um að setja reglugerð að tillögu stjórnar Ferðamálaráðs Íslands, ekki Ferðamálaráðs í heild, heldur aðeins stjórnarinnar. Mér finnst að það sé mjög óljóst hvaða þættir það ættu að vera og mjög hæpið að opna fyrir almenna reglugerðarheimild sem svo lítt er skilgreind eins og þarna kemur fram. Hins vegar segir í athugasemdum við 5. gr.:

„Hér eru settar ákveðnar skorður á heimildir ráðherra til að setja reglugerðir um starfsemi samkvæmt lögum þessum." *Þetta finnst mér ekki rýma alveg saman* við það ákvæði greinarinnar að verið sé að setja þar ákveðnar skorður. Í skýringum er ekki talað lengur um stjórn Ferðamálaráðs heldur að það sé Ferðamálaráð sem geti fyrir hönd atvinnugreinarinnar óskað eftir að sett skuli reglugerð um ákveðna þætti starfseminnar. Það er erfitt að sjá samhengið í þessu, jafnhroðvirknislega og staðið er að samningu þessa annars stutta frv. sem hér er til umræðu.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál við 1. umr. nema tilefni gefist til að ræða það frekar. En ég harma það að hæstv. samgrh. skuli hafa valið þann kost að kasta jafnilla unnum málum inn í þingið eins og þessi frv., það sem hann mælti fyrir í lok síðustu viku og nú þetta frv., bera vott um. Það er ekki svo að reynt hafi verið að taka upp nýmæli sem góð samstaða var um í tíð fyrri ríkisstjórnar og á Alþingi raunar lengst af þangað til hæstv. ráðherra brá fæti fyrir framgang mála á liðnum vetri. T.d. er hér ekki tekið undir tillögu sem var að finna í frv. um ferðaþjónustu, 5. kafla, um veitinga- og gististaði, að skrá það sem kallað þar er afþreyingarþjónusta sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn. Það var tillaga sem var gerð til að reyna að fá sem gleggst yfirlit yfir ýmsa þjónustu sem tengist ferðamönnum. Það var tilgreint í 38. gr. og tilgangurinn með því væri m.a. að skapa möguleika til að setja öryggis- og gæðakröfur, tryggingar og eftirlit og annað sem lýtur að neytendavernd um þá margháttuðu afþreyingarþjónustu sem þar var upp talin. Það voru m.a. hesta-, hjóla- og vélsleðaleigur og skemmtigarðar sem ætlast var til að sæktu um skráningu til ráðuneytis. Þetta er ekki að finna í frv. þessu og ég vek athygli á því.

Ég vil hvetja hv. nefndarmenn í samgn. þingsins að fara vandlega ofan í saumana á þessum málum því að eins og að þessu er staðið af hálfu hæstv. ráðherra sýnist mér mikil þörf á að þessi mál séu athuguð nánast frá grunni í nefnd.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér kemur fram þriðja frv. í röð um skipulag ferðamála og það sem að þeim málum lýtur. Í fyrri viku var búið að ræða ýmislegt um það samhengi. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu hér. Hins vegar finnst mér í frv. sem liggur fyrir vægast sagt allmargt orka tvímælis. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Austurl. ræddi um að eitt og annað virðist stangast á þarna. Ég tek upp þráðinn þar sem rætt var um það sem segir í greinargerð, með leyfi forseta: „Þá er gert ráð fyrir að nánari reglur um skipulag og starfsemi samkvæmt frv. verði settar samkvæmt tillögum stjórnar Ferðamálaráðs Íslands" o.s.frv. Ég hefði gjarnan viljað vita við hvað er átt. Hvað er stjórn Ferðamálaráðs Íslands? *Og þá vísa ég til laga um skipulag* ferðamála sem í gildi eru, nr. 79/1985, þar sem segir, með leyfi forseta: „Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn." Síðan segir aftur í 5. gr.: „Samgrh. skipar fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára." Er verið að tala um þessa framkvæmdastjórn eða er verið að tala um eitthvað annað *þegar í greinargerð er talað um stjórn Ferðamálaráðs*? Ég vil upplýsa skilning okkar ferðamálaráðsmanna sem við leggjum í þessi lög en það er að framkvæmdastjórn, orðið sjálft og stofnun þessarar framkvæmdastjórnar með lögum um Ferðamálaráð, feli í sér ná-

kvæmlega það sem orðin hljóða. Að framkvæmdastjórn sé ekki ætlað að fara með hlutverk Ferðamálaráðs heldur að framkvæma ályktanir Ferðamálaráðs og vilja. Sé þetta eitthvað öðruvísi og sé einhver stjórn sem ég þekki ekki þarna vildi ég gjarnan fá það upplýst því mitt mat á þessum lagagreinum er einfaldlega að Ferðamálaráð eigi að annast það hlutverk sem því er falið með þessum lögum, þ.e. að fara með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn., en framkvæmdastjórn sé ekki til þess sett að taka ákvarðanir eða stefnumótandi málefni upp fyrir hönd Ferðamálaráðs heldur fyrst og fremst að fara með framkvæmd mála milli funda. Þetta er ástæðan fyrir því að ég vildi gjarnan fá nánar skýrt hvað felst í orðunum „stjórn Ferðamálaráðs".

Fleiri atriði eru í þessu. Það er nýmæli að ekki er gert ráð fyrir leyfi til veitingarekstrar eða starfrækslu gististaða. Ég velti því verulega fyrir mér hvort það ákvæði sé til bóta eða ekki. Ég hallast frekar að því að það sé ekki til bóta. Það er verið að slaka á kröfum að mínu mati til þess að setja upp starfsemi af þessu tagi á sama tíma og við blasir allt í kringum okkur að margir fara út í þennan rekstur sem ekki hafa til þess þekkingu og hafa farið býsna flatt á því og kostað þjóðfélagið þó nokkurt fjármagn í gjaldþrotum. Ég held að frekar sé ástæða til að herða þessar kröfur en rýmka þær. Svo er líka annað sem manni dettur í hug. Fyrir nokkrum vikum var afar litskrúðug frásögn fréttamanns, sem staddur var úti á Ítalíu, af veitingastað þar í landi. Það var greinilegt að sá veitingastaður hefði ekki fengið leyfi hér samkvæmt gildandi lögum til veitingarekstrar. Fátt eitt af því sem þar var lýst hefði verið til þess fallið að við hefðum getað sætt okkur við slíkan matsölustað. Nú er ég kannski ekki að segja að þetta muni leiða til þess að við fáum eitthvað í þá veru en samt sem áður tel ég fulla ástæðu til að við fylgjumst með því að íslenskir matsölu- og gististaðir standi undir þeim væntingum sem við viljum að gerðar séu til þeirra og að þeir séu samboðnir þeirri þjónustu sem við viljum veita bæði innlendum og erlendum ferðamönnum.

Enn fremur stendur í athugasemdum við lagafrv., með leyfi forseta: „Í frv. er ekki gert ráð fyrir að flokkun veitinga- og gististaða sé bundin í lög, heldur skuli kveðið á um hana í reglugerð." Þetta get ég ekki lesið út úr lögunum því að í 5. gr. lagafrv. stendur ekki að setja skuli í reglugerð heldur segir þar að samgrh. sé heimilt að setja í reglugerð. Þarna stangast á texti frv. og aftur athugasemdir. Ég vek athygli á því að það er alls ekki svo að það skuli gera þetta heldur er heimild fyrir hendi.

Það er líka rétt að velta því fyrir sér hvort flokkun eigi heima í reglugerð frekar en lögum eins og áður var. Í fyrri lögum, nr. 67/1985, er gert ráð fyrir að flokkun sé með ákveðnum hætti sem þar er nánar tilgreint. Hérna er ráð fyrir því gert að heimilt sé að setja um þetta reglugerð, það er alls ekki skilyrt í lögunum að setja skuli reglugerð heldur að samgrh. sé þetta heimilt. Ég er ekki viss um að þetta sé til bóta eða að það eigi heima í reglugerð. Ég held að rétt sé hjá okkur að kveða á um frumskipulag þessara mála með skýrum hætti og það eigi heima áfram í þessum lögum eins og hefur verið. Hitt get ég vel fallist á að 13. gr. fyrri laga þurfi ekki endilega að vera í lögum þar sem kveðið er á um að gististað sé heimilt að halda farangri gesta til tryggingar skuldum þeirra. Það mætti kannski eiga heima annars staðar. Mér er reyndar ekki kunnugt um að hvað miklu leyti þetta hefur verið gert.

Þá kem ég hér að atriði sem mér finnst vera mjög sérkennilegt og óska sérstaklega skýringar á. Það er í 1. gr. þar sem kveðið er á um til hverra lögin taka. Þar segir að þau taki til sölu á gistingu, sölu veitinga, annarra en áfengis, og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni — síðan er bætt við klausu sem kemur mjög á óvart — þar með er talinni veitinga- og gistisölu ferðabænda." Hver er ástæðan fyrir því að þeir eru teknir þarna með alveg sérstaklega en ekki einhverjir aðrir? Af hverju þá ekki Eddu-hótel á Íslandi sem eru sérstakur flokkur? Af hverju ekki gistiheimili á höfuðborgarsvæðinu eða hvaðeina annað? Hver er skýringin á því að veitinga- og gistisala ferðabænda á þarna sérstakan sess í 1. gr.? Tæpast er skýringin á því sú að þessi þjónusta hafi ekki staðið sig eða staðið undir þeim kröfum sem gerðar hafa verið til hennar vegna þess að það er nýlega staðfest að svo er. Þeir hafa fyllilega staðið undir þessum kröfum. Framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda fullyrti í fjölmiðlum árið 1991 að ferðaþjónustubændur störfuðu flestir án leyfis og uppfylltu ekki þessi skilyrði. Þetta varð til þess að Hollustuvernd ríkisins var fengin til að rannsaka þessi mál. Sú rannsókn leiddi í ljós að 90% ferðaþjónustubænda höfðu gild heilbrigðisleyfi og í sumum tilfellum, þar sem leyfi voru ekki fyrir hendi, voru eðlilegar skýringar á því, t.d. að það vantaði heilbrigðisfulltrúa á staðinn eða svæðið til að taka staðinn út. Það var m.a. ástæðan fyrir því sem á vantaði þarna. Þess vegna finnst mér afar sérkennilegt að þessi þjónusta skuli tekin út sérstaklega og látið að því liggja með þeim hætti að það þurfi aldeilis að taka til hendinni. En staðreyndin er sú, eins og ég hef rakið, að Ferðaþjónusta bænda hefur frekar rutt brautina að því að uppfylltar séu þessar kröfur. Mér finnst skrýtið að Ferðaþjónusta bænda, sem hefur verið sá vaxtarbroddur í ferðaþjónustunni sem langmest hefur vaxið undanfarin ár og líklega hefur verið okkur til hvað mests sóma og staðið að verulegri landkynningu, skuli fá þessa hnútu hér í frv. til laga og vildi gjarnan fá skýringu á því hvort einhver sérstök ástæða sé fyrir því eða hvort þetta er þarna inni af handahófi og þá af hverju.

Að öðru leyti hef ég á þessu stigi ekki fleiri athugasemdir en mér finnst dálítið sérkennilegt að sjá hvernig frv. er unnið og hvernig það er sett fram þar sem hvað rekst á annars horn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Kannski er rétt að byrja á að taka undir orð síðasta ræðumanns um að það rekst hvað á annars horn í frv. Og það er dálítið sérkennilegt hvernig málið er sett fram. Það vakna mjög marg-

ar spurningar við lestur frv. þótt í fljótu bragði hefði maður getað haldið að ekki þyrfti að ræða þetta mál mjög mikið við 1. umr. eins hratt og hæstv. ráðherra fór í gegnum málið. Hann vakti í raun ekki athygli á mjög mikilvægum þáttum sem verið er að taka fyrir í frv. sem og breytingum á núgildandi lögum.

Ég vil byrja á að taka 1. gr. frv. Eins og hv. 2. þm. Vestf. vil ég spyrja hvers vegna veitinga- og gistisala ferðabænda er tekin fyrir í þeirri grein. Er ekki eðlilegt að það falli undir lögin almennt eins og ég hélt að væri gert núna? Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þetta er sett inn í frv.? Að mínu mati er óþarfi að taka þetta sérstaklega fram. Ég vil því spyrja ráðherrann, og taka undir þá spurningu sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., hvers vegna þetta er tekið þarna inn.

Í 2. gr. frv. eru gerðar miklar breytingar frá núgildandi lögum, sérstaklega að því er varðar c-lið. Það segir í frv. að til þess að geta stundað starfsemi samkvæmt lögunum, þ.e. að reka veitinga- og gististaði, verði viðkomandi að eiga varnarþing á Íslandi. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að hann hafi verið heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðustu ár, eins og það er orðað. Það er kannski dálítið opið. Í frv. sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi var gert ráð fyrir því að skilyrði til þess að öðlast leyfi væri að vera búsettur á Íslandi og hafa verið það sl. þrjú ár. Það var sem sagt settur inn ákveðinn árafjöldi.

Mér þykir mjög miður að í þessu frv. skyldu ekki vera tekin upp einhver slík ákvæði því ég tel nauðsynlegt að þeir sem fá leyfi til að reka veitinga- og gististaði séu heimilisfastir hér en því sé ekki fjarstýrt erlendis frá. Þá er meiri hætta á að við missum þennan hluta ferðaþjónustunnar, að selja veitingar og gistingu, út úr höndunum á okkur. En það er stór hluti af því sem kemur hingað inn í landið. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna fallið hafi verið frá þessu. Ég tel þá skýringu ekki fullnægjandi sem kemur fram í athugasemdum við greinarnar en þar segir: „Hér er hins vegar látið nægja að setja það skilyrði að ábyrgðaraðili hafi varnarþing á Íslandi." Þetta er ekki útskýrt nánar og það kom heldur ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra hvers vegna ekki eru sett skilyrði um búsetu á landinu. Maður hefði getað látið sér detta í hug að það væri vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði en samkvæmt því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt í þinginu, og reyndar annars staðar líka, er ekkert því til fyrirstöðu að setja ákvæði um búsetuskilyrði í ákveðinn árafjölda inn í íslensk lög. Mig langar þess vegna að spyrja hvers vegna horfið var frá þessu.

Síðan er það 3. gr. frv. sem er algjörlega óskiljanleg og ég skil ekki hvernig hægt er að framkvæma hana. Það er ætlast til þess að lögreglustjóri skrái starfsemi en ekki er neitt ákvæði um það að mönnum sé skylt að fara til lögreglustjóra og skrá sig. Samkvæmt þessu á hann líklega að eltast við fólk eða ég get ekki séð hvernig í ósköpunum þetta á að geta farið fram. Auk þess sem tengingin við vínveitingaleyfi er dálítið óljós eins og reyndar hv. 4. þm. Austurl. kom inn á. Fulltrúi lögreglustjóra í Reykjavík, sem hefur fjallað um þetta mál á því svæði, var í samvinnu við svokallaða ferðamálanefnd samgrn. þegar saminn var sá hluti þess frv. sem minnst hefur verið á og lagt var fram á 113. löggjafarþingi. Þá var lögð áhersla á að þessi tenging væri einmitt mjög mikilvæg til þess að lögreglustjóri hefði eitthvert yfirlit um þessa leyfisveitingu. Það er mjög nauðsynlegt að tengja saman þetta tvennt vegna þess að það þurfa að mínu mati að vera nokkuð ströng skilyrði fyrir vínveitingaleyfum og ekki sjálfsagt að þau séu veitt hverjum sem er. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að fara betur ofan í þetta. Ég sé ekki að það sé nokkur lifandi leið að framkvæma greinina eins og hún kemur þarna fram.

Síðan er tekið fram að ef ábyrgðaraðili uppfylli ekki þau skilyrði sem tekin eru fram í greininni, þ.e. að hafa ákveðna staðfestingu frá sveitarstjórn, eldvarnaeftirliti og heilbrigðisnefnd, beri að stöðva starfsemina. En ég tek eftir því að það eru ekki nein tímatakmörk á þessu. Það eru engin tímamörk á leyfisveitingu og þá getur verið erfitt fyrir lögreglustjóra að fylgjast með þessu atriði. Í fyrsta lagi þurfa menn ekki að sækja um leyfi og í öðru lagi er þessi skráning ótímabundin. Það þarf því ekki að endurskrá sig þó reynt væri að setja það einhvers staðar í reglugerð eða bæta því inn í lögin að menn séu skyldugir að skrá sig hjá lögreglustjóra. Ég átta mig ekki á því hvernig þetta er hugsað.

Við lestur frv. og þessarar greinar sérstaklega datt mér í hug hvort þetta tengdist á einhvern hátt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Við getum t.d. tekið veitingahúsið á Ítalíu aftur sem dæmi sem hv. 2. þm. Vestf. minntist á áðan. Ef það veitingahús eða það fyrirtæki hefur starfsleyfi á Ítalíu, er það þá svo að við verðum að veita því leyfi hér? Hefur það þar með starfsleyfi á Íslandi og getur starfað hér á landi án sérstaks leyfis? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta atriði því samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er það vissulega þannig að fyrirtæki sem hefur leyfi til starfa á einum stað á svæðinu getur starfað á svæðinu öllu. Ég velti því fyrir mér hvort þetta geti á einhvern hátt tengst þessu máli og að 3. gr. frv. sé þess vegna svo einkennilega sett fram. Þetta eru mínar vangaveltur en ráðherrann getur eflaust leyst úr spurningum mínum eða getgátum.

Ég er alveg samþykk því og tel miklu eðlilegra að ákvæði í 8. og 9. gr. núgildandi laga, þ.e. um flokkun gististaða, séu sett í reglugerð. Það er ekki gott að hafa það í sjálfum lögunum, ég get mjög vel fallist á það. En mér finnst frv. vera langt frá því að geta staðið óbreytt þannig að hv. samgn. hefur mikið starf fyrir höndum ef hún ætlar á stuttum tíma að gera það að einhverju sem líklegt er að þingmenn geti sætt sig við, kannski fyrst og fremst að gera það þannig úr garði að einhver möguleiki sé á að framfylgja lögunum ef frv. verður samþykkt á Alþingi. En eins og það lítur út núna held ég að það sé algjörlega óframkvæmanlegt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. frá hæstv. samgrh. sem breytir ákvæðum laga um veitinga- og gististaði. Því miður er það ekki sú heildarendurskoðun

laga um ferðaþjónustu að líta dagsins ljós sem hæstv. ráðherra hafði þó boðað og lofað að yrði eitt af hans fyrstu málum á þessu þingi. Sömuleiðis eru um það ákvæði í stjórnarsáttmála. Niðurstaðan er því miður sú að hæstv. ráðherra hróflar í raun og veru ekki við meginlagabálkinum, lögum um skipan ferðamála, en er með breytingar á öðrum atriðum laga á þessu sviði. Þannig er á engan hátt samræmi í endurskoðun á þessum málum sem æskilegt hefði verið og stefnt hafði verið að af hálfu fyrri ríkisstjórnar með heildarendurskoðun allra helstu lagaákvæða sem varða ferðaþjónustuna sem atvinnugrein.

Það frv. sem hæstv. samgrh. *sá ekki ástæðu til* að hafa ýkja mörg orð um í framsöguræðu sinni, lætur e.t.v. ekki mikið yfir sér en þó er ýmislegt í því sem ég tel að þurfi að athuga.

Í fyrsta lagi vil ég nefna 2. gr. frv. þar sem mælt er fyrir um skilyrði þess að stunda starfsemi samkvæmt lögunum. Þar segir:

„Ábyrgðaraðili, einstaklingur eða félag, þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til að stunda starfsemi samkvæmt lögum þessum:" — Þ.e. starfsemi á sviði veitinga- og gistiþjónustu eða þess rekstrar í landinu. Og svo koma skilyrðin:

„a. vera fjárráða,

b. hafa forræði á búi sínu,

c. eiga varnarþing á Íslandi."

Með öðrum orðum, það eru engin önnur takmarkandi ákvæði hvað varðar eignarhald erlendra aðila í greininni samkvæmt frv. en þau að viðkomandi þurfi að eiga varnarþing á Íslandi.

Nú er það nánast formsatriði að skrá viðkomandi fyrirtæki hér á landi og láta það eiga varnarþing hér. Í því felst í sjálfu sér engin takmörkun af neinu tagi varðandi reksturinn sem slíkan eða eignarhald í honum. Þetta vekur nokkra athygli vegna þess að í gildandi lögum, nr. 67/1985, er eitt af þremur skilyrðum þess að öðlast *leyfi til atvinnurekstrar að umsækjandi* sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðustu ár. Það má veita félagi þennan rétt, fullnægi ábyrgðarmaður þess sama skilyrði, þ.e. sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðustu ár.

Nú er það svo að samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri skuli gilda þær takmarkanir sem annars vegar er að finna í þeim lögum sem afgreidd voru á Alþingi 15. mars. 1991 eða þær takmarkanir sem er að finna í sérlögum. Í 3. gr. laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, segir svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir."

Þannig er alveg ljóst að þegar lögin um fjárfestingar erlendra aðila voru sett lágu fyrir þær takmarkanir sem voru fyrir hendi og eru enn í lögum um veitinga- og gististaði *á fjárfestingum erlendra aðila í greininni*. Mér er nær að halda að hefði því ekki verið til að dreifa hefðu menn hneigst til þess að skoða ferðaþjónustuna sérstaklega jafnvel að setja inn um hana takmarkandi ákvæði eins og sett var til að mynda inn í lög um flugrekstur. Ferðaþjónustan var talsvert til umræðu í þessu sambandi og menn viðurkenna að hún sé ein af hinum viðkvæmu atvinnugreinum þar sem full ástæða er til að gæta sín á að Íslendingar missi ekki um of forræði á greininni úr sínum höndum. Þar koma ekki bara til efnislegar hagsmunaástæður, heldur líka hitt að ferðaþjónustan byggir á nýtingu viðkvæmrar auðlindar sem er náttúra landsins. Ég hygg að ekki þurfi langar, miklar eða flóknar röksemdafærslur til að leiða að því líkum að það sé ákaflega óheppilegt að við Íslendingar missum um of tökin á þróun mála í greininni.

Um flugreksturinn segir t.d. í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri að samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundi flugrekstur hér á landi megi á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Með öðrum orðum tryggð er meirihlutaeignaraðild Íslendinga í öllum þeim fyrirtækjum sem með flugrekstur fara í landinu.

Þetta ákvæði var sett sérstaklega inn til þess að tryggja stöðu okkar og til þess að Íslendingar gætu í gegnum meirihlutaeignaraðild jafnan nýtt sér gagnkvæmnisrétt sinn á grundvelli loftferðasamninga í flugrekstri. Takmarkandi ákvæði voru sett inn um bankastarfsemi t.d. og fleiri slík svið þar sem ástæða þótti til og ekki var ákvæðum í sérlögum til að dreifa sem menn töldu fullnægjandi. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. samgrh. í fyrsta lagi: Hvað veldur þeirri stefnubreytingu sem birtist í því að í 2. gr. frv. er ekki að finna nein takmarkandi ákvæði varðandi eignarhald útlendinga í þessum atvinnurekstri? Hvað veldur því að ákvæði um heimilisfesti einstaklinga eða ábyrgðarmanna lögaðila á Íslandi sem forsendu atvinnuleyfis eða skráningar, eins og lagt er til skv. 3. gr. frv., er fellt niður? Er ný stefna á ferðinni hjá hæstv. ríkisstjórn um að opna gáttirnar mun meira í þessum efnum en gert var við setningu laga um fjárfestingu erlendra aðila *í atvinnurekstri á sínum tíma, fyrir ekki* lengri tíma en einu ári rúmu?

Í öðru lagi spyr ég um þá breytingu sem felst í 2. gr. frv. borið saman við 2. gr. gildandi laga. Þar er í 3. mgr. kveðið á um að nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skuli falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli. Væntanlega hefur þótt ástæða til að taka þetta fram og undirstrika í lögum um þessa tegund starfsemi eða þjónustu sem á mikil viðskipti við erlenda menn og ástæða til að ætla að tilhneigingar mundi gæta til þess að taka upp erlendar nafngiftir og nota jafnvel erlent mál í ríkum mæli. Þess vegna er þetta ákvæði í gildandi lögum sem tryggir það að nafn á fyrirtæki eða atvinnustarfsemi í þessari grein skuli falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli. Fróðlegt er að vita hvað hæstv. samgrh. segir í öðru lagi um þetta atriði og bið ég hann að skrá þessar spurningar hjá sér og reyna að svara þeim skilmerkilega.

Hæstv. ráðherra hefur á köflum nokkuð gert af því að gerast gæslumaður hinnar íslensku tungu og er það vel. Það kemur þess vegna nokkuð á óvart að hann skuli vera forgöngumaður um að fella niður verndandi ákvæði af þessu tagi og ætluð voru til þess að hamla

gegn erlendum áhrifum í málinu. E.t.v. er það mat hæstv. ráðherra að fullnægjandi ákvæði séu í almennum lögum á þessu sviði, óþarft að taka það fram sérstaklega í lögum um veitinga- og gististaði. En þá væri æskilegt að hæstv. ráðherra svaraði því og gerði okkur þá grein fyrir því að ekki er um mistök eða aðgæsluleysi að ræða.

Í þriðja lagi varðandi 2. gr. frv. Þar er í síðustu mgr. gildandi laga eftirfarandi setning, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi samkvæmt lögum þessum skilyrðum er að því lúta."

Með öðrum orðum er beinlínis gert ráð fyrir því að kröfur um menntun starfsfólks sem vinnur í greininni geti verið forsenda starfsleyfis, þetta tvennt bundið saman í leyfisveitingunni. Þetta er allt fellt niður skv. 2. gr. frv. hæstv. ráðherra og verður þess vegna ekki séð að þau ákvæði sem síðan koma í 5. gr. frv. og gera ráð fyrir að samgrh. sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks og um búnað og flokkun gisti- og veitingastaða — með því að horfið er frá leyfisveitingunni og yfir í skráningu sem frv. byggir á er jafnframt lokað fyrir þann möguleika að forsenda leyfisveitingarinnar geti verið að fullnægt sé tilteknum menntunarkröfum. Þarna er sambandið rofið með því að hverfa frá leyfisveitingunni og mér sýnist alveg ljóst að það sé ekki jafnsterk staða af hálfu yfirvalda til að tryggja að starfsemin byggi á nægjanlega vel þjálfuðu og menntuðu starfsfólki eða viðleitni sé a.m.k. í gangi til að tryggja að svo sé. Skráningin byggir á allt öðrum forsendum eins og ég kem nú að.

Ég spyr hæstv. samgrh. í þriðja lagi hvað valdi því að tekin er út úr lögunum sú heimild, sem ráðherra hefur haft, að skilyrða leyfisveitingu sem í þessu tilfelli gæti verið skráningin við það að tilteknum kröfum um menntun starfsfólks sé fullnægt. Það er auðvitað venjulegt í fjölmörgum greinum atvinnulífs að starfsleyfi séu bundin því að tilteknum menntunarkröfum sé fullnægt og er þá sama hvort átt er við t.d. ýmsa samgönguþætti þar sem ákveðin réttindi eru forsenda rekstrarleyfis fyrir skipum, flugvélum o.s.frv. ekki bara þeirra sem stjórna viðkomandi förum heldur líka þeirra sem annast viðhald og eftirlit eða öryggismál, samanber flugrekstrarstjóra og öryggisstjóra í flugrekstri. Sambærilegar kröfur eru auðvitað um allt í atvinnulífinu og ég sé ekki í fljótu bragði að ástæða sé til að slaka á kröfum hvað þetta snertir í ferðaþjónustu.

Ég sé ekkert sem mælir með því að einmitt núna séu aðstæður þannig, þegar sem betur fer talsvert er af sérmenntuðu fólki á þessu sviði sem er loksins að koma til starfa í ferðaþjónustu, að þá sé rétti tíminn til að fella úr gildi þá einu möguleika sem í lögum hafa verið til að binda starfsleyfi við ákveðnar menntunarkröfur. Mér finnst það alger tímaskekkja og koma úr hörðustu átt og satt best að segja ansi sláandi fyrir það metnaðarleysi sem ég tel að sé í þessu frv. og undir einhverri misskilinni hugsjón af því tagi að hlutirnir séu yfirleitt betri þeim mun stjórnlausari sem þeir eru. Það er ekki mín skoðun. Ég held að fátt hafi sannað okkur að það sé til bóta að sleppa með öllu að gera ákveðnar menntunarkröfur eða hafa eftirlit með starfsemi á viðkvæmu sviði af þessu tagi. Það á ekkert skylt við einhverja áráttu til að vilja miðstýra hlutunum eða hafa þar einhverja ríkisforsjá. Þvert á móti er einmitt forsenda þess að unnt sé að láta einkarekstur annast starfsemi af þessu tagi að fyrir hendi séu skýrar kröfur um metnað og gæði í þeirri þjónustu, þannig að engin hætta sé á því að þar sé slakað á.

Í 3. gr. frv. eru svo ákvæði um þessa skráningu sem á að koma í stað leyfisveitingar áður og þó auðvitað ekki í stað hennar vegna þess að um einhliða skráningu er þarna að ræða, þ.e. að alls ekki er gert ráð fyrir því að lögreglustjóri synji um skráningu í neinum þeim tilvikum sem kröfum samkvæmt ákvörðunum annarra aðila er fullnægt, þ.e. hafi sveitarstjórn, eldvarnaeftirlit eða heilbrigðisnefnd ekki lagst gegn eða fundið eitthvað athugavert við áform viðkomandi aðila um rekstur þá ber lögreglustjóra að skrá viðkomandi aðila og hefur ekkert vald í þeim efnum, hann er einhvers konar fundaritari hjá þessum aðilum. Ég veit í sjálfu sér ekki hvort það er nein ástæða til að vera að ónáða lögreglustjóra sérstaklega við það að færa þessa skrá úr því að ekkert vald fylgir skráningarréttinum. Þarna er ósköp einfaldlega um einhliða skráningu að ræða.

En þá kem ég að fjórða atriðinu sem ég vil spyrja hæstv. samgrh. um og það er ósköp einfaldlega: Hvers vegna er Vinnueftirlitið fellt niður úr upptalningu þeirra aðila í 3. gr. sem hins vegar samkvæmt gildandi lögum skulu gera úttekt á vinnustöðum af þessu tagi og samþykkja þá? Í 3. gr. gildandi laga um veitinga- og gististaði laga, nr. 67/1985, segir einfaldlega:

„Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitastjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits."

Hér er Vinnueftirlitið ekki nefnt á nafn. Það hlýtur þá að merkja að þarna eigi að verða sú breyting á að hætt verði að hafa samband við Vinnueftirlitið um starfsemi af þessu tagi og Vinnueftirlitið fái ekki til umsagnar umsóknir aðila um atvinnurekstur á þessu sviði. Ég sé ekki í fljótu bragði hvers vegna rök falla til þess að fella vinnueftirlitið eitt þarna út og held að það sé ekki síður ástæða til að þeir aðilar hafi þarna hönd í bagga heldur en aðrir sem hingað til hafa komið að því að gefa umsögn. Er þetta stefnubreyting til að auðvelda mönnum að hafa rýmri kröfur varðandi aðbúnað starfsfólks eða e.t.v. ráða starfsfólk sem ekki fullnægir þeim almennu ákvæðum eða hvers aðbúnaður fullnægir ekki þeim almennu ákvæðum sem ætlast er til samkvæmt íslenskri löggjöf? Á þetta e.t.v. að auðvelda mönnum að ráða hér inn ófaglært erlent verkafólk á einhverjum svörtum kjörum til að starfa við uppvaskið í íslenskum veitingahúsum? Er það metnaðurinn sem í þessu felst, að innleiða það fyrirkomulag sem við þekkjum sums staðar erlendis frá? Það er von að spurt sé. Ég vona að hæstv. ráðherra sé ekki svo upptekinn við bókalestur að hann a.m.k. nái þessari spurningu. Hver er ástæðan fyrir því að allt

valdsvið Vinnueftirlitsins er fellt út úr frv. hæstv. ráðherra?

Sú er og breyting á að skv. 3. gr. gildandi laga er leyfið bundið við nafn og stað og er ekki framseljanlegt. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að hvert leyfi er gefið út á viðkomandi aðila beint á hans nafn og á viðkomandi stað og er ekki framseljanlegt öðrum. Þetta þýðir og að verði eigendaskipti á staðnum eða annar aðili taki þar við rekstri eða starfsemin flytji sig um set þá er sjálfkrafa gefið út nýtt leyfi. Þannig er það samkvæmt gildandi lögum en verður ekki samkvæmt frv. því að þar er einmitt gert ráð fyrir því að nýr ábyrgðaraðili geti tekið við rekstrinum og sé þá eingöngu tilkynnt um það til viðkomandi lögreglustjóra. Það verður ekki séð að þá skuli fara fram endurskráning heldur eingöngu tilkynnt til viðkomandi lögreglustjóra. Hann hefur jú eins og ég hef áður gert grein fyrir nánast engin völd í þessu sambandi, er eingöngu ritari fyrir hæstv. samgrh. í þessu skyni og þess vegna virðist það þjóna ákaflega takmörkuðum tilgangi að tilkynning berist honum um það að nýr ábyrgðaraðili hafi tekið við þessari starfsemi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það e.t.v. einnig svo að það sé ekki eingöngu hægt að tilkynna um nýjan ábyrgðaraðila heldur jafnvel nýjan stað fyrir atvinnustarfsemi sem áður hefur fengist skráð? Í öllu falli er orðalagið þarna galopið borið saman við það sem er í gildandi lögum. En þar er beinlínis og skýrt tekið fram að leyfið skuli bundið við stað og nafn og ekki vera framseljanlegt. Ég sé engin sérstök rök mæla með því að horfið sé frá því að leyfið skuli binda við stað og nafn og endurútgefast — eða skráning þá ef því væri til að dreifa — endurútgefast þá ef breyting verður á högum annars hvors eða í öðru hvoru sambandinu, þ.e. nýr ábyrgðaraðili taki við rekstrinum eða nýr staður komi til sögunnar.

Herra forseti. Ég tel að það þurfi að athuga ýmislegt í þessu frv. þótt það sé ekki mikið að vöxtum og sé nærri eins stutt og framsöguræða hæstv. samgrh. var áðan. Ég held að þarna sé einmitt verið að breyta í vissum tilvikum býsna viðkvæmum atriðum og menn þurfi að átta sig á því hvað fyrir þeim vakir í þeim efnum. Er það ætlunin að gera grundvallarbreytingu á varðandi svigrúm erlendra aðila til rekstrar í þessari viðkvæmu atvinnugrein? Er ástæða til að henda Vinnueftirlitinu algjörlega út úr eftirliti með þessari starfsemi eða umsögnum um skráningu eða starfsleyfi nýrra aðila o.s.frv.? Ég ítreka því spurningar mínar til hæstv. ráðherra í þessu sambandi.

Að lokum skal svo taka fram og til að geta fagnað því að vera frv. sammála í einhverju að ég sé í sjálfu sér ekki að það sé nema að mörgu leyti eðlilegt að hverfa frá því að binda flokkun gististaða og veitingastaða, eins og verið hefur, í lög. Þar er að mínu mati komið út í framkvæmdaratriði af því tagi sem að mörgu leyti er eðlilegra að hafa í reglugerð og um það get ég þess vegna vel orðið sammála að það megi alveg eins, og sé kannski heppilegra, sjá fyrir þeim hlutum í reglugerð. Það er ekkert stórmál í mínum huga og skiptir í sjálfu sér ekki sköpum hvort þessi flokkun er að einhverju eða að öllu leyti byggð á lagastoð eða hvort hún er alfarið gerð með reglugerð. Það geta verið viss rök fyrir því að æskilegt sé að geta breytt henni ef breytingar verða t.d. á aðstæðum í atvinnugreininni eða hugsanlegar breytingar verða samkvæmt alþjóðlegum stöðlum eða viðmiðunum sem hér geta haft áhrif, t.d. um gæðastaðla fyrir þjónustuna. Við þekkjum tilraunir til þess erlendis frá, alþjóðlegar að nokkru leyti, að reyna að gæðastaðla þessa þjónustu, stjörnumerkja hótel o.s.frv. Það er að vísu allfjarri því að þar sé um einhverja viðurkennda alþjóðlega kvarða að ræða eins og sumir því miður virðast halda og gefa sér að fjögurra stjörnu hótel þýði alls staðar það sama í heiminum, svo er því miður ekki. Menn geta farið harkalega flatt á því að trúa á sum fimm stjörnu hótelin í ákveðnum ónefndum heimsálfum. En það er ekki endilega það sem er til umræðu hér heldur hvernig hyggilegast er fyrir okkur að búa um þessa hluti hvað framkvæmdina snertir hjá okkur. Ég get vel fallist á að um þetta efni sé fyrst og fremst mælt fyrir í reglugerð. Ég teldi þó koma til greina að hafa grófa flokkun inni í lögunum, einhvers konar ramma sem væri þannig að ekki væri ástæða til að ætla að hann tæki miklum breytingum svona að breyttu breytanda á milli ára. En síðan væri það nánar útfært í reglugerð.

Íslendingar hafa að nokkru leyti sérstakar aðstæður hvað þetta snertir. Við erum til að mynda að nýta í miklum mæli í rekstri ferðaþjónustunnar á sumrin húsnæði sem upphaflega er ekki hannað sem hótelhúsnæði. Þar á ég sérstaklega við heimavistarskóla. Þeir sem hafa svolítið skoðað hvernig slíkt falli að t.d. alþjóðlegri flokkun gististaða eða veitingastaða þekkja væntanlega að við Íslendingar getum rekist þar á viss vandkvæði Íslendingar ef við ætlum algerlega að heimfæra erlendar reglur upp á okkar flokkun. Það er þess vegna ýmislegt sem gerir það að verkum að við þurfum að geta að nokkru leyti haft okkar eigin útgáfu í gangi að þessu leyti.

Herra forseti. Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. samgrh. og ætla ekki að lengja mál mitt meira en bíð eftir að fá að heyra svör hans. Ég tel sem sagt ýmislegt við þetta frv. að athuga og er ekki endilega þeirrar skoðunar að því fylgi þau tímamót í íslenskri ferðaþjónustu að það sé í sjálfu sér mikil ástæða til að hraða framgangi þess í þinginu eða láta það hafa forgang fram yfir önnur brýn mál. Líka vegna þess að ég tel það auðvitað ákaflega dapurlegt að ekki skuli þrátt fyrir allt hafa komið fram í þinginu einhver heildstæð tilraun til að endurskoða málefni ferðaþjónustunnar og þá helst í einu og sama frv. Mér eru það auðvitað mikil vonbrigði, og sennilega meiri vonbrigði en hæstv. samgrh. sjálfum, að hann skuli ekki hafa náð fram markmiðum sínum um heildarendurskoðun á lögum um málefni ferðaþjónustunnar og harma auðvitað alveg sérstaklega hin fögru fyrirheit sem hæstv. samgrh. gaf, þá að vísu óbreyttur þingmaður í stjórnarandstöðu, að hann mundi beita sér fyrir og vildi stórbæta starfsskilyrði ferðaþjónustunnar, m.a. fella niður af henni virðisaukaskatt, að þau skuli ekki hafa litið dagsins ljós. Það er auðvitað mikið áfall fyrir greinina og auðvitað hæstv. samgrh. líka að hafa orðið að viðurkenna að

hafa engu komið fram í þeim efnum. En það er annar handleggur og fyrst er að heyra svör hæstv. samgrh. við þeim spurningum sem hann hefur fengið frá mér og fleiri hv. ræðumönnum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í stórum dráttum höfum við heyrt sömu ræðuna haldna af fjórum hv. alþm. þó ekki væru öll efnisatriði tekin fram í hverri ræðu en andinn var svipaður og gekk í stórum dráttum út á að það frv. sem hér liggur fyrir sé ekki nógu langt.

Hv. 4. þm. Austurl. hóf mál sitt og vék m.a. að því að óheppilegt væri að hæstv. dómsmrh. væri ekki viðstaddur og taldi ótryggilega um hnútana búið vegna tengsla við áfengislögin. Nú er af þessu tilefni nauðsynlegt, herra forseti, að heyra um það hvað áfengislög segja um þetta efni og taka þar nokkuð af því sem þar er sagt en þó ekki allt til að gæta að því hvað hv. þm. á við með orðunum: „að ógætilega sé um hnútana búið" sem hlýtur þá að merkja að þetta frv., er að lögum verður, muni mjög torvelda allt eftirlit og alla framkvæmd við löggæslu á vínveitingastöðum en svo segir um þau efni m.a. í 12. gr. laga nr. 82 2. júlí 1969, um áfengislög:

„Heimilt er lögreglustjóra að veita veitingastað, sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu, almennt leyfi til áfengisveitinga. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi ef sveitarstjórn er leyfisveitingu mótfallin. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits ávengisvarnanefndar, sbr. 1. mgr. 30. gr.

Þriggja manna nefnd, sem dómsmrh. skipar, skal dæma um það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og skal þá framlengja fyrra leyfi til bráðabirgða meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar skal gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati dómsmrh.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg. Dómsmrh. getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal lögreglustjóri þegar fella leyfi úr gildi.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Skulu leyfishafar endurgreiða ríkissjóði kostnað af eftirliti eftir reglum sem ráðherra setur.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa." (**Forseti:** Forseti vill ónáða hæstv. samgrh. En vegna umræðu utan dagskrár sem tilkynnt var fyrr á fundinum vildi ég biðja hæstv. ráðherra um að fresta ræðu sinni ef hann gæti komið því við í þeim kafla sem hann er núna.) Mér þætti vænt um að fá að segja nokkur orð um einmitt það efni sem ég var að fara með, til þess las ég þennan kafla upp. (**Forseti:** Þá lýkur ráðherrann þeirri tilvitnun og síðan tökum við til við utandagskrárumræðuna.)

Herra forseti, ég vildi vekja athygli þingmanna á þessum ítarlegu ákvæðum áfengislaga um sölu áfengis á veitingastöðum og spyrja þingheim kannski um hvað honum þætti helst vanta inn í þá upptalningu og þá nákvæmu leiðbeiningu sem fólst í umræddri lagagrein. Ef hægt er að komast svo að orði að þarna sé ekki vel um hnútana búið, ef hægt er að halda því fram að það beri vott um hroðvirkni að láta lagabókstaf eins og þennan duga, hæstv. forseti, þá er ég byrjaður að misskilja orðið hroðvirkni. — En ég skal gera hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Fæðingarheimili Reykjavíkur.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú hefjast umræður utan dagskrár samkvæmt ósk hv. 10. þm. Reykv. Það eru umræður um Fæðingarheimili Reykjavíkur. Umræðan er samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaganna og stendur í allt að 30 mínútur. Hver þingmaður má tala í tvær mínútur tvisvar sinnum og málshefjandi í þrjár mínútur tvisvar sinnum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar fyrst til þess að fá svör við því hvort hæstv. forsrh. muni vera í húsinu vegna þess að ég kom þeim boðum sérstaklega til hans að ég óskaði eftir því að hann yrði viðstaddur þessa umræðu. Það er vegna forsögu málsins. Gæti ég fengið svar við því áður en ég hef mál mitt, hvort forsrh. sé í húsinu? (**Forseti:** Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. er í húsinu og forseti mun gera ráðstafanir til þess að hann verði viðstaddur umræðuna.) Ég þakka forseta fyrir.

Ástæðan fyrir því að ég vek máls á Fæðingarheimilinu er sú að framtíð þess er nú í verulegri hættu. Eina ferðina enn standa velunnarar Fæðingarheimilisins and-

spænis því að þeir hafa verið dregnir á asnaeyrum. Eina ferðina enn standa misvitrir stjórnmálamenn með vonda ráðgjafa að atlögu gegn Fæðingarheimilinu og þetta er sú alvarlegasta sem hingað til hefur verið gerð vegna þess að verðandi mæðrum var í síðustu viku vísað frá Fæðingarheimilinu. Þar áttu engar fæðingar sér stað í fjóra daga. Nú er búið að bjarga málinu tímabundið fyrir horn, en það er engu að síður ráðgert að leggja alveg af fæðingar á Fæðingarheimilinu eftir sumarleyfi. Og hver er ástæðan fyrir þessu? „Peningar," segir hæstv. heilbr.- og trmrh. „Ég á þá ekki til," segir hann.

Þetta svar er einfaldlega rangt og stenst ekki. Vilji hæstv. heilbr.- og trmrh. spara þá heldur hann lífi í Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar. Konur hætta ekki að eiga börn þó að Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar leggist af. Það er ekki hægt að halda í sér barni mikið lengur en níu mánuði, hæstv. heilbr.- og trmrh. Þau tæplega 500 börn sem að öllu eðlilegu mundu fæðast á Fæðingarheimilinu munu væntanlega fæðast á Fæðingardeild Landspítalans og kostnaðurinn kemur niður þar. Í stað þess að leggja 60 millj. kr. í Fæðingarheimilið sem fæðingarstofnun á nú að leggja 30 millj. kr. í rekstur sængurlegu á heimilinu. Því til viðbótar bætist svo kostnaður við fæðingarnar Landspítalamegin. Það þarf enginn að segja mér að Landspítalinn geti bætt við sig 500 fæðingum með engum tilkostnaði. Það þarf enginn að segja mér það.

Fæðingardeildin var á sínum tíma hönnuð fyrir 2.200 fæðingar. Þar eru nú þegar 2.800 fæðingar og verða um 3.300 eftir breytingu ef að líkum lætur. Þetta eru ekki boðlegar aðstæður, hvorki fyrir konur né starfsfólk. Það er ekki hægt að fæða börn í akkorði.

Í Bandaríkjunum hafa verið gerðar umfangsmiklar kannanir á konum sem ekki eru í áhættuhópi og þær kannanir sýna að því tæknivæddari sem fæðingarstofnun er þeim mun líklegra er að gripið sé inn í fæðinguna með tilheyrandi kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið. Ég er því sannfærð um að það verður ekki sparnaður af því að leggja Fæðingarheimilið niður í núverandi mynd.

Á undanförnum árum hafa reykvískum konum verið gefin margítrekuð loforð um að Fæðingarheimilið fengi að lifa og starfa á sínum eigin forsendum. Fremstur í flokki þar var fyrrv. borgarstjóri og núv. forsrh. Í maí 1990 gerði borgarlögmaður heiðursmannasamkomulag fyrir hans hönd við starfsfólk Fæðingarheimilisins um að tryggja framtíðarrekstur heimilisins. Ég trúi því ekki að óreyndu að forsrh. svíki þetta samkomulag og staðfesti þar með að það hafi verið kosningabrella.

Ég ætla að beina þeim spurningum núna til heilbr.- og trmrh. og forsrh. hvort þeir ætli að beita sér fyrir því að konur fái að fæða börn sín í friði á Fæðingarheimilinu hér eftir sem hingað til eða ætla þeir að drepa þessa 30 ára stofnun sem konur gáfu konum, með því að breyta henni í legudeild fyrir sængurkonur? Ætla þeir að varðveita sérstöðu heimilisins eða fórna henni? (Forseti hringir.) Forseti, ég er að ljúka máli mínu, það tók smá tíma að leita að forsrh. þannig að ég reikna mér örlítinn tíma til viðbótar. Ég ætla að skora á konur í stjórnarflokkunum sem hér eru að láta í sér heyra og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að þær samþykki það sem er að gerast á Fæðingarheimilinu. Ég trúi því heldur ekki fyrr en ég tek á að hæstv. forsrh., sem jafnframt er borgarfulltrúi og 1. þm. Reykv., sýni ekki í verki og orði að hann sé maður sem standi við orð sín. Þögn hans í þessu máli getur ekki varað lengur. Það segir forsaga málsins okkur.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að fæðingar hafa átt sér stað á tveimur stofnunum sem reknar hafa verið af tveimur spítölum, annars vegar fæðingardeildinni á Landspítalanum, hins vegar Fæðingarheimili Reykjavíkur sem er handan sömu götu en hefur verið rekin af Borgarspítalanum. Það er langt síðan fyrst var farið að huga að því hvort hægt væri að koma á aukinni hagræðingu í rekstri þessara stofnana. Árið 1990 var þetta athugað sérstaklega með hliðsjón af því að barnalæknar Landspítalans eru á vakt sem barnalæknar Fæðingarheimilisins jafnvel þó annar rekstraraðili hafi þar átt í hlut. Það eru ekki barnalæknar á Borgarspítalanum sem hafa verið á vakt á Fæðingarheimilinu heldur barnalæknar Landspítalans. Það var því árið 1990 sem farið var að huga að því hvort ekki væri hægt að draga úr tvöföldu vaktkerfi tveggja stofnana með sama hlutverk sitt hvoru megin við sömu götu með því að fæðingarlæknarnir á Landspítalanum tækju einnig að sér vaktir og þjónustu við fæðandi konur á Fæðingarheimilinu hinum megin við götuna, þannig að ekki þyrftu að vera tvöfaldar heils sólarhrings vaktir á sambærilegum stofnunum hlið við hlið. Sú ráðstöfun var talin geta sparað 4–5 millj. kr. en ekki náðist samkomulag um að framkvæma þetta.

Við undirbúning fjárlagagerðar nú þurftum við að draga mjög saman og m.a. lækka framlög til ýmissar þjónustu á vegum heilbrigðiskerfisins. Það var ósköp eðlilegt að í því sambandi hafi verið leitað leiða til þess að gera það þannig að varðveita mætti þjónustuna eins lengi og kostur var með því að draga úr tvíverknaði. Niðurstaðan varð sú að það var talið unnt og samþykkt af hálfu Ríkisspítalanna að þeir gætu tekið við starfsemi þeirri sem á sér stað á Fæðingarheimilinu og rekið það ásamt fæðingardeildinni með sömu vöktum, með 7–10 stöðugildum í staðinn fyrir 25. Lækkunin á framlaginu vegna Fæðingarheimilisins skapast þannig fyrst og fremst af því að stöðugildum í tengslum við rekstur þess er fækkað úr 25 í 7–10. Samkvæmt rekstraráætlun sem bæði stjórn Borgarspítala og stjórnendur Landspítalans hafa samþykkt, sparar það um 28 millj. kr. í rekstri á ári. Þannig er það ekki rétt, virðulegi forseti, að þarna sé ekki um neinn rekstrarsparnað að ræða. Þarna er um að ræða 28 millj. kr. rekstrarsparnað á ári.

Mér finnst mjög erfitt, virðulegi forseti, að geta ekki skýrt málið frekar á þeim stutta tíma sem ég hef til ráðstöfunar. Ég get gert það miklu betur og vildi gjarnan hafa fengið möguleika til þess, en það get ég ekki

á tveimur mínútum og verð því að láta staðar numið hér.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Vandamál Fæðingarheimilis Reykjavíkur eru af tvennum toga spunnin. Það sem meira er, þessi vandamál sameinast síðan í enn stærra vandamáli sem er Sjálfstfl. í Reykjavík.

Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. gengið svo hart fram í að skera niður fjárveitingar til sjúkrahúsanna í Reykjavík að Fæðingarheimilið er óstarfhæft.

Í öðru lagi, og það á núv. forsrh. að kannast manna best við, þegar hann sem fyrrv. borgarstjóri leigði hluta af því húsnæði sem Fæðingarheimilið hafði til reksturs til sjálfstæðs praktíserandi lækna úti í bæ. Við þessa breytingu sem þarna átti sér stað var fótunum í raun og veru kippt undan rekstri Fæðingarheimilisins. Borgarspítalinn, eða Sjúkrahús Reykjavíkur eins og hann átti að heita, hafði 60 millj. kr. til ráðstöfunar á rekstri Fæðingarheimilisins á árinu 1991. Í fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir að Ríkisspítalarnir fái 20,3 millj. kr. til að reka Fæðingarheimilið og allir hljóta að sjá að það er útilokað að reka það við þær aðstæður.

Fæðingarheimilið í þeirri mynd sem það er nú, eftir að fyrrv. borgarstjóri leigði það út til sjálfstætt praktíserandi lækna, er mjög óhagkvæm rekstrareining þannig að nú er enn verra en nokkru sinni fyrr að reka Fæðingarheimilið vegna þess að þeir fjármunir sem hafa verið veittir til þess nýtast verr nú en nokkru sinni fyrr. Það að leigja húsnæðið út var auðvitað eitt af mörgum skemmdarverkum fyrrv. borgarstjóra gagnvart fyrrv. ríkisstjórn á ýmsum sviðum heilbrigðismála.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að svara þessum gífuryrðum síðasta hv. ræðumanns. Það er alveg rétt að ég hef um langa hríð tekið þátt í því að reyna að standa vörð um Fæðingarheimilið. Ég hygg að það hafi fyrst reynt á það þegar samningur lá fyrir sem hv. núv. þm. Svavar Gestsson og Ragnar Arnalds höfðu gert við þáverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur um breytingar á Fæðingarheimilinu og yfirtöku Ríkisspítalanna á þeirri starfsemi. Ég hygg að það hafi verið í kringum 1980. Ég beitti mér þá gegn því máli og það fékk ekki framgang. Á hinn bóginn er enginn vafi á því að fæðingum hefur jafnt og þétt fækkað á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Vonir stóðu til þess að breyting yrði þar á en tölur sýna hið gagnstæða og rekstur-inn varð æ dýrari á einingu. Þetta þekkja menn.

Varðandi það sem nefnt var hér áðan að Reykjavíkurborg hefði á sínum tíma leigt út tiltekna aðstöðu, þá var sú aðstaða ekki í notkun í þágu Fæðingarheimilisins og skaðaði ekkert starfsemina að leigja þá hæð út.

Ég skil málið nú þannig að engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin um það enn að fæðingarstarfsemi eigi sér ekki stað á Fæðingarheimilinu. Hins vegar er það rétt að unnið er að því að breytingar verði í þeim efnum þegar aðstaðan er komin á fæðingardeild Landspítalans, aðstaða þar sem hægt er að láta starfsemina fara fram með eins líkum hætti og gerðist á Fæðingarheimilinu. Þá skiptir húsnæðið auðvitað ekki öllu máli heldur fremur eðli starfseminnar og kannski þeir tveir skólar sem menn hafa rætt um og snerta fæðingarstarfsemina. Ég tel að málið sé enn þá þannig vaxið að menn þurfi út af fyrir sig ekki að örvænta, en nauðsynlegt er þó, og það hafa menn fundið varðandi fjárlög og frágang þeirra, að ná fram þeim sparnaðaráformum sem ríkisvaldið og meiri hluti Alþingis hafa beitt sér fyrir.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þær aðgerðir sem nú eru fram undan á Fæðingarheimili Reykjavíkur eru í sama dúr og allar aðrar aðgerðir í sjúkrahúskerfinu í Reykjavík og ég tek auðvitað undir hvert einasta orð sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan. Það er alveg ljóst og ekki rétt hjá hæstv. forsrh. að engin endanleg ákvörðun hafi verið tekin um það hvort fæðingar fari fram á Fæðingarheimilinu. Á fundi fjárln. í morgun upplýstu forstöðumenn Ríkisspítalanna að ekki væri til fé til þess að reka Fæðingarheimilið sem fæðingarstofnun og þess vegna mundu engar fæðingar fara þar fram. En til þess að endurtaka ekki á þessum örstutta tíma það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan, vil ég aðeins segja að þegar hlutirnir eru skoðaðir í samhengi sést að Fæðingarheimilið hefur kostað 60 millj. kr. á ári, þ.e. á milli 400–500 fæðingar. Þegar þær verða síðan aflagðar þarf samt 30 millj. kr. í sængurkvennalegudeild. Á sama tíma er verið að biðja um 35 millj. kr. til þess að breyta Landakotsspítala vegna öldrunarsjúklinga sem þangað eiga að koma en B-álma Borgarspítalans, öldrunardeildin, stendur auð. Þannig er ekki verið að spara eitt eða neitt, það er verið að umturna grónu kerfi og ég vil benda hæstv. heilbrrh. á að sá mannauður sem liggur í þekkingu lækna, hjúkrunarfólks, ljósmæðra og annarra slíkra, er auðvitað líka peninga virði og kannski ekki síst það að Ísland er það land í heiminum sem getur státað af lægstum ungbarnadauða. Það er auðvitað engin tilviljun. Það er vegna þess að þetta kerfi hefur verið í lagi og það hefur verið þjóðarsátt um sjúkrahúskerfi okkar. Það er því skylda okkar alþingismanna að standa vörð um það.

Eru menn búnir að gleyma því að á fæðingardeild Landspítalans, eins og réttilega kom fram hér (Forseti hringir.) — ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti — eru miklu fleiri fæðingar en upphaflega stóð til og einkum og sér í lagi er þar um að ræða álagspunkta. Það er ekki alltaf jafnmikið að gera en stundum meira en menn ráða við.

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Það umhverfi sem hefur verið skapað með starfsemi Fæðingarheimilisins í Reykjavík hefur á margan hátt þótt vera til fyrirmyndar fyrir sængurkonur á Íslandi. Menn eru að sækjast eftir því þegar þeir vilja taka upp vörn fyrir þá starfsemi sem þar hefur farið fram.

Nú er það svo að starfsfólk í íslenska heilbrigðiskerfinu er hvarvetna rómað fyrir nærgætni og óeigingjarnt starf, oft við erfiðar aðstæður. Það fer ekki á milli mála að það er sama hvort þar er um að ræða Fæðingarheimilið eða fæðingardeild Landspítalans. Nú er það svo að málið snýst um hagkvæmni og þá er rétt að ræða það á þeim nótum. Á Fæðingarheimilinu fæddust á árinu 1991 um 400 börn. Reksturinn kostaði 72 millj. kr. Á fæðingardeild Landspítalans fæddust 2.558 börn. Ef maður ber saman þessar tvær stofnanir er kostnaðurinn u.þ.b. 85–90 þús. kr. á barn á fæðingardeildinni en 120–130 þús. kr. á fætt barn á Fæðingarheimilinu. Það er þetta sem menn eru að skoða. Nú hefur ríkiskerfið tekið við Fæðingarheimilinu og sparnaðurinn er eins og fram kom hjá hæstv. heilbrrh. um eða yfir 20 millj. kr.

Hugmyndir eru uppi um það að koma til móts við það merkilega starf sem átt hefur sér stað á Fæðingarheimilinu. Í fyrsta lagi hugmynd um að gera fæðingardeildina að hluta til með því fyrirkomulagi sem hefur tíðkast á Fæðingarheimilinu og að öðru leyti (Forseti hringir.) — hæstv. forseti, ég er að ljúka máli mínu — að sængurkonur fari nokkrum klukkustundum eftir fæðingu til þjónustu á Fæðingarheimilinu. Um þetta snýst málið. Ég hvet til þess að stuðlað sé að því að halda áfram þeirri heimilislegu starfsemi sem hefur verið á Fæðingarheimilinu en það er í sjálfu sér ekki atriði hvort sú starfsemi á sér stað í einu húsi fremur en öðru, svo fremi að hún eigi sér stað.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir að hefja umræður á Alþingi um málefni Fæðingarheimilisins. Sú óvissa sem ríkir almennt víða heilbrigðismálum er með þeim hætti að útilokað er að sætta sig við hana. Stofnanir í fjársvelti eiga sér aðeins eitt val, þ.e. að draga verulega úr þjónustu við skjólstæðinga sína og þetta á sér stað alls staðar. Stofnunum er að blæða út víðast hvar.

Víðast úti á landi geta barnshafandi konur ekki fætt á heimaslóðum sínum vegna þess að dregið er úr þjónustu á fæðingarstofnunum þar. Hvert fara þessar konur? Þær fara að öllum líkindum á Landspítalann í Reykjavík, það er endastöðin. Á sama tíma á fæðingardeildin á Landspítalanum að taka við öllum fæðingum á Fæðingarheimilinu ef ég skil rétt.

Það er alveg ljóst að það fjársvelti, sem er almennt í heilbrigðisgeiranum, gerir mikinn óskunda og sorglegast er að hæstv. heilbrrh. gerir sér enga grein fyrir því, og hann talaði áðan um að koma þurfi í veg fyrir tvíverknað í fæðingu. Ég skil ekki almennilega hvað hæstv. heilbrrh. er að tala um en hann skýrir það trúlega hér á eftir. Hann talar um að það að fæðingar séu bæði á fæðingardeild Landspítalans og Fæðingarheimilinu sé svo mikill tvíverknaður, og ekki skipti svo miklu máli hvar konur fæða, það skipti ekki máli í hvaða húsi. Um þetta fjallar málið alls ekki, hæstv. heilbrrh., og ég vona svo sannarlega að þessar tölur verði skoðaðar betur sem liggja að baki, þessar 28 millj. sem hæstv. heilbrrh. ætlar að spara. Ég er alveg viss um að þarna liggja ekki réttir útreikningar að baki vegna því að engir útreikningar liggja að baki því hvað kostar að fæða á fæðingardeild Landspítalans. Því er ekki hægt að gera samanburð. En ef hæstv. heilbrrh. hefur þessar tölur þá væri gott að fá þær hér.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. talaði um tvíverknað við fæðingar og hæstv. forsrh. talaði um fæðingarstarfsemi. Ég fullyrði að orðanotkun af þessu tagi er eingöngu á færi okkar kynbræðranna. Þetta mál hefur verið afgreitt með því að það sé tilfinningamál og þess vegna sé í raun og veru ekkert við því að gera þó að verði að loka Fæðingarheimilinu, þetta sé bara tilfinningamál og menn þurfi að horfast í augu við hinn ískalda veruleika eins og það er kallað.

Ég er fullviss þess eftir að hafa farið mjög rækilega yfir málið — og greiddi reyndar atkvæði gegn þessu máli í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna — að hér er ekki um það að ræða að menn séu að spara til lengri tíma litið. Ég er sannfærður um að þegar þetta mál yrði skoðað ofan í kjölinn og reynt að fara yfir það nákvæmlega til lengri tíma litið er hér í raun um viðbótarkostnað að ræða.

Hitt er þó kannski alvarlegast í þessari umræðu, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. virðist ekki gera sér grein fyrir því sem hefur þegar verið ákveðið. Heilbrrh. skipaði stjórnarnefnd Ríkisspítalanna að yfirtaka þessa starfsemi frá og með 1. apríl sl. og stjórnarnefndin hlýddi, þó svo að það liggi fyrir að vegna lítilla fjármuna verði að leggja Fæðingarheimilið niður. Fæðingarheimili Reykjavíkur verður lagt niður. Heilbrrh. hefur skipað svo fyrir og í staðinn á að setja upp stofnun sem ætti réttu lagi að heita Sængurkvennadeild ríkisins og mér þætti við hæfi að forsrh. afhjúpaði skiltið, Sængurkvennadeild ríkisins, þegar hann er búinn að taka Ráðhúsið í notkun á morgun.

Það er kjarni málsins að hin endanlega ákvörðun hefur verið tekin, hæstv. forsrh., með bréfi sem heilbrrh. skrifaði Ríkisspítölunum fyrir nokkrum dögum. Þar stendur „að það eigi að gera fæðingardeild Landspítalans kleift að sinna jafnframt þeim fæðingum er fram fara á Fæðingarheimilinu.“ — Þetta er orðrétt úr þessu bréfi. Síðan segir: „Gert er ráð fyrir að þessari hagræðingu vegna yfirtöku Fæðingarheimilisins verði að fullu lokið frá næstu áramótum.“

Heilbrrh., ríkisstjórnin, hefur tekið ákvörðun um að loka Fæðingarheimili Reykjavíkur og það lélegasta og aumasta í umræðunni er í rauninni það að menn skuli ekki þora að kannast við handarverk sín og hæstv. forsrh. skuli að því er virðist ekki gera sér grein fyrir þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef á tilfinningunni eftir að hafa hlustað á umfjöllun þessa máls undanfarna mánuði og ekki síst inni í hv. fjárln. að Borgarspítali hafi viljað losna við ómaga. Rétt einu sinni er Fæðingarheimilið orðið bitbein á milli aðila. Hér á að spara 20–30 millj. kr. er okkur sagt og sparnaðinum á að ná

með því að fæðingarlæknar séu á vakt á Landspítala og sinni jafnframt Fæðingarheimilinu. Það er sagt mögulegt vegna þess að svo stutt vegalengd sé þar á milli. Staðreyndin er auðvitað sú að það tekur þó 4–5 mínútur að fara þarna á milli og þær mínútur geta skipt sköpum við fæðingu. Þess vegna verður læknir að vera til staðar á Fæðingarheimilinu. Það má hins vegar ekki, læknar eiga bara að vera starfandi á vakt á Landspítala.

Yfirleitt má segja að sá sparnaður sem ná á í heilbrigðiskerfinu með þeim aðgerðum sem unnið hefur verið að í vetur af hálfu hæstv. ríkisstjórnar muni ekki nást. Af hálfu aðstoðarmanns hæstv. heilbrrh. hefur verið yfirlýst að sparnaðurinn sem hægt verði að ná — og hann svaraði því mjög hikandi þegar hann var spurður — muni e.t.v. verða á bilinu 180–240 millj. kr. í öllu heilbrigðiskerfinu á Reykjavíkursvæðinu. Hvar stöndum við þá? Hvað verður búið að eyðileggja þegar búið er að framkvæma allar ráðstafanir frá í vetur? Ég held að það verði ekki umreiknað í krónur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þeir stjórnarliðar sem hér hafa talað verða tæpast sakaðir um að tala skýrt. Þó tók nú eiginlega steininn úr þegar hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, kom með einhverja sérkennilega loðmullu um að nú ætti að koma upp sérstakri þjónustu á Landspítalanum til þess að mæta því að Fæðingarheimilið er lagt niður. Þetta höfum við svo sem heyrt áður. Við höfum heyrt þetta frá hæstv. heilbr.- og trmrh. sem segir að þjónustusérstaðan verði tryggð með því að koma upp sérstakri fæðingarstofu á Landspítalanum. En stofnun er bara ekki fjórir veggir og þau tól og tæki sem þar eru innan dyra, hún er svo margt annað. Hún er andi, hún er hugmynd, hún er stefna. Það er það sem við konur viljum varðveita á Fæðingarheimili Reykjavíkur.

Um 70 milljón krónurnar get ég líka sagt honum sitthvað en þar af eru m.a. 12 millj. kr. sem voru settar í viðhald til þess að þarna mætti reka áfram fæðingarstofnun.

Forsrh. kom upp og notaði það sem einhvers konar rök fyrir dugleysi sínu í þessu máli að fæðingum hefði fækkað jafnt og þétt. Þetta er bara ekki rétt. Fæðingum hefur fjölgað verulega. Árið 1985 voru 2.093 fæðingar á fæðingardeildinni, 2.800 á síðasta ári. Á Fæðingarheimilinu voru þá 336 fæðingar, 464 á síðasta ári. Þegar hæstv. forsrh. tók þá ákvörðun og gaf það loforð að Fæðingarheimilið skyldi rekið áfram tók hann þá ákvörðun á þeirri forsendu að árið 1989 hefðu fæðingar verið 337. Þeim hefur fjölgað um 130 síðan. Þannig að hafi það loforð stuðst við eitthvað þá, gerir það það líka núna. Það hefur ekkert breyst, hæstv. forsrh.

Forsrh. talaði á þá lund að engin endanleg ákvörðun væri tekin. Við þingmenn höfum bréf upp á vasann sem sýna það að hæstv. heilbr.- og trmrh. er a.m.k. búinn að taka ákvörðun í þessu máli. Ég held líka að engum sé greiði gerður með því að láta þetta mál malla áfram. Það er ekki til annars en að þreyta starfsfólk, að þreyta konur og velunnara heimilisins. Það er tilgangurinn, að þreyta fólk þannig að það gefst upp á að standa vörð um þetta heimili sem hefur orðið fyrir síendurteknum árásum. Og nú skal ég segja hæstv. forsrh. það að mér er alveg sama hvaða pólitíska spilverk er í gangi hverju sinni og hefur verið í gangi í kringum Fæðingarheimilið, málið er að stofnunin fái að lifa vegna þess að þetta er merk stofnun og ég er sannfærð um að menn sjá það fyrr en síðar að það sparast ekki á því að leggja hana niður. Það eru vondir ráðgjafar sem segja mönnum það.

Og nú ætla ég að skora á þessa menn sem engin svör vildu gefa hérna að þeir kalli á sinn fund starfsfólk og velunnara heimilisins, ræði málin við þetta fólk ofan í kjölinn og heyri rökin, því það er mér ekki kunnugt um það þeir hafi gert. Þeir hafa ekki farið til þessa fólks og heyrt rök þess. Og nú skora ég á þá að þeir geri það hið fyrsta, kalli fulltrúa og velunnara heimilisins og starfsfólkið á sinn fund og ræði þessi mál.

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt að við eigum í miklum erfiðleikum með mörg mál í því fjársvelti sem ríkissjóður er í nú og ekki síst í heilbrigðismálum. Ég hef miklar áhyggjur af því að það sé ekki hægt að taka við öldruðu fólki til hvíldarinnlagnar. Ég hef miklar áhyggjur af því að loka verði deildum fyrir aldrað fólk. Ég hef miklar áhyggjur af því að loka verði bæklunardeild tímabundið.

Það mál sem við erum að ræða nú er ekki eitt af stærstu áhyggjumálum mínum í þessu sambandi, því að ekki stendur til að skerða þessa þjónustu. Það sem stendur til er að reyna að bjóða upp á sömu þjónustu með því að innrétta á fæðingardeild Landspítalans sams konar aðstöðu til fæðingarhjálpar og á sér stað á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Það sem ég hef rætt um við ríkisspítalamenn — og ég veit að þeim er fyllilega ljóst og munu reyna að hegða sér þannig eins og komið hefur í ljós undanfarna daga — er að gera ekki ráð fyrir því að nein þjónusta leggist af innan fjögurra veggja Fæðingarheimilis Reykjavíkur nema hægt sé að bjóða aðra jafngóða og sams konar á fæðingardeild Landspítalans. Og það sem ég er einnig alveg sannfærður um er að stjórnendur Ríkisspítala muni leita til starfsfólks Fæðingarheimilisins til þess að tryggja að sú þjónusta sem standi í boði á fæðingardeildinni í framtíðinni, verði veitt við sömu aðstæður og vonandi að verulegu leyti af sama fólki og nú veitir þessa þjónustu á Fæðingarheimilinu.

Ég tók það fram, ég talaði ekki um tvíverknað í því sambandi, ég talaði um tvöfalt vaktkerfi á tveimur stofnunum sem veita sömu þjónustu og eru staðsettar sitt hvoru megin við sömu götu. Ég held að það hljóti að skiljast hvað átt er við með því. Það er líka sjálfsagt að upplýsa að þær 30 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að reksturinn kosti til viðbótar hjá fæðingardeild Landspítalans er ekki bara rekstur Fæðingarheimilisins, heldur sá kostnaður að reka á vegum Landspítalans þá sömu þjónustu og í dag er veitt á þessum tveim-

ur stofnunum. Það er hægt að veita þessa sömu þjónustu fyrir 28 millj. kr. lægri fjárveitingu. (**GHelg:** Það er ekki satt.) Jú, það er víst satt. Það er sú niðurstaða heilbrrn. og Ríkisspítalanna sem samþykkt var þegar *Ríkisspítalarnir yfirtóku rekstur Fæðingarheimilisins af* Borgarspítalanum. Niðurstaðan er sú að þar sem áður fyrr voru 25 stöðugildi þarf Landspítalinn ekki að bæta við nema 7–10 til að geta tryggt sambærilega þjónustu og áður var veitt. Það er auðvitað meginmálið. Það er ekkert eftirsóknarvert í sjálfu sér að borga einhverja milljónatugi meira en þarf fyrir sömu eða sambærilega þjónustu. Það sem við erum að tala um er að veita sömu þjónustu fyrir minna fé. Ef það er hægt, er það skylda þeirra sem fara með fjármál, hvort sem það er heilbrrh., fjmrh. eða forsrh., að beita sér fyrir því að fyllsta hagræðis sé gætt án þess að dregið sé úr þjónustu.

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan geta sagt hið sama um ýmsa aðra þætti í rekstri heilbrigðiskerfisins. Það hefur okkur ekki tekist eins og okkur mun takast í þessu sambandi, þ.e. að veita jafngóða þjónustu fyrir minna fé. Vissulega er ástæða til þess, ef menn geta veitt sömu þjónustu fyrir minna fé, hvort sem er í heilbrigðisþjónustunni eða annars staðar, að menn geri það þá. — [Fundarhlé.]

Barnalög, 2. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 73, nál. 771 og 773, brtt. 770 og 772.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til barnalaga á þskj. 773 sem er 72. mál þingsins. Þetta er álit frá meiri hluta allshn. en jafnframt er mælt fyrir brtt. á þskj. 772.

Nál. er undirritað af öllum nefndarmönnum að undanskildum fulltrúa Kvennalistans sem skilar minnihlutaáliti. Enn fremur skrifa þrír nefndarmenn undir nál. með fyrirvara.

Þar sem hér er um viðamikið frv. að ræða alls 11 kafla þykir mér rétt að gera nokkuð ítarlega grein fyrir efni þess og þá ekki síst ýmsum þáttum er hlutu allmikla umræðu í allshn. Þar var reyndar lögð mikil vinna í umfjöllunina og málið tekið fyrir alls níu sinnum á fundum nefndarinnar og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum fyrir gott starf.

Hæstv. forseti. Frv. þessu er ætlað að koma í stað núgildandi barnalaga nr. 9/1981 og hefur að geyma ýmis mikilvæg nýmæli frá þeim lögum. Á síðustu árum hafa orðið ýmsar breytingar á viðhorfum til einstakra þátta í barnalögum og reynsla fengist af ákvæðum laganna sem þörf er á að nýta í því skyni að bæta núgildandi barnalög. Barnalöggjöf á Norðurlöndum hefur tekið nokkrum breytingum og löggjöf er henni tengist sem ástæða er til að gefa gaum. Því var vissulega tímabært að stofna til endurskoðunar laganna og er sú endurskoðun einnig til komin vegna laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Í II. kafla frv. er gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að hugtökin skilgetin börn og óskilgetin verða afnumin í barnalögum og að í lögunum verði kveðið á um réttarstöðu barna án tillits til þessara grunnhugtaka.

Í 2. og 3. gr. frv. er fjallað um feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra. Í 2. gr. er gert ráð fyrir mikilsverðri breytingu á hinni gamalgrónu „pater est" reglu þar sem gert er ráð fyrir að hún eigi ekki við ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins. Með þessu er gert ráð fyrir að verulega megi fækka vefengingarmálum fyrir dómi sem stórlega hefur fjölgað að undanförnu.

Í 3. gr. er að finna mikilvægt ákvæði um að eiginmaður eða sambúðarmaður móður sem samþykkt hefur skriflega og við votta að tæknifrjóvgun fari fram á *eiginkonu eða sambúðarkonu hans með sæði úr öðrum* manni, skuli teljast faðir barns sem þannig er getið. Slíkar aðgerðir hafa um árabil farið fram hér á landi á Landspítalanum og munu þau börn sem getin eru með þessum hætti vera á annað hundrað talsins. Er því ljóst að nauðsynlegt er að tryggja betur en nú er réttarstöðu þessara barna og þó þetta ákvæði og 55. gr. frv. *séu til verulegra bóta er þörf á heildarlöggjöf um* tæknifrjóvgun.

Um viðurkenningu á faðerni barns sem ákvæði 2. og 3. gr. taka ekki til fjalla ákvæði 4.–6. gr. frv. og eru þau að mestu leyti sambærileg við núgildandi barnalög að öðru leyti en því að skv. 1. mgr. 5. gr. er þess krafist að viðurkenning lýsts barnsföður á faðerni fyrir presti eða sýslumanni *skuli* vera skrifleg, en það skilyrði er ekki í núgildandi barnalögum. Það hefur ekki komið að sök svo vitað sé þegar lýstur barnsfaðir gengst við faðerni fyrir valdsmanni þar sem þeir munu gæta þess að maðurinn viðurkenni faðernið skriflega. Nokkur misbrestur hefur hins vegar verið á viðurkenningu manna á faðerni barna fyrir prestum sem í sumum tilvikum virðast hafa látið nægja að taka við munnlegri yfirlýsingu og er mér kunnugt um að á síðustu árum hefur komið fyrir að ágreiningur hefur risið milli meintra feðra og presta um það hvort faðernisviðurkenning hafi verið gefin eða ekki. 1. mgr. 5. gr. er ætlað að koma í veg fyrir að slík ágreiningsmál geti risið.

III. kafli frv. fjallar um framfærslu barna eins og áður hefur komið fram. Ákvæðin um framfærslu barna eru tiltölulega lítið breytt frá núgildandi barnalögum en þó eru þar nokkrar breytingar sem einkum styðjast við þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna. Mikilvægt nýmæli er í 12. gr. þar sem segir að ef fram hafi verið sett krafa um framfærslueyri með barni en fyrirsjáanlegt að málið muni dragast á langinn þar sem foreldri sem krafan beinist að sé búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum bundið að ná til þess, geti sýslumaður kveðið upp bráðabirgðaúrskurð um framfærslueyri á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Eins og fram kemur í greininni er með þessu ákvæði ætlað að tryggja að foreldri þurfi ekki að bíða mánuðum og

árum saman eftir að fá meðlag greitt með barni sínu ef ekki tekst að hafa upp á hinu framfærsluskylda foreldri.

10. og 13. gr. frv. voru sérstaklega ræddar í allshn. og var ákveðið að leggja til þá breytingu á 3. mgr. 10. gr. að í stað þess að skylt væri að úrskurða föður sem sætt hefur dómi fyrir brot samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður barns, þ.e. þegar um nauðgun er að ræða, til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti, þá verði það heimilt. Gengið er út frá því að föður yrði gert að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti ef móðirin færi þess á leit en ekki þykir rétt að skylda hana til að taka við meðlagi umfram lágmarksmeðlag gegn vilja hennar enda kann henni að vera það ógeðfellt þegar svona hagar til.

Í nefndinni var einnig rætt um hvort fella ætti brott orðin „nema sýslumaður ákveði annað" í 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. En að vandlega athuguðu máli var ákveðið að láta þau orð standa enda getur ungmenni haft ríka þörf fyrir framfærslu foreldris þótt það hafi gengið í hjúskap yngra en 18 ára.

Ákvæði IV. kafla frv. um greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu og ákvæði í V. kafla um greiðslu framfærslueyris og innheimtuúrræði eru að mestu óbreytt frá núgildandi barnalögum og ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um þá að öðru leyti en því að allshn. leggur til breytingar á 3. mgr. 23. gr. og 4. mgr. 25. gr. frv. Lagt er til að í stað orðanna „móðir barns eða" í 3. mgr. 23. gr. komi: móðir barns og/eða. Þar sem svo kann að haga til að bæði móðir og opinber stofnun hafi að einhverju leyti staðið straum af þeim útgjöldum sem hér um ræðir og tilheyra þá framlögin hvoru um sig að því marki sem þau hafa innt útgjöldin af hendi. Einnig er lagt til að í stað orðsins „barnsfeðra" í 4. mgr. 25. gr. komi: foreldra. Hér geta einnig komið til meðlagsúrskurðir á hendur barnsmæðrum og er sjálfsagt að sömu reglur gildi hér um báða foreldra barns.

Í VI. kafla frv. um foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisrétt, er að finna veigamiklar breytingar frá núgildandi barnalögum. 29. gr. frv. er sama efnis og 35. gr. núgildandi barnalaga og lítið breytt. Í 2. mgr. er þó það nýmæli að lagt er til að það foreldri sem fer með forsjá barns sé skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati stjórnvalda.

Í 31. gr. er fjallað samfellt um skipan forsjár við andlát þess foreldris er fer með forsjá barns og er hún að mestu leyti óbreytt frá núgildandi ákvæðum að öðru leyti en því er greinir í 1. mgr. um þau tilvik þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns við andlát annars þeirra.

Í 32. gr. frv., um forsjá við skilnað eða samvistarslit foreldra, gætir margra nýmæla. Og telja verður að veigamestu breytingar frv. séu fólgnar í þessari grein. Skv. 1. mgr. er giftum foreldrum sem slíta samvistir heimilt að semja um að annað þeirra fari með forsjá barns. Í 2. mgr. er að finna það nýmæli að sú skipan forsjár barns sem komst á við skilnað að borði og sæng skuli haldast óbreytt við lögskilnað. Regla þessi tekur mið af því að það sé barni að jafnaði fyrir bestu að stöðugleiki ríki um forsjárskipan og að heppilegast sé fyrir barnið að ekki sé hróflað við forsjárskipan sem mótuð var við skilnað að borði og sæng.

Í 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. er fjallað um eitt mikilvægasta nýmæli frv. þar sem foreldrum er heimilað að fara sameiginlega með forsjá barns síns hvort heldur er eftir skilnað eða sambúðarslit eða í öðrum tilvikum þar sem foreldrar hafa ekki farið sameiginlega með forsjá.

Samkvæmt núgildandi barnalögum er foreldrum óheimilt að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða sambúðarslit og ber að ákvarða forsjá barns í höndum annars þeirra. Hvarvetna á Norðurlöndum nema hér á landi hefur heimild verið lögfest til að kveða á um eða semja um sameiginlega forsjá barna við skilnað og reyndar oft þó ógiftir foreldrar eigi í hlut.

Þar sem hér er um að ræða eitt mikilvægasta nýmæli frv. og með hliðsjón af því að minni hluti allshn. hefur flutt brtt. um frestun á gildistöku þeirra ákvæða frv. er lúta að sameiginlegri forsjá, mun ég fjalla sérstaklega um þetta réttarúrræði í lok framsögu minnar.

33. gr. frv. fjallar um samninga foreldra um forsjá og staðfestingu þeirra. Það nýmæli er að finna í 3. mgr. að foreldrar geta falið þriðja manni forsjá barns síns með samningi ef barnaverndarnefnd mælir með þeirri skipan. Ef forsjá barns er í höndum annars foreldris skal leita umsagnar hins foreldrisins. Í 4. mgr. er einnig að finna nýmæli en þar segir að samningur um forsjá barns sé háður staðfestingu sýslumanns og að sýslumaður skuli leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings.

Mikils er um vert að vandað sé til kannana af hendi sýslumanns og aðilum leiðbeint um réttaráhrif samnings. Á það sérstaklega við um samninga um sameiginlega forsjá.

Í 34. gr. er mælt fyrir um úrlausn ágreinings milli foreldra út af forsjá barna. Í 1. mgr. er kveðið á um hverjir leysi úr þessum málum og í því sambandi sett fram skil milli heimildar dómstóla og dómsmrn. til meðferðar mála og úrlausnar þeirra. Hér er lagt til að dómstólar greiði úr ágreiningi um forsjá barna nema foreldrar óski sérstaklega eftir að dómsmrn. ráði málinu til lykta og er það svipuð skipan og í norsku barnalögunum.

Í lok ræðu minnar mun ég fjalla nánar um þetta tvíþætta úrlausnarkerfi í forsjármálum, ekki síst vegna þess að þetta atriði var rætt sérstaklega í allshn. og munu þrír nefndarmenn vera með fyrirvara einkum hvað varðar þetta fyrirkomulag.

Í 3. mgr. 34. gr. frv. felst nokkur breyting frá núgildandi barnalögum þar sem segir að dómsmrn. skuli að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta en samkvæmt núgildandi lögum er lögskylt að leita umsagnar barnaverndarnefndar. Ástæður fyrir þessum breytingum eru þær að úrlausnaraðili kann að telja hagfelldara að könnun máls vari fram með öðrum hætti en hjá barnaverndarnefnd.

Í 4. mgr. 34. gr. er að finna mikilvægt nýmæli þar sem segir að veita skuli barni sem náð hefur 12 ára *aldri kost á að tjá sig um forsjármál nema telja megi* að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Rétt sé einnig að ræða við yngra barn eftir því sem stendur á miðað við aldur þess og þroska. Dómstóll eða dómsmrn. getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það. Hér er um að ræða mikilvægt grundvallaratriði um réttarstöðu barns í forsjármálum og m.a. höfð hliðsjón af 6. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, og af hliðstæðum reglum í norrænni barnalöggjöf. Framkvæmd forsjármála í dómsmrn. mun hafa verið með þeim hætti að reynt hefur verið eftir föngum að kanna afstöðu 12 ára barna og eldri og reyndar oft og tíðum yngri barna í erfiðum forsjármálum.

Í allshn. hefur ítarlega verið rætt um þann möguleika að fella niður 12 ára aldursmörkin eða lækka þau niður í 10 ár. En niðurstaðan hefur orðið sú að viðhalda 12 ára aldursmarkinu sem er eins og áður greindi í samræmi við norræna barnalöggjöf og ættleiðingarlög og gert í því skyni að tryggja sjálfstæðan rétt 12 ára barna og eldri til að tjá sig. En eins og ég sagði áður er gert ráð fyrir að rétt sé einnig að ræða við yngra barn eftir því sem á stendur miðað aldur þess og þroska. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að mjög skiptar skoðanir eru hjá sálfræðingum um það hversu langt eigi að ganga í því að leita eftir áliti og afstöðu barna í forsjármálum. Hefur verið bent á að algengt sé að börn neiti að tjá sig um þessi mál og hversu þungbær raun það geti verið barni að þurfa að velja um hvoru foreldra sinna það vilji fylgja og þar með að hafna öðru foreldrinu enda veki slík ákvörðun yfirleitt mikla sektarkennd með barni.

Í 5. mgr. 34. gr. er merkt nýmæli þar sem segir að skipa megi barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf sé á því og að þóknun hans sé greidd úr ríkissjóði. Með talsmanni er hér t.d. átt við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða *félagsráðgjafa, sem hefði það hlutverk* að veita barni sem verður bitbein foreldra í sérstaklega erfiðum forsjárdeilum liðsinni ef úrlausnaraðili telur barnið hafa brýna þörf fyrir stuðning vegna málarekstursins.

Í 35. gr. er kveðið á um breytingar á forsjá barns. Gilda hér sömu reglur um skilin milli dómstólameðferðar og meðferðar ráðuneytisins og við meðferð mála skv. 34. gr. Það skilyrði núgildandi barnalaga, að krafa um breytingu forsjár verði einungis tekin til greina ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins, er óbreytt. Auðsæ rök eru fyrir því að fara verður varlega í breytingar á forsjá þar sem barni er að jafnaði fyrir bestu að sem minnstar breytingar séu gerðar á högum þess, dvalarstað og félagslegu umhverfi. Sérreglur gilda þó skv. 2. mgr. um brottfall samninga um sameiginlega forsjá. Þar segir að foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt samningi geti hvenær sem er krafist þess, bæði eða annað, að hann verði felldur úr gildi. Sýslumaður staðfesti þá nýtt samkomulag foreldranna ef því er að skipta en ágreiningsmál fara til úrlausnar dómstóls eða dómsmrn.

Eins og ég mun reifa nánar síðar við umfjöllun um sameiginlegu forsjána eru ákvæði frv. byggð á því að fullkomið samkomulag sé milli foreldranna um forsjána og allt það sem barnið varðar. Því er ljóst að samningi verður að vera hægt að breyta ef slíkt samkomulag er ekki lengur til staðar.

Í 37. gr. um umgengnisrétt er fjallað um rétt barns til að njóta umgengni við það foreldri sem ekki hefur forsjá þess og um hliðstæðan rétt foreldris og svo skyldu til að rækja umgengni og samneyti við barnið. Hér gætir ýmissa nýmæla frá núgildandi barnalögum og er meginbreytingin sú að úrlausn umgengnismála flyst úr ráðuneyti til sýslumanna með málskotsrétti til ráðuneytisins. Það ætti að leiða til hagræðis fyrir foreldra sem óska úrlausnar um þessi mál að geta leitað til sýslumanns í umdæmi þar sem þeir eru búsettir ef barn býr þar einnig. Meginreglan samkvæmt þessari grein er sú að umgengni sé ákveðin með samningum foreldra sín á milli sem vafalaust er besta lausnin fyrir barnið sem í hlut á. Í greininni eru fleiri nýmæli og eru m.a. rýmkaðar heimildir sýslumanna við úrlausn umgengnismála frá því sem nú er. Samkvæmt núgildandi barnalögum ber ráðuneytinu að kveða á um inntak umgengni ef ekki þykir ástæða til að leggja bann við umgengni foreldris og barns sem er mjög fátítt. Samkvæmt 37. gr. getur sýslumaður hafnað því að ákvarða inntak umgengnisréttar og getur einnig breytt eða fellt úr gildi samning foreldra um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Þá getur sýslumaður kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

Við gerð þessa ákvæðis var höfð hliðsjón af dönskum reglum en þar munu stjórnvöld einkum hafa hafnað því að ákvarða um inntak umgengni þegar um er að ræða stálpuð börn sem eru mótfallin því að umgengni þeirra við foreldri sé bundin ströngum tímamörkum og einnig þegar krafist er úrskurðar um umgengni við mjög ung börn sem ekki hafa áður haft tengsl við það *foreldri sem úrskurðar krefst.*

Eins og áður kom fram getur sýslumaður kveðið svo á um að umgengnisréttar skuli ekki njóta við ef sérstök atvik valda því að umgengni barns við foreldri eru talin andstæð hag þess og þörfum. Ljóst er að einungis í undantekningartilvikum yrði beinlínis lagt bann við umgengni og ætti það helst við er það foreldri sem umgengnisréttar krefst er haldið alvarlegum geðsjúkdómi eða sönnuð eru kynferðisbrot þess gegn börnum eða það að öðru leyti haldið þeim annmörkum sem geri það varhugavert að foreldrið hafi tengsl við barnið.

Við 4. mgr. 37. gr. er nýmæli þar sem segir að sýslumaður geti til bráðabirgða ákveðið hvernig umgengni barns við það foreldra sinna sem það býr ekki hjá meðan á forsjármáli stendur en þá fara foreldrarnir að sjálfsögðu sameiginlega með hina formlegu forsjá barnsins. Þetta nýmæli er mikilvægt og hefur komið í ljós við meðferð þessara mála að oft er brýn þörf á heimild sem þessari þar sem forsjármál eru oft og tíðum tímafrek og togstreitan um barn iðulega mikil meðan á þeim stendur.

Meiri hluti allshn. leggur til að tvær breytingar verði gerðar á 37. gr. frv. Í fyrsta lagi að fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:

„Barn á rétt á umgengni við það foreldra sinna er ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt."

Með þessari breytingu eru tekin af öll tvímæli um það að barn eigi rétt á umgengni við það foreldra sinna sem ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt þótt forsjá barns sé í höndum annars en hins kynforeldris þess.

Síðari breytingin á 37. gr. varðar 5. mgr. en þar er lagt til að fyrri málsl. 5. mgr. orðist sem hér segir:

„Nú er annað foreldra barns látið eða bæði eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn og geta þá nánir vandamenn látins foreldris eða foreldris, er ekki getur rækt umgengnisskyldur sínar, krafist þess að sýslumaður mæli fyrir um umgengni þeirra við barn."

Þess er getið í athugasemdum með greininni en breytingin þjónar einkum því hlutverki að tryggja almenningi vitneskju um það réttarúrræði sem í þessu felst og á ekki síst við um afa og ömmur.

Í 38. gr. er ákvæði er heimilar álagningu dagsekta ef umgengnisrétti er tálmað af því foreldri sem fer með forsjá barnsins. Mjög sjaldgæft er að komið hafi til álagningar dagsekta og verður að leggja áherslu á að sátta verði ávallt leitað til þrautar áður en til þess kemur að beita dagsektum.

Í nál. minni hluta allshn. er lagt til að 38. gr. frv. verði felld brott. Af því tilefni er rétt að benda á nauðsyn þess að barnalög geymi heimildir til að þvinga úrskurðaraðila til að hlíta úrskurði um umgengnisrétt fyrst og fremst vegna þeirra almennu varnaðaráhrifa sem slíkt ákvæði hefur og einnig getur beiting þess átt rétt á sér í einstökum tilvikum.

Í nefndinni hefur verið rætt um það hvort unnt ætti að vera að beita það foreldri sem ekki fer með forsjá barns þvingunum til þess að sinna umgengni við barn, t.d. með dagsektum, en að athuguðu máli varð niðurstaðan sú að slík þvinguð umgengni yrði barni varla til góðs og að mun vænlegra til árangurs væri að reyna að glæða skilning foreldrisins á nauðsyn þess að barnið geti treyst því sem ákveðið hefur verið um umgengni, hvort sem það er með samningi foreldra eða úrskurði.

39. gr. frv. um fyrirhugaðan flutning barns úr landi er að mestu óbreytt frá núgildandi lögum en meiri hluti allshn. leggur til að 40. gr. frv. falli brott og jafnframt að síðari mgr. 39. gr. verði 40. gr. frv.

40. gr. tekur í rauninni til fósturráðstafana og telur meiri hlutinn fara best á því að um fóstur verði alfarið fjallað í barnaverndarlögum eins og þau eru hverju sinni.

Í þessu sambandi er vert að minna á frv. til nýrra laga um vernd barna og ungmenna, sem nú er til umfjöllunar í félmn. Alþingis, en í frv. eru ítarleg ákvæði um fóstur og fósturráðstafanir. Vegna brottfalls 40. gr. er lagt til að síðari mgr. 39. gr. verði ný 40. gr. af hagkvæmnisástæðum og þar sem ekkert virðist mæla gegn því að skipta 39. gr. í tvær sjálfstæðar greinar þar sem fyrri málsgreinin tekur til forsjármála en hin síðari til umgengnismála.

Í VII. og VIII. kafla frv. eru réttarfarsákvæði um ferns konar dómsmál. Það er mál til feðrunar barns sem hvorki er feðrað samkvæmt lögmætum feðrunarreglum né með faðernisviðurkenningu; um vefengingarmál þegar þess er freistað að hnekkja feðrun barns samkvæmt lögmætum feðrunarreglum; um ógildingarmál, þ.e. þegar reynt er að hrinda faðernisviðurkenningu sem gefin hefur verið; þá er það réttarfarsákvæði um mál vegna ágreinings um forsjárskipan.

Það er sameiginlegt þessum dómsmálum að þau varða stöðu barna og foreldra og fela í sér örlagaríkar ákvarðanir fyrir þau. Í málum til feðrunar barns er ætlunin að leita sannleikans um hver sé faðir barns. Fyrir barnið og móður þess og raunar fyrir þjóðfélagið skiptir miklu að faðernið verði leitt í ljós og ákvarðað. Réttarfarsreglum verður að haga svo að þær þjóni þeim tilgangi sem hér er stefnt að um könnun á faðerni barns. Í forsjármálum skiptir það sem barni er fyrir bestu meginmáli um efnislega úrlausn mála og verður að laga réttarfarsákvæði að þessari miklu meginreglu barnaréttar.

Í VII. kafla um faðernismál eru nokkur nýmæli, t.d. ákvæði 55. gr. um vefengingu á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun sem girðir fyrir að eiginmaður eða sambúðarmaður móður geti vefengt faðerni barns, sem getið er við tæknifrjóvgun móðurinnar með sæði frá öðrum manni en eiginmanni eða sambúðarmanni með samþykki hans, nema sýnt sé fram á að barnið sé ekki getið við tæknifrjóvgunina.

VIII. kafli frv. fjallar um dómsmál vegna ágreinings um forsjá barna og er nýr í barnalögum. Ljóst er að dómsmál vegna forsjár barns hljóta um margt að sæta almennri meðferð einkamála en vegna séreðlis þessara mála hljóta þó frávik frá almennum reglum einkamálaréttarfars að verða nokkur eins og áður hefur verið vikið að. Hér er mikið í húfi fyrir barn að sú lausn verði valin sem barninu kemur best og það er hlutverk dómarans að finna þá lausn. Til þess að svo megi verða er ljóst að dómari má ekki vera til hlítar bundinn af málatilbúnaði aðila, kröfugerð, málsástæðum, gagnaöflun og andmælum. Gilda hér önnur sjónarmið en um almenn einkamál, eins og t.d. um fjármálaskipti.

Það má þó vera ljóst að dómari mundi einungis í undantekningartilvikum víkja frá þeirri meginreglu einkamálaréttarfars að aðilar hafi frjálsar hendur til samninga um forsjá barns, þ.e. einungis þegar niðurstaða slíks samnings er að mati dómara andstæð hag og velferð barnsins.

Varðandi öflun sönnunargagna í forsjármáli fyrir dómi þykir rétt að leggja áherslu á að dómari fylgist með öflun þeirra og gæti þess að þeirra gagna verði aflað sem hann telur henta best í hverju máli. Hér á dómari þriggja kosta völ. Hann getur í fyrsta lagi lagt fyrir aðila eða lögmann þeirra að afla skýrslna sérfróðra manna um hagi foreldra og barns og fer þar um samkvæmt ákvæðum réttarfarslaga um dómkvadda matsmenn. Eru hér einkum hafðir í huga sálfræðingar og eftir atvikum félagsráðgjafar. Ef aðilar eru mótfallnir dómkvaðningu sérfræðinga með þessum hætti

getur dómari, hvort heldur er, kallað eftir í öðru lagi sérfræðilegri álitsgerð fagmanns og leysir þá úr því í dómi hvort kostnaður vegna hennar verði greiddur úr ríkissjóði eða í þriðja lagi leitað umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar.

Meiri hluti allshn. leggur til að 2. mgr. 60. gr. um sönnunargögn verði breytt og hljóði svo:

„Dómari getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að aflað verði nánar tilgreindra gagna, svo sem skýrslna sérfróðra manna um foreldra og barn. Um skýrslur samkvæmt þessari málsgrein fer samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1919, um dómkvadda matsmenn."

Í athugasemdum með frv. er tekið fram að um öflun sönnunargagna samkvæmt 2. mgr. 60. gr. fari samkvæmt ákvæðum réttarfarslaga um dómkvadda matsmenn en nefndin telur rétt að þetta komi fram í sjálfu frv., m.a. til að koma í veg fyrir að ákvæðið verði misskilið.

Í nefndinni var rætt um hvort breyta ætti 2. málsl. 61. gr. þannig að efni hans yrði að kynna skuli aðilum þau aðalatriði sem fram hafa komið um afstöðu barns. Að vandlega athuguðu máli var ákveðið að halda málsliðnum óbreyttum enda er ljóst að meginregla ákvæðisins er sú að aðilum skuli kynnt hvað komið hafi fram um afstöðu barns og einungis í undantekningartilvikum yrði heimildinni til að víkja frá þeirri reglu beitt og þá aðeins þegar hagsmunir barns krefjast þess. Hér eins og víðar verður réttur barns að ganga framar rétti foreldris ef um hagsmunaárekstur er að ræða.

Ákvæði IX. kafla frv. um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt frv. eru nýmæli að því er varðar lögskráðar reglur. Flestar þeirra hafa mótast í stjórnsýslunni og er nú fylgt í reynd við meðferð mála samkvæmt barnalögum í dómsmrn. en lögskráning þeirra horfir til festu og öryggis í stjórnsýslunni og er mikilvægt að þær verði lögfestar áður en til aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds kemur þann 1. júlí nk.

Við mótun þessara ákvæða hefur verið höfð hliðsjón af lagaframkvæmd að undanförnu, norrænum stjórnsýslulögum, frv. til slíkra laga sem flutt hafa verið á Alþingi og álitsgerð umboðsmanns Alþingis, sem eru merkar heimildir í þessu efni.

Í 65. gr. eru fyrirmæli um heimildir stjórnvalda til að fjalla um mál sem tengjast öðrum ríkjum og eru þær að mestu hliðstæðar reglum frv. um dómstóla en nokkuð þrengri. Í ljós hefur komið misprentun í 2. mgr. greinarinnar og leggur allshn. því til að orðið „þá" í 2. mgr. verði „þó".

Í 67. gr. segir um leiðbeiningarskyldu sýslumanns og í 68. gr. um sáttahlutverk hans, en sýslumaður leitar ávallt um sættir nema sáttaumleitan sé bersýnilega þýðingarlaus eða aðili sinni ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns.

Í 2. mgr. er undantekning frá meginreglunni en þar segir að hafi sáttaumleitan í forsjár- eða umgengnismálum farið fram í stofnun um fjölskylduráðgjöf sé ekki þörf sáttaumleitana sýslumanns.

Í 70. gr. um rétt aðila til að kynna sér gögn máls er lagt til að lögfest verði sú grundvallarregla að aðilar máls eigi rétt á að kynna sér öll gögn máls sem fyrir stjórnvöldum liggja áður en því er ráðið til lykta með þeim undantekningum þó sem þar greinir. Rétt er að komi fram og rætt var sérstaklega í nefndinni að orðið „vinnuskjöl" í 1. mgr. 70. gr. ber að túlka þröngt. Í 2. mgr. er gerð undantekning frá meginreglu 1. mgr. en þar er gert ráð fyrir að stjórnvöldum sé heimilt að takmarka aðgang aðila að þeim gögnum sem fela í sér upplýsingar um afstöðu barns, t.d. í forsjár- eða umgengnismáli, ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Þetta ákvæði var sérstaklega rætt í allshn. og kom til álita að fella niður orðin „ef hagsmunir barnsins krefjast þess" úr niðurlagi 2. mgr. og hafa þess í stað: „enda byggi stjórnvald ekki niðurstöðu á þeim gögnum". Niðurstaðan varð þó sú að halda málsgreininni óbreyttri enda þykir nauðsyn bera til þess að heimilt sé að ákveða, ef þannig stendur á, að réttur foreldra víki fyrir brýnum hagsmunum barns. Ljóst er þó að stjórnvald ætti að kynna foreldrum niðurstöðu úr t.d. viðtali við barn ef til greina kemur að á því verði byggt þótt aðila sé takmarkaður aðgangur að þeim gögnum er bera afstöðu barnsins með sér, t.d. sálfræðiskýrslu. Rétt er að taka fram að lögmenn aðila eiga ávallt rétt á að kynna sér þau gögn sem aðilunum sjálfum er takmarkaður aðgangur að enda gæti þeir trúnaðar við barnið í hvívetna.

Í 74. gr. er fjallað um stjórnsýslukæru en þar segir að kæra megi úrskurð sýslumanns til dómsmrn. innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans og að kæra fresti ekki réttaráhrifum úrskurðarins nema sýslumaður ákveði annað.

X. kafli frv. er einungis ein grein, 75. gr., sem fjallar um framkvæmd forsjárákvarðana og er nýmæli í barnalöggjöf. Það er dómhelguð regla að unnt sé að framkvæma lögmæta forsjárákvörðun með aðför, þ.e. að forsjáraðili geti fengið atbeina fógeta til að taka barn frá þeim stað sem það dvelst á og afhenda sér. Rétt þykir að lögskrá sérstakar reglur um þetta efni vegna þess hve sérstæð og viðkvæm mál er hér um að ræða.

Í greininni er gert ráð fyrir að unnt sé að beita dagsektum til þess að hafa áhrif á þann sem barn dvelst hjá og neitar að afhenda það réttum forsjáraðila. Búast má við að þessu úrræði yrði að jafnaði beitt áður en til aðfarar kæmi. Fulltrúa barnaverndarnefndar skal boða til að vera viðstadda aðfarargerð og þar er einnig kveðið á um að skipa megi barni talsmann hafi það ekki verið gert áður. Þegar lögreglumenn liðsinna við slíka aðfarargerð þykir rétt að kveða svo á að þeir verði að jafnaði óeinkennisklæddir og gæta ber þess að aðför fari þannig fram að hún verði barni sem minnst þolraun og sálrænt álag sem minnst af framkvæmd hennar.

XI. kafli frv. geymir ákvæði um gildistöku og brottfelld lagaákvæði og er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 1992. Síðasta grein frv., 77. gr., segir til um hvernig fari með afgreiðslu þeirra mála sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum við gildistöku laganna.

Varðandi m.a. forsjármál, sem eru til úrlausnar í dómsmrn., gildir sú regla að aðilum skal bent á að þeir geti leitað úrlausnar dómstóla og að setja megi þeim frest til að taka ákvörðun í því efni.

Hæstv. forseti. Ég gat þess fyrr í ræðu minni að ég mundi í lokin fjalla sérstaklega um tvö atriði þessa frv., þ.e. um sameiginlega forsjá og um tvíþætt úrlausnarkerfi um meðferð mála og vegna ágreinings og forsjár barna og byrja ég á hinu síðarnefnda.

Í allshn. hefur verið rætt ítarlega hvort til greina komi að leggja úrlausn forsjármála alfarið í hendur dómstóla eins og er víða um lönd. Í athugasemdum með frv. kemur einnig fram að sá kostur hefur verið skoðaður rækilega af sifjalaganefnd. Að vandlega athuguðu máli varð niðurstaðan sú að mæla með því að ákvæði frv. að þessu leyti yrði að lögum óbreytt en samkvæmt þeim er lagt til að meginreglan verði sú að dómstóll leysi úr ágreiningi um forsjá en leita megi úrlausnar dómsmrn. ef báðir foreldrar óska eftir því. Samkvæmt 38. gr. núgildandi barnalaga geta foreldrar hvort heldur sem er leitað úrlausnar dómstóla eða ráðuneytisins í forsjármáli en í framkvæmd hafa foreldrar svo til alfarið leitað til ráðuneytisins. Með hliðsjón af því að foreldrar virðast fremur kjósa að fara stjórnvaldsleiðina en hina formföstu dómstólaleið þykir rétt að þeir geti sjálfir valið um hvora leiðina þeir kjósa að fara og er þannig best komið til móts við fólkið í landinu. Í þessu sambandi er einnig vert að minna á að stjórnvaldsleiðin ætti að jafnaði að vera fljótfarnari en dómstólaleiðin sem vissulega er börnunum, sem í hlut eiga, til hagsbóta og einnig er hún aðilunum sjálfum og ríkissjóði mun kostnaðarminni. Ekkert hefur komið fram sem mælir gegn því tvíþætta úrlausnarkerfi sem frv. mælir fyrir um sem er svipað norska kerfinu og löng hefð er fyrir hér á landi. Lögfræðingar dómsmrn., er fara með forsjármál og flestir hafa dómarahæfi, búa yfir mikilli reynslu í meðferð þessara mála og þykir mér í þessu sambandi rétt að rifja það upp sem fram kom í svari hæstv. dómsmrh. við fsp. á Alþingi um forsjárdeilu fyrr á þessu ári en þá kom fram að meira en helmingi þeirra forsjárdeilumála, er ráðuneytinu bárust á síðustu þremur árum, lauk með sáttum. Einnig hefur umboðsmaður Alþingis lýst því yfir að í ráðuneytinu sé vandað til meðferðar þessara mála.

Ég vil í lokin benda á að aðilar forsjármáls er óska kunna eftir úrlausn ráðuneytisins geta ávallt borið úrskurð þess undir dómstóla á grundvelli 60. gr. stjórnarskrárinnar. Dómar Hæstaréttar hin síðari ár benda einnig til að dómstólar mundu telja sér heimilt að meta efnislegar niðurstöður úrskurðar ráðuneytisins. Með vísan til framangreinds telur meiri hluti allshn. rétt að gefa foreldrum sjálfum kost á að velja hvort þeir bera forsjármálin upp við dómstóla eða ráðuneyti eins og ég hef áður sagt.

Þá er komið að einu markverðasta nýmæli þessa frv., þ.e. því að gefa foreldrum kost á að fara áfram sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða sambúðarslit. Heimildin tekur einnig til ógiftra foreldra sem ekki búa saman. Í núgildandi lögum er það grunnregla að forsjá barns skuli vera óskipt í höndum annars foreldris eftir skilnað eða sambúðarslit en réttur og skylda til umgengni hjá hinu. Frv. hróflar ekki við þeirri grunnreglu heldur gefur foreldrum kost á að semja um sameiginlega forsjá barna sinna.

Meiri hluti allshn. leggur áherslu á að grundvöllurinn að sameiginlegri forsjá er samkvæmt frv. samkomulag foreldranna. Samkvæmt því verður sameiginleg forsjá einungis heimiluð að ósk beggja foreldra og það gert að skilyrði að foreldrarnir séu sammála um þau atriði er varða barnið og uppeldi þess. Þegar um sameiginlega forsjá er að ræða fara foreldrar báðir með forsjá barns, lögráðin eru í höndum beggja. Þörf er á samþykki beggja og atbeina til allra meiri háttar ákvarðana er barnið varðar, bæði um persónuhagi og fjármál, og er þess vænst að með því verði foreldraskyldur beggja virkari og tengsl barns við báða foreldra nánari. Ljóst er þó að það foreldri, er barn hefur búsetu hjá, þarf ekki að leita samráðs við hitt um þær ákvarðanir sem taka verður í daglegu lífi barns sem ekki teljast meiri háttar en hefur bæði rétt og skyldur til að taka þær eitt.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að við gerð samnings um sameiginlega forsjá er foreldrum skylt að taka ákvörðun um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Það foreldri, sem barn á lögheimili hjá, hafi réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr höndum hins foreldrisins eða Tryggingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara ef svo býður við að horfa enda sé samkomulag foreldra um öll atriði er varða barnið forsenda sameiginlegrar forsjár eins og áður hefur komið fram. Það foreldri sem barnið á lögheimili hjá hafi einnig réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum. Enn fremur njóti það foreldri þeirra hlunninda sem ríki og sveitarfélög bjóða einstæðum foreldrum, auk þess er að framan greinir. Dvelji barn um tíma hjá því foreldri sem það á ekki lögheimili hjá geti það foreldri notið þessara hlunninda um stundarsakir, t.d. réttinda til dagvista barns. Sýslumenn skulu leiðbeina foreldrum rækilega um skilyrði sameiginlegrar forsjár og réttaráhrif er henni fylgja áður en þeir staðfesta samning foreldra þar að lútandi og enn fremur mun dómsmrn. gefa út leiðbeiningar um sameiginlega forsjá.

Allshn. leggur til að hluti framangreindra ummæla úr athugasemdum komi fram í frv. sjálfu þannig að við 1. mgr. 33. gr. bætist ákvæði þess efnis að í samningi um sameiginlega forsjá skuli greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili. Réttarstaða þess foreldris sem barn á lögheimili hjá þykir best tryggð með því að kveða á um þetta í texta frv. Enn fremur er lagt til að kveðið verði á um að barn skuli að jafnaði hafa búsetu þar sem það á lögheimili og undirstrikar það eðli sameiginlegrar forsjár. Ljóst er að barn sem er í sameiginlegri forsjá foreldra sinna, sem ekki eru samvistum, getur ekki verið bundið af því að hafa fasta bú-

setu hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá. Dvöl barnsins hlýtur að ráðast af samkomulagi foreldra og eftir atvikum í samráði við barnið sjálft.

Af tilefni þeirrar brtt. sem fram hefur komið frá minni hluta allshn. um að ákvæði frv. um sameiginlega forsjá öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1995 enda verði þá búið að setja öfluga fjölskylduráðgjöf á laggirnar, hlýt ég að hafa nokkur orð. Það er vissulega hægt að skilja þau sjónarmið er búa að baki ósk um aukna fjölskylduráðgjöf um allt land og víst er þörf slíkrar þjónustu. Sú þörf er þó miklu mun brýnni til handa þeim foreldrum sem eiga í ágreiningsmálum um börn sín, hvort heldur er um forsjá eða umgengni, en þegar foreldrar eru sammála um að fara sameiginlega með forsjá.

Nefndarmenn telja engan vafa leika á því að sýslumenn séu til þess bærir að sinna þeim skyldum sem á þá eru lagðir í frv., að leiðbeina foreldrum um réttaráhrif samnings um sameiginlega forsjá og að ganga úr skugga um að foreldrar hafi bæði vilja og getu til sameiginlegrar forsjár áður en þeir staðfesta samning foreldra þar að lútandi en eins og áður hefur komið fram er staðfesting sýslumanns skilyrði fyrir gildi samnings um forsjá.

Varðandi fjölskylduráðgjöfina vil ég enn fremur benda á að það orðalag í nál. minni hlutans að þá „verði öflug fjölskylduráðgjöf komin á laggirnar sem allir landsmenn eiga aðgang að", er ekki svo skýrt sem skyldi. Hér kemur t.d. ekki fram hver skuli standa að þessari ráðgjöf, hvort það sé ríki, sveitarfélög eða annar aðili, og ekki á hvaða stöðum hún skuli starfrækt. Þess ber einnig að geta að í núgildandi lögum er kveðið á um fjölskylduráðgjöf, t.d. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem samþykkt voru 19. mars 1991, og í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, þar sem segir m.a. í 19. gr. laganna að „á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita félagsráðgjöf, þar með talda fjölskyldu- og foreldraráðgjöf."

Hér má einnig minna á frv. til nýrra laga um vernd barna og ungmenn sem áður hefur verið vikið að en þar eru m.a. ákvæði um fjölskylduráðgjöf. Er því ljóst að ekki skortir lagaheimildir til að veita vandaða fjölskylduráðgjöf en þó mun víða skorta á um framkvæmd laga um þetta efni. Ég hlýt þó að minna á að í reynd er veitt fjölskylduráðgjöf á nokkrum félagsmálastofnunum á landinu og að fjölskyldaþjónusta kirkjunnar hóf á síðasta ári fjölskylduráðgjöf en við þá stofnun starfar prestur með sérmenntun á þessu sviði, sálfræðingur og félagsráðgjafi. Þá er starfandi fjöldi sérfræðinga er veitir fjölskylduráðgjöf gegn greiðslu, t.d. sálfræðingar, geðlæknar og félagsráðgjafar.

Af tilefni þeirra orða í nál. minni hluta allshn. að ekki hafi verið girt fyrir að hægt sé að fella niður meðlag með samkomulagi milli foreldra og að það sé ámælisvert verð ég að segja að ekki er alveg skýrt hvað hér er átt við. Það er alveg ljóst að frv. hefur engar slíkar heimildir að geyma og vil ég í því sambandi benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 112/1952 frá 23. júní 1954, en þar kemur skýrt fram að börn eiga sjálf rétt til meðlags og að foreldri sé óheimilt að afsala rétti barnsins til meðlagsins.

Hitt er jafnljóst að foreldri sem hefur í höndum úrskurð eða staðfestan samning um meðlagsgreiðslur með barni verður hvorki skyldað til að taka við meðlagsgreiðslum á grundvelli hans og Tryggingastofnunar ríkisins eða innheimta greiðslur með lögtaki. Þar hlýtur vilji foreldris að ráða.

Í lok ræðu minnar vil ég leggja áherslu á það álit meiri hluta allshn. að sameiginlegri forsjá er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að verða börnum til velfarnaðar og styrkja tengsl þeirra við báða foreldra sína. Það er einnig trú okkar að með þessu réttarúrræði megi fækka forsjárdeilumálum og víst er að áhugi foreldra fyrir því að sameiginleg forsjá verði lögheimiluð er mikill enda hlýtur það að verða hverju foreldri, sem á í skilnaðarmáli, þung raun að afsala sér forsjá barna sinna. Getur hver og einn litið í eigin barm í þessu sambandi. Að auki er það mat margra lögfræðinga að bann við sameiginlegri forsjá í lögum kunni að vera andstætt 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og munu t.d. hafa gengið dómar í hæstarétti Hollands þess efnis. Mál af þessu tagi mun þó ekki hafa verið borið upp við Mannréttindadómstól Evrópu enn sem komið er en ekki er ólíklegt að til þess komi á næstunni. Hvort sem slíkt bann verður talið brot gegn 8. gr. eða ekki er þó alveg ljóst að með því að lögleiða heimild til sameiginlegrar forsjár fellur íslensk löggjöf betur að Mannréttindasáttmála Evrópu og að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna en núgildandi lög gera.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir áliti meiri hluta allshn. varðandi frv. til nýrra barnalaga. Þar sem hér er um mjög mikilvægar réttarbætur að ræða, einkum hvað varðar hagsmuni barna, þá er það von mín að mál þetta fái góðar móttökur og verði afgreitt sem lög frá hinu háa Alþingi svo fljótt sem verða má.

Frsm. minni hluta allshn. (Ragnhildur Eggertsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til barnalaga, þskj. 770, og nál. um sama frv., þskj. 771, frá minni hluta allshn.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp nál.:

„Minni hluti allsherjarnefndar styður barnalagafrumvarpið í meginatriðum. Þar er í flestum atriðum gengið út frá hagsmunum barnsins sem er vitanlega tilgangur frumvarpsins.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki tímabært að taka upp sameiginlega forsjá eins og heimild er veitt til í 3. mgr. 32. gr." — með leyfi forseta, sem hljóðar svo: „Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eftir skilnað eða sambúðarslit, eða í höndum annars hvors." — „og 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins" — með leyfi forseta: „Foreldrar, sem ekki fara með sameiginlega forsjá barns síns, geta samið um að forsjáin verði sameiginleg." — „á meðan ekki er boðið upp á fullnægjandi fjölskylduráðgjöf hér á landi. Því flytur minni hluti allsherjarnefndar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Samkvæmt breytingartillögunum taka þau ákvæði laganna, er varða sameiginlega forsjá, ekki

gildi fyrr en að þremur árum liðnum. Þá verði öflug fjölskylduráðgjöf komin á laggirnar sem allir landsmenn eiga aðgang að. Með frestun á gildistöku ákvæðanna um sameiginlega forsjá er þannig gefið ráðrúm til þess að efla fjölskylduráðgjöf áður en ákvæðin taka gildi. Telur minni hluti nefndarinnar það verða til þess að ýta frekar á að fjölskylduráðgjöf verði efld og aukin en ef ákvæðin tækju umsvifalaust gildi.

Engin teikn virðast vera á lofti um að efla eigi fjölskylduráðgjöf í kjölfar þessa frumvarps en þörf á slíkri ráðgjöf er afar brýn. Sameiginleg forsjá foreldra krefst náins samstarfs þeirra og því er mikilvægt fyrir foreldra og börn að kostur sé á vandaðri ráðgjöf áður en slík ákvörðun er tekin. Því miður er slík ráðgjöf ekki í boði enn þá hér á landi nema í mjög takmörkuðum mæli. Helst hefur verið bent á félagsmálastofnanir og fjölskylduráðgjöf kirkjunnar í því sambandi, svo og presta um land allt. Fjölskyldaþjónusta kirkjunnar er nýstofnuð og annar ekki eftirspurn. Ekki er víst að allir prestar séu reiðubúnir til að taka við því vandasama hlutverki sem slík ráðgjöf er. Og ekki má gleyma því að hér á landi ríkir trúfrelsi þannig að margir munu ekki kæra sig um að nýta þá þjónustu. Félagsmálastofnanir eru aðeins starfræktar í stærstu sveitarfélögunum. Þær þarf að efla mjög ef þær eiga að geta sinnt því viðbótarhlutverki sem lagt er á þær með þessu frumvarpi. Þá er þeirri spurningu ósvarað hvert vísa á fólki í smærri sveitarfélögum sem ekki kærir sig um að leita til presta um ráðgjöf vegna forsjármála.

Flestir umsagnaraðilar frumvarpsins mæla með sameiginlegri forsjá. Nánast allir benda þó á að nauðsynlegt er að koma á fjölskylduráðgjöf samhliða því að þessi nýbreytni verði tekin upp. Ætla má því að ýmsir þeirra sem styðja sameiginlega forsjá séu því sammála að ótímabært sé að stíga þetta skref nú.

Í umsögn Barnaheilla segir m.a. að samtökin leggi „. . . þunga áherslu á að samhliða nýjum lögum verði gerðar ráðstafanir til að efla fjölskylduráðgjöf hér á landi."

Í umsögn fulltrúaráðs Foreldrasamtakanna segir m.a.: „Skortur á fjölskylduráðgjöf er alvarleg brotalöm í kerfinu sem þarfnast úrlausnar hið fyrsta."

Í umsögn Félagsmálastofnunar Reykjavíkur segir m.a. svo um sameiginlega forsjá: „Ýmislegt í rökum með þessum breytingum höfðar frekar til hagsmuna foreldra en barna. Samræming við norræna löggjöf telst tæpast haldbær rök þar sem ekki er um hliðstæða þjónustu að ræða hér og á það fyrst og fremst við um sára vöntun á fjölskylduráðgjöf hér á landi."

Í umsögn Dómarafélags Íslands segir m.a. um 33. gr. frumvarpsins: „Stjórnin vill ekki mæla gegn nýskipan um sameiginlega forsjá foreldra við skilnað og sambúðarslit. Hún óttast hins vegar að sú skipan sé aðeins frestun á erfiðri ákvörðun og muni skapa fleiri vandamál síðar en hún leysir."

Fleiri umsagnaraðilar lýsa efasemdum um framkvæmd sameiginlegrar forsjár þótt þeir styðji þá meginhugsun sem í henni felst.

Það er enn fremur veikleiki á sameiginlegri forsjá samkvæmt þessu frumvarpi að sífellt er hægt að endurskoða ákvörðun um sameiginlega forsjá. Þótt þetta ákvæði sé nauðsynlegur varnagli getur það haft í för með sér umtalsvert rask á högum barns/barna foreldra sem hafa ákveðið sameiginlega forsjá. Þau geta hvenær sem er samið um breytingu á forsjá og hlýtur það að skapa mikið óöryggi í lífi barnsins. Í umsögn Fóstrufélags Íslands segir: „Stjórn Fóstrufélags Íslands hefur efasemdir um að sameiginleg forsjá sé alltaf í þágu barna og telur að sameiginleg forsjá geti veikt þann stöðugleika sem börnum er nauðsynlegur."

Margt er varðar sameiginlega forsjá hefur færst til betri vegar með þessu frumvarpi frá þeim hugmyndum sem fyrst voru uppi í þeim efnum. Þar vegur þyngst að nú er kveðið skýrt á um að barn skuli eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu þótt um sameiginlega forsjá sé að ræða og það foreldri, sem barnið býr hjá, njóti réttarstöðu einstæðs foreldris. Ekki hefur verið girt fyrir að hægt sé að fella niður meðlag með samkomulagi milli foreldra og er það ámælisvert.

Varðandi dagsektir í 38. gr. frumvarpsins telur minni hluti nefndarinnar þau ákvæði geta verið varhugaverð. Umgengni barns við foreldri sem er þvinguð fram með dagsektum getur aldrei verið til góðs fyrir barn. Er því lagt til að greinin verði felld brott."

Eins og segir í nál. styður minni hlutinn frv. í meginatriðum þar sem í því er reynt að gæta hagsmuna barns eins og kostur er, en það er auðvitað tilgangur frv. Hvað varðar sameiginlega forsjá teljum við það atriði mjög þýðingarmikið en vandmeðfarið og að hagsmunir barnsins í svo þýðingarmiklu máli varðandi líf þess, verði að vera foreldrum að leiðarljósi. Þess vegna álítum við að fjölskylduráðgjöf sem raunverulegur valkostur og aðgengileg öllum foreldrum, hvar sem þeir búa á landinu, verði að vera til boða áður en 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. öðlast gildi og viljum við því fresta gildistöku laga um sameiginlega forsjá til 1. júlí 1995 til þess að tími gefist til að koma á laggirnar öflugri fjölskylduráðgjöf sem auðvitað er grunnurinn að því að sameiginleg forsjá takist vel til.

Eins og segir í nál. er það þannig að í dag geta foreldrar fengið foreldrafræðslu og fjölskylduráðgjöf hjá fjölskyldaþjónustu kirkjunnar sem hefur aðsetur í Reykjavík og hjá félagsmálastofnunum úti um land þar sem þær eru starfræktar. Síðan geta foreldrar fengið ráðgjöf hjá einkaaðilum sem starfrækja slíka þjónustu.

Hjá fjölskyldaþjónustu kirkjunnar er mánaðar biðlisti nú þegar auk þess sem sú þjónusta nýtist auðvitað ekki fólki sem ekki vill snúa sér til kirkjunnar né heldur nýtist sú þjónusta jafnt því fólki sem býr úti á landi og því sem býr á Reykjavíkursvæðinu. Félagsmálastofnanir sem veita eiga þessa þjónustu eru ekki starfræktar alls staðar um landið og nýtast því ekki öllum.

Þá er eftir að nefna ráðgjöf einkaaðila en slík þjónusta er heldur ekki starfrækt út um allt land auk þess sem hún er alls ekki við hæfi allra þar sem fyrir hana þarf að borga og langt er frá því að allir foreldrar hafi efni á því.

Í dag er mikið fjallað um vandamál barna og unglinga. Það leiðir hugann að því hvernig búið er að

barnafjölskyldum hér á landi, hvort þar sé e.t.v. að finna orsökina að vandamálum barna og unglinga, a.m.k. að einhverju leyti. Því er því miður þannig varið að fjölskyldunni gefst allt of lítill tími til samvista sem leiðir til þess að samband foreldra og barna verður oft ekki sem skyldi og foreldrar hafa þess vegna ekki þau áhrif á uppeldi barna sinna sem æskilegt er.

Annað og ekki veigaminna atriði er líka hvernig foreldrar nýta þann tíma sem þeir hafa með börnum sínum því vissulega eru foreldrar misjafnlega í stakk búnir til að sinna börnum sínum og hafa oft á tíðum ekki notið neinnar foreldrafræðslu að heitið getur. Foreldraábyrgð er mikil og til að sinna henni þurfa foreldrar stuðning og fræðslu.

Í fyrrahaust, á 113. löggjafarþingi, lagði Kvennalistinn fram till. til þál. um foreldrafræðslu sem hafði að markmiði að gefa foreldrum kost á að fræðast um ýmis atriði er snerta foreldrahlutverkið og mikilvægi þess. Þar er mælst til þess að vinnuhópur komi með tillögur um foreldrafræðslu í skólum landsins, á heilsugæslustöðvum og í fjölmiðlum. Við kvennalistakonur teljum foreldra- og fjölskyldufræðslu afar mikilvæga og nauðsynlegan grundvöll fyrir að sameiginleg forsjá geti orðið barninu til góðs og teljum það þess vegna ábyrgðarhlut að ætla að lögfesta lög um sameiginlega forsjá á meðan ekki fer fram markviss foreldrafræðsla eða foreldrar hafa ekki greiðan aðgang að foreldrafræðslu, fjölskyldufræðslu áður en þeir taka svo ábyrgðarmikla ákvörðun.

Ég ætla að fá að lesa 38. gr., þar sem fjallað er um dagsektir, með leyfi forseta:

„Nú tálmar foreldri, sem hefur forsjá barns, hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið, er úrskurðaður hefur verið, og getur sýslumaður þá að kröfu þess skyldað þann, sem með forsjá barnsins fer, til að láta af tálmunum, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 kr. Dagsektir verða eigi lagðar á fyrr en að liðnum málskotsfresti þeim er greinir í 74. gr. eða fyrr en úrskurður ráðuneytisins um umgengni er genginn, ef máli hefur verið skotið þangað. Dagsektir skal ákveða með úrskurði, en gefa skal þeim sem með forsjá barnsins fer kost á að tala máli sínu áður en hann er kveðinn upp. Dagsektir skulu ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar, þar til látið er af tálmunum. Dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum. Dagsektir má innheimta með fjárnámi samkvæmt kröfu þess, sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð. Hámarksfjárhæð dagsekta samkvæmt framansögðu skal taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu, sem í gildi verður 1. júlí 1992. Öðrum lagaúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti."

Þetta teljum við kvennalistakonur ákaflega hæpið. Við teljum það vægast sagt hæpið að umgengni með þessum hætti geti nýst barninu og vísum aftur til nauðsynjar þess að foreldraráðgjöf verði komið á sem fyrst og ætti þá ekki að koma til að foreldri sem hefur forsjá barns tálmi hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þskj. 773 ritaði ég undir álit meiri hluta hv. allshn. á frv. til barnalaga með fyrirvara. Komst ég að þeirri niðurstöðu eftir hinar ítarlegu og málefnalegu yfirferð yfir málið í nefndinni að við 2. umr. mundi ég láta í ljós efasemdir mínar um þau ákvæði frv. er lúta að úrlausn ágreinings vegna forsjár barns.

Áður en ég lýsi skoðun minni á þessum þætti frv. vil ég fara fáeinum orðum um tvo aðra meginþætti þess. Þar vísa ég annars vegar til ákvæðanna um sameiginlega forsjá og hins vegar til þeirra ákvæða sem mæla fyrir um undantekningu frá almennum reglum við málsmeðferð fyrir dómstólum og stjórnvaldi.

Ljóst er að í málaflokkum eins og þeim sem hér er til umræðu breytast áherslur sérfræðinga í tímans rás. Má jafnvel tala um tískustefnur í því efni. Nú virðast þeir almennt hafa komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að lögfesta heimild fyrir foreldra til að semja um sameiginlega forsjá við skilnað. Er sú meginstefna mótuð í þessu frv. Styðst hún við þróun í nágrannaríkjum og er jafnframt talin eiga stoð í Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins eins og kom fram í máli hv. formanns allshn. í ítarlegri greinargerð hennar fyrir frv. og meirihlutaáliti nefndarinnar.

Í umsögnum sem allshn. bárust koma víða fram efasemdir um réttmæti þess að lögfesta heimild til að semja um sameiginlega forsjá án þess að beinlínis sé lagst gegn því að það sé gert. Má t.d. vitna til þess sem segir í umsögn Dómarafélags Íslands en þar stendur, með leyfi forseta: „Stjórnin vill ekki mæla gegn nýskipan um sameiginlega forsjá foreldra við skilnað og sambúðarslit. Hún óttast hins vegar að sú skipan sé aðeins frestun á erfiðri ákvörðun og muni skapa fleiri vandamál síðar en hún leysir." Varnaðarorð af þessu tagi er ekki unnt að sniðganga. E.t.v. má orða þetta svo að með því að hafa heimild til að semja um sameiginlega forsjá barnsins geti foreldrar skotið á frest við skilnað þeim ákvörðunum sem oft valda mestum sársauka. Spurning vaknar um það hvort ákvæðið taki frekar mið af hagsmunum foreldra eða barns. Í frv. eru litlar leiðbeiningar um það hvað felast skuli í samningi um sameiginlega forsjá. Allshn. gerir brtt. sem miðar að slíkum leiðbeiningum þar sem lagt er til að í samningnum verið tekið fram hvar barn eigi lögheimili, jafnframt er sleginn sá varnagli að föst búseta þurfi ekki að fylgja lögheimilinu samkvæmt samningnum enda kynni það að brjóta í bága við ákvæði hans um umgengnisrétt.

Í áliti minni hluta allshn. kemur fram að hann telur ekki tímabært að taka upp sameiginlega forsjá „á meðan ekki er boðið upp á fullnægjandi fjölskylduráðgjöf hér á landi" eins og segir í álitinu. Þessi skoðun er í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma hjá ýmsum umsagnaraðilum. Þrátt fyrir ítarlegar umræður í nefndinni um nauðsyn og gildi fjölskylduráðgjafar sannfærðist ég ekki um að um órjúfanleg tengsl væri að ræða á milli hennar og sameiginlegrar forsjár og treysti mér því fyllilega til að mæla með heimild til samninga um sameiginlega forsjá án þess að krefjast

jafnhliða stóraukinna opinberra útgjalda vegna fjölskylduráðgjafar. Séu ákvæðin um sameiginlega forsjá til hagsbóta fyrir foreldra eru undantekningarnar sem gerðar eru í 61. og 70. gr. frv. tvímælalaust til hagsbóta fyrir börn. Í 61. gr. er fjallað um meðferð sönnunargagna í dómsmálum vegna ágreinings um forsjá barna. Þar segir m.a. að kynna skuli aðilum hvað fram hafi komið um afstöðu barns áður en mál er flutt nema slíkt þyki varhugavert vegna hagsmuna barnsins. Það er síðasta atriðið sem veldur ágreiningi þar sem mælt er fyrir um að dómara sé ekki skylt að skýra málsaðilum frá því sem barn hefur sagt áður en mál er flutt ef það þykir varhugavert vegna hagsmuna barnsins. Dómarafélagið hefur lagt til að þessu ákvæði verði breytt á þann veg að tilvísun til hagsmuna barnsins verði felld úr gildi en dómara gert skylt að kynna aðilum þau aðalatriði sem fram hafi komið.

Í 70. gr. er fjallað um rétt aðila til að kynna sér gögn máls þegar mál samkvæmt frv. eru til meðferðar og úrlausnar stjórnvalda. Í greininni segir að stjórnvaldi sé heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum sem veita upplýsingar um afstöðu barns ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Dómarafélagið vill að aftan við greinina bætist ákvæði þess efnis að stjórnvald megi ekki byggja niðurstöðu sína á þeim gögnum sem leynd hvílir yfir vegna hagsmuna barnsins.

Rökin fyrir því að halda þessum ákvæðum óbreyttum í frv. byggast á tilliti til hagsmuna barnsins. Barnið kann að segja eitthvað sem gæti orðið ákaflega afdrifaríkt fyrir það ef bærist til annars foreldris eða beggja. Með þessum ákvæðum er vikið frá því sem á að vera grundvallarregla í íslenskum rétti að aðilar máls hafi rétt til að kynna sér allar ástæður sem liggja til þess að dómari eða stjórnvald komist að niðurstöðu í máli.

Er ég þá kominn að því atriði í frv. sem veldur því að ég hef fyrirvara á undirritun minni undir nefndarálitið. Er þetta ákvæði að finna í 1. mgr. 34. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómstóll úr ágreiningsmálinu. Dómsmrn. getur skorið úr ágreiningi um forsjá, séu aðilar sammála um að fela ráðuneytinu úrskurðarvald."

Það er þessi síðari setning sem ég las, um að dómsmrn. geti skorið úr ágreiningi um forsjá séu aðilar sammála um að fela ráðuneytinu úrskurðarvald, sem ég tel að sé hæpin og hefði í raun og veru átt að fella niður úr frv. þótt ég geri ekki brtt. þar að lútandi enda kemur fram í greinargerð um þessa málsgrein á bls. 41 í frv., með leyfi forseta, þar sem segir:

„Miklar athuganir hafa farið fram á því hjá sifjalaganefnd, hverjir ættu að leysa úr ágreiningi í forsjármálum. Til greina kom að leggja úrlausn þessara mála gagngert í hendur dómstóla, svo sem er víða um lönd, og er sennilegt að sú verði þróun þessara mála síðar meir hér á landi. Slík tilhögun hefði falið í sér mikið álag fyrir dómstóla. Er þess m.a. að gæta að vitaskuld er ekki við reynslu að styðjast hjá íslenskum dómstólum um meðferð þessara mála. Einnig hefur reynslan leitt í ljós að aðilar hafa til þessa fremur kosið að leita úrlausnar ráðuneytis en fara hina formfastari dómstólaleið til lausnar þessara viðkvæmu mála. Rök þykja standa til þess að hafa hér að svo stöddu tvíþætt úrlausnarkerfi og veita aðilum færi á að leggja mál fyrir stjórnvald ef þeir óska eftir því, en ella fjalli dómstóll um ágreiningsmálið."

Hér er sem sagt vikið að því í greinargerð um þessa 1. mgr. 34. gr. að í raun og veru sé um bráðabirgðaákvæði að ræða, að svo stöddu skuli þetta tvíþætta úrlausnarkerfi vera við lýði en gefið til kynna að vilji standi til að fella aðra leiðina úr gildi og er það þá dómsmrn. sem mundi hætta að hafa afskipti af þessum málum.

Ég tel að það hefði verið í samræmi við þá meginstefnu sem mótuð hefur verið með svokölluðum aðskilnaðarlögum, þ.e. þeim lögum sem miða að því að greina á milli dómsvalds og framkvæmdarvaldsins, að fara í þessu frv. aðeins dómstólaleiðina og sleppa því að heimila framkvæmdarvaldinu afskipti af málum sem þessum.

Fyrr á þessu þingi flutti hæstv. dómsmrh. frv. til laga til breytingar á þinglýsingalögum og fólst breytingin í því að afnema slíka tvíþætta úrlausnarleið í þinglýsingarmálum. Samkvæmt lögum frá 1989 átti þinglýsingarbeiðandi tveggja kosta völ ef hann vildi ekki sætta sig við úrlausn þinglýsingastjóra. Hann gat annars vegar kært úrlausnina til dómsmrn. og hins vegar farið með málið fyrir dómstól. Í frv. sem hæstv. dómsmrh. flutti í haust og er nú orðið að lögum var hins vegar stefnt að því að einfalda reglur um málskot í þinglýsingarmálum og hafa reglurnar þannig að það yrðu einungis dómstólar sem um þau mál gætu fjallað. Ég tel einnig að í þessu máli, sem hér er um að ræða, þ.e. forsjármálum, hefði betur verið farin sú leið að einskorða sig við dómstólaleiðina og sleppa alfarið að unnt væri að vísa þessu máli til meðferðar í dómsmrn. Einnig er við það að athuga, úr því að sú leið er farin að unnt er að vísa málum til stjórnsýsluaðila, hvort ekki hefði verið skynsamlegra að heimila að vísa því til sýslumanna til úrlausnar heldur en til dómsmrn. þannig að þeir sem í þessum málum standa hefðu þá haft málskotsrétt til dómsmrn. ef þeir sættu sig ekki við meðferð sýslumanns á málinu.

En þetta er, hæstv. forseti, mín höfuðathugasemd við þetta frv. og á þessum forsendum ritaði ég undir álit meiri hluta allshn. með fyrirvara því ég taldi að það hefði verið skynsamlegra að fara þá leið að hafa úrlausn forsjármála einvörðungu í höndum dómstóla en ekki dómsmrn.

En eins og ég sagði áður þá geri ég ekki brtt. við þetta á þeirri forsendu að í greinargerð með frv. sjálfu kemur fram að það er litið á dómsmálaráðuneytisleiðina sem tímabundna leið þangað til dómstólaleiðin verði alfarið farin hér á landi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka að þetta mál hefur fengið rækilega meðferð að því er virðist. Þetta er stórt mál sem hér er á ferðinni og snertir mjög stóran hluta þjóðarinnar sem á tiltölulega fáa talsmenn

á Alþingi. Þess vegna er það mikilvægt og fagnaðarefni að Alþingi skuli gefa sér góðan tíma til að fara yfir mál af þessu tagi. En þetta mál hefur með ýmsum hætti af og til verið til meðferðar í þessari virðulegu stofnun undanfarinn áratug, allt frá árinu 1976–1977, ýmist með afgreiðslu á lögum eða framlagningu á frv. og brtt. við gildandi lög.

Ég tel ástæðu til að fagna því en vil hins vegar koma á framfæri af minni hálfu tveimur athugasemdum við málið í heild um leið og ég lýsi því yfir að ég styð málið almennt séð en hef þessar tvær athugasemdir að gera.

Það fyrsta sem ég vil nefna lýtur að þeirri staðreynd að þegar frv. til barnalaga árið 1981 var samið þá benti sifjalaganefnd á nauðsyn á því að athugað yrði hvort stofna ætti embætti sérstaks umboðsmanns barna. Þessi nefnd setti fram hugmyndir sínar um slíkan umboðsmann í fylgiskjali með frv., á árinu 1981, eins og frv. var lagt fram af þáv. hæstv. dómsmrh., Friðjóni Þórðarsyni. Nefndin var þá þeirrar skoðunar að hentugast væri að setja sérlög um umboðsmanninn og það þyrfti að gæta þar vel tengsla við barnaverndarlög og barnalög og þau úrræði til verndar börnum er felast í þeim lögum. Nokkrum árum eftir að frv. til barnalaga var samþykkt var komið á fót embætti umboðsmanns Alþingis sem er auðvitað einnig mikil réttarbót að því er varðar rétt barna. En á síðustu þingum hafa verið flutt frv. til laga um umboðsmann barna af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem 1. flm. og forustumanni þess máls, leyfi ég mér að segja. Þar er með öðrum orðum gert ráð fyrir sérlögum um þetta efni og það er skoðun sifjalaganefndar, og kemur reyndar fram í greingargerð þess frv. sem við erum að fjalla um, að fari best á því að skipa því máli með sérlögum. Og sifjalaganefnd segir í greinargerð sem birtist í þessu frv. á bls. 17 að hún hafi ekki fjallað um málið um umboðsmann barna af því að það var búið að flytja það á Alþingi með öðrum hætti, en tekur í rauninni eindregið efnislega undir nauðsyn þess að sett verði lög um umboðsmann barna. Og vegna hvers geri ég þessa athugasemd á þessum stað, virðulegur forseti? Jú, af þeirri ástæðu að ég tel að það sé mjög æskilegt að þar sem um frv. um umboðsmann barna hefur verið fjallað á mörgum þingum þá verði það mál tekið til meðferðar og afgreiðslu á þessu þingi líka, málið sem lýtur að umboðsmanni barna. Og ég vil leggja á það áherslu fyrir hönd þingflokks Alþb. að við gerum það að verulega þungu áherslumáli nú á vordögum þessa þings, hvenær svo sem því lýkur, að frv. um umboðsmann barna verði að lögum á þessu þingi um leið og Alþingi afgreiðir ný barnalög.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta haldist í hendur. Og ég vil spyrja hv. formann allshn. að því hvernig staðan er í þessu máli að því er varðar umboðsmann barna í hv. allshn. og hvort þess sé ekki að vænta að það mál verði afgreitt hið fyrsta út úr þeirri nefnd þannig að hið háa Alþingi geti tekið afstöðu til þess mjög um svipað leyti og þetta mál verður til meðferðar.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að niðurstöður í þessu máli fáist núna hið allra fyrsta og á þessu vori og vildi koma því sjónarmiði sérstaklega á framfæri. Ég bendi á að frv. um embætti umboðsmanns barna hefur verið flutt hér á Alþingi aftur og aftur. Það var fyrst flutt á 109. löggjafarþingi og voru flm. þá Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson. Það var endurflutt á 110. löggjafarþingi og þá voru flm. Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson. Síðan er þetta frv. nú flutt í þriðja sinn, að vísu nokkuð breytt frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir með hliðsjón af þeim breytingarábendingum sem fram hafa komið frá ýmsum aðilum en það er rétt að benda á, og því las ég upp þessi nöfn, að í rauninni eru flm. þessa frv. um umboðsmann barna bæði nú og áður þingmenn sem nú eru í öllum þeim flokkum sem fulltrúa eiga hér á Alþingi Íslendinga þannig að ég trúi því ekki að um málið sé nokkur ágreiningur. Fjárhagsleg útgjöld í þessu efni eru smámunir samkvæmt umsögn fjmrh. sem birtist sem fylgiskjal með frv. um umboðsmann barna eins og það hefur verið lagt fram á þessu þingi. Þetta vildi ég nefna í fyrsta lagi og segja það jafnframt í tengslum við það að ég teldi auðvitað mjög mikilvægt og í raun og veru væri það glæsileg niðurstaða að mörgu leyti ef það tækist allt í senn að afgreiða ný barnalög, lög um umboðsmann barna og ný lög um vernd barna og ungmenna á sama tíma þinginu.

Frv. til laga um vernd barna og ungmenna var flutt á síðasta þingi og af þáv. ríkisstjórn. Það var fjallað um það í menntmn. efri deildar. Hún gerði nokkrar brtt. við málið. Það varð ekki útrætt en um það náðist algert samkomulag. Og í því samkomulagsformi hefur það nú verið endurflutt af hæstv. ríkisstjórn og það bendir því allt til þess að um það eigi einnig að geta náðst samkomulag á þessu þingi. Þess vegna tel ég að það væri myndarleg niðurstaða á þessu þingi ef öll þessi þrjú mál næðu lendingu. Bæði þau mál sem hér eru flutt af hæstv. ríkisstjórn og eins það mál sem hér er flutt um umboðsmann barna af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur o.fl.

Ég vil skjóta því hér inn, virðulegur forseti, í sambandi við frv. um vernd barna og ungmenna að ég heyri það mér til mikillar furðu að það mál hefur verið sent til félmn. Ég var ekki hér í þinginu síðustu daga og kann ekki rökin fyrir því. Það kunna að vera einhver rök fyrir því en um vernd barna og ungmenna hefur alltaf verið fjallað í menntmn. af því að málið heyrir undir menntmrh. Þó svo að í því frv. sé gert ráð fyrir að flytja málið til félmrh., það er allt annað mál. Það eru mýmörg dæmi um að frv. hafi verið flutt um að flytja málaflokka á milli ráðuneyta en þá hafa málin alltaf byrjað í þeirri fagnefnd sem tilheyrir viðkomandi ráðuneyti eða sem fjallar um viðkomandi ráðuneyti. Það átti t.d. við um lög um mannanöfn sem sett voru á síðasta þingi þar sem frv. var flutt af menntmrh. og lagt til að málið yrði flutt til dómsmrn. Þá var því að sjálfsögðu ekki vísað til allshn. heldur til menntmn. Nú heyri ég mér til furðu að þessi hefð hefur verið brotin af einhverjum ástæðum, vafalaust efnisleg-

um ástæðum, það er fróðlegt til umhugsunar, og frv. vísað til félmn. Satt að segja kann ég ekki að meta það vegna þess að ég er íhaldssamur eins og hv. þm. vita sem hér hafa verið jafnlengi og ég. Ég vil ekki breyta venjum nema rök séu fyrir því.

Einnig hefur hv. 9. þm. Reykn. rætt talsvert um mikilvægt mál sem fjallar um svokallaða sameiginlega forsjá. Ég segi alveg eins og er að ég tel að menn þurfi aðeins að staldra við í þeim efnum. Mér finnst það ekki liggja alveg á borðinu að ákveða eigi að opnað verði fyrir sameiginlega forsjá nema því fylgi vönduð fjölskylduráðgjöf. Það eru engar tillögur uppi um vandaða fjölskylduráðgjöf. Ég held að þau sjónarmið sem liggja að baki hugmyndinni um sameiginlega forsjá taki ekki síður mið af hagsmunum foreldra en barnsins. Það er erfitt fyrir barn að standa frammi fyrir sameiginlegri forsjá þegar annað foreldrið á heima á Kópaskeri en hitt á Eyrarbakka. Það er erfitt fyrir barn að standa frammi fyrir sameiginlegri forsjá ef annað foreldrið á heima í Breiðholti í Reykjavík en hitt vestur í bæ. Þetta er miklu flóknara og viðkvæmara mál en menn ímynda sér í fljótu bragði. Ég segi alveg eins og er að ég á mjög erfitt með að sjá að þetta leysi vanda. Hvaða vanda á að leysa í raun og veru? Jú, þegar foreldrarnir geta ekki komið sér saman um að annað þeirra hafi forsjá barnsins geti þau komið sér saman um að hætta að deila með því að bæði hafi forsjána, sem getur auðvitað orðið hvorugt þegar fram í sækir. Þó það geti hentað vel að forsjáin verði sameiginleg á þeirri stundu þegar skilnaður á sér stað og það geti gengið vel í byrjun getur það orðið erfiðara og flóknara síðar. Ég er því ansi hræddur um að þarna eigi menn að ganga býsna varlega um og ekki að slá því algerlega föstu að sameiginleg forsjá sé lausn á nokkrum vanda. Ég satt að segja óttast að hún sé flóknari fyrir barnið en sú staða sem er núna.

Ég hef heyrt það einhvers staðar sagt að þetta styðjist við einhver rök frá útlöndum, þetta sé svona í útlöndum. Með fullri virðingu fyrir útlöndum verð ég nú að segja að mér er alveg sama um það. Það eru engin rök fyrir því að við þurfum að vera alveg eins og aðrir. Enda væri ég nú ekki í þeim góða flokki sem ég er í ef ég vildi endilega vera eins og allir aðrir. (Gripið fram í.) Framsfl. var að kalla fram í en því miður heyrði ég ekki það sem hann sagði. Hann verður að neyta réttar síns til andsvars á eftir.

Virðulegi forseti. Ég held að í rauninni vanti rök fyrir slíkri sameiginlegri forsjá. Ég sé að umsagnaraðilar sem hv. minni hluti allshn. vitnar til eru flestir hlynntir sameiginlegri forsjá en í umsögn Barnaheilla segir t.d. að enda verði gerðar ráðstafanir til að efla fjölskylduráðgjöf hér á landi.

Í umsögn fulltrúaráðs Foreldrasamtakanna segir m.a.: „Skortur á fjölskylduráðgjöf er alvarleg brotalöm í kerfinu sem þarfnast úrlausnar hið fyrsta."

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sem hefur mjög mikla reynslu í að fjalla um mál af þessu tagi segir: „Ýmislegt í rökum með þessum breytingum höfðar frekar til hagsmuna foreldra en barna."

Ég held að full ástæða væri til þess að við hérna inni hlustuðum svolítið á það sem Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar segir. Ég efast um að margar stofnanir í landinu hafi meiri reynslu af því að fást við erfitt mál af þessu tagi en Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, hún segir að þetta höfði frekar til hagsmuna foreldra en barna.

Og síðan segir í umsögn Félagsmálastofnunar: „Samræming við norræna löggjöf telst tæpast haldbær rök þar sem ekki er um hliðstæða þjónustu að ræða hér og á það fyrst og fremst við um sára vöntun á fjölskylduráðgjöf hér á landi."

Í umsögn Dómarafélags Íslands segir m.a. um 33. gr. frv.: „Stjórnin vill ekki mæla gegn nýskipan um sameiginlega forsjá foreldra við skilnað og sambúðarslit. Hún óttast hins vegar að sú skipan sé aðeins frestun á erfiðri ákvörðun og muni skapa fleiri vandamál síðar en hún leysir."

Í rauninni segja allir aðilar: Ja, sameiginleg forsjá, við skulum hafa hana enda sé allt í lagi að öðru leyti. En það er ekki þannig hjá okkur. Við erum ekki búin að koma hér upp t.d. fjölskylduráðgjafarstofnun.

Það var rétt sem kom fram áðan að fjölskylduráðgjöf þjóðkirkjunnar, fjölskyldaþjónusta held ég að hún heiti, hefur verið starfrækt um nokkurt skeið en biðlistarnir eru endalausir. Það er því augljóst mál að við erum að stíga skref sem við erum kannski ekki að öllu leyti tilbúin að stíga.

Ég tek það fram að ég er fyrst og fremst að tala fyrir mig í þessu efni. Við höfum ekki rætt þetta á mínum flokksvettvangi sérstaklega.

Á Alþingi hefur verið flutt frv. um fjölskylduráðgjöf. Það var líklega lagt fram á þinginu 1979–1980 og flutt af þingmönnunum Guðrúnu Helgadóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Matthíasi Bjarnasyni og Níelsi Árna Lund. Þetta frv. gerði ráð fyrir að í barnalög eins og þau voru þá, nr. 9/1981, yrði bætt inn ákvæði um fjölskylduráðgjöf. Í framhaldi af þessu þingmannafrv. og jákvæðum umsögnum um það frá fjöldamörgum aðilum, m.a. í ræðum á Alþingi og af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga, var þetta mál flutt á nýjan leik og lagt fram sem frv. þar sem gert var ráð fyrir að lög yrðu sett um fjölskylduráðgjöf. Í 1. gr. þess frv. segir: „Gera skal ráðstafanir til þess að foreldrar eigi kost á fjölskylduráðgjöf er taki til fræðslu um uppeldi barna, leiðbeiningar í sambúðar- og skilnaðarmálum og annarra málefna er varða hag og þroska barna og fjölskyldna þeirra. Félmrn. skal starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og skal sálfræðingur veita henni forstöðu. Miðstöðin verði á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu en frekari útfærsla verði ákveðin þegar reynsla liggur fyrir af starfsemi stöðvarinnar í þrjú ár. Félmrn. setur reglugerð um hvernig háttað verði greiðslu fyrir þjónustu miðstöðvarinnar samkvæmt gjaldskrá."

Með öðrum orðum lá þetta mál fyrir, var flutt og rætt um leið og barnalögin nr. 9/1981 voru upphaflega sett á sínum tíma. Þó málið hafi þá verið til umræðu hefur í raun og veru ekkert gerst í málinu síðan. Og ég tel að eitt af því sem hefur spillt því hafi verið þessi dæmalausu lög um verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga sem banna ríkinu að koma nálægt rekstri stofn-

ana af þessu tagi. Ég tel að þau rök trufli eðlilega félagslega þróun í landinu að þessu leyti, því miður, af því að hér er verið að segja að þetta sé verkefni sveitarfélaga en við vitum svo að það er bara eitt sveitarfélag á Íslandi sem ræður við þetta og það er sveitarfélagið Reykjavík, hin gera það ekki. Þess vegna hefði þurft að leggja af stað með svona stofnun á vegum ríkisins til að byrja og á meðan verið væri að þróa málið. Síðan hefði auðvitað verið hugsanlegt að sveitarfélögin eða samtök þeirra, landshlutasamtök eða hvað það nú er, hefðu í framhaldi tekið utan um málið.

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þessu hefði ég auðvitað fulla ástæðu til þess að spyrja hæstv. félmrh. um hvað sé að frétta af málinu um fjölskylduráðgjöf af því að það er verið að tala um fjölskylduráðgjöf á öllum þessum pappírum. Hvað er hæstv. félmrh. að gera í því máli? Er það að einhverju leyti ríkisstjórnin í heild eða dómsmrh., eða hver er það? Vegna þess að öll rökin með hinni sameiginlegu forsjá eru þau að komið verði upp góðri fjölskylduráðgjöf en hún er ekki til eins og sakir standa.

Ég vil þess vegna segja það fyrir mitt leyti að ég tel að það komi að mörgu leyti til greina að velta því fyrir sér hvaða afstöðu maður hefur í raun til 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. Ég hef satt að segja ekki alveg gert það upp við mig af því að ég hef ekki komið að málinu í umræðum áður, hvort eða hvaða leið maður kann að fara í þessu efni, en verð að segja það að maður á að vera varkár í svona málum. Þetta verkar pínulítið þannig að menn séu að leggja af stað út í ferðalag á forsendum sem eru ekki til. Af því að þessar stofnanir eru ekki til er þetta hálfgerð ferð án fyrirheits sem menn eru að leggja út í hér.

Hv. 9. þm. Reykn. hefur lagt til að gildistökuákvæðinu verði breytt þannig að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1995. Enda verði þá búið að setja öfluga fjölskylduráðgjöf á laggirnar. Ég skil alveg hvað hv. þm. er að fara og tel að sjónarmið hennar séu gild í þessu efni. En auðvitað er þetta mjög veik brtt. vegna þess að varla er hægt að orða brtt. með þessum hætti „enda verði þá búið að setja öfluga fjölskylduráðgjöf á laggirnar.“ Hver á að meta það hvort hún er öflug eða ekki? En ég skil þann hug sem er á bak við þessa till. hjá hv. flm. og tel hann góðra gjalda verðan. Auðvitað væri eðlilegast, virðulegi forseti, að loka þessum hring með afgreiðslu á barnalögum, lögum um umboðsmann barna, lögum um vernd barna og ungmenna og lögum um fjölskylduráðgjöf líka. Þá væru menn komnir með myndarlega, mér liggur við að segja glæsilega afgreiðslu á þessum málaflokki í framhaldi af umræðu sem hefur farið fram á Alþingi í mörg ár á vegum fjölmargra ríkisstjórna og ætti að geta náðst gott samkomulag um.

Ég vildi koma þessum athugasemdum mínum á framfæri, virðulegi forseti, um leið og ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að það er áherslumál af hálfu þingflokks Alþb. að frv. um umboðsmann barna verði afgreitt á þessu þingi. Við sjáum ekkert því til fyrirstöðu. Það hefur aftur og aftur verið til meðferðar hér, hefur fengið fjöldamargar jákvæðar umsagnir og kostnaður getur ekki staðið því máli fyrir þrifum. Sifjalaganefnd hefur lagt til að það mál verði að lögum þannig að ég endurtek að það er áherslumál af okkar hálfu fyrir lok þess þings sem nú stendur yfir, virðulegi forseti.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeim orðum sem fram komu hjá hv. 9. þm. Reykv. og því sem hann sagði um sameiginlegu forsjána og þær umsagnir sem nefndinni bárust vil ég taka undir allar útleggingar hans á þeim umsögnum enda eru þær réttar og ekkert um það að villast að aðilar telja mjög æskilegt að um leið og sameiginleg forsjá verði komin í lög verði fjölskylduráðgjöf efld. Þegar þessir aðilar eða fulltrúar þeirra komu á fund nefndarinnar var spurning lögð fyrir þá um það hvort þeir teldu að fresta ætti ákvæðunum í frv. um sameiginlega forsjá þangað til fjölskylduráðgjöf væri komin til sögunnar. Svörin voru öll á þann veg að þeir teldu að það ætti ekki að gera það og þeir svöruðu á þann veg að þótt fjölskylduráðgjöfin væri mikilvæg teldu þeir mikilvægara að þessi ákvæði kæmust inn og yrðu að lögum.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég var með svipaðar efasemdir og hv. síðasti ræðumaður um þessi mál þegar starfið í nefndinni hófst. En eftir að hafa hlustað á alla þá fulltrúa sem komu á fund nefndarinnar, því eins og kemur fram í meirihlutaálitinu kom fjöldi manns á fundi, féll ég frá því að hafa fyrrvara varðandi sameiginlega forsjá.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir þessar ábendingar og mun að sjálfsögðu kynna mér þær umsagnir sem hann vísaði til. Ég játa það að ég hef ekki heyrt enn þá nægilega gild rök í málinu til að láta sannfærast. Auðvitað áskil ég mér allan rétt til þess. En mér finnst að hverjum einasta þingmanni sé skylt að taka afstöðu í svona málum með mjög vönduðum rökstuddum hætti. Ég segi alveg eins og er að efasemdirnar eru margar í mínum huga eins og sakir standa.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, eyddi töluverðum tíma í að ræða um frv. það sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur lagt fram að ég hygg fjórum sinnum frekar en þrisvar sinnum, þ.e. um umboðsmann barna. Hann lét það koma skýrt fram að það væri forgangsmál af hálfu Alþb. að það mál næði fram að ganga á þessu þingi. Jafnframt að það yrði, ef ég skildi hann rétt, samferða því frv. sem nú er til umræðu.

Ég verð að lýsa furðu minni á þeim mikla þunga sem Alþb. leggur á þetta mál núna í ljósi sögunnar þar sem m.a. þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi þegar Alþb. sat í stjórn. Þá sat ég einnig í virðulegri allshn. sem fékk málið til umsagnar og ég verð að segja eins og er að ég varð ekki var við þennan gífurlega þunga og þá gífurlegu pressu sem nú er. Sú pressa að fá málið út úr nefnd var ekki til staðar á síðasta þingi.

Enn furðulegra er það fyrir þær sakir að formaður nefndarinnar þá, hv. þm. Jón Kristjánsson, var einn af flm. þess frv. og hafði væntanlega í hendi sér að ýta málinu eitthvað áfram. En við urðum ekki varir við þennan mikla þunga á síðasta þingi. Þess vegna undrar mig hvers lags pressa er lögð á málið núna. Maður veltir því fyrir sér hvað í rauninni býr að baki.

En ég get fullvissað hv. þm. um að frv. hefur verið sent út til umsagnar. Það má kannski deila um það hvort það hafi verið sent nógu snemma út, ég skal ekkert segja um það. En það kemur. Umsagnarfrestur rennur út, ef ég man rétt, 24. apríl. Alla vega er hann liðinn áður en þing kemur úr páskafríi þannig að þá er hægt að taka málið til frekari vinnslu. Ég held því að ekki sé hægt að gagnrýna núv. allshn. fyrir vinnubrögð í þessu máli, sérstaklega í ljósi sögunnar.

Fróðlegt væri, af því að ég sá nú hv. fyrrv. formann allshn., Jón Kristjánsson, niðri á göngunum fyrr í kvöld, að heyra afstöðu hans til þess hvers vegna ekki var meiri áhersla lögð á þetta mál á síðasta þingi en raun bar vitni.

Hæstv. forseti. Það er ekki ætlun mín að halda hér langt mál. Ég þakka formanni allshn. fyrir mjög ítarlega framsögu þar sem nánast engu var sleppt. Ég vil einnig þakka fyrir mjög vönduð vinnubrögð í nefndinni og get sagt það að þann tíma sem ég hef verið á Alþingi hef ég ekki kynnst betri vinnubrögðum en viðhöfð hafa verið í þessu máli.

Nefndin fékk til sín, eins og fram kemur í nál., fjöldann allan af fólki til skrafs og ráðagerða og einnig fjölda umsagna til að styðjast við. Það vekur mann til umhugsunar þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð, sem eru til mikillar fyrirmyndar, hvort stigið hafi verið rétt skref með því að færa þingið í eina málstofu. Það er alveg deginum ljósara að þegar vönduð vinnubrögð eru viðhöfð að þá stíflast allt í þinginu. Menn verða auðvitað að gera sér grein fyrir því að við störfum núna í einni málstofu sem þrjár deildir sáu um áður, efri deild, neðri deild og sameinað þing. Ég hef áhyggjur af því, um leið og ég vona að vönduð vinnubrögð verði viðhöfð í öðrum málum, að við komumst hreinlega ekki nokkurn skapaðan hlut áfram. Þess vegna held ég að menn verði að fara að íhuga það hvort ekki þurfi annað hvort að fjölga fundum í nefndum, hafa þá a.m.k. tvisvar í viku og jafnvel lengri en þeir eru nú til þess að nefndirnar geti afkastað meiru eða þá að menn íhugi hvort ekki eigi að hafa sérstaka daga, eins og hér var áður, fyrir þáltill. og einnig sérnefndir sem fjalla um þáltill. (Gripið fram í.) Ég væri vel til viðræðu um það enda hafði ég fyrirvara við þá skipan sem nú er orðin. En það er alveg ljóst að mál hlaðast upp og ef virkilega á að vanda til vinnu mun ekki mikið koma út úr nefndunum, ekki þeim sem fá mikið af málum alla vega.

Við það mál sem hér er til umræðu hef ég fyrirvara sem m.a. lýtur að því sama og hv. þm. Björn Bjarnason gerði grein fyrir í sínu máli áðan. Ég tel ekki þörf á að fjalla mikið meira um það. Ég er honum sammála um að úrlausn forsjármála á að fara alfarið í hendur dómstóla og að það hljóti að vera sú stefna sem framtíðin muni móta. Það þarf hins vegar að stýra því þannig að dómstólar vinni hratt og örugglega að þeim málum. Það þarf auðvitað að koma skýrt fram að þeim, sem velja þá leið að fara inn í ráðuneytið, sé fullkomlega ljóst að niðurstöðu ráðuneytisins verður ekki áfrýjað. Aðeins er hægt að áfrýja málsmeðferðinni eða taka málið upp ef miklar breytingar verða á aðstæðum.

Í brtt. meiri hluta allshn., sem ég skrifaði upp á, verð ég að viðurkenna að mér yfirsást örlítið því ég hafði gert athugasemdir við 4. brtt. sem er við 33. gr. um að nýr málsliður bætist við 1. mgr. sem orðast svo, með leyfi forseta: „Í samningi um sameiginlega forsjá skal greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu.“ Fyrri hluta þessa málsliðar var ég sammála en síðari hlutanum ekki. Það er sá hluti sem segir „að jafnaði hafa búsetu“. Ég tel að það geri foreldrum erfiðara fyrir um að ná samkomulagi um sameiginlegu forsjána, að það muni frekar koma í veg fyrir að niðurstaða fáist. Í stuttu máli finnst mér þetta nánast eyðilegging á þeim möguleika sem þarna er verið að opna, þ.e. sameiginlegu forsjánni.

Ég hafði unnið upp brtt. við frv. og kynnti þær í hv. allshn. Nefndin tók til greina sumt af því sem ég gerði athugasemdir við og annað kom formaðurinn einnig með þannig að þetta féll saman. En eftir standa þrjár athugasemdir sem ég hef og er ekki séð hvort þær leiða til brtt. eða ekki.

Mig langar að gera í örstuttu máli grein fyrir hugmyndum mínum að breytingum. Það er í fyrsta lagi við 13. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema sýslumaður ákveði annað.“ Þarna var ég búinn að vinna upp brtt. þar sem orðin „nema sýslumaður ákveði annað“ féllu út, þannig að meðlagsskyldu lyki ef barn giftist. Ég tel nánast að verið sé að gera grín að hjónabandi ef það á að fara að greiða meðlag með giftu fólki og fyrir utan það að ég sé ekki almennilega tilefni til þess að unglingar undir 18 ára aldri séu yfir höfuð að giftast. En ef þeir fá hins vegar til þess heimild hljóta þeir að vera fólk til að reka sitt heimili eins og annað gift fólk í landinu. Mér finnst það algerlega út í hött að gift fólk sé að fá meðlagsgreiðslur. Rökin sem komu fram í nefndinni voru þau að hér gæti verið um trúarástæður að ræða en þó aðallega þau að oftast nær væri um það að ræða að stúlkan væri ófrísk. Það tel ég einfaldlega ekki nógu góð rök og vil því að það sé íhugað betur milli 2. og 3. umr. hvort þessi orð eigi ekki að falla út.

Önnur brtt. sem ég hef hugleitt er við 15. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðila að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.“ Þarna vildi ég bæta aftan við: „allt að helmingi útgjalda“. Það væri því alveg skýrt að framfærsluskyldum aðila bæri ekki að greiða meira en helming af þessum sérstaka kostnaði. Það komu fram í nefndinni athugasemdir

varðandi þetta atriði og ég hafði óskað eftir því að það kæmi fram annaðhvort í nál. eða í framsögu formanns nefndarinnar að skilningur löggjafans er að hér sé yfirleitt átt við helming. Ef svo er þætti mér vænt um að fá það staðfest af ráðherra hvort svo sé rétt. Auðvitað væri það mjög mikilvægt að sá skilningur kæmi fram.

Í þriðja lagi er ég með athugasemdir við 4. mgr. 34. gr. sem er þannig, með leyfi forseta:

„Veita skal barni, sem náð hefur 12 ára aldri, kost á að tjá sig um forsjármál, nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Rétt er einnig að ræða við yngra barn, eftir því sem á stendur, miðað við aldur þess og þroska. Dómstóll eða dómsmrn. getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það."

Ég hefði hug á að breyta greininni á þann hátt að 4. mgr. orðaðist svo:

„Veita skal barni kost á að tjá sig um forsjármál nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit máls. Dómstóll eða dómsmrn. getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa um það skýrslu."

Breytingin sem ég legg þarna til er að í fyrsta lagi falli niður orðin „sem náð hefur 12 ára aldri". Í öðru lagi falli setningin út sem hljóðar svo: „Rétt er einnig að ræða við yngra barn, eftir því sem á stendur, miðað við aldur þess og þroska." Það sem þarna er verið að leggja til er einfaldlega það að ávallt verði rætt við barn en það sé ekki bundið við einhvern tiltekinn aldur eins og gert er í frv. Það á fortakslaust og alltaf að ræða við barn um þessi mál. Ég tel að mjög erfitt sé að draga einhver mörk við 12 ára aldur. Þroski barna er auðvitað misjafn eins og annarra og 10 ára barn getur þess vegna verið búið að ná þroska 12 ára barns og 12 ára barn getur þess vegna haft þroska 10 ára barns. Ég tel mjög vafasamt að draga svona stífa línu þarna. Einnig má segja að barn sem fætt er í desember hafi ekki sömu kosti á að verja sig eins og barn sem fætt er í janúar og þannig mætti teygja þetta fram og til baka. Ég tel sem sagt að alltaf eigi að ræða við barn. Ef það er of ungt þá kemur það í ljós og þá er það þýðingarlaust, eins og kemur fram í textanum sem ég hef lagt til. Eins og þetta er núna er það bundið við 12 ára aldur og síðan sagt að rétt sé að ræða við yngri börn. Það er ekki skylt heldur matsatriði einhverra aðila hvort þeir ræða við barnið eða ekki. Mér finnst þetta mikilvægt mál. Ég tel að þeir sérfræðingar sem yfir höfuð ræða við börnin séu menn til að meta það hvort á þeim sé takandi mark, hvort þau hafi þroska til þess án tillits til þess hvaða ár þau eru fædd. Þetta eru þær brtt. sem enn standa út af borðinu og ég hef ekki tekið afstöðu til enn þá hvort ég legg fram, virðulegur forseti. Auðvitað má hafa um þær mörg orð sem ég tel óþörf. Mér finnst þetta að sjálfsögðu mjög eðlilegar breytingar en eins og ljóst er þykir það ekki öllum því nefndin féllst ekki á að taka undir þær þótt menn væru hallir undir sumar þeirra.

Virðulegur forseti. Brtt. minni hlutans get ég því miður ekki tekið undir. Ég sé engan hag í að fresta sameiginlegu forsjánni sem er kannski stærsta málið í frv. og sú nýjung sem menn binda einhverjar vonir við. Auðvitað er ég einn af þeim sem hafði verulegar efasemdir um þetta mál. Ég treysti hins vegar foreldrum til að ráða fram úr því. Ef bæði eru sammála um að fara þessa leið sé ég ekkert athugavert við að fólk eigi kost á því. Ég tek engan veginn undir orð hv. síðasta ræðumanns, Svavars Gestssonar, sem hann viðhafði um þennan þátt mála, en hann taldi að þetta yrði frekar notað til að fólk, sem ekki næði saman, mundi velja sér þessa leið. Á því held ég að sé ekki nokkur hætta. Það atriði að barnið þurfi að eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu veldur því að í slíkum málum mundu þeir foreldrar sem þannig deila aldrei geta náð samkomulagi.

Virðulegi forseti. Ég hef í örstuttu máli farið yfir þær hugmyndir og þær athugasemdir sem ég hef við frv. og hugsanlega gætu leitt til brtt. af minni hálfu en það mun tíminn einn leiða í ljós.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. þykir mér rétt að geta þess varðandi 1. mgr. 15. gr. frv. um sérstök framlög, sem hljóðar þannig:

„Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðila til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni."

Ég leitaði eftir upplýsingum frá Sakadómi Reykjavíkur vegna óska í nefndinni og fékk þær upplýsingar að það væri verklagsregla að miða við helming útgjalda þar sem foreldrar eiga að framfæra börn sín jafnt og sameiginlega. Þó eru fulltrúar ekki bundnir við það ef aðstæður, t.d. móður, eru sérstaklega erfiðar. Þá er þessi leið opin. Það var því mat nefndarinnar að brtt., sem fæli það í sér að setja beint í texta frv. að hér skyldi einungis miða við helming útgjalda, fæli í sér ákveðna þrengingu. Hins vegar er það alveg rétt, sem kom fram áðan, að ég ætlaði sem frsm. að geta þessa atriðis sérstaklega en mér láðist það.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil að gefnu tilefni gagnrýna mjög að það er harla erfitt fyrir hv. þm. að átta sig á því hvað er til umræðu hverju sinni. Þegar ég fór heim í kvöld var 10. mál til umræðu og þetta mál er nr. 25 á dagskránni. Ég átti frekar á dauða mínum von en að þetta mál yrði til umræðu í kvöld. Það er satt að segja orðið afar erfitt að átta sig á undir hvaða mál menn eiga að búa sig hverju sinni. En látum þeirri umræðu lokið.

Vegna þess máls sem er á dagskrá, 25. mál dagsins, vil ég byrja á því að vekja athygli manna á því að sl. fimmtudag var ég með fsp. um það í þinginu hvenær hæstv. ríkisstjórn hygðist staðfesta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eða sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Hann var undirritaður af þáv. hæstv. forsrh. árið 1989. Hæstv. utanrrh. sagði að

það mundi verða gert á næstu dögum og bar við önnum í ráðuneyti sínu og raunar meðferð hjá hæstv. dómsmrh. sem hefði tekið nokkurn tíma, svo og þýðing og annað slíkt.

En því minnist ég á þennan samning, sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að einmitt þar eru ákvæði um ýmislegt af því sem nú birtist í frv. til barnalaga. Til þess að rifja það upp vil ég, með leyfi forseta, aðeins geta þess sem þar eru meginatriði. Í 2. gr. samningsins segir t.d.: „Eru aðildarríki skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn kveður á um án mismununar af nokkru tagi, t.d. vegna félagslegrar aðstöðu, ætternis eða annarra aðstæðna barns eða foreldra þess." Í 3. gr. samningsins er kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn. Á því er t.d. byggt frv. til laga um embætti umboðsmanns barna og skal vikið að því seinna.

Í þessum sáttmála Sameinuðu þjóðanna eru mörg ákvæði sem ekki er ástæða til að fara hér ofan í hvert fyrir sig. Þar er t.d. í 9. gr. ákvæði um rétt barns til að viðhalda tengslum við foreldri sem það býr ekki hjá. Í samningnum er m.a. ákvæði um að tryggja börnum rétt til að tjá sig þegar foreldrar deila um forræði o.s.frv. Sú er von mín að á þessu þingi náist að bera fram þáltill. um að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði staðfestur og það er einn þáttur þessa máls.

Fyrir þinginu liggja nú þrjú mál sem öll vinna að því að framkvæma þessi ákvæði í sáttmála Sameinuðu þjóðanna en það er það frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um vernd barna og ungmenna og frv. til laga um umboðsmann barna. Það væri vel eins og hv. 9. þm. Reykv. hefur svo margítrekað í kvöld og væri Alþingi til sóma ef tækist að afgreiða þessi mál.

En það er eins og vant er að við erum að ræða á síðkvöldum um mál sem miklu fleiri hv. þm. ættu að taka þátt í að ræða. Það eru málefni barnanna sem eru u.þ.b. ¼ landsmanna og því harla stór hópur sem hið háa Alþingi ber ábyrgð á. Ég ætla samt að víkja að örfáum atriðum sem mér finnst skipta máli. Hér er auðvitað ekki um pólitískt mál að ræða, ekki flokkspólitískt í þeim skilningi heldur viðkvæm og vandmeðfarin mál sem okkur ber öllum að ræða um af fyllstu alvöru og ábyrgð.

Fyrst er þá til að taka það sem er kannski mestur ásteytingarsteinn. Það er sameiginlegt forræði barna. Þar skiptir auðvitað höfuðmáli að það eru ekki foreldrarnir sem eiga rétt á að umgangast börn sín heldur á barnið rétt á að umgangast báða foreldra sína hvort sem þeir kjósa að búa saman eða ekki. Ég lýsti því við framsögu, við 1. umr., að ég sé þeirrar skoðunar að það sé siðferðileg skylda hins háa Alþingis að kveða upp úr um það að báðir foreldrar beri ábyrgð á barni sínu og skipti engu máli hvort foreldrar búa saman eða ekki. Það er barninu fyrir bestu að um það náist samkomulag. Og vissulega er ég ekki það barn að ég skil að í mörgum slíkum tilvikum getur verið um að ræða mjög erfið mál. En Alþingi hlýtur að móta þá stefnu að báðir foreldrar beri ábyrgð á barni sínu þar til það hefur náð fullorðinsárum og að ósamkomulagsmál hljóti að verða undantekningartilvik sem verður að taka á eins og best verður á kosið með aðstoð yfirvalda hverju sinni.

Ég lagði á það mikla áherslu í máli mínu þá, og ég held að um það séum við öll sammála, að því aðeins sé sameiginleg forsjá möguleg að í fyrsta lagi sé um samkomulag milli foreldra að ræða og í öðru lagi að barnið eigi lögheimili hjá öðru foreldri. Lögð var á það áhersla að barn verði að hafa þá tilfinningu að það eigi heimili sitt á einum stað þar sem það hefur sína hluti í kringum sig, vini sína og sem sagt það umhverfi sem hver einasta manneskja þarf á að halda. Ég hlýt að styðja sameiginlega forsjá þótt mér sé fullkomlega ljóst að það getur skapað vandamál. En þau vandamál verða viðkomandi yfirvöld að leysa hverju sinni.

Ég hef hins vegar miklu meiri áhyggjur af úrskurðarvaldinu. Mér finnst óheppilegt að hægt sé að kjósa um það hver skeri úr um sameiginlega forsjá eða forsjármál almennt. Ég tel að dómsmrn. eigi því aðeins að úrskurða að um málið sé samkomulag. Ég held að við eigum aldrei að rugla saman framkvæmdarvaldi og dómsvaldi.

Við þekkjum það frá skilnaðarmálum að ráðuneytið getur úrskurðað um málefni hjóna sem kjósa að slíta hjónabandi ef um það er samkomulag. Auðvitað eiga dómstólar að úrskurða um mál sem ekki er samkomulag um. Ég vil biðja hv. 6. þm. Reykv., formann nefndarinnar, að huga vandlega að þessu atriði. Við vorum raunar báðar á fundi hjá Kvenréttindafélagi Íslands ekki alls fyrir löngu, þar sem menn lýstu miklum efasemdum um þetta atriði málsins og ég gerði það líka við 1. umr. Ég held að þarna sé verið að rugla saman löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi. Það á ekki að vera neitt val um það. Ef ágreiningur er hljóta dómstólar að skera úr. Það má þá mikið breytast og verður að breyta heimildum um aukningu starfsmanna hins opinbera á þessu ári ef lögin eiga að taka gildi um mitt ár því að við vitum það nákvæmlega að dómsmrn. hefur á engan hátt yfir því starfsliði að ráða sem getur metið slík mál. Jafnvel þó að umsagnar sé leitað annars staðar hlýtur þetta auðvitað að bera í sér að á vegum ráðuneytisins verður að vera sérstök deild sem fjallar um þessi mál. Þetta vil ég í allri vinsemd biðja nefndina að athuga vegna þess að að öðru leyti held ég að margt sé til bóta í frv. og margt skýrara en áður. Þó eru auðvitað enn vafamál í frv. Það er eins og maður sé að hjakka í sama hjólfarinu ár eftir ár.

Eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um eru mörg ár, ég man ekki einu sinni hvaða ár það var, síðan við nokkrir hv. þm. bárum fram frv. til laga um fjölskylduráðgjöf sem ekki náði fram að ganga. Margítrekað hef ég borið fram fyrirspurnir til hæstv. dómsmrh. vegna framkvæmdar á þál. sem Alþingi samþykkti og ég var fyrsti flm. að um réttarstöðu barna sem getin eru við tæknifrjóvgun. Hæstv. ráðherra hefur ævinlega svarað því til, og ég held að þeir séu orðnir fleiri en einn, að nú sé þetta alveg að koma, að nefndin, sem búin er að sitja að störfum síðan ég veit ekki hvenær, það eru alla vega orðin mörg mörg ár síðan hún var skipuð, sé u.þ.b. að skila áliti. En því miður bólar ekki á því enn

þá. Þrátt fyrir 3. gr. frv. og að mig minnir 55. gr. er afskaplega lauslega tekið á þessum málum og alveg ljóst að upp gætu komið hin skelfilegustu vandamál barna, og þá ítreka ég barna, sem getin eru á þennan hátt, komi til flókinna mála af öllu tagi, t.d. erfðamála. Mér finnst ekki fyrirbyggt að vefengingarmál geti komið upp. Nú vil ég taka það fram að þegar þáltill. mín var samþykkt voru menn ekki komnir eins langt og þeir eru núna svo að vel getur verið að orðið tæknifrjóvgun sé úrelt vegna þess að síðan hafa menn farið að stunda glasafrjóvganir og þróunin hefur orðið mjög hröð í þessum efnum. Ég hef ekki sett mig alveg inn í það á síðustu árum því svo langt er síðan að ég hef áhyggjur af að hér séu mál á ferðinni sem ekki séu nægilega tryggð og það verði ekki mörg ár þangað til að fyrstu börnin, sem svo hamingjusamlega hafa orðið til þrátt fyrir erfiðleika foreldra, nái þeim aldri að þau fari að skynja réttindi sín. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt og vil, hæstv. forseti, biðja hæstv. dómsrmh. að segja mér það aftur, nokkrum mánuðum eftir að ég spurði hann síðast, hvort einhver hreyfing sé á störfum þessarar nefndar. Það er satt að segja með hreinum ólíkindum hversu seinvirk hún virðist vera.

Ég gat þess við 1. umr. að enginn hefði enn burði til að tryggja samkynhneigðu fólki rétt til að ala upp börn. Ekki alls fyrir löngu, bara fyrir nokkrum kvöldum, flutti hv. 10. þm. Reykv. framsöguræðu fyrir þáltill. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðum. Flutningsmenn studdu við bakið á hv. 1. flm. en aðrir hv. þm. héldu sig farsællega fjarverandi eða treystu sér ekki til að taka á þessu máli. Ég held að fyrr eða síðar verði að taka á því máli hvort tvær konur, sem kjósa að búa saman, eða tveir karlmenn, hafi rétt til að ættleiða barn sem ég hygg að þeir hafi ekki núna. Eitt er víst að kona sem býr með konu hefur ekki rétt til tæknifrjóvgunar. Pempíuskapur hins háa Alþingis í þessum málum er auðvitað fjarri öllu lagi. Ég er sannfærð um að í okkar góða landi hafa fjölmargir slíkir aðilar alið upp hamingjusama og vel þroskaða borgara án þess að um það væri sérstaklega rætt. Menn voru ekki að tala um slíkt og enginn að skipta sér af því. En nú hafa menn kosið að ræða slík mál opinskátt og þá ber auðvitað hinu háa Alþingi að fylgjast með þeirri umræðu og taka afstöðu samkvæmt því.

Hv. 5. þm. Reykv. barmaði sér yfir því áðan að frv. til laga um embætti umboðsmanns barna hefði ekki náð fram að ganga á síðasta þingi. Við því var ekki að búast vegna þess að það var alls ekki borið fram á síðasta þingi. Það var borið fram á 109. löggjafarþingi í fyrsta skipti og síðan á 110. og á 113. þingi. Það var ekki fyrir síðasta þingi og er þess vegna borið fram núna í fjórða sinn. Satt að segja verður að játast að 1. flm. var orðinn harla þreyttur á að bera þetta mál fram en þegar frv. til barnalaga kom fram, og eins og ég hygg að hv. 9. þm. Reykv. hafi lesið af bls. 17 í greinargerð með því frv., þá er sérstaklega talað um að sifjalaganefnd sé enn þá þeirrar skoðunar sem hún var árið 1981, að best fari á að skipa því máli með sérlögum og því hafi nefndin ekki fjallað um það í þessu frv. Mér fannst mér þar með bera skylda til að leggja frv. fram einu sinni enn. Eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um, ég heyrði að vísu ekki alla hans ræðu, ég kom inn í hana miðja, komu þingmenn allra flokka að frv. Og það er alveg rétt. Sjálfur hv. núv. félmrh. var meðflutningsmaður minn þegar málið var flutt fyrst. Ég tók það skýrt fram þegar ég samdi greinargerð með frv. — vegna þess að ég hef ekki lagt það í vana minn að eigna mér það sem ég ekki á — að í upphaflegu greinargerðinni segði, með leyfi hæstv. forseta: „Hugmyndin að stofnun embættis umboðsmanns barna er ekki ný. Árið 1978 fluttu þingmenn Alþfl. till. til þál. um umbætur í málefnum barna og í greinargerð með henni var m.a. lagt til að slíkt embætti yrði stofnað. Árni Gunnarsson var 1. flm. tillögunnar en hún varð ekki útrædd. Í þessari tillögu hv. páv. þm. Árna Gunnarssonar var getið um ótalmörg atriði en tillagan sjálf fjallaði um umbætur í málefnum barna." Og ein af tillögum hans var að stofnað yrði embætti umboðsmanns barna. Það er því ákaflega erfitt að sjá hvar þessi andstaða við frv. er.

Hv. 5. þm. Reykv. undraðist að þetta mál skyldi ekki fyrir löngu hafa náð fram að ganga þar sem ég hefði verið stuðningsmaður þeirra ríkisstjórna sem um það hafa fjallað. Það er erfitt að útskýra fyrir hv. þm. Sjálfstfl. að einfaldur meiri hluti dugar ekki á Alþingi, hann dugar í borgarstjórn Reykjavíkur en hann dugar ekki hér. Það var svo sannarlega ekki vegna óvilja hv. 2. þm. Austurl., Jóns Kristjánssonar, sem var formaður hv. allshn. á síðasta kjörtímabili, að málið náði ekki fram að ganga. Það eru ýmsar leiðir til að tefja mál eins og menn ættu að vera farnir að kunna, t.d. með því að bíða eftir umsögnum, með því að biðja um fleiri og fleiri til viðtals o.s.frv. Þannig daga mál uppi. Það er auðvitað það sem er að gerast núna, tíminn er að renna út.

Hv. 17. þm. Reykv., þingflokksformaður Alþfl., sagði fyrir nokkrum dögum þegar ég gerði athugasemd við hversu hægt gengi að koma þessu máli út úr nefnd að hann mundi sjá til þess og hann gæti talað fyrir hönd stjórnarflokkanna að þetta mál fengi afgreiðslu og ég dreg ekki í efa að hann hefur mælt þar af heilum hug. Enda, eins og ég hef þegar sagt, er þetta mál upphaflega nefnt í herbúðum Alþfl. árið 1978. Það var raunar ári áður en ég kom sjálf inn á þing svo ekki skal ég þakka mér það eins og ég hef þegar getið um. Krafa okkar alþýðubandalagsmanna, sem leggjum mikla áherslu á þetta mál, er sú að það verði ljóst hverjir eru á móti málinu. Hv. þm. Sjálfstfl. verða þá að segja það upphátt að þeir vilji ekki þetta embætti.

Lengi vel var fólk að hafa áhyggjur af því að embætti umboðsmanns barna mundi koma inn í störf barnaverndarnefnda. Ef menn hafa lesið frv. ætti að vera ljóst að engin hætta er á því vegna þess að umboðsmaður barna á ekki að fást við einkamál, hann á að fylgjast með að stjórnvaldsaðgerðir séu ekki gerðar nema hagsmunir barna séu tryggðir. Með nýju frv. til laga um vernd barna og ungmenna, nái það frv. fram að ganga, er hættan engin vegna þess að þar er hreinlega byggt fyrir það. Ég vil því biðja nefndarmenn í

hv. allshn. og formann hennar að líta á þessi mál í samhengi.

Eins og þegar hefur komið fram hjá hv. 9. þm. Reykv. er um óverulegan kostnað að ræða. Málið var borið undir umboðsmann Alþingis, þau rök voru einnig notuð að hann ætti að tryggja hagsmuni barna. Ég held að enginn hv. alþm. dragi í efa hæfni umboðsmanns Alþingis en hann taldi að full ástæða væri til að stofna til embættis umboðsmanns barna því að það væri alveg ljóst að þar þyrfti nokkra sérhæfingu og sérkunnáttu. Hann sagði jafnframt í sínu áliti að auðvitað gæti svo farið að hann tæki að sér málefni barns ef á þyrfti að halda. En hann taldi æskilegt að þetta embætti yrði til og hann lagði líka til að það yrði ekki, eins og menn höfðu haft hugmyndir um, innan síns eigin embættis. Hann vildi hafa þetta embætti alveg sjálfstætt.

Kostnaður, eins og hér hefur þegar komið fram, er ekki mikill við stofnun þessa embættis á þessum eyðslutímum, sem við horfum upp á hvern einasta dag í þögulli undrun, þegar verið er að halda veislur sem eru margfalt dýrari en þetta embætti á ársgrundvelli. Við getum varla tekið það alvarlega að þetta sé of stór biti fyrir hæstv. ríkisstjórn, að vinna að hagsmunum ¼ landsmanna og þeirra sem kannski eru viðkvæmastir og dýrmætastir í þessu landi.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki aðrar athugasemdir við frv. en þær sem ég hef þegar minnst á. Ég vil sjá lítils háttar breytingu á þessum tvöfalda úrskurði sem lagður er til og þeim tveim atriðum sem ég hef þegar getið um sem eru ákvæði varðandi réttindi barna sem getin eru við tæknifrjóvgun. Ég býst við að það sé tómt mál að ætlast til að úr þessu verði gerð bragarbót á réttindum samkynhneigðra en ég hygg að úr því gæti ræst ef sú tillaga sem talað var fyrir fyrir nokkrum kvöldum verður tekin til afgreiðslu.

Aðeins að lokum, hæstv. forseti. Það er áreiðanlega ekki því að kenna að Alþingi er nú í einni málstofu hversu hægt gengur að afgreiða mál úr nefndum. Það kom mér satt að segja á óvart að heyra hv. 5. þm. Reykv. hafa áhyggjur af þessu. Ég vænti þess að hann sé ekki búinn að gleyma þegar ekki var fundarfært í þingnefndum neðri deildar vegna þess að menn voru á öðrum fundi í nefndum sameinaðs þings og allt rakst hvað á annars horn. Hér störfuðu 24 þingnefndir og menn voru á hlaupum á milli herbergja og sinntu auðvitað hvorugu verkinu þannig að ég held að því sé ekki um að kenna.

Ég vil minna hv. þingheim og hæstv. forseta á að þangað til fyrir þremur árum voru ekki einu sinni starfsmenn þingnefnda í þinginu og þingmenn urðu sjálfir að ganga frá nefndarálitum, safna saman gögnum og undirbúa fundi og annað slíkt, þannig að þingið hefur ekki þá afsökun að hér sé um eitthvað flóknara kerfi að ræða nema síður sé. Menn hafa allan þann tíma sem þeir kjósa sér til að vinna að þeim málum sem berast til nefnda og það er ekkert ofverkið hv. þingmanna að skila góðri vinnu þar. En hv. þm. hafa sér að vísu nokkuð til afsökunar þegar þinginu er svo komið að það er algengara en ekki að menn standi í ræðustól klukkan ellefu á kvöldin, kvöld eftir kvöld. Áður mótmæltu menn því ef talað var yfirleitt um kvöldfund og ég held það hefði ekki komið til greina að fara fram á kvöldfund tvisvar í viku hvað þá oft í viku. Sú var tíðin að föstudagar áttu að vera til vinnu í nefndum. Nú sitjum við hér fram á kvöld, einnig á föstudögum, þannig að ég held að hv. 5. þm. Reykv. ætti að ræða við forsætisnefnd þingsins um óskir sínar að fá einhvern vinnufrið í nefndum fyrir fundahaldi hér.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra ummæla hv. 14. þm. Reykv. um að hv. þingflokksformaður Alþfl. hefði heitið því að frv. til laga um umboðsmann barna yrði afgreitt úr allshn., þá sagði hv. 17. þm. Reykv., ef ég man rétt, að frv. yrði afgreitt með viðunandi hætti í nefndinni og það var það eina sem hann sagði. Ég verð að lýsa því yfir fyrir mína hönd sem er nýkominn inn á Alþingi og nýkominn í hv. allshn. að ég vil fá minn tíma til að athuga þetta frv. Það hefur verið sent til umsagnar og umsagnir munu berast, vonandi fyrir 24. apríl, og síðan verður nefndin að sjálfsögðu að fá sinn tíma til þess að ræða málið. Það hefur komið fram að það hefur oft verið lagt fram á þingi áður og ekki fengist afgreitt. Nú sitja þingmenn uppi með að það hafa margir nýir menn komið inn á Alþingi sem þurfa þá einnig að skoða málið og fá sinn tíma til þess.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Glöggur maður eins og hv. 3. þm. Reykv. ætti að geta verið tiltölulega fljótur að lesa þetta frv. í gegn, jafnframt allar þær umsagnir um málið sem liggja fyrir í þingskjali og ég tel ekki að það væri margra vikna verk að setja sig inn í um hvað þetta mál snýst.

Varðandi ummæli hv. 17. þm. Reykv., þingflokksformanns Alþfl., þá hygg ég að það sé alveg rétt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði að þingmaðurinn hefði lofað að málið yrði afgreitt með viðunandi hætti. Enginn annar háttur er viðunandi en að málið verði einfaldlega samþykkt, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson, þáv. hv. þm. sem fyrstur orðaði þetta mál hér á hv. Alþingi, ætlaðist til.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins leiðrétta hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Ég var ekki að afsaka eitt eða neitt, alls ekki, og hef ekkert að afsaka fyrir hönd allshn. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég var bara að greina frá staðreyndum, að þegar vel væri unnið og vönduð vinnubrögð viðhöfð þá fer mikill tími í það og það skapaðist tappi í nefndinni. Ég var að benda á þær staðreyndir sem liggja fyrir núna að e.t.v. þurfi að líta á nefndastörfin upp á nýtt og finna betri farveg fyrir þau. Það var ekkert annað. Við erum með nýjan lagabálk upp á 77 greinar, margar nýjungar, sem þurfti að leggja mikla vinnu í og það myndaðist tappi út af því. Það eru fjölmörg önnur mál og mjög merkileg í allshn. sem eru flutt af öðrum þingmönnum og stjórnarliðinu sem bíða, m.a. út af þessari vinnu. Þannig að

það er alveg af og frá að ég hafi verið að afsaka eitt eða neitt, enda ekkert að afsaka.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal viðurkenna að hv. allshn. hefur haft mjög mörg mál til meðferðar á þessu þingi og auðvitað verður það þannig að vinnuálag í nefndum er afar misjafnt. Aðrar nefndir hafa svo til ekkert haft að gera. Það skal vissulega virt hv. 6. þm. Reykv. til vorkunnar að hún hefur ekki átt sjö dagana sæla varðandi þann málafjölda sem hefur hrúgast í þessa hv. nefnd. En ég vil jafnframt benda hv. þm. á að fyrir þessu máli var mælt ég held í nóvember, þetta er 123. mál þingsins og með allri virðingu fyrir mismerkilegum málum hæstv. ríkisstjórnar þá verður auðvitað hv. forsætisnefnd að gæta þess að það sé ekki alveg augljóst að mismunur sé gerður á stjórnarfrv. og þingmannafrv. Vissulega hefur það alltaf viðgengist að ríkisstjórn hverju sinni hafi nokkurn forgang en fyrr má nú vera að öllu sé ýtt til hliðar eins og dæmin sanna. Hér hefur aðeins ein þál. verið afgreidd frá hinu háa Alþingi á þessum vetri frá stjórnarandstöðuþingmanni. Þannig að hér eru auðvitað ný vinnubrögð sem ekki hafa viðgengist áður og það eina sem við stjórnarandstöðuþingmenn hljótum að fara fram á er að vinnu okkar sé sýnd sú virðing að um hana sé fjallað eins og önnur mál. Ég held að þetta mál sé þegar það mikið rætt og hinir nýju þingmenn hljóti að afreka það að geta sett sig inn í þetta mál þar sem umsagnir liggja fyrir í þskj., sem er ekki venjulegt, að það ætti að vera möguleiki að hv. nefnd gæti brotist í gegnum þetta. Þegar þingnefnd — það þekkjum við sem höfum stjórnað þingnefndum — ræður ekki við verkefni sín á venjulegum reglubundnum þingnefndafundum, þá er einfaldlega skotið á aukafundum. Það hefur ævinlega verið gert og reynt að finna nefndunum meiri tíma.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram í þessari umræðu að Framsfl. styður þetta frv. Það ætti svo sem ekki að þurfa að taka það fram því undir nál. skrifa án fyrirvara flokksbræður mínir, hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, og hv. 2. þm. Vestf., Pétur Bjarnason.

Hér er um ákaflega vandasama og viðkvæma löggjöf að ræða og reynslan ein sker úr um hvort tekist hefur nógu vel til. Ég tel að þær brtt. sem nefndin flytur á sérstöku þskj. séu til bóta og ég vona að þær nægi til að sníða vankantana af þessu frv. og ég vonast eftir því að sú lagasetning sem hér er unnið að verði þeim sem við hana eiga að búa til heilla.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Þar sem til mín hefur verið beint nokkrum athugasemdum þá tel ég rétt að fjalla örlítið um þær þó búið sé að ræða mjög ítarlega um þetta frv. og ég vil þakka hv. þm. fyrir þær umræður.

Fyrst tók til máls hv. 9. þm. Reykn., Ragnhildur Eggertsdóttir, og gerði grein fyrir minnihlutaáliti Kvennalistans í allshn. og tók þar sérstaklega fram að varðandi sameiginlega forsjá yrðu hagsmunir barnsins að vera foreldrum að leiðarljósi. Þess vegna verði að vera fjölskylduráðgjöf til að leiðbeina foreldrum í því efni.

Eins og áður hefur verið sagt má skilja þau sjónarmið sem hér liggja að baki en þegar hefur verið lýst ýmissi þjónustu sem til boða stendur en það er einmitt markmið sameiginlegrar forsjár að efla foreldraskyldur beggja foreldra og að byggt sé á samkomulagi foreldra.

Það eru margir sem bíða eftir þessari heimild og það er ljóst að skipt forsjá getur einnig valdið foreldrum erfiðleikum og verið börnum erfið ákvörðun. Þess vegna er í því sambandi rétt að benda á að það getur verið mjög erfitt fyrir foreldri að þurfa nánast gefa eftir forsjá barns.

Einnig þekkja margir til vandamála er snerta umgengnisrétt og því er von til þess að heimild til sameiginlegrar forsjár verði til að leysa eitthvað úr þeim vandamálum sem þar geta verið á ferðinni.

Að sjálfsögðu er um mjög vandmeðfarið mál að ræða og ekki algilt að það verði til þess að leysa erfiðustu málin, en getur samt orðið til þess að leysa ýmis ágreiningsmál og er það vel. En þó er aðalatriðið, eins og ýmsir hafa reyndar bent á í þessum umræðum, að þarna er verið að efla foreldraskyldur beggja foreldra og eins og kveðið er á um í sáttmála Sameinuðu þjóðanna. En að sjálfsögðu eiga hagsmunir barnsins að vera foreldrum að leiðarljósi.

En þetta er einungis heimild sem frv. mælir fyrir um, það er engin skylda og byggir alfarið á samkomulagi foreldra. Þessu ákvæði er lýst mjög rækilega í athugasemdum með frv. og ég hvet hv. þm. eindregið til að kynna sér það sem þar kemur fram í löngu og miklu máli.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði grein fyrir sínum fyrirvara varðandi þetta frv. og talaði um tískustefnur, þar á meðal væri sameiginleg forsjá. Ég get ekki tekið undir þau orð, ég held einmitt að í þessu úrræði sé staðfestur skilningur manna á því enn frekar að báðir foreldrar beri ábyrgð á uppeldi og þroska barna sinna. Hann vísaði einnig í varnaðarorð frá stjórn Dómarafélagsins, m.a. í því efni að þarna sé e.t.v. verið að fresta erfiðum ákvörðunum, og vissulega eru þetta varnaðarorð sem má hafa í huga. Það er þess vegna því meiri ástæða til að hvetja til þess, bæði gagnvart dómsmrn. og sýslumönnum og þeim sem eiga um þessi mál að sýsla, að foreldrar séu upplýstir rækilega um réttarstöðu sína og barna sinna ef þeir ákveða að ná samkomulagi um sameiginlega forsjá.

Hann nefndi enn fremur 61. og 70. gr. frv. sem væru tvímælalaust til hagsbóta fyrir börn. Þessi atriði voru einmitt ítarlega rætt í allshn. og ræddi ég þau sérstaklega í framsögu minni áðan en að því er ég best man var það einungis Dómarafélagið sem gerði athugasemdir við þessi ákvæði en fjölmargar umsagnir bárust að sjálfsögðu um frv. í heild sinni.

Varðandi þetta tvíþætta úrlausnarkerfi, þ.e. að dómstólaleiðin verði aðalreglan en hins vegar geti foreldrar farið fyrir dómsmrn. ef þeir eru sammála um það, þá er það álit meiri hluta nefndarmanna að það þyki rétt

að bjóða upp á stjórnvaldsleiðina enda þótt dómstólaleiðin sé aðalreglan og það hefur líka verið bent á að í athugasemdum með frv. er gert ráð fyrir því að þessi leið, þ.e. dómstólaleiðin, verði þróunin. En til að byrja með a.m.k. sé rétt að foreldrar geti, ef þeir eru því sammála, farið með mál sitt fyrir dómsmrn. svona svipað og um gerðardóm væri að ræða og báðir aðilar sammála því. Þetta er þjónusta við fólk og ódýrari kostur enda þótt það séu vissulega skiljanleg sjónarmið og í samræmi við aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds að dómstólaleiðin væri alfarið farin.

Hv. 9. þm. Reykv. ræddi nokkuð um þetta mál einnig og taldi fagnaðarefni að málið hefði fengið svo vandaða meðferð í allshn. og rifjaði upp að tillögur um sameiginlega forsjá hafi áður komið fram. Það er líka rétt. En hins vegar komu þær tillögur kannski fram í því formi að það var ekki neitt skýrt í sjálfu sér hvað fólst í þessu úrræði þannig að það er kannski fyrst núna sem menn átta sig á því hvaða reglur eiga að gilda og t.d. það atriði að það foreldri, sem barn verður með lögheimili hjá, fái réttarstöðu einstæðs foreldris skiptir mjög miklu máli í augum sumra þar sem það foreldri á þá rétt á meðlagsgreiðslum frá hinu foreldrinu, það hefur rétt einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum, varðandi dagvistun o.s.frv. Þetta er afar mikilvægt.

Hv. þm. gerði nokkuð að umræðuefni að sifjalaganefnd hafði haft á því áhuga að e.t.v. ætti að stofna sérstakt embætti umboðsmanns barna og hv. 14. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir hafði líka mörg stór orð um það mál. Þetta mál er til meðferðar í allshn. eins og ég mun gera betur grein fyrir á eftir.

Hv. þm. Svavar Gestsson hafði einnig áhyggjur af heimildinni um sameiginlega forsjá og af því að hún tæki ekki síður mið af hagsmunum foreldranna en barnanna og það lægi ekki á þessari heimild. Ég tel að ég hafi gert grein fyrir áliti meiri hluta nefndarmanna hvað þetta atriði varðar og að sjálfsögðu legg ég á það ríka áherslu að það er ekki verið að skerða þá grunnreglu að foreldrar geti eftir sem áður farið með skipta forsjá barna sinna ef þau kjósa það.

Það er að vísu rétt að ýmsir umsagnaraðilar hafa bent á þörf þess að koma upp fjölskylduráðgjöf jafnhliða úrræðinu um sameiginlega forsjá en það voru þó ekki allir og það má í sjálfu sér segja að það séu skiljanleg sjónarmið en þó hefur áður verið bent á það að þessi þjónusta er á mörgum stöðum í þjóðfélaginu. Það sem hefur kannski verið svolítill misskilningur í þessu efni er þegar t.d. kemur fram í minnihlutaáliti að ráðgjöfin eigi að vera til staðar áður en foreldrar taka ákvörðun um sameiginlega forsjá, þá er sýslumönnum og þeim sem um þessi mál eiga að fjalla fyllilega treystandi til þess að útskýra fyrir fólki hvaða réttaráhrif felast í þessari heimild. Hins vegar má frekar taka undir það atriði að þörf væri á slíkri fjölskylduráðgjöf þar sem foreldrar eiga í deilum um forræði barna sinna, en ekki þegar þau eru sammála um að fara þessa leið.

Hv. 5. þm. Reykv. kom með nokkrar athugasemdir og ég svaraði þeim áðan. Það voru athugasemdir varðandi 15. gr. frv. um sérstök framlög sem ég hefði talið rétt að kæmu fram í framsögu en fórst hins vegar fyrir og tel ég það miður en hef þó leiðrétt það.

Varðandi sameiginlega forsjá og brtt. meiri hlutans þar sem ákveðið var að bæta því við að kveða á um það að barnið skuli eiga lögheimili á öðrum staðnum og hafa að jafnaði búsetu, þá er rétt að taka það fram eins og reyndar var gert í framsögu að þarna er um að ræða frávik frá lögheimilislögum þar sem búseta og lögheimili fara yfirleitt saman en það á ekki við í þessu tilviki. Ég tel rétt að það komi hér skýrt fram vegna þess að slíkt væri andstætt eðli sameiginlegrar forsjár eins og hv. þm. benti á. Ég hygg því að það sé ekki ágreiningur um það í nefndinni að við höfðum þá túlkun í huga.

Varðandi 13. gr. frv., þ.e. að framfærsluskyldan falli niður þegar börn ganga í hjónaband, nema sýslumaður ákveði annað, þá er nauðsynlegt að hafa í huga að hér er átt við ungmenni sem eru undir 18 ára aldri, þ.e. ungmenni sem þurfa að fá undanþágu frá dómsmrn. til þess að mega ganga í hjónaband og það eru mjög fá tilvik. Ætli þau séu nema tvö til þrjú á ári og er alveg ljóst að þetta ákvæði í 13. gr. yrði einungis notað í algjörum undantekningartilvikum.

Varðandi 4. mgr. 34. gr., ákvæði um það að rétt sé að spyrja 12 ára barn um álit varðandi forræðisdeilur, þá þótti nefndinni rétt að hafa það ákvæði áfram í frv. í stað þess að fella alla aldursviðmiðun úr gildi þar sem við töldum að það mundi tryggja enn betur rétt barna sem hafa náð þessum þroska þó að sjálfsögðu sé erfitt að miða þroska barna alfarið við aldur. Þetta er líka spurning um afmælisdag og ýmislegt fleira sem kemur þar inn í. Auðvitað er æskilegt að leita álits sem flestra barna, en það er líka fyllilega heimilt samkvæmt frv. að gera það og hefur verið í framkvæmd.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti sig sammála frv. í meginatriðum og einkum þessu merkilega nýmæli um sameiginlega forsjá. Hún taldi að það væri réttur barnsins að slík heimild væri fyrir hendi og að Alþingi ætti að móta þá stefnu að báðir foreldrar beri ábyrgð á barni sínu. Hún hafði hins vegar meiri áhyggur af þessu tvíþætta úrlausnarkerfi. Hún hafði mörg orð um það mál sem hún er 1. flm. að, um umboðsmann barna, og bæði hún og hv. 9. þm. Reykv. lögðu fyrir mig fyrirspurn um hvernig þetta mál stæði í allshn. Þá vil ég upplýsa það að frv. um umboðsmann barna, þ.e. 123. mál þingsins, var vísað til allshn. þann 4. des. sl. Umsagnir sem borist höfðu á 113. löggjafarþingi voru settar í möppur nefndarmanna um miðjan janúar, en það voru umsagnir frá Sálfræðingafélagi Íslands, Foreldrasamtökunum, Þroskahjálp, Barnaheill, Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa, Barnavinafélaginu Sumargjöf, Félagi ísl. sérkennara, Félagi þroskaþjálfa, Fóstrufélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og fjmrn. Það var því opið fyrir alla nefndarmenn að taka upp umræðu um málið þegar frá þeim tíma, á fundum nefndarinnar. Þetta gilti að sjálfsögðu einnig um fulltrúa Alþb. í nefndinni.

Til viðbótar taldi allshn. rétt að senda málið til umsagnar eftirtaldra aðila: Barnaverndarráðs, Félagsmála-

stofnunar Reykjavíkurborgar, félmrn., Kennarasambands Íslands, Félags barnalækna, sifjalaganefndar, Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, umboðsmanns Alþingis og dómsmrn. Umsagnarfrestur er til 24. apríl nk.

Eins og hér hefur verið viðurkennt í umræðum í kvöld hefur verið óvanalega mikið annríki í allshn. og víst er að ekki vinnst tími til að ljúka þar einhverjum málum og þar á meðal málum sem komu inn í nefndina þó nokkuð á undan þessu frv. um umboðsmann barna sem hér er um rætt. Þetta mál er hins vegar til umfjöllunar í nefndinni svo að þau ummæli eru ekki réttmæt að þessu máli hafi ekki verið sinnt með eðlilegum hætti. Hitt er annað mál að það geta ekki talist eðlileg vinnubrögð af hálfu löggjafans á Alþingi að fara fram á það að það frv. sem hér er til umfjöllunar verði ekki afgreitt fyrr en frv. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og fleiri þingmanna sé afgreitt.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. þurfi ekkert að vera undrandi á því þegar ekki er geysilangt til þingloka ef svo fer að það verði starfað eftir starfsáætlun, jafnvel þó það dragist eitthvað, þótt einn þingflokkur leggi verulega áherslu á eitt tiltekið mál á þessu stigi þegar tilefni gefst til, af því að rökin fyrir barnalagafrv. frá sifjalaganefnd eru m.a. þau að lög verði sett um umboðsmann barna. Þess vegna eru málin tengd saman af þeim sérfræðingum sem helst hafa fjallað um þessi mál hér á landi á undanförnum árum, mér liggur við að segja áratugum. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að þessi mál séu tengd saman. Ég vona að ég þurfi ekki að skilja hv. 6. þm. Reykv. þannig að það sé nein ástæða til að ætla að menn dragi það að afgreiða þetta mál um umboðsmann barna. Þvert á móti vona ég að hægt sé að skilja orð hennar og hv. 3. þm. Reykv. fyrr í umræðunum í kvöld þannig að ætlunin sé að afgreiða málið. Enginn ágreiningur er um það að ég best veit, ég kannast ekki við það. Það hefur verið lagað að þeim ábendingum sem fram hafa komið. Kostnaður við embætti umboðsmanns barna er talinn vera 3–5 millj. kr. á ári að mati fjmrn. þannig að ekki er um óyfirstíganlegan vanda að ræða og ég segi það í fullri alvöru fyrir hönd þingflokks Alþb. að við leggjum mikla áherslu á þetta mál og að menn athugi það málefnalega og afgreiði þannig að þingið geti á þessu vori tekið á öllum þessum þáttum í senn og þar með afgreitt þau mál sem snerta löggjöf um málefni barna með myndarlegum og sómasamlegum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri, fyrri umr.

Þáltill. VE og TIO, 159. mál. — Þskj. 171.

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þessu máli. Það krefst ekki langra umræðna af því að svipuð þáltill. hefur legið fyrir frá Steingrími J. Sigfússyni og fleirum sem nú er til umfjöllunar í sjútvn. Þessi þáltill. gengur út á að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að stofnun sjávarútvegsmiðstöðvar á Akureyri. Sjávarútvegsmiðstöðin verði miðstöð þekkingaröflunar og rannsókna fyrir íslenskan sjávarútveg og starfi í tengslum við Háskólann á Akureyri.

Markmiðið er að stefna að því að flytja allt háskólanám á sviði sjávarútvegs til Háskólans á Akureyri og enn fremur að flytja í áföngum aðalstarfsemi upplýsinga-, rannsókna- og þjónustustofnana sjávarútvegsins til Akureyrar.

Rökin fyrir þessu eru þau að sjávarútvegurinn er aðalútflutningsgrein okkar. Til þess að hún geti blómstrað og staðist samkeppni á erlenda vísu er nauðsynlegt að einhver kjarni sé til staðar þar sem saman fari öflug starfsemi í greininni sjálfri, rannsóknastarfsemi, akademísk starfsemi í háskóla og að þekking og reynsla flæði á milli atvinnugreinarinnar og þeirra sem í henni starfa og þeirra sem stunda rannsóknir, þeirra sem eru í þróunarstarfsemi og þeirra sem vinna í akademísku starfi í háskóla.

Akureyri og umhverfi hennar er að mörgu leyti vel til þess fallin að vera vettvangur fyrir slíka sjávarútvegsmiðstöð. Við höfum mjög öflug sjávarútvegsfyrirtæki á Akureyri og eins á Eyjafjarðarsvæðinu. Við höfum Háskólann á Akureyri, útibú frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, fyrirtæki sem eru mjög öflug í þjónustu við sjávarútveginn, bæði í viðgerðum og framleiðslu á ýmsum vörum sem tengjast sjávarútvegi. Má þar nefna ýmis iðnfyrirtæki eins og DNG, Sæplast og fleiri fyrirtæki. Það er einmitt kjarni sem felur í sér virkt samstarf á milli allra aðila af þessu tagi, þ.e. fyrirtækjanna í sjávarútveginum, fyrirtækja í greinum sem sjá sjávarútveginum fyrir aðföngum, sölufyrirtækjum og rannsóknafyrirtækjum og háskóla, sem gerir það að verkum að sjávarútvegur okkar getur þróast áfram.

Ég legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. sjútvn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem nú er til umræðu hefur komið fyrir á Alþingi í vetur á öðrum vettvangi í formi þáltill. og blandast einnig inn í umræðu um önnur mál, svo sem frv. um Fiskistofu.

Ég get tekið undir meginefni framsöguræðu hv. 1. flm. Það er búið að skapa þá aðstöðu á Akureyri sem nægir til þess að byggja á þann grunn sem þarf ef raunverulegur vilji er til frekari ákvarðanatöku í þessa átt. Það blés ekki byrlega fyrir sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri í upphafi. Að mínu mati er það öðru fremur fyrir það að fyrrv. sjútvrh., hv. 1. þm. Austurl., skildi það þegar staðan var hvað erfiðust að ekkert yrði úr sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri ef hún hefði ekki að þróast sem akademísk stofnun að þessi grunnur var lagður. Gekk hann fram í því að koma fyrir í tengslum við háskólann hluta af starfsemi rannsóknastofu fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar. Ef þessi starfsemi á að ná að þróast að einhverju

marki held ég að meginmálið sé að hlúð verði að þeim vísi að akademískri stofnun sem þar er.

En eins og ég sagði áðan er þetta angi af stærra máli. Þetta er angi af þeirri umræðu sem hefur verið um flutning ríkisstofnana. (**ÖS:** Eru ekki framsóknarmenn á móti, samanber Byggðastofnun?) Af vana kallar hv. 17. þm. Reykv. fram í, ræðir um afstöðu framsóknarmanna til flutnings Byggðastofnunar. Ég vil að það komi skýrt fram að sá sem hér talar hefur alla tíð mælt með því að Byggðastofnun yrði flutt út á land. (**ÖS:** Er ágreiningur í Framsfl.?) Það ku vera ágreiningur um það í Framsfl. en það er ágreiningur í fleiri flokkum. Fyrir nokkrum dögum var ég í útvarpsþætti með einum hv. þm. Sjálfstfl., flokki forsrh., sem sagðist ætla að flytja frv. um málið. Sá maður er kominn í stjórn Byggðastofnunar og þar virðast menn vera dáleiddir í þessa veru strax á fyrsta degi, hvort sem þeir eru í Framsfl. eða Sjálfstfl.

Hins vegar nefni ég það við hv. 17. þm. Reykv. að ég er þeirrar skoðunar að umræðunni um flutning Byggðastofnunar sé nú slegið upp að nokkru leyti til þess að drepa málinu á dreif. Að mínu mati er holur tónn í þeirri umræðu núna. Ég er ekkert viss um að hæstv. forsrh. mæli þessi orð í þeirri trú að hann hafi þingmeirihluta til þess að koma málinu fram. (**ÖS:** Með þínum tilstyrk.) Það getur vel verið að minn tilstyrkur dugi til, en ég vil fyrst sjá forsrh. sýna fram á að hann hafi meirihlutastuðning stjórnarflokkanna til þess að koma málinu fram. Þegar hæstv. forsrh. hefur sýnt mér fram á það skal ég veita honum allan stuðning til málsins, en fyrr ekki.

Það er nefnilega svo, hv. 17. þm. Reykv., að ef menn vilja á annað borð ræða flutning ríkisstofnana í alvöru ræða menn um fleira en Byggðastofnun. (Gripið fram í.) Þá ræða menn um fleira en þau 20 störf sem þar er um að ræða. Þá ræða menn um eitthvað sem vigtar. Ég vil þess vegna sjá þær áætlanir sem liggja að baki áformum um þessi atriði í hinnu hvítu bók stjórnarflokkanna. Það var m.a. af þeim ástæðum sem ég hafði forgöngu um að semja lítið frv. og leggja það fram til þess að það kæmi skýrt fram hver vilji Alþingis gagnvart flutningi ríkisstofnana væri. Ég setti þar fram skýr og raunhæf markmið í þá veru að innan 10 ára væri hlutfall ríkisstarfsmanna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess í hlutfalli við íbúafjölda.

Þar sem hér var um mál að ræða sem fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum höfðu lýst áhuga á, gerði ég mér vonir um að fá flutningsmenn úr öllum flokkum. Þess vegna byrjaði ég á að kanna, m.a. fyrir milligöngu hv. 17. þm. Reykv. og þingflokksformanns Alþfl., hvort ekki væri flötur á því að fá flutningsmenn um málið úr öllum flokkum. Strax á fyrsta degi fékk ég synjun bæði frá Alþfl. og Sjálfstfl. enda búið að múlbinda þar almenna þingmenn, þar með talinn þingflokksformann Alþfl., og þeim hreinlega bannað að skrifa upp á mál hjá öðrum en stjórnarliðum. (Gripið fram í.) Þetta er í stíl við vinnubrögð núverandi meiri hluta, svo ég haldi áfram þeirri umræðu sem hv. 17. þm. var svo vinsamlegur að beina mér inn á. Þetta er í stíl núv. hæstv. ríkisstjórnar sem telur að hún geti með tilskipun sagt fyrir fram hvað Alþingi eigi að samþykkja, samanber útgefna yfirlýsingu, auglýsingu hæstv. ríkisstjórnar, um vexti á námslán sem engin heimild er enn þá fyrir í lögum. Þar kem ég að enn öðru máli sem kemur kannski eilítið við kaunin á hv. 17. þm. Reykv. En þetta var aðeins útúrdúr. (**ÖS:** Taktu vegalaus börn líka svo það komi ...) Ég er nú ekki svo kunnugur þeirri umræðu að ég ætli að taka hana hér fyrir.

Virðulegi forseti. Þetta undirstrikar kannski að varðandi það mál sem hér liggur fyrir eru það ekki tækifærin sem skortir. Það skortir viljann. Ég heyrði ekki eitt einasta orð frá hæstv. sjútvrh. eða öðrum þeim þingmönnum stjórnarliðsins sem ræddu um það að stofnsetning Fiskistofu gæti verið einn liður í því máli sem við erum að ræða um nú. Ég heyrði ekki eitt einasta orð um það þrátt fyrir að bæjarstjórn Akureyrar hefur ályktað í þá veru að æskilegt væri að Fiskistofan yrði staðsett á Akureyri en sami flokkur er í forsvari fyrir meiri hlutanum á báðum stöðum. Þessi tillaga liggur fyrir frá tveimur hv. þm. Sjálfstfl. Þannig skyldi maður ætla að í þeirri umræðu hefði einkum verið rætt um staðsetningu Fiskistofu annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Næg tilefni eru því til þess að ræða þessi mál við hv. stjórnarþingmenn á þeim nótum sem hv. 17. þm. Reykv. kaus að gera með frammíkalli, sem ég hafði þó ekki ætlað mér í þessari stuttu ræðu um það annars ágæta mál sem hér er á dagskrá.

En ég vil að lokum ítreka það að ég tel að hér sé hreyft góðu máli. Á Eyjafjarðarsvæðinu eru allar aðstæður til þess að stíga þessi skref, eins og fram kom í ræðu framsögumanns. Í umfjöllun þeirra mála sem tengjast sjávarútveginum og eru á dagskrá þingsins bíð ég bara ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar eftir því að hæstv. ráðherrar og hv. sjórnarþingmenn sýni viljann í verki, þeir hafa öll tækifæri til þess.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði hið vegalausa barn Framsfl. og kunni bersýnilega ekki fótum sínum forráð. Ég taldi að við værum að ræða hið ágæta mál sem tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt en svo kemur hinn vegalausi þingmaður, hv. þm. Jóhannes Geir, í pontu og talar um lánamál námsmanna, um Byggðastofnun en ekkert um málið sem er til umræðu. Hann varpar því síðan framan í þingmenn að í salnum sé staddur múlbundinn þingflokksformaður Alþfl. og múlbinding hans komi fram í því að honum sé bannað að skrifa upp á frv. Ég veit ekki betur en ég sé búinn að skrifa upp á tillögur og frv. framsóknarmanna, ábyggilega hálft dúsín eða svo, á þessu þingi. Ég veit því ekki hvar hinn vegalausi þingmaður hefur verið staddur. Hann hefur ekki verið staddur á þessu Alþingi. En ég verð auðvitað að segja að það eru ákveðin rök fyrir því að ég kalla hann vegalausan þingmann. Það er vegna þess að hann kemur hér upp og bersýnilegt er að í brjósti þingmannsins bærist frjálslyndið og það stríkkar stundum á tjóðrinu, hann langar stundum að vera í flokki með okkur hinum, frjálslyndu þingmönnunum,

en framsóknartaugin kippir honum auðvitað alltaf til baka. Hann kemur og segir að vitaskuld vilji hann styðja hið ágæta frumkvæði forsrh. sem varðar flutning Byggðastofnunar út á land. Þegar hann horfir svo fram í salinn kemur það náttúrlega fram að það eru ekki allir framsóknarmenn á sama máli. Þá er honum kippt aftur til baka og hann segir: Það er holur tónn í þessu. Ef það er hægt að sýna mér að ekki er holklaki undir þá skal ég styðja það, örugglega, kannski, ef.

Ástæðan fyrir því að ég og aðrir þingmenn stjórnarflokkanna vildum ekki ljá nafn okkar á frv. hans um flutning ríkisstofnana út á land er auðvitað sú að mjög skýr stefnumótun liggur fyrir hjá ríkisstjórninni í þessum málum. Þingmaðurinn kann t.d. þá bók sem stundum er kölluð hvíta músin en heitir hvíta bókin, miklu betur en ég og vísar oft í hana hér. Hann veit að hún er öll útbíuð í yfirlýsingum um að flytja eigi ríkisstofnanir út á land. Þegar hann talar um að holur tónn sé í þessu þá vill svo til að nákvæmlega í þeirri ágætu tillögu sem nú er til umræðu er einmitt verið að ræða um að flytja rannsókna- og upplýsingastofnanir sem tengjast sjávarútvegi út á land.

Að endingu skora ég á þennan ágæta þingmann að koma hingað upp og segja okkur hvort hann sé með eða á móti tillögu forsrh. um að flytja Byggðastofnun til Akureyrar. Eða er hann bara svona gamall og hefðbundinn framsóknarmaður, bæði með og á móti?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði sá hv. þm. sem fyrir nokkrum dögum fékk skrifaða um sig heila grein í einu glanstímaritanna þar sem honum var sérstaklega lýst sem fulltrúa hinnar vegalausu '68-kynslóðar í pólitík. Ég náði því ekki alveg upp í ræðu hans um vegaleysið.

Hins vegar varðandi skýr markmið í hinni hvítu bók skal ég segja það hér og nú að ég hef aldrei gert nokkurn skapaðan hlut með nokkuð sem stendur í stjórnarsáttmála fyrr ég sé eitthvað af því í verki. Og ég hef af því bitra og langa reynslu. Ég geri því í sjálfu sér ekkert með fyrirheit í hinni hvítu bók fyrr en ég sé þess merki í starfi ríkisstjórnar eða Alþingis að þetta sé eitthvað meira en stafir á blaði. Enn þá hefur ekkert komið fram annað en mjög óljósar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um flutning Byggðastofnunar. Ég bendi hv. þm. á að svarræða hæstv. forsrh. um flutning ríkisstofnana og flutning stofnana út á land snerist nánast öll um það að tína fram mótrök gegn slíkum flutningi. Af klókindum setti hæstv. forsrh. það að vísu fram sem skoðanir annarra manna. Ég veit ekki hver tilgangurinn var með því að eyða nánast öllum þeim knappa tíma sem hann hafði í að lesa upp íslenskan og erlendan rökstuðning gegn slíkum verknaði. Það mundi hv. þm. sjá ef hann læsi það sem þar stóð og var sagt.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hrammur Framsóknar er þungur og hvílir grimmúðlega á herðum þessa unga og frjálslynda þingmanns sem talaði áðan. En ég bendi honum á að hann hefur stjórnarskrárvarinn rétt til þess að hafa eigin skoðanir. Hann kemur hingað og lýsir því yfir, að hann sé þeirrar skoðunar að flytja eigi Byggðastofnun út á land. Síðan segir hann óvíst hvort þingmeirihluti sé fyrir því. Og þess vegna er spurningin sem hann hefur vikist undan að svara og ég bið hann aftur um að svara, þessi: Ætlar hann að styðja tillögu forsrh., sem hann úr þessum stóli er búinn að lýsa yfir að hann sé í rauninni samþykkur? Ætlar hann að þora að brjóta flokksviðjarnar og styðja tillögu forsrh. eða eru þetta bara orðin tóm hjá honum?

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að lýsa þeirri skoðun minni að ég hef alla tíð mælt með því að Byggðastofnun yrði flutt út á land. Ég mun ekki breyta þeirri skoðun minni á nokkurn hátt. Ég mun hins vegar ganga ríkt eftir því að hæstv. forsrh. sýni fram á að hann hafi meiri hluta síns flokks og Alþfl. við þeim gjörningi. (**ÖS:** Af hverju?) Það er einfalt mál vegna þess að þetta er prófsteinn á það hvort einhver vilji er þarna að baki. Við munum líka gera kröfu á að því verði fylgt eftir með málum sem vigta eitthvað í slíku. Ég lít á flutning Byggðastofnunar út á land fyrst og fremst sem táknræna aðgerð til þess að leggja áherslu á annað og meira. Það eru 20 störf við Byggðastofnun í Reykjavík. Ef við ætlum að tala af alvöru um flutning á stofnunum út á land verðum við að taka fyrir stofnanir sem vigta eitthvað í mannahaldi. Þetta er ekki nema prósentubrot af því sem þarf ef eitthvað á að verða úr málinu.

Ég bið því hv. 17. þm. Reykv. að spara sér aðeins léttúðina þegar talað er um svo alvarlegt mál sem hér er því tekið er eftir málflutningi hans og ég hef enga trú á að hv. 17. þm. Reykv. sé endanlega búinn að gefa það upp á bátinn að Alþfl. kunni að eiga kjósendur utan höfuðborgarsvæðisins í framtíðinni.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 17. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég er ásakaður um það af þingmanni Framsfl. að tala um málið af léttúð. Því fer víðs fjarri. Menn ræða ekki um þetta mál af léttúð. Málið snýst um það hvort þingmaðurinn hafi kjark til þess að standa við það sem hann hefur sagt. Hann sagði áðan: Þetta er prófsteinn á stefnu forsrh. En ég segi: Þetta er prófsteinn á sjálfstæði þingmannsins og ef hann stendur ekki undir því mun þessi prófsteinn í einni svipan breytast í myllustein honum um háls og sökkva honum. Það vil ég síst allra manna sjá gerast.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Umræðan sem hér hefur orðið, nú síðast um vegalausa þingmenn, snertir ekki beinlínis sjávarútvegsmiðstöðina á Akureyri, ekki síst með tilliti til þess að hugtakið vegalaus þingmaður hefur verið ranglega notað þar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var ekki vegalaus heldur afvegaleiddur þingmaður og leiddur af braut af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Hin rétta braut er að ræða um sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri. Það hefur að vísu verið gert í þingsölum áður í tengslum við till. til þál. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem flutt var af þingmönnum allra flokka nema Sjálfstfl., því svo vildi til að þegar sú þáltill. var í undirbúningi var sú þáltill. sem er til umræðu í kvöld einnig í undirbúningi og niðurstaðan varð sú að báðar tillögurnar voru fluttar.

Ég ætla ekki hér og nú að endurtaka það sem ég sagði við umræðuna um málið sem er mjög skylt því sem er til umræðu í kvöld, þó þar sé nokkur áherslumunur. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð sem varpa ljósi á það hvers eðlis hugmyndin er sem er til umræðu. Það er að sjálfsögðu verið að ræða um að tengja saman rannsóknastofnanir annars vegar og atvinnulíf hins vegar. Þörf er á þessum tengslum á hvoru tveggja sviðinu. Því er ekki að neita að rannsóknastarf hefur ekki verið í nógu miklum tengslum við atvinnulífið, menntastofnanir og fræðistofnanir hafa ekki þróast nægilega vel í tengslum við atvinnulífið og atvinnulífið hefur á hinn bóginn ekki varið nógu miklu fé til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Íslendingar standa frammi fyrir harðnandi samkeppni í alþjóðlegum viðskiptum. Það skiptir ekki einungis máli að þeir tryggi sér sem besta viðskiptahagsmuni með alþjóðlegum samningum um aukið viðskiptafrelsi, eins og er verið að vinna að, heldur er jafnframt mikilsvert fyrir þá að móta skýra stefnu um með hvaða hætti þeir geta styrkt samkeppnisstöðu sína heima fyrir, hvernig þeir geti best búið í haginn fyrir atvinnulífið og hvar möguleikar þeirra eru mestir.

Í alþjóðlegri samkeppni skiptir sérstaða þjóða meginmáli. Sú sérstaða getur verið tengd auðlindum, landfræðilegri legu eða menntun þjóðarinnar. Það sem sker úr um samkeppnishæfni Íslendinga í síharðnandi alþjóðlegum viðskiptaheimi er hvernig þeim tekst að virkja sérstöðu sína sér í hag. Sérstaða Íslendinga er í raun og veru ekki aðeins fólgin í fiskimiðunum og mikilli framleiðni fiskveiðiflotans og mannaflans sem við sjávarútveginn starfar. Sérstaða okkar er ekki síður fólgin í því að við eigum vel menntaðan mannafla, mannauð, sem er opinn fyrir nýjungum og talsvert alþjóðlega sinnaður þótt þjóðin sé enn landfræðilega örlítið úr alfaraleið. Hins vegar skortir mikið á að við nýtum þekkingu okkar til að auka hagvöxt og styrkja stöðu okkar í samkeppninni við aðrar þjóðir. Það má því með sanni segja að bókvitið hafi ekki hafnað í askinum sem skyldi.

Sú þáltill. sem hér um ræðir miðar að þessu, hún miðar að því að koma á fót stofnun á Akureyri sem tengir saman atvinnulífið og fræðistofnanir. Ég get þess hér að tilraunir af þessu tagi hafa verið framkvæmdar víða um heim. Ég átti þess kost að skoða það sem Finnar hafa verið að gera í Oulu í norðanverðu Finnlandi. Þar búa um 100.000 manns. Þeir hafa fyrir alllöngu komið sér upp tæknigarði þar sem tæknideild og verkfræðideild háskólans í Oulu starfar í tengslum við rannsóknastofnanir og fyrirtæki og þar hefur verið komið upp sjálfseignarstofnun sem heitir „teknopoliskpark" eða tæknigarður og hún er fyrst og fremst umgjörð utan um samstarf af þessu tagi. Þessi tegund af umgjörð utan um samstarf fræðistofnunar, vísindastofnunar annars vegar og fyrirtækja hins vegar, hefur gengið mjög vel. Hefðbundnar atvinnugreinar þeirra eru fyrst og fremst skógarhögg og iðnaður sem byggist á skógarafurðum. Á sl. 10 árum hefur þeim tekist að fjölga um ein 5.000 störf ef ég man rétt, og þau eru öll tengd hátækni. Þessi reynsla hefur gefið þeim vísbendingu um að ástæða sé til þess að halda áfram á þessari braut. Þeir eru nú með svipaðan samstarfsvettvang í byggingu sem byggt er yfir og þeir nefna „medipolis", þ.e. samstarfsvettvangur sem tengir saman háskólasjúkrahúsið í Oulu sem er tiltölulega stórt sjúkrahús, rannsóknastofnanir á sviði meinafræði og síðan fyrirtæki sem framleiða ýmiss konar efni og tækni sem tengist heilbrigðismálum. Þarna ætla þeir að leiða saman þá þekkingu sem best er á þessu sviði og þau fyrirtæki sem starfa að framleiðslunni til þess að skapa frjóan jarðveg fyrir framfarir á þessu sviði.

Ég hygg að ef Íslendingar eiga möguleika á að byggja upp stofnun af þessu tagi á héraðsgrundvelli, sé það fyrst og fremst í sambandi við sjávarútveginn. Aðstæðurnar sem eru í Eyjafirði eru mjög hagstæðar fyrir þróun af þessu tagi og ég geri ráð fyrir að Alþingi muni taka mjög vel í þessar hugmyndir. Ég varð var við það þegar sú þáltill. sem ég minntist á áðan var til umfjöllunar í þinginu fékk hún góðar undirtektir og ég geri ráð fyrir að þetta mál muni fá skjóta afgreiðslu út úr þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

126. FUNDUR

þriðjudaginn 14. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Tilkynning um sjónvarpsútsendingar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að undirritað hefur verið samkomulag um beinar sjónvarpssendingar frá Alþingi og það er einmitt á fundinum í dag sem útsendingar hefjast. Þessi fundur markar því á vissan hátt þáttaskil í sögu þingsins og það er von mín að þessi nýbreytni mælist vel fyrir og megi verða til þess að betri tengsl skapist milli þings og þjóðar. Hér veitist innsýn í þingstörfin á annan hátt en við hinar formföstu útvarpsumræður sem mælt er fyrir um í þingsköpum með takmörkuðum ræðutíma.

Enn sem komið er ná þessar útsendingar ekki til allra landsvæða en stefnt mun að því að útvíkka dreifingarkerfið í náinni framtíð.

Rétt er að taka það fram að sjónvarpað verður óslitið frá upphafi fundar til loka hans og myndavélinni eingöngu beint að ræðustólnum.

Ég ítreka enn á ný óskir mínar um að þessi nýjung sem hér er tekin upp megi verða þinginu til heilla og til að efla skilning þjóðarinnar á störfum þess.

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að hér mun hefjast utandagskrárumræða sem stendur í allt að hálftíma. Hún fer fram að beiðni hv. 9. þm. Reykv. og er um ráðningu þjóðminjavarðar. Utandagskrárumræðan mun hefjast að lokinni atkvæðagreiðslu hér á eftir.

Vegalaus börn.

Beiðni ÁMM o.fl. um skýrslu, 500. mál. — Þskj. 786.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, PB, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE.

22 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JóhS, JónS, KSG, KÁ, MJ, MB, RA, RG, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf.

Beiðni StG o.fl. um skýrslu, 501. mál. — Þskj. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, PP, PJ, PB, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, ÓE.

21 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, RA, RG, SighB, SP, SJS, ÖS, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KSG, KÁ, MJ, MB) fjarstaddur.

Barnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 73, nál. 771 og 773, brtt. 770 og 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

2 þm. (AKS, VE) greiddu ekki atkv.

19 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KSG, KÁ, MJ, MB, RA, SighB, SP, SJS) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS.

2 þm. (AKS, VE) greiddu ekki atkv.

20 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KHG, KÁ, MJ, MB, RA, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 772,1 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (AKS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (VE) greiddi ekki atkv.

16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

11.–22. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

17 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, GHelg, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

Brtt. 772,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

24. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
17 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP, VE) fjarstaddir.

Brtt. 772,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.
16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

25. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

26.–32. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

Brtt. 772,4 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, AKS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KSG, KHG, KE, LMR, MJ, ÓE, PP, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SJóh, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
3 þm. (IBA, JVK, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HBl, IP, JónS, KÁ, MB, RA, SighB, SP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Tæknilegir örðugleikar hafa orðið varðandi þá atkvæðagreiðslu sem fór fram, þ.e. varðandi 33. gr., og verður því notað gamla lagið, handaupprétting.

33. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu 34. og 35. gr. þessa frv. og hef áður látið þá skoðun mína koma í ljós að ég tel að með vali milli þess að láta dómsmrn. og dómstóla skera úr ágreiningsmálum að nú sé farið frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Ég tel þetta afar óheppilegt og held að enn þá sé tækifæri til þess fyrir hv. nefnd að líta nánar ofan í þetta mál. Verði það ekki gert mun ég flytja brtt. við 3. umr.
Hæstv. forseti, ég mun sitja hjá að sinni við afgreiðslu þessara tveggja greina en styð frv. að sjálfsögðu að öðru leyti.

34. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 772,5 samþ. með 48 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 770,1 felld með 35:14 atkv.
38. gr. samþ. með 41:7 atkv.
Brtt. 772,6 (40. gr. falli brott en síðari mgr. 39. gr. verði ný 40. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
41.–59. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 772,7 samþ. með 49 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
61.–75. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 770,2 felld með 31:11 atkv.
76. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
77. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrisagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. VE og TIO, 159. mál. — Þskj. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og til sjútvn. með 50 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Ráðning þjóðminjavarðar.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Embætti þjóðminjavarðar er tvímælalaust eitt fremsta virðingarstarf íslenskrar menningar. Þjóðin hefur verið þessarar skoðunar lengi og

hefur það kannski aldrei betur komið í ljós en þegar Kristján Eldjárn var kosinn forseti Íslands árið 1968. Nú hefur hins vegar skipt um í íslensku stjórnarfari á öllum sviðum. Nú hefur verið ákveðið að ráða sem þjóðminjavörð í embætti þeirra Matthíasar Þórðarsonar, Kristjáns Eldjárns og Þórs Magnússonar, mann sem hefur að vísu BA-próf í sögu og hefur verið starfsmaður Sjálfstfl. Annað hefur hann ekkert til síns ágætis. Ákvörðun Ólafs G. Einarssonar, hæstv. menntmrh., um að ráða Guðmund Magnússon sem þjóðminjavörð í tvö ár er margfalt hneyksli, en vissulega þó aðeins hápunkturinn á ráðningu hans á mönnum til starfa í æðstu embætti. Nægir þar að nefna framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna og ráðningu skólastjóra Leiklistarskólans.

Í síðustu ríkisstjórn beitti ég mér fyrir því að embættisveitingavald yrði í raun tekið af menntmrh. í öllum háskólastofnunum. Því miður fengu menningarstofnanirnar ekki sömu lagameðferð. Það voru alvarleg mistök en skýrast af því að enginn — ég segi enginn — hafði hugmyndaflug til þess að ímynda sér að ráðherra gripi til annarrar eins ósvinnu og þeirrar sem nú liggur fyrir að því er varðar ráðningu þjóðminjavarðar. Þess vegna er nú hætta á því, í fullri alvöru, virðulegi forseti, að t.d. Hannes Hólmsteinn Gissurarson verði ráðinn forstjóri Þjóðarbókhlöðunnar og Sveinn Andri Sveinsson næsti landsbókavörður, svo tvö dæmi séu nefnd, því miður býsna nærtæk.

Ég sagði margfalt hneyksli. Í fyrsta lagi vegna þess að ráðning Guðmundar Magnússonar er fráleit frá faglegu sjónarmiði. Þjóðminjavörður á að vera æðsti maður íslenskrar þjóðminjamenningar innan lands og utan, t.d. á alþjóðavettvangi og alþjóðlegum ráðstefnum af ýmsu tagi. Þar mæta sérfræðingar úr öllum heiminum og það er augljóst að starfandi þjóðminjavörður og settur mun ekki ráða við það hlutverk.

Í öðru lagi vegna þess að freklega er gengið fram hjá öllu starfsliði Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjaverði og starfsfólki hans. Ekkert samráð er haft við þessa aðila. Ráðningin er eins og blaut tuska framan í þetta fólk og alla þá sem bera virðingu fyrir rannsóknum og vísindalegu starfi í íslensku þjóðfélagi.

Í þriðja lagi ber svo að gagnrýna þessa ráðningu á þeim forsendum að það eru lög brotin af því að safnstjóri á samkvæmt lögum að taka við og leysa þjóðminjavörð af. Því spyr ég hæstv. menntmrh., virðulegi forseti:

1. Af hverju auglýsti hann ekki starfið úr því hann taldi nauðsynlegt að setja annan mann í það?

2. Af hverju gekk hann fram hjá starfsmönnum safnsins?

3. Af hverju bað hann þjóðminjaráð ekki um tillögur?

4. Hvaða fagleg rök eru fyrir því að ráða Guðmund Magnússon til starfans?

5. Tók hæstv. menntmrh. þessa ákvörðun í samráði við forsrh. og fjmrh. og Alþýðuflokkinn?

Og að lokum: Er ráðherra reiðubúinn til þess að afturkalla þessa dæmalausu ákvörðun sína?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert í sambandi við þá umræðu sem orðið hefur vegna ráðningar í stöðu þjóðminjavarðar að enginn hefur dregið í efa hæfileika Guðmundar Magnússonar fyrr en nú að hv. þm. Svavar Gestsson gerir það og telur þetta hneyksli. Enginn hefur heldur dregið í efa að ég hafi farið að lögum við þessa embættisfærslu fyrr en nú að hv. þm. Svavar Gestsson gerir svo.

En hvað er það sem verið er að gagnrýna?

Talað er um að Lilja Árnadóttir, staðgengill þjóðminjavarðar, hefði átt að taka við stöðunni. Ég hafði orð þjóðminjavarðar fyrir því að hún vildi það ekki og var því ekki um það að ræða. Þegar þjóðminjavörður fer í tveggja ára leyfi verður að setja mann í staðinn fyrir hann. Þar sem hann mun koma aftur til starfa að leyfinu loknu er staðan ekki laus og ekki lögskylt að auglýsa hana. Engin fyrirmæli eru í lögum um að ráðherra þurfi að leita umsagnar í tilviki sem þessu, því var það ekki gert. Samráð hafði ég hins vegar með góðum fyrirvara við formann þjóðminjaráðs og átti við hann viðtöl a.m.k. tvisvar um málið. Hann lýsti ánægju sinni með þá hugmynd að setja Guðmund Magnússon í starfið. Formaður þjóðminjaráðs tilkynni þjóðminjaráði ákvörðun mína miðvikudaginn 8. apríl fyrir hádegi. Eftir hádegi þann dag sendi ráðuneytið út fréttatilkynningu. Daginn áður var þjóðminjaverði kynnt ákvörðunin og honum heimilað að greina safnstjóra frá henni og öðru starfsfólki þar sem það væri ósk ráðuneytisins að starfsliðið vissi af ráðningunni áður en hún yrði kynnt fjölmiðlum.

Það sem eftir stendur er þetta: Reynt er að gera ráðninguna tortryggilega með óvönduðum fréttaflutningi. Fyrrv. menntmrh. bætir svo um betur með því að koma með málið inn á hv. Alþingi. Honum væri nær að svara því hér og nú í hversu margar stöður hann réði í ráðuneyti menntamála án auglýsinga meðan hann staldraði þar við. Ég kynni að geta hjálpað honum með upplýsingar ef hann kann að hafa gleymt einhverju. Það stendur líka eftir að ég er ýmist gagnrýndur fyrir að velja sjálfstæðismenn í stöður eða velja þá ekki. Enginn hefur hins vegar borið mér á brýn lagabrot fyrr en hv. þm. Svavar Gestsson, ekki heldur að ég hafi valið vanhæfa menn. Getur verið að reynt sé að gera þessar stöðuveitingar tortryggilegar vegna þess að ég hef ekki farið alveg troðnar slóðir heldur lagt megináherslu á að velja hina hæfustu menn til starfa? Spurningum hv. þm. hvort ég hafi haft samráð við forsrh., fjmh. og Alþfl., svara ég þannig að ég gerði það ekki og ég er ekki tilbúinn til þess að afturkalla þessa ákvörðun.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg ótrúlegt hve hæstv. menntmrh. er lánlaus í embættisveitingum sínum og lýsti hann því sjálfur hér áðan. Samkvæmt þjóðminjalögum er safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands staðgengill þjóðminjavarðar. Því hefði verið eðlilegt að safnstjóri, sem í þessu tilviki er kona, hefði verið beðin að taka að sér starf þjóðminjavarðar meðan hann er í leyfi

frá störfum. Það var hins vegar ekki gert og fréttir á skotspónum um að Lilja Árnadóttir safnstjóri hafi e.t.v. meiri hug á að verða safnstjóri fremur en þjóðminjavörður á hæstv. menntmrh. ekki að taka á þann hátt að hún vilji ekki taka að sér starfið. Hann sagði áðan að hann hefði orð þjóðminjavarðar fyrir því en ég hef orð hennar sjálfrar fyrir því að hún fékk hvorki tækifæri til að segja já né nei við því hvort hún vildi taka að sér starfið. Hún var aldrei spurð. Það kemur bara skipun að ofan án alls samráðs. Auðvitað hefði átt að auglýsa stöðuna ef það hefði verið niðurstaðan að Lilja Árnadóttir hefði ekki viljað taka að sér starfið. Það hefði kannski líka verið eðlilegt. Ég er ekki að spyrja um hvað sé löglegt í þessu máli, ég vona að það sem hæstv. menntmrh. gerði sé löglegt, en það hefði átt að auglýsa stöðuna. Þetta er tveggja ára staða og t.d. eru alltaf auglýstar stöður við háskólann þótt þær séu bara til eins árs. Því hefði verið mjög eðlilegt að auglýsa stöðuna ef Lilja Árnadóttir hefði sagt nei, en hún fékk bara aldrei tækifæri til að segja nei. Mér finnst, virðulegur forseti, að með þessum gerningi sé þjóðminjaverði sýnd ótrúleg lítilsvirðing eftir 23 ára starf.

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu setning Guðmundar Magnússonar í stöðu þjóðminjavarðar til tveggja ára. Það er einkennilegt að þyrla upp þvílíku moldviðri út af þessari stöðuveitingu og það er af og frá að stöðuveitingin sé hneyksli. Guðmundur Magnússon er vel menntaður til að taka að sér starfið. Hann er áhugasamur og hefur boðað að hann hugsi sér að fara nýjar leiðir til að afla fjár fyrir safnið. Ekki veitir af því að að Þjóðminjasafninu hefur ekki verið hlúð eins og skyldi hvað varðar fjárveitingar.

Við Íslendingar eigum margar og merkilegar þjóðargersemar sem við höfum ekki sinnt á þann hátt sem okkur ber. Hver sú þjóð sem vill láta líta á sig sem menningarþjóð verður að sýna í verki að á eftir orðum komi athafnir. Allt of lengi höfum við sofið á verðinum og skorið við nögl fjárveitingar til varðveislu menningararfleifðar okkar. Ferðamenn sem hingað koma, jafnt sem Íslendingar sjálfir, vilja og eiga rétt á að fá að kynnast sögu og menningu þjóðarinnar. Við eigum að hafa metnað til að sinna þessum málefnum af einurð og dug. Ég treysti Guðmundi Magnússyni til allra góðra verka. Með honum munu nýjar hugmyndir og ferskir vindar blása um Þjóðminjasafnið.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þýðingarlítið að fárast yfir þessari embættaveitingu þó að ég geti tekið undir það sem hv. formælandi sagði að hér er um margfalt hneyksli að ræða. En það er bara ekki nema það sem búast mátti við af ríkisstjórninni og þetta er í samræmi við mörg önnur verk hennar. Alltaf er farið á fremstu nöf og stundum fram af.

Hæstv. menntmrh. er svo sem ekki grófastur ráðherranna í þessu efni. Ég býst við því að settur þjóðminjavörður sé hinn vænsti maður en honum er vafalaust enginn greiði gerður með því að setja hann í skúffu sem ekki passar honum. Ég vona sannarlega að þessi ráðstöfun þó óviturleg sé verði ekki til þess að vinna Þjóðminjasafni Íslands varanlegt tjón.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem undirbjó setningu laga nr. 88/1989 og gekk sú lagasetning ekki þrautalaust en sú var von okkar allra sem að þeim lögum stóðu að þau yrðu til þess að efla og styrkja Þjóðminjasafn Íslands.

Í 2. gr. laganna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs. Hann er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs og situr fundi þess ásamt safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar."

Svo einfalt er það. Lilja Árnadóttir, safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands, er staðgengill þjóðminjavarðar samkvæmt lögum. Lilja Árnadóttir vann með okkur allan tímann meðan þessi lög voru í undirbúningi og það segir mér enginn, hæstv. forseti, að henni hafi ekki verið gerkunnugt um þegar hún tók að sér að vera safnstjóri Þjóðminjasafns að þar með væri hún staðgengill þjóðminjavarðar. Það er því með ólíkindum að hæstv. menntmrh. lýsi því hér yfir að hann hafi heyrt utan að sér að hún vildi ekki gegna því starfi. Hún gegnir því starfi lögum samkvæmt og þess vegna er alveg fráleitt að ráða í starfið þó að þjóðminjavörður fari frá í tvö ár. Safnstjóri safnsins er staðgengill og henni ber að sinna því starfi og það vissi hún þegar hún tók þetta starf að sér.

Ég ætla ekkert að segja hér um Guðmund Magnússon. Því verður auðvitað ekki neitað að hann hefur óvenjulitla menntun til að ráðast til þessa starfs því að yfirleitt eru gerðar meiri kröfur til svo ábyrgðarmikilla starfa. Vel má vera að hann geti leyst þetta vel af hendi en því verður ekki á móti mælt að safnstjóri Þjóðminjasafns er lögum samkvæmt staðgengill þjóðminjavarðar.

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Málshefjandi, hv. 9. þm. Reykv., hefur gefið stórar yfirlýsingar um það að settur þjóðminjavörður sé ekki hæfur maður í embættið og hann hefur einnig gert athugasemd við það að starfið hafi ekki verið auglýst. Þegar embættismaðurinn fer í samningsbundið orlof, þá hygg ég að þess séu fá dæmi að stöður séu auglýstar. Ég vil taka það fram að ég hef undir höndum upplýsingar um það að í þann tiltölulega stutta tíma sem hv. 9. þm. Reykv. var menntmrh. réð hann í 13 stöður og þar af voru tvær auglýstar. Auk þess réð hann sex sérfræðinga en ég hygg að engin þeirra staða hafi verið auglýst.

Ég vil taka fram í sambandi við hæfni Guðmundar Magnússonar að í þjóðminjalögunum er það tekið sérstaklega fram að að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu. Samkvæmt mínum skilningi á því hugtaki kemur til greina fornleifafræðingur í þessa stöðu, þjóðháttafræðingur eða

sagnfræðingur. Sá sem ráðherra hefur ráðið tímabundið í þessa stöðu er með BA-próf frá Háskóla Íslands í sögu og heimspeki. Hann er með MS-próf í rökfræði og aðferðafræði vísinda frá London School of Economics og hann hefur kennt sem stundakennari við Háskóla Íslands aðferðafræði sagnfræðinnar og heimildafræði. En hann hefur einnig reynslu af stjórnunarstörfum og það skiptir miklu máli í þessu sambandi. Hann hefur m.a. verið aðstoðarmaður menntmrh. og enginn gerir sér betur grein fyrir því en 9. þm. Reykv. hversu margvísleg reynsla er fólgin í því. Ég held því að það sé nánast hneyksli að halda því fram að þessi maður sé óhæfur til starfans.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að fá þessa umræðu hér fram, enda held ég að hún sé mjög nauðsynleg. Hann taldi upp nokkrar pólitískar embættaveitingar og það mætti bæta við það löngum lista. Ég nefni aðeins tvennt nýlegt sem hann nefndi ekki og það er t.d. þegar Birgir Ísl. Gunnarsson var ráðinn seðlabankastjóri, þegar Jakob Frímann Magnússon var ráðinn sérlegur menningarfulltrúi í utanríkisráðuneytinu og svona mætti auðvitað lengi telja.

Pólitískar embættisveitingar hafa tíðkast á Íslandi talsvert lengi og það er miður. Þetta eru frumstæð vinnubrögð sem ættu ekki að tíðkast og eru í rauninni móðgun við fagfólk sem nennir ekki að rekast í pólitískum flokkum.

Hv. 1. þm. Suðurl., Drífa Hjartardóttir, kom upp og varði þessa stöðuveitingu og sagði m.a. að allt of lengi hefðum við Íslendingar skorið fjárveitingar við nögl til Þjóðminjasafnsins. Það er vissulega rétt en stöðuveiting Guðmundar Magnússonar breytir væntanlega engu þar um. Það verður ákveðið á Alþingi af fjárveitingavaldinu hverju sinni nema þá það sé hugmyndin að Guðmundi Magnússyni fylgi einhver sérstakur heimanmundur inn á Þjóðminjasafnið. Það kemur mér á óvart en ég fagna því ef svo er að það á að fara að veita meiri fjármunum til safnsins.

Ég ætti kannski ekki að standa hér og harma það að Guðmundur Magnússon skyldi ráðinn í þetta starf vegna þess að ég sé það fyrir mér að ég á afskaplega glæsta framtíð fyrir höndum. Ætli ég sé ekki með svipað pungapróf í sagnfræði og Guðmundur Magnússon. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki fallkandídat.)

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það hefur verið faglega að verki staðið hjá hæstv. menntmrh. við afgreiðslu þessa máls og óaðfinnanlegt að því leyti sem hefðir benda á. Hinir hæfustu menn hafa gegnt starfi þjóðminjavarðar á okkar landi og er það vel. Þetta er mikilvægt verkefni og varla verður hægt að dæma Guðmund Magnússon nema af hans eigin verkum þegar þar að kemur.

Það sem á brennur í Þjóðminjasafni Íslands er ekki mannafli. Gott starfsfólk er í Þjóðminjasafni Íslands. Það sem á brennur er aðstaða Þjóðminjasafnsins sjálfs, húsakostur og aðbúnaður. Það hefur slugsast um langt árabil að halda þar í horfinu eins og eðlilegt er og mannsæmandi er til menningarauka fyrir íslenskt þjóðfélag. Ég held til að mynda að full rök hefðu verið fyrir því þegar ríkissjóður keypti hús Sláturfélags Suðurlands í Laugarnesi að þar hefði Þjóðminjasafn Íslands verið vistað hvort sem það hefði verið flutt þangað allt eða haft gamla húsið að hluta til. Í dag er Þjóðminjasafn Íslands hornreka að því er varðar aðstöðu fyrir gesti og alla aðkomu. Allir vita að þar eru engin bílastæði, engin aðstaða er við Þjóðminjasafnið enda er umferð um Þjóðminjasafnið ekki mikil og ekki er hægt að loka augunum fyrir þessu.

Í húseign ríkisins, sláturfélagshúsinu sem Þór Magnússon þjóðminjavörður vakti fyrst máls á að fá fyrir Þjóðminjasafn Íslands, hefði verið margfalt rýmra um alla starfsemi Þjóðminjasafnsins, betri aðstaða væri fyrir gesti og það væri miðsvæðis í mikilli umferð höfuðborgarsvæðisins.

Kannski er hægt að skoða það mál enn þá því að ekki er farið vinna úr nýtingu þess húss, en ég vil leggja áherslu á að það er aðbúnaður Þjóðminjasafnsins sem á brennur en ekki mannafli.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Tilkynnt var í upphafi þessa fundar að þetta væri fyrsti dagurinn í beinni útsendingu þannig að þjóðin ætti nú tækifæri til að hlýða á málflutning þingmanna sinna. Ég bið menn því að vanda sig.

Hér er ekki verið að ræða um hvort einhver sé hæfur eða óhæfur til þess að vera þjóðminjavörður, því síður hvaða pólitískar skoðanir sá kann að hafa. Því sem hlýtur að verða að svara hér er sú setning sem stendur í 2. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar." Þess vegna þurfti enga stöðu að auglýsa heldur getur Lilja Árnadóttir safnstjóri sest í stól þjóðminjavarðar hér og nú og hver einasti dómstóll mundi dæma henni þann rétt ef málið yrði látið fara þá leið. Hún er staðgengill þjóðminjavarðar samkvæmt lögum. Ef hið háa Alþingi skilur ekki þau lög sem það setur, þá held ég að það sé best, hæstv. forseti, að beinum útsendingum verði tafarlaust hætt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Engin rök hafa komið fram í málinu af hverju Guðmundur Magnússon er ráðinn þjóðminjavörður nema tillaga að rökum í frammíkalli hjá formanni þingflokks Alþfl. um að menn þyrftu að vera fallkandídatar í stjórnarflokkunum, þ.e. Sjálfstfl., til þess að ná virðingarembættum af þessu tagi. Það er athyglisvert að í svari sínu upplýsti hæstv. menntmrh. að Alþfl. stæði ekki að þessari ráðstöfun og þess vegna er óhjákvæmilegt að láta reyna frekar á þetta mál í umræðum á Alþingi núna næstu dagana vegna þess að ljóst er að hér er hæstv. menntmrh. bersýnilega í mjög krappri stöðu og því máli verður að fylgja eftir, sérstaklega á grundvelli þessarar athugasemdar hv. 17. þm. Reykv., formanns þingflokks Alþfl.

Einnig komið fram, og er það mjög mikilvægt og ég get einnig staðfest það, að aldrei var rætt við Lilju Árnadóttur safnstjóra. Hver er hún? Hún hefur starfað við Þjóðminjasafnið í 14 ár. Hefur hún próf, háskólapróf? Já, hún hefur háskólapróf — í hverju? Hún hefur háskólapróf í fornleifafræði og þjóðháttafræði. Af hverju er henni hafnað með þessum hætti? Það er rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að í rauninni ber henni embættið og hún gæti sest inn í það hvenær sem er.

Ég held að einnig sé mjög mikilvægt að mótmæla því sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. að engin fagleg gagnrýni hafi komið fram á þessa ákvörðun fyrr en nú. Það er rangt. Fagleg gagnrýni hefur mjög ákveðið komið fram í þessu efni frá Félagi ísl. fræða sem er fagfélag þeirra manna sem starfa í Þjóðminjasafninu. Félag íslenskra fræða gagnrýnir einnig hin gerræðislegu vinnubrögð í málinu þannig að það er auðvitað alveg augljóst að mjög alvarleg gagnrýni hefur komið fram.

Út af því sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði þá er það mjög athyglisvert hvernig að þessum málum er staðið hjá Sjálfstfl., hvernig trúnaðarmenn hans af ýmsu tagi sem beita sér fyrir einkavæðingu og svokölluðu frelsi á öllum sviðum gera allt sem þeir geta til þess að koma sér ævinlega á spena hjá ríkinu í öruggar stöður. Það er mjög fróðlegt til umhugsunar einmitt við þessa embættisveitingu sem hér er um að ræða.

Ég held, virðulegi forseti, að alveg óhjákvæmilegt sé í framhaldi af umræðunni að beita sér fyrir því að flutt verði á Alþingi frv. til laga um að breyta öllum lögum um menningarstofnanir þannig að skilyrðislaust verði þess krafist að faglegar stofnanir fjalli um veitingar æðstu embætta, faglegar stofnanir þannig að gerræðisleg vinnubrögð eins og þau sem menntmrh. hefur sýnt í þessu máli eigi sér aldrei framar stað. Ég viðurkenni að það voru mistök af okkur í síðustu ríkisstjórn að svipta ekki menntmrh. valdi við veitingu á æðstu embættum í menningarstofnunum eins og við gerðum í háskólastofnunum. En það gerðum við ekki vegna þess að okkur datt ekki í hug að menn ættu í sínum ranni aðra eins ósvífni og þá sem Sjálfstfl. hefur sýnt í þessu máli.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég er sammála því að það voru mistök hjá hæstv. fyrrv. ríkisstjórn að svipta ekki páv. menntmrh. veitingavaldinu, svo oft misbeitti hann því. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að ekki væri verið að ræða hér hvort einhver væri hæfur eða vanhæfur eða hvar menn væru í pólitík, heldur væru menn að ræða það hvort Lilja Árnadóttir ætti að setjast í stól þjóðminjavarðar og hún gæti fengið sig dæmda þar inn. Á að neyða hana til þess að fara í þetta embætti í tvö ár. Hún er staðgengill þjóðminjavarðar, það er rétt, en hún situr þar ekki í tvö ár. Þegar þjóðminjavörður fer í þetta langt frí í rannsóknarleyfi, þá þarf að setja mann í staðinn.

Svo talar hv. þm. Guðrún Helgadóttir að ég hafi heyrt á skotspónum að hún mundi ekki þiggja stöðuna í tvö ár. Mér sýnist að verið sé að sýna þjóðminjaverði vanvirðingu með því að taka svona til orða vegna þess að ég hafði þetta beint frá honum. Ég er búinn að lýsa því yfir og hann hefur ekki mótmælt því að Lilja Árnadóttir vildi ekki stöðuna. Hún vildi vera áfram í stöðu safnstjóra og áfram í stöðu staðgengils þjóðminjavarðar.

Þjóðminjavörður Þór Magnússon nýtur enn skipunar í stöðu þjóðminjavarðar þó að honum hafi verið veitt tveggja ára rannsóknarleyfi. Þess vegna er staðan alls ekki laus og ber ekki að auglýsa hana. Svona einfalt er það.

Hér hefur verið upplýst um hæfi Guðmundar Magnússonar og þarf ég ekkert að fara frekari orðum um það. En það er út af fyrir sig fróðlegt að heyra þessa lögskýringu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Ráðherra hefur heimild til að ráðstafa þessu starfi tímabundið með þeim hætti sem hann gerði, hann hefur víst þá heimild. Það er alveg sama hvað hv. þm. þylur upp úr lögum, þetta er svona. Auðvitað var það kannað áður en þessi ákvörðun var tekin. (**GHelg:** Þetta skýrt í lögunum.) Það er líka alveg ljóst að það var óþarfi hjá mér að vera að biðja Lilju Árnadóttur að taka að sér starfið vegna þess að ég hafði upplýsingar um að hún vildi það ekki. Ég hafði enga ástæðu til þess að rengja Þór Magnússon þjóðminjavörð þegar hann sagði mér þetta. Svona einfalt er þetta.

Efling íþróttaiðkunar kvenna, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 177. mál. — Þskj. 194.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er á þskj. 194 um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.

Flm. þessarar tillögu eru allar konur sem sæti eiga á Alþingi. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðir til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþrótta skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði."

Flestir ættu að geta verið sammála um hve mikilvægar íþróttir eru bæði fyrir líkamlegt og félagslegt uppeldi fólks. Það sem hefur verið ágreiningsefni þeirra sem fjalla um íþróttir er hins vegar þær áherslur sem ríkjandi eru hjá þeim sem ráða ferðinni í þessum málum. Mest áherslu hefur verið lögð á þjálfun meistaraflokks karla og landsliða karla í boltaíþróttum. Þessi lið fá einnig mesta fjármagnið.

Ég tel fulla ástæðu til að efast um réttmæti þessa. Sem dæmi um þetta þá þarf íslenska kvennalandsliðið í handknattleik sjálft að afla fjár til að geta tekið þátt í mótum erlendis. Nú fyrir skömmu, föstudaginn 3. apríl, var haldið svokallað kvennakvöld á Hótel Ís-

landi og í boðsbréfi, sem allar konur á Alþingi fengu og mjög margar konur í þjóðfélaginu segir, með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir þessu kvöldi er sú að íslenska kvennalandsliðið í handknattleik þarf alfarið að standa straum af kostnaði vegna starfsemi sinnar og til að framhald megi verða á þeirri starfsemi hefur landsliðsnefnd ákveðið að fara út í þessa fjáröflunarleið." Konurnar í handknattleik þurfa sem sagt sjálfar að kosta ferð sína til að geta tekið þátt í móti á erlendri grundu. Þetta þurfa karlarnir ekki að gera á sama hátt.

Á Íslandi stunda um 100 þús. manns íþróttir innan íþróttahreyfingarinnar og er áætlað að um þriðjungur sé konur. Orsakirnar fyrir því að svo fáar konur stunda íþróttir eru margar. Konur innan íþróttahreyfingarinnar og þeir, sem vilja leggja aukna áherslu á kvennaíþróttir, benda á margvíslegar ástæður. Má hér nefna nokkrar. Margir forráðamenn íþróttafélaganna vilja ekki hefja unglingastarf í stelpuíþróttum. Telja jafnvel að það henti stelpum illa að stunda ákveðnar íþróttum. Margoft hefur verið sagt t.d. að fótbolti passi ekki fyrir stelpur og þess vegna eigi ekkert að hafa sérstaka flokka fyrir stelpur. Virðing fyrir kvennaíþróttum ríkir ekki hér á landi. Auðvitað þarf að breyta þessu.

Þegar félög ráða þjálfara er sagt af mörgum að fyrst sé ráðið til meistaraflokks karla síðan eru ráðnir þjálfarar fyrir yngri flokka og kvennaflokka sem verða þá afgangsstærðir. Ég tek fram að þetta þekki ég ekki af eigin raun. Ég hef sjálf ekki starfað í þessu. Ég hef eingöngu verið foreldri, á tvo stráka, þannig að ég hef ekki dæmi um þetta nema frá öðrum. Þetta hefur mér verið sagt.

Það er allt of algengt að þegar tímum í íþróttahúsum er úthlutað fá stúlknaflokkar og kvennaflokkar undantekningarlítið færri tíma en strákar. Karlaflokkar fá oft þann tíma sem þeim hentar en konur mæta afgangi. Þegar ég segi karlaflokkar þá eru það auðvitað yngri krakkarnir sem oft fá verri tíma en þeir sem eldri eru.

Meiri hluti fjármagns íþróttafélaganna fer í að reka meistaraflokk karla en langtum minni áhersla er lögð á að veita fjármagni til kvennaíþróttanna. Ég hef þegar nefnt að fyrir íþróttakeppnir erlendis þurfa konurnar oft að standa í því í margar vikur að afla fjár og hafa varla tíma til að æfa.

Það eru líka allt of fáar konur í stjórnunarstöðum í íþróttahreyfingunni og í forustu hennar. Ef ég man rétt þá eru t.d. eingöngu þrjár konur í stjórn HSÍ af 21. Þannig að það er margt sem þarf að breyta að mínu mati í þessum efnum.

Fjölmiðlar endurspegla oft viðhorf íþróttahreyfingarinnar til kvennaíþrótta. Mjög lítið er fjallað um hvað konur eru að gera í íþróttum á íþróttasíðum dagblaðanna. Það er ekki boðleg skýring að fólk vilji ekki lesa um það sem konur eru að gera á íþróttasviðinu. Margt af því sem þær eru að gera er mjög áhugavert. Og fyrir okkur konur er mjög áhugavert að fylgjast með konum í íþróttum. Ég vil taka það fram með sjálfa mig að ég hef gaman af að horfa á íþróttir og horfi mjög mikið á karlaíþróttir vegna þess að það er mjög lítið um kvennaíþróttir í sjónvarpinu. En fyrir skömmu var sýndur leikur frá Kína frá heimsmeistaramóti kvenna í knattspyrnu og einn skemmtilegasti knattspyrnuleikur sem ég hef séð var sú kvennaknattspyrna sem þar var sýnd. Það er líka í eina skiptið sem ég hef haft tækifæri til að horfa á kvennaknattspyrnu fyrir utan að ég hef að vísu horft á leiki. Ég hef horft á kvennafótbolta tvisvar sinnum upp á Akranesi sem er allt of sjaldan.

Sundíþróttin er ein þeirra íþrótta þar sem nokkurt jafnræði virðist vera í uppbyggingu milli stelpna og stráka. Strákar og stelpur fá að byrja á æfingum á sama aldri og umfjöllun um stelpur og stráka í fjölmiðlum er ósköp svipuð þó hún sé að vísu ekki mikil. Sami þjálfari er fyrir bæði kynin og ef farið er í keppnisferðir er ekki spurt um kynferði þegar ákveðið er hverjir skuli taka þátt í ferðinni.

Af þeim, sem iðka sund sem keppnisgrein, er um 72% konur. Stúlkur hafa besta möguleika á að stunda sund, fimleika og ballett. Það eru taldar stelpuíþróttir og það er mikið fyrir þær gert og þjálfun hefst snemma. Kröfurnar í þessum greinum eru hins vegar mjög miklar og þess eru dæmi að stúlkur æfi allt upp í 30 tíma á viku í fimleikum og sundfólk æfir allt að 4–6 tíma á dag. Það eru ekki allir sem vilja þjálfa svo mikið. Það eru mjög margir sem gjarnan vildu taka þátt í reglulegri þjálfun en ekki svo stífri þjálfun sem þarna er um að ræða.

Konur hafa hins vegar mjög mikinn áhuga á íþróttum og það er mjög algengt að konur stundi íþróttir á líkamsræktarstöðum. Á Reykjavíkursvæðinu hefur komið í ljós að hlutfall kvenna, sem stunda þar æfingar, er vel yfir 50% þó aðeins þriðjungur af þeim sem eru í íþróttahreyfingunni séu konur. Það er ekki vegna þess að þær vilji ekki stunda íþróttir.

Í flestum tilvikum þurfa konur því að borga mikið meira fyrir að fá að stunda sínar íþróttir því það er auðvitað nokkuð dýrt að stunda íþróttir á þessum heilsuræktarstöðvum þó það sé á einstaka stað niðurgreitt að einhverju leyti.

Það er mjög mikilvægt fyrir heilsu og vinnuþrek að stunda íþróttir. Fullvíst má telja að hluti skýringa á því hvers vegna konur þurfa að leita læknis og til sjúkraþjálfara vegna álagssjúkdóma megi finna í að færri konur stunda íþróttir en karlar. Fjármunir íþróttahreyfingarinnar koma úr ýmsum áttum. Þar má nefna styrki frá ríki og bæjarfélögum, svo og lottó, getraunir, happdrætti, auglýsingar, sjónvarpstekjur vegna útsendinga, innkoma af leikjum, áhorfendur koma og greiða sig inn þannig að ríkissjóður, bæjarfélög, ríkisfyrirtæki, almenn fyrirtæki og almenningur styrkja íþróttahreyfinguna og ég vona flestir í þeirri góðu trú að allir, bæði konur og karlar, strákar og stelpur, njóti jafnt. En því miður þá virðist ekki svo vera.

Í Noregi var gert átak í kvennaíþróttum með góðum árangri. Á árunum 1984–1986 ákvað norska handknattleikssambandið að verja jafnmiklum fjármunum til uppbyggingar kvenna- og karlalandsliða sinna. Þá voru bæði liðin í svokölluðum C-hópi keppnisþjóða. Árið 1986 varð norska kvennalandsliðið nr. 3 á heimsmeist-

aramóti kvenna og hlaut silfurverðlaun á Ólympíuleikunum 1988. Á þessu gætum við heilmikið lært. Og ættum þess vegna að stefna að því að verja jafnmiklum fjármunum í kvenna- og karlaíþróttir.

En það er ekki nóg að verja eingöngu fé í keppnisíþróttir. Það er mjög mikilvægt að styðja almenningsíþróttir og þannig er fjármunum vel varið. Þar eru þeir sem vilja stunda íþróttir án þess að stefna að því að verða endilega framarlega í keppni og þar eru konur mjög fjölmennar.

Ég vil minnast á átak sem gert var á Seltjarnarnesi og greint er frá m.a. í Nesfréttum, sem er blað gefið út á Seltjarnarnesi, í nóvember 1991. Þar segir frá því að Margrét Jónsdóttir íþróttakennari hafi verið ráðin á vegum bæjarfélagsins til að stýra svokölluðum trimmklúbbi. Í honum eru flestir á aldursbilinu 30–55 ára. Það eru aðallega konur, allt upp í 60 ára, en auðvitað eru karlar þar líka. Þau hafa gengið nokkrum sinnum í viku og fara síðan oft í sund á eftir og læra sumir að synda sem ekki hafa kunnað það fyrir og sagt er frá því í blaðinu að allt upp í 40 manns taki þátt í þessum trimmhópi. Þannig að áhuginn er alls staðar mjög mikill á íþróttum sem betur fer. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta er undirstaða og mikilvægt fyrir okkur sem erum allt of mörg mikið kyrrsetufólk og þurfum auðvitað að stunda íþróttir til að halda heilsunni.

Mig langar, virðulegur forseti, áður en ég lýk máli mínu að minnast á athugun sem gerð var af hálfu Félagsvísindastofnunar fyrir ÍSÍ um íþróttaefni í fjölmiðlum. Þar kemur fram að hlutur kvenna í fjölmiðlum, þ.e. í ljósvakamiðlum og dagblöðum, er ákaflega rýr. Eins og ég sagði áðan þá eru konur um ⅓ þeirra sem stunda íþróttir í skipulögðum íþróttahreyfingum. Hlutur kvenna í fjölmiðlunum er einungis um 8% í ljósvakamiðlunum og 11% í dagblöðunum sem sýnir auðvitað að það er mjög mikil skekkja á þessu sviði ef eingöngu er miðað við þær konur sem taka þátt í íþróttum. En auðvitað væri það æskilegast að jafnmargar konur og karlar tækju þátt í íþróttahreyfingunni bæði í stjórnum, nefndum og ráðum en það sem skiptir auðvitað mestu máli er að taka þátt.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til málinu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Efling reglulegrar íþróttaiðkunar kvenna er að mínu mati veigamikill þáttur sem getur stuðlað að jafnrétti. Regluleg íþróttaiðkun eflir ekki aðeins þol og þrek, hún eflir einnig sjálfstraustið, trú á eigin mátt.

Um langan aldur hafa hefðbundnir leikir pilta falist að stórum hluta í íþróttum og tengdum leikjum enda var þá undirbúið undir framtíðina þar sem karlmenn skyldu stunda erfiðis- og áhættustörf. Þetta hefur ekki átt við um stúlkur. Leikjaform þeirra hefur að minni hluta til byggst á íþróttum og tengdum leikjum, leikir þeirra hafa frekar beinst að væntanlegu móðurhlutverki og kvenímynd. Sem betur fer hafa áherslur í leikjum þeirra breyst á undanförnum árum og íþróttaiðkun aukist. En með breyttum þjóðfélagsaðstæðum og breyttu hlutverki kynjanna, þar sem jafnar kröfur eru gerðar til beggja, er hins vegar nauðsynlegt að bæði kynin verði hvött til að undirbúa sig undir lífsstarfið og halda sér við í samræmi við nútímakröfur. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að stúlkur eða konur, sem stundað hafa reglulega íþróttaiðkun, einkum flokka- eða keppnisíþróttir, hafa að meðaltali nokkra yfirburði á vinnumarkaðnum umfram stöllur sínar. Sem dæmi má nefna eftirfarandi þætti: Meiri yfirsýn yfir verkefni, meiri hæfileika til að beita skipulagðri „taktík" eða leikfléttum í starfi, meiri keppnisanda, þær kunna betur að þola tap og aðskilja betur verkefni frá persónulegum tilfinningum.

Þessi till. til þál. beinist því ekki að því að jafna fjárveitingu og aðstöðu milli kynjanna íþróttanna vegna heldur hvetur tillagan til þess að kynin standi jafnar að vígi til að takast á við þau verkefni sem bíða kvenna og karla sameiginlega í nútímaþjóðlífi sem byggist á jafnri þátttöku og jöfnum kröfum til kvenna og karla í atvinnulífinu.

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Sú tillaga, sem við erum að ræða, er tillaga kvennaliðs Alþingis til þingsályktunar um eflingu íþróttaiðkunar kvenna. Ég tel fulla ástæðu til að fagna þessari tillögu og vil lýsa yfir stuðningi við hana þó að mér sé ekki alveg fullkomlega ljóst hvernig ríkisstjórnin á að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna.

Eins og fram kom voru það einungis þeir þingmenn sem kvenkyns eru sem fengu að vera með á þessari tillögu. Og þó við karlkynsþingmenn hefðum gjarnan viljað vera með í svona tillöguflutningi til að hafa þannig einhver áhrif á efni tillögunnar þá höfðum við ekki það tækifæri. Því vil ég nota tækifærið nú til að greina aðeins frá mínum skoðunum og hvernig ég tel að hið opinbera og ríkið sértaklega geti aðstoðað í þessu viðamikla og mikilvæga máli.

Greinargerð tillögunnar fjallar að talsverðu leyti um starf hinna almennu íþróttafélaga, hinna svokölluðu íþróttadeilda. Og þar sem ég hef nokkra reynslu af þeim störfum þá vil ég fara um það nokkrum orðum.

Þess er getið í greinargerð og það jafnvel gagnrýnt að mest áherslan sé lögð á þjálfun meistaraflokka karla og landsliða í boltaíþróttum og til þessara þátta fari mest fjármagn. Það er óumdeilanlega rétt. Fyrir þessu er mjög einföld ástæða. Ástæðan er sú að keppnisflokkar, ef svo má að orði komast, draga vagninn í íþróttastarfinu. Fjármögnun íþróttahreyfingarinnar byggist að mestu leyti á því hvernig þessir flokkar standa sig. Fjármögnun íþróttahreyfingarinnar byggist á aðgangseyri sem þeir greiða sem koma til að horfa á kappleikina og hún byggist á auglýsingatekjum sem er aflað hjá fyrirtækjum sem fá út á það athygli á marga og mismunandi vegu með auglýsingum á búningum, í leikskrám og í kynningarbæklingum og með auglýsingum í kringum og á þeim leikvöngum sem keppnin

fer fram á. Hlutur ríkisins og hins opinbera er tiltölulega lítill í heildarfjármögnun en fjármögnunin kemur frá framangreindum tekjustofnum sem ég nefndi.

Þá má koma að kjarna málsins í mínum huga, en það er sá sess sem annars vegar íþróttir karla og hins vegar íþróttir kvenna skipa. Þá kemur að því sem segir í greinargerðinni að kvennaíþróttir eru ekki nægilega virtar hér á landi og það held ég að sé hárrétt. Þar kemur líka fram að of fáar konur eru í forustu íþróttahreyfingarinnar. Ég held að ég geti líka fullyrt að of fáar konur taka þátt í íþróttum, í keppnisflokkum, og í starfi íþróttafélaganna. Eftir því sem þeir eru færri sem taka þátt þá er úrvalið minna og færri afreksmenn sem koma fram á sjónarsviðið til þess að mynda keppnisflokkana, minni samkeppni verður og minni árangur. Af því leiðir að íþróttin verður minna áhugavekjandi fyrir áhorfendur, það koma færri áhorfendur og íþróttirnar vekja minni áhuga í íþróttaþáttum fjölmiðlanna. Þar af leiðandi koma inn minni tekjur.

Það var nefnt hér að kvennaflokkar væru afskiptir í starfi íþróttafélaganna. Þar sem ég þekki til á þetta ekki við og þjálfarar eru valdir af sömu kostgæfni fyrir kvennaflokkana og karlaflokkana. Það er hins vegar rétt að erfiðara verður að útvega flokkum kvenna jafnmarga tíma í íþróttasölunum og flokkum karla vegna þess að nánast undantekingarlaust eru færri þátttakendur í flokkum kvenna en karla. Þetta er mjög miður því að, eins og ég sagði, er það þátttakendafjöldinn sem byggir upp úrval keppnisflokkanna þegar ofar dregur í aldurshópum.

Sú leið, sem ég tel að sé vænlegust til úrbóta, er að hér verði almenn kynning á íþróttum kvenna, að hið opinbera og við öll gerum þeim jafnhátt undir höfði og við höfum gert í íþróttum karla og hvetjum stúlkur til að taka þátt í íþróttum og fylla þessa tiltölulega fámennu flokka stúlkna og kvenna sem mæta á æfingar hjá félögunum. Þetta er í mínum huga miklu frekar hugarfarsbreyting en að til þessa verkefnis þurfi mikið fjármagn frá hinu opinbera eða að fjármagn frá hinu opinbera muni nýtast sérstaklega vel í þessu efni. Ég vil vekja athygli á því sem frsm. sagði að það var handknattleikssambandið norska sem ákvað að leggja jafnmikla áherslu á landslið karla og kvenna og koma þeim upp úr því að vera C-þjóð í það að vera á toppnum. Það hefur borið árangur, bæði í karla- og kvennaflokki. En það verður þó að hafa það í huga að staða Noregs sem C-þjóðar á þessum tíma endurspeglar ekki stöðu félagsliða Noregs í handknattleik á sama tíma.

Ég vil taka undir með frsm. að íþróttir kvenna eru ekki síður skemmtilegar en íþróttir karla. Heimsmeistarakeppni kvenna í Kína, sem nefnd var, var afar skemmtileg og ánægjuleg á að horfa. Ég vil ljúka máli mínu með því að lýsa yfir stuðningi við tillöguna og vona að bæði frsm. og flm. hafi haft eitthvert gagn af því sem ég hef hér sagt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er hreyft áhugaverðu og þörfu máli með þessari þáltill. sem flutt er af ekki færri en 14 hv. alþm. Eins og þegar hefur komið fram er þetta ein fárra tillagna og sú eina í mínu tilviki þar sem meðflutningur hefur beinlínis verið afþakkaður af tilteknum ástæðum. Ég átti hins vegar kost á því að skoða tillöguna meðan hún var í smíðum og m.a. koma með nokkrar ábendingar varðandi efni greinargerðarinnar. Ég vil byrja á því að lýsa mig samþykkan því að tekið verði á þessum málum með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir.

Ég tel reyndar að í þessari tillögu felist að mörgu leyti mjög almenn rök sem færa megi fyrir gildi almenningsíþrótta og almennri íþróttaiðkun. Í mínum huga er það verkefni sem hér er fjallað um, þ.e. að gera íþróttum allra, kvenna og karla, ungra og gamalla, jafnhátt undir höfði í beinum tengslum við gildi þess að auka skilning og mikilvægi almennrar íþróttaiðkunar. Ég verð að játa að ég hef saknað þess nokkuð upp á síðkastið að mér finnast keppnisíþróttirnar, með fullri virðingu fyrir þeim og gildi þeirra, á nýjan leik hafa yfirtekið sviðið með mjög öflugum hætti. Sú umræða, sem fyrir nokkrum árum fór fram um nauðsyn þess að efla jafnframt almenningsíþróttir og bæta aðstöðu til almennrar íþróttaiðkunar, hefur látið nokkuð undan síga.

Það er óþarfi að taka fram með þessu er ekki á nokkurn hátt verið að draga úr gildi keppnisíþrótta eða gera þeirra hlut lakari. Þvert á móti er það enginn vafi að þeim mun öflugra verður íþróttastarfið í heild sinni sem grunnurinn er breiðari og traustari og hann byggist á almennri íþróttaiðkun og ekki síst öflugu starfi í yngri aldurshópum.

Af efni greinargerðarinnar má ráða að flutningsmönnum finnst mjög víða á skorta að jafnréttis sé gætt, t.d. í starfsemi íþróttafélaga og ráðstöfun fjármuna á þessu sviði. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Það er án efa rétt og reyndar staðreynd að mjög víða er mjög langt frá því að jafnrétti ríki í þessum efnum. Ég vil þó taka fram og það er nauðsynlegt að menn minnist þess jafnframt að frá þessu eru vissulega gleðilegar undantekningar og þær ber að virða og meta þó svo að starfi fjölmargra íþróttafélaga sé þarna ábótavant. Hér er nefnd sem dæmi sundíþróttin og ég held að það sé lítill vafi að þar er þessum hlutum sennilega betur fyrir komið hvað jafnræði snertir en víða annars staðar. Ég vil þó meina að í einstökum íþróttafélögum og í einstökum íþróttagreinum sé ástandið betra en annars staðar. Ég leyfi mér að nefna ungmennafélagsskapinn í þessu sambandi. Ég held að þar sé almennt að breyttu breytanda meira jafnræði ríkjandi. Ég gæti nefnt þar t.d. svið frjálsra íþrótta. Þar sem ég þekki til held ég að segja megi að meira jafnræði ríki þar en sums staðar annars staðar og svo má auðvitað nefna einstakar íþróttagreinar aðrar og íþróttafélög. Ég nefni t.d. íþróttafélög og íþróttastarfsemi í blönduðum skólum. Þar sem ég þekki til þeirra hluta er víða um ágætis jafnræði milli íþróttaþátttöku kynjanna að ræða. Alla vega vil ég fyrir hönd míns gamla íþróttafélags, íþróttafélags stúdenta í Háskóla Íslands taka það fram að þar var yfirleitt ekki greinarmunur gerður á fjárveitingum til eða aðstöðu til íþróttafélaga karla og kvenna.

Ég held sem sagt, herra forseti, að það sé ágætt og mjög réttmætt að skoða stöðu kvenna sérstaklega í þessu sambandi. Ég vil aftur undirstrika það að í mínum huga er það náskylt þeirri áherslu að reyna að efla almenna íþróttaiðkun og auka og bæta aðstöðu til almennrar íþróttaiðkunar. Hér eru rökin hins vegar sótt ekki síst í þá mismunun sem menn þykjast sjá í keppnisíþróttunum og í keppnisgreinunum sem slíkum.

Að lokum er það, herra forseti, sem ég held að menn þurfi samt sem áður að gera sér grein fyrir að hér er auðvitað ekki við íþróttahreyfinguna, uppbygginguna hennar eða forustumenn eina að sakast. Við verðum að gæta þess að skella ekki skuldinni á íþróttahreyfinguna fyrir þá þætti þessa máls sem eiga rót sína að rekja beint til uppeldis barna í landinu og viðhorfa foreldra og viðhorfa á heimilunum sem auðvitað hafa mest áhrif á það hvernig undirstaðan verður, þ.e. hvað þátttöku drengja og stúlkna í íþróttaiðkun yngstu aldurshópanna viðkemur. Ég held að enginn vafi sé á því að þar liggur að mörgu leyti rót þess mismunar á þátttöku sem síðan endurspeglast með mjög skýrum hætti þegar kemur út í keppnisíþróttir í eldri aldurshópum. Ætli menn þekki ekki dæmi annaðhvort úr eigin fjölskyldum eða í kringum sig að það þyki tiltölulega eðlileg viðhorf að strákum sé hjálpað til að hefja þátttöku í yngstu aldursflokkum í knattspyrnu eða handbolta en á sama tíma geti þótt eðlilegra eða sjálfsagðra að stúlkurnar fari í tónlist, ballettnám eða annað því um líkt. Ég er ansi hræddur um að ef menn eru alveg heiðarlegir og sanngjarnir verði þeir að viðurkenna að í þessu liggur líka ákveðin rót þess máls sem við erum að tala um, í viðhorfum inni á heimilunum. Það er að sjálfsögðu ekki illa meint heldur einfaldlega arfleifð viðhorfa sem við búum enn við að nokkru leyti og mun að sjálfsögðu taka tíma að breyta. Ég held að með fullri virðingu fyrir þessum þætti málsins sé nauðsynlegt að hafa hann í huga. Um leið og menn skoða þessa hluti og framkvæmd mála hjá íþróttahreyfingunni gagnrýnum augum, sem sjálfsagt er að gera, verður auðvitað að láta hana njóta sannmælis í því að það er ekki við íþróttahreyfinguna eina að sakast og ekki eingöngu þar að leita undirrótar þess mismunar í þátttöku karla og kvenna á þessu sviði sem svo víða annars staðar er við að glíma í þjóðfélaginu. Þær rætur liggja dýpra.

Herra forseti. Ég er mjög fylgjandi því að tekið verði á málinu með þessum hætti og mér þætti æskilegt að Alþingi afgreiddi eitthvað í þessa veru fyrir þinglok. Ég hefði talið að tillöguna mætti breikka en ég vil leyfa mér að lokum að benda á það að í henni felst ekki aðeins þessi almenna áhersla heldur verði jafnframt gerð úttekt á stöðu þessara mála sem taki bæði til þátttöku karla og kvenna og eins til ráðstöfunar fjármuna af hálfu opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila í íþróttahreyfingunni. Ég held að það væri mjög gagnlegt til dýpri skilnings á stöðu mála að fá slíka vandaða úttekt á stöðunni ásamt þeirri áherslu sem Alþingi mundi leggja með afgreiðslu tillögu af þessu tagi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna þeim skyndilega áhuga sem fram kemur hjá kvenfólki og karlmönnum á þingi varðandi íþróttir almennt. Ég hef ekki orðið mjög var við þennan áhuga fyrr. En ég fagna honum.

Á undanförnum árum hef ég mælt fyrir tillögum til eflingar íþróttum í landinu, til eflingar Íþróttasjóði, til aukinna fjárframlaga af hálfu ríkisins en mér hefur ekki þótt stuðningurinn mikill úr röðum kvenna á þingi eða karla. Ég hlýt því að fagna því að fólk sé að vakna upp af værum draumi því að auðvitað er það heila málið að fjárveitingar til íþrótta í landinu eru skammarlega lágar, þær eru nánast engar. Þær skipta í sjálfu sér íþróttir í landinu nánast engu máli. Þær tekjur sem íþróttafélögin eru rekin fyrir eru sjálfsaflatekjur þeirra sjálfra. Það er heila málið. Ríkið veitir ekki fjármunum í íþróttahreyfinguna nema í sára litlum mæli.

Ég hefði viljað sjá þennan áhuga þegar hér var barátta fyrir því að halda lífi í Íþróttasjóðnum. Enginn af þeim sem hefur talað tók þátt í þeirri baráttu. Nú blossar upp skyndilegur áhugi og 1. flm. talar eins og skilja mætti að hún væri fastagestur á knattspyrnuleikjum kvenna. Ég verð að segja að ég hef fylgst vel og mikið með knattspyrnu kvenna, hef m.a. þjálfað meistaraflokk kvenna í knattspyrnu og fer mikið að horfa á þá leiki. Ég hef ekki orðið var við 1. flm. frv. á þeim leikjum. Hins vegar tek ég undir að það eru geysilegar framfarir í kvennaknattspyrnu. (**SJS:** Heldurðu ekki með Val?) Nei, það er kannski vandamál þeirra sem grípa fram í að þeir fylgjast bara með einu liði. Ég fylgist með íþróttinni í heild sinni. Það er ekki bara Valur þó að Valur sé að sjálfsögðu frábært félag, ég horfi líka á leiki annarra liða.

Það er hins vegar fagnaðarefni að framfarir í knattspyrnu kvenna eru miklar og ég tek undir það. Ég sá þennan leik sem hefur verið vitnað til sem fram fór í Kína í kvennaknattspyrnu, landsleik sem var sérdeilis góður og það var í rauninni ekki hægt að sjá, þegar vélarnar voru ekki í fókus, hvort þarna var kvenfólk eða karlmenn að leika knattspyrnu. Það dregur verulega saman og getan eykst með degi hverjum degi sem betur fer. Ég var til að mynda síðast í hádeginu í dag, svo ég tali aðeins meira um áhuga minn á kvennaknattspyrnu, að horfa á æfingaleik í matartímanum mínum milli liðs Hattar og Vals í kvennaknattspyrnu. Ég held að ég viti vel hvað ég er að tala um þegar ég tala um kvennaknattspyrnu.

Hins vegar má fólk ekki gleyma því að þær tekjur og þeir fjármunir sem íþróttafélögin eru rekin fyrir eru, eins og ég sagði áður, sjálfsaflatekjur. Tekjurnar koma fyrst og fremst inn í dag í keppnisgreinum karla. Í því félagi sem ég er í og hef alltaf verið í nánast undantekningarlaust eru það karlaíþróttirnar sem afla tekjuanna. Það er bara staðreynd að áhorf og áhugi er meiri á karlaíþróttum en kvennaíþróttum, alla vega í boltaíþróttum. Þannig er það í dag. Auðvitað getum við unnið að því að breyta því og efla áhugann fyrir kvennaíþróttum. Þessi mikli áhugi veldur því að fólk kemur til þess að horfa á leikina og þar með skapast

tekjur fyrir félögin. Það þýðir líka að fyrirtækin vilja auglýsa hjá þeim félögum sem einhverjir horfa á og stemning er fyrir, þar sem t.d. sjónvarp kemur af og til og þar sem fólk kemur í miklum mæli að horfa á leiki. Þarna skapast tekjur og þær tekjur eru ekki eingöngu notaðar til þess að byggja upp karlagreinarnar í íþróttafélaginu. Féð er notað félaginu til góðs og kvenfólkinu líka. Og ekki trúi ég því að það sé meining flutningsmanna hér að við eigum að skipta tekjunum eftir því hverjir afla þeirra. Eigum við að láta karlagreinarnar fá þá peninga sem þeir afla? Fyndist fólki það jafnrétti? Ef svo færi held ég að kvennadeildirnar væru verr staddar og betur heima setið en af stað farið. Fólk verður aðeins að hugsa málið lengra, ekki bara láta stjórnast af blindri jafnréttisbaráttu.

Það var minnst á það áðan að alls konar fjáröflunarleiðir væru notaðar og að handknattleikslandslið kvenna hefði þurft að standa fyrir fjáröflun, ég held að það hafi verið á Hótel Íslandi þar sem mín budda tók aðeins þátt í þeirri fjáröflun. Þetta er bara algilt og ekkert sérstaklega tengt kvennaíþróttum. Við sjáum það af og til í sjónvarpi að fjáröflunarherferðir ýmiss konar eru í gangi. Síðast voru einverjir, ég man ekki hverjir, á hlaupahjóli að afla tekna þótt það væri ekki íþróttadeild. En það eru alls konar uppákomur, maraþonknattspyrna, maraþonhandbolti, maraþonsund, maraþon þetta og hitt. Og svo eru áheit í gangi. Þetta er alls ekki tengt kyni, hvort það er kvennadeild eða karladeild.

Ég get upplýst það líka að ég er nýkominn frá Færeyjum þar sem ég var með fyrstudeildarlið Vals í knattspyrnu. Það er meistaraflokkur Vals sem hér er látið í skína að sé dekrað við og allt borgað fyrir. Leikmennirnir borguðu þá ferð alfarið sjálfir og þeir stóðu sjálfir að fjáröflun. Það er sem sagt ekki bara kvenfólkið sem þarf að standa í þessu heldur bæði kynin. Við eigum að horfa á þetta út frá því að reyna að efla íþróttirnar en ekki að skapa togstreitu á milli kvenna og karla.

Ég vil minna á að ég var með tillögu fyrr í vetur um sjóð til styrktar efnilegum ungum íþróttamönnum. Ungir íþróttamenn í mínum huga eru bæði strákar og stelpur. Ég man ekki betur en Kvennalistinn hafi lýst sig mótfallinn þeirri tillögu. Ég man ekki betur. Ég verð að viðurkenna það hér og nú að mér þykir það afar furðulegt í ljósi þess skyndilega áhuga sem fram hefur komið á íþróttum hjá Kvennalistanum. Mér þykir það afar einkennilegt. En ég fagna því ef þær hafa skipt um skoðun og vilja nú veg íþróttanna meiri en áður.

Sú greinargerð sem fylgir þessari till. til þál. er vægast sagt einkennileg að mínu mati. Þar er mikið af fullyrðingum sem ég tel að þurfi að rökstyðja. Séu þær allar réttar erum við auðvitað í slæmum málum. En þarna eru settir fram hlutir og staðhæfingar án rökstuðnings. Það held ég að beri að líta betur á. Auðvitað tek ég undir að það þurfi að efla íþróttaiðkun kvenna. Ég tek undir það að efla íþróttaiðkun allra. Ég hefði helst viljað að þessi tillaga væri um eflingu íþróttaiðkunar Íslendinga. Íslendingar eru bæði konur og karlar og það á ekki að kynjaskipta þeim. Ég vil veg íþróttanna sem mestan en ég vil ekki kynjaskiptingu og fara að blanda jafnréttisbaráttu inn í íþróttahreyfinguna. Ég gæti tekið undir þessa tillögu, jafnvel þótt það stæði íþróttaiðkun kvenna, ef síðasta setningin í tillögunni væri ekki með. Þar segir: „Fjárlög ríkisins til íþrótta skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.“ Ég tel hættulegt að skipta þessu niður eftir einhverri helmingaskiptareglu. Ég tel að það mundi skaða meira en hitt. Ég óska eftir að hv. þingnefnd sem fær málið til yfirferðar skoði það út frá því sjónarmiði að menn vilji efla íþróttir kvenna og helst Íslendinga allra en ekki að fara út á þessa braut því þá komum við aftur að því hverjir afla teknanna í félögunum og erum að marka þá stefnu að skipta tekjum eftir því hvort kynið aflar þeirra. Þá er betur heima setið en af stað farið.

Því miður er ræðutíminn of stuttur, hæstv. forseti, ég er ekki enn farinn að fjalla um tillöguna sjálfa, eins og hún liggur fyrir, en ég geri það kannski í seinni ræðu minni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég byrja á því sem ég hafði hugsað mér að gera að meginumræðuefni mínu vil ég aðeins fá að víkja orðum mínum að hv. síðasta ræðumanni sem ég efast ekki um að hefur mikla og góða þekkingu á íþróttum, alla vega einhverri hlið þeirra. Spurningin er hins vegar sú: Hvað er svona hættulegt við það að gera báðum kynjunum jafnhátt undir höfði? Það skil ég ekki og það get ég ekki og mun aldrei skilja. Ég held að það hljóti að vera mjög jákvætt að gera fólki jafnhátt undir höfði ef það hefur áhuga á að stunda íþróttir. Ég vona að mér hafi hreinlega misheyrst.

Það sem ég held hins vegar að sé meginatriði er að hér hafa einatt verið nokkur átök á milli þeirra sem vilja fyrst og fremst veita fjármagni til keppnisíþrótta og svo hinna sem vilja fremur að athyglinni sé beint að almenningsíþróttum. Báðir hafa auðvitað nokkuð til síns máls. Það er ekki nokkur vafi að keppnisíþróttir hafa að mörgu leyti eflt íþróttaáhuga og það er heldur ekki vafi að almenn íþróttaiðkun er lyftistöng fyrir þá sem stunda keppnisíþróttir. Hér ætti því að vera samstaða og samfella en ekki sundrung. Það á hins vegar ekki að þýða að ekki ætti að vera hægt að snúa sér að því að sinna þeim sem standa höllum fæti. Ég þekki það bæði sem kona, sem hefur stundað íþróttir bæði innan ungmennafélaga og á þeim frjálsa markaði sem margir leita á eftir að þeir eru komnir á fullorðinsár og ungmennafélagið fullnægir e.t.v. ekki lengur þörfunum, og sem foreldri stúlku sem er afskaplega áhugasöm um fótbolta. Ég þykist vita um hvað ég er að tala þegar ég segi að ekki veiti af átaki. Ég er ekki að segja að aðrir megi ekki fá sitt og séu ekki alls góðs maklegir. Ég er bara að benda á að þarna er virkilega þörf á að veita meiri orku og meira fjármagni einnig til sérstaks átaks vegna íþróttaiðkunar kvenna.

Ekki er langt síðan á Alþingi var samþykkt álykt-

un um heilbrigði allra árið 2000. Markmiði þessarar ályktunar hefur verið best lýst þannig að það sé að bæta árum við lífið og lífi við árin. Eitt af því, sem er mjög mikilvægt í því sambandi, er að það sé heilbrigt líf sem fólk á kost á að stunda og vaxandi almenn íþróttaiðkun er hluti af þeirri öldu meðvitundar um ábyrgð hvers einstaklings á heilsu sinni, velferð og umhverfi sem við sem höfum betur fer orðið vitni að að undanförnu.

Þátttakendafjöldi í almennum íþróttum og val á íþróttagreinum markast af ýmsu. Við getum ekki litið fram hjá því. Í fyrsta lagi markast fjöldi þátttekanda af þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi og þeirri athygli sem íþróttin nýtur, m.a. í umfjöllun fjölmiðla. Einnig þeirri hvatningu sem er fyrir hendi t.d. í skólum og í starfi frjálsu félaganna. Auðvitað hefur það svo mikið að segja upp á hvers konar þjálfun boðið er. Og þar gildir það að til þeirrar þjálfunar verður að vanda.

Því miður verður að segjast eins og er að að ýmsu leyti hafa konur staðið höllum fæti og þess vegna er þörf sérstaks átaks. Það þýðir ekki að gera þurfi verr við aðra heldur að koma á meiri jöfnuði. Á það hefur verið bent að nú þegar hafi karlafélögin, einkum þau sem tilheyra keppnisíþróttum, ákveðna sjóði og ákveðna möguleika á fjáröflun upp á eigin spýtur líka. Og það er svo sjálfsagt að mínu mati að ekki þarf að ræða það að það skiptir verulegu máli að sem flestir hafi sem besta aðstöðu.

Ég vil einnig geta þess að það er mjög mikilvægt að spinna saman þá frjálsu íþróttastarfsemi sem stendur til boða og íþróttir í skólum. Mér hefur fundist nokkuð á það skorta og ég er ekki tilbúin til að koma með sundurliðaða lausn á þeim málum en ég held að það væri vel þess virði að líta á að þarna væri e.t.v. um einhverja valáfanga að ræða innan skólakerfisins þar sem nemendur hefðu möguleika á að sækja út fyrir þá íþróttakennslu sem er í skólum. Það þarf jafnframt að vanda mjög vel til þeirrar íþróttakennslu sem þar stendur til boða og ég tel að margt sé þar raunar vel gert. Jafnframt þarf líka að hyggja vel að því að sú þjálfun sem boðið er upp á standist lágmarkskröfur og tilsögn sé rétt og góð og að hvatning sé mikil. Gott dæmi um jákvæða hvatningu er t.d. trimmhópurinn sem hv. 1. flm. tillögunnar nefndi. Auk þess vil ég geta mjög merkilegs átaks sem gert hefur verið í Garðabæ til að ýta sérstaklega undir íþróttaiðkun kvenna. Flestir þekkja sennilega best til eins hlutar af því sem þar hefur verið staðið fyrir en það er kvennahlaupið í Garðabæ sem þúsundir kvenna hafa tekið þátt í. Það er að mínu mati dæmi um mjög jákvætt og gott átak. Þarna var ákveðið að verja ákveðnum fjármunum til þess að ýta undir íþróttaiðkun kvenna og það lét ekki á sér standa, viðbrögðin voru afskaplega góð.

Mér finnst full ástæða til að geta þess sem vel er gert og það ætti líka að vera okkur lærdómsríkt til að þann draga lærdóm að ef sérstakt átak er gert þá skilar það sér ef vel er að því staðið. Sem foreldri og kona sem hefur áhuga á íþróttum er mér það mikið hjartans mál að vel verði að þessu staðið.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka hv. 15. þm. Reykv. að lemja jafnólíkan hóp saman eins og fjórtán konur á Alþingi eru. Það er visst íþróttaafrek í mínum huga. Það eitt er nægjanlegt til þess að maður getur glaður skrifað undir tillögu sem þessa þótt það séu kannski eitt eða tvö atriði í greinargerð sem maður hefði viljað hafa öðruvísi. En hvers vegna erum við konur á Alþingi tilbúnar að skrifa undir slíka tillögu? Það er vegna þess að kvennaíþróttum almennt er ekki nógur gaumur gefinn. Þrátt fyrir að hv. 5. þm. Reykv. nýti sína hádegismatartíma svo vel eins og hann sagði okkur frá áðan og horfir á kvennaknattspyrnuna þá er hann einn af fáum sem gerir það. Það er svo langt frá því að kvennaíþróttum sé gert jafnhátt undir höfði og karlaíþróttum. Tökum t.d. val á íþróttamanni ársins. Loksins núna síðast var Ragnhildur Runólfsdóttir, sundkona valin íþróttamaður ársins. Hún hefði átt þetta skilið fyrir mörgum árum. En hún þurfti að vera tvöfalt, þrefalt betri en þeir sem í vali voru til að fá þennan titil. Ég fullyrði það. Það eru ein 26 eða 27 ár síðan kona var valin þar á undan sem íþróttamaður ársins í næstum 40 ára sögu þessa fræga bikars. Þetta getur ekki verið eðlilegt. Ég hef fylgst með kvennaknattspyrnu í 15 ár og ég sé þær gífurlegu framfarir sem stúlkurnar hafa sýnt á þessum árum og eru orðnar stórkostlegir íþróttamenn. Svo þegar kemur að úrslitaleikjum, t.d. bikarúrslitaleikjum kvenna og úrslitaleik á íslandsmeistaramóti, hvar fara þeir leikir fram? Ekki á aðalvellinum í Laugardal. Nei, það er á einhverjum smávöllum hér og þar. Maður finnur stundum ekki völlinn sem maður er að fara á vegna þess að þetta er aldrei á aðalvellinum í Laugardal. Það er þetta hugarfar sem er svo merkilegt. Og þessu hugarfari þurfum við að breyta og við konur eigum náttúrlega ekki að sætta okkur við þetta. Fari maður aftur á móti á bikarúrslitaleik hjá körlum er náttúrlega lúðrasveit og allt tilheyrandi. Það er nefnilega viss múgæsing og stemning í kringum þetta og við þurfum að ná þessum múgæsingi upp til að ná því sama og karlarnir. Ég held að þessi múgæsing sem hefur orðið hjá konum á hv. Alþingi sé fyrsta skrefið sem kannski fleytir okkur svolítið áfram.

Hv. 3. þm. Reykn. sagði að hann skildi ekki almennilega hvernig ríkið ætti að koma inn í þetta. Það er svo sem alveg rétt hjá honum eins og núv. fyrirkomulag er að þá er ríkið hvergi inni í þessu vegna þess að búið er að eyðileggja Íþróttasjóð, búið að lama hann eins og hv. 5. þm. Reykv. kom líka inn á. En við bara eflum hann, við höfum tækifæri til þess. Og eftir þær umræður sem hafa farið fram í dag er ábyggilega meiri hluti fyrir því að efla Íþróttasjóð. Heildarfjármagn til íþróttanna verður þá meira og þá verður auðvitað meira til skiptanna.

Það er alveg hárrétt sem þeir sögðu, hv. 3. þm. Reykv. og 5. þm. Reykv., að fjármagnið til keppnisíþrótta kemur úr karlagreinunum, ég viðurkenni það svo fúslega. En það er líka út af því sem ég var að segja. Það eitt hefur mikið að segja upp á aðsókn að leikur fari fram á aðalleikvanginum í Laugardal. Hv. 5.

þm. Reykv. hristir höfuðið en þetta er eitt af því sem hefur mikið að segja. Völlurinn sem spilað er á skiptir miklu máli t.d. upp á það að fá fjölmiðla á leik.

Það er rétt sem fram hefur komið að fjármagnið kemur frá körlunum og kvennaíþróttirnar hafa þurft að þiggja fjármagn frá þeim. Það er náttúrlega ekki gott mál og þess vegna er svo mikilvægt að efla Íþróttasjóð til að meira fjármagn sé í pottinum. Íþróttir almennt eru náttúrlega besta forvarnastarf sem hægt er að hugsa sér. 7. apríl var dagur hjartaverndar og þá er einmitt verið að minna fólk á mikilvægi hreyfingar. Um leið og fólk stundar íþróttir þá hættir það flest að langa til að reykja, og það breytir mataræði sínu þannig að þetta er keðjuverkandi og gefur fólki miklu betri og lengri lífsmöguleika. Þótt einhverju sé kostað til íþrótta kemur það svo margfalt aftur í budduna í betra heilsufari Íslendinga. Ég ætla bara að biðja karlmenn á Alþingi að láta sér ekki detta í hug að við viljum taka neitt frá þeim. Það er nú eitthvað annað. Ekki veitir þeim af að stunda íþróttir. Og meira að segja í miklu meira mæli en þeir gera. Ég væri tilbúin, ef þeir væru með þáltill. um að efla íþróttaiðkun karla, að skrifa undir hana eins og skot. (**Gripið fram í:** Ertu með einhvern sérstakan í huga?) Ég er með ykkur alla í huga og það er enginn einn sérstakur hér svo sérstakur að ég hafi hann sérstaklega í huga. Ég vona að tillagan verði einmitt til að auka umræðu um mikilvægi íþrótta, ekki bara íþróttir kvenna heldur karla líka.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér finnst það einstaklega ánægjulegt að konurnar á Alþingi skuli saman standa að flutningi þeirrar tillögu sem er til umræðu. Mér finnst mjög mikilvægt að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Kom það vel fram í framsögu 1. flm. hvers vegna ástæða er til að snúa sér sérstaklega að stúlkunum varðandi íþróttaiðkun. Við höfum á Alþingi tekið til umræðu fjölmörg mál varðandi börn og unglinga þar sem vandamál steðja að. Nægir þar t.d. að nefna börn sem flosna úr skóla og varnir gegn vímuefnum. Því nefni ég þessi mál að í slíkri umræðu komum við gjarnan inn á mikilvægi hvers kyns forvarnastarfa og þá ekki síst mikilvægi þess að börn og unglingar aðhyllist heilbrigð áhugamál, taki þátt í æskulýðs- og/eða íþróttastarfi, stundi heilbrigða tómstundaiðju. Hins vegar tek ég skýrt fram að það væri einföldun að halda því fram að holl og góð tómstundaiðja sé einhlít eða allsherjarlausn á öllum vanda eða afstýri alltaf að illa fari. En það er alveg víst að sterkar líkur eru á að ástundun íþrótta afstýri því að félagslega halli undan fæti og unglingar verði t.d. vímuefnum að bráð. Bara þess vegna er full ástæða til að styðja tillögur sem beinast að aukinni ástundun íþrótta. Því hef ég m.a. staðið að öðrum tillögum í þessa átt og ég nefni þar þáltill. sem hefur reyndar verið nefnd í umræðunni sem flutt var fyrr á þessum vetri og snýr að stuðningi við efnilega íþróttamenn. Það geri ég ekki síst vegna framangreindra viðhorfa og þrátt fyrir að í gegnum árin hafi ég haldið á lofti áherslum á almenningsíþróttir og á mikilvægi þess að hvetja alla til að vera með, að þátttaka sé mikilvægust óháð því hvort sú þátttaka leiðir viðkomandi í fremstu línu afreksfólks.

Sú till. sem er til umræðu er af enn öðrum meiði þó þær áherslur sem ég hef nefnt eigi jafnt við. Að þessu sinni höfum við konurnar sem sitjum á Alþingi sameinast um till. til þál. um eflingu íþróttaiðkunar kvenna sérstaklega. Í tillgr. er lögð áhersla á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðir til að bæta heilsu og vinnuþrek, að fjárframlög ríkisins til íþrótta skuli veitt með það að markmiði að gera íþróttum kvenna og karla jafnhátt undir höfði. Þetta er jafnréttismál eins og fram hefur komið í umræðunni.

Frsm. tillögunnar hefur eins og ég sagði áðan fært gild rök fyrir því að þessi till. er flutt og fyrir því að hún á rétt á sér. Ég ætla ekki að fara í slíka efnislega umfjöllun en kem fyrst og fremst inn í umræðuna til að lýsa stuðningi við málið. Þótt margt hafi margt breyst sem betur fer í íþróttaþátttöku kvenna á síðustu árum og stúlkur hafi haslað sér völl á nýjum sviðum, svo sem knattspyrnu til viðbótar þeim sviðum sem hefðbundin eru, og þá nefni ég t.d. fimleika og hér hefur sundið verið nefnt, þá tel ég það óumdeilt að umfjöllun um karlaíþróttir eru mun fyrirferðarmeiri en umfjöllun um kvennaíþróttir.

3. þm. Reykn. færði fyrir því rök hvers vegna þær vega þyngra og eru betur sóttar. En sú staðreynd sem hann dró fram og tekið var undir hér jafnframt af hv. 5. þm. Reykv. og sem ég dreg ekki í efa segja mikla sögu um hefðirnar og yfir hvaða múra þarf að sækja, að það eru karlakeppnisíþróttir sem afla fjár, kalla áhorfendur til, er varla af því að það eru karlar sem keppa. Ástæðan er fremur sú að þeir eiga dýpri hefðir og hafa náð lengra og þessu ætlum við að reyna að breyta.

E.t.v. ættum við konurnar, sem eigum sæti á Alþingi, flm. þessarar till., að fara að fordæmi íþróttaþingmannanna á Alþingi, sem skreppa í íþróttatíma sinn einu sinni í viku og sem ég hef ítrekað boðað komu mína í við litlar undirtektir. E.t.v. ættum við að hefja okkar sameiginlegu íþróttaiðkun og etja síðan kappi við íþróttaþingmennina til stuðnings kvennaíþróttum. Mér finnst gott að heyra að þingmenn úr karlahópi hefðu viljað vera meðflm. að till. en ég lít svo á að það að konurnar einar sameinast um þetta mál sé einn þáttur þess að vekja athygli á stöðu þessara mála. Við erum með þessu að feta í fótspor frænda okkar, Norðmanna. Komið hefur fram að Norðmenn gerðu gangskör að þessum málum hjá sér og þeir uppskáru eins og þeir sáðu.

Virðulegi forseti. Varðandi þátttöku og jafnræði skulum við ekki gleyma hve mikilvæg hvatningin er og að oft eru börn og unglingar löðuð inn í félagsstarf og íþróttastarf og þess vegna á þessi umfjöllun erindi til allra þeirra sem eru umsjónarmenn eða hvatamenn innan íþróttahreyfingar þó svo að ég taki undir að ekki er eingöngu við það fólk að sakast. Málið er flóknara en svo. Þær góðu undirtektir sem tillagan fær hér í þing-

inu eru vonandi vísbending um að hún nái fram að ganga og verði til góðs og við náum þeim árangri sem til er stofnað með flutningi tillögunnar.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka undirtektir við till. okkar kvennanna á Alþingi. Margt áhugavert kom fram og ætla ég ekki að fara að minnast á það allt hér þó að það hefði verið mjög skemmtilegt. Það kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn., Árna Mathiesen, að í hans félagi væri jafnmikil áhersla lögð á karla- og kvennaíþróttir og er það auðvitað mjög gott. Ég reikna með því að þetta sé eitthvað misjafnt eftir félögum, en samt kvarta konurnar innan íþróttahreyfingarnar mest um að allt of lítil áhersla sé lögð á íþróttir þeirra.

Líka var talað um það hér og reyndar af fleiri en einum, bæði hv. 3. þm. Reykn. og eins 5. þm. Reykv. og reyndar einnig hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur, 2. þm. Vesturl., að frá karlaíþróttunum kæmi fjármagnið. Það er að hluta til alveg rétt. Mest er auglýst þegar karlaflokkarnir keppa og er sjálfsagt meiri hluti fjármagnsins þar. Þó verðum við að muna eftir því að fólk kaupir bæði lottómiða og getraunaseðla og annað þess háttar án þess að það telji sig vera eingöngu að styrkja karlaíþróttir. Ég tel mig alveg eins vera að styrkja kvennaíþróttir þegar ég kaupi slíkt og það hugsa ég að gildi um flesta. Ég vil benda í því sambandi á að Norðmenn létu meira fé renna til kvennaíþróttanna og komu þá fleiri áhorfendur. Stelpurnar fóru að standa sig miklu betur, fleiri höfðu áhuga á að horfa á og þá hvatti það þær enn þá meira þannig að þetta var keðjuverkun. Um leið komu inn meiri tekjur þar sem áhorfendum fjölgaði og auglýsingatekjur urðu meiri. Þetta skipti mjög miklu máli.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson taldi sig geta tekið undir allt í till. nema síðustu setninguna þar sem talað var um að gera kvenna- og karlaíþróttum jafnhátt undir höfði. Það skiptir e.t.v. máli hvernig maður skilur það orð. Þegar ég segi að gera karla- og kvennaíþróttum jafnhátt undir höfði, þá er ekki endilega þar með sagt að taka eigi peningapottinn og skipta honum í tvennt og láta fara á tvo staði þó að það væri sem sagt allt í lagi ef ákveðið væri að gera það. Ég skildi það nú samt ekki þannig þegar ég lagði þetta fram. Ég vil benda á að konur í íþróttahreyfingunni eru aðeins ⅓ eða um 30% þannig að ætli maður að skipta til jafns, þá væri verið að setja miklu meira í kvennaíþróttirnar innan hreyfingarinnar. Auðvitað vildi ég að það væru jafnmargir karlar og konur sem stunduðu íþróttir og hægt væri að verja um það bil jafnmiklum peningum á báða staði. En það var nú kannski ekki meiningin með þessu orðavali.

Hann hélt því einnig fram að ég hefði sett fram staðhæfingar í greinargerð sem væru órökstuddar en gat því miður ekki farið nánar ofan í það tímans vegna. Vel má vera að svo sé en ég tók nú fram að þær upplýsingar sem þar eru eru mestmegnis komnar frá konum innan íþróttahreyfingarinnar, reyndar körlum líka og það eru e.t.v. einhverjar staðhæfingar sem ég get því miður ekki rakið en ég hef hins vegar farið ofan í og beðið um skýringar á þeim en af því að ég veit ekki um hvað hann var að tala get ég því miður ekki skýrt það nánar út. En konur innan íþróttahreyfingarinnar og þeir karlar sem hafa rætt við mig um þessi mál hafa verið mjög svekkt, ef ég má orða það svo, út í það hversu litla fjármuni þeir fá í kvennaíþróttir. Þær sögðu jafnvel að þótt þær fengju ekki nema helminginn af því litla framlagi sem kemur frá ríkinu þá væru þær betur settar en þær eru í dag. Þetta voru þeirra fullyrðingar. Ég lagði ekkert mat á það en þetta sögðu þær samt sem áður við mig. En þá voru þær ekki að tala um að það ætti að skipta til helmninga öllu sem kæmi inn en t.d. handboltakonurnar, sem voru á Hótel Íslandi að reyna að afla tekna fyrir landsliðið, sögðu: Við fáum ekki krónu. Svona orðuðu þær það. Þetta fannst mér mjög hastarlegt og þessu viljum við breyta. Ég legg enn og aftur áherslu á það að það sem skiptir auðvitað mestu máli er að efla íþróttirnar almennt. Mér þykir það slæmt ef hv. 5. þm. Reykv. hefur skilið það svo að kvennalistakonur og þar með ég værum á móti íþróttum því að það er alls ekki rétt. Við höfum hins vegar lagt höfuðáherslu á að efla þurfi almenningsíþróttir, það þurfi ekki að leggja höfuðáherslu á boltakeppnisíþróttir karla og þá meistaraflokk heldur á alla og skilja hina ekki út undan.

Ég vil að lokum segja það af því að ég sé að tími mitt er á þrotum, að t.d. í því hverfi sem ég bý eru alveg ótrúlega fá tækifæri fyrir stelpur til að stunda íþróttir miðað við t.d. það sem strákarnir hafa þar þó að mínu mati sé það auðvitað allt of lítið. Vegna þess að sem dæmi í því hverfi Reykjavíkur er nánast útilokað ef ekki algerlega útilokað að stunda frjálsar íþróttir sem henta mjög mörgum strákum og jafnframt mjög mörgum stelpum. — Nú sé ég skyndilega að tími minn hefur aukist þannig að líklega hef ég fengið vitlausa tímatalningu og get þá svarað fleiru af því sem beint var til mín og langar mig þá til að tala örlítið um það sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það var alveg rétt að hann óskaði eftir því við mig að hann fengi að vera með á till. Ég sagði að það hefði verið kannski svolítið í lagt ef allur þingheimur hefðu verið skrifaður á till. Mér fannst alveg nóg að ég fékk allar konurnar til þess að skrifa upp á tillöguna. Þó að ég vilji ekki segja að það sé mikið íþróttaafrek þá getur vel verið að það sé mesta íþróttaafrek sem ég hef innt af hendi en þau eru nú frekar fá þó að einhvern tíma hafi ég reynt að stunda einhverjar íþróttir. En í máli hv. þm. komu einnig fram gleðilegar undantekningar og nefndi sundið og frjálsar íþróttir og það er alveg rétt. Það er einmitt helst í einstaklingsíþróttunum sem konurnar standa nokkurn veginn jafnfætis körlunum og það er líka alveg rétt sem kom fram í máli hans að auðvitað er ekki eingöngu við íþróttahreyfinguna að sakast. Þetta er miklu, miklu víðtækara. Það erum við sem ölum upp okkar börn. Vel má vera að meira sé ýtt undir stráka en stelpur, ég hef ekki reynslu á því sjálf en það getur vel verið og mér þykir mjög trúlegt að svo sé, en tækifærin eru því miður miklu færri fyrir stelpur og foreldrar kvarta yfir því. Þeir sem eiga stelpur og stráka segja að það sé mjög

mikill munur þar á og þeir kvarta mjög undan því að það séu miklu færri möguleikar fyrir stelpur. Þegar stelpur vilja fara í frjálsar íþróttir þarf oft að keyra þær lengra. Það sem strákarnir geta stundað er yfirleitt nær en þetta er auðvitað mjög misjafnt bæði eftir bæjarfélögum og eftir hverfum væntanlega því að auðvitað talar hver og einn út frá sinni eigin reynslu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist einnig á að það þyrfti að breikka till. og gera úttekt á þátttöku og fjármálalega úttekt. Ég minntist aðeins á könnun sem gerð hefur verið á vegum ÍSÍ. Þar er ekki bara fjölmiðlaúttekt, heldur er líka þátttakendafjöldi og ýmislegt fleira. Hjá ÍSÍ hefur verið gerð könnun á þátttöku í íþróttum þannig að mjög mikið efni er til á þessu sviði en ekki hef ég á móti því að tillagan verði breikkuð og ákveðin úttekt gerð en þó má ekki drepa málinu á dreif. Ég held að til séu mjög miklar upplýsingar um þetta mál hjá íþróttasambandinu og þeir hafa lýst sig reiðubúna til þess að gefa allar upplýsingar sem óskað er eftir. Ef ég veit rétt hafa þeir skrifað okkur öllum þingkonum bréf, sent okkur þessa könnun og upplýsingar og boðist til þess að veita allar þær upplýsingar sem að gagni mættu koma og m.a. á þessu sviði.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson sagði áðan að það væri ekki tengt sérstaklega við kvennaíþróttirnar að afla sér tekna. Það er auðvitað alveg rétt en það er miklu erfiðara fyrir konurnar að ná sér í peninga vegna þess að þær hafa ekki þessar auglýsingatekjur, þær hafa ekki þessa miklu athygli og þess vegna hafa þær fengið minni peninga. Það þarf að gefa þeim ákveðið „startkapítal" til þess að geta síðan fengið meira í aðra hönd. Ég er alveg sannfærð um það að ef meiri áhersla er lögð á kvennaíþróttirnar skilar það sér ekki bara í auknum tekjum til þeirra, heldur skilar það sér til allrar íþróttahreyfingarinnar og út í almenningsíþróttirnar líka sem er auðvitað aðalatriðið. Sem betur fer hefur áhugi almennings breyst mjög mikið og maður sér það bara þegar maður fer út að ganga eða hlaupa að úti um allt er fólk að hreyfa sig, nánast sama hvort það er gott eða vont veður. Fjöldi fólks hefur farið að stunda íþróttir í seinni tíð og ég held að það sé alveg augljóst að það skilar sér bæði í sparnaði í heilbrigðiskerfinu sem og miklu minni félagslegum vandamálum en ella.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ólíkt þykir mér betra að vera í ræðustól á Alþingi og ræða um íþróttir en að vera hér í næsta húsi að dreypa á kokkteil.

Vegna orða hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjargar Pálmadóttur, sem kemur nú frá þekktasta íþróttabæ landsins þar sem ég held nú að ríki töluvert jafnræði milli kynja í uppbyggingu íþrótta, þá vil ég segja að ég gat ekki heyrt annað en við værum að mætast á miðri leið því að hún sagði í sínu máli að ef tillaga kæmi fram sem gengi í þá átt að efla íþróttir karla þá mundi hún hiklaust skrifa upp á hana. Ég held að hún hafi orðað þetta eitthvað á þá leið. Þetta er í sjálfu sér alveg nákvæmlega það sama og ég sagði áðan. Tillagan hefði kannski frekar átt að vera um eflingu íþróttaiðkana yfir höfuð bæði fyrir konur og karla. Til hvers þurfum við tvær tillögur ef við styðjum hvort tveggja? Af hverju ekki að gera eina úr þessari og breyta henni í nefndinni í þá veru? Ég held að ekkert ýkjalangt sé á milli okkar. Öll höfum við áhuga á eflingu íþróttaiðkunar og því hvet ég hv. nefnd til að athuga þetta.

Ég ætla ekki að ræða val á íþróttamanni ársins og af hverju það var kvenmaður nú en ekki í fyrra eða hittiðfyrra. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að ræða það. Yfirleitt hefur álit manna verið nokkuð samhljóða þegar kjör hefur farið fram. Ég ætla heldur ekki að eyða löngum tíma í það hvort bikarleikir í meistaraflokki kvenna, úrslitaleikir, eigi að fara fram á aðalvellinum í Laugardal eða ekki. Ég held að aðsókn að kvennaleikjum sé það lítil að það hefur sýnt sig að vellirnir hafa ekki skipt máli. Meistaraflokkur Vals í knattspyrnu kvenna spila á sama velli og meistaraflokkur karla. Það kemur nánast enginn að horfa á leik kvennanna en fjöldi manns kemur að horfa á leikinn hjá karlmönnum. Þarna er sami völlurinn, sama aðstaðan. Sama gildir uppi á Skaga þaðan sem hv. þm. kemur. Ég held því að ekki sé hægt að tala um völlinn í þessu tilfelli enda spila t.d. unglingalandsliðin, 21 árs, 18 ára, 16 ára á sömu völlum og þessir úrslitaleikir fara fram. (Gripið fram í.) Nei, nei og hefur heldur ekki breytt neinu þó að það væri á öðrum velli. Ég held að við ættum ekki að eyða miklum tíma í þetta.

Staðreyndin er hins vegar sú að þau fjárframlög, sem koma frá ríkinu í dag, eru sáralítil og þau breyta í rauninni engu. Ef ég man töluna rétt, án þess að hafa flett upp á henni, held ég að þetta sé eitthvað um 25 millj. sem fara til ÍSÍ, það er nálægt þeirri tölu alla vega. Þessari upphæð er ÍSÍ ætlað að deila upp á milli allra sérsambandanna sem eru yfir tuttugu og hvert samband hefur fjöldann allan af deildum og margar deildir skiptast svo í kvenna- og karladeildir. Menn sjá það fyrir sér að þessir peningar eru engir. Þær tekjur sem íþróttafélögin hafa í dag, eins og áður hefur komið fram og kom líka fram hjá hv. 1. flm., eru t.d. lottótekjurnar. En þær eru afar litlar líka vegna þess að þær fara í gegnum sama „prósess", þær skiptast eins. Þær tekjur sem eitthvað munar um eru fyrst og fremst auglýsingatekjur í leikskrám, á búningum, auglýsingaskilti á völlum og samningar við sjónvarpsstöðvar. Getraunir skipta verulegu máli. Stærsti liðurinn er þó áhorfendur og það er til hagsmuna fyrir bæði konur og karla. Þess vegna má segja að þetta sé eins og fyrirtæki. Ef menn hafa góða söluvöru reyna þeir auðvitað að auka söluna á henni til að afla meira fjár til að geta byggt undir hliðarvöruna sem þú vilt gera frambærilega líka. Þetta er nákvæmlega sama markmiðið. Þess vegna eigum við ekki að skera niður af þeirri tekjulind sem karlaíþróttirnar eru til þess að efla kvennaíþróttirnar heldur eigum við að finna aðrar leiðir og það getur vel verið að leiðin sé sú að óska eftir meiri fjárframlögum frá ríkinu en það verður að vera í verulega auknum mæli svo að það skipti einhverju máli. Hins vegar er mín skoðun að það eigi að vera nánast einu afskipti ríkisvaldsins af íþróttahreyfing-

unni, að hún styðji með fjárframlögum en hún skipti sér ekki að öðru leyti af uppbyggingu eða starfi íþróttahreyfingarinnar. Það eiga hin frjálsu félagasamtök að sjá um. En það er mjög gott og vel þegið ef allir þessir fjórtán þingmenn styðja tillögu næsta haust um að efla Íþróttasjóð og finna kannski sérstakan farveg til að efla íþróttaiðkun kvenna. Það tel ég gott mál og fagna slíkri tillögu þegar hún kemur fram.

Ég vil að það komi hér fram, af því að rætt hefur verið um almenningsíþróttir, að ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan ÍSÍ stofnaði sérsamband um almenningsíþróttir sem þeir gerðu á merkum degi, afmælisdegi þeirrar hreyfingar. Það er því verið að taka á þeim þætti og nokkuð myndarlega ef ég þekki forustumenn þeirrar hreyfingar rétt.

Ég veit ekki hvernig fjárframlögum ríkisins í dag er skipt milli kvenna og karla. Þau eru það lítil að ég held að það taki því ekki að eyða tíma í að finna það út. En hins vegar, eins og tillögutextinn er hér, er varla hægt að lesa þetta öðruvísi en verið sé að ætlast til að jöfn skipting sé þarna á milli.

Hv. 11. þm. Reykn. kom inn á forvarnastarfið, sem er auðvitað afar mikilvægur þáttur í öllu íþróttastarfinu og þarf varla að eyða mörgum orðum í hér, svo oft höfum við farið yfir það. Ég vil engu síður láta það koma fram að Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála gengst núna fyrir könnun á gildi íþrótta, ekki bara með tilliti til áfengisneyslu, vímuefnaneyslu, tóbaksreykinga eða annars slíks heldur er þetta mjög útvíkkað og það með tilliti til námsárangurs, til heilbrigðis, til fæðis, til svefns og til alls konar slíkra hluta sem verður afar athyglisvert að glugga í þegar þær niðurstöður liggja fyrir.

Ég hafði þau orð um greinargerðina að þar væri teflt á tæpasta vað og hún bæri keim af því að talað hefði verið við óánægt fólk sem stundum setur fram hluti sem það hefur ekki skoðað vel og veit ekki hvernig eru í raun og veru. Það er afar erfitt að taka þessa greinargerð og ætla sér að segja að allt sé rétt og satt sem þar stendur. Reyndar eru atriðin sem ég geri athugasemdir við í greinargerðinni fleiri en þau sem ég geri ekki athugasemdir við. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég held að forseti sé með sekúnduvísinn á mér en ekki mínútuvísinn. Þetta gengur ekki. (**Gripið fram í:** Þetta er klukkutímavísirinn.)

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan koma á framfæri mínum athugasemdum við greinargerðina og ég mun gera það við hv. 1. flm. till. frekar en missa af því að mínar athugasemdir komist til skila.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. 5. þm. Reykv. sannaði það hve nauðsynlegt var að vekja máls á kvennaíþróttum sérstaklega. Menn og konur velja sér fyrirmyndir og því skiptir máli hvort kona er valin íþróttamaður ársins, það skiptir miklu máli upp á fyrirmynd. Hv. þm. minntist sérstaklega á þann bæ sem ég kem frá, Akranes, þar sem mikið jafnræði er á milli kvenna- og karlaknattspyrnu. Það er vegna þess, hv. þm., að umgjörðin er sú sama. Þess hefur verið gætt að umgjörðin sé sú sama. Og af því að hv. þm. er ágætissölumaður hlýtur hann að skilja að það skiptir máli hver umgjörðin er utan um keppnina og hvernig hún er undirbúin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EES-samningur og íslensk stjórnskipun, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 275. mál. — Þskj. 462.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um EES-samning og íslenska stjórnskipun. Flm. með mér að þessari þáltill. eru hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að setja á fót nefnd sex sérfróðra manna sem athugi hvort aðild að Evrópsku efnahagssvæði í því formi sem fyrir liggur í samningsdrögum nú eða síðar brjóti með einhverjum hætti gegn íslenskri stjórnskipun eða hvort gera þurfi breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins vegna fyrirhugaðs EES-samnings.

Leitað verði eftir tilnefningu tveggja manna í nefndina frá hverjum eftirtalinna aðila: Dómarafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Lagadeild tilnefni annan sinna fulltrúa til að gegna formennsku í nefndinni. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsmanna.

Þingflokkum og einstökum alþingismönnum gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Hún skili áfangaáliti til Alþingis um athuganir sínar fyrir 15. maí 1992 og skýrslu um niðurstöður fyrir 1. júlí 1992.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist af Alþingi."

Eins og fram kemur í tillögunni er gert ráð fyrir því að sú nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi setji á fót skili áfangaáliti innan skamms eða 15. maí, og skýrslu fyrir mitt sumar eða fyrir 1. júlí nk. Ástæðan fyrir því að þessar tímasetningar eru settar er sá samningur um Evrópskt efnahagssvæði sem nú er talinn vera á leið inn í þingið eftir að Evrópubandalagið og stofnanir þess hafa tekið burtu hindranir í vegi samningsins sín megin og nú er spurningin hvernig landið liggur hjá EFTA-ríkjunum.

Á meðan samningaviðræðurnar stóðu yfir og samningurinn var í mótun heyrðust öðru hvoru raddir um það að óvíst væri hvort samningurinn stæðist ákvæði íslenskrar stjórnskipunar. Ég var í þeim hópi sem vakti athygli á því að þar gætu verið vafamál, m.a. í séráliti með álitsgerð svokallaðrar Evrópustefnunefndar Alþingis, sem gaf út sameiginlegt álit í maímánuði 1990, og með séráliti einstakra þingmanna sem sæti áttu í nefndinni og eiga í raun enn sumir hverjir því að formlega hefur hún ekki verið aflögð. Ég ætla ekki að rekja

þær efasemdir sem þá voru í mínum huga því að ýmislegt hefur breyst frá því að það var sett á blað. Utanrrn. hefur leitað til lögfróðra manna við samningsgerðina, að fullyrt er og það dreg ég ekki í efa og af hálfu utanrrh. hefur tilgátum um að samningurinn gæti stangast á við stjórnarskrá lýðveldisins verið vísað á bug ítrekað. Það liggja hins vegar ekki fyrir neinar opinberar greinargerðir af hálfu íslenskra stjórnvalda eða sérfræðinga á þeirra vegum um stöðu samningsins með tilliti til stjórnarskrárinnar. Hins vegar hafa virtir lögfræðingar, þar á meðal dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, bent á að eðlilegt sé að gerð yrði lögfræðileg athugun á því hvort Ísland megi fullgilda þennan samningað að óbreyttri stjórnarskrá. Í fskj. með till. er vitnað til ummæla hans í Ríkisútvarpinu frá því 2. des. sl.

Stefán Már Stefánsson lagaprófessor, sem hefur aðstoðað utanrrn. við athugun þessara mála, að ég best veit og hefur mikið fjallað um þessa samningsgerð á mótunarstigi, sagði þann sama dag í útvarpsþætti að erfitt væri — það er ekki orðrétt tilvitnun heldur efnisleg — að svara af eða á um það hvort samningurinn stæðist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Hann væri frekar á því að samningsdrögin, eins og þau þá lágu fyrir, brytu ekki í bága við stjórnarskrána. Hins vegar yrði að líta til þess að svið samningsins sé efnahagslega vítt og að stjórnarskrá okkar sé gömul og geri tæpast ráð fyrir samningi sem þessum.

Frá því að þessi ummæli féllu hafa vissulega verið gerðar breytingar á samningnum vegna fyrirstöðu hjá EB-dómstólnum í Lúxemborg og breytingar verið gerðar á dómsþætti samningsins. Það breytir því hins vegar ekki að miklar efasemdir eru í mínum huga og margra fleiri að því er varðar þetta mál. Um það treysti ég mér ekki að fullyrða því að ég tel mig ekki bæran um að kveða þar upp dóma nema að mjög vel athuguðu máli en jafnsjálfsagt tel ég vera að yfir þetta mál verði farið með hlutlægum hætti af löglærðum mönnum eins og tillagan gerir ráð fyrir svo að ótvírætt sé og Alþingi geti metið það á grundvelli álitsgerða frá slíkum aðilum hvort samningurinn rekist á íslensku stjórnarskrána eða gangi á svig við hana sem er annar möguleiki.

Ég vek athygli á ummælum dr. Guðmundar Alfreðssonar á bls. 3 í fskj. með greinargerð þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi mælir stjórnarskráin um að löggjafarvaldið sé í höndum Alþingis og forseta og er það þá nóg í ljósi þessara ákvæða stjórnarskrárinnar að við förum með formlegt neitunarvald vegna nýrra reglna, viðbóta eða breytinga á þessu EES-sviði á meðan efnislega löggjafarvaldið verður að miklu leyti í höndum annarra aðila, þar á meðal stofnana EB þar sem við erum ekki aðilar? Þetta er ein spurning, fyrsta spurningin.

Í öðru lagi, líka í tengslum við löggjafarvaldið. Það segir í þessum EES-samningsdrögum, í 6. gr. að mig minnir, að dómum eða úrskurðum Evrópudómstólsins, þ.e. dómstóls EB, sem hafa verið kveðnir upp í gegnum árin, eða áður en EES-samningurinn er undirskrifaður, skuli beitt við túlkun og notkun EES-samningsins."

Í þriðja lagi í þessari upptalningu um hugsanlegt valdaafsal sem lýtur bæði að framkvæmdar- og dómsvaldinu segir dr. Guðmundur:

„...og þessi spurning snýst um vald eftirlitsstofnunar EFTA og EES-dómstólsins", sem þá var inni í samningsdrögunum, „í sambandi við samkeppnisreglur samningsins. Þarna virðist útlent vald, hvort sem það er framkvæmdar- eða dómsvaldið hjá EFTA eða EES, fá heimild til þess að taka ákvarðanir sem þá gildi ekki bara að þjóðarrétti heldur líka að landsrétti." Hann spyr síðan: „Er þetta hægt? Er þetta leyfilegt miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar um innlent framkvæmdar- og dómsvald?"

Þetta tel ég mjög alvarlegar ábendingar frá manni sem er vel að sér í lögum og fyrir utan það að hafa gegnt starfi hjá alþjóðastofnunum er hann jafnframt kennari við lagadeild Háskóla Íslands og hefur mikið um þessi mál fjallað.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að benda á ýmsar greinar í þessum samningi sem menn hljóta að athuga sérstaklega. T.d. í I. hluta samningsins eru ákvæði í 3. gr. sem eru þannig:

„Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir.

Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð."

Þetta er greinin. Ég vek athygli á því að markmiðssetning innan EB-réttar er miklu meira ákvarðandi mál en við eigum að venjast. Það gengur eftir í hverjum dómnum á fætur öðrum hjá EB-dómstólnum að þeir ganga út frá markmiðum Evrópubandalagsins og ákvæðum Rómarsáttmálans þar að lútandi þegar þeir úrskurða. Alveg sérstaklega vil ég vekja athygli á 6. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála."

Þetta er greinin. Hér er verið að vísa til allra uppkveðinna dóma EB-dómstólsins, alls dómasafnsins sem nær þrjá áratugi aftur í tímann og sem er hluti af EB-rétti og ég spyr: Hvar liggur fyrir mat af hálfu stjórnvalda í landinu á lögfylgjum þessara ákvæða, þessara niðurstaðna og túlkana EB-dómstólsins á þessum tíma?

Einnig ber að vekja athygli á ákvæðum 6. gr. samningsins varðandi reglugerðir og tilskipanir og gildi þeirra í samhengi þessa samnings. Þá vek ég athygli á 93. gr. sem varðar sameiginlegu EES-nefndina. Þar segir:

„Sameiginlegu EES-nefndina skipa fulltrúar samningsaðila.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, sem mæla einum rómi, hins vegar."

Þá vísa ég til 102. gr. samningsins sem er í kaflanum um tilhögun ákvarðanatöku en þar er að finna víðtæk en flókin ákvæði að því er þetta varðar sem ég held að menn ættu að líta á í sambandi við þróun EB-réttar því að menn eru í rauninni að binda sig inn í framtíðina. Í 103. gr samningsins eru sérkennileg ákvæði í tölul. 2 þar sem segir:

„Hafi tilkynningin ekki átt sér stað," þ.e. tilkynning um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, „sex mánuðum eftir að sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun sína skal ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar gilda til bráðabirgða meðan stjórnskipulegum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, nema samningsaðili tilkynni að slík gildistaka til bráðabirgða geti ekki átt sér stað."

Þarna er auðvitað gengið mjög langt í þessum efnum og það þarf að taka það sérstaklega fram að menn ætli ekki að fallast á þetta bráðabirgðaástand sem þarna er fjallað um.

Þá vísa ég til 107. gr. samningsins, virðulegur forseti, þar sem segir:

„Í bókun 34 eru ákvæði er gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli eða rétti að biðja dómstól Evrópubandalaganna að ákveða túlkun EES-reglna."

Þessi bókun, númer 34, kveður síðan nánar á um þetta en þar segir: „Þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningnum, sem að efni til eru eins og ákvæði í stofnsáttmálum Evrópubandalagsins, með áorðnum breytingum og viðbótum, eða gerðum sem samþykktar hafa verið samkvæmt honum, í máli sem er fyrir dómstóli eða rétti í EFTA-ríki, getur dómstóllinn eða réttur, telji hann það nauðsynlegt, beðið dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun í slíku máli.

EFTA-ríki sem hyggst nýta sér þessa bókun skal tilkynna vörsluaðila og dómstóli Evrópubandalaganna að hve miklu leyti og með hvaða hætti bókunin muni gilda um dómstóla og rétti þess."

Síðan er ástæða til að vekja athygli á fleiri ákvæðum. Ég vísa m.a. til 11. gr. samningsins, 3. tölul. í þeirri grein þar sem einmitt er vikið að þessum deilumálum og lausn deilumála og vísað til þess að samningsaðilar sem eiga í deilum geta samþykkt að fara fram á það við dómstól Evrópubandalaganna að hann kveði upp úrskurð varðandi túlkun á viðkomandi reglum. Það er að vísu áskilið að samkomulag sé um það en er auðvitað mjög afdrifaríkt ef út í það yrði farið.

Þá vil ég að lokum varðandi samninginn og þau ákvæði sem ég nefni sem dæmi, nefna sérstaklega bókun 35 um framkvæmd á reglum EES þar sem segir: „Með samningi þessum er stefnt að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins. Þessum markmiðum verður því að ná með málsmeðferð í hverju landi um sig." En síðan kemur stök grein þessarar bókunar. Takið eftir: „Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Hér er tekið fram í bókun, sem sérstaklega er minnt á í 119. gr. að sé hluti af samningnum, að EES-rétturinn, reglurnar, tilskipanirnar og dómarnir, allt þetta safn 30 ár aftur í tímann skuli vera æðra landslögum og hafa þar forgang. Þetta er kannski allra skýrasta dæmið af því hve langt er seilst samkvæmt þessum samningi.

Virðulegur forseti. Mér er ljóst að ég hef lítinn tíma til að gera þessu máli þau skil í framsögu sem vert væri svo viðurhlutamikið sem það er. Ég mun hins vegar síðar í umræðunni koma að nokkrum atriðum sem varða umræður um þessi efni erlendis þar sem eru miklar áhyggjur og skýr dæmi hafa verið tilfærð af löglærðum aðilum, nú síðast Sviþjóð, um það hvernig ákvæði þessa samnings rekast á eða a.m.k. ganga mjög inn á svið stjórnarskrárinnar með þeim hætti að umsagnaraðilar við sænska þingið, sem veitt hafa þar umsögn, hafa af því þungar áhyggjur og hafa rökstutt það álit í umsögnum sínum.

Ég legg til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera langorður um þessa tillögu þótt mikilvæg sé. Ánægjulegt er að sjá að hæstv. utanrrh. er genginn í salinn úr veisluhöldum í næsta húsi og illt að hann heyrði ekki ræðu framsögumanns sem drap á mörg þau mikilvægu atriði sem þarf að athuga í þessu sambandi, þ.e. EES-samninginn og íslensku stjórnarskrána.

Nú hygg ég að megi telja nokkuð víst að af hálfu EB, nema e.t.v. EB-þingsins, sé ekkert því til fyrirstöðu að taka EES-samninginn til vandlegrar athugunar. Ég lít svo á að mikilvægast sé að gera það nú þegar, nota þann tíma sem er fram undan til að skoða vandlega öll atriði þessa mikilvæga samnings, kynna samninginn vel fyrir þjóðinni, athuga hvort þessi samningur geti orðið eins konar varnargirðing gegn því að við sogumst inn í Evrópubandalagið, athuga t.d. hvort unnt sé að líta á þennan samning sem, ef ég á nota það orð, anddyri að sérsamningi okkar við Evrópubandalagið en ekki sem anddyri að aðgangi að Evrópubandalaginu. Athuga þarf í því sambandi hvort unnt er að breyta ýmsum ákvæðum þessa samnings þannig að viðunandi geti orðið í sérsamningi okkar við Evrópubandalagið. Það er einnig afar nauðsynlegt að skoða hvernig settar verða upp þær hindranir eða girðingar sem lofað hefur verið þar sem fyrirvarar hafa ekki fengist samþykktir eins og við landakaupum og t.d. óeðlilegri fjárfestingu í orkukaupum og fleiru þess háttar.

Eitt hið allra mikilvægasta sem þarf að skoða er einmitt samningurinn og íslenska stjórnarskráin. Það er satt að segja nokkuð undarlegt að hæstv. ríkisstjórn

skuli ekki þegar hafa beitt sér fyrir slíkri formlegri athugun. Ég veit að rætt hefur verið við einstaka lögfræðinga en ítarleg athugun á þessu atriði hefur ekki farið fram að því er ég best veit.

Aðrar þjóðir hafa ráðist í slíkt, t.d. Svíar, og þar eru nú komnar upp verulegar efasemdir um samninginn gagnvart sænsku stjórnarskránni, svo miklar jafnvel að ekki er talið útilokað að sænska ríkisstjórnin telji sér nauðsynlegt að gera vissar lagabreytingar.

Við höfum hlustað á einstaka lögfræðinga, eins og rakið var af hv. frummælanda, og þeim ber ekki saman. Ég hlustaði nýlega á allítarlegt erindi frá Stefáni Má Stefánssyni prófessor um þetta atriði og eins og kom fram hjá hv. frummælanda telur prófessorinn að samningurinn stangist ekki á við stjórnarskrána en hann orðaði það sjálfur svo að ýmis atriði hans væru á gráu svæði, m.a. þau atriði sem hv. frummælandi rakti áðan og ég ætla ekki að fara að endurtaka. Ég tel að það sé í raun æðimikið sagt af manni sem kynnti sér samninginn vel að ýmis atriði hans séu á gráu svæði. A.m.k. er grátt svæði of grátt fyrir mig í þessu sambandi og ég vil ógjarnan sjá t.d. Hæstarétt Íslands komast að þeirri niðurstöðu síðar að einhver atriði samningsins séu ekki á gráu heldur á svörtu svæði, þ.e. gangi gegn íslensku stjórnarskránni. Ég held því að eitt af þeim atriðum sem ég nefndi í upphafi míns máls að nú þurfi að athuga og athuga mjög vel sé einmitt samningurinn með tilliti til stjórnarskrárinnar. Mér er ljóst að þetta er nokkuð mikið verk en ég veit að nokkrir lögfræðingar hafa skoðað samninginn og því ætti að vera unnt að ná saman sérfróðum mönnum sem gera þetta tiltölulega fljótt. Það verður aldrei gert á einni nóttu. Það tekur nokkurn tíma en þeir gætu gert það tiltölulega fljótt og vandlega.

Ég er meðflutningsmaður að þessari tillögu, ekki til þess að lýsa andstöðu við samninginn eða fylgi við hann heldur til að lýsa þeirri bjargföstu skoðun minni að þegar svona viðamikill samningur er gerður verði að gæta allra slíkra grundvallaratriða. Það mega engar efasemdir vera um stjórnmálalegt eða stjórnarskrárlegt gildi þessa samnings. Það er von mín að hæstv. utanrrh., sem hefur unnið í þessum málum í mörg ár og hlýtur að vera það ekki síður kappsmál en mér og öðrum sem að þessari tillögu standa að samningurinn haldi, bregði fljótt og vel við og láti slíka athugun fara fram.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að ég tek undir þessa tillögu og vona að hún verði samþykkt sem fyrst á Alþingi. Það er alger nauðsyn að úttekt, eins og sú sem gert er ráð fyrir í tillögunni, fari fram og vil ég lýsa því yfir að ég tel það alls ekki fullnægjandi að einhverjir ótilgreindir sérfræðingar, reyndar á vegum utanrrn. og EFTA, hafi gert könnun á þessu máli. Það þarf að gera hana á Íslandi. Við þurfum sjálf að skipa menn í nefnd til að kanna þetta og það hlýtur að vera öllum kappsmál að ekki sé nokkur vafi á því að samningurinn standist stjórnarskrá ef hann verður staðfestur á Alþingi. Það mega ekki vera nokkrar líkur á því að við séum að samþykkja lög á Alþingi sem stangast á við stjórnarskrána.

Ég hef löngum haft miklar efasemdir um að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, eins og hann leit *út fyrst þegar við sáum hann, reyndar á ensku,* stæðist íslenska stjórnskipan. Þó er ég auðvitað ekki sérfræðingur á þessu sviði og hef einungis getað notfært mér þá sérfræðinga sem hafa talað í þessu máli sem og að lesa sjálf stjórnarskrána og meta út frá því sem menn hafa sagt hvort hætta sé á að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við stjórnarskrána.

Það kom fram í máli hv. 1. flm. að margir hafa haft efasemdir og einnig er vitnað til þess í greinargerð með tillögunni og fskj. að fram hafa komið ýmsar efasemdir og hef ég verið ein af þeim sem hafa viljað að málið verði kannað. Þess vegna styð ég þessa tillögu. Það er vitnað í greinargerð til Guðmundar Alfreðssonar og Stefáns Más Stefánssonar sem hafa haft efasemdir þó að það sé rétt sem fram hefur komið að Stefán Már hefur sagt að hann telji ekki líklegt að samningurinn stangist á við stjórnarskrána. Hann orðaði það svo á fundi, sem ég var á, að það væri erfitt að segja beinlínis til um það þó að hann teldi líklega ekki svo vera. Það var að vísu áður en breytingarnar voru gerðar á samningnum, þ.e. þær síðustu sem ganga enn lengra í þá átt sem ég tel að gæti stangast á við stjórnarskrána.

Hér var minnst á að lagaspekingar í Svíþjóð og víðar hafa efast um að EES-samningur standist t.d. sænsku stjórnarskrána. Þeir hafa dregið sérstaklega fram það ákvæði í samningnum að ef lög EFTA-ríkjanna og EES stangast á eigi að nota lög EES eða sem sagt EB-lögin. Þetta er einmitt það atriði sem ég tel mjög vafasamt að geti staðist íslensku stjórnarskrána en það má ekki vera, eins og ég sagði áðan, nokkur einasti vafi á því.

Fleiri hafa skoðað þetta mál og prófessor Gunnar G. Schram hefur skrifað nokkuð mikið um það. Hann hefur fyrst og fremst skrifað um Evrópubandalagið og yfirþjóðleg einkenni þess. Í grein eftir hann sem heitir „Framsal ríkisvalds til Evrópubandalagsins" lýsir hann því í hverju framsal einstakra ríkja á ríkisvaldi til EB er fólgið. Hann segir orðrétt í greininni, með leyfi forseta:

„Ríkjum er bannað að veita hvers konar mismunun sem byggist á þjóðerni gagnvart þegnum aðildarríkjanna. Þau hafa ekki lengur heimild til að veita eigin þegnum sérréttindi á sviði atvinnureksturs og efnahagsmála." Þarna er hann að vitna til þess að um framsal á ríkisvaldi sé að ræða. Og hann segir einnig, með leyfi forseta: „Hafa aðildarríkin framselt til dómstólsins vald til að túlka rétt bandalagsins og kveða upp dóma á réttarsviði samningsins. Í því felst m.a. heimild dómstólsins til að úrskurða að landslög skuli víkja fyrir ákvörðun EB-réttar."

Þetta er ákvæmlega það sama og prófessorarnir í Svíþjóð eru að segja að þarna er ákvæði um að landslög eigi að víkja fyrir EB-rétti eða EES-rétti eins og það e.t.v. mun heita. Það er framsal á ríkisvaldi til yfirþjóðlegs valds sem hefur verið eitt af því sem talað hefur verið um að verði alls ekki gert með þessum

samningi. Ég tel að ákvæðið stríði gegn stjórnarskránni og auðvitað þarf að athuga það. Um dómsvaldið segir Gunnar í grein sinni:

„Það er hluti af sjálfstæðisrétti hvers ríkis að það fer eitt með óskorað dómsvald innan endimarka ríkisins hvort sem þar eiga í hlut eigin þegnar eða útlendingar sem þar eru staddir." Og aðeins síðar segir: „Frá þessum meginreglum er vikið í réttarskipan Evrópubandalagsins. Með því að gerast aðilar að bandalaginu hafa aðildarríkin framselt hluta af dómsvaldinu í hendur dómstóls EB. Þau hafa með því viðurkennt bindandi lögsögu þess dómstóls í málum sem falla innan sviðs samninganna og þau eða ríkisborgarar þeirra eru aðilar að." Hann segir aðeins síðar: „Dómar dómstólsins EB eru bindandi og dómum hans verður ekki áfrýjað."

Hér er til umræðu framsal ríkis á dómsvaldi í hendur EB. Þetta er nákvæmlega það sama og kemur fram í bókun 35 og vitnað var til áðan og ætla ég ekki að endurtaka það sem þar var vitnað til. Í fréttaviðtali sem birtist á síðasta ári benti Gunnar G. Schram á að í raun væri hæstiréttur í þessum málum kominn til Lúxemborgar. Það er því alveg greinilegt að lagaprófessorinn sem þetta skrifar telur að um framsal á valdi sé að ræða. Ég tel því að miklar líkur séu á að ákvæði EES-samnings gangi á svig við íslensku stjórnarskrána.

Því hefur löngum verið haldið fram, bæði í þessum ræðustól og reyndar víða annars staðar að ekki sé um að ræða neina hættu á að EB-dómstóllinn eigi að úrskurða í lagamálum. Ég man ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi oft talað um það að þetta stríði ekki gegn íslensku stjórnarskránni vegna þess að úrskurðir dómstólsins séu ekki bindandi. Í umræðum á Alþingi þann 17. des. sl. segir hann orðrétt:

„Svar við þeirri skoðun er að það kemur ekki til álita, hvorki af hálfu EFTA-ríkjanna né af hálfu Evrópubandalagsins." Þ.e. hann taldi það ekki koma til álita og skömmu síðar samþykkir hann það að EB-dómstóllinn sé úrskurðaraðili þegar um er að ræða álitamál og að úrskurðir hans séu bindandi fyrir íslenska dómstóla.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í dag setja samningamenn EFTA og Evrópubandalagsríkja upphafsstafi sína við EES-samninginn. Þetta hafa verið flóknar samningaviðræður og ekki áfallalausar. Ég hef lagt mikla áherslu á að við vönduðum sem best þá vinnu sem við Íslendingar höfum lagt í þessa samningsgerð á meðan á henni hefur staðið. Ég hef beitt mér fyrir nánu samráði innan stjórnkerfisins sem utan, bæði um efni samninganna og form, þar á meðal hina lagalegu hlið. Ég hef reynt að leita til hinna færustu sérfræðinga sem völ er á. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að EES-samningurinn og fylgisamningar með honum brjóta ekki í bága við íslensku stjórnarskrána. Þar hafa einkum verið hafðar uppi þrenns konar efasemdir.

1. Um sé að ræða framsal á löggjafarvaldi. Ég tel að tekin hafi verið af öll tvímæli um að svo er ekki. Það getur ekki verið um framsal á löggjafarvaldi að ræða þar sem nýjar EES-reglur taka aðeins gildi að stjórnskipulegum skilyrðum uppfylltum, sbr. 103. gr. samningsins.

2. Önnur meginefasemdin hefur verið um að EES-reglur séu með samningnum gerðar rétthærri en íslensk lög. Þetta er ekki rétt. Alþingi getur að sjálfsögðu samþykkt lög sem eru í andstöðu við þennan milliríkjasamning ef það kýs svo, annars þyrfti að breyta stjórnarskrá. Hins vegar mundi Alþingi þar með brjóta reglur þjóðarréttar.

3. Þriðja efasemdin er að um sé að ræða framsal á dómsvaldi. Það er rétt að ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA-dómstóls og EB-dómstóls geta haft áhrif á landsrétti. Hins vegar er ekki um framsal á dómsvaldi að ræða í andstöðu við stjórnarskrá þar sem þessi samningsákvæði gilda aðeins ef um er að ræða lögskipti sem hafa áhrif milli ríkja. Slíkt hefur verið talið heimilt samkvæmt mörgum fordæmum, t.d. norræna samningnum um fullnustu dóma.

Utanrrn. er ekki kunnugt um neinn sérfræðing sem kynnt hefur sér þetta mál sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána.

Virðulegi forseti. Á sama hátt og vandað hefur verið til samningsgerðarinnar vil ég vissulega gera allt sem í mínu valdi stendur til að undirbúa vel þingmeðferð og þjóðfélagsumræðu um svo mikilvægan og afdrifaríkan samning sem EES-samningurinn vissulega er. Þess vegna hef ég í dag skipað nefnd til þess að veita umsögn um það hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði ásamt fylgisamningum brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Ég hef reynt að velja þá sem mesta og besta reynslu og þekkingu hafa á því vandasama sviði sem um ræðir, þ.e. stjórnskipunar- og þjóðarrétti. Formaður nefndarinnar verður Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómari og fyrrv. prófessor í réttarfari. Aðrir nefndarmenn verða Gunnar G. Schram, prófessor í stjórnskipunarrétti, og Stefán Már Stefánsson, prófessor í réttarfari, en báðir hafa þeir sérhæft sig í Evrópurétti. Loks hefur verið leitað til hæstv. dómsmrh. um að tilnefna einn mann, fjórða aðilann, sem sérfræðing í lagahefðum íslenska ríkisins og framkvæmd stjórnsýslu og hefur hann tilnefnt Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra dómsmrn., til þess að taka það verk að sér. Óski þingflokkar eða einstakir þingmenn að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina sé ég ekkert því til fyrirstöðu. Ég tel alla umræðu um málið vera af hinu góða. Ég hef óskað eftir því að nefndin skili áliti sínu fyrir júnílok nk.

Varðandi þá tillögu sem liggur fyrir þinginu um þetta mál hef ég lítið um hana að segja annað en það að með framangreindri ráðstöfun tel ég meginmarkmiði hennar náð, þ.e. að fá þá bestu mögulegu ráðgjöf um EES-samninginn sem völ er á.

Virðulegi forseti. Varðandi þær umræður í Svíþjóð sem spunnist hafa um hvort EES-samningurinn brjóti í bága við sænsku stjórnarskrána þá hef ég kannað það mál og hvernig það snýr að sænskum stjórnvöldum en

á enn von á frekari gögnum frá sendiherra okkar í Sviþjóð. Ég vek athygli á að fyrirkomulag þar í landi varðandi lagasetningu er frábrugðið því kerfi sem við búum við. Þar er skylt að senda lagafrv. til umsagnar hjá fjölmörgum aðilum, m.a. til lagaumboðsmanns þingsins eða „justitiesombudsmans" og jafnvel til dómstóla á öðrum dómstigum. Greinargerð með sænska EES-staðfestingarfrumvarpinu var að mati Evrópu- og utanríkisviðskiptaráðherra Svía óheppilega orðuð sem olli nokkrum ruglingi og einnig var gefinn mjög skammur frestur til svara. Samkvæmt upplýsingum frá sendiherra okkar telur umboðsmaðurinn, þ.e. lagaumboðsmaður sænska þingins, ólíklegt að þörf verði á því að breyta stjórnarskránni.

Nokkrar umræður urðu um svonefnt lagaskilaákvæði í sænska EES-staðfestingarfrumvarpinu sem kveður á um forgang EES-reglna fram yfir önnur lög. Mér skilst að ákveðið hafi verið að umorða það ákvæði. Ég sé ekkert sambærilegt vandamál í drögum að íslenska EES-staðfestingarfrv. sem brátt verður lagt fram til kynningar.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. hefur valið þann kost sem viðbrögð við flutningi tillögunnar hér að skipa á sínum vegum nefnd lögfræðinga til þess að fara yfir þessi efni. Betur að hæstv. ráðherra hefði nú gripið til þessa ráðs fyrr. Þetta er satt að segja mjög sérkennilegt að á endastöð rétt áður en málið á að koma fyrir þing er til þess gripið af hæstv. ráðherra. Ég ætla sannarlega ekkert að hafa á móti því að slíkur hópur starfi á vegum framkvæmdavarldisns. Það er gott þótt seint sé í rassinn gripið. En jafnsjálfsagt er það að mínu mati að Alþingi velji þá leið sem till. mælir fyrir um að setja á sínum vegum upp óháða nefnd tilnefnda af þeim þremur aðilum sem þar er kveðið á um. Þetta vildi ég undirstrika sem viðbrögð við þeim tíðindum að hæstv. utanrrh. hefur loksins séð þörf á því að setja upp á sínum vegum formlegan hóp sérfróðra aðila sem væntanlega skila verki sínu eins og ráðherrann leggur fyrir þá.

Ég vildi, virðulegur forseti, aðeins spyrja hæstv. ráðherra um eitt atriði sem ég les um úr erlendum blöðum og það er að sérstök athugasemd, á sænskunni kallað protokollsanteckning, sé gerð í sambandi við þann atburð sem gerist í dag, ef ég hef skilið það rétt, sem undirstriki alveg sérstaklega forgang EB-réttarins í sambandi við þetta mál allt. Ég spyr hæstv. ráðherra um það hvað hann geti sagt okkur um þetta efni sem hefur verið til umræðu í blöðum í Svíþjóð, m.a. þaðan sem ég hef þessa frétt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það má segja að tvenn tíðindi hafi verið birt okkur nú af hæstv. utanrrh. Í fyrsta lagi er um að ræða þau tíðindi að í dag setja samningamenn okkar stafi sína á EES-drögin eða samkomulagið. Þetta eru tíðindi sem ég tel ill. Gera þeir það? Ég vona að þeir séu enn ekki búnir að því, að enn þá sé hægt að stöðva það að aðalsamningamaður okkar, Hannes Hafstein, sá ágæti maður, setji stafi sína á EES-samkomulag, sem er nú ekkert samkomulag orðið. Það eru þeir sjálfir sem að því standa. Þeir hafa lýst því svo að enn þá væri eftir að breyta ýmsu. Þeir sjálfir hafa viðurkennt að heillegur texti er ekki kominn, ekki einu sinni hjá þeim samningamönnunum, hvað þá til okkar, t.d. utanríkismálanefndarmanna þannig að við getum tekið endanlega afstöðu til þess. Engu að síður eiga samningamenn að setja sína stafi undir í dag.

Ég hef rætt við hæstv. forsrh., raunar ágætissamtal, að hans forgöngu núna á þessum degi og lagt áherslu á að svo yrði ekki að aðalsamningamaður okkar setti stafi sína á eitt eða neitt. Ég vona að enn sé hægt að afstýra því.

Að vísu tákna þeir stafir ekki annað en það að embættismennirnir hafi lokið störfum sínum og geti ekki gert meira, en það vildi ég þó fá bókað sérstaklega og hef óskað eftir því við sérfræðinga og starfsmenn utanrrn. og hæstv. utanrrh. líka að það yrði rækilega undirstrikað af samningamanni okkar að það eina sem stafir hans þýddu væri það að þeir kæmust ekki lengra og ekkert um það að þetta væru þeirra tillögur í einu eða neinu heldur að þeir væru hættir og málið kæmi þá til ríkisstjórnar og væntanlega Alþingis.

Að hinu leytinu er ljóst og um það hafði hæstv. utanrrh. samráð við mig líka að ágætismenn verða látnir skoða hvort um stjórnarskrárbrot kynni að vera að ræða í sambandi við afgreiðslu þessa okkar mesta stórmáls nú sem við ættum að geta eytt tíma í, alls ekki á sumarþingi heldur núna eftir 1–2 vikur, að þessir sérfræðingar yrðu valdir og hæstv. ráðherra nefndi og mér leist vel á alla þá frábæru menn.

Ég get játað það að ég er kannski sem formaður utanrmn. ekkert síður sekur en ráðuneytið fyrir það að við skulum ekki hafa gefið okkur meiri tíma og einbeitt okkur nánar að þessu atriði, hvort þarna sé um stjórnarskrárbrot að ræða sem ég raunar hygg að muni vera. Þess vegna er best að saka ráðuneytismenn ekki frekar en sjálfan sig. Það er rétt að við játum það.

Að sjálfsögðu er þetta starf unnið á vegum framkvæmdarvaldsins en ekki Alþingis. En utanrmn. er nokkuð sérstæð nefnd og hefur í rúmlega 60 ára sögu orðið þannig að þar hafa menn reynt að ræða saman í fullum trúnaði og forðast að efna til nokkurra illdeilna sem gætu skaðað okkur. Fyrst gerðum við það í sjálfstæðisbaráttu okkar sem raunar er nú ævarandi. Þó á nú kannski að fara að taka af okkur sjálfstæðið í meira og minna mæli. Ég get ekki lesið annað út úr þeim plöggum sem við höfum fengið og hvað er það sem við ekki höfum fengið? Það veit ég ekki. En samningamennirnir hafa lýst því yfir sjálfir að ýmislegt væri enn þá óákveðið. Það eru sem sagt enn þá drög að samkomulagi, enginn samningur er orðinn til, því síður staðfestur og hann er ekki staðfestur heldur þó að sú ógæfa hendi að sá ágæti maður Hannes Hafstein fari að setja stafina á ómerkt plagg og ófullgert. Það er heldur ekki neinn samningur.

Það bréf þyrfti að fylgja að það væri alveg ljóst að í þessari athöfn fælist ekkert annað en það að samningamennirnir væru hættir. Sú litla yfirlýsing, ég hef

borið hana fram margsinnis við ráðuneytismenn í gær og dag og ráðherra sjálfan. Er ekki hægt, ef ekki er búið að setja stafina, að segja að okkar aðalsamningamaður segi og afhendi það skriflega í hverri þeirri stofnun sem hann á að afhenda þetta í að stafir hans þýði eitt: Hann sé hættur og skili málinu til ríkisstjórnarinnar eins og það stendur nú? Ég leyfi mér, hæstv. ráðherra, að ítreka þessa ósk á Alþingi sjálfu sem ég hef sett fram við sérfræðinga utanrrn. og ráðherra sjálfan. Ef þeir stafir eru ekki komnir á, er þá ekki hægt að senda þetta skeyti núna? Það er hægt að gera það á nokkrum mínútum. Samhliða því sem stafirnir tveir verða settir, þá verði sett þessi fáu orð: Þessir stafir þýða ekkert annað en það að ég, aðalsamningamaður Íslands, er hættur og búinn að afhenda ríkisstjórninni málið eins og það stendur. Þetta er sú ósk sem ég vildi hér og nú bera fram.

Auðvitað er athugandi líka að Alþingi kjósi nefnd á sínum vegum til þess að fylgjast með öllu málinu. Í þessum málum eigum við að vera einróma út í frá. Við getum rifist fyrir luktum dyrum, en þegar til stykkisins kemur þá eigum við að standa saman af því að við erum sammála. Við ætlum okkur ekkert að fórna frelsi okkar, einu eða neinu af því. Fullveldi okkar er okkar eigin og enginn annar getur tekið það frá okkur. Við ein getum fórnað því með sinnuleysi, athafnaleysi eða ofsögðum — eða þá vansögðum orðum.

Það á að vera dirfska í öllum okkar samskiptum við útlendinga. Það þarf að vera það. Þó að við séum smæstir, þá eigum við alveg sama réttinn og hinir stóru og þann rétt ætla ég ekki að taka þátt í að skerða. Það verður yngri kynslóðin að gera ef hún vill búa við eitthvert annað stjórnarform en við búum við nú, þ.e. algert fullveldi og sjálfstæði. Það verða einhverjir aðrir að gera en ég. Ég leyfi mér að endurtaka það enn þá. Ég ætla ekki að verða sá ógæfumaður að standa að neinu slíku.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hv. þm., Eyjólfi Konráð Jónssyni, fyrir þau orð sem hann mælti hér. Ég vona að þau komist til skila til þjóðarinnar. Það voru mikil alvöruorð borin fram af manni sem hefur verið í varðstöðu fyrir íslenska hagsmuni á undanförnum áratugum varðandi fullveldismál okkar og sókn í þeim efnum.

Hér fékk framkvæmdarvaldið, hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin öll, skilaboð frá formanni utanrmn., álit hans á þeim gjörningi sem hæstv. ráðherra segir okkur að sé verið að setja fangamark undir fyrir hans hönd, ráðherrans, en jafnframt áskorun um það að þessu verði forðað. Hafi það verið gert eða verði það gert, þá sé það ómerkt og formaður utanrmn. Alþingis tekur undir eða segir að hér sé stjórnarskrárbrot á ferðinni að hans mati. Auðvitað verður þetta mál að hafa sinn gang, en það skiptir miklu að Alþingi leggi sig fram um að fjalla um það með þeim hætti sem hér er lagt til og sem formaður utanrmn. hefur tekið eindregið undir, að kjósa til þess nefnd með þeim hætti sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Ég ítreka þakkir mínar til formanns utanrmn., til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi verið flutt söguleg ræða og rétt sem sagt hefur verið m.a. af hv. 4. þm. Reykv. að í máli eins og þessu er nauðsynlegt að alþm. allir finni hjá sér þá skyldukvöð og ábyrgð að reyna að stuðla að sem víðtækastri, efnislegri samstöðu. Það eitt að Alþingi samþykkti sjálfstæða athugun á stjórnarskrárhlið þessa máls þar sem allir flokkar næðu saman um að ákveða þá athugun held ég að væri mikilvægur liður í að leiða menn saman í þessu efni. Það er rétt sem hv. 4. þm. Reykv. sagði áðan að menn eiga ekki að umgangast alvörumál af þessu tagi af neinum gantaskap eða stráksskap heldur fara vandlega yfir hlutina. Þess vegna er óhjákvæmilegt að beina þeirri áskorun til hæstv. utanrrh. að hann taki undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að sú nefnd sem hér er gerð tillaga um verði kosin og ákveðin með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir. Því eins og utanrrh. skilur er það tortryggilegt, því miður, að hann skipi nefnd eftir að stór hluti Alþingis hefur lagt til að önnur nefnd verði skipuð. Málið hefur þá það yfirbragð að utanrrh. sé að reyna að taka málið frá Alþingi af því að hann treystir því ekki og vill að aðrir fjalli um málið á hans eigin forsendum. Ef utanrrh. vill á annað borð að farið verði með þetta mál á eðlilegan og sanngjarnan hátt gagnvart þjóðinni allri er mjög mikilvægt að hann fallist á að sú nefnd verði skipuð sem hér er gerð tillaga um.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni orða hv. 4. þm. Reykv., formanns utanrmn., vil ég taka fram eftirfarandi:

Setning fangamarks samningamanna á texta EES-samningsins hefur þá merkingu að samningsgerð er lokið. Þeir staðfesta þar með að hér sé kominn texti þess samnings sem báðir aðilar eru ásáttir um. Það hefur enga þjóðréttarlega merkingu. Í því felst ekki þjóðréttarleg skuldbinding eins og ég hef margrætt um við hv. formann utanrmn. og reyndar í utanrmn. Til þjóðréttarlegrar skuldbindingar er ekki stofnað fyrr en ráðherrar þeirra 19 aðildarríkja hafa undirritað þennan samning og þá er það að sjálfsögðu með fyrirvara um samþykki þjóðþinga og Evrópubandalagsþings. Þetta er öllum hv. þm. væntanlega ljóst.

Til frekari áréttingar er kannski rétt að taka það fram að þann 14. febr. undirrituðu aðalsamningamenn þann texta sem þá lá fyrir sem einnig táknaði að samningum væri þar með lokið. Ef ekki hefði komið til ein minni háttar formbreyting nú á seinustu stundu eftir seinni álitsgerð Evrópubandalagsdómstólsins þá hefðu samningamenn ekki þurft að setja fangamark sitt á þennan texta. Þjóðréttarleg skuldbinding er engin fyrr en utanrrh. aðildarríkjanna hafa undirritað samninginn og þá er hún skilyrt með samþykki þjóðþinga.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þörfin á því að hæstv. utanrrh. sendi þetta skeyti sem ég var að tala um er meiri nú en áður en hann tók til máls. Ef það var svo að 14. febr. hafi þetta allt saman verið klappað og klárt og þess vegna ekki þurft að setja stafi aftur hefðum við líklega ekki farið að ræða neitt saman aftur. Það hefur ekkert verið ákveðið í þessu máli allan þann tíma sem ég hef verið að mótmæla þessum fullyrðingum um að einhver samningur væri kominn á og enn er sagt að það hafi bara verið eitthvað smávægilegt sem þyrfti að snurfusa, þetta væri allt saman klappað og klárt.

Það er ekki vilji Íslendinga að það sé allt klappað og klárt. Þess vegna þarf ráðherrann að segja hver mergurinn málsins sé og ég er alltaf að lýsa því.

Erfitt hefur verið að fá að vita hvað þessir stafir merktu á hverju stigi. Þess vegna þarf að gera það ljóst að skoðun hans og okkar allra er að stafirnir þýði ekki neitt annað en að viðræðum sé lokið en ekki að komið væri samkomulag. Það er fráleitt. Enginn hér inni vill skrifa undir það að komið sé á samkomulag án þess að við höfum fengið að skoða það. Utanrmn. hefur haft síðasta skjalið í um einn sólarhring eða svo. Vel getur verið að einhvers staðar finnist einhver svo gáfaður maður að hann geti áttað sig á þessu. Ég er viss um að enginn hér inni er svo gáfaður, alla vega ekki ég, að geta áttað sig á að það sé hættulaust að skrifa undir þennan texta. Það einasta sem getur bjargað þessum málum og heiðri allra hér inni er að þetta verði sagt nú, ef ekki er búið að skrifa undir. Stafirnir þýða ekkert annað en að umræðum sé lokið af hálfu samningamanna og þá taka stjórnvöld og Alþingi við. Þetta kostar tvær krónur eða svo og ég skal borga þær.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir mjög miður að hv. 4. þm. Reykv. skuli hafa misskilið það sem ég var að segja. Ég var að segja að fangamörk samningamanna á þennan texta tákna það eitt að textinn liggur fyrir, samningaviðræðum er lokið en að ekki hefði verið með því efnt til neinna þjóðréttarskuldbindinga. Þetta eru ekki ný tíðindi. Þetta er margsagt og á út af fyrir sig að vera óþarfi að endurtaka. En mér heyrðist hv. þm. draga af þessum orðum mínum þveröfugar ályktanir. Ég vona að málið sé skýrt. (**EKJ:** Ég vona það svo sannarlega, þú getur sannað það.)

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér eiga sér stað að mínu mati nokkuð söguleg orðaskipti milli hv. formanns utanrmn. og hæstv. utanrrh. og má segja lýsandi fyrir mismunandi viðhorf manna til þessa máls eða sýn til þess hvernig á þessu máli hefur verið haldið að þau skulu yfirleitt eiga sér stað milli tveggja trúnaðarmanna í utanríkismálum á Íslandi, annars vegar hæstv. utanrrh. og hins vegar formanns utanrmn. Ég ætla ekki án umhugsunarfrests að blanda mér inn í orðaskiptin um þýðingu eða gildi undirskriftar eða fangamarka samninganefndarmanna á plagg úti í Brussel í dag en minni á að mér er ekki kunnugt um annað en til standi að sjálfur hæstv. utanrrh. Íslendinga undirriti sama plagg innan fárra daga. Það er væntanlega öllu alvarlegri atburður og er ég þó ekki að gera lítið úr þeim tíðindum sem eru að verða í dag og þeirri kröfu formanns utanmrn. að sérstök orðsending fylgi með frá íslenskum stjórnvöldum sem kynnt verði við undirskriftina í dag.

Um till. þá sem nú er til umræðu vil ég segja að ég fagna henni og trúi ekki öðru en hv. Alþingi geti sameinast um að full ástæða sé til að afgreiða hana og það sem fyrst, þannig að vinna á grundvelli hennar geti hafist. Ég sakna þess enn í umræðunni að hæstv. utanrrh. hefur í raun ekki lýst afstöðu til tillögunnar, a.m.k. hef ég ekki heyrt hann lýsa yfir eindregnum stuðningi við hana, sem mér þætti þó eðlilegt. Og ég spyr hæstv. utanrrh.: Er hann ekki tilbúinn til að leggja leið sína í ræðustólinn einu sinni enn í þessari umræðu til þess að lýsa eindregnum stuðningi við að Alþingi sjálft setji í gang á sínum vegum óháða vinnu af þessu tagi? Ég trúi því ekki að hæstv. utanrrh. geti talið það óeðlilegt að Alþingi, æðsta stofnun þjóðarinnar, taki í sínar hendur vinnu að þessum örlagaríku málum sem varða tengsl samningsins við stjórnskipun landsins og stjórnarskrá.

Í því sambandi vil ég jafnframt nefna og minna á staðreynd sem maður hefur oft hugsað um á undanförnum dögum sem er að íslenska stjórnarskráin er orðin ákaflega gamalt plagg og er auðvitað barn síns tíma, ættuð sem uppkast úr dönskum rétti frá fyrri öld og ber þess enn keim í ríkum mæli. (**EKJ:** Ágæt samt.) Ágætis stjórnarskrá svo langt sem hún nær. En það sem ég er sérstaklega að hugsa um í þessu sambandi er að á síðari áratugum hafa ekki komið inn í hana sérstök ákvæði sem lúta að meðferð mála sem varða fullveldissvið landsins eins og þó hefur gerst með stjórnarskrár velflestra nágrannalandanna. Í íslenskum lögum er hvorki ákvæði um aukinn meiri hluta atkvæða þegar slík mál eru til afgreiðslu á þjóðþinginu né eru í stjórnarskrá eða lögum ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur þegar hið sama er á ferðinni. Þetta merkir að á Íslandi er að verða næsta einstök staða í þessum efnum eftir því sem ég þekki til og miðað við stjórnskipun annarra landa sem við berum okkur saman við. Ég hygg að Ísland sé óumdeilanlega eina Norðurlandið sem ekki hefur tekið upp í stjórnarskrá og/eða lög ákvæði um annað tveggja nema hvort tveggja væri aukinn meiri hluta atkvæða á þjóðþinginu þegar fullveldissamningar eru til afgreiðslu eða þjóðaratkvæðagreiðslur. Það stendur enn þannig á á Íslandi, því miður, að ekki hefur orðið uppskera af vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar sem staðið hefur um langt árabil. Ég tel að í ljósi þess getum við Íslendingar ekki skotið okkur á bak við það við afgreiðslu á þessu örlagaríka máli. Ég teldi eðlilegt að Alþingi tæki af skarið um að í þessu stóra máli mundi málsmeðferðin ekki taka mið af því að svona stendur á heldur yrði farið með hana í samræmi við málsmeðferðina eins og tíðarandinn er nú orðinn í flestum lýðræðis- og þingræðisríkjum sem við berum okkur sam-

an við, þ.e. annaðhvort liggi fyrir ótvíræður aukinn meiri hluti atkvæða á þjóðþinginu og að það sé talið jafngilda mjög traustri pólitískri stöðu málsins, ⅘ eru það samkvæmt ákvæðum víða í lögum nágrannalandanna, eða þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram um málið. Í ljósi aðstæðna hér tel ég hið síðara nærtækara. Mér finnst að það vanti inn í umræðuna, svo nauðsynleg og sjálfsögð sem hún er og auðvitað þessi úttekt, umfjöllun um þá sérstöku stöðu sem er varðandi málið í meðferð þess á Íslandi að við höfum ekki hrint því í framkvæmd sem flestar nágrannaþjóðirnar hafa gert, sumar fyrir löngu, að taka upp sérstaka málsmeðferð sem jafngildir í raun stjórnarskrárbreytingum hvað varðar meðferðina, annaðhvort með þjóðaratkvæðagreiðslum eða auknum meiri hluta atkvæða þegar sjálfstæðis- og fullveldismál eða samningar sem tengjast því sviði eru á ferðinni.

Hæstv. forseti. Auðvitað er ekki tími til að fara út í mikla efnislega umræðu um málið en hefði þó að mörgu leyti verið eðlilegt að umræða um þessa tillögu færi fram samkvæmt þeirri málsgrein þingskapanna þar sem meiri háttar utanríkismál eiga í hlut og ótakmarkaður ræðutími er fyrir hendi. Ég vil þó láta það sjónarmið mitt koma fram líka sem sérstök rök með þessari till. að auðvitað hefur sífellt verið að safnast í þann sarp sem ætti að hvetja menn til þess að fara hér fram með ýtrustu varkárni.

Umræðan um þessa hluti í nágrannalöndunum er öll á þá leið að vanda beri sérstaklega málsmeðferðina vegna þess að samningurinn og ferlið sem þarna er gangi svo langt inn á fullveldis- og sjálfstæðissvið þjóðanna. Er þá hvort sem heldur átt við dómstólana, dómsmeðferð mála og lausn deilumála eða það hvernig þrengt er í reynd að lagasetningarvaldi þjóðþinganna og málsmeðferðinni allri með þessum samningi, ef af verður.

Ég vil svo segja að viðbrögð hæstv. utanrrh. eru nokkuð sérkennileg að nota tækifærið, þegar Alþingi er að fjalla um þáltill. sem felur það í sér að þingið sjálft grípi til aðgerða í þessum efnum, að skjóta því inn í umræðuna að hann hafi skipað þriggja manna nefnd í dag. Það er gott og blessað og ég ætla ekki að gera athugasemdir við að hæstv. utanrrh. láti vinna eitthvað í þessu á sínum vegum þó seint sé. En það kemur ekki á nokkurn hátt í staðinn fyrir það að Alþingi Íslendinga sjálft taki málin í sínar hendur.

Að lokum ítreka ég spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Er hann tilbúinn til að lýsa yfir stuðningi við það að tillagan eða önnur sambærileg verði afgreidd og að leggja því lið að málsmeðferðinni verði hraðað þannig að tillagan fái forgang í meðferð þingsins þegar að loknu páskaleyfi og framkvæmdir á grundvelli hennar eða aðgerðir geti hafist?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi þeirri spurningu til mín hver afstaða mín væri til þeirrar till. sem hér liggur fyrir. Svar mitt er þetta: Ég er sammála því að við eigum að leita þeirra leiða sem best duga til þess að taka af öll tvímæli um hvort þessi mikli samningur um Evrópska efnahagssvæðið brjóti með nokkrum hætti í bága við íslensku stjórnarskrána. Um þetta held ég að við eigum öll að vera sammála. Þetta eigum við að gera með því að leita til þeirra manna sem að bestu manna yfirsýn eru sérfróðir um það. Í okkar tiltölulega fámenna þjóðfélagi hljóta það fyrst og fremst að vera þeir menn sem gegna embætti prófessors við Háskóla Íslands í stjórnskipunarrétti og forveri hans reyndar einnig, dómari í Hæstarétti sem vegna fyrri afskipta af svipuðum málum er sérfróður um Evrópurétt. Það væri einnig prófessor í réttarfari sem er sérfróður um Evrópurétt sem og væri æskilegt að þar væri viðurkenndur fulltrúi stjórnkerfisins að því er varðar lagaheðir okkar og framkvæmdir stjórnsýslu.

Ég hygg að það sé hafið yfir allan vafa að þegar leitað er til slíkra manna eru þeir embættisheiðurs síns og sérfræðinafnbótar vegna á engan hátt háðir þeim sem nefnir til, þ.e. framkvæmdarvaldinu. Þetta eru þeir aðilar í þjóðfélaginu sem eru sérfróðir, hafa þekkinguna og hægt er að treysta til þess að hafa það eitt uppi í þessum málum sem samrýmist fræðimannlegum heiðri þeirra. Hér er ekki verið að tilnefna fulltrúa framkvæmdarvaldsins til þess að tala máli stjórnvalda. Um það hygg ég að allir hljóti að verða sammála. Ég hygg þess vegna að sú leið sem hér er stungið upp á sé ráðlegri og betri til þess að kveða niður slíkar efasemdir fremur en að tilnefna fulltrúa félaga, sérstaklega þegar það er rökstutt með þeim hætti sem hér er gert, að haga tilnefningu þannig að hugsanlega ólík viðhorf geti komið fram. Hér er um að ræða faglegt mat en ekki pólitískan vettvang.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér þótti ræða hæstv. utanrrh. ekki að öllu leyti skýr en það sem ég skildi í henni olli mér miklum vonbrigðum. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. utanrrh. væri með málsvörn sinni fyrir þá þrjá ágætu einstaklinga sem hann hefur ákveðið að skipa í nefnd, (**JBH:** Fjóra.) eða fjóra, að reyna að sýna fram á að tillagan væri óþörf og jafnvel mun lakari aðferð til þess að Alþingi framkvæmdi könnun á þessu en sú málsmeðferð sem hann hefur ákveðið. Ég er þessu algerlega ósammála. Ég hef ekkert við embættisfærslu, hæfni eða menntun þessara ágætu einstaklinga að athuga og þetta var ágæt framboðsræða fyrir þeirra hönd. En spurningin snýst ekki um það. Hún snýst líka um málsmeðferðina og hver það sé sem hafi forgöngu um þessa könnun og stýri henni. Ég held að hæstv. utanrrh. geti ekki undir nokkrum kringumstæðum haldið því fram að hann — ég tala nú ekki um forsögu sinnar vegna í þessum málum öllum saman — sé sá eini óvillhalli aðili sem réttbær sé til þess að stjórna slíku verki eða hafa forgöngu um að hrinda því úr vör. Ég held að hæstv. utanrrh. sé kominn hér út á mjög þunnan ís og ég mundi ráðleggja hæstv. utanrrh. þótt það þyki nú kannski dálítið bratt af mér, óbreyttum þingmanninum, að taka svo til orða, en ég mundi samt gera það í fullri einurð, spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé

ekki kominn út á þunnan ís í samskiptum sínum við Alþingi þegar hann heldur ræður eins og hann gerði hér áðan. Ég hefði tekið því vel ef hæstv. utanrrh. hefði komið með einhverjar ábendingar, t.d. hvernig tillgr. skyldi orðuð en tekið svo fram að því breyttu breytanda væri hann auðvitað sammála því og mundi styðja það að Alþingi Íslendinga hefði forgöngu í þessu máli. En því miður kom ekki slík stuðningsyfirlýsing í ræðu hæstv. utanrrh. en hann hefur enn tíma til að sjá að sér.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. 4. þm. Reykv. fyrir ræðu hans áðan og þá miklu áherslu sem hann leggur á vönduð vinnubrögð í sambandi við þetta mikilvæga mál og það er sannarlega öryggi fyrir okkur að vita það að þannig muni utanrmn. halda á þessum málum. Einnig vil ég þakka fyrir þá eindregnu afstöðu hans sem kom fram í máli hans að standa vörð um dýrmætt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og stuðning hv. þm. við þessa till. sem hér liggur frammi um nefndarskipun í þessu skyni.

Hæstv. utanrrh. hefur tilkynnt að hann ætli að skipa ráðgjafa sína til þess að athuga þetta mál og er það vissulega góðra gjalda vert. Hins vegar vaknaði ósjálfrátt hjá mér spurning í sambandi við það þegar ég heyrði að þeir ráðgjafar eiga að skila áliti sínu 30. júní, minnir mig hæstv. ráðherra segja, en hins vegar hefur hæstv. utanrrh. gefið í skyn eða sagt að undirritun samningsins sem nú liggur fyrir muni fara fram af hans hálfu í maímánuði. Hæstv. ráðherra sagði áðan að ekki yrði gerð nein þjóðréttarleg skuldbinding þó að samningamenn settu stafi sína undir þennan samning. Slík þjóðréttarleg skuldbinding ætti sér ekki stað fyrr en ráðherra hefði undirritað. Ætlar hæstv. utanrrh. þá að undirrita samninginn og inna þannig af hendi þjóðréttarlega skuldbindingu fyrir íslensku þjóðina áður en þessir ráðgjafar hafa skilað niðurstöðu sinni? Hver er þýðingin að skipa nefnd eða hvaða virðingu ber hann fyrir þeirri nefnd úr því að hann ætlar sér að taka á sig þjóðaréttarlega skuldbindingu fyrir hönd íslensku þjóðarinnar á meðan hann er að láta nefnd sína gera þessa mikilvægu úttekt? Þetta er spurning sem mér finnst að hljóti að vakna hjá okkur þegar við heyrum þetta og spurning um það hvert viðhorf hans er til þessa atriðis.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér upplýsir hæstv. utanrrh. í þessari umræðu að hann hafi væntanlega sem viðbrögð við framlagningu þessarar till., ákveðið í dag að skipa nefnd á sínum vegum til að gera úttekt á því hvort samningur um Evrópskt efnahagssvæði stangist á við stjórnarskrána. Hann hefur margoft sagt okkur að hann sé sannfærður um að svo sé ekki og hann hafi fengið sérfræðinga, þó við höfum reyndar ekki fengið að vita hverjir það hafa verið, til þess að gera þessa úttekt nú þegar.

Hann er andvígur þessari till. sem við erum að fjalla um vegna þess að honum finnst betra að gera þetta með þeim hætti sem hann er nú þegar búinn að ákveða að gera, þ.e. að skipa að vísu ágæta menn í nefnd og ég hef ekkert á móti þeim einstaklingum sem þarna er verið að tala um, langt í frá. Þetta eru mjög færir einstaklingar á sínu sviði. Hann segir að betra sé að skipa þessa menn að bestu manna yfirsýn til þess að gera þetta. Hann telur sig sem sagt einan eiga að hafa þá yfirsýn og aðrir eigi ekki að koma þar nálægt. Ég get ekki fallist á þetta.

Auðvitað gerir Alþingi athuganir sínar þó að framkvæmdarvaldið geri sínar athuganir. Ég vil þakka formanni utanrmn. fyrir að taka undir þessa till. Mér þótti það mjög ánægjulegt að heyra að hann lætur ekki það sem framkvæmdarvaldið er að gera trufla sig í því hvað Alþingi gerir.

Mig langar líka til að þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir þá ræðu sem er sú merkilegasta ræða sem hefur verið haldin í þessari umræðu og þó að við tökum miklu lengri tíma en bara þennan dag í dag. Hún kom mér ekki svo á óvart vegna þess að ég hef oft heyrt hann í einkasamtölum segja eitthvað svipað því sem hann hefur sagt núna. Þess vegna var ég kannski enn ánægðari með að heyra hann koma hér fram og segja það sem hann sagði, þ.e. að hann ætli ekki að láta nokkurn mann taka af okkur sjálfstæðið með þessum EES-samningi sem hann taldi miklar líkur á að verið væri að gera.

Eitt þurfum við að gera hér á Alþingi. Það er að samþykkja þessa till. og setja á fót þá nefnd sem till. gerir ráð fyrir. Vel má vera að þessi nefnd sem þarna er talað um komist að því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stríði ekki gegn íslensku stjórnarskránni. Það er eitt atriði. En ég er ekki búin að sjá að Alþingi samþykki það mikla valdaafsal sem felst í samningnum, þó svo að vel geti verið að hann stangist ekki á við stjórnarskrána. Ég er alveg sannfærð um það að þegar menn fara ofan í þessi mál þá eru þeir ekki tilbúnir til að fórna öllu því sem samningurinn gerir ráð fyrir. Mér þykir fullveldið og sjálfstæðið skipta mjög miklu máli. Það eru ekki bara orð sem maður skreytir sig með og þau skipta nokkru máli fyrir mig og okkur öll. Þau skipta máli fyrir flesta Íslendinga. Þess vegna finnst mér mjög miklu máli skipta að við förum vandlega ofan í þetta mál. Ef samningurinn stríðir gegn stjórnarskránni þá er ekki um það að ræða og þó að hann stríði ekki gegn stjórnarskránni þá tel ég mjög miklar líkur á því að Alþingi muni ekki fallast á þennan samning þegar þingmenn eiga eftir að fara ofan í hann og sjá hvað í honum felst. Menn hafa væntanlega ekki haft tíma til þess að lesa í gegnum alla þá pappíra sem okkur hafa borist. Ekki er víst að allir hafi gefið sér tíma til að lesa bláu bækurnar tvær sem lagðar hafa verið á borð þingmanna sem er þessi samningur sem er þó einungis bara hluti af því sem við eigum að gleypa. Við verðum að muna að við eigum að taka í einu lagi við öllum lagagrunni Evrópubandalagsins og ekki bara það heldur eigum við einnig að samþykkja það sem Evrópubandalagið ákveður á þessu sviði ef við ætlum okkur að vera á Evrópska efnahagssvæðinu. Auðvitað getum við hafnað einhverjum lögum á

Alþingi en þar með erum við búin að segja okkur frá samningnum. Vel má vera að hæstv. utanrrh. telji það nægjanlegt en ég tel það ekki nægjanlegt. Ég tel ekki nægjanlegt fyrir Alþingi Íslendinga að geta staðið hér og sagt: Við segjum annaðhvort já eða nei við þeim lögum sem Evrópubandalagið réttir okkur, ef við segjum ekki já, þá getum við bara átt okkur og farið. Þetta nægir mér ekki.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. um að kannað verði hvort EES-samningurinn sé í samræmi við íslenska stjórnskipun. Það hlýtur að vera hlutverk okkar alþingismanna að kanna þetta til þrautar og fjalla um það eins og skylda okkar er að kanna um sérhver lög sem sett eru á Alþingi hvort þau brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Hin sama skylda hvílir á okkur þegar um er að ræða jafnviðamikinn alþjóðlegan samning og við stöndum frammi fyrir. Í máli manna hefur ekki komið fram neinn ágreiningur um nauðsyn þess að þetta sé rækilega kannað og menn komist að niðurstöðu um það hvernig þessari hlið málsins er háttað.

Hins vegar er deilan um það hvort Alþingi á að ályktа um það að sett skuli á fót nefnd sex sérfróðra manna, nefnd sem verði þannig mynduð að það verði leitað eftir tilnefningu tveggja manna í nefndina frá hverjum eftirtalinna aðila: Dómarafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands eða hvort menn sætta sig við það sem hefur verið tilkynnt af hæstv. utanrrh. í dag, að hann hefur þegar komið á fót nefnd fjögurra manna til þess að fjalla einmitt um málið og einnig látið þess getið að þingflokkar eða einstakir þingmenn geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og fengið þar upplýsingar sem þeir telja sig hafa þörf fyrir. Það er nákvæmlega það sama sem segir í niðurlagsorðum þessarar till. til þál. Síðan hefur hæstv. ráðherra sagt að hann hafi beðið nefndina um að skila áliti sínu fyrir júnílok en í till. stendur að nefndin eigi að skila áfangaáliti til Alþingis um athuganir sínar fyrir 15. maí og skýrslu um niðurstöður fyrir 1. júlí 1992, eða fyrir júnílok eins og segir. Spurningin er því ekki sú hvort eigi að kanna þetta. Hún er ekki um það hvort Alþingi eigi að ákveða hverjir kanni þetta heldur um það hvort utanrrh. og ríkisstjórnin geti tilnefnt menn í slíka nefnd eða hvort Dómarafélagið, lagadeildin og Lögmannafélagið eigi að tilnefna þá. Ég held nú að sem alþingismaður kjósi ég frekar að ríkisstjórnin og utanrrh. tilnefni menn í slíka nefnd og beri ábyrgð á því en stofnanir úti í bæ sem Alþingi hefur engan aðgang að og hefur ekki nokkur tök á að kalla hér fyrir og eiga orðastað við um jafnmikilvægt mál og þetta. Við höfum engin tök á því að ræða við stjórn Dómarafélagsins, forstöðumenn lagadeildar Háskóla Íslands eða Lögmannafélagsins um það hverja menn þeir tilnefndu í slíka nefnd. Án þess að ég ætli að hrapa að neinni niðurstöðu í því efni þá held ég að mér dytti nú í hug að þessir aðilar kæmu einmitt fram með svipuð nöfn og hæstv. utanrrh. hefur hér nefnt og eru reiðubúnir til að taka þetta starf að sér. Mér sýnist því að hv. tillögumenn ættu að fagna því frumkvæði sem ráðherrann hefur tilkynnt hér í dag og taka því vel en vera ekki að agnúast út í hæstv. ráðherra fyrir að taka á þessu máli með þeim hætti sem gert hefur verið þar sem hefur verið sett niður nefnd sérfróðra manna til þess að kanna þetta atriði einmitt eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Það er alls ekki hægt að segja sem svo að Alþingi ætli að ákveða hverjir verða í nefndinni heldur á það að vera samkvæmt tillögunni Dómarafélagið, lagadeildin og Lögmannafélagið. Ég skil ekki hvers vegna mönnum datt sérstaklega í hug Lögmannafélagið í þessu sambandi. Ég átta mig nú ekki á því hvers vegna þessir þrír aðilar eru taldir betur hæfir til þess að setja menn í þessa nefnd en hæstv. ríkisstjórn undir forustu utanrrh.

Varðandi það sem hefur verið sagt um umboð ráðherra til þess að ganga frá samningnum þá kemur mér mjög á óvart að heyra stuðningsmenn fyrrv. ríkisstjórnar ræða nú þetta mál. Málið var rætt ítarlega á Alþingi haustið 1989. Sjálfstfl. var með tillögu um það að Alþingi samþykkti umboð fyrir samningamenn Íslands í þessu máli. Þeirri tillögu var hafnað af stuðningsmönnum þáv. ríkisstjórnar. Þeir töldu að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin ættu að hafa umboð til að gera þennan samning og ganga frá honum. Síðan standa þeir nú og láta eins og það sé eitthvert furðuverk að utanrrh. skuli hafa slíkt umboð. Þeir hefðu þá betur fallist á tillögu Sjálfstfl. í október 1989 og samþykkt að Alþingi veitti ríkisstjórninni og utanrrh. umboð í málinu en því var hafnað þá og síðan hefur utanrrh. staðið að þeirri samningagerð í ljósi þeirra ákvarðana sem núv. stjórnarandstæðingar en þáv. stuðningsmenn ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar tóku haustið 1989 í mjög hörðum deilum á hinu háa Alþingi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var einkar athyglisverð ræða. Ég fylgdist með hv. 3. þm. Reykv. meðan hv. 4. þm. Reykv. talaði fyrr í dag og ég tók eftir því að hann var einkar glaðbeittur á svipinn og ánægður með framlag hans í þessum umræðum. Síðan kemur hann í ræðustólinn og veitist sérstaklega að hv. 4. þm. Reykv. með alveg einkar sérkennilegum hætti þegar um er að ræða tvo menn úr sama flokknum.

Auðvitað er grundvallarmunur á því hvort Alþingi ákveður að setja niður nefnd eftir tilnefningum til að fjalla um svona mál annars vegar og svo hinu að utanrrh. velji menn í þessu skyni. Á því er reginmunur og hv. 3. þm. Reykv. verður að gera sér grein fyrir því að auðvitað lítur Alþingi það stórt á sig — liggur mér við að segja — að það á að hafa forustu í grundvallarmáli af þessu tagi. Ég tel ef hæstv. ríkisstjórn og Sjálfstfl. að einhverju leyti ætli að leggjast gegn þeirri till. sem hér er á dagskrá, þá bendi það til þess að menn óttist að þeir hafi óhreint mél í pokahorninu, þeir þori ekki að láta óháða aðila fara yfir málið. Ótti þeirra við að samþykkja tillögu af þessu tagi kemur því upp um þá og þann veruleika að þeir gera sér grein fyrir því að niðurstöður nefndar af þessu tagi gætu orðið svipaðar og niðurstöður fjölmargra lögfræðinga sem

hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum, t.d. í Svíþjóð núna síðustu dagana. En ræða hv. 3. þm. Reykv. var fróðleg, hún var eftirminnileg, virðulegi forseti.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni er það tillaga flm. að Dómarafélag Íslands, lagadeild Háskóla Íslands og Lögmannafélag Íslands annist að tilnefna menn í þessa mikilvægu nefnd. Ég tel að þeir menn sem hæstv. utanrrh. hefur tilnefnt til að kanna þetta mál séu algerlega óháðir og óhlutdrægir og séu vel fallnir til þess að komast að skynsamlegri og óhlutdrægri niðurstöðu í þessu máli og ég óttast ekki álit þeirra eða nokkurra annarra manna um þetta. Ég tel að þeir menn sem hæstv. utanrrh. hefur tilnefnt séu mjög vel hæfir og miklu hæfari en menn sem Dómarafélagið, lagadeildin og Lögmannafélagið hefðu komið með þótt það yrði gert í nafni Alþingis. Ég tel raunar fráleitt að Alþingi sé að fela þessum þremur aðilum að koma fram í sínu nafni í þessu efni.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað væri hugsanlegt og það er það sem hefur verið rætt um fyrr í dag að tvær nefndir starfi að þessu máli. Að sjálfsögðu verður embættisákvörðun utanrrh. ekki breytt. En það sem við erum að tala um er að Alþingi eigi líka nefnd og hafi forustu um sérfærðilega athugun í þessu efni. Og hvað er á móti því að þessi félög tilnefni menn í nefnd eða getur hv. 3. þm. Reykv. kannski hugsað sér að einhverjir aðrir tilnefni menn í nefnd eða þá að utanrmn. Alþingis t.d. komi sér saman um það hverjir skipuðu slíka nefnd? Ég geri ráð fyrir því að hv. flm. þessarar tillögu geti verið til viðtals um það að með einhverjum öðrum hætti verði farið í það af hálfu Alþingis að setja slíka nefnd saman. En aðalatriðið er að Alþingi Íslendinga sjálft taki ákvörðun í þessu efni en láti ekki utanrrh. einn handvelja menn til að ganga frá jafnmikilvægu máli.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki skilið orð hv. 9. þm. Reykv. öðruvísi en svo en hann ætlaði að breyta 2. mgr. í þessari merku ályktunartillögu. Ég tel að það sé alger óþarfi að vera yfirleitt að ræða þessa tillögu eftir að hæstv. utanrrh. hefur komið fram með þá tilkynningu sem hann bar fram í þinginu í dag. Ég held að þingmenn ættu að geta sæst á þá niðurstöðu að þessir menn vinni að málinu í nafni þingsins og menn eigi að líta þannig á og haga máli sínu þannig í umræðunum að þessir menn starfi ekki síður í nafni Alþingis en ríkisstjórnarinnar.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að umræðan sem hefur farið fram um tillöguna, sem var lögð fram á Alþingi 27. febr. sl., hafi leitt ýmislegt í ljós, bæði varðandi afstöðu til tillögunnar en einnig sýn manna til þess máls sem er tilefni þessarar tillögu.

Hér var rétt áðan vikið að efni hennar og rætt milli þingmanna um það mál. Það hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. að hann telur sig hafa valið þann kost sem sé bestur að bestu manna yfirsýn. Hverjir eru þessir bestu menn sem hafa þá yfirsýn? Það er hæstv. utanrrh. sjálfur og einn sem hefur tekið ákvörðun um að setja upp stjórnskipaða nefnd. Sannarlega hef ég ekki á móti því að slík nefnd starfi á vegum hæstv. ráðherra. En síðan kemur stuðningsmaður hæstv. ráðherra úr Sjálfstfl., hv. þm. Björn Bjarnason, og telur það hið besta ráð að þessi nefnd starfi jafnframt í nafni Alþingis og finnur því allt til foráttu að sett verði á fót, eins og legið hefur hér fyrir á annan mánuð í tillöguformi á Alþingi, vettvangur sérfróðra aðila tilnefndra án íhlutunar af hálfu utanaðkomandi aðila til að fara yfir málið og svara spurningunni: Hver er staða EES-samningsins með tilliti til íslenskrar stjórnskipunar, stjórnarskrár landsins? Er það í rauninni, virðulegur forseti, frambærilegt að menn komi fram með þessum hætti? Það er þá ekki mikil trú á þann málstað sem þeir telja sig vera að verja að seilast svo langt til lokunnar til að hafa á móti því og mæla gegn því að á vegum Alþingis sjálfs verði til vettvangur tilnefndra aðila sem stjórnmálaflokkarnir hafa ekki afskipti af að velja heldur verði þeir tilnefndir af þremur aðilum sem tillagan gerir ráð fyrir, þar á meðal af lagadeild Háskóla Íslands. Ein af rökum hv. þm. Björns Bjarnasonar gegn tillögunni voru að það væri ekki aðgengi fyrir Alþingi til að ræða við þessa aðila, lagadeildinda, Dómarafélagið og Lögmannafélagið um það hverjir væru best til þess fallnir að vera í slíkri nefnd. Þetta lýsir hugarheiminum. Það á ekki að eftirláta þessum aðilum að kjósa úr sínum hópi eins og tillagan gerir ráð fyrir heldur sýnist hv. þm. nauðsynlegt að Alþingi hlutist til um það hverjum sé treystandi til þess arna. Að mínu mati er það ekki mjög lýðræðislegur þankagangur sem endurspeglast í þessum sjónarmiðum.

Eitt af því sem liggur til grundvallar tillögunni, sem við ræðum hér, er að til verði vettvangur óháður stjórnmálaflokkunum, skipaður sérfróðum aðilum, til að fara yfir þetta efni. Það er grundvallaratriðið í þessari tillögugerð. Sú nefnd sem hæstv. utanrrh. hefur kallað til ráðslags og til að semja álitsgerð er valin að yfirsýn hans sjálfs og hans eins, hann leitar til dómsmrh. um fjórða manninn að vísu og allt í besta lagi með það. En það er ansi seint að verið af hálfu hæstv. ráðherra að á þeim degi þegar fangamark er sett undir saminginn er gripið til þess ráðs til að verjast þeirri tillögugerð sem liggur fyrir í þinginu og er búin að liggja fyrir hátt á annan mánuð.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að vísa til ýmissa atriða sem fram hafa komið upp á síðkastið í öðrum EFTA-ríkjum varðandi stöðu samningsins gagnvart þarlendum stjórnarskrám. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að draga samasemmerki milli íslensku stjórnarskrárinnar og stjórnarskrár annarra EFTA-ríkja þegar ég mæli þessi orð. Þó er alveg ljóst að ýmis kjarnaatriði, sem verið er að nefna, snúa að okkur með nákvæmlega sama hætti og þau snúa að Svíum, að Ríkisdeginum sænska. Ég vil leyfa mér að lesa upp í lauslegri þýðingu það sem stóð í sænska blaðinu Dagens

Nyheter 9. apríl sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„31. mars rann út frestur til þess að skila inn umsögnum um EES-samninginn en sænska utanríkisráðuneytið sendi fyrir nokkru minnisblað um samninginn, eins og hann hefur legið, fyrir til heföbundinna umsagnaraðila í Svíþjóð. Margir helstu lögfræðingar Svíþjóðar bera fram alvarlega gagnrýni á samninginn, telja hann einkennilega orðaðan, erfitt sé að fá heildaryfirsýn yfir hann og hann kunni að brjóta í bága við sænsku stjórnarskrána. Varað er við því að réttaröryggi kunni að bresta á vissum sviðum með samþykkt EES-samningsins. Prófessorarnir við lagadeild Stokkhólmsháskóla, þar á meðal prófessorinn í Evrópubandalagsrétti (sá fyrsti á Norðurlöndum), Ulf Bernitz, lagaumboðsmaður sænska þingsins og lögfræðingar Verslunarráðsins og Markaðsdómstólsins telja að EES-samningurinn kalli á stjórnarskrárbreytingu. Slík breyting verður ekki gerð nema með því að þingið samþykki hana tvisvar sinnum og hafi kosningar, þar sem þjóðin hefur sagt skoðun sína á tillögunni, átt sér stað á milli." „Það er einkum 5. gr. samningsins" — stendur í þýðingunni en það er ekki samningurinn sjálfur heldur sú tillaga sem er í mótun á vegum þingsins um staðfestingu — „sem lögfræðingarnir gagnrýna. Þar er kveðið á um að greini lög EFTA-ríkjanna á við EES-lögin skuli dómarar velja EES-lögin í túlkun sinni á málavöxtum. Lagaumboðsmaður sænska þingsins segir að eins og hluti samningstextans sé orðaður stríði hann gegn stjórnskipaninni.

Lagadeild Stokkhólmsháskóla bendir á það í umsögn sinni að þegar árið 1990 hafi hún sent frá sér ítarlega greinargerð þar sem það álit hafi komið skýrt fram að samningurinn samrýmist ekki sænsku stjórnarskránni. Enginn hafi tekið tillit til skoðana hennar. Prófessorarnir gagnrýna þó ekki síður sænska réttarkerfið en EES-samninginn þar sem þeir telja hið fyrrnefnda frumstætt miðað við EB-réttarfarið.

Hirðrétturinn yfir Skáni og Blekinge, annað dómsstigið, hefur efasemdir um að viss ákvæði í aðalsamningum eigi erindi inn í sænsk lög. Rétturinn vill umorða 5. gr. frá grunni og telur vafa leika á því að réttur ríkisstjórnarinnar til þess að ómerkja ákvarðanir sveitarfélaga um styrki til atvinnustarfsemi standist sænsk stjórnskipunarlög. Samtök sænskra lögfræðinga telja að stjórnvöld hafi ekki gert nægilega vel grein fyrir þeim víðtæku grundvallarbreytingum sem verða á sænsku réttarkerfi með samþykkt EES-samningsins. Lögfræðingar sænska tryggingafyrirtækisins Folksam taka sérstaklega fyrir 103. gr. þar sem segir að ákvörðun EES-nefndarinnar um lagabreytingu skuli í vissum tilfellum gilda til bráðabirgða í túlkun dómstóla og stjórnarvalda jafnvel þó að stjórnarskrárkröfur séu ekki uppfylltar. Getur það virkilega verið meining samningsaðila, spyrja lögfræðingar Folksam. Umsagnaraðilar í Svíþjóð telja einnig að krafan um samræmda túlkun í öllum EES-löndunum nítján skapi vandamál. Reglurnar eiga að „túlkast" í samræmi við túlkun EB-dómstólsins, 6. gr., samkvæmt minnisblaði utanríkisráðuneytisins. Það er sem sagt ekki bara hægt að lesa EES-samninginn heldur verður jafnhliða að hafa hliðsjón af EB-dómum. Lagaumboðsmaður sænska þingsins segir eitthvað á þessa leið um þetta atriði: En ef reglur eru ómerktar og aðrar settar í staðinn sem fela í sér allt annað er varla hægt að lýsa því sem túlkun. Bæði samtök sænskra iðnrekenda og vinnuveitendasambandsins telja rétt að segja það hreint út að ekki sé einungis ætlast til þess að EFTA-dómstóllinn taki tillit til EB-dóma heldur eigi dómstólar í EFTA-ríkjunum sjálfum einnig að gera það. Af veigamestu umsagnaraðilunum er það einungis lagakanslarinn sem er tiltölulega mildur í gagnrýni á EES-samninginn. Hann segir þó að þörf sé á nánari skilgreiningu á 5. gr."

Þetta er forsíðufrétt í Dagens Nyheter 9. apríl sl. Í sama blaði degi síðar skrifar lögfræðingur sem heitir Jesús Alcalá um þetta mál og hann fer ekki mildum orðum um þennan samning. Hann kallar hann bastarð eða blending sem sé ónothæfur. Hann segir m.a., þetta er örstutt tilvitnun, með leyfi virðulegi forseti:

„Eftir EES-samning verðum við sem sagt óhjákvæmilega að ganga undir EB-réttinn." Hann segir einnig: „De facto afhendum við hluta af löggjafarvaldinu til EES-nefndarinnar."

Ég greip aðeins niður í þessa umsögn. Ómögulegur bastarður, segir lögmaðurinn og vitnað hefur verið til orða hans í fréttum og í blaðaskrifum. En hér kemur hæstv. utanrrh. og viðurkennir að vísu stöðuna sem er verið að ræða og hv. 15. þm. Reykv. minnti á áðan. Varðandi ný lög Evrópubandalagsins, sem þeir geta sett óhindrað og munu setja, þá er staðan gagnvart Alþingi Íslendinga sú að annaðhvort samþykkjum við þau lög eða ekki og ef ekki, þá erum við að segja okkur frá samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta viðurkennir hæstv. ráðherra. Og hafa menn áttað sig á því hver staðan er? Það er settur fjöldi laga á vegum Evrópubandalagsins á hverju ári. Það mun verða settur fjöldi laga sem varðar samningssviðið hér og Alþingi mun jafnoft standa frammi fyrir spurningunni: Ætlar Alþingi að samþykkja þessi lög eða vísa samningnum frá, brjóta gegn samningnum? Í hvaða aðstæðum verða þingmenn staddir þegar á þetta reynir í smáum atriðum sem stórum? Ef það samrýmist anda íslensku stjórnarskrárinnar um að löggjafarvaldið sé innlent, þá þurfa menn að viðhafa mjög frjálslega túlkun svo ekki sé meira sagt.

Virðulegur forseti. Það er hins vegar ekki spurningin um þessi efnisatriði, svo gild og mikilvæg sem þau eru og við ræðum og reynum að meta, sem þessi tillaga fjallar um. Hún fjallar um að kvaddur verði til hópur sex sérfróðra aðila, til viðbótar við það að okkur alþingismönnum ber að sjálfsögðu skylda til að meta málið út frá þekkingu okkar og hyggjuviti, til að veita Alþingi umsögn og meta þetta mál sérstaklega. Hvernig geta þingmenn komið í ræðustól og andmælt því að svona sé staðið að máli og um leið sagt: Við höfum ekkert á móti því að þetta mál sé athugað í hólf og gólf? Hver er ástæðan? Ég bið menn um að athuga sinn gang áður en þeir skipta upp þinginu og þjóðinni með þessum hætti sem hér er verið að efna til með því að veitast gegn tillögunni.

Virðulegur forseti. Ég hef haft af því áhyggjur um

langt skeið hvernig farið er með þetta stóra mál. Ég tel t.d. að það hafi verið afar misráðið að kistuleggja sérkjörna nefnd Alþingis, svokallaða Evrópustefnunefnd, sem reyndi þó um tveggja ára skeið að halda þræði í þessu stóra máli og veita þinginu og almenningi upplýsingar. Það er kannski eini vettvangurinn sem hefur haft fyrir því fyrir utan skýrslurnar frá hæstv. ráðherra sem ég vanvirði ekki. (**EKJ:** Nefndin lifir enn eins og þú veist.) Nefndin lifir enn, segir hv. 4. þm. Reykv. sem hefur mælt gild orð um málið og ég vænti þess að þessi vettvangur eða hliðstæður vettvangur verði þá endurreistur því að hann hefur blundað um árs skeið eftir að nýr ríkisstjórnarmeirihluti lagðist á starf nefndarinnar og hv. 4. þm. Reykv., formann hennar. Nefndin hefur ekki verið endurnýjuð því að sumir sem þar voru tilnefndir eiga ekki lengur sæti á Alþingi.

Ég hvet til þess, virðulegur forseti, um leið og ég ítreka að þetta mál komist sem fyrst til utanrmn. þingsins að menn reyni að líta yfir þennan þátt málsins, gera hlutlæga athugun á því hvort þessi stóri samningur stenst ákvæði grunnsáttmála okkar, íslenskrar stjórnarskrár, eða ekki, að þessi athugun fari fram sem fyrst á vegum Alþingis jafnhliða því sem framkvæmdarvaldið geri sínar athuganir. Það er afar vel til fundið að á sama tíma starfi trúnaðarmenn á vegum framkvæmdarvaldsins sem hefur haft veg og vanda af þessu máli um árabil og nefnd á vegum Alþingis til að fara yfir þessi mál. Það rennir traustari stoðum undir þær niðurstöður sem við erum að biðja um og viljum fá. En það breytir ekki því, virðulegi forseti, að skyldur hvers einasta alþingismanns eru eftir sem áður ríkar að setja sig inn í þessa málavöxtu af fremsta megni því að ekkert mál sem við höfum séð um áratuga skeið skiptir jafnmiklu fyrir framtíð íslenskrar þjóðar. Ég ætla ekki að taka það upp frekar við umræðuna en vona að það komist sem fyrst til nefndar.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. 4. þm. Austurl. staðfesti aðeins það sem ég hafði áður sagt að ekki er ágreiningur um það í þinginu að skoða þurfi þessi mál. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi skipað óvilhalla menn til að vinna þetta starf og ég tel að alþingismenn eigi að sameinast um að treysta þessum mönnum sem hæstv. utanrrh. hefur skipað til að vinna þetta verk og það sé óþarfi að vísa málinu til Dómarafélagsins, lagadeildar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sjá ekki betur augu en auga? Hverju er tapað? Hverju töpum við með því að setja á fót annan vettvang til að fara yfir þessi efni, manna sem eru kjörnir af lagadeild Háskóla Íslands og tveimur félögum íslenskra lögmanna? Ég verð að segja það að þær kveðjur sem þessi vettvangur, lagadeild Háskólans, Lögmannafélagið og Dómarafélagið, hafa fengið frá hv. þm. Birni Bjarnasyni eru heldur kaldar. Ég hef litið svo á að ekki síst lagadeild Háskólans, sem gerð er tillaga um að tilnefni formann í nefndina, sé sá vettvangur þar sem fram fari fræðileg umræða og athugun á íslenskri stjórnskipan. Því beri okkur að fylgja þessari tillögu eða taka tillit til sjónarmiða sem gild þykja við nánari athugun í nefnd, að þessi vettvangur komist á sem fyrst.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst umræðan fara nokkuð út og suður. Við þyrftum kannski að einbeita okkur betur að öðru en starfsháttum beinlínis, þ.e. að málinu sjálfu, því viðamikla og gífurlega mikilvæga máli sem nú er verið að ræða. Annars kem ég svona í aðra röndina til að mótmæla því að ég beri ábyrgð á kistulagningu Evrópustefnunefndarinnar. Ég held að ég hafi sjaldnast látið undan slíkri kúgun ef hún hefur verið reynd. Ekki svo að skilja að málið sé þannig vaxið. Það var einfaldlega þannig vaxið að þegar nefndin var búin að skila heildaráliti sínu, eins og henni var upphaflagt samkvæmt þáltill., var það ráðið að við héldum svolítið áfram. Síðan var verkefnunum komið til utanrmn. og talið hagræði að því að ræða þau þar. En nefndin er við lýði og ég hef sagt það áður við hv. þm. Hjörleif Guttormsson og þingheim allan að hvenær sem einhver óskar þess verður hún kölluð saman. Ég held að það sé nú ekki beinlínis þörf á því. Málið er núna brennandi heitt og ég held að út af fyrir sig væri allt í lagi að kalla nefndina saman. En aðalatriðið er nú að við fótum okkur í því. Ef við erum ekki viss um hvar fóturinn lendir stígum við ekki það skref og höldum þannig þeirri festu sem við höfum. Við stöndum í fæturna eins og við höfum gert og tökum engin gönuhlaup.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Austurl. vil ég gera þá athugasemd að ég tel eðlilegast að þeirri þáltill. sem nú er til umræðu og fjallar um það að setja á fót sérstaka nefnd til þess að kanna hvort samningur stríði gegn íslenskri stjórnskipun, verði vísað til allshn. þar sem hún fái meðferð.

Að öðru leyti vil ég segja að auðvitað vekur það á vissan hátt athygli að hv. 4. þm. Austurl. talar af miklum tilfinningahita um þetta mál og ýmsir aðrir m.a. hv. 9. þm. Reykv. Hins vegar sér 2. flm. þessarar ályktunartill., hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson, ekki ástæðu til þess að vera viðstaddur umræðuna. Það bendir þannig margt til þess að hann telji ekki miklu varða að till. nái fram að ganga. Enda tel ég langeðlilegast að hafa þann framgangsmáta sem hæstv. utanrrh. hefur lagt til að verði viðhafður í þessu máli.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var nú heldur óhönduglegur stuðningur við hæstv. utanrrh. sem hér var fram borinn. Það er farið að leitast við að koma málinu í hendur annarrar nefndar en utanrmn. þingsins sem fjallar um málið og ber að gera það að mati hæstv. utanrrh. sem telur þetta vera utanríkismál sem það auðvitað er. Það er aðalvettvangurinn. Nú á að fara að hlaupa upp með tillögur. Við höfum heyrt þær í viðlíka málum eins og þegar verið er að fjalla um víðfeðm umhverf-

ismál, þá koma menn með hugmyndir um að setja einhverja allt aðra nefnd í málið. Er það sýn af hóli forsætisnefndar þingsins að svona eigi starfshættirnir að vera? Ég verð að segja að ég er alveg dolfallinn yfir þeirri hugmyndaauðgi sem kemur fram hjá hv. þm. og ekki ástæða til að hafa um það frekari orð.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vildi ég taka hv. þm. vara við því að leggja út orð hv. 4. þm. Austurl. á þann veg að hann hafi frá þeim tíðindum að segja að EES-samningurinn hafi þegar verið úrskurðaður á þann veg að hann brjóti í bága við sænsku stjórnarskrána. Hv. þm. las upp minnispunkta sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur afhent í utanrmn. sem er þeirra endursögn af frétt 9. apríl í sænsku blaði. Frá því er að segja að þetta mál hefur verið rætt ítarlega í Svíþjóð síðan og m.a. gat ég þess að ég hefði falið sendiherra okkar í Stokkhólmi að afla rækilegra upplýsinga um það mál og að sjálfsögðu höfum við haft samband við sænsk stjórnvöld. Þar skiptir meginmáli að lagaumboðsmaður sænska þingsins segir í endursögn sendiherrans:

„Málið er afgreitt af minni hálfu og hann viti ekki betur en ráðherrann hafi tekið mark á ofangreindum athugasemdum og telji ólíklegt að krafist verði breytinga á stjórnarskrá."

Í annan stað vara ég eindregið við því að menn geri úlfalda úr mýflugu í leit að ágreiningsmálum. Umræðan hefur leitt það í ljós og hafið er yfir allan vafa að menn vilja taka af öll tvímæli um hvort þessi samningur samræmist íslensku stjórnarskránni. Á því leikur enginn vafi, um það eru allir sammála. Tvær leiðir eru færar í því efni samkvæmt því sem fyrir liggur. Önnur er sú að leita til stjórna tveggja félaga sem í bland eru stéttarfélög og lagadeildar Háskólans. Hin er sú tillaga sem fyrir liggur og ég hef tilkynnt að leita til þeirra manna sem gerst þekkja þetta mál. Það mun oft hafa verið kveðið svo að orði í fornu máli að fela þeim mönnum að ráða málinu til lykta að bestu manna yfirsýn. Ég held að þeir menn sem ég nefndi hér áðan séu óumdeilanlega þeir sem Alþingi Íslendinga geti treyst fyrir sérfræðiþekkingu og fyrir því að fjalla um málið með gersamlega óhlutdrægum hætti. Það gengur ekki að segja: Við viljum fá menn sem eru óháðir pólitísku flokkunum. Ráðherrar, ríkisstjórn þorir ekki að leita til einhverra annarra manna. Með öðrum orðum er gefið í skyn að þessir menn séu handbendi ríkisstjórnar. Það gengur ekki, því trúir enginn. Menn meina það ekki vegna þess að ég tel, án þess að ég vilji gera mönnum upp skoðanir, að sjálfsögðu líklegast að lagadeild Háskólans mundi benda á þá menn innan lagadeildarinnar sem sérfróðastir eru um þessi mál. Það kæmi í sama stað niður að Dómarafélagið sem veit að það getur ekki leitað til dómara nema í sérstökum tilvikum mundi gera það líka. Hitt er svo annað mál að ég hef mínar efasemdir um að Lögmannafélagið sem slíkt sé rétti aðilinn til þess. Það skyldi þó ekki fara svo að menn séu að deila um hvernig leita eigi til manna en niðurstaðan yrði sú að leitað yrði til þeirra manna sem við öll teljum að hefðu besta yfirsýn yfir þetta mál. (Gripið fram í.) Það er ekki málið.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað sér þjóðin í gegnum þennan leik sem hæstv. utanrrh. er að leika. Með því er ég ekki að kasta nokkurri rýrð á gamalreynda ráðgjafa hans í þessum málum sem hann hefur kvatt til og þekkja væntanlega vel til málsins. En breytir það einhverju um hitt að annar vettvangur óháður hæstv. utanrrh. eigi að verða til?

Ég kemst svo ekki hjá því, virðulegur forseti, að nefna það að ég spurði hæstv. utanrrh. og bað hann að upplýsa það við byrjun umræðunnar hvaða viðbótarathugasemdir hefðu verið settar á blað vegna undirritunar eða fangamarks á samninginn á þessum degi sem rætt er um í sænskum blöðum og felur í sér endurtekningu og áherslu um að það sé EB-rétturinn sem eigi að gilda, hvað sem tautar og raular.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér láðist að svara þessari spurningu hv. þm. Svarið er mjög ótvírætt. Það hefur engin efnisbreyting farið fram vegna fangamarks aðalsamningamanna sem varðar efni samningsins.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur utanrrh. Var skráð athugasemd við samninginn sem ekki var fyrir um þessi efni og hvað stendur í henni hafi hún verið sett á blað eins og sænskar fréttir herma?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í sambandi við tillögu hv. 4. þm. Austurl. um hvert vísa eigi þessu máli vill forseti geta þess að forseti hafði álitið að þetta mál færi til allshn. en mun ræða þetta sérstaklega við hv. 4. þm. Austurl. á milli funda þar sem atkvæðagreiðsla fer ekki fram í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur dagvistarstofnana fyrir börn á vegum sjúkrahúsa, fyrri umr.

Þáltill. GunnS og EKG, 211. mál. — Þskj. 257.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt ásamt hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því á grundvelli laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að viðkomandi sveitarfélög taki við rekstri dagvistarstofnana fyrir börn sem nú eru reknar af sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs."

Í grg. sem fylgir till. segir m.a.:

„Lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga tóku gildi 1. janúar árið 1990. Fyrir þann tíma greiddi ríkið 50% af byggingarkostnaði dagvistarheimila og sveitarfélögin greiddu hin 50% og sáu svo um rekstur inn. Með nýjum lögum er sveitarfélögum gert að sjá um stofnkostnað og rekstrarkostnað með þeirri undantekningu þó að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kemur fámennustu sveitarfélögunum til aðstoðar með framlögum.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn er ég lagði fram á hinu háa Alþingi um rekstur dagvistarheimila fyrir börn á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Á árinu 1990 greiddu Ríkisspítalar 115 millj. kr. fyrir vistun á dagheimilum og 7,9 millj. kr. fyrir vistun hjá dagmæðrum. Borgarspítali greiddi 68,7 millj. kr. fyrir vistun á dagheimilum og 1,2 millj. kr. fyrir vistun hjá dagmæðrum. Ríkisspítalar reka átta leikskóla og skóladagheimili með samtals 250 rými í Reykjavík. Borgarspítali rekur þrjá leikskóla og eitt skóladagheimili eða 130 rými og Landakotsspítali rekur þrjú dagvistarheimili með 85 rými. Heildarkostnaður Landakotsspítala af rekstri dagvistunarstarfsemi er 33,3 millj. kr. Börnin sem vistar njóta eru nokkru fleiri en plássin segja til um og helgast þetta af því að sum börnin mæta þrjá daga í viku og önnur fjóra eða fimm daga eftir því hversu mikið foreldrið vinnur á spítalanum. Landspítali og Landakotsspítali hafa borgað að fullu stofnkostnað dagvistarheimila sinna en Borgarspítali hefur ekki tekið þátt í stofnkostnaði dagvistarheimila spítalans. Reykjavíkurborg hefur greitt að fullu stofnkostnað heimilanna fyrir Borgarspítalann en ekki tekið þátt í öðrum stofnkostnaði dagvistarheimila spítala í Reykjavík og tekur engan þátt í rekstarkostnaði. Sjúkrahúsin í Reykjavík hafa farið út í rekstur dagvistarstofnana fyrir börn til þess að laða að það starfsfólk sem er torfengið, einkum hjúkrunarfræðinga, og miðað við fjölda starfsmanna á þessum spítölum er fjöldi dagvistarrýma lítill. Sjúkrahúsin mundu ekki reka dagvistarheimili ef nægilegt framboð væri á dagvistarrýmí í Reykjavík fyrir börn."" — Hér var tekið niður í svar hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn um rekstur dagvistarstofnana fyrir börn í Reykjavík.

„Af þessum upplýsingum má ljóst vera að ríkissjóður tekur mikinn þátt í rekstri dagvistarstofnana á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem gildi tóku 1. janúar árið 1990, er hér um að ræða að minnsta kosti 230 millj. kr. rekstrarkostnað á ári fyrir ríkissjóð" — ef miðað er við rekstrarkostnað fyrir árið 1990 og áætlað er að þessi tala sé að minnsta kosti komin upp í 250 millj. kr. kostnað á yfirstandandi ári, ef tekið er heilt ár. — „Hér sitja sveitarfélög í landinu ekki við sama borð gagnvart lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á meðan sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu sjá um svo umfangsmikinn dagheimilarekstur með framlögum úr ríkissjóði."

Virðulegi forseti. Hér er um byggðamál að ræða. Við erum að fjalla um sérréttindi nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem felast í því að ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað dagvistarstofnana og stofnkostnað fyrir starfsfólk sjúkrahúsanna í Reykjavík með beinum framlögum.

Ef við lítum á lögin sem tóku gildi 1. jan. 1990, er skýrt tekið fram þar hvernig að þessum málum skuli staðið. Þar segir í 2. gr. laganna um rekstur dagvistarheimila fyrir börn:

„Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga."

Í 3. gr. laganna segir:

„Sveitarstjórn getur veitt aðilum sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga styrki til byggingar og reksturs eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins."

Mér er ekki kunnugt um að slíkur samningur sé í gildi á milli sjúkrahúsanna og t.d. Reykjavíkurborgar og mér er heldur ekki kunnugt um að slíkur samningur sé í gildi um rekstur dagvistunarstofnana fyrir börn á milli sjúkrahúsanna og ríkissjóðs. Ég tel mjög brýnt að sú nefnd sem fær þetta mál til skoðunar athugi lagagildi og heimildir sjúkrahúsanna og þar með ríkissjóðs til þess að taka þátt í þessari starfsemi og skoði sérstaklega í því sambandi lögin um rekstur dagvistunarheimila fyrir börn.

Ég vil taka skýrt fram að ekki er verið að vega að því starfsfólki sem starfar á sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu, þvert á móti. Réttur hvers og eins á að vera sá að koma börnum sínum til dagvistunar ef sá óskar. Hitt er ljóst og það kemur glögglega fram í þeim upplýsingum sem fyrir liggja að Reykjavíkurborg hefur staðið sig mjög illa í því að fullnægja dagvistunarþörfinni í borginni. Það hefur m.a. orðið til þess að Ríkisspítalarnir hafa ekki treyst sér til að reka starfsemi sína og laða starfsfólk til nauðsynlegra starfa á sjúkrahúsunum öðruvísi en að bjóða upp á þessa þjónustu. Með öðrum orðum er ríkissjóður misnotaður til þess að fara fram hjá gildandi lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mér verður hugsað til litlu byggðarlaganna á landsbyggðinni sem setja það að fullnægja dagvistunarþörfinni í fyrsta sæti. Þau setja það á forgangslista að fullnægja því að öll börn sem óska eftir dagvistun komist þar að til þess að foreldrarnir geti tekið þátt í atvinnulífinu. Ég held að gott sé að hugsa til þess að atvinnulífið á landsbyggðinni sem byggist á sjávarútvegi fengi ekki þrifist öðruvísi en að sveitarfélögin settu þetta mál í forgangsröð. Ekki það að byggja ráðhús úti í tjörn heldur það að fullnægja eftirspurn dagvistunarþarfar fyrir börn.

Virðulegi forseti. Einnig er rétt að beina augum okkar að þeirri fjárfestingar- og rekstrarstefnu sem ríkisvaldið hefur haldið fram, jafnvel síðustu tvo áratugi. Það er staðreynd að samkeppni fer fram um vinnuafl í ákveðnum skilningi í landinu. Ríkisvaldið hefur sóað fjármunum á höfuðborgarsvæðinu við uppbyggingu, í rekstur og við það að þenja út stofnanir sínar. Ríkistryggð störf hafa verið talin eftirsóknarverðari og borgað betur en störf á landsbyggðinni í hefðbundnum at-

vinnugreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði. Fyrst og fremst hafa ríkisstörfin á suðvesturhorni landsins sogað landsbyggðarfólkið til sín og valdið þeim aðstöðumun og byggðaröskun sem við hefur blasað mörg undanfarin ár en þeirri þróun verður að snúa við. Hér er verið að stíga skref í þá átt með þessari till. til þál. að reyna að snúa þeirri þróun við og efla landsbyggðina með því að draga úr framlögum, sem standast ekki lög, til rekstrar sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga að sjá um eins og öll sveitarfélög gera í landinu. Einnig má velta upp þeirri spurningu ef það hefur viðgengist á einu kjörtímabili að greiddur hefur verið einn milljarður króna á núvirði úr ríkissjóði fyrir þessa starfsemi, sem á sannarlega að vera á vegum Reykjavíkurborgar, hvort það kynni að vera um aðrar slíkar holur að ræða í ríkisfjármálunum og þarf þá að fara að skerpa skilin annars vegar á milli reksturs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar reksturs ríkissjóðs. Kann að vera að skilin á milli ríkissjóðs og t.d. Reykjavíkurborgar séu víða svo óglögg tæpast sé hægt að greina í millum?

Við stöndum frammi fyrir því að skera niður framlög til heilbrigðisþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að skref sem við ættum að huga að að stíga sé að láta sveitarfélögin taka við þeirri þjónustu og því starfi sem þeim ber samkvæmt lögum frá Alþingi. Það ætti í raun að vera fyrsta skref sem ætti að stíga.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til félmn.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir ekki löngu komust sveitarfélögin í landinu og ríkisvaldið að ákveðinni niðurstöðu um verkaskiptingu þessara aðila. Meðal þess sem þá var ákveðið var að sú breyting yrði gerð á stofnkostnaði og rekstri dagvistunarstofnana í landinu að þær yrðu alfarið á vegum sveitarfélaganna. Með þessum lögum, sem þarna voru samþykkt, var sveitarfélögunum tryggð ákveðin fjármögnun til þess að standa undir þessum rekstri og undir þessum stofnkostnaði, enda var það talið að vel væri þá séð fyrir þörfum sveitarfélaganna eftir að þessi uppskipti höfðu farið fram. Þess vegna kemur það nokkuð á óvart þegar það er upplýst, og fram kemur m.a. í þessari þáltill. sem ég er annar meðflutningsmaður að, að svo er málum háttað að í stærsta og öflugasta sveitarfélagi landsins er rekstur hluta dagvistunarstofnana ekki fjármagnaður af sveitarfélaginu eins og ráð er fyrir gert í nýlega samþykktum lögum, heldur er sá háttur hafður á að ein af stofnunum ríkisins, Ríkisspítalarnir, er látin standa undir rekstrinum.

Ég geri mér mætavel grein fyrir því að þessu er þannig varið vegna þess að menn hafa komist að því að til þess að hægt sé að ráða starfsfólk til starfa á sjúkrastofnunum í þessu sveitarfélagi og sums staðar annars staðar, hefur þurft að greiða fyrir það með sérstökum hlunnindum. Hlunnindum af því taginu að útvega dagvistunarpláss fyrir börn þessa starfsfólks í því skyni að auðvelda því að hefja þar störf.

Út af fyrir sig geri ég ekki athugasemdir við það þó að menn taki þá ákvörðun að greiða fyrir því að hægt sé að ráða fólk til starfa við einhverja tiltekna atvinnustarfsemi og gera það með þeim hætti að borga í hlunnindum af því tagi sem hér er verið að gera. Það sem er hins vegar óeðlilegt við þetta mál er sú staðreynd að það er ekki sá aðili sem er gert ráð fyrir að greiði þessi hlunnindi í lögum sem stendur straum af þessum kostnaði, heldur einhver allt annar aðili, í þessu tilviki ríkisvaldið. Það eru nýsamþykkt lög um þetta mál og það hefur verið gert ráð fyrir því að eftir þeim lögum væri unnið uns annað er samþykkt og þess vegna vekur þetta allmikla furðu.

Þetta er þeim mun sérkennilegra sé það skoðað í öðru ljósi, í ljósi þess hvernig sveitarfélögin úti á landi hafa orðið að bregðast við.

Eins og allir vita hefur verið ríkjandi alvarlegur kennaraskortur víðs vegar um landsbyggðina. Sá sem hér stendur stóð í því í ein átta ár og átta sumur að reyna að ráða kennara til starfa við lítinn grunnskóla úti á landi. Til þess að það reyndist mögulegt varð þetta sveitarfélag, þessi skóli, eins og flest önnur sveitarfélög utan landnáms Ingólfs Arnarsonar, að taka upp þá hætti að greiða fyrir ráðningu kennaranna með því að borga sérstaka hlunnindastyrki í því skyni að laða fólk til starfa. Nýlega hefur verið gerð sérstök hlunnindakönnun í grunnskólum á Vestfjörðum sem leiðir sitthvað athyglisvert í ljós. Hún leiðir það m.a. í ljós að í litlum skóla, sem hér er tekið dæmi af, er aðkomufólki borgaður sérstakur flutningsstyrkur upp á 25 þús. kr. í því skyni að auðvelda ráðningu kennara til starfa. Það er líka um það að ræða að sérstök húsnæðishlunnindi eru greidd til þess að auðvelda ráðningu þessa fólks til starfa sem svarar til 96 þús. kr. á hvern einasta kennara sem kemur til starfa við þennan skóla.

Hver er það sem á að borga samkvæmt lögum laun til kennara? Það er ríkið. Hver er það sem borgar húsnæðishlunnindin og önnur þessi hlunnindi til þess að þetta fólk fáist til starfa úti á landi? Það eru sveitarfélögin. Með öðrum orðum, hér er allt með öðrum róm, í þessu tilviki eru það hin litlu, fámennu og fátæku sveitarfélög sem skattleggja sjálf sig, skattleggja þegna sína alveg sérstaklega, til þess að geta keppt um og fengið kennara til starfa svo hægt sé að halda uppi þeirri eðlilegu lágmarksþjónustu sem er uppfræðsla barna og unglinga á skyldunámsstigi.

Ég er dreg þetta fram vegna þess að þetta er auðvitað alveg þveröfugt við það sem hefur tíðkast við suma af Ríkisspítölunum þar sem ríkið hefur verið að greiða fyrir þjónustu sem sveitarfélaginu er ætlað að standa straum af, en í þessum tilvikum, í öllum þessum skólum úti um land þá er það sveitarfélagið sem greiðir það sem ríkinu ber til þess að geta staðið straum af því sem öllum finnst eðlilegt, að uppfræða börn og unglinga í landinu á skyldunámsstigi.

Ég tel að þessi staðreynd sé með þeim hætti að það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera það sem hér er lagt til í þessari till. til þál. að ríkisstjórninni sé falið að vinna að því á grundvelli laga við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að viðkomandi sveitarfélög taki við rekstri dagvistunarstofnana fyrir börn sem nú eru rekn-

ar af sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs. Ég er alls ekki að gera lítið úr þeirri þörf sem er á dagvistunarrými fyrir starfsfólk sjúkrahúsanna nema síður sé. Ég held að það blasi við að þessi þörf er til staðar og ég er ekkert að gera lítið úr því að e.t.v. sé nauðsynlegt að til þess að hægt sé að fá starfsfólk til vinnu við þessi störf þurfi að greiða fyrir því með einhverjum hætti, t.d. með dagvistunarhlunnindum af þessu tagi.

Það sem hins vegar er óeðlilegt við þetta mál er sú staðreynd að sá sem stendur straum af þessum kostnaði *er ríkið en ætti* að vera sveitarfélagið.

Ég hef hér rakið dæmi um hlunnindagreiðslur sem hafa viðgengist varðandi grunnskólana. Ef við tækjum upp þessa fyrirmynd þá er það auðvitað alveg ljóst að þau sveitarfélög sem hýsa viðkomandi sjúkrastofnanir og teldu það nauðsynlegt til þess að hægt væri að halda uppi þeirri starfsemi sem þar fer fram eiga að greiða fyrir því með því að auðvelda þessu starfsfólki sérstaklega að fá dagvistunarpláss fyrir börnin sín. Það er ekki ríkið sem á að gera það. Það liggur alveg klárlega fyrir í lögum. Það eru sveitarfélögin og þess vegna er mjög eðlilegt að þess sé óskað að teknar séu upp viðræður við þessi sveitarfélög að þau komi til skjalanna þar sem þeim ber.

Ég vek sérstaka athygli á því að ekki er verið að leggja til neinn þjösnaskap, hér er ekki verið að leggja það til að ríkið komi og taki þá ákvörðun, einn, tveir og þrír, einhliða ákvörðun að hætta nú þegar að starfrækja þessar dagvistunarstofnanir. Hér er verið að leggja það til að taka upp viðræður og eiga um það samstarf við sveitarfélögin að þetta gerist.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þessi tillaga fái eðlilega og góða meðferð í þeirri nefnd sem tekur hana til umfjöllunar og vænti þess að hún fái þinglega meðferð á þessu þingi.

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. *Ég vil lýsa fullum stuðningi mínum* við þessa þáltill. sem hér er lögð fram og er til umræðu, flutt af þeim hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni og Einari K. Guðfinnssyni sem hafa báðir mælt fyrir henni.

Ég tel að hér sé hreyft máli sem gjarnan hefði mátt orða fyrr í þingsölum og vil geta þess að málið hefur komið til umræðu í fjárln. Alþingis þegar gengið var frá fjárlögum fyrir þetta yfirstandandi ár, ekki síst í ljósi þeirra þrenginga sem ganga yfir ríkissjóð og rekstur hinna ýmsu opinberu stofnana, ekki síst heilbrigðisstofnana.

Ég vil líka láta það koma fram á Alþingi að mál þetta hefur verið rætt í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og verið tekið þar upp af hálfu tveggja þingmanna sem þar eiga sæti, þess sem hér stendur og hv. þm. Svavars Gestssonar, þar sem við höfum báðir lýst því yfir að við teldum rétt og eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að stjórnarnefndin eða forsvarsmenn Ríkisspítalanna tækju upp viðræður við Reykjavíkurborg og sveitarfélög hér á starfssvæði Ríkisspítalanna, um það að yfirtaka rekstur þeirra dagvistarstofnana sem Ríkisspítalarnir reka en geta ekki flokkast undir að vera þeirra verkefni eða verksvið samkvæmt lögum eins og hér er bent á í tillögunni og eins og fram hefur komið í máli flutningsmanna.

Því miður er það svo að Reykjavíkurborg hefur vísað þessu frá, ekki talið ástæðu til þess að taka upp þessar viðræður og hafnar því að taka þátt í rekstri þessara stofnana. Kann að vera að það sé vegna þess að þær eru vissulega reknar fyrir afmarkaðan hóp, þ.e. fyrir starfsfólk ákveðinnar stofnunar, og auðvitað verður að skoða málið einnig í því ljósi að hér er um að ræða ákveðna nauðvörn af hálfu stofnunarinnar til þess að fá starfsfólk. En það er mjög hastarlegt að þetta skuli einmitt eiga við hér á starfssvæði Ríkisspítalanna sem starfa og reka meginhluta af starfsemi sinni í Reykjavík sem er auðvitað eins og allir vita fjárhagslega sterkasta sveitarfélagið í landinu. Þess vegna voru upplýsingar hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um aðstöðumuninn milli sveitarfélaga og hvað er að gerast í hinum smærri sveitarfélögum á öðrum sviðum einkar athyglisverðar og nauðsynlegt að fá þær inn í umræðuna.

Ég vil hins vegar benda á það af því a.m.k. sá hv. þm. talaði einkum um Ríkisspítalana að þetta á við um fleiri sjúkrahús hér, reyndar bæði Borgarspítalann og Landakotsspítala eins og rækilega kemur fram í grg. með þáltill. Þó svo að Reykjavíkurborg hafi tekið þátt í stofnkostnaði heimilanna fyrir Borgarspítalann þá kemur hér einnig fram að Reykjavíkurborg hefur ekki tekið neinn þátt í rekstrarkostnaði. Ríkið greiðir alfarið rekstrarkostnað Borgarspítalans og greiðir alfarið rekstrarkostnað Landakotsspítala, svo sem hv. þm. er vafalaust öllum mætavel ljóst. Hér er ekki um smáupphæðir að ræða. Mér sýnist að það sé ekki undir þessum 230 millj. sem nefndar eru í greinargerðinni, og líklega ívið hærri upphæð en það, 250 millj. kr. sem ríkið er hér að greiða af kostnaði sem í raun á að falla til hjá sveitarfélögunum samkvæmt lögum.

*Mig langaði aðeins að draga það inn í þessa um*ræðu að svo vill til að einmitt þessa dagana er eitt sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu að auglýsa mjög grimmt eftir starfsfólki og í auglýsingu í Morgunblaðinu laugardaginn 4. apríl sl. er auglýsing frá Borgarspítalanum með yfirskriftinni: „Okkur bráðvantar fólk". Það skýtur nokkuð skökku við, a.m.k. miðað við það sem verið er að gera á Landspítalanum þar sem verið er að skera niður starfsemina, þar sem verið er að segja upp fólki, þar sem verið er að draga úr yfirvinnu, þar sem reynt er að beita öllum tiltækum ráðum til þess að halda niðri kostnaði. Þá bregður svo við að hér virðist vera samkvæmt þessari auglýsingu um allt annað vinnuumhverfi að ræða en hjá Ríkisspítölunum. Auðvitað eru fyrir þessu vissar ástæður sem kannski eiga ekki beint heima í umræðunni um þessa þáltill. og hefði e.t.v. verið ástæða til þess að ræða frekar við hæstv. heilbrrh., en mér skilst að hann sé farinn úr húsinu og ég geri enga kröfu til þess að ræða það við hann að þessu sinni. En ég læt það koma hér fram að ég tel að þetta sé að hluta til vegna óskynsamlegra ráðstafana af hans hálfu um verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu þar sem allt of mikil

verkefni eru færð á einn spítalann umfram það sem gerist á öðrum og hefði mátt jafna hér, verkefni milli sjúkrahúsanna hefðu komið betur út og hefði tvímælalaust orðið ódýrara. Ég tel að það sé nokkur rökstuðningur við máli mínu einmitt fólginn í þessari auglýsingu sem ber þessa ágætu yfirskrift „Okkur bráðvantar fólk".

Með leyfi forseta langar mig að lesa eina málsgrein úr þessari auglýsingu þar sem segir: „Borgarspítalinn er skemmtilegur og líflegur vinnustaður. Starfsfólki gefst kostur á sveigjanlegum vinnutíma, aðstöðu til heilsuræktar undir leiðsögn sjúkraþjálfara, afnotum af sundlaug og auk þess er möguleiki á barnaheimilisplássi." — Auk þess er möguleiki á barnaheimilisplássi.

Nú er þetta allt saman gott og blessað, virðulegur forseti, og ekki nema gott um það að segja og vonandi er rétt með farið að Borgarspítali sé bæði skemmtilegur og líflegur vinnustaður og sé stofnun í örri þróun eins og líka kemur fram í auglýsingunni, en hér er einmitt undirstrikuð sú staða sem uppi er þegar stofnanirnar þurfa að keppa um að fá fólk til vinnu, þegar þenslan virðist vera svo mikil að fyrir utan ýmiss konar notalegheit og þægilegheit fyrir starfsfólk, þá er einnig boðið upp á þetta að sjúkrahúsið útvegi starfsfólkinu barnaheimilispláss sem er tvímælalaust verkefni sveitarfélaganna lögum samkvæmt.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegi forseti, í umræðunni um þessa þáltill. en að öðru leyti lýsa stuðningi mínum við efni hennar. Ég tel hana fyllilega tímabæra og vona að hún fái umfjöllun á þessu þingi og þá er það algjörlega í samræmi við það sem bæði hefur komið fram í fjárln. og það sem ég hef látið koma fram þar sem skoðun mína og einnig í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins til að þakka hæstv. flm. fyrir að hafa lagt fram þessa till. til þál. Hún er vissulega orð í tíma töluð. Ég þarf ekkert að rekja frekar þær ástæður sem liggja að baki, þær hafa komið fram í máli flm. á undan mér. Þetta misræmi, sem er í gangi á milli sveitarfélaga í landinu, er með slíkum eindæmum að nauðsynlegt er að vekja athygli á því þannig að eitthvað verði gert í framhaldi af þeirri athugun.

Ég vil líka vekja athygli á því að þær upphæðir sem rætt er um að ríkið greiði vegna dagvistarheimila eru hærri en sú upphæð sem hugsanlega sparast í heilbrigðiskerfinu með breytingum á rekstri sjúkrastofnana á Reykjavíkursvæðinu á þessu ári. Það sem árlega er greitt af ríkinu vegna dagvistarstofnana í Reykjavík er hærri upphæð en sú upphæð sem þurft hefði til þess að halda óbreyttum rekstri heilbrigðis- og sjúkrastofnana á Reykjavíkursvæðinu.

Ég vona svo sannarlega að þessi tillaga fái þinglega meðferð og vænti þess að sjálfsögðu þar sem hér er um tvo stjórnarþingmenn að ræða sem flytja hana og ég veit að stjórnarandstaðan, a.m.k. þeir sem hér hafa talað, eru henni hlynntir, en það væri hins vegar fróðlegt að heyra í þingmönnum Reykjavíkur til þess að heyra hvaða skoðun þeir hafa á þessu máli.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki þörf á að orðlengja mjög þessa umræðu umfram það sem hún er nú orðin, en ég vil þó í upphafi láta í ljósi ánægju og þakklæti fyrir þær viðtökur sem þáltill. þessi hefur fengið hjá þeim hv. þm. sem til máls hafa tekið. Ég vænti þess að undirtektir þeirra lýsi í raun og veru sjónarmiði sem flestra þingmanna og undirstriki þann skilning sem ég trúi að þessi þáltill. njóti hjá hv. þingmönnum.

Ég vil aðeins ítreka nokkur atriði sem mér finnst þörf á að liggi hér alveg krítarklárt fyrir. Það er í fyrsta lagi það að auðvitað er ekki verið að leggja fram tillögur sem stefnt er gegn einu eða neinu. Við erum í sjálfu sér ekki að leggja fram tillögur sem stefnt er gegn til að mynda hagsmunum Reykjavíkur. Við erum ekki að leggja fram tillögur sem stefnt er gegn hagsmunum starfsfólks sjúkrahúsanna sem nýtur þessarar þjónustu. Við erum ekki að leggja fram þátill. sem stefnt er gegn starfsemi sjúkrahúsanna eða sjúkrahúsunum sjálfum. Við erum eingöngu að benda á það að Alþingi og sveitarfélögin hafa í sátt og samlyndi, hafa með frjálsu samkomulagi, komist að ákveðinni niðurstöðu um verkaskiptingu. Hér er hins vegar vikið frá því samkomulagi þrátt fyrir að fyrir liggi að þetta samkomulag og þessi lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru býsna ný af nálinni. Við erum einfaldlega að segja það að ef því háttar svo hjá sjúkrahúsunum í landinu að það þurfi að greiða sérstök hlunnindi af einhverju tagi, til að mynda hlunnindi varðandi dagvistunarstofnanir, þá eigi auðvitað að fara að þeim reglum og lögum sem sveitarfélögin og ríkið í landinu hafa komið sér saman um. Nú vill svo til að það eru alveg krítarklárar reglur um þessi mál hvað dagvistunarstofnanirnar áhrærir. Þess vegna er auðvitað augljóst að ef niðurstaðan er sú að ekki er hægt að ráða fólk til starfa hjá sjúkrahúsunum í landinu nema að beita einhverjum sérstökum hlunnindagreiðslum af einu eða öðru tagi þá ber vitaskuld að virða reglur, samskipti og lög sveitarfélaga og ríkisins í því máli.

Í þessu sambandi ber auðvitað að virða þá verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem tekur til dagvistunarstofnana.

Ég vil líka enn fremur minna á að fyrir örfáum dögum bárust inn á borð okkar hv. þingmanna athugasemdir fólks varðandi forgangshópa og dagvistunarstofnanir í höfuðborginni. Ég ætla ekki að gerast dómari í þeim efnum en það vekur aftur á móti með manni nokkra spurningu þegar við höfum fyrir framan okkur þá staðreynd að Ríkisspítalarnir eru að reka dagvistunarstofnanir, hvaða reglur eru um forgangshópa á þessar dagvistunarstofnanir. Gilda sambærilegar reglur eins og gilda t.d. í sveitarfélögunum? Njóta allir starfshópar sjúkrahúsanna sömu réttinda til þess að nýta sér þessar dagvistunarstofnanir? Er þetta eingöngu fyrir einhverja tiltekna hópa? Fyrir lækna? Fyrir hjúkrunarfræðinga? Er þetta örugglega líka fyrir

ófaglært starfsfólk sjúkrahúsanna eða hvaða reglur eru hér um gildandi? Gilda sömu reglur um forgangsröðun og Reykjavíkurborg eða önnur nálæg sveitarfélög hafa komið sér upp? Þetta þarf auðvitað allt að liggja fyrir.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, segja það að vitaskuld var rétt ábending hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að það var eðlilegt að ræða almennt um sjúkrahúsin, ekki bara Ríkisspítalana, enda kemur það glögglega fram bæði í þáltill. og einnig grg. sem henni fylgir. En ég vil ítreka það hróplega ósamræmi sem ég rakti hér áðan og lýtur að því að annars vegar er ríkið að greiða niður dagvistunarþjónustu í tilteknum sveitarfélögum fyrir starfsfólk sjúkrahúsa þrátt fyrir að sveitarfélögunum beri að sinna þessu hlutverki, en hins vegar eru sveitarfélögin að greiða fyrir hlunnindi til þess að ráða til starfa kennara sem ríkið sannarlega á að standa straum af.

Ég nefndi hér ýmsar tölur í fyrri ræðu minni og fleirum mætti bæta við, t.d. frá Austurlandi, þar sem við blasir að í litlum skólum á Austfjörðum er greidd sérstök húsnæðishlunnindi sem nema allt að 30.000 kr. á mánuði, vel að merkja, virðulegi forseti, á mánuði, til þess að þessi sveitarfélög geti tryggt eðlilega uppfræðslu barna sinna. Þetta sýnir auðvitað svart á hvítu þessa hróplegu mismunun sem viðgengst og verður auðvitað að linna með einum eða öðrum hætti.

Ég hef hvað eftir annað á fundum Alþingis rætt um þennan mikla vanda sem steðjar að í hinum dreifðu byggðum varðandi kennararáðningarnar. Ég hef lagt fram fyrirspurnir þar að lútandi og tekið þátt í umræðum til þess að undirstrika þetta mikla vandamál. Mér finnst þetta vandamál vera sett inn í afar sérkennilegt en um leið athyglisvert ljós þegar við skoðum þær tölur sem liggja fyrir í grg. þáltill. um þann kostnað sem ríkið er að greiða til þess að halda uppi lögbundinni þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að inna af hendi. Ég tel, virðulegi forseti, nauðsynlegt þegar við ræðum þessi mál að við gerum það í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og hafa núna verið staðfestar um þann mikla herkostnað sem sveitarfélögin úti á landi hafa orðið að leggja í til þess að bregðast við hinni miklu neyð sem má segja að stafi af kennaraskortinum á landsbyggðinni. Vissulega hefur þetta orðið nauðvörn af hálfu sveitarfélaganna, alveg eins og það hefur verið nauðvörn af hálfu spítalanna að fara út í þessar hlunnindagreiðslur í formi dagvistunarplássa en það er eðlilegast að í báðum tilvikum gildi hinar umsömdu reglur sveitarfélaganna og ríkisins að rekstur dagvistunarheimila sé greiddur af sveitarfélögunum en kostnaðurinn við skólastarfið eins og um er talað af hálfu ríkisins og gildir þá einu hvaða sveitarfélag á í hlut.

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa þáltill., eðli hennar og tilgangur hefur komið glögglega fram sem ég styð fyllilega. Ég kem hér upp fyrst og fremst vegna ummæla 3. þm. Vestf. varðandi kennaramálin til að taka undir og staðfesta allt það sem hann sagði um það. Ég held að mikil nauðsyn sé á að koma á jöfnuði í þessum efnum. Mér sýnist þessi till til þál. vera mjög í þá veru, ég vil eindregið styðja hana og um leið vil ég vekja athygli á því sem hér kom fram áðan um vanda sveitarfélaga á landsbyggðinni sem er ekki til að dreifa á höfuðborgarsvæði og kennaraskorturinn hefur valdið því. Ég tel þessi mál, einmitt eins og komið hefur fram, mjög skyld og vil þess vegna taka undir þetta.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þessi till. til þál. hefur fengið í umræðum á Alþingi. Ég vil taka það skýrt fram að hér er ekki verið að leggja til að loka dagvistunarstofnunum fyrir börn sem reknar eru af sjúkrahúsunum í Reykjavík og nágrenni. Hér er verið að leggja til að þeir sem samkvæmt lögum eiga að reka og borga reksturinn af dvalarheimilum fyrir börn geri það, þ.e. sveitarfélögin. Sú regla gildir um þessi efni samkvæmt lögum og sveitarfélög hafa tekið mark á úti um allt land, en Reykjavík og nokkur nágrannasveitarfélög virðast njóta sérkjara, njóta sérstakra forréttinda er nema ...(Gripið fram í.) Með stuðningi Alþb. líka á sl. einu og hálfu ári, hv. þm. Kristinn Gunnarsson. Það sem verið er að ræða er að þessi sérstuðningur, þessi forréttindi, þessi sérréttindi nema 250 millj. kr. á ári. Við sem búum á landsbyggðinni erum búin að sitja lengi undir því að stundum sé fjármunum sóað úr ríkissjóði út á land. En nú er mál að linni þegar við stöndum frammi fyrir því að Reykjavíkurborg sem er einn efnaðasti sveitarsjóður landsins er ekki fær um að standa undir dagvistunarstarfsemi í borginni sinni. Ekki borgunarmaður fyrir því. Ríkissjóður þarf að greiða þessa starfsemi niður er nemur 250 millj. kr. á ári. Þetta eru miklir peningar. Alla vega eru þeir mjög miklir ef þeim yrði varið út á land, þó það væri ekki nema til atvinnuuppbyggingar á einhverju sviði. Eins og ég gat um í framsögu minni fyrir þessu máli, leggja sveitarfélögin á landsbyggðinni sig fram um að bjarga nú atvinnurekstri í sjávarútvegi með framlögum úr sveitarsjóðum sínum og að standa undir að fullnægja dagvistunarþörf til þess að hægt sé að manna húsin þegar vinnu er að fá.

Já, ólíku er saman að jafna. Aðstæðum annars vegar í Reykjavík og á landsbyggðinni hvað þetta svið varðar. Það verður að segjast eins og er og er ég viss um að mörgum sveitarfélögum þætti kærkomið að geta sent reikning fyrir dagvistunarstarfsemi er nemur nokkrum milljónum á ári í ríkissjóð og fá það greitt umyrðalaust.

Hér þarf að jafna aðstöðumun, hér þarf að eyða misvægi sem hefur skapast og ég vil enn og aftur ítreka að þetta er einn þátturinn í byggðaröskuninni sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Þetta er einn þátturinn og eitt dæmið um það hvernig ríkissjóður með stefnumótun sinni hefur orsakað þá búseturöskun sem blasir við og hefur blasað við mörg undanfarin ár. Með fjárfestingarstefnu sinni, með rekstrarstefnu sinni

og m.a. með því hvernig ríkissjóður hefur varið fjármunum sínum til uppbyggingar í atvinnuskyni hér í Reykjavík.

Mér þykir trúlegt að eitt öflugasta atvinnuátakið sem fram hefur farið í Reykjavík á undanförnum tveimur áratugum sé á vegum ríkisvaldsins. Ríkisvaldið hefur þanið sig út um 50% á einum áratug, ef við tökum tillit til starfsmannafjölda, sjö af hverjum tíu störfum hafa orðið til í Reykjavík, þrjú úti á landsbyggðinni. Og svo segja menn að þetta hafi ekki áhrif á byggðaþróun, búsetuþróun og að stefnumótun ríkisvaldsins um það hvar ríkisvaldið fjárfestir, hvar það byggir upp stofnanir sínar, þenur sig út, hafi ekki áhrif á byggðaþróun í landinu. Það er akkúrat það sem skiptir kannski öllum úrslitum um það hvar byggðin blómgast og hvar fólkið sest að. Hér er e.t.v. verið að tala um lítið dæmi er nemur bara 250 millj. kr. á ári, en þó ekki minna en það að á þessu ári þá verjum við 180 millj. kr. til Byggðastofnunar á fjárlögum. Þær eru nú ekki fleiri milljónirnar, 180 millj., meðan við erum að styrkja dagheimilarekstur á Reykjavíkursvæðinu um 250 millj. Hafa þó margir haft stór orð um það að sú stofnun hafi kostað margar milljónir og ausið hafi verið mörgum milljónum í þá stofnun á undanförnum árum. En nú kemur í ljós að niðurgreiðslur ríkissjóðs á dagvistunarstarfsemi sem Reykjavíkurborg á að borga nemur hærri upphæð. Þá höfum við kannski stærðir til þess að bera saman.

Herra forseti. Ég tel fullt tilefni til að fjárhagsskilin á milli Reykjavíkurborgar annars vegar og ríkissjóðs hins vegar verði athuguð sérstaklega í sambandi við þetta mál og hvort það kynni að vera víða sem Reykjavíkurborg nyti forréttindaaðstöðu gagnvart ríkissjóði, ekki einvörðungu hvað framlög snertir, heldur hvað varðar alla almenna aðstöðu, vegna nábýlis við valdið, vegna nábýlis við ríkisstofnanirnar. Það vakti t.d. athygli mína að sveitarstjóri stærsta sveitarfélags á Íslandi, borgarstjórinn í Reykjavík, þurfti ekki að eiga viðræður við fjárln. Alþingis við undirbúning fjárlagafrv. sl. haust og fram að áramótum. Á meðan við í fjárln. tókum á móti velflestum fulltrúum hreppsnefnda og bæjarstjórna af landsbyggðinni þá þurfti borgarstjórinn í Reykjavík ekki að tala við fjárln. Alþingis varðandi undirbúning að fjárlagafrv. Skal svo hver og einn fletta því og sjá hvílíkra hagsmuna Reykjavíkurborg þarf að gæta hvað varðar samskiptin við ríkisvaldið. En borgastjórn Reykjavíkur þarf ekki að ræða það við fjárln. og mér var spurn og mér er spurn, spurði þá og spyr enn og aftur: Á hvers konar sérmála er borgarstjórnarvaldið í Reykjavík að það þurfi ekki að eiga eðlilegar viðræður og eðlileg samskipti við hið háa Alþingi þegar um svo mikilvæg mál er að ræða sem raun ber vitni? Eða eru þessar ferðir og þessi samtöl og þessar viðræður sem fjárln. á við sveitarstjórnir vítt og breitt um landið allt meira og minna gagnslaust? Telja sveitarstjórnarmenn það yfir höfuð gagnslaust að eiga viðræður við fjárln. við undirbúning fjárlagagerðarinnar? Það er ekki að sjá. En borgarstjórnarvaldið í Reykjavík þarf ekki á þessum viðræðum að halda og þá spyr maður sig hvort enn og aftur njóti borgin sérkjara, forréttinda, aðstöðumunar, fram yfir önnur sveitarfélög í landinu.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. okkar hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar hefur fengið og ég óska eftir því að till. hljóti þinglega meðferð og nákvæma skoðun í nefndinni og leiði til þess að lögum verði fram fylgt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir meginefni þessarar till., tel sjálfsagt mál að þingmenn búi svo um hnútana í lagagerð sinni að öðrum lögum sé framfylgt, m.a. lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Vissulega rétt að benda á þar sem misfellur eru að þessu leyti, eins og hv. 5. þm. Austurl. gerði fyrr í vetur með fsp. um þessi mál þar sem efnisatriði þessarar till. voru í raun dregin fram. Hins vegar get ég ekki annað en vakið athygli á þeirri leið sem flm. fara til þess að reyna að fá úr bætt. Leiðin er sú að koma með málið hingað inn í formi þál. og leggja þar til að fela ríkisstjórninni að vinna að því að viðkomandi sveitarfélög beri hvert sína bagga eða svo að hismið sé tekið utan af þessum umbúðum og Reykjavíkurborg borgi það sem henni ber. Ég er alveg sammála þessari hugsun en ég tel að auðvitað eigi menn í störfum sínum á þingi að fylgja lögum.

Ég vek athygli á því að flutningsmennirnir tveir eru báðir í fjárln. Hvernig skyldi fjárln. hafa gengið frá tillögum sínum um skiptingu fjár til heilbrigðismála? Ef menn skoða þær tillögur kemur í ljós að í þeim tillögum er gert ráð fyrir því að ríkið haldi áfram að greiða þennan kostnað, þannig að það má segja að flutningsmenn séu komnir í mótsögn við sjálfa sig. (Gripið fram í.) Það er verra fyrir málið, virðulegi þingmaður Össur Skarphéðinsson, um hitt ætla ég ekki að leggja mat á hvort það hefði verið verra fyrir þá. Ég hef velt því fyrir mér hvers vegna þingmennirnir fara þá þessa leið. Niðurstaðan getur ekki verið önnur en sú að þeir hafi reynt að fá ríkisstjórnarflokkana til að framfylgja lögum en orðið undir. Að það sé meirihlutavilji í báðum þingflokkum ríkisstjórnarinnar að viðhalda kerfinu þannig að þeir sjá enga aðra leið en að færa málið í búning þingskjals og leita eftir stuðningi stjórnarandstöðunnar til þess að fá meiri hlutann í sínum flokkum til að hlíta lögum. Þetta er sú niðurstaða sem ég kemst að. (**ÖS:** Hún er góð.) Hún er afar slæm, virðulegur þingmaður, en ég hygg hún sé nokkuð nærri lagi að vera rétt af því að ég held að báðir flm. séu samkvæmir sjálfum sér að því leyti að þeir hafi byrjað á að reyna að vinna málum fylgi innan sinna flokka.

Það vekur athygli að þeir tveir ráðherrar sem ráða kannski hvað mestu um framvindu þessa máls eru hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. Það er greinilegt að báðir þessir ráðherrar hafa snúist gegn efni þessa frv. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki heilbrrh.) Ég ætla nú heilbrrh. hæstv. að vera sammála flm. (Gripið fram í.) Ég tel óhjákvæmilegt að draga þetta fram þannig að mönnum sé ljóst í hvaða stöðu málið er. Málið er í þeirri stöðu, virðulegi forseti, að við sitjum uppi með

ríkisstjórn sem er ekki fáanleg til að breyta þessum hlutum. Eða svo ég orði það dálítið öðruvísi og nær þeim hætti sem hv. 5. þm. Austurl. vék að í ræðu sinni, að ríkisstjórnin er landsbyggðarfjandsamleg. Þetta liggur ljóst á borðinu þegar menn hafa íhugað málið dálítið. Ég ítreka það að ég vil leggja flm. málsins lið í að berja niður Reykjavíkurvaldið í þessum tveimur flokkum. Ég hef ekki heyrt annað á þeim ræðumönnum sem hafa tekið til máls um þetta mál en að þeir séu tilbúnir að leggja þeim lið í þessu.

En að lokum, virðulegi forseti, þessi upphæð sem ríkissjóður er að spara Reykjavíkurborg til þess að hún geti í dag haldið dýrlega veislu til að fagna dýru húsi er samkvæmt því sem fram kom hjá 1. flm. um 250 millj. kr. á ári. Það er tæplega 50% hærri upphæð en nemur öllum niðurskurði í grunnskólum landsins á þessu ári. Fyrir þessa upphæð hefði verið hægt að hafa óskertar fjárveitingar til grunnskóla landsins í eitt og hálft ár. (Gripið fram í.) Svo við nefnum nú það ekki, virðulegur þingmaður, það er út af fyrir sig annað mál en að mörgu leyti þarft að draga það fram. Þetta vildi ég leggja inn í þessa umræðu, virðulegi forseti, og veit að hann er mér sammála um að hér er um þörf atriði að ræða.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. velti því fyrir sér hver staða þessa máls væri. Ég vil segja það að mér finnst staða þessa máls vera býsna góð. Hér hafa talað í dag, auk okkar flm., fjórir þingmenn að ég hygg sem allir hafa lýst yfir miklum stuðningi við þetta mál. Ég verð að játa það að þessi mikla breiðfylking á bak við málið er auðvitað afar ánægjuleg, einkum og sér í lagi fyrir okkur tvo hv. flm. sem erum upphafsmenn þessa máls. (**Gripið fram í:** Traust.) Já, þetta er traust fylking sem að baki okkar býr, það er alveg rétt, og forustumennirnir ekki síðri. Hitt er auðvitað alveg ljóst að þetta mál hefur fengið afskaplega eðlilega meðferð. Fyrst var það þannig að við hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson ásamt fleirum fengum upplýsingar um þetta mál í fjárln. Við kusum síðan að ljá þessu máli þinglegan styrk þannig að eftir væri tekið og málið fengi öruggt brautargengi með því að fara með það í gegnum Alþingi. Ég spyr: Er eitthvað óeðlilegt við það að þingmenn, þó stjórnarþingmenn séu, fari með mál í gegnum þjóðþingið? Er eitthvað óeðlilegt við það? Telja menn t.d. eðlilegra að öll mál sem stjórnarþingmenn vilja taka upp fari eingöngu fram í þingflokkum stjórnarflokkana? Vitaskuld ekki. Hitt er auðvitað athyglisvert sem hv. 5. þm. Vestf. kaus að þegja yfir og það var að þetta mál er auðvitað ekki nýtt af nálinni. Það er ekki í fyrsta skipti á þessu fjárlagaári sem verið er að greiða niður dagvistunarkostnað fyrir sveitarfélög í landinu með þessum hætti. Fjmrh. síðustu ríkisstjórnar, formaður Alþb., bar vitaskuld höfuðábyrgð á fjárlögum þar sem þessu var eins fyrir komið. Ég minni á það vegna þess að menn eru hér að tala sérstaklega um Reykjavíkurvaldið og að verið sé að greiða niður dagvistunarkostnað í fleiri sveitarfélögum. Hér er ekki og á ekki að vera að ræða sérstaklega um eitt sveitarfélag sem er Reykjavík, heldur þau önnur sem málið er skylt.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið er nýtt að því leyti að verkaskiptingalögin tóku ekki gildi fyrr en 1. jan. 1990. Hvað varðar hitt atriðið þá er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að stjórnarþingmenn flytji mál inn á boð þingmanna í formi þskj. Alls ekki. Hinu var ég að vekja athygli á, sem mér finnst mjög athyglisvert, að báðir flm. eru í fjárln. Það er fjárln. sem skilar af sér tillögum í samræmi við önnur lög, svo sem lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Flm. lögðu til status quo. Ég geri þeim það ekki upp að vera ósamkvæmir sjálfum sér, þess vegna dreg ég þá ályktun að þeir hafi verið barðir niður hvor í sínum flokki. Auðvitað eru þetta neyðarúrræði fyrir flm. að koma með málið inn á þingið með þessum hætti, það skil ég, en ég styð þá í þessari viðleitni sinni.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega óskaplega sérkennilegt að komast þannig að orði að þegar þingmenn, stjórnarþingmenn, kjósa að mál fái þinglega meðferð með þeim hætti að það fái hér eðlilega umræðu, mál sem hefur viðgengist eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns í tvö ár, þá sé eitthvað óeðlilegt við það að við kjósum að þetta mál fái þá þinglegu meðferð sem hér er verið að leggja til. Ég tel að það sé þvert á móti afar eðlilegt og mjög sjálfsagt að þetta mál fái einmitt þá meðferð sem verið er að leggja til og mér finnst að málið sé að fá meira brautargengi og fá meiri þunga vegna þess að við hv. meðflm., hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugur Stefánsson, kusum að fara einmitt þessa leið. Ég tel að þetta mál sé núna í betri farvegi en ef við hefðum tekið upp þann slag á einhverjum öðrum vettvangi. Ég geri mér vonir um að málið, vegna þess hversu góðar viðtökur það hefur fengið m.a. frá hv. 5. þm. Vestf., eigi auðveldari leið í gegnum þingið. Ég verð að játa það að ég hafði búist við því að þingmenn Alþb., sem studdu síðustu hæstv. ríkisstjórn og fjmrh. þeirrar ríkisstjórnar alveg sérstaklega, mundu nú kjósa að bregða fæti fyrir þetta mál og þess vegna er mér það afar mikill léttir þegar einn af þingmönnum Alþb. leggur lykkju á leið sína og þeysir inn í þingsalinn rétt um það leyti sem átti að fara að ljúka umræðunni til þess sérstaklega að taka undir þetta sjónarmið og með þeim hætti vitaskuld að nota gömlu Albaníuaðferðina að flengja svolítið fjmrh. hæstv. síðustu ríkisstjórnar með þeim smekklega hætti sem hann gerði í máli sínu og ég þakka mjög undirtektir hans við þetta mál.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni Kristni Gunnarssyni fyrir stuðning við þetta mál. Ég skildi mál hans svo að hann væri efnislega sammála tillögunni og mundi sameinast í þeirri hreyfingu sem hefur myndast á þinginu í dag um að koma þessu máli fram. Um hitt atriðið sem hann fjallaði, hver staða okkar væri

með þessu máli andspænis ríkisstjórn eður ei, þá þótti mér mjög sérstakt að heyra þennan skilning hans á því hvernig ætti að koma málum fram.

Í máli sem var á dagskrá þingsins í dag á undan þessu var verið að fjalla um málsmeðferð á EES. Þá barðist Alþb. fyrir því með hverjum ræðumanni á fætur öðrum að þetta EES-mál ætti að fá þinglega meðferð. Þinglega meðferð, en skyldi ekki afgreitt innan veggja ríkisstjórnarinnar á sviði framkvæmdarvaldsins. En nú bregður svo við að hv. fulltrúi Alþb. í umræðunni kemur hér og kvartar yfir því að þingmenn skuli beita sér fyrir því að jafnbrýnt og stórt mál og þetta hér, sem hér hefur verið til umræðu, fái þinglega meðferð. Nú þarf ég að fá það upplýst frá formanni Alþb. hvor stefnan gildi eða hvort stefnurnar séu tvær og þrjár, einvörðungu eftir því hvaða mál eigi í hlut, hvaða dagur er, mánuður eða ár. Það er von að spurt sé og kominn tími til að fá svör.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. flm. Gunnlaugur Stefánsson sagði í ræðu fyrr í dag, í niðurlagsorðum sínum, að hann vonaðist til þess að með samþykkt þessarar þáltill. yrði lögum framfylgt. Hann vonaðist til þess að þingið mundi með samþykkt tillögunnar sjá til þess að lögum yrði fylgt, sem lýsir þeim skilningi hans að lögum hafi ekki verið fylgt, þ.e. lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það þýðir líka að núverandi stjórnarlið hafi ekki fylgt þeim lögum þegar það gekk frá fjárlögum um sl. áramót. Það er út af fyrir sig ekki mjög þingleg meðferð að afgreiða mál með þeim hætti að þau brjóti í bága við lög sem menn láta standa óhreyfð.

Auðvitað er það þingleg meðferð að koma með þáltill. og ég var ekki að kvarta yfir því. Heldur hitt sem ég var að vekja athygli á og geri enn, að þessir tveir hv. flm. hljóta að hafa reynt innan síns meirihlutaliðs, stjórnarliðsins, að fá það til að framfylgja lögum en orðið að gefast upp. Þess vegna sé það þrautaúrræði hjá þeim að leggja til við þingið að þingið samþykki að ríkisstjórnin skuli fara eftir lögum. Ég er tilbúinn að styðja þessa hv. þm. í þeirri viðleitni sinni að fá ríkisstjórnina og stjórnarliðið að öðru leyti til að framfylgja lögum.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér sé ég ekkert athugavert við að Alþingi taki afstöðu til þess hvort ekki sé ástæða fyrir ríkið að fara að lögum í svona málum. Hins vegar get ég ekki neitað því við lestur þessarar þáltill. að ýmsar áleitnar spurningar leita á mig. Af hverju er t.d. bara miðað við Reykjavík? Mér er kunnugt um að á fjórðungssjúkrahúsum úti á landi eru svipaðar reglur hafðar í sambandi við greiðslur á dagheimilum og barnaheimilum. Mér þykir það dálítið lituð meðferð á málinu að taka bara til þess sem dæmi kostnað við sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu. Raunar held ég að víða mundu koma í ljós ýmsir fiskar undan steinum ef þeim væri velt við og farið að skoða fleiri mál þar sem jafnvel er verið að taka af rekstrarfé sem ríkið stendur að verulegu leyti undir bæði hér í Reykjavík og úti á landi. Þá kæmi í ljós að ríkið stæði undir ýmsum kostnaði sem það ætti ekki að standa undir samkvæmt lögum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélags. Þannig að mér finnst það verulega einföldun á umræðunni sem slíkri og vil raunar ítreka það og spyrja þá flm. hvernig stendur á því að bara var tekið fyrir kostnaður við rekstur á dagheimilum í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu en ekki annars staðar?

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli mínu hér áðan að ég var einmitt að ítreka það sem bjó að baki þess sem hv. 7. þm. Reykv. var að segja að ég var auðvitað að vekja athygli á því að hér væri ekki verið að beina málinu sérstaklega til einhvers tiltekins sveitarfélags. Þessu var ekki beint gegn Reykjavík. Ég vakti athygli á því að hlunnindagreiðslur af þessu tagi sem ríkið stæði straum af en sveitarfélögunum bæri að greiða ættu sér stað einhvers staðar víðar. Í þeim upplýsingar sem við höfðum og byggðust á svari hæstv. heilbrrh. við fsp. Gunnlaugs Stefánssonar um rekstur dagvistunarheimila fyrir börn komu sérstaklega fram þessar tölur varðandi sjúkrahúsin í Reykjavík. Í greinargerðinni er hins vegar aukið nokkuð við þær upplýsingar eins og fram kemur ef menn lesa hana. Hérna er verið að taka fyrst og fremst þau dæmi sem eru mest sláandi og þær tölur sem eru auðvitað langstærstar. Ég ítreka það að hér er ekki verið að beina neinum ásökunum eða neinu af því taginu gegn einhverju tilteknu sveitarfélagi.

Ég nefni það svo að lokum að síðasti hluti fsp. hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar til heilbrrh. á sínum tíma um rekstur dagvistunarheimila fyrir börn var svona: „Samræmist það verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að sjúkrahús sem rekin eru af ríkissjóði sjái um rekstur dagvistarheimila fyrir börn?“ Þar er ekkert sérstaklega verið að tala um eitthvert tiltekið sveitarfélag heldur sveitarfélög almennt. Og það er auðvitað það sem fyrir okkur hv. flm. þessa máls vakir, við erum að vekja athygli á því að ákveðin lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru í gildi. Þau taka m.a. til rekstrs dagvistunarstofnana. Við erum að vekja athygli á verulegu ósamræmi sem hefur viðgengist í raunveruleikanum í þessu sambandi og út á það gengur þessi þáltill. eins og glögglega kemur fram.

Magnús Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var með neinar ásakanir í garð flm. Hins vegar var ég aðeins að spyrjast fyrir um það af hverju hefði ekki verið tekið tillit til fleiri staða en bara höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar tel ég mig hafa heyrt það rétt áðan í ræðum framsögumanna að þeir hafi litið á þetta sem stór byggðapólitískt mál þannig að þeir hafa þá væntanlega verið að tala um landsbyggðina annars vegar og höfuðborgarsvæðið hins vegar. Ég get því ekki alveg fallist á að þeir hafi ekki að einhverju leyti verið að draga fram sérstaklega að þarna væri verið að hygla höfuðborgarsvæðinu. Ég tel

líka rétt að benda á að Ríkisspítalarnir þjóna ekki bara íbúum höfuðborgarsvæðisins. Stór hluti af sjúklingum á Ríkisspítölum eru að sjálfsögðu ekki af höfuðborgarsvæðinu. (**EKG:** En börnin á landsbyggðinni eru ekki á höfuðborgarsvæðinu.) Vissulega, vissulega. En ég held nú og ítreka það að ég tel ástæðu til að skoða þessi mál öll en ég vil helst ekki að þau séu bara skoðuð í þessu eina samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Páskakveðjur.

Forseti (Björn Bjarnason):

Þar sem þetta er síðasti fundur fyrir páska vil ég óska hv. þm. gleðilegrar páskahátíðar.

127. FUNDUR

mánudaginn 27. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Framhald þingfunda.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég vil við upphaf fundar óska þingmönnum svo og starfsfólki Alþingis gleðilegs sumars. Jafnframt eru þingmenn boðnir velkomnir til starfa á ný eftir nokkurt hlé frá þingfundum. Það er von forseta að þingmenn hafi notið nokkurrar hvíldar og séu vel undirbúnir fyrir fundalotu hins venjubundna lokaspretts þingstarfa.

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess vegna fregna í fjölmiðlum um utandagskrárumræðu um EES-málið og þinglega meðferð þess að áætlað er að sú umræða verði á morgun, þriðjudag.

Efling íþróttaiðkunar kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 177. mál. — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

12 þm. (GB, GHall, HBl, JónS, KSG, KHG, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

12 þm. (EH, GB, GHall, HBl, JónS, KHG, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Rekstur dagvistarstofnana fyrir börn á vegum sjúkrahúsa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS og EKG, 211. mál. — Þskj. 257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

11 þm. (GB, GHall, HBl, JónS, KHG, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

13 þm. (GB, GHall, HBl, ISG, JónS, KHG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

EES-samningur og íslensk stjórnskipun, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 275. mál. — Þskj. 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS.

13 þm. (EH, GB, GHall, HBl, JónS, KHG, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KSG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

11 þm. (GB, GHall, HBl, JónS, KHG, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284, nál. 776 og 789, brtt. 775 og 790, till. til rökst. dagskrár 791.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Hér er komið á dagskrá mál sem hefur verið í umfjöllun í menntmn. um tveggja mánaða skeið eða eitthvað nálægt því og mikið verið í því unnið. Nefndarálitum var útbýtt á síðasta eða næstsíðasta þingdegi fyrir páskahlé þingsins, bæði frá meiri hluta og minni hluta ásamt brtt. eins og fram kemur á dagskrá fundarins.

Það er hins vegar svo að þegar við afgreiddum þetta mál frá hv. nefnd þá höfðu nefndinni ekki borist útreikningar sem óskað hafði verið eftir í byrjun aprílmánaðar við þann aðila sem vann að athugunum á áhrifum frv. miðað við gildandi lög, þ.e. Hagfræðistofnun Háskólans. Þarna var um að ræða athuganir á stöðu lánasjóðsins með tilliti til líklegra affalla af lánveitingum. Bréf fór frá formanni nefndarinnar fyrir hennar hönd þann 7. apríl til Ríkisendurskoðunar til viðbótar við áður munnlega ósk og eftir að Hagfræðistofnun hafði tekið að sér að vinna þetta verk þar sem óskað var eftir því eftir beiðni frá Hagfræðistofnun Háskólans að Ríkisendurskoðun aðstoðaði Hagfræðistofnun við að meta afföll í breyttu lánasjóðskerfi. Þetta bréf var dags. þann 7. apríl en áður hafði Hagfræðistofnun byrjað sínar athuganir að ég best veit.

Í menntmn. var um það rætt og allir höfðu áhuga á því að fá þessar upplýsingar. Við í stjórnarandstöðunni drógum það í efa að skynsamlegt væri að afgreiða málið frá nefndinni fyrr en þær lægju fyrir þannig að við gætum í okkar nefndarálitum tekið tillit til niðurstöðu úr þessum athugunum og lögðum á það áherslu. Hitt varð þó niðurstaðan að málið var afgreitt frá nefnd og nefndarálitum skilað í trausti þess — og það held ég að gildi um okkur öll sem sæti eigum í menntmn. — að niðurstöður þessara umbeðnu útreikninga lægju fyrir áður en málið kæmi til umræðu.

Ég vil taka fram að formaður nefndarinnar var mjög viljugur til þess að verða við beiðni okkar stjórnarandstæðinga við athuganir á einstökum þáttum fyrir utan það að full samstaða var um í nefndinni að athuganir sem óskað var eftir að gerðar yrðu þannig að ég er á engan hátt að kvarta yfir því. Ég veit það að sá sem hér talar og vafalaust fleiri hafa verið að fylgjast með því hjá nefndadeild Alþingis hvort niðurstöður lægju ekki fyrir um þetta efni. Eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. geri sér grein fyrir sem og ráðherrar og hæstv. forseti þá er um mikilsvert mat að ræða á þessum tillögum, á þessu frv. sem fyrir liggur ásamt brtt. að því er varðar líkleg afföll í kerfinu. Mér finnst því í rauninni mjög erfitt að taka þetta mál til 2. umr. núna á meðan þetta liggur ekki fyrir. Mér hefur verið tjáð að þess sé að vænta nú í dag að útreikningar og skil komi frá Hagfræðistofun, þó e.t.v. með einhverjum fyrirvörum af þeirra hálfu um þessi efni. Því vil ég bera þá ósk fram við hæstv. forseta að þetta mál verði ekki tekið til 2. umr. í dag vegna þess að það er auðvitað nauðsynlegt að við þingmenn getum áttað okkur á þessum atriðum sem þarna er von á sem snerta málið efnislega. Ég er með þessu á engan hátt að leitast við að seinka því að umræða geti hafist með eðlilegum hætti um þetta frv. sem er búið að vera lengi á vegum þingnefndarinnar í umfjöllun en þessir útreikningar sem öll nefndin varð sammála um að væri æskilegast að fá, hafa ekki enn þá borist og því ber ég, virðulegur forseti, þessa ósk hér fram.

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir beiðni síðasta ræðumanns um að málinu verði frestað þar til þessar upplýsingar liggja fyrir. Þær snerta vissulega mikilvægan þátt í málinu og ég held að það mundi ekki skaða umræðuna þó að málið fengi að bíða til morguns eða hvenær sem það annars kæmi á dagskrá. Ég get fyrir mitt leyti fallist á að mælt verði fyrir áliti meiri hlutans ef mönnum þykir mjög liggja á því en það má ljóst vera að við sem tilheyrum stjórnarandstöðunni leggjum mjög mikla áherslu á að fá þessar upplýsingar áður en umræðan hefst.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil staðfesta það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gagnrýndi hér áðan að það hafa ekki borist útreikningar sem óskað var eftir í byrjun apríl en það stafar eingöngu af því að þetta eru erfiðir og viðamiklir útreikningar sem hér er um að ræða og óskir um að fá þá seint fram komnar. Meiri hluti menntmn. setti sig ekki á móti óskum þingmannsins í þessu efni þó að við teldum raunar ekki að nein sérstök nauðsyn væri á því að fá þessa útreikninga. Þeir eru mjög erfiðir á þessu stigi, einkanlega þegar útlánareglurnar eru ekki tilbúnar og við getum kannski sagt að með þeim sé gerð tilraun til þess að spá inn í framtíðina. En það er hins vegar ljóst að umfjöllun um lánasjóðinn tekur lengri tíma en bara daginn í dag. Á morgun verður utandagskrárumræða um utanríkismál þannig að ég get ekki séð að það sé neitt á móti því að umræðan hefjist í dag og síðan svo áfram eftir morgundaginn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um að þessir útreikningar hefðu ekki borist og átti satt að segja ekki von á að þeir mundu ráða úrslitum um það hvort menn næðu samkomulagi um að umræðan gæti hafist hér í dag. Ég verð að segja það eins og er að ég hef nokkrar áhyggjur ef umræðan frestast. Það kemur sér mjög illa að ekki sé hægt að skýra frá hverjar verði úthlutunarreglur og hvernig lögin verða sem farið verður eftir við úthlutun lána á haustdögum. Þetta kemur sér að sjálfsögðu mjög illa fyrir námsmenn.

Ég vildi spyrja hvort hægt væri að ná samkomulagi um það ef málinu yrði frestað í dag hvort það mætti þá koma fyrir á morgun og utandagskrárumræðunni, sem

var verið að boða, yrði þá frestað um einn dag. Við gætum þá rætt lánasjóðsmálið á morgun og utandagskrárumræða um EES gæti þá orðið á miðvikudag. Ég geri ekki ráð fyrir að menn séu tilbúnir í þá utandagskrárumræðu í dag með svo stuttum fyrirvara án þess að ég viti það þó, en vildi varpa þessu fram til samkomulags. Mér líst satt að segja ekki á að bíða með umræðuna alveg til miðvikudags. Þá er líka stuttur dagur eins og í dag, þá eru þingflokksfundir og ég svo sem veit ekki hvað menn ætla sér langan tíma í 2. umr. málsins. Ég hafði satt að segja ekki reiknað með að henni lyki í dag þar sem við höfum styttri tíma vegna þingflokksfundanna. En ég vildi varpa þessu fram til íhugunar hvort þetta gæti verið lausn í málinu.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Bent hefur verið á af formanni menntmn. að um mikilvæga þætti sé að ræða og flókna útreininga þó að ekki hafi af hálfu meiri hlutans verið lögð áhersla á að fá þessa útreikninga. Jafnframt var getið um það að erfitt væri að gera sér grein fyrir stöðu þessa máls, þ.e. stöðu lánasjóðsins sem stofnunar á meðan útlánareglur liggja ekki fyrir. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá formanni nefndarinnar að auðvitað ættu útlánareglurnar að vera tilbúnar, a.m.k. í drögum, þannig að okkur gæfist færi á að meta málið að teknu tilliti til þeirra því að auðvitað var hugmyndin sú að fá sem skýrasta mynd af stöðu lánasjóðsins.

Mér var ekki ljóst að þetta mál væri á dagskrá fyrr en í morgun þegar ég kom á skrifstofu mína, þá var þetta komið á dagskrá. Ég átti satt að segja alls ekki von á því að málið yrði tekið á dagskrá fyrr en þessir útreikningar lægju fyrir. Ég spurðist einmitt fyrir um það í býtið í morgun hvað þessum útreikningum liði sem ég gekk á eftir í síðustu viku að við fengjum. Mér er tjáð núna að þeirra sé von í einhverju formi a.m.k. í dag.

En ég vil fallast á þau tilmæli sem hafa komið fram að umræðan megi hefjast þrátt fyrir þetta þannig að við notum með skynsamlegum hætti þennan tíma fram að þingflokkafundum og þá í því formi að mælt verði fyrir nefndarálitum og umræðunni að öðru leyti frestað. Þá held ég að við kæmumst af stað með málið og þingmenn eða nefndarmenn fengju síðan þessa útreikninga í hendur. Ég er viss um að formaður nefndarinnar mun greiða fyrir því að svo geti orðið þannig að við getum haldið umræðunni áfram að teknu tilliti til slíkra gagna.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Starfsmaður þingsins kom að máli við mig rétt í þessu og tjáði mér að bráðabirgðaniðurstöður í þessu efni væru komnar. Verið er að ljósrita þær niðurstöður og þær munu liggja hér á borðum nefndarmanna í menntmn. mjög fljótlega.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta menntmn. um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna á þskj. 776 og brtt. á þskj. 775.

Menntmn. hefur fjallað ítarlega um frv. og kallað á sinn fund fjölmarga aðila til að veita upplýsingar og fjalla um málið. Einnig var frv. sent út til umsagnar og bárust um það margar umsagnir. Frv. er heildarfrv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það felur í sér veigamiklar breytingar frá núgildandi lögum og miða þær að því að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins til frambúðar. Áhersla er lögð á að styðja við menntun í landinu og tryggja áfram tækifæri til náms án tillits til efnahags. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frv.:

1. Lagt er til að 1. gr. verði breytt þannig að hún kveði á um tækifæri til náms án tillits til efnahags.

2. Lagt er til að fellt verði niður það skilyrði að námsmenn í sérnámi þurfi að fylla 20 ára aldur til þess að fá námslán.

3. Lagt er til að 3. gr. mæli fyrir um að tekið verði tillit til fjölskyldustærðar og að sjóðstjórn sé heimilt að taka tillit til búsetu við mat á framfærslukostnaði.

4. Lagðar eru til þrjár eftirtaldar breytingar á 6. gr.:

Í fyrsta lagi er lagt til að ábyrgðarmaður á námsláni sé a.m.k. einn og að sjálfskuldarábyrgð hans nemi tiltekinni hámarksfjárhæð.

Í öðru lagi er lagt til að sæki námsmaður um hærra námslán en ábyrgð er fyrir í skuldabréfi leggi hann fram nýtt skuldabréf með nýrri ábyrgðaryfirlýsingu.

Í þriðja lagi er lögð til orðalagsbreyting í samræmi við þá brtt. sem gerð er um fjölda ábyrgðarmanna.

5. Lagt er til að 7. gr. kveði á um að lánstími verði ótilgreindur og greitt verði af láni skv. 8. gr. þangað til lán er að fullu greitt. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok í stað eins árs. Hundraðshluti vaxta af láni verði breytilegur, allt að 3%.

6. Lögð er til sú breyting á 8. gr. að árleg endurgreiðsla verði annars vegar föst greiðsla að ákveðinni upphæð eins og kveðið er á um í núgildandi lögum um námslán. Hins vegar komi til viðbótar greiðsla sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni skuldara, 5% fyrstu fimm árin og 7% eftir það. Útfærsla á endurgreiðslureglum er sú sama og í gildandi lögum.

7. Lögð er til breyting á 9. gr. í samræmi við brtt. við 7. gr.

8. Lögð er til sú breyting í 18. gr. að greiðslur af eldri námsskuldum frestist þar til lán samkvæmt frv. er að fullu greitt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með þessum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Undir nál. rita Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björn Bjarnason, Drífa Hjartardóttir og Árni R. Árnason.

Virðulegi forseti. Frv. um lánasjóðinn fékk langa og ítarlega umfjöllun í þinginu þegar það kom til 1. umr. fyrr í vetur. Við þá uppfjöllun kom glögglega í ljós að

þingmenn hafa skilning á þeim vanda sem við blasir en greinir hins vegar á um hvernig beri að leysa hann. Á undanförnum árum hafa fjármál Lánasjóðs ísl. námsmanna oft verið til umfjöllunar utan þings sem innan. Sú umræða hefur einkennst af því að sjóðinn hafi skort fé til að standa við þær skuldbindingar sem honum ber samkvæmt gildandi lögum. Ýmsar nefndir hafa skilað áliti um lánasjóðinn á undanförnum árum.

Fyrrv. menntmrh., Svavar Gestsson, skipaði vinnuhóp til að fjalla um Lánasjóð ísl. námsmanna í nóvember 1988. Sá hópur skilaði áliti í febrúar 1989. Aftur var skipuð nefnd í október 1989 til að fjalla um framtíðarverkefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og stöðu sjóðsins á því ári. Hún skilaði áliti í júlí 1990. Ríkisendurskoðun skilaði greinargerð um fjárhagsstöðu lánasjóðsins í apríl á síðasta ári. Í júni á síðasta ári skipaði síðan Ólafur G. Einarsson menntmrh. nefnd um endurskoðun námslánakerfis sem skilaði áliti í október 1991. Þeirri nefnd ásamt tveimur fulltrúum námsmanna sem skipaðir voru af ráðherra í nefndina var falið að semja það frv. sem hér er til umfjöllunar.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að vandi lánasjóðsins er ekki ný bóla heldur hafa menn velt honum á undan sér árum saman án þess að gera tilraun til að leysa hann á raunhæfan máta fyrr en nú. Í grg. með frv. kemur fram að fulltrúar námsmanna standa ekki að frv. og skila séráliti, sbr. fskj. 4 og 6, en meiri hluti nefndarinnar telur sig hafa tekið tillit til sjónarmiða þeirra og tillagna, einkum varðandi tekjutengt þak á endurgreiðslur. Tilgangur þeirra breytinga sem felast í frv. er fyrst og fremst að treysta fjárhagslega stöðu lánasjóðsins til frambúðar og draga úr þeirri byrði sem ríkissjóður hefur af sjóðnum. Hinn mikilvægi stuðningur þjóðfélagisns við menntun verður áfram verulegur. Lánin verða hins vegar dýrari og greiðast fyrr upp en áður, enda verður framtíð sjóðsins ekki tryggð með öðrum hætti án aukinna ríkisframlaga.

Það er mikilvægt að Lánasjóður ísl. námsmanna geti áfram auðveldað ungu fólki að afla sér menntunar með því að veita hagstæð lán jafnframt því sem lánareglur verða á þann veg að hvatt sé til ráðdeildar. Í núgildandi kerfi eru námsgjöld að hluta til styrkir vegna endurgreiðslureglna, vaxtaleysis og þess að því eru í raun engin takmörk sett hversu há námslán menn geta fengið. Þeir sem taka hæstu lánin fá í raun mestu styrkina. Dæmi eru til um það að einstaklingar skuldi lánasjóðnum 12–14 millj. kr. Við þá stöðu að upphæð lánsins skiptir engu máli varðandi greiðslubyrði af endurgreiðslum er lítill hvati fyrir námsmanninn að taka lágt lán, einkanlega ef hann skuldar þegar svo mikið að endurgreiðslur munu standa yfir áratugum saman.

Fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þetta hefur valdið bæði auknum lántökum sjóðsins og vaxandi ríkisframlagi. Ef áfram fer sem horfir vex eftirspurn eftir námslánum í næstu framtíð. Ýmsar skýringar eru á vaxandi fjárþörf sjóðsins og eru þessar helstar:

1. Flest nám að loknum grunnskóla er nú talið lánshæft að einhverju leyti ef undan er skilið nám til stúdentsprófs.

2. Nemendum á háskólastigi og framhaldsskólastigi hefur fjölgað umtalsvert.

3. Við mat á lánsþörf er nú tekið tillit til fleiri atriða en áður, yfirleitt til hækkunar.

4. Framfærslu- og námskostnaður almennt, þar með talin skólagjöld, hefur aukist verulega.

5. Kostnaður sjóðsins vegna eigin lántöku hefur aukist vegna þess m.a. að ríkisframlag hefur ekki aukist til jafns við útlán.

6. Lítill hvati er í núgildandi kerfi fyrir námsmann til að takmarka lántöku sína.

Virðulegi forseti. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar frá því í apríl á síðasta ári um fjárhagsstöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna eru helstu niðurstöður m.a. þessar: „Lánþegar lánasjóðsins eru tæplega 24 þús. Útistandandi námslán nema um 25 milljörðum kr. en sú fjárhæð hefur verið færð niður um 3,9 milljarða kr. í ársreikningi vegna lána sem ekki munu innheimtast að fullu vegna þeirra takmarkana sem eru á endurgreiðslum námslána.“ Síðar segir: „Útlán sjóðsins dreifast þannig að um 60% lántakenda skulda innan við 1 millj. kr. Aðeins um 1% lántakenda skulda 5 millj. kr. eða meira.“ Enn fremur: „Ríkissjóður hefur lagt mikla fjármuni í lánasjóðinn á undanförnum árum. Fyrirsjáanlegt er að framlög til sjóðsins þurfi að hækka vegna aukinnar fjárbindingar í sjóðnum og aukinnar aðsóknar í námslán. Mikill vaxtamunur er á námslánum sem ekki bera vexti og þeim lánum sem sjóðurinn þarf að taka til að fjármagna útlán. Vaxtamunur þessi er í dag rúmlega 6%. Fjárbinding í námslánakerfinu er í dag rúmir 20 milljarðar í vaxtalausum námslánum að teknu tilliti til affalla vegna takmarkana á endurgreiðslum. Miðað við óbreytt útlán mun fjármagn sem bundið er í þessu kerfi verða um 40 milljarðar innan 10 ára og 60 milljarðar innan 20 ára.“

Meginbreytingin sem felst í þessu frv. er sú að teknir eru upp vægir vextir á láninu. Endurgreiðslur hefjast fyrr en áður og hraðar er greitt til baka. Eftirstöðvar falla ekki niður heldur skulu lánin greidd að fullu. Það skiptir því námsmanninn miklu að reyna að takmarka lántökur sínar sem kostur er. Lögð er áhersla á að reyna að raska sem minnst reglum um útlán sjóðsins en lagðar eru til veigamiklar breytingar á endurgreiðslureglum til að tryggja fjármögnun sjóðsins þótt áfram sé gert ráð fyrir að námslán séu meðal hagstæðustu lána sem völ er á í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Ég vík nú frekar að brtt. meiri hluta menntmn. Margar gagnlegar ábendingar og tillögur komu fram við umfjöllun málsins í menntmn. Ljóst er að enginn vegur er að sætta öll þau ólíku sjónarmið sem þar komu fram en þess er freistað að koma nokkuð til móts við ýmis þeirra.

1. Við 1. gr. er gerð sú breyting að festa í lagatexta það hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna að tryggja tækifæri til náms án tillits til efnahags. Það er ljóst að í hugum fólks er það meginhlutverk sjóðsins.

2. Við 2. gr. er lagt til að horfið verði frá því að binda námslán til sérnáms við 20 ára aldur. Ákvæði þetta snertir einkum nemendur sérskóla og iðnbrauta í fjölbrautaskólum. Með þessari breytingu er komið til

móts við þau sjónarmið að hlúa að starfstengdu stuttu námi og að verknámi og bóknámi sé gert jafnhátt undir höfði.

3. Lagt er til að 3. gr. mæli fyrir um að tekið verði tillit til fjölskyldustærðar og að sjóðstjórn sé heimilt að taka tillit til búsetu við mat á framfærslukostnaði. Rétt þótti að kveða skýrar á um félagslegar aðstæður með þessum breytingum en gert er í frv. Því skal einnig tekið fram að ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum á núgildandi úthlutunarreglum sjóðsins hvað varðar þessi atriði. Hins vegar hefur stjórnin samkvæmt frv. rýmra svigrúm en verið hefur til þessa til að ákveða fyrir hvaða útgjöldum námsmanns skuli lánað og hvaða tillit skuli taka til fjölskyldustærðar hans, tekna o.s.frv.

4. Lagðar eru til þrjár eftirtaldar breytingar á 6. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að ábyrgðarmaður á námsláni sé a.m.k. einn og að sjálfskuldarábyrgð hans nemi tiltekinni hámarksfjárhæð. Í öðru lagi er lagt til að sæki námsmaður um hærra námslán en ábyrgð er fyrir í skuldabréfi leggi hann fram nýtt skuldabréf með nýrri ábyrgðaryfirlýsingu. Í þriðja lagi er lögð til orðalagsbreyting í samræmi við þá brtt. sem gerð er um fjölda ábyrgðarmanna.

Með þessari breytingu er komið til móts við þau sjónarmið að erfitt geti reynst fyrir námsmenn að útvega tvo ábyrgðarmenn. Einnig er talið skynsamlegt að ganga frá tryggingarbréfi með einum ábyrgðarmanni eða fleiri ef vill við upphaf lántöku í byrjun fyrsta námsárs. Þar væri um að ræða formlega frágengið skuldabréf með einhverri hámarksfjárhæð. Síðan mætti lána allt að þeirri fjárhæð í eitt, tvö eða fleiri ár eftir lengd námstíma án þess að ganga frá nýjum ábyrgðum. Á þennan hátt þyrftu ábyrgðarmenn strax að taka afstöðu til þess hvernig þeim litist á að ábyrgjast heildarskuld námsmannsins en mundu ekki ánetjast smám saman eins og í þeirri aðferð sem frv. gerir ráð fyrir. Ef námsmaður sækir um námslán sem nemur hærri fjárhæð en ábyrgð er fyrir þarf hann annaðhvort að leggja fram nýtt bréf í stað þess sem lánað var út á eða leggja fram aðrar ábyrgðir til viðbótar sem sjóðurinn telur fullnægjandi.

5. Lagt er til að í stað 3.–5. mgr. 7. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar þar sem kveðið er á um að lánstími verði ótilgreindur og greitt verði af láni skv. 8. gr. þar til lán er að fullu greitt. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok í stað eins samkvæmt frumvarpinu. Hundraðshluti vaxta af láni verði breytilegur allt að 3%. Ríkisstjórnin að tillögu menntmrh. tekur nánari ákvörðun um vexti námslána á hverjum tíma samkvæmt þessari grein.

Miklar athugasemdir komu fram við 7. gr. við umfjöllun menntmn., bæði hjá þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar, einkanlega fulltrúum námsmanna og í skriflegum umsögnum sem bárust til nefndarinnar. Flestar athugasemdirnar voru annars vegar þess efnis að vöxtum af námslánum var hafnað og hins vegar lýstu margir því að endurgreiðslufrestur sá sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. eitt ár, væri of stuttur. Þess ber þó að geta að Nemendafélag Tækniskóla Íslands lýsir þeirri skoðun í umsögn um frv. að of mikið sé í einu að innheimta lántökugjöld og vexti af sama láninu, en kveðst geta sætt sig við annaðhvort að hóflegu marki og telur að í mesta lagi væri hægt að sættast á 1% vexti. Í umsögn frá Háskóla Íslands segir um vexti:

„Nú eru hins vegar nær öll lán verðtryggð og með háum vöxtum þannig að e.t.v. er ekki nein goðgá þótt einhverjir vextir séu teknir af námslánum. Ekki er þó augljóst að þá eigi að binda vaxtaprósentuna heldur mætti t.d. hugsa sér að miða við ákveðið hlutfall, ⅓ eða ½ af tiltekinni prósentu sem gildir um lán á frjálsum markaði, t.d. vexti af ríkisskuldabréfum. Einnig þarf að huga því að vaxtaprósentan sé ekki svo há að hún ofbjóði greiðslugetu lánþega."

Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni frá Lánasjóði ísl. námsmanna um lokalánþega á skólaárinu 1990–1991 er ljóst að 76% þeirra hafa þegið lán að fjárhæð undir 2 millj. Ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið að tillögu menntmrh. að vextir af námslánum skuli vera 1%. Því hefur verið haldið fram af gagnrýnendum frv. að endurgreiðslufrestur og vextir skertu eða kæmu í veg fyrir að námsmenn yrðu lánshæfir í húsnæðiskerfinu. Það er að sjálfsögðu deginum ljósara að greiðslur af námslánum hljóta að skerða möguleika til húsnæðiskaupa sem nemur endurgreiðslu af námsláninu á hverju ári. Það hljóta öll lán sem einstaklingur tekur að gera hvort sem þau eru námslán eða ekki. Helstu ástæður þess að setja vexti á námslán eru þær að núgildandi lánareglur eru ekki í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Þær hvetja ekki til ráðdeildar jafnframt því sem ásókn í lánin hefur aukist vegna þess hve hagstæð þau eru. 1% vextir eru lágir vextir og með þeim er komið verulega til móts við óskir námsmanna.

6. Lögð er til sú breyting á 8. gr. að árleg endurgreiðsla verði annars vegar föst greiðsla að ákveðinni upphæð eins og kveðið er á um í núgildandi lögum um námslán. Sú upphæð er samkvæmt brtt. 48 þús. kr. miðað við lánskjaravísitölu 3198. Hins vegar komi til viðbótar greiðsla sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni skuldara, 5% fyrstu fimm árin og 7% eftir það. Útfærsla á endurgreiðslureglum er sú sama og í gildandi lögum. Með þessum breyttu endurgreiðslureglum, tveggja ára greiðslufresti og 1% vöxtum má færa rök að því að langflestir greiði lán sín til baka fyrir eftirlaunaaldur. Margumræddur einstæður hjúkrunarfræðingur með tvö börn, meðallán og meðaltekjur, á þó eftir á fjórða hundrað þús. kr. við 67 ára aldur. Þá kemur til kasta stjórnar að leysa úr slíkum einstökum tilfellum og þá er vert að hafa í huga að enginn getur séð inn í framtíðina með öruggri vissu um launaþróun, húsnæðismál, vaxtamál né nokkuð annað er hægt að spá svo að óyggjandi sé.

7. Lögð er til breyting á 9. gr. í samræmi við brtt. við 7. gr.

8. Lögð er til sú breyting í 18. gr. að greiðslur af eldri námsskuldum frestist þar til lán skv. frv. þessu er að fullu greitt. Með þessari breytingu er komið í veg fyrir að þeir námsmenn sem skulda námslán í tveimur kerfum greiði samtímis að fullu í báðum kerfunum.

Eins og áður er getið kom fram gagnrýni á ýmis önnur atriði frv. en þau sem meiri hluti menntmn. gerir brtt. um. Þar er helst að nefna þau ákvæði 6. gr. frv. að námslán skuli aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Þetta eru óneitanlega harðari kostir en tíðkast hafa til þessa.

Á skólaárinu 1990–1991 fengu um 500 námsmenn svonefnd ofgreidd lán sem námu um 55–60 millj. kr. Hæsta ofgreiðsla til einstaklings nam 700–800 þús. kr. Með ákvörðun um að greiða lán eftir að árangri er skilað væri komið í veg fyrir þessa misnotun á fjármunum. Að auki liggur fyrir að hundruð manna sem fengu fyrirgreiðslu hjá sjóðnum hafa hætt námi án þess að skila tilskildum árangri. Um helmingur lánþega sjóðsins að meðaltali lauk aðeins um 75% árangri af því sem skólar telja eðlilegt á skólaárinu 1990–1991. Með tilliti til alls þessa er fullkomlega réttlætanlegt að fara þessa leið sem stuðlar að aukinni festu og öryggi í störfum sjóðsins og kemur í veg fyrir að námsmenn lendi í fjárhagsvandræðum vegna ofgreiddra lána. Ætla má að námsmenn verði fljótir að aðlaga sig þessum breyttu reglum og má e.t.v. með nokkrum rökum líkja þessari aðferð við eftirágreidd laun.

Ýmis fleiri atriði mætti nefna sem athugasemdir voru gerðar við, svo sem lántökugjald, aukin völd stjórnar lánasjóðsins, niðurfellingu styrkja o.fl. en hér verður staðar numið.

Því hefur verið haldið fram að frv. um lánasjóðinn vegi að jafnrétti til náms og grafi undan æðri menntun í landinu. Flutningur þessa frv. gefur engin tilefni til gagnrýni af slíkum toga. Hér er þvert á móti leitast við að koma þessum mikilvæga sjóði til bjargar og tryggja tilvist hans til frambúðar. Í heimi sem leggur sífellt meiri áherslu á gildi menntunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið, í heimi þar sem samvinna og samkeppni vegast á skiptir það máli að þessi litla þjóð á hjara veraldar er og verður það sem hún er vegna þess sem hún kann og getur. Þjóðin hefur borið gæfu til þess að nýta veraldleg verðmæti til að styrkja möguleika sína í andlegum efnum. Þess vegna fer varla fram hjá nokkrum manni að góð menntun er þungamiðja og undirstaða allra framfara. Þjóðin má ekki blekkja sjálfa sig með því að telja sér trú um það að þessi veigamikli þáttur í framvindu hennar kosti ekki neitt. Við verðum að þora að horfast í augu við staðreyndir og gera okkur grein fyrir því m.a. að grunnurinn undir Lánasjóði ísl. námsmanna þarf að vera sterkur, traustur, kannski svolítið harður en óhagganlegur. Þeir sem vilja styðja sig við sjóðinn verða líka að gera sér ljóst að hann verður að standa á traustum stoðum þó að það kunni að kosta þá eitthvað.

Í nútímaþjóðfélagi er mikið talað um að fjárfesta. Menn skoða þá vexti og möguleika sem í boði eru, en þegar allt kemur til alls, þá er það eina sem aldrei verður frá manni tekið að fjárfesta í sjálfum sér. Það er sá auður sem er mestur og bestur, gefur einstaklingnum víðsýni, sjálfsöryggi og öll þau tækifæri sem nútíminn býður upp á. Það er sá auður sem best getur skilað íslenskri þjóð fram á veginn í samfélagi þjóðanna og tryggt okkur áfram velferð í framtíðinni.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér við 2. umr. frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem lagt var fram af hæstv. menntmrh. 17. des. sl. og rætt í þinginu að loknu jólahléi þess og vísað til menntmn. þann 24. febr. eða fyrir rétt röskum tveimur mánuðum. Menntmn. hafði raunar hafið athugun á málinu fyrr vegna beiðni meiri hluta nefndarinnar og málið verið sent til umsagnar til margra aðila í lok janúarmánaðar að mig minnir. Í menntmn. var mikið að þessu máli unnið þann tíma sem nefndin hafði það á sinni dagskrá.

Ég mæli fyrir áliti minni hluta menntmn. sem er að finna á þskj. 789 en að þessu áliti standa ásamt mér hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Pétur Bjarnason og Valgerður Sverrisdóttir, þ.e. fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í menntmn.

Ég vil við upphaf umræðunnar þakka fyrir málstökin í nefndinni. Ég vil þakka formanni nefndarinnar fyrir að hafa komið til móts við óskir um það af hálfu okkar í minni hlutanum að fá athugun á þessu máli sem rækilegasta. Ég vil þakka samnefndarmönnum og ekki síst þeim sem standa að minnihlutaálitinu fyrir starfið að þessu máli, athugun og samræmingu á sjónarmiðum okkar eins og það endurspeglast hér í þessu nál.

Megintillögu okkar sem myndum minni hlutann er að finna á þskj. 791 sem er till. til rökstuddrar dagskrár svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til þess sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar og

þar sem gildandi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna hafa í aðalatriðum reynst vel,

þar sem ríkisstjórnin gengur með fyrirliggjandi tillögum gegn markmiðinu um jafnrétti til náms,

þar sem með grófum hætti er ráðist gegn hagsmunum námsmanna og hafnað samráði við námsmannahreyfinguna,

samþykkir Alþingi að vísa dagskrármálinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er aðaltillaga okkar í málinu sem mun að lokinni þessari umræðu ganga til atkvæða á hv. Alþingi. Til vara flytjum við síðan á þskj. 790 margar brtt. við frv. fari svo að dagskrártillaga okkar nái ekki fram að ganga og þær brtt. er að finna á þskj. 790 í níu tölusettum liðum og mörgum undirliðum sem eru breytingar við frv. og þær brtt. sem meiri hluti menntmn. hefur lagt fram.

Ég mun gera grein fyrir áliti okkar í aðalatriðum eins og það liggur fyrir á prentuðu þskj. en þegar hefur verið getið um það af hv. frsm. meiri hlutans hverjir komu á fund nefndarinnar, við hverja var haft samband og leitað eftir upplýsingum og útreikningum en eins og álitin bera vott um varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilar áliti í tveimur hlutum.

Við náðum ekki saman um þetta efni og það raunar kom fram við 1. umr. um þetta mál að bilið var breitt á milli sjónarmiða þannig að vart var við því að

búast. Þó gerðist það í meðförum nefndarinnar að meiri hlutinn kynnti þar brtt. og voru þær raunar að koma fram í áföngum alveg fram undir það að nefndin lauk starfi varðandi þetta þingmál og við fengum að sjá þær hugmyndir meiri hlutans. En þar sem þær gengu engan veginn nógu langt til móts við okkar sjónarmið, þá brugðumst við við með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Ég vil hins vegar taka fram að þær brtt. sem gerðar hafa verið og fyrir liggja frá meiri hlutanum eru almennt séð til bóta frá því frv. sem hæstv. menntmrh. lagði fram og geta menn vegið það og metið við athugun á þeim og samanburði við sjálft frv.

Lögin sem sett voru um námslán og námsstyrki árið 1982 hafa í aðalatriðum reynst vel. Þau breyttu aðstæðum námsmanna til hins betra og jöfnuðu aðstöðu til náms frá því sem áður var. Að lagagerðinni var þá unnið í samvinnu við námsmenn og að þróun og breytingum á útlánareglum lengst af síðan. Rétt hefði verið að endurskoða lögin nú með sama hætti og gera á þeim nokkrar breytingar að fenginni tíu ára reynslu, m.a. til að leita lausna á fjárhagsvanda Lánasjóðs ísl. námsmanna, vanda sem allir hafa fjallað um, sem rætt hafa þetta mál, og sjálfsagt er að brugðist sé við. En í stað þess að standa þannig að máli lagði hæstv. menntmrh. fram frv. sem samið var í þröngum hópi og án samráðs við námsmenn. Fyrst á lokastigi var fulltrúum námsmanna var veitt aðild að nefnd sem ganga skyldi frá tillögum um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Eftir tíu daga starf, aðeins tíu daga starf þessarar nefndar, í nóvember 1991 kom í ljós að ekkert tillit átti að taka til tillagna námsmanna til lausnar á fjárhagsvanda sjóðsins. Fulltrúar ráðherra í nefndinni lögðu fram fullbúið frv. og ekki var látið á það reyna hvort unnt væri að ná málamiðlun innan nefndar ráðuneytisins. Stjórnarandstöðuflokkarnir og fulltrúar þeirra voru í engu kallaðir til við undirbúning málsins þó að í menntmn. kæmu fram óskir um upplýsingar um stöðu undirbúnings sumarið 1991 og óskað hefði verið eftir að haft yrði samráð við námsmannahreyfingarnar við mótun tillagna. Við þessum óskum var ekki orðið og niðurstaðan varð það frv. ríkisstjórnarinnar sem menntmn. fékk til meðferðar 24. febr. sl.

Minni hluti menntmn. er þeirrar skoðunar að taka hefði átt á tímabundnum vanda Lánasjóðs íslenskra námsmanna með allt öðrum hætti en gert er með þessu frv. og þeim tillögum sem liggja fyrir frá meiri hlutanum. Tillögur fulltrúa námsmanna í stjórnskipuðu nefndinni í nóvember 1991 gáfu möguleika á að ná farsælli lausn í samvinnu við námsmannahreyfingarnar og varðveita um leið helstu kosti gildandi fyrirkomulags í stað þess að kollsteypa því. Minni hlutinn harmar að þessi leið var ekki valin.

Það er skoðun okkar í minni hlutanum, sem fulltrúar Framsfl., Alþb. og Kvennalista í menntmn. mynda, að varðveita beri í meginatriðum núverandi fyrirkomulag námsmannaaðstoðar þótt sníða megi af því nokkra agnúa, einfalda útlánareglur og nýta fjármagn Lánasjóðs íslenskra námsmanna betur en gert hefur verið. Áfram verður að gera námsmönnum kleift að afla sér menntunar óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Liður í lausn á fjárhagsvanda sjóðsins ætti að vera að ríkissjóður yfirtaki hluta af áhvílandi lánum eins og gert hefur verið í mörgum tilvikum vegna félagslegra jöfnunaraðgerða. Tímabundið hefði þurft að auka framlög ríkisins til sjóðsins, lengja áhvílandi lán og ná fram sparnaði með breytingu á útlánareglum hans með hliðsjón af því sem fulltrúar námsmanna hafa gert tillögur um.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur aðeins starfað um tíu ára skeið á núverandi grunni og er því ung stofnun. Það tekur óhjákvæmilega alllangan tíma að byggja sjóðinn þannig upp að eigin fé að hann geti án verulegs ríkisframlags staðið undir þeim kröfum um félagslegan jöfnuð í aðstöðu til náms sem gildandi lög gera ráð fyrir. Endurgreiðslur til sjóðsins skila sér hægt til baka og fjölgun lánþega hefur verið mikil undanfarinn áratug. Ráðstafanir til að treysta fjárhag sjóðsins þurfa að taka mið af þessum aðstæðum um leið og gætt er eðlilegs aðhalds.

Tillögur meiri hluta menntmn. gera m.a. ráð fyrir allt að 3% vöxtum á lán sjóðsins auk verðtryggingar, lántökugjöldum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar til að standa undir rekstri sjóðsins og eftirágreiðslum námslána. Endurgreiðslur verða stórlega hertar og eiga að hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja ára samkvæmt gildandi lögum. Þá eru þrengdar heimildir til að veita fjárhagsaðstoð öðrum en þeim sem nám stunda á háskólastigi og vald þar að lútandi lagt í hendur sjóðstjórnar. Felld eru niður öll ákvæði um námsstyrki og vísað á Vísindasjóð án þess að nokkuð liggi fyrir um breytingar á gildandi lögum um þann sjóð. Ítrekað var gengið eftir því í menntmn. að fá fram þó ekki væri nema hugmyndir á blaði frá hæstv. ráðherra um það hvernig standa ætti að breytingum á lögum um Vísindasjóð til þess að hann tæki við þessu hlutverki. Engin viðbrögð komu við þessu af hálfu fulltrúa meiri hlutans sem vafalaust hafa rætt málið við hæstv. ráðherra.

Ég mun fjalla um helstu þætti í tillögum ríkisstjórnarflokkanna eins og þær blasa við í frv. að mati fulltrúa minni hlutans og einnig um brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að ársvextir af lánum sjóðsins verði allt að 3% af höfuðstóli skuldar, eins og ég gat um áðan, ákveðnir af ríkisstjórn að fenginni tillögu menntmrh. Hér er á ferðinni grundvallarbreyting á kjörum viðskiptavina sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum hafa lán úr sjóðnum verið verðtryggð en vaxtalaus. Rökin fyrir því eru augljós. Miðað er við að námsmenn greiði jafnvirði þeirrar upphæðar til baka sem þeir fengu að láni en ekki leigugjald í formi vaxta. Með vaxtatökunni er lánveitandinn að gera kröfu um arð af því fjármagni sem hann lætur af hendi til lántaka líkt og um sé að ræða fjárfestingu í atvinnurekstri. Námslán eru hins vegar allt annars eðlis, ætluð til framfærslu námsmanna og um þau eiga að gilda aðrar forsendur en um lán til fjárfestinga.

Arðurinn af námsaðstoð kemur fram í þeirri mennt-

un og aukinni færni sem námsmenn afla sér og þjóðfélagið nýtur góðs af í störfum þeirra.

Stjórnarmeirihlutinn sem myndar meiri hluta í nefndinni hefur þó verið hrakinn á undanhald og gerir hann þá brtt. við frv. að í stað þess að binda vaxtatökuna við 3% er nú gert ráð fyrir breytilegum vöxtum, „aldrei hærri en 3%“ eins og það er orðað í brtt. meiri hlutans. Ríkisstjórnin hefur nýlega ákveðið að tillögu menntmrh. að miðað skuli við 1% vexti á námslán fyrst um sinn.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri grundvallarbreytingu, sem felst í tillögum ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar, að taka vexti af námslánum. Þessi tilhögun er ekki aðeins ranglát, heldur mun afrakstur hennar ekki skila sér nema að hluta í bættum hag sjóðsins því að á móti koma aukin afföll af lánum þeirra mörgu sem ná ekki að greiða lánin upp áður en þeir falla frá.

Stytting greiðslufrests og hertar endurgreiðslur eru einn þáttur sem við gagnrýnum mjög eindregið sem stöndum að þessu minnihlutaáliti. Í gildandi lögum um lánasjóðinn er kveðið á um að endurgreiðsla lána hefjist þremur árum eftir námslok, en samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir að stytta þann tíma í tvö ár. Með því er þrengt að lántakendum og kemur það sér ekki síst illa fyrir þá sem þurfa um sviptað leyti að taka á sig fjárskuldbindingar vegna húsnæðis.

Hliðstæð áhrif hafa stórhertar reglur um endurgreiðslur lána, ekki síst mikil hækkun fastrar ársgreiðslu sem leggst jafnt á alla óháð tekjum og bundin er lánskjaravísitölu. Fulltrúar námsmanna töldu sig, samkvæmt séráliti með frv. sem fylgir frv. ráðherra, geta fallist á 34 þús. kr. fasta ársgreiðslu, en tillögur meiri hlutans miða við 48 þús. kr. Afleiðingar af þessum auknu álögum geta orðið afdrifaríkar fyrir fjölmarga eins og m.a. kemur fram í þeim útreikningum sem menntmn. aflaði sér með aðstoð reiknimeistara frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Minni hlutinn leggur til að um endurgreiðslur verði gerð breyting á gildandi lögum með sama hætti og samstarfsnefnd námsmannahreyfingarinnar lagði til í séráliti. Talið er að sú breyting geti bætt stöðu sjóðsins um 400–500 millj. kr. á ári og að mestu komið í veg fyrir þau 10–15% afföll sem reikna má með af lánum samkvæmt reynslu að óbreyttum reglum.

Ég vek athygli á þessu sem jafnframt endurspeglar vilja námsmannahreyfinganna til þess að bregðast með raunsæjum hætti við þeim erfiðleikum sem lánasjóðurinn hefur átt í og taka á sig og þá viðskiptaaðila sjóðsins í framtíðinni auknar greiðslur af þessum sökum sem metnar hafa verið á allt að hálfan milljarð kr.

Talsmaður meiri hlutans ræddi um þátt húsnæðismálanna og áhrif þeirra á stöðu námsmanna að námi loknu og aðgengi að námslánum í því samhengi og endurgreiðslur námslána. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins var einn þeirra aðila sem fengu mál þetta til umsagnar af hálfu menntmn. og lagði hún mat á áhrif fyrirhugaðra breytinga samkvæmt frv. á íbúðarkaup námsmanna að námi loknu. Ályktanir sem stjórn Húsnæðisstofnunar stóð samhljóða að um þetta efni og sendar voru menntmn. eru það athyglisverðar að við tökum þær orðrétt upp í nefndaráliti okkar og ég leyfði mér, virðulegur forseti, að vitna til þess helsta úr þessu samhljóða mati stjórnar Húsnæðisstofnunar. Það er eftirfarandi:

„Möguleikar námsmanna til íbúðarkaupa á hinum almenna markaði að námi loknu minnka. Helstu áhrifin stafa af styttra afborgunarlausu tímabili eftir námslok og af hækkun á árlegu endurgreiðsluhlutfalli. Að jafnaði yrðu möguleikar námsmanna til íbúðarkaupa um 10–30% minni en þeir eru í dag.

Umsóknum um félagslegar íbúðir mun líklega fjölga. Tekjumörk í félagslega íbúðakerfinu eru um 160–170 þús. kr. á mán. fyrir 4ra manna fjölskyldu. Þó nokkur hluti námsmanna verður líklega innan þeirra tekjumarka að námi loknu.

Ásókn í almenna kaupleigukerfið mun líklega aukast. Biðlistar hjá húsnæðissamvinnufélögum, sbr. Búseta hf., munu líklega lengjast. Þetta stafar af því að fleiri munu væntanlega lenda yfir tekjumörkum í félagslega íbúðakerfinu án þess að geta lagt nauðsynlegt eigið fé til hliðar til kaupa á íbúðum á hinum almenna markaði.“

Þetta var tilvitnunin og eins og þessi umsögn stjórnar Húsnæðismálastofnunar ber með sér getur orðið um víðtækar og alvarlegar afleiðingar að ræða fyrir námsmenn vegna öflunar húsnæðis og auk þess um verulega röskun í húsnæðiskerfinu að ræða.

Það er að sjálfsögðu mjög háð tekjum manna að námi loknu og fjölskyldustærð, hvernig endurgreiðslu lána miðar til sjóðsins. Í útreikningum, sem gerðir voru á vegum menntmn. og miða við meðaltekjur samkvæmt könnun sem gerð var á árinu 1989 á meðaltekjum, kemur í ljós afar ójöfn staða þeirra sem skipta við sjóðinn eftir tekjustigi. Þetta birtist m.a. í fskj. sem fylgir áliti okkar í minni hlutanum og er birt þar til glöggvunar.

Fyrir einstætt foreldri með eitt barn á framfæri, sem tekið hefur lán upp á 2,2 millj. kr. á 3% vöxtum lítur dæmið þannig út að viðskiptafræðingur með meðaltekjur greiðir lánið upp við 42 ára aldur, hjúkrunarfræðingur á hins vegar ógreidda um 1,9 millj. kr. við starfslok, þ.e. 67 ára, og framhaldsskólakennari skuldar enn um 450 þús. kr. við sömu aldursmörk, þ.e. við starfslok eins og þau almennt gerast. Langtum verr stendur dæmið fyrir einstætt foreldri með tvö börn á framfæri. Þetta eru meðaltekjur eins og þær voru metnar fyrir þremur árum, en eins og menn þekkja hafa aðstæður verið að breytast á vinnumarkaði einnig hjá opinberum starfsmönnum og þrengir að þeim um tekjuöflunarmöguleika á ýmsan hátt. Við óskuðum eftir því að fá útreiknað hvernig þessi dæmi kæmu út ef miðað væri við taxtalaun. Að sjálfsögðu lítur dæmið þá enn verr út fyrir tekjulága hópa en ef gengið er út frá meðaltekjum eins og þær voru 1989. Þetta birtist að nokkru í fskj. þar sem tekið var smávegis sýnishorn af þessum útreikningum.

Ef tekið er dæmi af þeim fjölskylduaðstæðum sem ég nefndi áðan, þ.e. einstæðu foreldri með eitt barn og

lán sem ber 3% vexti, kemur í ljós að viðskiptafræðingur skuldar um 4 millj. kr. við 67 ára aldur og framhaldsskólakennari 4,3 millj kr. miðað við þá hóflegu lántöku sem þarna liggur til grundvallar.

Sé hins vegar um að ræða einstætt foreldri með tvö börn, svo tekið sé dæmi af lakasta endanum hvað snertir tekjur fólks og aðstæður, þá skuldar viðskiptafræðingur á taxtalaunum hvorki meira né minna en 7 millj kr. við starfslok og framhaldsskólakennari 7,3 millj. kr. og hefur höfuðstóllinn af lánum þessara aðila þá meira en tvöfaldast, þ.e. hækkað úr meira en 3,5 millj. í yfir 7 millj. kr. Þessir útreikningar sýna í rauninni út á hvaða grundvöll er verið að ganga.

Auðvitað geta menn deilt um það hvernig tekjur manna þróist í framtíðinni og hvað sé eðlilegt að miða við. En í rauninni er það ekki sæmilegt að mínu mati að verið sé að leggja lagagrunn að námslánakerfi sem gengur út frá því að menn þurfi að vinna langt umfram dagvinnu sér til framfæris, eins og er þó lagt til grundvallar í frv. hæstv. ráðherra. Þar eru einnig birtir útreikningar sem voru með þeim annmörkum gerðir að láðst hafði að framreikna tölurnar frá 1989 og var það reyndar eftir öðru í frv. frá hæstv. ráðherra. En þetta var afar sérkennilegt að því er snertir þau dæmi og þá töfluútreikninga sem fylgdu frv.

Samkvæmt frv. er lánstími námsláns ótilgreindur og engin ákvæði um að létta skuli greiðslur við starfslok eða fella þær niður, fyrr en lánþegi andast. Þeim lántakendum sem deyja frá ógreiddum skuldum við sjóðinn mun fyrirsjáanlega fjölga frá því sem nú er og afföll þar með aukast, en þau eru nú talin nema 10–15%. Það er því engan veginn víst að háir vextir og hertar endurgreiðslureglur skili því sem ætlað er til hagsbóta fyrir sjóðinn. Útreikningar voru að berast mér í hendur um það leyti sem ég gekk í ræðustólinn og ég hef ekki athugað hvernig það mat fellur út að því er snertir afföll sem Hagfræðistofnun Háskólans tók að sér að gera athugun á fyrir menntmn.

Ein lúalegasta breytingin, virðulegur forseti, sem innleiða á með frv. er ákvæði sem þannig er orðað: „Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.“ Þetta ákvæði er að finna í 6. gr. Í gildandi lögum á þetta aðeins við um fyrstu námsaðstoð. Afleiðing þessarar breytingar getur leitt af sér allt að 10% flata skerðingu á námslánum þar eð námsmenn þyrftu að brúa allt námstímabilið með fyrirgreiðslum frá almennum lánastofnunum. Fyrir fyrsta árs nema hefur kostnaður við slíka fjármögnun numið um 10% af lánsupphæð þegar allt er talið. Þetta samsvarar því að námsmenn séu að greiða bankavexti af lánum allan námstímann. Með þessu er að engu gerð sú fullyrðing aðstandenda frv., ég man ekki betur en hæstv. ráðherra hafi komið að við 1. umr. málsins, að námslán séu vaxtalaus á námstímanum.

Þessi breyting samsvarar því að allt fjármagn til námsaðstoðar fari fyrst í gegnum bankakerfið og síðan í gegnum lánasjóðinn. Fyrir hag sjóðsins hefur þetta lítla þýðingu, en þeim mun alvarlegri afleiðingar fyrir námsmenn. Því er með öllu óskiljanlegt að meiri hlutinn skuli ætla að knýja þessa skipan mála fram þrátt fyrir eindregnar aðvaranir og mótmæli sem m.a. birtust í fjölmörgum umsögnum sem bárust menntmn. um frv.

En hér er ekki allt talið, virðulegur forseti. Frv. gerir ráð fyrir því að lagt verði á lántökugjald sem meiri hlutinn reiknar með að geti numið 1,2%, ef marka má þær forsendur fyrir útreikningum sem finna má í töflum sem fylgdu útreikningum til menntmn. Þessu lántökugjaldi er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði við sjóðinn. Gjald þetta jafngildir í raun vaxtatöku og verður að teljast afar óeðlilegt til viðbótar við aðrar skerðingar sem gerðar yrðu á námslánakerfinu verði frv. lögfest.

Í gildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna er heimild til að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem þurfa að kosta sig fjarri eigin heimili. Styrkir þessir hafa aðallega verið greiddir út í formi ferðastyrkja sem verulega hefur munað um, ekki síst fyrir Íslendinga við nám erlendis.

Í grg. með frv. er tekið fram að ráðgert sé að Vísindasjóður verði efldur til að veita styrki til námsmanna í langskólanámi og til greiðslu skólagjalda. En eins og ég gat um fyrr, fengust hvorki upplýsingar frá menntmrh. við 1. umr. um frv. varðandi þetta né frá meirihlutafulltrúum í menntmn. um það hvernig fyrirhugað sé að breyta lögum um Vísindasjóð til að staðið verði við þessi fyrirheit. Ástæða er til að nefna hér atriði úr umsögn Vísindasjóðs til menntmn. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vísindaráð úthlutar styrkjum úr Vísindasjóði að undangengnu faglegu mati á vísindalegu gildi verkefna og hæfni umsækjenda til að stunda rannsóknir. Eðli starfsemi Vísindaráðs og LÍN er því ólíkt. Starfsmenn Vísindaráðs eru aðeins tveir. Við núverandi aðstæður er ráðið því engan veginn í stakk búið til að taka að sér þá vinnu sem felst í veitingu styrkja til stúdenta og eftirliti með framvindu námsárangurs.“

Eins og heyra má úr umsögn Vísindasjóðs telja þeir að verulegar breytingar þurfi að verða á aðstæðum sjóðsins til þess að hann geti farið að taka á sig nýja þætti eins og styrkveitingar, sem hæstv. menntmrh. var þó að láta að liggja að hann vildi láta sjóðinn sjá um. Kannski fæst eitthvað við 2. umr. málsins um það hvert hæstv. menntmrh. hyggst stefna í þessu efni. Auðvitað er það ekki sæmilegt að bera fram mál sem þetta án þess að jafnhliða sé flutt það frv. sem ráðherra segist hafa áhuga á að leggja fram á þinginu þannig að það geti fjallað um það jafnhliða þeim breytingum sem hér eru lagðar til á málefnum lánasjóðsins.

Samkvæmt frv. og brtt. meiri hlutans er fært aukið vald til stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að setja reglur um málefni sjóðsins og úthlutun námslána. Þetta kemur m.a. fram í 2., 3., 6., 13. og 16. gr. frv., bæði að því er snertir hið upphaflega frv. og brtt. meiri hlutans. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að fara beri gætilega í þessu efni og að nauðsynlegt sé að kveða í lögum á um skyldur sjóðsins um grundvallaratriði er lúta að jöfnun og námsaðstoð með tilliti til félagslegra aðstæðna. Brtt., sem fluttar eru af minni hlut-

anum við frv., taka mið af þessu, m.a. varðandi 1., 3. og 6. gr. þess.

Þá telur minni hlutinn ekki rétt að veita stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna heimild til að ákvarða lántökugjöld eins og kveðið er á um í frv.

Að mati minni hlutans fer það að öðru leyti eftir skipan stjórnarinnar hvað skynsamlegt geti verið að fela henni mikið svigrúm til ákvarðana um málefni sjóðsins og fjárhagsaðstoð við námsmenn. Ef í stjórninni eiga sæti fulltrúar helstu hagsmunasamtaka námsmanna er unnt að ætla stjórninni meira sjálfræði til að setja reglur um málefni sjóðsins. Með þetta í huga telur minni hlutinn rétt að Iðnnemasamband Íslands tilnefni einn stjórnarmann í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna til viðbótar þeim sem fyrir eru, en á móti komi fulltrúi til viðbótar, tilnefndur af menntmrh. sem velji hann úr hópi þeirra sem sæti eiga í samstarfsnefnd háskólastigsins. Með þessari skipan mála fást um leið betri tengsl en ella við háskóla hérlendis, þ.e. að einn fulltrúi sem sæti á í samstarfsnefnd háskólastigins verði tilnefndur af menntmrh.

Tillögu um þetta efni er að finna á þskj. 790 í brtt. frá minni hluta menntmn. þar sem sett er fram orðalag 4. gr. 1. mgr. þannig breytt. Þar kemur fram hvernig við sjáum fyrir okkur að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði skipuð og með þeirri tilhögun sem við leggjum til er ekki verið að raska því vægi sem eðlilegt er að haldið sé milli stjórnskipaðra fulltrúa af hálfu ráðherra sem valdir eru af ráðherrum menntamála og fjármála og hins vegar fulltrúa frá námsmannahreyfingunum. Okkar viðbót er aukatillaga að því leyti að Iðnnemasamband Íslands sem á mjög marga viðskiptaaðila við Lánasjóð íslenskra námsmanna, hartnær 1.400 talsins samkvæmt upplýsingum sem okkur voru veittar, á ekki málsvara með beinum hætti af hálfu annarra fulltrúa sem lögum samkvæmt eiga sæti í stjórn sjóðsins.

Frv. felur í sér mörg önnur atriði sem varða þó ekki jafnmiklu um námsaðstoð og fjárhag lánasjóðsins en geta samt skipt verulegu máli. Varðandi sum þessara atriða hefur verið komið til móts við gagnrýni okkar sem skipum minni hlutann með brtt. sem meiri hlutinn hefur flutt við frv., m.a. að því er snertir ábyrgðarmenn. Þar er ekki lengur kveðið á um að þeir skuli vera tveir eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. heldur er þeim möguleika haldið að nægjanlegt sé að hafa einn ábyrgðarmann eins og hefur verið til þessa. Þarna er stigið til baka til móts við þá gagnrýni sem komið hefur á þetta atriði.

Með frv. eru felld niður ákvæði í 3. gr. þess efnis að námsmenn skuli eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, það er í 3. gr. gildandi laga, og að lánasjóðurinn skuli standa sjóðnum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu.

Það að fella niður 3. gr. án þess að halda til haga þessum atriðum teljum við óskynsamlega breytingu og að halda beri núverandi fyrirkomulagi. Í því sambandi vísum við til umsagnar miðstjórnar Alþýðusambands Íslands sem barst menntmn. um þetta efni þar sem m.a. er bent á það öryggi sem aðild að lífeyrissjóðunum veitir umfram það sem tryggt er í gildandi tryggingalöggjöf. Aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda snertir einnig almenn lífeyrisréttindi námsmanna.

Með frv. er stjórn lánasjóðsins veitt heimild til að veita venjuleg skuldabréfalán með markaðsvöxtum, þau ákvæði er í 12. gr. Það hafa ekki komið fram neinar viðhlítandi skýringar á því hvers vegna gera eigi ráð fyrir slíkum viðskiptum á vegum sjóðsins eða hvernig ráðgert er að nota þessa heimild og væri fróðlegt að af hálfu meiri hlutans eða hæstv. ráðherra kæmu fram nánari skýringar á því hvers vegna nauðsynlegt er talið að hafa lagaheimild af þessu tagi.

Þá er þess að geta að fjárhagsgrundvöllur hagsmunasamtaka námsmanna er veiktur með breytingu skv. 16. gr. frv., þar sem félagsgjöld til hagsmunasamtaka námsmanna eru ekki dregin frá námsláni nema um það komi fram sérstök ósk í lánsumsókn.

Við teljum óeðlilegt að gera hagsmunasamtökum námsmanna erfiðara fyrir með breytingu af þeim toga sem gert er ráð fyrir af meiri hluti nefndarinnar og að halda beri skipan sem hefur verið ásteytingslaus af hálfu námsmanna, það við best vitum og sýnist ekki vera óeðlileg. Sérstaklega á þetta við varðandi námsmenn og viðskiptaaðila sjóðsins sem dveljast erlendis sem hafa í raun ekki beint samband við lánasjóðinn nema í gegnum umboðsmenn sína í langflestum tilvikum.

Eins og ég gat um, virðulegur forseti, flytjum við í minni hluta menntmn. brtt. til vara við okkar dagskrártillögu á þskj. 790. Þessar brtt. varða mörg grundvallaratriði sem ágreiningur er um í þessu máli auk nokkurra fleiri atriða sem við töldum rétt að fylgdu með þannig að um heildstæð málstök væri að ræða af okkar hálfu og menn sæju hvernig minni hlutinn vildi sjá fyrir sér lagasetningu um lánasjóðinn, ef ekki verður fallist á tillögu okkar að taka betri tíma til þess að vinna þetta mál sómasamlega og þá að höfðu samráði viðskiptaaðila, hreyfingar námsmanna.

Meginatriði í breytingartillögum okkar fela í sér eftirfarandi atriði:

1. Að ekki verði lagðir vextir á námslán.
2. Að árlegar endurgreiðslur af skuldabréfum verði hertar til að bæta greiðslustöðu lánasjóðsins.
3. Að lögboðin greiðsla námsaðstoðar verði með sama hætti og verið hefur.
4. Að endurgreiðslur hefjist þremur árum eftir námslok.
5. Að heimild til að innheimta lántökugjöld verði ekki lögfest.
6. Að fjölgað verði í stjórn lánasjóðsins þannig að Iðnnemasamband Íslands eigi þar fulltrúa og menntamálaráðherra skipi til viðbótar fulltrúa án tilnefningar úr samstarfsnefnd háskólastigsins.

Þetta eru þau meginatriði sem brtt. okkar fjalla um og ég vísa til þskj. 790 um þessi efni. Ég vil þó vekja sérstaka athygli, virðulegur forseti, á brtt. við 1. gr. frv. sem við gerum ráð fyrir að sé orðuð þannig:

„Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti til náms. Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum fjárhagsaðstoð til náms við

menntastofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru við háskóla og sérskóla hérlendis. Þó skal veita fjárhagsaðstoð til sérnáms í framhaldsskólum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð."

Þetta orðalag 1. gr. tekur í rauninni af öll tvímæli um hverjir það eru sem við teljum eiga aðgang að námslánum. Þó að gert sér ráð fyrir reglugerðarheimild að því er snertir fjárhagsaðstoð til sérnáms í framhaldsskólum, þá er þarna tekið inn með skýrari og öðrum hætti en gert er í brtt. meiri hluta nefndarinnar að markmið laganna sé að stuðla að jafnrétti til náms. Það er meginatriðið að sú stefna sé varðveitt, ekki bara í orði heldur og á borði.

Brtt. okkar gera, auk þessa sem ég gat um áðan, ráð fyrir að tekin verði af öll tvímæli um að veita skuli fjárhagsaðstoð til sérnáms í framhaldsskólum með svipuðum hætti og verið hefur. Þar er ekki verið að gera ráð fyrir rýmkuðum heimildum eða farið sé að veita námslán til almenns framhaldsskólanáms. Í þá átt beinast okkar tillögur ekki.

Í brtt. okkar er einnig gert ráð fyrir að tillit verði áfram tekið til framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða sem áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. En með því að fella niður ákvæði úr 3. gr. gildandi laga um þessi efni, er stöðu viðskiptavina sjóðsins teflt í tvísýnu varðandi þessi efni og það lagt í mat og verkahring sjóðstjórnarinnar að skera þar úr um ýmis efni. Þó að atriði í frv. hafi verið lagfærð nokkuð með þeim tillögum sem hafa komið fram af hálfu meiri hluta nefndarinnar, t.d. atriði eins og að tekið skuli tillit til búsetu, er þar engan veginn kveðið nógu skýrt á um.

Þá flytjum við brtt. um að námsmenn eigi áfram kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, vegna almennrar stöðu og tryggingа sem tryggingakerfið gefur kost á og þeirra tengsla sem enn eru við lýði varðandi húsnæðismál og lífeyrisréttindi þannig að við teljum eðlilegt að námsmenn eigi áfram kost á þessari aðild. Einnig gerum við ráð fyrir því að ekki verði breyting á innheimtu félagsgjalda eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Við í minni hluta nefndarinnar erum þeirrar skoðunar að með þeim brtt. sem við flytjum við þetta frv. sé brugðist við þeim fjárhagsvanda sem Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur staðið fyrir jafnhliða því sem sameiginlegur sjóður landsmanna greiðir til þessa sjóðs á næstu árum til þess að unnt sé að standa við þau markmið um jafnrétti til náms sem gera verður sem ófrávíkjanlega kröfu og sem er grundvallaratriði í þessu máli.

Ekki er hægt að fara yfir þessi efni út frá því sjónarmiði að hér sé um að ræða fjárhagsdæmi sem verði að vera undir því komið að ekki þurfi að koma til frekari fjárveitingar úr sameiginlegum sjóði eins og gert er til ýmissa annarra þátta í okkar menntakerfi. Við stöndum þar straum af mörgum þáttum og ekki er ágreiningsefni þó að viðleitni sé til að þrengja þar að á mörgum sviðum og hví skyldi annað gilda þegar varðar möguleikann til þess að stunda nám óháð efnahag. Það hefur líka komið fram og liggur m.a. fyrir í greinargerð sem gerð var í fyrra, í apríl 1991, af hálfu Ríkisendurskoðunar að þrátt fyrir það að reikna megi með að horfurnar varðandi stöðu sjóðsins séu ekki allt of góðar að óbreyttu er langt frá því að sjóðurinn sé á horriminni. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til þess sem er að finna í fskj. I sem eru niðurstöður úr greinargerð Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu lánasjóðsins. Þar segir m.a. undir millifyrirsögn frá Ríkisendurskoðun:

„Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu.

Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990" segir þar orðrétt „gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót [þ.e. áramótin 1990–1991]. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarkröfu verður útkoman 3 milljarðar kr."

Þetta er orðrétt tilvitnun í greinargerð Ríkisendurskoðunar frá því í fyrra sem birt er sem fskj. með nál. okkar.

Ég vek athygli á því að fyrir utan upplýsingar um greiðslustöðu viðskiptaaðila sjóðsins miðað við mismunandi forsendur varðandi vexti og tekjur er í fskj. IV að finna útreikninga á athugun Hagfræðistofnunar Háskólans á vöxtum og þróun eigin fjár sjóðsins miðað við mismunandi forsendur um vexti, bæði gildandi kerfi og miðað við þau ríkisframlög sem þar er gert ráð fyrir samkvæmt töflum sem birtar eru í fskj. á bls. 12. Þar sjá menn hvaða ríkisframlög það eru sem gert er ráð fyrir í þessum útreikningum varðandi eiginfjárstöðuna en þar kemur fram, miðað við þær forsendur sem nauðsynlegt er að hafa í huga, að eiginfjárstaðan í lok þess tímabils, árið 2036, er nokkru betri miðað við gildandi kerfi og þau framlög af hálfu ríkisins sem þar er gert ráð fyrir og miðað við breytt kerfi samkvæmt tillögum meiri hlutans og mismunandi vexti sem liggja fyrir. Þetta er að finna í töflu á bls. 22 í nál. okkar.

Virðulegur forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir tillögum minni hluta menntmn. varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég vil að lokum ítreka að það mál sem við erum að fjalla um hefur gífurlega mikla þýðingu fyrir fjölda fólks í framtíðinni, aðstandendur námsmanna, námsmenn sjálfa en einnig fyrir íslenskt þjóðfélag og þróun þess. Það væri að mínu mati hrikaleg skammsýni að fara að lögfesta þær tillögur sem hér liggja fyrir af hálfu meiri hlutans. Það væri viðbótarskref við marga tilburði sem uppi eru af hálfu núv. ríkisstjórnar til að þrengja að menntakerfinu í landinu. Og það er áreiðanlega ekki það sem við þurfum á að halda á Íslandi á næstu árum og áratugum að þannig sé staðið að málum á tímum þar sem það þó er almennt viðurkennt að fátt er vænlegra fyrir þjóðir til ávinnings, og þá á ég ekki eingöngu við um fjárhagslegan ávinning heldur einnig lífsgæði í víðum

skilningi, en að búa sem best að menntun og tryggja að þegnarnir hafi þar jafna aðstöðu.

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að í nál. minni hluta menntmn. er ekki greint skýrt á milli frv. eins og það liggur fyrir og brtt. meiri hluta menntmn.

Látið er að því liggja á ýmsan hátt að greinar sem meiri hlutinn hefur ekki hreyft við séu til komnar við brtt. hans. Ég nefni sem dæmi á bls. 2: „Tillögur meiri hluta menntmn. gera m.a. ráð fyrir allt að 3% vöxtum á lán sjóðsins auk verðtryggingar, lántökugjöldum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar til að standa undir rekstri sjóðsins ...“ Þetta atriði um lántökugjöld hefur meiri hluti menntmn. ekki hreyft neitt við. „Endurgreiðslur verða stórlega hertar og eiga að hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja ára samkvæmt gildandi lögum.“ Við gerum þær breytingar við frv. að endurgreiðslufresturinn verði tvö ár í stað eins sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vildi vekja athygli á þessu því að mér finnst gæta þarna ákveðinnar ónákvæmni.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað góður réttur hv. formanns menntmn. að túlka sín viðhorf til nál. okkar og hvernig hún skilur hlutverk meiri hluta nefndarinnar og aðstöðu til þessa máls. En við höfum leyft okkur að að túlka það sem svo að þau ákvæði sem meiri hlutinn ekki hróflar við í því frv., sem vísað var til nefndarinnar, séu um leið ákvæði sem meiri hlutinn ætlar að standa við og eru um leið tillögur hans. (**SAÞ**: Ekki brtt.) Það eru ekki brtt. en það eru um leið tillögur, það er um leið málafylgja af hálfu meiri hluta menntmn. Það væri að æra óstöðugan ef menn ættu að fara að skilja þar á milli hvað sé svona hugarfóstur með höfundarrétti hæstvirts ráðherra eða hæstvirtra ráðherra í stjórnarfrv. og hins vegar þess meiri hluta sem styður ríkisstjórnina þegar um er að ræða að nefndir skiptast upp með þeim hætti. Það er hins vegar velkomið að gera kannski einhverja fræðilega úttekt á þessu atriði ef hv. formaður nefndarinnar telur það til bóta. Ég tel mig hafa dregið það fram hér og við í okkar nál. að sumt af því sem þokaðist í rétta átt í starfi nefndarinnar kemur fram í brtt. sem liggja fyrir skilmerkilega á þskj. sem brtt. meiri hlutans þannig að tiltölulega auðvelt ætti að vera að átta sig á því hvaða breytingar þar er verið að leggja til.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. menntmn. Alþingis fyrir vel unnin störf. Það hefur vissulega dregist of lengi að þetta mikilvæga mál kæmi til 2. umr. og hlyti lokaafgreiðslu á Alþingi. En þar er ekki við hv. menntmn. að sakast. Það varð ýmislegt til þess að það dróst úr hömlu að frv. væri lagt fram í haust og svo dróst einnig úr hömlu að fá það tekið fyrir í þinginu eftir áramót. Með þessu er ég ekki að deila á hv. menntmn. en legg áherslu á að málið hljóti sem fyrst lokaafgreiðslu á hv. Alþingi.

Það eru nokkur atriði sem ég vil við 2. umr. gera að umtalsefni og einkum tillögur hv. minni hluta menntmn. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var hér að mæla fyrir og þá fyrst aðaltillaga minni hlutans til rökstuddrar dagskrár.

Þar eru tekin fram þrjú atriði til rökstuðnings þessari tillögu minni hlutans. Í fyrsta lagi að gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna hafi í aðalatriðum reynst vel. Ástæðan fyrir því að farið var út í að semja frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna og leggja fram á Alþingi er sú sem margsinnis hefur komið fram að lánasjóðurinn stefndi í þrot að óbreyttum lögum. Þetta hefur margsinnis verið rætt við fyrri tækifæri, við 1. umr. málsins og raunar við fleiri tækifæri hér í þinginu, að gjaldþrot blasti í raun og veru við sjóðnum ef ekkert væri að gert.

Þegar gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru samþykkt á Alþingi gáfu menn sér ýmsar forsendur sem ekki hafa staðist. Námsmönnum hefur fjölgað mikið umfram það sem gert var ráð fyrir. Endurheimtur lána hafa heldur ekki orðið eins góðar eins og gert var ráð fyrir. Einnig hafa sumir, sem farið hafa með pólitíska valdið í málefnum lánasjóðsins, víkkað út lánareglur sjóðsins án tillits til fjárveitinga hverju sinni. — Herra forseti, væri ekki hægt að loka hér á milli? Mér finnst svo óþægilegt að tala þegar annar fundur er hér við hliðina á mér.

Það þarf ekki að líta lengra til baka en til síðasta árs. Á fjárlögum þess árs voru liðlega 1.700 millj. kr. ætlaðar til lánasjóðsins en svo fór að í raun hefði þurft að bæta við 1 milljarði kr. við það sem ætlað var á fjárlögum ársins 1991 vegna þess að námslán höfðu verið hækkuð þrátt fyrir að fjárlög gerðu ráð fyrir skertum framlögum til sjóðsins. Með ákveðnum aðgerðum var hins vegar dregið úr þessari fjárþörf um 300 millj. kr. en bætt við 700 millj. eftir að núv. ríkisstjórn tók við, eins og menn muna frá því að fjáraukalög voru afgreidd á sl. hausti.

Ég hef áður tekið það fram að það hafi raunverulega litlu skipt hvaða flokkar hafa farið með stjórn í þessu landi, fjárveitingavaldið hefur sýnt að það er tilbúið að leggja fram u.þ.b. 2 milljarða á ári í námslánakerfið, ekki meira en það nema þá núna á síðasta ári. Kerfið hefur hins vegar þanist út og afleiðingin er sú að sjóðurinn hefur þurft að fjármagna sig í vaxandi mæli með lántökum. Og nú var sem sagt var svo komið að þrot blasti við. Það er þess vegna rangt að halda því fram í þessum rökstuðningi með till. til rökst. dagskrár að gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna hafi í aðalatriðum reynst vel. Með hliðsjón af þessum veruleika, sem ég hef hér rakið og þeim tíma sem þau hafa gilt, þá hafa þau í aðalatriðum brugðist.

Í öðru lagi er það fært fram sem rök með till. til rökst. dagskrár „— þar sem ríkisstjórnin gengur með fyrirliggjandi tillögum gegn markmiðinu um jafnrétti til náms“. Markmiðið með því frv. sem við erum að ræða er að tryggja hag Lánasjóð ísl. námsmanna svo hann megi áfram gegna því hlutverki sínu að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag námsmanna. Það er nefni-

lega svo að ef lánasjóðurinn verður gjaldþrota þá þjónar hann engum. Og ef það gerist þá verða það einungis þeir sem eiga sterka að sem geta stundað nám.

Í fyrirliggjandi frv. og í brtt. meiri hluta menntmn. er þess gætt að áfram verði tryggt jafnrétti til náms hér á landi. Það er tekið tillit til fjölskyldustærðar námsmanns við ákvörðun námslána, tillit sem nægir til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði. Sjóðstjórn er heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða sem áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Það má veita undanþágu frá endurgreiðslum ef skyndilegar eða verulegar breytingar verða á högum námsmanns. Vextir af námslánum eru mun lægri en gerist í bankakerfinu og því í raun niðurgreiddir af skattgreiðendum. Sjóðstjórn er heimilt að veita námsmönnum aukalán með kjörum almennra námslána ef sérstaklega stendur á. Það er tryggt að námsmenn munu ekki þurfa að greiða samtímis af námslánum teknum í tveimur kerfum og þannig komið í veg fyrir að þeir þurfi að bera aukna greiðslubyrði sem annars yrði. Endurgreiðslur eru tekjutengdar þannig að námsmenn munu aldrei greiða meira en 5% af útsvarsstofni fyrstu 5% árin og 7% eftir það. Það sem gengur gegn markmiðinu um jafnrétti til náms er að reyna að koma í veg fyrir samþykkt þessa frv. sem hér liggur fyrir. Ef þetta frv. fæst ekki samþykkt þá verður nauðsynlegt að skerða grunnlánin, hjá því verður einfaldlega ekki komist. Og ég geri ráð fyrir að sú skerðing gæti numið allt að 30%, jafnvel meira til þess að mögulegt sé að halda sjóðnum innan ramma fjárlaga og lánsfjárlaga. Ég býst við að ef svo færi þá þyrftu margir að hrökklast frá námi og lítið stæði þá eftir af markmiðinu um jafnrétti til náms.

Sem sagt, ef þetta frv. verður ekki samþykkt, sem það yrði ekki ef till. til rökst. dagskrár frá minni hluta hv. menntmn. yrði samþykkt, yrði að skerða námslánin strax, hjá því yrði ekki komist. Og það verður þá á ábyrgð þeirra sem koma í veg fyrir samþykkt frv. eða samþykkja þessa till. til rökst. dagskrár.

Þriðja atriðið sem nefnt er með þessum rökstuðningi er þetta: „— þar sem með grófum hætti er ráðist gegn hagsmunum námsmanna og hafnað samráði við námsmannahreyfinguna".

Ég hef gert grein fyrir því að þetta frv. er lagt fram til að tryggja hag Lánasjóð ísl. námsmanna og gera sjóðnum þannig kleift að tryggja jafnrétti til náms. Það er þess vegna gróf misvísun að halda því fram að ráðist sé gegn hagsmunum námsmanna með frv. Með frv. er stefnt að því að tryggja til frambúðar hag þeirra sem þurfa á námslánum að halda. Því er einnig haldið fram að hafnað hafi verið samráði við námsmannahreyfinguna. Þetta er rangt. Námsmenn fengu tvo fulltrúa í þá nefnd sem gekk frá frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna en áður höfðu þeir fengið nokkrar vikur til að kynna sér tillögur um leiðir til úrbóta í málefnum lánasjóðsins og koma á framfæri athugasemdum og eigin tillögum. Í frv. sem lagt var fram hafði verið tekið tillit til ýmissa meginþátta í tillögum og athugasemdum námsmanna og í brtt. meiri hluta nefndarinnar er gengið enn lengra heldur en gert var með frv. sjálfu í að taka tillit til athugasemda námsmanna. Í stað þess að námslán verði endurgreidd sem jafngreiðslulán án tillits til tekna skuldara er farin sú leið að hafa endurgreiðslur tekjutengdar og það var eitt af því sem námsmenn óskuðu einmitt eftir. Brtt. meiri hluta menntmn. ganga enn lengra til móts við sjónarmið námsmanna í þessu efni. Það hefur verið tekið tillit til þeirra óska námsmanna að í stað tveggja ábyrgðarmanna er nú aðeins krafist eins. Þau sjónarmið komu líka mjög skýrt fram í 1. umr. málsins og það hefur verið tekið tillit til þessa.

Mikið félagslegt tillit er í því frv. sem hérna er til umfjöllunar. Ég bendi þar sérstaklega á 3., 8. og 12. gr. frv. Og það hefur verið tekið tillit til þeirra óska námsmanna og raunar ýmissa hv. alþm. að fella brott ákvæðið um svokallaða 20 ára reglu. Það hefur verið tekið tillit til athugasemda námsmanna varðandi 18. gr. frv. og nú er lagt til að með henni verði tryggt að námsmenn greiði aðeins af námslánum teknum í einu kerfi hverju sinni, þ.e. að fyrst verði greitt samkvæmt hinu nýja kerfi sem hér er ráðgert að taka upp og síðan af lánum sem tekin hafa verið samkvæmt núgildandi kerfi. Af þessu sem ég hef sagt má ljóst vera að það hefur verið tekið tillit til ýmissa sjónarmiða námsmanna, ekki allra, bæði við samningu frv. og við umfjöllun þess í hv. menntmn., þannig að mér sýnist fráleitt að halda því fram að samráði við námsmannahreyfinguna hafi verið alfarið hafnað, eins og haldið er fram í rökstuðningi með þessari dagskrártillögu.

Ég vildi nefna þetta sérstaklega vegna þessarar mjög svo undarlegu till. til rökst. dagskrár. Flm. tillögunnar, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í hv. menntmn., skulda okkur skýringar á því hvernig þeir ætla að tryggja jafnrétti til náms ef þessi tillaga þeirra verður samþykkt. Það þurfa þeir að útskýra og þá þýðir ekki að segja að bæta skuli við fjárframlag Alþingis einn eða tvo milljarða eða hvað það nú er sem kann að þurfa miðað við óbreytt lög. Það hefur Alþingi aldrei samþykkt og það er ekkert sem bendir til að sú breyting hafi orðið á að það muni gera svo nú. Því þurfum við að fá nánari skýringar á því hvernig á að bregðast við vanda lánasjóðsins ef þessi till. til rökst. dagskrár skyldi verða samþykkt. En þetta er sem sagt aðaltillaga hv. fulltrúa í minni hluta menntmn.

Til vara flytur minni hlutinn allmargar brtt. við frv. Þær eru í níu liðum. Ég vil aðeins nefna hér nokkrar þeirra.

Í fyrsta lagi er lagt til nýtt orðalag á 1. gr. frv. Þar er talað um í brtt. minni hluta „námsaðstoð" en ekki námslán. En í frv. er fjallað um námslán og mér þykir rétt að halda því orði en ekki námsaðstoð. Brtt. meiri hluta menntmn. taka til þess að námsmenn hafi tækifæri til náms án tillits til efnahags og einnig er fallið frá 20 ára reglunni í tillögum meiri hlutans eins og ég greindi frá áðan og hv. formaður nefndarinnar gerði líka grein fyrir í framsögu sinni með meirihlutaálitinu. Stjórn sjóðsins er falið að setja nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað. Ég tel eðlilegt að stjórn sjóðsins setji reglur um slíkt en að ekki sé kveðið sérstaklega á um það í lögum að ráðherra ákveði slíkt með reglugerð og minni á að þótt sjóðstjórn sé með

frv. þessu falin ýmis ákvarðanataka, sem hingað til hefur verið í höndum ráðherra, þá hefur ráðherra að sjálfsögðu reglugerðarvaldið eins og kveðið er á um í 16. gr. frv. Ég tel þess vegna ástæðulaust að samþykkja þessa brtt.

Þá er gerð tillaga um breytta 3. gr. frv. sem meiri hluti nefndarinnar gerir raunar lítillegar brtt. við líka en þarna er alveg nýtt orðalag. Í till. minni hlutans eru talin upp öll þau atriði sem tekið skuli tillit til við ákvörðun upphæðar námslána. Slíkt sýnist mér vera óþarfi. Í tillögum meiri hlutans er lagt til að sjóðstjórn sé skylduð til að taka tillit til fjölskyldustærðar námsmanns og henni heimilað að taka tillit til búsetu.

Í athugasemdum við 3. gr. sem fylgir frv. er tekið fram að þótt horfið sé frá upptalningu á þeim þáttum sem tekið skuli tillit til sé ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á útlánum sjóðsins vegna þess. Þess vegna er þessi brtt. óþörf.

Líka er lagt til í 2. brtt. minni hlutans við 3. gr. að ráðherra sé skyldaður til að skipa nefnd þriggja manna til að fjalla um breytingar á reiknuðum framfærslugrunni ef ósk kemur fram um slíkt. Hlutverk fjárveitingavaldsins og stjórnar sjóðsins innan ramma laganna er að ákveða upphæð námslána. Ég sé ekki að það sé til bóta að koma á enn einni nefndinni með aðild hagsmunaaðila og oddamanns. (Gripið fram í.) Já, við erum að breyta þeim.

Mér sýnist líka nokkuð einkennilegt að minni hluti menntmn. skuli leggja til að þeir sem rétt eiga á námsláni skuli eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Um þetta eru höfð nokkuð mörg orð í nál. minni hlutans á bls. 6. Það ákvæði í gildandi lögum er til komið vegna húsnæðiskerfis sem hefur verið lagt niður og námsmenn hafa sjálfir lýst yfir að litlu skipti hvort ákvæði af þessu tagi sé úti eða inni. Það er ástæðan fyrir því að þetta er lagt til í frv. að þetta kerfi, húsnæðiskerfi sem byggt var á, er ekki lengur til.

Þriðja brtt. frá hv. minni hluta nefndarinnar er við 4. gr. Þar er lagt til að fjölgað sé í stjórn LÍN úr sex í átta og tilgangurinn sá að Iðnnemasamband Íslands fái þar fulltrúa en það hefur ekki sérstakan fulltrúa nú. Þannig hefur verið litið á að Bandalag ísl. sérskólanema fari með mál sérskólanemenda í stjórn LÍN, þar með talið iðnnema og þess vegna sýnist ónauðsynlegt að fjölga í stjórn sjóðsins til þess að iðnnemar fái þar sérstakan fulltrúa. Þess vegna leggst ég gegn þessari tillögu.

Þá er næst hér 4. brtt. sem er við 6. gr. Hér er lögð til sú breyting frá frv. að í stað þess að námsmaður skuli ávallt skila vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur þá skuli sú krafa einungis gerð á fyrsta missiri eins og er nú. Þetta var rætt allmikið við 1. umr. málsins og ég lýsti því þá hvers vegna þessi krafa um skólasókn og námsárangur er gerð. Þetta ákvæði auðveldar að sjálfsögðu alla áætlanagerð sjóðsins og kemur í veg fyrir að greidd séu lán til þeirra sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru. Ég nefndi sem dæmi við 1. umr. að á síðasta ári voru ofgreidd lán vegna þessa yfir 50 millj. kr. og þarna þekkjast mjög háar upphæðir sem hafa verið greiddar án þess að námsárangri hafi verið skilað. Ef ég man rétt þá þekkjast upphæðir allt að 800 þús. kr. sem sjóðurinn er síðan að baksa við að innheimta og gengur ekki alltaf vel. Auðvitað er ekkert vit í því að vera með svona ákvæði inni í lögum sem gefa mönnum kost á slíku sem þessu sem verður að kalla misnotkun. Það verður að kalla þetta misnotkun og verið er að koma í veg fyrir það með þessu ákvæði.

Það verður að hafa í huga þegar fjallað er um námslán að þau eru og verða með allra hagstæðustu lánum sem völ er á í þjóðfélaginu, niðurgreidd af skattgreiðendum og ætluð til þess að tryggja jafnrétti til náms án tillits til efnahags. Þetta ákvæði er til þess ætlað að tryggja að þeir, sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru, njóti lánanna en ekki aðrir. Að þetta séu sem sagt námslán og standi undir því nafni.

Minni hlutinn leggur einnig til að brott falli úr 4. mgr. 6. gr. orðin „ásamt vöxtum". Um þetta þarf ég svo sem ekki að fjölyrða, við höfum rætt vextina svo oft og ég segi aðeins þá skoðun mína að eðlilegt sé að á námslánum séu hóflegir vextir og hér er nú ekki lagt annað til.

Gerð er tillaga um að ákvæði sem heimilar sjóðstjórn að innheimta lántökugjöld af innheimtum lánum falli brott. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við erum að fjalla um lán. Kostnaður fellur til vegna þessara lánveitinga og þess vegna er eðlilegt að heimilt sé að innheimta lántökugjöld. Hérna er miðað við hóflega lántökugjöld og í athugasemdum við 6. gr. með frv. kemur fram að reiknað er með að lántökugjald verði 1,2% sem er lægra en gengur og gerist í bönkum. Ég vek hins vegar athygli á að þessi upphæð, 1,2%, er ekki lögbundin. Einungis er um það að ræða að lánasjóðurinn fái inn fyrir þeim kostnaði sem verður við að veita lánin.

Fimmta brtt. varðar ákvæði 7. gr. Í frv. er gert ráð fyrir að endurgreiðslur hefjist einu ári eftir námslok. Meiri hluti menntmn. hefur lagt til að endurgreiðslur hefjist tveimur árum eftir námslok og ég tel það sanngjarnt og fellst á þá brtt. meiri hlutans. Ég get hins vegar ekki fallist á að þetta verði óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. þrjú ár. Lagt er til í tillögum minni hlutans að ári eftir námslok sé námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar hans. Þetta er ónauðsynlegt þar sem sjóðurinn sendir öllum skuldurum yfirlit yfir skuldir þeirra um hver áramót og ekki er ráðgert að breyta því.

Mér sýnist einnig einkennilegt og í raun og veru ótrúlegt að minni hluti menntmn. skuli leggja til að endurgreiðslur skuli fara fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma sem námsmaður undirritaði einstök skuldabréf. Hérna hlýtur að vera um einhver mistök að ræða hjá þeim sem tillöguna flytja því ég sé ekki betur en þetta geti falið í sér aukna greiðslubyrði skuldara miðað við það sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá er lagt til að ábyrgð ábyrgðarmanns geti fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi. Þessi brtt. sýnist mér líka vera ónauðsynleg þar sem í 6. gr. frv. er kveðið á um að ábyrgð ábyrgðarmanna geti fallið nið-

ur enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi. Á þessum stað er því ekki þörf fyrir þessa breytingu.

Þá er alveg nýtt orðalag á 8. gr. Þar leggur minni hlutinn til að farið verði að tillögum samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna um endurgreiðslur. Þær tillögur hafa verið athugaðar mjög ítarlega og í ljós hefur komið að þær duga ekki til þess að tryggja grundvöll sjóðsins til framtíðar og þess vegna er ekki hægt að samþykkja þær.

Meiri hlutinn hefur lagt til breytingar á þessari sömu grein sem sýnt er að eru innan þess ramma að markmið frv. náist fram og þess vegna er ég samþykkur tillögum meiri hlutans en ekki minni hlutans.

Þá er hér gerð tillaga um nýtt orðalag á 9. gr. Þar sýnist vera um tæknilegar breytingar á 9. gr. frv. að ræða auk þess sem orðið „vextir" er fellt út. Mér sýnist að fyrir utan þann þátt að leggja til að orðið „vextir" falli út, sem ég get auðvitað ekki fallist á, að þá séu þetta óþarfa breytingar og séu fremur fallnar til þess að flækja útreikninga endurgreiðslna en einfalda þá.

Þá er hér um 15. gr. Þar er lagt til að orðin „og með lántökugjöldum" falli brott og er það í samræmi við það sem minni hlutinn hefur annars staðar lagt til. Líka er tæknileg breyting á greininni vegna þessarar andstöðu minni hlutans við lántökugjöld. Athygli vekur að ekki er lagt til að orðin „og vextir" í 1. mgr. falli brott en það eru kannski mistök og ég tók ekki eftir því hvort það hefur verið leiðrétt en ég geri ráð fyrir að það hafi einnig verið ætlun minni hlutans í samræmi við skoðanir hans á vöxtunum.

Þá er síðasta brtt. sem er við 16. gr. Þar er lagt til að sjóðstjórn sé heimilt að draga félagsgjald af hagsmunasamtökum námsmanna frá láni nema námsmaður óski sérstaklega eftir því að svo sé ekki gert. Hérna er lagt til að farið sé alveg öfugt við það sem lagt er til í frv. Að minni hyggju er eðlilegra að félagsgjald af þessu tagi sé dregið af láni ef námsmaður óskar eftir því eins og lagt er til í frv. en ég veit að um þetta erum við ekki sammála.

Herra forseti. Hv. formaður menntmn. hefur gert grein fyrir brtt. meiri hlutans og ég vil ekki eyða tíma í að fara sérstaklega yfir þær. Ítarleg grein hefur verið gerð fyrir þeim og ég fellst að sjálfsögðu á þær brtt. allar.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. Ég ítreka þakkir til hv. menntmn. fyrir það starf sem hefur verið unnið í nefndinni. Mér er alveg ljóst að ágreiningur er um grundvallaratriði varðandi þetta mál en það breytir ekki þeirri staðreynd að þetta mál verður að fá afgreiðslu og það sem allra fyrst. Ég treysti því að um það sé skilningur meðal þingmanna þótt ágreiningur sé um ýmis efni frv.

Ég mæli með því, herra forseti, að tillögur meiri hluta nefndarinnar verði samþykktar en tillögur minni hlutans felldar.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. að um þetta mál er grundvallarágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er mjög margt sem fram kom í máli ráðherrans sem vert væri að gera að umræðuefni, en andsvar leyfir það ekki og ég mun svara því í ræðu minni þegar þar að kemur. En það var fyrst og fremst eitt atriði í ræðu hæstv. menntmrh. sem mig langar til að gera að umræðuefni. Því er mjög hampað af fulltrúum meiri hlutans á Alþingi að frv., eins og það lítur út ásamt brtt., tryggi áfram jafnrétti til náms, en í ræðu hæstv. menntmrh. kom fram að yrði þetta frv. fellt þá yrði að skerða námslán þegar í stað. Því hlýt ég að spyrja hvað það er sem skilar sér í þessum tillögum þegar í stað til sjóðsins sem dugir til að rétta þá slæmu stöðu sem ráðherrann heldur fram að sé til staðar. Að vísu er það ljóst að 800–1000 millj. verður velt yfir á næsta ár, en staðreyndin er sú að þó þessar tillögur verði samþykktar fer staða sjóðsins ekki að batna fyrr en eftir þó nokkur ár. Ég hlýt að spyrja hvers vegna þarf að skerða lánin ef frv. verður fellt. Er ekki staðreyndin sú, hæstv. menntmrh., að þær tillögur sem á að fara að samþykkja munu þýða það að fjöldi námsmanna mun hverfa frá því að taka lán? Liggur ekki maðkurinn þar í mysunni? Þetta þýðir að fjöldi námsmanna mun verða að hætta við að taka lán vegna þess að fólk sér ekki fram á að geta greitt þau. Mér finnst að fullyrðing hæstv. menntmrh. um það að verði frv. fellt hér þá verði að skerða námslánin þegar í stað, kalli á skýringar frá hæstv. ráðherra.

Hvað varðar önnur atriði þá verð ég að geyma mér það að svara þeim þar til í ræðu minni.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði að hluta til sjálf spurningunni sem hún beindi til mín, en ég nefni tvennt. Það er breytt fjármögnun sem hér er möguleg við þessa nýju löggjöf. Ég nefni möguleika á auknum tekjum vegna þess að teknir eru upp vextir og lántökugjöld og síðan hljóta að koma til ýmsar breytingar á úthlutunarreglunum sem stjórn sjóðsins fær heimild til að gera en hafa ekki verið samþykktar af eðlilegum ástæðum enn þá vegna þess að stjórnin getur auðvitað ekki gengið til þess verks meðan hún veit ekki hverjar heimildir hún fær til þess.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vextir og lántökugjöld munu ekki skila sér inn í sjóðinn fyrr en eftir þó nokkur ár, það má vera ljóst. En hvað varðar breyttar úthlutunarreglur vitum við að sjálfsögðu ekkert um það hér hvaða stefna verður þar tekin upp og að sjálfsögðu er eðlilegt að samdar verði nýjar reglur með breyttum lögum. En það er þá ljóst og fram komið sem ég var að fiska eftir að það er auðvitað ætlunin með þessum breytingum að draga verulega úr lánveitingum sjóðsins, það er auðvitað tilgangurinn. Og hvað er þá orðið um jafnrétti til náms?

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna ræðu hæstv.

menntmrh. hér áðan. Greinilegt er að hann talar ekki sama tungumál og við í minni hlutanum í sambandi við námsmenn yfirleitt og Lánasjóð ísl. námsmanna. Mér dettur ekki í hug að neita því að brtt. sem lagðar eru fram af meiri hluta menntmn. eru mjög til bóta og þær ganga í sumum tilfellum það langt að þær eru ásættanlegar, en það sem er alvarlegast og gerir það að verkum að við getum ekki talað um jafnrétti til náms, verði þetta frv. að lögum, eru eftirágreiðslur lánanna. Það er ekki hægt að tala um þessi lán eins og hver önnur fjárfestingarlán. Mér finnst alltaf brydda á því í máli hæstv. ráðherra að þetta séu bestu lán sem þekkjast á markaðnum. Að sjálfsögðu. Þetta eru ekki fjárfestingarlán heldur lán til þess að námsmenn geti framfleytt sér á meðan þeir stunda nám. Með því að útborgun lánanna er eftir á geta þeir það ekki því að þeir verða á lánum úr bankakerfinu og nota síðan lánin þegar þau loksins berast þeim í hendur til þess að greiða bankalánin. Það ákvæði í frv. að lánin séu vaxtalaus á námstímanum er ekki rétt. Staðreyndin er sú að námsmenn verða að greiða vexti allan sinn námstíma með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Ég skora á hæstv. ráðherra að skoða málið nánar og átta sig á því hvað þetta er alvarlegt því að þetta er alvarlegasta atriðið í frv. eins og það liggur nú fyrir með brtt.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt metið hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að ég talaði ekki sama tungumál að því er þetta varðar og minni hlutinn. Mér verður á að spyrja hvort ég megi taka það svo að minni hlutinn í hv. menntmn. tali alveg sama tungumál að því er þessi atriði varðar og allir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna. Ég nefni þar aðeins hvort leggja eigi vexti á námslán eða ekki. Ég man ekki betur en formaður flokks hv. þm., Steingrímur Hermannsson, hafi lýst því í ræðu við 1. umr. málsins að það mætti vel tala um að leggja á vexti en bara ekki 3%. Ég hef ekki ræðuna hans við höndina en við getum kannski í sameiningu flett upp á þessu. Nú eru þeir ekki 3%. Það liggur fyrir ákvörðun um að þeir verði 1%.

Varðandi eftirágreiðslu lánanna höfum við heyrt það stundum áður í umræðunni að þetta þýði jafnvel að námsmenn borgi 10% á ári í vexti vegna þess að þeir þurfa að taka lán í bankakerfinu. Þetta er bara rangt, þetta er beinlínis rangt. Það liggja fyrir upplýsingar um það að hve miklu leyti fyrsta árs nemar hafa leitað til bankakerfisins með námslán meðan þeir bíða eftir láni frá lánasjóðnum. Ég held að ég muni það rétt, ég upplýsti það við 1. umr. málsins, að um það bil fjórðungur af fyrsta árs nemum sem hefur notfært sér þessa þjónustu bankakerfisins og aðeins lítill hluti þessa fjórðungs hefur tekið að láni samsvarandi upphæð og hann á í vændum þegar lánasjóðurinn greiðir út lánið. Það er engin ástæða til þess að ætla að allir námsmenn muni sækja í bankakerfið um fullt lán þar til þeir fá lán úr lánasjóðnum. Það hefur engum stoðum verið rennt undir þá skoðun svo það er miklu nær að tala um að þetta gætu verið 2–3% sem þarna er um að ræða að færu í vexti frá námsmönnum.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni orð formanns Framsfl. við 1. umr. og að hann hafi þá opnað fyrir vaxtatöku af þessum lánum. Það má vel vera, það gæti hafa farið fram hjá mér, að hann hafi gert það. Lántökugjald er í sjálfu sér ekkert annað en vextir miðað við það kerfi sem er í dag. Með þessu fyrirkomulagi, eins og það er lagt til af meiri hlutanum, er ekki bara verið að tala um 1% vexti heldur lántökugjöld að auki. Ég get alveg sagt, eins og ég tók fram áðan, að mér finnst brtt. meiri hlutans séu mjög til bóta, ég get endurtekið það. Það er allt annað að tala um 3% vexti en 1% vexti. Ég gerði aðallega að umræðuefni það sem mér finnst allra alvarlegast við frv., eins og það liggur nú fyrir, en það er eftirágreiðsla lánanna. Það eru ákveðnir hópar sem fá ekki lán í hendur fyrr en að vori og hæstv. ráðherra hlýtur að sjá að þeir eru á lánum úr bankakerfinu allan heila veturinn. Eins er það með ýmsa sem stunda nám erlendis. Þeir verða að taka lán í bankakerfinu og þegar þeim berst lánið í hendur nota þeir það til þess að greiða lánið í bankanum. Talað hefur verið um að þá séu allt að 10% afföll af lánunum þegar þau berast námsmönnum í hendur. En ég veit ekki hvaða tölur hæstv. ráðherra fer með þegar hann talar um ¼ af því.

Ég vil endurtaka að eftirágreiðslan er ósanngjörn og hún skilar sjóðnum engu eða alla vega mjög litlu en hún fleytir ríkissjóði fram á næsta ár með eitthvað betri stöðu. Það er kannski aðalatriðið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftirágreiðsla lánanna er í augum hv. þm. eitt alvarlegasta atriðið í frv. Það er búið að rekja það nokkrum sinnum hvað gerist við núgildandi reglur. Ég nefndi það áðan og hef nefnt það áður að á árinu 1991 voru greiddar yfir 50 millj. kr. úr lánasjóðnum til þeirra sem í raun skiluðu engum námsárangri og það er þetta sem mér heyrist að hv. þm. og minni hluti nefndarinnar vilji viðhalda. Ég á afskaplega erfitt með að skilja hvernig menn rökstyðja það að viðhalda slíkum ólögum vil ég segja.

Ég nefndi líka áðan að það þekktust dæmi um lántöku allt að 800 þús. kr. yfir árið sem viðkomandi hefði aldrei átt að fá og fengi ekki ef lögunum væri breytt eins og hér er lagt til. Og ég hlýt að spyrja hvort það sé í raun vilji hv. þm. sem skipa minni hluta nefndarinnar að viðhalda svona reglu. Er það virkilega svo að vilji sé til þess?

Annað sem var athyglisvert í ræðu hv. þm. var þessi nýja kenning að lántökugjöld væru ekkert annað en vextir. Það er alveg nýtt í mínum eyrum að lántökugjöld séu ekkert annað en vextir.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að þakka

hæstv. menntmrh. fyrir þá ræðu sem hann flutti áðan vegna þess að mér finnst að hún varpi ljósi inn í hugarfylgsni hæstv. ráðherra, í rauninni miklu betur og skýrar en fram hefur komið við umræður um þetta mál áður. Hæstv. ráðherra fór í saumana á samanburði á tillögum meiri hluta og minni hluta og eigin frumvarps og gerði það betur en ég hafði gert þegar ég mælti fyrir áliti. Í þessu sambandi kom hins vegar í ljós að hæstv. ráðherra hefur þetta mál ekki á valdi sínu. Og það er kannski ekki að undra. Þetta er nokkuð flókið mál og ráðherrann studdist áreiðanlega við heimastíla frá aðstoðarmanni sínum eða aðstoðarfólki og ekkert við því að segja. Hann er að saka okkur um tillögur um atriði sem eru nýmæli en sem eru í rauninni í gildandi lögum þar sem við erum að leggja til að halda því sem óbreytt er, eins og varðandi ákvæði 3. gr. laganna. Hann kom af fjöllum í þeim efnum og um fleiri þætti var það þannig.

Ég vil ekki þakka ráðherranum fyrir þær hótanir sem hann var með í garð viðskiptavina Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hann hóf ræðu sína á hótunum um það að ef frv. yrði dregið til baka eða fellt með því að samþykkja dagskrártillögu okkar í minni hlutanum þýddi það a.m.k. 30% skerðingu á námslánum nú þegar. Það er auðvitað ósæmilegt að koma með þessum hætti fram. Ráðherrann segir það sjálfur og viðurkennir það að hann kemur seint fram með frv. miðað við það sem ætlunin var. Nefndin hefur unnið rösklega og vel að þessu máli og að sjálfsögðu er hægt, ef vilji er fyrir hendi, að endurmeta og endurskoða þetta mál á þessu ári. Þar stefnir ekki í neitt óefni. Og það var um fleiri þætti sem ástæða er til að ræða við ráðherrann þegar betri tími gefst til þess en ég læt þetta nægja.

Umræðu frestað.

128. FUNDUR

þriðjudaginn 28. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Beiðni um skýrslu um rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þann 18. mars sl. lögðum við þingmenn Alþb. fram beiðni um skýrslu frá sjútvrh. um afstöðu ríkisstjórnarinnar til rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja og um störf nefndar sem falið var að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og gera tillögur um aðgerðir vegna yfirvofandi rekstrarstöðvunar fjölda fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu. Við óskuðum eftir því að skýrslan yrði lögð fram skriflega eða jafnvel munnlega, ef það væri auðveldara fyrir ráðherrann, innan tveggja vikna og hún yrði tekin til umræðu strax að loknum flutningi. Í marsmánuði greindi annar tveggja formanna sérstakrar nefndar, sem ríkisstjórnin hefur sett upp til að fjalla um vanda sjávarútvegsins og stefnumörkun í sjávarútvegi, frá þeirri skoðun sinni að fara ætti svokallaða gjaldþrotaleið til að greiða fyrir lausn á vandamálum í sjávarútvegi.

Sl. sunnudag birti Morgunblaðið ítarlegt viðtal við hinn formann nefndarinnar, Magnús Gunnarsson, þar sem hann lýsir algerlega gagnstæðum skoðunum á því hvernig eigi að bregðast við þeim vanda sem blasir við í sjávarútvegi á Íslandi. Það liggur því fyrir að þessir tveir formenn sjávarútvegsnefndar ríkisstjórnarinnar hafa á opinberum vettvangi, annar í marsmánuði og hinn sl. sunnudag, lýst skoðunum sem ganga þvert hvor á aðra þannig að það er varla hægt að hugsa sér meiri ágreining í afstöðu til lausnar á málefnum sjávarútvegsins en fram kemur í viðtölum við þessa tvo formenn. Við töldum þess vegna í byrjun mars, þegar aðeins lágu fyrir viðtöl við annan formanninn, Þröst Ólafsson, að nauðsynlegt væri að hæstv. sjútvrh. gerði þinginu grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og þess vegna lögðu þingmenn Alþb., fram beiðni um skýrslu. Nú er hins vegar farið að líða að lokum þingsins og samkvæmt starfsáætlun þingsins stefnt að þinglokum um miðjan næsta mánuð eða eftir rúmar tvær vikur. Við, þingmenn Alþb. höfum því miður þá reynslu að skýrslur sem við báðum um í októberbyrjun, önnur frá iðnrh. og hin frá heilbrrh., voru að koma til þingsins fyrir nokkrum dögum eða tveimur vikum síðan. Það verður ekki unað við slík vinnubrögð í þessu máli. Það er þess vegna mjög brýnt að hæstv. sjútvrh. flytji Alþingi skýrslu um afstöðu ríkisstjórnarinnar til lausnar á rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja og störf þeirrar nefndar sem ég hef vikið að. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp til að biðja hæstv. forseta að ítreka við sjútvrh. þessa formlegu beiðni sem liggur fyrir á þskj. 575, undirrituð af níu þingmönnum eins og tilskilið er í þingsköpum, og knýja á um það að sjútvrh. verði við þeirri þingskyldu sinni að flytja þinginu slíka skýrslu. Það verður ekki unað við það að þinginu ljúki í næsta mánuði á þann veg að hæstv. sjútvrh. hafi komið sér hjá því að hlýða þessari þingskyldu sinni. Við höfum hins vegar verið reiðubúnir til að opna á það að skýrslan væri munnleg og síðan yrði umræða í kjölfar hennar ef það væri auðveldara fyrir hæstv. ráðherra. Sú afstaða okkar er ítrekuð hér og nú. Ég vil biðja virðulegan forseta að koma þessari ítrekuðu ósk á framfæri við hæstv. sjútvrh. og nauðsynlegt er að bæði hann og stjórnendur þingsins geri sér grein fyrir því að það er afdráttarlaus krafa okkar að skýrslan verði lögð fram í þinginu í tæka tíð áður en þinginu lýkur í næsta mánuði.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. þm. hefur komið þessari ósk á framfæri við forseta og mun hann verða við þessari beiðni og láta kanna hvað skýrslugerðinni líður og hvenær megi bú-

ast við að skýrslan verði lögð fyrir hið háa Alþingi. Hann mun einnig leggja á það áherslu að þessu starfi megi hraða eins og kostur er í ljósi yfirlýsinga hv. þm.

Umræður utan dagskrár.

Samningur um Evrópskt efnahagssvæði og þingleg meðferð hans.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hér fara nú fram umræður utan dagskrár um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og þinglega meðferð hans. Málshefjandi er hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson. Umræðan fer fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapa og mega því málshefjandi og viðkomandi ráðherra tala í allt að hálftíma en aðrir þingmenn og ráðherrar í allt að 15 mínútum í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég hef fyrir hönd stjórnarandstöðunnar beðið um þessa umræðu um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Við ákváðum að gera það með tilliti til þess að hæstv. utanrrh. hefur tilkynnt að hann hyggist undirrita þennan samning 2. maí nk. Þetta virðist vera eina tækifærið sem Alþingi hefur til að ræða þennan samning ítarlega, við vonum að hér verði ítarlegar umræður í dag, og við munum leita eftir upplýsingum um ýmsa þá þætti sem ekki hafa enn þá verið upplýstir í sambandi við þennan viðmikla samning.

Ég hef afhent hæstv. utanrrh. nokkrar spurningar sem ég mun koma að síðar og að sjálfsögðu fyrst og fremst halda mig við. En þó finnst mér ástæða til þess að rekja í upphafi bæði aðdraganda samningsins og sömuleiðis ýmsar þær breytingar sem hafa orðið á grundvallarskilyrðum þess að slíkur samningur verði gerður frá því við, hæstv. utanrrh. og fleiri sem þá sátum í ríkisstjórn, ákváðum að ganga til samstarfs við hin EFTA-ríkin um samning við EB um Evrópskt efnahagssvæði. Sú ákvörðun var tekin á grundvelli ræðu sem framkvæmdastjóri Evrópubandalagsins, Delors, hélt í janúar 1989, ræðu sem var mikið kynnt og umrædd. Það var þá grundvallaratriði hjá framkvæmdastjóra Evrópubandalagsins að gengið skyldi til samninga af tveimur jöfnum aðilum, tveimur stoðum sem væru jafnsterkar undir væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði. Það var ein meginforsenda fyrir tillögu Delors að þessar stoðir yrðu jafnsterkar, ekki væri mismunað á milli þessara tveggja aðila. Þetta yrði samningur á milli tveggja jafnháttsettra aðila. Þetta yrði samningur þar sem aðilarnir tveir, annars vegar EB og hins vegar EFTA, yrðu jafnáhrifamiklir. Þetta er grundvallaratriði og það verða menn að hafa í huga þegar rætt er um hina tveggja stoða lausn sem Delors lagði til á fundinum.

Nú hefur æðimargt breyst og ég ætla að rekja það hér í nokkrum orðum. Að vísu hefur hæstv. utanrrh. lýst því yfir að samningurinn sé mjög góður og hann hefur lýst yfir mikilli ánægju með hann og mikilvægi hans fyrir Íslendinga. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að samningurinn er afar mikilvægur og trúlega sá mikilvægasti sem við Íslendingar höfum gengið til, líklega allt frá því að Gamli sáttmáli var gerður. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessi samningur geti einnig, ef ekki er rétt á málum haldið, orðið örlagaríkur fyrir okkur Íslendinga, líklega engu síður en sá samningur sem ég nefndi í upphafi. Hæstv. utanrrh. hefur jafnvel tekið svo djúpt í árinni að hann hefur tekið sér þau orð í munn, að vísu orð annars manns, starfsfélaga síns, og sagt að við Íslendingar höfum náð þessum samningi þannig að við höfum fengið „allt fyrir ekkert". Það er áreiðanlega ekki rétt lýsing og blindur maður sem heldur því fram að Íslendingar hafi í þessum samningi fengið „allt fyrir ekkert". Ég efa líka að Evrópubandalagið sjálft líti þannig á þennan samning.

Ég hef nýlega fengið í hendurnar greinargerð sem talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Van der Pas, hefur gefið utanríkismálanefnd Evrópubandalagsins. Þykir mér ástæða til að rekja með nokkrum orðum hvernig þessi talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins lítur á samninginn, að sjálfsögðu frá þeirra sjónarhóli. Með leyfi forseta, vil ég lesa nokkur atriði úr þessari skýrslu. Þar segir m.a. á bls. 3 fyrir þá sem hafa hana fyrir framan sig en þeir munu, hygg ég, ekki vera margir:

„Í fyrsta lagi hafa EFTA-ríkin samþykkt í megindráttum viðeigandi lög og reglur bandalagsins í heild sinni með tilliti til allra þátta sem eru mikilvægar við sköpun hins fjórþætta frelsis. EFTA-ríkin hafa einnig gengist undir það að láta allar reglur bandalagsins um samkeppni gilda í EFTA-ríkjunum með sömu aðferð og beitt er í bandalaginu, þ.e. í krafti sjálfstæðrar stofnunar, eins og framkvæmdastjórnar bandalagsins, með samsvarandi reglum og umboði." Ég hef velt því dálítið fyrir mér hvað þetta þýðir: „Í krafti sjálfstæðrar stofnunar, eins og framkvæmdastjórnar bandalagsins, með samsvarandi reglum og umboði."

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur yfirþjóðleg völd og satt að segja gífurlega mikil völd. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur rétt til þess að stjórna með tilskipunum sem eru víðtækari hygg ég en nokkur önnur þjóðstjórn hefur. Það er jafnframt yfirlýst stefna framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og leiðtoga margra EB-ríkjanna að þessi yfirþjóðlegu völd skuli auka. Í þessari greinargerð eru síðan rakin ýmis þau svið þar sem lög Evrópubandalagsins eru upp tekin. Hér segir m.a.:

„Mörg EFTA-ríkjanna eru á þeirri skoðun að innan þeirra gildi strangari kröfur, t.d. að því er varðar útblástursloft frá farartækjum og því höfum við samþykkt aðlögunartíma svo að EFTA-ríkin geti lagað sig að okkar löggjöf á þessu sviði. Frá 1. janúar 1995 mun frelsi til flutninga einnig ríkja í þessum efnum hvað sem á dynur."

Er það virkilega svo að löggjöf EB-ríkjanna, sem gengur langtum skemur en t.d. löggjöf Norðurlandanna — reyndar hygg ég hjá mörgum töluvert skemur en almennt er talið nauðsynlegt í heiminum í dag

vegna umhverfisverndar og vegna mengunar — eigi að gilda hér á landi eftir 1. janúar 1995 hvað sem á dynur?

Þá segir um einkasölu, og er athyglisvert þegar við hugleiðum að hér er t.d. Áfengis- og tóbakseinkasalan starfandi:

„Annað mikilvægt svið er einkasala. EFTA-ríkin hafa samþykkt að löggjöf bandalagsins gildi og öll einkasala sé í samræmi við 37. gr. Rómarsáttmálans. Í þessu felst að öll viðskiptastarfsemi slíkra einkasölufyrirtækja sem byggir á mismunun skuli lögð niður. Gildistökudagur þessa ákvæðis er 1. janúar 1993 sem er sami dagur og samningurinn öðlast gildi."

Þetta er mjög athyglisverð yfirlýsing hjá talsmanni framkvæmdastjórnarinnar og reyndar finnst mér allt annað en við höfum heyrt á hinu háa Alþingi í fyrri umræðum um þennan samning.

Um undirboð er fjallað á athyglisverðan máta. Ég vil líka leyfa mér að lesa það:

„Í raun er hér um að ræða einhliða aðgerð af hálfu bandalagsins. Mikilvægasti þátturinn í þessu sambandi snýst um það hvort EFTA-ríkin taki upp viðeigandi lög og reglur bandalagsins í heild sinni. Ef ekki, fellir bandalagið réttindi EFTA-ríkjanna úr gildi."

Hér er enginn vafi. Hér lýsir talsmaðurinn því yfir að ef EFTA-ríkin hlýði ekki verði réttindi EFTA-ríkjanna felld úr gildi og það eru EB-lögin sem skulu ráða í sambandi við undirboð. Um samninga við þriðja ríki segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan varð sú að bandalagið eitt heldur rétti sínum til frumkvæðis í þessum efnum. Samningaviðræður við þriðju lönd fara fram á vegum bandalagsins og í hvert sinn sem bandalagið kemst að samkomulagi ná EFTA-ríkin einnig samkomulagi. Þó svo þetta gerist samkvæmt löggjöf þeirra og þau undirriti samkomulagið sjálf verður það bandalagið sem ákvarðar innihald samkomulagsins í samræmi við umboð sem fengið er samkvæmt málsmeðferð bandalagsins."

Hér er talað tæpitungulaust, það skal vera Evrópubandalagið sem ákveður hvernig samskiptum við þriðja ríki skal háttað. Á þessu væri fróðlegt að fá nánari skýringar því a.m.k. ég hef trúað því hingað til að samskipti við þriðja ríkið væri algjörlega utan þessa samnings og væri reyndar einn kosturinn við þennan samning, t.d. umfram það að gerast aðili að Evrópubandalaginu, að við værum fullkomlega frjálsir að haga okkar samskiptum við þriðja ríki eins og við sjálfir kysum.

Um heilbrigði dýra og plantna segir: „Í samningnum sjálfum tekur EFTA upp löggjöf bandalagsins um heilbrigði dýra og plantna. Að því er varðar löggjöf um heilbrigði dýra er hér um að ræða alla löggjöf að undanskildum þáttum sem tengjast þriðju löndum og fjárhagslegum reglum innan bandalagsins."

Ég ræddi töluvert í einni umræðu um þær heilbrigðisreglur sem við gengjumst þarna undir og ég taldi mig fá þau svör að þar væri um undanþágu fyrir okkur Íslendinga að ræða. Það kemur ekki fram í þessari skýrslu Van der Pas og væri að sjálfsögðu mjög fróðlegt að fá einhverjar upplýsingar um það.

Fleira mætti að sjálfsögðu tína upp því hér kennir margra grasa. Ég ætla aðeins að nefna þrjú atriði enn um þá reglu sem liggur til grundvallar þessum samningum að EB-lög skuli ráða. Um sjóflutninga segir: „Hvað sjóflutninga varðar öðlast meginreglur þær sem bandalagið beitir sér fyrir í þeim efnum gildi í EFTA-ríkjunum án þess að EFTA-ríkin komi við sögu við framkvæmd þessa málaflokks innan bandalagsins."

Hér segir um fólksflutninga: „Að því er varðar flutninga fólks öðlast viðeigandi lög og reglur bandalagsins gildi í EFTA-ríkjunum. Meginundantekningin er í formi fimm ára aðlögunartímabils að því er varðar Sviss og Liechtenstein."

Nú munum við það báðir, hæstv. utanrrh., að þetta var einn af fyrirvörunum sem við vorum með. Að vísu vildum við ekki fimm ára aðlögunartíma en þess er hvergi getið hér að Ísland hafi haft nokkurn fyrirvara í sambandi við fólksflutninga. Hér er fullyrt að reglur EB taki gildi í EFTA-ríkjunum og síðast í Sviss og Liechtenstein, þó innan fimm ára.

Um jaðarmálefni er hér töluvert fjallað og segir þar: „Auk fjórfrelsisins eru jaðarmálefnin: EFTA-ríkin taka upp löggjöf okkar hvenær sem nauðsyn krefur þegar jaðarmálefnin hafa áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja. T.d. má nefna félagslega sviðið, umhverfismálalöggjöf og félagsrétt þar sem löggjöf bandalagsins mun öðlast gildi í heild sinni í EFTA-ríkjunum."

Aðeins þessar tilvísanir sem ég hef lesið upp sýna svo verður ekki um villst að þarna er ekki um tveggja stoða lausn í samskiptum EFTA og EB að ræða. Það er ekki nema ein stoð, hitt er bara hækja. Hér kemur mjög greinilega fram og það er grundvallaratriði að öll lög EB eiga að gilda innan EFTA, þ.e. þau sem varða fjórfrelsið og jaðarmálefnin. Við vissum að mjög var sótt á að svo yrði en mér skildist a.m.k. að í sumum tilfellum, eins og t.d. í heilbrigðismálum og hollustumálum, mundi EB breyta sínum lögum í tímanna rás að vísu og þá til samræmis við það sem er í EFTA-ríkjunum. Við getum ekki gert athugasemd við það þó að lög verði látin gilda sem eru til bóta og eru til framfara en við hljótum að gera athugasemdir við það þegar lakari lög, sem skemmra eru komin á ýmsum sviðum, eru látin gilda fyrir samstarf þessara tveggja samtaka.

Í þessari greinargerð er einnig fjallað um þær undanþágur sem eru veittar. Ég hef leitað hér töluvert að undanþágum okkar Íslendinga og ég finn getið um eina. Það er æðioft getið um ýmsa fyrirvara hjá Sviss og öðrum þjóðum. En það er einn hér sem varðar okkur Íslendinga og hann er um sjávarútveginn að sjálfsögðu og þar er tekið á nokkuð athyglisverðan hátt til orða. Önnur mikilvæg undantekning, og hér er um að ræða ósvikna undantekningu og gildir um sjávarútveg, en samkvæmt henni verður fjárfesting í þeirri grein á Íslandi og í Noregi háð gildandi innanlandslöggjöf.

Þetta telur sem sagt talsmaður framkvæmdastjórnarinnar einu ósviknu undanþáguna. Þar á undan talar hann um heimildir til landakaupa og getur eingöngu um það að Svisslendingar hafi haft þar fyrirvara og vilji fimm ára aðlögun á þessum tímum. Þessi fyrir-

vari Svisslendinga á einkum við um kaup á landi eins og þarna er orðað. Að vísu skal þess getið að á einum stað fann ég á undanþágu Íslands minnst. Það er í sambandi við viðskiptafrelsi. Þar segir: „Á þessu sviði er einnig mjög smávægileg undantekning. Íslendingar vilja halda takmörkunum á einu litlu sviði." — Hann fer ekki nánar út í það hvert það svið kunni að vera.

Annað afar mikilvægt atriði í þessu öllu saman er ný löggjöf og nýjar tilskipanir sem koma frá EB, hvort sem það er frá EB-þinginu eða frá framkvæmdastjórn EB eða sem niðurstaða dómstólsins. Þar höfum við trúað því, og ég vona svo sannarlega að það sé rétt að engar slíkar tilskipanir, engin slík lög, hafi gildi innan EFTA-ríkjanna nema þær hafi hlotið samþykki viðkomandi ríkis. Það hafi sem sagt sérhvert EFTA-ríki neitunarvald. Það er erfitt að lesa það út úr þessari skýrslu talsmannsins og ég ætla, með leyfi forseta, að fara yfir nokkur atriði í þessu sambandi. Þar er fjallað um sameiginlegu nefndina og ráðherranefnd EES. Þar segir: „Sameiginlega nefndin verður í raun sá framkvæmdaaðili sem tekur ákvarðanir sem skulu gilda innan EES." Er það svo að sameiginlega nefndin sé orðin yfirþjóðleg stofnun og ákvarðanir hennar séu bindandi fyrir öll lönd innan EES? „Mikilvægt er að hafa hugfast að EES tekur yfir bandalagslöggjöf og hefur engan frumkvæðisrétt, EES hefur ekki heldur tillögurétt upp á sitt einsdæmi. Ákvörðunin hefur því áður farið um öll málsmeðferðarstig í bandalaginu." Þetta fjallar sem sagt um nýjar ákvarðanir, nýja hluti, breytingar á því sem menn vilja gera á EES-samningnum.

Hér segir enn: „Mikilvægt er að EFTA-ríkin fái á tilfinninguna að þau eigi hlutdeild að þessu. Ljóst er að það er afar óþægilegt fyrir EFTA-ríkin að standa frammi fyrir gerðum hlut." Þetta er eflaust rétt hjá talsmanninum. Hér segir jafnframt: „Ef ótvíræð þörf krefur og ef það er bandalaginu í hag má framkvæmdastjórnin í framtíðarviðræðum sínum hafa hliðsjón af athugasemdum sem EFTA-ríkin gera en að sjálfsögðu að teknu tilliti til málsmeðferðar bandalagsins." Framkvæmdastjórnin má í góðvilja sínum taka tillit til þess sem EFTA-ríkin kunna að kjósa að gera athugasemd við.

Hér er svo langur kafli sem fjallar um nefndafræði sem ég ætla ekki að fara að þreyta þingmenn á en það er engin furða þó það sé orðin sérstök fræðigrein innan EB því nefndirnar munu vera orðnar 2.000 og kann enginn skil á skipulagi þeirra og reyndar hygg ég fjölda. En hann fjallar um það hér nokkuð og þátttöku EFTA-ríkjanna í því. Þar segir m.a.: „Allt þetta verður óbreytt og ekkert pláss fyrir EFTA-ríkin í þessum nefndum. EFTA-ríkin telja að þau séu afskipt en ljóst er að þau verða að halda sig utan við innri málsmeðferð bandalagsins. Við teljum að EFTA-ríkin geti notið góðs af því að sitja fundi þeirra sem áheyrnarfulltrúar án atkvæðisréttar þar sem allt vald er í raun í höndum bandalagsins og það tekur allar helstu ákvarðanir, jafnvel þar sem fyrirtæki EFTA-ríkjanna eiga í hlut." Svo segir hér á einum stað: „Í þessu sambandi hefur einnig verið ákveðið að EFTA-ríkin fái að vera viðstödd í áheyrnarstöðu í einni ákveðinni ráðgjafarnefnd um hringamyndun.

Hvað ákvarðanatöku varðar í sameiginlegu nefndinni göngum við út frá því að EFTA-ríkin taki upp löggjöf bandalagsins. Til þess að svo verði leggjum við viðeigandi löggjöf fram í sameiginlegu nefndinni." Síðan segir að ef þau kjósa að gera það ekki þá getur bandalagið fellt úr gildi réttindi EFTA og gert tiltekna hluta samningsins óvirka. Þetta er satt að segja ekki falleg lesning, ég held að allir geti verið mér sammála um það.

Hér er einnig fjallað um öryggisákvæðin sem menn binda nokkrar vonir við. Þar er gert heldur lítið úr þeim ákvæðum, ég ætti kannski heldur að segja mjög lítið, þau eru fremur almenns eðlis. Tilefni skírskotunar EFTA-ríkis til öryggisákvarðana er í raun mál viðkomandi EFTA-ríkisins sjálfs. Það segir: „En frelsi bandalagsins í þessum efnum er til jafns við frelsi EFTA. Í hvert sinn sem öryggisákvæðin valda misvægi höfum við rétt til að fá það misvægi leiðrétt með því að grípa til gagnráðstafana. Slíkt Demóklesarsverð mun án efa fá EFTA-ríkin til að gjörhugsa þær ráðstafanir sem þau hyggjast grípa til."

Ég skal ekki lengja þetta og raunar má segja að eftir þennan lestur er nánast sjálfgefið að snúast algjörlega gegn þessum samningi. Ég ímynda mér þó að yfirlýsing hæstv. utanrrh. um ágæti þessa samnings og að menn fengju allt fyrir ekkert og lýsing þessa manns, sem ég hef hér farið yfir, séu báðar nokkuð öfgakenndar. Ég ímynda mér að sannleikurinn sé einhvers staðar þarna mitt á milli. Að sjálfsögðu höfum við ekki fengið allt fyrir ekkert en engu að síður þá hljóta ýmsar þær yfirlýsingar sem hér koma fram að valda okkur verulegum áhyggjum. Það er ekki síst með tilliti til þess sem ég hef ákveðið, eins og ég sagði áðan, og við í stjórnarandstöðunni, að leggja fyrir hæstv. utanrrh. nokkrar spurningar.

Þegar við gengum til þessara viðræðna í mars 1989 lagði ég fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar ýmsa fyrirvara þegar í upphafi viðræðnanna, þ.e. á leiðtogafundinum í Ósló í mars 1989. Sumir þessara fyrirvara eru tryggðir, a.m.k. einn skulum við segja þar sem viðurkennt er, eins og ég las upp áðan úr skýrslu talsmannsins, að fyrirvarinn um að eigi skuli vera erlend fjárfesting í sjávarútvegi er viðurkenndur. En hvað um aðra? Ég hef skráð á þetta blað full yfirráð yfir auðlindum landsins og spurningar sem því við koma. Ég hef reyndar talið þar einnig með fiskimiðin og sjávarútveginn og vil í því sambandi einkum spyrja að því hvort nokkrar hugmyndir séu hjá ríkisstjórninni um breytingar á þeim lögum sem við samþykktum fyrir rúmu ári sem banna erlendum aðilum að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi.

Þá vil ég spyrja um orkulindirnar. Ætíð hefur verið samkomulag um það að orkulindir landsins skuli vera á eigin hendi. Það fékkst ekki viðurkennt í viðræðum við EB en hins vegar kom í ljós að eins lengi og við höldum orkulindunum eða nýtingu þeirra í hendi opinberra aðila muni þau yfirráð ekki vefengd. Með öðrum orðum er það í raun samþykkt að hvert

ríki getur haft slíka nýtingu bundna við opinbera aðila.

Hvað þá um hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að einkavæða orkufyrirtækin? Að vísu er hæstv. forsrh. ekki hér staddur en að öllum líkindum getur hæstv. utanrrh. upplýst okkur um það. Mun ríkisstjórnin gefa þá yfirlýsingu að hún falli frá því ákvæði í hvítu bókinni að einkavæða orkufyrirtækin? Um leið og þau eru einkavædd er erlendum aðilum boðið að fjárfesta og kaupa hlutafé í þessum orkufyrirtækjum engu að síður en íslenskum, því eins og allir þekkja þá liggur til grundvallar jafnrétti einstaklinga og fyrirtækja á öllu EES-svæðinu.

Hvað um frv. sem áskilur ríkinu einkarétt til að virkja jarðvarmann fyrir neðan ákveðið dýpi? Hvenær er von á því frv.? Við höfum séð það á listanum að frv. frá iðnrh. er væntanlegt. Er það frv. sem tryggir að svo verði?

Mjög stór fyrirvari sem við höfðum í sambandi við fjármagnsflutninga var að takmarka yrði heimildir útlendinga til að kaupa hér land. Við töldum að eingöngu ætti að binda það við land sem væri nauðsynlegt vegna fyrirtækja sem hér yrðu stofnuð með erlendum aðilum en land í öðru skyni yrði ekki selt erlendum aðilum. Hvað um lög, sem ég veit að hæstv. utanrrh. var í fyrri ríkisstjórn mjög meðmæltur að yrðu sett og tryggðu að um slík landakaup gæti ekki orðið að ræða?

Við vorum líka ákveðin í því að fallast ekki á yfirþjóðlegar stofnanir en féllumst að vísu á sameiginlegan dómstól enda töldum við það vera bestu leiðina til að leysa ágreiningsmál.

En nú hefur flogið fyrir að einhverjar meirihluta-ákvarðanir EES-ráðsins, EFTA-ráðsins eða EES-nefndarinnar, kunni að verða bindandi fyrir viðkomandi ríki og vil ég gjarnan fá upplýst um hvaða ákvarðanir er þar að ræða. Sömuleiðis hefur flogið fyrir að vissar tilskipanir eða ákvarðanir EB-framkvæmdastjórnarinnar verði bindandi fyrir EFTA-ríkin og ég vil gjarnan fá það nánar upplýst hvers konar ákvarðanir, ef einhverjar eru, er um að ræða. Er það tímabundið eða er það varanlegt?

Ég vil gjarnan fá nánari upplýsingar frá hæstv. utanrrh. um það öryggisákvæði sem hann hefur vísað til þegar við kjósum að takmarka fólksflutninga til landsins. Hvaða svar hefur hæstv. utanrrh. við þeirri lýsingu sem talsmaður framkvæmdastjórnar EB gaf og ég fór yfir áðan í þessu sambandi? Er þessi fyrirvari einhvers virði? Hvenær er hægt að grípa til þessa fyrirvara? Hvað þarf að hafa gerst til þess að það sé unnt?

Ég hef einnig sett fram þá spurningu hvort ráðherra telji meðferð deilumála eftir fyrri úrskurð dómstólsins fullnægjandi og óvilhalla. Mér sýnist það í raun orka tvímælis. Mér sýnist að meðferð deilumála nú sé ekki mjög skilvirk og satt að segja óljós að mörgu leyti. Mér sýnist sömuleiðis að tilhneiging sé til þess, eins og meðferðinni er lýst, að leita forúrskurða hjá EB-dómstólnum sem skuli vera ráðandi og það tel ég ekki óvilhalla meðferð á deilumálum.

Eins og ég sagði í upphafi þá hyggst ráðherrann skrifa undir þennan samning og ég geri ráð fyrir því að þá liggi ekki fyrir niðurstaða stjórnarskrárnefndarinnar eða þeirrar nefndar sem á að fjalla um samninginn gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins. Það er satt að segja allalvarlegt mál að mínu mati og ég vek athygli á því að ýmsir ágætir lögfræðingar hafa sett spurningarmerki við ýmis ákvæði þessa samnings með tilliti til íslensku stjórnarskrárinnar, m.a. hv. formaður utanrmn. í nýlegu viðtali í einu blaði landsins. Einnig væri gott að fá nánar lýst hvaða breytingar hafa verið gerðar á samningnum eftir síðari úrskurð dómstólsins. Okkur var sagt að þær væru tæknilegar og lítilfjörlegar en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki séð þær og ekki getað gert mér grein fyrir því hve lítilfjörlegar þær eru.

Fiskveiðisamningur liggur ekki fyrir. Það er nýtt atriði í þessu öllu saman. Þegar við gengum til þessa samnings þá sögðum við allir að ekki kæmi til greina að skipta á aðgangi að auðlind fyrir viðskiptafrelsi. Ég hygg að allir þingmenn hafi heyrt þá yfirlýsingu. Út af þessu er nú brugðið með fiskveiðisamningi, sem að vísu er sagt að sé ekki mikill og varði aðeins um 3.000 karfaígildi, en sá samningur liggur þó ekki fyrir. Vitanlega hlýtur sá samningur að vekja upp fjölmargar spurningar, t.d. um eftirlit með slíkum veiðum. Hverjir mega veiða, hve mörg skip o.s.frv.? Hvenær gerir ráðherra ráð fyrir að hann liggi fyrir og hvernig verður skrifað undir EES-samninginn af hans hálfu og viðsemjenda okkar, áður en sá samningur liggur fyrir?

Þá kem ég loks að sjötta atriðinu, sem er e.t.v. hið stærsta að mínu mati. Ég hefði þurft meiri tíma til að ræða það og geri það kannski í seinni ræðutíma mínum.

Hæstv. utanrrh. hefur lýst því að til greina komi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og því er fagnað mjög af vissum stofnunum Alþfl. eins og t.d. Ungum jafnaðarmönnum. Þetta er líklega stærsta málið sem horfir við okkur nú. Er það svo að við Íslendingar séum að sogast inn í Evrópubandalagið? Mér sýnist hæstv. utanrrh. kominn langleiðina þangað inn. Í mínum huga er mikilvægast að koma í veg fyrir það. Það gæti helst réttlætt gerð þessa samnings ef honum mætti breyta þegar aðrar þjóðir ganga inn í Evrópubandalagið, þannig að hann geti orðið viðunandi stoppstöð fyrir okkur. Þá meina ég ekki stoppstöð á lengri áfanga heldur endanlegt stopp í þeirri þróun sem þarna er um að ræða. Því tel ég afar mikilvægt að utanrrh. kanni, sem ég tel vera skyldu hans og manna hans, hvort breyta mætti þessum tvíhliða samningi Íslands og EB ef og þegar önnur EFTA-ríki eru engin í EB. Og ég spyr: Hvaða breytingar telur hæstv. utanrrh. nauðsynlegar?

Mikið hefur verið rætt um meðferð málsins á Alþingi. Mér gefst ekki tíma til að rekja það allt, enda hefur það þegar verið rakið allítarlega í viðtölum í fjölmiðlum. Ég vil aðeins segja að þar tel ég mikilvægast og við í stjórnarandstöðunni höfum talað um, að viðkomandi fagnefndir Alþingis fái að fjalla um samninginn milliliðalaust þannig að niðurstöður þeirra liggi fyrir milliliðalaust þegar samningurinn verður tekinn til umræðu.

Að lokum vil ég fyrir hönd allrar stjórnarandstöðunnar segja að við teljum að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að vera um samninginn. Enginn vafi er á því að verið er að ráðast í gerð samnings sem getur skipt sköpum fyrir framtíð þjóðarinnar. Við eigum að nota sumarið til að kynna þennan samning sem allra best fyrir þjóðinni og láta síðan fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hann í haust.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það kann að vera álitamál hverja nauðsyn beri til að efna til utandagskrárumræðu um mál sem verið hefur mörgum sinnum á dagskrá á hverju þingi síðastliðin þrjú ár og verður á dagskrá eftir fáeina daga, sérstaklega með hliðsjón af því að fyrirspurnum hv. málshefjanda er öllum þannig hagað að upplýsingar um svörin liggja öll fyrir. Þau hafa ýmist verið til beinnar umræðu og umfjöllunar í utanrmn. eða liggja þar í formi upplýsinga sem hv. utanríkismálanefndarmönnum eru aðgengilegar. Það er hins vegar málefni forustu þingsins að gera það upp við sig hvort þetta eru eðlileg vinnubrögð um utandagskrárumræðu.

Þá skal ég víkja að spurningum hv. málshefjanda.

Ég stenst að vísu ekki þá freistingu að láta þess getið að spurningalisti hans bar þess lítt merki að hv. þm. var hæstv. forsrh. fyrir nokkrum mánuðum. Við höfðu ákaflega gott samstarf um þetta mál og það segi ég honum til hróss. Hann hafði mikið frumkvæði í þessum málum, kynnti sér þau mjög vel og hlýtur þess vegna eðli málsins samkvæmt að hafa vitað miklu betur en hann vildi vera láta í sumum spurningum sínum. En látum það nú vera.

Fyrstu spurningarnar varða þá fyrirvara sem settir voru í tíð fyrrv. ríkisstjórnar af Íslands hálfu í þessu samningaferli. Þeir fyrirvarar voru aðallega eftirfarandi:

1. Forræði yfir auðlindum, fiskimiðunum og orkulindunum.

2. Fyrirvari gegn rétti útlendinga til fjárfestinga, til þess að nýta fiskimiðin og til þess að eiga fyrirtæki sem gætu eignast orkulindir.

3. Fyrirvarar að því er varðaði rétt erlendra aðila til búsetu og vinnu.

4. Fyrirvarar að því er varðaði heimildir erlendra aðila til kaupa á hlunnindajörðum sér í lagi.

Hv. málshefjandi lét sem hann hefði ekki fundið þessa fyrirvara við yfirferð á samningnum. En sannleikurinn er nú sá að það hefur verið margrætt á hinu háa Alþingi að öllum þessum fyrirvörum hefur verið haldið til skila.

Það sakar ekki að geta þess, þótt ég efist reyndar um gagnsemi þess, að það var í samhengi við umræður um þennan samningsárangur Íslendinga sem varaforseti Evrópubandalagsins lét þau orð falla aðfaranótt 22. okt. á fyrra ári að Íslendingar skyldu ekki halda að þeir gætu fengið „allt fyrir ekkert." Þessi fleygu ummæli Frans Andriessen hafa síðan verið eignuð mér og það er einkennandi sérstaklega fyrir framsóknarmenn að þeir tönnlast á því að þetta sé mín skoðun á málinu og þessi orð hafi ég látið falla. Það er ósatt og menn vita betur. Ég hef hvergi lýst því mati á þessum samningum. Þetta var hins vegar yfirlýsing sem varaforseti Evrópubandalagsins lét falla og samhengið var einmitt þetta. Hann var að rifja það upp að Íslendingar hefðu í samningunum tryggt sér fullan aðgang að innri markaði Evrópubandalagsins, því sem næst fullan tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir, en þrátt fyrir það vísað á bug aðild að sameiginlegu fiskveiðistefnunni og sett fyrirvara að því er varðaði t.d. fjárfestingarrétt og nýtingarrétt á auðlindum sínum, sem þeir hefðu sett einir þjóða umfram aðrar þjóðir. Af því tilefni ályktaði hann: Þið skuluð ekki halda að þið fáið allt fyrir ekkert. Það hefur aldrei verið mitt mat og ég bið hv. málshefjanda um það í fullri vinsemd að láta af því að eigna mér þá skoðun. Þvert á móti. Hér er um að ræða gagnkvæman hag eins og alltaf hefur komið fram í mínu máli.

Þá skulum við snúa okkur að þessu lið fyrir lið.

1. Hvað varðar fyrirvara um yfirráð yfir fiskimiðum?

Sjávarútvegsstefna EB er ekki hluti af EES-samningnum og breytir engu um það hvernig við kjósum að nýta auðlindir hafsins. Yfirráð okkar yfir fiskveiðilögsögu Íslands eru óumdeild eða óskoruð. Þetta vita auðvitað allir. Almennar reglur samningsins kveða á um að fullt frelsi til fjárfestinga skuli ríkja og ekki skuli mismuna eftir þjóðernum. Um þetta er kveðið á í 40. gr. samningsins og nánar í XII. viðauka. En sérstakur fyrirvari hefur verið gerður vegna útgerðar og fiskvinnslu á Íslandi. Þar er tekið fram að Ísland geti haldið óbreyttum öllum þeim takmörkunum sem verið hafa í gildi um fjárfestingar útlendinga og aðila búsettra erlendis í útgerð og fiskvinnslu. Stjórnvöld geta þvingað fyrirtæki, sem eru að hluta eða að fullu í eigu útlendinga, til þess að selja eignarhlut sinn í öllum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum.

Í 31.–35. gr. og VIII. viðauka samningsins er kveðið á um staðfesturétt og sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt samningnum. Þar er hins vegar sérstaklega tekið fram að íslensk stjórnvöld geti takmarkað rétt erlendra manna til þess að setja á stofn fyrirtæki eða starfa sjálfstætt við útgerð eða fiskvinnslu. Sá fyrirvari er með öðrum orðum skýr og algerlega ótvíræður. Hann er ekki tímabundinn.

Svigrúm íslenskra stjórnvalda til þess að takmarka aðgang erlendra manna að íslenskum sjávarútvegi og um leið að takmarka aðgang íslensks sjávarútvegs að erlendu fjármagni er þar með gersamlega óskertur.

2. Orkuauðlindirnar. Engin ákvæði eru í samningnum sem koma í veg fyrir að íslenska ríkið og sveitarfélög áskilji sér einkarétt til þess að nýta orkuauðlindir landsins. Það er alveg skýrt og hefur ekki verið vefengt.

Hv. málshefjandi spyr þá: En hvað gerist ef gripið verður til þess ráðs að breyta fyrirtækjum í ríkiseigu eða eigu sveitarfélaga í hlutafélagsform?

Það breytir að sjálfsögðu engu svo lengi sem ríkið eða sveitarfélög eiga þau fyrirtæki þótt í öðru rekstrarformi sé.

En þetta mál snýst um annað. Hæstv. iðnrh. fór þess

á leit fyrir nokkrum árum við hv. iðnn. að þar yrði flutt í tengslum við þingmannsfrv. frv. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar (**Gripið fram í:** Í fyrra.) já, í fyrra. Tilmæli um það að í umfjöllun um það frv. yrðu sett ótvíræð ákvæði um þjóðareign eða eignarréttarákvæði fyrir hönd þjóðarinnar að því er varðar háhitasvæði að mestu og algerlega að því er varðar lághitasvæði og afréttir og almenninga. Því miður dagaði það uppi m.a. fyrir andstöðu einstakra þingmanna af hálfu Framsfl. sem vildu ekki taka af tvímæli um að settar yrðu ótvíræðar reglur um þjóðareign á landi og auðlindum. Um þetta snýst málið. Ef þetta væri gert, væri engum blöðum um það að fletta að það væru lög á Íslandi, í fullu samræmi við EES-samninginn, um að þjóðareign væri á þessum auðlindum.

Hvað er þá um þetta mál að segja? Um það er það að segja að á málaskrá í tengslum við EES-samninginn er boðað að iðnrn. hyggist flytja slíkt frv. til laga. Að því er unnið á vegum starfshóps sérfræðinga í iðnrn. Það mun kveða á um að ríkið áskilji sér rétt til eignarhalds á jarðhita á háhita- og lághitasvæðum, afréttum og almenningum. Þar mun vera tekin til endurskoðunar gildandi ákvæði vatnalaga.

Með því að leiða í lög að þjóðareign skuli ríkja að því er varðar verðmæti undir yfirborði jarðar mundi þetta ná yfir málið allt, þar á meðal vatnsauðlindir Íslendinga. Spurningin sem hv. þm. er þess vegna að spyrja er: Hver er afstaða hv. þm. Framsfl. til þessa máls þegar þar að kemur? Munu þeir styðja þetta mál og tryggja þar með alveg ótvírætt að Íslendingar áskilji sér og viðhaldi fullum eignar- og umráðarétti yfir þessum auðlindum? Það er hv. þm. sem svarar því og hv. framsóknarmenn sem munu svara því þegar frv. kemur til afgreislu.

3. Jarðeignir. Það er almenn regla í EES-samningunum að ekki skuli mismuna í viðskiptum á grundvelli þjóðernis. Þetta gildir einnig um viðskipti með hús og jarðir en ákvæði samningsins um þetta ganga þó ekki í gildi vegna aðlögunartíma fyrr en 1. jan. 1996. Eins og margsinnis hefur komið fram er ekkert því til fyrirstöðu að sett séu almenn skilyrði, t.d. um það að sá einn geti keypt jörð sem vill stunda þar búskap sjálfur. Að sjálfsögðu er unnt að setja og herða á skilyrðum gildandi laga um að áskilja samþykki sveitarfélags áður en af kaupum verður. Einnig er hægt að áskilja, eins og gert er í núgildandi lögum, og herða á þeim varðandi forkaupsrétt ríkis og sveitarfélaga. Með þessu móti væri hægt að koma í veg fyrir t.d. að stórfyrirtæki keyptu hér lendur til orlofshúsabyggða. Ef hins vegar kæmi hingað, svo að ég taki nú dæmi, danskur eða hollenskur búfræðingur sem vildi setjast hér að og rækta jörð sem honum byðist til kaups væri ekki kostur, í skjóli slíkra girðinga, að banna honum það ef sveitarfélagið samþykkti það og að mínu mati engin ástæða til. Ekki eru mörg dæmi um menn af erlendu þjóðerni sem eru bændur hér. Þau eru þó nokkur og þeir hafa staðið sig ágætlega og er ekkert á móti því.

Málið snýst einfaldlega um það að við getum hert á þessum fyrirvörum og að því er unnið á vegum hæstv. landbrh. Þar er starfshópur að verki við að undirbúa nokkur lagafrumvörp í tengslum við þingmeðferð EES-samningsins þar sem stefnumörkunin hefur verið sú að á þessum lagaákvæðum verði hert.

Þá spyr hv. þm. næst um yfirþjóðlegar stofnanir og spyr fyrst: Eru einhverjar meirihlutaákvarðanir EFTA-ráðsins eða EES-nefndarinnar viðurkenndar og ef svo er, þá hverjar?

Upplýsingar um þetta hafa að sjálfsögðu verið afhentar utanrmn. þannig að þær eru í fórum hv. þm., en hann á þar sæti. Aðalstaðreyndirnar um þetta eru þessar: Allt frá stofnun EFTA hefur EFTA-ráðið getað tekið ákvarðanir með meiri hluta. Slíkar ákvarðanir eru að sjálfsögðu skilmerkilega takmarkaðar og bundnar sérstökum aðstæðum. Þær heimildir sem fyrir hendi eru varða almennt öryggisráðstafanir eða undanþágur vegna meintra brota samningsaðila, t.d. ákvörðun um að setja megi tolla á innflutning ríkis sem beitir ríkisstyrkjum og teljast vera brot á samningnum. Þá er hugsunin sú að í þessu undantekningartilviki verði að mega beita meirihlutaákvörðun þannig að hið brotlega ríki geti ekki beitt neitunarvaldi. Hér er með öðrum orðum um að ræða slíkar skilgreindar undanþágur. Þetta á við um EFTA-ráðið sjálft og hefur verið í gildi allan tímann frá því að við gerðumst aðilar að EFTA, eins og mönnum er kunnugt um.

Við gildistöku EES-samningsins breytist hlutverk EFTA-ráðsins þó það komi til með að starfa áfram vegna þess að meginviðfangsefni þess verður að annast samskipti við hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Allar ákvarðanir um nýjar og breyttar EES-reglur verða teknar í sameiginlegu EES-nefndinni. Þar verða allar ákvarðanir teknar samhljóða. Allt samráð EFTA-ríkjanna fyrir ákvarðanatöku í EES-nefndinni munu hins vegar fara fram í svokallaðri fastanefnd EFTA, Standing Committee, sem sett er á stofn með sérstökum samningi sem gerður er samhliða EES-samningnum.

Sameiginleg stjórnun og eftirlit með EES-samningnum innan EB verður í höndum framkvæmdastjórnar EB þar sem EES-reglurnar og EB-reglur eru að mestu eins. Í EFTA-ríkjunum verður þessu hlutverki framkvæmdastjórnar EB skipt á milli tveggja stofnana, annars vegar sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar EFTA og hins vegar fastanefndar EFTA. Þær ákvarðanir sem ekki falla undir hreint eftirlit eru teknar í fastanefndinni. Ákvarðanir í fastanefnd EFTA eru teknar samhljóða. Hins vegar er það eins og verið hefur innan EFTA-ráðsins að í nokkrum undantekningartilvikum er gert ráð fyrir að ákvarðanir eða tilmæli fastanefndarinnar sé unnt að taka með meiri hluta. Þessar ákvarðanir eru mjög svipaðs eðlis og þær ákvarðanir sem hægt hefur verið að taka með meiri hluta í EFTA-ráðinu alla tíð. Með öðrum orðum, ef menn eru að spyrja um eitthvert yfirþjóðlegt vald, þá er ekki breyting í því. Þetta er að sjálfsögðu nánast ekki yfirþjóðlegt vald í EFTA. Þó má halda því fram að í þessum skilgreindu undantekningartilvikum hafi þetta gilt innan EFTA og er þá eins fyrir komið.

Ákvarðanir sem hægt er að taka með meiri hluta í

fastanefndinni eru mjög nákvæmlega skilgreindar í samningnum um fastanefndina. Þar er m.a. finna eftirfarandi:

1. Ákvarðanir stjórnunarlegs eðlis sem Eftirlitsstofnun EFTA vísar til ráðgjafarnefndar aðildarríkjanna á viðkomandi sviði og fastanefnd EFTA tekur síðan ákvörðun um. Dæmi um þetta gætu verið ákvarðanir á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis. Eina ákvörðunin sem gæti varðað Íslendinga á því sviði er ákvörðun um það hvaða aðferðum ríkið geti beitt við að greina sjúkdóma í niðurlögðum fiski. Ástæðan fyrir því er sú að Íslendingar eru einir EFTA-þjóðanna um að hafa algera undanþágu frá hinum samræmdu reglum um heilbrigði dýra og plantna.

2. Ákvarðanir sem varða sérstaka undanþágu samkvæmt EES-reglunni á nánar tilgreindum sviðum. Annað dæmi. Það gæti verið ávörðun um hvort heimila megi áframhald eða endurtekningu aðgerða einstakra ríkja varðandi bann við sölu og notkun á plöntulyfjum sem innihalda virkt efni. Þetta getur ekki átt við um Ísland vegna þeirrar almennu undanþágu sem Ísland hefur gagnvart þessum reglum.

3. Ákvarðanir sem varða sérstaka meðferð deilumála á sviði flutninga.

Ef ég dreg þetta saman er málið svona: Heimildir til að taka ákvarðanir með meiri hluta í fastanefnd EFTA varða einungis ákvarðanir um framkvæmd samningsins á mjög afmörkuðum sviðum og beinast einungis að ríkjunum sem slíkum. Hér er ekki um að ræða ákvarðanir sem verða grundvöllur fyrir lagasetningu. Það eru engin stjórnskipunarleg skilyrði sem hindra að heimilt sé að taka slíkar ákvarðanir með meiri hluta enda eru slíkar ákvarðanir eðli þeirra reglna teknar með meiri hluta eins og verið hefur í EFTA-ráðinu hingað til.

Þá er þriðja spurningin að því er varðar EB-dómstólinn. Eru niðurstöður bindandi fyrir EFTA-ríkin?

Svarið er þetta: Dómar EB-dómstólsins sem gengið hafa fyrir undirskrift samningsins eru bindandi um túlkun á þeim ákvæðum EB-réttar sem tekin eru upp í EES-samninginn. Hins vegar er alltaf dómara að meta hvort viðkomandi dómar eigi við tiltekið mál hverju sinni. Dómar EB-dómstólsins í framtíðinni eru hins vegar ekki bindandi fyrir EFTA-ríkin. EFTA-dómstóllinn verður heldur ekki bundinn af dómum EB-dómstólsins en ber þó að taka, eins og það er orðað, tillit til þeirra í ljósi markmiða um samræmda túlkun. EFTA-ríkin verða að öðru leyti ekki bundin við dóma EB nema þau kjósi sjálf að skjóta máli til EB-dómstólsins. Nánari skýring á því hvenær hægt er að skjóta málum til EB-dómstólsins er á þessa leið:

Á tveimur stöðum í samningnum er gert ráð fyrir þeim möguleika að EB-dómstóllinn geti úrskurðað um túlkun á þeim EES-reglum sem eru eins og EB-reglur. Í fyrsta lagi varðar þetta 111. gr. samningsins þar sem fjallað er um úrlausn deilumála. Þar er gert ráð fyrir því að ef sameiginlegu EES-nefndinni tekst ekki að leysa deilumál samningsaðila innan þriggja mánaða þá megi deiluaðilar koma sér saman um að biðja EB-dómstólinn um túlkun. Það gerist eingöngu að frumkvæði EFTA-ríkjanna sjálfra ef þau eru sammála um það. Skilyrði fyrir því að leitað sé eftir túlkun EB-dómstólsins er að allir aðilar séu sammála. Ef deiluaðilar leita til dómstólsins þá verður úrskurðurinn bindandi úr því þeir óska eftir því. Um slíkan úrskurð í framtíðinni fer síðan eins og um aðra dóma EB-dómstólsins um túlkun á EB-reglum sem eru eins og EES-reglur að þeir eru ekki bindandi en í ljósi markmiða um samræmda túlkun ber að taka tillit til þeirra.

Í öðru lagi er hér um að ræða mál sem snertir bókun 34 við EES-samninginn. Þar er opnað fyrir þann möguleika að dómstólar í EFTA-ríkjunum geti ef þeir óska leitað eftir úrskurði um túlkun til EB-dómstólsins. Slíkir úrskurðir EB-dómstóls yrðu bindandi fyrir dómstól í EFTA-ríkjunum ef þeir leita eftir þeim. Þá kemur aðalatriðið. Skilyrðið fyrir heimild dómstóla í EFTA-ríkjunum til að leita eftir forúrskurði til EB-dómstólsins er að viðkomandi ríki hafi tilkynnt um að það ætli að nota bókun 34 og heimila dómstólum sínum að sækja forúrskurði til EB-dómstólsins. Bókunin getur ekki tekið gildi án slíkrar tilkynningar. Slík heimild til handa íslenskum dómstólum mundi krefjast lagaheimildar og að áliti sumra jafnvel stjórnarskrárbreytingar og þar með samþykkis Alþingis. Þannig að slíkt gæti undir engum kringumstæðum gerst nema með lagaheimild frá Alþingi og hugsanlega stjórnarskrárbreytingu.

Stjórnvöld geta því ekki sent tilkynningu um að Ísland ætli að nýta bókunina nema samþykki Alþingis liggi fyrir. Ekkert EFTA-ríki hefur gefið til kynna að það komi til með að heimila að ákvæði bókunarinnar verði beitt. Bæði frá sjónarhóli stjórnarskrárákvæða og af pólitískum ástæðum er það að mínu mati afar ólíklegt að nokkurt EFTA-ríki komi til með að nota þessa heimild.

EFTA-ríkin koma hins vegar til með að nota annan möguleika til að ná fram samræmdri túlkun. Í samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólinn er gert ráð fyrir því að dómstólar í EFTA-ríkjunum geti beðið EFTA-dómstólinn um álit um túlkun EES-reglna en slíkt yrði ekki bindandi fyrir innlenda dómstóla.

Þá er komið að spurningu sem hljóðar á þessa leið: Geta lög og tilskipanir EB í einhverjum tilfellum orðið bindandi fyrir EFTA-ríkin, jafnvel tímabundið? Svar við því er: Nei. Það er hægt að skýra í löngu máli en ég skal reyna að stytta það. Ég geri ráð fyrir að fyrirspyrjandi eigi við hvort ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um nýjar eða breyttar reglur sem eru teknar samhljóða geti orðið bindandi fyrir EFTA-ríkin tímabundið án samþykkis þjóðþinga. Í 103. gr. EES-samningsins er kveðið á um að ákvörðun EES-nefndarinnar taki ekki gildi fyrr en stjórnskipunarskilyrðum í viðkomandi landi hafi verið fullnægt. Hjá okkur þýðir þetta að engin ákvörðun, sem þarf að bera undir Alþingi, getur tekið gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt hana.

Í 2. mgr. 103. gr. er hins vegar gert ráð fyrir því að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar geti tekið

gildi til bráðabirgða ef frestur verður á að einhverjir samningsaðilar uppfylli stjórnskipunarskilyrði heima fyrir. Með öðrum orðum, þetta var tekið upp og er ekki launungarmál með tilliti til þess að það kynni að dragast í þjóðaratkvæðagreiðslu hjá Sviss að ganga endanlega frá staðfestingu á samningnum. Gildistaka til bráðabirgða mundi gilda fyrir alla samningsaðila. Þetta ákvæði var sett sérstaklega með það í huga að þjóðaratkvæðagreiðslur í Sviss mundu ekki tefja fyrir framgangi samningsins ef hin ríkin óska eftir því. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar geta hins vegar ekki tekið gildi til bráðabirgða í sumum EFTA-ríkjunum nema til komi samþykki þjóðþinganna. Hafi þau ekki samþykkt eða synjað ákvörðun EES-nefndarinnar innan ákveðinna tímamarka verða þau að tilkynna að ákvörðunin geti ekki tekið gildi til bráðabirgða. Ákvörðun EES-nefndarinnar sem fellur undir valdsvið Alþingis getur því aðeins tekið gildi til bráðabirgða á Íslandi að Alþingi hafi samþykkt.

Næsta spurning, um fólksflutninga. Hvað þurfa áhrif á efnahag að vera mikil til að beita megi heimild til að stöðva? Hversu fljótvirkt og hvaða áhrif geta gagnráðstafanir haft? Það er hverju ríki í sjálfsvald sett hvenær áhrif á efnahag teljast vera það mikil að til þessa úrræðis verði gripið. Að sjálfsögðu er þó ekki gert ráð fyrir að til þess sé gripið í tíma og ótíma eða af engu tilefni. Í 112. gr. segir að ef upp koma alvarlegir erfiðleikar í efnahagsmálum, þjóðfélagsmálum eða umhverfismálum, sem tengjast sérstökum framleiðslugreinum eða svæðum og líklegt er að verði varanlegir, megi grípa til viðeigandi ráðstafana. Ríkinu ber skylda til að tilkynna um slíkar aðgerðir og reyna ásamt öðrum samningsaðilum að finna lausn á vandanum. Sé ástandið brýnt getur ríki hins vegar gripið til tafarlausra aðgerða að eigin frumkvæði. Ef hinir samningsaðilarnir meta það svo að beiting öryggisákvæðisins hafi valdið misvægi milli réttinda og skyldna í samningnum geta þeir gripið til gagnráðstafana. En þær mega ekki vera umfangsmeiri en efni standa til. Þær skulu raska starfsemi hins Evrópska efnahagssvæðis sem allra minnst. Með sérstakri yfirlýsingu hafa íslensk stjórnvöld gert það ljóst að gripið verði til öryggisákvæðisins einkum ef vinnumarkaði er raskað í ákveðnum landshlutum, störfum eða atvinnugreinum, en einnig ef fasteignamarkaður raskast.

Næsta spurning: Telur ráðherra meðferð deilumála eftir fyrri úrskurð dómstólsins fullnægjandi og óvilhallann? Já, meðferð deilumála samningsaðila samkvæmt samningnum er að mínu mati fullnægjandi og óvilhöll. Meðferðin felst fyrst og fremst í pólitísku samráði í sameiginlegu EES-nefndinni þar sem allar ákvarðanir eru teknar samhljóða. Þar er sami háttur hafður á og í fríverslunarsamningi okkar við EB nú. Ef ekki næst samkomulag í EES-nefndinni geta samningsaðilar beitt öryggisráðstöfunum á báða bóga. Mál sem rísa vegna umfangs og gildistíma öryggisráðstafananna verður að fara með fyrir gerðardóm en þar sitja þrír gerðardómendur, einn frá hvorum aðila og einn oddamaður tilnefndur af hinum tveimur sameiginlega.

Það eru kostir og gallar við pólitíska lausn deilumála. Við studdum í upphafi stofnun sameiginlegs dómstóls fyrir EES. Við töldum að réttaröryggi fámennrar þjóðar væri vel borgið ef sjálfstæður dómstóll skæri úr deilumálum á hlutlausan hátt. Sá kostur var útilokaður vegna innri stjórnskipunar EB. Ég rifja upp að sá kostur var einnig gagnrýndur harðlega af stjórnarandstöðunni þar á meðal af hv. frummælanda sem taldi þetta ófullnægjandi ákvæði. Því er hins vegar ekki að neita að Íslendingar hafa oft notið fámennisins og fengið hagkvæmar lausnir í erfiðum málum í samningum við stórþjóðir á pólitískum forsendum. Því hefur einnig verið haldið fram að pólitískt henti það ekki stórveldum að beita harkalegum aðgerðum gegn smáríkjum. Það eru hagsmunir allra samningsaðila EES-samningsins að framkvæmd samningsins verði samræmd og samkomulag náist um deilumál. Beiting öryggisaðgerða og frestun á framkvæmd einhverra ákvæða samningsins er slæm fyrir góða framkvæmd samningsins og öllum í óhag. Ég hef því þá trú að hægt verði að komast að samkomulagi í þeim deilum sem hugsanlega geta komið upp. Reynslan kennir okkur að almennum öryggisákvæðum af þessu tagi, varnaglaákvæðum innan EB, hefur því sem næst aldrei verið beitt. Það er einungis um að ræða eitt tilvik á yfir 30 árum. Deilumál samningsaðila verða leyst með samkomulagi og ef ekki þá sker óvilhallur gerðardómur úr um umfang gagnaðgerða. Deilumál verða aldrei lögð fyrir annan dómstól nema með okkar samþykki. Hvort við fáum góðar eða slæmar lausnir í þeim málum, sem við hugsanlega gætum lent í deilum um, fer auðvitað eftir því hvernig við höldum á málum í sameiginlegu nefndinni sjálf.

Næsta spurning: Hvenær gerir ráðherra ráð fyrir að niðurstaða af stjórnarskrárathugun liggi fyrir? Það hefur verið kynnt á hinu háa Alþingi og er það fyrir lok júnímánaðar nk.

Næsta spurning: Hvaða breytingar hafa verið gerðar á samningnum eftir síðari úrskurð dómstólsins? Svarið er þetta: EB-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði EES-samningsins um úrlausn deilumála væru í samræmi við Rómarsamninginn svo framarlega sem ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar mundu ekki hafa áhrif á dómsúrlausnir EB-dómstólsins. Í sérstakri samþykkt við 105. gr. samningsins, sem fjallar um hlutverk sameiginlegu EES-nefndarinnar þegar upp kemur ósamræmi í túlkun, var fyrir hendi ákvæði þess efnis að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um úrlausn deilu vegna mismunandi túlkunar hefðu ekki áhrif á dómsúrlausnir EB-dómstólsins. Þetta er sem sagt gamalt ákvæði, það var áður en dómskaflinn breyttist. Þar sem samþykktir eru ekki hluti af samningnum sjálfum, þótt þær séu bindandi um túlkun á ákvæðum hans, var sams konar ákvæði um að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar við úrlausn deilumála geti ekki haft áhrif á dómsúrlausnir EB-dómstólsins sett í bókun 48 við samninginn. Það er breytingin sem átt hefur sér stað.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið eru einungis til áréttingar á því samkomulagi sem fyrir hendi var þar sem ekki var gert ráð fyrir að ákvarðanir sameig-

inlegu EES-nefndarinnar um úrlausn deilumála ættu að takmarka valdsvið EB-dómstólsins við túlkun á innri reglum.

Næsta spurning er um fiskveiðisamninginn: Mun hann liggja fyrir fyrir undirskrift, ef ekki þá hvenær? Það liggur þegar fyrir texti um erindaskipti um samstarf á sviði sjávarútvegs og honum hefur að sjálfsögðu verið dreift og hann ræddur í utanríkismálanefnd. Gengið verður frá erindaskiptum þessum milli EB og Íslands 2. maí í Oporto. Erindaskiptin staðfesta þann ásetning samningsaðila að ganga frá samstarfssamningi um sjávarútvegsmál og þar er kveðið á um öll efnisatriði hans eins og mönnum er kunnugt um. Samningaviðræður standa yfir um það hvernig ganga eigi frá þessu með formlegum hætti í samningi. Fyrsti fundur hófst 27. þessa mánaðar, sá næsti er ráðgerður um miðjan maí. Gert er ráð fyrir því að samningurinn verði fullbúinn í sumar.

Næsta spurning: Telur utanrrh. unnt að breyta EES-samningi í tvíhliðasamning Íslands og EB ef og þegar önnur EFTA-ríki eru gengin í EB? Hvaða breytingar eru þá nauðsynlegar? Hvert EFTA-ríki fyrir sig er aðili að EES-samningi. EFTA sem stofnun er ekki aðili að honum. Allar samningsskuldbindingar og öll réttindi sem íslensk fyrirtæki og einstaklingar öðlast með samningnum standa óhögguð þó svo að önnur EFTA-ríki gangi í EB. Þetta gildir einnig um samráðsferilinn og öll upplýsingaskipti sem líklega yrðu þjálli ef Ísland stæði eitt fyrir utan. Meginvandinn yrði að leysa það hvernig ætti að sjá um eftirlitsþáttinn. Samkvæmt EES-samningnum er sérstakri eftirlitsstofnun EFTA falið að fylgjast með því hvernig EFTA ríkin rækja skuldbindingar sínar. Yfirstjórn hennar er í höndum sjö manna, eins frá hverju EFTA-ríki. Fari svo að Íslendingar sitji einir eftir þá yrði sú stofnun undir stjórn Íslendings sem hefði það hlutverk að fylgjast með íslenska ríkinu. Ólíklegt er að EB teldi það ásættanlega eftirlitsaðferð. Svipað kemur upp að því er varðar EFTA-dómstólinn þar sem dómarinn yrði einn og íslenskur undir lokin. Það yrðu því helst 108., 109. og 110. gr. í EES-samningnum sem þyrfti að semja um að nýju þótt önnur stofnanaákvæði kynnu þar einnig að koma til álita.

Næsta spurning: Hvernig hugsar ráðherra sér meðferð málsins á Alþingi Íslendinga? Hvert yrði hlutverk sérstakrar EES-nefndar? Um þetta vil ég ekki segja mikið á þessu stigi máls af þeirri einföldu ástæðu að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar hafa nú með skriflegum hætti lýst sínum hugmyndum um það mál og beint því til hæstv. forsrh. Það mál var rætt í ríkisstjórn í morgun. Ég leyfi mér að láta í ljós þá von að fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu geti í viðræðum sínum náð samkomulagi um vinnubrögð, um þingmeðferðina sjálfa, og ætla ég ekki á þessu stigi málsins að tíunda rök fram eða aftur um það hvort æskilegt er að þar verði sett á stofn sérstök sérnefnd sem fjalli um EES-málið. Ég dreg enga dul á það að ég teldi það skynsamlegt út af langtímasjónarmiðum vegna þess að við munum þurfa á því á halda að því er varðar framtíð samningsins, samræmingu á framkvæmd hans að hafa slíka sérnefnd. En ég ætla þá á þessu stigi málsins ekki að tíunda það í löngu máli.

Virðulegi forseti. Ég veit að mínum tíma er lokið. Hv. fyrirspyrjandi spurði um margt annað og ég skal renna á því í örstuttu máli, með leyfi forseta.

Í fyrsta lagi sagði hann: Þetta er ekki lengur tveggja stoða lausn vegna þess — og vitnaði í Van der Pas — að við erum að yfirtaka lög og reglur Evrópubandalagsins. Þetta hlýtur að vera misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, hann veit að sjálfsögðu allra manna best að EFTA-ríkin voru í þessum samningi að sækjast eftir því að taka yfir lög og reglur EB um fjórfrelsið og það kemur tveggja stoða lausninni ekkert við. Þetta gerðum við og vorum sammála um í tíð fyrri ríkisstjórnar. Að því er varðar tveggja stoða lausnina þá felst hún fyrst og fremst í stofnanarammanum, þ.e. við erum með sérstaka eftirlitsstofnun og sérstakan dómstól. Og að því leyti er tveggja stoða lausnin enn í gildi.

Hann spurði: Hvaða stofnun er það sem hefur sambærileg áhrif og framkvæmdastjórn EB? Það er að sjálfsögðu eftirlitsstofnunin og ekkert nýtt yfir því. Þá spurði hann um að því er varðaði staðla. Útblástur farartækja. Er verið að stefna að því að Norðurlöndin sætti sig við lægri staðla? Nei. Það liggur fyrir að EB er að undirbúa löggjöf um hærri staðla. Þannig að það er verið að samræma þá innan aðlögunartímans fram að 1995. Breytir þetta eitthvað um einkasölu ÁTVR? Nei, það breytir engu um það. Við föllumst á regluna um það að ekki má mismuna í viðskiptum ef einhver vill selja einhverja áfengistegund og hér vill einhver kaupa þá verða þau viðskipti að fara fram. Það breytir hins vegar engu um að við getum haldið einkasölu ríkisins og við getum haldið henni líka í smásölu. Þetta er löngu upplýst mál.

Undirboð. Það er eitt stærsta hagsmunamál okkar, sem upp kom í samningnum, að það er skuldbinding frá EB um það að beita ekki — vegna þess að við höfum sömu samkeppnisreglur — sínum rétti til að koma undirboðstollum á aðra.

Að því er varðar samninga við þriðju ríki, hv. fyrirspyrjandi, þá er það lykilatriði þessa samnings að við erum frjálsir að okkar samningum við þriðja ríki. Það sem EB býður er það að ef þeir gera samninga við þriðju ríki þá bjóðast okkur bestu kjör. Við getum gengið inn í þá samninga.

Að því er varðar dýr og plöntur, þá erum við með undanþágu frá þeim málum algerlega. Að því er varðar sjóflutninga og fólksflutninga liggja fyrir mjög ítarlegar upplýsingar í utanrmn.

Að því er varðar þátttöku í nefndum þá höfum við ekki óskað eftir að taka þátt í 2.000 nefndum. Það má geta þess hér í lokin að starfsmenn EB eru um 20.000, menn tala um að það sé mikið bákn. Það mundi samsvara því í hlutfallsreikningi að starfsmenn í Stjórnarráði Íslands væru 15. Við erum að vísu dálítið fleiri en það. En við ætlum ekki að leggja mikið kapp á að blanda okkur inn í ákvörðunarferli stofnana EB, það hefur aldrei staðið til og var mjög vel upplýst í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Að lokum, virðulegur forseti. Við skulum hafa það í huga að þessi samningur, sem er auðvitað á dagskrá, búinn að vera á dagskrá, er ræddur í utanrmn., verður hér á dagskrá, er auðvitað mikið mál. Hann er 129 gr., 49 bókanir, 22 viðaukar, 29 sameiginlegar yfirlýsingar, 39 einhliða yfirlýsingar. Það er ekki langt í það að þetta mál verði á dagskrá Alþingis. Auðvitað er það rétt að þetta mál er svo stórt að það kallar á mjög vandaða umferð og umfjöllun hjá Alþingi Íslendinga, ekki í einhverjum utandagskrárumræðum heldur í dagskrárumræðum og í nefndum. Og um það vona ég að fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu komi sér saman um hvað svo sem líður álitamálum eða ágreiningsefnum um einstök atriði samningsins.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns árétta þá sameiginlegu kröfu allra stjórnarandstöðuflokkanna sem hv. málshefjandi Steingrímur Hermannsson kynnti fyrir okkar hönd í ræðu sinni að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram á Íslandi um EES-samninginn. Það er afar mikilvægt að það komi skýrt og afdráttarlaust fram áður en utanrrh. íslenska lýðveldisins skuldbindur lýðveldið þjóðréttarlega séð, sem hann mun gera 2. maí, að hér á Alþingi hafa allir flokkar stjórnarandstöðunnar sameiginlega sett fram þá ósk að íslenska þjóðin fái að greiða atkvæði um þennan samning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslenska þjóðin sjálf fái eins og þjóðin í Sviss að greiða atkvæði um þennan samning.

Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. vék ekki einu orði að þessari formlegu ósk allra stjórnarandstöðuflokkanna í sinni svarræðu hér. Það segir meira en mörg orð. Að þögnin skuli vera einu viðbrögð hæstv. utanrrh. við slíkri formlegri kröfu í þessari umræðu. Hæstv. utanrrh. var undrandi á því að hér á Alþingi væri beðið um umræðu um þetta mál áður en hann skrifar formlega undir sem utanrrh. íslenska lýðveldisins. Það finnst mér merkilegra að ráðherrann skuli undrast það heldur en að umræðan fer fram.

Ég vil til viðbótar setja fram þá skoðun að ég tel undirskrift utanrrh. Íslands undir þennan samning 2. maí óeðlilega, óréttlætanlega og ég dreg í efa að hún standist stjórnarfarslega og stjórnmálalega. Ég vil mótmæla því formlega að utanrrh. íslenska lýðveldisins skrifi undir þennan samning og skuldbindi lýðveldið þjóðréttarlega 2. maí. Og meginrök mín eru þríþætt.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að Evrópubandalagið og Ísland hafa ekki gert samning um sjávarútvegsmál. Sá samningur liggur ekki yfir. Utanrrh. hæstv. reyndi áðan að draga létta fjöður yfir þá staðreynd með því að segja að Ísland og Evrópubandalagið hefðu skipst á minnisblöðum. Minnisblöð eru ekki í samningum og það er athyglisvert og segir töluvert langa sögu að það hefur ekki enn tekist að gera þennan sjávarútvegssamning milli Íslands og Evrópubandalagsins þrátt fyrir langan tíma og miklar umræður. Hæstv. utanrrh. upplýsti áðan að það mundi þurfa marga fundi enn áður en slíkur samningur lægi fyrir. Það eitt gefur til kynna að málið sé flókið, viðamikið og erfitt.

Við, sem hlustuðum í síðustu ríkisstjórn á margar ræður við ríkisstjórnarborðið frá hæstv. utanrrh. um þá samningatækni sem hann hefði ákveðið að beita í þessum viðræðum, erum furðu lostin yfir þeirri staðreynd að nú skuli þessi sami hæstv. utanrrh. ætla að skrifa undir samninginn um EES án þess að sjávarútvegssamningur Íslands og Evrópubandalagsins liggi fyrir vegna þess að það voru meginrök hans öll þau ár sem við sátum saman í ríkisstjórn að samningatækni hans mundi tryggja að áður en EES-samningnum yrði lokið mundi liggja fyrir fullbúinn og frágenginn sjávarútvegssamningur Íslands og Evrópubandalagsins sem tryggði hagsmuni Íslands. Nú liggur hins vegar fyrir að það er þveröfugt. Það er enginn sjávarútvegssamningur milli Íslands og Evrópubandalagsins á borðinu en engu að síður ætlar hæstv. utanrrh. að skrifa undir EES-samninginn, þveröfugt við það sem hann sagði aftur og aftur viku eftir viku, mánuð eftir mánuð í öll þau ár sem við sátum saman í ríkisstjórn að væri lykilatriðið í nálgun hans í viðræðum við Evrópubandalagið. Ég er viss um það að ef mönnum hefði verið sagt það fyrir einu ári, fyrir tveimur árum, jafnvel fyrir 2–3 mánuðum að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson mundi setja nafn sitt og íslenska lýðveldisins undir EES-samninginn án þess að hafa sjávarútvegssamninginn í höndum hefði ekki nokkur maður trúað því. Þess vegna dugir það út af fyrir sig eitt og sér sem ástæða fyrir því að mótmæla undirskrift utanrrh. undir EES-samninginn að sjávarútvegssamningurinn liggur ekki fyrir. Ísland er í þeirri sérstöðu að þess hefur verið krafist að gengið yrði frá slíkum samningi og Evrópubandalagið hefur sagt að það muni halda öllum sínum hagsmunamálum til streitu í þeim viðræðum.

Það er önnur ástæða fyrir því að ég mótmæli því í dag að utanrrh. Íslands muni skrifa undir samninginn 2. maí. Hún er sú að hæstv. ráðherra hefur sjálfur talið nauðsynlegt að láta kanna það hvort samningurinn brýtur í bága við stjórnarskrána. Þrír flokkar á Alþingi hafa flutt um það sérstaka tillögu að lagadeild Háskólans, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands verði falið að skipa nefnd sérfróðra manna til að úrskurða um það hvort samningurinn stenst stjórnskipunarrétt og stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Það er fullkomlega óeðlilegt að utanrrh. skrifi undir alþjóðlegan samning sem hann sjálfur hefur talið nauðsynlegt að skipa sérfróða menn til að kanna hvort standist íslensku stjórnarskrána. Og þrír flokkar á Alþingi hafa ályktað sérstaklega um að það þurfi að kanna hvort hann standist stjórnarskrána. Öll eðlileg vinnubrögð hefðu auðvitað kallað á það að slík athugun færi fram og niðurstöður hennar lægju fyrir áður en hæstv. utanrrh. skrifaði undir samninginn. En hæstv. ráðherra ætlar ekki að gera það. Hann ætlar að binda íslenska lýðveldið þjóðréttarlega séð, að vísu með fyrirvara um samþykkt Alþingis, án þess að vita það hvort samningurinn stenst íslensku stjórnarskrána og stjórnskipunarlög og venjur íslenska lýðveldisins. Það hefðu líka einhvern tíma þótt tíðindi ef mönnum hefði verið sagt það á ferli málsins að slíkt ætti eftir að gerast.

Þriðja meginástæðan fyrir því að ég mótmæli því að hagsmuna Íslands sé gætt með þeim hætti að skrifa

undir samninginn 2. maí er sú staðreynd að það liggur fyrir að samningurinn verður ónýtur eftir 3–4 ár. Þegar lagt var upp í þessa för var verið að tala um varanlega lausn. Menn gátu haft skiptar skoðanir á því en nú er það staðreynd, sem hæstv. utanrrh. kýs hins vegar ávallt að gera lítið úr, að Svíar hafa ákveðið að yfirgefa EES, Finnar hafa ákveðið að yfirgefa EES, Austurríki hefur ákveðið að yfirgefa EES, Norðmenn stefna í það að yfirgefa EES og kannski Sviss einnig. Og hæstv. utanrrh. sagði fyrir aðeins einum mánuði síðan í skýrslu sinni til Alþingis, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fái staðist sem tveggja stólpa brú sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtenstein með innan við 300 þús. íbúa?" Trúir því einhver? sagði hæstv. utanrrh. En hann ætlar engu að síður að skrifa undir samning 2. maí sem hann sagði í skýrslu sinni til Alþingis í síðasta mánuði að fáránlegt væri að trúa því að slíkt gæti staðist.

Hæstv. utanrrh. sagði fleira fyrir aðeins mánuði síðan í skýrslu sinni til Alþingis. Hann sagði einnig, virðulegi forseti, á bls. 12: „Hinar pólitísku forsendur sem leiddu til EES-samninganna virðast ekki eiga við lengur, hvorki við EB né EFTA."

Var þetta sami hæstv. utanrrh. sem stóð hér áðan og var að svara málshefjanda, hv. þm. Steingrími Hermannssyni? Það er furðulegt að hæstv. utanrrh. skuli leyfa sér slíkar mótsagnir í jafnalvarlegu máli og fram koma hjá honum sjálfum, annars vegar í skýrslunni til Alþingis og hins vegar í svarræðu hans áðan. „Að sjálfsögðu er þetta áfram tveggja stólpa kerfi," sagði hann áðan eins og ekkert væri einfaldara. Staðreynd málsins er auðvitað sú að sá EES-samningur sem verið er að tala um nú er allur annar en sá samningur sem rætt var um í upphafi og lengst af. Það er auðvitað ábyrgðarhluti að leyfa ekki umræður á Íslandi um hvort það sé skynsamleg leið fyrir íslenska lýðveldið að gangast undir þennan samning áður en undirritunin fer fram enda er það auðvitað táknrænt hvers vegna undirritunin fer fram 2. maí. Það hefur komið fram í fjölmörgum fjölmiðlum. Það er Evrópubandalagið sem er að flýta undirrituninni. Og að sjálfsögðu segir EFTA já. Þótt hér liggi ekki fyrir hvort samningurinn stenst stjórnarskrána, þótt ekki liggi fyrir sjávarútvegssamningur milli Íslands og EB og þótt nær allar aðrar ríkisstjórnir í EFTA hafi ákveðið að yfirgefa þennan samning. Málið er slíkt metnaðarmál, persónulega og pólitískt, fyrir hæstv. utanrrh. að hann er undrandi á því að þingmenn á Alþingi Íslendinga skuli leyfa sér að draga í efa að þetta sé skynsamleg leið fyrir íslenska lýðveldið. Það vekur auðvitað athygli okkar að enginn af forustumönnum Sjálfstfl. í ríkisstjórninni er viðstaddur þessa umræðu. Það kann að vera tilviljun. En það kann líka að felast í því einhver pólitísk merking. Hæstv. forsrh. er ekki hér í dag. Hæstv. sjútvrh. er ekki hér í dag þótt sjávarútvegssamningurinn hafi ekki enn þá verið gerður. Það er satt að segja mjög undarlegt að þessir forustumenn Sjálfstfl. skuli kjósa að vera fjarverandi þegar umræðan fer fram þrátt fyrir það að þeir hafa vitað með margra daga fyrirvara að stjórnarandstaðan í heild sinni óskaði eftir þessari umræðu. Forusta Sjálfstfl. hefur kosið að skilja hæstv. utanrrh., formann Alþfl., eftir einan í þessari umræðu, formann sem hefur talið nauðsynlegt að flýta sínu flokksþingi vegna þess, eins og hann sagði sjálfur í viðtali við fjölmiðla og gaf sem fyrstu ástæðu, að í sumar þyrftu að fara fram umræður um EES-samninginn. Ef flýta þarf flokksþingi Alþfl. vegna EES-samningsins, þá þarf hæstv. utanrrh. ekki að vera undrandi á því að við teljum nauðsynlegt að ræða hann hér.

Virðulegi forseti. Ég hef því miður ekki tíma nú í þetta sinn til þess að víkja ítarlega að ýmsum efnisatriðum, sem ég gjarnan vildi gera, en ég vil þó segja að það er nauðsynlegt að sú umræða fari fram hér á landi með opnum og heiðarlegum hætti hvort ekki kann að vera skynsamlegra fyrir Íslendinga að fara strax í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um framtíð samskipta okkar, Íslands og Evrópubandalagsins, byggja þær viðræður á ýmsum meginþáttum í viðskiptakerfi þessa EES-samnings í stað þess að ganga þá götu sem hæstv. utanrrh. ætlar nú að ganga. Ég vil hins vegar nota tækifærið við upphaf þessara umræðna til þess að lýsa þeirri afstöðu alveg skýrt og greinilega að ég tel rangt af hæstv. utanrrh. að undirrita þennan samning á mánudaginn með þeim rökum sem ég hef hér lýst, að sjávarútvegssamningur liggur ekki fyrir, að því hefur ekki verið svarað hvort samningurinn stenst íslensku stjórnarskrána og það liggur fyrir að ekki getur verið um varanlegan samning að ræða, hvorki af hálfu annarra EFTA-ríkja né af hálfu Evrópubandalagsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. mótmælti því í ræðu sinni að utanrrh. undirritaði samninginn í byrjun maí með fyrirvara um samþykki Alþingis og bar við að þar með hefði utanrrh. snúið við blaðinu frá því að hann boðaði sína frægu samningatækni í fyrri ríkisstjórn. Með öðrum orðum átti utanrrh. að hafa sagt að við geymdum sjávarútvegsmálið þangað til síðast og að tvíhliða samningurinn yrði að vera undirritaður áður en við skrifuðum undir. Þarna hefur hinum góðviljaða og greinda hv. þm. skotist. Það er að sönnu rétt að út frá samningnum sjálfum lögðum við Íslendingar á það áherslu að til þess að ná fram sjávarútvegsmálinu, markaðsaðgenginu og að ná fram kröfum okkar um að hafna veiðiheimildakröfum EB og fjárfestingarkröfum, þá var það mál seinast á samningsferlinum. Hitt er annað mál að við höfum ævinlega sagt það mjög skýrt að við vildum hafa þennan samning í höfn og undirritaðan áður en gengið yrði frá tvíhliða samningi svo þarna er um að ræða misskilning. Það er verið að blanda saman annars vegar samningsniðurstöðunni í sjávarútvegsmálinu og hins vegar þessum tvíhliða samningi sem á sér stoð í fríverslunarsamningnum frá 1972. Það er á misskilningi byggt.

Að því er varðar spurninguna um það hvort samningurinn samrýmist stjórnarskrá eða ekki þá er þess að

geta að tillaga stjórnarandstöðunnar var um að að hafa á því aðra málsmeðferð, að fela félögum dómara og lögmanna ásamt með fulltrúum lagadeildar að kanna það mál. Nefndin sem ég hef skipað áætlar að skila niðurstöðum sínum á sama tíma og tillaga stjórnarandstöðunnar gerði ráð fyrir. Menn átta sig á því að í þessu er engin þversögn fólgin. Það er hægt að undirrita þennan samning með fyrirvara um samþykki Alþingis. Hann er ekki til endanlegrar staðfestingar fyrr en í fyrsta lagi undir lok þessa árs. Það er því engu stofnað í tvísýnu eða engin áhætta tekin af þeim sökum. Ég vildi bara nota tækifærið og leiðrétta þennan misskilning.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get vel skilið að þetta er mjög viðkvæmt mál fyrir hæstv. utanrrh. En staðreyndin er hins vegar sú að honum tekst ekki að útskýra hlutina eftir á með þeim hætti sem hann reyndi. Við erum allt of margir hér í þingsalnum sem höfum allt of oft hlustað á hann útskýra við ríkisstjórnarborðið þegar við sátum þar saman að á lokastigum viðræðna um EES yrði málum hagað þannig að sjávarútvegskröfur Íslendinga yrðu í höfn áður en samningurinn yrði í höfn.

Sjávarútvegsmál Íslendinga eru ekki í höfn, hæstv. utanrrh. Það er alveg ljóst. Það er þess vegna sem viðræðufundur er núna úti í Brussel, það er þess vegna sem annar fundur verður eftir hálfan mánuð og síðan þriðji fundurinn þar á eftir og síðan mun það taka nokkra mánuði, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, að reyna að ná niðurstöðum í þær viðræður af því að þær eru svo flóknar og erfiðar. Það er margra vikna og mánaða verk að ná landi í þeim málum. Þótt ég sé ekki kunnugur því viðræðuborði veit ég að það vefst mjög fyrir mönnum hvort samþykkja á að Evrópubandalagið komi hér inn með sinn flota til að veiða án þess að Íslendingar fái að veiða nokkra nýja viðbótarloðnu. Það er einn af erfiðu þáttunum í þessum viðræðum og þess vegna er það auðvitað kjarni málsins að sjávarútvegssamningur liggur ekki fyrir.

Ég hlýt hins vegar að harma það að skilja mátti orð hæstv. utanrrh. áðan um að ríkisstjórnin ætlaði að beita sér gegn tillögum stjórnarandstöðunnar um það að óháðir aðilar skoðuðu það hvort samningurinn stenst stjórnarskrána eða ekki. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfur valið fjóra menn. Ég get sagt ýmislegt um þá einstaklinga en sumir þeirra eru starfsmenn ráðherranna og háðir þeim með margvíslegum hætti. Tillaga okkar er hins vegar um það að óháðir aðilar, Dómarafélagið, háskólinn og aðrir velji sérfræðingana. Ef það mátti skilja hæstv. utanrrh. þannig hér áðan að ríkisstjórnarmeirihlutinn ætli að koma í veg fyrir það að óháðir fulltrúar háskólans, Dómarafélagsins og Lögmannafélagsins fái að meta þetta atriði, þá eru það mjög alvarleg tíðindi. Ef ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar bæði að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið og einnig koma í veg fyrir það að fulltrúar óháðra og fræðilegra aðila fái að meta það hvort samningurinn stenst stjórnarskrána eða ekki, ef það er veruleikinn þá er alveg greinilegt að ríkisstjórnin telur sig hafa vondan málstað að verja í þessu máli fyrst hún þorir hvorki að láta þjóðina dæma í þjóðaratkvæðagreiðslu né óháða, sjálfstæða sérfræðinga dæma á faglegum grundvelli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þessar orðræður hv. 8. þm. Reykn. væru teknar alvarlega, þá væri hann að segja: Ég krefst þess að Íslendingar undirskrifi tvíhliða samninginn við Evrópubandalagi um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir áður en þeir hafa fengið undirritaðan EES-samninginn. Er það meining leiðtoga stjórnarandstöðunnar eða annars leiðtoga stjórnarandstöðunnar að halda þessu fram? Er hann að setja fram þá kröfu að við skuldbindum okkur samningi, sem hann hefur gagnrýnt, áður en við höfum það í hendi að við náum réttindum okkar og ávinningi af EES-samningnum? Auðvitað ekki. Auðvitað meinar hv. þm. það ekki. Sú leiðrétting sem ég gaf á misskilningi hans er því auðvitað fullgild.

Að því er varðar spurningu um stjórnarskrá og það hvort samningurinn samrýmist stjórnarskrá eða ekki, þá geta menn gefið sér hvaða skoðanir sem þeir vilja fyrir fram. Það liggur fyrir hvaða skoðun ég hef á því og hver er skoðun ríkisstjórnarinnar á því. En við bíðum auðvitað niðurstöðu, hlutlægrar niðurstöðu, hlutlausra aðila, fræðimanna, í því efni og óþarfi að setja á langar tölur um það fyrir fram. Kjarni málsins er sá að ef samningurinn reynist standast það próf svo hann brjóti á engan máta í bága við stjórnarskrá og kalli ekki á neinar breytingar á stjórnarskrá, þá er það afstaða þessarar ríkisstjórnar að óþarfi sé að leggja þennan milliríkjasamning fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu. Við skulum bíða með getsakir og dylgjur í því efni þangað til sú niðurstaða liggur fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Trúi ég mínum eigin eyrum? Er það virkilega rétt sem hæstv. utanrrh. var að segja í sínum lokaorðum að ef þeir fjórir einstaklingar, sem hann hefur sjálfur valið til þess að meta áhrif samningsins gagnvart stjórnarskránni, komast að þeirri niðurstöðu að þetta sé í lagi, þá eigi þjóðin ekki að fá að dæma um samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu? Hæstv. utanrrh. sagði hér ef fjórir menn, Gunnar G. Schram, Þór Vilhjálmsson, Stefán Már Stefánsson og skrifstofustjórinn í dómsmrn., komast að raun um það að þessi samningur sé í lagi þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að þjóðin fái ekki að greiða um hann atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvers konar ríki er það eiginlega sem við búum í? — Hæstv. utanrrh. getur hlegið, það var þetta sem hann sagði. Hann tilkynnti það hér í lokaorðum sínum að ríkisstjórnin hefði komist að niðurstöðu um þetta. Ef hann er reiðubúinn að draga þau orð til baka þá mundi ég fagna því. En því miður er hæstv. forsrh. ekki í salnum, það er ekki hægt að spyrja hann og ekki heldur hæstv. sjútvrh. og ekki heldur fjmrh., varaformaður Sjálfstfl., eins og öll forusta Sjálfstfl. hefur kosið að vera fjarverandi í umræð-

unni. En ég mótmæli því algjörlega að þessir fjórir einstaklingar, tveir þeirra eru mjög hlynntir Evrópusamrunanum, Gunnar G. Schram og Þór Vilhjálmsson, það vita allir, einn er embættismaður í dómsmrn. og sá þriðji er virtur fræðimaður á þessu sviði, eigi einir að fá að ráða því hvort íslenska þjóðin fær að greiða atkvæði um þennan samning eða ekki. Ef það er rétt þá fordæmi ég þá afstöðu ríkisstjórnarinnar sem ólýðræðislega í grundvallaratriðum.

Hitt atriðið varðandi sjávarútvegssamninginn var auðvitað hinn hefðbundni útúrsnúningur hæstv. utanrrh. í umræðunum. Hann getur ekki skotið sér fram hjá þeirri staðreynd að sjávarútvegssamningurinn liggur ekki fyrir, menn geta haft á honum ýmsar skoðanir, menn geta haft á EES-samningnum ýmsar skoðanir, en því hefðu fáir trúað á undanförnum árum, jafnvel fyrir fáeinum mánuðum að utanrrh. íslenska lýðveldisins ætlaði að undirrita EES-samninginn án þess að hafa í hendi sjávarútvegssamning milli Íslands og EB. Slíkan samning hefur hann ekki í hendi. Hann hefur bara minnisblað sem eftir á að gera að fullgildum samningi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eitt mikilvægasta mál sem íslenska þjóðin þarf að ræða er einmitt nú á dagskrá. Þetta hefur verið mál málanna og við ræðum um afstöðu Íslendinga til Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins, hugsanlega aðild að því og samskiptin við önnur Evrópuríki. Þar varðar mestu að sýna nú aðgát og rasa ekki um ráð fram.

Fyrst er þess að gæta að enginn stjórnmálaflokkanna hefur aðild að Evrópubandalaginu á dagskrá sinni eða eins og segir í bók Evrópustefnunefndar á bls. 253: „Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina."

Við þurfum auðvitað að líta til þeirrar staðreyndar. En umræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið hafa nú tekið kipp rétt einu sinni, hvert sem framhaldið verður. Rétt er að undirstrika að þær margendurteknu breytingar og sífelldu tafir sem orðið hafa eru ekki sök okkar. Það er ekki sök okkar Íslendinga. Alltaf hafa það verið aðrir sem beðið hafa um frest eða tekið ákvarðanir sem sjálfkrafa fresta málum vegna sjálfheldu í margslungnu skrifstofubákni Evrópubandalagsins. Til áherslu þessarar fullyrðingar leyfi ég mér, herra forseti, að leggja fram lista í 12 liðum sem sýnishorn atburða í stjórnkerfi Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins frá síðasta ári eða síðustu 10 mánuðina. Þessi listi hljóðar svo, með leyfi forseta, og þarf þó ekki leyfi hans því að ekki er vitnað í neitt nema það sem á almannaorði er:

1. Á fundi utanrmn. fimmtudaginn 10. júní 1991 tilkynna utanrrh. og sjútvrh. niðurstöður fundar ráðherra EFTA og EB í Lúxemborg um Evrópskt efnahagssvæði. Fram kemur í máli utanrrh. að eftir þann fund liggi fyrir samningstilboð sem Íslendingar geti vel við unað. Stefnt sé að því að gefa út sameiginlega yfirlýsingu þar sem lýst sé yfir að komin sé pólitísk lausn á ágreiningsmálunum og aðeins eftir að útfæra samkomulagið nánar og ganga frá drögum að samningstexta sem aðalsamningamenn geti sett stafi sína undir á fundi í Helsinki 28. júlí.

2. Á fundi utanrmn. þriðjudaginn 30. júlí 1991 skýrir utanrrh. frá því að nóttina áður hafi slitnað upp úr samningaviðræðum EFTA og EB um EES. Fram kom að ýmis EB-ríki voru ekki reiðubúin að fallast á það pólitíska samkomulag sem talið var að náðst hefði á Lúxemborgarfundinum í júní.

Á fundi utanrmn. 12. ágúst 1991 skýrði Hannes Hafstein, aðalsamningamaður Íslands, frá því að í reynd hafi meiri hluti ráðherra EB ekki fallist á þá skoðun formanns ráðsins að pólitísk lausn hefði verið komin í viðræður EFTA og EB um EES eftir Lúxemborgarfundinn í júní.

3. Á fundi utanrmn. þriðjudaginn 22. okt. 1991 skýrði utanrrh. frá því að nóttina áður hafi á fundi ráðherra EFTA og EB í Lúxemborg náðst samkomulag um Evrópskt efnahagssvæði og hafi samningsmarkmið Íslendinga í meginatriðum náðst fram. Sagðist utanrrh. gera ráð fyrir að aðalsamningamenn geti sett stafi sína undir samninginn innan tveggja vikna þegar búið sé að yfirfara samningstextann og búið að fella þau atriði sem síðast hafi verið samið um inn í heildartextann.

4. Á fundi utanrmn. mánudaginn 4. nóv. 1991 skýrðu embættismenn utanrrn. frá því að gert sé ráð fyrir að aðalsamningamenn EFTA og EB geti sett stafi sína undir samninginn 18. nóv. nk.

5. Á fundi utanrmn. mánudaginn 18. nóv. 1991 skýrði Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri utanrrn. frá því að stefnt hefði verið að því að samningurinn yrði áritaður þann dag en sl. föstudag, 15. nóv., hefði borist tilmæli frá EB-dómstólnum um að árituninni yrði frestað og að efnt yrði til fundar um málið milli framkvæmdastjórnar og EB-dómstólsins 26. nóv.

6. Á fundi utanrmn. fimmtudaginn 28. nóv. 1991 kom fram að EB-dómstóllinn hafði óskað eftir því að fá lengri tíma til að athuga fyrirliggjandi drög að EES-samningi og hefði framkvæmdastjórn EB fallist á það. Fram kom í máli ráðherra að gert væri ráð fyrir að dómstóllinn mundi skila áliti 13. des. 1991 og að aðalsamningamenn mundu geta áritað samninginn fljótlega eftir það.

7. Á fundi utanrmn. mánudaginn 2. des. 1991 kynnti Magnús Gunnarsson, formaður Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, samþykkt samtakanna þess efnis að þau dragi til baka stuðningsyfirlýsingu sína við þau drög að EES-samningi sem kynnt voru 22. okt. sl. þar til fyrir liggi traustari heimildir hvað felist í samningnum.

8. Á fundi utanrmn. mánudaginn 16. des. 1991 gerir utanrrh. grein fyrir þeirri niðurstöðu EB-dómstólsins að það réttarkerfi sem fyrirhugað væri að koma á fót innan Evrópska efnahagssvæðisins sé ósamrýmanlegt Rómarsáttmálanum. Sagði ráðherra að nú mundu

hefjast viðræður um endurskoðun dómstólaákvæðis EES-samningsins.

10. Á fundi utanrmn. föstudaginn 14. febr. 1992 skýrði utanrrh. frá því að í framhaldi af samkomulagi um dómstólaþátt EES-samningsins hafi aðalsamningamaður EFTA og EB fyrr um daginn ritað undir plagg þess efnis að viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði væri lokið. Ráðherra sagði jafnframt að formleg áritun aðalsamningamanna mundi fara fram síðar. Þá kom fram að EB-þingið hefði óskað eftir því við framkvæmdastjórn EB að hún legði dómstólaþátt hins endurskoðaða EES-samnings aftur fyrir EB-dómstólinn.

11. Á fundi utanrmn. mánudaginn 24. febr. 1992 lagði ráðuneytisstjóri utanrrn. fram heildarútgáfu af EES-samningnum á ensku að undanskilinni bókun 36 um þingmannasamstarfið innan EES sem væri eina bókunin sem ekki væri fullfrágengin. Á fundinum skýrði Hannes Hafstein frá því að hann teldi að það skjal sem aðalsamningamenn EFTA og EB hefðu undirritað 14. febr. sl. um samningaviðræður þýddi að þeim væri lokið og hefði í reynd sömu þýðingu og áritun samningsins.

12. Á fundi utanrmn. 13. apríl 1992 skýrði ráðuneytisstjóri utanrrn. frá því að gert væri ráð fyrir því að aðalsamningamenn árituðu EES-samninginn næsta dag og stefnt væri að því að utanríkisráðherrar undirskrifi samninginn 11. maí, sem er reyndar búið að flytja fram sem er óvanalegt í þessu apparati öllu saman.

Af þessari upptalningu ætti að vera ljóst að sl. 10 mánuði hefur mjög verið á reiki hvort tækist að ljúka viðræðum um EES-samning og hefur málið einkum tafist vegna innri ágreinings meðal EB-ríkja. Enn þá liggur í raun ekkert fyrir um hvort allir samingsaðilar muni staðfesta samninginn. Um það er ekkert vitað.

Af þessari upptalningu ætti hvert mannsbarn líka að geta skilið hver vandi hefur verið lagður á herðar fámennri utanríkisþjónustu okkar.

Að gefnu tilefni vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki utanríkisþjónustunnar frábær störf við erfiðar aðstæður til að upplýsa hv. utanrmn. Alþingis, ríkisstjórn væntanlega og landsmenn alla, um þann frumskóg sem verið er að reyna að berjast í gegnum.

Hugsjónin um Evrópusamstarfið, í menningar- og viðskiptamálum, er auðvitað göfug. Við erum Evrópuþjóð og styðjum öll framfarir og frið í álfunni okkar. Það þýðir ekki að við eigum að hætta viðskiptum við aðrar þjóðir á norðurhveli jarðar. Evrópusamstarfið hefur þróast og er að þróast sem nokkurs konar verndar- og innilokunarbandalag. Gömlu öflin í EB eru enn að verki og það hefur valdið því að Evrópska efnahagssvæðið hefur þróast á allt annan veg en við ætluðum og stefnt í allt aðra átt en við ætluðum þegar við ákváðum þátttöku í því.

Hvað sem líður öllum bollaleggingum í þessa átt er auðvitað alveg ljóst að lögum samkvæmt mun utanrmn. ræða þetta mál ítarlega og hafa náið samráð við ríkisstjórnina í samræmi við 24. gr. þingskapalaga en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á."

Eins og menn hafa tekið eftir er tvívegis notað orðið „skal". Þannig eru réttindi og skyldur utanrmn. og ríkisstjórnarinnar gagnkvæmar. Slík ákvæði laga gilda ekki um neina aðra þingnefnd.

Það er rétt sem sagt hefur verið að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er víðtækasti alþjóðasamningur sem lagður hefur verið fyrir Alþingi. Kjarni þessa samnings fjallar um samskipti Íslands við aðrar þjóðir. Þótt ýmsir efnisþættir samningsins fjalli um önnur svið, sem beinlínis varða innanríkismál, snúast grundvallarþættir samningsins um þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslendinga. Það er því af og frá og beinlínis brot á þingskapalögum að taka forræði þessara mála úr höndum utanrmn. Alþingis verði það reynt.

Þeir sem sett hafa fram hugmyndir um slíkar sérstakar nefndir til þess að fjalla um þennan samning gera það með þeim rökum að samningurinn snúist um mál á verkasviði allra ráðuneyta og þar með allra fastanefnda Alþingis. Með sömu rökum hefði hæstv. forsrh. átt að segja við hæstv. utanrrh. við myndun núv. ríkisstjórnar að þar sem samningsgerðin fjalli um svo víðtækt svið væri eðlilegt að hún væri í höndum forsrh. en ekki utanrrh.

Hæstv. forsrh. setti enga slíka kröfu fram þá og var ekki um það beðinn. Hefði hún komið fram þykir mér ólíklegt að hæstv. núv. utanrrh. hefði fallist á hana. En úr því að þau rök sem nú eru borin fram fyrir því að fela málið sérstakri kjörinni nefnd eftir nýju ákvæði í þingskapalögum átti ekki við um verkefnaskiptingu innan ríkisstjórnarinnar, geta þau enn síður átt við um meðferð málsins á Alþingi. Það held ég að sé alveg ljóst.

Ef þingheimi finnst ástæða til að afhenda slíkri þingnefnd meðferð allra þessara innanlandsmála og sniðganga þannig allar fastanefndir með þessum hætti — (Forseti hringir.) ég verð nú að stytta aðeins mál mitt hér — þá gengur það auðvitað ekki upp. Ég hef bæði á Alþingi og annars staðar látið í ljósi efasemdir um að samningurinn standist ákvæði stjórnarskrár okkar. Um það skal ég ekkert fullyrða á þessu stigi en ef álitamál koma upp í þessu sambandi ber okkur alþingismönnum skylda til að kanna þau ofan í kjölinn og láta málefnalegt mat ráða afstöðu okkar en ekki flokkspólitísk sjónarmið. En ég vil jafnframt taka skýrt fram að ég mun sem formaður utanrmn. greiða fyrir því, alveg óháð því hver endanleg afstaða mín verður, að málið verði afgreitt frá nefndinni innan þeirra tímamarka sem stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar telja eðlilegt. Að öðru leyti mun ég láta það bíða síðari umfjöllunar hér á Alþingi að tjá mig um einstaka þætti samningsefnisins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Eins og komið hefur fram í máli annarra sem hér hafa talað þá stendur undirritun EES-samningsins fyrir dyrum um næstu helgi. Með

öðrum orðum mun utanrrh. setja stafi sína undir þennan samning. Þetta er vissulega örlagaríkt skref þó svo það sé stigið með fyrirvara um að Alþingi samþykki það sem þá verður gert. Með undirrituninni lít ég svo á að ríkisstjórnin hafi lagt sjálfa sig að veði. Hún mun væntanlega standa eða falla með samþykkt eða synjun samningsins á Alþingi. Í því sambandi er kannski rétt að vekja athygli á því að ekkert liggur fyrir um það hvort meiri hluti er fyrir samningnum, þ.e. þeim texta sem fyrir liggur, hér á Alþingi. Margir þingmenn eru enn óráðnir í afstöðu sinni og ég hygg að afstaða þeirra ráðist m.a. af því hvernig á málum er haldið á Alþingi. Hvaða skoðun sem menn hafa nú annars á samningnum, þá skiptir máli hvernig Alþingi tekur á málinu.

Eins og komið hefur fram er þetta flóknasti milliríkjasamningur sem gerður hefur verið á þingi og þjóðin á kröfu á að Alþingi vandi vinnubrögð sín en kasti ekki höndunum til verksins og afgreiði það í fljótræði. Það er því fráleit krafa, og nú sakna ég þingflokksformanns Alþfl., sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði til stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlum í gær. Þar lýsti hann því yfir að stjórnarandstaðan yrði að tryggja það, ef ekki yrði sumarþing, að hægt yrði að ganga frá samningnum á fjögurra vikna þingi í september. Ég verð að segja að maðurinn er úr hófi fram léttúðugur sem kemur kannski ekki að sök svona prívat, en það kemur svo sannarlega að sök í pólitík. Annaðhvort er það að hann er úr hófi léttúðugur eða hann veit ekkert um hvað hann er að tala, ef hann gerir ráð fyrir að hægt verði að afgreiða málið á fjórum vikum í september og stjórnarandstaðan geti tryggt það og gefið einhver loforð um það. Ég held að þingflokksformaðurinn geri sér enga grein fyrir umfangi og alvöru þessa máls.

Ef menn vilja eftir megni sýna ábyrgðarfull vinnubrögð á Alþingi en hafa líka fremur hraðar hendur, því það skilst mér að menn vilji, skil ég ekki alveg hugmyndina um að taka samninginn úr höndum utanrmn. Við skulum hafa það í huga að samningurinn er meginmál samningsins, það eru bókanir og það eru viðaukar. Allt þetta er samningur samkvæmt skilgreiningu samningsins sjálfs. Í utanrmn. er mest þekking saman söfnuð á þessum samningi. Ég sé því ekki hagræði við þetta. Í því sambandi finnst mér einmitt ástæða til að vísa til upptalningar formanns utanrmn. áðan sem sýnir hversu lengi samningurinn hefur verið í umfjöllun í nefndinni og hversu oft er búið að fjalla um hann þar. Það gefur því auga leið að þar er þekkingin á honum. Við þingmenn erum bara 63, 53 ef ráðherrar eru frátaldir. Við verðum ekkert fleiri því það eru engir verklausir menn á þingi sem geta tekið það að sér sem aukagetu að fjalla um samninginn, eða ég vona að svo sé ekki. Ég verð því að játa að ég sé ekki hagræði við að taka málið úr höndum utanrmn. og setja það í aðra nefnd. Kannski er hægt að sannfæra mig um annað og ég er vissulega fús til að skoða það þá.

Mér hefur skilist að einhverjir þingmenn kippi sér ekki mjög mikið upp við vinnubrögðin í sambandi við þetta mál og að þeir hafi mótað sér ákveðna afstöðu til þess. Ég verð að segja að þessi afstaða þingmanna stendur á mjög misstyrkum stoðum að mínu mati. Þannig virðist mér sem ýmsir stjórnarþingmenn trúi því eins og nýju neti að EES tryggi hagsmuni Íslands til frambúðar og að með samningnum haldi íslensk þjóð fullveldi sínu óskertu að fullu og öllu. Auðvitað má deila um hvað í fullveldishugtakinu felst, hvort það hafi sömu merkingu nú og árið 1918 þegar Íslendingar fengu fullveldi. En ef við miðum við fullveldisskilgreininguna 1918 er alveg ljóst að í samningnum um EES felst framsal á fullveldi. Í raun er bæði um framsal á löggjafarvaldi og dómsvaldi að ræða í samningnum og mér finnst að ekki ætti að þurfa að deila um þetta framsal, heldur hitt hvort slíkt framsal sé óhjákvæmilegt og réttlætanlegt við núverandi aðstæður. Um það ætti deilan kannski fremur að snúast.

Til þess að gera aðeins grein fyrir fullveldisframsalinu er nauðsynlegt að gaumgæfa stofnanaþátt samningsins og hvernig fara á með deilumál á Evrópska efnahagssvæðinu.

Öllum er væntanlega ljóst að það eru lög EB á samningssviði EES sem munu gilda á svæðinu. Þau verða þar með hluti af íslenskum rétti. Aðeins EB getur átt frumkvæði að nýjum lögum á svæðinu en hvorki EFTA né aðildarríki þess. Þetta er að mínu mati eðlilegt, séð frá sjónarhóli EB, því ef aðrir ætluðu að fara að hafa frumkvæði að því hvernig lög Evrópubandalagsins litu út væri það í raun íhlutun í innanríkismál EB. Einstök EFTA-ríki hafa að vísu neitunarvald um þessi nýju lög en ef þau beita því, þá tekur það til allra EFTA-ríkjanna sjö og af pólitískum og praktískum ástæðum verður svo erfitt að beita þessu valdi að það er nær eingöngu í orði en ekki á borði.

Þá eru í samningnum skýr ákvæði þess efnis að lög frá Alþingi megi ekki stangast á við lög Evrópubandalagsins sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Komi sú staða upp, þá hafi lög EB forgang og við þurfum ekki annað en lesa bókun 35 í samningnum þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Mér finnst ekki þurfa frekari vitna við. Og ég fæ ekki betur séð en þó að forminu til hafi Alþingi síðasta orðið verði það ekki þannig í reynd. Þarna sé með öðrum orðum um að ræða framsal á löggjafarvaldi.

Við skulum þá líta á lausn deilumála og dómsvaldið. Um það væri hægt að deila heilmikið við ráðherra og gera ýmsar athugasemdir við það sem hann sagði áðan en ég ætla ekki að eyða miklu púðri í það og halda mig við það sem mér finnst mikilvægt að koma á framfæri.

Mikilvægir aðilar í sambandi við lausn deilumála og dómsvaldið eru sameiginlega EES-nefndin, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn.

Verksvið sameiginlegu EES-nefndarinnar er að leysa úr deilumálum milli samningsaðila og reyna að

varðveita einsleita túlkun á samningnum í ríkjum EB og EFTA. Hún á að fylgjast með úrskurðum EB-dómstólsins og EFTA-dómstólsins og gæta þess að samræmi sé í túlkun þeirra.

Ef mismunur kemur fram í fordæmisrétti dómstólanna, og þetta er mikilvægt, þ.e. ef dómar þeir í máli sem hafa fordæmisgildi eru ólíkir á nefndin að reyna að finna lausn á málinu. Kveðið er á um það í 105. gr. samningsins. Hins vegar er rétt að benda á að í álitsgerð EB-dómstólsins um samninginn kemur fram að dómstóllinn sættir sig ekki við afskipti af sínum fordæmisrétti. Þetta þýðir með öðrum orðum að EFTA-dómstólnum verður einhliða gert að laga sig að EB-rétti. Í því sambandi vil ég vísa í samþykkt samningsaðila vegna 105. gr. sem ég var að tala um, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir sem sameiginlega EES-ráðið tekur samkvæmt þessari grein mega ekki hafa áhrif á fordæmisrétt dómstóls Evrópubandalaganna."

Það getur ekki skýrara verið að það er EFTA-dómstóllinn sem á að laga sig að fordæmisrétti EB-dómstólsins. EB-dómstóllinn krafðist þess í úrskurði sínum að þetta ákvæði varðandi 105. gr. næði einnig til 111. gr. samningsins en í þeirri grein er fjallað um lausn deilumála á sviðinu. Allir samningamenn EFTA-ríkjanna og EB hafa nú fallist á það að þessi bókun, sem ég var að lesa upp varðandi 105. gr., nái einnig til 111. gr. um að fordæmisréttur EB verði ekki skertur.

Ég nefndi eftirlitsstofnun EFTA áðan. Hún er líka mikilvæg varðandi stofnanaþátt svæðisins. Hún á að kveða upp úrskurði í málum sem einungis varða viðskipti milli EFTA-ríkjanna og ef einungis eitt EB-ríki á hlut að máli. Öll önnur mál, þ.e. öll mál sem hafa áhrif á viðskipti milli einstakra EB-ríkja óháð því hversu mörg EFTA-ríki eru aðilar að slíku máli, eru á verksviði framkvæmdastjórnar EB og þar af leiðandi falla þau undir dómstól Efnahagsbandalagsins. Deilumál EFTA-ríkis eða fyrirtækis í EFTA-ríki fellur undir framkvæmdastjórn EB og þar af leiðandi verður EB-dómstóllinn um leið æðsta dómsvald í því máli þó svo viðkomandi ríki eigi þar enga fulltrúa. Þetta á við ef um er að ræða eitt eða fleiri EB-ríki sem blönduð eru inn í dóminn. Ég fæ ekki betur séð en þarna sé um hreint framsal á dómsvaldi að ræða til EB-dómstólsins.

Margir hafa haldið því fram, m.a. hæstv. utanrrh. held ég að ég geti fullyrt, að breytingin á dómstólaþættinum í síðustu samningalotu hafi verið til batnaðar, þ.e. að sú niðurstaða að gefa EES-dómstólinn upp á bátinn hafi verið til bóta. Sú niðurstaða var án efa til bóta fyrir Efnahagsbandalagið en hún var tæpast til bóta fyrir EFTA-ríkin. Breytingin gerði í rauninni illt verra og í því sambandi langar mig að vísa til þess sem segir í álitsgerð EB-dómstólsins sem við í utanrmn. höfum nú fengið upp í hendurnar. Þar segir:

„Andstætt því sem gert var ráð fyrir í EES-dómstólnum mun EFTA-dómstóllinn ekki fjalla um deilumál milli samningsaðila og mun aðeins hafa dómsvald innan EFTA."

Þetta segir í niðurstöðu EB-dómstólsins um samninginn.

EFTA-dómstóllinn ásamt EB-dómstólnum verður æðsti dómstóll Íslendinga í málum sem eru á samningssviði EES og varða túlkun og beitingu EES-samningsins eða samningsins milli EFTA-ríkjanna um eftirlit og dómstól. Það er annar samningur sem á eftir að fjalla um á Alþingi sem er innbyrðis samningur EFTA-ríkjanna um dómstólinn og eftirlitsstofnunina. Sá samningur er nýkominn í hendur nefndarmanna í utanrmn. og er upp á tæpar 300 síður. Við höfum því verk fyrir höndum að fara í gegnum hann líka.

Það er alveg ljóst að EFTA-dómstóllinn verður einhliða að laga sig að fordæmisrétti EB, eins og ég sagði áðan, þannig að þvert ofan í það sem menn hafa sagt munu framtíðardómar EB-dómstólsins fá gildi á Evrópska efnahagssvæðinu og þar með hér á landi. Í því sambandi langar mig til þess að vitna í samningsuppkast um EFTA-dómstólinn sem samningamenn EFTA urðu ásáttir um í Brussel þann 14. apríl sl. Þar segir, í grófri þýðingu minni á því gullaldarmáli sem þessir samningar eru yfirleitt skrifaðir á og verður ekki betra á íslensku þó að því sé snúið, með leyfi forseta:

„Við túlkun og beitingu EES-samningsins og þessa samnings — þ.e. EFTA-samningsins — munu eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn taka fullt tillit til fordæmisréttar sem EB-dómstóllinn setur eftir undirskrift EES-samningsins og sem varðar túlkun þess samnings eða réttarreglna sem eru hluti af stofnsamningi Efnahagsbandalags Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu að því leytinu til sem það samsvarar reglum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði" o.s.frv.

Þarna er talað um að taka fullt tillit til fordæmisréttar EB-dómstólsins eftir undirskriftina.

Eftir að hafa skoðað stofnunarþátt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði nokkuð rækilega þarf ég ekki frekari vitna við að í samningnum felst fullveldisframsal að vissu marki. Sem betur fer er framsalinu takmörk sett en það er engu að síður til staðar og þarf nokkuð sterk rök til að fá mig ofan af þeirri skoðun minni. Ekki síst vegna þessa framsals tel ég mjög mikilvægt að fá þjóðaratkvæði um samninginn, að þjóðin fái að fella sinn úrskurð og menn verði þá að sætta sig við hann og hlíta honum hvernig sem hann fer.

Það er skoðun okkar kvennalistakvenna að þjóðaratkvæði sé almennt of lítið notað hér á landi. Við höfum oftar en einu sinni, held ég, flutt þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu og þess vegna er þessi krafa okkar fyllilega í samræmi við þá skoðun sem við höfum sett fram áður. Því miður svaraði utanrrh. ekki áðan hver afstaða hans væri eða a.m.k. ekki í upphafserindi sínu og ekki fyrr en eftir því var gengið. Svo virðist sem afstaða hans til þjóðaratkvæðis sé sú að því einungis fái þjóðin að segja álit sitt að fjórmenninganefnd hans komist að þeirri niðurstöðu að um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt. Ég vildi nú gjarnan fá að heyra afstöðu fleiri stjórnarþingmanna og ráðherra í ríkisstjórninni til þessa máls og það mætti gjarnan liggja fyrir á þingi áður en hæstv. utanrrh.

heldur utan til að skrifa undir samningsdrögin þann 2. maí nk.

En það er mikilvægt að fá svör við fleiri atriðum, ekki síst varðandi framtíð Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu. Utanrrh. segir að þegar fram líða stundir og önnur EFTA-ríki tínast inn í EB muni samningurinn um EES breytast í tvíhliða samning og eftir því sem hann lýsti hér mun það verða tiltölulega einfalt mál. Gott og vel, segjum svo. En hvernig á það gerast? Það hafa menn ekki sýnt fram á. Ég vil spyrja hvort ekki sé tímabært að Íslendingar fái viðræður við Evrópubandalagið um framtíðartengsl sín við bandalagið rétt eins og hin EFTA-ríkin fá í gegnum aðildarumsókn. Hver eiga að vera framtíðartengsl Íslands við bandalagið? Mikilvægt er að fá svör við því hvort og þá með hvaða hætti íslensk stjórnvöld ætla að taka þetta mál upp við Evrópubandalagið, framtíðartengsl Íslands við bandalagið.

Mér finnst mál standa þannig núna að íslensk stjórnvöld stefni út í óvissuna með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Vel kann að vera að einhver framtíðarmynd sé að mótast í þeirra huga, en þau deila þeirri mynd a.m.k. ekki með þjóðinni. Afstaða forustumanna annarra EFTA-ríkja, hvað sem um hana má segja, er ærlegri. Þeir hafa flestir hverjir lýst því yfir að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sé stefnan tekin á EB-aðild og það er þá miklu ærlegri afstaða. Íslensk stjórnvöld virðast stefna beint út í óvissuna.

Ég verð að segja að stofnanaþáttur samningsins er einhver mikilvægasti þáttur hans. Það er hins vegar erfitt að ræða á Alþingi vegna þess að ekki er um mjög einföld mál að ræða og utanrrh. er, eins og ég hef oft sagt áður, mikill loftfimleikamaður þegar að þessum hlutum kemur. En ég ætla svo sannarlega að vona að hann verði með báða fætur á jörðinni þegar hann fer og skrifar undir samninginn þann 2. maí og hugsi ráð sitt vel áður en hann gerir það.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það kom mér nokkuð á óvart þegar hæstv. utanrrh. dró í efa að nauðsyn væri á utandagskrárumræðunni í dag. Mér finnst það augljóst að umræðan er mjög nauðsynleg vegna þess að hæstv. utanrrh. segist ætla að skrifa undir EES-samninginn 2. maí. Þá er rétt að hann geri grein fyrir máli sínu í ræðustól á Alþingi og að okkur þingmönnum gefist tækifæri til að eiga orðastað við hann um þennan mikilvæga samning og áður en hann stígur þetta skref. Þetta er ekki endanlegt skref til fullgildingar samningnum sem utanrrh. ætlar að stíga, en það skref er veigamikið og hann hlýtur að vona að Alþingi fallist á það sem hann hefur gert.

Ég varð fyrir vonbrigðum með þá svarræðu sem hann flutti við mjög markvissri og málefnalegri ræðu málshefjanda, hv. 7. þm. Reykn. Mér fannst þessi ræða hrokafull og hún eykur ekki traust mitt á málsmeðferð hæstv. utanrrh. Okkur þingmönnum ber, þar er ég ekki að undanskilja stjórnarandstöðuna, að bakka utanrrh. þjóðarinnar upp á örlagastundum og reyndar ríkisstjórnin líka, hvort svo sem við höfum kosið hana eða ekki og styðjum hana í daglega lífinu á Alþingi. Við verðum að vona að þeir verði þjóðinni til sóma og gæti hagsmuna hennar hvort sem við erum sammála þeim í öllum atriðum eða ekki. En þá verða títtnefndir hæstv. ráðherrar að koma fram með þeim hætti að við treystum þeim.

Mér fannst hæstv. utanrrh. svara þeim spurningum sem frummælandi varpaði til hans, hafði reyndar komið á framfæri við hann í gær eða fyrradag, út úr í mörgum greinum. Hann hagaði sér líkt og sölumaður sem er að selja vöru sína og gyllir fyrir viðmælendum sínum kosti þess að gera eins og hann vill. Sama má e.t.v. segja um ræðu þá sem frummælandi vitnaði til, þ.e. ræðu Van der Pas eða þann texta sem lesinn var eftir honum. Hann er auðvitað að reyna að telja sína menn á að hér sé verið að gera samning sem þeir geti vel við unað og sé þeim gagnlegur og tryggi réttindi þeirra. Hins vegar held ég að við getum ekki látið það sem sá maður sagði sem vind um eyru þjóta og ég varð fyrir vonbrigðum með að hæstv. utanrrh. skyldi ekki fara orðum um þann texta eða reyna að svara honum þar sem sá texti var í þveröfuga átt við það sem hæstv. utanrrh. hefur verið að segja okkur.

Ég sagði að hæstv. utanrrh. hefði svarað út úr og því til staðfestingar og áréttingar vil ég nefna það að þeir fyrirvarar sem settir voru fram af Íslands hálfu í upphafi þessara samningaviðræðna eru ekki allir komnir inn í samninginn. Sumir þeirra eru orðnir útvatnaðir, sumir eru gleymdir að því er virðist, einn fyrirvarinn svona að verulegu leyti með fullnægjandi hætti kominn þarna inn, þ.e. það á að vera tryggt að Íslendingar haldi áfram eða hafi skilyrði til þess að halda áfram yfirráðum og eignarhaldi á útgerð og frumfiskvinnslu. Að vísu er með þessum samningi verið að brjóta grundvallarprinsipp í sjávarútvegsmálum sem við höfum haldið okkur við í áratugi, þ.e. að láta ekki fiskveiðiréttindi fyrir tollfríðindi. Því miður gerum við það með þessum samningi, eða þeim drögum að tvíhliða sjávarútvegssamningi sem okkur hafa verið kynnt en sem reyndar á eftir að skrifa og er veigamikill þáttur í heildarmálinu.

Hæstv. utanrrh. leiðréttir mig ef ég fer rangt með að það hafi verið skilyrði frá Evrópubandalaginu að slíkur samningur yrði gerður til þess að af EES-samningi gæti orðið. Þar með verður að líta þannig á að þau tollafríðindi sem felast í EES-samningnum eigi að borgast með aðgangi að fiskimiðunum.

Eins er það með eign á landi og auðlindum. Í mínum huga er mikilvægt að Íslendingar eigi land og auðlindir á Íslandi. Þar kenndi líka útúrsnúninga. Hæstv. utanrrh. kenndi einstökum þingmönnum Framsfl. um það að ekki hafi verið samþykkt hér frv. um þjóðareign á landi og þjóðareign á auðlindum og ég tek að sjálfsögðu til mín a.m.k. hluta af þeirri ásökun. Ég lít svo á að það hafi ekki verið hægt að samþykkja þau þingmál sem hann vitnaði til einfaldlega vegna þess að þau stönguðust á við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Nú kann það að vera að menn séu komnir í þá

stöðu að það sé óhjákvæmilegt að slá þjóðareign á lendur einstaklinga eða sveitarfélaga og auðlindir. Það kann þó að vera að menn séu komnir í þá stöðu að það sé óhjákvæmilegt til þess að tryggja rétt Íslendinga sem þjóðar. En ég spyr: Þarf aðild að Evrópsku efnahagssvæði að kosta það að það þurfi að taka eignir af íslenskum einstaklingum í landi eða orkulindum til þess að það sé búandi við þennan EES-samning? Það getur skeð að þetta sé eina leiðin úr því sem komið er eða verði eina leiðin en hún er ekki geðfelld.

Varðandi einkavæðingu orkufyrirtækja þá er það að vísu rétt að með því að breyta orkufyrirtæki í hlutafélag þá skapast ekki önnur hætta en sú að hlutabréfin verði seld. Sá möguleiki er að sjálfsögðu fyrir hendi og óhjákvæmilegt að horfa á hann vegna þess að samkvæmt núgildandi lögum getur ráðherra án atbeina Alþingis selt þessi hlutabréf einstaklingum eða félögum sem síðan mega gera við þau hvað sem þau vilja. Það er engin leið eftir að orkufyrirtæki er orðið að hlutafélagi að tryggja það að t.d. við gjaldþrot geti hlutabréfin ekki komist í hendur útlendinga.

Ég hef í tvígang flutt frv. til laga um breytingu á þessum vandræðaákvæðum þannig að slíkar meiri háttar eignasölur ríkisins þurfi að hljóta samþykki Alþingis. Eins er það með landakaupin að við höfum ekkert séð sem hald er í sem geti veitt Íslendingum þann eðlilega og nauðsynlega forgangsrétt til eignarhalds á landinu sem ég tel algert grundvallarskilyrði. Eina tilhlaupið sem ég hef séð hér á Alþingi til að koma þar á viðunandi skipan eða bættri skipan er frv. sem varaþingmaður minn Elín Líndal flutti ásamt fleirum og væri til bóta að samþykkja það.

Mig langar aðeins til þess að minnast á áhrif þessarar samningsgerðar á landbúnaðinn. Þau eru ákaflega óljós. Mér skilst að samningamaður okkar hafi lokað sig frá því atriði. Íslendingar hafa ekki tekið þátt í viðræðum um landbúnaðarmál en í mínum huga er ekki eytt allri tortryggni á að samningsgerð þessi kunni að hafa einhver áhrif á íslenskan landbúnað og ég óttast að hagsmuna hans hafi ekki verið gætt sem skyldi í þessu efni.

Hér hafa menn rætt um hvort EES-samningurinn brjóti hugsanlega að einhverju leyti í bág við stjórnarskrána. Ég tel að það sé algjört grundvallaratriði að fá úr því skorið án allra tvímæla. Nú er ég ekki að kasta neinni rýrð á þá ágætu lögfræðinga sem hæstv. ríkisstjórn hefur sér til ráðuneytis í málinu en þeir eru að sjálfsögðu starfsmenn ríkisstjórnar og valdir af henni og kann það að binda hendur þeirra að einhverju leyti þó að ég vilji vona að svo sé ekki og traustara væri og reyndar sjálfsagt að leita álits aðila sem með öllum hætti væru óháðir ríkisstjórninni. Þess vegna tel ég að það sé mjög brýnt að afgreiða og samþykkja þá þáltill. sem hv. 4. þm. Austurl. er 1. flm. að, að fá úr því skorið með formlegum hætti og sem allra fyrst af óháðum aðilum hvort hér geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða. Þjóðréttarsamningur sem brýtur í bág við stjórnarskrá er ógildur og ég vildi síður horfa upp á hæstv. utanrrh. hafa skrifað undir samning sem e.t.v. kæmi síðar í ljós að ekki stæðist stjórnarskrá.

Stjórnarandstaðan sendi forsrh. bréf í gær þar sem við greindum honum frá hvernig við teldum æskilegast að fara með þetta mál á þinginu. Við höfum ekki fengið skýr viðbrögð við því bréfi enn þá og ég vona að ríkisstjórnin slái ekki á útrétta hönd okkar um það að hafa samstarf við stjórnarandstöðuna um það hvernig vinnubrögðunum verði háttað hér í vor og í sumar í meðferð málsins. Í þessu bréfi okkar felst að sjálfsögðu ekki nein efnisleg stuðningsyfirlýsing við EES-málið heldur einungis það að við viljum hafa hönd í bagga um það og ráðleggja með hverjum hætti málið verði skipulegast og skynsamlegast meðhöndlað hér í þingsölum. Samkvæmt þingsköpum er enginn vafi á því að málið heyrir til utanrmn. eins og hv. formaður utanrmn. rakti reyndar glögglega áðan. Ég lít svo á að það hafi verið almenn skoðun manna þegar Evrópustefnunefnd var ekki endurskipuð eftir síðustu kosningar að það væri ætlun manna að utanríkismálanefnd hefði mál þetta til meðferðar. A.m.k. var Evrópustefnunefnd ekki endurvakin eftir kosningarnar og þar af leiðir að utanrmn. fer að sjálfsögðu að vinna í málinu í fullu samráði við utanrrh. og án nokkurra mótmæla frá ríkisstjórninni. Hæstv. utanrrh. sagði meira að segja orðrétt hér á Alþingi 5. nóv. sl. í ræðu um skýrslu sína um niðurstöður samninga um Evrópskt efnahagssvæði: „Það sem fram undan er er síðan frekari vinnsla þessa máls sem mun fara fram með eðlilegum hætti á vettvangi Alþingis í utanrmn."

Þannig að við sem teljum að málið eigi að vera í utanrmn. höfum þarna öflugan liðsmann.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum og ég mun að sjálfsögðu hlíta því. Aðeins tvær, þrjár setningar um þjóðaratkvæðagreiðslu. Að sjálfsögðu verður að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál, alveg óháð því hvaða niðurstöðu fjórmenningarnir komast að. Ef fjórmenningarnir komast að því að hér sé um að ræða stjórnarskrárbrot verður ríkisstjórnin, ef hún er einhuga í því að keyra þennan samning í gegn, að efna til kosninga og breyta stjórnarskránni, en niðurstaða fjórmenninganna hefur ekkert með þjóðaratkvæðagreiðslu að gera. Þetta segi ég að gefnu tilefni af þeim orðaskiptum sem urðu hér áðan á milli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og utanrrh.

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt í umræðum um mál eins og þetta að menn geti raðað hlutunum í forgangsröð og gert sér grein fyrir því hvaða hlutir eru stórir og hvaða hlutir eru litlir, ekki vegna þess að það sé eitthvað í þessum samningi sem ekki skiptir máli heldur einfaldlega vegna þess að málið er það yfirgripsmikið að óhjákvæmilega standa þar sumir hlutir upp úr.

Það sem mér finnst skipta mestu máli í sambandi við þennan samning um hið Evrópska efnahagssvæði er það að íslenskt atvinnulíf hefur verið í stöðnun nú síðustu 10–12 árin. Í rauninni hefur ekki verið neitt það stórt að gerast sem hefur skilað okkur áfram í lífskjörum. Það var verið að ljúka kjarasamningum í fyrradag. Það er athyglisvert að þeir kjarasamningar skila

fólki sambærilegum kaupmætti og gilti hér á Íslandi í upphafi níunda áratugarins. Okkur hefur í raun ekki skilað nægilega langt áfram. Það sem stendur líka upp úr í sambandi við efnahagslíf okkar er að okkur hefur ekki tekist að auka útflutning okkar nægilega mikið. Okkur hefur ekki tekist að gerast þátttakendur í þeirri miklu þróun sem hefur orðið í heiminum og ekki síst í Evrópu sem hefur falist í aukningu milliríkjaviðskipta hvers konar. Það er því alveg nauðsynlegt að við búum útflutningsgreinum okkar tækifæri til að vaxa. Með þessum samningi um hið Evrópska efnahagssvæði er ekkert tryggt. Það er engin vörðuð leið til lífshamingju fyrir íslenskt atvinnulíf en í honum felast möguleikar sem við getum nýtt okkur til framfara ef vel er á haldið. Sá kostur sem í þessum samningi felst og þeirri viðleitni sem í honum felst er fyrst og fremst sá að það er verið að búa til lagalegan stöðugleika fyrir íslenskt atvinnulíf. Við höfum oft talað um mikilvægi hins efnahagslega stöðugleika fyrir atvinnulífið og sem betur fer höfum við náð miklum árangri í þeim efnum, en hinn lagalegi stöðugleiki skiptir ekki síður máli.

Ef við lítum til þess hvað er að gerast í Evrópu þá er þar að sjálfsögðu á ferðinni þróun sem hefur í raun inni gjörbreytt lífsháttum og atvinnulífi í álfunni á árunum eftir stríð. Þessi þróun hefur falist í auknu efnahagslegu og pólitísku samstarfi. Við skulum hafa það í huga að þetta samstarf byggir á því að treysta friðinn, tryggja lýðræðislegar hefðir og mannréttindi. Við skulum ekki gleyma því að sú kynslóð sem ég er af er líklega fyrsta kynslóðin um langan tíma í Vestur-Evrópu sem hefur alist upp án þess að þar sé stríð. Þetta er ekkert lítill þáttur, þetta er kannski stærsti þátturinn í því af hverju Evrópubandalagið er það sem það er í dag og af hverju við erum að reyna að komast í nánari tengsl við bandalagið með þessum samningi. Við horfum í dag upp á fólk sem hefur búið saman hlið við hlið í Júgóslavíu berjast, þetta sjáum við í sjónvarpinu á hverju einasta kvöldi. Fólk sem hefur verið vinir í gegnum tíðina, sama fjölskyldan. Þetta hefur Vestur-Evrópa líka þekkt í gegnum aldirnar. Það er varla til sú fjölskylda í löndunum eins og Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu og Hollandi sem ekki hefur misst einhvern fjölskyldumeðlim í stríði gegnum þúsund ára sögu. Þetta skiptir miklu máli fyrir okkur að þetta samstarf á sviði efnahagsmála og þetta pólitíska samstarf tryggi frið, lýðræði og mannréttindi í álfunni.

Það er ekki eins og þessi samningur um hið Evrópska efnahagssvæði sé samningur við eitthvert skrímsli, þ.e. Evrópubandalagið, að það sé hægt að líta á það sem einhverja stórkostlega grýlu. Þetta er auðvitað í stórum dráttum sams konar þjóðfélag og við búum í. Þetta er þjóðfélag sem býr við markaðshagkerfi, þetta er þjóðfélag þar sem jafnrétti er viðurkennt, þetta er þjóðfélag þar sem velferð stendur sem traustustum fótum og þetta er þjóðfélag sem leggur áherslu á vinnuvernd og félagsmál. Og sá samningur sem verið er að gera um hið Evrópska efnahagssvæði byggir fyrst og fremst á því að það sé jafnrétti, að það sé gagnkvæmni og það sé jafnvægi í samningum, að við fáum réttindi í löndum Evrópubandalagsins en að við tökum líka á okkur skyldur og að þessi réttindi og skyldur byggist á jafnrétti, byggist á gagnkvæmni og jafnvægi. Evrópubandalagið er ekki neitt sem hefur komið af himnum ofan. Evrópubandalagið er að sjálfsögðu mannleg smíð. Það hefur mótast af lýðræðislegum hefðum. Það hefur mótast af samningum milli þeirra ríkja sem í því eru og þeirra sem hafa komið inn í það. Það lýtur að sjálfsögðu öllum lögmálum sem lýðræðislegt stjórnskipulag lýtur. Það hefur sína kosti og það hefur sína galla. Það hefur sitt „bírókratí", það hefur sína hagsmunahópa, það hefur sína togstreitu milli landsvæða. Það er því að sjálfsögðu bandalag eða fyrirbæri sem hefur marga galla. En það hefur einnig náð miklum árangri og það hefur náð þeim árangri að þar eru lífskjör með því besta sem þekkist. Þau hafa náðst vegna þess að þjóðir Evrópubandalagsins hafa náð að starfa saman og náð að byggja upp þennan innri markað sem tekur að fullu gildi í ársbyrjun 1993. Það er mikilvægt fyrir okkur að tryggja fyrirtækjum okkar og atvinnulífi aðgang að þessum markaði. Þegar upp er staðið er það kannski það sem mun skipta sköpum um það hvort okkur tekst að ná okkur upp úr þeirri stöðnun sem við erum í. Það gefur okkur a.m.k. tækifærin án þess að það sé eitt eða annað tryggt í þeim efnum.

Í þessum samningi eru að sjálfsögðu mörg jákvæð atriði og mörg neikvæð. Sum þessara atriða sem tekið er á og okkur finnst kannski neikvæð byggja á því að menning er ólík og annað viðhorf er til hlutanna innan Evrópubandalagsins en hjá okkur. Sá sem hóf þessa umræðu, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, minntist á áfengisviðskipti. Við verðum að athuga að þegar menn eru að tala um vín á Íslandi er venjulega verið að tala um áfengisvandamál en þegar talað er um vín suður í Frakklandi er verið að tala um landbúnaðarvandamál. Hér á Íslandi telja menn að vandamálið sé að það sé drukkið of mikið en þar syðra telja menn að það sé drukkið of lítið. Það er von að sumir hugsi sig um þegar á að taka á þessum ákvæðum í samningi um viðskipti milli þessara landa en þetta eru að sjálfsögðu hlutir sem við þurfum að fara í gegn. (**Viðskrh.:** Að þeir hafi rétt fyrir sér þar syðra?) Ég er reyndar nokkuð sammála því.

Annað sem kemur upp í þessu sambandi er vandamálið varðandi fjárfestingar erlendra aðila í okkar sjávarútvegi. Þar rekumst við á hluti sem geta orðið til þess að sjávarútvegurinn hjá okkur á óhægt með að fá aðgang að eigin fé ef við höldum okkar fyrirvörum til streitu. Það eru hlutir sem við þurfum að fara í gegnum og ákveða hvernig við ætlum að lifa með.

Ég sagði áðan að Evrópubandalagið væri mannleg smíð og það er að sjálfsögðu í mikilli þróun. Innan bandalagsins eru miklar umræður um það hvort stækka eigi bandalagið og hleypa inn EFTA-ríkjunum og öðrum ríkjum. Það er líka mikil umræða í gangi um framþróun samstarfsins í kjölfarið á samningnum í Maastricht. Það er líka mikið rætt í Evrópu um það sem þeir kalla lýðræðishalla og Evrópuþingið í Strassborg hefur að sjálfsögðu frumkvæði í þeirri umræðu

þar sem þingmönnum á Evrópuþinginu finnst að ekki sé nægilega gætt að því að lýðræðilslega kjörin stofnun, Evrópuþingið, hafi nógu mikið vald í málefnum bandalagsins. Evrópa er á fullri ferð og það er ekki bara Evrópubandalagið heldur er líka margt að gerast í Austur-Evrópu að sjálfsögðu eftir hrun kommúnismans þar. Það er athyglisvert að þær þjóðir sem hafa nýlega fengið sitt sjálfstæði láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum, ef við tökum t.d. Litáen eða Kashakstan, að tala um að þær þurfi að ganga í Evrópubandalagið. Og það er að sjálfsögðu umhugsunarefni fyrir okkur að sá tími gæti komið að í Evrópu væru aðeins tvö lýðveldi sem ekki hefðu áhuga á því að ganga í Evrópubandalagið, þ.e. Ísland og Albanía. Það er alla vega eins gott að meðan við erum kannski á sama báti og Albanía að því leyti til að vera ekki í Evrópubandalaginu að við verðum ekki á sama báti hvað snertir lífskjörin. Það er eins gott að það sé tryggt. En sú þróun sem á sér stað í Evrópu þýðir að sjálfsögðu að við þurfum sífellt að endurmeta okkar stöðu. Ég held að það sé engin spurning að við þurfum að afgreiða þennan samning um hið Evrópska efnahagssvæði. Við þurfum að sjálfsögðu að fara vel yfir og vanda til allrar þeirrar lagasetningar sem er nauðsynleg í sambandi við þennan samning. En það er enginn raunhæfur kostur fyrir okkur Íslendinga að hafna þessum samningi. Síðan þurfum við að sjálfsögðu alltaf að hafa í skoðun okkar stöðu gagnvart Evrópubandalaginu og hvernig við viljum haga okkar viðskiptum við það.

Það má kannski segja að grundvallaratriði í þessu máli öllu sé spurningin um það hvort okkur tekst að halda hér uppi samkeppnishæfum lífskjörum og það má rifja eitt upp í því sambandi. Það má rifja upp að fyrir um 20 árum síðan byrjuðu Íslendingar að flykkjast í stórhópum til Spánar og menn lifðu þar eins og greifar. Fyrir það kaup sem þeir fengu á Íslandi gátu menn farið til Spánar, búið þar vel, étið þar vel, sumir áttuðu sig ekki á því fyrst þegar þeir fóru og höfðu þeir með sér miklar birgðir af hangikjöti og harðfiski en menn drukku þar sannarlega ósvikið spánskt vín og sumir gerðu það kannski ótæpilega. En Spánverjarnir báðu okkur um að koma til þess að þeir gætu skoppað í kringum okkur fyrir lítinn pening. Ef Spánverjar halda áfram á þeirri braut sem þeir hafa verið, sem hefur nánast verið óslitinn uppgangur síðustu árin, þá eru þeir búnir að ná okkur í lífskjörum um aldamótin og ef sú stöðnun sem hefur verið hér á landi heldur áfram líka. Þá getur komið að því að Spánverjar fari að flykkjast hingað til Íslands og við förum að skoppa í kringum þá. Ég hef ekkert á móti ferðamannaiðnaðinum en ég held að það sé ekki samt það hlutskipti sem við ætlum okkar unga fólki að hlaupa í kringum Spánverja. (**Gripið fram í:** Er nokkuð að því?) Það er ekkert að því en ég held að það eigi ekki að vera draumsýn neins af þingmönnum á Alþingi, ekki draumsýn eins einasta manns.

Að lokum vil ég koma að því að menn hafa verið að tala um hvort það eigi að vera þjóðaratkvæði eða ekki þjóðaratkvæði um þennan samning. Ég verð að segja að ég minnist þess ekki í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að nokkrum ráðherra í þeirri ríkisstjórn hafi nokkurn tíma dottið í hug að leggja samninginn fyrir þjóðaratkvæði. Alla vega kom það aldrei fram í neinni umræðu um það mál á þeim tíma svo að eftir væri tekið.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Því ber að fagna að hér fer fram umræða utan dagskrár um þetta stóra mál þó að hæstv. utanrrh. sé að kveinka sér yfir því að menn taki tíma til þess að ræða það áður en hann skrifar undir þennan samning og bindur Ísland þjóðréttarlega eins og til stendur að gera 2. maí nk. Í rauninni hefur Alþingi, þrátt fyrir nokkra umræðu á þess vettvangi, fjallað allt of lítið um þetta mál á þeim tíma sem liðinn er frá því í mars 1989. Ég er alveg viss um það að hefðu menn tekið sér betri tíma til þess að rýna í þau drög að samningi sem legið hafa fyrir í ýmsum myndum á liðinni tíð, þá væru menn kannski ekki í þeim sporum sem hæstv. utanrrh. er í. Og við verðum að vænta þess að Alþingi beri gæfu til þess við athugun málsins að ýta frá þeim kaleik sem því er réttur í formi þessa samnings.

Það er heldur engan veginn borin von að þær geti orðið málalyktir, ef marka má gagnrýni úr ýmsum áttum á þennan samning í vaxandi mæli nú upp á síðkastið, ekki aðeins úr röðum stjórnrandstöðuflokka heldur einnig úr röðum stjórnarliða. Það þarf 32 þingmenn á Alþingi Íslendinga til þess að greiða þessum samningi atkvæði sitt ef hann á að hljóta tilskilinn meiri hluta. Ég held að ef menn líta yfir sviðið, þá ættu þeir ekki að bóka það fyrir fram að slíkur meiri hluti sé fyrir hendi á Alþingi.

Ég vil að sjálfsögðu ekki leiða getum að því hverjir úr röðum stjórnarliða kynnu að líta öðruvísi á þetta mál en hæstv. utanrrh. En ég hef þó ástæðu til að ætla að í þeim hópi séu nokkrir þingmenn sem séu vægast sagt mjög hugsi yfir þessu máli, fyrir utan það að frá áhrifamiklum þingmanni, formanni utanrmn. Alþingis, hefur komið fram eindregin andstaða við þennan samning nú þegar. Stjórnarandstöðuflokkarnir ráða yfir 27 þingsætum á Alþingi, 27 atkvæðum ef þeir leggja saman og ef þeir bera gæfu til að standa saman í örlagaríkum málum. Þetta mál er auðvitað eitt af þeim afdrifaríkustu málum sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir um aldir, sagði frummælandi þegar hann líkti þessum samningi við Gamla sáttmála og þeim sporum sem Íslendingar stóðu í á 13. öld þegar þeir stigu skref sem tók þjóðina margar aldir að leiðrétta. Við getum litið til okkar forfeðra ekki mjög langt undan sem stóðu í þeirri baráttu að hnekkja þeim gjörningi og endurheimta sjálfstæði þjóðarinnar.

Ég ætla að vona að þegar menn fara að skoða þessi mál niður í kjölinn á Alþingi, þá fjölgi þeim sem meta þetta mál með líkum hætti og ég hef gert lengi vegna þess að ég tel að grundvöllurinn sem verið er að ganga inn á með þessum samningi sé ekki aðgengilegur fyrir okkur Íslendinga. Það væri mikið óheillaskref að ganga inn á þann grundvöll sem er lög, reglur og réttarkerfi Evrópubandalagsins á hinum þýðingarmestu

sviðum efnahags- og atvinnumála og að nokkru leyti einnig félagsmála þar sem er spurningin um búseturétt og réttindi Íslendinga í eigin landi. Það verður auðvitað hver alþingismaður að gera það upp við sig að vandlega yfirlögðu ráði hvernig hann stendur að þessu máli en jafnframt er það krafa okkar, sem fram hefur komið sameinuð frá stjórnarandstöðunni, að þjóðin verði spurð álits áður en til þess kemur að Alþingi gefi þetta mál upp og undir þá kröfu taka áreiðanlega fjölmargir sem hafa talið sig í stuðningsliði núverandi ríkisstjórnarflokka um allt land. Það ber ekki vott um mikið sjálfstraust í röðum ríkisstjórnarinnar ef hún ætlar ekki að taka undir þá sjálfsögðu kröfu í svo stóru máli að þjóðin verði spurð álits.

Ég vil taka undir þessa kröfu. Alþb. gerði það samhljóða á landsfundi sínum í nóvember sl. og hér hefur hún verið borin fram af stjórnarandstöðunni allri. Samstaða um óháð Ísland, þverpólitísk samtök, sem hafa innan sinna vébanda fólk úr öllum stjórnmálaflokkum og utan flokka, hafa sett fram þessa kröfu, þau gerðu það myndarlega á síðasta sumri og bera hana enn fram. Við verðum að gera þær kröfur til íslenskra stjórnvalda að þau sinni því lýðræðislega kalli sem felst í kröfunni um þjóðaratkvæði um þetta afdrifaríka mál

Ég vil, virðulegur forseti, nota þessar fáu mínútur sem hér eru til umráða til að víkja að fáeinum atriðum sem tengjast þessu máli og hafa kannski ekki verið mjög mikið í umræðunni. Ég hef oft talað um aðalatriði þessa máls, fjórfrelsið, hvað í því felst og hvaða afleiðingar það hefði að mínu mati fyrir íslenskt samfélag að lögfesta það á Íslandi eins og þessi samningur gerir ráð fyrir. Hér nefndi frummælandi það mat sem lægi fyrir hjá Evrópubandalaginu á ýmsum þáttum þessa máls og það var vel til fundið því að oft er það svo að gagnaðilinn segir margt sem þeir sem sitja hinum megin við borðið þyrftu að gaumgæfa. Þar koma oft fram óhlutdrægari upplýsingar og dómar en hjá þeim sem eru að reyna að sannfæra sitt lið, í tilfelli hæstv. utanrrh., um það að skrifa upp á þennan gjörning sem hann ætlar að ríða á vaðið með sjálfur innan skamms.

Ég vil aðeins bæta örlitlu í þetta safn sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafði uppi og vitna til orðsendingar frá fjandvini hæstv. utanrrh., danska utanríkisráðherranum Uffe Elleman-Jensen, sem hann sendi markaðsnefnd danska þingsins 26. febr. sl. og hefur reyndar verið birt í nýútkomnu fréttabréfi Samstöðu um óháð Ísland. Í þessu stutta erindi, sem kom á undan alllöngu erindi til markaðsnefndarinnar 5. mars sl., segir danski utanríkisráðherrann svo orðrétt í þýðingu:

„Hið nýja form fyrir lausn deilumála hefur að markmiði að tryggja sem frekast má verða réttarlega einsleitni [homogenitet] svo að það víki ekki verulega frá þeirri tiltölulega einsleitu skipan sem ríkir inn á við í EB á umræddu réttarsviði. EFTA-ríkin verða með hinum nýju ákvörðunum að fallast í ríkum mæli á dómstilhögun [eða dómspraxis á dönskunni] EB-dómstólsins hingað til sem og í framtíðinni."

Þetta er túlkun danska utanrrh. á réttarfarskafla þessa samnings eins og frá honum var gengið 14. febr. sl.

Ég held að menn ættu að taka eftir þessu og bera það saman við þær túlkanir sem hæstv. utanrrh. hafði uppi varðandi þennan þýðingarmikla þátt málsins.

Ég hef lagt fram á Alþingi í dag fsp. til hæstv. ráðherra varðandi úrskurði dómstóls Evrópubandalagsins og EES-samninginn í því sambandi, þ.e. það sem snertir 6. gr. samningsins þar sem verið er að binda okkur Íslendinga, eins og önnur EFTA-ríki, við alla úrskurði EB-dómstólsins sem fallið hafa frá byrjun, 1957 eða 1958 til 14. febr. 1992. Eins og segir í þessari grein, með leyfi forseta:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa ..."

Það er nú ekkert minna. Það er allt dómasafnið sem getur varðað þetta samningssvið. Ég spyr hæstv. utanrrh. og bið um skriflegt svar sem væntanlega berst okkur fljótlega: Hvaða athuganir og úttektir hafa verið gerðar á vegum íslenskra stjórnvalda eða EFTA á úrskurðum EB-dómstólsins frá upphafi, samanber 6. gr. EES-samningsins?

Í öðru lagi: Með hvaða hætti verða þessir úrskurðir kynntir Alþingi og almenningi áður en umræða hefst á þingi um EES-samninginn?

Auðvitað ættu þessar upplýsingar að liggja fyrir á Alþingi á íslensku, vönduð úttekt á þessu dómasafni öllu saman áður en hæstv. utanrrh. skuldbindur Ísland þjóðréttarlega með undirskriftinni undir þennan samning. Það er ekki tilvikið. Í rauninni hefur ekkert komið enn þá fram opinberlega, það fullyrði ég, að því er snertir þetta stóra svið sem getur þó skipt algjörum sköpum í sambandi við úrslit deilumála og túlkun á þessum samningi á hinum þýðingarmestu sviðum.

Svona er undirbúningurinn í hinum mikilsverðustu málum að því er þennan samning varðar. Það er á mörgum sviðum. Ég hef borið fram fleiri fyrirspurnir og það hafa komið svör við nokkrum þeirra um svið sem af sumum eru kannski talin jaðarsvið í sambandi við þetta stóra mál. Ég vil aðeins nefna fáein atriði sem þar eru á ferðinni. Ég hef t.d. borið fram fyrirspurn til dómsmrh., sem er óræddur hér á þingi, um áhrif EES-samningsins á innflutning og sölu áfengis. Þau mál komu einmitt til umræðu hjá hv. síðasta ræðumanni og þeir köstuðu einhverju á milli sín, hæstv. ráðherra og hann, í þessu máli. Við heyrðum það í ræðu hæstv. utanrrh. áðan að hann teldi að það væri tryggt að Áfengisverslun ríkisins gæti haldið einkaleyfi sínu og verið rekin með þeim hætti sem nú er þrátt fyrir þennan samning. Ég vil aðeins nefna í þessu sambandi að að mati aðila í Noregi sem hafa farið ofan í þetta mál er allt önnur túlkun uppi. Að vísu ekki af hálfu norska utanríkisráðuneytisins, það lætur svipað frá sér fara og hæstv. ráðherra, en það má lesa í EFTA-tíðindum, m.a. frásagnir úr Aftenposten sem ég hef hér: „EES brýtur gegn einokun [monopoli] á áfengi."

Sama er að finna í öðru eintaki þar sem það er rakið sem mat löglærðra manna sem fara ofan í málið og fullyrða að spurningin um þetta muni falla undir 37. gr. Rómarsáttmálans ef á reyndi. Svo koma menn hér léttúðugir og fullyrða eitthvað allt annað að óathuguðu máli. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvar liggur fyrir sú lögfræðilega úttekt á þessu atriði sem snertir auðvitað mjög stefnuna í áfengismálum hér á landi og hlýtur að varða marga? Hvar liggur það mat fyrir?

Ég spurði hæstv. heilbrrh. tveggja spurninga. Önnur þeirra var tengd skyldu sviði, þ.e. áhrifum af þessum samningi á ávana- og fíknilyf, dreifingu þeirra og neyslu í landinu. Svarið liggur fyrir á þskj. 801 og ég bið menn um að fara yfir það. Það er ekki verið að gera mikið úr því að hætta sé á því að hér verði meira framboð og óheftara á ávana- og fíknilyfjum í kjölfar EES-samninga. En hvert er mat manna í Noregi á þessu sama sviði? Einmitt þar kemur fram hjá aðilum sem hafa verið að fara ofan í þessi mál að EES-samningur valdi aukinni hættu í sambandi við neyslu slíkra lyfja.

Menn ættu að skoða inn í krókana á þessu máli. Frjáls vörudreifing, óhindruð og óheft, tengd við ákvæðin á sviði fjárfestinga og búseturéttar, leiðir af sér hluti sem mönnum eru duldir við fljóta athugun þessa máls.

Virðulegur forseti. Það eru mörg fleiri svið sem þyrfti að ræða. Ég ætlaði að víkja að einu sviði sem hefur allt of lítið verið rætt í þessu samhengi sem varðar umhverfismálin. (Forseti hringir.) Ég ætla ekki að fara langt út á það eða ganga hér á tíma, en ég vek athygli á því að náttúruverndarsamtök Noregs með 60.000 meðlimi hafa látið gera vandlega úttekt á þessu máli, á áhrifum EES-samnings á umhverfismál og umhverfisvernd. Niðurstaðan er sú að það eru yfirgnæfandi neikvæð áhrif sem vænta má og þessi fjölmennu almannasamtök í Noregi hafa tekið afstöðu gegn þessum samningi.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég bjóst að vísu við því að fleiri kæmu upp áður en ég kæmi í ræðustólinn aftur en þar sem svo er ekki skal ég koma að nokkrum þeim atriðum sem voru í svarræðu hæstv. utanrrh. og e.t.v. nokkrum fleiri atriðum sem ég sleppti í minni fyrstu ræðu. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin en hlýt þó að taka undir með ýmsum öðrum sem hafa talað að þar þótti mér mörgu ábótavant.

Hæstv. utanrrh. sagði að fyrirvörum væri öllum skilað en sjálfur viðurkenndi hann, eða a.m.k. heyrði ég ekki annað í því sem hann sagði þar á eftir, að a.m.k. ýmsu á því sviði væri ólokið. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. utanrrh. að fyrirvari um full yfirráð Íslendinga yfir fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða er í höfn. Af hverju er hann í höfn? Hann er í höfn vegna þess að ég flutti frv. á síðasta Alþingi um fjárfestingar erlendra aðila í íslensku efnahagslífi þar sem skýrt er tekið fram að erlendir aðilar hafi ekki heimild til að fjárfesta í íslenskri útgerð og frumvinnslu. Ég hef satt að segja ekki orðið var við að aðrir fyrirvarar séu í höfn. Reyndar sagði hæstv. ráðherra að um orkulindirnar þyrfti enn að setja lög. Það er alveg hárrétt. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur út af fyrir sig svarað þeim ásökunum sem hæstv. ráðherra var með í garð okkar framsóknarmanna í þessu sambandi. Framsfl. gerði athugasemdir við það frv. sem undirbúið var á síðasta þingi en lagðist alls ekki gegn því að slíkur einkaréttur væri tryggður. Hitt er svo annað mál að þar þurfti m.a. að athuga betur, og þarf eflaust enn, ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrétt. En þarna er fyrst og fremst um að ræða réttinn til að nýta þennan jarðhita. Alveg eins og í lögum er réttur hins opinbera til að virkja fallvötn sem gefa yfir 2.000 kílóvött má skilgreina í lögum slíkan rétt til að virkja jarðhita fyrir neðan ákveðna dýpt og yfir ákveðinni orku. Svo ég er þeirrar skoðunar að það sé auðvelt ef vilji er fyrir hendi að setja lög sem allir geta fullkomlega sameinast um. Mér heyrðist hins vegar hæstv. ráðherra telja að í þeim lögum þyrfi að vera fjölmargt fleira sem ég skal ekki segja á þessari stundu hvort samkomulag næst um eins og yfirráð yfir almenningi o.s.frv. sem lengi hefur verið deilumál og er að sjálfsögðu óskylt því sem hér um ræðir.

Hæstv. ráðherra viðurkenndi einnig að það liggja ekki fyrir neinar girðingar, eins og nú er gjarnan kallað, sem koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast hér hlunnindajarðir eða land í stórum stíl og sem er umfram það sem eðlilegt er til að setja á stofn fyrirtæki sem leyfð eru. Mér kom satt að segja nokkuð á óvart það sem hæstv. ráðherra taldi í þessu sambandi eins og t.d. ákvæði um búsetu á jörðum. Nú eru fjölmargar jarðir hér ekki setnar og vekur vitanlega upp spurningar um hvernig með þær jarðir verður farið. En hann minntist hins vegar ekkert á ákvæði, sem t.d. Írar hafa sett í sín lög, um búsetu í landinu í ákveðinn árafjölda. Ég hygg að í Írlandi sé krafist sjö ára búsetu auk ábúðar á jörðum.

Mér virðist, af því sem hæstv. ráðherra sagði, að lítið hafi verið í þessu unnið. Þó vil ég meta það að þetta er í fyrsta sinn sem ég hef fengið einhver svör um hvað líður þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er til að setja slíkt frv. og sem hæstv. ráðherra hefur m.a. gagnrýnt að ekki skyldi vera gert í síðustu ríkisstjórn og að nokkru leyti með réttu. Við náðum því ekki að ljúka gerð þeirrar girðingar, ef ég má kalla það svo. Þarna eru þegar mjög stórir fyrirvarar sem hefur ekki verið skilað, eru ekki í höfn, þ.e. um orkulindirnar og hvort sem menn vilja kalla það hlunnindajarðir eða umtalsverða landeign.

Um yfirþjóðlegar stofnanir má eflaust lengi deila. Ég hygg að það sé út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að meirihlutaákvarðanir EES-ráðsins eru einkum um tæknileg atriði sem vel má vera að erfitt sé að vísa til einstakra þjóðþinga. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég hef kynnt mér þessi mál nokkuð en vildi gjarnan heyra hvernig hann túlkar sum þessi ákvæði. Hins vegar sýnist mér miklu óljósara í raun hvort tilskipanir EB eða úrskurðir dómstólsins, þ.e. EB-dómstólsins, verða de facto, verða í raun ráðandi innan alls EES. Hæsv. ráðherra svaraði ekki beinlínis

eða lýsti ekki áliti sínu á þeirri lýsingu sem talsmaður Evrópuráðsins, Van der Pas, gaf sjálfri utanríkismálanefnd Evrópuþingsins. Hins vegar var allt annar tónn í því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, allt annar en í orðum Van der Pas, sem sagði, eins og ég las áðan í þeim tilvitnunum sem ég fór yfir, skýrt og skilmerkilega að í raun væri aðeins ein stoð í þessu EES-samkomulagi. Mér þótti mjög miður að sjá ræðu Van der Pas því það er rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að ég styddi það að ganga til þess samkomulags í þeirri góðu trú að báðir aðilar væru jafnir. Ég get ómögulega séð það af lýsingu sem þessi háttsetti embættismaður gefur að svo sé. Þar er beinlínis gert lítið úr, ef ekki gert gys, að hlut EFTA-ríkjanna í þessu EES-samkomulagi, því miður. Það er afar illt. Og ég er sannfærður um það að ef slíkt hefði komið fram hér á landi hefði hæstv. utanrrh. verið fljótur til og krafist skýringa af þeim manni sem slíka lýsingu hefði gefið. Ég held að það væri full ástæða til þess áður en skrifað verður undir í Portúgal að hæstv. utanrrh., sem hefur eintak af þessari ræðu eða þessari skýrslu, taki málið upp þar og spyrji hverju sæti að háttsettur starfsmaður Evrópuráðsins gefi slíka lýsingu á þeim samningi sem hann í góðri trú, vil ég vona og trúi, hefur gert.

Ég held að fleirum hljóti að bregða í brún þegar þeir lesa þá lýsingu sem þarna er og gera sér grein fyrir, ef satt er, því sverði sem á að hanga yfir höfði EFTA-ríkjanna samkvæmt lýsingu þessa embættismanns.

Mér sýnist því því miður að ýmsir af þessum fyrirvörum séu ekki komnir í höfn og hafi ekki skilað sér. Það er þungt að þurfa að þola það að hæstv. utanrrh. skrifi undir samninginn og skuldbindi hæstv. ríkisstjórn þar með, eins og hér hefur komið fram, án þess að þessir hlutir liggi fyrir og við höfum getað fengið að sjá þá og fullvissa okkur um það á hinu háa Alþingi að þeir séu fullnægjandi. Ég tel það ekki vinnubrögð sem unnt er að mæla með.

Ég gat ekki í fyrri ræðu minni komið inn á liðinn um breytingar á EES-samningnum í tvíhliða samning, eins og ég hefði viljað, þegar og ef EFTA-ríkin gerast aðilar að EB. Ég vildi gjarnan fara um það nokkrum orðum. Því miður hefur hugsanleg umsókn um aðild að EB tengst þessu máli. Ég segi því miður, því hún hefur mjög spillt fyrir allri meðferð málsins. Ég vil hins vegar trúa því sem hæstv. forsrh. hefur sagt að umsókn um aðild EB sé ekki á dagskrá og ég treysti því, ég vil láta það koma skýrt fram, að hann fái ráðið því en ekki hæstv. utanrrh. og ungir jafnaðarmenn að sótt verði um aðild að Evrópubandalaginu. Ég er sannfærður um að ef það yrði gert yrði fóturinn fljótlega kominn í þá gildru að hann yrði ekki til baka dreginn.

Það er vitanlega alrangt hjá hæstv. utanrrh., og tengist þessu máli að vissu leyti, að ekki hafi orðið gífurlega miklar breytingar bæði á EB og EFTA frá því að við ákváðum að ganga til samninga um EES. Þetta var rakið áðan af hv. 8. þm. Reykn. og vísaði hann þar til ítarlegrar skýrslu hæstv. utanrrh. þar sem stór kafli fjallar um EB af einhverjum ástæðum. Þótt við séum ekki aðilar að EB þá fjallar stór kafli, margar síður, í skýrslu utanrrh. um EB, kannski af einhverri innbyggðri ást á því fyrirbæri. En hvað um það. Þar hefur, eins og hæstv. ráðherra hefur lýst, orðið gífurleg breyting með Maastricht-samkomulaginu. Það stefnir allt, ekki í bandalag, heldur í samruna þjóða. Það er viðurkennt. Það er dálítið merkilegt að hér á landi skuli ekki hafa verið rætt um þær upplýsingar sem komu fram í dönskum blöðum að fram undan væru mjög róttækar breytingar á Evrópubandalaginu sem fælust í því m.a. að útiloka litlu ríkin frá þátttöku í ákvörðunum, eða a.m.k. í neitunarvaldi, hætta að þýða ýmislegt yfir á slík tungumál. Ég man ekki betur en að í Politiken sé sagt að þessar upplýsingar muni koma fram ítarlegar í júní.

Ég ætti kannski ekki að þurfa að vera að rekja þessa hluti hér af því, eins og ég sagði áðan, að hæstv. forsrh. hefur hafnað því að sótt verði um aðild að EB. En engu síður virðist það þó búa undir orðum og gerðum sumra ráðamanna og ekki síst sumra sérfræðinga að þetta beri að athuga. Þarna er vitanlega að gerast sú breyting í EB sem í raun og veru gjörbreytir líka annarri stoðinni svokallaðri þess EES-samnings sem verið er að ganga til. Og svo að sjálfsögðu hefur EFTA gjörbreyst því allar þjóðir EFTA nema Íslendinga og Liechtenstein hafa lýst því yfir að þær sjái sér ekki annað fært en að sækja um aðild að EB hvort sem það verður samþykkt hjá þeim öllum eða ekki. Einhverjar vöflur munu vera komnar á suma í því sambandi og skil ég það vel. Þetta eitt hefur gjörbreytt öllum grundvallareiginleikum þessa samnings. EFTA-ríkin ganga því miður ekki heilsteypt til samningsins lengur. Það hefur margsinnis komið fram. Í raun og veru kom þetta fram þegar, t.d. í síðustu ríkisstjórn, gagnvart Austurríki. Við urðum báðir varir við það á alþjóðlegum fundum að Austurríki vildi helst stökkva yfir þennan áfanga og fá beina aðild að EB en fékk það ekki. Að sjálfsögðu hefur allt breyst mikið eftir að önnur EFTA-ríki hafa ákveðið að taka þetta sama skref, breyst mjög mikið. Svo þarna hafa orðið slíkar grundvallarbreytingar og ég sé ekki betur en það lýsi sér mjög í því sem Van der Pas útlistar með þeim skýringum sem hann gefur utanríkismálanefnd EB-þingsins að samningurinn sé orðinn nánast einhliða, þ.e. stoðin sé ein en EFTA sé aðeins orðin hækja.

Ég tel því að það sé mjög vítavert að á sama tíma og aðrar EFTA-þjóðir hafa þegar hafið viðræður við Brussel um aðildarumsókn skuli ekki vera kannað af hálfu íslenskra stjórnvalda hvort þessi samningur okkar getur orðið — ekki áfangi inn í EB heldur áfangi að tvíhliða samningi við EB. Ég sagði í umræðu fyrr í vetur þegar þessi samningur strandaði eitt sinn að við Íslendingar ættum að taka upp tvíhliða viðræður vegna þeirra breyttu aðstæðna sem væru orðnar og mér sýnist allt benda til þess að það sé rétt. Ég er sammála því að menn eiga ekki að hlaupa frá þessum samningi. Ef hægt er að ná öllum fyrirvörum og tryggja sig í bak og fyrir þá getur vel komið til greina að gera þennan samning, alveg sérstaklega að sjálfsögðu ef hann er

samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu sem ég ætla að koma að hér síðar. En í mínum huga er orðið mjög tímabært að gera sér glögga grein fyrir því hvaða breytingar þarf að gera og hvort unnt er að gera þær breytingar. Mér þóttu svör hæstv. utanrrh. við því afar haldlítil og alls ekki taka á kjarna málsins. Hann sagði í gamansömum tón að við Íslendingar yrðum orðnir einir í dómnum og við Íslendingar yrðum orðnir einir í eftirlitsstofnuninni. Það er alveg hárrétt. Og það sem er rétt í þessu hjá hæstv. utanrrh. er að þessi kafli samningsins yrði að gerbreytast. Ég hefði gjarnan viljað vita og vil reyndar hvetja hæstv. utanrrh. til þess að hann kanni nú þegar, t.d. áður en hann skrifar undir í viðræðum sínum við utanrrh. og ráðamenn Evrópubandalagsins, hvort þeir sjái á þessu stigi eitthvað því til fyrirstöðu að þessi samningur breytist í tvíhliða samning með þeim nauðsynlegu breytingum á eftirlitsstofnun, dómstóli og úrkurði deilumála sem hlýtur að þurfa að gera þegar um samning á milli tveggja þjóða er að ræða. Ég tel satt að segja fullvissu um að þetta sé hægt hvað mikilvægasta nú þegar við metum hvort ganga eigi til þessa samnings.

Ég get út af fyrir sig tekið undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins frá 13. okt. sem segir, með leyfi forseta: „Þátttaka í Evrópsku efnahagssvæði ræður engum úrslitum um afkomu okkar Íslendinga. Við komumst af án þess." Þetta er alveg hárrétt hjá leiðarahöfundi Morgunblaðsins. En ég verð hins vegar að taka undir það með hæstv. utanrrh. að það kann að vera, ég segi kann að vera, að þrýstingurinn á aðild að EB verði enn meiri ef við erum fullkomlega fyrir utan og njótum ekki þeirra tollfríðinda sem t.d. Norðmenn koma að sjálfsögðu til með að njóta og ekki síst þegar þeir eru orðnir aðilar að EB. Það kann að vera að skammsýnir menn hugsi ekki eins og leiðarahöfundur Morgunblaðsins og telji að fyrir okkur sé það lífsspursmál að komast inn fyrir þessa tollmúra. Ég endurtek: Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að við eigum marga markaði og góða fyrir okkar sjávarafurðir en ég tel hins vegar að góður samningur og vel frágenginn í bak og fyrir með öllum fyrirvörum og ekki einhliða, þ.e. ekki þannig að framtíðarákvarðanir EB hafi áhrif á okkur og verði okkur til góðs ef við höfnum því sem við ekki viljum en tökum því sem við teljum vera gott án þeirra hótana sem felast t.d. í lýsingum Van der Pas. Ég tel að ef ætti að gera slíkan samning og ef unnt er að tryggja að hann verði áfangi að tvíhliða samningi þá fyrst kunni að vera töluvert unnið við þennan samning. Þess vegna tel ég að könnun á þessu atriði sé afar mikilvæg einmitt á þessari stundu.

Ég var að fá í hendurnar fréttaskeyti sem gefur til kynna að alls ekki séu öll kurl komin til grafar. Það kemur t.d. fram í fréttaskeyti frá Ritzau að í Noregi þar sem utanríkismálanefndin fer með málið — það kemur skýrt fram að það er utanríkismálanefndin, utanríkismálanefnd norska stórþingsins, sem fer með forræði EES-umræðunnar þar — undirbýr sig með kynnisferð í höfuðborg EB í Brussel í dag. Hún hélt blaðamannafund um það áðan og frá því er nákvæmlega skýrt. Það er alveg ljóst að þessi þing ætla að taka málið eins og alvörumálum ber að taka og ætla að kynna sér þau í bak og fyrir. Ég tel einmitt að íslenska utanrmn. þurfi að gera svipað. Hún þarf að kanna allar hliðar þessa máls og ef hæstv. utanrrh. hefur ekki þegar kannað möguleika á að breyta þessum samningi þá teldi ég það mjög viðeigandi að við svipað og Norðmenn heimsæktum nú Brussel og við þingmenn ræddum sjálfir við ráðamenn þar einmitt um hluti eins og t.d. hugmyndina um það að breyta þessum samning í tvíhliða samning. Er einhver fyrirstaða fyrir því? Ég mun ræða þetta í utanrmn. á næsta fundi hennar. Reyndar kemur fram í öðru fréttaskeyti, frá Reuter, að menn eru farnir að efast um að það náist að skrifa undir samninginn á laugardaginn því að enn munu standa deilur um magnflutninga um Alpana, þ.e. Austurríkismenn hafa ekki viljað samþykkja svo mikla flutninga sem þar er farið fram á og þar segir talsmaður EB í þýðingu minni: „Á þessari stundu get ég ekkert sagt um það hvort samningurinn verður undirritaður."

Ég veit satt að segja ekki hvers vegna við erum að flýta okkur svona mikið. Ég lít á undirskrift samningsins allalvarlegum augum og, eins og komið hefur fram hjá öðrum ræðumönnum, þar með er ríkisstjórnin að setja sitt lóð sem slík á vogarskálina. Hún bindur sig með því að skrifa undir og ég er þeirrar skoðunar að hæstv. utanrrh. og forustumenn EFTA hefðu átt að leggjast gegn því að undir samninginn væri skrifað nú af þeirri einföldu forsendu sem m.a. kom fram í ágætri ræðu hjá hæstv. utanrrh. á EB-fundi sem haldinn var hér á Hótel Sögu þar sem kvað við allt annan tón en svo hér í Alþingi skömmu síðar. Þar kom fram að í raun væri tíminn að hlaupa frá okkur vegna þess að við þyrftum mikinn tíma til umræðu um samninginn og þinglegrar meðferðar á samningnum.

Hæstv. utanrrh. sagði í upphafi síns máls að umræðan væri í raun óþörf. Ekki hefur mér fundist það af þessari umræðu sem hér hefur orðið. Menn verða að gæta að því að við erum ekki aðeins að hefja þessa umræðu okkar sjálfra vegna. Við erum að hefja þessa umræðu til þess að upplýsingar um þennan samning megi komast til þjóðarinnar og ég er þeirrar skoðunar að hæstv. utanrrh. ætti að þakka okkur fyrir að hann hefur fengið tækifæri til þess að skýra sín sjónarmið sem ég vil síður en svo að gera lítið úr. Þau eru hans og þó að mér sýnist því miður hæstv. utanrrh. orðinn of mikill fangi þeirrar gerðar sem hann hefur staðið að, þ.e. gerð þessa samnings, þá á hann að sjálfsögðu rétt á sínum skýringum og er nauðsynlegt að þær komi fram. Ég tel því að þessi umræða hér sé mjög þörf og ég er þeirrar skoðunar sem ég sagði reyndar við umræðu um þáltill. þá sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er 1. flm. að og ég stend að líka að nú væri mikilvægast í þessu máli öllu að kynna það nægilega vel fyrir þjóðinni, kynna það hlutlaust fyrir þjóðinni, gera henni grein fyrir kostum þess og göllum, gera henni grein fyrir því hvert framhaldið gæti orðið, fyrir þeim breytingum sem verða þegar aðrir ganga inn í EB o.s.frv. Og ég er þeirrar skoðunar að til þess eigum við að nota sumarið.

Ég heyri miklar efasemdir víða um það að meðferð

þessa samnings verði lokið fyrir áramótin. T.d. eiga Svisslendingar eftir að fjalla um hann í þjóðaratkvæðagreiðslu og þær taka mikinn tíma og jafnvel eru einhverjar efasemdir komnar upp hjá Svíum svo að ég vil segja það að lokum að við skulum ekki flýta okkur um of. Við skulum fjalla um málið mjög ítarlega í utanrmn. og þeim öðrum nefndum þingsins sem samninginn fá til meðferðar. Við skulum skoða hvert atriði hans. Við skulum krefjast svara frá Brussel við öllum þeim vafaatriðum sem við kunnum að hafa. Við skulum skoða framtíðina. Við skulum ekki hugsa til eins eða tveggja ára sem í raun og veru er verið að gera með þessum samningi. Þetta er skammtímasamningur. Við skulum hugsa til lengri tíma og hugsa til þess hvernig við getum treyst fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar í heimi sem er mjög að breytast og breytist mjög hratt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það hafi reyndar legið fyrir og sannast enn betur í þessari umræðu í dag að það var nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að Alþingi tæki þetta mál til umræðu nú áður en laugardagurinn 2. maí rennur upp og satt best að segja furðulegt að menn skuli hreyfa efasemdum um að ástæða sé til þess að Alþingi bæði nú og á næstu vikum verði með þetta mál á dagskrá sinni meira og minna samfellt.

Það er ekki síst nauðsynlegt að mínu mati að ræða málsmeðferðina, hvernig Alþingi fer með málið og þær aðstæður sem uppi eru einmitt nú til þessa samnings. Það liggur í hlutarins eðli að hér eru ekki aðstæður til að fara út í efnislega umræðu um samninginn, enda bíður það í sjálfu sér betri tíma. Það sem mestu máli skiptir held ég er að ræða stöðuna í málinu nú, væntanlega undirritun hæstv. utanrrh. undir samninginn fyrir hönd ríkisstjórnar nk. laugardag og aðra þætti málsins sem lúta beint að stöðu þess nú og meðferð þess á næstu vikum.

Ég vil í þessu sambandi byrja á því að ræða það lítils háttar hvað það er í raun og veru sem þarna stendur til að fara að undirrita borið saman við það sem lagt var upp með. Hæstv. utanrrh. reyndi að mínu mati á ákaflega ódýrum forsendum að gera lítið úr öllum spurningu og röksemdum sem leiddar voru fram til þess að spyrja og sýna fram á að sá samningur sem til stendur, að manni skilst, að undirrita nk. laugardag er allt annað en það sem lagt var upp með í byrjun, allt annað en upphaflegar samningskröfur Íslendinga og þeir fyrirvarar sem settir voru fram af okkar hálfu í byrjun þessa viðræðuferlis. Hin svonefnda tveggja stoða lausn, það að búa til samning úr tveimur jafnréttháum málsaðilum sem stæðu á tveimur traustum stoðum, Evrópubandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar, sú hugmynd er hrunin til grunna. Það liggur fyrir að það sem hér er verið að undirrita er, af öllum nema einum eða tveimur samningsaðilum EFTA-megin frá, einungis bráðabirgðalausn. Það liggur fyrir áður en utanríkisráðherrar hinna EFTA-ríkjanna setja stafi sína undir samninginn að þeir eru eingöngu að undirrita hann sem bráðabirgðaástand fyrir hönd sinna þjóða. Þar hafa menn tekið ákvörðun um að ganga í Evrópubandalagið og það var ljóst á síðari hluta síðasta árs svo að ég tali nú ekki um núna á síðustu mánuðum að hinar EFTA-þjóðirnar höfðu meira og minna misst áhugann á þessum samningi að Sviss þá helst undanskildu að öðru leyti en því sem hann væri áfangi á leið þeirra inn í Evrópubandalagið. Það t.d. varð alveg ljóst þegar Svíar söðluðu mjög skyndilega um frá því að vera sú EFTA-þjóðin sem var með langa lista af fyrirvörum og undanþágum í farteskinu í byrjun samningaviðræðnanna og yfir í það að missa í rauninni allan áhuga á slíku af skiljanlegum ástæðum þegar þeir höfðu tekið um það ákvörðun að hverfa yfir í Evrópubandalagið. Og það hefur aðeins skotið upp kollinum umræða um það í Svíþjóð, merkilegt nokk en ekki hér á Íslandi, að Svíar hafi í raun og veru svikið hinar EFTA-þjóðirnar með því að leika tveim skjöldum í viðræðunum um alllangt skeið hafandi misst á því áhugann í raun og veru að sækja nokkrar sjálfstæðar samningskröfur til handa Evrópska efnahagssvæðisins sem slíks af þeirri ósköp einföldu ástæðu að þeir töldu það ekki svara kostnaði og sneru sér að því og einbeittu öllum kröftum sínum að því að undirbúa inngöngu sína í Evrópubandalagið. Samt vill hæstv utanrrh. ekki aðeins láta eins og ekkert hafi í skorist heldur undirrita eins og ekkert hafi í skorist.

Hæstv. utanrrh. reynir enn í ræðu sinni í dag að láta sem svo að hann sé í raun og veru að undirrita sambærilegan gjörning og þann sem til stóð að sækja í upphafi, búa til á grundvelli tveggja stoða hugmyndarinnar. Og maður hlýtur að spyrja sig að því hvað valdi þessari afstöðu hæstv. utanrrh. Tvennt virðist fyrst og fremst koma til greina. Það fyrra hefur auðvitað verið nefnt, að það sé fyrst og fremst orðið slíkt pólitískt og persónulegt keppikefli hæstv. utanrrh. að undirrita, eins og þeir hafa verið hallir undir, hæstv. ráðherrar Alþfl. að undirrita jafnvel í algeru tilgangsleysi, eins og frægt er orðið, að hæstv. utanrrh. kjósi að reyna að blekkja bæði sjálfan sig og aðra með því að hann sé enn að undirrita hinn gamla, góða EES-samning á tveimur stoðum sem til stóð að gera. Og þannig sé það að pólitískur og persónulegur áhugi hæstv. utanrrh. ráði meiru í huga hans heldur en gæta og sækja langtímahagsmuni Íslands því að það er hann auðvitað ekki að gera með því að undirrita þetta skammtímaplagg. Er ég þá ekki að taka þá afstöðu til innihaldsins heldur eingöngu þeirrar staðreyndar að hann ætlar að undirrita þennan skammtímagjörning, setja kíkinn upp að blinda auganum og láta sem hann sjái ekki þá staðreynd að hér er um hreinan skammtímasamning að ræða.

Annaðhvort er það þetta sem veldur þessari ógæfulegu framgöngu hæstv. utanrrh. eða hitt að hann hugsar sér eitthvað annað í framhaldinu en hann lætur hér uppi að tveimur, þremur eða fjórum árum liðnum. Það verður að þora að ræða um hlutina eins og þeir koma manni fyrir sjónir og ég get ekki neitað því og get ekki leynt því að það leitar æ oftar á mig: Eru einhverjir ósagðir hlutir í sambandi við það að þennan samning

á að undirrita og forðast að ræða þá augljósu staðreynd að hér er verið að tjalda til einnar nætur. Hvað á að gera þegar tjaldið fýkur, hrynur eða fellur að tveimur, þremur, fjórum árum liðnum? Hvers vegna er sú umræða ekki tekin upp nú? Ég held að hæstv. utanrrh. verði, ef hann vill reyna með einhverjum málefnalegum hætti að ræða þessa hluti og opinskátt, að gera það með einhverjum myndugri hætti en hann gerði áðan. Íslenska þjóðin er það upplýst og vonandi við hv. alþm. einnig að við krefjumst þess að umræðan sé ekki á jafnódýrum nótum og hæstv. utanrrh. reynir hvað þetta atriði málsins snertir að hafa hana, sem sagt að forðast að ræða þessa staðreynd, þessa stöðu sem þarna er komin upp. Að EES-samningurinn nú er allt annað annað en lagt var upp með í þessum skilningi en einnig hvað innihaldið snertir. Þeir sem ekki vilja trúa því ættu að taka ræðu hæstv. páv. forsrh. frá því í mars 1989 sem flutt var í Ósló og bera hana og þá fyrirvara og þær kröfur sem þar voru settar fram fyrir Íslands hönd saman við samninginn. Og þeir sem þetta gera geta varla orðið í miklum vafa um það að niðurstaðan er allt önnur en lagt var upp með.

Í þriðja lagi er auðvitað óhjákvæmilegt að nefna og ræða í samhengi við þetta mál þær breytingar sem eru að verða á högum eða eðli viðsemjandans, þ.e. Evrópubandalagsins sjálfs. Mér hefur fundist verulega á það skorta að reynt væri að ræða í samhengi við þennan samning og stöðu hans nú þá þróun sem er í gangi innan Evrópubandalagsins, niðurstöðuna þar eftir samninga í Maastricht og þá umræðu sem í gangi er á vettvangi Evrópubandalagsins um breytta stjórnskipun þess. Nú veit ég ekki hvort hæstv. utanrrh. finnur upplýsingar um þetta í The Economist sem hann er að lesa en vonandi heyrir hann það sem verið er að ræða við hann.

Hefur hæstv. utanrrh. eitthvað að segja okkur sem honum finnst skipta máli og eðlilegt er að taka til umfjöllunar í þessu sambandi og varðar þær breytingar sem eru að verða á Evrópubandalaginu sjálfu og umræðuna sem þar fer nú fram um breytta stjórnskipun bandalagsins, ekki síst ef aðildarríkjum þess á að fjölga á næstu árum? En það er alveg ljóst að stórþjóðirnar þar munu illa sætta sig við að fleiri þjóðir bætist í safn Evrópubandalagsþjóðanna að óbreyttri stjórnskipan þannig að stórþjóðirnar fái í þeim skilningi enn sjaldnar að halda um stjórnartaumana og fleiri smáríki af stærð Íslands Lúxemborgar, Möltu, Noregs eða annarra slíkra kæmu til með að hafa jafngilda stöðu hvað snertir forræði fyrir málum Evrópubandalagsins og fara með stjórnartauma þar í bland við stórþjóðirnar.

Auðvitað er óhjákvæmilegt að líta einnig á niðurstöðuna sem nú blasir við í þessum samningum, í hverju hún er breytt frá því sem upplýst hefur verið á fyrri stigum málsins. Ég tel t.d. að það sé enn mikið verk óunnið í því að fara ofan í hverjir hinir raunverulegu hagsmunir íslensks sjávarútvegs eru samkvæmt niðurstöðu samningsins að svo miklu leyti sem hún liggur fyrir. Ég tel að þar sé mörgum spurningum ósvarað og augljóslega er niðurstaðan að ýmsu leyti lakari en búið var að halda fram. Það vill svo til að ég er með fréttabréf Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, 8. tölublað árgangsins 1991, í höndunum og það er umhugsunarefni að þegar það bréf kom út er fjallað um niðurstöðuna eins og menn töldu þá að hún lægi fyrir. Eins og frægt er töldu forsvarsmenn atvinnurekenda í sjávarútvegi sig hafa ótvíræðar yfirlýsingar hæstv. utanrrh. um það. Í bréfinu segir m.a., með leyfi forseta, að í samkomulaginu sé gert ráð fyrir að floti Evrópubandalagsins fái að veiða sem svarar 3.000 tonnum af karfa í íslenskri lögsögu, en í raun aðeins 900 tonn af karfa og ígildi 2.100 tonna af langhala. Þetta var svo borðleggjandi í hugum atvinnurekenda í sjávarútvegi að þeir settu þetta á forsíðu í fréttabréfi sínu á sl. sumri eða hausti og síðan fór sem fór, eins og allir vita.

Það mat á gildi samningsins fyrir íslenskan sjávarútveg sem ég hef séð, t.d. frá Þjóðhagsstofnun, byggir á miklu eldri upplýsingum en þetta. Mér er ekki kunnugt um að nein ný gögn hafi verið lögð fram um það hverjar hinar raunvegulegu hagsbætur eru sem íslenskur sjávarútvegur gæti átt í gegnum þær tollalækkanir eða niðurfellingar sem þarna eru. Síðast þegar ég frétti lék meira að segja enn stórkostlegur vafi á því um tilteknar tegundir framleiðsluvara hvort þær féllu undir tollfrelsi eða ekki, t.d. síldarflök af mismunandi toga. Þetta eru auðvitað óþolandi aðstæður og ekki gerir það stöðuna betri að sá samstarfssamningur um málefni sjávarútvegs sem á að fylgja þessu og er krafa og forsenda Evrópubandalagsins liggur ekki fyrir. Það þýðir ekki fyrir hæstv. utanrrh. að koma og segja að það skipti ekki máli, að það varði ekki samninginn beint þegar í honum sjálfum er vísað beint í þennan hliðarsamning milli Íslands og Evrópubandalagsins. Skiptir það þá ekki máli varðandi afstöðu til samningsins sjálfs eða er það ekki svo, hæstv. utanrrh., að í þessum samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins eigi t.d. að kveða á um skilmála þeirra veiða sem Evrópuflotinn fær innan íslensku landhelginnar? Ákveða þau svæði í íslenskri lögsögu þar sem hann má veiða? Það hélt ég.

Fjölmargt annað mætti nefna en tíminn leyfir ekki að fara út í það. Ég tel að samningsniðurstaðan sé á margan hátt miklu mun lakari en menn höfðu bundið vonir við og þar mætti nefna til fjölmargt annað en ég hef gert. Veiðiheimildir Evrópubandalagsins eru mönnum auðvitað mikill þyrnir í augum og sú staðreynd að þessi samskipti á að endurskoða á tveggja ára fresti sem þýðir að sjálfsögðu að menn geta verið opnir, fengið á sig kröfur um breytingar á þessum samskiptum.

Að lokum vil ég svo, herra forseti, nefna að ég er eindregið þeirrar skoðunar, eins og aðrir talsmenn stjórnarandstöðunnar, að þennan samning beri að leggja undir dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er engin leið að halda öðru fram en að samningurinn breyti stjórnskipun Íslands. Hvort það verður niðurstaða fræðimanna að hann brjóti með beinum hætti í bága við tilteknar greinar stjórnarskrárinnar skal ég ósagt látið, en hitt er ljóst að hann breytir stjórnskipun landsins. Hann breytir hlutverki dómstóla, hlutverki

Alþingis og hlutverki framkvæmdarvaldsins. Hann breytir því umhverfi sem þessar valdastoðir íslenskrar stjórnskipunar starfa í. Þar með jafngilda þær breytingar að mínu mati og í mínum huga stjórnarskrárbreytingum. Þær eru ígildi stjórnarskrárbreytinga og væru án nokkurs vafa ígildi beinnar stjórnarskrárbreytingar ef íslenska stjórnarskráin væri jafnný og eins útfærð og stjórnarskrár annars staðar á Norðurlöndunum. Þess vegna tel ég, hvað sem öðru líður og hver sem niðurstaða sérfræðinga verður, að leggja skuli þennan samning í dóm þjóðarinnar. Annaðhvort með þjóðaratkvæðagreiðslu sem er auðvitað langeðlilegast, eða með því að breyta íslensku stjórnarskránni til samræmis við niðurstöður samninganna þannig að enginn vafi leiki á að þar séu ekki árekstrar á milli, rjúfa svo að sjálfsögðu þing og boða til kosninga í framhaldi af slíkri stjórnarskrárbreytingu. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að það sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar að keyra þetta mál í gegn án þess að standa að þessum afdrifaríku og örlagaríku breytingum með einhverjum slíkum hætti. (**Forseti:** Ég ætla að benda hv. þm. á að hann hefur lokið tíma sínum og óska eftir að hann ljúki ræðu sinni.) Mér er þetta ljóst, herra forseti, enda hefur nýlega kviknað á mér rautt ljóst og ég var akkúrat að ljúka máli mínu. Forseti hefði þess vegna getað sparað sér ómakið að standa upp.

Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh., ef hann á eftir að kveðja sér hljóðs sem ég geri ráð fyrir, svari þessum spurningum sem ég hef lagt fyrir hann og fjalli um þau atriði sem ég hef bætt við í þessa umræðu.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa látið í ljós undrun sína á þeim orðum hæstv. utanrrh. að hann teldi þessa umræðu óþarfa áður en hann skrifaði undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið nú um mánaðamótin, þar sem þetta mál hefði verið rætt svo oft áður.

Í umræðunum fyrir nokkrum vikum skýrði hæstv. utanrrh. frá því að hann hefði þann dag verið að skipa fjóra sérfræðinga í nefnd til þess að fjalla um það hvort samningurinn stangaðist á við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Jafnframt sagði hæstv. ráðherra þá að áður en hann væri búinn að skrifa undir hefði engin þjóðréttarleg skuldbinding átt sér stað.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann mundi bíða með undirskrift sína þangað til hann fengi álit frá sérfræðingum sínum og fékk ekkert svar við því. Nú hefur hæstv. ráðherra hins vegar ákveðið að bíða ekki eftir að þetta álit komi. Mér finnst hann gera afar lítið úr sérfræðingum sínum fyrst hann telur enga ástæðu til þess að bíða eftir áliti þeirra áður en hann skuldbindur íslenska ríkið þjóðréttarlega með undirskrift sinni, svo notuð séu hans orð.

En hitt er rétt að ef allar ræður og allt sem hér hefur komið fram væri í svipuðum anda og ræða hæstv. utanrrh. væri lítil þörf á þessari umræðu því að í henni kom harla lítið nýtt fram, því miður. Og það þrátt fyrir að frummælandi hafi lesið upp ýmsar tilvitnanir úr yfirlýsingu eins af samningamönnum Evrópubandalagsins, Van der Pas, þar sem fram kemur hvernig hann lítur á samninginn og innihald hans. Hvað sem um það má segja að öðru leyti er það svo gjörólík mynd af samningnum miðað við þá sem við höfum hingað til fengið, a.m.k. frá hæstv. utanrrh., að ég held að menn hljóti að verða hugsi yfir því. Það getur vel verið að segja megi að yfirlýsing Van der Pas sé gefin til þess að friða Evrópuþingið og fegra myndina eitthvað, en það breytir þó ekki að með þennan skilning í huga mun Evrópubandalagið samþykkja samninginn og það held ég að hljóti að vera aðalatriðið fyrir okkur. Þeir nota þessa túlkun til að fylgja framkvæmd hans eftir. Miðað við það að þetta er stóri bróðir sem í þessari yfirlýsingu er talinn munu hafa öll ráð í hendi sér þá held ég að þetta sé atriði sem við þurfum að hafa mjög í huga og er vissulega ákaflega alvarlegt fyrir okkur.

Í þeirri yfirlýsingu sem þarna kemur fram er hvað eftir annað gefið fyllilega í skyn að samráð við EFTA-þjóðirnar sé fyrst og fremst til málamynda því Evrópubandalagið ráði ferðinni og ef EFTA-ríkin hlýði ekki með góðu þá sé hið stóra sverð Evrópubandalagsins hangandi yfir þeim.

Að vísu eru það fleiri en þessi samningamaður Evrópubandalagsins sem gefur þessa lýsingu. Inn á borð til okkar þingmanna var að koma svar heilbr.- og trmrh. við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um áhrif EES-samninga á lyfjainnflutning og lyfjadreifingu. Þar segir svo, með leyfi forseta, sem svar við því hvaða breytingar muni þurfa að gera á lögum:

„Helstu breytingar varða skráningu lyfja sem með samræmdum reglum verður fljótvirkari en auk þess sem hún verður að hluta ákveðin fyrir öll löndin í einu af tveimur skráningarnefndum á vegum EB. Ekki er útlit fyrir að EFTA-ríkin fái aðgang að þessum nefndum."

Þó smáatriði sé, er þarna staðfest af íslenskum stjórnvöldum það sama og er tónninn í yfirlýsingu Van der Pas, að hlutirnir séu ákveðnir af Evrópubandalaginu og því eigi EFTA-ríkin að hlíta.

Ekkert slíkt hefur komið fram í yfirlýsingum hæstv. utanrrh. á þessum málum. Úr því að við höfum annað staðfest frá öðrum ráðherra hljóta að vakna upp grunsemdir.

Ég skal ekki fara langt út í einstök mál. En að gefnu tilefni vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort farið hafi fram eitthvert faglegt mat á þeim áhrifum sem þessi samningur hefði fyrir íslenskan landbúnað. Ég spyr vegna þess að í umræðunni um GATT-samninginn í vetur kom það fram eftir umræður í utanrmn. að ekkert faglegt mat hefði farið fram í utanrrn. á áhrifum tillagna Dunkels á íslenskan landbúnað áður en utanrrn. tók afstöðu sína til þess og taldi þær góðan samningramma fyrir Ísland.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram að vegna þeirra breyttu aðstæðna, þar sem flest EFTA-löndin eru búin eða ætla að sækja um aðild að EB, hljótum við að fara út í óvissu um það hvernig framhaldið verður fyrir okkur. Sumir segja, og það held ég að hafi komið fram hjá hæstv. utanrrh., að gott

sé fyrir okkur að hafa þennan samning þegar við þurfum að leita nýrra samninga við breyttar aðstæður. En eftir að hafa lesið yfirlýsingu Van der Pas vaknar sú spurning hvort það sé ekki þveröfugt, því ekki fer á milli mála að hann telur að eftir þennan samning verði EFTA-löndin eins og mús undir fjalarketti. Er það betra fyrir okkur, eftir að vera búin að koma okkur undir fjalaköttinn, að fara þá að ganga til samninga? Það finnast mér a.m.k. ákaflega veik rök fyrir samþykkt þessa samnings.

Í yfirlýsingu Van der Pas er m.a rætt um sjávarútvegsmál þar sem segir að þessi fyrirvari okkar um sjávarútvegsmál sé eina ósvikna undantekningin um fjárfestingu í sjávarútvegi. Einnig er rætt um það hvert hlutskipti EFTA verður í sambandi við tollalækkanir á fiski og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samningnum er kveðið á um fiskveiðistefnu vegna þess að í samningnum sjálfum er fjallað um mikilvæga viðskiptaþætti. EFTA-löndin eiga að afnema nær öll tollaréttindi sín þann 1. janúar 1993. Sviss, Finnland og Svíþjóð áskilja sér nokkrar minni háttar undantekningar. Bandalagið skerðir tollaréttindi sín um 70% með gildistöku þann 1. janúar 1993, 30% verða óskert."

Er þetta jafnræði í samningum? EFTA-löndin eiga annars vegar að fella niður nær öll tollaréttindi sín en Evrópubandalagið á að halda 30% áfram um aldur og ævi. Til þessara kaupa þar sem Evrópubandalagið á að halda rétti sínum að stórum hluta þá verðum við að hleypa Evrópubandalaginu inn í okkar fiskveiðilögsögu.

Fyrir nokkru voru Íslendingar á ferð úti í Brussel og hittu þar m.a. fulltrúa Evrópubandalagsins og starfsmenn þar. Einn þeirra sagði við þá: „Hleypið Spánverjum aldrei inn í ykkar fiskveiðilögsögu því að við ráðum ekki við þá í okkar eigin fiskveiðilögsögu og það er ekkert vit í því fyrir ykkur að gera slíkt." Það var mat starfsmanna Evrópubandalagsins á þeirri reynslu sem þeir hafa af fiskveiðum þeirrar þjóðar sem á að hleypa núna inn í íslensku fiskveiðilögsöguna. Þannig er hægt að halda áfram og tína upp fjölmörg atriði sem vekja spurningar. En aðalatriðið í þessu finnst mér að það er skjalfest að hjá Evrópubandalaginu er allt önnur og gerólík túlkun á þessum samningi en hæstv. utanrrh. hefur sett fram hér. Það er sú túlkun sem mun ráða því hvernig Evrópubandalagið kemur fram við okkur og því held ég að við þurfum að fá miklu betri rök í hendur en við höfum fengið enn hjá hæstv. utanrrh. til að geta sannfærst um ágæti þessa samnings eins og staðan er í dag.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði þau orð að ég hefði í svörum áðan viljað gylla þennan samning. Því fer fjarri. Ég sagði hvorki kost né löst á samningnum heldur svaraði fyrirspurnum.

Það eru nokkur atriði sem ástæða er til þess að staldra við af því sem hér hefur verið sagt, þar á meðal sú fullyrðing hv. 1. þm. Norðurl. v. að með erindaskiptunum um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum hafi Íslendingar brotið grundvallarreglur sínar um það að synja um tengsl milli veiðiheimilda og tollfríðinda. Þetta er alger misskilningur. Erindaskiptin um skipti eru á gagnkvæmum veiðiheimildum. Í staðinn fyrir takmarkaðar veiðiheimildir í karfaígildum kemur loðna. Það eru engin tengsl á milli þess og tollfríðindanna.

Annað mál: Hefur ekki verið staðið við fyrirvarana? Jú, það er viðurkennt að það hefur vissulega verið staðið við fyrirvarana að því er varðar rétt til nýtingar á fiskiauðlindinni. Menn viðurkenna að sá fyrirvari er skýr og ótímabundinn. Menn mættu gjarnan vitna til norskra embættismanna sem hafa kveðið upp úr um það að það sé þeirra mat sem og samtaka norska sjómanna að Íslendingar hafi náð miklu hagstæðari samningum í því efni en Norðmenn. Ég vil að vísu ekki leggja mjög mikið upp úr því vegna þess að ég er þess mjög minnugur að Norðmenn lögðu á sig mikinn fórnarkostnað við að ná þessum hagstæðu samningum.

Hvers vegna eru þá ekki fyrirvarar varðandi orkulindirnar? Það er vegna þess að það gerðist engin þörf sérstaks fyrirvara. Okkur er í sjálfsvald sett að breyta svo okkar löggjöf að enga fyrirvara þurfi og þá þarf enga eins og er. Það reynir á það þegar fylgifrumvarpið um þjóðareign á orkuauðlindunum kemur fyrir þingið hver afstaða t.d. hv. þm. Framsfl. verður.

Að því er varðar vinnumarkaðinn, þá eru í gildi fyrirvarar sem samsvara þeim sem áður voru í gildi varðandi hinn norræna vinnumarkað. Ef farið væri yfir ræðu hæstv. fyrrv. forsrh. frá því í mars árið 1989 í Ósló mega menn sjá það að þessum fyrirvörum hefur verið til skila haldið.

Ein fullyrðingin er þessi: Þetta er allt annar samningur, sem nú liggur fyrir, en upp var lagt með. Síðan segja menn að utanrrh. vilji alls ekki viðurkenna það og leggja honum þau orð í munn að hann vilji ekki viðurkenna slíkar staðreyndir. Í hinu orðinu vitna menn í skýrslu utanrrh. þar sem því er haldið fram að hinar pólitísku forsendur sem upp var lagt með séu nú gerbreyttar. Það er laukrétt. Ég lagði á það mikla áherslu í umræðum um skýrslu utanrrh. að svo væri. Það er augljóst mál. Flest EFTA-ríkjanna voru hlutlaus ríki. Flest EFTA-ríkin lögðu upp til þessara samninga með það að vilja gera þennan samning við Evrópubandalagið vegna þess að þau töldu sig ekki geta sótt um fulla aðild. Þær pólitísku forsendur eru gerbreyttar. Ég hef lagt á það megináherslu og m.a. ályktað af því að við eigum ekki að stinga höfðinu í sandinn og láta eins og þessar breytingar hafi ekki átt sér stað. Því fer fjarri að ég neiti því að pólitískar forsendur hafi breyst. Það breytir hins vegar engu um það að þessi samningur, ef nokkuð er, er enn þá mikilvægari fyrir okkur Íslendinga en fyrir þau ríki sem eru á leið inn í Evrópubandalagið.

Skammtímasamningur segja menn. Já, skammtímasamningur fyrir þau ríki sem stefna að inngöngu í EB þó að ég sé reyndar þeirrar skoðunar og hafi oft haft uppi þá fyrirvara að ég telji að það sé engan veginn hægt að slá því föstu að þau verði búin að ná aðildarsamningum á þeim tíma sem þau gera sér vonir um, þ.e. 1995. Fyrir þau ríki sem ekki eru á þeirri leið er

þessi samningur enn þá mikilvægari.

Sagt er að umræða um kosti og galla aðildar að EB hafi spillt fyrir samstöðu um þennan samning. Það er þvert á móti eins og rækilega kom fram í umræðunum. Þeir menn sem hafa haft allt á hornum sér um þennan samning eru nú farnir að tala á miklu jákvæðari máta um hann og jafnvel, eins og hæstv. fyrrv. forsrh sagði, hefur hann þó þann kost að ef hann léttir af þrýstingi á suma aðila í okkar þjóðfélagi um að leita eftir inngöngu í EB, þá væri það af hinu góða.

Það má lengi staldra við nokkur atriði þess arna. Hv. 2. þm. Suðurl. nefndi sem dæmi um ójafnræðið í samningnum að EFTA yrði að fella niður tollfríðindin en Evrópubandalagið mætti halda 30% hjá sér. Já, þvílíkt. Við erum að sækjast eftir í þessum samningi þeim þætti laga og reglna Evrópubandalagsins sem eru af framsæknara taginu, þ.e. um fjórfrelsið og fríverslun. Það eru höfuðkostir samningsins frá okkar bæjardyrum séð. Við höfum ekki viljað tengjast hinni úreltu landbúnaðarpólitík Evrópubandalagsins sem eru þessi 30%, hv. þm., sem eitt dæmi.

Menn deila um hvort það sé forsvaranlegt að undirrita samninginn af hálfu ráðherra áður en fyrir liggur niðurstaða vísra manna um það hvort samningurinn kunni hugsanlega að brjóta í bága við stjórnarskrá. Það rifjaðist upp fyrir mér að haustið 1989, í tíð fyrri ríkisstjórnar, stóðu harðar deilur á Alþingi. Þá krafðist páv. stjórnarandstaða þess að utanrrh. færi hvergi til þess að staðfesta 19. nóv. 1989 að þá væri lokið undirbúningsáfanga samninganna. Þar lá fyrir verklýsing sem var staðfest af utanrrh. Íslands. Þess var krafist að hann færi hvergi nema hann hefði umboð frá Alþingi. Þessu var vísað á bug með þungum rökum af páv. hæstv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, páv. hæstv. fjmrh., Ólafi Ragnari Grímssyni og sjálfum mér og vísað einfaldlega til þess að það styddist hvorki við neina nauðsyn, rök, hefðir né venjur að utanrrh., handhafi framkvæmdarvaldsins í þessu efni, þyrfti eitthvert slíkt umboð. Sannleikurinn er sá að þótt utanrrh. undirriti samninginn og hafi þar með efnt til þjóðréttarlegrar skuldbindingar af hálfu ríkisstjórnar, þá stendur það eftir að það er með fyrirvara um samþykki Alþingis, það liggur alveg ljóst fyrir. Ekki er stefnt að því að ljúka þeirri umfjöllun Alþingis, sem ég vona að verði vönduð og ítarleg, fyrr en undir árslok. Það er stefnt að því að niðurstöður hinna vísu manna, sem fjalla um stjórnarskrármálið, liggi fyrir í lok júní eða fyrir lok júní. Við höfum meira en hálft ár til þess að fjalla um þetta mál í ljósi þeirra niðurstaðna svo að það er ekkert að óttast í því efni.

Varðandi þá skoðun sem fram hefur komið að hér sé um að ræða einstaklinga sem eru í vinnu hjá ríkisstjórninni. Hvers konar tal er þetta? Til hverra á að leita um óhlutdrægt mat í þessu efni annarra en þeirra sem gegna þeim störfum sem krefjast sérfræðiþekkingar á þessu sviði, til prófessora í stjórnskipunarrétti við háskólann, til forvera hans sem jafnframt er sérfræðingur í Evrópurétti? Til slíkra manna hljótum við að leita. Og það er auðvitað fjarstæða að halda því fram að dómari við Hæstarétt Íslands sé vinnumaður ríkisstjórnar. Menn eiga að varast að ganga svo langt til þess að grafa undan trausti á sérfræðilegri álitsgerð innan lands um leið og menn hampa hverri einustu blaðagrein sem kemur fram í Noregi sem einhverju sem eigi að taka bókstaflega og binda trúss sitt við. (Gripið fram í.) Þetta mál erum við búnir að ræða, hv. þm., og ég hef gert mjög rækilega grein fyrir sjónarmiðum mínum í því efni.

Er það rétt að þetta sé allt annars konar samningur en upp var lagt með vegna þess að nú sé tveggja stoða kerfið brostið? Þetta er eitt af atriðunum sem menn eru að vitna í greinargerð Van der Pas. Það sem upp var lagt með liggur reyndar fyrir í ítarlegri greinargerð um umfang og inntak samninganna eins og þeir lágu fyrir undir lok formennskutíðar Íslands í fyrra skiptið, frá haustinu 1989. Ef menn fletta upp í þeim blöðum sæju menn að inntak þessara samninga er í stórum dráttum hið sama og lagt var upp með og frá því er fyrst og fremst eitt meginfrávik. Það er dómstólskaflinn. Að öðru leyti er kjarni þessa máls tiltölulega einfaldur. Við vorum að sækjast eftir því, EFTA-þjóðirnar, að yfirtaka lög og reglur Evrópubandalagsins um fríverslunina, um fjórfrelsið, að því er varðar viðskipti með vörur, þjónustu, fjármagn og þær reglur sem gilda á vinnumarkaði. Það hefur nánast ekkert breyst í þessu efni frá því. Og að því er varðar t.d. fjármagnsmarkaðinn, þá lágu niðurstöður fyrir í því einna fyrst og þegar í tíð fyrri ríkisstjórnar og hafa nánast ekkert breyst eftir það.

Það var aldrei krafa EFTA-landanna að krefjast íhlutunar um ákvörðunarferli eða stofnanir Evrópubandalagsins og tveggja stoða lausnin var aldrei nema um ákveðna þætti málsins. Hún var aldrei um það að við ætluðum ekki að yfirtaka lög og reglur Evrópubandalagsins um fjórfrelsið. Hún var fyrst og fremst um stofnanakerfið, þ.e. eftirlitsstofnun og dómstól. Niðurstaðan er sú að við höfum sjálfstæða eftirlitsstofnun, við höfum sjálfstæðan EFTA-dómstól í staðinn fyrir sameiginlegan dómstól og við höfum að sjálfsögðu EFTA-nefnd og EFTA-ráð og þetta er, eins og lagt var upp með, tveggja stoða lausn að því er þetta varðar. Svo geta menn sagt: Evrópubandalagið er stórt og voldugt og EFTA-þjóðirnar eru fámennar. Hefur það eitthvað breyst frá því sem við lögðum upp með? Ekki mikið.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. taldi að áhrif EES-samningsins á íslenskan landbúnað væru óljós. Það væri ekki útilokað að þau væru einhver en hann hafði þó ástæðu til þess að segja að hann teldi að hagsmuna íslensks landbúnaðar hefði ekki verið gætt sem skyldi. Viðskipti með landbúnaðarafurðir út af fyrir sig eru utan við EES-samninginn. Íslendingar gerast ekki aðilar að sameiginlegri landbúnaðarstefnu bandalagsins. Hann breytir því afar litlu um það fyrirkomulag sem tíðkast hefur við innflutning eða útflutning landbúnaðarafurða. Í samningaviðræðum lögðu EB-ríkin þó nokkuð upp úr því að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Því var vel tekið af hálfu EFTA-landanna og það mál var tekið fyrir í fjórum liðum.

1. Landbúnaðarríkjum EB var það kappsmál að EFTA-ríkin tæku yfir reglugerðir EB um heilbrigði dýra og jurta. Það greiðir að sjálfsögðu fyrir viðskiptum. Að lokum fór þó svo að samkomulag náðist um flestar þessar reglugerðir og munu því EFTA-ríkin alla jafna ekki beita fyrir sig mismunandi heilbrigðiseftirliti til þess að réttlæta innflutningsbann. Ísland eitt EFTA-ríkjanna hefur þá sérstöðu að það er undanþegið þessum samningum.

2. Sérstakar reglur hafa gilt um afurðir sem unnar eru úr landbúnaðarhráefni. Þegar með fríverslunarsamningunum 1972 var gengið frá því að afnema skyldi innflutningsbann og tolla á mörgum þessara afurða. Hins vegar er heimilt að innheimta verðbótagjald í hlutfalli við það magn landbúnaðarafurða sem við vinnsluna hefur verið notað. Í EES-samningnum er sameiginlegur listi fyrir öll EFTA-lönd yfir unnar afurðir sem þetta gildir um, sérstaklega þó tekið fram að hvað Ísland varðar séu veigamiklar undantekningar.

3. Þriðja atriðið er viðskiptin við Suður-Evrópuríkin, þ.e. tollfríðindi fyrir liðlega 70 suðrænar landbúnaðarafurðir, banana, ananas, ferskjur, kirskuber, kíví, ólífur, vanillu, safran o.fl. Þetta var ekki fellt inn í samninginn heldur samdi hvert EFTA-ríki sérstaklega við EB. Í flestum tilfellum var um að ræða afurðir sem ekki voru ræktaðar hér á landi og höfðu tollar á þeim verið lágir. Reyndist því afar auðvelt að ganga til móts við þessar kröfur. Það var satt að segja engin fórn af okkar hálfu. Í nokkrum tilfellum voru verulegar innflutningshömlur við lýði að því er t.d. varðar salat, papriku, tómata, gúrkur og afskorin blóm. Það var sæst á að gefa innflutning frjálsan á þessum grænmetistegundum frá 1. nóv. til 15. mars en innflutningsfrelsi var gefið fyrir fimm tegundir afskorinna blóma frá 1. des. til 30. apr. Þetta er löngu upplýst mál, búið að liggja fyrir á annað ár. Önnur EFTA-ríki gengu hins vegar frá tvíhliða samningum þar sem þau gengu miklu lengra. Að segja svo að áhrif í þessum samningi á íslenskan landbúnað séu eitthvert áhyggjuefni er auðvitað ástæðulaust.

Enn eitt atriði: Hvers vegna er ekki búið að taka upp viðræður við Evrópubandalagið um það hvernig unnt verði að breyta þessum samningi í tvíhliða samning milli Íslands og Evrópubandalagsins eftir árið 1995 eða einhvern tíma á árabilinu 1995–1997? Hvers vegna ekki? Það er í fyrsta lagi er ekki búið að undirrita þennan samning. Samningurinn er ekki kominn í gildi. Við skulum klára þennan samning vegna þess að við vitum að það þýðir lítið að ræða við samningsaðilann um breytingar á honum áður en búið er að ganga frá honum. Það er hin einfalda ástæða. Við skulum athuga það að Austurríki lagði fram sína umsókn um aðild að Evrópubandalaginu í nóvember 1989. Það hafa farið fram einar embættismannaviðræður. Það hefur ekki verið talað við þá frá því að þeir lögðu þessa umsókn fram þó að þeir hafi verið fullvissaðir um það af einhverjum pólitískum forustumönnum að þetta fengi einhverja sérstaka hraðferð. Það er ekki byrjað að tala við þá. Þeim er einfaldlega sagt að það verði ekki farið að ræða slíka hluti fyrr en EES-samningurinn er í höfn. Vera má að þeir geri sér vonir um að þetta taki minni tíma eftir að sá samningur er í höfn og þeir vonast til þess að það verði 1995. En eins og menn hafa sagt: Við höfum ákveðna reynslu af okkar samningum við Evrópubandalagið og það er rétt að þar hafa dagsetningar ekki staðist og tímamörk ekki staðist. Það liggur ekkert ljóst fyrir að þessi ríki séu komin þar sem fullgildir aðilar með einhverri hraðferð. Við getum með öðrum orðum ekki, og það eru staðreyndir málsins, farið að taka upp samningaviðræður við Evrópubandalagið um hvað eigi að taka við á seinni hluta áratugarins fyrr en þessi samningur liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Ég var að segja það.

Ég held að það sé ekki ástæða til að staldra við fleiri atriði. Ég hef gaman af því þegar hv. 4. þm. Austurl. er að vitna í norsku pressuna, þar á meðal um áfengisbannið. Ég vildi eindregið óska eftir því að þeim ágæta manni Gundersen, þingmanni Frjálslynda flokksins í Noregi, takist að koma upp einkabúð sinni á Karl Jóhann þar sem hann getur farið að höndla með brennivín svo hann láti á það reyna hvort hann er frjáls að því eða ekki. En það liggja fyrir lærðar skýrslur af hálfu norskra stjórnvalda að út frá sjónarmiði Gundersens sé svo illa komið að Norðmenn verða að sitja uppi með sín „áfengismonopoli" af félagslegum ástæðum vegna þess að þetta varði þjóðarsál og þjóðarvitund Norðmanna. Þeim mönnum, sem gera þetta að málfutningsatriði í alvarlegri umræðu, virðist ekki vera sýnt að greina mikið milli aðalatriða og aukaatriða.

Var ósk Evrópubandalagsins sú að flýta samningum loksins núna eftir að það hafði dregist úr hömlu á annað ár? Nei, heldur betur ekki. Að vísu er það rétt að formennskulandinu í EB, Portúgal, var það nokkurt metnaðarmál að flýta þeim en hið sama má einnig segja um mörg EFTA-löndin vegna þess að þau hafa gert sínar áætlanir um hina þinglegu meðferð málsins. Þannig hafa Svíar gert sína verkáætlun um það að allt liggi fyrir í sænska þinginu 14. maí. Okkar vinnuáætlun var svipuð, þannig að formennskulandið í EFTA, Ísland, lagði þrýsting á hin EFTA-ríkin um að flýta undirskriftinni til 2. maí í staðinn fyrir að hafa hana síðar. Því það er alveg rétt, tíminn er að renna frá okkur, tíminn hefur nýst illa, við höfum orðið fyrir skakkaföllum og tímatöfum því miður. Okkur er það mikið hagsmunamál að þessi samningur nái gildistöku um áramót vegna þess að við eigum mikilla hagsmuna að gæta að svo verði. Þess vegna er í alla staði eðlilegt að við ýtum undir það að sú vinnuáætlun takist.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, enn láta í ljós þá ósk mína að það takist bærilegt samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um verklagið við úrvinnslu málsins. Ég vil taka það fram að því er mig varðar þá hlýtur það að vera á misskilningi byggt ef menn halda að taka eigi þetta mál úr höndum utanrmn. Ákvæði þingskapalaga um hlutverk utanrmn. eru skýr og það er ekki á valdi eins né neins og vafalaust ekki vilji eins né neins að taka málið úr höndum utanrmn., þá þætti þess sem þar eiga heima. Um það gilda einfaldlega þingskapalög, því breytir enginn. Það eru hins vegar ákveðin rök fyrir því hvers vegna skyn-

samlegt væri að setja ákveðna þætti þessa máls í hendurnar á sérnefnd. Þau rök lúta einfaldlega að því að nú þegar samningsferlinu sjálfu er lokið og fyrir liggur sjálfur texti samningsins og fylgiskjalanna og það allt saman, þá tekur við í þessu tilviki ferill sem er fyrst og fremst um það að leggja fyrir Alþingi Íslendinga frv. til laga um breytingar á innlendri löggjöf eða nýja löggjöf. Þessi lagafrumvörp spanna allt svið íslenskrar stjórnsýslu, heyra undir verksvið allra íslenskra ráðuneyta, heyra samkvæmt þingsköpum undir verksvið annars vegar allra fastanefndanna og það er ráð fyrir því gert í þingsköpum að við slíkar kringumstæður megi setja upp sérnefnd til þess að hafa á hendi samræmingu og verkstjórn í þeim tilvikum. Það er ekkert launungarmál að margir af helstu talsmönnum stjórnarandstöðunnar, þeir sem hafa kynnt sér þetta mál vel og vandlega, hafa lýst jákvæðri afstöðu til þess máls. Það er ekkert einkamál stjórnarliða og út af fyrir sig ekkert sérstakt kappsmál. Það er bara einfaldlega spurning um hvort það er betra verklag og í samræmi við eðlileg þingsköp. Um þetta vona ég að menn geti skipst á skoðunum og rætt og komist að niðurstöðu.

Ég legg áherslu á það að við erum ekki búin að ljúka þessu máli þegar þessi samningur hefur verið staðfestur því framhald samstarfsins innan Evrópska efnahagssvæðisins kallar á að um mörg mál sem varða breytingar, lagabreytingar o.s.frv., verðum við að fjalla í framtíðinni. Það þarf að vera til frambúðar starfandi þingnefnd sem fjallar um þá þætti málsins sem varða þó ekki fyrst og fremst utanríkispólitískt svið heldur breytingar á innlendri löggjöf. Hlutverk fastanefndanna er eðlilega mikilvægt í þessu máli. Ég tel eðlilegt fyrir utan það að þingið ræði málið rækilega í grundvallaratriðum varðandi stefnuna að þá komi sem allra flestir þingmenn, sem eiga sæti í fastanefndunum, að þeim þáttum þessa máls sem heyra undir þau málasvið þar sem þeir eru einkum að vinna að málum. Ég teldi það til bóta út frá þeirri nauðsyn að allir þingmenn öðlist inngrip í og þekkingu á þessu máli.

Einmitt vegna þess að tíminn er að renna frá okkur og við höfum nauman tíma til stefnu þá er það svo, og nú tek ég alvarlega þau orð sem hafa verið látin falla af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar, að við verðum að leggja í þetta mikla vinnu ef við ætlum að vanda hina þinglegu umfjöllun um málið. Það er alveg augljóst mál að við verðum að gefa okkur tíma til þess að hafa sumarþing — það er spurning um hversu langt það þarf að vera en samkomulag verður að vera milli stjórnar og stjórnarandstöðu um málsmeðferðina — en það er alveg óumflýjanlegt því það er sýnt að við ljúkum ekki svo mörgum málum og svo viðamiklu máli án þess. Þetta eru í stórum dráttum mínar skoðanir á því.

Að því er varðar spurninguna um þjóðaratkvæði þá er ekkert nýtt í því máli. Það bæri að leggja þetta mál fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu ef það af einhverjum ástæðum væri með þeim hætti að það kallaði á breytingar á stjórnskipan ríkisins. Ef svo er ekki þá er hér um að ræða venjulegan, að vísu viðamikinn, en venjulegan milliríkjasamning og það hefur ekki verið hefð eða venja í íslensku ríki að leggja slíka samninga undir þjóðaratkvæði. Það er sá sami háttur sem hafður verður á við afgreiðslu málsins í öllum EFTA-ríkjunum nema Sviss. Sviss hefur annan hátt á af þeirri einföldu ástæðu að stjórnskipan í því ríki er öll önnur en hér er.

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta í ljós þá ósk að fulltrúar stjórnmálaflokkanna, þingflokkanna, geti komið sér saman um að við gerum það sem gera þarf til að tryggja það að þetta mikla mál fái sem vandaðasta umfjöllun. Þar eiga engin annarleg sjónarmið að ráða ferðinni og ég hef satt að segja enga ástæðu fyrir fram til þess að ætla að slíkt samkomulag megi ekki takast.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kom á óvart að hæstv. utanrrh. lýsir því nú að við hefðum fengið inn í samninginn ákvæði norræna samningsins um sameiginlegan vinnumarkað. Þau ákvæði eru mjög skýlaus. Þau veita okkur Íslendingum heimild til að stöðva flutning vinnuafls til landsins án nokkurs fyrirvara og án í raun og veru nokkurra skilyrða. Ég hef ætíð skilið það svo að við höfum ekki fengið þetta samþykkt. Ég vildi gjarnan fá að vita hvar í samningnum þetta kemur fram. Reyndar hef ég þvert á móti heyrt hæstv. utanrrh. lýsa því að í þessu sambandi yrði að beita öryggisákvæði samningsins og hann sagði hér fyrr í dag að við Íslendingar hefðum bókað að við mundum beita því í sambandi við fólksflutninga og, ef ég man rétt, kaup á nytjajörðum. Mér heyrist að þarna hljóti að vera einhver misskilningur. Ég fagna því ef ákvæði norræna samningsins eru fullgild í þessum EES-samningi og vil gjarnan fá að heyra nánar um það.

Hæstv. utanrrh. sagði að þessi samningur væri enn mikilvægari vegna þeirrar ákvörðunar EFTA-ríkjanna að ganga inn í EB. Það má vera en hann er ekki mikilvægur sem skammtímasamningur. Ef hann er skammtímasamningur getur svo farið að við verðum skildir eftir einir í eyðimörkinni með samning sem við getum ekki framkvæmt og e.t.v. orðnir svo háðir EB að samningurinn er okkur til verulegs skaða. Einmitt þess vegna tel ég mikilvægt að kanna hvort við getum fengið samningnum breytt. Mér datt ekki í hug að við gætum hafið viðræður um þær breytingar en ég hefði talið skynsamlegt að fá viðhorf forustumanna EB til þess að við ætlum ekki að sækja um aðild og þá verðum við að fá samningnum breytt ef hann á að verða að einhverju gagni fyrir okkur til lengri tíma litið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi vinnumarkaðinn. Ég hef auðvitað aldrei haldið því fram að við höfum í samningnum haldið ákvæðinu um norræna vinnumarkaðinn sem er á þá leið að Íslendingar einir þjóða áskilji sér rétt til þess að stöðva innflutning fólks. Það sem ég var að segja og hef sagt oft áður og er reyndar löngu útkljáð mál var að við höfum með öryggisákvæðinu og rétti okkar til þess að beita því einhliða sams konar öryggisventil að því er varðar það mál, þ.e. íslensk

stjórnvöld geta stöðvað innflutning fólks, lagt sitt eigið mat á það við breytingar sem kynnu að verða á þjóðfélagsaðstæðum og eins og þar er skilgreint. Viðbrögð hinna ríkjanna eru þau ein að þau geta beitt gagnráðstöfunum en þá er áfrýjunarréttur um það hvort þær gagnráðstafanir eru eðlilegar og hlutfallslegar. Með öðrum orðum, réttur íslenskra stjórnvalda til íhlutunar að því er varðar vinnumarkaðinn og reyndar fleiri atriði, fasteignamarkaðinn þar með talinn, er tryggður. Það er það sem ég hef sagt um málið.

Að því er varðar spurninguna um breytingar á EES-samningnum síðar yfir í tvíhliða samning þá sagði hv. málshefjandi að honum hefði aldrei dottið í hug að við gætum tekið upp samningaviðræður um það nú. Ég er feginn að heyra það því sumir aðrir sem tóku þátt í umræðunni voru að gera þær kröfur að við ættum að krefjast samningaviðræðna um það nú. Ég þakka fyrir þann skilning. Auðvitað er það svo að við getum ekki gert kröfur um samningaviðræður. Að því er það varðar hvort við gætum ekki hafið viðræður til þess að kanna viðhorf samningsaðilans um þær aðstæður eftir 1995, þá er það alveg sjálfsagður hlutur. Ég t.d. hef í hyggju að ræða þann þátt málsins þegar vorfundur ráðherraráðs EFTA verður haldinn í Reykjavík upp úr 19. maí, en Andriessen, varaforseti Evrópubandalagsins, mun sækja þennan fund og ég mun eiga tvíhliða viðræður við hann í tengslum við þann fund og þá m.a. ræða þetta mál.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að andmæla því að öryggisákvæðið jafngildi einmitt þeim einhliða rétti sem við höfum í sambandi við norræna vinnumarkaðinn. Það er allt annars eðlis. Það er rétt að það gefur okkur möguleika á því að draga úr fólksflutningum til landsins en til þess að við megum beita því þá þarf að vera fyrir hendi veruleg röskun í efnahagsmálum þjóðarinnar. Sömuleiðis geta EB-ríkin gripið til gagnráðstafana til að jafna áhrifin ef þessu öryggisákvæði er beitt. Við höfum því miður alls ekki getað fengið það skýrt og reyndar efast ég um að nokkur viti hverjar þessar gagnráðstafanir geti orðið. Okkur hefur verið sagt að þær eigi að vera af svipuðu vægi. Hvað þýðir það? Ég er ekki að gera lítið úr þessu öryggisákvæði, ég hygg að þetta hafi verið það lengsta sem varð komist með slíkan rétt handa okkur Íslendingum, því miður. En ég tel að hæstv. utanrrh. sé að gera of mikið úr mikilvægi þessa öryggisákvæðis.

Svo ég vísi aftur í margnefndan Van der Pas þá telur hann reyndar að EFTA-ríkin hljóti að fara mjög varlega í að beita þessu öryggisákvæði vegna þess sverðs sem yfir höfði EFTA-ríkjanna hangir stöðugt ef ákvæðinu verður beitt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. leggur á það ríka áherslu hér að það náist samstaða við stjórnarandstöðuna um vandaða meðferð málsins. Það er sjálfsagt að gjalda jáyrði við þeirri ósk. En ég vil þá spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann það vera gott upphaf á þeirri samvinnu að hann hefur í dag neitað tveimur sanngjörnum óskum stjórnarandstöðunnar um vandaða málsmeðferð?

Það liggur fyrir tillaga um það að Alþingi biðji lagadeild Háskólans, Dómarafélagið og Lögmannafélagið að velja menn í nefnd til þess að meta áhrif samningsins gagnvart íslensku stjórnarskránni. Ekki það að einhver ráðherra sé að velja mennina eða við í þinginu séum að velja mennina, heldur eiga þrjár mikilvægustu stofnanir réttarkerfisins á Íslandi, lagadeild Háskólans, Dómarafélagið og Lögmannafélagið að annast valið svo enginn stjórnmálaflokkur eða stjórnmálamaður komi að því vali. En þá segir hæstv. utanrrh.: Nei, það kemur ekki til greina. Ég er búinn að velja mennina.

Þetta er vond byrjun, hæstv. utanrrh., á þessari samvinnu og vekur grunsemdir um það að hæstv. ráðherra vilji ekki vandaða málsmeðferð. Hitt atriðið er svo hin furðulega túlkun hæstv. utanrrh. á því hvers vegna hann hafnar óskinni um þjóðaratkvæði. Hann sagði hér: Ef þessir fjórir menn, sem ég hef valið til þess að meta það hvort samningurinn stangast á við stjórnarskrána, komast að þeirri niðurstöðu að svo sé, þá fer fram þjóðaratkvæði. Þá er bara ekkert með þjóðaratkvæði að gera, hæstv. utanrrh. Ef þessir menn komast að raun um það að þetta stangist á við stjórnarskrána þá er annaðhvort samningurinn ógildur eða það verður að breyta stjórnarskránni formlega og til þess þarf að samþykkja tvisvar sinnum lagafrv. á Alþingi og hafa kosningar í milli. Það er bara ekkert í stjórnskipun íslenska lýðveldisins sem tengir þjóðaratkvæðagreiðslu við slíkar stjórnarskrárbreytingar. Satt að segja er þetta annað hvort slík fákunnátta í málefnum íslenska lýðveldisins að undrun sætir eða þá vísvitandi blekkingarleikur af hálfu hæstv. utanrrh.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. sagði áðan að þeim sem gerðu áfengismál að málflutningsatriði í þessari umræðu um Evrópskt efnahagssvæði væri ekki sýnt að greina milli aðalatriða og aukaatriða. Mér finnst hæstv. utanrrh. hafa hitt sjálfan sig fyrir með þessum orðum. Þeir sem standa hér og þyrla upp moldviðri og eru með langar upptalningar um ólífur, banana, safran, appelsínur o.s.frv., þegar við erum í rauninni að ræða um hugsanlegt framsal á fullveldi, á dómsvaldi, á löggjafarvaldi, er ekki sýnt að greina milli aðalatriða og aukaatriða eða þeir vísvitandi vilja ekki greina þar á milli. (**Utanrrh.**: Það var um það spurt samt.) Það kann að vera en spurt var um margt fleira og margt fleira var gert að umtalsefni og utanrrh. hefur væntanlega valið hverju hann svaraði og hvað hann gerði að umtalsefni í sinni svarræðu.

Eitt af því sem ég gerði að umtalsefni var þetta svokallaða framsal á dómsvaldi og löggjafarvaldi. Ég hélt því fram að EB-dómstóllinn mundi fá lögsögu yfir EFTA-fyrirtækjum og ríkjum í gegnum þennan samning. Ég hélt því fram að EFTA-dómstólinn yrði að laga sig að fordæmisrétti EB-dómstólsins. Ég hélt því fram að EFTA-dómstóll yrði að taka tillit til framtíðardóma

EB-dómstólsins og engu af þessu mótmælti utanrrh., ekkert af þessu gerði hann að umtalsefni í sinni svarræðu. Ég hlýt þá að skilja þögn hans í þessu sambandi sem samþykki við því sem ég sagði. Sem samþykki við þessu fullveldisafsali sem ég gerði að umtalsefni.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. ræddi lítt í sinni ræðu álitsgerð Van der Pas og það gjörólíka viðhorf sem þar kemur fram og í þeim málflutningi sem hæstv. ráðherra hefur hér haft uppi. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort honum sé það ekki áhyggjuefni að þannig skuli samningurinn vera túlkaður hjá Evrópubandalaginu og væntanlega samþykktur þar á þessum rökum sem, ef þau eru sönn, kippa algjörlega stoðunum undan öllum hans málflutningi á Alþingi og annars staðar.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með fyrri ræðu hæstv. utanrrh. og ég verð að játa að ég varð fyrir vonbrigðum með þá seinni líka. Mér finnst nefnilega ekki nóg að fullyrða hluti við okkur sem við vitum að eru ekki réttir en það gerði hæstv. utanrrh. sig sekan um áðan. Það er náttúrlega alveg út í hött að jafna saman ákvæðunum um norræna vinnumarkaðinn og ákvæðunum um tilflutning fólks í EES-samningnum af þeirri ástæðu að í norræna vinnumarkaðnum þurftum við ekki að óttast hefndaraðgerðir ef við hefðum beitt takmörkunarákvæðum hans. Við erum hins vegar undir það seldir að þurfa að búa við það að EES-ríki grípi til gagnaðgerða ef við beitum þessu ákvæði og þær geta verið okkur dýrkeyptar þannig að hér er um talsvert ólíkt mál að ræða.

Hæstv. ráðherra vildi ekki heyra á það minnst að það prinsipp, sem við höfum haft um að veita ekki aðgang að fiskimiðum fyrir tollfríðindi, hafi verið brotið. Nú spyr ég: Hefði verið hægt að gera EES-samning án þess að honum fylgdi tvíhliða samningur um við skulum segja gagnkvæmar veiðiheimildir? Svarið við þessu hygg ég að hafi verið margupplýst nei. Við gætum ekki gerst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði ef ekki kæmi líka til þessi gagnkvæmi samningur. Þar með liggur það náttúrlega ljóst fyrir að hann er hluti af endurgjaldi fyrir tollafríðindin og þar með erum við að kaupa okkur tollafríðindi fyrir aðgang að fiskimiðum þó að við fáum loðnu til endurgjalds að einhverju leyti. Svona sýnist mér þetta vera einfalt og þar með er þetta prinsipp farið. Ég er ekki að taka neina fordæmingarafstöðu. Það getur verið skynsamlegt að skipta á veiðiheimildum en þar með er búið að brjóta það prinsipp sem menn hafa haldið við að við ætluðum ekki að veita aðgang að fiskimiðum fyrir tollfríðindi og á það er ég að benda.

Varðandi landið og orkulindirnar þá er það allt saman galopið enn þá og það hefur ekki lokast í þessari umræðu, síður en svo. Ég hef a.m.k. ekki róast hið minnsta við það að hlusta á hæstv. utanrrh. Nú kann það að vera að hægt sé að beita þessu ákvæði ef um stórfellda röskun er að ræða. Og ég hugsa að það sé fræðilegur möguleiki á að gera það ef hér fylltist allt af erlendu vinnuafli og atvinnuleysi yrði meira hér en í öðrum EES-löndum. Þá gætum við gripið til aðgerða, að vísu með hættu á því að það verði gripið til gagnaðgerða gegn okkur. En mér þykir afar ósennilegt að við getum sannað að um stórfellda röskun yrði að ræða fyrr en þá stórkostlegur hluti landsins eða orkulindanna væri kominn í hendur útlendinga.

Við getum vissulega haft ákveðinn hag af því ef erlendar fjármálastofnanir koma hingað og setja upp aðstöðu. Það mundi vafalaust hafa þau áhrif að vaxtastig í landinu mundi lækka eða a.m.k. verður maður að binda vonir við það. En ég vek athygli á því að það yrði ekki íslenska bankaeftirlitið sem hefði eftirlit með þeim stofnunum heldur yrði það bankaeftirlit viðkomandi þjóða og við höfum ekkert yfir því að segja.

Það er náttúrlega meginspurning í öllu þessu máli: Leiðir þessi samningsgerð okkur inn í Evrópubandalagið? Er hér um brúklega endastöð að ræða eða er þetta bara áningarstaður? Þetta er meginspurningin í allri afstöðumótun til þessa samnings. Ég vildi sannarlega að ég hefði sannfæringu fyrir því að þetta væri brúkleg endastöð og samstaða gæti orðið um það í þjóðfélaginu að láta svo vera. En því miður eru teikn sem benda til þess að a.m.k. séu ekki allir sem meti það svo. Hvers vegna skyldu t.d. þær þjóðir sem nú þegar hafa sótt um inngöngu að EB leggja verulega áherslu á það að fá fullgiltan EES-samning, hvers vegna skyldu þær gera það? Þær gera það auðvitað bara vegna þess að þar með telja þær sig komnar yfir erfiðan þröskuld og vilja ekki eyðileggja það verk sem þegar er búið að gera.

Menn hafa talað um stjórnarskrána og er hún líka feiknarlega stórt atriði í öllu þessu sambandi. Og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá vil ég ekki gera lítið úr ágætum lögmönnum sem ríkisstjórnin hefur fengið til liðs við sig og ég vil gjarnan hlusta á þeirra álit. En ég vil a.m.k. líka heyra álit þeirrar nefndar sem tillagan fjallaði um að sett yrði á stofn því ekki er um neitt smámál að ræða, hvort við erum að sneiða að stjórnarskránni eða ekki. Mikilhæfustu og færustu sænskir lögfræðingar hafa í hópum saman fullyrt að að EES-samningur samræmist ekki sænsku stjórnarskránni í nokkrum atriðum. Þeir vitna t.d. til þess að greini lög EFTA-ríkjanna á við lög EES, þá skuli dómarar velja — ég endurtek, velja EES-lögin í túlkun sinni, ekki lög þjóðar sinnar. Þetta telja sænsku lögfræðingarnir að brjóti í bág við sænska stjórnarskrá. Þeir telja vafa leika á því að ríkisstjórn hafi rétt til að ómerkja ákvarðanir sveitarfélaga um styrki til atvinnustarfsemi innan síns sveitarfélags, að það standist sænsk stjórnskipunarlög. Þeir gagnrýna líka 103. gr. samningsins þar sem mælt er fyrir að ákvörðun EES-nefndarinnar um lagabreytingu skuli í vissum tilfellum gilda til bráðabirgða, eins og það er orðað, í túlkun dómstóla og stjórnvalda jafnvel þó að stjórnarskrárkröfur séu ekki uppfylltar. Og loks er ætlast til þess að EFTA-dómstóllinn taki tillit til EB-dóma og einnig beri dómstólum EFTA-ríkjanna sjálfum að gera það. Þetta sem ég hef verið að vitna til er álit sænskra

lögfræðinga og þeir eru að sjálfsögðu að máta við sænsku stjórnarskrána. Íslenska stjórnarskráin er í einhverjum atriðum frábrugðin þeirri sænsku en þetta vekur allt saman upp spurningar um það hvort menn séu a.m.k. ekki komnir á grá svæði. Ég vitna til ágæts og skynsamlegs viðtals við formann utanrmn. Það birtist í Helgarblaðinu föstudaginn 24. apríl. Þar telur hann upp a.m.k. fjórar, ef ekki fleiri, greinar stjórnarskrárinnar sem hann telur að e.t.v. stangist á við EES-samninginn.

Nú er ég ekki að segja það þó að stjórnarskráin sé heilög að ekki megi breyta henni og ef niðurstaðan yrði sú að samningurinn samræmist ekki íslenskri stjórnarskrá þá er hann ógildur þangað til búið er að breyta stjórnarskránni en stjórnarskránni verður ekkert breytt með þjóðaratkvæðagreiðslu. Henni er breytt með ákvörðun Alþingis og síðan fara fram kosningar og síðan er stjórnarskrárbreytingin aftur samþykkt á Alþingi. Mér finnst sorglegt til þess að vita hvað hæstv. utanrrh. talar gáleysislega um þetta mál eða óskýrt því að ég tel að hann viti þetta jafn vel og við hinir. Þjóðaratkvæðagreiðsla er aðferð til þess að gefa þjóðinni tækifæri til þess að taka ákvörðun um hvort þetta skref skuli stigið og þetta er mikilvægt skref og eðlilegt að þjóðin fái tækifæri til að segja sitt álit á því og það er alveg óháð því hvernig það veit að stjórnarskránni.

Utanrrh. talar um að þetta sé enn þá tveggja stoða lausn og kann að vera að svo sé að nafninu til en önnur þeirra er ekki til frambúðar. Hún er orðin fremur lítilfjörleg og þar af leiðir að við getum ekki treyst því að hún haldi til langrar framtíðar. Það er breyting sem orðið hefur síðan þessar umræður hófust.

Hæstv. utanrrh. fór nokkrum orðum um landbúnaðarafurðir og hann taldi að ekki ástæða til þess að hafa áhyggjur af þeim. Það kann vel að vera og betur að svo væri. Ég er hins vegar ekkert í vafa um að utanrrh. er ekkert áhyggjufullur sem slíkur út af þessum þætti en það gæti hugsast að einhverjir aðrir séu það.

Varðandi verklagið við meðferð þessa máls á þinginu þá rétti stjórnarandstaðan í gær út hönd til ríkisstjórnarinnar um það að reyna að komast að samkomulagi um hvernig meðferð þessa máls skyldi hagað á Alþingi. Þar sem mér finnst að annaðhvort hafi hæstv. utanrrh. ekki lesið bréfið eða misskilið þann texta sem í því var þá ætla ég aðeins að renna yfir hvernig við gátum hugsað okkur að þetta væri gert. Við teljum að utanrmn. eigi að fá til samninginn meðferðar, bókanir, viðauka og yfirlýsingar sem honum eru tengdar enda er þar um utanríkismál að ræða jafnframt því sem hún á að sjálfsögðu að fá tvíhliða samning um sjávarútvegsmál til meðferðar en leita í því efni álits sjútvn. eins og sjálfsagt er og eins og gert var með þingmál fyrir skemmstu, þ.e. landanir erlendra skipa. Hins vegar liggur það náttúrlega alveg ljóst fyrir að breytingar á íslenskum lögum, sem ekki varða utanríkismál, hafa ekkert til utanrmn. að gera og það hefur okkur aldrei dottið í hug í stjórnarandstöðunni. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur að þau mál sem eru á verkefnasviði allshn. fari til allshn. og hljóti umfjöllun þar o.s.frv. Við óskum einungis eftir því að þessi frumvörp komi aðskilin fram, þ.e. frv. um breytingar á lögum komi ekki fram í bandormsformi heldur á sérstökum þingskjölum sem flokkast megi niður á nefndirnar. Utanmrn. skili að lokinni athugun nál. um samninginn og það sem hún hefur fjallað um og ég reikna með því að það verði ekki bara eitt álit heldur að sjálfsögðu a.m.k. tvö eða fleiri og síðan yrði farið eins að í hinum nefndunum. Forsætisnefnd hefði tækifæri til að hafa yfirumsjón með að þetta gæti allt saman gengið fyrir sig með eðlilegum vinnuhraða og við í stjórnarandstöðunni erum tilbúin að leggja á okkur að sitja hér á nefndarfundum. Ef við ætlum að vanda málsmeðferðina á samningnum þá kemur að sjálfsögðu ekki annað til greina en að hann sé í höndum utanrmn. sem hefur verið að fjalla um hann. Og síðan er það okkar hugmynd að almennar umræður um samninginn, hin raunverulega deila um málið, hefjist ekki fyrr en þing kemur saman í haust og við bjóðumst til að það verði í september þar sem allur pakkinn væri þá kominn í ljós, ekki bara hluti af honum, heldur lægi tvíhliða samningurinn fyrir og búið væri að þýða þau gögn sem þýða þyrfti og menn hefðu málið allt fyrir sér í einu. Þetta væri hin eðlilega málsmeðferð að okkar dómi og sú sem tryggði best að þingið færi forsvaranlega að þessu máli. Við viljum enga fljótaskrift, við viljum eðlilegan vinnuhraða. Við erum ekki með þessu að lofa að samþykkja þennan samning en við óskum eftir og viljum gera okkar til að hann hljóti verðuga umfjöllun.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar litið er yfir þessa umræðu vekur það óneitanlega athygli að hæstv. utanrrh. hefur ekki treyst sér til að halda sig við staðreyndir í röksemdafærslu sinni heldur hefur reynt að toga málin eða lýsa aðeins takmörkuðum þætti til að skapa málstað sínum betri stöðu. Ætla ég að rökstyðja þessa niðurstöðu mína með nokkrum dæmum. En ég vil þó segja í upphafi að þetta kemur mér nokkuð á óvart. Ég hélt að hæstv. utanrrh. teldi sig hafa svo traustan málstað að verja út frá sínum eigin forsendum að hann þyrfti ekki að haga málflutningi sínum á þennan veg.

Fyrsta dæmið sem ég vil nefna er lýsing hæstv. utanrrh. á fyrirvaranum um vinnumarkaðinn. Það hefur rækilega verið rakið hér að lýsing hæstv. utanrrh. er á engan hátt rétt. Munurinn á norræna fyrirvaranum og þeim vinnumarkaðsfyrirvara sem er í þessum samningi er sá að í norræna fyrirvaranum er um einhliða rétt Íslendinga að ræða. Í EES-samningnum geta önnur ríki gripið til gagnráðstafana eða hefnt sín svo maður noti hversdagslegt orðalag.

Annað dæmi, sem ég vil nefna, er það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um það sem kallað eru gagnkvæmar veiðiheimildir. Hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram að um einfalt mál og mjög skýrt væri að ræða og lægi ljóst fyrir. Nú er það hins vegar staðreynd að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í utanrmn. hef ég ekki fengið skýr svör við einfaldasta atriði þessa máls og þegar ég spurði hæstv. sjútvrh. að þessu í utanrmn. þá treysti

hann sér ekki til þess að svara spurningu minni og vísaði á hæstv. utanrrh. Þegar ég spurði hæstv. utanrrh. þá fengust heldur ekki skýr svör. Og hvert er efnisatriðið? Það er þetta: Íslendingar hafa á undanförnum árum veitt loðnu töluvert umfram hina formlegu heimild okkar í þeim samningum sem við höfum gert vegna þess að önnur ríki hafa ekki haft áhuga á að veiða þessa loðnu og við höfum þess vegna án mótmæla frá öðrum ríkjum getað veitt töluvert af loðnu umfram okkar formlega kvóta. Spurning mín er sú þegar meta á karfann í skiptum fyrir loðnu, verður þá gengið út frá því sem er hinn formlegi kvóti Íslands eða verður gengið út frá því að Íslendingar þurfi þá að veiða viðbótarloðnu umfram það sem þeir hafa veitt á undanförnum árum án nokkurra mótmæla, hvorki frá Evrópubandalaginu, Grænlendingum né öðrum? Með öðrum orðum, það liggur ekki enn fyrir hvort um er að ræða raunverulegan fisk sem Íslendingar fá að veiða til viðbótar við þann sem við höfum veitt á undanförnum árum eða bara svokallaða pappírsloðnu. Ég ítreka þess vegna spurningar mínar enn á ný hér í dag fyrst hæstv. utanrrh. segir að þetta liggi allt saman ljóst fyrir. Auðvitað er svo ekki og það er þess vegna sem þarf marga viðræðufundi um sjávarútvegssamning Íslands og Evrópubandalagsins vegna þess að þetta atriði er eitt af deiluatriðunum.

Þriðja dæmið sem ég vil nefna er meðferð hæstv. utanrrh. á fyrirvaranum varðandi rétt okkar Íslendinga til þess að ráða orkumálunum sjálfir. Hæstv. utanrrh. hefur í þeirri umræðu kosið að segja: Jú, við getum sett lög sem tryggir eignarhald okkar á orkulindunum, en hæstv. utanrrh. veit að umræðan snerist ekki aðeins um þetta. Hún snerist um rétt okkar Íslendinga til þess að ráða orkufyrirtækjunum einnig, ekki bara orkulindunum heldur orkufyrirtækjunum óháð því hvert rekstrarformið væri á orkufyrirtækjunum. Við hefðum með öðrum orðum þjóðarrétt til þess að skipa orkumálum okkar með þeim hætti sem við sjálfir kjósum. Þessi fyrirvari er á engan hátt í samningnum. Það sem er í samningnum er þvert á móti það að ákveði Íslendingar að hafa orkufyrirtækin hlutafélög og bjóða hlutabréfin í þeim til sölu samkvæmt almennum reglum þá hefur sérhver ríkisborgari Evrópubandalagsríkjanna og sérhvert fyrirtæki í Evrópubandalagsríkjunum rétt á því að kaupa þessi hlutabréf. Ég held að ég fari rétt með það að hæstv. utanrrh. hefur aldrei hér í þingsalnum treyst sér í að ræða hvað gerist ef ríkisstjórnin framkvæmir stefnumál sitt að breyta orkufyrirtækjunum í hlutafélög og selja hlutabréfin. Hann hefur alltaf stoppað í máli sínu þar sem hann segir: Jú, auðvitað er hægt að breyta því í hlutafélög en það skiptir ekki höfuðmáli. Hann gefur þar með til kynna að það eigi t.d. bara að vera Landsvirkjun hf. en áfram eigi ríkið og Reykjavíkurborg ásamt Akureyrarbæ öll hlutabréfin. Það er ekki þetta sem verið er að spyrja um. Það er þessi hræðsla hæstv. utanrrh. við að ræða málið allt sem vekur tortryggni því eins og samningurinn liggur fyrir nú þá geta erlendir aðilar eignast öll lykilfyrirtæki á Íslandi nema í útgerð ef ákveðið verður að breyta þeim í hlutafélög og setja á almennan markað. Ég vil segja við hæstv. utanrrh. að ég tel mikið tjón að umræðan um ríkisrekstur eða einkarekstur á Íslandi skuli nú vera komin í þann farveg með þessum samningi að um leið og menn segja einkarekstur þá segja menn einnig: Útlendingar geta eignast fyrirtækin að meiri hluta. Það er því búið að breyta umræðunni um kosti einkarekstrar og kosti ríkisrekstrar yfir í spurninguna um það hvort Íslendingar ráða þessum lykilfyrirtækjum eða ekki. Þannig er t.d. búið að setja ýmsa okkar, sem gjarnan vildum afnema ríkisrekstur á ýmsum sviðum, í þá stöðu að við förum að halda í hann til þess að forða því að erlendir aðilar, stórfyrirtæki eða einstaklingar með aðsetur og hagsmuni í Evrópubandalagsríkjunum, eignist þessi lykilfyrirtæki. Það er satt best að segja furðulegt að hæstv. utanrrh. skuli ávallt skjóta sér undan því að ræða þennan þátt málsins.

Ég vil í þessu sambandi nefna vatnið. Ég hef gert það nokkrum sinnum en ég hef tekið eftir því að hæstv. utanrrh. hefur aldrei treyst sér í þá umræðu. Margir telja að vatnslindir okkar Íslendinga, ekki til þess að framleiða orku heldur eingöngu til þess að setja vatn á flösku eða dósir og selja sem neysluvöru í útlöndum, sé hin stóra auðlind 21. aldarinnar hvað okkar þjóð snertir. Með þessum samningi er búið að koma í veg fyrir að við getum nýtt þessa auðlind einir líkt og í sjávarútveginum. Samningurinn opnar á það að fyrirtæki eins og Evian eða Perrier yfirtækju algerlega alla þá vinnslu á Íslandi og flyttu arðinn af þessari miklu auðlind að mestu leyti út úr þjóðfélagi okkar. Þess vegna ber auðvitað að harma að hæstv. utanrrh. hafði jafnlítinn áhuga og raun ber vitni að fylgja eftir óskum um það að hinn endanlegi samningur liti þannig út að fjórfrelsið væri að vísu tryggt á sviði viðskipta, þjónustu, fjármagnsflutninga en forræðið yfir auðlindunum öllum og þeim fyrirtækjum sem nýta lykilauðlindir okkar Íslendinga væru í höndum Íslendinga einna.

Það vekur auðvitað töluverða furðu þegar maður lítur yfir samninginn í dag hve margir fyrirvarar eru frá öðrum aðildarríkjum þessa samnings. Það vekur líka nokkra undrun að í EES-samningnum sjálfum er Álandseyjum veittur réttur til þess að tryggja að eignarhald og forræði yfir fyrirtækjum og landi sé í höndum Álandseyjabúa einna. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh., ef Finnum tókst að tryggja þessa undanþágu, þennan varanlega fyrirvara gagnvart landinu, búsetunni og fyrirtækjunum fyrir íbúa Álandseyja, hvernig stóð þá á því að hinum mikla samningamanni Íslands, hæstv. utanrrh., tókst ekki að tryggja sams konar ávinning fyrir Íslendinga? Við erum eyþjóð eins og Álandseyjabúar. Við erum smáþjóð eins og Álandseyjabúar. Við þurfum að vernda okkur með svipuðum hætti og þeir. Svo kemur bara í lokagerð samningsins að Evrópubandalagið hefur samþykkt slíkan varanlegan fyrirvara inn í samninginn sjálfan fyrir íbúa Álandseyja. Er skýringin sú að utanrrh. Íslands hafði engan áhuga á svipuðum fyrirvara fyrir Íslendinga og er í samningnum fyrir íbúa Álandseyja? Eða er skýringin sú að Finnar voru slyngnari samningamenn

og náðu þess vegna fram þessari kröfu? Það væri mjög fróðlegt ef hæstv. utanrrh. vildi víkja að því nokkrum orðum vegna þess að það hefur lítt borið á góma í umræðunni á Íslandi hvaða réttindi eru veitt Álandseyjabúum í samningnum.

Auðvitað er einnig mikill galli á þessari niðurstöðu þó að það hafi lítið verið rætt í dag að samningurinn í sjávarútvegi, a.m.k. samkvæmt því minnisblaði sem talað er um — það kann kannski að breytast í endanlegri gerð samningsins — er í reynd bara til tveggja ára vegna þess að í drögunum er að finna ákvæði á þann veg að á tveggja ára fresti þurfi að semja um málið á nýjan leik og þá geti Evrópubandalagið hvenær sem er komið með viðbótarkröfu. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. utanrrh. af því að hann hefur hvað eftir annað sagt að Norðmenn hafi greitt ákveðinn fórnarkostnað fyrir okkur Íslendinga í þessum samningaviðræðum á sviði sjávarútvegsmála. Ef Norðmenn ganga í Evrópubandalagið og eru þar með komnir inn í þann hring þessa svæðis er auðvitað ljóst að Evrópubandalagið heldur ekki lengur fyrir sig í tvíhliða samskiptum EFTA og EB þessum ávinningi sem Norðmenn greiddu vegna þess að þá væru Norðmenn komnir inn í EB og þá orðnir hluti af því að njóta ávinningsins líka. Ef röksemdir hæstv. utanrrh. hafa verið réttar á undanförnum mánuðum er spurning mín sú hvort Evrópubandalagið hljóti ekki þegar Norðmenn ganga í EB að koma með kröfu um það að Íslendingar fari sjálfir að borga þann fórnarkostnað sem Norðmenn munu hafa greitt að sögn hæstv. utanrrh. fyrr í sjávarútvegsviðræðunum. Með öðrum orðum, ef samningur verður gerður njótum við ekki nema í fáein ár þessarar góðvildar Norðmanna. Þannig er auðvitað fjölmargt í þessu máli sem er óljóst og einnig á annan veg en hæstv. utanrrh. hefur greint frá hér í umræðunum.

Ég vil að lokum segja það við hann og fulltrúa ríkisstjórnarinnar að við í stjórnarandstöðunni erum eindregið þeirrar skoðunar að hér eigi að vera vönduð umræða og vinna í málinu. Ég verð að segja að ég varð furðu lostinn að heyra hv. þm. Össur Skarphéðinsson segja í sjónvarpinu í gær: Jú, ef stjórnarandstaðan vill samþykkja það að þessu verði öllu húrrað í gegn á fjórum vikum þá erum við svo sem tilbúin í ýmislegt. Ég vil nefna t.d. að frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna er búið að vera til meðferðar í marga mánuði og hv. þm. Össur Skarphéðsson hefur talið nauðsynlegt að hafa það til meðferðar í marga mánuði. En hann ætlast til þess að samningi um Evrópskt efnahagssvæði sé húrrað í gegn á fjórum vikum með öllum þeim aragrúa af fylgifrumvörpum og hliðarskjölum sem þar verða á borðum þingmanna og verða hærri en þeir hæstu staflar sem hér liggja í dag. Allt þetta vekur auðvitað mikla tortryggni um það að raunverulega sé Alþfl. þeirrar skoðunar að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði þoli ekki vandaða málsmeðferð, hvorki á þingi eða hjá þjóðinni, þoli ekki ítarlega umfjöllun meðal þjóðarinnar, þoli ekki að óháðir aðilar meti það hvort hann stenst stjórnarskrána og þoli alls ekki að vera lagður fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við Íslendingar lútum í vaxandi mæli leiðbeiningum sérfræðinga. Við höfum falið þeim margs konar völd, bannað öðrum að vinna störf sem við teljum að séu svo hættuleg að það sé ekki á annað treystandi en að hafa starfsréttindi til að koma í veg fyrir að einhver afglapi fari að fikta við hluti sem hann hefur ekki þekkingu á. Þetta kannast allir við og við erum með heila herdeild af eftirlitsstofnunum sem senda menn út um allt land til að fylgjast með því að lýðurinn fari að lögum. Allt þetta kerfi höfum við verið að byggja upp með því að samþykkja lög á Alþingi Íslendinga.

Samt er það svo að nokkur atriði í lögum eru talin svo einföld að sú krafa er gerð til manna að vitsmunir þeirra eigi að duga til þess að taka ákvarðanir í málum. Nú hefur það vafalaust verið svo að stundum eru þessar kröfur of miklar og vitsmunirnir duga ekki til þess að standa undir ákvörðununum. Engu að síður er krafan skýlaus. Ég vil vekja á því athygli að maður sem hefur ekki kynnt sér lögin og segir í réttarsal: Ég vissi þetta ekki, er dæmdur engu að síður. Það er engin afsökun að hafa ekki kynnt sér lögin.

Nú er það svo með þá sem hér eru inni að þeir hafa allir orðið að vinna eið að stjórnarskránni. Það merkilega við þennan eiðstaf að þar var enginn fyrirvari eins og vit leyfir eða eitthvað því um líkt eða eins og sérfræðingar gera ráð fyrir, enginn einasti fyrirvari. Þess var beinlínis krafist að hver og einn yrði að notast við það vit sem hann hefði. Ég verð að segja eins og er að mér þótti þetta nokkuð stór stund að þurfa að skrifa undir þennan eiðstaf á sínum tíma og kallaði á það að ég læsi stjórnarskrána og stóð mig svo seinna að því að hafa lesið hana illa. En nú kemur í ljós að þeir sem undir þennan eið hafa skrifað varpa bara ábyrgðinni á einhverja fjóra úti í bæ og segja við landslýðinn: Við sem skrifuðum undir þennan eiðstaf á sínum tíma höfum bara ekki hugmynd um hvað það var sem við vorum að samþykkja, en þessir fjórir vita það, þið getið treyst því. Sumir af þessum fjórum höfðu ekki það traust þjóðarinnar fyrir að þeir yrðu kosnir á þing. Þeir höfðu ekki það traust þjóðarinnar, höfðu þó kannski áhuga á því. Þá spyrjum við: Er hægt samkvæmt eiðstafnum að afsala sér á þennan hátt ábyrgðinni, þvo hendur sínar eins og Pílatus gerði forðum þegar hann sendi vandasamt dómsmál beint til Heródesar til úrlausnar og Heródes hafði ekkert upp úr manninum? Frægasta vörn allra tíma var að þegja og gefst vel í réttarsölum enn en hann dæmdi svo um síðir og dæmdi hann eftir lögum sem þá giltu í Ísrael.

Hér stendur í 2. gr. stjórnarskrárinnar: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið.“ Þarna er tekið skýrt fram að aðeins tveir aðilar fara með þetta vald: Það er forsetinn og það er þingið. Þetta leiðir hugann að því að til forna var það ákvæði í lögum að þar sem guðs lög og manna greindi á þar skyldu guðs lög ráða. Þótti nú engum mikið miðað við þá samtíð að drottinn fengi einhverju að ráða á jörðinni og hann skyldi ráða þegar guðs lög og manna greindi á. En afleiðingin af þessu var sú að menn stóðu allt í einu

framm fyrir því að drottinn átti ekkert heima á Íslandi, hann var erlendis og hann túlkaði lög guðs erlendis og við töpuðum sjálfstæðinu. Svona getur nú búsetan skipt miklu máli. En hér standa menn frammi fyrir því að allt í einu eru orðnir þrír aðilar sem eiga að ráða lögum á Íslandi. Það er forsetinn, Alþingi Íslendinga og það er EB. Stendur nú hvergi í stjórnarskránni en það er komið þriðja hjól undir vagninn og það merkilega er að völd EB í þessum efnum eiga að vera nákvæmlega þau sömu og drottinn hafði til forna, þ.e. þegar greinir á um íslensku lögin og lögin hjá EB er það EB sem ræður og sama vandamálið: EB er búsett erlendis. Ég vil biðja hæstv. utanrrh. að hafa það sjálfstraust að notast við eigin dómgreind, eigin vitsmuni og eigin ályktunarhæfileika og hugleiða það án aðstoðar nokkurra sérfræðinga hvort þetta geti samrýmst 2. gr. stjórnarskrárinnar. Mér er ómögulegt að sjá að það geti samrýmst henni. Auðvitað veit ég að við eigum eftir að lifa þá daga að þó við stöndum í ausandi rigningu á Austurvelli þá neitum við að trúa því að það sé rigning nema veðurfræðingarnir staðfesti það. En svo langt leiddir erum við ekki enn þá. Í trausti þess að þeir sem sömdu þessa stjórnarskrá og settu þessar fyrirvaralausu kvaðir á þingmenn þjóðarinnar án þess að taka nokkurt tillit til þess að auðvitað eru þeir misjafnlega gerðir hvað gáfur snertir, að þeir ættu að hafa vit til að geta lesið stjórnarskrána og farið eftir henni og sætu uppi með fyrirvaralausa kvöð í þessum efnum að hvaða skoðanir sem menn hafa á samningnum þá láti menn sér ekki detta í hug að það séu eðlileg vinnubrögð að loka augunum og neita að horfa á það hver texti er í íslensku stjórnarskránni og reyni með því að fela sig á bak við einhverja fjóra og koma sér undan því að bera ábyrgð á því sem þeir eru að gera og þeir eru að leggja til.

Jón Helgason:

Herra forseti. Mér gengur illa að fá svör við beinum spurningum til hæstv. utanrrh. sem ég m.a. bar fram áðan um hvort hann liti það ekki alvarlegum augum hversu gjörólík túlkun Evrópubandalagsins er á þessum samningi miðað við það sem hann hefur flutt Alþingi. En samt sem áður langar mig að bera fram aðra spurningu. Hv. 7. þm. Reykn. skýrði frá því að fréttaskeyti hefði borist þar sem dregið var í efa að unnt yrði að undirrita samninginn 2. maí vegna þess að ekki hefði verið gengið frá útfærslu á samningi um flutninga í gegnum Austurríki. Gert var samkomulag í haust um það að þessir flutningar ættu sér stað, en eftir var að ganga frá endanlegum tvíhliða samningi, svipað því sem er um okkar fiskveiðisamning við Evrópubandalagið. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra af hverju er ekki hægt að undirrita EES-samninginn af utanríkisráðherrum vegna þess að ekki hefur verið gengið frá endanlegum samningi um flutninga í gegnum Austurríki þó að hann telji að engin þörf sé á því að einu sinni vita hvað muni standa í samningnum í tvíhliða samningi okkar við Evrópubandalagið um fiskveiðimálin.

129. FUNDUR

miðvikudaginn 29. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Frumvörp um Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðjur ríkisins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á fundi iðnn. Alþingis í morgun gerðust þau fáheyrðu tíðindi að meiri hluti nefndarinnar neitaði ósk minni hlutans um að kalla á fund nefndarinnar fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja vegna ákvæða í frv. til laga um Sementsverksmiðju ríkisins sem gerir ráð fyrir að breyta mjög verulega kjörum þess fólks sem starfað hefur hjá Sementsverksmiðju ríkisins og hefur verið í samtökum opinberra starfsmanna.

Frv. um Sementsverksmiðju ríkisins hefur verið til meðferðar á Alþingi nú um nokkurt skeið í iðnn. Menn hafa farið rækilega yfir það og fengið umsagnir frá ýmsum aðilum. Greinilegt er að um er að ræða eitt viðkvæmasta málið sem Alþingi hefur til meðferðar um þessar mundir og snertir ekki aðeins frv. um Sementsverksmiðju ríkisins heldur líka frv. til laga um Staðlaráð Íslands, frv. til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins og e.t.v. fleiri mál. Í frv. um Sementsverksmiðju ríkisins segir svo í 4. gr., með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Meðal álita sem borist hafa um þetta mál er álit frá Almennu málflutningsstofunni hf. þar sem starfandi eru fjórir lögfræðingar. Þeir segja m.a. um þessa tillögu:

„Okkar skoðun er sú að 4. gr. frv. feli í sér óhæfilega skerðingu á lögbundnum starfskjörum þessara umræddu starfsmanna og af þeim ástæðum sé hún andstæð ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar."

Þetta á einnig við frv. um Síldarverksmiðjurnar og frv. um Staðlaráð ríkisins.

Á fundi iðnn. í morgun óskaði ég eftir því að málinu, frv. um Sementsverksmiðju, yrði frestað til þess að unnt yrði að ræða við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um málið vegna þess að biðlaunaréttur opinberra starfsmanna var eitt meginátakamál þeirra kjarasamninga sem nú eru nýlega gengnir yfir og ríkisstjórnin sendi frá sér tilteknar yfirlýsingar.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var tekið fram að það væri ekki ætlunin að skerða eða breyta lögum um réttindi opinberra starfsmanna á þeim samningstíma sem hér er um að ræða, eða eins og segir í 6. tölul.: „Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur op-

inberra starfsmanna eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum. Ekki verða gerðar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á samningstímanum," segir hér líka.

Á fundi iðnn. í morgun bar formaður iðnn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, það fyrir sig að ríkisstjórnin hefði við undirritun kjarasamninganna gefið út yfirlýsingu með öðru ákvæði. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ekki eru á samningstímanum fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hvað biðlaun varðar. Ríkisstjórnin telur hins vegar óeðlilegt að starfsmenn njóti biðlauna auk fullra launa verði formbreyting á rekstri stofnana eða fyrirtækja ríkisins."

Þetta ákvæði úr drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem eru dags. 24. apríl var fellt út að kröfu opinberra starfsmanna í samningsmeðferðinni. Það birtist aldrei sem niðurstaða sem sýnir að það var bein samningsniðurstaða að hafa þar ekki inni að ríkisstjórnin áskildi sér rétt til þess að skerða biðlaunarétt opinberra starfsmanna. Þess vegna er það þannig að ef nú yrði farið út í að skerða þennan rétt með þeim frumvörpum sem eru til umræðu, er augljóslega verið að koma aftan að samningsniðurstöðunni sem átti sér stað á síðustu dögum áður en svokölluð miðlunar- eða sáttatillaga var samþykkt og send út.

Hér er um stóralvarlegan atburð að ræða, virðulegi forseti, vegna þess að meiri hluti iðnn. Alþingis og mér skilst einnig sjútvn. er að taka ákvörðun um að blanda sér með beinum hætti í þá atkvæðagreiðslu sem nú stendur yfir um sáttatillögu sáttasemjara. Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að gera kröfu til þess að meiri hluti iðnn. fallist á að kalla þessa aðila, fulltrúa opinberra starfsmanna fyrir, áður en málið er tekið úr nefnd til 2. umr. Einnig er óhjákvæmilegt að það komi alveg skýrt fram í dag eða hið allra fyrsta hver afstaða ríkisstjórnarinnar er. Stendur hún á bak við þessi vinnubrögð meiri hluta iðnn. eða ekki? Ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að brjóta strax, meðan tillögurnar eru til meðferðar í allsherjaratkvæðagreiðslum, rétt á opinberum starfsmönnum? Það lofar ekki góðu um hegðun ríkisstjórnarinnar gagnvart opinberum starfsmönnum á komandi mánuðum þegar þessi mál voru þar til meðferðar.

Ég fordæmi þessi vinnubrögð, virðulegi forseti, og hvet til þess að meiri hluti nefndarinnar endurskoði afstöðu sína og ríkisstjórnin grípi tafarlaust í taumana.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að um afar viðkvæmt mál er að ræða. Þess vegna er það svo að í iðnn. þingsins, ég hygg líka í sjútvn., hefur verið tekinn geysilega mikill tími í að þaulræða þetta mál. Fjöldamargir hafa verið kallaðir til til þess að gefa álit sitt á þessum málum.

Ég tek fram að það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að þegar við ræddum málið í iðnn. þingsins í morgun var ég með útgáfu af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna sem var eldri en sú endanlega niðurstaða. Ég hafi fengið hana í þeirri góðu trú að þetta væri hin endanlega niðurstaða.

Hvað varðar ósk hv. þm. Svavars Gestssonar, um að fá fulltrúa BSRB og e.t.v. annarra aðila til viðræðu, er rétt að það komi líka fram að eftir að mér varð þetta ljóst skrifaði ég bréf til félaga í iðnn. þar sem ég lýsti því yfir að ég mundi beita mér fyrir því að fulltrúarnir yrðu kallaðir til fundar við nefndina á milli 2. og 3. umr. þar sem þeir ættu kost á að gefa álit sitt á þessu máli.

Virðulegi forseti. Að lokum langar mig að geta þess að í þeirri umræddu lagagrein sem er til umræðu og fjallar um biðlaun segir eftirfarandi í lögum nr. 38 14. apríl frá 1954, 1. mgr. 14. gr. og það skiptir talsverðu máli:

„Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins."

Í 4. gr. grein í frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðjuna er tekið alveg skilmerkilega og fortakslaust a þessu. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu ..."

Hér er með öðrum orðum kveðið fortakslaust upp úr með það að ekki á að leitast við að bjóða þeim sambærilegt starf heldur skal þeim, það er skipun. Löggjafarsamkundan mun með öðrum orðum, verði frv. að lögum, gefa þá skipun til Sementsverksmiðjunnar að starfsmönnum verði boðið sambærilegt starf. Væntanlega mun þetta fyrirtæki verða við því að bjóða starf sem það telur sambærilegt. Fari svo að viðsemjandinn telji þar ekki um sambærilegt atriði að ræða hlýtur auðvitað að koma til kasta dómstóla að skera úr um þetta viðkvæma atriði.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil upplýsa að sambærilegir atburðir urðu í sjútvn. Alþingis í morgun hvað þetta varðar, mjög alvarlegir að okkar mati. Þar var frv. til laga um Síldarverksmiðju ríkisins tekið út úr nefnd og sú tilkynning borin að ríkisstjórnin væri alfarið andvíg því að 7. gr. frv., þeirri sem kveður á um starfskjör starfsmanna, yrði breytt. Síðari málsliður hennar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Þetta gerist þrátt fyrir að sjútvn. hafði, eftir umræður um málið, óskað eftir áliti óháðra lögfræðinga frá virtri málflutningsstofu úti í bæ til þess að fá fyllri upplýsingar um réttarstöðu opinberra starfsmanna og fékk í hendur mjög ótvíræða niðurstöðu lögfræðinga Almennu málflutningsstofunnar sem þegar hefur verið vitnað til. Þetta var á fyrsta fundi sem málið var tekið fyrir eftir að niðurstaða lögfræðinganna lá fyrir. Það

kom því okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar mjög á óvart að málið skyldi tekið út úr nefnd á þeim sama fundi og ekki síður hvernig upplýsingar um samhengi þessa máls voru bornar saman við nýgerða kjarasamninga. Ég held að vegna stöðu málsins sé óhjákvæmilegt að þetta verði tekið fyrir á nýjan leik og úr því að það hefur gerst í tveimur nefndum þingsins að óskum stjórnarandstöðunnar um að fá að ræða við fulltrúa opinberra starfsmanna er hafnað. Það er auðvitað stóralvarlegur atburður að mínu mati. Í raun og veru virðist málsmeðferðin hafa verið samræmd því nákvæmlega sama á við um meðferð málsins í sjútvn. og það sem síðar virðist hafa orðið á fundi milli kl. tíu og tólf í iðnn. Þessari málsmeðferð er óhjákvæmilegt að mótmæla. Það gengur auðvitað ekki að trúnaðarmenn opinberra starfsmanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða Starfsmannafélags ríkisstofnana skuli ekki fá að koma fyrir nefndir þingsins og taka af öll tvímæli um afstöðu þeirra og samhengi þessarar niðurstöðu við nýgerða kjarasamninga og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í því sambandi. Það er verið að breyta ákvæðum laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þó að það sé ekki gert með frv. sem flutt er gagngert til að breyta þeim lögum, heldur gert með því að vísa til þess að ákvæði laganna skuli ekki eiga við.

Þar á ofan bætist svo, herra forseti, að það er álit lögfræðinganna að þó svo að á mál þetta verði látið reyna fyrir dómstólum sé það með öllu óeðlilegt að Alþingi sem slíkt sé að blanda sér í þá málsmeðferð með því að gefa eins konar fyrirmæli, eins og hér virðist eiga að standa til. Eðlilegra væri að fjmrn. tæki ákvörðun um að greiða ekki biðlaun í þessum tilvikum og síðan yrði látið reyna á það fyrir dómstóli hvort fjmrn. væri stætt á því. En að Alþingi sé blandað í málið með þessum hætti er auðvitað ótækt og beinlínis óeðlilegt með tilliti til verkaskiptingar í stjórnskipun landsins.

Ég vil sem sagt, herra forseti, taka undir þau mótmæli sem hér hafa verið höfð í frammi við þessa málsmeðferð meiri hlutans. Ég óska eftir því að málið verði tekið fyrir á nýjan leik í þeim þingnefndum sem um þetta eru að fjalla eða að með einhverjum öðrum hætti gefist tóm til þess nú á þessum sólarhring eða hinum næsta að fá til viðræðna forsvarsmenn opinberra starfsmanna og fá á hreint samhengi þessara mála við nýgerða kjarasamninga og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hv. formanni iðnn. urðu í morgun á alvarleg mistök við stjórn nefndarinnar þegar hann neitaði að kveðja til aðila sem nefndarmenn óskuðu eftir að þangað kæmu og ætlaði að hespa þetta mál út úr nefndinni. Sem betur fer hefur hann leiðrétt þessi mistök því að fyrir nokkrum mínútum barst mér bréf þar sem hann leiðréttir. Þetta bréf er stílað á nefndarmenn í iðnn. og þar fellst hann á að kalla þá fulltrúa til viðtals við nefndina sem við óskuðum eftir og þar með verður málið ekki afgreitt úr nefndinni strax. Ég lít svo á að hann hafi gert yfirbót. Hann hefur ástundað gott samstarf við nefndarmenn í vetur og ég vil að það komi fram. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert yfir hans fundarstjórn að klaga. Ég lít svo á að honum hafi orðið á mikil mistök í morgun og það urðu mér vonbrigði. Mér fannst þetta vera nýlunda í starfsháttum hans. En nú hefur hann annaðhvort tekið leiðbeiningum eða áttað sig og ég treysti því að um frambúðarbata sé að ræða hjá honum. Málið verður væntanlega tekið fyrir aftur á næsta fundi og fær þá umfjöllun sem farið var fram á í nefndinni að það hlyti með tilliti til breyttra aðstæðna sem skapast af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þó það sé út af fyrir sig ekki mikið með hana að gera.

Ég ætla ekki að ræða efnisatriði þessa máls en mér þætti vænt um að fá það upplýst, vegna þess texta sem formaðurinn las upp í ræðustól rétt áðan um að bjóða mönnum sambærilegt starf, hvaða sambærilega starf á Akranesi er átt við. Nú veit ég ekki til þess að ríkið eigi nema eina sementsverksmiðju á Akranesi. Ég er að vísu ekki þaulkunnugur samanburðarfræði í störfum milli einstakra ríkisfyrirtækja á Akranesi. Mér er ekki ljóst hvaða sambærilega starf hjá ríkinu er átt við að hlutaðeigandi starfsmenn Sementsverksmiðjunnar geti gengið í. Þó þeim væri boðið sama starf hjá hlutafélagi er það ekki sama starf og hjá ríkinu og þar af leiðandi ekki sambærilegt. En ég ætla að vona að ekki verði farið að hrekja þessa menn, ég veit ekki hve margir þeir eru, frá aðsetri sínu á Akranesi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ótrúlegur atburður átti sér stað í iðnn. í morgun þegar tillaga sem borin var upp formlega um að kalla fulltrúa opinberra starfsmanna á fund nefndarinnar var felld. Þetta var gert þó að ljóst sé að þetta snerti mjög ákveðið þá miðlunartillögu sem ríkissáttasemjari lagði fram og nú er verið greiða atkvæði um. Auk þess hefur nú verið upplýst að sá texti sem formaður nefndarinnar vitnaði í er alls ekki sá texti sem ríkisstjórnin sendi frá sér heldur einhvers konar vinnuplagg sem hefur væntanlega verið til meðferðar áður. Ég tel víst að í ljósi þess texta sem lesinn var upp í nefndinni og þess texta sem er réttur að um þetta atriði hafi verið rætt og þetta fellt út að kröfu opinberra starfsmanna og enn þá meiri ástæða til þess að málið verði tekið upp aftur í nefndinni og kannað frekar.

Það er alveg rétt sem komið hefur fram að mikið hefur verið fjallað um frv. í iðnn. og ég vænti þess að hið eina ákvæði sem hér er til umræðu hafi verið rætt á sama hátt í öðrum nefndum. Ljóst er af þeim umræðum sem fram hafa farið að ef þetta verður samþykkt óbreytt mun skapast mjög mikil réttaróvissa. Það hlýtur að þurfa að gera einhverjar breytingar á greininni svo hægt verði að afgreiða frv. frá Alþingi.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. minntist á bréf sem okkur hefur borist og talaði um yfirbót. Í því bréfi sem ég fékk, sem ég vænti að sé hið sama og hv. 1. þm. Norðurl. v. fékk og formaður nefndarinnar las upp úr áðan, stendur að fallist hefur verið á að fá fulltrúa BSRB til fundar við nefndina til þess að ræða 4. gr. frv. til laga

um Sementsverksmiðju ríkisins milli 2. og 3. umr. ef nefndarmenn óska þess. Það er allt annað mál en við erum að tala um. Við erum að tala um að fjallað verði um málið eins og eðlilegt er áður en það verður tekið til 2. umr. í þinginu. Mér þykir mjög mikill munur þar á og tel nauðsynlegt að það sé gert nú þegar, þ.e. að málið verði ekki tekið fyrir fyrr en búið er að fjalla um það með eðlilegum hætti í nefndinni.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þar sem minnst var á afgreiðslu sjávarútvegsnefndar þingsins í morgun á frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins, finnst mér rétt að það komi fram að ríkisstjórnin hefur ekki gert neina saminga vð aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar hefur hún birt yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga og í 6. lið þeirrar yfirlýsingar segir:

„Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum. Ekki verða gerðar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á samningstímanum."

Ég tel að það sé fyrst og fremst verið að fá þarna fram að ekki sé verið að skerða lífeyrisréttindi, að ekki sé verið að skerða kjör opinberra starfsmanna. Hins vegar lá það fyrir, áður en þessi yfirlýsing er gefin, að tvö frumvörp um þessi atriði liggja fyrir Alþingi, annars vegar frv. sem rætt hefur verið í iðnn. um Sementsverksmiðjuna á Akranesi og hins vegar um frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins sem sjútvn. hefur haft til meðferðar. Ekki hefur verið lagt á það neitt ofurkapp að afgreiða frv. á örfáum dögum. Ég þekki til þeirra vinnubragða að frumvörp hafi verið afgreidd á tiltölulega mjög skömmum tíma sem æskilegt hefði verið að tæki langan tíma að yfirvega. Það hefur því ekkert verið gert annað en að fá menn til viðræðna um málið en einhvern tíma verða slíkar viðræður að enda ef Alþingi ætlar að ljúka störfum um miðjan maí og ætlar að koma einhverjum málum fram, að það verði ekki eingöngu utandagskrárumræður og þingskapaumræður sem setji algerlega stimpil sinn á störf þessa þings.

Persónulega hefði ég talið, það var áður en yfirlýsing ríkisstjórnarinnar var gefin út, að breyta hefði átt lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég er þeirrar skoðunar að þegar menn fá tækifæri til að halda áfram starfi, þó breytt sé úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag, sé það þeirra mál hvort þeir taki það starf eða ekki. Þeir fá þá sín biðlaun ef þeir vilja það ekki. Hitt tel ég óeðlilegt að menn séu á tvöföldum launum bara við það að „hf." komi fyrir aftan Sementsverksmiðju ríkisins eða Síldarverksmiðjur ríkisins. Ég hygg að flestir séu sammála því.

Hins vegar er það ekki rétt að neitað hafi verið að kalla menn til fundar. Ég bauð upp á að þessir aðilar yrðu kallaðir til fundar á milli 2. og 3. umr. Mikil tímapressa er komin á afgreiðslu mála. Hvort sem menn eru með eða á móti þessu eða hinu, þá hljótum við öll að vera sammála um að tíminn er naumur og mörg mál óafgreidd.

Einn þingmaður úr stjórnarandstöðunni spurði: Fáum við ekki tækifæri til þess að ræða við þessa menn? Verður hafður svo mikill asi á að málið verði komið til umræðu? Ég taldi fyrir mitt leyti að sjálfsagt væri að gera það og ég mundi vilja óska eftir því við forseta að frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins yrði ekki tekið til 2. umr. fyrr en á mánudag. Því bið ég nú menn að hafa í huga að hér er ekki verið að skerða þingræðis- og lýðræðisleg réttindi þingmanna að kanna betur mál heldur er verið að reyna að halda áfram starfinu með það fyrir augum að nefndin öll sætti sig við að ræða málið sameiginlega á milli 2. og 3. umr. eða að minni hlutinn sætti sig við að kalla þá menn sem hann óskar eftir til viðræðna við sig og noti til þess þá daga sem eftir eru í þessarar viku, allt fram á mánudag.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Að gefnu tilefni og vegna umræðna um þingsköp vill forseti segja frá því að nú þegar hafa 6 hv. þm. fjallað um þingsköp og þetta sérstaka mál. Segja má að fulltrúar allra flokka hafi mælt fyrir sjónarmiðum sínum og vil ég láta þá von í ljós að sjónarmið þeirra séu rækilega komin fram og að starfsemi þessara tveggja nefnda megi taka mið af þeim sjónarmiðum og þeim umræðum sem nú hafa þegar farið fram. Enn eru tveir, jafnvel þrír og kannski fleiri á mælendaskrá. Ég vil taka fram að það er verið að fjalla um þingsköp og í ljósi orða minna óska ég eftir að hv. þm. sem eiga eftir að fjalla um þingsköp geri það með þeim hætti eins og þeim er frekast unnt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ræða mín verður væntanlega styttri en ræða hæstv. forseta. Ég vil bara vekja athygli á því að í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem liggur fyrir frá ríkisstjórninni er komin upp ný staða í þessu máli þar sem yfirlýsing liggur fyrir um það að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði ekki breytt. Þar af leiðandi hefði verið full ástæða til þess, áður en 2. umr. lauk í iðnn. og sjútvn., að allir nefndarmenn hefðu fengið tækifæri til þess að fá fulltrúa frá opinberum starfsmönnum til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Á það var ekki fallist. Hins vegar vil ég að það komi einnig fram að það tilboð lá fyrir í sjútvn. í morgun að taka málið fyrir með þessum hætti á milli 2. og 3. umr. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar töldum það ófullnægjandi en verðum að sjálfsögðu að reyna að haga okkur miðað við þær aðstæður sem við búum. En við erum mjög óánægð með þær.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við erum að ræða um ákaflega mikilvæga þætti sem lúta að starfsemi og starfsháttum í þinginu og starfsemi og vinnubrögðum í þingnefndum. Ég held að það sé á hárréttum stað og geti ekki annars staðar verið að menn geri athugasemdir við slíkt ef nauðsyn krefur undir liðnum þingsköp.

Ég held að það hljóti að hafa verið mismæli hjá hv.

formanni sjútvn. að ríkið sé ekki aðili að þessum kjarasamningum því að miðlunartillaga ríkissáttasemjara er jafnframt til lausnar kjaradeilu aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands við fjmrh. eins og hún er miðlunartillaga um kjarasamninga milli aðila á hinum almenna vinnumarkaði. Þannig er ríkið eða ríkisstjórnin aðili að þessu máli í tvöföldum skilningi. Annars vegar er ríkið viðsemjandi við opinbera starfsmenn og hins vegar er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hluti af því að greiða fyrir lausn þessara samninga ef svo mætti verða.

Í 6. tölul. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna."

Ég tel að ekki þurfi að lesa neitt lengra. Það er verið að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þó að það sé gert með þeim hætti að ákveðin ákvæði eru afnumin gagnvart tilteknum hópum opinberra starfsmanna. Auðvitað er það breyting á réttaráhrifum gildandi laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hvernig í ósköpunum dettur nokkrum manni í hug að halda öðru fram? Ef maður les yfirlýsinguna og tekur mark á henni, sem að vísu læðist nú þegar að manni að ekki beri að gera í of miklum mæli, hlýtur að vera kominn upp mjög alvarlegur árekstur milli þeirrar yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið annars vegar og efndarinnar hins vegar.

Í sambandi við að fá fulltrúa opinberra starfsmanna á fund þingnefndanna, vek ég athygli á að í umsögn lögmanns Starfsmannafélags ríkisstofnana, Gests Jónssonar, er einmitt hnykkt á því í lokin að vegna þess hvers eðlis málið sé og viðkvæmt, sé óhjákvæmilegt að fulltrúar opinberra starfsmanna fái að koma til viðtals við þingnefndir. En með því að sjútvn. var að fjalla um málið og hafði óskað eftir viðbótarlögfræðigreinargerð og það var aldrei komið á dagskrá fyrr en í morgun að afgreiða málið út úr nefndinni, þá hafði ekki komið til þess að óskað væri eftir fulltrúum opinberra starfsmanna á fund nefndarinnar. Með öðrum orðum, það var fyrst í morgun sem við vissum að til stæði að afgreiða málið út. Reyndar höfðum við gert okkur góðar vonir um það vegna umræðna í nefndinni að þessu ákvæði yrði breytt. Þegar til að mynda lögfræðiálit Almennu málflutningsstofnunnar kom í hendur okkar, þá satt best að segja trúði maður ekki öðru en að meiri hlutinn mundi hugsa sig mjög vandlega um áður en anað yrði út í þá ófæru að halda áfram við afgreiðslu á óbreyttum frumvörpum og þegar ítrekuð lögfræðiálit rökstyðja það mjög vandlega að þarna sé um verulega skerðingu á lögbundnum réttindum opinberra starfsmanna að ræða og um eignaupptöku samkvæmt skilningi stjórnarskrárinnar. Þannig höfðum við ástæðu til að ætla í raun hvort tveggja, í fyrsta lagi að ekki væri komið að afgreiðslu málsins og í öðru lagi að þegar að því kæmi að það yrði afgreitt yrði því breytt þannig að opinberir starfsmenn gætu vel við unað. Það er ekki fyrr en í morgun að í ljós kemur hvort tveggja að afgreiða eigi málið út og að ekki eigi að breyta neinu um þá ósk okkar að fá að ræða við talsmenn opinberra starfsmanna sem þeir höfðu sjálfir með umsögn sinni óskað eftir að fá að gera, að fá að koma fyrir sjútvn. og flytja mál sitt. Því er hafnað og það jafngildir ekki jákvæðu svari við slíkri ósk að bjóða upp á að löngu síðar verði hægt að fá þessa menn til viðtals milli 2. og 3. umr.

Að lokum er svo ljóst, eins og margoft hefur komið fram, að samhengi þessa máls við nýgerða málamiðlunartillögu ríkissáttasemjara og loforð ríkisstjórnarinnar í því sambandi verður að komast á hreint. Ég held að öllum sé fyrir bestu að afstýra því klúðri sem það væri að taka þessi mál fyrir áður en þetta lægi skýrt fyrir. Ég skora þess vegna á forsvarsmenn stjórnarmeirihlutans að hugsa sig nú vandlega um hvort það sé ekki þeim sjálfum fyrir bestu sem og öllum öðrum að láta af þessari stífni og halda aukalega fundi í sjútvn. og iðnn., fá þar til viðtals fulltrúa opinberra starfsmanna og reyna að taka þannig málefnalega á þessum þáttum.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Nauðsynlegt er að það sé alveg skýrt hvað hér er á ferðinni. En það er tillaga um að skerða biðlaunarétt opinberra starfsmanna hjá þessum þremur fyrirtækjum sömu daga og opinberir starfsmenn eru að greiða atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara í trausti þess að ríkisstjórnin standi við yfirlýsingu sína. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar breyttist að vísu í meðförum. Og af því að hæstv. fjmrh. er hér staddur, þá er óhjákvæmilegt að beina sérstaklega orðum til hans. En í drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 24. apríl sagði svo:

„Ríkisstjórnin telur hins vegar óeðlilegt að starfsmenn njóti biðlauna auk fullra launa verði formbreyting á rekstri stofnana eða fyrirtækja ríkisins." — Stendur yfir ríkisstjórnarfundur, hæstv. forseti? (**Gripið fram í:** Þetta er bænastund, ekki trufla.) Við skulum ekki trufla bænastundina. (**Forseti:** Ég óska eftir því að það verði regla á fundinum.) Ég tek undir það með hæstv. forseta.

Þetta ákvæði var fellt niður. Núna ætlar ríkisstjórnin að koma aftan að opinberum starfsmönnum, ganga á bak orða sinna og breyta lagaákvæðum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ríkisstjórnin er að svíkjast aftan að opinberum starfsmönnum þrátt fyrir þetta plagg sem er auðvitað samningur, eða hvað? Ég spyr. Það var mjög athyglisvert sem hv. 1. þm. Vestf. sagði að ríkisstjórnin hefði ekki gert neinn samning heldur birt yfirlýsingu. Er ekki hægt að treysta þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar? (Gripið fram í.) Og auk þess er þetta prentað með sáttatillögunni þannig að þetta er partur af því sem verkalýðshreyfingin í landinu er að greiða atkvæði um í landinu þessa dagana.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. alveg beint: Er hann tilbúinn til þess að beita sér fyrir viðræðum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um þau ákvæði þessara þriggja frumvarpa sem lúta að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna og að meðferð málanna verði frestað hér í þinginu meðan þær viðræður standa yfir

nema ríkisstjórnin vilji láta atkvæðagreiðsluna fara fram í þeirri óvissu sem nú er upp komin vegna vinnubragða meiri hluta iðnn. og sjútvn. Vill ríkisstjórnin halda opinberum starfsmönnum í óvissu eða vill hún núna fara í samningaviðræður við opinbera starfsmenn um þessi mál? Ég held að það sé í raun og veru alveg óhjákvæmilegt að umræður um þessi mál, m.a. í þingnefndum og af hálfu ríkisstjórnarinnar, fari fram áður en atkvæðagreiðslunni lýkur. Mér nægir það ekki að formaður iðnn. lofi því að kalla þetta fólk fyrir eftir 2. umr. þegar atkvæðagreiðslunni hjá opinberum starfsmönnum er e.t.v. lokið. Ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að opinberir starfsmenn eiga rétt á því að ríkisstjórnin svari því hér og nú hvernig hún ætlar að leysa þessi mál. Er það ætlun hennar að svíkja þetta plagg meðan það er til meðferðar í allsherjaratkvæðagreiðslu allra stéttarfélaganna í landinu? Og ég endurtek spurninguna til hæstv. fjmrh.: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að fram fari nú þegar viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þannig að allri óvissu verði eytt áður en atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttasemjara lýkur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki ábyrgjast að þetta efni sé nákvæmlega hægt að færa undir þingsköp og allra síst það sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan, en ég skal gjarnan reyna að skýra hvað felst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ég mun að sjálfsögðu ekki skipta mér af fundastörfum nefnda á þinginu en verði það ákvörðun þeirra sem taka skulu þær ákvarðanir að halda annan fund þá er að sjálfsögðu rétt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar komi til þess fundar og fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er auðvitað algerlega á valdi formanna nefndanna hvernig þeir haga fundastörfum í nefndunum og ætla ég ekki að skipta mér af því.

Það er ljóst og lá fyrir og hefur legið fyrir um nokkurt skeið að texti, eins og sá sem er að finna í þeim frumvörpum sem hér hafa verið til umræðu, hefur verið í frumvörpum sem samþykkt hafa verið á Alþingi, þar á meðal í frv. sem nú eru orðið að lögum, um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, og ég vil taka það fram að þessum texta, eins og hann er nú í bæði síldarverksmiðjufrv. og eins í sementsverksmiðjufrv., hefur verið vel tekið af starfsmönnum og ég veit ekki betur en starfsmannafélag Sementsverksmiðjunnar hafi ekki mótmælt þessum texta. Þegar að því kom fyrir skömmu þegar í athugun var hvort samflot yrði í kjarasamningum þá settu BSRB og KÍ ákveðna fyrirvara og skilyrði varðandi þátttöku í svokölluðu samfloti. Eitt af því sem þau félög lögðu áherslu á var að biðlaunaréttinum yrði ekki breytt. Það kom afar skýrt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar þá þegar að við mundum halda áfram þeirri stefnu sem kemur fram í viðkomandi frumvörpum.

Það er alveg hárrétt sem hér hefur verið lesið að í plöggum, sem lengi lágu fyrir og ætlunin var að kæmi fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, var að finnan þennan texta sem hv. síðasti ræðumaður las og aðrir hafa lesið fyrr á þessum fundi. Það hefur ekkert breyst efnislega. Þetta ákvæði fór út úr yfirlýsingunni. 6. tölul. var breytt lítils háttar en það er alveg kristaltær skilningur beggja aðila að um enga efnislega afstöðubreytingu var að ræða, hvorki hjá ríkisstjórninni né hjá BSRB varðandi efni málsins. (**SvG:** Ertu að segja að BSRB hafi samið um að ...) Ég er ekki að segja — ég veit að hv. þm. Alþb. eru afskaplega vonsviknir yfir þeim samningum sem hugsanlega verða gerðir og þeir nota þetta tækifæri til þess að reyna að þyrla upp sínu moldviðri varðandi þá, en ég verð að hryggja þessa svekktu tvo þm., hv. 8. þm. Reykn. og hv. þm. Svavar Gestsson, með því að það er fullur skilningur á því hjá báðum aðilum að sú breyting sem gerð var á þessum plöggum sem lesin hafa verið upp hefur enga efnislega þýðingu. En ég vil jafnframt bæta því við að það er ágreiningur um þetta atriði og sá ágreiningur hefur verið þekktur allan tímann. Það er ljóst að BSRB veit hver er skilningur ríkisstjórnarinnar og það er jafnframt ljóst að ríkisstjórnin veit hvað BSRB vill gera í þessum málum. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þingmenn fái að kynnast því en það hefur engin efnisleg breyting átt sér stað frá drögunum og til lokayfirlýsingarinnar. Þetta eru eingöngu orðalagsbreytingar en hafa enga efnislega merkingu og ég tel það rétt, virðulegi forseti, að það komi fram á þessum fundi.

Eins og ég sagði áðan, þá eiga þessar yfirlýsingar rætur að rekja til þess að BSRB og KÍ ákváðu að taka þátt í samflotinu. Við höfum ákveðið að breyta ekki sjálfum lagatextanum í þessum lögum sem hér er getið um, en við höfum áskilið okkur fullan rétt, og það veit forusta BSRB og KÍ, til þess að gera þær breytingar sem eru á lagafrumvörpum sem eru til umræðu. Og þeir hafa ekki samþykkt það. Ég skal láta það koma hér fram. Þeir hafa ekki samþykkt það og þeir hafa sagt að verði það gert gæti farið svo að málið fari til dómstóla. Við höfum, eins og svo margir aðrir, talið eðlilegt að menn, sem halda störfum sínum þrátt fyrir formbreytingar í fyrirtækjum, ættu ekki að eiga rétt á tvöföldum launum. Um það atriði snýst þetta mál og ég vænti þess að hér á þinginu sé fullur skilningur fyrir því að það er ekki eðlilegt að sami aðili, sem heldur sínu sama starfi hjá fyrirtæki, sem er nánast eins en eingöngu hefur orðið formbreyting í fyrirtækinu, eigi rétt á því að hafa helmingi hærri laun heldur en aðrir launþegar. Um þetta snýst þetta mál.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti verður að gefnu tilefni að fara fram á að fjallað verði um þingsköp þegar óskað er eftir því að fjallað verði um þingsköp. Hér fara ekki fram utandagskrárumræður um kjaramál heldur fara hér fram umræður um þingsköp og ég verð að ítreka beiðni mína um það að hv. þm. fjalli um þingsköp. Til máls tekur hv. 8. þm. Reykn. og óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég var nokkuð undrandi á ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan og sé satt að segja ekki hvaða

ástæðu hann sér til þess að fara að blanda almennum pólitískum umræðum um þessa kjarasamninga við afstöðu einstakra flokka til þeirra inn í þessa umræðu hér. En vegna þess að hann kaus að gera það, þá tel ég óhjákvæmilegt að segja eftirfarandi.

Hæstv. fjmrh. er samningsaðili kjarasamninganna. Þótt hann hafi ekki sjálfur skrifað undir samninginn, að því er mér hefur verið tjáð, er skrifað undir samninginn í hans umboði þannig að samninganefnd ríkisins undir forustu Ágústs Einarssonar skrifar undir fyrir hönd fjmrh. Hér hefur það þess vegna gerst að annar samningsaðilinn í samningum ríkisins og BSRB og Kennarasambandsins er að lýsa í ræðustól á Alþingi sérstökum skilningi sínum á kjarasamningunum. Hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að þótt sá texti, sem snertir þetta mál og hv. þm. Össur Skarphéðinsson las upp í iðnn. í morgun og hefur lýst því yfir hér í þinginu að hann hafi gengið út frá í morgun á nefndarfundi að væri gildur, hafi verið tekinn út úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að ósk BSRB og Kennarasambands Íslands sé það marklaus aðgerð, skipti engu máli efnislega.

Það er satt að segja afar óvenjulegt að samningsaðili formlegra kjarasamninga, sem nú á að fara að greiða atkvæði um í öllum aðildarfélögum BSRB sem eiga aðild að þessum samningi og í Kennarasambandinu, lýsi yfir skilningi af þessu tagi. Þess vegna er það alveg óhjákvæmilegt að það komi fram strax í dag á fundi iðnn. og sjútvn. þar sem forustumenn BSRB og Kennarasambands Íslands komi hvort þeir séu sammála þessari lýsingu hæstv. fjmrh. á því hvert sé eðli þess að taka þetta ákvæði út úr textanum. Ef þeir eru ekki sammála þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. þá liggur það alveg ljóst fyrir að hæstv. fjmrh. er að byrja þá göngu sína að brjóta gegn skilningi samningsaðila. Og hann gerir það ekki bara sem fjmrh., hann gerir það sem sá aðili sem gerir kjarasamninga því að það er enginn annar sem gerir kjarasamninginn af hálfu ríkisins en hæstv. fjmrh.

Nú eru að hefjast atkvæðagreiðslur í aðildarfélögum BSRB og Kennarasambands Íslands um þennan samning og það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt að þegar í dag verði haldnir fundir í þessum tveimur þingnefndum þar sem forusta BSRB og forusta Kennarasambandsins og hæstv. fjmrh. sjálfur komi til fundar til þess að ræða þetta mál því það er ekki hægt að líða það t.d. að hæstv. fjmrh. tali gegnum milliliði í þessu máli. Það er ekki gilt að þegar hann hefur lýst hér á Alþingi ákveðnum skilningi á kjarasamningnum, þá sendi hann undirmenn sína til fundar við þingnefndina til þess að lýsa einhverju öðru. Fyrst æðsti handhafi samninganefndar ríkisins hefur kosið að blanda sér inn í málið nú í fyrsta sinn með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerði hér í dag þá verður hann að hafa manndóm til þess að fylgja málinu eftir. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, í ljósi þessarar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. ítreka þá ósk sem fram hefur komið og láta í ljósi þá skoðun mína að ég tel óhjákvæmilegt að þessir fundir nefndanna verði þegar í dag og forusta BSRB og Kennarasambandsins fái tækifæri til þess að skýra sinn skilning á vettvangi þingsins með þeim hætti.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Yfirlýsing hæstv. fjmrh. áðan var auðvitað mjög alvarleg þegar hann túlkaði kjarasamninga opinberra starfsmanna einhliða með býsna sérkennilegum hætti satt best að segja. Kjarasamningar eru orð á blaði og þeir eru undirskriftir. Þeir eru líka trúnaður og þeir eru líka traust. Ég tel að þær yfirlýsingar, sem hér komu fram frá hæstv. fjmrh., veiki mjög verulega allan grundvöll þeirra samningsdraga sem liggja fyrir milli opinberra starfsmanna og ríkisins. Og ég tel að það sé óhjákvæmilegt að ítreka þá spurningu mína sem ég beindi til hæstv. fjmrh. en hann svaraði ekki: Er hann tilbúinn til að beita sér sjálfur fyrir viðræðum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um hin umdeildu ákvæði frumvarpanna þriggja núna áður en atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttasemjara lýkur? Það er óhjákvæmilegt að hann svari þessari spurningu. Og í öðru lagi vil ég segja: Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því og hlutast til um að haldnir verði fundir í iðnn. og í sjútvn. í dag eða í fyrramálið til að taka á þeim málum sem hér hafa verið rædd. Ég vil einnig þakka hæstv. forseta fyrir að hafa skapað möguleika til þess að þessi umræða gat farið fram vegna þess að hún er mikilvæg forsenda þess að þingstörfin geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

Ég hef hér beint spurningu til hæstv. fjmrh sem ég vona að hann svari og einnig áskorun til hæstv. forseta um að taka málin í sínar hendur og tryggja að það verði haldnir fundir í iðnn. og í sjútvn.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er komin upp allsérkennileg staða í annars mjög viðkvæmu máli og ég vil harma hvernig þessi mál hafa þróast. Þegar hæstv. sjútvrh. talaði fyrir nokkru síðan fyrir þremur frv. um sjávarútvegsmál í einu og kom þeim þannig til nefndar eftir samkomulag við fulltrúa stjórnarandstöðunnar, þá vakti ég athygli á því og óskaði eftir því við hæstv. ráðherra að hann beitti sér fyrir því að ríkisstjórnin tæki upp ákveðna og eina stefnu í þessu máli sem ætti við þau þrjú frv. sem þá voru komin fram. Það voru Síldarverksmiðjur ríkisins, Ríkismat sjávarafurða og Sementsverksmiðjur ríkisins.

Ég trúði því þá af viðbrögðum hæstv. sjútvrh. að þetta yrði gert. Því miður er nú komið á daginn og við höfum rekið okkur á það í morgum í störfum í þingnefndum að ríkisstjórnin bar ekki gæfu til þess að gera þessa hluti.

Nú eru menn hins vegar að tala um að kalla nefndirnar saman að nýju og fá fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambandsins til fundar við sjútvn. og iðnn. Þetta var sú ósk sem borin var fram a.m.k. í sjútvn. í morgun og ef ég hef hlustað grannt var þetta einnig borið fram í iðnn. Við þessu varð ekki orðið og ég held að það hafi verið mistök að gera það ekki en um það þýðir ekki að fást. Meiri hlutinn réði auðvitað ferðinni þó að formaður iðnn. hafi áttað sig á því þegar hann gekk út í sumarið að það

hefði verið skynsamlegra að sitja aðeins lengur í nefndinni og hugleiða málið, en sömu viðbrögð voru þar eins og í sjútvn. að taka málið út. Ég óskaði eftir því hins vegar, eins og kom hér fram hjá formanni sjútvn., að nál. yrði þá a.m.k. ekki gefið út strax þannig að minni hlutanum gæfist svigrúm a.m.k. til þess að ræða við fulltrúa BSRB og Kennarasambandsins svo menn gætu glöggvað sig á stöðunni áður en þeir væru látnir ganga frá nefndarálitum og leggja þau fram. Það féllst formaður sjútvn. á og eins og hann sagði áðan verða nefndarálit ekki lögð fram fyrr en á mánudag.

Nú er það líklega þinglegt að taka málin aftur upp í nefndum þingsins þó svo að meiri hlutinn hafi ákveðið það í báðum tilfellum að ljúka þessum málum og taka þau út á þennan hátt frá nefndunum. Ég skal ekki dæma um það en ég held að hér hafi slysalega tekist til af ríkisstjórninni og henni hefði verið nær að gefa sér betri tíma til þess í upphafi að reyna að marka ákveðnari og skýrari stefnu því vissulega er verið að tala um kjaramál. Auðvitað hafa þeir sem samið hafa um þessi réttindi fórnað einhverju öðru í staðinn í sínum kjaramálum. Auðvitað er það deginum ljósara og þýðir ekkert fyrir fjmrh. að koma upp og segja eitthvað allt annað. Hann veit það að það hefur verið gert.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst útilokað að eftir standi í umræðu um þau lagafrv., sem hér hafa verið til umfjöllunar í iðnn. og sjútvn., þau orð hæstv. fjmrh. að þetta mál snúist eingöngu um það hvort ákveðinn fjöldi starfsmanna hjá þessum fyrirtækjum eigi að vera á tvöföldum launum eða ekki. Það er mikill misskilningur. Málið sem hefur verið til umfjöllunar í þessari þingskapaumræðu snýst fyrst og fremst um það hvort ríkisstjórnin ætlar að virða það samkomulag sem hún gerði við launþegasamtökin þegar hún var að ganga frá kjarasamningum. Þá hét ríkisstjórnin því að ekki yrði gerð breyting á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það sem ríkisstjórnin er nú með í hyggju er að koma aftan að einstökum starfsmönnum í einstökum fyrirtækjum með því að breyta lögunum hjá viðkomandi stofnunum þegar verið er að gera formbreytingu á rekstri þeirra.

Til fundar við iðnn. hafa komið lögfræðingar. Við höfum fengið í nefndinni álit margra lögfræðinga um það hvernig þeir líti á þennan biðlaunarétt. Allir þessir lögfræðingar og einnig allir hv. þm. í iðnn. a.m.k. sammála um að það sé útilokað með þessari formbreytingu að flytja biðlaunaréttinn yfir verði um formbreytingu á opinberri stofnun að ræða og henni breytt í hlutafélag. Það er því alveg ljóst að gangi þetta eftir þá er verið að skerða réttindin og kjör opinberra starfsmanna. Svo geta menn endalaust deilt um það hvort um slíkt hefði átt að semja á sínum tíma. En þá hefði ríkisstjórnin, ætli hún sér að gera þetta, ekki átt að semja við opinbera starfsmenn um það að á samningstímanum eigi engar breytingar að gera á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það sem hér er um að ræða er fyrst og fremst að það á að stíga fyrsta skrefið núna, eins og margoft hefur komið fram, með því brjóta þennan samning á meðan félagar í Starfsmannafélagi ríkisins eru að greiða um hann atkvæði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að fyrir nokkrum mínútum gafst fjmrh. kostur á því að eyða óvissu í þeim viðkvæmu málum sem rædd hafa verið um klukkustundar skeið. Hann kaus að gera það ekki. Það sýnir vel hug hans og alvöru í þeirri stöðu sem nú er í kjaramálum opinberra starfsmanna.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. fjmrh. óskar að bera af sér sakir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég hélt satt að segja að ég hefði talað það skýrt í minni ræðu áðan að ég þyrfti ekki að koma hingað upp aftur en ég skal gjarnan gera það vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar.

Viðræður hafa farið fram á milli samningsaðila, þar á meðal á milli fulltrúa ríkisvaldsins og fulltrúa starfsmanna ríkisins. Niðurstöðuna er m.a. að finna í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en ég vek athygli á því að sú yfirlýsing er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem gefin er í tengslum við kjarasamninga en kjarasamningar verða ekki nema miðlunartillaga verði samþykkt. Um eiginlega kjarasamninga er því ekki að ræða í þeim skilningi.

Ég hef lýst því hvernig þessi yfirlýsing breyttist. Ég hef sagt að ekki hafi verið um efnislega breytingu að ræða og þar sem ég kom að því máli þá veit ég að báðir aðilar eru sammála um það að ekki hafi verið um efnislega breytingu að ræða. Það segi ég enn einu sinni hér. Það segir hins vegar ekkert um það hvort aðilarnir séu sammála um þau efnisatriði sem þar eru nefnd, einfaldlega vegna þess að BSRB vill eitt og ríkisvaldið vill að sjálfsögðu annað.

Ég ætla líka að segja það enn einu sinni að forustumönnum BSRB er fullljóst að sá texti sem er að finna í frv. ríkisstjórnarinar er með þeim hætti að ríkisstjórnin ætlar að fylgja þeim frv. eftir. En forustumenn BSRB hafa sagt að þeir séu ekki sammála því og þeir muni grípa ráðstafana sem eru viðeigandi að þeirra mati. Með öðrum orðum álít ég að ríkisstjórnin sé á engan hátt að ganga gegn yfirlýsingu sinni, sem hefur verið gefin, þótt hún stuðli að því að þessi frv. sem hér hafa verið til umræðu verði samþykkt á hinu háa Alþingi. Ég endurtek: Forustumönnum BSRB er það vel ljóst þótt þeir hafi ekki samþykkt þá gjörð heldur áskilji sér rétt til þess að bregðast við með þeim hætti sem þeim þykir henta á hverjum tíma. Þetta hélt ég að væri nægilega skýrt. Umræður á milli — ef ég fæ tækifæri fyrir óróleikanum til að halda áfram — ríkisstjórnarinnar og BSRB annars vegar og KÍ hins vegar hafa farið fram. Niðurstaðan liggur fyrir og ég sé ekki að áframhaldandi viðræður nú bæti nokkuð þar um. Það er hins vegar sjálfsagt, eins og ég hef sagt áður, að fulltrúi ráðuneytisins komi á fund nefndarinnar, ef þess er óskað, en það er að sjálfsögðu algjörlega

í valdi nefndarmannanna og einkum formanna nefndanna hverja þeir kalla til fundar við sig.

Ég vonast til þess að þetta svari fyrirspurninni sem kom fram og skýri nákvæmlega við hvað er átt þegar rætt er um þessi mál.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti verður að ítreka að þegar þingmenn óska eftir því að fjalla um þingsköp þá fjalli hv. þm. um þingsköp. Hæstv. ráðherra var að bera af sér sakir. Nú hefur hv. 3. þm. Vesturl. óskað eftir að fjalla um þingsköp og forseti væntir þess að hann fjalli um það efni.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það þarf að þreyta mig lengi til þess að ég fari að tala um þingsköp. En ég á sæti í sjútvn. og við vorum að fjalla um þessi mál sem hér hafa verið til umræðu í morgun. Ég sé ekki hvernig halda á áfram að fjalla um þessi mál og koma þeim til skila með sómasamlegum hætti frá hv. Alþingi ef ekki verður hægt að fá ríkisstjórnina og ríkisstjórnarflokkana til að hverfa frá afstöðu sinni. Hæstv. fjmrh. var að koma í annað sinn upp í ræðustólinn til þess, eins og hann sagði, að gera það alveg skýrt hvað ríkisstjórnin meinti. Hann sagði að þessi afstaða færi engan veginn gegn þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að halda inni ákvæðunum í þeim frv. sem verið er að tala um. Það er kannski rétt að rifja ákvæðin upp, fara nákvæmlega yfir það hvað stendur á þessum blöðum. Það stendur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar: „Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum." — Það stendur þarna skýrt og það stendur í frv. til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins, ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á því ekki við um þá starfsmenn, sem þýðir að ákveðnir starfsmenn ríkisins eru teknir undan lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmenna.

Hvernig í ósköpunum er hægt að tala svona á hv. Alþingi?

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að ræða þessi mál mikið lengur við hæstv. fjmrh. Það er kostulegt sem upp er komið. Það liggur fyrir yfirlýsing frá ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin segir þar eitt og opinberir starfsmenn segja annað. Þetta er ekki sameiginleg yfirlýsing aðilanna. Þeir tala þar út og suður. Það er alveg einstök snilld í samningsniðurstöðu verð ég að segja, að menn séu svo að segja lóðrétt hver á annan í einstökum setningum eða töluliðum í þessum yfirlýsingum. Það er kostulegt að samningsaðili annars skuli segja: Þetta er bara svona, ég er með öðru, þeir eru með hinu, móti hinu, móti öðru.

En svo sagði hann annað sem var mjög athyglisvert en það var að ekki var hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að hann liti ekki á yfirlýsinguna sem hluta af miðlunartillögu. Það er afar fróðlegt og alvarlegt umhugsunarefni. Ég held að það sé óhjákvæmilegt í framhaldi af umræðunni að fá ýmsa hluti á hreint hjá fjmrh., aðra og fleiri en þá sem unnt er að ná fram í utandagskrárumræðu eða þingskapaumræðu vegna þess að þetta síðastnefnda, um að yfirlýsingin sé eins og sett fyrir innan sviga í dæminu, er stórsérkennilegur hlutur. Ég hef ekki spurt forustumenn opinberra starfsmanna hvað það er sem þeir taka mark á í þessari yfirlýsingu og hvað ekki. Er þetta samningsniðurstaðan? Þvílík snilld. Til hamingju með þennan fjmrh., hv. Alþingi og herra forseti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að þakka hv. þm. fyrir hamingjuóskirnar, ég gat ekki annað en þakkað honum fyrir þær og óska honum jafnframt til hamingju með að hafa loksins skilið það sem hér var sagt. Ég skal fúslega síðar á þingtímanum verða við hans ósk um að skýra frekar hvað í þessum plöggum stendur sem og í öðrum plöggum ef hann óskar sérstaklega eftir því og hann er hjálparþurfi.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284, nál. 776 og 789, brtt. 775 og 790, till. til rökst. dagskrár 791.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að ræða um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Á morgun verður ár liðið frá því að sá boðskapur barst úr Viðey að þar hefði verið mynduð ný ríkisstjórn. Ég sé svo sem ekki neina ástæðu til að óska stjórninni til hamingju með afmælið, hvað þá þjóðinni. En þessi stjórn ætlaði sér hvorki meira né minna en að „rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun í atvinnulífinu sem skili sér í bættum lífskjörum," eins og segir í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar frá 30. apríl 1991. Í þeirri sömu yfirlýsingu segir um aðgerðir stjórnarinnar til að tryggja markmið hennar í menntamálum, með leyfi forseta:

„Að tryggja öllum tækifæri til menntunar við sitt hæfi til þess að búa æsku landsins undir fjölbreytt framtíðarstörf. Dregið verður úr miðstýringu í skólakerfinu og áhersla lögð á starfs- og endurmenntun. Ríkisstjórnin mun efla rannsóknir og vísindastarfsemi og greinar sem byggjast á hugviti og hátækni."

Stefnuyfirlýsingin frá síðasta vori svo og hvítbókin, Velferð á varanlegum grunni, eru vissulega frjálshyggjubókmenntir, fullar fagurgala í þeim anda sem tíðkast í slíkum pappírum. En fátt eitt sem þar leit dagsins ljós gaf til kynna hvað í vændum var af hálfu ríkisstjórnarinnar, jafnvel þótt vandi ríkissjóðs sé hafður í huga.

Fljótlega kom í ljós að hugmyndir ríkisstjórnarinnar um bætt lífskjör, tækifæri allra til menntunar við sitt hæfi, að ekki sé minnst á að draga úr miðstýringu í skólakerfinu sem annars staðar, voru býsna einkenni-

legar. Hér er óþarfi að rifja upp torfæruakstur heilbrrh. um lendur velferðarkerfisins síðasta sumar sem haldið hefur áfram eins og hver önnur hrollvekja, mánuð eftir mánuð.

Ráðherra menntamála vildi líka láta til sín taka og hóf krossferð í anda don Kíkóta með ráðherrasvein sér við hlið sem ekkert gefur eftir þeirri frægu skáldsagnapersónu Sansjó Pansa í yfirlýsingum sínum og athöfnum. Ferðin var farin gegn þeirri miklu eyðslu sem sögð var vera í skólakerfinu. Forsrh. lýsti því yfir á haustdögum að skólakerfið væri of dýrt. Hvorki fékkst hann til að benda á hítina, þrátt fyrir að gengið væri eftir svörum, né til að skilgreina hvað væri of dýrt eða hvers vegna, enda menntmrh. í hinum mesta vanda með niðurskurðinn.

Munurinn á riddaranum sem barðist við vindmyllur og ráðherra menntamála Íslands er bara sá að vopn riddarans spænska dugðu hvorki til eins né neins meðan ráðherra lýðveldisins ræður yfir stjórntækjum sem valdið geta miklum skaða sé þeim beitt til að knýja fram stefnu í þessu tilviki frjálshyggju í anda Adams Smith, Thatcher og Reagan, sem aldrei hefur verið borin undir íslenska kjósendur og skoðanakannanir sýna að nýtur lítils fylgis.

Menntmrh. mundaði pennann. Tilskipanir streymdu frá honum undir haust um lokanir skóla, frestun á fyrirhuguðum breytingum, m.a. í Kennaraháskóla Íslands og Menntaskólanum við Hamrahlíð, og boðað var að koma ætti á skólagjöldum, sem tókst þó ekki að koma á nema að hluta til og þá í skólum á háskólastigi.

Eitt af fyrstu verkum ráðherrans var að setja á laggir nefnd til að endurskoða lög um Lánasjóð ísl. námsmanna undir þeim formerkjum að treysta ætti fjárhagsstöðu sjóðsins til frambúðar og draga úr þeirri byrði sem ríkissjóður hefur af sjóðnum eftir því sem fram kemur í grg. þess frv. sem hér er til umræðu.

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar stjórnarflokkanna, fimm talsins. Á undirbúningsstigi var hvorki leitað samstarfs við stjórnarandstöðuna né námsmenn í þessu mikilvæga hagsmunamáli þjóðarinnar allrar sem auðvitað þarf að ríkja sátt um rétt eins og menntamálin almennt.

Í byrjun október skilaði nefndin af sér og þá fyrst var ljóst að ætlunin var að gjörbreyta Lánasjóði ísl. námsmanna og skipa honum á bekk sem hverjum öðrum fjárfestingarlánasjóði þar sem einstaklingarnir fjárfesta í framtíð sinni og borga fyrir mun hraðar en áður með vöxtum og lántökugjöldum. Þessar tillögur boðuðu algjör tímamót í sögu námslána á Íslandi. Þótt ríkisstjórnin hafi verið knúin til að draga verulega í land vegna harðrar andstöðu stjórnarandstöðunnar, og þó einkum íslenskra námsmanna, hér heima sem erlendis, er frv. eins og það lítur út í upphafi 2. umr. algjörlega óásættanlegt fyrir okkur kvennalistakonur, enda leggjum við til ásamt öðrum stjórnarandstæðingum í menntmn. að málinu verði vísað frá. Fáist frávísunartillagan ekki samþykkt leggjum við fram ítarlegar brtt. til að bjarga Lánasjóði ísl. námsmanna úr þeim tröllahöndum sem nú kreista hann og pína. Ástæðurnar fyrir því að við kvennalistakonur leggjumst gegn þeim breytingum sem stjórnarliðar hyggjast gera á sjóðnum eru eftirfarandi:

1. Við erum ósammála þeirri hugmyndafræði sem býr að baki frv., þeim hugmyndum sem skína þar í gegn um menntun og hvernig staðið skuli að stuðningi samfélagsins við námsmenn.

2. Við erum andvígar þeirri leið sem farin er í frv. þrátt fyrir að nokkuð hafi verið hvikað frá fyrri áformum.

3. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frv. vegna þeirra afleiðinga sem breytt lög munu hafa annars vegar fyrir íslenska námsmenn í nútíð og framtíð og þá ekki síst konur og hins vegar áhrifin sem breytingarnar munu hafa á menntakerfi þjóðarinnar.

Öllum þeim sem spá í framtíðina ber saman um að aukin og bætt menntun sé lykillinn að þróun veraldarinnar í átt til aukins jöfnuðar milli þjóða, betra umhverfis, bættra lífskjara fyrir stóran hluta mannkyns og friðar í heiminum. Við þurfum menntun og hugvit til að bæta þau hrikalegu umhverfisspjöll sem unnin hafa verið á náttúrunni. Við þurfum menntun til að prófa nýja tækni eða til að bæta þá gömlu svo að ríkjandi framleiðsluhættir verði jörðinni vinsamlegri en hingað til. Við þurfum menntun til að hægt verði að útrýma mannskæðum sjúkdómum, draga úr fátækt og misskiptingu í heiminum. Við þurfum menntun til að auka umburðarlyndi og skilning milli manna, menntun til að jafna stöðu kynjanna, menntun til að auðga mannlífið að menningu og visku og til að gera lífið betra. Við Íslendingar þurfum aukna áherslu á menntun og rannsóknir, ekki síst til að skjóta fleiri stoðum undir allt of einhæft atvinnulíf sem nú á í miklum vanda.

Á undanförnum árum hafa miklar umræður átt sér stað víða um heim um menntastefnu, skólakerfi og það hvers konar menntun framtíðin kalli á. Menn hafa uppgötvað að ólæsi fer vaxandi í iðnríkjunum. Bókin hefur vikið fyrir hvers kyns myndmiðlum og það sem kallað er almenn þekking hefur minnkað. Stjórnvöld, t.d. í Bandaríkjunum, hafa brugðist við með því að beina auknu fé til skólakerfisins þrátt fyrir mikinn halla á ríkissjóði. Í Finnlandi er leitast við að hlífa skólakerfinu þrátt fyrir mikla efnahagsörðugleika. Í ríkjum eins og Kanada, Japan og Sviss eru kennurum greidd mjög góð laun vegna þess að stjórnvöldum er ljóst að gott skólakerfi og góð kennsla er leiðin til framfara og blómlegs atvinnulífs.

En ólíkt höfumst við að. Hér á landi hafa stjórnvöld brugðið niðurskurðarhnífnum á loft og sneitt alla vaxtarbrodda af íslensku skólakerfi. Minni kennsla og verri aðbúnaður er það sem blasir við og var þó ekki á bætandi.

Breytingarnar á Lánasjóði ísl. námsmanna eru grein af meiði niðurskurðarins í velferðarkerfinu þótt þær skili sér ekki fyrr en eftir mörg ár í auknum tekjum sjóðsins og minna framlagi ríkissjóðs. Námsmenn og skólar munu hins vegar finna fyrir breytingunum og afleiðingunum strax. Hugsunin sem að baki býr er sú að létta beri af ríkissjóði fyrirsjáanlegum framlögum til lánasjóðsins sem þyrftu að fara vaxandi á næstu árum

vegna fjölgunar námsmanna og þeirra lána og vaxta sem sjóðurinn þarf að standa skil á næstu áratugi. Hugsunin er einnig sú að hér séu á ferð lán til einstaklinga sem líta beri á eins og hver önnur fjárfestingarlán, ekki að um sé að ræða hluta af félagslegu kerfi, ekki fjárfestingu sem kemur þjóðfélaginu öllu til góða og sem beri að taka á með öðrum hætti en almennar lánveitingar banka og lánastofnana. Þetta undirstrikaði hæstv. menntmrh. í orðum sínum er hann talaði um námslán sem hagstæðustu lánin á markaðnum og þarna greinir mjög á milli sjónarmiða stjórnar og stjórnarandstöðu. Þarna stingur markaðshugsunin upp kolli. Hver og einn sem hyggst leggja stund á framhaldsnám á þess kost að taka lán á vöxtum. Námsvalið verður auðvitað að taka mið af því að starf að námi loknu gefi af sér nægar tekjur til að standa undir lánunum, framfærslu einstaklinga og fjölskyldu og öflun eigin húsnæðis eða leigu. Af þessu leiðir að verið er að beina þeim sem þurfa að taka námslán í svokallað arðbært nám, nám sem gefur af sér vel borgaða vinnu. Annað nám verður þá að mæta afgangi í samræmi við framboð og eftirspurn á vinnumarkaði nema námsmenn eigi annarra kosta völ svo sem aðstoð foreldra. Um námsstyrki verður ekki að ræða að sinni.

Enn ein leið sem námsmenn geta farið í viðbrögðum sínum við breytingunum á lánasjóðnum er sú sem tíðkaðist fyrir 1970, áður en barátta námsmanna fyrir bættu lánakerfi hófst fyrir alvöru. Hún fólst í því ýmist að vinna með námi sem varð til þess að lengja námstímann verulega eða þá að ná sér í fyrirvinnu. Hver vill hverfa aftur til þeirra tíma og á hverjum skyldu þessar breytingar bitna? Fyrst og fremst þeim sem lægst hafa launin og það eru sem kunnugt er konur í miklum meiri hluta. Og hvað þýðir þetta fyrir framtíðina? Eigum við eftir að horfa upp á enn meiri skort á starfsfólki í heilbrigðisgreinum nema kannski læknisfræði? Á að þurrka kennarastéttina út? Hvað um listnám? Fleiri greinar mætti nefna. Hverjar verða afleiðingarnar? Ég mun fjalla betur um það síðar í ræðu minni.

Ég held að menn geri sér ekki almennt ljóst hvað Lánasjóður ísl. námsmanna hefur gefið mörgum, sem hefðu ekki átt þess kost, tækifæri til að mennta sig og hve gífurlega þýðingu hann hefur haft á menntunarstig þjóðarinnar og alla okkar menningu. Í krafti sjóðsins hefur ungt fólk sótt sér menntun til nánast allra heimsálfa og borið heim með sér nýja menningarstrauma og þekkingu sem því miður hefur verið illa nýtt og illa metin af samfélaginu en það er annað mál. Ég vil vera svo stórorð að halda því fram að Lánasjóður ísl. námsmanna sé eitthvert merkilegasta jöfnunartæki íslenska velferðarkerfisins og að hann hafi hreinlega þýtt byltingu og þá sérstaklega fyrir íslenskar konur.

Eftir 1970 fór konum fyrst að fjölga fyrir alvöru í háskólanámi hér á landi og erlendis. Sú sókn hefur haldið áfram fram á þennan dag, samfélaginu til góðs. Þökk sé vitundarvakningu íslenskra kvenna og Lánasjóði ísl. námsmanna sem einn opinberra stofnana, þar sem framfærsla fólks er til meðferðar, hefur viðurkennt að það kostar peninga að eiga börn og að ala upp börn. Sjóðurinn hefur gefið börnum þeirrar kynslóðar sem m.a. vegna fátæktar naut takmarkaðrar menntunar en dreymdi um menntun, tækifæri sem aldrei verður ofmetið. Það er því ekki að ástæðulausu að við kvennalistakonur, sem sumar hverjar eru komnar vel á veg með að borga okkar námslán og höfum notið góðs af þessu kerfi, rísum upp til varnar. Við viljum að öðrum gefist kostur á menntun. Við viljum að straumar alþjóðlegrar menningar og mennta haldi áfram að leika um Ísland eins og þeir hafa gert frá því á dögum Ísleifs Gissurarsonar biskups í Skálholti á 11. öld. Við viljum sjá sókn í menntamálum í stað þeirra hraksmánarlegu varnarstöðu sem verið er að hrekja allt skólakerfið í.

Herra forseti. Það er mjög í tísku um þessar mundir að fagna auknu frelsi, samkeppni og hampa ótvíræðum kostum markaðshagkerfisins í kjölfar þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í Evrópu og þess hugmyndalega uppgjörs sem fylgt hefur. Allt er þetta sagt gott í sjálfu sér. En frelsi til hvers? Samkeppni til hvers? Hvað á að leiða af hinu frjálsa markaðskerfi? Hvert liggur leiðin? Því er ekki svarað.

Á 19. öldinni réði frjálst markaðskerfi ríkjum í Englandi. Þar fékk hver að uppskera svo sem til var sáð. Þeir fengu menntun sem efni höfðu á henni eða unnu til styrkja. Þeir bjuggu við góð lífskjör sem voru svo heppnir að fæðast með silfurskeið í munni eða komu sér áfram á einhvern hátt. Allur almenningur bjó við hörmuleg lífskjör, fátækt og menntunarskort. Þar kom að stjórnvöldum varð ljóst að þjóðfélagið var að þróast í átt til algerrar villimennsku þar sem frumskógalögmálin réðu ríkjum í yfirfullum borgum. Arfur kynslóðanna barst ekki frá foreldrum til barna. Stórum hluta uppvaxandi kynslóðar var þrælað út langt fyrir aldur fram meðan hinir eldri voru atvinnulausir. Þar kom að gripið var í taumana með því fyrst og fremst að koma börnum í skóla og koma lögum yfir vinnumarkaðinn. Skuggahliðar hins frjálsa markaðskerfis kölluðu á mikla mannréttindabaráttu, einkum verkafólks og kvenna, sem loks fæddi af sér það velferðarkerfi sem við nú búum við en margir vilja greinilega feigt. Það er ljóst að þeir eru allmargir sem horfa mjög til hugmynda frjálshyggjunnar eins og þær voru fram settar undir lok 18. aldar og þróuðust á 19. öld þegar aðstæður voru allt aðrar en nú og skuggahliðarnar virðast löngu gleymdar. Þær hugmyndir sem liggja að baki þeim breytingum sem verið er að gera á Lánasjóði ísl. námsmanna eru ættaðar frá frjálshyggjunni hvort sem höfundinum er það ljóst eður ei. Það á að gera þennan merka jöfnunarsjóð að hluta markaðskerfisins. Vextir á lánunum eiga að draga úr eftirspurn og þótt þeir séu lágir nú eða verði lágir, þ.e. ef lögin verða samþykkt, er opnað fyrir þann möguleika að hækka þá síðar til að draga enn frekar úr eftirspurninni. Vaxtamúrinn, sem námsmenn hafa varið árum saman, verður rofinn og nýtt stýritæki tekur völdin. Komi fram veruleg eftirspurn á vinnumarkaðnum eftir menntun af einhverju tagi með glæsilegum launatilboðum ýtir það væntanlega undir lántöku og hvernig bregðast mark-

aðsöflin við því? Með hærri vöxtum eða hvað?

Ungt fólk sem ætlar í nám hlýtur að hugsa sig um tvisvar og þrisvar áður en nám er valið og lán tekið. Ungt fólk með börn á framfæri hlýtur að útiloka þann möguleika að hefja nám nema það sjái fram á því betur borgað starf. Launabarátta háskólamanna og annarra sem taka lán til náms hlýtur að taka mið af vaxandi námsskuldum og þyngri greiðslubyrði svo og því hvernig í ósköpunum fólk eigi að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Það er auðvitað margt sem getur haft áhrif á þróun menntakerfisins á næstu árum en sú stefna sem mörkuð er með þessu frv. dregur úr jafnrétti til náms þótt öðru sé haldið fram af flm. Það getur ekki leitt til annars en að það dragi úr jafnrétti til náms. Þessi stefna mun gera konum mun erfiðara fyrir en áður að afla sér menntunar og hún getur átt eftir að valda ófyrirséðri röskun á íslenskum vinnumarkaði.

En þar með er ekki sagt, herra forseti, að engra breytinga sé þörf. Sjóður sem veltir jafnmiklum fjármunum og Lánasjóður ísl. námsmanna gerir þarf að sjálfsögðu alltaf að vera til skoðunar. Það þarf reglulega að skilgreina markmið hans upp á nýtt og kanna hvort sjóðurinn gegnir hlutverki sínu. Það á að spyrja: Hvernig nýtast peningarnar? Er ástæða til að ýta á einhvern hátt undir fjölgun nemenda í ákveðnum námsgreinum, t.d. fiskifræði og veðurfræði svo dæmi séu tekin, og reyna jafnvel að draga úr aðsókn að öðrum? Á ekki þjóðfélagið að skilgreina þörf sína fyrir menntun? Þar með er ég ekki að leggja til boð eða bönn hvað varðar námsval.

Aðrar leiðir eru til, svo sem námsstyrkir. Það þarf að skoða úthlutunarreglurnar að nýju og taka tillögur námsmanna um þær til rækilegrar skoðunar. Það er vissulega rétt að Lánasjóður ísl. námsmanna á við vissan vanda að stríða eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1991. Þar kemur fram að vaxtamunurinn, sem sjóðurinn stendur frammi fyrir og þar er reiknað með að hann sé um 6%, muni leiða til þess að um 40 milljarðar verði bundnir í þessu kerfi innan 10 ára og 60 milljarðar innan 20 ára. Auðvitað eru það miklir peningar en það eru til aðrar leiðir til að leysa þennan vanda.

Sá vandi sem lánasjóðurinn stendur frammi fyrir felst m.a. í því að stjórnvöld hafa tekið þá ákvörðun að beina nánast öllu ungu fólki í langskólanám með ofuráherslu sinni á bóklegt nám en af þeirri stefnu hefur leitt að námsmönnum hefur fjölgað verulega í háskólanámi þótt fleira komi þar einnig til. Með tilkomu nýrra framhaldsskóla og þar með fjölgun nemenda hefði auðvitað átt að vera ljóst að lánþegum sjóðsins hlyti að fjölga um leið og þar með að sjóðurinn kallaði á meira fé. En það er eins og það komi stjórnvöldum alltaf jafnmikið á óvart þegar ákvarðanir þeirra á einum stað hafa einhverjar afleiðingar á öðrum. Þó er það fyrst og fremst sú stefna ríkisvaldsins að beina Lánasjóði ísl. námsmanna út á almennan lánamarkað sem veldur því að sjóðurinn stefnir í nokkurn vanda. Ríkissjóður hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar en það leiðir til þess að æ stærri hluti af fé sjóðsins fer í afborganir af lánum og vöxtum. Sjóðurinn þarf því meira fé á næstu árum. Það er öllum ljóst. Það er hins vegar rangt að um einhvern sérstakan fortíðarvanda sé að ræða eða að lögin hafi gengið sér til húðar vegna mikillar fjölgunar námsmanna eins og fram kom í máli ráðherra sl. mánudag. Þótt allar tillögur meiri hlutans verði samþyktar verður sjóðurinn ekki kominn í plús fyrr en eftir marga áratugi. En það á auðvitað ekki að vera hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna að græða á námsmönnum. Vandinn liggur í framtíðinni og með þeim tillögum sem hér liggja fyrir verður námsmönnum framtíðarinnar gert að leysa hann. Við viljum hins vegar að ríkisvaldið leysi þennan vanda, m.a. með yfirtöku hluta skuldanna.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. menntmrh. að skýla sér á bak við tregðu fjárveitingavaldsins, þ.e. Alþingis. Það eru ríkisstjórnir fyrir ára og sú sem nú situr sem bera alla ábyrgð á því hvernig komið er. Því miður sitja og standa þingmenn núv. meiri hluta á Alþingi eins og þeim er sagt, það hefur svo sem gerst áður, og þeir samþykkja fjárveitingar sem allir vita að engan veginn duga til lögbundinna verkefna. Þingmönnum ber að standa vörð um löggjafarhlutverkið, vanda sig í lagasetningum og sjá til þess að lögum sé framfylgt. Þess í stað er það látið viðgangast að hver sjóðurinn á fætur öðrum sé eyðilagður með því að beina þeim út á almennan lánamarkað og nægir þar að benda á húsnæðissjóðina. Allt snýst þetta mál um það hvernig við verjum sameiginlegum sjóðum okkar. Við kvennalistakonur viljum verja þeim fyrst og fremst til bættrar menntunar og betri heilsugæslu. Við kvennalistakonur höfum margoft bent á leiðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í umræðum á Alþingi og ekki hef ég á móti því þótt hluti þeirra peninga rynni til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Því vísa ég röksemdum hæstv. menntmrh. á bug varðandi framtíð Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað í ítarlegu máli um þær hugmyndir sem búa að baki frv. og nokkuð um þær afleiðingar sem ég tel að frv. muni hafa verði það að lögum. Ég ætla nú að snúa mér að einstökum þáttum frv. og þeim brtt. sem meiri hluti menntmn. hefur lagt fram en þær lýsa að sjálfsögðu einnig þeim hugmyndaheimi sem hér er á ferð.

Frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar og verður ekki annað sagt en að viðbrögðin sýni hve annt fólki er um sjóðinn. Í álitinu kom fram mikil gagnrýni á stefnu frv. svo og mjög gagnlegar ábendingar sem leiddu ásamt öðru til þess að verulegar breytingar eru lagðar til á frv. frá því sem var í upphafi þótt þær breytingar dugi hvergi nærri til til þess að við kvennalistakonur treystum okkur til þess að styðja frv.

Í 1. gr. frv. er gerð sú breyting að lán ber að veita námsmönnum án tillits til efnahags. Þar með telur meiri hlutinn sig vera að tryggja jafnrétti til náms. Það má segja að jafnrétti til að taka lán sé tryggt en hinn ójafni eftirleikur, eftir því hvaða nám er valið, mun leiða í ljós það sem ég hef áður sagt að það er verið að hverfa frá jafnrétti til náms og stefna til einhæfara námsvals.

Þá kom fram veruleg gagnrýni í þeim umsögnum sem nefndinni bárust á það atriði að miða ætti lánin við 20 ára aldur þegar um er að ræða lán til sérnáms. Það hefði komið afar illa niður á ákveðnum hópum námsmanna t.d. iðnnemum. Horfið var frá þessu og ber að fagna því.

Þá er lagt til að við útreikning lána verði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna, eins og gert er í núgildandi lögum, og ég fagna því einnig að þessi breyting skyldi fást í gegn. Hins vegar hróflar meiri hluti menntmn. ekkert við skipan stjórnar lánasjóðsins né því mikla valdi sem stjórninni er falið en ég tel að réttara hefði verið að kveða skýrar á í lögunum um hlutverk stjórnarinnar í málefnum sjóðsins í stað þess að vísa til reglugerða og gefa stjórninni jafnmikið úrskurðarvald og raun ber vitni. Þessi atriði skipta að sjálfsögðu miklu máli en þau meginatriði frv. sem ég vil sérstaklega gagnrýna eru eftirfarandi sjö atriði:

Í fyrsta lagi eru það vextirnir. Eins og frv. lítur nú út með þeim brtt., sem lagðar hafa verið fram, er ætlunin að koma á vöxtum allt að 3%. Ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið að miða við 1% vexti. En með þessu ákvæði er búið að breyta ákveðnu grundvallaratriði í lánastarfsemi sjóðsins og við hljótum að spyrja, hversu lengi stendur þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar? Það er búið að opna fyrir þann möguleika að hækka vextina upp í allt að 3% og spurningin er: Hvenær kemur fram lagabreyting þess efnis að vextirnir verði í samræmi við vexti á almennum lánamarkaði? Það er alveg augljóst að þetta atriði skilar sjóðnum langsamlega mestu til baka jafnframt því að draga úr umsóknum um lán í sjóðnum og það er auðvitað megintilgangurinn að draga úr ásókn í námslán.

Annað atriði sem ég vil gera að umtalsefni er það sem kallað hefur verið eftirágreiðslur, þ.e. að námsmenn fá ekki greidd lán fyrr en þeir eru búnir að skila vottorðum um námsárangur og þetta gildir um alla námsmenn á öllum námstímanum en nær nú aðeins til fyrsta árs nema. Þetta þýðir að allur þorri námsmanna verður að framfleyta sér í það minnsta fram yfir áramót, sumir allan veturinn, á sumarhýrunni eða bankalánum nema um aðstoð frá foreldrum sé að ræða. Margir nemendur, einkum þeir, sem stunda nám í Bandaríkjunum og Bretlandi, þurfa að standa skil á skólagjöldum og í mörgum tilfellum mjög háum skólagjöldum og það er vandséð hvernig fólk á að gera það með þessum reglum. Við höfum mótmælt þessu atriði harðlega og teljum að með þessu sé verið að gera námsmönnum afar erfitt fyrir. Rök meiri hlutans eru þau að sjóðurinn hafi veitt allt að 50 millj. kr. í svokölluð ofgreidd lán. Er réttlætanlegt að refsa öllum námsmönnum vegna þess að einhver tiltekinn hópur hættir í námi eða skilar ekki þeim árangri sem til er ætlast? Það er ekki verið að mótmæla því að það séu gerðar strangar kröfur til námsmanna um námsárangur en eins og þetta er nú í frv. þá er það mjög órétt-látt og mun verða til þess að gera fjölda námsmanna mjög erfitt fyrir.

Þriðja atriðið er það að nú er byrjað að borga af námslánunum tveimur árum eftir að námi lýkur en áður voru það þrjú ár. Þetta veldur því að fólk sem er að koma heim úr námi eða lýkur námi sínu hér á landi hefur aðeins tveggja ára svigrúm til að afla sér húsnæðis en svo sem kunnugt er þá lenda flestir í því að verða að koma sér upp húsnæði á einhvern hátt. Samkvæmt því áliti sem kom frá Húsnæðisstofnun ríkisins telja þeir að þetta frv. feli í sér 10–30% skerðingu á möguleikum námsmanna til þess að afla sér eigin húsnæðis. Þetta muni verða til þess að auka ásókn eftir félagslegu húsnæði, auka ásókn í íbúðir Búseta og kaupleiguíbúðir.

Í fjórða lagi vil ég nefna lántökugjöldin sem enn undirstrika markaðshugsunina sem felst í þessu frv. en þeim er auðvitað ætlað að standa undir kostnaði við lánin en verða jafnframt til þess að rýra þau lán sem námsmenn fá í hendur.

Í fimmta lagi vil ég nefna þyngri greiðslubyrði. Í frv. felst að byrjað er að borga tveimur árum eftir að námi lýkur, eins og ég gat um áðan, og þá er farið að borga lán á vöxtum og horfið var til þess forms sem áður gilti að annars vegar væri um að ræða fasta afborgun, hins vegar tekjutengda afborgun. Fasta afborgunin er samkvæmt núverandi vísitölu 48 þús. kr. en síðari afborgunin miðast við 5% af útsvarsstofni fyrstu fimm árin og 7% eftir það. Og það má ljóst vera að þetta veldur mun þyngri greiðslubyrði en er í núverandi kerfi og hefur þó ýmsum reynst erfitt að standa undir þeim greiðslum.

Spurning, sem skilin er eftir í frv. án þess að henni sé svarað, er sú hvað gerist eftir að lánþegar verða 67 ára. Það er alveg ljóst samkvæmt þeim útreikningum sem liggja fyrir að nokkur hluti lánþega mun verða í þeirri stöðu við 67 ára aldur að eiga eftir að borga nokkurn hluta námslánanna. Það er lagt í hendur stjórnarinnar að leysa þetta mál en við í minni hluta menntmn. leggjum til að lánin verði einfaldlega felld niður við 67 ára aldur.

Það má geta þess að í frv. er gert ráð fyrir því að fólk, sem lendir í báðum lánakerfunum, þ.e. núgildandi kerfi og því sem fram undan er, byrji á því að greiða nýju lánin og taki síðan til við að borga upp þau gömlu og það er ekki ljóst hvað þetta þýðir fyrir lánþega. Fólk verður fram eftir öllum aldri að greiða þessi lán en þetta gæti líka þýtt að afföllin í núverandi kerfi muni aukast, að fólk komist einfaldlega aldrei í það að borga gömlu lánin. En þetta er atriði sem þyrfti að skoða betur.

Í sjöunda og síðasta lagi er vísað til þess í greinargerð að í frv. eins og það lítur út núna er ekki gert ráð fyrir neins konar námsstyrkjum en það er sendur óútfylltur tékki til Vísindasjóðs sem á harla lítið fé og samkvæmt umsögn hans er algerlega óvíst hvort Vísindasjóði takist á nokkurn hátt að styrkja námsmenn. Ég tel það afleit vinnubrögð að lofa því út í loftið að Vísindasjóður verði efldur en þrátt fyrir það sem ég vitnaði til hér í upphafi um vilja ríkisstjórnarinnar til að efla vísindarannsóknir, þá bera fjárlögin þess merki að sá vilji er harla lítill.

Þetta eru þau meginatriði í þessu frv. sem valda því að við kvennalistakonur getum ekki stutt það en þar

vega auðvitað langsamlega þyngst ákvæðin um vexti á námslán, eftirágreiðslurnar og þyngri greiðslubyrði því að við hljótum að horfa til framtíðar þegar við erum að meta það hvernig aðstoð samfélagsins til námsmanna eigi að vera.

Sl. mánudag gerði talsmaður minni hluta menntmn., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, grein fyrir þeim brtt. sem minni hlutinn leggur til. Ég ætla ekki að sinni að víkja frekar að þeim, ég mun gera það síðar í umræðunni ef þörf krefur, en mig langar að lokum að víkja nokkuð að því sem fram kom í máli menntmrh. sl. mánudag. Hann gat þess að lögin væru gengin sér til húðar sem kæmi best fram í því hver staða sjóðsins væri en ég vil meina að orsökin fyrir stöðu sjóðsins sé eins og ég gat um áðan fyrst og fremst sú að ríkið hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar. Það hlýtur að vera krafa okkar þegar lög eru samþykkt að ríkið standi við sínar skuldbindingar. Ekkert er mikilvægara en það.

Menntmrh. gat þess líka að ef frv. yrði fellt yrði að skerða námslánin þegar í stað. Sú yfirlýsing hans sýnir hvað best hvaða áhrif þessi lög ef samþykkt verða munu hafa á Lánasjóð ísl. námsmanna þegar á þessu ári. Þar er ekki aðeins um það að ræða að það muni draga verulega úr umsóknum um lán, heldur gerist það einnig vegna eftirágreiðslnanna að 800–1000 millj. verður velt yfir á næsta ár. Menntmrh. sagði að minni hluta menntmn. yrði auðvitað að svara því hvernig ætti að fjármagna sjóðinn fyrst við gætum ekki stutt frv. með þessum hætti og ég vísa til þess sem ég sagði hér áðan. Það er ekki bara um það að ræða að skera niður fé í ríkiskerfinu. Það er líka hægt að afla fjár og við höfum margoft bent á leiðir til þess að afla fjár. Ég vil þar nefna hærra skattþrep, skatta á fjármagnstekjur, bætta innheimtu, að taka á svarta markaðnum og fleira mætti þar telja.

Menntmrh. nefndi atriðið varðandi Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Það er rétt sem fram kom í máli hans að þegar það atriði var sett inn í lögin á sínum tíma þá tengdist það húsnæðiskerfinu sem komið var á 1986, en þetta atriði skiptir máli enn þá fyrir þá sem eru fyrirhyggjusamir og hugsa til framtíðar því að inneign í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda veldur því auðvitað að fólk á kost á láni úr þeim sjóði fyrr en ella.

Menntmrh. minntist einnig á þá tillögu okkar að við vildum fjölga í stjórninni og taldi slíka tillögu óþarfa. Hann nefndi að fulltrúi Bandalags ísl. sérskólanema gæti tekið upp mál iðnnema. Nú vill svo til að iðnnemar, sem eru býsna stór hluti námsmanna, eru ekki aðilar að Bandalagi ísl. sérskólanema og því ekki óeðlilegt að þessi stóri nemendahópur fái aðild að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Við lögðum til að þar á móti kæmi annar fulltrúi ríkisins og yrði hann sóttur til samstarfsnefndar skólanna á háskólastigi. Hugsunin á bak við það var sú að það gæti verið mjög til gagns að fá sjónarhorn skólakerfisins, þeirra sem stjórna skólunum inn í stjórnina. Það gæti einungis orðið til bóta.

Að lokum, herra forseti, vil ég draga saman það sem ég tel að muni verða afleiðingar þessa frv. verði það að lögum. Afleiðingarnar munu í fyrsta lagi verða þær að námsmönnum í háskólanámi og framhaldsnámi mun fækka og eins og ég hef getið þá er það tilgangur þessa frv. að hluta til. Það er fróðlegt að velta fyrir sér þeirri spurningu hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á barneignir námsmanna. Íslenskir námsmenn hafa haft þá sérstöðu að eignast börn á sínum námstíma. Þetta er ekki mjög ólíkt því sem gerist í öðrum löndum og ég kannast ekki við annað en þessu hafi verið tekið býsna vel hér á landi og menn hafi frekar viljað ýta undir fjölgun þjóðarinnar en hitt en það verður fróðlegt að sjá hvað gerist í þeim efnum.

Það er verið að gera þeim, sem stunda nám í námsgreinum þar sem menn vita að laun eru ekki allt of há, þar má nefna t.d. kennaramenntun, hjúkrunarfræði og fleiri slíkar greinar, greinar þar sem konur eru í meiri hluta, mjög erfitt fyrir. Fólk hlýtur að hugsa sig um tvisvar og þrisvar áður en það fer út í slíkt nám vegna þess að það er afar erfitt að sjá hvernig fólk á að geta staðið undir þessum lánum og jafnvel að sjá fram á að vera fram á elliár að greiða upp lánin. Ég tel að þetta frv. dragi úr jafnrétti til náms. Það gerir konum erfiðara fyrir og ég tel líka að hér sé markaðshugsunin að taka völdin í félagslegu kerfi og því er ég andvíg.

Við kvennalistakonur viljum standa vörð um Lánasjóð ísl. námsmanna sem jöfnunartæki. Við viljum tryggja jafnrétti til náms og við viljum tryggja að konum gefist kostur á námi til jafns við karla eins og ríkt hefur hér um nokkurt skeið. Við viljum líka tryggja aukna fjölbreytni í menntun, menntun sem kemur úr öllum áttum. Við viljum fyrst og fremst að ríkið standi við skuldbindingar sínar og treysti fjárhag sjóðsins. Við erum að tala um fjárfestingu í þágu allrar þjóðarinnar. Hún er dýr og hún verður alltaf dýr, en hún er þess virði.

Við höldum hér uppi skólakerfi, vegakerfi, heilbrigðiskerfi með okkar sameiginlegu sjóðum og að okkar dómi á það sama að gilda um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hann er hluti af velferðarkerfinu þótt ýmsu megi breyta í rekstri hans eins og reyndar í öllu ríkiskerfinu til þess að tryggja að það þjóni þeim tilgangi að standa vörð um almannahag.

Herra forseti. Í upphafi máls míns rifjaði ég upp nokkur markmið núv. ríkisstjórnar um það að rjúfa kyrrstöðu í atvinnulífinu og að tryggja möguleika allra til menntunar. Með því frv. sem hér er til umræðu gengur ríkisstjórnin þvert gegn markmiðum sínum. Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á Lánasjóði ísl. námsmanna munu draga úr nýsköpun í atvinnulífi og auka misrétti í menntun. Ríkisstjórn, sem svo er komið fyrir rétt í þann mund sem hún á eins árs afmæli að vinna á flestum sviðum gegn yfirlýstu markmiði sínu, á að segja af sér.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér höfum við til 2. umr. eitthvert stærsta mál þess þings sem nú starfar. Málið er mjög viðkvæmt, ekki síst vegna þess að það snýst um jafnrétti. Það snýst um fólk sem á sér framtíðardrauma og það snýst um framtíð þessarar þjóðar, bæði hvað snert-

ir menningu og efnahag. Hvar ætlum við Íslendingar að skipa okkur sess í samfélagi þjóðanna? Hvar liggja okkar möguleikar í framtíðinni þegar framleiðslustjórnun er komin á í okkar framleiðslugreinum og við teljumst ekki lengur til veiðimannasamfélags í þess orðs fyllstu merkingu. Margir hafa séð okkar möguleika mesta í manneskjunni sjálfri, menntun hennar og þekkingu.

Með samþykkt þessa frv., sem hér er til umræðu, frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna ásamt brtt. frá meiri hluta menntmn., er vegið að möguleikum fólks til að afla sér menntunar án tillits til efnahags. Það þótti ekki vogandi af meiri hluta menntmn. að setja inn í 1. gr. frv. ákvæði um jafnrétti til náms sem markmið laganna. Það skyldi kallast tækifæri til náms. Þetta segir okkur það að hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl. sem mynda þennan meiri hluta vita ákaflega vel hvað samþykkt þessa frv. hefur í för með sér fyrir námsmenn í þessu landi, en einhvers staðar að ofan koma tilskipanir sem ber að hlýða.

Það fór ekkert á milli mála í ræðu hæstv. menntmrh. sl. mánudag hver hans skoðun er á þessum málum. Hann telur að með þessu frv. sé verið að tryggja jafnrétti til náms eða svo talaði hann a.m.k. hvað sem hans innri hugsun segir. Verði frv. ekki að lögum verður lánasjóðurinn gjaldþrota, að hans sögn, og lán verði skert strax í haust vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sjóðsins.

Nú er það svo að þær breytingar sem verið er að gera á lánasjóðnum með frv. hafa ekki áhrif á fjárhag hans sem neinu nemur fyrr en á næstu öld, nema ef vera skyldi að áhrifin yrðu þau að fólk hætti að fara í langskólanám, ef það á ekki efnaða að. Þar komum við að jafnréttismálunum. A.m.k. er ljóst að möguleikar fólks á að fara í nám við erlenda skóla þar sem skólagjöld eru há verða einskorðaðir við þá ríku.

Í framhaldi af þessu langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um skólagjöldin. Verður lánað fyrir þeim? Ef svo er, mér skilst reyndar að hæstv. menntmrh. hafi lofað að svo verði, verður þá sú lánveiting líka greidd út eftir á, þ.e. eftir að námsmaður hefur sýnt fram á árangur?

Maður sér fyrir sér námsmann í skóla erlendis sem sýnir ekki árangur fyrr en að vori en þarf að greiða há skólagjöld strax að hausti. Hann á ekki létt með það verði engin lán afgreidd fyrr en eftir á. Við þessu verða að fást svör.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að endurtaka núna efnislega umræðu um frv. í heild sem lagt var fram í lok síðasta árs og er ótrúlega róttækt. Þar að auki er það illa unnið og námsmönnum algjörlega vísað út í óvissuna. Sú umræða sem fór fram við 1. umr. og eins fjöldi umsagna sem borist hafa nefndinni hafa ekki alveg verið til ónýtis því vissulega eru þær brtt. sem lagðar eru fram af þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna í menntmn. á þskj. 775 til bóta. Þær ganga hins vegar ekki nægilega langt. Sérstaklega ber að nefna eftirágreiðslur lánanna sem kveðið er á um í 6. gr., strangar endurgreiðslukröfur sem kveðið er á um í 8. gr. og vaxtatöku lánanna sem kveðið er á um í 7. gr.

Fleiri brtt. en snerta þessi þrjú atriði eru gerðar við frv. af hálfu minni hlutans og mun ég e.t.v. gera örlitla grein fyrir þeim síðar.

Samkvæmt tilkynningu frá ríkisstjórninni eiga vextir að verða 1% á lánum, a.m.k. fyrst um sinn. Þetta lét hæstv. ríkisstjórn út ganga sem ákvörðun þrátt fyrir að hv. Alþingi hafði alls ekki heimilað vexti á námslán. Í brtt. meiri hluta menntmn. er gerð tillaga um að vextirnir verði breytilegir en þó aldrei hærri en 3%. Slík vinnubrögð eru ekki til þess að bæta starfið á milli löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Enn þá er það Alþingi sem setur lög en ekki ríkisstjórn og ætti ekki að þurfa að ræða það frekar hér.

Víst er mikill munur á 1% vöxtum og 3% vöxtum þannig að brtt. meiri hlutans um að vextir verði aldrei hærri en 3%, er til bóta. Hins vegar vil ég leyfa mér að stinga upp á því við meiri hlutann að ekki seinna en við 3. umr. taki hann ákvæðið um 3% vexti algjörlega út úr textanum og segi „aldrei hærri en 1%". Heimildin upp á 3% er mjög til að óprýða þennan lagatexta og ég skil það svo að ríkisstjórnin ætli sér ekki að hafa vaxtatökuna svona háa. Þetta ákvæði virkar því eins og til þess að hræða námsmenn frá námi og spara fyrir sjóðinn, eða er svo? Spyrja þeir sem ekki vita.

Ég er þeirrar skoðunar að fyrst sú ríkisstjórn sem nú situr ætlar sér ekki að hafa vextina hærri en 1% séu ekki miklar líkur á að við eigum eftir að fá ríkisstjórn sem vilji ganga lengra í þeim efnum.

Þá má geta þess að vextirnir fara ekki að hafa áhrif á stöðu lánasjóðsins fyrr en árið 2007 séu þeir 1% og meira að segja nokkrum árum síðar séu þeir 2–3%. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því, en þannig lítur þetta út á einni af þeim fjölmörgu töflum sem liggja fyrir í möppum nefndarmanna í hv. menntmn.

Ákvæðið um eftirágreiðslur lána sem kveðið er á um í 6. gr. er algjörlega óásættanlegt að mati okkar framsóknarmanna. Slíkar fyrirætlanir eru svo ósanngjarnar að ég vil enn trúa því að hv. meiri hluti menntmn. vilji setjast niður með okkur í minni hlutanum og fara yfir það mál. Með samþykkt þess erum við ekki lengur að tala um framfærslulán til námsmanna, svo alvarlegt er málið. Þetta er ákvæðið sem skilur að þá efnameiri og hina efnaminni. Þeir sem eiga sterka að munu eflaust geta fleytt sér fram með aðstoð foreldra sinna þar til lán fæst að lokinni skólaönn sem annað hvort er í lok árs eða að vori. En það sem þarna mun ráða allra mestu er hvort viðkomandi nemandi getur búið í foreldrahúsum eða hvort hann þarf að vera á leigumarkaði sem hlýtur að vera það algengasta þegar um rígfullorðið fólk er að ræða.

Við getum hugsað okkur ósköp venjulega stúlku frá Raufarhöfn, Reyðarfirði, Bolungarvík, Höfn í Hornafirði, Stykkishólmi. Hún stundar nám í Háskóla Íslands og leigir íbúð ásamt annarri stúlku úr sama byggðarlagi. Hún treystir ekki á að bíða til haustsins með að taka íbúð á leigu þar sem henni býðst ein slík vorið sem hún tekur stútentspróf. Þær stöllur fastsetja hana og borga 40.000 á mánuði en fá ekki vinnu í Reykjavík um sumarið heldur í frystihúsinu heima. Þær

ná að safna sér svolitlum peningum um sumarið þar sem þær geta búið í foreldrahúsum en borga náttúrlega leiguna fyrir sunnan. Þær þurfa þó að taka bankalán þegar kemur fram í nóvember. Þær standast báðar prófið í desember og fá því lán í janúar, sem þær greiða bankalánið með og eiga peninga sér til framfærslu fyrst um sinn en þurfa aftur að fara í bankann og biðja um lán á útmánuðum. Þær standast prófin í maí og fá lán í júní, sem fer að verulegu leyti í að greiða lánið frá vetrinum. Um sumarið halda þær íbúðinni og fara út á land að vinna. En nú er litla vinnu að fá og sumarkaupið rétt til að skrimta af. Strax um haustið þurfa þær því í bankann og fá lán sem þær borga með námsláninu og taka nýtt lán sem þær borga með námsláninu o.s.frv. Þær eru því að borga 5–10% vexti öll námsárin.

Þær fullyrðingar sem fram koma í brtt. meiri hlutans við 7. gr. þess efnis að vextir reiknist frá námslokum eru því ekki réttar. Námsmaðurinn er að greiða vexti allan námstímann auk lántökugjalds sem er 1,2%.

Dæmið sem ég tók af stúlkunum tveimur er dæmi um tiltölulega þægilegar aðstæður námsmanna. Dæmið yrði að sjálfsögðu ólíkt erfiðara ef þarna væri um að ræða námsmann sem væri með maka og ung börn. Ég tala nú ekki um einstætt foreldri með börn.

Hæstv. forseti. Eftirágreiðsla lána er fyrirkomulag sem verður að koma í veg fyrir að tekið verði upp hér á landi. Það er bara út í hött. Ekki síst vegna þess að það breytir engu fyrir sjóðinn þegar til lengri tíma er litið. Það breytir aðallega því að ríkissjóður getur sýnt betri afkomu á þessu ári upp á yfir 1 milljarð kr. með því að fresta öllum útborgunum úr sjóðnum fram yfir áramót.

Hæstv. menntmrh. gerði mikið úr því sl. mánudag að það skipti tugum milljóna ár hvert sem greitt væri út í formi lána til námsmanna sem næðu svo ekki prófum. Auðvitað væri æskilegast að allir nemendur næðu prófum. Þar er ég alveg sammála hæstv. ráðherra, en þetta er ekki tapað fé. Flestir sem falla á prófum halda áfram námi. Þeir fá ekki viðbótarlán fyrr en þeir hafa sýnt fram á árangur og má því segja að þetta breyti afar litlu fyrir sjóðinn.

Ég skal ekki fullyrða að ekki séu einhverjir námsmenn sem reyna að misnota aðstæður sem þessar og auðvitað þarf að reyna að bregðast við því. En það má ekki láta það bitna á öllum fjöldanum. Lánin verða áfram að geta kallast framfærslulán.

Ég vil velta því upp hér sem hugmynd hvort það kæmi til greina að lán þeirra nemenda sem ekki standast próf verði strax sett á skuldabréf og hafi viðkomandi nemandi ekki sýnt fram á árangur eftir næsta próf komi skuldabréfið til greiðslu. Þetta er eflaust harður kostur líka en einhverja leið verður að finna aðra en þá sem liggur fyrir af hálfu meiri hlutans og ríkisstjórnar.

Í tilefni af þessum eftirágreiðslum langar mig, hæstv. forseti, að vitna í bréf sem borist hefur nefndarmönnum í hv. menntmn. frá félagi laganema. Þar sem mikilvægar upplýsingar koma hér fram ætla ég að lesa það, með leyfi forseta, en það hljóðar svo:

„Virðulegi þingmaður. Mikilsmetinn maður í bandarísku efnahagslífi og mikill Íslandsvinur sagði eitt sinn á fundi með nokkrum íslenskum athafnamönnum að helsta auðlegð Íslands og framtíðarvon væri ekki fólgin í fiskimiðum eða rafmagni, heldur í vel menntuðu ungu fólki. Með sambærilega hugsun í farteskinu hefur Lánasjóður ísl. námsmanna starfað og greitt leið margra góðra manna til menntunar sem annars hefðu ekki átt á því kost. Nú ber það við í skammtímaniðursveiflu í íslensku efnahagslífi að horft er með eftirsjá til þess fjár sem fest hefur verið í menntun ungs fólks. Mótað hefur verið nýtt frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna og þrátt fyrir að þingmenn hafi að einhverju leyti tekið tillit til athugasemda námsmannahreyfinganna er enn í frv. ákvæði sem stjórn Orators, félags laganema, sér sig knúna til að mótmæla harðlega.

Stjórn Orators hefur fengið af því fregnir að þingmeirihluti sé fyrir áðurnefndu frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna, eins og það lítur út í dag.

Í 6. grein þess er ákvæði sem segir að námslán skuli aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Ljóst er af greinargerð með frv. að ákvæðið ber að skilja þannig að stúdent fær ekki námslán fyrr en hann hefur tekið tilskilin próf og skilað fullnægjandi árangri. Stúdentar þurfa þá að taka lán hjá bankakerfinu til að framfleyta sér fram að prófum í stað þess að fá mánaðarlegar greiðslur úr lánasjóðnum eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir.

Stjórn Orators telur þetta ákvæði útiloka fjölmarga nemendur frá námi þar sem af hinu lága láni þyrfti að greiða háa bankavexti, greiðslur yrðu ótryggari og auk þess geti ekki allir útvegað sér ábyrgðarmenn vegna slíkra lána, eins og bankar áskilja eðlilega í viðskiptum sínum.

En megintilefni þessa bréfs er að benda yður á að ákvæði þetta mun, verði það samþykkt af þingmönnum, koma sérlega harkalega niður á laganemum. Ástæða þess er sú að ákvæðið gerir í raun ráð fyrir því að stúdent fái ekki lán sitt greitt út fyrr en hann hefur skilað fullnægjandi árangri eftir missirið, þ.e. að stúdentinn fái fyrsta námslán vetrarins um áramót. Laganemar taka hins vegar ekki próf í desember eins og aðrir háskólanemar, heldur eru námskeiðin að jafnaði heilsársnámskeið og próf ekki tekin fyrr en í maí og því mundu laganemar ekki fá lán sín greidd út fyrr en á miðju sumri. Laganemar þyrftu því að framfleyta sér á dýrum bankalánum allan veturinn. Verði slíkt ákvæði samþykkt án þess að undanþágur verði veittar mun það óhjákvæmilega hrekja laganema, jafnt nýnema sem lengra komna, frá námi og gera þeim sem eftir verða mjög erfitt fyrir. Rökin með því að eftirágreiða námslán telur stjórnin vera afar léttvæg miðað við þær afleiðingar sem regla af þessu tagi mundi hafa í för með sér fyrir afkomu stúdenta og þá sérstaklega laganema eins og bent hefur verið á.

Stjórn Orators vill því beina þeim tilmælum til yðar að þér sjáið til þess að ákvæði þetta verði fellt úr frv. áður en það verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

Fyrir hönd stjórnar Orators, Hjörtur Bragi Sverrisson."

Hæstv. forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram því þetta segir nákvæmlega það sem okkur framsóknarmönnum er í huga í sambandi við eftirágreiðslurnar.

Eitt af því sem fellt er út úr lögum við samþykkt frv. eru námsstyrkir eða ferðastyrkir. Um námsstyrki og aðstoð við námsmenn í löngu námi er hins vegar vísað með óljósum orðum greinargerðar á Vísindasjóð. Í umsögn Háskóla Íslands um frv. kemur m.a. fram að verkaskipting milli Vísindasjóðs og lánasjóðsins hafi alloft komið til umræðu í stjórnum sjóðanna og víðar á undanförnum tveimur áratugum. Menn hafi þó ævinlega komist að þeirri niðurstöðu að besti kosturinn felist í því fyrirkomulagi sem nú gildir. Ríkissjóður afsali sér þá ekki fyrir fram námsaðstoðinni til þessara aðila sem styrk, heldur ráðist það af heildarskuld námsmannsins að loknu námi og tekjum hans eftir það, hvort hann greiði alla aðstoðina til baka eða ekki. Þá segir enn fremur orðrétt í bréfi, í umsögn Háskóla Íslands um þetta málefni:

„Enn fremur er þess að geta að menn vilja breyta lánum í styrki fyrir fram að eftirspurnin eftir aðstoðinni mundi aukast talsvert og hvatningin minnka til að afla annarra styrkja hér heima og erlendis. Má þó hafa í huga að erlendir styrkir, t.d. frá háskólum, skipta nú mjög miklu í fjárhag íslenskra námsmanna sem stunda framhaldsnám erlendis. Menn eru því hvorki að sinna hagsmunum ríkissjóðs í nútíð né framtíð þegar þeir velta þeirri breytingu fyrir sér. Hitt kann að vera æskilegt frá sjónarmiði allra aðila að Háskóla Íslands verði gert kleift að veita styrki til nemenda í framhaldsnámi e.t.v. gegn því að þeir veittu hóflega aðstoð við kennslu eða rannsóknir svipað og tíðkast t.d. við bandaríska háskóla. En af þessu hlytist því aðeins sparnaður hjá lánsjóði að í reglum hans sé tekið tillit til tekna námsmanna.

Enn er því við að bæta varðandi Vísindasjóð að hann er allsendis vanbúinn að taka við því hlutverki að veita námsstyrki til langskólanáms, bæði að því er varðar fjárhag, þekkingu og aðstöðu. Rök fyrir því að fela honum þetta hlutverk í stað lánasjóðsins eru því afar vandfundin."

En mig langar einnig, hæstv. forseti, að lesa úr umsögn Vísindaráðs um þetta málefni. Ég les ekki alla umsögnina en hluta hennar, hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í frv. til laga um LÍN er gert ráð fyrir að allt nám sé lánshæft, einnig framhaldsnám doktorsnema. Í greinargerðinni er þess þó getið að menntmrh. muni beita sér fyrir endurskoðun laga um Vísindasjóð í þeim tilgangi að hann geti veitt styrki til námsmanna í langskólanámi og til greiðslu skólagjalda. Bent er á að við það ætti þörf stúdenta í framhaldsnámi fyrir námslán að minnka. Ekki verður þó séð að breyting í þessa veru muni draga úr útgjöldum ríkisins, þvert á móti mundu þau væntanlega aukast. Vísindaráð telur mikilvægt að námsmenn í langskólanámi hafi aðgang að námsstyrkjum. Slíkum styrkjum mætti hæglega koma fyrir í nýju stuðningskerfi við námsmenn sem byggði á sambandi styrkja og lána. Mikilvægt er þó að ekki verði sjálfsafgreiðsla á styrkjum til framhaldsnáms. Þá styrki ætti aðeins að veita hæfari námsmönnum að undangengnu faglegu mati.

Á Norðurlöndum hafa góðir námsmenn í framhaldsnámi aðgang að ágætum styrkjasjóðum. Má í því sambandi nefna að Danir hafa nýverið eflt sinn sjóð á þessu sviði verulega til þess að efla samkeppnishæfni dansks hugvits og iðnaðar í harðnandi samkeppni. Í fylgiskjölum með því frv. um LÍN segir að Danir veiti ekki styrki til rannsóknanáms. Rétt þykir að benda á að þetta á aðeins við um þann almenna sjóð er styrkir fyrrihlutanám. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að íslenskir námsmenn í framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð hafa til skamms tíma getað sótt um styrki í námslandinu í faglegri samkeppni við heimamenn en þessir styrkir til Íslendinga hafa verið veittir vegna góðvildar nágrannaþjóðanna í okkar garð þrátt fyrir gamalt samkomulag Norðurlandanna um að hver þjóð skuli styrkja sína námsmenn hvar sem þeir kunni að vera við nám á Norðurlöndum.

Á síðustu missirum hefur borið á því að Íslendingum hefur verið neitað um styrk vegna þjóðernis. Ástæðurnar eru væntanlega aukinn fjöldi stúdenta og minna fé til skiptanna. Þessi þróun gefur enn eitt tilefni til þess að stuðningur við íslenska námsmenn í framhaldsnámi verði tekinn til endurskoðunar hér á landi.

Vísindaráð sér ekki sérstök rök fyrir því að styrkir til doktorsnáms verði felldir undir Vísindasjóð. Við það geti skapast nokkur hætta á að takmarkað fé sjóðsins mundi skerðast en það er einkum ætlað til styrktar vísindarannsóknum.

Vísindaráð úthlutar styrkjum úr Vísindasjóði að undangengnu faglegu mati í vísindalegu gildi verkefna og hæfni umsækjenda til að stunda rannsóknir. Eðli starfsemi Vísindaráðs og LÍN er því ólíkt. Starfsmenn Vísindaráðs eru aðeins tveir. Við núverandi aðstæður er ráðið því engan veginn í stakk búið til að taka að sér þá vinnu sem felst í veitingu styrkja til stúdenta og eftirliti með framvindu námsárangurs."

Ég hirði ekki um að lesa lengra af þessari tilvitnun í Vísindaráð en þarna koma fram mikilvæg atriði sem gera það að verkum að maður verður efins um að verið sé að taka rétta stefnu.

Ég sé að hæstv. menntmrh. er horfinn á brott — hann er ekki langt undan — hann heyrir vel.

Í framhaldi af þessu vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann sé enn þeirrar skoðunar að þetta verkefni eigi að færast yfir á Vísindasjóð. Ég spyr hvort það liggi fyrir frekari útfærsla á því af hálfu ráðherra hvernig styrkveitingum verði háttað í framtíðinni.

Eins er hitt að þó Vísindasjóður taki að sér þær styrkveitingar sem lánasjóðurinn hefur haft liggur það fyrir að ekki verða veittir styrkir úr þeim sjóði vegna ferðakostnaðar. Líklega er þá meiningin að leggja hann alveg af. Með því að fella niður ferðastyrki er enn verið að auka misrétti milli þeirra sem geta búið í foreldrahúsum á meðan á námi stendur, þ.e. fyrst og fremst Reykvíkinga og að litlu leyti Akureyringa, og

hins vegar landsbyggðarmanna. Þetta hefur stundum verið kallað að jafna aðstöðumun. En slíkar „klisjur" eiga líklega ekki upp á pallborðið hjá valdhöfum núna.

Eitt er það sem er mjög gagnrýnivert við frv. og ekki var tekið á af meiri hluta menntmn. í brtt. Það er hvað gera skuli við þær eftirstöðvar sem auðsýnilega verða til staðar hjá ákveðnum starfsstéttum við 67 ára aldur. Það er algerlega á valdi stjórnar lánasjóðsins hvernig þær eftirstöðvar verða meðhöndlaðar. Það á sem sagt að meta hvern 67 ára einstakling og taka ákvörðun á þeim tímapunkti hvort hann hefur efni á og aðstæður til að greiða lánið eða ekki. Væntanlega þarf að skoða tekjur maka o.s.frv.

Samkvæmt þeim töflum sem dreift hefur verið til menntmn. eru það fyrst og fremst hjúkrunarfræðingar og framhaldsskólakennarar sem vegna lágra launa ná ekki að endurgreiða lánin fyrir 67 ára aldur, a.m.k. ekki ef vextir verða hærri en 1%.

Tökum nokkur dæmi. Fyrst af einhleypingi með 432.000 kr. árslán og vextir eru 1%. Heildarlán á lánstíma er 1.728.000 kr. og gert er ráð fyrir að nemandi fari í háskólanám strax að loknu stúdentsprófi, þ.e. við 21 árs aldur. Þá kemur það þannig út að viðskiptafræðingurinn endurgreiðir lánið að fullu 37 ára gamall, verkfræðingurinn 36 ára, hjúkrunarfræðingurinn 52, framhaldsskólakennarinn 47 og sálfræðingurinn 45 ára.

Við skulum taka sams konar dæmi en nú erum við með einstætt foreldri með eitt barn og árslánið er 648.000 og heildarlánið liðlega 2,5 millj. kr. Viðskiptafræðingurinn endurgreiðir lánið að fullu 41 árs, verkfræðingurinn 39 ára, hjúkrunarfræðingurinn 67 ára, framhaldsskólakennarinn 58 ára og sálfræðingurinn 56 ára.

Þá tökum við þriðja dæmið sem miðast við 1% vexti en nú erum við með einstætt foreldri með tvö börn. Árslánið er 864.000 og heildarlán tæpar 3,5 millj. kr. Þá er viðskiptafræðingurinn búinn að endurgreiða lánið 46 ára, verkfræðingurinn 43 ára, hjúkrunarfræðingurinn á vangreiddar 1,3 millj. kr. 67 ára, framhaldsskólakennarinn á vangreiddar rúmar 300.000 kr. 67 ára og sálfræðingurinn greiðir lánið upp nákvæmlega 67 ára.

Ég sleppi því að taka dæmi sem miðast við 2% vexti en ég tek dæmi sem miðast við 3% vexti eins og heimilað er í frv.

Þegar hæstv. menntmrh. lagði frv. fram og mælti fyrir því á hv. Alþingi áttu vextirnir að vera 3%, ég vek sérstaka athygli á því. Dæmin hér á eftir sýna hvað frv. var raunar fáránlegt eins og það var lagt fram.

Fyrsta dæmið er einhleypingur í leiguhúsnæði. Árslán er 432.000, heildarlán 1,7 millj. kr. og vextir 3%. Viðskiptafræðingurinn endurgreiðir lánið að fullu 38 ára, verkfræðingurinn 37 ára, hjúkrunarfræðingurinn 67 ára, framhaldsskólakennarinn 56 ára og sálfræðingurinn 52 ára.

Tökum hliðstætt dæmi nema nú erum við með einstætt foreldri með eitt barn. Árslán eru 648.000, heildarlán rúmlega 2,5 millj. kr. og vextir 3%. Nú kemur það þannig út að viðskiptafræðingurinn endurgreiðir lánið að fullu 45 ára, verkfræðingurinn 42 ára, hjúkrunarfræðingurinn á vangreiddar liðlega 3 millj. kr. 67 ára, framhaldsskólakennarinn á vangreiddar liðlega 1,6 millj. kr. 67 ára og sálfræðingurinn á vangreidda liðlega 1 millj. kr. 67 ára.

Þá kemur síðasta dæmið sem er það svartasta. Þar erum við með einstætt foreldri með tvö börn. Árslán er 864.000, heildarlán tæplega 3,5 millj. kr. og vextir 3%. Viðskiptafræðingurinn greiðir lánið upp 53 ára, verkfræðingurinn 48 ára, hjúkrunarfræðingurinn á vangreiddar liðlega 6 millj. kr. 67 ára, sem er næstum tvöfaldur höfuðstóll miðað við heildarlán að námi loknu, framhaldsskólakennarinn á vangreiddar liðlega 4,7 millj. 67 ára og sálfræðingurinn á vangreidda liðlega 4,1 millj. 67 ára.

Þá skal ég ljúka þessum tilvitnunum í töflur, hæstv. forseti. En rétt er að það komi fram að við útreikning á þeim var miðað við meðallaun en ekki taxtalaun. Ef um það verður að ræða á næstunni að þrengi enn að á vinnumarkaðnum og fólk hafi ekki kost á þeirri yfirvinnu sem það hefur þó haft, lítur þetta enn verr út. En ég tek fram aftur að þessi svörtustu dæmi voru miðuð við 3% vexti sem reyndar, miðað við tilkynningu frá ríkisstjórninni, er ekki meiningin að setja á að svo stöddu a.m.k.

Nú sé ég að klukkan er rétt að verða fjögur, hæstv. forseti, og það er kannski ágætt að ég geri hlé. (**Forseti:** Ef það hentar hv. ræðumanni að gera hlé nú væri það vel þegið.) Já, það hentar ágætlega. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég var þar komin í ræðu minni að ég hafði gert nokkra grein fyrir endurgreiðslum á lánunum og hvernig þær litu út miðað við ýmsar stéttir og hvenær fólk yrði væntanlega búið að greiða upp lán sín. Þess má geta að þar var ekki tekið sem dæmi hvernig grunnskólakennara mundi ganga að endurgreiða lán sitt og er því rétt að taka fram að það verður áreiðanlega ekki létt. Í umsögn frá kennslustjóra og námsráðgjafa Kennaraháskóla Íslands kemur fram að byrjendalaun grunnskólakennara í dag eru 67.398 kr. og eftir 18 ára starf 82.788 kr. Auk þess má geta þess að nú er verið að gera kennaranámið að fjögurra ára námi þannig að byrjendaárslaun grunnskólakennara eru rétt um 800 þús. kr.

Nú er það svo að þessar starfsgreinar, kennarar og hjúkrunarfræðingar, eru afar mikilvægar í þjóðfélagi okkar. Skyldu hæstv. ráðherrar hafa velt því fyrir sér hvaða þýðingu það hefði fyrir velferðarkerfi okkar ef ungt fólk hætti að stunda nám í þessum greinum? Skyldi það ekki kalla á ýmiss konar vandamál? Mér finnst mjög mikill galli á þessum lögum að það skuli ekki vera ákvæði í þeim þess efnis að við 67 ára aldurinn falli eftirstöðvar niður. Nú veit ég ekki hvað hæstv. ráðherra hugsar sér með reglugerð en skv. 18. gr. frv. er ráðherra heimilað að setja í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Forvitnilegt væri ef hæstv. ráðherra vildi greina okkur frá því hvar hann er staddur með reglugerðina, hvort hefur eitthvað verið hugað að því eða hvort hann hyggst setja reglugerð eða hvort sjóðstjórnin á að hafa öll völd sem ekki er tekist á um í lögunum.

Í brtt. minni hlutans er m.a. gert ráð fyrir því að Iðnnemasamband Íslands eigi fulltrúa í stjórn lánasjóðsins. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að það væri óþarfi þar sem þeir væru aðilar að Bandalagi ísl. sérskólanema. Af þessu tilefni langar mig til þess að lesa bréf sem Iðnnemasamband Íslands hefur sent þingmönnum, og eftir því sem ég best veit einnig hæstv. ráðherra, en þar kemur mjög greinilega fram að þetta er byggt á misskilningi hjá hæstv. ráðherra að Iðnnemasambandið sé aðili að BÍSN. En bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttvirti alþingismaður. Ástæða þess að þetta bréf er ritað er að vekja athygli á því að frumvarp um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem nú er til umræðu á Alþingi, gerir ekki ráð fyrir því að iðnnemar eigi aðild að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Samkvæmt núgildandi lögum eiga þrjár af fjórum námsmannahreyfingum aðild að stjórn lánasjóðsins, þ.e. Bandalag ísl. sérskólanema, Samband ísl. námsmanna erlendis og Stúdentaráð Háskóla Íslands. Iðnnemasamband Íslands, sem eru einu hagsmunasamtök iðn- og verknámsnemenda, eiga enga aðild að stjórn sjóðsins.

Á yfirstandandi skólaári hafa um 1.400 félagsmenn Iðnnemasambandsins verið á lánum hjá sjóðnum. Það er einnig rétt að vekja athygli á því að þau þrjú námsmannasamtök sem aðild eiga að stjórn sjóðsins eru fyrst og fremst samtök bóknámsnemenda. Iðn- og verknámsnemendur, sem eru félagar í Iðnnemasambandinu og rétt eiga á lánum frá LÍN, stunda nám í eftirtöldum skólum: Iðnskólanum í Reykjavík, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Hótel- og veitingaskóla Íslands, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi, Iðnskólanum á Ísafirði, Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki, Verkmenntaskóla Akureyrar, Verkmenntaskóla Austurlands, Neskaupstað, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi, Framhaldsskóla Vestmannaeyja og Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Keflavík. Iðn- og verknámsnemendur í þessum skólum eru ekki í neinum þeirra samtaka sem nú eiga aðild að stjórn LÍN. Iðnnemasamband Íslands telur mjög brýnt að iðn- og verknámsnemendur eigi aðild að stjórn LÍN.

Það hefur sýnt sig í afgreiðslu mála innan stjórnarinnar að vegna vanþekkingar eru hagsmunir þeirra oft fyrir borð bornir. Það er ekki eingöngu skoðun Iðnnemasambands Íslands að samtökin eigi að hafa aðild að stjórn LÍN, heldur er það einnig skoðun Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og hinna námsmannahreyfinganna eins og sjá má í athugasemdum við frv. til laga um LÍN. Í trausti þess að ekki standi til að skerða námsrétt iðn- og verknámsnemenda hjá LÍN vill Iðnnemasamband Íslands óska eftir þínu liðsinni við að tryggja að samtökin fái aðild að stjórn LÍN sem fulltrúi iðn- og verknámsnemanda."

Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson og Kristinn H. Einarsson fyrir hönd sambandsins.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna orða hæstv. ráðherra sl. mánudag og ég geri mér vonir um að hæstv. ráðherra og hv. þm. meiri hlutans taki þetta til athugunar.

Ég vildi gjarnan koma inn á fleira í sambandi við þær brtt. sem minni hlutinn leggur til á þskj. 790. Þó að hv. 4. þm. Austurl. hafi gert grein fyrir þeim þegar hann mælti fyrir nál. minni hlutans þá langar mig að koma inn á örfá atriði. Það er þá t.d. undir 2. tölul. brtt. við 3. gr. Hæstv. ráðherra taldi ekki ástæðu til þess að gera fleiri breytingar á henni þar sem „fjölskyldutillitið" væri komið inn með brtt. meiri hlutans en ákvæði þess efnis að tekið skuli tillit til tekna námsmanna og maka hans er ekki inni í greininni eins og hún lítur nú út. Þetta tekjutillit er mjög mikilvægt og þróunin hefur verið sú síðustu mánuði og missiri að taka minna tillit til tekna. Þetta teljum við í minni hlutanum að sé hvorki gott né eðlilegt enda er líka mjög óhagstætt fyrir sjóðinn að fólk sem hefur nægar tekjur og þarf ekki á því að halda að taka lán í sjóðnum hafi rétt til þess. Þess vegna verður þetta tekjutillit að vera inn í lögunum að okkar mati.

Ég var búin að gera grein fyrir Iðnnemasambandinu og eins leggjum við til að einn fulltrúi úr stjórninni sé úr röðum samstarfsnefndar háskólastigsins. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur gert grein fyrir því frekar og ég ætla ekki að eyða tímanum í það.

Ég hef kannski ekki hvað minnst gert 6. gr. að umræðuefni en hún snýr að eftirágreiðslunum. Það er einhver almikilvægasta greinin og óásættanlegasta að áliti okkar framsóknarmanna.

Undir 6. tölul. gerum við brtt. við 8. gr. sem snýr að endurgreiðslunum. Við viljum ekki ganga eins langt og meiri hlutinn hvað snertir upphæð föstu ársgreiðslurnar þar sem við leggjum til 34 þús. kr. sem fasta ársgreiðslu á sama tíma og meiri hlutinn er með 48 þús. kr.

Ég gat þess áðan að grunnskólakennari, sem er á byrjendalaunum, hefur ekki nema um 800 þús. kr. í árstekjur. Það segir okkur að sú upphæð sem meiri hlutinn vill gera að fastri ársgreiðslu er þó nokkuð yfir 5% af launum og þess vegna er mjög strangt og erfitt fyrir þá sem eru á lægstu launum að þurfa að sætta sig við þessa háu ársgreiðslu.

Eins gerum við tillögu um það að hundraðshluti árstekna sé mismunandi eftir því hversu há laun viðkomandi hefur, þ.e. 4% af árstekjum upp að 1,2 millj. en 6% þar yfir. Þetta finnst okkur mikilvægt atriði þar sem þarna er tekið beint tillit til tekna námsmanna að námi loknu þegar þeir endurgreiða lánin. Eins komum við inn á undanþágur sem er hægt að veita við sérstakar aðstæður.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að benda okkur á að þarna hafa orðið á smávægileg mistök við gerð brtt. okkar að okkur hefur láðst að taka út vaxtaákvæðið í 1. mgr. 9. gr. og var það þörf ábending.

Undir 9. tölul. er mál sem virðist ekki í fljótu bragði stórt mál en skiptir þó þau hagsmunasamtök námsmanna, SÍNE, miklu máli að þau gætu tekið gjald af lánsumsóknum til að reka samtök sín. Það skal tekið fram að samkvæmt þessari tillögu getur námsmaðurinn óskað eftir því að gjaldið sé ekki tekið þannig að þetta er ekki ófrávíkjanlegt. Námsmaðurinn hefur tök á því að óska eftir því að gjaldið sé ekki tekið af lán-

inu þegar hann sækir um í fyrsta sinn.

Ég lýk brátt máli mínu, hæstv. forseti, en ég vil að síðustu segja þetta. Hér er virkilega stórmál til umræðu. Við framsóknarmenn höfum haldið því fram að ýmsu þurfi að breyta í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, enda ekki óeðlilegt þar sem þau eru orðin 10 ára. Það hafa námsmenn sjálfir sagt og þeir vildu taka þátt í að breyta þeim lögum sem hér um ræðir en því samstarfi var hafnað af hæstv. menntmrh. og hans mönnum þegar unnið var að smíðum frv. sem hér liggur fyrir. Í því sambandi verð ég að vitna í sérálit sem birt eru með frv. þessu til staðfestingar þar sem hæstv. ráðherra vildi ekki kannast við það í máli sínu sl. föstudag að um það hefði verið að ræða að þessu samstarfi hefði verið hafnað. Ég vil í fyrsta lagi vitna stuttlega í sérálit fulltrúa samstafsnefndar námsmannahreyfinganna í nefnd um endurskoðun laga um lánasjóðinn. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þann 8. nóv. sl. bárust þau skilaboð til samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna að henni yrði veittur einn fulltrúi í nefnd sem menntmrh. skipaði til að vinna að endurskoðun laga um Lánasjóð ísl. námsmanna, hér eftir nefndur LÍN. Undirritaður fékk það hlutverk að vera þessi fulltrúi í téðri nefnd. Í þessari skipan litu námsmenn svo á að ætlunin væri að komast að einhvers konar samkomulagi um framtíðarskipan LÍN líkt og gert var 1982 þegar núgildandi lög voru sett um sjóðinn. Ráðherra hafði sagt það opinberlega að fullt tillit yrði tekið til sjónarmiða námsmanna og námsmenn höfðu lagt fram hugmyndir sem umræðugrundvöll en samkvæmt þeim mátti lækka ríkisframlagið til sjóðsins umtalsvert og minnka afföll þau sem eru á endurgreiðslunum. Undirritaður taldi því að út frá þeim hugmyndum yrði unnið í nefndinni auk þeirra hugmynda sem nefnd sem menntmrh. skipaði í sumar um sama mál yrði í umræðunni. Það er skemmst frá því að segja að vinnubrögðin sem viðhöfð voru í nefndinni voru með algerum einsdæmum. Ráðherra menntamála gaf nefndinni 9–10 daga til að hrista fram úr erminni frv. til laga um LÍN. Skal þess hér freistað að gera grein fyrir störfum nefndarinnar."

Ég lýk þá beinni tilvitnun en fyrsti fundurinn var haldinn föstudaginn 15. nóv. og fundirnir voru fimm, sá síðasti fimm dögum síðar og vitna ég þá beint í textann, með leyfi forseta:

„Þar [á þessum fimmta fundi] voru lögð fram drög að frv. en endanleg útgáfa var þó ekki tilbúin þrátt fyrir að til stæði að leggja frv. fyrir ríkisstjórn daginn eftir. Þessi hefur sem sagt verið gangur málsins síðan nefndin var skipuð. Undirritaður fór að sjálfsögðu ítrekað fram á það að nefndin fengi lengri tíma en að sögn formanns var ráðherra ekki tilbúinn til að veita hann. Vegna þessa reyndi aldrei á það hvort hægt hefði verið að ná einhvers konar málamiðlun innan nefndarinnar þannig að hún hefði getað sameinast um eitt álit. Eiginlegar samningaviðræður fóru ekki fram. Hér er undirritaður þó ekki að setja út á samnefndarmenn heldur þann æðibunugang sem ráðherra og aðstoðarmaður hans hafa sýnt í málinu."

Lýkur þá tilvitnun í þennan texta en undirritaður sem hér um getur er Pétur Þ. Óskarsson, núv. formaður Stúdentaráðs.

Ég ætla einnig, hæstv. forseti, aðeins að vitna í annað sérálit sem fylgir frv. sem er undirritað af Elsu B. Valsdóttur sem ég álít að muni hafa verð fulltrúi Vöku í títtnefndri nefnd en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þann 8. nóvember skipaði menntmrh. nefnd til að endurskoða lög um Lánasjóð ísl. námsmanna. Undirritaðri bauðst óvænt sæti í þeirri nefnd sem ég þáði í þeirri trú að hlutverk nefndarinnar væri að reyna að sætta þau sjónarmið sem fram höfðu komið um breytingar á sjóðnum frá áður skipaðri ráðherranefnd annars vegar og námsmönnum hins vegar. Sú trú reyndist á misskilningi byggð. Í stuttu máli sagt var lítið sem ekkert tillit tekið til hugmynda námsmanna og það frv. sem meiri hluti hennar stendur að er að mestu óbreytt frá hugmyndum fyrri nefndarinnar. Af þeim sökum sé ég mér ekki fært að standa að því frv. og skila því þessu séráliti." Lýkur þá tilvitnun í sérálit Elsu B. Valsdóttur. Það liggur því alveg fyrir, hæstv. forseti, að þetta samráð var ekki haft meðan málið var í undirbúningi og meðan unnið var að samningu þessa frv. Nú er mér ekki kunnugt um hversu mikið samráð hefur verið haft við námsmannahreyfingarnar á meðan þetta frv. hefur verið í menntmn. Vel má vera að einhverjir fundir hafi farið fram milli ráðherra og þessara fulltrúa eða meirihlutamanna og þessara fulltrúa sem hæstv. ráðherra er að vitna til þegar hann talar um að það hafi verið haft mikið samstarf við þá. Það væri fróðlegt að fá það fram í umræðunni. En eftir því sem ég best veit eru fulltrúar námsmannahreyfinganna andvígir því frv. sem nú liggur fyrir og er til 2. umr.

Fjárhagserfiðleikar lánasjóðsins eru ekki nýtilkomnir. Að hluta til er um svipaða erfiðleika að etja og í fleiri sjóðum. Við lánuðum út óverðtrtryggða peninga og verðbólgan var há. Þeir sem fengu lán á þeim tímum greiddu lánin ekki til baka. Nú ætlar sú kynslóð sem ekki greiddi til baka lán sín úr lánasjóðnum að setja lög á Alþingi og gera þeim sem nú eru í námi að greiða þann vanda. Er ekki eitthvað athugavert við slík vinnubrögð? Við framsóknarmenn viljum fyrst og fremst reyna að láta gott af okkur leiða í þessu máli sem öðrum. Ég útiloka ekki enn þá, ég er nú svo bjartsýn, að við munum geta staðið að samþykkt þessa frv. ef það verður tekið til nefndar milli 2. og 3. umr. og þar verði reynt að ná saman um einhverja málamiðlun til þess að forða stórslysi. Ég get sagt að þær brtt. sem minni hlutinn leggur fram eru mismikilvægar að mínu áliti og ég væri fyrir hönd míns þingflokks til með að versla við meiri hlutann ef um það væri að ræða, en kannski er það alls ekki. Kannski er þetta algjörlega endanlegt og þá munum við framsóknarmenn ekki standa að samþykkt þessa frv., það liggur alveg fyrir því að það er stórslys að samþykkja það eins og það liggur nú fyrir.

En ég skora á hv. stjórnarsinna að skoða þetta mál vel áður en þeir styðja á græna hnappinn á hv. Alþingi til samþykktar þessu frv. og þá alveg sérstaklega hvað snertir eftirágreiðslurnar. Það er ekki bara harður kostur eins og formaður menntmn. kallar það gjarn-

an að setja slíkt kerfi á, það er afleitur kostur.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram í máli ræðumanna sem hafa talað á undan mér að við fjöllum um stórt mál í þessari umræðu. Hins vegar verð ég að segja að ekki er laust við að umræðan um þetta stóra mál sé nokkuð í svart-hvítu. Það er kannski eðlilegt með tilliti til þess hvernig málum er skipað hér og þegar mál eru afgreidd á þann hátt sem t.d. þetta er og oft er um stjórnarmál, þ.e. þau eru afgreidd í meirihlutaáliti stjórnarsinna gegn stjórnarandstöðu.

Það ber líka nokkuð á því að þrátt fyrir að stjórnarandstaðan sé nokkuð samræmd í afstöðu sinni til frv. að málum sé samt stillt upp á ólíkan hátt. Ég get ekki stillt mig um að nefna t.d. hvernig 1. gr. og brtt. meiri hlutans á 1. gr. hefur verið túlkuð þó ég líti svo á að 1. gr. skipti ekki mjög miklu máli í sjálfu sér um hvernig frv. sem slíkt eða lögin koma til framkvæmda. En hv. 18. þm. Reykv. nefndi að meiri hlutinn teldi sig vera að tryggja jafnrétti til náms með breytingum á 1. gr. á meðan hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði að með breytingu á 1. gr. hefði komið fram að meiri hlutinn hefði ekki þorað að tryggja jafnrétti til náms. Ég segi meira frá þessu til gamans í þessu þó stóra og alvarlega máli en að ég sé að gera það að máli, en ég sé fulla ástæðu til að nefna það hvernig þessi grein var. Hún hljóðar svo í frv.: „Meginhlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að veita námsmönnum námslán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis."

Það kom mjög fljótt fram í nefndinni að við litum svo á að það ætti að vera markmið með hlutverkinu, frekar ætti að koma markmiðsgrein, en þarna var verið að segja hver framkvæmdin væri. Við boðuðum mjög fljótt að trúlega yrði greininni breytt með tilliti til þess og brtt. varð svona: „Hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að tryggja þeim, sem falla undir lög þessi, tækifæri til náms án tillits til efnahags. Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms ...", o.s.frv. eins og greinin hljóðaði áður.

Ég fullvissa hv. þm. um það að með þessari brtt. var nákvæmlega verið að koma á framfæri því sjónarmiði sem gilti hjá okkur við umræðu í nefndinni.

Gagnrýni hefur komið fram á frv. og frumvarpssmíðina hér og það kom fram talsverð gagnrýni á frv. við 1. umr. og má segja að það hafi komið fram einhver gagnrýni frá þingmönnum allra flokka. Gagnrýnin beindist sérstaklega að hinum félagslegu þáttum sem menn óttuðust að væri verið að fella út með þessu frv., þ.e. endurgreiðsluformi lánanna, endurgreiðslutíma lánanna, vöxtum og vaxtastigi lánanna.

Þó höfnuðu ekki allir stjórnarandstæðingar vöxtum en lögðu áherslu á að ef þeir væru settir á yrðu það að vera lægstu vextir. Ég minni á að formaður Framsfl. nefndi það einmitt í þingræðu og eins á fundi í Háskólabíói, ef ég man rétt — ég sat upphaf þess fundar.

Núna er enn rætt um þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í upphafi þegar þetta frv. var smíðað en ég vil minna á að í mínu máli við 1. umr. kom fram að áherslumunur væri milli stjórnarflokkanna varðandi það frv. sem lá fyrir og að það yrði unnið að breytingum á milli umræðna og í nefnd og að samkomulag hefði verið milli flokkanna að leggja það fram í þeim búningi sem það var og taka síðar á því.

Ég vil líka vekja athygli á því að menntmrh. tók mjög jákvætt í að ýmsir þættir yrðu skoðaðir í nefnd og tíndi þar til ýmis atriði. Ég sé ástæðu til þess að rifja þetta upp einmitt af því að vinnubrögð við frv. hafa verið nokkuð rædd við þessa umræðu.

Nú liggja brtt. meiri hlutans fyrir og það er komið til móts við mörg sjónarmið og mér finnst að við getum verið sammála um að það er mjög jákvætt hvaða breytingar hafa verið gerðar á þessu frv.

Þegar við fengum yfirlýsingu frá samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lögðu þeir megináherslu á eina sex þætti. Það hefur verið komið til móts við sjónarmið þeirra í fjórum þessara þátta, þ.e. þann þátt sem þau nefndu lánshæfni náms. Þar var vísað í iðn- og verkmenntun og 20 ára regluna og þá þætti sem ákvarða upphæð láns. Þar fjölluðu þeir um þá félagslegu þætti sem þeir töldu að væru felldir út, þ.e. fjölskyldustærð, barnafjölskyldur o.s.frv, líka tekjutengingu og fyrirkomulag endurgreiðslna og þá t.d. hvort ætti að byrja endurgreiðslu strax eftir eitt ár og svo lánstímann, en eins og við vitum og hefur komið hér til umræðu, þá átti hann að vera fjórfaldur námstími. M.a. hefur ekki verið komið til móts við fulltrúa Iðnnemasambandsins og að breyta eftirágreiðslum lána.

Á fundi í menntmn. skildi ég fulltrúa námsmanna þannig að ef þeir ættu að draga út úr það sem þeim þætti þyngsta atriðið í því sem þeir legðu áherslu á þá væru það trúlega vextirnir. Mér finnst mjög mikilvægt að leggja áherslu á þetta nú þar sem fram hefur komið að vextir munu verða 1%. Í frv. hafði brtt. verið gerð um að þeir geti verið allt að 3%.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði áherslu á og kom með gagnrýni á að tillögur hafi komið fram í áföngum í nefndinni. Að mínu mati er þetta ekki alveg rétt vegna þess að allar megintillögur komu fram jafnt. Vaxtaprósentan kom fram síðar og áður en málið var afgreitt út nefndinni og það var mjög valdlega skoðað hvernig útkoma væri miðað við vaxtastig, bæði varðandi endurgreiðslur til lánasjóðsins og frá sjónarhóli lánasjóðs og varðandi greiðslubyrði lánþeganna og miðað við breyttan lánstíma.

Ég vil taka það fram að við 1. umr. í málinu vakti hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, athygli á því og það hefur verið komið inn á það í umræðunni hér þótt ekki væru notaðar sömu tölur, að við starfslok mundi t.d. hjúkrunarfræðingur skulda 4 millj. kr. Í nál. minni hlutans hefur komið fram að skuldastaða lánþega við starfslok — þá erum við að tala um við 67 ára aldur — sé mjög há og nefndar mjög háar upphæðir. Við þessa gagnrýni eru menn að taka mið af 3% vöxtum. Ég hef fullan hug á því að nefna það hér þannig að það komi líka fram í umræðunni hér hvernig þetta er

í raun miðað við þá útreikninga sem hafa verið lagðir fram í nefndinni. Ef við tökum mið af útreikningum sem taka mið af meðallaunum starfsgreina hjá aðila sem var í námi með tvö börn og tekið lán var 2,8 millj. og meðallán á ári yfir 700 þús. kr., þá væri viðskiptafræðingur búinn að ljúka endurgreiðslum 42 ára gamall eftir 18 ár á vinnumarkaði.

Ef við tækjum verkfræðing þá væri hann búinn að greiða lán sitt upp sem væri svipað að upphæð um fertugt eftir 16 ár á vinnumarkaði.

Ef við tökum hjúkrunarfræðing sem hefði tekið jafnhátt lán, þ.e. nærri 3 millj. á námstíma og meðallánið hefði verið 710 þús. á ári — og þarna erum við enn að tala um aðila sem er með tvö börn á framfæri — ætti þessi hjúkrunarfræðingur eftir miðað við meðaltekjur starfsgreina, 327 þús. kr. í skuld 67 ára gamall. Þá væru launin sem í upphafi eru reiknuð 98.000 orðin 101.000 kr. Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að meðan við erum að taka lán og reikna á það 1% vexti þá erum við samt ekki að reikna launin fram meira en það að þau væru eftir allan þennan starfstíma orðin 101.000 kr. Við erum að tala um árstekjur upp á 1.177.299 kr. sem væru orðnar 1.219.897 kr. Þetta er mjög mikilvægt.

Framhaldsskólakennarar sem tækju sömu lán væru búnir að borga sitt lán 62 ára og sálfræðingar 59 ára, nokkurn veginn svipuð hlutföll.

Þá segja menn: Hvað þýðir þetta? Hvaða meðaltekjur er verið að tala um? Hér er verið að tala um meðaltekjur miðað við tekjur starfsgreina samkvæmt könnun sem var gerð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 1989 og þessar tekjur hafa verið uppfærðar með launavísitölu til að gera þær sem raunsannastar.

Óskað var eftir því að annað væri skoðað. Ósanngjarnt væri að taka mið af meðallaunum og eðlilegt væri að fá útreikninga á svokölluðum taxtalaunum. Það var orðið við þessari beiðni og við skulum skoða hvað það þýðir. Það þýðir að viðskiptafræðingur sem hefði verið í námi með tvö börn og hefði tekið lán sem var orðið 3,4 millj. við námslok, 864.000 á ári, mundi skulda við starfslok um 1.800.000 kr. En út frá hvaða launakjörum er þá verið að ganga? Það er verið að ganga út frá því að þegar hann byrjaði að greiða af lánunum væri hann með 65.000 kr. í laun — við erum að tala um viðskiptafræðing og hagfræðing — þegar hann væri orðinn fertugur væru launin orðin 84.000 og þegar hann væri orðinn 67 ára gamall væru launin orðin 88.000 kr. Þetta eru tölurnar sem við erum að miða við að viðkomandi hafi á meðan við í hinum dálkinum reiknum á lánin 1% vexti upp til 67 ára. Við verðum að skoða út frá hvaða forsendum við göngum þegar við berum svona saman og nefna það hversu þung greiðslubyrðin verði og það verði að líta á hver taxtalaun verði af því að nú sé að harðna á dalnum.

En hvað yrði þá um aðrar stéttir og er hægt að bera þetta saman við þær tölur sem ég nefndi hér áður? Verkfræðingur við sömu aðstæður væri búinn með sitt lán þegar hann væri 57 ára og þá væru árslaunin hans 2,1 millj. — og við erum að tala um heildartekin lán upp á nærri 3,5 millj. kr.

Því miður treystu menn sér ekki til að gera útreikninga á taxtalaunum hjúkrunarfræðinga sem svo mjög hafa verið notaðir í samanburði eða tilvitnunum vegna þess að það er dálítið flóknara en hjá mörgum öðrum stéttum sem hafa bein laun án álags og annað slíkt.

Við skulum skoða hvernig staða framhaldsskólakennara væri ef hann hefði verið að læra með tvö börn, hefði tekið lán upp á 3,5 millj., 864.000 á ári, og hver staða hans væri við 67 ára aldur ef hann yrði alla tíð á taxtalaunum. Það er þá sem þessi framhaldsskólakennari mundi bera enn þá 2 millj. kr. skuld miðað við að 1% vextir væru reiknaðir allan tímann á lánið. En við hvaða laun er miðað? Við værum að miða við það að þegar endurgreiðslur hæfust væri þessi framhaldsskólakennari með 61.000 kr. á mánuði eða 733.000 í árslaun, en árslánin hans á námstíma voru 864.000 kr. Um fertugt hefði þessi framhaldsskólakennari verið kominn með 79.000 kr. og þegar hann er orðinn 67 ára gamall og stendur með skuld hjá lánasjóðnum um 2 millj. kr. þá er hann kominn í 83.000 kr. í laun á mánuði.

Þetta eru tölurnar að baki þeim útreikningum sem við lögðum fram í nefndinni þegar við vorum farin að fjalla ákveðið um þessa vexti. Það er alveg nauðsynlegt að þetta komi hér fram miðað við það sem áður hefur verið sagt.

Það var líka skoðað mjög vel hvernig það kæmi út að vera með stighækkandi endurgreiðslur á lánunum eins og hér hefur verið nefnt og ég verð að viðurkenna það að sú sem hér stendur heillaðist nokkuð af því sem hún taldi að yrði jöfnunaraðgerð með því að vera með ákveðna prósentutölu upp að ákveðinni upphæð eins og 1.200 þús., eins og námsmenn voru með, og hærri prósentu á upphæð þar fyrir ofan. Það kom mér mjög á óvart þegar við fengum útreikninga um þau atriði að það munaði svo miklu að hafa hærri prósentuna, þó upp að 1.200 þús. eins og tillaga var um að jöfnunin var talsvert mikil og í mörgum útreikningum hjá okkur varð heildarendurgreiðsla undir 6%.

Ég mun ekki gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt fram vegna þess að formaður nefndar hefur gert það mjög ítarlega í framsögu. Ég verð að segja það að ég er mjög ánægð með þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessu frv. og samstaða var algjör hjá meiri hlutanum um þá félagslegu þætti sem svo mjög hafa verið til umræðu.

Ég veit að eftirágreiðslan á lánunum er harður kostur, það hefur komið hér fram og við vitum að það er harður kostur, ekki síst að mati námsmanna. Því er ekki breytt hér og ég vona að reynslan eigi eftir að leiða það í ljós að það ákvæði sé ekki eins slæmt og margir óttast.

Mér finnst mjög mikilvægt að ákvæði um að tillit verði tekið til fjölskyldustærðar og búsetu er lögfest áfram. Það er líka mikilvægt í þeirri umræðu sem er um menntamál og verkmenntun í dag að það er algjör samstaða um það og hefur verið frá því í 1. umr. að ekki verði miðað við 20 ár í verkmenntanámi. Það er tekið á því sem margir óttuðust að með kröfunni um tvo ábyrgðamenn væri kannski farið inn á braut sem

gæti orðið mörgum erfið og það er fallið frá því. Þó að það fyrirkomulag sem á að gilda sé í einhverju frábrugðið þá er óbreytt krafan um einn ábyrgðarmann eins og verið hefur.

Líka er gott að það hefur verið gengið hreinlega frá því að greiðsla á eldri lánum hefst ekki fyrr en nýrra lán er að fullu greitt. Þetta skiptir mjög miklu máli því það voru áhyggjur uppi um að þetta ákvæði eins og það var gæti orsakað mjög háar jaðargreiðslur við sérstök tilvik.

Breytingar eru gerðar á endurgreiðslu lána og munar mestu varðandi afnám ákvæðis um fjórfaldan námstíma og það vegur talsvert þungt í skoðun á breytingunum að endurgreiðslur hefjast ekki fyrr en tveimur árum eftir námslok.

Við erum öll sammála um nauðsyn og gildi menntunar og að stuðningur við æskufólk til að sækja sér menntun skiptir miklu, enda er það markmið allra flokka að stuðla að jöfnum tækifærum námsmanna til náms. Þess vegna get ég tekið undir hvert orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur í ræðu hennar í dag þar sem hún taldi upp alla þá dýrmætu þætti sem tengjast menntun. Ég er sammála henni í því. Vissulega er verið að gera breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna en það er ekki verið að afnema hann. Það er ekki verið að afnema það að veita námsmönnum lán til náms eins og stundum mætti halda miðað við málflutning minni hlutans. Áfram verður tekið tillit til barna og fjölskyldugerðar sem mér finnst skipta mjög miklu máli ekki síst með tilliti til möguleika kvenna eins og kom fram og ég fellst ekki á að verið sé að hrekja konur frá námi.

Ég bind að sjálfsögðu miklar vonir við að þær brtt. sem hér hafa verið settar fram verði samþykktar af öllum. Ég bind vonir við að þær verði mjög til góðs og að það frv. sem verður gert að lögum að lokinni umræðu verði á þann veg að enginn þurfi að hrekjast frá námi né að hætta við að fara í nám og reynslan muni sýna það að þó það sé e.t.v ekki jafnörlátur kostur og verið hefur þá sé það vel fullnægjandi sem hér er gert.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kom fram að umræðan eins og hún fer fram hér sé býsna svart-hvít. En það vill svo til að það er einfaldlega grundvallarskoðanaágreiningur í þessu máli um það hvernig staðið skuli að aðstoð samfélagsins við námsmenn. Þessi grundvallarskoðanaágreiningur ræðst m.a. af því að það fékk enginn að koma að þessu máli meðan það var í vinnslu af hálfu ráðuneytisins þannig að það hefur ekki átt sér stað neins konar málamiðlun. Það er umhugsunaratriði hvernig hæstv. menntmrh. stendur að nefndarskipan. Og nú síðast í kvöld voru fréttir af enn einni nefndinni sem á að endurskoða útvarpslögin. Það er umhugsunarvert hve einhliða hann stendur að öllum þeim málum sem snerta menntun og menningu.

Hv. þm. nefndi 1. gr. sérstaklega. Ég nefndi það í minni ræðu að fulltrúar meiri hlutans þættust vera að tryggja jafnrétti til náms með því orðalagi sem þar er upp tekið. En ég tel að frv. í heild gangi þvert gegn jafnrétti til náms og þykist hafa rökstutt það hér mjög rækilega.

Ég vil einnig að það komi fram vegna orða þingmannsins um áherslur námsmanna að það var ekki bara eitt atriði sem námsmenn töldu vega þyngst í þeim breytingum sem hér er verið að boða heldur nefndu þeir fjögur atriði. Ég skrifaði í mína fundargerð eftir þáv. formanni Stúdentaráðs að það væru fjögur atriði sem þar vega þyngst, vextirnir, eftirágreiðslurnar, biðtíminn, þ.e. að byrjað er að borga af lánum eftir tvö ár í stað þriggja áður, og síðast lántökugjöldin. Þessi fjögur atriði lögðu námsmenn mesta áherslu á.

Þingmaðurinn nefndi einnig gagnrýnina á skuldir sem fólk mun standa uppi með eftir 67 ára aldur og nefndi að sú gagnrýni miðaðist við 3% vexti. Þetta er þung greiðslubyrði hvort sem miðað er við 3% vexti eða 1% vexti. Það er verið að þyngja greiðslubyrðina verulega. Og ef við miðum við þau launakjör sem stórir hópar háskólamanna hafa í dag munar þetta miklu. Fólk mun eiga erfitt með að standa undir þessu. Og hvað heldur þingmaðurinn að þessir 1% vextir haldist lengi? Það er verið að opna á 3% og héðan í frá verður auðvitað hægt að breyta þessum lögum ef vilji er til þess hjá meiri hluta Alþingis.

Að lokum, herra forseti. Þingmaðurinn hélt því fram að með þessum lögum væri ekki verið að hrekja konur frá námi. Ég ítreka þá skoðun mína að sú breyting sem hér stendur fyrir dyrum muni gera konum mjög erfitt fyrir og draga úr sókn kvenna til náms og draga úr því jafnrétti sem við höfum góðu heilli stefnt að á undanförnum árum. En hér er stefnt í þveröfuga átt.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru ekki ólíkar athugasemdir sem ég var með í huga og hv. 18. þm. Reykv. kom fram með. En mig langar til að spyrja bara beint að því: Hvers vegna voru ekki tekin inn í 1. gr. orðin „jafnrétti til náms“? Þótti meiri hlutanum fallegra orðalag að segja „tækifæri“ eða leggur meiri hlutinn sömu merkingu í þessi orð? Ég geri það ekki. Það var búið að tala um það í nefndinni að það yrði tekið inn í 1. gr. ákvæði um jafnrétti til náms en þegar brtt. birtist þá stóð „tækifæri til náms“. Fyrir utan það hvað mér finnst þetta ljótt orðalag þá finnst mér það alls ekki þýða það sama.

Af því hv. þm. virtist nokkuð sannfærður um að enginn þyrfti að hrekjast frá námi þá vil ég spyrja að því hvernig hún sér fyrir sér að laganemi komist í gegnum sitt nám, sem fær aldrei lán í hendur fyrr en að sumri að loknu námi allan veturinn. Getur hann annað en verið á lánum í bankakerfinu allan veturinn og getur hann gert annað en að nota lánið þegar það kemur í júní eða júlí til að greiða bankalánið? Þannig að hann er að greiða vexti allan námstímann sem er í þversögn við það sem haldið er fram af meiri hlutanum í brtt. að lán séu vaxtalaus á námstímanum. Það er reyndar ekki svo.

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við höfum verið að

setja þarna fram sjónarmið án þess að það hafi mikinn tilgang að takast á um þau. Við erum að setja fram eitthvað sem við væntum, óttumst, vonumst eftir og ég var að láta í ljós von um að reynslan sýndi ákveðna þætti.

Aðeins varðandi það sem snýr að þeim sem taka ekki próf á miðjum vetri, hverjir svo sem þeir eru. Ég hef gengið út frá því að það hljóti að verða tekið tillit til þess að viðkomandi fái einhvers konar mat á sinni stöðu. En mér finnst eðlilegt að það verði þá ráðherra sem svarar því hvernig verði farið með það. (Gripið fram í.) Hluti af fyrirgreiðslu námsmanna og mjög stór hluti liggur í úthlutunarreglunum og hefur hingað til verið mjög margt tekið í gegnum þær.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það má segja að það séu einkenni á stefnu þessarar ríkisstjórnar að á öllum sviðum grípur hún til mjög sértækra aðgerða og þær eru svo sértækar að ríkisstjórnin leitast við að elta uppi alveg sérstaka hópa í þjóðfélaginu. Af þessu höfum við auðvitað reynslu, finnum og vitum hvernig þetta var gert með lagasetningunni um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 þegar öryrkjarnir voru skattlagðir með tekjutengingu, þegar sjúklingarnir voru skattlagðir með lyfjaskatti, sem reyndar gerðist löngu áður, ellilífeyrisþegarnir voru sérstaklega skattlagðir með tekjutengingu, sjómennirnir voru sviptir að hluta til sjómannaafslættinum, fjölskyldurnar voru skertar í tekjum með því að barnabæturnar voru lækkaðar, á námsmenn voru lögð skólagjöld og nú er enn ein aðförin að námsmönnum sem á að verða í gegnum Lánasjóð ísl. námsmanna. En staðreyndin er bara sú að þetta er ekki aðeins aðför að námsmönnum, þetta er nefnilega aðför að fjölskyldunum í landinu. Fjölskyldunum sem hafa ekki haft og hafa ekki efni á ef lánasjóðurinn er ekki til staðar að kosta börn sín til náms. Og það sem ég er hræddur við að ef þetta frv. sem hérna liggur nú fyrir í 2. umr., eftir endurskoðun menntmn., nær fram að ganga þá muni þessi staða hugsanlega koma upp. Það verði margir sem verði bæði að hverfa frá námi og ekki komast í nám af þeirri ástæðu að lánasjóðurinn getur ekki stutt við bakið á þeim eins og hann gerði áður.

Ég vil þó taka fram að mér finnst að eftir 2. umr. og skoðun menntmn. á frv. að það hafi tekið verulegum stakkaskiptum til hins betra. Það verður auðvitað að viðurkennast að það eru ýmsar breytingar sem þarna eru boðaðar í brtt. frá meiri hluta nefndarinnar sem eru til bóta. Ég vil kannski sérstaklega þakka hæstv. menntmrh. fyrir það af þeirri ástæðu að hann lýsti því yfir við 1. umr. málsins að hann væri tilbúinn til í samvinnu við menntmn. að líta til ýmissa þátta við endurskoðunina áður en málið kæmi hingað inn til 2. umr.

En fram til þessa eða frá árinu 1982 má eiginlega segja að það hafi ríkt þjóðarsátt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Lögin frá 1982 voru samningur milli námsmanna og ríkisvaldsins og í raun og veru við þingið líka. Það voru allir stjórnmálaflokkar, námsmenn og á síðustu stigum í meðferð þess frv. menntmn. þingsins sem stóðu að vinnslu málsins þannig að þarna náðist samstaða um það hvernig þau lög skyldu líta út. Um þau lög hefur verið góð samstaða fram undir þetta þó svo að margsinnis á árunum 1983–1987 eða 1988 hafi menntmrh. Sjálfstfl. ítrekað reynt að ná fram breytingum á gildandi lögum og hafa lagt í þeirri stjórnartíð, sem við framsóknarmenn vorum með þeim, mjög hart að Framsfl. að standa að slíkum lagabreytingum. Þetta reyndu hv. menntamálaráðherrar eins og Sverrir Hermannsson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Ragnhildur Helgadóttir. Staðreyndin var hins vegar sú að Framsfl. var ekki tilbúinn til þess á þeim tíma og er ekki tilbúinn til þess enn að standa að slíkum breytingum af þeirri ástæðu að í raun og veru er ekki komin reynsla á lögin þó svo að þau séu 10 ára gömul. Og það var ekki búist við því þegar menn gerðu þetta samkomulag 1982 að það væri komin fullkominn reynsla á þessi lög fyrr en eftir aldamót. Á fyrsta til fimmta ári eftir aldamót. En þá var líka gengið út frá því að lánasjóðurinn hefði ákveðið ríkisframlag á ári hverju fram til þessa tíma. Staðreyndin er hins vegar sú að það hefur aldrei verið staðið við það af hálfu ríkisvaldsins að ríkisframlagið væri að fullu greitt og alveg sama hvaða flokkar hafa setið í ríkisstjórn á þessum tíma. Sjóðnum hefur ávallt verið vísað á lánamarkaðinn hvort sem það hefur verið til erlendrar lántöku eða lántöku hér innan lands til að geta staðið undir þeim skuldbindingum sem honum voru lagðar á herðar. Eins og ég sagði áðan þá var ítrekað reynt af hálfu Sjálfstfl. að ná fram breytingum á þessum lögum sem núna eru í gildi en það tókst ekki og þar stóðum við framsóknarmenn á móti.

Nú er hins vegar önnur staða uppi. Sjálfstfl. fer með menntamálin í þessari ríkisstjórn og er í samstarfi með stjórnmálaflokki sem er svo ístöðulaus og svo metnaðarlaus fyrir hönd þess fólks sem kaus hann í síðustu kosningum að hann stendur ekki og treystir sér ekki til að standa gegn þeim breytingum sem hérna eru boðaðar og kem ég aðeins að því á eftir.

Það var ítrekað reynt af menntmrh. Sjálfstfl. á árunum 1983–1987 að ná fram breytingum á lögunum. Það gekk ekki en þá fóru þeir þá leið að breyta sífellt reglugerðunum. Þar er nú til sorgarsaga sem lýsir því hvernig að þeim hlutum öllum var staðið. Alþfl. hefur heldur ekki treyst sér til að standa á móti slíkum breytingum og hefur ekki sýnt neina tilburði til þess. Strax sl. haust eftir að ríkisstjórnin var tiltölulega nýtekin við voru námslánin skert um 16,7%. (Gripið fram í.) Alþfl. er ekkert í þessum sal og treystir sér auðvitað ekki til þess að sitja hérna inni þegar svona mál eru til umræðu. Vegna þess að það er auðvitað sárt að sitja undir því að vera bæði metnaðarlaus og ístöðulítill flokkur og treysta sér ekki til að standa með því fólki sem lagði traust sitt á hann í síðustu kosningum. Þó hafa ungir jafnaðarmenn gert heiðarlegar tilraunir til að fá þingflokk sinn til að standa gegn og leiðrétta lítils háttar af þeim ógæfuverkum sem nú er verið að vinna á lögunum um lánasjóðinn. Hér er ég með í höndunum frá Sambandi ungra jafnaðarmanna tillögu að áskorun til þingflokksins. Þessi tillaga sem samþykkt

var í flokksstjórn Alþfl. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Flokksstjórn skorar á þingflokk Alþfl. að beita sér fyrir eftirfarandi breytingum á frv. til Alþingis um Lánasjóð ísl. námsmanna." Hér hefur nú eitthvað skolast til í textanum. (**Gripið fram í:** Þeir eru svona.) Þeir eru svona, já. En þeir leggja til að breyting verði gerð á 6. gr. Sá málsliður, að námslán skuli aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskylda skólasókn og námsárangur, falli brott. Og í stað þess komi: „Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskylda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári."

Auðvitað er þarna alveg gríðarlegur munur á. En þingflokkur Alþfl., sem ungir jafnaðarmenn að mér sýnist með þessari ályktun hafi verið að leggja traust sitt á og trúað að mundi beita sér fyrir því hér á Alþingi að þetta næði fram að ganga, hefur í raun og veru hafnað þessu eða a.m.k. kom ekkert fram um það hjá hv. 11. þm. Reykn. áðan að það væru tilburðir uppi hjá Alþfl. til að berjast fyrir að koma þessari breytingu á. Því fyrir utan þær grundvallarbreytingar sem er verið að gera á námslánakerfinu þá er þetta kannski það atriði sem erfiðast verður fyrir námsmenn í framtíðinni að búa við. En ég skil það í sjálfu sér hvað það er sem ríkisstjórnin er að gera. Hún er einfaldlega að fara þá leið að sýnast. Að sýnast í því á næsta ári að menn hafi skorið niður kannski á bilinu 800–1.200 millj. kr. við lánasjóðinn með því að fresta þessum greiðslum aðeins í eitt ár. Þarna er í raun um mjög svipaða aðgerð að ræða og þegar menn lifðu hér skattlausa árið svokallaða. Þetta er engin framtíðarlausn á málefnum lánasjóðsins, síður en svo. Árið 1982 voru allir stjórnmálaflokkar sammála um þau meginmarkmið sem lögð voru til með lögunum sem þá voru samþykkt. Ég ætla aðeins að fara yfir hver þessi markmið voru. Og ræða síðan örlítið um þær breytingar sem núna er verið að gera á lánasjóðnum út frá þeim markmiðum sem þá voru lögð til og allir stjórnmálaflokkar stóðu að og sýna fram á þá grundvallarbreytingu sem nú er verið að gera á þessum sjóði námsmanna sem á að vera til þess að tryggja að það ríki fullkomið jafnrétti til náms.

Fyrsta markmiðið var þetta: Að ná því fram að það væri fullkomið jafnrétti til náms milli allra námsmanna.

Í öðru lagi. Það átti að taka tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stæði.

Í þriðja lagi. Lánin áttu að vera vaxtalaus.

Í fjórða lagi. Endurgreiðsla lánanna átti að vera tekjutengd.

Í fimmta lagi var stefnt að því að ná sem allra hæstu endurheimtuhlutfalli fyrir sjóðinn aftur af þeim fjármunum sem lánað var út úr sjóðnum. Hins vegar hefur það ekki tekist og ég kem inn á það síðar. Ekki vegna þess að kerfið hafi bilað heldur vegna þess að ríkisstjórnir — hvaða ríkisstjórnir sem hafa verið — hafa farið þá leið að auka lántökur sjóðsins, auka þar af leiðandi vaxtamuninn og útgjöld sjóðsins og það er meginástæðan fyrir því að endurheimturnar hafa ekki náðst.

Lítum á fyrsta og annað markmiðið í sameiningu sem eru jafnrétti til náms og það að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur. Til þess að þetta sé í raun og veru hægt, að taka tillit til aðstæðnanna og að tryggja jafnrétti, þarf að vera skýrt ákveðið í lögunum og ekki neinar loðnar yfirlýsingar um það eins og nú er í þessu frv. að stjórn lánasjóðsins skuli síðan ákveða hvað það skuli vera sem leggja skuli til grundvallar þegar ákveða á hvernig lánin eigi að greiðast og hver upphæð þeirra eigi að vera. Það á að taka tillit til tekna námsmanna. Það á að taka tillit til tekna, það á að taka tillit til fjölskyldustærðar námsmanna, það á að taka tillit til framfærslukostnaðar námsmanna á þeim stað þar sem þeir stunda nám og það á að taka tillit til námstímans. Ekkert af þessu er inni í frv. eins og það var fyrst kynnt hér af hálfu menntmrh. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því í brtt. að það verði tekið tillit til fjölskyldustærðar þegar framfærsla námsmannsins er ákveðin. En hvað segir það? Það segir afskaplega lítið vegna þess að ekki á að taka tillit til framfærslukostnaðar. Það á heldur ekki að taka tillit til tekna og þannig mætti lengi telja. Þess vegna er til einskis að setja þetta eina orð þarna inn, sem er fallegt á pappír og ekkert annað. Það mun engu breyta um að stjórn sjóðsins hefur eftir sem áður öll tök á því að standa að öllum þeim skerðingum sem menntmrh. leggur henni á herðar hverju sinni ef henni sýnist svo. Þannig má segja að frv. kollvarpi í raun öllu því sem menn stefndu að með því að taka tillit til aðstæðna námsmanna og að tryggja jafnrétti til náms ef þetta nær fram að ganga óbreytt.

Ef ég man rétt hefur það heyrst, reyndar ekki haft eftir hæstv. menntmrh. heldur aðstoðarmanni hans, ég fann þetta reyndar ekki í dag þegar ég var að leita að því, að það standi til að draga úr tekjutilliti í úthlutunarreglum sem núna eru í smíðum. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh., hefur hann gert sér grein fyrir því hvað það í raun og veru þýðir að draga úr tekjutillitinu? Það þýðir einfaldlega að verið er að opna sjóðinn fyrir fleirum. Það er verið að opna möguleika fyrir þá sem hafa verulegar tekjur og búa við góðar aðstæður til þess að taka lán. Lánin verða með 1% vöxtum en þeir munu ekki hindra námsmenn í að taka slík lán hvort sem þeir þurfa á þeim að halda eða ekki vegna þess að 1% vextir eru mjög hagstæðir. Námsmenn munu auðvitað fara með þessa fjármuni út á markaðinn og ávaxta þá miklu betur og ekki trúi ég því að sá sé tilgangurinn.

Fullyrðingar menntmrh. um að jafnrétti til náms verði aðeins tryggt með því að breyta lögunum um lánasjóðinn því annars verði hann gjaldþrota og þá ekki um neina aðstoð að ræða eru að mínu viti fjarstæða. Þegar ég held því fram vil ég vitna, með leyfi forseta, í greinargerð Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna frá því í apríl 1991. Þar segir:

„Lánþegar lánasjóðsins eru tæplega 24 þús. Útistandandi námslán nema um 25 milljörðum kr. En sú fjárhæð hefur verið færð niður um 3,9 milljarða kr. í ársreikningi vegna lána sem ekki munu innheimtast

að fullu vegna þeirra takmarkana sem eru á endurgreiðslu námslánanna. Útlán sjóðsins dreifast þannig að um 60% lántakenda skulda innan við 1 millj. kr. Aðeins um 1% lántakenda skulda 5 millj. kr. eða meira. Ríkisframlög til sjóðsins hafa verið nokkuð sveiflukennd á undanförnum árum. Á sl. áratug hefur hlutfall ríkisframlags í fjármögnun sjóðsins sveiflast frá 50–90%. Sveiflur þýða í raun að á sumum árum hefur verið greitt meira en sem svarar kostnaði við námslánakerfið og önnur ár hefur verið greitt minna. Helstu niðurstöður um fjárhagsstöðu lánasjóðsins og kostnaður við námsaðstoð eru eftirfarandi," og vil ég bara vitna í fyrsta atriði Ríkisendurskoðunar:

„Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu. Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði að nafnverði rúmlega 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarkröfu verður útkoman 3 milljarðar kr."

Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram, hæstv. menntmrh., að sjóður sem býr við slíka fjárhagsstöðu sé gjaldþrota, að námslánakerfið sé að hrynja og ef ekki verði gripið til róttækra aðgerða til að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sé jafnrétti til náms horfið út í veður og vind af því að Lánasjóður ísl. námsmanna sé gjaldþrota. Slíkar fullyrðingar geta auðvitað ekki staðist. Ég geri mér hins vegar fullkomna grein fyrir því að Lánasjóður ísl. námsmanna á í greiðsluerfiðleikum en það eru leiðir til þess að bæta greiðslustöðu hans og kem ég inn á þær hér á eftir.

Eitt atriði enn tel ég að skipti verulega miklu máli ef við ætlum í raun að tryggja það að námsmenn geti búið við bærilegar aðstæður á námstímanum hvað varðar það að ekki sé sífellt verið að hringla í framfærslunni. Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. í fyrradag þegar rætt var um svokallaða framfærslunefnd, eins og hún var kölluð, en það er nefnd sem hefur það hlutverk skv. 3. gr. laganna að finna út ef óskir koma fram um breytingar á framfærslunni, hvort þær breytingar séu á rökum reistar. Ástæðan fyrir því að þetta er komið inn í lögin er sú að í maí 1990 voru samþykkt lög frá þinginu sem var breyting á gildandi lögum um námslán og námsaðstoð og fólu það í sér að framfærslunefnd var komið á fót. Hæstv. menntmrh. sagði að það væri alveg óþarfi að vera að útbúa eina nefndina enn. Hér er auðvitað ekki verið að útbúa neina nefnd. Þessi nefnd er til staðar, hún er í gildandi lögum en það er verið að fella hana á brott í því frv. sem núna liggur fyrir þinginu.

Hvers vegna skyldi hafa verið nauðsynlegt að koma þessu ákvæði inn í lögin? Ég held að hæstv. menntmrh. hefði gott af því að hlusta á hvaða ástæður lágu þar að baki.

Þegar lögin um lánasjóðinn höfðu verið samþykkt í maí 1982, var sett reglugerð á grundvelli laganna. Í þeirri reglugerð eru ákvörðunaratriði um lánsupphæðir, hvernig þær skulu vera með tilliti til þróunar verðlags, gengis og launa. Gert var ráð fyrir að framfærslukostnaður á námsdag breytist að öllu jöfnu með þróun verðlags eða gengis og að stjórn lánasjóðsins skuli fylgjast með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur. Á tímabilinu 1982–1987 voru gerðar fimm breytingar á einum staflið 21. gr. reglugerðarinnar. Það sem öllum þessum breytingum var sameiginlegt var að það voru menntmrh. Sjálfstfl. á þessum tíma sem sífellt voru að hringla í framfærslunni. Og hver var niðurstaðan? Niðurstaðan var sú að frv. var flutt á haustþingi 1988 af þeim sem hér stendur og fleiri þingmönnum og samþykkt í maí 1989 og til þess gert að tryggja það að ekki væri verið að hringla með framfærsluna eins og gert var á þessum tíma, en þá var framfærsla námsmanna skorin niður á bilinu 5–20%. Nú segir hæstv. menntmrh.: Ekkert helvítis nefndarfargan. Við skulum sleppa þessu og opna í raun og veru nákvæmlega það sem var eitt mesta vandamál sjóðsins á þeim tíma þegar sjálfstæðismenn fóru með reglugerðarvaldið.

Þá kem ég að vöxtunum á námslánin. Því hefur verið haldið fram og var gert áðan af hv. 11. þm. Reykn. að formaður Framsfl. hafi við 1. umr. málsins lýð máls á því að það ætti að leggja vexti á námslán. Af þessu tilefni las ég yfir ræðu þá sem hann flutti við 1. umr. og þessar fullyrðingar, þær hafa reyndar áður komið fram við umræðuna, eru á misskilningi byggðar. Ég ætla að fá að vitna í það sem hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson sagði við 1. umr. þessa máls og um vextina, með leyfi forseta:

„Ég vil segja það sem mína persónulegu skoðun að mér finnst t.d. ofrausn af íslenska ríkinu að kosta menn með námslánum til starfa erlendis, til að setjast að erlendis. Það væri gaman að vita ef hæstv. menntmrh. hefur þær upplýsingar: Hvað eru þeir margir íslenskir námsmenn sem hafa sest að erlendis? Þeim fjölgar eflaust gífurlega á næstunni miðað við þá stefnu sem hér er í atvinnumálum. Ef þeim sem setjast að erlendis væri t.d. gert að greiða vexti og greiða lánið með jöfnum afborgunum á einhverjum ákveðnum og skemmri tíma — ég segi fyrir mitt leyti að svona hugmyndir gæti ég skoðað og ég er sannfærður um að það mundi spara ríkissjóði stórar upphæðir og þá væri jafnframt hægt að gera betur við þá námsmenn sem ætla sér að nýta sína menntun fyrir íslenska þjóð og það er vitanlega það sem við leggjum höfuðáherslu á."

Auðvitað er reginmunur á því hvort menn eru að tala um vexti á lán til þeirra námsmanna sem koma ekki heim að námi loknu eða því hvort menn eru að tala um að setja vexti almennt á námslánin. Ég ætla að gera örlitla grein fyrir því.

Af hálfu okkar framsóknarmanna eru rökin fyrir því að vextir á námslán komi ekki til greina þau að sá arfur sem þjóðin hlýtur af menntuninni, sú arðsemi sem þeir skapa fyrir íslenskt þjóðarbú sem afla sér menntunar er svo mikil að það er réttlætanlegt og eðlilegt að menn líti svo á að lánin eigi að vera vaxtalaus og að það sé í raun og veru framlag opinberra aðila til viðkomandi einstaklings og hann sé ekki látinn endur-

greiða lánin með vöxtum. Þarna koma vaxtagjöld ríkisins á móti þeim arði sem ríkið og þjóðarbúið fær af menntuninni.

Hins vegar finnst okkur eðlilegt, það sem formaður Framsfl. sagði í ræðu sinni og ég vitnaði í áðan, að þeir sem aldrei koma heim að námi loknu, greiða alla sína skatta og skyldur erlendis og íslenska þjóðin nýtur aldrei arðsins af þeirri menntun sem þeir hafa fengið fyrir ekki neitt, vaxtalausa og kostuð að hluta til af ríkinu, endurgreiði lán sín með fullum vöxtum. Ef það er ekki gert eins og er núna, getum við litið svo á að vaxtaleysi til þessa hóps séu í raun og veru útflutningsbætur með námsmönnum vegna þess að íslenska ríkið greiðir með þeim af því að enginn arður kemur hingað heim af menntun þeirra.

Því er haldið fram að 1% vextir á námslán séu hagstæðir. 1% vextir á hvaða lán sem er, er auðvitað hagstætt lán. Að opna þann möguleika í lögunum að setja vexti á lánin, er það sem við framsóknarmenn setjum okkur upp á móti. En það er fráleitt að halda því fram, eins og hv. formaður menntmn. gerði þegar hann mælti fyrir nál. meiri hlutans, að 1% vextir sköpuðu ráðdeild hjá námsmönnum og virðingu fyrir því hvernig þeir ráðstöfuðu sínum lánum og halda það að 1% vextir takmarki einhvern aðgang að námslánakerfinu. Ef menn vita eitthvað hvað er að gerast á fjármagnsmarkaðnum og ef vextirnir einir eiga til að byrja með að vera 1% og vera það stjórntæki sem takmarkar aðgang námsmanna að lánasjóðnum, eru menn á miklum villigötum. Ég er sannfærður um að þá, ef það yrði nú niðurstaðan í úthlutunarreglunum þegar þær verða tilbúnar 1. júní og ef það væri stjórntækið, yrðu útgjöld lánasjóðsins talsvert miklu hærri en menn almennt gerðu sér grein fyrir í upphafi.

Tekjutengdar endurgreiðslur. Ég fagna því að sú breyting sem gerð er af hálfu meiri hlutans að hverfa frá því atriði sem var í frv. eins og það birtist í 1. umr. Þar var í raun og veru ekki um tekjutengdar endurgreiðslur að ræða. Þar var um þrefaldan námstíma að ræða og það má frekar kalla tekjutengdar endurgreiðslur með þaki. Sem betur fer áttuðu nefndarmenn í menntmn. sig á því að hefði þetta náð fram að ganga, hefði greiðslubyrðin af þeim lánum sem þessi hópur hefði þurft að taka orðið óbærileg. Það sem er alvarlegast í þeim hertu endurgreiðslureglum sem núna eru boðaðar í brtt. og eru verulega hertar frá því sem áður var, er að gert er ráð fyrir því að endurheimtur sjóðsins fari yfir 100%. Auðvitað eru það vextirnir sem gera það að verkum að endurheimtuhlutfallið fer yfir 100%. Námsmenn komu með tillögur um breytt endurgreiðslukerfi og buðu upp á samstarf við menntmrh. um breytt fyrirkomulag sem skilaði lánasjóðnum 400–500 millj. kr. hærra endurheimtuhlutfalli. Hins vegar er ljóst að hertar endurgreiðslureglur nú kalla á auknar kjarakröfur, þ.e. þegar kemur að því að þeir sem lánin taka eiga að fara að endurgreiða þau.

Vegna þess að hæstv. menntmrh. tók vel í það við 1. umr. að láta kanna sérstaklega tvískipt endurgreiðslufyrirkomulag sem ég ræddi um í 1. umr. vil ég gjarnan spyrja hann hvað tvískipt endurgreiðslukerfi í raun og veru þýddi fyrir lántakendur, þ.e. þannig að 25 fyrstu árin yrðu endurgreiðslurnar tekjutengdar og næstu 15 árin yrðu þannig að þá yrði um jafngreiðslulán að ræða. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það mun verulega auka greiðslubyrði þeirra á síðustu 15 árunum. Hins vegar kemur það í ljós í þeim gögnum sem nú liggja fyrir, ég held þau séu frá Ríkisendurskoðun, að innan við 1% námsmanna eða lánþega sjóðsins skulda yfir 5 millj. kr. En ég vildi spyrja menntmrh. hvort þetta var kannað og hvaða áhrif það hafi haft.

Endurheimtur til sjóðsins. Í upphafi máls míns sagði ég að eitt vandamál blasti við lánasjóðnum og það væri að endurheimtuhlutfallið hefði ekki orðið eins hátt og búist hafði verið við. Ég rakti ákveðnar ástæður fyrir því. Þegar ég fékk í hendur pappíra frá fulltrúa Framsfl. í menntmn. þingsins í gær kom það mér hins vegar á óvart að samkvæmt núverandi kerfi eru endurheimtur sjóðsins í kringum 91%. Því hefur lengi verið haldið fram að þær væru mun lægri, á bilinu 80–85%. Ég vil undirstrika að í rauninni er ekki farið að reyna á lögin sem samþykkt voru 1982. Hækkandi endurheimtuhlutfall sannfærir mig um það að við erum á réttri leið ef við höldum áfram með núgildandi kerfi. Endurheimtuhlutfallið er að hækka. En það eru auðvitað lántökurnar sem hafa verið á bilinu 50–90% fyrir sjóðinn sem gera það að verkum að endurheimtuhlutfallið er þó þetta lágt sem mörgum hefði þótt ágætt.

Ég er sannfærður um að þessar hertu endurgreiðslur sem núna eru í tillögum meiri hluta menntmn. munu, þegar fram líða stundir, kalla á verulega auknar kaupkröfur. Því er það svo að þeir sem ætla að bera ábyrgð á þessari lagasetningu á þinginu eru að ýta því vandamáli sem við búum við í dag yfir á framtíðina. Þegar við komum að því að auknar kaupkröfur koma til vegna þess að greiðslubyrðin af lánum lánasjóðsins er óbærileg þá verður það kallaður fortíðarvandi. Þá verður það fortíðarvandi þeirra manna sem ætla sér nú að beita sér fyrir því að fá frv. samþykkt.

Við þekkjum þennan fortíðarvanda og skal ég nefna tvö dæmi um hvernig menn velta vandamálum líðandi stundar yfir á framtíðina. Það var í fyrirspurnartíma á Alþingi ekki alls fyrir löngu þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hæstv. heilbr.- og trmrh. um kjör lækna. Þá kom í ljós að 1980–1982 hafði verið samið þannig við lækna að þeir geta starfað að nokkrum hluta í vinnutímanum fyrir utan þær stofnanir sem þeir eru ráðnir á og aflað sér þannig verulegra tekna. Þeir hafa líka rétt til þess að fara í ferðalög, svokallaðar námsferðir. Á þeim tíma er um þetta var samið voru menn að leysa vandamál þess tíma. Hæstv. fjmrh. sem þá var, Ragnar Arnalds, setti aðstoðarmann sinn, Þröst Ólafsson, sem núna vill leysa fortíðarvandann með gjaldþrotum, í að ganga frá þessum kjarasamningum sem auðvitað sköpuðu veruleg framtíðarvandamál og fortíðarvandann sem við búum við núna að hluta til. Það er þetta sem menn þurfa auðvitað að hafa í huga þegar menn ætla að komast létt hjá vandamálunum, eins og menn ætla með þessu frv.,

og eins og menn eru núna að gera með því að fresta um eitt ár útgjöldum sjóðsins upp á einn milljarð kr.

Í því skjali sem dreift var í gær til fulltrúa í menntmn. kom fram samanburður á endurheimtuhlutfallinu í gildandi kerfi og svo eftir mismunandi vöxtum og mismunandi tekjutengingu. Þá kemur í ljós að með því fyrirkomulagi sem lagt er til mun endurheimtuhlutfall lánasjóðsins fara talsvert yfir 100%. Sjálfstfl. hefur haldið því mjög á lofti í umræðunni, ég hef reyndar ekki heyrt það af munni hæstv. núv. menntmrh., að það alvarlega við það kerfi sem við búum við í dag sé að nokkur hluti námsmanna taki sér sjálfkrafa námsstyrki. Þetta er í raun og veru rétt. Þeir sem eru komnir með lán upp að ákveðinni upphæð og vita að í framtíðinni muni þeir ekki hafa það háar tekjur að þeir greiði þessi lán til baka álíta kannski að það sé allt í lagi að taka meira einfaldlega vegna þess að þeir muni ekki greiða lánið. Þar er auðvitað um námsstyrki að ræða.

Þær tillögur sem núna liggja fyrir og eiga að taka á þessu vandamáli gera það alls ekki. Það sjáum við best ef við berum saman og lítum á bls. 14 og bls. 15 í áliti minni hluta menntmn. og berum saman viðskiptafræðinginn og hjúkrunarfræðinginn sem báðir eru einstæðir foreldrar með eitt barn og hafa verið með í meðallán 564.318 kr. Viðskiptafræðingurinn verður búinn að greiða sitt lán upp þegar hann verður 42 ára. En hjúkrunarfræðingurinn skuldar 1,9 millj. kr. þegar hann fer á tekjutengda ellilífeyrinn sem Alþfl. hefur skammtað honum í dag. (Gripið fram í.) Ég er að miða við 3% vexti, hv. þm. Sigríður Anna, vegna þess að ég er alveg sannfærður um að menntamálaráðherratíð núv. menntmrh. verður ekki liðin þegar vextirnir verða orðnir talsvert hærri en 3%. 1% vextir af hálfu ríkisstjórnarinnar í dag er sýndarmennska til þess að friða námsmenn í andstöðu við frv. Það er í raun ekkert annað sem verið er að gera. Það er verið að bjóða 1% vexti og telja mönnum síðan trú um það í umræðunni að þeir muni ekki hækka. En þetta mun líta nákvæmlega eins út þó við skoðum þetta út frá 1% vöxtum. En það undirstrikar það sem ég var að segja áðan að breytingin verður engin. Ákveðinn hópur námsmanna heldur áfram að fá sjálfkrafa námsstyrki. Það markmið sem menn ætluðu að ná, að allir mundu greiða sín lán til baka, og menn gætu ekki sjálfkrafa tekið sér styrkina, næst ekki. Það undirstrika þær tölur sem eru í þeim útreikningum sem minni hluti menntmn. hefur lagt hér fram í þskj. Þetta markmið bregst.

Ég tek undir það sem kemur fram í áliti minni hluta menntmn. þar sem minni hlutinn telur að fyrir utan þessar grundvallarbreytingar sem er verið að gera á því fyrirkomulagi sem við höfum haft á námsaðstoðinni, sé lúalegasta breytingin sú sem kemur fram í 6. gr. þar sem aldrei er veitt námsaðstoð fyrr en að viðkomandi hefur sýnt fullkominn námsárangur og skilað þar um tilskildum vottorðum. Þetta er rökstutt með því að nú séu 50 millj. kr. útistandandi á einhvern óskilgreindan hóp sem hefur einhverra hluta vegna tekið þessi lán og ekki skilað þeim til baka. Svona aðgerð er auðvitað ekki réttlætanleg til þess eins að ná því markmiði að bæta innheimtuna. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvernig gengu embættismenn frá málum við þessa einstaklinga þegar þeir greiddu út lán? Hvernig eru ábyrgðirnar sem að baki þessum 50 millj. kr. standa ef ekki er hægt að innheimta þær? Það er auðvitað innheimtukerfið sem á að styrkja þegar svona vandamál koma upp en ekki að láta námsmenn framtíðarinnar gjalda þess — ég þori ekki að fullyrða það þó — að slælega sé staðið að innheimtu af hálfu lánasjóðsins. Auðvitað eiga þeir sem hætta námi, og ég tek undir það með menntmrh., en hafa fengið námsaðstoð strax á fyrsta ári og hætt námi að greiða til baka og það á að ganga eftir því við þessa einstaklinga að lánin séu greidd til baka. En það þarf ekki að gera með því að velta vandamálinu yfir á námsmennina sem eiga eftir að koma og þurfa að njóta aðstoðar þessa sjóðs. Hæstv. menntmrh. mótmælti því í umræðunni í fyrradag að þetta þýddi skerðingu á framfærslunni hjá námsmönnum vegna þess að svo lítill hluti námsmanna færi inn í bankakerfið til þess að taka lán til að fjármagna framfærslu sína þar til þeir fengju næst lán. Þarna gætir mikils misskilnings af hálfu ráðherra. Það kann vel að vera að reynslan segi okkur að þeir námsmenn sem hafa ekki fengið lán fyrr en eftir fyrstu önn og hafa þurft að nýta sér bankana séu mjög lítið hlutfall af heildarnámsmönnum á þeirri önn. Það er hins vegar svo að þessi hópur er að koma til náms eftir að hafa verið í fullri vinnu úti á vinnumarkaðinum og haft þar af leiðandi verulegar tekjur og sparað fyrir náminu og ekki þurft á aðstoð sjóðsins að halda. Hins vegar er hér gert ráð fyrir því að sýnd sé eðlileg námsframvinda og gerðar ákveðnar kröfur í þeim efnum. Það verður ákveðið í úthlutunarreglum, sjálfsagt eftir því hvaða menn eru í stjórn sjóðsins hverju sinni. Það þýðir auðvitað að þessir sömu námsmenn geta ekki verið á vinnumarkaðinum á sama tíma til að afla sér tekna og þar af leiðandi hafa þeir ekki haft tekjur og þurfa alltaf árið eftir á aðstoð bankanna að halda til þess að geta framfleytt sér á meðan þeir bíða eftir námsaðstoðinni frá sjóðnum. Það er örugglega ekki ofáætlað að hér gæti verið um 10% skerðingu að ræða til viðbótar við þá 16,7% skerðingu sem varð á framfærslunni á síðasta hausti.

Þegar ég hef borið saman þau markmið sem lögð voru til grundvallar með lögunum frá 1982 og því sem felst í frv. sem hér liggur fyrir við 2. umr. þá fullyrði ég hiklaust að það frv. eykur á misréttið. Það mun verða til þess að ekki stór, en einhver tiltekinn hluti námsmanna þarf að hætta námi, einhver tiltekinn hluti þeirra sem ljúka stúdentsprófi og hafa hug á háskólanámi mun ekki geta farið í háskólanám.

Í öðru lagi er hætt að taka tillit til aðstæðna námsmanna og fyrir því gerði ég fulla grein áðan og það er alvarlegur hlutur sem eykur á misréttið. Það eru komnir vextir á lánin og þeir munu hækka smátt og smátt. Ég fullyrði það, því miður, að ríkisstjórn og menntamálaráðherrar í framtíðinni munu sjálfsagt hafa tilhneigingu til þess að bjarga fjárhagsstöðu lánasjóðsins á hverjum tíma með því að hækka vextina smátt og smátt. Þess vegna er það svo alvarlegt að opna fyrir það í þessu lagafrv. að vextir skuli settir á námslánin.

Í fjórða lagi er verið að tekjutengja endurgreiðsluna og það er verið að velta vanda samtímans yfir á framtíðina.

Í fimmta lagi er endurheimtuhlutfallið að hækka. Eftir sem áður, þótt endurheimtuhlutfallið hækki, er áfram verið að styrkja sömu hópana, það er enn þá sama fólkið, sömu lánþegarnir, sem hafa þann möguleika að taka sér námsstyrki og ráða sjálfir upphæðinni. Þetta frv., eins og það liggur fyrir, tekur ekki á því vandamáli.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hv. þm. sem ég þyrfti að gera athugasemdir við og ég læt það að vísu bíða þar til síðar í umræðunni. Eitt atriði vil ég ekki bíða með en það var tilvitnun í ræðu hv. formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar. Ég hef aðra tilvitnun úr sömu ræðu þar sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson talar um vexti af námslánum í Bandaríkjunum og telur þá nokkuð háa og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta eru líka háir vextir borið saman við ýmis Evrópulönd, það eru helst Norðurlöndin sem eru eitthvað á þessu róli. Að vísu er verðbólgan nú lág og vonandi helst hún lág en það er engin trygging fyrir því. Við gætum skoðað einhverja örlitla vexti þarna á en við teljum 3% vexti allt of mikið og muni íþyngja námsmönnum óeðlilega mikið á greiðslutímanum."

Ég get ekkert lesið út úr þessum orðum hv. formanns Framsfl. annað en það að hann sé reiðubúinn að athuga „einhverja örlitla vexti" eins og hann orðar það. En þetta var að vísu sagt í miðri ræðu. Tilvitnunin sem hv. þm. Finnur Ingólfsson vitnaði til er í lok ræðunnar og þá hefur hann sjálfsagt verið búinn að skipta um skoðun. Það hefur gerst á skemmri tíma stundum hjá þeim ágæta manni.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að þetta kemur fram í ræðu hv. 7. þm. Reykn. Steingríms Hermannssonar. Það sem hann er hins vegar að gera í lok sinnar ræðu er að draga það saman það sem hann hafði áður sagt og þar kemur alveg skýrt fram hvað það er sem hann á við þegar hann var að tala um vextina og sagði að það mætti auðvitað skoða það mál.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt þó að það taki alllangan tíma að fjalla um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna og því eðlilegt að í lok þingsins nú á vordögum séum við fram á kvöld að fjalla um þetta frv. Áður en ég fjalla nánar um frv. sem hér er til umfjöllunar get ég ekki látið hjá líða að minnast örlítið á ræðu hv. 11. þm. Reykv. Finns Ingólfssonar, sem hér síðast gerði grein fyrir afstöðu formanns síns, Steingríms Hermannssonar, varðandi vexti. Það er auðvitað mjög athyglisvert þegar hv. þm. Finnur Ingólfsson gerir grein fyrir afstöðu formanns síns sem hefur mælt með því að vextir verði settir á lán þrátt fyrir það að langflestir stjórnarandstöðuþingmenn hafi lagst gegn því. Það sem vakti einkum athygli mína í ræðu hv. 11. þm. Reykv. var það þegar hann sagði að ekki væri farið að reyna á núgildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég tel að það sé a.m.k. búið að reyna á það að undir stjórn Framsfl. virkar þetta kerfi ekki sem hann meðal annarra ber ábyrgð á. Það var undir stjórn Framsfl. sem mjög var þrengt að lánasjóðnum, svo mjög að þetta kerfi gat ekki virkað enda að mörgu leyti stjórnlaust. Það er ekki í þágu námsmanna að lánakerfi sjóðsins sé nánast stjórnlaust og takmarkalítil útþensla í ví. Ég vil biðja hv. þm. Finn Ingólfsson að skoða það örlítið hvers vegna Framsfl. beitti sér ekki fyrir auknum fjárframlögum til lánasjóðsins en hann gerði það alls ekki.

Hér hefur farið fram mikil umræða, eins og hv. 14. þm. Reykv. benti á, umræða um lánasjóðinn er búin að standa yfir í allan vetur og ég tel að það sé nauðsynlegt að ræða mjög ítarlega um þennan mikilvæga sjóð. Lánasjóður ísl. námsmanna er afar mikilvægur fyrir okkar þjóðfélag. Það eru vaxandi kröfur til menntunar í þjóðfélaginu og lánin eru mikilvæg fyrir námsmenn til að þeir geti stundað sitt nám, ekki síst vegna þess að þjóðfélagið er að þróast á þann veg að miklu minna er um það en áður var að námsmenn geti gripið í að vinna fyrir tekjum. Það eru ekki þau uppgrip sem voru hér fyrr yfir sumartímann, svo mikil uppgrip að menn gátu jafnvel unnið fyrir námi sínu. Þetta er því miður að verulegu leyti liðin tíð og þess vegna er lánasjóðurinn afar mikilvægur liður í okkar menntakerfi.

Ég gerði nokkrar athugasemdir við frv. við 1. umr. Ég sé að hv. menntmn. hefur unnið afar vel að þessu máli eftir 1. umr. Ég gerði athugasemdir við það m.a. að vikið væri frá því að námsmenn yngri en 20 ára, það snýr aðallega að þeim sem stunda iðnnám, ættu aðgang að sjóðnum og það hefur verið gerð breyting á þessu atriði og fagna ég því. Gerð hefur verið breyting á því að lögð er nú áhersla á það í brtt. meiri hluta hv. menntmn. að tekið skuli tillit til aðstöðu námsmanna, fjölskyldustærðar og búsetu. Það er auðvitað afar mikilvægt að það sé undirstrikað og tekinn af allur vafi um að í úthlutunarreglum sjóðsins skuli taka tillit til aðstæðna nemenda hvað þetta varðar.

Einnig gerði ég athugasemd við það að endurgreiðslubyrði væri og yrði veruleg. Ég tel að með því að nú hefur verið tekin um það ákvörðun að vextir verði 1% og endurgreiðsla með öðrum hætti en í upphaflega frv. var gert ráð fyrir séu breytingar sem meiri hluti menntmn. gerir tillögu um viðunandi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja um þau atriði sem ég gerði að umtalsefni við 1. umr. Ég tel að brtt. nefndarinnar séu til bóta og ég styð þær heils hugar. Það hefur verið gerð athugasemd, m.a. af Iðnnemasambandi Íslands, við 4. gr. frv. þar sem þeir fara fram á það að fá aðild að stjórn lánasjóðsins. Ég tel að auðvitað væri æskilegt að sem flestir hópar ættu sína sérstöku fulltrúa í þessari mikilvægu stjórn Ég þekki það af eigin reynslu eftir að hafa setið í stjórn lánasjóðs-

ins í nokkurn tíma. En ég tel engu að síður að það ætti að vera fullnægjandi aðstaða fyrir þann hóp að eiga aðgang að sjóðsstjórninni gegnum fulltrúa nemenda í sérskólunum og það þyrfti að ganga þannig tryggilega frá því að þeir ættu óyggjandi aðgang að þeim fulltrúa. Ég held hins vegar að það kæmi til greina að slíkur hópur ætti fremur aðild að sjóðnum með áheyrnarfulltrúa. Þetta þarf e.t.v. að skoða betur en ég tel hins vegar að það geti ekki verið mögulegt að nemendur í hverjum einasta skóla, sem eiga möguleika á að fá lán úr sjóðnum, eigi þarna fulltrúa því að stjórnin yrði þá svo stór að það væri ekki viðunandi. Ég tel að skoða eigi þessa grein frv. betur en ég tel að það sé ekkert úrslitaatriði.

Það hefur vissulega vakið athygli í lok þessarar umræðu að stjórnarandstaðan virðist vera bærilega ánægð með þær breytingar sem verið er að gera og þeir sem hafa kannski hvað mest gagnrýnt frv. láta ekki sjá sig við umræðuna í kvöld þó að hér sé margt mjög góðra fulltrúa stjórnarandstöðunnar að sjálfsögðu. En það vekur athygli að svo virðist sem stjórnarandstaðan sé orðin bærilega sátt við þá niðurstöðu sem hér er orðin og ber að fagna því að sjálfsögðu. En það kom mér afskaplega mikið á óvart þegar hv. 18. þm. Reykv. Kristín Ástgeirsdóttir hélt því fram að frv. mundi leiða til þess að konum yrði bægt frá námi. Ég vildi heyra þau rök ítarlegri og öflugri. Ég fæ ekki séð að nokkur einasta ástæða sé til að ætla að svo verði, miklu fremur að konum verði skapaður enn betri og öflugri möguleiki til náms með því að efla sjóðinn og það er meginatriði þessa frv. Það er það að efla Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að geta veitt lán til náms og það er auðvitað sá tilgangur sem frv. vinnur fyrst og fremst að.

Ég vil svo ekki lengja þessar umræður núna en tel að frv. með þeim breytingum, sem hv. menntmn. hefur gert á því, sé vel viðunandi og ég fagna því þeirri niðurstöðu sem hv. formaður menntmn. hefur leitt fram í brtt. meiri hluta menntmn.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur ruglast dálítið í ríminu í umræðum ef hann telur að stjórnarandstaðan sé ánægð með frv. Það er hann sem er ánægður með frv. Það er hann sem gerir sig ánægðan með þær breytingar sem gerðar hafa verið og hann er ánægður með frv. þrátt fyrir það atvinnuástand sem hann réttilega nefndi að skólanemendur séu gerðir að fyrsta árs nemum á hverju ári. Hvernig geta menn verið ánægðir með slíkt frv.? Ég tel mig knúinn til að veita andsvar vegna þess að stjórnarandstæðan er náttúrlega mjög óánægð með þá afgreiðslu sem frv. fær og skilur reyndar ekki í því, t.d. varðandi þetta ákvæði sem ég nefndi, að menn skuli vera að bjarga fjárlögum um næstu áramót með slíkum æfingum, að gera nemendur að fyrsta árs nemum á hverju ári. Það er aðeins til þess að laga útkomuna í fjárlögunum þegar þau verða næst sett upp. Það skyldu menn gera sér ljóst. Ég get ekki verið ánægður með frv. Það er langt í frá.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki heyrt að hv. 2. þm. Austurl. færði fyrir því nokkur rök að hann væri ekki sæmilega ánægður með frv. eins og það er orðið núna. Í sjálfu sér ætlast ég ekki sérstaklega til þess að hann hefji umræður í andsvörum um það efnislega. En það hefur vakið athygli mína að andstaða stjórnarandstöðunnar við frv. hefur breyst verulega mikið eftir þá mikilvægu og góðu vinnu sem hefur farið fram í hv. menntmn. Það vekur athygli mína að ekki skuli fleiri stjórnarandstæðingar tala við þessa umræðu. Þess vegna dreg ég þá ályktun að þeir séu orðnir allsáttir við þá niðurstöðu sem hér hefur fengist.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér dettur ekki í hug annað en viðurkenna það að ýmislegt hefur verið lagað í frv. Fyrr mátti nú vera ef frv. hefði verið haldið til streitu eins og það var. En ég efast um að það hafi verið góðmennska hv. stjórnarliða sem kom yfir þá allt í einu. Þeir fundu náttúrlega fyrir þeirri andstöðu sem var úti í þjóðfélaginu og þess vegna löguðu þeir frv. Það er hræðsla við viðbrögð þjóðfélagsins sem gerði það að frv. var lagað. En það er ómögulegt enn þá þrátt fyrir það.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að við séum til þess á hinu háa Alþingi að vinna að málum í nefndum og breyta þeim frumvörpum sem hér kunna að koma fram í þinginu. Ég sé ekkert athugavert við það þó að breytingar séu gerðar á jafnmikilvægu frv. og frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég tel að umræður í þinginu hafi verið málefnalegar og ég veit að þær hafa verið mjög málefnalegar í hv. menntmn. Niðurstaðan er, eins og ég hef margsagt í þessari umræðu, að mínu mati mjög góð og ég tel að það frv. sem verður vonandi samþykkt innan tíðar muni styrkja lánasjóðinn.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að lesa ræðu hv. 1. þm. Vesturl. sem hann hélt við 1. umr. Þá áttaði ég mig á því að hv. þm. var mjög ánægður með frv. eins og það var lagt fram. Hann hafði að vísu smávægilegar athugasemdir fram að færa en honum fannst þetta nokkuð gott frv. Mér finnst því ekki mikið þótt hann sé ánægður með það núna. Við í stjórnarandstöðunni erum ekki svo blind og ómálefnaleg að við viðurkennum ekki að þær brtt. sem lagðar eru fram af meiri hluta nefndarinnar eru til bóta, svo sannarlega eru þær allar til bóta. En þær ganga samt ekki nógu langt. Við getum ekki staðið að samþykkt frv. eins og það liggur fyrir frá nefndinni.

Það var eitt sem ég ætla að nefna til viðbótar, hæstv. forseti. Hv. þm. nefndi það í ræðu sinni að honum fyndist ástæða til að taka meira tillit til búsetu námsmanna og ferðakostnaðar. Hvar sér hv. þm., sem

taldi þó heyrðist mér að tekið hefði verið tillit til hans sjónarmiða í meðferð í nefnd, tekið á þeim málum í frv. eins og það lítur út núna?

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 3. þm. Norðurl. e. skuli lesa svo vel ræður mínar sem raun ber vitni. Það er alveg rétt að ég lýsti ánægju minni með það að frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna skyldi vera komið fram og fagnaði því að menntmrh. hefði unnið svo rösklega að því máli. En ég tók það greinilega fram í minni ræðu hvaða lagfæringar ég teldi að þyrfti að gera á frv.

Ég tel að með þeirri breytingu sem hv. menntn. gerir tillögu um muni verða tekið tillit til fjölskylduaðstæðna og búsetu í úthlutunarreglum sjóðsins. Brtt. nefndairnnar gera ráð fyrir því og tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það nánar.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki tekið tillit til búsetu og það er ekki tekið tillit til ferðakostnaðar. Og við vitum ekki enn hvort það á að lána fyrir skólagjöldum og við vitum ekki enn hvort það á að greiða skólagjöld eftir á. Svo margt er nú óljóst og svo margt er neikvætt við frv., eins og það liggur fyrir, svo að ég tali ekki um það sem ég lagði allra mesta áherslu á í mínu máli en það var eftirágreiðslan. Mér finnst því alveg út í hött að halda því fram að við séum orðin ánægð með þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég trúi því enn að það verði tekið tillit til okkar málflutnings og það verði gerð breyting á frv. áður en það verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vitna til þeirrar brtt. sem hv. menntmn. hefur komið með en þar segir í 3. lið að við 3. gr. frv. verði gerðar eftirfarandi breytingar:

„a. Við 1. mgr. bætist: að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns.

b. Við 2. mgr. Á eftir orðunum „tillit til" komi: búsetu og."

Ég get því ekki séð annað en að það sé með viðunandi og fullkomnum hætti gert ráð fyrir því að það sé tekið tillit til búsetu. Það leiðir af sér að ferðakostnaður hlýtur að vera hluti af því sem þarf að meta þegar fjárþörfin er skoðuð. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það sem hv. þm. nefndi.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. finnst að umræðan hér hafi breyst og andstaðan minnkað. Mér finnst hann ekki hafa hlustað vel ef honum finnst það því að í allan dag hafa komið fram mjög hörð rök gegn þessu frv. og brtt. minni hluta menntmn. bera það auðvitað með sér að við erum á engan hátt ánægð með þetta frv. Hins vegar erum við kurteist fólk og málefnalegt og það vantar kannski einhverja sem harðari eru í horn að taka í þeim efnum. En hv. 1. þm. Vesturl. bað um frekari rökstuðning við þeirri fullyrðingu minni að með frv. væri verið að bægja konum frá námi. Það er auðvitað rétt að allir hafa rétt til þess að taka lán. En hins vegar mun fólk standa frammi fyrir því hvernig eigi að greiða lánin. Ég reikna með því að flestir muni kanna það hvernig greiðslum verði háttað, hvað greiðslubyrðin verði mikil. Það má þá verða mikil breyting á námsvali kvenna ef þær eiga að geta staðið undir þessum lánum. Og ég hlýt að spyrja: Er það æskilegt að hrekja konur og aðra sem vilja afla sér menntunar í ýmsum heilbrigðisgreinum eða greinum sem fyrst og fremst beina fólki til kennslustarfa frá námi? Er æskilegt að draga úr ásókn í það nám? Við vitum að fyrir þessi störf er afar illa borgað í okkar samfélagi, því miður. Þetta eru verðmæt og mikilvæg störf en þau eru illa borguð. Ég fæ ekki séð að fólk muni leita áfram í menntun sem miðast við þau störf vegna þess að það verði ekki hægt að borga lánin. Það eru fyrst og fremst konur sem eru í þessum störfum og þess vegna er niðurstaða mín sú að þessar breytingar muni hafa það í för með sér að konur hugsi sig um tvisvar og þrisvar og því miður munu margar þeirra neyðast til að hætta við að fara í það nám sem þær vilja fara í.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar mitt verður mjög stutt. Ég segi það eitt að ég er sannfærður um að íslenskar konur hafa þann metnað til þess að afla sér þekkingar að þær munu gera það og velja þær námsleiðir sem hugur þeirra stendur til. Þær munu væntanlega ekki hika við að njóta láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég vona að okkur takist að byggja upp það þjóðfélag á næstu árum og áratugum að það geti tekið við öllu því fólki sem kemur úr íslenska menntakerfinu. Ég held að engin teikn séu á lofti um það að konur hætti við að fara í nám vegna þess að 1% vextir séu á lánum úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er fjarri því að svo verði. Það er mat mitt.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. 1. þm. Vesturl. þurfi að kynna sér aðeins betur þetta þjóðfélag sem við lifum í og þau launakjör sem fólk býr við. Það er ekki bara um það að ræða að greiða lánin á 1% vöxtum. Við erum líka að tala um þyngri greiðslubyrði. Við erum að tala um hækkun á afborgunum. Við erum að tala um hærri tekjutengingu en nú er. Við erum að tala um verulega þyngingu á greiðslubyrði og spurningin er: Hvernig eiga þau laun, sem nú eru greidd, að standa undir þessum lánum? Það er spurningin sem við erum að glíma við. Eins og hefur komið fram og kom fram í máli mínu í dag og hefur komið fram hjá fleiri þingmönnum þá eru auðvitað til ein viðbrögð við þessu og þau eru harðar launakröfur. Ég spyr: Hvenær verður farið að semja um vextina hjá Lánasjóði ísl. námsmanna? Hvenær verður það tekið inn í kjarasamninga eins og verið er að gera nú varðandi húsnæðiskerfið?

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég hef kvatt mér hljóðs á hinu háa Alþingi um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna, enda átti ég sæti í þeirri nefnd sem samdi þau lög sem við höfum búið við frá 1982.

Ég kvaddi mér hljóðs hinn 5. nóv. 1991 utan dagskrár um málefni lánasjóðsins og flutti síðan ítarlega ræðu við 1. umr. þegar þetta frv. var lagt fram. Ég hef skrifað blaðagreinar um það mál og gert þar allítarlega grein fyrir skoðunum mínum á málinu þannig að ég hyggst ekki endurtaka það sem ég hef lagt áherslu á í þeim greinum í smáatriðum, enda hefur málið tekið allnokkuð nýja stefnu nú þegar það kemur úr fyrstu meðferð í nefnd.

Um þetta mál, sem er mjög mikilvægt, mætti auðvitað segja margt. En fyrst hljóta menn að hugsa hvað þessari ríkisstjórn sem nú situr illu heilli að völdum í þessu þjóðfélagi gengur til. Menn vaða um samfélagið eins og sinueldur, ráðast að öllu því sem best hefur verið í samfélagi okkar og virðast ekki eira neinu né hyggjast fyrir í nokkru. Ég verð að segja að ríkisstjórnin minnir mig á kvæðið um Sólon Íslandus en þar er ágæt lýsing á förumanni og hljóðar svo:

> Förumaður kom hér einn á húsgangsklæðum,
> með gleraugu hann gekk á skíðum,
> gæfuleysið féll að síðum.

Það er þessi mynd sem mér finnst núv. ríkisstjórn hafa á sér. Engin leið er að átta sig á með hversu góðum vilja sem menn reyna hvert ríkisstjórnin er að fara. Hvað eftir annað í vetur hefur komið í huga mér sagan um Lísu í Undralandi þegar hún villtist í völundarhúsinu og fann ekki útgönguleið og hún hitti köttinn og spurði: „Hjálpaðu mér að komast leiðar minnar, hvaða leið á ég að fara?"

Þá spurði kötturinn: „Hvert ertu að fara?"

„Það veit ég ekki," sagði Lísa.

Þá sagði kötturinn: „Þá er líka alveg sama hvaða leið þú ferð."

Einhvern veginn þannig finnst mér þessi gæfulausa ríkisstjórn hafa fálmað sig áfram. Ég segi þetta ekki af illgirni eða neins konar mannvonsku. Ég hef átt kost á að vinna með hæstv. menntmrh. árum saman t.d. í Norðurlandaráði við hina ágætustu samvinnu, ég hef alltaf haldið að hæstv. menntmrh. væri heldur skynugur maður sem vildi þjóðinni vel. Síðan sest hann og fleiri ágætismenn í ráðherrastóla og breytast í eitthvað sem ég veit ekki hverju líkist, ráðast inn í heilbrigðiskerfið, ráðast inn í skólakerfið, vaða inn í Lánasjóð ísl. námsmanna, ráðast að gamalmennum sem nú eiga aðallega, skilst mér, að hafa það sér til dundurs í ellinni að tína saman skuldir sínar við Lánasjóð ísl. námsmanna og það er afþreying út af fyrir sig. Það má kannski spara „opið hús" í tilefni af því að menn geta horft á reikninga sína sem snjóar inn um dyrnar, en ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, ég skil ekki hvert þessi ríkisstjórn er að fara. Enda sýnist mér að það sé farið að þynnast ansi mikið um bekki og ég sé ekki betur að hér sé nú nokkur lifandi maður úr Jafnaðarmannaflokki Íslands nema hæstv. forseti — nú, hann er meira að segja farinn. Ég sá ekki betur en svo væri hæstv. félmrh. orðinn hart keyrður að hún situr nú í hjólastól á þessum degi eftir því sem ég sá á forsíðu Dagblaðsins í dag og lái henni hver sem vill.

Þegar við erum að tala um kreppu eða greiðsluvanda Lánasjóðs ísl. námsmanna þá liggur það auðvitað fyrir að þessi sjóður er einn ríkasti sjóður landsins og því gerði hv. 11. þm. Reykv. grein fyrir áðan. Ég gerði það líka í mínum fyrri ræðum og skal ekki endurtaka það. Á sama tíma er Landsbanki Íslands að afskrifa 1.8 milljarða. Ruglið varðandi undirbúning að EES-samningum sem engan vantar og enginn vill. (**ÓÞÞ:** Íslandsbanki 2 milljarða.) Íslandsbanki 2 milljarða, segir hv. 2. þm. Vestf. Ruglið í þessari svokölluðu undirbúningsvinnu varðandi EES-samninga hefur þegar kostað 285 millj. kr. Vantar þessa þjóð peninga? Nei. Það eru nógir peningar til á Íslandi. Það er til fullt af þeim þannig að vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna eins og menn hafa hvað eftir annað tekið fram hér er auðvitað orðinn til fyrir aðgerðir misviturra ríkisstjórna. Ég vil hins vegar taka það fram að það er alrangt sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan að allar ríkisstjórnir hefðu gert illa við þennan sjóð. Það er ekki satt. Framlag ríkisins til sjóðsins hefur sveiflast milli 50% og 90% eins og hv. þm. réttilega sagði en það er ekki tilviljun hvenær það var 90% og hvenær það var 50% og það skiptir öllu máli. Það er auðvitað alveg ástæðulaust að vera svo auðmjúkur fyrir hönd síns flokks að taka á sig syndir annarra varðandi það. Vitaskuld hafa vinstri ríkisstjórnir ævinlega verið hlynntari sjóðnum en ríkisstjórnir sem Sjálfstfl. hefur komið nálægt og þarf engan að undra.

Hér er verið að tala um undirstöðuatriði sem varðar alla velferð íslensku þjóðarinnar í framtíðinni. Menn hafa allar götur síðan ég kom á hið háa Alþingi talað með miklum þunga um nauðsyn þess að efla menntun, rannsóknir, byggja upp vel menntað þjóðfélag þar sem valinn maður væri í hverju rúmi, nútímaþjóðfélag sem krefðist síaukinnar þekkingar í æ flóknari heimi. Þetta verður auðvitað ekki gert á sama tíma og menn eru að berja niður skólakerfið. Þetta eru auðvitað sannindi sem er búið að segja hér svo oft að ég skal ekki þreyta menn hér klukkan að verða 11 að kvöldi á svo augljósum staðreyndum. Þó kemst ég ekki hjá því að segja það einu sinni enn að það er auðvitað slíkur grundvallarmisskilningur að námslán séu sambærileg við önnur lán og lántökur í þjóðfélaginu að það er beinlínis móðgun við vitsmuni manna að bera slíkt saman. Framfærslulán á meðan fólk er að mennta sig er auðvitað í þágu samfélagsins alls en ekki þess aðila sem þessa framfærslu þarf á meðan hann leggur á sig að mennta sig fyrir þjóðfélag sitt.

Ég skal hlífa mönnum við almennum athugasemdum og menn geta lesið ræður mínar, sem eru nú síst verri en ræður hv. 1. þm. Vesturl., ef þeir vilja í þingtíðindum. En ég ætla að snúa mér að nokkrum atriðum sem auðvitað eru óásættanleg enn þá. Það er hárrétt að þau ósköp sem okkur voru sýnd í upphafi hafa aðeins skánað og er það alltaf gleðiefni þegar menn

taka sönsum og hlýða á röksemdafærslu annars fólks. Það er víst fyrsta skilyrðið til þess að menn komist að einhverri vitsmunalegri niðurstöðu.

Þá hlýt ég að koma fyrst að því að námslán beri vexti. Það er auðvitað með öllu ósæmandi og ef einhver heldur að ég eða aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar taki mark á einhverri yfirlýsingu núv. ríkisstjórnar um að þetta skuli vera 1%, nei, það getum við ekki og sættum okkur engan veginn við það, enda stendur í frv. „allt að 3%“ og það er auðvitað það sem gildir. En hvað þýðir það að leggja vexti á námslán? Það stóð aldrei til þegar frv. um sjóðinn var samið að sjóðurinn ætti að hagnast á þessum lántökum. Það var aldrei meiningin. Gert var ráð fyrir því að námsmenn skiluðu því sem þeir fengju lánað. En að að ríkið græddi á þeim, það var aldrei nokkur einasti maður sem lét sér detta slíkt í hug.

Ég vil minna á að Lánasjóður ísl. námsmanna var einn fyrsti sjóður landsins sem var verðtryggður. Menn sættu sig við það og tóku því. En að hann ætti að bera vexti hef ég aldrei heyrt fyrr en með þessu frv. og það er auðvitað með öllu ósæmandi að vera að láta það fólk sem nú stundar nám borga vexti til að bæta upp trassaskap fyrri ríkisstjórna. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt og getur ekki gengið. Engin leið er að samþykkja þetta frv. fyrr en þetta hefur verið leiðrétt.

Síðan kemur annað atriði sem mér finnst skipta miklu máli líka en það er að stytta tímann að námi loknu áður en menn fara að greiða námslán. Ég held að það verði mörgum afar erfitt. Það vill nú til eins og ástandið er núna að það tekur menn allt að einu ári að fá atvinnu þegar þeir koma heim frá námi. Þá er eftir að reyna að koma sér einhverju þaki yfir höfuðið, hvort sem það er leiguhúsnæði eða menn reyna að ráðast í að kaupa sér húsnæði. Eins og margoft hefur verið bent á er það svo að með þeirri greiðslubyrði sem nú er lögð á fólk þá sé ég ekki betur en námsmenn geti gleymt því að reyna að komast inn í húsbréfakerfið. Það er auðvitað alveg út úr kortinu og þetta getur heldur ekki sparað eitt eða neitt vegna þess að þetta skilar sér í vandræðum annars staðar. Ég held nefnilega að mönnum hætti oft til þegar einum lögum er breytt eða ein lög sett að líta ekki til hvaða áhrif sú lagasetning hefur annars staðar í samfélaginu vegna þess að einhvers staðar verður auðvitað að taka það tjón sem þetta fólk verður fyrir.

Að námsaðstoð verði greidd eftir á, þetta er auðvitað bæði ómannúðlegt og ósiðlegt. Halda menn að fólk verði, jafnvel aðstandendur, mjög ginnkeypt fyrir endalausum uppáskriftum um bankalán? Eins og ástandið er núna í þjóðfélaginu þar sem menn hafa orðið fyrir stórfelldu tjóni einmitt vegna þess að þeir hafa skrifað upp á alls kyns fjárhagsskuldbindingar fyrir vini og kunningja og ættingja eru menn ekki endilega tilbúnir til þess að ábyrgjast bankalán á nokkurra mánaða fresti. Ég hygg að námsmenn megi alveg hafa sig alla við að fá fólk til að skrifa upp á og ábyrgjast námslánin. Ég vil minna á það að ég mótmælti því þegar upphaflega frv. kom fram að þá áttu meira að segja þessir ábyrgðaraðilar að vera tveir, en þeim hefur þó verið fækkað niður í einn. Hins vegar held ég að við höfum nú ævinlega skilið það þegar við sömdum lögin þannig með þessa ábyrgðarmenn eins og ég hef áður sagt, að ábyrgðarmaðurinn væri nú eiginlega frekar til þess að það væri einhver aðili sem vissi hvar menn væru niður komnir ef þeir stæðu ekki í skilum frekar en þeir ættu að vera raunverulega ábyrgir fyrir þeim skuldbindingum sem þeir hafa skrifað upp á. Mér þætti gaman að sjá framan í þá sem færu að innheimta hjá ættingjum mínum og börnum, systkinum og fleirum, ég held að það sé ansi góð upphæð sem ég sem stend hér er ábyrg fyrir og ég vona að enginn láti sér nokkurn tíma detta í hug að ég geti greitt það og ætla mér heldur ekki að gera það. En ég hef litið á mig sem svona einhvern millilið milli námsmanna og sjóðsins þannig að það væri þá alltaf hægt að ná til manna ef á þyrfti að halda.

Um eftirágreiðsluna: Ég held að ég orði það ekki betur en Pétur Þorsteinn Óskarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands gerði í Dagblaðinu mánudaginn 13. apríl sl., en þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað sérkennilegt ákvæði er að finna í frv. þessu og kveður á um að námslánin verði alltaf greidd eftir að önninni lýkur. Þetta þýðir það að í stað þess að fá mánaðarlega greiðslu frá sjóðnum fær fólk nú lán sín greidd tvisvar á ári í lok hverrar annar. Þetta þýðir það að fólk þarf að taka framfærslulán í bönkum og greiða þau síðan upp tvisvar á ári. Þetta hefur í för með sér allt að 9% lækkun á mánaðargreiðslum og 3–5% beina skerðingu námslána. Hitt er ljóst að með þessu er ríkisstjórnin að færa 900 millj. kr. fjárlagahalla frá þessu ári yfir á hið næsta. Það skyldi þó aldrei vera að þarna sé ríkisstjórnin að bjarga sínu fyrsta fjárlagaári með ómerkilegri bókhaldsbrellu sem bitnar á þúsundum námsmanna hérlendis sem erlendis.“

Ég held nefnilega að það sé alveg hárrétt sem formaður Stúdentaráðs segir þarna. Auðvitað endar þetta með því að lánasjóðurinn verður að koma til móts við þennan vaxtakostnað á nákvæmlega sama hátt og við horfum upp á að námsmenn sem eru um þessar mundir að innrita sig til næsta skólaárs eru krafðir um 22 þús. kr. við Háskóla Íslands. Háskólinn hefur gripið til þess ráðs að bjóða námsmönnum greiðslufrest til 1. júlí því að auðvitað á ekki nokkur maður fyrir þessu. Síðan horfum við nú upp á sumar þar sem ekki eru miklar líkur á að menn hafi mikil uppgrip eins og áðan var talað um. Auðvitað endar þetta með því að lánasjóðurinn verður neyddur til þess að lána fyrir þessari upphæð og þannig eru þetta auðvitað ekkert nema vítahringir sem verið er að búa til sem hefna sín fyrr eða síðar.

Varðandi þessa eftirágreiðslu væri kannski ráð að tala einu sinni eins og í fimm mínútur um námsmenn eins og manneskjur. Halda menn virkilega að það sé hollt námsmönnum að búa við þá pressu að öll þeirra fyrirgreiðsla sé í raun og veru fyrir bí ef menn skila ekki prófi? Ég hef alltaf verið á móti þessum ströngu ákvæðum að menn skuli skila nær öllum prófum annars falli greiðslur niður. Það vill nú svo til að háskóla-

nám er ekkert sem menn hrista fram úr erminni eins og ekkert sé. Auðvitað verður að gefa mönnum eitthvert svigrúm til þess að geta stundað sitt nám án þess að vera í aukaspennu og pressu vegna þess að öll afkoma þeirra hrynur í rúst ef menn verða fyrir einhverju óhappi í prófi. Annað eins hefur nú hent hjá bestu mönnum. Við getum hugsað okkur ungt fólk með fjölskyldu sem á allt líf sitt undir því að ekkert komi fyrir kannski í mörgum prófum sem menn eru að taka á sama tíma. Þetta er auðvitað fullkomlega ómannúðlegt og við höfum fréttir af því frá því mikla framfaralandi Japan að þar fremja menn sjálfsmorð í tugum og hundruðum vegna þess að þeir bugast undir þeirri pressu sem þeir eru settir í og ætlum við að fara að reka þjóðfélag eftir þessum nótum? Fyrir nú utan eins og hér hefur verið bent á þá eru ekki próf tvisvar á ári alls staðar þannig að það er alveg gersamlega úti í blámanum hvernig á að fara með það. Sjálfsagt sitja gæfulausir menn nú og reyna að kokka einhverjar reglur um hvernig með slík tilvik muni fara.

Síðan koma atriðin varðandi endurgreiðslurnar sem auðvitað er búið að fara svo mörgum orðum um hér að ég skal ekki endurtaka það. En það er eitt sem ég skil ekki alveg. Ég man ekki betur en við sem höfum ábyrgst lán sem tekin eru samkvæmt eldri lögum höfum skrifað undir ákvæði um hvernig þær skuldir skuli borgaðar. Nú tala menn um að þær skuldir verði geymdar á meðan menn eru að greiða skuldirnar samkvæmt nýju lögunum. Og ég spyr: Hvað á að gera við gömlu skuldabréfin? Eru þau þá ógild? Er hægt breyta þeim með einhverjum tilfinningasveiflum í ríkisstjórninni? Ég man ekki eftir öðru en helstu rök fyrir því að erfitt væri að afnema lánskjaravísitölu í landinu væru einmitt skuldbindingar á þegar gerðum skuldabréfum sem erfitt væri og ekki væri hægt að breyta. En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Ef menn eiga að greiða einhvern tíma í ellinni síðustu afborganir af skuldum samkvæmt hinum nýju lögum þá sé ég nú ekki annað en þeir verði löngu dánir áður en kemur að hinu. En ef þeir yrðu nú á lífi, eiga þeir þá að byrja að borga þau eða hvernig á þetta að vera? Ég skil þetta ekki. (**Menntmrh.:** Af hverju skilur þú þetta ekki?) Ég óska eftir að hæstv. ráðherra útskýri þetta fyrir mér. En ég skil ekki hvernig ætti að breyta ákvæðum útgefinna skuldabréfa bara rétt si svona með einhverjum tilskipunum. Ég hef aldrei vitað til þess að þeir viðskiptahættir væru viðhafðir í þessu landi og það væri gaman að heyra um hvernig það er hugsað. (**Menntmrh.:** Er þingmaðurinn á móti því að hafa þetta svona?) Alveg hiklaust. Þingmaðurinn vill helst standa við gerðar skuldbindingar (**Menntmrh.:** Reyna áfram ... að samþykkja.) Eins og menn hafa gert hingað til ef það væru sanngjarnar afborganir. Menn hafa greitt af námslánum sínum í þeirri röð, sem þau skuldféllu, þannig að ég hef ekki séð neina útreikninga. Ég vil taka það fram, hæstv. ráðherra og hæstv. forseti, að enn þá á ég eftir að sjá einhverja útreikninga um hvernig þetta er hugsað. Ég verð bara að segja að ég skil þetta ekki, ég skil ekki hvernig þetta er hægt.

Auðvitað ber að harma það að námsstyrkir skuli felldir niður og kostulegar yfirlýsingar um hlutverkið sem Vísindasjóður á að leika þar. Ég er ekki alveg viss um að allir hv. þm., eða öllu heldur þeir fáu sem hér eru — þó eru þeir nú kannski líklegastir til þess að vita það — geri sér ljóst hvað Vísindasjóður er. Vísindasjóður er lögfestur í lögum um Seðlabanka Íslands og í nýju frv. til laga um Seðlabanka Íslands eru ákvæðin lítið sem ekkert breytt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 44. gr.:

„Árlega skal meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 3. mgr. greiddur í ríkissjóð. Skal við þann útreikning endurmeta afkomu fyrri áranna tveggja til verðlags hins þriðja. Greiðsla fer fram eigi síðar en 1. júní ár hvert." Síðan segir: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiðsla Seðlabankans í ríkissjóð nema fjórðungi af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 3. mgr. ef eigið fé bankans í lok reikningsárs er lægra en 6% af vergri landsframleiðslu ársins á undan. Endurmeta skal verga landsframleiðslu til verðlags í lok reikningsársins.

Árlega skal leggja í arðsjóð a.m.k. jafngildi 130 millj. kr. miðað við verðlag í árslok 1991" og þetta segir í frv. eins og það er núna. „Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum. Árlega skal helmingur tekna arðsjóðs renna í Vísindasjóð sbr. lög um Vísindasjóð."

Sannleikurinn er sá að það er hlutverk bankaráðs Seðlabankans skv. 38. gr., m.a. í o-lið — og þar hefur bankaráðið mörg hlutverk — að taka ávörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið" o.s.frv. Sannleikurinn er sá að það hefur margsinnis verið gagnrýnt að vera að rugla saman málefnum Seðlabankans og Vísindasjóði og ætti auðvitað fyrir lifandi löngu að vera búið að aðskilja þetta tvennt. En þar sem farið er að tala um Seðlabankann, því að allt hangir þetta nú einu sinni saman, má spyrja hvernig er farið með arðinn af Seðlabankanum. Hundruð milljóna sem lánasjóðurinn gæti vel þegið í erfiðleikum sínum eru notuð til þess að kaupa málverk og til þess að reka eitt dýrasta og fínasta bókasafn í landinu sem enginn maður fær að koma inn í nema hann sé í góðu vinfengi við húsbændur þar á bæ. Minni ég á umræðu sem fór hér fram fyrir mörgum árum þegar ég reyndi sjálf sem alþingismaður lýðveldisins að komast inn í þetta hús og fékk það með eftirgangsmunum. Ég tók þetta mál upp á Alþingi vegna þess að á því ári munaði sáralitlu á bókainnkaupum Seðlabanka Íslands og háskólabókasafns. Þannig er sukkað og sóað með fé sem gagnast engum eða örfáum. Ég tek það fram að ég hef ekkert á móti því að Seðlabankinn eigi eitthvert bókasafn um þau málefni sem snerta bankann en því fer svo víðs fjarri að við það sé miðað. Sú var tíðin að bókavörður Seðlabankabókasafnsins fór í lystiferðir til Sviss til að bjóða hæst í einhverjar fornar bækur af því að honum fannst þær fallegar og skemmtilegar og gaman að eiga þær. Það mætti því víða finna fé til að jafna erfiðleika lánasjóðsins þessi fáu ár sem hann þarf þess með til að verða sjálfum sér nógur því að það var auðvitað alltaf markmiðið og það er enginn vandi að sjá

svo til að hann verði sjálfum sér nógur.

Svo vill nefnilega til að námsmenn eru skilamenn og gjaldfallnar skuldir sjóðsins eru 91% í skilum. Ég hygg að sjaldgæft sé að stofnanir sem lánað hafa fé geti státað af því. Ástæðan fyrir því er auðvitað sú að menn hafa verið sáttir við þessar endurgreiðslur. Þær hafa verið sanngjarnar. Menn hafa ráðið við þær og menn hafa ekki séð neina ástæðu til þess að standa ekki í skilum. Menn hafa verið þakklátir fyrir þá fyrirgreiðslu sem þeir fengu í þessum sjóði. Það er nú einu sinni svo og ætti að vera yfirskrift yfir hverju þjóðþingi að aldrei er hægt að búa til góð lög nema fólk sé sátt við þau. Ekki er nóg að einhver meiri hluti á hinu háa Alþingi þvingi í krafti valds síns í gegnum þjóðþingið lög sem þjóðin sættir sig ekki við. Áreiðanlega er mikill hluti þess sem aflaga fer í þessu samfélagi einmitt afrakstur löggjafar sem þjóðin sættir sig ekki við, fyrst og fremst ekki siðferðilega og hefur hana þess vegna að engu eins og allir vita. Þetta er auðvitað það sem við hefðum átt að gera, þ.e. að finna þá peninga sem lánasjóðinn vantar til þess að fleyta honum yfir þá erfiðleika sem honum hafa óneitanlega verið skapaðir, ekki eingöngu vegna slælegrar frammistöðu ríkisstjórna við að fjármagna sjóðinn. Það hefur óneitanlega gerst sem menn gátu kannski ekki alveg séð fyrir að fjöldi námsmanna hefur aukist mjög mikið og miklu meira en nefndin sem lögin samdi gerði ráð fyrir auk þess sem nýjum hópum hefur verið veittur aðgangur að sjóðnum sem ekki var gert ráð fyrir þá og ekki skal ég amast við því. Það er auðvitað alls ekki ósanngjarnt.

Lántökugjald er auðvitað sama óréttlætið. Hér er ekki um að ræða fjárfestignarlán til einstaklinga heldur framfærslulán sem kemur allri þjóðinni að gagni. Þess vegna mælist ég til þess, hæstv. forseti, að lántökugjaldið veri líka afnumið. Ég held að það sé afar nauðsynlegt til að koma þessu máli þannig í gegnum þingið að menn setjist niður á ný og líti á það sem stjórnarandstaðan hefur verið að gagnrýna. Þegar lesnar eru umsagnir um þetta mál í gegn þá kemur í ljós að ekki hefur verið litið til fjölmarga atriða sem menn hafa bent á. Hér er t.d. gert ráð fyrir í brtt. meiri hluta menntmn. við 8. gr. að viðbótargreiðsla miðist við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Alþýðusamband Íslands bendir réttilega á að útsvarsstofn hefur verið aflagður í skattareglum og þeir segja að nauðsynlegt sé að miða við einhverja einhlíta tekjustærð í sambandi við endurgreiðslu. Svona agnúa þarf auðvitað að sníða af og ýmislegt fleira sem betur mætti fara. Það er sjálfsögð ábending. Ég get ekki séð að ekki enn þá sé hægt að fara ofan í þetta mál aftur með tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Ekkert okkar vill efna til ófriðar um þetta mál úr því að það er fram komið og það er auðvitað skylda okkar að reyna að sníða verstu skafankana af því sem voru mjög margir þegar málið kom fyrst fram. Ég vil sérstaklega benda á mjög ítarlega greinargerð sem Þorsteinn Vilhjálmssson, kennari við Háskóla Íslands, skilaði. Því nefni ég hann að hann vann með nefndinni sem samdi lögin sem við búum nú við og er allra manna fróðastur um Lánasjóð ísl. námsmanna og ég tel að full ástæða sé til þess að líta vel á þau atriði sem hann bendir þarna á.

En aðalatriðið er auðvitað að svo verði búið um hnútana að við séum ekki á árinu 1992 að skerða þau mikilvægu réttindi sem kostaði áratugi að fá í gegn að allir Íslendingar hefðu jafnan rétt til náms. Ég segi það enn og hef sagt það áður að ég tel að stofnun Lánasjóðs ísl. námsmanna sé einhver mesta kjarabót sem nokkru sinni hefur verið gerð fjölskyldunum í landinu til handa. Mörg okkar geta verið til vitnis um þá kynslóð, þó að við séum nú ekki orðin eldri en raun ber vitni, sem gat ekki farið í háskóla vegna þess að ekki voru efni til þess. Ég vil taka undir það með hv. 18. þm. Reykv., að auðvitað bitnar öll svona skerðing ævinlega á konum. Það er auðvitað alveg rétt einfaldlega vegna þess að konur hafa almennt miklu lægri laun. Vitaskuld gerðist það á árum áður að strákarnir fóru til sjós eða í erfiðisvinnu sem engin kona hefði fengið að taka þátt í þó hún hefði viljað og gátu þannig stundað uppgripin sem hv. 1. þm. Vesturl. minntist á. Þessa möguleika höfðu konur ekki og hvað gerðist þá? Konur voru um langt skeið hinn eiginlegi lánasjóður ísl. námsmanna því að þær fóru út á vinnumarkaðinn og unnu fyrir gáfuðu mönnunum sínum. Sjálfar áttu þær ekki nokkurn minnsta möguleika á að stunda háskólanám og viljum við virkilega að annað eins og þetta gerist aftur? Ég held ekki. Ég held ekki að einn einasti hv. alþm. vilji það. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir hvað fjárhagur íslensku fjölskyldnanna er í raun og veru veikur.

Við sjáum þá hörmung sem hefur átt sér stað í sambandi við kjarasamninga þar sem kemur í ljós að launþegar geta ekki, hversu hart sem þeir eru keyrðir, staðið á bak við forustumenn sína í einhverjum aðgerðum gegn atvinnurekendum. Af hverju skyldi það vera? Það er af því að fjárhagur heimilanna er svo óstöðugur og hann stendur á slíkum brauðfótum að fólk getur ekki snúið sér við. Fyrir um 30–40 árum var fólk ekki svona skuldugt. Ef fólk gat drifið upp einhverjar tekjur, þá gat það farið í skóla, jafnvel fengið ofurlitla aðstoð að heiman vegna þess að fjölskyldurnar skulduðu ekki kaupið sitt marga mánuði fram í tímann eins og nú er. Við það ástand sem við búum í húsnæðismálum er tómt mál að tala um að námsmenn geti sótt mikla aðstoð til foreldra sinna. Auðvitað er til efnað fólk sem getur stutt börnin sín að fullu og er ekkert við því að segja, enda kemur í ljós að þær fullyrðingar sem fólk hefur verið að halda fram að námsmenn taki bara námslán vegna þess að þau séu á svo góðum kjörum standast ekki því það vill svo til að það eru aðeins 60% stúdenta við Háskóla Íslands eða námsmanna við Háskóla Íslands sem taka námslán. Ég held að námsmenn sækist ekkert eftir námslánum nema þeir þurfi á þeim að halda. Þetta hefur svo sem verið rakið hér áður og maður er auðvitað alltaf að segja það sama, en það er alveg nauðsynlegt þangað til hv. menntmn. og hæstv. ráðherra sýnir hv. þm. þá kurteisi að taka alvarlega þær athugasemdir sem við gerum.

Okkur barst í hendur umbeðið plagg sem heitir

„Endurgreiðsluhlutfall námslána í breyttu og gildandi námslánakerfi“ þar sem beðið var um upplýsingar um afföll í breyttu og gildandi lánasjóðskerfi. Þetta símrit, sem hér liggur fyrir, tel ég með öllu ófullnægjandi og ég held að við þurfum miklu skýrari og nákvæmari útreikninga til að sjá hvort við erum raunverulega að vinna sjóðnum gagn með þessum aðgerðum. Í þeim umræddu kjarasamningum sem nú er verið að reyna að koma í gegn eftir miklar umræður og mikið þóf var gefinn út loforðalisti ríkisstjórnarnnar og skal ég ekki fara orðum um það sorglega plagg. En eitt vekur þó athygli okkar sem sitjum í fjárln. hv. Alþingis að þar segir hæstv. forsrh. að þær aðgerðir, sem þeir bjóða svo höfðinglega, því að nú má ekki koma nálægt atvinnurekendum heldur skal ríkissjóður borga — það er háttur íhaldsins að taka aldrei neitt á sig heldur leita til hins gamla, góða pilsfaldakapítalisma og biðja mömmu að hjálpa — en ævintýrið á þó kosta næstum því milljarð. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um það í hv. fjárln. hvar þann milljarð á að taka og ég bíð með eftirvæntingu eftir að sjá hvaðan hann skal tekinn. Ef hægt er að drífa hann upp á tiltölulega skömmum tíma þá sýnir það náttúrlega enn einu sinni að víða er matarholu að finna. Allt sýnist mér þetta vera á svo veikum grunni enn sem komið er að töluverð vinna virðist vera eftir í hv. menntmn. til þess að þingmenn geti sætt sig við og sannfærst um að það sé verulega verið að gera tvennt, fyrst og fremst það sem er markmið Lánasjóðs ísl. námsmanna að tryggja öllum íslenskum námsmönnum jafnrétti til náms og að þeir geti búið við a.m.k. mannsæmandi kjör meðan á námi stendur. Ég er ekki sannfærð um að þær breytingar sem nú þegar hafa verið gerðar nægi til þess og það sem verra er, ég stórefast um að verið sé að bæta hag sjóðsins sjálfs vegna þess að það verður auðvitað alveg óhjákvæmilegt að koma til móts við þær álögur sem verið er að leggja á námsmenn annaðhvort úr sjóðnum sjálfum eða einhvers staðar annars staðar frá og eru skólagjöldin nærtækt dæmi um slíkt.

Hæstv. forseti. Hér er orðið framorðið og ég skal ekki taka mikinn tíma lengur. Ég gæti svo sem minnst á fjölmörg önnur atriði sem mér finnst skipta miklu máli við afgreiðslu þessa máls en ég skal hlífa hv. þm. Ég held að ég sé búin að minnast á það helsta. Að lokum vil ég aðeins segja að mér finnst enn þá að stjórn sjóðsins sé veitt allt of mikið vald til að meta einstök tilvik. Ég held að því skýrari reglur sem sjóðnum eru settar, því betra og ég held að það atriði þyrfti líka að athugast. Ég vil því í mikilli vinsemd fara þess á leit við menntmrh., hæstv. forseti, að hann hlutist til um að málið hljóti ítarlegri meðferð og skoðun í hv. nefnd áður en það kemur aftur til þingins og þá verði búið að skera af þá agnúa sem okkur finnst enn þá vera á frv. Þá kann vel svo að fara að sættir náist um málið. En það er af og frá að þær geti tekist eins og málið liggur fyrir nú.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins gera stutta athugasemd við málflutning hv. 14. þm. Reykv. Það kom fram í máli hennar að vinstri stjórnir hafi alltaf verið hagstæðari Lánasjóði ísl. námsmanna en hægri stjórnir. Auk þess gat hún þess skilmerkilega í ræðu sinni að það væru nógir peningar til í þessu þjóðfélagi. Ég vil því spyrja þingmanninn að því hvernig það má vera að á þessu tiltölulega stutta tímabili þegar Alþb. fór með málefni fjmrn. og menntmrn. lækkuðu framlög ríkissjóðs til lánasjóðsins og voru langlægst í fjárlögum fyrir árið 1991 en námsaðstoð úr sjóðnum hækkaði sífellt. Fyrst peningar voru til í þjóðfélaginu af hverju fann Alþb. ekki þessa peninga í stað þess að vísa sjóðnum í auknum mæli á erlendar lánastofnanir? Hvernig stendur á því að hv. þm. fullyrðir að vinstri stjórnir séu alltaf hagstæðari lánasjóðnum en hægri stjórnir þegar þetta einfalda dæmi frá ríkisstjórnarárum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sýnir glöggt fram á það að þar með var búin til mikil fjárþörf sem var hægt að brúa með skammtímalánum og sjóðurinn hefur verið að kikna undan þeirri fjárþörf sem stofnað var til með því fyrirhyggjuleysi sem ríkti í málefnum sjóðsins 1988–1991?

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hv. 5. þm. Norðurl. e. á þá einföldu staðreynd að tveir fyrrv. menntmrh. Sjálfstfl. skertu námslán um um það bil 20% og breyttu tekjuviðmiðun í þá veru að hún kom hinum tekjuhæstu að mestu gagni. Það varð hlutverk hæstv. menntmrh. Svavars Gestssonar að skila til baka þessum 20% aftur til námsmanna og að færa tekjuviðmiðun til réttlátari vegar. Að vísu hefur það verið tekið til baka í tíð núv. hæstv. ráðherra. Þannig var nefnilega, hæstv. forseti, að það hefur ævinlega komið í hlut ríkisstjórna, sem Alþb. hefur átt hlut að, að leiðrétta það misrétti sem hefur verið framið þegar Sjálfstfl. hefur verið við stjórn. Það er því ævinlega verið að kippa í liðinn því sem búið er að fara illa með. Það er áreiðanlega einhver ástæða þó að ég hafi því miður ekki tölur um framlög til sjóðsins. Ég vil minna á þá einföldu staðreynd að það varð auðvitað að bæta hag námsmanna verulega eftir meðferðina í tíð sjálfstæðismanna.

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að endurtaka spurningu mína því að hún er mjög einföld og við henni hefur ekki verið gefið svar. Hvernig stóð á því fyrst nógir peningar voru til í þessu þjóðfélagi að fjmrh. og menntmrh. Alþb. í fyrrv. ríkisstjórn lækkuðu framlög ríkisins til lánasjóðsins en juku námsaðstoðina? Ég get nefnt tölurnar í þessu dæmi ef hv. 14. þm. Reykv. vill hlusta á þær. Árið 1988 var á verðlagi ársins 1991 fjárveiting til lánasjóðsins 2,3 milljarðar og námsaðstoð var þá 2,9 milljarðar. Árið 1991 var framlagsfjárveitingin 1,7 milljarðar en námsaðstoðin 4,5 milljarðar. Þarna kemur í ljós þróun sem átti sér stað nokkurn veginn jafnt yfir tímabilið. Námsaðstoðin fór sífellt vaxandi, framlögin lækkuðu, þau stóðu í stað reyndar nokkurn veginn frá 1988 til 1990 en snarlækkuðu

1991. Hv. þm. hefur því alls ekki svarað þessu miðað við þær fullyrðingar sem hann kom fram með í ræðu sinni um að það væru nógir peningar til og vinstri stjórnir hefðu alltaf verið langhagstæðastar Lánasjóði ísl. námsmanna.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hagstæðar Lánasjóði ísl. námsmanna, sagði hv. 5. þm. Norðurl. e. Lánasjóður ísl. námsmanna er náttúrlega fyrir námsmenn og vitaskuld kom það í hlut alþýðubandalagsráðherra eins og ævinlega að tryggja hag námsmanna. Vitaskuld kostaði það mikla peninga og vitaskuld voru tekin lán, það er alveg rétt. En ábyrgðin var auðvitað að gera námsmönnunum sjálfum líft meðan á námi stendur. Við lítum því ekki á hækkun lánasjóðsins sem hagsmuni peningastofnunar heldur námsmanna sjálfra. Fyrir þá er sjóðurinn. En auðvitað er það slæmt og sama hver í hlut hefur átt að ekki skuli hafa tekist að láta sjóðnum í té það fé sem hann þurfti þangað til hann fer að geta byggt sig upp af endurgreiðslum. Þetta er staðreynd sem er margsinnis búið að tala um og við öll vitum. Það breytir auðvitað ekki því og ég nenni ekki að fara út í þrætubók um það hverjum hvað var að kenna. Þó að ég fullyrði að vinstri öflin á hinu háa Alþingi hafi ævinlega verið vinveittari þessum sjóði þá er það auðvitað ekkert atriði í dag hvaða syndir eru hverjum að kenna. Það sem við erum að gera nú er að við erum að setja sjóðnum ný lög og það er ábyrgð okkar að þau lög verði þá betur framkvæmanleg en þau sem við bjuggum við þó ég telji mjög til efs að það hafi verið nokkur þörf á nýjum lögum heldur hefðu menn þurft að reyna að tryggja sjóðnum það fé sem hann þarf. En það er auðvitað alveg út í hött að snúa umræðunni á þennan veg eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. er að gera.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem verið er að ræða er eitt af stærri málum sem við ræðum á þessu þingi. Það sýnir reyndar í hnotskurn stefnu ríkisstjórnarinnar þar sem markaðslögmálið ræður ferðinni. Horft er á útreiknaðar tölur við mat á öllum eða flestum málaflokkum. Ef ekki er hægt að sýna með tölustöfum að málefnið skili með markaðsvöxtum til baka því sem í það er látið þá borgar það sig ekki. Þannig er nú farið að í málefnum lánasjóðsins. Stefnan er í þá átt. Sjóðurinn á að standa undir sér eins og það er kallað. Það er ekki kafað dýpra í hlutverk sjóðsins en sem svarar tölum á blaði.

Aðrir sem hafa talað á undan mér hafa komið mjög vel til skila þeim markmiðum sem við, sem erum að mótmæla þessu frv., teljum að sjóðurinn eigi að þjóna, þ.e. jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag. Að allir sem til þess hafa löngun og hæfileika eigi þess kost að stunda það nám sem hugur þeirra stendur til.

Vissulega hefur þó frv. tekið breytingum til bóta frá því sem það upphaflega var ef tekið er tillit til þeirra brtt. sem meiri hluti hv. menntmn. leggur til. Það er til bóta að endurgreiðslurnar eigi ekki að hefjast fyrr en eftir tvö ár í stað eins en það er samt verið að þrengja það frá núverandi lögum lánasjóðsins þar sem endurgreiðslurnar hefjast eftir þrjú ár.

Það mætti nefna ýmislegt fleira eins og það að taka tillit til félagslegra ástæðna sem var ekki inni í frv. í 1. umr. og einnig það að setja hámark á árlega endurgreiðslu miðað við tekjur. Þó vildi ég gjarnan fá skýringar á einu atriði þar. Nú eiga árlegar endurgreiðslur fyrstu fimm árin ekki að fara yfir 5% af tekjum samkvæmt frv. en jafnframt er tilskilin ákveðin upphæð sem nefnd er hér 48 þús. kr. í brtt. meiri hlutans. Hvað verður gert ef sú upphæð sem hér er tilgreind er of há miðað við tekjur? Verður þá sá hluti greiddur til baka sem er umfram 5%? Laun geta verið lægri en 960 þús. kr. á ári, a.m.k. miðað við daginn í dag, en það er sú upphæð sem virðist vera miðað við.

Þá er ákvæði um það að vextir skuli ekki vera hærri en 3% og lántökugjald sem á að vera 1,2%. Því hefur að vísu verið lýst yfir að vextir muni ekki verða hærri en 1%. Þess vegna er mér spurn hvers vegna þá að vera að setja töluna inn um að þeir megi vera allt að 3% ef ekki er hugsað að þeir verði það? Það er sannarlega undarlegt að þurfa þá að vera að setja 3% vexti inn í frv. Vaxtaálagningin og lántökugjaldið munu hafa þau áhrif að færri fara í nám en áður og trúlega er það tilgangurinn. En ég spyr þá: Hvert á það fólk að leita sem ekki getur sótt nám af fjárhagsástæðum? Á það að leita út á vinnumarkaðinn? Er atvinnuaukning í þjóðfélaginu? Er framboð á atvinnutækifærum? Nei, alls ekki. Þvert á móti. Atvinnuleysi er að aukast í flestum landshlutum og ekki fer það unga fólk sem verður að hætta námi í störf sem eru ekki til. Á það að fara á atvinnuleysisbætur? Er það sú leið sem ríkisstjórnin bendir á?

Þá er að nefna eitt afdrifaríkasta ákvæðið í frv. og það er eftirágreiðslur námslána eins og margoft hefur komið fram í umræðum fyrr í dag. Nú fá fyrsta árs nemar ekki greidd námslán fyrr en etir 4–6 mánuði eða jafnvel eftir að veturinn er liðinn, samanber nema við Háskóla Íslands. Þetta hefur oft verið erfitt hjá fyrsta árs nemum samkvæmt núgildandi kerfi en námsmenn hafa axlað það vegna þess að það er þó aðeins á fyrsta ári. Nú háttar öðruvísi til. Nú gildir það ákvæði fyrir öll námsárin að fólk verður að sýna árangur áður en það fær greitt lánið sem þýðir að menn verða að framfleyta sér og sínum á bankalánum meiri hlutann úr árinu.

Sá rökstuðningur er hafður fyrir þessum ákvæðum að tugir milljóna hafi verið ofgreiddar í námslánum til námsmanna, sem ekki hafi átt rétt á þeim peningum, og þar með eiga þeir námsmenn sem aldrei hafa fengið þessi ofgreiddu lán að gjalda fyrir hina eða fyrir mistök sjóðstjórnar sem hlýtur að geta komið í veg fyrir slíkt. Áreiðanlega er hægt að finna leiðir til þess í fullri samvinnu við námsmenn því að þeir hafa lýst sig reiðubúna til breytinga á núgildandi kerfi til þess að sníða af því þá agnúa sem á því eru. En með þessum ákvæðum í frv. eru námsmenn framtíðarinnar að gjalda fyrir fortíðarvandann sem þeir hafa ekki skapað.

Með þessu frv. stefnir í að það verði fyrst og fremst þeir efnameiri sem geti stundað langskólanám í framtíðinni og það verði óframkvæmanlegt fyrir fjölskyldufólk að bæta við menntun sína. Þá er eins og svo oft áður verið að breyta þeim forsendum sem fólk hefur byggt framtíð sína og menntun á. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan að hún vonaði að enginn þyrfti að hrekjast frá námi þó að þetta frv. yrði að lögum. Ég tel að það sé einmitt það sem gerist. Við skulum taka dæmi.

Þrítugur fjölskyldufaðir hefur í nokkur ár stundað fagvinnu sem hann hefur ekki tilskilda menntun til. Hann hefur mikinn hug á að afla sér þessarar tilskildu menntunar sem hann langar til að hafa til að styrkja sjálfan sig og til að hafa þau réttindi sem gefa honum leyfi til að stunda þau störf sem hugur hans stendur til. Hann leggur til hliðar eins og mögulegt er, e.t.v. í 2–3 ár, fer síðan í námið. Hann velur að stunda það utan heimalandsins, e.t.v. á Norðurlöndum. Hér gæti verið um fimm manna fjölskyldu að ræða og það eru gerðar áætlanir um tekjur og gjöld til eins árs. Hann veit að fyrsta árið er erfiðast af því að þá verður hann að bíða fram yfir miðjan vetur með að fá það námslán sem hann hefur kynnt sér að hann muni fá samkvæmt reglum lánasjóðsins. En eftir fyrsta árið stendur hann frammi fyrir því að búið er að breyta öllum þeim grundvallarreglum sem fjölskyldan byggði framfærslu sína á. Það er ekki bara á fyrsta ári sem verður erfitt að brúa bilið þar til lánið fæst greitt. Nei. Það eru öll þrjú eða fjögur eða fimm árin. Hvað á hann þá að gera? Hætta námi eða lifa á bankalánum meðan á námi stendur? Það getur orðið mörgum of þungur baggi og hætt við að margir námsmenn verði að hverfa frá námi af fjárhagsástæðum. Hér er því alls ekki um jafnrétti til náms að ræða samkvæmt þessu nýja lánasjóðsfrv. Þar erum við komin að kjarna þessa máls. Þar er verið að hverfa frá þeirri hugsjón að jafnrétti til náms skuli ríkja í landinu óháð búsetu og efnahag. Fyrir það höfum við hrósað okkur á undanförnum árum. Það verða í framtíðinni helst ungmenni sem eiga efnaða foreldra og búa á höfuðborgarsvæðinu sem geta stundað háskólanám eða sérskólanám. Þeir sem búa fjær og þurfa að sjá sér fyrir húsnæði og fæði fjarri heimili sínu hafa miklu minni möguleika til þess en hinir að stunda slíkt nám. Jafnframt hafa þeir enga möguleika til þess heima fyrir þar sem slíkir skólar sem þeir vilja sækja eru þar alls ekki. Hér er því enn verið að auka það misrétti sem þegnar landsins mega búa við eftir búsetu. En það er reyndar dæmigert fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem hefur takmarkaðan áhuga á að jafna búsetuskilyrði í landinu eða sýna það með verkum sínum.

Eins og ég sagði í upphafi hefur þetta frv. tekið ákveðnum breytingum til batnaðar. En mér finnst þó gæta mikilla öfugmæla í því víðast hvar. T.d. er sagt í nefndaráliti frá meiri hluta menntmn. í 1. lið að lagt sé til að 1. gr. verði breytt þannig að hún kveði á um tækifæri til náms án tillits til efnahags. Ég hef einmitt verið að rekja það að það er langt frá því að svo sé. Ég vænti þess að þetta frv. verði tekið til nánari skoðunar eftir umræðuna og að tekið verði þá tillit til þeirra ábendinga sem hafa ítrekað komið fram í máli manna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nokkuð er liðið á þessa umræðu og verður kannski erfitt að segja margt sem hefur ekki borið á góma áður í umræðunni. Engu að síður vil nú leggja nokkur orð í belg, mér liggur við að segja þó ekki væri nema af sögulegum ástæðum því að þetta mál á sér nú langan bakgrunn og aðdraganda. Ég á við áform og tilraunir til að breyta gildandi lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 1982. Það er svo að líftími þeirra fellur nokkuð saman við veru mína á Alþingi og ég hef því fylgst nokkuð vel með umræðum um þessi málefni þennan tíma og kynnst þeim í reynd báðum megin frá þar sem ég var námsmaður í Háskóla Íslands á þeim tíma þegar unnið var að lagasetningunni og viðskiptavinur lánasjóðsins fram undir þann tíma að ég tók sæti á Alþingi. Mér er því nokkuð í minni aðdragandi þeirrar lagasetningar og hef ég fylgst sæmilega með að ég tel málefnum lánasjóðsins æ síðan, a.m.k. frá þeirri hliðinni sem að stjórnmálunum hefur lotið. Því miður er sennilega svo, herra forseti, að nú er það loksins að takast sem allmargar atrennur hafa verið gerðar áður að, þ.e. að breyta lögunum um námslán þannig að til hins verra er að mínu mati og verður manni þá auðvitað hugsað til þeirra fjölmörgu tilrauna sem hafa hnigið í þá átt á undanförnum árum. Fleiri en ein og fleiri en tvær ríkisstjórnir hafa verið með á málalistum sínum hugmyndir um breytingar á þessu fyrirkomulagi og þar hafa verið gamlir kunningjar sem eru enn á ferðinni eins og upptaka vaxta á námslán.

Fyrri atlögum að þessum sjóði og þessum lögum tókst að hrinda, ekki síst með órofa samstöðu námsmanna og skólamanna um að verja grundvallaratriði lánakerfisins frá 1982 sem ég held að flestum, sem skoða þessi mál frá sjónarhóli námsmanna og skólamanna og menntakerfisins í landinu, beri saman um að hafi reynst vel.

Nú er því miður sennilega svo komið að varnirnar eru að bresta og sú ríkisstjórn sem nú ræður ferð í landinu virðist ætla að hafa að engu mótmæli skólanna, námsmannahreyfinganna, stjórnarandstöðunnar og fjölmargra fleiri aðila. Þá verður væntanlega í þeim skilningi að reikna það núv. hæstv. menntmrh. til tekna að hann sé að þessu leyti meiri maður en ýmsir forverar hans í stóli menntmrh. eins og fyrrv. hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson sem vissulega höfðu hugmyndir uppi um breytingar á þessum málum en létu við það sitja að krukka í námslánin hvað framkvæmdina snertir en létu lögin í friði.

Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum, herra forseti, ef svo fer að þetta stóra grundvallaratriði varðandi upptöku vaxta á námslán gengur í gildi. Ég vil annars vegar benda á þá hlið sem snýr að hinum efnislegu áhrifum vaxtaupptökunnar og þess að greiðslubyrðin af lánunum þyngist og hins vegar bendi ég á grundvallaratriðið gagnvart eðli þessarar fyrirgreiðslu sem ég tengi beint við spurningu við vexti eða ekki vexti. Mér finnst að það hljóti að vera eitt allra stærsta atriðið til þess að

lýsa inn í þau viðhorf sem menn hafa til námslánakerfisins hvort menn líta á þau sem hin félagslegu framfærslulán, sem þau eru og eiga að vera að mínu mati, eða eitthvað annað. Spurningin ræðst af því hvort menn eru andvígir eða fylgjandi upptöku vaxta á þessi lán. Það er auðvitað hlutur sem menn verða að horfast í augu við hvort sem þeir eru sammála þessum efnistökum hæstv. ríkisstjórnar eða ekki og verða að ræða í þessu samhengi. Er ekki verið að framkvæma með þessu grundvallarstefnubreytingu á viðhorfum manna til þess hvað menntun er í þjóðfélaginu? Er ekki verið að segja að menntunin eigi ekki að meðhöndlast sem sú samfélagslega fjárfesting og sá þjóðarauður sem tilheyri okkur öllum? Á heldur að líta á menntunina sem einstaklingsbundna fjárfestingu og þar með sé réttlætanlegt að menn greiði fulla vexti af þeirri fjárfestingu sem í því felist að stunda nám um einhvern tiltekinn tíma á ævi sinni?

Ég held að menn eigi ekki að komast upp með annað en að ræða þessi skilgreiningaratriði, þessi grundvallaratriði þegar högum þeirra sem eru að afla sér menntunar er raskað með þessum hætti. Ég er og hef verið þeirrar skoðunar að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna og starfræksla námslánakerfisins með þeim hætti sem verið hefur frá 1982 sé ein allra merkilegasta almenna félagsmálalöggjöf og jafnréttislöggjöf í landinu og hún hafi reynst mjög vel hvað það snertir að ná fram megintilgangi laganna. Hver er hann? Hann er að tryggja jafnrétti til náms, að gera öllum námsmönnum sem vilja kleift að stunda nám og gera það með tilskildum árangri þannig að efnahagslegur bakgrunnur þeirra, aðstæður þeirra eða fjölskyldna þeirra hindri ekki þá sem lakar eru settir í þeim efnum. Ég held að enginn haldi því fram að lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 1982 hafi ekki náð tilgangi sínum hvað þetta snertir. Ég fullyrði a.m.k. að það hafi þau gert með kannski betri og afdráttarlausari hætti en velflest önnur félagsmálalöggjöf af sambærilegum toga sem er ætlað eitthvert tiltekið hlutverk af þessu tagi.

Það er kannski út af fyrir sig ekki skynsamlegt að ætla út í einhvern samanburð, velta því t.d. fyrir sér hvort löggjöf af skyldum toga á öðrum sviðum nái tilgangi sínum jafn vel og lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna. Við gætum t.d. velt fyrir okkur almannatryggingalöggjöfinni og því hlutverki sem henni er ætlað að leika í að jafna aðstæður manna í þjóðfélaginu en ég fullyrði að gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna, lög um námslán og námsstyrki, hafi náð mjög vel tilgangi sínum og kannski reynst betur í framkvæmd heldur en flest af skyldum toga. Mér finnst það þess vegna ábyrgðarhlutur og þurfa talsvert mikið til að varpa fyrir róða ákveðnum grundvallarþáttum í þeirri löggjöf eins og hér er verið að gera. Það er auðvitað með öllu ástæðulaust að ræða þessa hluti eins og það skipti ekki máli og sé nánast aukaatriði hvort sjálfur tilgangur og grundvöllur laganna stendur og hefur náðst fram og er í lagi. Ef það er eitthvað annað sem vakir fyrir mönnum með þeim lagabreytingum, sem nú eru á ferðinni, en það sem menn gefa upp þá eiga menn auðvitað að viðurkenna það og vera menn til þess að breyta lögunum á réttum stöðum, t.d. markmiðskafla þeirra ef þeir eru á því að þar þurfi breytinga við. Ef ekki, þá er þetta í lagi og þarf ekkert að standa í þessu, hæstv. menntmrh.

Allir, sem hafa tekið þátt í umræðum um þessi mál á undanförnum mánuðum og missirum og hafa talið að fullkomin ástæða væri til þess að fara yfir lögin með tilliti til fjárhagsstöðu lánasjóðsins, velta því fyrir sér hvaða ráðstafanir væri hugsanlega hægt að gera til þess að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins og draga úr þeirri miklu fjárþörf sem hann þarf bæði í bráð og e.t.v. í lengd vegna þess hvernig endurgreiðslureglur og vaxtamunur í sjóðnum kemur inn í efnahag hans. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki notað það sem afsökun fyrir þessum breytingum að menn hafi ekki verið tilbúnir til þess að ljá máls á breytingum í núverandi fyrirkomulagi í þessa átt. Það hafa menn verið. Tillögur liggja fyrir frá námsmannahreyfingunni og hugmyndir hafa verið reifaðar hjá stjórnarandstöðunni sem geta gengið verulega langt í þá átt að létta á þörf framlaga frá ríkissjóði á næstu árum og til lengri tíma litið í sjóðinn til þess að tryggja fjárhag hans. En því miður hefur hæstv. ríkisstjórn valið þá leið að gera ekkert með þennan vilja námsmannahreyfinganna, stjórnarandstöðunnar eða annarra aðila og keyra sína eigin braut sem leiðir til grundvallarbreytingar á þessu kerfi sem mikil andstaða er við eins og óþarft ætti að vera að rekja. Af því öllu saman tel ég auðvitað alvarlegast og verst ákvæðið um upptöku vaxta á námslán. Ég óttast því miður að þar verði ekki aftur snúið ef það óheillaákvæði kemst á annað borð inn í lögin.

Það er auðvitað orðin slitin plata að gagnrýna vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum eins og öðrum. Maður er að verða harla leiður á að standa frammi fyrir því að þessi ríkisstjórn valdboðsins og einræðishyggjunnar veður áfram í hverju málinu á fætur öðru, hunsar algerlega allar eðlilegar kröfur um samráð við aðila. Það er sama hvort námsmenn eiga í hlut í dag, sveitarfélögin í gær eða einhverjir aðrir á morgun. Allur ferill ríkisstjórnarinnar er varðaður af þeim hugsunarhætti að henni komi meira og minna ekkert við hvað þolendurnir úti í þjóðfélaginu halda um gerðir hennar. Það eru svo sem ekki miklar vonir til þess að ríkisstjórnin geri mikið með afstöðu stúdenta eða námsmanna í landinu eða stjórnarandstöðunnar þegar hún veigrar ekki við sér að hunsa gersamlega lögbundið samráð t.d. við sveitarfélögin eins og raun ber vitni í vetur. Samt ætla ég enn að reyna að mótmæla og harma um leið það vinnulag sem hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. menntmrh. hefur valið sér í þessum efnum þar sem er auðvitað verið að þverbrjóta þær ágætu hefðir sem höfðu skapast í samskiptum námsmannahreyfingarinnar, stjórnar og stjórnarandstöðu á fyrri tíð um að að breytingum á þessari viðkvæmu löggjöf væri jafnan reynt að standa í sæmilegu samkomulagi. Þær voru undirbúnar í nefndum sem fulltrúar námsmanna, stjórnar og stjórnarandstöðu áttu sæti í og jafnan var reynt að leita lágmarkssamstöðu um meðferð þessara mála. Nefndaskipun hæstv. menntmrh. er þegar fræg að endemum, ekki bara í þessu máli held-

ur fleirum og satt best að segja er frammistaðan varðandi endurskoðun laganna um lánasjóðinn eitt það allra kostulegasta í þessum efnum eins og sjá má í fskj. með þessu frv. Nefndir hæstv. menntmrh. hafa báðar verið því marki brenndar að í þeim hafa hvorki verið fulltrúar stjórnarandstöðunnar og annaðhvort engir námsmenn eða þá fulltrúar námsmanna hafa verið valdir með ákaflega sérstökum hætti eins og þegar einu pólitísku félagi í einum skólanna sem viðskipti eiga við lánasjóðinn var úthlutað sérstaklega fulltrúa í nefnd sem vann að málinu.

Það er auðvitað óhjákvæmilegt að á næstu árum munu þær breytingar, sem er verið að innleiða, verða mjög til umræðu og skoðunar varðandi aðstöðu þessara aldurshópa og árganga í þjóðfélaginu sem á komandi árum verða greiðendur þessara lána. Ég spái því að ekki séu öll kurl komin til grafar í þeim efnum þegar þetta fólk kemur úr námi og á að fara að hefja afborganir af námslánum strax tveimur árum eftir að námi lýkur. Þegar þetta fólk fer að reyna að afla sér íbúðarhúsnæðis og með ýmsum öðrum hætti að reyna að koma undir sig fótunum í þjóðfélagi verðtryggingar og hárra vaxta þá mun svo sannarlega á það reyna að uppi eru breyttir tímar. Ég óttast mjög að innan skamms muni næsta holskefla greiðsluerfiðleika húsbyggjenda og kaupenda íbúðarhúsnæðis í landinu halda innreið sína. Í raun og veru þarf ekki flókna útreikninga til að sjá að stefna mun í geysilega greiðsluerfiðleika hjá þeim sem hafa tekið lán í húsbréfakerfinu á undanförnum missirum eða gera það á næstu árum miðað við óbreyttar rauntekjur alls almennings í landinu. Þegar við bætist þung greiðslubyrði af verðtryggðum námslánum með allt að 3% vöxtum þá held ég að engum geti blandast hugur um að það muni auðvitað verulega íþyngja þeim aldurshópum sem koma til með að verða þolendur þeirra hluta. En menn hafa kannski tilhneigingu til að segja „den tid, den sorg", menn eigi ekki að hafa áhyggjur af því fyrr en þar að kemur og það sé þá best að mæta því með útgáfu á nýjum greiðsluerfiðleikalánum eða lengingu eða öðru slíku. Það hefur því miður ærið oft orðið niðurstaðan hjá okkur við kerfisbreytingar af þessu tagi að menn sulla þeim í gegn, setja kíkinn upp að blinda auganu varðandi augljósar afleiðingar þegar fram í sækir af slíkum breytingum og standa svo uppi í bullandi vandræðum þegar afleiðingarnar koma fram. Þannig hefur þetta farið aftur og aftur hjá okkur í sambandi við húsnæðismálin eins og frægt er orðið. Það hafa orðið örlög þessarar þjóðar að kollsteypa fyrirkomulaginu í þeim efnum með reglubundnu millibili á 3–5 ára fresti og samkvæmt því eru 2–3 ár eftir af húsbréfakerfinu. Skyldi þetta ekki fara þannig í sambandi við þessar breytingar, að menn eigi eftir að reka sig harkalega á þegar afleiðingarnar af þessum breytingum fara að koma í ljós. Það óttast ég, hæstv. menntmrh., en það verða þá e.t.v. einhver önnur grá höfuð sem þurfa að glíma við þann hausverk þegar þar að kemur. Þannig er því miður hugsunarhátturinn í allt of ríkum mæli í þessum efnum, menn horfa bara rétt fram fyrir tærnar á sér og ef þetta bjargast eða flýtur á meðan þeirra nýtur við, þá er þetta í lagi. En það finnst mér ekki alveg nógu myndarleg frammistaða í þessum efnum þó að það sé auðvitað ljóst að glíma þurfti við þann vanda sem er í rekstri lánasjóðsins nú og hefur auðvitað orðið mönnum æ betur ljós á undanförnum árum. Fúslega skal viðurkennt að menn hafa ýtt vandanum að nokkru leyti á undan sér og veigrað sér við að taka á honum. Það á ekki bara við um þá sem glímt hafa við þetta allra síðustu árin heldur má segja að það hafi meira og minna verið mönnum ljóst alveg frá því að menn fóru að bogna undan því að leggja nægjanleg ríkisframlög með sjóðnum á uppbyggingartíma hans. Á það hefur auðvitað margoft verið bent að væri það gert meðan uppbygging eigin fjár sjóðsins stendur gæti þetta kerfi séð um sig sjálft, þess vegna óbreytt eða með litlum breytingum án tiltölulega umtalsverðra ríkisframlaga þegar fram í sækir, þegar fjöldi námsmanna er kominn í jafnvægi, þegar þeirri miklu og snöggu fjölgun viðskiptavina sjóðsins sem staðið hefur undanfarin ár lýkur o.s.frv.

Herra forseti. Af því að aðrir hafa svo rækilega farið yfir og gert grein fyrir einstökum efnisatriðum málsins og ég þarf ekki annað að gera í þeim efnum en vísa til þess sem þar hefur verið sagt af hálfu stjórnarandstöðunnar og lýsa yfir stuðningi við þær brtt. sem fluttar eru á þskj. 790 ætla ég nú að stytta mál mitt með því að vísa fyrst og fremst í þann texta. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að nefna nokkur pólitísk álitamál sem ég tel tengjast afgreiðslu frv. umfram það sem ég hef þó þegar nefnt og með tilliti til þess að nú stendur til að ljúka fundi hér um lágnættið, þá ætla ég ekki að hafa mál mitt miklu lengra.

Ég tel kannski að það alvarlegasta við við þessa breytingu sé sú skammsýni og sá litli metnaður sem almennt séð felst í þessum breytingum gagnvart menntunarstigi og sókn í menntun í þjóðfélaginu. Því miður er það svo að hæstv. ríkisstjórn er ekki á nokkrum einustu vígstöðvum að boða okkur sókn í slíkum tilvikum. Það er ekki verið að bæta skólakerfið, þvert á móti. Það er ekki verið að auka fé til rannsókna, þróunar og vísindastarfsemi og ekki verið að hvetja til aukinnar menntunar í þjóðfélaginu. Þvert á móti er verið að breyta frv. um lánasjóðinn þannig að það hlýtur augljóslega að verka letjandi á fólk að binda sér þungar skuldabyrðar vegna námsöflunar miðað við það endurgreiðslukerfi sem verið er að innleiða. Allt ber þetta að sama brunni þrátt fyrir umræður um að fátt ef nokkuð sé jafnmikilvægt í okkar nútíma tæknivæddu þjóðfélögum en að menntunarstig þjóðanna sé hátt og menn sæki fram í þeim efnum, það verði þekkingin sem e.t.v. verði mikilvægasta auðlind 21. aldarinnar. Ríkisstjórnin, ársgömul, er á því herrans ári 1992 að boða okkur afturför í þessum efnum. Þetta er mjög dapurlegt og kannski það alvarlegasta fyrir þjóðfélagið allt ef maður horfir fram hjá því sem beinist að einstökum þolendum breytinganna, einstökum námsmönnum nútíðar og framtíðar á Íslandi. Fyrir þjóðarbúið sjálft, fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf eru þetta ótíðindi í þeim skilningi að hér er auðvitað verið að halda í þveröfuga átt við það sem nánast allir lærðir menn og leik-

ir sem um þetta fjalla eru sammála um að Íslendingar þyrftu að leggja áherslu á ef þeir ætla að halda sér í hópi velmegandi og háþróaðra þjóða. Þetta er kannski einna dapurlegast þegar almennt er um þetta talað af því sem birtist okkur í þessari málafylgju. Hitt er svo sem meira og minna gamalkunnugt, vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og hvernig hún stendur að málum í þessu tilviki eins og fleirum.

Af því að hér er enginn krati — ég ætla ekki að harma það, ég er oft og tíðum tiltölulega ánægður með að það fer lítið fyrir þeim, herra forseti — þá ætla ég að geyma mér nokkur orð sem ég hafði hugsað mér, ef vel stæði á, að beina til Alþfl. eða einhverra fulltrúa hans sem hefðu e.t.v. þann áhuga á málefnum námsmanna að vera hér viðstaddir í kvöld, t.d. þingflokksformaðurinn sem hefur áður látið sig þau mál varða á ýmsum stöðum í þessu húsi, ekki alltaf á þessari hæð að vísu þegar hann hefur haldið ræður um þau mál. Ég áskil mér þá rétt til þess, herra forseti, þegar nýr dagur verður upp runninn og áfram verður haldið umræðum um þetta mál að eiga orðaskipti við þingmenn í síðari ræðu minni við þessa umræðu.

Umræðu frestað.

130. FUNDUR

fimmtudaginn 30. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Starfsemi skóla, ein umr.

Fsp. KHG, 347. mál. — Þskj. 560.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Eins og mönnum er kunnugt eru það áform þessarar ríkisstjórnar að líta til óhagkvæmra rekstrareininga eins og það er stundum kallað af þeirra hálfu. Meðal annars var með þeim rökum lögð niður starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi. Ég hef því, virðulegi forseti, leyft mér að flytja fsp. til hæstv. menntmrh. um starfsemi skóla þar sem ég spyr í fyrsta lagi:

„1. Eru uppi áform um að leggja niður starfsemi einstakra skóla, (grunnskóla, framhaldsskóla, sérskóla) á þessu ári og ef svo er, hvaða skóla er um að ræða og hvers vegna?"

Ég vek sérstaka athygli á því sem ég hef áhuga á að fá svar við. Það eru fyrst og fremst hvort uppi eru áform um að leggja niður eitthvað af grunnskólum í fámennum sveitum eða dreifðum byggðum eða sameina þá öðrum.

„2. Telur menntmrh. sig hafa heimild til þess að leggja niður starfsemi einstakra skóla um lengri eða skemmri tíma og ef svo er, hvar er þá heimild að finna?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrri spurningin er: „Eru uppi áform um að leggja niður starfsemi einstakra skóla, (grunnskóla, framhaldsskóla, sérskóla) á þessu ári og ef svo er, hvaða skóla er um að ræða og hvers vegna?"

Svar mitt við þessari spurningu er svohljóðandi: Það eru ekki að svo stöddu uppi áform um að leggja niður starfsemi einstakra skóla á þessu ári. Ég tek fram að sveitarstjórnir reka grunnskóla og ákveða skipulag grunnskólahalds í skólahverfi með samþykki ráðuneytisins.

Síðari spurningin er svohljóðandi: „Telur menntmrh. sig hafa heimild til þess að leggja starfsemi einstakra skóla um lengri eða skemmri tíma og ef svo er, hvar er þá heimild að finna?"

Svarið er svohljóðandi: Menntmrh. telur sig hafa heimild til þess að leggja niður starfsemi skóla um lengri eða skemmri tíma og þá samkvæmt tillögum sveitarfélaga ef um grunnskóla er að ræða. Skólar sem eru alfarið reknir og kostaðir af ríkinu, t.d. héraðsskólar, eru undir stjórn menntmrn. sem metur þörfina fyrir starfrækslu þeirra með hliðsjón af öðrum skólum á svæði viðkomandi skóla og aðsókn svo dæmi séu nefnd.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör. Það er ljóst að á þessu ári verður þá ekki ráðist í það að fækka skólum á grunnskólastigi eins og hefði mátt óttast og er það í sjálfu sér fagnaðarefni að svarið er þannig að það verður ekki gert nema þá með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Þetta tel ég afar þýðingarmikið að hafa fengið fram og hefur þá ákveðinni óvissu verið eytt hvað það varðar að minnsta kosti.

Ráðning skólastjóra Leiklistarskólans, ein umr.

Fsp. MF, 387. mál. — Þskj. 629.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 629 hef ég borið fram fsp. til hæstv. menntmrh. um ráðningu skólastjóra Leiklistarskólans. Að undanförnu hefur verið nokkuð um það að hæstv. ráðherrar hafa skipað eða sett menn í forustustöður hjá ýmsum stofnunum ríkisins án þess að virða eða taka tillit til vilja þeirra aðila sem hafa oft samkvæmt lögum það hlutverk að vera ráðgefandi eða gera beinar tillögur til ráðherra um viðkomandi stöðuveitingar. Eitt nýlegasta dæmið er skipun skólastjóra Leiklistarskólans þar sem ráðinn var til starfa einstaklingur sem samkvæmt heimildum fjölmiðla hafði ekki meirihlutastuðning skólanefndar Leiklistarskólans, nemenda eða kennara. Þó hlýtur álit viðkomandi skóla-

nefndar sem á að vinna náið með skólastjóranum að skipta verulegu máli auk þess sem hún á að vera ráðgefandi fyrir ráðuneytið.

Þetta er því miður, virðulegi forseti, ekki eina dæmið innan ríkiskerfisins þar sem skipað er í stöður þvert á vilja þeirra aðila sem þekkja það starf sem ráðið er í hverju sinni og eiga að meta hvaða eiginleikum umsækjandi um viðkomandi stöðu þarf að vera búinn. Ég segi þetta ekki hér til að lasta þann ákveðna einstakling sem ráðinn var í þá stöðu sem fsp. fjallar um heldur vegna þess að mér finnst sú aðferð sem viðhöfð var við ráðningu í stöðuna ekki rétt. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvers vegna hafnaði ráðherra tillögum stjórnar Leiklistarskóla ríkisins, sem reyndar á að vera skólanefndar Leiklistarskóla ríkisins, um skólastjóra Leiklistarskólans?

2. Hvað réð úrslitum um að sá umsækjandi sem var valinn sem stöðuna hlaut?

3. Telur ráðherra það ekki vera í verkahring skólanefndar að fara yfir umsóknir um skólastjórastöður og taka afstöðu til þeirra?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svör mín við þessum þremur spurningum eru svohljóðandi: Skólanefnd, ekki skólastjórn Leiklistarskóla Íslands, fékk allar umsóknir til umsagnar eins og segir til um í 2. gr. reglugerðar um Leiklistarskólann. Í reglugerðinni segir: „Leita skal umsagnar skólanefndar áður en skólastjóri er ráðinn."

Skólanefndin greiddi fyrst um það atkvæði hverjir af umsækjendunum sex teldust hæfir til að gegna starfi skólastjóra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að allir umsækjendur uppfylltu skilyrði til að gegna stöðunni en úrskurðaði fjóra þeirra hæfa til að takast á við hana núna. Sá umsækjandi, sem var ráðinn, var í hópi þeirra fjögurra sem skólanefndin taldi hæfa til að takast á við starfið.

Greidd voru atkvæði um þá fjóra umsækjendur sem skólanefndin taldi hæfa til að takast á við starfið og hlaut einn umsækjandi fjögur atkvæði og annar þrjú. Í nefndinni eiga sæti níu manns en aðeins sjö þeirra voru mættir á þessum fundi þegar um málið var fjallað. Enginn umsækjandi hlaut því hreinan meiri hluta skólanefndarinnar sem er umsagnaraðili.

Þegar athuguð var reynsla og ferill umsækjenda á sviði leiklistar og stjórnunar var það niðurstaða mín að sá umsækjandi sem valinn var væri hæfasti maðurinn til að gegna starfi skólastjóra að öðrum umsækjendum ólöstuðum. Hann hefur að baki áratugareynslu sem leikari, hefur kennt leiklist og verið formaður Félags ísl. leikara. Einnig hefur hann mikla reynslu af stjórnunarstörfum á sviði leiklistar og gegndi m.a. embætti þjóðleikhússtjóra um átta ára skeið. Það varð því niðurstaða mín að hann væri vel að starfinu kominn og raunar að ekki væri hægt að ganga fram hjá manni með svo víðtæka reynslu og langan feril á sviði leiklistarmála.

Það er kveðið á um það í lögum að skólanefnd Leiklistarskóla Íslands er umsagnaraðili þegar ráðinn er skólastjóri við skólann. Það er því í verkahring skólanefndar að veita umsagnir um umsóknir áður en skólastjóri er ráðinn eins og gert var í þessu tilviki.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Þau voru reyndar í þá veru sem ég hafði búist við. Það er vissulega rétt að skólanefndin er aðeins umsagnaraðili og að enginn einn umsækjandi fékk öll atkvæði skólanefndar eða þeirra sem mættir voru á þann fund sem greiddu atkvæði um umsækjendur, en þá vil ég gjarnan spyrja hæstv. menntmrh.: Hefði hann fylgt tillögum skólanefndarinnar ef einhver einn aðili hefði fengið öll atkvæðin, verið valinn einróma af skólanefndinni?

Það kom fram í umræðu um aðra stöðuveitingu hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að hann teldi ástæðu til að breyta þannig lögum og auka sjálfstæði allra menningarstofnana að ráðið væri í stöður án íhlutunar ráðuneytis eða ráðherra og mér sýnist að vinnubrögðin síðustu vikur og þær ráðningar sem fyrir liggja á síðustu vikum bendi til þess að það sé bráðnauðsynlegt.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvort ég hefði valið umsækjanda sem hefði fengið öll atkvæði umsagnaraðila. Það er erfitt að svara svona spurningum beint en ég held að það sé alveg ljóst að það væri erfitt fyrir ráðherra að ganga fram hjá svo einróma niðurstöðu umsagnaraðila þegar hann þarf að taka sína ákvörðun en ég legg áherslu á að það er ráðherrann sem ber ábyrgð á því hver gegnir starfi sem hann á annað borð skipar í þannig að það er í lokin hans að taka ákvörðunina. Ég svara þessu sem sagt þannig að það yrði eflaust nokkuð önnur staða fyrir ráðherrann en var í þessu tilviki ef umsagnaraðili væri á einu máli um hver skyldi hljóta stöðu.

Varðandi þær hugleiðingar að taka þetta vald af ráðherra, þá er það út af fyrir sig alveg til athugunar. Það þýðir auðvitað það um leið að ráðherra ber enga ábyrgð á því hver hlýtur stöðu ef það vald er alfarið sett í hendur einhvers annars. Svo er ekki í þessu tilviki og meðan svona er að það er ráðherra sem ber hina pólitísku ábyrgð þá verður hann að taka ákvörðun um það sjálfur og hefur eftir atvikum hliðsjón af því sem umsagnaraðili eða umsagnaraðilar hafa fram að færa.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu en mér finnst ástæða til að nefna það í þessu sambandi að sá umsækjandi sem fékk flest atkvæðin í skólanefnd Leiklistarskólans fékk jafnframt einróma stuðning kennara og nemenda skólans. Það skiptir máli og ég held að það ætti að vera leiðsögn menntmrh., hver sem það er, að taka tillit til þess hvað nemendur, starfsmenn, kennarar í þessu tilviki segja. Það gerir ráðherra ekki og það er kannski það alvarlegasta við þá embættisveitingu sem hér liggur fyrir að hann gengur algerlega á skjön við vilja starfsmanna skólans.

Ég vil einnig ítreka í framhaldi af þessu svari hæstv. ráðherra, þar sem hann sýndi örlítinn skilning í þá veru að til greina kæmi að breyta lögum í þessum efnum, að mér fyndist það koma til greina og að setja allsherjarreglur um að þessar stofnanir hafi vald og frelsi til að hafa vit fyrir sér sjálfar, að þeim sé treyst fyrir sínum málum og þá er ég að tala um menningarstofnanir í heild, hvort sem það er Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Leiklistarskóli eða Landsbókasafn svo að ég nefni nokkur dæmi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér á sér stað. Það er verulegt umhugsunarefni hvernig staðið er að stöðuveitingum hér á landi og það á ekki eingöngu við um stöður á vegum menntmrn. Það hafa oft og iðulega komið upp umræður um það hvernig pólitísku valdi er beitt til þess að koma fólki í stöður án þess að maður sjái að viðkomandi eigi beinlínis erindi í starfið. Ég vil meina að þessi háttur, sem hér hefur verið hafður á allt frá því að Íslendingar fengu heimastjórn, ég hef kynnt mér þetta sérstaklega, hafi að ýmsu leyti valdið okkur miklu tjóni.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar að stofnanir eigi að hafa sem mest sjálfstæði til þess að ráða sjálfar sínum málum og hverjir þar stýra verki en auðvitað eru undantekningar á og ég held að þetta eigi sérstaklega við um skóla og menningarstofnanir þar sem eru mjög fjölmennir vinnustaðir, þá sé það til bóta að þeir sem þar starfa ráði sem mestu um sín mál.

Verðlagning á veiðireynslu, ein umr.

Fsp. MF, 282. mál. — Þskj. 472.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Undanfarið hefur nokkuð verið um það að fyrirtæki í sjávarútvegi hafi verið sameinuð. Við þessa sameiningu eða yfirtöku eins fyrirtækis á öðru hefur það tíðkast að fiskkvóti fyrirtækjanna hefur verið metinn til eigna. Í sumum tilvikum, ég veit þó ekki hve mörgum, hefur svokölluð veiðireynsla á utankvótafiski einnig verið reiknuð til verðmæta og þetta útreiknaða, áætlaða verðmæti, bókfært inn í sameiningu viðkomandi fyrirtækja sem eignarhluti, jafnvel ráðið miklu um stærð eignarhluta í nýju fyrirtæki. Gleggsta dæmi þessa er sameining Hraðfrystihúss Stokkseyrar og Glettings hf. í Þorlákshöfn þar sem þetta mat á veiðireynslu skiptir verulegu máli þegar eignarhlutur var ákveðinn í hinu nýja fyrirtæki, Árnesi hf. Sameining fyrirtækja í sjávarútvegi getur orðið til góðs og verður það vonandi í þessu tilviki en það er ekki sameining þeirra sem ég spyr hér um, heldur þær aðferðir sem viðhafðar eru við sameiningu fyrirtækja sem ríkið á aðild að.

Vissulega er hægt að rökstyðja að úthlutaður aflakvóti sé metinn til verðmæta, sérstaklega vegna þess að þessi réttur til að nýta sameiginlega auðlind okkar allra, sem stjórnvöld úthluta, er seljanlegur. Það er hins vegar erfitt að skilja hvernig hægt er að meta veiðireynslu á fisktegundum utan kvóta til verðmæta. Hún er ekki seljanleg og vandséð hvernig hægt er að eignfæra hana í bókhaldi.

Við sameiningu þeirra fyrirtækja sem ég nefndi áðan var annað fyrirtækið, Hraðfrystihús Stokkseyrar, að meiri hluta eign Hlutafjársjóðs sem heyrir undir stjórn Byggðastofnunar. Fulltrúi þeirrar stofnunar í stjórn fyrirtækisins sá um samninga fyrir hönd hraðfrystihússins. Samningarnir og þær aðferðir sem beitt var, þ.e. að meta veiðireynslu til eignar, hljóta að hafa verið borin undir stjórn þeirrar ríkisstofnunar sem þessi aðili er fulltrúi fyrir, þ.e. stjórn Byggðastofnunar. Því hlýt ég að álykta að þegar svo stór ákvörðun er tekin, ákvörðun sem er fordæmisgefandi, að verðleggja sem eignarhlut veiðireynslu á fisktegundum utan kvóta, hafi sú ákvörðun verið borin undir ríkisstjórn. Ef til vill hefði verið eðlilegra, virðulegi forseti, að beina þeim spurningum sem ég set fram á þskj. 472 til hæstv. forsrh. þar sem Byggðastofnun heyrir undir forsrn. en með fullri virðingu fyrir hæstv. forsrh. þá hef ég þá trú að hæstv. sjútvrh. viti meira um málið og því spyr ég hann:

„1. Hefur ráðherra kynnt sér hvaða brögð eru að því að veiðireynsla á fisktegundum utan kvóta sé verðlögð við sölu og samruna fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem opinberir sjóðir eiga hlut að máli?

2. Hafa stjórnvöld mótað afstöðu til slíkra viðskipta?“

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda trú hans á þekkingu sjútvrh. en sem svar við fyrirspurnum er það að segja að það er ekki á verkefnasviði sjútvrn. að fylgjast með því hver brögð séu að viðskiptum af því tagi sem þar er spurt um. En samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, er öllum þeim fisktegundum, sem leyfilegur heildarafli er takmarkaður á, skipt upp á milli einstakra skipa eftir þar til greindum reglum. Veiðar á öðrum tegundum eru hins vegar frjálsar öllum skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, þó með þeim takmörkunum sem leiða af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Reynist hins vegar nauðsynlegt að takmarka veiðar á tegund sem samfelld veiðireynsla er á skal skv. 1. mgr. 8. gr. laganna skipta leyfilegum heildarafla upp á milli einstakra fiskiskipa á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja ára. Áður en slík ákvörðun er tekin þarf hins vegar að liggja fyrir tillaga frá Hafrannsóknastofnun um tiltekið aflahámark á viðkomandi tegund. Að verðmeta hugsanleg réttindi út frá því sem kann að gerast í framtíðinni hvað þetta atriði varðar er því alfarið á ábyrgð þeirra sem slíka samninga gera. Sé um það að ræða að opinberir sjóðir meti áunnin réttindi af vannýttum tegundum verð ég í því sambandi að minna á rétt þingmanna til að leita álits Ríkisendurskoðunar og fá svör við því þar hvort hagsmuna ríkissjóðs hafi verið gætt með eðlilegum hætti.

Mér er kunnugt um að Ríkisendurskoðun hefur til skoðunar það sérstaka tilvik sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni.

Þá er að því spurt hvort stjórnvöld hafi mótað afstöðu til slíkra viðskipta. Það hafa þau ekki gert enda hygg ég að almennt sé erfitt að móta afstöðu til þess með almennum reglum hvernig meta skuli viðskiptavild. Mín skoðun er sú að það hljóti að teljast hæpið að leggja mat á verðmæti afla reynslutegunda sem ekki eru háðar ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Hins vegar kunna að vera verðmæti í því fólgin að nýta vannýttar tegundir. Ég á þar fyrst og fremst við þekkingu sem fyrirtæki, sem stundar veiðar á vannýttum tegundum, hefur aflað sér, bæði að því er varðar veiðar og markaðssetningu. Slík þekking getur verið verðmæt og það hlýtur að metast í hverju tilviki hversu verðmæt slík viðskiptavild kann að vera.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. leiðir hugann að hinu almenna stjórnkerfi, sem menn hafa búið við síðan 1984, um fiskveiðar. Það er að sjálfsögðu fullkomlega óeðlilegt að einhverjir aðilar sem teljast þinglýstir eigendur að skipi geti verðlagt sér til handa veiðireynslu, hvort heldur það er af fisktegundum innan kvóta eða utan því þar eru þeir sem verðmætin fá við sölu ekki endilega þeir sömu og þeir sem skópu þau verðmæti. Hagsmunir þeirra, sem eru uppistaðan í því að veiðireynslan er talin vera einhvers virði í þjóðfélagi markaðskerfisins, sjómanna og fiskvinnslufólks, eru fullkomlega fyrir borð bornir. Það vekur athygli mína að hæstv. sjútvrh. skuli ekki geta þessara hagsmuna að neinu þegar hann svarar seinni spurningunni svo það verður ekki öðruvísi skilið en það sé afstaða ráðherra að þessi verðmæti séu og eigi að vera eign hinna örfáu útvöldu í landinu sem eiga skip.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svar hans. Eins og ég nefndi áðan er það afar erfitt að skilja hvernig það stenst lög að meta veiðireynslu á utankvótafiski til verðmæta og jafnvel bókfæra sem eign og ég veit um að í einstaka tilvikum hefur þessi veiðireynsla verið metin inn í framtíðina líka, ekki bara reynslan eins og hún er komin fram, heldur eins og hún verður hugsanleg í framtíðinni. Á sama hátt mætti þá meta vinnslureynslu í fiskvinnslunni og bókfæra á sama hátt. Ég fagna því að Ríkisendurskoðun er að athuga þetta mál þó að ég telji ekki endilega þessa einstöku sameiningu fyrirtækja, Hraðfrystihúss Stokkseyrar og Glettings, vera það sem málið snýst um heldur fyrst og fremst hvort það stenst lög að meta veiðireynslu á utankvótafiski til verðmæta og eignfæra í bókhaldi.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ræða hv. 5. þm. Vestf. var nokkuð skringileg. Mér hefur verið það fullkomlega ljóst að hann er andvígur núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, m.a. af þeim sökum að það felur í sér heimildir til að færa veiðiheimildir á milli og þær geta gengið kaupum og sölum. En einmitt það dæmi sem er til umræðu sýnir að andstaða hv. þm. við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi á þessum rökum er byggð á býsna hæpnum forsendum vegna þess að hér er verið að draga upp dæmi um það að seld hafi verið aflareynslan á fisktegundum sem ekki eru undir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og lúta ekki þeim aflamarksákvæðum sem það byggir á. Það dæmi sem hér er til umfjöllunar sýnir því að ef hv. þm. telur þetta vera vandamál þá á það jafnt við um önnur stjórnunarkerfi og líka það skipulag að engar takmarkanir séu á veiðum einstakra skipa. Einmitt þetta dæmi kippir algerlega grundvellinum undan einni helstu röksemd hans gegn kerfinu.

Alþjóðleg sjávarútvegsstofnun, ein umr.

Fsp. SigG, 373. mál. — Þskj. 605.

Fyrirspyrjandi (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í fréttum útvarps kom fram fyrir skömmu að Útflutningsráð ynni að stofnun alþjóðlegs sjávarútvegsskóla í líkingu við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Fram kom að kennslan gæti farið fram með námskeiðahaldi og fyrirlestrum á þrengri sviðum og jafnvel með námi sem endaði á prófgráðu. Þá kom og fram að þetta erindi tengdist væntanlega erindi sem sjútvrh. hefur sett sjávarútvegsstofnun Háskólans um alþjóðlega sjávarútvegsstofnun á Íslandi.

Ég fagna því að Útflutningsráð og hæstv. sjútvrh. vinni að athugun á því að koma á fót slíkri stofnun hér á landi. Ég harma hins vegar, ef rétt er eftir haft, að vilji sjútvrh. standi til þess að slíkri stofnun verði valinn staður í Reykjavík en ekki í tengslum við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri. Við umræður á hinu háa Alþingi á dögunum um frv. til laga um Háskólann á Akureyri kom fram vilji í máli allra hv. þm. sem þátt tóku í umræðum um að efla Háskólann á Akureyri. Einnig eru til meðferðar í þinginu tvær þáltill. sem ganga í svipaða átt, þ.e. að efla Akureyri sem miðstöð fræðslu um sjávarútveg.

Þá ber og að geta þess að í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, hvítbókinni, segir að Háskólinn á Akureyri skuli efldur. Af framansögðu hlýtur að vera ljóst að ef af stofnun alþjóðlegrar sjávarútvegsstofnunar verður sé eðlilegt og sjálfsagt að finna henni stað norður á Akureyri í tengslum við háskólann þar. Því spyr ég hæstv. sjútvrh hvort hann telji vænlegra að slíkri stofnun verði fremur fundinn staður í Reykjavík en í tengslum við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda óskaði ég nýlega eftir því við sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands að hún kannaði með óformlegum hætti möguleika á því að koma á fót alþjóðlegri sjáv-

arútvegsstofnun hér á landi. Ég hef einnig átt nokkrar viðræður við forustumenn Útflutningsráðs um þetta hugsanlega verkefni.

Hér átti hins vegar fyrst og fremst að vera um forkönnun að ræða þar sem athugað yrði hvort hér gæti verið um að ræða raunhæfan möguleika. Slík forkönnun er nauðsynleg til að hægt sé að meta hvort stjórnvöld eigi að leggja í frekari vinnu og kostnað við markvissa könnun á því hvort um raunhæfan kost sé að ræða. Það er því að mínu mati ekki tímabært að byrja að velta vöngum yfir því á þessu stigi hvar staðsetja ætti slíka stofnun ef það kæmi í ljós að það reyndist skynsamlegt og hyggilegt að setja hana á fót. Málið er einfaldlega á byrjunarreit eins og sakir standa. En þó að slík stofnun yrði sett á fót höfum við ekki séð fyrir okkur að hér yrði um að ræða mikið bákn. Miklu líklegra væri að fyrst og fremst yrði um að ræða umgjörð um þær rannsóknastofnanir og atvinnulífið sem krefðist ekki sérstakrar aðstöðu umfram það sem fyrir hendi er í dag. Hér yrði frekar um að ræða samhæfingu á verkefnum sem við stundum nú þegar í þeim tilgangi að draga til okkar alþjóðlega þekkingu og miðla henni frá Íslandi.

Af minni hálfu hefur ekkert komið fram um að óskynsamlegt væri að staðsetja þessa stofnun á Akureyri í tengslum við sjávarútvegsdeild Háskólans þar. Mér finnst margt hafa verið vel gert á þeim vettvangi og það er von mín og margra annarra að það merka framtak geti dafnað og orðið íslenskum sjávarútvegi til framdráttar og kemur alveg eins til álita ef af þessu verður að tengsl þessarar stofnunar verði þar. Á þessu stigi er einfaldlega ekki tímabært að fjalla um það efni því að hér er einvörðungu um forkönnun að ræða á þeim möguleikum sem kunna að vera fyrir hendi. En ég tel mjög mikilvægt að við hugum að verkefnum af þessu tagi. Við stöndum frammi fyrir nýjum verkefnum í íslenskum sjávarútvegi. Þekkingin mun ráða miklu um hvernig til tekst í þeim efnum. Við eigum að geta miðlað öðrum þjóðum af okkar þekkingu og verið í forustu á því sviði. Fyrir þá sök hef ég talið rétt að beita mér fyrir athugun af þessu tagi.

Áhrif EES-samnings á innflutning og sölu áfengis, ein umr.

Fsp. HG, 498. mál. — Þskj. 784.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 784 hef ég borið fram svofellda fsp. til hæstv. dómsmrh. um áhrif EES-samnings á innflutning og sölu áfengis:

„Hvaða áhrif mun EES-samningur hafa að mati ríkisstjórnarinnar á núverandi lög og reglur um innflutning, sölu og dreifingu áfengis hér á landi?"

Í 16. gr. EES-samnings er að finna ákvæði sem varða ríkiseinkasölufyrirtæki. Greinin er svofelld:

„1. Samningsaðilar skulu tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsaðilanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðila. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur."

Í bókun 8 er síðan nánar fjallað um ríkiseinkasölur og þar segir í 2. tölul.:

„Ákvæði 16. gr. gilda einnig um vín (ST-númer 2204)."

Hér er um að ræða þátt sem er í þessum samningi og varðar m.a. sölu og dreifingu áfengis og einkasölu Áfengisverslunar ríkisins til innflutnings og einnig dreifingar. Ég tel nauðsynlegt að fá það upplýst við meðferð málsins hvernig íslensk stjórnvöld líta á þetta mál og meta stöðu Áfengisverslunar ríkisins að þessu leyti og horfur í sambandi við meðferð málsins að því er snertir innflutning, sölu og dreifingu á áfengi. Því hef ég lagt þessa fsp. fram.

Mikil umræða hefur farið fram í Noregi um þetta mál þar sem áfengisstefna er meira á dagskrá en hér á landi í hinni almennu umræðu. Þar liggja fyrir ýmis sjónarmið sem varða þetta mál, m.a. tilvitnanir í dóma sem fallið hafa og hljóta að snerta málið. Ég ætla ekki að fara út í þau efni en það er nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að setja sig inn í það hvernig dómar hafa fallið innan Evrópubandalagsins að því er snertir ríkiseinkasölur en þar er það 37. gr. Rómarsamningsins sjálfs sem varðar þetta efni sérstaklega og dómar sem þar hafa verið kveðnir upp, m.a. varðandi tóbakseinkasölu á Ítalíu og leiddu til afnáms á hömlum eða einkasölu erlendis á grundvelli þess dóms sem kveðinn var upp 1974 að mig minnir.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Norðurlöndin innan EFTA hafa öll áfengiseinkasölur. Þau hafa ekki litið svo á að í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið felist skuldbindingar um að fella þessar einkasölur niður. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur ekki andmælt þeim túlkunum samkvæmt þeim upplýsingum sem dómsmrn. hefur fengið frá viðskiptaskrifstofu utanrrn. að því gefnu að einstökum vörutegundum sé ekki mismunað eftir því frá hvaða landi þær koma.

Samkvæmt upplýsingum sem dómsmrn. hefur frá fjmrn., þá lítur það ekki svo á að samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið feli í sér neinar kvaðir um það að breyta því einkasölufyrirkomulagi sem nú er við lýði. Samkvæmt þeim upplýsingum bendir ekkert til þess að þessir samningar feli í sér neinar skuldbindingar af því tagi gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Við erum frjálsir að því að halda núverandi kerfi áfram að því tilskildu að ekki verði um að ræða mismunun milli vörutegunda.

Hitt er svo annað mál að mín skoðun er sú að þetta einkasölufyrirkomulag orki um margt tvímælis, ekki

síst að því er varðar innflutninginn. En samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið knýja ekki á um breytingar á því. Það yrði þá algerlega sjálfstæð ákvörðun Alþingis og stjórnvalda ef til þess kæmi.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna síðustu orða hæstv. dómsmrh. langar mig til þess að biðja um skoðun hans á því hvað það mundi hafa í för með sér ef sala og innflutningur á áfengi væri gerð frjálsari en hér er nú, hvort það muni ekki hafa það í för með sér að þá mætti ekki setja þær hömlur, sem við þó höfum, á sölu og innflutningi á áfengi og hvort búið sé að hugsa það dæmi til enda. Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram hjá hæstv. dómsmrh.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Ég er hins vegar ekki viss um að það mat sem íslensk stjórnvöld og stjórnvöld á Norðurlöndum hafa lagt fram varðandi þetta mál fái staðist. Ég vísa til þess að það eru miklar efasemdir uppi af mönnum sem hafa verið að meta þetta mál með tilliti til EB-réttarins, Rómarsamningsins sjálfs, og dóma sem fallið hafa. Ég held að stjórnvöld hér þurfi að fara miklu betur ofan í saumana á þessu áður en tekið er svo fortakslaust til orða eins og hæstv. ráðherra gerði hér.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur farið fram á vegum dómsmrn. sjálfstæð athugun og mat á þessu efni? Ráðherrann vísaði til viðskiptaskrifstofu utanrrn. og til fjmrn. Ég leyfi mér að efast um að þessir aðilar hafi farið ofan í saumana á málinu. Nú kunna að vera skiptar skoðanir um það hvað sé æskilegt í þessum efnum. Ég er ekki að spyrja um þetta mál á þeim forsendum heldur að menn gangi með opin augun fram í sambandi við þennan þátt málsins sem lýtur að ríkiseinkasölu. Ég vísa til svars sem liggur fyrir frá hæstv. heilbrrh. varðandi Lyfjaverslun ríkisins. Þar er ekki kveðið fortakslaust að orði varðandi einkasölu Lyfjaverslunar ríkisins. Þvert á móti er gefið í skyn að svo kunni að fara vegna samkeppnisreglna samkvæmt EES-samningi að það þurfi að afnema þá einkasölu.

Það er ekki deilt um það sem ráðherrann sagði réttilega og ég er á sama máli að auðvitað má ekki mismuna varðandi innflutning á tegundum. Allir eiga að hafa sömu möguleika og Áfengisverslunin verður að tryggja framboð eftir því sem óskir eru um. En spurningin er um heildsölu hér innan lands, hvort einkaleyfið hér innan lands fær staðist og einnig um smásöluna. Um það snýst málið. Ég held að stjórnvöld ættu að fara varlega í að fullyrða mikið um þessi efni nema fara ofan í saumana á málinu, m.a. á þeim dómum sem fallið hafa um þessi atriði. Og því ítreka ég spurningu mína til hæstv. ráðherra og um leið hvatningu til þess að hann láti kanna þetta mál mun gaumgæfilegar en dæma má af svari hans þar sem vísað var til annarra aðila en hans eigin ráðuneytis að þessu leyti.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég treysti mér vitaskuld ekki til þess að eyða efasemdum hv. þm. hvorki um þetta atriði né önnur að því er varðar samningana um Evrópskt efnahagssvæði, jafnvel þó að ég hefði lengri tíma en fyrirspurnatíminn gefur tilefni til. En ástæðan fyrir því að ég vísaði til svara sem dómsmrn. leitaði eftir frá utanrrn. og fjmrn. er sú að utanrrn. fer með samninga fyrir Íslands hönd um Evrópska efnahagssvæðið og innflutningur á áfengi og áfengiseinkasala ríkisins er hins vegar á ábyrgð fjmrn. Það lá því í augum uppi að þessi tvö ráðuneyti hlutu að gefa það álit sem ég byggði svar mitt á. Innflutningur á áfengi og sala þess heyrir ekki undir dómsmrn. þó að áfengislöggjöf að öðru leyti heyri undir það ráðuneyti.

Ég hef ekki neina ástæðu til þess að draga í efa þá túlkun sem fram kemur frá utanrrn. og fjmrn. um þetta efni enda er hún í fullu samræmi við þá niðurstöðu sem stjórnvöld annarra EFTA-ríkja á Norðurlöndum hafa komist að. Fyrir þá sök tel ég ekki að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af þessu af hálfu þeirra sem eru mjög sannfærðir um að þetta fyrirkomulag sé nauðsynlegt.

Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það er ekki tilefni til þess að hefja umræður um það með hvaða hætti eigi að standa að innflutningi og sölu á áfengi en vegna fyrirspurnar hv. 9. þm. Reykn. tel ég að það sé augljóst að frelsi í innflutningi á áfengi mundi ekki breyta neinu að því er varðar áfengisdrykkju eða venjur um meðferð á áfengi. Ég tel ekki að það séu miklar líkur á því að breytingum í smásölu mundu fylgja verulegar breytingar í því efni. En hér er einfaldlega um að ræða persónulegt mat af minni hálfu sem ekki byggist á neins konar könnun eða athugun. Ég hef ekki verið að gerast hér tillögumaður að breytingum en aðeins lýst þeirri skoðun minni að það sé fullkomið álitaefni hvort núverandi fyrirkomulag er eðlilegt.

Verslunarálagning, ein umr.

Fsp. SvG, 349. mál. — Þskj. 562.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í þessum sal tölum við oft um það hvað hlutirnir kosta. Við vitum t.d. hvað Lánasjóður ísl. námsmanna kostar. Þar eru menn að tala um 2 milljarða í beinum ríkisútgjöldum, 2 milljarða í lántökum. Við vitum hvað skólakerfið kostar. Það kostar 12–14 milljarða kr. Við vitum hvað heilbrigðiskerfið kostar. Við vitum hvað það kostar að reka Ríkisspítalana, það kostar 6 milljarða kr. Við vitum hver er hallinn á ríkissjóði.

Núv. ríkisstjórn hefur sett sér það að lækka hallann á ríkissjóði. Hún talar þar um að hallinn hafi verið mikill og hún sé að taka hann niður í 4 milljarða kr. hvort sem það tekst eða ekki. Við vitum hvað er tekið í tekjuskatt af fólki. Við vitum hvað er tekið í aðstöðugjöld af fyrirtækjum, virðisaukaskatt o.s.frv. En í þessum sal er aldrei rætt um einn meginþátt hagkerfisins sem er verslunarálagning í landinu. Það eru þeir

peningar sem við borgum í skatta fyrir að halda uppi verslun í landinu, verslunarskattar, í hvert einasta skipti sem við förum út í búð hvort sem við kaupum stóra hluti eða smáa. Hér er um gíðarlega fjármuni að ræða. Það hefur m.a. komið fram, t.d. árið 1978 í könnun sem þáv. viðskrh. Ólafur Jóhannesson lét gera, að heildsöluverslun á Íslandi er einhver sú dýrasta í heiminum. Hún er 10–20% dýrari en hún þyrfti að vera að mati Verðlagsstofnunar á þeim tíma. Svarið var þá að það þyrfti að auka frelsi í þessum efnum, það mundi þýða minni kostnað. Niðurstaðan úr því liggur út af fyrir sig ekki fyrir og bendir nú fátt til þess að kostnaður við verslun í heild hafi lækkað við þetta svokallaða aukna frelsi á þessu sviði.

Til þess að Alþingi, a.m.k. Alþingistíðindi, fái að vita hvað verslunin kostar á Íslandi hef ég borið fram þessar fsp. til hæstv. viðskrh.:

„1. Hverju nemur samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum heildarálagning heildsöluverslunar, í krónum talin, á þessu ári, 1992?

2. Hver er á sama hátt heildarálagning smásöluverslunar á þessu ári?

3. Hvert er hlutfall verslunarálagningar samtals sem hluti af vergri landsframleiðslu?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég byggi svar mitt við fyrirspurnum hv. 9. þm. Reykv. á atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagsstofnunar fyrir árin 1987–1990 þar sem endanlegar tölur fyrir árið 1991 liggja ekki fyrir og áætlanir fyrir yfirstandandi ár eru því byggðar á þessu eldra efni.

Í skilgreiningum Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu á því hvaða atvinnustarfsemi teljist til verslunar eru taldar eftirtaldar starfsgreinar: Heildverslun, olíuverslun, bifreiðaverslun og byggingavöruverslun auk almennrar heildverslunar og að sjálfsögðu smásöludreifing. Álagningin er í þessum reikningum skilgreind sem sú hlutfallslega hækkun sem verður milli vörusölu og vörunotknar eins og þessir liðir koma fram í ársreikningum fyrirtækjanna. Eins og ég hef þegar sagt liggja ekki fyrir endanlegar tölur fyrir árið í fyrra og nokkur óvissa er um áætlanir fyrir yfirstandandi ár en með þeim áætlunaraðferðum sem Þjóðhagsstofnun beitir þá benda tölurnar til þess að álagning í heildsölu verði 25 milljarðar á þessu ári og álagning í smásölu um 20 milljarðar kr. á þessu ári. Þá er miðað við svipað álagningarhlutfall og var á árinu 1990.

Þá var spurt hvert sé hlutfall álagningar í heildverslun og smásöluverslun samtals af landsframleiðslunni á þessu ári. Miðað við áætlaða landsframleiðslu og þessar tölur, sem ég hef þegar nefnt, yrði hlutfallið um eða innan við 12% eða líkt og áætlun fyrir árið 1991. Annar mælikvarði á umsvif verslunar í þjóðarbúskapnum er að líta á vergar þáttatekjur í verslun og vergar þáttatekjur í heild og þá er hlutfall verslunar af landsframleiðslu skilgreind á þennan hátt um eða innan við 10%. Að sjálfsögðu er hér fyrst og fremst um það að ræða að mæla hvers virði er vinnuframlag þess fólks og þess fjármagns sem bundið er í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Virðulegi forseti. Með þessu vona ég að ég hafi svarað fyrirspurnum hv. 9. þm. Reykv.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Svör hæstv. viðskrh. eru skýr. Þau svara því sem spurt er um með skilmerkilegum hætti. Heildsöluverslunin kostar þrisvar sinnum meira en skólakerfið á Íslandi. Smásöluverslunin kostar meira en öll heilbrigðisþjónustan. Það er talið að heilbrigðisþjónustan á Íslandi taki um 7–8% af landsframleiðslunni í sinn hlut. Verslunin tekur 12%. Það er talið að skólarnir á Íslandi kosti 3,5–4% af landsframleiðslu, verslunin kostar 12%. Þetta segir auðvitað það sem segja þarf um þessar stærðir og það er kostulegt að þær skuli ekki oftar vera ræddar í hinu almenna samhengi efnahagsmála á Íslandi því að ég hygg að niðurstaðan verði sú að verslun á Íslandi sé í heild óhæfilega dýr og taki til sín óhæfilega mikið af fólki miðað við það sem gerist annars staðar og á þessu sviði mætti ná fram verulegum sparnaði og hagræðingu í kostnaði í þágu neytenda og þar með kjara almennings í landinu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hef ég þegar svarað spurningum hans. Um þann samanburð sem hann hefur gert og kom bæði fram í fyrri ræðu hans og athugasemdum ætla ég ekki að fjölyrða enda er það ekki efni sem um er spurt. Ég vil aðeins á það benda að það er ekki rétt að líta á þessar tölur sem verslunarskatt eins og hv. fyrirspyrjandi orðaði það í sinni fyrstu ræðu. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um það að ræða að greiða því fólki, sem við þessa grein starfar, eðlilega þóknun fyrir þess fyrirhöfn. En það er vissulega rétt að við þurfum jafnan að leita leiða til þess að gera þessa þjónustu sem ódýrasta. Þar er örugglega besta leiðin sú að veita versluninni aðhald samkeppni, bæði hið innra og hið ytra, og að treysta stöðu neytenda á markaði með öflugu samkeppniseftirliti. Um það vona ég að hv. fyrirspyrjandi sé mér sammála.

Hagnaður banka og sparisjóða 1991, ein umr.

Fsp. SvG, 350. mál. — Þskj. 563.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 563 fsp. til hæstv. viðskrh. um hagnað banka og sparisjóða árið 1991. Fsp. er á þessa leið:

„Hverju nemur samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum heildarhagnaður banka, þar með taldir Seðlabanki og sparisjóðir, fyrir skatta árið 1991?"

Við þekkjum það að á síðasta ári er talið að bankarnir hafi verið með rekstur sinn í jafnvægi, sumir segja reyndar að þeir hafi tapað einhverjum fjármunum á fyrri hluta síðasta árs. Þegar stjórnarskipti urðu hófst um leið gullöld og gleðitíð í rekstri bankanna á Íslandi og þeir tóku til sín stóraukna fjármuni á árinu

1991 og nú að undanförnu hafa verið að birtast ársskýrslur bankanna fyrir árið 1991 þar sem það kemur fram að þrátt fyrir eitthvert tap á fyrri hluta ársins 1991 tókst að snúa því tapi í stórfelldan gróða og hundruð millj. kr. hagnað hjá bönkunum samkvæmt þeirra eigin skýrslum þegar þeir eru búnir að leggja verulega fjármuni á afskriftareikninga af ýmsu tagi sem þeir hafa í fórum sínum.

Það má segja að þessi fsp., virðulegi forseti, sé lík þeirri sem borin var fram áðan um verslunarálagningu þar sem það kom fram að heildarálagning verslunar á Íslandi er 45 milljarðar kr. Það er býsna athyglisverð tala og ég fullyrði að það liggur ekkert fyrir um það að svokallað verslunarfrelsi hafi haft í för með sér lækkun á þessum kostnaði. Ég er ekki með þessu að segja að við eigum að taka upp sama kerfi og var áður varðandi verðlagningu á vörum í smásöluverslun og var um nokkurt skeið. En ég fullyrði að svokallað verslunarfrelsi hefur engum árangri skilað og viðskrh. getur ekki sannað að verslunarfrelsi skili minni kostnaði að þessu leytinu til. Hann hefur engar sannanir í þeim efnum að heildarkostnaður verslunar hafi minnkað á síðustu 10 árum eða svo. Það kom reyndar fram að kostnaður við heildverslunina er um 20 milljarðar á ári. Miðað við þá könnun sem gerð var á vegum Ólafs Jóhannessonar viðskrh. árið 1978 má gera ráð fyrir að sú verslun sé 1,5–2 milljörðum dýrari en hún þyrfti að vera. Eins er með bankana. Þeir eru allt of dýrir. Vaxtastigið er allt of hátt og hagnaður bankanna á síðasta ári er afar athyglisverð heimild í þeim efnum. Því hef ég borið fram þessa fsp. til hæstv. viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. spyr hverju nemi samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum heildarhagnaður banka, Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóða, áður en reiknaðir eru af því fé skattar fyrir árið 1991. Því er til að svara að nú liggja fyrir reikningar viðskiptabankanna þriggja og fimm stærstu sparisjóðanna fyrir árið 1991 en þessar átta innlánsstofnanir sem ég hef nefnt ná til um 95% af viðskiptabönkum og sparisjóðum í heild þegar miðað er við heildareignir þessara stofnana. Þá liggja að sjálfsögðu fyrir gögn um afkomu Seðlabankans á liðnu ári.

Ég ætla að svara í tvennu lagi, annars vegar um afkomu viðskiptabanka og sparisjóða á liðnu ári og bera það saman við afkomu undanfarinna ára og hins vegar skýra frá afkomutölum Seðlabankans. Því er til að svara með afkomu viðskiptabanka og sparisjóða að hjá átta innlánsstofnunum sem ég nefndi var hagnaður fyrir tekju- og eignarskatta 723 millj. kr. samtals á árinu 1991 samanborið við 1167 millj. kr. árið 1990. Hagnaður eftir tekju- og eignarskatt nam 380 millj. kr. á árinu 1991 í samanburði við 903 millj. kr. árið áður. Arðsemi eigin fjár nam 2,4% á árinu 1991 samanborið við 6,5% árið áður.

Ég þykist viss um að talsmenn bankanna mundu ekki kannast við þá gullöld og gleðitíð sem hv. fyrirspyrjandi taldi að ríkt hefði í þeirra búskap á liðnu ári. Sannleikurinn er sá að hagnaður banka og sparisjóða var lítill í fyrra og arðsemi mun minni en verið hefur á undanförnum árum. Skýringarnar eru fyrst og fremst þær að vaxtabilið hefur minnkað á liðnu ári og reyndar hefur orðið um nokkra hækkun á útlánaafskriftum að ræða en þó ekki í fyrra. Úr þeim dró heldur á liðnu ári þannig að skýringar þær og lýsingar sem hv. fyrirspyrjandi gaf áðan eru ekki í samræmi við veruleikann. Sannleikurinn er sá að á síðustu þremur árum hefur hagnaður banka og sparisjóða minnkað og sérstaklega þegar litið er á hann í hlutfalli við eigið fé bankanna. Skýringarnar eru að mínu áliti ekki síst aukin samkeppni og minnkandi vaxtabil og sú staðreynd að aðlögun í kostnaði hefur ekki alveg fylgt þessu eftir.

Um Seðlabankann er það að segja að hagnaður hans fyrir skatta nam á árinu 1991 1.164 millj. kr. samanborið við 118 millj. kr. tap á árinu 1990. Hagnaður eftir skatta nam 478 millj. kr. samanborið við 888 millj. kr. tap á árinu 1990. En eins og kunnugt er greiðir Seðlabankinn skatta sem nema um helmingi af hagnaði miðað við meðaltal hagnaðar á þremur árum eins og þetta er núna reiknað, þ.e. hann greiðir skatt þótt um tap sé að ræða á líðandi ári hafi hagnaður fyrri ára nægt til að vega það upp. Skýringin á þessari hagnaðarfærslu hjá Seðlabankanum er fyrst og fremst gengisendurmat vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla í gjaldeyrisvaraforða landsins sem varðveittur er hjá Seðlabankanum. Eins og vel er kunnugt valda breytingar á gengi miklum sveiflum í afkomu bankans sem hafa ekkert með það að gera hvernig afkoma hans í venjulegum viðskiptalegum skilningi er á hverjum tíma.

Ég vona að með þessu, virðulegi forseti, hafi ég svarað spurningum hv. 9. þm. Reykv. og vona að hann sé nú nokkru nær um afkomu bankanna.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir greinargóð svör en í þeim kom fram að samanlagður hagnaður banka og sparisjóða árið 1991 fyrir skatta, en samtöluna nefndi hann aldrei, var 1.087 millj. kr. en árið 1990 var sambærileg tala, 1.149 millj. kr. Hækkun á hagnaði banka og sparisjóða og Seðlabanka Íslands frá árinu 1990–1991 er 738 millj. kr. eða 1.049 millj. kr. (Gripið fram í.) Ég lagði þessar tölur saman í skyndingu undir ræðu hæstv. ráðherra þar sem voru margar tölur en mér sýnist að hagnaðaraukning bankanna á milli áranna 1990 og 1991 sé um 70%. Það er álitleg breyting á einu ári þegar um er að ræða stofnanir sem á fyrri hluta ársins 1991 töldu að þær væru reknar við þröngan kost en tókst að rétta sig af með vaxtahækkunum á síðari hluta ársins 1991. Niðurstaðan er sú að heildarhagnaður banka og sparisjóða og Seðlabankans hækkar á einu ári, 1990–1991, um u.þ.b. 70%. Það er stórkostlegur bautasteinn yfir stjórn hæstv. viðskrh. á bankakerfinu árið 1991 að ekki sé meira sagt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil eindregið vara við þeirri túlkun á afkomutölum bankakerfisins sem hv. fyrir-

spyrjandi, 9. þm. Reykv., fór með í þessum ræðustól rétt áðan. Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við samlagninguna í því máli sem hann fór með. Ég sé að hv. þm. Kristinn Gunnarsson er að fara yfir hana með honum, ég er viss um að þeir finna rétta svarið í sameiningu.

Kjarni málsins er að sjálfsögðu þessi: Stofnanirnar sem hv. þm. vitnaði til og taldi að hefðu kvartað yfir lakri afkomu á fyrri hluta ársins, viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir, náðu vissulega að rétta nokkuð sinn hlut eftir því sem á árið leið en eru þó í heild, eins og mjög glöggt kom fram í því sem ég sagði hér áðan, með mun lakari afkomu í fyrra en árið áður og lakari afkomu en verið hefur undanfarin ár. Þó er svo fyrir að þakka að hagur íslenskra banka og sparisjóða er og hefur verið á undanförnum árum traustari en fjárhagur hliðstæðra stofnana í nágrannalöndum okkar. Þetta ætlum við ekki að gagnrýna heldur fagna því að innstæðueigendur eiga að sjálfsögðu mikið undir því að þessar stofnanir standi traustum fótum.

En að blanda saman, eins og gert var í máli hv. fyrirspyrjanda, gengisendurmati á gjaldeyrisvaraforða þeim sem varðveittur er í Seðlabanka og afkomu bankanna er markleysa tóm. Auðvitað er það hluti af ríkinu og almannaeign sem þar er verið að ræða. Breytingarnar verða á gengisviðmiðunum í gjaldeyrisvaraforðanum, sem hafa ekkert með afkomu bankakerfisins að gera og þaðan af síður að það sé á einhvern hátt tekið af hinum almenna manni í landinu. Þvert á móti er þetta mælikvarði á fjárhagslega stöðu ríkisins eða þess hluta þess sem starfar, undir nafninu Seðlabanki Íslands og fjarstæða að halda því fram að þetta sé á nokkurn hátt skattlagning á hinum almenna manni.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst af tölum fyrir síðasta ár, ef við göngum út frá því sem haldið hefur verið fram að rétt sé að bankarnir hafi tapað á fyrri hluta síðasta árs, að þá hafa þeir haft verulegan hagnað af starfsemi sinni á síðari hluta ársins. Mér sýnist að breytingin á milli ára frá 1990–1991 sé nær því að vera 80% aukning en 70%.

Ég vil aðeins nefna þrjú atriði stuttlega, virðulegi forseti, sem hafa áhrif að sjálfsögðu á afkomu banka og á þá vexti sem þeir þurfa að taka til þess að standa undir sínum kostnaði. Það er í fyrsta lagi viðskipti bankanna við Seðlabankann. Það væri fróðlegt að vita hvernig jöfnuðurinn er í þeim viðskiptum. Ég hef grun um það að bankarnir greiði þegar upp er staðið fé til Seðlabankans sem þeir verði síðan að innheimta í gegnum hærri útlánavexti.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, þurfum við að hafa upplýsingar um afskriftareikninga, hve mikið er eftir á þeim því að það er hluti af rekstrarkostnaðinum og í þriðja lagi vil ég minna á (Forseti hringir.) — virðulegi forseti, ég er að ljúka máli mínu — að bankarnir reka ýmsa þjónustu aðra en útlán peninga sem mér sýnist að ekki sé séð fyrir með sértekjum og bankarnir verða því að taka tekjur í gegnum útlánavexti til að standa undir þeirri þjónustu og velta því yfir á skuldara landsins.

Þúsund ára afmæli kristnitöku á Íslandi, ein umr.

Fsp. KÁ, 362. mál. — Þskj. 581.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Íslendingum er ekki sérlega tamt að hugsa langt fram í tímann. Það gerðist þó á árinu 1986 að Alþingi samþykkti þáltill. um það hvernig unnið skyldi að undirbúningi þúsund ára afmælis kristnitöku á Íslandi. Ég hygg að það sé býsna óvenjulegt að horft sé svo langt fram í tímann og því er ekki óeðlilegt að spurt sé nú, þegar átta ár eru til stefnu, hvað þessum undirbúningi líði og hvaða hugmyndir séu á ferð hjá þeim sem eru að undirbúa þetta afmæli.

Ég vil ekki draga dul á það að ástæðan fyrir fsp. minni er sú að ég vil fylgjast með því sem þarna er á ferð vegna þess að ýmsar þær hugmyndir sem voru ræddar í þessu samhengi ollu mér miklum áhyggjum. Þá er ég sérstaklega að hugsa um ýmsar byggingaframkvæmdir á Þingvöllum og annað í þeim dúr sem ég tel ekki koma til mála og vona að skýrist á eftir að hafi verið aflagðar. En fyrirspurn mín til hæstv. forsrh. er svohljóðandi:

„1. Hvað líður undirbúningi fyrir þúsund ára afmælishátíð kristnitöku á Íslandi, sbr. þál. frá 17. apríl 1986 og 26. mars 1990?

2. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar nú þegar um framkvæmdir, útgáfu og hátíðahöld til að minnast kristnitökunnar?“

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. hefur borið fram svohljóðandi fsp. í tvennu lagi:

„1. Hvað líður undirbúningi fyrir þúsund ára afmælishátíð kristnitöku á Íslandi, sbr. þál. frá 17. apríl 1986 og 26. mars 1990?“

Í samræmi við þessar ályktanir Alþingis skipuðu forsetar þess í samráði við biskup Ísland ritnefnd til að standa að riti um sögu kristni á Íslandi og um áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár. Dr. Hjalti Hugason var ráðinn ritstjóri verksins en ákveðin tímabil eru rituð af sérstaklega ráðnum höfundum. Þetta verk er nú hafið og er áætlað að kristnisaga Íslands komi út vel fyrir árið 1999.

Síðari spurning hv. þm. hljóðar svo: „Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar nú þegar um framkvæmdir, útgáfu og hátíðahöld til að minnast kristnitökunnar?“

Í framhaldi af óformlegum fundi forseta Íslands, forsrh. og forseta sameinaðs þings með biskupi Íslands haustið 1989 samþykkti páv. ríkisstjórn að þessir aðilar, auk forseta Hæstaréttar, mynduðu nefnd um undirbúning Kristnihátíðar árið 2000. Auk þess, eins og fyrr segir, hefur nefnd þessi ákveðið að hið opinbera í samvinnu við Hið íslenska Biblíufélag standi að þýð-

ingu Gamla Testamentisins úr hebresku og útgáfu nýrrar Biblíu af því tilefni. Til verksins hefur verið veitt af fjárlögum sem nemur launum tveggja háskólakennara og miðar því vel áfram. Aðalþýðandi er dr. Sigurður Steingrímsson en formaður þýðingarnefndarinnar er dr. Þórir Kr. Þórðarson. Vonir standa til að þýðingu verði lokið árið 1999 og að Biblían geti komið út á sjálfu afmælisárinu, árið 2000.

Þessir tveir þættir eru, eins og fram hefur komið, langtímaverkefni en mikið hefur verið rætt um hvernig að þessum undirbúningi skyldi staðið. M.a. kom fram hugmynd um að reisa fjölnota minningarbyggingu á Þingvöllum. Skyldi það vera kirkja auk fundarsala. Nefndin taldi ekki eðlilegt að ráðist yrði í slíkar framkvæmdir og vildi heldur styðja þau verk sem þegar er getið.

Enn aðrir þættir eru til umfjöllunar í nefndinni en engar ákarðanir hafa verið teknar. Fyrir liggja tillögur um að efna til samkeppni um ljóð og tónverk eða leikritun. Um þetta hyggst nefndin fjalla á næstunni. Framkvæmd þessa yrði þá þannig háttað, svo sem verið hefur um hin tvö fyrrgreindu verkefni, að skipaðar verði undirnefndir, framkvæmdanefndir, en kristnihátíðarnefndin hafi yfirumsjón með þessum verkum.

Um sjálft afmælisárið hefur lítið verið rætt en það er á dagskrá nefndarinnar síðar á þessu ári.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að koma fram með þetta mál og ég tel reyndar að það hefði fyrir löngu þurft að ræða hér afmæli kristnitökunnar og hvernig að þeim málum verður staðið. Ég ræddi þessi mál árið 1989 við þáv. forsrh., forseta Íslands og fleiri og taldi þá og tel enn að það þurfi að undirbúa þetta og gera það með dálítið öðrum hætti en menn tala um að gera núna. Þetta er satt að segja fjarskalega, venjulegt hefðbundið og ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, ófrumlegt sem menn hafa látið sér detta í hug í tengslum við þessi hátíðahöld.

Kristnitökuafmælið er með ákveðnum hætti þjóðmenningarafmæli á Íslandi og menn eiga að umgangast þetta afmæli með þeim hætti, með öðrum orðum á að fá þjóðina alla með einhverjum hætti til að taka þátt í því að minnast þess hvernig kristnitakan kom hér og hvaða áhrif hún hefur haft fyrir íslenska þjóðmenningu. Það á að gera í skólum og víðar. Það á ekki að gera með því að fara að efna til einhvers allsherjar trúboðs í hverjum einasta skóla og skólastofu í landinu heldur til þess að ræða það og fá fólk til að skilja hvað þessi þáttur hefur verið þýðingarmikill og hvað hann hefur haft mikil áhrif á heildarþróun þjóðmenningar á Íslandi. Þess vegna skora ég á nefndina og hæstv. forsrh að láta sér detta eitthvað gott í hug þó að það þurfi í sjálfu sér ekki að verða allt gott sem frá nefndinni kemur.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það sem hann nefndi hér er svo sem góðra gjalda vert, bæði saga kristni hér á landi og það að fá nýja Biblíu. Hvort tveggja er góðra gjalda vert. Ég vil fagna því að nefndin hefur ekki í hyggju að stuðla að því að neins konar stórbygging verði reist á Þingvöllum. Ég tel að við eigum að standa vörð um þann fagra stað og vera ekki að reisa þar óþarfa byggingar. Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar um að þetta eru merk tímamót. Það á að gefa kost á margvíslegri umræðu, hátíðahöldum og kynningu á menningu, trúarbrögðum og ýmsu sem því tengist. Ég tek undir þá hvatningu að nefndin leiti fanga sem víðast og fái t.d. skóla og menningarstofnanir í lið með sér svo að þetta afmæli megi verða sem veglegast og koma þjóðinni að sem mestu gagni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 9. þm. Reykv. tók ég fram í svari mínu áðan að þessi nefnd var sett á laggirnar af ríkisstjórninni 1989, sjálfsagt með fullu samþykki þáv. hæstv. menntmrh., og til verksins hefur síðan verið veitt upphæð á fjárlögum. Ég býst við að hæstv. þáv. menntmrh. hafi þekkt vel til þess. Þegar ég kem að málinu eru þessar tillögur sem sagt allar formaðar og mótaðar hvað þetta snertir. Ég skal ekki dæma um frumleikann en ég tel þó að þetta séu mjög mikilvæg verk sem þarna hefur verið ákveðið að ráðast í. Þetta eru ekki verk sem munu vera fyrirferðarmikil að ytra byrði um langa hríð en þau geta þó haft enn þá meiri þýðingu. Ég tel að þetta hljóti að vekja athygli þar sem ég hef verið sakaður um að standa fyrir hlutum sem séu meira burðarvirki utan frá séð en þarna er um að ræða. Ég tel hins vegar að þær ábendingar sem hv. þm. og hv. fyrirspyrjandi komu með falli vel að því sem ég nefndi um framtíðarstefnumótun nefndarinnar og sjálfsagt er að hafa þær ábendingar í huga.

Kostnaður við fundaherferðir innan lands á vegum utanríkisráðuneytis, ein umr.

Fsp. KHG, 369. mál. — Þskj. 592.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Sá háttur ráðherra Alþfl. hefur vakið athygli mína og eflaust margra annarra, að efna til fundaherferða um land allt til að kynna pólitíska stefnu sína og vinnu í ráðuneytum og hefur þegar verið svarað fsp. um kostnað vegna herferða hæstv. heilbrrh. sem hefur numið um 4 millj. kr. og auðvitað er skattborgurunum sendur reikningurinn í anda jafnaðarstefnu þeirra sem eru svo lánssamir að eiga vegabréfið inn í 21. öldina. Ég hef því leyft mér að flytja fsp. til hæstv. utanrrh. til að fá fram þennan kostnað á vegum hans ráðuneytis og spyr:

„1. Hver var heildarkostnaður við fundaherferðir og kynningar utanríkisráðherra hér innan lands frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?

Auk heildarkostnaðar er óskað eftirfarandi sundurliðunar:

a. Heildarkostnaður við auglýsingar í dagblöðum.

b. Heildarkostnaður við auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi.

c. Heildarkostnaður við aðrar auglýsingar.

d. Heildarkostnaður við leigu á fundasölum og annan beinan kostnað við fundahald.

e. Heildarferðakostnaður utanríkisráðherra, aðstoðarmanns hans og embættismanna.

f. Annar kostnaður.

2. Hver var hlutur funda- og kynningarkostnaðar skv. 1. tölul. vegna GATT-samninga í heild og sundurliðaður skv. a–f-liðum 1. tölul.?

3. Hver var hlutur funda- og kynningarkostnaður skv. 1. tölul. vegna EES-samninga í heild og sundurliðaður skv. a–f-liðum 1. tölul.?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Heildarkostnaður utanrrn. við fundaferðir og kynningu innan lands um Evrópska efnahagssvæðið og GATT á þessu umrædda tíu mánaða tímabili er 4.438.499 kr. og sundurliðast svona:

Auglýsingar í dagblöðum 2.049.165, auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi 1.299.576, aðrar auglýsingar í bæjar og landsmálablöðum 274.403, leiga og beinn fundakostnaður 217.480, ferðakostnaður 429.000 og annar kostnaður 168.000.

Þetta sundurliðast þannig að því er varðar GATT: 1.345.124. Það sundurliðast þannig: Auglýsingar í dagblöðum 618.386, auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi 205.373, aðrar auglýsingar 274.403, leiga og beinn fundakostnaður 116.925, ferðakostnaður 53.000, annar kostnaður 77.000.

Að því er varðar Evrópska efnahagssvæðið er heildarkostnaðurinn 3.093.375 og sundurliðast þannig: Auglýsingar í dagblöðum 1.430.779, auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi 1.094.203, leiga og beinn fundakostnaður 100.555, ferðakostnaður 376.525, annar kostnaður 91.313. Þess skal getið að um það hefur verið mikil samstaða milli aðila að nauðsynlegt væri þegar um þessi tvö stóru mál er að ræða að þau væru rækilega kynnt. Það hefur verið gagnrýnt af hálfu stjórnarandstöðunnar að kynningu væri áfátt. Á þessu þriggja mánaða tímabili sem um er að ræða hefur utanrrn. beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum til þess að kynna málið. Ég tel að því fé sem varið hefur verið til kynningarinnar sé vel varið.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin sem ég náði að öllu leyti þótt hratt væri lesið en það er ljóst að kostnaðurinn nemur um 4½ millj. kr. sem skattgreiðendur verða að greiða vegna kynningar ráðherra á þessum málum sem hann hefur kynnt með sínum hætti og án þess að gætt væri nægilegrar hlutlægni og að aðrir aðilar hér á Alþingi hefðu sams konar tækifæri til að kynna sín sjónarmið. Þetta tel ég vera óeðlilega að verki staðið og ekki réttlætanlegt að fara svo með fé skattgreiðenda að hæstv. utanrrh. og hæstv. heilbrrh., svo að ég nefni hann nú aftur, eyði samanlagt á níundu millj. kr. í pólitísku áróðursskyni fyrir sig.

Ég vek athygli á því að þessi mál sem er verið að kynna eru í raun og veru og voru á þeim tíma ófrágengin þannig að menn voru ekki að kynna það sem var endanlegt heldur það sem var í burðarliðnum og sína eigin túlkun á því. Ég tel eðlilegt að stjórnmálaflokkar borgi sjálfir þegar þeir eru að flytja pólitíska stefnu sína og sínar túlkanir. Ef það hins vegar er niðurstaða að menn telji að ríkissjóður eigi að greiða slíkt, þá á það að gilda jafnt um stjórnarandstöðu sem ráðherra.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er fráleitt og ég vísa því á bug að hér hafi verið um pólitískan áróður að ræða. Þvert á móti. Hér er um að ræða kynningarfundi sem eru opnir öllum almenningi þar sem embættismenn sitja jafnframt fyrir svörum auk ráðherra og þessi kynning var að sjálfsögðu með hlutlægum hætti.

Ég vil taka það fram að nú um miðjan maí áformar utanrrn. í ljósi þess að nú er það tryggt að samningarnir verða undirritaðir í Oporto 2. maí, þá verður gefinn út almenningur kynningarbæklingur um málið. Ég vil jafnframt láta þess getið að við höfum nýtt tímann að undanförnu til þess af hálfu embættismanna að draga saman upplýsingaefni í upplýsingaörkum sem verða fáanlegar öllum almenningi og þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta. Þeir munu t.d. fjalla um á vöruviðskiptasviðinu: ríkisstyrki, tolla, tollafgreiðslur, upprunareglur, tæknilegar viðskiptahindranir, samkeppnisreglur, landbúnað, orkumál, sjávarútvegsmál, lyfjamál, matvæli, opinber innkaup og útboð og hugverkaréttindi. Á þjónustu- og fjármagnsviðskiptasviðinu mun verða fjallað um fjármálaþjónustu, flugmál, skipaflutninga, fjarskiptaþjónustu, útvarp og sjónvarp, enn fremur fjármagnshreyfingar, gjaldeyrismál og fjárfestingar. Á vinnumarkaðssviðinu um atvinnu- og búseturéttindi, almannatryggingar og starfsréttindi. Að því er varðar samstarfsverkefnin á fjórða samningssviði eru þar upplýsingar um menntamál, umhverfismál, félagsmál, lítil og meðalstór fyrirtæki, neytendamál, rannsóknir og þróun, vinnuvernd og félagarétt, auk þess sem fram kemur í hinum almenna bæklingi um sögulega þróun málsins, stofnanir og dómsmál.

Ég vil láta þess getið að mörg almannasamtök hafa lagt góðan hlut að verki við að kynna málið og því upplýsingaefni hefur verið dreift oft á tíðum á þessum fundum. Þar hafa staðið að verki Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag ísl. iðnrekenda, Vinnuveitendasambandið, Iðntæknistofnun, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki, fjmrn. og umhvrn. Það eru áform okkar að meginefni samningsins liggi frammi aðgengilegt fyrir allan almenning. Þannig er ráð fyrir því gert að samningurinn sjálfur með viðaukum ásamt með samningnum í styttri útgáfu, greinargerðin með samningnum og skýrslur utanrrh. til Alþingis liggi frammi á öllum almenningsbókasöfnum og með samkomulagi við dómsmrn. á sýsluskrifstofum þannig að allt sé gert sem unnt er til þess að tryggja að

almenningur og þeir aðilar sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta hafi í aðgengilegu formi upplýsingar byggðar á staðreyndum, upplýsingar sem hafa hagnýtt gildi að því er varðar allt þetta mál. Þetta er spurning um upplýsingaskyldu stjórnvalda og er þess vegna hið þarfasta verk.

Óttinn við hið óþekkta er þekkt fyrirbæri. Honum verður ekki mætt nema með hlutlægum upplýsingum. Kynningin er nauðsynleg af þeim ástæðum, snar þáttur málsins sjálfs og ég endurtek, það er mitt mat að því fé sem varið er til þessara mála sé vel varið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er auðvitað um að ræða pólitískar einkaáróðursherferðir hæstv. utanrrh., það náttúrlega fer ekkert á milli mála og þeir sem hafa komið á þessa fundi vita að hann hefur rekið þá eins og pólitíska fundi fyrir sjálfan sig og sinn fokk. Það er náttúrlega engin tilviljun að hann er að skipuleggja fundaherferð á vegum utanrrn. akkúrat núna í maí í aðdraganda að flokksþingi Alþfl. sem hann hefur látið flýta sérstaklega til þess að leysa innanflokksvandann hjá sér.

En það er athyglisvert að hann hyggst dreifa ýmsum bæklingum og ritum á þessum fundum og ég vil spyrja hann að því af þessu tilefni hvort hann mundi t.d. dreifa greinargerðum sem Alþb. tæki saman um þessi mál á þessum fundum. Mun hann stuðla að lýðræðislegri umræðu um þessi mál? Ég tel í raun og veru að það ætti að taka hér upp sama háttinn á og er í gangi í Danmörku þar sem núna í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Maastricht-samkomulagið er gert ráð fyrir því að þingið sjálft kosti upplýsingarnar, þingið dreifi upplýsingunum og ég teldi langeðlilegast að Alþingi Íslendinga tæki sig til og stofnaði sérstaka upplýsingaskrifstofu í tilefni af þessari EES-umræðu en ég tel algerlega fráleitt að láta formann Alþfl. einan um að ganga í sjóði þjóðarinnar til þess að kosta áróður í þessu skyni, sérstaklega þegar svo stendur á að hann er í kröppum dansi að undirbúa um leið flokksþing Alþfl.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég var nokkrum sinnum búin að reyna að fá orðið en betra er seint en aldrei. Ég kem hér einungis upp til þess að vekja athygli á því að Samstaða um óháð Ísland, samtök sem hafa beitt sér gegn aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og Evrópubandalaginu hafa ekki átt greiðan aðgang að því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. M.a. hafa þau leitað eftir því að fá fyrirgreiðslu á vegum utanrrn., að ég hygg, eða einhverra annarra opinberra aðila og eftir því sem ég seinast vissi til þá hafði þeirri beiðni ekki verið vel tekið. Þetta tel ég ekki vera í takt við óháð skoðanaskipti. Ég vona að hæstv. utanrrh. sé hér að berja í borðið til þess að láta vita að á þessu hafi orðið bót og hlakka til að hlusta á svarið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. utanrrh. óskar að bera af sér sakir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vísa á bug og til föðurhúsa órökstuddum dylgjum og getsökum um að verið sé að misnota fé almennings í pólitísku auglýsingaskyni. Því fer fjarri. Flestir af þessum fundum eru m.a. tilkomnir vegna eindreginna óska fólks. Ég nefni sem dæmi fundi og kynningarátak í framhaldsskólum landsins. Við höfum efnt til samstarfs t.d. við kennara í framhaldsskólum um þetta mál og því miður er það svo að verulegur hluti af þeim tíma sem varið hefur verið til þess hefur m.a. verið í því fólginn að leiðrétta rangherми og mishermi, misskilning og villandi upplýsingar sem dreift hefur verið á vegum þeirra samtaka sem síðasti ræðumaður nefndi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 9. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bera af mér þær sakir að ég hafi hér verið með órökstuddar dylgjur. Ég lét nákvæmlega í ljós hvað ég átti við, hvar mér þótti þessi mismunun fara fram. Það er rökstuðningur. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hver hefur rétt fyrir sér en ég tel að Samstaða sé með sínum málflutningi með jafngild sjónarmið og jafnþörf og utanrrn. og ég vísa því algerlega á bug að ég hafi verið að bera hér á borð órökstuddar dylgjur. Ég sagði nákvæmlega við hvað ég átti og ég stend við það.

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna í heiminum, ein umr.

Fsp. AÓB, 382. mál. — Þskj. 624.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þau orð hafa oft verið látin falla að nú sé nóg komið af rannsóknum, skýrslum og nefndastörfum um kvenfrelsis- og jafnréttismál og nú sé kominn tími til að grípa til aðgerða. Engu að síður er það staðreynd að orð eru til alls fyrst og stundum þarf orð á blaði til að sannfæra menn um að ástæða sé til að grípa til aðgerða. Ekki er ég ein um þessa skoðun því að Pérez de Cuellar, fyrrv. framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur látið svipuð orð falla eins og ég kem raunar að á eftir.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna flæðir mikill pappír og misjafnlega merkilegur. Í umhverfismálum hefur verið gefin út metnaðarfull skýrsla á vegum Sameinuðu þjóðanna, Caring for the Earth, og hafa íslensk stjórnvöld séð sóma sinn í að láta þýða hana á íslensku og er það vel. Í ljósi þess langar mig að leyfa mér að óska þess að önnur skýrsla, ekki síður merkileg, sem einnig kom út á sl. ári verði einnig þýdd á íslensku áður en langt um líður.

Þessi skýrsla fjallar um stöðu kvenna í heiminum á árunum 1970–1990 og í henni er að finna mikilvægar upplýsingar sem eiga brýnt erindi við Íslendinga eins og aðra. Þessa skýrslu bar oft á góma í umfjöllun um stöðu kvenna í heiminum í nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um félags-, mannúðar- og menningarmál. Nefndin hélt fund í október sl. og var ég þar stödd. Skýrslan er hafsjór af mikilvægum fróðleik um stöðu kvenna og barna víða um heim. Í formála Pérez de Cuellar, fyrrum aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, segir m.a. í lauslegri þýðingu minni, en þessi skýrsla er ekki til þýdd, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi bók endurspeglar vinnu ýmissa stofnana Sameinuðu þjóðanna, ekki einungis með því að safna saman tölfræði um konur heldur með því að koma þeim á framfæri og túlka þær á þann hátt að stjórnmálamenn og fólk víðs vegar um heiminn geti notað þær til að bæta stöðu kvenna með löggjöf, þróunaráætlun og virkum þrýstingi. Upplýsingarnar sem hér er að finna ættu að vera ómetanleg tæki til að koma á jafnstöðu og breyta afstöðu manna til vinnu kvenna, mats á konum og ábyrgð þeirra. Upplýsingarnar og þær ályktanir sem af þeim má draga sýna svo að ekki verður um villst að þótt staða kvenna hafi batnað að einhverju leyti sl. 20 ár er þorri kvenna enn langt frá því að hafa þau völd, auð og tækifæri sem karlar hafa. Upplýsinga er þörf til að vekja menn til umhugsunar um ástandið eins og það er nú til leiðbeiningar og til að gripið verði til aðgerða til að koma á framförum og endurbótum."

Ég bið menn um að hafa þetta í huga um leið og ég ber fram fsp. mína til hæstv. utanrrh.:

„Hefur utanrrh. í hyggju að láta þýða á vegum ráðuneytisins skýrslu Sameinuðu þjóðanna við „The World's Women Trends and Statistics 1970–1990" sem út kom á sl. ári og hefur að geyma yfirgripsmiklar upplýsingar um stöðu kvenna í heiminum?"

Ég bíðst velvirðingar á að það er rangt skýrsluheiti á þingskjalinu. Það er bæði á minni ábyrgð og skrifstofu Alþingis að hér er um vinnuheiti að ræða sem ég notaði en ég vona að hafi ekki valdið misskilningi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Svarið við fsp. hv. þm. er nei og ástæðan er sú að þegar um er að ræða málefni sem faglega heyra undir önnur ráðuneyti er sú starfsvenja í Stjórnarráði Íslands að það ráðuneyti sem í hlut á hafi frumkvæði að og beri kostnað af slíkum þýðingum ef ástæða og efni standa til. Þess skal getið að því miður hefur utanrrn. ekki tök á né heldur fjárveitingar til að þýða margar athyglisverðar skýrslur sem unnar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég verð — áður en ég læt þá ósk í ljósi að ég vona að önnur ráðuneyti grípi til sinna ráða fyrst utanrrh. treystir sér ekki til að láta þýða þessa skýrslu á sínum vegum — að vekja athygli á því að mér er kunnugt um það eins og flestum landsmönnum að utanrrn. hefur verið mjög stórtækt í þýðingum, og væntanlega á nauðsynlegum þýðingum, að undanförnu vegna EES-samninganna og þar hefur áreiðanlega margur pappírinn verið þýddur sem ekki er eins bitastæður og þessi sem ég hér er að vekja athygli á.

Hins vegar þykist ég mega skilja það á svari hæstv. ráðherra að hér muni þá koma til kasta annarra ráðherra og hafði ég raunar er ég bar þessa fsp. fram hugsað mér að e.t.v. væri vænlegra að beina henni til hæstv. félmrh. Ég sé þá ekki annað en að það blasi næst við að spyrja hæstv. félmrh. hliðstæðrar spurningar og vonast til þess að mæta þar skilningi á þessari merkilegu skýrslu og nauðsyn þess að hún verði þýdd því að ég tek undir með fyrrv. aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að þetta eru nauðsynlegar upplýsingar, ekki einungis til þess að skoða heldur einnig hvetja menn til aðgerða.

Lóranstöðin á Gufuskálum, ein umr.

Fsp. StB, 438. mál. — Þskj. 696.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 696 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um Lóranstöðina á Gufuskálum. Lóranstöðin á Gufuskálum hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki á sviði öryggisþjónustu, bæði við skip og flugvélar. Þess vegna hafa mjög margir áhyggjur af því hvaða framtíð hún eigi fyrir sér en umræður hafa verið um að stöðin verði lögð niður. Á Gufuskálum er fjöldi atvinnutækifæra sem ekki mundu verða til staðar ef stöðin yrði lögð niður. En það allra mikilvægasta eru e.t.v. þær áhyggjur sem sjómenn hafa af því að lórankerfið verði aflagt. Þær áhyggjur byggjast m.a. á því að þeir óttast að hið svokallaða GPS-kerfi sem bent er á, nýtist sjómönnum ekki eins vel og það sé ekki eins öruggt, ekki síst vegna þess að það er algjörlega undir stjórn og á vegum Bandaríkjamanna sem geta ráðið því hvenær það er starfrækt og hvenær ekki.

Einnig taldi ég ástæðu til þess að spyrjast fyrir um það ef stöðin yrði lögð niður, hvernig mannvirki yrðu nýtt þarna, en þarna er fjöldi íbúðarhúsa og annarra mannvirkja sem eru auðvitað mikils virði.

Þess vegna leyfi ég mér, virðulegi forseti, að spyrja:

„1. Er afráðið að leggja niður starfsemi Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum og hætta þjónustu við skip og báta?

2. Hefur verið tryggt að annað sambærilegt staðsetningarkerfi komi í stað lórankerfisins?

3. Hvernig verða mannvirki og byggingar Lóranstöðvarinnar nýttar ef starfsemi stöðvarinnar verður hætt?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: Er afráðið að leggja niður starfsemi Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum og hætta þjónustu við skip og báta?

Bandaríska strandgæslan mun hætta fjármögnun á rekstri Lóranstöðvarinnar á Snæfellsnesi í árslok 1994. Sama gildir um aðrar lóranstöðvar á Norður-Atlantshafi og í Miðjarðarhafi. Ríkisstjórnin tók ákvörðun í desember um að taka ekki þátt í áframhaldandi rekstri né endurbótum á lórankerfinu sem stefnt er að af nokkrum þjóðum í Norður-Evrópu. Þetta var ákveðið eftir að fulltrúar notenda hér á landi töldu sig ekki þurfa á þessu staðarákvörðunarkerfi að halda eftir árslok 1994.

Spurt er: Hefur verið tryggt að annað sambærilegt staðsetningarkerfi komi í stað lórankerfisins?

Bandarískt flugherinn hefur komið upp staðsetningarkerfi sem nýtir gervitungl og nefnist það Global Positioning System, GPS, og er það nú þegar notað af mörgum íslenskum skipum. Kerfi þetta nær til stærra svæðis en lóran C en er með rýrari og breytilegri nákvæmni sem gerir það nauðsynlegt að reka sérstakt leiðréttingarkerfi við hliðina á því.

Skipuð hefur verið nefnd af samgrn. til þess að hanna og gera áætlun um byggingu slíks leiðréttingarkerfis ásamt ýmsu öðru sem er samfara því að hverfa yfir til GPS frá lóran C og eins og ég sagði verður fyrsta verkefni nefndarinnar að gera áætlun um uppsetningu slíks kerfis til þess að ýtrasta nákvæmni náist með GPS-kerfinu þannig að það verði nákvæmara en lórankerfið er nú.

Stefnt er að því að hefja tilraunir með slíkt kerfi í árslok.

Spurt er: Hvernig verða mannvirki og byggingar Lóranstöðvarinnar nýttar ef starfsemi stöðvarinnar verður hætt?

Enn hefur ekkert verið ákveðið um hvernig né hvort mannvirki og byggingar verði nýttar eftir árslok 1994. Ábending hefur þó komið frá Pósti og síma um að nota megi mastursendi stöðvarinnar og sendahús fyrir rekstur nýrrar langbylgjustöðvar útvarps verði tekin ákvörðun um byggingu nýrrar útvarpssendistöðvar.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið varðandi framtíð Lóranstöðvarinnar. Eins og fram kom hefur verið tekin ákvörðun um að leggja rekstur lórankerfisins niður frá og með árinu 1994. Af þessu tilefni legg ég ríka áherslu á að skipun boðaðrar nefndar, sem á að hafa það verkefni að undirbúa þá breytingu sem verður, verði hraðað og henni gert að vinna hratt og í samstarfi við þá aðila sem þurfa að fá þessa þjónustu en það eru að verulegu leyti sjófarendur, ekki síst þeir sem eru að veiðum við ströndina.

Ég hef fengið þær ábendingar að þeir sem vinna við lórankerfið núna og ekki síður sjófarendur hafi verulegar áhyggjur af því að GPS-kerfið sé ekki nægilega nákvæmt og mikilvægt að það verði tryggt ef það verður tekið upp.

Ég þakka ráðherra fyrir þessi svör en legg ríka áherslu á að á málinu verði tekið bæði hratt og örugglega og ekki síst tekið á því með hvaða hætti mannvirki Lóranstöðvarinnar verði nýtt.

Forsvarsmenn í Neshreppi utan Ennis, í því sveitarfélagi sem Lóranstöðin er, hafa lýst áhuga sínum á samstarfi við stjórnvöld um að nýta þau hús og mannvirki sem þarna eru. Og það er auðvitað mjög mikilvæg og merkileg ábending sem hæstv. ráðherra kom með að nýta lóranmastrið fyrir útsendingar útvarpsins. Allt þetta þarf að skoða og ég tel að það þurfi að gera fyrr en seinna.

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að leita samstarfs við heimamenn um þá mikilvægu ákvörðun að leggja Lóranstöðina niður, vegna þess að þarna eru, eins og ég sagði fyrr, mörg atvinnutækifæri sem hafa veruleg áhrif á það litla samfélag sem Lóranstöðin er í og því nauðsynlegt að hafa gott samstarf við heimamenn um það hvernig að þessu verður staðið.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hef greinilega mistalað mig áðan. Þessi nefnd hefur verið skipuð og hefur verið að störfum í nokkra mánuði og hefur auðvitað samband. Í henni eiga sæti helstu aðilar sem koma að þessum málum og eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir því að tilraunaútsendingar geti hafist þegar í árslok, þannig að verkinu miðar vel áfram.

Ég tel líka nauðsynlegt að taka það fram að sjómenn og útgerðarmenn, raunar líka þeir sem eru flugrekendur, töldu sig ekki hafa hagsmuni af því að lórankerfið yrði rekið áfram á þeim tíma sem ákvörðun var tekin. Hitt er rétt, sem hv. þm. segir, að eftir að sú ákvörðun var tekin hafa okkur borist ábendingar sem eru gagnstæðar því sem áður var og er það mál auðvitað til athugunar í samgrn.

Í þessum málum hefur sem sagt verið í fyrsta lagi gætt ýtrustu varkárni, í öðru lagi haft fullt samráð við alla sem að málinu koma og í þriðja lagi hefur verið tryggt fjármagn til þess að leiðréttingarkerfi fyrir GPS geti orðið tilbúið í tíma, þannig að fiskiskipaflotinn geti lagað sig að því.

Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir skip, ein umr.

Fsp. GHall, 439. mál. — Þskj. 697.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 697 lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. varðandi undirbúning þess að koma sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir íslenska fiskiskipaflotann sem unnið hefur verið að í nokkur ár á vegum kerfisverkfræðistofu háskólans. Jafnframt er hæstv. samgrh. spurður hvort þetta tæki muni gagnast íslenska kaupskipaflotanum.

Frá því að Tilkynningaskylda íslenskra skipa hóf starfsemi á árinu 1968 hefur stöðugt verið unnið að frekari þróun hennar. Fyrst voru skyldutilkynningar sendar frá skipum einu sinni á sólarhring en seinna tvisvar á sólarhring svo og við komu og brottför úr höfn.

Fljótlega var ljóst að hægt yrði að bæta Tilkynn-

ingaskylduna mikið og þar með auka öryggi sjófarenda ef möguleikar yrðu á aukinni tíðni tilkynninga. Nú er það svo, að yfir sumartímann geta liðið allt að 24 klukkustundir og að vetrarlagi 12 klukkustundir frá því að skip tilkynnir sig til Tilkynningaskyldunnar.

Það verður að segja að allar götur frá 1986, frá því að kerfisverkfræðistofa háskólans fór að vinna að sjálfvirku tilkynningarkerfi, hefur það verið mjög í augsýn varðandi þá aðila sem hafa sinnt öryggismálum sjómanna og segja má að undrun sæti hve seint og hve litlu fjármagni hefur verið veitt til þessarar athyglisverðu athugunar.

Í blöðunum í dag má lesa að 900 skip og bátar hafi verið á sjó í gær, sem þýðir það að tilkynningar til Tilkynningaskyldunnar voru 2.500 talsins. Það segir sig sjálft að sjálfvirkt tilkynningarkerfi sem unnið hefur verið að mundi leysa verulega álagstíma hjá Tilkynningaskyldunni jafnhliða því sem öryggi sæfarenda yrði verulega breytt.

Það er líka annað sem ég hef oft hugleitt hvort ekki hefði verið um útflutningsvöru að ræða ef ríkisvaldið hefði staðið betur að og stutt betur við bakið á þeim aðilum sem hafa unnið að þessu máli í háskólanum, vegna þess hugvits sem liggur að baki þessarar tilkynningarskyldu sem unnið hefur verið að í nokkur ár.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hafa farið fram viðræður milli Pósts og síma og kerfisverkfræðistofu í samráði við Slysavarnafélag Íslands um tæknilega útfærslu sjálfvirka tilkynningarkerfisins og væntanlega um stofn- og rekstrarkostnað þessa kerfis. Er þá gert ráð fyrir kerfi sem miðast við að ná til fiskiskipaflotans á grunnslóð, þ.e. allt að 60 sjómílur frá ströndinni. Þessar viðræður eru vel á veg komnar og er búist við að sameiginlegar tillögur þessara aðila berist samgrn. nú í vor. Ráðuneytið mun í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort sjálfvirka tilkynningarkerfið verði lögbundið í íslensk skip. Sú ákvörðun byggist m.a. á því hver stofn- og rekstrarkostnaður verður og hvaða aðilar standa undir honum. Hagsmunasamtök í sjávarútvegi og siglingum telja kerfið mikilvægt öryggiskerfi en engin niðurstaða hefur fengist um fjármögnun kerfisins.

Eins og fram hefur komið er kerfinu fyrst og fremst ætlað að þjóna fiskiskipum á grunnslóð. Hins vegar hefur ætíð verið gert ráð fyrir að auka langdrægni þess síðar, t.d. með gagnasendingum um gervihnetti. Nokkrir togarar eru nú þegar búnir fjarskiptatækjum sem henta í þessu skyni og tæknilega er ekkert sem kemur í veg fyrir að kaupskip með Inmarsat-gervihnattabúnaði tengist sjálfvirka tilkynningarkerfinu. Þannig gæti Tilkynningaskyldan fylgst með ferðum íslenskra kaupskipa á öllum heimshöfum.

Það skal tekið fram að tilraunarekstur sjálfvirks tilkynningarkerfis er í fullum gangi á vegum Tilkynningaskyldunnar og kerfisverkfræðistofu og er gert ráð fyrir að halda þessum tilraunum áfram þar til ákvörðun um framtíð kerfisins hefur verið tekin.

Staðfesting á samkomulagi um sölu á nautgripakjöti, ein umr.

Fsp. HjálmJ, 404. mál. — Þskj. 657.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. 26. febr. sl. var gert samkomulag á milli stjórnar Landssamtaka sláturleyfishafa annars vegar og Framleiðsluráðs landbúnaðarins hins vegar „um aðgerðir til þess að koma á jafnvægi á markaði með nautakjöt“ eins og það er orðað. Þetta samkomulag vakti verulega athygli og gagnrýni og í framhaldi af því bar varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson, fram fsp. til landbrh. á þskj. 657.

Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hyggst ráðherra staðfesta samkomulag sem Framleiðsluráð landbúnaðarins og stjórn Landssamtaka sláturleyfishafa hafa gert með sér, dags. 26. febrúar sl., „um aðgerðir til þess að koma á jafnvægi á markaði með nautgripakjöt“?

2. Telur ráðherra að heimilt sé að skuldbinda þá sláturleyfishafa, sem aðeins selja ferskt nautakjöt, til þess að standa straum af kostnaði við frystingu og geymslu á nautakjöti?

3. Eru sláturleyfishafar skyldugir til að vera í Landssamtökum sláturleyfishafa?

4. Geta Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa skuldbundið þriðja aðila, Landssamband kúabænda, til þess að innheimta verðmiðlunargjald af framleiðendum án þess að það sé aðili að samkomulaginu?

5. Eru kúabændur skyldugir til þess að vera í Landssambandi kúabænda og lúta slíku samkomulagi ef staðfest verður?

6. Hvaða aðgerðir telur ráðherra mögulegar skv. 7. gr. samkomulagsins til að draga úr heimaslátrun og gera hana fjárhagslega óhagstæðari?

7. Telur ráðherra eðlilegt að gert sé slíkt samkomulag án gildistímaákvæða og án uppsagnarmöguleika?“

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: Hyggst ráðherra staðfesta samkomulag sem Framleiðsluráð landbúnaðarins og stjórn Landssamtaka sláturleyfishafa hafa gert með sér, dags. 26. febrúar sl., „um aðgerðir til þess að koma á jafnvægi á markaði með nautgripakjöt“?

Svarið er nei.

Spurt er: Telur ráðherra að heimilt sé að skuldbinda þá sláturleyfishafa, sem aðeins selja ferskt nautakjöt, til þess að standa straum af kostnaði við frystingu og geymslu á nautakjöti?

Svar: Hvorki í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, né í öðrum lögum er gert ráð fyrir gjaldtöku af því tagi sem samkomulagið fjallar um. Án ótvíræðrar heimildar í lögum er ekki hægt að líta svo á að unnt sé að skuldbinda sláturleyfishafa sem aðeins selja ófrosið kjöt til að bera kostnað annarra sláturleyfishafa sem frysta kjöt og geyma það í birgðum.

Spurt er: Eru sláturleyfishafar skyldugir til að vera í Landssamtökum sláturleyfishafa?

Svar: Nei, lög kveða ekki á um slíka skyldu.

Spurt er: Geta Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa skuldbundið þriðja aðila, Landssamband kúabænda, til þess að innheimta verðmiðlunargjald af framleiðendum án þess að það sé aðili að samkomulaginu?

Svar: Nei, slík innheimta verðmiðlunargjalds verður að byggja á heimild í lögum eins og áður er fram komið.

Spurt er: Eru kúabændur skyldugir til þess að vera í Landssambandi kúabænda og lúta slíku samkomulagi ef staðfest verður?

Svar: Landssamband kúabænda er búgreinafélag og eru einstakir framleiðendur ekki að lögum skyldugir til að vera í búgreinafélagi. Almenna reglan er að Stéttarsamband bænda fari með fyrirsvar framleiðenda búvara við framkvæmd búvörulaga, nr. 46/1985, með síðari breytingum, en unnt er að viðurkenna einstök landssamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein enda samþykki Stéttarsamband bænda það.

Spurt er: Hvaða aðgerðir telur ráðherra mögulegar skv. 7. gr. samkomulagsins til að draga úr heimaslátrun og gera hana fjárhagslega óhagstæðari?

7. gr. samkomulagsins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Leitað verði allra leiða til að draga úr heimaslátrun. Sérstök áhersla verði lögð á að gera heimaslátrun fjárhagslega óhagstæðari."

Um þetta vil ég segja tvennt. Offramboð sem veldur því að sláturhús taka ekki gripi til slátrunar ýtir undir heimaslátrun. Við þessu verður að bregðast, annars vegar með því að draga úr framleiðslu og hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins þar sérstakt hlutverk sem felst í framleiðslu- og neysluspám. Hins vegar verður að breyta verði eftir markaðsaðstæðum.

Sú breyting sem gerð var á búvörulögunum í vetur opnaði möguleika til verðbreytinga umfram það sem áður var. Reyndar var verð til bænda á nautgripakjöti lækkað um 10% hinn 1. mars sl. Öll kostnaðarmyndun á slátrunar- og sölustigi verkar hvetjandi til heimaslátrunar. Þegar spurt er hvaða aðgerðir séu mögulegar til að gera heimaslátrun fjárhagslega óhagkvæma og þegar átt er við opinberar aðgerðir í því sambandi sýnist varla um annað að ræða en auknar niðurgreiðslur á sölustigi. En fyrir slíku er enginn grundvöllur.

Spurt er: Telur ráðherra eðlilegt að gert sé slíkt samkomulag án gildistímaákvæða og án uppsagnarmöguleika?

Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga þó að Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa geri með sér samkomulag um aðgerðir til að koma á jafnvægi á markaði með nautgripakjöt. En síðan verður það að ráðast hvort þeim takist að ná fram markmiðum sínum í viðræðum við aðra þá aðila sem að slíku samkomulagi hljóta að koma.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Þau voru afdráttarlaus. Hann hyggst ekki staðfesta það samkomulag sem um er spurt. Það kom fram í svari hæstv. ráðherra að samkomulagið er reist á mjög hæpnum grunni og til þess að það megi staðfesta skortir lagalegar forsendur.

Samkomulagið byggir m.a. á því að fram verði komið tvenns konar skattlagningu á sláturleyfishafa til að styðja þá sem safna kjötbirgðum og ná eigi að selja alla þá framleiðslu sem þeir taka við. En það verði gert á kostnað hinna sem selja sína vöru jafnóðum og slátrað er. Um þetta efni mætti margt segja sem ekki er tilefni eða tími til hér. Það má vekja athygli á því að framleiðsla á nautgripakjöti hefur verið nokkuð sveiflukennd. Og nú um þessar mundir berast nokkuð ósamhljóða fregnir af því hversu miklar birgðir séu af þessari vöru og fjölda gripa sem bændur bíða eftir að slátrað verði. En ég hygg að best sé að stjórna framleiðslu á þessari vöru með þeim hætti að slátrað sé eigi umfram það sem selst hverju sinni og mun þá markaðurinn fljótt hafa áhrif á ásetning bænda og um leið framboð sláturgripa og þannig verði jafnvægi best náð.

Stöðvun á notkun ósoneyðandi efna, ein umr.

Fsp. HG, 499. mál. — Þskj. 785.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fsp. mín til hæstv. umhvrh. um stöðvun á notkun ósoneyðandi efna er svohljóðandi:

„Er ríkisstjórnin reiðubúin að beita sér fyrir að hætt verði notkun allra ósoneyðandi efna hér á landi í síðasta lagi 1995?"

Þessi fsp. er fram borin af gildum ástæðum. Að undanförnu hafa verið að koma fram upplýsingar sem bera vott um að ósonhlífin í háloftunum sé að rýrna og það með svo hraðfara hætti að boðað getur vá áður en langur tími líður nema takist að snúa þeirri þróun við, stöðva núverandi eyðingu ósonlagsins og koma á jafnvægi. Athuganir erlendis og hérlendis vísa í þessa átt. Ég minni á athuganir sem gerðar voru á vegum Veðurstofunnar og birtar voru fyrri hluta þessa mánaðar um ósonþynningu sem mælst hefur yfir Reykjavík að sumarlagi síðan árið 1957 allt að 6,5% eða 0,5% á ári. Öllum gögnum ber saman um að hér er mikil hætta á ferðum ef svo heldur fram sem horfir. Hvert landið af öðru, sérstaklega ríki í Evrópu og Norður-Ameríku hafa gefið út einhliða yfirlýsingar og skuldbindandi yfirlýsingar um að þau muni hætta notkun ósoneyðandi efna nú þegar eða á allra næstu árum og í síðasta lagi árið 1995 sem framlag í þá allsherjarviðspyrnu sem fást verður og þarf auðvitað að binda í samning, Montreal-bókun Vínarsáttmálans svonefnda, sem er sá alþjóðagrundvöllur sem menn byggja á. Við ræddum þetta mál 13. febr. sl. hér í þinginu þegar ég bar fram fsp. til hæstv. umhvrh. í nokkrum liðum um þessi efni. Ekki var ég ánægður með svör hæstv. ráðherra þá. Síðan hafa marghátt aðar upplýsingar komið fram og viðbrögð á alþjóðavettvangi sem valda því að ég tel að ís-

lensk stjórnvöld geti ekki annað en slegist í för með þeim ríkjum sem lengst vilja ganga og harðast vilja bregðast við í þessum efnum. Í rauninni eru allar forsendur til að gera það og fsp. er því fram borin og í rauninni ítrekuð nú rúmum tveimur mánuðum síðar hér á Alþingi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr á þskj. 785 hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin að beita sér fyrir að hætt verði notkun allra ósoneyðandi efna hér á landi í síðasta lagi árið 1995.

Áhrif ósoneyðandi efna, sérstaklega klórflúorkolefna, á ósonlagið hafa mjög lengi verið áhyggjuefni. Í mars 1985 var samþykktur svonefndur Vínarsáttmáli um verndun ósonlagsins á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í framhaldi af því var í september 1987 gerður samningur í Montreal sem hv. þm. nefndi í sínu máli um takmörkun á notkun og framleiðslu klórflúorkolefna og halona. Þessi samningur öðlaðist gildi 1. jan. 1989. Samkvæmt fyrstu ákvæðum hans voru aðildarþjóðirnar skuldbundnar til að draga saman notkun fimm skaðlegustu klórflúorkolefnanna um 20% fyrir árið 1993, 50% fyrir árið 1998 miðað við notkun 1986. Halonnotkunin átti ekki að vera meiri 1992 en hún var 1986. Í maí 1989 lýstu margar þjóðir því yfir á fundi í Helsinki að þær mundu hætta notkun klórflúorkolefna fyrir aldamót.

Árið 1990 var Montreal-samningurinn hertur verulega þannig að samkæmt þeim ákvæðum skal notkun klórflúorkolefna hafa dregist saman um 50% fyrir árið 1995 um 85% 1997 og alfarið hætt árið 2000 miðað við notkun árið 1986. Fleiri klórflúorkolefni hafa bæst á þennan bannlista og notkun halona skal helminguð fyrir árið 1995 og hætt árið 2000. Efnin tetraklórmetan og 111-tríklóretan hafa bæst á þennan lista og skal notkun þeirra hætt árin 2000–2005. Fyrirhugað er að endurskoða Montreal-samninginn aftur í nóvember nk. og þá eru líkur á að þessi ákvæði verði enn hert. Hlutdeild Íslendinga í notkun þeirra efna, sem talin eru hafa mest ósoneyðandi áhrif, eru mjög lítil eða 0,02% af heildarnotkun í heiminum. Þrátt fyrir það má segja að notkun þessara efna hérlendis miðað við mannfjölda sé nokkur.

Árið 1986 var notkunin 0,8 kg á íbúa. Hún hefur nú minnkað um 32%, notkun halona hefur dregist meira saman eða um 50–60%. Til að gagn sé af aðgerðum af þessu tagi þá verða þær auðvitað að vera alþjóðlegar og það er mikilvægt að sem flestar þjóðir taki þátt í þessum aðgerðum óháð því raunar hvort notkunin er mikil eða lítil, allir verða að taka á sig sinn hlut.

Ísland mun verða samstiga Norðurlöndunum í þessum efnum. Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk hafa þegar samþykkt áætlanir um að hætta notkun klórflúorkolefna fyrir aldamót, Noregur og Svíþjóð 1995, Finnland 1998 og Danmörk árið 1999.

Síðar á þessu ári verður sett reglugerð um bann við innflutningi, sölu og notkun klórflúorkolefna og halona þar sem sett verða ákveðin tímamörk og gert ráð fyrir að notkun á öllum klórflúorkolefnum og halonum sem eru á bannlista verði hætt fyrir 1. jan. 1995 eins og í Noregi og Svíþjóð en þó með ákveðnum fyrirvörum svipað og væntanlega er hjá þeim. Það er að segja leyfð verður endurnýting efna á eldri kerfi. Klórflúorkolefni og halona skal endurnýta og endurvinna eftir því sem kostur er. Sé það ekki unnt skal farga þeim sem hættulegum efnaúrgangi samkvæmt reglum þar um. Íslendingar munu fylgja áætlunum sem þær þjóðir fylgja sem lengst ganga í þessum efnum. Í þessu sambandi er rétt að nefna það að stöðugt eru að koma fram ný efni sem taka við hlutverki ýmissa þessara efna en hafa langtum minni, lítil eða engin skaðleg áhrif. Vona ég að með þessum orðum hafi ég svarað spurningu hv. þm.

Gunnlaugur Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli hér á Alþingi aftur og hæstv. ráðherra svörin. Ég tel að um mjög stórt og brýnt mál sé að ræða. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. umhvrh. um að Íslendingar ætli að fylgja þeim þjóðum sem lengst ganga í að takmarka notkun ósoneyðandi efna. Þetta er spurning um að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og hlíta þeim reglum sem þar eru settar. En þetta er ekki síður spurning um það hvort við Íslendingar sjálfir erum reiðubúnir til að setja okkur reglur sem við ætlum að hlíta og sem taka mið af íslenskum aðstæðum og veita verðugt fordæmi í því alþjóðlega samstarfi sem við tökum þátt í. Það þarf einnig að skoða og huga að hvaða afleiðingar það hefur í för með sér fyrir neyslu og lífsstíl og atvinnulíf í landinu að dregið verði úr notkun þessara efna og við verðum að mæta þeim aðstæðum sem stöðvun notkunar slíkra efna kemur til með að hafa í för með sér.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans. Ef ég hef skilið ráðherrann rétt þá er hann að gefa skuldbindandi yfirlýsingu um að Ísland muni setja reglur um að allri notkun ósoneyðandi efna, sem eru á bannlista, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, verði hætt hér á landi fyrir 1. jan. 1995. Ég vænti að þarna sé bæði um að ræða klórflúorkolefni og halonefni sem eru ósoneyðandi. Samkvæmt þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra er hann hér fyrir hönd íslenskra stjórnvalda að gefa yfirlýsingu um að ganga mun hraðar fram í þessu efni en fram kom í svari ráðherrans 13. febr. sl.

Ég tel að þetta séu jákvæð og góð viðbrögð og markverð tíðindi að þessi yfirlýsing hefur komið hér fram af hálfu hæstv. ráðherra vegna þess að það hefur mikla þýðingu fyrir Ísland og baráttu Íslands á ýmsum sviðum umhverfismála að við sláumst í hóp þeirra sem lengst vilja ganga í þessum efnum og nokkuð vilja á sig leggja til að það verði unnt. Það sýnist mér að hér sé á ferðinni. Ég veit auðvitað ekki hvers eðlis þeir fyrirvarar eru sem hæstv. ráðherra gat um að settir mundu verða varðandi málið, en ég vænti að þeir séu ekki opnari, þeir gangi ekki lengra en gerist hjá þeim þjóðum sem hæstv. ráðherra var að bera sig saman við

og hafa gefið hliðstæða yfirlýsingu miðað við umrædd tímamörk.

Satt að segja kom mér á óvart þegar hæstv. ráðherra gat um það að Danmörk væri ekki í hópi þeirra sem ætluðu að hætta notkun ósoneyðandi efna fyrr árið 1999 ef ég hef tekið rétt eftir. Ég hélt að þeir væru samstiga Noregi og Svíþjóð að þessu leyti. En um ýmis önnur Evrópuríki gildir það þar á meðal Þýskaland að þeir eru í hópi þessara ríkja. Þessi samfylking mun væntanlega hafa áhrif á niðurstöður endurskoðunarfundarins varðandi Montreal-bókunina síðar á árinu og líkurnar á að það megi styrkja hana og setja þau tímamörk sem hér um ræðir náist fram sem formleg breyting á þessari alþjóðasamþykkt. Á fundi Norðurlandaráðs, þegar ég spurðist fyrir um þetta atriði í Norrænu ráðherranefndinni, þá komu því miður ekki skuldbindandi svör því að einhverjir voru þeir sem skemmra vildu ganga en hinir. En nú er Ísland sem sagt búið að stilla sér rétt inn í raðirnar miðað við það sem hér kom fram hjá hæstv. ráðherra og ég vænti að sé rétt eftir tekið að það séu bæði klórflúorkolefni og halonefni sem eigi að banna hér í síðasta lagi frá 1. jan. 1995. Vonandi ganga menn greiðar fram eftir því sem kostur er þangað til.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég skal aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er í gangi vinna við reglugerð um bann við innflutningi, sölu og notkun klórflúorkolefna og halona þar sem sett verða ákveðin tímamörk og gert ráð fyrir að notkun á öllum klórflúorkolefnum og halonum, sem eru á bannlista, verði hætt fyrir 1. jan. 1995 eins og í Noregi og Svíþjóð en með ákveðnum fyrirvörum eins og ég nefndi hér áðan sem verða væntanlega svipaðs eðlis og ekki rýmri varðandi nein marktæk atriði en þar. Ég nefni hér eina ákveðna notkun sem er í farþegaflugvélum, í slökkvikerfum þeirra, þar sem þessi tæki og þessi efni hafa verið notuð til að slökkva elda án þess að skaða fólk í lokuðu rými. Það hefur ekki enn að mér er best kunnugt fundist efni sem kemur fyllilega þarna í staðinn en áreiðanlega verður þess ekki langt að bíða.

Ég nefni það líka að það er sérstakt átak í gangi hér á norðurhveli jarðar í ósonrannsóknum. Við höfum stundað þær lengur en flestar aðrar þjóðir allar götur síðan 1957. Nú stendur til að auka þær rannsóknir með nokkrum hætti, þ.e. að beita nýjum tækjum sem þykja mæla betur um vetur og enn fremur að taka upp mælingar á útfjólublárri geislun. Allt tengist þetta saman og allt held ég að þetta sé gagnlegt og nauðsynlegt en er auðvitað háð því að nokkru leyti að það takist að útvega eitthvað svolítið aukið fjármagn til þessara verka.

Hér er auðvitað um mikilvægt mál að ræða en ég fullvissa hv. þm. um það að við ætlum okkur ekki að verða eftirbátar annarra í þessum efnum en hitt er svo það varðandi það sem hann nefndi um ártöl og yfirlýsingar annarra þjóða að hlutirnir breytast mjög ört um þessar mundir í þessum efnum. Þjóðirnar setja sér stífari og strangari reglur hver af annarri. Ég á von á að þessi reglugerð geti komið út fyrir áramót, það er enn nokkur vinna eftir, síðan þarf að kynna hana með formlegum hætti og þar eru ákveðnir tímafrestir. Ef öll vinnan gengur eftir áætlun vonast ég til að unnt sé að birta þessa reglugerð eftir fimm til sex mánuði og ég mun fylgja því eftir að þeirri tímaáætlun verði haldið ef ekkert óvænt kemur upp.

131. FUNDUR

fimmtudaginn 30. apríl,
að loknum 130. fundi.

Atvinnumál á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 143. mál. — Þskj. 153.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Umræðan um atvinnumál á Suðurnesjum og sérstakt átak til að bæta úr miklu atvinnuleysi kvenna þar hefur borist víða bæði í tíma og rúmi.

Þegar við skildum við umræðuna þann 6. mars sl. hafði 31 ræða verið haldin, bæði langar ræður og andsvör. Við höfum heyrt af meintri framsóknarmennsku Gorbatsjovs og stuðningi Margrétar Thatcher við skólagöngu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og ég vil leyfa mér að álykta það að umræðurnar hafi farið út á allar þessar brautir vegna þess að í þessu máli séu bæði landsmálin og heimsmálin samankomin í hnotskurn. Ég efast ekki um að hv. þátttakendur í umræðunni eru sér vel meðvitaðir um það að þar sem konur eru ekki, dafnar og sprettur líf ekki. Þar sem konur vinna um ⅓ hluta allra vinnustunda í heiminum má ljóst vera að ekki er líklegt að við finnum konur þar sem ekki er kostur á vinnu og henni helst við hæfi.

Þróunin bæði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum hefur sannað að þegar konur eiga ekki lengur kost á störfum sem þær sækjast eftir á einstökum landsvæðum hefur orðið þaðan verulegur brottflutningur. Ég nefni þetta hér vegna þess að þetta er staða sem gæti hent á því gróskumikla atvinnusvæði sem Suðurnesin hafa löngum verið þrátt fyrir ýmsar hremmingar. Þetta getur gerst hvar annars staðar sem er ef ekki er vel að gáð. Ég vil þakka góðar undirtektir flestra ræðumanna við þessa tillögu. Ég get tekið undir ýmsar þær ábendingar sem fram hafa komið. Ég tek undir það að atvinnuleysi er alltaf alvarlegt hvar sem það kemur upp. Atvinnuleysi karla er að sjálfsögðu ekkert síður alvarlegt en atvinnuleysi kvenna en það breytir ekki þeirri staðreynd að á Suðurnesjum er við mjög sérstakt vandamál að glíma sem er stöðugt atvinnuleysi kvenna sem hefur verið í kringum 10% alveg síðan í haust. Mest hefur það komist upp í næstum 12% í janúar og þetta eru alvarlegar tölur.

Við vorum hér tveir þingmenn Reyknesinga úr stjórn og stjórnarandstöðu að spjalla saman áðan og við vorum sammála um að það væri hreint furðulegt hve litla athygli þessar háu tölur hafa vakið og hann stakk því raunar að mér að e.t.v. hefðu viðbrögðin verið önnur ef t.d. þetta sama ástand hefði komið upp í Vestmannaeyjum. Ég varpa þessu bara hér til athugunar, ég vil engum stað á landinu, hvorki Vestmannaeyjum né öðrum það að búa við það atvinnuleysi sem hefur verið meðal kvenna á Suðurnesjum en ég hlýt að varpa þessu fram til íhugunar hvers vegna þessar ógnvænlegu tölur hafa ekki verið teknar eins alvarlega og mér finnst ástæða til.

Sérstök svæðisbundin vandamál kalla á sérstakar aðgerðir og ég held að ekki sé ósanngjarnt að kalla á þjóðarsátt um að gripið verði til raunhæfra aðgerða þegar í stað vegna þessa sérstaka atvinnuleysis sem á sér sem betur fer ekki hliðstæðu annars staðar enn. Ég get ekki séð annað en að grundvöllur ætti að vera fyrir slíkri þjóðarsátt um aðgerðir. Fólk úr öllum flokkum hefur sýnt þessu máli skilning og rætt það af ábyrgð og alvöru sem málið krefst. Lýst hefur verið eftir úrræðum og þau eru til. Þótt ég leggi ríka áherslu á að ríkisvaldið eigi ekki að ráðskast um of um hvernig atvinnuuppbygging á sér stað á einstökum svæðum, það er hlutverk heimamanna að mínu mati, þá er það ýmislegt sem ríkið getur gert þegar einstök vandamál koma upp. Fyrst og fremst með því t.d. að draga úr samdrætti þar sem atvinnuástand er slæmt. Í öðru lagi með því að skapa hagstæð almenn skilyrði fyrir atvinnulífið. Þar á ég m.a. við þá vaxtalækkun sem kjarasamninga þurfti til þess að knýja í gegn og vona ég að það muni muna um hana.

Ég á einnig við það að leggja ekki þungar álögur á atvinnuvegi sem standa höllum fæti. Það er ýmislegt fleira sem mætti nefna og ég nefndi raunar í máli mínu í upphafi, þótt alllangt sé síðan og vonast ég til þess að frekar en að fara að endurtaka of mikið að mönnum sé það minnisstætt.

Í þriðja lagi þá getur ríkisvaldið gripið til óbeinna aðgerða sem eru mjög bitastæðar, eins og með því að styðja rannsóknir, þróun og styðja við bakið á nýsköpun fólksins sjálfs, annaðhvort með beinni fjárhagsaðstoð eða annarri aðstoð svo sem fyrirgreiðslu og forgangsröðun verkefna. Þetta getur skipt sköpun þegar ný atvinnustarfsemi er að komast á laggirnar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að í kvöld verður haldinn fundur á vegum bæjarstjórnar Grindavíkur um atvinnumál á þessu svæði. Við þingmenn og þingkonur Reykjanesskjördæmis erum sem betur fer boðuð þangað. Mér þykir það mjög gott og ætla að sjálfsögðu að mæta og ég veit að það eru fleiri sem ætla að gera það.

Ég held að langmikilvægast sé að hlusta á og taka mið af hugmyndum heimamanna um atvinnuuppbygginguna og að fylgjast vel með og styðja við bakið á þeim mönnum og þeim hugmyndum sem þarf. Ég vil einnig vísa til ályktunar sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sendi frá sér 13. apríl sl. en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsar blikur eru á lofti í atvinnumálum hér á svæðinu og nokkurt atvinnuleysi virðist vera að festa rætur. Það er því full ástæða til að sporna við fótum og leita allra leiða til að tryggja Suðurnesjamönnum þá atvinnu sem er á svæðinu og vinna ötullega að vexti og viðgangi nýrra tækifæra í atvinnulífinu."

Undir þetta tek ég. Ýmsar hugmyndir eru þarna settar fram í fimm liðum og ég vil sérstaklega vekja athygli á þriðja lið þar sem er að mörgu leyti komið út í það sama og ég gat um, en þar segir, og bið ég enn leyfis hæstv. forseta til þess að vitna í þetta skjal:

„Vinna þarf skipulega að markaðssetningu Suðurnesja með tilliti til nýrra atvinnutækifæra. Þess er krafist að ríkisstjórn Íslands veiti til þess fjármagni og í samráði við heimaaðila leiti að og setji fram hugmyndir og möguleika þá sem til staðar eru í hverju sveitarfélagi þannig að hægt sé að byggja upp og kynna heildstæða mynd af Suðurnesjum sem atvinnulegri heild."

Mér finnst full ástæða til þess að vekja athygli á þessu vegna þess að þarna kveður við mjög svipaðan tón og ég er að reyna að koma á framfæri og sem betur fer endurómar í máli flestra hér. Ég vil koma því enn einu sinni á framfæri að skynsamleg uppbygging byggist ekki síst á því að hlúa að hinu smáa, ekki síður en hinu stóra og útiloka ég þá hvorugt. Nú loksins er að renna upp fyrir ráðamönnum í stjórnmálum og viðskiptum að það sem við kvennalistakonur höfum alltaf lagt áherslu á, að hlúa beri að hinu smáa, er ekki einungis gott fyrir sálina og hugmyndaflugið heldur bara mjög arðvænlegt líka. Um þetta vitna bæði ummæli sem ég hef vísað til í öðrum umræðum og fyrr í þessari umræðu og einnig ýmsar ráðstefnur, verkefni og eitt og annað sem við höfum verið að sjá núna að undanförnu. Ég fagna að sjálfsögðu þessari fjölbreytni og þessari hugarfarsbreytingu og í ljósi hennar held ég að það hljóti að vera sanngjarnt að fara fram á það að tillaga sú sem er til umræðu mæti skilningi. Það er brýnt mál og þolir ekki nokkra bið.

Ég vænti þess að ef raunverulegur vilji er til að taka á þessu brýna og afmarkaða máli nú á samdráttartímum þá verði það gert og ég veit að það er hægt. Því vonast ég til þess að hv. félmn., sem fær málið til umfjöllunar, sé reiðubúin til að hraða afgreiðslu málsins. Ég held að engum blandist hugur um það að vandinn er fyrir hendi, hann er skilgreindur, hann er skilgreinanlegur, hann er þekktur, hann er mikill, hann er brýnn og á honum þarf að taka.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Framsögumaður fyrir þáltill. sem hér er rædd gerði það réttilega að umtalsefni að umræður um hana fyrir nokkrum vikum fóru allvíða bæði í tíma og svæði. Í sjálfu sér er þetta eðlilegt því að tillagan víkur að átaki í atvinnumálum þó að það sé sérstaklega talað um atvinnuleysi kvenna. Atvinnuástandið er vissulega verðugt umfjöllunarefni og rétt að huga að því hvað hægt er að gera til úrbóta. Ástandið á Suðurnesjum er mjög slæmt. Ég hef sagt það áður að það

fer bráðum að eignast hálfs árs afmæli, en hversu mikið er það?

Fyrir fáeinum vikum ræddu fjölmiðlar landsins ítrekað um atvinnuástand. Þeir gátu þess aftur og aftur að á ákveðnum landshlutum væri atvinnuleysi yfir 4%, hugsið þið ykkur. Engan heyrði ég eða sá nefna að meðal kvenna á Suðurnesjum er atvinnuleysi nú 7,5%, ekki 4% og fyrir rúmum mánuði var það 8,5%. Líka þá þögðu þessir landsfjölmiðlar því að þeir eru fjölmiðlar alls landsins, þeir kalla sig það og fá birtingu og dreifingu í samræmi við það. Lítum nú aðeins á hvernig þeir hafa veitt þessu athygli. Það vil ég gera vegna þess að þeir hafa greinileg áhrif á það hvernig ráðherrar sem því miður eru ekki hér og hvernig þingmenn velja sér viðfangsefni og umræðuefni.

Þegar atvinnuleysi hjá konum á Suðurnesjum var 8,5% voru samtals 80 manns atvinnulausir í Vestmannaeyjum og um það fjallaði frétt á baksíðu Morgunblaðsins, stærsta fjölmiðils í landinu. Enginn annar fjölmiðill nefndi að það væri atvinnuleysi á Suðurnesjum rétt eins og núna síðast. Það verður að segjast eins og er þegar við lítum á það hvernig fjölmiðlar, og þá á ég bæði við ríkisfjölmiðla og hina frjálsu, fjalla um byggðarlögin í landinu, um ástandið þar í atvinnumálum eða öðrum málum, þá hlýtur maður að ætla, sem rétt er, að á Reykjavíkursvæðinu séu um það bil 150 þús. manns. Magn umræðunnar í fjölmiðlum í dálksentímetrum eða í tíma útsendingar er í samræmi við það. Ef við lítum á magn útsendinga, dálksentímetra eða útsendingartíma hvað varðar Vestmannaeyjar, þá hljóta þar að búa 50 þús. manns. Þetta er fréttamat fjölmiðlanna. Og þetta eru líka áhrif þeirra á þingmenn og ráðherra, það hljótum við að viðurkenna því að stór hluti af umræðu okkar stjórnast af fréttamati, því miður.

Staðreyndin er nefnilega sú að á þessum sama tíma og ég var að nefna hafði nýlega verið seldur 1.500 tonna þorskígildakvóti frá Vestmannaeyjum norður í land. Um það fjölluðu fjölmiðlarnir í hverjum fréttatímanum á fætur öðrum, hverri greininni á fætur annarri og opna eftir opnu var undirlögð. Menn voru eltir langt út í heim til að inna þá eftir áliti þeirra á áhrifum, afleiðingum og ástæðum. Nokkrum vikum áður voru seld frá Suðurnesjum 1.000 tonn sem er ⅓ af hinu magninu. Þessir sömu fjölmiðlar sögðu frá því á fáeinum sentímetrum. Það þurfi ekki fingur annarrar handar til þess að mæla þá dálksentímetra og það þurfti varla bæði eyrun til þess að fylgjast með útvarpsfréttum og ekki annað augað til þess að fylgjast með sjónvarpinu. Á sama tíma var þó atvinnuleysi á Suðurnesjum langmest.

Við skulum aðeins víkja að því hvað gæti hafa valdið þessu. Um aldir voru Suðurnesin ein af matarkistum Íslendinga og þangað komu menn af öllum landsfjórðungum reglulega til vetrarvertíðar og þeim var alltaf tekið vel. Það sýna allar sagnir og annálar að Íslendingum hvaðanæva að var vel tekið á Suðurnesjum. Þar höfðu þeir vinnu og þótti sjálfsagt að þeir fengju vinnu eins og heimamenn. Á þessari öld fengu Suðurnesin hefndargjöf stjórnmálamanna í Reykjavík, varnarlið. Ekki ákváðu Suðurnesjamenn að það yrði þar staðsett. Ekki ákváðu Suðurnesjamenn þær reglur sem þar gilda um verktöku fyrir varnarliðið eða um umhverfi starfsmanna þess. Þetta var allt ákveðið í Reykjavík og það voru Reykvíkingar sem nutu verktökunnar. Það hljótum við að viðurkenna. Aldrei var kallað til Suðurnesjamanna þegar málin voru rædd. Þeirra hagsmunir voru ekki hafðir í fyrirrúmi.

Nokkrum áratugum seinna var lögð Reykjanesbraut og þá segir sig sjálft að möguleiki íbúa á Suðurnesjum batnaði verulega en líka tækifæri annarra landsmanna til að komast þangað og raunar til annarra landa því að þar er eina samgöngutæki landsins sem hefur reglulegar samgöngur við aðrar þjóðir, Keflavíkurflugvöllur, eini millilandaflugvöllurinn. Nokkru seinna fór að gæta erfiðleika í sjávarútvegi, ekki aðeins á Suðurnesjum heldur um landið allt.

Á þeim tíma var gripið til þess að stofna ríkisstofnun sem ætti að fara með fjármuni okkar, sameiginlega fjármuni og veita lán. Hún heitir Byggðastofnun, sjóðurinn heitir Byggðasjóður. Um langan tíma gilti sú regla að á suðvesturhorni landsins, sérstaklega á Suðurnesjum, fengju menn ekki þau lán. Ástæðan var einföld og hún gall aftur og aftur í eyrum okkar: Þið hafið völlinn. Þið hafið völlinn. Þetta voru rökin og svörin við öllum málaleitunum. Meðan svona stóð, og nú segi ég ykkur fréttir sem hafa komið áður og eru staðfestar, og það var um árabil, áttu Suðurnesjamenn enga möguleika miðað við aðra landsmenn til að endurnýja og endurbæta fiskvinnsluflota og fiskvinnslustöðvar. Þegar þeim loks tókst að sýna fram á að meðalaldur veiðiskipa á Suðurnesjum var tvöfaldur fiskiskipa á landinu öllu þá loks var bætt úr. Ástandið var sem sagt hálfu verra. Fiskiskip á Suðurnesjum höfðu helmingi fleiri daga frá veiðum vegna bilana en annars staðar á landinu. Fiskvinnsluhúsin tóku engum þeim framförum sem annars staðar urðu á landinu í fiskvinnslu. Suðurnesin voru hornreka í atvinnuþróun á landinu og það segi ég nú vegna þess að á sama tíma var það nánast skammaryrði á Íslandi að tala um einhverja atvinnuþróun í öðru en sjávarútvegi. Það þótti virkilega ljótt að tala um þróun í iðnaði. Við áttum öll að stunda sjávarútveg, fiskveiðar eða fiskvinnslu. Það var talið afskaplega slæmt ef Íslendingur hugðist leggja fyrir sig annað ævistarf.

Hver voru viðbrögðin þegar Suðurnesjamenn bentu á þessar staðreyndir? Þau komu fram í fjölmiðlum, landsfjölmiðlum. Þau komu fram hér á þingi á þeim tíma. Þau hétu grátkór.

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mál mitt. Örfá orð í viðbót. Ég tel miklu skipta að úr verði bætt, að við sýnum víðsýni til þess að meta landshluta að jöfnu, meta fólk að jöfnu burt séð frá því hvar það býr, burt séð frá því hvaða atvinnutæki aðrir hafa boðið þeim upp á. En athugum það að varnarliðið er að draga saman seglin. Þar hefur starfsmönnum fækkað svo hundruðum skiptir á 24 mánuðum. Við verktöku hefur fækkað starfsmönnum svo tugum skiptir og ef ekki rætist núna úr samningaviðræðum sem standa þá mun þeim fækka svo að hundruðum skiptir. Þá verður atvinnu-

leysi á Suðurnesjum ekki fáein hundruð heldur þúsund. Hvað segja Reykvíkingar og svokallaðir landsfjölmiðlar þá? Hvað gerum við þá?

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er sannarlega um mikilvægt mál að ræða sem hefur hlotið mikla umræðu í Alþingi áður, umræðu sem hefur verið frestað. Ég hef ekki tekið þátt í þeirri umræðu en hins vegar finnst mér nú að ég sé knúinn til að leggja inn nokkur orð.

Ég ætla ekki að gera lítið úr atvinnuleysi á Suðurnesjum, langt í frá. Það er alvarlegt vandamál í þeim landshluta og það er alvarlegt vandamál hjá konum eins og hv. flm. kom inn á. Hins vegar er þetta angi af hraðvaxandi vandamáli í öllu landinu. Avinnuleysi hefur nefnilega síðan þessi umræða fór fram síðast farið hraðvaxandi í öllum landshlutum og það sem meira er, ríkisstjórnin virðist ekki hafa miklar áhyggjur af þessari þróun. Það er kannski dæmigert á árs afmæli ríkisstjórnarinnar, sem er í dag, að enginn ráðherra er að hlusta á umræðuna. Þeir eru sennilega í afmælisveislu að halda upp á árs afmæli sitt. Mér finnst það nokkuð snemmt, rétt eftir hádegið, að fara að taka upp veisluhöld.

Mér er alvara með þessu. Mér finnst að viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessu mesta þjóðfélagsvandamáli, sem við eigum við að glíma nú um stundir, séu ekki mjög snörp. Það eru athyglisverðar upplýsingar í nýlegu riti frá Þjóðhagsstofnun sem heitir Þjóðarbúskapurinn og sýnir atvinnuleysistölur í einstökum landshlutum 1990 og 1991. Þar eru Suðurnesin mjög há ásamt öðrum landshlutum og þetta ástand hefur versnað mjög síðan þessar tölur birtust eða á árinu 1992.

Það er merkilegt að staðið hafa yfir kjarasamningar um margra mánaða skeið. Það sem verkalýðshreyfingunni hefur tekist með þessu margra mánaða samningaþófi er að ná miðlunartillögu um þá yfirlýsingu sem ég vil lesa til fróðleiks, með leyfi forseta. Hún er í plaggi sem heitir „Miðlunartillaga ríkissáttasemjara til lausnar kjaradeilu". Þar stendur svo um atvinnumál:

„Fulltrúar ASÍ og vinnuveitenda hafa kynnt ríkisstjórninni athuganir sínar og tillögur í atvinnumálum. Í ljósi þess að alvarlega horfir nú í atvinnumálum landsmanna er ríkisstjórnin reiðubúin til að ganga til samstarfs um atvinnumál við ASÍ og vinnuveitendur og með þátttöku sveitarfélaga.

Í framhaldi af gerð kjarasamninga er ríkisstjórnin reiðubúin að stofna samstarfsnefnd um atvinnumál með þessum aðilum með það að leiðarljósi að treysta undirstöðu hagvaxtar og atvinnuöryggis. Í þessum efnum verði hugað að stefnumörkunum og aðgerðum er örvi framleiðslu- og atvinnustarfsemi í landinu til lengri tíma litið. Fyrst í stað verði lögð megináhersla á aðgerðir til að bæta atvinnuástand þegar á þessu ári. Ríkisstjórnin er reiðubúin að beita sér fyrir samstarfi allra aðila, þar á meðal í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði, til að nefndin geti unni markvisst að verkefni sínu."

Þetta er sem sagt áhuginn á þessum málum. Með margra mánaða samningaþófi hefur verkalýðshreyfingunni tekist að knýja fram yfirlýsingu um það að í framhaldi af gerð kjarasamninga sé ríkisstjórnin reiðubúin að stofna samstarfsnefnd. Hefði ekki verið gott að stofna þessa samstarfsnefnd fyrir hálfu ári eða svo eða þegar ríkisstjórnin tók við? Ég held nefnilega að þessi þróun hafi verið fyrir séð a.m.k. strax á síðasta hausti þegar veiðiheimildir í sjávarútvegi voru skornar niður um 17% og um 25%. Ég held nefnilega að þetta ástand þurfi ekki að koma mjög á óvart.

Ég hjó eftir því í morgunsárið þegar ég opnaði útvarpið að þá var hæstv. forsrh. í útvarpinu og sagði að ríkisstjórninni hefði tekist flest vel. Það væru að vísu svolítil vandkvæði fram undan í sjávarútvegsmálum en það hefði reynst vel að taka sjávarútvegsmálin úr almennri umræðu um stund. Sem sagt, undirstöðuatvinnuvegur landsmanna er tekinn úr almennri umræðu. Þetta er yfirlýsing sem hæstv. forsrh. gaf í viðtali í útvarpinu í morgun. Hún er að vísu eftir mínu minni og ekki orðrétt, ég tek það fram, en efnislega var hún á þessa leið. Ég held nefnilega að framvindan í þessum málum hafi verið með miklum endemum það sem af er vetri og það kemur niður á konum á Suðurnesjum og karlmönnum á Suðurnesjum og konum og karlmönnum um allt land. Það vil ég láta koma fram við þessa umræðu.

Það vandamál hefur verið tekið úr almennri umræðu og sett í einhverja tvíhöfða nefnd í sjávarútvegi að nú eru skilyrðin orðin þannig að frysting á sjó gefur rúmlega 11% hagnað en frysting í landi um 8% tap. Á meðan þetta er svona fara náttúrlega allir að undirbúa það að koma allri frystingu út á sjó. Það hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir vinnsluna í landi og kemur niður á þeim hópi sem hér er sérstaklega fjallað um.

Ég tek auðvitað undir það að ef hægt er að gera einhverjar sértækar aðgerðir til að bæta úr hinu hörmulega ástandi á Suðurnesjum, þá er ég stuðningsmaður þess. En það það þarf einnig að skoða þessi atvinnumál í mjög víðu samhengi. Ég vil leggja á það mikla áherslu að víða er mikið atvinnuleysi og hraðvaxandi þannig að ríkisstjórnin mætti vel hlusta á þessi viðvörunarorð þó að enginn ráðherra hafi komið í þingsal til að hlusta á umræðuna um atvinnumál og er það með miklum endemum. Ég ætla ekki að krefjast þess að náð verði í þá en ég vil koma því að í umræðunni að atvinnumálin eru mesta þjóðfélagsvandamál sem við eigum við að glíma um þessar mundir.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til skýringar. Umræða um þetta mál hefur dregist verulega vegna þess að beðið var eftir nærveru ráðherra en ég gerði hins vegar ekki kröfu um það í dag þar sem mér er mjög umhugað um að fá þetta mál til nefndar. Ég hélt þeirri kröfu raunar ekki til streitu þó ég telji það mjög miður hve margir ráðherrar hafa misst af þessari mjög svo gagnlegu atvinnumálaumræðu. Mér finnst þetta afskaplega mikið mál og í rauninni var ýmislegt í henni sem ráðherrar hefðu þurft mjög á að halda að heyra.

Auk þess vil ég taka undir það að allar almennar aðgerðir í atvinnumálum, aðgerðir stjórnvalda, mundu að sjálfsögðu bæta mjög úr skák fyrir þann hóp sem hér er sérstaklega rætt um, atvinnulausar konur á Suðurnesjum. Ég hef lagt mikla áherslu á að hluti af þeim aðgerðum sem grípa þarf til eru almenns eðlis. Aðrar eru sértækar. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að öðruvísi verða þessi mál ekki leyst af nokkru viti.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að ekki eigi að þurfa að gera kröfur um að ráðherrar mæti í þingsal við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu þegar atvinnumál eru á dagskrá, jafnvel þó að það séu þingmenn sem flytja þetta mál. Málið er jafnbrýnt fyrir því og ég endurtek að vaxandi atvinnuleysi er að verða eða er orðið stærsta þjóðfélagsvandamál sem við eigum við að glíma um sinn í landinu.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um sérstakt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar. Þessi tillaga er tímabær og um hana hafa spunnist ágætar umræður. Á sínum tíma gat ég þess í umræðum um þetta mál að eitt af því sem þyrfti að gera til að efla atvinnumál á Suðurnesjum væri að efla fiskmarkaðina vegna þess að í skjóli þeirra spretta upp fjölmörg smáfyrirtæki sem skapa töluverða atvinnu. Síðan hefur það gerst frá því að við vorum að ræða þessi mál fyrr í vetur að búið er að samþykkja lög um landanir erlendra skipa og í síðustu viku voru gefnar út sérstakar vinnureglur af hálfu sjútvrn. um hvernig þessi lög skulu útfærð. Þá birtist það næsta vel að þarna er um veigamikla breytingu að ræða, breytingu sem gerir það kleift að útlend skip fá löndunarleyfi, til að mynda útlend rækjuskip, sem hafa verið að veiða úthafsrækju á Dorhn-banka úr stofni sem hægt er með teygjanleika að kalla sameiginlegan stofn en eigi að síður var skilgreindur svo að úr honum mætti landa óheft. Það hefur leitt til þess að til að mynda á Suðurnesjum liggur fyrir að fjöldi erlendra skipa mun koma til að landa.

Fyrir skömmu var viðtal í sjónvarpinu við norskan rækjuskipstjóra sem gat þess að a.m.k. 10–15 norsk skip mundu reglulega koma til löndunar á Suðurnesjum. Það leiðir til aukinnar atvinnu og í kjölfar þess er ljóst að í gangi eru samningar sem byggja á þessum nýju lögum um að kaupa fisk til landsins, fisk sem er aflað af þýskum togurum við Grænland. Þarna er fyrst og fremst um þorsk að ræða. Það er auðvitað ljóst að þetta mun leiða til þess að fiskmarkaðir eflast og það mun líka leiða til þess að atvinna eykst á Suðurnesjum og kannski ekki síst atvinna kvenna sem hafa verið mjög atkvæðamiklar í fiskvinnslu á Suðurnesjum.

Ég taldi rétt, virðulegi forseti, að benda á þetta vegna þess að það sýnir að ríkisstjórnin er þrátt fyrir allt að gera ýmsa hluti sem nýtast í atvinnumálum, og ekki síst á Suðurnesjum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér þykir mjög vænt um að hv. 17. þm. Reykv. upplýsir hér að búið sé að ákveða að brjóta nýsett lög Alþingis sem voru það vitlaus að ekki var hægt að fara eftir þeim. Það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt og gaman að sjá þá vinnureglu sem þar hefur verið ákveðið að skapa. Ég vænti þess, út á okkar ágæta kunningsskap, að hann útvegi mér eintak af þeirri vinnureglu.

Ég verð að segja eins og er að það er ömurlegt að horfa upp á það hve stór hluti af þeim erfiðleikum sem á Suðurnesjum eru, stafa af því að við Íslendingar leggjum slíkar hömlur á atvinnustarfsemi þar að með ólíkindum má kalla. Núv. hæstv. utanrrh. framlengir einokunarsamning um afgreiðslu flugvéla á vellinum. Hann kemur í veg fyrir það með þessum vinnubrögðum að með beinu flugi fari ígulker og svil, m.a. til Japans eins og var farið að selja beint frá Keflavíkurflugvelli. Það er búið að biðja um skýrslu um þetta mál fyrir löngu síðan. Ég hef af hógværð spurt eftir því á skjalasafninu hvort skýrslan sé komin. Hún er ekki komin. Hvers vegna sjá menn ekki þessa rosalegu möguleika sem felast í því að gera þennan flugvöll að fragtflugvelli með miklum flutningum? Hvers vegna þurfa bandarískir heildsalar að álykta um það að byggja eigi flugvöll á Grænlandi til þess að taka að sér þetta hlutverk og það þurfi að berast til Íslands með fréttum frá Bandaríkjunum að þeir telja að þetta sé nauðsynlegt? Hvers vegna notum við ekki þá möguleika sem við höfum í þessum efnum?

Ég vænti þess að hv. 17. þm. Reykv. gerist talsmaður frelsisins í þessum efnum og tryggi það að eðlilegir viðskiptahættir geti átt sér stað á Keflavíkurflugvelli þegar erlendar flugvélar hafa áhuga á að lenda þar og það sé hægt að efla íslenskt atvinnulíf með því.

Það er hárrétt sem hér kom fram að auðvitað eru það stórkostlegar framfarir ef hægt er að kaupa fisk og rækju af erlendum aðilum. En hugsið ykkur ef það væri hægt að senda hana beint með flugi til Japans. Það er ekki hægt í dag eins og að málunum er staðið. Og það er unnið gegn því leynt og ljóst. Heill blaðabunki sendibréfa sem ég skoðaði í gær voru með fyrirspurnir út í hött frá „Money Money" kafteininum, sendiherranum, sem virðist hafa furðulegustu verkefni innan utanrrn. Ég segi eins og er, það er verk að vinna að hreinsa til og leyfa eðlilega atvinnustarfsemi á þessu svæði.

Hér kom það fram að á sínum tíma þegar Framkvæmdastofnun fór af stað með Byggðasjóð innan borðs hefði ekki verið lánað til Suðurnesja. Það er rétt. Ég hef alltaf talið að það hafi verið mistök vegna þess að að mínu viti skiptist Reykjaneskjördæmi um Straum. Það sem er þar fyrir sunnan á við sömu byggðavandamál að stríða í mörgum tilfellum og aðrir staðir landsbyggðarinnar. Hins vegar gerðist það svo á sínum tíma, og þarf að koma hér fram sem eðlileg rök til þess að menn sjái þetta í samhengi, að þegar ákvörðun var tekin um uppbyggingu álversins í Straumsvík var litið svo á að verið væri að byggja upp það mörg atvinnutækifæri í Reykjaneskjördæmi að

eðlilegt væri að viss hluti af tekjum ríkisins vegna álversins rynnu til Byggðastofnunar og Byggðasjóðs — Byggðastofnun var ekki til heldur hét það Byggðasjóður — og þeim fjármunum yrði fyrst og fremst ráðstafað til annarra kjördæma en Reykjavíkur og Reykjaness. Þá hefði átt að skipta Reykjanesi í tvennt og skilgreina þetta eftir því hvort menn voru að tala um Suðurnes eða Hafnarfjörð.

Hins vegar hefur um alllangt skeið verið staðið á sama hátt að lánveitingum til Suðurnesja og annarra svæða. Þar er í dag sennilega mesta óvissuástandið um atvinnumál á Íslandi vegna þess einfaldlega að sem betur fer eru meiri friðartímar nú en oft áður og enginn veit hvaða umsvif verða á Keflavíkurflugvelli. Þess vegna hlýtur það að verða enn þá nauðsynlegra að menn hafi augun opin og meti hvað hægt er að gera. Ég hygg að allir staðnæmist þá m.a. við það hvað hægt er að auka umsvifin á Keflavíkurflugvelli gagnvart vörufluginu. Hér fljúga yfir flugvélar á hverjum degi, hverri klukkustund trúlega, sem gætu lent á Keflavíkurflugvelli og tekið þar 10 tonn af vörum vegna þess að þær eru búnar að eyða bensíni á leiðinni yfir hafið og þær eru reiðubúnar að koma niður þótt það séu ekki nema 10 tonn sem þær eiga að taka ef eðlileg gjöld eru greidd fyrir lendingu. En að taka sama lendingargjaldið þegar menn lesta slíka vél með 7 eða 10 tonnum af varningi og þegar Júmbó-þota af með farþegum lendir er náttúrlega gjörsamlega út í hött.

Ég verð að segja eins og er að það kom mér dálítið illilega á óvart þegar heilbrigðisfulltrúi á Suðurnesjum sá sérstaka ástæðu til að gera athugasemdir við stöðu mála hjá Bláa lóninu með því að koma þeim athugasemdum á framfæri til fjölmiðla á þann veg að það gat leitt til þess að rýra það álit sem menn höfðu á því að þar væri hægt að byggja upp heilsugæsluaðstöðu. Í hvaða tilgangi er þetta gert? Auðvitað þarf þjóðin að standa saman í því að byggja upp sín atvinnutækifæri og trúlega eru verulegir möguleikar í því sambandi vegna psoriasis-sjúklinga í Bláa lóninu.

Ræðutími er takmarkaður, ég er ekki vanur að misnota það. Ég stóð upp til að lýsa yfir stuðningi við tillöguna. Ég held það megi vera ærið umhugsunarefni að 1% í atvinnuleysi kostar milli 600–700 millj. í beinum greiðslum. Það er betra að verja meiru fé til atvinnuuppbyggingar og minnu í hreinar bótagreiðslur sem kemur þannig út að verið er að brjóta fólk niður andlega sem ekki á möguleika á því að fá vinnu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég geta þess að það er umhugsunarefni fyrir okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi hvernig umræður þróast hér. Við erum að ræða tillögu sem lögð var fram í nóvember og um hefur orðið mikil umræða. Það leiðir svo hugann að annarri umræðu sem snertir atvinnumál og er einhvers staðar í miðjum klíðum, þ.e. umræðan um Byggðastofnun. Sú mikla umræða sem orðið hefur um þessi tvö mál sýnir auðvitað hve gífurleg þörf er fyrir það að ræða í mjög víðu samhengi um stöðu atvinnumála hér á landi og hvert skuli haldið í þeim efnum. En það er auðvitað mjög merkilegt hvernig þróunin hefur orðið á Suðurnesjum og hve þau skera sig úr varðandi atvinnuleysi og þá einkum atvinnuleysi kvenna. Samdrátturinn í fiskvinnslu á Suðurnesjum skýrir þennan mun að hluta til en auðvitað kemur fleira þarna inn í.

Ég hef sannast að segja furðað mig mjög á því hve íslensk stjórnvöld hafa verið andvaralaus varðandi samdrátt sem orðið hefur hjá bandaríska hernum. Það var fyrir séð fyrir nokkrum árum að þar hlyti að verða samdráttur. Þegar stórveldin fóru að semja um afvopnun og ljóst varð að mun friðsamlegar horfði í heiminum var það auðvitað ljóst, eftir þær umræður sem urðu í bandaríska þinginu, að þeir ætluðu sér að fækka herstöðvum og draga mjög úr kostnaði við herstöðvar sínar. Þar af leiðandi var löngu ljóst að þetta hlyti að koma niður hér eins og annars staðar. Þess vegna hefði mér fundist að íslensk stjórnvöld hefðu átt að setjast niður fyrir u.þ.b. þremur árum til að finna leiðir til úrbóta í atvinnumálum á Suðurnesjum.

Það er auðvitað sláandi að flestar þær tillögur sem menn koma hér með, uppástungur sem koma fram í umræðunni, eru á þann veg að þær munu fyrst og fremst koma körlum til góða. Menn hafa einblínt mjög á byggingu álvers sem hefur ítrekað verið frestað. Það er bent á möguleika varðandi fisklöndun og það er bent á Keflavíkurflugvöll. Auðvitað getur þarna verið að finna störf fyrir konur og ekki síst ef aukin fisklöndun yrði til þess að auka fiskvinnslu. En þetta dugar hvergi nærri til og menn hljóta að verða að setjast niður í alvöru og velta því fyrir sér hvaða leiðir eru færar til að skapa atvinnu, ekki síst á Suðurnesjum. Það á auðvitað við um allt landið þó að vandinn sé meiri á Suðurnesjum en annars staðar. Minn hugur leitar til ferðaþjónustunnar og ferðamannaiðnaðar. Suðurnesin eru um margt sérstök og ég held að þar geti verið um mikla möguleika að ræða í ferðaþjónustu. Það er atvinnugrein sem veitir konum mikla möguleika á vinnu.

Hv. síðasti ræðumaður gat þess að 1% atvinnuleysi kostaði samfélagið á milli 600–700 millj. kr. Þeim peningum væri betur varið til þess að skapa atvinnu en að láta fólk ganga um verklaust með öll þau vandamál sem því fylgir.

Ég þarf varla að lýsa því að ég er að sjálfsögðu fylgjandi tillögunni og tek eindregið undir efni hennar en vil í því samhengi benda á að það þarf auðvitað að horfa á þessa stöðu okkar í atvinnumálum í miklu víðara samhengi. Ég verð að segja það að menn hafa verið mjög grandalausir í þessum efnum og horft á töfralausnir. Nú síðast er það hið Evrópska efnahagssvæði sem á að bjarga hér öllum málum. Ef af þeim samningum verður skilar hann sér ekki inn í íslenskt samfélag fyrr en eftir allnokkurn tíma. Þar er auðvitað ekki um neina lausn að ræða fyrir fólk sem nú gengur um atvinnulaust. Það eru engar töfralausnir til í þessum málum. Þetta er spurning um rannsóknir, þróun, tilraunir, sem margar hverjar kalla á langtímaáætlanir, og við verðum einfaldlega að setjast niður og gera þessar áætlanir og láta okkur hafa það þó að hluti þeirra mistakist. Það er einfaldlega hluti af þróuninni

að sumt tekst og annað ekki en það er afar brýnt að það verði tekið á þessum málum af alvöru.

Ég vil ítreka að ég lít ekki þannig á að það sé hlutverk stjórnvalda að bjarga öllu sem snertir atvinnulífið, þar þurfa aðrir að koma til og ekki síst að fólk taki sig saman og reyni ýmsar leiðir í atvinnumálum. En þegar svo alvarlega horfir í samfélaginu sem nú hlýtur það að vera hlutverk stjórnvalda að ýta undir atvinnusköpun, búa atvinnuvegunum þau skilyrði sem gefur þeim möguleika á að blómstra. Ég vona svo sannarlega að sú samstarfsnefnd í atvinnumálum sem fyrirhugað er að setja á laggir, milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar, skili einhverju því sem til bóta horfir en það þarf auðvitað miklu meira.

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. benti réttilega á að við hefðum mátt vera viðbúnir samdrætti á umsvifum varnarliðsins. Það er rétt. Það er langt síðan Suðurnesjamenn hafa vakið athygli á því. Ég vil spyrja þingheim: Hvers vegna haldið þið að þingmenn sem búa á Suðurnesjum hafi um árabil vakið máls á þáltill. og öðrum málflutningi um að stofna til fríhafnar við flugvöllinn? Það er aðeins á síðustu árum að eitthvað markvert hefur verið gert í þessu máli en þingsaga þess er komin á þriðja áratug. Gætið að því. Allan þennan tíma hefur aldrei verið unnið handtak til að markaðssetja Keflavíkurflugvöll sem er auðvitað langmesta samgönguæð á Norðurlöndum að Kastrup frátöldum. Auðvitað hljóta þar að vera veruleg og margbreytileg atvinnutækifæri ef við berum okkur eftir þeim. Við þekkjum það öll að okkar eigin atvinnulíf er einhæft. Ef við viljum fjölbreytni, og það er það sem ég álít að við þurfum, þurfum við að hafa okkur eftir fjárfestum. Keflavíkurflugvöllur er sennilega einn besti möguleiki okkar í þessu sambandi en við höfum ekki haft okkur eftir þessum viðskiptavinum. Því miður. Í þessu, eins og svo mörgu öðru, höfum við verið hrædd við fólk af öðru þjóðerni svo undarlegt sem það er. Um leið og við teljum okkur gjarnan í almennum umræðum best af öllum erum við samt sem áður hrædd við að eiga samskipti við aðra sem er undarleg þversögn.

Það var minnst á ferðaþjónustu. Hún er mjög vaxandi sproti í atvinnumálum á Suðurnesjum. Fyrir örfáum árum unnu Suðurnesjamenn fáein störf til að þjóna ferðamönnum. Þau eru þegar orðin fjölmörg.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að atvinnuþróun á Suðurnesjum hefur verið áhyggjusamleg undanfarin missiri. Sem betur fer hefur aðeins ræst úr á síðustu mánuðum. Í mars var greinilegt að atvinnuástand batnaði nokkuð en það breytir því ekki að við þurfum að tryggja þarna grundvöll atvinnunnar eins og í landinu öllu og þar er mjög mikilvægt að líta til nýrra lausna. Það hefur sannarlega verið gert í stjórnartíma þessarar ríkisstjórnar og áfram verður að því unnið. Ég ætla ekki að fjölyrða um þær sérstöku ástæður sem til þess hníga að atvinnuástand hefur verið óvenjuerfitt á Suðurnesjum að undanförnu. Þær skýringar hafa verið margendurteknar og snúast m.a. um breytingarnar í sjávarútveginum, tilflutning aflaheimilda en líka þær sérstöku aðstæður sem verða af því að Keflavíkurflugvöllur og það sem honum tengist gegnir mjög mikilvægu hlutverki í atvinnulífinu. Þar þarf að fylgjast mjög vel með breytingum og bregðast við þeim í tæka tíð.

Ég vil aðeins nefna okkur atriði sem ég tel að horfi til heilla og framfara í þessum efnum á Suðurnesjum sérstaklega. Hér hefur ferðaþjónustan þegar verið nefnd og þar eru án alls efa vaxandi möguleikar sem fyrst og fremst hljóta að byggjast á framtaki og frumkvæði heimamanna með stuðningi almannavaldsins. Þá vil ég benda á starfrækslu viðhaldsstöðvar Flugleiða sem mun aukast mjög á þessu ári þegar í notkun verður tekin ný viðhaldsstöð. Þar munu flytjast um 130 ný stöðugildi á Suðurnesin. Ef vel tekst til með þessi viðhaldsverkefni er jafnframt að því stefnt að skapa þar fleiri flugvirkjum vinnu í framtíðinni og Flugleiðir hafa í hyggju að leita nýrra verkefna í viðhaldi erlendra flugvéla.

Þá nefni ég saltverksmiðjuna á Reykjanesi sem hefur þegar hafið störf og þegar hún verður komin í fullan rekstur munu starfa þar um eða yfir 30 manns. Þá bendi ég á að í Los Angeles eru nú 15 starfsmenn í þjálfun og námi á vegum fyrirtækisins Kögunar hf. sem mun annast rekstur hins nýja ratsjáreftirlitskerfis í landinu. Þessir starfsmenn flytjast heim og hefja þar störf á árinu 1994. Aðsetur þeirra verður líklega á Keflavíkurflugvelli. Þar gæti heildarstarfsmannafjöldinn orðið lauslega áætlað um 40 manns. Líklegt er að þessum störfum tengist enn fleiri störf. Ég nefni pappírspokaverksmiðju sem tók nýlega til starfa í Njarðvík. Þar munu vinna 10–15 manns og hugað er að samstarfi við erlend fyrirtæki.

Ég nefni að sjálfsögðu að fram undan er, þegar lengra er horft, álver á Keilisnesi um leið og ástandið í efnahagsmálum heimsins vænkast. Nýlega hafa komið fram staðfestingar á því að það er álit okkar samstarfsaðila að hvergi í Evrópu sé betra að byggja upp orkufrekan iðnað en einmitt á Suðurnesjum. Á vegum iðnrn. hefur verið unnin ítarleg greinargerð um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli og það er til athugunar á vegum ríkisstjórnarinnar, bæði almennt og einnig um sérstök verkefni. Við eigum að skoða þessa hluti í víðara samhengi og sjá það skýrt að með notkun nýrrar tækni í fjarskiptum getur einmitt verið möguleiki á því að nýta okkar stöðu og sambönd landsins í alþjóðlegum viðskiptum og þjónustu í banka- og fjármálastarfsemi auk hvers konar samgönguþjónustu.

Allt eru þetta mál sem tengjast í viðskiptasamningum okkar við önnur lönd. Þess vegna eru það einna stærstu atvinnumálin fyrir okkur nú í næstu framtíð að vel takist til um samningana við Evrópubandalagið innan hins Evrópska efnahagssvæðis og um breytingarnar á GATT-samstarfinu sem nú eru í bígerð. Við gætum orðið bækistöð fyrir fyrirtæki vestan hafs sem vilja eiga viðskipti í Evrópu og við eigum að vinna að því markvisst innan lands að skapa almenn skilyrði fyrir atvinnurekstur og hlúa að nýjum hugmyndum til þess

að örva frumkvæði fólks sem vill setja á stofn nýjan atvinnurekstur. Einmitt í því skyni hefur iðnrn. undirbúið sérstakt kynningarefni fyrir þá sem vilja brydda upp á nýjungum í framleiðslu vöru eða þjónustu og stofna ný fyrirtæki. Þessi verkefni öll verða þó marklítil ef ekki tekst að varðveita þann stöðugleika í efnahagslífinu er, sem betur fer, hefur náðst og hefur nýlega verið staðfestur með giftusamlegum hætti í kjarasamningum sem væntanlega nást á grundvelli þeirrar miðlunartillögu sem þar er fram komin. Það er ákaflega mikilvægt að kjarasamningarnir stuðli að framhaldi stöðugleikans. Það eru ekki ómerkileg tíðindi að Íslendingar skuli nú vera í hópi þeirra Evrópuþjóða sem hafa lægsta verðbólgu og mestan stöðugleika í gengi og verðlagi. Það er á þeim grundvelli sem við fáum nýja viðspyrnu fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum og annars staðar. En einmitt í tengslum við gerð kjarasamninganna núna hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún sé reiðubúin, í ljósi þess hversu alvarlega horfir í atvinnumálum, til að ganga til samstarfs um atvinnumálin við Alþýðusambandið og vinnuveitendur með þátttöku sveitarfélaganna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að í framhaldi af gerð kjarasamninga er ríkisstjórnin reiðubúin að stofna samstarfsnefnd um atvinnumál með þessum aðilum sem hafi það að leiðarljósi að treysta undirstöðu hagvaxtar og atvinnuöryggis. Í þessum efnum verður hugað að stefnumörkun og aðgerðum er örvi framleiðslu og atvinnustarfsemi í landinu til lengri tíma litið. Fyrst í stað verður megináherslan lögð á aðgerðir til að bæta atvinnuástandið þegar á þessu ári.

Ríkisstjórnin er reiðubúin til að beita sér fyrir samstarfi allra aðila, þar á meðal í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði, til þess að nefndin geti unnið markvisst að verkefni sínu. Þessi yfirlýsing mun verða staðfest á næstu dögum með skipan þeirrar nefndar sem ég ætla að verði komin til starfa í næstu viku. Sú nefndarskipan er að mínu áliti vísbending um það að samstarf og samstaða hafi náðst með ríkisstjórninni og aðilunum á vinnumarkaðinum um að treysta atvinnuna í landinu. Þar eru kjarasamningarnir, sem nú eru í sjónmáli, ekki veigaminnsta innleggið.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, hef ég lokið mínu máli.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að þakka fyrir ræðu hæstv. iðnrh. sem ég get ekki skilið á annan hátt en svo að hann sé sammála meginefni og anda þeirrar tillögu sem hér er til umfjöllunar og er það vel.

Ég vil einnig fagna þeirri fjölbreytni sem mér þótti gæta og þykir gæta í málflutningi iðnrh., einkum nú í vetur, þar sem litið er til margra atvinnutækifæra en þannig held ég að heilbrigð atvinnuþróun muni verða í framtíðinni þar sem litið er á hið smáa, hinar mörgu lausnir, sem öryggi í atvinnumálum og hina affarasælustu stefnu. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni það sem okkur greinir á um. Við erum ekki sammála um hvort álver eða Evrópskt efnahagssvæði muni leysa vanda í atvinnumálum eða hvort það hafi jákvæð áhrif á atvinnuþróun. Ég held að við séum sammála, og það er það sem skiptir máli, um að grípa þarf til jákvæðra aðgerða í atvinnumálum og ég er ánægð með það að heyra að þar sé líka litið til hins smáa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarátak í skipasmíðaiðnaði, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 179. mál. — Þskj. 197.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Jóhanni Ársælssyni flyt ég hér frv. til laga um þriggja ára þróunarátak í skipasmíðum, nýsmíðum og skipaviðgerðum. Flm. eru með öðrum orðum fulltrúar Alþb. í iðnn. og sjútvn. þingsins.

Í frv. er kveðið á um þriggja ára þróunarátak í íslenskum skipasmíðaiðnaði, nýsmíði og viðgerðum og tilgangur laganna, ef frv. verður samþykkt, er að auka samkeppnishæfni íslenska skipasmíðaiðnaðarins til lengri tíma litið.

Í grg. með frv. eru raktar nokkrar ástæður fyrir því að frv. er flutt en það er vegna þess vanda sem blasir við íslenskum skipasmíðaiðnaði. Í ályktun aðalfundar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja árið 1991 segir m.a., með leyfi forseta: „Staða íslensks skipasmíðaiðnaðar hefur aldrei verið verri en nú.“ Það er því ljóst að grípa verður til sérstakra björgunaraðgerða eigi skipasmíðar og skipaviðgerðir á Íslandi ekki að leggjast af og um það fjallar frv. Nauðsynlegt er að hafa í huga að vandinn snýst ekki einungis um skipasmíðaiðnaðinn í þrengstu merkingu. Afleidd störf, sem svo eru kölluð, skipta hundruðum. Við teljum einnig mikilvægt að hafa í huga að skipasmíðastöðvarnar hafa verið mjög mikilvægur verkmenntastaður fyrir skipasmiði, málmiðnaðarmenn og rafvirkja. Það hefur því augljóslega fjölþætt og háskaleg áhrif ef skipasmíðaiðnaðurinn leggst alveg af sem gæti orðið ef svo fer fram sem horfir í dag.

Þá er auðvitað nauðsynlegt í þessu sambandi, virðulegi forseti, áður en lengra er haldið að minna á mikilvægi þess fyrir fiskveiðiþjóð umfram aðrar þjóðir að hafa góðan og öflugan skipasmíðaiðnað. Það er beinlínis mikilvægt sjálfstæðismál að við eigum hér öflugan skipasmíðaiðnað og þessi grein fái að þróast og dafna.

Hér á landi er mikil verkþekking í skipasmíðum og skipaviðgerðum og þessi iðngrein getur því með markvissum ráðstöfunum orðið samkeppnisfær við skipasmíðar í grannlöndum okkar. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar skýra stefnu í stað stefnuleysis undanfarinna ára.

Ástæður vandans eru að mati okkar flm. ekki síst þær að ekki hefur verið tekið heilstætt á málefnum skipasmíðaiðnaðarins á undanförnum árum. Þess vegna hefur greinin að mörgu leyti grotnað niður og stendur nú frammi fyrir því að leggjast af á næstu tveimur til

fjórum missirum að mati þeirra sem starfa í skipasmíðaiðnaði hér á landi.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er lagt til að gripið verði til heildaraðgerða til að koma í veg fyrir að skipasmíðaiðnaður leggist af á Íslandi. Ákveðið verði að efna til tímabundins þróunarátaks í íslenskum skipasmíðaiðnaði og er gert ráð fyrir að átakið standi yfir í þrjú ár. Rökin fyrir tímabundnu átaki eru m.a. þau að ríkisstyrkir hljóti að fara minnkandi á komandi árum. Þegar ríkisstyrkir og niðurgreiðslur opinberra aðila í samkeppnislöndum okkar eru felld niður verður íslenskur skipasmíðaiðnaður að fullu samkeppnisfær. Verði hins vegar ekki gripið til aðgerða af því tagi sem hér er gert ráð fyrir mun skipasmíðaiðnaður lognast út af og enginn verður til þess að taka við iðngreininni þegar ríkisstyrkjakerfi samkeppnislandanna er aflagt og eðlileg samkeppnisskilyrði hafa myndast.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um þetta þriggja ára átak og skýrður tilgangur frv.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir breytingum á lögum um Fiskveiðasjóð en í greininni segir:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands skal frá og með árinu 1992 til ársloka 1995 aldrei veita hærra lán til smíða eða viðgerða á fiskiskipi erlendis en sem nemur 40% af verði skipsins. Hámarkslán til skipasmíði innan lands skal nema 75%."

Hér er gerð tillaga um að koma til móts við mjög mikilvæga kröfu skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi sem flutt hefur verið aftur og aftur undanfarin ár.

Í 3. gr. er um að ræða nýmæli sem ekki hefur verið gerð tillaga um á Alþingi áður en þar er gert ráð fyrir því að þegar skip er tekið til úreldingar á móti nýju skipi verði dregin 20% frá stærð skipsins sem úrelt er ef nýja skipið er smíðað erlendis. Þetta þýðir með öðrum orðum það að ef um er að ræða að úrelda skip sem er 100 tonn eða svo og ef smíðað er á móti skipinu erlendis, þá verði hver 100 tonn tekin sem 80 tonn o.s.frv. Þetta er auðvitað gert til þess að styrkja samkeppnisstöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins.

Í 4. gr. er einnig um að ræða nýmæli sem aldrei hefur áður verið gerð tillaga um á Alþingi og nauðsynlegt er að fá nokkra umræðu um. En greinin hljóðar svo:

„Áður en samningur er gerður um smíði eða viðgerðir á skipi erlendis skal kanna hvort um er að ræða beina eða óbeina ríkisstyrki eða niðurgreiðslur til viðkomandi skipasmíðastöðvar. Leiði könnunin það í ljós að um opinberar stuðningsaðgerðir sé að ræða getur fjmrh. lagt jöfnunargjald á samningsverðið sem nemur allt að 6%."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að fjmrh. verði heimilt, ef um niðurboð og niðurgreiðslur er að ræða, að leggja á innflutt skip allt að 6% sem er auðvitað liður í því að treysta samkeppnisstöðu okkar skipasmíðaiðnaðar. Sem dæmi er það nefnt í greinargerð frv. að í Noregi eru nú í smíðum fimm skip fyrir íslenskan markað og er talið að þau kosti 3,1 milljarð kr. Þessi 6% jöfnunartollur sem hér er verið að tala um gæfi um 180 millj. kr. af þessum skipum en það er talið að í Noregi sé um að ræða 12% ríkisstyrki til skipasmíðastöðvanna. Með 6% jöfnunargjaldi, eins og hér er gerð tillaga um, er aðeins verið að vega upp helminginn af þeim niðurgreiðslum sem eiga sér stað í Noregi.

Í 5. gr. frv. er kveðið á um það að ef lagt er á jöfnunargjald skv. 4. gr. skuli fjármunum varið til þróunarverkefna í skipasmíðaiðnaði eftir nánari reglum sem tilgreindar verða í reglugerð. Hér er auðvitað um mjög mikilvægt ákvæði að ræða vegna þess að eitt af því sem þarf að gerast er auðvitað að það verði tekið heildstætt á skipulagsmálum skipasmíðaiðnaðarins og málmiðnaðarins í landinu og hér eru skapaðir möguleikar til fjármuna í því skyni. Ég tel að frv. sé ekki síst mikilvægt út frá þeirri forsendu.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um það að áður en gerður er samningur um nýsmíði á fiskiskipi erlendis eða samningur um meiri háttar viðgerð á skipi erlendis skuli ævinlega fara fram útboð sem íslenskar skipasmíðastöðvar geta tekið þátt í samkvæmt reglum sem settar verða að tillögu stjórnar skv. 7. gr. þessa frv.

Í 7. gr. er kveðið á um fimm manna þróunarstjórn, sem hafi með þetta þróunarátak að gera, en þar segir:

„Til þess að stuðla að samstarfi þeirra aðila sem í hlut eiga samkvæmt lögum þessum skipar iðnrh. fimm manna þróunarstjórn sem fylgist með framkvæmd laganna. Stjórnin er skipuð einum manni frá Fiskveiðasjóði, einum manni sem tilnefndur er af sjútvrh., einum fulltrúa sem tilnefndur er af samtökum launafólks í greininni, einum manni sem tilnefndur er af atvinnurekendum í greininni og einum manni sem tilnefndur er af iðnrh. og er hann formaður nefndarinnar."

Í 8. gr. segir svo:

„Stjórnin, skv. 7. gr., beitir sér fyrir samstarfi þeirra aðila sem mestu skipta um þróun skipasmíðaiðnaðarins, bæði fulltrúa launafólks í greininni og atvinnurekenda, fulltrúa rannsóknastofnana ekki síst og ráðuneyta. Stjórnin skal sérstaklega beita sér fyrir markaðssetningu á vörum og þjónustu íslenska skipasmíðaiðnaðarins."

Í þessu frv. er hreyft allmörgum hugmyndum skipasmíðaiðnaðarins sem ekki hafa áður komið í frumvarpsformi inn á Alþingi. Það er nauðsynlegt og æskilegt að fá afstöðu Alþingis og ríkisstjórnar til þeirra hugmynda sem hér er hreyft í einstökum atriðum og ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu þannig að það væri hægt að heyra hans sjónarmið til þeirra hugmynda sem fram koma í frv. en það má í grófum dráttum segja að þau séu fimm nýjar hugmyndir sem settar eru fram: Í fyrsta lagi um breyttar lánareglur Fiskveiðasjóðs. Í öðru lagi um aðra aðferð við úreldingu skipa þegar á móti úreltu skipi er smíðað erlendis. Í þriðja lagi tillagan um jöfnunargjald sem lagt yrði á. Í fjórða lagi er það tillagan um að jöfnunargjaldinu yrði varið til þróunarverkefna. Og í fimmta lagi er það hugmyndin um að skipuð verði þróunarstjórn og að efnt verði til þróunarátaks til þriggja ára til þess að varðveita skipasmíðagreinina þangað til menn eru búnir að taka niður styrkina í samkeppnislöndum okkar í skipasmíðum, en það er auðvitað ljóst að þeir styrkir og þær niðurgreiðslur, t.d. í Noregi, eru

svo að segja alveg að drepa niður okkar skipasmíðaiðnað.

Hvernig stendur þetta núna? Þetta frv. var flutt í nóvember ef ég man rétt, í febrúar í vetur fékk ég yfirlit um það frá Landssambandi iðnaðarmanna hvað er verið að smíða af skipum, bæði hér og erlendis og ég ætla að fara aðeins yfir það, með leyfi forseta. Það er þá verið að smíða innan lands sýnist mér fimm skip að mati Landssambands iðnaðarmanna. Þetta eru litlir bátar alveg niður í 9 tonn í Skipavík í Stykkishólmi. Það er verið að smíða 140 tonna skip í Skipasmíðastöð Njarðvíkur, það eru skráð 500 tonn á Slippstöðina á Akureyri og önnur 500 tonn á Slippstöðina á Akureyri í hennar eigu sem menn kannast við hvernig hefur farið með og svo 22 tonna bátur í Skipabrautinni sf. í Njarðvíkum. Þetta er allt sem er talið upp þá í yfirliti Landssambands iðnaðarmanna sem sé í gangi á Íslandi.

Síðan er það sem verið er að smíða í skipasmíðastöðvum erlendis. Það eru sjö skip og þau eru upp í 2.100 brúttótonn. Það er 262 tonna skip í Portúgal fyrir Borg hf., 3.800 tonna skip fyrir Herjólf hf., 1.700 tonna skip fyrir Samherja hf. í Flekkefjord, 2.100 tonna skip fyrir Ögurvík hf. í Flekkefjord, 2.000 tonna skip fyrir Skagstrending hf. í Bergen, 700 tonna skip fyrir Kristján Guðmundsson í Tomrefjord og 700 tonna skip í Tomrefjord líka fyrir Kristján Guðmundsson. Hér er með öðrum orðum um það að ræða að það eru stórfelld smíðaverkefni í gangi erlendis fyrir íslenska útgerðaraðila upp á fleiri þúsund tonn á sama tíma og heildin sem Landssamband iðnaðarmanna telur fram í símbréfi til mín í febrúar, mér sýnist að hún sé eitthvað um 1.100 tonn. Það er því alveg augljóst mál að eins og staðan er núna er skipasmíðaiðnaður að leggjast af á Íslandi og á sama tíma er það auðvitað alveg ljóst að við verðum að eiga okkar skipasmíðar hér á landi vegna þess að við erum einfaldlega fiskveiðiþjóð og þurfum á því að halda að gera við skip og smíða skip. Og það er líka ljóst sem hvert barn sér að með því að skipasmíðarnar leggjast af, þá náttúrlega leggst líka af grundvöllur fyrir viðgerðirnar vegna þess að þetta hangir saman og þegar við erum hættir að geta gert við okkar skip, hvar stöndum við þá? Erum við þá fiskveiðiþjóð sem rís undir nafni? Auðvitað ekki.

Í símbréfi til mín frá Landssambandi iðnaðarmanna í febrúarmánuði sl. er komist þannig að orði um verkefnastöðu fyrirtækja í Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja í febrúar 1992, með leyfi forseta:

„Nú um miðjan febrúar gerði Félag dráttarbrauta og skipasmiðja lauslega könnun á verkefnastöðu félagsmanna. Í könnuninni náðist í 14 af 16 félagsmönnum. Í ljós kom að staðan er almennt mjög slæm þó að einstakar stöðvar standi sæmilega. Talsvert ber á aukaverkefnum, t.d. smáverk í landi eða verkefni í tengslum við vinnslulínur og fiskvinnsluvélar. Almennt er mikil óvissa með verkefni í náinni framtíð. Nokkuð sem veldur erfiðleikum í skipulagningu hjá stöðvunum. Sumar stöðvar eru algerlega verkefnalausar og hafa sagt upp mannskap af þeim sökum. Dauft er yfir útboðsmarkaðnum og virðast útgerðarmenn halda að sér höndum. Forráðamenn sumra stöðvanna kvörtuðu undan því að farið væri af stað með útboð án þess að ákveðið væri að ráðast í framkvæmdir, þ.e. að útgerðarmenn væru að gera eins konar verðkannanir. Einnig finnst mörgum að leikreglur séu oft ekki virtar í útboðum. Þetta er afar slæmt þó svo ástandið sé reyndar álíka slæmt í öðrum atvinnugreinum."

Félag dráttarbrauta og skipasmiðja tók einnig saman fyrir mig yfirlit yfir þróun starfsmannafjölda á undanförnum árum hjá einstökum skipasmíðastöðvum og skipaviðgerðarstöðvum á Íslandi og það kemur fram að um áramótin 1986 og 1987 voru 870 manns í vinnu í þessum fyrirtækjum sem eru innan Félags dráttarbrauta og skipasmiðja en í febrúar sl. voru þessir starfsmenn tæplega 630 og hafði fækkað um 240 á þessum tíma. Og það segir sig sjálft að það munar um þetta í því ástandi sem við erum í núna í efnahags- og atvinnumálum þegar heil grein er svo að segja að fara á hliðina og leggjast af. Ég held að góð stefna í atvinnumálum byggist ekki bara á því að reyna að finna eitthvað nýtt, eins og það er kallað, heldur byggist hún líka á því að halda utan um það sem til er. Það hefur því miður ekki tekist.

Á þessum tímum, um áramótin 1986–1987, voru mörg lítil fyrirtæki í gangi í skipasmíðum á Íslandi. Mörg þeirra eru núna hætt störfum. Ég ætla að fara yfir þau. Það var t.d. Bátalón hf. sem hafði þá 33 starfsmenn, er núna ekki til, með engan starfsmann. Það var Bátanaust hf. sem hafði þrjá starfsmenn, hefur núna engan. Það var Daníel Þorsteinsson og co. hf. sem hafði 17 starfsmenn, hefur núna 10. Það var Dröfn hf. sem hafði 40 starfsmenn, hefur núna 45 og er eitt fyrirtæki af örfáum sem bætir aðeins við sig. Það var fyrirtækið Naustir hf. sem hafði 5, hefur núna engan. Það var fyrirtækið Nökkvi hf. sem hafði 15 en hefur núna 12. Það var dráttarbraut Síldarvinnslunnar í Neskaupstað sem hafði 30 en hefur 36, bætir þó við sig 6 mönnum. Það var Skipalyftan hf. sem hafði 90 menn en hefur núna 35. Það var Skipasmiðjan Hörður sem hafði 25 menn en hefur núna engan. Skipasmiðja Marsellíusar hf. sem hafði 27, hefur núna 35, bætir við sig. Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hafði 65, fer niður í 50. Skipaviðgerðir hf. fer úr 17 í 14. Skipavík hf. fer úr 26 í 22. Svo kemur það sem munar mest um, Slippstöðin hf. fer úr 270 í 160. Stálsmiðjan fer úr 20 og bætir við sig á þessum tíma og er núna með skráða menn í verkefnum af þessu tagi um 100. Stálvík hf. fer úr 70 niður í núll. Hún hverfur á þessum tíma. Vélsmiðja Seyðisfjarðar fer úr 20 í 5. Vör hf. skipasmíðastöð fer úr 19 í 24. Þorgeir & Ellert fer úr 110 í 60 á þessum tíma og niðurstaðan er sú að á þessum tíma fækkar starfsmönnum í skipasmíðum á Íslandi um 240 manns. Það munar um minna í þessu landi.

Menn voru áðan að ræða um atvinnumál á Suðurnesjum. Ég held að menn ættu kannski að skoða þessa hluti í einhverju samhengi og átta sig á því að það getur verið skynsamlegt í atvinnumálastefnu að halda utan um það sem til er líka. Það kemur sem sagt á daginn að á þessum lista, sem ég las upp, eru í raun og veru fjórar skipasmíðastöðvar, að vísu litlar eins og Báta-

lón, sem eru núna úr sögunni, hafa algerlega verið aflagðar. Flestar hafa í raun og veru lent í því að um er að ræða verulegan samdrátt og örfáar, líklega fjórar, bæta aðeins við sig á þessum tíma.

Auk þess er það auðvitað alveg ljóst, virðulegi forseti, að ef þessu heldur svona áfram eins og verið hefur, þá mun fækka enn þá í þessum hópi. Það er ekki búið að búa til neina girðingu í þeim efnum þannig að þessi starfsemi haldi áfram svo að ég tel að hreyft sé býsna stóru máli og nauðsynlegt að átta sig á því hvernig hæstv. ríkisstjórn og hv. Alþingi vilja taka á því og þess vegna lagði ég á það áherslu að fá að mæla fyrir þessu frv. hér í dag að það kæmist til nefndar og það yrði sent til umsagnar og menn gætu fengið skoðanir á því í þinginu núna næstu daga.

Það er auðvitað oft talað þannig í þessari atvinnumálaumræðu og alveg sérstaklega núna að undanförnu eins og allt sé í kaldakoli á Íslandi og það sé óhjákvæmilegt að það sé í kaldakoli. Það sé í raun og veru eins og einhverjar hremmingar sem þjóðin sé dæmd til að taka á sig, að hér sé allt í steik eins og það heitir á nútímaíslensku. En það er bara ekkert endilega þannig, staðreyndin er sú. Þegar við skoðum þá möguleika sem þjóðin á á ýmsum sviðum þá eru þeir margir. Stofnun eins og Þjóðhagsstofnun, sem hæstv. iðnrh. veit að er ekkert sérstaklega ýkin þegar hún er að spá svona inn í framtíðina, hún er vön að vera svona heldur hófleg, ég segi nú ekki meira, hún jafnvel kemst að þeirri niðurstöðu að við getum ágætlega lifað af í þessu landi. Ég hef undir höndum álit Þjóðhagsstofnunar á því hvernig hlutirnir gætu þróast í íslenskum efnahags- og atvinnumálum næstu tvo áratugi eða svo. Þjóðhagsstofnun gerir t.d. ráð fyrir því að á þessum tíma geti útflutningsframleiðsla aukist mjög verulega eða um 70–80% að meðtöldu verulegu magni af áli. Ef við skoðum þessar tölur Þjóðhagsstofnunar kemur það fram að útflutningsframleiðslan núna á árinu 1990 er talin vera 90 milljarðar. En Þjóðhagsstofnun skoðar þetta t.d. miðað við árið 2015 og er þar með töluna 210 milljarða á móti 90 milljörðum. Þjóðhagsstofnun telur að langstærsti hlutinn af þessu komi frá sjávarútveginum, þar geti verið um að ræða aukningu í útflutningsverðmætum úr 68 milljörðum í um 111 milljarða á þessum tíma. Og jafnvel þó að við sleppum algerlega álverksmiðjum út úr þessu dæmi getum við samt sem áður verið með aukningu á útflutningsverðmætum þjóðarinnar á tímanum fram til ársins 2015 að mati Þjóðhagsstofnunar upp á sennilega um það bil 50%.

Ef við skoðum hvað það er sem Þjóðhagsstofnun er þarna með þá er hún t.d. með á þessum tíma hugmyndir um að útflutningur með raforku með sæstreng geti gefið okkur um 19 milljarða. Hún er með það að tekjur af ferðamönnum muni meira en tvöfaldast á þessum tíma og tekjur af samgöngum muni meira en tvöfaldast á þessum tíma. Það er því alveg ljóst að þó að um sé að ræða að mörgu leyti erfiðan öldudal í efnahagsmálum okkar núna eins og sakir standa þá er engin ástæða til þess fyrir þjóðina að leggja árar í bát, ekki nokkur ástæða til þess. Þvert á móti er hægt að flytja fyrir því fullnægjandi rök að þessi þjóð geti, þegar hún kemur upp úr þessum öldudal, búist við tiltölulega mjög góðum lífskjörum miðað við það sem gerist í kringum okkur. Það er því engin ástæða til þess að leggjast í varanlega svartsýni eða ég tala nú ekki um í „Weltschmerz". Ég vona að menn viti eftir viðtal Matthíasar Johannessen við Halldór Laxness í sjónvarpinu í gærkvöld hvað það orð þýðir. — Það er engin ástæða til þess að leggjast hér í gróflegan „Weltschmerz" til langs tíma þó að það þrengi dálítið að um þessar mundir. Og þess vegna er þetta frv. um þróunarátak í skipasmíðaiðnaði flutt af okkur sem erum fulltrúar Alþb. í iðnn. og sjútvn. Ég vænti þess að það fái jákvæða umræðu og mér þætti mikilvægt að það lægi fyrir einhver skoðun hæstv. iðnrh., sem hefur auðvitað mikið um þetta mál að segja, á þeim grundvallaratriðum sem hreyft er í þessu frv.

Ég vil líka taka það fram að þetta er auðvitað ekki hugsað þannig af okkur að við teljum að þetta sé eitthvað óumbreytanlegt og endanlega fullkomið. Það er mjög langt frá því. Við erum tilbúnir til að skoða málið í heild með hliðsjón af öðrum, breyta og laga. Aðalatriðið fyrir okkur er það að Alþingi átti sig í fyrsta lagi á því að ástandið er slæmt og í öðru lagi að það er hægt að bæta það.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hér á Alþingi hafa í vetur ítrekað orðið umræður um stöðu skipasmíðaiðnaðarins og ekki að ástæðulausu því að þessi iðngrein hefur átt á brattann að sækja á undanförnum árum. Skipasmíðastöðvarnar hafa átt í miklum erfiðleikum og starfsmönnum hefur fækkað jafnt og þétt. Sum fyrirtæki í greininni hafa hætt starfsemi og hjá flestum þeirra sem enn eru starfrækt hefur orðið mikil fækkun starfsmanna.

Fyrir um 10 árum voru 1.000 ársverk í íslenskum skipasmíðastöðvum. Ekki veit ég nákvæmlega um fjölda þeirra í dag en ég hygg að þeim hafi fækkað um allt að því helming. Það er auðvitað margt sem veldur þessum samdrætti og erfiðleikum hjá skipasmíðastöðvunum, m.a. breytingar sem orðið hafa hjá útgerðinni með kvótakerfinu og samdrætti í afla, erfið samkeppnisstaða gagnvart skipasmíðastöðvum þeirra þjóða sem ríkisstyrkja þessa iðngrein sem stundum hefur leitt til þess að íslensku stöðvarnar hafa freistast til þess að bjóða allt of lágt í verk til að ná í verkefni og halda starfseminni gangandi. Þá hafa íslensku stöðvarnar ekki, þrátt fyrir margítrekaðar óskir, fengið að sitja við sama borð og erlendar hvað varðar ábyrgðir íslenskra banka vegna viðgerðarverkefna og hafa forráðamenn skipasmíðastöðvanna ítrekað lýst óánægju sinni með það eins og gefur að skilja.

Það er mín skoðun að langvarandi áhugaleysi íslenskra stjórnvalda eigi einnig nokkurn þátt í því hvernig komið er fyrir þessari grein og ég verð að segja það að þó að ég fagni áhuga flm. þessa frv þá hefði ég kosið að hv. þm. Svavar Gestsson og Stein-

grímur J. Sigfússon, sem báðir voru ráðherrar í síðustu ríkisstjórn, hefðu þá beitt sér af krafti til stuðnings þessari iðngrein.

Ég ætla ekki að halda því fram að stjórnvöld hafi ekkert gert í málefnum skipasmíðaiðnaðarins þó að mér finnist áhuginn oft hafa mátt vera meiri. Þáv. hæstv. iðnrh., Friðrik Sophusson, beitti sér fyrir því að enskt ráðgjafarfyrirtæki gerði úttekt á íslenskum skipasmíðastöðvum og tillögur um stefnumótun bæði fyrir einstök fyrirtæki og iðngreinina í heild. Og í tíð núv. hæstv. iðnrh., Jóns Sigurðssonar, var þessu verki lokið og enska fyrirtækið Appeldore skilaði ítarlegum skýrslum þar sem fram komu margar ágætar ábendingar. Þá hefur einnig á undanförnum árum nokkrum nýsmíða- og endurbótaverkefnum sem ríkið hefur haft með að gera verið beint til innlendra skipasmíðastöðva.

Hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í framsöguræðu sinni og í samþykkt aðalfundar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja á síðasta ári þar sem glöggt kom fram ástand þessarar greinar við ríkisstjórnarskiptin í fyrra. En í tíð núv. ríkisstjórnar hefur loksins verið tekið á þýðingarmiklum málum sem allt of lengi hafa vafist fyrir stjórnvöldum. Þannig hefur hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson beitt sér fyrir því að lánshlutföllum Fiskveiðasjóðs Íslands hefur verið breytt þannig að lánveitingar til innlendra skipasmiðja verða miklu hærri en til erlendra. Og Alþingi hefur nýlega samþykkt lög sem heimila erlendum fiskiskipum að landa afla og leita þjónustu hér á landi en það hefur lengi verið baráttumál Félags dráttarbrauta og skipasmiðja sem telur að þetta geti leitt til stóraukinna viðskipta við erlend skip og aukinna viðskipta þeirra við íslenskar skipasmiðjur og aðra þjónustuaðila. Því miður urðu þau lög reyndar ekki eins afdráttarlaus og gert var ráð fyrir í frv. hæstv. sjútvrh. eftir þær breytingar sem gerðar voru á frv. í meðferð Alþingis en samt eru lögin spor í rétta átt.

Því hefur verið haldið fram nokkuð lengi, líklega í sjö eða átta ár að ekki þyrfti að byggja fleiri fiskiskip fyrir Íslendinga. Flotinn væri þegar allt of stór og íslenskar skipasmiðjur yrðu því að snúa sér að öðrum verkefnum ef þau fyndust. Samt er það nú svo að allar götur síðan hafa skipasmíðastöðvar víða um heim, aðallega þó í Noregi, verið að smíða ný fiskiskip fyrir Íslendinga á sama tíma og íslensku stöðvarnar hafa verið því sem næst verkefnalausar og starfsemi þeirra dregist jafnt og þétt saman. Hámarki nær þessi starfsemi líklega um þessar mundir en nú munu í smíðum skip erlendis fyrir a.m.k. 3–4 milljarða en ekkert hér innan lands. Ég verð að segja að það er grátlegt að horfa á eftir þessum verkefnum úr landi, ekki síst vegna þess að það er óumdeilt að þau skip sem byggð hafa verið hér heima standast fyllilega samkeppni við það besta sem kemur erlendis frá.

Það er mikilvægt að þessi iðngrein, skipasmíðar og skipaviðgerðir, nái að snúa vörn í sókn og ég tel að það sé í raun síðustu forvöð vegna þess að haldi þróun síðustu ára áfram þá leggst þessi iðngrein af á allra næstu árum. Ég tel að það yrði óbætanlegt tjón fyrir þessa þjóð sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi. Þar með mundi glatast sú mikla reynsla og þekking sem Íslendingar hafa aflað sér á þessu sviði á síðasta aldarfjórðungi jafnframt því sem viðgerðarþjónusta við flotann mundi skerðast verulega.

Ég vil einnig minna á og taka undir með hv. flm. Svavari Gestssyni að skipasmíðastöðvarnar hafa verið mjög afkastamiklar í iðnmenntun og stór hluti þeirra málmiðnaðarmanna, sem lokið hafa iðnnámi síðasta aldarfjórðung, hafa verið iðnnemar hjá þessum fyrirtækjum auk iðnnema í ýmsum öðrum greinum svo sem í rafvirkjun og trésmíði.

Í því frv. sem hér er til umræðu er ýmislegt athyglivert og reyndar hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd því sem gert er ráð fyrir í 2. gr. varðandi lánshlutfall Fiskveiðasjóðs, eins og ég nefndi hér áðan, þó lánshlutfallið sé kannski ekki nákvæmlega það sama og hér er gert ráð fyrir.

Ég vil sérstaklega taka undir 6. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að íslenskum skipasmíðastöðvum sé gefinn kostur á að taka þátt í útboði áður en gerður er samningur um nýsmíði eða meiri háttar viðgerðir erlendis. Fyrir líklega 10 eða 15 árum voru í gildi reglur líkar þessu hvað varðaði viðgerðarverkefni þó ekki væru þær lögbundnar. Þá fékkst ekki fyrirgreiðsla til að fara með slík verk úr landi nema íslenskum fyrirtækjum hefði áður verið gefinn kostur á að taka þátt í tilboði. Þetta gafst allvel en síðan smáslaknaði á þessum reglum og á síðustu árum hefur þetta verið alveg frjálst.

Ég er þeirrar skoðunar að það verði með einhverjum hætti að skapa þær aðstæður að íslenskur skipaiðnaður komist yfir þá erfiðleika sem að honum hafa steðjað að undanförnu. Það er skoðun margra að niðurgreiðslur í samkeppnislöndum okkar verði aflagðar á næstu árum og þegar það verður munu íslensku skipasmíðastöðvarnar verða fyllilega samkeppnisfærar við erlendar hvað verð varðar. Það má því alls ekki gerast að þessi iðngrein líði undir lok.

Í tíð núv. ríkisstjórnar hafa verið stigin mikilvæg skref til stuðnings skipasmíðaiðnaðinum, eins og ég nefndi hér áðan, með breytingum á lánshlutföllum Fiskveiðasjóðs og setningu laga um heimild til erlendra skipa að landa hér afla og sækja þjónustu. Þetta er hvort tveggja mjög mikilvægt og hefur verið baráttumál samtaka skipasmíðastöðvanna í fjölda ára. En það er ýmislegt fleira sem þarf að gera og ég tek undir þá sjálfsögðu ósk íslenskra skipasmíðastöðva að sitja við sama borð og erlendar hvað varðar bankaábyrgðir vegna viðgerðarverkefna og einnig að stöðvunum sé gefinn kostur á að bjóða í stærri verk áður en um þau er samið erlendis.

Ég tel fulla ástæðu til að skoða nánar þær hugmyndir sem fram koma í 3. og 4. gr. þessa frv. um úreldingu og jöfnunargjald. Þetta eru athyglisverðar tillögur sem full ástæða er að skoða nánar að mínu mati.

Ástand og horfur eru þannig í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir að trúlega verður ekki mikið um stór nýsmíða- eða viðgerðarverkefni á næstunni og það er því mikilvægara en nokkru sinni áður að halda

þessum verkum hér heima og vonandi taka allir aðilar höndum saman til að svo megi verða.

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessu frv. Ég tel að iðnaðartækifæri í skipasmíðum séu einhver þau bestu sem möguleiki er á á Íslandi og það sé mikið slys hvernig hefur farið fyrir skipasmíðaiðnaðinum hér á undanförnum árum þar sem samdráttur hefur orðið geysilega mikill. Í skipasmíðum og þjónustu við útgerðaraðila eru fólgin einhver mestu iðnaðartækifæri á heimamarkaði sem Íslendingar eiga. Stefna stjórnvalda hlýtur þess vegna að verða að miða að því að nýta sér þessa möguleika til að skapa atvinnutækifæri í landinu. Íslenskur skipaiðnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja að undanförnu. Það hefur verið mikill samdráttur, bæði í nýsmíðum og viðgerðum og fyrirtæki, sem hafa hætt rekstri, eins og hv. 1. flm. nefndi hér áðan, eru orðin a.m.k. fjögur. Reynsla, þekking og þjálfun hefur glatast til mikils tjóns fyrir alla þessa starfsemi. Á sama tíma hafa mörg skip verið smíðuð og töluverður hluti viðhalds og endurbóta farið fram erlendis. Tómlæti stjórnvalda og jafnvel neikvæð afstaða sumra forustumanna í sjávarútvegi virðast hafa verið ráðandi á undanförnum árum. Það er löngu tímabært að stjórnvöld vinni markvisst að því að snúa þessari öfugþróun við.

Aðalástæða þess hvernig komið er er mikill stuðningur stjórnvalda í samkeppnislöndum okkar við skipasmíðaiðnað þar. Það mun vera niðurgreiðsla upp á líklega 12% í Noregi, eftir því sem okkur er sagt, og um 28% í EB-löndunum.

Það slysaðist þannig til í sambandi við þessa hugsanlegu EES-samninga að ef þeir verða að veruleika þá hefur ekki tekist að rétta hlut skipasmíðaiðnaðarins í þeim. Ég ætla að vitna hér, með leyfi forseta, í forustugrein Landssambands iðnaðarmanna í 2. tbl. Iðnaðaðarins en þar stendur:

„Á einu sviði, sem mikilvægt er fyrir íslenskan iðnað, stóð ágreiningur allt fram á síðustu stundu, en það eru ríkisstyrkir til skipasmíða. Hjá EB eru í gildi svonefnd 7. tilskipun um ríkisstyrki til skipasmíða. Auk þess að setja ákveðið hámark á heildarfjárhæð ríkisstyrkja sem hlutfall af samningsverði felur þessi tilskipun í sér að styrkir sem raska innbyrðis samkeppni milli skipasmíðastöðva í aðildarlöndunum eru bannaðir. Í þessu felst með öðrum orðum að þegar um er að ræða samkeppni milli fyrirtækja í aðildarlöndunum geta fyrirtæki ekki náð til sín smíðasamningum í krafti hærri ríkisstyrkja en keppinautarnir. Slíkir samningar eru einfaldlega bannaðir. Það var því afar eftirsóknarvert fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað að öðlast með EES-samningum aðild að þessari tilskipun. Í því hefði falist þýðingarikil vörn gegn því að fyrirtæki í öðrum EES-löndum, t.d. Noregi, á Spáni og í Portúgal, haldi áfram að undirbjóða íslenskar skipasmíðastöðvar í krafti ríkisstyrkja. Í ljósi þessa lagði Landssamband iðnaðarmanna ríka áherslu á það við íslensk stjórnvöld að tryggð yrði fullgild aðild að 7. tilskipuninni.

Nú liggur niðurstaða um ríkisstyrki til skipasmíða sem teljast verður mjög mikil vonbrigði fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Ekki náðist samkomulag um það að 7. tilskipunin yrði hluti af EES-samningi. Ekki náðist heldur samkomulag um bókun sem talist getur góð trygging fyrir því að EFTA-ríkjunum gefist síðar kostur á aðild að nýrri tilskipun EB um sama efni. Með samningnum fylgja einungis tvær stuttar bókanir um þetta efni. Önnur er sameiginleg og segir einfaldlega að á meðan 7. tilskipunin er í gildi nái hinar almennu reglur samningsins um bann við ríkisstyrkjum (nema þeir séu sérstaklega leyfðir) ekki til skipasmíða. Ríkisstyrkir til skipasmíða verða með öðrum orðum leyfðir innan EES og engar ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif þeirra á samkeppnisskilyrði fyrirtækja.

Hins vegar er mjög almennt orðuð yfirlýsing frá EB um það að bandalagið stefni að því að lækka ríkisstyrki til skipasmíða. Við ákvörðun um það hvort og hvenær nýjar reglur verða settar um ríkisstyrki til skipasmíða þegar 7. tilskipunin rennur út muni bandalagið meta samkeppnisskilyrði í skipasmíðaiðnaði á öllu EES-svæðinu, hafa samráð við EFTA-ríki og taka mið af viðleitni á alþjóðavettvangi í því að draga úr ríkisstyrkjum."

Svo endar þessi forustugrein svona:

„Það þarf mikla bjartsýni til þess að ætla að íslenskum skipasmíðaiðnaði verði mikið hald í þessari bókun. Boltinn er því enn sem fyrr hjá íslenskum stjórnvöldum. Ætla þau á einhvern hátt að mæta miklum ríkisstyrkjum í samkeppnislöndum íslensks skipasmíðaiðnaðar eða horfa aðgerðarlaus á það að margra milljarða framleiðslutækifæri fari úr landi vegna óeðlilegra viðskiptahátta samkeppnisþjóða? Höfum við svo marga góða kosti í atvinnumálum að við höfum efni á að láta íslenskan skipasmíðaiðnað lognast út af vegna þess að keppinautarnir hafa rangt við?"

Ég held að þetta segi allt sem segja þarf um það hlutverk sem íslensk stjórnvöld hljóta að eiga núna, þ.e. ef þau ætla sér að tryggja framtíð þessa iðnaðar í landinu. Það hlutverk er að sjá til þess að skipasmíðaiðnaðurinn rétti úr kútnum og að hann geti staðið af sér þann tíma sem það tekur að fá þessa samkeppnisaðstöðu lagfærða. Ég tel reyndar að við hefðum fyrir langa löngu getað tryggt samkeppnisaðstöðu okkar gagnvart Noregi. Það er ekki það mikið sem þar hallast á og ég tel að þau atriði, sem eru nefnd í frv. sem hér er til umræðu, mundu alveg geta rétt það af sem þar hallast á. Ég vil nefna sem dæmi að ef það hefðu verið í gildi einhvers konar reglur um útboð, þá tel ég nánast víst að það verkefni sem hv. 1. flm. nefndi áðan, þ.e. smíði á tveimur skipum í Noregi fyrir Kristján Guðmundsson á Rifi, hefði orðið íslensk framleiðsla því að það kom í ljós þegar sjútvn. heimsótti skipasmíðastöðina á Akureyri og við spurðum sérstaklega hvort þeir hefðu fengið tækifæri til að bjóða í þetta verkefni þá sögðu þeir okkur að þeir hefðu frétt af þessu á skotspónum en aldrei fengið tækifæri til að bjóða í verkið. Það segir sitt um þessa hluti. Þegar forstjóri stöðvarinnar heyrði um það verð sem hefði verið samið um fyrir þessi skip þá taldi hann mjög lík-

legt að þeir hefðu getað samið á þessu verði.

Ég tel að reglur um þetta séu mjög nauðsynlegar og geti komið í veg fyrir þá óheillaþróun sem hér hefur verið. En þessar reglur þurfa að vera ítarlegar og það þarf að tryggja að þessum útboðum sem fara fram verði síðan fylgt eftir með því að þessi verk verði ævinlega gerð upp, bæði þau sem fara fram innan lands og þau sem fara fram erlendis, þannig að menn sjái hvernig raunveruleikinn verður, hvort tilboð standast og hver kostnaður viðkomandi fyrirtækja verður af þessum tilboðum eða verkefnum.

Það er margt sem hægt er að hugsa sér að geti orðið verkefni íslensku skipasmíðastöðvanna á næstunni. En eitt af þeim stærstu sem maður getur ímyndað sér er verkefni sem væri í því fólgið að stækka ýmis skip vegna fullvinnslu í borð. Við sjávarútvegsnefndarmenn höfum fengið skýrslu þar sem farið er yfir hugmyndir í sambandi við endurskoðun, eða endurbætur réttara sagt, á flotanum og hvað það mundi gefa af sér að fullvinna um borð í þessum fullvinnsluskipum, sem svo eru kölluð, allan úrgang sem núna fer í hafið. Það mundi vera um helmingur af því sem um borð kemur sem fer aftur í hafið af því sem menn veiða úr sjónum.

Niðurstaða þessarar skýrslu, sem ég hef því miður ekki tekið með mér, er sú að það sé mjög arðbært fyrirtæki að lengja a.m.k. 14 af minni togurunum og að breyta hinum stærri þannig að menn geti unnið um borð meltu og fullunnið þar með 96% af því sem núna er fleygt í sjóinn. Þetta er verkefni sem mundi geta kostað í kringum, ef ég man rétt, um 3,2 milljarða og þar af mundu lengingarnar sem verið er að tala um, einar og sér geta kostað 700–800 millj. a.m.k. Þarna væri á ferðinni að mér finnst tækifæri fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar og möguleiki fyrir íslensk stjórnvöld með því að tryggja að þetta verkefni verði innlent verkefni. Þetta yrði sem sagt vítamín handa íslenskum skipasmíðaiðnaði.

Auðvitað er þetta ekki eina verkefnið. Þetta land á alveg óskaplega mikið undir útgerðinni og það auðvitað gengur ekki til lengdar að láta fiskiskipin drabbast niður og eldast. Við verðum auðvitað að endurnýja þau. Bátaflotinn er nánast allur úreltur. Togaraflotinn, þ.e. ísfisktogaraflotinn er allur meira og minna úreltur. Það þarf auðvitað að fara að endurnýja þessi skip og við höfum ævinlega lent í því að þetta hefur komið í skriðum. Nú hefur þetta dregist um langa tíð og það sem mun gerast einhvern tímann á næstu árum er að þessi blaðra springur. Menn verða að fara að endurnýja mjög hratt og þá er þessi sama hætta sem vofir yfir, þ.e. að það verði það mikið álag á íslenskum skipasmíðastöðvum, ef þær þá eru samkeppnisfærar þegar þessi tími rennur upp, að sú krafa verði uppi að menn fái að fara utan með þessi verkefni.

Að mínu viti er það hlutverk stjórnvalda að stuðla að því að svona ástand komi helst aldrei upp og að eitthvert skipulag sé á þessum málum þannig að hægt sé að skipuleggja fram í tímann verkefni skipasmíðastöðvanna og að flotanum sé haldið við í landinu. Menn þurfi ekki að fá á sig skriðu af innfluttum skipum og alla þá fjárfestingu sem því fylgir eins og hefur verið í gegnum tíðina.

Það er eitt sem mig langar til að spyrja vegna þess að nú ber svo við að hæstv. iðnrh. er hér staddur og mér finnst það mjög mikilvægt vegna eins af þeim atriðum sem kemur fram í frv., þ.e. þess atriðis að útlánareglum Fiskveiðasjóðs verði breytt. Það hefur komið fram að sjútvrh. hafi beitt sér fyrir því að þessum útlánareglum verði breytt. En það vakti sérstaka athygli mína í umræðum hér í þinginu um daginn um þáltill. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, að hæstv. sjútvrh. komst svona að orði, með leyfi forseta:

„En það er auðvitað sérstaklega athyglisvert að þingmaður Alþfl." — þá er hann að tala um hv. 7. þm. Reykv. — „skuli koma hér upp og lýsa yfir stuðningi við tillögu Alþb. um að stöðva frekari frystitogarakaup í ljósi reynslunnar. Ég hef haft af því nokkrar áhyggjur að þessi þróun yrði of ör. Ég beitti mér þess vegna fyrir því að lánveitingar í Fiskveiðasjóði yrðu takmarkaðar þegar í ljós kom að sjóðstjórnin hafði veitt nokkuð mikil lán til nýrra verkefna á þessu sviði. Þegar til átti að taka ákvað hæstv. viðskrh. hins vegar að opna allar flóðgáttir fyrir erlendri lántöku til þess að fjölga frystitogurum." — Þetta sagði hæstv. sjútvrh. og mig langar til þess að fá að vita það hjá hæstv. iðnrh. úr því hann er hér staddur hvernig eiginlega þessi mál standa í dag. Er það raunverulega þannig að þessari breytingu á útlánareglum Fiskveiðasjóðs hafi verið mætt með einhverjum öðrum hætti þannig að það eru opnar, eins og hæstv. sjútvrh. sagði, allar flóðgáttir fyrir innflutning á skipum erlendis frá vegna þess að hæstv. iðnrh. hafi einhvern veginn komið því þannig fyrir að menn gætu farið sínu fram?

Mig langar til þess að segja vegna þess nýmælis sem er í frv. um að beita einhvers konar jöfnunargjaldi, að ég sé við það ýmsa kosti og ég sé ekkert óeðlilegt við það og tel reyndar að það sé skylda okkar að láta ekki vaða yfir okkur með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum með því að nota niðurgreiðslur og aðrar slíkar aðferðir til þess að taka af okkur þessi iðnaðartækifæri sem við eigum og eru okkar stærstu iðnaðartækifæri á innanlandsmarkaði, þá eigum við auðvitað að nota svona aðferðir. Við eigum hreint alls ekki að sleppa þessum iðnaðartækifærum sem við höfum. Við höfum líka notað svona aðferðir. Ég er með fyrir framan mig Stjórnartíðindi B 62/1991 en þar kemur fram að jöfnunartollur skal vera 38 kr. fyrir hvert kg af kökum. Er einhver ástæða til að nota frekar jöfnunargjald til að íslenskir bakarar fái að baka kökur en að íslenskir skipasmiðir fái að smíða skip? Mér er spurn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vandamál skipaiðnaðarins hafa verið alloft á dagskrá þingsins í vetur og reyndar hafa þau líka verið rædd utan dagskrár og undir umræðum um önnur mál. Þetta er ekki að ástæðulausu því vissulega er vandi á höndum í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Þessi vandi stafar af tvennu. Í fyrsta lagi af alþekktum afturkipp í íslenskum sjávarútvegi og breyttum út-

gerðarháttum og í öðru lagi af niðurgreiðslum og opinberum stuðningi í samkeppnislöndunum við skipasmíðastöðvar sem íslensk stjórnvöld hafa ekki getað keppt við.

Í frv. sem hér er til umræðu er að finna ýmis atriði, eða eins og hv. 1. flm. orðaði það, í því er hreyft ýmsum hugmyndum sem eru allrar athygli og umhugsunar verðar en eiga að mínum dómi tæpast heima í einum lögum. Reyndar er hér í flestum greinum um framkvæmdaratriði að ræða fremur en löggjafar og heyra undir ýmis ráðuneyti. Ég vil benda á það hvað varðar formgerð þessa máls.

Hv. 1. flm. málsins orðaði það svo að hér væri hreyft fimm nýjum hugmyndum. Ég vil leyfa mér, með mikilli virðingu fyrir hugmyndasmiðunum, að benda á að flestar þessar hugmynda hafa verið til umræðu eða í framkvæmd í ýmsum myndum á undanförnum árum og geta því tæplega flokkast undir hugmyndaflokkinn nýjar hugmyndir. Með því er þó ekki neitt ljótt um þær sagt því heimurinn er þannig að það eru til gamlar hugmyndir og það eru til nýjar hugmyndir, það eru til góðar hugmyndir og það eru til vondar hugmyndir. Því miður er það svo að flestar góðu hugmyndirnar eru gamlar og flestar nýju hugmyndirnar vondar en auðvitað er galdurinn sá að finna þessar sjaldgæfu nýju hugmyndir sem eru líka góðar.

Ég vil alls ekki segja annað um þær hugmyndir, sem hér er hreyft, en að rétt sé að athuga þær mjög vandlega. Vegna þess að ég lít svo á að hér sé í flestum greinum, eins og ég hef þegar sagt, um framkvæmdaratriði að ræða langar mig til að minna á að það er stöðugt að því unnið af hálfu stjórnvalda að leysa vanda skipaiðnaðarins eða létta undir með honum, sem kannski væri réttara að segja, því lausn vandans er ekki á annarra færi en þeirra sem stunda þennan atvinnuveg. Af opinberri hálfu hefur verið beitt margvíslegum aðgerðum og má þar nefna hagræðingarátak og markaðsátak sem reyndar eru enn í gangi á vegum iðnrn. og samtaka í greininni. Ég nefni stuðning við hönnun á nýjum gerðum skipa og fleira af því tagi. Ég nefni að á vegum iðnrn. og sjútvrn. er unnið að könnun á endurnýjunarþörf íslenska skipaflotans og hvernig best verði að henni staðið með aðild íslenskra iðnaðarmanna. Það er líka nefnd að störfum með þátttöku Alþýðusambands, vinnuveitendasamtaka iðnaðarins og starfsmanna í iðnaði og sjávarútvegi sem vinnur að athugun á efnahagslegum tengslum iðnaðar og sjávarútvegs, margfeldisáhrif breytinga til sjávarins á iðnað og þjónustu. Reyndar vil ég svo nefna að lokum að það er að störfum sérstök nefnd, skipaiðnaðarnefnd, skipuð hagsmunaaðilum, þar á meðal fulltrúum launafólks, og hún hefur á undanförnum árum sent iðnrn. ýmsar gagnlegar ábendingar sem hafðar hafa verið að leiðarljósi. Reyndar minnir hennar starf um sumt á þá nefnd eða stjórn sem nefnd er í 7. og 8. gr. þessa frv.

Ég vil líka nefna það sérstaklega, vegna þess sem hér hefur verið sagt um starfsreglur og lánveitingar Fiskveiðasjóðs, að þeim reglum hefur þegar verið breytt á þann veg að lán til erlendrar skipasmíði er ekki lengur 65% heldur 46% af verði skipanna en 65% þegar um innlenda smíði er að ræða. Vegna þess sem nefnt var af hv. 3. þm. Vesturl. að þetta hafi verið gert sérstaklega til að tefja innflutning frystiskipa og þar með vitnað til orða sjútvrh. í umræðum fyrr að hann hefði sagt að viðskrh. hefði opnað allar flóðgáttir fyrir erlenda lántöku þá verður sjútvrh. að sjálfsögðu að svara fyrir þau orð en ekki ég. Ég vil eingöngu benda á það, virðulegi þingmaður, að þetta er ekki rétt. Engar flóðgáttir hafa verið opnaðar. Hins vegar eru í landinu í gildi reglur um það að þeir sem taka erlend lán á eigin ábyrgð án milligöngu innlendra lánastofnana eru að því frjásir og verða það fullkomlega um næstu áramót. Það er því mjög fjarri mínum hugsunarhætti í atvinnumálum og viðskiptum að meina mönnum það sem þeir geta gert upp á eigin spýtur. Það er auðvitað kjarni málsins en hitt er rétt og þar er gerðin söm að búið er að lækka lánveitingahlutfallið til erlendu smíðanna og það stendur eftir að ívilnað er hinum innlendu smíðum og reyndar mætti ganga lengra í því. Mínar tillögur hafa á undanförnum árum verið að ganga þar enn lengra til að beita Fiskveiðasjóði fyrst og fremst til stuðnings innlendum skipasmíðum.

Hugmyndin um jöfnunargjald, sem hér er hreyft, hefur áður verið rædd. Það hefur hins vegar ekki náðst pólitísk samstaða um hana. Fyrst og fremst vegna þeirrar kröfu sjávarútvegsins að hann fái jafnan að njóta lægsta tilkostnaðar sem völ er á jafnvel þótt hann byggist á niðurgreiðslum erlendra ríkja á framleiðslu skipasmíðastöðva sinna.

Ég hef látið fara fram á þessu máli athuganir. Það er flókið og á því eru ýmsar hliðar. Ég bendi á að nú er þegar farið að draga úr niðurgreiðslum með skipasmíðunum í samkeppnislöndunum og vonir bundnar við að þær muni hverfa á næstu árum. Af því að hér var nefnd 7. tilskipun Evrópubandalagsins, sem fjallar einmitt um þetta efni, þá fellur hún niður innan skamms tíma. Skilningur hefur verið á því og þrýstingur á það, ekki eingöngu frá EFTA-ríkjum, heldur miklu frekar frá öðrum aðildarríkjum OECD, bæði Bandaríkjamönnum og Japönum, að algjörlega verði horfið frá þessum stuðningi. Það ætti auðvitað að auka bjartsýni hjá aðstandendum íslenskra skipasmíða. Ég bendi á að ég tel að með þeirri bókun um samráð og samstarf við EFTA-ríkin, þegar að því kemur að endurnýja þær reglur sem gilda um stuðning við skipaiðnaðinn af opinberri hálfu á hinu evrópska markaðssvæði, sé það sú von sem við getum helst átt. Við eigum mjög óhægt um vik að keppa við hina öflugu ríkissjóði nágrannalanda okkar sem veita þessum iðnaði þann stuðning. Ég vil líka benda á að hér hefur lengi tíðkast svonefnd endurgreiðsla gjalda vegna nýsmíða sem nú nemur um 6%. Sú endurgreiðsla er í reynd hærri en gjöldunum nemur eins og gjöldin eru nú. Þarna er því veittur nokkur stuðningur. Þótt ég telji hann mjög vel rökstuddann vegna fortíðarinnar þá er þar óumdeilanlega um það að ræða að við styðjum við nýsmíðar hér heima.

Hugmyndin um útboðsskyldu á nýsmíðum og vegna meiri háttar viðgerða á skipum hefur oft verið til um-

ræðu en framkvæmdin hefur strandað á því hvernig skyldunni verði framfylgt. Helst hafa menn staðnæmst við að Fiskveiðasjóður og aðrir lánasjóðir láni ekki til nýsmíða og breytinga nema útboð hafi farið fram. En menn hafa reynst tregir til að fallast á þá skipan, ekki síst fulltrúar útgerðarinnar, og sjá annmarka á því fyrirkomulagi sem þarna er gerð tillaga um. Ég minni á að nýlega hafa í þinginu orðið umræður um þetta mál, bæði vegna fsp. hv. 5. þm. Vesturl. og vegna till. til þál. um málið sem flutt hefur verið af hv. 4. þm. Norðurl. v. Það mál um útboðslög er allt í athugun en ég tel að það sé nauðsynlegt að fjalla um það á sínum vettvangi sem er ekki sá vettvangur sem þetta frv. myndar.

Vandamál skipaiðnaðarins tengjast vissulega stefnunni í fiskveiðistjórn okkar og að því er nokkuð vikið í frv. þar sem gerðar eru tillögur um sérstaka tilhögun í úreldingu og endurnýjum skipa eftir því hvort endurnýjun fer fram heima eða annars staðar. Spurningin er um það hvort stjórnvöld vilji hafa áhrif á hvernig að endurnýjun fiskiskipaflotans sé staðið. Samstarfsnefndin, sem ég hef skipað og fengið þátttöku sjútvrh. í, er að sjálfsögðu vísir um að menn vilji hafa áhrif á þetta. Hins vegar eru þarna ýmis vandamál. Nú virðist t.d. mestur áhugi vera á fjölgun frystitogara, sem hv. 3. þm. Vesturl. vék að. Hann benti á möguleika til að breyta skipum okkar þannig að vinnsla gæti þar farið fram í meira mæli en nú er. Ég ætla ekki að ræða þetta mál í nákvæmum greinum en bendi á að fjölgun frystiskipa mun að sjálfsögðu draga úr umsvifum frystihúsanna í landinu og það eru margar hliðar á málinu sem ég veit að ýmsir, ekki síst sjútvrh. og sjávarútvegsnefndarmennn hafa eðlilega mikinn áhuga á. Þetta er til marks um það hversu mögum og ólíkum þáttum í okkar stjórnarfari frumvarpstillögurnar hreyfa sem hér er verið að ræða.

Ég endurtek það að ég tel að þarna séu ýmis atriði sem eru allrar umhugsunar verð en eigi tæpast heima í einum lögum eins og hér er gert ráð fyrir. Eðlilegra sé að athuga flestar þessara tillagna á vettvangi framkvæmdarvaldsins.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um þetta mál. Ég tel að þær hafi í grófum dráttum verið jákvæðar. Ég læt mér í léttu rúmi liggja minni háttar pólitísk skot sem hafa komið fram og sem skipta engu máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er að við stöndum frammi fyrir því að það er heil iðngrein að leggja upp laupana. Í henni starfa núna um 600 manns en störfuðu áður um 1.000 manns, og örugglega gætu 1.200–1.500 manns starfað í iðngreininni ef eðlilega væri að hlutunum staðið. Hér er með öðrum orðum um álíka fjölda atvinnutækifæra og yrðu í einu nýju stóru álveri. Hér er því alveg eins mikilvægt verkefni og það að ræða um álver. Ég heyrði ekki betur en hæstv. iðnrh. væri almennt séð jákvæður í sambandi við málið þótt hann hefði að sjálfsögðu talið sér skylt að gera við það ýmsar efnislegar athugasemdir í sinni ræðu áðan.

Ég vil þá fyrst segja það að formgerð málsins skiptir mig í raun og veru engu máli í þessu sambandi. Aðalatriðið í mínum huga og okkar flm. var að koma þessum málum þannig hér á dagskrá að þau lægju fyrir í samfellu með formlegum hætti og þá er flutningur frv. eina leiðin. Mér þótti líka betra að hafa þetta í frumvarpsformi en sem þáltill. vegna þess að þær eru oft býsna loðnar og lítið afmarkaðar satt best að segja. Við reyndum því að vanda okkur pínulítið við þetta og reyndum að afmarka eins skýrt og við gátum um hvað við erum að tala í þessu efni.

Ég ætla að víkja að þessum fimm hugmyndum sem ég var með. Ég ætla ekki að halda því fram að þær séu nýrri en ýmislegt annað en þær hafa ekki áður verið settar fram í einu samfelldu lagafrv.

Ég ætla aðeins að segja það — af því að ég sé að iðnrh. hefur þrifið tösku sína og er sennilega verið að kalla hann á fund til að undirbúa flokksþing Alþfl., sem er brýnasta verkefni forustumanna ríkisstjórnarinnar um þessar mundir til að bjarga Jóni Baldvini, hæstv. utanrrh. — ég ætla aðeins að spyrja: Hver hefur verið aðalvandinn í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn? Hver hefur hann verið þessi vandi? Hann hefur verið, eins og ráðherrann gat um áðan, vegna stöðunnar í sjávarútveginum almennt en auðvitað líka vegna niðurgreiðslnanna í kringum okkur, það viðurkenna það allir. Af hverju hefur ekki verið gripið til aðgerða til að vega upp þessar niðurgreiðslur? Það er vegna þess að sjávarútvegurinn hefur verið á móti því. Það er svo einfalt. Sjávarútvegurinn hefur sett sig þversum á allar aðgerðir til að lyfta undir íslenska skipasmíðaiðnaðinn ef það gæti orðið til þess að íslenskur sjávarútvegur fengi í skemmri tíma fengi ódýrari skip en ella.

Ég ætla að segja það sem mína skoðun á þessu máli að ég tel að hér sé um að ræða ótrúlega skammsýni af hálfu sjávarútvegsins sem mun koma í hausinn á honum líka. Þegar menn eru búnir að brjóta niður skipasmíðar í landinu verður heldur ekki hægt að gera við skip, þau skip sem sjávarútvegurinn er að reyna að halda hér til veiða, sem þýðir aftur á móti að sú almenna þjónusta verður dýrari fyrir sjávarútveginn. Þessi afstaða sem sjávarútvegurinn og sjútvrn. reyndar líka hefur tekið lýsir að mínu mati þröngsýni og skammsýni af hálfu sjávarútvegsins. Það ber að reyna að safna liði allra sæmilegra manna til að horfa yfir þessi mál sem heild og fá sjávarútveginn til að átta sig á því að hann er í raun að vinna gegn sjálfum sér með þessari ofboðslegu þröngsýni sem hann kemur þarna fram með og er að drepa skipasmíðaiðnaðinn. Þessi neikvæða afstaða sumra forustumanna í sjávarútvegi, ég segi samtakanna í sjávarútvegi yfirleitt og reyndar sjútvrn. líka, er algerlega óþolandi.

Ég tók eftir því að hæstv. iðnrh. og hv. þm. úr stjórnarliðinu sem hér töluðu tóku þessum hugmyndum að mörgu leyti vel og vildu skoða þær nánar. Ég mun beita mér fyrir því í iðnn., þar sem ég á sæti, að þessar hugmyndir fái alvarlega skoðun. Þar á einnig sæti hv. 5. þm. Vesturl., Guðjón Guðmundsson, svo ég geri ráð fyrir að við getum tekið á þessum málum í iðnn. og ætla ekki að þreyta þingheim á því nú með

því að fara yfir málið í einstökum atriðum, vil bara leggja á það áherslu að ég kýs að meta það svo að skilningur sé á þessum vanda og vilji til að leysa hann. Þótt menn kunni að hafa ýmsar skoðanir á því hvernig rétt sé að fara í málið formlega, sem ég geri ekkert með satt að segja, þá er hitt aðalatriðið að menn eru greinilega óðum að átta sig á því að á þessum málum verður að taka af myndarskap því við þolum það ekki sem sjálfstæð fiskveiðiþjóð að drepa niður skipasmíðaiðnaðinn í landinu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Fyrst langar mig að nefna að hæstv. iðnrh. sagði að 7. tilskipunin rynni út í árslok 1993. Það er að vísu rétt. En í yfirlýsingu Evrópubandalagsins um skipasmíðar stendur eftirfarandi, með leyfi forseta: „Sjöunda tilskipunin rennur út í árslok 1993. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um hvort ný tilskipun er nauðsynleg mun hún kanna samkeppnisaðstöðu skipasmíðaiðnaðarins innan EES í ljósi þess hvernig tekist hefur til við að minnka eða afnema samningsbundna framleiðsluaðstoð."

Þetta vildi ég að kæmi hér fram vegna þess að það bendir óneitanlega til þess að stuðningur við skipasmíðaiðnaðinn í EB-löndunum verði ekki endilega liðinn undir lok árið 1993. Það er meira að segja líklegra að þeir hafi verið að búa sig undir að framlengja þetta ástand að einhverju leyti eða alveg með því að hafa þessa yfirlýsingu svona.

Ég vil svo koma nánar að þeirri hugmynd sem ég nefndi áðan sem kom fram í skýrslunni frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um fullnýtingu sjávarafla í vinnsluskipum. Þarna er um að ræða mjög frambærilega hugmynd sem er rökstudd mjög þungum rökum, hagkvæmnisrökum. Þarna segir, ef ég vitna í þessa skýrslu, með leyfi forseta:

„Nærtækast fyrir skipin er að auka aflaverðmætin með afurðaaukningu sem felst í aukinni vinnslunýtingu, bættum gæðum og auknum afköstum. Stækkun minni skipanna er hins vegar forsenda til að koma megi vinnslunni fyrir, þ.e. meiri fullvinnslu skipanna. Þarna er um að ræða 14 skip sem við eigum nú þegar og þarf að lengja til þess að það sé hægt að koma fullvinnslulínunni fyrir í þeim. Ef togbátarnir eru undanskildir er heildarfjárfesting við þessar breytingar 2,7 milljarðar sem skilar 315 millj. í hagnað á ári með 20,2% innri vöxtum. Með því að nýta einnig úrganginn í aukaafurðir og meltu þar sem úrvinnslan færi fram í landi eykst hagnaður um 185 millj. á ári og innri vextir aukast um 2,2%. Heildarfjárfesting yrði þá 3,4 milljarðar sem mundi borga sig upp á tæpum þremur árum með 22,4% innri vöxtum miðað við 10% ávöxtunarkröfu. Hagnaður útgerða yrði 350 millj., hagnaður í úrvinnslu í landi um 150 millj."

Ef þetta eru upplýsingar sem hægt er að staðfesta að séu áreiðanlegar er þarna verulega stórt tækifæri til þess að rétta skipasmíðaiðnaðinn við á næstunni, þ.e. fara í þessar aðgerðir og tryggja innlendu skipasmíðastöðvunum þessi verkefni. Ég tel að það væri þarft og gott mál að sameinast um, í framhaldi af öllunum ræðunum í vetur um mikilvægi þess að gera eitthvað fyrir íslenska skipasmíðaiðnaðinn, að skoða þetta mál til enda, skoða það nákvæmlega með hliðsjón af fjármögnun og öðru, tala við allar þær útgerðir sem eiga hlut að máli og athuga hvort það er ekki hægt að koma þessu átaki af stað ef allir vísar benda í sömu átt eins og virðist vera samkvæmt þessari skýrslu.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja umræður. Ég vil þakka fyrir þær og vonast sannarlega til að við sjáum einhvern árangur af þeim ræðum sem við höfum haldið í vetur til stuðnings íslenskum skipasmíðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall laga nr. 2/1917, 1. umr.

Stjfrv., 460. mál (bann við sölu og leigu skipa úr landi). — Þskj. 718.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. 18. janúar 1917 voru sett lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi og samkvæmt alþingistíðindum 1916–1917 voru ástæður fyrir því þessar, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að nú er hvarvetna mikil eftirspurn eftir skipum, bæði vöruflutningaskipum og öðrum, en landið má alls eigi við því, að skipastóll þess sje skertur, eins og nú stendur á, þykir full nauðsyn vera á að reisa sem allra fyrst skorður við sölu skipa út úr landinu."

Þetta var á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar sem er, eins og þingheimur veit, löngu afstaðin. Af þeim sökum þykir rétt að leggja til að þessi lög séu úr gildi numin og legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipaútgerð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt hafa eignir Skipaútgerðar ríkisins verið seldar, aðrar en vöruskemma á Grófarbryggju og hið ánægjulega í því sambandi er að eignirnar hafa allar verið seldar við markaðsverði. Í öðru lagi liggur það beint við að samkeppni í innanlandssiglingum hefur aukist og vaxið og eftir því sem ég best veit er hvarvetna mikil ánægja yfir þeirri þjónustu sem Samskip og Eimskip veita nú með ströndinni og er hún síst minni en áður var.

Nauðsynlegt er að lög um Skipaútgerð ríkisins verði úr gildi felld til þess að hægt sé að leggja þá stofnun niður. Einungis lokauppgjör er nú eftir. Í dag voru þeir munir Skipaútgerðar sem eiga heima á Þjóðminjasafninu afhentir þjóðminjaverði.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil áður en ég ræði um frv. koma því á framfæri að ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur umræðuna og spyr hæstv. forseta hvort ráðherrann sé í húsinu eða tiltækur. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að kanna það.) Ég þakka forseta fyrir. Ég get í sjálfu sér flutt mína ræðu að mestu leyti en ég hygg að það verði nokkuð erfitt að ljúka henni án þess að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur. Fari svo að ráðherrann komi ekki vil ég láta það koma fram að ég tel mig ekki með góðu móti geta lokið minni ræðu nema ráðherrann komi áður en henni lýkur.

Það frv. sem hér er lagt fram og er til umræðu kemur ekki á óvart í ljósi þess sem á undan er gengið. Það er í rökréttu framhaldi af þeim ákvörðunum sem teknar voru snemma á þessu ári eða um síðustu áramót. Það er þó ástæða til að ræða nokkuð um málaflokkinn sem varðar þessi lög sem lagt er til að felld verði niður. Í fyrsta lagi vil eg nefna að almennt er ástæða að mínu viti til þess að fá upp stefnu stjórnvalda varðandi samgöngur á sjó. Þessi breyting tekur á einum þætti þeirrar stefnu. Breytingin er sú að það er ekki lengur verkefni ríkisins að styrkja eða stuðla að samgöngum á sjó, hvorki með rekstri fyrirtækis né með fjárframlögum. Það þýðir að málin eru að öllu leyti lögð í hendur atvinnulífsins eða þeirra fyrirtækja sem stunda siglingar á sjó og látið skeika að sköpuðu um framvindu mála.

Nú eru menn að sjálfsögðu ekki sammála um þá stefnumörkun sem núverandi stjórnvöld hafa ákveðið varðandi samgöngur á sjó hér við land en sú stefnumörkun hlýtur að vekja upp spurningar um stefnu stjórnvalda varðandi samgöngur á sjó með flóabátum og innfjarðaferjum. Samkvæmt fjárlögum er verulegu fé varið til þessa málaflokks eftir sem áður og ekki bara verulegu í þeim skilningi að það séu sambærilegar upphæðir og voru árlega veittar til Skipaútgerðar ríkisins heldur er fjárhæðin margfalt hærri og samkvæmt fjárlögum, sérstöku yfirliti, er varið um 300 millj. kr. á þessu ári til þess og að mestu leyti í svokallaða flóabáta.

Það hefur hingað til verið álitið hlutverk ríkissjóðs að útvega Vestmanneyingum samgöngutæki til að ferðast milli lands og Eyja. Þar nefni ég Herjólf. Það skip mun kosta, ásamt hafnabótum sem gera þarf, verulega peninga, líklega eitthvað um það bil 1.600 millj. eða svo. Felst í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi Skipaútgerð ríkisins samsvarandi breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart flóabátum? Ef svo er ekki þarfnast málið frekari skýringar því að þá er augljóst ósamræmi þarna á milli sem menn þurfa að ræða um.

Það hefur reyndar verið boðað af hæstv. samgrh. að yfir málefni flóabáta verði farið og þau skoðuð, væntanlega með nýjar áherslur í huga. Ég leita eftir því við hæstv. samgrh. að hann geri grein fyrir meginþáttum í þeim nýju áherslum sem hann hyggst taka upp varðandi flóabáta.

Ég vil líka láta koma fram varðandi þennan almenna stefnumarkandi lið að auðvitað geta menn sinnt hlutverkinu með ýmsum hætti. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið að ríkið geti ekki umsvifalaust lokið afskiptum af samgöngum á ströndinni innan lands eins og gert hefur verið. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að málin þurfi að vera áfram í óbreyttri mynd frá því sem var og stóð reyndar að tillögu innan stjórnarnefndarinnar um að breyta félaginu yfir í hlutafélag og reyna að þróa málið áfram, ná þannig niður kostnaði en jafnframt þannig að ríkið hefði ákveðnar skuldbindingar um þjónustu við íbúa á landsbyggðinni.

Það voru mér veruleg vonbrigði þegar hæstv. ráðherra hafnaði þeirri leið að þriðja skipafélagið yrði stofnað og það er út af fyrir sig pólitísk stefna að það skuli einungis vera tvö skipafélög sem keppa innan lands. Ég tel að í ákvörðun hæstv. ráðherra hafi falist sú stefna að koma í veg fyrir að stofnað yrði þriðja skipafélagið sem hefði burði til að geta veitt báðum skipafélögunum, Eimskip og Samskip, verulega samkeppni, ekki aðeins með siglingum innan lands heldur með siglingum milli landa. Það er að mínu viti full þörf á því að brjóta upp það fyrirkomulag sem er í siglingum á milli Íslands og annarra landa. Að mínu viti er fjarri því að vera nægjanleg samkeppni og í öðru lagi of mikill stærðarmunur á þeim aðilum sem þetta stunda. Einn aðilinn sérstaklega hefur þar yfirburðastöðu og hefur nánast framtíð annarra í hendi sér ef honum sýnist svo. Því tel ég það hafa verið ranga ákvörðun að koma í veg fyrir stofnun þriðja skipafélagsins og hún leiði einungis til þess að viðhalda því kerfi sem við höfum búið við nokkuð lengi í siglingum milli landa. Í öðru lagi var sú ákvörðun röng þar sem í henni fólst og var skýrt tekið fram að það væri ekki stefna ríkisvaldsins að styrkja siglingar á milli staða innan lands.

Nú er framtíðin að vissu leyti nokkuð óljós. Stefnan hefur verið mörkuð og við búum við hana um skamma hríð. Hún er óljós en fyrsta kastið er í gangi veruleg samkeppni milli þessara tveggja skipafélaga um þær siglingar og þá farma sem Skipaútgerð ríkisins hafði áður flutt. Ég tel því að það sé ekki komið það ástand eða sú reynsla sem gefur mönnum tilefni til að draga þá ályktun um þá ákvörðun sem tekin var, að þar hafi verið rétt að verki staðið. Ég tel í raun að þess sé ekki að vænta að við sjáum það ástand sem framtíðin mun leiða í ljós fyrr en eftir eitt ár eða svo. Samkeppnin sem nú er í gangi er að mínu viti tímabundin. Síðan mun draga úr þjónustu þessara fyrirtækja við hafnir hér á landi.

Það er ljóst og í raun staðreynd að innanlandssiglingar eru að nokkru leyti reknar með tapi. Þau skipafélög sem nú eru að sigla, hvort um sig með þrjú skip, reka hluta af sínum siglingaleiðum með tapi. Ég hygg ómótmæltanlegt að það sé staðreynd og reyndar hef ég fengið það staðfest. (**Forseti:** Forseti vill trufla hv. ræðumann og segja frá því að hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu og það hefur ekki tekist að ná í hann. Vill for-

seti að það komi fram.) Ég þakka forseta fyrir hans eftirgrennslan en ég ítreka að ég tel mig ekki geta lokið mínu máli nema geta beint því að nokkru leyti til hæstv. fjmrh. og komi hann ekki til fundar á þessum þingfundi mun ég óska eftir því að fá að fresta ræðu minni. Ég mun þá halda áfram á næsta þingfundi. En ég get þess vegna haldið áfram eitthvað um stund ef forseti vill. (**Forseti:** Forseti telur að úr því svo stendur á hjá hv. þm. sé best að ræðunni verði frestað og umræðunni frestað og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.) (**GHelg:** Ég óska eftir að fá að bera fram eina fyrirspurn. Kemur það að sök áður en umræðunni verður frestað vegna þess að ég tel að það væri mjög ágætt að það komi fram.) (**Forseti:** Forseti telur eðlilegast að þar sem hv. þm. er í miðri ræðu verði umræðunni frestað og ræðu hv. 5. þm. Vestf. haldið áfram þegar umræðu verður fram haldið.)

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Röð mála á dagskrá og viðvera ráðherra og stjórnarþingmanna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúna til að gera athugasemd við þingsköp eins og þinghald hefur verið í dag og raunar undanfarnar vikur. Hér hefur sú stjórn verið tekin upp í þinginu að hirða ekkert um röð mála heldur safna saman annars vegar stjórnarfrumvörpum og stjórnartillögum og hins vegar þingmannatillögum. Ljóst var, þegar við komum saman til fundar í dag, að nú átti að koma frá, þ.e. leyfa hv. þm. að tala fyrir sínum málum, og þegar sú umræða hófst var enginn hæstv. ráðherra á þessum merka árs afmælisdegi ríkisstjórnarinnar viðstaddur. Það var dálítið átakanlegt þar sem fyrsta mál á dagskrá var atvinnumál á Suðurnesjum. Umræður sem síðar spunnust um atvinnumál í landinu almennt fundust okkur ekki vera í sem bestu lagi. Enginn ráðherra hlýddi á þessa umræðu sem var raunar framhald af umræðu sem áður hafði verið hafin. Það hlýtur að vera ástæða til að mótmæla þessu vinnulagi harðlega. Auðvitað er ljóst að hér sitja engir í salnum nema þeir sem ætla að tala fyrir sínum málum, hvorki ríkisstjórnin né stjórnarþingmenn hirða hætis hót um að hlýða á mál stjórnarandstöðuþingmanna. Ég vil undanskilja einn hv. þm. sem virðist líta á það sem skyldu sína að sitja fyrir allan þingflokk Sjálfstfl. en það er hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson. Aðrir hv. þm. sjást hér mjög lítið. Úr því að út í þessa umræðu er komið hlýt ég að tala um það hér að einhver hluti af ástæðunni fyrir þessu er sá nýi háttur sem hér hefur komið upp á hinu háa Alþingi að hv. þm. eru í atvinnu sinni út í bæ. Slíkt var næstum óheyrt þegar ég kom hér inn á þing fyrir nær 13 árum.

Hæstv. forseti. Ef enginn annar gerir athugasemd við þetta þá hlýt ég að verða til þess. Þetta vinnulag er auðvitað óþolandi. Mönnum er safnað saman svona einu sinni í viku til að greiða atkvæði. Um þennan hátt er orð haft á norrænum þjóðþingum. Þar er talað um að nú eigi „stemmekvæget" að koma, þ.e. atkvæðanautin. Fólk sem situr nær aldrei í þingsölum, hefur ekki blaðsnifsi á borðum sínum og veit ekkert um hvað það er að greiða atkvæði eins og því miður hefur þegar komið fram í þinginu í vetur.

Hæstv. forseti. Við, sem viljum veg Alþingis meiri en núv. stjórn sýnist vilja, hljótum að mótmæla þessu vinnulagi og óska eftir því að aftur verði upp tekinn sá háttur að mestan part verði fylgt þeirri reglu að mál séu tekin fyrir í númeraröð. Auðvitað hefur ríkisstjórn ævinlega haft í vinsamlegu samstarfi við forseta sinn, nokkurn forgang, vegna þess að auðvitað er eðlilegt að ríkisstjórnin komi málum sínum fram. En það er fullkomlega óboðlegt fyrir okkur sem sitjum hér — og á dagskrá í dag eru 16 mál og við vorum búin að ljúka umræðu um tvö — að þegar hæstv. samgrh. svífur í salinn er samstundis öllu ýtt aftur fyrir og farið að ræða 12. mál á dagskrá.

Þetta hefur e.t.v. komið fyrir áður. Þó er ég hrædd um að hæstv. samgrh. hefði mótmælt þessu harðlega í tíð síðustu ríkisstjórnar. Átti hann þá ófá erindi við forseta. En ef þetta á að ganga til svona þá skora ég á hv. þm. að mótmæla þessari stjórn þingsins. Við þetta verður engan veginn unað, þetta er móðgun við hv. þm., þetta er móðgun við þjóðina, sem getur nú fylgst með hverju orði sem hér er sagt í sölum Alþingis, og ég tel það með öllu óboðlegt að bjóða okkur upp á þetta vinnulag.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna ræðu hv. 14. þm. Reykv. vill forseti taka fram að ekki er óvenjulegt að vikið sé frá þeirri röð sem dagskrá gerir ráð fyrir og í þetta sinn var það gert eins og mjög oft áður og forseti telur að það sé ekki á nokkurn hátt óeðlilegt. Það er gert bæði að beiðni hv. ráðherra og hv. þm. og nú síðast m.a. að beiðni hv. 4. þm. Austurl. að fresta að taka til umræðu 14. mál á dagskránni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það var athyglisvert að heyra hér áðan fyrrv. forseta Alþingis koma og taka upp persónulegar viðræður við forseta þingsins úr sæti sínu og sýnir raunar með öðru að hv. þm. er ekki of vel að sér í þingsköpum.

Ég vil minna hv. þm. á að á meðan hann var forseti var oft örðugt að koma við réttum þingsköpum. Ég vil líka minna hv. þm. á að það er altíða og hefur ævinlega verið regla þingsins að gefa ríkisstjórn kost á því á hverjum tíma að koma málum sínum til nefnda. Ég hygg að ef hv. þm. vill vera sanngjarn þá yrði hann að fallast á það. Hitt er svo annað mál að hv. þm. átti í erfiðleikum með það á meðan hann var forseti, eins og forsetar ævinlega hafa átt svo lengi sem ég hef fylgst með þingstörfum, að gefa einstökum þingmönnum kost á því öllum að mæla fyrir frv. sínum og þáltill. Það er auðvitað ekki nýtt í þinginu nú og er undarlegt að reyna að halda því líku fram.

Ég vil líka láta í ljósi undrun mína yfir því að hv. þm., sem er flokksbróðir hv. 5. þm. Vestf. sem bað um það hér áðan að máli yrði frestað, skuli standa upp núna í kjölfar hans og kvarta yfir því að forseti skyldi hafa orðið við beiðni þingmannsins. Auðvitað var forseta í lófa lagið að halda áfram umræðum um Skipaútgerð ríkisins en það var samkvæmt beiðni hv. 5. þm. Vestf., sem óskaði eftir að fjmrh. yrði við umræðuna, sem henni var frestað.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. varðandi vinnubrögð á þinginu nú í vetur og vor. Það er merkileg reynsla fyrir mig sem nýjan þingmann að horfa á þessi vinnubrögð sem mér þykja nú ekki vera til mikils sóma og ég er þá ekki síst að hugsa um þau mál sem hér hafa beðið mánuðum saman. Auðvitað er afar slæmt þegar umræðum er frestað í miðjum klíðum og svo líða jafnvel margir mánuðir þar til þær eru teknar upp aftur. Þetta eru vinnubrögð sem auðvitað þarf að bæta. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. forseta hvað stjórn þingsins hyggist t.d. gera varðandi umræðu um Byggðastofnun? Í morgun var rætt um atvinnumál á Suðurnesjum og ýmislegt sem þeim tengist og þá rifjaði ég það upp að umræðu um Byggðastofnun og þar með talið atvinnuástandið á landinu er ekki lokið og þar er einn ákveðinn þingmaður sem oft hefur minnt á að hann sé í miðri ræðu.

Ég held reyndar að það hljóti að koma til kasta þingflokkanna að ræða reynslu þessa vetrar í ljósi nýrra þingskapa og hvernig hægt verði að bæta hér vinnubrögð en það er auðvitað óþolandi hvernig mál þingmanna hafa orðið að bíða mánuð eftir mánuð og við höfum séð hér nokkur dæmi þess að tillögur eru hreinlega ónýtar þegar þær loksins komast á dagskrá. Við hljótum að geta bætt þessi vinnubrögð.

Ég held t.d. að í ljósi þess að Alþingi er nú í einni málstofu þá verðum við að einbeita okkur betur að því að þingflokkarnir hafi talsmenn í einstökum málum þannig að umræður verði markvissari. En auðvitað er ég ekki fylgjandi því að það sé verið að takmarka málfrelsi á nokkurn hátt. En ég tel að þetta sé þörf umræða. Mörg mál eru óafgreidd á þinginu og allsendis óljóst í mínum huga hvernig eigi að enda þetta þing. Við hljótum að geta komist að samkomulagi um bætt vinnubrögð á Alþingi Íslendinga.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið að sá háttur sem hafður er á umræðum í dag er eftir samkomulagi sem gert var við formenn þingflokka. Forseti telur sig knúinn til að geta þess og ítreka að sá háttur er ekki á nokkurn hátt annar en mjög oft hefur verið.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að það sé þarft að ræða vinnubrögð og ég ætla að leggja örfá orð inn í þessa umræðu um vinnubrögð þingsins.

Það er rétt sem hefur komið fram að margar tillögur þingmanna hafa beðið mjög lengi. Misbrestur hefur verið á því að farið sé eftir röð þingmála. Hins vegar vil ég taka fram að ég held að ástæða fyrir þeim vandkvæðum sem hér hafa verið sé m.a. sú að blandað er saman stjfrv. og þingmannamálum á alla daga vikunnar. Ég held satt að segja að gamla fyrirkomulagið hafi reynst betur að mörgu leyti og að það sé til bóta að hafa hér þáltill. á dagskrá einhverja ákveðna daga án þess að stjfrv. fari að þvælast þar inn á milli og að ríkisstjórnin verði að sætta sig við það eins og fyrri ríkisstjórnir gerðu eða hafa þá sér fundi á þeim dögum. Nú er þetta allt í bland og ég held að þetta sé hlutur sem formenn þingflokka og forsætisnefnd ættu að ræða um að fenginni reynslu af þinghaldinu í vetur.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég held að það sé mjög áríðandi að teknar verði upp alvarlegar viðræður um framkvæmd þinghaldsins í ljósi þeirrar reynslu sem hefur verið liðinn vetur. Maður heyrir oft að talað er um að sérstaklega hafi verið mikið um utandagskrárumræður og þingskapaumræður í vetur. Ég held að þetta sé mjög orðum aukið. Utandagskrárumræður og þingskapaumræður hafa alltaf verið margar. Sú mikla breyting sem orðið hefur er sú að það eru 63 þingmenn í sömu deildinni alla daga sem þing er haldið og það er mikil breyting frá því sem var. Það er full þörf á því að ræða um framkvæmd þinghaldsins í framhaldi af því.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að hæstv. samgrh. skuli hafa séð ástæðu til að snúa út úr orðum mínum. Auðvitað var ég ekkert að mótmæla því að hv. 5. þm. Vestf. bæði um að fresta máli sínu. Ekki er þar með sagt þótt þingmaður óski eftir að geyma hluta ræðu sinnar að það þurfi endilega að fresta allri umræðunni. Oft hefur öðrum verið hleypt að um sama mál þrátt fyrir það en umræddur þingmaður síðan haldið áfram máli sínu þegar honum hentaði. En það er ekki það sem ég er að tala um hér. Auðvitað hefur það ævinlega verið gert eins og ég sagði hér áðan að hæstv. ráðherrar hafa haft vissan forgang með mál sín og við því er ekkert að segja. Það hafa allir forsetar viðurkennt og virt.

Það sem ég var hins vegar að tala um er að þátttaka hv. þm. í þingstörfum í vetur hefur verið með hreinum ólíkindum. T.d. eru núna staddir í húsinu 20 þingmenn af 63. Það er of lítið. Þannig hefur þetta verið dag eftir dag ekki síst þegar umræður hafa farið fram um mál þingmanna og raunar líka málefni hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar. Þannig að ef það er hugmynd manna að fólk komi einkum og sér í lagi til að taka þátt í atkvæðagreiðslu en sé svo víðs fjarri allar umræður á hinu háa Alþingi þá þykir mér það ekki gott ástand. Það kemur því auðvitað ekkert við hvort þingið er í einni málstofu eða fleirum. Aðalatriðið er að menn sinni því sem þeim hefur verið falið af kjósendum sínum, að hlýða á mál manna, skiptast á skoðunum, ræða mál og afgreiða þau síðan.

Ég vil minna hæstv. forseta á að einungis ein tillaga þingmanns hefur hlotið afgreiðslu í vetur. Á sama tíma í fyrra var búið að afgreiða 18 þingmannamál og þar af tvenn lög. Það segir dálítið um það hvaða forgangsröð mál hafa haft í vetur og hvaða röð hér á árum áður. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka upp mál okkar stjórnarandstöðuþingmanna í forsætisnefnd þingsins. Ég held að við þetta verði ekki unað.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 719.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir er samið af nefnd sem var skipuð hinn 28. ágúst sl. til að endurskoða hafnalög og er lagt fram með lítils háttar breytingum frá áliti nefndarinnar en er í höfuðdráttum samhljóða því.

Í þessari nefnd áttu sæti Árni M. Mathiesen alþingismaður, Guðmundur Einarsson, aðstoðarmaður iðnrh., Hermann Guðjónsson hafnamálastjóri, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landsambands ísl. útvegsmanna, Ólafur S. Valdimarsson ráðuneytisstjóri og Sturla Böðvarsson alþingismaður, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sveinn Hjörtur Hjartarson hagfræðingur sat flesta fundi nefndarinnar sem varamaður Kristjáns Ragnarssonar en ritari var Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri í samgrn.

Nefndin hélt samtals 16 bókaða fundi og eins og ég sagði samdi hún frv. til nýrra hafnalaga sem er í grófum dráttum samhljóða því frv. sem hér liggur fyrir. Aðalbreytingarnar í frv. frá gildandi hafnalögum eru þessar:

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að eigendur hafna geti auk sveitarfélaga einnig verið hlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. T.d. gætu hafnir samkvæmt þessu ákvæði orðið hluthafar í fiskmörkuðum.

Í öðru lagi er í 8. gr. einnig gert ráð fyrir að mynduð verði hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í fylgiskjali með frv. eru hugmyndir nefndarinnar sýndar um það hvernig mætti hugsa sér stofnun þessara hafnasamlaga og hvernig þau hvert fyrir sig mundu koma út fjárhagslega. Með stofnun hafnasamlaganna er stefnt að hagræðingu í nýtingu hafna og framkvæmdum enda gert ráð fyrir að milli þeirra sé almennt gott vegasamband árið um kring. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlag á Vestfjörðum verði raunhæft fyrr en lokið er gerð jarðganga milli Ísafjaðar, Suðureyrar og Flateyrar.

Nefndin telur eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð, m.a. með gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir einstök hafnasamlög og betri fyrirgreiðsla varðandi ríkisframlög til framkvæmda séu til slíkra hafnasamlaga en einstakar hafnir innan þeirra gætu vænst. Slík samlög stuðla einnig að því og gera það kleift að forgangsröðun og verkaskipting geti átt sér stað milli einstakra staða. En eins og hv. þm. er kunnugt er víða hægt að nefna dæmi þess að ógætilega hafi verið farið með opinbert fé af þeirri ástæðu einnig að ekki hefur tekist samkomulag um það milli sveitarfélaga að vinna saman á þessum vettvangi.

Eftir því sem samgöngutækni hefur þróast liggur fyrir að nauðsynlegur búnaður til vöruflutninga er mjög dýr og kostnaðarmikill og af þeim sökum óhjákvæmilegt að hugsa flutninga meðfram ströndinni með öðrum hætti en áður var, auðvitað í því skyni eingöngu að bæta þjónustu og draga úr kostnaði við vöruflutninga. Fyrir þessu máli er mikill og góður hljómgrunnur meðal sveitarstjórnarmanna sem gera sér auðvitað grein fyrir því að í þessu efni fara saman hagsmunir sveitarfélaga, viðskiptavina, flutningsaðila og hafna og flutningsaðila sjálfra.

Í fskj. á bls. 14 með frv. er sett fram hugmynd að hafnasamlögum og rakið hverjar séu tekjur og gjöld einstakra hafna og skal ég ekki fara yfir það hér. Ég vil þó aðeins rifja upp, það sem raunar hefur komið fram áður í sambandi við umræður um samgöngumál í þinginu og ég hef áður lýst, að meðal þeirra svæða þar sem yfirburðir hafnasamlaga virðast augljósir má nefna Suðurfirði fyrir vestan, Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal, en þá er auðvitað nauðsynlegt áður að leggja nýjan veg yfir Hálfdán sem fullnægir þeim kröfum sem til slíkrar vegagerðar verður að gera í sambandi við meiri háttar vöruflutninga.

Í öðru lagi eins og ég áður sagði um Norðurfirði, þ.e. Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafjörð, Bolungarvík og Súðavík, að um leið og jarðgöngin eru komin opnast nýir og miklu betri möguleikar til þess að samræma ekki aðeins vöruflutninga heldur líka fólksflutninga á þá byggð sem yrði þá eitt atvinnusvæði umhverfis Ísafjörð og eru höfuðrökin fyrir því að ráðist væri í jarðgöng þar vestra.

Ég minni á Ólafsfjörð og Dalvík. Þar standa viðræður nú yfir og virðist komið langleiðina í höfn að þar takist að setja á stofn hafnasamlag.

Við getum talað um staði eins og Eskifjörð og Reyðarfjörð og auðvitað ótal aðra staði. Við getum talað um hafnirnar á Reykjanesi og skal ég ekki hafa um það fleiri orð. En auðvitað sjá hv. þm. yfirburði slíkrar samvinnu sveitarfélaga og hafnarsjóða.

Í frv. er það nýmæli að gert er ráð fyrir því að festa það ákvæði að 25% álag á vörugjald renni í Hafnabótasjóð í samræmi við 29.–32. gr. laga nr. 1/1992. Sú breyting er gerð að álagið er látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Miðað við núgildandi gjaldskrá má ætla að tekjur af sérstöku álagi á vörugjald nemi um 125 millj. kr. á ári og með hliðsjón af því er framlag ríkisins nú gert háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Aðrar breytingar sem frv. gerir ráð fyrir hafa minni áhrif og oft er aðeins um að ræða að sniðnir hafa verið agnúar af gildandi lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ráð fyrir því að frv. verði sent einstökum höfnum og sveitarfélögum til umsagnar og komi þar til athugunar. Auðvitað er það svo um hafnir að álitamál er hversu ákveða skuli ríkisframlög til einstakra framkvæmda, hvaða mörk eru dregin og hversu mikinn þátt ríkið eigi að taka í hafnargerðum á einstökum stöðum. Auðvitað er líka spurning hvernig draga eigi mörkin milli einstakra hafna út frá umferð um þær og hvaða tekjur þær hafi og loks út frá því sjónarmiði að hafnargerð er miskostnaðarsöm eftir legu hafnarinnar og umhverfi.

Ég legg ekki áherslu á að frv. verði samþykkt á vorþingi, heldur verði sent til umsagnar og síðan tekið aftur til umræðu á haustdögum þannig að þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum gefist nægilegur tími til að gaumgæfa einstök atriði og lagfæra ef þeim sýnist eitthvað mega betur fara. Hér er um samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga að ræða og ber að líta á frv. sem slíkt.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja örfá orð um frv. til hafnalaga sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir áður en það fer til nefndar.

Eins og kom fram í máli hans ætlast hann ekki til að frv. verði afgreitt fyrir þinglok en verði sent til umsagnar sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila og síðan lagt aftur fyrir á haustþingi. Ég tel þetta góð vinnubrögð og af hinu góða að ekki er ætlunin að keyra málið of hratt í gegn, enda er hér um mjög mikilvæga lagasetningu að ræða.

Ég get tekið undir ýmislegt sem er í frv. Annað finnst mér orka tvímælis og ég vil koma þeim sjónarmiðum á framfæri áður en frv. fer til nefndar.

Í fyrsta lagi ber að hafa það sérstaklega í huga þegar hafnalögum er breytt að hafnir landsins eru mikilvæg þjónustumannvirki fyrir atvinnuvegina í landinu auk þess sem hér er um mikilvæg samgöngumannvirki að ræða. Þess vegna skiptir miklu máli að sú löggjöf sem sett er um hafnirnar sé skýr og undirstriki hlutverk þeirra.

Frv. eins og það liggur fyrir gerir ráð fyrir nokkrum veigamiklum breytingum. Þar er fyrst til að taka að í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að eigendur hafna geti verið fyrirtæki og hlutafélög auk sveitarfélaga, svo og að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra, t.d. í fiskmörkuðum.

Nú er það svo að þeir sem kaupa hlutafé í nútímahlutafélögum gera það til þess að græða peninga og hagnast á hlutafé sínu. Í þessu sambandi er umhugsunarvert ef hinum mikilvæga þjónustuþætti er varpað út á hlutafjármarkaðinn, hvaða áhrif það hefði á þjónustugjöld hafna, á hafnargjöld sem er verulegur kostnaðarliður fyrir útgerðina og atvinnuvegina. Ég ætla ekki að hafna þessari grein. Þennan hlut er sjálfsagt að skoða í samgn. sem fær frv. til meðferðar. Ég held að nefndin verði að huga að því hvaða áhrif þessi leið hafi á einkavæðingu hafna og þá gjaldtöku sem tekin er í höfnunum.

Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir að hægt sé að mynda hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Ég er fylgjandi þessu ákvæði. Ég tel að það sé til bóta að opna möguleika um samstarf milli hafna. Ég tel að það geti aukið verkaskiptingu og vonandi sparað fé í uppbyggingu þegar til lengdar lætur. Ég er hlynntur því að opna þessa leið og tek undir þetta ákvæði, að það sé mögulegt fyrir hafnir að starfa saman og skipuleggja sínar framkvæmdir í samræmi við það.

Í öðru lagi er veigamikið ákvæði í frv. um að breyta kostnaðarþátttöku ríkissjóðs þannig að kostnaðarhlutur ríkissjóðs hækkar í svokölluðum ytri hafnarmannvirkjum og verður 90% og að allar aðrar styrkhæfar hafnarframkvæmdir hljóti síðan 60% ríkisstyrk, en 40% styrkflokkurinn verði felldur niður. Ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum verður fellt niður. Ég vil vísa því til samgn. að skoða þennan þátt vel vegna þess að þó það ákvæði sé sakleysislegt að fella niður ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og löndunarkrana eru hafnir mjög misjafnlega settar, einkum er varðar löndunarkrana og jafnvel hafnarvogir. Það eru einmitt hafnir sem eru tiltölulega veikar sem þurfa a.m.k. að landa úr smábátum. Ég hefði viljað sjá úttekt á því á hvaða höfnum þetta mundi bitna mest.

Hafnsögubátar eru sér á parti. Sumar hafnir þurfa að leggja ómælda fjármuni í hafnsögubáta en aðrar sleppa miklu betur, jafnvel með mjög lítinn kostnað. Ég gleypi það því ekki alveg hrátt að fella niður ríkisframlag til þessara þátta.

Í athugasemdum við frv. segir að nefndin sem undirbjó frv. telji að þegar á heildina er litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerð og verið hefur, þrátt fyrir þessar breytingar. Auðvitað viljum við fá að sjá úttekt á því.

Þá er ég kominn að því þar sem segir að frv. geri ráð fyrir að festa 25% álag á vörugjald í sessi sem renni í Hafnabótasjóð. Þetta verði um það bil 125 millj. kr. á ári.

Ég þarf ekki að minna á að þetta var eitt af þeim ákvæðum sem fylgdu ráðstöfunum í ríkisfjármálum um áramótin. Með þessu er verið að festa þetta í sessi. Við framsóknarmenn erum algerlega andvígir þessu gjaldi, teljum það óréttlátt, koma misjafnlega niður og leiða til hækkunar á vöruverði t.d. úti á landsbyggðinni. Ég mótmæli því að þessu sé blandað inn í lagasetninguna um hafnamálin og vonast til þess að þetta gjald verði afnumið við næstu fjárlagagerð vegna þess að það er óréttlátt og kemur misjafnlega niður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langar ræður um frv. Ég vildi aðeins koma að þessum atriðum áður en frv. fer til nefndar. Eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh., ætlast hann ekki til að frv. verði afgreitt á þessu þingi svo að það gefst nægur tími til að gaumgæfa málið vel enda mikilvægt. Hafnir landsins eru nú einu sinni lífæð atvinnulífs og samgangna en atvinnulíf og samgöngur eru auðvitað nátengdar.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 2. þm. Austurl. og þeirra skoðana sem komu fram hjá honum um hið sérstaka álag á vörugjald sem renna á í Hafnabótasjóð vil ég segja það og vekja athygli á því að Hafnabótasjóður hefur í núgildandi lögum og í frv. því sem hér er til umræðu því hlutverki að gegna að styrkja þær hafnir sem eru í sérstaklega erfiðri rekstrarlegri stöðu. Þær hafnir sem hafa einkum fengið styrk úr Hafnabótasjóði eru litlu fiskihafnirnar. Nú hefur það hins vegar verið þannig í gegnum tíðina að tekjur Hafnabótasjóðs hafa ævinlega verið skertar og það hefur alls ekki verið á vísan að róa með tekjur hans. Þess vegna hefur verið mjög erfitt að tryggja að þessar litlu fiskihafnir fengju 15% á móti framlagi ríkisins eins og lög gera ráð fyrir, því miður.

Með þeim tillögum sem eru í frv. um að tryggja Hafnabótasjóði tekjur af hinu sérstaka álagi á vörugjald tel ég og þeir sem stóðu að gerð frv. að litlu fiskihöfnunum verði betur tryggð framlög með þessum hætti. Ég tel að það sé fyrst og fremst í þágu litlu fiskihafnanna og minni vöruhafnanna að þetta sérstaka álag á vörugjald renni beint í Hafnabótasjóðinn.

Ég er undrandi á því að hv. 2. þm. Austurl. skuli ætla að leggjast gegn þessu vegna þess að þetta er fyrst og fremst í þágu litlu hafnanna en tekjur þeirra eru mjög takmarkaðar.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Vesturl. að gert er ráð fyrir að þetta gjald renni í Hafnabótasjóð og sé fyrst og fremst í þágu litlu hafnanna, enda mótmælti ég því ekkert. En það á ekki að styrkja litlu hafnirnar á kostnað þess að vöruverð hækki almennt þess vegna. Leiðin er einfaldlega röng. Það hefði verið hægt að finna aðrar leiðir til þess að styrkja Hafnabótasjóð.

Vörugjald, eins og nafnið felur í sér, leggst á vörur sem fluttar eru t.d. í gegnum hafnir út á landsbyggðina m.a. frá Reykjavík og verslunarálagning leggst ofan á vörugjaldið þannig að það eru margfeldisáhrif í þessu. Leiðin til þess að ná inn þessum tekjum í Hafnabótasjóð, sem vissulega er gott og gilt markmið og ég tek undir það með hv. 1. þm. Vesturl. að efla Hafnabótasjóð, er bara röng. Hún hefur áhrif til hækkunar á vöruverði í landinu. Það er röng leið. Á þeim forsendum er ég á móti þessu gjaldi en ég er ekki á móti því að styrkja smæstu hafnirnar í landinu eða gera þeirra veg eitthvað betri en hann er nú.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hér eru á ferðinni mjög mikilvægar breytingar á hafnalögum ef þetta frv. verður að lögum. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fordæma þær hér við 1. umr. en ýmislegt þarfnast verulegrar skoðunar. Ég hef ekki, að mér finnst, farið nægilega yfir þetta til þess að geta myndað mér heildarskoðun á því í öllum atriðum, en ég ætla að láta koma fram fáeinar athugasemdir sem ég tel að þurfi nánari athugun. Þá er það fyrst í 2. gr. frv., þar er talað um hvernig skipa skuli hafnaráð. Þar segir að í hafnaráði skuli eiga sæti fimm fulltrúar, þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn, þrír fulltrúar eru skipaðir af samgrh. og skal einn þeirra vera starfsmaður samgrn. og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára. Tvo fulltrúa samgrh. skal skipa að nýju við ráðherraskipti.

Það er sem sagt fyrirhugað að ef það verða stólaskipti í ríkisstjórn þá skuli skipta um fulltrúa í þessu hafnaráði, því stendur orðið „skal" og það skilja allir hvað þýðir.

Ég hef við þetta fyrirvara. Ég tel að ekki sé ástæða til þess að hringla með svona stjórnvald eins og hafnaráð og að það þurfi að skipta um þessa menn þótt ríkisstjórnarskipti yrðu eða stólaskipti í ríkisstjórn.

Í 5. gr. frv. er talað um skipun hafnamálastjóra, talað er um að heimilt sé að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill. Við þetta vil ég gera fyrirvara. Ég tel enga ástæðu til þess að menn verði ellidauðir í störfum sem þessum. Það er reyndar þekkt að í ýmsum mikilvægum embættum er ekki gert ráð fyrir því að menn verði ellidauðir og ég held að menn ættu að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að gefa það ótvírætt til kynna að það megi skipa þennan hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.

Í kaflanum um stjórn og rekstur er talað um að höfn tákni í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið hafnarmannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi vara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi. Ég tek þetta sérstaklega upp vegna þess að mér er kunnugt um að þannig er ástatt í sumum höfnum landsins að þær eru of litlar til þess að fullnægja þeirri eftirspurn sem er eftir notkun þar. Ég veit að menn eru í þeirri aðstöðu að hafa velt því alvarlega fyrir sér að takmarka aðgang að höfnum og gefa einungis heimabátum eða einhverjum fyrir fram ákveðnum hópi báta möguleika á því að nýta sér þessar hafnir sem eru ófullnægjandi hafnarmannvirki í raun og veru og í þeim myndast hætta þegar eitthvað er að veðri. Það er því miður þannig að sums staðar er ásóknin það mikil í þessar hafnir að þær eru nánast fullar af bátum og ef gerir eitthvað sem heitir veður liggur allt undir áföllum. Ég tel að það eigi að vera og hljóti að verða að vera möguleiki fyrir hafnaryfirvöld að takmarka aðgang að hafnarmannvirkjum sem ekki geta tekið við allri þeirri ásókn sem verður fyrir hendi.

Í 8. gr. er talað um að hafnir geti líka verið hlutafélög. Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög eða hlutafélög. Það er mikið tískufyrirbrigði að allt eigi að vera hlutafélög. Út af fyrir sig ætla ég ekkert að mæla gegn því að hafnir geti verið hlutafélög en ég vil benda í þessu sambandi á 14. gr. frv., en í henni stendur: „Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs."

Það kom fram í framsögu hæstv. samgrh. að menn eru með það í huga að hafnir geti verið hluthafar í fyr-

irtækjum sem tengjast þeirra starfsemi. Ég tel að þar sé verið að rugla hlutunum býsna mikið saman og þetta geti valdið erfiðleikum og vandræðum. Ég ætla ekki að setja mig á móti því að hafnir geti verið hlutafélög og að hafnir geti átt hlut í fyrirtækjum, en það verður þá að vera samkvæmt sams konar reglum og önnur fyrirtæki. Það er ekki um það að ræða að eignir sem eru notaðar með þeim hætti að ef höfn eignast t.d. hlut í fiskmarkaði þá verður það auðvitað að vera alveg undir sömu formerkjum og aðrir aðilar sem eiga aðild að þessum fiskmarkaði. Verði hafnir hlutafélög verður það líka að vera á hreinu hvort almennir aðilar eiga möguleika á að eiga hlut í þessu hlutafélagi og sé svo þá verður höfnin líka að vera fyrirtæki sem lýtur sömu lögum og önnur fyrirtæki í landinu. Þetta held ég að menn verði að skoða vandlega ef þeir ætla að hafa það einhvern veginn öðruvísi.

Í sambandi við 12. gr. og þá sérstaklega þetta 25% álag á vörugjöld sem þar er inni og gert er ráð fyrir að verði framtíðartekjur fyrir Hafnabótasjóð. Ég ætla ekki að kveða upp endanlegan dóm um það hvar við munum standa í því máli. Ég tel að Hafnabótasjóður þurfi að hafa tekjur. Ég hef fyrirvara við þessa leið en ég hef líka áhuga á að vita hvað átt er við þegar talað er um lán og styrki því eigi að nota þessi framlög til að lána þau og þá safnast auðvitað upp eignir í þessum sjóði og hann verður einhvers konar bankafyrirbrigði sem á þá útistandandi peninga. Hafa menn eitthvað talað um hvað langt eigi að ganga í því hvenær tekjur sem Hafnabótasjóður fengi yrðu alfarið að styrkjum þegar Hafnabótasjóður væri búinn að eignast nægilegt stofnfé til þess að koma til móts við þær lánsfjárþarfir sem mundu verða á ferðinni? Mig langar til þess að hafa fréttir af því hvernig menn líta á þetta. Ég er afskaplega feginn því að samgrh. hæstv. er ekki með áform uppi um það að þetta frv. verði að lögum núna vegna þess að ég tel að það þurfi verulega yfirferð og menn þurfi að leita samkomulags um þetta mál allt saman og skoða þau atriði betur sem hér eru sett fram ný.

Ég vil koma að 27. gr. Þar er talað um greiðsluþátttöku ríkissjóðs og að hún geti verið misjafnlega mikil í einstökum verkefnum. Mér finnst dálítið óljóst hvað menn eru þarna að fara. Þetta þyrfti að vera svolítið ljósara, hvenær yrðu skerðingar á greiðsluþátttöku ríkisins frá þeim fyrirætlunum um þátttöku sem gert er ráð fyrir í 27. gr. Í athugasemdum um 27. gr. er talað um að til að tryggja betur framkvæmd skerðingarákvæða er gert ráð fyrir því í frv. að ráðherra setji reglugerð sem kveði á um framkvæmdina. Vegna þess að hæstv. ráðherra gerir ekki ráð fyrir að þetta verði að lögum núna þá hefði ég viljað óska eftir því að þessi reglugerðardrög, sem verða þá væntanlega til fljótlega, yrðu fengin samgn. í hendur og hún fengi að skoða þau jafnframt.

Breytingarnar á þátttöku ríkisins sem gert er ráð fyrir í frv., þ.e. að ýmis ytri hafnarmannvirki hljóti 90% ríkisframlag sem áður hafa verið með 75%, og aðrar breytingar á lögunum þurfa að mínu viti ítarlegri umræðu. Ég hef fyrirvara um þau atriði sem menn hafa gert ráð fyrir að féllu út og t.d. það að ekki fengist lengur framlag út á hafnsögubáta og fasta krana til löndunar. Ég er ekki þar með að segja að ég komi til með að verða á móti því að eitthvað af þessu falli út en ég tel að ástæða sé til að ræða þetta allt saman betur. Ég tel líka ástæðu til að ræða betur hvort það kemur til greina að ríkisframlag til upptöku mannvirkja fyrir skip hækki í 60%. Skipasmíðastöðvar og þjónustustöðvar við skip í landinu eru í öllum tilfellum, nema líklegast einu, alfarið eign einstaklinga, bara venjuleg iðnaðarfyrirtæki. Ég segi fyrir mig að ég tel alveg ástæðu að ræða það hvort ríkið á að leggja 60% framlag í þessi mannvirki. Menn verða að velta því fyrir sér hvort þetta er eðlilegt. Ég geri mér grein fyrir því að þetta eru dýr mannvirki en ég tel að auðvitað eigi útgerðin í landinu að greiða fyrir sína þjónustu í skipasmíðjum og slippum á eðlilegan máta og auðvitað er bara verið að greiða niður þá þjónustu með framlögum í þetta. Þetta þurfa menn að ræða betur og skoða hvort ástæða er til a.m.k. að fara að hækka þetta framlag nú. Ég hefði gaman af því að heyra rökstuðninginn fyrir þessari hækkun. Það er ekki um mjög mörg fyrirtæki að ræða í þessari grein og ég hefði áhuga á að vita hvað það er sem rekur hæstv. samgrh. til að leggja það til að framlag til skipasmíðastöðva eða hafnarmannvirkja tengd þeim það verði hækkað.

Ég ætla ekki að setja á langar ræður um þetta frv. Sérstaklega vegna þess að við munum fá þetta til nánari skoðunar í samgn. Ég á þar sæti og auk þess hefur hæstv. samgrh. lýst því yfir að hann ætli sér ekki að fá þetta samþykkt sem lög frá Alþingi á þessu þingi og þess vegna mun ég láta frekari athugasemdir bíða þar til frv. er komið til umræðu í nefnd.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mikið mál sem vissulega þarf skoðunar við og ég fagna því að þau vinnubrögð skuli viðhöfð að það sé lagt fram núna en ekki ætlast til þess að það komi til afgreiðslu fyrr en á næsta þingi. Hins vegar eru hér ýmsir hlutir sem vekja verulega umhugsun og sumt af því virðist ekki ganga upp því hvað rekst á annars horn. Í 2. gr. er tekið fram: „Samgrh. skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál."

Að hafa einhvern sér til ráðuneytis er að hafa einhvern sér til aðstoðar sem lýtur þó í öllu stjórn þess sem völdin hefur. En þegar farið er að skoða þetta betur kemur í ljós að Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum. Hafnamálastofnun ríkisins lýtur ekki stjórn ráðherrans heldur hafnamálaráðs. Er það þá orðið nokkuð umhugsunarefni hvor ræður og hvor er ráðgjafinn í því sambandi. Hér er það líka allsérstætt að í 8. gr. stendur: „Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra." En í 14. gr. stendur: „Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar." Þá er það spurning, hvaðan eiga þá þeir peningar að koma sem fara í að kaupa hlutabréfin. Hvaðan eiga þeir að koma? Þeir mega ekki koma sem tekjur frá hafnarsjóðnum, þeir mega ekki koma af

eignasölu. Mér sýnist að hér sé í fyrsta lagi girt fyrir kaupréttinn og í annan stað girt fyrir það að það megi greiða arð til þeirra hluthafa sem hafa keypt hlutafé í höfnum.

Ég tel þess vegna að þarna gæti ýmis ósamræmis í frv. og hygg að það sé verulegt umhugsunarefni hvort sumir hlutir þess stjórnsýslulega séð geti talist eðlilegir. Það er mjög merkileg niðurstaða sem Sigurður Líndal kemst að þegar hann lýsir því yfir að hann efar það nánast að Alþingi gegni því hlutverki sómasamlega að setja lög og ein af ástæðunum fyrir því er sú að Alþingi sé búið að dreifa því valdi sem því er ætlað með stjórnarskránni út um borg og bæ, eins og sagt er. Fjárveitingavaldið er Alþingis, ekki annarra. Hér er gert ráð fyrir því, eins og þetta er sett upp, að það sé stjórn Hafnamálastofnunar sem fari með verulegt fjárveitingavald. Henni er ætlað að ráðstafa fjármunum sem Hafnarbótasjóður hefur og hér stendur:

„Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs." Sem sagt, fyrirmælin koma þaðan, enda stendur í 30. gr.: „Hafnarbótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgrh." Ekki er gert ráð fyrir neitunarvaldi ráðherrans og væri þó nánast lágmark að hann hefði neitunarvald ef honum litist ekki á tillögurnar, þá gæti hann gjarnan sagt nei og þá mundi það liggja óhreyft þar til samkomulag næðist á milli ráðherrans og sjóðstjórnarinnar. Hér er honum nánast bara ætlað að vinna verkið eftir að hafa fengið fyrirmælin að ofan og hlutunum snúið við. Skipi ráðherra þrjá menn, sveitarfélögin tvo og verði svo ráðherraskipti, þá lítur það þannig út að nýr ráðherra situr e.t.v. uppi með hafnaráð sem annar aðili hefur meirihlutastjórn yfir og er ætlað að segja ráðherranum fyrir hvernig eigi að ráðstafa peningunum úr sjóðnum.

Ég sé nú að hv. 1. þm. Vesturl. hristir höfuðið og hefur greinilega áttað sig á að annað er sett á blað en það sem hann hefur hugsað sér. Mér sýnist að það sé lágmark að gera ráð fyrir því að ráðherrann hafi þarna algert neitunarvald. Svo kann ég dálítið illa við orðalagið í 29. gr. þegar sagt er um áætlunina:

„Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára." Svo kemur neðst: „Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar." Hvað gerðist ef Alþingi felldi? Væri það þá að brjóta bara lögin? Yfirleitt er nú svo að ætlast er til að það sé lagt fyrir í frumvarpsformi og Alþingi hafi rétt á að breyta frv. en ef það er sett upp þannig að bara eigi að synja eða samþykkja þá versnar dæmið dálítið. Ég hefði talið að það ætti að færa þetta nær því sem maður kallar eðlilega uppsetningu á þessum hlutum.

Ég set líka verulegt spurningarmerki við það kerfi sem er upp tekið varðandi ráðningu á starfsmönnum. Þar er fyrst ákvæði um það að ráðherra skipar hafnamálastjóra til fimm ára og geri ég enga athugasemd við það. Það er sagt að það megi skipa hann aftur og aftur og vissulega má þá segja sem svo að fram fari mat á því á fimm ára fresti hvort æskilegt sé að hafa manninn áfram eða skipta um. Persónulega efa ég að þau séu neinar nauður sem reki okkur til að hafa það á annan veg. Auðvitað mætti setja þak á þetta og segja að hann mætti vera einhvern ákveðinn tíma en ég ætla ekki að gera slíka tillögu. En svo kemur hér fyrir neðan: „Hafnamálastjóri ræður starfsfólk Hafnamálastofnunar með ráðningarsamningi." Ef Hafnamálastofnun sem er ríkisstofnun er þannig upp sett að hafnamálastjóri á að ráða fólkið með ráðningarsamningi þá er náttúrlega allt launakerfi ríkisins eins og það er sett upp fyrir bí. Þá er náttúrlega jafnrétt að skólastjórar ráði kennara með ráðningarsamningi og ákveði þar að sjálfsögðu í ráðningarsamningnum kaup og kjör og þar þurfi ekki lengur að semja við opinbera starfsmenn um það kerfi sem er í dag. Þá verða það bara forstjórar ríkisstofnana sem gera ráðningarsamninga við starfslið sitt. Þetta atriði yrði náttúrlega aldrei bara í þessum lögum. Ef þetta kerfi yrði upp tekið mundi það að sjálfsögðu fara inn í öll lög og vera grunnurinn að því sem þar er.

Ég veit ekki hvort þau atriði sem ég hef talið upp séu á þann veg að menn telji að ég sé andvígur öllu sem í þessu frv. stendur. Það teldi ég vera á miklum misskilningi byggt. Ég tel að eitt og annað sé til bóta í þessu frv. og sé jákvætt. En því kem ég þessu á framfæri að þetta er 1. umr. um málið og rétt að þessir hlutir séu skoðaðir af þinginu í nefnd.

Ég er þeirrar gerðar að ég vil hafa það nokkuð á hreinu hvernig á að skammta hverju sinni. Eftir að hafa sett ráðherra yfir ákveðinn málaflokk þá vil ég að honum séu ætluð þau völd að hann geti stjórnað þann tíma sem hann er við völd og svo taki nýr ráðherra við og beri ábyrgð á málunum og stjórni meðan hann er við völd. Þess vegna er ég lítill stuðningsmaður þess að efla svo einhver ráð sem sett eru upp að þau þvælist fyrir eðlilegri stjórnun ráðherra. Ég tel þess vegna að það kerfi sem er í Bandaríkjunum sé á margan hátt til fyrirmyndar þar sem er skipt um allt starfslið í Hvíta húsinu við forsetaskipti.

Nokkuð hefur verið rætt um tekjur í Hafnabótasjóð og honum ætlaðar sértekjur hér í 31. gr. Menn hafa lýst andstöðu við sumt af því sem þar er. Ég held að það sé nú samt svo að annað sé vonlaust en að Hafnabótasjóður hafi ákveðna tekjupósta. Það er samt vissulega umhugsunarefni, sem við könnumst við, að hver ríkisstjórn eftir aðra hefur sett upp það kerfi að koma með langhund þar sem sagt er að „þrátt fyrir ákvæði þessara laga skuli ekki varið meiru fé til hinna ýmsu málaflokka en samþykkt er á hverjum tíma í fjárlögum" og þess vegna veit enginn hvernig svona tekjuákvæði munu halda.

Ég vil líka segja það að ég held að hafnasamlögin, sem hér er minnst á, séu mjög til bóta hvort menn telja að samlagsorðið sé það rétta yfir það að við reynum að koma höfnum til að vinna meira saman og nýta þannig betur fjármagn. Það er spor sem horfir til framfara. Þó að vissulega eigi að gæta vissrar jöfnunar í stuðningi er aftur á móti umhugsunarefni hvað ríkið á að ganga langt í því að stuðla að því að hafnir séu byggðar þar sem ekki er hagkvæmt að byggja. Mjög víða á Íslandi

er hagkvæmt að byggja hafnir frá landfræðilegum aðstæðum en annars staðar er það mjög erfitt nánast af náttúrunnar hendi. Auðvitað er alltaf spurning hvað ríkið á að jafna upp þennan mismun mikið og koma þannig í veg fyrir að náttúrulegar aðstæður njóti sín til þess að hafa áhrif á uppbyggingu hafnanna. Ég játa það vissulega að ég er hlynntur því að ríkið sé þarna með verulega jöfnun eins og hér er lagt til og mér hefði þótt vænt um það ef ráðherra hefði nefnt Blönduós og Skagaströnd í upptalningu um hafnasamlög. Ég veit að hann þekkir þar til og hefur vakið athygli á því að auðvitað er gott samstarf um hafnarmannvirki í Húnavatnssýslu jafnæskilegt og annars staðar á landinu.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 2. þm. Vestf. vildi ég vekja athygli hv. þm. á því vegna ummæla hans um skipan hafnaráðs að þarna er um samstarfsvettvang að ræða vegna þess að hafnirnar eru í eigu sveitarfélaganna og ríkisvaldið fer ekki með stjórn hafnanna heldur sérstök stjórn sem sveitarstjórnirnar kjósa. Þess vegna er hafnaráð samstarfsvettvangur eigenda hafnanna og samgrh. fyrir hönd ríkisvaldsins. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram við umræðuna því að mér heyrðist hv. þm. tala um hafnaráð eins og það væri ríkisvaldið sem réði algerlega og færi með málefni hafnanna.

Að hinu leytinu vildi ég benda hv. 2. þm. Vestf. á það vegna þess að hann gerði að umtalsefni ráðningu hafnamálastjóra og starfsmanna Hafnamálastofnunar að í grunnskólalögum er það skólastjóri sem ræður kennara og annað starfslið skv. 34. gr. og ætti hv. þm. að þekkja það vel.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í mestu vinsemd og að marggefnu tilefni ætlar forseti að leyfa sér að benda hv. 2. þm. Vestf. á að sá „herra forseti" sem hann ávarpaði í upphafi ræðu sinnar er kona.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Með þeim ávarpsorðum hef ég löngum sýnt forseta fyllstu virðingu og viðurkennt herradóm forsetans yfir þinginu. Sá herradómur er því öllu æðri að hægt sé að deila um kynferði alveg eins og sagt er um guð án þess að menn deili um hvort hann sé karlkyns, hvorugkyns eða kvenkyns:

Herradóm engan að heimsins sið
held ég þar megi jafnast við.

Ef menn hafa það á hreinu hvers kyns guð er og geta sannað það að hann sé karlkyns og þess vegna séu orð sálmaskáldsins rétt en mitt ávarp rangt þá mun ég að sjálfsögðu gera þar breytingar á. En ég vona að hæstv. forseti efi það ekki eitt augnablik að af allt öðrum ástæðum og næmri sýn hefur mér ávallt verið ljóst hvers kyns vera þar fer undir þessum kringumstæðum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti þakkar hv. 2. þm. Vestf. fyrir þá yfirmáta miklu virðingu sem hann hefur sýnt þeirri konu sem gegnir þessu embætti með því að hún er hafin yfir allt kynferði í hans ávarpi og hann hefur aldrei efast um hvers kyns hún væri. En forseta fannst samt sem áður vera orðin ærin ástæða til að benda á — og þá ekki síst vegna þess að í prentuðum þingtíðindum kemur ætíð fram að það sé „herra forseti" sem nú sitji í stólnum — að það væri kannski ekki endilega karl heldur gæti kona alveg eins gegnt því embætti. En væntanlega er þá útrætt um það mál sem hér hefur verið rætt undir forminu gæsla þingskapa.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu afar þýðingarmikið lagafrv., frv. til nýrra hafnalaga, en eins og fram hefur komið bæði hjá hæstv. ráðherra og hv. þm. sem hér hafa talað eru hafnirnar auðvitað lífæðar byggða allt í kringum landið og mikilvægt hvernig staðið er að þessum málaflokki, bæði stjórnun hans, eignarhaldi, uppbyggingu og öðrum þeim þáttum sem kveðið er á um í þessu lagafrv.

Sveitarfélög eru mjög misjafnlega í stakk búin til þess að takast á við þau kostnaðarsömu mannvirki sem hafnarmannvirki eru víðast hvar og hafnarsjóðir misjafnlega undir það búnir og þess vegna hefur svo verið gegnum tíðina að ríkissjóður hefur staðið undir verulegum hluta af kostnaði við þessar framkvæmdir. Nú eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar sem ég vildi sérstaklega gera að umræðuefni í máli mínu en ekki endurtaka mikið af því sem aðrir hv. þm. hafa verið að gera athugasemdir við.

Í 24. gr. laganna er fjallað um það hvaða hafnarframvæmdir geti notið framlags úr ríkissjóði og ég vil vekja athygli á því og undirstrika það að þar segir: „geta notið framlags" en ekki „skulu njóta framlags". Í 26. gr. er skilgreint nánar hvaða framkvæmdir er um að ræða og hvað styrkveiting af hálfu ríkisins megi vera há og þar segir í öllum þremur töluliðunum: „Allt að 100%, allt að 90%, allt að 60%". Í 27. gr. frv. er síðan kveðið á um það að við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skuli skoða fjárhagslega getu hafnarsjóðanna og þar með undirstrikað að ríkisstyrkurinn þurfi ekki endilega að nema þeim hlutföllum sem áður er kveðið á um í 26. gr. Þetta vildi ég aðeins undirstrika og nefna og í framhaldi af því spyrja hæstv. ráðherra hvort einhverjar reglur eru nú þegar í undirbúningi eða hvort þær hafi e.t.v. eitthvað verið hugsaðar af þeirri nefnd sem samdi frv., einhverjar reglur um það hvernig þetta mat á fjárhagsgetu hafnarsjóða skuli unnið, við hvað skuli miðað og hvort menn gera sér þegar ljóst eða eru uppi hugmyndir um það í ráðuneyti samgöngumála hvernig skerðing komi fram, sem ég geri nú ráð fyrir að menn hugsi þá að geti orðið einhver, kannski í sumum tilfellum veruleg, og hvaða hafnir komi þar e.t.v. sérstaklega til greina.

Við vitum að það er svo í gildandi hafnalögum að þar eru einnig heimildir til þess að skerða framlög til hafnarsjóða sem vel standa og mig langaði til þess að

spyrja hæstv. ráðherra hvort um einhverjar svipaðar hugmyndir væri að ræða. En mig langar líka í tengslum við þetta að spyrja aðeins nánar út í það hvernig nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu sem getið er um í athugasemdum við lagafrv. að þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir á kostnaðarþátttöku ríkisins í uppbyggingu hafnanna muni þýða svipað hlutfall ríkissjóðs í framkvæmdum við hafnargerðir eins og þar kemur fram. Þar segir í athugasemdum við frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur að þegar á heildina er litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerðum og verið hefur þrátt fyrir þessar breytingar."

Nú álít ég samt að það hljóti að þýða allmikla tilfærslu milli hafna og fróðlegt hefði verið að sjá einhverja töflu í greinargerðinni hvernig sú tilfærsla kemur fram því að vissulega er um allmiklar breytingar að ræða. Jafnframt hefði mig langað til þess að velta upp því sem kom fram í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hér áðan, hafi það verið hjá öðrum þá biðst ég afsökunar á því, að á þeim stöðum þar sem hafnarskilyrði eru e.t.v. slæm til hafnargerðar hlýtur að vera viss hvati innbyggður í þessar breytingar þegar öll ytri hafnarmannvirki, öldubrjótar og slíkir hafnargarðar eru nú styrktir 90% en voru áður 75%. Nú kann það að vera að það sé svo á ýmsum stöðum að það sé nauðsynlegt að styðja betur við bakið á veikum hafnarsjóðum því þetta eru yfirleitt dýrar framkvæmdir, dýpkunarframkvæmdir, og kostnaðarsamir hafnargarðar sem hér er verið að hækka fjárveitingu ríkisins til, en á móti er hins vegar dregið úr fjárveitingu til annarra styrkhæfra hafnarframkvæmda sem áður voru styrktar 75% og það var lækkað niður í 60%. Hér hlýtur því að vera um tilflutning að ræða og ég álít að nefndin sem undirbjó frv. hafi getað gert sér nokkra grein fyrir þessu með því að skoða þá hafnaáætlun sem fyrir liggur og unnið hefur verið samkvæmt á undanförnum árum og gert er ráð fyrir að vinna samkvæmt á næstu árum. Nokkuð er vitað um hvaða framkvæmdir á að leggja í og fyrir liggja kostnaðarhugmyndir eða kostnaðaráætlanir varðandi þær framkvæmdir. Því hefði verið hægt að sjá þetta og gefa e.t.v. nokkru betri upplýsingar um þetta í grg. en nú er gert.

Nú vil ég láta það koma fram að ég lýsi ánægju minni með það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að þetta frv. á að fá góða og vandaða meðferð í sumar og leggjast fyrir aftur að hausti, það er ekki gert ráð fyrir því að það verði afgreitt nú í vor. Því er auðvitað tími til þess að skoða þessi mál betur og fá nánari upplýsingar og leggja þá slíkar ítarlegar upplýsingar um kostnað og kostnaðaráhrif fram með frv. að nýju á haustdögum eða á nýju þingi.

Mig langar einnig í sambandi við Hafnabótasjóð og hlutverk hans, sem varðar þátttöku í framkvæmdakostnaði, að spyrja hæstv. ráðherra um það ákvæði að Hafnabótasjóði sé ekki heimilt að styrkja eða lána til hafna meira en svo að sá styrkur og þau lán að viðbættu ríkisframlaginu fari aldrei fram úr 90% af framkvæmdakostnaði. Í athugasemdum við 33. gr. frv. segir að verið sé að lögfesta óskrifaða reglu. Nú þykist ég muna að a.m.k. séu einhver tilvik, þau eru kannski ekki mörg, fyrir hendi um það að styrkir og lán úr Hafnabótasjóði ásamt ríkisframlagi hafi numið allt að 100% af framkvæmdakostnaði í hinum smæstu höfnum þar sem tekjur hafnarsjóða eru mjög litlar og hafnarsjóðirnir ekki burðugir og kannski ekki í neinum færum um það að taka sem neinu nemur þátt í kostnaði við uppbyggingu hafnanna.

Það getur verið að ekki sé rétt hjá mér að það hafi aldrei numið alveg 100% en ég hygg þó að menn hafi ekki bundið sig alveg í 90%-regluna sem hér er þó talin hafa verið óskrifuð regla.

Í sambandi við stjórnunarþættina sem fram koma í 2. gr. og 5. gr. og svo reyndar einnig hvað varðar afskipti Alþingis og þeirrar nefndar Alþingis sem hingað til hefur haft með þessi mál að gera, þ.e. fjárveitinganefndarinnar í fyrri tíð og nú fjárln., afskipti hennar af þessum málum, langar mig að spyrja ráðherra einnig að í 2. gr. er rætt um hvernig hafnaráð skuli skipað og þar segir að tveir fulltrúar skuli tilnefndir af Hafnasambandi sem er fjölgun um einn. Áður tilnefndi Hafnasambandið einn fulltrúa samkvæmt athugasemdum í grg. Ég þykist muna að einn fulltrúi hafi áður verið skipaður af fjárln. Alþingis. Það kemur ekki fram en mig langar að spyrja ráðherra hvort það hafi ekki verið svo og hvort hugsun hans og meining sé að draga úr áhrifum og afskiptum Alþingis og ég segi nú aftur þeirrar nefndar, sem afskipti hafa af málunum, því að það þarf ekki endilega að vera fjárln. Nú hefur það t.d. gerst að samgn. þingsins er að fjalla um vegáætlun sem fjárln. gerði áður, eða fjárveitinganefnd í fyrri tíð, og það kann vel að vera að hér ætti eins að vera fulltrúi samgn. þingsins eins og fulltrúi fjárln. þingsins ef það er ekki beinlínis með vilja gert og markviss skoðun hæstv. ráðherra að Alþingi eigi ekki að hafa afskipti af málunum. Þetta kemur fram á öðrum stað í frv., þ.e. varðandi Hafnabótasjóðinn, þar er einnig tekið fram að nú þurfi ekki lengur að bera tillögur um styrki úr Hafnabótasjóði undir fjárln. eins og verið hefur hingað til.

Ég lít svo á og reyndar blandast engum hugur um það að styrkir úr Hafnabótasjóði eru styrkveitingar úr ríkissjóði og ekki óeðlilegt að Alþingi hafi einhvern umsagnarrétt um það alveg eins og nefndir Alþingis gera tillögur um það hvernig fjárveitingum til hafnarframkvæmda skuli skipt eða varið og Alþingi síðan staðfestir þá finnst mér ekki óeðlilegt að Alþingi, annað hvort fjárln. eða samgn., hafi einnig umsagnarrétt eða einhver afskipti af því hvernig að styrkveitingum úr Hafnabótasjóði er háttað.

Þetta voru nokkur atriði sem mig langaði til þess að ítreka og koma sérstaklega fram með í umræðunni í viðbót við það sem aðrir hv. þm. voru búnir að láta koma fram. Að öðru leyti ítreka ég það að ég lýsi ánægju minni með að þetta frv. skuli eiga að fá vandaða og góða meðferð og umfjöllun af hálfu fulltrúa sveitarstjórnanna sem hljóta að hafa skoðanir á því og þurfa að hafa afskipti af því hvernig þessu frv. reiðir af og í hvaða búningi lögin endanlega verða, svo mikilvæg sem þau eru fyrir landsbyggðina alla og reynd-

ar atvinnulíf í landinu í heild. Jafnframt eru ýmsir þættir í þessu frv. sem ég tel til bóta og get lýst stuðningi mínum við en er ekki að lengja umræðuna með því að fara frekar yfir málið að sinni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hér hafa farið fram fróðlegar umræður og að mínu viti gagnlegar og ég lýsi auðvitað ánægju minni yfir því að þeir þingmenn sem til máls hafa tekið eru sammála mér um þá málsmeðferð sem ég hef hér lagt til, þ.e. að frv. verði vísað til samgn. og það síðan sent til umsagnar þeirra sem málið varðar, sveitarfélaga og þeirra sem nota hafnirnar, samtaka útgerðar og sjómanna og vöruflutningaaðila.

Fyrsta athugasemdin sem hér kom fram var frá hv. 2. þm. Austurl., hann ásamt a.m.k. 2. þm. Vestf. lét í ljósi efasemdir um það hvort rétt væri að gera ráð fyrir því að hafnir gætu verið hlutafélög. Í fyrsta lagi er álitamál hvað er höfn og eru hér við land mikil hafnarmannvirki í eigu einstaklinga eða fyrirtækja sem aldrei hafa notið styrks úr ríkissjóði en eru auðvitað í eigu hlutafélaga. Ég get nefnt sem dæmi hafnarmannvirkin við hvalstöðina til skýringar á þessari staðreynd. Hér er gert ráð fyrir því að hafnir geti verið í eigu sveitarfélaga, þær geti verið hafnasamlög eða hlutafélög. Það er eðlilegt að reyna að hafa rammann sem breiðastan, auðvitað vegna þess að hafnir hafa ekki fram að þessu verið fyrirtæki sem hafa skilað arði til lengri tíma litið. A.m.k. liggur það ljóst fyrir að uppbygging þeirra er mjög kostnaðarsöm og ekki við því að búast að slík fjárfesting gefi fljótt arð en á hinn bóginn geta verið hagsmunir þeirra sem nota hafnirnar að reyna að flýta fyrir framkvæmdum. Af þeim sökum er talið rétt að opna þennan möguleika.

Þingmenn hafa verið að reyna að snúa út úr því sem stendur í 14. gr., talað er um að tekjum og eignum hafnarsjóðs megi einungis verja í þágu hafnarinnar og talið að það stangist á við það ákvæði að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Þetta er auðvitað algjör misskilningur. Ef fyrirtæki tengjast starfsemi hafnanna þá skulum við væntanlega búast við því að þau séu líka rekin í þágu viðkomandi hafna. Það sem hér er um að ræða er auðvitað hitt að það er verið að kveða á um að rétt sé að hafa það opið að slík fyrirtæki megi reka með takmarkaðri ábyrgð sem er hugsunin á bak við hlutafélagareksturinn og eins hitt að fleiri aðilar geti komið að þeim þáttum í starfseminni sem hér er höfð í huga. Get ég t.d. tekið fiskmarkaði sem raunar eru nefndir sérstaklega í grg. Við getum líka hugsað okkur sérstakt eignarhaldsfyrirtæki um ýmis flutningamannvirki eða annað því um líkt sem nauðsynlegt er að reka í tengslum við hafnir. Þess vegna er ekki nema til þess að opna nýjan möguleika í rekstir hafnanna sem þetta ákvæði er sett inn og á væntanlega að geta stuðlað að því að meiri samvinna takist um rekstur slíkra hafna og til lengri tíma litið að tryggja að hafnirnar gegni betur hlutverki sínu og geti veitt ódýrari þjónustu.

Ég held að alveg ástæðulaust sé að halda að þessi ákvæði ýti undir það að hafnargjöld hækki óhæfilega mikið. Hafnir eru í samkeppni hverjar við aðra, þær eru í samkeppni við landflutninga og undir einstökum kringumstæðum í samkeppni við flug. Það er alveg ástæðulaust að ætla að einhverjir eigendur einhverra sérstakra hafna muni gera tilraun til að skera sig úr og leggja miklu þyngri álögur á þá umferð sem um höfnina fer en aðrar hafnir.

Hitt er svo auðvitað annað mál sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. að undir vissum kringumstæðum auðvitað getur skapað erfiðleika eða verið bagalegt að skylda hafnir til þess að taka aðkomubát eða aðkomuskip til afgreiðslu undir öllum kringumstæðum. Það er ábending sem rétt er að taka til greina. Við vitum það að hafnir hafa undir vissum kringumstæðum neyðst til þess að vísa skipum frá í vondu veðri þannig að þau hafa orðið að leita hafnar annað og það má vera að nauðsynlegt sé að hafa slíka fyrirvara inni í hafnalögum.

Í ræðu a.m.k. tveggja þingmanna kom fram að þeir efuðust um að sú fullyrðing væri rétt hjá þeirri nefnd, sem þetta frv. samdi, að þegar á heildina sé litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerðum og verið hefur þrátt fyrir þessar breytingar. Auðvitað er erfitt að slá einhverju algjörlega föstu um það hvernig hafnarframkvæmdir verði á næstu árum. Auðvitað hafa hafnasamlögin mikil áhrif á uppbyggingu hafnanna, en ég get svona sagt rétt sem dæmi að á sl. hausti var gerður samningur um það að flytja kindakjöt til Mexíkó og við þóttumst geta fullyrt það á Íslandi að meðalþungi slíkra skrokka mundi vera í kringum 24 kg. Nú hefur það komið í ljós að þessi áætlun var allt of lág og þessir sérstöku skrokkar sem þangað fóru voru að meðaltali miklu þyngri en þeir skrokkar sem við Íslendingar neytum sjálfir. Það getur því verið erfitt að vera með miklar fullyrðingar um meðaltölu og óorðna hluti. (**Gripið fram í:** Eru þetta hafnamál?) Þetta er hafnamál já, þeir fóru um hafnir allir þessir skrokkar sem til Mexíkó fóru. En það sem ræða mín snerist um, það er auðvitað ekki hægt að fullyrða nákvæmlega hvernig þetta kemur út, en það er mat þeirra manna sem að þessari áætlun stóðu og auðvitað hlýtur formaður nefndarinnar, sem á sæti í samgn. að vera reiðubúinn til að gefa samgn. allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru.

Hv. 2. þm. Austurl. lýsti sig andsnúinn því að festa 25% álag á vörugjald í sessi og taldi að það hækkaði vöruverð á landsbyggðinni, það væri óréttlátt og kæmi misjafnlega niður. Ekki veit ég nákvæmlega hvað hann hefur í huga þegar hann fullyrðir að það sé óréttlátt og komi misjafnlega niður. Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir því að króna renni til þeirrar hafnar sem leggur mest til í hafnarsjóð samkvæmt þessari grein og er ég þá að tala um Reykjavíkurhöfn. Raunar á hið sama við um aðrar helstu vöruhafnir landsins eins og Akureyri eða Hafnarfjörð þannig að mér er ekki alveg ljóst hvað hv. þm. hefur í huga. Hitt held ég að vefjist fyrir honum eins og ýmsum öðrum hv. þingmönnum, ekki aðeins nú á þessu þingi heldur einnig á liðnum árum, með hvaða hætti sé hægt að marka sérstakan tekjustofn til hafn-

arframkvæmda eins og gert hefur verið bæði í sambandi við framkvæmdir á flugvöllum og vegaframkvæmdir. Það hefur ekki aðeins nú á þessu síðasta ári verið spreytt sig á þessu heldur hafa ýmsir áður komið að því máli, en erfiðleikarnir liggja auðvitað í því að þeir hafnarsjóðir sem veikastir eru og hafa þess vegna þörf fyrir hæst framlag úr ríkissjóði hafa af minnstum sértekjum að státa þannig að erfitt er að skattleggja umferðina um þær hafnir til þess að byggja þær upp og bæta skilyrði á þeim stöðum. Af þeim sökum er sú leið farin að lögfest var nú fyrr í sumar að leggja sérstakt gjald á vöruflutning til þess að styrkja fjáröflun í Hafnabótasjóð. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að hafnirnar hafi fyrst og fremst hag af því að minni álögur séu á þá umferð sem um þær fer ef það hefur hitt í för með sér að framkvæmdir drabbast niður eða ekki er hægt að bæta skilyrði sem svarar nútímaþörfum í flutningum.

Ef við horfum til baka hversu miklu fé hefur verið veitt til hafna á undanförnum árum kemur í ljós að það hefur verið fullkomleg ónógt fyrir helstu vöruhafnir landsins og er auðvelt að gera grein fyrir því. Það er líka mjög auðvelt að gera grein fyrir því hversu miklum fjármunum var eytt fyrir fram af þeim ráðherra, sem sat í þeim stól sem ég nú skipa, með loforðum til ýmissa sveitarfélaga um það að þau mættu vinna fyrir sig fram en hins vegar mundi það koma í hlut ríkissjóðs að standa undir fjármagnskostnaði. Líka er öldungis ljóst að við stöndum á þessu ári frammi fyrir feiknarlegum útgjöldum til þess að mæta þeim sérstaka þunga sem fellur á hafnaliðinn vegna kaupa á Herjólfi, bæði í Vestmannaeyjum og eins í Þorlákshöfn og líka vegna þess að gersamlega gleymdist þegar keypt var ferja á Ísafjarðardjúpi að gera ráð fyrir því að hún þyrfti einhvers staðar að leggjast að bryggju. Við höfum því miklar skuldbindingar. Misjafnlega hefur verið staðið að því að hugsa fyrir fram hvernig fjármagn yrði útvegað en á hinn bóginn held ég að við hljótum öll að vera sammála um að til lengri tíma litið hafa sveitarfélögin meiri hag af því að fá heldur minna í sinn hlut til hafnarframkvæmda ef hægt er á hinn bóginn að láta þær ganga hraðar fyrir sig og með því tryggja og treysta góða þjónustu og gott viðhald hafnanna. Samgöngumálin eru eins og nú stendur einhver viðkvæmasti þátturinn í atvinnulífi okkar og auðvitað liggur ljóst fyrir að ef við látum samgönguþátt-inn drabbast niður getur það valdið ýmsum fyrirtækjum á einstökum stöðum verulegum og oft ógnarlegum erfiðleikum og á hinn bóginn getur verið erfitt að brúa bilið á nýjan leik og bæta úr þeim vanrækslusyndum sem menn skilja eftir sig. Ég held því að sérstaklega þeir þingmenn, sem eru fulltrúar fyrir kjördæmi þar sem mikið er óunnið í hafnamálum, eigi að hugsa sig tvisvar um áður en þeir lýsa því yfir að þeir séu andvígir því að meiri tekjur komi til hafnarframkvæmda af þeirri umferð sem fer um hafnirnar, áður en þeir lýsa því yfir að þeir séu andvígir því að sú umferð sem fer um helstu vöruhafnir landsins kosti líka að einhverju leyti þá uppbyggingu sem nauðsynleg er á smærri stöðum og áður en þeir lýsa því yfir að þeir séu ófúsir til að varpa meiri ábyrgð á einstakar hafnarstjórnir og einstaka sveitarstjórnir en verið hefur um hríð. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu í sambandi við þennan þátt. Það kemur raunar líka inn á hitt hvaða reglur nefndin eða ég hafi haft í huga þegar gert er ráð fyrir því í 27. gr. að með reglugerð skuli ákveðið hver greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkum skuli vera.

Við gerð þess frv., sem hér liggur fyrir, var vitaskuld haft samband við þá sem viðskipti eiga við hafnirnar og fyrir þeim standa. Á hinn bóginn hefur þótt rétt að ræða einmitt þetta atriði nánar en tími vannst til við sveitarstjórnarmenn og við þá sem þess eru kunnugastir. Um hitt held ég að allir hljóti að geta verið sammála að ekki standa efni til þess nú að veita sérstöku fé til hafnargerðar, t.d. í Reykjavík, vegna þeirra miklu tekna sem hún hefur af viðskiptum sínum. Ég held að menn hljóti líka að gera sér grein fyrir því að um leið og Straumsvíkurhöfn kemur undir Hafnarfjörð þá standa ekki rök fyrir því að ríkissjóður standi öðruvísi að uppbyggingu að höfn þeim megin á höfuðborgarsvæðinu en hér við Sundin. Við hljótum einnig að velta því fyrir okkur varðandi ýmis hafnasamlög, sem við ætlum að stofna, hvort rétt sé í upphafi að gera ráð fyrir því að leggja í sérstaka framkvæmdaáætlun til þess að örva menn til að stofna slík samlög þó þeir geri sér um leið grein fyrir því að síðar meir, eftir að þeirri framkvæmdaáætlun hefur lokið, kunni að koma til þess að úr dragi að þeir eigi sama rétt og áður á framkvæmdum samkvæmt þeim lögum sem við erum nú að ræða um. Auðvitað er þetta allt álitamál, auðvitað er þetta allt viðkvæmt, en ég vil líka leggja áherslu á að ógerningur er að setja atriði af þessu tagi í lög vegna þess að það yrði of þunglamalegt og of margvíslegar ástæður sem fyrir því liggja hvernig niðurstaðan verður að síðustu að ákveða skerðingu hjá einstökum höfnum.

Hv. 2. þm. Vestf. vék að ýmsum atriðum í frv. sem heyrir undir stíl og málsnilli og ég veit ekki hvort ég á að taka undir þá skoðun hans að ýmislegt í þessu frv., sem orðrétt er tekið upp úr hafnalögum, sé ruglingslegt eða stangist hvað á við annað. „Samgrh. skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál", þótti gott mál og gilt þegar þau hafnalög voru sett sem nú eru í gildi og eins þau sérstöku ákvæði sem eru um hafnamálastjóra, sömuleiðis það orðalag er mestan part úr gildandi lögum. Kannski vegna þeirrar góðu reynslu sem af þessu orðalagi hefur fengist í tímanna rás er því haldið hér í þessu frv.

Hitt er auðvitað álitamál eins og hv. 3. þm. Vesturl. kom að áðan hvort rétt sé að fulltrúar samgrh. skuli sitja í hafnaráði jafnlengi honum. Ég tel að rétt sé að hafa það svo. Ein ástæðan fyrir því sem ekki hefur komið fram í umræðum hér sem gerir slíkt æskilegt og kannski nauðsynlegt er það að við ráðherraskipti hér á landi er auðvitað lítil endurnýjun í ráðuneytunum sjálfum af kostnaðarástæðum og af þeim sökum æskilegra en ella að ráðherrar hafi eitthvert svigrúm til þess að eiga fulltrúa í ráðum á borð við hafnaráð, ferðamálaráð, útflutningsráð eða annað slíkt. Auðvitað hlýtur þetta að vera matsatriði en mín skoðun er sú

að svo skuli vera og af þeim sökum legg ég þetta hér til. Það þýðir þá auðvitað að ef það kemur í minn hlut að skipa fyrstu tvo fulltrúana samkvæmt þessum lögum, að þeir eiga það ekki víst að sitja þar þá lengur en ég fer með þessa málaflokka. Mér gengur því auðvitað ekki annað til með þessu en að leggja til þá skipan sem ég tel eðlilega og skynsamlega.

Það er auðvitað rétt líka að það er álitamál hvort hafnamálastjóri skuli skipaður eins og ýmsir aðrir embættismenn, hvort hann skuli skipaður til fimm ára eða sex ára, hvort það megi endurskipa hann einu sinni, tvisvar eða svo oft sem verkast vill. Þetta er álitamál og auðvitað hlýtur það atriði að koma til athugunar í nefndinni. Ég hygg á hinn bóginn rétt að hafnamálastjóri ráði starfsfólk Hafnamálastofnunar enda er það í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegum stofnunum.

Í sambandi við hafnaáætlunina vil ég aðeins segja að það hefur lengi viðgengist, ég skal ekki segja hversu lengi, 20 ár eða 30 ár, guð má vita hvað, að gerðar eru sérstakar hafnaáætlanir sem þingmenn vita að hafa verið marklitlar. Ég vil segja jafnvel marklausar vegna þess að Alþingi hefur ekki fjallað um þær og heldur ekki staðfest þær. Þess vegna hafa þær fyrst og fremst verið lýsing á þeim óskalista sem einstakar hafnarstjórnir eða sveitarstjórnir hafa lagt fram á hverjum tíma en reynslan sýnir að áherslurröð hefur oft og tíðum breyst enda í mörgum tilvikum skýrt að sveitarfélög leggja fyrir fjvn. óskalista, ýmsar þær framkvæmdir sem þær telja sjálfar að ekki sé tímabært að ráðast í vegna þess að þær hafi ekki beinlínis ráð á því eða kjósi að láta annað sitja fyrir. Þær hafa kannski lagt á borð með sér bæði dýpkun, brimgarð, viðlegukant o.s.frv. þó að hugsunin hafi aldrei verið sú að ráðast í allt þetta á næsta ári heldur einungis eina framkvæmd af þessum og kannski einhverja sérstaka framkvæmd. Hafnaáætlun hefur af þessum sökum ekki verið það vinnuplagg, sem vegáætlun hefur verið, sem hefur verið unnið í samráði við þingmenn og samþykkt af Alþingi á hverjum tíma þótt þingið hafi að sjálfsögðu ekki nema í undantekningartilvikum, hugsa ég að ég megi segja, treyst sér til þess að standa við þau fyrirheit sem vegáætlunin hefur gefið þegar hún hefur verið samþykkt. Þá hafa menn verið bjartsýnni á að peningar væru aflögu en síðan hefur reyndin orðið og má raunar segja að hið sama hafi nú ásannast um flugmálaáætlun.

Að vísu er svo um hafnaáætlun að þar er um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga að tefla gagnstætt því sem er um vegáætlun eða flugmálaáætlun þannig að það er að því leyti flóknara og erfiðara að gera sér grein fyrir hvernig hún skuli lögð fyrir þingið til samþykktar, synjunar eða breytinga. Ég tek undir með hv. 2. þm. Vestf. að þetta er auðvitað óámælisvert að hafa orðalagið eins og stendur í greininni:

„Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar." Bæði í vegáætlun og flugmálaáætlun er skýrt tekið fram að það skuli gert í formi þáltill. og verður að reyna að gæta þess þegar málið verður lagt fyrir á þingi komanda að hér standi í staðinn fyrir: „Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til samþykktar" komi: „Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun hafna skal lögð fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar". Sú athugasemd er tekin til greina.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. spurði af hvaða sökum ákveðið væri að styrkur úr Hafnabótasjóði skyldi ekki fara fram úr 90% og þóttist muna tilvik þar sem gert væri ráð fyrir 100% framkvæmdakostnaði. Ég þykist að vísu muna að einhvern tíma hafi Hafnabótasjóður greitt að fullu dýpkun í höfninni á Flatey á Skjálfanda af þeim sökum að mönnum þótti ótrúlegt að það mundi þýða að senda Hálshreppi þann reikning. Hins vegar hefur það verið víðtekin venja þegar um slíkt hefur verið að ræða fram að þessu að eins og í Grímsey, Norðurfirði og sennilega Bakkafirði hefur Byggðastofnun lagt fram hluta framkvæmdakostnaðar þegar sérstaklega hefur staðið á. Ég hygg að það sama megi segja um Brjánslæk, þó man ég það ekki. En þetta varð sú niðurstaða sem nefndin komst að og ég er henni út af fyrir sig sammála en það atriði hlýtur auðvitað að vera til athugunar.

Loks spurði hv. 1. þm. Norðurl. e. hvernig á því stæði að gert væri ráð fyrir því að fjárln. ætti ekki fulltrúa í hafnaráði. Það er ekki svo í lögum nú. Í lögum er heldur ekki svo nú að skylt sé að leggja tillögu um ráðstöfun fjár úr Hafnabótasjóði fyrir fjárln. heldur hefur skapast um það vani eða hefð. Ég lít svo á að um eðlilega skipan sé að ræða þar sem við erum að tala um þátt framkvæmdarvaldsins í stjórn hafnamála og sé ekki ástæðu til þess að breyta þeim ákvæðum.

Hitt er auðvitað álitamál hvort rétt sé að hafnaáætlun sé send fjárln. eða samgn. til umfjöllunar í samræmi við þá niðurstöðu sem var á þingi í vetur í sambandi við vegáætlun og flugmálaáætlun. Ég tel rétt að slíkri áætlun yrði einnig vísað til samgn. Vona ég að ég hafi svarað þeim spurningum sem voru lagðar fyrir mig.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. talaði um útúrsnúninga í sambandi við umfjöllunina um 14. gr. ásamt 8. gr. Ég er honum alls ekki sammála í þessu efni. Í 14. gr. er sagt skýrt: „Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar." Það að leggja peninga í önnur fyrirtæki, hlutafélög, er auðvitað að taka þátt í atvinnurekstri með öðrum sem er væntanlega í ábataskyni en í 14. gr. er gert ráð fyrir því að hafnarsjóðir skuli undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Að mínu viti getur þetta því ekki staðið svona. Mér finnst að það eigi að endurskoða þetta.

Það er líka annað sem ég gleymdi að minnast á áðan sem er mikilvægt og sem menn þurfa auðvitað að ræða. Gert er ráð fyrir því að menn geti stofnað hlutafélag um nýja höfn en ekki er útskýrt nánar hvað menn þurfi að uppfylla með því, hvort einhver félagsskapur geti ákveðið að nú skuli byggja höfn á einhverjum stað á landinu og eigi þar með rétt á því að fá framlög frá ríkinu í þessi hafnarmannvirki samkvæmt þeim reglum sem hér eru fram settar. Það hlutafélag sem hér ætti hlut að máli væri félag með takmarkaða ábyrgð.

Ég held að menn þurfi að ræða þessi mál mjög vandlega og því er vel að menn fá til þess nægan tíma.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi ítreka það sem ég sagði áðan að auðvitað stangast það ekki á í 8. og 14. gr. þegar við tölum um það að tekjum og eignum hafnarsjóðs megi einungis verja í þágu hafnar. Það getur verið í þágu hafnar að stofna hlutafélag um tiltekinn rekstur sem tengist henni. Hér var áður talað um fiskmarkaði. Við getum hugsað okkur einhvers konar flutninga, löndunarfyrirtæki eða eitthvað því um líkt. Þá getur það beinlínis samrýmst hagsmunum hafnarinnar að vera hluthafi í slíku fyrirtæki. Ég held að það sé líka ljóst að við erum að fara inn í nýjan tíma í sambandi við flutningatækni og annað því líkt. Við höfum líka verið hér á landi að byggja upp orkufrekan iðnað sem gerir kröfur til mikilla og dýrra hafnarframkvæmda og þar fram eftir götunum. Ég hef áður minnst á þá bryggju sem Hvalur hf. og Olíufélagið áttu og ráku inni í Hvalfirði. Það eru því auðvitað fordæmi fyrir því að hafnir hér á landi séu hlutafélög og í einkaeign. Auðvitað má alltaf deila um í hvaða eigu einstakar framkvæmdir eru í raun og veru. Við getum tekið t.d. mannvirki sem tengjast ferjurekstri, ferðamannaþjónustu og ýmislegt annað. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við höfum nútímalegt ákvæði um eignarhaldið og rekstrarformið á höfnunum. En þetta verður sem sagt rætt í samgn.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. skilur ekki hvers vegna ég er andvígur álaginu á vörugjaldið í ljósi þess að það rennur í Hafnabótasjóð. Það er alveg rétt að frá sjónarmiði þeirra sem byggja hafnir, sveitarfélaga og annarra sem hlut eiga að máli, getur verið álitlegt að fá tekjur í Hafnabótasjóð og markaðan tekjustofn. En það sem ég vildi segja og ég skal reyna að segja svolítið skýrar er að ég óttast að þessi tekjustofn sé óheppilega valinn og að hann hafi miður góð áhrif á vöruverð í landinu, geti aukið mismuninn í vöruverði á landsbyggðinni og á Reykjavíkursvæðinu vegna þess einfaldlega að Reykjavíkurhöfn er aðalinnflutningshöfn landsmanna. Um hana fer mikið magn af vörum sem tekur á sig vörugjald þegar það fer á land. Síðan fer varan um höfnina aftur og um einhverja aðra höfn úti á landi. Þarna koma því fram margfeldisáhrif og síðan kemur álagning ofan á þetta allt saman.

Af þessu hef ég áhyggjur og vil að samgn. geri sér grein fyrir þessu og reyni að greina þessi mál þegar frv. verður þar til umræðu. En þetta er aðalástæðan fyrir því að ég er andvígur þessu gjaldi eins og það liggur fyrir.

Að öðru leyti ætla ég ekki að rökræða um önnur atriði sem komu fram í ræðu hæstv. samgrh. Ég vil skoða frv. með opnum huga og það verður áreiðanlega gert í hv. samgn.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt 33. gr. ber ráðherra að ráðstafa fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tilmælum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs: Í fyrsta lagi má sjóðurinn veita lán til framkvæmda, í öðru lagi er sjóðnum heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Sjóðnum er heimilt að veita lán eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nema allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega örðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra ástæðna. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög.

Þetta er í stuttu máli það sem sjóðnum er heimilt að gera. Á hinn bóginn koma tekjurnar fyrst og fremst frá stóru vöruhöfnunum hér á Reykjavíkursvæðinu, Reykjanesi, Ísafirði, Akureyri og er með þessum hætti ráðstafað. Það er því öldungis ljóst að verið er að skattleggja með þessu gjaldi þær hafnir þar sem umferðin er mest til þess að reyna að styrkja stöðuna annars staðar þar sem bolmagnið er minna um leið og sjóðnum er ætlað að bæta tjón sem verður af náttúruhamförum eða að greiða fyrir aukinni hagræðingu í rekstri hafnarmannvirkja.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hæstv. samgrh. erum ekki að tala um sama hlutinn. Ég vil láta það koma fram að það sem ég hef áhyggjur af er að þessi gjaldstofn. Þrátt fyrir það tek ég alveg undir að það verða auðvitað stærstu vöruhafnirnar sem leggja til miklar tekjur í Hafnabótasjóð. Mér er kunnugt um hlutverk hans og tel hann mikilvægan. En ég óttast að þessi gjaldstofn sé óheppilega valinn vegna þess að hann hefur margfeldisáhrif á vöruverð í landinu. Ofan á þennan gjaldstofn kemur verslunarálagning á vörur, virðisaukaskattur og önnur slík álagning. Þegar verslanir reikna út vöruverð er reiknað ofan á þennan gjaldstofn. Það vildi ég að nefndin skoðaði. Af þessum ástæðum hef ég ekki getað skrifað undir þetta ákvæði. En ég er opinn fyrir því að leita að einhverjum heppilegum tekjustofni í Hafnabótasjóð sem hefur ekki þessi áhrif.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fagna því sem fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra að það væri ætlun hans að vinna málið á þann veg að leggja það fram til kynningar á þessu þingi og senda það út til umsagnar en ekki til afgreiðslu. Menn geta þá gefið sér tíma til að fara rækilega yfir það og hlýða á raddir þeirra sem til verður leitað.

Ég tel að þetta séu prýðileg vinnubrögð. Ekki hef ég alltaf verið sammála þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í vetur og mér þykir því ástæða til að nefna

það þegar svo vill til að mér þykir vel að verki staðið.

Hvað varðar frv. sjálft þá hef ég ýmsar ábendingar og jafnvel athugasemdir við það sem ég vil rekja hér eina af annarri. Ég vil fyrst nefna og benda á að til eru lög um sveitarfélög. Það verður að mínu viti að lesa saman sérlög, eins og lög um hafnir, við lög um sveitarfélög og hafa í heiðri þau sjónarmið og viðhorf sem fram koma í sveitarstjórnalögum. Ég vil benda á að í 6. gr. sveitarstjórnalaga er tíundað sérstaklega að bygging og viðhald hafna séu verkefni sveitarfélaga. Sérstaklega er kveðið á um það í sömu grein að sveitarfélögum sé skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Samkvæmt sveitarstjórnalögum er sveitarfélögum skylt að reka hafnir. Ég set því spurningarmerki við innskotið í 8. gr. um hlutafélög, þ.e. hvenær það getur átt við. Augsjáanlega getur það ekki átt við í þeim sjávarplássum þar sem menn hafa rekið hafnir og ég átta mig ekki á því undir hvaða kringumstæðum menn gætu stofnað hlutafélög um hafnir og rekstur þeirra og á hvaða stöðum.

Ég vil líka benda á ákvæði í 6. gr. sveitarstjórnalaga þar sem skýrt er kveðið á um að sveitarfélög skuli hafa sjálfsforræði yfir gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast. Hafnamál er eitt af þeim verkefnum sem lögbundið er að sveitarfélög skuli annast. Sveitarstjórnalögin segja að sveitarfélögin eigi að hafa sjálfsforræði yfir gjaldskrá þeirra eins og annarra stofnana sem sveitarfélögin reka. Það var meginstefnan sem sett var upp á sínum tíma í sveitarstjórnarlögum. Því hygg ég, fyrst menn á annað borð eru að endurskoða lög um málefni hafna, að þeir ættu að taka mið af þessum breytingum og þessu viðhorfi og fella saman í þetta frv. sem hér liggur fyrir. Hins vegar beina 11., 12. og 13. gr. málinu í allt annan farveg þar sem gjaldskráin er að mestu leyti lögð í vald ráðherra. Sjálfsforræði sveitarfélaga er því ekki í þessu efni eins og kveður á um í sveitarstjórnarlögum.

Þá vil ég benda á annað ákvæði í sveitarstjórnarlögum, í IX. kafla, um samvinnu sveitarfélaga. Þar er sérstakur kafli sem gerir sveitarfélögum kleift að standa saman að ákveðnum verkefnum, hafa samvinnu um framkvæmd ýmissa verkefna á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum. Er þetta nánar útlistað í 98. gr. sveitarstjórnarlaga. Það eru því í dag fyrir hendi allar þær heimildir sem menn þurfa til að stofna hafnasamlög. Það er engin lagaleg hindrun fyrir því að sveitarstjórnir, tvær eða fleiri, komi sér saman um að reka svokallað hafnasamlag. Af þessum ástæðum má segja að óþarft sé að setja inn í frv. sérstakt ákvæði um að mynda hafnasamlög. Mér finnst einnig ákvæðið í 8. gr. taki ráðin af sveitarfélögunum að nokkru leyti með því að ráðherra ákveður með reglugerð að mynda hafnasamlög. Að vísu er honum skylt að hafa samráð við eigendur viðkomandi hafna. En það kemur ekki fram í textanum að það sé áskilið að það samráð sé þannig að eigendur viðkomandi hafna séu samþykkir því að myndað verði svokallað hafnasamband. Valdið til þess að koma því á er fært í hendur ráðherra og getur hann beitt því, eftir því sem mér sýnist frumvarpstextinn hljóða, hvort heldur menn eru sáttir við það eða ekki. Þetta tel ég óheppilegt og reyndar stangast á við sveitarstjórnalögin þar sem kveðið er skýrt á um sjálfsforræði sveitarfélaga. Það væri mikil afturför ef menn færu þá leið sem gert er ráð fyrir í 8. gr. frv. um hafnasamlög.

Þá eru einnig spurningar um skipan hafnaráðs. Ég set spurningarmerki við að hafa stjórnkerfisuppbygginguna þannig að hafnaráð heyri undir samgrh. þannig að hann skipi það þremur mönnum og tveir séu tilnefndir til viðbótar af Hafnasambandi sveitarfélaga. Ég vil varpa fram þeirri hugmynd sem mér finnst að mörgu leyti álitlegri að hafa skipulagsmálin með svipuðum hætti og er í flugmálum þar sem er svokallað flugráð sem skipað er fimm mönnum einnig, þrír kosnir af Alþingi og tveir skipaðir af ráðherra. Ég tel að það sé að mörgu leyti mun álitlegri kostur að hafnaráðið verði skipað með þeim hætti að Alþingi skipi þrjá fulltrúa og samgrh. tvo.

Ég hef líka athugasemdir við ráðstöfun fjár úr Hafnabótasjóði, þ.e. 33. gr. um að ráðherra ráðstafi því fé að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs eins og hér segir. Ég hygg að ég muni það rétt að í dag séu mál þannig að stjórn Hafnabótasjóðs úthluti þessu fé. Hér er því verið að færa valdið frá þeim aðila til ráðherra. Þó að Hafnamálastofnun og hafnaráð séu tillöguaðilar þá er ekki áskilið í frumvarpstextanum að ráðherra þurfi að fara eftir þeim tillögum. Hann getur því breytt þeim eða synjað eftir atvikum og hugsanlega bætt við. Þetta ákvæði tel ég vera afturför. Í samræmi við þau sjónarmið sem ég setti fram áðan um hvernig ég teldi að mörgu leyti betra að skipa hafnaráð þá væri það í mínum huga sá aðili sem ætti að ráðstafa þessu fé.

Ég vil leggja nokkuð mikla áherslu á það að menn gæti þess, þegar gengið verður frá frv., hugsanlega síðar á þessu ári, að virða þau ákvæði sem eru í sveitarstjórnarlögum, sérstaklega þau ákvæði sem fjalla um sjálfsforræði sveitarfélaga yfir eigin gjaldskrá, því að hafnamál eru lögbundin verkefni sveitarfélaga sem ég tel óhyggilegt að opna fyrir að aðrir geti tekið að sér og reyndar vafasamt að það standist sveitarstjórnarlög án breytinga.

Ég vil að lokum minnast á ummæli, sem hæstv. ráðherra viðhafði fyrir nokkru, og vil spyrja forseta hvort hæstv. ráðherra mundi geta skotist inn og hlýtt á mál mitt í lokin því ég vil gjarnan að hann heyri ummælin og eigi þess kost að svara. Það sem ég vil í lokin minnast á er það sem ég sá í Morgunblaðinu fyrir nokkru. Þar var rakið efni ræðu hæstv. samgrh. á ráðstefnu sem haldin var að mig minnir á Hótel Loftleiðum. Þar sagði ráðherra að á tilteknum stað á landinu, nánar tiltekið í Bolungarvík, væru menn að leggja nokkurt fé til þess að endurbyggja höfnina. Á sama tíma vildu menn líka fá fé til þess að gera veginn um Óshlíð betri en hann er eða öllu heldur öruggari en hann er. Það kom fram að ráðherrann taldi að hér væri um of mikið beðið og menn yrðu að velja og hafna. Ég vil inna hann eftir því hvort rétt sé frá greint og hvort

það sé í raun hans sjónarmið að það sé fram á of mikið farið að menn í þessu tiltekna byggðarlagi búi við sæmilegt öryggi í hafnamálum og á þeim eina vegi sem tengir byggðarlagið við nærliggjandi staði.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega mál sem allrar athygli er vert. Ég tel mér skylt sem þingmanni Reykvíkinga að taka til máls og gera nokkrar athugasemdir við það frv. til hafnalaga sem hér hefur verið lagt fram. Ég get þó ekki byrjað orð mín öðruvísi en koma að því sem síðasti ræðumaður gat um varðandi fjárþörf ýmissa hafna. Ég vil benda á, vegna þess að það vekur sérstaka athygli mína sem þingmanns í fyrsta sinn, að ráðstöfun fjár til hafna fór fram með þeim hætti að með ólíkindum er. Ég er hér t.d. með yfirlýsingu frá þingmönnum sem þá voru þingmenn Reykn., dags. 19. mars 1991. Þó nokkuð margir þeirra sitja ekki á Alþingi í dag. Þeir hafa ráðstafað fjármagni til hafnarframkvæmda næstu þrjú árin. Sitjandi þingmenn hafa ekkert um það að segja. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa þetta bréf en það hljóðar svo:

„Samgönguráðuneytið, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, 150 Reykjavík.

Yfirlýsing.

Með vísan til erindis bæjarstjórnar í Hafnarfirði, dags. 13. mars 1991, geta undirritaðir þingmenn Reykjaneskjördæmis fallist á að Hafnarfjarðarhöfn hefji í ár framkvæmdir við fjórða áfanga Suðurbakka, lengingu um 170 metra. Jafnframt getum við fallist á að tekið verði lán út á hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni er nemi allt að 40 millj kr. ef nauðsyn krefur. Þingmenn kjördæmisins munu beita sér fyrir því að fjárveiting fáist á fjárlögum næstu þrjú árin til að endurgreiða lánin. Endurgreiðslan gæti þó dreifst á fleiri ár ef fjárveitingar til kjördæmisins verða skertar frá tillögum Hafnamálastofnunar um hafnamálaáætlun 1991–1994."

Er nokkur hissa þótt ég sé undrandi yfir því að fyrrv. þingmenn Reykn. skuli hafa ráðstafað fjármagni Alþingis með þeim hætti sem ég hef hér lýst? En ekki meira um það að sinni.

Í skipunarbréfi frá samgrh. 28. ágúst 1991 stendur að nefndin skuli „taka til endurskoðunar þá kostnaðarskiptingu sem nú er í gildi milli ríkis og sveitarfélaga varðandi hafnarframkvæmdir. Jafnframt skal nefndin gera athugun og tillögu með hvaða hætti unnt sé að treysta rekstrargrundvöll hafna, auka framkvæmdafé og stuðla að sameiningu hafna." Einnig skyldi nefndin gera tillögur um aðrar þær breytingar sem henni þykir efni standa til. Í reynd hefur starf nefndarinnar leitt af sér frv. til hafnalaga þar sem tekið er á ýmsum öðrum málum en að ráða rekstri og stjórnun hafna.

Sveitarfélög eru samkvæmt hafnalögum eigendur hafna og frumkvæðið um hafnargerðir og ábyrgð á framkvæmdum er hjá þeim. Þrátt fyrir þetta fjalla lögin að miklu leyti um eftirlitskerfi stjórnvalda í þessum málaflokki. Það stafar af því að höfnum hefur ekki verið gert fjárhagslega kleift af eigin rammleik að annast rekstur og fjárfestingar með tekjum frá notendum. Ráðherra ákveður höfnum gjaldskrá sem skv. 13. gr. skal við það miðuð að tekjur hafnarsjóða standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbyggingar.

Flestar íslenskar hafnir eru fiskiskipahafnir og ljóst er að stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að framfylgja ákvæðum 13. gr. fyrir þær með því að láta notendur þeirra greiða fyrir afnot mannvirkja. Þess vegna hefur þurft millifærslukerfi skv. 26. gr. til að standa straum af kostnaði. Hefur slíkt kerfi leitt til óhagkvæmrar og ómarkvissrar uppbyggingar. Við endurskoðun er ætlunin að viðhalda því samanber að tillögu um viðhalda skattlagningu í formi sérstaks vörugjalds og athugasemdir um að ríkisframlag verði svipað eftir sem áður. Þegar ekki eru gerðar kröfur til notenda um að greiða fyrir þann kostnað sem hlýst af afnotum hafnarmannvirkja er mismunur greiddur úr ríkiskassa og leiðir það í mörgum tilfellum til óraunhæfra framkvæmda og kallar á þá miklu ríkisforsjá sem fram kemur í núverandi lögum og ætlunin er að viðhalda.

Í frv. er sett fram tillaga um viðbót í 29. gr. um að við áætlanagerð og forgangsröðun framkvæmda skuli leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild. Þá er í 8. gr. gert ráð fyrir að stofna megi hafnasamlög þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Bæði þessi ákvæði geta verið til bóta ef rétt er á haldið. Spurning er hins vegar hvort ekki eigi að skoða þessi mál ásamt rekstrargrundvelli hafna og þátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum í tengslum við þá vinnu sem nú er unnin á vegum ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þar er annars vegar um að ræða vinnu að sameiningu sveitarfélaga sem gæti tengst hafnasamlögum og vinnu nefndar að skoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í skoðun á verkaskiptingu eru hafnamál einn málaflokka og umræður þar snúast m.a. um að breyta tekjustofnum sveitarfélaga sem mundu væntanlega leiða til styrkari fjárhagsstöðu hafna og minni þarfar fyrir ríkisstyrk og þá um leið minni ríkisforsjár. Um athugasemdir við hugmyndir um að lögleiða til frambúðar sérstakt vörugjald og hlutafélagshafnir má segja að með breytingum á 2. gr. í þá veru að skipt sé um tvo fulltrúa við ráðherraskipti er verið að gera hafnaráð pólitískara. Í athugasemdum segir að þetta sé í samræmi við þær skoðanir sem hafa verið að ryðja sér til rúms. Í upphafi 3. gr. má ráða að hafnaráði sé hugað aukið verksvið í stjórn Hafnamálastofnunar þó að það sé ekki skýrt í athugasemdum. Í ljósi þess að hafnaráði er einnig ætlað aukið hlutverk í stjórn Hafnabótasjóðs virðist skapaður vísir að lítilli byggðastofnun í hafnamálum.

Felld er niður núv. 5. gr. þar sem segir að núverandi Hafnamálastofnun skuli hafa umráð yfir vélum og tækjum sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknabúnaði og tækjum til dýpkunarframkvæmda. Í athugasemdum stendur að þessi niðurfelling sé í samræmi við breytt starfssvið og tilgang

Hafnamálastofnunar. Ekki er frekar fjallað um í hverju þessar breytingar á starfssviði og tilgangi Hafnamálastofnunar eru fólgnar. Það kemur t.d. ekki fram í 22. gr. því að þar stendur óbreytt að hafnarframkvæmdir, er njóti ríkisstyrks, skuli unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins og fari hafnarstjórn þess á leit þá annist Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið í skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana. Þetta virðist þýða að þrátt fyrir niðurfellingu núverandi 5. gr. verður ekki séð að breytt starfssvið og tilgangur feli t.d. í sér að stofnunin hætti verktaka- og ráðgjafarstarfsemi í samkeppni við almennan markað. Af 29. gr. má ráða að Hafnamálastofnun sé ætlað víðtækara verkefni í að meta þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Hafnir sem reka skal sem hlutafélög hljóta að falla undir lög um slík félög. Við slíka breytingu hljóta að vakna spurningar:

1. Hvernig verður farið með skattalegan ríkisstyrk til slíkra hafna? Hlutafélagshafnir hljóta að greiða skatta bæði til ríkis og sveitarfélaga. Hvernig fer þetta saman við undanþágu á greiðslu skatta til sveitarsjóða skv. 14. gr.?

2. Hvernig samræmist ríkisstyrkur til hlutafélagshafna lögum um samkeppni? Er t.d. hægt að setja þau takmarkandi ákvæði á hlutafélög, eins og segir í 14. gr., að tækjum og eignum megi einungis verja í þágu hafnar?

3. Getur ráðherra ákveðið gjaldskrá fyrir hlutafélög í eigu ríkis, sveitarfélaga eða annarra, sbr. 13. gr.?

4. Almennt er spurning hvort allt eftirlitskerfi Hafnamálastofnunar geti átt við um hlutafélög.

Í frv. er miðað við að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í athugasemdum er lögð fram hugmynd um slík samlög. Skoða þarf slíkar hugmundir mjög vandlega. Ef æskilegt er talið að mynda hafnasamlag á höfuðborgarsvæðinu er nauðsynlegt að sveitarfélög svæðisins, með hafnaraðstöðu frá Straumi að Kjalarnesi, ættu aðild að athugun á hagkvæmni slíks samlags. Frumkvæði að hafnasamlögum ætti að koma frá höfnum en ekki frá ráðherra.

Í 9. gr. frv. er gerð sú tillaga um breytingar að í stað eigenda hafnar skuli hafnarstjórn ráða hafnarstjóra og í athugasemdum stendur að um smávægilegar orðalagsbreytingar sé að ræða. Óþarft virðist að með lögum sé höfð sú forsjá með eigendum hafna að þeir ráði ekki hvern þeir ráða sem hafnarstjóra.

Í 11. gr. hefur vigtargjald af sjávarafla flokkast með skipagjöldum. Samkvæmt innlendri og alþjóðlegri venju miðast skipagjöld við stærð skipa. Vigtargjöld eru þjónustugjöld enda talin upp með þeim í 11. gr.

Í 12. gr. er lagt til að lögfesta til frambúðar skattlagningu samkvæmt sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum 1992 og nýta þannig tekjustofna hafnarsjóða sem skattstofn. Þessari skattheimtu eða jöfnunargjaldi var m.a. mótmælt á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga 1990 og af stjórn þess í desember 1991. Þar er m.a. bent á að gjaldið skattleggur sjóflutninga sérstaklega og veikir þar með samkeppnisaðstöðu þeirra.

Í umræðu um rekstrarstöðu hafna undanfarin ár hefur margoft komið fram að vöruhafnir standi tiltölulega vel en fiskihafnir illa. Ástæða þess er að stjórnvöld samþykkja að gjaldtaka í vöruhöfnum taki mið af kostnaði en ekki í fiskihöfnum eða t.d. þar sem skipaviðgerðir eru stundaðar. Vikist hefur verið undan að láta notendur fiskihafna greiða rýmilegt gjald fyrir notkun þeirra og óskum hafna um hækkun aflagjalds hefur verið hafnað.

Í skipunarbréfi ráðherra til þeirrar nefndar sem leggur fram frv. er áhersla lögð á að treysta rekstrargrundvöll hafna. Millifærsluleið sú, sem hér er valin í stað beinnar gjaldtöku af notendum hafna, virðist ekki treysta í raun rekstrargrundvöll, þvert á móti gerir hún hafnir háðar skattlagningu og millifærslu.

Í almennum athugasemdum í frv. eru tillögur um hafnasamlög og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs réttilega taldar aðalatriði frv. auk tillögu um hlutafélagshafnir og aukavörugjöld. Í 29. gr. er tekið upp mikilvægt nýmæli þar sem stendur: „Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Þá er í 27. gr. ákvæði um að ráðherra sé heimilt að ákveða að framkvæmdir í höfnum sem mynda hafnasamlög njóti tímabundins hafnaframlags skv. 26. gr. Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er mjög mikilvægt verkfæri til að koma á hagræðingu í nýtingu hafna, endurbótum í flutningakerfi o.s.frv. Vegna ofangreindrar áherslu á áætlanagerð og forgangsröðun verkefna í 29. gr. kemur það á óvart að í 26. gr skuli ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs ekki taka mið af þeim sjónarmiðum heldur miðast áfram við einstaka byggingarhluta hafna. Erfitt er að sjá að ef ríkisvaldið ætlar að ná fram markmiðum um hagræðingu og nýtingu hafna og framkvæmda að það verði best gert með skiptingu framlags þess eftir þessum leiðum. Á vegum Hafnasambands sveitarfélaga hefur oft verið bent á þörf þess að flokka hafnir eftir verkefnum, bæði flutningakeðjunni og eftir atvinnuþáttum. Dæmi um slíka flokkun eru fiskihafnir, flutningahafnir, iðnaðarhafnir, skipaviðgerðir, smábátahafnir. Ef tekið væri mið af 29. gr. og metin framkvæmdaþörf í hverri höfn í hverjum landshluta á landinu öllu eftir þessari verkefna- og atvinnuvegaflokkun er þess að vænta að öðruvísi áherslur kæmu fram um ríkisframlag en ef flokkunin eftir byggingarhlutum eins og 26. gr. gerir ráð fyrir.

Í tillögum 26. gr. er gert ráð fyrir að hækka framlag til hafnargarða og upptökumannvirkja fyrir skip. Í athugasemdum kemur fram að ríkissjóður taki svipaðan þátt í hafnargerð og verið hefur. Af þessu virðist mega draga þá ályktun að aukið fjármagn renni til þessara málaflokka. Aukið framlag til hafnargarða gæti þrýst á framkvæmdir í nýjum höfnum þótt draga megi í efa að fleiri hafna sé þörf enda stefnt að fækkun ein-

inga í hafnasamböndum. Dæmi um það hversu óheppilegt er að nota byggingarhluta hafna eru upptökumannvirki fyrir skip. Um það liggur fyrir nýleg þarfagreining, bæði fyrir landshluta og landið í heild. Þá er átt við svonefnda Appeldore-skýrslu en niðurstaða hennar er að hvorki í landshlutum né á landinu í heild sé þörf á nýjum upptökumannvirkjum heldur beri að styrkja skipasmíðar og skipaviðgerðir í landinu á annan hátt með því að endurskoða og hagræða í núverandi stöðvum. Hvers vegna er þá gengið hér þvert á þessa niðurstöðu og lagt til að auka framlag ríkisins til nýrra upptökumannvirkja?

Spurningin um uppbyggingu skipaviðgerða er e.t.v. spurning um iðnþróun frekar en hafnargerð. Ef sú leið er valin að ríkið leggi fram fé til skipaviðgerða gegnum framkvæmdastyrki til hafna, vak.ar einnig spurning um hvort þar eigi þá við skerðingarákvæði um ríkisframlag skv. 27. gr. en í 2. mgr. 27. gr. stendur að við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skuli taka tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum. Hér er um það að ræða að ákvæði um ríkisframlög til fjárhagslega vel staðra hafna skuli skert. Nú getur höfn haft góðar tekjur af vöruflutningum og sjávarútvegi en í höfninni er skipaviðgerðarstöð sem þarfnast uppbyggingar. Skipaviðgerðir skapa höfnum litlar tekjur. Vegna skerðingarákvæða fær höfn lítið eða ekkert framlag til skipaviðgerða en hugsanlegt framlag til upptökumannvirkis færi til fátækari hafna þótt hagkvæmara geti verið fyrir þjóðarhag og þróun atvinnugreinarinnar að styrkja þær stöðvar sem fyrir eru eins og niðurstaða úttektar iðnrn. sýnir.

Viðamestu upptökumannvirki á landinu eru nú á Akureyri og í Reykjavík sem báðar búa við skert ríkisframlag til hafnarframkvæmda og Reykjavíkurhöfn ekkert. Styrkur til upptöku á stórum skipum annars staðar mundi leiða til verulegra þrenginga og rýrari framleiðni í greininni umfram það sem nú er. Niðurstaða þessarar hugleiðingar er að ef ríkisvaldið ætlar að vinna þarfa greiningu og áætlunargerð skv. 29. gr. er líklegt að önnur flokkun í byggingarhluta skv. 26. gr. gæti verið markvissari sem verkfæri við ákvörðun ríkisframlags og ákvæði um skerðingu skv. 27. gr. gæti leitt til óhagkvæmrar þróunar fyrir atvinnugreinar eða landshluta. Flokkun eftir byggingarhlutum skv. 26. gr. leiðir til þess að hafnir fá tímabundið fé til einstakra framkvæmda en ekki endilega til aukinnar framleiðni eða hagsældar í landshlutum og landinu í heild eins og hlýtur að vera markmið 29. gr.

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu en að endingu þetta. Ég verð að lýsa undrun minni á því að í frv. til laga um hafnalög skuli vera sérstakt ákvæði hvar getið er um það að jafnframt starfi hafnamálastjóra skuli hann gegna starfi vitamálastjóra. Ég verð að segja það að líklega er þetta nokkuð fátítt þó að ég hafi kannski ekki mikla þekkingu á lagasetningum, en þá þykir mér það furðu sæta að það skuli í einum lögunum vera getið um að jafnhliða skuli þessi maður gegna starfi sem er á allt öðru sviði en hafnamál þó nokkuð tengt sé.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég fjalla í stuttu máli um einstök atriði er lúta að því frv. til breytinga á hafnalögum sem hér er til umræðu vil ég koma að ræðum hv. 5. þm. Vestf. og hv. 16. þm. Reykv. sem þeir fluttu hér við þessa umræðu en þeir komu þar inn á nokkur atriði sem ég hefði viljað gera að umtalsefni.

Í fyrsta lagi varðandi það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að frv. sem hér er til umræðu stangist á við sveitarstjórnarlög. Ég tel að þar sé um grundvallarmisskilning að ræða. Við erum að fjalla um breytingar á hafnalögum og þrátt fyrir að í 6. gr. sveitarstjórnarlaganna sé þess getið að meðal verkefna sveitarfélaga sé rekstur hafna þá á það að sjálfsögðu ekki að koma í veg fyrir að við getum gert breytingar hér á Alþingi á hafnalögum og gert það mögulegt að um hafnir séu stofnuð hlutafélög. Ég tel að ef nauðsynlegt reynist að breyta sveitarstjórnarlögunum vegna þessa þá sé það að sjálfsögðu það sem á að gera ef talin er ástæða til þess. Hér erum við að marka nýja braut hvað varðar hafnalögin og rekstur hafna í landinu og þess vegna þurfi að taka tillit til þess.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. 16. þm. Reykv. þá get ég að mörgu leyti tekið efnislega undir hans ræðu. Ég vil vekja athygli á því vegna þeirra athugasemda sem komu fram um ákvæði í frv. varðandi stuðning við upptökumannvirki þá sýnir það kannski ásamt öðru þann mikla aðstöðumun sem er í landinu. Annars vegar eru veikburða hafnarsjóðir vítt og breitt um landið sem hafa tekið sér fyrir hendur að reyna að stuðla að því að styrkja skipasmíðaiðnaðinn í landinu með því að byggja upp dráttarbrautir og það hefur verið gert víða mjög myndarlega. Hins vegar er svo þessi stóri og sterki og öflugi hafnarsjóður Reykjavíkurhafnar sem hefði getað haft möguleika til þess að styrkja skipasmíðaiðnaðinn hérna á Reykjavíkursvæðinu en hefur ekki gert það. Ég veit ekki til þess að Reykjavíkurhöfn hafi staðið fyrir því að bæta svo mjög aðstöðu til upptökumannvirkja við Reykjavíkurhöfn.

En hvað um það. Þarna er um það að ræða að hafnarsjóðir víða um land hafa fengið 40% styrk til að byggja upp mannvirki vegna skipasmíðaiðnaðarins og ég tel að það sé af hinu góða og það hefði kannski verið úr takt við óskir manna að hlúa heldur að skipasmíðaiðnaðinum í dag að það skuli þó vera aukið fremur en ef við hefðum fellt það algerlega niður að veita styrki til þessara mannvirkja.

Varðandi þá ábendingu hv. 16. þm. Reykv. að sjávarútvegurinn ætti að taka meiri þátt í uppbyggingu hafnarmannvirkja og ætti að greiða meira til hafnarsjóðanna þá get ég heils hugar tekið undir þá athugasemd. Það er alveg hárrétt hjá þingmanninum að sjávarútvegurinn hefur ekki greitt eðlilega og ekki nægilega mikið til hafnanna en ef við skoðum hvernig þetta hefur þróast í gegnum tíðina þá hefur það gerst að tekjum hafnanna af sjávarútvegi hefur verið haldið niðri þangað til núna fyrir stuttu að það tókst að hækka aflagjaldið til hafnanna úr 0.85% af aflaverðmæti í 1% en hins vegar ef skoðað er og litið er til þess hvernig vörugjöldin, sem stóru vöruhafnirnar hafa fengið, hafa

þróast þá kemur það í ljós að tekjur af vörugjöldum hafa hækkað meira en tekjur af útgerðinni og þetta er óeðlilegt. Hvers vegna þetta er vil ég ekki dæma um en einhverra hluta vegna hefur aðgangur stóru vöruhafnanna að hækkunum verið greiðari en litlu fiskihafnanna sem hafa orðið að sækja tekjur sínar til sjávarútvegsins. Um þetta mætti halda langa ræðu en það er staðreynd að svona hefur þetta verið. Litlu fiskihöfnunum hefur verið haldið niðri með því að þær hafa ekki fengið eðlilegar tekjur frá sjávarútveginum. Þetta eru staðreyndir.

Það frv. sem hér er til umfjöllunar er afar mikilvægt. Hafnalögin marka vissan ramma annars vegar um þessa mikilvægu atvinnugrein, sjávarútveginn og siglingar, og svo hins vegar um flutningastarfsemi almennt. Það sem ég tel hins vegar að sé mikilvægast í því frv. sem hér er til umræðu og marki kannski mestu breytingarnar er það sem fram kemur í 8. gr. frv. um hafnasamlög. Gert er ráð fyrir að hafnasamlög megi stofna um fleiri en eina höfn og hafnir verði þannig sameinaðar. Það er gert ráð fyrir því að ráðherra geti gefið út reglugerð og í þeirri reglugerð séu hafnir sameinaðar í hafnasamlög, tvær eða fleiri. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt og muni styrkja rekstur hafnanna. Þetta muni skapa höfnunum vítt og breitt um landið betri möguleika til hagræðingar og þetta muni þegar til lengri tíma er litið draga úr framkvæmdaþörf í höfnum landsins vegna þess að það verði reynt innan hafnasamlaganna að nýta betur hafnarmannvirkin og það á bæði við um hafnir á Stór-Reykjavíkursvæðinu og eins úti um landið allt.

Ég tel að sameining hafna og stofnun hafnasamlaga eða félaga um rekstur hafnanna gæti einnig leitt til þess að sveitarfélög yrðu sameinuð og það tel ég mjög af hinu góða og á þann hátt geti ný hafnalög haft afgerandi þýðingu fyrir sveitarfélögin í landinu og um leið uppbyggingu atvinnulífs á þeim svæðum þar sem hafnasamlög yrðu stofnuð.

Þegar litið er til hafnanna og þess mikilvæga hlutverks sem þær gegna í flutningastarfsemi held ég að nauðsynlegt sé að huga að því að sjóflutningar eru e.t.v. ódýrasti flutningamátinn sem við eigum kost á og ég tel að það eigi að leggja aukna áherslu á sjóflutninga milli landshluta. Með bættum samgöngum á landi hefur þróunin orðið sú að flutningar hafa aukist landveginn og ég tel ekki einsýnt að það sé ætíð til sparnaðar. Sjóflutningar skapa minni mengun. Það er alveg ljóst að landflutningar á þungum flutningabílum skapa vissa mengun fyrir utan að okkar veikbyggðu samgönguæðar á landi, þ.e. vegirnir, eru ekki enn sem komið er byggðir fyrir þá miklu landflutninga sem nú þegar fara um vegina. Við þekkjum það að mjög víða er það þannig að vegakerfið hefur verið byggt upp af veikum mætti. Það hefur verið reynt að þenja út burðin slitlög án þess að hafi verið tryggt að undirbygging þeirra hafi verið með þeim hætti sem þyrfti að vera þegar litið er til þess mikla þunga sem fer um vegina. Ég held að það þurfi að reyna að styrkja sjóflutningana og ég vænti þess að með stofnun hafnasamlaga m.a. og með því að efla hafnirnar megi það takast.

Hins vegar er það auðvitað mikilvægur þáttur í hafnalögunum sem snýr að framkvæmdum í höfninni, að hafnargerð. Nýbyggingar í höfnum eru stór fjárfestingarþáttur fyrir utan það að viðhald og endurbygging hafnarmannvirkja er stöðugt viðfangsefni og þarf auðvitað að huga rækilega að því. Á árinu 1992 er gert ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir rúman milljarð í höfnum landsins fyrir utan Reykjavíkurhöfn. Það er töluvert stór upphæð og mikilvægt að vel sé staðið að öllum framkvæmdum, eftirliti og undirbúningi og ég held að með þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir hvað varðar þann þátt, sé vel fyrir því séð.

Ég gat þess fyrr í ræðu minni að sjávarútvegurinn og hafnirnar eru samofin og hafnirnar skipta mjög miklu máli fyrir sjávarútveginn. En í landinu eru mjög ólíkar aðstæður þegar litið er til hinna mismunandi hafna og þegar við lítum annars vegar á stóru vöruhafnirnar, t.d. Reykjavíkurhöfn, og svo hins vegar litla höfn úti á landi þar sem dregið er á land mikið sjávarfang þá eru aðstæður mjög ólíkar og þess vegna þarf að huga að því og það er óhjákvæmilegt, tel ég, að það sé þarna viss mismunun eins og núgildandi hafnalög gera ráð fyrir og frv. gerir ráð fyrir að sé áfram.

Að lokum vil ég leggja áherslu á það að skv. 29. gr. frv. er gert ráð fyrir að unnin sé hafnaáætlun. Hafnaáætlun hefur verið unnin en hún hefur aldrei hlotið afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Ég tel að nauðsynlegt sé og í rauninni mjög mikilvægt að hafnaáætlun sé unnin mjög vandlega og hún sé lögð fyrir Alþingi til samþykktar og eftir henni sé unnið. Þess vegna vil ég í lokin, virðulegi forseti, leggja á það sérstaka áherslu að þegar þetta frv. verður til endanlegrar afgreiðslu vonandi í haust liggi fyrir hafnaáætlun sem verður hægt að ræða jafnhliða og að hún verði afgreidd hér frá Alþingi og samþykkt og eftir henni verði unnið á grundvelli á væntanlegra nýrra hafnalaga.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem mér finnst sérstaklega vont að hv. síðasti ræðumaður skyldi ekki hafa komið neitt inn á. Í fyrsta lagi það að ég hef kannski komið heldur við einhverja þegar ég var að lesa yfirlýsinguna varðandi ákvörðun fjármagns frá Alþingi næstu þrjú árin. Það er kannski víðar í fleiri kjördæmum sem slík skipan hefur verið á gegnum árin. Kannski er þetta þekkingarleysi mitt og einfaldleiki en nýjum þingmanni kemur það mjög sérkennilega fyrir sjónir að þeir sem setjast nú á Alþingi skuli vera bundnir af samþykktum þingmanna sem hafa farið héðan og slíkt skuli gilda næstu þrjú árin.

Aðeins varðandi það líka sem ég hefði gjarnan viljað fá að heyra, þ.e. um skattalega meðferð á þeim hlutafélögum sem væntanlega yrðu stofnuð í sambandi við hafnamál eða hafnir sem yrðu gerðar að hlutafélögum en nytu jafnframt ríkisframlags.

Varðandi slippmálið hér í Reykjavík. Síðasti ræðumaður kom inn á það að Reykjavíkurhöfn hafi ekki veitt neitt fjármagn til að styrkja Slippfélagið í Reykjavík. Þess ber þó að geta að Reykjavíkurhöfn er hluthafi í Slippfélaginu, sem nú heitir Stálsmiðjan hf., og

styrkir það óbeint með því hlutfé sem þar er. Ég veit heldur ekki til þess að Akureyrarhöfn hafi styrkt skipasmíðaiðnaðinn þar. Ef þar hefur vantað aðstoð þá hefur verið leitað í ríkiskassann.

Tímans vegna ætla ég ekki að ræða um fleiri mál en ég vil þó segja það að lokum að það er nokkuð hart að standa frammi fyrir þeim staðreyndum að Reykjavíkurhöfn hefur hagrætt og gert hvað hún hefur getað til þess að sinna byltingu á sviði flutningamála. Það hefur orðið bylting þar á og Reykjavíkurhöfn hefur mætt því af kostum og gæfni sem hefur leitt til lægra vöruverðs sem hefur komið öllum landsmönnum til góða en með þessari ákvörðun um 25% vörugjald er verið að taka það af og það er mál sem er óviðunandi.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það ekki sérstaklega til mín sem hv. 16. þm. Reykv. sagði um varðandi yfirlýsingar þingmanna. Hins vegar tek ég undir það með þingmanninum að ég tel það mjög óeðlilegt að þingmenn gefi slíkar yfirlýsingar, ekki síst á síðustu dögum setu sinnar hér á þingi. Það geta verið þau tilvik að nauðsynlegt sé að gefa einhverjar slíkar yfirlýsingar en ég tel að þingmenn eigi að vera mjög sparir á þá penna sem notaðir eru til slíkra yfirlýsinga til sveitarstjórna sem loforð um fjárveitingu.

Varðandi skattalega meðferð hlutafélaga sem gætu verið stofnuð um hafnir þá þarf auðvitað að huga sérstaklega að því en ef stofnað er hlutafélag um höfn þá tel ég líklegt að slíkt hlutafélag yrði að hljóta skattalega meðferð á borð við önnur félög nema um það séu sett önnur lög innan skattalaganna.

Varðandi 25% álagið, hið sérstaka álag á vörugjald. Um þetta hafa verið deildar meiningar og ég virði þau sjónarmið að sjálfsögðu sem koma fram hjá þingmanninum. Innan Hafnasambandsins hefur verið mjög rætt um þetta en niðurstaða þeirrar nefndar sem vann að samningu þessa frv. varð sú að breyta því sem var ákveðið með bandorminum en fara þá leið að þetta sérstaka álag á vörugjaldið sem er hjá öllum höfnum landsins renni í Hafnabótasjóð.

Varðandi Reykjavíkurhöfn tek ég heils hugar undir það að Reykjavíkurhöfn er afskaplega vel rekið fyrirtæki sem hefur hagrætt og fjárfest á þann veg að til fyrirmyndar er. Það eitt vil ég segja um rekstur þeirrar hafnar og ég held að margar aðrar hafnir mættu taka sér rekstur Reykjavíkurhafnar til fyrirmyndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (sóttvarnardýralæknir). — Þskj. 315, nál. 761.

Frsm. landbn. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Nefndin hefur fjallað um frv. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Dýralæknafélagi Íslands og yfirdýralækni. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Níu þingmenn standa að nál. Kristín Ástgeirsdóttir skrifar undir með fyrirvara og Magnús Jónsson í forföllum Sigbjarnar Gunnarssonar en aðrir nefndarmenn eru Egill Jónsson, Árni M. Mathiesen, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Guðni Ágústsson, Einar K. Guðfinnsson, Eggert Haukdal og Ragnar Arnalds.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir því hvers vegna ég skrifaði undir þetta frv. með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur að því að ég er ekki alveg sannfærð um að rétt sé að opna sóttvarnastöðvar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, þ.e. með því að heimila að dýralæknir gegni öðrum störfum. Ég hef líka efasemdir hvað það varðar að með þessu verður heimilt að sæðingamenn komi inn í stöðvarnar og sinni þar störfum auk þess sem ég hef líka vissar efasemdir varðandi það að það kunni e.t.v. að hamla vísindastörfum viðkomandi dýralæknis eða rannsóknum sem tengjast þessum störfum að dýralæknir geti verið í öðru starfi samhliða. En þetta eru auðvitað vangaveltur og ekki hlutir sem skipta meginmáli þegar horft er á þessi lög í heild og því verður reynslan að skera úr um hvernig úr þessu vinnst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

132. FUNDUR

mánudaginn 4. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 30. apríl 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Sigurður Hlöðvesson tæknifræðingur, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v."

Sigurður Hlöðvesson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa í fyrsta lagi að hér mun fara fram utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga. Umræðan fer fram að beiðni hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og er um menntamálaráð.

Þá vill forseti jafnframt láta þess getið að gert er ráð fyrir að hér muni þingfundir halda áfram milli kl. sex og sjö eða hálfátta, eftir því sem tilefni gefast til.

Atvinnumál á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 143. mál. — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

19 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, GÁ, GunnS, ISG, JÁ, JGS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

18 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, GunnS, HBl, JÁ, JGS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Þróunarátak í skipasmíðaiðnaði, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 179. mál. — Þskj. 197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

17 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, GunnS, JÁ, JGS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, MJ, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

19 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JGS, KSG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brottfall laga nr. 2/1917, frh. 1. umr.

Stjfrv., 460. mál (bann við sölu og leigu skipa úr landi). — Þskj. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

17 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, GunnS, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ,

HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

17 þm. (AÓB, BBj, GB, GHall, GunnS, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (heildarlög). — Þskj. 719.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

18 þm. (BBj, EKJ, GB, GHall, GunnS, JÁ, JGS, KSG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (ISG) greiddi ekki atkv.

20 þm. (BBj, EgJ, EKJ, GB, GHall, GunnS, IP, JÁ, JGS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Innflutningur dýra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (sóttvarnardýralæknir). — Þskj. 315, nál. 761.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KE) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EKJ, GB, GHall, GunnS, JÁ, JGS, KÁ, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (AÓB, FI, JVK) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EKJ, GB, GHall, GunnS, JÁ, JGS, KÁ, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, KSG, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

2 þm. (FI, JVK) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, EKJ, GB, GHall, GunnS, HBl, JÁ, JGS, JónS, KÁ, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Samningur um réttindi barna.

Stjtill., 513. mál. — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. var of seint fram komin. — Samþykkt með 46 shlj. atkv. að hún yrði tekin til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

17 þm. (BBj, EKJ, FI, GB, GHall, GÁ, GunnS, JÁ, JGS, KÁ, LMR, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 130, nál. 756, brtt. 757 og 767.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. til laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til meðferðar og skilaði nál. 7. apríl. Á fund nefndarinnar hafa komið Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjútvrn., Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Einnig komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og umsagnir bárust um þetta mál frá ASÍ, Verkamannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssam-

bandi ísl. útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin varð sammála um að leggja til að breytingar verði gerðar á frv. og eru þær brtt. prentaðar á þskj. 757. Fyrri tillaga er að 2. mgr. 4. gr. frv. orðist svo:

„Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Skal með reglugerð kveða á um menntunarkröfur og starfssvið hans."

Hin brtt. er að á eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr., svohljóðandi:

„Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. heimilað frávik frá ákvæðum þeirra varðandi fullvinnslu um borð í bátum undir 20 brúttórúmlestum er stunda línu- og handfæraveiðar."

Undir nefndarálitið rita Matthías Bjarnason, Árni R. Árnason, Stefán Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Guðmundur Hallvarðsson og Hjálmar Jónsson. Jóhann Ársælsson og Steingrímur J. Sigfússon rita undir nál. með fyrirvara og sömuleiðis Magnús Jónsson sem flytur brtt. við frv.

Ég vil bæta því við að þær brtt. sem hér eru fluttar eru fluttar í samráði og samvinnu við sjútvrn.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. styð ég frv. enda tel ég brýna nauðsyn til þess að það verði sem fyrst að lögum. Ég undirritaði hins vegar nál. með fyrirvara vegna þeirrar brtt. sem fyrir liggur og varðar viðbótargrein sem gert er ráð fyrir að komi á eftir 6. gr.

Eins og fram kom í máli formanns nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., er þar lagt til að sjútvrh. sé heimilt með reglugerð að víkja frá ákvæðum frv. varðandi fullvinnslu um borð í bátum undir 20 lestum sem stunda línu- og handfæraveiðar. Ég neita því ekki að þrátt fyrir stuðning minn við frv. finnst mér þessi viðbót, sem lagt er til að komi við frv., koma næstum eins og skrattinn úr sauðarleggnum inn í texta frv. og anda þess. Svo augljóst er það öllum sem lesa frv. og greinargerðina að höfundar þess hafa áreiðanlega ekki eitt andartak látið sér í hug koma handfæra- eða önglaveiðibátar sem um aldir hafa flatt og saltað fisk um borð hér við land. Hvergi er minnst á færa- eða línubáta, hvorki undir eða yfir 20 tonnum, og í öllum greinum frv. er svo augljóslega verið að fjalla um stór vinnsluskip sem ég vil frekar kalla verksmiðjuskip. Í grg. með frv. verður þetta enn augljósara að aldrei hefur verið ætlunin að láta það ná til báta sem stunda línu- og handfæraveiðar. T.d. segir svo orðrétt í greinargerðinni, með leyfi forseta, og ég gríp bara niður í þetta á örfáum stöðum:

„Núna eru 29 fiskiskip sem flaka og frysta botnfiskafurðir um borð auk þess sem hafin er vinnsla á saltfiski um borð í nokkrum fiskiskipum."

Mér finnst þarna augljóslega ekki verið að fjalla um báta sem stunda línu- og handfæraveiðar. Og á öðrum stað segir svo, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að eftirlit um borð í fullvinnsluskipum verði mjög aukið frá því sem verið hefur. Í fyrsta lagi er kveðið á um að eftirlitsmaður verði um borð fyrstu sex mánuðina eftir að fullvinnsluleyfi hefur verið veitt í fyrsta sinn." Er nokkuð í þessum texta sem gefur til kynna að þarna sé verið að fjalla um handfæra- eða línubáta sem salta fisk um borð?

Og í þriðja atriðinu: „Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf við að auka nýtingu um borð í frystitogurum." Ekki er fjallað um þá þar. Og þó tekur nú kannski steininn úr í fjórða dæminu sem ég ætlaði að grípa ofan í: „Vinnsla á saltfiski um borð í veiðiskipum hófst fyrir fjórum árum síðan." Það var nú það. Þetta kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir og finnst mér hér vera sögð nokkur tíðindi, einkum fyrir þá íslenska sjómenn sem hafa verið að veiða í salt á þessari öld og raunar miklu lengur. Og hvað haldið þið að íbúar franskra fiskibæja segðu þegar þeir læsu þennan texta, bæir sem hafa fengið mikið af og misst mikið á Íslandsmiðum, ekki fyrir fjórum árum eða svo heldur kannski fyrir einhverjum öldum síðan? Þannig raunar mætti lengi upp telja en ég ætla að láta hér staða numið. Vegna anda frv. kemur þessi grein um að heimilt sé að veita línu- og handfærabátum undir 20 brúttólestum einhverjar heimildir til frávika frá frv. nánast eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Þess vegna hef ég lagt fram brtt. um að á eftir 6. gr. komi ný grein. Þar sný ég við efni þessarar tillögu sem kemur frá nefndinni og þá mundi nýja greinin hljóða eins og fram kemur á þskj. 767:

„Ákvæði þessara laga eiga ekki við um flatningu og söltun um borð í smærri bátum er stunda línu- og handfæraveiðar. Sjútvrh. er þó heimilt að setja reglur um meðferð afskurðar og fiskúrgangs um borð í þessum bátum."

Að öðru leyti styð ég frv. og tel það vera til mikilla bóta og raunar nauðsynlegt að það verði sem fyrst að lögum frá hinu háa Alþingi.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að mér láðist að geta þess að fulltrúi Kvennalistans, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, sat fund sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi og er hún efnislega samþykk áliti nefndarinnar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem er hér til 2. umr. var m.a. til umfjöllunar meðan ég sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Vestf. áðan. Það er vissulega rétt sem einnig kom fram hjá honum að ég er efnislega samþykk áliti nefndarinnar. Ég er þó ekki að öllu leyti samþykk því. Þó að mér finnist það taka á málefnum sem virkilega er þörf á að taka fyrir og setja nánari ákvæði um. Vinnsla á afla hefur í vaxandi mæli verið að færast út

á sjó og þess vegna er mjög nauðsynlegt að setja skýrari reglur um það.

Ég er einnig efnislega samþykk þeim brtt. sem lagðar hafa verið fram af hálfu hv. sjútvn. en ég vil þó taka frekar undir brtt. á þskj. 767 frá hv. þm. Magnúsi Jónssyni vegna þess að ég tek undir hans sjónarmið um það að þetta frv. geti engan veginn átt við trilluútgerð og þá flatningu eða söltun sem hugsanlega fer fram í þeim smábátum. Ég tel að á undanförnum árum hafi stöðugt verið gengið á það lagið að gera smábátaútgerðarmönnum erfiðara um vik, samanber þau ákvæði að þeir skuli núna þurfa að ávinna sér þriggja ára reynslu til þess að eignast hlutdeild í kvóta. Það er að vísu annað mál en ég tel einnig að þarna sé verið að gera þeim óþarflega erfitt fyrir með því að setja þeim reglur sem jafnframt og fyrst og fremst er verið að setja um stór skip, frystiskip. Þess vegna vil ég lýsa því yfir að ég styð þá brtt. sem fram kemur frá hv. þm. Magnúsi Jónssyni þar sem ég tel að þá komi skýrt fram að þær reglur sem hér er verið að setja um frystiskip eigi ekki við smærri báta.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur í frv. þá er þetta frv. niðurstaða af alllöngu starfi sem hefur farið fram í samvinnu við eigendur frystiskipa í landinu. Sú þróun sem hefur verið á undanförnum árum er öllum kunn, þ.e. frystingin hefur verið að flytjast í auknum mæli út á sjó og ekki hafa verið nægilega skýrar reglur þar um.

Það má segja að það hafi staðið þessum málum nokkuð fyrir þrifum að Alþingi hafnaði því á sínum tíma að eigendur frystiskipa greiddu kostnað af eftirliti um borð í skipunum en brtt. var flutt um það fyrir allmörgum árum og var henni hafnað hér á Alþingi. Þetta hefur m.a. orðið til þess að ekki hefur verið hægt að hafa eftirlit með þessum skipum nema á kostnað ríkisins en það hefur verið mikil þörf fyrir meira eftirlit með þessum veiðum en öðrum veiðum almennt. Nú er gefin heimild til þess að útgerðir þessara skipa greiði allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna og er það vissulega veruleg breyting.

Að öðru leyti eru mjög víðtækar heimildir í núgildandi lögum til þess að hafa eftirlit með þessum skipum og má reyndar segja að allar heimildir séu til þess að gera það sem hér er lagt fyrir. Hitt er svo annað mál að það er skýrara að koma þeim fyrir í sérstakri löggjöf eins og hér er gert. Ég tel að sú samvinna sem hefur tekist með eigendum frystiskipa á undanförnum árum sé dæmi um það hverju megi koma til leiðar í góðri samvinnu opinberra yfirvalda og atvinnurekstrar. Nýting þessara skipa hefur stórlega batnað og það hefur verið unnið að því að finna leiðir til þess að nýta allt sem inn fyrir borðstokkinn kemur og þar hefur náðst allverulegur árangur. Hins vegar er það svo að miklu af hausum og slógi er hent fyrir borð og það hlýtur að vera stefna okkar að nýta allt sem skipin veiða. Með þessu frv. er lögð áhersla á þá stefnu að að því verði unnið af fullum krafti og sett verði ákveðin markmið í því sambandi. Tækniframfarir eru miklar og markaður er fyrir sumt af þeim vörum sem má vinna um borð í skipunum en því miður ekki allar. Það er til lítils að skylda skip til að hirða allt ef ekki tekst að selja vörurnar þegar að landi kemur. Það er t.d. til lítils að hafa meltutanka ef ekki er hægt að koma meltunni í verð og hún er ekki nýtt með viðeigandi hætti þegar að landi kemur. Þarna eru sem betur fer verulegir möguleikar eins og fram kemur í grg. með frv.

Eins og fram kemur í nál. styðjum við fulltrúar Framsfl. þetta frv. með þeim brtt. sem kynntar eru á þskj. 757 eins og formaður nefndarinnar tók fram.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Við fulltrúar Alþb. í sjútvn. styðjum það frv. sem hér er til umfjöllunar en undir nál. á þskj. 756 ritum við þó með fyrirvara og ég vil gera lítillega grein fyrir því hvernig sá fyrirvari er til kominn. Hann lýtur í fyrsta lagi að því að við höfum verið þeirrar skoðunar í Alþb. að það væri löngu tímabært að taka á þessum málum og það fyrr og jafnvel með ákveðnari hætti en hér er loksins lagt til. Það hefur tæplega farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með sjávarútvegsmálum á Íslandi á undanförnum árum að þarna hafa verið í gangi miklar breytingar hvað varðar flutning vinnslunnar út á sjó og það án þess að fyrir lægi af hálfu stjórnvalda nokkur heildstæð stefna í þeim efnum, án þess að fyrir lægju í sjálfu sér athuganir eða útreikningar á því hvert sú breyting væri að þróa okkar sjávarútveg með tilliti til heildarverðmætasköpunar, stöðu á mörkuðum, atvinnuhagsmuna í landi o.s.frv. Þarna hefur mönnum þótt nokkuð á skorta að málin hafi verið tekin þeim tökum sem æskilegt hefði verið og tilviljanakenndar aðstæður og eðlileg viðleitni rekstraraðila, einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi hafa þarna ráðið ferð meira heldur en heildstæð stefnumörkun eða tilraun til þess að meta í hverju heildarhagsmunir íslenska þjóðarbúsins fælust.

Þetta er einnig rétt að hafa í huga þegar til þess er litið að þetta frv. þarf ekki endilega að breyta miklu um hraða þeirrar þróunar sem þarna hefur verið í gangi. Það er því ljóst að frv. takmarkar ekki með neinum beinum hætti áframhaldandi flutning fiskvinnslu út á miðin og gefur mjög rúman aðlögunartíma þeim skipum sem þegar hafa hafið vinnslu úti á sjó. Að vísu er ljóst að nýbygging skipa, sem hyggjast stunda vinnslu á hafi úti eða fullvinnslu eins og það er kallað hér, hlýtur að þurfa að taka mið af þeim kröfum sem verða settar á grundvelli laganna. Það gæti brugðið til beggja vona með áhrifin af því og þess vegna mætti hugsa sér að þetta leiddi til þess að þau skip, sem bætast við flotann á næstu árum og hyggja á fullvinnslu um borð eða a.m.k. vilja hafa þann möguleika tæknilega fyrir hendi, yrðu enn stærri og vöxtugri en ella hefði orðið vegna þess að ljóst er að það þarf nokkurt pláss og nokkurn útbúnað til þess að uppfylla þessar kröfur. Þá hlyti spurningum manna enn að fjölga um hvert þróunin er að bera okkur í þessu sambandi.

Jafnframt gerum við nokkurn fyrirvara við þá flokkun á vinnslu sem er lögð til skv. 1. gr. frv. Sú leið er

valin að fjalla eingöngu um það sem kallað er í frv. fullvinnsla botnfiskafla um borð og greina þá vinnslu ekki á nokkurn hátt í sundur. Síðan segir í 2. mgr. að það skuli teljast fullvinnsla í þessu sambandi, þ.e. í skilningi laganna, ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni. Þar með skal það allt teljast fullvinnsla ef flökun eða flatning kemur við sögu, en önnur vinnsla afla um borð er þá undanskilin með öllu. Stór og afkastamikil skip sem heilfrysta eða vinna afla um borð án þess að flökun eða flatning sé beinn þáttur í vinnslunni geta því algjörlega fallið utan ákvæða þessara laga. Fyrir því eru að sjálfsögðu skiljanlegar ástæður að nokkru leyti þar sem eitt markmið laganna er að tryggja að aukaafurðir eða úrgangur séu nýtt. En á hinn bóginn er ljóst að hvað skipin sem vinnustað snertir og vinnslu, sem þar fer fram, hefði að okkar mati verið full ástæða til að setja reglur um þau skip einnig þar sem um vinnslu úti á miðum er að ræða án þess þó að flökun eða flatning sé beinn þáttur af henni. Við höfðum því hugmyndir um það og kynntum þær í sjútvn. að æskilegra hefði verið að vinna þetta frv. meira en hér er lagt til og reyna að taka heildstæðar á málum hvað snertir allar tegundir vinnslu, jafnt sem fullvinnslu sem fram fari um borð í fiskiskipum á Íslandsmiðum. Af sama toga voru þær umræður sem snertu stöðu smábáta og báta í þessu sambandi. En ljóst er að frv. hefði óbreytt gert ómögulegt að gera nokkurn greinarmun á jafnvel minnstu handfærabátum eða smábátum sem væru að verka saltfisk um borð þar sem flatning kæmi við sögu þó svo að tæplega væri hægt í neinum venjulegum skilningi að líta á þær útgerðir sem verksmiðjuskip.

Sjútvn. hefur orðið sammála um að gera þarna nokkrar lagfæringar á frv., leggja til að við 6. gr. bætist ný málsgrein og styðjum við þá brtt. að sjálfsögðu og hún kemur nokkuð til móts við þau sjónarmið að nauðsynlegt geti verið að flokka í sundur í nokkrum mæli skipin eftir stærð og eðli þeirrar vinnslu sem þar fer fram um borð. Í raun og veru gengur brtt. sjútvn. í mjög hliðstæða átt og brtt. frá hv. þm. Magnúsi Jónssyni á þskj. 767 og ætla má að áhrifin af hvorri breytingunni, sem fyrir valinu yrði, yrðu svipuð, þ.e. að sjútvrh. yrði heimilað að setja reglur sem undanþægju að einhverju leyti eða veittu sérstaka meðhöndlun smærri bátum.

Engu að síður er það svo þó ekki hafi fengist hljómgrunnur fyrir því, a.m.k. ekki að þessu sinni að gera viðameiri breytingar á frv. en sjútvn. leggur til, þá styðjum við það og teljum það tvímælalaust spor í rétta átt sem þarna er lagt til.

Ég held að það sé sérstaklega mikilvægt að við Íslendingar tökum á þessum málum. Að mínu mati megum við vænta þess að á komandi árum verði framvistaða okkar, hvað nýtingu auðlindarinnar hér snertir, undir meiri smásjá en verið hefur hingað til og það jafnvel alþjóðlega. Það mun ekki bara eiga við um það hvort við t.d. nýtum ýmsa fiskstofna, sem fram til þessa hafa verið vannýttir og finnast innan efnahagslögsögu okkar. Eins og mönnum er kunnugt kveða alþjóðaskuldbindingar okkar á um að við getum orðið að sætta okkur við að aðrar þjóðir komi og nýti sér þá möguleika sem þar eru til verðmætasköpunar ef við ekki nýtum slíkar auðlindir sjálfir. Sama má að nokkru leyti heimfæra upp á það að við gerum verðmæti úr öllum nýtanlegum þáttum stofna þeirra auðlinda sem við vinnum á hverjum tíma. Við undirbúning að ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál í Brasilíu, sem er fram undan og margfræg af umræðum á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu, hafa Íslendingar ekki síst lagt áherslu á nauðsyn þess að nýta beri til matvælaframleiðslu allar hinar lífrænu auðlindir hafsins án tillits til þess hvaða stofnar eiga þar í hlut, hvort það er fiskur, sjávarspendýr eða annað. Með þeim hætti beri að marka nýja stefnu í þessum efnum sem byggi á sjónarmiðunum um sjálfbæra þróun. Það eru orðin rök fyrir afstöðu okkar, t.d. þjóðanna við norðvestanvert Atlantshafið, að nýta beri stofna sjávarspendýra eins og aðra stofna í hafinu, að með því sé unnt að nýta til matvælaframleiðslu í sveltandi heimi stærri hluta úr lífkeðjunni en ella væri. Nákvæmlega sama á að sjálfsögðu við um þau gífurlegu verðmæti sem farið hafa í hafið á undanförnum áratugum við fiskvinnslu á sjó úti og vaxið með hverju ári af ástæðum sem menn þekkja. Þeir möguleikar til framleiðslu á fóðri til manneldis, sem þarna felast og við Íslendingar höfum látið ónýtta, eru ólíðandi sóun og nánast vítavert að slíkt skuli eiga sér stað í sveltandi heimi þar sem ljóst er að þarna liggja möguleikar til framleiðslu á eggjahvítuefnum til manneldis sem gætu orðið ódýrari á einingu en flestir aðrir mögulegir kostir.

Eitt vil ég nefna hér enn, hæstv. forseti, sem mér finnst skipta máli í sambandi við afgreiðslu þessa máls og kannski hefur ekki verið nægjanlega gaumur að gefinn. Það eru verksmiðjuskipin á Íslandsmiðum sem vinnustaður og aðstæður sjómanna sem þar vinna. Því hefur verið haldið fram í umræðum að vökulögin gömlu og góðu fari fyrir lítið í sumum tilvikum á þessum vinnustöðum, sem eru verksmiðjurnar á hafi úti, og er vissulega ekki gott ef satt er. Hvað sem því líður þá hlýtur mönnum að vera kappsmál að þessir vinnustaðir séu sem allra best úr garði gerðir bæði hvað aðbúnað og öryggi og aðstæður allar snertir. Ég hefði talið að að ósekju hefði mátt hnykkja betur á þeim þáttum í texta þessa frv. og væri fullkomlega ástæða til að skilyrða leyfisveitingu samkvæmt 1. gr. frv. mjög rækilega við það að útbúnaður, aðstæður skipanna í þessu tilliti, sé fullnægjandi. Segja má að það sé á nokkurn hátt gert með ákvæðum 4. gr. frv. en ég hefði talið að að ósekju hefði mátt kveða þar fastar og skýrar að orði.

Hæstv. forseti. Þetta eru í grófum dráttum þær athugasemdir og þau efnisatriði sem ollu því að við fulltrúar Alþb. í sjútvn. ákváðum að hafa fyrirvara á um stuðning okkar við þetta frv. en við munum greiða því atkvæði okkar engu að síður að gerðum þeim brtt. sem sjútvn. leggur til. Ég vil þó láta þá skoðun mína koma hér fram að einungis sé tekið fyrsta skrefið í þessum efnum og óhjákvæmilegt verði að endurskoða þessi lög innan tíðar þegar fyrsta reynsla er komin af framkvæmd þeirra.

Það er að mínu mati sömuleiðis ámælisvert að ekki skuli fyrir löngu hafa verið tekið á þessum þáttum. Hv. 1. þm. Austurl. og hæstv. fyrrv. sjútvrh. gaf að vísu fyrir sitt leyti ákveðna skýringu að það hefði m.a. tafið framgang þessara mála að Alþingi hefði ekki fallist á að verksmiðjuskipin sjálf greiddu kostnað af eftirliti sem þar færi fram. Hvað sem því líður þá má notast við hið fornkveðna að betra sé seint en aldrei og tvímælalaust til bóta að reglur komist á í þessum efnum. Þær er þá frekar hægt að lagfæra í framtíðinni í ljósi þeirrar reynslu sem af þeim hlýst.

Hæstv. forseti. Ég hef lengi verið ærið hugsi yfir þeirri þróun að flytja vinnsluna út á sjó, hvert hún væri að færa okkur í íslenskum sjávarútvegi, á sama tíma og vinnslustöðvar standa tómar í landi og fólki sagt upp eins og á sér því miður stað þessar vikurnar í stórum stíl og fram undan er kannski verra atvinnuástand í íslenskum sjávarútvegi og a.m.k. hvað sumartímann snertir en við höfum þekkt um áratuga skeið. Að vísu koma til breyttar aðstæður þar sem kvótaárinu lýkur nú á komandi hausti og nýtt tímabil tekur við og af þeim ástæðum er kvóti víða langt kominn hjá skipum eða vinnslustöðvum. En þessi álitamál, sem varða nýtingu stofnanna, atvinnuástandið og tengsl sjávarútvegsins við byggðina í landinu, eru ærið áleitin í þessu sambandi. Á móti koma að sjálfsögðu þekkt rök þeirra sem hafa tekið ákvarðanir um að flytja vinnsluna út á sjó í fyrirtækjum sínum á undanförnum missirum og árum. Þessi tegund útgerðar hefur gefið besta afkomu og gerir enn og er reyndar eins og nú stendur sú eina sem skilar sæmilegum hagnaði. Að sjálfsögðu þarf jafnframt að hafa í huga þá möguleika sem vinnsla af þessum toga kann að gefa á hærra verði og nýjum mörkuðum sem ella væru ekki fyrir hendi, svo sem þar sem kröfurnar um ferskleika afurðanna eru mestar. En eitthvert jafnvægi þessara þátta þyrfti að reyna að laða þarna fram og enn sem komið er hefur þróunin verið ansi einhliða í þessum efnum og mér er til efs að það frv. sem hér er á ferðinni breyti í sjálfu sér miklu um það.

En ekki fleiri orð um það, hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu okkar fulltrúa Alþb. í sjútvn. og ítreka að við styðjum þetta frv. sem þó altént spor í rétta átt.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú mikla breyting, sem hefur orðið á fiskvinnslunni í landinu, og hefur falist einkanlega í því að hún hefur færst í auknum mæli út á sjó, er auðvitað í senn einhver markverðasti og um leið sennilega afdrifaríkasta breyting sem hefur orðið í atvinnuháttum sjávarútvegs okkar á síðustu árum. Að sumu leyti hefur þessi breyting fram á hið síðasta gerst æðihægt og hljótt og þó einkanlega hljótt. Því sannleikurinn er sá að í allri þeirri umræðu sem fram hefur farið um stöðu fiskvinnslunnar gagnvart minnkandi hráefni þá hafa menn ekki fyrr en nú upp á síðkastið beint sjónum sínum að hlut frystitogaranna í því sambandi. Svo einkennilegt sem það er þá hefur öll umræðan beinst að því að finna sökudólg í þeim útflutningi sem átt hefur sér stað á ísvörðum fiski, hvort sem það hefur verið með fiskiskipum eða gámum á erlenda markaði og menn hafa bent á þann þátt og sagt: Hér er skýringin á því að fiskvinnslan í landinu býr nú við minna hráefni en oftast nær áður. Vitaskuld hefur þetta verið rangt vegna þess að í fyrsta lagi er skýringanna auðvitað að leita almennt í minnkandi afla og aflaheimildum við landið og í öðru lagi hitt, sem er mjög athyglisvert, og það er að samfara því sem aflaheimildirnar hafa dregist saman og aflinn hefur minnkað af þeim völdum, hefur útflutningur á ísvörðum fiski á erlenda markaði með skipum og gámum jafnt og þétt verið að dragast saman. Ég er þeirrar skoðunar í dag að það sé rangt að tala um að þessi litli útflutningur sem nú á sér stað í gámum og með fiskiskipum á erlenda markaði sé vandamál gagnvart íslenskri fiskvinnslu. Ég tel með öðrum orðum að ekki sé marktækt að benda á þennan lítilfjörlega útflutning sem á sér stað með fiskiskipum og gámum á erlenda markaði sem eitthvert sérstakt vandamál íslenskrar fiskvinnslu. Sannleikurinn er sá að langflest þeirra skipa, sem hafa siglt með afla sinn eða sent hann út í gámum, hafa verið nátengd fiskvinnslu í landi. Þessi útflutningur hefur einkanlega átt sér stað í þeim tilvikum sem menn hafa séð sér bókstaflega hag í því frá sjónarhóli heildarinnar, sjónarhóli fiskvinnslunnar og útgerðarinnar í þessu tilviki og þess vegna hefur það verið að mínu mati mjög ýkt þetta vandamál sem fiskvinnslan hefur staðið frammi fyrir hvað hráefnisöflunina snertir að þessu leyti.

Hins vegar er auðvitað miklu marktækara og hefur miklu meiri áhrif á stöðu fiskvinnslunnar í landi sú mikla aukning sem hefur átt sér stað í uppbyggingu á frystiskipum og því að fiskvinnsla úti á sjó hefur verið að aukast og það hefur gerst nánast samhliða því sem aflaheimildirnar við landið hafa verið að dragast saman. Með öðrum orðum, á sama tíma og það meinta vandamál, útflutningur á ísvörðum fiski, hefur verið að minnka hefur þessi þáttur sjávarútvegsins verið að eflast og nú sem aldrei fyrr. Greint hefur verið frá því að á þessu ári munu að líkindum ekki koma í notkun færri en tíu frystiskip á einu ári á sama tíma og fiskvinnslan og sjávarútvegurinn býr við minnkandi aflaheimildir. Auðvitað sér þessa stað í fiskvinnslunni í landi.

Ég tel að meginkosturinn við frv. þetta til laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum með þeim brtt. sem liggja fyrir frá sjútvn. sé sá að það er verið að jafna starfsskilyrði. Þetta er einn liðurinn í því, skulum við segja, að jafna starfsskilyrði fiskvinnslunnar hvort sem hún er úti á sjó eða í landi.

Ég læt mér ekki detta það í hug að þó að þetta frv. verði að lögum, sem ég geri fastlega ráð fyrir, og vænti og vona, að það muni valda neinum straumhvörfum. En ég er þeirrar skoðunar og trúi því að það muni eiga sinn þátt í því að jafna þessi starfsskilyrði. Að mínu mati á það einmitt að vera hlutverk okkar, sem sitjum hér á löggjafarsamkomunni, að jafna þessi starfsskilyrði fiskvinnslunnar, hvort sem hún er úti á sjó eða í landi. Ég er ekki þeirrar skoðunar að alþingismenn, svo góðir og gegnir sem þeir nú annars eru, eigi að setja

sig í það dómarasæti að segja mönnum sem eru starfandi alla daga ársins við sjávarútveg: Þið skuluð láta þessa grein þróast í þessa átt en alls ekki í hina áttina. Það á ekki að vera hlutverk löggjafarsamkomunnar. En þeir sem starfa og lifa og hrærast í sjávarútveginum verða auðvitað að geta gert þær kröfur til löggjafarsamkomunnar að það ríki lagalegt jafnræði í starfsumhverfinu sem menn búast við hvort sem menn eru að reka fiskvinnslu úti á sjó eða í landi. Það tel ég einmitt vera höfuðávinning með frv. að það er liður í því að gera þessi starfsskilyrði jafnari. Það er verið að auka kröfur á hendur þeim sem eru að reka útgerð úti á sjó, ekki í þeim tilgangi að gera þeim erfiðara fyrir því það getur auðvitað ekki verið markmið nokkurrar lagasetningar í sjálfu sér að gera atvinnurekstri erfiðara fyrir, heldur að þeir sem reka fiskvinnslu úti á sjó búi við áþekk skilyrði og hinir sem eru að reka fiskvinnsluna í landi. Ég tel að það sem er meginatriðið í þessu sambandi sé 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að það sé skylt að koma með á land allan afla þessara vinnsluskipa, þar á meðal það sem fellur til við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim, eins og komist er að orði.

Því er ekki að neita að menn hafa verið að horfa mjög til þess í þeim þrengingum sem hafa dunið yfir íslenskan sjávarútveg, m.a. með minnkandi aflaheimildum, hvort ekki sé hægt að vinna meira úr þessum afskurði og aukafurðum. Þegar við höfum það í huga að fiskvinnsluskipin, frystiskipin og vinnsluskipin, eru farin að draga úr sjó æ stærri hluta þess heildarafla sem hér veiðist, þá gefur það auðvitað auga leið að ef við ætlum að eiga möguleika á því að nýta okkur þessar aukabúgreinar, ef við getum kallað þær svo, í þessari atvinnugrein, þá verður að gera þær kröfur að þeir sem vinna þennan afla, allir sem einn, skili honum þannig af sér að hægt sé að vinna hann í landi því að væntanlega fer verulegur hluti af þessari vinnslu fram í landi en ekki úti á sjó. Það er þannig t.d. þegar menn eru að vinna þorsk, að þá er gert ráð fyrir því í frystihúsi að nýtingin á slægðum fiski sé 43–45%. Það þýðir þá að annað er afskurður sem ekki kemur til þessarar hefðbundu flakavinnslu sem annars er undirstaðan og uppistaðan í hinni hefðbundnu fiskvinnslu.

Nú er það auðvitað augljóst mál að þegar við tölum um óslægðan fisk sem dreginn er úr sjó og berum saman þær afurðir sem koma út úr slíkri vinnslu í formi flaka, þá erum við auðvitað að tala um enn þá lægra hlutfall og þess vegna sjáum við að hér er eftir talsvert miklu að slægjast. Að vísu er það auðvitað þannig og við skulum gera okkur grein fyrir því að verðmætin eru ekki í hlutfalli við þetta prósentumagn. Við erum að tala um miklu minni og lakari verðmæti en allt er þetta liður í því að gera mönnum það mögulegt að fara út í vinnslu á aukaafurðum sem falla til við vinnsluna með einum eða öðrum hætti.

Þetta mál hefur verið mikið rætt á vettvangi sjávarútvegsins og mér er mætavel kunnugt um, þó að ég hafi sagt sem svo að frv. muni ekki valda neinum straumhvörfum, að umræðan ein og sér um það hefur leitt til þess að menn hafa tekið ákvörðun um að hægja nokkuð á sér í þessu sambandi og mér er kunnugt um útgerðarmenn sem hafa þegar tekið ákvarðanir á grundvelli þessa frv. um það að bæta inn í vinnslu á sínum skipum möguleikum á því að vinna frekar úr aflanum vegna þess að þeir hafa gert sér grein fyrir því að frv. kynni að verða að lögum fyrr en síðar. Af því dreg ég þá ályktun að frv., þótt það muni e.t.v. ekki valda straumhvörfum, muni, ef að lögum verður, hafa jákvæð og góð áhrif á þá þróun sem við viljum vissulega sjá í okkar íslenska sjávarútvegi, þróun í þá átt að auka vinnslu á sjávarfanginu til þess að auka heildarafrakstur greinarinnar allrar.

Þótt við séum að ræða með þessum hætti um fiskvinnsluskipin, þá ber að taka það sérstaklega fram að ég held að á margan hátt hafi koma þeirra inn í íslenskan sjávarútveg verið jákvæð. Í fyrsta lagi vegna þess að þessi skip hafa með arðbærari hætti en áður var unnt getað unnið úr fisktegundum sem erfitt var að koma fyrir í hefðbundinni fiskvinnslu í landi. Ég nefni karfann sem dæmi í þessu sambandi. Það er vitað mál að karfavinnsla í hefðbundnum frystihúsum hefur jafnan verið mjög erfið. Að vísu hafa fundist pakkningar, t.d. á mörkuðum í Suðaustur-Asíu, sem hefur verið mögulegt að nota fyrir þessi frystihús en engu að síður hefur þetta verið oft vandræðafiskur við að eiga í frystihúsunum og mikil tilhneiging til þess að sigla með hann óunninn á erlenda markaði. Þess gætir nú þegar að einstök fyrirtæki eru farin að reyna að svara þessu með þeim hætti að auka vinnsluna á þessari tilteknu tegund úti á sjó og búa þannig til aukið vinnsluvirði fyrir sjávarútveginn í heild og fyrir viðkomandi fyrirtæki. Það er út af fyrir sig ekki aðfinnsluvert nema síður sé. Í öðru lagi held ég að það sé rétt ábending sem hefur komið fram frá ýmsum frumkvöðlum frystiskipaútgerðarinnar í landinu að einmitt þau ævintýralegu afköst sem hafa átt sér stað um borð í þessum skipum hafa orðið til þess að menn hafa farið að hugsa fiskvinnsluna í landi upp á nýtt. Sumir taka jafnvel svo djúpt í árinni og segja að flæðilínurnar, sem nú eru að ryðja sér sem óðast til rúms í frystihúsunum, séu afsprengi frystiskipanna og í raun og veru sé ekki verið að gera mikið annað en það að taka tækni og aðferðir við fiskvinnslu, sem á sér stað um borð í frystiskipunum, og færa hana í land og auka þannig hagkvæmnina í landi. Hvort sem það er alls kostar rétt held ég samt sem áður að sú spurning sem hefur vaknað með fólki í sjávarútveginum um þá miklu hagræðingu og afköst sem menn sjá auðvitað í frystiskipunum hefur með öðru orðið til þess að menn hafa flýtt sér enn þá meira við þá miklu hagræðingu sem hefur verið að eiga sér stað og á sér stað á hverjum degi í íslenskum sjávarútvegi og í íslenskri fiskvinnslu sérstaklega.

Virðulegi forseti. Ég tel að menn eigi að horfa á þá þróun sem á sér stað í sjávarútveginum, bæði hvað þetta áhrærir og eins allt annað, með þeim augum að greinin er auðvitað að taka miklum breytingum og það dugar auðvitað ekki að stinga hausnum í sandinn og neita að horfast í augu við það að þessi grein mun auðvitað breytast mjög ört. Á meðan sú breyting á sér stað er ekki óeðlilegt að hún komi einhvers staðar við. Að-

alatriðið finnst mér vera það sem ég hef verið að leggja áherslu á, að verið er að stuðla að jafnræði fiskvinnslunnar í landinu, hvort sem um er að ræða fiskvinnslu úti á sjó eða í landi. Það tel ég að sé verið að gera að nokkru leyti með því frv. til laga sem hér er til umræðu.

Sú ábending sem kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Jónssonar er athyglisverð. Ég er þó þeirrar skoðunar að í seinni brtt. sem liggur fyrir frá sjútvn. sé komið til móts við þetta sjónarmið. Ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að auðvitað verði að gilda nokkuð aðrar reglur um fiskvinnslu um borð í þessum litlu bátum en í stórum togurum og vitaskuld viljum við varðveita þá aldagömlu aðferð sem menn hafa þróað að vinna fiskinn og salta hann um borð í bátunum. Menn geta sagt sem svo að það beri í sjálfu sér að gera sömu kröfu til allrar fiskvinnslu hvort sem hún fer fram um borð í litlum bátum eða í fullbúnu frystihúsi. Ég er hins vegar ekki sammála því. Ég tel að engin rök, hvorki heilbrigðisleg né markaðsleg geri það að verkum að við eigum að ganga svo hart fram. Aðalatriðið er að menn viðurkenni sérstöðu þessarar verkunarðaferðar og ég tel að það sé komið til móts við það sjónarmið í seinni brtt. sem sjútvn. hefur lagt til. Þess vegna tel ég eðlilegt að samþykkja frv. með þeim brtt. sem nefndin hefur lagt fram og þetta sé skref í þá átt að jafna starfsskilyrði fiskvinnslunnar og geri það að verkum að sú kollsteypa sem við höfum horft upp á í þessum efnum muni ekki halda áfram heldur munum við sjá jafnari þróun í greininni í átt til eðlilegri vinnsluhátta og aukins hagræðis.

Magnús Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstuttar athugasemdir við það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði áðan varðandi brtt. sem ég flyt hér. Það má vel vera að þetta ákvæði í tillögunni sé nægilegt til að tryggja þessa aldagömlu hefð sem hér hefur skapast í sambandi við það að í smærri bátum geti menn flakað og saltað um borð. Hins vegar er það meginmálið í mínum huga að láta það koma fram að þau lög, sem hér er verið að setja, taka einfaldlega ekki til þessara útgerðarhátta. Það stendur í greinargerð með frv. t.d.: „Lögin taka ekki til annarra vinnsluskipa sem t.d. heilfrysta botnfisk eða vinna rækju um borð.“ Því í ósköpunum má þá ekki einfaldlega segja að þau taki ekki til þessara fiskvinnsluhátta fyrst á annað borð er verið að minnast á heilfrystan botnfisk eða rækju? Í reynd er hvergi minnst á þetta í frv. og heldur ekki í greinargerð. Varðandi það hvort ekki eigi að gilda sömu reglur vil ég benda mönnum á það að allar niðurstöður og skýrslur um gæði þess fisks sem þannig hefur verið verkaður, þ.e. flattur og saltaður örfáum klukkutímum eftir að hann er veiddur um borð og settur í salt, sýna að hann er besta hráefni sem menn geta fengið í hendur.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka af öll tvímæli um það að auðvitað dettur mér ekki í hug að ætla að það eigi að kveða þannig að orði í þessum lögum að það sé verið að gera mönnum erfiðara fyrir að stunda þá sjálfsögðu iðju að vinna fisk um borð í minni bátum. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því og það var í rauninni eitt efnisatriði míns máls áðan. Ég vakti hins vegar athygli á því að það kynnu að vera uppi sjónarmið sem gengju í þá átt að segja sem svo að menn ættu að búa við sömu skilyrði hvað þetta áhrærði hvort sem menn gerðu út litla báta eða stóra. Ég andmælti því og tel mjög eðlilegt, með sömu rökum og hv. þm. Magnús Jónsson, að þessir litlu bátar fái að búa við sem best skilyrði til þess að vinna sinn afla. Það er auðvitað augljóst mál að afli sem er unnin um borð í þessum litlu bátum strax eftir að hann hefur verið dreginn úr sjó er það besta hráefni sem hægt er að hugsa sér.

Ég tel að sú hugsun komi einmitt mjög skýrt fram í brtt. sjútvn. þar sem segir sem svo:

„Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. heimilað frávik frá ákvæðum þeirra varðandi fullvinnslu um borð í bátum undir 20 brúttólestum er stunda línu- og handfæraveiðar.“

Það var þetta sem ég átti við og ég vil árétta að ég tel að það sé nauðsynlegt að ákvæði af þessu tagi sé virkt og virt svo þessi eðlilegi útgerðarháttur, sem er mjög mikilvægur víða, t.d. skiptir hann verulegu máli í Grímsey og víðar, sé við lýði og viðurkenndur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að biðja forseta um að athuga hvort ekki sé hægt að fá hæstv. sjútvrh. til fundarins svo hann geti verið viðstaddur umræðuna. Ég hef hugsað mér að leggja fyrir hann eina eða tvær spurningar um þetta mál.

Ég vil varðandi frv. láta það koma fram að ég get tekið undir það sjónarmið að hér er á ferð frv. sem tekur að nokkru leyti á fiskvinnslu úti á sjó og stýrir málinu heldur til réttrar áttar þótt mér þyki sporið býsna stutt og hefði gjarnan viljað sjá að tekið væri á þessu máli með miklu ákveðnari hætti en ráð er fyrir gert. Engu að síður er þó ávinningur að því að fá löggjöfina og því mun ég styðja það að frv. verði samþykkt á þessu þingi. Ég vil láta það koma fram varðandi þær brtt., sem hér liggja fyrir, að ég tel þær til bóta, fyrri tillaga sjútvn. og tillaga hv. þm. Magnúsar Jónssonar sem mér þykir mun betri en síðari tillaga hv. sjútvn. Sú tillaga er með þeim annmörkum að það er engin vissa fyrir því að sett verði reglugerð um málið heldur einungis sagt í lagatexta frá nefndinni að „ráðherra getur með reglugerð“. Málið er því opið og ráðherra það í sjálfsvald sett hvort hann yfir höfuð setur þessa reglugerð eða ekki. Ef ráðherra er þeirrar skoðunar, sem hann þarf ekki að rökstyðja, að óþarft sé að setja reglugerð skv. 2. brtt. sjútvn., sýnist mér að flatning og söltun um borð í þessum litlu bátum verði óheimil. Ég tel því tillögu hv. þm. Magnúsar Jónssonar taka af skarið í þessu máli og mun styðja hana.

Ég vil beina fsp. til hæstv. sjútvrh. varðandi ákvæði til bráðabirgða sem varðar þau frystiskip sem nú eru í smíðum í landinu. Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að veita skuli frest til 1. sept. 1996 til að uppfylla

ákvæði laganna varðandi þau skip sem eru í rekstri við gildistöku laganna eða þau skip sem samið hafði verið um smíði á eða kaup með bindandi hætti fyrir 10. nóv. 1991.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra varðandi þau skip sem er verið að smíða núna erlendis, sem ég hygg að séu fimm, og sem stjórn Fiskveiðasjóðs samþykkti að lána til síðasta haust: Mun ákvæði til bráðabirgða taka til þessara skipa eða munu þau þurfa að uppfylla ákvæði frv. ef að lögum verður?

Annað atriði sem mér er umhugsunarefni er ákvæði í 4. gr. frv. um skilyrði fyrir leyfisveitingu þar sem segir að skilyrði séu í fyrsta lagi að fjöldi í áhöfn sé nægilegur. Ég vil spyrja: Hver á að meta það hvenær fjöldi í áhöfn er nægilegur? Í öðru lagi er skilyrði að vinna á afla á fullnægjandi hátt og það er reyndar tekið skýrar fram í 2. gr. Það kemur fram í 5. gr. að Ríkismat sjávarafurða á að skila áliti á því hvort búnaður sé fullnægjandi. Það þarf ekki endilega að þýða það sama og að vinna aflann með fullnægjandi hætti. Ég hef verið að velta þessu orðalagi fyrir mér og vil biðja hæstv. ráðherra að skýra þetta frekar, ef hann er tilbúinn til þess á þessu stigi, því ég tel að ekki megi leika vafi á því hvernig beri að túlka þessi skilyrði.

Hvað varðar 6. gr. þá er hún afleiðing af því sovétkerfi sem við höfum á stjórn fiskveiða. Menn þurfa að hafa eftirlitsmenn til að framfylgja lögum. Það er með ólíkindum hvað menn eru iðnir við að viðhalda og styrkja svona stjórnunarkerfi og sérstaklega þegar menn hafa í huga þann flokk sem hæstv. ráðherra er fyrirsvarsmaður fyrir. Sá flokkur er í engu eftirbátur flokks fyrrv. sjútvrh. í að koma upp eftirlitsmönnum, ekki bara á landi heldur líka á sjó. Það væri kannski tilefni til þess að menn veltu því fyrir sér hvort ekki væri hægt að finna skaplegra stjórnunarkerfi sem gerði það ekki nauðsynlegt að menn hefðu lögreglusveitir um allar jarðir.

Það sem hér hefur verið nefnt varðandi aðstöðumun vinnslu á sjó og á landi get ég tekið undir. Þetta frv. gengur aðeins í þá átt að draga úr þeim mun en munurinn er enn allt of lítill. Ég vil benda á þær upplýsingar, sem ég hef áður látið koma hér fram, sem ég fékk í hendur síðasta haust, að útflutningsverðmæti fisks frá landfrystihúsum væri mun meira en verðmæti fisks frá frystiskipum. Þær upplýsingar voru að það munaði um 60 kr. á kg sem þýðir, ef við tökum Vestfirði og afla þess kjördæmis og vinnslu fyrir árið 1990, að þá var útflutningsverðmætið 4 milljarðar hjá landfrystihúsum þar en hefði orðið 3 milljarðar ef þessi sami fiskur hefði verið unninn um borð í frystitogara. Í mínum huga er það engin spurning að þjóðhagslega séð skilar landfrystingin mun meiri verðmætum inn í þjóðarbúið en sjófrystingin. Ókosturinn eða gallinn, sem menn búa við í dag, er sá að skilyrði landfrystingarinnar eru mun lakari en skilyrði sjófrystingar þegar menn skoða sjófrystinguna sem afmarkaðan þátt, hún skilar betri afkomu en landfrysting. Það eru vissulega mörg atriði sem valda því. Sum þeirra atriða eru á valdi manna sjálfra að breyta og í sjálfu sér óþarft að setja þau í löggjöf. Ég nefni þann kost sem sjófrysting hefur umfram landfrystingu að þar nýta menn vinnslubúnaðinn mun meira á sólarhring en í landfrystihúsi og ná þar af leiðandi fram meiri afköstum. Þetta geta menn gert á landi og eru e.t.v. farnir að hugleiða það til að mæta samkeppni frá sjóvinnslu og minnka þannig kostnað sem í dag liggur á bak við hvert unnið kíló. Með því lækka menn verulega þann fastakostnað sem þar liggur á bak við.

Annar kostur sjófrystingar er náttúrlega ferskt hráefni. Menn fá þar mun ferskara hráefni til vinnslu heldur en við landfrystingu. Þarna geta menn með fiskveiðistjórnun tekið upp þær reglur sem stuðla að því að fiskur berist oftar í land þannig að hann sé ferskari að jafnaði en nú er.

Þriðji kosturinn sem sjófrystingin býr við og skekkir samkeppnisstöðu landfrystingar gagnvart sjófrystingu er aðgerð af hálfu ríkisvaldsins, þ.e. sjómannaafslátturinn. Það má segja með öðrum orðum að ríkssjóður sé að greiða ákveðinn hluta af launakostnaði úti á sjó í gegnum sjómannaafslátt sem ekki er gert í landfrystingu. Það hlýtur að vera mjög áleitið hvort ekki sé rétt að hafa sömu skilyrði hvað þetta snertir á landi og sjó. Ég hef verið þeirrar skoðunar að menn eigi að hafa sama afslátt við þessi störf hvort sem þau eru unnin um borð í frystiskipi eða í vinnslusal í frystihúsi. En þarna er verið að mismuna vinnsluaðferðum með þessum hætti.

Ég vil láta þessi sjónarmið koma fram. Það hefði verið nauðsynlegt að fram færi umræða hér í tengslum við frv. þar sem menn drægju fram þau skilyrði sem eru mismunandi fyrir atvinnurekstur á landi og sjó í þessari atvinnugrein. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi látið taka saman upplýsingar um mismunandi skilyrði við sjófrystingu annars vegar og landfrystingu hins vegar, í hverju hann liggur og hvort hann hafi látið taka saman upplýsingar um mismun á verðmæti hráefnisins sem menn vinna um borð á sjó eða í frystihúsum. Ég vísa til upplýsinga sem ég rakti áðan um að útflutningsverðmæti fisks sem unninn er í landfrystihúsi sé meiri en fisks sem unninn væri um borð í frystiskipi. Um þetta vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. og bæta þeirri spurningu við þær spurningar sem ég hef áður beint til hans.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði í andsvar við hv. 3. þm. Vestf. en varð of sein. Ég ætla að segja nokkur orð um frv. sem liggur fyrir. Hv. alþm. eru sammála um það að frv. um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum sé til bóta og skref í rétta átt. Allir sem talað hafa eru sammála um að með því fáist betri nýting og eins að þessar brtt., sem hér liggja fyrir, séu til bóta. Ég skil vel þá tillögu sem kom frá hv. þm. Magnúsi Jónssyni og mæli með að hún verði samþykkt. En það var ekki það sem ég ætlaði að ræða heldur voru það ummæli hv. 3. þm. Vestf. þess efnis að hann telur að frv. jafni aðstöðu fiskvinnslunnar almennt. Ég sé ekki á nokkurn hátt að þetta bæti aðstöðu fiskvinnslunnar í landi. Ég vil gjarnan fá að heyra álit hæstv. sjútvrh., af því að hann er hér, að

hvaða leyti hann telur að þetta geti bætt aðstöðu fiskvinnslunnar í landi. Áfram er aðstöðumunur þrátt fyrir að frv. verði að lögum. Tökum bara lánafyrirkomulagið. Fiskveiðasjóður lánar til 18 ára til frystiskipa en ef sami aðili ætlar að breyta hjá sér frystihúsi er lánið til sex ára. Þetta er mikill aðstöðumunur og ég mundi vilja að skoðuð yrði lánalenging til fiskvinnslunnar almennt. Það mundi jafna aðstöðuna. Það er mikill aðstöðumunur í því hvað nýting er miklu lélegri í fiskvinnsluhúsum í landi en sjó. Fiskvinnsluhús í landi eru yfirleitt ekki nýtt nema átta tíma á sólarhring á meðan segja má að þessi frystiskip séu nýtt í 24 tíma. Og raforkukostnaður til fiskvinnslunnar í landi er allt of hár, óbærilega hár. Þrátt fyrir það að frv. sé til bóta tel ég að ef ekki verður reynt að bæta stöðu fiskvinnslunnar í landi færist þetta allt út á sjó hægt og sígandi. Ég er hrædd um að það verði svipað með fiskvinnslustöðvarnar og prjónastofurnar sem hurfu ein af annarri.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli mínu áðan að ég taldi að frv. mundi ekki valda neinum straumhvörfum. Ég taldi það hins vegar vera lið í því að stuðla að jafnræði fiskvinnslunnar hvort sem um væri að ræða fiskvinnslu úti á sjó eða fiskvinnslu í landi. Mér er það auðvitað mætavel ljóst, og það held ég að engum manni hafi dottið í hug, að frv., ef að lögum verður, mundi aldrei jafna algerlega starfsskilyrði fiskvinnslunnar. Þetta er hins vegar einn þáttur í því máli og alls ekki veigalítill. Nú er m.a. gert ráð fyrir því, eins og ég rakti hér í máli mínu áðan, að fiskvinnsluskipin verði að koma með allt það sem til fellur að landi. Það er ekki lítil kvöð sem verið er að leggja á þessi skip umfram það sem nú er gert þegar kannski 60% og rúmlega það af því sem kemur inn fyrir fer út fyrir aftur vegna þess að það er ekki nýtt sem flök eða annað í vinnslu skipanna. Ég tel að frv. sé ótvírætt liður í því að jafna milli fiskvinnslugreina eftir því hvort um er að ræða fiskvinnslu úti á sjó eða í landi.

Það er hárrétt ábending hjá hv. 2. þm. Vesturl., að um er að ræða mismunun m.a. hjá Fiskveiðasjóði hvað varðar lánakjörin. Það er ekki mismunur milli fiskvinnsluaðferða heldur miklu frekar mismunur milli fiskvinnslu og útgerðar. Hv. þm. talaði áðan um 18 ára lán. Það er ekki lánað til frystiskipa til 18 ára heldur almennt til nýsmíða á skipum. Við erum að tala um annars vegar mismunun milli vinnslu og útgerðar og hins vegar starfskjör fiskvinnslunnar, hvort sem hún er í landi eða úti á sjó. Á þetta held ég að þurfi að leggja mikla áherslu.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Við nefndarmenn Alþb. í sjútvn. höfum við frv. fyrirvara en erum á því að það þurfi að setja reglur um þessa hluti svipaðar og hér eru á ferðinni. Þær eru nauðsynlegar upp á framtíðina. Hins vegar vil ég að það komi fram að mín skoðun er að það hefði þurft að taka ákveðnar á þessum málum í upphafi, þ.e. strax í haust. Við lögðum reyndar til í þáltill. í vetur að það yrði gert. Ég tel og það hef ég sagt hér áður að það hefði átt að gefa fiskvinnslunni í landi svigrúm til að mæta þeirri samkeppni sem er komin frá þessari nýju veiðiaðferð og vinnslu sem hefur aukist mjög hratt. Og menn sjá ekki fyrir endann á þessari þróun. Ég held að það séu ekki tiltækar upplýsingar um hvaða fyrirætlanir útgerðarmenn hafa um að bæta við mörgum frystiskipum. Ég veit að það munu vera þó nokkrar útgerðir sem eru að huga að breytingu. Ég ætla út af fyrir sig ekki að áfellast útgerðarmenn fyrir að vilja beina sinni útgerð yfir í þann farveg sem gefur mest af sér en það þarf ekki að vera að sá farvegur sé endilega það besta fyrir þjóðina og það besta fyrir nýtingu á fiskstofnunum. Því miður er það þannig að við vitum þetta ekki. Það hafa ekki verið gerðar á því athuganir eða rannsóknir hvað er heppilegast í þessu efni. Það sjá allir afleiðingarnar af þessari þróun vítt og breitt um landið. Störfum í fiskiðnaði er að fækka og þau færast að hluta til út á sjó en það minnkar verulega það starf sem unnið er við fisk við þessa þróun.

Hitt verður ekki of oft sagt að það er auðvitað nauðsynlegt að taka á umganginum um lífríkið. Við þurfum að hætta að ganga um fiskimiðin eins og öskuhauga. Eitt frystiskip sem kemur að landi með 150 tonn hefur skilið eftir um 150–200 tonn á fiskislóðinni af fiskúrgangi. Því miður vita menn ekki einu sinni hve mikið getur verið þar á ferðinni. En nýtingin er ekki nema um 50% eða innan við 50% af því sem um borð kemur. Ef menn fleygja svo einhverjum afla þar til viðbótar er óhætt að bæta því við. Það sjá allir að það er býsna mikið sem fer niður á hafsbotninn frá þeim veiðiskipum sem við erum að tala um.

Það vakti athygli mína að í umsögn LÍÚ um reyndar annað frv., frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, kom fram sú afstaða að þetta frv. væri óþarft ef hitt yrði samþykkt. Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji að frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra geti komið í staðinn fyrir þetta að öllu leyti og hvers vegna hann hafi ekki sameinað þessi tvö frv. í eitt ef það er hans hugmynd að hitt frv. fari í gegnum þingið? Ég ætla ekki að tala frekar um þau frv. sem liggja fyrir og eru með frv. um Fiskistofu. Ég hefði gjarnan haft áhuga á að vita hvaða afstöðu sjútvrh. hefur til þessara ummæla LÍÚ.

Ég held að þær brtt. sem nefndin gerði við frv. séu til bóta. Ég lýsi yfir stuðningi við brtt. hv. þm. Magnúsar Jónssonar. Ég tel að það sé skýrara að hafa þetta klárt í lögunum en að ráðherra verði heimilt að setja um þetta reglur.

Mér finnst þetta frv. fyrst og fremst snúast um framtíðina. Við erum búnir að fjárfesta í stórum flota af þessum skipum nú þegar og það eru fleiri á leiðinni. Auðvitað verða að vera fullnægjandi reglur um það hvernig þessi skip eiga að umgangast miðin og hvernig á að fara með afla um borð. Það þarf miklu meira eftirlit með þessum skipum en öðrum skipum sem eru á miðunum. Þegar verið var að tala um að færa út landhelgina töldu menn að það væri lífsspurs-

mál að koma hinum svokölluðu ryksuguskipum út úr landhelginni. Hvaða skip voru það? Það voru fullvinnsluskip og þau unnu allan afla sem kom um borð af því að þau voru, eftir því sem mér hefur verið sagt, með verksmiðjur um borð til þess að vinna fiskimjöl úr úrganginum. En við erum með fjölda af skipum á miðunum sem vinna ekki nema helminginn af því sem um borð kemur, hinu fleygja þau út aftur. Það er sannarlega kominn tími til þess að taka á því máli.

Ég endurtek að ég fagna frv. að því leyti til, eins langt og það nær, en tel að fiskvinnslan hefði þurft að fá tækifæri til þess að átta sig betur á stöðunni og bregðast við. Nú er hún að vísu farin að bregðast við og eftir því sem mér er sagt hefur munurinn á því verði sem fæst fyrir fisk af frystitogurum og því sem frystihúsin fá fyrir sambærilegan fisk unninn í landi, minnkað verulega. Á endanum gæti farið svo að menn fengju a.m.k. sama verð fyrir sambærilegan fisk. En það var ekki í upphafi. Fiskvinnslan þarf að bregðast enn betur við. Hún þarf að gæðamerkja sínar vörur þannig að hægt sé að bjóða kaupendum upp á að velja bestu vöruna úr. Þannig er það ekki. Stór hluti af framleiðslu frystihúsanna í landinu er unninn í pakkningar þar sem öllu er hrært saman hvort sem það er tveggja daga gamall fiskur eða tíu daga. Með því að blanda þannig saman mismunandi góðu hráefni verður ekki keppt við besta hráefnið og kaupendunum ekki einu sinni gefið tækifæri til þess að velja þar á milli.

Ég vona að framhald verði á aðgerðum, að menn verði tilbúnir til þess að spyrna við fótum áður en það er um seinan. Ég vek athygli á þeirri hugmynd og þeirri skýrslu sem liggur fyrir um það hvað þurfi að gera um borð í fullvinnsluskipunum. Þar væri hægt að gera merkilegt átak, bæði til þess að nýta betur sjávaraflann og til þess að koma til móts við atvinnulífið í landinu, þ.e. skipasmíðarnar í landinu. Ef menn mundu hrinda því átaki af stað, gæti það hleypt nýju lífi í skipasmíðar og þann iðnað sem þeim tengist í landinu, þ.e. stækkanir á þeim skipum sem ekki eru nægilega stór til þess að hægt sé að mynda þá aðstöðu sem þarf um borð til þess að koma til móts við þá kröfu sem við erum að tala um. Ef menn tækju myndarlega á því máli hrintu þeir þessu af stað sem sameiginlegu átaki útgerðarinnar og skipasmíðaiðnaðarins í landinu. Ég hvet menn eindregið til þess að hugleiða það í alvöru hvort stjórnvöld eigi ekki að beita sér fyrir því með einhverjum hætti að þessu átaki verði hrint af stað.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Vesturl. um álit mitt á umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna vil ég segja að ég hygg að það hljóti að vera á einhverjum misskilningi byggt að halda að frv. um meðferð og eftirlit með sjávarafla, sem mælt hefur verið fyrir og hv. sjútvn. hefur haft til skoðunar ásamt með fleiri frv., geti komið í stað þessa frv. Á vissan hátt er verið að fjalla um svipuð verkefni. En þegar af þeirri ástæðu til að mynda að í þessu frv. eru skýrar heimildir varðandi eftirlitsmenn veiðieftirlitsins, með hvaða hætti og eftir hvaða heimildum þeir verða settir um borð sem ekki eru í hinu frv., er ljóst að það frv. gerir þetta ekki óþarft. Má reyndar benda á fjöldamörg önnur ákvæði í þessu frv.

Að því er varðar spurningu sem kom fram um túlkun á bráðabirgðaákvæði frv. get ég í sjálfu sér litlu bætt við þann skýra lagatexta sem þar er. Ljóst er að þau skip sem búið var að semja um með bindandi hætti fyrir 10. nóv. 1991 geta fallið innan þeirra frestsmarka sem þarna eru tilgreind. Lánsloforð ein út af fyrir sig segja hins vegar ekkert um þetta efni, heldur bindandi samningar, enda hafi smíðin verið komin það langt að ekki verði gerðar breytingar sem uppfylli kröfur frv. án verulegs kostnaðarauka.

Það verður alltaf erfitt að meta markaðsverð afurða, hvort heldur þær eru framleiddar um borð í fiskiskipum eða í landi. Aðalatriðið er það að hér er verið að gera tilraun til þess að koma fram ákvæðum sem tryggja eiga betri og meiri nýtingu hráefnisins um borð í skipunum og um leið að gerðar verði meiri kröfur um gæði afurðanna og aðstöðu til vinnslu um borð. Vissulega jafnar þetta nokkuð starfsskilyrði vinnslu á landi og úti á sjó, en ég tek undir þau sjónarmið að þetta frv. tryggir á engan hátt fullkomið jafnvægi þar á milli. Þar koma mörg önnur sjónarmið til, m.a. skattlagning sveitarfélaga sem oft og tíðum er mismunandi milli fiskvinnslufyrirtækja og skipa sem vinna afla úti á sjó.

Ég tel mjög mikilvægt að frv. verði að lögum þannig að unnt verði að hrinda ákvæðum þess í framkvæmd. Vissulega er farið inn á nýjar brautir og full ástæða er til þess að meta reynsluna af framkvæmd þessara laga þegar þar að kemur og huga að henni. Að fenginni þeirri reynslu geta menn hugað nánar að frekari breytingum, strangari kröfum eða öðrum þáttum í þessum efnum. Ég ætla ekki að menn sjái fyrir alla þætti málsins fyrir fram. Þróunin verður örugglega ör á þessu sviði þannig að mjög mikilvægt verður að fylgjast með framkvæmdinni og hafa þann sveigjanleika fyrir hendi að geta brugðist við nýjum aðstæðum ef upp koma.

Ég vil nota tækifærið til þess að þakka hv. sjútvn. og nefndarmönnum fyrir vandaða vinnu við meðferð frv. og almennt góðan stuðning við meginmarkmið þess.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru að vísu afar fátækleg. T.d. var ekkert í þeim um það hvort fram hefði farið einhver athugun á vegum ráðuneytisins á mismunandi þjóðhagslegri hagkvæmni landfrystingar og sjófrystingar.

Ég minni ráðherrann líka á beiðni um skýrslu um stöðu sjávarútvegsfyrirtækja sem þingflokkur Alþb. lagði fram á sínum tíma og óskaði eftir að yrði rædd innan tveggja vikna. Ekkert hefur bólað á þessari skýrslu og ég tel, fyrst menn eru að ræða þetta frv. sem hefur að nokkru leyti það markmið að jafna stöðuna á milli atvinnugreina, sjófrystingar annars vegar og landfrystingar hins vegar, að rétt sé að fá fram upplýsingar varðandi landfrystinguna því það er mjög þýð-

ingarmikið að menn gangi ekki frekar á hana en orðið hefur og löggjöf stuðli frekar til gagnstæðrar áttar frá því sem nú er með því að færa vinnsluna í land. Ég ítreka því spurningu mína og spyr ráðherrann jafnframt hvenær sé að vænta skýrslu hans um stöðu fiskvinnslufyrirtækja.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi fyrirspurn um skýrslubeiðni sem fram kom frá nokkrum þingmönnum Alþb. þá er því til að svara að ég er tilbúinn til þeirrar umræðu þegar ráðrúm er fyrir á dagskrá þingsins. Ég tel ekki óeðlilegt að málið hafi til að mynda átt að koma fyrr til umræðu á þinginu enda lagt fram miklu fyrr. En eðli máls samkvæmt þá er ég tilbúinn til þeirrar umræðu þegar aðstaða er til að taka það á dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Frv. StG o.fl., 10. mál (ávöxtun innstæðna). — Þskj. 10, nál. 765.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál. Umsagnir bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Íslenskum sjávarafurðum, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Í ljósi þeirra umsagna sem borist hafa til nefndarinnar og hún hefur fjallað um, er það samhljóða álit hennar að réttast sé að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að þar verði tekin ákvörðun um framtíð Verðjöfnunarsjóðs. Nefndin leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Árni R. Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi þegar málið var afgreitt og er samþykk áliti þessu.

Undir álitið rita Matthías Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Magnús Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Hallvarðsson og Vilhjálmur Egilsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður ljósmæðra, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (brottfall laga). — Þskj. 702, nál. 824.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga er um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra. Rökin fyrir því eru í örstuttu máli þessi:

Starfsstétt sú sem lífeyrissjóðnum var ætla að sinna er ekki lengur til. Réttindareglur sjóðsins eru löngu úreltar. Sjóðurinn er tómur. Starfandi ljósmæður landsins eiga eðlilega aðild að öðrum almennum lífeyrissjóðum. Engar eignir eru til í sjóðnum og minna en það því í árslok 1990 skuldaði sjóðurinn Tryggingastofnun ríkisins 500 þús. kr. Ef frv. verður samþykkt leiðir samþykktin ekki til neins kostnaðarauka fyrir ríkissjóð því sjóðurinn er samkvæmt 1. gr. gildandi laga eign ríkissjóðs og hann ábyrgist greiðslur úr honum skv. 3. gr. laganna og skuldbindingar sjóðsins eru óverulegar.

Ljósmæðrafélag Íslands óskar sjálft eftir því að sjóðurinn sem slíkur verði lagður niður. Nefndin hefur fjallað um frv. og var sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

Undir nál. rita Matthías Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Ingi Björn Albertsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sólveig Pétursdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Magnús Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni menntamálaráðs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti gat um í upphafi fundarins fer nú fram utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga að beiðni hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um málefni menntamálaráðs. Umræðan fer fram með þeim hætti að málshefjandi hefur allt að þrjár mínútur tvisvar sinnum, aðrir hv. þm. og ráðherra allt að tvær mínútur tvisvar sinnum. Umræðan má standa í hálftíma.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til þess að mótmæla og til að vekja athygli þingmanna á vinnubrögðum fulltrúa Sjálfstfl. í menntamálaráði og ummælum menntmrh. í kjölfar þeirra atburða sem áttu sér stað í ráðinu á fundi þar í síðustu viku. Þetta mál er þess eðlis að það hlýtur að varða löggjafarsamkunduna mjög miklu. Í menntamálaráði sitja fulltrúar sem við höfum kosið á Alþingi til að starfa samkvæmt lögum sem sett voru á Alþingi. Þessir fulltrúar eiga að gæta hagsmuna þeirrar stofnunar sem þeir voru kosnir til að veita forstöðu. Þegar formaður ráðsins, fulltrúi Sjálfstfl., flytur svo um það tillögu í ráðinu að ganga í berhögg við gildandi lög og leggja Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður, eru það eðlileg viðbrögð hjá öðrum fulltrúum í ráðinu að fella þá tillögu. Fyllsta ástæða var líka til að lýsa vantrausti á þáverandi formann sem bæði með þessum tillöguflutn-

ingi og í öðrum efnum hefur staðið þannig að málum í menntamálaráði að alls ekki verður séð að hún hafi í raun gætt hagsmuna Menningarsjóðs eins og hún var þó kjörin til. Hún stóð m.a. þannig að útgáfu bóka að á þeim hlaut að verða tap, það gat ekki orðið annað en tap af útgáfu bóka sem gefnar voru út í 300 og 400 eintökum. Annað dæmi getum við nefnt og það er að Orðabók Menningarsjóðs, sjálf mjólkurkýr sjóðsins, var uppseld hjá forlaginu nú fyrir fermingarnar, sem ætti auðvitað alls ekki að eiga sér stað.

En menntmrh. virðist tilbúinn til að styðja formanninn fráfarandi í lögleysunni og telur ekkert því til fyrirstöðu að leggja Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður án lagaheimilda og segir m.a. í viðtali við Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Það er hægt að gera þetta án lagabreytinga. Það er heimild í fjárlögum til þess að selja eignir Menningarsjóðs og í því felst að leggja þessa starfsemi niður. Það er alveg ljóst. En það þarf hins vegar samþykki stjórnarinnar til þess að gera þetta og tillaga fyrir samþykkt lá fyrir fundinum."

Ég verð að segja að þetta eru furðuleg ummæli hjá löglærðum manni. Hann ætti auðvitað, eins og allir aðrir þingmenn, að vita að fjárlög breyta ekki efni annarra laga. Það er hægt að skilyrða fjárframlög með fjárlögum, en það er ekki hægt að breyta efni annarra laga með samþykkt fjárlaga. Því til viðbótar má geta þess að stefnumörkun varðandi Menningarsjóðinn var mjög loðin og óljós í fjárlögum og í greinargerð með fjárlögum. Í 6. gr. fjárlaga, segir með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er heimilt að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs."

Og í greinargerð frv. segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneyti hefur í hyggju að endurskoða lög um sjóðinn og endurmeta starfsemi hans þar sem yrði m.a. stefnt að því að leggja útgáfufyrirtækið niður á árinu 1992."

Þarna er talað um að endurmeta starfið og það er því ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta endurmat hafi farið fram og hvar það sé þá að finna. Það hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Vissulega væri það athyglisvert fyrir okkur þingmenn að sjá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þeim málum því ekki getur hún falist í því einu að vilja leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs.

Þá vil ég nota tækifærið og mótmæla gerræðislegum hugmyndum ráðherra um að Alþingi eigi að kjósa nýjan fulltrúa í menntamálaráð í stað Ragnheiðar Davíðsdóttur þar sem hún hafi ekki verið tilbúin til að vera viljalaust verkfæri í höndum framkvæmdarvaldsins, þar sem hún hafi fylgt sannfæringu sinni eins og henni ber að gera samkvæmt stjórnarskrá. Ráðherra væri hollt að hafa það í huga að hvorki Ragnheiður Davíðsdóttir né aðrir fulltrúar í menntamálaráði eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins heldur Alþingis.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Í fjárlögum yfirstandandi árs er skýrt kveðið á um þá stefnu ríkisstjórnarinnar að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Í 6. gr. fjárlaga er heimild til fjmrh. að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lýsti áðan.

Í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir 1992 segir um Menningarsjóð:

„Menntamálaráðuneytið hefur í hyggju að endurskoða lög um sjóðinn og endurmeta starfsemi hans þar sem m.a. yrði stefnt að því að leggja útgáfufyrirtækið niður á árinu 1992."

10. okt. sl. skipaði ég starfshóp sem hefur það hlutverk í fyrsta lagi að endurskoða lög nr. 50/1957, um Menningarsjóð og menntamálaráð, og í öðru lagi að gera verkáætlun varðandi útgáfustarfsemi Menningarsjóðs er miði að því að hún verði lögð niður á árinu 1992 og að hefja framkvæmd í samráði við menntmrh.

Svo að ég svari spurningunni strax, þá er endurskoðun ekki lokið en starfshópurinn hefur það viðfangsefni m.a. Starfshópurinn hefur lagt fram verkáætlun sem miðar að því að ganga frá eignum og skuldum sjóðsins. Síðasta atriðið í verkáætluninni var að fella lög um Menningarsjóð úr gildi. Verkáætlun þessi hefur verið framkvæmd í samráði við menntmrn. eftir þeirri tímatöflu sem henni fylgdi.

Ástandið í fjármálum Menningarsjóðs hefur ekki verið uppörvandi. Á sl. tveim árum, 1990 og 1991, hafa verið greiddar rétt tæpar 30 millj. kr. úr ríkissjóði til Menningarsjóðs, þar af 10,5 millj. umfram fjárlagaheimildir. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru 6 millj. kr. ætlaðar til starfseminnar. Sú upphæð var að sjálfsögðu við það miðuð að útgáfustarfsemi yrði hætt. Nýr meiri hluti í menntamálaráði breytir ekki þeirri ákvörðun, enda ekkert fé til að hefja starfsemi á ný.

Um kosningu fulltrúa í stað aðalmanns sem fellur frá eða segir af sér gilda ákveðnar reglur á hv. Alþingi. Um það hef ég svo sem ekkert að segja annað en það að þær eru ekki í samræmi við yfirlýsingar varafulltrúa Alþfl. í ráðinu eða lagaprófessorsins sem vitnað hefur verið til. Gagnrýnt hefur verið að ákvæði laganna um bókaútgáfu skyldu ekki fyrst felld brott. Sú gagnrýni er óréttmæt. Það verklag sem viðhaft hefur verið er eðlilegra m.a. með hliðsjón af því að tími gæfist til að finna störf fyrir núverandi starfsmenn sjóðsins.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Þeir atburðir sem þessi umræða snýst um urðu í kjölfar þess að aðalfulltrúi Alþfl. í menntamálaráði féll frá. Síðan hefur verið dregið í efa að Alþfl. hafi rétt til þess að kjósa aðalmann í stað þess aðalfulltrúa sem féll frá. Ég skyldi lokaorð hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar á þá leið. Jafnframt hefur lagabrekka og prófessor úr Háskólanum, Sigurður Líndal, dregið þetta í efa.

Í tilefni af þessu vil ég að það komi fram að ég hef beðið skrifstofu Alþingis að kanna þetta mál og álit hennar er afdráttarlaust að um setu í stjórnum, nefndum og ráðum sem kosin eru af Alþingi gildi sú regla að falli aðalmaður frá eða segi af sér, er kosinn nýr aðalmaður í hans stað. Hafi verið kosinn varamaður gegnir hann störfum aðalmanns frá þeim tíma þegar

aðalmaður fellur frá og þar til nýr aðalmaður er kosinn. Þessi regla hefur gilt í áratugi um kosningu manna á Alþingi í stjórnir, nefndir og ráð þótt frá henni hafi verið vikið nokkrum sinnum. Reglunni hefur verið beitt markvisst sl. áratug og mig langar að vitna í ummæli fyrrv. forseta sameinaðs þings, Þorvalds Garðars Kristjánssonar, sem sagði í umræðum 11. maí 1988 þegar verið var að kjósa einn mann í bankaráð Seðlabanka Íslands, með leyfi forseta: „Ef maður andast sem hefur verið kosinn aðalmaður í ráð eða nefnd, eða ef maður segir af sér, er venja að kosning fari fram á manni í hans stað."

Nú er það svo, virðulegi forseti, að Alþingi kýs í um 40 stjórnir, ráð og nefndir á hverju kjörtímabili. Á kjörtímabilinu 1987–1991 var a.m.k. fimm sinnum kjörinn nýr aðalmaður þótt varamenn hefðu síðan verið kosnir. Á þinginu 1986–1987 voru kosnir samkvæmt þessari reglu aðalmenn í flestar yfirkjörstjórnir. Fleiri dæmi mætti nefna. Þannig má nefna að á yfirstandandi þingi var þessari reglu beitt við kosningu í útvarpsráð og í bankaráð Landsbankans. Það er satt að segja venja er mér tjáð, virðulegi forseti, að aðrir þingflokkar séu ekki að skipta sér af málum sem þessum.

Jafnframt er nú deilt um það hlutverk Menningarsjóðs að standa sérstaklega að bókaútgáfu. Í lögunum um Menningarsjóð segir í 4. gr. að tekjum sjóðsins skuli varið til bókaútgáfu og á þessu er hert í 7. gr. Ég tel sjálfur að reynslan hafi dæmt þetta fyrirkomulag um leið. Það hefur verið tap á útgáfunni. Ég tel ekki að það sé hlutverk ríkisins að standa fyrir sérstöku bókaforlagi. Hins vegar er allt annað mál, virðulegi forseti, hvort ríkið vill styrkja útgáfu einhverra bóka. Það kemur vel *til álita undir vissum kringumstæðum en þá á* að mínum dómi að vera alveg klárt að þar er um hreinan styrk að ræða. Ríkið sjálft á ekki að standa fyrir forlagi, það er hrein tímaskekkja.

Að lokum vil ég klykkja út með því, virðulegi forseti, að ég tel enga hættu á því að góð bók finni ekki útgefanda.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það sem einkennir það mál sem nú er til umræðu eru fyrst og fremst gerræðisleg vinnubrögð af hálfu fyrrv. formanns menntamálaráðs sem starfaði í umboði Alþingis. En skv. 6. gr. laga um menntamálaráð er kveðið á um að það sé skipað fimm mönnum. Ráðið skiptir sjálft með sér verkum í byrjun hvers kjörtímabils. Formaðurinn virðist hins vegar starfa samkvæmt fyrirskipunum frá hæstv. ráðherrum.

Fyrrv. formaður menntamálaráðs ætlaði að leggja Menningarsjóð niður fyrir augunum á stjórn ráðsins án samþykktar hennar og án lagabreytinga á hv. Alþingi. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 er reynt að marka pólitíska stefnu núv. ríkisstjórnar. Þar kemur fram sú stefna er varðar Menningarsjóð að menntmrn. hafi í hyggju að endurskoða lög um sjóðinn og endurmeta starfsemi hans þar sem yrði m.a. stefnt að því að leggja útgáfufyrirtækið niður á árinu 1992. Þetta er í greinargerð með frv., ekki samþykkt lög frá Alþingi.

Einnig kemur fram í 6. gr., eins og hér hefur komið fram, að fjmrh. sé falið að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs en að mati umboðsmanns Alþingis nægir fjmrh. ekki þessi heimild til þess að leggja sjóðinn niður. Ekki hefur verið lagt fram neitt frv. á hv. Alþingi um breytingu á lögum um menntamálaráð og því síður samþykkt ný lög um ráðið. Því hlýtur að vera í hæsta máta eðlilegt að meiri hluti stjórnar sjóðsins vilji vinna samkvæmt landslögum og það er einmitt það sem hún hefur verið að reyna að gera þegar hún hefur barist gegn vinnubrögðum fyrrv. formanns. Á þessari stundu ætla ég ekki að fullyrða neitt um að það fyrirkomulag sem nú er í framkvæmd sé það eina rétta í rekstri sjóðsins. En um það snýst málið ekki núna.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að Menningarsjóður hefur staðið fyrir mjög merkri bókaútgáfu og ég er ósammála hv. 17. þm. Reykv. þegar hann segir að allar góðar bækur fái útgefanda. Málið er ekki svo einfalt, hæstv. forseti. Menningarsjóður hefur gefið út ýmsar merkar bækur sem eru íslenskri þjóð mikilvægar og þær hefðu kannski ekki auðveldlega fengið útgefanda.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Málið snýst um tvennt, annars vegar um stöðu menntamálaráðs og hins vegar um Menningarsjóð.

Varðandi það síðarnefnda vil ég segja að ég tel algerlega fráleitt að taka um einhliða ákvörðun að leggja Menningarsjóð og menntamálaráð niður. Ég tel að það sé ekki á færi ráðherra. Ég bendi á í þessu sambandi að *á síðasta kjörtímabili náðist samstaða milli þáverandi* stjórnarflokka, Alþb., Framsfl. og Alþfl. um að fram færi endurskipulagning á útgáfustarfsemi ríkisins þar sem kæmu til sögunnar Menningarsjóður og menntamálaráð, útgáfustarfsemi Árnastofnunar, Þjóðminjasafns, útgáfa dansk-íslenskrar orðabókar, fransk-íslenskrar orðabókar, útgáfa Háskóla Íslands og einnig fleiri slíkir þættir. Ríkið leggur ekki bara til árlega 6 eða 7 millj. kr. til útgáfu á bókum heldur sennilega um 30 millj. kr. Þess vegna er algerlega fráleitt og engin lausn á nokkru vandamáli að taka einhliða ákvörðun um að leggja Menningarsjóð niður eins og hæstv. menntmrh. hefur tekið ákvörðun um auk þess sem það stenst ekki lög landsins eins og staðið er að málum af hálfu hæstv. ráðherra. Ég tel að hinn nýi meiri hluti í menntamálaráði hafi haldið óvenjulega skörulega á þessu máli og er ástæða til þess fyrir Alþingi að þakka fyrir það þegar nefndir kosnar af Alþingi vinna með jafnskörulegum hætti.

Ég tel að taka eigi ákvörðun um Menningarsjóð og endurreisn hans. Stofna þarf menningarsjóð, sem styður við bókaútgáfu metnaðarmikilla verka, sem finna ekki útgefendur á hinum svokallaða frjálsa markaði.

Ég bendi á að á síðasta kjörtímabili var þetta sjónarmið ekki aðeins stutt af Alþb. og Framsfl. heldur líka af Alþfl. Nú virðist Alþfl. hins vegar hafa snúið við blaðinu. Það álit sem Guðmundur Einarsson stóð að á síðasta kjörtímabili virðist að engu orðið. Alþfl. tekur

þátt í einkavæðingaræði Sjálfstfl. með þessum hætti og ætlar að ryðja þessari merku menningarstarfsemi um koll.

Hitt atriðið sem er uppi núna, virðulegi forseti, er svo sú skoðanakúgun sem á að fara að praktisera í Alþfl. og er afar athyglisvert mál og þarf auðvitað að ræða sérstaklega en þess er ekki kostur í ræðu minni. Ég tel að tvennt komi til greina, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi að mörkuð verði heildarstefna í útgáfumálum ríkisins yfirleitt og í öðru lagi að menntmn. Alþingis taki þetta mál í sínar hendur með sjálfstæðum hætti skv. 26. gr. þingskapa og rannsaki þau vinnubrögð og þann aðdraganda sem liggur fyrir af niðurstöðu þessa máls eins og það stendur í dag.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það sem gerst hefur undanfarna daga er gott dæmi um það hvernig ríkisstjórnin telur að hún geti gert það sem henni þóknast. Ríkisstjórnin hefur ekki vald til að segja menntamálaráði fyrir verkum né öðrum þjóðkjörnum stjórnum en það telur menntmrh. greinilega að hann geti gert. Ég ætla ekki að rekja með hvaða hætti fráfarandi formaður menntamálaráðs hefur gengið fram án alls samráðs eða samþykkis menntamálaráðs. Þar hafa lýðræðisleg vinnubrögð ekki verið höfð í heiðri. Svo virðist sem menntmrh. og fráfarandi formaður mentamálaráðs telji sig geta ráðskast með menntamálaráð og Menningarsjóð eins og þeim þóknast og þá kannski sérstaklega bókaútgáfuna.

Ef ríkisstjórnin eða aðrir telja að eigi að hætta starfsemi þeirri sem menntamálaráð hefur staðið fyrir, t.d. bókaútgáfunni eða einhverju öðru, á auðvitað að leggja fram frv. þess efnis hér á Alþingi. Það er mjög óeðlilegt að gera það með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það getur ekki orðið með samkomulagi milli menntmrh. og formanns menntamálaráðs. Það er alveg út í bláinn og ég er algerlega ósammála því að það sé eðlilegur framgangsmáti að leggja Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður og koma svo til Alþingis og spyrja hvort það hafi bara ekki verið allt í lagi að gera það. Þetta finnst mér vera alveg með ólíkindum og trúi varla að menn séu almennt á þeirri skoðun að ríkisstjórnin eigi fyrst að framkvæma og koma svo og fá stimpilinn hjá Alþingi á eftir. Ríkisstjórnin fer með framkvæmdarvaldið samkvæmt stjórnskipun Íslands og Alþingi löggjafarvaldið. Ríkisstjórnir hér á landi fara í raun að stórum hluta með löggjafarvaldið en þessu þarf auðvitað að breyta.

Hv. 17. þm. Reykv. talaði um að einhverjar reglur séu til sem gilda um það hvernig fara eigi að þegar aðalmaður fellur frá eða segir af sér. Vel getur verið að einhverjar reglur séu til en þær eru þá hvergi til á blaði. Ef varamenn eru ekki kosnir til að taka við aðalmönnum heldur meira upp á punt þá verður auðvitað að setja þær reglur á blað svo að öllum sé ljóst eftir hvaða reglum á að fara og varamenn viti að þeir séu ekki kosnir varamenn til að taka við heldur til einhvers annars.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Í úttekt Ríkisendurskoðunar sem gerð var að beiðni fyrrv. menntmrh. haustið 1990 segir svo:

„Fjárhags- og greiðslustaða sjóðsins er komin í eins konar vítahring þar sem ekki er bolmagn til að gefa út bækur sem hugsanlega gætu bætt stöðuna. Ljóst er að ef gera á ráð fyrir áframhaldandi rekstri Bókaútgáfu Menningarsjóðs verður að létta undir með þessari starfsemi og ríkissjóður að taka á sig hluta þeirra skuldbindinga sem sjóðurinn hefur stofnað til." Og í lok niðurstaðna segir: „Af framansögðu má ljóst vera að eðlilegast er að endurmeta tilverurétt þessarar stofnunar þar sem núverandi form og fyrirkomulag hentar ekki og mætti e.t.v. hugsa sér að ríkisvaldið mundi frekar styrkja útgáfu tiltekinna ritverka hjá bókaforlögum eins og fram kemur í framangreindri áfangaskýrslu sem reyndar er vitnað í hér."

Í tengslum við framangreint endurmat er rétt að benda á að fjölmargir opinberir aðilar standa að útgáfu bóka, svo sem Háskóli Íslands og deildir innan hans, Námsgagnastofnun og fleiri.

Menningarsjóður var stofnaður 1928. Hann hefur gegnt mikilvægu hlutverki í íslenskri menningarsögu með því að styrkja listir og vísindi og þar með talið bókaútgáfu, tónlist og myndlist, eflingu þjóðlegra fræða og athugana á náttúru landsins. Styrkir til listamanna, kynning á íslenskri menningu innan lands og utan og ýmis önnur menningarstarfsemi hefur heyrt undir starfsemi Menningarsjóðs. En það er nú svo að við búum ekki í sama þjóðfélagi og var árið 1928 þegar stofnað var til sjóðsins og Menningarsjóður hefur skilað hlutverki sínu. Á síðustu áratugum hafa aðrar stofnanir yfirtekið hlutverk hans að mestu og ég nefni nokkrar, svo sem Listasafn Íslands, Vísindasjóð, Námsgagnastofnun, Fræðslumyndasafn ríkisins, Menningarsjóð félagsheimila, Kvikmyndasjóð Íslands og fjölmargir aðrir styrktarsjóðir eru einnig til.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þær stjórnir og ráð sem kosnar eru af Alþingi hafa algerlega sjálfstæðan rétt til þess að taka ákvarðanir óháð vilja ráðherra eða ríkisstjórnar. Þær stjórnir eða ráð sem fá umboð sitt frá Alþingi starfa samkvæmt því umboði á sjálfstæðan hátt. Þess vegna er mjög sérkennilegt að hæstv. menntmrh. hefur talað í fjölmiðlum síðustu daga eins og hann sé í stöðu til þess að segja menntamálaráði fyrir verkum. Hann hefur ekkert slíkt vald og hefur aldrei haft og er satt að segja mjög merkilegt að menn sem sitja í ríkisstjórn Íslands skuli virkilega telja að þeir hafi vald af þessu tagi. Menntamálaráð er í fullum rétti sem sjálfstætt kjörið ráð af Alþingi Íslendinga til þess að ráða málum sínum.

Ég verð einnig að lýsa nokkurri furðu minni með ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar vegna þess að ég hélt að það væri ekki um að ræða af hans hálfu slíkan stuðning við sjónarmið menntmrh. og Sjálfstfl. eins og mátti lesa út úr ræðu hans. Í sjálfu sér getur verið aukaatriði með hvaða hætti Alþfl. vill fara með

þetta mál, en það er auðvitað alveg ljóst að ef Alþfl. vill eyða vafaatriðum með form, þá kemur hann einfaldlega til þingsins næstu daga og óskar eftir því að Ragnheiður Davíðsdóttir verði kjörin aðalmaður í ráðið á Alþingi. Það er mjög einföld aðferð. Ég vil minna núverandi forustu Alþfl. á að það gerðist t.d. 1971–1974 í útvarpsráði að sá sem Alþfl. kaus þá í útvarpsráð, Stefán Júlíusson, kaus að yfirgefa samfylgd með Sjálfstfl. í því ráði og starfa með fulltrúum Alþb., Framsfl. og Samtökum frjálslyndra og vinstri manna þótt Alþfl. og Sjálfstfl. væru í stjórnarandstöðu. Ég vænti þess að það gildi sams konar frjálslyndi og víðsýni í núv. forustu Alþfl. gagnvart Ragnheiði Davíðsdóttur og gilti í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar gagnvart Stefáni Júlíussyni.

Ég vil svo minna hv. Alþingi á það að lokum að fjárhagsvandi Menningarsjóðs stafar af mjög einfaldri ástæðu. Það er þjóðhátíðin á Þingvöllum 1974, sem *Alþingi beitti sér fyrir var haldin með þeim hætti* að gefa átti út minningarbók um þá hátíð. Meiri hlutinn á Alþingi þá beitti sér fyrir þeirri útgáfu. Hún var mjög dýr og kostnaðarsöm. Þetta hátíðarrit sem Alþingi vildi láta gefa út seldist hins vegar ekki. Það er meginástæðan fyrir fjárhagsvanda Menningarsjóðs.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Aðförin að menntamálaráði er náttúrlega ekkert nema lögleysa. Heimildin í 6. gr. er auðvitað bundin því skilyrði að lagabreyting hafi farið fram áður svo hægt sé að beita þessari heimild í 6. gr. fjárlaga. Hún hefur í sjálfu sér ekkert gildi til að afnema lög í landinu. Það er eiginlega fáránlegt að hugsa sér að menntmrh., sem er prúður og góður maður og meira að segja löglærður, skuli vilja beita þessari aðferð. Ef hann vildi leggja viðkomandi stofnun niður varð hann auðvitað að flytja um það frv. Verkáætlanir ríkisstjórnarinnar breyta engu þar um. Þær hafa ekki lagagildi. Þar fyrir utan er náttúrlega ákvörðunin um að leggja bókaútgáfuna niður röng. Þessi bókaútgáfa hefur unnið stórvirki á undanförnum áratugum. En þetta er dæmigert fyrir einkavæðingarflipp þessarar ríkisstjórnar. *Þarna er verið að leggja niður merkilega starfsemi* á vegum ríkisins til þess að rýma til og afhenda eigur hennar kolkrabbanum. Hvert haldið þið að Orðabók Menningarsjóðs fari? Mér þykir ótrúlegt annað en Almenna bókafélagið eigi eftir að koma þar við sögu.

Ég vil finna, frú forseti, að orðaleppum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann uppnefnir prófessor Sigurð Líndal og kallar hann lagabrekku í einhverju háðungarskyni. Ég held, þó að menn séu kannski ósammála Sigurði Líndal prófessor um einhver atriði, að þá eigi ekki að nota ræðustól á Alþingi til þess að reyna að skensa hann.

Það er náttúrlega orðið vesælt hlutverk Alþfl. þegar hann lætur bjóða sér það að sjálfstæðismenn ákveði *hvaða kratar sitji í nefndum fyrir hönd Alþingis*. Það var menntmrh. sem ákvað að Ragnheiður Davíðsdóttir skyldi hverfa úr ráðinu og tilkynnti það. Þetta eru náttúrlega skýr skilaboð til þessa Birtingarliðs sem þyrpist inn í Alþfl. (Forseti hringir.) Þetta eru skýr skilaboð frá Sjálfstfl. og Alþfl. og ég veit ekki hvenær klukkan glymur hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sjálfum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála að stefna núv. ríkisstjórnar er að leggja niður Menningarsjóð. Það er hins vegar alveg ljóst að menn afnema ekki lög nema með lögum og lög um Menningarsjóð hafa ekki verið afnumin *þannig að það er tómt mál að tala um að* einhver aðili innan framkvæmdarvaldsins geti tekið þá ákvörðun og fyrirskipað þingkjörinni stjórn að leggja niður sjóðinn.

Í öðru lagi hefur nokkuð verið deilt um það hvort varamaður hafi rétt til að sitja sem aðalmaður að aðalmönnum varanlega forfölluðum. Um það gilda engin sérstök lög hér á landi svo að mér sé kunnugt um svo það eina sem menn geta haft sér til halds og trausts eru lög um kosningar til Alþingis. Þar er svo kveðið á, eftir því sem ég best veit um, að ef alþingismaður deyr tekur varamaður við. Það er ekki kosið að nýju um það þingsæti. Út frá lagalegu sjónarmiði er það eina sem menn hafa í þá áttina að staða varamanns er sú að hann gengur að fullu í stöðu aðalmanns enda tók ég eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði ekki um lög, hann talaði um reglu. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það hver hefur samið þá reglu og hvaða lagagildi hún hefur.

Það kom mér nokkuð spánskt fyrir sjónir að heyra þau orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að ríkið ætti ekki standa fyrir útgáfu bóka af því að það hefði verið tap á Menningarsjóði. Menningarsjóður gefur út *bækur sem óvíst er um hagnað af þannig að þess má* vænta að öllu jöfnu að tap verði á útgáfu þeirra bóka, a.m.k. ef tekið er tillit til ársins en það er hins vegar óvíst að tap verði á útgáfu einstakra verka. Mér er t.d. til efs að tap sé á útgáfu Íslenskra sjávarhátta jafnvel þótt tekjurnar komi inn á fleiri árum en kostnaðurinn féll til en mér er líka til efs að nokkur annar hefði fengist til að gefa út það merka rit á sínum tíma.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það gerist ærið oft að hv. þm. Kristinn Gunnarsson segir okkur til um þingstörfin, okkur sem höfum setið svolítið lengur en hann. Hann spyr hver hafi mótað þær reglur sem er um að tefla þegar rætt er um það hvernig skuli með fara þegar aðalmaður í nefnd eða ráði hættir, segir af sér eða fellur frá. Því er mjög skýrt til að svara að það er hv. Alþingi sem hefur mótað þá reglu að falli aðalmaður frá eða segi af sér, er kosinn nýr aðalmaður í hans stað. Þetta er afar einfalt mál. Þetta vita hv. þm. velflestir og þurfa enga sérstaka tilsögn í þeim efnum frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni.

Ég vil annars, virðulegi forseti, nefna að það er svolítið furðulegt og kemur raunar spánskt fyrir sjónir að þingmenn koma og láta sem það komi sér mikið á óvart að það eigi að hætta þeirri starfsemi sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs er. Það kemur á óvart vegna þess að sú ákvörðun var í rauninni tekin við samþykkt

fjárlaga. Ég vil nefna, í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur orðið, að 8. apríl sl. fór fram ítarleg umræða um þetta mál í þingflokki Alþfl. Þá var samdóma álit manna að þessa starfsemi ætti að leggja niður, hún væri tímaskekkja og ríkið ætti ekki að hafa með höndum verk sem þetta. Hins vegar kæmi vel til athugunar að sérstakt forlag á vegum Háskóla Íslands tæki við þessari starfsemi að hluta eða einhverju leyti. Um þetta var einhugur og það er samdóma álit þingmanna Alþfl. að þannig sé þessu best og skynsamlegast fyrir komið Ég held að þingmenn þurfi ekki lengi að lesa lögin um Menningarsjóð og menntamálaráð til að sjá að þau eru tímaskekkja og það er ekki eitt af hlutverkum ríkisins að vera bókaútgefandi. Það er betur komið í annarra höndum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vekja undrun þeirra sem hér sitja að hlusta á rök hæstv. menntmrh., hæstv. umhvrh., hv. formanns Alþfl. og formanns menntmn. Alþingis í þessu máli. Hér er ekki um það rætt hvort mönnum finnist að ríkið eigi að reka útgáfu eða ekki. Hér er um það rætt hvernig að málum er staðið. Bókaútgáfa Menningarsjóðs verður ekki lögð niður með fjárlögum. Lögum verður ekki breytt með fjárlögum. Vilji stjórnvöld leggja Menningarsjóð eða Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður, þá breyta þau hlutverki sjóðsins með lögum. Þá gera stjórnarflokkarnir það með því að leggja fram frv. til laga á Alþingi. Í því felst stefnumarkandi vald þessara aðila. Þeir gera það ekki með einhverri handaupprettingu í menntamálaráði. Það er ekki sú umræða sem fer fram hér í dag. Þó að hv. þingflokksformaður Alþfl. sé þeirrar skoðunar að reynslan hafi dæmt Bókaútgáfu Menningarsjóðs úr leik, og það sagði líka hæstv. umhvrh., þá kemur það bara ekki málinu við.

Mig langar til þess að benda á það að í menntamálaráði var að því er ég held nokkuð víðtæk samstaða um að það þyrfti að breyta Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Þar var enginn á móti því að breyta þeirri útgáfu. En það þarf að vinna að því máli eftir réttum leiðum en ekki með þeim gerræðislegu vinnubrögðum sem þar hafa verið tíðkuð.

Hv. þingflokksformaður Össur Skarphéðinsson sagði að ýmsir hefðu dregið í efa rétt Alþfl. til að kjósa nýjan aðalmann. Þar á meðal nefnd hann mig og, eins og hann sagði, lagabrekkuna Sigurð Líndal. Ég verð að taka undir með þingflokksformanni Framsfl. að mér finnst það mjög svo ósæmilegt af Össuri Skarphéðinssyni að uppnefna Sigurð Líndal vegna þess eins að hann tjáir ekki álit sem þingflokksformanninum er þóknanlegt. Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Ég man ekki betur en við Össur Skarphéðinsson stæðum saman að því í borgarstjórn að hneykslast á ummælum núv. forsrh. þegar hann uppnefndi annan lagaprófessor sem gaf álit sem honum var ekki þóknanlegt. Það fannst Össuri Skarphéðinssyni ekki mjög viðunandi þó að hann leiki þennan sama leik núna eftir að hann er kominn inn í ríkisstjórnarsamstarf með Davíð Oddssyni.

Mig langar til þess að reyna að gera mönnum það ljóst að málið snýst um heiður Alþingis og það snýst um það hvort flokksvaldinu tekst að kúga einstaklinga til hlýðni, einstaklinga sem fylgja sannfæringu sinni og fara að réttum lögum því það hafa fulltrúarnir, sem nú mynda meiri hluta í menntamálaráði, gert. Þeir hafa farið að lögum og þeir hafa farið að sinni sannfæringu. Þetta mál snýst um það hvort flokksræðinu tekst að kúska konurnar, konurnar í menntamálaráði til hlýðni því að fátt er mönnum verr við en konur sem ekki hlýðnast, konur sem ekki láta að vilja þeirra sem ráða. Það er eitur í beinum allra valdamanna.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim sem tel að bæði hv. þm. Ingibjörg Sólrún og hv. þm. Páll Pétursson fari með talsvert mannvit í þessu þingi. Þess vegna hef ég stundum kallað þau mannvitsbrekkur Alþingis. Ég meina það einungis að góðu einu og ég segi það sömuleiðis að lagabrekka er maður sem er mjög djúpur að lagalegu viti og speki. Þess vegna vil ég til samkomulags við þessa ágætu þingmenn reyna að ná um það samstöðu að ég megi kalla prófessorinn mannvitsbrekku.

Það hefur talsvert verið rætt um nauðsyn þess að hafa Menningarsjóð í gangi til þess að gefa út bækur sem hafa visst gildi fyrir þjóðina sem slíka en e.t.v. mætti ætla að væri erfitt að fá útgefnar. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gat þessa og sömuleiðis hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Þetta er alveg rétt hjá þeim. Það var einmitt eitt af því sem ég sagði í upphafi míns máls að það kynni að vera nauðsynlegt að veita fé í formi beinna styrkja til útgáfu af slíku tagi. Það er nákvæmlega það sem ég held að væri hægt að ná samkomulagi um. Það er einmitt þetta sem á að gera í staðinn fyrir að hafa sérstakan Menningarsjóð sem stendur í afar óvissri bókaútgáfu og vægast mjög óvissar reglur sem ráða útgáfu bóka þar. Ég tel miklu einfaldara og hreinlegra að hafa einfaldlega styrkjaform á þessu.

Í umræðum um þetta mál hefur það komið fram að nauðsynlegt sé að koma upp aðstöðu fyrir háskólakennara og fræðimenn til þess m.a. að gefa út vísindarit. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tekur dæmi um Íslenska sjávarhætti, sem ég tel reyndar að hvert einasta forlag hefði verið fullsæmt af að gefa út sjálft. Ég skil þessa röksemd mætavel. Menningarsjóður hefur verið nokkuð notaður á þennan hátt. Ég tel hins vegar að það sé miklu réttara að hlutast til um að það verði sérstakt háskólaforlag til við Háskóla Íslands sem sinni þessari þörf og mér fannst raunar eins og ýmsir þingmenn töluðu í þá veru hér. Það er rétt að það komi fram að nú þegar er vísir að slíku forlagi og það er enn fremur rétt að árétta að sú háskólaútgáfa sem þegar er á fósturskeiði verður að standa undir sjálfri sér, lifa af eigin tekjum. Ég tel að það komi sterklega til greina að hið opinbera aðstoði í einhverjum mæli við að styrkja undirstöðu slíks forlags, e.t.v. með því að láta slíkri útgáfu í té útgáfurétt að einhverju þeirra verka sem Menningarsjóður hefur umráð yfir og slægur er í. Ég

nefni t.d. það verk sem hér hefur verið nefnt hin mjólkandi kýr sjóðsins, orðabókina.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að það væri ekki á færi ráðherra að leggja bókaútgáfuna niður. Það vill svo til að ráðherra stendur ekki einn að þessu máli. Ráðagerðir sem greint er frá í fjárlagafrv. og ég taldi upp í fyrri ræðu minni og svo í fjárlögunum sjálfum hafa verið samþykktar af meiri hluta Alþingis. Samkvæmt því var verkáætlun gerð og eftir henni hefur verið unnið frá áramótum. Þess vegna á það ekki að koma neinum á óvart sem hér er að gerast og er ekki dæmi um að ríkisstjórnin sé að gera það sem henni þóknast eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir komst að orði.

Vegna orða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vil ég benda honum á að hann ætti að lesa lögin um Menningarsjóð og menntamálaráð. Þau eru að vísu um margt mjög svo úrelt en þar er í ýmsum greinum beinlínis skilyrt að samþykki menntmrh. þurfi til þess að ýmsar ákvarðanir menntamálaráðs öðlist gildi.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að lagabreytingu þyrfti áður en bókaútgáfan yrði lögð niður. Ég sagði í ræðu minni áðan að það væri síðasti punkturinn í verkáætluninni, að breyta lögum. Það sem hefur verið gert til þessa er fullkomlega löglegt og í samræmi við vilja Alþingis. Dylgjur hv. þm. um það hvert Orðabók Menningarsjóðs fari þykja mér ósmekklegar í hæsta máta. Ég veit að vinnuhópurinn sem að þessu hefur unnið hefur reiknað með að bjóða þær eignir til sölu sem enn eru eftir hjá Menningarsjóði.

Bókaútgáfa verður auðvitað ekki stunduð nema til þess séu fjármunir og í þessu tilviki er ekki um fjármuni að ræða. Það ákvað Alþingi. Svona einfalt er þetta. Eins og ég sagði hefur verið unnið eftir ákveðinni verkáætlun með að hætta þessari bókaútgáfu. Það er ekki nauðsyn á ríkisforlagi lengur. Það er ekkert sem mælir með því að ríkisforlag sé hér til. Ég tek undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að styrkir af hálfu ríkisins kæmu vel til greina og þeir hafa verið veittir. Ég nefni sem dæmi myndarlega styrki sem voru veittir vegna útgáfu bókaforlagsins Arnar & Örlygs á Alfræðiorðabókinni. Fyrrv. ríkisstjórn lofaði þar 6 millj. kr. og núv. ríkisstjórn staðfesti þá ákvörðun.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. mig langar að vekja athygli og spyrja hæstv. forseta um það hverju það sætir að í lok umræðunnar tala ekki einungis menntmrh., sem við erum vön að hafi síðasta orðið eða aðrir ráðherrar sem umræðu tengjast, heldur einnig hv. þingflokksformaður Alþfl. Ég á þessu ekki að venjast og þykir það mjög undarlegt. Það vekur furðu mína að málshefjandi skuli ekki settur á mælendaskrá en alltaf er gert ráð fyrir að hann fái að hafa seinasta orðið ásamt ráðherra. Þetta vekur furðu mína og mig langar til þess að fá að vita hverju það sætir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mat það svo að það væri eðlilegt að fulltrúi eða formaður þingflokks Alþfl. hefði einnig tækifæri til þess að tala í lok umræðna þar sem málið snertir Alþfl. Það var mat forseta og það verður þá svo að vera ef hv. þm. gera athugasemd við það mat. — [Fundarhlé.]

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 274. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 456, nál. 817, brtt. 818.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, sem er 274. mál þingsins, ásamt brtt. á þskj. 818.

Þetta frv. um veitingu ríkisborgararéttar er hið seinna sem afgreitt er á þessu löggjafarþingi. Hið fyrra var afgreitt á haustþinginu. Hefur sú meginregla gilt við afgreiðslu allshn. á frv. um veitingu ríkisborgararéttar að á haustþingi hafa þær umsóknir verið afgreiddar sem ekki er talið að þoli bið en öll vafamál beðið til vorsins.

Fyrir nefndinni nú lágu þær umsóknir sem ekki hlutu afgreiðslu á haustþingi og nýjar umsóknir sem bæst höfðu við. Var afgreiðslu nefndarinnar þannig háttað að formanni ásamt einum nefndarmanni, Kristni H. Gunnarssyni, var falið að fara yfir allar umsóknir. Útkoman úr þeirri vinnu var síðan lögð fyrir allshn. Þessi afgreiðsla er svipuð því sem verið hefur.

Þær reglur sem allsherjarnefndir efri og neðri deildar Alþingis settu á 112. löggjafarþingi, sbr. þskj. 910, voru hafðar að leiðarljósi við afgreiðslu málsins. Ekki hefur unnist tími til að endurskoða þær.

Í ljósi þeirrar vinnu sem fram hefur farið í nefndinni um frv. er nefndin ásátt um að gera þá brtt. að 50 nöfnum verði bætt við frv. og hljóta þá 62 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt frv. ef það verður að lögum. Allir nefndarmenn allshn. standa að nál. og að brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 133, nál. 819 og 820, brtt. 821.

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Arnljótur Björnsson prófessor, Bjarni Þórð-

arson tryggingastærðfræðingur, Freyr Jóhannesson tæknifræðingur og Erlendur Lárusson og Rúnar Guðmundsson frá Tryggingaeftirliti ríkisins. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Húseigendafélaginu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Tryggingaeftirliti ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frv. sem fram koma á þskj. 821:

1. Lagt er til að í 1. gr. verði vísun í 4. gr. frumvarpsins en í þeirri grein er að finna upptalningu þess konar náttúruhamfara sem viðlagatrygging tekur til.

2. Lögð er til sú breyting við 3. gr. að stjórn Viðlagatryggingar Íslands annist vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar eða geri samkomulag við tiltekinn aðila um það. Þykir eðlilegt að stofnunin sjálf annist þetta verkefni. Ef hún kýs aftur á móti að semja við utanaðkomandi aðila um þessi mál er kveðið á um að hún skuli leita til aðila á vátryggingasviði.

3. Lagt er til að í 5. gr. sé mælt fyrir um aukna skyldutryggingu frá því sem er í frumvarpinu. Skyldutrygging nái áfram til raforkuvirkja í eigu hins opinbera sem og síma- og fjarskiptamannvirkja í eigu sömu aðila. Tryggja megi þó þessi mannvirki annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

4. Lögð er til breyting í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 5. gr. hér á undan. Enn fremur er lagt til að bann við viðlagatryggingu á flotkvíum o.fl. í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. falli niður þar sem ákvæðið er heimildarákvæði.

5. Lagt er til að ákvæði 11. gr. um lækkun iðgjalda falli niður vegna þess að ekki þykir rétt að hafa slíkt ákvæði í lögum á meðan bolmagn stofnunarinnar er ekki meira en raun ber vitni til að mæta stóráföllum vegna náttúruhamfara.

6. Lagt er til að sérregla um tveggja ára fyrningarfrest bótakrafna á hendur Viðlagatryggingu Íslands í 17. gr. falli niður. Þess í stað gildi reglur laga nr. 20/1954 og verður fyrningarfrestur þá fjögur ár.

7. Lagt er til að í 19. gr. verði kveðið á um úrskurðarnefnd. Samkvæmt því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir á vátryggður einstaklingur engin önnur úrræði en dómstólaleið ef hann unir ekki niðurstöðu stjórnar Viðlagatryggingar. Lagt er því til að úrskurðarnefnd verði starfandi og skipuð ótímabundið. Nefnd af þessu tagi er tjónþola til hagsbóta auk þess sem tilvera hennar veitir stjórn stofnunarinnar aðhald. Nánari ákvæði um störf nefndarinnar kæmu í reglugerð.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þessum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson formaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir og Guðmundur Hallvarðsson.

Ingibjörg Pálmadóttir og Finnur Ingólfsson, rita undir þetta álit með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til laga um Viðlagatryggingu á sjö fundum. Að sjálfsögðu hafa komið upp nokkur álitamál við þá umfjöllun og meiri hluti heilbr.- og trn. hefur gert eftir athugun sína nokkrar brtt. sem farið var yfir hér á undan og lýst er í nál.

Ég tel í sjálfu sér óþarft að fara mörgum orðum um það. Mér þykir þó rétt að geta nokkurra þeirra álitamála sem upp komu. Meiri hluti heilbr.- og trn. gerir tillögu um að fella út úr 11. gr. frv. ákvæði um lækkun á útgjöldum við tiltekin skilyrði. Ástæða þess er eftirfarandi: Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. frv. er lagt til að greiðsluskylda stofnunarinnar vegna eins og sama vátryggingaratburðar tvöfaldist í áföngum. Vegna þess er augljóst að viðlagatrygging mun taka endurtryggingar í auknum mæli erlendis umfram það sem verið hefur. Þá hefur heilbr.- og trn. aflað upplýsinga um að iðgjöld slíkra endurtrygginga hafa farið hækkandi á undanförnum missirum og allar spár hníga í þá átt að þau muni hækka enn frekar.

Eigið fé Viðlagatryggingar var um 3 milljarðar kr. í árslok 1990 eða um 0,19% af þeim vátryggingarfjárhæðum sem stofnunin gat gefið upplýsingar um. En heildaráhætta Viðlagatryggingar vegna eins vátryggingaratburðar nam þá um 4,7 milljörðum. Eigið fé stofnunarinnar varð því um 64% vegna eins atburðar. Í frv. er lagt til að heildaráhættan hækki í áföngum, eins og ég get um áðan, og miðað við tölur 1990 mundi eigið fé stofnunarinnar einungis vera um 19% af heildaráhættu vegna eins atburðar þegar sú áhættuhækkun er komin á. Því þykir einsýnt að lækkun iðgjalda komi ekki til á næstunni. Þess má geta að um síðustu áramót var eigið fé Viðlagatryggingar um 3,7 milljarðar kr.

Í 19. gr. frv. er gert ráð fyrir að hamfaranefnd og uppgjörsnefnd, sem ákvæði eru um í gildandi lögum, verði lagðar niður og ágreiningi vísað beint til dómstóla. Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um að úrskurðarnefnd verði við lýði. Að sjálfsögðu er málsaðilum fært að vísa ágreiningsmálum til dómstóla í framhaldi af úrskurðum þeirra nefnda.

Í 24. gr. frv. eru ákvæði um að Viðlagatrygging geti krafið vátryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar sem varða störf þeirra fyrir stofnunina og að stofnunin eigi rétt á óhindruðum og tafarlausum aðgangi að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.

Að gefnu tilefni finnst mér rétt að undirstrika það að ákvæði þetta er í fullu samræmi við þær almennu reglur sem gilda um rétt endurtryggjenda til þess að skoða gögn frumtryggjenda. Slíkar reglur mun að finna í flestum eða öllum venjulegum endurtryggingarsamningum.

Virðulegi forseti. Að lokum þykir mér rétt að árétta að heilbr.- og trn. leitaði sérstaklega álits á því hvort frv. til laga um Viðlagatryggingu kynni að stangast á við samning um Evrópskt efnahagssvæði ef að lögum yrði. Svo er ekki. Um það varð samkomulag í samningaviðræðum um EES að Viðlagatrygging Íslands yrði undanþegin ákvæðum þeirra tilskipana Evrópubandalagsins sem tryggingamál snerta.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. 7. þm. Norðurl. e. náði heilbr.- og trn. ekki samstöðu um afgreiðslu frv. sem hér liggur fyrir um Viðlagatryggingu Íslands. Minni hlutinn skilar sérstöku nál. á þskj. 819. Undir það ritar auk mín hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Í álit minni hluta heilbr.- og trn. segir, með leyfi forseta:

„Minni hluti nefndarinnar telur að ekki hafi verið farið nægilega vel yfir frumvarpið. Hér er um að ræða mikilvægan og flókinn málaflokk. Málið hefur verið lengi til meðferðar. Við skoðun málsins í nefnd komu í ljós afar mismunandi sjónarmið þeirra sem um málið hafa fjallað. Tryggingaráðuneytið hefur síðan reynt að samræma þessi sjónarmið en nefndin hefur, að dómi minni hlutans, ekki farið nægilega vel yfir forsendur frumvarpsins og frumvarpið sjálft í einstökum atriðum. Þá hafa ekki verið lögð fram nein gögn í nefndinni um fjárhag Viðlagatryggingarinnar, eignastöðu hennar né heldur um hugsanleg fjárhagsleg áhrif frumvarpsins ef samþykkt verður sem lög. Minni hlutinn treystir sér ekki til þess að afgreiða frumvarpið með þessum hætti og telur óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fjalli um málið á ný og vandi þá betur allan málatilbúnað. Þess vegna leggur minni hlutinn til að frumvarpið um Viðlagatryggingu Íslands verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Eins og fram kemur í þessu nál. minni hlutans teljum við að þurft hefði að skoða ýmsar forsendur þessa máls aðeins betur. Í nál. minni hlutans er ekki síst vikið að hinum fjárhagslegu þáttum þessa máls og því að hér er um að ræða stórfyrirtæki, reyndar eitt stærsta fyrirtæki sem Íslendingar eiga saman. Þetta er fyrirtæki sem á um 3 milljarða kr.

Reikningar Viðlagatryggingar Íslands voru ekki lagðir fram með frv. og komu heldur ekki fram í nefndinni né heldur áætlanir um það hvað það þýðir að samþykkja frv. Það er auðvitað ekki nógu góð aðferð að afgreiða svona gífurlega stórt fjárhagsmál eins og lög um Viðlagatryggingu Íslands án þess að talnaefni liggi fyrir.

Ég aflaði mér í dag nokkurra tölulegra upplýsinga um Viðlagatryggingu Íslands. Þar kemur fram hver eignarstaða stofnunarinnar er en eigið fé hennar var í árslok 1991 2,9 milljarðar kr. Eigið fé jókst á síðasta ári um 381 millj. þannig að þetta verður að heita gott fyrirtæki á íslenska vísu. Það skilaði sem sagt viðbót við höfuðstól sinn upp á hátt í 400 millj. kr., úr 2,5 milljörðum í u.þ.b. 2,9 milljarða. Ég dreg það í efa að mörg fyrirtæki séu öllu stöndugri í landinu heldur en Viðlagatrygging Íslands.

Tjón á sl. ári námu alls 151 millj. kr. og til varnaðaraðgerða og styrkja var varið á vegum Viðlagatryggingar á síðasta ári um 30 millj. kr. Hagnaður af rekstri var um 200 millj. kr., en eigið fé jókst, eins og ég sagði, um 381 millj., fyrst og fremst vegna þess að eignir fyrirtækisins voru prýðilega ávaxtaðar hjá Seðlabankanum sem menn hafa vanið sig á að tala stundum heldur illa um hér í þessum stól eins og kunnugt er.

Í frv. er m.a. gert ráð fyrir því að taka vörslu og ávöxtun þessa fjár Viðlagatryggingar Íslands af Seðlabankanum án þess að fyrir því séu færð nein sérstök rök. Ég hef í sjálfu sér ekki haldið langar lofræður um Seðlabankann á mínum þingmannsferli en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að ávöxtun Seðlabankans á þessum eignum Viðlagatryggingarinnar hafi verið til fyrirmyndar, þegar það kemur í ljós að umfram tekjur af rekstri fær stofnunin um 180 millj. kr. í tekjur af eignum á árinu 1991. En í frv. er, eins og ég gat um, lagt til að taka þetta ávöxtunarhlutverk Viðlagatryggingar Íslands af Seðlabankanum án þess að fyrir því séu færð nein sérstök rök.

Á árinu 1990 voru iðgjöld 381 millj. kr. Árið áður 285 millj. kr. Síðan greiddi fyrirtækið í endurtryggingariðgjöld um 130 millj. kr. Tjón voru, eins og ég sagði áðan, 151 millj. kr., varnaðaraðgerðir og styrkir um 30 millj. kr. og eigin tjón 180 millj. og iðgjöld umfram tjón voru 72 millj. kr.

Árið 1989 voru iðgjöld fyrirtækisins umfram tjón 158 millj. eða tvisvar sinnum meiri en á árinu 1990.

Fyrirtækið greiddi auðvitað verulega fjármuni í innheimtukostnað, um 38 millj., en það ber að taka fram að stjórnunarkostnaður er lítill í þessu fyrirtæki. Starfsmenn Viðlagatryggingar Íslands á árinu 1990 og 1991 voru forstjóri í hálfu starfi og ritari í hálfu starfi. Þarna hefur báknið því ekki þanist mjög mikið út gagnstætt því sem víða vill verða.

Eins og ég sagði áðan þá eru eignir þessa fyrirtækis á fjórða milljarð króna samkvæmt þessum ársreikningum sem ég fékk loksins í dag frá forstjóra Viðlagatryggingar.

Á vegum Viðlagatryggingarinnar er auk þess reknn svokallaður ofanflóðasjóður, það er sjóður sem ekki er kosið í á Alþingi hlutbundinni kosningu, það er einn af fáum sjóðum sem Alþingi kýs ekki í hlutfallskosningu, þannig að það þarf ekki að hafa áhyggjur þar af skipan manna í stjórn, en ofanflóðasjóður velti á árinu 1990 um 27 millj. kr.

Til þess að hægt sé að fella sig við þá afgreiðslu sem á að eiga sér stað á frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands þurfa auðvitað að vera til fjárhagslegar upplýsingar, en þær eru það ekki. Það er gagnrýnisatriði minni hlutans númer eitt. Við treystum okkur ekki til að breyta lögum um Viðlagatryggingu, 3–4 milljarða fyrirtæki öðruvísi en að vita hvaða áhrif frv. hefur á rekstur stofnunarinnar. Ég veit satt að segja ekki hvernig það er, hvort stjórnarþingmönnum er kannski bara alveg sama um þetta, hvort þeir hafa nokkuð sett sig inn í þetta eða hvort þeir eru tilbúnir til að hlusta núna. Hinn fasti fulltrúi Sjálfstfl. í salnum, hv. 4. þm. Reykv., er staddur hér að vanda og hv. varaþingmaður Alþfl., mætur og frómur veðurfræðingur. (**Gripið fram í:** Sérfræðingur í ofanflóðum.) Og sérfræðingur í ofanflóðum. Það er kannski von til þess að úr því við höfum hér veðurfræðing úr Alþfl. til að

hlusta á okkur getum við fengið menn til að staldra við það að það sé dálítið skrýtið að afgreiða fjögurra milljarða fyrirtæki án þess að neinn viti hvernig það kemur út. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, ágætur varaforseti þessarar virðulegu stofnunar, þyrfti aðeins að athuga þetta líka. Ekki síst með ofanflóðin því þau koma ofan að eins og kunnugt er og hann er sérfræðingur í því eins og allir vita.

Í alvöru talað þá held ég að það væri fróðlegt fyrir stjórnarþingmennina að skoða aðeins hvort það væri ekki sjálfsagt mál að menn veltu því aðeins fyrir sér hvort eðlilegt er að sulla í gegnum þingið eins og hverju öðru ofanflóði, þriggja, fjögurra milljarða rekstri án þess að menn viti eiginlega neitt um hann.

En fyrir utan það að við tvö í minni hlutanum erum með athugasemdir þá eru fleiri sem gera athugasemdir. Ekkert minni stofnun en t.d. Tryggingaeftirlitið gerir athugasemdir við þetta. Og Samband ísl. sveitarfélaga. Það er óskaplega duglegt að senda frá sér pappíra eins og kunnugt er af ýmsum tilefnum og skal ég ekki tala illa um þá stofnun. Það gerir líka athugasemdir. Ég ætla að byrja á Sambandi ísl. sveitarfélaga og sakna ég nú vinar í stað þar sem eru tveir þingmenn sem töluðu við 1. umr. þessa máls, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Pálmi Jónsson, sem kvörtuðu mjög undan þessu frv. og töldu að það tryggði ekki rétt þeirra landshluta sem yrðu sjaldan fyrir verulegu tjóni. Ég vona að hv. þm. skilji við hvað er átt. Viðlagatryggingin á að tryggja fyrir stórfelldum náttúruhamförum en þeir landshlutar sem fara á mis við stórfelldar náttúruhamfarir fá þar af leiðandi mjög litla fjármuni úr þessari stofnun og hv. þm. töldu að eðlilegt væri að skoða það mál frá almennu jafnaðarsjónarmiði. Þeir gerðu auk þess ýmsar aðrar fróðlegar athugasemdir við þetta frv. og Samband ísl. sveitarfélaga tekur aðeins á því máli líka. Í athugasemdum Sambands ísl. sveitarfélaga segir svo um 4. gr., með leyfi forseta:

„Í athugasemdum er fjallað nokkuð um fok- og óveðurstryggingar og rök gegn því að fella þær undir viðlagatryggingu. Nokkrum sinnum hefur komið upp spurning um hvernig túlka beri tjón af völdum vatnsflóða, t.d. þegar niðurföll hafa stíflast í óvenju miklu úrfelli og flætt hefur í hús án þess að bótaábyrgð sé hjá sveitarfélaginu. Þótt unnt kunni að vera að kaupa slíka tryggingu á frjálsum markaði mælir margt með því að fella slíkar náttúruhamfarir undir áhættu sem tryggð er með sama hætti og verið hefur t.d. ef ár eða lækir flæða yfir bakka og valda skemmdum á tryggðum eignum."

Samband ísl. sveitarfélega telur sem sagt að þessa þætti þurfi að taka hér inn. Það eru mörg rök fyrir því að taka þetta ekki hér inn að mínu mati, en í sjálfu sér þá finnst mér að athugasemdir og ábendingar Sambands ísl. sveitarfélaga séu að mörgu leyti gildar og hefði verið eðlilegt að skoða þær aðeins nánar. Síðan vil ég vekja athygli á þeirri sérstöku gagnrýni Sambands ísl. sveitarfélaga sem kemur fram varðandi 10., 11. og 18. gr. frv., en þar segir:

„Engar upplýsingar fylgja frv. um iðgjaldafjárhæðir, tryggingafjárhæðir, endurtryggingar eða eiginfjárstöðu stofnunarinnar. Iðgjöld Viðlagatryggingar hafa þótt há a.m.k. af íbúðarhúsnæði í samanburði við t.d. iðgjöld af brunatryggingum og að teknu tilliti til áhættumats, tryggingaverndar og eigin áhættu hins tryggða. Upplýsingar sem varpað gætu ljósi á þessi atriði fylgja ekki frv."

Með öðrum orðum, allar þessar athugasemdir sem Samband ísl. sveitarfélaga gerir lætur meiri hlutinn sem vind um eyru þjóta og að mörgu leyti með rökum en það eru sömu athugasemdir og hv. þm. Pálmi Jónsson gerði þegar málið var til umræðu fyrir nokkru, að það þyrfti að skoða þessa hluti, sérstaklega sem snerta ýmiss konar náttúruhamfarir eins og flóð, rok og þess háttar sem er í raun og veru vísað á bug með afgreiðslu frv. eins og það lítur út núna. Ég er í sjálfu sér ekkert að segja að Alþingi þurfi endilega að hlusta á hv. þm. Pálma Jónsson, það er smekksatriði (**Gripið fram í:** Það er skynsamlegt.) og það er ekki nærri alltaf skynsamlegt, sem er nú verra, en það gæti þó verið að hann ætti rétt á því svona eins og hver annar hér í salnum að menn a.m.k. höfnuðu sjónarmiðum hans með rökum. Ég tel út af fyrir sig að það séu viss rök fyrir því að taka þetta ekki inn vegna þess að það mundi hækka iðgjöldin svo mikið og yrði svo dýrt og það er hægt að tryggja þetta annars staðar. Út af fyrir sig er margt til í þeim efnum. Staðreyndin er engu að síður sú að af því að við höfum viðlagatryggingu þá er sá almenni skilningur á bak við hana með þjóðinni að í rauninni þurfi að taka tillit til hættuatriða einmitt af þessu tagi og þegar svona tjón verða er alltaf kallað á viðlagatryggingu. Ætlar hún ekkert að gera? Og þess vegna held ég að þau sjónarmið hafi komið upp á Alþingi að í rauninni væri eðlilegt að breyta grundvelli viðlagatryggingar, auðvitað með því að hækka iðgjöld, líka vegna þess að þegar við ákváðum á sínum tíma að hafa þessi tjón ekki inni í viðlagatryggingunni þá var til stofnun sem ekki er lengur til og hét Bjargráðasjóður Íslands. Þessi stofnun hafði það hlutverk að bæta fyrir tjón af þessu tagi. En nú hefur hún verið lögð niður og þess vegna hefði verið ástæða til að skoða það alveg sérstaklega hvort tjón af þessu tagi ætti að taka inn af því er varðar viðlagatrygginguna.

Nú er það þannig með þessi lög um Viðlagatryggingu Íslands að þau eru alveg sérstakt mál okkar hv. þm. Pálma Jónssonar því að við sátum báðir í einhverri merkustu ríkisstjórn sem landið hefur átt, ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, sem setti lög um þetta mál. Ég átti að því dálítið frumkvæði að sett yrðu lög um viðlagatryggingu að því að mér fannst og finnst að þessi eyðslusama þjóð eigi miklu oftar en hún gerir að safna til hinna mögru ára, af hverju svo sem þau kunna að stafa. Þess vegna finnst mér að okkur sé skylt að fara vandlega yfir þetta mál og láta ekki hrófla við því nema fyrir því séu gild rök. Það á ekki að hrófla við málum af þessu tagi bara til þess að breyta heldur verður að breyta með einhverjum tilteknum rökum.

Þá kem ég að því að Tryggingaeftirlitið er þeirrar skoðunar að þessi breyting sé í raun í besta falli óþörf af því að hún feli ekki í sér heildarendurskoðun á lög-

unum um Viðlagatryggingu Íslands. Þetta sé ekki heildarendurskoðun heldur kák. Þetta sé ekki mjög merkilegur pappír þó að Tryggingaeftirlitið noti að vísu ekki sömu orðin um þennan pappír og hv. 4. þm. Reykv. notaði stundum um þetta svokallaða EES-samkomulag þar sem hann átti ekki nógu smá orð til að finna út hvað það þýddi — slitur eða tætlur eða eitthvað þaðan af verra, bútar, eða ekki neitt, þegar hann náði sér best á strik. En staðreyndin er auðvitað sú að Tryggingaeftirlit ríkisins, sem samkvæmt lögum hefur það hlutverk að fara yfir mál af þessu tagi alveg nákvæmlega, telur að þetta sé í raun og veru tilgangslaust af því að menn séu að hrófla við aukaatriðum en ekki aðalatriðum. Það getur auðvitað vel verið að öllum þessum vinum mínum, þingmönnum stjórnarflokkanna, sem hér sitja, sé bara alveg sama um þetta og það eigi bara að afgreiða þetta af því bara, af því að Sighvatur segir það. Þá finnst mér lítið leggjast fyrir suma kappana hér að vera að hlaupa undan Sighvati og hefðu sumir þeirra áður runnið skammt fyrir slíkum snillingum úr Stjórnarráði Íslands, slíkum höfuðsnillingum, háttvirtum eða hæstvirtum.

Og hvað segir Tryggingaeftirlitið um þetta afkvæmi ríkisstjórnarinnar og aðallega Sighvats, hæstv. heilbr.- og trmrh. Það segir þetta: „Tryggingaeftirlitið leggur áherslu á þau atriði sem fram komu í umsögn eftirlitsins, dags. 24. jan. 1992. Tryggingaeftirlitið er gagnrýnið á þá endurskoðun sem fram hefur farið á gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Líkt og fram kom á fundinum í gær var ekki framkvæmd heildarendurskoðun á lögunum heldur skipuð nefnd af hálfu stjórnar stofnunarinnar sem virðist einkum hafa tekið mið af óskum stjórnarinnar, en af því er virðist ekki lagt sjálfstætt mat á það hvernig fyrirkomulag Viðlagatryggingar skuli vera."

Sem sagt þessi tillaga gengur út á að stjórnin sér einhverja praktíska agnúa á þessum málum, lagar það í frv. en myndar sér ekki skoðun á því hvernig Viðlagatrygging eigi að vera í heild áður en þetta frv. er samið. Og af hverju segi ég stjórnin? Jú, það var vegna þess að stjórnin réði því hverjir endurskoðuðu plaggið, lögin.

„Staðfest var" — segir hér enn fremur, með leyfi forseta — „af nefndarmönnum í gær að heildarendurskoðun hafi ekki farið fram og að vafalítið hefði mátt ígrunda fyrirkomulag vátryggingarskyldunnar ítarlegar. Hafa ber hugfast að frv. felur í sér grundvallarbreytingar á viðlagatryggingu hér á landi og það er vissulega umhugsunarvert að breyta svo mjög vátryggingarskyldunni á þann hátt sem lagt er til nema þá fyrst að vel yfirveguðu máli" — segir Tryggingaeftirlitið.

Hér er í raun mjög djúpt í árinni tekið af Tryggingaeftirlitinu sem telur sem sagt að þetta mál sé óbrúklegt eins og það er. Það má gagnrýna Tryggingaeftirlitið fyrir þessa umsögn og ég geri það, fyrir það að tala ekki skýrar og segja nákvæmlega hvað það vill, því einu breytingartillögurnar sem Tryggingaeftirlitið svo gerir eru við frv. eins og það liggur fyrir án þess að segja nákvæmlega hvernig Tryggingaeftirlitið hefði viljað hafa frv. ef það hefði ráðið þessu. En Tryggingaeftirlitið er eins og allir hér vita sá aðili sem hefur umsjón með tryggingamarkaðinum hér á landi og á að standa þannig að hlutum að þar séu málin tryggð og örugg og m.a. að tryggingafélög séu ekki að taka á sig verkefni sem þau ráða ekkert við, sem tryggingafélög hafa auðvitað oft verið að gera og hafa farið á hausinn þess vegna.

Auk þeirra athugasemda, sem hafa komið fram í sambandi við Samband ísl. sveitarfélaga, Tryggingaeftirlitið og svo um reikningana og fjárhagslegan grundvöll þessa máls, athugaði nefndin ýmsa fleiri hluti. Ýmsar af brtt. nefndarinnar, sem hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson mælti fyrir áðan, eru til bóta að mínu mati, það er engin spurning. En með hliðsjón af stöðunni þá held ég að langskynsamlegast sé að vísa svona máli aftur til ríkisstjórnarinnar og láta hana skoða þetta aðeins betur eða þá að heilbr.- og trn. verði í þessu í sumar. Mér skilst að nefndin eigi að vinna eitthvað í sumar og það verði ekki flóafriður fyrir henni í allt heila sumar. En það er nú svo sérstakt mál. M.a. er mér sagt að heilbr.- og trn. og fleiri nefndir þingsins — þetta er nú ein af hinum merkustu eins og við vitum, bæði ég og formaðurinn — eigi að skoða eitthvað sem heitir EES-mál. Það er eitthvert svona mál. — Já, hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr: „Hvað skyldi það nú vera?" Hann veit það örugglega að það er ekki menntamálaráð a.m.k. — Þar kemur það fram í umsögnum um þetta frv. að varðandi EES-málið þá stangist ýmislegt í þessu frv. á við þær forsendur sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði byggir á. Nú er ég ekki í sjálfu sér að kvarta undan því. Það liggur auðvitað ekkert fyrir um það að þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði verði að lögum. Það eru mikil umbrot í öllum flokkunum í þessu máli, meira að segja líka í Alþfl., Sjáfstfl. og fleiri flokkum. Það getur vel verið að EES-málinu verði vísað út í hafsauga, ég skal ekkert um það segja og er ekki að gráta það, virðulegi forseti. Hitt er auðvitað ljóst að þeir sem ætla sér að afgreiða þetta svokallaða EES-mál ættu kannski að skoða það aðeins betur áður en þeir afgreiða ný lög um Viðlagatryggingu Íslands sem er á skjön við þetta EES-mál allt saman. Það má segja að frá mínum bæjardyrum séð sé eini kosturinn við frv., eins og meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða það, að nefndin lætur þetta EES-mál sem vind um eyru þjóta.

Af þessum þremur meginástæðum, virðulegi forseti, sem ég hef nú rakið þ.e. í fyrsta lagi af fjárhagslegum ástæðum, í öðru lagi út af fundum Sambands ísl. sveitarfélaga og í þriðja lagi út af athugasemdum Tryggingaeftirlitsins, þá treystum við Ingibjörg Sólrún Gísladóttir okkur ekki til að afgreiða þetta mál eins og það kemur fyrir af skepnunni og leggjum þess vegna til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Nú þarf það ekki að skoðast sem neitt sérstakt traust á ríkisstjórninni. Það er ástæðulaust fyrir ríkisstjórnina að vera montin yfir því þó að ég leggi til að málinu sé vísað til hennar. Það sýnir bara hvað við í stjórnarandstöðunni erum sanngjörn.

Staðreyndin er sú að ekkert liggur fyrir um það hvað málið kostar en þetta er þriggja til fjögurra millj-

arða fyrirtæki. Þetta er stærra en Menningarsjóður sem hefur verið gert heldur betur veður út af. Þetta mál er 500 sinnum stærra en Menningarsjóður sem er búið að taka hálftíma í að ræða utan dagskrár í dag og ræða mikið í fjölmiðlum að undanförnu af eðlilegum ástæðum. Það liggur ekkert fyrir um það hvað málið kostar. Tryggingaeftirlitið gerir stórfelldar athugasemdir við málið, Samband ísl. sveitarfélaga gerir stórfelldar athugasemdir við málið og samt ætla menn bara að afgreiða þetta rétt si svona.

Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, án þess að ég sé að gera nokkrum manni það upp að hann vanræki þingskyldur sínar, að það er til einn og einn maður utan salarins sem hefur ekki fullt vald á því hvað stendur í þessum pappír. Það er svo alvarlegt. (Gripið fram í.) Ég var að vona, hv. þm., að þetta væri hin endanlega og eina undantekning. Ég tel það alvörumál að umgangast hlutina svona, ekki síst þegar maður hefur viðstadda sérfræðinga, eins og hv. varaþingmann Alþfl., sem er sérfræðingur í ofanflóðum og kann þessi mál betur en allir aðrir. Ég vona að hann leggi orð í belg. Ég vona að menn átti sig á því að það gengur auðvitað ekki að umgangast málin með þessum hætti. Ég ætla að segja það að lokum að ég er sannfærður um að í grófum dráttum er það þannig að stjórnarmeirihlutinn veit ekkert um hvað þetta mál snýst og hvað hann er að afgreiða. Þegar þetta EES-mál kemur, sem er eitthvert tungumál sem menn ætla að taka fyrir seinna á árinu, verða menn að taka þetta mál upp aftur. Það er kannski eini kosturinn við þetta, eins og ég sagði áðan, að menn láta þetta EES-tungumál eins og vind um eyru þjóta þegar þeir afgreiða þennan pappír. Það er okkar niðurstaða, mín og hv. 10. þm. Reykv., virðulegur forseti, að afskaplega vel íhuguðu máli að það sé langskynsamlegast að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar án þess að í því felist tillaga um traust á núverandi ríkisstjórn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um réttindi barna, fyrri umr.

Stjtill., 513. mál. — Þskj. 828.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fullgildingu samnings um réttindi barna sem er á þskj. 828.

Með þessari tillögu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings frá 20. nóv. 1989 um réttindi barna. Samningurinn er birtur sem fskj. með tillögunni.

Þessi samningur er árangur af starfi sérstaks starfshóps mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem vann að gerð hans á árunum 1979–1989. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti samninginn án atkvæðagreiðslu og var hann lagður fram til undirritunar í New York 26. jan. 1990 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlaðist gildi 2. sept. 1990 og 116 ríki eru nú aðilar að honum.

Virðulegi forseti. Hér á landi er framkvæmd þeirra mála sem þessi samningur fjallar um í fullu samræmi við ákvæði hans og er því ekki talið nauðsynlegt að gera fyrirvara um einstök ákvæði við fullgildingu samningsins. Þó er talið rétt að leggja fram sérstaka yfirlýsingu vegna ákvæða samningsins um endurmat dómstóla á ákvörðunum stjórnvalds um forsjá barna og um aðskilnað ungra fanga frá eldri föngum.

Ég leyfi mér að gera stuttlega grein fyrir meginákvæðum samningsins en vísa að öðru leyti til athugasemda sem tillögunni fylgja.

Samningurinn skiptist í þrjá hluta auk inngangs. Í fyrsta hluta er kveðið á um þau réttindi sem eiga að njóta verndar samkvæmt samningnum. Í öðrum hluta hans eru ákvæði um framkvæmd samningsins og loks í þriðja hluta eru hefðbundnar loka- og gildistökugreinar. Samningurinn nær til barna undir 18 ára aldri nema lögræðisaldur sé lægri hjá samkvæmt lögum viðkomandi lands. Ríkjum ber að tryggja börnum þeim réttindi sem samningurinn kveður á um án mismununar. Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn skal fyrst og fremst haft í huga hvað barninu er fyrir bestu. Ríki eiga að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau sem samningurinn kveður á um verði virk. Ríki eiga að virða réttindi og skyldur foreldra til að leiðbeina börnum sínum þannig að þau megi njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um.

Kveðið er á um rétt barna til að lifa og ná þroska, til þess að fá nafn, ríkisfang og vera skráð strax eftir fæðingu og til að halda persónulegum auðkennum sínum. Fjallað er um rétt barna sem skilin hafa verið frá foreldri eða foreldrum gegn vilja þeirra. Ríkjum ber að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna sem ekki búa í sama landi og stuðla að því að barn geti viðhaldið sambandi við foreldri sem ekki býr í sama landi og það. Þau skulu og gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis. Börn eiga að hafa rétt til að tjá sig í málum er varða þau sjálf.

Í samningnum eru að auki almenn ákvæði um tjáningarfrelsi barna, trúfrelsi þeirra, félagafrelsi og friðhelgi einkalífs. Ríkjum ber að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og aðstoða foreldra við að gegna foreldrahlutverki sínu.

Ríkjum ber að vernda börn gegn hvers konar illri meðferð. Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda. Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum. Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga og rétt þeirra til að fullnægjandi lífsskilyrði og menntun sé þeim látin í té. Aðildarríkjum ber að virða rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi. Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg. Ríkjum ber að vernda börn gegn ólögmætri notkun ávana-, fíkni- og skynvilluefna og gegn kynferðislegri misnotkun. Þeim ber að grípa til ráðstafana

til að hindra brottnám barna og verslun með þau. Fjallað er um réttindi barna sem hafa verið svipt frelsi. Kveðið er á um skyldur ríkja til að sjá börnum sem sætt hafa illri meðferð eða eru fórnarlömb vopnaðra átaka fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun. Fjallað er um réttarvernd barna sem eru ákærð eða dæmd fyrir refsiverðan verknað.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd sem kosin er af aðildarríkjunum fylgist með framkvæmd hans. Aðildarríkjum ber að gefa nefndinni skýrslur um það sem þau hafa gert til að framkvæma ákvæði samningsins og hvaða áhrif hann hefur haft.

Eins og heyra má af því sem ég hef rakið fjallar þessi samningur um hvers konar samskipti barna við foreldra sína og samfélag. Sum ákvæðanna kveða á um réttindagæslu á mjög afmörkuðum sviðum. Önnur ákvæði eru almenns eðlis. Hvað varðar fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er gerður sá fyrirvari að ríkið skuli grípa til þeirra ráðstafana sem þau hafa bolmagn til. Samningurinn er að mínu áliti mikilvægur þáttur í baráttu Sameinuðu þjóðanna fyrir auknum mannréttindum um allan heim. Það er von ríkisstjórnarinnar að Alþingi samþykki tillöguna á þessu þingi þannig að Ísland geti tekið þátt í starfi á grundvelli samningsins sem allra fyrst.

Ég leyfi mér, frú forseti, að leggja til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að tillagan skuli koma fram á þessu þingi. Fyrr í vetur spurðist ég fyrir á þskj. 677 hvað tefði staðfestingu á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna sem undirritaður var af Íslands hálfu 26. jan. 1990 og hvenær ætlunin væri að það yrði gert. Hæstv. ráðherra upplýsti þá að málið væri í undirbúningi og tillaga yrði lögð fyrir á þessu þingi. Hún liggur nú fyrir og ég vona svo sannarlega að hún verði samþykkt áður en þessu þingi lýkur.

Eins og hæstv. viðskrh., sem mælti fyrir tillögunni, minntist á fjallar þessi samningur um fjölmörg þau atriði sem eru grundvallarmannréttindi barna, þessara einstaklinga sem ekki eru færir um að standa vörð um eigin málefni, og komið er inn á fjölmörg atriði sem skipta miklu máli.

Það er talað um réttindi barna til að hafa samgang við báða foreldra sína. Talað er um í athugasemd við 3. gr. að barnalög nr. 9/1981, ættleiðingalög nr. 15/1978 og barnaverndarlög nr. 53/1966 séu byggð á þeim sjónarmiðum sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 3. gr. Síðan er vikið að frv. sem hér liggja fyrir sem eru byggð á hugmyndum sem í þessum samningi eru.

Fyrir þinginu liggur enn fremur, eins og margoft hefur verið talað um, frv. til laga um umboðsmann barna. Tvímælalaust væri setning þeirra laga í samræmi við hugmyndir sem koma fram í þessum samningi enda hafa fjölmörg lönd komið því embætti á laggirnar.

Því miður hefur mér skilist, samkvæmt fréttum sem úr hv. allshn. berast, að enn og aftur eigi að salta það mál. Fer nú að verða *illskiljanlegt* hvað þar ræður ferðinni. Að því verður komið seinna. Það er tvímælalaust ánægjulegt ef þessi þrjú frv., frv. til barnalaga, frv. um vernd barna og unglinga og frv. til laga um umboðsmann barna, mættu verða að lögum á þessu þingi. Þá hefði hið háa Alþingi svo sannarlega sinnt málefnum barna umfram það sem við höfum átt að venjast.

Hér er á ferðinni hið ágætasta mál og ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. og jafnframt hæstv. dómsmrh., sem vissulega kom að því máli, fyrir að þessi tillaga skuli liggja fyrir og mun að sjálfsögðu styðja það að hún nái fram að ganga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki hægt að hafa nema góð orð um það að þessi samningur sé lagður fyrir Alþingi Íslendinga. Að sjálfsögðu er eðlilegt að hann fari til utanrmn. Hins vegar virðist jafnsjálfsagt að þegar samningur um málefni sem þetta fer til utanrmn. sé honum einnig vísað til allshn. Ástæðan er einfaldlega sú að þar fer fram yfirferð yfir þau frv. sem snerta vernd barna og unglinga. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að því eins nær samningurinn tilætluðum árangri að íslenska lagasafnið taki þá tillit til þess í reynd með þeirri lagasmíði sem á sér stað hér á Alþingi og að við með þeirri lagagerð tryggjum að eðlilega sé eftir samningnum farið. Ekki óskar nokkur maður eftir því að hér sé sett eftirlitsnefnd sem muni tilkynna það út um víða veröld að við Íslendingar virðum ekki reglur samningsins.

Mér sýnist þess vegna að það sé brýnt og nauðsynlegt að standa þannig að málum að það sé þá unnið skipulega að heildarniðurstöðu.

Það er misjafnt hvernig þjóðir standa að sínum skipulagsmálum til að tryggja vernd barna og unglinga. Hér hefur verið drepið á frv. sem er í nefnd, umboðsmann barna. Það frv. tekur mið af þeim leikreglum sem Norðmenn hafa notast við í þessum efnum. Við Íslendingar höfum notast við annað kerfi. Hvort það er nauðsyn að hafa bæði kerfin eða hvort það norska er betra en það sem við höfum notast við þyrfti að leggja nokkra vinnu í að bera saman. Hins vegar má um það deila hvort nauðsynlegt sé að hafa þau bæði.

Ég tel þess vegna að það sé mjög jákvætt að þessi samningur komi hér inn í sali þingsins og vona að okkur gefist vinnutími til að fullgilda hann.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að leiðrétta smámisskilning sem kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf. Vissulega er frv. sem liggur fyrir byggt á mjög svipuðum forsendum og norsku lögin um umboðsmann barna. Hins vegar er ekki hægt að bera saman íslenska kerfið og það norska vegna þess að það sem umboðsmanni barna er falið í frv. er í raun og veru það sem barnaverndarnefndum og barnaverndarráði var falið með gömlum lögum. En það hefur lengi verið ljóst að barnaverndarnefndir og barnaverndarráð hafa svo til eingöngu fjallað um einkamál, úrlausn barna sem hafa verið í vandræðum og foreldra þeirra. Það er auðvitað ekki

hlutverk umboðsmanns barna, samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir, heldur skal sá aðili hafa eftirlit með því að stjórnvaldsaðgerðir séu ekki gerðar nema litið sé til hagsmuna barna. Umboðsmaður á ekki að annast einkamál og ekki er til þess ætlast. Hér er því ekki um sambærilegt hlutverk að ræða. Það vildi ég bara leiðrétta.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá seinasta ræðumanni, hv. 14. þm. Reykv., að í íslenskum lögum væri barnaverndarnefndum ætlað það verksvið sem hér greinir. En þingmaðurinn gat þess jafnframt að það væri mat hans að nefndirnar hefðu ekki sinnt því. Samanburður á norska og íslenska kerfinu sem heild hlýtur því að vera eðlilegur sé þetta skoðað.

Að sjálfsögðu má alltaf deila um það hvar tekur við vandamál samfélagsins og hvar vandamáli einstaklingsins lýkur. Það var kannski hluti af því sem Jón Hreggviðsson skildi aldrei úti í kóngsins Kaupmannahöfn að Arnas Arnæus liti svo á að hans mál væri ekki hans vandamál heldur einhvers annars.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka utanrrh. fyrir að fylgja þessu máli úr hlaði. Ég tel að þarna sé mjög merkilegt mál á ferðinni og löngu tímabært að Alþingi taki samninginn um réttindi barna til umfjöllunar og fullgildingar á þingi.

Ég verð að lýsa því að mér finnst það mjög ánægjulegt að það skuli hafa gerst á þinginu í vetur að komið hafa upp mörg merk mál sem varða sérstaklega réttindi og hag barna. Ég minni í því sambandi á barnalögin, eða frv. til nýrra barnalaga, frv. til laga um vernd barna og ungmenna, frv. um umboðsmann barna og síðan þessa þáltill. Ég held að það væri mjög merkilegt ef Alþingi bæri gæfu til að samþykkja þau mál á því þingi sem nú stendur yfir og væri þá vel að verki staðið hjá þessu löggjafarþingi.

Hvað þennan samning varðar — ég hef náttúrlega ekki haft tækifæri til að kynna mér hann út í hörgul, enda er þetta mál nýkomið fram á þinginu og ég hef rétt hlaupið á einstökum atriðum — sýnist mér að hér sé mjög merkilegur samningur á ferðinni og má segja að hér sé um einhvers konar mannréttindaskrá barna að ræða. Mér sýnist jafnframt, þegar ég skoða hann, að þarna séu hugsanlega hlutir sem hagað er á svolítið annan veg en er í íslenskum lögum eða frv. til nýrra laga sem hér hafa verið lögð fram í vetur. Ég rek mig strax á það í 1. gr. Þar er skilgreiningin á barni miðuð við 18 ára aldur en í frv. um vernd barna og ungmenna sem lagt var fram ekki alls fyrir löngu minnir mig að hugtakið barn hafi verið skilgreint upp að 16 ára aldri og síðan ungmenni 16–18 ára. Þarna er ákveðið misræmi á ferðinni. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé eðlilegast að miða skilgreininguna við 18 ára aldur og vera ekki að reyna að draga þau mörk í lögum eða lagatexta hvenær hættir barn að vera barn og verður ungmenni heldur hafa bara eina skilgreiningu. En um það má auðvitað fjalla síðar.

Þá bendi ég á annað atriði í 2. mgr. 12. gr. þar sem segir að barni skuli veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð. Mig minnir að í frv. til laga um vernd barna og ungmenna hafi þessi réttur stundum verið takmarkaður við 12 ára aldur. Að börn yfir 12 ára aldri mættu tjá sig um sín mál en ekki börn undir 12 ára aldri. Þetta tel ég að ætti að vera víðtækara og ég gerði það að umtalsefni þegar frv. um vernd barna og ungmenna var hér til umfjöllunar að ég teldi enga ástæðu til að hafa aldurstakmark inni í því frv. Ef barn vildi tjá sig ætti því að vera heimilt að gera það burt séð frá aldri.

Þá vil ég líka fagna því sem kveðið er á um í 17. gr. þar sem mikilvægi fjölmiðla er viðurkennt og tryggð ákveðin vernd fyrir börn gagnvart fjölmiðlum og að fjölmiðlar uppfylli ákveðnar kröfur í upplýsingagjöf til barna. Það vantar inn í frv. sem nú liggur fyrir á Alþingi, um vernd barna og ungmenna, að þau njóti ákveðinnar verndar gagnvart fjölmiðlum. Það held ég að sé mikilvægt að við skoðum þegar við fjöllum um það frv.

Það segir í e-lið 17. gr. að aðildarríkin eigi að stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barna fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þeirra með ákvæði 13. og 18. gr. í huga. Fyrst við erum með frv. til barnalaga og frv. um vernd barna og ungmenna til umfjöllunar á þingi held ég að það væri ekki úr vegi að skoða frv. með tilliti til þessa.

Ég fagna því að þessi þáltill. skuli komin fram, mér sýnist að þetta sé hið merkasta plagg. Vonandi verður hún samþykkt á þingi og vonandi gerist það í kjölfarið að þær skuldbindingar sem Íslendingar taka á sig með þessum samningi nái fram að ganga. Við höfum þetta þá ekki eins og eitthvert skrautplagg sem við veifum til marks um það hversu vel við stöndum að málum heldur flytjum það yfir í framkvæmdina.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þann stuðning sem fram hefur komið í máli þeirra þingmanna sem tekið hafa til máls í þessari umræðu við þáltill. um fullgildingu samnings um réttindi barna. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. að þetta á ekki að vera neitt skrautplagg. Það er að vísu svo að það er okkar álit að framkvæmd þeirra málefna sem samningurinn fjallar um sé á Íslandi í samræmi við ákvæði hans en það er rétt að aðhald frá honum og leiðbeining um löggjöf er beinlínis tilgangur samningsins. Ábendingar sem hér hafa komið fram um það hvernig hv. utanrmn. eigi að halda á málinu eru vel þegnar og m.a. sú ábending 2. þm. Vestf. að leita eftir áliti, ef þurfa þykir, frá hv. allshn. á einstökum þáttum málsins.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en ítreka tillögu mína um að þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Óafgreidd þingmannamál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það líður nú senn að því að þingmenn hverfi út í vorið og hér eftir liggi allstór bunki óafgreiddra mála. Samt er það svo að allir sem hafa flutt mál innan þess ramma sem þingsköp segja fyrir um, þ.e. eins tímanlega og þar er ákveðið, hljóta að eiga einhvern siðferðilegan rétt á því að þeirra mál séu tekin fyrir á dagskrá Alþingis. Annars er Alþingi í reynd aðeins að hafa það sem skraut í sínum hatti að það skipulag sé á málum að frv., þáltill., fyrirspurnir eða beiðni um skýrslur sem berast nægilega snemma fái ekki meðferð. Ég segi þetta af gefnu tilefni vegna þess að mér sýnist að í það stefni að þessu sinni að um verulegt óefni sé að ræða.

Á bls. 11 í þessari hvítu bók, Yfirlit um stöðu þingmála, er beiðni um skýrslu vegna samnings við Flugleiðir hf. um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli, 233. mál. Ég vænti þess að forseta sé ljóst, þó að hæstv. utanrrh. hafi vissulega haft mörgum hnöppum að hneppa, að það ber að líta svo á að þessa skýrslu hefði átt að vinna í hans ráðuneyti og leggja hér fram þó að frestur hefði orðið á því að hún yrði tekin á dagskrá þar til hann væri kominn heim.

Hér eru önnur mál sem koma þar á eftir. Ég hef að vísu ekki farið yfir það hvort allar þær skýrslur sem hér eru komu inn fyrir síðasta skiladag. Ég ætla þó að svo sé því hér eru varla sett inn skilyrðislaust mál sem hafa komið eftir þann tíma.

Mér sýnist að fara verði fram á það við hæstv. forseta að hann geri þinginu grein fyrir þessum málum. Við hverju geta almennir þingmenn búist? Persónulega er ég hlynntari því að hafa kvöldfund og taka mál fyrir en að geyma þau í salti svo að þau verði ekki rædd, ef þar skilur á milli. En það er að mínu viti alveg vonlaust, herra forseti, að búa við það að hér eigi að geyma eftir stóran stafla þingmannafrv. og e.t.v. skýrslur og segja svo þegar klukkan glymur: Það var ekki tími til að sinna þessu.

Þá verður að taka þingsköp upp á nýjan leik og setja þær leikreglur að við mál sem ekki berast á réttum tíma þurfi ⅔ af þinginu að samþykkja að þau séu tekin fyrir. Einhver agi verður að vera á framkvæmdarvaldinu með það að það sem stjórnarandstaðan er að flytja eða einstakir þingmenn úr hópi stjórnarsinna, sé ekki svo fótum troðið að það fáist ekki tekið fyrir og rætt.

Ég vænti þess að hv. 1. þm. Vesturl., sem nú gegnir forsetastörfum, fari með þetta málefni inn á forsetafund. Hvort sem sá hæstv. forseti sem nú gegnir störfum eða annar verður í stólnum á morgun verði þingheimi gerð grein fyrir því hvað forsetar hugsa sér í þessum efnum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna athugasemda hv. 2. þm. Vestf. vill forseti taka fram að að sjálfsögðu verður tekið tillit til þeirra athugasemda sem hv. þm. hafði fram að færa og mun forsætisnefnd skoða þær. Vegna skýrslu þeirrar sem þingmaðurinn nefndi frá hæstv. utanrrh. skal það tekið fram að sú skýrsla er væntanleg allra næstu daga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að bregðast vel við og svara athugasemdum um þingsköp. Því miður hefur það of oft komið fyrir að forsetar sitja bara hugsi og hljóðir. En hér var gefið svar sem ég tel að ég megi vel við una og fyrir það vil ég þakka, hæstv. forseti.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 754.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem er 489. mál þingsins og er að finna á þskj. 754. Þetta frv. er samið að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna en samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð var á sjóðnum í árslok 1989 vantar mikið upp á að hann geti staðið við skuldbindingar sínar að óbreyttum lögum. Um nokkurt skeið hefur sjóðstjórnin leitað leiða til úrbóta. Þær breytingar sem í frv. eru lagðar til á bótarétti sjóðfélaga miða aðallega að því að draga úr útgjöldum sjóðsins. Þetta á við um síðustu breytingar á ákvæðum um örorkulífeyri en á honum hefur orðið gífurleg aukning á síðustu árum, svo og á barnalífeyri til örorkulífeyrisþega. Þá eru lagðar til breytingar á ýmsum öðrum ákvæðum laganna. Breytingarnar þýða í heild sinni sparnað í útgjöldum sjóðsins án þess að unnt sé að sjá nákvæmlega á þessu stigi hversu háar fjárhæðir um er að ræða.

Í 5.–8. gr. frv. er fjallað um breytingar á lífeyrisréttindum. Þar eru gerðar tillögur til breytinga á rétti sjóðfélaga og aðstandenda þeirra til örorku maka og barnalífeyris.

Samkvæmt 5. gr. frv. er örorkumatið miðað við vanhæfni til almennra starfa en fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal þó miða við vanhæfni til sjómannsstarfa.

Samkvæmt núgildandi lögum er aðeins miðað við vanhæfni til sjómannsstarfa þegar réttur til örorkulífeyris er metinn. Sjóðfélagi sem nýtur örorkubóta frá sjóðnum getur verið vinnufær til margra starfa í landi þótt hann sé óvinnufær til sjós. Þessi breyting mun því leiða til skerðingar á rétti til örorkulífeyris og þar af

leiðandi til sparnaðar fyrir sjóðinn.

Lítils háttar skerðing er einnig á barnalífeyri í frv. en hins vegar er lagt til að réttur sambýlisaðila, sambýliskvenna í flestum tilvikum, til makalífeyris verði aukinn. Felst þessi aukni réttur í því að fallið er frá skilyrði um lengd sambúðar ef kona á barn með sjóðfélaga.

Þá er lagt til í 7. gr. að sambúð leiði til þess að réttur til makalífeyris falli niður, en samkvæmt núgildandi ákvæði fellur þessi réttur aðeins niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband á ný.

Flestar þessara breytinga á lífeyrisréttindum er í samræmi við reglur SAL-sjóðanna. Ýmsar aðrar breytingar er að finna í frv. Þessar breytingar varða t.d. rekstur sjóðsins, vaxtaútreikning vegna vangoldinna iðgjalda og með hvaða hætti heimilt er að ávaxta fé sjóðsins.

Samkvæmt 3. gr. frv. er t.d. gert ráð fyrir því að sjóðnum verði heimilt að fjárfesta í hlutabréfum en slíka heimild hefur sjóðurinn ekki í dag.

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram er frv. þetta flutt að beiðni stjórnar sjóðsins og ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstök efnisatriði þess en vísa til grg. sem fylgir frv. Þess skal þó getið að fjmrn. hefur borist erindi frá aðilum sem stóðu að þeim brtt. sem hér er að finna og leggja þeir til að við frv. bætist ný grein, 10. gr., sem hún orðist þannig, með leyfi forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, 5. málsgrein, sem orðist svo:

Örorkumat örorkulífeyrisþega sem nýtur bóta vegna orkutaps fyrir gildistöku laga þessara skal fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd en eftir það skal miða við vanhæfni til almennra starfa.

Þá skal breyting á barnalífeyri örorkulífeyrisþega vegna áhrifa ákvæðis 8. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrr en fimm árum eftir gildistöku.

10. gr. verði 11. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þá fylgir þessari tillögu, sem ég ætla að vísa til nefndarinnar og biðja hana vinsamlegast um að taka til skoðunar með sjálfu frv., sú athugasemd að í frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna komi fram í 10. gr. að ákvæði 5. gr. um breytingu á viðmiðun við örorkumat og 8. gr., um lækkun á barnalífeyri örorkulífeyrisþega, skuli koma til framkvæmda 1. jan. 1993. Athugasemdin hljóðar svo: „Rétt og eðlilegt þykir að breyting á rétti núverandi örorkulífeyrisþega til örorku- og barnalífeyris skuli ekki taka gildi fyrr en fimm árum eftir gildistöku laga þessara í stað þess að gildistaka verði 1. jan. 1993. Nauðsynlegt þykir að setja sérstakt ákvæði sem kveður á um þetta og er það gert hér í ákvæði til bráðabirgða. Þá þarf einnig að breyta gildistökuákvæði laganna til samræmis við framangreinda breytingu."

Ég hef nú gert grein fyrir frv. sjálfu sem ég mæli fyrir í beinu framhaldi af vinnu sem fór fram á vegum lífeyrissjóðsins sjálfs. Enn fremur hef ég gert grein fyrir brtt. sem liggur fyrir og verður send hv. efh.- og viðskn. þingsins, en þangað verður þessu máli væntanlega vísað.

Það er ljóst að nokkur halli hefur verið á Lífeyrissjóði sjómanna að undanförnu og sjóðstjórnin hefur á undanförnum árum leitað leiða til úrbóta. Gert er ráð fyrir því að þær breytingar sem lagðar eru til á bótarétti sjóðfélaga miði að því að draga úr útgjöldum sjóðsins. Hins vegar má gera ráð fyrir því að breyting á rétti sambýliskvenna sjóðfélaga til makalífeyris auki heldur útgjöldin en væntanlega miklum mun minna.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. ríkisstjórn sem nú situr ætlar ekki að láta deigan síga þegar hagsmunir sjómanna eru annars vegar. Það sætir satt að segja furðu að hér hefur komið fram hvert frumvarpið á fætur öðru sem hefur það eitt að markmiði að skerða kjör sjómanna. Fyrir nokkrum dögum fékk ég í hendur rit sem heitir „Þjóðarbúskapurinn, framvindan 1991 og horfur 1992". Þar segir á bls. 5, Helstu niðurstöður, heitir kaflinn:

„Árið 1991 var um margt hagstætt ár. Landsframleiðsla jókst um 1,4% og þjóðartekjur jukust enn meira eða um 2,8% vegna mikils viðskiptakjarabata."

Þetta er nú kreppan á Íslandi árið 1991. Því er hins vegar spáð að nú fari allt að versna en það vill svo til að það var gert líka síðast þannig að á þessu tekur auðvitað enginn mark. En hverjir skyldu hafa staðið fyrir aukinni landsframleiðslu? Það skyldu þó aldrei hafa verið íslenskir sjómenn? Það er satt að segja alveg yfirskilvitlegt að koma hér, hæstv. fjmrh., og tala um að frv. sé til að draga úr útgjöldum Lífeyrissjóðs sjómanna. Af hverju skyldu útgjöld Lífeyrissjóðs sjómanna til örorku vera umtalsverðar fjárhæðir? Vegna þess að þetta eru hættulegustu störf sem unnin eru í þjóðfélaginu og verða raunar æ hættulegri með aukinni vinnu um borð t.d. í verksmiðjutogurum. Þó segja megi að tækni hafi aukist virðist lífshætta sjómanna ekki hafa farið minnkandi með hinum nýju skipum. En þá kemur hæstv. fjmrh. og vill draga úr útgjöldum Lífeyrissjóðs sjómanna.

Ég spyr: Hvar er hv. 16. þm. Reykv. einu sinni enn? Er formaður Sjómannafélags Reykjavíkur að stjórna Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna sem af lifðu, í hvert einasta skipti sem hér er rætt um hagsmuni sjómanna? Satt að segja, hæstv. forseti, sætti ég mig ekki við að ræða þessi mál hér né önnur frv. sem varða kjör sjómanna án þess að hafa þann mann í salnum. Og ég spyr: Er hann í húsinu? (**Forseti:** Vegna spurningar hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur get ég upplýst að hv. 16. þm. Reykv. er ekki í húsinu um þessar mundir.)

Hæstv. forseti. Þessar upplýsingar voru góðar og gildar og komu mér hreint ekki á óvart. En ég mælist til, ef það veldur ekki meiri háttar vandræðum, að umræðunni verði frestað þangað til sá maður er kominn til vinnu sinnar. Hann hlýtur að geta fengið frí dagstund

á meðan við tölum um þetta mál. Það getur ekki annað verið. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. eigi að einhverju leyti störfum sínum í Sjómannafélagi Reykjavíkur að þakka að hann var yfir höfuð kjörinn til Alþingis. Það er ekki hægt að sætta sig við að hvert frv. á annað ofan af þessu tagi sé rætt án þess að sá maður komi þar nokkurs staðar við sögu. Síðan leikur hann þann leik, eins og nokkrir fleiri áhugamenn um sjómennsku hafa gert, að með hinu nýja atkvæðagreiðslukerfi hafa þeir drattast hingað til atkvæðagreiðslu en ekki nýtt hvíta takkann, sem þýðir að menn greiði ekki atkvæði, heldur ekki hreyft fingurna, og þá er skráð að þeir hafi ekki verið viðstaddir. Þetta er auðvitað algjörlega óþolandi. Þessir menn hafa verið staðnir að því í þinginu að hegða sér á þennan veg.

Ég skal hins vegar halda áfram að ræða þetta frv. Ég geri ráð fyrir að hv. 16. þm. Reykv. geti ímyndað sér hvað ég hef á móti frv. og þá skal fyrst taka 5. gr.

Margir hafa greitt í Lífeyrissjóð sjómanna síðan hann var stofnaður. Á sínum tíma var gerður samningur með lögum um Lífeyrissjóð sjómanna og menn hafa greitt í sjóðinn í trausti þess að þeir ættu þar ákveðin réttindi. Síðan virðist hægt að breyta þeim samningi rétt eins og hendi væri veifað. Mér er illskiljanlegt, ef það er rétt sem hæstv. ráðherra segir, að frv. hafi verið samið að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna. (Gripið fram í.) Ég vildi bara vita hverjir sitja í þeirri stjórn, hvenær sú beiðni kom fram og í sambandi við hvað.

Er það sanngjarnt að maður sem stundað hefur sjómennsku, sem í mörgum tilvikum er vel launað starf því annars væri ekki nokkur maður í þessum störfum, sé metinn til örorku eftir því hvort hann getur unnið einhver allt önnur störf? Ég vil minna hæstv. ráðherra á að í okkar almannatryggingalöggjöf er gert ráð fyrir að við örorkumat sé metið hvort maðurinn geti unnið eftir slys eða sjúkdóm ¼ af því sem hann annars hefði getað miðað við fyrri störf, menntun, uppeldi og þess háttar — og er ég nú búin að gleyma hvernig þetta er orðrétt í almannatryggingalögum. Síðan á að afgreiða sjómannastéttina með því að geti menn ekki verið til sjós geti þeir svo sem sest inn á einhverja skrifstofu fyrir mörgum sinnum lægri laun. Ég trúi því ekki að stjórn þessa sjóðs sé svo gjörsamlega búin að gleyma þeim grundvallaratriðum sem almannatryggingalöggjöf í landinu byggist á, að þetta geti hreinlega verið rétt. Enda kemur nú í ljós í máli hæstv. ráðherra að einhverjir hafa fengið bakþanka og ráðherra kemur með einhverjar vandræðalegar tillögur um að það versta skuli ekki taka gildi fyrr en eftir fimm ár, svona til að taka versta broddinn úr.

Með leyfi hæstv. forseta segir í 5. gr.:

„1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi, sem tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumatið skal miðað við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa.“

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra, herra forseti: Hvað eru almenn störf? Er sjómennska ekki almenn störf? Hvað þýðir þetta, ef ætti nú að fara að túlka þetta lagalega?

Í 5. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal þó miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd.“

Vitaskuld á maðurinn að fá greidda örorku samkvæmt þeim lögum sem tengd eru tilvist hans í sjóðnum yfirleitt. Þannig að ég get ekki betur séð en að sá samningur hljóti að vera gjörsamlega brotinn á sjómönnum sem fólst í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna.

Menn hafa greinilega líka fengið einhvern bakþanka yfir barnalífeyrinum. Samkvæmt núgildandi lögum er fjárhæð barnalífeyris til örorkulífeyrisþega breytileg þar sem í lögunum segir að samanlagður lífeyrir frá sjóðnum og almannatryggingum skuli vera einn og hálfur barnalífeyrir almannatrygginga. Síðan segir: „Fjárhæð barnalífeyris frá sjóðnum fer eftir því, hvort sjóðfélagi nýtur barnalífeyris frá almannatryggingum eða ekki. Hér er lagt til að barnalífeyrir frá sjóðnum verði alltaf ½ barnalífeyrir almannatrygginga.“

Hvað ef maðurinn nýtur ekki barnalífeyris frá almannatryggingum? Skil ég það þá rétt að verið sé að lækka barnalífeyri sjómanna sem orðið hafa öryrkjar, um einn barnalífeyri? Það eru hlýjar kveðjur sem þessari stétt eru sendar héðan úr þingsölum á þessu löggjafarþingi.

Í athugasemd um 4. gr. frv. segir um ákvæði sem tekur til þess hvenær skila eigi iðgjöldum til sjóðsins svo og dráttarvaxta, því ein ástæðan fyrir því að sjóðurinn er illa haldinn eru vangoldin iðgjöld, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi tillaga tekur mið af þeim kjarasamningum sem nú eru í gildi, en gert er ráð fyrir að sjóðstjórn geti breytt þessum reglum verði breytingar á ákvæðum varðandi uppgjörstímabil í kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna.“

Ég spyr: Hvað þýðir vanskil iðgjalda? Þýðir það að þeim hefur ekki verið skilað af atvinnurekendum? Ef svo er er það gild ástæða til að breyta lögum? Í staðinn fyrir að heimta af atvinnurekendum iðgjöldin eru réttindi sjómannanna, sem greiða iðgjöldin, skert. Ef ég misskil þetta ekki allt saman, sýnist mér frv. vera með hreinustu endemum og vildi svo sannarlega biðja þá nefnd sem við því tekur að skoða það mjög vandlega.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að málið færi til efh.- og viðskn. Það kunna vel að vera rök fyrir því þar sem hér er um lífeyrissjóðsmál að ræða. En ég vil biðja hæstv. ráðherra og hæstv. forseta að sjá svo til að sjútvn. fái málið einnig til skoðunar og umsagnar, þó ekki væri annað, því ég hygg að hafi einhverjir áhuga á kjörum sjómanna í þeirri góðu nefnd, hljóti ýmislegt að stinga í augu.

En ég ítreka, hæstv. forseti, að ég óska þess að umræðunni ljúki ekki. Það getur ekki skipt þeim sköpum. Ég óska eftir að fá að hafa formann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem við erum svo heppin að hafa á hinu háa Alþingi stöku sinnum. Ég vil fá að eiga við hann

orðastað um frv. áður en það verður afgreitt til nefndar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er svo sannarlega um mikilvægt frv. að ræða og ég tek undir þá ósk hv. 14. þm. Reykv. um að umræðunni ljúki ekki nema tækifæri gefist til skoðanaskipta við fulltrúa sjómanna, sem við erum svo heppin að hafa á Alþingi.

Í frv. er augljóslega verið að skerða lífeyrisréttindi sjómanna vegna þess að í athugasemdum við lagafrv. þetta stendur á bls. 3 að þær breytingar sem lagðar eru til á bótarétti sjóðfélaga miði aðallega að því að draga úr útgjöldum sjóðsins. Þetta á við um breytingu á ákvæði um örorkulífeyri, en á honum hefur orðið gífurleg aukning á síðustu árum, svo og barnalífeyri til örorkulífeyrisþega.

Ég vil, eins og hv. 14. þm. Reykv., beina því til þeirrar nefndar sem fær frv. til skoðunar að láta gera rækilega úttekt á því í hverju skerðingarnar eru fólgnar, hve miklar þær eru og á hverjum þær bitna. Ég vil gjarnan beina því til hæstv. ráðherra hvort slík úttekt hefur verið gerð eða hvort hún fylgir.

Það er nú svo að til skamms tíma voru lífeyrisréttindi sjómanna með þeim hætti að þau voru til háborinnar skammar í þjóðfélaginu. Nokkur bragarbót var gerð en hins vegar var það líka svo að sjómannafrádrátturinn, margumtalaði, var hugsaður til þess að koma nokkuð á móts við þetta misrétti. Nú er búið að skerða hann með lögum frá þinginu, það er eitt af afrekum stjórnarliðsins í vetur og síðan kemur slíkt frv. í kjölfarið.

Ég verð nú að segja það og taka undir með hv. 14. þm. Reykv., að það eru heldur kaldar kveðjur sem sjómenn fá úr stjórnarherbúðunum.

Ég tek undir að sjómannsstarfið er bæði erfitt og hættulegt og get rétt upp tvo fingur til vitnis um það. Það er svo sannarlega svo, þó ég hafi sloppið tiltölulega vel, að sú nýja tækni sem rutt hefur sér til rúms til sjós hefur gert það að verkum að margir búa við mjög varanlega örorku. Það skýtur skökku við ef þau réttindi eru skert, sem hlýtur að vera úr því að draga á úr þeim útgjöldum sem til þeirra bóta fara.

Ég ætla ekki að taka frv. til efnislegrar umræðu hér, það fer til efh.- og viðskn. En ég tek eindregið undir þá ósk að umræðunni ljúki ekki í kvöld án þess tilefni gefist til skoðanaskipta við þá sem ekki eru viðstaddir.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ef það er eindregin ósk hv. þingmanna að málið verði rætt á næsta þingfundi þá er það mér að meinalausu. Ég ítreka það að frv. er flutt að frumkvæði stjórnar lífeyrissjóðsins. Í stjórninni sitja bæði útvegsmenn og sjómenn og mér finnst gæta nokkurs misskilnings hjá hv. þingmönnum, einkum og sér í lagi hv. 14. þm. Reykv. Við verðum nefnilega að muna eftir því að þannig er með flestalla lífeyrissjóði landsmanna að tekjur þeirra standa undir útgjöldunum. Það er einfalt fyrir okkur sem eru opinberir starfsmenn að viðhalda og gera kröfur til lífeyrisréttinda okkar, en það kann að vera nokkuð flókið að reka lífeyrissjóði þegar kemur í ljós að þeir eru reknir með halla ár eftir ár. Sá halli hlýtur fyrr eða síðar að leiða til þess að þeir sem greiða í lífeyrissjóð núna hljóta að sætta sig við skertan rétt þegar að þeim kemur. Það er einu sinni þannig að lífeyrissjóðirnir eru sjóðir sem eiga að standa straum af kostnaði þegar fólk kemst á eftirlaunaaldur og til viðbótar að liðka til með bótagreiðslum til þeirra sem hafa orðið fyrir orkutapi í starfi.

Lífeyrissjóður sjómanna hefur verið rekinn með halla á undanförnum árum. Stjórn sjóðsins, sem er kosin bæði af sjómönnum og útvegsmönnum, leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á ákvæðum laga um sjóðinn. Sumar þeirra eru til þess að auka rétt viðkomandi en aðrar breytingar tilraun til þess að draga úr rétti. En ég vek athygli á því að um er að ræða að miðað við almenn störf í vissum tilvikum fremur en sjómannsstörf og eins og margoft hefur komið fram, þar á meðal í ræðum hv. þingmanna, a.m.k. hv. 14. þm. Reykv., þá gerist það ekki allt í einu því að gert er ráð fyrir því að nokkur aðdragandi verði að því máli.

Svo vill til að ég er einungis handlangari þessara manna, þetta þarf að vera lögbundið. Gert er ráð fyrir í 1. gr. að hægt sé að koma sjóðnum fyrir annars staðar en hjá Tryggingastofnun ríkisins, væntanlega til þess að gera reksturinn ódýrari. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að aðrir en Ríkisendurskoðun geti endurskoðað reikninga sjóðsins eins og gerist um flestalla almenna sjóði.

Ég er sammála hv. þingmönnum um það að full ástæða er til þess að nefndin skoði þetta frv. vel og afli sér sem bestra upplýsinga. Ég bendi á að sé um vanskil iðgjalda að ræða þá eru til réttarúrræði til þess að ná inn því fjármagni sem sjóðnum ber. Sú var tíð að ástand í lífeyrismálum sjómanna var ákaflega misjafnt eftir því hvort um togarasjómenn var að ræða eða aðra sjómenn. Fleiri hafa verið á togurum en þeir sem hingað til hafa talað og hafa reyndar gert það án þess að missa framan af fingri, borgað í sjóðinn en njóta hins vegar engra réttinda úr honum enda skiptir það ekki höfuðmáli. Ég vil benda hv. þm. sem talaði síðast að menn í hans flokki hafa sumir hverjir ekki þurft að fara út á sjó til þess að missa framan af fingri. Það er því ekki einungis bundið við sjómennskuna eins og ég veit að hv. þm. veit og skal ég ekki nefna nokkur dæmi í þeim efnum, en ég veit að hv. þm. þekkir a.m.k. eitt dæmi úr sínum þingflokki.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi, og það er í raun og veru það eina sem skiptir verulegu máli, er að ákveðnar tekjur renna til sjóðsins og þær tekjur byggjast á kjarasamningum. Það kemur í ljós að þær tekjur hafa rýrnað stórkostlega og koma til með að rýra rétt þeirra sem eiga að fá greitt úr sjóðnum í framtíðinni nema að reglunum verði breytt. Reglur um bótarétt og úthlutun úr lífeyrissjóðnum hafa verið að breytast í tímans rás. Bæði sjómönnum og útvegsmönnum sem stjórna þessum sjóði finnst eðlilegt að viðmiðunarregl-

um sé breytt eins og gert er ráð fyrir og að hægt sé að ávaxta sjóðinn með öðrum hætti en hingað til hefur verið gert. Í trausti þess að sameiginleg niðurstaða þeirra sé sjóðnum fyrir bestu hef ég fallist á að flytja þetta frv. Mér þykir jafnframt sjálfsagt að verða við þeim óskum sem hafa komið fram um að umræðan haldi áfram þegar hv. 16. þm. Reykv. er viðstaddur. Eins tek ég undir það að nefndin kanni þetta mál rækilega og afli sér þeirra upplýsinga sem þarf hjá þeim aðilum sem bera ábyrgð á þessum lífeyrissjóði.

Að svo mæltu vil ég ítreka óskir mínar um það að að lokinni umræðunni, sem ekki verður í kvöld, verði frv. sent til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. sem fjallar um lífeyrismál á borð við þetta og hefur gert það fyrr í vetur og forveri þeirrar nefndar um margra ára skeið.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir um að fresta umræðunni. Í framsöguræðu hans og reyndar núna í seinni ræðu hæstv. ráðherra kom fram að þetta frv. er lagt fram að frumkvæði stjórnar sjóðsins. Hann leggur á það mikla áherslu. Það mundi auðvitað greiða fyrir umræðunni að hv. 16. þm. Reykv. upplýsti það fyrir hönd stéttarfélags síns hvernig hafi verið unnið að þessu máli í félagi hans og þess vegna þakka ég fyrir það að undirtektir hafa verið góðar við það að fresta umræðunni.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þakkir til hæstv. fjmrh. fyrir að taka vel í að fresta umræðunni og jafnframt fyrir að lýsa því yfir að hann sé handlangari stjórnar lífeyrissjóðsins og skilja mátti að hann teldi sig ekki bera allt of mikla ábyrgð á þessu frv. Hann má vera stoltur af því.

Hér er talað hvað eftir annað um að einn þáttur í vanda sjóðsins séu vangoldin iðgjöld. Við því er auðvitað aðeins eitt ráð og það er að atvinnurekendur verði látnir greiða þau iðgjöld sem þeir hafa tekið af launþegum. Síðan er talað um að taka sjóðinn út úr Tryggingastofnun ríkisins til þess að rekstur hans verði ódýrari. Ég get fullvissað hæstv. fjmrh. um að það verður ekki til þess að rekstur sjóðsins verði ódýrari. Sannleikurinn er sá að allir lífeyrissjóðir landsins ættu að afgreiðast í Tryggingastofnun ríkisins því að það mundi spara mikla peninga af yfirbyggingu sjóðanna. Ég get heldur ekki skilið hvað er að því að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga sjóðsins, mér er alveg fyrirmunað að skilja hvað sparast við að hún hætti því. En síðast en ekki síst: Má vænta þess, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. komi með hvern lífeyrissjóðinn á fætur öðrum? Þeir eiga allir við ákveðinn vanda að stríða, menn hafa óttast framtíðarmöguleika þeirra á að greiða þau lögskipuðu eftirlaun sem þeim ber og öll þekkjum við þá umræðu og allan þann aumingjaskap sem við hefur gengist þegar talað hefur verið um að sameina alla landsmenn í einn lífeyrissjóð. En ég hlýt að spyrja: Er von á fleiri slíkum frumvörpum þar sem vandi lífeyrissjóðanna er leystur með því að skerða umsamin réttindi aðildarfélaga í lífeyrissjóðunum?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*: Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki margt til þess að svara. Þótt ég hafi sagt sjálfur að ég sé handlangari þá þýðir það ekki það að ég taki ekki ábyrgð á frv., vissulega geri ég það. Ég hef trú á því að betra sé fyrir sjóðsfélaga að reglurnar í sjóðnum séu þannig að fólk megi vænta þess í framtíðinni að geta fengið greitt úr sjóðnum þegar það þarf mest á því að halda. Ég bendi á að þær reglur sem sjóðurinn er að taka upp eru í flestum tilvikum samkvæmt frv. þær að samræma bótarétt úr þessum sjóði við bótarétt úr öðrum lífeyrissjóðum. Mér finnst þetta skipta verulegu máli. Jafnframt vil ég að það komi fram að ekki er von á því að fleiri frv. af þessu tagi verði flutt í vor. Það hafa verið flutt nokkur á undanförnum árum og ég held að þau hafi yfirleitt verið til bóta og ég held sem betur fer að skilningur manna á lífeyrissjóðunum hafi verið að breytast og skilningur að vaxa á því að þessir sjóðir eru auðvitað ekki einungis sjóðir hinnar líðandi stundar heldur sjóðir sem eru stofnaðir til þess að þeir sem greiða í þá geti á ævikvöldi sínu fengið að njóta lífsins með viðeigandi hætti sem þeir eiga á skilið.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Andsvörum er lokið. Vegna þeirra óska og umræðu sem hér hefur farið fram um að hv. 16. þm. sé viðstaddur þessa umræðu þá vill forseti taka fram að auðvitað er ekki unnt að gera þá kröfu að tilteknir þingmenn séu á mælendaskrá. Ætlunun var að ljúka þessari umræðu í dag.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að vera að þæfa þetta lengur í dag og ég vil fara fram á að orðið verði við ósk þeirri sem hefur komið fram hjá tveimur þingmönnum um að málinu verði frestað enda hefur fjmrh. góðfúslega sýnt af sér stjórnkænsku og drenglund eins og hans var von og vísa og er ekki að krefjast þess að umræðu verði lokið um málið. Mér fyndist alveg full ástæða til þess að óska eftir því að hæstv. sjútvrh. væri líka viðlátinn umræðuna. En ég ætla ekki að fara að gera kröfu um það að sinni. Ég vil bara vona að hæstv. forseti verði við þeirri beiðni sem hefur komið fram og fresti þessu máli núna og taki það síðan fyrir á morgun. Ekki er víst að mjög langan tíma þurfi til þess að klára umræðuna ef það vildi svo ólíklega til að hv. 16. þm. Reykv. væri að gegna þingskyldum sínum og mætti hér til fundar á morgun.

Umræðu frestað.

133. FUNDUR

þriðjudaginn 5. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dagsett 4. maí 1992:

„Þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestfjarðakjördæmis, verður erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér að beiðni hans með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi taki 2. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Ingi Bjarnason fiskverkandi, Hafnarfirði, sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson,
formaður þingflokks Alþfl."

Þá er hér einnig bréf frá 1. varamanni Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi. Það er dagsett á Ísafirði 29. apríl 1992 og hljóðar svo:

„Vegna mikilla anna sé ég mér ekki fært að mæta til þings í forföllum Sighvats Björgvinssonar í byrjun maí nk. og óska því eftir að Björn Ingi Bjarnason taki sæti hans í minn stað.

Virðingarfyllst,
Pétur Sigurðsson."

Þar sem rannsaka þarf kjörbréf Björns Inga Bjarnasonar skv. 4. gr. þingskapa verður gert fimm mínútna fundarhlé meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé].

Frsm. kjörbn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið til athugunar kjörbréf Björns Inga Bjarnasonar sem er 2. varaþingmaður Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands, í Vestfjarðakjördæmi. Kjörbréfið er gefið út 4. maí 1992 og undirritað af öllum landskjörstjórnarmönnum. Fyrir lá bréf frá 1. varaþingmanni Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétri Sigurðssyni, þess efnis að hann gæti ekki tekið sæti á þingi sökum anna.

Kjörbréfanefnd telur ekkert athugavert við þetta kjörbréf og mælir með því að það verði tekið gilt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Björns Inga Bjarnasonar samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Björn Ingi Bjarnason hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og mun undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Björn Ingi Bjarnason, 4. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Björn Ingi Bjarnason hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fjárframlög til vegagerðar.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tengslum við þá kjarasamninga sem voru gerðir nú á dögunum kom fram yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og í þriðja lið hennar segir svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af gerð kjarasamninga er ríkisstjórnin reiðubúin að stofna samstarfsnefnd um atvinnumál með þessum aðilum með það að leiðarljósi að treysta undirstöður hagvaxtar og atvinnuöryggis. Í þessum efnum verður hugað að stefnumörkun og aðgerðum er örvi framleiðslu og atvinnustarfsemi í landinu til lengri tíma litið."

Ég beini því spurningu minni til hæstv. samgrh. Nú vita flestir að bættar samgöngur eru undirstaða margra þátta í atvinnulífi og sérstaklega í dreifbýli. Þar var samþykktur niðurskurður á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár í vegamálum. Ég spyr því hæstv. samgrh.: Er fyrirhugað að auka framlög til vegagerðar t.d. með lántökum til að bæta atvinnuástandið í landinu?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessi mál eru ekki komin á það stig að farið sé að ræða um tillögur í atvinnumálum og það er ekki á borði ríkisstjórnarinnar að taka lán til vegamála eins og nú standa sakir.

Fjárhagsstaða Náttúruverndarráðs.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. umhvrh. og varðar málefnið fjárhagsstöðu Náttúruverndarráðs. Samkvæmt frv. til fjárlaga fær Náttúruverndarráð 38,5 millj. til starfsemi sinnar. Náttúruverndarráð fór eindregið fram á að þurfa ekki að verða fyrir þessum flata niðurskurði og óskaði eftir að fá 40 millj. og 700 þús. kr. en ekki var orðið við því. Nú er það rétt eins og fram hefur komið að Náttúruverndarráð fór allverulega fram úr heimildum með greiðslum sínum á síðasta ári, en hefur fært rök fyrir þeim fjármunum og er ekki annað að sjá en það hafi allt saman verið meira og minna nauðsynlegar framkvæmdir sem farið var í. T.d. má nefna framkvæmdir í Skútustaðagígum, lagfæringar á tjaldstæði í Skaftafelli og

einnig má nefna að unnið var að endurbótum á íbúðarhúsi þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og er það nú loksins orðið músheld, eins og kemur fram í bréfi frá Náttúruverndarráði.

Nú er svo að Náttúruverndarráð hefur reynt að miða starfsemi sína við fjárlög og gert áætlanir í því sambandi en þá berast þær fregnir að fjmrn. gerir kröfur um að Náttúruverndarráð greiði einhverjar milljónir til baka til ríkissjóðs sennilega vegna þess að ráðið fór fram úr á síðasta ári.

Ekki er séð hvernig hægt er að verða við þessu af hálfu Náttúruverndarráðs öðruvísi en þá að draga úr rekstri, t.d. með því að ráða ekki landverði, því að það er þá eitt af því sem hefur ekki verið gengið frá endanlega fyrir árið.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. umhvrh. hvernig hann ætli að sjá til þess að hægt verði að halda uppi nauðsynlegri starfsemi til verndar okkar dýrmætu náttúru.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Einfaldasta leiðin til að sjá til þess hefði náttúrlega verið ef meira fé hefði verið veitt af fjárlögum til þessa starfs, en svo var ekki og í Náttúruverndarráði varð nokkur niðurskurður eins og hjá svo fjölmörgum öðrum stofnunum ríkisins. Náttúruverndarráð sætti engu sérstöku harðræði í þeim efnum. Hitt er annað mál að í mörg ár hefur það verið svo að Náttúruverndarráð, því miður, hefur farið verulega fram úr fjárlagaheimildum á hverju einasta ári. Reynt hefur verið að bæta úr því, m.a. með því að ráða sérstakan fjármálastjóra sem sinnir fjármálastjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs og ég hygg að sú ráðstöfun sé mjög til bóta.

Sá niðurskurður sem hefur orðið hjá þessari stofnun þarf auðvitað ekki allur að bitna á landvörslunni. Það er auðvitað mat og röðun Náttúruverndarráðs hvernig niðurskurðurinn kemur niður. Það hefur verið komið til móts við þetta að nokkru leyti með því að Ferðafélag Íslands, sem hefur tekjur af ferðamönnum á hálendinu og þeirri aðstöðu sem það veitir, mun annast hluta vörslunnar. Önnur mál hafa enn ekki verið leyst. Hins vegar hef ég ítrekað bent á það að til þess að standa undir landvörslu, sem er mjög nauðsynleg, þá hljóti að koma til í einhverjum mæli aukin gjaldtaka. Það er bjargföst skoðun mín og ég held það eigi að fjármagna þetta með þeim hætti í vaxandi mæli. En Náttúruverndarráð hefur ekki sætt sérstöku harðræði í þessum efnum og sá niðurskurður sem þar hefur orðið þarf ekki allur að bitna á landvörslunni.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér fannst kannski ekki alveg koma nógu mikill metnaður fram í svari hans varðandi það að hægt yrði að halda uppi starfsemi landvarða á þessu sumri. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra getur bent á einhvern óþarfa rekstur sem hefur verið hafður uppi af hálfu Náttúruverndarráðs. Þær framkvæmdir sem farið var í á síðasta ári voru mjög mikilvægar, en það er rétt að ráðið fór fram úr. Ég vil því endurtaka þá spurningu mína hvort hæstv. ráðherra treystir sér til þess að fullyrða það að hægt verði að ráða landverði á þeim svæðum sem Náttúruverndarráð telur nauðsynlegt að þeir verði starfandi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir heldur að þetta mál verði leyst með yfirlýsingu hér úr ræðustól þá er málið ekki svo einfalt og ég treysti mér ekki til á þessari stundu að gefa yfirlýsingar um það að alls staðar verði haldið uppi landvörslu þar sem Náttúruverndarráð telur það æskilegt. Því miður.

Nefnd til að endurskoða útvarpslögin.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég er reyndar í dálitlum vandræðum vegna þess að í morgun fékk ég þau skilaboð að hæstv. menntmrh. yrði viðstaddur og hann var reyndar í salnum þegar ég stóð upp og bað um orðið en nú fæ ég ekki betur séð en hann sé floginn. Það er erfitt stundum að halda ráðherrunum í stólunum. Er ráðherra í húsinu eða er hann ekki hér til viðræðu í fyrirspurnatímanum? — Nú, ráðherrann er kominn.

Það sem ég ætlaði að spyrja út í er frétt í Tímanum í dag um nefnd sem ráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða útvarpslögin. Í fréttinni segir að nefndin sé svo skipuð að í henni eigi sæti Tómas Ingi Olrich alþm., Baldvin Jónsson útvarpsstjóri, Guðni Guðmundsson rektor, Hjálmar Jónsson prófastur, Jóhann Óli Guðmundsson forstjóri, Rannveig Guðmundsdóttir alþm. og Sólveig Pétursdóttir alþm.

Síðan segir í þessari frétt: „Meðal viðfangsefna hennar er að skilgreina hlutdeild ríkisins í útvarpsrekstri og athuga hvernig tryggja megi sem jafnasta aðstöðu ljósvakamiðla. Einnig á nefndin í störfum sínum að leggja áherslu á að ný löggjöf taki tillit til tækniþróunar og aðildar Íslendinga í alþjóðasamningum og samstarfi. Nefndinni er sérstaklega ætlað að leita leiða til að efla innlenda dagskrárgerð."

Ég verð að segja að nöfn þeirra sem þarna eru á blaði og eiga að vinna verkið vöktu furðu mína og ég hlýt að spyrja hvernig valið hafi verið í þessa nefnd. Ég sé reyndar að þarna eru tveir úr útvarpsráði, einn frá hvorum stjórnarflokki, þarna eru þrír þingmenn, tveir sjálfstæðismenn og einn alþýðuflokksmaður og svo eru þarna tveir karlmenn að auki, útvarpsstjóri nokkur og einhver forstjóri. Nú þætti mér gaman að vita hverra fulltrúar þeir tveir eru.

Það vekur líka furðu mína að þarna er enginn fulltrúi starfsmanna Ríkisútvarpsins né heldur stjórnenda stofnunarinnar og ég vil spyrja hvernig á þessu standi. Af hverju eru þeir sem hafa puttann á púlsinum í þessari viðamiklu menningarstofnun ekki kallaðir til að semja slíkt frv.?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég held að það skýri sig nokkuð sjálft og ég held að hv. þm. hafi skýrt nægjanlega

hvernig hefur verið valið í nefndina. Þeir sem þarna eru eru ekki fulltrúar neins nema þess sem skipar þá. Það var ekki óskað eftir tilnefningum, en þarna eru tveir sem eiga sæti í útvarpsráði, það eru tveir sem geta talist fulltrúar frá einkareknum útvarpsstöðvum, þótt ekki sé óskað eftir tilnefningum þaðan og síðan þrír alþingismenn. Ég leitaðist við að skipa í nefndina menn sem hefðu komið að útvarpsrekstri, bæði að því er tekur til Ríkisútvarpsins og einkarekinna stöðva þannig að sjónarmið beggja mættu koma fram, og síðan þrjá alþingismenn.

Auðvitað kom til greina að óska eftir tilnefningum í nefndina og þá frá Ríkisútvarpinu sjálfu sem stofnun en ekki frá útvarpsráði og eins kom auðvitað til greina að óska eftir tilnefningum frá starfsmannafélögum þessara stofnana en ég hvarf frá því eftir vandlega íhugun og skipaði nefndina með þessum hætti sem þarna kemur fram.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef fengið staðfestingu á því í svörum ráðherra að þarna er um beina pólitíska nefndarskipan að ræða og ekki virðist vera markmiðið með henni að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um þessa merku menningarstofnun sem Ríkisútvarpið er og vegur mjög þungt inni í útvarpslögum.

Mig langar í því sambandi að nefna að nú er verið að endurskoða stefnuna í sjávarútvegsmálum. Þar kemur stjórnarandstaðan hvergi að. Verið er að endurskoða grunnskóla- og framhaldsskólalögin og gera þar greinilega mikla stefnubreytingu. Þar kemur stjórnarandstaðan hvergi að. Það á að endurskoða útvarpslögin. Stjórnarandstaðan á hvergi að koma þar nærri. Hún á enga fulltrúa í þessari endurskoðun og það er greinilega ekki ætlun þeirra manna sem ráða núna að ná pólitískri samstöðu um eitt eða neitt. Ég furða mig á þessum vinnubrögðum og mér finnast þau gamaldags og úr sér gengin. Eigum við að búa við það að nýr ráðherra komi á fjögurra ára fresti, skipi í sínar pólitísku nefndir til þess að endurskoða mikilvæg lög frá grunni? Alltaf komi nýr ráðamaður í þessa stofnun, endurskoði lög og því sé varla lokið þegar það eru kosningar, nýr maður kemur og setur nýja nefnd og endurskoðar að nýju. Þetta er algjörlega óviðunandi ástand að búa við og þetta er gamaldags þankagangur, gamaldags pólitískur þankagangur.

Vegarlagning og jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Ég vil bera fram fyrirspurn til hæstv. samgrh., Halldórs Blöndals.

Á 113. löggjafarþingi var flutt till. til þál. um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla, eða eins og segir í þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins kanna í samráði við sérfróða aðila lagningu vegar og gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjörð.

Við könnun þessa skal m.a. hafa í huga hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðra valkosti og hafa sérstaklega hliðsjón af stofnkostnaði, notagildi, viðhaldskostnaði og byggðarþróun, félagslegum sjónarmiðum, samtengingu þéttbýlisstaða og styttingu vega."

Þessi þáltill. fékk þá afgreiðslu að henni var vísað til ríkisstjórnarinnar með það fyrir augum að þingmannanefnd sem vann að langtímaáætlun um samgöngumál fjallaði um málið.

Ég vil ekki taka afstöðu til þess hvort rétt sé að fara í jarðgangagerð, það sé sú besta leið sem farin yrði til þess að bæta samgöngur á milli Norðurl. e. og Norðurl. v., þ.e. jarðgöng yfir í Héðinsfjörð og þaðan yfir í Ólafsfjörð frá Siglufirði. Ég vil þó segja að það er mjög mikilvægt að samgöngur milli þessara staða verði bættar, þ.e. að tengja saman Norðurlandskjördæmi v. og Norðurlandskjördæmi e. með betri vegi heldur en nú er, þ.e. veginum um Fljót og Lágheiði til Ólafsfjarðar. Það er mjög brýnt að þar verði miklar bætur á því sá vegur er alls ófullnægjandi til þess að hægt sé að tala um gott vegasamband.

Ég held ég að þurfi ekki að lýsa því fyrir ráðherra hversu mikilvægt er að samgöngur séu góðar til þess að styrkja byggðina í landinu og þarf kannski ekki að hafa frekari orð um það. En ég vil því spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hvað líður þeirri athugun sem getið er um í þáltill.?

2. Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir að samgöngur milli Norðurl. v. og Norðurl. e. um Fljót og Lágheiði til Ólafsfjarðar verði bættar á næstunni, þ.e. með lagfæringu á Lágheiði?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Engin hreyfing er á þeirri könnun hvernig og hvort hagkvæmt þyki að sprengja fyrir jarðgöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Auðvitað mundi það stytta mjög leiðina á milli þessara þéttbýlisstaða og má færa þau rök fyrir því að ráðast í slíka framkvæmd að þá yrði Siglufjörður eitt atvinnusvæði með öðrum byggðum Eyjafjarðar. Á hinn bóginn eru jarðgöng mjög dýr kostur og á sama tíma og ekki hafa fundist ráð til þess að leggja viðunandi veg um Fljót til Ólafsfjarðar og Lágheiði er varla við því að búast að menn láti sér detta ný jarðgöng í hug. Á þessari stundu þori ég ekki að fullyrða um það hvenær ráðist verður í vegarlagningu yfir Lágheiði en það er rétt sem hv. þm. segir, það er mjög brýnt verkefni að tengja byggðir Eyjafjarðar saman því að í landfræðilegum skilningi tilheyrir Siglufjörður að sjálfsögðu Eyjafirði og mundi styrkja byggð þar og byggð annars staðar í Eyjafirði ef öruggt vegasamband kæmist á yfir þennan farartálma.

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svör hans og ég vil bara ítreka það og taka raunar undir þau

sjónarmið hans að það er ólíklegt að á næstunni verði ráðist í jarðgangagerð milli þessara staða, en ítreka þá sérstaklega að það er mjög brýnt að vegarlagning um Lágheiði verði verulega endurbætt til þess að styrkja byggðirnar á þessu svæði.

Vaxtalækkun með handafli.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. hefur margoft ítrekað að vaxtalækkun með handafli komi ekki til greina og hefur haft mörg orð uppi um það, bæði í þingræðum og núna síðast í sinni stefnuræðu í upphafi þingsins að vaxtalækkun með handafli sé engin lausn í raun og veru. Forsenda vaxtalækkunar séu hallalaus fjárlög eða eftir því sem hallinn á fjárlögum er minni því lægri geti vextirnir orðið. Þegar þetta markmið hafi tekist þá sé það náttúrlega alls ekki handaflið sem á að ráða heldur fyrst og fremst sé það markaðurinn. Þá komi markaðurinn til og vextirnir lækki.

Nú hefur það hins vegar gerst í tengslum við kjarasamninga að vextir hafa verið lækkaðir með handafli og það á sama tíma og hæstv. fjmrh. lýsir því yfir í viðtali við fréttamann á Stöð 2 að hallinn á fjárlögum verði örugglega 2 milljörðum kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Fjmrh. sagði í fréttaviðtali að það væri kraftaverk ef hallinn á fjárlögum yrði innan við 6 milljarða.

Því spyr ég hæstv. forsrh.: Hvað veldur því að nú er allt í einu hægt að lækka vexti með handafli á sama tíma og að hallinn á fjárlögum er að aukast að mati hæstv. fjmrh.?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég held reyndar að þessi orð sem höfð voru eftir hæstv. fjmrh. hafi verið slitin úr samhengi og þau hafi verið leiðrétt, en ég ætla ekki að fjalla neitt nánar um þau. Hins vegar sagði ég margoft, og það er rétt hjá hv. þm., að það væri forsenda þess að við gætum horft fram á það að menn gengju til móts við kröfur aðila vinnumarkaðarins um lækkun á vaxtastigi að samningar á vinnumarkaði röskuðu ekki þeim forsendum sem við teljum vera nauðsynlegar fyrir lækkun vaxtastigs. Þær forsendur eru kunnar. Að draga úr halla á ríkissjóði eins og við höfum verið að vinna að, minnka lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs eins og við höfum verið að vinna að og jafnframt að verðbólgan æddi ekki af stað vegna þess að menn höfðu gengið til samninga sem væru ekki forsendur fyrir.

Ég tel að ekkert af þessu hafi gerst og því í raun hafi þessi skilyrði verið fyrir hendi til þess að vextir mættu lækka, það mætti skrá vexti lægri, það væri í samræmi við markaðsniðurstöðurnar. Í rauninni er þetta því ekki handafl heldur er hér um það að ræða að vextir eru færðir til samræmis við þær niðurstöður sem hafa orðið um þróun efnahagsmála. Þróun efnahagsmála hefur verið mjög í samræmi við óskir og forsendur ríkisstjórnarinnar.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svarið. Ég er með hér útskrift frá fjölmiðlavaktinni á þessum orðum hæstv. fjmrh. sem fréttamaðurinn Karl Garðarsson á Stöð 2 hafði við hæstv. fjmrh. 24. apríl sl. Þar segir í fyrsta lagi, svo beint sé vitnað til þess sem fréttamaðurinn sagði:

„Í fyrsta áfanga, þ.e. á þessu ári, átti að ná hallanum niður í 4 milljarða og er miðað við þá tölu í fjárlögum. Nú viðurkennir fjmrh. í fyrsta sinn að líklega verði hallinn mun meiri, jafnvel 6 milljarðar króna."

Þá vitna ég beint í hæstv. fjmrh. sem svarar síðan:

„Það eru áætlunartölur í fjárlögunum upp á 4,1 milljarð eins og þú segir." — Áætlunartölur. — Nú eru lögin á Íslandi orðin svona áætlanir sem menn gera bara. Þetta er svona áætlun sem ríkisstjórnin gerði og fékk hér samþykkta á Alþingi. — „Það getur auðvitað enginn sagt á þessari stundu hvort sú verður niðurstaðan en mér sýnist að á þessu ári verði hallinn miklu minni heldur en á sl. ári, þá var ríkissjóðshallinn yfir 12 milljarðar og ég tel að það verði stórkostlegt afrek ef hallinn á þessu ári væri vel undir helmingnum af þeim halla."

Þá spyr fréttamaðurinn hæstv. fjmrh.:

„Afrek ef hallinn er undir 6 milljörðum?"

Þá svarar hæstv. fjmrh.:

„Já, ég tel það miðað við 12 milljarða á síðasta ári."

Auðvitað er ekkert annað hægt að lesa út úr þessu og þarf ekkert að lesa út úr þessu. (**Fjmrh.:** Lestu áfram.) Ég ætla ekki að lesa allt fréttaviðtalið (**Fjmrh.:** Lestu næstu setningu.) vegna þess að ég býst við því, hæstv. fjmrh., að flestir hafi heyrt viðtalið við hæstv. fjmrh. á Stöð 2. Næsta setning er svona:

„Það breytir hins vegar ekkert því að við stefnum að því að halda við áætlun fjárlaga. Við stefnum að því." — En segir áður að það væri afrek ef hann væri innan við 6 milljarða kr.

Þau orð hæstv. forsrh. hér áðan að það sé það efnahagsástand sem sé að skapast hér nú sem gerir það að verkum að markaðurinn hafi lækkað vextina. Markaðurinn tekur ekki við sér daginn eftir eða morguninn eftir að kjarasamningar eru undirritaðir, það hefði haft ákveðinn aðdraganda. Það sem hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin gerði var að hún notaði handaflið til þess að lækka vextina, það verkfæri sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hefur á undanförnum árum fordæmt að væri notað og sagt að væri haldlaust tæki í þessari baráttu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það vafðist fyrir þingmanninum að lesa þessa einu setningu, hann sagðist ekki hafa tíma til þess og rökstuddi það í löngu máli, en menn heyrðu síðan setninguna og það var þess vegna sem ég sagði að orð fjmrh. hæstv. hefðu verið snúin út úr samhengi. Þegar hv. þm. segir að ekkert gerist á samri stundu við kjarasamninga sem breytir forsendum um

vexti þá veit þingmaðurinn það að samningarnir eru nánast til árs og þeir leggja þess vegna ákveðnar forsendur fyrir efnahagsramma þjóðlífsins og það er auðvitað mjög þakkarvert að aðilar vinnumarkaðarins, launþegar og vinnuveitendur, hafi viljað leggja slíkan grundvöll að efnahagslegum forsendum eins og þeir gerðu. Það eru nákvæmlega þær forsendur sem leiða til þess að vaxtastigið má lækka. Það eru sem sagt efnahagslegar, markaðslegar forsendur.

Þátttaka Íslands í Ólympíuskákmótinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. en í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 2. maí sl. var greint frá því að vegna fjárhagsörðugleika væri óljóst hvort Skáksamband Íslands gæti tryggt þátttöku í Ólympíuskákmótinu sem á að fara fram á þessu ári. Í fréttinni kemur fram að kostnaðurinn sé um 2 millj. kr. við þátttöku í Ólympíuskákmótinu og Skáksambandið hafi nurlað saman u.þ.b. 1 millj. kr. og það þurfi u.þ.b. 1 millj. kr. í viðbót til að tryggja Íslendingum þátttöku í Ólympíuskákmótinu.

Íslendingar hafa tekið þátt í Ólympíuskákmótum að mig minnir frá 1952. Þannig er að þessi Ólympíuskákmót hafa að öllu eða verulegu leyti verið fjármögnuð af ríkinu með beinum fjárframlögum, í raun og veru fram hjá sérstökum framlögum til Skáksambandsins og auk þess var það lengst af þannig þangað til núna líklega að þessir fjármunir hafa verið ákveðnir eftir á og teknir inn á fjáraukalög hverju sinni. Þess vegna er það sem Skáksambandið hefur ekki verið undir það búið að taka á þessu máli nægilega snemma og ég veit ekki hvort málið kom til kasta fjárln. þegar fjárlög fyrir 1992 voru afgreidd, ég þekki það ekki. En hér er um litla upphæð að ræða sem vantar upp á eða um það bil 1 millj. kr. og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann eða ríkisstjórnin hafi ákveðið að gera ráðstafanir til að tryggja að Íslendingar geti tekið þátt í Ólympíuskákmótinu svo sem verið hefur sl. 40 ár.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki fengið sérstakt erindi frá Skáksambandi Íslands varðandi þátttöku í Ólympíuskákmótinu. Hins vegar hef ég átt viðræður við forustumenn Skáksambandsins um þann fjárhagsvanda sem Skáksambandið er í, einkum vegna húseignar þeirra, og það liggur fyrir erindi í menntmrn. þar sem óskað er aðstoðar vegna þess máls. Það hefur ekki verið afgreitt enn þá af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég hef í viðræðum við Skáksambandið lofað þeim því að ég muni athuga hvort fjármunir gætu fengist úr ráðuneytinu sjálfu til þess að létta þeirra vanda. Ég hef ekki verið að hugsa þar um fjárasukalög en það kynni hins vegar að koma til ef ríkisstjórnin fellst á að greiða götu þeirra varðandi húseignina eða þá með einum eða öðrum hætti að tryggja þeim fjárveitingu á næsta ári. En fjárhagsvandi þeirra varðandi húseignina er um 15 millj. kr. Þetta er það sem ég hef að segja um þetta á þessu stigi en ég ítreka það að viðræður hafa farið fram á milli mín og Skáksambandsins en ekki sérstaklega vegna þátttöku í Ólympíuskákmótinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og fer í allri vinsemd fram á það að menn skilji þá stöðu sem uppi er hjá Skáksambandinu. Skáksambandið stendur mjög illa fjárhagslega og hefur gert um langt árabil. Það má auðvitað ekki láta þann almenna fjárhagsvanda sem Skáksambandið stendur frammi fyrir verða til þess að menn sendi ekki sveit á Ólympíuskákmótið. Mér hefur skilist — og það hlýtur reyndar að vera að menn velti því fyrir sér hvenær fjáraukalög, lagafrv. yrði lagt fyrir á þessu ári. Forsendur kjarasamninga breyta ýmsu í fjárlögum fyrir árið 1992. Það er augljóst mál. Og ég hvet til þess að tekið verði á þessari sérstöku fjárbeiðni Skáksambands Íslands jákvætt og það verði tryggt að Íslendingar geti tekið þátt í þessu skákmóti. Hér er um litla fjármuni að ræða og ég bið um það að menn fari ekki að láta hinn almenna vanda Sáksambandsins verða til þess að sambandið hrökkvi frá því að senda sveit á næsta Ólympíuskákmót. Við erum með efnilega sveit. Hún var í 5. sæti á síðasta Ólympíuskákmóti og gæti örugglega komist hærra nú ef hún kemst út.

Hagsmunir íslensks landbúnaðar og EES-samningurinn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil eiga orðastað við hæstv. landbrh. Okkur hefur verið sagt að hvað landbúnað á Íslandi varðar, þá skipti EES-samningur fremur litlu og í 5. gr. bókunar 3, viðbæti við bókun 3, eru talin upp nokkur undantekningarákvæði er varða Ísland. Þá er það tekið fram að hér sé um að ræða bráðabirgðafyrirkomulag sem samningsaðilum beri að taka til endurskoðunar fyrir árslok 1998. Síðan segir í lið 2 í þessari grein:

„Að því er Ísland varðar skal það hámark verðjöfnunarfjárhæða sem lagðar eru á við innflutning og gert er ráð fyrir í 9. gr. bókunarinnar ekki gilda um Ísland vegna vara" í tollflokkum og sem síðan eru taldir, en síðan segir að gjöld sem lögð eru á við innflutning til landsins skuli þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá samningsaðilum árið 1991.

Nú vill svo til að árið 1991 voru alveg hverfandi lítil gjöld lögð á og ég get ekki lesið annað út úr þessu en að Íslendingum sé meinað að beita þarna jöfnunargjöldum eða innflutningstollum. Það vekur líka athygli að í 9. gr., þar sem talað er um hámark verðjöfnunarfjárhæða, segir svo að samningsaðili skuli ekki leggja á afurð frá öðrum samningsaðila breytilegt verðjöfnunargjald sem er hærra en tollur eða fastagjald sem hann lagði á afurð samningsins 1. jan. 1992. Þetta á einnig við hafi tolli eða fastagjaldi verið stýrt með tollkvóta en ekki hafi afurðin heyrt undir verðjöfnunaraðgerðir 1. jan. 1992, auk tollsins eða fastagjaldsins.

Það er ósamræmi í þessum dagsetningum. Annars vegar er miðað við að á Íslandi megi gjöldin ekki vera hærri en 1991, en annars staðar er miðað við 1. jan. 1992. Því vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Telur hann að hagsmuna Íslands við samningagerðina hafi í þessu efni verið gætt með eðlilegum hætti? Og hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við til varnar eðlilegum hagsmunum landbúnaðarins og í samræmi við það sem okkur hefur verið sagt fram að þessu um landbúnaðarþátt þessa samnings?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki þennan texta við höndina sem hv. þm. las upp. Hefði það verið nærgætnislegt af honum að gera mér viðvart svo að ég gæti borið þennan texta saman, en spurning hans vék ekki að hinu heldur hvort ég teldi að hagsmunir landbúnaðarins væru nægilega tryggðir með samningsgerðinni. Um þetta er það að segja að þegar núv. ríkisstjórn kom að völdum höfðu vinnubrögð verið með þeim hætti að fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið að eiga ekki fulltrúa á þeim fundum þar sem málefni landbúnaðarins voru rædd. Af þessum sökum var ekki hægt að koma við neinum fyrirvörum af hálfu okkar Íslendinga um einstök atriði þar sem við sóttum ekki fundi og tókum ekki þátt í málefnaundirbúningi.

Hins vegar gerðist það á sl. sumri að ég skrifaði hæstv utanrrh. bréf um þá stefnu sem ríkisstjórnin fylgir í landbúnaðarmálum og hv. þm. eru kunnug og okkur tókst að ná fram þeim atriðum sem við teljum þýðingarmest í sambandi við stöðu íslensks landbúnaðar í hinu Evrópska efnahagssvæði og í samningunum við Evrópubandalagið.

Nú er að störfum sérstök nefnd með fulltrúum frá landbrn., iðnrn. og fjmrn. til að vinna að undirbúningi þess að lögð verði á jöfnunargjöld í sambandi við innflutning á landbúnaðarvörum og um þessi mál öll hefur verið haft náið samráð við bændasamtökin og aðra sem málið varðar. Það hefur jafnframt verið tekin ákvörðun um að sérstök athugun verði gerð á því hvernig skattlagningu og styrkjum til landbúnaðar er háttað í nágrannalöndum okkar, bæði innan Evrópubandalagsins og á Norðurlöndunum, í EFTA-löndunum, þannig að við höfum sem fyllstan samanburð á því hver sé rekstrargrundvöllur landbúnaðarframleiðslu hér á landi og erlendis.

Ég vil líka geta þess að undirbúningsvinnu í sambandi við hugsanlega aðild okkar að GATT er lokið og hefur verið unnið mjög gott verk í því sambandi.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefði sjálfsagt verið nærgætnislegt að ræða þetta við ráðherrann en ég reiknaði nú með að honum væri landbúnaðarþáttur þessara samninga sæmilega kunnur. Ég held að það hafi verið röng ákvörðun að sækja ekki fundi um landbúnaðarmálin og fylgjast með því sem þar var að gerast og ég vil biðja ráðherra að setjast yfir þetta mál með starfsmönnum sínum til þess að kanna hvað til varnar má verða.

Hæstv. landbrh. taldi að hann og hans menn hefðu náð fram þeim atriðum sem mikilvægust væru. Ég er ekki viss um það, og a.m.k. hafa þau ekki náðst öll, vegna þess að betur væru þessar línur ekki festar á blað, þ.e. þessi ákvæði um að banna okkur að leggja jöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur.

Það er svo sorglegt til þess að vita að sú landbúnaðarpólitík sem við rekum hér á Íslandi — og ekki bara landbúnaðarpólitík, heldur það að fella niður niðurgreiðslur og útflutningsbætur — passar ákaflega illa við það sem er að gerast í samningum bæði um EES og GATT. Þannig að þó að menn hafi í góðri trú hér reynt að endurskipuleggja landbúnaðinn og viljað færa þar til þæginda fyrir ríkið, þá stemmir þetta bara ekki við það sem aðrar þjóðir hafa gert og þar af leiðir að okkur er mjög torvelt að gerast aðilar að þessum alþjóðasamningum að óbreyttri landbúnaðarpólitík.

Ég sé ekki betur en að hér hafi verið settur varnagli sem kemur Íslendingum ákaflega illa og ég vil í fullri alvöru biðja hæstv. landbrh. að fara vandlega ofan í þetta mál með starfsmönnum sínum og í fyrsta lagi reyna að gera sér grein fyrir því hvað hættan er mikil og í öðru lagi reyna að finna einhver ráð sem til varnar mættu verða.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Þau atriði sem hv. þm. vék að og annað sem varðar samning okkar við hið Evrópska efnahagssvæði eru að sjálfsögðu í athugun, nákvæmri athugun í landbrn. og eins og ég sagði hefur verið haft fyllsta samráð við bændasamtökin um hvaðeina í þeim efnum. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 130, nál. 756, brtt. 757 og 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 757,1 samþ. með 42 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

5.–6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 767 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 757,2 kölluð aftur til 3. umr.

7. gr. og ákv. til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Frv. StG o.fl., 10. mál (ávöxtun innstæðna). — Þskj. 10, nál. 765.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. í nál. 765 samþ. með 40:3 atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Lífeyrissjóður ljósmæðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (brottfall laga). — Þskj. 702, nál. 824.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 274. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 456, nál. 817, brtt. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 818 (ný 1. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
17 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GB, GHelg, JGS, JHelg, KÁ, LMR, RG, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GB, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, LMR, PJ, RG, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StB, SvG, TIO, VS.
18 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GB, GHelg, JGS, JHelg, KÁ, LMR, RG, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 133, nál. 819 og 820, brtt. 821.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Við sem skipum minni hluta heilbr.- og trn., auk mín hv. 10. þm. Reykv., gerum það að tillögu okkar að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Rök okkar fyrir málinu eru í fyrsta lagi þau að fjárhagslegur grundvöllur þeirrar ákvörðunar sem hér er verið að taka hefur ekki verið kannaður. Hér er um að ræða stofnun sem á 3–4 milljarða kr. samkvæmt eiginfjárstöðu um síðustu áramót. Og forsendur breytinganna samkvæmt lagafrv. hafa ekki verið kannaðar. Það liggur ekkert fyrir um það hvaða áhrif breytingarnar hafa á fjárhag Viðlagatryggingar Íslands. Í öðru lagi vegna þess að Tryggingaeftirlitið gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þetta frv. en það hefur ekki verið hlustað á þær. Og í þriðja lagi vegna þess að ábendingar sem komu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einstökum þingmönnum hér á Alþingi, m.a. úr Framsfl. og Sjálfstfl., hafa ekki fengist skoðaðar.
Af þessum ástæðum og öðrum, virðulegi forseti, flytjum við þessa tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þannig að hún geti unnið það betur og ég skora á stjórnarmeirihlutann, jafnvel þó að málið fari hér í gegnum 2. umr., að líta vandlega á það eftir að henni yrði lokið.
Við flytjum sem sagt tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Fari svo að sú tillaga verði ekki samþykkt munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins að öðru leyti.

Finnur Ingólfsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og trn. standa að brtt. sem fulltrúar stjórnarflokkanna í heilbr.- og trn. flytja. Það er alveg rétt að málið hefur verið lengi til umfjöllunar í nefndinni. Má færa rök fyrir því að ýmislegt hefði mátt skoða frekar í meðferð málsins þar. Hins vegar eru gerðar verulegar breytingar með þeim brtt. sem eru fluttar og að okkar mati hefur náðst samkomulag við þá aðila er málið snertir og við styðjum því brtt. sem þarna eru fram komnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frávtill. í nál. 819 felld með 33:10 atkv. og sögðu
já: HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, SHl, SvG.
nei: ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónK, JónS, KSG, MJ, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ,

SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÁ, HÁ, IP) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GB, GHelg, JGS, JHelg, KÁ, LMR, RG, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 821,1 samþ. með 34 shlj. atkv., 11 þm. greiddu ekki atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,2 samþ. með 33 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv., 8 þm. greiddu ekki atkv.

4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,3 samþ. með 35 shlj. atkv., 8 þm. greiddu ekki atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv., 7 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,4 samþ. með 36 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv., 7 þm. greiddu ekki atkv.

7.–10. gr. samþ. með 35 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,5 samþ. með 36 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. 10 þm. greiddu ekki atkv.

12.–16. gr. samþ. með 36 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,6 samþ. með 35 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

18. gr. samþ. með 34 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,7 (ný 19. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv., 8 þm. greiddu ekki atkv.

20.–26. gr. samþ. með 34 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

Brtt. 821,8 samþ. með 32 shlj. atkv., 9 þm. greiddu ekki atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv., 10 þm. greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv.

Samningur um réttindi barna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 513. mál. — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (sóttvarnardýralæknir). — Þskj. 315.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JónK, JónS, KSG, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, ÖS.

nei: AÓB, JVK.

3 þm. (ISG, KE, SHl) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, FI, GB, IP, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KÁ, LMR, PP, RG, StG, SJS, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 842).

Greiðslur úr ríkissjóði, 1. umr.

Frv. KSG o.fl., 479. mál. — Þskj. 737.

Flm. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Að frv. þessu, frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl., standa þeir alþingismenn sem sæti eiga í fjárln., þ.e. þingmennirnir Pálmi Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Margrét Frímannsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Hermann Níelsson, sem var varamaður Gunnlaugs Stefánssonar þegar frv. var lagt fram, Guðrún Helgadóttir og Árni Johnsen, auk mín.

Í meginatriðum byggir frv. á frv. um sama efni sem fjárveitinganefndarmenn stóðu að og fluttu á síðustu tveimur þingum, en í hvorugt skiptið varð málið útrætt. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá síðustu gerð þess. Breytingar þessar eru ekki stórvægilegar. Segja má að í stórum dráttum felist þær fremur í breyttri framsetningu og orðalagi en efnisbreytingum. Hér á eftir mun ég víkja nokkrum orðum að efni frv. almennt og einstökum greinum þess, en fyrst vil ég gera stutta grein fyrir tilurð þess í þeirri mynd sem það er nú og ástæðum sem að baki því liggja.

Frv. þetta á, eins og þingheimi er kunnugt, rætur að rekja til tillagna er undirnefnd fjárveitinganefndar gerði síðla árs 1989. Tillögur nefndarinnar voru á þá lund að brýnt væri að setja skýrar reglur um greiðslur úr ríkissjóði og þá einkum þau skilyrði sem yrðu að vera fyrir hendi til þess að inna mætti greiðslur af hendi. Á grundvelli þessara tillagna var útbúið frv. um greiðslur úr ríkissjóði sem nefndin öll stóð að og var það lagt

fram og mælt fyrir því á 112. löggjafarþingi 1989–1990. Málið varð ekki útrætt á því þingi.

Í fyrra var málið lagt fram á ný en þá fór á sömu leið, ekki náðist að afgreiða það enda tíminn sem til þess gafst mjög knappur vegna komandi þingkosninga.

Frv. hefur enn á ný verið yfirfarið og endursamið af nefndinni með aðstoð og í náinni samvinnu við fjmrn. og Ríkisendurskoðun. Ágæt samstaða hefur náðst um málið með nefndinni og fjmrh. og lít ég a.m.k. svo á að hann styðji flutning þess nú.

Frumskilyrði fyrir greiðslum úr ríkissjóði er skilmerkilega orðað í sjálfri stjórnarskránni en samkvæmt 41. gr. hennar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það er hins vegar kunnara en frá þurfi að segja að um árabil var framkvæmd ekki í neinu samræmi við þetta stjórnarskrárákvæði. Hinar svokölluðu aukafjárveitingar fjmrh. tíðkuðust mjög á árum áður. Segja má að aukafjárveitingavald þetta hafi fjmrh. öðlast með vitund og jafnvel vilja löggjafarvaldsins. Það kann að vera mjög hentugt að hafa heimildir af þessu tagi til þess að leysa úr brýnum vandamálum sem upp koma í rekstri ríkisins og stofnana þess og ekki er hægt að sjá fyrir við fjárlagaafgreiðslu. Einkum gat svigrúm af þessu tagi verið réttlætanlegt þegar ör verðþróun eða óðaverðbólga hafði í för með sér að fjárlagagerð varð mjög ónákvæm. Hins vegar bauð þetta kerfi upp á það að ýta mátti erfiðum, viðkvæmum og óþægilegum málum út af borðum þingmanna við fjárlagaafgreiðsluna til úrlausnar hjá fjmrh. í formi aukafjárveitinga. Með því móti mátti sneiða hjá erfiðri eða óþægilegri umræðu um ýmis fjárhagsleg vandamál.

Þegar litið er á þróun ríkisfjármálanna á síðasta áratug má sjá að hallinn á ríkissjóði var á þessu tímabili tugum milljarða króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þannig var hallinn á árunum 1984–1991 þrefalt hærri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Hér er um ótrúlega miklar vanáætlanir að ræða sem hljóta að vekja upp ýmsar spurningar um fjárlagagerðina og framkvæmd fjárlaganna. Þá vekur ekki síður eftirtekt að svo virðist vera að fjárlög lifi sjálfstæðu lífi og taki ekki mið af raunverulegum umsvifum ríkisins. Þannig hafa frá árinu 1984–1991 verið að meðaltali um 8 milljarða kr. frávik milli fjárlaga og raunverulegrar niðurstöðu útgjalda hjá A-hluta ríkissjóðs á föstu verðlagi en frávik á tekjur hafa aftur á móti á sama tímabili orðið helmingi minni en frávik gjalda. Þessi mikli munur verður ekki skýrður nema með tvennum hætti. Annars vegar að ekki hafi verið tekið tillit til upplýsinga um óhjákvæmileg útgjöld sem gera verður ráð fyrir að hafi legið fyrir við fjárlagagerð hverju sinni. Þetta hefur síðan verið leiðrétt seint og um síðir við afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings með vísan til þess eins að um vanáætlun hafi verið að ræða. Hins vegar skýrist munurinn á ákvörðunum framkvæmdarvaldsins um verkefni eða rekstrarumfang til viðbótar því sem Alþingi hefur ákveðið með fjárlögum hverju sinni. Mýmörg dæmi eru til um það frá liðnum áratug að ríkisstjórnir hafa stofnað til útgjalda upp á tugi eða jafnvel hundruð milljóna án þess að fjárveitingavaldið hafi nokkru sinni fengið að tjá sína afstöðu til þeirra. Reyndar má einnig finna nokkur dapurleg dæmi um að framkvæmdarvaldið hafi heimilað útgjöld vegna verkefna sem Alþingi hafði áður hafnað að styðja með fjárframlögum.

Þrátt fyrir það sem hér að framan segir er rétt að geta þess að nú allra síðustu árin hefur mjög dregið úr aukafjárveitingum eða öllu heldur heimildarlausum greiðslum úr ríkissjóði. Kemur þar einkum til breytt afstaða þings og þjóðar til þessara mála og tíðari afgreiðslur fjáraukalaga. Frumkvæði síðustu ríkisstjórnar í þessum efnum ber vissulega að geta sérstaklega og virða.

Þó þessi ánægjulega þróun hafi átt sér stað er ekki þar með sagt að frv. það sem hér er til umræðu sé af þeim sökum óþarft. Því er í sjálfu sér ekki aðeins stefnt til höfuðs aukafjárveitingum einum sér, frv. er almennt ætlað að marka þær meginreglur sem fara verður eftir við að skuldbinda ríkissjóð fjárhagslega, svo og að undirstrika þau skilyrði sem fyrir hendi þurfa að vera til þess að greiðslur úr ríkissjóði geti átt sér stað. Frv. er með öðrum orðum ætlað að setja framkvæmdarvaldinu markvissari reglur um ráðstöfun opinbers fjár en áður hefur tíðkast, auk þess sem því er ætlað að skerpa skilin á milli fjárveitingavaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Einn megintilgangurinn að baki frv. er að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað gerir frv. ráð fyrir að í fjárlögunum sjálfum verði ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir. Í samræmi við þetta meginmarkmið er grunnregla 41. gr. stjórnarskrárinnar áréttuð í 1. gr. til áherslu, svo og til þess að eyða öllum vafa um að greiðslur úr ríkissjóði án skýrra heimilda verði ekki réttlættar með skírskotun til venju sem hafi unnið sér svo ríkan sess að hún teljist hafa lagagildi.

Önnur ákvæði frv. fela í sér á sinn hátt annaðhvort nánari skýringu á meginreglunni eða mæla fyrir um frávik frá henni þar sem slíkt þykir nauðsynlegt til þess að tryggja snurðulausa og eðlilega framkvæmd.

Áréttað skal að meginreglan tekur ekki einungis til greiðslna úr ríkissjóði í hefðbundnum skilningi heldur og til hvers konar fjárskuldbindinga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Þannig er ekki nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð fjárhagslega heldur verður og að afla heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslna í samræmi við nefndar skuldbindingar.

Undir ákvæði 1. gr. falla hvers konar viðskiptasamningar stofnana og fyrirtækja ríkisins, hvort sem þær eru í A- eða B-hluta, séu ekki sérstök fyrirmæli um annað.

Í 4. og 5. gr. er engu að síður að finna heimildir til þess að víkja að nokkru frá þessu þar sem slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt.

Í 2. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að auka

launa- og rekstrarútgjöld ríkisins umfram það sem fjárlög mæla fyrir um nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Nú er það ljóst að það hlýtur ætíð að vera ríkisstjórn sem mótar efnahagsstefnuna á hverjum tíma og leggur þar með línur um að kjarasamningar séu innan viðsættanlegra marka hverju sinni. Í þessu ljósi er ekki talið skynsamlegt að takmarka umboð fjmrh. til þess að gera kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Slíkir samningar eru jafnan gerðir á ábyrgð fjmrh. og hljóta að sjálfsögðu ætíð að taka mið af þeim efnahagsforsendum sem við blasa á hverjum tíma, svo og öðrum kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði. Gerð þeirra raskar iðulega launa- og verðlagsforsendur fjárlaga enda fellur samningagerðin ekki nauðsynlega að gerð fjárlaganna í tíma.

Ákvæði sem takmarkar vald fjmrh. til að gera kjarasamninga gætu valdið erfiðleikum. Því er hér gert ráð fyrir óbreyttu umboði hans í þessum efnum, en hins vegar er lögð sú skylda á hann að leita nauðsynlegra fjárheimilda í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslu í samræmi við gerð kjarasamninga.

Rétt er að geta þess að orðalagi þessarar greinar hefur verið breytt frá því sem það var í fyrri frv. um þetta efni í því skyni að gera það skýrara. Jafnframt eru fyrirmæli fyrri frv., um að kjarasamninga sem mæltu fyrir um frekari útgjöld en fjárlög gerðu ráð fyrir bæri að undirrita með fyrirvara um samþykki Alþingis, ekki að finna í þessu frv.

Í 3. gr. er mælt fyrir um að ríkissjóði, stofnunum ríkisins og fyrirtækjum sé óheimilt að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eignir sem telja má verulegar nema samkvæmt lagaheimild hverju sinni. Til þessa hefur ekki verið að finna neina takmörkun á heimildum til sölu á lausafé sambærilega þeirri sem gildir um fasteignir og finna má í stjórnarskrá. Telja verður sjálfsagt að sömu reglur gildi um lausafé sem verulegt verðgildi hefur og fasteignir í þessum efnum, þ.e. að hvorki kaup þess né sala eigi sér stað nema á grundvelli heimildar Alþingis. Nefna má í þessu sambandi eignarhlut í félögum, skip, flugvélar, listaverk og fleira í þeim dúr, sem getur verið langtum verðmeira en einstakar fasteignir.

Í 2. mgr. greinarinnar er engu að síður að finna frávik frá þessari meginreglu sem ætlað er að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki til þess að koma varanlegum rekstrarfjármunum sem notaðir hafa verið við starfsemina í verð, t.d. við endurnýjun þeirra.

Í 4. og 5. gr. er kveðið á um að bæði stofnanir og fyrirtæki í A- og B-hluta skuli skila sértekjum og arði, sem fer fram úr áætlunum fjárlaga, í ríkissjóð. Fjmrh. getur þó sett reglur þar sem vikið er frá þessu, enda sé tryggt að sértekjunum verði ekki varið til framkvæmda eða ráðstafana sem leiða til aukinna rekstrarútgjalda strax eða síðar sé um A-hluta stofnanir að ræða. Á sama hátt getur hann heimilað B-hluta stofnunum að byggja eigið fé sitt með tekjum sem fara fram úr áætlunum fjárlaga. Ákvæðum þessum er að hluta ætlað að koma í stað 54. gr. laga um ríkisbókhald sem mæla fyrir um að fjmrh. skuli setja reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hlutanum að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Heildstæðar reglur um skil á rekstrarhagnaði ríkisfyrirtækja hafa hins vegar aldrei verið settar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á 2. mgr. 5. gr. sem felur í sér mjög veigamikil frávik frá meginreglu 1. gr. Í þessari málsgrein er mælt fyrir um að fjmrh. geti heimilað ríkisfyrirtækjum að standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu og að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

Með þessu er þessum fyrirtækjum tryggt nægjanlegt svigrúm til þess að stunda samkeppni við einkaaðila á svipuðum grundvelli. Ákvæði þetta er ekki nýmæli en því er ætlað að koma í stað 2. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Hins vegar gerir það nokkuð strangari kröfur en gerðar hafa verið varðandi þau skilyrði sem fyrir hendi þurfa að vera ef nauðsynlegt þykir að fara fram úr fyrirmælum fjárlaga um fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja. Þó gilda ákvæði 7. gr., sem mælir fyrir um að óheimilt sé að fella niður eða flytja milli verkefna greiðsluheimildir á stofn- og fjárfestingarframlögum og hvers konar styrkjum sem ákveðnar eru í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Eðlilegt þykir að ákvörðunum fjárveitingavalds í þessum efnum verði ekki breytt nema af því sjálfu.

Loks tel ég rétt að geta sérstaklega ákvæða 9. gr. er kveður á um að fjmrh. sé heimilt á hverju fjárlagaári að stofna til tímabundis yfirdráttar í Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins. Hámark yfirdráttarins skal ákveða í fjárlögum hverju sinni. Heimild sambærilega þessari hefur verið að finna í 6. gr. fjárlaga á liðnum árum en þó án nokkurs hámarks. Telja verður tímabært að takmarka heimildir ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í Seðlabankanum og að sem fyrst þurfi að girða algjörlega fyrir þennan möguleika ríkissjóðs til þess að verða sér úti um skotsilfur. Nútímaefnahagsstjórn krefst þess að ríkissjóður hafi ekki óheftan aðgang að Seðlabanka til þess að fjármagna árstíðabundna fjárþörf, slíkt er almennt talið veikja peningamálastjórn og hefur verið aflagt í fjölmörgum löndum. Um leið verður að tryggja ríkissjóði kost á skammtímalántökum á lánsfjármarkaðnum. Segja má að ákvæði 10. gr. marki fyrstu sporin á þessari leið.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um einstakar greinar frv. en vísa í því efni til athugasemda með frv.

Að lokum vil ég geta þess að það er staðföst trú flm. að frv. þetta muni tryggja með viðunandi hætti að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk verði í heiðri hafðar. Það muni jafnframt veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum ríkisins og fjármálastjórn jafnframt því sem reglur þess ættu að stuðla að vandaðri og raunhæfari vinnubrögðum við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjárln.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er til umræðu og flutt er af nefndarmönnum hv. fjárln. miðar að því að styrkja framkvæmd fjárlaga. Svigrúm framkvæmdarvaldsins til athafna hefur iðulega verið talið meira en góðu hófi gegnir þó svo flestir séu sammála um það að gæta þurfi líka að því að löggjafinn fari ekki út yfir eðlileg mörk í afskiptum af framkvæmdarvaldinu. Það markar vissulega tímamót að fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna skuli standa að frv., enda hefur þetta mál fengið ítarlega umfjöllun allt frá árinu 1988.

Ég sé ástæðu til að taka til máls um frv. því að í því eru fjmrh. lagðar ýmsar skyldur á herðar og eðli máls samkvæmt er hann sá aðili sem mest samskipti á við Alþingi um fjárlagamál. Í upphafi máls míns vil ég fara nokkrum orðum um ýmis almenn atriði og anda frv. Síðan kem ég að ákvæðum nokkurra mikilvægra greina þess. Öll þessi atriði munu ugglaust koma til umræðu í nefnd þegar frv. kemur þangað til frekari vinnslu.

Engum blöðum er um það að fletta að óheimilt er að greiða úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða öðrum lögum. Eins og allir vita hefur í tímans rás gengið misjafnlega að framfylgja þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Skýringarnar á því eru eflaust margar. Að nokkru leyti má rekja það til viðvarandi verðbólgu og vandamála í fjármálastjórn sem því fylgir. Því tíðkuðust um áraraðir svokallaðar aukafjárveitingar fjmrh. þar sem hvorki var stuðst við almenn fyrirmæli í lögum né skráðar heimildir. Á síðari árum hefur þetta fyrirkomulag verið gagnrýnt, bæði innan þings sem utan og nú má segja að aukafjárveitingar hafi lagst af, enda aðstæður til fjármálastjórnar allt aðrar en var á árum áður. Því má segja að margt af því sem frv. er ætlað að ná sé nú þegar komið til framkvæmda. Ákvæði frv. gera þetta í ýmsum atriðum þó enn skýrar.

Fyrst er til að taka að almennt mun viðurkennt að samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eru um margt óskýr og hefur það með réttu sætt gagnrýni. Þetta á við á öðrum sviðum en þeim er lúta gagngert að fjárlögum og heimild til fjárgreiðslna. Mér kemur m.a. í hugann skipan manna í stjórnir og ráð. Ef nefnd eru dæmi má minna á bankastjórnir, stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, stjórnir verksmiðja á vegum ríkisins o.s.frv. Hjá því getur tæpast farið að hagsmunaárekstrar verði milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins við slíkar aðstæður. Oft og tíðum er alls ekki ljóst hvorum húsbóndanum skal hlýða, löggjafanum eða framkvæmdarvaldinu. Mér sýnist að frv. sé ekki sérstaklega til þess fallið að skerpa línur milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og er það miður.

Í mínum huga ber löggjafanum fyrst og fremst að setja almennar reglur um framkvæmdarvaldsmálefni og hafa eftirlit með því að eftir þeim sé farið en forðast bein afskipti af sjálfri framkvæmdinni. Með sama hætti og framkvæmdarvaldið hefur e.t.v. tekið sér vald umfram það sem lög og stjórnarfarsreglur heimila, þá þarf líka að vara við því að löggjafarvaldið vefjist svo mikið inn í framkvæmdarvaldsmálefni að eftirlit þess og aðhald með framkvæmdarvaldinu verði óvirkt.

Annað atriði af almennum toga sem ég vil nefna er að til álita hefur komið hvort setja eigi sérstök lög um greiðslur úr ríkissjóði eða að öðrum kosti að fella ákvæði frv. inn í gildandi lög nr. 52/1967, um bókhald og gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þó hér sé ekki um grundvallaratriði að ræða telur fjmrn. eðlilegra að ákvæði frv. séu felld að núgildandi lögum um sama efni og að í þau lög verði skeytt nýjum kafla um greiðslur úr ríkissjóði og fleira. Að þessu sjónarmiði hníga ýmis rök.

Á síðustu missirum hefur gerð ríkisreiknings og fjárlaga verið mjög mikið til umfjöllunar. Fyrrv. fjmrh. setti af stað umfangsmikla athugun á ýmsum þáttum er að ríkisreikningi og fjárlögum lúta og er unnið að þessu í svonefndri ríkisreikninganefnd. Í þeirri nefnd sitja fulltrúar allra helstu hagskýrslustofnana ríkisins svo sem Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, Hagstofu, Ríkisendurskoðunar og fjmrn. Ýmsar breytingar hafa nú þegar verið gerðar á ríkisreikningi í kjölfar þessarar vinnu en heildstæð mynd af öllum þeim breytingum sem menn telja að þurfi að komast á er ekki enn komin fram. Strax á næsta ári hefur verið boðað að framsetningu fjárlagafrv. verði breytt þar sem fram komi jöfnum höndum yfirlit yfir greiðslur úr ríkissjóði og skuldbindingar sem ríkissjóður tekst á hendur.

Einnig hef ég mælst til þess við ríkisreikningsnefnd að vinnunni verði hraðað þannig að í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 verði gjöld og tekjur ríkissjóðs flokkuð sem mest í hátt við alþjóðlegar reglur. Þetta þýðir m.a. að ýmsir útgjaldaþættir ríkisjóðs sem til þessa hafa dregist frá tekjum og tekjulið fjárlaga koma nú til gjalda. Þannig verður þingheimi gerð fyllri grein en áður fyrir hver hin raunverulegu útgjöld eru og til hvaða verkefna þau renna og með sama hætti hverjar hinar eiginlegu tekjur ríkissjóðs eru.

Ég hef aðeins nefnt tvö atriði sem endurskoðunin tekur til en málið er flókið og að mörgum sjónarmiðum þarf að hyggja. Því er það viðhorf ráðuneytisins að ákvæði um greiðslur úr ríkissjóði verði best komin sem hluti af þeirri heildarlöggjöf. Það skal þó tekið fram að frv. var unnið með þeim hætti að fjmrh. kom að málinu og um það var samið að frv. yrði flutt með þeim hætti sem það hefur nú verið gert þótt að mínu viti hefði verið heppilegra að hafa annan hátt á eins og ég veit reyndar að hv. fjárln. er vel kunnugt um.

Þriðja atriðið af almennum toga sem ég tel nauðsynlegt að geta um tekur til ýmissa heimildarákvæða sem Alþingi hefur veitt fjmrh., einkum og sér í lagi í 6. gr. fjárlaga og fyrirmæla sem fjárln. gefur framkvæmdarvaldinu. Hv. fjárlaganefndarmenn og aðrir hv. þm. þekkja vel að í 6. gr. fjárlaga hefur iðulega verið leitað heimilda til umfangsmikilla útgjalda fyrir ríkissjóð. Ýmis málefni sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum fjárveitingavaldsins í fjárlögum eða ágreiningur og vafi hefur leikið á um hafa verið tekin upp í 6. gr. fjár-

laga. Með þessum hætti hefur fjmrh. verið eftirlátið að ákvarða mikilvæg mál sem Alþingi hefur ekki treyst sér til að taka afstöðu til. Þannig hefur verið lagt í framkvæmdir og uppgjör farið fram langt umfram þau mörk sem fjárveiting vegna 6. gr. hefur rúmað.

Ég hygg að ég tali fyrir munn allra fyrrv. fjmrh. að þeir hafi ekki hvatt til notkunar 6. gr. heimildarinnar. Ég þekki það frá sl. ári að fjölda óska var hafnað um heimildarákvæði í 6. gr. á undirbúningsstigi fjárlaga. Eigi meiri agi að nást en þetta frv. stefnir að ætti eðli máls samkvæmt að fella niður eða takmarka notkun 6. gr. mjög mikið frá því sem nú er. Þar sem ekkert er tekið á þessu málefni í frv. tel ég að taka þurfi það til sérstakrar skoðunar.

Að gefnu tilefni vil ég fjalla nokkrum orðum um boðvald fjárln. um eitt málefni fjárlaganna, þ.e. ráðstöfun fjármuna í svonefndum safnliðum. Fjmrn. hefur unnið markvisst að því að auka ábyrgð einstakra ráðuneyta í fjármálum hvert á sínu sviði. Í stórum dráttum held ég að ekki hefði tekist jafnmikil samstaða í hæstv. ríkisstjórn um aðhald og samdrátt í fjárveitingum ef þetta væri ekki. Því tel ég menn hér vera á réttri braut. Hitt er aftur á móti verra og kann að valda erfiðleikum ef fjárln. eykur afskipti af einstökum málefnum og fjárframlögum til þeirra því að það stangast á við þá viðleitni sem nú er uppi um ábyrgð einstakra ráðuneyta. Þetta nefni ég því dæmi eru um það að fjárln. hafi gefið ráðherrum ákveðin fyrirmæli um ráðstöfun safnliða til málefna sem ráðherra er ósáttur við og einnig að nefndin hafi tilkynnt viðtakendum um fjárframlög án nokkurrar aðildar hlutaðeigandi ráðherra og ráðuneytis sem þó fer með ábyrgðina á þeim málaflokki og ber fulla ábyrgð á viðkomandi skiptingu. Hér sýnist mér að nefndin hafi jafnvel farið út fyrir þau valdmörk sem henni eru ætluð en þess skal getið að þessi háttur hefur verið hafður á um áratuga skeið.

Ég sný mér nú að athugasemdum og umfjöllun um einstakar greinar frv. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þær allar, enda hefur það verið gert allítarlega í framsögu hv. formanns fjárln. Ég vil þó ekki láta hjá líða að víkja að örfáum atriðum sem fulltrúar fjárln. og fjmrn. hafa skipst á skoðunum um.

1. og 2. gr. frv. taka til heimilda til fjárskuldbindinga fyrir ríkissjóð. Í 2. mgr. 1. gr. er allur vafi tekinn af um það að meginreglan sé sú að fjárgreiðsla sé óheimil umfram það sem ákveðið er í fjárlögum né heldur fjárskuldbinding ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem felur í sér aukið rekstrarumfang frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Litið er svo á að ekki sé nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð heldur verði og að afla heimilda í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslu.

Gagnlegt er að tvímæli séu tekin af í þessu efni og má segja að þetta ákvæði sé í fullu samræmi við ákvæði um lántöku, þ.e. að í lánsfjárlögum skuli leita nauðsynlegra heimilda til lántöku hvers árs um sig jafnvel þó að í sérlögum kunni að vera opnar heimildir til lántökunnar.

Hitt er svo að samningar eru af ýmsu tagi. Mér þykir rétt að gera sérstaka grein fyrir ákvæðum kjarasamninga ríkisins. Eðli máls samkvæmt fela þeir í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki þó svo að öllu jöfnu sé þeim ekki ætlað að hafa áhrif á rekstrarumfang stofnana. Ríkisstjórnin er sá aðili sem mótar efnahagsstefnu á hverjum tíma og ber henni því jafnan að tryggja að gerð kjarasamninga verði innan rýmilegra marka. Bent skal á að kjarasamningar við félög opinberra starfsmanna eru nú á annað hundrað. Þeir samningar eru á ábyrgð fjmrh. og tengjast iðulega samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Í þessum kjarasamningum er í rauninni hornsteinn þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórn á hverjum tíma stendur að. Ég vara því við ákvæðum er takmarka vald fjmrh. til kjarasamninga því að það mun valda erfiðleikum við samningsgerðina, einkum og sér í lagi ef ráðherra er ekki talinn hafa fullt umboð til hennar. Fjmrh. þarf að hafa fullt og óskorað vald til þess að gera kjarasamninga, en að sjálfsögðu hvílir sú skylda að leita nauðsynlegra fjárheimilda í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslu í samræmi við gerða kjarasamninga. Ákvæði 2. gr. eru í sjálfu sér óþörf í þessu ljósi.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um ákvæði 3. gr. frv. Samkvæmt þessari grein er ríkissjóði, stofnunum ríkisins og fyrirtækjum óheimilt að selja, kaupa, skipta eða leigja til langs tíma eignir sem telja má verulegar nema samkvæmt lagaheimild hverju sinni. Með þessum hætti er leitast við að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum eigi sér stað án samþykkis Alþingis fyrir viðskiptunum. Liggi slík heimild ekki fyrir verður væntanlega að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Eins og allir vita hefur þmfrv. verið flutt um þetta efni í vetur og þetta var að sjálfsögðu í þeim frumvörpum sem flutt voru á fyrri þingum.

Eins og menn þekkja hefur fjmrh. á hverjum tíma æðimikið vald til að fjalla um og fara með það sem kallað eru lausafjármunir. Til lausafjármuna teljast ýmsar skammtímakröfur, m.a. hlutabréf. Því getur fjmrh., út á hina almennu heimild, selt hlutabréf án beinnar aðildar Alþingis hverju sinni. Með ákvæðinu eins og það er í 3. gr. er í raun tekið fyrir þetta. A.m.k. verður ekki gengið frá sölu eigna af hvaða tagi sem er án fyrirvara um samþykki Alþingis, hafi heimildar ekki verið leitað fyrir fram. Þetta ákvæði má vera gagnlegt þó svo að bókstafstúlkun muni óhjákvæmilega gera fjmrh., einstökum ráðherrum, forstöðumönnum stofnana og forstjóra fyrirtækja oft og tíðum erfitt um vik.

Í samræmi við megintilgang frv. er í 4. og 5. gr. þess lagt til að allar sértekjur A-hluta stofnana og sölutekjur B-hluta fyrirtækja fái mun ákveðnari umfjöllun en verið hefur til þessa. Almenna reglan er sú að stofnanir og fyrirtæki megi ekki ráðstafa tekjum umfram áætlun að eigin vild. Fjmrh. getur þó heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa öllum eða hluta teknanna til eigin þarfa, þó aldrei til eigin framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda. Svipuðu máli gegnir raunar um tekjur sem

B-hluta fyrirtæki kunna að afla og þurfa á að halda til að standa undir rekstri eða efla hann. Á það skal fullkomlega fallist að það þarf að setja mun skýrari reglur um heimildir stofnana og fyrirtækja til ráðstöfunar á eigin tekjum. Í 54. gr. laga nr. 52/1966, um gerð ríkisreiknings og fjárlaga, er nú til staðar ákvæði sem heimilar fjmrh. að setja reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð að svo miklu leyti sem slíkt er ekki ákveðið í lögum. Þar er kveðið á um að fyrirtækjum þessum og sjóðum sé heimilt að nota rekstrarhagnað til að auka hreina eign með þeim takmörkunum sem fjmrh. setur eða ákveðnar eru með lögum. Heildstæðar reglur um skil á rekstrarhagnaði ríkisfyrirtækja hafa aldrei verið settar en ákvörðun um skil arðs fyrirtækja og sjóða hafa jafnan verið settar í einstökum tilvikum. Um þetta mál hefur dálítið verið fjallað upp á síðkastið og vek ég athygli á að með fjárlögum fyrir 1992 er sérstakt yfirlit sem sýnir hvaða arði fyrirtækjunum er ætlað að skila. Þetta ákvæði greinarinnar er því ekki nýmæli en að því leyti þarft þar sem það ýtir á eftir því að út frá ákveðnum reglum verði gengið.

Aðalefni þessa máls er þó að hafa þarf hugfast að á undanförnum árum hafa stofnanir verið hvattar til þess að afla tekna með sölu á þjónustu og annarri starfsemi. Ákvæði um skil sértekna stofnana og fyrirtækja mega ekki vera letjandi í þessu efni en slíkt gæti orðið ef stofnanir njóta ekki í einhverjum mæli teknanna og hafi heimild til ráðstöfunar þeirra. Jafnframt þarf að hafa í huga að til þess að auka sértekjur fylgir oft aukinn kostnaður vegna breytinga eða aukinnar starfsemi. Því vara ég sterklega við takmörkunum sem ganga of langt í þessum efnum.

Ákvæði 9. gr. frv. vil ég fjalla sérstaklega um. Í greininni er ákvæði þess efnis að fjmrh. sé heimilt á hverju fjárlagaári að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins. Að mati þeirra sem að fjármálum ríkisins starfa og að stjórn peningamála vinna er tímabært að takmarka heimild ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í Seðlabanka Íslands og að sem fyrst þurfi að taka fyrir yfirdráttarmöguleika ríkissjóðs. Í frv. er gert ráð fyrir að yfirdrátturinn verði takmarkaður og það verði háð ákvörðun Alþingis hverju sinni hver sá yfirdráttur megi vera. Þess er vert að geta að í hugmyndum nefndar sem hefur haft löggjöf um Seðlabanka til athugunar, reyndar hefur frv. nefndarinnar verið lagt fram á Alþingi til kynningar, er kveðið skýrar að orði um þetta atriði því að þar er gert ráð fyrir að tekið sé fyrir allan yfirdrátt ríkissjóðs hjá Seðlabanka. Það má því segja að allt bendi til þess að innan skamms verði ríkissjóði óheimill yfirdráttur í Seðlabanka með þeim hætti sem hefur verið á liðnum árum.

Á undanförnum árum hefur ætíð verið að finna í 6. gr. fjárlaga heimild fyrir fjmrh. að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands í því skyni að mæta tímabundnum sveiflum í fjármálum ríkisins og semja um greiðslu yfirdráttarskuldar og lánskjör. Þessar sveiflur eru fyrst og fremst til komnar vegna þess að inngreiðslur í ríkissjóð af ýmsum tekjum, þar á meðal skatttekjum, koma ekki inn á sama tíma og stofnast til útgjalda og þarf að greiða ýmis útgjöld ríkissjóðs. Þess vegna þarf ríkissjóður, eins og margar aðrar stofnanir og fyrirtæki, á skammtímafyrirgreiðslu að halda hjá þeim sem geta lánað ríkissjóði fjármuni.

Ákvæði sem þetta fellur e.t.v. ekki mjög vel að nútímahagstjórn, þ.e. ákvæði í 6. gr. Sé litið til nálægra landa virðist sem víðast hvar hafi verið tekið fyrir þessar fjármögnunarleið fyrir ríkissjóð. Því tel ég eðlilegt að ákvæði sem þetta sé sett í lög. Ákvæðið ber þess sterk merki að aga þurfi framkvæmdarvaldið við framkvæmd fjárlaga. Þetta er út af fyrir sig góðra gjalda vert en felur í sér nokkra einföldun á málefninu og það eru tvö atriði sem ég vil nefna og skipta máli í þessu sambandi.

Annars vegar samrýmist það nútímahagstjórn að ríkissjóður hafi ekki ótakmarkaðan aðgang að Seðlabanka til fjármögnunar á tímabundinni fjárþörf. Slík tilhögun er almennt talin veikja peningamálastjórn og samrýmist ekki opnari og frjálsari peningamarkaði en verið hefur. Því ber að fagna því í þessu frv. og frv. til laga um Seðlabanka Íslands er fetað inn á nýjar brautir í þessu efni. Þó tel ég að fyrst um sinn þurfi nokkra aðlögun að breyttum háttum og því kæmi til álita að á hverjum ársfjórðungi hefði ríkissjóður heimild til yfirdráttar að vissu hámarki en í lok yfirdráttartímabils væri ríkissjóði gert að greiða upp þá skuld. Þetta mundi í rauninni fela í sér að ríkissjóður verði að haga lántökum sínum innan lands og erlendis þannig að yfirdráttur verði ekki langvinnur eins og oft hefur gerst á liðnum árum.

Hins vegar — og það er hitt atriðið — þarf að hafa hugfast að til þess að ríkissjóður geti fyrirbyggt yfirdrátt í Seðlabanka þarf hann að eiga kost á skammtímafjármögnun. Til þess að svo geti orðið þarf lánamarkaður hérlendis að eflast töluvert frá því sem nú er en eins og menn þekkja hefur megináherslan verið lögð á langtímamarkaðinn. Þar hefur ríkissjóður átt verulegan þátt í að byggja upp sparnað landsmanna með útgáfu spariskírteina til þriggja, fimm og sjö ára. Hinu er ekki að leyna að ríkissjóður hefur í vaxandi mæli tekið lán til skamms tíma, einkum í formi ríkisvíxla. Viðskipti með ríkisvíxla hafa verið það mikil á síðustu árum að þau hafa gert meira en að jafna tímabundið sveiflur í fjármálum ríkisins.

Ríkisvíxlar gegna þannig mikilvægu hlutverki en skammtímamarkað þarf að efla enn frekar. Því er ákveðið að gefa út ný ríkisbréf til 6–18 mánaða. Áformað er að þau verði seld á uppboði þannig að vextir ráðist á markaði en ekki eins og hefur gilt um spariskírteini og ríkisvíxla að þeir séu ákveðnir af fjmrh. hverju sinni. Þessi nýbreytni er liður í því að efla skammtímamarkaðinn enda er nauðsynlegt verði girt fyrir yfirdráttarmöguleika ríkissjóðs í Seðlabanka. Fjmrh. frábiður sér þannig að þurfa að ákveða vextina en þess í stað verði ríkissjóður að lúta þeim vöxtum sem markaðurinn kallar á. Það verður síðan hlutverk Seðlabankans að haga peningamálastjórn þannig að vaxtasveiflur, vaxtastig, verði í samræmi við efnahagsforsendur.

Það er mat fjmrn. að frá og með næstu áramótum sé eðlilegt og rétt að greiðslustreymi ríkissjóðs verði hagað þannig að til sem minnsts yfirdráttar þurfi að koma. Þetta mál þarf þó frekari úrvinnslu við og er nú verið að vinna að því í samráðsnefnd um lánasýslu sem fulltrúar fjmrn. og Seðlabanka Íslands taka þátt í.

Hæstv. forseti. Ég hef getið um nokkur veigamikil atriði þessa frv. um greiðslur úr ríkissjóði. Um frv. er margt gott að segja en ég er sannfærður um að þingið og sú nefnd, sem fær málið til umfjöllunar, þarf að skoða ýmis ákvæði gaumgæfilega.

Nú er það svo að lagt er til að málið fari til fjárln. en það er hún sem flytur frv. Samt sem áður bið ég formann hv. nefndar, hv. frsm. málsins og aðrar nefndarmenn að skoða þau atriði sem upp kunna að koma í umræðunni. Þegar á heildina er litið fagna ég því að þetta frv. skuli komið fram því að það styrkir framkvæmd fjárlaga sem er vissulega mjög brýnt. Við hinu þarf þó að vara að frv. verði til þess að verkaskipting löggjafans og framkvæmdarvaldsins verði gerð óskýrari en nú er og að í lögunum séu ákvæði sem draga úr ábyrgð þeirra sem stofnunum og fyrirtækjum ríkisins stjórna. Á síðustu missirum og einkum í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið lögð þung áhersla á að bæði ráðuneyti og stofnanir bera sem mesta ábyrgð á fjármálum hvert á sínu sviði. Umræðan um aðhald í ríkisútgjöldum upp á síðkastið hefur fært mönnum heim sanninn um það að valddreifing í fjármálum er þegar farin að skila nokkrum árangri. Á þessari braut viljum við halda áfram.

Hæstv. forseti. Mér fannst eðlilegt að þessi sjónarmið kæmu fram við 1. umr. málsins til þess að nefndin hafi þau til hliðsjónar við meðferð þess.

Að lokum ítreka ég stuðning minn við tilgang frv. og tel afar þakkarverðan og lofsverðan þann áhuga sem fjárln. bæði fyrrv. og nú hefur sýnt þessum málefnum með umræðum og með því að þetta mál skuli hafa verið flutt af hálfu nefndarinnar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Formaður fjárln., hv. 6. þm. Reykn., hefur gert grein fyrir því frv. sem liggur fyrir um greiðslur úr ríkissjóði o.fl. sem fjárln. flytur og ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um frv. Hann hefur gert ítarlega grein fyrir því. Ég vildi aðeins leggja nokkur orð inn í þessa umræðu um afstöðu okkar fulltrúa Framsfl. í nefndinni gagnvart þessu frv.

Fjárln. stendur sem heild að þessu frv. og mikil vinna var lögð í það í nefndinni og mér er kunnugt um að það var einnig gert í þeirri fjárln. sem sat á fyrra kjörtímabili. Hún lagði mikla vinnu í frv. sitt á sínum tíma sem var til umræðu á síðasta þingi. Aðdragandinn að þessu máli er því orðinn nokkuð langur. Þessu frv. er eins og hinu fyrra ætlað að setja skýr lagaákvæði um samskipti löggjafar- og framkvæmdarvalds á sviði ríkisfjármálanna. Við fulltrúar Framsfl. höfum fylgt þeirri stefnu og reynt að koma þeim sjónarmiðum til skila í nefndinni að lagaramminn um þau sé eins einfaldur og skýr og kostur er, því að oft og tíðum er ekki um mjög einföld mál að ræða, þau ákvæði sem í frv. eru standist í framkvæmd og valdi ekki árekstrum milli löggjafar- og framkvæmdarvalds eftir á þegar á það reynir að fara að framkvæma þau. Þetta höfum við haft að leiðarljósi í vinnu okkar og um þetta atriði voru miklar umræður í nefndinni en það hefur tekist allvel að samræma sjónarmiðin og vil ég láta í ljós ánægju með það. Það er meginreglan í frv., sem kemur fram í 1. gr. þess, að engar greiðslur úr ríkissjóði má inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reiknisár. Þetta er aðalreglan og spyrja má hvort það þurfi nokkurs meira við. En málið er ekki alveg svona einfalt og það eru fjölmörg ákvæði varðandi ríkisfjármálin sem frv. tekur á.

Óhætt er að segja að mestur tími hafi farið í að ræða um 2. gr. frv. sem kveður á um heimildir ráðherra til kjarasamninga og meðferð þeirra kjarasamninga á Alþingi. Því hefur verið breytt frá fyrra frv. Meginreglan er í frv., sem samkomulag tókst um, að ráðherra hafi heimild til kjarasamninga, hún sé skýr og ótvíræð. Við fulltúar Framsfl. erum fylgjandi því sjónarmiði að óhæft sé annað en að ráðherra hafi skýrar og ótvíræðar heimildir til kjarasamninga en leiti síðan heimilda í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir útgjaldaaukningunni eins fljótt og kostur er. Ég tel að þarna hafi náðst lending sem ætti að vera vel skýr og framkvæmanleg. En um þetta hefur eins og ég gat um orðið miklar umræður og þessi lending náðist í málinu.

Það hefur verið gerð grein fyrir öðrum greinum frv., t.d. 4.–7. gr. sem fjalla um meðferð sértekna og hagnað B-hluta fyrirtækja, reglugerðarákvæði, tilfærslu greiðsluheimilda milli verkefna og ónotaðar fjárveitingar. En framkvæmd reglna og lagaákvæða um þessi málefni, sem hér um ræðir, hafa verið nokkuð á reiki og vantar tilfinnanlega skýrari ákvæði um þessi efni.

Í 9. gr., sem hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni áðan, var það niðurstaða að hámark skuli sett í fjárlögum ár hvert um yfirdrátt í Seðlabankanum. Við erum sammála þessari niðurstöðu og eins og hæstv. fjmrh. tók fram þá hefur sú stefna verið uppi og kom vissulega til umræðu hvort það ætti að taka algjörlega fyrir þessa heimild til yfirdráttar. Ég held að sú lending sem þarna náðist sé heppilegri. Ég sé ekki að fjármagnsmarkaðurinn á Íslandi sé orðinn það þróaður að það sé heppilegra fyrir ríkissjóð eða aðra þá sem gæta fjárhirslunnar að stinga sér til sunds í þessum efnum og þurfa að afla sér rekstrarfjár eingöngu með skammtímalánum og sölu pappíra á markaði. Ég tel að þarna hafi náðst millileið sem er viðunandi.

Ég er sammála hæstv. fjmrh. um það að 6. gr. heimildir fjárlaga hafa oft verið ansi opnar. Ég tek það alveg á mig ásamt og fleiri hv. þm. Ég er viss um að þeir eiga eins mikinn hlut þar að máli og hæstv. ráðherrar á hverjum tíma. Það er alveg rétt að þarna hafa farið inn ýmis baráttumál margra hv. þm. Þó held ég að þessar heimildir verði að vera fyrir hendi og þá aðallega um kaup og sölu eigna ríkissjóðs, að það sé háð slíkum heimildum, vegna þess að ég tel að það sé stirt í vöfum að leggja fram lagafrv. um hverja einustu slíka sölu. En að sjálfsögðu er það óhæft fyrirkomulag að

eignir ríkisins séu seldar eða keyptar án lagaheimildar. En ég tek undir það vissulega að þessar 6. gr. heimildir verði að vera skýrar.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég lít svo á að vegna ákvæða 3. gr. frv. sé óheimilt að selja eignarhlut í félögum, þar á meðal hlutabréf, nema með ákvæðum í almennum lögum.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. Við fulltrúar Framsfl. í fjárln. stöndum að þessu frv. Við hlustum að sjálfsögðu á þær hugmyndir sem koma fram við 1. umr. um málið og við munum taka fullan þátt í umræðu um þær athugasemdir í nefndinni þegar málið kemur þangað.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður skýrði frá þá styður Framsfl. þetta frv. En vegna forsögu málsins langar mig til að segja örfá orð. Það er fyrst og fremst vegna þess að ég lagðist gegn afgreiðslu frv. með þessu nafni í fyrra þar sem mér þótti þá að fjárln. væri komin ofar ríkisstjórninni að afli og völdum og í því væru ákvæði sem augsýnilega væru óheppileg eins og að fara að ræða kjarasamninga á Alþingi áður en þeir væru gerðir. Nú hefur þessum agnúum verið eytt og frv. lagt fram í breyttri mynd og ég vil lýsa yfir heils hugar stuðningi við málið eins og það liggur fyrir á þskj. 737. Ég vil líka bæta því við að fyrr á þessu þingi flutti ég á þskj. 423 frv. til laga um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda og endurflutti það reyndar frá í fyrra. Það frv. tekur á einum þætti þessara mála, þ.e. að fjmrh. eða viðkomandi ráðherra sé óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs og ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,
b. hlutabréf eða eignarhlut í félögum,
c. skip eða flugvélar,
b. listaverk og listmuni eða söfn sem geyma menningarverðmæti,
e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

Mér sýnist að frv. í núverandi mynd taki yfir þessi atriði. Frv. mitt hefur að sjálfsögðu ekki fengist rætt á þinginu frekar en önnur þingmannafrumvörp. Hér hefur fyrst og fremst verið sinnt afgreiðslu stjórnarfrumvarpa. Ég vil ekki tefja fyrir því þingmannafrumvarpi sem er til umræðu eða afgreiðslu þess. Ég styð það heils hugar. Ég tel að það taki yfir þau atriði sem talin voru upp í því frv. sem ég flutti og vænti þess að þetta frv. verði að lögum áður en þessu þingi lýkur.

Umræðu frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 749.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til samkeppnislaga sem er á þskj. 749. Þar er lagt til að samkeppnislög leysi af hólmi lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Frá því að þau lög sem eru frá árinu 1978 gengu í gildi hafa orðið verulegar og víðtækar breytingar á skipulagi og starfsháttum atvinnulífs á Íslandi. Kröfur um aukna framleiðni og skilvirkni hafa leitt til stærri og öflugri framleiðslueininga og aukinnar samþjöppunar í atvinnulífinu. Fyrirkomulag á sölu vöru og þjónustu hefur stöðugt verið að breytast. Þá hefur aukin milliríkjaverslun í vaxandi mæli haft áhrif á samkeppnisaðstæður á mörgum sviðum atvinnulífsins. Aðlögun íslenska hagkerfisins að nánari efnahagssamvinnu í Evrópu mun enn knýja á um framhald þessarar þróunar. Það er því fyllilega tímabært að endurskoða samkeppnislöggjöfina í ljósi breyttra aðstæðna á markaði og í framleiðslu.

Þær breytingar sem ég hef gert að umræðuefni hafa þegar haft áhrif á starfshætti verðlagsyfirvalda. Fram á síðustu ár var hlutverk verðlagsyfirvalda að mestu fólgið í afskiptum af verðlagningu beinlínis í einu eða öðru formi. Á þessu hefur hins vegar orðið sú breyting að stórlega hefur dregið úr beinum verðlagsafskiptum en í þess stað hafa afskipti af samkeppnismálum farið vaxandi. Með aukinni samkeppni hefur borið meira á því að fyrirtæki með sterkari stöðu á markaðnum misbeiti henni, m.a. með því að mismuna viðskiptavinum og freista þess að beita ósanngjörnum aðferðum gagnvart samkeppnisaðilum. Málum af þessu tagi sem komið hafa til meðferðar hjá verðlagsyfirvöldum fer nú ört fjölgandi. Réttar leikreglur um samkeppni geta haft gífurleg áhrif til að bæta lífskjör almennings og stuðla að hvers konar hagræðingu í rekstri fyrirtækja. Reglur sem vinna gegn einokun og hringamyndun, sem vinna gegn samþjöppun efnahagslegs valds og sem setja seljendum vöru og þjónustu leikreglur um samskipti við neytendur, vernda hagsmuni hvers einasta manns í landinu og bæta lífskjör hans á raunhæfan hátt.

Vaxandi skilningur er á því hér á landi sem annars staðar í Evrópu að virk samkeppni er ákaflega mikilvæg til þess að stuðla að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta og að efnahagslegum framförum.

Eins og fram hefur komið í máli mínu hefur samkeppni hér á landi aukist í ýmsum greinum á síðustu árum en þó vantar enn mikið á að hún sé alls staðar fullnægjandi. Með frv. er að því stefnt að efla virka samkeppni enn frekar á þeim sviðum þar sem hún getur best tryggt hag neytenda, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild. Það er gert með því að skerpa þær samkeppnisreglur sem nú eru í gildi, auka gagnsæi markaðarins og draga úr opinberum samkeppnishömlum. Með frv. er þó aðeins hægt að stuðla að síðasttalda atriðinu með óbeinum hætti þar sem opinberar samkeppnishömlur, t.d. innflutningsbönn á nokkrum vörutegundum, tæknilegar viðskiptahindranir, verðlagning búvöru, verðlagning lyfja, vátrygging og nokkur fleiri atriði eru enn bundin í öðrum lögum sem þyrfti þá að endurskoða sérstaklega. Ég á þá von á því að skilningur á nauðsyn virkrar samkeppni muni einnig ná til þessara sviða og að sá skilningur muni aukast. Reynd-

ar er í frv. gert ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld geti komið á framfæri ábendingum við stjórnvöld um ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem stríða gegn markmiðum þessara laga og snertir það að sjálfsögðu þau málasvið sem ég hef lítillega nefnt sem annars eru ekki snortin af því frv. sem hér er rætt.

Virðulegi forseti. Með þessum inngangi mun ég nú fara yfir nokkur helstu ákvæði frv. og helstu breytingar sem það felur í sér miðað við gildandi löggjöf. Þar ber kannski fyrst að nefna að andi laganna, meginstefna þeirra, breytist. Í gildandi lögum hafa bein verðlagsafskipti setið í fyrirrúmi en samkvæmt frv. munu þau heyra til undantekninga. Þess í stað er megináherslan í frv. á það lögð að ná höfuðmarkmiði laganna um hagkvæmustu nýtingu framleiðsluþáttanna með eflingu virkrar samkeppni. Í samræmi við þetta er m.a. lagt til að nafni Verðlagsstofnunar verði breytt í samkeppnisstofnun og að samkeppnisráð taki við af verðlagsráði. Lögin taka til viðskipta hér á landi en ekki til samninga, skilmála og athafna sem ætlað er að hafa áhrif utan Íslands. Verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði fullgiltur hér á landi fylgja honum kvaðir um lögfestingu samkeppnisreglna sem eiga að gilda í viðskiptum milli ríkja á markaðssvæðinu.

Íslensk samkeppnisyfirvöld mundu með því fá möguleika til þess að hafa afskipti af ýmsum atriðum og viðskiptum er varða innflutning til Íslands, t.d. að samningum milli fyrirtækja á Evrópska markaðssvæðinu sem ætla væri að hafa áhrif hér á landi. En það er vitað um ýmiss konar fyrirkomulag sem hefur valdið hækkun á innflutningsverði á Íslandi, t.d. að dönsk fyrirtæki hafi frá fornu fari haft einkaumboð fyrir innflutning frá þriðja ríki til Íslands og þiggi fyrir það umboðslaun sérstaklega. En með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu gæfist íslenskum samkeppnisyfirvöldum færi á að hafa afskipti af slíkum skilmálum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ráðherra geti breytt gildissviði laga þessara í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland tekst á hendur. Eru þá samningaviðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið hafðar í huga en einnig gætu væntanlegar skuldbindingar okkar í nýju GATT-samkomulagi komið þar til álita. Þá er af sömu ástæðu lagt til að stofnunin aðstoði við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er eða gerist aðili að.

Eins og ég hef þegar nefnt er gert ráð fyrir að fimm manna samkeppnisráð komi í stað níu manna verðlagsráðs og er það í samræmi við breytt hlutverk og breytt stjórntæki þeirrar stofnunar sem ætlað er að hafa daglega framkvæmd laganna á sinni könnu. Stofnunin fær ný stjórntæki til þess að veita atvinnulífinu aðhald og því þykir ekki heppilegt að hagsmunaaðilar hafi þar jafnrík áhrif og nú er raunin, enda væru fulltrúar þeirra jafnan settir í erfiða aðstöðu þegar beita ætti þeim nýju stjórntækjum sem frv. gerir ráð fyrir.

Lagt er til að ráðherra skipi einn ráðsmann, Hæstiréttur tvo eins og verið hefur og hagsmunaaðilar tilnefni tvo ráðsmenn og er lagt til að þessir tveir verði tilnefndir annars vegar af Alþýðusambandi Íslands og hins vegar af Vinnuveitendasambandi Íslands og eru þá valin þau hagsmunasamtök sem hafa víðtækasta félagsaðild. Varamenn í samkeppnisráð eru skipaðir á sama hátt.

Samkvæmt frv. er einnig gert ráð fyrir sérstakri fastanefnd skipaðri þremur mönnum er fjallar um auglýsingar. Með því er einfölduð sú skipan sem lögð hefur verið til í frv. um breytingu á gildandi lögum sem verið hefur til umfjöllunar á undanförnum þingum og á sá kafli frv. að leysa af hólmi það frv. sem lengi hefur verið rætt.

Þá er gert ráð fyrir sérstakri þriggja manna áfrýjunarnefnd. Til hennar yrði hægt að áfrýja ákvörðunum samkeppnisráðs og samkeppnisstofnunar. Sú skipan er lögð til í því skyni að auka réttaröryggi jafnframt því sem völd samkeppnisráðs eru stórlega aukin og því m.a. fengið sektarvald og vald til þess að mæla fyrir um afturköllun á samningum um samruna fyrirtækja og því um líkum samningum.

Í athugasemdum við frv. er gerð ítarlega grein fyrir þeim meginreglum sem samkeppniseftirlit er byggt á í flestum iðnvæddum ríkjum. Ég ætla ekki að endurtaka það í ræðu minni, en í gildandi lögum eru nokkrar tegundir samkeppnishamla þegar bannaðar.

Samkvæmt frv. er hins vegar gert ráð fyrir að fjölga slíkum bönnum þannig að allar þær samkeppnishömlur, sem að fenginni reynslu eru ótvírætt taldar skaðlegar hagsmunum neytenda, verði bannaðar. Það felur í sér að samningar, samráð og aðrar samstilltar aðgerðir um verð, gerð tilboða eða skiptingu markaðar milli fyrirtækja verði bannaðar. Bann við markaðsskiptingu er nýmæli og einnig bann við útgáfu ýmissa starfsstétta á sameiginlegum verðtöxtum sem mikið hafa tíðkast á Íslandi.

Það er einnig nýmæli að seljandi vöru getur ákveðið það verð sem endurseljandi má hæst verðleggja vöruna á. Getur síðasttalda ákvæðið einkum haft þýðingu þegar seljandi vill hasla sér völl með ódýra vöru og þarf að geta tryggt sig gegn því að endurseljendur geri honum það ókleift.

Frá þessum bannákvæðum eru nokkrar undanþáguheimildir sem beita má séu þær taldar geta leitt til aukinnar samkeppni, aukinnar framleiðni og þegar sérstakar aðstæður er varða almannaheill eru til staðar. Enn fremur yrði leyfð samvinna milli aðila sem eru svo smáir að áhrif þeirra á markaðnum yrðu talin hverfandi eða að samvinna þeirra gæti leitt til þess að samkeppni á markaðnum beinlínis efldist. Þá eru leyfðir samningar og samvinna milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis sem í raun og veru eru eitt og sama fyrirtækið og svo loks samningar milli þess sem nefnt er í einkaleyfalögunum nytjaleyfishafar og nytjaleyfisnotendur, þ.e. milli þeirra sem hafa yfirráð yfir einkaleyfi og aðila sem fær rétt til þess að nýta leyfið og þá yfirleitt gegn gjaldi.

Fyrir utan þau bannákvæði við samkeppnishindrunum sem tillögur eru gerðar um í frv. er einnig lagt til að heimiluð verði íhlutun í aðrar tegundir athugana sem skaðleg áhrif geta haft á samkeppni fyrirtækja. Þar er um að ræða heimildir til íhlutunar gegn misbeitingu

markaðsráðandi fyrirtækja á aðstöðu sinni. Almennt er viðurkennt að fylgjast þurfi sérstaklega vel með þessari tegund samkeppnishamla en það hefur sýnt sig að vera býsna erfitt í framkvæmd og á alþjóðavettvangi hafa verið skiptar skoðanir um það með hvaða hætti það skyldi gert. Hér er lagt til að íhlutun eigi sér stað að undangengnu mati á einstökum tilfellum og er það sami háttur og hafður er á í fámennari samstarfsríkjum okkar í EFTA. Markaðsyfirráðin sem slík eru ekki bönnuð en það er matsatriði samkeppnisyfirvalda í hverju einstöku tilfelli hvort eða að hve miklu leyti um misbeitingu á markaðsyfirráðum er að ræða.

Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um samþjöppun efnahagslegs valds í okkar samfélagi og er það ekki að ástæðulausu. Í frv. er í raun og veru í fyrsta sinn tekið á því máli í löggjöf.

Í nágrannaríkjum okkar tíðkast ekki að hafa afskipti af eignar- eða valdahlutföllum innan einstakra fyrirtækja nema í fáum undantekningartilfellum. Um það er fyrst og fremst fjallað í samþykktum hlutafélaga og með almennum lagaákvæðum um þak á atkvæðisrétti einstakra aðila. Slík ákvæði í löggjöf nágrannalanda okkar virðast reyndar vera á undanhaldi vegna þess að þau þykja yfirleitt ekki hafa náð tilætluðum árangri. Hins vegar er algengt að höfð séu afskipti af samruna fyrirtækja sem talinn er leiða til skertrar samkeppni og samþjöppunar efnahagslegs valds. Það er einmitt það sem gert er í frv. og ákvæðið sem þar er að finna nær bæði til samruna, de jure og de facto, hvort sem við honum er gengist af aðilunum eða ekki.

Hér er um að ræða nýmæli í íslenskum lögum en lagt er til að samkeppnisráð hafi heimild til þess að banna samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki ef það dregur verulega úr samkeppni á markaðnum. Einnig getur samkeppnisráð ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Sama á við, það er mjög mikilvægt ákvæði, ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki freista þess að ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki eða það sem ég nefni de facto yfirtöku á öðru fyrirtæki. Eftirlit með samruna eða yfirtöku með fyrirtækja er nátengt eftirliti með misbeitingu á markaðsyfirráðum. Það gengur hins vegar lengra þar sem samkeppnisyfirvöldum er gert kleift að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist á markaðnum að fyrirtæki nái með yfirtöku eða samruna einokunar- eða markaðsráðandi aðstöðu. Auk þess er lagt til að yfirvöldum verði veitt heimild til þess að ógilda slíkan samruna eða yfirtöku dugi ekki önnur úrræði gegn misbeitingu markaðsyfirráða til þess að tryggja nægilega virka samkeppni.

Það leiðir af sjálfu sér að jafnafdrifaríkri heimild og samkeppnisyfirvöldum yrði með þessu fengin verður ekki beitt nema ríkar ástæður séu til og þau telji að virkri samkeppni sé veruleg hækka búin ef samruni eða yfirtaka fær að standa.

Þá er það nýmæli í frv. að lagt er til að samkeppnisráði verði veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á samkeppnisreglum. Þetta ákvæði er í samræmi við þróun mála í nágrannaríkjum okkar. Við ákvörðun stjórnvaldssektanna skal tekið tillit til skaða sem samkeppnishömlurnar eru taldar hafa valdið og til þess ávinnings sem talið er að þær hafi haft í för með sér fyrir þá sem þeim beita. Þessar sektir geta hæst numið 10% af ársveltu viðkomandi fyrirtækis og liggur í augum uppi hversu strangar sektir um er að ræða.

Ákvörðunum samkeppnisráðs um ógildingu á samruna fyrirtækja og um álagningu stjórnvaldssekta má skjóta til áfrýjunarnefndar sem skipuð yrði sérfróðum mönnum. Úrskurðir áfrýjunarnefndar og ákvarðanir samkeppnisráðs eru aðfararhæfir og tengjast nýju aðfararlögunum á þann hátt að mælt er fyrir um að framkvæmd aðfarar fari samkvæmt ákvæðum XIII. kafla aðfararlaganna og að kveðja skuli gerðarþola fyrir héraðsdóm. Með þessu móti er tryggð skjót málsmeðferð fyrir héraðsdómi jafnframt því sem fyllsta réttaröryggis er gætt þótt stjórnvaldssektum sé beitt sem, eins og ég nefndi áðan, er nýjung í okkar löggjöf.

Virðulegi forseti. Sá kafli í frv. sem fjallar um órétttmæta viðskiptahætti er í meginatriðum óbreyttur frá hliðstæðum kafla í gildandi lögum. Hér er um að ræða ákvæði sem í nágrannaríkjunum eru ýmist höfð í samkeppnislögum eða í sérstökum lögum um markaðsstarfsemi í viðskiptum. Bætt er inn nýju ákvæði um auglýsingar sem einkum er ætlað til verndar börnum gegn óeðlilegum áhrifum auglýsinga og ég vitna enn til þess frv. um breytingu á lögunum um ólögmæta viðskiptahætti sem ítrekað hefur verið til umræðu. Þessi ákvæði koma þar í stað þeirra ákvæða sem varða verndun barna og íslenskrar tungu í auglýsingastarfsemi. Í þessum tillögum er á hinn bóginn fellt brott ákvæði sem hingað til hefur verið í lögunum og felur í sér bann við úthlutun vinninga í verðlaunasamkeppni í tengslum við kynningu á vöru eða þjónustu. Að mínu áliti hefur ekki reynst unnt eða skynsamlegt að framfylgja núgildandi banni við slíkum viðskiptaháttum og almennur skilningur fyrir þörf á slíku banni virðist hverfandi.

Í frv. er lögð áhersla á aukið gagnsæi á markaðnum með upplýsingamiðlun, enda er það grundvallarforsenda fyrir þróun virkrar samkeppni að seljendur og kaupendur vöru og þjónustu beri gott skynbragð á verð, viðskiptakjör, gæði hins selda og fleira af því tagi.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld beiti verðlagsákvæðum eingöngu í undantekningartilfellum ef önnur úrræði á samkeppnissviði duga ekki. Í frv. er hins vegar almenn heimild til handa ríkisstjórninni, eins og verið hefur, til þess að setja á almenna verðstöðvun eða aðrar verðlagningarreglur án sérstakrar lagasetningar ef mjög óvenjulegar aðstæður skapast í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frv. sem á margan hátt markar tímamót í íslensku viðskiptalífi ef það verður að lögum. Ég tel að framkvæmd nýrra samkeppnislaga sem á því verði byggð mundi breyta viðhorfi almennings gagnvart hvers konar einokun í viðskiptum sem því miður er allt of víða að finna í þjóðlífinu, jafnt ólögbundna sem lögbundna.

Virðulegi forseti. Ég legg mikla áherslu á að frv. fái sem fyrst afgreiðslu og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ástæða til að nýta rétt minn til andsvars í tilefni af ræðu hæstv. ráðherra vegna þess að á dagskránni er 18. mál, 383. mál þingsins á þskj. 625 sem er frv. til laga um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem flutt er af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og fleiri þingmönnum Alþb. Í frv. er komið inn á mjög mikilvæga þætti sem snerta samkeppniseftirlit og samkeppnishömlur, þar sem gerðar eru alvarlegar tillögur um það hvernig á málum af þessu tagi yrði haldið hér á landi. Mjög hefur skort á aðhald gegn einokunaraðilum eins og allir þekkja og ástæðulaust er að fjölyrða um í andsvarinu, ekki síst eftir að umræðan um kolkrabbann varð jafnlifandi og ljós fyrir hverju mannsbarni í landinu og menn þekkja.

Það varð að samkomulagi að þessi mál yrðu rædd um svipað leyti. Þar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. er fjarri, ræddi ég um það við hæstv. forseta að þetta mál hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kæmi til meðferðar um leið og það mál sem nú er til umræðu á næsta fundi þingsins þegar um þessi mál verður fjallað. Ég legg mjög mikla áherslu á að þessi mál fái samhliða meðferð því ég tel það mjög mikilvægt. Einnig tel ég ástæðu til að vekja athygli á að þingmenn hafa tekið sig til og flutt frv. um breytingu á flóknum löggjafaratriðum af miklum myndarskap sem er óvenjulegt en til fyrirmyndar. Auðvitað er skylt að skoða þau mál samhliða. Ég bendi líka á að frv. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og fleiri alþýðubandalagsmanna var flutt og lagt fram áður en það stjfrv. kom fram sem hæstv. viðskrh. var að mæla fyrir.

Ég endurtek að ég tel nauðsynlegt og að um það sé samkomulag að þessi mál verði rædd samhliða í þinginu þegar frekari umræður fara fram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna andsvars hv. 9. þm. Reykv. tek ég það skýrt fram að ég tel það mjög eðlilega meðferð í þinginu að frv. Steingríms J. Sigfússonar og fleiri þingmanna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem er á þskj. 625 verði til meðferðar samhliða frv. til nýrra samkeppnislaga, þar sem þar er að hluta fjallað um skyld efni og tek undir það með hv. 9. þm. Reykv. að það væri æskileg meðferð mála í þinginu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vonum að menn velti fyrir sér að leggja fram frv. um samkeppnishömlur og bann við hringamyndun í ljósi þeirra aðstæðna sem eru í þjóðfélaginu og hafa verið undanfarin ár, en hafa kannski hvað skýrast komið fram á síðustu missirum. Þar á ég við þau miklu tök sem Eimskipafélag Íslands hefur á íslensku þjóðfélagi, á flutningastarfsemi á sjó, á að flutningum í lofti og á landi og ég minni á að Eimskipafélag Íslands sem auk þess að vera stærsti flutningaaðili landsins með vörur til landsins og innan lands er einn af stærstu hluthöfum í stóru flutningafyrirtæki á landi milli Reykjavíkur og Akureyrar, auk þess að vera stór hluthafi í Flugleiðum sem hefur yfirburðastöðu á flugmarkaðnum, bæði innan lands og erlendis. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvernig frv. hans kemur til með að taka á þessu ástandi eða er því einungis ætlað að grípa inn í aðstæður sem kunna að koma til í framtíðinni er miðast við að núverandi ástand verði óbreytt í þjóðfélaginu? Er ekki nauðsynlegt að í frv. verði a.m.k. viðleitni til þess að brjóta upp þennan einokunarhring?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru mjög mikilvæg nýmæli í IV. og V. kafla þessa frv. Annars vegar er um að tefla bann við samkeppnishömlum og hins vegar um eftirlit við þeim og með þeim. Í 18. gr. eru ákvæði þar sem samkeppnistofnun getur skyldað fyrirtæki til að tilkynna um samruna fyrirtækja eða yfirtöku á öðru fyrirtæki, um kaup á meiri hluta í öðru fyrirtæki eða yfirtöku á starfsemi annars fyrirtækis með öðrum hætti sem gera má ráð fyrir að hafi veruleg áhrif á samkeppnisaðstæður. Þarna eru líka ákvæði um það að ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að hamlað geti samkeppni og brotið í bága við markmið laganna, þá má bera fram kröfu um ógildingu slíkra gerninga eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ráðinu var kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

Hér verður augljóslega oft um túlkunarvanda að ræða en ég tel að þessi ákvæði geti snert samkeppnisaðstæður sem þegar eru til staðar og þá gæti komið til kasta ákvæðanna sem er að finna í XI. kafla laganna um viðurlög, ekki síst ákvæðanna í 43. gr. þar sem eru heimilaðar stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum um samninga eða samráð sem skaðlegir geta talist og brjóta í bág við markmið þessara laga. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara að leggja út í nákvæmum lagalegum skilningi ákvæði þessara laga eða þessa lagafrv., en ætla þó að benda á að þetta er kjarni nýmælanna í frv. og að sjálfsögðu yrði þetta mál athugað mjög vandlega í þeirri nefnd þingsins sem þetta mál fær til meðferðar, hv. efh.- og viðskn. og ég mun ásamt nefndinni leita umsagna um málið sem víðast meðan það verður til meðferðar hér í þinginu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég get þó ekki annað en látið koma fram það sjónarmið mitt að í 18. gr. eru ákaflega veikluleg tök á þessu máli til að grípa til aðgerða gagnvart aðilum sem nú þegar fyrir gildistöku laga af þessu tagi hafa markaðsráðandi stöðu. 18. gr. fjallar í raun og veru meira um það sem kann að gerast í framtíðinni en á ekki við um ástandið eins og það er í dag þannig að ég vil ítreka það sjónarmið sem fram kom í fyrri ræðu minni og beina því til nefndarmanna þeirrar nefndar

sem fær þetta mál til skoðunar að athuga frv. einmitt með hliðsjón af þessari skoðun minni að frv. taki ófullnægjandi á því að reyna að brjóta upp það ástand sem er fyrir hendi á tilteknum sviðum atvinnulífsins þar sem aðilar hafa einokunarstöðu eða yfirburða markaðsráðandi aðstöðu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(andsvar)*:
Virðulegi forseti. Ég get með engu móti á það fallist hjá hv. 5. þm. Vestf. að í 18. gr. sé linkulega tekið á samkeppnishömlum. Þvert á móti get ég fullvissað hv. þm. um það að þessi ákvæði eru harðari og strangari en yfirleitt er að finna í löggjöf nágrannalanda okkar. Hitt er svo alveg sjálfsagt mál að við athugun málsins í þinginu verði einmitt hugað að því hvort þetta dugi til þess að gera það sem gera þarf til þess að tryggja hagsmuni neytenda og til þess að tryggja sem besta nýtingu framleiðsluþáttanna í landinu sem er að sjálfsögðu markmið þessa lagafrv.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Röð mála á þingfundi.

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta fram koma óánægju mína með þá rofnu umræðu sem hér hefur orðið í dag í tveimur málum. Ég get vel skilið það sem að baki liggur varðandi 17. mál dagskrárinnar og geri ekki athugasemd við það. Hins vegar geri ég athugasemd við það að umræða um 10. mál skyldi verða rofin eins og gert var hér kl. 4 í dag. Það voru tveir á mælendaskrá þegar umræðunni var frestað og mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gerðir neinir samningar um að svo skyldi staðið að málum varðandi það mál. Og almennt talað, virðulegi forseti, er afar erfitt fyrir okkur þingmenn, sem sitjum hér daginn út og daginn inn við að undirbúa mál, að þurfa að búa við það að hlaupið sé fram og aftur eftir dagskránni og maður geti ekki treyst á að farið sé nokkurn veginn eftir málaröð eins og hún er gefin út að kvöldi daginn fyrir fund.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Forseti vill upplýsa að umræður um 10. dagskrármálið verða teknar upp svo fljótt sem auðið er en mér skilst að það hafi verið samkomulag að taka lánasjóðinn fyrir núna. Því geri ég það.

Svavar Gestsson:
Virðulegi forseti. Á dagskrá þessa fundar eru 19 mál og fundurinn hefur að ég best veit lokið við að afgreiða níu mál. Hér er hálfnuð umræða eða ekki það um frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði. Hafin er umræða um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hafin er umræða um Skipaútgerð ríkisins og hér er hafin umræða um Lífeyrissjóð sjómanna. Allar þessar umræður eru í miðjum klíðum. Til 3. umr. er frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem liggur fyrir brtt. frá mér m.a. Nefndarálit liggja fyrir til afgreiðslu og hafa legið fyrir um skeið varðandi Náttúrufræðistofnun Íslands, Fríverslunarsamning EFTA við Tyrkland og auk þess er til 1. umr. stjfrv. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku. Og því tel ég þetta upp hér, virðulegi forseti, að það er æskilegt fyrir okkur sem erum hérna að fá að vita hvernig ætlunin er að hafa þennan gang í gegnum dagskrána í dag. Hvernig er meiningin að fara fram og til baka í dagskránni. Ég hygg að við séum hætt að gera kröfur um að farið sé beint af augum í dagskrána með venjulegum hætti, þ.e. að á eftir 5. máli sé tekið 6. mál o.s.frv., heldur gerum við sjálfsagt ráð fyrir að það sé meira og minna hlaupið fram og til baka í þessum textum. Ég hefði viljað inna hæstv. forseta eftir því eftir hvaða tölfræði þessi dagskrá verður tekin fyrir í dag í framhaldi af þeim umræðum sem nú hafa átt sér stað og hvort frv. um greiðslur úr ríkissjóði kemur fyrir aftur síðar á þessum fundi.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Forseti verður að segja að honum er ekki kunnugt um það hvernig forgangsröðun fór fram. Það mun hafa verið gert af meginforseta og hans aðstoðarfólki. En forseti vonar að greiðslur úr ríkissjóði komi sem allra fyrst til umræðu á ný en ákveðið hefur verið að taka nú fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna.

Kristinn H. Gunnarsson:
Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því og skýra það frekar hvers vegna ég er ekki yfir mig ánægður með það hversu lítið við þingmenn fáum að vita hvað er fram undan á næstu klukkutímum. Ég er í miðri ræðu í 12. dagskrárlið. Ég er á mælendaskrá í 10. dagskrárlið og auk þess hef ég hug á því að taka til máls í a.m.k. 14. og 16. dagskrárlið. Fyrir utan það að vakta dagskrá hér inni í þingsal og taka til máls eftir því sem efni standa til er ég að vinna að því að fara yfir frumvarp um málefni fatlaðra sem lögð er mikil áhersla á að hraða afgreiðslu á auk annarra mála í allshn. og mér er það nauðsyn og ég hygg öðrum þingmönnum sem eru undir nokkru vinnuálagi um þessar mundir að geta skipulagt tíma sinn og nýtt sinn tíma til virkrar vinnu eins og kostur er.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284, nál. 776 og 789, brtt. 775 og 790, till. til rökst. dagskrár 791.

Kristín Einarsdóttir:
Virðulegur forseti. Við 1. umr. um þetta frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna gerði ég grein fyrir afstöðu minni og Kvennalistans til þessa máls. Í meðförum hv. menntmn. hafa orðið nokkrar breytingar, að vísu ekki

mjög afgerandi, frekar smávægilegar breytingar, sem eru þó í áttina en þær eru svo veigalitlar að frv. er langt frá því að vera viðunandi. Þjóðin þarfnast þess að fólk mennti sig til að mæta framtíðinni, til að geta tekist á við þau stóru mál sem við blasa nú sem og þau sem upp eiga eftir að koma í framtíðinni. Menntun og rannsóknir eru undirstaðan undir velferð þjóðarinnar. Með því að höggva að rótunum er hætta á því að tréð falli.

Stefna ríkisstjórnarinnar í menntamálum, eins og hún birtist í aðgerðum hennar á sl. ári, sýnir að ekki er hugsað til langs tíma á þeim bæ. Aðrar þjóðir leggja höfuðáherslu á menntun, sérstaklega þegar þrengir að. Hér eru aðrar leiðir farnar. Sú hugmyndafræði sem að baki býr er mér illskiljanleg. Frv. um lánasjóðinn er eitt dæmi um þessa stefnu, en grunnskólinn, framhaldsskólinn og háskólarnir verða einnig fyrir barðinu á þessari stefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar. Það er athyglisvert að hæstv. menntmrh. skipaði nefnd til að endurskoða gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna en aðeins stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar voru í þeirri nefnd. Námsmenn fengu aðeins að koma að málinu á lokastigi og þá aðeins að því er virtist til að hægt væri að segja að þeir hefðu verið með. Þeirra sjónarmið fengu auðsjáanlega engu breytt um niðurstöðu nefndarinnar. Sjónarmið fulltrúa stjórnarandstöðunnar máttu alls ekki koma fram við undirbúning málsins að mati ráðherrans að því er virtist. Annars vekur það athygli að það er að verða meginregla hjá ríkisstjórninni að aðeins stuðningsfólk ríkisstjórnarinnar er skipað í nefndir á vegum hennar. Annað er orðið undantekning.

Fyrir skömmu skipaði t.d. hæstv. menntmrh. nefnd sem á að endurskoða útvarpslögin. Að því er best verður séð er ekki einn einasti sem í þeirri nefnd er utan stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar. Það virðist ekki vera mikill áhugi á því innan ríkisstjórnarflokkanna að ná samstöðu í málum. Það er eins og þeir þoli ekki að nein önnur sjónarmið komi fram en þau sem akkúrat þeir hafa, engin önnur sjónarmið megi koma fram. Þeir þoli ekki að það sem verið er að gera sé skoðað. Þetta þykir mjög einkennileg stefna og hefði ég fremur talið að það mundi vera málinu til framdráttar að ná um það breiðri samstöðu meðal bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er hægt í mjög mörgum málum. Það hefur tekist oft hingað til og það er ekki farsælt að hafa þessa stefnu sem ríkisstjórnin virðist nú vera að gera að sinni. Að vísu veit ég um nokkrar undantekningar frá þessari reglu en þetta hefur alla vega hæstv. menntmrh. haft að meginmáli og þykir mér það miður.

Fulltrúi Kvennalistans í menntmn. hefur fyrr í umræðunni gert grein fyrir sjónarmiðum okkar til einstakra greina og brtt. og ég ætla ekki að fara út í það hér í smáatriðum svo ágætlega sem hún gerði grein fyrir því. Ég vil þó leyfa mér að minnast á nokkur grundvallaratriði. Með þessu frv. er gerð sú grundvallarbreyting að vextir eru settir á námslán eins og um sé að ræða fjárfestingu í fasteign. Það er eins og menn hafi ekki áttað sig á að námslán eru framfærslulán og fyrst og fremst fjárfesting fyrir þjóðina í heild. Arðurinn af námsaðstoðinni kemur ekki fyrst og fremst námsmanninum til góða heldur þjóðinni í heild og er alveg furðulegt að bera það hér fram að þetta komi námsmönnunum fyrst og fremst til góða og þess vegna beri þjóðinni ekki að taka þátt í þessum kostnaði með eðlilegum hætti. Þessir vextir leiða til þess að endurgreiðsla lánanna verður þeim, sem lægstar hafa tekjurnar, óviðráðanleg. Fyrr í umræðunni hefur verið gerð grein fyrir því atriði, m.a. í fylgiskjölum með frv. sem við höfum fyrir framan okkur. Og frekari útreikningar, sem hafa verið framkvæmdir, sýna að málið er enn verra en kemur fram í frv., þ.e. fólk mun aldrei geta greitt til baka þau lán sem það hefur tekið ef það á að greiða þá vexti sem upp eru settir og að sjálfsögðu tengist þessu að það er búið að ákveða að setja lántökugjöld á þessi lán þannig að allt er gert til þess að reyna að gera málið erfiðara fyrir námsmenn.

Samkvæmt brtt. meiri hlutans er lagt til að námsmenn eigi að byrja að greiða lánið til baka eftir tvö ár sem er auðvitað bót frá frv. Þetta getur einnig reynst erfitt, sérstaklega fyrir námsmenn sem hafa verið við nám erlendis. Það kostar mikið að flytja og koma sér upp húsnæði. Menn verða líka að gera sér grein fyrir því að hér á landi er húsnæðismarkaðurinn þannig að ekkert er auðhlaupið að því að fá leigðar íbúðir á viðráðanlegu verði þannig að fólk sé nokkuð tryggt með að halda í húsnæðið nokkurn tíma. Þannig getur það kostað nokkurt fé að koma sér upp húsnæði og ekki er víst að tvö ár dugi til að fólk sé komið á svona nokkurn veginn réttan kjöl í þeim málum. Ástandið er einnig orðið þannig á vinnumarkaðinum að fólk sem kemur úr námi hleypur ekki beint inn í störf eins og hægt var hér áður fyrr. Þannig getur fólk þurft að leita mánuðum saman að atvinnu og safnað þá enn meiri skuldum. Allt þetta hefur í för með sér verulega auknингu á greiðslubyrði sem mun hafa þau áhrif að fólk mun í vaxandi mæli veigra sér við að fara í nám vegna fjárhagsskuldbindinga sem í því felst.

Mig langar, virðulegi forseti, að minnast á 6. gr. frv., ákvæðið sem fjallar um að menn fái ekki lán fyrr en tilskildum námsárangri sé náð, þ.e. að lánin séu greidd eftir á eins og það hefur verið kallað. Þetta hefur gilt um fyrsta árs nema hingað til. Að vísu hafa þeir getað fengið víxillán hjá lánasjóðnum, sem á að fella niður ef ég skil það rétt. Það hefur verið nógu erfitt fyrir þá að hafa ekki möguleika á að fá lán fyrsta misserið eða fyrsta árið eftir því hvaða námi þeir hafa verið í en nú á þetta að gilda um alla. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa bent á þetta atriði en það er eins og meiri hluti menntmn. geri sér ekki grein fyrir hve erfitt þetta ákvæði getur reynst. Auðvitað geta námsmenn reynt að fara í banka og fá lán en það mun ekki nást nema með þeim vöxtum sem eru á markaðnum og það má ætla að þeir séu 9–10% um þessar mundir.

Það hefur sýnt sig að námsmenn á fyrsta ári, t.d. héðan af höfuðborgarsvæðinu, hafa getað bjargað sér með því að búa heima hjá foreldrum sínum eða ættingjum, án þess að greiða fyrir fæði og húsnæði, þangað til lán eru veitt eftir kannski hálft eða eitt ár. En það hefur reynst námsmönnum sem koma utan af landi

erfitt, ef þeir þurfa að hefja nám í Reykjavík, að koma til Reykjavíkur, leigja sér húsnæði og þurfa að fá peninga til framfærslu. Það hefur reynst þeim mjög erfitt að vera við nám í Reykjavík og hefur oft orðið til þess að þeir hafa orðið að vinna verulega mikið með námi og hafa þá ekki getað ráðið við hvort tveggja, að framfleyta sér og að stunda námið eins og vera ber. Þetta verður einnig til þess að þeir hafa orðið að velja sér nám sem hægt er að stunda vinnu með en í mörgum greinum, ef t.d. háskólinn er skoðaður, er útilokað að stunda atvinnu með námi. Ég get nefnt líffræði, sem ég þekki nokkuð til, þar sem skólinn ætlast til þess að nemendur séu yfir 30 tíma í skólanum svo það er nánast útilokað að stunda vinnu með, ég tala nú ekki um ef fólk er með fjölskyldu og þarf að sinna henni einnig. Þetta þýðir að nemendur eru í raun að greiða vexti af lánum allan námstímann. Eftir fyrsta missirið fá menn lán hjá lánasjóðnum til að greiða upp bankalánið og þurfa svo að taka nýtt bankalán til framfærslunnar svo þetta heldur áfram þannig endalaust.

Rökin fyrir því að taka þetta upp hafa m.a. af verið þau af hálfu menntmrh. og reyndar fleiri að menn hafi tekið lán og síðan ekki staðið sig í námi og greiði ekki til baka. Þetta eru auðvitað ekki nokkur rök. Það hlýtur að vera hægt að beita einhverjum ráðum við þá sem ekki hafa staðið sig og heimta að þeir sem hætta námi og hafa fengið lán greiði til baka. Það á auðvitað að gjaldfella lánin og láta fólk greiða þau til baka eins og mér skilst að hafi verið gert. Ég man ekki betur en sagt hafi verið frá því í útvarpinu fyrir skömmu að þessar 50 millj. kr. sem talað hefur verið um að hafi verið oflánaðar á síðasta ári hafi í raun verið verulega lægri upphæð en 50 millj. kr. og það komi nánast allt til baka aftur. Það séu aðeins um 10% sem ekki hafi verið innheimt. Ef það er rétt sem kom fram í þessari frétt, ég rek hana eftir minni, mig minnir að það hafi verið um 10% sem ekki voru innheimt, þá er ómögulegt að sjá af hverju verið er að fara fram á eða breyta þessu ákvæði sem mun koma sér svo illa fyrir námsmenn. Mann grunar að það séu skammtímasjónarmið enn þá einu sinni sem ráða ferðinni. Ef ég hef réttar upplýsingar, þá er talað um að um 900 millj. kr. muni með þessu móti ýtast yfir áramótin, þ.e. í ár muni þurfa minni fjárveitingu til lánasjóðsins vegna þess að námsmenn fái þá ekki lán í haust heldur verði þeir að taka bankalán til að byrja með. Það sé því um það að ræða að ýta 900 millj. kr. yfir áramótin og er þetta skammtímalausn sem auðvitað bitnar á engum öðrum en námsmönnum sjálfum. Ég get ómögulega séð neinn tilgang með þessu.

Í útvarpsfréttum í hádeginu í dag var viðtal við formann stjórnar lánasjóðsins. Hann upplýsti að stjórnin væri í viðræðum við banka vegna lána fyrir námsmenn og jafnvel ætti að lána námsmönnum fyrir þeim vöxtum sem þeir ættu að greiða af bankalánunum. Þetta verður auðvitað til að hækka lánin og fer þá lítið fyrir þeim sparnaði sem ríkisstjórnin hyggst ná með frv.

Stjórnarformaðurinn upplýsti einnig að fjöldi námsmanna vanáætlaði tekjur sínar og næði sér í vaxtalaus lán hjá lánasjóðnum. „Misnotkun," sagði stjórnarformaðurinn. Það er allt gert til að reyna að gera námsmenn að skúrkum. Ef þetta er raunverulegt vandamál er það möguleiki fyrir lánasjóðinn að hafa vexti á þeim lánum sem ofáætluð eru og draga þannig úr því að fólk misnotaði lánin ef það er rétt að um misnotkun sé að ræða eins og stjórnarformaðurinn orðaði það. Það er fráleitt að gera öllum námsmönnum það að fá ekki lán greidd fyrr en eftir á vegna slíkra mála sem auðvitað á að leysa hvert fyrir sig en vera ekki að búa til reglur sem bitna harðast á þeim sem minnst mega sín. Með þessu fellur ákvæðið út úr 7. gr. sem segir, með leyfi forseta: „Vextir reiknast frá námslokum." Það er kannski rétt að vextir af þeim lánum sem lánasjóðurinn sjálfur veitir reiknist frá námslokum en námsmenn verða að greiða verulega háar upphæðir í vexti á meðan á námstímanum stendur vegna þessa fyrirkomulags. Þess vegna er ekki rétt að láta líta svo út að þarna sé eingöngu verið að gera þeim erfitt fyrir sem eru þá, ef ég má nota orðið skúrkar eða þeir sem misnota aðstöðu sína. Það er verið að gera meiri hluta námsmanna mjög erfitt fyrir með þessu móti.

Það á að taka á því sem aflaga fer með öðrum hætti en frv. gerir ráð fyrir. Það er verið að hverfa frá þeirri stefnu að hér á landi ríki jafnrétti til náms en þetta frv. gengur fyrst og fremst út á það að mínu mati. Það er mjög slæmt og mörg skref aftur í tímann.

Mig langar, virðulegur forseti, í þessu sambandi að benda á eitt atriði sem fram kemur í áliti Kennaraháskóla Íslands í greinargerð sem tvær konur, Erla Kristjánsdóttir sem er kennslustjóri og Hrafnhildur Tómasdóttir sem er námsráðgjafi, hafa gert fyrir skólaráð Kennaraháskóla Íslands. Það er aðeins smáatriði sem ég vil taka þar til athugunar og benda á. Þær benda á 6. gr. frv., þar sem segir, með leyfi forseta: „Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti." Það ákvæði fjalla þær um og svo segir: „Þetta þarfnast nánari skýringar og ugglaust breytingar samanber sérálit námsmanna sem fylgir með frv." Ég ætla ekki að fara út í það. „Í reglugerð KHÍ kemur fram sú regla um tímamörk náms að námi í tiltekinni skor skuli lokið innan tíma sem er 50% lengri en sá tími sem gert er ráð fyrir í námsskrá og kennsluskrá. Fjögurra ára námi til B.Ed.-gráðu má því ljúka á sex árum sem þýðir að meðaltali 10 einingar á missiri eða 75% af því sem skipulag KHÍ gerir ráð fyrir. Þessi sveigjanleiki er ákaflega mikilvægur fyrir stóran hóp kennaranema, þar á meðal ungar konur sem eignast börn. Hvergi í frv. er fjallað um undanþágur frá fullu námi vegna veikinda eða barnsburðar."

Ég ætla ekki að lesa meira upp úr þessu, virðulegur forseti. En þarna benda þær á mjög mikilvægt atriði og Kennaraháskólinn tekur undir það sjónarmið sem þarna kom fram. Bent hefur verið á að það megi nota þau ákvæði sem fram koma í brtt. meiri hlutans, ég held það sé þar, um að taka megi tillit til félagslegra þátta. Auðvitað er það mikilvægt ákvæði en hins vegar veit enginn hvernig það á að reiknast og túlkun þess atriðis að námsframvinda sé með eðlilegum hætti skiptir auðvitað mjög miklu máli. Mér þykir ábending þess-

ara kvenna vera mjög mikilvæg og tel að það þurfi að vera miklu ljósara hvernig á málinu eigi að taka áður en frv. verður að lögum.

Það hefur enginn sem ég hef talað við heyrt sagt að ekki megi endurskoða lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna. Námsmenn hafa m.a. komið með tillögur í því sambandi. Þær tillögur eru mjög áhugaverðar og hefði gjarnan mátt fara betur ofan í þær og athuga hvort ekki hefði mátt ná samstöðu um það mál. Samvinna milli aðila er auðvitað það sem skiptir mestu máli en ekki gerræðislegar og einhliða ákvarðanir. Ég vil enn í því sambandi lýsa óánægju minni með það að hæstv. menntmrh. skyldi ekki reyna að ná samstöðu um þetta mál meðal allra stjórnmálafloka og námsmanna í stað þess að fara þá leið sem hann hefur hér valið. Tilgangurinn með þessu frv. virðist fyrst og fremst vera sá að minnka eftirspurn eftir lánum, sama hvað það kostar, þó að það bitni á jafnrétti til náms og þó að það í raun hverfi marga tugi ára aftur í tímann. Þá aðför sem ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar hófu í vetur verður auðvitað að stöðva, annars mun hún hafa alvarlegar afleiðingar um langa framtíð.

Ég vil taka undir það sem hefur komið fram áður *hversu erfitt þetta kerfi getur verið fyrir konur.* Þær eiga miklu erfiðara með að afla sér hálaunatekna svo það getur verið miklu erfiðara fyrir þær en karla, þótt þetta sé mjög erfitt fyrir alla, að fá nægilega hátt launað starf til að þær geti unnið með námi. Þess vegna mun þetta bitna fremur á konum en körlum. En ég óttast líka að við hverfum aftur til baka til þeirra ára þegar þrýstingurinn var gífurlega mikill á konur að hætta í námi og vinna fyrir körlunum og það óttast ég mjög að geti orðið raunin ef frv. verður að lögum. Það vita allir að konur í þjóðfélaginu hafa miklu lægri laun en karlar og oft hefur verið bent á það að þrátt fyrir mikla menntun kvenna hafa þær ekki aukið tekjur sínar að sama skapi og menntakarlar. Það er meiri munur á launum menntakvenna og menntakarla en verkakvenna og verkakarla. Þess vegna er hætt við því að þrýstingurinn á konur verði aukinn, þær hætti í námi og vinni fyrir körlum ef þær eru í sambúð. En hins vegar eykst það hjá konum að fleiri og fleiri velja það að fara ekki í sambúð og fleiri og fleiri sem velja það að eignast ekki börn þegar þær eru í námi og jafnvel ekki eftir það, því miður. Búið er að koma því þannig fyrir í þessu þjóðfélagi að það hefur verið þjarmað svo að fjölskyldunni að ungar konur eru farnar að hugsa sig ekki bara einu sinni um, þær hugsa sig nokkrum sinnum um og margar þeirra ákveða að eignast ekki börn vegna þess ástands sem í þjóðfélaginu ríkir. Það erum við að fjalla um núna og það er mjög alvarlegt sem hér er að gerast.

Þess vegna tel ég að við eigum að vísa þessu máli aftur til ríkisstjórnarinnar, vísa málinu frá og vona að ríkisstjórnin með hæstv. menntmrh. í broddi fylkingar taki þetta mál og kanni það betur og reyni að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér að samþykkja frv. Ég er sannfærð um að það mun ekki spara eins mikið og hefur verið talað um af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er hugsanlegt að það spari um skamman tíma en til lengdar verður þetta mjög dýrt. Ef ekki tekst nú að fá það fram, þá er auðvitað sjálfsagt að samþykkja brtt. sem minni hluti menntmn. hefur lagt fram á þskj. 790.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í að tala um frv. þótt það hefði mátt gera miklu fleiri þætti þess að umtalsefni. En hér hafa þingkonur Kvennalistans áður gert grein fyrir afstöðu okkar og munu gera e.t.v. síðar í umræðunni svo að ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur vakið mig *til* umhugsunar að sá sem hefur einna mest haft sig í frammi í fjölmiðlum af hálfu stjórnarsinna í tengslum við frv. er verktaki, Gunnar Birgisson. Það hefur hneykslað hann mjög að um 50 millj. kr. hafi verið lánaðar út vegna þess að kerfið var ekki nógu fullkomið og menn hafi verið að innheimta þetta til baka. Talað er um að 40 millj. kr. séu komnar inn. Ég hélt að svona grjótkast úr glerhúsi væri kannski ekki það sem hentaði einna best. Skyldu verktakarnir þola þessa lúsarleit? Skyldi aldrei hafa verið borgað út án þess að verkið hafi verið unnið *eins og til stóð hjá verktökunum?* Það er ekki skrýtið þó að hæstv. menntmrh. telji að rétt sé að draga upp klútinn.

Er hægt að halda því á lofti í fjölmiðlum landsins að 50 millj. kr., sem hafa verið greiddar og eru komnar inn í sjóðinn aftur, séu slíkur stórskandali í kerfinu að nú verði bara að loka sjoppunni hvað þessar leikreglur snertir? Það er eins og mig minni að Íslandsbanki hafi verið að afskrifa 1,5 milljarða á seinasta ári. Dálítið merkilegt það. Eru þeir reiðubúnir að gera grein fyrir því hvernig stóð á því? Er búið að framkvæma breytingar á kerfinu? Er Gunnar Birgisson reiðubúinn að mæta í sjónvarpi og leggja til að lánastarfsemi verði hætt þar til svona hlutir fari og kerfið sé orðið fullkomið? Þetta er önnur hliðin á þessu máli.

Hér ræða menn lánasjóðinn. En úti í menntmn. í morgun ræddum við sjálfsvíg ungra karlmanna, 15–24 ára, *og við erum þar þriðja efsta þjóðin í röðinni í* heiminum, herra menntmrh. Á hvaða stig förum við þegar við erum búin að afgreiða frv.? Hvar stöndum við þá? Náum við fyrsta sætinu? Náum við fyrsta sætinu í sjálfsvígum með því að afgreiða þá vitleysu sem hér er verið að leggja til? Það er ekki skrýtið þótt herra forseti sé órólegur yfir því að eiga að bera ábyrgð á svona vinnubrögðum. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að láta sér detta það í hug að þannig eigi að standa að málum að menn séu meðhöndlaðir eins og fyrsta árs nemar allan þann tíma sem þeir fara í gegnum skóla. Það nær ekki nokkurri átt.

Það sækir á mig sú hugsun að þeir sem fluttu tillöguna um að draga úr sjálfsvígum hefðu hikað við að leggja til hugmyndir eins og þessar ef þeir gerðu sér grein fyrir því að ein af ástæðunum fyrir skipbrotum æskumanna er að menn ná ekki markmiðum sínum í *námi. Það land sem situr uppi með flest sjálfsvíg barna* í heiminum, Japan, stendur í dag frammi fyrir þeirri staðreynd að heimurinn er hneykslaður á þeim kröf-

um sem gerðar eru til barna og ungmenna og telja að þrátt fyrir hagvöxtinn sem þar er hafi menn ekki áhuga á að búa við þær aðstæður. Hér kemur nefnilega í ljós, sé tillagan um sjálfsvígin skoðuð, að margir stjórnarsinnar eru hlynntir því að það beri að draga úr þeim með fyrirbyggjandi aðgerðum. Er það ekki út og suður að auka svo streitu manna sem eru í námi að það sé ekki aðeins spurning hvort menn þurfi að sitja einu árinu lengur til að ná lokaprófi eða hvort þeir muni yfir höfuð ná lokaprófinu heldur bætist það við að kippt verði fjárhagslega undan þeim möguleikanum til að ljúka námi?

Einu sinni var höfð sú regla þegar menn áttu að helga sér land — og er ágætt leikrit til um — að þeir áttu að labba umhverfis það en ef þeir náðu ekki að loka hringnum fengu þeir ekkert land. Mér sýnist að hæstv. menntmrh. hafi fallið í þá gryfju að ganga þannig frá þessum málum að það sé óhjákvæmilegt í framtíðinni að gera ráð fyrir því að þær breytingar, sem hér er verið að leggja til á því að meðhöndla alla eins og nema í fyrsta skipti, þýði sjálfsvíg — hve margra veit ég ekki frekar en við reiknum ekki út slysatíðni af öryggi við eitt og annað.

Hæstv. menntmrh. hefur ekki viljað láta sveigja sig af þeirri braut sem þarna var mörkuð. Kannski er hann ekki í þeirri stöðu að hann geti það. Kannski er honum einnig haldið í herkví óttans með hótun um hrókeringar, þ.e. það mun standa til að raða auðum ráðherrastólunum upp á nýtt og láta svo labba hringinn í kringum stólana tveimur fleiri en fá sæti. Þegar kemur að því að bjallan glymur, þá ryðjast þeir í stólana sem geta en tveir verða eftir og það er ekki vitað hvort núverandi ráðherrar gætu þess vegna lent fyrir utan. E.t.v. er þessi hótun um hrókeringarnar hluti af því að núv. ráðherra metur stöðuna svo að það sé eins skynsamlegt að hlýða verktakanum sem hefur gefið fyrirmælin um hvernig eigi að standa að þessum málum.

Formaður þingflokks Alþfl., hv. 17. þm. Reykv., kom inn í þingið með vissum stæl og það duldist engum að það rann mengað blóð í hans æðum. Það var svolítið af uppreisnarblóði blandað saman við menntamanninn. Satt best að segja trúðum við því að þegar frá honum heyrðust yfirlýsingar á haustdögum um að ekki yrði allt að regni sem rökkvaði í lofti í þessum efnum, þá trúðum við því að fyrrverandi foringi æskumanna hefði áhuga á því að verja þeirra stöðu þótt hann hefði komist á annan stað í þjóðfélagsstiganum. En hvað gerist? Svo er eins og þessi söngfugl lækki róminn stöðugt. Það er að vísu vorhret fyrir utan *gluggann núna en þó ekki svo alvarlegt að það mætti* ekki heyrast einstaka tíst. En það heyrist bara ekki eitt einasta tíst lengur varðandi þessi mál. Í staðinn er komin upp ný staða. Það hefur nefnilega gerst að Alþfl. hefur orðið það á að kjósa til starfa í ákveðnu ráði miklu hugrakkari konu en gert er ráð fyrir að taki sæti á varamannabekk. Og uppreisnarforinginn sem talaði á þann veg í haust að hann vildi hafa áhrif virðist núna vera kominn í þá aðstöðu að annaðhvort verði hann að snúast gegn kvenmanni þessum, koma henni fyrir kattarnef svo völd hennar verði ekki þau sem þau eru í dag, eða hann óttast um sæti sitt sem formaður þingflokks Alþfl. Þeir eru margir sem virðast starfa í skjóli óttans þessa dagana. En það verð ég að segja að meðan jafnaðarmenn á Íslandi eiga þó tvo kvenskörunga sem segja og framkvæma stundum allt annað en forustusveitin leggur til, þá er þó vissulega enn von í þeim flokki. En aðförin er líka svo hörð að hæstv. utanrrh. ætlar að leggja frá sér starfið, hætta utanferðunum og vera heima til að verjast uppreisn í flokknum það sem eftir er af kjörtímabilinu.

Það er svo að stundum mega menn bíða nokkuð lengi eftir uppskeru. Sá sem sáir getur ekki farið að skera upp strax, hann verður að bíða eftir uppskerunni, stundum til hausts, stundum lengri tíma. Það er eins með tímabil í ævi manna að þeir skila ekki arði samkvæmt útreikningum hagspekinnar.

Skólastjóri sem stýrði Bændaskólanum á Hvanneyri með hvað mestum skörungsskap þeirra sem þar hafa verið, Halldór Vilhjálmsson, brýndi það mjög fyrir nemendum sínum að fóðra vel geldu kúna. Það væri grundvallaratriði ef þeir ætluðust til þess að hún mundi mjólka. Það verður að segjast eins og er að áhrifin frá þessum boðskap hafa verið nokkuð mikil í samfélaginu. Á þeim tímapunkti þegar Ísland var búið að ná því að vera komið í fjórða sæti með þjóðartekjur á mann upp úr 1980 var samþykkt frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem vissulega ætlaði þeim það hlutskipti að þeir gætu búið sig vel undir lífið. Þegar núv. ríkisstjórn tók við voru Íslendingar í 6.–7. sæti með þjóðartekjur á mann. Við höfum sennilega eitthvað lækkað. Það er svakalegt ástand í ár, segja þeir, svakalegt ástand. Það var sami tónninn sem glumdi árið 1991 en samt er það svo að hlutfallslegur fjöldi æskumanna miðað við heildarfjölda þjóðarinnar er alltaf að lækka. Það eru færri og færri barnsfæðingar á hverjar þúsund konur og maður hefði kannski haldið að undir þeim kringumstæðum gætum við staðið af fullri reisn að þessum málum.

Við höfum vissulega gert fleira upp úr 1980. Við höfum verið að bæta kjör aldraðra þjóðfélaginu. Þar höfum við gert nokkuð stóra hluti. Ég held aftur á móti að í dag spyrji menn: Hvert stefnir þessi ríkisstjórn sem ekki trúir því að það sé vit í því að senda menn til mennta nema þeir eigi nóg af peningum sjálfir? Hvert stefnir sú ríkisstjórn sem boðar þær aðgerðir í heilbrigðismálum sem hefur orðið undrunar- og hneykslunarefni meiri hluta þjóðarinnar?

Mér hefur stundum verið hugsað til þess að það er misjafnt hve lagnir menn eru að hagnýta sér það þegar þeir á yfirborðinu verða fyrir óhappi. Það verður að segjast eins og er að það var hrein snilld hvernig Hvamm-Sturla hagnýtti sér það þegar Þorbjörg í Reykholti lagði til hans hnífi og særði hann í kinnina. Hann strauk höndina um kinnina og dreifði blóðinu þannig að þeir sem sátu næstir trúðu því að þarna hefði orðið stórkostlegt slys. Hæstv. menntmrh. varð fyrir því áfalli að hent var í hann eggjum eins og allir vita. Þegar fjölmiðlar voru búnir að koma því á framfæri stóð maður eiginlega í þeirri meiningu að hann hefði eiginlega staðið í eggjaþvögunni miðri og höfuðið eitt

staðið upp úr, svo stórt var málið orðið. Ég var satt best að segja hissa þegar gamall Keflavíkurgöngumaður sagði við mig að það hefði alltaf verið hætta á ferðum þegar þessar Keflavíkurgöngur voru að fara fram hjá Garðabæ. Þar áttu menn alltaf von á eggjakasti. Merkilegt er það hvað menningin getur verið lífseig. Hvort þetta tengist því að það hefur eitthvað slaknað á þessum göngum og menn hafi ekki fengið útrás fyrir þessa árásarhvöt af þeirri ástæðu að vopnin snerust, menn sneru sér því að menntmrh., það veit ég ekki. En vissulega var þetta vel hagnýtt. Það var brýnt og barið á því að kennarar landsins stæðu sig ekki. Þar væri innrætingin ekki í lagi. Afleiðingin væri þessi. Það er nú svo. Auðvitað er það alvarlegt mál að veita námslán til að auka dvöl manna í skólum ef árangurinn er ekki meiri en svo að það megi búast við svona ófögnuði.

Nú er það svo að ég gæti að sjálfsögðu tekið mig til og lesið hér upp eitt og annað varðandi þessi fræði fram og til baka. Það er búið að moka í okkur gögnum. Hins vegar er mér það ágætlega ljóst að menn eru svo rökheldir í þessum efnum að það væri alveg sama hvað sagt væri. Það mundi engu breyta með afstöðu stjórnarsinna í þessu máli. Þeir hafa tekið þá ákvörðun, þessu skal verða breytt á þennan veg. En spurningin er þessi: Ef þeim er alvara með að draga úr sjálfsvígunum hljóta þeir að verða að skoða það umhverfi í heild sem æskufólk býr við og spyrja sjálfa sig hvers vegna það gerist undir stjórnartíð hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, að enn skuli það vera staðreynd að sjálfsvígin séu svo alvarlegt vandamál að við erum hvað þetta snertir þriðju hæstu í heimi og það séu karlmenn 15–24 ára sem séu í hæsta áhættuflokknum. Það dugar ekki sem rök á mig að kvenfólkið sé orðið svo harðbrjósta að þeir búi allir við slíka ástarsorg að þess vegna hafi þeir ákveðið að yfirgefa þennan heim. Það hlýtur að vera heildarmyndin af því sem blasir við sem kemur þeim út í þetta vonleysisástand. Þess vegna verð ég að segja eins og er að þó að hér sé verið að ráðskast með þessa hluti fram og til baka og tala um vexti, sem vissulega koma þó ekki til framkvæmda fyrr en löngu seinna, þá hlýtur stærsta málið að vera: Erum við búnir að útbúa þá veröld öryggisleysis að menn gefist upp?

Það er kannski rétt að hugleiða að í heimsstyrjöldinni síðari voru fleiri sem fóru í skotgröfunum á taugum en hinir sem urðu fyrir skotum. Við höldum áfram að magna spennuna í samfélaginu. Hér er það á hreinu. Það er ekki nóg að þú fáir fallið. Það er líka búið að skrúfa fyrir það að þú hafir peninga til að rétta þig af aftur. Þetta þýðir að menn þurfa reglulega að mæta til viðtals í bankanum og kanna hvort þeir fái lán. Nú er ekki aðeins boðið upp á alla viðskiptabankana og sparisjóðina. Nú er boðið upp á Seðlabankann líka því að það á að sækja um styrki í Vísindasjóð og hann er eins og allir vita staðsettur í Seðlabankanum.

Ég verð að segja eins og er að það tiltæki minnir mig þó nokkuð á sögu sem mér var sögð í gamla daga. Strákur fór til bankastjóra og vildi fá hann til að lána sér peninga. Bankastjórinn var tregur, neitaði ekki alveg en sagði svo við strák: „Ef þú getur sagt mér hvorum megin ég hef glerauga, þá skal ég lána þér.“ Og strákur virti hann fyrir sér um stund og sagði svo að það væri hægra megin. „Hvernig sérðu það?“ spurði bankastjórinn undrandi. Svarið var rétt. „Jú, mér sýndist votta fyrir samúð þeim megin.“ Ég held að uppskeran verði kannski sú með Vísindasjóðinn að menn átti sig á því þegar frá líður að þar er ekki verið að leggja til neitt raunhæft í bili. Það er verið að skjóta út í myrkrið. Auðvitað er hægt að endurskipuleggja alla sjóði, setja yfir þá nýja stjórn, skapa þeim möguleika, en í dag blasir ekkert við sem segir að þetta sé vitræn niðurstaða.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar þegar ég horfi á þetta að það alvarlegasta sem hér er lagt til sé tvímælalaust það að auka taugaspennuna hjá námsmönnum eins og verið er að gera með frv. Ég veit ekki hve margir vita það en það hefur gerst að menn hafa verið fluttir beint á Klepp eftir fall í læknisfræði. Sumir hafa náttúrlega orðið ráðherrar þrátt fyrir það en það er annað mál. Ég held nefnilega að þeir stjórnarsinnar sem nú fara offari í þessum efnum og vilja ekki hlusta þurfi að átta sig á því að það er grundvallaratriði, þrátt fyrir allt, eigi námsmaður að geta einbeitt sér að þeim verkefnum sem hann er að glíma við, að hann hafi samfélagslegt öryggi. Ef hann hefur ekki það samfélagslega öryggi að hann sé nokkuð viss um að hann gefi lifað út veturinn, þá er alveg vonlaust að gera ráð fyrir því að hann hafi hugann að fullu við þau verkefni sem hann þarf að hafa hugann við. Mér er ljóst að stjórnarandstaða ræður í sjálfu sér aldrei niðurstöðu svona máls. Það er rökrétt að meiri hlutinn taki þar ákvarðanir. En það er að taka ákvarðanir byggðar á blekkingum að láta Gunnar Birgisson boða þjóðinni að það hafi orðið stórkostlegt slys tengt einhverjum 50 millj. kr. sem menn hafi fengið og séu að endurgreiða. Ef hann er reiðubúinn að beita sér fyrir þeirri lúsarleit í bankakerfinu að það verði athugað hvers vegna þetta gjaldþrotið varð og hvers vegna hitt, hvers vegna þarna tapaðist fé, ef hann er reiðubúinn á jafnréttisgrundvelli að taka þátt í þessari umræðu, þá erum við að tala um aðra hluti. Kannski er það næsta tillagan að við fáum frv. um að bankaleyndin verði afnumin og þessi mál lögð á borðið. Hann hefur ekki hlíft námsmönnum við því að gera grein fyrir því sem þar hefur farið niður.

Það eru miklu stærri hlutir að gerast í veröldinni í kringum okkur en við í dagsins önn hugleiðum. Bruninn sem varð í Bandaríkjunum út af dómi sem þar var kveðinn upp hefur kostað fleiri mannslíf og hann á eftir að kosta margfalt fleiri mannslíf í Bandaríkjunum. E.t.v. á hann eftir að kosta það að núverandi forseti Bandaríkjanna bíði ósigur í kosningunum. Ég segi ekki að eldarnir hafi verið eins sem léku um Parísarborg þegar námsmannauppreisnin varð þar og París breyttist hér um bil í götuvígi. Þá stjórnuðu sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn þessu landi eins og nú. Hvað gerðu þeirra foringjar þá? Þeir gerðu sér grein fyrir því að þessir eldar mundu brenna hér á landi líka nema þeir kæmu til móts við æskufólkið. Í staðinn fyrir að Íslendingar þyrftu að búa við slíkt ástand sem varð í Evrópu var farið út í ýmsar aðgerðir til að bæta stöðu

stúdenta við Háskóla Íslands. Það voru gæfuspor að menn skyldu taka þannig á málum. Ég verð þess vegna að segja það eins og er að ég trúi því ekki að þegar menn standa hér upp frá störfum í vor og fara heim verði þeir sáttir við sjálfa sig fyrir að hafa orðið til þess að auka svo mjög á spennuna í lífi æskufólks að það geti orðið til þess að sjálfsvígum fjölgi, meiri sókn verði í eiturlyf og afleiðingarnar verði á þann veg að við sitjum uppi með verra þjóðfélag en ella. Það er fyrst og fremst ákvæðið um að menn skuli alltaf vera meðhöndlaðir eins og nýnemar sem er hættulegt í þessu sambandi.

Ég hygg að það hljóti að koma að því að menn spyrji sig alvarlega þeirrar spurningar: Er ekki tímabært að Vesturlönd reyni á einhvern hátt að minnka spennuna í sínum samfélögum? Er það tilfellið að þau þjóðfélög sem hafa komist hjá jafngífurlegri spennu og við byggjum upp séu kannski á ýmsa vegu mun manneskjulegri en það sem við búum við?

Ég átti þess kost einu sinni að dvelja stuttan tíma í New York. Sú borg er að því leyti merkilegri en allar aðrar borgir að þar úir og grúir af alls konar þjóðarbrotum. Ef maður fer þar um getur maður séð mjög margt í sjónhendingu í menningu hinna ýmsu svæða. Þar er ítalska hverfið, stórhættulegt í orðsins fyllstu merkingu. En þar er líka kínverska hverfið og það var eina hverfið þar sem menn sáu börn að leik og raunverulega eina hverfið þar sem ég skynjaði það að fólkið var í mjög góðu jafnvægi.

Minni hlutinn hefur gert að tillögu sinni að gera ráð fyrir því að frv. verði aftur vísað til ríkisstjórnarinnar og að menn fari í að vinna það upp á nýtt að nokkru leyti, fari yfir málið á nýjan leik. Við 1. umr. um þetta mál vakti ég athygli á því að ég tel að þeir íslenskir námsmenn sem eiga eftir að starfa hér á landi að loknu námi, greiði íslensku samfélagi sín námslán í reynd til baka með vöxtum og vaxtavöxtum. Þeir gera það í fyrsta lagi með því að greiða höfuðstólinn í gegnum sína endurgreiðslu á námslánunum. Afganginn borga þeir af sínum sköttum. Hinir sem setjast að erlendis munu að sjálfsögðu aldrei greiða íslenskri þjóð vextina af námsláninu. Önnur þjóð nýtur þeirra starfskrafta og önnur þjóð nýtur þeirra skatta þannig að þeir greiða aldrei vextina. Ég er hlynntur því frelsi að menn geti valið á milli og tekið ákvörðun um að búa erlendis. En ég spurði þá og spyr enn: Eiga Íslendingar að greiða útflutningsbætur með sínum hæfustu einstaklingum? Eiga þeir að greiða útflutningsbætur með þeim á þennan hátt? Ég hallast að því að við eigum ekki að gera það. Ég hallast að því að við eigum að hafa endurgreiðslukerfi á þann veg að þeir aðilar sem ekki koma til með að starfa hér í framtíðinni verði látnir endurgreiða með vöxtum sín lán. Mér finnst ekki eðlilegt að velferðarríkið Svíþjóð geti leikið sér að því að hafa námsstuðninginn lægri en launin hærri hjá læknunum og náð þannig frá Íslandi vel menntuðum mönnum út á það að þeir greiða þeim hærri laun en buðu þeim ekki jafnmikið þann tíma sem þeir voru við nám, mér finnst það ekki rökrétt. Ég tel að slíkir menn eigi að greiða til baka með fullum vöxtum.

Aftur á móti er mér ljóst að sumir vilja hafa þetta útflutningsbótakerfi. Mér er aftur á móti annað ljóst og það er að hæstv. menntmrh. þarf strax næsta haust að svara menntastéttum Íslands og hæstv. fjmrh. þarf strax næsta haust að svara menntastéttum Íslands hvað þetta þýði í kaupkröfum hjá starfsmönnum ríkisins. Það liggur ljóst fyrir að þær stéttir sem geta sýnt fram á það að samkvæmt útreikningum eftir opinbera aðila geti þeir aldrei borgað sín námslán til baka munu að sjálfsögðu fara fram á stórkostlegar kauphækkanir. Þeim dettur að sjálfsögðu ekki annað í hug. Eru menn að biðja um þann stríðsdans? Ég held nefnilega að það sé nú svo, þótt Gunnar Birgisson sé mikilhæfur verktaki, að þá sé ekki víst að í amstri daganna hafi hann haft nægan tíma til að hugleiða allar hliðar þessa máls. Ég er ekki viss um að hann hafi haft það og mér er ekki ljóst hvers vegna stjórnarsinnarnir ná ekki þeirri yfirvegun þegar þeir skoða þetta mál að þeir átti sig á því að það verður aldrei hægt að kenna neinum mönnum úti í bæ um það hvað hér er samþykkt. Það verður aldrei hægt að kenna neinum öðrum um það en þeim sem sitja á Alþingi Íslendinga. Það er gersamlega út í hött að ætla að þvo hendur sínar og segja: „Hann Gunnar sagði það að svona ætti þetta að vera." Það gengur ekki eftir nokkur ár. Það gengur bara ekki upp.

Og mér finnst það líka dálítið sérstakt, þótt ekki sé meira sagt, að nú eru barðar þær bumbur. Það hefur ekki verið annar eins trumbusláttur frá því að rokkið kom til sögunnar eins og efnahagsbumburnar eru barðar núna með þessa svakalegu efnahagslegu stórsókn, leiftursókn, sem Íslendingar eru að fara inn í, EES-svæðið. Maður sér skriðdrekana fyrir sér og allt riddaraliðið. Það verður sko hagvöxtur hér á landi á næstu árum, 5–10% trúlega. Halda menn að það sé ekki hægt að láta námsmenn njóta góðs af því. Eða trúa menn ekki á ævintýrið? Eru þeir sannfærðir um að þetta sé bara blekking, þessi bumbusláttur sem átt hefur sér stað úti í Brussel, að á vordögum eftir sigurgönguna miklu — óvíst hvort það hefur verið virðulegra hjá Napoleon en það verður þegar Jón Baldvin, hæstv. utanrrh., kemur heim — skuli það tilkynnt á sama tíma og hann er með samninginn í hendinni, sem hann segir að sé langmesti efnahagslegur ávinningur, einn af þremur stærstu samningum sem þessi þjóð hafi gert, þá eigi að leiða námsmenn á höggstokkinn? Hver skilur samhengið í þessum vopnaburði ef maðurinn trúir því sem hann er að tala um? Ég held að annaðhvort verði að fresta heimkomu utanrrh. fram yfir þessa aftöku eða þá með einhverjum vitrænum hætti að taka upp nýjan takt í trumbuslættinum þannig að þetta ruglist ekki saman. Það gengur ekki að hafa bæði sigurgöngumars og sorgarstef samtímis, það sér hver einasti maður. Það þýðir ekki að veifa samningi upp á það að nú séum við búnir að gera þriðja besta samning sem íslenska þjóðin hefur gert á eftir fullveldinu og á eftir því að við færðum út landhelgina og segja svo: Drengir mínir, það er slíkt svartnætti fyrir stafni að nú verðum við virkilega að þrengja að námsmönnum. Þetta gengur ekki upp. Og mér er sagt að þrátt fyrir þessa sigurgöngu búist menn við átökum á flokksþingi

Alþfl. Ég skil ekki hvernig hægt er að búast við átökum þegar foringi flokksins kemur þreyttur heim frá vígvellinum eftir að hafa vakað daga og nætur og með plaggið undirritað og ætli að fara að tala yfir sínum félögum, þá búist bara fréttamennirnir við að það verði átök. Hvers lags mötun er þetta? Er einhver maðkur í mysunni? (**Gripið fram í:** Það er vissara að hafa sálusorgara.) Ja, það er nú það.

Ég held að svo gæti farið að sumt af því alþýðuflokksfólki finnist nóg á því barið í þessu stjórnarsamstarfi þó að hæstv. menntmrh. sé ekki að skamma það opinberlega líka, að það meti stöðuna svo að það sé þess virði að takast á um stefnu Alþfl. á flokksþinginu. Alþfl. hefur átt marga hugsjónamenn og ekkert skáld betra en Þorstein Erlingsson sem orti skilmálana og kannski væri ráð að lesa skilmálana áður en menn færu á flokksþingið og átta sig á því hverjir þeir voru. En það er líka umhugsunarefni að Sjálfstfl. hefur átt skáld, afburðaskáld, skáldið sem orti um Austurstræti og talaði um hverfult að börn þín skuldir sínar greiði. Alltaf er nú sama vandamálið með æskuna. Og hvernig var með skáldið sem var norðan heiða, Davíð Stefánsson? Ekki var hann betri þegar kom að þessu með skuldirnar. Þegar hann las að afdalaklerkur hafi orðið til þess að nota kirkjuna sem eldivið — sú kynlega vissa hjá klerki fengin að kúgildin séu til þurrðar gengin, — kirkja fyrirfinnst engin stóð í úttektarbókinn — þá yrkir hann drápu til að verja þessar gerðir, verja þessa sóun jarðneskra verðmæta. Og í ofanálag taldi hann að flokkur sinn ætti að vera flokkur mannúðar og mildi.

Er það ekki svo þegar þetta er skoðað að í öllum flokkum blundi sú hugsun að menn en vilji bæta þetta samfélag? Ég er hræddur um það. Ég veit ekki hvort stjórnarsinnar eru að gera sjálfum sér eða komandi kynslóðum neinn greiða með því að reyna að herða sig upp í þeirri trú að það sé rétt að auka nú svo spennuna hjá námsmönnum, eins og hér er verið að leggja til, að við sitjum uppi með meiri mannlegan harmleik en við höfum áhuga á.

Það er nú einu sinni svo að við höfum sett peninga í brunavarnir og erum með nokkuð gott kerfi í þeim efnum. En kannski er ástandið það sama og Steinn Steinarr sagði: „Þó eldur brenni með ógn og kvöl í einu hjarta við Laugaveginn.“ — Við látum okkur það litlu skipta. Og það eru engar forsendur fyrir því að það kerfi sem notað hefur verið að eftir að menn væru einu sinni búnir að sanna það fyrir þjóðinni að þeir væru að stunda ákveðið nám, þá eigi nú að taka upp það kerfi að láta menn ganga undir þessa busavígslu á sex mánaða fresti.

Það er nú svo með frumkvöðlana sem við könnumst við að þriðji ættliðurinn er ekki alltaf hátt skrifaður og ég er ekki viss um að þeir einstaklingar, sem geta átt í erfiðleikum vegna þess vopnabúnaðar sem hér er lagt til að verði notaður, verði aðeins bundnir við stjórnarandstöðuna. Ég veit að formaður míns þingflokks hefur það fyrir reglu þegar hann ávarpar hæstv. menntmrh. að taka það ávallt fram að þetta sé vænsti drengur, hann hafi ekki kynnst honum öðruvísi en sem vænsta dreng. Og auðvitað vitum við þingmennirnir það að megnið af þeim kynnum hafa verið úti í kóngsins Kaupmannahöfn. En það var einmitt í þeirri borg, kóngsins Kaupmannahöfn, sem eitt sinn var sagt að væri munurinn á Íslending og Dana ef ógæfu bæri að höndum, að annar færi heim í sína fæðingarsveit og gerðist þar drykkjumaður það sem eftir væri ævinnar en hinn kastaði sér í síkið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ýmislegt í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar gæfi undir venjulegum kringumstæðum tilefni til svara. En með þeim hætti sem mál hans var sett fram, með þeim ósæmilega hætti vil ég segja, þá ætla ég að segja honum strax að ég ætla ekki að lúta svo lágt að svara ræðunni. Eitt vil ég þó sérstaklega nefna og það er tal hv. þm. um sjálfsvígin og óbeinir ef ekki beinir spádómar hans um að þeim muni fjölga hér á landi verði þetta frv. samþykkt, þetta tal hans hlýtur að verða honum til ævarandi vansæmdar.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misjafnt hvaða rökhugsun mönnum er gefin. Hér stendur hæstv. menntmrh. upp og byrjar að gefa eina yfirlýsingu: Hann kveðst ekki ætla að svara ræðu síðasta ræðumanns. Síðan fer hann í að svara ræðunni. (**Menntmrh:** Nei, ég svaraði henni ekki.) Ef sannleiksástin er á öllum sviðum á sama veg og rökhyggjan í þessum efnum þá er ekki á góðu von. Og sá sem ekki tengir sjálfsvíg við það umhverfi sem við lifum í er blindur á báðum augum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Satt er það þótt það komi þessu máli sem hér er á dagskrá kannski ekki mikið við að mér er hæstv. menntmrh. einstaklega geðþekkur og átti ég við hann góð samskipti í Kaupmannahöfn, en við höfum nú setið saman á Alþingi síðan 1974 og þar af leiðir að með okkur hafa alla tíð verið góð kynni og þess vegna tekur mig það töluvert sárt þegar ég þarf að gagnrýna störf hans. Yfirleitt hef ég ekki þurft að gera það meðan við vorum kollegar sem formenn þingflokka okkar nema þá lítillega en eftir að hann varð menntmrh. hefur það stundum komið fyrir að mér hefur fundist að slægi út í fyrir vini mínum.

Mig rak í rogastans þegar ég sá þetta frv. sem ríkisstjórnin eða hæstv. menntmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lagði fram snemma á þessum vetri. Ekki það að ég sé ekki ýmsu vanur frá þessari ríkisstjórn. Ekki það að ég viti ekki að hún á sitthvað til. Ekki það að ég vissi að hún var ekkert sérstakur vinur námsmanna á Íslandi. En þetta frv. gengur miklu lengra í að klekkja á námsmönnum en mig óraði fyrir og miklu skemmra í því að tryggja framtíð Lánasjóðs ísl. námsmanna en ég hélt að væri meiningin.

Auðvitað er vandi hjá Lánasjóði ísl. námsmanna en þetta frv. og það skipulag sem þar er lagt til lagar það ekki. Þetta frv. leggur hins vegar afar þungar byrðar á íslenska námsmenn. Lögin um Lánasjóð ísl. náms-

manna frá 1982 eru góð lög. Þau voru sett að frumkvæði þáv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar. Þau voru sett í fullu samráði við námsmenn og þau voru endurbót á merkilegri löggjöf sem sett var í menntamálaráðherratíð Vilhjálms Hjálmarssonar 1976. Framsfl. bar verulega ábyrgð á báðum þessum lagasetningum og Framsfl. hefur alla tíð verið annt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það hefur að vísu öðru hverju verið gerð aðför að lánasjóðnum á undanförnum árum. Sú alvarlegasta var í menntamálaráðherratíð Sverris Hermannssonar. Þá vorum við að vísu í ríkisstjórn og tókst með nokkru harðfylgi að hrinda aðförinni að lögunum sjálfum þannig að ekki var hróflað við þeim. Hins vegar greip því miður sá ágæti drengur Sverrir Hermannsson, sem þá var menntmrh. og er nú bankastjóri, til hefndaraðgerða með því að beita reglugerðarvaldi sínu nokkuð ótæpilega. Því miður hefur Framsfl. ekki ráðið menntmrn. nema tvö kjörtímabil, þ.e. 1974–1978 og 1980–1983. Á báðum þessum kjörtímabilum voru gerðar endurbætur á lögunum um lánasjóðinn og á því sést að Framsfl. lætur sér annt um lánasjóðinn og það er kannski ástæða til þess að rifja upp hvers vegna. Það er vegna þess að Framsfl. vill jafnrétti til náms án tillits til efnahags aðstandenda námsmanna og Framsfl. vill sem jafnasta lífsaðstöðu þegnanna hvar sem þeir búa í landinu. Vegna tilvistar Lánasjóðs ísl. námsmanna á fjöldi Íslendinga sjóðnum að þakka að þeir gátu stundað nám og lokið námi þjóðfélaginu til farsældar. Þetta á ekki hvað síst við þá sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins því þeir þurfa jafnvel enn þá meira á að halda aðstöðu til náms heldur en þeir sem geta sótt nám heiman að frá sér.

Íslendingar þurfa á menntuðu fólki að halda og framfarir í þjóðfélaginu byggjast öðru fremur á dugnaði og hæfni þegnanna. Hæfir og duglegir þegnar þurfa ekki endilega langa skólagöngu en menntun eykur að öðru jöfnu hæfni og það þarf verulegan dugnað til þess að ljúka flestu háskólanámi. Undirstaða framfara í tækni og vísindum er að aðgangur sé að menntun og þekkingu. Þetta á ekki einungis við um þá þekkingu sem aflað er á háskólastigi. Víðtæk og almenn þekking og fjölbreytt undirstöðumenntun er algert skilyrði fyrir því að fagþekking fái notið sín. Fátt er einu þjóðfélagi hættulegra en fagidjótar, þ.e. menn sem vita mikið um sitt fagsvið og lítið um annað. Það er heppilegt að menn hafi nasasjón af sem flestu og hennar sé aflað með námi jafnhliða starfi í atvinnulífinu. Þess vegna verðum við að leggja sérstaka rækt við undirbúning háskólanáms. Ég vara við þeirri hugsun að stytta undirbúning háskólanámsins eða slaka á kröfum. Fremur þyrfti að auka þær á mörgum sviðum. Það er einnig mjög mikilvægt að námsmenn öðlist reynslu af vinnu á námstíma og kynnist atvinnuvegum þjóðarinnar.

Lögin frá 1982 um lánasjóðinn hafa reynst vel og þau voru góð. Þrátt fyrir þessi lög er lánasjóðurinn í vanda en það er rétt að líta á hvernig þessi vandi er orðinn til. Hann er nefnilega ekki orðinn til fyrst og fremst vegna námsmanna. Þeir bjuggu ekki til þennan vanda og þeir eru ekki ábyrgir fyrir honum.

Við höfum á undanförnum árum eða áratug frá ríkisins hendi ekki uppfyllt þörf lánasjóðsins fyrir ríkisframlag. Lánasjóðurinn hefur vegna ónógs ríkisframlags orðið að taka lán á of háum vöxtum. Hið brjálaða vaxtakerfi í þjóðfélaginu á sinn þátt í nútíðarvanda lánasjóðsins.

Kannski er rétt að íhuga augnablik hvað réttlæti það að ríkið fjárfesti í menntun þegnanna. Hvað er það sem réttlætir há ríkisframlög til lánasjóðsins? Að minni hyggju eru það störf þeirra sem nema fyrir atbeina lánasjóðsins í þágu þjóðfélagsins. Það er réttlæting á ríkisframlögum. Fjárfesting í menntun þeirra er góð fjárfesting. Það gildir öðru máli um þá sem setjast að erlendis að námi loknu. Fjárfesting í námi þeirra skilar sér ekki til þjóðfélagsins. Mér finnst vel koma til greina að gjaldfella námslán þeirra með öðrum hætti en þeirra sem verja starfskröfum sínum og menntun í þágu hins íslenska þjóðfélags.

Mig langar að fara nokkrum orðum um það hver vandi lánasjóðsins sé. Segja má að heildarvandinn sé þríþættur.

Í fyrsta lagi hafa þau lán sem veitt voru úr sjóðnum fyrir 1976 ekki skilað sér nema að litlu leyti til sjóðsins. Þau voru óverðtryggð og brunnu upp í verðbólgueldi þess tíma.

Í öðru lagi hafa ríkisstjórnir undangenginna ára ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum og sjóðurinn hefur í æ ríkari mæli verið fjármagnaður með lánum sem hafa verið tekin á of háum raunvöxtum. Þessi lán hafa verið notuð til þess að lána námsmönnum verðtryggt — og ég undirstrika verðtryggt — en raunvaxtalaust. Þarna hefur vaxtamunur hlaðist upp sem á sífellt stærri hlut í fjárþörf sjóðsins. Þessi sífellt stærri hluti af fjárþörf sjóðsins fer svo í að greiða afborganir og vexti af hinum dýru lánum.

Í þriðja lagi er staðreynd að námslán skila sér 85–90% til baka í sjóðinn, verðtryggð að fullu. Þarna eru á ferðinni afföll upp á 10–15% og þó ekki sé um stóran hlut að ræða er engu að síður vandi á ferð og þann vanda eru námsmenn tilbúnir að taka á sig. Það er þessi tiltekni hluti af vanda lánasjóðsins, 10–15% af heildarvandanum, sem með réttu er hægt að ætlast til að námsmenn taki þátt í að leysa. Það er ekki sanngjarnt að ætla námsmönnum framtíðarinnar einum að borga uppsafnaðan vanda fortíðarinnar. Auðvitað er hluti vandans sá hve miklu fleiri njóta aðstoðar nú en áður, en það tengist því að sífellt fleiri leita sér menntunar og þá þróun verður í sjálfu sér að telja gleðilega.

Ég ætla ekki að skorast undan því að eiga hluta af ábyrgð á því að ríkisframlag á undanförnum áratug hefur verið ófullnægjandi. Flokkur minn hefur borið sína ábyrgð á lokaniðurstöðum fjárlaga frá 1972–1991. Við framsóknarmenn höfum því tekið vissan þátt í að búa til vanda LÍN og sjóðurinn hefur stundum verið olnbogabarn. En í allri hógværð verð ég þó að geta þess að við höfum aldrei ráðið einir.

Við síðustu stjórnarskipti misstum við framsóknarmenn þá aðstöðu sem við höfum haft til þess að verja hagsmuni námsmanna. Til valda kom ríkisstjórn sem óhjákvæmilegt er að telja andvíga námsmönnum. Þetta

er ríkisstjórn sem hefur það að markmiði að safna fjármunum þjóðarbúsins á hendur hinna betur megandi og láta einkum þá sem minna mega sín bera byrðarnar. Ég nefni sjúka, aldraða, barnafólk og námsmenn.

Ég ætla ekki hér og nú að fjölyrða um þær breytingar sem ríkisstjórnin er að gera á þjóðfélaginu, grundvallarbreytingar á flestum þáttum þjóðlífsins. Ríkisstjórnin er að endurskapa þjóðfélagið til hagsbóta fyrir hina ríku, kollvarpa velferðarþjóðfélaginu þar sem þegnarnir hafa búið við félagslegt öryggi og jafnrétti til menntunar og menningarlífs. Hún stendur í því að færa eignir almennings til kolkrabbans og vill þagga niður í þeim sem ekki taka málstað núverandi valdhafa. Þeir eru búnir að drepa Þjóðviljann. Tíminn er hætt kominn þó að hann andi nú enn þá. Og verið er að boða það að afhenda kolkrabbanum, eða öngum hans, ríkisfjölmiðlana. Kannski hugsa þessir herrar sér að áður en kjörtímabilinu lýkur hafi stuðningsmenn Sjálfstfl. einir óskoruð yfirráð yfir allri fjölmiðlun í landinu. Þá verði sjálfstæðismenn einir um alla upplýsingadreifingu og að þá komum við til með að búa við ámóta frjálsa og óháða fjölmiðla og Morgunblaðið og DV eða fréttastofu Stöðvar 2.

Það var hryggilegt þegar hæstv. menntmrh., vinur minn, réðst á fréttastofu Ríkisútvarpsins hvað eftir annað í vetur. Ég er nú ekkert að tala um hv. þm. Árna Johnsen, fréttastofan stendur að sjálfsögðu jafnrétt eftir því hvað hann kvakar. En hæstv. menntmrh. hefur afl sem hann getur beitt Ríkisútvarpinu til miska. Fyrir nokkrum dægrum skipað hann nefnd til þess að endurskoða lögin um Ríkisútvarpið. Guð má vita hvað kemur út úr því nefndarstarfi. Ég kvíði því að sjá það nál. Ég kvíði þeim breytingum sem sú nefnd kann að fitja upp á. Þar er nú ekki aldeilis verið að hugsa um pólitíska breidd. Nei, það er gengið tryggilega frá því að Sjálfstfl. hafi tögl og hagldir í þeirri nefnd. Í henni sitja hinir mætustu menn sem ég hef ekki neitt á móti en hæstv. menntmrh. passaði það að sjónarmið Sjálfstfl. koma til með að ráða fyrst og síðast.

Ég var að tala um fréttastofu Ríkisútvarpsins. Ég minnist ótal dæma þar sem mér hefur þótt fréttastofan veita sjónarmiðum Sjálfstfl. óþarflega mikla athygli. Þó hún hafi í mörgum tilfellum, að mínu mati, sniðgengið sjónarmið okkar framsóknarmanna held ég að ekki sé með haldbærum rökum hægt að saka fréttastofu Ríkisútvarpsins um viðvarandi hlutdrægni í fréttaflutningi. En með flokkslegri einokun á allri fjölmiðlun í landinu kann að vera að núv. ríkisstjórn vonist eftir að kolkrabbinn launi henni góða þjónustu á kjörtímabilinu og leggi henni það fé sem dugi til að vinna næstu kosningar. Þrátt fyrir það sem þeir hafa nú þegar gert á því eina ári sem liðið er frá því að þeir tóku við völdum og formenn Sjálfstfl. og Alþfl. gerðu „kúppið" úti í Viðey, hvað þá það sem þeir eiga eftir að gera ef sú ógæfa skyldi henda að þeim lánaðist að sitja út allt kjörtímabilið.

En á dagskrá er sá þáttur aðfararinnar sem snýr að námsmönnum. Það er búið að skera niður á grunnskólastigi. Búið er að krenkja háskólann, leggja skólagjöld á skítblanka nemendur og ganga svo frá að forráðamenn háskólans eru að hóta því að innrita jafnvel ekki nýnema næsta haust og hindra með því eðlilega námsframvindu þess hluta heils árgangs sem hyggur á háskólanám. Þeir yrðu þá að fara út á yfirfullan vinnumarkað og þá ykist enn hið þungbæra atvinnuleysi sem ríkisstjórnin er búin að skapa í landinu með aðgerðum sínum.

Í frv. því sem til umræðu er hafa sjónarmið námsmanna náttúrlega verið hundsuð. Aðgengið að sjóðnum er þrengt. Teknir eru upp vextir á námslán. Lánstíminn er styttur, endurgreiðslur hertar og kostur námsmanna þrengdur á flestum sviðum.

Ég skil frv. svo, ég vona að ég verði leiðréttur ef það er misskilningur, að með sameiningu skuldabréfa við námslok skuli öll lánin hlíta þeim kjörum sem verða í gildi þegar síðasta skuldabréfið er gefið út. Ef ég les rétt út úr frv. er verið að svíkjast aftan að því fólki sem nú er í námi og ógilda skuldabréfin og þau kjör sem á þeim voru þegar lánin voru tekin í góðri trú.

Ég vona sannarlega að ég hafi rangt fyrir mér í þessu efni og að skuldabréfin verði látin standa með sömu kjörum og þegar þau voru tekin, allt annað er ósanngjarnt og ófært.

Í frv. er lagt til að lánin taki vexti. Nú er vaxtaprósentan að vísu sett að hámarki 3%, en ég sé fram á að það er bara byrjunin. Auðvitað verða vextirnir hækkaðir fljótlega upp í það sem er á hinum almenna lánamarkaði, ef farið er inn á þessa vaxtabraut á annað borð. Það er ekki mikil aðgerð að hækka vexti á lánunum, jafnvel þó að í lögum standi „að hámarki". Annað eins hefur ríkisstjórnin látið sig hafa. Ég minni á umræðu sem var hér í gær um Bókaútgáfu Menningarsjóð og menntamálaráð, þar sem menntmrh. vitnar til einhverrar verkáætlunar og ætlar að binda sig í heimild við 6. gr. fjárlaga og heldur að hún taki af lögin í landinu. Það væri alveg eins hægt að leggja menntmrn. niður með einni setningu í 6. gr. fjárlaga eins og að leggja Menningarsjóð niður.

Formúlan sem sjálfstæðismenn hafa komið sér saman um fyrir endurgreiðslunni er óréttlát. Þeir sem fara í tekjurýr störf sitja uppi með allt of þunga byrði við lok námstíma. Pínulítið hefur verið klórað í þetta í nefndinni en allt of lítið. Frv. er þar að auki, það er kannski einn megingallinn, alveg galopið því í mörgum greinum veitir það ráðherra eða stjórn sjóðsins takmarkalitlar og allt of víðtækar heimildir til þess að herða að námsmönnum, t.d. með því að herða kröfu um námsframvindu. Þetta skapar auðvitað öryggisleysi fyrir námsmenn sem er alveg óþolandi.

Einn stór galli er sá að veita lánin einungis eftir á. Námsmenn verða að bera vaxtabyrði af framfærslu allan námsmtímann, ekki bara vexti af námslánunum heldur verða þeir að búa við víxilvexti á allri framfærslu eða mestallri, allan námstímann.

Í ræðu síðasta ræðumanns kom fram samanburður á verktakastarfsemi og námi. Formaður stjórnar lánasjóðsins þekkir verktakabransann sjálfsagt býsna vel og mér þykir ekki óeðlilegt að þar væri nokkurt jafnræði. Stórerfiðleikar eru fyrirsjáanlegir hjá námsmönnum

með því að lánin verði einungis veitt eftir á. Eðlilegt er að lán séu ekki veitt fyrr en námsmenn hafa komist yfir þröskuld og sýnt eðlilega námsframvindu. Það er algjör óþarfi og öllum til bölvunar að vera að breyta því skipulagi sem gefist hefur vel, þ.e. þegar námsmenn eru búnir að sanna sig og ljóst að þeir eru í alvörunámi, þá finnst mér að þeir eigi að eiga rétt á aðgengi að lánasjóðnum, ekki bara eftir að þeir hafa lokið ákveðnum námsákvæðum.

Að vísu vinnur ríkisstjórnin kannski eitthvað á þessu. Það er kannski tvennt sem hún vinnur á þessu. Hún kemur til með að hvekkja hóp manna frá námi með því að búa þeim slík kjör. Það getur vel verið að ríkisstjórnin telji það eftirsóknarvert í sjálfu sér. Hitt ætla ég þó að vona að hafi verið það sem vakir fyrir ríkisstjórninni, þ.e. skammtímalausnin. Með þessu skapast tómarúm í fjárgreiðslum úr sjóðnum, þ.e. greiðslur úr lánasjóðnum frestast. Þægilegra verður að koma saman einum fjárlögum en bara einum. Þetta er hliðstætt því sem var á skattleysisárinu — var það ekki í hittiðfyrra? Lánasjóðurinn kemst af með lægri upphæð við gerð næstu fjárlaga, vegna þess að framfærslan færist yfir á víxlana, en bara í eitt skipti og síðan ekki söguna meir. Fjárhagur lánasjóðsins er ekkert tryggður með frv., síður en svo.

Eftirfarandi er haft eftir Sesari: Hygginn fjármaður rýr sauði sína en flær þá ekki. Ríkisstjórnin fer ekki svona að. Hún ætlar ekki bara að rýja námsmenn, hún ætlar að flá þá líka. Hún gengur svo hart að námsmönnum að gjaldþoli þeirra verður ofboðið. Þeir sem nema eftir þessu kerfi verða væntanlega ekki góðir gjaldþegnar sumir hverjir. Þar fyrir utan hrúgast lánin náttúrlega upp og ég hygg að innheimtan verði torveld af framliðnum því að margir námsmenn munu hverfa af heimi áður en þeir hafa greitt upp skuldir sínar við lánasjóðinn. Frv. sparar nefnilega ekki lánasjóðnum og ríkisframlagið minnkar ekki til frambúðar. Það er í eitt einasta skipti sem þörfin fyrir ríkisframlag minnkar.

Kannski væri ástæða til þess að fara nokkrum orðum um hina hrokafullu framkomu forráðamanna sjóðsins og ríkisstjórnarinnar við námsmenn. Seinast í hádegisútvarpinu í dag var verktakinn í Kópavogi, formaður stjórnar lánasjóðsins, að tala um námsmenn sem glæpamenn og stórsvindlara því að hann hafði rekið sig á að einhverjir þeirra hefðu vantalið tekjur sínar, kannski ekki vantalið heldur vanáætlað vegna þess að framtal tekna eða áætlun um tekjur er a.m.k. í allmörgum tilfellum gerð áður en framtal liggur fyrir og áður en námsmenn eru búnir að fá haldbært yfirlit yfir tekjur liðins árs. Nú er ég ekki að mæla því bót að menn séu að oftaka úr sjóðnum eða vanáætla tekjur sínar, en ég vil ekki flokka það með stórglæpum eins og mér fannst formaður stjórnar lánasjóðsins gera, verktakinn í Kópavogi. Það ætti að vera einfalt að leiðrétta þetta við næstu lán sem hlutaðeigendur fá úr sjóðnum. Það er einfalt að skerða lán hjá þeim sem hafa fengið ofgreitt úr sjóðnum og vil leyfa mér að halda því fram að í flestum tilfellum sé það óviljaverk, ekki ásetningssynd.

Það er í öðru lagi hægt að útbúa skuldabréf hjá þeim sem eru að ljúka námi og fá ekki oftar greiðslur úr sjóðnum. Það er hægt að vaxtafæra það sem ofgreitt hefur verið en það þarf ekki að meðhöndla þessa menn eins og glæpamenn.

Ég held að betur hefði farið ef hæstv. menntmrh. hefði gefið sér tíma til að tala við námsmenn áður en hann lagði upp í þessa för en ekki hundsað þá því að mínum dómi hafa námsmenn sýnt rökfestu og sanngirni í málflutningi sínum. Allir þeir námsmenn sem ég hef heyrt í eru mjög andvígir frv., ekkert síður þeir sem glæptust til að kjósa Sjálfstfl. eða Alþfl. í síðustu kosningum. Mótmælum, undirskriftalistum, rignir yfir mann þar sem námsmenn eru skelfingu lostnir að biðja sér ténaðar, biðja okkur að reyna að passa sig og hagsmuni sína fyrir þeim stjórnvöldum sem slysuðust til valda í landinu á sl. vori. Út af fyrir sig er það þakkarvert að stjórnarmeirihlutinn í menntmn. hefur lagað frv. pínulítið í meðförum nefndarinnar, en það er bara ekki nóg. Þeir í meiri hlutanum eru svo skrefstuttir að ég verð að segja eins og segir í barnagælunni: Ekki get ég stigið við þig, stuttfótur minn. Reyndar er dæmi þess að einstöku raddir hafi heyrst úr stjórnarliðinu sem hafa verið að reyna að malda í móinn. — Hvar er nú formaður þingflokks Alþfl.? Hann er ekki viðstaddur umræðuna í dag. Hann hefur sjálfsagt öðrum hnöppun að hneppa. Hann var eitthvað að stynja í haust út af frv. en er þagnaður núna.

Það rifjast upp fyrir mér nú þegar hann opnaði fyrst munninn í þessum sal. Þá var hann að vísu ekki sitjandi þarna við borðshornið né í ræðustól heldur kom hann í hópi vaskra námsmanna og stillti sér upp í horninu á áhorfendabekkjunum og hafði með sér 100 manna sveit eða meira þannig að þingverðir náðu ekki til hans og flutti boðskap sinn yfir þingheimi, að vísu með sömu röddinni og hann hefur núna en eitthvað hefur broddurinn nú minnkað í því sem hann sagði þá. Verst er að hann skuli ekki vera staddur hér í dag, því þá hefði ég gjarnan vilja eiga við hann orðastað. En þetta rifjar upp fyrir mér það sem Rómverjarnir sögðu til forna: Sic transit gloria mundi. Mér finnst lítið leggjast fyrir þann kappa núna.

Ég vil láta það koma fram námsmönnum til hugguunar að ríkisstjórnin situr ekki til frambúðar — nema þeir vilji. Ef þeir vilja, er hægt að fá annan stjórnarmeirihluta. Þá er hægt að fá annan menntmrh. og aðra stjórnarstefnu. Fulltrúar ráðherrans í stjórn lánasjóðsins hverfa með ráðherranum og það er út af fyrir sig ákveðinn kostur á frv. Og það ákvæði á í sjálfu sér að sýna námsmönnum hver ábyrgð þeirra er þegar þeir ganga að kjörborði því að það er ekki sama hvernig menn kjósa. Þeir námsmenn sem kusu núverandi stjórnarflokka í síðustu kosningum geta sjálfum sér um kennt. Þeir kusu þessi ósköp yfir sig með því að gefa núverandi stjórnarflokkum þingræðislegt færi á að ná saman í ríkisstjórn. Þeir gáfu Sjálfstfl. færi á að mynda ríkisstjórn með Alþfl. einum og gáfu Alþfl. færi á að hlaupa úr síðustu ríkisstjórn og yfir til Sjálfstfl. Að þessu finnst mér að námsmenn á Íslandi eigi að gefa gaum. Ef þeir vilja ekki að nám verði forréttindi þeirra sem eiga efnaða aðstandendur, verða þeir að muna eft-

ir tilvist sinni á kjördegi til þess að koma í veg fyrir að núverandi stjórnarflokkar reyni aftur eða oftar að ná saman, því að náttúran minnkar ekkert í þeim. En námsmenn geta komið í veg fyrir það með samstilltu átaki og skynsamlegum vinnubrögðum að þeir fái aftur þingræðislegt tækifæri til þess að ná völdum og halda áfram að skemma þjóðfélagið.

Ef frv. verður lögfest, sem mér skilst að ríkisstjórnin sé einbeitt í að gera og stjórnarmeirihluti hennar, verður afleiðingin sú að allmargir verða að hverfa frá námi af fjárhagsástæðum eða hætta við að hefja nám þótt þeir hafi gáfur, dugnað og hæfileika engu minni en þau efnamannaafkvæmi sem hér eftir hafa forgang að námi á háskólastigi á Íslandi.

Frú forseti. Að lokum þetta: Þessi lög eru sett í algerri óþökk Framsfl. og í fullkominni andstöðu við hann. *Ég leyfi mér að lýsa því yfir að Framsfl. mun* ekki, þegar hann fær þingstyrk og afl til þess að stjórna menntamálum þjóðarinnar, búa áfram við þessi lög óbreytt. Við munum breyta þessum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Framsfl. vill ekki níðast á námsmönnum og Framsfl. þekkir gildi menntunar fyrir þjóðfélagið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að nauðsynlegt sé að byrja á að vekja athygli á einu grundvallaratriði í því frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem liggur fyrir og ég er ekki viss um að allir þingmenn hafi áttað sig á. Það er sú staðreynd að haustið 1992 á að leggja niður Lánasjóð ísl. námsmanna. Hann mun ekki veita nein lán haustið 1992. Þeir sem í óbreyttu kerfi *hefðu fengið í lán alls 800–900 millj. kr.* haustið 1992 fá engin lán fyrr en í janúar eða febrúar á næsta ári. Ég verð að segja alveg eins og er að ég dreg það mjög í efa að þingmenn hafi almennt gert sér grein fyrir því að þetta er í raun og veru svona. Ég er ekki viss um að þingmenn stjórnarflokkanna hafi áttað sig á því að leggja á niður Lánasjóð ísl. námsmanna haustið 1992, að það verði engin lán veitt í haust. Ég hef ekki séð neinar hugmyndir um að á sama tíma eigi að segja í stórum stíl upp starfsmönnum Lánasjóðs ísl. námsmanna, en það verða engin lán veitt. Engin. Ekki króna. Þannig að Lánasjóður ísl. námsmanna leggur niður starfsemi sína hálft ár á árinu 1992.

Ég vildi gjarnan inna hæstv. forseta eftir því hvort einhverjir af forustumönnum Alþfl. eru í húsinu því ég hefði viljað eiga við þá orð um þessi mál. Þeim kemur þetta við þó þeir hafi verið að gera samþykktir um að þetta sé allt saman hæstv. menntmrh. að kenna og hann hafi af þjóðkunnum skepnuskap sínum ákveðið að hafa þetta svona. En það er einu sinni ákvörðun stjórnarflokkanna beggja og ábyrgð Alþfl. líka að leggja niður Lánasjóð ísl. námsmanna haustið 1992.

Í raun og veru hefði verið hægt að orða frv. þannig, frv. til laga um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki:

1. grein: Lánasjóður ísl. námsmanna er lagður niður frá og með 1. júní 1992 og tekur til starfa aftur 1. janúar 1993.

Það er það sem verið er að gera. Sparnaðurinn sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ná fram á þessu ári felst allur í þessu af því að lánin verða eingöngu eftirágreidd. — Ég vænti þess að forseti hafi numið það mál mitt að ég sakna aldrei þessu vant alþýðuflokksmanna og þætti vænt um ef forseti vildi gera húsleit, senda menn í fjallskil, smölun eftir þeim þannig að hægt sé að tala við þá smástund ef svo ólíklega skyldi fara að hægt væri að kveikja á einhverri skilningsglætu í höfðinu á þeim. Ég er ekki viss um að allir þingmenn stjórnarflokkanna hafi gert sér þetta ljóst.

Ég fór áðan yfir fjárhag Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1992 með framkvæmdastjóra lánasjóðsins, Lárusi Jónssyni. Hann hefur sem kunnugt er tekið við störfum þar, hefur margvíslega verðleika eins og alþjóð veit frá Samtökum rækju- og hörpudiskframleiðenda og allir sjá í hendi sér hversu mikill skyldleiki er með þeim tveimur stofnunum sem hér um ræðir. Auk þess sem maðurinn er einn af fyrrv. þingmönnum Sjálfstfl. Hvort tveggja er snertur af hálfgerðum niðursuðuiðnaði eins og þetta er rekið af núverandi ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Það þarf góða reikningskunnáttu til.) Það þarf sæmilega reikningskunnáttu til þess að reka Lánasjóð ísl. námsmanna og líka bankana, eins og nefndur maður þekkir líka.

Hvernig er fjárhagsstaða Lánasjóðs ísl. námsmanna árið 1992? Hún er þannig að fjárþörf vegna vorlána er talin vera um 2,6 milljarðar kr. Fjárþörf vegna haustlána að óbreyttu kerfi væri 1,3 milljarðar kr., þannig að heildarfjárþörf lánasjóðsins á þessu ári til útlána yrði um 3,9 milljarðar kr. að óbreyttu kerfi. Í afborganir og vexti þarf sjóðurinn að leggja 2,2 milljarða kr. til viðbótar við þessa tölu og rekstrarkostnaður lánasjóðsins er talinn vera um 77 millj. kr. Samtals er talið að sjóðurinn þurfi að óbreyttu 6,1 milljarð kr. á þessu ári. Hann hefur í fjárlögum 5,7 milljarða, sýnist mér. Þannig að miðað við þessar forsendur þá skortir upp á að sjóðurinn hafi til óbreyttrar starfsemi 0,4 milljarða króna eða um 400 millj. kr. Til þess hins vegar að ná þarna saman endum hefur ríkisstjórnin ákveðið að flytja öll þau lán, sem hefði átt að greiða út í haust upp á 1,2 milljarða, eða 1,1 milljarð kr. eða svo, yfir á fyrri hluta ársins 1993. Það er talið að með þessu móti flytjist *yfir áramótin 800–900 millj. kr. þannig að ef þessi* áform ríkisstjórnarinnar ganga eftir þá er sjóðurinn með afgang í lok ársins, ekki aðeins sem þessu nemur heldur má segja að afgangurinn sé um 400 millj. kr. sem sjóðurinn flytur yfir áramótin til þess að takast á við skuldbindingar sínar á næsta ári.

Auðvitað er það þannig að frá sjónarmiði ríkisstjórnarinnar og forráðamanna lánasjóðsins er hér um það að ræða að verið er að færa fjármuni yfir áramót sem koma svo á sjóðinn aftur eftir áramótin. En það kemur ekki eins út fyrir námsmennina. Íslenskir námsmenn fá engin lán í haust. Það er tillaga Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands, að leggja niður lánakerfi íslenskra námsmanna haustið 1992. Það er tillaga Alþfl. Það er von að það þurfi að kalla saman sérstakt flokksþing til að ræða um velferðarkerfið og það má auðvitað segja að þessi tillaga sé í góðum samhljóm við mál-

flutning formanns Alþfl. um Lánasjóð ísl. námsmanna á undanförnum árum, en hann hefur verið einna harðastur allra í því að gagnrýna Lánasjóð ísl. námsmanna á undanförnum árum.

Auðvitað fara einhver lán út í haust, aðallega þó eftirágreidd sumarlán, samkvæmt þessu kerfi. En niðurstaðan er sem sagt sú að Lánasjóður ísl. námsmanna verður lagður niður í haust. Ég vildi gjarnan spyrja þá hv. þm. Alþfl. sem eru í salnum núna og ég ætla ekki að fara að skattyrðast við á einn eða annan hátt, þeir eiga það á engan hátt skilið miðað við þá aðstöðu sem þeir eru í sem varaþingmenn, þá vil ég biðja þá um að kanna hvort það hefur verið samþykkt í þingflokki Alþfl. að leggja niður Lánasjóð ísl. námsmanna í haust. Og við 3. umr. málsins eða framhald 2. umr., hvenær sem það nú verður, mun ég inna formann þingflokks Alþfl. alveg sérstaklega eftir því hvort hann hafi samþykkt það og flokkur hans að leggja Lánasjóð ísl. námsmanna niður í haust af því það verða engin lán veitt í haust. Það eru engin lán veitt í haust af því að öll lán eiga framvegis að verða eftirágreidd. Ég tel að í rauninni sé þessi þáttur málsins langljótasti þáttur frv. eins og það stendur nú.

Hæstv. menntmrh. hefur verið að hóta námsmönnum því að ef þetta frv. verður ekki afgreitt þá verði hann að skera niður lánin í haust um 30% og hann sér það væntanlega þannig fyrir sér að þörfin sé 1.200 millj. og hann hafi 800 millj. og hann þurfi þá að skera niður lánin í haust sem því nemur. En það þýðir út af fyrir sig ekki að hann þyrfti að óbreyttu kerfi að skera þá lánin niður um 30% á árinu 1993.

Ég held það sé nauðsynlegt að talsmenn stjórnarflokkanna svari þeirri spurningu alveg skýrt og skorinort hvort þeir geri sér grein fyrir því að það er verið að leggja lánasjóðinn niður í haust. Ég mun koma aðeins nánar að þessum málum líka síðar í ræðu minni, virðulegi forseti.

Í tengslum við umræðuna um Lánasjóð ísl. námsmanna núna að undanförnu má segja að ríkisstjórnin hafi haft í frammi alveg eindæma ósvífni í því að rægja, ég segi rægja, námsmenn. Þar hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar gengið svo langt að með ólíkindum er. Því er haldið fram að námsmenn séu að svindla sér út lánum í stórum stíl, þeir vantelji tekjur sínar um 600–700 millj. kr., fái út á það aukin lán upp á 300–400 millj. kr. og síðasta tilraunin í þessum efnum kom í hádegisfréttum í dag. Þar sagði formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna að einhver hluti af námsmönnum væri að spila á kerfið, eins og hann sagði orðrétt, og síðan, með leyfi forseta: „Þ.e. að verða sér úti um vaxtalausa peninga í einhvern tíma." „Ert þú þá að tala um misnotkun á kerfinu?" — spyr fréttamaður. Og formaður stjórnar lánasjóðsins svarar: „Já, ég er að tala um misnotkun á kerfinu."

Í þessari frétt kemur það fram að að mati starfsmanna lánasjóðsins vanmeti námsmenn tekjur sínar viljandi, þeir telja þær ekki fram, upp á 640 millj. kr. og fái út á það lán sem nemur 350–400 millj. kr. umfram það sem þeir eiga rétt á. Þannig stendur fréttin. Og í vitund þjóðarinnar sem hlustar er niðurstaðan bersýnilega sú sem til er ætlast. Þetta er svindlaralið, þessir námsmenn. Nota allar mögulegar aðferðir til að ná sér í meiri peninga. Óprúttið svindlaralið. Það er auðvitað kostulegt að fylgjast með umræðunni frá þessari ríkisstjórn og má segja að það sé ástæða til að óska henni til hamingju með að hafa fundið svindlarana í þjóðfélaginu. Það eru námsmenn. Það er þetta fólk sem er að reyna að læra og mennta sig í þjóðfélaginu. Það þarf að skera upp herör gegn þeim og svínbeygja þá, námsmenn, stúdenta. Það er það fólk sem þarf að snúa niður. Þar er ranglætið, hið svívirðilega ranglæti sem ríkisstjórnin berst gegn. Þar er ranglætið sem Alþfl. fann í þjóðfélaginu. Það er ekki núna mikið verið að tala um skattasvindlið sem Alþfl. talaði mikið um þegar hann var í stjórnarandstöðu hér fyrir löngu. Það er ekki verið að tala um stórburgeisana eða kolkrabbann. Nei, það eru námsmenn. Það er liðið sem nú skal fá til tevatnsins og það heldur betur.

En þetta er ekki eina dæmið um hvernig ríkisstjórnin hefur með skipulegum hætti verið að rægja námsmenn. Annað dæmið er t.d. sá málflutningur formanns menntmn. að einstaka námsmenn séu með lán upp á fleiri milljónir króna, mig minnir að hún hafi nefnt einar 12 millj. kr. þegar það liggur samt fyrir að það er algjör undantekning og aðeins 1% námsmanna, ef ég man rétt, eru með lán sem eru 5 millj. eða meira. En það er endilega hamrað á þessari tölu, að það finnist eitt dæmi eða kannski tvö um einhverja sem eru með 12 millj. kr. Það er jarmað um það í fjölmiðlum daginn út og daginn inn af hálfu þessara manna sem finna ranglætið í fátækum námsmönnum í þessu landi. Svindlaradótið.

Þessi skipulegi áróður gegn námsmönnum, rógur á hendur námsmönnum, sem Sjálfstfl. stendur fyrir, ósmekklegi áróður, tekur náttúrlega engu tali. En það er hægt að nefna fleiri dæmi um það hvernig Sjálfstfl. hefur beitt sér alveg sérstaklega fyrir því að vega að æru íslenskra námsmanna. Þeir séu mikið í því að vantelja tekjur sínar til að geta náð sér í meiri lán. Þeir séu að harka út lán upp á 12 millj. kr. og blessað fólkið sem situr heima hjá sér og hlustar á fjölmiðlana segir: Ja, 12 millj., það er ekkert annað. Það er munur að vera námsmaður á Íslandi, bara allir með 12 millj. — Og talið gengur svo út á það, eins og til er ætlast, að þessir menn noti þetta aðallega til að kaupa sér lystikerrur. Enginn hefur þó afhjúpað þennan málflutning eins skemmtilega og Bibba á Brávallagötunni, sem er einn snjallasti Íslendingur sem gengur laus, eins og kunnugt er, sem sagði að námsmenn væru jafnvel að eyða námslánunum sínum til að kaupa mat. Þetta dót sem ætti nú að læra fyrir peningana, ekki vera að eyða þeim í eitthvað að éta.

Þetta eru ekki einu dæmin um þennan málflutning Sjálfstfl. í sambandi við íslenska námsmenn. Eitt dæmið sem menntmrh. hefur alveg sérstaklega lagt rækt við að tíunda er að það þurfi að taka upp þetta eftirágreiðslukerfi af því að menn fái alltaf of mikið á haustin. Maður gæti ímyndað sér að þarna væri bara lausnin komin á vanda ríkissjóðs og lánasjóðsins um aldur og ævi. En hvernig stendur það mál? Hefur

nokkuð verið sagt frá því? Það er sagt frá því af þessum mönnum að þessi lán séu ofgreidd upp á 55 millj. kr. og það er tönnlast á því að mesta skuldin sé kannski 600 þús. kr. hjá einstökum mönnum. Það er tönnlast á því. En það hefur aldrei verið sagt frá því af hálfu ríkisstjórnarinnar að nær öll þessi ofgreiddu lán eru komin í hús aftur um áramót og samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Lánasjóði ísl. námsmanna eru af þessum lánum komin í hús um áramót 85% með útgáfu á svokölluðum E-skuldabréfum og þessi lán eru ekki öll 684 þús. kr. En það er eitt dæmi um það. Eitt. Lægsta skuldin hefur aldrei verið nefnd af ríkisstjórninni í þessu máli, aldrei. Hver er hún? Hún er ekki 680 þús. eða 670 þús. Nei, hún er 5.318 kr. sem þetta rakkaralið hefur verið að svindla sér út úr Lánasjóði ísl. námsmanna. 5.318 kr. Það er nú allt.

Auðvitað er það þannig að þetta greiðslukerfi er hægt að laga þannig að í sjálfu sér er algjör óþarfi að búa við þetta eins og það er, það er algjör óþarfi. Eins er það með þessi lán sem menn eru að fá vegna þess að þeir vantelji tekjur sínar. Það er sagt frá því í fréttum að námsmenn fái 350–400 millj. í haustlán umfram það sem þeir höfðu rétt til, en það er ekki sagt frá því að þeir sem fá ofgreidd lán eru skattlagðir í lánum sínum eftir áramótin. Samkvæmt reglum, sem hafa verið settar og ganga út á það að sá sem vantelur tekjur sínar um 100 þús. kr. t.d., skerðir lán sitt um leið um 5.000 kr. af næsta tímabili og sá sem hins vegar oftelur tekjur sínar styrkir að einhverju leyti lánastöðu sína þar á móti. Þannig að það er í gangi tiltekið refsikerfi í Lánasjóði ísl. námsmanna sem réttir þetta allt saman af. En það er ekki sagt frá því. Ekki orð. En það er nákvæmlega tíundað að þarna sé um að ræða mistök og misferli hjá þessum námsmönnum. Þetta er auðvitað málflutningur sem er ekki nokkrum manni bjóðandi í þessu þjóðfélagi. Ekki nokkrum manni bjóðandi.

Það væri hægt að nefna mörg fleiri dæmi um það hvernig málflutningur ríkisstjórnarinnar hefur verið í þá átt að veikja sem allra mest stöðu námsmanna, berja þá niður þannig að þeir verði eiginlega að taka við hverju sem er. Mörg, mörg fleiri dæmi um það. Ég hef nefnt þrjú dæmi og þau eru öll mjög alvarleg vegna þess að það er verið að vega að æru ungs fólks í þessu landi og segja: Yfirgnæfandi meiri hluti þessa fólks er þannig innrættur að hann stundar svindl á svindl ofan til að framfleyta sér og þetta eru auðvitað kinnhestar sem eru með þeim hætti að ég vona að menn muni þá og ég dreg það reyndar í efa að nokkur stétt hafi orðið fyrir öðrum eins ærumeiðingum af hálfu stjórnvalda eins og námsmenn að undanförnu í þessu máli. En tilgangur ríkisstjórnarinnar er auðvitað augljós. Hann er sá að reyna að skapa jarðveg, skapa stöðu, til að koma þessum ófögnuði í gegn, þessu frv., þessum ófögnuði sem á að fara að afgreiða að manni skilst einhvern tímann á þessu vori undir hótunum menntmrh. um að annars verði námslánin skorin niður um 30%.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta sé málflutningur sem hafi því miður skilað árangri fyrir ríkisstjórnina. Ég held að námsmönnum líði illa undir þessu. Þeim finnist vont að sitja undir svona áróðri. Ég hef orðið var við það sjálfur, ég þekki fjölda námsmanna og veit að þeim líður illa undir ákúrum af þessu tagi.

Eitt af því, virðulegi forseti, sem menntmrh. hefur gert í þessu máli er það að hóta því að skerða framfærslulánin um 30%. Hann hefur þegar skert þau um 16–17%, hann gerði það í fyrra. En hvað er að gerast í raun og veru að öðru leyti með þessum lagabreytingum? Það er verið að auka raungreiðslur námsmanna um 30% þegar litið er yfir lánstímabilið allt.

Ég hef undir höndum skjal frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands þar sem birtast niðurstöður útreikninga hennar á afföllum í breyttu og gildandi lánasjóðskerfi sem unnir voru samkvæmt beiðni menntmn. Alþingis 7. apríl 1992. Undirritað af Ingólfi H. Bender. Í því skjali kemur fram að endurgreiðslufall námslána í breyttu og gildandi námslánakerfi er með þeim hætti að ef við skoðum gildandi kerfi á árunum 1992 til 2035, sem menn eru að borga lánið, þá nemur greiðslan 90,9% af láninu á öllum tímanum. Ef við tökum lán með 3% vöxtum eins og gert er ráð fyrir sem möguleika í frv., þá er greiðslan ekki 90,9% heldur 123,5% á tímanum. Með öðrum orðum vextir á vexti ofan og vaxtavextir gera það að verkum að þegar allt lánstímabilið er skoðað þá eru lántakendur þriðjungi verr settir en í gildandi kerfi. Það er verið að tala um að þjóðarbúið verði fyrir áföllum í þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu upp á 3–4%. Það er búið að taka þessa námsmenn niður um 16–17%. En að auki á að herða endurgreiðslur og vexti þannig að það er verið að veikja þeirra stöðu á lánstímanum í heild um u.þ.b. 30% og svo er auðvitað smurt á þetta með því að þetta sé meira og minna ærulítið eða ærulaust lið.

Þess vegna er það svo að þegar námsmenn skoða hlutina, annars vegar hótanir menntmrh. um 30% skerðingu og hins vegar þetta, þá er það alveg ljóst hvaðan talan er sem komin er frá menntmrh. Hún er ekki bara komin upp úr fjárlögunum, hún er líka þarna. Þetta eru ekki tölur sem eru unnar upp af stjórnarandstöðunni eða námsmönnum. Þetta eru tölur sem eru reiknaðar út að beiðni hv. menntmn. þar sem staða námsmannanna á lánstímanum öllum versnar um um það bil þriðjung.

Spurningin er hins vegar um það hversu mikið þessar breyttu endurgreiðslureglur styrkja sjóðinn sem slíkan þegar upp er staðið. Þessi þriðjungsbreyting snýr að námsmönnunum sem slíkum og þeim námsmönnum sem geta greitt upp lánin sín. Spurningin er aftur á móti um það hvernig þetta snýr að sjóðnum í heild og það er mál sem ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Einnig liggur fyrir athugun á því hvernig þessi mál koma út fyrir sjóðinn í heild. Hver er þróunin á eiginfjárstöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessum tíma? Það hefur verið reiknað út. Það eru í raun og veru marklausir útreikningar vegna þess að engin ný áætlun liggur fyrir um afföllin sem bersýnilega verða eins og ég mun sýna fram á síðar í þessu tali. Afföllin í nýja kerfinu verða mikið meiri en í gamla kerfinu af því að vextirnir eru komnir á, endurgreiðsluhlutfallið er hærra og höfuðstóllinn mun fara hækkandi hjá þeim

sem ekki hafa háar tekjur og eru kannski bara á taxtalaunum. Þegar menn hafa lokið störfum kannski 65, 67 eða 70 ára gamlir, munu þeir eiga svo mikið eftir af láninu að það er augljóst að afföllin í þessu nýja kerfi verða síst minni frá sjónarmiði sjóðsins en í gamla kerfinu. Ég tel reyndar að það sé þveröfugt. Og það er nokkuð athyglisvert að þrátt fyrir umræður um málið mánuðum saman hafa ekki fengist neinar áætlanir um hugsanleg afföll og að mínu mati er ekki hægt að afgreiða málið öðruvísi en einhver áætlun um afföll liggi fyrir. Hún liggur ekki fyrir enn þá. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort hann hyggst bjóða þinginu upp á að afgreiða frv. frá Alþingi án þess að nýtt mat á hugsanlegum afföllum liggi fyrir.

Hins vegar hafa verið settir upp útreikningar um þróun eiginfjárstöðu sjóðsins og ég mun fara yfir hana. Ég hafði hins vegar hugsað mér að spyrja hæstv. forseta næst hvað hæstv. forseti hefur hugsað sér um fundahöld, hvort ætlunin sé að taka matarhlé á þessum fundi. (**Forseti:** Forseti hafði hugsað sér að gera hlé frá kl. 7 til kl. 8.30 í kvöld og ef hv. þm. er langt kominn með sína ræðu getur forseti alveg sýnt ofurlitla biðlund en að öðrum kosti mundi hv. þm. e.t.v. vilja fresta ræðu sinni til kl. 8.30 í kvöld.) Já, ég þakka hæstv. forseta fyrir þessar mikilvægu upplýsingar en þannig stendur á í ræðu minni að það mundi vera hentugra fyrir mig að halda áfram kl. 8.30 í kvöld. Ég hef ekki nærri lokið ræðu minni, virðulegi forseti. Ég á eftir að fara yfir eiginfjárstöðu sjóðsins og þróun hennar, þannig að ég kysi heldur að forseti frestaði máli mínu núna. (**Forseti:** Það er alveg sjálfsagt að hv. þm. fresti ræðu sinni þar til í kvöld þegar við hefjum fund að nýju kl. 8.30.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Fyrr í dag fór ég yfir nokkra þætti þessa máls, m.a. að því er varðar þá umræðu sem fram hefur farið um lánasjóðinn af hálfu ríkisstjórnarinnar þar sem því hefur verið dreift ótæpilega að námsmenn misnoti aðstöðu sína til þess að harka sér út meiri lán. Ég hafði einnig rakið það að endurgreiðslufall lána versnar um þriðjung samkvæmt frv. eins og það lítur út ef vextir verða teknir upp á 3% eins og heimilt er samkvæmt því þó nú um sinn hafi verið tekin ákvörðun um 1% vexti.

Ég hafði einnig vikið lauslega að eiginfjárhlutfalli sjóðsins og hvernig það breytist. Það sem mér finnst athyglisverðast í þeim efnum er tafla sem birtist í skjali frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, dags. 6. apríl 1992, þar sem fram kemur að ef miðað er við að 45% fjárþarfar sjóðsins verði mætt með ríkisframlagi en 55% með lántöku þróist eigið fé sjóðsins með þeim hætti að eftir mörg ár eða árið 2036 verði um að ræða 60 milljarða fjárbindingu í sjóðnum að óbreyttu kerfi en 53 milljarða að breyttu kerfi með 3% vöxtum. Þannig að frá þeim bæjardyrum séð, þó svo að hlutirnir snúi eins gagnvart einstökum námsmönnum og ég hafði rætt um fyrr, er í raun og veru ekki eins mikil breyting á eiginfjárstöðu sjóðsins og menn hefðu getað ætlað þó svo að það vanti inn í þessa mynd, sem er auðvitað aðalatriðið engu að síður, að ekki hefur verið reiknað út enn þá hversu mikil afföll verði í hinu nýja kerfi. Eins og ég benti á við 1. umr. málsins, og einnig á almennum fundi í Háskólabíói fyrir nokkrum mánuðum, var auðvitað alveg ljóst að sjóðurinn mundi ekki fá nærri eins mikið út úr hinu nýja kerfi og hinu gamla ef miðað var við 3% vexti. Einnig er ljóst að verði vextirnir 1% eins og nú er verið að tala um, er þó nokkur fjöldi fólks sem ekki mun ná að greiða lánin upp af venjulegum launum eins og ég mun víkja að á eftir.

Virðulegi forseti. Þegar heildardæmið um sjóðinn er skoðað og tillit er tekið til 1% vaxtaálags eins og nú hefur verið ákveðið um sinn, 1,2% lántökugjalds, að endurgreiðslur hefjist tveimur árum eftir námslok og föst ársgreiðsa verði 48 þús. o.s.frv. er fróðlegt að velta því fyrir sér hvað breytist með þessu frá því sem hefði orðið að óbreyttu á þessum tíma. Það er mjög athyglisvert, virðulegi forseti, að sú heildarlækkun á ríkisframlagi sem næst með þessum breytingum, t.d. á árinu 1993 eða 1994, er 70–80 millj. kr. hvort ár. Staðreyndin er sú að ríkisframlagið sem að óbreyttu mundi þróast t.d. fram til ársins 2024 upp í 4,6 milljarða lækkar samkvæmt hugmyndum frv. til ársins 2024 um 2,3 milljarða. Lækkunin er sem sagt 2,3 milljarðar, úr 4,6 í 2,3. En hvert er framlagið sem reiknað er með núna í upphafi? 2,3. Þannig að það ríkisframlag sem menn eru að tala um í þessu dæmi fer ekki að breytast í raun fyrr en eftir árið 2024 og þá verðum við báðir hættir á Alþingi, ég og hv. 4. þm. Reykv., sem er eins og fyrr sérstakur fulltrúi Sjálfstfl. í salnum að þessu sinni ásamt hæstv. menntmrh. Hv. 4. þm. Reykv. rækir þingskyldur sínar betur en allir aðrir þingmenn Sjálfstfl. Þó að við munum sitja hér báðir afar lengi, er hætt við því að það verði lítið eftir af okkur sem alþingismönnum árið 2024, hvað sem öðru líður.

Árið 2024 fer hið raunverulega ríkisframlag fyrst að lækka. Segi menn svo að ríkisstjórnin sé ekki framsýn. Og eins og menn vita eru aðalrökin fyrir breytingunum t.d. þau samkvæmt framsöguræðu hv. formanns menntmn. að sjóðurinn hafi svo veika stöðu og að ekki sé vilji til þess að auka framlög til sjóðsins eins og nauðsynlegt er. Það er mikið til í því hjá hv. formanni menntmn. að viljinn til þess að auka framlög til sjóðsins hefur oft verið furðulega lítill á Alþingi.

Engu að síður er það svo að sú röksemd um að verið sé að draga úr framlagaþörf til sjóðsins stenst ekki af því að framlögin munu halda áfram að aukast um skeið og lækka mjög lítið á næstu árum. Þannig að þegar kosið verður næst, sem verður í síðasta lagi 1995, getur orðið fyrr, er lækkunin 106 millj. á árinu 1995 af 6 milljarða pakka. Hér er auðvitað um upphæð að ræða sem er innan skekkjumarka og þegar þessir hlutir eru skoðaðir kemur í ljós að ekki einasta er þetta kerfi sem verið er að gera tillögur um algerlega út í hött gagnvart námsmönnunum sjálfum, heldur gengur það heldur ekki upp að því er sjóðinn sjálfan varðar, því samkvæmt útreikningunum með frv. er það fyrst árið 2024 sem ríkissjóður getur gert ráð fyrir að hann geti farið að lækka framlögin frá því sem þau eru núna.

Ef litið er yfir allt tímabilið til ársins 2036 er talið að ríkisframlög þyrftu að vera um 190 milljarðar kr. að óbreyttu. Samkvæmt frv. er lækkunin á ríkisframlaginu talin verða um 70 milljarðar kr. og það er breyting úr 190 í um það bil 120 milljarða kr. Að því er ríkisframlagið varðar stendur þetta svona og það er fyrst árið 2024 sem þessir hlutir fara að rétta sig af.

Gagnvart námsmönnum gengur þetta kerfi engan veginn upp eins og ég hef rakið áður. Gagnvart sjóðnum sem slíkum er það í raun og veru rammgötótt að auki þó svo að ekki liggi fyrir neinar áætlanir um afföll sem yrðu í hinu nýja kerfi.

Okkur er tjáð að hæstv. ríkisstjórn hafi hugsað sér að *ná endum saman með jöfnuði í ríkisbúskapnum á* árinu 1993. Augljóst er að ef menn ætla að gera það munu þeir líka hjóla í Lánasjóð ísl. námsmanna aftur á næsta ári með ríkisframlagið, sem þýðir þá að staða sjóðsins er enn verri sem því nemur. Ég óttast þannig að menn séu ekki að segja alla söguna.

Ef við skoðum hvernig fólki gengur að borga af lánunum af taxtalaunum kemur í ljós að í ýmsum tilvikum mun fólk ekki ráða við það. Það munu verða verulegar eftirstöðvar þó að menn séu búnir að borga í áratugi. Fyrir framan mig hef ég dæmi af framhaldsskólakennara sem tekur lán upp á 2,5 millj. kr., árslán 648 þús. Framhaldsskólakennarinn er einstætt foreldri með eitt barn meðan hann er í námi. Hvað á hann eftir *þegar hann hættir að kenna?* Hann á eftir 715 þús. kr. eftir 42 ár. Hvergi nokkurs staðar er reynt að reikna það út hvað þessi afföll í raun og veru þýða í heild fyrir sjóðinn. Ég held ég neyðist til þess að spyrja hæstv. menntmrh. að því, án þess að ég ætlist til að hann svari því í andsvörum heldur mætti það vera með öðrum hætti ef hann vill, hvernig hann hugsi sér að farið verði með afföllin.

Samkvæmt frv., ef ég man það rétt, er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins geti ákveðið hvernig farið verði með afföllin og hæstv. menntmrh. sagði einhvern tíma í þessari umræðulotu á Alþingi að það kæmi til greina að fella afföllin niður þegar viðkomandi er orðinn 67 ára og kominn á eftirlaun eða eitthvað því um líkt, en *við höfum engar skýrar upplýsingar um þetta atriði* og það er mjög mikilvægt að fá þetta mál á hreint.

Ég nefndi áðan framhaldsskólakennara á taxtalaunum. Ég nefni viðskiptafræðing á taxtalaunum líka. Hvað á hann eftir? Hann á að vísu ekki eftir 700 þús. kr. þegar hann hættir störfum í hárri heiðurselli. Hann skuldar 537 þús. kr. þegar hann fer að fá ellilífeyrinn. Enn þá skuggalegra er dæmið um einstætt foreldri með tvö börn. Þar er niðurstaðan sú að framhaldsskólakennari sem tekur 3,5 millj. kr. að láni, á eftir 2 millj. kr. eftir 42 ár eða 67 ára að aldri. Þá er miðað við taxtakaup en það er auðvitað ekki hægt að miða við neitt annað í þessu efni. Og viðskiptafræðingurinn, en viðskiptafræðingar eru nú stundum taldir komast sæmilega af, ef þeir eru á taxta eiga þeir eftir 1,8 millj. kr. þegar þeir eru búnir að ljúka sínum langa vinnudegi 67 ára gamlir. Það hefur að vísu ekki verið reiknað út hvað lögfræðingar ættu eftir sem mundi kannski kveikja alveg í ríkisstjórninni vegna þess að hún á marga fulltrúa í lögfræðistéttinni.

Þannig mætti nefna fleiri dæmi en ég hélt mig við 1% vextina, ekki 3%, eins og heimilað er. En ég ætla að leyfa mér að nefna dæmi um einhleyping í leiguhúsnæði en það er í raun og veru lægsti flokkurinn ef vextirnir væru 3% eins og heimilt er samkvæmt frv. Hvað ætli þessir vesalingar eigi mikið eftir ef þeir fara að taka lán þarna? Viðskiptafræðingar, hagfræðingar, 3% vextir, á taxtalaunun, fá lán upp á 1,7 millj. alls meðan þeir eru í skóla og þeir borga samviskusamlega á hverju einasta ári afborgun og vexti af kaupinu sínu, 7% á hverju einasta ári og þegar viðskiptafræðingarnir, hagfræðingarnir hætta störfum, og það ætti að vera auðveldara fyrir þá að reikna þetta út heldur en okkur hina, hvað eiga þeir þá eftir? Þeir eiga eftir 917 þús. Það er rúmlega helmingurinn af því sem þeir tóku að láni, 917 þús. kr. vegna þess að vextirnir hafa hlaðið svo miklu upp á þetta. Ef við tökum verkfræðing, þá lýkur hann auðvitað við þetta á taxtalaunum. Ef við tökum framhaldsskólakennara, þá fær hann í lán 1,7 millj. kr. og á eftir 1,2 millj. kr. þegar hann lætur af störfum. Þessi framhaldsskólakennari á eftir 1,2 millj. kr. þegar hann lætur af störfum 67 ára að aldri. Þetta er auðvitað hrein vitleysa, virðulegi forseti. Það er ekki verra að hafa formann fjárln. hér í forsetastóli en hann hlýtur að hafa alveg sérstaklega glöggt auga fyrir þessum ósköpum og ber er hver að baki nema hann hafi þar bróður og formann fjárln. helst í senn. Það liggur auðvitað alveg í augum uppi, virðulegi forseti, að það þýðir ekki að afgreiða þetta frv. nema þessi afföll verði reiknuð út. Þau eru svo hrikalega mikil.

Ég endurtek það sem ég sagði fyrr í dag að ég er sannfærður um að afföllin eru meiri í þessu kerfi en í hinu gamla kerfi. Það er fróðlegt t.d. að leggja saman töflurnar sem menn hafa í sínum frumvörpum og nefndarálitum. Hvað borga menn í afborganir og hvað borga menn í vexti og hvað er eftir? Mín niðurstaða er sú eftir að hafa rennt fingri yfir nokkrar síður, að í raun og veru klári menn nokkuð vel að jaga niður höfuðstólinn. En í flestum tilvikum verði það þannig ef menn eru með venjuleg taxtalaun, þá séu allir vextirnir eftir. Þetta er kannski engin speki en það hlýtur að vera fréttnæmt fyrir ríkisstjórnina. Vextirnir eru eftir þannig að í rauninni er það fráleitt út frá menntapólitísku sjónarmiði séð að leggja vextina á en maður á kannski ekki að gera kröfu um að ríkisstjórnin skilji það. En það er líka fráleitt frá því sjónarmiði að í raun og veru stenst þetta ekki út frá hagsmunum Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Ég hef líka skoðað dæmi um 2% vexti, 3% rakti ég og 1% hef ég rakið og niðurstaðan er alveg skýr í þessum efnum, herra forseti, þetta gengur ekki. Þess vegna á auðvitað ríkisstjórnin að hætta við þessa vexti því að þeir munu aldrei skila sér.

Í athugunum á þessu máli að undanförnu hefur verið farið nokkuð rækilega yfir fjárbindinguna í sjóðnum í breyttu og gildandi lánasjóðskerfi og ég hef aðeins nefnt það hér áður. Og það er kannski rétt að nefna hér í ræðustólnum nafn þess manns sem hefur reiknað mest af þessu út og heitir Ingólfur Bender og

ég sé ekki betur en sé ágætur maður í að vinna þau verk sem hann er beðinn um að vinna og það eru afar fróðlegar upplýsingar um þessa hluti í þeim gögnum sem frá honum hafa komið.

Fyrr í dag ræddi ég sérstaklega dálítið um 6. gr. frv. og sagði að ég drægi það í efa að þingmenn hefðu yfirleitt gert sér grein fyrir því að verið er að leggja Lánasjóð ísl. námsmanna niður haustið 1992 en það er verið að því. Menn fá engin lán haustið 1992, það er verið að loka sjoppunni. Þetta hefur verið borið undir fjölmarga aðila og ég hef undir höndum umsagnir fjölda aðila um þetta mál sérstaklega og þær eru mjög fróðlegar og þetta er kannski ljótasti þáttur frv. eins og það er núna. Og ég verð að segja alveg eins og er að ég leyfi mér að nefna þetta sem úrslitaatriði og segja: Ég tel það langversta atriðið í frv. eins og það stendur núna, þessa tilraun til að fella niður öll lán nema eftir á. Ríkisstjórnin hefur borið ýmsu við í þessu efni sem ég hef rakið áður, en ég tel að það séu ekki gildar viðbárur. Það er auðvitað þannig að krakkar, háskólastúdentar t.d., sem hafa verið í námi og hafa verið á gamla kerfinu og eru að fá lán núna til vorsins, fá engin lán í haust. Þeir sem eru svo lánssamir að eiga fjölda barna, eins og sumir sem ég þekki, í háskólanámi hljóta að velta þessum hlutum mjög alvarlega fyrir sér og auðvitað sérstaklega þeir sem búa við tiltölulega mjög lágar tekjur þar sem þetta kemur örugglega þannig út að krakkarnir fara ekki í skóla. Ég þekki dæmi um það að það hlýtur að fara þannig að krakkarnir fara ekki í skóla af því að fjölskyldurnar ráða ekki við það.

Nú er það ekki þannig að við séum að gera þessar breytingar einmitt á þeim tímum þegar staðan í þjóðfélaginu er tiltölulega góð. Það er nú eitthvað annað. Atvinna er lítil, sumarvinna skólafólks verður mjög lítil í sumar og mjög erfitt að fá vinnu fyrir krakkana í sumar. Og þau sem fá vinnu lenda mörg á mjög lágum og lélegum kauptöxtum þannig að þetta kemur á allra harðasta tíma fyrir fjölskyldurnar, fyrir utan þau áhrif sem þetta mun hafa á skólakerfið í heild. Ég reikna þó með því að nemendur, sem eru að byrja háskólanám, eru á 1., 2. eða 3. ári, muni reyna að harka af sér og vera þarna áfram og ljúka tilteknum áfanga. En ég þekki sjálfur þegar dæmi um krakka sem eru að ljúka BA- eða BS-prófi í vor sem munu ekki halda viðstöðulaust áfram af því að það er verið að breyta kerfinu, krakkar sem mundu ella hafa gert það. Ég þekki dæmi um það og ég veit að í sumum tilfellum getur það komið mjög illa út þannig að ég er viss um að þetta kemur þar niður fyrst og fremst og í heildina mun þetta auðvitað draga verulega úr eftirspurn eftir námslánum. Það er náttúrlega sá þáttur sem er ekki gerð tilraun til að áætla inn í dæmin sem hér liggja fyrir. Og eins og ég sagði áðan, þegar maður skoðar dæmin sjálfur þá munar breytingin kannski ekki svo mjög miklu þannig að ég er viss um að það er undirliggjandi og ósagður þáttur í málinu af hálfu ríkisstjórnarinnar að eftirspurn eftir lánum mun minnka mjög verulega verði þetta frv. að lögum og verði sú aðferð notuð sem gerð er skv. 6. gr. Ég endurtek að ég tel að það sé í raun og veru eitt allra versta atriðið í frv.

Fjöldi hagsmunasamtaka og stofnana hefur sent frá sér sérstaka umsögn um þetta frv. Ein af þeim er t.d. Háskóli Íslands og það hefur stundum verið til siðs í menntmrn., ekki nærri alltaf að vísu, að hlusta á Háskóla Íslands. Hvað segir Háskóli Íslands, og þetta er stofnunin Háskóli Íslands og háskólaráð, um þessa breytingu að færa lánin þannig að þau verði öll greidd eftir á. Hvað segir Háskóli Íslands? Hann segir, með leyfi forseta:

„Í gildandi lögum er áskilið að fyrsta námsaðstoð skuli ekki veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Þetta er gert vegna þess að vitað er að á fyrsta námsári ræðst oft og tíðum hvort námsmaður hefur tök á viðkomandi námi og festist við það. Eftir að námsmaður hefur sýnt að hann hefur náð þessum tökum er á hinn bóginn engin ástæða til annars en veita honum aðstoð undanbragðalaust með svipuðu fyrirkomulagi og fólki sem skilar vinnu sinni eru greidd laun. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. í frv. mundi hins vegar leiða til þess að námsmenn almennt fengju námslán ekki greidd fyrir en hálfu til einu ári eftir að vinnan er unnin. Er vart ætlandi annað" segir Háskóli Íslands, „en að þetta sé byggt á einhverjum misskilningi."

Með öðrum orðum: Háskóli Íslands er þeirrar skoðunar að um einhvern misskilning hljóti að vera að ræða. Og er að furða þó að mönnunum detti þetta í hug vegna þess að sú aðferð sem hér er verið að tala um, að greiða námslánin eftir á, löngu eftir á, jafngildir því að ákveðið sé að borga öll laun langt eftir á. Hún jafngildir t.d. því að það yrði ákveðið á Alþingi að þingfararkaup fyrir síðari hluta ársins 1992 yrði borgað í febrúar 1993. Hún jafngildir því að ráðherralaunin yrðu ekki borguð fyrr en í febrúar 1993 fyrir síðari helming ársins 1992. Ég er hræddur um að það hvini í einhverjum keilunum ef þetta kerfi yrði tekið upp, ég segi það alveg eins og er. (**Gripið fram í:** Það færi eftir frammistöðu.) Það er aftur verra með frammistöðuna, hv. þm., og það er kannski mál sem er flókið að taka upp hér. (Gripið fram í.) Með frammistöðuna? Hvað var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að segja? Hann er boðinn velkominn til þingstarfa. Gaman að sjá hann hér í salnum. — Hverjum öðrum en námsmönnum yrði boðið upp á svona trakteringar? Fyrst er sagt að þeir séu að harka sér út námslán með alls konar svindli, þeir falsi í raun og veru tekjutölur út og suður. Námslánin eru lækkuð eitt árið um 16–17% og síðan er sagt: Já, en þessi námslán sem eftir eru, elskurnar mínar, fáið þið borguð hálfu ári eftir að þið eruð búin að leggja að baki það nám sem um er að ræða.

Það finnst víst sumum að ansi dauft sé yfir verkalýðshreyfingunni á Íslandi um þessar mundir og má margt um það segja. Ég held að menn standi sig þar eftir atvikum. En ég segi alveg eins og er, ég er nærri viss um það, þó að ég sé ekki neinn spámaður, að menn mundu láta í sér heyra ef tekið væri af þeim kaupið alveg í hálft ár, útborgunarskrifstofunum lokað. Ég er t.d. alveg viss um að sá ágæti maður, vara-

formaður Vinnuveitendasambands Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, mundi ekki láta sér detta það í hug að leggja það til einu sinni í Vinnuveitendasambandinu að borga ekki sínu fólki kaup fyrr en hálfu ári eftir á. En námsmennirnir, það má koma svona fram við þá. Þetta er nákvæmlega hliðstætt. Því að eins og Bibba á Brávallagötunni hefur sagt: Þessir menn kaupa nefnilega mat. Þó að sumum finnist það kannski ósvífni, þá kaupa þeir mat fyrir námslánin. Þeir þurfa að éta til þess að geta lært.

Ég veit ekki hvernig það er t.d. með Verslunarráð Íslands, hvort það hefur gert sérstaka samþykkt um að það væri allt í lagi að hætta að borga laun í hálft ár. Ég veit það t.d. þegar ég lít um salinn að þeir sem þekkja til í fiskeldinu voru að kvarta yfir því um skeið að verið væri að drepa stofnana þar með því að gefa þessum kvikindum of lítið að éta. En námsmennirnir, það er hálft ár. Slagbrandur fyrir útborgunardyrunum og tóm launaumslög. Þetta er hægt að bjóða fólki sennilega bara af því að þetta eru námsmenn og af því að það er búið að ófrægja hlut og málstað námsmanna svo mikið með því að þeir séu að harka sér út lán sem þeir eiga ekkert í, enda segir Háskóli Íslands af fræðilegri hógværð: „Er varla ætlandi annað en að þetta sé byggt á einhverjum misskilningi.“ En þetta var ekki misskilningur.

Ég veit í sjálfu sér ekki, virðulegi forseti, hvaða leið er best að þeim mönnum sem fyrir þessum málum tala. Ég veit í sjálfu sér ekki hvaða leið er best að þeim mönnum sem bera ábyrgð á þessum málum. En ég vil beina því til þeirra í allri vinsemd að þeir skoði þetta mál aðeins betur því að ég held að menn hafi ekki hugsað þennan þátt málsins til enda. — Nú er það auðvitað eins og venjulega þannig að stjórnarþingmenn láta ekki sjá sig hér í salnum nema einn og einn snillingur sem hér er og það er ástæða til að þakka þeim alveg sérstaklega fyrir. (Gripið fram í.) Stjórnarþingmenn? Þeim sem eru inni því að það er fljótlegra að telja þá upp. *Síðan koma hinir hér inn einhvern tíma* með atkvæðagreiðsluvélarnar sínar. Nú þarf ekki einu sinni lengur að lyfta upp hægri hendinni eins og var í gömlu þingsköpunum. Nú er nóg að fara með puttann á takkann. Nú demba þeir sér með puttann á takkann og greiða atkvæði með þessari ósvinnu eins og atkvæðagreiðsluvélar.

Ég er t.d. ekki alveg viss um að allir þingmenn hafi gert sér grein fyrir því að það á að loka lánasjóðnum í haust. Það verður gert. Það verða engin lán borguð út í haust. Ég er t.d. ekki viss um að allir þingmenn Alþfl. hafi gert sér grein fyrir því — ég fagna komu hæstv. varaforseta þingsins í salinn — að það er þannig að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að námslán verði greidd eftir á sem þýðir að engin námslán verða greidd í haust, 1992. Dyrum Lánasjóðs ísl. námsmanna verður lokað. Ég er að endurtaka þetta í tilefni af því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er genginn í salinn vegna þess að ég ímynda mér að hann gæti hugsað sér að staldra við þegar hann áttar sig á þessu, ekki síst þar sem hann fékk sérstakt bréf í gær frá 8.000 einstaklingum með áskorunum um að breyta frv. frá því sem það er nú.

Þetta frv. var lagt fram fyrir nokkru og hefur breyst aðeins síðan en þetta atriði með að borga lánin eftir á er alveg afleitt í alvöru talað. 8.000 einstaklingar skrifuðu undir áskorun til alþingismanna. Þessir alþingismenn fengu þetta bréf: Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hv. þm. Árni R. Árnason, hv. þm. Árni Johnsen, hv. þm. Eggert Haukdal, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, hv. þm. Matthías Bjarnason, hæstv. menntmrh. og hæstv. félmrh. Námsmenn sneru sér sérstaklega að hæstv. félmrh. og fjölmiðlar fóru á fund félmrh. með námsmönnum vegna þess að þeir töldu líklegast að þar væri fréttir að hafa, en eins og kunnugt er vill félmrh. verja velferðarkerfið, og hæstv. félmrh. sagði við fjölmiðla: Já, þetta mál hefur lagast og það er í meðferð og verður athugað betur. Ekki var nokkur leið að skilja ummæli hennar öðruvísi en svo að hún hugsaði sér að beita sér fyrir lagfæringum á málinu.

Ég hef dálítið verið að tala við Alþfl. í ræðu minni í dag og í kvöld og tveir blessaðir og góðir snillingar, varaþingmenn Alþfl. hafa verið hér og fylgst með þessum umræðum af stökustu samviskusemi og þeim hefur örugglega oft fundist þreytandi hvað ég hef talað illa um flokkinn þeirra. (**Gripið fram í:** Þeir eru vanir því.) Þeir eru ekki vanir því, það er misskilningur hjá hv. þm. Hins vegar hefur hæstv. félmrh. ekki verið hérna til þess að hægt væri að ræða við hana um þessi mál, en það bréf sem hv. þm. fengu í gær hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„*Námsmenn skora á alþingismenn að taka til end*urskoðunar það frv. sem nú liggur fyrir um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þrátt fyrir að búið sé að gera á frv. breytingar þá er enn að finna í því ákvæði sem ekki er hægt að sætta sig við. Það mun vera stefna allra þeirra flokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi að á Íslandi sé jafnrétti til náms. Lánasjóður ísl. námsmanna er hornsteinn þeirrar stefnu. Þess vegna hljóta alþingismenn að standa vörð um sjóðinn sem félagslegt jöfnunartæki en skoða hann ekki sem peningastofnun sem verður að skila hagnaði. Námsmenn minna á að hin sanna arðsemi menntunar sést ekki í ársreikningum Lánasjóðs ísl. námsmanna heldur skilar sér beint út í þjóðfélagið því til eflingar. Námsmenn vilja benda hv. alþingismönnum á eftirtalin ákvæði sem er að finna í frv.:

1. Settir verði allt að 3% raunvextir á námslán. Með því að samþykkja þetta frv. eru þingmenn að samþykkja það að settir verði 3% raunvextir á námslán. Þó svo að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi ákveðið að fyrst um sinn verði vextirnir 1% þá breytir það því ekki að í frv. er heimild fyrir allt að 3% vöxtum. Eftir að frv. hefur verið samþykkt ræður hinn almenni þingmaður minnstu um það hvort svo háir vextir verði lagðir á. Slíkt er alfarið ákvörðun ríkisstjórnar á hverjum tíma. Þetta ættu alþingismenn að hafa í huga þegar gengið verður til atkvæða um frv.

2. Endurgreiðslur verði 5% fyrstu fimm árin en 7% af heildartekjum eftir það og hefjist tveimur árum eft-

ir að námi lýkur í stað þriggja nú. Það hlutfall sem hér er rætt um er of hátt. Í dag greiðir fólk 3,75% af tekjum uns það hefur greitt upp lán sitt. 7% heildartekna er u.þ.b. 10% ráðstöfunartekna og það sér hver maður að slík greiðslubyrði er of há. Námsmenn vilja benda sérstaklega á þau áhrif sem slík greiðslubyrði mundi hafa á möguleika fólks til að komast inn í húsbréfakerfið og fá þar greiðslumat.

3. Eftirágreiðsla lána. Námsmönnum þykir það með algjörum ólíkindum að frv. skuli vera komið svo langt sem raun ber vitni með þessa hugmynd innan borðs. Helstu rök sem færð hafa verið fyrir þessari breytingu eru að á síðasta ári hafi sjóðurinn varið um 55 millj. kr. í svokölluð ofgreidd lán. Það vandamál er þessari hugmynd ætlað að leysa. Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði ísl. námsmanna voru um 90% þeirra sem fengu slík lán hjá sjóðnum búin að gera hreint fyrir sínum dyrum um áramót. Reikna má með að þær 8 millj. sem þá voru eftir komi inn nokkrum mánuðum síðar. Það er því alveg ljóst að hér er ekki um neitt eiginlegt vandamál að ræða hjá sjóðnum. Fyrir þessari breytingu eru því engin rök. Hún hefur hins vegar í för með sér geysilegt óhagræði fyrir námsmenn þar sem lánin væru greidd út eftir að önn lýkur í stað þess að fólk fái mánaðarlegar greiðslur eins og eðlilegt er. Fólk er því neytt til að leita á náðir banka og annarra peningastofnana með þeim vöxtum sem þar tíðkast.

Það er von og trú námsmanna að alþingismenn taki þessar athugasemdir til íhugunar. Aðild að samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna eiga Stúdentaráð Háskóla Íslands með um 5.200 umbjóðendur, Bandalag ísl. sérskólanema með um 3.500 umbjóðendur, Iðnnemasamband Íslands með um 3.500 umbjóðendur og Samband ísl. námsmanna erlendis með um 3.000 umbjóðendur. 15.200 námsmenn telja sig eiga nokkurn hlut að máli varðandi skipan löggjafarsamkundunnar. Við höfum bent á augljósa galla sem er að finna í frv. Við höfum farið fram á það að alþingismenn lagfæri þessa galla áður en teknar verði ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þúsunda námsmanna hérlendis sem erlendis."

Undir þetta bréf rita Pétur Þ. Óskarsson fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Almar Eiríksson fyrir hönd Bandalags ísl. sérskólanema, Ólafur Þórðarson fyrir hönd Iðnnemasamands Íslands og Ingibjörg Jónsdóttir fyrir hönd Sambands ísl. námsmanna erlendis.

Í þessum texta, sem 8.000 aðilar hafa skrifað undir, eru nú ekki stóryrðin. Með mjög hógværum, rökföstum hætti er farið fram á það að hv. stjórnarþingmenn athugi sinn gang. Ég vona að þeir geri það. Ég vona að þeir geri það og átti sig á því að þessi útborgunarstöðvun Lánasjóðs ísl. námsmanna frá 1. júlí 1992 eða svo, þegar sjoppunni verður lokað með slagbröndum, gengur ekki. Þó að námsmenn hafi ekki það vopn sem launafólk hefur að leggja niður vinnu og gera kröfur samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þá finnst mér að við hin hljótum að segja með þessu fólki: Þetta gengur ekki.

15.200 námsmenn. Þetta fólk er hluti af fjölskyldum sem telur a.m.k. tvöfalt, þrefalt fleiri Íslendinga. Ég er alveg viss um það að jafnvel þó að ríkisstjórnin færi í gegn með þetta mál núna þá verður það ekki liðið til langframa. Menn þola ekki það ranglæti sem í þessu felst. Þess vegna skora ég ekki síst á hv. alþýðuflokksmenn, sem hafa lýst því yfir að þeir vilji taka á þessu máli, að gaumgæfa málið mikið betur því að ég er sannfærður um það að þó að málin hafi lengi verið til meðferðar þá hafa ekki allir þingmenn gert sér ljóst hvað er verið að gera. Ég er ekkert að áfellast þá í sjálfu sér fyrir það. Mikið er af málum sem menn hafa ekki getað sett sig inn í í einstökum atriðum. Þetta mál var ekki aðalmálið sem rætt var við 1. umr. málsins, þetta mál er miklu meira rætt núna og þess vegna ástæða til og eðlilegt að fara fram á það í fullri vinsemd en þó af miklum þunga að þessir hlutir verði teknir til endurskoðunar.

Við fyrsta hluta þessarar umræðu flutti hæstv. menntmrh. ræðu þar sem hann gerði athugasemdir við ýmsar þær tillögur sem minni hluti menntmn. flytur. Þeim athugasemdum hæstv. menntmrh. hefur þegar verið svarað að verulegu leyti þannig að ég ætla ekki að víkja frekar að því nema örfáum atriðum og þó einkum því sem segir hér, að pólitíska valdið hafi stundum gengið of langt í að leggja byrðar á Lánasjóð ísl. námsmanna. Rökin fyrir skerðingum á lánasjóðnum núna eru eins og kunnugt er aðallega þau að framlögin í sjóðinn hafi verið of lítil, lánin hafi verið allt of hátt hlutfall af útgjöldum sjóðsins. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Hitt er aftur annað mál, sem menn verða að velta fyrir sér af fullri sanngirni, hvort það er réttlátt að námsmenn framtíðarinnar verði látnir bera hallann á sjóðnum vegna liðinnar vanrækslu. Það liggur fyrir að námsmannahreyfingarnar eru núna tilbúnar til þess að taka þátt í að borga það sem á milli ber í framtíð, en námsmannahreyfingarnar eru tregar til að taka á sig þann halla sem liggur fyrir frá liðnum tíma.

Hins vegar vil ég segja það sem skoðun mína að ég tel að engin rök séu fyrir því að skerða sjóðinn vegna mikilla lána hans á undanförnum árum. Lánasjóður ísl. námsmanna er hluti af hinu almenna menntakerfi Íslendinga. Lánasjóður ísl. námsmanna er hluti af hinu almenna menntakerfi rétt eins og leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, háskólar, rannsóknir, endurmenntun, fullorðinsfræðsla, vísindi. Við þær aðstæður sem lánasjóðurinn stendur nú frammi fyrir er auðvitað alveg ljóst að ríkissjóður ætti að taka á sig hluta af þeim skuldbindingum sem liggja hjá lánasjóðnum, rétt eins og ríkið hefur gert gagnvart ýmsum félagslegum fyrirtækjum eins og Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða svo ég nefni dæmi, því í öllum þessum tilvikum er um sambærilegar félagslegar skyldur að ræða. En þegar kemur að Lánasjóði ísl. námsmanna þá eru menn tregir til að viðurkenna þetta, því miður, en það ættu menn að gera frekar en að loka sjóðnum hálft ár 1992 eins og gerðar eru tillögur um.

Hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni 27. apríl: „Einnig hafa sumir þeir sem farið hafa með pólitíska valdið í málefnum lánasjóðsins víkkað út lánareglur sjóðsins, án tillits til fjárveitinga hverju sinni."

Ég veit alveg hvert þetta skot á að fara. Ég þekki

það alveg nákvæmlega. En staðreyndin er sú að markið sem þetta skot ætti helst að beinast að er ekki á Alþingi lengur. Það er úti í Landsbanka.

Sverrir Hermannsson, fyrrv. menntmrh., tók ákvörðun um að skerða framfærslulán Lánasjóðs ísl. námsmanna. En á sama tíma tók hann ákvörðun um að auka gífurlega lánaskyldur sjóðsins frá því sem áður hafði verið, m.a. með breyttu tekjutilliti. Þannig að stærstu útgjöld sjóðsins á undanförnum árum fyrir utan fjölgunina, sem er auðvitað gífurlega stór þáttur í málinu, liggur í þeim ákvörðunum sem Sverrir Hermannsson tók einhliða á sínum tíma eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gat um fyrr í dag.

Þær ákvarðanir sem teknar voru um breytingar á námslánum í minni tíð gengu út á það að framkvæma lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna undanbragðalaust. Ég tók auðvitað eftir því á þeim tíma þegar ég var að taka þessar ákvarðanir að þær voru misjafnlega vinsælar á vissum stöðum sem verður farið nánar út í í ævisögu minni þegar hún kemur út á næstu öld og ég ætla ekki að fara að rekja hér. Það er alveg ljóst að það fór misjafnlega ofan í kokið á mönnum þegar sú ákvörðun var tekin. (Gripið fram í.) Þið bíðið spennt eftir því, en þið verðið að bíða líka. En staðreyndin er hins vegar sú að jafnframt þeim ákvörðunum voru teknar ákvarðanir um að skera niður lánsrétt upp á 400 millj. kr. á ári þannig að sú breyting á framfærslugrunninum sem átti sér stað og sá niðurskurður á lánsrétti sem um var að ræða stóðst nokkurn veginn á endum.

Hins vegar gerðist það að auki að námsmönnum fjölgaði mjög verulega á þessum tíma og auðvitað skapaði það ný verkefni fyrir sjóðinn og skylt var að taka á. En það á ekki að gera með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

En markið sem ætti að taka við því skoti sem hæstv. menntmrh. skaut úr ræðustólnum 27. apríl sl. situr úti í Landsbanka.

Það er auðvitað þeim mun alvarlegra hvernig að þessum hlutum er staðið þegar fyrir liggur að námsmannahreyfingin hefur lýst vilja sínum til þess að taka á vandamálum sjóðsins. Auðvitað er alveg dæmalaust að sjá hvernig ríkisstjórnin vinnur alltaf að öllum málum. Það mega helst aldrei koma menn að nokkurri vinnu á vegum þessarar stjórnar öðruvísi en þeir séu í þessum stjórnarflokkum. Það er eins og engin þjóð sé til í landinu nema þeir menn sem eru enn þá flokksbundnir í þessum stjórnarflokkum og þeim fer sem betur örugglega fækkandi. Aldrei var talað við þá sem hagsmuna eiga að gæta, eins og í þessu tilviki námsmennina. Jú, menn hittu þá aðeins á fundi, þeim var gefinn nokkurra sólarhringa frestur. Svo komu þeir með sínar tillögur og þær fengust aldrei ræddar. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, sem er sama stefna og viðreisnarstjórnin hafði fyrir áratugum, að hafa alltaf þessa tvo flokka, bara Alþfl. og Sjálfstfl. en það er nokkurn veginn alveg tryggt að við sem erum í hinum flokkunum fáum aldrei að koma að verkum á undirbúningsstigi af neinu tagi, þó það sé auðvitað vitað að áður en langt um líður tökum við við þessu aftur. Það er alveg á hreinu. Það er ekki spurning um hvort heldur hvenær, eins og hv. 7. þm. Reykn. veit best allra sem sitja hér í salnum. Þannig að það kemur að því að við tökum við þessu aftur.

En þessi einsýni í sambandi við skipan allra nefnda og ráða. Látum nú vera þó menn sleppi stjórnarandstöðunni, en að tala ekki við námsmenn sem þó voru tilbúnir til þess að skera niður útgjöld sjóðsins upp á 400–500 millj. kr. á ári að því er þeir hafa sjálfir sagt. Það var aldrei við þetta fólk talað.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara út í þessa þætti frekar í einstökum atriðum. Ég ætla aðeins að víkja að einu atriði að síðustu og það er varðandi Vísindasjóð. Búið var að segja að það ætti að styrkja Vísindasjóð til að taka við einhverjum af þessum verkefnum sem Lánasjóður ísl. námsmanna getur ekki sinnt. Við báðum um upplýsingar um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Vísindasjóðs. Hvar er hún? Ég leyfi mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. menntmrh. hvort það sé eitthvað nýtt að frétta af því máli. Er ríkisstjórnin kannski senn að leggja fram stefnumótun í málefnum vísinda og rannsókna? Hvar eru tillögurnar um eflingu Vísindasjóðs? Hvar eru þær? Við höfum ekkert séð af því tagi.

Auðvitað er það þannig, virðulegi forseti, að ef ríkisstjórnin væri nú — mér liggur við að segja bara — að taka svona á Lánasjóði ísl. námsmanna, þá mætti nú horfa á hlutina. En það er allt menntakerfið undirlagt eins og það leggur sig. Tímaframboð grunnskóla er skorið niður í haust og meira á næsta ári. Framhaldsskólarnir munu eiga mjög erfitt með að gegna skyldum sínum. Í háskólanum búa menn við skólagjöld. Framlög til vísinda og rannsókna eru skorin niður. Þetta mun allt í senn koma niður á lífskjörum þjóðarinnar eftir ekki mjög langan tíma. Af þessum ástæðum munum við búa við verri lífskjör þegar fram í sækir. Það mun ekki standa í fjárlögunum 1993 eða 1994 og það verður kannski ekki kosið um það einu sinni árið 1995. En það verður kannski kosið um það árið 2005 eða 2010 þegar afleiðingarnar af niðurskurðarstefnunni í menntamálum, rannsóknum og vísindum eru farnar að segja til sín. Reyndar þekkjum við dæmi um það, m.a. frá Bandaríkjunum, að niðurskurður á framlögum til skólamála kemur slíkum þjóðum í koll oft miklu fyrr. Auðvitað vona ég að menn hafi rænu á því í stjórnarandstöðunni, ef svo fer fram sem horfir og þetta verður samþykkt, að halda því upp í ljósið næst þegar verður kosið, hvað hefur verið gert.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja spurningu fyrir menntmrh. Ég hef borið fram við hann þrjár spurningar í ræðu minni um hina sérstöku 1% vaxtaákvörðun. Hvernig kemur hún út? Er það ætlunin að hún gildi um þau lán sem tekin eru á árinu 1993 og verði föst á þeim lánshluta sem þá er tekinn eða er hætta á að þeim lánsskilmálum verði breytt þegar fólk fer að borga af láninu? Ef svo er hefur þessi 1% vaxtaákvörðun ekkert gildi, enga stoð. Ef aftur á móti það er á hreinu að þetta sé fast, er það mikils vert, en ég spyr þá: Ef svo er, hvernig heldur það? Er ekki alveg ljóst að samkvæmt ákvæðum frv. gæti mennmrh., e.t.v.

einhver annar, t.d. ef hæstv. utanrrh. Jón Baldvin yrði menntmrh., breytt þessum lánsskilmálum sem nú eru ákveðnir 1%. Eða er það alveg gullslegið að þetta 1% sé fast?

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fyrir hæstv. menntmrh. fáeinar spurningar. Ég tel að á ferðinni sé eitt allra stærsta mál þingsins og eðlilegt að menn vilji fara rækilega yfir það. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hann hefur á beinan hátt tekið þátt í umræðunum og greitt þannig fyrir því að þær geti gengið með eðlilegum hætti og vænti þess að hann sjái sér fært að svara þeim fáeinu spurningum sem ég hef lagt fyrir hann.

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að vafalaust er hér um eitt mikilvægasta mál þessa þings að ræða og reyndar hygg ég þegar til lengri tíma er litið eitt af mikilvægustu málum þjóðarinnar. Ég hef reyndar sagt það áður en vil endurtaka það að það er sannfæring mín að við hljótum að byggja á þekkingu eins og aðrar þjóðir sem eru komnar á það stig að nýta nokkurn veginn til fullnustu náttúruauðlindir sínar. Reyndar bað ég um orðið því mig langaði til að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann hefði lesið leiðara Morgunblaðsins sl. sunnudag og Reykjavíkurbréf þann sama dag. Þetta eru afar athyglisverð skrif og eiginlega má draga þau saman í þau fáu orð að „mennt er máttur". Í þessum skrifum er lýst þeirri hrörnun sem orðið hefur í Bandaríkjunum frá því að frjálshyggjan, skulum við segja, var innleidd þar með Reagan fyrir rúmum 10 árum sem gerði það eins og hér eitt af sínum fyrstu verkum að draga úr opinberum stuðningi við menntun. Fullyrt er í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins að í Bandaríkjunum séu nú um 17% unglinga ólæsir og óskrifandi. Reyndar hlustaði ég á rektor eins þekktasta háskóla í Bandaríkjunum nota miklu hærri tölu, allt að 30%, en við skulum segja að hún sé einhvers staðar þarna á milli. 17% er sannarlega nógu hátt. Í skrifum Morgunblaðsins eru rök færð að því að þarna megi finna meginástæðuna fyrir því ástandi sem við höfum séð í Bandaríkjunum nú og meginástæðuna fyrir því að 1% Bandaríkjamanna safna stöðugt meiri auði en hinir meiri fátækt.

Er það þetta sem við Íslendingar viljum? Ég leyfi mér þó að fullyrða að hæstv. menntmrh. vill það ekki. Ég þekki hæstv. menntmrh. af því að hugsa ekki svona, en mér finnst að hann láti draga sig inn á afar hættulega braut með þeim niðurskurði, ekki aðeins til námsmanna þó að það sé afar alvarlegt sem við erum að ræða hér, heldur einnig til skólakerfisins í heild og hann sé þar í raun að reisa sér minnisvarða sem ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst hæstv. menntmrh. ekki eiga skilið. Ég spyr þess vegna hæstv. menntmrh. hvort hann hafi hugleitt þetta og af því að ég veit að hann fær Morgunblaðið, spyr ég hreint út: Hefur hæstv. menntmrh. lesið þá lýsingu sem Morgunblaðið gefur af því ástandi sem hefur orðið þar sem menn hafa farið inn á þann veg að draga svo úr menntun?

Reyndar gæti ég bætt miklu fleiru við því ég þekki allvel til í Bandaríkjunum og þekki nánast af eigin raun hvernig málin hafa smám saman þróast þar á undanförnum árum eftir að stöðugt var dregið meira úr opinberri aðstoð til menntunar. Þar er ekki lengur jafnræði til mennta. Ég sé ekki betur en að með því frv. sem hér er til umræðu sé einmitt stigið skref sem dregur strax úr jafnræði til menntunar og ætla ég að koma að því síðar.

Sannarlega met ég þær breytingar sem eru gerðar á frv. og eru til bóta. En því miður þarf að ganga langtum lengra. Mikið hefur verið rætt um vexti og ég sagði í ræðu minni í 1. umr. að 1% vextir væru út af fyrir sig þolanlegt, en mér finnst dálítið merkilegt að þegar menn tala um vexti ræða menn bara um eina vexti. En það eru aðrir vextir og fleiri sem námsmenn greiða. Við erum í fyrsta lagi líklega eina þjóðin í heiminum sem ekki reiknar verðtryggingu eða verðbótaþáttinn sem vexti. Þetta eru verðtryggð lán og þar eru vextirnir u.þ.b. 5%, líklega 4–5%. Ég þekki ekki til nokkurrar þjóðar sem reiknar ekki verðbótaþáttinn til vaxta. Í dag hefur einmitt verið rætt um aðra afar mikla vaxtabyrði námsmanna.

Ég tek heils hugar undir það sem hv. ræðumaður á undan mér lýsti ítarlega, þ.e. þeim ákvæðum frv. að veita ekki lán fyrr en eftir á. Námsmenn verða þá að taka þau lán og eftir því sem ég kemst næst mun það vera um 1 milljarður sem þannig verður í útlánum til námsmanna til að brúa bilið. Vextir af þeim eru 8–10% og ég reikna nú varla með því að námsmenn fái lán sín á lægstu kjörvöxtum. Þeir fá það ekki nema þeir hafi fasteignaveð með mjög lítilli veðsetningu. Þannig að vextir sem námsmenn eru að greiða eru í fyrsta lagi verðtryggingin, sem er 4–5%, síðan þeir vextir sem lagðir eru ofan á, sem hæstv. ráðherra hefur af mildi sinni ákveðið að skuli vera 1%, og svo vextir af þeim lánum sem þeir verða að taka áður en þeir fá námslán og verða raunar að velta stöðugt áfram. Það er líka athyglisvert að bankarnir veita þeim námsmönnum sem þurfa að taka lán vegna fyrstu annar, þ.e. áður en þeir eru búnir að fá fyrstu prófskírteini sín, aðeins 90% af því sem þeir mundu fá hjá lánasjóðnum. Þannig að vextirnir sem námsmenn bera eru miklu hærri en 1% eða 3%.

Út af fyrir sig hef ég margsinnis lýst þeirri skoðun minni að við eigum að leggja niður verðtryggingu og hafa fasta vexti. Ég vona að þingmenn kannist við það. Við hv. þm. Eggert Haukdal höfum verið hvað ötulastir við að boða það. Það kemur einhvern tímann að því að verðtryggingin gengur ekki, þegar hér er orðið opið peningakerfi með Evrópulöndunum.

Ég vil því leggja mikla áherslu á það að vextirnir eru ekki 1% eins og menn eru að tala um, þeir eru einhvers staðar nær 14–15% þegar allt er tekið saman sem námsmenn þurfa að greiða í vexti af því fjármagni sem þeir þurfa til framfærslu. Þetta er náttúrlega ekkert annað en okur.

Af því að hæstv. ráðherra hefur af mildi sinni ákveðið að vextir skuli vera 1% nú, af hverju er þeirri grein ekki breytt? Ég er ekki viss um að það verði

svona mildur og góður hæstv. menntmrh. einhvern tímann seinna. Það var einhver að segja það áðan að hæstv. utanrrh. ætlaði að taka að sér menntamálin. Guð hjálpi okkur þá. En sem sagt: Af hverju er ekki bara hægt að breyta þessu og hafa hámarkið þá 1% til að tryggja að ekki verði slíkt slys? Ég tel að það væri strax mikill áfangi. En langtum meiri lækkun vaxta felst vitanlega í því að halda því kerfi sem nú er og veita þeim námsmönnum sem komist hafa í gegnum fyrstu önn með gildum prófum lán fyrir fram, með öðrum orðum: ekki eftir á. Þar felst vitanlega langsamlega mesta vaxtalækkunin.

Það er náttúrlega alveg ljóst sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni að útlánin verða sáralítil í haust. Það getur verið að það verði greiðsla á einhverju sumarnámi, ég skal ekki segja um það, en þau verða afar lítil í haust. Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. — spurning númer tvö — hvort til þess hafi verið tekið tillit við gerð fjárlaga. Er í fjárlögum í ár reiknað með minni útlánum í haust? Ljóst er að það verða minni útlán því það er ekki borgað fyrr en eftir á. Námsmenn í haust fá ekki lán fyrir haustönninni fyrr en eftir áramót. Var þetta virkilega tekið með í fjárlagadæmið? Á með þessu móti að bæta afkomu ríkissjóðs á árinu 1992, en láta í staðinn námsmennina greiða vexti af þeim lánum sem þeir þurfa að taka? Með öðrum orðum: Við getum sagt að vaxtabyrðin sé flutt frá ríkissjóði með því að hann sparar sér vexti með minni halla og yfir til námsmanna og þeir látnir bera þessa vaxtabyrði. Mér þætti fróðlegt að vita það hvort hæstv. menntmrh. sé sammála þeim tölum sem hafa verið nefndar, að það sé um einn milljarður sem útlán verði minni eða hátt í það með því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir. Ef hann er ekki sammála því vildi ég gjarnan heyra hvaða tölur það eru aðrar.

Ég harma þær ofsóknir sem hafa komið fram í fjölmiðlum upp á síðkastið og sem reyndar hæstv. menntmrh. því miður flutti inn í þingið að sumu leyti í garð námsmanna, eins og t.d. þær að 55 millj. kr. væru oflán og manni skildist að hefðu ekki náðst inn. Nú hefur verið upplýst að öll þessi upphæð, nema 8 millj., var greidd í lok síðasta árs þegar gert var upp. Við heyrðum það í fjölmiðlum í hádeginu að of há lán nemi yfir 600 millj. kr. og almenningur er afvegaleiddur með því og látið að því liggja að þarna séu námsmenn að ná sér í meira fjármagn en þeir eigi rétt á. Ég skal ekkert segja um það hvort einn og einn stundi það, en ég er sannfærður um að allur þorri námsmanna gerir það ekki. Og ég er sannfærður um að þeir sem gera það eru varla reiknaðir í einum hundraðshluta reyndar langtum minna.

Hins vegar getur náttúrlega svo farið að námsmenn vanmeti tekjur sínar og þær geti orðið meiri en þeir hafa metið. En mér er tjáð að allar þessar umframgreiðslur hafi verið endurgreiddar þegar gert er upp nema á síðasta ári 55 millj. kr., sem þó voru síðar endurgreiddar og eftir standa aðeins 8 millj. kr.

Mér þætti afar vænt um ef hæstv. menntmrh. vildi leiðrétta þetta fyrir þjóðina og láta koma fram réttar tölur í þessu sambandi og rétta þróun þessara greiðslna, ef ég má segja svo. Hvenær hafa þær aftur verið greiddar sjóðnum? Hafa þær ekki verið greiddar sjóðnum, eins og fram kemur hjá námsmönnum? Er það rangt sem námsmenn eru að segja okkur og hafa sannarlega fært rök fyrir með sínum tölum? Er það ekki rétt að þær umframgreiðslur, sem sjóðurinn birtir, hafa fengist endurgreiddar? Er það ekki líka rétt að þær 55 millj., sem hæstv. ráðherra nefndi í ræðu, hafa fengist endurgreiddar nema 8 millj.? Mér finnst afar mikilvægt að þessi leiðrétting komi fram hjá hæstv. menntmrh. þannig að námsmenn liggi ekki í þingtíðindum undir rangri sök í þessum efnum.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi þáttur, eftirágreiðsla lánanna, sé það versta sem eftir stendur í frv. Það er ýmislegt sem þyrfti svo sannarlega að bæta og sjálfur hef ég sagt að við framsóknarmenn værum tilbúnir að setjast niður og skoða fjölmargt eins og fulltrúar okkar í menntmn. hafa reyndar gert, fjölmargt sem gæti orðið til þess að draga úr lánsþörfinni, en þetta atriði er hlutur sem við getum aldrei nokkurn tímann sætt okkur við. Að mínu mati er þetta tvímælalaust eitt það versta, ef ekki það versta, sem eftir stendur í frv. og nauðsynlegt að fá leiðrétt. Ég skora á hæstv. menntmrh. að skoða hug sinn vel um þetta atriði og ganga til móts við námsmenn í þessu efni.

Ég ætla alls ekki að segja að hæstv. menntmrh. hafi lofað leiðréttingu á þessu á fjölmennum fundi í Háskólabíói þar sem við báðir vorum, en hitt vil ég segja að hæstv. menntmrh. tók svo vinsamlega í allar ábendingar námsmanna að ég hygg að þeir hafi farið frá þeim fundi ólíkt glaðari en þeir komu til hans og farið frá honum í því trausti að miklu meira yrði leiðrétt í frv. en gert hefur verið hingað til.

Ég vil einnig taka undir það sem hér hefur komið fram að mér þykja námsmenn hafa sótt mál sitt af mikilli hæversku og mikilli kurteisi. Ég hef ekki orðið var við nein stóryrði, nein fúkyrði, engar hótanir eða neitt slíkt. Langt frá því. Mér finnst að þeir hafi lagt þetta allt afar málefnalega fram og get ekki annað en dáðst að þeim í þessu sambandi því svo sannarlega eru þeir að berjast fyrir kjörum sínum og ekki bara sínum heldur kjörum námsmanna um alla framtíð og um framtíð þjóðarinnar eins og ég hef áður minnst á.

Ég hef verið að velta því dálítið fyrir mér þegar ég les frv. hvað heimildir sjóðstjórnar eru ótrúlega miklar. Ég rekst alltaf aftur og aftur á orð sem gefa það til kynna og vekja upp spurningar í mínum huga. Um hlutverk sjóðsins stendur að hann eigi að veita námslán til framhaldsskólanáms. Í 6. gr. stendur að námsmaður skuli að jafnaði hafa rétt til að taka lán. Hvað þýðir þetta „að jafnaði"? Það hlýtur að vera, skilst mér, sjóðstjórnin sem metur þetta „að jafnaði" og hvað þýðir það? Það felst í því afar mikil óvissa. Við skulum segja að það séu námsmenn sem fullnægja öllum skilyrðum um próf sem við höfum verið að tala um hér og eru í skólum sem fullnægja þeirri kvöð að skólinn geri svipaðar kröfur til náms og gerðar eru til háskólanáms hér. En samt sem áður kemur þarna inn að námsmaður hefur aðeins heimild að jafnaði. Af hverju hefur

námsmaður, sem fullnægir þessum reglum, ekki rétt á láni, námsmaður sem hefur ekki styrki eða laun sem nægja honum fyrir framfærslu? Að sjálfsögðu ættu allir íslenskir námsmenn sem þannig er ástatt um að hafa jafnan rétt en ekki „að jafnaði" rétt til þess að fá lán úr sjóðnum. Þetta skapar afar mikla óvissu og þessi óvissa hefur hvergi komið betur fram en í framhaldsnámi læknanema, sem ég hef áður minnst á hér, og sem mjög mikið hefur verið ritað um í blöðin og heldur áfram. Það eru ótrúleg svör sem formaður og framkvæmdastjóri lánasjóðsins hafa látið frá sér fara, hreint og beint ótrúleg. Maður hugleiðir stundum þegar maður les það hvort mennirnir viti hvað þeir eru að segja og skrifa.

Hæstv. menntmrh. svaraði spurningum mínum um þetta við 1. umr. en ég ætla að leyfa mér að endurtaka þær og ég vil gjarnan biðja hæstv. menntmrh. enn á ný að svara. Þá er rétt að taka dæmið um læknanemann sem er í framhaldsnámi og er skyndilega sviptur mögleikum á námsláni eftir að hafa þó náð því í gegn að fá slíkt námslán. Hann er skilinn eftir í mjög miklum vandræðum með sína fjölskyldu erlendis. Það hafa komið fram í dagblöðum nákvæmar lýsingar á þessu og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Honum er neitað um lán án þess að skoða hvort þau námslaun eða námsstyrkir sem hann kann að hafa erlendis nægi til framfærslu. Hvers vegna er læknanemanum einum neitað um það að skoða framfærsluna? Og það er gert meira. Honum er gert skylt að byrja að greiða lánin áður en náminu lýkur. Er það ekki alveg tvímælalaust skilningur hæstv. menntmrh. að læknanemi í framhaldsnámi eigi til jafns við aðra rétt á láni ef hans tekjur duga ekki fyrir framfærslu? Er það ekki alveg tvímælalaust? Ég vil gjarnan fá því svarað aftur. Það má segja að hæstv. menntmrh. hafi svarað því en það sakar ekki að hafa það betur skjalfest. Kannski sjóðstjórnin fari að hlusta á hæstv. menntmrh. Það er í þeirri von sem ég spyr. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi miklu betri skilning á þessu máli en komið er fram hjá talsmönnum lánasjóðsins. Það er afar mikilvægt að þessir námsmenn fái skilning hæstv. menntmrh. svart á hvítu.

Ég skal ekki lengja þetta mikið en ég vil gjarnan ljúka þessum fáu orðum með því, sem ég hóf þessa ræðu mína á, að hvetja hæstv. menntmrh. til að líta langtum lengra fram á veg, skoða hvaða áhrif slíkur samdráttur í menntun mun hafa á þjóðina þegar til langs tíma er litið. Ég nefndi leiðara og grein í Morgunblaðinu sem er afar athyglisverð og ég vona að hæstv. menntmrh. hafi lesið hana en það mætti miklu fleira nefna.

Í athugun fræðimanna sem ég sá nýlega á vexti og viðgangi þjóða ber allt að sama brunni. Þar eru færð rök að því að vöxtur þjóða eins og Japana, Tævanbúa og fleiri byggist fyrst og fremst á mjög miklu framlagi til menntunar og skipulagðri menntun. Þar eru færð rök að því að ýmsar smáþjóðir sem hafa staðið sig vel eins og Svisslendingar og fleiri þjóðir byggi fyrst og fremst á þekkingunni. Það er sorglegt þegar svo góður grundvöllur hefur verið lagður að þekkingu, eins og gert hefur verið hér á undanförnum árum, og sem sannarlega er að gefa þjóðinni mikinn arð af því fjármagni sem til þess hefur verið lagður, að þessi grundvöllur skuli nú að vissu leyti — ég vil alls ekki segja eyðilagður, langt frá því, það er ekki svo langt komið sem betur fer en fyrsta skrefið hefur tekið til þess að veikja þennan mikilvæga grundvöll. Það er sorglegt. Manni hefur skilist að svo muni áfam verða á næsta ári þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að þetta sé algerlega tímabundið. Þetta er að mínu mati miklu alvarlegra mál en mér finnst koma fram í ýmsum ræðum talsmanna stjórnarflokkanna. Ég leyfi mér að fullyrða að jafnvel afskiptaleysi hæstv. ríkisstjórnar af atvinnuleysinu, atvinnuvegunum og erfiðleikum þeirra sé ekki eins alvarlegt og hér er á ferðinni. Staðreyndin er vitanlega sú að öll hagræðing í atvinnulífinu hlýtur að byggja á þekkingu. Staðreyndin er sú að öll nýskipun í atvinnulífinu hlýtur að byggja á þekkingu og staðreyndin er vitanlega sú að allur hagvöxtur þessa þjóðfélags hlýtur að byggja á þekkingu. Það er líka staðreynd að góður rekstur heilbrigðiskerfisins og velferðarkerfisins í heild hlýtur að byggja á þekkingu. Við Íslendingar getum verið afar stoltir af því að gott menntakerfi og góðir styrkir hafa gefið okkur marga færustu sérfræðinga í heimi á hinum ýmsu sviðum velferðarmála.

Ég hvet hæstv. menntmrh. til að endurskoða þetta. Hann tæki stórt skref ef hann féllist á að fella niður ákvæði um eftirálánveitingar í frv. Ég veit að það yrði mjög mikils metið af námsmönnum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Margir stjórnarandstæðingar sem hafa talað á undan mér hafa hrósað hæstv. menntmrh. fyrir setu hans hér og þátttöku í umræðum um frv. sem liggur fyrir um Lánasjóð ísl. námsmanna og málefnalega þátttöku í þeirri umræðu. Ég er afskaplega lítið fyrir það að hrósa mönnum fyrir vond mál. Frv. sem liggur fyrir er vont mál og þó að menn sem bera fram svo vont mál taki málefnalegan þátt í umræðum get ég tæpast verið að hrósa þeim fyrir það. Málið er jafnslæmt eftir sem áður.

Ég hef líka litla trú á því að þessi ríkisstjórn sem ber þetta fram, þó að það sé menntmrh. og málið sé á hans málasviði og á hans nafni, taki mjög miklum rökum. Ég hef ekki orðið vör við það í þeirri umræðu sem við höfum farið í gegnum á Alþingi í vetur að hún taki sérstaklega miklum rökum þegar að niðurskurðaráformunum kemur. Hún er einfaldlega í niðurskurðarham og það er sama hvort við komum þar að heilbrigðiskerfinu eða menntakerfinu. Boðorð dagsins er að skera niður.

Auðvitað leggur þessi ríkisstjórn fram frv. með fallegum markmiðssetningum eins og þeim að tryggja jafnrétti til náms en markmiðið er auðvitað fyrst og síðast að ná fram niðurskurði í lánakerfinu, að ná sparnaði í ríkisútgjöldunum. Það vitum við. Námsmenn hafa sannarlega sýnt þessari ríkisstjórn og þessum ráðherra mikið langlundargeð og gert allt það sem þeir geta til að koma vinsamlegum ábendingum og

óskum og bænarskjölum á framfæri við ráðherrann og ríkisstjórnina. Ég er helst farin að hallast að því að þessi ríkisstjórn skilji ekki vinsemd eða hvað í henni felst.

Þó að ég sé kannski ekki mjög bjartsýn á framtíð þessa máls í meðförum þingsins getur maður ekki neitað því að þetta mál hefur heldur batnað í meðförum menntmn. Það má kannski segja að það sé kominn einhvers konar bræðingur milli krata og sjálfstæðismanna út úr þeim brtt. sem menntmn. hefur soðið saman og leggur fram. Þessar brtt. eru vissulega flestar til bóta en þær gera ekki málið þar með gott. Þetta frv. verður ekki þar með gott, síður en svo. Málflutningur manna úr stjórnarliðinu, ekki síst formanns menntmn. og ráðherra, sýnist mér og heyrist ekki vera neinu betri en hann var fyrir áramót. Hann er ósköp svipaður. Mér finnst sá málflutningur hafa verið bæði villandi og þröngsýnn og að þessir aðilar reyni að bæta sinn málstað með villandi upplýsingum oft og tíðum. Hvaðan þröngsýnin er komin veit ég ekki. Hún getur verið meðfædd eða fengin úr Sjálfstfl.

Ég verð hins vegar að segja að ég sakna þess dálítið í þessari umræðu að hér situr t.d. ekki formaður menntmn. Ég hafði hugsað mér að eiga kannski við hana nokkur orð og taka á ýmsu sem kom fram í hennar máli á sínum tíma. Satt að segja eru hér afskaplega fáir fulltrúar úr menntmn. þingsins og vekur það athygli mína. Ég held að það sé ekki einn einasti stjórnarliði úr menntmn. ef ég þekki þá fulltrúa. Mér sýnist ekki einn einasti þeirra vera í þingsalnum og finnst mér að þeir hefðu vel getað eytt þessu kvöldi í að hlusta á okkur stjórnarandstæðinga tala um þetta mál. Fyrst við viljum standa hér og tala um það ætti einhver að vera hér til að hlusta. — En ég sé að formaður menntmn. er kominn og ég fagna því.

Í málflutningi bæði ráðherra og formanns menntmn. kemur fram viss sjálfsblekking og hún felst m.a. í því að þau leggja bæði á það ríka áherslu í sínum málflutningi að þau séu að leysa vanda sjóðsins með tillögum sínum. Í ræðu formanns menntmn. kom m.a. fram að það væri verið að gera tilraun núna til þess að leysa vanda sjóðsins, eins og hún sagði, á raunhæfan máta. Það hefði ekki verið reynt fyrr en nú, þetta væri í fyrsta skipti sem það væri reynt. Hingað til hefðu menn velt vanda sjóðsins á undan sér árum saman án þess að gera nokkra tilraun til að leysa hann.

Það er út af fyrir sig rétt að menn hafa velt vandanum á undan sér á undanförnum árum og það sýna miklar lántökur sjóðsins að ekki hefur verið tekið á þessu máli. En lausnir stjórnarflokkanna núna eru hins vegar hvorki raunhæfar né réttlátar. Með þessum „lausnum" sem birtast í frv. — og ég verð að setja lausnir innan gæsalappa — er vandanum hreinlega velt yfir á námsmenn framtíðarinnar. Það er það sem verið er að gera. Í rauninni má segja að það þyrfti að taka hluta af skuldabyrði lánasjóðsins og afskrifa hreinlega. Ríkisvaldið þyrfti að yfirtaka hluta af skuldabyrði lánasjóðsins og leggja á skattgreiðendur alla því að við eigum öll saman sök á þessum vanda sem sjóðurinn á við að glíma. Við ættum öll að leysa hann í sameiningu en ekki bara námsmenn framtíðarinnar. Lausnin sem boðið er upp á er hvorki raunhæf né réttlát.

Í öðru lagi kemur fram sú sjálfsblekking í máli þeirra beggja að lánasjóðurinn muni í framtíðinni veita hagstæð lán. Það kemur fram í ræðu formanns menntmn. að Lánasjóður ísl. námsmanna muni áfram auðvelda ungu fólki að afla sér menntunar með því að veita hagstæð lán og þá hlýtur maður að spyrja: Hagstæð lán — miðað við hvað? Svo sannarlega eru þetta ekki hagstæð lán miðað við það sem við, sem sitjum í sal Alþingis og höfum sótt í þennan sjóð, höfum átt kost á. Þetta eru miklu óhagstæðari lán en við höfum fengið mörg hver hér inni. Það á auðvitað ekki við um alla, það hafa ekki allir tekið námslán en það eru ábyggilega margir hér sem hafa gert það og fengið hagstæðari lán en verða í boði eftirleiðis.

Það kemur reyndar fram í máli þeirra beggja líka, eða það má skilja það af máli þeirra, að með breytingunum sem þau standa fyrir eða hyggjast standa fyrir á lánasjóðnum sé verið að koma inn einhvers konar hvata sem sé ætlaður þeim sem ganga á það lag, getum við sagt, að taka há lán úr lánasjóðnum þegar ákveðnu hámarki er náð, þegar upp í þak er komið. Við vitum það að þegar sett er þak á endurgreiðslu-hlutfallið er það þannig að ef námsmenn eru komnir upp í mjög hátt námslán þá breytir ekki miklu þótt þeir bæti á það því þeir ná ekki að greiða lánið upp á þessum tiltekna árafjölda vegna þess að það er þak á endurgreiðslunni. Hins vegar er alveg ljóst líka af ræðu formanns menntmn., þótt hún virðist ekki gera sér það ljóst í málflutningi sínum, að það eru afskaplega fáir námsmenn sem ganga á þetta lag.

Í ræðu hennar kemur fram annars staðar að 60% námsmanna skuldi innan við 1 millj. kr. Það kemur líka fram hér að aðeins um 1% lántakenda skuldar 5 millj. kr. eða meira. Samt sem áður tekur hún dæmi af einstaklingum sem skulda lánasjóðnum 12–14 millj. kr. Það má sjálfsagt telja þessa einstaklinga á fingrum annarrar handar. Hvers vegna skyldi þorri námsmanna, þúsundir námsmanna, þurfa að blæða fyrir þá sem hugsanlega ganga á það lag að taka meiri námslán en þeir komast kannski af með fyrir utan það að í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga að úthlutunarreglur lánasjóðsins takmarka auðvitað möguleika fólks á að fá námslán. Þær setja því ákveðnar reglur. Í þessum hópi námsmanna sem skulda 12–14 millj., og sem kannski má telja á fingrum annarrar handar, reikna ég með að um sé að ræða námsmenn sem hafa farið í dýrt nám, þurft að borga há skólagjöld, eins og gerist í Bandaríkjunum og Bretlandi, (**Gripið fram í:** Flugmenn.) t.d. flugmenn er mér bent á hér. En eins og ég segi, þetta eru örugglega örfáir einstaklingar og engan veginn réttlætanlegt að námsmenn almennt þurfi að blæða fyrir það. Það er þá nær að taka á þessu máli í gegnum úthlutunarreglur sjóðsins og með öðrum hætti en að breyta hér lögum.

Þar fyrir utan er rétt að geta þess að það er ekki hægt að sjá að frv. taki í rauninni á þessu nema síður sé. Vextirnir virka í raun gegn þessu markmiði. Við sjáum það á þeim útreikningum sem við höfum feng-

ið upp í hendur að fólk er mörg ár og jafnvel áratugi að greiða froðuna sem vextirnir mynda en nálgast ekki höfuðstólinn á þessum endurgreiðslutíma fyrr en þeir komast á eftirlaunaaldur. Ef frv. verður að veruleika og ef við gefum okkur það að námsmaður sé með þunga framfærslubyrði, þurfi að taka hátt námslán, þá skiptir það kannski ekki miklu máli þó að hann bæti á það vegna þess að eftir sem áður er ákveðið þak á endurgreiðslunni. Það er þakið á endurgreiðslunni sem gerir það að verkum að námsmenn, sem eru búnir að taka mjög hátt lán, freistast til þess að bæta á það. Það breytist ekki í þessu frv. þótt þakið sé hærra.

Ég talaði í upphafi míns máls um villandi málflutning og þessi villandi málflutningur hefur m.a. komið fram í því að það er verið að halda því fram að námsmenn gangi á það lag að taka mun hærri lán en þeir þurfa á að halda og það séu dæmi um einstaklinga sem skuldi 12–14 millj. kr. en við sjáum að þeir eru mjög fáir. Það er almennt villandi að tala í sífellu um misnotkun námsmanna á Lánasjóði ísl. námsmanna. Með því að tala með þeim hætti er verið að ala á ríg og fordómum í garð námsmanna og það skýtur nokkuð skökku við að sá stjórnmálaflokkur sem leggur mikla áherslu á kjörorðið stétt með stétt skuli standa þannig að sínum málflutningi.

Eitt af því sem hefur verið notað gegn námsmönnum eru þessi svonefndu ofgreiddu lán sem talað er um að numið hafi um 55–60 millj. kr. á skólaárinu 1990–1991 og talað er um að um 500 námsmenn hafi fengið þessi ofgreiddu lán. Nú á að koma í veg fyrir þessa misnotkun með þeirri ákvörðun að greiða ekki lánin út fyrr en eftir að árangri hefur verið skilað. Það er talað um í ræðu formanns menntmn. að með þessu megi koma í veg fyrir misnotkun á fjármunum og það eru þessar 55–60 millj. kr.

Hér hafa menn rakið það að stærstur hluti þessara fjármuna, sem talað er um misnotkun á, skili sér. Þeir skila sér árið eftir og aðeins um 8 millj. hafa staðið út af um áramót ári síðar. Það nær engri átt að nota þessa tölu til þess að réttlæta niðurskurð um 800–900 millj. kr. og í raun lokun á lánasjóðnum í haust eins og hv. 9. þm. Reykv. benti réttilega á áðan. Þau rök, sem notuð eru af hv. formanni menntmn., eru að það þurfi að koma í veg fyrir að námsmenn lendi í fjárhagsvandræðum vegna ofgreiddra lána. Með öðrum orðum að þeir fái greidd út lán, þeir nái síðan ekki tilskildum námsárangri og verði þá að endurgreiða þessi lán og lendi í fjárhagsvandræðum eins og formaður menntmn. segir. Mér finnst það dálítið einkennileg forræðishyggja hjá sjálfstæðismönnum að þeir skuli þurfa að hafa vit fyrir fólki með þessum hætti. Að auki er þetta markleysa vegna þess að þessir námsmenn lenda væntanlega í staðinn í vandræðum með bankalán. Hver er munurinn á því? Fari þetta fólk í nám, fari síðan í banka og fái lán til að fjármagna námið þar til prófum hefur verið lokið, standist síðan ekki prófið, þá þarf að borga bankalánin á bankavöxtum. Þessir námsmenn lenda ekkert síður í fjárhagsvandræðum en þeir gera í dag í gegnum lánasjóðinn nema síður sé.

Það er ekki með nokkru móti hægt að réttlæta það að nota þessar 55–60 millj. kr., sem skila sér allar nánast eftir á, til þess að allur sá fjöldi, sem sinnir sínu námi og stenst öll sín próf, sé skilinn eftir á köldum klaka og þurfi að fjármagna nám sitt með bankalánum og háum vöxtum. Og það eru einmitt þessi lán sem gera það að verkum að í raun verða háir vextir af námslánum allan námstímann. Námslán verða ekkert vaxtalaus á námstímanum eins og hér hefur verið predikað af forsvarsmönnum frv. Það verða háir vextir á námslánum á námstíma.

Í ræðu þann 27. apríl sl. furðaði ráðherra sig á þeim rökstuðningi minni hluta menntmn. fyrir dagskrártillögu sinni að gildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna hafi í aðalatriðum reynst vel. Hann furðaði sig á þessu og hélt því fram hér að lögin hefðu í rauninni brugðist. Mér finnst þessi málflutningur hæstv. menntmrh., sem hefur setið lengi á Alþingi og ætti að hafa fylgst nokkuð vel með málum úti í þjóðfélaginu, dálítið sérkennilegur.

Í rauninni má segja að námslánakerfið sem komst á á áttunda áratugnum hafi gjörbylt aðstöðu ungs fólks til náms og ekki síst gjörbylt aðstöðu kvenna til að fara í nám. Ég held að það sé engin tilviljun að konur eru núna í meiri hluta við Háskóla Íslands. Þetta er gjörbylting bara frá árinu 1975 og það er lánasjóðurinn sem hefur gert þessum konum kleift að fara í nám. Því miður verður hins vegar að játa það að aukin menntun kvenna hefur ekki skilað þeim hærri launum en hún hefur skilað þeim auknu sjálfstrausti og auknum möguleikum. Það er ekki svo lítils virði og á án efa eftir að skila okkur miklum árangri, bæði íslenskum konum og íslensku þjóðfélagi á komandi árum.

Aðrir hafa talað um það í ræðustól í dag að verði námslánakerfinu breytt muni það hugsanlega breyta fjölskyldumynstri og lífsmynstri ungra menntamanna eða námsmanna í dag. Það hefur verið dálítið sérstakt við íslenska námsmenn að þeir hafa, ef svo má að orði komast, getað sinnt barneignum samhliða námi og það er lánasjóðurinn og hið félagslega tillit sem hann hefur veitt sem hefur gert þeim þetta mögulegt. Þetta hefur stundum verið gagnrýnt og sagt að ungt fólk vilji gera allt í einu, það vilji eignast börn, það vilji stunda nám, það vilji kaupa íbúðir o.s.frv. En ég held að þetta hafi skipt íslenskt þjóðfélag mjög miklu máli að námsmenn hafi getað leyft sér þann „munað" að eignast börn.

Við þekkjum það í löndunum í kringum okkur, við þurfum ekki að fara nema til Danmerkur og Þýskalands, að til skamms tíma hefur ungt fólk, námsfólk og menntafólk, ekki eignast börn á meðan það er að sinna námi og það er algengast að fólk eigi eitt til tvö börn. Um daginn birtist grein, ég held að það hafi verið í Politiken, um þá mótsögn hjá ríkjum Evrópubandalagsins að á sama tíma og þau eru að reyna að loka að sér gagnvart ríkjum sem standa utan Evrópubandalagsins er það engu að síður staðreynd að í framtíðinni verða þessi ríki að treysta á erlent vinnuafl. Því að þjóðirnar sem byggja Evrópubandalagið ná ekki að halda sér við. Þær ná ekki að framleiða það vinnuafl fyrir framtíðina sem þær þurfa á að halda. Þótt þær séu

að reyna að loka að sér gagnvart þriðju ríkjum þá verða þær í rauninni að flytja inn vinnuafl frá þriðju ríkjum vegna þess að þær geta ekki séð sér fyrir því sjálfar. Þetta er mótsögnin sem þessi ríki standa andspænis. Og ég vona svo sannarlega að þetta verði ekki mótsögn sem við Íslendingar þurfum að standa andspænis líka, að okkur takist að halda okkur sjálfum við.

Þegar hæstv. ráðherra talar um að lögin hafi brugðist þá er það ekki rétt. Það er í rauninni framkvæmdar- og fjárveitingavaldið sem hefur brugðist og sem hefur ekki tekið á málum með þeim hætti sem lögin gerðu ráð fyrir og sem gefin voru vilyrði um þegar lögin voru sett á sínum tíma, m.a. voru námsmönnum gefin vilyrði um að þannig yrði að verki staðið að ríkið mundi setja nægilegt fjármagn í lánasjóðinn.

Mér finnst ekki ósennilegt og ekki sérkennilegt í rauninni þótt námsmenn í dag gagnrýni þá kynslóð sem ræður mestu í þjóðfélaginu og ræður mestu á Alþingi, þá kynslóð sem ólst upp við hugarfar stríðsgróðans, hugarfar hins stöðuga vaxtar og sem kemur núna, eftir að hafa trúað á þetta fyrir sjálfa sig og eftir að hafa notið góðs af því fyrir sjálfa sig, og lokar dyrum og slær á fingur hjá þeirri kynslóð sem við á að taka. Það er þess vegna sem ég segi að það þyrfti í raun að afskrifa hluta af skuldum lánasjóðsins. Ríkið þyrfti að taka þær yfir og leggja þær byrðar hreinlega á skattgreiðendur alla því að stór hluti af þeirri kynslóð sem ólst upp við hugarfar stríðsgróðans, fæddist á stríðsárunum og ólst upp í kjölfar þess, hefur lifað um efni fram. Það er hún sem hefur lifað um efni fram og hún verður að taka á sig hluta af ábyrgðinni og sinn skerf af byrðunum.

Ráðherra furðaði sig á ýmsum tillögum sem minni hluti menntmn. stendur fyrir. Hann furðaði sig m.a. á hinni mjög svo, eins og hann sagði, undarlegu tillögu til rökstuddrar dagskrár sem minni hluti menntmn. stendur fyrir. Hann sagði að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn. skulduðu þinginu skýringu á því hvernig þeir ætluðu að tryggja jafnrétti til náms ef þessi tillaga þeirra yrði samþykkt. Þeir yrðu að útskýra það vegna þess að fjárframlög frá Alþingi væru ekki nægjanleg til að halda lögunum óbreyttum. Mér finnst þetta fráleitur málflutningur af hálfu menntmrh. Stjórnarandstaðan getur hvorki borið ábyrgð á fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar né námsmannafrv. hennar. Á því verður ríkisstjórnin sjálf að bera ábyrgð. Í rauninni er eina vitlega ráðið til að bregðast við þeim vanda sem við blasir hjá ríkisstjórninni í ríkisfjármálum og í velferðarkerfinu að láta þessa ríkisstjórn fara frá. Það væri varanleg lausn á þeirri vá sem er fyrir dyrum í íslensku samfélagi og að því hlýtur auðvitað stjórnarandstaðan að vinna. Hún getur ekki tekið tillit til eða borið ábyrgð á því sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir.

Annað sem virtist fara nokkuð fyrir brjóstið á hæstv. menntmrh., og hann talaði um að sér sýndist einkennilegt og í raun ótrúlegt, er að minni hluti menntmn. skyldi leggja það til að endurgreiðslur af námslánum færu fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma sem námsmaður undirritaði einstök skuldabréf. Þarna er menntmrh. að vísa til tillögu við 7. gr. sem minni hluti menntmn. leggur til en þar segir:

„Endurgreiðslur fara fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma er námsmaður undirritaði einstök skuldabréf."

Ég skil ekki af hverju menntmrh. furðar sig á þessu. Það er einhver rökvilla í hans málflutningi vegna þess að hann segir að það hljóti að vera um mistök að ræða hjá minni hluta menntmn. og síðan segir hann: „Ég sé ekki betur en að þetta geti falið í sér aukna greiðslubyrði skuldara á við það sem er, samkvæmt því sem gert er ráð fyrir í frv." Hann segir með öðrum orðum að það feli í sér aukna skuldabyrði ef endurgreiðslur fara fram á grundvelli reglna sem giltu þegar námsmaðurinn undirritaði einstök skuldabréf. Ég held að bitur reynsla allra húskaupenda á undangengnum árum sýni að þessu er einmitt þveröfugt farið. Hversu margir hafa ekki tekið lífeyrissjóðslán á tiltölulega þokkalegum vöxtum, reiknað út að þeir gætu staðið við þessi lán og greitt af þeim eins og þeim bæri í 20–25 ár eftir því til hvað langs tíma þau hafa verið tekin? En hvað hefur ekki gerst á því tímabili? Vextir hafa verið hækkaðir. Öll plön sem fólk gerði hafa breyst og grunninum hefur verið kippt undan greiðsluáætlunum fólks. Þetta er reynsla okkar. Og þetta verður án efa reynsla þeirra námsmanna sem taka, við skulum segja þeirra námsmanna sem taka nú — ef þetta frv. verður að veruleika — námslán á 1% vöxtum fyrsta árið, kannski annað árið líka og það þriðja. Á fjórða ári verður búið að hækka vextina upp í 3% en mér segir svo hugur að það gerist áður en langt um líður. Hvað gerist þegar námsmaðurinn ætlar að sameina sín lán á einu skuldabréfi fjórða námsárið? Þau fara öll á 3% vexti, líka námslánið sem hann tók þó á 1% vöxtum á fyrsta námsári. Það verður sett á 3% vexti á hinu sameinaða skuldabréfi í lok náms. Það er trygging fyrir námsmenn, mikilvæg trygging, að það skuldabréf haldi sem þeir skrifa undir, ef þetta frv. verður að veruleika, og sem er með 1% vöxtum. Þessi ríkisstjórn eða sá þingmeirihluti sem hefur hug á að setja það hér inn að vextir skuli aldrei vera hærri en 3% gefur ríkisvaldinu möguleika á því að hækka þá hvenær sem því býður svo við að horfa þó svo það ákveði að hafa þá 1% núna. Það er mjög mikilvægt að námsmenn sem taka þessi námslán á 1% vöxtum, hugsanlega á fyrsta ári, eigi einhverja tryggingu fyrir því að við námslokin verði þeir ekki 3%. Þetta er einmitt mjög mikilvægt. Ég ætla að beina þeim tilmælum til stjórnarliða hér, þó ég hafi sagt það áðan að ég héldi að þeir skildu ekki orðið vinsemd, að þeir taki þetta til skoðunar, að námsmenn geti treyst því að þeir greiði lánin miðað við það skuldabréf sem þeir undirrita.

Í þessu sambandi vil ég líka benda á að það er mikilvægt að námsmenn fái að hafa lánin sín á mörgum skuldabréfum en þurfi ekki að sameina þau í eitt í lok náms. Ég og fleiri bentum á það við 1. umr. um málið að það gæti reynst þeim mjög erfitt í námslok að fá sjálfskuldarábyrgðarmenn, einn eða tvo, upp á milljón eða eina og hálfa milljón þegar búið er að sameina

þetta allt saman á eitt skuldabréf. Það er ekki skemmtilegt fyrir námsmann að fara með skuldabréf af þeirri upphæð og biðja um sjálfskuldarábyrgðarmann. Við skulum athuga að ekki er víst að allir geti fengið foreldra sína á slíkt bréf. Hverja fá þeir ef þeir fá ekki foreldra sína? Ég er hrædd um að það muni reynast einhverjum erfitt að fá sjálfskuldarábyrgðarmenn á slíkt lán.

Um þetta frv. sem hér liggur fyrir er ekki hægt að segja neitt annað en að þetta er vont frv. Og frv. er jafnmikið óheillaspor fyrir íslenskt menntakerfi og námslánakerfið var mikið heillaspor þegar því var komið á á sínum tíma. Með frv., verði það að lögum, sem ég vona sannarlega að gerist ekki, er verið að herða að ungu fólki. Það er verið að herða að ungu fólki í samfélaginu á öllum vígstöðvum. Það er verið að herða að því í námi og í námslánum, það er verið að herða að því á vinnumarkaði, það er verið að herða að því í húsnæðismálum, það er verið að herða að fólki í fjölskyldumálum og það er sama hvert litið er. Námslánin eru takmörkuð, það er erfiðara að fá vinnu en áður. Atvinnuleysi meðal ungs fólks og líka menntafólks er meira en áður var. Húsnæðislánin eru dýrari og menn hafa verið að skera niður barnabæturnar. Sú mynd sem blasir við ungu fólki í dag er allt önnur en hún var fyrir tíu árum. Og því miður finnst mér ég hafa orðið vör við að það er vonleysi hjá ungu fólki. Það veit ekki hvað tekur við, jafnvel þótt það mennti sig er það alls ekki visst með að fá nokkra vinnu. En það þarf að borga þessi námslán sín engu að síður, þessa fjárfestingu einstaklingsins þarf að borga upp með vöxtum. Og það hefur komið fram hér að námslánin ein geri það að verkum að það verður erfiðara um vik á húsnæðismarkaðnum. Þetta fólk á minni möguleika í húsbréfakerfinu en hinir sem engin námslán skulda. Það er því sama hvert litið er, það er verið að herða að ungu fólki. Eins og ég sagði áðan eru þeir sem að þessu standa sjálfir sloppnir fyrir horn. Þeir hafa lifað sjálfir í landi tækifæranna og neytt duglega af því nægtaborði sem hefur verið í íslensku samfélagi á undanförnum árum og áratugum.

Ég hef stundum rekið mig á það, ekki bara núna heldur líka þegar ég var námsmaður á sínum tíma, að oft og tíðum var það fólk sem hafði mest á milli handanna sem hafði námsmenn grunaða um græsku, sem talaði um „steríógræjurnar" sem námsmennirnir væru að kaupa sér eða bílana sem námsmennirnir ækju um á. Um þetta er kannski ekki annað að segja en það að margur heldur mig sig. Það er að mörgu leyti gott að vera námsmaður og hefur alltaf verið það held ég. Það er líf sem er áhyggjulausara að því leytinu til að menn eru ekki bundnir á neinn klafa. Þetta er millibilsástand sem menn hafa til að hugsa sinn gang, til að meta framtíðina, til að meta hvað þeir vilja gera og hvernig þeir vilja lifa sínu lífi og þetta er mjög mikilvægt tímabil, held ég, í lífi allra.

Ég hef hins vegar aldrei orðið vör við að námsmenn eignuðust mikið. Það gerðist ekki fyrir fimmtán árum og það gerist heldur ekki í dag. Það kemur enginn klyfjaður eignum út úr námi, það hefur aldrei gerst. Hins vegar hafa alltaf verið til, bæði meðal námsmanna og annarra, einstaklingar sem reyna að misnota kerfið, reyna það sem þeir geta, reyna að komast eins langt og þeir geta. Þeir voru til fyrir 15 árum, 20 árum og 25 árum og þeir eru enn til. En að ætla sér að breyta námslánakerfinu með tilvísun til þessara einstaklinga sem eru tiltölulega fáir nær ekki nokkurri átt. En menn hafa bent á það í dag að alvara málsins er mikil og hún sést kannski best á því að ekki verður greitt úr út lánasjóðnum í haust ef að líkum lætur.

Ég skal játa það að ég gerði mér ekki fyllilega grein fyrir því þegar ég fór að skoða þetta mál við 2. umr. að málið stæði þannig að ekki yrðu greidd út námslán úr lánasjóðnum í haust. En því hefur verið haldið fram í dag. Ég vænti þess að ráðherra beri það til baka ef það er ekki rétt því þeir námsmenn sem sækja munu um lán í haust geta ekki skilað árangri fyrr en í fyrsta lagi eftir áramót. Það segir manni þá væntanlega að námslán verða ekki greidd út fyrr en í fyrsta lagi eftir áramót. Sé þetta ekki rétt vænti ég þess að ráðherra leiðrétti það og útskýri hvernig greiðslum úr lánasjóðnum verður háttað nú í haust.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ein af mínum bernskuminningum er sú að fyrir tæpum fjörutíu árum var ég staddur með foreldrum mínum norður í Skagafirði við hátíðlega athöfn þar sem var afhjúpaður minnisvarði um eitt af þjóðskáldum okkar, Stephan G. Stephansson. Þessi minnisvarði stendur í Vatnsskarðinu á svokölluðum Arnarstapa rétt hjá þeim bæ þar sem skáldið er fætt. Ég minnist þess að ég heyrði í æsku sögu af þessu skáldi sem var mönnum, a.m.k. í minni sveit, nokkuð hugstæð. Hún var sú að hann komst ekki til náms og kastaði sér niður og grét þegar námsmenn riðu hjá garði á leið til náms til Reykjavíkur. Ég minnist þess að ég heyrði talað um það með stolti að íslensk þjóð væri komin það langt á veg að slíkt heyrði sögunni til. Menn töluðu um það með stolti í minni æsku. Ég heyrði lítið talað um skattamál eða annað slíkt. Menn töluðu um framfarir, menn vildu stefna fram á veg. Það voru ekki miklir peningar til en menn vildu nýta þá til að öllum skilaði nokkuð á leið. Mér verður þessi saga dálítið hugstæð þegar við stöndum í þeim sporum að ræða um frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna en það er nú komið til 2. umr.

Það er nú svo að þessi lánasjóður og sú aðstoð sem hann hefur veitt námsmönnum á undanförnum árum og áratugum er ein af gildustu stoðum þess þjóðfélags sem við höfum byggt upp á þessari öld og höfum kallað velferðarþjóðfélag þó að jafnvel talað sé um það í niðrandi tón.

Það er nú svo að jafnrétti til náms er undirstaða þessa velferðarþjóðfélags. En hvers vegna viljum við hafa velferðarþjóðfélag í landinu? Ég minntist á skattpeninga áðan og það er mikið talað um skattpeninga nú til dags, skattpeninga þegnanna. Ekki skal ég draga úr því að skattgreiðslur eru ærnar í þessu þjóðfélagi en það er líka ærið sem við fáum fyrir þessa skatta, við skulum ekki gleyma því. Og koma okkur ástæður ann-

arra við? Ég tók þá trú snemma að okkur kæmu ástæður annarra við, við ættum að stuðla að jafnrétti í þessu þjóðfélagi og ekki síst því jafnrétti að allir gætu menntað sig. Það hefur lengst af verið unnið í þeim anda og lengst af verið þjóðarsátt um það í þessu þjóðfélagi að svo yrði. *En nú hafa mikil vatnaskil orðið.* Það er greinilegt að í þessari ríkisstjórn sem nú situr eru það önnur sjónarmið sem eru drifkrafturinn. Og það er enginn vafi á því að það er frjálshyggjan sem drífur þessa ríkisstjórn áfram. Það er svo nöturlegt að það er á þeim tíma sem andhverfa frjálshyggjunnar er að koma í ljós í löndunum í kringum okkur. Það mætti tala langt mál um þær andhverfur sem upp hafa komið. Á það hefur verið minnst í þessari umræðu í dag.

Ég held að sú frjálshyggja t.d. sem hefur verið við lýði í Bandaríkjunum síðustu árin sé nú að sýna andhverfu sína, í því þjóðfélagi sem ég ber að mörgu leyti mikla virðingu fyrir. Þar eru margir góðir þættir en þar er líka margt sem fer miður, m.a. það að þar hefur óhefit frjálshyggja verið í heiðri höfð og fjölmenn millistétt risið upp sem lætur sér ekki mjög títt um þá sem *eru minni máttar svo vægt sé* til orða tekið. Ég er ekki að bera slíkt á þá sem standa að frv. en ég vona að við verðum aldrei svo langt leidd hér á landi af þessari frjálshyggju.

Hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er auðvitað að efla menntun landsmanna til að skila þessari þjóð nokkuð á veg og auka þekkingu í þjóðfélaginu sem er undirstaða nútímalifnaðarhátta. Hlutverk lánasjóðsins er að efla jafnrétti til náms eftir efnahag og eftir búsetu og það er hlutverk hans að sjá svo til að enginn greindur ungur maður eða kona og enginn sem vill á annað borð leita sér náms þurfi að vera án þess af þessum orsökum.

En hvernig hefur sjóðurinn þjónað þessu hlutverki? Hann hefur þjónað þessu hlutverki vel á síðustu árum. Það hafa vissulega farið til hans miklir fjármunir. Ég ætla ekki að draga úr því og hann hefur lent í vandamálum. Hann hefur m.a. lent í þeim vandamálum að það hefur ekki verið séð fyrir því að ríkisframlög stæðu undir þeim skyldum sem hann hefur tekið á sig. Hann hefur orðið að taka lán til þess að standa undir þeim skyldum. Ég ætla ekki frekar en 1. þm. Norðurl. v. að skjóta mér undan ábyrgð á því. En ég tel að það megi ráða bót á þessum vandamálum án þess að ganga svo til verks sem frv. gerir ráð fyrir.

Frv. er mjög vont, ég tek undir það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði. Það hefur að vísu verið lagfært nokkuð *í meðförum hv. menntmn.* Það eru þakkarverðar lagfæringar sem gerðar hafa verið á frv. en það er langt í frá að þær lagfæringar séu nógar. Það eru einkum tvö atriði sem gera það að verkum að ræða þarf frv. allítarlega við 2. umr., þ.e. vextirnir af lánunum og ekki síður það að gera námsmenn að fyrsta árs nemum á hverju ári eða jafngildi þess. Ef þær breytingar ná fram að ganga sem frv. gerir ráð fyrir stuðlar sjóðurinn ekki að jafnrétti til náms eftir efnahag og eftir búsetu. Því vil ég aðeins koma nánar að.

Eitt af því sem við Íslendingar réðumst í þegar okkur óx fiskur um hrygg og við fengum fullveldi og sjálfstæði og sú barátta var í algleymingi var að við reistum háskóla. Það var þáttur í sjálfstæðisbaráttunni og ein aðalástæðan fyrir því að við fundum til okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Háskólinn var kyndill sóknar til bættra lífskjara og í kjölfar hans á síðari árum komu fleiri menntastofnanir á háskólastigi. Margar af þessum menntastofnunum eru ekki langt undan. M.a. var háskólinn um skeið í þessu húsi. Það var ákveðið að Háskóli Íslands hefði aðsetur í Reykjavík, hér í höfuðborg landsmanna, en það að byggja okkur höfuðborg sem risi undir nafni var líka gildur þáttur í sjálfstæðisbaráttunni og ekki svo lítill. Ekki ætla ég að draga úr því að hér reis höfuðborg. Það var mikilvægt og eitt af því sem varð til þess að ýta undir sókn okkar til framfara.

Það hefur verið þannig undanfarna áratugi að ungt fólk af öllu landinu hefur flykkst til þessarar borgar á haustin til náms í háskólanum og ýmsum stofnunum á háskólastigi og ekki nóg með það, ungt fólk hefur flykkst til náms í mörgum framhaldsskólum í þessari borg. Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp vegna þess að fjölskyldur þess fólks, sem hér hefur numið í þúsunda tali í gegnum árin og áratugi, hafa lagt á sig ómæld fjárútlát og erfiði til að styðja börn sín til náms og ungt fólk sem þessum fjölskyldum tengist.

Þeir sem betur hafa mátt sín hafa lagt svo mikið á sig að þeir hafa jafnvel keypt íbúðir hér í borginni til að námsmenn sem tilheyra þessum fjölskyldum gætu búið þar og þyrftu ekki að berjast um á leigumarkaðnum. Það eru fjölmargar íbúðir hér í borginni sem landsbyggðarmenn eiga og eru einmitt notaðar til þess að láta námsmenn búa í þeim.

En aðrir, og einmitt þeir sem minna mega sín, berjast um á leigumarkaðnum hér og það er harður heimur. Það er ekki ódýrt fyrir námsmenn eða þá sem styðja þá til náms, því það er nú einu sinni svo að þrátt fyrir þetta námslánakerfi okkar, sem er vissulega gott, þá eru það alls ekki allir námsmenn sem hafa tekjur til að nema án þess að fá aðstoð frá þeim sem standa þeim næst. Þar að auki, eins og ég kom að áðan, eru ótal fjölskyldur og ótal námsmenn sem leggja á sig ærinn kostnað til að fara í framhaldsskóla hér í borginni en námslánakerfið nær ekki til framhaldsskólanna eins og kunnugt er. Ýmsir hafa lagt á sig ómældan námskostnað þegar í háskóla er komið.

Ég vil benda á þetta. Þetta er auðvitað óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að háskólinn er hér í þessari borg og einstakar menntastofnanir á háskólastigi. Þess vegna eru allar breytingar sem auka þetta misrétti af hinu vonda og þær eru ástæðurnar fyrir því að umræður eru ítarlegar hér í dag. Ég segi fyrir mig að samvisku minnar vegna get ég ekki látið þessa umræðu líða hjá án þess að benda á þetta. Þar að auki verða kjör námsmanna ekki skilin frá almennum skilyrðum í þjóðfélaginu en þau hafa breyst mjög á undanförnum árum.

Það er nú svo varðandi það framfaraskeið sem verið hefur frá stíðslokum að ýmsar blikur eru á lofti og margt bendir til að nú séu að verða nokkrar breytingar á. Við höfum notið þess að uppbygging hefur verið í atvinnulífinu. Það hefur verið mikil fjárfesting og

of mikil að margra dómi. En hún hefur eigi að síður verið og fólk hefur haft við hana atvinnu. Nú eru allt aðrar horfur í atvinnulífi en verið hafa, atvinnuástand hefur stórversnað, Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir 2,6% atvinnuleysi á þessu ári. Ég hygg að það sé ekki of í lagt. Sums staðar er þetta atvinnuleysi miklu meira á einstökum landsvæðum. Þetta gerir auðvitað það að verkum að námsmenn hlaupa ekki í vellaunaða sumarvinnu í sumarfríi sínu. Sumarvinna námsmanna verður bæði stopul og sumir fá kannski alls ekki neina vinnu í sumar.

Þá er ég kominn að því ákvæði frv. sem mér finnst allra verst og sem hefur ekki verið lagfært í meðförum hv. menntmn. en það er ákvæðið um eftirágreiðslurnar. Þetta ákvæði kemur auðvitað illa við alla námsmenn, ég ætla ekki að draga úr því. Þetta kemur ekki síst illa við þá sem búa úti á landi og þurfa að leggja í það mikla fjármuni að leigja sér húsnæði. Ég viðurkenni það vissulega að tekið er tillit til þess í námslánakerfinu hvað framfærslan er dýr þannig að námslánakerfið tekur tillit til mismunandi framfærslu en eigi að síður verður vaxtakostnaðurinn af þessum upphæðum náttúrlega hærri eftir því sem framfærslan er hærri. Því að þarna er verið að velta um það bil milljarði, 900–1.000 millj. á milli ára.

Á það hefur verið bent að það verða engin námslán greidd út í haust. Það verður þá leiðrétt ef það er rangt en frv. gerir ráð fyrir að námslán séu greidd út eftir á á hverju ári. Þarna er verið að lagfæra afkomu ríkissjóðs til að fjárlagagerð verði auðveldari í haust en allur sparnaður sem í þessu ákvæði er fólginn til langframa, menn skulu taka eftir því, hlýtur að vera aðeins í því fólginn að hrekja fólk og ýta fólki frá námi, þetta verði til þess að það verði færri sem stunda nám. Hinn raunverulegi sparnaður hlýtur að liggja í því. Hitt er bara tilfærsla. Það er verið að vísa námsmönnum út á hinn almenna lánamarkað. Það hefur að sjálfsögðu verið rakið hér áður í þessum umræðum hver áhrif það hefur á fjárhag námsmanna og vaxtagreiðslur. Auðvitað er þetta bara tilfærsla í lánakerfinu því allur þessi sparnaður sem ríkisstjórnin er að hreykja sér af á að leiða til þess að ríkissjóður verði ekki svo umfangsmikill á lánamarkaði og vextirnir lækki af þeim sökum og allt verði gott og fagurt á eftir, atvinnulífið blómgist, allt verði gott á ný en þarna er bara verið að færa til. Lánsfjáreftirspurnin færist til einstaklinganna þannig að þrýstingurinn á vextina verður alveg samur og áður. Þessar vaxtagreiðslur eru bara settar yfir á námsmennina. En allur sparnaður, ég endurtek það, er í því fólginn að ýta fólki frá námi eða að fólki fækki við nám.

Ég vil aðeins víkja aftur að þessu ákvæði um eftirágreiðsluna. Ég vil taka dæmi af greindum, ungum manni eða konu úr sveit því þar eru margir til sem vilja leita sér mennta. Það er verið að minnka tekjumöguleika sveitafólks vegna samdráttar í landbúnaði þannig að tekjurnar heima fyrir eru ekki miklar og þetta fólk þarf að leita sér atvinnu utan heimilis. E.t.v. á þetta fólk heima við sjávarsíðuna og hefur þar stopula atvinnu vegna þess að veiðiheimildir hafa einnig verið skornar niður. Hvernig kemur þetta ákvæði við þetta fólk? Það er rétt hægt að ímynda sér það. Það kemur auðvitað mjög illa við það. Það kemur illa við alla, en þetta kemur langverst við þá sem eru í dreifbýli og þurfa að leita náms um langan veg.

Námsmenn eru allt í kringum okkur og sjálfsagt eru mjög margir þingmenn sem eru í nánum persónulegum tengslum við námsmenn, eiga jafnvel börn í langskólanámi. Ég segi fyrir mig að ég er einn af þeim. Ég er í nánum tengslum við námsmann sem er í langskólanámi í Svíþjóð. Hann fær tveggja mánaða leyfi í sumar. Hann er einn af þeim lánsömu sem fær vinnu í sínu fagi í sumar þannig að hann er ekki verr settur en hins vegar er mér tjáð að skólafélagar hans séu fæstir svo heppnir þannig að þeir sem ætla að halda áfram um miðjan ágúst í haust — vegna þess að frí í háskólanum þar er frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst — þurfa að fara út á lánamarkaðinn og slá fyrir framfærslu sinni fram yfir áramót. Þetta verður ábyggilega mörgum erfitt.

Við höfum áreiðanlega margir fengið bréf frá námsmönnum víða að þar sem þeir lýsa áhyggjum yfir ástandinu. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa eitt slíkt bréf sem ég hef fengið. Það er ekki langt en það hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Ástæður þessa bréfs eru áhyggjur vegna fyrirhugaðra breytinga námslána. Þessi árin stunda ég nám við landbúnaðarháskólann á Ási í Noregi á skógræktarbraut. Það er óhætt að segja að námslán í núverandi formi geri ekki meira en rétt duga fyrir brýnustu nauðsynjum. Með nauðsynjum á ég við ódýran mat og húsaleigu. Ég leyfi mér að efast um að framfærslan sé rétt reiknuð hjá lánasjóðnum fyrir Noreg í dag miðað við önnur námslönd. Það er alla vega ekki gert ráð fyrir brotnum gleraugum eða tannpínu.

Hér fyrr í vetur sá ég hugmyndir um breytingar á námslánakerfinu og brá mér þá heldur betur í brún. Þau atriði sem mér þótti alvarlegust voru eftirfarandi:

Námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur.

Námslán beri 3% vexti [sem reyndar hafa verið lækkaðir niður í 1%, a.m.k. í bili].

Stytting greiðslufrests í eitt ár [sem reyndar verða tvö eftir brtt. hv. félmn.]

Fyrsta atriðið gerir það að verkum að námsmaður þarf að taka skammtímalán fyrir komandi námsár sem þýðir að stór hluti námslánsins fer í beinan vaxtakostnað (útilokað mál). Námslán með vöxtum og afborganir hefjist ári eftir námslok verður erfið byrjun að loknu námi.

Í vor á ég tvo vetur eftir hér á Ási. Samkvæmt þessu lendi ég á tveimur námslánum, því gamla og því ókomna og þarf því að borga af báðum samtímis. Annar kostur er að sameina gamla námslánið því nýja og fá vexti á allt saman þrátt fyrir að núverandi lán hafi verið tekin á vaxtalausum forsendum." Síðan segir hann: „Ég treysti á mína menn til að hafna þeim breytingum á fyrirkomulagi og rekstri LÍN sem munu leiða til óréttlætis og vona að allir muni áfram hafa jafnan rétt til náms óháð búsetu og stétt."

Sjálfsagt hafa þúsundir af slíkum bréfum borist þingmönnum og ég vil aðeins koma þessu bréfi hér áleiðis til þess að gefa sýnishorn af þeim áhyggjum sem námsmenn hafa.

Það hefur verið rakið í þessari umræðu að *námsmenn hafa ekki háð sína baráttu með óbilgirni.* Þeir hafa verið tilbúnir til að ræða þetta mál og þeir hafa verið tilbúnir til ýmissa breytinga á lánasjóðnum. Ég vil aðeins grípa niður í eina umsögn sem er stíluð á hv. menntmn. Alþingis en ég gríp niður í hana vegna þess að ég var á ferðinni austur á Egilsstöðum um daginn og komu þá tveir námsmenn til mín og fengu mér þessa umsögn á flugvellinum þar og báðu mig að kynna mér hana, en hún er frá nemendum Samvinnuháskólans á Bifröst. Þar segir, með leyfi forseta:

„*Námsmenn hafa ekki farið leynt með það að þeir* eru sáttir við núgildandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er því af illri nauðsyn sem við samvinnuháskólanemar ljáum máls á breytingum á þeim nú. Við teljum lykilatriði varðandi allar breytingar að tryggt sé jafnrétti til náms óháð efnahag og að námsmönnum verði gefið svigrúm til að koma undir sig fótunum eftir að námi lýkur og áður en endurgreiðslur námslána hefjast af fullum þunga." Síðan segir: „Við skiljum mætavel að nauðsynlegt er að taka á þeim vanda sem *Lánasjóður ísl. námsmanna á við að glíma.* En við bendum á að vandi þessi liggur fyrst og fremst í því að ríkið hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar við sjóðinn. Fulltrúar námsmanna í stjórn LÍN hafa ítrekað varað við þeirri stefnu að fjármagna sjóðinn að svo miklu leyti með lánum. En þennan vanda sjóðsins á ekki að leysa með róttækum breytingum sem bitna alfarið á þeim sem enga sök eiga á málinu, námsmönnum framtíðarinnar. Við teljum að leysa eigi þennan vanda í áföngum og skorum á ríkisstjórnina að endurskoða *það framlag sem hún er tilbúin að leggja í Lána*sjóð ísl. námsmanna. Það þarf að gefa því meiri tíma að finna framtíðarlausn á málefnum lánasjóðsins í samráði við fulltrúa námsmannahreyfinganna. Frv. eins og það liggur fyrir nú er hroðvirknislega unnið. Verði frv. að lögum hefði það þær afleiðingar að peningar og aðgangur að þeim ráða því hverjir ganga menntaveginn. Við teljum hins vegar að námshæfileikar eigi að ráða þessu og ekki megi koma því svo fyrir að fólk kaupi sér menntun."

Síðan segja þeir: „Þessar aðgerðir styðjum við:

Í fyrsta lagi að fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur.

Í öðru lagi að láta lánþega greiða kostnað við innheimtu.

Í þriðja lagi. Ábyrgðarmenn á skuldabréfum verði tveir og auknar kröfur verði gerðar til þeirra.

Í fjórða lagi. Skuldabréf verði sameinuð jafnóðum í eitt skuldabréf sem síðan verði greitt eftir."

Eins og þetta sýnir þá er þessi hópur námsmanna tilbúinn til ýmissa breytinga. Ég er ekki að gera þessar tillögur að mínum en ég vitna hér til þessarar umsagnar vegna þess að það er alveg ljóst að námsmenn eru tilbúnir að ræða þessi mál og þeir eru tilbúnir til breytinga á lánasjóðnum sem miða að því að styrkja hans stöðu. Hins vegar segir þessi hópur námsmanna:

„Þessum aðgerðum erum við á móti:

1. Að námslán beri vexti.

2. Að stytta endurgreiðslufrest í eitt ár [sem nú er búið að koma til móts við, vissulega, í tvö ár].

3. Að felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki.

4. Lántökugjaldi til að greiða reksturskostnað.

5. Að námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur."

Þar segir, með leyfi forseta: „Þetta ákvæði lýsir því vel hve illa ígrundað frv. er. Þessi klausa, verði hún að lögum, hefur í för með sér að námsmenn þurfa að snúa sér til almennra lánastofnana með fyrirgreiðslu. Lætur nærri að kostnaður við fjármögnun af því tagi yfir eitt missiri sé um 10% af lánsupphæð. Hér er því verið að leggja það til að beita flötum niðurskurði upp að 10% á öll lán til námsmanna. Þetta er fráleitt."

Ég vitna til þessarar umsagnar og endurtek það til að sýna það svart á hvítu að námsmenn hafa ekki beitt neinum hótunum eða neinni óbilgirni í þessu máli. Þeir eru tilbúnir til að ræða leiðir til að efla lánasjóðinn og leysa vanda hans.

Atvinnuástandinu í landinu hagar svo til um þessar mundir að eitt brýnasta verkefnið nú er að efla menntun og auka, svo og rannsóknir og þróunarstarfsemi. Til þess að svo megi verða þarf þjóðin auðvitað á öllum sínum kröftum að halda. Þjóðin má einfaldlega ekki við því að efnilegir námsmenn þurfi að sitja heima vegna þess að þeir hafa ekki efni eða tök á því að stunda nám, það sé búið að þrengja námslánakerfið svo að þeir séu nauðbeygðir til að hætta námi. Þvert á móti ætti að fara þá leið við núverandi aðstæður að efla námsaðstoð og auka hana. Það mundi áreiðanlega skila sér í framförum í atvinnulífinu og efla þá undirstöðu sem nauðsynlegt er að atvinnulífið byggist á.

Það hefur verið mjög mikið gert úr miklum fjárráðum námsmanna. Oft hefur maður heyrt frásagnir af slíku. Það þekkja allir frásagnir um hljómflutningstækin, um dýra bíla o.s.frv. Vissulega má vel vera að einhverjir námsmenn hafi úr miklu að spila, ég skal ekkert sverja fyrir það, ekki síst þeir sem hafa gegnum tíðina búið við hliðina á háskólanum eða við hliðina á þeim skóla þar sem þeir sækja nám og hafa haft stuðning af foreldrum sínum í námi. En það er nú einhvern veginn svo að ég þekki ekkert af þessu fólki. Ég hef ekki komið í heimsókn til þessa fólks eða séð þessa sportbíla og svo fram eftir götunum. Þeir námsmenn sem ég umgengst, sem eru mjög margir því að eins og ég sagði áðan þá eru námsmenn allt í kringum okkur, eiga fullt í fangi með að standa straum af útgjöldum sínum. Auðvitað lifa námsmenn ekki sams konar lífi í dag og fyrir 50 eða 100 árum. Kröfurnar hafa að sjálfsögðu breyst í þjóðfélaginu og það eru ekki sömu þarfir í dag sem menn telja til nauðþurfta og fyrir áratugum eða fyrir lengri tíma þegar námsmenn voru með vettlinga við að skrifa í óupphituðum húsum og sultu kannski heilu hungri. Ég held að við viljum heldur ekki hafa það svoleiðis. En ég held að allt of mikið sé gert úr þessum tilvikum og það sé gert að allt of miklum þætti í þessari umræðu. Það er a.m.k. svo að ég

hitti þetta fólk ekki og hef ekki heyrt og hef ekki komið til þess í heimsókn. Það er í einhverjum öðrum „kreðsum", ef svo má segja, en ég hef samskipti við.

Ég hóf innlegg mitt áðan með því að minnast á velferðarkerfið í landinu, að námsaðstoðin væri einn af gildum þáttum þess og ein gildasta stoðin undir velferðarþjóðfélaginu. Ekki fer hjá því að maður leiði hugann að þætti Alþfl. í þessu máli vegna þess, eins og áður hefur komið fram, að ýmsir þingmenn flokksins hafa talað nokkuð digurbarkalega í þessum málum í gegnum tíðina og einstaka þingmenn flokksins hafa haldið jómfrúrræður sínar í þessu húsi uppi á þingpöllum í lánasjóðsmálum eins og kom fram við umræðuna í dag og m.a. menn sem eru komnir til áhrifa í flokknum eins og hv. 17. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson. Hann er orðinn þingflokksformaður, kannski í krafti þessarar ágætu ræðu um lánasjóðinn sem var flutt uppi á áhorfendapöllum. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir í útvarpi á dögunum að nú ætti að hella sér í málefnin næsta mánuð fram að flokksþingi Alþfl. og taka til skilgreiningar upp á nýtt velferðarkerfið og meðferð ríkisstjórnarinnar á því. Væri upplagt að þetta mál yrði ekki afgreitt fyrr en sú mikla málefnavinna hefur farið fram og ef einhverjir þingmenn þess flokks kynnu að sjá að sér þegar slagurinn er undirbúinn. Ég vil beina þessu til hæstv. félmrh. og hv. þingflokksformanns Alþfl., að taka góða törn í lánasjóðsmálinu í málefnavinnu sinni. Það er ekki orðið of seint jafnvel þó að þetta frv. hljóti nú afgreiðslu fyrir þinglok sem ég vona að verði eitthvað breytt frá því sem það lítur út nú.

En ef ég sný mér að hæstv. menntmrh., þá hef ég kannski ekki átt eins mikil samskipti við hann og hv. 1. þm. Norðurl. v. en ég vil segja það þó að ég hef átt samskipti við hæstv. menntmrh. á mörgum póstum í þinginu og unnið með honum í nefndum og sem þingflokksformaður og undir hans stjórn í alþjóðasamskiptum og þau samskipti hafa öll verið með ágætum. Mér er ljúft að vitna um það. Ég hef þess vegna trú á því að menntmrh. hlusti grannt á umræðuna hér og ég hef von um það að hann láti sér segjast. Ekki er enn of seint að snúa við í þessu máli. Það mundi t.d. breyta þessu máli mjög mikið ef þetta illræmda eftirágreiðsluatriði væri fellt út úr frv. Það væri stórt skref í áttina að því að laga þetta mál. Ég treysti hæstv. menntmrh. til þess að hlusta grannt á umræðuna, eins og hann hefur gert og ég veit að hann gerir, og draga ályktanir sínar af henni. Ég veit að hann er undir mikilli pressu að skila árangri fyrir ráðuneyti sitt í niðurskurðinum sem er í hávegum hafður hjá ríkisstjórninni. Ég hef alveg skilning á því en þetta er of mikið af því góða. Í frv. er gengið of langt og ekki síst í þessu atriði að gera alla námsmenn að fyrsta árs nemendum á hverju ári. Ef það atriði væri lagað til viðbótar við þær lagfæringar sem eru komnar í meðförum hv. menntmn. væri stigið mjög stórt skref í áttina til að lagfæra málið og námsmenn mundu áreiðanlega meta það mikils. Ég vil láta þetta verða lokaorð mín um málið að sinni. Ég skora á hæstv. menntmrh. að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar. Það er alls ekki orðið of seint að gera það og mundi áreiðanlega greiða stórlega fyrir málinu þó að vissulega séu fleiri atriði sem hafa hlotið mikla gagnrýni eins og frv. er úr garði gert.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Um þetta mál hefur þegar orðið allnokkur umræða og búið að fara í gegnum málið með þeim athugasemdum sem menn hafa gert við það. Ég skal reyna að hlífa fólki við að endurtaka það sem ég hef áður sagt í allmörgum umræðum um málið, bæði utan dagskrár og innan.

Í upphafi máls míns vil ég benda á að vitrir menn hafa löngum sagt að öll lög séu slæm sem ekki er sátt um og það er alveg ljóst að um þetta mál eins og það liggur nú fyrir getur ekki orðið sátt vegna þess að þetta yrðu óréttlát lög sem vandalítið væri að breyta í þá veru að um þau gæti náðst sátt. En það er svo einkennilegt með störf hæstv. ríkisstjórnar, sem nú stýrir landinu okkar, að það er eins og henni sé flest annað lagið en ná einhverri sátt við fólkið í landinu.

Ég verð að játa að þegar ég heyrði í fulltrúa ríkisstjórnarinnar, formanni stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, í hádegisútvarpi, ég held að það hafi verið í dag frekar en í gær, þá sló það mig hversu mikill skortur á vinsemd var í máli hans. Hann var að ausa því yfir þjóðina og gera því skóna að stór hópur námsmanna nýtti sér Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að afla sér ódýrs lánsfjár. Þetta er auðvitað svo fjarri öllu lagi sem vera má. Það hefur margsinnis komið fram og mörgum hefur komið það mjög á óvart að einungis um helmingur námsmanna við Háskóla Íslands nýtir sér yfir höfuð Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég hef þekkt allmarga námsmenn í gegnum árin og ég hef aldrei heyrt það fyrr að einhverjum hafi dottið slíkt í hug. Nú kann vel að vera að einhverjir hafi lært af foreldrum sínum að reyna að verða sér úti um ódýrt fé og nægir að minna á fólk sem nýtti sér svo sannarlega á ósvífinn hátt aðgang að Húsnæðisstofnun ríkisins meðan allir gátu vaðið þar inn og fengið það sem þeir báðu um. Vera má að afsprengi þessa góða fólks hafi lært eitthvað af foreldrum sínum og staðið í slíku en ég held að það sé svo mikill minni hluti og svo óverulegur hluti námsmanna að það taki vart að tala um það auk þess sem á auðvitað að vera hægt að koma í veg fyrir það.

Mér finnst stundum að verið sé að tala um hluti eins og menn viti ekki í raun og veru um hvað er að ræða. Hvað er þetta sem námsmenn hafa fengið hingað til? Hámarkslán til einstaklings í leiguhúsnæði er núna 48.061 kr. Það gleymist stundum að námsmenn búa ekki allir í Reykjavík eða á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Mikill hópur þessara námsmanna kemur utan af landi og á ekki heimili í bænum og þetta fólk getur ef best lætur sætt sig við herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði. Og hvers er krafist í leigu fyrir slíkt húsnæði? Svona alla jafna um 25 þús. kr. Ef námsmenn skyldu vilja búa eins og við gerum flest kröfu til, að hafa sitt eigið eldhús og bað, þá þýðir ekkert að tala um neitt sem heitir íbúð fyrir minna en 30 eða 35 þús. kr. Til að bæta gráu ofan á svart segir svo leigusalinn: Þið

megið ekki gefa þetta upp vegna þess að hann vill ekki borga skatta af því sem þýðir auðvitað að það rýrir námslán umrædds námsmanns. Það er því ekki feitan gölt að flá í kerfinu eins og það er. Engir eiga eins mikið undir því að námslán séu með sæmilegum hætti og einmitt fólkið sem kemur utan af landsbyggðinni til þess að stunda nám á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Það sem við, sem hér höfum mest eytt tíma hæstv. ráðherra og hv. þm., erum að fara fram á er að menn setjist nú niður og reyni að ná sáttum um þetta mál. Það sem á mestu ríður er að menn hætti við það markmið að taka vexti af námslánum. Það getur ekki verið meiningin að námsmenn sem nú stunda nám og í framtíðinni eigi að greiða þann skaða sem við öll eins og hér hefur margkomið fram erum tilbúin til að taka ábyrgð á, sem sagt að hleypa lánasjóðnum í lántökur. Ég er svo hjartanlega sammála þeim sem hafa talað í kvöld og sagt: Þennan skaða verðum við að bera öll því að það er auðvitað mál okkar allra að við rýrum ekki aðgang námsmanna til þess að geta stundað nám sitt. Ég held að þegar til lengdar lætur geti þetta heldur ekki borgað sig.

Ég hef margsinnis minnt á að skil á gjaldföllnum skuldum við Lánasjóð ísl. námsmanna, sem hafa verið um 91%, eru betri en í nokkrum öðrum sjóði landsmanna vegna þess einfaldlega að menn hafa verið sáttir við það sem þeim var gert að greiða og gert það með glöðu geði. Ég held að þessar nýju innheimtuaðgerðir væru ekki nema til þess að upp rísi miklu meiri vanskil við sjóðinn en hingað til hefur verið og ég get ekki hugsað mér að þetta geti borgað sig. Sú mynd sem blasir við námsfólki í dag er ekki glæsileg.

Eins og hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, þekki ég foreldra sem eru með fleiri en eitt og fleiri en tvö börn í námi. Og hvað er að koma inn úr dyrunum til okkar sem að þessum börnum standa þessa dagana? Það er stórlega lækkaður barnabótaauki. Það er verri aðgangur að Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er ljóst að það verður erfitt sem aldrei að fá einhverja vinnu á þessu sumri og þegar námsmenn innrita sig þessa dagana í Háskóla Íslands eru þeir krafðir um 22 þús. kr. í innritunargjald. Þetta er ekki merki um vilja þessarar ríkisstjórnar til að stuðla að eflingu menntunar og menningar í landinu. Ég minni á þessi fjögur atriði, það sem blasir við hverri fjölskyldu í landinu, sem er með ungt fólk í námi, og þetta er ekki bara á einu sviði heldur öllum. Margt af þessu unga fólki er auðvitað fjölskyldufólk með ung börn. Hæstv. heilbrrh. hefur verið að tína allt sem hann hefur getað af barnafjölskyldum í heilbrigðiskerfinu. Verið er að draga úr fjármögnun grunnskólans og ég hlýt að spyrja: Hvert er þessi ríkisstjórn að fara? Mér dettur ekki í hug að halda að þetta fólk sé svo illa gert og illviljað að það geti hafa verið upphaflega ætlunin. Eitt er víst að ég er ansi hrædd um að hæstv. ráðherrar hafi alveg gleymt að segja þjóðinni frá þessari fyrirætlan sinni í síðustu kosningabaráttu. Ég held að margt af þessu komi fólki afar mikið á óvart og fólk er satt að segja furðu lostið yfir þessu athæfi.

Eitt dæmi enn, sem ég ætla nú ekki að gera að umræðuefni vegna þess að ég gerði það í gær og mun gera það þegar það mál kemur aftur á dagskrá, um vinnubrögð sem ég fór hörðum orðum um í gær er frv. sem ríkisstjórnin leggur fram til að rýra kjör sjómanna, þ.e. frv. um Lífeyrissjóð sjómanna. Hver er ástæðan? Ég komst ekki að henni fyrr en í morgun. Í frv. er talað um að sjóðurinn sé svo illa staddur vegna vangoldinna iðgjalda. Hver er sannleikurinn í því? Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins skuldar útgerðin í landinu 125 millj. í iðgjöld. Sjómennirnir eru löngu búnir að borga sín iðgjöld, þau eru tekin af þeim sjálfkrafa. Hvernig á svo að leysa þennan vanda á vanskilum útgerðarinnar? Það á að taka það af sjómönnunum til viðbótar því sem þeir eru búnir að greiða og þetta er algerlega hliðstætt mál þessum aðferðum varðandi lánasjóðinn. Það eru stúdentar, það eru námsmenn sem eiga að greiða mistök okkar við að fjármagna sjóðinn. Þetta getur bara ekki gengið.

Ég vil lengstra orða og í mestu vinsemd fara fram á það við hæstv. menntmrh. að hann leyfi þessu máli aðeins að hvíla um stund og kalli til liðs við sig fulltrúa námsmannahreyfingarinnar því að þeir eru fullir vilja til að reyna að hjálpa til að leysa vanda sjóðsins. Þeir hafa bara ekkert fengið að komast að því því að það er nú einn háttur þessarar ríkisstjórnar að forðast að ræða við alla aðila. Nægir að nefna nefndaskipanir og annað slíkt og ein blasti við okkur í dagblöðum bæjarins í morgun, nefnd til að endurskoða lög um Ríkisútvarpið sem ég hélt þó að við ættum öll. (**Menntmrh.:** Það eru útvarpslög, ekki bara Ríkisútvarpið.) Jæja, útvarpslög, það er rétt hjá hæstv. ráðherra, það fjallar þá um allt útvarp í landinu en ætli Ríkisútvarpið sé þar ekki allverulegur þáttur. Hverjir eru skipaðir í þessa nefnd? Eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna. Hvað væri á móti því að við í stjórnarandstöðunni fengjum tækifæri til að taka þátt í þessu starfi? Þetta getur ekki gengið (**Menntmrh.:** Man þingmaðurinn hvernig þetta var í tíð síðustu ríkisstjórnar?) Mér er alveg nákvæmlega sama hvernig þetta var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það gerir ekki málið betra. En þetta ofbeldi gagnvart öllum skoðunum í landinu er auðvitað gersamlega óþolandi.

Nú sé ég að hæstv. forsrh. er kominn í salinn og ég hef áður lýst því að ég trúi því ekki augnablik að þær aðgerðir til að rýra lífskjör landsmanna séu gerðar af illum vilja ríkisstjórnarinnar, ég trúi því ekki. En stjórnviska er það ekki og ég vil endurtaka það í eyru hæstv. forsrh. að ekki er hægt að stjórna löndum og þjóðum nema í sátt við þjóðina sjálfa. Lög eru ekki *virt nema sátt sé um þau. Ég held að það besta sem* hæstv. menntmrh. gæti gert í málinu sem veldur okkur svo sannarlega miklum áhyggjum væri að hæstv. ráðherra setti á milli 2. og 3. umr. niður nefnd manna með fulltrúum hagsmunaaðila til þess að reyna að finna aðrar leiðir til að rétta sjóðinn af en vaxtatöku af litlum hluta námsmanna sem sjóðsins njóta og afnema verstu agnúana úr þessu frv.

Það sem mér finnst vera verst af þessu öllu fyrir utan vaxtatökuna er að námsaðstoð verði greidd eftir á. Satt að segja skil ég ekki hvernig mönnum sem hafa

stundað háskólanám getur dottið annað eins í hug.

Í fyrsta lagi: Hvernig halda menn að nemendum gangi, kannski nemendum sem eru ekkert líklegir til að verða miklir afreksmenn í námi? En það er einu sinni svo í okkar landi að allir mega reyna. Hvernig skyldi þessu fólki ganga að fá fólk til að ábyrgjast bankalán upp á von og óvon um að prófið takist og menn fái námslán? Oftar en ekki vill til í mörgum deildum Háskólans að mikill meiri hluti stúdenta nær ekki þessu prófi. Nægir að nefna læknadeild og fleiri deildir. Er þetta sanngjörn meðferð á námsmönnum að eiga að hafa þetta yfir höfðinu allan námstímann? Þetta getur ekki gengið.

Ég hef áður spurt og ég held að ég hafi ekki fengið svar: Hvernig á að fara með það fólk sem getur ekki skilað neinum prófum? Ég nefni fólk sem er í doktorsnámi. Hvernig á það fólk að sanna að það sé virkilega að vinna að ritgerðinni sinni sem getur tekið 2–3 ár, jafnvel fleiri. Hvernig er það hugsað? Varla á það fólk að bíða allan tímann. Ég trúi því ekki. Ég held að menn lendi í mestu ógöngum með þetta fyrr eða síðar því að í mörgu námi, ég vil t.d. minna á háskólanám í Danmörku sem raunar hefur oft verið gagnrýnt þar sem mjög lítið er af prófum eftir annir. Menn fá satt að segja engin próf fyrr en lokapróf. Hvernig í ósköpunum á þetta fólk að staðfesta að það sé virkilega að stunda nám sitt? Eins og kunnugt er hafa Danir ekki BA-gráðu, þeir hafa magisterspróf og fram að því fá menn beinlínis engin próf. Ég held því að þetta verði alveg óframkvæmanlegt þegar til framkvæmdarinnar kemur. Ef þetta tvennt væri sniðið til, vaxtatakan og eftirágreiðslan, þá held ég að það mætti a.m.k. fara að ræða við stjórnarandstöðuna um að þetta frv. næði fram að ganga.

Prósentutölur á endurgreiðslunum finnst mér svo sem ekki góðar en ég get miklu frekar sætt mig við þær. En þetta tvennt finnst mér alveg útilokað að halda til streitu og ég er ansi hrædd um að það muni líka reynast dálítið erfitt að koma því í gegnum þingið. Ég ætla ekki að fara að halda hér hjartnæma ræðu enn eina ferðina um þau grundvallarmannréttindi sem ég tel jafnrétti til náms vera. Ég hélt að ekki þyrfti að hafa orð á því á hinu háa Alþingi. Það segir sig auðvitað sjálft ef þetta frv. yrði að lögum eins og það er nú þrátt fyrir smávegis leiðréttingar sem þegar hafa verið gerðar þá er verulega þrengt að jafnrétti til náms og ekki síst hreinlega milli landshluta. Það er nefnilega svo einkennilegt á hinu háa Alþingi þar sem sitja menn úr öllum kjördæmum að það er eins og landsbyggðarhlutinn gleymist gjarnan. Og sannleikurinn er sá að segja má að það hafi verið jafnrétti til háskólanáms milli landshluta en því fer svo fjarri vardandi menntaskólanámið eða fjölbrautanám þar sem fólk hefur verið langt frá því að sitja við sama borð og fólk sem getur haft börnin heima meðan á námi stendur. Ég hef margsinnis tekið upp í þinginu hver kostnaður það er að hafa börn í heimavist í öðrum byggðarlögum og þarf ekki um það að tala. Þar er verulegur skortur á jafnrétti og hefði kannski verið nær að líta til þess ef hæstv. ráðherra vill reisa sér minnisvarða í þágu mennta og menningar í landinu. Ég held að við hljótum alla vega að vera sammála um það að framtíð þjóðarinnar sé undir því komin að menntun verði efld í landinu, aukið fé lagt til rannsókna og þannig mætti lengi telja.

Ég átti þess kost í dag t.d. að líta inn á sýningu á kortagerð og ég vildi nú ráðleggja öllum hv. þm. að leggja leið sína á Hótel Sögu þar sem sú sýning fer fram og íslenskir vísindamenn sýna öðrum þjóðum að þeir standa framarlega í slíkri kortagerð ef hið háa Alþingi legði þar fé til sem þarf og ég held að það verði seint metið hvers virði slík kunnátta og þekking er. Við höfum auðvitað fyrir okkur eins og hv. 2. þm. Austurl. minntist áðan á að stórþjóðir eins og Bandaríkin eru að líða fyrir það núna að hafa vanrækt menntunarþáttinn í landi sínu og er svo komið að milli 30–40% námsmanna við bestu háskóla Bandaríkjanna eru útlendingar vegna þess að það hefur láðst að sinna þeirri menntun sem þarf til þess að komast inn í þessa skóla í heimalandinu. Það sem er nefnilega svo skelfilegt er hversu stuttan tíma tekur að eyðileggja menntun í einu landi. Þegar við tölum um kynslóðir erum við ekki að tala um nema eins og 20 ár og það er ákaflega erfitt að leiðrétta skaðann þegar hann er skeður. Ég held því að okkur geti ekki greint á um að við viljum halda því menntunarstigi sem við höfum haft og helst margefla það og auka.

Það vakna ævinlega spurningar þegar talað er um hvað við þurfum að gera, hvar við þurfum að spara.Við sitjum og gerum fjárlög árlega, ofast samkvæmt einhverjum spádómum, gjarnan Þjóðhagsstofnunar og svo hygg ég að hafi verið þegar fjárlög fyrir árið 1991 voru gerð. Þá var spáð 4–5% versnandi þjóðarhag. Okkur hefur borist í hendur bók sem heitir „Þjóðarbúskapurinn, framvindan 1991 og horfur 1992". Þjóðhagsstofnun. Reykjavík í apríl 1992 og ég ætla að lesa, með leyfi forseta, upphaf þeirrar bókar:

„Áætlanir um helstu þjóðhagsstærðir á árinu 1991 og efnahagshorfur fyrir þetta ár og næstu árin hafa nú verið endurskoðaðar. Helstu niðurstöður fara hér á eftir:

Árið 1991 var um margt hagstætt ár. Landsframleiðsla jókst um 1,4% og þjóðartekjur jukust enn meira eða um 2,8% vegna mikils viðskiptakjarabata."

Hvað er orðið um fjárlögin sem samin voru í fyrra? Forsendurnar voru augljóslega rangar. Þar af leiðandi voru þetta að sjálfsögðu röng fjárlög og á fundi hv. fjárln. í morgun lagði ég þessa spurningu fram og óskaði eftir að fjárln. Alþingis liti ofan í það hvernig fjárlögin voru gerð fyrir 1991 og samkvæmt hvaða forsendum. Vítin eru til að varast þau og ég leyfi mér að taka með nokkrum fyrirvara þeirri þjóðhagsspá sem liggur að baki fjárlaga fyrir 1992. Auðvitað er ástæða til að horfast í augu við staðreyndir og hengja sig ekki í einhverjar tölur á blaði sem einhver stofnun úti í bæ gefur hinu háa Alþingi, láta telja sér trú um að allt sé að fara norður og niður og menn fyllast skelfingu og skera niður og gjarnan það sem síst skyldi. En maður gæti svo sem spurt sjálfan sig að því hvar kreppan sé? Í sjónvarpi í kvöld var þjóðinni tjáð að Íslendingar

skulduðu minnst helstu iðnríkja Evrópu. (**Forsrh.:** Ekki Íslendingar, hið opinbera.) Hið opinbera hét það. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. Þetta eru alveg nýjar fréttir fyrir mér. Ég veit ekki betur en það hafi verið lesið yfir þjóðinni að við værum svo skuldsett að við ættum okkur aldrei viðreisnar von.

Ég held að það sé kominn tími til, hæstv. forseti, að menn fari að ræða um þessi mál af einhverri ábyrgð en ekki pólitískum ungæðishætti. Ég verð að lýsa hneykslan minni á setningu sem stendur reyndar nokkru neðar á þessari síðu, ekki af því að mér sé málið sérlega skylt eða telji ástæðu til þess að taka það til mín. En að Þjóðhagsstofnun skuli setja eftirfarandi setningu á blað jaðrar náttúrlega við að maður eigi að biðja um opinbera rannsókn. En það er svo, með leyfi forseta:

„Tvöfalt meiri halli varð á viðskiptum við útlönd á árinu 1991 en árið áður. Þetta stafaði einkum af" — og ég bið menn að hlýða á mál mitt, — „þetta stafaði einkum af slaka í hagstjórn í aðdraganda kosninganna til Alþingis í apríl í fyrra."

Gera menn sér grein fyrir hvað þetta þýðir? Það er beinlínis verið að segja að ráðuneyti landsins og háv. hæstv. ráðherrar séu hreinlega glæpamenn, óábyrgir glæpamenn. Þetta getur ekki þýtt neitt annað. Hvers lags hegðun er þetta? Ég bara spyr. En að þessu mun verða komið síðar. Aldrei dytti mér í hug að bera annað eins á núv. hæstv. ráðherra þó oft hafi borið á slaka í hagstjórn en ekki endilega í aðdraganda kosninga. Ég mundi ekki einu sinni þora að ætla mönnum slíkt. Einhver takmörk hljóta að vera á fullyrðingum fólks og að viðskiptahallinn hafi orðið tvöfalt verri vegna aðdraganda kosninga, það er hreint með ólíkindum að halda öðru eins og þessu fram. Menn eru heldur ekkert að vanda sig mjög og geta þess að bókfærslu ríkissjóðs var gerbreytt og ýmislegt tekið inn í sem skuldir sem aldrei hefur verið reiknað sem skuldir áður eins og skuldbindingar til margra ára, lífeyrissjóðsábyrgðir og annað slíkt. Þetta er því með hreinum ólíkindum og er hreinlega ekki hægt að sætta sig við að vera kjörinn alþingismaður og finna fyrir einhverri ábyrgð vegna þess og láta svo hvað eftir annað segja sér ósatt um þjóðarhag. Það hefur verið gert svo oft og eins og ég hef þegar rakið er auðvitað ekki hægt að sætta sig við það. Að mínu viti hefur fjárveitinganefnd í gegnum árin verið eins og hlýðinn kjölturakki gagnvart yfirlýsingum og fullyrðingum misviturra hagfræðinga sem síðan urðu að éta allt ofan í sig aftur og enginn tók eftir því. En þeir sem hafa enn þá ofurlítið skammtímaminni hnjóta auðvitað um yfirlýsingar um góðærið 1991. Mér hefur ekki verið sagt fyrr að það hafi verið sérstaklega hagstætt ár. Nú veit ég það ef ég á að taka mark á Þjóðhagsstofnun.

Ef hæstv. menntmrh. þæði aðstoð t.d. mína þá veit ég um nokkrar matarholur þar sem ég gæti fundið verulegt fjármagn sem gæti bjargað Lánasjóði ísl. námsmanna til langs tíma. Það er bara ósköp einfaldlega með því að sækja opinbert fé þar sem það gerir ekkert gagn og væri betur komið annars staðar. Mér fyndist t.d. Seðlabanki Íslands geta að skaðlausu stöðvað innkaup bóka í hið glæsilega bókasafn Seðlabankans sem fæstir hafa aðgang að en hefur verið hálfdrættingur á við háskólabókasafn í gegnum árin um kaup á dýrmætum bókum. Það mætti hvíla þetta í nokkur ár. Þá mætti selja eða þó ekki væri nema hætta að kaupa málverk til þess að finna fjármunum og arði Seðlabankans stað. Ég held að þarna væri umtalsverða fjármuni að finna og þeir eru víðar. Við erum víst öll orðin þreytt á að biðja þá sem mesta fjármuni eiga í þessu landi að greiða skatta sína og skyldur við þjóðfélagið því að það trúir því víst ekki nokkur maður lengur þannig að ég skal ekki vera að stinga upp á því. Það er einnig afskaplega ófrumlegt. En ýmsar hugmyndir og frumlegri ætti ég hæstv. ráðherra til handa ef hann vildi leyfa okkur sem erum í stjórnarandstöðu og þó við séum í stjórnarandstöðu að hjálpa sér við að leysa þennan vanda.

Ég get alveg upplýst hæstv. ríkisstjórn ef henni tekst — því lofa ég ekki, ég þori það ekki — að þvinga þetta leiða frv. gegnum hið háa Alþingi þá verður ekki lengi friður um þau lög. Þess vegna held ég að það væri svo viturlegt að setjast niður og kalla til ráðslags við sig þá sem best þekkja til þessara mála, bæði úr fjármálaheiminum, úr Háskóla Íslands, úr þeim skólum þar sem nemendur sitja sem njóta námslána og til námsmanna sjálfra og reyna að finna lausn á þessum atriðum sem ég hef minnst á.

Mikið skelfing væri nú ánægjuleg nýlunda ef hæstv. ráðherrar tækju þeim rökum sem hafa verið borin fram og skildu í fullri vinsemd að þetta má gera betur og það er auðvitað það sem við erum öll að reyna að gera. Ég bið menn lengstra orða að reyna að finna betri lausn á þessu en þetta frv. gerir ráð fyrir og þá finnst mér sérstaklega þessi tvö atriði, vaxtatakan og lánagreiðslurnar eftir á, vera þau atriði sem ómögulegt er að sætta sig við.

Hvernig heldur hæstv. menntmrh. að ástandið verði í haust þegar enginn námsmaður fær námslán fyrr en eftir jól? Þetta getur bara ekki gengið. Þetta er hreint útilokað og ég held að hæstv. ráðherra hljóti að vita það. Eigum við ekki öll að setjast niður og reyna að finna betri aðferðir til þess að tryggja afkomu sjóðsins, bæði nú og síðar? Ég held það sé farsælla en að berja hausnum við steininn í trássi við guð og menn og halda því til streitu sem er næstum því örugglega óframkvæmanlegt.

Auðvitað er þegar viðurkennt að lánasjóðurinn kemur til með að bera t.d. ábyrgð á skólagjöldum til Háskóla Íslands. Það er svo sem búið að viðurkenna það meira og minna að auðvitað verður að hækka lánin til samræmis við það. Jú, við græðum á því að þetta er endurgreiðsluskylt, en þetta er auðvitað að taka úr einni hendinni og setja í aðra og í raun og veru án þess að nokkur græði neitt á því. Það er auðvitað líka ljóst og hefur þegar verið viðurkennt að vaxtagreiðslur námsmanna þangað til þeir fá námslán á hverri önn, verða auðvitað greiddar líka með láni úr sjóðnum. Halda menn nú að þetta bjargi miklu? Ég stórefast um það.

Það sem hefur líka gengið hálfilla að fá í allt þetta mál eru útreikningar sem sanna okkur virkilega að ver-

ið sé að vinna að því að tryggja sjóðinn til frambúðar. Ég hef ekki enn þá séð neinar þær tölur sem sannfæra mig um það. Aldeilis ekki nokkrar tölur um það. Áreiðanlega eru til betri reiknimeistarar en þeir sem hér hafa komið að máli og væri ráð að ráðgast við þá líka því hér er um svo alvarlegt mál að ræða að það er ábyrgðarhluti fyrir Alþingi allt að grandskoða þetta mál ekki í kjölinn áður en því verður hleypt út úr þinginu.

Það er sorglegt til þess að vita að það unga fólk sem hefur bæst í hóp okkar hv. þm. í síðustu kosningum, sem er undantekningarlítið með próf úr háskólum hér heima og erlendis og hefur að sjálfsögðu notið meira og minna lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna, skuli láta sér fátt um finnast. Það hefur ekki fyrir því að hlýða á umræður, lætur ekki sjá sig í þingsölum, hvorki í þessu máli né svo sem öðrum. En einhvern veginn fyndist manni að þetta fólk, sem er búið að koma sér vel fyrir og hefur notið aðstoðar Lánasjóðs ísl. námsmanna sem við sem erum ofurlítið eldri áttum ekki kost á, ætti að telja það skyldu sína við þjóðina sem fjármagnaði nám þess og það unga fólk sem er að leggja út í nám í dag að sitja hér og taka þátt í þessari vinnu. Það er með hreinum ólíkindum. Sú var tíðin að á hinu háa Alþingi voru gamlir þingmenn sem voru beinlínis á móti Lánasjóði ísl. námsmanna og sögðu bara sem svo: Ég held þetta fólk geti unnið fyrir sér eins og það gerði í gamla daga — og gleymdu því að það gerðu það afar fáir. Ég get skilið sjónarmið slíks fólks. En það unga fólk sem hefur fyllt þingsalinn — eða hefði átt að gera það samkvæmt kjöri sínu — skuli láta sér fátt um finnast, finnst mér með hreinum ólíkindum. Ja, eiginhagsmunasemi hefði það einhvern tímann verið kallað í mínu byggðarlagi.

Hæstv. forseti. Það er mikið á þá fáu þingmenn lagt sem hafa áhuga á þessu máli og nú nálgast klukkan tólf á miðnætti. Ég hef ekki hugsað mér að segja miklu meira um þetta mál að sinni en ég ítreka og endurtek að ég skora á hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnina alla, — ég tala nú ekki um hæstv. ríkisstjórnarmenn Alþfl., hvar er hann? — að setjast niður og reyna að finna betri lausn en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er erfitt að ná tali af þeim hv. þm. Alþfl. og hæstv. ráðherrum. Hæstv. forseti, ég sný baki við honum, en hann situr hér og skilar þá vonandi til þingflokks síns því sem ég er að segja. En hvernig geta mál þróast?

Ég hef setið næstum jafnlengi á hinu háa Alþingi og hæstv. félmrh. Jafnan átt við hana hina bestu samvinnu um þau mál sem okkur eru báðum hjartfólgin, hvort sem hefur verið í félagsmálum, heilbrigðismálum, menntamálum, hverju öðru. Ég vildi að hún sæti hér svo að ég gæti spurt hana hvort það er virkilega vilji hæstv. félmrh. að skerða kjör íslenskra námsmanna. Ég yrði mjög hissa ef það væri markmið hennar. En ég veit það ekki, það er sagt að menn dragi dám af sínum sessunaut og svo kann að vera að hæstv. félmrh. hafi orðið fyrir þeirri hremmingu, en hv. 11. þm. Reykv.. Finnur Ingólfsson, bendir á auðan stól hv. þm. Árna Johnsens og hristir höfuðið og telur ekki að hann hafi dregið dám af sínum sessunaut þannig að það er sjálfsagt eitthvað misjafnt. En ég vildi heyra hæstv. félmrh. svara mér því játandi að hún sé hlynnt þessum breytingum á Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég trúi því ekki.

Ég vil biðja hæstv. menntmrh. að skila því til formanns sjóðstjórnar að vanda sig betur þegar hann á orðastað við þjóðina um málefni námsmanna. Ég held að sá hugur sem fólst í máli hans í hádegisfréttum í dag hafi ekki verkað traustvekjandi fyrir þá sem til sjóðsins þurfa að leita. Hingað til hafa námsmenn, og allt síðan lögin frá 1982 voru sett, að mér hefur virst, borið heldur hlýjan hug og þakklátan til sjóðsins enda reyndum við sem í þeirri nefnd sátum að vanda okkar verk með aðstoð hinna ágætustu manna. Ég vil benda á ágætan reiknimeistara sem var okkur afar hjálplegur sem var prófessor Þorsteinn Vilhjálmsson. Það hefði ekki sakað að ræða þessi mál dálítið við hann ásamt með öðrum snillingum í reiknikúnst sem ráðuneytin og hæstv. menntmrh. hafa leitað til.

Ég vona því að þessari umræðu ljúki ekki á þessum sólarhring. Ég vona að fallist verði á að setjast niður og reyna til þrautar að losna við þessi tvö atriði og þegar málið er komið á þetta stig skal ég vera tilbúin til að líta fram hjá öðrum atriðum. En vaxtatakan og eftirágreiðslan eru ekki ásættanlegar. Það er alveg útilokað að bjóða námsmönnum upp á slíkt.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hygg að ég hafi ekki í þingveru minni talað lengur í nokkru máli, en það er einfaldlega vegna þess að mér finnst þetta mál slíkt undirstöðuatriði um velferð þjóðar okkar um framtíð alla að ég hlýt að eyða þeim tíma sem þarf til að berjast gegn því að þetta frv. fari í gegnum þingið óbreytt.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að svara síðasta ræðumanni. Svo undrandi sem hún hefur verið á öllu því sem í kringum hana er að gerast þá má það furðulegt teljast að þessi reynslumikla manneskja, sem hefur setið hér á þingi svo lengi eins og hún sjálf gat um hér áðan, skuli hafa verið að kynna sér mál varðandi Lífeyrissjóð sjómanna í morgun og ekki getað farið rétt með. Það hefði kannski verið full ástæða til að bíða með þessa umræðu þar til það kæmi að umræðunni um Lífeyrissjóð sjómanna, en ég vildi bara leiðrétta það sem hún sagði og tel eðlilegt að það sé gert strax, hvar hún getur um það að Lífeyrissjóður sjómanna eigi útistandandi 150 millj. kr. og það sé skuld útgerðar við lífeyrissjóðinn og nú sé svo málum komið að þessar 150 millj. verði væntanlega teknar af sjómönnum. En það má furðulegt teljast að hv. þm. skuli ekki afla sér þeirra upplýsinga um það hvernig innheimta fari fram og með hvaða hætti.

Það er líklega enginn lífeyrissjóður á landinu, að undanskildum Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, sem er jafn vel í sveit settur hvað varðar innheimtu á gjöldum sínum og þeim lífeyrisiðgjöldum sem eru útistandandi sem er vegna þess að lífeyrissjóðurinn hefur sjóveðskröfu í hverju því skipi þess útgerðarmanns sem ekki hefur staðið í skilum. Það er því alrangt og í fyllsta máta furðulegt að 14. þm. Reykv. skuli vera að

leggja það að líku, Lánasjóð ísl. námsmanna við skuldir útgerðarmanna í Lífeyrissjóði sjómanna. Það er greinilegt að það er komin einhver kvöldþreyta í þennan þingmann enda hefur málflutningur hans líka verið með þeim hætti.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er með plagg í höndunum frá Tryggingastofnun ríkisins sem mér var símsent í morgun. Fyrirsögn þess er „Upplýsingar um ógreidd iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna og rekstrarkostnaður sjóðsins". Ógreidd iðgjöld útgerðar pr. 31. mars 1992 126.925.357 kr. plús dráttarvextir 23.799.506 kr. Samtals 150.724.863 kr. Þetta er undirritað 5. maí 1992, fyrir hönd Lífeyrissjóðs sjómanna, Árni Guðmundsson.

Ég vil upplýsa hv. þingmenn að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson situr í stjórn sjóðsins svo að honum ætti að vera fullkunnugt um þetta og ég mun gefa hv. þm. afrit af þessu. Þetta eru upplýsingar frá framkvæmdastjóra sjóðsins. Ég er líka alveg með það á hreinu, hæstv. forseti, hvernig er greitt í Lífeyrissjóð sjómanna, 4% eru tekin af sjómönnum sjálfum, 6% eiga útgerðarmenn að greiða. Það er löngu búið að taka þetta af sjómönnunum, þ.e. það er útgerðin, enda stendur hér: „Upplýsingar um ógreidd iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna".

Ég vil vara hv. 16. þm. Reykv. við að bera á samþingmenn sína ósannindi þegar maður er með í höndunum upplýsingar sem eru undirritaðar af þeim manni sem fer með þennan sjóð í umboði þeirrar stjórnar sjóðsins sem hv. þm. situr í sjálfur. Hvernig er hægt að bjóða manni upp á annað eins og þetta?

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Hv. 14. þm. Reykv. tók bara ekkert eftir því hvað ég sagði. Ég sagði að hv. 14. þm. hefði haldið því fram að þessi skuld mundi ekki verða innheimt og hún mundi fyrr eða síðar lenda á sjómönnum vegna þess að útgerðarmenn mundu ekki borga. Ég var aðeins að skerpa á því og minna hana á það og segja henni frá því að enginn sjóður annar en Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna er í slíkri aðstöðu til að innheimta þessa skuld eins og Lífeyrissjóður sjómanna vegna þess að hann hefur sjóveðskröfu í skipunum. Ég veit ósköp vel um þessa skuld útgerðarinnar. Ég veit það. Ég veit það líka, ég get frætt hv. 14. þm. Reykv. á því, að frá áramótum til þessa tíma hefur Lífeyrissjóður sjómanna keypt bréf, m.a. af Byggingarsjóði ríkisins og fleiri aðilum fyrir um 1 milljarð. Í sjálfu sér er þessi upphæð ekki stór vegna þess að hún kemur með ákveðnum hætti inn í Lífeyrissjóð sjómanna í gegnum greiðslumiðlun. Verslunarmenn skulduðu í Lífeyrissjóð verslunarmanna um 300 millj. kr. Það var bara það sem ég vildi skerpa á að þetta er ekki tapað og ekki glatað fé og ég skil ekki þá samlíkingu sem hv. 14. þm. Reykv. leggur þetta við Lánasjóð ísl. námsmanna. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma að hv. 16. þm. Reykv. skuli ekki skilja samlíkinguna. Þetta er nefnilega algjörlega hliðstætt lánasjóðsmálinu. Það stendur til samkvæmt frv. sem liggur fyrir að rýra réttindi sjómanna til sjóðsins, eins og segir hér í frv. sem hæstv. fjmrh. hefur þegar lagt fram, að beiðni sjóðstjórnarinnar m.a. vegna vangoldinna iðgjalda. Alveg á sama hátt og sjómenn eiga að greiða vangoldin iðgjöld útgerðarinnar með versnandi rétti sínum til sjóðsins eiga námsmenn, sem nú eru að hefja nám eða eru í námi og námsmenn framtíðarinnar, að greiða vanrækslusyndir okkar allra varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna. Það þarf nú ekkert óskaplega mikla vitsmuni til að sjá samhengið í þessu.

En það gleður mig þó að hv. 16. þm. Reykv. skuli viðurkenna að það eru ógreidd iðgjöld ásamt dráttarvöxtum upp á 150 millj. sem eru m.a. orsök þess að þetta frv. var lagt fram að beiðni stjórnarinnar þó að hv. þm. sæi ekki ástæðu til að vera viðstaddur umræðu þess í gær.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 16. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

Ég vil upplýsa hv. 16. þm. Reykv. um það að ströng ákvæði eru í þingsköpum um umræður um andsvör. Í þeim er ekki ætlast til þess að þau megi lengja með því að bera af sér sakir og þar með lengja þessar umræður um andsvör. En ég hafði lýst því yfir að andsvörum væri lokið en hv. þm. ætlar að nýta sér þann rétt sem hann hefur að bera af sér sakir og gerir hann það nú. En ég óska eftir því að framvegis taki hv. þm. tillit til þessara þingskapa um andsvör.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti, ég skal taka fullt tillit til þess.

Hér er verið að bera mér það á brýn að ég sem stjórnarmaður í Lífeyrissjóði sjómanna fylgist ekki með því sem er að gerast. Ég vildi aðeins benda hv. 14. þm. Reykv. á að það er algjör kórvilla hjá henni að það sé verið að biðja um þessa breytingu á Lífeyrissjóði sjómanna vegna vangoldinna iðgjalda frá útgerð. Það er alrangt.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ekki er ofmælt að þetta frv. sem er til umræðu sé eitt af stærri málum þingsins og ákaflega þýðingarmikið fyrir framtíð fólks. Ekki er furða þó að þingmönnum hafi orðið nokkuð tíðrætt um þetta frv., bæði við 1. umr. og eins nú við 2. umr. Ég hef ekki til þessa tekið til máls í umræðunni þannig að ég þarf að fara nokkuð ítarlega yfir þetta frv. og víkja að ýmsum atriðum sem mér þykir ástæða til að nefna. Verður það þá að hafa sinn gang þó að ég nefni kannski atriði sem aðrir hafa komið að áður.

Ég vil fyrst víkja að frv. eins og það lítur út með þeim breytingum sem hafa verið lagðar fram og það er 1. gr. frv. sem mér er nokkurt áhyggjuefni. Þar er lögð til nokkuð veigamikil breyting á núgildandi lögum sem mér þykir stangast verulega á við þann málflutning

sem þeir flokkar höfðu uppi fyrir síðustu kosningar sem standa nú að ríkisstjórninni og þessum tillögum.

Það sem mér þótti þó kannski merkilegast, þó ekki væri það stærsta atriðið, við 1. gr. er umsögnin um 1. gr. í grg. með frv. en þar segir í athugasemdum um þessa grein, með leyfi forseta:

„Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 72/1982."

Með öðrum orðum er verið að segja að greinin sé efnislega sú sama og núgildandi 1. gr. laga frá 1982. Ekki þarf að lesa greinina lengi til að sjá að sannleikanum er nokkuð vikið til og ekki nákvæmlega frá greint. Það er einkum tvennt.

Í fyrsta lagi að í núgildandi lögum er meginhlutverk sjóðsins að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð en í frv. er talað um að veita þeim námslán. Munur er á þessu þó svo að menn geti greint á um hversu mikill sá munur er, en ég hygg að út frá þeim ræðum sem hafa verið fluttar af hálfu stjórnarliðsins sé ekki vafi á því að í þeirra augum er verulegur munur á þessum tveimur orðum.

Hitt sem er öðruvísi og ég hef ekki rekist á að gerð væri grein fyrir hvort það væri efnisleg breyting og ég vildi því nefna þetta atriði. Það er að í núgildandi lögum er talað um framhaldsnám við stofnanir er gera sambærilegar kröfur o.s.frv. En í frv. er talað um framhaldsnám við skóla. Í mínum huga eru skólar og stofnanir ekki það sama. Ég vildi biðja hæstv. menntmrh. síðar þegar hann svarar spurningum sem fram hafa komið í ræðum þingmanna að gera aðeins grein fyrir því hver meiningin er hjá honum með þessari breytingu þannig að ljóst megi vera að hverju menn stefna, hvort um sé að ræða breytingu á orði en ekki meining að breyting verði efnisleg, eða hvort hér sé um að ræða efnislega breytingu og þá fá hana útskýrða.

Fleira má nefna. Ég vil víkja næst að 2. gr. en þar eru þó nokkrar breytingar á ferðinni og reyndar hefur flm. og höfundum frv. ekki tekist betur til við samningu frv. en svo að þeir hafa umorðað greinina í heilu lagi og leggja til nýja 2. gr. og ég tala þá út frá þeirri tillögu sem er á þskj. 775. En þar er sú efnisbreyting að í stað þess að „nemendur skuli njóta námsaðstoðar", kemur „er heimilt". Það er grundvallarbreyting á markmiðum laganna og hlýtur að verða mótmælt mjög kröftuglega af hálfu þeirra sem gera sig sérstaklega út fyrir það að gæta að jafnrétti og jafnaðarmennsku í þjóðfélaginu.

Bara út af þessum tveimur fyrstu greinum og þeim grundvallarbreytingum sem gerðar eru á þeim vil ég rifja upp hvað þessir flokkar höfðu að leggja til málanna hvað þetta varðar í síðustu kosningabaráttu og hvað þeir settu á prent í kosningabæklingum sínum og stefnuyfirlýsingum sem þeir gáfu út fyrir þær kosningar.

Það var ekki lengur meginhlutverk sjóðsins að tryggja jafnrétti til náms, heldur að tryggja tækifæri til náms og á þessu er verulegur munu, reyndar grundvallarmunur. Við skulum rifja upp hvað stendur í þessari ágætu bók sem heitir „Kosningastefnuskrá 1991 — Alþýðuflokkurinn" og er skrifað hér efst: Ísland í A-flokk og þar með talið væntanlega námsmenn. Koma þeim upp í A-flokk. Það stendur nefnilega nokkuð merkilegur hlutur í þessari kosningastefnuskrá, svo merkilegur hlutur að eftir að frv. var lagt fram var nokkrum alþýðuflokksmönnum nóg boðið — að vísu alþýðuflokksmönnum í Hafnarfirði. Þeir skrifa í riti sem ber yfirskriftina „Í góðu jafnvægi" og ber væntanlega að skilja þannig að stefna Alþfl. í menntamálum sé í góðu jafnvægi. Væntanlega þá í jafnvægi við stefnu flokksins fyrir kosningar. Ef maður les innihaldið í þeim texta, sem er fyrir neðan þessa fyrirsögn, þá er greinilegt að alþýðuflokksmenn í Hafnarfirði eru ekki í góðu jafnvægi yfir menntastefnu Alþfl. og þykir mér leitt að það skuli einungis vera einn þingmaður Alþfl. í sjónmáli en ég veit þó af öðrum á bak við.

Það stendur hér, með leyfi forseta:

Í stefnuskrá Alþfl. fyrir síðustu alþingiskosningar stendur m.a.: Tryggja þarf öllum þjóðfélagsþegnum jöfn tækifæri til mennta. — En hvað stendur í frv.? Tryggja þarf öllum tækifæri til náms. — Ekki jöfn tækifæri, heldur tækifæri til náms. Jöfnuðurinn farinn út úr stefnu Alþfl. — Jafnaðarmannaflokki Íslands, svo ég hafi það rétt.

En ég vitna áfram í þessa grein, með leyfi forseta: „Tryggja þarf öllum þjóðfélagsþegnum jöfn tækifæri til mennta. Þetta felur í sér að aðgangur að menntakerfinu sé ekki bundinn fjárráðum eða félagslegum aðstæðum. Þetta kemur mörgum spánskt fyrir sjónir þar sem á síðustu missirum hefur formaður flokksins staðið fremstur — væntanlega fremstur meðal jafningja jafnvel framar en menntamálaráðherrann sjálfur og boðað gjaldtöku til rekstrar skólum. Vonum við ungir jafnaðarmenn að einhver taki formanninn á upprifjunarnámskeið og bendi honum á það hvaða flokki hann er að stýra og hvaða stefnu hann hefur. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Þannig var komið í desember sl. að ungir jafnaðarmenn töldu ástæðu til að setja opinberlega fram að rétt væri að taka formann flokksins í upprifjunarnámskeið í stefnu Alþfl. í menntamálum. Þessi mikilvæga breyting frá stefnuskrá Alþfl. yfir til frv. þar sem einu orði er hent út í stað þess að tryggja jöfn tækifæri til náms, nægir flokknum nú að tryggja tækifæri til náms, kemur m.a. hart niður á námsmönnum utan af landi og ekki hvað síst námsmönnum af Vestfjörðum. Þar er atriði sem ég vildi nefna, mig minnir að það hafi verið í 6. gr. frv. þar sem tekið er á atriðinu varðandi búsetu, að í stað þess að skylt sé að taka tillit til búsetu við mat á framfærslu, sé það heimilt. Sjóðstjórninni er það bara heimilt. Það er ekki lengur skylt, það er ekki lengur grundvallaratriði af hálfu Alþfl. að kostnaður vegna búsetu sé metinn til framfærslukostnaðar heldur er aðeins heimildarákvæði og auðvitað lagt í mat Sjálfstfl. að meta það. Það fullnægir metnaði Alþfl. í menntamálum fyrir menntamenn utan að landi. Segir það nú meira en mörg orð um efndirnar í þeim ágæta flokki.

Ef maður les þessa ágætu bók hér, t.d. á bls. 34, kemur ekkert fram um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ekki orð um að það sé stefna Alþfl. að það sé nauðsynlegt að breyta lögum um þann sjóð. Ekki orð. Hvergi vik-

ið að því. Hins vegar áréttað, ítrekað og hamrað á því að stefnan sé jafnrétti til náms. Þessu er Alþfl. búinn að fleygja. Hann er búinn að kasta þessu út fyrir sínar dyr. Jafnréttið er ekki lengur velkomið innan dyra Alþfl. Þvílíkar efndir á málflutningi. Það minnir mig á ýmislegt annað í málflutningi þessa ágæta flokks fyrir kosningar sem ástæða væri til að rifja upp og fyrir fólk til að muna eftir og bera saman við efndirnar sem orðið hafa eftir kosningar. Skyldu menn hafa heyrt eitthvað í málflutningi formanns Alþfl. sem benti til þess að sú kreppa væri uppi í íslensku þjóðfélagi að ástæða væri til að sauma að ýmsum félagslegum sjóðum hér á landi eins og t.d. Lánasjóði ísl. námsmanna? Ég hef mikið leitað og rifjað upp það sem Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., lét frá sér fara fyrir síðustu kosningar og ekki hef ég fundið neitt um það að hann sæi dökk ský á himni. Þvert á móti sendi hann landsmönnum þau skilaboð daginn fyrir kosningar að þeir ættu að kjósa Alþfl. vegna hins stórkostlega árangurs þeirrar ríkisstjórnar sem þá var að ljúka sínu tímabili. Hæstv. núv. heilbrrh. bætti um betur þegar hann sagði við launafólkið vestur á fjörðum: Árangurinn er stórkostlegur, nú er komið að því að launafólkið fái undanbragðalaust það sem því ber í efnahagsbatanum. — Og hann spurði: Hver er tilbúinn til að vinna með Alþfl. í næstu ríkisstjórn og tryggja það að launafólk fái undanbragðalaust það sem því ber og það á það skilið fyrir umbun og þolinmæði í svokölluðum þjóðarsáttarsamningum.

Þetta sögðu nú þessir tveir miklu spekingar, yfirjafnaðarmenn í Alþfl. — Hvað gera þeir svo? Hvað varðar það mál sem er til umræðu, þá ráðast þeir á grundvallarréttindin og ýmist taka þau út eða veikja þau svo að það er alveg óvíst um að nokkurt hald sé í.

Þetta eru efndirnar hjá Alþfl. — Jafnaðarmannaflokki Íslands sem segir Ísland í A-flokk. Þetta er væntanlega frv. sem á að tryggja það að námsmenn framtíðarinnar verði í A-flokki. Gaman væri að heyra í námsmönnum framtíðarinnar eftir nokkur ár og fá að heyra frá þeim hvort þeir séu sammála því að þeir hafi komist upp í A-flokk á þeim kjörum sem nú er verið að leggja til að þeim verði boðið upp á í framtíðinni, þar sem jafnréttinu er hent út og búsetumisvæginu er slakað þannig að ekki er lengur skylt að taka tillit til þess heldur einungis heimilt.

Gerum aðeins hlé á umræðum um þennan ágæta Alþfl. — Jafnaðarmannaflokk Íslands og víkjum aðeins að hinum flokknum. Hvað skyldi hann nú hafa lagt fram í púkkið fyrir síðustu kosningar fyrir námsmenn og aðra, fjölskyldufólk sem er með börn á sínu framfæri og unglinga sem stefna í nám? Hvað skyldi Sjálfstfl. hafa haft fram að færa fyrir þetta fólk? Hvað sagði hann þessu fólki fyrir kosningarnar varðandi lánasjóðsmálin? Við skulum rifja það eilítið upp líka.

Hér er ég með ályktanir Sjálfstfl., 29. landsfundar frá 7.–10. mars 1991. Þessar ályktanir voru svo ferskar sem verða mátti fyrir síðustu kosningar, svo ekki er hægt að segja að þeir hafi verið að veifa gömlum ályktunum sem átti eftir að endurnýja og endurmeta í ljósi þeirra breytinga sem hefðu orðið frá því þeir gerðu þessa samþykkt. Nei, þetta er ný samþykkt. Það er dálítið merkilegt að kaflinn um menningarmál hjá þeim er á sömu blaðsíðutölu og hjá Alþfl., eða á bls. 34. Kannski er það fyrirboði þess sem koma skyldi. Ef við flettum upp í kafla sem ber nafnið „Skólar og fræðslumál“ og lítum á hann þá sjáum við ekki eitt orð um Lánasjóð ísl. námsmanna. Við sjáum ekkert. Við sjáum ekkert um að þörf sé á því að mati flokksins að gera þurfi breytingar á lögum um þann sjóð og rýra þurfi rétt námsmanna til láns eða styrkja. Jafnvel þótt ég leiti í allri þessari skræðu fram og aftur og lesi hana aftur á bak og áfram þá finn ég ekki eitt einasta orð um það mál. En það stendur í þessum kafla á bls. 34, með leyfi forseta:

„Það er stefna Sjálfstfl. að hið opinbera tryggi að allir eigi kost á menntun við sitt hæfi og hafi jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar.“

Svo mörg voru þau orð. Þeir sem lásu þetta fyrir síðustu kosningar fengu þau skilaboð að stefnan væri jafn réttur til menntunar án tillits til búsetu. En hverjar eru efndirnar hjá þessum ágæta flokki, stærsta flokki þjóðarinnar, sem stundu kallar sjálfan sig kjölfestuna í íslensku stjórnmálalífi? Það er meiri kjölfestan að hafa svo slíkan flokk sem efnir ekki betur það sem hann lætur frá sér fara en raun ber vitni.

Eftir kosningar er það sem fyrir kosningar hét jafn réttur til menntunar bara tækifæri til menntunar, ekki réttur. Það sem var fyrir kosningar án tillits til búsetu er það ekki lengur eftir kosningar heldur: sjóðstjórninni er heimilt að taka mið af búsetu ef henni sýnist svo. Heimildarákvæði. En það er nú svo að þetta er bara ekki eina ákvæðið sem þessi ágæti flokkur setti fram fyrir kosningar og hefur síðan staðið illa við eða alls ekki. Ég hef áður úr þessum ræðustól vitnað í ágæta bók um stefnu þessa flokks í ýmsum málaflokkum borið saman við efndirnar. Það gerði ég í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 en ég vil aðeins rifja upp fáein atriði sem varða skóla og fræðslumál.

Hér er eitt ákvæði sem ég vil minna á sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Efla þarf og auka námsframboð á landsbyggðinni svo að unnt sé að stunda nám í heimabyggð. Það yrði áhrifamikil byggðastefna.“ Það hefur aldrei verið betra tækifæri fyrir þennan flokk að efna fyrirheit sín, stefnu sína, en einmitt nú því að fáeinum dögum eftir að þessi stefna er samþykkt fær flokkurinn umráðarétt yfir menntmrn. og getur hrint stefnu sinni í framkvæmd. En hvaða svör fengu íbúar á Hólmavík og nágrenni sl. haust þegar þeir vildu fá að stofna öldungadeild. Þeir hafa eflaust vitnað í þessa klásúlu og sagt við hæstv. menntmrh.: „Það er stefna þín og flokks þíns að auka námsframboð á landsbyggðinni og það sé áhrifamikil byggðastefna. Við erum ekki að biðja um mikið. Við erum bara að biðja um 100–150 þús. kr. til að geta starfrækt þessa öldungadeild eða fullorðinsfræðslu. En hvert var svarið? Svarið var nei. Það eru engir peningar til. Efndirnar voru þessar. Til þess að hnykkja á þessu vil ég vitna enn og aftur í þessa sömu ályktun

því þar stendur líka, með leyfi forseta:

„Ljóst er að eftirspurn fer vaxandi, bæði eftir almennri og sérhæfðri fullorðinsfræðslu. Sjálfstfl. lýsir yfir stuðningi við hvers konar framtak í þessum efnum.“ Þvílíkur stuðningur sem Vestfirðingar fengu við lítið mál. Hann var eitt stórt núll.

Það er ábyrgðarhluti af hálfu stjórnmálamanna að haga svo málflutningi sínum eins og núv. stjórnarherrar hafa gert fyrir kosningar og hafa efndirnar í engu samræmi við það skömmu síðar, eftir kosningar. Það er mikill ábyrgðarhlutur að menn temji sér slík vinnubrögð og verði til þess eins að rýra traust almennings á stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum. Það er alveg ljóst að núv. ríkisstjórn hefur ekkert umboð þjóðarinnar til að framfylgja þeirri stefnu í menntamálum sem hún er að gera nú. Hvorugur flokkurinn lagði fram þessa stefnu. Hvorugur flokkurinn vék að því einu orði að þeir mundu taka upp þessa stefnu. Það var ekki einu sinni svo að ýjað væri að því. Nei, þvert á móti var nánast hinu gagnstæða haldið fram miðað við það sem menn eru að framkvæma í dag. Þetta eru ein ljótustu svik við kjósendur sem ég hef orðið vitni að þann tíma sem ég hef fylgst með stjórnmálum og eru stjórnmálamenn kannski engir englar og hafa ekki verið á undanförnum áratugum. En ég held að ég hafi engin dæmi um jafnhrikalega mikla misvísun og rangfærslur í málflutningi fyrir kosningar og eftir kosningar og nú er. Þar gæti ég, ef menn vilja frekari rökstuðning fyrir því, fært fram og vitnað í fleiri ályktanir úr þessum tveimur stefnuskrám sem ég hef hér undir höndum og dregið fram greinar og vitnað í ummæli forustumanna þessara flokka sem stýra núv. ríkisstjórn því að nú er það stefnan varðandi framhaldsnám að rétturinn til þess er ekki skilyrðislaus.

Rétturinn til náms er ekki háður vilja eða getu samfélagsins eða framboði á námi heldur er hann bundinn einhverjum sjóði, útreiknuðum áhrifum fram í framtíðina miðað við gefnar forsendur. Rétturinn er bundinn við útreiknaða hugsanlega afkomu einhvers sjóðs. Það er allt annað en menn hafa verið að tala um hingað til. Hingað til hefur það verið það verið ríkissjóður allur, samfélagsleg skylda og samfélagslegt verkefni að standa undir menntakerfinu. Það væri dálítið skondið eins og hv. 14. þm. Reykv. kom inn á áðan ef menn yfirfærðu þessa teoríu yfir á önnur svið þjóðfélagsins að útreikna allt í sjóðum og segja: Þeir sem fá úr sjóðnum eiga að standa undir honum og þeir sem koma til með að fá úr honum í framtíðinni eiga að borga ekki bara fyrir sig heldur nógu mikið til að borga fyrir hina sem fengu áður og það sem menn telja að vanti upp á. Gaman væri að sjá hvernig stjórnarstefnan væri ef menn yfirfærðu þetta á fleiri svið þjóðlífsins. T.d. væri gaman að sjá hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að framfylgja þeirri stefnu í ýmsum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi, skuldsettustu atvinnugrein þjóðarinnar. Ég get eiginlega ekki hugsað það til enda hvernig menn ætla að útfæra þá stefnu, enda var það verkefni sett í nefnd og geymt fram á haustið.

Fleiri nýmæli eru í þessu frv. sem ég hef athugasemdir við og er fjarri því að vera sáttur við og er andvígur þeim flestum ef ekki öllum.

Það er nýmæli í 15. gr. frv. að taka upp lántökugjald. Í 15. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Árlegur rekstarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.“

Og í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánum.“ Þetta eru nýmæli. En hvað skyldu menn finna ef menn leituðu að athugasemdum með 15. gr. frv., ef við flettum aftur í athugasemdir við 15. gr. á bls. 12 í frv. þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Greinin er samhljóða 15. gr. laga nr. 72/1982.“ Ég spyr: Hvernig má það vera að menn setja svo frá sér að fullyrða að 15. frvgr. sé samhljóða 15. lagagr.? Ég er með við höndina núgildandi lög og ég fletti aftur í 15. gr. og ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa 15. gr. og bið þá sem á hlýða og sérstaklega hæstv. menntmrh. að benda mér á það hvar það standi í greininni að heimilt sé að innheimta lántökugjöld fyrst svo stendur í athugasemdum með frvgr. En greinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.

2. Ríkisframlag.

3. Lánsfé.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.“

Það verður að telja heldur lakara að menn setji frá sér, ekki bara einu sinni heldur tvisvar, í umsögn um frv. að einstakar lagagreinar séu samhljóða núgildandi lögum þegar svo er ekki. Það eru ekki góð vinnubrögð þótt ég viti ekki af hverju svona hefur verið frá málum gengið, hvort menn sem voru að semja frv. hafi einfaldlega ekki kunnað lögin eða hvort það væru mistök af öðrum toga. Ég hallast helst að því að þeir sem sömdu frv. hafi bara einfaldlega ekki kunnað þau lög sem þeir voru að breyta nægilega vel.

Ég vil líka benda á 8. gr. frv. þar sem mér sýnist vera um nýmæli að ræða. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig fari ég ekki með rétt í þeim efnum, en þar stendur í 7. mgr. með leyfi forseta:

„Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.“

Ég fæ ekki betur séð en hér sé um nýmæli að ræða, hér sé um aukaskattlagningu að ræða eða sértekjur fyrir sjóðinn. Auðvitað hefur það áhrif sem útgjöld hjá þeim sem greiða af lánunum og það væri fróðlegt að vita hvort þessi kostnaður hafi verið tekinn með þegar menn eru að reikna út áhrif frv. á greiðslubyrði miðað við tekjur þeirra sem greiða af lánunum því að þessi kostnaður er hjá ýmsum bönkum og sparisjóðum umtalsverður í hverri einstakri greiðslu. Ef við hugsum okkur að lántakandi greiði í áratugi og greiði sérstaka

innheimtukostnaðargreiðslu í hvert skipti þá er augljóslega um að ræða kostnað sem munar um.

Ég vil einnig víkja að 12. gr. frv. þar sem sett er inn í 2. mgr. ákvæði sem heimilar stjórn sjóðsins að veita venjuleg skuldabréfalán sem bera vexti sem eru sambærilegir við almenna útlánavexti banka á hverjum tíma. Mig langar að fá að vita hvenær stjórn sjóðsins er heimilt að beita þessari málsgrein, við hvaða kringumstæður. Er það einungis við þær kringumstæður sem getið er um í 12. gr. sjálfri, fyrri mgr. greinarinnar, þegar heimilt er að veita námsmanni viðbótarlán vegna sérstakra aðstæðna eins og örorku, framfærslu barna eða maka eða af öðrum ástæðum sem að dómi sjóðstjórnar gera það að verkum að námsmanni er illmögulegt að stunda nám sitt þótt hann hafi fengið fullt lán. Ber að skilja þessa grein þannig að fái námsmenn viðbótarlán við þessar aðstæður þá eigi eða hafi stjórnin þá heimild að það viðbótarlán verði með hærri vöxtum, almennum útlánavöxtum og að þau viðbótarlán eigi að vera að hámarki til tíu ára? Eða er þessi heimild víðtækari? Nær hún yfir á aðrar frumvarpsgreinar? Ég tel nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram hvenær meiningin er að unnt sé að beita 2. mgr. 12. gr.

Eitt atriði enn, sem ég vil nefna sem er veruleg breyting frá núgildandi lögum, er að tekin eru út úr núverandi lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna öll ákvæði varðandi styrki. Í frv. eins og það liggur fyrir núna er því engin heimild til styrkveitinga. Það kemur greinilega fram í grg. með frv. og í athugasemdum um 12. gr. segir einmitt um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Felld eru niður ákvæðin um námsstyrki en vísað til þess sem sagt er um Vísindasjóð í almennum athugasemdum." Þannig er vísað yfir til almennra athugasemda um Vísindasjóð. Í þessum almennu athugasemdum segir svo, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er lagt til að öll ákvæði um námsstyrki falli niður. Í því sambandi er rétt að taka fram að menntmrh. mun beita sér fyrir endurskoðun laga nr. 51/1957, um Vísindasjóð, í þeim tilgangi að hann geti í ríkari mæli en nú veitt styrki til námsmanna í langskólanámi og til skólagjalda."

Væri fróðlegt að fá að vita hvað líði þessari endurskoðun laga um Vísindasjóð og fyrst það er svo að það er meining flm. að vísa styrkjum úr lánasjóðnum yfir í Vísindasjóð tel ég það algert lágmark af þeirra hálfu að leggja hér fram samhliða þessu frv. einmitt frv. til nýrra laga um Vísindasjóð sem endurspeglar þau sjónarmið sem boðuð eru. Hins vegar hef ég ekki orðið var við að hér hafi verið útbýtt neinu frv. um Vísindasjóð, sem boðar þessa breytingu, og það er dálítið ólíku saman að jafna að henda styrkjaákvæðinu út strax en taka það síðan hugsanlega einhvern tíma inn síðar í öðrum sjóði. Hljóta þingmenn að ganga ríkt eftir efndum í því sem kemur fram í almennum athugasemdum með þessu frv.

Ég er með undir höndum bréf frá stjórn Vísindaráðs þar sem veitt er umsögn um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. (**Menntmrh.:** Það er búið að lesa þetta oft.) Aldrei er góð vísa of oft kveðin, hæstv. ráðherra. Hins vegar hafði ég ekki hugsað mér að lesa umsögnina í heild sinni en ég vil minna á efnisatriði úr henni og grípa niður þar sem þau koma fram. Segir hér, með leyfi forseta:

„Vísindaráð telur að heppilegra væri að koma á blönduðu kerfi hreinna námsstyrkja annars vegar og námslána hins vegar sem gætu verið á sambærilegum kjörum og t.d. húsnæðislán eða önnur lán í þjóðfélaginu. Slíkt fyrirkomulag er haft á hinum Norðurlöndunum og virðist gefast nokkuð vel. Þar skiptist stuðningur við nám nokkurn veginn til helminga á milli styrkja og lána."

Það er alveg ljóst að stjórn Vísindasjóðs hefur greinilega aðrar skoðanir í þessum efnum en fram koma í frv. sem er til umræðu. Mér sýnist að umsögn þeirra styðji í raun og veru þá skoðun að rétt væri að hafa áfram í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna inni ákvæði um styrki eins og er frá gengið í þeim lögum frá 1982.

Ekki hefur farið fram hjá neinum að námsmenn hafa tekið ákaflega ábyrgt á þessu frv. Auðvitað er alveg ljóst að þeim er það ekki að skapi að menn leggi fram slíkan boðskap sem hér hefur verið gert og það er ákaflega auðvelt hjá hagsmunasamtökum eins og námsmönnum og samtökum þeirra að segja bara eitt nei. Við erum bara á móti, búið. En það gera þeir ekki. Þeir hafa þvert á móti lagt mikið á sig við að koma fram með tillögur til þess að mæta sjónarmiðum stjórnvalda og þeir hafa komið með ábyrgar tillögur og vel rökstuddar, en því miður hafa núverandi stjórnvöld ekki borið gæfu til að taka mark á þessum hógværa málflutningi námsmanna.

Eitt er það félag sem hefur komið mér á óvart hvernig tekur á þessum málum í sinni umsögn, ekki af því að það skeri sig úr frá námsmannahreyfingunni varðandi viðbrögð heldur hitt að í bréfi sem það hefur látið frá sér fara er tekið ákaflega skelegglega á málinu. Þessi félagssakapur er nú ekki þekktur að róttækni þannig að mér þykir erindið vera merkilegra einnig fyrir þær sakir. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna í það bréf sem ég hef undir höndum mönnum til fróðleiks og sumum kannski til upprifjunar því að það er ekki verra að fara oft með gott mál, en í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Mikils metinn maður í bandarísku efnahagslífi og mikill Íslandsvinur sagði eitt sinn á fundi með nokkrum íslenskum athafnamönnum að helsta auðlegð Íslands og framtíðarvon væri ekki fólgin í fiskimiðum eða rafmagni heldur í vel menntuðu ungu fólki.

Með sambærilega hugsun í farteskinu hefur Lánasjóður ísl. námsmanna starfað og greitt leið margra góðra manna til menntunar sem annars hefðu ekki átt kost á því. Nú ber við í skammtímaniðursveiflu í íslensku efnahagslífi að horft er með eftirsjá til þess fjár sem fest hefur verið í menntun ungs fólks. Mótað hefur verið nýtt frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna og þrátt fyrir að þingmenn hafi að einhverju leyti tekið tillit til athugasemda námsmannahreyfinganna eru enn í frv. ákvæði sem stjórn Orators, félags laganema,

sér sig knúna til að mótmæla harðlega.

Stjórn Orators hefur fengið af því fregnir að þingmeirihluti sé fyrir áðurnefndu frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og það lítur út í dag. Í 6. gr. þess er ákvæði sem segir að námslán skuli aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Ljóst er af greinargerð með frv. að ákvæðið ber að skilja þannig að stúdent fær ekki námslán fyrr en hann hefur tekið tilskilin próf og skilað fullnægjandi árangri. Stúdentar þurfa þá að taka lán hjá bankakerfinu til að framfleyta sér fram að prófum í stað þess að fá mánaðarlega greiðslu frá Lánasjóðnum eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir. Stjórn Orators telur þetta ákvæði útiloka fjölmarga nemendur frá námi þar sem af hinu lága láni þyrfti að greiða háa bankavexti, greiðslur yrðu ótryggari og auk þess geta ekki allir útvegað sér ábyrgðarmenn vegna slíkra lána eins og bankar áskilja eðlilega í viðskiptum sínum."

Þetta segir m.a. í þessu bréfi frá Orator, félagi laganema við Háskóla Íslands, sem dags. er 2. apríl sl. og segir meira en mörg orð um afstöðu námsmanna til frumvarpsdraganna eins og þau líta út núna. Sú röksemd, sem þeir hafa beitt fyrir sér og hefur reyndar verið grundvöllurinn hjá núv. ríkisstjórn fyrir þessum aðgerðum og fleirum, að það sé niðursveifla í íslensku hagkerfi, skammtímaniðursveifla í íslensku efnahagslífi, er ákaflega merkileg. Þetta er sú röksemd sem menn hafa helst fært fram til að styðja að það væri nauðsynlegt að hreyfa við þessum lögum. En við fengum einmitt þær fréttir í kvöld hjá annarri sjónvarpsstöðinni sem var að draga fram skuldastöðu íslenska ríkisins í alþjóðlegu samhengi og þar komu fram aðrar upplýsingar en núverandi stjórvöld hafa látið uppi. Þvílíkt ramakvein hefur verið uppi hjá núv. ríkisstjórn allt frá því að hún tók við völdum að það er alveg með ólíkindum, allt þetta svartnættistal. En þegar staðreyndunum er brugðið á skjáinn og menn sjá hver staðan er hér borið saman við ýmsar stöndugar efnahagslega vel stæðar þjóðir í Evrópu og annars staðar þá kemur annað í ljós en menn hafa viljað láta í veðri vaka. Það verður fróðlegt að fylgjast með fréttum næstu daga á þessari sömu sjónvarpsstöð sem boðaði það að hún mundi fara yfir fleiri atriði því að ég er ekki viss um að það standi svo mikið eftir af röksemdunum á bak við þetta svartnættistal.

Virðulegi forseti. Ég hef varið nokkrum tíma til þess að fara yfir nokkur atriði í þessu frv. og vakið athygli á þeim atriðum sérstaklega sem ég geri athugasemdir við en hef geymt mér að og sparað mig við að yfirfara málið í heild sinni eins og hefði reyndar verið full ástæða til. Ég veit að aðrir þingmenn hafa gert það mjög rækilega og ég hygg að vel muni nú vera komið til skila atriðum eins og hvernig útreikningar á endurgreiðslukerfinu líta út fyrir ýmsa þjóðfélagshópa sem eiga að búa við þetta kerfi og hef ég dæmi um slíkt. Ég verð að segja að það er með ólíkindum að menn skuli láta hvarfla að sér að bera fram tillögur af þessu tagi þegar menn hafa fyrir sér útreikninga á því hvernig þetta muni koma út.

Að lokum, virðulegi forseti, gríp ég af handahófi bara í eitt dæmi af þessu tagi. Einstætt foreldri með tvö börn. Hvernig kæmi út fyrir það foreldri það lánakerfi sem hér er verið að reyna að knýja í gegnum þingið? Hér er um dæmigerðan framhaldsskólakennara að ræða sem gæti meira að segja verið búsettur hvar sem er á landinu því að þeirra kjör eru víst eins án tillits til búsetu. Þar eru árslaun miðað við 864 þús. kr. og að hann hafi tekið lán upp á 3,5 millj. kr. Miðað er við 1% vexti af námslánum og að fjögur ár hafi farið í nám.

Fram kemur að þegar viðkomandi framhaldsskólakennari er orðinn 67 ára gamall og búinn að borga öll árin sem honum er áskilið þær greiðslur sem honum ber að gera samkvæmt þessu frv. þá er hann nú ekki svo vel staddur að hann gæti hugsað með sjálfum sér: Ég fer nú á eftirlaun skuldlaus við lánasjóðinn, við þennan samfélagslega sjóð. Nei, samkvæmt þessum útreikningum skuldar hann hvorki meira né minna en 2.000.040 kr. Hann skuldar enn þá meira en helming af því láni sem hann tók. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hugsar sér framhaldið hjá þessum tiltekna framhaldsskólakennara. Hvernig skyldu nú menn hafa reiknað út endurgreiðslur á lánveitingum miðað við þessar forsendur? Eru menn kannski á réttri leið? Þetta er kannski sú leið sem Sjálfstfl. boðaði 1987? Þetta er kannski misskilningur hjá mér að vera að vitna í það sem flokkurinn sagði fyrir kosningarnar 1991? Maður á kannski að muna eftir kosningunum 1987 þar sem kjörorð Sjálfstfl. var: Á réttri leið? Hann var þá á réttri leið að eigin mati og komst í ríkisstjórn og hrökklaðist þaðan út eftir rúmt ár eftir að vera búinn að setja sjávarútveginn meira og minna á höfuðið. Nú er hann búinn að vera í eitt ár og hann er að knýja í gegn slíkar breytingar á högum almennings og láglaunafólks að kannski verður efnahagurinn og efnahagsreikningarnir á þeim bæjum svipaður og sjávarútvegsfyrirtækin voru haustið 1988. Menn eru kannski á réttri leið.

Virðulegi forseti. Ég vil láta lokið þessari fyrstu ræðu minni um þetta frv. sem ástæða er til fyrir þingmenn að mótmæla og þeim ákvæðum sem ég hef sérstaklega gert að umræðuefni. Ekki hvað síst er ástæða fyrir þingmenn utan af landi, sem bera fyrir brjósti hag ungs fólks á landsbyggðinni sem vill fara til náms, að taka höndum saman, líka þeir sem vilja vera í A-flokki til að hrinda þessum ákvæðum brott, steypa þeim út fyrir borð í þessu frv. eins og það lítur út núna.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil inna forseta eftir því hversu lengi eigi að halda fram fundi á þessari nóttu. Mér var tjáð það fyrir allnokkru að samkomulag hefði verið gert um það við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar að fundi lyki í síðasta lagi kl. 1 og yrði ekki fram haldið lengur. Ég spyr um þetta vegna þess að mér hefur verið greint svo frá og í öðru lagi vegna þess að það eru miklar annir við nefndastörf í þinginu þessa daga og menn þurfa að sinna þeim verkum á

morgnana. Mér finnst eðlilegt að það sé haldið þannig á málum að mönnum sé ætlaður einhver hvíldartími á milli þeirra ábyrgðarmiklu starfa sem hvíla á mönnum í sambandi við nefndir. Því spyr ég hæstv. forseta um það hversu lengi hann hyggist halda áfram fundi og hvort ekki eigi að standa við samkomulag sem mér hefur verið greint frá að gert hafi verið.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að gert var ráð fyrir því að ljúka þessari umræðu og ekki liggur ekki fyrir að samkomulag hafi verið gert um annað.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara upplýsa það að ég var hér á fundi með hæstv. forseta, Salome Þorkelsdóttur, ásamt öðrum þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar, klukkan hálftólf held ég að við höfum verið boðuð, og á þeim fundi gerðum við það samkomulag að halda áfram til klukkan eitt. Ég var viðstödd þegar samkomulagið var gert og ég geri ráð fyrir að aðrir geti staðfest það. Ég kannast ekki við neitt annað og er var mjög undrandi þegar mér var gefið orðið. Að sjálfsögðu var ég hér til klukkan eitt þar sem ég var reiðubúin að tala fram til klukkan eitt eins og um var talað.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Rétt er að það komi fram að þegar þetta mál var rætt í morgun á fundi þingflokksformanna þá gerði ég strax athugasemd við þær hugmyndir sem þá voru uppi um að umræðunni skyldi ljúka á miðnætti. Ég lagði ríka áherslu á að umræðunni yrði haldið áfram þangað til málinu lyki. Ég hef ekki fallist á neinar breytingar á því fyrir hönd þingflokks okkar og ég hef haldið þeirri kröfu til streitu og gerði það við forseta þegar við hittumst upp úr hálftólf. Að vísu urðu smámistök í því fundahaldi þannig að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar komu þar að á undan okkur formönnum stjórnarþingflokkanna en ég kannast við það að þeir hafi fallist á það fyrir sitt leyti. Mér var tjáð það að þeir féllust á að það væri verið hér til klukkan eitt, en það hefur ekki verið gert neitt allsherjarsamkomulag um það. Eftir því sem mér er tjáð af forseta er aðeins einn þingmaður á mælendaskrá og ef vilji væri til þess að ljúka þessari umræðu ætti það ekki að vera neitt mál. Það er því eitthvað annað sem vakir fyrir mönnum hér en að greiða fyrir þingstörfum eða ljúka þessu máli og koma því til næstu umræðu.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ekki veit ég hvað hv. 8. þm. Reykv. kallar allsherjarsamkomulag, en eitt er víst að það sem Anna Ólafsdóttir Björnsson, hv. 9. þm. Reykn., sagði hér áðan er aldeilis rétt. Við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hittum hæstv. forseta klukkan hálftólf og varð niðurstaða þess fundar að halda hér áfram til klukkan eitt. Ég ráðlegg því hæstv. forseta að eyða ekki nóttinni í þingskapaumræðu um það mál, heldur að slíta fundi eins og þá var um talað að yrði gert klukkan eitt.

Mér var kunnugt um að hv. 8. þm. Reykv. hafði áhuga á því í morgun að þessari umræðu yrði lokið en um það var ekki gert neitt samkomulag. Þó svo að aðeins einn sé nú á mælendaskrá þá eru fleiri sem ætla sér að tala í málinu, ekki síst eftir að við höfum heyrt mál hæstv. menntmrh. sem ekkert hefur talað síðan í upphafi umræðunnar og við hljótum að óska eftir því að hann svari ýmsum spurningum. Ef ræða hans verður á þann veg að við sættum okkur algjörlega við hana þá þurfum við sjálfsagt ekki að tala meira en ég er síður þeirrar skoðunar.

En, hæstv. forseti, þetta eru staðreyndirnar í málinu og ég mæli eindregið með því að hæstv. forseti slíti fundi þannig að við getum farið heim og sofið eitthvað áður en fundir byrja í fyrramálið klukkan átta.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Það ber nokkuð nýrra við ef forsetadæmið ætlar ekki að standa við gert samkomulag við stjórnarandstöðuna. Ég verð að lýsa mikilli undrun yfir því að það eigi að breyta frá því sem hefur verið sæmileg regla að orð standi sem fram hafa farið á fundum og hafa verið staðfest af formönnum þingflokka eða þeim sem gegna störfum þeirra. Þetta er auðvitað ekki vegna þess að málið sé ekki umræðu vert áfram. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra eigi eftir að tala í málinu og margir sem þurfa kannski að mæla eitthvað eftir ræðu hans. Ég held það sé vafasamt að draga einhverjar ályktanir af því að það sé einn á mælendaskrá núna. Það hefur verið sígandi mælendaskrá í málinu í allan dag og mönnum er ljóst að margt er ósagt í málinu og ég held að forsetar gangi þess ekki duldir að þetta mál er ekki útrætt við 2. umr. málsins.

En það var ekki erindi mitt, heldur að hvetja til þess að menn standi við það sem um hefur verið samið við forseta þingsins. Ég held að það væri ráð fyrir þann sem gegnir störfum fyrir aðalforseta að kveðja til þann sem hefur staðið að þessu samkomulagi og að látið verði reyna á það. En boðleiðirnar eru orðnar harla einkennilegar í hinni mjög svo samhentu forustu þingsins ef menn átta sig ekki á því frá hverju hefur verið gengið og að formaður þingflokks Sjálfstfl. þurfi að koma til þess að lýsa andstöðu við það sem forseti hefur samið um við formenn stjórnarandstöðuþingflokkanna. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvers vegna formenn stjórnarflokkanna voru ekki þátttakendur í því að vera viðstaddir eins og ætla mátti af orðum hv. 8. þm. Reykv.

En að öðru leyti er mér ekkert að vanbúnaði að ræða málið frekar þegar næst verður boðað til fundar þannig að þá þarf enginn að óttast að umræðuefni sé þrotið í málinu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. 4. þm. Austurl. að það er rétt til getið hjá honum að forseti hefur

ekki ætlað sér að ganga á bak nokkurs samkomulags sem gert hefur verið en þetta mál verður að sjálfsögðu skoðað.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er eflaust rétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að margt er órætt í málinu þótt ég verði að segja að eftir að hafa hlýtt á einar fimmtán ræður frá því ég tók til máls í síðustu viku þá hefur það eiginlega allt verið það sem áður var komið fram í umræðum um þetta mál og sjálfsagt eigum við eftir að heyra fleiri endurtekningar áður en málið verður endanlega afgreitt í þinginu. Við því er svo sem ekkert að segja.

Ég beygi mig að sjálfsögðu undir samkomulag sem kann að hafa verið gert milli forseta og þingflokksformanna. Það geri ég að sjálfsögðu þótt mér hafi verið ókunnugt um að samkomulag hafi verið gert um að hætta klukkan eitt. Ég hefði óskað eftir því að haldið yrði áfram. Það hefur verið kvartað undan því hér fyrr í dag — það er nú reyndar kominn annar dagur, en fyrr í umræðunni eftir að þingfundur var settur klukkan hálftvö í gær — að umræður væru slitnar í sundur um einstök mál. Ég tek undir að það er afskaplega óheppilegt að þurfa að slíta umræður í sundur um mál eins og var gert í gær. Þessi 2. umr. um lánasjóðsfrumvarpið hefur áður verið slitin í sundur og ég tel það mjög óheppilegt. Það kemur í ljós núna og hefur svo sem oft komið fram áður að óheftur ræðutími og heftur fundartími fara illa saman. Það er það sem er alltaf að eiga sér stað hér, samið er um að hafa ekki kvöldfund og ef það er kvöldfundur að ljúka þá ekki síðar en um miðnætti, undantekning nú að samið hefur verið um að ljúka klukkan eitt. Þetta getur ekki gengið upp. Það er alveg óhugsandi að una við það og síst af öllu þegar dregur að þinghléi. Á þetta vil ég benda í fullri vinsemd.

Það er auðvitað hægurinn hjá að koma í veg fyrir afgreiðslu mála ef menn semja alltaf svona eða setja mönnum stólinn fyrir dyrnar og hefja síðan umræður um þingsköp ef mönnum líkar ekki það sem forseti ætlar að gera.

Ég óska eftir því, ef fundi á að ljúka núna — og ég ætla ekki að hreyfa andmælum við því ef um það hefur verið samið — þá fer ég fram á það við þingflokksformenn og hæstv. forseta að sest verði niður og samið um lok 2. umr. um málið, en ekki bara um það hvenær næsta fundi eigi að ljúka. Helst af öllu vildi ég óska að unnt yrði að semja um 3. umr. frv. líka. En það yrði þó strax skref í rétta átt ef menn væru tilbúnir til þess að semja um hvenær 2. umr. um frv. lyki og ég óska eindregið eftir því að hún verði ekki slitin oftar í sundur.

Ég vil svo bæta því við að ég ætlaði mér að sjálfsögðu að tala við 2. umr., svara spurningum sem hefur verið til mín beint, þær eru ekki margar, en ég hef að sjálfsögðu ýmislegt við ræður manna að athuga sem ég mun koma að í ræðu minni, hvenær sem hún verður nú haldin. Ég vona hún verði haldin á morgun, ef ég fæ ekki að halda hana hér á eftir.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill leita allra leiða til þess að ná samkomulagi og mun nú gera fimm mínútna hlé og óska eftir því að formenn þingflokka gangi til skrifstofu forseta. — [Fundarhlé].

Samkomulag hefur orðið um að fresta umræðunni um 11. dagskrárliðinn.

Umræðu frestað.

134. FUNDUR

miðvikudaginn 6. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Prentun EES-samningsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur flogið fyrir að óskir séu um það af hálfu ríkisstjórnar að hefja hér innan fárra daga umræðu um samning um Evrópskt efnahagssvæði. Nú vitum við að þessi samningur hefur verið undirritaður af hæstv. utanrrh. og þingmenn hafa fengið í hendur próförk af þessum samningi og bókunum sem honum fylgja í tveimur bindum, dags. 9. mars sl. Við höfum fengið eitt eintak í hendur, en þegar leitað er eftir því hjá skrifstofu þingsins að fá fleiri eintök, t.d. til að geta haft eitt á skrifstofu sinni og annað hér í þingsal eða til þess að senda það aðilum til þess að líta á mönnum til stuðnings við athugun málsins, þá fást þau svör að það er ekkert að hafa.

Ég er með eina eintakið sem er fyrir utan hið skrásetta eintak í skjalasafni skrifstofu Alþingis sem hægt er að lána þingmönnum til þess að glugga í, eitt einasta eintak, og utanrrn. greinir frá því að verið sé að undirbúa prentun að fullbúnum samningi en það sé ekkert að hafa þangað til honum verður dreift hér á þinginu. Ég vildi spyrja hæstv. forseta að því hvort hann telji að þetta sé viðunandi staða varðandi þetta stóra mál, að ekki sé nú talað um kynningu á þessu máli eins og það liggur fyrir gagnvart almenningi sem ætti auðvitað að geta gengið inn í þinghús og fengið eintak af þessu máli ef menn vildu kynna sér það eins og það hefur verið lagt fyrir til þessa.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. forseta að því hvað forseti og forsætisnefnd ráðgeri til að auðvelda þingflokkum athugun á þessu stóra máli sem rætt hefur verið um af hálfu ríkisstjórnar að taka upp til athugunar og umræðu á sumarmánuðum. Mér er kunnugt um að

á öðrum Norðurlöndum hafa verið gerðar ráðstafanir til sérstaks stuðnings við þingflokka til að athuga þetta mál og gaumgæfa og það hlýtur að vera ekki minni þörf á því hér fyrir okkur á Alþingi Íslendinga að aðstaða sé til þess af hálfu þingsins að fara yfir þetta mál og leita svara við þeim mörgu spurningum sem því tengjast og fá til þess eðlilega aðstoð af hálfu Alþingis. Í þessu sambandi hljótum við að minnast þess að varið hefur verið samkvæmt upplýsingum utanrrn. 83 millj. kr. vegna undirbúnings málsins fram undir þetta og væri ekki goðgá að Alþingi yrðu búnar skaplegar aðstæður til þess að athuga málið þegar það berst til þingsins og ekki síðar.

Ég vænti þess að hæstv. forseti geti svarað nokkru um þetta nú en eftir atvikum að athuguðu máli ef svör liggja ekki fyrir á reiðum höndum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki svarað spurningum sem þingmaðurinn bar fram og hefði frekar á að beina til utanrrn. þar sem þessi gögn, sem hv. þm. var með hér í ræðustóli, koma frá utanrrn. en hafa ekki borist sem þingskjal enn þá til þess að útbýta í þingsal. En að því kemur væntanlega innan tíðar. Að öðru leyti vill forseti fullvissa hv. þm. um að hér mun að sjálfsögðu allt verða gert til þess að greiða fyrir því að þingmenn hafi sem besta aðstöðu til að vinna að þessu máli og kynna sér það þegar þar að kemur. Öðruvísi getur forseti ekki svarað hv. þm. á þessari stundu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta svörin en ég tel þau afar ófullnægjandi þó ég hafi skilning á því að forseti getur auðvitað ekki greint frá öðru en fyrir liggur. Það er undrunarefni ef ekki hefur verið rætt um það af hálfu utanrrh. við þingið hvernig búið yrði að umræðu og athugun á þessu máli og ég hefði líka talið að það væri eðlilegt þegar er rætt um að taka þetta mál til umræðu innan fárra daga að einnig af hálfu forustu þingsins væri uppi sjónarmið um það hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til þess að hægt sé að taka slíkt mál til umræðu. Mér finnst ekki seinna vænna að fara að upplýsa þingflokka um það hvaða aðstaða þeim býðst umfram það sem venjubundið er hér í þinginu til þess að fara ofan í saumana á þessu máli.

Ég vil einnig inna eftir því, af því ég var bara með tvö bindi af þessari próförk, varðandi samning um Evrópskt efnahagssvæði, hvað forseti geti greint okkur frá varðandi allt sem fylgja á þessu máli. Ég hygg að það séu ein tíu bindi til viðbótar í álíka broti. Síðurnar eru 20.000 eða þaðan af fleiri sem tengjast þessu máli og hljóta auðvitað að liggja fyrir áður en málið er tekið til umræðu á Alþingi. Hefur þetta efni borist þinginu í hendur, þó ekki væri nema í einu eintaki, og hefur verið gengið úr skugga um að það liggi fyrir nú þegar og verði aðgengilegt með einhverjum fyrirvara áður en þessi samningur verður tekinn til umræðu hér á Alþingi? En mér er tjáð að í norska þinginu sé gert ráð fyrir að þetta verði 12 binda safn sem verði þinggögn sem varða þetta mál. Ég veit út af fyrir sig ekki hvort það er komið fram á öðrum þjóðþingum EFTA-ríkjanna, en þetta hlýtur að vera ein af undirstöðunum undir því að hægt sé að byrja umræðu um málið og því inni ég eftir þessu til viðbótar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti ítrekar það að þessi þskj. hafa ekki borist til þingsins en eftir því sem forseti veit best munu þau vera í prentun og undir eins og þau koma úr prentun og berast þinginu þá verður þeim að sjálfsögðu útbýtt. Forseti ítrekar það enn á ný að áhersla mun verða lögð á að greiða eins vel fyrir þessu máli og mögulegt er til að auðvelda þingmönnum umfjöllun um það.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki bara verið að tala um þingskjöl. Hér er verið að tala um það að hv. alþm. eigi kost á því þegar í stað að kynna sér gögn þessa máls. Þessar bækur eru ⅕ af því sem alþingismenn þurfa að kynna sér áður en þetta mál verður afgreitt eins og það hefur verið lagt fyrir annars staðar. Ég hefði talið að löngu áður en málið kemur til meðferðar þurfi menn að fá gögnin í handriti til að geta kynnt sér þau. Þetta vil ég segja í fyrsta lagi.

Í öðru lagi tel ég að forsætisnefndin verði sjálf og sjálfstætt að hafa frumkvæði að því að koma þessum málum til þingmanna og skapa þeim og þingflokkunum vinnuaðstöðu til að plægja þessa pappíra. Í þriðja lagi þarf að skapa aðstæður til að almenningur geti leitað til Alþingis Íslendinga um þessi skjöl en þurfi ekki að fara krókaleiðir í gegnum lögreglustöðina inn í utanrrn. til að slíta út þessa pappíra. Hér snýst málið með öðrum orðum af hálfu hv. 4. þm. Austurl. ekki bara um það sem utanrrn. kann að vilja leggja fyrir. Þetta snýst í raun og veru um reisn og virðingu og sjálfstæði Alþingis við meðhöndlun þessa máls sem talið hefur verið eitt hið allra stærsta mál sem Alþingi Íslendinga hefur fengið til meðferðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur alveg tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi þýðingu þessa máls og góðrar fyrirgreiðslu um meðferð þess á allan hátt og tekur undir það að væntanlega verður þannig gengið frá málinu að það verði vel við unandi. Forseti getur bætt því við að honum er kunnugt um að m.a. í Noregi eru í undirbúningi upplýsingar og fræðsla um þetta mál fyrir almenning. Þeim er dreift t.d. á bókasöfnin í landinu sem forseta þykir vera mjög við hæfi og skynsamlegt og trúir því að einhverjar slíkar ráðstafanir hljóti að verða gerðar hjá okkur til þess að upplýsa almenning um málið.

Þetta mál tengist vissulega þingstörfum á margvíslegan hátt, þótt það hafi ekki enn verið lagt fram. Ráðherra kemur til með að leggja gögnin hér fram á þingi, væntanlega innan mjög skamms tíma.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af orðum hæstv. forseta áðan vekja athygli forseta á 42. gr. þingskapa-

laga. Í þessari grein þá er vikið að því að frv. sem felur í sér breytingar á stjórnarskrá og stjórnskipun íslenska lýðveldisins beri að flytja sem slíkt. Frv. sem felur í sér breytingar á stjórnarskrá og stjórnskipun lýðveldisins og ekki er flutt sem stjórnskipunar- eða stjórnarskrárfrv. hlýtur þá meðferð skv. 42. gr. þingskapa að forseti vísar því frv. frá. Það hvílir þess vegna sú skylda á hæstv. forseta, skv. 42. gr. þingskapa, að vísa frá frumvörpum sem flutt eru sem venjuleg frumvörp á Alþingi ef þau fela í sér breytingar á stjórnarskrá eða stjórnskipan lýðveldisins.

Nú er það ljóst að fram hefur komið að ýmsir mætir menn telja að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, og þar með frv. sem fæli þann samning í sér, stangist það mikið á við gildandi stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að í því felist í reynd breytingar á stjórnarskrá og stjórnskipun íslenska lýðveldisins. Þess vegna er alveg ljóst að það mun koma til þess að hæstv. forseti þurfi að meta hvort frv. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sé flutt með réttum hætti skv. 42. gr. stjórnarskrárinnar. Það er kannski einhver mikilvægasta embættisskylda forseta Alþingis að framfylgja 42. gr. Ég hef þess vegna sett fram það sjónarmið að áður en frv. um Evrópskt efnahagssvæði kemur til meðferðar á Alþingi sé nauðsynlegt að þingið sé búið að meta það með ákveðnum hætti hvort samningurinn stenst stjórnarskrá og stjórnskipun lýðveldisins eða hvort breyta þarf stjórnarskrá og stjórnskipun lýðveldisins til þess að samningurinn sé gildur. Það væri mjög vont ef forseti Alþingis léti það gerast að samþykkja venjulegt frv. um samninginn, t.d. í næstu viku og síðan stæði þingið frammi fyrir því að samkvæmt áliti vísra manna sé það kannski hæpið eða jafnvel óruggt að samningurinn standist ekki stjórnarskrána. Ég vil þess vegna vekja athygli forsetans á embættisskyldu forseta Alþingis skv. 42. gr. og tel nauðsynlegt að það náist viðunandi meðferð máls á Alþingi hvað snertir athugun á því hvort frv. um samninginn samrýmist stjórnarskránni eða ekki áður en það kemur formlega til afgreiðslu. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta að forseti íhugi næstu daga í samvinnu við aðra flokka í þinginu með hvaða hætti sé hægt að tryggja að farið sé til hins ýtrasta eftir 42. gr. þingskapalaganna og við getum nánar rætt það mál síðar. Ég óska ekki eftir svari frá hæstv. forseta hér og nú, tel það óeðlilegt vegna þess að málið er það stórt, en vek athygli forsetans á 42. gr. þingskapalaga.

Lífeyrissjóður ljósmæðra, 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (brottfall laga). — Þskj. 702.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BIB, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, KSG, KHG, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, GB, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JónS, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SJS, VE) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 859).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 274. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 840.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BIB, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, MJ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, GB, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 860).

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284, nál. 776 og 789, brtt. 775 og 790, till. til rökst. dagskrár 791.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Tilefni væri kannski í upphafi að fara enn nokkrum orðum um aðaltillögu minni hluta hv. menntmn. um rökstudda dagskrá. Ég vil þó ekki eyða tímanum í það heldur vísa til fyrri ræðu minnar í þessari umræðu varðandi dagskrártillöguna.

Síðan ég talaði fyrr í umræðunum, í síðustu viku, hafa verið haldnar sextán ræður af fjórtán þingmönnum ef ég hef fylgst rétt með. Sitthvað hefur komið fram í máli hv. þm. sem ástæða er til að gera að umtalsefni en tiltölulega fáar beinar spurningar. Þótt ég hafi reynt að fylgjast með allri umræðu kann eitthvað að hafa fallið niður í þeim minnispunktum sem ég hef skrifað niður. Ég biðst þá velvirðingar á því og get kannski bætt úr síðar. Ég sný mér að einstökum atriðum í ræðum hv. þm. sem hafa talað eftir að ég talaði síðast.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagðist í ræðu sinni vera ósammála hugmyndafræðinni sem fælist í frv., leiðinni sem farin er og hún muni greiða atkvæði gegn frv. vegna þeirra afleiðinga sem það hefur í för með

sér fyrir íslenska námsmenn, sérstaklega konur, og íslensku þjóðina. Með samþykkt frv. tekst að tryggja framtíð Lánasjóðs ísl. námsmanna svo að hann megi áfram sjá til þess að jafnrétti ríki til náms hér á landi óháð efnahag námsmanna. Það er undarlegt að vera á móti þeirri hugmyndafræði og þeirri leið sem í raun tryggir slíkt. Þingmaðurinn staðhæfir að með frv. sé litið á námslán sem venjuleg lán og sama hafa fleiri hv. þm. sagt, svo sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir. En þetta er rangt. Það eru engin venjuleg lán með þeim kjörum að endurgreiðslur eru tekjutengdar og vextir langt undir markaðsvöxtum. Því eru þetta hagstæð lán svo ég svari spurningum sem ýmsir hafa beint til mín, þar á meðal hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég vísa einnig til útreikninga sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði í samráði við Ríkisendurskoðun þar sem fram kemur að árlegur stuðningur ríkisins við lánasjóðinn er metinn 54% af námsaðstoðinni. Þá er tekið tillit til þess að vextir af námslánum verði 1%, lántökugjald verði tekið upp og styrkir felldir út. Einnig er tekið tillit til vaxtamunar, affalla og fleira. Rúmlega helmingur af námslánum er eftir sem áður styrkur úr ríkissjóði. Kjörin eru ekki verri en það.

Í gildandi kerfi er þessi styrkur 67%. Það er því fráleitt að halda því fram að námslán hafi ekki algera sérstöðu eftir sem áður. Þingmaðurinn heldur því fram að frv. geti ekki leitt til annars en dregið verði úr jafnrétti til náms. Hér tel ég að þingmaðurinn misskilji hugtakið jafnrétti til náms. Jafnrétti til náms byggist á því að námslán fari til þeirra sem raunverulega eru í námi og skila árangri, námsárangri og framvindu en efnahagur foreldra ráði ekki því hverjir geti stundað nám. Það eiga allir að fá tækifæri ef þeir stunda sitt nám og sýna árangur. Þeir sem bara innrita sig en eru ekki í raunverulegu námi eiga ekki að geta fengið aðstoð úr lánasjóðinum.

Þegar kreppir að er það vænlegri kostur til að tryggja jafnrétti að færa fé yfir til þeirra sem stunda nám. Þingmaðurinn segir að ekki þýði fyrir menntmrh. að skýla sér bak við fjárveitingavaldið varðandi fjárveitingar til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vísa til reynslunnar sem ég hef raunar gert áður fyrr í umræðunni. Það hefur engu máli skipt hvaða flokkar hafa verið við stjórn í landinu. Fjárveitingavaldið hefur verið tilbúið til að leggja um það bil 2 milljarða kr. á ári til lánasjóðsins. Þess vegna er nauðsynlegt að koma á kerfi sem getur tryggt jafnrétti til náms með þessu eða álíka framlagi ríkisins.

Þau úrræði sem Kvennalistinn hefur lagt til eru að ríkið yfirtaki lán eða skuldir lánasjóðsins. Þetta er svipuð aðferð og raunar sú sama sem fyrrv. ríkisstjórn hafði við ýmsa sjóði sem komnir voru að gjaldþroti. Þann víxil eru skattborgararnir að borga núna. Skattborgararnir eru að borga þennan víxil í dag því að ekki gerði síðasta ríkisstjórn það.

Þingmaðurinn hefur áhyggjur af því að afföll af gömlu lánunum, þeim lánum sem tekin hafa verið eftir núgildandi kerfi, vegna breytinga á 18. gr., og að nemendur komist aldrei til þess að greiða þau lán. Það er út af fyrir sig athyglisvert að heyra þessa afstöðu frá hv. þm. Það er alveg rétt að afföll af gömlu lánunum kunna að aukast og munu sjálfsagt gera það vegna þess að það er tryggt að námsmenn munu borga af lánum teknum í einu kerfi í einu. Þessi breyting er hins vegar gerð vegna eindreginna óska námsmanna og er þeim til hagsbóta.

Þingmaðurinn heldur því fram að ætlunin sé að senda óútfylltan tékka til Vísindasjóðs vegna þess að því hefur verið lýst yfir að ekki sé rétt að námsstyrkir séu innan Lánasjóðs ísl. námsmanna heldur verði athugað hvort hægt er að hafa námsstyrki innan vébanda Vísindasjóðs. Ég þekki vel umsögn Vísindasjóðs um frv. Engu að síður vil ég bæta því við að lögin um Vísindasjóð eru nú í endurskoðun, endurskoðun er þegar hafin og þess hefur sérstaklega verið óskað við endurskoðunarnefndina að huga að því að Vísindasjóður taki upp styrkjakerfi fyrir námsmenn. Með þessu tel ég að ég hafi svarað fyrirspurnum sem komið hafa um þetta efni frá ýmsum þingmönnum.

Þingmaðurinn staðhæfði í ræðu sinni að ég hefði haldið fram í máli mínu að lönnemasamband Íslands væri aðili að Bandalagi ísl. sérskólanema. Það hef ég aldrei sagt. Það sem ég sagði var að Bandalag ísl. sérskólanema hefði farið með mál iðnnema í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þingmaðurinn sagði einnig að frv. hefði áhrif á barneignir námsmanna. Hvað skal segja? Samkvæmt frv. eins og það lítur út eftir breytingar menntmn. er stjórn lánasjóðsins skylt að taka tillit til fjölskyldustærðar svo mér sýnist að þessi athugasemd eigi ekki við rök að styðjast. Reyndar sé ég ekki réttmæti þess að námslánakerfi sé þannig úr garði gert að það hvetji námsmenn til að leggjast í barneignir.

Málflutningur hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sýnist mér ekki góður. Flest og nálega allt er gagnrýnt. Engar tillögur til úrbóta í málefnum LÍN eru bornar fram aðrar en þær að ríkið yfirtaki skuldir sjóðsins. Síðan á væntanlega að hefja sama leikinn með óbreyttum lögum, ný lán tekin til að standa undir námsaðstoðinni eins og hefur verið gert. Svo eftir einhvern tíma taki ríkið enn á ný yfir lánin sem verða orðin sjóðnum ofviða. Þetta getum við ekki samþykkt. Við getum ekki samþykkt það að halda þessum leik áfram og teljum svona tillögur alveg ótækar. Mér sýnist að þetta sé kerfið sem Framsfl. ætlar að hafa eða ég skil yfirlýsingu hv. þm. Páls Péturssonar þannig að hann ætli að færa allt til þess horfs sem nú er verði frv. samþykkt og Framsfl. komist aftur til valda. Þá vitum við það.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hélt því fram að breytingar þær sem lagðar eru til í frv. hafi ekki áhrif á fjárhag sjóðsins fyrr en einhvern tíma á næstu öld. Því er ekki svo farið. Þær byrja að hafa áhrif strax. (**ÓÞÞ:** Í haust?) Strax í haust, hv. þm. Við það að hertar eru endurgreiðslur og teknir upp vextir, jafnvel þótt þeir séu ekki nema 1%, ásamt fleiri breytingum verður hægt að fjármagna sjóðinn með öðrum hætti en hingað til. Það skiptir miklu að styrkur ríkisins við námsaðstoðina verður 54% í stað 67%. Þetta liggur í augum uppi. Það þýðir að ef miðað er við einhverja til-

tekna upphæð útlána er hægt að taka stærri hluta þeirra að láni en nú er hægt án þess að stofna framtíð sjóðsins í voða.

Þingmaðurinn spurði í ræðu sinni hvort lánað yrði fyrir skólagjöldum. Því get ég svarað játandi. Það verður lánað fyrir skólagjöldum og lánin verða veitt eftir á. Það verður einnig væntanlega bætt við fyrir vöxtum sem falla á upphæðina t.d. frá hausti og þar til í febrúar þegar gert er ráð fyrir að lánin verði greidd út.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir gagnrýndi þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að vextir af námslánum skyldu hafa verið ákveðnir áður en frv. er orðið að lögum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að þeir verði 1%. Um þetta vil ég segja það að ég tel það heiðarleg og eðlileg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar að greina Alþingi og námsmönnum frá því hverjar hugmyndir hún hefur um framkvæmd laganna áður en þau eru afgreidd. Þessi ákvörðun um 1% vexti ætti líka að vera ýmsum þeim að skapi sem hafa lýð máls á því að samþykkja vexti, eins og t.d. formanni Framsfl., sem sagði í ræðu sinni fyrr í umræðunni að hann gæti hugsað sér örlitla vexti, bara ekki 3%.

Þingmaðurinn segir ákvæðið um eftirágreiðslu til námsmanna vera algerlega óásættanlegt og það hafa fleiri hv. stjórnarandstæðingar sagt og lagt ríka áherslu á. Ég hef áður lýst því yfir í sambandi við skólagjöld að áfallnir vextir, sem námsmenn verða að greiða bönkum, verða bættir, þ.e. þeim verður bætt við lánin. Það gildir um öll almenn lán sjóðsins hvort sem um er að ræða lán til skólagjalda eða framfærslu. Námsmenn sem þurfa að leita til banka með aðstoð munu því ekki þurfa að bera vaxtakostnað bankalána óbættan þegar lán frá LÍN verða greidd út. Þeim vöxtum verður væntanlega bætt við. Þetta hefur þegar verið rætt í stjórn lánasjóðsins.

Þingmaðurinn vék að stöðu laganema sem taka einungis próf að vori en ekki um áramót. Það gildir sama um þessa námsmenn og aðra. Þeir fá vaxtakostnað bættan við útreikning námslána.

Þingmaðurinn spurði hvort lánað yrði fyrir ferðakostnaði. Það er gert ráð fyrir að ferðastyrkir sem eru í gildandi lögum falli niður. Í stað þess er sjóðstjórn heimilt að taka tillit til búsetu. Það verður því lánað fyrir ferðakostnaði. Sá kostnaður verður reiknaður inn í framfærslulánin og greiddur eftir á með bótum fyrir vaxtakostnaði eins og ég hef áður sagt. Ég hef rætt það sérstaklega við fulltrúa ríkisins í stjórn lánasjóðsins að fullt tillit verði að taka til ferðakostnaðar, ekki síst hér innan lands og ég trúi því að það verði gert.

Þingmaðurinn las í ræðu sinni upp úr töflum sem sýna allt að 6 millj. kr. eftirstöðvar af lánum við 67 ára aldur. Mér sýnist satt að segja alveg tilgangslaust að lesa upp úr svona töflum sem byggjast flestar á allt öðrum forsendum en gilda nú við 2. umr. málsins. Ég tók það fram við 1. umr. að ég væri tilbúinn að athuga allar ábendingar um atriði sem betur mættu fara. Það tel ég mig hafa gert og það hefur meiri hluti menntmn. líka gert. Það liggur ljóst fyrir að sjóðstjórn tekur afstöðu til eftirstöðva af lánum þeirra sem orðnir eru 67 ára og hefur heimild til að fella þær niður og tekur þá að sjálfsögðu tillit til eignastöðu viðkomandi skuldara. Ég fagna því út af fyrir sig að hv. þm. viðurkennir að ýmsu þurfi að breyta hjá lánasjóðnum og það hafa námsmenn líka gert og ég met það.

Bæði námsmenn og stjórnarandstaðan hafa klifað á því og vísa þar í skýrslu Ríkisendurskoðunar að ef Lánasjóður ísl. námsmanna yrði gerður upp núna ætti hann fyrir öllum sínum skuldbindingum og gott betur. Hann mundi skila ríkissjóði nokkrum milljörðum kr., um það bil 3 milljörðum ef ég man rétt. Þetta þýði einfaldlega það að ekki er um neinn fortíðarvanda að ræða hjá LÍN eins og menn tala svo mjög um. Það er þess vegna ekki verið að láta núverandi lántakendur og lántakendur framtíðarinnar borga einhvern fortíðarvanda, svo er ekki. Ástæðan fyrir því að verið er að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna er sú að ef haldið verður áfram á sömu braut með óbreyttum lögum, þá stefnir sjóðurinn í þrot. Staðreyndin er sú að það er komin upp allt önnur staða hjá lánasjóðnum en var þegar lögin voru sett, allt annar veruleiki. Það eru sífellt fleiri námsmenn sem leita til sjóðsins og lánareglur hafa verið rýmkaðar á síðustu árum en fjárveitingavaldið hefur veitt takmörkuðum fjármunum til námslána. Þetta viðurkenna allir en við svo búið stefnir sjóðurinn í þrot. Það er þessi vandi sem verið er að bregðast við en ekki einhver óskilgreindur fortíðarvandi. Ef við færum þá leið að ríkið tæki yfir skuldir lánasjóðsins að hluta eða öllu leyti, þá væri það einungis frestun á hinu óhjákvæmilega, þroti sjóðsins ef ekkert væri að gert.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson hélt því fram að þótt tillit verði tekið til fjölskyldustærðar verði ekki tekið tillit til tekna og ekki til annarra aðstæðna ef ég hef skilið hann rétt. Þetta er á misskilningi byggt. Hann spurði hvort við hefðum gert okkur grein fyrir því að ef dregið yrði úr tekjutillitinu þá mundi það hafa aukin útgjöld sjóðsins í för með sér. Ég held að ég hafi skilið hv. þm. rétt að þessu leyti. Við höfum gert okkur grein fyrir þessu og höfum reiknað með að þetta þýddi útgjaldaauka hjá sjóðnum sem næmi allt að 80 millj. kr. Það er eðlilegt að gera m.a. þegar teknir eru vextir af námslánum þótt þeir séu aðeins 1%, svo lágir að hv. þm. staðhæfði í ræðu sinni að þeir mundu engan fæla frá því að taka námslán. Þar erum við hv. þm. Finnur Ingólfsson alveg sammála. 1% vextir fæla engan frá því að taka námslán. Ég tel hins vegar eðlilegt að vera ekki að refsa námsmönnum jafnharkalega og hefur verið gert fyrir að reyna að afla sér tekna. Þess vegna er gert ráð fyrir að minnka tekjutillit við útreikning námslána. Þetta er rökstuðningurinn fyrir þeirri tillögu.

Þingmaðurinn spurði hvort athugað hefði verið með tvískipt fyrirkomulag á endurgreiðslum, hugmynd sem hann hreyfði við 1. umr. málsins, þar sem fyrstu 25 árin væru tekjutengdar endurgreiðslur en næstu 15 árin á eftir yrðu lánin greidd upp sem jafngreiðslulán. Þetta var kannað en í ljós kom að þetta gekk ekki upp. Allt of háar greiðslur hefðu fallið á þá sem lægst hefðu launin á jafngreiðslutímanum jafnframt því sem hinir tekjuhærri hefðu borið mjög lága greiðslubyrði á seinni hlutanum eða síðari 15 árin.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson sagðist sannfærður um að vextir yrðu hækkaðir áður en ráðherratíð mín væri úti. Vextir hafa verið ákveðnir 1% og þótt heimild sé til ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 3% vexti þá hef ég eða ríkisstjórnin engin áform um að leggja slíkt til. Það eru allar forsendur sem nú liggja til grundvallar sem gera ráð fyrir 1% vöxtum. Það eru fremur líkur á að vextir lækki í þjóðfélaginu en hitt og þess vegna ekkert sem bendir í þá átt að ákvörðun verði tekin um hærri vexti en 1%.

Hv. þm. gagnrýnir þá tilhögun, eins og fleiri, að námslán skuli ekki greidd fyrr en sýnt hefur verið fram á tilskilda skólasókn og námsárangur. Hann segist telja rétt að ganga hart eftir því að lán sem greidd eru út, án þess að árangur sé sýndur, verði endurgreidd en það sé hins vegar ekki rétt að greiða lánin eftir á. Það hefur legið fyrir og komið fram áður í umræðum um þetta mál að á síðasta ári hafi ofgreidd lán numið um það bil 55 millj. kr. Um síðustu áramót hafði drjúgur hluti þessarar upphæðar verið innheimtur hjá sjóðnum eins og líka hefur komið fram. Það er þess vegna ljóst að hart er gengið eftir því að ofgreidd lán verði endurgreidd. Á þessum upplýsingum hefur ekki við legið. Þær hafa legið alveg ljósar fyrir.

Þetta segir hins vegar ekki alla söguna. Skólaárið 1990–1991 fékk um helmingur námsmanna meiri námslán einhvern tíma vetrarins en viðkomandi átti rétt á. Þær tölur hafa líka verið upplýstar í fjölmiðlum og ég held í umræðum hér. Þetta stafar af því að 4.373 námsmenn, svo að ég nefni nú töluna nákvæmlega, og 794 makar þeirra vanáætluðu sér tekjur þegar haustlán voru reiknuð og það nam samtals 640 millj. kr. sem tekjurnar voru vanáætlaðar. Mér heyrðist gæta misskilnings hjá einum ræðumanna, held að það hafi verið hv. þm. Steingrímur Hermannsson, að þeir hefðu fengið 640 millj. umfram það sem þeir áttu rétt á en það var ekki svo heldur höfðu þeir vanáætlað tekjur sínar um 640 millj. Þá eru aðeins þeir með taldir sem höfðu tekjur yfir frítekjumarki. Það er athyglisvert að þetta er rúmlega helmingur þeirra námsmanna sem fékk lán skólaárið 1990–1991. Lánþegar með tekjur voru þá 8.079. Þetta fólk fékk reiknuð lán sem að mati starfsmanna lánasjóðsins námu um 350–450 millj. kr. fram yfir það sem það átti rétt á ef réttar tekjur hefðu verið gefnar upp. Það er þetta kerfi sem mér virðist að stjórnarandstaðan vilji viðhalda. En við erum andvígir því að viðhalda kerfi sem býður upp á þetta og þá er ég ekkert að láta að því liggja að menn geri þetta vísvitandi eða séu vísvitandi að misnota kerfið. Ég er ekki að segja það. En kerfið á bara ekki að vera þannig úr garði gert að svona geti gerst. Þetta er þess vegna ekkert svindlaralið, eins og hv. þm. Svavar Gestsson virtist halda að við kölluðum þá sem svona færu að. Hjá mörgum var þetta leiðrétt þegar vorlán voru reiknuð en um 500 manns fékk svo há ofgreidd lán að þau leiðréttust ekki á skólaárinu, það var ekki hægt. Þar var um að ræða heildarupphæð sem nam meira en 50 millj. kr. og mjög svo misstórar upphæðir.

Auk þessa hafa margir námsmenn sem ekki skila árangri fengið lán, hætta jafnvel í skóla án þess að láta vita. Þegar upp kemst er þessi skuld á árangri, ef svo má kalla það, bókfærð hjá sjóðnum. Þetta kemur óneitanlega mörgum námsmanni í koll síðar ef þeir vilja hefja nám að nýju. Þegar á þetta er horft er nauðsynlegt að hafa í huga að námslánin eru vaxtalaus á námstíma þannig að fólk sem fær ofgreidd námslán er að fá vaxtalaus lán. Með því að greiða fólki lánin eftir hverja önn þegar menn hafa skilað árangri er hægt að girða fyrir þetta. Tekjuárið er þá liðið og með því að krefjast lokatekjuáætlunar, ef við getum orðað það svo, og setja ströng viðurlög við því ef hún er ekki rétt, á þetta að hverfa. Það er því rangt að með því að greiða lánin út eftir á sé einungis verið að færa ákveðinn vanda ríkissjóðs yfir á næsta fjárlagaár. Þessi breyting skiptir miklu máli fyrir áætlanir sjóðsins og veitir aðhald sem nauðsynlegt er í niðurgreiddu námslánakerfi.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði í ræðu sinni í fyrri viku, ég held að það hafi verið í andsvari ef ég man rétt, að frv. hefði verið lagað vegna hræðslu við viðbrögð úti í þjóðfélaginu, eins og ég held að hann hafi orðað það. Ég lagði frv. fram í desembermánuði sl. nákvæmlega eins og nefndin, sem ég fól að semja það, lagði til. Við 1. umr. tók ég sérstaklega fram, eins og ég hef raunar þegar sagt, að ég væri reiðubúinn til að athuga allar tillögur sem til bóta kynnu að horfa og það er það sem hefur verið gert.

Ég kem þá að ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem hún hélt í fyrri viku. Þar komu fram ýmsar athyglisverðar staðhæfingar. Mörgum þeirra hef ég raunar þegar svarað enda margt sem einnig kom fram hjá öðrum þingmönnum og ég hef þegar drepið á. Mér finnst mjög athyglisvert að heyra þá túlkun þingmannsins að ábyrgðarmenn eigi ekki að vera raunverulegir ábyrgðarmenn heldur sé hlutverk þeirra nánast að gefa upp heimilisföng lántakenda og þingmanninum hafi aldrei komið til hugar að gengið yrði að ábyrgðarmönnum. Ég held að ég hafi skilið þm. rétt (Gripið fram í.) og ég fæ staðfestingu á því að þetta er skilningur hv. þm. Ég ítreka að mér þykir þessi skilningur ákaflega athyglisverður. Þetta er dálítið sérstæð lagatúlkun svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ef það hefði verið vilji löggjafans þegar gildandi lög voru samþykkt að ábyrgðarmenn gegndu því hlutverki einu að vera einhvers konar tengiliðir á milli lánasjóðsins og námsmanna, þá hefðu þeir verið kallaðir tengiliðir en ekki ábyrgðarmenn og þá hefðu þeir ekki verið látnir skrifa undir sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfum. Svona einfalt sýnist mér þetta vera. Ég held að svona málflutningur sé fáheyrður á þingi þótt sitthvað sé látið flakka úr þessum ræðustól.

Þingmaðurinn sagði enn fremur í ræðu sinni að hann hefði alltaf verið á móti þessum ströngu reglum LÍN. Ég held mér hafi heldur ekki misheyrst þar. Hvaða ströngu reglum er þingmaðurinn andvígur? Eru það reglur um að námsmenn skuli skila námsárangri? Eru það reglur um að fólk sem hefur rétt á niðurgreiddum lánum skuli uppfylla viss skilyrði og færa sönnur á þau? Ég vil gjarnan heyra frekari skýringar á þessu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti einnig furðu sinni

á því að breyting hefði verið gert á 18. gr. frv. í þá átt að það sé tryggt að námsmenn þurfi ekki að greiða nema af einni tegund af lánum hverju sinni, að fyrst verði greitt af nýju lánunum en þau eldri látin bíða þar til nýju lánin eru greidd að fullu. Ég hef e.t.v. misskilið þingmanninn en mér fannst mega ráða af þessum orðum að þingmaðurinn vildi láta borga samtímis af bæði gömlum og nýjum lánum með þeirri háu greiðslubyrði sem því fylgir. Ég vona að ég hafi misskilið þingmanninn. Það er sem sagt lagt til að eldri lánin fari aftur fyrir hin nýju og bíði. (Gripið fram í.) Það er einfaldlega svo að afborgunum af þeim lánum sem tekin hafa verið í eldra kerfinu verður frestað þar til afborganir eftir hinni nýju skipan verði lokið. Ég held að þetta sé það hagstæðasta sem hægt er að gera fyrir námsmennina. Þeir eru að sjálfsögðu á þeim kjörum sem þá giltu, þ.e. vaxtalaus lán. Þetta varð niðurstaða okkar við athugun málsins í hv. menntmn. Þetta var ekki svona í upphaflega frv. Það var mjög flókin regla. En þetta varð sú niðurstaða sem menn komust að og ég held að það sé ótvírætt hagstæðasta leiðin fyrir námsmenn. Ég vona að þetta sé alveg skýrt og enginn misskilningur sé þarna á ferðinni. En að sjálfsögðu, ef menn vilja, er mönnum heimilt að borga hraðar. Ef menn telja sig hafa efni á því að borga hraðar þá gera menn það, borga af báðum lánunum.

Hv. þm. staðhæfði að það væri enginn vandi að sjá svo til að lánasjóðurinn fengi það fjármagn sem hann þyrfti. Ég hef fengið ábendingar um það eins og með bókasafn Seðlabankans og málverkakaup, að ef þeir peningar rynnu til lánasjóðsins væri a.m.k. hluti af vandanum leystur. Ég sé ekki að þetta sé leiðin til þess að leysa vanda lánasjóðsins og efast satt að segja um að hún sé fær, ég efast um það, svo ég kveði ekki fastar að. En þetta vekur auðvitað enn á ný þá spurningu hvers vegna svona fór í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem hv. þm. studdi. Því hefur verið rækilega lýst.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir staðhæfði að stofnun lánasjóðsins væri einhver mesta kjarabót sem gerð hefur verið. Ég hugsa að það megi til sanns vegar færa fyrir þennan tiltekna hóp þjóðfélagsþegna. Það má vel vera að hv. þm. sé þarna að vísa til aðgerða fyrrv. *menntmrh., hv. þm. Svavars Gestssonar, sem hann stóð* fyrir vorið 1990, á tímum þjóðarsáttar, þegar launafólk í landinu tók á sig byrðar til að hægt væri að ná fram stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og öll þjóðin stóð á bak við og þess vegna var þetta kallað þjóðarsátt. En í apríl þetta ár, 1990, birtist grein eftir þáv. menntmrh. í Þjóðviljanum sáluga þar sem ráðherrann hreykir sér af því að hafa heldur betur hækkað framfærslulánin til námsmanna og það gerði hann. Hann nefnir þrettán dæmi máli sínu til stuðnings. Ég ætla ekki að tefja tímann á að telja þau dæmi upp en það er margt býsna athyglisvert sem þar kemur fram. Ég skal bara nefna örfáar tölur eins og það að hjón, bæði í námi, fá 107 þús. kr. rúmar á mánuði og er það hækkun upp á tæpar 18.000 kr. á mánuði, 161 þús. kr. á ári. Þetta er engin smá kjarabót á þjóðarsáttartíma. Ég nefni eitt dæmi í viðbót: Einstætt foreldri með tvö börn fær 107 þús. kr. rúmar á mánuði og það er hækkun um 35.700 á mán. og 322 þús. kr. tæpar á ári. Þetta var vissulega mikil kjarabót fyrir þennan tiltekna hóp á þjóðarsáttartímanum.

Það segir í þessari grein hv. þm. Svavars Gestssonar, þáv. ráðherra: Langmest er hækkunin hlutfallslega hjá einstæðu foreldri í námi með tvö börn. Hækkunin er um 50%. Hækkanir annars á bilinu 20–40%. Hér er ekki um verðbólgnar breytingar að ræða heldur breytingar á raunstærðum.

Ég tek undir það að þarna var vissulega um mikla kjarabót að ræða fyrir þennan tiltekna hóp þjóðfélagsþegna.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir bendir á að viðmiðunin við útsvarsstofn gildi ekki lengur þar sem hann hafi verið felldur niður. Þetta var að sjálfsögðu kannað þegar frv. var undirbúið og hugtakið útsvarsstofn, eins og það kemur fram í frv., nýtist sem grunnur að útreikningi endurgreiðslna námslána með sama hætti og hingað til.

Ég er sammála þingmanninum í því að við verðum að gera okkur grein fyrir því hvað fjárhagur íslenskra fjölskyldna leyfir. Einmitt þess vegna er þetta frv. er flutt. Við viljum áfram geta starfrækt námslánakerfi sem tryggir jafnrétti til náms óháð efnahag foreldra. Við verðum hins vegar einnig að hafa í huga hvað fjárhagur íslenska ríkisins leyfir og þar greinir okkur kannski á. Mér sýnist það á öllu. Þar hefur reynslan sýnt okkur, sem ég hef margtekið fram, að fjárveitingavaldið er ekki reiðubúið að leggja meira í þennan sjóð en u.þ.b. 2 milljarða á ári og það er það sem við miðum tillögur okkar við.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir hvers konar upphæðir þetta eru. Ég nefni bara til viðmiðunar að nú á þessu ári eru ætlaðar 2.220 millj. til lánasjóðsins, en það er meira en lagt er til allra háskólastofnana hérlendis. Þær fá 2.074 millj.

Þingmaðurinn gagnrýnir að stjórn sjóðsins sé veitt allt of mikið vald með þessu frv. Ég hef áður bent á það að ráðherra hefur óskorað reglugerðarvald eftir sem áður, en ég hef jafnframt lýst stuðningi mínum við það að stjórn lánasjóðsins fái meira vald en hún hefur.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir spurði í ræðu sinni hvaða reglur mundu gilda við endurgreiðslur ef lágmarksgreiðslan er hærri en endurgreiðslustuðull. Lágmarksgreiðslan er 48.000 kr. samkvæmt frv. og ef sú upphæð er hærri en 5%, eða eftir atvikum 7% af útsvarsstuðli, þá er það sem sagt fastagreiðslan, kr. 48.000, sem er ársgreiðslan. Ég vona að það sé alveg ljóst, það bætist ekkert við og dregst heldur ekkert frá. Þetta er föst greiðsla.

Þingmaðurinn spurði einnig hvert það fólk sem ekki kæmist í nám ætti að leita. Ekki gæti það farið út á vinnumarkaðinn. Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir er það tryggt að allir sem vilja geta komist í nám uppfylli þeir skilyrði um skólasókn og námsárangur. Á móti mætti spyrja hvort þingmaðurinn gerir sér grein fyrir því hvað verður um það fólk sem við menntum og kostum miklu til ef við búum við þannig ástand í atvinnulífinu að það geti ekki tekið á móti því fólki.

Mér sýnist það alveg ljóst og það yrði mjög alvarlegt ef það fólk flyst úr landi. Þingmaðurinn staðhæfir að ef frv. þetta verður að lögum þá verði það fyrst og fremst þeir efnameiri sem farið geta í nám. Ég hef marglýst þeirri skoðun minni að þetta sé rangt. Ef við neitum að viðurkenna nauðsynlegar breytingar þá líður ekki á löngu þar til við höfum engan lánasjóð til að tryggja jafnréttið og þá fyrst yrðu það hinir efnameiri sem gætu farið í nám.

Örfá orð vegna ræðu hv. þm. Steingríms Sigfússonar sem sagði að verið væri að breyta í grundvallaratriðum viðhorfum til menntunar með því að taka upp fulla vexti á námslán, eins og hann orðaði það. Það mætti e.t.v. segja að svo væri ef verið væri að taka upp fulla vexti, eins og hv. þm. orðaði það, en það er ekki verið að því. Það er verið að taka upp 1% vexti og ég hygg að þingmaðurinn viti vel að fullir markaðsvextir eru drjúgum hærri og námslán verða eftir sem áður vaxtalaus á námstíma. Allar þjóðir taka vexti af námslánum en misháa og sumar markaðsvexti. Það ætlum við ekki að gera.

Þingmaðurinn staðhæfði í ræðu sinni að nú væri hvergi boðuð sókn á sviði menntunar og vísinda. Þetta er svo sem ekki svaravert þótt vissulega verði það að segjast að arfleifðin frá síðustu ríkisstjórn er slík að þessi ríkisstjórn hefur þurft að beita hálfgerðri nauðvörn til að forða efnahagslegu hruni. Það er hins vegar rangt að hvergi sé blásið til sóknar. Ég hef nýverið skipað nefnd til að endurskoða lög um bæði grunnskóla og framhaldsskóla. Samstarfsnefnd Rannsóknaráðs og Vísindaráðs endurskoðar nú viðkomandi lög með það fyrir augum að marka ákveðna vísindastefnu hér á landi. Nýlega skipaði ég þróunarnefnd Háskóla Íslands sem skal vera yfirvöldum til ráðgjafar varðandi málefni háskólans. Það er þess vegna ekki rétt að hvergi sé boðuð sókn á sviði menntunar og vísinda.

Í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur held ég að hafi ekki komið neitt sérstakt sem ég hef ekki þegar svarað þótt ég væri þar að svara athugasemdum annarra þingmanna. Og ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar svaraði ég í andsvari eins og mér þótti duga.

Hv. þm. Páll Pétursson hóf ræðu sína eins og stundum áður á því að við, ég og hann, hefðum átt góð samskipti og það víðar en í Kaupmannahöfn og ég tek undir það. Við höfum víða átt mjög góð samskipti og á löngum tíma og ég vona að þau geti haldist. Hann sagði að honum hefði þótt slá dálítið út í fyrir mér eftir að ég varð ráðherra og ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir líka stundum slá út í fyrir honum eftir að hann komst í stjórnarandstöðu. Ég veit að honum er það ekki eðlilegt, svo lengi sem hann hefur setið á þingi og aldrei í stjórnarandstöðu fyrr.

Það voru engar beinar spurningar í hans máli sem mér sýnist ástæða til að svara. Ég held ég hafi heyrt hann segja það og ég held að ég hafi tekið rétt eftir að honum þætti frv. ganga miklu skemmra til að tryggja hag lánasjóðsins en hann hefði talið nauðsynlegt og mér þykja það athyglisverð ummæli þó að hann hafi ekki getað fallist á þær tillögur sem við leggjum fram. Hann sagði jafnframt að vandinn væri ekki námsmanna, þeir hefðu ekki búið hann til, heldur væri það ónógt ríkisframlag og brjálæði í vaxtamálum. Þetta er alveg rétt. Þetta er alveg nákvæmlega rétt. Við erum sammála um að það er ónógt ríkisframlag miðað við lögin eins og þau hafa verið sem hefur sett lánasjóðinn í vanda. Hann talaði svo um, ég skildi ekki alveg samhengið, en ég býst við að hann hafi verið að skamma ríkisstjórnina í því samhengi, að nú væri búið að drepa Þjóðviljann og Tíminn væri langt kominn. Já, ég veit það ekki, en ég held það hafi einhverjir aðrir en ríkisstjórnin staðið að andláti Þjóðviljans svo ég nefni nú ekki það orð sem kannski passar hérna.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom víða við í sinni ræðu og ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með það orðbragð sem hv. þm. viðhafði öðru hverju. Eins og t.d. þegar hann sagði að menntmrh. hafi af þjóðkunnum skepnuskap sínum ákveðið að hafa þetta svona. (Gripið fram í.) Sagði þingmaðurinn það ekki? (**Gripið fram í:** Aldrei.) Jæja, ég fagna því ef ég hef misheyrt en mér skilst það sé enginn vandi að kanna það rétta. Við skulum þá sjá til, ég tek þessi orð mín þá til baka á meðan ég hef ekki fengið útskrift úr ræðu hv. þingmanns. Ég er ekkert viðkvæmur fyrir þessu, mér þótti hins vegar verra þau niðrandi ummæli sem hv. þm. lét falla bæði um formann og framkvæmdastjóra lánasjóðsins. Mér þykir það ekki við hæfi hér í þessum ræðustól að tala þannig til manna sem ekki hafa af eðlilegum ástæðum möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér hér á þessum stað.

Hv. þm. talaði um þá eindæma ósvífni, sem væri stunduð hér af ákveðnum mönnum og þá ekki síst að ég skildi formanni stjórnar lánasjóðsins, að rægja námsmenn eins og það var orðað. Það var í sambandi við þær upplýsingar sem ég hef hér líka lesið upp varðandi lánin sem veitt hafa verið vegna vanreiknaðra tekna og fleira í þeim dúr. Það er enginn rógur sem hefur gengið gegn námsmönnum út af þessu. Það hafa aðeins verið settar fram ákveðnar staðreyndir til að skýra út þær tillögur sem við erum hér að leggja fram. En ég skil þessi orð þannig að hv. þm. Svavar Gestson sé eins og sumir aðrir að verja þetta kerfi sem býður upp á svona lagað.

Hv. þm. talaði um afföllin og fann að því að ekki lægju fyrir ákveðnar upplýsingar um hver þau yrðu. Auðvitað eru áætlanir um afföll ávallt spádómar. Lánsupphæðin sem hv. þm. Svavar Gestsson miðaði við í sínu máli byggist á að námsmenn taki fullt lán allan sinn námstíma en reynslan sýnir að svo er ekki. Lánin eru lægri. Þegar tekið er mið af hertum endurgreiðslum er ljóst að afföll eru einhver en ekki mikil. Það er auðvitað hluti af jöfnunarhlutverki lánasjóðsins að hafa endurgreiðslur tekjutengdar. Í því felst að í einhverjum tilfellum þarf að fella niður eftirstöðvar. Það er alveg ljóst. Það má þess vegna í raun og veru segja að hinir tekjuhærri sem greiða lánin að fullu með vöxtum niðurgreiða lánin fyrir hina sem eru tekjulægri og ná ekki að borga að fullu. Mér sýnist þetta ekkert óeðlileg regla, alls ekki.

Mér finnst það vera mjög villandi þegar menn eru með þessar samanburðartölur, eins og hv. þm. Svavar

Gestsson var með, að taka ávallt taxtalaun til viðmiðunar og það hafa líka fleiri gert í þessari umræðu. Það er réttara að taka meðaltekjur einstakra stétta, eins og Hagfræðistofnun Háskólans hefur gert og í því tilviki er myndin nokkuð önnur.

Hv. þm. gerði að umtalsefni álit Háskóla Íslands um 6. gr. Þar er um misskilning að ræða finnst mér hjá háskólanum. Hann leggur að jöfnu námslán og vinnulaun. Námslán eru ekki vinnulaun og mér finnst þetta vera sami misskilningur hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þegar hann er að leggja að jöfnu eftirágreiðslu námslána og laun til þingmanna eða ráðherra eins og hann gerði í sínu máli. Það er ekki hægt að bera þetta saman. Það er sjónarmið út af fyrir sig hvort þjóðfélagið vill fara inn á þá braut að borga námsmönnum laun. Það getum við rætt. En við búum ekki við það kerfi. Við búum við námslánakerfi og á þessu verða menn að gera alveg skýran mun.

Hv. þm. nefndi Vísindasjóðinn og hugmyndirnar um námsstyrki þaðan og ég hef þegar svarað því. Síðan spurði hv. þm. um vextina sem nú hafa verið ákveðnir 1%, hvort ætlunin væri að þeir giltu um lán sem tekin væru 1993, ég held ég hafi tekið rétt eftir spurningunni, hvort 1% vextir sem giltu þegar lán væri tekið 1993, hvort þeir mundu gilda þegar hafnar yrðu afborganir yrðu af því láni — var það ekki? Hef ég skilið spurninguna rétt?

Ég svara þessari spurningu þannig: Það er alveg ljóst samkvæmt frv. að þetta eru breytilegir vextir sem þýðir einfaldlega það að ef einhvern tímann kemur að því að ákvörðun verður tekin um hærri vexti þá gilda þeir um lán sem tekin hafa verið. Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áðan, að það er ekkert í mínum huga sem segir mér að líkur séu á að þessir vextir muni hækka. Ekki nema við stefnum inn í eitthvert verðbólguæði sem við þekkjum of vel, held ég allir Íslendingar, til þess að vilja fara inn á þá braut að nýju.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson kom nokkuð víða við í sinni ræðu. Hann byrjaði á því að spyrja mig hvort ég hefði lesið leiðarann í Morgunblaðinu og Reykjavíkurbréfinu sl. helgi. Því svara ég játandi, ég las það með athygli hvort tveggja. Mér finnst í þessu sambandi að það sé ekki gott að vera með einhverja spádóma um það að við Íslendingar séum að ganga inn í eitthvert tímabil ólæsis og óspekta eins og hafa einkennt bandarískt þjóðfélag eða eru farin að einkenna það núna, því miður. En mér finnst það ekki ganga sem ber of mikið á í þessari umræðu að tala eingöngu um fjárframlögin til menntamála eða skert fjárframlög, svo ég orði það þannig, skert fjárframlög til menntamála eins og við búum við núna. Það verður líka og ekki síður að líta til stefnu í skólamálum og það er einmitt það sem við erum að gera núna. Við erum að endurmeta skólakerfi okkar — ég er ekki að segja með því að við búum við ómögulegt skólakerfi, alls ekki. En mér finnst hins vegar liggja alveg í augum uppi að tími sé kominn til að endurmeta það. Ekki eingöngu með það í huga að spara peninga en það er sem sagt fráleitt finnst mér að hafa uppi einhverja spádóma um að hér aukist ólæsi og það borið saman við bágt ástand í öðrum löndum vegna þess að við kunnum að vera að breyta reglum um námslán eða skerðum tímabundið fjárframlög til skólamála.

Hv. þm. virtist bera einhvern kvíða í brjósti út af því að það kynni svo að fara að núv. hæstv. utanrrh. yrði menntmrh. skildist mér. (**SvG:** Það er skiljanlegt). Það er skiljanlegt, já. Ég hlýt að taka þetta svo að af tveimur slæmum sé ég þó skárri. (**Gripið fram í:** Það verður að segjast eins og er). Ég þakka fyrir. En ég held að hv. þm. þurfi engu að kvíða ég er ekkert að fara úr stóli menntmrh.

Hv. þm. spurði, ég held ég hafi tekið rétt eftir, hvort reiknað væri með minni útlánum í haust. Það er alveg ljóst að það er reiknað með minni útlánum í haust. Það á ekki að þurfa að koma nokkrum manni á óvart og mér fannst eins og hv. þm. Svavar Gestsson teldi sig vera að upplýsa einhvern óskaplegan leyndardóm fyrir þinginu, að það yrðu ekki greidd út námslán í haust eins og áður hefur verið. Þetta hefur verið alveg ljóst frá því frv. var lagt fram. Menn hafa þá bara ekki lesið rétt. (**Gripið fram í:** Frumvarpið er ekki lög). Nei, frv. er ekki orðið að lögum, það er alveg rétt. En ef þetta frv. verður ekki að lögum þá verða auðvitað líka greidd út minni lán í haust heldur en var í fyrra. Það hlýtur öllum að vera ljóst og við verðum að fara að fjárlögum, það er það sem við verðum að gera. Það gerði síðasta ríkisstjórn ekki. Hún skildi eftir vanda upp á 1 milljarð kr. (**SvG:** Þið hefðuð ekkert átt að vera að taka við þessu). Jú, ég held nú að það hafi verið þjóðarnauðsyn að við tækjum við þessu hv. þm., því að svona getum við ekki hagað okkur, það er bara alveg útilokað. En ég sé á öllu að ykkur fyrrv. ráðherrum hefur liðið vel í þessu „systemi".

Hv. þm. kom enn að því sem hann hefur áður talað um, um málefni lækna í framhaldsnámi. Hvers vegna læknum einum væri neitað, ef ég skildi hann rétt, að framfærsla þeirra sé athuguð sérstaklega. Hvort læknir til jafns við aðra eigi rétt á láni ef tekjur hans duga ekki fyrir framfærslu? Það gilda engar slíkar sérreglur um lækna, ég hef svarað því áður og hef svo sem engu við það að bæta.

Ég hef rætt það við framkvæmdastjóra lánasjóðsins og farið fram á það að stjórn lánasjóðsins athugi sérstaklega mál þeirra lækna og annarra sem hafa tekjur sem ekki duga fyrir framfærslu ef þeir eru í framhaldsnámi og ég trúi að það verði gert.

Ég kem að ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, ég held að það hafi ekki verið neinar beinar spurningar þar til mín. Hún átti það einfalda ráð að ríkisstjórnin færi frá, það er svarið við spurningu minni, skilst mér, við því hvað stjórnarandstaðan ætlaði að gera í málefnum sjóðsins ef frávísunartillagan yrði samþykkt. Það er náttúrlega mjög einfalt svar en segir mér ekki alla söguna um hvað muni verða um málefni lánasjóðsins ef svo fer sem hv. þm. setti efst á óskalistann.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði síðastur í umræðunni í nótt sem leið og þótt hann talaði langt mál þá held ég að það hafi ekki verið neitt sérstakt í hans máli sem gefur mér sérstakt tilefni til að lengja

mína ræðu. Hann gerði töluvert mál úr 1. gr. frv. og samanburði á 1. gr. eins og hún er komin frá hv. menntmn. við gildandi lög. Hún skýrir sig alveg sjálf og þarfnast ekki neinna sérstakra skýringa. Hann ræddi líka töluvert um stefnuskrá bæði Alþfl. og Sjálfstfl. Ég ræði að sjálfsögðu ekki stefnuskrá Alþfl. í þessu samhengi og þarf ekki heldur að fara út í neinn samanburð á ályktunum síðasta landsfundar Sjálfstfl. Hv. þm. dró sínar ályktanir af þeim sem eru einfaldlega rangar og ég hirði ekki um að deila við hann um slíkt. (**ÓRG:** Voru það ályktanir landsfundarins eða ályktanir þingmannsins?) Það voru ályktanir hv. þm. sem voru rangar.

Ég held að ég hafi þá farið yfir flest þau atriði sem komu fram í máli þingmanna. En eins og ég sagði í upphafi þá má vel vera að eitthvað hafi fallið niður þótt ég hafi reynt að hlýða á mál allra ræðumanna en ég fæ þá væntanlega tækifæri til að bæta við síðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa sex hv. þm. óskað eftir að veita andsvar við ræðu hæstv. ráðherra. Andsvör mega standa að hámarki í 15 mínútur og þess vegna verður forseti að stytta ræðutíma, sem að hámarki má vera tvær mínútur fyrir hvern þingmann þannig að til að byrja með leyfir forseti aðeins eina mínútu í fyrra sinnið og hálfa mínútu í hið síðara ef þingmaðurinn eða ráðherrann tekur tvisvar til máls. Þannig verður reglan að vera til þess að allir fái að komast að.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er engan bilbug á hæstv. ráðherra að finna í þessu máli. Ég vil byrja á að mótmæla þeirri hugmyndafræði sem felst í útreikningum hæstv. ráðherra og hans manna á því hversu mikill hluti lána sé styrkur þegar hann talar um 67%. Þetta er svipað og það að við reiknuðum það út þegar börnin okkar flytja úr foreldrahúsi hvað þau séu búin að kosta okkur alveg frá því að þau fæddust, dag frá degi með vöxtum. Ég mótmæli þessum útreikningum.

Ég vil einnig vekja athygli á því að hæstv. ráðherra sagði í sínu máli að námsmenn þyrftu ekki að bera vaxtakostnað, þeir mundu fá hann bættan. Þeir mundu ekki þurfa að bera vaxtakostnað óbættan. Þýðir það, að námsmenn fái lán fyrir vöxtunum, að þeir fái hann bættan? Á að bæta enn meiri lánum við þau ótrúlega háu lán sem margur námsmaður hefur á bakinu þegar hann verður 67 ára eins og töflurnar sýna?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi vaxtakostnaðinn sem ég orðaði svo að námsmenn eða lántakendur fengju bættan. Það þýðir að upphæð vegna vaxtakostnaðar, sem þeir kunna að verða fyrir vegna þess að þeir kunna að þurfa að leita til bankakerfisins, t.d. varðandi haustlánin sem verða ekki borguð út fyrr en í febrúar, verður bætt við lánið sem greitt verður út í febrúar og lánsupphæðin væntanlega miðuð við vísitölu sem gildir í janúar. Þetta þýðir það. (**Gripið fram í:** Og þá óendurkræft?) Það eru lán að sjálfsögðu. Það eru lán þannig að það velkist ekki fyrir neinum. (**Gripið fram í:** Ofan á hitt lánið?) Já.

Varðandi hugmyndafræðina sem hv. þm. var að mótmæla þá get ég ekkert við því gert þó hv. þm. mótmæli þessu. Það eru bara staðreyndir sem liggja á borðinu að aðstoðin sem kemur beint frá ríkinu fer úr 67% ef þessar tölur eru réttar sem við byggjum á niður í 54%. Það er hin beina aðstoð sem kemur frá ríkinu.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hæstv. ráðherra erum ósammála í sambandi við þessa hugmyndafræði. Ég ætla ekki að fara frekar út í það. En ég vil mótmæla þeim fréttaflutningi sem núna er hafður uppi af stjórnarsinnum þess efnis að þegar námsmenn fá of há lán á haustin séu þeir að fá lán sem þeir höfðu ekki rétt á. Staðreyndin er sú að þeir hafa rétt á þeim en sannleikurinn er að þeir hefðu átt að fá þau nokkrum mánuðum síðar. Úti í þjóðfélaginu er þetta túlkað þannig að námsmenn séu á haustin að fá lán sem þeir eigi ekki rétt á. Hið rétta er að þeir fá þau fyrr en þeir eiga rétt á þeim. Og þarna er mikill munur á. (**Menntmrh.:** Ég nenni ekki að svara svona.)

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni núna á þessum skamma tíma svar ráðherra við fyrirspurnum mínum fyrr í umræðunni um vextina. Ég ætla að gera það hér á eftir í umræðu.

Ég ætla þó að bera fram tvær spurningar. Sú fyrri er þannig: Haldist verðbólga niðri, við skulum segja í innan við 10% á næstu árum, eða þann tíma sem núv. hæstv. menntmrh. er í stóli menntmrh., getum við þá treyst því að vextir fari ekki upp fyrir 1%?

Í öðru lagi: Er öruggt að þau skuldabréf sem námsmenn munu nú skrifa upp á, þegar þetta frv. verður orðið að lögum, og eru með um 1% vexti, að í þeim verði ekki ákvæði um að ef vextir breytist þá verði hægt að breyta vöxtum á þessum skuldabréfum? Það er afskaplega mikilvægt að fá svör við þessu þannig að ekki verði leikinn sami leikurinn og leikinn hefur verið hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á skuldabréfum hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að það hefði komið alveg skýrt fram í minni ræðu áðan varðandi ákvörðunina um 1% vexti að það væri ekkert sem benti til að þessi ríkisstjórn mundi hækka vextina úr þessu eina prósenti. Og ég geng þá að sjálfsögðu út frá því að verðbólga haldist hér lág. Varðandi skuldabréfin og ákvæði um vexti af þeim þá á öllum að vera ljóst hvað orðin „breytilegir vextir" þýðir. Þannig að ef þeir hækka síðar þá gildir það fyrir lán þó áður hafi verið tekin. Það er það sem „breytilegir vextir" þýðir.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta svar þýðir það í mínum huga að þau skuldabréf, sem námsmenn munu nú skrifa upp á og hafa um 1% vexti, munu hækka. Þetta þýðir auðvitað að vextirnir í framtíðinni munu verða miklu hærri heldur en 1%. Í raun og veru er það, sem námsmenn eru að fá í hendur og skuldbinda sig fyrir, þegar þetta frv. verður að lögum, hlutir sem menn geta ekki treyst þegar til framtíðar er litið vegna þess að vextirnir munu hækka.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki alveg á hverju hv. þm. byggir þennan spádóm sinn, að vextir muni hækka í framtíðinni. Kannski byggir hann þennan spádóm á því að ný vinstri stjórn taki við í landinu eftir að þessi fer. Ég get ekki séð neitt sem bendir til þess að vextir muni hækka annað en það að við lendum í nýrri verðbólguskriðu. Og ég hélt að við gætum kannski verið sammála um að það er ekki það sem við ætlum að stefna að.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að stytta tímann sem mögulegt er — hæstv. menntmrh. heldur því fram að sjóðurinn hafi tapað miklu fé á ofgreiddum lánum þar sem komið hefur í ljós að tekjur manna hafi orðið hærri en reiknað var með. Það hefur jafnframt verið reiknað út hversu miklar upphæðir hafa farið í vangreidd lán. Því að auðvitað er jafnstór hópur sem hefur fengið minna en hann átti að fá. Og ég spyr: Hefur þetta verið borið saman?

Í öðru lagi um ábyrgðarmenn: Hvernig stendur á því, ef ætlast er til að ábyrgðarmenn fyrir námslánum séu á sama hátt ábyrgir fyrir þeim lánum og gerist um bankalán úti á hinum almenna markaði, að ábyrgðarmenn eru þá aldrei spurðir um sinn eigin fjárhag? Ég vil biðja hæstv. menntmrh. að kanna hjá sjóðnum hvað undirrituð er ábyrg fyrir háum námslánum, svona kannski 8–10 einstaklinga, systkina minna og barna. Og ég vil spyrja: Hvers konar ábyrgðarleysi er að treysta á að ég sé borgunarmanneskja fyrir öðru eins og þessu?

Í þriðja lagi. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að láta lánasjóðinn fara með það fólk sem getur ekki skilað tilteknum prófum á þriggja mánaða fresti? Ég hef áður spurt, hvað með nemendur í doktorsnámi? Og rétt að lokum, hæstv. forseti. Nemandi sem nær prófi á fyrstu önn en kemst ekki áfram vegna þess að „numerus clausus" bannar það, hann kemst ekki áfram eins og dæmi eru um, verður hann endurkrafinn um lánið sem hann fékk — eða fær hann ekkert lán áfram þó hann hafi náð prófi?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta síðasta. Hann fær ekki lán áfram nema hann fari í nám. Hann getur að vísu skipt, hann getur farið í annað nám en hann fær ekki áframhaldandi lán nema hann sé í námi og skili árangri.

Varðandi doktorsnámið og þá sem ekki geta skilað vottorðum þá bendi ég aðeins á að í doktorsnámi eru menn yfirleitt undir handleiðslu prófessora. Þessi mál hafa verið leyst til þessa af stjórn lánasjóðsins og ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að þau verði leyst áfram. Það er engin ástæða til að ætla annað.

Hvers vegna ábyrgðarmenn eru aldrei spurðir? Það er nokkuð sem ég er sannfærður um, eins og hv. þm. virðist vera, að þar hefur skort á hjá lánasjóðnum. Og ég sé ekki að hv. þm. hafi haft neitt á móti því að þar hafi verið einhver lausatök miðað við þær skoðanir sem hún hefur á skyldum ábyrgðarmanna. En ég held að það sé alveg ljóst að það þarf að herða ákvæði um hvað þurfi til að menn gerist ábyrgðarmenn á skuldum annarra yfirleitt. Og mér þykir rétt að það verði gert hjá lánasjóðnum.

Ég hef aldrei haldið því fram að það hafi tapast fé á þessum ofgreiddu lánum. Ég hef aldrei haldið því fram að það hafi tapast. En lán hafa verið veitt án þess að það ætti að veita þau. En þau hafa í flestum tilvikum innheimst.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hann heldur að námsmönnum gangi að fá ábyrgðarmenn á bankalán þegar það er ekki einu sinni tryggt, þó að nemandi nái prófi, að hann fái lánið að því prófi loknu vegna þess að hann kemst ekki inn þrátt fyrir að hann náði prófi og verður þess vegna að fara í annan skóla og bíða á ný í þrjá mánuði? Heldur hæstv. ráðherra að það verði auðvelt fyrir námsmenn að fá fólk, jafnvel bara sína eigin fjölskyldu, til að ábyrgjast bankalán á þriggja mánaða fresti upp á von og óvon, kannski fyrir fjölda einstaklinga í sömu fjölskyldunni?

Að lokum: Ef hægt er að breyta eða setja frestun á greiðslu þegar gerðra skuldabréfa er þá líka hægt að ákveða að þétta greiðslur án þess að skuldabréfi sé breytt? Er það hægt á sama hátt?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, það er ekki hægt að þétta greiðslurnar með ákvæðum lánasjóðsins, en skuldarinn getur greitt hraðar en segir í skuldabréfinu. Ég tók það fram áðan.

Ég get því miður ekki svarað fyrri spurningunni um það hvernig mönnum kunni að ganga að fá ábyrgðarmenn á bankalánin. (**GHelg:** Ég get svarað því, það mun ganga illa.)

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessum andsvaratíma að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um 1% vexti er markleysa vegna þess að ríkisstjórn getur ákveðið að vextir breytist í 3% áður en viðkomandi

námsmaður fer að greiða af láninu. Yfirlýsingin er markleysa og blekking og þess vegna ber Alþingi að miða alla útreikninga sína við 3% vexti eftir þessa yfirlýsingu.

Í svörum sínum fór menntmrh. ekkert yfir þá staðreynd að lánasjóðnum verður lokað í haust. Með því móti mun lánasjóðurinn hafa um 800 millj. kr. í afgang um áramótin. Er meiningin að flytja þá upphæð yfir áramótin til að lækka framlög til sjóðsins, sem ella þyrftu að vera, í stað þess að nota þá fjármuni sem til eru til þess að greiða fólki lán í haust í staðinn fyrir að loka Lánasjóði ísl. námsmanna?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um það sem hv. þm. kallar lokun lánasjóðsins í haust. Ég er þegar búinn að fara yfir þetta. Það liggur ljóst fyrir að haustlánin verða ekki greidd út fyrr en eftir áramót og það hefur áhrif á framlög til sjóðsins á þessu ári. Það er alveg ljóst og var ekkert leyndarmál, eins og ég hef þegar rakið. Þá fullyrðingu hv. þm. að yfirlýsingin um 1% vexti sé markleysa verður hann að hafa fyrir sig. En það er alveg út í bláinn að segja að við eigum að miða alla okkar útreikninga nú við 3% vexti vegna þess að vextir muni hækka. Ég er búinn að segja að það er ekkert sem bendir til þess að ríkisstjórnin muni hækka vextina. Þeir eiga eftir að lækka í þjóðfélaginu ef allt fer sem horfir. Það er öllum ljóst og kemur, við þær aðstæður, einfaldlega ekki til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar að hækka vextina úr 1%.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá skulum við hæstv. menntmrh. taka ákvörðun um það að breyta vaxtatölunni í frv. svo hún verði 1% en ekki 3%. Ef ríkisstjórnin felst ekki á það er hún í raun að lýsa því yfir að hún ætli að hafa svigrúm til að keyra vextina upp í 3%.

Í öðru lagi svaraði hæstv. menntmrh. ekki þeirri fyrirspurn minni um það hvað eigi að gera við afganginn, 800 millj. kr., um áramót eftir að búið er að loka Lánasjóði ísl. námsmanna á síðari hluta þessa árs. Hvað á að gera við afganginn og af hverju er hann ekki notaður til þess að greiða námsmönnum a.m.k. hluta af haustlánunum haustið 1992?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftirágreidd sumarlán verða til og verða auðvitað greidd í haust. Það er alveg ljóst. En sú tillaga hv. þm. að breyta vaxtaákvæðinu í frv. í 1%, finnst mér ástæðulaus. Ég sé ekkert að því að hafa svigrúm. Svo kann að fara að vextir hækki í þjóðfélaginu. Við getum ekki svarað því í dag. Ég tek það mjög skýrt fram enn og aftur að ekkert bendir til þess við núverandi aðstæður að það gerist. (**ÓRG:** Ráðherra sagði áðan: Ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar.) (**Forseti:** Tíminn er búinn. Ekki frammíköll!) Já, ég sagði í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég get náttúrlega ekki fullyrt að ríkisstjórnin sitji eftir næstu kosningar, þó mér þyki allar líkur benda til þess. Það yrði þá enn meiri trygging fyrir því að vextir hækki ekki.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að svara þeim orðum hæstv. menntmrh. áðan að það sé ekki ástæða til þess að námslánakerfið sé byggt þannig upp að námsmenn leggist í barneignir. (Gripið fram í.) Hann orðaði það svo. Ég vil taka það fram að mér finnst þetta ósæmilegt orðbragð á hv. Alþingi og spyr hvort núv. ríkisstjórn hugsi sér c.t.v að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með því að allir hætti að eiga börn. Þá verða engir Íslendingar í framtíðinni. Þá verða heldur engin vandamál. Hingað til hefur verið mjög gott námslánakerfi hér sem hefur gert það að verkum að fjölskyldufólk með börn hefur getað farið í nám. Samkvæmt þessu nýja frv. stefnir í að það verði ekki hægt. Það er það sem við kvennalistakonur höfum m.a. áhyggjur af.

Í öðru lagi gat ráðherrann um, (Forseti hringir.) — ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti — að föst ársgreiðsla yrði 48.000 kr. Miðað er við 5% af tekjum, og það er ekki rétt að taka meðaltekjur við að reikna slíkt út. Menn geta haft minna en 960 þús. kr. á ári og ef á að taka þetta t.d. af 720 þús. kr. árstekjum er það orðið miklu meira en 5%.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir vont ef það fer svona fyrir hjartað á þeim kvennalistakonum hvernig ég orðaði það að kannski væri ekki við hæfi að hafa námslánakerfi sem virkaði hvetjandi í þessa átt. En ég sagði um leið að í frv. væri ákvæði um að tekið skyldi tillit til fjölskyldustærðar. Svo það má ómögulega skilja frv. eða orð mín svo að það sé einhver stjórnarstefna að koma í veg fyrir að nemendur eignist börn. Það er ekki svo. Það verður tekið tillit til fjölskyldustærðar áfram ef frv. verður að lögum.

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans um sérfræðingana sem ég skil að muni fá lán eins og þeir eiga rétt á ef tekjur duga ekki fyrir framfærslu. En ég spurði hæstv. menntmrh. einnig að því hvað orðið „að jafnaði" í fyrstu setningu 6. gr. frv. þýðir, að námsmenn eigi að jafnaði rétt á láni. Hvað þýðir það?

Ég spurði einnig að því hve há sú upphæð væri sem ríkisstjórnin sparaði sér í útlánum í haust. Mér var að sjálfsögðu ljóst að útlánin yrðu minni. Eru það 800 millj. kr. eins og hér hefur komið fram eða er það einhver önnur upphæð? Ég spurði reyndar einnig að því hvort tekið hefði verið tillit til þess í fjárlagagerðinni og hvort það væri þegar komið þar inn.

Í sambandi við vextina, þá hefur hæstv. ráðherra sagt aftur og aftur að vextir hækki ekki í tíð sinni nema verðbólga fari af stað. Á hann þá við verðbótaþátt vaxtanna eða á hann við það að raunvextirnir ofan á verðbótaþáttinn hækki? Að sjálfsögðu hækkar sá

hluti vaxtanna sem er verðtryggður, verðbótaþátturinn. En á hann við viðbót ofan á það?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti nákvæmlega við það sem fólst í orðum mínum. Mér er ljóst að námslánin eru verðtryggð og það verður engin breyting á því. Ég á við að vextir fara lækkandi í þjóðfélaginu núna af þeirri ástæðu að við búum við lækkandi verðbólgustig frá því sem áður hefur verið. Það munu vera u.þ.b. 800 millj. kr. minna útstreymi úr sjóðnum sem reiknað er með að þessi breyting hafi í för með sér. Það hefur á sinn hátt verið tekið tillit til þessa við fjárlagagerðina. Við erum að laga okkur að því sem ákveðið er í fjárlögum og lánsfjárlögum. Það er alveg ljóst. Það er hægt að gera það með öðrum hætti en er í frv. en við þetta er sem sagt miðað.

Hvað orðin „að jafnaði" þýða, er einfaldlega það sem orðanna hljóðan segir. Það er ákveðið mat sem stjórnin verður að leggja í hinum einstöku málum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er hálflömuð eftir þennan andsvaratíma og þess vegna á ég ekki önnur orð til að hefja ræðu mína á núna en „lengi getur vont versnað". Ég gerði mér grein fyrir því að frv. var mjög slæmt þegar það var lagt fram. Ég gerði mér líka grein fyrir því að þær úrbætur sem í orði kveðnu voru gerðar á því voru allsendis ófullnægjandi og eftir sem áður var frv. slæmt. Nú kemur það bara í ljós í þessum andsvaratíma að það er greinilega ekki einu sinni hald í þeim litlu úrbótum sem þó hafa verið gerðar á frv. Það eru vextirnir sem hafa valdið fólki mestum áhyggjum og það að fá lán greidd eftir á, hvort tveggja er í mun bráðari hættu en stjórnvöld vilja vera láta.

Í fyrsta lagi er það þannig með vexti að við höfum enga tryggingu fyrir því hve háir vextir verði á námslánum. Það er því engin furða að við grunum stjórnvöld um græsku þar sem á þeirra vegum var lagt fram frv. sem kveður á um 3% vexti og ekkert annað. Svo er fólk að furða sig á því, og þar á ég við hæstv. menntmrh. svo það fari ekkert á milli mála, að við skulum gruna hann um að ætla að hækka vextina upp í 3%. Það var upprunalegur tilgangur frv. að hafa 3% vexti og ég held að enginn þurfi að vera undrandi þó að það hvarfli að manni að það muni einmitt vera ætlunin og að yfirlýsingin um 1% vexti sé haldlítil.

Ég hafði hugsað mér að einbeita mér að einum þætti þessa máls en þar sem ég ákvað, m.a. til þess að slá saman og hugsanlega komast hjá því að flytja tvær ræður eftir að hæstv. menntmrh. hafði talað — ég þarf að fara svolítið út í það sem hann sagði — þá veit ég ekki hvenær ég kemst að meginmálinu og vona ég að fólk virði mér það til vorkunnar að ég get ekki látið hjá líða að fjalla að nokkru um það sem hæstv. ráðherra sagði.

Í fyrsta lagi verð ég að geta þess að ég læt hártoganir hæstv. ráðherra um hvað séu venjuleg lán og hvað séu óvenjuleg lán og slíkt, þar sem hann var að snúa út úr fyrir kvennalistakonum, ekki á mig fá. Ég vil bara taka það fram í þessu sambandi að það hefur ekki verið hrakið að námsmenn þurfi að framfleyta sér á bankalánum á fullum vöxtum til þess að koma sér af stað í námi og síðan taki þeir námslán á vöxtum og við vitum hvert hald er í þeim loforðum um 1% vexti núna.

Við vitum það líka að þeir eru í mikilli óvissu ef „numerus clausus" takmarkar þá að námi jafnvel þótt þeir standist þær kröfur sem gerðar eru í sambandi við nám. Ég sé því ekki annað en öryggi þeirra sé lítið sem ekkert og ég get ekki séð að það sé neitt venjulegt við þessi lán. Þau eru ekki venjuleg í þeim skilningi heldur eru þau jafnvel verri býti en öðrum bjóðast á lánamarkaðinum. Ég get að vísu samþykkt það hjá hæstv. ráðherra að hér er ekki um venjuleg bankalán að ræða eða venjuleg lánskjör, heldur óvissari og erfiðari en eðlilegt er þar sem þetta eru framfærslulán. Þetta eru ekki fjárfestingarlán nema fyrir þjóðina. Þjóðin er auðvitað að fjárfesta í menntun eða ætti að vera að gera það. Þetta er fjárfestingarlán fyrir einstaklinga sem ekki skilar sér á sama hátt og önnur fjárfestingarlán. Og jafnvel þó ég taki undir það að menntun geti verið mikil og góð fjárfesting fyrir einstakling þá er þetta fyrst og fremst fjárfesting þjóðarinnar og þess vegna á að sjálfsögðu að taka tillit til þess.

Ég bendi á að eftir mjög langa skólagöngu vill það æði oft gerast að námsmenn hafa ekki verið úti í atvinnulífinu árum saman, hafa verið að taka lán sér til framfærslu og svo njóta þeir ekki þeirra launakjara sem réttlæta að kalla að þeir hafi verið að fjárfesta. Auðvitað er þetta misjafnt, en ég get ekki annað en vakið athygli á sérstöku eðli námslána. Ég vil jafnframt benda á að þetta hefur að mörgu leyti verið viðurkennt í sambandi við sérstakt eðli húsnæðislána þótt þar sé ekki sú skipan á sem ég teldi æskilegasta.

Tilraunir hæstv. ráðherra til þess að kasta rýrð á námsmenn held ég að falli marklausar niður, sem betur fer. Hins vegar getur okkur sárnað að heyra svona talað um námsmenn.

Það hefur margkomið fram í umræðum að málflutningur hæstv. ráðherra og annarra sem hafa tekið í sama streng, dæmir þá sjálfa og ekki aðra. Ég get ekki annað en bent á að í fyrsta lagi á þessi málflutningur ekki við rök að styðjast og í öðru lagi finnst mér ekki sæmandi að vera með dylgjur um námsmenn eins og verið hafa í umræðunni að undanförnu eða hefur einhverra hluta vegna versnað á undanförnum dögum. Ég er afskaplega ósátt við þetta.

Til þess að það fari ekkert á milli mála við hvað ég á, vil ég vitna í blaðagrein úr Morgunblaðinu frá 9. apríl sl., með leyfi hæstv. forseta. Þar segir Gunnar Birgisson, formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna:

„Lánasjóðurinn og þar með skattgreiðendur, sem styðja sjóðinn verulega, tapa ekki einungis háum fjárhæðum á þessum lausatökum, sem stafa af samtíma — eða fyrirframgreiðslu lána. Þeir námsmenn sem falla í gildruna verða fyrir ómældum og oft sárum vanda. Það

er því miður daglegt brauð hjá starfsmönnum LÍN að horfa upp á vandræði fólks vegna þess. Þegar námsmenn hafa fengið svonefnd „ofgreidd lán" verða þeir fyrir því að leitast er við að innheimta þau á sem skemmstum tíma. Viðkomandi hafa undantekningarlítið eytt lánuðum peningum og lenda í miklum þrengingum og flosna jafnvel til frambúðar upp frá námi o.s.frv." — Það er reyndar ekki skýrt nánar.

Ef það eru ekki getsakir að láta alla gjalda fyrir þá fáu sem lenda í þessari slæmu stöðu, ef þetta er ekki rógur um námsmenn almennt, er málskilningi mínum bara ábótavant og tek ég það á mig. Ég sætti mig einfaldlega ekki við þennan málflutning. Hann hefur verið margítrekaður. Ég tek ekki undir hann og get ekki annað en fordæmt hann.

Mér þykir þegar hafa komið fram ástæða til að ítreka vanþóknun mína og fleiri kvennalistakvenna á því að bera kvennalistakonum á brýn að þær séu að hvetja námsmenn til að leggjast í barneignir í ábataskyni. Öðruvísi var ekki hægt að skilja orð hæstv. ráðherra. Það styður það sem ég sagði áður að það er verið að rægja menn í umræðunni sem er ekki sæmandi.

Auk þess vil ég geta þess að heimildarákvæði það sem hæstv. ráðherra var svo tíðrætt um, um að taka megi tillit til fjölskyldustærðar, er harla lítilvægt ef það eru þessi viðhorf sem ráða ríkjum. Mér finnst það ekki lofa góðu, ég verð að viðurkenna það.

Það sem eftir stendur, eftir það sem fram hefur komið í umræðunni og eftir að ég hef litið á þann veruleika sem frv. felur í sér, er að frv. fylgir ójöfnuður til náms. Það hrakti hæstv. menntmrh. ekki í máli sínu.

Ráðherra hefur borið kvennalistakonum á brýn og síðast í máli sínu áðan að þær komi ekki með tillögur til úrbóta. Þetta er rangt. Kvennalistakonur hafa bent á að besta leiðin til þess að skipuleggja framhald á starfi Lánasjóðs ísl. námsmanna í sátt og skynsemi er að gera það í samstarfi og samvinnu við námsmenn. Það eru einu skynsamlegu vinnubrögðin og á það hefur margoft verið bent í þessari umræðu og við kvennalistakonur höfum svo sannarlega gert það líka.

Við höfum bent á að það eru til leiðir. Hæstv. ráðherra er ekki sammála þeim leiðum en þær leiðir eru til og þær eru fullgóðar. Þær leiða ekki yfir þann ójöfnuð sem tillögur ráðherra gera. Þar af leiðandi lít ég svo á að þær séu betri en frv. sem við erum að fjalla um.

Að þessum sundurlausu inngangsorðum loknum get ég nú farið að snúa mér að því sem ég hafði fyrst og fremst hugsað mér að fjalla um. Ég hafði nefnilega ekki í huga að fjalla almennt um þær afleitu breytingar sem nú er verið að gera á Lánasjóði ísl. námsmanna heldur að fjalla annars vegar um hvort og hvernig hugsunin eigi á að vera á bak við lánasjóðinn því núna er verið að eiga við það grundvallaratriði þar sem jafnrétti til náms er í raun hafnað og nýr stíll boðaður. Stíll sem vægast sagt er ógeðfelldur og segir að allir eigi að hafa tækifæri til náms en því orðalagi hafnað að allir eigi að hafa jafnan rétt til náms.

Allir eigi að hafa tækifæri til náms, segir mér nákvæmlega ekki neitt. Ég get ekki ímyndað mér annað en að allir hafi tækifæri til einhvers í flestum þjóðfélögum sem á annað borð bjóða upp á einhverja menntun og það gera nú flest þjóðfélög. Frv. hefur hafnað því, bæði í orði og á borði, að allir eigi að hafa jafnan rétt til náms og það varðar hitt atriðið sem ég ætlaði að koma sérstaklega að, en það er hvernig búið er að þeim að kjósa að fara leiðir sem því miður eru óhefðbundnar í námi, þ.e. að fara út í einhvers konar starfs- eða verknám. Að mínu mati er það grundvallaratriði að fólk hafi valfrelsi ef það velur sér nám. Ég get ekki séð að í frv. sé það tryggt.

Þá vík ég fyrst að jöfnuðinum sem hefur verið úthýst úr frv. Þessi áherslubreyting minnir óneitanlega á eina ágæta bók sem kom út í Englandi árið 1945 og er eftir George Orwell. Bókin var fyrst gefin út á íslensku árið 1949 á vegum Prentsmiðju Austurlands. Þetta var ekki löngu eftir að hún kom fyrst út erlendis og hún vakti að sjálfsögðu mikla athygli. Þá var hún nefnd Félagi Napóleón. Svo ég fari rétt með og allir viti við hvað ég á, kom sama bók út undir öðru nafni, mig minnir að það hafi verið Dýrabær og það er bein þýðing á enska nafninu Animal Farm. Ég hygg að flestir viti um hvað þessi víðfræga bók fjallar, jafnframt er ljóst að hún reyndist spádómsbók um valdakerfi sem nýlega hrundi. Í þessari ágætu bók eru orðin sem ég ætla að gera að útgangspunkti í fyrri hluta ræðu minnar, í eilítið breyttri mynd að vísu. Mér sýnist að einkunnarorð þess afleita frv. sem við erum að fjalla um, séu að allir séu jafnir en sumir séu jafnari en aðrir. Raunar stendur í bókinni: „Öll dýr eru jöfn en sum dýr eru jafnari en önnur."

Ég get ekki annað en bent á, eftir að yfirlýsingarnar um barneignir námsmanna komu fram áðan, að það liggur stundum við að talað sé um námsmenn eins og skynlausar skepnur og það þykir mér ekki sæmandi.

Þótt mér hafi blöskrað hvernig talað hefur verið um námsmenn að undanförnu, ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Spurningin um jöfnuð felst fyrst og fremst í því að þeir sem eru jafnari en aðrir samkvæmt frv. eru þeir sem ekki þurfa að reiða sig á námslán í upphafi náms. Raunar eru þeir jafnastir sem minnst þurfa að reiða sig á námslán. Það getur t.d. verið ef fólk á vel stæða foreldra eða hefur aðgang að vel launaðri vinnu. Frv. mismunar hins vegar fólki varðandi vinnuna og eftir því hvaða nám það velur sér. Það mismunar fólki líka eftir því af hvaða kynferði það er því að enn er það svo að stúlkur eiga ekki kost á jafn vel launaðri vinnu og piltar í námi, því miður. Þetta er staðreynd sem við þekkjum. Hér eru því þegar vísbendingar um að sumir séu jafnari en aðrir. Auk þess geri ég ráð fyrir að sumir bendi á þann möguleika sem áður var mjög vel þekktur og það er að eiga góða fyrirvinnu. Þá var það reyndar þannig að oftar en ekki voru það karlmenn sem áttu þessar góðu fyrirvinnur, konurnar sem unnu fyrir þeim meðan á námstíma stóð. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta. Ég veit að það vekur töluverðan taugatitring hjá sumum þegar þessi sögulega staðreynd er dregin fram í dagsljósið. Ég ætla engu að síður að halda henni til haga.

Mér þykir það ekki síst íhugunarvert að fólki er mismunað eftir því hvaða nám það velur. Ýmsar vísbendingar eru um það í þeim umsögnum sem hv. nefnd bárust frá ýmsum samtökum skóla, einkum þeirra sem við tölum venjulega ekki um, ekki Háskóli Íslands heldur aðrar leiðir í námi. Þar kom fram að þetta kerfi, eins og það er sett upp, hentar þeim ekki. Þetta þýðir að við erum í fyrsta lagi að gera fólki almennt erfitt fyrir nema það þurfi ekki á námslánum að halda og í öðru lagi erum við að gera sumum enn erfiðara fyrir og ekki var á það bætandi. Á eftir mun ég rekja örfá dæmi sem staðfesta þetta því að ég vil ekki að orðum okkar ræðumanna, þó við reynum að draga saman mál okkar, sé vísað á bug með því annaðhvort að svara þeim ekki eða að snúa út úr. En því miður hefur það orðið hlutskipti okkar oftar en ekki að það er einfaldlega sagt: Þetta er ekki rétt eða þetta er ekki mikilvægt. Þetta er rétt og þetta er mikilvægt.

Ég er ekki að segja að önnur mismunun sé betri. Ég er bara að benda á atriði sem lítið hefur verið í þessari umfjöllun, atriði sem ég tel óhjákvæmilegt að sé með í umræðunni.

Við 1. umr. málsins hafði ég tækifæri til þess að benda á þetta og það voru fleiri sem gerðu það svo sannarlega. Sem betur fer var horfið frá einu ranglætinu þarna. Horfið var frá 20 ára aldurstakmarkinu, aðgöngumiðanum, nafnskírteininu að lánunum sem hrakti fólk frá ef það fór í starfsnám yngra en tvítugt. Auðvitað er það þannig tilgangur okkar sem tökum þátt í umræðunni að reyna að tala um fyrir fólki jafnvel þó okkur þyki stundum æði illa hlustað og það er út af fyrir sig afskaplega mikið áhyggjuefni þar sem með rökum er í rauninni hægt að leysa þetta mál. Það vantar hreinlega pólitískan vilja.

Ég gat þess sérstaklega og ætla að fylgja því eftir að það er verulegt áhyggjuefni sumra sérskólanema hvernig málum þeirra er komið með frv. Það er einkum tvennt sem er tínt til. Sums staðar er námi þannig háttað að það kemur sérlega hart niður á námsmönnum hvernig kerfið virkar. Þá á ég einkum við að geta ekki fengið námslán fyrr en búið er að sýna fram á ákveðna námsframvindu.

Í öðru lagi er ástæða til að benda á að iðnnemum er ekki ætlað að hafa sérstakan fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna. Þetta er auðvitað nokkuð sem þegar er búið að fjalla um. Í umræðunum hafa túlkanir gengið á milli ræðumanna og hæstv. menntmrh. um það hvað hann eigi nákvæmlega við með því að vísa til fulltrúa Bandalags ísl. sérskólanema þegar vakin er athygli á umkvörtun iðnnema. Þetta er náttúrlega nokkuð sem skiptir ekki máli. Það sem skiptir máli er hvað er gert og það er ekkert.

Ef ég fer í örfáum orðum í gegnum helstu athugasemdir námsmanna sjálfra, nú er ég bara að tala um þá námsmenn sem eru í verknámi eða öðru námi sem ég hef valið að gera að umfjöllunarefni, þá hafa þær athugasemdir í fyrsta lagi beinst að 4. gr. frv. Þar kemur skýrt fram hvernig stjórn sjóðsins er skipuð og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vísa til athugasemda Iðnnemasambands Íslands, en þar segir:

„Í þessari grein er fjallað um samsetningu stjórnar LÍN en hún á að vera óbreytt. Iðnnemasambandið leggst gegn óbreyttri skipan stjórnar á þeirri forsendu að Iðnnemasamband Íslands eru einu heildarsamtök námsmanna sem eiga skjólstæðinga hjá LÍN en eiga ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins. Í raun er það svo að iðn- og verknám á enga fulltrúa innan stjórnar LÍN. Það hefur margoft sýnt sig að vanþekking stjórnarmanna á uppbyggingu og sérstöðu iðnnáms á Íslandi hefur leitt til þess að iðnnemar hafa fengið verri afgreiðslu innan sjóðstjórnar en tilefni hefur verið til. Sá misskilningur hefur verið ríkjandi að fulltrúi Bandalags ísl. sérskólanema sé einnig fulltrúi iðnnema í stjórn LÍN.

Í þessu sambandi er rétt að taka skýrt fram að það eru engir iðnnemar innan BÍSN og þau samtök eru ekki hagsmunasamtök iðn- og verknámsnemenda. Á yfirstandandi ári eru 1341 félagi í Iðnnemasambandi Íslands á námslánum. Það verður ekki séð að með neinum rökum sé hægt að halda iðn- og verknámsnemendum frá því að eiga sinn fulltrúa í stjórn LÍN. Sem einu hagsmunasamtök iðn- og verknámsnemenda á Íslandi gerir Iðnnemasamband Íslands þá kröfu að það fái fulltrúa í stjórn LÍN til jafns á við aðrar námsmannahreyfingar.

Til upplýsingar þykir rétt að láta það koma fram að Iðnnemasamband Íslands var stofnað 1944 og hefur haldið úti samfelldu starfi í þágu félagsmanna sinna allt frá stofnun. Iðnnemasambandið er einnig viðurkennt af hinu opinbera sem fulltrúi iðn- og verknámsnemenda og má í því sambandi benda á að Iðnnemasambandið á fulltrúa í iðnfræðsluráði sem er menntmrh. til ráðgjafar um framkvæmd iðnfræðslumála."

Mér finnst full ástæða til að vekja athygli á þessu og ég vona að þetta muni ekki leiða til þess að við förum í hefðbundið karp um hverjum þetta sé að kenna, svona hafi fyrri ríkisstjórn verið vond og þá eigi þessi að vera svona vond líka. Ég er orðin mjög leið á þeim málflutningi. Hann er ekki málefnalegur og leiðir okkur ekki neitt.

Ég vil líka benda á brtt. sem minni hlutinn í menntmn. stendur að en þar er gert ráð fyrir að Iðnnemasamband Íslands eigi fulltrúa í LÍN. Það sýnir hug þeirra og ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða neitt meira um það.

Þessar athugasemdir tel ég að þurfi að vera með í umræðunni en ég geri ráð fyrir því og hef raunar rökstuddan grun um að iðnnemar og fleiri nemar í sérskólum hafi meiri áhyggjur af 6. gr. frv. þar sem fjallað er um það að námslán skuli ekki veitt fyrr en námsmaður hafi skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur og að námslán skuli ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti. Við höfum ekki fengið skýringar frá hæstv. ráðherra sem gefa tilefni til mikillar bjartsýni um hvað felist í þessum orðum nákvæmlega, því miður ekki. Þess vegna vil ég vísa í umsögn Nemendafélags Tækniskóla Íslands, þar sem eftirfarandi kemur fram um námsárangur, með leyfi hæstv. forseta:

„Við lýsum undrun okkar á því að það sé í frv. þessu að námslán eigi að greiðast út eftir að námsár-

angur liggur fyrir. Verði þetta til þess að námsmenn verði að þiggja almenn lán í bankakerfinu sem greiðast niður þegar námslánið greiðist. Mun þetta hafa í för með sér mikinn vaxtakostnað fyrir námsmenn sem skerðir framfærslu. Við vitum að í sumum skólum mun þetta valda miklum erfiðleikum vegna þess t.d. að próf eru aðeins tekin einu sinni á ári. Í söngskólum t.d. og í öðrum liggja prófúrlausnir ekki fyrir fyrr en löngu eftir að próf er þreytt, í Háskóla Íslands t.d."

Þetta er athugasemd frá Nemendafélagi Tækniskóla Íslands. Síðan er bent á fleira í athugasemdum þeirra. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgáfa vottorða um tilskilda skólasókn er ekki framkvæmanleg í Tækiskólanum og ber tvennt til. Í fyrsta lagi er tímasókn frjáls nema í vissum verklegum æfingum en hins vegar skilaskylda sem er tengd próftökurétti. Í öðru lagi þyrfti slík vottorðaútgáfa að fara fram á þeim árstímum sem annir hjá skrifstofu og deildarstjórum er í hámarki og væri ókleift að bæta þeirri vinnu á starfslið skólans."

Þarna eru töluvert fleiri athugasemdir og margir námsmenn hafa áhyggjur af því hvað þetta muni fela í sér fyrir þá. Ég tek undir þessar raddir. Ég held að við megum ekki og eigum ekki að smíða kerfi sem gerir ýmsum hópum erfiðara fyrir en áður eins og verið er að gera með þessu frv. sem við fjöllum hér um. Það er auðvitað þess vegna sem við erum að reyna að sýna fram á og tala um fyrir meiri hutanum og það veit ég að fulltrúar minni hlutans í hv. menntmn. hafa verið ötulir við að gera. Einhverjum endurbótum hafa þeir sem betur fer náð fram en nú er það að koma í ljós að jafnvel það sem náðist fram er meira og minna án nokkurrar innstæðu. Ég lýsi vanþóknun minni á því. Ég hélt að ástæða væri til að fjalla um ákveðin atriði á jákvæðari hátt þótt ekki væri nema í ljósi sanngirni en ég get það einfaldlega ekki vegna þess að ég spyr eftir þær upplýsingar sem komu fram í andsvaratíma áðan undir ræðu hæstv. menntmrh.: Eru kannski fleiri laumufarþegar sem fylgja með þessu frv.? Er kannski víðar pottur brotinn en þar sem við höfum þegar rekið augun í? Ég kvíði þeim svörum sem reynslan mun e.t.v. færa okkur.

Ég hefði, og mun e.t.v. ekki stilla mig um það síðar, viljað fjalla töluvert meira um hvernig námslánakerfið skiptir sköpum þegar við erum að móta menntastefnu framtíðarinnar. Það er nefnilega þannig, og það er rétt, að við höfum haft nokkra stýringu í þeirri fyrirgreiðslu sem við höfum veitt námsmönnum. Mér sýnist að sú stýring sé meiri og verri samkvæmt frv. en áður hefur verið. Ef frv. nær fram að ganga er ekki verið að gera öllum jafnhátt undir höfði. Ég verð því miður að harma hve mjög umræðan öll, einkum sú sem hefur falist í óábyrgum yfirlýsingum og viðhorfum til námsmanna, hefur skaðað okkur, því framtíð þjóðarinnar felst í því hvaða menntun við búum þjóðinni. Mér sýnast viðhorf sumra þeirra sem hafa skipt sér af umræðunni, nú á ég ekki bara við innan Alþingis heldur ekki síður utan þess þar sem ekki er eins hægt að henda reiður á orðum manna, til námsmanna vera fordómar oft og tíðum. Það er búið að markaðssetja námsmenn sem afætur á samfélaginu í staðinn fyrir að skilja að samfélagið er að fjárfesta í framtíð sinni með því að búa fólki fjölbreytta möguleika í námi. Ég get ekki stillt mig um það varpa þeirri spurningu fram hvort menn sætti sig við þá mynd sem við heyrum stundum um námsmenn, sérstaklega þegar orð falla um bílaeign námsmanna og eitt og annað slíkt, að þetta séu óhófslifnaðarmenn af báðum kynjum sem lifi í vellystingum á kostnað kerfisins og skili því engu. Svona eru þessi viðhorf og þau eru andstyggileg að mínu mati. Ég get alveg tekið undir það að hér hefur ekki alltaf verið rekin rétt menntastefna og ég get alveg tekið undir það að ég vil sjá meiri fjölbreytni í námsvali, fleiri möguleika. Sá vandi nær allt til sex ára bekkjarins og hann, þessi vandi, er nokkuð sem við þurfum að taka á, ekki bara á einum stað heldur á öllum stöðum í skólakerfinu.

En það að líta á þá sem taka lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna sem afætur á þjóðfélaginu er viðhorf sem ég hafna. Ég segi þetta hreint út vegna þess að ég er orðin hundleið á þessu.

Til þess að verða ekki vænd um að vera að verja sjálfa mig verð ég að upplýsa það að vegna óréttlátra reglna datt ég nánast út úr lánakerfinu í upphafi náms míns og ég vil ekki sjá að þeir unglingar sem nú hyggja á framhaldsnám þurfi að sæta því sama. Eftir að ég hafði lokið námi voru gerðar endurbætur á námslánakerfinu og ég get vel unnt þeim sem á eftir koma að njóta þeirra endurbóta. Og ég tek undir það sem fram kemur í nál. því sem minni hlutinn skilaði — eða hvort það var nú í frávísunartill. — að við eigum að halda í það kerfi sem er búið að byggja upp í samráði við námsmenn.

Svo ég komi nú og yfirbjóði í fordómum þannig að einhver sem haldinn er þessum fordómum geti þá tileinkað sér orðskrúð ekki minni rithöfundar en John Steinbecks, vil ég vitna í bók, ekki þá bók sem flestum er hugstæð núna, Þrúgur reiðinnar, vegna þess leikrits sem nú er í gangi og vegna þeirra kreppueinkenna sem við kennum þó þau séu sem betur fer ekki orðin eins alvarleg eins og í því ágæta leikriti og því ágæta ritverki, en það er önnur bók sem Steinbeck skrifaði, háðsleg bók og heitir Hundadagastjórn Pippins IV. og er þörf lexía. Þar veltir hann sér upp úr fordómum gagnvart ýmsum stéttum, m.a. námsmönnum. Þessi bók kom út á íslensku 1957 og mig langar að ljúka orðum mínum með því að benda á hvernig Steinbeck lýsir námsmanni þar í háðsstíl. En á bls. 80 í bókinni segir, með leyfi forseta:

„Meðan þessu fór fram brá Todd sér í fjóra háskóla, Princeton til að nema klæðaburð, Harward vegna framburðar, Yale fyrir skoðanir og Virginíuháskóla upp á framkomu. Upp úr þessum skólum kom hann með lífstíðarveganesti á öllum sviðum nema í listum og utanlandsferðum. Úr hinu fyrrnefnda bætti hann með dvöl í New York þar sem smekkur hans fyrir vönduðum djassi tók framförum. Hin mikla reisn hans meðan endurreisn franska konungdómsins fór fram bætti úr hinu."

Ég vildi óska að hér væri um skrumskælingu á um-

ræðu um námsmenn að ræða. En því miður er bara stigsmunur en ekki eðlismunur á því umtali sem íslenskir námsmenn hafa mátt sæta. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Mér finnst ekki skynsamlegt af hæstv. forseta að taka þetta mál fyrir á meðan hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur í þingsal, svo sjálfsagt sem það ætti að vera, og ég mælist til þess að hlé verði gert þangað til ráðherra er kominn. Í öðru lagi vildi ég óska eftir því að formaður nefndar, sem reyndar birtist hér, verði einnig viðstaddur umræðuna. Ég geri hlé á máli mínu þangað til hæstv. ráðherra er viðlátinn. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. menntmrh. komi í salinn og ef hv. þm. gæti byrjað sína ræðu, annars yrði gert hlé.) Ég kýs hið síðara, virðulegur forseti. (**Forseti:** Gert verður hlé uns hæstv. menntmrh. kemur — og hæstv. menntmrh. er genginn í salinn.)

Við höfum rætt frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna í 2. umr. um nokkurt skeið hér í þinginu og hæstv. ráðherra hefur rakið í sínu máli og haldið tölu á þeim ræðum sem fluttar hafa verið og nokkuð hefur borið á því í hans máli að honum finnst hægt ganga umræðan og fátt nýtt koma fram í umræðum um málið. Ég get ekki verið sammála hæstv. ráðherra um það mat. Mér finnst hann megi vel við una að það er áhugi á málinu í þingsölum. Þetta er stórt mál og þetta er umdeilt mál í þinginu. Þetta er umdeilt mál í þjóðfélaginu svo hæstv. ráðherra þarf vart, svo þingreyndur maður sem hann er, að vera undrandi yfir því að menn þurfi að ræða það. Síðan bætist það við að fram eru að koma nýir efnislegir þættir í málinu m.a. af hálfu hæstv. ráðherra sem skipta miklu fyrir það og hugsanlega afgreiðslu þess og sem valda því að það er nokkuð í það, sýnist mér, að málið liggi skýrt fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra. T.d. það sem kom fram í dag, sem voru kannski ekki splunkuný tíðindi en kom þó ljósar fram en áður hefur verið, viðhorf til vaxtatökunnar á námslán sem er eitt stærsta og um leið umdeildasta atriði þessa frv.

Hæstv. ráðherra greindi frá því að það væri hans mat að menn ættu að halda sig við 1% vexti á námslán eins og ríkisstjórnin hefði samþykkt að hans tillögu að væri upphafsskref í málinu. Vissulega hafa talið að það væri illskárra en að farið væri upp í hámark, leyfilegt hámark samkvæmt þessu frv., þ.e. allt að 3% vextir. En jafnframt hefur komið fram í sambandi við þennan þátt málsins að þessi ákvörðun ríkisstjórnar og tilkynning ríkisstjórnar um vaxtatöku í upphafi, sem nemur 1% á námslán, segir viðskiptavinum lánasjóðsins í rauninni ekki nokkurn skapaðan hlut á hverju þeir geti átt von í framtíðinni varðandi þau lán sem þeir taka nú og á næstu árum hjá sjóðnum því að hvenær sem er getur til þess komið að ráðherra og ríkisstjórn taki nýja ákvörðun um vexti allt að 3% sem verði þá gildandi um þau lán sem viðkomandi hafa tekið. Menn vita í rauninni ekkert út í hvað þeir eru að fara nema það eitt að þeir geta búist við að vextirnir sem þeir þurfa að standa skil á af lánum sínum geti numið allt að 3%.

Í umræðunni í dag var ráðherra inntur eftir því hvort hann væri þá ekki reiðubúinn til þess að breyta frv. til samræmis við þá stefnu, sem hann virtist vera að taka undir í orði, að miða við hámark 1% vexti. En þá kom svolítið annað hljóð í strokkinn. Þá ók hæstv. ráðherra sér undan því að taka jákvætt á þeirri hugmynd og skýrði þá afstöðu með því að aðstæður gætu alltaf breyst. Greindi okkur frá því að þetta væri ekki fastar í hendi, ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 1% vexti, og boðskapur hans um það að miða skyldi við þetta í tíð núv. ríkisstjórnar, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, að hún vildi hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum. Mér finnst þetta í rauninni ekki aðeins einkennilegur málflutningur, það liggur við að hann sé ósæmilegur. Að gefa út boðskap um 1% vexti á námslán, hnykkja á því að það sé stefna núverandi ríkisstjórnar og láta liggja að því að það gæti orðið svo á hennar valdaferli og í rauninni ásetningur en vilja samt hafa borð fyrir báru upp að 3% mörkunum. Þetta gengur auðvitað ekki upp og ég bið hæstv. ráðherra að skýra það nánar út fyrir okkur hér í umræðunni hvers konar hugarheimur það er sem hann hrærist í, að segja í öðru orðinu: Ég hef gert tillögu um 1% vexti, ég vil að það verði svo í tíð núv. ríkisstjórnar — og jafnframt gaf ráðherrann í skyn að hann ætlaði að sitja sem fastast í stóli menntmrh. sem er ekkert óeðlilegt að spurt sé um í ljósi umræðu síðustu daga. Síðan hafnar hann hugmynd um það, ef ég hef metið orð hans rétt, að breyta tillögu meiri hluta menntmn. um að hafa vextina breytilega allt að 3%. Ég vil skora á hæstv. ráðherra um að endurskoða afstöðu sína. Hann væri maður að meiri ef hann gerði það og slægi því föstu og tæki undir það að vextir yrðu þó aldrei hærri en 1%. Því ef aðstæður breytast að mati ríkisstjórnar hver sem hún er og viðkomandi ríkisstjórn vildi hækka vaxtatöku í ljósi breyttra aðstæðna, þá er auðvitað enginn sem bannar henni að leita eftir breytingu á lögunum og leggja fram tillögu á þingi þannig að menn gætu þá metið málið í ljósi þess. Enginn skilji orð mín svo að ég sé með þessu að taka undir það sjónarmið að taka eigi vexti af námslánum. Gegn því mælum við í minni hluta menntmn. mjög eindregið að út á þá braut verði farið. En hitt er jafnljóst að það er verulegur munur á því hvort teknir eru 1% vextir eða 3% vextir af námslánum.

Þetta er nýr þáttur í þessu máli í rauninni sem við þurfum að ræða frekar við hæstv. ráðherra og meiri hlutann í menntmn. Ég vil inna hv. formann menntmn. eftir viðhorfum til þessarar stöðu málsins í ljósi ítrekaðra yfirlýsinga hæstv. ráðherra hér um ásetning sinn um það að miða við að 1% vextir verði hámarkið. En það er að mínu mati ótækt að stilla námsmönnum frammi fyrir því að þeir geti hvenær sem er átt von á öðru og meira vegna þess að vextirnir eru breytilegir og þakið 3%.

Annar stór þáttur í þessu máli sem hefur mikið verið ræddur en er einnig að fá á sig nýja mynd hér eftir því sem umræðan þróast og það eru hinar svokölluðu

uðu eftirágreiðslur á námslán. Það er atriði sem mörg orð hafa fallið um og sem viðmælendur okkar úti í þjóðfélaginu og viðskiptavinir lánasjóðsins láta sig miklu varða og telja eitt stærsta atriðið í tengslum við þetta frv. fyrir utan vaxtatökuna. Fyrir Alþingi liggja mjög eindregnar áskoranir um það að hverfa frá þessu tiltæki sem innleiða á með lögfestingu þessa frv.

Hæstv. ráðherra hefur í ræðum sínum reynt að rökstyðja það bæði hvað snertir hagsmuni Lánasjóðs. ísl. námsmanna sem stofnun og hins vegar út frá almennum viðhorfum, að það sé eðlilegt að breyta til og taka upp eftirágreiðslur á námslánum. Gegn þessu höfum við, minni hluti menntmn., mælt mjög eindregið og varað við því og fjölmargir sem hafa talað í umræðunni. Það hefur verið bent á að þessar greiðslur eftir á baka *námsmönnum afar mikið óhagræði og jafngilda* í raun fyrir fjölmarga vaxtatöku á námslán á námstíma. Það er alveg ljóst að aðrir en þeir sem hafa breið bök til að styðjast við munu þurfa að leita til lánastofnana til þess að brúa bilið allan sinn námstíma í rauninni, jafnvel allan námstímann, og greiða lánastofnunum vexti, sem gildandi eru á hverjum tíma, á víxillánum eða skammtímalánum.

Nú kemur hæstv. ráðherra og segir okkur að hann ætli að reyna að milda þetta með því að lánasjóðurinn taki á sig vaxtakostnaðinn í bili, námsmenn fái þetta reiknað inn í námslán sín á hverjum tíma og þannig safnist þessi vaxtakostnaður upp í höfuðstóli lána hjá lántakendum og þeir geti velt þessu áfram. Nú má segja að breyting í þessa átt, ef framkvæmd yrði með þessum hætti, geti létt greiðslustöðuna hjá námsmönnum í bili, en hitt er jafnljóst að þeir eru að taka á sig kostnaðinn af *þessu óhagræði og hann safnast upp í* endurgreiðslum þeirra til sjóðsins og er þannig íþyngjandi. Ég vil út af fyrir sig ekki hafna því að það geti verið til bóta fyrir viðskiptaaðila sjóðsins ef framkvæmd yrði sú hugmynd sem ráðherra var að kynna okkur og er seint fram komin í þessari umræðu af hans hálfu, en ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra um það nánar, hvernig hann sjái fyrir sér að þessi hugmynd hans, um það að sá vaxtakostnaður sem einstakir námsmenn þurfa að taka á sig verði endurgreiddur, verði útfærð. Ég tel alveg nauðsynlegt að það atriði, hvernig ráðherra hugsar sér útfærslu á þessu kerfi, liggi skýrt fyrir fyrir lok þessarar umræðu þannig að menn standi ekki frammi fyrir því eftir á, ef ekki fæst grundvallarbreyting á þessu atriði, að sagt verði: Þetta var nú hugmynd sem var kastað fram í umræðunni en það eru margir praktískir erfiðleikar á að útfæra hana og standa við hana og þannig yrði dregið í land. Við þurfum að hafa það alveg ljóst hver sá veruleiki er sem viðskiptaaðilar lánasjóðsins koma til með að standa frammi fyrir áður en gengið er til atkvæða um frv. að lokinni þessari umræðu.

Margt af því sem sagt hefur verið um þennan þátt, hina svonefndu eftirágreiðslu, er afar ýkjukennt og *fram sett af því er mér finnst til þess oft og tíðum að* gera samskipti viðskiptamanna lánasjóðsins tortryggileg, gera aðstöðu námsmanna viðskiptalega séð við sjóðinn tortryggilega. Þótt hæstv. ráðherra hafi sagt hér í ræðu sinni áðan að hann vilji ekki slást í hóp þeirra sem ræða um misnotkun eða misferli í þessu sambandi þá er það í rauninni andi þeirrar umræðu sem hæstv. ráðherra og sá meiri hluti sem hann styðst við hér á Alþingi leiðir til. Afleiðingarnar af því hvernig þetta mál er sett fram í umræðunni og samanber þau minnisblöð sem nýlega eru fram komin frá Lánasjóði ísl. námsmanna og eflaust ekki án vitundar hæstv. ráðherra, minnisblað dagsett 5. maí. um það sem kallað er ofgreidd lán og vanskil á námsárangri hefur endurómað hér í fréttum. Ég held að það sé ekki eins fjarri lagi eins og hæstv. ráðherra vildi vera láta að jafna samskiptum námsmanna við lánasjóðinn við greiðslur vinnuveitenda, atvinnurekenda til launamanns. Í rauninni er þarna spurningin um framfærslu námsmanna, *möguleika þeirra til að stunda sitt nám* og að því leyti alveg um sambærilegt atriði að ræða hvað aðstöðu snertir og hjá launamanni gagnvart atvinnurekanda. Hvað er um það, eins og hér er verið að setja fram, að námsmaður standi skil á námsárangri og fái ekki sín lán greidd fyrr en slík skil liggja fyrir? Það er ósköp sambærilegt við það að menn þurfi að vinna í hálft ár jafnvel heilt ár launalaust og krafsa sig fram úr tilverunni án þess að fá lán sem þeir þó eiga rétt á samkvæmt gildandi reglum og eiga von á að fá að ákveðnum tíma liðnum.

Það hefur verið upplýst að hér er í raun um óverulegar upphæðir að ræða að því er snertir uppgjör á svokölluðum ofgreiddum lánum umfram árið. Hér er um nokkra tugi millj. að ræða sem fara út í slíkum svokölluðum ofgreiddum lánum og enn þá lægri upphæðir þegar gert er upp í lok hvers árs. En það óhagræði *sem námsmönnum er bakað með þessum* samskiptareglum, sem hér er verið að innleiða, verður ekki reiknað til fjár. Ég held að meiri hlutinn hér á Alþingi ætti að hugsa sitt ráð betur áður en farið er að lögfesta þetta kerfi og baka viðskiptavinum lánasjóðsins allt það óhagræði sem því fylgir.

Auðvitað er það svo eins og í öllum kerfum að það eru smugur eða gerðar tilraunir *til að misnota þau* og vafalaust fer þetta kerfi lánasjóðsins ekkert varhluta af því að um slíka misnotkun verður að ræða í einhverjum tilvikum, sumpart ekki að yfirlögðu ráði heldur vegna þess að aðstæður manna breytast og menn ná ekki þeim markmiðum sem þeir hafa ætlað sér í námi og komast þannig í einhverja erfiðleika en það á ekki að þurfa að leiða til þess að menn fari að umbylta kerfinu þegar meinbugirnir eru ekki stærri en þeir sem hér er um að ræða að því er varðar hag þessarar stofnunar.

Þriðji stóri þáttur þessa máls eru síðan endurgreiðslurnar og þær mjög svo hertu kröfur sem verið er að innleiða með tillögum meiri hluta menntmn. og samkvæmt frv. einnig að því er það snertir. Þar höfum við í minni hluta menntmn. verið reiðubúnir til að stíga skref sem leitt gæti til verulega bættrar stöðu *Lánasjóðs ísl. námsmanna og höfum í tillögum okkar* tekið upp hugmyndir sem samtök námsmanna settu fram fyrri hluta vetrar til að koma til móts við nauðsynlegar úrbætur á þeirri stöðu sem Lánasjóður ísl.

námsmanna vissulega er í og sem ráða þarf bót á, enginn neitar því. Ég tel að þær tillögur sem minni hluti menntmn. ber fram um þetta efni séu raunsæjar, viðráðanlegar fyrir viðskiptaaðila lánasjóðsins en eru hins vegar allt aðrar og ganga ekki eins langt og meiri hluti menntmn. leggur til í sínum tillögum.

Þegar við höfum umræðu um þetta mál, virðulegur forseti, lágu ekki fyrir niðurstöður útreikninga um mat á líklegum afföllum hjá lánasjóðnum í nýju kerfi. Eins og menn vita, þá er um nokkur afföll að ræða í gildandi kerfi, kannski nálægt 10–15% ef rúmt er reiknað og með hertum endurgreiðslum sem minni hlutinn gerir tillögur um í sínum brtt. sem fluttar eru til vara ef dagskrártillaga um að vísa málinu frá verður ekki samþykkt. Við teljum að með tillögum okkar um hertar endurgreiðslur yrði það bil brúað sem nú er varðandi afföll í gildandi kerfi og með því sé verulegur ávinningur fenginn fyrir lánasjóðinn sem stofnun. Hins vegar er uppskeran að þeirri athugun sem Hagfræðistofnun Háskólans í samvinnu við Ríkisendurskoðun reyndi að vinna að beiðni menntmn. ekki sú sem að var stefnt því að í rauninni eru þeir útreikningar sem fyrir liggja mjög ófullkomnir og segja okkur næsta lítið um það hver verða líkleg afföll í þessu nýja kerfi þegar allir þættir eru teknir þar inn. Við fáum í rauninni aðeins endurmat á endurgreiðsluhlutfalli eða afföllum námsmanna í breyttu kerfi miðað við hertar endurgreiðslureglur en ekki að teknu tilliti til þeirra afskrifta sem líklegt er að myndist vegna þess að viðskiptaaðilar lánasjóðsins ráði ekki við þær greiðslur sem þeim er ætlað samkvæmt þessu breytta kerfi. Og ég held að þetta sé kannski sá þáttur sem mest óvissa er um og mest vöntun er á að fá metið með raunsæjum hætti. Eru menn í raun með þessum breytingum að bæta hag lánasjóðsins til lengri tíma litið eins og látið er að liggja í orði? Ég held að menn ættu að fara yfir þá útreikninga sem liggja fyrir á greiðslubyrði einstakra lánþega, viðskiptaaðila sjóðsins og þeirri stóru uppsöfnun sem þar verður og í raun óviðráðanlegri greiðslubyrði þeirra sem lægri tekjur hafa, þeirra sem mynda lágtekjuhópana hjá viðskiptaaðilum sjóðsins og þar sem í sumum tilvikum liggja fyrir niðurstöður um allt að tvöföldun á höfuðstóli frá því að lán eru tekin og við starfslok viðkomandi aðila.

Hæstv. ráðherra minnti á það að frv. útilokar ekki að stjórn sjóðsins geti létt af slíkum lánum við starfslok manna ef aðstæður bjóða og þar yrði að sjálfsögðu um afföll að ræða sem draga úr því hagræði sem sjóðnum er reiknað vegna breytinga á föstum greiðslum og vegna vaxtatöku. Þetta er atriði sem hefði þurft að liggja mun skýrar fyrir, í rauninni áður en mál þetta var lagt fyrir og útreikningar, sem við höfðum fengið samkvæmt beiðni nefndarinnar, leysa engan veginn þá gátu sem það er að geta sér til um hver verða afföllin í reynd í þessu breytta kerfi. Mér er vissulega ljóst að þar fá menn aldrei fram allan sannleik þar eð það verður alltaf óvissu háð, en vafalaust hefði verið hægt að komast þar nær líkum en fyrir liggur í þeim niðurstöðum sem okkur var skilað með bréfi til formanns menntmn. 27. apríl sl. Í því erindi er bent af hálfu Ríkisendurskoðunar á ýmis atriði sem geti aukið afföll í kerfinu fyrir utan að það vantar í rauninni að meta það sem hlýtur að verða að fella niður af skuldum manna sem ekki ráða við vaxandi greiðslubyrði og standa frammi fyrir því við starfslok, að ekki sé talað um það sem fellur niður við ævilok. Það kemur hins vegar fram í þessum útreikningum um endurgreiðslufall námslána að þar safnast upp í breyttu kerfi vaxtakostnaður sem hleður á sig og þar koma fram tölur sem sýna að endurgreiðslufall námslána, eins og það er nú hér kallað, yrði í breyttu kerfi miðað við 3% vexti ekki minna en 123,5% sem virðast nú vera allbærileg skil til lánasjóðsins, þ.e. lánið yrði endurgreitt 23,5% umfram það sem ella væri og miðað við að í gildandi kerfi væri þarna um að ræða rétt tæp 91%. Það munar því nálægt 33% samkvæmt þessum útreikningum sem skilað var inn til nefndarinnar og það eitt út af fyrir sig er umhugsunarefni.

Ég ætla, virðulegur forseti, eftir að hafa vikið að þessum stóru þáttum, sem eru eitt aðalumræðu- og ásteytingsefni varðandi þetta frv., að víkja að nokkrum atriðum sem fram komu hér í ræðum formanns menntmn., hv. 10. þm. Reykn., og í ræðum hæstv. ráðherra 27. apríl sl. og aftur í dag. Ég vil fyrst nefna örfá atriði úr ræðu formanns nefndarinnar um leið og ég ítreka að ágætt samstarf var við hana við málsmeðferðina og ég er þar ekki undan neinu að kvarta þó að mat okkar á málinu sem slíku sé afar ólíkt. Hv. þm. sagði 27. apríl, svo ég vitni hér til orða hennar:

„Tilgangur þeirra breytinga sem felast í frv. er fyrst og fremst að treysta fjárhagslega stöðu lánasjóðsins til frambúðar og draga úr þeirri byrði sem ríkissjóður hefur af sjóðnum. Hinn mikilvægi stuðningur þjóðfélagsins við menntun verður áfram verulegur. Lánin verða hins vegar dýrari og greiðast fyrr upp en áður, enda verður framtíð sjóðsins ekki tryggð með öðrum hætti án aukinna ríkisframlaga."

Þarna er hv. þm. auðvitað að draga fram ákveðinn kjarna í þessu máli og ég er ekki að segja að það sé gert með röngum hætti. En lausnin sem hún leggur áherslu á, að létta greiðslum frá sameiginlegum sjóði og leggja þær á viðskiptaaðila lánasjóðsins, fer ekki saman við þau markmið, sem hv. þm. hefur þó í orði tekið undir, að tryggja jafnrétti til náms og það er í rauninni meginásteytingsefni okkar í minni hluta menntmn. við meiri hlutann að hér er verið að skerða aðstöðu námsmanna miðað við efnahag, búsetu og framfærslu frá því sem verið hefur, auka mismunun að þessu leyti og það út frá því sjónarmiði að það verði umfram allt að draga úr greiðslum úr sameiginlegum sjóði til þessara þátta. Það er það leiðarljós sem þarna er farið eftir. Ég tek það fram að það er eðlilegt að beita skynsamlegu aðhaldi í sambandi við námslánakerfi og leitast við að koma í veg fyrir að það þjóni ekki þeim markmiðum sem sett eru í lögum. Það getur verið sameiginlegt áhugamál. En það má ekki nota slíka þætti til að draga að sér og draga við við sig þann nauðsynlega stuðning sem verður að fást ef menn ætla að standa við markmiðið jafnrétti til náms. Og það er sá feluleikur, sem hér er stundaður og er á fullri ferð

jafnt hjá hæstv. ráðherra sem talsmönnum meiri hluta menntmn.

Hæstv. ráðherra, sem nú er horfinn af vettvangi, býr mál sitt í þann búning að gefa sér að það sé nánast lögmálsbundin upphæð sem von sé til að fá Alþingi til þess að leggja inn í þennan málaflokk og það sé eitthvað nálægt því sem greitt hefur verið eða 2 milljarðar kr. á ári hverju og ekkert fram yfir það. Út frá því er gengið og út frá því er lagt. Við gerum okkur auðvitað alveg grein fyrir því að staða Lánasjóðs ísl. námsmanna verður ekki gerð viðunandi rekstrarlega séð nema sameiginlegur sjóður sé reiðubúinn til þess að taka tímabundið á í þessum efnum og rétta við stöðuna. Ef vilji væri nú til þess hjá meiri hlutanum á Alþingi að gera það, þá stæði örugglega ekki á stjórnarandstöðunni að rétta þar hjálparhönd. Komið hafa yfirlýsingar frá talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna og ég minni á ræðu þingflokksformanns Framsfl. síðast í gær sem gaf yfirlýsingar sem ekki verða skildar á annan hátt en þann að ekki standi á Framsfl. að taka á í þessum efnum þannig að þetta lögmál, sem hæstv. menntmrh. er að búa til í sambandi við mögulegan stuðning úr sameiginlegum sjóði til að geta tryggt jafnrétti til náms, er tilbúningur og endurspeglar aðeins skort á pólitískum vilja til að fylgja þessu máli fram og skapa samræmi milli orða og athafna.

Ég tengdi þetta mál framsögðuræðu hv. formanns menntmn., 10. þm. Reykn., vegna þess að það er auðvitað sá þingmeirihluti og nefndarmeirihluti sem ber ábyrgð formlega séð á þeim tillögum sem hér eru fram settar þó að ég efist ekkert um að náið samráð hafi verið haft við ráðherrann um það sem þar var fram borið. Óneitanlega var það dálítið sérstakt þegar hæstv. ráðherra gaf tillögum meiri og minni hluta einkunnir, svona rétt eins og hlutlaus prófdómari, í ræðu sinni 27. apríl sl. Svona nánast eins og hann væri að sjá þessar tillögur hér fyrst á þingskjölum. En ekki ætla ég að hafa það sem stórt gagnrýniatriði af minni hálfu og á ég eftir að koma að máli hæstv. ráðherra betur síðar.

Hv. formaður menntmn. vék að 3. gr. laganna þar sem verið er með þeim breytingum, sem gerðar eru frá gildandi lögum, að veikja til muna það lagaboð sem er um stuðning við námsmenn til þess að tryggja í reynd markmiðin um jafnrétti til náms. Og hv. 10. þm. Reykn. orðaði það svo: „Hins vegar hefur stjórnin samkvæmt frv. rýmra svigrúm en verið hefur til þessa til að ákveða fyrir hvaða útgjöldum námsmanns skuli lánað og hvaða tillit skuli taka til fjölskyldustærðar hans, tekna o.s.frv." Þetta er mjög skýrt orðað. Þarna kemur það fram sem verið er að færa í lög samkvæmt fyrirliggjandi lögum meiri hlutans að draga úr því lögboðna tilliti til aðstæðna námsmanna sem er að finna í 3. gr. gildandi laga og sem við í minni hluta menntmn. gerum tillögu um að standi óhaggað.

Eitt atriði þessa máls, sem ekki þykir kannski mjög stórt fljótt á litið, snertir kröfuna um fjölda ábyrgðarmanna. Fram að þessu hefur það verið látið nægja að viðskiptaaðili, námsmaður sem skiptir við lánasjóðinn, hafi aðeins einn ábyrgðarmann. Hér er það fært í þann búning að hann skuli a.m.k. vera einn og að hver ábyrgðarmaður skrái sig fyrir tiltekinni upphæð. Hv. 10. þm. Reykn. orðaði það svo hér í ræðu sinni 27. apríl, með leyfi forseta: „Á þennan hátt þyrftu ábyrgðarmenn strax að taka afstöðu til þess hvernig þeim litist á að ábyrgjast heildarskuld námsmannsins en mundu ekki ánetjast smám saman eins og í þeirri aðferð sem frv. gerir ráð fyrir." Hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði þennan þátt að umræðuefni í sínu máli við umræðuna. Og hæstv. ráðherra veittist að þingmanninum sérstaklega vegna þess. Ég held að menn ættu að fara svolítið betur yfir þær aðstæður sem þarna er verið að skapa. Ekki vegna þess að það sé óeðlilegt að skyldur fylgi lögboðinni ábyrgð, undan þeim verður auðvitað ekki vikist ef lögin eru þannig sniðin. En hins vegar er ég hræddur um að með þessum hertu endurgreiðslum og með þessum kvöðum um að því sé haldið upp að nefinu á ábyrgðarmanni hverju sinni hvaða ábyrgð hann sé að axla verði aðstæður námsmannanna til að fá ábyrgðarmenn og til þess í raun að geta tekið lán hjá sjóðnum til muna örðugri en verið hefur til þessa. Það þarf ekki neina vitringa til að átta sig á því hverjir það verða sem lenda í erfiðleikum vegna þessara ákvæða og vegna þess í hvaða stakk það er búið hér. Við getum tekið dæmi af einstæðu foreldri með eitt eða fleiri börn í samskiptum við Lánasjóð ísl. námsmanna annars vegar og hins vegar námsmenn sem eiga gilda að og þannig aðstæður að auðvelt er fyrir þá að fá slíkar uppáskriftir á færibandi í sumum tilvikum án þess að viðkomandi þurfi að hafa miklar áhyggjur af því að gerast ábyrgðarmenn fyrir viðkomandi.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þeirra orða sem fram komu hjá hæstv. ráðherra við umræðuna þó ég sé með því engan veginn að gera lítið úr því að ábyrgð fylgi þeim samskiptum sem þarna er um að ræða. Menn þurfa auðvitað að horfast í augu við hvað verið er að leiða í lög hverju sinni. En það er ekki aðalatriði málsins heldur er það spurningin um aðstæður námsmannanna til þess að geta komist í viðskipti við sjóðinn og til þess að geta í reynd stundað nám í krafti þess.

Hv. 10. þm. Reykn. ræddi um eftirágreiðslurnar og ofgreiddu lánin og talaði í því sambandi um misnotkun á fjármunum. Þannig innleiddi hún þá umræðu sem hæstv. ráðherra vildi ekki fara langt út í eða gera að sínu, að stimpla menn sem einhverja misindismenn sem færu þar fram úr. Og í þessu samhengi kom einmitt hv. formaður menntmn. fram með hugtakið um eftirágreidd laun sem hæstv. ráðherra vísaði mjög bratt frá. Því hv. 10. þm. Reykn., formaður menntmn., sagði orðrétt: „Ætla má að námsmenn verði fljótir að aðlaga sig þessum breyttu reglum og má e.t.v. með nokkrum rökum líkja þessari aðferð við eftirágreidd laun." Það fara ekki alveg saman samlíkingar og skilningur hjá hæstv. ráðherra og formanni menntmn. Og skilningur formanns menntmn. miklu nær því sem við höfum verið að túlka heldur en viðbrögð ráðherrans.

Þetta voru nokkrar athugasemdir sem tengjast framsögu meiri hluta menntmn. og sem ég hef fyrst nú tækifæri til að koma með ábendingar um og gera athugasemdir við.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, að víkja að nokkrum atriðum úr máli hæstv. menntmrh. í fyrri ræðu hans við þessa umræðu þann 27. apríl sl. Hæstv. ráðherra, sem hefur kvartað undan því nokkrum sinnum að honum þyki ganga seint að þoka áfram umræðu um þetta mál hér í þinginu, viðurkenndi það í þessari ræðu að dregist hafi úr hömlu af hans hálfu að leggja þetta mál fram og það eru kannski þær aðstæður og margháttuð missmíð tæknilegs eðlis sem var á frv. eins og það kom fram sem hefur átt þátt í því að bæði menntmn. þurfti lengri tíma til að athuga málið og einnig við að ræða það ítarlegar en ella hefði kannski orðið við 2. umr. Það var í þessari ræðu sem hæstv. ráðherra bjó til lögmálið um einhverja fasta upphæð sem væri hægt að fá Alþingi til að reiða fram sem framlag í Lánasjóð ísl. námsmanna og ég hef þegar vikið að. Og það var í þessari umræðu sem hæstv. ráðherra kom fram með það sjónarmið að ef Alþingi kæmist að því að það þyrfti að athuga þetta mál betur, leggja það fyrir á annan hátt og stuðningur yrði við megintillögu minni hluta menntmn. þá yrði lánasjóðurinn gjaldþrota og þjónaði engum og þar með væri sem sagt sú binding öll fallin. Það var þetta viðhorf að ekki væri hægt að ráða bót á þessu máli eða koma til móts við sjónarmið minni hlutans nema með því að skerða þjónustu og viðskipti lánasjóðsins við námsmenn. Hæstv. ráðherra orðaði það svo við þessa umræðu, með leyfi forseta. „Ef þetta frv. fæst ekki samþykkt þá verður nauðsynlegt að skerða grunnlánin, hjá því verður einfaldlega ekki komist. Og ég geri ráð fyrir að sú skerðing gæti numið allt að 30%, jafnvel meira til þess að mögulegt sé að halda sjóðnum innan ramma fjárlaga og lánsfjárlaga." Og þarna kemur hæstv. ráðherra einmitt að þessum gapastokk sem hann hefur komið sjálfum sér í og vill ekki fá neina aðstoð til að losna úr. Þ.e. að setja þetta mál upp í ljósi gildandi fjárlaga og að miðað verði við að hægt verði að standa við þau mörk sem þar eru dregin og Alþingi hefur ákveðið þó að hitt sé jafnljóst að hvenær sem er getur hæstv. ráðherra leitað til þingsins til að fá þar breytingu á og til þess að leysa málið. Í rauninni er sköpuð algerlega óviðunandi aðstaða fyrir þingið að fjalla um þetta mál út frá svo skammsæju sjónarmiði að hér þurfi að ná fram breytingum vegna uppgjörs innan eins fjárlagaárs. Það eru auðvitað fjarstæðukenndar aðstæður sem verið er að skapa með slíku.

Þetta tengist því sem kom fram í umræðunni í dag og ég leyfi mér að taka upp í þessu samhengi. Það er sá veruleiki að ekki á að greiða neitt út úr sjóðnum á seinni hluta ársins. Það á engin haustlán að greiða til þess að bæta greiðslustöðu innan ársins. Hér var borin fram spurning til hæstv. ráðherra sem hann svaraði ekki í orðaskiptum að lokinni ræðu hans í umræðunni í dag: Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera með þann afgang sem við þetta skapast hjá lánasjóðnum við uppgjör um næstu áramót? Greiðsluafgang upp á hundruð milljóna, nefndar voru 800 millj. að mig minnir í þessu samhengi. Af hverju notar ekki hæstv. ráðherra þá fjármuni sem þarna falla til og liggja innan rammans samkvæmt upplýsingum sem ég vænti að séu marktækar og vísað var til framkvæmdastjóra lánasjóðsins í því sambandi. Af hverju er það fé ekki notað til að greiða út a.m.k. hluta haustlána á þessu ári í staðinn fyrir að safna því upp? Er það hugsanlegt, hæstv. ráðherra, að áformin séu þau að nota þann afgang sem þannig er skapaður til að draga í land á næsta fjárhagsári í fyrirgreiðslu við lánasjóðinn? Ég óska eftir skýrum svörum varðandi þetta atriði að gefnu tilefni vegna þess að hæstv. ráðherra svaraði endurteknum fyrirspurnum um þetta efni engu.

Hæstv. ráðherra leitaðist við að réttlæta samskipti sín við félagslegar hreyfingar námsmanna við undirbúning þessa máls með því að halda því fram að það hafi í raun verið allt með felldu í samskiptum við undirbúning frv. Ráðherrann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Námsmenn fengu tvo fulltrúa í þá nefnd sem gekk frá frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna en áður höfðu þeir fengið nokkrar vikur til að kynna sér tillögur um leiðir til úrbóta í málefnum lánasjóðsins og koma á framfæri athugasemdum og eigin tillögum." Ég vísa einfaldlega til þess veruleika sem fyrir liggur og hefur verið rakinn við þessa umræðu, hvernig háttað var störfum þeirrar nefndar sem sett var á laggirnar í nóvember sl. og starfaði í tíu daga eða svo. Ég verð að segja að það er ólíku saman að jafna þeim samskiptum sem ráðuneytið í öllu sínu veldi stóð fyrir og hins vegar hreyfingar námsmanna, settar undir mikinn þrýsting og skammtaður afar naumur tími, sýndu með ábyrgum tillögum sem þær settu fram, það fólk sem að þessum málum vann á vegum hreyfinga námsmanna, lögðu fram sem andsvar við tillögum ráðuneytisins sem voru auðvitað fullbúnar og fullmótaðar áður en farið var að kalla til námsmenn því þeir máttu rétt sjá þetta til málamynda á lokastigi. Hreyfingar námsmanna voru t.d. útilokaðar frá samskiptum við ráðuneytið og nefndina sem sett var á laggirnar á sl. sumri. Og það var farið með þær hugmyndir sem þar voru í deiglu og eru undirstaða þessa frv. sem ríkisleyndarmál, einnig gagnvart menntmn. þar sem óskir komu fram um að fá að heyra og sjá þau meginatriði sem þar væru rædd til að geta hafið umræðu um þessi mál á vettvangi nefndarinnar eins og þingsköp heimila að gert sé um einstök mál þó þing sé ekki starfandi.

Hæstv. ráðherra taldi að það hefði verið tekið tillit til ýmissa sjónarmiða námsmanna við samningu frv. og umfjöllun í nefndinni og vísaði frá þeirri gagnrýni sem fram var borin. Auðvitað er ekki hægt að hafa áhrif á það hvernig hæstv. ráðherra metur málið og setur það fram af sinni hálfu en veruleikinn er allur annar en hæstv. ráðherra reyndi að láta að liggja í ræðu sinni um þetta efni.

Hæstv. ráðherra beindi síðan orðum sínum til okkar í stjórnarandstöðunni og taldi að við skulduðum sér og þinginu skýringar á því hvernig við ætluðum að tryggja jafnrétti til náms og leysa þann vanda sem við er að fást. Ég vil vegna þessara frýjunarorða hæstv. ráðherra fara nokkrum orðum um þetta efni, þó að hæstv. ráðherra sé auðvitað kunnugt um það hvaða sjónarmið það eru sem liggja til grundvallar okkar tillögum.

Við viðurkennum að við vanda sé að fást hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Við tökum tillit til þess í okkar tillögum sem fluttar eru til vara við þetta mál. Brtt. okkar varðandi 8. gr. frv. er um verulega hertar endurgreiðslur sem gætu numið allt að hálfum milljarði til hagsbóta fyrir sjóðinn. Hæstv. ráðherra fannst það ekki vera mikils virði og taldi það hrökkva skammt. En við höfum jafnframt sett fram hugmyndir um að ríkissjóður verði að taka á sig tímabundið auknar greiðslur til lánasjóðsins sem ekki væri óeðlilegt að framkvæmdar væru með yfirtöku að hluta á áhvílandi lánum sjóðsins til að bæta aðstæður hans og koma honum á sléttan sjó, rekstrarlega, til lengri tíma litið. Hvers vegna eru menn ekki reiðubúnir til þess að taka þannig á máli? Er eitthvað óðruvísi háttað varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna en önnur félagsleg jöfnunarkerfi í þessu landi, heldur en þann stuðning sem veittur er við skólakerfið í landinu þar sem ríkissjóður axlar verulegar upphæðir og verulegan hluta til að halda því uppi?

Það má vísa til aðgerða sem gerðar hafa verið varðandi aðra þætti sem varða hag fjölmargra, yfirtöku á áhvílandi skuldum. Ég nefni sem dæmi þá aðgerð sem framkvæmd var í tíð síðustu ríkisstjórnar varðandi Rafmagnsveitur ríkisins til þess að koma í veg fyrir stórhækkaða gjaldskrá og aukna mismunun í því jöfnunarkerfi sem reynt hefur þó verið að viðhalda með stuðningi ríkisins í sambandi við þá nauðþurft sem orkan er fyrir rekstur heimilanna í landinu. Það er því mjög langt frá því að við höfum horft fram hjá því að það þurfti að grípa til aðgerða í sambandi við málefni lánasjóðsins. Síðan er því við að bæta að auðvitað er sjálfsagt að fylla upp í göt sem kunna að vera á framkvæmd, göt sem bjóða upp á misnotkun í sambandi við þetta kerfi. Um það geta vafalaust allir sameinast og ekki síst námsmenn sem hafa ítrekað borið fram tillögur þar að lútandi og er það auðvitað í þeirra hag að komist verði hjá misnotkun í sambandi við rekstur sjóðsins sem leiðir til fjárhagslegs tjóns fyrir heildina.

Svo vék hæstv. ráðherra að brtt. minni hlutans lið fyrir lið, býsna nákvæmlega. Ég þakkaði hæstv. ráðherra í stuttu andsvari fyrir það að hann tók af mér ómakið með vissum hætti eða bætti um betur með því að vekja athygli á þessum brtt. minni hlutans. En það kom hins vegar fram, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra hafði ekki skilið tillöguflutninginn nema að takmörkuðu leyti og hafði auðvitað allt á hornum sér varðandi efni þessara tillagna og þess vegna ætla ég aðeins að svara nokkrum athugasemdum sem fram komu af hálfu hæstv. ráðherra ef það mætti verða til þess að leiðrétta misskilning sem greinilega var uppi hjá honum um einstaka þætti í okkar brtt.

Hæstv. ráðherra vék að brtt. varðandi 3. gr. frv. og sagði orðrétt: „Líka er lagt til í 2. brtt. minni hlutans við 3. gr. að ráðherra sé skyldaður til að skipa nefnd þriggja manna til að fjalla um breytingar á reiknuðum framfærslugrunni ef ósk kemur fram um slíkt. Hlutverk fjárveitingavaldsins og stjórnar sjóðsins innan ramma laganna er að ákveða upphæð námslána. Ég sé ekki að það sé til bóta að koma á enn einni nefndinni með aðild hagsmunaaðila og oddamanns." Hér er ekki nýmæli á ferðinni, hæstv. ráðherra. Þetta hefur verið lögboðið síðan 1989 og er hluti af lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna að slík þriggja manna nefnd fjalli um breytingar á reiknuðum framfærslukostnaði og geri tillögu til stjórnar sjóðsins þar að lútandi þannig að það er ekki verið að auka við neitt sem fyrir er. Hér er því um misskilning að ræða hjá hæstv. ráðherra þegar hann er að gera athugasemdir við þessa brtt.

Þá vék hæstv. ráðherra að því svo að ég vitni orðrétt til hans máls: „Mér sýnist líka nokkuð einkennilegt að minni hluti menntmn. skuli leggja til að þeir sem rétt eiga á námsláni skuli eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Um þetta eru höfð nokkuð mörg orð í nál. minni hlutans á bls. 6. Það ákvæði í gildandi lögum er til komið vegna húsnæðiskerfis sem hefur verið lagt niður og námsmenn hafa sjálfir lýst yfir að litlu skipti hvort ákvæði af þessu tagi sé úti eða inni. Það er ástæðan fyrir því að þetta er lagt til í frv. að þetta kerfi, húsnæðiskerfi sem byggt var á, er ekki lengur til." Þetta er nú ekki svona einfalt, hæstv. ráðherra. Lífeyrissjóðir eru ekki einvörðungu til að skapa mönnum aðgengi vegna húsnæðislána og þar hafa vissulega verið gerðar breytingar á. Ég vísa í þessu sambandi til umsagnar Alþýðusambands Íslands og leyfi mér að vitna til þeirrar umsagnar, með leyfi forseta:

„Miðstjórn [þ.e. miðstjórn Alþýðusambandsins] telur óskynsamlegt að fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur lánþega. Aðild námsmanna að því velferðarkerfi sem lífeyrissjóðirnir fela í sér er rökstudd með tilvísun til þess að ef námsmenn yrðu t.d. fyrir varanlegri örorku meðan á námi stendur hefðu þeir ekkert öryggisnet. Krafa húsnæðiskerfisins til aðildar að lífeyrissjóði kom miklu seinna fram. Eðlilegra er að gera slíkar breytingar þegar löggjöf um tryggingar verður samræmd. Miðstjórn mótmælir þeirri röngu fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð með frv. að lífeyrisréttindi í almennum lífeyrissjóðum séu hliðstæð þeim sem hægt er að kaupa á almennum markaði."

Þetta er tilvitnun í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta efni og þeir fulltrúar námsmanna sem ég ræddi við um þessi efni töldu skynsamlegt að halda inni heimildinni um aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eins og verið hefur og er í gildandi lögum.

Þá gerði hæstv. ráðherra athugasemd við 3. brtt. minni hluta nefndarinnar sem gerir ráð fyrir því að fjölgað sé í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna úr sex í átta. Þar erum við að gera tillögu um að Iðnnemasamband Íslands fái fulltrúa í stjórn sjóðsins en Iðnnemasambandið er stór viðskiptaaðili við sjóðinn, eða námsmenn innan vébanda þess, en ekki færri en 1.400 námsmenn í Iðnnemasamandinu eru í viðskiptum við Lánasjóð ísl. námsmanna. Við gerðum jafnframt tillögu um það að fulltrúi valinn af ráðherra bættist við úr hópi samstarfsnefndar háskólastigsins þannig að jafnvægi héldist á ráðherravöldum fulltrúum og fulltrúum tilnefndum af hagsmunaaðilum. Hæstv. ráðherra sagði þar, eins og hann hefur ítrekað síðar, að þannig hafi verið litið á að Bandalag ísl. sérskólanema fari með mál sérskólanemenda í stjórn lánasjóðsins, þar

með talin mál iðnnema og þess vegna sýnist ónauðsynlegt að fjölga í stjórn sjóðsins, eins og ráðherrann orðaði það í ræðu sinni. Ég harma að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa tekið undir þessa brtt. og að meiri hluti menntmn. skuli hafa hafnað því að gera hana að sinni og taka undir með minni hlutanum um þetta efni. Ég er alveg viss um það að það yrði til bóta fyrir starfsemi lánasjóðsins að Iðnnemasamband Íslands ætti þar fulltrúa, bæði fyrir umbjóðendur þess en ekki síður til þess að tryggja eðlileg viðskipti lánasjóðsins við þá sem eru innan vébanda Iðnnemasambands Íslands. BÍSN, sem svo er skammstafað, Bandalag ísl. sérskólanema, hefur ekki þann aðgang að iðnnemum sem ekki eru innan þeirra vébanda og ekki upplýsingar um stöðu þeirra og hag sem Iðnnemasamband Íslands hefur og þess vegna er það mjög leitt að meiri hluti menntmn. skuli ekki hafa fallist á þessa tillögu og ráðherrann séð sér fært að veita henni stuðning.

Í þessari ræðu sinni fjallaði hæstv. ráðherra um eftirágreiðslurnar og sú umræða er það margyfirfarin að ég ætla ekki að eyða mörgum orðum þar til viðbótar en í því sambandi féll orðið „misnotkun" af hálfu ráðherra ítrekað. Ég nefni það hér vegna þess að hann var að bera það af sér í ræðu í dag um sama efni að hann hefði verið að gera því skóna. Orðrétt sagði hæstv. ráðherra þarna í ræðu sinni 27. apríl, með leyfi forseta:

„Auðvitað er ekkert vit í því að vera með svona ákvæði inni í lögum sem gefa mönnum kost á slíku sem þessu sem verður að kalla misnotkun. Það verður að kalla þetta misnotkun og verið er að koma í veg fyrir það með þessu ákvæði." Þetta er tilvitnun í mál hæstv. ráðherra.

Þá eru það lántökugjöldin sem við gerum tillögu um að ekki verði lögfest en hæstv. ráðherra telur eðlilegt að lögfesta og meiri hluti menntmn. Í útreikningum hefur þar verið miðað við 1,2% sem er rökstutt með því að eðlilegt sé að láta viðskiptaaðila lánasjóðsins standa undir kostnaði við rekstur hans og hæstv. ráðherra þykja þetta vera hófleg gjöld. Hér er verið að auka álögur á námsmenn og það er óeðlilegt að okkar mati til viðbótar við allt annað að auka þessum lið við, íþyngjandi fyrir viðskiptaaðila sjóðsins því að í raun er um verulegar upphæðir að ræða sem eiga að skila sér inn í gegnum þessi lántökugjöld. Upphæðin sem þarna er á ferðinni er 100–200 millj. kr., ef ég man rétt, a.m.k. þegar fram í sækir, þannig að hér er um allverulegar álögur að ræða.

Þá vék hæstv. ráðherra í ræðu sinni að einni brtt. sem er varðandi 7. gr. og hafði um það þessi orð, með leyfi forseta:

„Í frv. er gert ráð fyrir að endurgreiðslur hefjist einu ári eftir námslok. Meiri hluti menntmn. hefur lagt til að endurgreiðslur hefjist tveimur árum eftir námslok og ég tel það sanngjarnt og fellst á þá brtt. meiri hlutans. Ég get hins vegar ekki fallist á að þetta verði óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. þrjú ár. Lagt er til í tillögum minni hlutans að ári eftir námslok sé námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar hans. Þetta er ónauðsynlegt þar sem sjóðurinn sendir öllum skuldurum yfirlit yfir skuldir þeirra um hver áramót og ekki er ráðgert að breyta því," segir hæstv. ráðherra.

Þetta er meinlaus athugasemd út af fyrir sig en ekki sé ég að neitt sé á móti því að tryggja í lögum það sem hefur reynst vel í reynd og er stundað þannig að þetta er ekki vel rökstudd athugasemd frá hæstv. ráðherra. Síðan segir ráðherrann: „Mér sýnist einnig einkennilegt og í raun og veru ótrúlegt að minni hluti menntmn. skuli leggja til að endurgreiðslur skuli fara fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma sem námsmaður undirritaði einstök skuldabréf." Og bætir við: „Hérna hlýtur að vera um einhver mistök að ræða hjá þeim sem tillöguna flytja því ég sé ekki betur en þetta geti falið í sér aukna greiðslubyrði skuldara miðað við það sem gert er ráð fyrir í frv."

Ég verð að segja að hér held ég að hljóti að vera um misskilning að ræða hjá hæstv. ráðherra. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að breyta neinu um það eða hafa á móti því eða bregða fæti fyrir að eldri lán flytjist aftur fyrir eins og mér sýnist að sé skilningur hæstv. ráðherra þegar hann er að túlka þessa brtt. Hér er einfaldlega verið að slá því föstu með þessari tillögu að endurgreiðslur fari fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma sem lánið var veitt og skuldabréf undirrituð og kemur með engum hætti í veg fyrir að eldri skuldir séu færðar aftur fyrir eins og gert er ráð fyrir með frv.

Fleiri atriði gerði hæstv. ráðherra athugasemdir við í brtt. okkar og sé ég ekki ástæðu til að elta ólar við það allt saman. Það er á svipuðum misskilningi byggt sýnist mér eða vilja til að gera brtt. okkar tortryggilegar í því formi m.a. að ónauðsynlegt sé að festa í lög tiltekin ákvæði og læt ég nægja að vísa til þess að ég er ekki sammála þeirri túlkun hæstv. ráðherra. Eitt atriði var réttmætt í saumnálarleit hæstv. ráðherra varðandi brtt. okkar. Okkur hefur sést yfir að leggja til sérstaklega þá breytingu við 15. gr. að gera ekki ráð fyrir vöxtum sem tekjum í lánasjóðinn. Það er alveg rétt og auðvitað, ef okkar brtt. væru samþykktar, yrðu engar slíkar tekjur þannig að ákvæðið út af fyrir sig gæfi ekkert í aðra hönd. Ég hefði vissulega getað hugsað mér að standa að brtt. um það og það væri í rökréttu samhengi við aðrar tillögur sem við flytjum þar sem ekki er gert ráð fyrir vöxtum á námslán. Þetta voru athugasemdir að gefnu tilefni í ræðu hæstv. ráðherra.

Ég ætla þá aðeins að koma að fáeinum atriðum sem ráðherrann vék að í ræðu sinni í dag og verða það þó ekki mjög mörg atriði sem þar verða tekin fyrir af minni hálfu nú. Ráðherrann var þar í ræðu sinni áfram í hlutverki dómarans og er það auðvitað hans góði réttur. Hann hélt því fram að þingmenn, og átti við þá sem mæla fyrir minnihlutaáliti menntmn. geri ég ráð fyrir, misskilji jafnrétti til náms og taldi að því væri til haga haldið í tillögu meiri hluta nefndarinnar og í frv. sjálfu. Ég held að þessu sé þveröfugt farið að það sé einmitt skorturinn á samræmi milli tillagna hæstv. ráðherra og meiri hluta menntmn. og því sem slegið er föstu í orði, að vísu ekki í sjálfu frv. en í ræðum manna, að þeir vilji tryggja jafnrétti til náms. Það er galli á brtt. meiri hluta menntmn. varðandi 1. gr. frv. Þar er þetta ekki orðað með þeim hætti sem við gerum tillögu um held-

ur er verið að gera ráð fyrir því að tækifærin til náms séu tryggð. Ef ég man rétt, þá er orðanna hljóðan á brtt. meiri hlutans eitthvað í þá veru en ég er ekkert að draga úr því að hugur búi að baki því sem menn mæla en það er hins vegar ekki útfært í tillögum varðandi frv. og það er það sem við hljótum að gera athugasemdir við.

Hæstv. ráðherra vék að breytingu á lögum um Vísindasjóð sem samkvæmt athugasemdum við frv. er ætlað að taka við *því hlutverki sem gert er ráð fyrir í gildandi* lögum um námsstyrki. Hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það að í þeirri vinnu að breytingum á gildandi lögum um Vísindasjóð, sem nú væri hafin, eigi að huga að styrkveitingum. Ráðherrann taldi sig hafa svarað fram komnum athugasemdum að því er varðar námsstyrki og hlutverk Vísindasjóðs í því samhengi með þessum mjög svo veiku tilvísunum í þá endurskoðun sem nú er hafin. Í rauninni þyrfti ráðherrann ef ætti að taka yfirlýsingar hans gildar að leggja fyrir tillögur við þá aðila sem hann felur að endurskoða lög um Vísindasjóð, efnislegar tillögur um það hvernig hann vilji að Vísindasjóður taki á sig skuldbindingar að því er snertir námsstyrki og sem snerta hið almenna námsaðstoðarkerfi sem verið er að breyta og í rauninni að fella niður styrkveitingar frá Lánasjóði ísl. námsmanna og vísa þeim út í óvissan buska eins og hér er gert í reynd.

Ég leyfi mér því að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann hafi markaðar tillögur fram að færa um það með hvaða hætti Vísindasjóður eigi að taka við því hlutverki að veita námsstyrki. Slíkar breytingar ættu auðvitað að haldast í hendur við breytingar á lögum *um Lánasjóð ísl. námsmanna ef eðlilega væri á máli* haldið.

Okkur greinir á, hæstv. ráðherra, um það hvernig eigi að meta tekjur manna með tilliti til greiðslubyrði. Hæstv. ráðherra telur eðlilegt að miða við meðaltekjur litið til baka og fann að því að miðað væri í útreikningum við taxtalaun. Þetta er út af fyrir sig ósköp auðvelt að leggja mat á hvað eðlilegt er í þessu sambandi en ég vil a.m.k. taka svo djúpt í árinni að segja að það er ekki óeðlilegt þegar verið er að fara yfir mál af þessum toga að miða við þau laun sem eru dagvinnutekjur eða þær tekjur sem menn hafa örugglega á hendi samkvæmt umsömdum kjarasamningum. Við leyfðum okkur það í menntmn. að óska eftir útreikningum þar að lútandi sem liggja fyrir til hliðsjónar við greiðslubyrði sem einstakir hópar þurfa að axla að gefnum ákveðnum forsendum.

Hæstv. ráðherra vék í máli sínu nokkuð að stefnu í skólamálum og minnti á að hann væri að láta vinna tillögu til þess að endurmeta ýmislegt í skólakerfi okkar og orðaði það eitthvað á þessa leið: Ekki eingöngu með það að markmiði að spara peninga.

Mér þótti athyglisvert að hæstv. ráðherra tók svona til orða því það er nokkuð til í því að sannarlega er meginmarkmiðið, sem endurspeglast í tillögum ráðherrans og málflutningi hér á Alþingi, að skera niður í menntakerfinu, þrengja þar að og það fer ekkert fyrir tillögum sem ganga í aðra átt. Þær eru a.m.k. ekki komnar fram þó svo ráðherra hafi sett á laggirnar nefndir, skipaðar stjórnarliðum fyrst og fremst og í raun einvörðungu, a.m.k. án fulltrúa frá stjórnarandstöðu, til þess að endurskoða lög um einstök skólastig. Ég óttast miðað við hvernig hæstv. ráðherra leggur upp í sína ferð sem ráðherra menntamála að það verði enginn gleðiboðskapur fyrir þá sem líta til skólamálanna í landinu sem þar verði fram borinn þegar tillögur verða mótaðar. Þar þarf að verða a.m.k. veruleg breyt*ing á frá því sem er í tillögum sem hér liggja fyrir* og sem tengjast einnig fjárlagaafgreiðslu og ræddar voru fyrr á þessu þingi.

Virðulegur forseti. Eins og ég hef vikið að fyrr í máli mínu þá höfum við í minni hluta menntmn. gert grein fyrir viðhorfum okkar og hvernig við viljum taka á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna, bæði þeim vanda sem þar er við að fást og ekki síður viðskiptum námsmanna við sjóðinn og hvernig að þeim verði búið til að tryggja jafnrétti til náms. Ég vil einnig leyfa mér að minna á að fyrrv. menntmrh. fjallaði um þessa þætti eins og raunar flesta þætti sem lúta að skólamálum í riti sem gefið var út af menntmrn. sl. vetur og ber heitið „Til nýrrar aldar". Þar er fjallað um fjárhagsaðstoð til námsmanna í sérstökum kafla og bið ég forseta um leyfi til að vitna örstutt í þann kafla sem er 5.7 í þessu riti undir fyrirsögninni „Fjárhagsaðstoð til námsmanna". Þar segir undir millifyrirsögninni Meginmarkmið: „Fyrirkomulag námsaðstoðar verði í meginatriðum óbreytt. Stefnt verði að því að einfalda útlánareglur og nýta fjármagn Lánasjóðs ísl. námsmanna betur en verið hefur. Þetta verði m.a. gert með því að flytja ákvarðanatöku og fjárhagslega ábyrgð í ríkari mæli til lánþega. Jafnframt verði stefnt að því að auka bein framlög ríkisins til sjóðsins á komandi árum, þannig að unnt verði að draga úr lántökum sjóðsins í náinni framtíð. Þannig verði sköpuð skilyrði til þess að framlag ríkisins geti minnkað síðar þegar endurgreiðslur námslána verða stærri hluti fjárþarfar sjóðsins."

Þetta er síðan rökstutt í *framhaldinu og þar segir* m.a.: „Í ljósi þess menntunar- og samfélagslega ávinnings sem núverandi fyrirkomulag námsaðstoðar veitir leggur ráðuneytið áherslu á að það haldist í meginatriðum óbreytt. Fjölgun lánþega getur þó skipt sköpum. Fjölgi þeim umfram 2,5% að meðaltali á ári verða stjórnvöld að endurskoða í grundvallaratriðum afstöðu sína til námslánakerfisins."

Hér er skýrt til orða tekið í þessum efnum. Þetta er sagt fyrir alþingiskosningar í riti sem er yfirferð á skólamálum í landinu. Horft til framtíðar, og gefið út á ábyrgð ráðherra sem allt eins gat reiknað með að halda um stjórnvölinn áfram eða eiga hlut að því í ríkisstjórn landsins að kosningum loknum og að þurfa að standa við þær yfirlýsingar og þá stefnumörkun sem þarna var dregin fram.

Ég hefði óskað að núv. hæstv. menntmrh. hefði borið gæfu til að líta með svipuðum hætti á málin. Slíkt er kannski óskhyggjan einber að ætlast til þess því að hæstv. ráðherra ber fram eitt málið af öðru þar sem breytt er til í mjög mörgum atriðum frá þeirri stefnu sem ríkt hefur og þokkalegur friður hefur verið um í

okkar skólamálum og sem orðið hefur til að kveikja elda sem ekki hafa verið slökktir og hætt er við að eigi eftir að bitna á skólakerfi okkar á komandi árum, jafnvel þó að svo giftusamlega færi að seta hæstv. ráðherra yrði styttri í stóli menntmrh. en óskir hans standa til um.

Ég sé ekki ástæðu til, að þessu sinni, virðulegur forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv. nú, en mun e.t.v. síðar við umræðuna fjalla um fleiri atriði, m.a. í ljósi þess sem fram kann að koma hjá hæstv. ráðherra og talsmönnum meiri hluta menntmn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að vona að mér dugi tvær mínútur til að svara þessari einnar og hálfrar klukkustundar löngu ræðu. Hv. þm. ræddi um ákvæðið um vextina og taldi það ósæmilegan málflutning hjá mér að segja að borð þyrfti að vera fyrir báru upp að 3% mörkum og spurði í hvers konar hugarheimi ég hrærðist í. Ég mótmæli því að hér sé um ósæmilegan málflutning að ræða. Í frv. var upphaflega ákvæði um 3% vexti. Í meðförum menntmn. og með mínu samþykki og stjórnarflokkanna var því ákvæði breytt í „allt að 3%". Þessar ábendingar um breytingar komu m.a. fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni við 1. umr. um þetta mál. Áður en málið var afgreitt úr nefnd samþykkti ríkisstjórnin að minni tillögu að vextir skyldu ákveðnir 1%. Það var gagnrýnt að ríkisstjórnin skyldi gefa út þá tilkynningu og nú er gagnrýnt að vaxtaákvæðið skuli ekki fest við 1%. Það er þessi málflutningur sem mér finnst vera ósæmilegur.

Hv. þm. spurði hvernig ég sjái fyrir mér útfærslu á að vaxtakostnaður, sem bætt er við lánsupphæðina, verði greiddur. Sú endurgreiðsla verður auðvitað með sama hætti og lánið sjálft. Það er ekki sæmilegur málflutningur að gagnrýna það nú þegar ég upplýsi að vaxtakostnaði verði bætt við lánið sem greitt er út í febrúar, kostnaði vegna láns sem námsmaður kann að þurfa að taka meðan hann bíður eftir láninu frá lánasjóðnum. Hér er ég að upplýsa hvað þegar hefur verið rætt í stjórn lánasjóðsins til hagsbóta fyrir námsmenn en þá er brugðist við með neikvæðum hætti.

Hv. þm. gagnrýndi það líka að ég hefði sagt að ef till. til rökst. dagskrár verði samþykkt eða frv. ekki samþykkt þá væri ég með hótanir um að skerða þyrfti grunnlán um allt að 30%. Ég sagði þetta vegna þess að ég reikna með að við verðum að fara að fjárlögum. Ég veit að það er nokkuð sem ýmsum í stjórnarandstöðunni þykir einkennilegt að við ætlum okkur að gera en sú er ástæðan fyrir því að ég hef sagt þetta.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður ekkert auðvelt fyrir hæstv. menntmrh. að komast úr þeirri snöru sem hann er í í sambandi við vaxtamálin. Á meðan hæstv. ráðherra fæst ekki til þess að lögfesta 1% vexti sem hámark þá hafa viðskiptaaðilar lánasjóðsins ekki hugmynd um hvaða kjör þeim eru búin eða á hvaða kjörum þau námslán bjóðast sem þeir eru að taka. Það er verið að láta liggja að því að þau gætu orðið 1% en sú stefna ráðherrans sem hann boðar, að halda fast við breytilega vexti, allt að 3%, segir okkur það auðvitað að hér liggur fiskur undir steini hjá ríkisstjórninni og hún vill hafa möguleika á því að hækka þessa vexti eftir að hafa fengið þetta frv. samþykkt eða á sínum starfstíma, því það er auðvitað alveg augljóst að höfnun ráðherrans á því að miða við þá stefnu sem hann er þó að láta okkur halda að verði stefna ríkisstjórnarinnar, er í algjörri mótsögn við það að vilja ekki lögbinda 1% hámarkið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt tekið til orða hjá hv. þm. þegar hann segir að ríkisstjórnin sé að láta liggja að því að vaxtakjörin geti orðið 1%. Það er einmitt það sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið. Ég hef hins vegar sagt að það sé eðlilegt, við skulum kalla það borð fyrir báru, ef slíkar breytingar verða á vaxtastigi yfirleitt í þjóðfélaginu að ef það fer upp þá er ekkert óeðlilegt að það geri það í þessum sjóði líka sem annars staðar. Ég hef hins vegar sagt og ítreka það enn og aftur að það er ekkert sem bendir til þess nú eða í þeirri framtíð sem við sjáum að þörf verði fyrir hækkun á þeim vöxtum sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi míns máls ætla ég að gera að umtalsefni svör sem hæstv. menntmrh. gaf áðan við umræðuna. En áður en ég byrja vil ég þakka ráðherranum fyrir þau svör. Þau skýrðu auðvitað margt sem um hafði verið spurt. Þau skýrðu það einnig að það eru kannski meiri hættur í þessu máli en við gerðum okkur grein fyrir í upphafi umræðunnar.

Það kom fram í máli hv. þm. Páls Pétursonar að þeir væru miklir vinir, hann og hæstv. menntmrh., og hv. þm. Páll Pétursson ávarpar menntmrh. aldrei öðruvísi en „menntamálaráðherrann, vinur minn". En það skýrðist þó í þessari umræðu að þeir töldu hvor annan á vissum villigötum. Ég ætla ekki að leggja mat á það en ég hef þá trú að hæstv. menntmrh. vilji vel, en verð þó að segja eins og er að með því frv., sem hann hefur lagt fram sem ég veit auðvitað að er stjórnarfrumvarp, tel ég og er sannfærður um að menntmrh. sé kominn á vissar villigötur, þannig að ég er sannfærður um að í þessu tilfelli sem og kannski svo oft áður þá hefur hv. þm. Páll Pétursson rétt fyrir sér, að síðan hinn góði félagi hans, hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson, kom inn í ríkisstjórnina sé hann kominn á vissar villigötur.

Hæstv. menntmrh. fullyrti að frv. tryggði jafnrétti til náms og með þeim breytingum sem þar væru boðaðar væri farin eina leiðin sem tryggði áfram jafnrétti til náms. Þetta er rangt að mínu viti. Ég fór yfir það við 1. umr. málsins og einnig í fyrri ræðu minni við 2. umr. og færði að mínu viti rök fyrir því að þetta frv. eykur misrétti milli námsmanna þar sem nú er gert ráð fyrir að stór hluti af því, sem verið hefur meginmark-

mið laganna í gegnum tíðina, að taka tillit til aðstæðna *námsmanna á meðan á námi stendur*, er í raun og veru þurrkað út. Þó það sé sagt í brtt. að stjórninni sé heimilt að taka tillit til aðstæðna námsmanna og þar með fjölskylduaðstæðna þá er annað í þessu, eins og t.d. tekjurnar, framfærslukostnaðurinn á námsstað og meðan á námi stendur, hlutir sem beinlínis eru teknir út og er ekki hægt að sjá af þeim gögnum sem liggja fyrir að ætlunin sé að taka tillit til þegar fram líða stundir og framfærsla verður reiknuð. Þó svo að svona hlutir séu settir á blað, eins og að heimilt sé að taka tillit til aðstæðna þá er það auðvitað ekki krafa og stjórn lánasjóðsins er ekki skylt að gera slíkt og þess vegna eru það aðeins orð á blaði. Það er auðvitað framkvæmdin sem öllu máli skiptir.

Eitt af þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin lagði til grundvallar þegar hún fór af stað með þetta mál, var að koma í veg fyrir að námsmenn tækju sér sjálfkrafa styrki með því að ná þannig til þess hóps sem í gegnum tíðina — og er rétt og kom fram í máli hæstv. ráðherra við 1. umr. að það er viss hópur námsmanna sem getur sjálfkrafa tekið sér ákveðna styrki eftir að hafa komist yfir ákveðna lánsfjárhæð og þeir vita fyrir að þeir eru í námi sem mun þegar því er lokið ekki skila þeim mjög háum tekjum. Það mun leiða til þess að menn greiða ekki nema hluta af námsláninu sem þeir hafa fengið til baka þegar komið er yfir ákveðna upphæð. Þetta er auðvitað á vissan hátt misrétti, ég tek undir það og það er kannski vandamál, ég hef margoft sagt það. Þetta er vandamál við lögin í dag, en því miður taka þær breytingar, sem núna er verið að berjast fyrir, ekki á þessu og ég ætla að fá að koma inn á það örlítið síðar í mínu máli.

Vextirnir mismuna. Það er fullyrðing og ég er sannfærður um að svo er. Ég segi það vegna þess og það kom skýrt fram í máli hæstv. menntmrh. áðan að það er er ætlun ráðherrans, sem ég býst við að hann leggi fyrir stjórn lánasjóðsins, að draga úr tekjutillitinu, þ.e. að gefa námsmönnum möguleika á því að hafa hærri tekjur sem nemur, fyrir lánasjóðinn í heild, eftir því sem menntmrh. sagði áðan, 80 millj. kr. útgjöldin fyrir sjóðinn. Vegna breytts tekjutillits þýddi í kringum 80 millj. kr. (**Menntmrh.:** Það var áætluð aukning.) Áætluð aukning. Nú segir það mér í raun og veru ekkert um það hvernig tekjutillitið á að breytast, hver tekjuprósentan á að verða, hver skerðingarprósentan á að verða. Mér sýnist í sjálfu sér þetta ekki há upphæð, 80 millj., *þannig að ekki er verið að gera mikla breytingu þarna.* Hins vegar er það alveg ljóst að 1% vextir, og þar sagði menntmrh. að við værum sammála, fæla ekki frá. En það þýðir að mínu viti að með þessu er verið að gefa fleiri námsmönnum, námsmönnum, sem búa við góðar aðstæður og hafa ekki þurft á aðstoð lánasjóðsins að halda fram undir þetta, kost á því að koma inn í sjóðinn og taka lán með 1% vöxtum. Það á að hætta að taka tillit til teknanna, það á bara að taka tillit til fjölskylduaðstæðna. Það á ekki að taka tillit til námskostnaðar, það á ekki að taka tillit til framfærslukostnaðar á námsstað. Þetta eru allt saman aðstæður og atriði sem hefur verið tekið tillit til og er tekið út nú en það á að gefa þeim, sem hafa tækifæri til að afla sér talsvert mikilla tekna, kost á að koma inn í sjóðinn. Þetta þýðir auðvitað aukin útgjöld fyrir sjóðinn og þetta þýðir að námsmenn geta núna farið að braska með lánin. Einfaldlega vegna þess að inn í þennan hóp kemur ákveðinn fjöldi námsmanna sem hefur ekki þurft á aðstoð lánasjóðsins að halda fram undir þetta, hefur ekki komist inn vegna þess að þeir búa við góðar aðstæður. Nú kemst þessi hópur inn og getur þess vegna farið að braska og ég segi að braska vegna þess að þeir þurfa ekki að borga nema 1% vexti af þeim lánum sem þeir munu taka, en munu auðvitað fara út á markaðinn og ávaxta með miklu betri kjörum en þeir þurfa að síðan að endurgreiða. Vaxtamunurinn mun verða hreinar tekjur fyrir þessa námsmenn. Þetta tel ég hættulegt og það er þetta sem ég segi að muni mismuna námsmönnum. Í þeim 80 millj. sem er verið að tala um að útgjöldin muni aukast vegna breytts tekjutillits þá er ég alveg sannfærður um að hæstv. menntmrh. hefur ekki reiknað þessi viðbótarútgjöld sjóðsins inn í þegar hann talar um að upphæðin sé 80 millj. kr. Ég spyr: Hefur það verið gert og ef svo er, hve stór hluti af þessum 80 millj. eru áætlaður vegna þessara breytinga? Ef það er kannski einhver verulegur hluti þá er ég alveg sannfærður um það að tekjutillitsbreytingin er mjög lítil í raun og veru og ef hún er mjög lítil þá held ég að þetta hafi kannski sáralítil áhrif og þá er ég í sjálfu sér rólegri en ég var.

Ráðherrann fullyrti í ræðu sinni að breytingarnar mundu hafa áhrif strax í haust, ef ég skildi hann rétt. Ég held að þarna sé talsverður misskilningur. Þær munu ekki hafa áhrif á greiðslugetu lánasjóðsins, greiðslustreymi lánasjóðsins strax í haust. Þær munu hins vegar strax fara að undirbúa styrkari stöðu sjóðsins í framtíðinni, ég tek undir það, það er alveg ljóst, þær munu gera það. En þær munu ekki hafa nein áhrif á greiðslugetu sjóðsins. Vextirnir skila sér ekki inn í auknum tekjum í haust, það verður ekki fyrr en eftir aldamót. Það verður ekki fyrr en þeir námsmenn sem eru að fá lánin núna fara að endurgreiða þau. Þá fara að koma inn hærri tekjur vegna vaxtanna. Hertar endurgreiðslur skila sér heldur ekki í haust. Þess vegna *sýnist mér að nú ætli ríkisstjórnin ekki að snúa af* þeirri braut sem fyrri ríkisstjórnir hafa farið, þ.e. að draga úr lántökum sjóðsins. Ég er alveg tilbúinn og sagði það í minni fyrri ræðu, til að axla þá ábyrgð sem Framsfl. ber á því að hafa á undanförnum árum í auknum mæli sent lánasjóðinn út á lánsfjármarkaðinn til þess að afla sér tekna til að geta staðið undir lánveitingum. Það er ábyrgðarhluti. Þá ábyrgð bera allir stjórnmálaflokkarnir, Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. Kvennalistinn hefur ekki gert það af þeirri ástæðu að hann hefur ekki verið í ríkisstjórn. En hins vegar sýnist mér að þessi ríkisstjórn ætli að halda áfram á sömu braut með því núna að senda lánasjóðinn út á lánsfjármarkaðinn í trausti þess að grundvöllurinn sé eitthvað sterkari undir lánasjóðnum nú en hann var.

Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. að stjórnarandstaðan og námsmenn væru sammála um að staða sjóðsins væri góð. Það eru fleiri en stjórnarandstaðan

og námsmenn sem eru sammála um að staða lánasjóðsins sé mjög sterk um þessar mundir. Lánasjóðurinn er hins vegar í talsverðum greiðsluerfiðleikum. Ríkisendurskoðun segir í sinni skýrslu og ég ætla að fá að vitna í þá skýrslu, ég hef reyndar vitnað áður á öðrum stað í skýrsluna, en í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu lánasjóðsins frá því í apríl 1991 segir svo, með leyfi forseta:

„Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu. Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarkröfu verður útkoman 3 milljarðar kr."

Þetta segir auðvitað að staða lánasjóðsins er sterk en hann er í greiðsluerfiðleikum. Það eru ekki bara námsmennirnir og stjórnarandstaðan sem halda slíku fram, það er líka Ríkisendurskoðun og ríkisstjórnin hefur oft viljað taka tillit til þess sem hún hefur sagt og ég treysti henni vel í þessum efnum.

Við 1. umr. þessa máls spurði ég hæstv. menntmrh. hvort hann væri tilbúinn til að láta kanna hvaða áhrif þetta tvískipta endurgreiðslufyrirkomulag, sem ég lýsti við 1. umr. málsins, hefði á ráðstöfunartekjur og ráðstöfunarfé sjóðsins í hærra endurheimtuhlutfalli og hvað það þýddi í raun og veru fyrir þá sem taka lánin þegar þeir eiga að fara að endurgreiða þau. Svarið frá hæstv. ráðherra áðan var það að fyrir þá sem væru tekjulágir að afloknu námi og ættu að endurgreiða sín lán yrði greiðslubyrðin síðustu 15 árin mjög þung, þegar búið væri að skuldbreyta og jafngreiðslulánin kæmu til. En fyrir þá sem hefðu háar tekjur á síðustu 15 árunum væri greiðslubyrðin mjög lítil. Þetta vissi ég án þess að láta kanna það neitt sérstaklega. Ég var sannfærður um að svona mundi þetta vera. Hins vegar hef ég ekki fengið að sjá útreikninga sem staðfesta hvað þetta þýðir í raun og veru. Ég spurði einn fulltrúa í menntmn. hvort nefndin hefði gengið eftir því við ráðuneytið hvað þetta endurgreiðslufyrirkomulag þýddi. Nefndarmenn í menntmn. hafa ekki fengið að sjá þessa útreikninga. Því vil ég nú spyrja hæstv. menntmrh. hvort slíkir útreikningar séu til í menntmrn. og hvort ekki væri eðlilegt að þeim væri dreift þannig að menn gætu áttað sig á því hvað allar þær tillögur sem fram hefðu komið í þinginu um meðferð málsins og þær breytingar á endurgreiðslunum sem talað hefur verið um þýddu og ég bið hæstv. menntmrh. um að sýna mér þessa útreikninga, þannig að hægt sé að átta sig á hvað þetta í raun og veru hefði þýtt.

Hins vegar er það alveg ljóst og ég tek undir það með ráðherranum að þetta þýðir auðvitað mjög þunga greiðslubyrði fyrir þá sem hafa lágar tekjur. En þá kemur það til sem ráðherrann hefur hamrað mjög á í þessari umræðu að heimildir eru fyrir sjóðstjórnina til að víkja út af og því ekki að skoða þá þær heimildir í tengslum við þetta eins og það fyrirkomulag sem núna er boðað með þessu frv. vegna þess að frv., eins og það liggur fyrir, nær ekki til þess hóps sem ætlunin var að ná til, þ.e. þeirra sem fá styrkina sjálfkrafa. En þetta tvískipta endurgreiðslufyrirkomulag þýðir að það mun hver einasta króna verða endurgreidd af þeim sem lánaðar eru út, en með þessu og þeim heimildum, sem núna eru boðaðar í frv., væri auðvitað hægt að ganga til móts við þá sem byggju við sérstaklega erfiðar aðstæður þegar þeir ætluðu að fara að endurgreiða lánin sín og þá væri ekki um sjálfkrafa styrki að ræða. Þá væri í raun um beina styrki af hálfu sjóðstjórnarinnar til þessa hóps að ræða en ekki um sjálfkrafa styrktöku eins og nú viðgengst.

Hæstv. menntmrh. sagði áðan í svari sínu að heimilt væri að taka tillit til fjölskylduaðstæðna og þá á ég við og hæstv. ráðherra hlýtur einnig að eiga við að þar sé um fjölskyldustærð að ræða. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.: Eru fyrirhugaðar breytingar á úthlutunarreglunum þegar þetta frv. verður orðið að lögum, sem stefnir auðvitað í, á að breyta þeim stuðlum sem notaðir hafa verið eftir því hvort námsmenn búa í eigin húsnæði, eftir því hvort þeir búa í leiguhúsnæði, heima hjá foreldrum, eru í sambúð eða eru með börn á framfæri? Er fyrirhugað að breyta þeim útreikningsstuðlum sem hafa verið notaðir til viðmiðunar á undanförnum árum hjá lánasjóðnum við að meta framfærslu eftir fjölskyldustærð? Ef það er meiningin þá eru að mínu viti mjög alvarlegir hlutir á ferðinni. Ráðherrann skýrði þetta með þeim hætti að það væri verið að koma í veg fyrir að námsmenn leggðust í barneignir. (**Menntmrh.:** Ég sagði það ekki.) Ja, ég held að þú hafir, hæstv. ráðherra, viðurkennt það síðar í umræðunni að það hefði verið það a.m.k. sem þú meintir og ég sé að það er auðvitað orðið að stefnu ríkisstjórnarinnar að koma í veg fyrir að fólk leggist í barneignir. Þarna á að taka námsmennina í bólinu. Það er búið að leggja fram frv. á þinginu um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra. Menn menn hafa sjálfsagt metið það þannig að það væri óhætt vegna þessarar stefnu. Það á að loka Fæðingarheimilinu í Reykjavík. Það er verið að loka fæðingardeildum sjúkrahúsanna um allt land og barnabætur eru skornar niður. (**Gripið fram í:** Þetta er augljóst.) Þetta er augljóst. Það verður auðvitað að viðurkennast að ríkisstjórnin getur rekið þessa stefnu þó hún sé vitlaus, en hins vegar bið ég hæstv. ráðherra að íhuga það mjög alvarlega hvort rétt sé að ganga mjög hart fram í þessu við námsmenn og þá sérstaklega að haft verði a.m.k. í huga þegar úthlutunarreglur verða gefnar út að ekki verði hróflað við þessum stuðlum sem notaðir hafa verið til að reikna út framfærsluna.

Varðandi vextina kom það skýrt fram í andsvari ráðherra að í þessum skuldabréfum, sem námsmenn mundu skrifa undir og gefa út, yrði gert ráð fyrir breytilegum vöxtum. Mér fannst hins vegar það koma nokkuð berlega í ljós að ráðherrann ruglar saman, eins og kannski fleiri, annars vegar verðtryggingunni og hins vegar vöxtunum. Það að hækka vextina þó að verðbólgan fari af stað breytir í sjálfu sér engu og er engin ástæða til. Lánin eru verðtryggð með lánskjara-

vísitölu og ef verðbólgan fer af stað, sem við skulum vona að hún geri ekki, tryggir hún auðvitað þá fjármuni sem lánasjóðurinn lánar út. Vextirnir þurfa ekkert að hækka við það og ekkert samhengi þar á milli nema menn ætli að tryggja enn þá betur stöðu sjóðsins með hærri vöxtum eins og heimild er fyrir í frv. og að fara með þá allt upp í 3%. Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt og skorað á ráðherrann vil ég taka undir þær áskoranir hvort ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði frv. þannig að þetta „allt að" færi út en heimildin væri fyrir 1% vöxtum. Eða taka það skýrt fram að vextirnir skyldu aldrei vera hærri en 1%.

Í þessu máli fer auðvitað að draga til tíðinda og þá ætla ég að koma að því sem ég vildi segja nú við þessa umræðu. Ég hef farið yfir flest af því sem mér fannst athugavert í máli ráðherra við umræðuna áðan en auðvitað það dregur að tíðindum í þessu máli og stjórnarandstaðan ætlar í sjálfu sér ekkert að þvælast fyrir því að þetta frv. komist í gegnum þingið enda getur hún ekki gert það. Ríkisstjórnin mun auðvitað koma fram sínum vilja í þessum efnum en það er hins vegar alveg ljóst að með frv. er verið að gera grundvallarbreytingu á þeirri námsaðstoð og þeim námsstyrkjum sem íslenskir námsmenn hafa búið við á undanförnum árum. Það er með öðrum orðum verið að gera grundvallarbreytingu á Lánasjóði ísl. námsmanna.

Það er ekkert við því að segja þó þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., ætli að standa að slíkum grundvallarbreytingum. Sjálfstfl. hefur reynt þetta ítrekað í gegnum tíðina í fyrri ríkisstjórnum, í ríkisstjórninni 1983–1987 og í ríkisstjórninni frá 1987–1988. Þeim hefur hins vegar ekki tekist þetta vegna þess að þeir hafa verið í stjórnarsamstarfi með Framsfl. og hann hefur talið það skyldu sína í því stjórnarsamstarfi að standa gegn árásum Sjálfstfl. á þetta velferðarkerfi námsmanna. Nú er hins vegar kominn til samstarfs við Sjálfstfl. flokkur sem heitir Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Og þá er öldin allt önnur. Sá flokkur er svo ístöðulítill í þessu stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. að honum er algjörlega sagt þar fyrir verkum. Hann er í raun verkfæri í höndum þessara manna og svo metnaðarlaus fyrir hönd þess fólks og þeirra námsmanna sem kusu Alþfl. í síðustu kosningum, að hann er algjörlega að bregðast þeim. Hann ætlar að standa að því hér í þinginu með sjálfstæðismönnum að auka misrétti milli námsmanna, að hætta að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur og að setja vexti á námslánin og brjóta þannig það samkomulag sem verið hefur milli allra stjórnmálaflokka um að þessi lán ættu ekki að bera vexti og með því að herða svo endurgreiðslurnar eins og raun ber vitni og vísa þannig vanda lánasjóðsins inn í framtíðina með því að þeir sem fara að greiða lánin upp úr aldamótum geta ekki staðið undir þeim endurgreiðslum nema að hluta til, nema að kjör þeirra verði bætt. Þannig er verið að vísa þessu yfir á auknar kjarakröfur í framtíðinni. Gagnvart þeim námsmönnum, sem studdu Alþfl. í síðustu kosningum, er verið að brjóta öll þau prinsipp og þau grundvallaratriði sem námsmenn hafa staðið í trú á að samstaða væri um milli allra stjórnmálaflokka. Þeir hafa staðið í þeirri trú í mörgum undangengnum kosningum að það skipti í raun ekki máli hvaða stjórnmálaflokk þeir kysu hverju sinni a.m.k. ekki hvað lánasjóðinn snertir. Og það var rakið ítarlega í gær í þessari umræðu og lesið úr stefnuskrám Alþfl. og Sjálfstfl. fyrir kosningar sem ég ætla ekki að fara að gera nú. Þar voru hvergi boðaðar þær grundvallarbreytingar sem núna er verið að gera á lánasjóðnum. Það var í þessari trú sem stór hluti námsmanna studdi Alþfl. í síðustu kosningum. Þeir voru hins vegar ekki eins vissir um Sjálfstfl., ekki síst í ljósi reynslunnar af því hvernig þetta var og hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum þegar Sjálfstfl. hefur átt aðild að ríkisstjórn. En núna er Alþfl. svo ístöðulítill í stjórnarsamstarfinu að hann ætlar að brjóta öll þessi grundvallaratriði og bregðast þannig námsmönnum.

Í þeirri umræðu sem á sér stað um stólaskiptin í ríkisstjórninni hefur því verið haldið fram að fyrir dyrum standi verulegar breytingar á ríkisstjórninni. Sú umræða kemur þó aðallega úr herbúðum Alþfl. Það kom til tals í þessari umræðu að til greina kæmi að formaður Alþfl., núv. utanrrh., yrði menntmrh. Þá fórnuðu þingmenn höndum og sögðu nei, þetta er miklu skárra sem nú er og ég tek alveg undir það. En það heyrist í þessari umræðu um stólaskiptin að hæstv. núv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson sé alls ekki nógu harður menntamrh. Hann gangi alls ekki nógu hart fram í að skera niður og því þurfi að setja hann út úr ríkisstjórninni og setja annan mann í hans stað. En þegar menn skoða málið er það þá með þessum hætti? Ég segi a.m.k. nei. Því að fyrir utan þetta mál, sem hér er á ferðinni, sem ég tel vera mjög alvarlegt, þetta er kannski eina málið þar sem ég tel að hæstv. menntmrh. sé á villigötum þó svo að kannski deila megi um margar embættismannaskipanir hans að undanförnu, þá er það alveg ljóst að völd og áhrif núv. menntmrh. eru meiri en nokkurs annars ráðherra í ríkisstjórninni vegna þess að hann segir Alþfl. algerlega fyrir verkum. Ef það á að kjósa mann í einhverja nefnd á vegum Alþfl. þá segir ráðherrann, nei, ekki þennan, það á að vera einhver annar. Í lánasjóðsfrv. segir hann: Annaðhvort styðjið þið þetta eða þið styðjir það ekki.

Þannig mætti taka fleiri mál. Eitt dæmi um þetta er að á flokksstjórnarfundi Alþfl. var samþykkt áskorun til þingflokksins og undir hana rituðu, fyrir hönd Sambands ungara jafnaðarmanna, ungir jafnaðarmenn sem núna eru í háskólanum og taka þátt í stjórnmálabaráttu háskólans, eru þar í forsvari fyrir þá fylkingu sem vann stórsigur í síðustu stúdentaráðskosningum og þeir bera þetta fram á flokksstjórnarfundi Alþfl. og fá ályktunina samþykkta. Með leyfi forseta ætla ég að vitna hér aðeins í þá ályktun:

„Flokksstjórn skorar á þingflokk Alþfl. að beita sér fyrir eftirfarandi breytingum á frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Burt falli 1. mgr. 6. gr.: „Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskylda skólasókn og námsárangur." Í stað þess komi: Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskylda skóla-

sókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári."

Þetta er samþykkt af flokksþingi Alþfl. þar sem allur þingflokkur Alþfl. er. Síðan er þetta tekið fyrir á þingflokksfundi Alþfl. og þá er þessu bara stungið undir stól. Menn vilja í dag ekkert kannast við þessa samþykkt. Þannig að af þessu og öðru sem nú er að gerast á ýmsum sviðum innan Alþfl. sést að það er í raun og veru hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson sem stjórnar Alþfl. Svo eru menn að tala um að það sé nauðsynlegt að skipta um stóla í ríkisstjórninni. Ég held að menn ættu að hafa þetta í huga þegar þeir fara að velta fyrir sér þeim breytingum sem þar eiga að verða. Það mætti fækka stólunum um fimm og láta hæstv. menntmrh. taka við ráðuneytum Alþfl. Þeir eru í rauninni ekkert annað en strengjabrúður í höndum þeirra sjálfstæðismanna. Ég veit hins vegar að það væri fullmikið fyrir hæstv. ráðherra að taka þessi ráðuneyti að sér. Þó hann sé afburðamaður á mörgum sviðum þá yrði vinnudagurinn sjálfsagt langur. Þannig að það mætti hugsanlega skipta einhverjum af þessum ráðuneytum milli hinna ráðherra Sjálfstfl. En stefnubreyting yrði engin hjá þessari ríkisstjórn þó svo Alþfl. færi þar út.

Auðvitað má um margt deila og ég hef, eins og vinur minn hv. þm. Páll Pétursson, sífellt verið að hæla hæstv. menntmrh. fyrir allt annað en það frv. sem hér er þó svo ég telji að honum hafi kannski orðið á nokkur mistök þegar hann skipaði nú fyrir stuttu nýjan þjóðminjavörð. Ég hefði talið að það hefði verið nær fyrir hæstv. menntmrh. að bjóða núv. hæstv. forsrh. það embætti af þeirri ástæðu að ég held að enginn maður á Íslandi hafi orðið aðra eins reynslu og hæstv. núv. forsrh. af að grúska í fortíðinni. Þannig má segja að enginn maður hefði verið betur að þessu embætti kominn en hæstv. núv. forsrh. (Gripið fram í.)

Það er hins vegar dálítið merkilegt að menn skuli geta talað hér klukkutíma eftir klukkutíma um þetta mikilvæga mál sem lánasjóðurinn er og að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., skuli ekki láta sjá sig í þingsölum. Eftir því sem við tölum lengur og því lengur sem við höldum honum fyrir utan þingsalinn þeim mun betra kannski. Þess vegna er kannski full ástæða til að leggja nokkuð á sig í þeirri umræðu sem fer fram um þetta lánasjóðsmál. En það hefði auðvitað verið gaman að heyra frá þeim ágæta þingmanni hvernig þessi áskorun frá ungum jafnaðarmönnum og frá flokksstjórn Alþfl. var meðhöndluð í þingflokknum. Það hefði einnig verið gaman að heyra afstöðu hans til þessa máls sem hér er til umræðu eftir að hafa orðið vitni að því að sá ágæti maður var um tíma formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands og hélt sína jómfrúarræðu á þingpöllunum, varinn hundrað námsmönnum þannig að þingverðirnir komust ekki til að ná í hann. En núna þegar Lánasjóður ísl. námsmanna er til umræðu lætur hann ekki sjá sig og sinnir ekki þar með sínum þinglegu skyldum að sitja í þingsalnum og a.m.k. hlusta á umræðuna sem hérna fer fram.

Það er alveg ljóst eins og ég sagði áðan að stjórnarandstaðan kemur í sjálfu sér ekki í veg fyrir að þetta mál verði samþykkt frá hinu háa Alþingi. Og það er ekkert við því að segja þó að þessir tveir stjórnmálaflokkar, Alþfl. og Sjáflstfl., vilji ná fram þessari grundvallarbreytingu á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er þó eitt sem menn verða að sætta sig við að innan tíðar mun þetta mál verða að lögum og sú breyting, sem menn stefna að, mun ná fram að ganga, því miður. En ég vil þó biðja, eins og margir hv. þm. sem hér hafa talað, hæstv. menntmrh. að íhuga það gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að gera einhverja breytingu á eftirágreiðslu námslánanna. Vegna þess að hún ein og sér tengist ekki þeim grundvallarbreytingum sem er verið að gera á lánasjóðsfyrirkomulaginu. Hún ein og sér er að mínu viti aðför að námsmönnum og til þess eins að spara ríkissjóði í kringum 1 milljarð kr. í eitt skipti en þegar fram líða stundir mun hún ekkert hafa með fjárhag lánasjóðsins og þann grundvöll, sem þar á að leggja með þessu frv., að gera.

Virðulegur forseti. Nú er klukkan tíu mínútur yfir átta og eftir því sem mér var tjáð hefur það staðið til að vera ekki með þingfund lengur en til klukkan átta í kvöld. Ég vildi því gjarnan fræðast um það hjá hæstv. forseta hvaða hugmyndir hann hefur um áframhaldandi þingstarf. Ég á talsvert mikið eftir af minni ræðu enn. (**Forseti:** Forseti hafði hugsað sér að ljúka þessum fundi klukkan átta en fannst ekki óeðlilegt að sýna ofurlitla biðlund og leyfa hv. þm. að ljúka sinni ræðu ef hann var kominn á lokapunktinn. En þar sem hann hefur nú upplýst að hann á mikið eftir af sinni ræðu enn þá mundi forseti mælast til að hann frestaði ræðunni til morguns. Þá verður málið tekið upp að nýju og þá hefur hann tækifæri til að halda áfram.) Ég þakka forseta og mun því fresta ræðu minni.

Umræðu frestað.

135. FUNDUR

fimmtudaginn 7. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Afleiðingar sumarlokunar sjúkrahúsa, ein umr.

Fsp. AÓB, 380. mál. — Þskj. 618.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Útgjöld Íslendinga til velferðarmála hafa verið mjög til umræðu á þessum vetri. Sumt af því sem gert hefur verið til að auka sparnað í heilbrigðiskerfinu hefur verið með slíkum endemum að drjúgur hluti þeirra kjarasamninga sem nýlega hafa verið til umfjöllunar í stéttarfélögum víðs vegar um landið ganga út á að leiðrétta verstu afglöpin og af-

stýra öðrum verri. Þrátt fyrir að Íslendingar eyði álíka miklu til heilbrigðismála og ýmsar nágrannaþjóðir er víða enn pottur brotinn í skipulaginu. Það ætti að bæta en ekki skerða þjónustu til að ná fram sparnaði eins og núverandi stjórnvöld virðast stefna það. Þar virðist stefnan vera fálmkenndar aðgerðir og að leggja auknar byrðar á þá sem minnst mega sín. Þá raunasögu get ég ekki rakið í stuttri fsp. heldur beini ég athyglinni að einum mjög alvarlegum þætti í aðgerðum stjórnvalda, þeirri staðreynd að víða er sjúkrastofnunum gert að spara án þess að til sé heildstæð stefna um raunverulega áhrif sparnaðarins. Því er hætt við að sparnaður á einum stað leiði til aukins kostnaðar á öðrum stað og þeir sem þessar aðgerðir bitna á eru sjúklingarnir. Víða um land eru þeir sviptir þjónustu vegna sumarlokana en annars staðar fá þeir skerta þjónustu vegna aukins álags á þeim sjúkrahúsum sem eru opin og verða að taka við öllum brýnustu tilfellunum.

Í sumum tilvikum verða sumarlokanir eflaust til þess að minnka útgjöld sjúkrahúsa í heild, t.d. þegar sjúkir og aldraðir eru sendir heim vegna slíkra lokana. Þess ber þó að geta að öllu þessu raski fylgir ákveðinn kostnaður og hann kemur sjúklingum og starfsfólki ekki til góða. Verra er það þó að slíkar aðgerðir bitna mjög hart á fjölskyldum ýmissa þeirra sem við sjúklingum og öldruðum taka, enda er það nú hluti kjarasamninga að draga í land í þessum efnum. Það er *engin tilviljun en hart* að það skuli þurfa að semja um slíkan sjálfsagðan rétt í kjarasamningum.

Í öðrum tilvikum lengjast biðlistar vegna ýmissa læknisaðgerða og kostnaður frestast jafnvel milli ára en hverfur ekki nema sjúklingurinn sé svo ólánssamur að deyja meðan hann bíður. Það er því miður ekki fátítt. En sumt er það sem ekki verður frestað. Ekki er til að mynda hægt að segja konu sem ætlar að fæða á sjúkrahúsi úti á landi að bíða þar til opnar eftir sumarleyfi.

Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 618 eftirfarandi *fyrirspurnir til hæstv. heilbrrh.*:

„1. Hefur upplýsingum um fyrirhugaðar sumarlokanir á sjúkrahúsum verið safnað saman á vegum heilbrrn.?

2. Hefur verið lagt mat á hvað lokanir sjúkrastofnana og einstakra deilda hafi í för með sér fyrir önnur sjúkrahús sem þurfa að taka við auknu álagi vegna þessara lokana?

3. Hefur sérstaklega verið fjallað um lokanir fæðingardeilda og hvernig skuli mæta þeim?

4. Er fyrirhugað að endurskoða áætlanir um niðurskurð fjár til einstakra sjúkrastofnana ef þær verða fyrir auknu álagi vegna lokana á öðrum sjúkrastofnunum?“

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 618 hefur hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson borið fram fsp. til heilbrrh. sem ég mun leitast við að svara.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur upplýsingum um fyrirhugaðar sumarlokanir á sjúkrahúsum verið safnað saman á vegum heilbrrn.?“ Fullnaðarákvarðanir hafa ekki verið teknar í öllum tilvikum enn um sumarlokanir á sjúkrahúsum og liggja því ekki fyrir í heilbrrn. Það er ljóst að sumarlokanir verða fyrst og fremst á Reykjavíkursvæðinu eins og verið hefur undanfarin ár, en lokanir á sjúkrastofnunum verða ekki á landsbyggðinni nema þá hugsanlega á stærri sjúkrahúsum svo sem á Akureyri og Akranesi.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur verið lagt mat á hvað lokanir sjúkrastofnana og einstakra deilda hafi í för með sér fyrir önnur sjúkrahús sem þurfa að taka við auknu álagi vegna þessara lokana?“ Í þessari fsp. felst reyndar fullyrðing sem ekki er rétt. Lokanir sjúkrastofnana, sem viðgengist hafa undanfarin ár, hafa haft í för með sér lengingu biðlista en ekki álag á önnur sjúkrahús vegna þess að bráðaþjónusta hefur ávallt verið látin ganga fyrir hvað sem sumarlokunum líður.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur sérstaklega verið fjallað um lokanir fæðingardeilda og hvernig skuli mæta þeim?“ Það er ekki gert ráð fyrir neinum lokunum fæðingardeilda á Reykjavíkursvæðinu utan það að Fæðingarheimilinu mun verða lokað í sex vikur. Undanfarin ár hefur því verið lokað í fjórar til sex vikur á sumrin, að vísu ekki í fyrra, þannig að hér er ekki um nýmæli að ræða. Og þessari spurningu hef ég raunar þegar svarað að því er landsbyggðina snertir.

Í fjórða og síðasta lagi er spurt hvort fyrirhugað sé að endurskoða áætlanir um niðurskurð fjár til einstakra sjúkrastofnana ef þær verða fyrir auknu álagi vegna lokana á öðrum sjúkrastofnunum. Eins og málum er nú háttað hefur heilbrrn. ekki fjármuni til að veita til sjúkrastofnana fram yfir það sem gert hefur verið. Því verður ekki um endurskoðun að ræða eins og felst í spurningunni.

Almennt vil ég annars, virðulegi forseti, segja þetta: Þegar fjárlagagerð var lokið í desember sl. og ljóst var að fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu urðu vegna flats niðurskurðar við lokaafgreiðslu fjárlaganna, minni en gert hafði verið ráð fyrir, þá var leitað til allra stofnana heilbrrn. og óskað eftir að þær gerðu grein fyrir því hvernig rekstri yrði háttað miðað við þær fjárveitingar sem fjárlög heimila. Af þessu tilefni hélt heilbrrh. fund með forstöðumönnum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana og gerði grein fyrir því með hvaða hætti hann óskaði eftir að þeir gæfu ráðuneytinu upplýsingar. Flestar stofnanir brugðust mjög vel við þessu og unnu góðar og gagnlegar áætlanir miðað við þær upplýsingar sem þar fengust. Þá uthlutaði ráðherra síðan í samráði við fjmrn. og fjárln. þeim fjármunum sem gert var ráð fyrir að endurgreiddust af flötum niðurskurði.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Því miður staðfesta svör hæstv. ráðherra illan grun okkar sem höfum verið að kynna okkur þessi mál að undanförnu, að í rauninni er ekki til nein yfirsýn yfir hvað þessar auknu lokanir, og ég ítreka, auknu lokanir, munu leiða af sér annað en lengri biðlista. Það þarf ekki að segja neinum. Bráðaþjónusta er því miður ekki það einasta sem er brýnt og þar af leiðandi hljóta auðvitað aðrar afleiðingar einnig að fylgja í kjölfarið.

Varðandi það að sumarlokanir á einum stað muni ekki valda auknu álagi á öðrum stað þá skil ég í rauninni ekki þá yfirlýsingu. Ég hef heyrt það afskaplega skynsamlega um þetta fjallað hjá þeim sem eru að búa sig undir að mæta þessu aukna álagi að litið á það sem staðreynd og mér dettur ekki í hug annað en að trúa því fólki sem starfar í heilbrigðisþjónustunni, bæði þeim sem neyðast til að loka vegna hins flata niðurskurðar og einnig þeim sem búa sig undir að þurfa að mæta mjög auknu álagi. Það er ekki að ástæðulausu að það er að búa sig undir slíkt. Þess vegna er öllum þetta ljóst, nema e.t.v. þeim sem hafa tekið saman upplýsingar í þetta svar, að þetta þýðir aukið álag, lokun á einum stað þýðir aukið álag annars staðar. Það verður ekki allt leyst með lengingu biðlista en auðvitað gat ég þess í framsögu minni að ég gerði mér grein fyrir því svo að það væri áreiðanlega ekki hægt að vísa bara til þess að biðlistar mundu lengjast. Ég benti líka á hvað það hefur stundum haft í för með sér. Því miður hefur það gerst að fólk hefur dáið áður en það fær þá þjónustu sem það er að bíða eftir á þessum biðlistum.

Ég hef í rauninni ekki fengið svar við því hvernig eigi að bregðast við lokunum þar sem þær taka til fæðinga. Ég veit að þegar gripið hefur verið til lokana, eins og nú er boðað í sex vikur á Fæðingarheimilinu, hefur það óhjákvæmilega leitt til mjög alvarlegs ástands á fæðingardeild Landspítalans þar sem er tekið við og ég heyri ekki að það sé neitt sem verði gert til þess að bæta úr því ófremdarástandi.

Bæði þau svör sem ég fékk, þó rýr væru, og einnig þær spurningar sem ég fékk ekki svarað vekja miklar áhyggjur hjá mér og örugglega fleirum þannig að ég enn og aftur ítreka áhyggjur mínar vegna þess að það hefur fengist staðfest að það á ekkert að gera.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vísa því auðvitað á bug sem fullkominni fjarstæðu að hv. þm. hafi ekki verið svarað. Henni var svarað um allt sem hún spurði um. Ég vísa því sömuleiðis á bug að hér muni skapast eitthvert sérstakt ófremdarástand í sumar vegna þess að Fæðingarheimilið verður lokað í sex vikur. Því hefur undanfarin ár oft verið lokað, að vísu ekki í fyrra, í fjórar til sex vikur og það bendir ekkert til þess, og hv. þm. hefur ekki stutt það neinum rökum, að hér muni skapast sérstakt ófremdarástand í þeim efnum í sumar. (Gripið fram í.) Fyrir því eru einfaldlega engin rök. Það er ekki rétt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það alveg ljóst að lokun á einstökum deildum t.d. við Ríkisspítalana hefur í för með sér stóraukið álag á öðrum deildum spítalanna. Lokun á deild 13 á Kleppi, sem hefur verið ákveðin að hluta til, hefur auðvitað í för með sér stóraukið álag á deild 38 og geðdeild Landspítalans, það liggur í augum uppi, stóraukið álag á starfslið og aðra aðila og verri þjónustu við þá sjúklinga sem þarna þurfa að fara inn og lengri biðlista líka. Auðvitað er það alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ákveðið að skera niður þjónustu við veikt fólk og það þýðir ekkert fyrir menn að neita því.

Sumarlokun á legudeild barna, ein umr.

Fsp. ISG, 393. mál. — Þskj. 635.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Endur fyrir löngu flutti ég fsp. í tveimur liðum á þskj. 635 um sumarlokun á legudeild barna. Hún var svohljóðandi:

„1. Hvaða rök eru fyrir því að loka í 13 vikur í sumar einu sérhæfðu legudeild landsins í geðlækningum barna?

2. Með hvaða hætti verður séð fyrir meðferð og vistun þeirra barna, sem nú dveljast á deildinni eða eru á biðlista eftir plássi á deildinni, meðan á sumarlokuninni stendur?"

Eins og ég sagði er orðið harla langt síðan að ég lagði þessa fsp. fram og að öllu eðlilegu hefði ég átt að fá svar við henni fyrir alllöngu síðan, a.m.k. fyrir páska, en það varð ekki, kannski vegna þess að þó að mönnum hefði tekist að rökfæra þessa lokun þá hefðu þeir átt erfitt með að réttlæta hana. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Það hefur verið lögð fram miðlunartillaga í kjaramálum og henni fylgdi yfirlýsing frá ríkisstjórninni þar sem segir m.a., með leyfi forseta, í 11. lið: „Barnageðdeild við Landspítalann verður áfram í eðlilegum rekstri." Það þurfti sem sagt alla verkalýðshreyfinguna í landinu, hvorki meira né minna, til þess að fá fram yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um það að sex til sjö plássum á legudeildum barna yrði ekki lokað í sumar, ef ég skil þá þessa setningu rétt. Það er auðvitað fáranlegt að nota slíkt sem skiptimynt í kjarasamningum. Þetta er mál sem á að útkljá annars staðar en engu að síður hlýtur maður að fagna því að ríkisstjórnin skuli tilbúin eftir átök við alla verkalýðshreyfinguna að gefa slíka yfirlýsingu.

En ég hlýt að spyrja: Hvað er átt við í þessari yfirlýsingu með „í eðlilegum rekstri"? Hvað er átt við með þessum orðum? Þýðir þetta að hætt verður við áform um breytt og verra vaktafyrirkomulag lækna sem takmarkar neyðarþjónustu eins og ráðgert hafði verið þarna? Þýðir þetta að ekki verður lokað í 13 vikur á legudeild barna eins og ráðgert hafði verið? Ef svo er og ég vona að ég fái skýra yfirlýsingu um það frá ráðherra, þá finnst mér ástæða til þess að láta það koma fram að starfsfólk á legudeildinni hefur ekki fengið nein skilaboð um að hún verði opin í sumar. Það hefur ekkert bréf borist til geðdeildar Landspítalans um að legudeildin verði höfð opin í sumar og starfsfólk er enn í algerri óvissu um hvernig störfum þeirra verður háttað í sumar og hver verða örlög þeirra barna sem inni á deildinni eru. Það er ekki til setunnar boðið að fara að vinda bráðan bug að því að fara að lagfæra þetta vegna þess að það átti að loka deildinni 1. júní. Það er sem sagt tæpur mánuður til stefnu. Og þess

vegna hlýt ég nú að spyrja að breyttu breytanda: Hvenær fá geðdeildirnar einhverjar nákvæmar upplýsingar um það hvort það eigi að vera opið eða ekki opið og hvernig það eigi að fjármagna þá opnun?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að það hefur dregist nokkuð að svara þessari fsp. En varðandi fyrri lið fsp. er því til að svara að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga er því heitið að barnageðdeild Landspítalans sem fsp. vísar til verði áfram í eðlilegum rekstri. Ég ætla ekki hér og nú að fara að skýra þau orð sérstaklega fyrir hv. þm. Eðlilegur rekstur er sjálfsagt sá rekstur eins og þarna hefur verið og sé ég ekki að þetta gefi tilefni til sérstakra hártogana. En við þessa yfirlýsingu verður staðið. Þess er þó að geta að yfirstjórn Ríkisspítalanna hafði þegar undirbúið nokkurn samdrátt í starfi þessarar deildar og vegna þess hve áliðið er orðið er ekki unnt að afturkalla allar þær ráðstafanir að fullu. En það verður allt gert sem unnt er til að þessi starfsemi geti haldi áfram í eðlilegum rekstri og það verði staðið við þessa yfirlýsingu.

Önnur spurning hv. þm. á ekki lengur við í ljósi þess sem ég hef þegar sagt. Hafi starfsfólki ekki borist upplýsingar um þetta þá verða að sjálfsögðu gerðar ráðstafanir til þess eins og hv. þm. fullyrti áðan. Ég veit ekki um sannleiksgildi þess en mun að sjálfsögðu óska eftir því að þetta verði kynnt þeim sem hlut eiga að málinu hafi það ekki nú þegar verið gert.

Varðandi sérstök framkvæmdaatriði eins og breytingar á vaktafyrirkomulagi eða vinnufyrirkomulagi þarna innan húss þá játa ég það hreinskilnislega að ég hef ekki þær upplýsingar á þessu stigi að ég geti svarað því hér og nú í þessum ræðustól enda var ekki um það spurt í hinni upphaflegu fsp.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég mundi vilja fara fram á það við hæstv. umhvrh. að hann léti stjórn Ríkisspítalanna vita hvað niðurstöður kjarasamninganna þýða. Stjórn Ríkisspítalanna hefur ekki fengið neinar formlegar upplýsingar um það hversu miklar upphæðir eiga að verða t.d. til þess að halda opnum öldrunarlækningadeildum. Hún hefur engar upplýsingar um það hvaða fjármunir eiga að fara til þess að halda opinni legudeild barna þannig að einu upplýsingar sem stjórnarnefnd Ríkisspítalanna hefur til þessa fengið í þessum efnum er miðlunartillaga sáttasemjara sem hefur verið birt í heild í einu dagblaðanna. Þar fyrir utan hefur stjórnarnefnd Ríkisspítalanna engar formlegar upplýsingar og ég skora á umhvrh. að beita sér fyrir því að heilbrrh. komi upplýsingum með eðlilegum hætti á framfæri við forstöðumenn Ríkisspítalanna og annarra sjúkrahúsa hér í þessu landi. Þar hefur verið verulegur skortur á eðlilegum umgengnismáta.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. og staðgengli heilbrrh. fyrir svör hans hér áðan. Þau komu mér reyndar ekkert á óvart. Ég vissi svo sem um þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þannig að ég átti von á þessum svörum. En ráðherrann vildi ekki skýra orðin „í eðlilegum rekstri", ég held hins vegar að þau þarfnist skýringa. Ég get út af fyrir sig skilið það að hann sé kannski ekki viðbúinn að svara því héðan úr pontunni þar sem þetta er venjulega ekki á hans málasviði. En ég held að þetta þarfnist útskýringar, hvað átt er við með „í eðlilegum rekstri" og það væri þá eitt af því sem heilbrrn. þyrfti að gera Ríkisspítölunum grein fyrir, hvaða merkingu þeir leggja í þessi orð.

Ég nefndi vaktafyrirkomulagið. Það er auðvitað eitt af því sem kemur hér inn í myndina vegna þess að breytt vaktafyrirkomulag á barna- og unglingageðdeild er vegna sparnaðar og það átti að fela í sér að bráðaþjónusta sérfræðinga við börn og unglinga leggist af og læknarnir séu sem sagt ekki tiltækir með sama hætti og verið hefur.

Hvað varðar upplýsingar til starfsfólks þá fullyrði ég það eftir samtöl mín við starfsfólk í morgun að það hefur engar upplýsingar fengið, það hafa engin svör fengist um það hvort þeim beri að loka eða ekki frá þeirra yfirstjórnendum vegna þess að yfirstjórnendur þessa starfsfólks hafa ekki fengið bréf enn þá, að því er því er sagt, frá ráðuneytinu. Það er þá mikilvægt að vinda bráðan bug að því að senda út þetta bréf og kynna málin fyrir þeim sem hlut eiga að máli. Ég sem sagt óska eftir því að það verði gert nú hið fyrsta og ríkisstjórnin skýri út fyrir Ríkisspítölunum, yfirstjórnendum Ríkisspítalanna og starfsfólki, hvað átt er við með þessu. Þar að auki sagði ráðherra áðan að ekki væri unnt að afturkalla allar ráðstafanir að fullu og það þarf þá líka að liggja fyrir hvaða ráðstafanir það eru sem ekki er hægt að afturkalla.

Lokun deilda vegna sparnaðar á sjúkrahúsum í Reykjavík, ein umr.

Fsp. FI, 509. mál. — Þskj. 812.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 812 er ég með fsp. til heilbrrh. um fyrirhugaða lokun deilda vegna sparnaðar á sjúkrahúsunum í Reykjavík.

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er sú að á undanförnum mánuðum og missirum hefur verið skorið verulega niður í heilbrigðisþjónustunni, sérstaklega við sjúkrahúsin hér á höfuðborgarsvæðinu og mörg þeirra, og flest, hafa orðið algjörlega óstarfhæf vegna þessa niðurskurðar. Síðan hefur heilbrrh. komið og sagt: Það á ekki að skera niður á þessari deild, þessari deild má ekki loka. — Hann hefur sem sagt komið sem frelsandi engill og sagt: Hér má ekki skera þannig að þið verðið að finna aðra leið.

Með þessu hafa völdin í raun og veru verið tekin af stjórnendum sjúkrahúsanna og sagt sem svo: Það er heilbrrh. sem er farinn að stjórna hverju einasta sjúkra-

húsi, ekki í Reykjavík, heldur um allt land, með því að veita fyrirskipanir og útdeila peningum úr þessum hálfa milljarða króna sjóði sem hann fékk á fjárlögunum til þess að koma í veg fyrir lokanir.

Þannig að í raun og veru er útilokað að átta sig á því hverjar þessar lokanir munu verða. Það kom fram hér áðan í umræðunni að í kjölfar kjarasamninga er alls ekki ljóst hverjar þessar lokanir verða. Því spyr ég:

„1. Hvað verða mörg sjúkrarúm tekin úr notkun vegna lokunar deilda í sparnaðarskyni á sjúkrahúsunum í Reykjavík í maí til ágúst 1992?"

Það skiptir auðvitað höfuðmáli hvaða deildum er lokað. Þessar deildir eru mjög misviðkvæmar fyrir því hvað sjúklingarnir þola miklar lokanir og sérstaklega eru það sjúklingar á öldrunardeildunum sem eru viðkvæmir í þessu sambandi og ekki síst hér á þessu svæði vegna þess að staðreyndin er sú að það eru um 300 einstaklingar í Reykjavík sem bíða eftir því að komast inn á öldrunardeildir eða inn á hjúkrunarheimili, þannig að þetta er kannski sú sérgrein í læknisfræðinni sem einna helst verður að fara um mjúkum höndum þegar menn eru í niðurskurðinum. Og því er spurt:

„2. Hvernig skiptist fjöldi þessara rúma eftir sjúkrahúsum, deildum og sérgreinum?"

Það hefur komið fram í fréttum að það eigi að loka öldrunardeildinni í Hátúni, sem er langlegudeild, í sex mánuði, mánuðina júní til nóvember. Í tólf vikur er gert ráð fyrir því að þeir sjúklingar sem þar eru komist inn í 19 rúm á Vífilsstaðaspítala. Forstjóri Ríkisspítalanna hefur líka sagt að þetta muni ekki hafa nokkurn einasta sparnað í för með sér og því spyr ég hæstv. ráðherra:

„3. Hver er áætlaður sparnaður við að taka þessi rúm úr notkun?

4. Hve miklum fjármunum er ráðstafað á árinu 1992 til breytinga á Landakoti til að hægt sé að koma þar af stað öldrunarlækningaþjónustu?"

Ástæða þessarar spurningar er sú að það skiptir auðvitað höfuðmáli að menn séu ekki að nýta takmarkaða fjármuni í fjárfestingar á sama tíma og verið er að loka deildum út af rekstrarfjárerfiðleikum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Staðgengill heilbrrh., hæstv. umhvrh. tekur til máls.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur á þskj. 812 borið fram fyrirspurnir um fyrirhugaða lokun deilda vegna sparnaðar á sjúkrahúsum í Reykjavík. Ég mun nú leitast við að svara þessum fyrirspurnum.

Að því er Borgarspítalann varðar þá eru engar skipulagðar lokanir í sparnaðarskyni á árinu 1992. Þær lokanir sem verða á þessu tímabili eru eingöngu vegna hefðbundinna sumarleyfa og tengjast að engu leyti sérstökum sparnaðaraðgerðum. Með tilliti til breytts hlutverks spítalans er hins vegar gert ráð fyrir að fleiri rúm verði þar nýtt í sumar en verið hefur.

Að því er Landspítalann varðar þá hefur verið, þegar skoðaðar eru lokanir umfram þær sem stafa af hefðbundnum loknunum vegna sumarleyfa starfsfólks, tekið mið af lokunum eins og þær voru á árinu 1990. Enda þótt ekki hefði komið til aukins niðurskurðar hefði orðið á árinu 1992 að loka öldrunardeild í þrjá mánuði eins og gert var á árinu 1991. Því til viðbótar höfðu Ríkisspítalar ráðgert lokun öldrunardeildar um þrjá mánuði í viðbót, en við þá lokun er talið að um 30 millj. hefðu sparast til viðbótar.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga verður ekki af þessu. Fyrri lokunina telja Ríkisspítalar erfitt að afturkalla nú þar sem öllum undirbúningi og þar með skipulagningu sumarleyfa hjá starfsfólki var lokið. Vegna fyrirheita ríkisstjórnarinnar verður lögð rík áhersla á það við Ríkisspítala að lokunin í Hátúni valdi sem minnstu óhagræði fyrir vistmenn og m.a. verður rými notað á Vífilsstöðum, eins og hér hefur verið vikið að, og þær lokanir sem þarna kynnu til að koma eru þá einkum varðandi svokallaðar hvíldarinnlagnir. Hins vegar er verið að kanna möguleika á því annars staðar að auka möguleikana á hvíldarinnlögnum einmitt í sumar og niðurstaða þeirrar könnunar er ekki endanlega ljós og liggur ekki fyrir.

Ríkisspítalar telja að lokanir á öðrum deildum umfram hefðbundnar sumarlokanir skili um 60 millj. kr. sparnaði en treysta sér hins vegar ekki á þessu stigi til að sundurliða þann sparnað á einstakar deildir eða rúm. Alls telja Ríkisspítalar að lokanir umfram hefðbundnar lokanir vegna sumarleyfa muni spara um 100 millj. kr.

Að því er Landakot varðar er rétt að segja eftirfarandi: Vegna þeirrar endurskipulagningar sem nú fer fram á starfsemi Landakotsspítala er mjög erfitt að tala um lokanir rúma á einstökum deildum og sömuleiðis hve miklum sparnaði þær lokanir munu skila. Samkvæmt áætlunum spítalans verður þetta þó sem hér segir á þessu ári: Handlækningadeild 3-B, þar sem eru 19 rúm, verður lokað frá 1. maí til 1. sept., samtals í fjóra mánuði. En þeirri deild hefur að jafnaði verið lokað í einn mánuð á sumri vegna sumarleyfa starfsfólks. Rúmum á handlækningadeild 2-B verður fækkað úr 28 í 13 frá 1. júlí til 10. ágúst. Lyflækningadeild 1-A, 29 rúm, er lokuð frá 1. maí en opnar aftur síðar í sumar að loknum endurbótum á húsnæðinu og þá sem 22 rúma hjúkrunardeild. Rúmum á lyflækningadeild 2-A verður fækkað úr 22 í 16 frá 1. júní til 10. ágúst, en þeirri deild hefur að jafnaði verið lokað í einn mánuð á hverju ári vegna sumarleyfa starfsfólks. Rúmum á gjörgæsludeild verður fækkað úr 10 í 5, tímabilið 28. júní til 10. ágúst.

Þær lokanir sem ég hef hér talið upp eru hluti af heildstæðum aðgerðum spítalans til að mæta 400 millj. kr. sparnaði. Spítalinn getur ekki á þessu stigi svarað því nákvæmlega hve stórum hluta þess sparnaðar verður náð með þessum aðgerðum.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh., staðgengli heilbr.- og trmrh., fyrir svarið sem þó að

vissu leyti var mjög takmarkað og alls ekki skýrt. Eftir því sem ég best veit hefur fjárln. enn ekki skipt þeim fjármunum sem hún á að skipta milli sjúkrahúsanna þannig að það hlýtur að vera mjög erfitt á þessari stundu, enda kom það fram í svari ráðherra, að segja nákvæmlega til um hverjar lokanir verða. Hins vegar kom það skýrt fram í þessu svari að það er í raun og veru verið að mismuna sjúkrahúsunum og það er dálítið merkilegt ef ráðherra getur haldið því fram að Borgarspítalinn ætli engum deildum að loka eða fækka rúmum í notkun á þessu ári umfram hefðbundnar sumarlokanir, því að á undanförnum þremur árum hefur hann kvartað sífellt undan því að fjárveitingar væru svo skornar niður við spítalann að það þyrfti að loka þar deildum í sparnaðarskyni. Á Ríkisspítölunum er hins vegar það skorið niður, og er talað um að enn *þurfi að skera niður 100 millj. til viðbótar til þess* að menn nái því að halda spítalanum innan fjárlaga, að allir sjá að það er í raun og veru verið að mismuna þarna sjúkrahúsunum með þessari framgöngu.

En ég fékk þær upplýsingar í morgun út af síðustu spurningu minni hér: „Hve miklum fjármunum er ráðstafað á árinu 1992 til breytinga á Landakoti til að hægt sé að koma þar af stað öldrunarlækningaþjónustu?"

Nú má segja að það sé hafin samvinna milli Landakots og Borgarspítala. Til þessara tveggja sjúkrahúsa er áætlað í fjárfestingar á þessu ári: Í B-álmu Borgarspítalans er áætlað að setja 65 millj. kr. Ekki er hins vegar áætlað að hefja neinn rekstur í þeirri álmu. Talað er um að setja þá fjármuni að langstærstum hluta í að byggja þak á álmuna. Í skurðstofu Borgarspítalans á að setja 25 millj. Úr Framkvæmdasjóði aldraðra á að taka 15 millj. kr. til þess að breyta Landakoti. Þetta þýða 115 millj. Þarna er verið að setja 115 millj. kr. á meðan, ef ég skil það rétt af svari hæstv. ráðherra, verða a.m.k. 100 sjúkrarúm að meðaltali lokuð á árinu 1992, því það verður ekki annað af svarinu ráðið en að lokanir muni a.m.k. verða jafnmiklar ef ekki meiri í Reykjavík en á undanförnum árum og helstu rök heilbr.- og trmrh. fyrir sameiningu Landakots- og Borgarspítala hafa verið þau að það væru á annað hundrað sjúkrarúm í Reykjavík sem ekki væru í notkun á ári hverju og því þyrfti að sameina. Hefðu þessar 115 millj. kr. verið notaðar til reksturs sjúkrahússins þá hefði verið hægt að taka í notkun 57 rúm fyrir öldrunarsjúklinga og það eru 300 öldrunarsjúklingar á biðlista hér í Reykjavík eftir að komast inn á sjúkrahúsin.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að biðlistar öldrunarsjúklinga eru mjög langir og þeir hafa því miður ekki styst nú eins og sjálfsagt flestir gætu verið sammála um að þyrfti og gerðu það raunar heldur ekki í tíð síðustu ríkisstjórnar, því miður.

En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs að nýju var sú að mér láðist að svara fjórðu spurningu hv. þm. í mínu fyrra svari varðandi það hve miklum fjármunum væri ráðstafað á árinu 1992 til breytinga á Landakoti til að hægt væri að koma þar af stað öldrunarlækningaþjónustu. Í byrjun sumars er ráðgert að taka í notkun þar 22 rúm á hjúkrunardeild og í því skyni var ákveðið að ráðstafa úr Framkvæmdasjóði aldraðra 10–15 millj. kr. í breytingar á húsnæðinu svo unnt verði að taka þá deild í notkun. Raunar kom fram í svari hv. þm. að hann bjó þegar yfir þessum upplýsingum. En ég vildi engu að síður láta þetta koma hér fram. Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja frekar um ræðu hv. þm. áðan.

Nefnd um framtíðarkönnun, ein umr.

Fsp. EKG, 390. mál. — Þskj. 632.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þann 9. apríl 1984 skipaði þáv. hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, nefnd um framtíðarkönnun sem ætlað var að leggja á ráð um almenna könnun um framtíðarhorfur hér á landi. Verkefni þetta var nefnt „Ísland næsta aldarfjórðung". Ætlunin var að fjallað yrði um framtíðarhorfur á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Við lestur gagna, sem þessu máli tengjast, kemur í ljós að hér var um að ræða afar metnaðarfullt starf. Hugur þeirra, sem að þessu stóðu, stóð til þess að tekist yrði á við gríðarlega mikið starf *og ekki má lesa annað út úr þeim gögnum sem ég hef* undir höndum og tengjast starfi nefndarinnar en að nefndin hafi ætlað sér að láta sér afar fátt mannlegt óviðkomandi.

Ég nefni sem dæmi að um var að ræða starf þátttakenda í einum fimmtán starfshópum sem áttu að fjalla um mannfjöldaþróun, auðlindir landsins, landkosti, orkumál, heimsbúskapinn, utanríkismál, menningarmál, tæknimál, skólamál, þróun hagvaxtar, umhverfismál, heilbrigðismál, fjárhagsmál, fjármögnun landsins og stjórnskipun.

Í þessum hópum sátu alls á milli 90 og 100 manns og það er óhætt að segja að þar var mikið mannval og vonandi voru þar á ferðinni afar brekkusæknir menn svo við notum hugtak sem mjög hefur verið í umræðunni upp á síðkastið.

Nú hefur það gerst upp á síðkastið að um starfsemi þessarar miklu nefndar hefur verið afar hljótt, það hefur ekki farið hátt og fátt hefur spurst út af starfi hennar síðustu dægrin, síðustu mánuðina og jafnvel missirin. Því hef ég leyft mér að leggja eftirfarandi fimm spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

„1. Hvað líður störfum nefndar um framtíðarkönnun sem skipuð var af þáverandi forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, 9. apríl 1984?

2. Hvernig var staðið að þessari könnun og hvað hefur hún kostað skattgreiðendur til þessa?

3. Eru allar skýrslur á vegum könnunarinnar komnar út?

4. Hver annast nú um framkvæmd málsins?

5. Hvað hyggst forsætisráðherra gera á grundvelli

þess starfs sem unnið hefur verið við framkvæmd þessarar könnunar?"

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur lagt fram fsp. sem hann kynnti hér í ræðustólnum áðan og fyrsta spurning hans er: „Hvað líður störfum nefndar um framtíðarkönnun sem skipuð var af þáverandi forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, 9. apríl 1984?"

Í árslok 1983 samþykkti þáv. ríkisstjórn að láta gera könnun á líklegri framtíðarþróun á stöðu Íslands næstu 20–30 árin. Í apríl 1984 voru síðan skipaðar tvær nefndir, framkvæmdanefnd og ráðgjafarnefnd til að skipuleggja og fjalla um verkið. Árið 1985, 1986 og 1987 var veitt fé á fjárlögum til þessa verkefnis og var unnið að því á þessum árum. Vinnan lá niðri frá apríl 1987 til september 1988. Vorið 1989 var verkinu ýtt af stað aftur en þó á óformlegri hátt en árin 1984–1987. Forsrn. veitti nokkru fé til verksins árið 1990 til þess að gera upp kostnað frá fyrri árum en lítið varð um frekari framkvæmdir. Skömmu eftir að núv. ríkisstjórn tók til starfa ákvað forsrh. að ekki yrði fengist frekar við þetta verk.

„2. Hvernig var staðið að þessari könnun og hvað hefur hún kostað skattgreiðendur til þessa?" Aðallega var staðið að verkinu á þann hátt að sérfræðingar voru fengnir til að skrifa greinargerðir um tiltekin efni og voru þær síðan ræddar í vinnuhópum sem skipaðir voru um einstök viðfangsefni. Þær greinargerðir sem lokið var við voru síðan gefnar út. Á fjárlögum voru eftirfarandi fjárveitingar til framtíðarkönnunar 1985 2 millj. 459 þús., 1986 2 millj. 478 þús., 1987 2 millj. 91 þús. Auk þess greiddi forsrn. 738 þús. kr. á árinu 1986 og 557 þús. kr. á árinu 1990 vegna verksins. Þetta eru samtals um 19 millj. kr. á núgildandi verðlagi.

„3. Eru allar skýrslur á vegum könnunarinnar komnar út?" Samkvæmt áætlunum framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun voru tvenns konar útgáfur um framtíðarhorfur fyrirhugaðar. Annars vegar var áformað að gefa út ritröð framkvæmdanefndar, fimm bækur með sextán greinargerðum starfshópa um framtíðarhorfur næsta aldarfjórðung. Hins vegar átti að gefa út í sérstakri bók yfirlitsrit um framtíðarkönnunina. Af fyrrnefndum fimm ritum voru tvö rit með samtals sex greinargerðum gefin út á vegum framtíðarkönnunar. Að auki hafa tvær greinargerðir verið gefnar út af öðrum aðilum. Handrit að þremur greinargerðum lágu fyrir árið 1990 en voru ekki gefin út. Útgáfa þeirra mundi nú kalla á verulega endurskoðun og því talsverða vinnu.

„4. Hver annast nú um framkvæmd málsins?" Framkvæmd málsins er lokið og það verður ekki tekið upp aftur með þeim hætti sem stofnað var til þess árið 1984.

„5. Hvað hyggst forsrh. gera á grundvelli þess starfs sem unnið hefur verið við framkvæmd þessarar könnunar?" Það starf sem unnið var á vegum verkefnis um framtíðarkönnun hefur komið að gagni við umfjöllun þeirra mála sem þar var unnið að. Líkleg framtíðarþróun og staða Íslands hlýtur jafnan að vera til íhugunar og umfjöllunar við stefnumótum í mikilvægum málum. Hins vegar er ekki fyrirhugað að gera neitt sérstaklega á grundvelli þeirrar könnunar sem fsp. þessi snýst um.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur einkum getið sér orð fyrir það að efna til ítarlegra kannana á fortíðinni. Það hefur verið skipuð fortíðarnefnd og „fortíðarvandi" er eftirlætisorð núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég vissi það hins vegar ekki fyrr en núna að ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja niður athuganir á framtíðinni. Hún teldi það ástæðulaust að sinna framtíðarverkefnum af nokkru tagi. Ég tel að sú nefnd sem fyrrv. hæstv. forsrh. skipaði og hér var lýst störfum frá hafi skilað mjög ítarlegu og gagnlegu verki. Með öllum síðuðum þjóðum eru til framtíðarstofnanir sem reyna að rýna inn í framtíðina og skoða ýmsa þróunarþætti þar betur en unnt er með einföldum hætti. Þessar stofnanir skila oft mjög góðu verki og eru ríkisstjórnum til ráðuneytis og hjálpar við daglega stjórn. Núv. ríkisstjórn ætlar að hafa fortíðina að leiðarljósi.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem hæstv. forsrh. sagði en ég vil þó láta það koma fram hér að ég tel að árin 1987–1988, þegar þetta verk lá niðri, hafi ráðið úrslitum um það að ekki tókst að ljúka því. Það er afar mikilvægt að slíkt verk sé unnið nokkuð samfellt en þarna varð á hlé sem gerir það að verkum að ýmis sú vinna sem þá lá áður fyrir hefði þurft að endurskoðast mjög vandlega en það var mjög skaðlegt.

Ég vil einnig taka undir með hv. síðasta ræðumanni, Svavari Gestssyni, að það er slæmt að ekki skuli ráðgert að líta fram á veg. Það eru alls staðar starfandi framtíðarstofnanir. Þetta verk var unnið í samvinnu við alþjóðalegar stofnanir á þessu sviði og ég er þeirrar skoðunar að þau tengsl séu afar mikils virði og mjög nauðsynlegt að líta lengra fram á veg en til morgundagsins. Ég man ekki betur en það hafi komið út fjórar skýrslur. Ég tel mig eiga þær. Þær hafa verið seldar í verslunum hér. Ég held að það séu örugglega fleiri, en tvær a.m.k.

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. afar greinargóð og skýr svör við þessum fyrirspurnum sem ég lagði fyrir hann. Hv. 9. þm. Reykv. talaði um það að núv. ríkisstjórn ætlaði að hafa fortíðina að leiðarljósi. Það var nú einu sinni kveðið að að fortíð skyldi hyggja ef frumlegt skyldi byggja og það er auðvitað rétt að núv. ríkisstjórn hefur þetta m.a. að leiðarljósi. Hins vegar skil ég það vel að hv. þm., sem kemur úr þeim stjórnmálaflokki sem allir vita, óttist fortíðina og vill auðvitað ekki að hún sé rifjuð upp. Það skýrir mjög vel hans málflutning áðan.

Það sem stendur auðvitað upp úr um starf þessarar nefndar er það að hún skilaði frá sér ritlingum sem

mjög óljóst er auðvitað um raunverulega gagnsemi af. Ég get tekið undir það sjónarmið að það getur alltaf verið fróðlegt að reyna að átta sig á framtíðarþróuninni. Hins vegar hygg ég að það muni flestum reynast nokkuð erfitt vegna þess einfaldlega að þróunin inn í framtíðina er ekki alltaf bein og breið. Þótt menn reyni að rýna inn í hana á grundvelli þeirrar þekkingar sem menn hafa á hverjum tíma, þá er það einatt þannig að þjóðfélögin breytast mjög ört og þau breytast í margháttaðar áttir. Þær miklu breytingar sem t.d. hafa gengið yfir okkar land voru auðvitað ekki fyrir séðar á árinu 1984. Þó vissulega geti það verið gagnlegt að reyna að velta fyrir sér með almennum hætti hvert framtíðin sé að leiða okkur, og ég geri ekkert lítið úr því, þá er það samt sem áður svo að trú á slíka framtíðarvinnu getur líka verið afar bagaleg. Ég held að m.a. með því að skoða til baka þær vangaveltur sem menn voru með á árinu 1984, þá sjáum við, jafnvel þótt ekki séu liðin nema átta ár síðan þau orð voru fest á blað, þá blasir það samt sem áður við að það sem menn eru að velta fyrir sér í dag er á margan hátt allt aðrir hlutir en það sem var efst á baugi og virtist blasa við á árinu 1984. Niðurstaðan af þessu er sú að kostnaðurinn við gerð þessara ritlinga sem út komu var 19 millj. kr. Framkvæmd málsins er lokið og verkið mun ekki halda áfram. Ég tel að þetta sé afar eðlileg málsmeðferð hjá hæstv. ríkisstjórn og þakka fyrir þær upplýsingar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að ekki hafi neitt komið fram í mínum orðum sem mætti túlka svo að ég hefði gert lítið úr því starfi sem þarna hefur verið unnið, þvert á móti sagði ég að þetta starf hefði komið að gagni. Hv. 9. þm. Reykv. sagði að það væri slæmt, eins og hann orðaði það, að hætt væri við að láta gera athugun á framtíðinni. Það er ekki auðvelt að láta gera athugun á framtíðinni en það er hins vegar hægt að spá um hana. En það vill oft verða erfitt. Ég minnist þess að hæstv. núv. viðskrh., ágætur samstarfsmaður, þá forstjóri Þjóðhagsstofnunar, kom á gamlárskvöld eða gamlársdag í sjónvarp og var spurður hvernig síðasta ár hefði gengið. Hann sagði þá að það væri eiginlega ekki hægt að svara því. Það væri afskaplega erfitt að spá um nýliðna fortíð. Og hvernig halda menn þá að það sé að spá til 20–30 ára?

Vegna þess sem hv. 7. þm. Reykn. nefndi, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef og gaf hér áðan, hef kannski talað fullhratt, þá nefndi ég að af fyrrnefndum fimm ritum voru tvö rit með samtals sex greinargerðum gefin út á vegum framtíðarkönnunar. Að auki hafa tvær greinargerðir verið gefnar út af öðrum aðilum. Það kann að vera að þetta sé það sem hv. þm. á við. Ég ætla ekki að þræta um það við hann því hann hefur sjálfsagt betri upplýsingar um þetta en ég þar sem hann hafði umsjón með þessu starfi á sínum tíma.

Flutningur starfa út á land, ein umr.

Fsp. StB, 437. mál. — Þskj. 695.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 695 flyt ég fsp. til hæstv. fjmrh. um flutning starfa út á land. Þróun atvinnulífs og þjónustu í landinu öllu hefur verið með þeim hætti að flest störf hafa orðið til í þjónustu opinberra aðila og þá einkum og sér í lagi á vegum ríkisins. Nær allar nýjar stöður sem tengjast ríkinu eru á höfuðborgarsvæðinu og einkum og sér í lagi það sem tengist tölvuvinnslu, gagnavinnslu ýmiss konar og bókhaldi.

Margar ríkisstofnanir hafa stækkað og jafnvel þanist út og má þar nefna t.d. Skýrsluvélar ríkisins, og er það m.a. vegna þjónustu við stofnanir sem eru staðsettar vítt og breitt um landið. Má í þessu sambandi nefna launavinnslu sem fer fram að verulegu leyti hér í höfuðborginni o.fl. Tölvubúnaður gefur hins vegar tækifæri til þess að vinna að mörgum verkefnum í beintengdu kerfi innan bókhalds- og áætunarkerfis ríkisins. Þetta kerfi, sem hefur verið útfært mjög myndarlega á vegum ríkisins, gefur tækifæri til þess að nýta tölvutæknina þannig að vinna mætti mjög margt af því, sem unnið er á höfuðborgarsvæðinu fyrir stofnanir úti á landi, í viðkomandi stofnunum. Hugbúnaðargerð á Íslandi hefur fleygt mjög fram, sem m.a. kemur fram í þessu bókhalds- og áætlunarkerfi ríkisins, og með réttri hugbúnaðargerð ætti að vera hægt að taka mjög mörg störf, að ég tel, inn í stofnanir vítt og breitt um landið sem nú eru unnin í Reykjavík. Þess vegna og með tilliti til framansagðs hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. fjmrh.:

„1. Hversu mörg störf við bókhald, launavinnslu og innheimtu mætti flytja úr stofnunum og ráðuneytum á höfuðborgarsvæðinu til stofnana í öðrum landshlutum með því að tengja tölvukerfi þeirra við BÁR — bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins?

2. Hefur verið undirbúin áætlun um flutning slíkra starfa?“

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Sem svar við fyrri fsp. hv. fyrirspyrjanda vil ég segja þetta: Stærstu tölvukerfi ríkisins snerta launavinnslu, bókhald ríkisins, álagningu og innheimtu skatta. Þessi kerfi eru í sjálfu sér þróuð sjálfstætt og utan um kjarna þeirra er haldið í Skýrsluvélum ríkisins. Forvinnsla ýmiss konar gagna og upplýsinga sem inn í þessi tölvukerfi fara eru gerð bæði í Reykjavík og vítt og breitt um landið.

Að því er varðar launavinnslu til starfsmanna ríkisins, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á í sinni ræðu, er í meginatriðum tvennt að segja: Starfsmannaskrifstofa fjmrn. afgreiðir laun til þorra ríkisstarfsmanna en sú stefna hefur verið mörkuð að færa alla vinnslu og undirbúning launafærslna sem mest út í stofnanir ríkisins. Slík vinnsla hefur nú þegar verið færð til fræðsluskrifstofuumdæmanna að verulegu leyti, einnig til Vegagerðar ríkisins og þar með deilda hennar úti um land, Pósts og síma og stefnt er að því að koma þessu í aðr-

ar stærri stofnanir þar sem af hagkvæmnisástæðum þykir skynsamlegt að vinna verkin.

Hinn meginþáttur launaafgreiðslunnar lýtur að því að við yfirtöku ríkisins á sjúkrahúsum var launavinnsla þeirra ekki flutt til starfsmannaskrifstofu fjmrn. heldur var ákveðið að hún yrði áfram í hlutaðeigandi sjúkrahúsum eða bæjarfélögum. Sú ákvörðun ar tekin til þess að störfin mættu haldast sem víðast um land. Um það varð hins vegar samkomulag að sú launaafgreiðsla og þau launatölvukerfi sem notuð yrðu uppfylltu skilyrði um það að ríkið, þ.e. fjmrn., gæti hvenær sem er kallað eftir upplýsingum á sambærilegu formi. Á því þarf að halda vegna kjarasamninga og upplýsinga um starfsmannahald ríkisins. Því miður hefur orðið nokkur misbrestur á því.

Um bókhaldskerfi ríkisins, BÁR, er það að segja að þetta er miðlægt kerfi sem er unnið í Reykjavík að stofni til. Hins vegar hefur verið tekin ákvörðun um það að færa skráningu gagna til stofnananna sjálfra í auknum mæli og er það mál í undirbúningi. Í notkun er svokallað BÁR-ET, þ.e tölvukerfi sem sett er upp í einmenningstölvum víða um landið og einkum og sér í lagi hjá minni stofnunum. Með þessu móti er vinnslan í raun og veru komin til stofnana sem verið geta jöfnum höndum í Reykjavík eða annars staðar á landinu.

Skattálagning er unnin í tölvukerfi sem er að hluta til hjá Skýrsluvélum ríkisins og að hluta til hjá ríkisskattstjóra. Skattstofurnar eru í auknum mæli að tengjast þessum skattkerfum. Þannig undirbúa og færa skattstofurnar upplýsingar inn í álagningarkerfi skatta. Erfitt er að sjá að gengið verði lengra á þeirri braut en fyrirsjáanlegt er að skattstofurnar þurfa að hafa eins greiðan aðgang að álagningarkerfi og mögulegt er.

Að því er varðar innheimtu skatta þá er í gangi staðgreiðslukerfi virðisaukaskatts og tolla. Hér gildir sama og áður að innheimtuumdæmi landsins eru tengd þessum kerfum og starfsmenn þar vinna allar upplýsingar beint inn á innheimtukerfin þó svo viðhald þeirra og stjórn sé hjá Skýrsluvélum ríkisins og innheimtuyfirvöldum í Reykjavík. Við viðhald og daglega stjórn tölvukerfa ríkisins starfar nokkur hópur manna. Í fjárlögum þessa árs kemur t.d. fram að notkun þessara kerfa og viðhald mun kosta ríkissjóð hátt í 500 millj. kr. Stærsti hluti þessara útgjalda er þó vegna vélavinnslu en ekki vegna beinna starfa eða þróunar þeirra á breytingum.

Þau störf sem hugsanlega mætti flytja út á land tengjast því fyrst og fremst notkun kerfanna, þ.e. hvernig upplýsingar eru settar inn í kerfin og hvernig upplýsingar eru teknar út og þær notaðar. Fullyrða má að með breytingu af þessu tagi fjölgi störfum eitthvað úti á landi umfram það sem þegar er en ég get ekki nefnt neina ákveðna tölu í því sambandi.

Sem svar við síðari spurningunni vil ég segja þetta: Heildaráætlun um dreifingu á tölvuvinnslu hefur ekki verið gerð. Hitt er það að í fjmrn. hefur sú stefna verið mörkuð að umfjöllun um starfsmannamál, þ.e. færslu nýrra starfsmanna og starfsmannaskrá og brottfelling þeirra sem hætta á skránni, yfirvinnuyfirlit o.fl. færist í auknum mæli til stofnunarinnar sjálfrar eins og áður sagði. Um þann starfafjölda sem þannig flyttist til er ekkert hægt að segja en langstærstu stofnanir hins opinbera, þar sem slík störf eru, eru sjúkrahús og stærri þjónustustofnanir. Áform um frekari breytingar á öðrum kerfum liggja ekki fyrir en vísað er til þess að bókhald ríkisins er nú að hluta til fært úti í stofnununum, m.a. úti á landi og því skilað í tölvutæku formi til ríkisbókhaldsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir fsp. og þær upplýsingar sem hún leiðir til að koma fram. Ég vil minna á það að Alþingi hefur tekið pólitíska ákvörðun um að það skuli færa eins mikið og hægt er af störfum tengdum tölvuvinnslu út á land. Það gerði það með því að samþykkja þáltill. sem hv. þingkona Kvennalistans, Danfríður Skarphéðinsdóttir, flutti og því er til núna ákvörðun, viljayfirlýsing Alþingis, og að sjálfsögðu ber að virða þá yfirlýsingu. Ég held að það sé ekki bara það sem hægt er að færa til stofnana á hverjum stað sem samkvæmt þáltill. er skylt að færa út á land heldur einnig eitthvað af þeirri starfsemi sem ég held að hæstv. ráðherra hafi kallað miðlæga.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna svörum hæstv. fjmrh. og tel að þau undirstriki það að nútímatölvutækni og fjarskiptatækni af hvers konar tagi gerir það miklu auðveldara en áður að flytja margs konar störf út á landi sem áður og fyrr var talið nauðsynlegt að væru unnin í Reykjavík.

Ég tel einmitt að þær upplýsingar sem hæstv. fjmrh. kom fram með sýni að það verkefni að færa verkefni og störf frá Reykjavík og út á land sé auðveldara viðfangs en margir hafa látið í veðri vaka og þess vegna sé okkur í raun og veru ekkert að vanbúnaði að hefjast handa um það í enn meira mæli. Viðleitni fjmrn. til þess að færa verkefni úr ráðuneytinu og út í stofnanirnar og það hversu vel það hefur gengið sýnir okkur það og ætti að vera okkur hvatning til þess að gera enn þá betur. Ég fagna ákvörðun ráðuneytisins í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fyrirspurninni og að það skyldi koma fram hjá hæstv. ráðherra að sú stefna hafi verið mörkuð að sem flest störf verði færð út í stofnanir. Það ber að fagna því. Ég vil taka heils hugar undir það enda var mín fyrirspurn í rauninni óbein hvatning til hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar að vinna með þeim hætti.

Ég vil geta þess að þegar unnið var að verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga og því að ríkið tæki yfir rekstur heilsugæslustöðvanna m.a. stóð jafnvel til að færa alla launavinnslu til launaskrifstofu ríkisins og taka hana úr höndum þeirra starfsmanna viðkomandi stofnana sem höfðu áður haft hana með hendi. Þessu

var mótmælt og niðurstaðan varð sú sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Það eru mjög mörg störf og mjög mörg viðfangsefni sem hægt er að vinna í beintengdu kerfi og ég tel mjög mikilvægt að það sé ótvíræð stefna ríkisvaldsins að færa þau störf sem hægt er út til stofnana og stuðla þannig að því að styrkja atvinnulífið.

Stór hluti af tölvuvinnslunni er viðhald kerfanna. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra fara mjög háar upphæðir hjá ríkinu í viðhald tölvukerfa og ég held að það þyrfti að huga að því að ríkið reyndi að standa við bakið á þeim fáu fyrirtækjum úti á landsbyggðinni sem vinna að hugbúnaðargerð og gæti þannig styrkt þá starfsemi.

Ég gæti nefnt eitt mjög mikilvægt samstarfsverkefni ríkis og aðila úti á landi en það er samstarf um gerð tölvukerfis fyrir hafnirnar sem ber nafnið Lóðsinn en sjútvrn. hefur með mjög myndarlegum hætti tekið á því í samstarfi við hafnirnar að búa út kerfi sem er þannig að allar hafnir landsins eru beintengdar inn í tölvukerfi ráðuneytisins, Hafsjó, og hvern dag renna upplýsingar, skráðar í hverri höfn, til miðstöðvar hér og þannig er hægt að fylgjast með afla hvern dag. Þetta er samstarf sem ég tel að hafi verið til fyrirmyndar og vil vekja á því athygli.

Að lokum vil ég bara leggja áherslu á að það verði unnið eftir einhverri áætlun að þeirri stefnu að færa sem mest af tölvuvinnslu sem hægt er að vinna úti í stofnunum og með þeim hætti tel ég að það mundi styrkja stofnanir úti um landsbyggðina og færa störf þangað.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu og tek undir þau orð hans að þarna þurfi að gera áætlun um hvernig þetta megi framkvæma. Það stingur óneitanlega í stúf við það svar sem við fengum áðan hjá hæstv. forsrh. að það ætti að hætta að horfa til framtíðarinnar.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þessa fyrirspurn og það svar sem gefið var við henni. Ég hygg vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns að það þurfi ekki að brýna núv. hæstv. ríkisstjórn, og mér heyrðist hæstv. forsrh. gefa allgóðar skýringar á stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum.

Vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað vil ég enn ítreka að BÁR-kerfið er miðlægt kerfi í þessum skilningi. Það sem skiptir auðvitað máli er að skráningin sjálf fari fram á viðkomandi stöðum. Þegar við erum að tala um viðkomandi staði þá er það úti í fyrirtækjunum hvar sem þau eru á landinu og það kemur auðvitað landsbyggðinni til góða.

Það er þó undirstöðuatriði að átta sig á að þetta getur helst gerst ef stofnanirnar sjálfar eru sjálfstæðar. Þá komum við kannski að því atriði sem skiptir miklu máli í þessari umræðu en það er sú tilraun sem nú er verið að gera til þess að koma ábyrgð og frelsi til viðkomandi stofnana og breyta hugsunarhættinum í fjárlagagerðinni og framkvæmd fjárlaganna. Það mál hefur verið hér til umræðu upp á síðkastið.

Annað vil ég nefna sérstaklega til sögunnar í þessu sambandi. Það eru einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar. Þau eru mjög mikilvæg þegar talað er um þessi mál vegna þess að því meira sem er einkavætt þeim mun meiri möguleiki er á því að störf færist nær þjónustustarfseminni og stofnununum. Ef frelsi er gefið og fyrirtækin, þótt þau séu öll eða mörg í eigu ríkisins, eru sjálfstæð og starfa sem slík, þá eru meiri líkur til þess að starfsemin verði boðin út og þá oftast til heimaaðila. Til slíkra afbrigða þekki ég og vil leggja áherslu á að þannig geti einkavæðingin, sjálfstæði stofnana og svokölluð byggðastefna í mörgum tilvikum farið ágætlega saman.

Leiga á ökutækjum án ökumanns, ein umr.

Fsp. JHelg, 491. mál. — Þskj. 764.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur leiga á skráningarskyldum ökutækjum án ökumanns farið vaxandi hérlendis. Sú þjónusta er mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna í heild þar sem nauðsynlegt er fyrir ferðamenn, bæði innlenda og þá sérstaklega erlenda, að eiga kost á henni. Það hafa komið fram ábendingar um að verð á þessari þjónustu sé hærra hér en erlendis svo vissulega væri æskilegt ef hæstv. samgrh. léti athuga hvort ráðuneytið geti á einhvern hátt stuðlað að því að verðlagning hennar geti orðið lægri.

Það hafa heldur ekki verið settar reglur um leigu á þessum ökutækjum, m.a. varðandi stærðarmörk, og virðist hafa skapast óeðlilegt ósamræmi. T.d. mega þeir sem tóku almennt ökupróf fyrir árið 1960 taka á leigu fólksflutningabifreiðir og aka þeim fullum af fólki ef það er ekki gert í atvinnuskyni. Eðlilega eru gerðar strangar kröfur til ökumanna almennra hópferðabifreiða. Það sýnist því óhjákvæmilegt að hæstv. samgrh. taki þessi mál til skoðunar og því hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn á þskj. 764 til hæstv. ráðherra:

„Eru í undirbúningi reglur um leigu á skráningarskyldum ökutækjum án ökumanns, m.a. hámarksstærð þeirra?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau ummæli hv. þm. að leiga á skráningarskyldum ökutækjum án ökumanns, ef það orðalag er notað, er há hér á landi. Við höfum vissulega áhyggjur af því og hafa komið fram hugmyndir um það hvort hægt sé að lækka leiguna fyrir erlenda ferðamenn en í því hefur ekki fundist niðurstaða.

Að öðru leyti heyrir þessi spurning undir dómsmrh. og hefur mér borist svohljóðandi svar frá dóms- og kirkjumrn.:

„Í 70. gr. umferðarlaga eru ákvæði um leigu ökutækja svohljóðandi:

„Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra setur reglur um leigu ökutækja án ökumanns og ákveður gjald fyrir leyfi. Í þeim reglum má ákveða að eigi þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi.““

Síðan segir: „Eftir gildistöku umferðarlaganna 1. mars 1988 hafa ekki verið settar nýjar reglur um leigu ökutækja. Um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, gilda reglur sem settar voru 1960, með síðari breytingum. Eru þær reglur í gildi þar til annað verður ákveðið, samanber auglýsingu frá 26. febr. 1988 um gildi reglugerða samkvæmt eldri umferðarlögum.“

Reglurnar frá 1960 taka til ökutækja til mannflutninga. Þær þarfnast í sjálfu sér endurskoðunar en sérstök áform í því efni eru ekki uppi eins og er.

Tekið skal fram að ákvæði umferðarlaga áskilja að leyfi þurfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns. Jafnframt er heimilað að ákveða að ekki þurfi leyfi til tiltekinnar leigustarfsemi. Leiga ökutækja í atvinnuskyni er þannig annaðhvort frjáls eða bundin því að hlutaðeigandi hafi leyfi til þeirrar starfsemi.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans þó að ekki kæmi fram í því beint svar við þeirri spurningu sem ég bar fram. Að sjálfsögðu er mér ljóst að skráning ökutækja heyrir undir dómsmrn. Hins vegar er hér um að ræða samkeppni við starfsemi sem heyrir undir hæstv. samgrh., þ.e. fólksflutninga með almennum bifreiðum. Það er vissulega óeðlilegt að þarna sé mjög mikið ósamræmi á milli kröfu sem er gerð til þeirrar starfsemi og svo hins vegar þess sem fjallað er um með fyrirspurninni. Því var spurningin til hæstv. samgrh. hvort honum fyndist ekki þörf á að setja þarna skýrari reglur með tilliti til þeirrar starfsemi sem fellur undir hans ráðuneyti.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Á síðasta sumri og eins nú í sumar verður eitthvað um það að leiðsögumenn fái heimild til að vera jafnframt bílstjórar í bifreiðum sem falla undir þá stærð sem er skilgreind sem hópferðaleyfi. Kemur þá auðvitað eftir atvikum til greina hvort sem er að viðkomandi leiðsögumenn eigi bílana sjálfir eða þeir séu teknir á leigu. Að öðru leyti hef ég því einu við að bæta að ef hugmynd er að reyna að lækka kostnað við bílaleigubíla fyrir erlenda ferðamenn sýnist ekki annað ráð en gefa þeim kost á að fá virðisaukaskatt endurgreiddan við brottför. Við höfum ekki treyst okkur til að fara inn á þá braut.

Fíkniefnaneysla í landinu, ein umr.

Fsp. GÁ, 487. mál. — Þskj. 751.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég spyr hæstv. dómsmrh. um stefnumótun gagnvart því að uppræta fíkniefnaneyslu í landinu.

Eitt hundrað ungmenni hvíla nú á kistubotni, hafa fallið fyrir þessum voða. Talið er að allt að 500 unglingar á aldrinum 13–19 ára séu djúpt sokknir í fíkniefnaneyslu. Fullyrt er að fjármagnið sem á ári hverju er varið til fíkniefnaviðskipta skipti hundruðum milljóna. Ég sá í einhverju blaði rætt um að það mundi verða hálfur milljarður á ári hverju. Eiturlyfjasala er því orðin „bisniss“. Sölumennirnir svo og neytendurnir verða illskeyttari með ári hverju. Hér duga engin vettlingatök. Þessa skelfingu verður að stöðva. Blikur eru á lofti og hættumerki. Ríkisstjórnin hefur skorið niður fjármagn til löggæslu. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á auknu atvinnuleysi á meðal ungs fólks. Líkur eru á að niðurskurður til skólamála þýði það að í haust verði stór hópur unglinga að hverfa frá námi.

Í öllum löndum er fylgni á milli atvinnuleysis og neyslu á ávana- og fíkniefnum. Atvinnuleysið hefur þrefaldast hjá fólki á aldrinum 18 ára til tvítugs og fimmfaldast hjá þeim sem eru á aldrinum 20–24 ára gamlir. Reykingar aukast á ný meðal unglinga, ekki síst hjá stúlkum.

Ég treysti hæstv. dómsmrh. til að móta stranga og skjótvirka stefnu til að uppræta fíkniefnaneyslu. Til þess þarf aukið fjármagn og herta löggjöf. Til þess þarf aukna fræðslu meðal foreldra og barna og unglinga. Íþróttir og tómstundastarf er ein besta trygging gegn þessari vá.

Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir hertri löggjöf? Mun hann beita sér fyrir því að Alþingi staðfesti samning Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni? Mun hæstv. ráðherra tryggja aukið fjármagn til þessarar varnarbaráttu sem er barátta upp á líf og dauða hjá fjölda ungmenna?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Framkvæmdir og aðgerðir til varnar í baráttunni gegn útbreiðslu ávana- og fíkniefna og notkunar á þeim hafa í meginatriðum byggst á störfum framkvæmdanefndar sem sett var á fót árið 1986 að frumkvæði þáv. forsrh., Steingríms Hermannssonar. Í meginatriðum hafa aðgerðir verið byggðar á þeirri stefnumörkun sem þá var ákveðin.

Ég get minnst á helstu atriði sem unnið hefur verið að að undanförnu í ýmsum ráðuneytum en ég minni á að framkvæmdanefndin er skipuð fulltrúum þeirra ráðuneyta sem koma að þessu máli og gengur formennska til skiptis á milli ráðuneytanna í eitt ár í senn.

Í félmrn. hefur verið unnið að því að tryggja að rekstur á neyðarathvarfi fyrir ungmenni í Rauðakross-húsinu í Reykjavík en hluti þeirra barna og ungmenna sem þangað leita eiga við vímuefnavanda að etja. Fjmrn. hefur sérþjálfað tollgæslumenn til eftirlits

og leitar að fíkniefnum. Það fékk einnig sérþjálfaðan hund á síðasta ári til fíkniefnaleitar fyrir tollgæsluna með aðsetur í Reykjavík. Á vegum dómsmrn. var það ákveðið á síðasta ári að fá annan hund til lögreglunnar í Reykjavík til fíkniefnaleitar og sérstakur maður var ráðinn til þess að stjórna honum. Þá ákvað dómsmrn. í samvinnu við menntmrn. á síðasta ári að styrkja og styðja við könnun Rannsóknastofnunar í uppeldis- og menntamálum þar sem athugun fer fram á fíkniefnaneyslu unglinga. Athugunin fór fram í marsmánuði sl. og tók til um 1.200 unglinga og þess er að vænta að niðurstöður verði tilbúnar á haustdögum en þær eiga að gefa mjög góða möguleika til að bera saman hverjir eru helstu áhættuþættirnir í sambandi við fíkniefnaneyslu unglinga. Þannig gætum við fengið gleggri mynd af vandanum og betri upplýsingar sem gera okkur kleift að bregðast við á skilvirkari hátt varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir. Ég tel að athugun af þessu tagi sé mjög mikilvæg undirstaða frekari aðgerða.

Heilbr.- og trmrn. hefur síðan átt stærsta þátt í að móta meðferðarþátt að Tindum en þar var fyrir rúmu ári tekin í notkun sérstök stofnun fyrir unga ávana- og fíkniefnaneytendur. Heilbrrn. gekkst einnig fyrir sérstakri ráðstefnu um þessi efni á sl. vetri. Menntmrn. hefur beitt sér fyrir kennslu á námsefni Lions-hreyfingarinnar undir heitinu „Að ná tökum á tilverunni". Á síðasta ári fékk utanrrn. sérþjálfaðan hund og mann til þess að stjórna honum við fíkniefnaleit á Keflavíkurflugvelli og á vegum þess ráðuneytis hafa einnig tveir menn verið sérþjálfaðir til þess að sinna ávana- og fíkniefnum.

Ég tel að það sé einnig mjög mikilvægt að endurskoða starf framkvæmdanefndarinnar eða kannski fremur endurskoða skipulag hennar. Því miður hefur ekki verið endurskipað í nefndina frá sl. hausti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að fela einu ráðuneyti höfuðábyrgð í þessu efni þannig að forusta fyrir samstarfsnefnd ráðuneytanna hvíli á einu ráðuneyti til að tryggja markvissari framkvæmd og ákveðnari aðgerðir.

Hv þm. spurði um fullgildingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni frá 1988. Það hefur staðið á því að fullgilda þennan samning fyrst og fremst vegna þess að lagasetningu um svokallaðan peningaþvott er ólokið.

Frú forseti. Ég vildi að lokum leggja áherslu á meginatriði varðandi framkvæmd þessara mála en það er að við þurfum að leggja ríkari áherslu á forvarnir en verið hefur og að finna farveg fyrir fræðslustarfsemi í skólum og nauðsynlegar athuganir á fíkniefnavanda unglinga.

Loks vil ég geta þess að skipulag löggæslunnar sjálfrar þarf að vera í stöðugri athugun þannig að hún verði sem markvissust. Nú fer fram í dómsmrn. endurskoðun á skipulagi löggæslunnar í landinu og þar á meðal hvernig rannsóknum í þessum málum verður fyrir komið.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það hefur líka löngum gert hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir með því að leggja fram í þinginu till. til þál. sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á. Það eru sannarlega alvarlegar upplýsingar sem okkur eru kunnar að aðeins 5–10% af þeim efnum sem berast til landsins finnist við tollleit. Afgangurinn, 90–95%, eru í umferð hér. Það þykir góður árangur, er mér sagt, ef löggæslan getur upprætt um 5–10% af þeim efnum sem eru í umferð. Þetta segir okkur að stórefla verður allar varnir gegn innflutningi og þar held ég að notkun hunds sé lykilatriði. Það þarf að koma því rækilega til skila að notkun hundsins við leit verði aukin og þá alls staðar á landinu, ekki bara í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli, heldur um landið allt. Ég vil geta þess að ósk og krafa liggur fyrir um þetta frá Austurlandi og vona ég að hæstv. ráðherra íhugi það gaumgæfilega hvernig koma megi því fyrir m.a. á því landsvæði.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans og upplýsingar. Ég tek undir margt af því sem hann sagði. Ég held að það sé mjög mikilvægt að einu ráðuneyti sé falin höfuðábyrgð til að tryggja markvisst varnarstarf. Eins að skipulag lögreglunnar sé á hverjum tíma sem best.

Við Íslendingar sjáum því miður mörg þau vandamál í okkar litla samfélagi sem áður tilheyrðu milljónaþjóðum og stórborgum: Vegalaus börn, útigöngufólk, árásir, innbrot og morð til að ná í fjármagn. Við þurfum að þyngja refsingar, ekki síst gegn þeim sem staðnir eru að því að smygla inn eiturlyfjum. Það eru auðvitað sorglegar upplýsingar ef við náum ekki nema 5–10% af eiturlyfjunum sem til landsins koma. Sölumenn dauðans ber að svipta mannréttindum. Þeim verður að koma undir lás og slá.

Ég tel að Alþingi eigi að marka stefnu þar sem t.d. verði ráðgert á næstu 4–5 árum að uppræta alla fíkniefnaneyslu, að Ísland yrði án eiturlyfja 1995. Eigi slíkur árangur að nást þarf ríkið að marka stefnu og auka fjármagn í málaflokkinn.

Íslendingar eru skorpuþjóð og eiga eina sál þegar mikið liggur við. Fjölskyldan er hornsteinn hvers þjóðfélags. Fjölskyldan verður að búa við aðstæður til að geta leyst uppeldishlutverk sitt vel af hendi. Ég hef t.d. sárar áhyggjur af mörgu því unga fólki sem nú er að eiga börn hversu skuldsett það er, hversu sokkið það er í skuldum við að fjárfesta í íbúðarhúsum og fleiru. Ég hygg að það eigi eftir að verða verulegt vandamál þegar líður á þennan áratug. En fjölskyldan, skólinn og kennarar þurfa á öllum upplýsingum og fræðslu að halda til þess að berjast gegn neyslu fíkniefna.

Vilji ríkisstjórnin stíga ný og mikilvæg skref í baráttunni gegn ávana- og fíkniefnum mun ekki standa á Alþingi eða stjórnarandstöðunni að greiða fyrir slíku á lokadögum Alþingis. En gleymum því ekki að bestu forvarnirnar eru í heilbrigðu ungmennafélags- og íþróttastarfi. Ungmennin sem eru á íþróttavellinum eða í íþróttahúsinu eru bólusett gegn ávana- og fíkniefnum. Því verður ríkið og sveitarfélögin að standa vel við

bakið á hinum frjálsu félögum og skynja enn frekar þá hamingju og þá heilbrigði sem holl íþrótt hefur í för með sér.

Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta mikla vandamál.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þann áhuga sem þeir hafa sýnt á þessu mjög mikilvæga viðfangsefni. Ég hygg að það hafi hvergi verið ofsagt hversu brýnt það er að okkur takist að fást við þessi viðfangsefni á þann hátt að við getum upprætt þessa meinsemd. Við erum auðvitað ekki eyland í þeim skilningi að við getum lokað okkur frá því sem er að gerast í veröldinni umhverfis okkur, en við höfum eigi að síður betri aðstæður eða ættum að hafa betri aðstæður en ýmsar aðrar stærri þjóðir til þess að glíma við þennan vanda og ráða niðurlögum hans. Þar þurfa að koma til mjög margvísleg verkefni. Ég tel að við verðum að leggja mjög mikla áherslu á fræðslu- og upplýsingastarf til þess að vinna að því fyrst og fremst að koma í veg fyrir að ungt fólk leiðist inn á þessa braut. Ég dreg ekki úr hinu, sem er mjög mikilvægt, að löggæsla og tollgæsla verði svo virk að unnt verði að stemma stigu við ólöglegum innflutningi þessara efna og koma fram ábyrgð þeirra sem þau verk stunda og tek undir ummæli manna sem hafa fallið að því leyti.

Á þrengingatímum í ríkisbúskapnum kann að koma til þess að við þurfum að taka ákvarðanir um að forgangsraða verkefnum, láta ýmis verkefni sem við höfum sinnt til þessa víkja fyrir hinum mikilvægari og þar á meðal verkefnum sem unnin hafa verið á sviðum löggæslunnar. Ég tel að engum vafa sé undirorpið að á sviði löggæslunnar hljóti þessi mál að vera í hópi þeirra sem brýnast er að taka á og yrðu ofarlega á lista um forgangsröðun þeirra verkefna við þær fjárhagslegu aðstæður sem við búum nú við.

Eftirlit með veiðum erlendra skipa, ein umr.

Fsp. KSG, 508. mál. — Þskj. 811.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 811 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. sjútvrh. sem er svohljóðandi:

„1. Hefur sjávarútvegsráðuneytið látið fylgjast með veiðum erlendra skipa fyrir utan 200 mílna fiskveiðilandhelgina og jafnframt athuga hvaða fisktegundum skipin landa erlendis?

2. Hefur ráðuneytið uppi áform um að kanna þau veiðisvæði þar sem búri og blálanga halda sig helst?"

Ástæðan fyrir því að ég spyr þessara spurninga eru fréttir sem ég hef fengið af veiðum erlendra skipa á djúpslóð suðaustan landsins, svona 260 mílur frá landi. Mér var sagt frá frönsku verksmiðjuskipi sem var 6 vikur að veiðum á þessum slóðum og landaði 400 tonnum af búra- og blálönguafurðum í heimahöfn í Frakklandi. Þá hef ég frétt að landanir á þessum afurðum í Frakklandi hafi aukist mjög hratt. Á árinu 1989 hafi landanir á búra og blálönguafurðum aðeins numið örfáum tonnum en í fyrra, árið 1991, hafi 4.000 tonnum verið landað þar. Ef þessar fréttir eru réttar, sem ég hef ekki ástæðu til að efast um, er mjög mikilvægt að fylgjast með hvar skipin eru og freista þess að komast að því hvar þessar fisktegundir halda sig.

Þessi fisktegund var Íslendingum gersamlega ókunn þar til í haust er Vestmannaeyjaskipið Klakkur fann töluvert magn af þessum fiski á djúpslóð. Verðmæti búra er gífurlega mikið og segja fróðir menn að nú hafi fundist gullmolar í landhelginni á sama tíma og hefðbundnar fisktegundir láta undan síga. Búraflök eru nú seld á Ameríkumarkað fyrir 9 dollara og 99 sent kg eða um 590 kr. Auðvelt er og að selja búrann á Evrópumarkaði á sama verði og Ameríkumarkaði, en tollur er aðeins 3% hærri á flökum en á heilum búra. Er því augljóst að hagstæðara er að selja flök en heilan fisk með tilheyrandi flutningskostnaði.

Forvitnilegt er að vita hvort ráðuneytið hafi uppi áform um að kanna veiðisvæði búra og blálöngu svo að unnt verði að beina verksmiðjuskipunum á þessi svæði sem hefði það í för með sér að minni skip fengju þá meiri frið á grunnslóð. Mér er kunnugt um að Klakkur hefur verið seldur frá Vestmannaeyjum og sá skipstjóri er fyrstur fann þessa gullmola því væntanlega á lausu. Væri ekki þjóðráð að leigja skip sem hefur nógan togkraft til að kanna þessi svæði og freista þess að fá áðurnefndan skipstjóra til að veita því verkefni forstöðu? Ég beini þessum fsp. til hæstv. sjútvrh.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Því er til að svara varðandi 1. lið fsp. að sjútvrn. hefur ekki möguleika á að fylgjast þannig með veiðum erlendra skipa utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelginnar að það geti upplýst hvaða fisktegundir eru veiddar þar né heldur fylgst með löndun skipanna í erlendum höfnum. Hins vegar ber öllum ríkjum sem eiga aðild að Alþjóðahafrannsóknasvæðinu að gefa upp allan afla sem veiddur er af skipum aðildarlandanna. Skal þessi afli sundurliðaður eftir tegundum og veiðisvæðum.

Hins vegar er nokkur misbrestur á því að þessu sé framfylgt og mjög mismunandi, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, hversu vel sundurliðaðar þessar aflatölur eru og veiðisvæðin eru það stór að erfitt er að átta sig á nákvæmlega hvar afli er fenginn. Vegna þessa var á fundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar í nóvember á síðasta ári þeim tilmælum beint til Alþjóðahafrannsóknaráðsins og einstakra aðildarríkja Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar að kanna að yrði sérstaklega hvaða fisktegundir væru veiddar utan við 200 sjómílur í Norðaustur-Atlantshafi, en svo virðist vera, eins og kom reyndar fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að veiðar á þessum slóðum færist nú í vöxt. Af Íslands hálfu mun verða lögð rík áhersla á að fá nánari upplýsingar um þessar veiðar í gegnum Norðaustur-Atlantshafsnefndina og Alþjóðahafrannsóknaráðið.

Að því er varðar síðari lið fsp. er það að segja að af

hálfu sjútvrn. hefur verið lögð áhersla á það við Hafrannsóknastofnun að auknar yrðu rannsóknir á vannýttum fisktegundum eins og t.d. langhala og búra. Í þessu skyni var skipaður sérstakur vinnuhópur innan Hafrannsóknastofnunar að tilmælum ráðuneytisins sem gera á tillögur um framkvæmd frekari rannsókna. Þeirra tillagna er að vænta mjög fljótlega. Ljóst er hins vegar að ekki verða framkvæmdar umfangsmiklar rannsóknir á þessu sviði á þessu ári nema til komi verulega aukið fjármagn sem ekki er til ráðstöfunar eins og sakir standa. Hér kemur til að ráðstöfunarfé Hafrannsóknastofnunar hefur þegar verið ákveðið til tiltekinna rannsókna á þessu ári. Hins vegar mun ráðuneytið beita sér fyrir að auknu fjármagni verði varið til þessara rannsókna þegar á næsta ári.

Nauðsynlegt er líka að hafa í huga að þeir sem gleggst þekkja til eru þeirrar skoðunar að það þurfi aflmeiri skip til þessara rannsókna en Hafrannsóknastofnun ræður nú yfir. Það þyrfti því hugsanlega að leigja sérstakt skip í rannsóknaverkefni af þessu tagi og því mundi fylgja verulegur aukakostnaður. En allir þessir þættir eru til athugunar við undirbúning þeirrar rannsóknaáætlunar um þessi verkefni sem unnið er að.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni fyrir báðar þær fyrirspurnir sem hann ber fram til sjútvrh. Hvorutveggja fsp. er afar merk og tímabær. Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að við fylgjumst grannt með veiðum erlendra skipa fyrir utan 200 mílna fiskveiðilandhelgina, ekki síst í suðurátt frá Íslandi því samkvæmt hafréttarsáttmálanum eigum við mikilla hagsmuna að gæta þarna. Það er líka ljóst að á þessum svæðum er um að ræða mikið magn af hvers kyns fiski eins og miðsjávarfiskum sem lítið hafa verið kannaðir til þessa og þess vegna er mjög nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að kanna tegundasamsetningu, magn og útbreiðslu.

Að því er varðar þá fiska sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason nefnir sérstaklega, búra og blálöngu, er rétt að greina frá því að nú berast fregnir um að menn séu að finna búra mjög víða. Erlendis eins og t.d. við Nýja-Sjáland veiða menn allt upp í 40 þús. tonn af búra á hverju ári. Það sem er merkilegast við þær veiðar er að þær eru allar teknar á 3–4 vikna tíma og ég leyfi mér þann munað að hugsa upphátt, hvílík búbót yrði það ekki fyrir verstöðvar hér á landi ef á jafnstuttu tímaskeiði væri hægt að afla þó ekki væri nema nokkurra þúsunda tonna af þessu.

Að því er varðar fjárskort til frekari rannsókna, hafa auðvitað komið fram hugmyndir um það, ég bendi til að mynda á hinar ágætu tillögur í stefnuskrá Kvennalistans — því miður er enginn kvennalistamaður í salnum, jú — þar sem greint er frá því að rétt væri að láta til að mynda 20% allra veiðiheimilda renna í sérstakan veiðileyfasjóð og tekjunum af sölu þeirra heimilda yrði m.a. varið til rannsókna. Ég tek afskaplega vel undir þetta ákvæði í stefnuskrá Kvennalistans eins og ég hef áður gert í þessum sökum.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. Það er vissulega mikilvægt að fá upplýsingar og fylgjast með því sem er að gerast fyrir utan 200 mílna landhelgina. Ég vil þó fyrst og fremst leggja áherslu á að ég held að óhjákvæmilegt sé að nú verði þegar gerðar allar þær ráðstafanir sem við getum til verja þá hagsmuni sem við eigum þarna því það er svo mikið í húfi. Það hefur komið fram hér hve löndun á þeim fisktegundum sem þarna er að finna hefur aukist mikið í Frakklandi. Ég held að yfirvofandi sé svo gífurleg ásókn í þessi mið að við verðum að verja þau nú þegar. Mér var t.d. sagt nýlega frá því að fjögur þús. tonna togari hafi verið seldur frá Póllandi til Portúgals fyrir aðeins eina milljón dollara. Auðvitað er verið að kaupa þessi skip til að beita þeim á mið sem liggja utan við þá landhelgi sem ekki er varin. Ég held að þarna sé um gífurlegt hagsmunamál að ræða fyrir okkur og að við þurfum að bregðast skjótt við.

Magnús Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ljóst að hér sé hreyft máli sem getur haft mjög mikilvæg áhrif í íslenskum sjávarútvegi á tímum minnkandi afla úr hefðbundnum stofnum. Um er að ræða stofna sem vafalaust geta skilað miklum tekjum. Hins vegar er það áhyggjuefni hversu lítið við þekkjum til þessara stofna og raunar kom það fram í ræðu sjútvrh. áðan að það er ekki fjármagn a.m.k. á þessu ári til þess að rannsaka að verulegu marki. Hin stóru og öflugu frystiskip okkar hafa alla burði til þess að sækja á þessi mið. Hins vegar er slæmt að við skulum ekki hafa stjórntæki sem geta fremur hvatt til veiða í þessum stofnum frekar en að sækja í stofna sem þegar eru a.m.k. fullnýttir og jafnvel ofnýttir.

Mig langar því í þessu sambandi að minna á hugmyndir okkar alþýðuflokksmanna um aflagjaldið sem gæti verið mikilvægt stjórntæki í því að verðleggja á mismunandi hátt veiðileyfi í mismunandi stofna og þar með væri hægt að beina veiðum okkar stóru skipa á þessi mið og reyna þá að draga úr sókninni á þau mið sem núna er mest sótt á. Þannig væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi, auka tekjur þjóðarbúsins og draga úr álagi á hefðbundin fiskimið.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurningarnar og hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Það er auðvitað augljóst mál að við höfum verulega mikilla hagsmuna að gæta þarna utan 200 mílnanna og sjálfsagt mál að fara í það að rannsaka þessi mið frekar.

Ég vil í sambandi við athugun á veiðiþoli búra, blálöngu og langhala, sem raunar er ekki nefndur í þessari fyrirspurn, láta það koma fram að þessar fisktegundir hafa veiðst á undanförnum árum í nokkrum mæli. Ég nefni það að á fyrri hluta síðasta áratugar var það ekkert óalgengt að togarar væru að koma með að landi býsna góða túra af blálöngum í einstökum veiðiferðum. Hins vegar virðist það vera þannig með þessa

tegund og e.t.v. jafnvel um hinar tegundirnar líka að þær gefa sig til mjög staðbundið og alls ekki árvisst. Þess vegna er það nauðsynlegt að við rannsökum einmitt þessar tegundir sérstaklega í því skyni að átta okkur á hvert raunverulegt veiðiþol er á þeim.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að minna á það rétt einn ganginn að það eru um tíu ár liðin síðan Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk og þar af leiðandi eru líka tíu ár liðin síðan við eignuðumst réttindi í 350 mílur á Reykjaneshrygg t.d. og á Hatton-Rockall svæðinu að réttum alþjóðalögum, „de facto" í raun.

Allar þjóðir heimta sín réttindi, hafsbotnsréttindi og til hafsbotnsins heyrir allt sem á hafsbotninum er lifandi, lífrænt og ólífrænt og í honum líka. Það er kominn tími til ekki bara að auka og efla rannsóknir á þeim fisktegundum sem auðvitað eru mjög margar. Og gífurlegur auður leynist án nokkurs efa utan við 200 mílurnar og a.m.k. á nú að reyna að verja alla vega 200 mílurnar með þeim hætti að leyfa ekki erlendum skipum að koma inn til löndunar eða til athafna. Það er ekki sæmandi fyrir Alþingi að draga kannski enn að hrinda í framkvæmd þeim þál. og málum sem hafa verið samþykkt fyrir u.þ.b. tíu árum og raunar fyrr. Það er tími til kominn að framkvæma, bæði hafrannsóknirnar og eins að efla Landhelgisgæsluna til að hrekja þessa sjóræningja burt. (**Gripið fram í:** Rétt hjá þér Eyjólfur.)

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu, hún er virkilega tímabær. En mig langar að varpa aftur fram þeirri spurningu á móti hvort fiskveiðistefnan, sem gengur í þá átt að meiri og meiri þorskveiðiheimildir safnast alltaf á stærri og stærri skip og minni skipin fara úr rekstri, sé ekki röng og hvort væri ekki eðlilegra að þessi stærri skip hefðu svolítið minna af veiðiheimildum og gætu þar af leiðandi farið í vannýtta stofna í meira mæli heldur en gert er í dag. Það mundi leiða til þess ef þau gætu ekki alltaf safnað að sér meiri og meiri kvóta að þau færu í þessa vannýttu stofna og þar kæmi veiðireynsla.

Svo vil ég auðvitað þakka hæstv. þingflokksformanni Alþfl. fyrir það hve vel hann tekur alltaf undir fiskveiðistefnu Kvennalistans. Ég vona bara að Alþfl. haldi áfram í meira mæli að taka undir stefnumál Kvennalistans og framkvæma þau í ríkisstjórn. (Gripið fram í.)

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. vekur upp tímabæra umræðu og ég vil þakka fyrir hana. Það hefur verið bent á það sem ég hugðist koma á framfæri að núv. fiskveiðistjórnun er að nokkru leyti hindrun í því að stór og öflug skip nýti þau tækifæri sem liggja til veiða utan 200 mílna fiskveiðilögsögu.

Ég vil taka undir áminningar hv. 4. þm. Reykv. til stjórnvalda að vinna betur að hagsmunamálum okkar á því svæði sem liggur fyrir utan 200 mílur og fylgja eftir samþykktum þings varðandi það.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, minna á þær hugmyndir sem við alþýðubandalagsmenn höfum lagt fram um aflagjald og hafa verið kynntar rækilega, bæði fyrir kosningar og síðar. Þær eru ákaflega vel framkvæmanlegar og munu að mínu viti stuðla að því að öll skip sæki afla þar sem hann er að fá og jafnvel út fyrir 200 mílna landhelgi.

En hvað varðar stefnu Alþfl. er ljóst að það aflagjald sem þeir eru að boða er ákaflega óljóst og þeir þurfa frekar að skýra það áður en menn geta tekið afstöðu til þess.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það komin upp gamalkunn umræða. Þingmenn Alþfl. og Kvennalistans og nú Alþb. tala skýrt og skorinort um að það þurfi að koma á aflagjaldi og auðlindaskatti (Gripið fram í.) eins og við þekkjum í greininni. (Gripið fram í.) En mér er spurn — og það væri æskilegt ef formaður þingflokks Alþfl., sem hér gjammar sýknt og heilagt fram í, vildi svara því: Hver á að greiða þetta aflagjald? Hver á að greiða þetta aflagjald þegar formaður Alþfl. hefur sýknt og heilagt barist fyrir því að þessari starfsgrein verði búin þau starfsskilyrði að rekstrargrundvöllurinn er mínus 10%? Hver á að borga þetta aflagjald?

Það væri fróðlegt ef Kvennalistinn, Alþfl. eða Alþb. vildu svara því. (**ÖS:** Þú verður að halda þig við efnið.) Efnið er það, hv. þm. og formaður Alþfl., að þér er nær að eyða þínum dýrmæta tíma í það skapa þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar starfsskilyrði, heldur en sýknt og heilagt að leggja á hana milljarða á milljarða ofan í nýjum sköttum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna hv. þm. á hvernig ávarpa ber þingmenn í ræðum. (**ÖS:** Sem formann.)

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir skýr og greinargóð svör og hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunni. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið að rannsókn á djúpslóð fari fram hið allra fyrsta. Það þarf að leigja skip með meiri togkraft en þau skip hafa sem Hafrannsóknastofnun hefur um að ráða til að athuga þessa hluti. Ég er ekki viss um að það þurfi að kosta svo mikið sem menn ætla í áætlunum vegna þess að ef menn finna þessa dýrmætu afurð í einhverju magni þá borgar það allt leigugjald og meira en það.

Ég minni á að á Nýja-Sjálandi fiska þeir að því að talið er 40.000 tonn. Ef við næðum 30.000 tonnum eru verðmæti svipuð og allur loðnuafli okkar Íslendinga.

Ég læt þá þessu lokið en minni aftur á nauðsyn þess að við finnum leiðir til að beina stóru skipunum á

djúpslóð þannig að smærri skipin fái meiri frið til þess að fiska þar á grunnslóð.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil þakka þær umræður sem orðið hafa í tilefni af þessari fsp. þó þær hafi að sumu leyti farið út um víðan völl og einstakir hv. þm. hafi vikið að ýmsum öðrum áleitnum spurningum sem tengjast sjávarútvegsmálum en fsp. sjálf gaf tilefni til. Ég er þeirrar skoðunar eins og fram kom í svari mínu hér fyrr að þetta sé mjög mikilvægt rannsóknaverkefni og fyrir því ákvað ráðuneytið að undirbúa þær rannsóknir eins og fram hefur komið.

Okkur er vitaskuld vandi á höndum þegar að þrengir í ríkisrekstrinum að mæta mjög nýjum en augljósum kröfum um rannsóknaverkefni á þessu sviði. Á þessu ári var Hafrannsóknastofnun sköpuð ný skilyrði til þess að takast á við umfangsmeiri rannsóknaverkefni en áður hefur verið gert. Við töldum að ekki yrði lengur dregið að ráðast í fjölstofna rannsóknir og fyrir því voru tryggðir fjármunir til þess að ráðast í það verkefni.

Næsta verkefni til að glíma við er það sem hér hefur verið til umræðu og ráðuneytið hefur lagt fyrir Hafrannsóknastofnun að gera rannsóknaáætlun um.

Það er svo að á þessu ári kemur til framkvæmda sú nýskipan varðandi fjármögnun rannsókna að veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs, eins og hann heitir, munu standa að mjög verulegu leyti undir hafrannsóknum. En eins og menn muna þá ákvað fyrri ríkisstjórn að afla tekna með sölu veiðiheimilda upp að allt að 12.000 tonnum sem þá var ráðgert að nýttar yrðu til úreldingar en nú hefur verið ákveðið að nota til hafrannsókna.

En vegna þeirra ummæla, sem fram hafa komið um að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi sé þrándur í götu fyrir nýtingu þeirra auðlinda sem eru á djúpslóð og að hluta til utan 200 mílna lögsögunnar, vil ég aðeins segja þetta: Ég hef ekki heyrt nein gild rök fyrir því að fiskveiðistjórnunarkerfið sé þrándur í götu í þessu efni. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar að það kerfi, sem við búum við í dag, sé líklegast til þess að menn leiti hagkvæmustu kosta við veiðar á hverjum tíma. Röksemdir af því tagi sem hér hafa verið bornar fram eiga því ekki við rök að styðjast.

Þegar því er haldið fram að aflaheimildir í þorski hafi færst yfir á stærstu skipin þá hygg ég, þó ég hafi ekki tölur undir höndum, að reyndin hafi hins vegar verið sú á undanförnum árum að hlutfallslega hafi smábátarnir tekið til sín meiri aukningu í þorskveiðum en stóru skipin. Það eru atriði sem menn verða að hafa í huga í þessari umræðu. En aðalatriðið er það að við búum í dag við stjórnunarkerfi sem hvetur menn til þess að leita hagkvæmustu kosta við veiðar hverju sinni og þess vegna er að mínu mati ástæðulaust að draga umræður um fiskveiðistjórnunarkerfi inn í þessar umræður. En hitt er aðalatriðið að skapa skilyrði fyrir nauðsynlegum rannsóknum á þessu sviði sem fram þurfa að fara og munu fara fram.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna, ein umr.

Fsp. AÓB, 504. mál. — Þskj. 805.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði raunar gert ráð fyrir að tvær fsp. yrðu teknar á undan, en þakka fyrir að hafa fengið orðið.

Virðulegi forseti. Það er mat ýmissa sem gerst þekkja til málefna fatlaðra að ekki hafi verið gefinn nægilegur gaumur að því að byggja upp þjónustu stuðningsfjölskyldna. Meðal þess sem gagnrýnt er er að of lítið fé fáist til málaflokksins í heild á sama tíma og fjármagni er frekar beint til stofnana sem er oft mun lakari lausn og miklu dýrari. Það sem ég á ekki síst við er fyrir geðfatlaða og þroskahefta. Einnig vil ég nefna það að margir sem ekki eru á stofnunum þyrftu á þessari þjónustu að halda en fá ekki.

Því miður heyrði ég það reyndar í morgun að ein svæðisstjórn a.m.k. yrði að hætta að nota þjónustu stuðningsfjölskyldna nú í maí vegna fjárskorts. Þetta er e.t.v. víðar raunin og er mjög miður.

Í reglugerð um stuðningsfjölskyldur, nr. 345/1985, kemur fram hvert hlutverk stuðningsfjölskyldna á að vera og mig langar til þess að vitna lítið eitt í þessa reglugerð þar sem það kemur fram að það er ekkert smáhlutverk sem stuðingsfjölskyldum er ætlað. En í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlaðan einstakling í umsjá sína í sólarhringsvistun í skamman tíma, sbr. 4. gr., í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu hans. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um að stuðningsfjölskyldan láti í té sérstaka þjálfun eða hæfingu."

Og í 2. gr.: „Við val á stuðningsfjölskyldu skal svæðisstjórn kanna vandlega heimilishagi og aðstæður í þeim tilgangi að meta hæfni og möguleika viðkomandi fjölskyldu til að sinna hlutverki sínu. Tekið skal tillit til óska forráðamanna hins fatlaða við val á stuðningsfjölskyldu.

Svæðisstjórn skal sjá til þess að stuðningsfjölskyldur fái nauðsynlegar upplýsingar um þann einstakling sem hann tekur í umsjá sína skv. 1. gr., m.a. með því að stuðla að kynnum milli fjölskyldu hins fatlaða og stuðingsfjölskyldu."

Mig langar einnig að grípa niður í 4. gr., þetta eru ekki greinarnar í heild, ég tek það fram, þar er talað um að gerðir séu samningar milli stuðningsfjölskyldna og svæðisstjórnar: „Hámark samfelldrar dvalar skal vera 3 sólarhringar að jafnaði í mánuði, en heimilt er að víkja frá því, enda fari dvöl ekki fram yfir 15 sólarhringa á 3ja mánaða tímabili.

Eigi er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón nema tveggja fatlaðra einstaklinga í senn, nema um sé að ræða systkini."

Ég læt lokið tilvitnun og ber fram fyrirspurnina, en hún er á þskj. 805:

„1. Hve margar fjölskyldur eru stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga hér á landi?

2. Hve mikið fá stuðningsfjölskyldur greitt fyrir

stuðninginn að meðaltali? Hver er hámarksgreiðsla til stuðningsfjölskyldu, hve margar stundir á viku er stuðningur þá veittur og hve margar fjölskyldur fá hámarksgreiðslu? Hver er lægsta greiðsla til stuðningsfjölskyldna, hve margar stundir á viku er stuðningur þá veittur og hve margar fjölskyldur fá lægstu greiðslu?"

Ég tek það fram að ég geri ekki athugasemd þó byggt sé á mánuði í sambandi við svörin.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á grundvelli 6. gr. laga um málefni fatlaðra var á árinu 1985 sett reglugerð nr. 345/1985 um stuðningsfjölskyldur fatlaðra. Hlutverk stuðningsfjölskyldna er að taka fatlaðan einstakling í umsjón sína í sólarhringsvistun í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu hans. Svæðisstjórnir fatlaðra hafa milligöngu um að finna stuðningsfjölskyldur og annast samningsgerð við þær um tilhögun dvalar og greiðslu.

Fyrirspyrjandi spyr um fjölda þeirra fjölskyldna sem eru stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga. Því er til að svara að núna eru 146 fjölskyldur stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga. Á liðnum árum hefur orðið veruleg aukning á þessari þjónustu. Þannig voru um mitt ár 1990 tæplega 100 samningar við stuðningsfjölskyldur á móti 146 fjölskyldum núna.

Varðandi síðari lið fsp., um greiðslur til stuðningsfjölskyldna, er í samningi við þær kveðið á um ákveðinn fjölda dvalarsólarhringa í mánuði. Í reglugerðinni um stuðningsfjölskyldur er kveðið á um að hámark samfelldrar dvalar skuli vera þrír sólarhringar í mánuði en heimilt sé að víkja frá því, enda fari dvöl ekki fram yfir 15 sólarhringa á þriggja mánaða tímabili. Í samningum við stuðningsfjölskyldur er þannig samið um vistun frá tveim sólarhringum til fimm sólarhringa í mánuði. Af þeim 146 samningum sem nú eru í gildi eru 6 samingar um vistun í tvo sólarhringa í mánuði, 74 samningar um vistun í þrjá sólarhringa í mánuði, 5 samningar um vistun í fjóra sólarhringa í mánuði og 61 samningur um vistun í fimm sólarhringa í mánuði.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna byggjast á sólarhringsgjaldi sem er 5,5% af launaflokki 227, 1. þrepi í kjarasamningum BSRB. Upphæð þessi er nú 2.393 kr. fyrir sólarhringinn. Miðað við vistun einstaklings í fimm sólarhringa í mánuði, sem er hámarksfjöldi dvalarsólarhringa, eru hæstu greiðslur til stuðningsfjölskyldu 11.965 kr. á mánuði. Lægstu greiðslur eru hins vegar, miðað við vistun einstaklings í tvo sólarhringa í mánuði, 4.786 kr. fyrir mánuðinn.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra. Eins og fram kom í þeim upplýsingum sem hún veitti, er í fyrsta lagi mjög mikil sókn í þessa þjónustu. Einnig vekur það athygli mína að töluverður fjöldi nýtur heimildarákvæðis um mestu þjónustu og bendir það til þess að þrýstingur sé í þá átt.

Í öðru lagi vil ég geta þess, sem þarf nú kannski ekki, að hér er um afskaplega lágar greiðslur að ræða fyrir það sem ég tel mjög mikla þjónustu. Til samanburðar má geta þess að séu þær upplýsingar réttar sem ég hef undir höndum er kostnaður við dvöl einstaklings á stofnun varla undir 8–10 þús. kr. á sólarhring. Þar er ekki verið að tala um þrjá eða fimm sólarhringa í mánuði heldur væntanlega allan mánuðinn með eðlilegum fríum ef þeim er til að dreifa. Ég vil geta þess að af þessari lágu upphæð þurfa stuðningsfjölskyldur nú samkvæmt nýjum reglum að greiða skatt. Það er út af fyrir sig eðlilegt, en ég veit ekki til þess að það standi til að hækka greiðslur til þeirra sem því nemur. En ég yrði að sjálfsögðu afskaplega glöð ef það yrði leiðrétt hér.

Annað er það að með því að takmarka þjónustu sem hægt er að veita á þennan hátt, að ráða stuðningsfjölskyldur, er verið að hafna mjög góðum kosti fyrir marga fatlaða einstaklinga, bæði þá sem njóta einhverrar þjónustu núna og þá sem njóta lítillar þjónustu. Hér á ég ekki síst við þroskahefta einstaklinga og geðfatlaða. Nauðsynlegt væri að hægt yrði að nýta stuðningsfjölskyldur meira en gert er nú. Vandamálið er að fá fólk til starfa þegar svo lítið er greitt fyrir þetta og ekki er hægt að ætlast til þess, jafnvel þótt fólk vildi, að það taki svona erfitt hlutverk að sér nema að þokkalega sé greitt fyrir það og að heildarfjárhæð sem veitt er til þessa málaflokks sé sæmilega há.

Fleira þarf að koma til, betri stuðningur við fjölskyldur fatlaðra og leiðsögn eins og fyrirhugað er annars staðar í málefnum fatlaðra eða því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi. Það verður að ítreka að stofnanaþjónusta er dýr og að ýmissa mati nokkuð sem við erum að hverfa frá. Í sumum tilvikum, ekki mörgum, er hægt að sameina ódýra lausn og góða og ég tel að svo sé í þessu tilviki.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að hér er um mjög mikilvægan þátt í þjónustu við fatlaða að ræða og full ástæða til þess að efla þennan þátt í þjónustunni. Ég get einnig tekið undir það að um mjög lágar greiðslur er að ræða til stuðningsfjölskyldna sem taka að sér þessa þjónustu við fjölskyldur fatlaðra barna, ekki síst í ljósi þess að vinnan er skattskyld, hún var það ekki lengst af en er núna orðið skattskyld og líka vegna þess að hluti af þeim peningum sem fjölskyldurnar fá, fer í útlagðan kostnað. Það gefur þannig auga leið að hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða.

Í nýju frv. sem nú er til meðferðar í þinginu er einmitt lögð mikil áhersla á alla stoð og stuðningsþjónustu við fatlaða sem ég tel fulla ástæðu til að efla. Nái frv. fram að ganga á yfirstandandi þingi tel ég ástæðu til þess, í kjölfar samþykktar Alþingis á nýju frv. þar sem áherslan er lögð á stoð- og stuðningsþjónustu við fatlaða, að endurskoða þá reglugerð sem sett var 1985.

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna í heiminum 1970–1990, ein umr.

Fsp. AÓB, 512. mál. — Þskj. 825.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Fsp. þessi er flutt í framhaldi af fsp. sem ég bar upp við hæstv. utanrrh. í liðinni viku. Fsp. varðar skýrslu sem út kom í fyrra og ég var að velta því fyrir mér hvort hún yrði þýdd á íslensku áður en langt um líður.

Þessi skýrsla fjallar um stöðu kvenna í heiminum á árunum 1970–1990 og í henni er að finna mikilvægar upplýsingar sem eiga brýnt erindi við Íslendinga eins og aðra. Þessa skýrslu bar raunar oft á góma í umfjöllun um stöðu kvenna í heiminum í þeirri nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um félags-, mannúðar- og menningarmál í október sl. Greinilegt var að margar þjóðir ætluðu að nýta sér upplýsingar, enda skýrslan hafsjór af mikilvægum fróðleik um stöðu kvenna og barna víða um heim.

Í fyrri ræðu minni vitnaði ég til orða Pérez de Cuellar, fyrrverandi aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og tel ekki ástæðu til að endurtaka þau ummæli. Hins vegar væri kannski ástæða til þess að hlaupa yfir efnisyfirlit þessarar bókar til að gefa hugmynd um hvað í henni felst. Þar er fjallað um konur, fjölskyldur og heimilishald, almennt líf og stjórnunarstöður, menntun og þjálfun af ýmsu tagi. Síðan er fjallað um heilsu og barnsburð, húsnæði og umhverfi og vinnu kvenna og fjárhag. Þetta eru allt mjög mikilvægir málaflokkar og mig langar því að bera fram fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hefur ráðherra í hyggju að láta þýða á vegum ráðuneytisins skýrslu Sameinuðu þjóðanna „The World's Women Trends and Statistics 1970–1990", sem út kom á síðastliðnu ári og hefur að geyma yfirgripsmiklar upplýsingar um stöðu kvenna í heiminum?"

Þessa skýrslu telur hæstv. utanrrh. ekki ástæðu til að láta þýða á vegum ráðuneytis síns og þykir mér það mjög miður vegna þess að ýmislegt er nú þýtt á vegum ráðuneytis, ekki síst hans, sem minni fengur er í að mínu mati. En þar sem hann gaf fyrirheit um að það væri mögulegt að spyrja þann ráðherra sem fer með félagsmálefni um þetta sama, ber ég nú fsp. mína upp sem er að finna á þskj. 825.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna í heiminum var gefin út í New York á árinu 1991 á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þessi skýrsla eða bók er í tiltölulega stóru broti og er á annað hundrað blaðsíður að stærð. Í henni er ítarlega fjallað um stöðu kvenna í allflestum þjóðríkjum heims. Byggt er á tölulegum upplýsingum og í henni er að finna fjöldann allan af töflum og línuritum.

Í bókinni er tekið fram að um sé að ræða tilraunaútgáfu sem vafalaust eigi eftir að taka breytingum við endurskoðaða útgáfu. Í því sambandi má vekja athygli á því að heiminum er skipt upp í svæði og er ekki gerður greinarmunur á hvort þróuð ríki eða þróunarríki eru innan sama hóps. Sem dæmi má nefna að Albanía og Rúmenía eru talin til þróaðra ríkja og hlýtur það að skekkja allar niðurstöður. Ljóst er að í bókinni er gífurlegt magn tölfræðiupplýsinga varðandi stöðu kvenna, sem er mikill fengur í, ekki síst fyrir þá sem starfa að málefnum kvenna og einnig fræðimanna á öðrum sviðum, einkum félagsfræði. Fyrir þessa aðila er bókin hvalreki. Hins vegar er vafasamt hvort almenningur mundi nýta sér þessar upplýsingar ef til staðar væru á íslensku máli, enda segir orðrétt í formála um tilgang bókarinnar:

„Hún miðlar upplýsingum til kvenna og karla sem láta sig mál þessi skipta þannig að þau geti komið þessum upplýsingum á framfæri til almennings."

Skv. 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna er eitt af hlutverkum Jafnréttisráðs að sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings. Umrædd bók er til staðar í bókasafni Jafnréttisráðs og eru starfsmenn ráðsins tilbúnir að aðstoða þá aðila sem óska upplýsinga úr bókinni. Enn fremur er unnt að sjá um pöntun á henni ef þess er óskað.

Þýðing og útgáfukostnaður á bókum sem hafa að geyma mikið magn af tölulegum upplýsingum, töflum og línuritum er yfirleitt talinn hærri en á öðrum bókum. Það sem hleypir upp kostnaði er prófarkalestur, sem er mjög vandasamur og tímafrekur.

Með tilliti til reynslu ráðuneytisins af útgáfu lokasamþykktar Nairobi-ráðstefnunnar verður að álykta sem svo að sá hópur sem hefur áhuga á bók af þessu tagi sé takmarkaður. Varla er raunhæft að gera ráð fyrir útgáfu á nema 200–300 eintökum. Sennilegt er að útgáfukostnaður gæti legið á bilinu 500.000–1.000.000 kr. Þarna skiptir máli hversu vanda verður til útgáfunnar.

Með tilliti til þess sem að framan hefur verið sagt, þ.e. að um er að ræða tilraunaútgáfu, hópurinn sem hugsanlega kynni að notfæra sér upplýsingar úr bókinni er mjög takmarkaður og hefur vafalaust mikla tungumálakunnáttu og síðast en ekki síst, hlutfallslega mikils kostnaðar við útgáfu hvers eintaks af bókinni, orkar það tvímælis að taka stóran hluta af því fjármagni sem varið er til jafnréttismála til að kosta útgáfu af þessu tagi. Ég tel mun raunhæfara að styðja einstök rannsóknarverkefni og leggja fé í útgáfu á ritum sem varpa ljósi á stöðu jafnréttismála hérlendis frekar en að verja fé til að kosta útgáfu á riti sem er til á erlendu tungumáli og flestir kunna sem munu notfæra sér þær upplýsingar sem fram koma í umræddri skýrslu.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að við hæstv. félmrh. séum sammála um það að ef nægilegu fjármagni væri til að dreifa í jafnmikilvæg verkefni og hér er um að ræða, allar upplýsingar um stöðu kvenna, hér á landi

og annars staðar, væri þetta ekki vandamál. Ég get þannig verið henni sammála um að það er alltaf vont að taka fé frá einum málaflokki í annan. Einmitt þess vegna beindi ég upphaflegri fsp. minni til hæstv. utanrrh. sem kaus að vísa málinu frá sér. Ég sé ástæðu til að geta þess að ég tel að utanrrn. ætti að standa fyrir þessari þýðingu en ég vildi hins vegar ekki í umræðu liðinnar viku hundsa orð hæstv. utanrrh. og þess vegna gat ég ekki annað en varpað þeirri spurningu fram til hæstv. félmrh. hvort það stæði til á vegum ráðuneytisins að þýða þessa skýrslu. En það er alltaf stefnumarkandi hvað þýtt er og ég held að það sé oft og tíðum hægt að finna ódýrar lausnir, þó ég geri mér grein fyrir að töflur eru erfiðar í þýðingum og varðandi það að um er að ræða skýrslur sem munu breytast, þá er það jafnframt ljóst að grunnstarfið í þýðingum mundi nýtast í seinni útgáfu. Á því leikur enginn vafi. Ég held að þau rit sem eru fáanleg á íslenskri tungu séu í rauninni yfirlýsing um það á hvaða málaflokk áhersla er lögð og mjög nauðsynlegt að þessi skýrsla sé til á íslenskri tungu til þess að fleiri hafi aðgang að upplýsingum í henni en þeir sem munu leita á bókasafn til þess að fá þær. Það er ekki fólkið sem við þurfum að koma upplýsingunum til. Það leitar þeirra upplýsinga. Það eru þeir sem eru andvaralausir.

Í skýrslunni er feikilega djúpt tekið í árinni með það að grípa þurfi til aðgerða og að staða kvenna víða um heim, bæði á Vesturlöndum og annars staðar, sé slík að full ástæða sé til að blása til einhverra aðgerða og að konur víða um heim taki höndum saman um það, konur og karlar raunar, því skýrslan er ekki síður áhugaefni þeirra karla sem um hana hafa fjallað en kvenna.

Ég ítreka síðan að ég tel að til slíkrar útgáfu þyrfti að koma aukið fjármagn og ég vonast til þess að hæstv. ráðherra geti beitt sér fyrir því í samstarfi sínu í ríkisstjórn.

136. FUNDUR

fimmtudaginn 7. maí,
að loknum 135. fundi.

Skipaútgerð ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Þar var komið í minni ræðu að ég hafði fjallað lítillega um þá stefnumörkun sem felst í þeirri ákvörðun stjórnarliðsins að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Ég vil nú halda áfram ræðu minni og þakka hæstv. fjmrh. fyrir að verða við óskum mínum um að vera viðstaddur það sem eftir er af ræðu minni. Ég vil nú leitast við að draga saman efnisatriði þannig að koma megi þessum atriðum til skila á sem skemmstum tíma.

Ákvörðun um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins er meira en ákvörðun um það mál, það er líka ákvörðun um að leggja af styrki til sjóflutninga. Ég hafði spurt hver stefna ríkisstjórnarinnar væri varðandi ferjur og flóabáta og vitna þar til fréttatilkynningar frá 24. sept. frá hæstv. samgrh. Þar sem segir að óhjákvæmilegt sé að endurmeta hvernig staðið verði að slíkri þjónustu og í sumum tilvikum verði enn um sinn að styrkja rekstur flóabáta. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en það séu áform ríkisstjórnarinnar að draga úr stuðningi við rekstur flóabáta og leggja af ríkisstyrk til sumra þeirra. Orðalagið er þannig að það verður ekki öðruvísi skilið. Það er því ljóst að það er um stefnubreytingu að ræða en ég óska eftir að fá hana nánar útfærða en fram kemur í þessum fáu orðum.

Hvað varðar það sem fram hefur komið um stefnu ríkisstjórnarinnar um styrki til sjóflutninga innan lands hvort heldur það er eigið fyrirtæki eða styrki til annarra, þá er vísað þar hvað í sína áttina. Ég vil rekja stuttlega það sem um það fjallar. Fyrst nefni ég atriði sem gefa það til kynna að það séu áform stjórnvalda að halda áfram að veita styrki til strandflutninga. Ég get vitnað til frhnál. fyrir 3. umr. fjárlaga 18. des. sl. þar sem segir svo, með leyfi forseta varðandi Skipaútgerð ríkisins:

„Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði lagt niður á næsta ári og öðrum aðilum falið að sinna nauðsynlegri þjónustu eftir því sem stjórnvöld telja nauðsynlegt og ásættanlegt.“ Sú afstaða kemur skýrt fram í þessu nál. að stjórnvöld telji það sitt hlutverk að tryggja samgöngur á sjó og að semja beri við aðra aðila um að ná fram þeim markmiðum. Í fylgiriti með fjárlögum 1992 sem dreift hefur verið til þingmanna segir svo varðandi Skipaútgerð ríkisins, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði lagt niður og eignir þess seldar. Rekstraráætlun er því lækkuð um nálega þriðjung og miðað við að hluta söluhagnaðar verði ráðstafað til að styrkja strandflutninga telji stjórnvöld það nauðsynlegt.“ Hér kemur það enn skýrt fram að miðað er við það að verja fé til að styrkja sjóflutninga við ströndina hér á landi telji stjórnvöld það nauðsynlegt. Og vissulega telja stjórnvöld það nauðsynlegt og nefni ég þar og vitna til fréttatilkynningar frá hæstv. samgrh. 30. des. sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur hefur samgrh. ákveðið að í byrjun komandi árs verði hafnar viðræður við hagsmunaaðila í því skyni að tryggja áframhaldandi flutningaþjónustu til þeirra hafna sem ekki yrði þjónað með viðunandi hætti án sérstakra aðgerða er þjónusta Skipaútgerðar ríkisins leggst af.“

Hér kemur það skýrt fram eins og í fyrri tilvitnunum að menn eru að tala um að ríkið telji það sína skyldu að sjá um að viðunandi þjónusta sé veitt og verja til þess fé ef með þarf. Hins vegar eru ekki öll plögg í þessa veru. Ég nefni fjárlögin sjálf. Í heimildargrein í fjárlögum, tölul. 424, 6. gr., segir, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt að selja eignir Skipaútgerðar rík-

isins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður."

Í fjárlögunum er ekki orð um það að ráðherra sé heimilt að verja fé úr ríkissjóði til að styrkja strandflutninga þvert á það sem fram hefur komið í fylgiriti með fjárlögum, í nál. og yfirlýsingu samgrh. Og því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Telur hann sér heimilt að verja fé úr ríkissjóði á þessu ári til að styrkja strandflutninga hér við land? Ég sé ekki út úr fjárlögunum eins og frá þeim er gengið að slík heimild sé fyrir hendi. Það þýðir ekki að ég sé andvígur því að slík heimild væri veitt ef eftir því væri leitað, fjarri því.

Það er fleira sem styður þessa niðurstöðu fjárlaga. Þar vil ég vitna í fyrsta lagi til bréfs frá hæstv. samgrh. til forsvarsmanns undirbúningshóps að stofnun hlutafélags sem taka ætlaði við af Skipaútgerð ríkisins og kaupa það fyrirtæki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hafnar tilboði yðar um þjónustusamning. Ráðuneytinu hafa þegar borist önnur erindi um fyrirspurnir og siglingar þar sem gert er ráð fyrir ríkisstyrk til einkaaðila með svipuðum hætti og reiknað er með í tilboði yðar. Þeim erindum hefur öllum verið hafnað." Enn fremur segir hæstv. samgrh. í þessu bréfi: „Ekki er gert ráð fyrir framlögum úr ríkissjóði vegna rekstrar Skipaútgerðar ríkisins á árinu 1992."

Ég vil enn fremur vitna til bréfs dags. 2. jan. á þessu ári frá fulltrúa samgrh. til talsmanns fyrrgreinds hóps. Þar kemur fram í 2. tölul. í því bréfi, með leyfi forseta: „Ekki verður um neinn ríkisstyrk að ræða né heldur greiðslur af hálfu ríkisins fyrir þjónustusamning. Þetta er í samræmi við fjárlög."

Enn vil ég vitna í bréf frá hæstv. samgrh. dags. 6. jan. 1992 til forsvarsmanns þess hóps sem ég nefndi áðan. Í 1. tölul. þess bréfs segir, með leyfi forseta:

„Á fjárlögum er ekki gert ráð fyrir opinberum framlögum til strandsiglinga né til flutningaþjónustu við einstök byggðarlög ef undan er skilinn fjárlagaliður 10-322, Flóabátar og vöruflutningar. Gert er ráð fyrir að sala á eignum Skipaútgerðar ríkisins standi undir halla af rekstri hennar á þessu ári en það sem umfram er renni í ríkissjóð."

Í þeim bréfum sem ég hef vitnað til, tveimur frá hæstv. samgrh. og því þriðja frá fulltrúa hans kemur skýrt fram sá skilningur á fjárlögum að ekki verið veitt neinu fé til að styrkja strandsiglingar. Það gengur ekki saman við þann texta sem ég vitnaði fyrr til og er í fylgiriti með fjárlögum annars vegar og í frhnál. við 3. umr. fjárlaga hins vegar. Því spyr ég hæstv. ráðherra þeirrar spurningar sem ég gat um áðan: Telur hann sig hafa heimild til að verja fé úr ríkissjóði á þessu ári til að styrkja strandsiglingar?

Ég vil enn fremur varpa fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. í tilefni af því sem ég vitnaði til úr fréttatilkynningu ráðherrans frá 30. des. sl. þar sem hann tilkynnir að ákveðið hafi verið að hefja viðræður við hagsmunaaðila til að tryggja áframhaldandi flutningaþjónustu og ég vil spyrja: Hafa þessar viðræður hafist og þá við hverja? Við hverja er hæstv. samgrh. að ræða til að tryggja flutningaþjónustu um landið?

Ég vil, vegna þeirra fyrirspurna sem ég varpaði til hæstv. samgrh., vitna til viðtals við forstjóra Samskipa sem birtist í héraðsfréttablaði sem gefið er út við Húnaflóa. Þar segir forstjórinn að engar kvaðir af neinu tagi hafi fylgt samningum við samgrn. þegar Samskip keyptu hluta af eigum Skipaútgerðar ríkisins og ekki sé um að ræða neinar kvaðir eða skuldbindingar af hálfu Samskipa við að halda uppi þjónustu við einn eða neinn. Þar greinir hann enn fremur frá því í tilefni af fyrirspurn fréttamanns í því blaði um siglingar til Norðurfjarðar að það sé ljóst að Samskip geti ekki leyft sér að reka einstaka flutningaleiðir með tapi.

Ég vil þá víkja að þriðja atriðinu í mínu máli sem er þjónustan í dag og hvert stefnir. Ég get verið stuttorður um þann þátt. Það er ljóst að veruleg samkeppni er í gangi milli þessara tveggja stóru skipafélaga, Eimskipafélagsins og Samskipa. Það er að mínu áliti tímabundið ástand sem varir meðan þessi tvö félög eru að keppa um að fá þá flutninga sem Skipaútgerð ríkisins áður hafði með höndum. Því er hvort skipafélag um sig um þessar mundir með þrjú skip í áætlunarsiglingum innan lands. Það er augljóst að a.m.k. fyrir alla þá sem eitthvað hafa komið nálægt þessum siglingum á ströndinni að útgerðin er rekin með tapi. Bæði þessi skipafélög munu að mínu viti draga úr sínum skipakosti þegar frá líður, eða við gætum orðað það eins og menn sem hafa mikla trú á markaðnum: þegar jafnvægi kemst á á markaðnum. Það er mín skoðun, byggð á þeirri reynslu sem ég hef af afskiptum af þessum málaflokki, að það muni draga úr þegar frá líður þeim skipakosti sem félögin hafa og það muni líka draga verulega úr þeirri þjónustu sem þau bjóða í dag vegna þess að skipafélögin eru að reka einstaka flutningaleiðir með tapi. Það munu þau félög auðvitað ekki gera til lengdar. Þrátt fyrir mikla samkeppni sem hefur þó haldið uppi merkilega háu þjónustustigi er staðan samt þannig að haldið er uppi reglulegum áætlunarsiglingum einu sinni eða tvisvar í viku. Það kalla ég áætlunarsiglingar sem nær því að það eru minna en tvær vikur á milli áætlunarferða. Í dag er slíkum siglingum haldið uppi á 24 hafnir í landinu. Um síðustu áramót, meðan Skipaútgerð ríkisins starfaði enn, var haldið uppi áætlunarsiglingum á 36 hafnir á landinu. Það hefur dregið úr þjónustu við nokkrar hafnir á landinu nú þegar með því að leggja af áætlunarsiglingar til þeirra staða. Þess í stað er boðið upp á af hálfu þessara tveggja skipafélaga að þau komi inn á þær hafnir ef flutningur er nægur fyrir hendi að þeirra mati. Það eru ekki áætlunarsiglingar.

Ég geri athugasemdir við það sem fram kemur í greinargerð með frv. þar sem öðru er haldið fram um áætlunarsiglingar og að það séu 34 hafnir utan Reykjavíkur og Suðurnesja sem þeirra njóta í dag. Það kemur ekki heim og saman við mínar upplýsingar sem ég hef fengið, annars vegar frá Samskipum og hins vegar frá Eimskipafélagi Íslands.

Meðal þeirra staða, sem í dag njóta ekki reglulegra siglinga eins og áður var, er hægt að nefna staði eins og Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík, Bíldudal, Suðureyri,

Bakkafjörð, Borgarfjörð eystri og Norðurfjörð. Norðurfjörður fellur ekki lengur undir þessa skilgreiningu því að Samskip sigla þangað á þriggja vikna fresti og tóku þá ákvörðun einungis til stutts tíma eða þriggja mánaða. Og allt óvíst um framhaldið þegar þeim tíma lýkur.

Í greingargerð með frv. eru fleiri atriði sem ég hefði viljað gera athugasemdir við en ég læt þetta duga og vík að fjórða og síðasta lið í mínu máli. Það er niðurlagning fyrirtækisins. Ég vil í fyrsta lagi taka fram vegna frv. eins og það er borið fram að Skipaútgerð ríkisins er enn með rekstur í gangi. Skipaútgerðin mun enn um sinn, og óvíst hve lengi, halda áfram að reka eitt skip sem Samskip hafa tekið á leigu en það er leigt með áhöfn og sú áhöfn er á launaskrá hjá Skipaútgerð ríkisins og verður svo þar til um annað semst. Fyrirtækið á líka enn eignir, fyrst og fremst vöruskemmu sem ekki hefur verið seld enn eftir því sem ég best veit. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að það er erfitt að leggja fyrirtæki niður sem er að hluta til í rekstri og á eignir án þess að kveða á um það hver eigi að fara með reyturnar. Hver á að hafa forræði, hvaða stofnun, hvaða ráðuneyti á að fara með það sem eftir stendur? Hver á að vera vinnuveitandi þeirra starfsmanna sem enn eru á launaskrá hjá Skipaútgerð ríkisins? Það þarf að mínu viti að kveða á um slíkt í frv. ef það er ætlun þingsins að ganga frá því á þessu þingi.

Ég vil einnig gera athugasemdir við meðferð máls við sölu lausafjármuna. Þannig hefur verið að þessum málum staðið að sala eigna hefur farið fram undir forsjá samgrn. og án afskipta stjórnarnefnda. Í sjálfu sér ætla ég ekki að gera athugasemd við það en ég geri athugasemdir við einn samning sem okkur hefur verið kynntur án þess að við höfum séð hann. Það er sala á lausafjármunum til Samskipa. Sá samningur er þannig að lausafjármunirnir eru seldir fyrir tiltekið verð að viðbættum útskatti, að viðbættum virðisaukaskatti. Söluverðið er lánað til sex ára og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Með öðrum orðum er samgrn. að lána kaupandanum útskattinn til sex ára. Sami kaupandi kemur til ríkissjóðs bankar upp á hjá hæstv. fjmrh. innan tveggja mánaða og sækir innskattinn, 14 millj. kr. Eru þetta eðlilegir viðskiptahættir, hæstv. fjmrh.? Ég tel að svo sé ekki. Ég vil gjarnan fá álit ráðherrans á þessum samningi þar sem málið er formlega í hans forsjá.

Ég vil svo að lokum, virðulegur forseti, nefna það sem ekki hefur verið til skila haldið af hálfu hæstv. samgrh. sem sífellt hefur klifað á hallarekstri Skipaútgerðar ríkisins og hefur varpað fram tölum um að sá hallarekstur hafi verið 3.100 millj. á síðustu tíu árum. Ég vil í fyrsta lagi segja um þann hallarekstur að það er ekki hallarekstur þegar það er ákvörðun þingsins og eigandans að reka fyrirtækið þannig að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum. Það er ekki hallarekstur að mínu viti þegar löggjafarsamkoman setur ríkisfyrirtæki tilteknar rekstrarforsendur.

Ég vil í öðru lagi gera athugasemdir við þann útreikning sem ráðherrann hefur byggt sínar tölur á. Þær passa ekki við þær tölur sem við höfum reiknað út. Þótt frávik séu ekki stór þá eru þau samt umtalsverð í krónum talið.

Ég vil í þriðja lagi láta það koma fram að fyrirtækið á verulegar eignir, upp á 450–500 millj. kr., sem er verið að selja. Auðvitað ber að draga þá tölu frá því sem menn kalla uppsafnaðan halla fyrirtækisins síðustu tíu ár.

Í fjórða lagi þarf að taka tillit til þess hvernig mál hafa þróast á þessu tímabili. Fyrirtækið hefur verið, þrátt fyrir það að vera í ríkiseigu, í fararbroddi á sínu sviði, í fararbroddi á sínu sviði og hefur slegið þar einkaaðilum rækilega ref fyrir rass á mörgum sviðum, hvað varðar tækninýjugar og fleira.

Að lokum, virðulegi forseti, varðandi ríkisstyrki. Eins og ég gat um rétt áðan er ríkisstyrkur, svo réttar tölur séu fram reiddar, um 2.400 millj. á tíu ára tímabili eða um 240 millj. á ári að meðaltali. En sá styrkur hefur farið lækkandi á þessu tímabili og útreikningar þeirra sem hugðust kaupa fyrirtækið með þjónustusamningi við ríkið voru þeir að það þyrfti 158 millj. til að reka fyrirtækið svo það veitti sömu þjónustu og Skipaútgerð ríkisins hefur veitt þar til það var lagt niður.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvort ég teldi mér heimilt að verja fé á þessu ári til að styrkja strandsiglingar. Samkvæmt fjárlögum er heimilt að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrritækið niður. Jafnframt er samkvæmt fjárlögum 277 millj. kr. varið til flóabáta.

Hv. þm. spurði hver væri afstaða ríkisstjórnarinnar til samgangna á sjó. Eins og fram hefur komið telur ríkisstjórnin óhjákvæmilegt að reka flóabáta á einstökum stöðum á landinu eins og fram kemur í fjárlögum.

Spurt er hvort talað hafi verið við hagsmunaaðila til að tryggja flutningaþjónustu við landið. Það hefur verið haft samband af hálfu samgrn. bæði við Samskip og Eimskip og ýmsa sveitarstjórnarmenn, þar á meðal á Bíldudal. Það hefur því verið haft samband við hagsmunaaðila og þess hefur ekki orðið vart að þjónusta hafi versnað.

Að síðustu vil ég taka það fram út af síðustu ummælum hv. þm. að senn líður að því að niðurstöður á reikningum Skipaútgerðar ríkisins fyrir síðasta ár liggi fyrir og þær sýna að hallarekstur á því ári verður mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir á síðasta hausti eins og hv. þm. á að vera kunnugt.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar svar hæstv. ráðherra um áframhaldandi styrk úr ríkissjóði til að reka flóabáta þá vitnar hæstv. samgrh. í fjárlögin og segir: Þar er okkar stefna. Það er ágætt og ég fagna því því að það er óbreytt stefna. Fjárlögin eru þannig úr garði gerð varðandi styrki til flóabáta að þar er ekki breytt um stefnu. Með þessari yfirlýsingu hefur hæstv. sam-

grh. ógilt yfirlýsingu sína frá 24. sept. sl. þar sem hann talaði um að það væri óhjákvæmilegt að breyta þessu fyrirkomulagi.

Í öðru lagi, hvað varðar afkomu Skipaútgerðar ríkisins á síðasta ári, er, eins og hæstv. ráðherra gat um, ekki búið að leggja fram ársreikninga og ég hef ekki séð niðurstöðutölur. En það kemur mér ekki á óvart þó að afkoman verði lakari á síðasta ári en ráð var fyrir gert sl. haust. Það er vegna þess að hæstv. ráðherra stóð í skemmdarverkastarfsemi gagnvart rekstri Skipaútgerðar ríkisins og tók margar ákvarðanir sem rýrðu fjárhag þess fyrirtækis.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. á sæti í stjórnarnefnd Ríkisskipa og tók á sig þá ábyrgð að haga rekstri þeirra í samræmi við þær heimildir sem voru á fjárlögum síðasta árs eins og hann gerði grein fyrir áðan. Eins og ég tók fram þá er hallinn á Skipaútgerð ríkisins miklu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og mun meiri en upplýsingar lágu fyrir um á síðasta hausti. Ég vil segja í sambandi við flóabáta að auðvitað hlýtur það að koma til endurskoðunar frá ári til árs hvernig staðið er að rekstri flóabáta eins og öðru sem hefur kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð því markmiðið hlýtur að vera það að halda uppi fullnægjandi þjónustu án þess að ríkissjóður þurfi að borga með henni hundruð milljóna króna á hverju ári.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það markmið hæstv. samgrh. að halda uppi góðri þjónustu fyrir sem minnstan pening úr ríkissjóði. En ég skil orð hæstv. ráðherra þannig að stefna hans varðandi rekstur flóabáta sé óbreytt stefna frá tíð fyrri ríkisstjórna og það er út af fyrir sig fagnaðarefni þó að ég dragi ekki úr því að menn eigi að skoða þessi mál með opnum huga.

Ég vil segja í sambandi við frágang fjárlaga fyrir árið 1991 að þá var ákveðið að ganga þannig frá fjárlögum að það vantaði 100 millj. kr. upp á að fjárlög dygðu til að mæta þeim tölum sem fram komu í rekstraráætlun fyrirtækisins. Á það var bent en svörin voru þau að menn mundu skoða málið síðar á árinu 1991 og grípa þá til aðgerða og gefa stjórnarnefndinni fyrirmæli ef hún ætti að breyta einhverju í sínum rekstri. Það kom ekki fyrr en seint á síðasta hausti en með öðrum hætti en til var ætlast þegar um málið var rætt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vestf. beindi til mín tveimur fsp., sem ég mun leitast við að svara, og varða málefni Skipaútgerðar ríkisins. Önnur fsp. veit að málefni sem var til umræðu í andsvörum og svörum við andsvari. Hún er á þá leið hvort til greina komi að verja hluta af söluhagnaði vegna eigna Skipaútgerðarinnar til að styrkja strandflutninga. Hv. ræðumaður minnti á að á bls. 137 í fylgiriti með fjárlögum árið 1992 er sagt að rekstraráætlunin sé miðuð við að hluta söluhagnaðar verði varið til að styrkja strandflutninga telji stjórnvöld það nauðsynlegt. Ég tel, eftir að hafa skoðað þá texta sem lagðir voru fyrir Alþingi, ekki einungis í 6. gr. fjárlaga heldur einnig í nál. meiri hluta fjárln., að nauðsynlegt sé að leita heimildar Alþingis ef um það er að ræða að nota þetta fjármagn til að styrkja strandflutninga umfram það sem um getur í fjárlögum. Að sjálfsögðu eru heilmiklir fjármunir í fjárlögum sem fara til að styrkja ferjur, flóabáta og strandflutninga þar með. Það breytir hins vegar ekki því að áætlunin sem þarna var lögð til grundvallar getur hafa miðast við það að til þess þyrfti að koma og þá mundi það gerast að sjálfsögðu með því að lögð yrði fyrir Alþingi í fjáraukalögum tillaga þess efnis. Ég vil hins vegar geta þess að ég tel að engin ástæða sé til slíks. Enda segir hér um þessi sjónarmið, sem koma fram á bls. 137 í fylgiritinu, að aðeins verði gripið til slíks telji stjórnvöld það nauðsynlegt. Ég tel það engan veginn nauðsynlegt.

Ég tel að reynslan af sölu Skipaútgerðarinnar sé ákaflega góð og sanni það satt að segja að þegar tveir aðilar keppa um strandsiglingar hafi það í sjálfu sér þau áhrif að verð lækki og að þjónustan núna sé síst lakari, kannski betri, en hún var þegar Skipaútgerðin var og hét. Og það veit ég að þeir sem eru búsettir í Bolungavík geta ekki kvartað. Ég skal endurtaka það vegna þess að mér er vel kunnugt um að þangað er nú siglt með slíkum hætti að Bolvíkingar eru jafnvel að tala um að nú megi spara siglinguna frá víkinni og inn Skutulsfjörðinn og keyra síðan varninginn til Ísfirðinganna. Þetta hef ég eftir bestu heimildarmönnum mínum á staðnum og ég veit að hv. þm. Kristinn Gunnarsson þekkir þá mjög vel.

Ég held því að þegar á málið er litið sé ljóst að þessi aðgerð hefur heppnast eins og best verður á kosið og er dæmi um það hvað hægt er að gera. Það er auðvitað þannig að fólk hefur misst atvinnu sína og stjórnvöldum ber auðvitað að gera það sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi hljótist af. Hins vegar megum við ekki gleyma því að það var ekki tilgangur Skipaútgerðarinnar að halda uppi atvinnu fyrir fólk í Reykjavík. Tilgangurinn var að tryggja góða þjónustu við vissar hafnir á landinu. Og tilgangurinn með sölu Skipaútgerðarinnar var auðvitað að koma málum í það horf að það kostaði sem allra minnsta fjármuni fyrir ríkissjóð. Ég tel að vel hafi til tekist og vonast til að í framtíðinni veiti Samskip Eimskipum þá samkeppni sem nauðsynleg er og ég fagna því að mál hafa þróast í þá átt sem við nú þekkjum.

Varðandi síðari fsp. um lausafjármunina, sölu þeirra og virðisaukaskatt af þeirri sölu, þá er það rétt sem kom fram hjá hv. ræðumanni að kaupandinn, Samskip, muni ekki greiða skatt til baka fyrr en síðar, þ.e. Samskip geta notið innskattsins strax en greiða síðan skuldabréfið til baka á þessum sex árum en með 6% vöxtum. Samkvæmt samkomulagi milli Ríkisskipa og Samskipa um sölu á ýmsu lausafé, aðallega gámum — en söluverðið var 71–72 millj. kr. að meðtöldum virðisaukaskatti, fór þessi sala fór þannig fram að sölu-

verðið var greitt með skuldabréfi verðtryggðu til sex ára með 6% vöxtum eins og kom fram í ræðu hv. þm. Samkvæmt reglum um meðferð virðisaukaskatts af viðskiptum sem þessum þá fara þau þannig fram að Ríkisskip greiðir virðisaukaskattin til ríkissjóðs á næsta skiladegi en Samskip fá á móti sams konar innskatt sem dregst frá útskatti þess fyrirtækis á næsta degi eins og reyndar hefur komið fram. Ríkisskip hafa þegar gert þennan skatt upp við íslenska ríkið. Ég get hins vegar fallist á það sjónarmið sem lesa mátti út úr orðum hv. ræðumanns að það hefði verið betra ef skuldabréfið hefði aðeins náð til söluverðsins að frádregnum virðisaukaskattinum. Síðan hefði verið hugsanlegt að veita Samskipum bráðabirgðalán til að fjármagna innskatt fram að næsta skiladegi. Þetta yfirsást mönnum, bæði úr fjmrn. og samgrn. við framkvæmd málsins, en ég tel að þetta sé ekki stórmál enda eru þessir fjármunir verðtryggðir, skuldabréf vel tryggt og fjármunirnir á 6% vöxtum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þessi svör séu nægilega skýr til að koma til móts við óskir hv. þm. um frekari útlistun á þessu máli.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherranum fyrir svör sem voru greinargóð. Það er rétt sem hann ályktaði um mína afstöðu til viðskiptahátta af þessu tagi, að menn fengju lánað fyrir virðisaukaskatti. En það er líka rétt sem fram kom hjá honum að það er í raun og veru Skipaútgerð ríkisins sem er látin bera lánið, þ.e. sem er látin fjármagna þetta lán.

Í öðru lagi vil ég nefna vegna fyrri spurningarinnar, til þess að það sé ljóst að ég hafi skilið hæstv. ráðherra rétt, að þá séu engar heimildir í fjárlögum til að verja fé til að styrkja strandflutninga umfram það sem er í fjárlagalið sem tilgreindur er í fjárlögum 10-322, ef ég man rétt, til flóabáta og strandflutninga. Ef ég þekki þann fjárlagalið rétt mun honum þegar hafa verið skipt upp á milli verkefna, þannig að þangað er ekkert að sækja ætli menn að styrkja sjóflutninga til annarra staða.

Ég nefni sem dæmi um stað sem er óhjákvæmilegt að grípa til styrkja ætli menn að halda uppi reglulegum áætlunarsiglingum og það er staður eins og Norðurfjörður á Ströndum sem á í raun engra annarra kosta völ en að hafa reglulegar áætlunarsiglingar. Ég vil draga það fram að svar ráðherra þýðir að það er ekkert fé til að styrkja siglingar til þessa staðar á þessu ári. Það liggur líka fyrir að forráðamenn Samskipa hafa gefið það mjög sterklega til kynna að þeir muni hætta þeim siglingum sem þeir eru þar með þegar þær hafa staðið í þrjá mánuði sem senn verður.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*: Hæstv. forseti. Já, það er rétt sem hv. þm. segir að lagaheimild er ekki fyrir hendi þótt þennan texta sé að finna í fylgiritinu með fjárlögum. Þann texta ber að skoða sem hugmyndir en textinn hefur ekki lagagildi. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að á bls. 7 í frhnál. meiri hluta fjárln. er texti, og hann hefur ekki að geyma þessa klausu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Hitt er svo annað mál að okkur var það ljóst, og þess vegna var þessi texti settur inn, að svo kynni að fara að grípa yrði til ráðstafana en við teljum ekki efni til þess og stjórnvöld telja það ekki nauðsynlegt, m.a. vegna þess sem fram hefur komið hjá hv. ræumanni að Samskip sigla og koma við á Norðurfirði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið og til máls tekur hv. 14. þm. Reykv. (**GHelg:** Ég, nei.) Hv. þm. var á mælendaskrá þegar málinu var frestað en fellur þá kannski frá orðinu? (**GHelg:** Það er einhver misskilingur.) Þá leiðréttist sá misskilningur hér með en samkvæmt mælendaskrá frá þeim fundi er nafn hv. þm. á skránni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. 14. þm. Reykv. hafði kveðið sér hljóðs hér á síðasta fundi og við höfðum gert samkomulag um það að halda umræðum áfram í þeirri röð sem þar var og ég vildi vekja athygli á að hv. þm. var á mælendaskrá, nema hann hafi dregið sig til baka.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur nú þegar verið upplýst að hv. 14. þm. Reykv. óskar ekki eftir því að taka til máls

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við að fjalla um örstutt frv., frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, en það stuttorðaða frumvarp mun koma til með að hafa mikil áhrif. Ég fékk útskrift af ræðu hæstv. ráðherra þegar hann lagði þetta frv. fram vegna þess að ég hafði ekki tök á að vera á þeim fundi og mér sýnist að sú líkræða, sem hann flutti þá yfir Skipaútgerðinni, hafi verið nokkuð stutt og þá í samræmi við þetta stutta frumvarp.

Ég er hins vegar ekki sammála því að líkræða hæstv. samgrh. sé tímabær þar sem enn er ekki búið að kistuleggja Skipaútgerðina algjörlega og því ekki komið að ræðunni enn þá. Hins vegar má segja að ræða megi nokkuð um þá málsmeðferð sem Skipaútgerðin eða framkvæmd þeirra mála hefur haft hér í þinginu.

Samkvæmt lögum um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40 1967, segir svo í 4. gr. um verkefni stjórnarnefndar Skipaútgerðarinnar, með leyfi forseta:

„Verkefni stjórnarnefndarinnar er að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sameiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar ...“ síðan er upp talið: áætlanir, ráðning starfsfólks o.fl. og loks kemur: „...um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun tilboða í því sambandi“ o.s.frv.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort þarna hafi verið farið að lögum um stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar, þar sem segir að það sé verkefni stjórnarnefndarinnar að taka ákvarðanir um breytingar á rekstri, þar

með talið sölu og kaup. Ég hef áður lýst því yfir að út af fyrir sig er ég ekki ósammála því að breytinga á rekstri Skipaútgerðarinnar var þörf. Því hef ég lýst áður í umræðum sem hér hafa farið fram um það mál. En málsmeðferðin öll hefur borið talsverðan keim af því að ráðherra hefur tekið sér alræðisvald sem hann hefur ekki í raun. Það er líka staðreynd að Skipaútgerðin er enn með tvö skip í rekstri, eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf. áðan. Annað er að vísu leigt en um hitt hefur verið gerður kaupleigusamningur til þriggja ára. Skemma fyrirtækisins er einnig óseld. Skipaútgerðin er því enn með rekstur. Og það er því varla tímabært að leggja hana niður með lögum. Mér hefði fundist eðlilegra að stjórnarnefndin hefði lokið sínu tímabili og unnið að málinu samkvæmt lögum. Eins vil ég geta þess í framhaldi af því að skipunartími stjórnarnefndarinnar er alls ekki útrunninn, hann rennur ekki út fyrr en í júlí 1993.

Ég tel að hér hafi verið gerðar mjög einhliða aðgerðir og alls ekki stuðst við gildandi lög. Ég tel það ámælisvert, hver sem í hlut á, og ég tel það ekki sæmandi ráðherrum að vinna þannig. Það má skoða í framhaldi af því hvort að ráðherrar muni í vaxandi mæli halda áfram slíkum vinnubrögðum. Það er mjög skammt að minnast þeirrar umræðu sem varð um menningarráð á dögunum þar sem ráðherra hafi gefið ráðinu eða formanni ráðsins fyrirskipun um að leggja niður Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Meiri hluti þess menningarráðs hafði hins vegar kjark til að mótmæla því þar sem fyrst þyrfti að breyta lögum. Stjórnarnefnd Ríkisskipa virðist ekki hafa haft hugrekki til þess að segja ráðherra fyrir verkum þó að hún eigi í raun að gera það eins og konurnar í menningarráði gerðu. Út af fyrir sig ætla ég ekki að ræða frekar um störf menningarráðs. Það hefur verið gert í þinginu og hefði trúlega mátt ræða það meira. En mér finnst þetta vera svolítið skyld málefni.

Ég kem þá að öðru. Mér sýnist einnig að ráðherra þurfi að gera betur grein fyrir því hvað hann hyggst fyrir með samgöngur til afskekktra staða, eins og hefur komið hér fram áður, t.d. Norðurfjarðar á Ströndum. Eða telja þingmenn og ráðherrar ekki að þeir eigi rétt á lágmarkssamgöngum eins og aðrir landsmenn? Vegakerfið þangað er með þeim hætti að það er ekki opið nema hluta úr árinu og því er ekki hægt að treysta á flutninga á landi. Þar er að vísu flugvöllur en þeim flugvelli hefur ekki verið haldið við í mörg ár og það liggur við að flugvélar geti tæpast lent þar fyrir holum í vellinum. Ef stefna ríkisstjórnarinnar er sú að landflutningar skuli taka við af sjóflutningum þá þarf að gera grein fyrir því á hvern hátt það verði gert. Það verður ekki aðeins gert með frjálsri samkeppni tveggja skipafélaga.

Ég veit ósköp vel að Samskip heldur núna uppi samgöngum til Norðurfjarðar á þriggja vikna fresti. En þeir ætla aðeins að gera það í þrjá mánuði og þeir þrír mánuðir eru brátt liðnir. Og samkvæmt upplýsingum heimamanna sem hafa rætt við viðkomandi skipafélag hyggst það ekki halda þeim flutningum áfram vegna þess að þeir borga sig ekki. Það þurfti styrki til að halda úti þessum sjóflutningum og við getum litið á það sem hluta af því að halda við samgöngukerfi landsins því að halda við og byggja upp vegi kostar líka sitt eins og allir vita og öllum finnst sjálfsagt að halda við vegakerfinu. En þegar kemur að því að slíkt sé sambærilegt við að styrkja sjóflutninga þá kemur annað hljóð í strokkinn.

Þessi mál verða að skoðast í samhengi en á það finnst mér mjög skorta hjá hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn. Þegar þessir sjóflutningar leggjast af með þeim skipum sem nú sinna þessu hlutverki, hvort sem fyrirtækið heitir Samskip eða Skipaútgerðin, þá verður að benda á aðrar færar leiðir til að þjóna því fólki sem býr á þeim stöðum sem hingað til hafa eingöngu getað treyst á skipaferðir og ekki er sjáanlegt annað í náinni framtíð en að verði að gera það. Fjármagn verður þá að fást til að bæta vegakerfið þangað, en það er síður en svo að það sé. Þar er um gífurlegan niðurskurð að ræða sem bitnar ekki hvað síst á þeim landshlutum sem styst eru komnir í lagningu akfærra vega eins og á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Því hefur verið svarað í ræðum hér á undan hver stefna ríkisstjórnarinnar sé í málefnum flóa- og ferjubáta, þ.e. að halda eigi uppi óbreyttri stefnu og þar mun vera búið að úthluta, eftir því sem ég best veit, því fjármagni sem er á fjárlögum þannig að ekkert af því fjármagni fer til þess að styrkja eða halda uppi samgöngum við staði eins og ég hef verið að nefna.

Í svokallaðri hvítbók þar sem tíunduð er stefna ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Rekstur og starfsemi Skipaútgerðar ríksins er í gagngerri endurskoðun og unnið er að tillögum um hvernig best verði staðið að siglingum með ströndinni, þannig að saman fari viðunandi þjónusta við landsmenn“ — taki menn eftir: viðunandi þjónusta við landsmenn — „og lágmarkskostnaður. Þessi endurskoðun tengist rekstri flóabáta og fleiri þáttum samgöngumála.“

Þessi endurskoðun hefur alls ekki farið fram í neinum tengslum við rekstur flóabáta eða aðrar samgöngur. Ég tel því, og ég byggi það á því sem ég hef verið að tíunda, að á engan hátt sé tímabært að leggja Skipaútgerðina niður núna með lögum. Það getur farið svo að það verði áfram að reka þau skip sem ekki eru seld og það er eftir að leysa þann þjónustuþátt sem ég hef verið að rekja. Ég legg því til að þessu frv. verði vísað frá.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka síðasta ræðumanni fyrir skelegga ræðu og hlýjan hug til þessa málaflokks, eins og ég reyndar vissi fyrir að mundi verða raunin á. Ég kem aðeins upp til þess að árétta þann mun sem er á annars vegar stjórnarnefnd um Skipaútgerð ríksins og hins vegar á stjórn Menningarsjóðs eða menningarráðs eins og það heitir formlega. Munurinn er sá að það mál, sem varðaði Menningarsjóð, er bundið í lögum og því ekki á valdi framkvæmdarvaldsins að gera þar breytingar á en stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins vinnur undir forustu samgrh., lýtur yfirstjórn

hans. Þeim sem þar sitja hverju sinni ber því að framfylgja þeirri stefnu sem ráðherra markar og hefur fengið samþykkt á Alþingi hverju sinni. Og í raun og veru hafði ráðherra þann bakstuðning hjá löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu sem hann þurfti þannig að lagaleg staða okkar í stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins var önnur en í menningarráði og því gátum við ekki gripið til sömu aðgerða og hægt var á þeim vettvangi.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Út af ræðu hv. 6. þm. Vestf. vil ég taka fram í fyrsta lagi að sá maður, sem annaðist sölu á eignum Skipaútgerðar ríkisins og hefur haft stjórn á því að leggja hana niður, er formaður stjórnarnefndar Ríkisskipa.

Ég vil í öðru lagi taka fram að Samskip hafa þjónað Norðurfirði eins og fram hefur komið hjá tveimur hv. þm. Vestf. Mér er ókunnugt um að Samskip ætli að leggja niður siglingar þangað. Ég sat aðalfund Samskipa sem gestur fyrir skömmu þar bar þessar siglingar á góma en ekki var þess getið að til stæði að fella þessar siglingar niður en að sjálfsögðu mun samgrn. athuga það. Um það hefur verið rætt bæði við þá sem annast útgerð á Fagranesinu og eins Sæfara að til greina geti komið að annað hvort þessara skipa fari til Norðurfjarðar ef þörf er á. Og einnig má hugsa sér að rækja þá þjónustu með öðrum hætti.

Ég verð enn að láta í ljósi undrun mína á því að þessi hv. þm. Vestf. skuli koma upp með þær fullyrðingar að sérstaklega sé níðst á Vestfirðingum í vegamálum. Það er auðvitað alveg hið gagnstæða. Það rennur meira fé til Vestfjarða nú í vegamálum en nokkru sinni fyrr og satt að segja óviðkunnanlegt þegar þingmenn eru að gera lítið úr því þegar önnur kjördæmi leggja mikið á sig til þess að koma við samgöngubótum í þeirra kjördæmi eins og nú er gert á Vestfjörðum. Ég vona að ég eigi ekki eftir að heyra fullyrðingar af þessu tagi oftar í þessum stól. Það er engum manni til sóma sem slíku heldur fram.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. telur að við þurfum ekki að kvarta í samgöngumálum á Vestfjörðum vegna þess að ríkisstjórnin hæstv. hefur dregið úr framlagi til jarðganga um 250 millj. kr. og lætur það koma niður á almennu vegakerfi í landinu, jafnt á Vestfjörðum sem annars staðar. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn sé ekkert ofsæl af því að reyna að halda samninga við verktaka sem hún var búin að gera og allir stóðu í þeirri meiningu að ættu að standa.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Ef hv. þm. er það ekki kunnugt þá eru samningar við verktaka um að opna göngin til umferðar haustið 1995. Það stendur, því hefur ekki verið breytt.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega veit ég að þeir rembast við og reyna að halda samninginn. Þeir hafa nýlega látið úthluta 40 millj. kr. af snjómokstursfé til þess að reyna að standa við þann samning sem þeir eru búnir að brjóta.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Nú þegar komið er að þinglokum og annir að verða miklar á Alþingi kemur á dagskrá frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins. Það má spyrja sem svo: Af hverju liggur svo mikið á þessu máli? Hvað rekur hæstv. samgrh. til þess að strekkja við það að hafa þetta frv. á dagskrá á lokadögum þingsins þegar svo er ástatt að þetta fyrirtæki á eignir enn þá og er formlega starfandi? Ekki síður er það undarlegt fyrir það að á eftir 2. gr. frv. er ákvæði til bráðabirgða um að ráðherra sé heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins. Maður skyldi halda að það lægi ekki svo mikið á að það þyrfti að eyða hér dýrmætum tíma á lokadögum þingsins í þetta mál, þegar ótal mörg önnur mál bíða afgreiðslu. Fyrsta spurningin sem vaknar er hvað valdi þessu.

Það hafa komið hér fullyrðingar um það, bæði hjá hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh., að þessi aðgerð hafi tekist vel. Eins og þeir muna sem hafa hlýtt á þessa umræðu þá hafa gengið yfirlýsingar af þessu tagi. Ekkert er komið fram um það hvernig þessi aðgerð hefur tekist, hvort hún hefur tekist vel eða hvort hún hefur tekist illa. Það er engin reynsla komin á þetta fyrirkomulag sem er núna. Það er kannski þess vegna sem frv. er rekið hér áfram og umræða um það að hæstv. ráðherrar vilja hafa vaðið fyrir neðan sig og losna við að taka upp þessa umræðu seinna þegar meiri reynsla er komin á þetta mál.

Það er nú svo, það er alveg rétt, að mikil samkeppni ríkir á ströndinni núna milli tveggja skipafélaga, Samskipa og Eimskipa. Sú samkeppni var komin af stað fyrir áramót þegar umræða fór af stað um að leggja Skipaútgerðina niður. Þá fóru þessi skipafélög tvö, þau stærstu í landinu, að berjast um að ná til sín þeim flutningum sem Ríkisskip höfðu áður og varð ágengt. Það kemur að sjálfsögðu fram í afkomu Ríkisskipa á síðasta ári eins og hefur komið hér fram, m.a. hjá hv. 5. þm. Vestf. Þess má vænta að þjónustan verði góð og mörg skip á ströndinni meðan orrustan stendur og meðan það er að koma í ljós hvert af þessum félögum nær til sín þessum flutningum til frambúðar. Þó er það nú svo að jafnvel þó að þessi styrjöld standi þá eru einstakir staðir sem óvíst er um flutninga til og kem ég aðeins að því á eftir.

Það sem frv. um Skipaútgerð ríkisins og sú aðgerð að leggja hana niður hefur í för með sér er að það er hætt að styrkja sjóflutninga á þeim leiðum sem Skipaútgerðin sigldi á áður. Það vekur náttúrlega upp spurninguna um hvort það sé stefnan til frambúðar, jafnvel þó að það verði ekki á þessu ári. Ég geri mér grein fyrir því að þau fjárlög sem nú eru gilda en það er

mikil grundvallarspurning hvort það verði áfram haldið á þessari braut. Hæstv. samgrh. hefur sagt að þessi mál verði að endurskoða árlega og auðvitað eru þau skoðuð við hverja fjárlagagerð, ég geri mér grein fyrir því. En þessi aðgerð og ekki síst hvað hér er gengið hreint til verks opnar auðvitað leiðina til að kippa ríkisstyrk til sjóflutninga til baka. Hann hefur verið afnuminn á þeim leiðum sem Skipaútgerð ríkisins sigldi á áður en það eru enn þá verulegir ríkisstyrkir til flutninga í þessu landi. Það hefur verið stefna stjórnvalda hingað til að reyna að greiða fyrir flutningum um landið og talinn ákveðinn þáttur í því að halda byggð og eðlilegum samgöngum við einstaka landshluta. Það er alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því nú þegar við ræðum um að leggja Skipaútgerðina niður fyrir fullt og allt og ljúka hennar sögu að þessi aðgerð ryður brautina að þessu leyti.

Áhrifin á verðlagsþróunina eru auðvitað óljós enn þá, það er engin reynsla komin á það mál. Ég reikna með að það sé rétt sem hæstv. samgrh. segir að það hafi ekki orðið hækkun á flutningstöxtum enn sem komið er. Hins vegar er alveg óvíst með hverjum hætti það verður í framtíðinni. Varðandi skipakost á ströndina þá hefur ákaflega lítil hagræðing orðið. Þessi tvö skipafélög hafa jafnmörg skip á ströndinni núna og þrjú höfðu áður þannig að kostnaður hefur ekki minnkað mikið að því leyti. Þessi kostnaður leggst á flutningana sem heild. Hann kemur einhvers staðar fram. Það er alveg óvíst um það hver þróunin verður í þessum efnum og ég ætla ekkert að fullyrða um það á þessu stigi málsins. Það getur alveg farið svo að þegar fram í sæki hækki þessir flutningstaxtar og auki mismun á vöruverði á landsbyggðinni og á Reykjavíkursvæðinu.

Eins og fram hefur komið ber þegar á því að ýmsir staðir, sem nefndir hafa verið hér í þessari umræðu, t.d. Norðurfjörður á Ströndum, og Samskip heldur áfram siglingum á enn þá, búa ekki við öryggi til frambúðar í þessum samgöngum. Það eru auðvitað fleiri staðir sem svo er háttað um. Í athugasemd við frv. stendur á bls. 8 eða á öftustu síðu í frv. að strandflutningaþjónusta hafi í höfuðatriðum haldist til þeirra byggða sem nutu þjónustu Skipaútgerðarinnar. Svo segir: „Helsta undantekning frá því er sú að ekki er beint, reglubundið siglingasamband frá Austfjarðahöfnum norður um til Norðurlandshafna. Á þeirri leið voru flutningar á árinu 1991 um tvö þúsund tonn, eða tæplega 2% af flutningum Skipaútgerðar ríkisins."

Mér finnst einhvern veginn sá broddur í þessari setningu að þetta magn sé það lítið að þess vegna þurfi ekki að sjá fyrir reglubundnum flutningum á milli þessara landshluta nema aðra leiðina. Það er nú svo að þessi 2.000 tonn sem þarna eru flutt á milli gætu verið einhverjar framleiðsluvörur frá Austfjörðum sem Austfirðingar eru að selja á Norðurlandsmarkað. Ég hef ekki í höndum upplýsingar um hvaða vörur þetta eru en allt eykur þetta á þægindin fyrir þá atvinnustarfsemi sem rekin er á Austfjörðum. Það sem verra er — og það vitum við hæstv. samgrh. báðir þar sem þessi tvö kjördæmi liggja saman — er að vetrarsamgöngur eru afar óöruggar á þessu svæði svo ekki sé meira sagt og liggja stundum alveg niðri þegar meðalvetur er, frá miðhluta Austurlands og suðurhluta Austurlands og norður. Ég segi það að vísu að hæstv. samgrh. hefur sýnt áhuga á því að bæta það samband og er það vel. Hann hefur verið baráttumaður í því og vil ég að það komi hér fram.

Hins vegar vildi ég spyrja hæstv. samgrh., úr því að þetta ástand er nú svo að þarna eru engar reglubundnar samgöngur sjóleiðina nema aðra leiðina, hvort það væri ekki til athugunar að reyna að styrkja samgöngur á landi milli Norður- og Austurlands með því a.m.k. að koma mokstri um Möðrudalsöræfi og Mývatnsöræfi inn í snjómokstursreglur Vegagerðarinnar þannig að menn búi við eitthvert öryggi í þeim efnum. Ég hefði lagt það til og vil beina því til hæstv. samgrh. að hann leggist á sveif með okkur í því verði það til frambúðar svo að þessi stóru skipafélög treysta sér ekki til að halda samgöngum á þessari leið og Skipaútgerð ríkisins verður lögð niður.

Það hefur komið fram að fólk hefur misst atvinnu sína við þessa aðgerð. Ef ég man rétt þá voru um það fyrirheit fyrr í vetur í umræðum á Alþingi af hálfu hæstv. samgrh. og endurtekið nú af hæstv. fjmrh. að ríkisvaldið hefði einhverjar skyldur gagnvart þessu fólki. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvernig útlitið sé með það að þetta fólk fái atvinnu við önnur störf og hvort eitthvað hafi miðað í því efni.

Ekki er ástæða til að halda uppi löngum ræðum um þetta mál á þessu stigi. Það á eftir að fara til nefndar og hv. samgn. á eftir að skoða það þannig að tækifæri gefast til þess að taka það nánar til umræðu þegar það kemur frá nefnd. Ég ætla því ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. En ég beini því til hv. samgn. að kanna það vel og reyna að gera sér grein fyrir því hvaða útlit er á ströndinni, hvaða áhrif þetta hefur þegar til lengri tíma er litið á flutningstaxta á ströndina, því að það skiptir meginmáli. Eins og ég kom að í upphafi er engin reynsla komin á þetta mál enn þá og ekkert hægt að segja um hvort þessi aðgerð hafi tekist vel, eins og hæstv. ráðherrar halda fram, eða hvort hún verður til þess að hækka flutningsgjöld á ströndina þegar fram í sækir og auka mismun á vöruverði og aðstöðumun í landinu.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fylgdist af athygli með ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Mér varð ekki ljóst af ræðu hans hver afstaða hans er núna til Skipaútgerðar ríkisins og þeirra breytinga sem átt höfðu sér stað í strandflutningum umhverfis landið. Ég tel að það þurfi að liggja ljóst fyrir, sérstaklega í ljósi fyrri umræðna þegar verið var að leggja starfsemi Skipaútgerðarinnar niður, hver afstaða hv. þm. er nú til þessa máls. Vill hann hverfa aftur til sömu skipunar og var á strandflutningum á meðan þeir voru á vegum Skipaútgerðar ríkisins og kostuðu ríkissjóð á núvirði allt að 300 millj. kr.? Einnig þarf að liggja ljóst fyrir hjá hv. þm. hvort hann leggi til að þessir peningar verði teknir úr ríkissjóði eða hvort hann vill leita ráða til að nýta þessa

fjármuni á annan hátt til uppbyggingar á landsbyggðinni. Þetta tel ég mikilvægt að hv. þm. ræði og fjalli líka um og það komi skýrt fram nú við 1. umr. hvort það er afstaða hans og Framsfl., vegna þess að ég trúi því að hann tali í nafni Framsfl., að vilja hverfa aftur til þeirrar skipunar er ríkti í formi Skipaútgerðar ríkisins og kostaði ríkissjóð allt að 300 millj. eða meira á ári.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get gefið um það yfirlýsingu og ég hélt að hv. 5. þm. Austurl. væri það ljóst af fyrri umræðum í vetur að ég er andvígur því að fella niður ríkisstyrki til sjóflutninga, m.a. í okkar kjördæmi sem var það kjördæmi sem Ríkisskip hafði mesta flutninga til og frá, án þess að vita nokkuð um hvað tekur við til frambúðar. Ég hélt ég hefði sagt það fullljóst að það er allt of snemmt að segja nokkuð til um það hvað tekur við. Þessi mál eru enn þá í fullkominni óvissu þó að tvö stór skipafélög séu nú að berjast um reyturnar hjá Ríkisskipum. Ég vil að það liggi fullljóst fyrir. Það sem meira er, þetta opnar leiðina til að fella niður alla styrki til sjóflutninga og er kannski rétt að hv. 5. þm. Austurl. knýi á um svör við því, m.a. hjá sínum ráðherrum hvort þeir vilji standa að því í þessari ríkisstjórn að gera svo. Ég hélt að þetta væri fullljóst en ef hv. 5. þm. Austurl. hefur ekki skilið þetta vona ég að hann skilji það nú.

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þá fullljóst núna að afstaða Framsfl. og hv. þm. Jóns Kristjánssonar í þessu máli er í óvissu. Ég vil vekja athygli á því að þegar þetta mál var til umræðu á sínum tíma, að leggja starfsemi Skipaútgerðarinnar niður, þá var afstaða Framsfl. alveg ákveðin og örugg og ljós og það var að breyta ekki um starfshætti Skipaútgerðarinnar heldur að halda áfram að verja allt að 300 millj. kr. á ári til sjóflutninga.

Ég vil segja það að ég treysti Samskipum algjörlega til þess að þjóna landsbyggðinni vel án ríkisstyrkja eins og reynslan fram að þessu hefur leitt í ljós. Á meðan annað kemur ekki fram en að Samskip sinni hlutverki sínu vel og veiti góða þjónustu, sem ég treysti þeim til að gera, tel ég að þessi breyting horfi fremur til styrktar landsbyggðinni og losi um peninga til uppbyggingar þar sem þeirra er frekar þörf.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil áminna hv. 5. þm. Austurl. um að fara rétt með. Ég man ekki til að ég hafi látið þau orð falla hér í umræðum að ég vildi engar breytingar á starfsemi Skipaútgerðar ríkisins en ég var andvígur því að leggja hana niður, það er rétt. En ég hef ekki lýst því yfir að Framsfl., og þar á meðal ég, væri ánægður með að verja 300 millj. á ári til þessara flutninga. Ég hef viljað hafa þessa upphæð sem lægsta án þess að fella niður styrki til þessara flutninga. Það hélt ég að mönnum væri alveg fullljóst. Ég hélt að ég þyrfti ekki að deila um það úr þessum ræðustól.

Hv. 5. þm. Austurl. talaði um að verja því fé sem losnaði til einhverra annarra þarfa fyrir landsbyggðina. Ég lýsi eftir því til hvaða atvinnuuppbyggingar þetta fé ætti að fara. Ég hef ekki heyrt að það eigi að fara til sérstakrar uppbyggingar fyrir landsbyggðina og lýsi eftir því, ef þær hugmyndir eru á kreiki í stjórnarliðinu, hvernig þessum sparnaði á að verja. Ég vona að hv. 5. þm. Austurl. upplýsi mig um það með hvaða hætti þessir peningar eigi að fara til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú ekki svo, þegar síðasta ríkisstjórn skildi við, að peningar væru í sjóði eða pokum og biðu þess að verða útdeilt. Þvert á móti hefur ríkissjóður verið rekinn með miklum halla og þær 300 millj. sem við erum að reyna að spara árlega með því að leggja niður Skipaútgerð ríkisins koma auðvitað fram í því að halli á ríkissjóði verður minni og helst enginn. En þessir peningar bíða hvergi í skotum né annars staðar eftir því að þeim sé eytt.

Hitt er aftur merkilegur málflutningur hjá hv. þm. að það sé markmið í sjálfu sér að styrkja sjóflutninga í gegnum eina opinbera stofnun í staðinn fyrir að viðurkenna, eins og rétt er, að sú breyting að Skipaútgerð ríkisins hefur hætt rekstri hefur ekki haft það í för með sér að þjónusta versni eða verð almennt á flutningum hækki. Það er kjarni málsins.

Það er rétt sem hv. þm. segir að það er ekki haldið uppi reglum um siglingar frá Austurlandi til Norðurlands. Það er á hinn bóginn jafnrétt að Sæfari, sem er það skip sem haldið er uppi til Grímseyjar, hefur tök á því að fara einu sinni í viku á Austurlandshafnir frá Eyjafirði ef talið yrði að það þjónaði þörfum atvinnulífsins á þessu svæði. Ekki hafa komið fram óskir um það en auðvitað er svigrúm til þess.

Þegar talað er um að ekki sé veitt fé til sjóflutninga vil ég líka minna á það að flóabátar eins og Fagranesið hafa haldið uppi flutningum og samgöngum milli Vestfjarðahafna með hráefni og annað og auðvitað geta aðrir flóabátar gert slíkt. Það er því engan veginn hægt að halda því fram að ekki sé varið fé til þess að þjónusta þá staði sem afskekktir eru.

Ég vil í annan stað taka fram að ég er mjög áhugasamur um að hægt sé að bæta samgöngur á landi milli Norður- og Austurlands.

Að síðustu, hæstv. forseti, vil ég taka fram að reynt er að útvega því fólki vinnu, sem missti atvinnu þegar Skipaútgerð ríkisins var lögð niður, en það hefur ekki gengið nógu vel. Um helmingur er enn án atvinnu. En ég veit ekki betur en samgrn., í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hafi skrifað bréf til stórra fyrirtækja og stofnana til að reyna að greiða úr vanda þessa fólks.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. hans

andsvar en ég heyri á svörum hæstv. ráðherra að það stendur náttúrlega ekki til að sá sparnaður sem af þessu leiðir verði sérmerktur og notaður í að styrkja landsbyggðina. Hann fer til þess að jafna halla ríkissjóðs, segir hæstv. ráðherra. Ekki skal ég draga úr nauðsyn þess. Ég vil benda á það aftur að fjárlögin, sem nú eru í gildi, draga í flestum greinum úr þeim stuðningi sem verið hefur við landsbyggðina og ég er ekki voðalega bjartsýnn um að það verði nein straumhvörf í því á næsta hausti þegar farið verður að undirbúa ný fjárlög.

Ég sé hér framan í bæði formann Byggðastofnunar, hv. 1. þm. Vestf., og stjórnarmann Byggðastofnunar, hv. 3. þm. Austurl. Ég held að þeir séu ekki ánægðir með það hver framlög þeirra stofnun hefur fengið t.d. til að byggja upp á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og hv. þm. sé ekki kunnugt að höfuðstöðvar Skipaútgerðar ríkisins voru í Reykjavík og flestir þeir sem hjá henni unnu eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og borguðu skatta og skyldur þangað. Með því að leggja Skipaútgerð ríkisins niður er ekki verið að leggja niður fyrirtæki sem hafði höfuðstöðvar sínar úti á landi, eins og hv. þm. gaf í skyn. Staðreyndin er sú að flutningar með ströndinni hafa gengið vel og það er skylda okkar, sem að þessum málum vinnum, að reyna að draga úr þeim þjóðfélagslega kostnaði sem því fylgir að halda uppi sómasamlegri þjónustu við landsbyggðina.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning. Ég hef ekki lýst því yfir að aðalstöðvar Skipaútgerðar ríkisins hafi verið úti á landi. Ég spurði einmitt hvernig gengi að útvega því fólki vinnu sem var í störfum hjá Skipaútgerðinni. Ég er upplýstur um að það hafi ekki gengið of vel og það kemur mér ekki á óvart. Landsbyggðarþátturinn í þessu máli er óöryggi í samgöngum og óvissa um það hver áhrif sú breyting hefur til frambúðar að fella niður þann stuðning sem hér um ræðir. Ég hélt það væri alveg ljóst.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst koma fram í svörum og andsvörum þeirra Austfirðinga og sérstaklega í máli hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar . . . (**Forseti:** Þingmaðurinn á fyrst og fremst að veita andsvar við ræðu hv. 2. þm. Austurl., svo það sé enginn misskilningur.) Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson tók það fram við hv. þm. Jón Kristjánsson að hann treysti Samskipum fullkomlega til að halda uppi þjónustunni. Ég vil aðeins minna þá sem hér eru inni núna, þeir voru e.t.v. ekki allir áðan þegar ég flutti mína ræðu, að það er upplýst að Samskip munu ekki halda áfram að þjóna landsbyggðinni eftir fyrstu tilraunirnar til þess vegna þess að margir staðir sem þeir hafa byrjað að þjóna skila ekki hagnaði. Sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur, þ.e. frjáls samkeppni á öllum sviðum, gildir ekki í því tilfelli sem við höfum verið að tala um.

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var það til umræðu hvort Samskipum væri treystandi til að halda uppi þessari þjónustu á ströndina. (**GunnS:** Hlutafélagið.) Já, hlutafélagið Samskip. Ég get upplýst að takmarkið með hlutafélaginu Samskipum er að skila hagnaði og hlutafélagið Samskip hf. hefur engar skyldur til að halda uppi flutningum á óarðbærar hafnir. Það er mergurinn málsins. Ef ekki verður hagnaður af þessum siglingum þegar fram í sækir hjá hlutafélaginu Eimskipum og hlutafélaginu Samskipum hækka þessir taxtar nema þriðji aðili komi til að berjast um þetta. Ég á nú ekki von á því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Af sérstökum ástæðum hefur forseti fallist á að gera örstutt hlé á þessari umræðu áður en næsti maður á mælendaskrá tekur til máls og verður tekið fyrir 12. dagskrármálið, Ríkisreikningur 1989. Síðan verður umræðu um þetta dagskrármál haldið áfram. Það er gert að ósk viðkomandi aðila og í góðu samþykki með þeim og væntir forseti að ekki verði gerðar athugasemdir við það þó að þetta sé kannski ekki góð vinnutilhögun samkvæmt dagskránni.

Umræðu frestað.

Ríkisreikningur 1989, 2. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 82, nál. 851.

Frsm. fjárln. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegur forseti. Ríkisreikningi fyrir árið 1989 var vísað til fjárln. eftir 1. umr. sem fram fór þann 20. nóv. hér á Alþingi samkvæmt þingskapalögum. Fjárln. hefur fjallað um reikninginn á fundum sínum.

Fulltrúi Ríkisendurskoðunar mætti á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og þeim athugasemdum sem stofnunin gerði við ríkisreikning fyrir árið 1989. Endurskoðunarskýrsla yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar var lögð fram á Alþingi í októbermánuði 1991 og er ástæða til að vísa til hennar. Þá mættu fulltrúar fjmrn. til viðræðu við nefndina og svöruðu fyrirspurnum.

Ég tel ástæðu til að fjalla um nokkur atriði í ríkisreikningnum og bendi á að reikningurinn sýni breytta reikningsskilaaðferð frá fyrri ríkisreikningum.

Á árinu 1990 ákvað þáv. fjmrh. að fengnum tillögum ríkisreikningsnefndar að breyta reikningsskilareglum á þann hátt að færa í ríkisreikninga allar skuldbreytingar ríkissjóðs og stofnana hans sem vitneskja er um óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Ríkisreikningur fyrir árið 1989 er sá fyrsti sem gerður er upp samkvæmt þessum reglum og er því sem slíkur ekki samanburðarhæfur við fyrri ár. Segja má að með

þessum breyttu reikningsskilaaðferðum sé verið að uppfylla ákvæði laga um ríkisbókhald og ríkisreikning þar sem kveðið er á um að hann skuli vera gerður upp á svokölluðum rekstrargrunni.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1989 voru eftirfarandi skuldbindingar ríkissjóðs í fyrsta sinn færðar: Lífeyrisskuldbindingar, skuldbindingar ríkis við sveitarfélög og aðra vegna sameiginlegra framkvæmda og rekstrar þessara aðila, áfallnir vextir og veitt og tekin lán ríkissjóðs. Auk skuldbindinga er ríkissjóður tók á sig á árinu 1989 eru í ríkisreikningi fyrir það ár færðar uppsafnaðar skuldbindingar ríkissjóðs frá fyrri árum. Með því að færa allar einhliða skuldbindingar sem ríkissjóður stofnar til á hverju ári mun ríkisreikningur gefa mun gleggri mynd en áður af rekstri ríkissjóðs og þeim skuldbindingum sem á honum hvíla í lok reikningsárs.

Áður en ég vík að helstu niðurstöðum rekstrar- og efnahagsreiknings ríkissjóðs fyrir árið 1989 vil ég taka undir þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu yfirskoðunarmanna er varða heimildir í 6. gr. fjárlaga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn leggja jafnframt til að mjög verði þrengdar þær heimildir til lántöku og útgjalda sem fjmrh. eru veittar við 6. gr. fjárlaga. Þar eru gjarnan á ferðinni opnar heimildir til umfangsmikilla fjármálaráðstafana og eignakaupa fyrir opinbera aðila. Slíkar opnar heimildir samrýmast ekki kröfum um nútímaleg vinnubrögð í ríkisfjármálum og við útgjaldaeftirlit. Eðlilegast virðist í þessu sambandi að veita sérstökum fjármunum beint til þeirra ráðstafana sem um ræðir í hvert sinn eða ákveða hámark þeirra fjárhæða sem ráðstafa má samkvæmt hverri heimild fyrir sig."

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings er enn fremur fjallað um 6. gr. fjárlaga en þar er lýst þeim efnisatriðum sem 6. gr. heimildar fjárlaga nær til. Ríkisendurskoðun telur að þær heimildir í 6. gr. fjárlaga sem fela fyrr eða síðar í sér útgjöld eigi að koma fram á tölulegu formi í 4. gr. fjárlaga. Á sama hátt telur stofnunin að þeir liðir sem fela í sér heimildir til lántöku eigi að koma fram í lánsfjárlögum.

Í 6. gr. fjárlaga eru ýmsar heimildir til handa fjmrh. um kaup og sölu eigna ríkisins og að ganga til samninga um tilskilin mál. Þessar heimildir eru án takmarkana um hversu háar fjárhæðir er um að ræða. Nefna má sem dæmi heimild til að ganga til samninga við Rarik og orkubú um yfirtöku skulda fyrirtækjanna vegna niðurfellingar verðjöfnunargjalds af raforku árið 1986. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar hafði þessi heimild í för með sér verulegar skuldbindingar og útgjöld fyrir ríkissjóð eða alls 3,5 milljarða kr. sem ekki hafði verið áætlað í 4. gr. fjárlaga. Ljóst er að í einstökum tilvikum er ekki hægt að sjá fyrir um kostnað samfara einstökum málum en þar sem Alþingi fer með fjárveitingavaldið tel ég að í fjárlögum eigi að koma fram hámark fjárhæða sem fjmrh. er heimilt til þess að nýta til þessara verkefna.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1989 eru færðar ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs, eins og áður er getið, sem ekki hafa áður verið færðar í ríkisreikningi en hafa veruleg áhrif á niðurstöður rekstrar og efnahags sé miðað við fyrri ár. Þannig námu gjöld A-hluta ríkissjóðs umfram tekjur 64,5 milljörðum kr. en á árinu 1988 varð rekstrarhalli að fjárhæð 2,1 milljarði kr. Vegna breyttrar reikningsskilaaðferðar er niðurstaða rekstrarreiknings ársins 1989 að sjálfsögðu ekki samanburðarhæf við niðurstöðu ársins 1988 auk þess sem hún gefur alls ekki raunhæfa mynd af afkomu ríkissjóðs á árinu 1989. Að frádregnum þeim skuldbindingum sem færðar voru í ríkisreikningi á árinu 1989 nam rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs 4,4 milljörðum kr. samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1989 sem er 2,3 milljörðum kr. meiri rekstrarhalli en varð á árinu 1988. Færðar voru upp skuldbindingar sem hvíla á ríkissjóði vegna lífeyrissjóða en þær voru metnar á 45,6 milljarða kr. samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðanna. Skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóða ráðherra og alþingismanna námu 43,6 milljörðum kr. og skuldbindingar vegna lífeyrissjóða starfsmanna og bankastjóra Útvegsbanka Íslands námu 2 milljörðum kr. Færðir voru áfallnir vextir á veitt og tekin lán A-hluta ríkissjóðs en áður voru einungis færðir greiddir vextir slíkra lána. Áfallnir ógjaldfallnir vextir á tekin lán ríkissjóðs námu 6,4 milljörðum kr. en á móti voru færðar áfallnar vaxtatekjur að fjárhæð 1,2 milljörðum kr.

Fjárskuldbindingar ríkissjóðs vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila voru færðar til gjalda og til skuldar á árinu 1989. Þar er um að ræða sameiginleg verkefni á sviði menntamála að fjárhæð 1,6 milljarðar kr., heilbrigðismála að fjárhæð 112 millj. kr og hafnamála að fjárhæð 218 millj. kr. Ógreidd fjárframlög vegna þjóðvega í þéttbýli námu 865 millj. kr. og ógreiddur kostnaður til sveitarfélaga vegna reksturs sjúkrahúsa 440 millj. kr. Þá námu ógreiddar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og ógreidd búfjár- og jarðræktarframlög til bænda 474 millj. kr.

Gjaldfærð var yfirtaka lána Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og hitaveitna að fjárhæð 3,5 milljarðar kr. Þá voru gjaldfærðar útflutningsuppbætur til bænda að fjárhæð 555 millj. kr. er greiddar voru á árinu 1988 með fé sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók að láni með ríkisábyrgð. Þetta lán var yfirtekið og bókað í ríkisreikningi. Framlag var veitt til afskriftar af kröfum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs á hendur Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og Skipaútgerð ríkisins að fjárhæð 550 millj. kr., svo og til niðurfellingar launaskuldar Ríkisútvarpsins er nam 319 millj. kr. Enn fremur voru færðar til gjalda 586 millj. kr. vegna lokauppgjörs á Útvegsbanka Íslands og 174 millj. kr. til tekna vegna sölu hlutabréfa í Útvegsbanka Íslands hf. Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs námu 83,1 milljarði kr. sem er 15,5% hækkun frá árinu 1988.

Í árslok 1989 voru kröfur ríkissjóðs færðar niður um 1,6 milljarða kr. Þar er um að ræða beina skatta einstaklinga og félaga að fjárhæð 1 milljarður kr. og söluskatt, tæpar 500 millj. kr., og síðan önnur gjöld um 200 millj. kr. Helstu ástæður fyrir afskriftum eru gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja, upplýsingar um eigna-

leysi á grundvelli árangurslausra aðfararaðgerða og fyrning en skattkröfur fyrnast að jafnaði á fjórum árum.

Heildareignir A-hluta ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi námu 64,6 milljörðum kr. í árslok 1989 sem er 7,2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en í árslok 1988. Hér er um að ræða peningalegar eignir, skammtímakröfur og veitt langtímalán ásamt hlutafé og stofnframlögum. Fastafjármunir ríkisins eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi ríkisins enda eru kaup á slíkum fjármunum hjá aðilum í A-hluta ríkissjóðs færð til gjalda á kaupári samkvæmt lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Bókfærðar heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs námu 162,6 milljörðum kr. í árslok 1989 og jukust þær um 82,4 milljarða kr. frá árslokum 1988. Aukningu bókfærðra skulda má fyrst og fremst rekja til færslu þeirra skuldbindinga sem á ríkissjóði hvíla og greint er frá hér að framan. Skammtímaskuldir jukust um 7,5 milljarða kr. frá því í árslok 1988 og langtímaskuldir voru um 23,4 milljörðum kr. hærri en í árslok 1988. Þá voru teknar inn ýmsar langtímaskuldbindingar að fjárhæð 51,5 milljörðum kr. í ríkisreikning fyrir árið 1989. Þar vega þyngst áðurgreindar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða að fjárhæð 45,6 milljarðar kr.

Á árinu 1989 hefur A-hluti ríkissjóðs aukið peningalegar skuldbindingar sínar umfram peningalegar eignir og kröfur um 75,2 milljarða kr. Að frádregnum þeim skuldbindingum sem ekki hafa áður verið færðar í ríkisreikning jók ríkissjóður peningalegar skuldir sínar umfram eignir um 15,2 milljarða kr. Sambærileg skuldaaukning á árinu 1988 nam 7,7 milljörðum kr.

Í nál. frá fjárln. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að ríkisreikningurinn fyrir árið 1989 verði samþykktur eins og hann liggur fyrir."

Undir nál. rita nefndarmennirnir Pálmi Jónsson, Árni Johnsen, Gunnlaugur Stefánsson, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson og Jón Kristjánsson auk mín, en með fyrirvara undirrita þær Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Guðmundur Bjarnason var fjarverandi afgreiðsluna en ég vísa til þess að þeir sem undirritað hafa með fyrirvara munu gera grein fyrir sínum fyrirvörum.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. fjárln. mæla allir nefndarmenn með samþykkt ríkisreiknings ársins 1989 en eins og fram kom hjá formanni nefndarinnar hafa ég og nokkrir fleiri nefndarmenn undirritað nál. með fyrirvara. Ég tel því nauðsynlegt að gera hér grein fyrir því hvers vegna ég kaus að hafa þann háttinn á.

Það er vandalaust að undirrita og mæla með samþykkt þessa ríkisreiknings ef aðeins er um það að ræða hvort reikningurinn er bókhaldslega réttur. Þar efast ég ekki um hæfni og mat þeirra sem að endurskoðuninni stóðu. Hins vegar skrifa ég undir með fyrirvara vegna þess að það eru þó nokkur atriði í framsetningu ríkisreiknings sem ég er ósátt við. Það gildir ekki eingöngu um þennan ákveðna ríkisreikning heldur hvernig staðið hefur verið að gerð hans undanfarin ár. Ég get því ekki látið hjá líða að nefna við þessa umræðu nokkur atriði sem ég vil vekja athygli á.

Í fyrsta lagi má nefna að útilokað er að bera saman fjárlög ársins 1989 og ríkisreikning þessa árs þar sem fjárlög eru á greiðslugrunni en ríkisreikningur á rekstrargrunni. Þetta er mjög bagalegt þar sem útilokað er fyrir þingmenn sem samþykktu fjárlög ársins að skoða hvernig þeim samþykktum hefur verið framfylgt.

Við afgreiðslu fjárlaga er mikil vinna lögð í það að gera tillögur að skiptingu fjármuna ríkisins niður á viðfangsefni og tegundir. Óskir ráðuneyta og stofnana eru skoðaðar og verkefnum raðað í forgangsröð. Á tímum niðurskurðar í ríkisrekstri er það mikið vandaverk að ákveða hvaða verkefni á að veita fjármunum í og hverju skal frestað. Margra mánaða vinna liggur að baki endanlegri gerð fjárlaga, vinna í ráðuneytum, stofnunum, vinna í nefndum og hér á hv. Alþingi. Þingflokkar leggja mikla vinnu í yfirferð frv. til fjárlaga um leið og það er lagt fram og þingmenn flytja fjölda brtt. við frv. enda er þetta eitt mikilvægasta mál hvers þings. Fjárln. þingsins vinnur daga og nætur þær vikur og mánuði frá því að frv. kemur fram og þar til það hefur verið afgreitt. Mikil vinna er lögð í það að skoða þær umsóknir sem komu frá ráðuneytum og stofnunum ríkisins. Nefndin tekur á móti fulltrúum stofnana sem rökstyðja umsóknir um fé úr ríkissjóði munnlega og skriflega. Það er ótrúleg vinna sem lögð er í það að skipta niður, gera tillögur til Alþingis um skiptingu fjármagns á stofnanir ríkisins og verkefni þeirra. Niðurstöðurnar birtast svo í fjárlögum hvers árs kyrfilega merktar sem úthlutanir á ákveðin viðfangsefni og tegundir.

Mjög mörg og flest lög sem samþykkt eru frá Alþingi fela í sér refsiákvæði, þ.e. að ef brotið er í bága við lögin þá fylgir því ákveðin refsing. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða brot á fjárlögum. Þar er hægt að brjóta samþykktir og komast upp með það aftur og aftur ár eftir ár. Þrátt fyrir alla vinnuna sem þingið leggur í að skipta fjármunum niður á viðfangsefni og tegundir hefur í framkvæmd borið mikið á því að stofnanir flytji fjárveitingar milli viðfangsefna og tegunda að því er virðist rétt eins og stjórnendum þessara stofnana sýnist. Með öðrum orðum má segja að framkvæmd fjárlaga hjá ýmsum ríkisstofnunum sé þannig farið að halda mætti að ráðamenn þeirra hafi fengið í hendur rammafjárlög, þ.e. eina ákveðna upphæð sem þeir mættu síðan ráðskast með. Þegar um rammafjárlög er að ræða skipta frávik frá heildarfjárhæðum öllu máli en ekki frávik frá einstökum viðfangsefnum eða tegundum eins og þegar um er að ræða fjárlög þar sem fjármagnið er kyrfilega merkt ákveðnum verkefnum, þar sem menn hafa það svart á hvítu hverju má eyða í laun, annan rekstur, stofnkostnað eða viðhald. Samkvæmt lögum er ekki heimilt að færa fjárveitingar milli þessara liða.

Ástæða þess að ég nefni þetta við umræðu um ríkisreikning ársins 1989 er sú að í athugasemdum við reikninginn við yfirferð ríkisreiknings og jafnvel í skýrslum Ríkisendurskoðunar er ekkert getið um hvernig einstakar stofnanir hafi í raun staðið við fjárlögin. Þá á ég við hvernig hver stofnun stendur gagnvart einstökum viðfangsefnum og tegundum. Þess eru dæmi að rekstrarfé sé ekki einungis fært milli rekstrarliða óháð ákvörðunum fjárlaga heldur einnig að rekstrarfé hafi verð notað í stofnkostnað og viðhaldskostnað eða öfugt án þess að nokkur heimild sé fyrir slíku. Þess er jafnvel ekki getið í athugasemdum fyrir ársuppgjör stofnunarinnar í sjálfum ríkisreikningnum sem kemur til umfjöllunar á Alþingi.

Þá eru brögð að því að sjá megi eða heyra í fjölmiðlum að ríkisstofnanir standi í framkvæmdum eða tækjakaupum sem áður hefur verið synjað við afgreiðslu fjárlaga. Ríkisendurskoðun hefur í nokkrum tilvikum komið með ábendingar og athugasemdir til stofnana sem farið hafa fram úr fjárlögum. Þó hef ég hvergi séð það að Ríkisendurskoðun taki af hörku á því að menn færi fé frá einu viðfangsefni yfir á annað eða taki t.d. peninga sem merktir eru stofnkostnaði og viðhaldi og færi yfir á rekstrarliði. Samkvæmt þeirri skýrslu sem við fengum með ríkisreikningnum leituðu yfirskoðunarmenn ríkisreiknings eftir því hvort þær athugasemdir og ábendingar sem fram koma hjá Ríkisendurskoðun, í skýrslum hennar um gerð reikningsskila einstakra stofnana og sjóða, hafi borið árangur. Þar kemur fram að vissulega hafi ábendingar Ríkisendurskoðunar verið teknar til greina í nokkrum tilvikum en þó séu dæmi þess og þau mörg að stofnunin hafi að engu athugasemdir Ríkisendurskoðunar, jafnvel þótt þær séu ítrekaðar. Slíkt er að sjálfsögðu ámælisvert. Í skýrslunni er ekki getið um hvaða stofnanir það eru sem ekki hafa sinnt ítrekuðum ábendingum Ríkisendurskoðunar en ég er með lista yfir þær stofnanir sem fóru fram úr fjárlagaheimildum ársins 1989 og einnig til samanburðar hvernig staða þessara stofnana, var árin 1988 og 1990.

Á árinu 1989 fóru 234 stofnanir og fjárlagaliðir A-hluta ríkissjóðs fram úr fjárlagaheimildum. Stofnanir og fjárlagaliðir A-hluta ríkissjóðs eru 418 þannig að 46% af öllum fjárlagaliðum A-hluta fóru fram úr fjárlagaheimildum. Samanburður næstu ára sýnir að flestar þessara stofnana fóru einnig fram úr fjárlagaheimildum þau ár og því miður halda margar þeirra áfram uppteknum hætti. Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt fyrir árin 1989–1991 á þeim stofnunum sem fóru meira en 5 millj. fram úr heimildum þeirra fjárlaga og þá er ekki bara um að ræða fjárlög heldur líka fjáraukalög. Þá voru birt yfirlit yfir þessar stofnanir og tilteknar helstu skýringar Ríkisendurskoðunar á þeim greiðslum sem voru umfram heimildir. Í úttektum Ríkisendurskoðunar og í ríkisreikningum hvers árs má sjá að því miður eru það oft og tíðum sömu stofnanir sem fara árlega fram úr heimildum. Þar má nefna sem dæmi tilraunastöð Háskólans að Keldum, Þjóðleikhúsið, Skógrækt ríkisins, Náttúruverndarráð og Landgræðsluna.

Refsingar við því að fara fram úr fjárlögum ársins eru óverulegar. Þvert á móti hefur það oft og tíðum tíðkast að þegar allt er komið í óefni mætir fulltrúi þess ráðuneytis, sem óráðsíustofnunin heyrir undir, og óskar eftir aukafjárveitingum sem í flestum tilvikum fæst. Forstöðumenn stofnana, sem oft eru alls ráðandi í sinni stofnun, þurfa jafnvel ekki að mæta sjálfir til að útskýra ráðslagið, hvorki fyrir fjmrn. né Alþingi. Ríkisreikningur birtist svo þegar tekið er að fyrnast yfir ósköpin. Þar er ekki einungis hægt að sjá hvort stofnanir haldi sig við samþykktir Alþingis, a.m.k. ekki með því að bera saman reikninginn og fjárlögin.

Ég tel nauðsynlegt að tekið verði á þessum málum. Annað býður hættunni heim. Sem dæmi má nefna að ef ekki er verulega hert eftirlit með því að stofnanir eyði aðeins í samþykkt verkefni og þá innan þess ramma sem samþykktur hefur verið, þá aukast líkurnar á því að rekstrarumfang stofnana fari fram úr fjárveitingu. Það gerist þá bara með því að stofnanir færa frá stofnkostnaði yfir á rekstur og biðja svo um hærri upphæð í stofnkostnað á næsta ári. Skýr dæmi um þetta koma fram í skýrslu yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninginn árið 1989. Ríkisendurskoðun og fjmrn. skila skýrslum til Alþingis um framkvæmd fjárlaga hvers árs. Þar þurfa að koma greinilega fram öll frávik frá úthlutun á viðfangsefni og tegundir. Þar þarf einnig að gera greinarmun á heildarkostnaði og almennum rekstrarkostnaði einstakra stofnana. Það þarf að vera alveg skýrt að það er fullkomlega óheimilt að færa á milli viðfangsefna og tegunda án þess að þær breytingar hafi verið bornar undir Alþingi áður. Ég er viss um að hert eftirlit og auknar kröfur um ábyrgð forstöðumanna stofnana sem eru, eins og ég sagði áðan, í sumum tilvikum alls ráðandi mundu draga verulega úr rekstrarumfangi ríkisins, úr fjárfestingargleðinni og tækjakaupabrjálæði ýmissa ríkisstofnana.

Það hefur staðið til að vinna upp nákvæma eignaskrá stofnana ríkisins. Það verk hófst á síðasta kjörtímabili og er eftir því, sem ég best veit, að ljúka. Ég fagna því sérstaklega. Það er sannarlega kominn tími til að slík skrá sjái dagsins ljós og hún auðveldar eftirlit með þeim þætti til muna.

Við gerð ríkisreiknings fyrir árið 1989 voru í fyrsta sinn færðar til gjalda ýmsar eldri skuldbindingar ríkissjóðs. Gjaldfærsla þessi er um 61 milljarður kr. en til tekna voru færðar áfallnar vaxtatekjur að upphæð 1 milljarður kr. Langstærsti hluti gjaldfærslunnar er vegna lífeyrisskuldbindinga, en þar er um að ræða 46 milljarða, þá áfallinn vaxtagjöld umfram vaxtatekjur, svo og ógreiddar skuldbindingar vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þessarar venju, að gjaldfæra skuldbindingar, hefur verið haldið síðan 1989. Þó hafa enn ekki verið mótaðar fastar reglur þar um. Búvörusamningurinn hefur til að mynda ekki verið gjaldfærður þó að vissulega sé um skuldbindingu að ræða. Þessar gjaldfærslur verða að sjálfsögðu einnig að koma fram við gerð fjárlaga. Aftur á móti gera þessar færslur, sem koma fram í ríkisreikningi fyrir árið 1989, það að verkum að niðurstöðutölur hans eru ekki sambæri-

legar við fyrri ár og varla við þær tölur sem við höfum í fjárlögum þessa árs. T.d. eru heildargjöld A-hluta 147,5 milljarðar kr. ef þessar sérstöku gjaldfærslur, sem ég nefndi áðan, eru teknar með. Fjárlög og fjáraukalög gerðu hins vegar ráð fyrir að gjöldin yrðu tæplega 86,1 milljarður kr. Það má því lesa út úr þessum tölum að heildargjöld hafi orðið um 70% hærri en áætlað var. Ef við reiknum þessar sérstöku færslur ekki með kemur aftur á móti í ljós að útgjöldin voru nálægt því sem áætlað var í fjárlögum og fjáraukalögum þessa árs.

Þá er það hallinn árið 1989. Í fjárlögum og fjáraukalögum var gert ráð fyrir að ríkissjóður yrði gerður upp með halla upp á 6,1 milljarð kr. Ríkisreikningur segir hins vegar hallann 64,5 milljarða. Þarna verður einnig að draga frá þessar sérstöku skuldbindingar. Þegar það hefur verið gert er hallinn 4,5 milljarðar kr. Þó er sú tala ekki sambærileg við áætlunartölu fjárlaga og fjáraukalaga vegna þess munar sem er á uppgjörsgrunni fjárlaga og ríkisreiknings. Þetta eru auðvitað ótæk vinnubrögð og sýnir hve erfitt er fyrir hv. þm. að vinna úr þeim gögnum sem við höfum til samanburðar, þ.e. annars vegar fjárlög og fjáraukalög og hins vegar ríkisreikning.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreikninga kemur fram að veruleg vanskil eru á opinberum gjöldum. Ég veit að samt náðist umtalsverður árangur árið 1989 í innheimtuátaki á vegum fjmrn. og á árunum sem á eftir hafa komið. En í skýrslu yfirskoðunarmanna, sem ég nefndi áðan, kemur fram að þeir telja að taka verði innheimtumál ríkissjóðs til gagngerðrar endurskoðunar. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Alþingi verður að knýja á um að settar verði markvissar vinnureglur og að eftir þeim verði starfað. Það er grundvallarskilyrði þess að betri árangur náist og hægt verði að gera raunhæfar kröfur um að Ríkisendurskoðun og fjmrn. geti sinnt eftirlitsskyldum sínum."

Af þessu tilefni, virðulegi forseti, vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort mótaðar hafi verið starfsreglur um öll innheimtustig og hvort þær hafi verið kynntar öllum innheimtuembættum ríkisins. Þá má lesa í skýrslunni um ríkisreikninginn að þess séu dæmi að innheimtuembætti skili ekki innheimtufé á réttum tíma og það gerist jafnvel hjá viðkomandi embættum ár eftir ár. Með því að móta fastar reglur og herða eftirlit með þessum embættum má koma í veg fyrir að slíkt gerist.

Virðulegi forseti. Allt ber þetta að sama brunni. Flestar þær athugasemdir, sem ég hef komið með ásamt þeim fjölmörgu sem lesa má í skýrslum Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninga, eru vegna þess að ekki er nægilega strangt eftirlit með framkvæmd fjárlaga hvers árs. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var farið í innheimtuátök, forstöðumenn stofnana kallaðir fyrir og gerð tilraun til að gera þeim ljósa ábyrgð þeirra á framkvæmd fjárlaga. Í sumum tilvikum tókst það og áætlanagerð ýmissa stofnana varð og er til fyrirmyndar. En því miður eru enn stofnanir sem halda sinni fyrri iðju og taka afar takmarkað tillit til fjárlaga og láta sig jafnvel umfjöllun Alþingis um ríkisreikning litlu skipta, jafnvel heldur minna en hv. þm. gera. Hann er hvort eð er orðinn hálfgert fornrit þegar hann birtist þingmönnum.

Sá siður var einnig tekinn upp í tíð síðustu ríkisstjórnar að leggja fram fjáraukalög áður en þær heimildir, sem í þeim fólust, voru nýttar. Allt er þetta til hins betra. Og á Alþingi er nú til umfjöllunar frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði. Með samþykkt þess yrði tekið á mörgum þeim atriðum sem ég hef nefnt.

Í grg. með frv. til fjárlaga fyrir þetta ár var boðað að framsetning fjárlaga og ríkisreiknings verði breytt þannig að í framtíðinni verði hægt að bera saman fjárlagaheimildir við ríkisreikning. Ég fagna því en vil þó einnig sjá þá breytingu að hægt verði að fylgjast með hvort farið er eftir þeim ákvörðunum sem fjárlögin fela í sér, ekki aðeins heildarniðurstöðutölum heldur hvort farið hefur verið eftir úthlutunum á einstöku viðfangsefni. Ég vil sjá ríkisreikning bera þess merki að öll sú vinna sem lögð er í gerð fjárlaga skili sér. Ég vil sjá ríkisreikning bera þess merki að fjárlögum íslenska ríkisins sé sýnd sú virðing sem þeim ber.

Umræðu frestað.

Skipaútgerð ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967. Nú er það svo að vissulega vinnum við að lagahreinsun af og til en það er nokkuð stór stabbi og hefur verið unninn í sérstakri nefnd og þess vegna vekur þetta fyrst og fremst þá spurningu hvort ríkislögmaður líti svo á að það sé nauðsyn að nema þessi lög úr gildi af einhverjum þeim ástæðum sem ráðherra hefur ekki gert grein fyrir og að þeirri stöðu fenginni, ef slík yfirlýsing lægi fyrir að það væri eitthvað sem þrengdi að ráðherranum, væri rétt að það kæmi fram. En ég lít svo á að þau lög, sem eru í gildi séu, ef þau eru grannt skoðuð, nánast heimildarlög til ráðherrans til þess að standa að sjóflutningum og það er mjög skýrt ákvæði í grein þessara laga ef þau eru skoðuð. Með leyfi forseta, þá hljóðar 1. gr. svo:

„Skipaútgerð ríkisins, sem hóf starfsemi sína árið 1929, skal framvegis starfa undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga."

Það eru heimildir jafnt til þess að selja skip sem kaupa í þessum lögum og þess vegna fæ ég ekki séð að það sé neitt sem ýtir á eftir því að lögin séu látin falla úr gildi. Ég skoðaði það í vetur og mat það svo að miðað við þær fjárveitingar, sem Alþingi hefði ákveðið til Skipaútgerðarinnar, þá lægi það ljóst fyrir að það væri ekki hægt að hafa starfsemi hennar óbreytta og jafnframt af þeirri ástæðu væri ráðherra það ekki aðeins heimilt að gera ráðstafanir heldur væri hann beinlínis skyldugur til þess. Þess vegna er mér ekki ljóst hvað rekur á eftir að fara í þá lagasmíði sem

hér er verið að tala um einfaldlega vegna þess að ég sé ekkert athugavert við það þó að lögin haldi gildi sínu, stjórnarnefndin sitji áfram og fylgist með því sem verið er að taka ákvarðanir um varðandi eignir Skipaútgerðar ríkisins. Það hlýtur að vera miklu skynsamlegra að það sé eftirlitsaðili sem fylgist með því hvar þar er verið að vinna heldur en að eignirnar þær hinar smærri nánast týnist í fljótfærnislegri yfirtöku, hvort heldur það væri fjmrn. eða annarra aðila, á þeim reytum sem þar eru.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þessi aðgerð að leggja til að lögin séu felld úr gildi sé tímaskekkja. Annaðhvort hefði átt að leggja þetta til áður en farið var í þær aðgerðir sem þar er um að ræða eða að það er engin nauðsyn að gera þetta fyrr en eftir að búið er að taka þær ákvarðanir að hægt væri að segja sem svo að ráðherra flytti þinginu skýrslu annars vegar um það sem hefði orðið að eigum félagsins og hins vegar hvernig standa ætti að úrlausn þeirra mála sem vissulega eru enn til staðar. Ekki þýðir að loka augunum fyrir því að þjónusta við suma staði er alls ekki tryggð og verður ekki tryggð með frjálsri samkeppni.

Mér er það fullkomlega ljóst að í skipasamgöngum á Íslandi hefur ríkt það flutningafrelsi að enginn hefur haft einokun á að sigla til Ísafjarðar og þjóna strandflutningum eins og t.d. flugfélag hefur á aðalleiðum með fólk og þess vegna má segja sem svo að þegar þrír aðilar eru kannski farnir að sigla á þennan stað spyr maður sjálfan sig hvort hagkvæmni yrði ekki meiri ef flutningsaðilum yrði fækkað. Ég hef þess vegna horft á það sem nokkð eðlilegan hlut að um leið og við næðum auknum árangri í því að tengja landið saman með vegagerð þá væri fyrirsjáanleg versnandi afkoma hjá þeim aðila sem sæi um strandflutninga og væri skyldugur til þess að sinna öllum hinum smærri stöðum en hinir stærri staðir væru jafnt og þétt að detta upp fyrir.

Ég verð aftur á móti að segja það að í því skæklatogi um peninga sem ávallt á sér stað á milli ráðherra þá hef ég lengi vitað að hæstv. samgrh. lætur ekki hlut sinn fyrr en í fulla hnefana. Maðurinn er harðgerður og ég hef bundið við það vonir að hann fengi vígsbætur, ef svo mætti komast að orði, og næði vopnum sínum í því að eitthvað af þeim fjármunum, sem Skipaútgerð ríkisins hefur óneitanlega fengið, fengist til þess að hraða aðgerðum í vegamálum. Þá er ég að tala um lántökur og að framlagið yrði til þess að greiða niður afborganir og vexti. Hæstv. ráðherra er fullkunnugt um hvaða aðstæður skapast í þessum efnum. Samgöngur á milli Norðurlands og Austurlands stórversna flutningalega séð. Hæstv. ráðherra hefur vissulega haft það á orði og vakið athygli á að kæmi þarna inn sem verulegt vandamál gagnvart ýmsum fyrirtækjum sem hafa átt þar viðskipti sín á milli.

Á Vestfjörðum blasir það við, eins og fram hefur komið, að búið er að taka ákvörðun um mjög stórar aðgerðir, jarðgöng á Vestfjörðum, sem munu tryggja að Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla verða tengdar saman með eðlilegum hætti árið um kring. Það er út af fyrir sig staðreynd að þetta gerist þó ekki í reynd fyrr en 1995 en ákvörðunin hefur vissulega aukið mönnum bjartsýni og gerir menn hæfari til að þreyja þorrann og góuna og þess vegna má segja sem svo að við vestra bæði fögnum því en lýsum jafnframt ótta okkar yfir öðrum hlutum. Sérstaklega urðu mér það vonbrigði og ég verð að segja mikil vonbrigði þegar ég áttaði mig á því að þær hugmyndir, sem ég hafði um lágmarksaðgerðir á Hálfdáni til að tryggja að hægt væri að sinna þar samgöngum allan ársins hring með völuflutningabíl frá Patreksfirði, verða ekki framkvæmdar og það sem ætlunin er að fara í dugar ekki. Það er ekki farið upp á fjallið, það er vissulega farið upp fyrir verstu beygjuna (**Gripið fram í:** Olíubeygjuna?) já, það má kalla það olíubeygjuna ef við tengjum það nútímasögu, og ég heyri að hæstv. ráðherra kannast við þá hluti, og vissulega losna menn við Katrínuhornið en það þarf að fara upp að skýli. Það eru alveg hreinar línur. Annað er ekki ásættanleg niðurstaða en að vegarkaflinn upp að skýlinu verði tekinn í einu lagi.

Varðandi Árneshrepp á Ströndum er í fyrsta skipti núna um nokkurt skeið svo að einhverju nemur verið að fara í vegaframkvæmdir á leiðinni frá Kaldrananeshreppi í Árneshrepp og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. Mér er aftur á móti ljóst að vonlaust er annað en það verði sjóflutningar áfram í Árneshrepp. Það er hugsanlega hægt að leysa það í gegnum þann lið á fjárlögum sem heitir Flóabátar og vetrarsamgöngur. En það er líka óleyst dæmi og ég vænti þess að ráðherra, eins og fram hefur komið áður, muni fylgjast grannt með því hvað gerist í þeim samgöngumálum þannig að þar verði gripið inn í ef öngþveiti skapast. Vissulega sigla Samskip þangað í dag en ferðir eru náttúrlega mjög strjálar, enda er ekki um mikinn flutning að ræða.

Ég get ekki látið hjá líða að undirstrika það að ríkissjóður Íslands skuldar minna hlutfallslega en ríkissjóðir EB-landa gera og mættu þeir margt af okkur framsóknarmönnum læra í þeim efnum. Sérstaklega hefði þó verið hollt fyrir forseta Bandaríkjanna, Reagan, að átta sig á því að það gengur ekki endalaust að eyða og afla ekki fjár á móti, (Gripið fram í.) Ronald Reagan. Ég hygg að hæstv. ráðherra sé þetta ljóst.

Það gengur þess vegna ekki að ætla að berja á mönnum með því að hér sé það ástand að ekki sé svigrúm til að taka á í samgöngumálunum og ég ætla ráðherra það hlutverk að toga til baka þá fjármuni, sem eru að tapast frá Vegagerðinni og þá fjármuni sem hafa tapast frá sjóflutningunum, inn í samgöngugeirann til að halda þarna jafnvægi. Það er vissulega verið að greiða niður verðbólguna á Íslandi í dag með því að lækka framlög til vegamála. Það vantar mikið á að sú skattheimta sé nýtt sem heimilt er varðandi gjaldtöku af bensíni. Við horfum á það að víða loka stuttir vegakaflar leiðum í lengri tíma. Það er t.d. kaldhæðni örlaganna að á Steingrímsfjarðarheiði eru tveir örstuttir kaflar, annar sennilega um 100 metrar á lengd og hinn 200–250 metrar, sem loka þessari heiði. Við spyrjum okkur: Var það hönnunargalli í upphafi? Eða er ekki um annað að ræða en að byggja þarna sérstakan vetr-

arveg eða þá hækka þann veg sem nú er? En það er ekki bara þarna sem maður sér á þetta. Þetta er víða og þess vegna er það mjög brýnt að reyna að ná vopnum sínum í því að knýja á um það að sú ákvörðun að leggja niður Skipaútgerð ríkisins kallar á það að vissum áherslum verði breytt varðandi áætlun í vegagerð og að menn hafi þrek til að taka þar fé að láni til að flýta vissum framkvæmdum.

Mér er ljóst að í tímans rás verður alltaf að taka nýjar ákvarðanir og vissulega hygg ég að það hafi ekki dulist neinum að það þurfti að fara í aðgerðir varðandi Skipaútgerð ríkisins. Hvort þær voru á þann veg sem hér hefur verið gert eða ekki er yfir höfuð of seint að deila um. Það er of seint að deila um það. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, þarf að sameina kraftana í þeirri sókn að við náum vopnum okkar og getum náð þeim áföngum í vegakerfinu að viðunandi ástand sé. Þar eru stórir kaflar eftir, stór átök eftir. Það er verið að gera stór átök, ég viðurkenni það, en það eru stór átök eftir og þeim þarf að hraða vegna þess, og það er ekkert launungarmál, að þessir sjóflutningar komu mörgum til að una við það samgöngunet sem var. En í dag horfa menn á það sem staðreynd að þeir sitja eftir og þurfa að fá betri aðstöðu til að tengjast samgöngum á landi.

En ef eitthvað kemur fram og sannar að það sé alger nauðsyn að afgreiða þetta mál nú, þá vil ég gjarnan fá að heyra það en mér vitanlega getur það ekki verið forgangsverkefni að gefa út dánarvottorð þegar búið er að grafa. Það er búið að moka yfir Skipaútgerð ríkisins og þá er spurning: Á hvaða forsendum heimta menn nú dánarvottorðið, einn, tveir þrír? Ég vil gjarnan fá að sjá uppgjör á því dánarbúi fyrst þannig hefur verið að verki staðið og tel eðlilegt að stjórnarnefndin fái að starfa áfram. Ég veit ekki til þess að ráðherra ætli að fela eitt eða neitt í þessum efnum og af þeirri ástæðu telji hann betra að vera einn í ráðum. Hann hefur haft við hana bærilegt samband og þess vegna sé ég ekki að á þeim stutta tíma sem eftir er af þessu þingi þegar margt er að vinna sé það yfir höfuð nauðsynlegt að fara í þá lagahreinsun sem hér er verið að leggja til miðað við það að búið er að taka þessar ákvarðanir. Þetta eru undarlegar ákvarðanir, um það verður ekki deilt og þær voru teknar bæði af Alþingi og framkvæmdarvaldinu. Þær voru teknar af Alþingi með þeim ákvörðunum sem voru teknar við fjárlög og þær voru teknar af framkvæmdarvaldinu með þeim ákvörðunum sem ráðherra tók eftir þeim heimildum sem hann hafði í fjárlögum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég stend hér í ræðustól er sú að ég skil ekki alveg rök atburða í þessu máli. Í *fjárlögum fyrir árið 1992* segir á bls. 139 sem ber yfirskriftina Breytingar á 6. gr., heimildarákvæði, þar stendur í lið 4.24:

„Að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður."

Nú er það ljóst að fyrirtækið á enn þá eignir sem eru óseldar. Ég hefði skilið þetta þannig að fyrst þyrfti að selja allar eignir fyrirtækisins og þá fyrst væri hægt að leggja það niður. En í því frv. sem hér liggur fyrir segir í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar frumvarp þetta er lagt fram eru óseldar eignir Skipaútgerðarinnar vöruskemma fyrirtækisins á Grófarbakka, hlutabréf og hluti skrifstofubúnaðar." Og jafnframt segir: „28. janúar sl. gaf samgrh. út yfirlýsingu um að viðræðum við Samskip hf. hefði lyktað svo að félagið tæki ms. Esju á þurrleigu með kauprétti, félagið tæki ms. Heklu á tímaleigu með kauprétti" o.s.frv. Fyrirtæki sem enn þá á tvö skip, vöruskemmu, hlutabréf og skrifstofubúnað er auðvitað í gangi og ég vil því spyrja hæstv. samgrh.: Er ástæða til að leggja fyrirtækið niður með lögum áður en eignir þess eru tæmdar? Og ég vil jafnframt spyrja: Hverjar fjárhæðir hafa þegar komið inn fyrir sölu þeirra eigna sem þegar eru seldar og hvað mikið af því fé hefur farið í kostnað við rekstur útgerðarinnar sem enn þá varir? Og alla vega vil ég spyrja: Ef við samþykkjum þetta frv. sem lög hér á hinu háa Alþingi áður en þingi lýkur, hver á þá eignirnar sem Skipaútgerð ríkisins átti? Þarf þá ekki að standa í lögunum að eignir Skipaútgerðar ríkisins falli til ríkissjóðs? Það þarf að standa í lögunum. Annars má í raun og veru ráðstafa þeim hvert sem er, sýnist mér, því þetta frv. gerir einungis ráð fyrir því að lög um Skipaútgerð ríkisins falli brott. Og það hlýtur að vera full ástæða til að spyrja: Hvert fer söluandvirði eignanna þegar búið er að leggja Skipaútgerð ríkisins niður. Ég vil þess vegna taka undir með hv. 2. þm. Vestf. að ég tel að það verði að skoða það mjög vel hvort verið sé að framkvæma hlutina í réttri röð.

Það er svo önnur saga að í þeim ríkisreikningi, sem við vorum að byrja að ræða áðan og af einhverjum undarlegum ástæðum var umræðu frestað, þá segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 21:

„Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, tölul. 6.13, er fjmrh. heimilað að ganga frá uppgjöri á vanskilum Skipaútgerðar ríkisins við ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóð, m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Skuld Skipaútgerðar við ríkissjóð hinn 31.12.1989 var felld niður með gjaldfærðu framlagi að fjárhæð 120.272 þús. kr. Krafa Ríkisábyrgðasjóðs nam alls 465.782 þús. kr. Skipaútgerðin fékk framlag úr ríkissjóði til greiðslu á gjaldföllnum afborgunum og vöxtum, alls 199.682 þús. kr., en dráttarvexti, 266.100 þús. kr., ákvað sjóðurinn að fella niður."

Vissulega er hér um háar fjárupphæðir að ræða en sú spurning gæti auðvitað læðst að hv. þm.: Hefðu þessar aðgerðir verið framkvæmdar ef vitað hefði verið að rúmu ári seinna skyldu þessar eignir allar seldar? Það er svona dálítið galgopalegt að fara með fé á þennan hátt og satt að segja mjög vel gert við hina nýju kaupendur.

Ég vil sem sagt áður en þessari umræðu lýkur fá það alveg borðlagt hvað verður um eignir Skipaútgerðar ríkisins þegar fyrirtækið hefur verið afnumið með lögum. Jafnframt sem ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hverjar fjárhæðir hafa komið inn fyr-

ir þegar seldar eignir og hvort þær hafa einungis farið í, eins og segir í heimild fjárlaga, að kosta sölu eignanna og rekstur fyrirtækisins á meðan hann varir og hvernig þau mál almennt standa.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir minni: Askja hefur verið seld á 71 millj. kr., hlutabréf fyrir 8 millj., lausafé fyrir 57,5 millj., að frádregnum virðisaukaskatti. Esja og Hekla hafa verið leigðar með kauprétti og skemma er óseld en áætlað söluverð hennar um 100 millj. kr. Það er auðvitað sjálfsagt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar fái nákvæmar upplýsingar um hvernig þessi mál standa. Ég hef ekki fylgst með því frá degi til dags. Ég vil jafnframt láta þess getið að reikningur Skipaútgerðar fyrir sl. ár verður senn tilbúinn og auðvitað verða allar upplýsingar, sem óskað er eftir, látnar nefndinni í té.

Spurt var jafnframt um það hvert eignir Skipaútgerðarinnar renni þegar búið verði að leggja hana niður. Þá verður eftir venjuleg eignaumsýsla og uppgjör Skipaútgerðar. Af þeim sökum er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að heimild sé til að nokkrir menn vinni áfram að störfum að Skipaútgerðinni og sú eignaumsýsla sem þá verður eftir verður auðvitað unnin af fjmrn., geri ég ráð fyrir, og eignir renna í ríkissjóð.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svarið en þetta er auðvitað ekki fullnægjandi svar. Það stendur ekki stafkrókur um þetta í frv. sem við erum að fjalla hér um og mér nægir ekki að hæstv. ráðherra þyki líklegt að einhverjum verði falin ýmis umsýsla í kringum þetta og síðan að öllum líkindum renni þessar eignir í ríkissjóð. Við skulum horfast í augu við það að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og ég vil því biðja hæstv. ráðherra að gera frv. þannig úr garði eða fela þeirri hv. nefnd sem mun fjalla um þetta mál að það sé alveg bundið í lögum hvað um þessar miklu fjárhæðir verður. Þetta er auðvitað ekki lagaseting sem hægt er að sætta sig við.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef greinilega mismælt mig áðan. Ég hélt að öllum þingmönnum væri kunnugt að þegar ríkisstofnun er lögð niður eða ríkisstofnun selur eignir þá renna eignirnar í ríkissjóð, það er svo. Ég ætlaði mér að segja, að ég teldi líklegt að eftir að öllu starfsfólki Skipaútgerðar hefur verið sagt upp og það lagt niður vinnu muni sú eignaumsýsla sem eftir verður verða í höndum fjmrn. en ekki samgrn.

Í ákvæði til bráðabirgða stendur: „Ráðherra er heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins." Og það er gert ráð fyrir því að það taki einhverja mánuði að ljúka endanlegu uppgjöri og er búist við því að það geti gerst nú í júlí eða ágúst eða eitthvað svoleiðis. Ég skal ekki segja um það upp á dag, en sú eignaumsýsla sem eftir verður verður sennilega í höndum fjmrn. Eignirnar renna hins vegar í ríkissjóð.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér nægir þetta svar ekki. Ég held að það hljóti að þurfa að vera í lagatextanum að eignir og skuldir fyrirtækisins verði gerðar upp og síðan renni afgangurinn ef einhver er til ríkissjóðs. Annað er ekki við hæfi vegna þess að ég treysti því hreinlega ekki að þannig verði málum háttað, einkum þar sem þessi mjög svo óljósi texti er í fjárlögum fyrir árið 1992, þar sem segir að arðurinn af sölunni skuli fara til að reka fyrirtækið á meðan það varir og kosta eignauppgjör eða sölu og þetta er náttúrlega svo galopið að það er engin leið að sætta sig við að ekki sé betur frá þessu gengið í lagatextanum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hef reynt að fylgjast æðináið með þessari umræðu og er það kannski ekki óeðlilegt þar sem ég blandaðist inn í þessi mál á sínum tíma, var að reyna að gæta þar hagsmuna starfsfólks sérstaklega í allri þessari umræðu. En mig furðar raunar ekki á því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir telji svörin heldur mögur hjá hæstv. ráðherra, það tel ég líka.

Það er upplýst að nefndin muni fara mjög í saumana á öllum þessum málum en eftir minni, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, eftir mínu minni hygg ég ekki að það hafi verið aðalatriðið í huga og gerðum hæstv. ráðherra að fara að einkavæða. Ég held að hans hugur hafi staðið til þess að Eimskipafélagið eignaðist þetta fyrirtæki og varla var um annan kaupanda að ræða því að önnur skipafélög hafa — mér liggur við að segja, eins og með Hafskip — verið gerð gjaldþrota. Það hafi ekki orðið það nema vegna þess að það var gert það og því var ekki veitt sú sama staða í þjóðfélaginu og t.d. Eimskipafélaginu. Ég held að það sé rétt að hugurinn hafi verið sá að Eimskipafélagið gæti keypt þetta góss og þar með væri komin einokun á innanlandssiglingar eins og utanlandssiglingar. Þetta var það sem mér fannst vera unnið að og ég held að ég verði að segja það vegna þess að allir þingmenn væntanlega vita að ég barðist gegn því og fyrir því að Samskip kæmi þarna sem eignaraðili að einhverjum af eignum Ríkisskipa til þess að forða því að einokun yrði í strandsiglingum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég var mjög undrandi á ræðu hv. 4. þm. Reykv. Ég skil ekki hvernig hægt er að halda því fram að þau svör mín séu mögur þegar ég segi að andvirði þeirra eigna sem seldar eru renni í ríkissjóð. Það eru heldur ekki mögur svör þegar ég segi að ef stofnað er til skuldbindinga í nafni ríkissjóðs þá er auðvitað jafnaugljóst að ríkissjóður verður að svara þeim þannig að ég skildi ekki nákvæmlega við hvað var átt í þessu sambandi.

Í öðru lagi verð ég að ítreka það sem ég sagði áðan að þegar stofnun eða fyrirtæki er lagt niður er auðvitað alltaf eftir nokkur vinna til að ganga frá lokaupp-

gjöri, ganga frá eignum og öðru slíku og eigandi viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar hirðir síðan þann afrakstur sem stofnunin skilur eftir sig. Í þessu tilviki er það ríkissjóður sem tekur yfir eignir Skipaútgerðar ríkisins en á hinn bóginn hef ég talið það sjálfsagt að sú eignaumsýsla sem eftir verður þegar búið er að selja eignirnar verði í höndum þess ráðuneytis sem með slíka hluti fer.

Ég vil svo segja það um hitt atriðið, hvort ég hafi verið að gera mér það upp þegar ég vann að því að spara fyrir ríkissjóð með því að leggja Skipaútgerð ríkisins niður, að gefa í skyn að ég hafi í þeirri vinnu verið að vinna af einhverjum annarlegum hvötum, mér hafi fremur gengið það til að Eimskipafélag Íslands tæki yfir þessa þjónustu heldur en Samskip, þá er það alls ekki í samræmi við þá niðurstöðu sem hefur orðið á þessu máli og allra síst í samræmi við það að stjórn og forstjóri Samskipa bauð mér sérstaklega á aðalfund félagsins nú fyrir skömmu vegna þeirra samskipta sem við höfðum átt. Ég vil af þessum sökum láta í ljósi undrun mína yfir því að blanda einkafyrirtækjum úti í bæ inn í þessar umræðu með þeim hætti sem hér var gert.

Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram að rekstur Skipaútgerðar ríkisins hafi átt að vera óbreyttur þegar það liggur fyrir að halli á rekstri þess hefur verið um 300 millj. kr. á ári. Það er heldur ekki hægt að gefa í skyn að það hafi verið á færi einhverra aðila, sem ekki höfðu verulega fjármuni, að standa undir þeim rekstri sem Skipaútgerðin hefur staðið undir í samkeppni við önnur fyrirtæki sem tengja saman millilandasiglingar og siglingar með ströndinni eins og Samskip og Eimskipafélagið gera. Ég hef orðið var við það, bæði hjá útgerðarmönnum, fiskverkendum og einstaklingum víðs vegar um landið að þeir telja að sínum málum sé vel borgið eins og þau eru núna og hjá hinum almenna borgara hef ég fundið að hann kann vel að meta ef hægt er að halda uppi sömu þjónustu og áður en í leiðinni spara þó fjármuni sem nema hundruðum millj. kr. á hverju ári.

Ég var spurður að því áðan hvort ég gæti lagt þessa peninga til hliðar svo að þeir gætu farið í aðrar samgöngur. Auðvitað er rýmra um fyrir aðrar þarfir í samgöngumálum ef við getum sparað í sambandi við þætti eins og Skipaútgerð ríkisins og sá sparnaður hefur nú komið fram. Á hinn bóginn er það auðvitað áhyggjuefni að kostnaður við flóabáta virðist fara vaxandi á næsta ári og er auðvitað spurning með hvaða hætti hægt sé að draga þar úr og reyna að koma þeim rekstri á heilbrigðari grundvöll. En þar er við ramman reip að draga vegna þess að þær ákvarðanir, sem eru afgerandi um fjármagnskostnað og gerð skipanna, voru teknar í sumum tilvikum af síðustu ríkisstjórn og í sumum tilvikum enn fyrr þannig að þar er auðvitað þrengra um en á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að halda uppi sérstakri þjónustu með flóabátum til Vestmannaeyja og Grímseyjar svo að dæmi séu tekin eða þá yfir Breiðafjörð vegna þeirra erfiðu vegasamgangna sem Vestur-Barðastrandarsýsla verður að búa við eins og hv. þm. er kunnugt. Aðalatriðið er sem sagt þetta. Ég læt í ljós undrun mína yfir því að verið sé að gera það tortryggilegt hvert eignir Skipaútgerðar ríkisins lendi þegar uppgjörið hefur endanlega farið fram. Það fer að sjálfsögðu í ríkissjóð eins og andvirði allra eigna sem seldar eru af opinberum aðilum. Ég læt líka í ljósi undrun yfir því að menn skulu halda að mér hafi annað gengið til með því að leggja niður Skipaútgerð ríkisins en að spara opinbera fjármuni og reyna um leið að tryggja bærilega þjónustu með ströndinni.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að blanda fyrirtæki úti í bæ inn í þessa umræðu. Aumingja Eimskip. Það er nú bara orðið lítið fyrirtæki úti í bæ sem ekki má nefna í þessu húsi, hvað þá í öðrum húsum. Ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað neinu af þeim fáu orðum sem ég lét mig hafa að segja. Ég held að það sé hægt að tala við starfsmenn bæði í núverandi Samskip og þá sem áttu það áður en það var endurskipulagt og sameinað Skipaútgerðinni. Ég held að þeir muni allir staðfesta að mín orð séu rétt eða líklegri en hin sem hæstv. ráðherra lét sér um munn fara og ég tek auðvitað ekkert aftur af því að það var ekki áhugamál ráðherrans í upphafi í öllu falli að Samskip mundi eignast neitt af þessum eignum heldur einhverjir aðrir. Við skulum bara segja það. Einhverjir aðrir og hverjir voru þá líklegir kaupendur hér innan lands? Það er ekki einkavæðing sem mér sýnist um og ég mundi berjast fyrir ef hún á að leiða til einokunar. Það er ekki einkavæðing sem er til heilla. Þá vil ég heldur einhvers konar eftirlit ríkisins en það sé alger einokun bæði í innanlandssiglingum og millilandasiglingum. Það væri hið versta.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. hefði verið það kunnugt að ég lét gera sérstaka athugun á því hvort hagkvæmt gæti verið að reka strandferðaskip frá einhverjum stað úti á landi. Einkum beindist athygli mín að Eyjafirði. Það kom í ljós að slíkur rekstur gat ekki staðið undir sér og þess vegna gátu einkaaðilar að sjálfsögðu ekki lagt í hann. Það er þess vegna fullkomlega rangt að ég hafi, þegar þessi athugun stóð yfir, haft í huga eitthvert ákveðið fyrirtæki. Það var ekki svo. Það er hv. þm. kunnugt og raunar öllum þingheimi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nýta mér þennan rétt til að greiða fyrir þingstörfum eins og ævinlega er viðleitni mín í þessum sal. En ég vil að loknum orðum hæstv. ráðherra ítreka og beina því sérstaklega til ráðherra að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að tryggja sem kostur er samgöngur til afskekktari staða. Það er ljóst eftir ræðu hæstv. fjmrh. að svo er ekki. Þessi mál eru í algeru uppnámi á þó nokkrum stöðum úti á landi og ég skora á hæstv. ráðherra að láta nú hendur standa fram úr ermum til þess að vinna að því að tryggja hagsmuni þessara staða sem eru í uppnámi og verða

sumir hverjir án reglulegra samgangna innan skamms tíma.

Mér þykir og þótti yfirlýsingar hv. 4. þm. Reykv. mjög athyglisverðar. Ég efast ekki um að sá ágæti þingmaður, sem hefur staðgóða þekkingu á þessum málum og er jafnframt í sama flokki og hæstv. ráðherra, hefur ágæta þekkingu á málum og talar af þeirri vitneskju að við sem á þetta hlýðum hljótum að taka rækilega eftir þegar hann minnist á hvert hugur ráðherra hefði að hans mati staðið, þ.e. að koma málinu undir Eimskipafélag Íslands. Það kom jafnframt fram í máli hv. 4. þm. Reykv. að hann hefði beitt sér fyrir því að skipa svo málum að fremur færu þessi mál undir Samskip en Eimskip. Það er greinilegt að árangur hefur orðið af viðleitni þingmannsins og ég vil þakka honum fyrir hans framlag í þessum efnum.

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður mikið. Það stendur allt sem ég hef sagt og sessunautur minn, ég hef ekki talað við neinn annan, hv. þm. Páll Pétursson man það mætavel að ég vann að því að það væru Samskip sem fengju að kaupa þetta fyrirtæki úr því að það var til sölu en ekki Eimskip. Þetta man hann og það muna og vita allir að þannig var þetta vaxið. Það var ekki vilji ráðherrans að neinn annar fengi skipið en þetta „fyrirtæki úti í bæ" sem ég er að nefna, hæstv. ráðherra kallaði fyrirtækið úti í bæ. (**Landbrh.**: Þetta er ósatt.) Hvað er ósatt, ráðherra? Hvað er ósatt? Hann er orðlaus.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki að undra þótt okkur hv. þm. finnist þetta mál ekki trúverðugt á neinn hátt og ég held að hæstv. ráðherra sé ekki alveg með þetta mál á hreinu heldur. Fyrst af öllu vil ég ítreka það sem ég var áðan að segja um þetta frv. og tilbúning þess. Í ákvæði til bráðabirgða segir að þegar búið er að samþykkja að leggja Skipaútgerð ríkisins niður sé ráðherra heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Eiga þeir menn að skrifa undir fyrir hönd Skipaútgerðar ríkisins á pappíra varðandi það uppgjör eftir að búið er að leggja Skipaútgerð ríkisins niður? Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi og ekki frágangur á lagafrv. sem er hægt að sætta sig við. Mér þætti fróðlegt að vita hverjum hæstv. ráðherra ætlar að fela að ganga frá eignum fyrirtækisins í umboði fyrirtækis sem ekki er til. Það hlýtur þá að vera, og ég vil að hæstv. ráðherra svari því, að þeir starfsmenn sem verða eftir hjá fyrirtæki sem er búið að leggja niður vinni í umboði einhvers annars, annaðhvort hæstv. samgrh. eða fjmrn. Þá vil ég bara spyrja: Treystir ekki hæstv. samgrh. starfsmönnum fjmrn. til að ganga frá þessum málum? Til hvers að láta menn vera áfram að vinna að uppgjöri og fela það starfsmönnum Skipaútgerðar ríkisins? Það liggur auðvitað beint við að fela starfsmönnum fjmrn. að ganga frá slíkum málum.

En vegna þeirra orðaskipta sem hér hafa orðið verður okkur kannski ekki láð þó að við trúum ekki hverju sem er þegar þetta mál er annars vegar. Ég vil minna á umræður sem áttu sér stað 16. jan. sl. þegar hæstv. ráðherra hélt fram í þingsölum að það væri verið að ræða um sölu á þessu góða fyrirtæki, Skipaútgerð ríkisins og talaði eins og mál væru á undirbúningsstigi. Ráðherra sagði, með leyfi hæstv. forseta, síðla dags 16. jan.:

„Í fyrsta lagi skýrði ég frá því áðan að samningur milli Samskipa og ríkisins væri til tæknilegrar yfirferðar í fjmrn. Það stóð svo á þegar ég fór hingað inn í salinn. Hvort þeirri tæknilegu yfirferð er lokið er mér ókunnugt. Samningurinn er óundirskrifaður." — Síðan fóru menn heim í kvöldmat. Ég sé að ég hef kvatt mér hljóðs þegar komið var úr kvöldmatnum og vitna þá í frétt í Ríkisútvarpinu sem var sjálfsagt sannleikur þá en ég sé að eru ósannindi núna og skal koma að því síður. Þar vitna ég í viðtal við Ómar Jóhannsson, framkvæmdastjóra Samskipa, sem „staðfesti skömmu fyrir fréttir að öll meginatriði varðandi kaupin væru í höfn. Hann sagði að reyndar væru örfá smáatriði ófrágengin en þau ættu ekki að geta sett strik í reikninginn. Samskip taka við Esjunni þann 1. febr. Verðið fæst ekki uppgefið að svo stöddu." Síðan segir: „Ómar Jóhannsson sagði að strandferðaskipið Hekla hafi verið nefnt í þessu sambandi en ekki þriðja skip Ríkisskipa, Askja." Nú kemur reyndar í ljós að Hekla var ekki seld heldur var Askja seld en ég veit ekki hvenær það gerðist. Alla vega stendur ekki steinn yfir steini í upplýsingum um þetta mál.

Það er ekki undarlegt þó að það veki athygli okkar að árið 1990 eru greiddar með þessu fyrirtæki í dráttarvexti, skuldaskil við Ríkisábyrgðasjóð og ríkissjóð um hálfur milljarður. Ég minntist á það áðan að það hefði kannski ekki verið svo vel við fyrirtækið gert ef ljóst hefði verið að það kæmist í annarra hendur strax árið eftir. En það sem vekur kannski meiri athygli er að söluverð eigna þessa fyrirtækis verður harla lítilvægt þegar litið er til þessara talna. 71 millj. fyrir Öskju. Það væri gaman að vita hvað á að greiða það á löngum tíma. Ég hef skrifað hjá mér 57,5 millj. ef ég mætti spyrja hæstv. ráðherra sem hlýtur að muna það sem hann sagði áðan (**Landbrh.**: Nei.) (**Gripið fram í:** Lausafjármunir.) Lausafjármunir, var það það? Þá er þetta ekki nema liðlega 200 millj. og manni finnst þetta greinilega hafa farið á tiltölulega góðu verði. Það er því afar erfitt að henda reiður á þessu máli.

Ég geri ekki ráð fyrir að ég fái nein svör um fjárreiður þessa fyrirtækis. Ég vænti þess að það sé rétt hjá ráðherra að um það verði lögð fram gögn innan tíðar. En ég vil enn fá svar við því í hvers umboði þeir starfsmenn, sem áfram vinna að uppgjöri við Eimskip og Samskip, vinna þegar fyrirtækið er ekki lengur til. Þá er varla hægt að undirskrifa pappíra í þess nafni. Ég vil þá vita hvort þessir ágætu starfsmenn, sem eiga að skipta við kaupendur, eru starfsmenn samgrn., fjmrn. eða einhvers annars.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er komin inn á skemmtilegar brautir og forvitnilegar. Ég var nú síðast spurður að því hvort menn sem vinna við bókhaldsstörf og uppgjör í fyrirtækjum, sem verið er að leggja niður, hafi umboð til þess að skrifa undir sölu á eignum fyrir hönd ráðherra. Svo er að sjálfsögðu ekki, síður en svo.

Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að elta ólar við það sem hv. þm. sagði fyrir mörgum mánuðum og var þá fullsvarað og mun ekki endurtaka þær umræður í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. PP og FI, 249. mál. — Þskj. 425.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá að mæla fyrir þessari litlu þáltill. Það er raunar svo að það heyrir til undantekninga þegar óbreyttir þingmenn fá að tala fyrir málum sem þeir flytja. Það skiptir út af fyrir sig kannski ósköp litlu því að málin hljóta ekki afgreiðslu þó að við fáum að mæla fyrir sumum þeirra. Þegar við berum fram mál erum við vonlitlir um að fá að mæla fyrir þeim. En það dvelur samt um fyrir okkur að fá að skrifa þessar ályktanir og þessi frumvörp. Ég tel að það hafi orðið óæskileg breyting á starfsháttum Alþingis að því leyti. Ég vil taka fram að ég tel að breytingar á starfsháttum Alþingis, sem gerðar voru á síðasta vori, hafi að flestu leyti verið til bóta. En ein breyting er neikvæð og það er að nú eru þingmenn orðnir miklu frekar afgangsstærð en áður var. Áður voru tveir dagar í viku þingdagar í sameinuðu þingi og að mestu var þá fjallað um þáltill. fluttar af þingmönnum, auk þess sem í deildum voru frv. þingmanna tekin til umræðu jöfnum höndum og stjfrv. Nú eru allir dagar jafnir, allir dagar afgreiðsludagar fyrir ríkisstjórnina.

Ég vil láta það koma fram að ég hef beðið skrifstofuna um að gera skrá, þjóð og þingmönnum til fróðleiks þar sem komi fram tala mála flutt af þingmönnum stjórnarliðsins annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar. Ég á ekki við fyrirspurnir heldur frumvörp og þáltill. og ekki bara tölu mála heldur hve mörg mál voru einungis lögð fram, hve mörg komu til umræðu og hve mörg hlutu afgreiðslu. Síðan vil ég líka fá út úr gagnagrunninum hve langur tími samtals fór í að ræða frv. eða þáltill. fluttar af þingmönnum á því þingi sem nú er senn að ljúka og hve langur tími fór í að ræða mál sem voru borin fram af ríkisstjórn. Ég held að þetta sé lærdómsrík „statistik" fyrir okkur og gefi rétta mynd af áherslum í stjórn þingsins.

Ég hef verið 1. flm. að þremur málum á þessu þingi og ég vil fara fram á það, úr því að ég er kominn hér í ræðustól, að þeim tveimur sem ég hef ekki tækifæri til að mæla fyrir hér og nú verði vísað umræðulaust til nefndar næst þegar atkvæði verða greidd.

Mig langar til að fá vísað umræðulaust til nefndar till. til þál. um heildaráætlun um nýtingu vatnsorku á þskj. 433. Flm. eru Páll Pétursson og Steingrímur Hermannsson og ég óska eftir að þeirri tillögu verði vísað til iðnn. þar sem e.t.v. gefst einhver tími til að líta á hana.

Einnig vil ég leggja til að frv. til laga um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda á þskj. 423 verði vísað til efh.- og viðskn. Efni þess frv. er reyndar er að mestu komið í frv. frá fjárln. Það gerir því minna til þótt það liggi en ég tel eðlilegt að því verði vísað til nefndar.

Frú forseti. Á þskj. 425 flytjum við hv. þm. Finnur Ingólfsson till. til þál. um alþjóðlega fjármálamiðstöð á Íslandi. Þessi tillaga var lögð fram 18. febr. og tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö manna til þess að kanna hvort raunhæfir möguleikar séu á að koma upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð á Íslandi.

Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skilar skýrslu til Alþingis fyrir árslok 1992."

Rökin fyrir því að við flytjum þessa tillögu eru þau að lega Íslands kann, og ég undirstrika kann, að bjóða upp á ákveðna möguleika á því að koma hér upp alþjóðlegri kauphöll. Á Íslandi er fjármálastofnunum lokað síðar að deginum en í öðrum löndum Evrópu. Héðan væri unnt að gera viðskipti vestan hafs síðdegis eftir að hliðstæðum stofnunum hefur verið lokað í löndum sem liggja á austlægari breiddargráðu og hér eru stofnanir opnaðar fyrr að morgninum en í Ameríku. Með aukinni fjarskiptatækni býður lega landsins e.t.v. upp á möguleika til alþjóðlegra fjármálaviðskipta sem aðrir hafa ekki.

Ég tel að Íslendingum sé mjög mikilvægt að standa bæði vörð um stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði sitt og vera sjálfbjarga í landi sínu. Þess vegna er okkur nauðsyn á að starfrækja hér fjölbreytt atvinnulíf.

Við flm. teljum að sú starfsemi, sem hér er lagt til að verði könnuð, gæti stuðlað að því að skjóta nýrri stoð undir efnahagslífið og það er ástæða til þess að leggja áherslu á að sú starfsemi sem hér um ræðir yrði að vera undir stjórn Íslendinga og virkum yfirráðum og hlíta íslenskum lögkjörum.

Ég sagði áðan að málflutningur eða málatilbúnaður okkar þingmanna skipti litlu máli því mál okkar hlytu ekki afgreiðslu í þinginu. Kannski var það ekki nákvæmt orðalag hjá mér því að eftir að þessi tillaga var lögð fram hefur hæstv. forsrh. sagt frá því í fjölmiðlum að hann hafi sett upp starfshóp til þess að vinna hliðstætt verk því sem ég lagði til að unnið yrði. Sá hópur er að vísu miklu einhæfari en við hv. þm. Finnur Ingólfsson lögðum til. Ég tel sem sagt að þrátt fyrir að þessi tillaga hafi beðið lengi í skúffunni hafi hún haft áhrif þó að hún væri einungis í skúffu á skjalasafninu. Ég tel að það væri betra fyrir málið og könnunin yrði víðtækari og betur unnin ef tillagan hlyti

afgreiðslu. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en gefa öðrum þingmönnum það sem eftir er af mínum skammtaða tíma.

Ég legg til að þessari tillögu verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. KHG, 400. mál (skyldusparnaður). — Þskj. 650.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Frv. sem ég hef leyft mér að flytja hér, fjallar um innheimtu og ábyrgð á skyldusparnaði ungmenna en sá skyldusparnaður er bundinn í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í sérstökum kafla þeirra laga þar sem fjallað er um það hverjum er skylt að spara. Meginatriðin í þeim kafla eru þau að almenna reglan er sú að öll ungmenni á aldrinum 16–26 ára eru skyld að leggja til hliðar 15% af launum sínum. Hins vegar hafa af einhverjum ástæðum ekki verið sett í lög úrræði fyrir þann aðila sem falið er að innheimta skyldusparnaðinn, Húsnæðisstofnun ríkisins, til að innheimta þennan skyldusparnað.

Í svari félmrh. við fsp. frá mér til hæstv. félmrh. 13. febr. sl. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi er spurt um hvernig fylgst er með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði. Húsnæðisstofnun hefur engin ákveðin úrræði til að knýja fram greiðslur í samræmi við nefnd lög og reglugerð ef upplýst er um vanskil til stofnunarinnar. Hér er um að ræða afleidda lögtaksheimild og stofnunin óskar opinberrar rannsóknar á meintum vanskilum. Lögtaksbeiðnir og kærur byggjast svo til eingöngu á upplýsingum frá launþegum enda verða þær að vera staðfestar á launaseðlum eða launamiðum. Stofnunin hefur að lögum engar heimildir til að knýja fram upplýsingar frá launagreiðendum eða frá skattyfirvöldum um það hvort eða hvar fólk á skyldusparnaðaraldri er að störfum og hver skil ættu að vera í krónum talin. Það er því fyrst og fremst launþeginn sjálfur sem verður að fylgjast með því hvort skil hafa verið gerð frá launagreiðanda."

Staðan er sú, virðulegi forseti, að hin raunverulega skylda eða kvöð hvílir á skyldusparandanum sjálfum að fylgjast með því hvort launagreiðendur skili því fé sem þeir hafa haldið eftir af launum þeirra. Eðlilega er það afar erfitt mál að fylgjast með því hvort fénu sé skilað og að knýja á um að svo verði gert hafi þeir vitneskju um að dregist hafi að gera skil. Þau eru því miður allmörg dæmin sem ég veit um að ungmenni hafi veigrað sér við að ganga hart á eftir því að launagreiðandi skilaði skyldusparnaðinum áfram af ýmsum ástæðum sem ég vil ekki tíunda hér. Eitt vil ég þó nefna og það er að hið fámenna samfélag gerir þennan eftirrekstur ungmennanna ákaflega erfiðan oft og tíðum. Hér er líka um að ræða mismunun milli þeirra ungmenna sem starfa hjá ríki og ríkisstofnunum annars vegar og einkageiranum hins vegar. Það er sérstaklega kveðið á um það í reglugerð að ríkissjóður eða fjmrh. ábyrgist að gerð séu skil á skyldusparnaði fyrir ríkisfyrirtækin. Áhættan í þessu efni er því hjá þeim ungmennum sem eru á hinum almenna vinnumarkaði.

Með þessu frv. vil ég leitast við að bæta úr í þessum efnum því það er að mínu viti réttlætismál, fyrst það ákvæði er í lögum og löggjafinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegt að ungmenni leggi til hliðar fé sem síðar meir eigi að nýtast til íbúðarkaupa, að þá séu jafnframt veittar í lögum þær tryggingar sem duga fyrir þessi sömu ungmenni svo að þau eigi ekki á hættu að tapa sínu fé sem því miður hefur gerst og því miður heldur í vaxandi mæli síðustu missiri en það er eðlileg afleiðing af auknum gjaldþrotum í atvinnulífinu.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur haft nokkrar áhyggjur af þeirri stöðu að vera samkvæmt lögum sá aðili sem ber að innheimta en hafa ekki til þess þau lagalegu úrræði sem til þarf. Húsnæðismálastjórn lét semja á sínum tíma frv. til laga til úrbóta í þessu efni og sendi frv. í febrúar 1991 eða fyrir tæpum 15 mánuðum til hæstv. félmrh. með ósk um það að málið yrði flutt. Því miður hefur hæstv. félmrh. ekki orðið við þessari ósk stofnunarinnar um að flytja málið og hefur þar með sýnt ótrúlegt áhugaleysi á hagsmunamálum ungmenna. Ég hef því leyft mér að taka frv. upp á hinu háa þingi og flytja það í þeirri von að þingheimur taki vel á móti því og fallist á röksemdirnar og geri það að lögum hið allra fyrsta.

Áður en ég vík að efnisatriðum frv. vil ég stuttlega gera grein fyrir því hversu mikið fé skyldusparnaður er, bæði fyrir einstaklinga og Húsnæðisstofnun ríkisins. Um síðustu áramót voru á innstæðum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins 4,1 milljarður kr. í skyldusparnaði. Hér er því um að ræða gífurlegt fé. Síðustu ár hefur verið greitt út árlega af skyldusparnaði ívið meira en það sem inn hefur komið. Í sjálfu sér hefur ekki orðið um fjármögnunarfé fyrir stofnunina að ræða þessi ár en engu að síður mundi það valda stofnuninni miklum erfiðleikum ef menn ætluðu að afnema skyldusparnað og greiða hann út því að það mundi þýða að 4,1 milljarður færi út úr stofnuninni á örfáum árum og þá yrði ríkisvaldið að gera sérstakar ráðstafanir til að útvega stofnuninni fé í staðinn. Ég tel ekki líklegt að breytingar verði á þessu fyrirkomulagi einfaldlega af þessari ástæðu og reyndar eru svo fleiri ástæður sem menn geta rökrætt um en ég læt ógert enda að nokkru óskylt efni þessa frv. Samtals voru það um 40 þús. einstaklingar sem áttu innstæður í stofnuninni um síðustu áramót að upphæð 4,1 milljarður kr.

Almennt má segja um innheimtu að hún er nokkuð góð. Af þessari háu fjárhæð má segja að hlutfallslega innheimtist nokkuð hátt hlutfall en það ber líka að líta á hitt að hvert 1% sem innheimtist ekki er líka mjög há tala og tilfinnanleg fyrir þá sem fyrir því verða. Vanskil í stofnuninni eða þau vanskil sem stofnunin hafði til meðferðar fyrir skömmu námu um 25

millj. kr. og því miður vegna þessa úrræðaleysis, sem stofnunin býr við samkvæmt núgildandi lögum er svo víðs fjarri því að hún fái til meðferðar öll þau mál sem þangað ættu að fara til innheimtu. Það er ekki hægt að gera sér grein fyrir því hversu háar fjárhæðir eru í vanskilum en ekki í innheimtumeðferð hjá stofnuninni en menn hafa áætlað að það muni vera a.m.k. tvisvar sinnum hærri upphæð en er þar til innheimtu. Því má leiða líkum að því að það sem er útistandandi í vanskilum sé einhvers staðar á bilinu 70–90 millj. kr. þó að vissulega sé nokkur óvissa í þessum tölum.

Ég vil líka minna á frétt í Þjóðviljanum sem birtist 21. des. 1991 þar sem fram kemur í viðtali við lögmann Húsnæðisstofnunar að fjárdráttur á skyldusparaði sé ótrúlega algengur og að það sé algengt að menn færi sér í nyt andvaraleysi unglinga sem eru nýkomnir út á vinnumarkaðinn og gera þau mistök að treysta á að vinnuveitandinn taki ekki þennan hluta launanna til reksturs fyrirtækisins eins og segir í viðtali við lögmanninn.

Frv. er ætlað að bæta úr þessari slæmu stöðu og setja í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins úrræði til þess að innheimta þessar fjárhæðir og úrræði fyrir skyldusparendur til að tryggja að þeir fái þó sínar greiðslur hvernig svo sem innheimtunni reiðir af. Í fyrsta lagi er lagt til að 102. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Launagreiðandi, sem vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni samkvæmt lögum þessum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, skal sæta sektum allt að 1.500.000 kr. miðað við grunn lánskjaravísitölu í mars 1992. Hámark sektar fylgir lánskjaravísitölu.

Sé um refsivert brot að ræða skal launagreiðandi jafnframt sæta refsiábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum."

Með þessu er sett inn í lagagreinina sektarákvæði og refsiábyrgð til þess að þrýsta á um greiðslu.

Í 2. gr. frv. er lagt til að ný grein komi á eftir 102. gr. þar sem kveðið verði á um ríkisábyrgð á skyldusparnaði og lögtaksrétt fyrir ríkissjóð til að innheimta þá kröfu sem hann fær til meðferðar. Meginefni greinarinnar er á þann veg að sé ekki búið að gera skil á skyldusparnaði innan tveggja mánaða geti launþegi óskað eftir innlausn kröfunnar hjá félmrn. eða þeim aðila sem ráðuneytið hefur samið við um að annast slík mál. Sá aðili sendi þá út áskorun til launagreiðandans um að greiða skuldina en sinni launagreiðandinn ekki þeirri áskorun innan tveggja mánaða þaðan í frá þá fái skyldusparandinn greiðslu eða ríkissjóður greiði inn á reikning skyldusparanda hjá Húsnæðisstofnun ríkisins þá kröfu sem um er að ræða. Þar með hefur ríkissjóður tekið við málinu til innheimtu og í lagagreininni er lögð til sú breyting til að tryggja innheimtumöguleika ríkissjóðs að kröfunni fylgir lögtaksréttur, sbr. lög nr. 29/1985.

Ég er ekki viss um að þessari lagabreytingu fylgi mikil útgjöld fyrir ríkissjóð því að ég hygg að hann muni ná megninu inn af þeim kröfum sem hann muni fá til meðferðar. Engu að síður, þótt um einhver útgjöld kunni að vera að ræða verði þessi háttur hafður á, er það óverjandi réttarstaða fyrir skyldusparendur að búa við það að vera skylt að leggja til hliðar án þess að hafa tryggingu fyrir því að féð glatist ekki. Það er ekki annað rökrétt, virðulegi forseti, en að löggjafinn, sem sett hefur lög um skyldusparnað, setji jafnframt lagaákvæði til að tryggja rétt þeirra sem hann hefur gert skylt að spara.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópskt efnahagssvæði og staða kvenna, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 450. mál. — Þskj. 708.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 708 um Evrópskt efnahagssvæði og stöðu kvenna. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Ragnhildur Eggertsdóttir, eða þær þingkonur Kvennalistans sem sæti áttu á Alþingi þegar tillagan var lögð fram. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á líklegum áhrifum aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á efnahagslega stöðu kvenna. Í því skyni verði myndaður starfshópur með fulltrúum tilnefndum af Þjóðhagsstofnun, Byggðastofnun og Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands sem hafi umsjón með verkinu. Hópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. okt. 1992 og verði þær kynntar Alþingi. Kostnaður við þessa athugun greiðist úr ríkissjóði."

Það hefur verið yfirlýst stefna bæði núv. og fyrrv. ríkisstjórna að Ísland verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Samningurinn um EES byggist á því að EFTA-ríkin geri lagagrunn Evrópubandalagsins á sviði svonefnds fjórfrelsis að sínum. Þessi samningur hefur nú verið undirritaður af utanrrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en Alþingi á eftir að fjalla um hann og taka afstöðu til þess hvort staðfesta eigi samninginn eða hafna honum.

Hingað til hefur umræðan um aðild að Evrópsku efnahagssvæði og aðlögun að Evrópubandalaginu fyrst og fremst miðast við hagsmuni atvinnulífsins og fyrirtækja en aðrir þættir hafa orðið út undan. Ég get nefnt sem dæmi að Þjóðhagsstofnun hefur gert tvær skýrslur. Önnur er um áhrif Evrópsks efnahagssvæðis á íslenskan sjávarútveg sem var gefin út í febrúar 1991 og í sama mánuði var gefin út skýrsla Þjóðhagsstofnunar um áhrif innri markaðar Evrópubandalagsins á íslenskan iðnað. Byggðastofnun hefur einnig gert úttekt á Evrópsku efnahagssvæði og byggðaþróun en ekkert hefur verið fjallað, nema þá að mjög óverulegu leyti,

um félagslega og menningarlega þætti málsins.

Í umræðu erlendis um aðild einstakra ríkja að Evrópubandalaginu hefur verið bent á að hún muni líklega hafa allt önnur áhrif á stöðu kvenna en stöðu karla. Fullyrða má að við gerð Rómarsáttmálans og endurskoðun á honum síðar hafi hagsmunir kvenna ekki verið hafðir að leiðarljósi fremur en endranær þegar mikilvægar ákvarðanir hafa verið teknar. Konur hafa verið næsta áhrifalausar þar sem ráðum hefur verið ráðið. Það er því ekki að ástæðulausu að fjömargar konur í Vestur-Evrópu og samtök þeirra hafa sett spurningarmerki við þær breytingar sem nú eiga sér stað um alla álfuna. Er líklegt að sú stefna og hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar Evrópubandalaginu og Evrópsku efnahagssvæði sé til hagsbóta fyrir konur? Eða er e.t.v. eins líklegt að hagur þeirra sé hreinlega fyrir borð borinn?

Skoðanakannanir sýna að konur eru frekar andvígar aðild að EB eða Evrópsku efnahagssvæði. Í Danmörku eru t.d. 53% karla jákvæðir fyrir aðild Danmerkur að Evrópubandalaginu en aðeins 34% kvenna. Þarna er því verulegur munur. Það eru líka miklu færri konur sem eru fylgjandi ef bara eru teknir þeir sem eru algerlega fylgjandi en þeim sleppt sem eru óákveðnir. Það eru t.d. 38% kvenna sem telja að þær fái alls ekki nógu miklar upplýsingar til þess að geta tekið afstöðu en aðeins 20% karla telja svo vera. Karlarnir telja sig því yfirleitt frekar geta tekið afstöðu en konur sem ég held að sé kannski aðallega vegna þess að konurnar tala varlegar um málin og vilja ekki taka afstöðu. En í Danmörku hefur það sýnt sig að miklu fleiri konur eru andvígar aðild Danmerkur að Evrópubandalaginu. Það sama gildir í Noregi þar sem það hefur verið kannað sérstaklega. Mér er ekki kunnugt um nákvæmar tölur frá öðrum Norðurlöndum en þetta er gegnumgangandi alls staðar.

Í Morgunblaðinu í dag er birtur hluti af skoðanakönnun sem Gallup gerði á Suðurlandi. Niðurstöður þeirrar skoðanakönnunar voru þær að 70% af fólki á Suðurlandi tóku afstöðu gegn aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og 80% voru andvígir aðild að Evrópubandalaginu. Það vekur athygli, og þó sérstaklega í tengslum við þessa tillögu, að þar segir orðrétt í blaðinu, með leyfi forseta:

„Konur eru hins vegar fleiri andvígar EES en karlar. Á meðan 63,9% karla eru andvíg aðild að Evrópsku efnahagssvæði eru 75,2% kvenna sömu skoðunar."

Það er greinilegt að það sama gildir hér á landi að fleiri konur eru andvígar aðild að Evrópsku efnahagssvæði og EB.

Meðal þess sem snertir konur sérstaklega og athuga þarf er eftirfarandi:

Tilfærsla vinnuafls með tilliti til þess að konur eiga erfiðara með að sækja vinnu um langan veg vegna fjölskylduaðstæðna.

Atvinnuleysi. Konur eiga erfiðara með að fá vinnu en karlar þegar þrengist um á vinnumarkaði. Atvinnuleysi er því almennt meira meðal kvenna en karla. Þetta er mjög áberandi t.d. í löndum Evrópubandalagsins. Meðal kvenna þar er að meðaltali miklu hærra atvinnuleysi en meðal karla en 12% kvenna í EB-löndum eru atvinnulaus en einungis 7% karla. Þó að það sé mjög hátt hlutfall, líka meðal karla, þá er verulegur munur þar á. Miklu fleiri konur eru atvinnulausar.

Tímabundin vinna og hlutastörf eru í vaxandi mæli hlutskipti kvenna innan EB en þeim fylgir réttleysi og óöryggi.

Launamunur og veikari verkalýðshreyfing. Hætt er við að harðnandi samkeppni innan EES leiði til vaxandi kynbundins launamunar og að verkalýðshreyfingin veikist og eigi því erfiðara með að hamla þar á móti. Þetta getur haft veruleg áhrif á stöðu kvenna þar sem þær hafa oft leitað réttar síns með hjálp verkalýðshreyfingarinnar.

Samdráttur í þjónustustörfum á landsbyggðarsvæðum og þar af leiðandi flutningur á kvennastörfum til stærstu þéttbýlisstaða. Þetta er vandamál á öllum stórum svæðum, þetta er vandamál hér á landi. Það er líka verulegt vandamál annars staðar, t.d. er það viðvarandi vandamál í Noregi og hefur verið nokkuð lengi.

Fjárfesting og frjálsir fjármagnsflutningar. Slíkt kemur fæstum konum til góða þar sem þær hafa sjaldan yfir miklum fjármunum að ráða.

Hætta á veikara velferðarkerfi. Kröfur um samræmingu skatta geta leitt til enn frekari samdráttar í opinberri þjónustu, m.a. á sviði heilbrigðismála, mennta- og uppeldismála. Í þessu sambandi vil ég geta þess að í SUJ-blaðinu, sem er blað Sambands ungra jafnaðarmanna ef ég veit rétt, var birt í febrúarblaðinu viðtal við konu sem heitir Sigríður Birna Ámundadóttir en hún hafði verið á þingi í Svíþjóð. Yfirskrift viðtalsins er: „Konur og velferð viku fyrir EES". en hún segir þar, með leyfi forseta:

„Mér fannst sérstaklega athyglisverð sú umræða sem fór fram um skattkerfi nokkurra Evrópuþjóða. Þar kom fram að með skattkerfinu hvetja stjórnvöld í þessum löndum konur til að vera heima og gæta bús og barna, sérstaklega meðan þau eru ung, fremur en leita út á vinnumarkaðinn. Mér fyndist forvitnilegt að fá að vita hvort íslensk stjórnvöld hefðu eitthvað svipað á prjónunum, a.m.k. virðist niðurskurður í opinbera geiranum bitna mun harðar á konum en körlum."

Þetta segir Sigríður í viðtalinu. Það er því fyllsta ástæða til að ætla að samræming á skattkerfinu, sem óhjákvæmilega verður ef Ísland verður aðili að Evrópsku efnahagssvæði og ég tala nú ekki um EB sem auðvitað kemur í kjölfarið, getur leitt til þess að verið sé að reka konur í auknum mæli út af vinnumarkaðinum inn á heimilin aftur hvort sem þær vilja það eða ekki. Þetta er því athyglisverður punktur sem vert er að kanna sértaklega.

Konur á Norðurlöndum hafa enn sem komið er nokkra sérstöðu miðað við kynsystur sínar annars staðar í Evrópu. Norrænar konur vinna almennt utan heimilis og er atvinnuþátttaka þeirra sú hæsta í heiminum. Á Íslandi vinna yfir 80% giftra kvenna á vinnumarkaði að meiri hluta í þjónustustörfum og störfum sem halda uppi velferðarkerfinu. Niðurskurður á þessu sviði bitnar því harðar á konum en körlum. Mjög margir

halda því fram að niðurskurður í velferðarkerfinu verði óhjákvæmilegur, enn þá frekari niðurskurður en nú er, hann er nú orðinn allverulegur, þegar og ef Ísland verður aðili að Evrópsku efnahagssvæði, ég tala nú ekki um EB.

Konur eiga yfirleitt erfiðara með að flytja búferlum en karlar, m.a. vegna meiri bindingar af fjölskyldu, sérstaklega meðan börn eru ung. Hinn svokallaði frjálsi búseturéttur, sem er einn af fylgifiskum EES, nýtist ekki konum að sama skapi og körlum. Einnig ber að hafa í huga að annars staðar en á Norðurlöndum er atvinnuþátttaka kvenna mun miklu minni og að jafnaði er ekki miðað við að konur vinni utan heimilis meðan börn eru ung sem er í samræmi við það sem Sigríður talaði um í viðtalinu.

Undanfarin ár hefur atvinnuleysi aukist hér á landi og er það meira meðal kvenna en karla. Það er þá það sama og gerist í EB-löndunum. Konur í Evrópubandalaginu hafa miklu minni tengsl við vinnumarkaðinn en konur hér á landi og vinna mjög margar óreglulega vinnu við hlutastörf eða heimavinnu. Þær hafa því í flestum tilvikum lítið atvinnuöryggi en 75–92% af þeim sem búa við slíkt óöryggi eru konur. Fjölskyldupóltitík innan EB byggir fyrst og fremst á því að karlar séu fyrirvinnur heimilanna en konurnar eigi að gæta barna, sjúkra og aldraðra. Nauðsynlegt er að reyna að meta hvaða áhrif það muni hafa á stöðu kvenna hér á landi ef Ísland verður hluti af 380 millj. manna vinnumarkaði EES þar sem ofangreind viðhorf eru ríkjandi.

Hér á landi hafa konur að meðaltali 60% af þeim launum sem karlar fá fyrir sitt vinnuframlag. Innan EB er launamunur milli kynja álíka mikill, þ.e. ef Danmörk er undanskilin, en annars staðar á Norðurlöndum er munurinn miklu minni. Í lögum EB er ákvæði um launajafnrétti sem sett var inn árið 1975 vegna þrýstings frá Frökkum. Þeir töldu að kynjajafnrétti væri meira hjá þeim en í öðrum aðildarlöndum. Vegna samkeppnisstöðu töldu þeir því nauðsynlegt að slíkt ákvæði yrði almennt í gildi innan bandalagsins. Það var því ekki af umhyggju fyrir konum sem jafnlaunaákvæðið var sett. Þetta ákvæði hefur ekki haft þau áhrif innan EB að laun kvenna hafi hækkað frekar en hér á landi.

Í blaði sem heitir Notat var á síðasta ári birt viðtal við konu sem heitir Hanne Reintoft. Þetta er danskt blað og hún segir í því blaði að því miður hafi þetta jafnlaunaákvæði ekki haft nokkur áhrif innan EB eða innan Danmerkur og henni þykir það ákaflega haldlítið, því miður. Ég verð að viðurkenna að ég hélt að eitthvert hald væri í slíku en auðvitað átti ég ekki að vera svo bjartsýn því við höfum verið með ákvæði í íslenskum lögum um að karlar og konur ættu að fá sömu laun fyrir jafnverðmæt störf en því ákvæði er ekki framfylgt.

Þótt fæðingarorlof hérlendis sé allt of stutt er það þó lengra en í flestum EB-löndum. Nýlega ákvað framkvæmdastjórn EB að mæla með því að fæðingarorlof yrði ekki minna en 14 vikur í aðildarríkjunum. Þetta er auðvitað mjög mikil réttarbót fyrir margar konur í EB en fyrir aðrar væri það mjög slæmt ef fæðingarorlof yrði skert og fært niður í 14 vikur. Það gildir auðvitað sérstaklega á Norðurlöndunum. Margar konur óttast að það geti leitt til þess að krafa komi um að fæðingarorlof verði stytt í löndum þar sem það er lengra en 14 vikur og sá ótti er áberandi t.d. í Danmörku.

Segja má að flestar konur innan EB séu enn í kjallara þjóðfélagsins. Konur á Íslandi eru að jafnaði betur settar og annars staðar á Norðurlöndum hafa þær verið að fikra sig hægt en örugglega upp á efri hæðir þjóðfélagsbyggingarinnar. Mun aðlögun að Evrópubandalaginu með þátttöku EFTA-ríkja í EES verða til þess að auðvelda konum að ná bættri stöðu? Fátt bendir til að svo muni vera. Þar sem hámarksgróði og aukinn hagvöxtur er höfuðatriðið er staða hins sterka best og lítið tillit tekið til barna og þeirra sem aldraðir eru og veikburða. Afleiðingar slíkrar stefnu bitna frekar á konum en körlum. Það þarf því ekki að koma á óvart að konur eru fjölmennar í hópi þeirra sem efast um ágæti aðlögunar að Evrópubandalaginu og þeirrar stefnu sem þar er ríkjandi.

Flm. þessarar tillögu telja brýna nauðsyn bera til að lagt verði mat á áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að EES og stöðu kvenna sérstaklega. Nauðsynlegt er að hraða þeirri vinnu þannig að niðurstöður liggi fyrir áður en Alþingi tekur afstöðu til EES-samningsins.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þá till. til þál. sem liggur fyrir og mælt var fyrir áðan af hv. 15. þm. Reykv. Hér er um að ræða eitt af mörgum sviðum sem tengjast þeim samningi sem undirritaður var af hæstv. utanrrh. 2. maí sl. um Evrópskt efnahagssvæði og sýnir það eitt með öðru hversu takmarkaður undirbúningur hefur farið fram vegna þessa máls að á fjölmörgum afar þýðingarmiklum sviðum sem tengjast þessum samningi hefur lítil sem engin athugun verið gerð. Þar á ég við félagslegar afleiðingar m.a. sem gripið er á með þessari þáltill. um athugun á stöðu kvenna og líkleg áhrif þessa samnings á stöðu kvenna hérlendis. Ég tel að það megi á ekki löngum tíma draga saman margháttaða vitneskju og vísbendingar um það hvert stefni, hvert muni stefna í sambandi við stöðu kvenna sérstaklega ef þessi samningur verður gerður á þeim takmarkaða tíma sem ætlaður er til þessarar athugunar. Því tek ég undir efni tillögunnar og að hún verði samþykkt á þinginu fyrir þinglok. Þó að skammur tími sé til þingfrestunar ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir þingnefnd að taka afstöðu til tillögunnar. Ég tel brýnt að þessi athugun verði gerð á sumarmánuðum þannig að niðurstöður liggi fyrir þegar málið kemur aftur til umræðu hér, þá á ég við samning um Evrópskt efnahagssvæði, síðari hluta sumars eða á haustdögum.

Margt hefur verið rætt og ritað um þessi efni á Norðurlöndum og reyndar í EB-ríkjunum því að hér erum við að fara inn á þann grundvöll sem verður sameiginlegur ef þessi samningur verður gerður með innri markaði Evrópubandalagsins sem gangverk í efna-

hagsstarfseminni. Það ber flest að sama brunni í þeim efnum að áhrif samrunans svokallaða á stöðu kvenna eru yfirgnæfandi neikvæð og afar mikil hætta á því að konur sem hafa fyrir veikari stöðu félagslega séð og á vinnumarkaði verði mun harðar fyrir barðinu á áhrifum samrunans en karlar. Það er markmiðið með Evrópsku efnahagssvæði að auka hagvöxt og hagræðingu, sameining fyrirtækja og annað af þeim toga er þar dagskrárefni. Það eru ekki líkur á því að innri markaðurinn leiði til þess að störfum fjölgi heldur þvert á móti að störfum fækki vegna hagræðingar og harðnandi samkeppni og það verði konur sem verði þolendur þess umfram karla. Í sjálfu Evrópubandalaginu er hrikalegt atvinnuleysi í mörgum löndum og fer vaxandi nú eftir að það hafði aðeins dalað um skeið. Síðan í fyrra fer atvinnuleysi vaxandi þar á nýjan leik og tölur bera vott um að það eru konur sem verða þar harðar úti en karlar.

Það eru vissulega fleiri svið sem hafa verið allt of lítið athuguð varðandi þetta stóra mál og ég nefni þar sérstaklega áhrifin á byggðaþróun. Það liggur að vísu fyrir skýrsla sem Byggðastofnun, eða einhverjir sem unnu það verk á hennar vegum, tók saman fyrir rösku ári og ýmislegt athyglisvert kom þar fram. Ég hefði talið þörf á því að ofan í saumana á því samhengi yrði farið miklu betur og ítarlegar vegna þess að það er mikil ástæða til þess að óttast áhrif af hugsanlegri aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á byggðaþróun í landinu, stöðu atvinnulífs úti um landsbyggðina og aukinn fólksflótta hingað til Suðvesturlands og beinlínis úr landi. Það mál ætla ég ekki að gera sérstaklega að umtalsefni.

Við verðum hins vegar að vona að það fari ekki sem horfir í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði að Alþingi Íslendinga taki þær ákvarðanir sem ganga gegn því sem hæstv. utanrrh. hefur ætlað sér með undirritun samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Það liggur fyrir krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu, könnun á vilja þjóðarinnar til þessa máls og við skulum vona að Alþingi beri gæfu til að taka undir þá kröfu svo að þjóðin fái að segja sitt í þessu stóra máli.

Í dag, eins og minnt var á af málshefjanda og 1. flm. þessarar tillögu, er birt í dag Gallupkönnun úr einu kjördæma landsins, Suðurlandi, sem sýnir mjög athyglisverðar niðurstöður þar sem yfirgnæfandi meiri hluti fólks sem spurður er og afstöðu tekur, það eru raunar ⅔ aðspurðra sem taka afstöðu samkvæmt upplýsingum í Morgunblaðinu, það reynast vera 70%, tjáir sig mótfallinn samningi um Evrópskt efnahagssvæði og enn stærra hlutfall er andvígt aðild að Evrópubandalaginu sem vissulega kemur ekki á óvart. Ég held að það sé hollt fyrir okkur á Alþingi að taka við slíkum vísbendingum og íhuga þær. Þótt ég sé ekki í hópi þeirra sem tel skoðanakannanir, eins og þær eru unnar, mjög ábyggilegar vísbendingar má þó draga ýmsar ályktanir af þeim og þær segja til um strauma í þjóðfélaginu. Það er vissulega ánægjuefni að sjá hvert þeir straumar liggja ef marka má niðurstöður þessarar könnunar.

Virðulegur forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess fyrst og fremst að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þessa þáltill. Ég vænti þess að hv. félmn. afgreiði hana með jákvæðum hætti og Alþingi álykti um málið svo þessi brýna athugun sem þarna er lögð til hefjist hið fyrsta.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu þáltill. flutt af kvennalistakonum um Evrópskt efnahagssvæði og stöðu kvenna sem ég er fylgjandi. Sannleikurinn er sá að þessi mál hafa verið ákaflega lítið skoðuð hér á landi út frá sjónarhóli kvenna eða hvernig þetta samstarf komi til með að virka á þær. Það hefur hins vegar nokkuð verið skoðað hjá okkar nágrannaþjóðum en hér er það þó helst Kvennalistinn sem hefur sinnt því eitthvað að velta þessu fyrir sér.

Það eru eflaust einhverjir sem munu segja að það þurfi ekki að gaumgæfa þessa hluti út frá þessum sjónarhóli. Það sem komi konum illa, það komi körlum líka illa og svo öfugt og það er kannski nokkuð til í því. En þar sem hallar á konur á svo mörgum sviðum og við eigum langt í land með að skapa jafnrétti í heiminum á milli karla og kvenna og þó að alltaf miði svo sem í rétta átt hvað það snertir, þá finnst mér mjög eðlilegt að þessu máli sé velt fyrir sér sem gert er í þessari till.

Því miður hafa þær konur sem virkilega hafa fengið aðstöðu til þess að stíga stóru skrefin fram á við í málefnum kvenna ekki alltaf notað þau tækifæri og má t.d. benda á Margréti Thatcher í því sambandi. Hún á t.d. að hafa sagt um félagsmálasáttmála EB, sem ekki hefur enn þá fengið lögbindingu og það er ágreiningur um það m.a. hvort lögfesta eigi frekari tillögur um jafna stöðu karla og kvenna, að það þurfi ekki að setja neinar lagasetningar sem tryggi konum betri stöðu. „Konur geta það sem þær vilja, lítið bara á mig" er sagt að járnfrúin hafi þá sagt.

Það hefur verið komið aðeins inn á athuganir Norðmanna á þessu málefni og það má í stuttu máli segja að norska kvennahreyfingin er andvíg aðild Norðmanna að EES og EB og telur hana óhagstæða séð frá sjónarhóli kvenna. Þær segja m.a. að konur séu yfirgnæfandi í láglaunastörfum svo sem hinum ýmsu þjónustustörfum. Velferðarkerfið muni að öllum líkindum breyta um eðli með aðild að EES. Það sé staðreynd að forgangsmál kvenna séu önnur en karla. Í svokallaðri sýniskýrslu sem notuð var til grundvallar þegar línur voru lagðar fyrir hinn sameiginlega markað kemur m.a. í ljós að til skamms tíma mun störfum á hinum innri markaði fækka um 500–600 þús. en til lengri tíma litið, þegar markaðurinn er búinn að aðlaga sig, muni störfum fjölga. Þetta vil ég taka fram sérstaklega vegna orða hv. 4. þm. Austurl. áðan þar sem hann talaði um að störfum muni fækka. Eftir því sem ég hef lesið er álitið að þeim muni svo aftur fjölga og þessi niðurstaða sýniskýrslunnar byggir á því að hreyfanleiki vinnuafls aukist og sömuleiðis neysla almennt. Norska kvennahreyfingin telur að samdráttur í sköttum og tollum muni draga úr tekjum hins opinbera og breyta grundvallarfélagsmálastefnu í aðildarlöndum EES og

þetta telur hreyfingin að sé mikilvægt fyrir konur að gera sér grein fyrir því að það séu þær sem þurfa mest á velferðarkerfinu að halda og er nokkuð til í því, ólaunaðir EB-borgarar, t.d. heimavinnandi húsmæður, njóti ekki góðs af jafnréttisskilmálum eða félagslegum öryggisventlum Evrópubandalagsins.

Það er ljóst að það var ekki mikið getið um félagsmál í stofnsáttmála Evrópubandalagsins og hagsmunir launamanna voru ekki til umræðu. En það er fyrst með tilkomu áforma um innri markað að skriður komst á umræðu um hlutskipti launafólks á landsvæðum þar sem hagræðingarátakið og gjaldþrot smáfyrirtækja mundi leiða til stórfellds atvinnuleysis. Framkvæmdastjórnin gaf út drög að félagsmálasáttmála í maí 1989 sem ég nefndi áðan og félagsmálasáttmáli EB segir um jafnrétti kvenna og karla: „Jafnrétti kvenna og karla verður að tryggja og jöfnum tækifærum til handa konum og körlum verður að koma á." Þetta eru fögur orð sem því miður hafa ekki fengist staðfest sem sönn framkvæmdaáætlun. En Evrópubandalagið hefur þó sett af stað þrjár framkvæmdaáætlanir á sviði jafnréttismála til að þrýsta á um skipanir um þessi mál og að *þeim verði framfylgt í aðildarríkjum bandalagsins.* Auk þess hefur framkvæmdanefnd EB komið af stað ýmsum verkefnum með það að markmiði að bæta stöðu kvenna og gera þeim betur kleift að aðlaga sig að vinnumarkaðinum. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur ýtt úr vör ýmsum verkefnum með það að markmiði að bæta stöðu kvenna. Má þar t.d. nefna NOW-áætlunina sem hefur fengið þó nokkuð miklar fjárveitingar til framkvæmda í kvenna- og jafnréttismálum og þrýstihópur um málefni kvenna hefur verið settur á laggirnar sem er sjálfsagt einhvers konar „lobbyismi" sem hafður er uppi þarna hjá aðalstöðvunum.

Mig langar líka í þessu sambandi, hæstv. forseti, að nefna örfáar tölur um áhrif kvenna innan stjórnsýslu Evrópubandalagsins. Ég er reyndar ekki með alveg nýjar tölur. Ég veit ekki hvort það hafa orðið einhverjar breytingar á þarna upp á síðkastið en eftir þeim tölum sem ég hef þá er ástandið ekki of bjart og ekki hagstætt konum. Það hafa tvær konur verið fulltrúar í framkvæmdastjórn síðan 1989. Um 70% þeirra lægst launuðu innan regluveldis Evrópubandalagsins eru konur. Helmingur ritara og aðstoðarmanna eru konur og 9% af fulltrúum framkvæmdarvaldsins innan húss eru konur og 5% af skrifstofustjórum eru konur.

Ráðherraráðið, sem fer með löggjafarvaldið innan EB, er samansett, eins og kannski allir vita, af ráðherrum viðkomandi aðildarlanda þannig að það er kannski ekki hægt að kenna EB um að ekki sitja fleiri konur í ráðherraráðinu en raun ber vitni þar sem það kemur til af ráðherrafjölda viðkomandi landa.

Það er svo af dómstólnum að segja að hann samanstendur af 13 dómurum sem ríkisstjórnir aðildarlandanna tilnefna til sex ára í senn og enn sem komið er veit ég ekki til þess að nokkurt EB-land hafi tilnefnt konu í dómstólinn. En svo er það EB-þingið sem er lýðræðislegt og valið til í viðkomandi löndum og þar eru um 18% konur.

Hæstv. forseti. Ég hef víst lokið mínum tíma. En ég vil að síðustu segja það að ég held að það sé gagnlegt að þessi mál verði skoðuð og styð því þessa tillögu sem um ræðir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er sá tími liðinn sem meiningin var að nota í þessi mál en ef hv. þm. hefur bara stutta ræðu þá vill forseti gefa hv. 4. þm. Reykv. tækifæri til að taka til máls.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst sjálfsagt að Alþingi samþykki þessa tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 228, nál. 794, brtt. 795 og 829.

Frsm. umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur sem er á þskj. 794 og fyrir brtt. við frv. í fimm töluliðum á þskj. 795.

Frv. þetta markar allmiklar nýjungar að því er varðar uppbyggingu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Setur stofnunarinnar geta orðið fimm talsins, eitt í hverjum landsfjórðungi auk setursins í Reykjavík. Með þessum hætti er lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að hlúa að náttúruvísindum sem víðast á landinu. Setur Náttúrufræðistofnunar Íslands munu í fyllingu tímans auka skilning þjóðarinnar á náttúru Íslands, efla tilfinningu almennings fyrir gildi umhverfisins og styrkja tengsl almennings við land sitt.

Viðbrögð við þessari nýjung voru almennt mjög jákvæð við 1. umr. um frv. Það kom einnig fram í umsögnum margra aðila um frv. að við þessa skipan mála eru bundnar allmiklar væntingar. Í nokkrum umsögnum um frv. gætir nokkurs kvíða vegna þess að það gerir ekki ráð fyrir sterkri miðstofnun og þó einkum vegna þess að með slíku fyrirkomulagi óttast menn að samskipti Náttúrufræðistofnunar Íslands við stjórnvöld og erlenda aðila gætu orðið torvelduð.

Náttúrufræðistofnun Íslands er í eðli sínu rannsóknastofnun. Hún er öðru fremur akademísk stofnun. Hún stendur því ekki í daglegum rekstri sínum mjög nærri Stjórnarráðinu. Með setrum sínum færir Náttúrufræðistofnun Íslands, eins og hún er upp byggð í frv., sig nær verkefni sínu. Hún nálgast rannsóknavettvanginn og skapar með umsvifum sínum og upplýsingastarfsemi frjóan jarðveg fyrir aukinn skilning á gildi náttúrurannsókna og þekkingar á umhverfinu. Með nútímatækni eru samskipti við stjórnvöld og samskipti milli setra orðin mjög auðveld. Nú þegar hefur Náttúrufræðistofnun Norðurlands tekið að sér ákveðin svið

náttúrurannsókna sem Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir af þeim sökum mjög takmarkað. Þessi sérhæfing byggist á samstarfi og á notkun tækni sem er stöðluð, bæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands eins og hún starfar nú og fyrir Náttúrufræðistofnun Norðurlands án þess að um nein stjórnunarleg tengsl sé að ræða milli þessara tveggja stofnana.

Þá er einnig rétt að geta þess að Náttúrufræðistofnun Norðurlands annast erlend tengsl á sínu sérsviði milligöngulaust án þess að það hafi komið að sök.

Frv. gerir ráð fyrir því að stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands verði fyrst um sinn skipuð þremur mönnum og þar af tveimur tilnefndum af stofnuninni sjálfri. Með fjölgun setra verður hlutur þeirra meiri í stjórn stofnunarinnar. Er þetta eðlilegt þegar tekið er tillit til þess akademíska rannsóknarhlutverks sem stofnunin hefur með höndum og með samanburði við aðrar slíkar stofnanir sem hér starfa. Rétt er að geta þess sérstaklega að nefndin sem samdi frv. leit ekki á það sem hlutverk sitt að fjalla um málefni náttúrurannsókna almennt. Slíkar rannsóknir eru stundaðar af mörgum stofnunum og fellur það undir verksvið Vísindaráðs samkvæmt lögum að semja langtímaáætlanir um þróun þeirra rannsókna. Frv. er því takmarkað við málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa og með því er ekki takmarkað verksvið annarra rannsóknastofnana. Í 4. gr. frv. er kveðið sérstaklega á um það að stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands skuli gæta samráðs við Náttúruverndarráð, Vísindaráð og Rannsóknaráð og stuðla að sem bestu samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir.

Í umsögn bæjarstjórnar Vestmannaeyja og menningarmálanefndar Vestmannaeyjabæjar er óskað eftir því að menntmn. felli inn í frv. ákvæði um Náttúrustofu Suðurlands og síðar setur og verði það staðsett í Vestmannaeyjum. Er það gert með tilliti til bráðabirgðaákvæðis frv. þar sem kveðið er á um stofnun seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri við gildistöku laganna.

Enn fremur segir í ákvæðinu að að því skuli unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1993 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994. Með ákvæðinu er þannig mótuð stefna um notkun heimilda frv. varðandi setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Norðurlandi og um náttúrustofur í tveimur kjördæmum. Í athugasemd með bráðabirgðaákvæðinu er því slegið föstu að frá 1. jan. 1993 verði notuð heimild til að stofna náttúrustofu fyrir Norðurland á Akureyri, fyrir Austurland í Neskaupstað ári síðar og með hliðstæðum hætti 1995 fyrir Suðurland án þess að staðsetning þeirrar stofu sé tilgreind í athugasemdinni.

Umhvn. Alþingis hefur fullan skilning á erindi Vestmannaeyjabæjar og metur mikils sérstöðu Náttúrugripa- og fiskasafnsins í Vestmannaeyjum og þá rannsóknastarfsemi sem þar hefur nú þegar farið fram. Hins vegar telur nefndin ekki rétt að kveða á um það hvar náttúrustofa verði staðsett á Suðurlandi. Nauðsynlegt er að innan landsfjórðungsins fari fram umræða um staðsetningu náttúrustofu og að á þeim vettvangi verði mótaðar hugmyndir þar að lútandi. Slík vinna hefur þegar verið unnin á Norðurlandi á vegum Fjórðungssambands Norðurlands og á Austurlandi hefur verið víðtækt samstarf um safnamál allt frá árinu 1972 þegar stofnuð var Safnastofnun Austurlands á vegum Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Um leið var kveðið á um staðsetningu og sérhæfingu einstakra safna og er Náttúrugripasafnið í Neskaupstað m.a. hluti af þeirri heildarskipan. Á vegum safnsins hafa farið fram margháttaðar rannsóknir í fjórðungnum.

Í umhvn. urðu allmiklar umræður um það hvernig tryggja mætti í lögum að Náttúrufræðistofnun Íslands yrði óháð hagsmunatengdum aðilum án þess þó að stofnuninni yrði gert óhægt um vik að veita viðtöku fjárframlögum, styrkjum eða gjöfum frá einstaklingum eða öðrum aðilum sem ekki teljast hagsmunatengdir. Enn fremur var rætt um hvort tekið skyldi fram í frv. að ráðherra skæri úr ágreiningi um túlkun þess hver teljist hagsmunatengdur stofnuninni og hver ekki.

Í 2. gr. frv. segir: „Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins. Hún er óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggur ekki af þeim framlög eða gjafir."

Í umsögn um 2. gr. segir hins vegar: „Kveðið er á um að stofninin sé óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggi ekki af þeim framlög eða gjafir. Ákvæðið vísar til þess að stofnunin sem rannsókna- og umsagnaraðili til stjórnvalda gangist hvorki beint né óbeint undir kvaðir með því að veita viðtöku gjöfum frá framkvæmdaaðilum eða fyrirtækjum sem gætu átt sitt undir umsögn stofnunarinnar. Hins vegar er stofnuninni heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum og náttúrugripum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki verða taldir til hagsmunatengdra aðila. Rísi ágreiningur um túlkun þessa ákvæðis sker ráðherra úr."

Við vinnu nefndarinnar þótti rétt að í nýrri grein yrðu ítarleg ákvæði um tengsl Náttúrufræðistofnunar við hagsmunaaðila sem og aðra. Skýrt verði kveðið á um að stofnuninni verði heimilt að framkvæma rannsóknir gegn greiðslu sem falla undir verkefnasvið hennar. Einnig er lagt til að kveðið verði á um það í lagatextanum sjálfum en ekki einungis í skýringum með frv. að stofnunin geti veitt viðtöku gjöfum frá þeim sem ekki eru hagsmunatengdir henni. Lagt er til að ákvæði síðari málsl. 2. gr. frv., um að Náttúrufræðistofnun eigi að vera óháð hagsmunatengdum aðilum, verði 1. málsl. síðari mgr. hinnar nýju greinar. Þá telur nefndin einnig nauðsynlegt að kveða á um það í lagatextanum að umhvrh. skeri úr ágreiningi um það hvort sá, sem vill færa Náttúrufræðistofnun gjöf, sé hagsmunatengdur stofnuninni eða ekki og geri því tillögu þar um.

Önnur breyting sem nefndin leggur til er að ráðherra geti heimilað stofnun seturs að fenginni umsögn stjórnar Náttúrufræðistofnunar í stað þess að hann sé bundinn tilmælum stjórnarinnar, sbr. 3. gr. frv.

Að lokum leggur nefndin til að gildistaka laganna verði 1. jan. 1993. Með því gefst ráðrúm til nauðsyn-

legs undirbúnings vegna nýs fyrirkomulags stofnunarinnar.

Þessi atriði, sem eru lausleg lýsing á starfi nefndarinnar umfram það sem kemur fram í brtt. og í nál.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem tillaga er gerð um á þskj. 795. Þess ber að geta að einn nefndarmanna í umhvn., hv. 3. þm. Reykn., skrifar undir skjalið með fyrirvara.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér kemur dálítið á óvart í þessu stóra máli að fram eru komnar brtt. á þskj. 829 frá hv. 3. þm. Reykn. Eftir því sem mér sýnist ætlar hann ekki að tala fyrir þessum brtt. Þarna er um grundvallarbreytingu að ræða á frv. og ég óska eftir, hæstv. forseti, að umræðunni verði frestað þangað til hv. flm. brtt. er hér í sal til að eiga við hann orðastað um rök hans fyrir þeirri meginbreytingu að í stað fimm setra verði setrin tvö ásamt fleiri breytingum. Ég get alveg verið sammála hv. 3. þm. Reykn. um tillögu hans. Ég lýsti við 1. umr. aðeins efasemdum um að málið yrði í því umfangi að setrin yrðu fimm. En áður en lengra er haldið óska ég eindregið eftir því að fá umræður um málið. Það er afar óvenjulegt á hinu háa Alþingi að nefndarmenn í viðkomandi nefnd flytji grundvallarbreytingu og hafi ekki svo lítið fyrir að sýna hv. þm. þá virðingu að mæla fyrir tillögu sinni og útskýra hver rök liggja að baki henni. Ég óska því eindregið eftir að umræðunni verði frestað ef hv. þm. Reykn. er ekki í húsinu.

Frsm. umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að taka það fram vegna orða hv. 14. þm. Reykv. að hv. 3. þm. Reykn. var kunnugt um að þessi umræða mundi fara fram í dag og óskaði ekki eftir að vera viðstaddur. Honum var því fullkunnugt um þetta og hann var sáttur við þetta. Ég vil að þetta komi fram.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og auðvitað er það mál hv. 3. þm. Reykn. hvort hann er hér í dag eða ekki þótt hin almenna regla sé nú að menn sinni þingstörfum. En ég óska eftir því að málinu verði frestað vegna þess að ég óska eftir því að ræða við hv. 3. þm. Reykn. um brtt. hans og málið í heild. Ég hlýt að geta fengið frest á málinu þangað til að hann sér ástæðu til að vera í þingsal. Við eigum það sameiginlegt að hafa áhuga á málinu og ég vil ekki að það fari í gegnum þingið nema það sé skoðað eins vel og hægt er. Ég efast ekki um að hv. 3. þm. Reykn. veit heilmikið um þessi mál og ég tel mig eiga rétt á því að ræða við hann þar sem hann hefur lagt fram viðamikla tillögu til breytinga á frv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. e. var málið tekið til umræðu með vitund hv. 3. þm. Reykn. og verður reynt að ljúka henni í dag. Þar sem hv. 3. þm. Reykn. hafði fjarvistarleyfi í dag og gat ekki verið hér af óviðráðanlegum ástæðum þá sætti hann sig við að mæla ekki fyrir brtt. en að sjálfsögðu koma þær til atkvæða þegar atkvæðagreiðsla fer fram um málið.

Nú er náttúrlega ekki hægt að skylda þingmann, í þessu tilfelli hv. 3. þm. Reykn., til að taka þátt í umræðu. Hann er fjarstaddur. En ég vil þá spyrja hv. 14. þm. Reykv. hvort hún sættir sig ekki við þá niðurstöðu að það sé með vitund hv. 3. þm. Reykn. að málið verði afgreitt þrátt fyrir fjarveru hans af óviðráðanlegum ástæðum.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Málið snýst ekki um það hvort hv. 3. þm. Reykn. hefði sætt sig við að málið yrði afgreitt í dag eða að 2. umr. yrði lokið. Ég óska eftir að spyrja hann spurninga í frekari umræðu og ég hlýt að eiga allan rétt á því. Hann hefur gefið ástæðu til þess og því óska ég eftir að umræðu verði ekki lokið. Ég á engan kost á að taka til máls í atkvæðagreiðslu. Ég óska því eftir að málinu verði frestað svo ég og hv. 3. þm. Reykn. getum átt orðastað um þessa brtt. Ég er ekkert að amast við því að hann hafi af einhverjum ástæðum ekki getað verið hér í dag en það hlýtur að vera réttur þingmanna að ræða við þingmanninn um brtt.

Hjörleifur Guttormsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Þetta mál er búið að vera nokkra daga á dagskrá en kemur fyrst nú til 2. umr. Umhvn. þingsins hefur afgreitt það frá sér og einn nefndarmanna ritar undir nál. með fyrirvara og leggur jafnframt brtt. við frv. Hann flytur hana einn eins og fram kemur á þskj. Í rauninni er brtt. hans mjög einföld í sniðum. Ég vildi bara benda á það að hún er mjög einföld og ætti að vera auðvelt að átta sig á því hvað þar er á ferðinni. Jafnframt hefur komið fram að hv. þm. óski ekki eftir því að mæla fyrir þessari tillögu eða taka þátt í umræðu. Miðað við það finnst mér ekki brýn þörf á því að fresta umræðunni af þeim sökum vegna þess að málið liggur mjög einfalt fyrir samkvæmt brtt. Hún er fyrst og fremst um eitt efnisatriði og afleiddar breytingar vegna þess. Sem fulltrúi í umhvn. finnst mér því að málið liggi tiltölulega skýrt fyrir af hálfu nefndarinnar. Ég vildi bara geta um þetta.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að málið sé afar einfalt fyrir nefndarmönnum sem hafa fjallað um það en það vildi þá kannski einhver nefndarmanna útskýra fyrir mér þá umræðu sem hefur farið fram um það hvaða rök hv. þm. hefur fyrir því að setrin verði tvö en ekki fimm o.s.frv. Einhver nefndarmanna hlýtur að geta rætt um hvað fram hefur farið í nefndinni um málið.

Frsm. umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem hv. 3. þm. Reykn. hefur lagt fram við frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur miðar fyrst og fremst að

því að setur Náttúrufræðistofnunar Íslands verði aðeins tvö. Í frv. er gert ráð fyrir því að setrin geti orðið fimm þótt í bráðabirgðaákvæði frv. sé aðeins gert ráð fyrir því að við samþykkt frv., ef það verður að lögum, þá verði setrin tvö. Þarna má því líta svo á að í 3. gr. frv. sé heimildarákvæði sem varpar nokkru ljósi á það hvaða hugmyndir höfundar frv. höfðu um það hvernig æskilegast væri að Náttúrufræðistofnun Íslands byggðist upp þegar öll setur hennar væru farin að starfa. Ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða að andi brtt. er hluti af þeim umræðum sem hafa farið fram um sparnað af hálfu ríkisins. Þarna er verið að ræða um að heimila ekki þessa fjölgun setranna. Brtt. gengur því þvert á þessa grundvallarhugmynd um uppbyggingu um fimm setur um land allt. Ég held því að grundvöllurinn að þessari brtt. sé fyrst og fremst fólginn í sparnaðarsjónarmiðum og þeirri hugsun að verið sé að ráðast í of viðamikið verkefni með þeim heimildarákvæðum sem 3. gr. opnar.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir upplýsingarnar en þær vekja fleiri spurningar en hann svaraði. Er þá afgangurinn af hv. umhvn. örlátari á fé en hv. 3. þm. Reykn.? Ég man ekki betur en að ég drægi aðeins í efa við 1. umr. málsins hvort ekki væri of hratt af stað farið og gæti þess vegna hugsanlega verið sammála hv. 3. þm. Reykn. í þessu efni. En það væri þá kannski fróðlegt að heyra rökin fyrir því að hv. nefnd gat ekki verið sammála hv. 3. þm. Reykn.

Frsm. umhvn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að benda á það að ef litið er til kostnaðarhliðar frv. þá leiðir samþykkt þess til þess að tvö setur verða stofnuð eða með öðrum orðum að setrin verða jafnmörg og í brtt. hv. 3. þm. Reykn. Lítils háttar aukakostnaður kann að fylgja því að náttúrustofa verður stofnuð á Austurlandi á árinu 1994 og árið 1995 er gert ráð fyrir að náttúrustofu á Suðurlandi, þ.e. náttúrurannsóknastofnun sem er með aðild ríkisins þó hún sé ekki rekin á kostnað ríkisins heldur á kostnað sveitarfélaganna, en slík náttúrustofa á Suðurlandi yrði væntanlega stofnuð á árinu 1995 ef frv. er fylgt út í æsar. Þetta eru svona leiðbeinandi upplýsingar í frv. en með samþykkt þess verða tvö setur Náttúrufræðistofnunar Íslands stofnuð og það er sami fjöldi og gert er ráð fyrir í brtt. Að öðru leyti markar þetta frv. stefnu til lengri tíma.

Fjárráð ríkisins eru vissulega þröng. Ég tek undir þær hugleiðingar hv. 14. þm. Reykv. En bráðum kemur betri tíð með blóm í haga og þá verður væntanlega hægt að uppfylla þær væntingar sem í frv. er að finna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 59, nál. 826 og 838, brtt. 827 og 836.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli með fyrir nál. frá meiri hluta allshn. um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 1940, sem er 58. mál þessa þings á þskj. 59. Nál. er á þskj. 826 og meðflylgjandi brtt. á þskj. 827.

Aðdragandi þessa frv. sem liggur fyrir er sá að þegar nauðgunarmálanefnd, sem svo hefur verið nefnd, skilaði skýrslu sinni í nóvember 1988 var meðal tillagna nefndarinnar frv. til laga um breytingar á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þeim breytingum sem komu fram í frv. nefndarinnar og því að á Alþingi vorið 1988 var frv. er ég flutti um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar ákvað þáv. dómsmrh. að láta endurskoða aðrar gr. XXII.kafla hegningarlaganna áður en frv. nefndarinnar yrði lagt fyrir Alþingi. Jónatan Þórmundsson prófessor vann það verk í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmrn.

Frv. það sem er til umræðu er heildarendurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot.

Á þeim 50 árum, sem hegningarlögin hafa verið í gildi, hafa orðið verulegar viðhorfsbreytingar til þeirra verknaða sem í þessum kafla hegningarlaganna er fjallað um og tekur frv. mið af þeim. Veigamestu breytingarnar sem í frv. eru frá gildandi lögum eru:

1. Öll ákvæði kaflans eru gerð ókynbundin, sem þýðir að bæði karlar og konur geta verið þolendur verknaða. Samkvæmt gildandi lögum eru nauðgun og fleiri brot samkvæmt lögunum kynbundin sem þýðir að einungis konur njóta refsiverndar og karlar einir geta verið gerendur. Þótt þessi brot bitni í flestum tilfellum eingöngu á konum er ekki ástæða til að ætla að viðtækari refsivernd raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna.

2. Refsivernd er verulega aukin því að önnur kynferðismök eru lögð að jöfnu við samræði þegar metið er hvort brot hafi verið framið. Með öðrum kynferðismökum er átt við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju sem kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Þ.e. þetta eru verknaðir sem almennt eru til þess fallnir að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

3. Í frv. eru ný ákvæði um kynferðislega áreitni. Er þar átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga.

4. Afnumin eru sérákvæði um kynferðisbrot samkynhneigðra. Þar sem ákvæði kaflans eru ókynbundin þýðir þetta að hugsanleg brot samkynhneigðra falla nú undir viðeigandi greinar kaflans.

Frv. þetta er nú lagt fyrir Alþingi í fjórða sinn en það hefur aldrei verið afgreitt úr nefnd.

Allshn. hefur fjallað ítarlega um frv. Fjölmargar athugasemdir og ábendingar bárust nefndinni. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á þskj. 827 og ég mun nú gera nánari grein fyrir.

Í 2., 3., 4., 6. og 7. gr. frumvarpsins er notað orðið „manneskja" yfir þann sem verður fyrir broti. Meiri hluti allsherjarnefndar telur að þetta orð fari illa í lagatexta og leggur til að í þess stað komið orðið „maður", sem samkvæmt íslenskri málvenju tekur bæði til kven- og karlmanns. Af þessari breytingu leiðir að í nokkrum tilvikum þarf að auki að breyta kyni á orðum svo sem fram kemur í breytingartillögunni.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til veigamiklar breytingar á nauðgunarákvæði hegningarlaganna. Þær helstu er að lagt er til að ákvæðið verði tvískipt þannig að í 1. mgr. komi almennt ákvæði án refsilágmarks og með 10 ára refsihámarki, og í 2. mgr. refsihækkunarákvæði með 1 árs lágmarksrefsingu og 16 ára hámarksrefsingu.

Auk þessarar breytingar felur ákvæðið í sér rýmkun á nauðgunarskilgreiningunni á þann hátt eins og áður er fram komið að önnur kynferðismök eru lögð að jöfnu við samræði og að auk beinnar valdbeitingar tekur ákvæðið nú til allra refsiverðra ofbeldishótana og ekki er lengur áskilið að þessar hótanir veki ótta um líf, heilbrigði og velferð.

Allsherjarnefnd telur þessar síðari breytingar á nauðgunarákvæðinu mjög til bóta. En m.a. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem borist hafa varðandi þá tvískiptingu ákvæðisins, sem ég rakti, telur nefndin ástæðu til að óttast að ef fallist verði á ákvæði frv. óbreytt verði það túlkað á þann veg að refsingar fyrir nauðganir verði vægari en nú er, en ekki er að því stefnt.

Vegna þessa leggur allsherjarnefnd til að greininni verði breytt á þann veg að í 1. mgr. falli brott orðin „allt að 10 árum" og í þeirra stað komi: ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum, sem þýðir að á ný er tekið upp 1 árs refsilágmark fyrir nauðgun og refsihámarkið verði 16 ára fangelsi. Af þessari breytingu leiðir að 2. mgr. er felld brott.

Þá þykir mér rétt að minnast á þann útbreidda misskilning að refsivernd nauðgunarákvæðisins nái ekki til þeirra sem eru í hjónabandi eða sambúð og því þurfi að taka upp í greinina pósitívt ákvæði þar að lútandi. Ákvæði þessa kafla hegningarlaganna taka til þeirra sem eru í hjónabandi eða sambúð nema annað sé tekið fram.

Í þessu sambandi má þó m.a. geta þess að í 4. gr. frv. er fjallað um það þegar menn notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að eiga við hann samræði eða önnur kynferðismök eða notfæra sér það að öðru leyti að viðkomandi geti ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Í þessari grein nær refsiverndin þó ekki til þeirra sem eru í hjúskap eða óvígðri sambúð. Allshn. leggur til að refsiverndin nái einnig til þeirra sem eru í hjúskap eða óvígðri sambúð ef þeirri misneytingu er beitt sem greinin fjallar um og er þetta lagt til vegna þeirrar veiku stöðu sem þessir aðilar almennt eru í. Ljóst er þó að í mörgum tilfellum getur verið um erfiða sönnunarstöðu að ræða.

Þá leggur allshn. til að úr 5. gr. frv. verði felld orðin „eða vistkonu". Það er hefð fyrir því í íslenskri löggjöf að orðið vistmaður á stofnun taki til beggja kynja.

Í 6. gr. frv. er fjallað um það þegar menn misnota freklega þá aðstöðu að nokkur er þeim háður fjárhagslega eða í atvinnu sinni í þeim tilgangi að eiga samfarir eða önnur kynferðismök við viðkomandi.

Í hegingarlögum eru ekki ákvæði um það þegar menn sem komast í trúnaðarsamband við mann vegna starfa sinna misnota þá aðstöðu til samræðis eða annarra kynferðismaka. Allshn. telur ástæðu til að taka upp í hegningarlögin slíkt ákvæði og leggur til að 6. gr. frv. verði breytt á þann veg að auk þeirra atriða sem talin eru upp í 6. gr. verði bætt við hana þeim tilvikum þegar viðkomandi er „skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi". Er hér meðal annars átt við þau tilvik ef læknir eða aðrar heilbrigðisstéttir eða sálfræðingar misnota samband sitt við sjúkling, prestur við syrgjanda, kennari við nemanda, yfirmaður gagnvart undirmanni o.s.frv. með þeim hætti sem í greininni segir. Þar sem viss hætta þykir á misnotkun þessa ákvæðis, sem ber vissulega að varast, þykir rétt að hafa það innan 6. gr. frv. sem kveður m.a. á um freklega misnotkun á aðstöðu.

Í 8.–10. gr. frv. eru ákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart börnum. Í frv. eru ekki sambærileg ákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart fullorðnum. Að svo stöddu þykir ekki rétt að taka upp almennt ákvæði um kynferðislega áreitni almennt, en allshn. leggur til að í 6. gr. frv. verði tekið upp ákvæði um kynferðislega áreitni ef önnur skilyrði greinarinnar eru uppfyllt.

Í 8. gr. frv. eru flutt úr 190. gr. laganna ákvæði um sifjaspell, þar sem þau ákvæði þykja betur eiga heima í þeim kafla laganna sem fjallar um kynferðisbrot almennt þar sem þessi brot eru oft tengd öðrum kynferðisbrotum.

Í 9. gr. frv. eru ákvæði um kynferðisbrot gagnvart kjörbörnum, stjúpbörnum og öðrum börnum sem eru í sambærilegri stöðu. Samkvæmt frv. er mismunandi refsihámark eftir því hvort um blóðbönd er að ræða eða ekki. Allshn. telur að ekki sé ástæða til að hafa þennan greinarmun og leggur því til að refsihámark 9. gr. verði fært til samræmis við það sem er í 8. gr., þannig að þessi börn njóti öll sömu refsiverndar.

Í 1. mgr. 10. gr. frv. er fjallað um þau tilvik þegar maður á samræði eða önnur kynferðismök við börn yngri en 14 ára og þar er lagt til að refsihámark verði lækkað úr 12 árum frá gildandi lögum. Lagt er til að refsirammi í 10. gr. verði hækkaður aftur til samræmis við ákvæði núgildandi laga. Nefndarmönnum þykir hætta á því að sú lækkun refsiramma sem í frumvarpinu felst verði túlkuð með þeim hætti að ekki verði litið jafnalvarlega á þessi brot og áður.

Lögð er til breyting á 11. gr. vegna þess að tilvísun til andlegs ástands á ekki lengur við þar sem greinin vísar ekki lengur til 195. gr. eins og í gildandi lögum, sbr. 4. gr. frv.

Lagðar eru til nokkrar breytingar við 13. gr., sem

fjallar um vændi. Í fyrsta lagi er núverandi 1. mgr. skipt upp í tvær málsgreinar. Í 1. mgr. verði refsiákvæði um þá sem stunda vændi sér til framfærslu og að refsihámark þar verði tveggja ára fangelsi, en það er óbreytt frá núgildandi ákvæðum í 181. gr. hegningarlaga. Lagt er til að í 2. mgr. verði flutt það ákvæði 1. mgr. að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra. Er það gert til að samræmi verði um refsihámark fyrir þau brot er greinir í 2.–4. mgr. Í öðru lagi er lagt til að núverandi 2. mgr. verði breytt til samræmis við brtt. við 1. mgr., þ.e. að í stað orðalagsins að „hafa ofan af fyrir sér" komi að „hafa viðurværi sitt af". Í þriðja lagi er 3. mgr. breytt á þann veg að lagt er að jöfnu að stuðla að því að nokkur maður flytjist til landsins og frá því í því skyni að hafa viðurværi sitt af lauslæti. Jafnframt eru gerðar sömu orðalagsbreytingar og í 2. mgr. Innflutningur er ekki síður mikilvægur en útflutningur í þessu sambandi.

Allmiklar umræður áttu sér stað í nefndinni um ákvæði 1. mgr. 13. gr. frv. Varð meiri hluti nefndarmanna sammála um að ekki bæri að afnema þau viðurlög úr hegningarlögum sem nú gilda um vændi, sem atvinnugrein, né heldur að auka refsingu við því. Benda má á að þótt lítt muni e.t.v. reyna á þetta ákvæði þá hafa hegningarlög afar mikilvægu hlutverki að gegna, sem eru varnaðaráhrif út í þjóðfélagið.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að mæla fyrir meirihlutaákvæði allshn.

Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni skilaði minnihlutaáliti um ákvæðin atriði en að öðru leyti styðja þær frumvarpið í heild sinni.

Þar sem hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem snertir ekki síst hagsmuni barna og unglinga, er það von okkar nefndarmanna að frumvarp þetta hljóti góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi og verði sem fyrst að lögum.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytngar á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sem er að finna á þskj. 838.

Þetta er minnihlutaálit úr allshn. og mun ég stikla þar á stóru. Að öðru leyti vil ég þó vísa í þann texta sem er að finna á nefndu þskj.

Minni hluti nefndarinnar styður frumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum og telur það bæði brýnt og tímabært. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. var aðdragandi að samningu þess samþykkt þingsályktunartillögu þingkvenna Kvennalistans um að setja á stofn nefnd er kannaði hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gerði tillögur um úrbætur í þeim efnum. Meðal þess sem nefndin lagði til var að gerðar yrðu veigamiklar breytingar á gildandi hegningarlögum. Í frv. er farið að tillögum nefndarinnar að verulegu leyti að því er varðar þá kafla sem nefndin fjallaði um. Í umfjöllun nefndarinnar voru gerðar á því allnokkrar efnisbreytingar og eru þær allar mjög til bóta. Þær hafa nú þegar verið raktar og stikla ég aðeins á því stærsta í nál.

Í viðbót við brtt. meiri hluta nefndarinnar leggur minni hlutinn til nokkrar breytingar og er þær að finna á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn fagnar því að horfið hefur verið frá því að milda refsingar og afnema refsilágmark fyrir alvarleg kynferðisbrot, svo sem nauðgun. Minni hlutinn fagnar einnig þeim breytingum sem gerðar eru á 9. gr. frv. þar sem viðurkennt er að kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn, sambúðarbörn og ungmenni í fóstri til kennslu og uppeldis njóta sömu réttarverndar gagnvart uppalendum sínum og börn sem alast upp hjá kynforeldrum.

Sú réttarbót er einnig í brtt. að þeir sem eru í hjónabandi og óvígðri sambúð njóta einnig verndar skv. 4. gr. Í þeirri grein er það gert refsivert að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök. Minni hlutinn telur það mikilvæg mannréttindi allra að vera varðir fyrir slíkri misnotkun án tillits til þess hvort þeir eru í sambúð eða ekki. Einnig styður minni hlutinn það að bætt var inn í 6. gr. frv. ítarlegri ákvæðum um að refsivert sé að misnota aðstöðu sína gagnvart skjólstæðingi í trúnaðarsambandi. Bætt var inn í 4. gr. ákvæðum um að kynferðisleg áreitni sé gerð refsiverð. Styður minni hlutinn þá nýjung heils hugar og telur hana mjög til bóta og hefði raunar verið tilbúinn til að ganga ögn lengra en gert var í þeim efnum.

Minni hlutinn telur að allshn. hafi unnið vel í málinu og tekið ábyrga afstöðu til flestra ábendinga um það sem betur mátti fara.

Minni hlutinn styður þó ekki þær brtt. sem lúta að orðalagi frv., þ.e. að í stað orðsins „manneskja" komi orðið „maður" og aðrar breytingar sem af því leiðir. Enda þótt orðið „maður" sé oft notað bæði um karla og konur er rík hefð fyrir því í íslensku að orðið maður eigi aðeins við um karlmenn. Nægir þar að nefna þá málvenju að tala um „manninn hennar Jónu" og dettur víst fáum í hug að sá maður heiti Guðrún. Minni hlutinn harmar það að vikið var frá því að nota þá mjög svo manneskjulegu lausn sem var í frv.

Í efnislegum brtt., sem minni hlutinn flytur, er reynt að girða fyrir þann möguleika að hægt sé að refsa fórnarlambi kynferðislegs ofbeldis. Slíkt er að mati minni hlutans ótækt. Einnig er mælt með því í brtt. að ákvæði um sifjaspell verndi einnig börn sem tengd eru brotamanni í hliðarlegg. Verður þá núverandi 3. mgr. 8. gr. frv. óþörf.

Fyrsti og annar liður brtt. varða orðalag í brtt. meiri hlutans. Notað sé orðið „manneskja" eins og í öðrum greinum frv. en ekki orðið „maður" eins og í brtt. meiri hlutans.

Þriðji liður brtt. varðar 8. gr. frv. Á eftir orðunum „annan niðja" í 1. efnismgr. komi: systkini eða systkinabarn. Á eftir orðunum „öðrum niðja" í 2. efnismgr. komi: systkini sínu eða systkinabarni.

Þar með eru óþörf þau ákvæði frv. sem kveða á um að samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varði fangelsi allt að 4 árum og er því gerð tillaga um að 3. efnismgr. 8. gr. falli brott.

Minni hlutinn telur að samkvæmt þessu ákvæði sé

möguleiki á því að systkini, sem brotið er á, sé refsað ef ekki sannast að um misneytingu sé að ræða. Minni hlutinn telur að með þessu orðalagi sé hagsmunum barns betur borgið og almenn ákvæði um sakhæfi (í 14. gr. laganna) veiti geranda næga vernd sé hann undir 15 ára aldri.

Í því sambandi vill minni hlutinn vísa til álits sem nefndinni barst frá hópi kvenna er m.a. tengjast Stígamótum, Kvennaráðgjöfinni og Kvennaathvarfinu á einn eða annan hátt. Brtt. minni hlutans í þessum efnum taka mið af sömu athugasemdum og fram koma hjá þeim hópi þannig að gert er ráð fyrir að breyta orðalagi 8. gr. til samræmis við það sem lagt er til í tillögum hópsins. Verði sú breyting ekki samþykkt er það engu að síður álit minni hlutans að fella beri brott 3. mgr. 8. gr. enda veita önnur ákvæði frv., ekki síst 10. gr., þolendum sifjaspella af hálfu systkina vernd án þess að hætta sé á að þolandi hljóti dóm ef misneyting sannast ekki.

Fjórða brtt. er við 1. efnismgr. 13. gr. frv. Minni hlutinn telur ekki ástæðu til að hafa í íslenskum lögum ákvæði um að vændi sé refsivert eins og lagt er til í 1. mgr. 13. gr. frv. Á það var bent í umfjöllun nefndarinnar um frv. að samkvæmt núgildandi lögum og þeim breytingum, sem lagðar eru til með frv., væri vændi ekki refsivert nema sá sem það stundaði hefði framfæri sitt af því. Þetta telur minni hlutinn benda til þess að það sé ekki vilji löggjafans að refsa þeim sem búa við þá neyð að framfleyta sér á vændi. Þeir sem stunda vændi eru oftar en ekki fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis í æsku og/eða fíkniefnaneytendur. Þeir sem kaupa vændi eru því að notfæra sér neyð þeirra sem selja vændi. — Þess má geta að í Noregi eru til tölur sem sýna að ótrúlega mikill fjöldi vændiskvenna þar í landi hefur orðið fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis í æsku. En ég held áfram með nál. — Ef það er raunverulega vilji löggjafans að vændi sé refsivert er það í hæsta máta óeðlilegt að refsa einungis öðrum aðilanum en ekki hinum. Á það var bent í umfjöllun nefndarinnar að slíkt refsiákvæði sé sett fremur til varnaðar en til að beita því. Minni hlutinn telur að ef ekki er gert ráð fyrir að beita lagaákvæðum sé lítið hald í þeim og eins gott að sleppa þeim. Almennt siðgæði er varið með öðrum ákvæðum laga svo að ekki er hægt að rökstyðja ákvæði um að refsa megi fyrir vændi með því að almennu siðgæði sé hætta búin með þessum breytingum.

Umsögn fyrrnefnds kvennahóps, sem tengist Stígamótum og fleiri góðum samtökum er mjög á sömu leið og hér hefur verið greint. Auk þess segir þar í viðbót:

„Einnig teljum við að fyrirmæli um refsingu fyrir vændi verði sjálfsagt til þess að þessi starfsemi fari enn neðar undir yfirborðið en nú er og geri því alla upplýstrun slíkra mála erfiðari en slíkt er síst æskilegt nú á tímum eyðni þar sem vitað er að ein aðalsmitleið eyðniveirunnar er í gegnum vændi."

Þetta er eini hluti tilvitnunarinnar sem ég tek með í mína framsögu, en vísa að öðru leyti til nál.

Minni hlutinn styður ákvæði um að refsivert sé að hafa atvinnu eða viðurværi af lauslæti annarra og stuðla að inn- eða útflutningi einhvers til eða frá landinu vegna vændis.

Frumvörp um breytingar á lögum um almenn hegningarlög hafa verið lögð fram þrívegis á Alþingi án þess að verða útrædd og er brýnt að málið fái nú afgreiðslu. Minni hlutinn ítrekar því stuðning sinn við öll meginefnisatriði frv. og mun greiða því atkvæði með þeim fyrirvörum sem settir eru fram í nál.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er aðeins tvennt sem ég vil nefna hér. Það er í fyrsta lagi orðið manneskja. Ég hélt satt að segja að við hefðum fallið frá því að breyta því ágæta orði. Ég fór að vísu af fundi hv. allshn. skömmu áður en honum lauk en mér líkar þetta orð mjög vel, það er í orðabók Blöndals og eldri orðabókum raunar líka. Í orðabók Menningarsjóðs þýðir manneskja einfaldlega maður og í sviga karl eða kona. Þetta er fallegt orð og manneskjulegt eins og síðasti ræðumaður sagði svo manneskjulega og skemmtilega. Mér finnst alveg óþarfi að vera að breyta þessu. En þetta er auðvitað ekki stórt mál.

Ég skrifaði undir með fyrirvara — þá vissi ég reyndar ekki um annað en að orðið manneskja fengi að standa. Þá var það hins vegar með svipuðum rökum og komu fram hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að því er vændi varðar. Ég held satt að segja að skoðun hennar geti verið rétt og þess vegna skrifaði ég undir með fyrirvara, hvað sem maður gerir svo í lokaatkvæðagreiðslu. En frv. styð ég að sjálfsögðu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sá fyrirvari sem ég hef varðandi undirskrift á nál. er fyrst og fremst almenns eðlis. Ég hef þann skilning að sé það ekki tekið fram í nál. að einstakir flm. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. bindi ég hendur mínar um of og hef því kosið við þær aðstæður að hafa fyrirvara án þess að það sé þó sjálfgefið að um efnislegan ágreining sé að ræða. En ég vildi viðhalda þessari skoðun minni eins og hef gert, held ég, fyrr í vetur.

Um frv. vil ég almennt segja að eins og það lítur út, að teknu tilliti til brtt. nefndarinnar sem ég styð, þá er ég orðinn allvel sáttur við það og ýmis nýmæli sem eru löngu orðin tímabær og þörf. Framsögumaður hefur gert grein fyrir þeim öllum. Þar má t.d. nefna að lögin eru nú ókynbundin, ef orða má svo. Tekið er inn ákvæði um misneytingu trúnaðarsambands, ákvæði um kynferðislega áreitni og þannig mætti fleira telja sem ég tel ákaflega þýðingarmikið að fá inn í löggjöf.

Ég hef einnig nokkuð aðrar áherslur varðandi þær greinar sem fjalla um vændi án þess þó að ég vilji flytja brtt. en ég vildi gjarnan láta koma fram mínar hugrenningar í þeim efnum. Ef við gefum okkur að refsivert sé að hafa framfærslu af vændi þá er ég þeirrar skoðunar að það sé rökrétt og eðlilegt að það sé líka refsivert að kaupa það. Rökin fyrir því að hafa greinar inni um að vændi sé refsivert við ákveðnar aðstæður — en menn verða að athuga að vændi er almennt ekki refsivert — sem eru þær þegar menn hafa fram-

færslu sína af því eru einkum varnaðaráhrif, skilaboð til þjóðfélagsins um hug löggjafarvaldsins til verknaðarins. Auðvitað er ákaflega erfitt að sanna fyrir dómi hvenær einhver tiltekinn einstaklingur hefur framfærslu eða framfæri sitt af þessum starfa. En ég held að með sömu rökum ættu menn að íhuga þá skoðun hvort ákvæði um að refsivert sé að kaupa vændi hefði ekki sömu varnaðaráhrifin úti í þjóðfélaginu og hitt. Ég hallast fremur að þeirri skoðun og tel að menn ættu að velta þessu fyrir sér án þess þó að ég vilji gera þetta að neinu ágreiningsefni við afgreiðslu málsins nú eða flytja um það tillögu.

Ég vil aðeins benda líka á að það er nauðsynlegt varðandi 9. gr. frv. að lesa hjúskaparlögin með hliðsjón af henni ef samþykkt verður. Fyrst við erum líka með til umfjöllunar í sömu nefnd frv. til hjúskaparlaga þá verðum við að muna eftir því í þeirri yfirferð, þegar við göngum frá 10. gr. frv. til hjúskaparlaga, að taka mið af því og líta á það sem samþykkt hefur verið í þessu frv., einkum 9. gr. frv.

Hvað varðar þann ágreining sem minni hlutinn gerir um málfar, hvort nota beri orðið manneskja eða maður, þá er ég þeirrar skoðunar að betur fari á að nota orðið maður. Ég hef lýst þeirri skoðun minni í nefndinni. Mér finnst orðið manneskja vera ósköp flatneskjulegt og hálfóviðkunnanlegt orð í lagatexta. Auk þess er orðið maður þrátt fyrir það að vera karlkyns algengt orð og merkingin ljós og ég bendi á að lokum að orð eins og Kvennalisti er einnig karlkyns.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni af áliti minni hlutans langar mig til þess að segja nokkur orð. Ég er í sjálfu sér sammála því að orðið manneskja sé ágætisorð en á það var hins vegar bent í umsögnum og um það var rætt í allshn. að orðið maður væri almenn íslensk málnotkun í íslensku lagamáli og í íslensku máli almennt. Við getum t.d. litið á umboðsmann Alþingis og velt því fyrir okkur hvernig það liti út ef heitið væri umboðsmanneskja Alþingis og fleiri slík dæmi mætti að sjálfsögðu taka. En mig langar til þess að vekja sérstaka athygli á 3. lið brtt. í minnihlutaálitinu sem fjallar um 8. gr. Þar er lagt til að í 1. efnismgr., á eftir orðunum „barn sitt og annan niðja" komi „systkini sitt eða systkinabarn" og að sams konar breyting verði gerði á 2. mgr. Rökstuðningurinn fyrir þessari tillögu virðist samkvæmt nál. minni hlutans vera sá að með þessu sé reynt að girða fyrir þann möguleika að hægt sé að refsa fórnarlambi kynferðislegs ofbeldis. Þá segir þar einnig að þetta verndi einnig börn sem tengd eru brotamanni í hliðarlegg. Þá segir minni hlutinn einnig að samkvæmt þessu ákvæði, væntanlega núv. 3. mgr., sé möguleiki á því að systkini sem brotið er á sé refsað ef ekki sannast að um misneytingu sé að ræða. Minni hlutinn telur að með þessu orðalagi sé hagsmunum barns betur borgið og almenn ákvæði um sakhæfi í 14. gr. hegningarlaganna veiti geranda næga vernd sé hann undir 15 ára aldri en 15 ára aldur er einmitt sakhæfisaldur.

Hér virðist um mikinn misskilning að ræða. Ef þessi brtt. verður samþykkt þýðir hún aðallega að refsingar fyrir kynmök systkina verða þyngdar frá því sem nú er lagt til í frv. óháð aldri þannig að í stað þess að refsihámark sé fjögur ár, sbr. 3. mgr. 8. gr. frv., verður refsihámark almennt sex ár og tíu ár ef annað eða bæði systkinin eru yngri en 16 ára. Ef bæði eru yngri en 16 ára væri þó refsihámarkið í reynd átta ár, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 74. gr. hegningarlaganna en í henni segir að refsingu megi færa niður úr lágmarki þegar brot er framið af manni sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri og álíta megi vegna ásku hans að þessi refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg og það á aldrei vera meiri refsing en átta ára fangelsi. Auk þess fellir brtt. brott þá refsibrottfallsheimild sem er í 3. mgr. gagnvart þeim sem eru yngri en 18 ára, oft brotaþoli, og eins og við höfum heyrt um, oft yngra kvenkyns systkini, og gerir stöðu hans þannig lakari. Það er rangt að með brtt. sé aukin refsivernd gagnvart börnum. Vakin er athygli á því að ef annar aðilinn er yngri en 14 ára ber jafnframt að refsa fyrir brot gegn 202. gr. hegningarlaganna, sbr. 10. gr. frv., en þar verður refsihámarkið 12 ár ef brtt. meiri hlutans verður samþykkt.

Í sjálfu sér er ósköp skiljanlegt að upp komi vangaveltur um hegningarlagaákvæði sem snerta vændi. En vændi er almennt refsilaust athæfi. Það er einungis ef það er stundað sem atvinnugrein sem viðurlög eru. Hins vegar er megináherslan lögð á milliliði í 13. gr. frv. og kveðið á um mun þyngri refsingar í alls fjórum málsgreinum þar sem tekið er á margháttuðum aðstæðum. Hegningarlögum er ekki einungis ætlað að refsa fyrir afbrot heldur er þeim ætlað að hafa varnaðaráhrif, þ.e. að koma í veg fyrir að afbrot séu framin og sérhver breyting á þeim á að vera til bóta fyrir almenningsheill. Meiri hluti allshn. telur að brtt. minni hlutans hvað þetta varðar sé ekki til bóta í þessu sambandi og a.m.k. sé sú breyting ekki tímabær.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hluta allshn. án fyrirvara um þetta mál. Að sjálfsögðu er það svo að það er alltaf álitamál í slíkum málaflokki og því erfitt að fullyrða hverju er rétt að breyta og hverju ekki.

Hér hefur einkum verið rætt um tvö atriði. Það má segja að annað sé tilfinningalegs eðlis, þ.e. hvort nota eigi orðið maður eða manneskja. Ég hallast að því að heppilegra sé að nota þarna orðið maður án þess að nokkuð liggi þar annað á bak við en málkennd mín.

Hitt atriðið er um það hvort refsa skuli þeim sem hefur vændi sér til framfærslu eða ekki. Aldrei mun hafa reynt á þetta lagaákvæði sem er í gildandi lögum og því má segja að það séu einhver rök fyrir því að það sé óþarft. Hins vegar held ég að við hljótum öll að vera sammála um að það er ekki æskilegt að slíkt ástand skapist að einhverjir séu neyddir til þess að hafa framfærslu sína að fullu af slíkri starfsemi og því sé rétt að reyna að hafa þar varnaðaraðgerðir á móti. Það er af þeirri ástæðu sem ég styð það einnig að þetta ákvæði haldist inni í lögum en ekki af einhverri refsigleði í garð þess ógæfufólks sem slíkt kynni að henda.

En aðalatriðið er að sjálfsögðu að reyna að halda slíku þjóðfélagi að enginn neyðist til þess að fara út á þá braut.

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess að við höfum samþykkt að hafa ekki mjög langa umræðu hef ég ekki möguleika til að fara í smáatriðum ofan í athugasemdir hv. frsm. meirihlutaálits. Ég vil þó gera tvær athugasemdir og ég held að þær skýri mitt mál nokkuð vel.

Í fyrsta lagi tel ég mig hafa gert nógsamlega grein fyrir því hvers vegna ég tel ekki ástæðu til þess að refsa fyrir vændi og hvers vegna ég tel að varnaðaráhrif greina, sem ekki eru notaðar, séu lítil. Hins vegar hef ég bent á að ef eigi á annað borð að refsa fyrir vændi þá sé mjög óréttlátt að aðeins öðrum aðilanum en ekki hinum sé refsað. Ég mun ekki eyða fleiri orðum að því og vona að það hafi allt komist til skila. Ég vil reyndar vekja athygli á því að ekki er allur meiri hlutinn sammála þessu eins og skilja mátti af orðum hv. frsm. meiri hlutans.

Varðandi brtt. á 8. gr. langar mig að lesa saman greinina eins og hún mundi hljóða ef brtt. mínar verða samþykktar og ég held að það skýri nákvæmlega hvers vegna þetta er fullnægjandi ákvæði að mínu mati. Refsivernd gildir fyrir þá sem eru yngri en 15 ára. Ég hef jafnframt látið kanna tillögur mínar og það tókærinn tíma en ég gekk frá þeim með þeim hætti sem ég taldi best og ég stend við það. En mig langar bara til þess að stytta umræðuna að lesa greinina eins og hún liti út að samþykktum brtt. við 3. gr. frá minni hluta allshn., þ.e. frá mér. Þá liti greinin svo út:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja, systkini sitt eða systkinabarn skal sæta fangelsi allt að sex árum og allt að tíu ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja, systkini sínu eða systkinabarni en sú, er greinir í 1. mgr., varðar allt að tveggja ára fangelsi og allt að fjögurra ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára."

Þannig liti þá greinin út. Ég sé ekki annað en að þetta styðji nákvæmlega það sem ég er að segja, að í stærstu atriðum veiti þetta meiri refsivernd gagnvart alvarlegri brotum en girði fyrir þann möguleika að það systkinið sem er fórnarlamb, ef það ekki sannast að um misneytingu sé að ræða eða ásetningsbrot eins og notað er til skýringar 18. gr. almennra hegningarlaga um að þarna þurfi ásetning til, þá finnst mér að þetta hljóti að verja það systkini sem er fórnarlamb vegna þess að ég sé ekki að það sé mikil vörn nema út frá 18. gr. almennra hegningarlaga í þessari 3. efnismgr. sem ég vil að falli brott úr 8. gr.:

„Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að fjórum árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar."

Varðandi það að fella niður refsingu hef ég þegar tilgreint það að gerandi yngri en 15 ára nýtur áfram refsiverndar. Í öðru lagi sé ég ekki — þar sem í fyrstu tveim málsgreinunum með þessum breytingum er talað um að annar sé gerandi og hinn þolandi — að það sé mögulegt að fórnarlambinu sé refsað eins og mögulegt er með 3. efnismgr. 8. gr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284, nál. 776 og 789, brtt. 775 og 790, till. til rökst. dagskrár 791.

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta mál er mjög mikilvægt, mikilvægara en margan kann að gruna. Þetta mál varðar það hvort íslenskt æskufólk hefur tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Ítarleg umfjöllun hefur farið fram um frv. þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að sníða af því verstu agnúana. Einnig hafa verið bornar fram tillögur þar að lútandi. Ég vil ekki bæta miklu við þar um, heldur vil ég leyfa mér að beina orðum mínum sérstaklega til tveggja hv. þm., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns þingflokks Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands, og hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Þannig vill til að hvorugur er í salnum einmitt þessa stundina en hv. þm. Össur Skarphéðinsson mun vera í húsinu. Svo bregður við að þegar frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur verið til umræðu þá fækkar ansi mikið í þingsalnum og ég held að það sé rétt að það hafi verið mest í salnum í senn tveir þingmenn frá þingflokki Alþfl. meðan ég hef hlýtt hér á 2. umr. Þeir eru báðir og sitja hér sem varaþingmenn en aðrir þingmenn hafa lítið látið sjá sig nema þingmaður Alþfl. hafi gegnt forsetastöðu. Ég held samt áfram máli mínu þó að hvorugur hlýði á mig að ég viti. Það verður þá að duga að þeir lesi þetta í þingtíðindum eða ég segi þeim frá því sjálfur seinna.

Af hverju skyldi ég beina orðum mínum sérstaklega til þessara tveggja þingmanna? Það er einfaldlega vegna þess að mér þykir líklegt að þeir geti sett sig í spor námsmanna og skilið aðstöðu þeirra. Af hverju skyldi ég gera þá kröfu til þeirra? Jú, þeir hafa báðir ekki alls fyrir löngu lokið langskólanámi eins og komið hefur fram í umræðunni og hv. þm. Össur Skarphéðinsson var í eina tíð formaður Stúdentaráðs. Þá flutti hann fyrstu þingræðu sína í þessu húsi, af þingpöllunum hér fyrir ofan, og mótmælti harðlega skerðingu námslána. Ég hef ekki heyrt efni ræðunnar né lýsingu á flutningi hennar en ég efa ekki að ræðumaður hafi leiftrað af eldmóði og hugsjón fyrir bættum kjörum íslenskra námsmanna og mótmælt harðlega öllum

skerðingarákvörðunum. Gaman hefði verið að fá ræðuna og lesa hana í ræðustóli þannig að hin eiginlega jómfrúrræða hv. þm. kæmist í þingtíðindin. Ástæða þess að ég beini máli mínu einnig til hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar er kynni hans af námsmönnum og kjörum þeirra.

Ef minnið svíkur mig ekki gersamlega þá man ég fyrst eftir honum ungum, reiðum og róttækum framhaldsskólanema fyrir mörgum árum. Það var á fundi framhaldsskólanema, gott ef ekki var verið að stofna til samtaka framhaldsskólanema. Þar bar mikið á kappanum og ekki fór á milli mála að eldur og róttækni brann í brjósti hans. Það er einmitt vegna fortíðar hv. þm., Össurar Skarphéðinssonar og Gunnlaugs Stefánssonar, að ég beini orðum mínum til þeirra. En eins og ég sagði áðan situr hvorugur í þingsalnum nú en hugsanlega heyrir annar eða báðir til mín.

Þessir heiðursmenn fengu senda áskorun til alþingismanna með undirskrift 8.000 námsmanna þar sem farið var fram á að frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna verði tekið til endurskoðunar. Í þeirri áskorun segir m.a., með leyfi forseta:

„Það mun vera stefna allra þeirra flokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi að á Íslandi sé jafnrétti til náms. Lánasjóður ísl. námsmanna er hornsteinn þeirrar stefnu. Þess vegna hljóta alþingismenn að standa vörð um sjóðinn sem félagslegt jöfnunartæki en skoða hann ekki sem peningastofnun sem verði að skila hagnaði. Námsmenn minna á að hin sanna arðsemi menntunar sést ekki í ársreikningum Lánasjóðs ísl. námsmanna heldur skilar sér beint út í þjóðfélagið því til eflingar."

Síðan er farið yfir þau þrjú atriði sem er mestur þyrnir í augum námsmanna og óskað er eftir að lagfærð verði. Þar er tilgreint að nú eru settir á með lögunum allt að 3% raunvextir á námslánin. Þar er bent á að endurgreiðsluhlutfall sem áður var 3,75% verður 5% fyrstu fimm árin en 7% af heildartekjum eftir það. Og þá er bent sérstaklega á ákvæðið um eftirágreiðslu lána. Öll þessi atriði stinga mjög í augu námsmanna og námsmen hafa hvatt þá þingmenn sem þeir sendu þessa áskorun og alla þingmenn til þess að taka þetta frv. til endurskoðunar með tilliti til þessara atriða.

Það er ljóst að námsmenn hafa verið til viðræðu um breytingu á lögum um lánasjóðsinn og lagt fram tillögur þar um. Enn tala ég án þess að vita hvort þessir tveir ágætu hv. þm. heyra til mín. Það vill þó svo til að Össur vissi af því að ég ætlaði að ávarpa hann sérstaklega í minni ræðu þegar ég kæmist í stólinn en ég held samt áfram og vil spyrja ykkur, herrar mínir: Getið þið sætt ykkur við þá áróðursherferð sem farin hefur verið gagnvart íslenskum námsmönnum þar sem skellt er fram fréttum um meinta misnotkun íslenskra námsmanna á lánasjóðnum og þar sem öll tiltæk ráð og meðul eru notuð til þess að nefna dæmi um hversu ofdekraðir íslenskir námsmenn eru? Getið þið sætt ykkur við að íslensk ungmenni hafi ekki jöfn tækifæri til náms óháð efnahag? Getið þið sætt ykkur við að kjör íslenskra námsmanna séu skert eins og tillögur eru um í frv.? Getið þið sætt ykkur við að slegið sé á útrétta hönd námsmanna þegar þeir bera fram tillögu til lagfæringar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna til að sníða af þá agnúa sem á lögunum eru? Ef svo er þá held ég að nauðsynlegt sé að þið fáið kost á því að mæta á fund stúdenta 1. des. árið 1992 til þess að stappa í námsmenn stálinu og lýsa um leið hversu mikil auðlegð er fólgin í vel menntuðu ungu fólki. Ef svo er, þá segi ég að lokum: Blessuð sé minning þeirra hugsjóna sem bærðust í brjóstum ykkar þegar þið voruð ungir námsmenn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það sem mér er efst í huga núna þegar umræðan um Lánasjóð ísl. námsmanna er sennilega komin á síðari stig er hugarfarið sem liggur að baki tillagna sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna sem borist hafa í málinu frá upphafi og allt fram á þennan dag. Það var kannski ekki við góðu að búast þegar litið er á þann hóp sem upphaflega samdi frv. og litlar líkur á að hann geti endurspeglað skoðanir þjóðarinnar allrar, allra stétta á því hvernig þetta félagslega kerfi þjónaði best þeim sem mest þurfa á slíku kerfi að halda. Það hefði hins vegar mátt ætla að hér á hv. Alþingi kæmi þau sjónarmið inn í umræðuna, ekki bara hjá stjórnarandstæðingum heldur einnig hjá þingmönnum stjórnarflokkanna, ekki síst þegar það er haft í huga að annar flokkurinn kallar sig flokk allra stétta og hinn jafnaðarmannaflokk Íslands.

Ég hafði það sterklega á tilfinningunni eftir að ég hafði hlýtt á ræðu hæstv. menntmrh. í gær að hann væri ekki að breyta lögum Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrst og fremst vegna fjárhagsástæðna sjóðsins heldur vegna þess að hann er á móti því að viðhalda félagslegri aðstoð við námsmenn í svo ríkum mæli sem verið hefur og hann líður það ekki að námsmenn fái lán á meðan þeir eru í vinnu sem nám vissulega er heldur eigi þeir einungis að fá lán ef vinnan skilar árangri.

Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu þá væri eflaust langæskilegast að allir næðu prófum. En hitt er staðreynd að ýmsir falla og það meira að segja án þess að vera skussar og án þess að hafa slegið slöku við. Sumar deildir setja ströng takmörk um fjölda sem skal halda áfram námi og því er fall í sjálfu sér ekki í beinum tengslum við gáfnafar og ástundun.

Það hefur verið litið svo á að námslán séu framfærslulán. Til þess að svo geti áfram verið er frumskilyrði að áfram verði um mánaðarlegar greiðslur að ræða en ekki tekið upp það fyrirkomulag sem nú liggur fyrir að gert verði, þ.e. að lán verði greidd eftir á einu sinni eða tvisvar á ári. Staðreyndin er nefnilega sú að áhrif eftirágreiðslukerfisins á fjárhag sjóðsins eru ekki eins mikil í reynd eins og reynt hefur verið að láta í skína af hálfu hæstv. ráðherra og af hálfu stjórnarsinna.

Í útvarpsfréttum þann 5. þessa mánaðar var viðtal við formann Lánasjóðs ísl. námsmanna, Gunnar Birgisson. Þar gerir hann mikið úr þessu vandamáli og því miður eru ýmsar fullyrðingar fréttamannsins nokkuð litaðar og spurningar leiðandi. Í þessu viðtali er aðalfréttin sú að yfir helmingur námsmanna hafi vanmetið tekjur sínar og því fengið hærri námslán en þeir áttu

rétt á. Ég bið hv. þm. að taka eftir því, hærri námslán en þeir áttu rétt á. Þetta er það sem landsmenn heyra og skilja sem svo að þeir hafi tekið hærri lán en þeir hafi átt rétt á. Staðreyndin er hins vegar sú að þeir fá lánin fyrr en þeir áttu rétt á og á þessu er nú mikill munur.

Í þessum fréttum er verið að tala um skólaárið 1990–1991 og kom fram hjá fréttamanninum að haustlán hafi verið 350–400 millj. umfram það sem námsmenn höfðu rétt til. Hér í umræðunni hefur komið fram að í lok skólaárs hafi 50 millj. enn verið ofgreiddar en nú hafa komið fram upplýsingar sem ég tel mjög mikilvægar sem eru þær að í lok ársins 1991 voru aðeins liðlega 8 millj. eftir af þeirri upphæð. Þetta er samt ekki eins og hlutirnir eiga að vera, það skal ég viðurkenna, enda hafði sjóðstjórnin tekið á þessu máli með eins konar refsiálagi sem er 5% á þá upphæð sem skeikar á milli áætlaðra tekna og rauntekna en enn þá liggur ekki fyrir niðurstaða í því hvaða áhrif þetta refsiálag hefur. Mér finnst þess vegna að það mætti hækka þetta refsiálag verulega og þannig taka á þessu máli en ekki fara þá leið sem stjórnarflokkarnir fara og vilja fara að refsa öllum námsmönnum með því að leggja niður það form að lánin geti talist framfærslulán, þ.e. mánaðarlegar greiðslur. Það er ekkert auðvelt að segja til um það í ágúst upp á krónu hvað sumartekjurnar verða miklar og auðvitað verða námsmenn að giska á það að einhverju leyti. Ef engin refsing er við því að áætla of háar tekjur, þá hafa námsmenn töluna eflaust frekar í hærri kantinum og einhverjir allt of háa og eru greinilega að misnota kerfið og á slíku þarf að taka, enda hafa námsmenn einmitt haldið því fram sjálfir að það eigi að taka á þeim sem greinilega vilja misnota þetta kerfi og í rúmlega 8.000 manna hópi eru alltaf einhverjir svartir sauðir. En þegar talað er um í þessu tilfelli að yfir helmingur námsmanna hafi vanáætlað tekjur sínar árið 1990–1991, þá eru allir taldir með, líka þeir sem vanáætluðu tekjur um 100 kr. þannig að það er kannski ekki skrýtið að það sé hægt að komast þarna upp í háa upphæð, í háa tölu eða mikinn fjölda námsmanna. Ef þetta er aðalástæða þess að eftirágreiðslukerfið er tekið upp þá sýnist mér að hæstv. ráðherra sé á enn meiri villigötum en ég hafði áður gert mér grein fyrir. Á svona vandamálum tekur maður með refsiálagi sem er það hátt að það skiptir máli og það er til viðvörunar og það er til að hræða eða forðast misnotkun.

Ég hef farið hérna nokkuð yfir aðra ástæðu þess að lagt er til að lán greiðist eftir á eða a.m.k. formlega er talað um sem ástæðu en mér heyrðist satt að segja eins og ég nefndi áðan í ræðu hæstv. ráðherra hér í gær að það væri ekki fyrst og fremst verið að hugsa um að bæta fjárhag sjóðsins. Hin ástæðan er sú að þeir sem falla eru á lánum á þeim tíma sem þeir eru að lesa undir það próf sem þeir síðan ekki ná.

Eins og allir vita eru lögin þannig í dag að fyrsta árs nemar fá ekki lán fyrr en þeir hafa sýnt fram á árangur. Þetta finnst öllum eðlilegt eða ég hef ekki heyrt annað þar sem fyrsta missirið sker oft úr um það hvort nemanda er alvara með það að ætla sér í langskólanám eða ekki, enda sýnir það sig að það eru margir sem átta sig á því strax á fyrsta missiri að þeir eru ekki á réttri leið og eigi betur heima á öðrum vettvangi.

Sá sem lengra er kominn og fellur heldur oftast áfram námi og er þá ekki á lánum á því tímabili þar til hann hefur næst sýnt árangur. Þetta finnst mér að skipti miklu máli að hér komi fram og finnst að hafi ekki komið nægilega skýrt fram í umræðunni.

Ég viðraði þá hugmynd í minni fyrri ræðu að vel mætti hugsa sér að einhvern veginn yrði tekið á málum þeirra nemanda, sem ekki ná að skila árangri í annarri tilraun, á alvarlegan hátt eða tekið hart á slíkum tilfellum. En aðalatriðið í mínum huga er það að refsa ekki öllum fyrir einhvern takmarkaðan fjölda sem misnota sjóðinn. Talsmenn námsmanna hafa sagt það opinberlega að það verði að taka á vandamálunum sem séu til en einmitt ekki að refsa öllum fjöldanum.

Eitt af því sem hæstv. ráðherra lét mjög skilja á sínu máli sl. þriðjudag var að ef þetta frv. yrði ekki að lögum þá yrði brátt enginn lánasjóður til og ég spyr bara: Hvers konar hótanir eru þetta, hæstv. ráðherra? Hvaða menntmrh. hefur nokkru sinni dottið í hug að láta að því liggja að menningarsamfélag, eins og við Íslendingar viljum svo sannarlega geta kallað okkar þjóðfélag, geti komist upp með það að lána ekki til námsmanna? (**Menntmrh.:** Þá þurfa að vera til peningar.) Það er spurning hvernig peningum er varið, hæstv. ráðherra.

Eitt af því sem kom fram í þessu umræddu útvarpsviðtali sem ég vitnaði til áðan við formann lánasjóðsins, var það að verið væri að ræða við bankakerfið um að það láni námsmönnum þar til þeir fái lánin sín og það er ljóst að það verður einhver aukinn vaxtakostnaður vegna þess arna, sagði formaðurinn í þessu viðtali. Og þá sagði hann enn fremur, með leyfi forseta:

„Stjórnin er að ræða það hvernig verður brugðist við því hvernig námsmönnum verður bætt það upp.“ Þá spyr fréttamaðurinn: „Er hugsanlegt að þeir fái þá örlítið hærra lán til að mæta þessum vaxtakostnaði?“ Formaðurinn svarar: „Já, það er hugsanlegt.“

Sl. þriðjudag kom það einnig fram í ræðu hæstv. ráðherra að námsmönnum verði lánað fyrir vöxtunum að auki. Það kallaði hæstv. ráðherra að námsmenn þurfi ekki að bera vaxtakostnaðinn óbættan. Ég ætla ekki að fara út langar textaskýringar á þessari fullyrðingu ráðherrans en málskilningur minn segir mér að það að bera eitthvað óbætt þýði að viðkomandi þurfi að bera það að fullu en að þurfa ekki að bera eitthvað óbætt þýði að viðkomandi þurfi ekki að bera að fullu. Mér finnst skýring ráðherrans sú að það yrði lánað fyrir vöxtunum alls ekki í samræmi við þau orð að námsmenn þyrftu ekki að bera vaxtakostnaðinn að fullu. Lán eru lán sem þarf að greiða til baka og með því að greiða þau til baka verðtryggð eru þau greidd til baka. Á það legg ég áherslu.

Þá er ég komin að þeirri hugmyndafræði sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og hefur komið fram í umræðu um lánasjóðinn og kemur fram í upphaflegu skýrslunni sem samin var af nefnd ráðherrans. Það er sem sagt sú hugmyndafræði að í raun séu ¼ af lánun-

um styrkur eins og kerfið er í dag. En þetta er eflaust hugmyndafræði kapítalistanna en sú viðmiðunin er fráleit af því að hún gerir ráð fyrir að námsmenn tækju lán í bankakerfinu ef enginn lánasjóður væri til og þannig eru borin saman við kjör námsmanna lán á fullum vöxtum eins og þau tíðkast í bankakerfinu á Íslandi.

Þá langar mig aðeins, hæstv. forseti, að koma frekar inn á vaxtaþátt frv. Við framsóknarmenn erum á móti því að lán beri raunvexti en auðvitað viðurkennum við það að 1% vextir eru ólíkt skárri kostur en 3% vextir ef við hefðum það tryggt að 1% vextir yrðu til frambúðar. Mér finnst hins vegar sérkennileg útskýring að ekki yrði hægt að staðfesta að ríkisstjórnin mundi ekki hækka vextina af því að vel gæti farið svo að verðbólga hækkaði í landinu. Ég get ekki séð að raunvextir á lánum séu háðir verðbólgustigi. Verðtrygging sem stjórnast af verðbólgu en ekki raunvextir. Þá langar mig til þess að biðja hæstv. ráðherra að útskýra betur hvað breytilegir vextir þýða í þessu tilfelli. Ef við tökum sem dæmi námsmann sem byrjar nám sitt þegar vextir eru 1% en þegar hann hefur stundað nám í tvö ár þá verða vextirnir 3% en þegar hann lýkur námi eru vextir 2,5% og þegar hann byrjar að endurgreiða lánið þá verður búið að færa vextina aftur niður í 1%. Eitthvert svona dæmi gæti maður búið til. Hverjir eru þá vextirnir sem þessi einstaklingur greiðir? Við getum látið hæstv. ráðherra hafa þetta dæmi skriflegt á eftir ef það er gagnlegt.

Annað kom fram í ræðu ráðherrans sem ég vil mótmæla og það var þegar hann sagði að allar þjóðir tækju vexti á námstíma nema við. Ég tel að þarna fari ráðherrann ekki með rétt mál. Að vísu er það rétt að nágrannaþjóðir okkar kalla það vexti á námstíma en þar sem þeir eru ekki með það sem við köllum verðtryggingu horfir málið öðruvísi við. Í Danmörku eru vextir á námstíma 4% en þar eru hreinir styrkir helmingi hærri en lánin. Í Finnlandi eru vextir á námstíma 4,5% og Finnar eru líka með beina styrki en þó ekki eins hátt hlutfall og Danir. Í Noregi eru ekki vextir á námstímanum en Norðmenn eru með mikið styrktarkerfi við sína námsmenn. T.d. er hægt að breyta veittu láni í styrk í Noregi ef veikindi ber að höndum eða barneignir. Svíar eru einnig með það fyrirkomulag að breyta megi láni í styrk ef veikindi ber að höndum og í Svíþjóð eru vextir ákveðnir einu sinni á ári. Námslán þar bera 8,3% vexti og þar eru styrkir um helmingur á móti láni og auk þess eru Svíar með svokallaða staðaruppbót og margt mætti fleira nefna í sambandi við þau lánakerfi sem eru í gangi við námsmenn annars staðar á Norðurlöndunum og eru virkilega athyglisverð og reyndar koma fram sem fskj. með frv. upplýsingar um þessi efni.

Hæstv. ráðherra sagði í umræðunni á þriðjudaginn og beindi þá orðum sínum til mín að ekkert þýddi að lesa upp úr úreltum töflum í sambandi við eftirstöðvar einstakra stétta við 67 ára aldur. Ég skal segja ráðherranum það að þær tölur sem ég las upp voru svo sannarlega ekki úreltar. Þær voru glóðvolgar og algerlega í samræmi við frv. eins og það lítur út núna, þ.e. þangað til ráðherrann kvað upp úr með það að lánað yrði fyrir vöxtum í bankakerfinu á meðan námsmenn eru að bíða eftir láni sínu úr lánasjóðnum. Ég geri mér grein fyrir því að með tilliti til þess eru lánin orðin hærri en gert var ráð fyrir í þeim töflum sem ég las upp úr og afföllin sennilega líka orðin hærri og upphæðirnar sem eftir standa við 67 ára aldurinn einnig orðnar hærri og voru þær tölur þó nógu alvarlegar fyrir. En það má geta þess í þessu sambandi að þær töflur sem voru birtar í frv. sjálfu sem fskj., því frv. sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á, voru aftur ámóti úreltar. Þar hafði verið tekið tillit til tekna sem viðkomandi stéttir höfðu einhverjum mánuðum ef ekki árum áður en frv. var lagt fram. En þar sem við höfðum viljugan formann í nefndinni sem vildi þjóna okkur þá fengum við jafnóðum töflur og tölur sem gáfu til kynna hvað viðkomandi brtt. þýddu með tilliti til endurgreiðslna námsmanna og með tilliti til þess hversu háar upphæðir gætu orðið eftirstandandi þegar viðkomandi lyki starfsaldri sínum.

Ýmsir hafa nefnt framkomu námsmanna í umræðunni og ég vil taka undir það að mér finnst að hún hafi verið mjög kurteisleg og kannski hefur skort á að námsmenn hafi sýnt meiri hörku nú en hér hefur það verið nefnt að fyrr á árum var allur gangur í þeim efnum og námsmenn fjölmenntu á pallana og fluttu jafnvel ræður þaðan sem er náttúrlega ekki leyfilegt. Vel má vera ef námsmenn hefðu sýnt einhverja slíka framkomu hefði verið gengið lengra í þá átt að nálgast þeirra sjónarmið en ég mæli nú frekar með því að fólk sýni kurteisi og reyni að koma skoðunum sínum á framfæri á málefnalegan hátt. En af því að ég nefni þetta þá var reyndar eitt sem ráðherra svaraði ekki í ræðu á þriðjudaginn sem ég hafði spurt hann um en það var hvort það hefði verið haft eitthvert samstarf við námsmenn á síðari stigum annað en það að þeir komu til viðræðna við menntmn. Ég spyr af því tilefni að ráðherra var mjög ósammála því að ekki hefði verið haft eðlilegt samstarf og samráð við námsmenn í vinnslu þessa frv. alls.

Hæstv. forseti. Ég sé að klukkan er orðin sjö. Er meiningin að fresta fundi? Ég á nokkuð eftir af mínu máli. (**Forseti:** Það var meiningin að gera kvöldverðarhlé en ef hv. þm. vill ljúka ræðu sinni áður, er ekkert því til fyrirstöðu ef það er ekki langt mál. En það var meiningin að gera hér hlé til kl. 8.30 og hefur verið gert ráð fyrir því.) Ég á nokkuð eftir af mínu máli og þá óska ég frekar eftir því að það verði gert hlé á fundinum núna. Það var það sem ég hafði heyrt að yrði gert. (**Forseti:** Ef hv. þm. óskar eftir að fresta ræðu sinni nú þá er það sjálfsagt.) Forseti sker úr um það. (**Forseti:** Forseti var búinn að lýsa því yfir að hv. þm. væri heimilt að fresta ræðu sinni nú.) — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég ætla í upphafi máls míns núna að loknu matarhléi að vitna örlítið í blað sem gefið var út á síðasta sumri af hálfu háskólamanna, Röskvublað, og þar var haft viðtal við þá nýskipaðan menntmrh. Ég ætla að grípa niður í þetta viðtal, með leyfi forseta, en þar stendur undir fyrirsögninni „Lánasjóður íslenskra námsmanna.“:

„Ráðherran sagði það vera hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna að tryggja að allir þeir sem hefðu áhuga og hæfileika til að mennta sig geti það óháð efnahag. Hann kvaðst ekki sjá það að sjóðurinn yrði gjaldþrota á næstu árum. Fjárveitingavaldið hefði undanfarið skammtað honum minna fé en hann hefði þurft miðað við útlánareglurnar með þeim afleiðingum að staða hans væri í hættu. Því þyrfti að endurskoða lögin um lánasjóðinn, endurskoða námslánakerfið í heild og koma á nýju kerfi, helst blönduðu kerfi lána og styrkja. Aðspurður sagðist ráðherrann ekki gera ráð fyrir því að námsmenn yrðu einir látnir bera fjármagnskostnað sjóðsins. Lánin yrðu ekki látin bera jafnháa vexti og þau lán sem notuð væru til að sjá sjóðnum fyrir fé. Hann sagði að þegar drög að nýjum lögum um lánasjóðinn yrðu tilbúin óskaði hann eftir sem allra nánustu samstarfi við námsmenn og fullyrti að hann mundi ekki þvinga slík lög í gegnum þingið án samráðs við námsmenn."

Nú finnst mér, hæstv. forseti, að ráðherra sé að þvinga slík lög í gegnum þingið gegn vilja námsmanna. (**Menntmrh.:** Ég sagði aldrei að ég mundi ekki gera það. Þetta er einhver misskilningur í þér.) Hæstv. forseti, nú held ég að ég verði að endurtaka síðustu setninguna. Hún er svona:

„Hann sagði að þegar drög að nýjum lögum um lánasjóðinn yrðu tilbúin óskaði hann eftir sem allra nánustu samstarfi við námsmenn og fullyrti að hann mundi ekki þvinga slík lög í gegnum þingið án samráðs við námsmenn."

Nú er mér ekki kunnugt um þetta samráð sem hefur verið haft við námsmenn á síðari stigum og ég spurði um í fyrri ræðu minni. Hæstv. ráðherra greinir okkur kannski frá því í máli sínu á eftir eða síðar í umræðunni en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá námsmannahreyfingunum hefur þetta samstarf verið mjög af skornum skammti.

Einnig kemur þarna fram að námsmenn verði ekki einir látnir bera þennan fjárhagsvanda sem sjóðurinn á í og það er nú einmitt ástæða þessara hugmynda minni hlutans að ríkið verði að yfirtaka í tengslum við breytingar á sjóðnum eitthvað af vandanum vegna þess að námsmenn, sem núna eru í námi og fara í nám á næstu árum, bera enga sök á því hvernig komið er fyrir sjóðnum. Hins vegar á þjóðin, skattborgararnir, miklu meiri þátt í því að þessi vandi er til orðinn og þar að auki þurfti stór hluti þjóðarinnar aldrei að borga lán sín til baka og þar á meðal er eflaust drjúgur hluti hv. alþm. sem nú stendur að þessari lagasetningu. (Gripið fram í.) Við skulum ekki fara nánar út í það en það væri kannski verðugt verkefni að fara ofan í þau mál.

Sú aðferð sem beitt hefur verið upp á síðkastið til að reyna að fá þjóðina með sér í þessi hryðjuverk á Lánasjóð ísl. námsmanna eru öll á þann veg að reyna að sverta námsmenn í augum þjóðarinnar. Þeir falla, þeir gefa upp of lágar tekjur, þeir greiða lán sín ekki til baka o.s.frv. Auðvitað eru námsmenn fyrst og fremst heiðarlegt fólk sem þarf á lánasjóðnum að halda til þess að geta stundað sitt nám án tillits til efnahags og fjárhagslegra aðstæðna.

Eitt af því sem haft var eftir formanni sjóðstjórnar í vikunni eða í fréttum var það að námsmenn gæfu upp of lágar tekjur á haustin til þess að ná sér í fjárfestingarlán. Er það trúlegt að námsmenn standi í stórkostlegum fjárfestingum á námstímanum? Nú getur verið að aðrir viti meira um það en ég, en miðað við að lánin eru ekki hærri en raun ber vitni þá finnst mér það frekar ótrúlegt.

Okkur þingmönnum hafa borist mörg mótmælabréf frá námsmönnum, bæði hérlendis og erlendis og vissulega hefði verið ástæða til þess að lesa eitthvað af þeim hér og fá efni þeirra inn í þingtíðindin en ég ætla nú að hugga hæstv. ráðherra með því að ég ætla ekki að fara að lesa þau og ég efast ekki um að ráðherranum hafi borist þau líka. En það var eitt af því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra í gær þegar hann svaraði mínum fyrirspurnum, sem var í sjálfu sér gott að fá svar við, og það var að námsmönnum verður lánað fyrir skólagjöldum en það skal líka gert eftir á. Mér verður hugsað til námsmanna erlendis þar sem skólagjöld geta verið allhá og hvernig þeir eiga að framfleyta sér fram á vorið til þess að standa straum af þeim kostnaði auk framfærslukostnaðarins. Mig langar einmitt í sambandi við þetta að nefna eitt atriði sem kom fram í andsvari frá hv. 11. þm. Reykn., sem er fulltrúi Alþfl. í menntmn., en hún sagði þegar ég spurði hvernig hún sæi fyrir sér að laganemi framfleytti sér fram á vorið þar sem laganemar taka ekki áfangapróf á miðjum vetri eins og flestir námsmenn gera, að það væru ýmsir möguleikar á mati á miðjum vetri. Það fannst mér vera nýtt innlegg í umræðuna. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er kannski um það að ræða og samræmist það þá 1. mgr. 6. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta: „Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur." Dugar það að fá einhvers konar uppáskrift á miðjum vetri um það að viðkomandi námsmaður stundi námið samviskusamlega til þess að fá lán í þeim tilfellum þegar próf eru ekki á miðjum vetri heldur einungis að vori? Ef svo er þá er það strax til bóta og það væri gagnlegt að fá það inn í umræðuna eða var þetta á misskilningi byggt hjá hv. 11. þm. Reykn.?

Mig langar í örstuttu máli að víkja að blaðagrein sem Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri lánasjóðsins skrifar í Morgunblaðið í febrúar sl. þar sem hann er m.a. að svara leiðara í Morgunblaðinu sem hann er ekki alls kostar sáttur við. Hann skýrir ýmis atriði sem snerta sjóðinn og segir í sínum lokaorðum m.a., með leyfi forseta:

„Þung orð hafa oft fallið í ræðu og riti um Lánasjóð ísl. námsmanna og þeir þá oft höggvið óðast og tíðast sem hlífa skyldu. Því verður þó ekki með rökum á móti mælt að sjóðurinn hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna í íslensku þjóðfélagi, nánast lykilhlutverki. Þær reglur sem hann hefur starfað eftir eru um margt lausar í reipum og hefur verið breytt í sífellu, eins og Morgunblaðið kemst að orði. Ég tek heils hugar undir að örar breytingar á reglum sjóðsins hafa vissulega oft og tíðum valdið vandræðum og óvissu fyrir námsmenn og einnig stórfelldum erfiðleikum í að

halda fjármálum sjóðsins í skefjum. Stundum hafa þó þessar breytingar verið óumflýjanlegar eins og nú undanfarið þegar pólitískar ákvarðanir hafa verið teknar á Alþingi, bæði af fyrri stjórnarmeirihluta og núverandi um að draga saman seglin í útlánum sjóðsins.

Nú þegar tekist er á við að breyta lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að koma honum fjárhagslega á kjöl þarf að búa svo um hnúta að þær reglur séu skýrar og geti staðist til nokkurrar frambúðar. Aukið öryggi og festa í rekstri sjóðsins er ekki síst í þágu viðskiptavina hans, þ.e. íslenskra námsmanna í nútíð og framtíð. Umfram allt þurfa þá þessar reglur að treysta fjárhagslega stöðu sjóðsins þannig að hann geti um fyrirsjáanlega framtíð gegnt því lykilhlutverki í þjóðfélaginu sem honum er ætlað: Að gefa öllum íslenskum námsmönnum kost á framhaldsnámi án tillits til efnahags."

Svo mörg voru þau orð í lok greinar Lárusar Jónssonar. Hann segir þarna m.a. að örar breytingar á reglum sjóðsins hafi vissulega oft og tíðum valdið vandræðum og óvissu fyrir námsmenn. Skyldi það ekki valda óvissu fyrir námsmenn að hafa það ákvæði inni í lögunum að vextir geti verið „allt að 3%"? Þó að sú yfirlýsing hafi nú borist frá hæstv. ríkisstjórn það að vextir skuli vera 1%, þá finnst mér þetta vera atriði sem eykur mjög á óvissu námsmanna. Auk þess má segja að það fyrirkomulag sem tíðkast að hér starfa meirihlutastjórnir, sem oft grípa til róttækra breytinga á ýmsum grundvallarþáttum, sé óæskilegt. Slíkar breytingar skapa óvissu og hringlandahátt sem ég mæli ekki sérstaklega með og tel af hinu illa. Annars staðar á Norðurlöndunum, þar sem minnihlutastjórnir hafa verið starfandi, hefur þurft að ná samstöðu um mál á milli fleiri flokka en það er ábyggilega æskilegra fyrir þjóðfélagið sem slíkt.

Ég vil í þessu sambandi nefna að við framsóknarmenn vildum vinna að þessu máli á málefnalegan hátt og meðan frv. var í menntmn. til umræðu bauð ég fyrir hönd framsóknarmanna fram útrétta hönd um að við mundum hugsanlega geta staðið að þessari lagasetningu með því að á frv. yrðu gerðar ákveðnar breytingar. Þá vorum við ekki að búast við því að gengið yrði að öllum okkar kröfum heldur vorum við fyrst og fremst að hugsa um það að forðast stórslys. Þessu var ekki tekið og þess vegna styðjum við framsóknarmenn að sjálfsögðu ekki frv. eins og það lítur út núna.

Nokkuð hefur verið fjallað um konur í sambandi við frv. og hvernig það snýr að konum. Nú eru konur í mjög ríkum mæli farnar að stunda langskólanám. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði í sínu máli að íslenskar konur hefðu þann metnað að þær mundu halda áfram að fara í langskólanám þrátt fyrir þessa lagasetningu. Hann sagði reyndar ekki „þrátt fyrir" en ég geri ekki verra úr hans máli en ræðan gaf tilefni til. Það má vel vera og ég vona það svo sannarlega að íslenskar konur hafi metnað. En það virðist vera uppi á teningnum að hugsa praktískt a.m.k. heyrir maður það á þingmönnum Sjálfstfl. og Alþfl. Það er staðreynd að karlar hafa hærri laun yfirleitt en konur og því gæti þetta leitt til þess að það fyrirkomulag, sem gilti fyrir áratugum, að konur tækju að vinna fyrir körlum sínum meðan þeir eru í námi yrði tekið upp og þá erum við svo sannarlega að stíga stórt skref aftur á bak.

Hæstv. ráðherra var dálítið óheppinn í orðavali þegar hann nefndi það hér í gær að það væri ekki ástæða til þess að setja lög sem hefðu það í för með sér að konur legðust í barneignir eða námsmenn legðust í barneignir, ég man ekki hvort heldur var. (**Menntmrh.:** Það var þannig.) Það var þannig. Það eru þó konur væntanlega sem leggjast. (Gripið fram í.) Ég vil ekki meina það að hæstv. ráðherra hafi ætlað að nota þetta orðatiltæki en víst var það klaufalegt og eins og kom fram í mínu máli áðan er það þannig á sumum hinna Norðurlandanna að við það að námsmaður eignast barn getur hann breytt láni sínu í styrk. Þar er því aldeilis ekki verið að reyna að draga úr barneignum námsmanna. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst nokkuð langt gengið ef það er orðað hér og talað þannig að það er eins og verið sé að reyna að koma í veg fyrir manneskjulegar hvatir, því ég kalla það manneskjulegar hvatir að vilja eignast börn. Svo má auk þess geta þess að konur eru reyndar frjósamastar á þeim tíma sem þær eru ungar og eru í námi. Það hafa margir farið flatt á því að ætla að bíða til einhvers ákveðins tíma með það að eignast börn þegar þau eru búin að þessu og búin að hinu, búin að læra og búin að koma sér upp húsi og þykjast loksins hafa efni á því að eignast börn. Hér er því ekki verið að tala um neitt smámál.

Við Íslendingar erum sem sagt svona illa staddir að við höfum ekki efni á því að reikna með því að námsmenn geti veitt sér það að eignast börn.

Hæstv. forseti. Ég lýk senn máli mínu. Ég segi það að lokum að ég trúi því ekki að allir hv. þm. sem skipa meiri hlutann á Alþingi séu fæddir með silfurskeið í munni. Mér finnst að hér sé verið að koma á ómanneskjulegu kerfi sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir okkar þjóðfélag. Það má nefna að nú eru þeir tímar á Íslandi að það þrengist um á vinnumarkaði og á sama tíma leggja stjórnvöld til þessar róttæku breytingar á lánasjóðinum sem ég er fyrst núna að trúa að eigi að samþykkja í þeirri mynd sem málið lítur út á þessari stundu.

Eins og kom fram áður sýndum við framsóknarmenn samstarfsvilja. Við buðum upp á samstarf en við því var ekki orðið og því stöndum við ekki að samþykkt frv.

Þar sem þetta er síðari ræða mín í þessari umræðu fæ ég víst ekki tækifæri til þess að tala oftar enda er það kannski ekki til mikils. En ég vil að síðustu benda þeim hv. stjórnarþingmönnum á, sem e.t.v. heyra mál mitt, að velta því enn einu sinni fyrir sér hvort við getum talað um jafnrétti til náms eftir að frv. er orðið að lögum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. lét sér sæma að leggja þann skilning í ræðu mína að ég væri á móti því að viðhalda félagslegri aðstoð við námsmenn og ég væri ekki að hugsa um hag lánasjóðsins. Ég kalla þetta ósæmi-

legan málflutning. Þingmaðurinn sagði að ég segði jafnframt að námsmenn ættu aðeins að fá lán ef þeir skiluðu árangri með vinnu sinni. Það er rétt að því leyti að við gerum ráð fyrir í frv. að námsmenn fái því aðeins lán að þeir skili árangri. Ef þingmaðurinn vill kalla það vinnu, þá er það þykkjulaust af minni hálfu.

Þingmaðurinn ræddi líka um ofgreidd lán. Það sem ég vil segja í því samhengi til viðbótar við það sem ég hef sagt áður, ég er margbúinn að tala um þetta, er að það er annars vegar um að ræða ofgreidd lán vegna þess að námsárangri hefur ekki verið skilað og í öðru lagi er um ofgreidd lán að ræða vegna vanáætlaðra tekna lánþega. Hjá mörgum hefur þetta verið leiðrétt við vorlánin en samt eru um 500 manns sem ekki leiðréttist hjá á árinu og samtals um 50 millj. kr. Þetta eru staðreyndirnar.

Þingmaðurinn talaði um hugmyndafræðina sem lægi að baki orðum mínum og að ég hefði sagt að ¼ lánanna væri styrkur. Það eru að vísu ⅓. Málið er að stuðningur hins opinbera er sú upphæð sem er beint framlag af námsaðstoðinni. Það er stuðningur hins opinbera sem fer væntanlega niður í 54% ef frv. verður að lögum en er nú um 67%.

Annað sem kom fram í ræðu hv. þm. tel ég mig hafa talað um eða svarað fyrr í umræðunni og ætla ekki að teygja tímann með því að endurtaka það. Það nægir að hv. stjórnarandstæðingar komi upp hver á fætur öðrum og flytji nánast sömu ræðurnar.

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki heyrt þá ræðu áður sem ég flutti, ég vil byrja á að taka það fram. (Gripið fram í.) Ég hef hlustað á alla umræðuna en ég held að það hafi komið fram misskilningur hjá hæstv. ráðherra þegar hann talar um að 50 millj. hafi staðið út af varðandi ofgreidd lán í árslok. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef eru það 50 millj. sem stóðu út af að vori á námsárinu 1990–1991 en í árslok voru það ekki nema liðlega 8 millj. sem ekki höfðu skilað sér. Þarna erum við ekki með sömu tölurnar greinilega og það verður þá að koma í ljós síðar hvort okkar hefur á réttu að standa.

Finnur Ingólfsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hann skyldi gefa mér leyfi til að fá að koma hér inn í umræðuna aftur þar sem ég gat ekki verið viðstaddur þegar umræðan hófst eftir hlé.

Hæstv. menntmrh. kvartar yfir því að hv. stjórnarandstæðingar komi og haldi alltaf sömu ræðuna. Það kann vel að vera að það sé margt svipað í þessum ræðum sem stjórnarandstaðan er að halda. Ástæðan og tilgangurinn með því að halda svipaðar ræður og tala um sama efnið er kannski að fá ríkisstjórnina til þess að skilja alvöru málsins og það er það sem við erum hér fyrst og fremst að reyna.

Það sem er þó kannski alvarlegast er að þeir sem ættu helst að skilja það sem hér er verið að tala um eru þeir alþýðuflokksmenn sem ekki láta sjá sig hér í þingsalnum. Ég veit að hæstv. menntmrh. er farinn að skilja alvöru málsins og þess vegna held ég að nú sé að koma tími á það, hæstv. menntmrh., að menn setjist niður milli 2. og 3. umr. og ræði það í alvöru hvort ekki sé hægt að gera samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu og ég trúi því að það geti einnig orðið samkomulag milli þings og námsmanna um að gera hér lítils háttar lagfæringar, breytingar á þessu frv. sem felast í því að falla frá þessari eftirágreiðslu lánanna. Þá tel ég, þrátt fyrir að ég sé í grundvallaratriðum ósammála mörgu af því sem er í þessu frv., að umræðan og átökin snúist núna fyrst og fremst um það hvort ekki sé hægt að stíga skrefið til baka og falla frá þessari eftirágreiðslu. Mér finnst full ástæða til, þegar 2. umr. lýkur, að hæstv. menntmrh. leiti eftir því samkomulagi bæði við námsmenn og stjórnarandstöðuna á þingi hvort ekki sé rétt að gera slíkar breytingar.

Í fyrri hluta ræðu minnar í gær — ég ætla auðvitað ekki að fara að tíunda það allt aftur því að hæstv. menntmrh. sat þá og hlutstaði að ég held ágætlega — lagði ég áherslu á hið mikla vald sem hæstv. menntmrh. hefur á hinu háa Alþingi og í ríkisstjórn og hvernig hann í raun og veru getur ráðskast með allar gerðir og athafnir þeirra alþýðuflokksmanna, ekki aðeins í þessu lánasjóðsmáli. Það er auðvitað auðséð hver þar hefur ráðið þrátt fyrir flokksþingssamþykktir Alþfl., sem þingmenn flokksins gera síðan ekkert með þegar komið er inn á Alþingi en standa að því á flokksráðsfundum að samþykkja slíkar ályktanir og skora á sjálfa sig en snúa svo baki við öllum slíkum samþykktum þegar þær koma til raunverulegrar umræðu í þinginu. Sama gildir auðvitað og gott dæmi um það er hvernig hæstv. menntmrh. ráðskast með það hverjir sitja í stjórnum, nefndum og ráðum fyrir Alþfl.

Í öðru lagi ræddi ég lítils háttar um þá barnleysisstefnu sem hæstv. ríkisstjórn er nú að reka og hefur komið fram á þingi með mörg mál því til staðfestingar eins og það að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra, loka Fæðingarheimili Reykjavíkur, loka fæðingardeildum sjúkrahúsanna úti um allt land, koma með þetta frv. um lánasjóðinn og svo auðvitað að lækka barnabæturnar.

Ég spurði hæstv. menntmrh. hvort ekki væri hægt að fá það upplýst í þessari umræðu hvað það tvöfalda endurgreiðslukerfi, sem ég lýsti við 1. umr. og bað um að sérstaklega yrði skoðað sem hæstv. ráðherra tók vel undir, hvað það í raun þýddi, hvort þingið eða a.m.k. menntmn. hefði milli 2. og 3. umr. möguleika á því að fá það á skjali hvað þetta tvískipta endurgreiðslufyrirkomulag þýddi í raun en ekki aðeins óljósar hugmyndir um að á þeim, sem hafa lágar tekjur, verði greiðslubyrðin þung síðustu 15 árin en á þeim sem hafa háar tekjur verði greiðslubyrðin létt. Þetta eru auðvitað allt atriði sem menn gátu sagt sér fyrir fram. En þegar þær víðtæku heimildir, sem nú hafa verið opnaðar fyrir stjórn lánasjóðsins að taka ákvarðanir um að fella niður lán og létta greiðslubyrði einstaklinga eftir því hvernig aðstæður þeirra eru, þegar þeir eiga að fara að greiða lánin, finnst mér auðvitað að hægt sé að skoða í slíku samhengi. Það er einfaldlega vegna þess að það endurgreiðslufyrirkomulag sem nú er í frv. nær ekki

því markmiði sem menn settu sér í upphafi um að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar, sem í dag taka sér sjálfkrafa styrki úr lánasjóðnum, geti haldið því áfram. Það verður engin breyting á þó að menn komi upp þessu fyrirkomulagi og þessum breytingum um harðari tekjutengingu og vexti á lánin. Það sem gerist er einfaldlega það að þeir einstaklingar, sem greitt hafa lánin sín að fullu, greiða núna meira en þeir, sem hafa tekið sér námsstyrki án þess að spyrja nokkurn um leyfi eða fá nokkrar heimildir fyrir því hjá öðrum en sjálfum sér, halda auðvitað áfram. Þessi hópur sem er innan við 5% heldur áfram að taka sér sjálfkrafa námsstyrki. Endurgreiðslufyrirkomulagið nær því ekki þessu markmiði.

Það er svo aftur annað mál og ég minntist á það í fyrri hluta ræðu minnar að auðvitað verður það ekki á valdi stjórnarandstöðunnar að koma í veg fyrir það í þinginu að frv. nái fram að ganga. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því. Hins vegar vil ég skilja á milli þess hvort þessir tveir stjórnarflokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., hafa hugsað sér að gera þessar grundvallarbreytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna, sem nú eru boðaðar og í frv. eru, eða þá aðför sem er verið að gera að námsmönnum með því að taka upp þetta eftirágreiðslufyrirkomulag. Það er auðvitað ekkert hægt að segja við því þó að Alþfl. hangi aftan í Sjálfstfl. í þessu máli eins og öllum öðrum með því einfaldlega að segja sem svo: Þetta er svo ágætt hjá ykkur karlar mínir að við verðum auðvitað með. Það er auðvitað svo í þessum málum sem öðrum og það er nú bara þetta sem minni hlutinn, stjórnarandstaðan í þinginu, þarf að búa við og gleður sjálfsagt sjálfstæðismenn mjög. Því er ekkert við því að segja að þessar grundvallarbreytingar séu gerðar. En setjumst nú niður, stjórn og stjórnarandstaða, með námsmönnum og athugum það gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að finna einhverjar leiðir til þess að koma í veg fyrir að þetta eftirágreiðslufyrirkomulag verði tekið upp.

Menn hafa vitnað oft í viðtal við Gunnar Birgisson, formann stjórnar lánasjóðsins, og þær upplýsingar sem gefnar voru í hádegisútvarpinu í gær um hver þessi staða í raun og veru væri, hvað það væri stór hópur lántakenda í sjóðnum sem hefði fengið meira en þeir áttu. Það er auðvitað alvarlegt. Hins vegar held ég að niðurstaðan sé sú að þarna sé um mjög mikla oftúlkun á hlutunum að ræða. Það held ég að hafi komið í ljós í ræðu hæstv. menntmrh. í gær að það eru ekki nema 8,1 millj. eða rúmlega það, sem hefur verið ofgreidd í lán. Það er auðvitað allt of mikið en það er ekkert af þessari upphæð tapað af þeirri ástæðu að það eru ábyrgðir fyrir þessu öllu saman. Það skilar sér hins vegar ekki í tæka tíð.

Eitt rak ég augun í og fannst vera nokkuð merkilegt í þessu viðtali við Gunnar Birgisson í útvarpinu. Þar segir hann að það sé ákveðið — eða ég a.m.k. skil það svo af orðum hans — að stjórn lánasjóðsins taki tillit til þeirra vaxtagreiðslna sem námsmenn þurfa að inna af hendi við bankana þann tíma sem þeir eru að fjármagna nám sitt á meðan þeir bíða eftir lánum úr lánasjóðnum.

Við skulum gefa okkur að það sé um 1 milljarður kr. sem þarna er um að ræða og segjum að vextirnir séu 10%. Þetta sé kannski ekki nema í hálft ár þannig að við gætum verið að reikna með 5% vöxtum, þá erum við að tala um 50 millj. kr. í viðbótarútgjöld fyrir sjóðinn til viðbótar við þær 80 millj. sem menntmrh. segist hafa ákveðið að auka útgjöld sjóðsins um með því að breyta viðmiðunartekjunum hjá sjóðnum. Þarna erum við þá komin upp í 130 millj. Hæstv. ráðherra sagði að inni í þessum 80 millj. kr., ef ég skildi hann rétt, væri bæði tekjutillitsbreytingin og einnig aukin ásókn námsmanna í sjóðinn. Ég bað hæstv. ráðherra um að skýra það fyrir mér, hvort sem hann gerir það í andsvari á eftir eða við 3. umr., hvernig þetta skiptist, Annars vegar tekjutillitið og hins vegar sá aukni fjöldi sem inn í sjóðinn mun koma við það að hætta að taka tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stendur.

Því miður held ég að hér sé um gríðarlega alvarlega hluti að ræða og ítreka þess vegna enn: Ég held að stjórn og stjórnarandstaða ásamt námsmönnum þurfi að setjast niður. Við skulum taka eitt dæmi sem gæti verið raunhæft dæmi: Ung hjón sem bæði eru í námi við Háskóla Íslands á öðru eða þriðja ári, hafa haft lágar sumartekjur, eiga eitt ungt barn. Þau þurfa að fá í haust vini eða venslamenn til að skrifa upp á skuldbindingar við banka til að geta lifað fram í janúar eða febrúar á næsta ári. Þetta gætu verið 800 þús. til 1 millj. kr. Við skulum segja að um áramótin, þegar þetta fólk er að fara í próf, að eitthvað kæmi nú upp, barnið veiktist, annað hvort þeirra veiktist. Þegar námsárangur liggur fyrir úr þeim prófum sem þessi ungu hjón tóku við háskólann kemur í ljós að þau hafa ekki staðist prófin, kannski vegna þess að aðstæður voru þannig á heimilinu að það var ómögulegt. Hver er þá staðan? Vinir og foreldrar hafa skrifað upp á skuldabréf, víxla í bönkunum, í trausti þess að þetta unga fólk fengi lán í lánasjóðnum í febrúar til að greiða þessar ábyrgðir. En nú var það bara svo, að vegna veikinda barnsins eða eigin veikinda hefur það ekki náð prófunum. Það fær ekkert úr lánasjóðnum. Þá er um tvennt að ræða: Fá einhverja aðra eða kannski sömu aðila til að halda áfram að skrifa upp á skuldbindingar og reyna aftur í vor og athuga hvort ekki takist betur til eða einfaldlega hætta í námi eða stunda hlutanám og vinna með til þess að þurfa sem allra minnst á aðstoð sjóðsins að halda. Um leið og þetta unga fólk er farið að vinna með skóla er mun meiri hætta á því að það standist ekki prófin að vori. Þannig er hætta á að algjör vítahringur skapist ef hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin ætla að halda því til streitu að koma þessu fyrirkomulagi á. Það er kannski þetta umfram allt annað sem átt er við þegar maður heldur því fram að þarna sé verið að hætta að láta sjóðinn taka tillit til aðstæðna og koma á ákveðnu misrétti milli námsmanna. Það er þetta, hæstv. ráðherra, sem ég er hræddur um að muni geta gerst. Þá geta af þessu öllu saman orðið mjög alvarlegar afleiðingar.

Nú kann hæstv. ráðherra að svara sem svo: Skapist þessar aðstæður er það auðvitað stjórn sjóðsins sem

þarf að taka tillit til þessara hluta. En það er alveg útilokað fyrir námsmenn að búa við slíkt óöryggi, að það sé undir einhverri stjórn komið hvort þetta gangi allt saman upp eða ekki. Það að lesa fyrir próf í Háskóla Íslands og búa við þá pressu sem það skapar fyrir þetta unga fólk er auðvitað alveg óþolandi og útilokað að stunda nám við slíkar aðstæður. Ég ítreka það enn og af því að ég veit, kannski ekki af reynslu, en af orðum vinar míns Páls Péturssonar, að hæstv. menntmrh. er vænn maður, þá vill hann auðvitað að þessir hlutir gangi ekki fyrir sig með þeim hætti sem ég var að lýsa. Því bið ég um að þetta verði athugað mjög gaumgæfilega milli 2. og 3. umr.

Það sem er auðvitað langverst, virðulegur forseti, við þetta lánasjóðsmál, er að þeir sem eru að fást við málið, sýsla við þessi mál lánasjóðsins, eru þeir sem voru í námi á þeim tíma þegar það kostaði ekki neitt að taka lánin úr lánasjóðnum. Þegar þeir fengu gjafir, þegar þeir bjuggu við óverðtryggð lán, vaxtalaus lán, og auðvitað skilja þessir menn ekki þær aðstæður sem nú er búið við einfaldlega vegna þess að þeir eru að greiða fáar krónur á ári margir hverjir og þingmenn hér að státa sig af því að þetta séu ekki nema 20–30 kr. sem þeir greiði til lánasjóðsins. Ég þekki þetta af eigin raun. Ég naut lítils háttar aðstoðar sjóðsins eftir árið 1982 og ég er farinn að greiða af þeim lánum, þingmannslaunin eru auðvitað ekki óskaplega há, ég er reyndar ekki enn þá farinn að greiða af tekjum þingmannslaunanna, ég á von á því að þetta lækki aðeins á næsta ári hjá mér. Hins vegar hef ég fundið verulega fyrir því að það er mikil greiðslubyrði sem þessu er samfara. Þess vegna er ég hneykslaður á því að menn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl., maður sem hefur verið formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, maður sem stóð hér á þingpöllunum varinn af námsmönnum til þess að þruma yfir þinginu þegar gerðar voru smávægilegar breytingar á lögunum um lánasjóðinn, skuli ekki hafa fyrir því hér og nú að sitja í þingsalnum og hlusta. Auðvitað er málið það viðkvæmt að hann treystir sér ekki til þess að sitja undir þeim ræðum sem hér eru fluttar. Hann er auðvitað maður sem ætti að skilja hvað hér er um að vera. En ég skil það í sjálfu sér að það er erfiðara fyrir þá menn, sem fengu gjafirnar og hafa ekki þurft að greiða lánin sín að fullu til baka og munu aldrei greiða þau að fullu til baka, að skilja hvað hér er um að ræða.

Því ítreka ég það aftur, hæstv. ráðherra, að það verði kannað milli 2. og 3. umr. hvort ekki sé hægt að gera einhverjar breytingar á því frv. sem nú liggur fyrir. Ég þori að fullyrða að ef þær ganga í þá átt að breyta örlítið þessu eftirágreiðslufyrirkomulagi mun stjórnarandstaðan og námsmennirnir þakka fyrir það þegar upp er staðið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn gerði breytingar á tekjutilliti að umtalsefni í ræðu sinni í gær og taldi það hafa misnotkun í för með sér, þ.e. að þeir tækju lán sem ekki þyrftu enda mundu 1% vextir ekki fæla neinn frá. Við gerum okkur grein fyrir að einhver aukning útlána getur orðið vegna þessa, eins og ég hef áður sagt, og ætlum til þess 80 millj. kr. og þar er bæði tekjutillitið og aukinn fjöldi inni í.

Með breyttu tekjutilliti er hins vegar fyrst og fremst verið að hvetja námsmenn til að vinna í námshléum svo að þeir þurfi síður að leita til bankakerfisins um lán meðan þeir bíða eftir láni frá lánasjóðnum.

Tekjutillitsbreytingin hefur ekki verið ákveðin, aðeins rædd í stjórn lánasjóðsins. Útreikningar varðandi tvískipt afborgunarkerfi, sem hv. þm. setti fram hugmyndir um áður í umræðunni, 25 ár miðað við tekjur og miðað við 15 ár jafngreiðslulán, þeir útreikningar eiga að liggja fyrir og eru ekki leyndarmál. Ég vona að hægt verði að koma þeim til hv. þingmanns.

Fyrirhugaðar breytingar á úthlutunarreglum hafa eitthvað verið ræddar í stjórn LÍN en eru að sjálfsögðu ekki frágengnar, þar með eru taldar reglur um tillit til vaxtagreiðslna lánþega í bankakerfinu.

Það er rétt hjá þingmanninum að Framsfl. hefur ítrekað komið í veg fyrir að nauðsynlegar breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna næðu fram að ganga þótt sýnt væri að hverju dró og mér sýnist að flokkurinn reyni að gera það enn.

Lítils háttar breytingar þarf að gera, segir hv. þingmaður, til að ná sátt í málinu, þ.e. að falla frá eftirágreiðslunni.

Mér þykir sjálfsagt að milli umræðna fari fram athugun á því og þingmanninum verði sýnt svart á hvítu hvað slík breyting þýðir. En ég vil taka fram að ég met vilja þingmannsins til að ná sem víðtækastri samstöðu en þá verða hins vegar markmiðin að nást.

Ég bendi á að sjóðstjórn mun eftir sem áður geta tekið tillit til veikinda námsmanna og fjölskyldna þeirra og veitt undanþágu frá námsframvindu, sbr. 8. gr. eins og hún er nú komin frá hv. menntmn.

Að lokum: Þingmaðurinn talaði um þá sem fengu lánin á sínum tíma sem kostuðu ekki neitt. En hann gleymir því að þessi ókeypis lán, sem hann kallar svo, dugðu engan veginn fyrir framfærslu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. skýr og greinargóð svör. Ég fagna því sem hann sagði. Hann er tilbúinn til þess milli 2. og 3. umr. að skoða eftirágreiðslufyrirkomulagið og það er auðvitað fyrsta skrefið sem við verðum að stíga. Öll markmiðin, hæstv. ráðherra, sem menn setja sér með breytingunum á lánasjóðnum, að styrkja framtíðarhlutverk lánasjóðsins, nást með þeim breytingum sem gerðar eru á frv. en eftirágreiðsla hefur ekkert með það að gera hvort þessi grundvallarbreyting næst fram, að styrkja stöðu sjóðsins í framtíðinni. Eftirágreiðslan er bara eins árs frestun á greiðslum úr ríkissjóði til lánasjóðsins eða til námsmanna og menn mega auðvitað ekki setja eins árs markmið eða hafa það sem úrslitaatriði þegar rætt er um hvort hugsanlega geti náðst víðtæk samstaða í þinginu. Bara einn milljarður kr. í eitt skipti, einfaldlega til þess að ríkisstjórnin geti sýnt betri árangur í ríkisfjármálum það árið. Það hefur ekkert með það að

gera, hæstv. ráðherra, hvort menn eru að tryggja stöðu sjóðsins til frambúðar. Það eru þær grundvallarbreytingar sem Alþfl. ætlar að standa að með Sjálfstfl., að svipta sjóðinn þessu félagslega hlutverki sínu. Stjórnarandstaðan á þingi getur auðvitað ekkert sagt við því, hún hefur ekki afl til að breyta því. En hún vill auðvitað ganga til móts við ríkisstjórnina, ef þess er einhver kostur, til að fresta þessu a.m.k. ef ekki að koma í veg fyrir að þetta skref með eftirágreiðslurnar verði stigið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram ítarlegar og fróðlegar umræður um Lánasjóð ísl. námsmanna og hefur verið komið víða við. Það sem ég kýs að staldra við núna er það sama og ég ræddi í fyrrakvöld og þó að hæstv. menntmrh. sé orðinn lúinn að heyra svipaða hluti aftur og aftur, og get ég út af fyrir sig vel skilið það, en það er partur af hlutverki ráðherra að hlusta á sömu ræðurnar nokkuð oft, (**Menntmrh.:** Ég geri það.) þeir verða að þola það. Fyrir utan það að ræður stjórnarandstöðunnar eru ólíkt skemmtilegri núna en þær voru t.d. í fyrra og hittiðfyrra af vissum ástæðum. En það er svo aftur annað mál.

Það sem ég ætlaði að víkja aðeins að í upphafi eru eftirágreiðslurnar sem hv. 11. þm. Reykv. var að ræða um áðan og við höfum rætt nokkuð stíft að undanförnu. Það er mál sem hefur ekki verið rætt fyrr en við 2. umr. Það er best að byrja á því að segja það að þau mál sem rædd voru við 1. umr. voru aðallega vextirnir, endurgreiðslukerfið og fleiri þættir af því taginu. Það er alveg hægt að halda því fram að meiri hluti hv. menntmn. hafi með nokkrum hætti komið til móts við þau sjónarmið eða fallist á eitthvað af þeim rökum sem fram komu við 1. umr. og er það vel þótt menn telji að sjálfsögðu að það hefði verið gott ef menn hefðu gengið lengra til móts við þau sjónarmið.

Í 2. umr. hafa hins vegar augu okkar ekki síst beinst að þessu með eftirágreiðslurnar þar sem það hefur verið orðað þannig, a.m.k. af mér, að í raun og veru væri sjóðurinn lokaður í haust, það yrðu ekki greidd nein lán haustið 1992. Þetta væri svipað því og að svipta launamenn launum í nokkra mánuði.

Nú hefur það gerst að hæstv. menntmrh. hefur haft forustu um það í kvöld á þessum fundi að bjóða upp á það eða taka undir það sem hefur komið fram frá mörgum talsmönnum stjórnarandstöðunnar að þetta mál með eftirágreiðslurnar verði sérstaklega skoðað og hæstv. menntmrh. orðaði það þannig að hann mundi skoða þetta mál á milli 2. og 3. umr. og hann mundi reyna, eins og hann orðaði það, að fá menn til að átta sig á því hvað það þýddi fyrir sjóðinn ef eftirágreiðsluákvæðinu yrði breytt og það er að sjálfsögðu eðlilegt að hæstv. ráðherra vilji gera það. Ég hygg þó að það sé alveg rétt sem hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan að þessi breyting með eftirágreiðslurnar mun ekki styrkja sjóðinn eða eiginfjárstöðu hans sem slíka. Hún gerir það ekki. Hún mun ekki minnka útlánaþörf sjóðsins þegar til lengri tíma er litið. Hún mun gera það árið 1992 en hún mun ekki gera það þegar til lengri tíma er litið. Þvert á móti hefur það komið fram að eftirágreiðsluaðferðin munu auka lánveitingar sjóðsins frá því sem ella væri af því að meiningin er að hækka námslánin vegna vaxtakostnaðar námsmanna í bönkunum meðan þeir eru að bíða eftir því að fá lánin sín. Með öðrum orðum, þessi aðferð mun þýða aukin útlán miðað við það sem ella væri til lengri tíma litið og þar af leiðandi þeim mun lakari stöðu sjóðsins. A.m.k. sé ég ekki nein rök fyrir því eins og stendur að þessi breyting með eftirágreiðsluna styrki sjóðinn til lengri tíma en ég er þó auðvitað tilbúinn til að skoða hvað eina í þeim efnum.

Dæmið sem við erum að horfa á lítur þannig út að Lánasjóður ísl. námsmanna þarf að óbreyttum reglum 6,1 milljarð kr. á þessu ári. Hann hefur á fjárlögum 5,7 milljarða. Hann vantar að óbreyttum lögum 400 millj. kr. á þessu ári. Ef öllum haustlánunum er frestað þá er verið að fresta 1.200 millj. kr. af lánum yfir áramótin. Það þýðir að lánasjóðurinn er í plús miðað við fjárlögin um áramótin upp á 800 millj. kr. Hann er með afgang um áramótin upp á 800 millj. kr. miðað við fjárlögin eins og þau standa. Það sem ég skil ekki er af hverju menntmrh. tekur ekki um það ákvörðun hvað sem öllu öðru líður að borga a.m.k. út þessar 800 millj. kr. Það þýddi auðvitað að menn væru aðeins að borga upp í haustlánin en menn væru ekki að afnema þau eins og gert væri ráð fyrir í frv. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort þessi talnaskilningur, sem ég hef rakið, er ekki örugglega réttur. Auðvitað gæti mér sést yfir eitthvað í þeim efnum og þess vegna er nauðsynlegt að fá það upp hvort hæstv. ráðherra telur að um eitthverjar aðrar tölur sé að ræða. Ég held að það væri mjög æskilegt ef það væri hægt fara yfir málið á þessum grundvelli.

Auðvitað erum ýmsir aðrir þættir í lánasjóðsfrv. sem við stjórnarandstæðingar höfum verið að gagnrýna en ég segi fyrir mig að eins og staðan er núna þá tel ég þetta langversta ákvæði frv. og ég bendi á að hv. formaður menntmn. komst þannig að orði að það væri mikil harka í þessu ákvæði þannig að bersýnilegt er að meðal talsmanna stjórnarinnar í þessu máli er skilningur á því að þetta ákvæði gengur ekki. Ef hæstv. ráðherra er tilbúinn til þess að fara nánar yfir þetta mál eða láta nefndina gera það eða einhverja aðra aðila eftir atvikum — það geta auðvitað ýmsir aðrir gert það — þá horfir þetta mál auðvitað allt öðruvísi við ekki aðeins í augum stjórnarandstæðinga er ég sannfærður um heldur líka námsmannahreyfingarinnar og námsmannanna sjálfra og fjölskyldna þeirra. Ef það er hins vegar ekki ætlunin, virðulegi forseti, að greiða þessar 800 millj. kr. út núna á þessu ári þá vaknar upp sá grunur að það sé ætlunin að nota þennan afgang í sjóðnum núna, 800 millj. kr., um næstu áramót til að minnka sem því nemur framlögin í sjóðinn og/eða lántökur sjóðsins á árinu 1993 sem yrðu þá þar með innan við 5 milljarðar kr. Auðvitað getur vel verið að það sé meiningin hjá hæstv. ríkisstjórn að hafa það þannig og þá er ekkert annað að gera en að viðurkenna það. En það hlýtur í raun að hafa verið skýringin til þessa þó svo menn vilji gjarnan skoða þetta mál betur núna

og ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir yfirlýsingar hans um það efni áðan þó að segi það bæði hans vegna og mín vegna alveg skýrt að ég skildi hann ekki svo að hann væri að lofa neinni efnislegri breytingu heldur aðeins að heita því að hann skyldi skoða málið.

Í umræðum um málið að öðru leyti hefur auðvitað mjög margt komið fram sem væri ástæða til að fara yfir núna á þessum kvöldfundi. Það er ekki ætlun mín að fara nákvæmlega út í alla þá hluti sem hér hafa verið nefndir aðra en þá sem hæstv. ráðherra vék að minni ræðu í svari sínu ég held í gær. Hæstv. ráðherra kvaðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með orðbragð ræðumanns. Það kom mér mjög á óvart vegna þess að ég er að jafnaði, eins og allir þingmenn vita, orðvar. Einkum þótti mér það leitt þegar hæstv. ráðherra lagði mér það í munn að ég hefði talið að ráðherrann væri þekktur fyrir þjóðkunnan skepnuskap. En þannig háttar til að í ræðu minni var ég að tala um ályktanir sem m.a. hafa birst frá samstarfsflokki hans, Alþfl., þar sem fram kemur að það verið að kenna menntmrh. um þetta mál og það sé Alþfl. óviðkomandi. Ég tel mig geta flutt mál mitt þannig að sæmilega glöggir menn eigi að geta heyrt hvort orð ættu að vera í tilvitnunarmerkjum eða ekki án þess að ég segi það í ræðu minni vegna þess að það mundi lengja ræður mínar oft verulega ef ég segði ævinlega „gæsalappir" þar sem þær þyrftu kannski að vera til að halda öllu návæmlega til haga. Og mér finnst hæstv. ráðherra vera allt of viðkvæmur eða hafa heyrt allt of illa þegar hann leggur ræðu mína út á þennan veg eins og hann gerði vegna þess að eins og hann getur sagt sér sjálfur þá mundi ég aldrei hafa notað þessi orð um hæstv. menntmrh. og jafnvel ekki hæstv. heilbrrh. og er þá langt gengið.

Ég vil einnig svara því sem hæstv. ráðherra kvartaði undan að ég hefði verið að gagnrýna sérstaklega formann og framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna og þeir væru fjarstaddir. Ja, hvernig á maður eiginlega að fara að í þessum stól ef það má aldrei gagnrýna menn sem eru ekki hér í húsinu? Það er orðið dálítið snúið og dálítið erfitt. (**GHelg:** Það bjargar stjórnarflokkunum algjörlega frá allri gagnrýni.) Já, af því að þeir eru aldrei í húsinu. Það væri það. (**Menntmrh.:** Það fer eftir því hvernig það er gert.) Og auk þess fer það að sjálfsögðu eftir því hvernig það er gert en hins vegar hefur hæstv. ráðherra, guði sé lof, engan sérstakan kórréttan mælikvarða í þeim efnum þannig að í þeim efnum verður auðvitað hver að liggja eins og honum sýnist.

Hæstv. ráðherra kvartaði nokkuð undan því að við höfum talað um það og kannski ekki síst ég að í gangi væri ófrægingarherferð á hendur íslenskum námsmönnum. Því hefur verið svarað af öðrum þingmönnum eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. t.d. og fleiri þannig að ég tel ástæðulaust að fara nánar út í það.

Fjórða atriðið, sem ég hyggst nefna úr ræðu hæstv. ráðherra þegar hann svaraði minni ræðu, snertir hins vegar afföllin. Hann orðar það þannig: „Í einhverjum tilfellum þarf að fella niður eftirstöðvar." Þetta er allt of óskýrt eins og það stendur núna. Það er alveg nauðsynlegt fyrir stjórn lánasjóðsins hver svo sem hún verður og hvernig svo sem þetta veltist allt að fá þetta skýrar. Hérna geta menn ekki búið við þá óvissu sem yfirlýsingar ráðherra benda til og hafa í för með sér um þessar mundir. Hæstv. menntmrh. hefur orðað það a.m.k. einu sinni þannig á opinberum fundi eða hvort það var hér á Alþingi að eftirstöðvarnar ætti að fella niður, það yrðu heimildir til að fella eftirstöðvarnar niður í því samhengi að mjög verulegar upphæðir væru eftir þegar menn létu af störfum. Og það var hægt að skilja þá yfirlýsingu hans þannig að það ætti að vera svo þegar verulegar uphæðir væru eftir þegar menn létu af störfum. (**Menntmrh.:** Að teknu tilliti til eignastöðu viðkomandi.) Að teknu tilliti til eignastöðu viðkomandi. Það skýrir en það er hins vegar, hygg ég, hvergi í textum málsins þannig að ég tel að þetta sé t.d. veruleg skýring, ég segi það alveg eins og er og það getur út af fyrir sig verið að mér hafi sést yfir og að þetta hafi komið fram en þetta er mjög mikilvæg skýring í málinu og nauðsynlegt er að fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann endurtaki það þá úr þessum ræðustóli ef það hefur ekki þegar verið gert.

Ég teldi hins vegar æskilegt að fari málið til nefndar á milli 2. og 3. umr. á nýjan leik sem er ekki óeðlilegt þá verði þessi texti á blaði í frhnál. vegna þess að hann er svo mikilvæg leiðsögn fyrir sjóðinn þegar fram í sækir.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara að rökræða núna við hæstv. menntmrh. um almenn pólitísk atriði þó að hann kysi að nota ræðu sína hér í gær til þess á köflum að haga sér eins og hann væri á framboðsfundi í Reykjaneskjördæmi. Ég ætla t.d. ekki að fara að rökræða það sérstaklega við hann hvort námslán séu sambærileg við vinnulaun eða ekki en fyrir námsmönnum eru þau auðvitað að þeim hættinum sambærileg að þau eru framfærslueyrir þessa fólks og þess vegna er það auðvitað nákvæmlega jafnharkalegt að taka námslán af fólki eins og að taka laun af fólki.

Ég vildi aðeins leyfa mér, ef ég má trufla þennan fund sem þarna fer fram, (**Menntmrh.:** Við heyrum.) Þið þurfið báðir að heyra, takk. Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði nú fyrir ráðherrann og fer vel á því. Þá vildi ég aðeins inna eftir því hvernig ráðherra hugsar sér að námsmenn fái vaxtakostnað bættan við útreikning lána. Ég tel einnig að það sé mjög mikilvægt að það atriði komi fram þegar fjallað verður um málið milli 2. og 3. umr. Það hefur verið þannig að námslánin hafa byggst á tilteknum framfærslugrunni sem hefur verið fenginn með könnun sem Hagstofa Íslands hefur framkvæmt á hverjum tíma. Er ætlunin að það fari fram ný framfærslukönnun eða er ætlunin að nota gömlu framfærslukönnunina og tengja þá vaxtakostnaðinn við hana? Ég sé ekki alveg í fljótu bragði hvernig hæstv. ráðherra og ráðuneyti hafa hugsað sér að taka á þessu máli og því æskilegt að það verði rætt hér ítarlegar.

Ég vil síðan nefna lítillega eitt pólitískt atriði sem hæstv. menntmrh. tönnlaðist á enn þá einu sinni í gær og snertir kjarabætur til námsmanna á þjóðarsáttartíma. Hann var greinilega ekkert mjög ánægður með þær kjarabætur, taldi að þær hefðu verið óheyrilegar miðað við allar aðstæður. Hverjar voru þær kjarabæt-

ur sem hæstv. menntmrh. var að tala um? Það voru breytingar á framfærslugrunni námslánanna þannig að þær skerðingar sem ákveðnar höfðu verið í menntamálaráðherratíð Sjálfstfl. á árum áður voru bættar. Það var í raun og veru sú eina breyting sem átti sér stað auk þess sem útlánaheimildir voru skornar niður m.a. vegna þess að tekjutilliti var breytt.

Hvað eru þessar hækkanir miklar ef við lítum t.d. yfir tíu ára tímabil eða svo miðað við launamenn almennt? Staðreyndin er sú að þessar hækkanir eru nokkurn veginn þær sömu og launamenn fengu á sama tíma. Hér var verið að rétta námsmenn við miðað við launamenn þannig að námsmenn væru með svipaðan kaupmátt og launamenn höfðu haft. Hér var því ekki um það að ræða að það væri verið að hækka námsmenn umfram hina almennu launamenn í landinu. En þetta sjónarmið heyrðist. Það er ekki nýtt. Og ég tel að þetta sjónarmið sé hluti af afskaplega leiðinlegri umræðu sem hefur verið í gangi um námsmenn og kjör þeirra á undanförnum árum, að þeir væru svo miklu betur settir en aðrir og menn hafa verið að því, stundum vísvitandi, að skapa úlfúð og tortryggni á milli námsmanna og launamanna. Það er afskaplega ljótur leikur að skapa úlfúð og tortryggni á milli námsmanna og launamanna í landinu.

Loks er það þannig að þær breytingar sem gerðar voru á framfærslugrunninum í minni tíð voru í samræmi við lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var verið að framkvæma lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 1982 undanbragðalaust og ég heyrði engar, ég endurtek, engar tillögur um að breyta þeim lögum í skerðingarátt fyrir kosningar eða á síðasta kjörtímabili, t.d. af hálfu Sjálfstfl. Engar. Það voru engar tillögur uppi um það heldur þvert á móti. Hverjir voru aðaltalsmenn Sjálfstfl. í lánamálum námsmanna á síðasta kjörtímabili? Hverjir voru það? Það voru trúnaðarmenn Vöku í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Sumir þeirra prýddu síðan framboðslista Sjálfstfl. í síðustu kosningum. Þessir menn, a.m.k. einn þeirra, varamaður hæstv. menntmrh. á Alþingi, töldu að það væri allt of skammt gengið í að hækka námslánin og það gerðist allt of seint. Þeir mótmæltu öllum skerðingum sem voru ákveðnar í minni tíð á námslánunum, hvort sem það var breytt tekjutillit eða annað. Þannig að Sjálfstfl. er auðvitað að þessu leytinu til eins óheill og hugsast getur að koma svo í bakið á fólki eftir kosningar með þeim hætti sem gerð var tillaga um þegar frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna var lagt fyrir Alþingi.

Ég vísa þessum orðum hæstv. menntmrh. því algjörlega á bug og ég nota sömu orð um þau og hann um ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. Ég segi: Það voru ósæmileg orð vegna þess að hann veit hvernig hlutirnir eru. Hann veit að vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna stafar fyrst og fremst af einu. Fyrst og fremst því að frá því að lögin voru sett hefur námsmönnum fjölgað gífurlega og langt umfram það sem menn gerðu ráð fyrir þegar lögin voru sett 1982.

Hæstv. ráðherra tók það fram og fullyrti að víða væri boðuð sókn í mennta-, rannsókna- og vísindamálum um þessar mundir. Hann taldi það upp að hann hefði skipað nefnd til þess að móta tillögur um vísindastefnu. Það fannst mér athyglisvert því að sú vísindastefna er til og var gerð um það samþykkt á síðasta ári og tekin um það ákvörðun, eins og hæstv. ráðherra þekkir, að auka framlög til rannsókna og vísinda á síðasta ári að raunvirði um 22%. Auðvitað er það kjarni málsins að við ræðum aðeins um Lánasjóð ísl. námsmanna með hliðsjón af rannsóknum, vísindum, menntun og lífskjörum í þjóðfélaginu. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt hér á hv. Alþingi að ná upp stemningu fyrir vísindum og rannsóknum, að ég segi nú ekki meira.

Ég man eftir því í fyrra eða hittiðfyrra þegar ég talaði á Alþingi fyrir þessari vísindastefnu til tíu ára, að það voru tveir eða þrír þingmenn sem höfðu áhuga á málinu að mig minnir og mér tókst að slíta þá upp í ræðustólinn á eftir mér með því að móðga þá um leið og ég fór niður úr stólnum vegna þess að ég sá að annars mundi stefna í hreint óefni um umræður um þetta mikilvæga mál.

Auðvitað er það alveg rétt að það hefur verið mjög erfitt að fá Alþingi til að skilja hvað rannsóknir og vísindi þýða í raun og veru. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem sat á árunum 1983–1987, og var að flestu leyti heldur vond ríkisstjórn, satt að segja afar vond á köflum, en hún beitti sér fyrir því að stofna svokallaðan Rannsóknasjóð. Hann var mikið framfaraspor, satt að segja eitt mesta framfarasporið í rannsóknum sem maður hefur séð lengi í þessu landi.

Þetta var hvati fyrir fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir til þess að fara út í rannsóknir og þróunarvinnu, grunnrannsóknir m.a. á ýmsum sviðum. Okkur tókst að halda því verki áfram sem þar hafði verið hafið af miklum myndarskap. En Steingrímur Hermannsson, fyrrv. hæstv. forsrh., var eins og kunnugt er lengi framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og hefur alltaf sýnt þessum málum mikinn skilning og mikinn áhuga.

Það er merkilegt að einmitt þessa daga, sem við erum að ræða um frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna, eru allt í einu að birtast í fjölmiðlum sem taka helst ekkert nema rokufréttir, stórtíðindi úr þessum rannsóknarheimi, sem er yfirleitt heldur hljóður og hversdagslegur og lítil tíðindi fara af. Rannsóknamenn, vísindamenn, ég tala nú ekki um þá sem eru í grunnrannsóknum, eru lítið fyrir að berja bumbur. En allt í einu þá kemur það upp að verkefni, sem hefur verið unnið í samvinnu opinberra aðila og íslenskra fyrirtækja, er að skila stórtíðindum. Hugbúnaðarverkefni þar sem gert er ráð fyrir þvílíkum stærðum á hugbúnaðarmarkaði að okkur óraði ekki fyrir að slíkt gæti gerst á Íslandi. Hér er um að ræða verkefni sem er þannig að þó að framleiðslan og markaðssetningin mundi að talsverðu leyti fara fram erlendis þá mundi forritunarvinna fara fram hér, skapa möguleika á að ráða hingað í vinnu bestu forritara í heimi, eins og sagði í frétt sjónvarpsstöðvarinnar Stöðvar 2 í gærkvöld. Það er verið að tala um þúsundir milljóna, segir talsmaður verkefnisins í sjónvarpsfréttum. Við erum að tala um að markaðstækifærið hljóði upp á fjárlög Íslands. Öll

hönnunar- og þróunarvinna við þetta verkefni hefur farið fram í Tæknigarði við Háskóla Íslands, en Tæknigarður er í raun og veru ein undirstaðan undir samvinnu fyrirtækja og rannsóknastofnana. Það hefur einnig verið erfitt að skapa skilning hér fyrir þessu. Fréttamaðurinn er svo gapandi hlessa á þessum undrum að hann lýkur fréttinni með þessum orðum, í gærkvöldi, með leyfi forseta: „Af þessu öllu má kannski draga þá ályktun að framtíðin felist ekki í þorski og ýsu eða loðdýrum eða fiskeldi, heldur í hugmyndum og þekkingu hérna í háskólanum."

Það skyldi þó aldrei vera þannig að framtíðarlífskjör íslensku þjóðarinnar, sem eru auðvitað ofin úr mörgum þáttum, verði ekki síst tryggð með því að við séum með öfluga rannsókna- og vísindastarfsemi til þess að við getum orðið samkeppnisfær við aðrar þjóðir um lífskjör. Þá er það þekking og aftur þekking sem skiptir máli. Og það alvarlega við þá menntastefnu almennt, sem fylgt er um þessar mundir, er auðvitað það að hvergi er verið að lyfta neinu upp í ljósið. Það er hvergi flagg. Það er alls staðar skorið og hæstv. menntmrh. segir, það er hans skoðun og ég ætla ekki að fara að ræða það við hann: Við tókum við vondu búi. Ég get svo sem rætt það við hann við tækifæri, en ég ætla ekki að gera það núna. En spurningin er þá sú: Er það endilega víst að menntmrn. eigi að skerast flatt rétt eins og allir aðrir? — Ég segi nei.

Ef við lítum t.d. á framlög Íslendinga til heilbrigðismála þá eru þau svipuð og gerist með öðrum þjóðum sem hlutfall af þjóðartekjum. Ef við lítum á framlög til menntamála þá eru þau af þjóðartekjum milli 3,5 og 4%, en í grannlöndum okkar tala menn um 6,5–8% af þjóðartekjum. Þetta ástand er stórhættulegt ef það fær að halda svona áfram. Þetta nefni ég ekki vegna þess að ég telji að hæstv. menntmrh. viti út af fyrir sig ekki um þessar staðreyndir, heldur vegna þess að ég vil leggja honum lið í þeirri baráttu að halda menntamálunum fyrir utan þennan flata niðurskurðarhníf sem gengur yfir allt kerfið með algjöru miskunnarleysi og skilar yfirleitt engum sparnaði að lokum. Það er nefnilega það kostulega við hann.

Þess vegna segi ég að við eigum að hafa þann metnað fyrir hönd skólakerfisins, menntastofnana landsins, rannsókna og vísinda og m.a. lánasjóðsins okkar, að gera kröfur fyrir hönd þess fólks sem þarna er af því að þar er framtíðin. Ef menntakerfið veikist frá því sem nú er þá veikist lífskjaragrundvöllur þjóðarinnar í heild. Sumir þættir í skólakerfi okkar eru auðvitað góðir, mjög góðir. Það unga fólk okkar, sem fer t.d. til háskólanáms erlendis, er fyllilega samkeppnisfært við það fólk sem kemur úr öðrum skólum í öðrum löndum. Það er ótrúlegt í raun og veru hvað kennarar okkar skila góðu verki miðað við þær aðstæður sem þeir búa við og fá stundum ótrúlega litlar þakkir fyrir. Engu að síður er það svo að hlutar af okkar skólakerfi eru fjarska veikir. Langveikast er grunnskólakerfið, að mörgu leyti, og síðan auðvitað sú feiknalega bylting sem hefur orðið í framhaldsskólakerfinu þar sem menn hafa ekki haft möguleika til þess, hvorki húsnæði, kennara eða peninga eða neinar aðstæður til þess að taka á móti öllu því unga fólki sem kemur inn í framhaldsskólana eins og þeir eru.

Á þessum tveimur sviðum, í neðstu bekkjum grunnskólanna og í framhaldsskólunum, þurfum við að breyta. Við þurfum að breyta bóknámsáherslunni þar sem við glímum við þann vanda að verulegur hluti þeirra, sem veita framhaldsskólunum forstöðu, eru menn sem eru aldir upp í bóknámsumhverfi og eiga mjög erfitt með að finna viðspyrnu annars staðar. Það þarf sem sagt að vinna eftir sóknaráætlun í menntamálum, áætlun til nýrrar aldar sem stefnir fram á við, þótt núv. ríkisstjórn hafi ákveðið að leggja framtíðarnefndina niður, eins og kunnugt er, af því það er svo erfitt að spá um framtíðina þó það sé ekki nærri eins erfitt eins og um nýliðna fortíð, eins og hér var vitnað til í morgun. Einn af fyrrverandi leiðtogum ríkisstofnananna sagði í sjónvarpsviðtali á gamlárskvöld fyrir nokkrum árum og var rifjað upp hér í dag að erfiðast af öllu væri að spá um nýliðna fortíð. Það væri eiginlega alveg útilokað mál að eiga við það.

Þessir þættir, sem ég hef hér rakið varðandi menntamálin, eru hér fluttir fram til að undirstrika rök fyrir því að frv. verði breytt og undirstrika nauðsyn þess að á því verði tekið núna strax að breyta ákvæðum 6. gr. um eftirágreiðslurnar því að ef við missum krakka úr námi í haust sem hefðu ella haldið áfram getur það auðvitað dregið langan slóða á eftir sér fyrir þessi börn og þar með fyrir þjóðfélagið í heild. Það eru til miðað við forsendur fjárlaga 800 millj. kr. upp í þessar 1.200 millj. sem þarf að borga um áramót miðað við fjárlögin eins og þau eru. Ég spurði hæstv. ráðherra áðan hvort talnaskilningur minn í þessu efni væri réttur og ég endurtek þá spurningu.

Ég vil aðeins spyrja að lokum hæstv. menntmrh. um eitt atriði, praktískt atriði. Þannig er að samkvæmt frv. er eins og verið hefur gert ráð fyrir því að það þurfi að sanna tiltekinn námsárangur til þess að ná lánsréttindum. Nú er það svo að í sumum deildum Háskóla Íslands og reyndar víðar búa menn við ákvæði sem heitir „numerus clausus" og menn geta í raun og veru náð prófi án þess að fá réttindi til þess að halda áfram. Þetta á við um tannlæknadeild Háskóla Íslands og þetta á við um læknadeildina alveg sérstaklega. Ég held að það sé mjög mikilvægt að á þessum málum verði sérstaklega tekið og þó þau séu nánast jaðarmál þá tel ég sjálfsagt og óhjákvæmilegt að þau verði rædd hér nánar.

Virðulegi forseti. Ég hef heyrt það á hæstv. menntmrh. að honum finnst að það hafi verið haldnar hér allmargar ræður og hann hefur kvartað yfir því að þær væru hverri annarri líkar. Út af fyrir sig er sjálfsagt ekki mikill vafi á því að þær eru mismunandi skemmtilegar a.m.k. og sums staðar er komið býsna víða við og menn renna sér gjarnan í svona umræðum mjög um himinskautin, eins og kunnugt er þó ég hafi nú séð hann svartari en í þessum umræðum svo ég tali nú ekki neitt um hv. 2. þm. Norðurl. e. í því sambandi, Halldór Blöndal, sem er sá maður sem hefur rennt sér víðast um vetrarbrautirnar í umræðum þegar hann var og hét í stjórnarandstöðu. Mér er reyndar sagt að hann

hafi beðið um orðið í dag um þingsköp af gömlum vana og þykir mér það ánægjuleg tíðindi að sjá lífsmark með honum aftur.

Hér hafa talað mjög margir þingmenn, já, úr stjórnarandstöðunni flestir. Farið ítarlega yfir hlutina og hafa umræður staðið yfir sjálfsagt hátt í 20 klukkutíma. Það er af því að menn telja þetta vera stórt mál og það er það. Það er ekki af því að menn séu af einhverjum almennum — svo ég leyfi mér nú að nota og ég vona að ráðherrann misskilji það ekki núna „af þjóðkunnum skepnuskap" — það er ekki vegna þess að við séum af einhverjum þjóðkunnum skepnuskap að hamast á ráðherranum heldur er það fyrst og fremst vegna þess að við teljum þetta mikið alvörumál sem snertir þjóðfélagið mjög víða.

Ég geri ráð fyrir því að þegar menn lesa þingtíðindi, ef menn gera það einhvern tímann, þá munu menn sjá að hérna hafi verið farið mjög víða yfir en það undirstrikar þá alvöru málsins sem við teljum vera til staðar í þessu og ég segi fyrir mig persónulega, sem manni leyfist kannski stundum að tala í nafni sjálfs sín í þessum stól, að ég tel að hér sé eitt af allra stærstu og viðkvæmustu málum þingsins og ég segi það af fullri einlægni að ég teldi það verulega mikil og ánægjuleg tíðindi ef ákvæðum 6. gr. um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði breytt í samræmi við forsendur fjárlaga. Í raun og veru er ég ekki að tala um neitt annað en það í fyrsta lagi að menn skoði forsendur fjárlaga, fari vandlega yfir þær og velti fyrir sér hvort ekki er hægt að standa öðruvísi að málum en gert hefur verið ráð fyrir til þessa.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég biðja hv. þm. afsökunar á því að hafa lagt rangan skilning í þau orð sem hann lét falla um þjóðkunnan skepnuskap minn. Ég tók bara ekki eftir því að þau voru í gæsalöppum.

Það er rétt að ég hef sagt að mér þætti að hér hafi verið haldnar allmargar ræður og hver annarri líkar. Það er ekkert að finnast. Það eru bara staðreyndir en ég er hins vegar ekki að kvarta og geri mér alveg grein fyrir því að menn vilja tjá sig og svo sem ekkert við því að segja þótt menn geri það kannski í svipuðu máli og taki á sömu atriðunum margir hverjir.

Ég get ekki í andsvari svarað öllum atriðum sem hv. þm. nefndi. Ég get auðvitað beðið um orðið síðar í umræðunni en sumt af því sem hv. þm. nefndi og spurði um vil ég gjarnan athuga sérstaklega á milli umræðna og geri ráð fyrir að það sé heppilegra að ég svari sumu af því við 3. umr. og mun gera það.

Ég nefndi í andsvari við ræðu hv. þm. Finns Ingólfssonar að ég held ég hafi sagt, ég var ekki með það skrifað hjá mér frá orði til orðs, að mér þætti sjálfsagt milli umræðna að sýna hv. þm. hvað breyting á eftirágreiðslunum, ef það ákvæði yrði fellt brott, mundi þýða. Ég ítreka að ég er reiðubúinn að láta athuga það sérstaklega í menntmn. á milli 2. og 3. umr. og þykir rétt að málið verði sérstaklega athugað á fundi í nefndinni milli umræðna.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. að þessi breyting minnki aðeins fjárþörfina á árinu 1992. Það er margt annað sem fylgir þessari breytingu eins og ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir. Það er ekki bara breyting á fjárþörf á árinu 1992.

Varðandi talnaskilnings hans mun ég gera frekari grein fyrir honum síðar, væntanlega við 3. umr. Ég vil aðeins nefna varðandi framlag á fjárlögum árið 1992 að það er að mestu leyti greitt til lánasjóðsins. Það munu vera eftir ógreiddar eitthvað á þriðja hundrað millj. kr. Það er því ekki mikið sem færist á milli ára ef við erum að tala um slíkt.

Eins og ég sagði mun ég koma við 3. umr. að öðrum atriðum sem hv. þm. nefndi.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt að sumum af þeim spurningum sem ég bar fram sé ekki unnt að svara við þessar aðstæður. Það sem fer kannski aðallega á milli okkar og er snúið um þessar mundir er spurningin um hinn þjóðkunna skepnuskap og hvaðan hann er ættaður (**Menntmrh.:** Nei, það er komið alveg á hreint.) og það er alveg komið á hreint. Það sem hefur kannski aðallega farið í geðið á mér er að mér virtst hæstv. menntmrh. rugla mér saman við Alþfl. og ég veit að hann skilur að mér sárnar það.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði áðan að það væri búið að flytja margar ræður og margar væru eins. Það sem ýtti við mér að koma upp í ræðustólinn var sú ræða sem hæstv. menntmrh. flutti í gær þar sem hann kom allvíða við og m.a. komu fram nokkur atriði sem ýttu við mér.

Það fyrra sem ég vildi nefna var það viðhorf hans að það væri grundvallaratriði hvaða upphæð væri búið að ákveða að skyldi koma árlega inn í fjárlagafrv. og inn í fjárlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það væri búið að ákveða nú að sú tala skyldi vera 2 milljarðar og það væri útgangspunkturinn sem allt annað ætti að miðast við. Að mínu mati er slíkt efnahagslegt mat rangt. Það er að mínu mati rangt að fjármagnið stjórni öllu án þess að meta hina raunverulegu þörf. Þetta trúaratriði birtist að vísu víða hjá frjálshyggjumönnum, að það sé fjármagnið eitt sem eigi að stjórna og við höfum kynnst því í mörgum myndum. Þar má t.d. benda á vaxtamál, þegar rætt er um hvort lækka skuli vexti en það var eitt af stóru deilumálunum í sambandi við nýgerða kjarasamninga. Ríkisstjórnin féllst þá á að beita sér fyrir vaxtalækkun en það mátti samt ekki heita að það væri verið að lækka vexti með handafli. Það varð að heita eitthvað annað. En það er önnur saga. En mér finnst næsta furðulegt að núv. ríkisstjórn skuli í þessu efnahagslega mati sínu aðeins líta á aðra hliðina, þ.e. á útgjaldahliðina, en ekki þann ávinning sem þjóðfélagið fær í krónum og aurum sem hagnað af menntun sem námsmenn fá þrátt fyrir það að þeir vilji meta allt í krónum og aurum.

Það er viðurkennt í öllum þjóðfélögum, velmegandi þjóðfélögum a.m.k., að traustur grundvöllur góðrar

efnahagslegrar afkomu er góð menntun og þekking. En þegar komið er að því að við stöndum frammi fyrir skipulagi sem byggir í vaxandi mæli á því að efnahagur nemenda ráði úrslitum um það hvort þeir geti stundað og lokið því námi sem þeirra hugur stendur til þá er það áreiðanlega dýrt og raunverulega getur enginn sagt til um það fyrir fram hversu dýrt það getur orðið þjóðfélaginu ef þeir sem hæfileika hafa verða að gera slíkt og þjóðfélagið fer þá á mis við að njóta þeirrar þekkingar. Stjórnarflokkarnir segja að námsmenn eigi bara að útvega fjármagnið sem á vantar á annan hátt. Ef það fer svo að námsmönnum öllum takist að gera það og þurfi ekki að hverfa frá námi, þá lækkar ekki heildarkostnaðurinn við námið, hvorki fyrir einstaklingana né þjóðfélagið í heild. Þvert á móti er augljóst að það hefur einhvern aukinn kostnað í för með sér. Það er því ekki spurningin um hvort það þurfi að greiða námskostnaðinn heldur hvernig hann verður greiddur. En auk þeirrar afleiðingar af því að þrengja um of að námslánum, að nemendur verða að hætta við nám, þá er fleira sem kemur til ef of miklar byrðar eru lagðar á námsmenn meðan á námi stendur. Ein þeirra er að sjálfsögðu sú að það verður meira sem þeir þurfa að greiða til baka að námi loknu. Ég býst við að okkur sé öllum ljóst að eftir því sem sú byrði verður meiri, þá verður krafan um hærri laun meiri til þess að standa undir þeirri byrði. Á annan hátt verður hún ekki greidd til baka. Yfirgnæfandi meiri hluti af starfsmönnum ríkisins hygg ég vera þá sem lokið hafa einhverju slíku námi eða líklegt að svo verði a.m.k. í framtíðinni. Því held ég það hljóti að vera reikningsdæmi fyrir ríkið hvort sá viðbótarkostnaður vegna launahækkana verður minni en sá sem fylgir því að styðja nemendur eitthvað meira á námstíma. Það er að sjálfsögðu vandi framtíðarinnar að standa undir þeim launagreiðslum. Spurningin er: Er það betri vandi en sá að styðja nú við lánasjóðinn?

Annað atriði í ræðu hæstv. menntmrh. vakti mig til umhugsunar en það voru orð hans um ábyrgð ábyrgðarmanna og það sem segir í greinargerð um 6. gr. frv. Þar stendur, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir að sjóðurinn geri sömu kröfur til ábyrgðarmanna og aðrar lánastofnanir."

Ég held að flestir geti orðið sammála um að hrikaleg áföll sem margir hafa orðið fyrir á undanförnum árum vegna persónulegrar ábyrgðar fyrir aðra sé einn af svörtu blettunum á okkar þjóðfélagi. Um það þekkjum við sjálfsagt öll allt of mörg dæmi. Það hefur orðið allt of algengt að bankastofnanir hafa verið reiðubúnar að veita fyrirtækjum og einstaklingum lán, þó að þær treysti þeim ekki til að geta greitt þau til baka, ef vinir og vandamenn lántakenda fást til að veita ábyrgðir. Ég tel að slík vinnubrögð eigi frekar að vera undantekning en regla vegna þessara mörgu dæma um slæmar afleiðingar sem eiga vissulega að vera víti til varnaðar. Ég hrökk því við þegar í umræðu um frv. var dregin fram þessi aukna ábyrgð ábyrgðarmanna námsmanna og talin þörf á að benda sérstaklega á í greinargerð frv. að geti orðið hlutskipti þeirra. Eða eigum við að horfa fram á það á komandi árum að lánasjóðurinn líti á það hversu breið bök ábyrgðarmenn hafa áður en hann úthlutar námsmönnum láni og hvort foreldrar t.d. með mörg börn og takmarkaða fjárhagslega getu samkvæmt ströngu mati bankakerfisins verði e.t.v. að fara að vega og meta hverju barna sinna þeir geti veitt ábyrgð fyrir láni eða hún metin gild? Er það virkilega svo að það á að fara að meta ábyrgðarmenn eftir hinum ströngu reglum bankakerfisins?

Að sjálfsögðu bíða námsmanna eins og annarra misjöfn örlög og enginn veit sína ævina fyrr en öll er. En hjá þeim sem trúa því að með menntun æskunnar sé verið að safna í sjóð fyrir framtíðina fyrir þjóðfélagið í heild, þá hlýtur að vakna sú spurning hvort ganga á fram af hörku bankakerfisins við ábyrgðarmenn þeirra sem verða fyrir óvæntum áföllum.

Það fór fyrir mér eins og hv. 9. þm. Reykv. þegar fréttirnar bárust um þá vinnu sem fram hefur farið að undanförnu hjá Háskóla Íslands um forritagerð að mér varð hugsað til námslánanna. Og ég held að þær fréttir séu þörf áminning fyrir okkur hversu varasamt er að ákveða það fyrir fram hvaða fjármagni skuli verja til Lánasjóðs ísl. námsmanna á fjárlögum og hversu dýrt það gæti orðið ef við misstum af slíkum tækifærum vegna þess að sú upphæð hefði verið skorin við nögl. Það gæti orðið þjóðfélaginu dýrt. Ég held við vinnum okkur aldrei út úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í þjóðfélaginu nema því aðeins að við reynum að fá arð af þeim auðlindum sem við eigum, bæði í þekkingu þjóðarinnar og auðlindum landsins og með því verja fjármagni til þess að nýta þær. Það er sú leið sem við hljótum að verða að fara til að byggja upp fyrir framtíðina. Ég vil því þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá yfirlýsingu hans áðan að vilja skoða frv. betur milli 2. og 3. umr. þannig að meira tillit verði tekið til þess hverjar eru þarfir námsmanna og hverjir eru hinir raunverulegu hagsmunir þjóðfélagsins.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt, sem hæstv. ráðherra hefur oft og tíðum sagt úr þessum ræðustóli í andsvörum, að þetta fer að verða nokkuð langt mál og margir ræðumenn hafa talað og oft er verið að endurtaka sömu hlutina eða sömu staðreyndirnar. Ég er sammála þeim málflutningi hv. þm. Svavars Gestssonar að eftir allar þær umræður sem hér hafa farið fram um Lánasjóð ísl. námsmanna og þetta nýja frv. um hann eru þær eftirágreiðslur, sem fyrirhugaðar eru, stærsta málið sem stendur eftir eftir þó þær breytingar, sem komnar eru fram og sem allir hafa lýst yfir að horfi til betri vegar

Nú hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir úr þessum ræðustól að hann hyggist skoða það mál milli 2. og 3. umr. og þó að hann hafi að vísu ekki lofað einu eða neinu um hver árangurinn yrði af þeirri skoðun þá hljótum við að ætla að hann geri ekki ráð fyrir því að við þurfum að endurtaka allar þær ræður sem hér hafa verið fluttar í 2. umr. til þess enn þá einu sinni að ítreka þessa niðurstöðu okkar.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þau ummæli sem hæstv. ráðherra lét falla í gær. Í fyrsta lagi sagði

hann að við gætum ekki annað en farið að fjárlögum í sambandi við úthlutanir úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er vissulega rétt að æskilegast og best væri að allar stofnanir gætu farið að fjárlögum og var það ítrekað mjög í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur í dag þegar hún fjallaði um ríkisreikning 1989. Samt er það svo að um helmingur þeirra stofnana, sem eru færðar í ríkisreikningi, hafa farið fram úr fjárlögum á árinu 1989. Og þó að eðlilegast og best væri að nákvæmlega væri hægt að fara eftir fjárlögum þá vill svo til að í mörgum tilfellum er það ekki hægt. Það er e.t.v. ekki hægt að öllu leyti í málefnum lánasjóðsins vegna þess að ekki er vitað svo nákvæmlega þegar áætlun er gerð hversu margir munu sækja um og hafa rétt á láni. Það er e.t.v. ekki heldur hægt í framhaldsskólakerfinu vegna þess að stundum eru fleiri nemendur sem ætla sér þar inngöngu en áætlanir gerðu ráð fyrir, samanber á síðasta hausti. Það er heldur ekki hægt í heilbrigðiskerfinu vegna þess að það geta orðið fleiri sjúklingar sem þurfa á aðstoð að halda en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Það er því ekki alltaf hægt að fara nákvæmlega að þeirri áætlun sem gerð er í fjárlögum. Það verður oft að taka tillit til mannlegra sjónarmiða.

Hæstv. ráðherra hefur nokkuð ásakað okkur kvennalistakonur fyrir það að við höfum nefnt að við vildum að ríkissjóður kæmi inn í málefni lánasjóðsins með yfirtöku skulda til þess að rétta hag hans sem raunverulega þarf ekki að gera nema tímabundið þar sem lánasjóðurinn á að koma til með að geta staðið undir öllum sínum skuldbindingum í framtíðinni. Við höfum svo mörg dæmi um það að ríkissjóður þarf að koma inn í til að jafna félagslega aðstöðu að það er eitt af því sem við leggjum mesta áherslu á að ríkissjóður standi við. Það er að hann hafi bolmagn til þess að sinna þeim félagslegu málefnum sem hver siðmenntuð þjóð, eins og Íslendingar, telur sig eiga heimtingu á. Og hvers vegna ættu námsmenn í dag að þurfa að greiða fyrir þann gamla upsafnaða vanda sem sjóðurinn hefur komist í? Okkur finnst það alls ekki réttlátt.

Í öðru lagi ætla ég að nefna að þó að námsmenn muni fá í eftirágreiðslum lána bættan vaxtakostnaðinn með hærra láni vegna þess vaxtakostnaðar sem þeir þurfa að taka á sig við að taka bankalán áður en þeir fá námslánin greidd þá er vitaskuld ekkert verið að bæta hag námsmanna í sjálfu sér með því. Þeir þurfa eftir sem áður að greiða það þó að það verði þá á lengri tíma. Þeir sem græða á þessu eru fyrst og fremst bankarnir og það kemur mjög vel fram í blaðagrein sem mjög nýlega birtist í Morgunblaðinu þar sem Björn Ragnarsson spyr hver tilgangurinn sé. Með leyfi forseta segir svo í greininni um þessa breytingu að námsmenn fái greitt eftir á:

„Tilgangur og kostur umræddrar brtt. er mjög vandséður. Ef mikið er rýnt þá eygir maður jú að ekki koma til greiðslur frá lánasjóðnum fyrr en eftir næstu áramót. Það mun leiða af sér hagstæðari áramótastöðu en verið hefur undanfarin ár og ríkisstjórnin getur strax farið að stæra sig af árangri. En hvað svo? Fljótt eftir áramótin þarf að greiða námslánin út og síðan tvisvar á ári eftir það og ekki trúi ég að svo mikil skammsýni sem áramótastaða fyrsta árs ráði gerðum ríkisstjórnar Íslands. Aðra ástæðu er þó erfitt að eygja nema ef vera skyldi að skapa bönkunum enn frekari tekjur en þeir fá í dag því að varla er tilgangurinn með þessari tillögu að mismuna íslensku fólki til náms, eða hvað?"

Skyldi það vera svo að þarna sé verið að hagræða fyrir bankakerfið? Bankarnir munu vissulega græða á þessu. Þeir þurfa að leggja út talsvert mikið af námslánum sem námsmenn þurfa síðan að bera vextina af þó að þeir fái lán greidd til þess eftir á.

Þá sagði ráðherra einnig að þegar þrengir að í þjóðarbúinu sé það vænlegur kostur að styðja námsmenn. Það er vissulega alveg rétt. Ég tek undir þau orð hans því að það er tilhneiging hjá fólki til að mennta sig þegar minna er um atvinnu og auðvitað er það miklu vænlegri kostur að styðja fólk til að afla sér menntunar sem seinna meir nýtist þjóðarbúinu en að ríkissjóður þurfi að fara að greiða því atvinnuleysisbætur. Og í framhaldi af því langar mig til að geta þess sem hv. þm. vita kannski að í Noregi verða menn stundum að nýta sér það að vera líka á atvinnuleysisbótum til þess að geta stundað skóla. Ég ætla samt að vona að við hér á landi ætlum námsmönnum ekki að reyna að leika þann leik að hafa atvinnuleysibætur og stunda þannig skóla.

Ráðherra hafði jafnframt áhyggjur af því að þó að við værum búin að styðja námsmenn með námslánum og margir menntuðu sig þá mundi þetta menntaða fólk flytjast úr landi því að það fengi ekki atvinnu. En ég vil bara spyrja: Er það eitthvert náttúrlögmál að menntað fólk þurfi að flytjast úr landi? Hvers vegna höldum við ekki áfram að byggja upp þær atvinnugreinar sem geta tekið við menntuðu fólki? Við vitum að það verður færra og færra fólk sem sinnir framleiðslugreinunum á næstu árum. (**Menntmrh.:** Þetta er ranglega eftir mér haft.) Þær taka ekki við. Hæstv. ráðherra hafði áhyggjur af því að þetta menntaða fólk mundi flytjast úr landi og þess vegna tel ég að hæstv. ríkisstjórn ætti frekar að hugsa til þess að virkja það hugvit og þá menntun sem hún getur átt í íslenskum námsmönnum. Hún ætti að hafa hugrekki til þess að styrkja þær stoðir sem hægt er að styrkja í atvinnulífi Íslendinga. Til dæmis er á sjúkrahúsum landsins mikið af menntuðu fólki sem gæti unnið stórvirki og það gæti orðið nokkurs konar útflutningur að taka inn sjúklinga erlendis frá og það væri hægt vegna þess að hér höfum við svo mikið af góðu og vel menntuðu startfsliði á sjúkrahúsunum sem vel getur bætt á sig störfum ef það fengi leyfi til þess og við það gæti vinna einnig aukist. Við getum orðað það svo að flytja út þekkingu með því að taka sjúklinga frá öðrum löndum og sinna þeim hér. Hvers vegna eigum við bara að senda sjúklinga til annarra landa og greiða fyrir þjónustuna þar þegar við getum sinnt þessu fólki, bæði Íslendingum og fleirum ef aðstaða væri fyrir hendi?

Hvarvetna í þeim tilkynningum sem við þingmenn höfum fengið inn frá námsmönnum kemur mjög fram að jafnrétti til náms verði eitthvað sem muni heyra sögunni til. Eitt stærsta dæmið sem þar er tekið er að

námsaðstoð verði greidd eftir á. Það skín alls staðar í gegn að fáist hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. menntmrh. til að gera breytingar á því þá sé þetta annars slæma frv. orðið ásættanlegra. Ég ætla því að vona að hæstv. ráðherra muni virkilega beita sér fyrir því að þetta verði endurskoðað milli 2. og 3. umr. og að það komi út úr því að við þurfum ekki að eyða jafnmiklum tíma í að ræða þetta frv. í 3. umr.

Ég ætla aðeins að nefna eitt atriði í viðbót sem varðar föstu endurgreiðsluna. Í frv. menntmrh. er hún 48 þús. kr. Ég vék nokkuð að þessu í minni fyrri ræðu en vegna tímaskorts hafði ég ekki tíma til að svara því í andsvörum á eftir. Ég spurði hvort það væri hugsanlegt að endurgreiðslan, þessi fasta upphæð, væri hærri en 5% af árstekjum þess sem þyrfti að greiða þetta til baka. Hæstv. ráðherra svaraði því til að það væri ekki hugsað að meta það svo heldur væri þetta föst greiðsla eins og reyndar kemur fram í frv. Ég vil þá benda á það að þegar árstekjurnar eru lægri en 960 þús. þá er þetta auðvitað miklu meira en 5% eins og áætlað er að greiða til baka fyrstu árin. Það er alveg til í dæminu að mánaðarlaun séu ekki nema um 60 þús. kr. fyrstu árin og ég tala nú ekki um ef fólk væri ekki í fullu starfi. Ef við gefum okkur það að launin væru 60 þús., þ.e. 720 þús. kr. í árstekjur, þá er hlutfallið ekki lengur 5% heldur tæp 7% á fyrstu árunum en þó er ekki hugsað að þær endurgreiðslur hefjist fyrr en eftir fimm ár. Hérna tel ég að sé verið að sverfa að láglaunafólki með því að hafa fasta greiðslu en ekki miðað við tekjur eins og er í núgildandi frv.

Allt frv. gengur í raun út á það að námsmönnum þurfi að fækka, þeir séu of margir. Og þá er það ráð tekið að setja lög sem útilokar þá frá námi sem ekki eiga efnaða foreldra eða aðstandendur. Er þá ekki verið að hengja bakara fyrir smið? Það er verið að koma í veg fyrir svokallaða misnotkun sem námsmenn hafi gert sig seka um. Vera má að einhver misnotkun hafi átt sér stað ef núverandi kerfi hefur boðið upp á það. Ef svo er, þá þekkja námsmenn það og vilja leggja sig fram um að koma í veg fyrir það án þess að allur þorri námsmanna þurfi að gjalda fyrir. En það er ekki haft samráð við þá og það er því miður í samræmi við ýmislegt annað í stefnu ríkisstjórnarinnar í mörgum málum. Hún hefur ekki leitast við að hafa samráð við þá sem verða þolendur gerða hennar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. en vísa enn og aftur til þeirra ummæla hæstv. ráðherra að hann muni skoða málið um eftirágreiðslu námsmanna mjög vel milli 2. og 3. umr.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég biðst forláts að hafa ekki verið í salnum þegar kom að mér en því getum við þakkað tækninni sem komin er í salinn að ég varð skjótt var við það að einhvern vantaði og áttaði mig umhendis á því að mín var vænst í ræðustól.

Ég hef þegar talað í þessari umræðu og komið inn á þau efnisatriði sem ég taldi rétt að bæta inn í umræðuna. Ég vildi ítreka eina fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem ég bar fram og varð ekki var við að hæstv. ráðherra hefði svarað, e.t.v. hefur hún fallið niður í hans minnispunktum. Það var um skilning á 2. mgr. 12. gr. frv. Þessi málsgrein veitir stjórn sjóðsins heimild til að veita skuldabréfalán á markaðsvöxtum. Í skýringum með þessari málsgrein segir svo, með leyfi forseta:

„Tekið er upp það nýmæli að stjórninni er veitt heimild til að veita almenn skuldabréfalán á markaðsvöxtum. Ekki eru í lögunum mótaðar reglur um hvernig þessi heimild skuli nýtt en rétt þótti að stjórnin hefði þessa heimild. Stjórnin verður sjálf að móta reglur um notkun hennar. Gera verður strangar kröfur um endurgreiðslugetu og tryggingar."

Það er ekki mikið á þessari skýringu að græða. Þar kemur fram það orðalag að „rétt þótti að stjórnin hefði þessa heimild". Ekki er útskýrt hvers vegna það þótti rétt og því þykir mér ástæða til að ganga eftir skýringum hæstv. ráðherra á tilkomu þessarar málsgreinar.

Ég hélt og taldi það eðlilegastan skilning á þessari málsgrein sem er í 12. gr. frv. að hún hlyti að tengjast því sem á undan er komið í fyrri mgr. 12. gr. Hins vegar virðist sá skilningur hæpinn vegna þess að svokölluð aukalán, sem fyrri málsgreinin fjallar um, eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán. Það er ljóst að þessum aukalánum er greinilega ekki ætlað að vera veitt á þeim kjörum sem talað er um í 2. mgr. Þá vandast nú málið að finna tilganginn með þessari málsgrein fyrst það er erfitt að tengja hann við það sem á undan er komið í frumvarpsgreininni. Ég spurði í fyrri ræðu minni hver væri ástæða þess að menn settu þessa heimild inn, hvort það væru einhver ákveðin öðrum greinum frv. sem menn hefðu í huga að beita þegar kæmi að því að nýta þessa heimild í einhverjum tilvikum.

Það kemur t.d. ekkert fram um tengingar inn í aðrar greinar frv. Þar með kemur heldur ekkert fram um að það sé nauðsynlegt eða skilyrði fyrir veitingu láns með kjörum 2. mgr. 12. gr. að það séu námsmenn sem eigi í hlut. Ég hef helst getað séð út úr þessari klausu heimild fyrir lánasjóðinn til að starfa eins og banki, að lána Pétri og Páli peninga á markaðsvöxtum. Þá hlýt ég að spyrja: Hvernig má það vera eða sjá menn það fyrir að sjóðurinn verði í framtíðinni svo vel settur með fé að hann komi því ekki öllu út svo hann verði að fara að stunda bankastarfsemi til að ávaxta fé sitt?

Þannig eru nú mínar hugrenningar varðandi 12. gr. Ég hef þar sem komið er í máli mínu rakið hvernig ég hef reynt að skilja 2. mgr. og reynt að fá botn í til hvers hún er þarna inn komin. Ég vænti þess og er viss um það að hæstv. menntmrh. muni veita greið svör við þessari fyrirspurn.

Annað sem mig langar til að koma inn á er í framhaldi af ræðu ráðherra fyrr í kvöld þar sem hann var að fjalla um fjárhæðir sem væntanlega þyrfti að greiða úr sjóðnum á næstu missirum. Mér heyrðist á máli hans að hann væri að miða við einhverjar tilteknar úthlutunarreglur. Nú minni ég á það að úthlutunarreglur lánasjóðsins eiga að vera tilbúnar 1. júní nk. Það er ekki ólíklegt að láta sér í hug koma að stjórnarmeirihlutinn sé búinn að koma sér saman um einhverjar út-

hlutunarreglur og menn séu farnir að vinna út frá þeim og reikna tölur út frá þessum komandi úthlutunarreglum þar sem m.a. yrði tekið á breyttu tekjutilliti eða því breytt frá því sem er í núgildandi reglum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig koma þessar úthlutunarreglur til með að líta út í meginatriðum?

Enn langar mig til að bæta við þriðju spurningunni til hæstv. ráðherra: Mun sjóðurinn lána nemendum fyrir skólagjöldum við Háskóla Íslands á næsta hausti? Ef svo er hvenær verður það lán greitt út? Fá menn lán fyrir skólagjöldum í haust til að gera þau upp við innritun eða upphaf skólaárs eða verða þau lán veitt síðar?

Ég vil svo víkja örfáum orðum, virðulegi forseti, að því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra sem svar við minni ræðu. Ég hafði farið nokkuð yfir samþykkt landsfundar Sjálfstfl. í menntamálum og rakið saman þá samþykkt og frv. um lánasjóðinn og ráðherra taldi að ég hlyti að hafa misskilið samþykkt Sjálfstfl.

Ég vil í örfáum orðum rekja það hvernig þær samþykktir eru og ítreka, þannig að ljóst megi vera, að ekki er um misskilning af minni hálfu að ræða um þá stefnu sem flokkur hæstv. menntmrh. markaði skömmu fyrir síðustu kosningar eða nánar til tekið 51 degi áður en hæstv. ráðherra settist í stól menntmrh. Skemmra getur varla verið frá því að samþykktin er gerð og þar til flokkurinn hefur tækifæri til þess að fylgja henni eftir.

Það sem ég vitnaði til, virðulegi forseti, á bls. 34 í landsfundarályktanahefti Sjálfstfl. 1991 undir kaflanum Skóla- og fræðslumál, er örstutt. Það er ein setning sem ég ætla að vitna til svo málið sé eins einfalt og verið getur. Setningin er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Það er stefna Sjálfstfl. að hið opinbera tryggi að allir eigi kost á menntun við sitt hæfi og hafi jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar."

Skýrar getur þetta ekki verið, „hafi jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar." Það eru þessi grundvallaratriði. Það er rétturinn í fyrsta lagi, í öðru lagi að hann skuli vera jafn og í þriðja lagi er jafnréttið áréttað með því að tiltaka að jafnréttið eigi að vera án tillits til þriggja þátta, efnahags, búsetu og fötlunar.

Þetta er ákaflega skýr stefnumörkun. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er sammála þessari stefnu, að menn eigi að hafa jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar. Ég er hjartanlega sammála þessari stefnu. En það sem ég rakti í minni fyrri ræðu var hvernig frv. endurspeglar þessa stefnu og í hverju það víkur frá hinni mörkuðu stefnu. Maður hlýtur að spyrja sig: Er það þannig varðandi þess stefnu, sem ég mun rökstyðja hér í fáum orðum á eftir að víkur svo verulega frá samþykktinni eins og hún birtist í frv., að flokkurinn meinti ekkert með sinni samþykkt? Þetta hafi verið svona kosningablóm sem menn veifuðu framan í kjósendur til að fá atkvæði fyrir kosningar. Flokkurinn hefur allt forræði yfir málaflokknum, hann hefur menntmrh., hann hefur fjmrh. og hann hefur forsrh. Sjálfstfl. hefur allt það forræði á málum námsmanna sem hann getur hugsanlega haft. Það er ekki hægt að hafa betri stöðu í ríkisstjórn til að framfylgja sinni stefnu en Sjálfstfl. hefur núna. Það er því ekki óeðlilegt að maður spyrji: Meintu menn ekkert með þessu? Eða: Var það samstarfsaðilinn í ríkisstjórn, Alþfl., sem knúði þá niðurstöðu fram að vikið yrði svo gróflega frá markaðri stefnu?

Það væri fróðlegt ef hæstv. menntmrh. upplýsti þingheim um það ef svo hefur verið að það hafi verið Alþfl.— Jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem gerði þá kröfu til síns samstarfsflokks að vikið yrði frá stefnunni um jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hreinlega út: Er það að kröfu Alþfl. sem frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna lítur þannig út að menn eiga ekki lengur rétt heldur á lánasjóðurinn að veita tækifæri til náms, hann á ekki að tryggja rétt til náms? Á þessu er grundvallarmunur. Auk þess er orðið „jafnan" ekki til, það er farið út. Í stað þess að eiga jafnan rétt kemur: Menn eiga tækifæri. Það sjá allir að þetta er tvennt ólíkt.

Í öðru lagi kemur fram í frv., eins og það er lagt fyrir, að það á ekki að taka tillit til búsetu. Það er ekki fyrr en við brtt. sem það kemur inn í 3. gr. frv. að stjórn sjóðsins sé heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða. Það er líka tvennt ólíkt, hæstv. forseti, að eiga rétt til einhvers án tillits til búsetu eða að stjórn sjóðsins sé heimilt að tekið verði tillit til búsetu. Það er tvennt ólíkt. Annað er afdráttarlaust boðuð stefna, lögfest, hitt er heimild sem stjórn sjóðsins fer með eins og henni sýnist á hverjum tíma. Búsetan verður verr úti en þetta því ein af jöfnunaraðgerðunum í núgildandi lögum er að veita ferðastyrki til að jafna út kostnað við að komast til skóla. Því er hent út. Enga ferðastyrki sem þýðir að þeir sem eiga langt að sækja til náms skulu bara borga sitt fargjald sjálfir. Okkur varðar ekkert um jöfnuð hér á Íslandi árið 1992.

Er það að kröfu Alþfl. sem þetta er gert? Eða þurfti ekki kröfu Alþfl. til? Er Sjálfstfl. kannski ekki fastari á sinni stefnu og hún honum ekki meira virði en svo að menn snúa við blaðinu frá því sem þeir samþykktu skömmu fyrir síðustu kosningar? Það væri fróðlegt að fá það upplýst af því að ég hef satt að segja enga trú á því að hæstv. menntmrh. sé þeirrar skoðunar að menn eigi að bera sína misþungu bagga eftir búsetu. Ég hef ekki trú á því að það sé skoðun hæstv. menntmrh., að menn eigi að gjalda þess að búa úti á landi. Ég spyr hann því: Hvaðan er sú krafa komin að taka þetta út? Hvaðan er sú krafa komin að taka út jöfnunaraðgerðina ferðastyrki?

Ég veit það að kjósendur á landsbyggðinni, bæði kjósendur Sjálfstfl. og Alþfl., vilja gjarnan fá að vita hver er höfundurinn að þessu. Ég skora á hæstv. menntmrh. að sýna þessu fólki þá virðingu að upplýsa um höfundarrétt á misréttinu í Lánasjóði ísl. námsmanna.

Ég held, virðulegi forseti, að ekki sé ástæða til að fjölyrða frekar um þetta eða rökstyðja meir málflutning minn í fyrri ræðu minni um stefnu Sjálfstfl. og að það sem ég dró þar upp eigi við full rök að styðjast.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, minna á eitt orð enn sem fellur út úr samþykkt landsfundar Sjálfstfl. í frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna og það er orðið „fötlun". *Í samþykkt landsfundar Sjálfstfl. eiga allir jafnan rétt til menntunar án tillits til efnahags, búsetu eða fötlunar.* Menn eiga rétt til menntunar án tillits til fötlunar. Hvar kemur sú stefna fram í frv., virðulegi forseti? Ég sé hana hvergi. Ég sé hana ekki endurspeglast í þeim frumvarpstexta sem fyrir þinginu liggur.

Ég vil svo, virðulegi forseti, láta máli mínum lokið en vil gjarnan fá að enda á því að dást að hæstv. menntmrh. fyrir dugnað hans við að sitja og hlýða á ræður manna því það er meira en hægt er að segja um marga aðra ráðherra. Ég vænti þess að hann veiti skjót, greið svör og skýr svör við mínum fyrirspurnum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spurði hver ástæðan væri fyrir heimildinni í 2. mgr. 12. gr. frv., um heimild stjórnarinnar til þess að lána á venjulegum kjörum. Það ber ekki að tengja sérstaklega saman 2. mgr. við 1. mgr. Það er ekki ætlunin að fara að taka upp venjulega bankastarfsemi hjá lánasjóðnum og lána Pétri og Páli eins og hv. þm. spurði. Ástæðan fyrir þessu er ósköp einföld. Það eru líkur á að sjóðstjórnin viti vel um hagi námsmanna og svo kann að fara að það þurfi að grípa til sérstakra hjálparaðgerða og til þess og þess eins er þessi heimild sett inn.

Varðandi úthlutunarreglurnar hef ég þegar svarað því og sagt að lánasjóðsstjórnin hefur þegar rætt um *úthlutunarreglur en að sjálfsögðu ekki gengið frá þeim* vegna þess að það getur hún ekki fyrr en þetta frv. er orðið að lögum. Ég hef líka svarað því að það verður lánað vegna skólagjalda í Háskóla Íslands og lán vegna *skólagjalda verða greidd út eftir á eins og önnur lán.*

Síðan rakti hv. þm. eins og hann hafði reyndar gert áður landsfundasamþykktir Sjálfstfl., gerði það alla vega í annað sinn, og það er ekkert sérstakt um það að segja. Við erum einmitt með aðgerðum okkar að tryggja að menn eigi þá kosti og þann rétt sem við samþykktum þar og hv. þm. taldi upp. Við höfum ekki horfið frá þessari stefnu og þess vegna eru spurningar hv. þm. um hver hafi þvingað okkur frá henni alveg út í hött.

Þetta voru held ég meginspurningarnar sem hv. þm. beindi til mín núna. Ég vona að það hafi ekki fallið neitt sérstaklega út í mínum minnispunktum. Ég vil aðeins bæta því við varðandi það sem hv. þm. ræddi um tillit til búsetu að heimildirnar eru fyrir hendi í frv. til sjóðstjórnarinnar og því hefur verið lýst yfir að ekki sé ætlunin að breyta út frá því sem unnið hefur verið hjá lánasjóðnum til þessa. Því hefur verið lýst yfir áður í þessari umræðu og styðst ég þar við viðræður við framkvæmdastjóra lánasjóðsins og einstaka stjórnarmenn.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svörin sem voru skýr og hann svaraði öllum þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann öðrum en þeim sem lutu að stefnu Sjálfstfl. Það geri ég ekki frekar að umtalsefni en gef mér að sú stefna, sem er í lánasjóðsfrv., sé hin raunverulega stefna flokksins. En ég vil *varðandi þau svör sem hann gaf við spurningum mínum* benda á 12. gr. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að 2. mgr. væri sett inn til þess að geta mætt þörf á sérstökum hjálparaðerðum gagnvart námsmönnum eða með öðrum orðum til þess að lána þeim sérstaklega þegar þannig stæði á. Ég var búinn að rekja það í ræðu minni og geri það aftur stuttlega að benda hæstv. ráðherra á að 1. mgr. 12. gr. opnar fyrir heimild til að veita mönnum sérstök aukalán. En hún segir líka, þessi sama málsgrein að þau lán, aukalánin, eru með sömu kjörum og almenn námslán þannig að 2. mgr. getur ekki átt við þessi tilvik. (**Menntmrh.:** Hún gerir það, því að hún á ekki við þar.) Þá verður ráðherrann að tala skýrar því að ég næ ekki meiningunni út úr hans svari.

Seinna atriðið varðar tillit til búsetu. Það er út af fyrir sig gott og góðra gjalda vert að fá þá yfirlýsingu að ekki sé ætlunin að breyta frá því sem verið hefur varðandi búsetu. En hvers vegna eru menn þá að breyta lögunum? Hvers vegna er verið að breyta því sem er í lögum yfir í það að vera heimild? Það er ekki nema ein ástæða og hún er sú að menn ætla sér að nota heimildina einhvern tíma þannig að búsetan mun hverfa út með tíð og tíma, virðulegi forseti. Ef ráðherrann meinar það sem hann nákvæmlega sagði þá á hann að breyta frv. til upprunalegs horfs hvað þetta varðar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að í dag sé hljóðið nokkuð annað í mönnum en í gær og ég vonast til þess að það sé *vísbending um* það að til þess sé ástæða. Nú hefur það komið í ljós að einhver fyrirheit af einhverju tagi eru frá hæstv. menntmrh. um að e.t.v. sé ástæða til að endurskoða örlítið ákvæðin um eftirágreiðslurnar. Ég vona að þetta sé vísbending um að barátta okkar, sem höfum gagnrýnt og sýnt fram á hversu illa þessi ákvæði um eftirágreiðslu lána koma við námsmenn, hafi borið einhvern árangur. Ég efast ekki um að öll þau rök og allt það sem fram hefur komið í þessari umræðu hafi vakið hæstv. ráðherra til umhugsunar og jafnframt, og ég tel raunar að það hljóti að vega þyngra, þá trúi ég ekki öðru en raddir námsmanna séu farnar að hljóma nokkuð betur í samfélaginu en oft áður. Að mörgu leyti hefur þetta verið gagnleg umræða. Hún hefur ekki verið laus við hnökra. Ég ætla ekki að nefna neina sérstaka til. Sumum þykir sjálfsagt að hún hafi dregist um of á langinn. Öðrum án efa að tilefni hennar sé það versta við hana og ég er ein í þeirra hópi. Mér þykir það hart að við skulum þurfa að takast á um grundvallarmannréttindi, þ.e. réttinn til þess að velja okkur nám og þá á ég við alla þá sem telja sig eiga erindi í nám, óháð fjárhag, kynferði, áhugasviðum, aldri og öðru því sem oft og tíðum hefur hamlað fólki í grundvallarbaráttu.

Það hefur verið sýnt fram á, ég held með nokkuð gildum rökum, að fyrir suma, sem velja sér óhefð-

bundið nám, kemur eftirágreiðslan verr niður heldur en fyrir aðra. Það hefur jafnframt verið sýnt fram á það að fjárhagur fjölskyldu og tekjumöguleikar, sem eru mjög misjafnir, m.a. eftir kynferði, mikil áhrif á það hvort eftirágreiðslurnar koma það illa við fólk að það getur ekki valið sér nám. Ég tala af mikilli reynslu vegna þess að ég hef staðið frammi fyrir því að eiga ekki kost á velja mér nám og hef ég þó búið við ljómandi góðar aðstæður. En þannig er að með tækifærunum er ákveðin stýring og eins og svo margir stúdentar þá stóð ég eitt sinn frammi fyrir því að hafa lokið stúdentsprófi og sá fram á að neyðast til að fara í Háskóla Íslands. Auðvitað sé ég ekki eftir því. Þar var hægt að komast inn í námslánakerfi sem að vísu var ekki eins gott og það kerfi sem nú er og á að fara að breyta til hins verra, en það nám, sem ég hafði hug á að stunda, var kannski nær verknámi og var ekki lánshæft á þeim tíma og þegar það varð lánshæft þá voru námsmönnum þar búin lakari kjör en öðrum námsmönnum. Þetta er auðvitað ekkert réttlæti og þetta hefur áhrif á námsval. Í þessu felst stýring.

Það getur vel verið eins og í mínu tilviki að þetta leiði mann inn á skemmtilegar brautir og ekki skal ég harma það að hafa eytt fjöldamörgum árum í að stúdera sagnfræði í staðinn fyrir að fara í verklegra nám eins og ég hafði hug á. Þetta finnst mér hins vegar ekki grundvöllur til að velja sér námsbraut og þess vegna hef ég fyrst og fremst beint athygli minni að því hvernig frv. muni koma við þá sem velja sér annað en hið alhefðbundnasta nám sem í boði er.

Ég tek undir með þeim sem hafa í kvöld verið að tala um að fregnirnar úr hugbúnaðarheiminum og um væntanlega stórsigra Íslendinga á því sviði hafi yljað okkur um hjartarætur. Þetta staðfestir nákvæmlega það sem við höfum verið að segja að auðvitað er það dýrmætasta auðlind okkar að afla þjóðinni góðrar menntunar, fjölbreyttrar menntunar, framsækinnar menntunar, ekki bara á þröngum sviðum þar sem beinlínis er verið að hjakka í gömlum hjólförum heldur að leyfa sér þann munað að spá svolítið í framtíðina í staðinn fyrir að festast í nútíðinni eða sitja jafnvel uppi með fortíðina á herðunum. En því miður er núna verið að taka ákvarðanir í skugga fortíðar og það hefur meira að segja verið bent á að þeir skuggar eru málaðir allt of svartir. Þeir eru ekki svo svartir sem sagt er. Og þetta er afleitur grundvöllur til að taka ákvarðanir á. Þess vegna held ég að umræðan, sem í senn hefur verið málefnaleg, heit, brennandi, kannski svolítið þreytandi á köflum, en umfram allt með þeirri sannfæringu að hér verði að breyta eitthvað um áherslur, hljóti á endanum að skila okkur því að rétt sjónarmið komist á framfæri og vonandi er nú verið að snúa eitthvað við blaðinu. Ég bind miklar vonir við starf hv. menntmn. núna og skoðun hæstv. menntmrh. á milli 2. og 3. umr. Ég vonast til þess að sú skoðun leiði til þess að það verði fundin önnur leið en þessi eftirágreiðsluleið.

Það hefur verið sýnt fram á að hér sé hugsanlega um bókhaldsblöff að ræða. Ég veit að um það eru skiptar skoðanir en það er ekkert skrýtið að þær grunsemdir læðist að okkur sem höfum verið að fjalla um þetta mál og hefur þetta raunar komið fram í blaðafregnum. Ég hafði raunar ekki vitað að umræðan væri að renna á enda en allt hefur sinn tíma og þar af leiðandi er ég kannski ekki með beina tilvitnun í alveg ljómandi góða grein sem ég rak augun í fyrir skömmu og vakti mig til umhugsunar um að kannski væri þetta afleita ákvæði um eftirágreiðslur bara bókhaldsblöff til eins árs eins og fjallað var um betur fyrr í þessari umræðu í kvöld. Ég er ekki að ætla neinum að takast slíkt á hendur en þetta er samt sem áður hægt að rökstyðja nokkuð vel. Það sem gerist er það að ekki verða eins mikil útgjöld á þessu ári, það er staðreynd. Síðan er sá betri reikningur úr sögunni. Ef þetta er ekki raunin þá er hægurinn hjá að afsanna það. Þá þarf ekkert á þessu að halda og þá er hægt að hverfa frá þessari stefnu.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Mér var heitt í hamsi þegar ég talaði fyrr í þessari umræðu og mér er enn nokkuð heitt í hamsi, ögn rórra þó og ég vona að ég hafi ástæðu til þess. Ég vona að það séu ekki bara orð sem valda því að hér er nokkuð meiri bjartsýni ríkjandi heldur að þessum orðum muni fylgja einhverjar athafnir og við munum sjá breytingar á þessu frv.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagði að einhver fyrirheit af einhverju tagi hafi verið gefin um breytingu á reglunni um eftirágreiðslu. Ég sagði að mér þætti sjálfsagt milli umræðna að sýna hv. þm. sem ég var þá að tala við, Finni Ingólfssyni, hvað slík breyting þýðir og ég vil ekki að þessi orð mín séu túlkuð sem eitthvert loforð um að þessari reglu verði breytt. Það vil ég ekki. Þetta er í þriðja skipti sem ég segi þetta og ég nenni satt að segja ekki að koma upp einu sinni enn ef haldið verður áfram að rangtúlka það sem ég sagði.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nenni ekki að ítreka það að við sem kjósum að líta á þessi orð hæstv. ráðherra sem fyrirheit við gerum það og við vonum að þessi umfjöllun muni verða til þess að það verði skoðað með því hugarfari — með opnum huga að með góðum rökum og skynsamlegum sé hægt að breyta einhverju. Ég vil trúa því að málefnaleg umræða og málefnaleg umfjöllun geti þarna einhverju um breytt þótt ég nenni varla að fara að ítreka það.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það er ýmislegt órætt í sambandi við málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og þessi umræða, 2. umr. um málið, hefur að sumu leyti vakið upp fleiri spurningar en svarað hefur verið, alveg sérstaklega varðandi það hvað það er sem hæstv. menntmrh. hefur verið að bjóða í sambandi við þessa umræðu og þá gagnrýni sem fram hefur komið. Ég held að það sé mjög eðlilegt og raunar góðra gjalda vert, raunar sjálfsagt, að hv. menntmn. reyni að átta sig

á því betur í rólegheitum en hægt er að lesa út úr orðum ráðherra í svörum og andsvörum hvað það er sem er um að ræða áður en menn taka málið til 3. og síðustu umræðu.

Ég vil nefna örfá atriði sem nauðsynlegt er að átta sig betur á, þyrftu auðvitað að liggja skýrar fyrir nú en það virðist vera mjög erfitt að fá það fram hjá hæstv. ráðherra hvað það er í einstökum atriðum sem hann telur að komi til greina að lagfæra og hvað þýðir það, bæði fyrir námsmenn og hvað þýðir það fyrir lánasjóðinn sem stofnun.

Eitt af því sem þarf að fá á hreint er staða lánasjóðsins miðað við útkomuna á þessu ári og hvað ætla menn sér að gera við þann afgang sem sýnilega skapast þegar ekki verða greidd út haustlán. Er það ásetningur ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra að liggja á þessu gulli, nýta það ekki innan ársins til þess að greiða svo sem greiðslugeta sjóðsins innan ramma fjárlaga meira að segja gerir kleift? Þetta er kannski það atriði sem hvað þýðingarmest er því að í rauninni er mikið af því spilverki, svo ég leyfi mér að nefna tillögur frv. og brtt. meiri hluta menntmn., þess eðlis að það er fyrst og fremst verið að ná fram markmiðum innan fjárlagaársins og gera með vísan til þess mjög umfangsmiklar breytingar á lánasjóðnum í heild sinni. Því þurfum við að fá sem gleggsta mynd af því hvað verður gert við það sem safnast upp hjá lánasjóðnum, miðað við þá stefnu sem hæstv. ráðherra boðar í frv. og felst í tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Ég hef ítrekað spurt hæstv. ráðherra að þessu í umræðunum og ég hef ekki fengið svör við því. Ég hef ekki fengið svör við því hvernig á að ráðstafa eða nýta það svigrúm sem skapast ef ekki verða greidd út lán í haust, allt að 800 millj. kr. hafa verið nefndar. Ég hef ekki fengið þá tölu á blaði frá framkvæmdastjóra lánasjóðsins. Og spurningin sem m.a. hefur verið varpað fram er: Getur það verið að það sé hugmyndin að nýta þetta fjármagn til frádráttar af hálfu ríkisins á næsta ári? Við þessu þurfum við auðvitað að fá skýr svör. Ef þau fást ekki hér við 2. umr. þá er þeim mun nauðsynlegra að ganga eftir því í nefnd þannig að þetta atriði verði dagljóst. Það getur varla verið ásetningur manna að vera í einhverjum feluleik með slíka þætti. Ég skal ekki segja hvað sá afgangur, sem þarna myndast, hrekkur fyrir miklu sem hluti af haustlánum sem meiningin er að fresta samkvæmt þessum tillögum. En það er sjálfsagt að athuga það, skoða það vel.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan í ræðustól að hann gæti ekki sett fram ákveðnar tillögur eða skýrt í einstökum atriðum frá því hvernig hagað yrði uppgjöri við námsmenn, t.d. vegna vaxtakostnaðar af bankalánum. Það hefur verið spurt: Er það öruggt og hvernig verður þetta útfært? Það hefur verið bent á það í ræðum, m.a. vitnaði hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir í dag til ummæla framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna í útvarpi fyrir fáum dögum, þar sem svarað var í hálfkveðnum vísum. Hæstv. ráðherra er að vísa í þær hálfkveðnu vísur. Hann kann að hafa betri og skýrari heimildir fyrir því en fram hafa komið í fjölmiðlum hvernig eigi að útfæra það að lánasjóðurinn veiti lán fyrir vaxtakostnaði sem námsmenn þurfa að axla til þess að brúa bilið milli lána vegna eftirágreiðslu lána. Þetta þurfum við auðvitað að sjá áður en málið kemur til lokaafgreiðslu hér á þinginu. En það lifir nú skammt eftir þings og því er æskilegt að fá það þegar fram við þessa umræðu, en ef ekki þá á að fá skýra greinargerð um það, útfærslu af hálfu stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, því að það getur ekki verið nein ofætlun að biðja um að að fá það á blaði. Stjórn lánasjóðsins hlýtur að geta sýnt eftir hvaða reglum hún ætlar að vinna verði þetta frv. að lögum. Það gengur ekki að haga málflutningi eins og hæstv. ráðherra gerir hér trekk í trekk og segja sem svo: Ja, það er ekki hægt að greina frá útfærslu í einstökum atriðum á þessu kerfi sem verið er að setja upp, þar á meðal hvernig stjórn lánasjóðsins notar sínar heimildir, vegna þess að það er ekki búið að lögfesta málið.

Þannig er ekki hægt að afgreiða okkur hér á Alþingi. Það hlýtur að eiga að vera samhengi í þessum hlutum og við þurfum að vita hvernig málið lítur út að frumvarpinu lögfestu og fyrir fram að vita það hvernig stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna ætlar nú á næstunni að nota sínar heimildir. Það er enginn að spyrja um það hvernig stjórnin ætli að nota heimildir að nokkrum árum liðnum ef menn eiga þá að búa við þetta kerfi sem við skulum vona að verði ekki til langframa, það er enginn að biðja um það, heldur núna alveg á næstunni. Það væri bara hagræðing af hálfu stjórnarinnar að koma því í verk núna á næstu dögum að útfæra það hvernig hún ætlar að móta þær tillögur sem henni er ætlað að móta og nýta það svigrúm sem henni er ætlað í formi útfærslu á útlánareglum sjóðsins. Ég bið hæstv. ráðherra að undirbúa sig undir það nú þegar milli umræðna að þetta liggi sem skýrast fyrir í nefnd. Og ég vænti þess að hæstv. ráðherra verði við því að sýna þingnefnd þær hugmyndir og þann trúnað að leggja fyrir þær reglur sem stjórn lánasjóðsins hlýtur að vera farin að móta, þ.e. þeir sem þar ráða ferðinni.

Af hálfu okkar stjórnarandstæðinga hefur verið reynt að sannfæra meiri hlutann á Alþingi og hæstv. ráðherra um það að það kerfi sem hér er verið að lögfesta sé hið mesta óráð. Jafnt frá menntapólitísku sjónarmiði sem og út frá markmiðunum um jafnrétti til náms. Þetta hefur kannski ekki borið mikinn eða sýnilegan árangur enn sem komið er en þó tel ég engan veginn að reynt sé til þrautar í þeim efnum. Við eigum eftir að fjalla betur um þetta mál. Við eigum eina umræðu eftir í þinginu og að sjálfsögðu verður gengið eftir því einnig við þá umræðu að fá fram breytingar á því frv. sem verið er að reyna að lögfesta fyrir þinglok. Og það er skylt að sjá til hvernig því reiðir af.

Eitt af því sem nefnt hefur verið í þessu sambandi eru afföllin og þær mjög takmörkuðu og óljósu upplýsingar sem liggja fyrir um það hvernig þetta kerfi muni virka í raun, hver verði afföllin í þessu nýja og breytta kerfi. Ég vænti þess að Hagfræðistofnun háskólans hafi notað tímann með aðstoð Ríkisendurskoðunar á undanförnum dögum til þess að spá betur í þau spil því að svörin sem við fengum voru harla óljós svo

ekki sé meira sagt og sögðu ekki nema mjög takmarkaða sögu. Það er auðvitað eitt af undirstöðuatriðunum að átta sig á, út frá hagsmunum sjóðsins, hvernig honum mun reiða af og hver eru líkleg afföll í þessu kerfi.

Eitt atriði er ástæða til að undirstrika áður en þessari umræðu lýkur og það er sá fréttaburður sem settur hefur verið á flot nú á meðan á þessari umræðu hefur staðið í þinginu, að námsmenn séu að hagnast með óeðlilegum hætti á samskiptum við lánasjóðinn, og þá ekki bara einhverjir einstaklingar, einhver einstök tilvik, heldur fjöldi námsmanna, vegna þess að þeir fái ofgreidd lán, eins og það er kallað. Á þessu hefur verið klifað en það hefur ekki verið nefnt, t.d. í minniblaði, sem hæstv. ráðherra eða stuðningsmenn hans, settu á flot 5. maí sl. varðandi þetta efni, að þeir sem lenda í því að fá meira í sinn hlut í útlánum en þeim stendur reikningslega réttur til, þegar litið er til þeirra tekna, greiða 5% refsiálag. Þeir þurfa að borga 5% vexti af þessum ofgreiddu lánum og á sama hátt hafi þeir oftalið tekjur sínar og þannig fengið lægri lán en til stóð þá fá þeir hins vegar ábót sem nemur 5% í ofanálag. Þetta held ég að hefði átt að fylgja sögunni frá upphafi og því nefni ég það hér að ég hef orðið var við að sú túlkun sem uppi hefur verið höfð í sambandi við þetta veldur verulegum misskilningi.

Það er kannski ekki ástæða til þess af minni hálfu að hafa fleiri orð fyrir lok þessarar umræðu. Ég tala nú í þriðja sinn við umræðuna sem frsm. minni hluta menntmn. og sá ástæðu til þess að nefna þessi atriði sérstaklega og minna á framhaldið sem bíður okkar eftir að málið hefur gengið til atkvæða í 2. umr. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svo og formaður menntmn. og þeir, sem ráða ferðinni hjá meiri hlutanum, átti sig á því að við munum ganga eftir því milli umræðna og í nefndinni hvernig þau atriði verði útfærð sem hæstv. ráðherra hefur látið að liggja í umræðunni að komi til greina að breyta. Svo og að fá fram þær útlánareglur, sem stjórn lánasjóðsins, sá meiri hluti sem þar ræður ferðinni, hyggst beita við útlán á næstunni. Þá á ég við á næstu missirum. Læt ég svo máli mínu lokið, virðulegur forseti.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig hafa svarað þeim spurningum sem hv. þm. kom með að svo miklu leyti sem ég get svarað þeim þar sem úthlutunarreglurnar hafa ekki verið samþykktar, það liggur ljóst fyrir. En ég hef samt nefnt nokkur atriði sem stjórn lánasjóðsins hefur þegar rætt í sínum hóp og ég hef rætt við framkvæmdastjóra lánasjóðsins. Ég nefni þar vextina af bankalánum, hvernig farið verði með þá og nefndi fyrir stuttu í andsvari búsetu, fjölskyldutillit og fleira.

Það er enn spurt um þá upphæð sem kann að flytjast milli ára og talað þar um 800 millj. kr. Ég er líka búinn að skýra frá því í umræðunni — ég geri enga kröfu til að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi heyrt það svar mitt, vegna þess að ekki er hægt að ætlast til þess að hann sitji hér undir allri umræðunni, en ég hef þegar sagt að af ríkisframlaginu sé þegar búið að greiða 1.950 millj. kr., það hefur þegar verið greitt. Í fjárlögum eru 2.220 millj. þannig að eftir standa þar 270 millj. Lánsfjárheimildir hafa hins vegar ekki verið nýttar að fullu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í þeirri lánasjóðsumræðu sem staðið hefur nú sleitulaust alllengi hafa menn bent á ýmsa mjög svo alvarlega galla sem fylgja þessu lánasjóðsfrv. sem ráðherra hefur lagt fram og menntmn. reyndar gert ýmsar brtt. við sem allar eru til bóta. Engu að síður hafa ekki fengist viðhlítandi svör við því frá ráðherra hvort hann sé tilbúinn til að skoða þær alvarlegu athugasemdir sem hér hafa komið fram, sérstaklega hvað varðar þá fyrirætlan að greiða ekki út nein námslán í haust vegna þess að fólk þarf, samkvæmt því frv. til laga sem hér er lagt fram, að hafa sýnt námsárangur áður en það fær útgreiðslur á láninu. Með öðrum orðum, það þarf þá að brúa bilið frá hausti og fram yfir áramót með bankalánum til þess að framfleyta sér og sínum fjölskyldum.

Það hafa reyndar verið gefin góð orð um að hugsanlega væri hægt að skoða þetta mál í nefnd á milli 2. og 3. umr. en það er engu að síður svo óljóst að ekki er hægt að treysta því, a.m.k. ekki eins og málin standa einmitt núna. Það það er því spurning hvort við verðum ekki að ræða þetta mál aðeins betur svo að formaður menntmn. og ráðherra skilji kannski örlítið betur hvaða alvara er hér á ferðum og hvaða alvarlegu athugasemdir það eru sem við höfum fram að færa við þetta mál. Að bæði formaður menntmn. og ráðherra skilji það þá og taki það til vinsamlegrar skoðunar. Þó að ég hafi haft ákveðnar efasemdir um það að þau skildu vinsamlegar ábendingar þá ætla ég ekki alveg að gefast upp á því og vona að þau séu þá tilbúin til þess að skoða þessar athugasemdir og taka málið til nefndar á milli 2. og 3. umr. Það væri satt að segja mjög gott innlegg í umræðuna ef annað hvort þeirra væri tilbúið til þess að lýsa því yfir að þau mundu beita sér fyrir því að málið yrði skoðað í menntmn., á milli 2. og 3. umr. Það held ég að gæti kannski gert útslagið í kvöld um þessa umræðu.

Ég hef áður í umræðunni um lánasjóðinn vikið að villandi málflutningi um sjóðinn, um lánþega. Bæði villandi málflutningi sem haldið hefur verið uppi innan Alþingis og reyndar utan þess líka. Þessi málflutningur hefur að hluta til komið inn á börn og barneignir námsmanna. Því er gjarnan haldið fram af mörgum úti í samfélaginu að fólk með mörg börn fari beinlínis í nám af því þá geti það haft það svo gott. Þetta heyrum við mjög oft. Og það er kannski ekki skrýtið þó að láglaunafólk í landinu, sem auðvitað býr við taxta sem eru fyrir neðan allt velsæmi og ekki nokkur maður getur í rauninni lifað af, sé tortryggið. Það er auðvitað mjög auðvelt að ala á tortryggni hjá því fólki í garð námsmanna og ala á þeim hugmyndum að námsmenn lifi í vellystingum praktuglega og þess vegna fari fólk sem eigi í vandræðum með framfærslu sína og barna sinna frekar í lánshæft nám eigi það þess kost.

Staðreyndirnar eru hins vegar allt aðrar. Oft þegar

verið er að tala um þetta barnafólk er verið að tala um fólk sem á mörg börn, tvö börn eða fleiri. Ef við lítum nú á staðreyndir málsins kemur í ljós að það eru um 284 lánþegar í sambúð sem eiga þrjú börn eða fleiri. Og hvað skyldi þetta vera stórt hlutfall af lánþegum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna? Hversu stórt hlutfall skyldi þetta nú vera? Þetta eru 3,5% af lánþegum, fólk í sambúð sem á þrjú börn eða meira. Þetta eru nú öll ósköpin, þessi „misnotkun á lánasjóðnum" sem stundum er verið að tala um að — eða þessi gulrót sem lánasjóðurinn á að vera fyrir barnmargt ungt fólk.

Svo er það þessi hugmynd að þetta fólk, sem eigi þó þessi mörgu börn og fari í nám, hafi það svo gott. Ef við lítum á þennan hóp lánþega, þ.e. hjón með þrjú börn, og skoðum lánveitingar til þeirra þar sem annar aðilinn er í námi og hinn aðilinn er ekki í námi og heldur ekki á vinnumarkaði vegna þess að hann er að sinna ómegðinni. Þetta fólk er með lítil börn og það þarf að sinna börnum og það þarf að sinna barnauppeldi. Ef maki vinnur heimilisstörf er hægt að fá lán út á það ef það er sannanlegt að vegna ungra barna komist hann ekki út á vinnumarkað.

Nú, þetta fólk fær að meðaltali að láni um 100 þús. kr. á mánuði. Og á þessu á sem sagt fimm manna fjölskylda að lifa. Ég held að ég þurfi ekki að segja neinum hér inni það að það lifir enginn í vellystingum praktuglega á 100 þúsund krónum á mánuði með þrjú börn á sínu framfæri.

Önnur bábylja, sem oft hefur heyrst í þessu sambandi, er að einstæðar mæður flykkist í lánshæft nám vegna þess að þær hafi það svo miklu betra í námi heldur en á vinnumarkaði. Það væri betur að satt væri að þær flykktust í lánshæft nám því að vissu leyti má segja að fólk hafi það betra í námi en á vinnumarkaði að því leytinu til að það ræður tíma sínum mun meira. Þar af leiðandi hafa t.d. einstæðar mæður meiri möguleika á að sinna breytilegum þörfum barna ef þær eru námsmenn og eiga það þá við sjálfar sig hvort þær mæta í alla tíma sem þær þurfa að sækja, en ekki við vinnuveitanda. Þessar konur hafa sem sagt meiri möguleika á að sinna börnum sínum, að koma til móts við þau þegar þau verða veik, rækja ýmislegt foreldrastarf sem fylgir barneignum í nútímasamfélagi, bæði á skólum og dagvistarheimilum, og koma betur til móts við börn sín en ef þær væru fastar á vinnumarkaði.

En eins og ég segi, það væri betra ef satt væri, að einstæðar mæður flykktust í lánshæft nám. Bæði vegna þessa og eins vegna hins að ég hef þá trú að fólk sem menntar sig eigi meiri möguleika á vinnumarkaði síðar meir, að það eigi fleiri kosta völ á vinnumarkaði, ekki síst vegna þess að menntun eykur sjálfstraust fólks og það trúir því frekar að það geti sinnt ýmsum störfum sem það hafði kannski haldið að það væri ekki fært um. Við getum tekið dæmi. Ekki er langt síðan við vorum að ræða frumvarp um starfsmenntun í atvinnulífinu á Alþingi. Fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni bentu á að námskeið sem haldin væru á vegum verkalýðshreyfingarinnar eða fyrirtækja, jafnvel algjör grunnnámskeið í fiskvinnslunni eða einhverjum iðngreinum hjá iðnverkafólki, gætu gjörbreytt viðhorfi fólksins til sjálfs sín og til sinnar getu. Margt af því fólki sem fer á slík námskeið er með þá hugmynd að það geti ekki lært. Því hefur kannski verið sagt í mörg ár að það geti ekki lært, að það sé ekki vel til þess hæft. Síðan fer það á námskeið og kemst að því að þetta er í raun tóm vitleysa, að það er vel fært um að læra. Oft verður það til þess að það fer að sækja fleiri námskeið, fer jafnvel og sækir sér formlega menntun og byggir smátt og smátt ofan á þessi námskeið. Menntun eykur sem sagt sjálfstraustið og þess vegna held ég að það væri mjög mikilvægt að lánasjóðurinn gæti orðið til þess að draga frekar að sér einstæðar mæður og gefa þeim tækifæri á að mennta sig.

Einstæðar mæður, einstæðir foreldrar heitir þetta nú víst á öllum pappírum — en eins og við vitum eru 80–90% og jafnvel yfir 90% þeirra konur og því einstæðar mæður, eru í raun fáar í námi. Hjá lánasjóðnum eru 645 einstæðir foreldrar sem taka lán. Þetta er 8% af lánþegum hjá lánasjóðnum. Ef við horfum svo til þess að um 4,5% heimila á landinu eru heimili einstæðra foreldra verður þetta nú ekki mjög hátt hlutfall, þó að það sé að vísu hærra en meðaltalið á landinu, þ.e. 8% hjá lánþegum lánasjóðsins en 4,5% á landinu. Við verðum líka að hafa það í huga að stór hópur einstæðra foreldra, eða mæðra, er einmitt á aldrinum 20–40 ára. Það er einmitt sá aldur sem er algengastur hjá lánþegum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Stór hópur einstæðra foreldra er einmitt á námsaldri og þess vegna er ekkert skrýtið að þeir vegi heldur þyngra í lánasjóðnum og í rauninni mjög eðlilegt að þeir vegi þyngra í lánasjóðnum en landsmeðaltal.

Það sem ég óttast, verði frv. að veruleika, er að þessi hópur detti út, þ.e. hann dettur auðvitað aldrei alveg út, en að það verði mest afföll í þessum hópi með breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Því það er þessi hópur sem tekur að meðaltali hæst lán, það sjáum við í öllum gögnum frá lánasjóðnum. Auðvitað er það ekki skrýtið því að þessi hópur er með þunga framfærslu og það koma minni tekjur inn til heimilishaldsins hjá þessum hópi en hjá öðru barnafólki þar sem tveir sinna framfærslu. Þar af leiðandi, eins og ég segi, tekur þessi hópur að meðaltali hæst lán. Það er auðvitað ekki gefið, sérstaklega af því að þetta eru að stærstum hluta til konur og þær eru almennt talsvert tekjulægri en karlar, þær sjá kannski ekki fram á miklar tekjur að námi loknu og óttast því eðlilega að steypa sér í námslánaskuldir, ekki síst þegar vextir verða komnir ofan á námslánin.

Í þessum hópi eru auðvitað einstaklingar sem verða verkfræðingar eða viðskiptafræðingar og komast í sæmilegar álnir að námi loknu. En við vitum það hins vegar að fullvinnandi konur hafa að meðaltali aðeins um 60% af launum fullvinnandi karla. Ef þessar konur miða sig við meðaltalið hjá menntuðu fólki þá vita þær svo sem að þær ganga ekki að neinum feitum bitum þegar námi lýkur. Þess vegna mega þær reikna með því að það verði þeim erfiðara en mörgum öðrum að greiða námslánið. Erfiðara að því leytinu til að þær verða kannski að því ævina á enda eða allt að því, eins

og reikningsdæmi sýna, sem menntamálanefnd hefur látið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands taka saman eftir að hún kom með brtt. sínar. Verði þetta að veruleika þá held ég að þarna sé mikil óheillaþróun að fara af stað, sem geti ekki síst hitt konur fyrir.

Ein bábyljan enn sem hefur komið fram og riðið húsum hér meðal annars, er að fólk leggist í barneignir á námsárum sínum á kostnað Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þetta orðalag held ég að ráðherra hafi einmitt viðhaft í þingsölum, að fólk legðist bara í barneignir á kostnað lánsjóðsins. Þetta er auðvitað eins og hver önnur firra vegna þess að við þurfum ekki annað en líta á tölur, ef við lítum á súlurit sjáum við náttúrlega hvers kyns er. Á þessari stóru súlu hérna eru einstaklingar í leigu- eða eignarhúsnæði, sem eru stærsti hluti lántakenda. 67% násmsmanna sem þiggja lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna eru barnlausir. Þannig að tala um að menn noti þetta sem sérstakt tilefni til þess að leggjast í barneignir er auðvitað eins og hver önnur firra.

Hins vegar er það mjög mikilvægt og í samræmi við íslenskt hugarfar og íslenska menningu að bjóða börn velkomin. Komi þau undir á annað borð eiga þau auðvitað að vera velkomin. Það á ekki að gera fólki það erfitt að eignast börn, það á ekki að vera markmiðið með neinu sem við gerum á Alþingi. Hins vegar hefur margt verið samþykkt hér sem gengur í þá átt að gera fólki erfiðara fyrir um að eignast börn. Ég nefni bara nýlegt dæmi sem var niðurskurðurinn á barnabótunum. Og nú má búast við því aftur, ef þetta verður að veruleika, því þá er verið að gera barnafólki erfiðara fyrir um nám.

Ég talaði um að það væri mikilvægt og í samræmi við íslenskt hugarfar og íslenska menningu að bjóða börn velkomin. Reyndar má nú segja að víðast hvar í samfélaginu er talsvert mikill tvískinnungur gagnvart börnum, ekki síst hér á hinu háa Alþingi. Við teljum okkur barnvinsamlega þjóð, við teljum okkur mikla menningarþjóð, en við erum samt svo frumstæð að við ástundum enn lausagöngu barna, ef svo má að orði komast, eins og í gamla bændasamfélaginu. Það er eins og við stöndum enn með annan fótinn í gamla bændasamfélaginu þar sem börn gátu gengið sjálfala. Í menningarlegu tilliti er það vissulega dálítið sjarmerandi að vera svona sterkt tengdur gamla, íslenska bændasamfélaginu og bændamenningunni, en það getur komið ansi hart niður á okkur ef við horfumst ekki í augu við það að við búum t.d. í Reykjavík í hörðu borgarsamfélagi. Og við þurfum auðvitað að mæta því með ýmsum úrræðum.

Hins vegar má segja það að menntmn. hafi haft vit fyrir menntmrh. hvað það varðar a.m.k. að það er búið að setja fjölskyldutillitið inn í frv., þ.e. að tillit skuli tekið til fjölskylduaðstæðna. Það var ekki inni í því frv. sem lagt var fram fyrst og þar af leiðandi var réttur námsmannsins til þess að fá lán til að framfæra börn sín ekki skilgreindur í frv. Þetta hefur verið lagað og það er sjálfsagt að þakka það, þ.e. það hefur komið fram brtt. um að þessu verði breytt, og ég get nú ekki látið hjá líða að segja að ég hlýt að líta svo á að með þessu hafi formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, m.a. verið ofurliði borinn því að hugmyndir hans hafa verið þær að námsmenn ættu einungis að fá lán til að framfæra sjálfa sig og ekki til að framfæra börn sín. Þau ummæli viðhafði hann m.a. á gífurlega stórum fundi námsmanna í Háskólabíói og vísaði á annað kerfi sem ætti að sinna því að aðstoða fólk við að framfleyta börnum sínum. Og þegar hann var spurður að því hvaða kerfi það væri varð auðvitað fátt um svör, því þegar fundurinn var haldinn hafði hann, sem og aðrir alþýðuflokksmenn og sjálfstæðismenn hér á þinginu einmitt nýstaðið í því að skera þetta kerfi, barnabótakerfi, niður sem er þó ekki svo burðugt hér á landi. Það mátti kannski líka skilja orð formannsins sem svo að það væri verið að vísa á félagsmálastofnanir sveitarfélaganna og ég er nú ekki viss um að þær hefðu allar orðið mjög kátar við það að fá námsmannabörnin á sína framfærslu.

Því hefur verið haldið mjög stíft fram af sjálfstæðismönnum sem talað hafa í þessu máli, bæði formanni menntmn. og menntmrh., að námslán séu vaxtalaus á námstíma og beri síðan 1% vexti eftir það. Í rauninni stenst þetta ekki skoðun þegar betur er að gáð. Ef við lítum fyrst á vaxtaleysið á námstímanum er ljóst að hluti námslánsins verður á 9–10% raunvöxtum. Það gerist einmitt vegna þess sem hefur svo margítrekað verið rætt, að námslánið er alltaf greitt eftir á, þ.e. námsmaður þarf fyrst að sýna námsárangur, rétt eins og hann sé alltaf á fyrsta ári, áður en hann fær greitt út námslán. Menn þurfa að lifa á meðan á því stendur og stór hluti námsmanna eru í það stífu námi að þeir geta ekki unnið með náminu. Ef þeir ynnu með náminu næðu þeir ekki tilskyldum einingafjölda sem þarf til þess að fá námslánið eftir áramót. Þeir þurfa því að fjármagna framfærslu sína og fjölskyldunnar með bankalánum og þegar lánið er síðan greitt út eftir áramót skerðist sú útgreiðsla sem nemur vöxtunum. Því að þeir verða auðvitað að klípa af láninu þegar það kemur til þess að greiða 9–10% raunvexti til bankakerfisins.

Því hefur verið haldið fram að það snilldarbragð að greiða ekki út nein námslán fyrr en menn hefðu sýnt árangur — þó svo þeir væru búnir að sýna samfelldan og mikinn árangur árum saman, að þá eigi þeir samt aldrei að vinna sér inn neitt kredit út á það — sé gert til að firra því að námsmenn lendi í erfiðleikum. Þetta er auðvitað furðuleg röksemdafærsla vegna þess að þetta verður til að skapa erfiðleika hjá námsmönnum.

Ráðherra hefur margsinnis komið og reynt að útskýra þær 55–60 milljónir króna sem séu ofgreidd lán til námsmanna á hverju ári. Í einhverju plaggi rakst ég á að það væri erfitt að innheimta þetta. Menn hafa nú reyndar hrakið það hér að þetta sé svo erfitt í innheimtu, flest ofgreiddd lán skili sér mjög fljótlega. Enda væri það mjög skrýtið ef það væri svona erfitt fyrir lánasjóðinn að innheimta þetta. Námsmennirnir undirrita skuldabréf með sjálfskuldarábyrgðarmönnum þannig að það á ekki að vera nokkur einasti vandi að innheimta. Það væri líka mjög skrýtið, ef haft er í huga að námsmenn þykja almennt mjög góðir skuldarar. Í plaggi sem Lánasjóður ísl. námsmanna gaf út 16. mars

sl. eru upplýsingar banka um lánveitingar til nýnema. Það eru þó nýnemar, fólk sem er ekki einu sinni komin almennileg reynsla á, sem er að byrja í lánshæfu námi. Í upplýsingum frá Landsbankanum segir:

„Landsbankinn telur að 20–25% nýnema fái fyrirgreiðslu frá Námunni í bankanum. Það er samkvæmt því 600–800 manns hærra hlutfall af þeim sem eru í námi erlendis en lægra hér á landi. Fyrirgreiðslan er oftast lítil, stundum óveruleg eða víxill fyrir jól. Þeir hafa allir yfirdráttarheimild, sem eru í viðskipum við bankann, allt að kr. 50.000."

Og svo kemur: „Bankinn telur þá góða viðskiptamenn og skil þeirra í mjög góðu lagi."

Því skyldu þeir vera svona góðir viðskiptamenn í bönkunum en ekki hjá lánasjóðnum? Ég hef líka enga trú á því að það sé yfir höfuð rétt.

Lítum á Búnaðarbankann. Þar segir: „Í Námsmannalínu Búnaðarbankans fengu fyrirgreiðslu sl. haust 310 nýnemar og meðalfyrirgreiðsla til þeirra var 150.000 kr. Sömu almennu upplýsingar fygldu og hjá Landsbanka."

Þetta eru með öðrum orðum góðir skuldarar og þetta er fólk sem stendur við sínar skuldbindingar. Ég held reyndar að það eigi við um ungt fólk allra tíma. Það hefur stundum loðað við að fólk er að berja sér yfir blessuðum ungdómnum, eins og þar stendur, og heldur alltaf að heimur versnandi fari og það sé alltaf að koma miklu verri kynslóð heldur en sú sem gengin er. *Ég held að þetta sé alls ekki rétt. Ég held að* ungt fólk allra tíma sé hið besta fólk. Og ég held að það sé að mörgu leyti heiðarlegra, atorkusamara og réttlátara en margir sem eldri eru, vegna þess að það hefur einfaldlega ekki haft tíma til að spillast. Það er enn of ungt til þess að vera orðið illa spillt — hvað eigum við að segja — eftir að hafa farið krókaleiðir í gegnum allt kerfið. Það gerist ekki fyrr en menn eru *komnir vel yfir miðjan aldur að þeir eru orðnir* almennilega spilltir af kerfiskrókaleiðunum.

Það hefur stundum verið talað um, sérstaklega í tengslum við umræðuna um Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið, að við okkur blasi atgervisflótti úr landi ef við göngum ekki í Evrópska efnahagssvæðið eða Evrópubandalagið. Verði atgervisflótti að veruleika hefur hann ekki neitt með inngönguna í Evr*ópska efnahagssvæðið* eða Evrópubandalagið að gera. Við þurfum ekki annað en að líta til Írlands. Hvað skyldi atvinnuleysi vera mikið á Írlandi? Hvað skyldu þeir missa mikið af sínu best menntaða fólki úr landi á Írlandi? Ég horfði um daginn á merka írska kvikmynd, það var reyndar nokkurs konar unglingamynd. Þar voru krakkar sem bjuggu í Norðurbænum í Dublin, þau sögðu: Norðurbæingar eru svertingjar Dublinborgar. Dublinarbúar eru svertingjar Írlands. Írar eru svertingjar Evrópu.

Þetta hefur gerst á Írlandi þrátt fyrir inngöngu í Evrópubandalagið, þrátt fyrir mikinn tilflutning á fjármagni frá Brussel til Írlands í alls konar styrkjaformi. Það verður ekki atgervisflótti vegna þess að við göngum ekki í Evrópubandalagið eða Evrópska efnahagssvæðið. Það verður atgervisflótti ef við rænum ungt fólk möguleikunum á að mennta sig og þroska með þeim hætti sem hugur þess stendur til. Ef við þvingum t.d. allt ungt fólk til þess að hugsa í krónum og aurum, til þess að velja sér „arðbært nám" eins og kallað er — *og ég set það svo sannarlega innan gæsalappa.* Ef við hugsum út frá einstaklingunum, er það arðbært fyrir einstakling að fara í fiskifræði? Er það arðbært? Hvað skyldi það kosta námsmann að fara í fiskifræði? Fara fyrst í gegnum líffræðideild Háskóla Íslands á námslánum, fara síðan í framhaldsnám erlendis, í Noregi, og taka dýr námslán? Hvað skyldi það kosta? Og hver skyldu launin vera á Hafrannsóknastofnun? Er *þetta arðbært fyrir einstaklinginn?*

Svo sannarlega ekki. En það er sjálfsagt fátt nám eins arðbært fyrir samfélagið og fiskifræðin. En því skyldi sá einstaklingur, sem leggur á sig þetta nám sem auðvitað getur gefið honum mikið sem manneskju, þurfa að greiða fyrir það sérstakt gjald að mennta sig í þágu samfélagsins?

Ég ætla ekkert að hafa á móti því að fólk greiði til baka það sem það fær, en að það *þurfi* að greiða sérstakt gjald í ofanálag í formi vaxta fyrir það að mennta sig í þágu samfélagsins finnst mér engin vitglóra í.

Ég skal taka annað dæmi. Er arðbært fyrir efnilegt ungt fólk að fara í sögu eða heimspeki? Er það arðbært? Gerast menntaskólakennari eða háskólakennari eða jafnvel rithöfundur eða hvað sem er að námi loknu. Er það arðbært? Auðvitað er það ekki arðbært. *En fátt kemur sér betur fyrir samfélagið en víðsýnt og* hugsandi fólk sem þekkir fortíðina og getur þess vegna spáð í framtíðina og lagt grunn að trú okkar á framtíðina. Fátt kæmi sér betur og fátt er arðbærara fyrir samfélagið. Við þurfum nefnilega vel menntað fólk í húmanískum greinum, listgreinum, raungreinum og iðngreinum, öllu sem nöfnum tjáir að nefna. Við þurfum fólk sem hefur valið þessar greinar af fúsum og *frjálsum vilja, af því að það hefur löngun til þess,* þykir námið spennandi og trúir því að það gefi því víðsýni og þekkingu. Þannig fólk þurfum við. Ekki fólk sem situr með reiknistokk eða reiknitölvu og finnur út, hvað er arðbært fyrir mig að gera. Við þurfum ekki slíkt fólk. En vel menntað fólk, sama á hvaða sviði það er, sér fleiri útvegi en hinir sem hafa ekki öðlast víðsýni menntunar vegna þess að menntun gefur fólki mikið. Þetta fólk kann vinnubrögð, er áræðið og skapandi. Og þá er ég að tala um menntun á hvaða sviði sem er. (**Gripið fram í:** Nefnilega.) Já, nefnilega. Það er bara menntunin sjálf hver sem hún er.

Ef við skiljum ekki og berum ekki gæfu til að fjárfesta í grunninum, í hugarfari fólks, hér á landi þá verður atgervisflótti. Ef við ætlum að halda áfram að bjóða upp á bölmóð, svartsýni, vonleysi og væl þá verður atgervisflótti. Þá getum við líka lagt okkur niður sem þjóð og gengið í Evrópubandalagið. Og það væri kannski óskandi. Ef þjóðin trúir ekki á sjálfa sig lengur og sér þann kost vænlegastan að ganga í Evrópubandalagið fær hún kannski trú á sjálfri sér þar. Ég gæti jafnvel lagt það til að þjóðin gengi í Evrópubandalagið ef hún er búinn að missa alla trú á sér. Það fengist þá kannski það út úr því að hún fengi trú á

sjálfri sér sem hluta af Evrópu, þessu sterka bandalagi.

Af hverju halda menn að þjóðinni hafi vaxið ásmegin við heimastjórn, við fullveldi og við sjálfstæði á sínum tíma? Af hverju halda menn það? Það var ekki fyrst og fremst vegna þess að hún fékk stjórntækin í eigin hendur. Auðvitað var það mikilvægt, menn þurfa að hafa stjórntækin til að geta gert margt. En það var ekki fyrst og fremst vegna þess að þjóðin fengi stjórntækin heldur fékk hún trú á sjálfri sér. Hún fékk trú á sjálfri sér, að hún væri sérstök, ætti sérstaka menningu, hefði hlutverki að gegna, gæti allt — hún trúði á mátt sinn og megin. Það var það sem þetta gaf. (**GHelg:** Besti pólitíkus sem Ísland hefur alið var Jónas Hallgrímsson). Akkúrat. Hann gaf þjóðinni trú og það gerði Jón Sigurðsson líka, þeir gáfu henni trú á sjálfa sig í gegnum menninguna, í gegnum söguna. Það er það sem skiptir máli. Svo við tölum nú út frá nútímahugtökum í markaðsfræðum má kannski segja að heimastjórnin, fullveldið og sjálfstæðið hafi verið besta markaðssetning okkar í íslensku samfélagi. Þetta var markaðssetning. Og það er alveg sama og menn hafa talað um með hvítbók og innri markað Evrópubandalagsins. Það er líklega best heppnaða markaðssetning síðari tíma. Allt í einu var Evrópubandalagslöndunum færð trúin á það að þau gætu keppt við Japan og Bandaríkin, að þau stæðu á sterkum menningarlegum grunni sem gæti gefið þeim eitthvað, gæti skapað eitthvað. Það var þessi trú sem þau fengu í gegnum hvítbókina og einingarlögin sem hefur haft hrein sálræn áhrif í Evrópu. Við getum séð áratuginn áður, 1972–1985, þá einkenndist efnahagslíf í Evrópu af því sem kallað er lömun. Það var talað um Evrópu-lömunina. Það var verðbólga, atvinnuleysi og svo allt í einu gerist eitthvað. Það gerist ekki bara vegna þess að einingarlögin hafi gjörbylt einhverjum efnahagsmálum eða gjörbylt atvinnulífinu. Það varð auðvitað ekki þannig. Heldur var það trúin sem menn fengu og fór hreinlega að skapa efnahagslegan ávinning. Það er það sem skiptir máli einmitt núna. Núna er andrúmsloftið í samfélaginu í rauninni það við getum ekkert, höfum ekki efni á neinu, kunnum ekkert og verðum að fá eitthvert hjálpræði að utan. Ef ekki í formi álvers þá í formi Evrópsks efnahagssvæðis eða Evrópubandalags. Bölmóðurinn er slíkur núna að það er eins og þjóðin eigi engra kosta völ, að hún hafi ekki efni á nokkrum sköpuðum hlut. Fólki er jafnvel talin trú um að við höfum það svo skítt. Auðvitað er það ekkert þannig. Við höfum það bara gott. Við þurfum kannski að taka okkur tak og þurfum að vinna betur úr hlutunum og fara betur með, og það getum við allt saman ef við *bara trúum því.*

Við skulum líta aftur í tímann til fyrri hluta aldarinnar. Hvað var ekki gert hér út úr engu? Byggður var upp innlendur háskóli, héraðsskólar voru byggðir um allt land, smábörn á öllu landinu fengu menntun. Af hverju gátum við þetta? Hvað áttum við? Við áttum ekki neitt annað en trúna á að við gætum þetta.

Ég var að tala um ofurtrú manna á því að allt gott komi að utan, að hjálpræðið komi að utan. Ég hallast að því að þetta sé að verða, ef við getum sagt sem svo, markviss stefna í Evrópuríkjum utan Evrópubandalagsins núna. Að þau geti ekkert og kunni ekkert og verði bara að fara þarna inn til þess að bjargast. Þetta finnst mér ég sjá t.d. hjá Norðurlöndunum. Ég vil kalla það sem er í gangi núna Norðurlandavælið. Menn segja að norræna módelið sé dautt, norræna módelið sé búið að vera. En hvað var það sem gaf Norðurlöndunum sérstöðu í heiminum? Það var norræna módelið. Það var einhver sérstaða sem Norðurlöndin áttu og þeim fannst mikilvæg og þeim fannst að þau gætu kennt öðrum þjóðum. Eitthvað sem byggði á lýðræði, eitthvað sem byggði á jafnræði, eitthvað sem byggði á jöfnuði. Og einmitt trúin á að þetta væri sérstakt og mikilvægt gaf Norðurlöndunum vigt á alþjóðavettvangi. En núna segja menn við fólk heima fyrir: Norræna módelið er dautt. Við erum ekkert og verðum að leita til Evrópubandalagsins. Og nú á að reyna að selja Norðurlöndunum nýja trú með EB-aðild. EB-aðild á að skapa trú og von og verða bjargræði þessara þjóða. Hún verður það ekkert nema eins og ég segi, hún getur haft þau sálrænu áhrif að þær trúi því a.m.k. tímabundið að þær séu með í Evrópu, séu Evrópuþjóðir sem hafi öðlast pláss í ljósinu. En eins og ég segi, atgervisflótti verður ekki vegna þess að við stöndum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða EB, það ræðst hér innan lands hvort það verður atgervisflótti eða ekki. Það ræðst af því hvernig við tökum sjálf á málum. Ef við ætlum að halda því statt og stöðugt fram að við höfum ekki efni á neinu, að við höfum ekki efni á að mennta þjóðina almennilega getum við bara lagt hana niður.

Ég ætla að ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að mér finnst mjög mikilvægt að ráðherra eða formaður menntmn. komi með einhverja yfirlýsingu um það hvort þau séu tilbúin til að skoða þær alvarlegu athugasemdir sem gerðar hafa verið í þessari löngu umræðu. Hvort þau eru tilbúin til að skoða þær í nefndinni á milli 2. og 3. umr. Og ég held að það væri talsvert mikilvægt innlegg ef hægt væri að ná því fram hér.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Undir þeirri þrumuræðu sem nú var flutt af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur bað ég forseta um að mega segja nokkur orð hér. Tíminn líður og við vitum ekki hvað þessi umræða hefur staðið lengi, hvað tímarnir eru margir eða dægrin, en konur hafa mikið látið í sér heyra í umræðunni sem ég hélt að mundi kannski ekki verða sérstaklega uppbyggileg. En þetta er ein merkasta umræðan að mínum dómi sem hefur verið flutt á þessu þingi, þessu annars leiðinlega *þingi sem við höfum nú háð,* og ég held að það sé konunum að þakka. Mér er náttúrlega dálítið umhendis að viðurkenna það en ég verð líklega að gera það. Þær eru að taka völdin meira og minna og kannski verður þetta bara ágætt þegar þær hafa tekið völdin.

En í öllu falli er alveg ljóst að það er ekki bara verið að tala um að menntunin sé til gamans heldur geti hún líka verið hagstæð fjárhagslega. Það skiljum við karlarnir nefnilega. Þess vegna held ég að það sé rétt að hamra svolítið á því að besta fjárfestingin er að fjár-

festa í konum. Ekki bara til að hafa þær sem eiginkonur heldur til þess að láta þær vinna vandaverkin. Þ.e. stýra tölvunum og hugsun fólksins meira og minna, t.d. að vera skáld sem við höfum nú hér, ekki ómerkilegt. Í öllu falli er mér ekkert grín í huga þegar ég segi að besta fjárfestingin er auðvitað menntun í heimi nútímans og það hafa konurnar sagt okkur í dag. Þess vegna gat ég ekki orða bundist og vil þakka sérstaklega fyrir það.

Ég hef sagt að peningar séu ekki til, þó að reynt sé að telja okkur trú um það. Ég hef marghamrað á því og hagfræðingarnir hafa ekki átt gott með að hrekja þá staðreynd sem ég hef beðið þá um að gera, að peningar séu bara eitt, ávísanir á verðmæti. Og hvaða verðmæti í heiminum eru meiri en þekking og náttúrlega atorka, skilningur? Hvaða verðmæti eru meiri til í heiminum en börnin okkar ef þau menntast? Þau eru ekki til. Ísland er ríkasta land heims, langríkasta. Og tölurnar sem núna loksins koma frá hagfræðingunum og spekingunum öllum saman sem eru að reikna kreppuna yfir okkur eru þær að börnin sem fæðast séu náttúrlega miklu ríkari en nokkur börn sem fæðst hafa áður og að auður þeirra, barnanna okkar í vöggunni, sé miklu meiri en skuldirnar.

Það er alltaf verið að segja okkur að börnin okkar eigi að taka við skuldabagganum en við höfum nú samt, þessi kynslóð mín, haldið þannig á málum að börnin eiga ekki bara núll, þau eiga veruleg verðmæti þegar þau fæðast. En það er ekki nærri nóg í þessum harða heimi. Við þurfum að láta það sannast, einmitt af því að við erum fá, að við séum menntaðasta þjóð heimsins. Við getum verið það einmitt af því að við erum fá. Ég er ekki að óska eftir miklum barnsfæðingum en í guðs bænum samt að leyfa börnunum að fæðast. Og eins og síðasti ræðumaður sagði er náttúrlega ljóst að börn þurfa að fæðast til að geta menntað þau. Og til þess að geta auðgað okkar þjóðlíf og við getum bætt við, tvöfaldað mannfjöldann eða þrefaldað eða fjórfaldað hann sem gerist vonandi og væntanlega. En mergurinn málsins er sá að allt þetta svartnættishjal um að við séum svo fátæk, allt sé á hausnum, er allt saman meira og minna heimatilbúin kreppa og hefur verið árum saman og nærri því áratugum.

Menn eru alltaf að þvæla um að Ísland sé fátækt land. Ég endurtek það og hef sagt það margsinnis að við séum rík. En það er eins og að höggva í hart helvíti. Menn geta bara ekki leyft sér þetta lengur. En einhvern veginn erum við þessir kotungar, þótt við séum menntuð sum, að við erum alltaf að afneita því og telja börnunum okkar trú um að ekki sé hægt að mennta þau. Það er þannig að þau geta ekki menntast, það er þannig enn. Það er verið að arðræna börnin sem eru að reyna að menntast. Auðvitað ættu þetta að vera námsstyrkir. Þetta ættu að vera „fjárfestingarlán", hvorki meira né minna, sem þjóðin öll greiddi á löngum tíma og við, þessi kynslóð mín ætti að hafa þann manndóm að mennta öll íslensk börn sem vilja menntast og það vilja öll börn menntast með einhverjum hætti.

Ég lofaði forseta að fara ekki að halda neina ræðu og er nú vanur að tala stutt en reyna þó að segja það sem ég meina. Og ég meina það að þessi barlómur og aumingjaskapur gengur ekki lengur. Við eigum að mennta okkar börn og græða á því, það skilja menn. Það er fjöldi manna sem vill bara græða og græða, ég líka. Og við skulum bara gera það.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur nú verði að það sé á mörkunum að um andsvar sé að ræða. En vegna ræðu hv. 4. þm. Reykv. get ég ekki stillt mig um að benda á einfalda staðreynd máli hans til stuðnings. Um þessar mundir eru örfáir menn búnir að ljúka verki suður í háskóla við tölvur sínar. Við höfum heyrt barlóminn um hvað eigi að gera við alla þessa tölvufræðinga, fjöldi þeirra hefur aukist nokkuð á síðustu árum. Í viðtali við kennara við háskólann síðast í gær, í sjónvarpi minnir mig, var talað um að þetta verk mundi líklega leiða til þess að Íslendingar væru að framleiða útflutningsvöru í hugbúnaði sem gæti skipt hundruðum milljóna. Og ég segi eins og hv. 4. þm. Reykv., kannski menn skilji þá til hvers tölvufræðingar eru, hvað má gera við þá ef einhver gæti hugsanlega grætt á þeim. En mér sýnist að þeir muni verða fljótir, ef allt gengur upp sem þeir gera ráð fyrir, að fá inn þær nokkuð hundruð milljónir sem allt menntakerfi landsins á að stranda á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

137. FUNDUR

föstudaginn 8. maí,
kl. 11 árdegis.

Skipaútgerð ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EgJ, EKG, GB, ISG, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG,

SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
nei: EgJ.
14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, IBA, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP og FI, 249. mál. — Þskj. 425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, IBA, JGS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, StH, VE) fjarstaddir.
Till. vísað til efh.- og viðskn. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 400. mál (skyldusparnaður). — Þskj. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, IBA, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
Frv. vísað til félmn. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, IBA, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, StG, VE) fjarstaddir.

Evrópskt efnahagssvæði og staða kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 450. mál. — Þskj. 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
Till. vísað til félmn. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 228, nál. 794, brtt. 795 og 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, FI, GB, GÁ, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
Brtt. 829,1 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 795,1 (ný 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, RG,

SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (FI, GÁ, PJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 795,2 (3. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (FI, GÁ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 829,2 kölluð aftur til 3. umr.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (FI, GÁ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (FI, GÁ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KSG, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 795,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

6.–16. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, EKJ, GB, IBA, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 795,4 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, GÁ, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 829,3 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 795,5 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (FI, GÁ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JóhS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 59, nál. 826 og 838, brtt. 827 og 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 827,1.a samþ. með 45:3 atkv.

Brtt. 827,1.b–c samþ. með 50 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 51:1 atkv.

Brtt. 827,2 samþ. með 50:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Fyrstu tvær brtt. á þskj. 836 frá minni hluta allshn. er efnislega samhljóða því sem tekist var á um hér áðan, hvort standa ætti orðið „manneskja“ eða „maður“ í frv. Þar sem nú hefur þegar verið ákveðið að orðið „maður“ komi í stað orðsins „manneskja“, en þeirri breytingu er ég mótfallin, þá sé ég ekki ástæða til þess að halda þessum tveimur brtt. til streitu og kalla til baka 1. og 2. lið.

Brtt. 836,1–2 kölluð aftur.

Brtt. 827,3 (ný efnismgr. 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 827,4 samþ. með 49 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 827,5 (ný efnismgr. 6. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 827,6 samþ. með 46:3 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 836,3 felld með 41:3 atkv.

8. gr., 1.–2. efnismgr., samþ. með 48 shlj. atkv.

8. gr., 3. efnismgr., samþ. með 42:4 atkv.

Brtt. 827,7 samþ. með 46 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 827,8 samþ. með 49 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 827,9 samþ. með 49 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 836,4 felld með 40:10 atkv.

Brtt. 827,10.a samþ. með 43:5 atkv.

Brtt. 827,10.b samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 827,10.c samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 827,10.d samþ. með 49 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

14.–17. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 284, nál. 776 og 789, brtt. 775 og 790, till. til rökst. dagskrár 791.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 791 felld með 30:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP.

nei: JóhS, MJ, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, SalÞ.

12 þm. (JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, BIB, ÁMM, BBj, EKG, GB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Með þessu frv. er með grófum hætti vegið að jafnrétti til náms og það mun geta haft mjög alvarlegar afleiðingar. Það hefur m.a. áhrif á tækifæri kvenna til að mennta sig. Þeir sem styðja frv. og þá hugmyndafræði sem að baki býr gera sér greinilega ekki grein fyrir að menntun og rannsóknir er undirstaða framþróunar og velferðar. Hér er verið að vega að rótunum.

Ef þetta frv. verður samþykkt er stigið mikið óheillaspor. Jafnrétti á greinilega ekki upp á pallborðið hjá þeim sem standa að þessu frv. Þessu dæmalausa frv. ber að vísa frá. Ég segi já.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn höfum lagt okkur fram um það við 1. umr. og 2. umr. málsins að reyna að leiða meiri hlutanum hér á hv. Alþingi og hæstv. menntmrh. fyrir sjónir hversu alvarleg árás þetta frv. er á námsmenn og á langskólanám í landinu. Við viðurkennum að þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til eru allar til bóta og við metum mikils þau orð hæstv. ráðherra í gærkvöldi að hann sé samþykkur því að málið verði skoðað á milli 2. og 3. umr. Samt sem áður, þar sem við vitum ekki hvað kemur út úr þeirri athugun, teljum við rétt að þessi tillaga komi til atkvæða. Ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Frv. menntmrh. um Lánasjóð ísl. námsmanna er einn liðurinn af mörgum í aðför ríkisstjórnarinnar að velferðarkerfinu á Íslandi. Einnig Alþfl. tekur þrátt í þessari aðför þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar einstakra þingmanna og stofnana flokksins. Stjórnarandstaðan hefur í menntmn. og í umræðum hér á Alþingi leitast við að knýja fram lagfæringar á frv. Þótt það hafi borið nokkurn árangur er frv. í heild enn óviðunandi. Samþykkt frv. felur í sér stórfellda aðför að aðstöðu námsmanna og jafnrétti til náms. Því flytjum við fulltrúar stjórnaraðstöðunnar í menntmn. þessa

dagskrártillögu um að vísa frv. frá með vísan til þess sem fram kemur í nál. Verði þessi frávísunartillaga felld koma til atkvæða brtt. minni hluta menntmn. við frv. Í þessu máli er mikið í húfi fyrir marga. Alþb. mótmælir þessu frv. Ég segi já.

Brtt. 790,1 (ný 1. gr.) felld með 30:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK.

nei: ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, MJ, JónS, KSG, SalÞ.

12 þm. (KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, BIB, ÁMM, BBj, EKG, GB, JVK, KHG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Munurinn á þeirri tillögu sem hér er verið að greiða atkvæði um og því orðalagi sem ríkisstjórnin setti fram í frv. er sá að í þessari tillögu er lagt til að markmið laganna sé að stuðla að jafnrétti til náms. Annar flokkur þessarar ríkisstjórnar kaus fyrir tveimur árum síðan að bæta orðunum Jafnaðarmannaflokkur Íslands við nafn sitt. Alþfl. hafði borið heitið Alþýðuflokkur frá stofnun sinni 1916 þar til fyrir tveimur árum síðan að hann kaus þetta viðhengi við nafn sitt. Í þessari atkvæðagreiðslu gefst þingmönnum Alþfl. tækifæri á því að sanna það að þetta viðhengi sé eitthvað annað en orðin tóm. Jafnaðarmannaflokkur sem er á móti jafnrétti til náms ætti að sjá sóma sinn í því á flokksþinginu í næsta mánuði að taka viðhengið aftur til baka. Það verður fróðleg prófraun fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann þingflokks Alþfl., og ýmsa aðra að greiða atkvæði um þessa tillögu. Við munum fylgjast með því, jafnaðarmenn um allt Ísland munu fylgjast með því og unga fólkið í landinu mun fylgjast með því. Ég segi já.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Verði þessi tillaga felld er verið að útrýma orðunum jafnrétti, jöfnuður úr lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Orð segja talsverða sögu í þessu sambandi. Verði niðurstaðan sú að þessi tillaga verði felld er um að ræða hugmyndafræðilegan sigur Sjálfstfl. Hann hefur borið Alþfl. ofurliði. Þetta er stefnumótandi grein þessa ljóta frv. sem við erum hér að reyna að breyta, frv. sem gerir ráð fyrir því að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust og banna lán til íslenskra námsmanna haustið 1992. Við erum að gera tilraun til að laga þetta ójafnaðarfrv. með því að koma inn orðinu jafnrétti í 1. gr. þess. Ég segi að sjálfsögðu já við þessari tillögu minni hluta menntmn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Meginmunurinn á tillögu minni hlutans og tillögu meiri hlutans við 1. gr. frv. er sá að minni hlutinn vill að í textanum sé komið fyrir orðunum jafnrétti til náms en meiri hlutinn talar um tækifæri til náms. Við framsóknarmenn teljum að það sé meginmunur á þessari túlkun minni hlutans og meiri hlutans. Eins viljum við ganga lengra í því að tryggja það að verknám verði lánshæft. Ég segi já.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Um miðjan áttunda áratuginn voru sett lög um Lánasjóð ísl. námsmanna sem, þó að þau væru vissulega ekki gallalaus, mörkuðu tímamót. Þau voru tímanna tákn þá vegna þess að inn í markmiðssetningu þeirra laga kom þá hugtakið að tryggja jafnrétti til náms. Með frv. sem hér liggur fyrir er verið að fella þetta út og það er auðvitað líka tímanna tákn. Það er ekki tilviljun að það skuli gerast einmitt núna.

Ég vil taka undir það sem aðrir hafa hér sagt að það er hugmyndafræðileg breyting á ferðinni og stjórnarflokkarnir skulda Alþingi og alþjóð skýringu á þessari hugmyndafræðilegu breytingu sem þarna á sér stað.

Þessi breyting flokkanna er til marks um tragísk örlög beggja stjórnarflokkanna. Ekki síst er þetta til marks um tragísk örlög Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands, sem með þessu hefur glatað öllum ídealisma, sem er flokkur tæknikrata sem eru tíndir í praktískri umræðu um praktísk mál.

Kvennalistakonur leggja höfuðáherslu á jafnrétti til náms og þess vegna segjum við auðvitað já.

Brtt. 775,1 (ný 1. gr.) samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg.

20 þm. (AÓB, FI, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að ríkisstjórnin, hinn trausti meiri hluti, er núna að afgreiða þetta frv. um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna með minni hluta atkvæða á Alþingi Íslendinga. Það er reisnin.

Brtt. 775, 2 (ný 2. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (FI, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 790,2 (ný 3. gr.) felld með 29:22 atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ*, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 775,3 samþ. með 45:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónS, KSG, KE, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JÁ*, JónK*.

4 þm. (AÓB, HÁ, HG, StG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, FI, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 790,3 felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EgJ, EKG, GB, IBA, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 790,4.a felld með 29:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP.

nei: PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, MJ, JónS, KSG, ÓE, SalÞ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BIB, ÁMM, BBj, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstöðunni mun auðvitað ekki takast það hér í þessari atkvæðagreiðslu að koma í veg fyrir að þær grundvallarbreytingar verði gerðar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem Sjálfstfl. með Alþfl. í eftirdragi er nú að beita sér fyrir.

Það atriði sem nú er verið að greiða atkvæði um snertir hins vegar ekki beint þessar grundvallarbreytingar. Þessi tillaga minni hlutans snýst einfaldlega um það að koma í veg fyrir þá aðför sem þessir flokkar ætla nú að gera að námsmönnum með því að svipta alla námsmenn í haust lánum sínum með því að í framtíðinni fái námsmenn aldrei lán sín greidd út fyrr en eftir á. Ég segi því já.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ákvæði það sem hér um ræðir felur í sér þá grundvallarbreytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna að námsaðstoð er flutt yfir í bankakerfið þar til prófum hefur verið náð. Allan námstímann. Námsmönnum er gert að bera vaxtakostnað af þessum lánum, auk þess sem ljóst er að þetta mun valda námsmönnum og aðstandendum þeirra ómældum erfiðleikum og sjóðnum fáránlegri skriffinnsku. Í stað mannúðar og mildi sem Sjálfstfl. lofaði Íslendingum í síðustu kosningabaráttu og hugsjóna jafnaðarmennsku og bræðralags sem alþýðuflokksmenn hétu sínu fólki, hafa námsmenn verið sendir í miskunnarlaust markaðskerfi frjálshyggjunnar.

Alþýðubandalagsmenn vona enn að þetta versta ákvæði frv. verði lagfært en segja að sjálfsögðu já við þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um sjálfsagða brtt. að ræða en ég vil sérstaklega fagna hjásetu þingflokksformanns Alþfl. í þessari atkvæðagreiðslu og skil það

sem skilaboð um það að þessu máli verði breytt milli 2. og 3. umr. Þó að ég treysti því nú ekki algjörlega þá vil ég sérstaklega fagna því. Ég segi að sjálfsögðu já við þessa atkvæðagreiðslu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Nái sú brtt. sem minni hluti menntmn. leggur hér fram við 6. gr. frv. ekki fram að ganga standa námsmenn andspænis því nú í haust að engin lán verða greidd út úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta samsvarar auðvitað því að námslán muni ekki aðeins bera 1% vexti heldur markaðsvexti á hluta námstíma. Þess vegna hlýt ég að undirstrika það mjög og leggja á það áherslu við þingmenn stjórnarflokkanna að þeir hugsi sinn gang nú á milli 2. og 3. umr., skoði þetta mál og veiti brtt. um málið brautargengi við 3. umr. En ég segi að sjálfsögðu já við þessari tillögu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er verið að gera tilraun til að nema burtu úr þessu frv. alversta ákvæðið. Þetta fyrirkomulag sem frv. gerir ráð fyrir leggur þungar og óþarfar byrðar á námsmenn að þurfa að framfleyta sér á víxlum allan námstímann. Það bætir ekki stöðu LÍN-nema í haust nema að því leyti að það verður til að hrekja fólk frá námi og fækka viðskiptamönnum sjóðsins. Það hlýtur að vera aðalmarkmiðið með þessari aðför. Þar fyrir utan eykur það þrýsting á bankakerfið sem verður að lána þeim sem á annað borð leggja í nám. Það hefur fram að þessu engu tauti verið komandi við stjórnarliða. Ég segi já.

Brtt. 790,4b felld með 30:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GÁ.

nei: GunnS, HBl, IBA, JóhS, MJ, JónS, KSG, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, SalÞ.

12 þm. (JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, BIB, ÁMM, BBj, EKG, GB) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Brtt. okkar minni hluta menntmn. varðar einn forsetningarlið, tvö orð, að orðin „ásamt vöxtum“ verði tekin út úr frv. Það mun draga slóða á eftir sér ef þessi brtt. verður felld og þessi tvö orð verða látin standa og lögfest.

Nú er verið að lögleiða í fyrsta sinn hérlendis vaxtatöku af námslánum. Samþykkt á þeirri stefnu felur ekki aðeins í sér viðbótarálögur á námsmenn heldur einnig breytta afstöðu til náms og þekkingarleitar. Sú breyting hefur að vísu náðst fram að í stað fastrar 3% vaxtatöku samkvæmt frv. leggur meiri hluti ríkisstjórnarinnar nú til breytilega vexti, allt að 3%. Ríkisstjórnin hefur boðað að vextir á námslán verði fyrst um sinn 1%. Gildi þeirrar ákvörðunar er afar takmarkað. Hvenær sem er verður hægt að hækka vextina með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt og slík ákvörðun yrði afturvirk fyrir námsmenn, allt að námslokum.

Alþb. og stjórnarandstaðan í heild hefur gagnrýnt þessi áform um vaxtatöku harðlega. Ég segi já við brtt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er lagt til að fella út orðin „ásamt vöxtum“ og fella þar með burt það ákvæði frv. að vextir skuli vera á námslán, en með því að setja vexti á námslán er í raun verið að líta á þessi lán sem fjárfestingarlán einstaklinga en ekki fjárfestingu þjóðarinnar í menntun fólks. Í raun er verið að láta námsmenn greiða fyrir aðgang að menntun.

Með því að fella a-lið 4. brtt. minni hlutans á þskj. 790 var verið að samþykkja að leggja vexti á allan námstímann. Nú er verið að greiða atkvæði um það að fella niður það ákvæði að greiða vexti eftir að námstíma lýkur. Ég segi því já við þessari brtt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í 4. mgr. 6. gr. frv. kemur vaxtataka á námslán fyrst fyrir í frv. Hér er því það grundvallaratriði að koma til efnislegrar afgreiðslu í fyrsta sinn.

Við þingmenn Alþb. erum algjörlega andvígir upptöku vaxta á námslán og teljum að með þeirri ákvörðun, ekki síður en öðrum sem í þessu frv. felast, sé verið að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi námsmanna í landinu. Það er verið að hverfa frá þeirri grundvallarviðmiðun að námslán séu félagsleg framfærslulán til að tryggja jafnrétti og jafna aðstöðu námsmanna. Þá er og hætta á því að þyngd endurgreiðslna vegna vaxtatöku muni draga úr sókn til menntunar í landinu og þar með sé tekið skref aftur á bak en ekki fram á veginn því flestir eru sammála um að í auknum rannsóknum og menntun felist vegurinn til framfara í landinu.

Í afstöðu til þessa grundvallaratriðis kemur og mjög skýrt fram ójafnaðar- og afturhaldseðli þessarar ríkisstjórnar, sem og með upptöku hennar á skólagjöldum, niðurskurði í menntakerfinu og mörgum fleiri skemmdarverkum sem unnin hafa verið eða til stendur að vinna á þessu ári.

Þá má að lokum segja, hæstv. forseti, að í þessu máli fullkomnist nánast niðurlæging Alþfl. og liggur hann nú sem hvert annað úrhrak fyrir fótum manna og dýra. Ég segi já, hæstv. forseti.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn erum andvígir því að leggja vexti á námslán. Með því að lán eru verðtryggð greiða námsmenn lánin sjálf til baka. Ávöxtun af því fjármagni sem veitt er úr ríkissjóði til lánasjóðsins endurgreiðist til landsmanna með þeim auði sem menntun er. Ég segi já.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Fram undir þetta hefur ríkt algjör samstaða hér innan þings sem utan um það að náms-

lán ættu ekki að bera vexti. Það hefur verið það grundvallaratriði í markmiðum og tilganginum með Lánasjóði ísl. námsmanna, að námslán bæru ekki vexti, jafnframt því að tryggja jafnrétti til náms, að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur og að endurgreiðslur námslána séu tekjutengdar.

Sú breyting að setja vexti á námslán er auðvitað í beinu framhaldi af því sem hér var samþykkt áðan, um að breyta 1. gr. þannig að það sé komið í veg fyrir að lánasjóðurinn hafi það hlutverk að tryggja jafnrétti til náms. Samhliða þessari breytingu er verið að opna Lánasjóð ísl. námsmanna fyrir þeim hópi námsmanna sem hingað til hefur ekki þurft á aðstoð þessa sjóðs að halda og það er gert í skjóli þess að það eigi að tryggja að námsmenn taki ekki lán úr lánasjóðnum af því að lánin beri 1% vexti. Það sjá allir að 1% vextir á námslán munu engan námsmann hrekja frá því að taka þessi lán og því er sú hætta nú sem myndast með því, ef þetta verður samþykkt ásamt 1. gr., að það sé verið að opna þann möguleika fyrir námsmenn að fara að braska.

Með þessum hætti eru menn auðvitað að draga úr þeim fjármunum sem til skipta eru, draga úr við þá sem raunverulega þurfa á þessari aðstoð að halda. 1% vextir eru auðvitað ekki háir vextir en bara sú grundvallarbreyting að setja vextina inn í frv. mun leiða til þess — og þrátt fyrir orð hæstv. menntmrh. um að ekki standi til að hækka vextina nú, þá mun það verða gert. Þeir munu verða komnir upp í 3% þegar þessi ríkisstjórn fer frá. Þar að auki eru raunvextirnir auðvitað miklu hærri vegna þess að námsmenn þurfa að fjármagna sína framfærslu með bankalánum þann tíma sem þeir fá ekki námslánin. Ég segi því já.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég var einn þeirra manna sem sömdu á sínum tíma frv. til laga sem eru gildandi lög um námslán. Fyrir löngu síðan var mér eins og flestöllum ljóst að þessi lög þurftu að breytast. Árið 1986 var mér falið ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni að fara yfir þessi mál fyrir hönd páv. stjórnarflokka. Okkar sameiginlega undirritaða niðurstaða var sú að greiða skyldi vexti af hluta námslána. Ég hef ekki skipt um skoðun. Ég tel það skynsamlegt og eðlilegt. Ég er sömu skoðunar nú og þá og segi nei við þessari tillögu.

Brtt. 790,4c felld með 27:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, HÁ, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, VS*) fjarstaddir.

[*Sjá greinargerð með atkvæði.]

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er flutt gerir ráð fyrir því að fella niður heimild fyrir stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna til að leggja á lántökugjöld, aukavexti, aukaskatt, á námslán. Minni hlutinn leggur það til að þessi tillaga verði felld út. Verði hún hins vegar samþykkt hafa orðið hér í dag stór tíðindi. Verði stefna meiri hlutans samþykkt hafa orðið þau stórtíðindi að í fyrsta lagi hefur verið fellt að taka inn ákvæði um jafnrétti til náms. Í öðru lagi hefur verið ákveðið að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust alveg. Enginn íslenskur námsmaður fær lán í haust samkvæmt þessum ákvörðunum meiri hlutans. Í þriðja lagi hefur verið samþykkt að leggja vexti á námslán. Og í fjórða lagi er hér verið að gera tillögu um það frá meiri hlutanum að leggja á lántökugjöld líka.

Þessa dagana er tíu ára afmæli laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er athyglisvert að Alþfl. skuli kjósa að halda upp á þetta afmæli með því að eyðileggja þessi lög framfara í menntun, rannsóknum og vísindastarfsemi í landinu.

Ég segi já við þessari tillögu, virðulegi forseti, um leið og ég gagnrýni harðlega meiri hlutann fyrir þau skemmdarverk sem hér hafa verið unnin.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið inn á lántökugjald og það er tillaga okkar í minni hlutanum að fellt verði út ákvæði þess efnis að sjóðstjórn sé heimilt að innheimta lántökugjald. Í þeim útreikningum sem við höfum haft til grundvallar í okkar vinnu í hv. menntmn. hefur verið reiknað með því að þetta lántökugjald geti verið 1,2% þannig að með samþykkt þessa frv. bætist það ofan á þá vexti sem frv. heimilar sem geti verið allt að 3%.

Ég hef verið málefnaleg í þessari umræðu um lánasjóðinn og hef talað um það að við framsóknarmenn höfum verið tilbúin að versla við ríkisstjórnina, við meiri hlutann, í sambandi við brtt. og við leggjum ekki jafnþunga áherslu á allar þær brtt. sem lagðar eru fram af meiri hlutanum. Alvarlegasta ákvæðið sem tekið verður í gildi með breytingu þessara laga er um eftirágreiðslur og vexti. Mér finnst lántökugjaldið ekki það allra alvarlegasta en samt sem áður munum við framsóknarmenn greiða atkvæði með þessum lið. Ég segi já.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Með þessari síðustu málsgrein, 6. mgr. í 6. gr., sem hér er gerð tillaga um frá minni hlutanum að fella í burtu er auðvitað enn ein tilraunin gerð til þess að hækka í raun vaxtatökuna með því að taka upp lántökugjald.

Árið 1986 fór fram endurskoðun á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna að frumkvæði sjálfstæðismanna. Það var samstarfsnefnd Framsfl. og Sjálfstfl. ásamt námsmönnum sem sá um þá endurskoðun. Þá eins og oft áður á síðasta áratug, reyndu sjálfstæðismenn að koma því meginmarkmiði sínu fram, að breyta þeim grundvallaratriðum sem Lánasjóður ísl.

námsmanna hefur haft og hefur þjónað námsmönnum í gegnum tíðina. Framsóknarmenn komu í veg fyrir það þá að þessar tillögur sjálfstæðismanna næðu fram að ganga og það er í þau verk sem hæstv. fjmrh. var að vitna hér áðan. Ístöðuleysi Alþfl. í þessu stjórnarsamstarfi lýsir sér best í því að nú eru greidd atkvæði með öllum þeim grundvallarbreytingum sem verið er að gera á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem framsóknarmenn komu í veg fyrir á sínum tíma að sjálfstæðismenn næðu fram.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. hér áðan að gerð var tillaga um það að námslán bæru vexti í þeim tillögum sem þá voru lagðar fyrir. En hvaða lán voru það, hæstv. fjmrh.? Það voru viðbótarlánin, umfram hin hefðbundnu námslán sem allir áttu rétt á. Það voru viðbótarlánin sem átti að bjóða námsmönnum upp á ef sú framfærsla sem þeir höfðu nú þegar, dygði ekki fyrir framfærslukostnaðinum. Það voru þessi viðbótarlán sem áttu að bera vexti sem væri auðvitað ofur eðlilegt. En það hefur aldrei hvarflað að okkur framsóknarmönnum, hæstv. fjmrh., að vextir ættu að vera á námslánum. (**Fjmrh.:** Af hverju segir þú ekki bara sannleikann?) Af því að þetta er sannleikurinn, hæstv. fjmrh., og þú átt að muna þetta en auðvitað vilt þú ekki kannast við þá aðför sem þú ætlaðir þá, hæstv. fjmrh., að gera að námsmönnum með þeim tillögum sem þú ætlaðir að pína inn í gegnum menntmrn. og blekkja ríkisstjórnina þá til að fá samþykkta. Ég segi því já við þessum tölulið.

Brtt. 775,4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, VS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 29:21 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í grg. með þessari grein, 6. gr. frv., segir að gert sé ráð fyrir að sjóðurinn geri sömu kröfur til ábyrgðarmanna og aðrar lánastofnanir. Við vitum öll hvaða kröfur bankakerfið gerir til ábyrgðarmanna sinna. Geta þeirra til að standa við skuldbindingar er vegin og metin og þeir ekki teknir gildir sem léttvægir eru fundnir. Það munu allir skilja hvaða afleiðingar slík vinnubrögð munu hafa fyrir jafnrétti nemenda til náms ef námslán velta á efnahag ábyrgðarmanna. Ég tel því að þessi stefnumörkun sé eitthvert alvarlegasta atriði þessa frv. og segi því nei.

Brtt. 790,5 felld með 29:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í þessari brtt. frá minni hluta menntmn. er mjög mikilvægt ákvæði sem kveður á um það að endurgreiðslur af námsláni skuli fara fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma er námsmaður undirritaði einstök skuldabréf. Þetta þýðir með öðrum orðum, nái þessi brtt. fram að ganga, að vaxtahækkun, sem hugsanlega á eftir að eiga sér stað, er ekki hægt að gera afturkræfa. Undirriti námsmaður skuldabréf með 1% vöxtum og séu 1% vextir við lántöku, þá verður ekki hægt að breyta því í 3% vexti við námslok, eins og frv. gerir ráð fyrir núna. 1% vextir við lántöku þýða þá 1% vextir við námslok og því er þarna um mjög mikilvægt atriði að ræða. Ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 775,5 samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

2 þm. (HÁ, ÓRG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, VE) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 29:21 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 790,6 (ný 8. gr.) felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS,

GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (PP*) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 775,6 (ný 8. gr.) samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: StG.

19 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, IP, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 790,7 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 775,7 samþ. með 28:18 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

3 þm. (AÓB, ISG, KE) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 28:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

10.–14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 790,8 kom ekki til atkvæða.

15. gr. samþ. með 27:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GÁ, KSG*.

19 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 790,9 felld með 27:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 29:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JHelg, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, JGS, ÓRG.

17 þm. (FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, KE, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, FI, GÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, HÁ, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 775,8 (ný 18. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, ISG*, JÁ, JóhS, JónS, KSG, KE*, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

19. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SvG, VS.

3 þm. (FI, GÁ, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BBj, BIB, EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, MJ, JónS, KSG, ÓE, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EGuðn, SalÞ.

nei: FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS, AÓB.

13 þm. (EKG, GB, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, BIB, ÁMM, BBj) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að innleiða ólög. Ég segi nei.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta frv. er svo dæmalaust og mun hafa svo alvarlegar afleiðingar í för með sér að það er ómögulegt að samþykkja það og vísa því til 3. umr. Ég segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í jafnaðarstefnunni eru fáein grundvallaratriði. Þar ber hæst jafnrétti til hjúkrunar og umönnunar og jafnrétti til náms. Í áratugi hafa jafnaðarmannaflokkarnir í Evrópu staðið vörð um þær þjóðfélagsbreytingar sem ber hæst á þessari öld, að færa öllum jafnrétti til umönnunar og hjúkrunar og jafnrétti til náms. Í upphafi voru hægri flokkarnir í Evrópu andvígir þessum grundvallarhugsjónum. Síðan gengu þeir í lið með öðrum. En á síðasta áratug hófu hægri flokkarnir í Evrópu nýja sókn sem byggðist fyrst og fremst á því að afnema grundvallarregluna um jafnrétti til náms og jafnrétti til umönnunar og hjúkrunar. Að ráðast gegn þessum grundvallaratriðum jafnaðarstefnunnar í Bretlandi hefur Margrét Thatcher og Íhaldsflokkurinn hælt sér af því að hafa náð fram.

Hér á Íslandi hefur Sjálfstfl. í langan tíma barist fyrir því að nema þessi grundvallaratriði brott úr lögum landsins. Framsfl. stóð vörð um það þegar hann var í ríkisstjórn með Sjálfstfl. að það tækist ekki. Nú hefur Alþfl. tekið að sér það hlutverk að lyfta Sjálfstfl. á Íslandi á þann stall hægri hyggjunnar og thatcherismans að afnema úr lögum á Íslandi jafnrétti til náms. Með þeirri atkvæðagreiðslu sem hér fer fram er verið að gefa Alþfl. tækifæri til þess að hverfa frá þessari villu því að flokkur sem afnemur á Alþingi Íslendinga grundvallaratriði um jafnrétti til náms getur ekki eftir það með neinum rétti talið sig fulltrúa jafnaðarstefnunnar, hvað þá heldur skreytt nafn sitt með því heiti.

Það má vel vera að ríkisstjórnaraginn bindi þingmenn Alþfl. hér í dag, en þeir hafa þó tækifæri til þess að koma í veg fyrir að 3. umr. um þetta frv. fari fram. Ef Alþfl. lætur þessu þingi lokið hér í vor með því að samþykkja þetta frv. getur hann aldrei eftir það fyrr en búið er að breyta þessum lögum á ný í áttina að jafnrétti til náms tekið sér í munn að vera fulltrúi fyrir jafnaðarstefnuna á Íslandi.

Ég segi já við þeirri tillögu að vísa þessu frv. um aðför að grundvallarhugsjón jafnaðarstefnunnar til 3. umr. (Gripið fram í.) Ég segi nei við þeirri tillögu að vísa þessu frv. til 3. umr. Það er það sem við erum að gera hér. Ég segi já við því — hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason má hlæja eins og hann vill, en okkur sem er jafnaðarstefnan á Íslandi einhvers virði er ekki hlátur í hug þegar þessi atkvæðagreiðsla fer hér fram því hún er mikið alvörumál. Umhvrh. má hlæja eins lengi og hann vill af því að Alþfl. hverfur hér frá grundvallaratriðum jafnaðarstefnunnar. — Ég segi nei við þessari tillögu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er mjög óvenjulegt að leggjast gegn því að vísa frv. milli umræðna en hér er verið að keyra í gegnum Alþingi ákaflega slæmt frv. Það er vonlítið eða vonlaust að fá ríkisstjórnina til að lagfæra þetta frv. við 3. umr. Þeir námsmenn sem kusu ríkisstjórnarflokkana sl. vor geta sjálfum sér um kennt og þeirra er mikil ábyrgð að hleypa þessari ríkisstjórn til valda. Þetta frv. er miklu verra en gildandi lög, þetta frv. er þjóðfélaginu til tjóns. Ég leggst gegn afgreiðslu þessa frv. og ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Þetta er heldur dapur dagur, virðulegi forseti, í sögu skóla- og menntamála á Íslandi. Það er búið að ákveða að leggja vexti á námslán. Það er búið að ákveða breyttar endurgreiðslureglur. Það er búið að ákveða að taka upp lántökugjöld. Það er búið að ákveða að loka Lánasjóði ísl. námsmanna frá og með sumrinu 1992 til ársloka. Námsmenn eru einu einstaklingarnir á Íslandi sem ekki munu fá neinn framfærslueyri greiddan í hálft ár á síðari hluta ársins 1992. Hér er um óvenjulega ósanngjarna aðför að ræða, virðulegi forseti. Hér er búið að ákveða að afnema jafnréttið úr lánasjóðslögunum. Allt er þetta gert með minni hluta Alþingis. Allar atkvæðagreiðslurnar í dag hafa verið þannig þegar stjórnarandstæðingar hafa ekki í örfáum tilvikum hjálpað til við einstakar greinar að þá hafa mál verið afgreidd með minni hluta atkvæða, með innan við 30 atkvæðum aftur og aftur. Það segir einnig sína sögu.

Það er óvenjulegt að leggjast gegn því að máli sé vísað til 3. umr. Í minni tíð á Alþingi, liðlega 10 ár, man ég ekki eftir því að það hafi áður verið gert með þessum hætti og að hafi verið beðið um nafnakall um málið. Það undirstrikar alvöru málsins af hálfu stjórnarandstöðunnar en leggur um leið á það áherslu að stjórnarandstæðingar eru að lýsa því yfir að þeir muni beita sér fyrir því að þessari ósvinnu linni þegar þeir hafa tækifæri til. Alþb. mun beita sér fyrir því fyrir sitt leyti.

Þessum kaflaskiptum í menningarmálum og menntamálum á Íslandi, sem hér er verið að afgreiða, viljum við hafna. Þess vegna segi ég nei, virðulegi forseti, við

því að þetta mál fari spönn lengra í meðförum Alþingis.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að vísa máli til 3. umr., að málið fái eðlilega þinglega meðferð. Formaður Alþb. kom hér í þennan ræðustól og sagði tvisvar sinnum já, að málið ætti að fara til 3. umr. og síðan tvisvar sinnum nei og líklega var það síðasta nei-ið sem átti að gilda.

Það er hins vegar nauðsynlegt við lok þessarar umfjöllunar málsins að mótmæla því mjög kröftuglega sem hér hefur verið haldið fram af ýmsum fulltrúum stjórnarandstöðunnar að hér sé verið að afnema jafnrétti til náms á Íslandi. Þetta er auðvitað fráleit fullyrðing, gjörsamlega út hött. Þrátt fyrir þær breytingar sem nú er verið að gera á þessu kerfi þá er hér og verður hér í þessu landi við lýði örlátasta námslánakerfi sem í gildi er í nokkru landi í Vestur-Evrópu (Gripið fram í.) og því verður ekki móti mælt, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það er staðreynd. Ég segi já.

Vatnsorka, fyrri umr.

Þáltill. PP og StH, 256. mál. — Þskj. 433.

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Þar sem þingmannamál hafa ekki fengist mikið rædd hér í vetur þá hef ég óskað eftir því að þetta mál fari umræðulaust til nefndar. Ég mun ekki tefja þingstörfin með því að mæla fyrir því.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að tala í þessu máli sem hér var verið að mæla fyrir, ef nota má þau orð. Það var ýmislegt sem ég taldi nauðsynlegt að segja í tilefni af þessu þingskjali sem hér er tekið fyrir. Það kom mér fullkomlega á óvart að fyrri flm. þáltill., hv. þm. Páll Pétursson, skyldi ekki mæla fyrir henni efnislega. Mér er ekki alveg ljós sú ástæða vegna þess að það er nauðsynlegt að ræða ýmislegt í tengslum við þessa merku tillögu.

Ég vil þess vegna mælast til þess við virðulegan forseta að umræðunni verði frestað þannig að ég hafi tækifæri til þess að ræða við fyrri flm. hvers vegna hann er að biðjast undan umræðu um málið, því ég hafði ætlað mér að tala undir þessum dagskrárlið. Ég hélt reyndar að það hefði átt að gera hlé á störfum þingsins eftir þessa atkvæðagreiðslu. Mér hafði verið tjáð það af starfandi formanni þingflokks Alþb., varaformanni þingflokksins, hv. þm. Svavari Gestssyni, þannig að ég vil spyrja hæstv. forseta: Var það ekki ætlunin að gera hér stutt hlé eftir atkvæðagreiðsluna? En ég óska alla vega eftir því að umræðu verði ekki lokið um þetta dagskrármál fyrr en ég hef haft tækifæri til að kynna mér það og meta það þá hvort ég held við það að tala í málinu.

Flm. (Páll Pétursson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Með því að hafa þann hátt á að óska eftir því að málið gengi umræðulaust til nefndar var ég ekki að segja að mér þætti málið ómerkilegt því ég tel að þetta sé eitt með merkilegri málum sem lögð hafa verið fram á Alþingi í vetur. Ég er að mótmæla þeirri aðferð sem hér hefur verið höfð við forgangsröðun verkefna þingsins, þ.e. þingmenn hafa ekki fengið tækifæri til þess að fjalla um eða það hefur ekki verið gefinn tími til þess að fjalla um mál flutt af einstökum þingmönnum nema í mjög litlum mæli. Þessu vil ég mótmæla, og því vildi ég freista þess að fá málið til nefndar umræðulaust, ræða það síðan í iðnn. þar sem ég á sæti. Það er þess vegna sem ég óskaði eftir að þessi háttur yrði hafður á.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti ætlaði að fresta fundi að loknum atkvæðagreiðslum hér í dag en taka þó fyrst fyrir þetta mál og gefa hv. fyrri flm. þess tækifæri til þess að upplýsa með hvaða hætti hann vildi standa að þessu, en ef það á að vera umræða um málið verður henni og það tekið fyrir síðar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af ræðu og tillögu hv. 1. þm. Norðurl. v. taka það fram að ég er tilbúinn til þess hvort sem væri að fallast á þá tilhögun sem hv. 1. þm. Norðurl. v. leggur til, að þessi þáltill. gangi beint til iðnn. eða taka þátt í umræðum um hana. Tel reyndar eins og mál eru í pottinn búin að eðlilegt væri að fallast á tillögu fyrri flm.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Umræður um skýrslur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt áætlun um störf Alþingis, þessa löggjafarþings, hafði verið gert ráð fyrir að þinghaldi lyki um aðra helgi, eftir u.þ.b. viku. Ekki liggur enn fyrir með hvaða hætti þinglok nást, en hins vegar liggur fyrir að þó nokkur fjöldi þingmála einstakra þingmanna t.d. er óræddur og hefur ekki komist til nefnda. Ég vil fyrir mitt leyti ekki gera neina athugasemd við dagskrá þingsins í dag en benda hæstv. forseta á, sem henni er vafalaust ljóst, að tíminn er knappur og jafnframt það að við alþýðubandalagsmenn eigum hér fyrirliggjandi þrjár skýrslubeiðnir sem eru óræddar. Samkvæmt þingsköpum ber að ræða skýrslur þegar þær eru tilbúnar.

Þær skýrslur sem hér um ræðir eru: Skýrsla um málefni íslensks iðnaðar, sem iðnrh. hefur lýst sig reiðubúinn til að ræða. Það er skýrsla um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum aldraðra, sem er vitaskuld málefni heilbrrh. Mér skilst að hann sé farinn utan, en

auðvitað gæti staðgengill hans tekið þátt í þeirri umræðu. Og loks er það skýrslubeiðni um sjávarútvegsmál sem þingflokkur Alþb. lagði fram fyrir nokkrum vikum þar sem við fórum fram á að málið yrði tekið fyrir, annaðhvort samkvæmt skriflegri eða munnlegri skýrslu hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir úr þessum ræðustól, ef ég man rétt, eða í tengslum við umræður sem fóru fram hér að hann væri reiðubúinn að ræða um þessa skýrslu hvenær sem er núna næstu daga. Menn þekkja hvernig ástandið er í sjávarútveginum, hafa heyrt fréttir frá aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í gær þar sem talað er um 10% halla á vinnslunni um þessar mundir. Hér er með öðrum orðum um gífurlega alvarlegt og óvenjulegt ástand að ræða og þess vegna teljum við þingmenn Alþb. að það sé óhjákvæmilegt að hér fari fram almenn og ítarleg umræða um sjávarútvegsmálin áður en þinginu lýkur.

Ég bendi hæstv. forseta á þessi atriði og fer fram á það fyrir hönd þingflokksins að það verði skapað svigrúm til þess í umræðunni næstu daga að þessar skýrslur fáist ræddar með eðlilegum hætti og í samræmi við ákvæði þingskapa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur undir það að tíminn er naumur, miðað við þá starfsáætlun þingsins sem væntanlega verður hægt að standa við, og forseti veit af þeim skýrslum sem hv. þm. nefndi og hefur verið með það í undirbúningi hvenær við gætum tekið þær á dagskrá og til umræðu og mun gera það sem hægt er til þess að svo megi verða. Forseti hefur m.a. rætt það við hæstv. sjútvrh. og hann er tilbúinn að flytja sína skýrslu munnlega og verður væntanlega hægt að verða við því. Forseti þorir ekki að dagsetja það eða tímasetja á þessu augnabliki, en það mun verða gert svo fljótt sem verða má og í góðu samráði við hv. þingmenn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Úr því að umræður um skýrslur eru komnar hér til tals vil ég minna á að skýrsla um Byggðastofnun er ekki útrædd og raunar hefur einn þingmaður beðið síðan fyrir jól með að halda áfram ræðu sinni um það mál. Ég vonast eftir því að sú skýrsla verði jafnframt tekin til umræðu hér á þinginu sem allra fyrst og alveg endilega fyrir þinglok.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo öllu sé nú haldið til haga vil ég ítreka að við kvennalistakonur höfum á fundum með forseta minnt á þær skýrslur sem óræddar eru og m.a. bent þar á skýrslu um jafnréttismál sem mikilvægt væri að ræða og er raunar lögum samkvæmt áskilið vegna þess að þessi endurskoðun skal fara fram og skýrslan rædd með þessum hætti. Ég vil að þessu sé haldið til haga jafnframt fyrst á annað borð er verið að ræða þessi mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hefur áður nefnt veit hún um allar þær skýrslur og önnur mál sem óafgreidd eru. Væntanlega mun gefast tækifæri til að ræða um þinghaldið og hvernig það má fara fram þessa síðustu viku sem fram undan er og finna þá leiðir til að leysa úr þessum málum eftir bestu getu og í góðu samráði við formenn allra þingflokka. En eins og hv. þingmenn vita væntanlega eru aðrar viðræður í gangi milli formanna þingflokka um þinghaldið sem snýr að öðru stóru máli. Þegar það liggur fyrir, sem væntanlega verður fyrr en seinna, gætum við tekið til við að ræða það hvernig við getum lokið þessu í næstu viku.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst fagna því að forseti hefur lýst því yfir að umræðan um skýrslu um stöðu sjávarútvegsins geti farið fram í næstu viku. Við höfum sýnt mikla þolinmæði undanfarnar vikur gagnvart þeirri skýrslu, en á sama tíma hafa hvað eftir annað komið fram alvarlegri fréttir í fjölmiðlum um stöðu sjávarútvegsins.

Ég vil hins vegar einnig minna á að nokkrir þingmenn Alþb. fluttu mjög merkilegt og vandað frv. um breytingar á lögum um verðlag og samkeppni, 1. flm. er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Þetta frv. er óvenjulegt að því leyti að það er frekar sjaldgæft að þingmenn flytji hér jafnítarlegt frv. og í greinargerð þess kemur fram að mjög vönduð vinna hefur verið lögð í þetta mál. Þetta frv. var flutt allnokkru áður en hæstv. viðskrh. flutti frv. um svipað efni í þinginu. Engu að síður gerðist það í þessari viku að forseti af góðvild sinni við hæstv. viðskrh. hleypti honum fram fyrir með það frv. sem hann hefur flutt þó engin efnisástæða í sjálfu sér væri til þess og ekkert kallaði á það. Við gerðum þá þá athugasemd að áður en sú umræða héldi áfram væri nauðsynlegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fengi tækifæri til að mæla fyrir því frv. sem þingmenn Alþb. hafa flutt.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja á það ríka áherslu að það tækifæri verði skapað og það verði gert á þeim tíma þegar ráðherrar eru viðstaddir, bæði forustumenn Sjálfstfl. og einnig hæstv. viðskrh., svo hægt sé að ræða málið með burðugum hætti.

Til að fyrirbyggja misskilning vil ég árétta að það væri afar slæmt ef þinginu lyki á þann veg að eingöngu hæstv. viðskrh. hefði fengið að troða sér fram með það frv. sem hann flutti á eftir þingmönnum Alþb. en þingmönnum Alþb. hefði ekki gefist færi á að mæla fyrir sínu frv.

Ég segi þetta sérstaklega vegna þess að ég tek eftir því í blöðum í dag að utan þings eru að hefjast umræður um þessi mál og við teljum ekki viðunandi að sú umræða sé eingöngu á grundvelli þess frv. sem hæstv. viðskrh. hefur flutt.

Ég vil því ítreka þá beiðni við hæstv. forseta að strax eftir helgina verði sköpuð aðstaða til þess, að viðstöddum þeim ráðherrum sem hlut eiga að máli, að 1. umr. um frv. sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon er 1. flm. að geti farið fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var í góðu samkomulagi við hv. 4. þm. Norðurl. e., 1. flm. þess frv. sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi, að þessi mál fylgdust að á dagskrá og umræða færi þannig fram að þeir gætu hvor fyrir sig mælt fyrir sínu máli en umræðan yrði sameiginleg. Þannig stóð á að þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir sínu frv. var ekki ráðgert að það yrði umræða um það þá, enda málinu frestað, en að öðru leyti biði málið þar til hv. 4. þm. Norðurl. e. fengi tækifæri til að mæla fyrir sínu frv. Ég vona að það sé alveg ljóst að það hefur enginn misskilningur orðið þarna á milli og væntanlega fær hv. 4. þm. Norðurl. e. tækifæri til að flytja sitt mál hér áður en þingi lýkur.

Kynning á íslenskri menningu, 1. umr.

Frv. SvG og GHelg, 182. mál. — Þskj. 200.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 200 flytjum við, ég og hv. 14. þm. Reykv., frv. til laga um kynningu á íslenskri menningu erlendis. Hér er um að ræða frv. þar sem í fyrsta sinn er gerð tilraun til þess að taka á kynningarmálum íslenskrar menningar með heildstæðum hætti í frumvarpsbúningi. Staðreyndin er sú að kynning á íslenskri menningu erlendis og reyndar innan lands líka, má segja, hefur verið ákaflega tilviljunarkennd. Þar hafa menn ekki lagt mikla áherslu á að vinna samstætt og heillega og niðurstaðan hefur orðið sú að sú kynningarstarfsemi sem hefur verið í gangi hefur ekki skilað eins miklum árangri og hún gæti skilað. Þá er ég að tala um árangur fyrir Ísland og Íslendinga, ekki bara þannig að vakin sé athygli á Íslandi almennt séð heldur er ég þeirrar skoðunar líka að með öflugu og víðtæku kynningarátaki á íslenskri menningu sé unnt að breyta menningunni í fjármuni ef rétt er á haldið. Vandinn hefur hins vegar verið sá að þegar menn hafa farið yfir þá hluti sem heitir útflutningur eða kynning á útflutningsafurðum Íslendinga hafa menn af eðlilegum ástæðum fyrst og fremst staldrað við fisk, en ég segi að það er sérkennilegt að þessi mikla menningarþjóð, sem telur sig vera, skuli í þessari starfsemi eingöngu staldra við fisk. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að það sé mikið vænlegra til að lyfta ljósi Íslands á alþjóðavettvangi að vera með öfluga menningarkynningu af öðru tagi en því sem Útflutningsráð hefur beitt sér fyrir þar sem menn hafa náð þá lengst í hugmyndafluginu þegar þeir hafa sýnt kraftajötna eða fegurðardrottningar með rækjum.

Satt að segja hefur starfsemi Útflutningsráðs verið afar sérkennileg vegna þess að ef menn ætla sér að draga upp einhverja mynd af Íslandi er það auðvitað íslensk menning sem á að vera þar í fararbroddi.

Vissulega höfum við á undanförnum árum náð stórfelldum árangri á ýmsum sviðum að því er þetta varðar. Við höfum tekið með mjög myndarlegum hætti þátt í margs konar erlendum list- og menningarviðburðum. Ég get í því sambandi t.d. nefnt bókamessuna í Gautaborg, þátttöku okkar í menningarhátíðinni í Tampere, þátttöku okkar í menningarhátíð á Feneyjum, þátttöku okkar í menningarhátíð í Frakklandi. Og úr því að ég nefni Frakkland tókst okkur að ná verulegum árangri með samningum um menningarmál sem við gerðum við Jack Lang, menningarmálaráðherra Frakklands, á árinu 1990.

Við höfum einnig náð ótrúlega langt á ýmsum öðrum sviðum, eins og t.d. í kvikmyndagerð. Á síðasta kjörtímabili tókst okkur að ná samningum um aðild Íslands að mörgum erlendum kvikmyndasjóðum. Sú staðreynd hefur skilað fjármunum til íslenskrar kvikmyndagerðar sem eru margfaldir á við þá fjármuni sem Kvikmyndasjóður Íslands hefur getað lagt til kvikmyndagerðar. Og við höfum orðið vitni að stórkostlega ánægjulegum tíðindum á þeim vettvangi á undanförnu.

Við höfum einnig séð að þegar vel er staðið að kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis með skipulegri þýðingarstarfsemi á íslenskum ritverkum hefur það einnig skilað miklum árangri. Nýjasta dæmið um það eru þau verðlaun sem Guðrún Helgadóttir hlaut fyrir fáeinum dögum.

Þannig er alveg ljóst að á þessu sviði eiga Íslendingar gífurlega mikla möguleika og á grundvelli þess er hér flutt frv. til laga um kynningu á íslenskri menningu. Markmið þess er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis. Í því skyni gerir frv. ráð fyrir að stofnuð verði skrifstofa er nefnist Miðstöð íslenskrar menningarkynningar. Frv. byggir á þeirri hugsun m.a. að þeir fjármunir sem hvort eð er fara til menningarstarfsemi, menningarkynningar erlendis á vegum menntmrn., fari í gegnum þessa skrifstofu en ekki í gegnum hendur menntmrh., hver svo sem hann er. Þess vegna felst í þessari hugmynd valddreifing frá miðstöðinni í menntmrn. yfir til listamannanna sjálfra og annarra þeirra sem stunda kynningu á íslenskum menningarafurðum.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að meginhlutverk skrifstofunnar verði að vinna að því að kynna erlendum aðilum íslenska menningu. Verkefni hennar verði í fyrsta lagi að stuðla eins og frekast er kostur að samvinnu þeirra aðila sem annast kynningu á íslenskri menningu. Í öðru lagi að annast upplýsingaþjónustu gagnvart erlendum aðilum um íslenska menningu. Í þriðja lagi að hafa frumkvæði að og annast skipulag á kynningu á íslenskri menningu erlendis. Í fjórða lagi er skrifstofunni heimilt að taka þátt í kynningu íslenskrar menningar hérlendis.

Eins og menn heyra er í fyrsta lagi lögð áhersla á það aðalatriði að það skapist forsendur til að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem vilja vinna að kynningu á íslenskri menningu erlendis. Mín reynsla úr menntmrn. segir mér það að í kringum hverja stórsýningu, menningarviðburð erlendis, vakni iðulega upp fjölda margir aðilar hér á landi sem hafa áhuga á þátttöku eða framlagi í viðkomandi menningarviðburð. Staðreyndin er hins vegar sú að það eru mörg dæmi um að menntmrn. hafi ekki haft aðstöðu til að sinna þessari

kynningarstarfsemi sem skyldi. Útkoman hefur orðið dreift átak en ekki sameinað. Niðurstaðan hefur orðið sú að þeir litlu fjármunir sem auðvitað eru til nýtast ekki sem skyldi. Ég gæti nefnt mörg dapurleg dæmi um þetta, en ég tel ástæðu til að hlífa þingtíðindunum við þeim dæmum.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því að þessi skrifstofa íslenska menningarkynningar annist upplýsingaþjónustu gagnvart erlendum aðilum um íslenska menningu. Staðreyndin er sú að það er geysilegur áhugi á íslenskri menningu erlendis. Hann er ótrúlega mikill. Ég efast satt að segja um að þingmenn geri sér almennt grein fyrir hvað það er mikil eftirspurn eftir íslenskri menningu erlendis. Ég geri ráð fyrir því að það sé um það bil tíundi hluti þeirra menningarviðburða erlendis sem okkur er boðin þátttaka í sem við getum tekið þátt í. Ég er með öðrum orðum að segja að ef við ynnum skipulega gætum við komið íslenskri menningu á framfæri á a.m.k. tíu sinnum fleiri stöðum en nú er ef við ynnum með skynsamlegum hætti og ég tala nú ekki um ef upplýsingastarfsemi væri skipuleg. Þá er alveg augljóst mál að enn fleiri aðilar mundu koma þarna við sögu.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að miðstöð íslenskrar menningarkynningar eða skrifstofan lúti yfirumsjón menntmrn. Gert er ráð fyrir að í stjórn skrifstofunnar eigi sæti þrír menn sem verði skipaðir af menntmrh. sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en hinn vera frá fyrirtækjum og stofnunum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn, varamenn verði skipaðir með sama hætti og síðan segir, sem er mjög mikilvægt atriði: „Í tengslum við skrifstofuna skal starfa ráðgjafarhópur skipaður fulltrúum helstu listgreina í landinu."

Það skipulag sem hér er fitjað upp á á fyrirmynd sína í Finnlandi. Finnar ákváðu fyrir fimm, sex árum eða svo að endurskipuleggja alla yfirstjórn menningarmála í sínu landi að því er ríkið varðar. Þar eru starfandi margir ráðgjafahópar sem hver um sig vinnur fyrir menningarmálaráðuneytið á viðkomandi sviði. Formenn þessara hópa mynda sérstakt ráðuneyti sem vinnur með menningarmálaráðherranum að mótun menningarstefnu og þetta frv. sækir hugmyndirnar þangað. Þær hafa gefist mjög vel, þær hafa vakið mikla athygli hjá íslenskum listamönnum og margir þeirra hafa bent mér á að hér sé um að ræða snjalla lausn á þessu máli, að laða saman þá krafta sem vilja sinna menningarkynningu á erlendum vettvangi.

Þá er gert ráð fyrir því að einn stjórnarmaður verði frá þeim aðilum sem vinna við að kynna íslenska menningu erlendis. Það verði til hópur, ráðgjafarhópur, fulltrúahópur, á vegum þessara aðila. Í greinargerð frv. eru nefnd dæmi um þá aðila, t.d. Listasafn Íslands, listasöfn Reykjavíkur, Tónverkamiðstöðin, Félag ísl. bókaútgefenda, Samtök hljómplötuframleiðenda og Félag ísl. kvikmyndaframleiðenda. Þeir aðilar sem hins vegar mundu koma í ráðgjafahópinn til viðbótar þessum mundu vera frá Rithöfundasambandi Íslands, frá leiklistarráði, Tónskáldafélagi Íslands, Félagi ísl. tónlistarmanna, Félagi ísl. hljómlistarmanna, Félagi ísl. tónskálda og textahöfunda, Arkitektafélagi Íslands, Félagi kvikmyndagerðarmanna og Sambandi ísl. myndlistarmanna.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi að framkvæmdastjóri menningarskrifstofunnar sé ráðinn til þriggja ára í senn með heimild til endurráðningar tvisvar í önnur þrjú ár. Framkvæmdastjórinn er ráðinn að fengnum tillögum stjórnar skrifstofunnar. Með öðrum orðum er það stjórn skrifstofunnar sem ræður því í raun og veru hver er ráðinn og menntmrh. getur auðvitað synjað tillögu stjórnarinnar, en hann getur ekki komið með einhverja allt aðra tillögu eða allt aðra skipun en stjórn skrifstofunnar gerir ráð fyrir.

Síðan er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að framkvæmdastjórinn ráði annað starfslið með samþykki stjórnar og eftir því sem fjárheimildir standa til.

Tekjur skrifstofunnar, hverjar eru þær? Þær eru framlög úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni og svo framlög sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga og um þessi atriði ætla ég að fara nokkrum orðum.

Í fjárlögum ársins 1992 eru, eins og oft áður á undanförnum árum, margir liðir sem eru ætlaðir til almennra menningarverkefna af ýmsu tagi. Það er liðurinn Kynning á íslenskri list erlendis. Hann er 9 millj. kr. Þar er liðurinn Lista- og menningarmál ýmis sem er einnig 9 millj. kr. Þar er Samnorræn menningarkynning. Þar eru Menningarmál ýmis. Hér er samtals um að ræða, þegar allir þessir liðir eru skoðaðir, u.þ.b. 30 millj. kr. Þessir liðir eru óskiptir í fjárlagafrv. og fjárlögunum. Hins vegar hefur fjárln. stundum á undanförnum árum, eða meðan hún hét fjárveitinganefnd alla vega, þá þekkti ég það, haft það fyrir sið að skipta þessum liðum fyrir ráðherrana. Verð ég að segja eins og er að það er einhver athyglisverðasta upplifun ævi minnar þegar ég fékk mat fjárveitinganefndar á mikilvægustu menningarstarfseminni þegar nefndin skipti þessum liðum. Fjárveitinganefnd reyndi að setja þarna inn ýmis samtök sem hún kunni ekki við að gera tillögur um að fengju peninga beint af fjárlögum, af einhverjum ástæðum, hræsnisfullum ástæðum, undarlegum ástæðum, eins og Samtökin '78, trúi ég þau heiti, og sömuleiðis gerði nefndin tillögur um að af þessum liðum, Ýmis menningarmál, færu alls konar styrkir til íþróttafélaga og gjarnan kóra í kjördæmum þeirra þingmanna sem fulltrúa áttu í fjárveitinganefnd. Þetta er auðvitað lögbrot vegna þess að fjárveitinganefnd hefur enga heimild til að gera þetta. Það er Alþingi sem ákveður að ráðherrann skipti þessum liðum.

Hér er gert ráð fyrir því að þessir fjármunir séu teknir inn í þessa menningarkynningu með skipulegum hætti upp á 30 millj. kr., en auk þess gert ráð fyrir því að sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar geti lagt peninga til starfseminnar. Auðvitað er það svo að það má vel hugsa sér að fyrirtæki komi þarna við sögu. Ég bendi t.d. á að á bókakynninguna í Gautaborg komu inn fjármunir frá fjölda fyrirtækja hér á landi, Máli og menningu, Iðunni og fleiri slíkum aðilum, Náms-

gagnastofnun, bæði einkaaðilum og opinberum aðilum. Það má því vel hugsa sér að þarna komi inn talsverðir fjármunir frá öðrum aðilum. Auk þess er það auðvitað þannig að opinberar stofnanir, t.d. bankar, hafa gjarnan verið að setja peninga í menningarmál og þó að bankastjórar t.d. Seðlabankans séu alveg einstakir höfuðsnillingar eins og allir vita er kannski ekki endilega víst að það eigi að fela þeim að hafa forsjá yfir þeim peningum sem ríkið leggur til menningarmála. En þannig er það. Bankastjórar Seðlabankans ákveða að kaupa flygla fyrir einhverjar milljónir og bankastjórar Seðlabankans ákveða að kaupa málverk fyrir einhverjar milljónir. Mér er sagt að næst á eftir Listasafni Íslands sé Seðlabankinn langleiðina að verða eitt af bestu listasöfnum landsins ef allt væri hengt upp á vegg.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að allir þessir aðilar komi inn í þennan sjóð til að kynna íslenska menningu erlendis með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Upphafleg drög að þessu frv., virðulegi forseti, voru samin af nefnd sem menntmrh. skipaði í byrjun janúar 1991 og áttu sæti í nefndinni Guðrún Ágústsdóttir, Jón Sveinsson tilnefndur af forsrh., Jakob F. Magnússon, sem er nokkuð þekktur maður eins og aðrir í nefndinni, tilnefndur af utanrrh., og Halldór Guðmundsson, tilnefndur af fjmrh. Þessi nefnd, með fulltrúum úr öllum þessum flokkum, náði fullri samstöðu um málið og lagði til að það yrði skapaður lagarammi utan um starfsemi af þessu tagi.

Í nágrannalöndum okkar öllum eru til starfandi hliðstæðar stofnanir til að vinna að kynningu á menningarstarfsemi erlendis. Ég er ekki að segja að við þurfum að sækja allt þangað. Ég er ekkert afar hrifinn af því yfirleitt eins og menn vita og fell ekki mjög gjarnan fyrir útlendum tískustefnum af ýmsu tagi. En allt um það tel ég að þarna sé farið inn á skynsamlega leið virkrar menningarkynningar og valddreifingar til listamannanna um leið og þeirra sem hafa áhuga, eru brennandi af áhuga á því að kynna íslenska menningu og andlit Íslands út á við og breyta verðmætum hennar ekki aðeins í huglæg, andleg verðmæti heldur líka í beinharða peninga. Ég er alveg sannfærður um að það mætti stórauka útflutningstekjur Íslendinga ef menn sinntu með virkum hætti sölustarfsemi á íslenskri menningu og menningarafurðum á erlendum vettvangi. Það mætti stórauka útflutningstekjur okkar. Því miður hefur það ekki verið tekið saman hvað við þegar höfum upp úr því sem íslensk menning hefur upp á að bjóða erlendis í beinum fjármunum, en þar er þegar um að ræða gríðarlegar upphæðir. Ég er sannfærður um að þar er um að ræða upphæð sem ekki er undir einum milljarði kr. ef allt væri skoðað með eðlilegum hætti.

Ég fór lauslega yfir þetta fyrir fáeinum missirum og komst þá að niðurstöðu sem var eitthvað í kringum þessa tölu. Ég er þess fullviss að það er hægt að stórauka við verðmæti af þessu tagi. Þetta er kannski til umhugsunar ekki síst núna þegar menn vilja eins og áður standa þannig að málum að öll upphefð okkar eigi að koma að utan og við eigum að bíða eftir því að aðrir leysi okkar mál. Við eigum að bíða eftir því að við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði eða jafnvel Evrópubandalaginu eða einhverju því um líku, bíða með hendur í skauti eins og þolendur og þiggjendur í stað þess að skapa. Og hvað er það sem hefur gert þessa þjóð að þjóð þegar allt kemur til alls? Það er ekki eingöngu fiskur. Það er íslensk menning. Það eru bækur og skapandi menningarstarfsemi í gegnum aldirnar. Það er það sem hefur gert Íslendinga að þjóð. Og það er það sem mun halda í okkur lífinu sem þjóð áfram ef við viljum, en ekki það hvernig við högum viðskiptamálum okkar í einstökum atriðum frá degi til dags.

Í þessum efnum höfum við, sem höfum sinnt þessum málum á undanförnum árum dálítið, oft á tíðum orðið að búa við alveg ótrúlega þröngsýni, verð ég að segja, alveg ótrúlega þröngsýni. Ég man t.d. aldrei eftir því að það hafi komið út skýrsla um ímynd Íslands, eins og það heitir núna upp á hálfgerða amerísku, þar sem minnst er á það að menningarstarfsemin gæti í raun og veru verið einn gildasti þátturinn í þessari ímynd eins og við viljum hafa hana og þurfum að hafa hana. Fyrir fáeinum árum skipaði fyrrv. hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, í síðustu ríkisstjórn sem ég átti sæti í, nefnd til að fjalla um kynningu á Íslandi, ímynd Íslands. Það var margt gott þar. En það var engin menning í því skjali. Það var doðrantur upp á margar síður en það var hvergi menning.

Ég hef séð tillögur af þessu tagi víða annars staðar og ég segi alveg eins og er að það er eitthvað verulega mikið að í okkur sjálfum, m.a. í okkur sem sitjum hérna, ef það er þannig að menn geti fjallað um kynningu á Íslandi á erlendum vettvangi án þess að taka með íslenska menningu. Þá er verulega mikið að vegna þess að hún er auðvitað undirstaðan.

Og ég lýk þessum fáu orðum mínum, framsögu minni með þessu frv., virðulegi forseti, með því að vitna til orða forseta Íslands: „Fiskurinn er það sem við borðum, en menningin er það sem við munum." Það er grundvallaratriðið. Það er meginatriðið og út frá því eigum við að starfa og þess vegna flytjum við, ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, þetta frv. hér í þessari virðulegu stofnun. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að þakka flm. þessa frv. fyrir að flytja það hér og vekja þar með máls á kannski mikilvægasta máli allra mála sem er menningin því að án hennar fengi ekkert samfélag staðist. Og það er auðvitað annar hlutur líka sem er grundvöllur allra samfélaga og það er umhverfið. Það er að umhverfið sé þess eðlis að samfélagið fái staðist. Ef við tökum menninguna og umhverfismálin, þá eru þetta hvort tveggja mál sem mér finnst að fái mjög litla umfjöllun hér á Alþingi og sem hafa mjög sjaldan verið til einhverrar við getum sagt hugmyndalegrar umræðu á hinu háa Alþingi. Það er sem sagt menningin og það er umhverfið. Það sem menn tala mikið um hér er hin hagræna hlið allra mála. Það er peningahliðin og ef

maður ætti að dæma Alþingi eftir umræðunum sem hér eru held ég að manni væri óhætt að segja að hér aðhylltust allir menn hina vísindalegu efnishyggju ef við gætum sagt sem svo því að út frá því fer öll umræða hér fram. Hún fer öll fram út frá vísindalegri efnishyggju en hughyggjan á hér fáa fulltrúa.

Ég held að við þyrftum að velta því fyrir okkur hvort kemur á undan, andinn eða efnið. Hjá hv. alþm. flestum hverjum er það tvímælalaust efnið sem kemur fyrst og svo höktir andinn einhvers staðar á eftir. En ég held að þetta tvennt verði að fara saman. Þarna er einhver víxlverkun á milli sem við verðum ætíð að hafa í huga. Og þar kem ég einmitt að menningunni vegna þess að hún skiptir svo miklu máli. Eins og ég vék örlítið að í gær getur öflugt menningarlíf, öflug menntun bara ein og sér, hafi hún áhrif á hug þjóðarinnar, skapað áþreifanleg verðmæti þó að ekkert annað gerist.

Þegar við tölum um íslenska menningu og að reyna að skipuleggja kynningu á henni erlendis er sjálfsagt að hafa í huga og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því fyrir hvað við Íslendingar erum þekkt og fyrir hvað verðum við þekkt. Út á hvað fær þetta samfélag auglýsingu? Það fær hana út á þá hluti sem standa föstum fótum meðal þjóðarinnar. Íslenskar bókmenntir eru þekktar, íslensk lýðræðishefð, hið forna Alþingi er þekkt víðast hvar um heim og það sem er nú að verða líka þekkt og ég held að sé mjög gleðilegt er að við Íslendingar erum að verða þekkt fyrir að hafa staðið mjög fast á hafréttarmálum, fyrir ötula baráttu okkar, ekki síst núna síðustu árin, fyrir friðlýsingu hafsins. Þetta er mál sem vekur athygli núna, hef ég tekið eftir, mjög víða um heim og þykir vera markvert framlag. Allt eru þetta hlutir sem standa mjög föstum fótum í íslensku samfélagi og þess vegna er okkur mjög eðlilegt og tamt að bera þessa hluti fram og rökfæra. Við erum ekki í nokkrum vandræðum með það. Og þess vegna er nauðsynlegt að halda þessu mjög á loft, öllu því sem stendur föstum fótum í íslensku samfélagi, eitthvað sem við eigum sjálf hvert og eitt auðvelt með að rökfæra, og við þurfum að styrkja og reyna að komast að kjarnanum í íslenskri menningu, við þurfum að rækta hana.

Við náum ekki árangri á alþjóðavettvangi í menningarmálum með því einu að fylgja í fótspor annarra, að fjölrita það sem aðrir eru að gera. Þetta á ekki bara við um okkur Íslendinga, þetta á við um allar aðrar þjóðir. Mér finnst kannski órækasti vitnisburðurinn um þetta vera framlag Dana í menningarmálum. Danir hafa staðið sig mjög vel á undanförnum árum, í kvikmyndagerð sérstaklega, og þær kvikmyndir Dana sem hafa náð útbreiðslu og náð kynningu og mælst vel fyrir út um allan heim eru myndir sem eru mjög danskar. Við þurfum ekki að nefna annað en Pelle sigurvegara og Gestaboð Babette. Þetta eru hvort tveggja mjög danskar myndir sem koma nálægt kjarnanum í danskri menningu. Og fyrir bragðið verða þær sannar og það skilur fólk sem horfir á þessar myndir um allan heim þó að það þekki ekki menninguna í sjálfu sér. Það skilur kjarnann í henni, það skilur hversu satt það er sem sagt er. Og það er kannski eitt af því sem mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar náði, að hún var sönn, hún var íslensk og hún var sönn. Ýmislegt í henni eru hlutir sem okkur finnast skemmtilega hallærislegir, en þeir eru bara svo sannir. Við þekkjum öll það sem þarna er á ferðinni. Ég held einmitt að með því að rækta kjarnann og reyna að komast nálægt honum getum við vakið áhuga útlendinga á því sem íslenskt er. Og ég held að það séu engir betur til þess fallnir en einmitt það fólk sem vinnur að íslenskri menningu upp á dag hvern, er að skapa íslenska menningu, sem eru ekki síst íslenskir listamenn. Þess vegna þætti mér fengur að því að þeir fengju meira um kynningu íslenskrar menningar á erlendum vettvangi að segja.

Við höfum séð kynningu sem menningarfulltrúi utanrrn. hefur m.a. gengist fyrir í Bretlandi sem var hinn svokallaði búkslátturr. Út af fyrir sig er ekkert við þennan búkslátt að athuga. Það er sjálfsagt ef menn hafa af því ánægju að troða upp og sýna slíkt að þeir geri það og þetta er út af fyrir sig sniðugt, en þetta skilur ekkert eftir. Þetta er ekkert annað en sniðug uppákoma og skilur ekkert eftir hjá þeim sem á horfa nema þá kannski þá hugmynd að það sé svolítið sérkennileg þjóð sem uppi á þessu skeri búi ef hún hafi stundað um aldir þennan búkslátt hér í moldarkofunum. En eins og ég segi er ég út af fyrir sig ekki að amast við því ef menn vilja troða upp með þessum hætti. En við verðum ekki þekkt fyrir þetta, við getum ekki selt þetta nema tímabundið. Það sem við getum selt — og við skulum tala um þetta í krónum og aurum. Það er eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði í gær: menn skilja gróða. Og það er alveg rétt að það er hægt að selja menningu — eru hlutir sem við stöndum á föstum fótum. Það er kjarninn sem við getum kynnt og skapað áhuga á og ekki annað.

Þess vegna vil ég fagna þeirri tillögu sem er í frv., að hún skuli vera fram komin, og ég vona að hún fái jákvæða umfjöllun í þinginu og ég mun sjálf skoða hana betur því að auðvitað hef ég rétt svona hvimað yfir hana augum.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um kynningu á íslenskri menningu erlendis og skipulag þeirra mála. Það kemur fram í grg. frv. að þetta mál hefur verið nokkuð lengi til umfjöllunar og m.a. hefur sérstök nefnd fjallað um þetta mál. Ég held að hér sé um afar mikilvægt verkefni að ræða og athyglisvert mál á ferðinni. Það er þarft verkefni að kynna íslenska menningu erlendis. Við teljum að við höfum af nokkru að miðla og séum menningarþjóð, svo teygjanlegt sem það hugtak er nú.

Það er rétt og ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., að ég held að það sem við höfum fyrst og fremst að miðla í menningarmálum til annarra þjóða séu menningarverðmæti sem sækja kraft sinn og rætur í íslenskan veruleika. Þau menningarverðmæti sem hafa náð lengst á alþjóðlegum vettvangi eru einmitt slík verðmæti.

Nýlega var haldið upp á níræðisafmæli Nóbels-

skáldsins okkar og einmitt hans bækur eru sláandi dæmi um hvers konar menningarverk og verðmæti það eru sem ná langt. Þær bækur sækja kraft sinn í íslenskan veruleika og íslenska lífsbaráttu, en verk hans eru það alþjóðleg í sér og hafa það alþjóðlegt innihald og margir finna þar svo mikla skírskotun að þau hafa náð langt. Alveg sama er að segja um þá kvikmynd sem var minnst hér á og hefur nýlega náð mjög langt á erlendum vettvangi, Börn náttúrunnar. Það er rammíslensk kvikmynd, en hún fjallar um þetta alþjóðlega vandamál, vandamál gamals fólks. Gamalt fólk er alls staðar, en vandamál gamals fólks tengd við íslenskan veruleika hafa náð langt. Við höfum því dæmin fyrir okkur og ég held að þeir sem vinna að sölu á íslenskri menningu, ef svo má að orði komast og tala ég nú eins og sannur kapítalisti, ættu að hafa þessi dæmi fyrir sér.

Nú er það gott og blessað að efla miðstöðvar til að selja íslenska menningu erlendis. En ég kemst þó ekki hjá því að minnast á það í þessu sambandi að það er grundvöllurinn til að hafa eitthvað til að flytja út að efla menningarstarfsemi innan lands og það verður enginn gróandi í þessum efnum nema það sé stutt við bakið á þeim sem eru að fást við þessa hluti heima fyrir. Sannleikurinn er sá að þetta starf er nokkuð gróskumikið, en eigi að síður þarf að styðja við bakið á því fólki sem fæst við þessa hluti. Það hafa því miður ekki verið gerð nein myndarleg átök í því upp á síðkastið og ég minnist þess nú t.d. að síðasta fjárlagafrv. var ekkert neitt vinsamlegt íslenskri leiklist svo að dæmi séu tekin. Það getur verið ágætt að stofna menningarskrifstofur erlendis, en það má ekki gleyma hinum þættinum að það eru fjöldamargir sem eru að fást við þessa hluti hér heima fyrir af vanefnum og það verða ekki gerðir framúrskarandi hlutir á alþjóðavettvangi nema flóran sé fjölskrúðug hér heima.

Þetta vildi ég leggja inn í þessa umræðu, en tel hið athyglisverðasta mál á ferðinni og vona að það fái vandlega meðferð í nefnd og verði til þess að efla menningarstarfsemi heima og erlendis.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja hér nokkur orð í belg, er enda meðflm. þess frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 200 og er 182. mál þingsins.

Við erum óneitanlega oft að fást um harla lítils verða hluti og því miður sýnast þeir oft vekja meiri áhuga en þeir sem merkari eru. Alþb. gekkst fyrir ráðstefnu fyrir 2–3 árum sem bar yfirskriftina „Hvað er menning?“ Besta svarið sem ég hef heyrt við því kom frá Þorsteini Gylfasyni, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, en hann sagði: „Menning er það að gera hluti vel.“ Og ég held að þetta sé nærri sannleikanum.

Menning er auðvitað það að vera manneskja í einhverju landi, hvar sem er, hvar sem það kann að vera staðsett og hvernig sem það land kann að vera. Menning er sú mennska sem viðgengst í því landi við þær aðstæður sem mönnum eru búnar og þjóð er auðvitað einskis virði nema hún geti varið sína eigin mennsku. Við getum kallað það að hafa sjálfsvitund sem við getum risið undir því að hversu mikið sem við gætum halað inn af peningum og fjármunum held ég að þeir kæmu okkur að afar litlu gagni nema því aðeins að við séum manneskjur til að nýta þá í þágu hvers annars og til þess að byggja upp þjóðfélag þar sem okkar eigin mennska á einhverja vaxtarmöguleika. Þetta málefni ætti auðvitað að vera öllum málefnum ofar, en það kann að vera dálítið kaldhæðnislegt að ræða um íslenska menningu hér eftir það sem gerðist í morgun þegar grimmilega var gengið á hlut þeirra sem eru að reyna að leggja á sig það erfiði og þá elju að viðhalda íslenskri menningu. Við höldum nefnilega stundum að við stjórnmálamenn séum það sem öllu máli skiptir í þessu landi. Það er mikill misskilningur. Við getum hins vegar verið það ef við viljum.

Ég kallaði fram í, sjálfsagt af ókurteisi minni, í gær undir ræðu hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að besti stjórnmálamaður Íslendinga hefði verið Jónas Hallgrímsson. Einhverjir brostu, en mér var alvara. Svo var nefnilega komið fyrir Íslendingum á síðustu öld og um miðja öldina, alla vega fyrri hluta aldarinnar, að enginn Íslendingur trúði lengur á Ísland eða Íslendinga. Þá var að vísu ekki til Lánasjóður ísl. námsmanna, en menn hjálpuðust að við að koma einum og einum efnilegum námsmanni til Kaupmannahafnar þangað sem þeir voru sendir til að læra, nema og í von um að þeir bæru þá þekkingu heim til Íslands. Og eins og gengur vildi svo til að um miðja öldina safnaðist til Kaupmannahafnar nokkur hópur Íslendinga sem gerði sér grein fyrir hvernig komið var fyrir þjóðinni. Þeir voru að fást við ýmsar fræðigreinar, jarðfræði, sagnfræði, norræn fræði og ég man ekki hvað fleira, og þarf víst ekki að nefna nöfn þessara ágætu manna. En þeir gerðu sér ljóst að það væri óralangur vegur til þess að hægt væri að fara að ræða stjórnmál við Íslendinga. Þeir gerðu sér nefnilega ljóst að til þess að von væri til að reisa Ísland úr rústum þyrfti að kenna Íslendingum að elska landið sitt, þjóðina sína og sjálfa sig. Og til hvaða ráðs gripu þeir? Þeir gripu til þess að yrkja.

Jónas Hallgrímsson gerði nefnilega það sem ég veit ekki hvort allir Íslendingar gera sér grein fyrir. Hann fór að yrkja um Ísland, um fegurð Íslands, eins og enginn hafði gert áður, ekki bara um bleika akra og gróin tún heldur kuldalega óhlutkennda fegurð Íslands og opnaði augu manna fyrir því sem við köllum í dag fagurt landslag.

Þetta skipti auðvitað feiknalega miklu máli og menn hættu að líta á landið sem til þess eins skyldi vera að hægt væri að rækta þar fóður í búfénað. Og þetta tókst satt að segja framar öllum vonum og þarf síðan ekki að rekja það sem í kjölfar þessara atburða fylgdi. Í ræðu nokkurri sem ég flutti á háskólahátíð 1. des. sl. reyndi ég að sanna fylgni þess hvernig þróun Háskóla Íslands fór nákvæmlega saman, var gersamlega samferða frelsisbaráttunni og hvorugt gat án hins verið. Ég held að það sé mál til komið og ekki síst núna, þegar við stöndum óneitanlega frammi fyrir að mínu mati allógnvænlegum breytingum sem kunna að verða á þeirri álfu sem við lifum í, að við séum alveg örugg í þeirri sann-

færingu okkar að það skipti máli hver okkar eigin sjálfsvitund er.

Maðurinn á ótal hluti sameiginlega. Við þurfum öll að borða. Við þurfum öll að geta hlíft okkur fyrir kulda. Við þurfum að eiga þak yfir höfuðið eða hafa húsaskjól. En það er ekki nóg. Það er ekki að vera manneskja þó að hægt sé að leysa þær frumþarfir. Til þess að maðurinn sé manneskja í landi sínu þarf hann að vera skapandi, hann þarf að hafa frumkvæði. Hann þarf að trúa á það sem hann er að gera. Hann þarf að hafa ástæðu fyrir því. Af hverju er hann hér? Ég býst við að við öll, hv. þm. sem sitjum hér inni, gætum búið við allmiklu betri kost með því að flytja okkur hreinlega til annarra landa. Við höfum öll einhverja menntun og í ýmsum löndum er heldur betur búið að þegnunum. Þetta hvarflar auðvitað ekki að okkur. Og af hverju? Af því að við erum hér, okkar mennska er hér. Við getum öll dvalist um stund með öðrum þjóðum. En ég hugsa að ég geti talað hér fyrir munn okkar allra að okkur langar endanlega ekki til að verða þegnar annarra þjóða. Og þetta er auðvitað það sem öllu máli skiptir. En við erum reyndar líka eða fæst okkar mjög ung lengur. Upp er að vaxa kynslóð sem kynni að líta allt öðruvísi á þetta og ekki síst ef hún skynjar að ekkert sé upp úr því lagt að hún hugsi á þennan veg. Vel kann svo að vera að börnin okkar hafi ekki þessa tilfinningu gagnvart því að vera Íslendingur því að sannleikurinn er sá að til þess að einhver sjái ástæðu til þess þarf það að vera áhugavert. Það þarf að vera gaman. Engum líkar vel að leiðast. Og örlög ýmissa þjóða, svo fáránlegt sem það kann að virðast, sem verst hafa orðið úti eru ekki þau að hægt sé að segja: *Þau biðu efnahagslegt hrun. Þessar þjóðir önduðust úr* leiðindum.

Hér var minnst á Írland í gær. Hvers vegna skyldu Írar ekki geta búið við betri efnahag? Það er vegna þess að Írar týndu tungumáli sínu. Menn hættu að skrifa á írsku. Menn hættu að vita af hverju þeir voru frekar á Írlandi heldur en á meginlandinu ef meginland er nú hægt að kalla, Stóra-Bretlandi. Þeir höfðu ekkert sérstakt lengur að gera á Írlandi. Enginn bar virðingu fyrir írskri menningu eða írskri tungu. Og það var alveg eins gott að reyna að finna sér betri afkomu á Stóra-Bretlandi og þangað fóru menn. Svo var komið á giftingaraldur á Írlandi var orðinn 35 ár að meðaltali vegna þess að það var ekkert ungt fólk lengur í landinu. Það hræðilega er að svona getur gerst á ótrúlega stuttum tíma og við erum engin undantekning. Við erum ekki sama kynslóð og börnin okkar. Og það er auðvitað skylda okkar hér á hinu háa Alþingi, elsta lýðræðislega kjörnu þingi í heiminum, því verður víst ekki á móti mælt, að standa eilífan vörð um íslenska sjálfsvitund og það gerum við ekki bara með því að selja fisk eða byggja álverksmiðjur eða selja kísiljárn. Ég hef ekkert á móti því og það er auðvitað nauðsynlegt. En það má líka gera það af hugviti, það má gera það af elskusemi við fólk og náttúru og því aðeins að þetta tvennt fari saman. Svo „banalt" sem það kann að vera, þá hygg ég að Snorri Hjartarson hafi hagt lög að mæla þegar hann talaði um þá þríeinu þrenningu, land, þjóð og tungu. Ég held að þar hafi ekkert breyst.

Það væri hægt að taka ótal dæmi, herra forseti, og ég skal nú reyna að stytta mál mitt, en mér er ekki launung á því að hér er um nokkurt hjartans mál að ræða. Það er nefnilega alveg rétt sem Þorsteinn Gylfason sagði í frægri ræðu á ráðstefnunni sem ég minntist á áðan. Það er menning að gera góða skó og auðvitað er það menning að skrifa góðar bækur eða syngja fallegt lag. Allt sem við gerum með reisn eða myndarskap er auðvitað menning og ekkert er aðskilið frá hinu. Við fáum engan góðan hönnuð sem kann ekki að prjóna sokkbol eða vinda upp á tvinnakefli. Menn fæðast ekki alskapaðir til slíkra hluta. Þess vegna er auðvitað undirstöðumenntunin í landinu það sem allt veltur á. Menn búa ekki til fallegar umbúðir um fiskinn okkar góða ef þeir hafa aldrei snert á blýanti eða lit. Það er svo einkennilegt hvað mönnum hefur tekist að aðskilja verklega menntun og bóklega í þessu landi að það er með hreinum ólíkindum vegna þess að hvorugt getur án annars verið.

Ég get ekki stillt mig um að minnast aðeins á, þó hæstv. menntmrh. sé ekki í salnum, að mér rann það til rifja að sjá í Morgunblaðinu litla grein um hversu illa er komið fyrir Willard Fiske-safninu í Cornell í Bandaríkjunum. Allt fram á okkar daga, síðan Fiske arfleiddi Íslendinga eða Cornell-háskóla að bókasafninu og gaf Menntaskólanum í Reykjavík húsið Íþöku og bækurnar í það, reyndu Íslendingar þegar þeir áttu ekki neitt, eins og hér kom fram í gær, að viðhalda bókasafninu í Cornell. Nú hefur það algerlega stöðvast. Íslendingar hafa ekki lengur efni á því. Af hverju er þessi draugsháttur að koma yfir okkur? Þetta er eina *sómasamlega íslenska bókasafnið í öllum Bandaríkjum* Norður-Ameríku. Og sú var tíðin að séð var nokkurn veginn um að íslenskar bækur sem út komu væru sendar safninu. Það annaðist Landsbókasafnið og fékk til þess stuðning bókaútgefenda. En þegar Íslendingar gerðust velferðarsamfélag og 80% þjóðarinnar voru búin að eignast þak yfir höfuðið, litlu börnin *fæddust með fasteignir upp á 3½ millj. í vöggugjöf, þá* er ekki lengur hægt að hugsa um Fiske-safnið. Það er þetta sem er svo óendanlega hættulegt. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að það frv. til laga sem hér liggur fyrir nái fram að ganga nú á þessu þingi. Nóg er að gert í að rífa niður íslenska menningu eins og dæmin sönnuðu hér í morgun. Sannleikurinn er nefnilega sá að *list og menning og allt sem vel er gert er arðbært* og það getur aldrei orðið annað. Og ef menn vilja fá nánari skýringu á hvað er arðbært á nútímamáli: Það má græða á því. Það má græða heilmikla peninga á því. Ég ætla að taka eitt dæmi.

Sigríður Undset hét borgaraleg kona sem tók upp á þeirri ósvinnu að skrifa bækur í upphafi aldarinnar við *lítinn fögnuð aðstandenda. Norska sjónvarpið* tók sér það fyrir hendur að gera kvikmynd eftir einni af skáldsögum hennar sem áreiðanlega er orðin 50 eða 60 ára gömul, fékk til þess bestu leikara Noregs og bestu leikstjóra. Allt fór langt fram úr fjárhagsáætlun svo að slíkt hneyskli varð úr að allt var komið á annan endann í Noregi. Myndinni var samt lokið á endanum. Norska

sjónvarpið gat næstum rekið sig fyrir arðinn af þessari kvikmynd tveimur árum síðar.

Fyrir um 15 árum hófu Ástralir að buslast við að búa til kvikmyndir af engum efnum. Það gerðist þá að það var tekin pólitísk ákvörðun um að leggja peninga í kvikmyndagerð. Ég þori ekki að fara með hver hluti útflutnings á kvikmyndum er í Ástralíu, en hann er allmikill af þjóðartekjum, enda könnumst við öll við það að við opnum varla svo sjónvarp að vikulega sjáum við ekki eitthvað og venjulega heldur gott sjónvarpsefni frá Ástralíu. Það verður nefnilega stundum að leggja til stofnkostnað. En það er eins og gamli konsúllinn okkar, þegar við vorum við nám í Edinborg, Sigursteinn Magnússon, sagði og hafði verið 40 ár fjarri heimalandi sínu. Hann sagði einhvern tíma við okkur á Íslendingahátíð: Á Íslandi gætum við búið til besta viskí í heimi, en það mundi enginn Íslendingur bíða í átta ár eftir að selja fyrstu flöskuna. Og ég held nefnilega að þetta stefnuleysi okkar og þessi óróleiki og óþolinmæði sé að koma okkur á kaldan klaka.

Herra forseti. Það er talað um að lítill tími sé eftir af þinginu og þegar litið er til baka verð ég nú að játa að ég veit ekki hvort ég harma það mjög. Mér finnst ekki þetta þing hafa skilað þjóðinni fram á veg nema síður væri. Það væri þá kannski eitt lítið spor, svo að maður tali nú fallega í tilefni af 90 ára afmælis öðlings eins, að við samþykktum þetta frv. til laga um kynningu á íslenskri menningu á þessu þingi. Eigum við ekki að gera sátt hér á hinu háa Alþingi að við gefum Nóbelsskáldinu okkar það í níræðisafmælisgjöf að samþykkja þetta frv. því að það get ég sagt hv. þingheimi að mikið vantar á að hans stórvirki hafi verið kynnt svo sem vert væri, hvað þá verk minni spámanna.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað fyrir góð orð um málið og skemmtilegar umræður og gagnlegar.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan að það færi ekki mikið fyrir hugmyndalegri umræðu yfirleitt á Alþingi. Mér finnst það satt að segja mjög vægt til orða tekið og ég vil leyfa mér að gagnrýna hv. þm. fyrir þetta orðbragð því að staðreyndin er sú að hugmyndaleg umræða er hér aldrei. Hvenær er rætt t.d. um það hér hvernig Ísland við viljum eiga í framtíðinni? Hvernig Ísland viljum við skilja eftir handa börnunum okkar? Hvernig Ísland viljum við færa hinu alþjóðlega samfélagi? Hvaða mynd viljum við gefa af þessu Íslandi og hvernig viljum við fara að því? Það er aldrei talað um þá hluti hér, aldrei.

Við getum út af fyrir sig reynt að svara spurningum af þessu tagi og velt því fyrir okkur hvernig Ísland við viljum eiga. Það Ísland sem ég vil eiga er Ísland þar sem er töluð íslenska og sköpuð íslensk menning, þar sem er jafnrétti og jöfnuður og þar sem er hreint umhverfi og er virkur hluti af hinu alþjóðlega samfélagi og geislar þessum hlutum út frá sér með jákvæðum hætti, bæði í umhverfismálum, friðarmálum og menningarmálum. Svona Ísland vil ég sjá. Og ég vil að við fáum hugmyndalega umræðu um grundvallarriði af þessu tagi hér, en það fáum við yfirleitt aldrei.

Auðvitað er það alveg rétt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði áðan að kjarninn í íslenskri menningu, tungu, sögu og lífi, hinn sanni innri kjarni, er trúverðugur og getur skilað réttri mynd af þessu landi en ekki einhver tilbúinn auglýsingastofukjarni, hismi. Staðreyndin er hins vegar sú að það hefur reynst erfitt að fá menn til að tala um kjarnann eða leita að honum. Og stundum finnst mér að kjarninn í því sem má heita íslenskt þjóðlíf og íslensk menning sé týndur ótrúlegasta fólki og kannski helst því fólki sem síst má við því að týna þessum kjarna, þ.e. þeim sem hafa oft forustu fyrir þjóðinni. Og mér fannst það snjallt hjá hv. 10. þm. Reykv. þegar hún sagði áðan, sem hefði einhvern tíma þótt mikið undur að halda fram, að Alþingi Íslendinga væri illa haldið af vísindalegri efnishyggju. Það er eiginlega dálítið til í þessu og sennilega hefur ekkert farið verr með þessa vísindalegu efnishyggju en einmitt þessi „pragmatíska" flatbytnunálgun allra vandamála sem menn taka hér á. Það er alveg sama hvaða mál það eru. (**Gripið fram í:** Vísindin efla nú alla dáð.) Já, en það þarf fjármagn úr Vísindasjóði eins og kunnugt er. Og hvar er umræðan um þessi grundvallaratriði hér, hin hugmyndalega grundvallarumræða um það hvers konar líf við viljum eiga? Hvar örlar á hugsjónum í ræðustól þessarar virðulegu stofnunar? (**EKJ:** Núna. Það hefur gert það núna síðasta klukkutímann.) Það er snertur af því af og til. Sáu menn t.d. hugsjónaelda út úr þessum ræðustól eða í þessum sal t.d. hér í morgun? Það fannst mér ekki. Það voru ekki uppi margir baráttu- og hugsjónafánar þá. Það var djúpt á glóðinni í augunum á hinum íslensku jafnaðarmönnum í morgun. Ég sá hana ekki, þessa glóð, þennan kraft, þessa bjartsýni, þetta líf. Það voru gapandi tóftir hugsjónalausar. Það var ömurlegt satt að segja.

Kannski er það að mörgu leyti merkilegt við þennan dag í dag sem við erum að lifa að það kemur stundum fyrir hér á Alþingi að maður skynjar sögu sem er að gerast. Og hér varð til saga í dag. Á árunum 1982–1992, í 10 ár, er til tiltekið stuðningskerfi við námsmenn. Það verður fróðlegt í framtíðinni að bera þessi 10 ár saman við 10 ár á undan og 10 ár á eftir. Ég er viss um að hattar fyrir. Og hugsjón þykir heldur ekki fín og hún selst voðalega lítið hef ég heyrt. Og formaður Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands eftir þankastrikið — á satt að segja ekki fyrirlitlegri orð um nokkra menn en þá sem eru hugsjónapólitíkusar. Hann hefur stundum í þessum glanstímaritaviðtölum, þegar hann er að stuðla að einingu í Alþfl. og tala vel um Jóhönnu, nefnt einn mann sem væri svo vitlaus í pólitík að hann væri með hugsjón, hann gengi enn þá laus. Hann væri búinn að vera furðu lengi á vinstri arminum. Það væri þjóðgarðssósíalistinn sem stendur hérna núna. En það væri öruggt mál að þess væri ekki langt að bíða að hann yrði hreinsaður út líka. En þannig er það nú ekki sem betur fer því að hér er mikið af góðu hugsjónafólki þegar allt kemur til alls og hér hefur farið fram góð umræða um þetta mál í dag og ég þakka fyrir hana.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi Ástralíu og kvikmyndagerð áðan. Það sem gerðist með kvikmyndagerðina í Ástralíu var það að sett voru sérstök skattalög á fyrirtækin sem gengu út á það að fyrir hverja eina krónu sem fyrirtækin lögðu í kvikmyndir fengu þau þrjár í skattafrádrátt. Ég hef stundum leyft mér að nefna þessa hugmynd hér, bæði á Alþingi og víðar, á undanförnum árum að eitthvað svona yrði gert til að rífa upp íslenskar kvikmyndir. Þetta skilaði Áströlum stórkostlegri byltingu í kvikmyndagerð og líka beinhörðum peningum, fjármunum, verðmætum af því tagi. Ég er viss um að það gæti líka skilað okkur enn þá meira fram á veginn en okkur hefur þó tekist að ná í dag í íslenskri kvikmyndagerð.

Ég minnist þess að einu sinni sýndi ég svona hugmynd á vissum stað hér í landinu, í Stjórnarráði Íslands sem er gamalt tugthús sem var seinna gert upp og hýsir núna æðstu stjórn landsins. Það eru þykkir veggir þar. Og ég man eftir einum vissum manni við borðið sem er í öðrum stjórnmálaflokki en ég hef tilheyrt síðustu áratugina en ég var einu sinni í þeim flokki reyndar líka. Ég gleymi því aldrei meðan ég lifi hve viðkomandi var hneykslaður á þessari vitlausu hugmynd sem stæðist ekki hinar skatttæknilegu forsendur sem ég hef reyndar aldrei skilið og vil oft ekkert vera að skilja vegna þess að þær eru oft til bölvunar öllu sem heitir framfaramál.

Ég held að það sé góð hugmynd hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að við reyndum að afgreiða þetta mál í tilefni af því að Halldór Laxness átti 90 ára afmæli fyrir nokkrum dögum. Það er satt að segja þannig nú orðið með þessa virðulegu stofnun hér, finnst mér stundum, að þegar maður leggst í það að lesa verk þessa manns og kemur svo inn í þetta hús daginn eftir hef ég það meira á tilfinningunni en nokkru sinni fyrr að ég sé að koma inn í allt, allt annað hús en ég var í þegar ég var að lesa þær bækur.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig hann hefur stundað kynningu á íslenskri menningu erlendis, ekki aðeins með sínum eigin verkum heldur með mjög virkri starfsemi víða á menningarvettvangi í útlöndum. Það er fróðlegt að líta yfir dagbók hans úr klaustrinu. Það er gaman að lesa Vefarann mikla í tíunda sinn og rifja upp þessar undarlegu sögur undir Helgahnjúk sem hann skrifaði 19 og 20 ára gamall og maður skilur það aldrei hvernig í ósköpunum það getur verið að svo ungur maður geti skrifað jafngóðar bækur. Og vissulega færi vel á því að Alþingi minntist þessa afmælis a.m.k. með einhverjum hætti. Það hefur Alþingi ekki gert. Það hefur í raun og veru ekkert verið ákveðið af því tagi núna í tilefni afmælisins sem má heita sómi að fyrir þetta skáld, skáld skálda sem við eigum enn í okkar hópi. Það væri fróðlegt að vita t.d. hvort það hafi farið langur tími í það á ríkisstjórnarfundum að ræða um það hvernig ætti að minnast 90 ára afmælis Halldórs Laxness. Ég óttast að hann sé ekki mjög langur. Og auðvitað gætum við líka minnst afmælis hans með því að byrja hvern þingfund á því að lesa úr verkum Halldórs Laxness eins og í 5 mínútur sjálfvalda kafla, 63 menn, einn á dag. Ég veit alveg hvað ég mundi lesa. Ég mundi lesa nokkrar síður úr Vefaranum mikla og ég væri alveg til í að stunda þennan lestur alltaf en líka alveg til í að skipta honum á milli manna á grundvelli jafnaðarstefnunnar.

Ég vil leyfa mér að þakka góðar undirtektir undir málið og vænti þess að það sé til marks um að menn séu tilbúnir að afgreiða það með myndarlegum hætti.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns inna virðulegan forseta eftir því hvort hæstv. menntmrh. og hæstv. utanrrh. séu staddir í húsinu. (**Forseti:** Forseti getur upplýst að hæstv. menntmrh. er í þinghúsinu, en ekki ljóst hvort hæstv. utanrrh. er hér. En forseti mun gera ráðstafanir til þess að kanna hvort svo sé.) Já, virðulegi forseti, ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. komi til þessarar umræðu og ég vil einnig óska eftir því að hæstv. utanrrh., sé hann í húsinu, komi til þessarar umræðu. Mér er kunnugt um að hæstv. utanrrh. er búinn að vera í húsinu a.m.k í rúma klukkustund og hæstv. menntmrh. drykklanga stund og það sýnir satt að segja ærið vel áhugasvið þessara tveggja hæstv. ráðherra að hvorugur þeirra skuli kjósa að koma og vera viðstaddur þessa umræðu um kynningu á íslenskri menningu erlendis. Það er þeim greinilega meira kappsmál að sprengja í sundur þá grundvallarskipan að jafnrétti ríki til náms á Íslandi en ræða það með hvaða hætti við getum í sameiningu stuðlað að kynningu íslenskrar menningar erlendis.

Hér hefur farið fram mjög góð umræða eins og fram hefur komið, óvenjuleg og góð. En það er athyglisvert við hana að forustusveit ríkisstjórnarflokkanna hefur engan áhuga á þessari umræðu. Forustusveit ríkisstjórnarflokkanna hefur engan áhuga á því að kynna íslenska menningu erlendis.

Ég var að velta því fyrir mér hvort ég ætti einnig að óska eftir því að hæstv. viðskrh. yrði viðstaddur þessa umræðu, ekki til þess að eltast við hann sérstaklega heldur til að undirstrika það að íslensk menning er ein af gjaldeyrislindum þjóðarinnar. Það er búið að ræða mikið hér í vetur um eflingu atvinnulífs, aukinn hagvöxt, halla á viðskiptajöfnuði okkar við útlönd. En ég held að það hafi enginn maður í þeirri umræðu fyrr en kemur að þessu frv. hér vikið að því í allan vetur að íslensk menning er með margvíslegum hætti uppspretta gjaldeyris, uppspretta hagvaxtar, uppspretta fyrir þjóðina til þess að afla viðbótartekna til þess að jafna reikning sinn gagnvart útlöndum. Hvað ætli það séu margar þúsundir sem koma hingað árlega gagngert til að fara á slóðir Íslendingasagna? Hvað ætli það séu margar þúsundir af erlendum ferðamönnum, sem hafa setið í hópferðabifreiðum eða einkabifreiðum, sem hafa hægt á sér þegar farið hefur verið fram hjá Gljúfrasteini eða jafnvel stöðvað bifreiðina smástund til að berja augum bústað skáldsins áður en haldið er til Þingvalla þar sem vagga íslensks sjálfstæðis og þjóðmenningar stóð til forna? Ætli þær séu ekki margar þúsundirnar, jafnvel tugþúsundirnar af erlendum ferðamönnum sem hafa ýmist hægt á sér eða numið staðar til að votta skáldinu á Gljúfrasteini virðingu sína.

Hvað ætli það séu margar þúsundir, sérstaklega í Þýskalandi, sem hafa komið til Íslands vegna þess að í æsku lásu þær bækurnar um Nonna og Manna eða hafa séð í sjónvarpi á síðustu árum kvikmyndagerðina af þeim sögum? Ætli það þurfi að nefna fleiri staðreyndir til að rökstyðja rækilega að gjaldeyristekjur okkar af íslenskri menningu eru umtalsverðar og fara vaxandi? Ég held að ég fari rétt með það að sú grein í íslensku atvinnulífi sem hefur skilað hvað mestri aukningu gjaldeyristekna á síðustu 10 árum er ferðamannaþjónustan. Það eru ekki virkjanirnar hjá Landsvirkjun sem hafa kostað rúma 30 milljarða á síðustu 10 árum. Þær hafa nánast engu skilað í nýjum gjaldeyristekjum. Rúmir 30 milljarðar hafa verið settir í fjárfestingu af hálfu Landsvirkjunar sem nánast engu hafa skilað í nýjum gjaldeyristekjum. En það hefur komið í ljós í hagskýrslum að ferðamannaþjónustan, sem mjög lítið fé hefur hlotið frá hinu opinbera, hefur skilað vaxandi gjaldeyristekjum sem nemur milljörðum á síðustu 10 árum.

Hvaða fólk kemur til Íslands fyrst og fremst? Það er fólk sem annaðhvort unnir íslenskri náttúru eða íslenskri menningu. Þess vegna er það brýnt efnahagslegt hagsmunamál að stuðla að því að íslensk menning geti hlotið viðbótarkynningu, viðbótarfé, viðbótarmannafla svo að æ fleiri komi hingað til landsins, gisti á hótelunum, fari um landið, kaupi bækurnar, sjái kvikmyndirnar, hlusti á tónlistina. Kristján Jóhannsson, Halldór Laxness, fiðluleikarinn ungi og nokkrir aðrir, Friðrik Friðriksson í Hollywood. Hvað voru það margir sem sáu Börn náttúrunnar sl. sumar, mig minnir að það hafi verið í ágúst þegar myndin var frumsýnd, sem gengu út af þeirri sýningu og gátu sér í hugarlund að þeir hefðu verið að horfa á mynd sem tæpu ári síðar væri komin í úrslitakeppni Óskarsverðlaunanna? En eins og hv. þm. Svavar Gestsson, 1. flm. þessa frv., rakti áðan hefur þurft að heyja harða baráttu fyrir því hér á Alþingi á undanförnum árum og innan ríkisstjórna að fá nýtt fjármagn til kvikmyndagerðar á Íslandi. En ætli Börn náttúrunnar hafi ekki skilað meiri kynningu fyrir Ísland á síðustu mánuðum en nokkuð annað verk hér á landi? Hvort ætli sé Íslandi dýrmætara, öll sú vinna sem iðnrh. og viðskrh. hefur lagt í orkumálin og forustugengið í Landsvirkjun með 30 milljarðana sína á síðustu 10 árum eða kvikmyndin Barn náttúrunnar? (**Gripið fram í:** 8 milljarðar þegar þingmaðurinn fór með fjmrn.) Já, ég er alveg tilbúinn til að ræða það við annað tilefni og ætlaði að ræða það undir öðrum dagskrárlið fyrr í dag, hv. þm., og mun gera það þegar að því kemur. En ég vek athygli á þessum staðreyndum, að líklegast koma viðbótargjaldeyristekjurnar í ár, á undanförnum og á næstu árum frá íslenskri menningu. Ríkisstjórnin hefur engan áhuga á þeirri umræðu og hæstv. menntmrh., sem er hér í húsinu, er ekki enn þá kominn í salinn, virðulegi forseti. Og mér væri skapi næst að gera nú hlé á ræðu minni og bíða eftir því að hæstv. menntmrh. komi í salinn því að það er auðvitað ekki líðandi að við sýnum umburðarlyndi gagnvart frumvörpum ríkisstjórnarinnar viku eftir viku, mánuð eftir mánuð og þegar loksins síðustu daga þingsins eru tekin hér til umræðu frumvörp þingmanna stjórnarandstöðunnar sem þeir hafa flutt í góðri trú um að hér kynni að skapast samstaða um það, þá er áhugaleysi ríkisstjórnarinnar slíkt að ráðherrar kjósa frekar að vera í kaffi eða á kjaftatörn hér í hliðarsölum en gæta að þingskyldu sinni og vera í salnum. (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að trufla hv. þm. í ræðu sinni. Forseti telur eðlilegt að fresta umræðunni ef hv. þm. getur fallist á það. Forseti tekur undir að það væri eðlilegt að tilgreindir hæstv. ráðherrar yrðu við þessa umræðu þannig að forseti er reiðubúinn að fresta umræðunni ef hv. þm. leggur á það áherslu.) Virðulegi forseti. Tilboð mitt var um að fresta ræðu minni þar til ráðherrar væru komnir í salinn. Það á ekki að taka nema 1–2 mínútur að ná í ráðherrana. Og þegar ég kom í salinn áðan var hæstv. menntmrh. á kjaftatörn við fjölmiðlamenn á hliðargöngum þingsins. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hæstv. menntmrh. er því miður ekki í húsinu.) Virðulegi forseti. Þá hefur það gerst hér að þegar ég bið um að ráðherrann komi til umræðunnar fer hann úr húsinu. Og hæstv. utanrrh. fer líka úr húsinu þegar beðið er um að þeir séu viðstaddir umræðuna. Þetta er auðvitað slík vanvirða, virðulegi forseti, gagnvart alvarlegum umræðum í þinginu um mál sem við erum að reyna að skapa samstöðu um að réttast væri að stjórnarandstaðan beitti sér öll fyrir því að þessum fundi lyki hér og nú. Við förum ekki að taka þátt í því að mæla fyrir málum sem eru okkur mikið alvörumál og sem við erum að reyna að ná um samstöðu í þinginu ef ráðherrarnir beita því lúabragði að hlaupa úr þinghúsinu þegar beðið er um að þeir komi í salinn til að vera viðstaddir umræðuna. Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að það verði gert hlé á fundum þingsins núna í 15–20 mínútur svo að stjórnarandstaðan geti borið saman bækur sínar um það hvernig hún bregst við þessum aðgerðum ráðherranna. Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að hér verði gert hlé á fundum þingsins svo að við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna getum borið saman bækur okkar um það hvernig við bregðumst við þeirri vanvirðu sem ríkisstjórnin og forustumenn hennar sýna alvarlegum umræðum á þinginu og sérstaklega þessu frv. um kynningu á íslenskri menningu, umræðu sem var alvarleg, málefnaleg og efnisleg og átti ekki að standa hér lengi en ætlun okkar var að kanna það hvort ráðherrarnir væru tilbúnir að reyna að ná samstöðu um þetta mál áður en þingi lýkur. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að það lá e.t.v. ekki alveg ljóst fyrir þegar hv. þm. spurði um það hvort hæstv. menntmrh. væri í húsinu. Það kann að vera að skráningarkerfið hafi ekki veitt forseta hinar réttu upplýsingar sem nú liggja fyrir, en forseti er tilbúinn til þess að verða við þeirri ósk að fresta fundi í 10 mínútur en fresta síðan þessari umræðu. Eins og forseti gat um áðan er sjálfsagt að verða við þeirri ósk.) Virðulegi forseti. Það hefur enginn maður sett fram ósk um að fresta þessari umræðu. Ég hef ekki sett fram þá ósk. Ég setti fram þá ósk áðan að ég frestaði ræðu minni um fáeinar mínútur meðan beðið væri eftir ráðherrunum, en það hefur enginn maður sett fram ósk um að fresta þessari umræðu. (**Forseti:** Það

var forseti sem bauð upp á að umræðu yrði frestað.) Já, það boð er ekki þegið, virðulegi forseti. (**Forseti:** Forseti er tilbúinn til þess að gera 10 mínútna hlé á fundi ef hv. þm. er tilbúinn til þess að gera hlé á ræðu sinni.) Já. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Endurskoðun umferðarlaga, fyrri umr.

Þáltill. ÍP og FI, 407. mál. — Þskj. 660.

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 660 um endurskoðun umferðarlaga.

Slysum í umferðinni fjölgar ár frá ári og hafa trúlega aldrei verið fleiri og alvarlegri en á sl. ári. Mörg hundruð manns slösuðust í umferðinni og þar af tæplega 200 manns mjög alvarlega. Ekki þarf að lýsa þeim mannlega harmleik sem þessum slysum fylgir og því gífurlega eignatjóni sem af þeim hlýst. Sjúkrahúsvist, endurhæfingu og vinnutap er ekki hægt að meta nákvæmlega í krónum og aurum en víst er að þar liggja milljarðar. Margt hefur verið gert og unnið að undanförnu til að koma í veg fyrir slys. Því miður ekki nóg, slysavarnir verða ávallt að vera í brennidepli.

Löngu er ljóst að núverandi ökukennsla er ekki fullnægjandi. Nefnd á vegum dómsmrn. hefur unnið að gerð tillagna um gjörbreytta og bætta ökukennslu og þurfa þær tillögur að komast til framkvæmda hið allra fyrsta. Í tillögum þessum er m.a. gert ráð fyrir að æfingartímabil lengist og tryggt sé að nemendur fái æfingu í akstri við ólíkustu skilyrði, svo sem akstri í snjó, myrkri og dimmviðri. Þá eru tillögur um að nemandi fái stigaukandi réttindi eftir því sem þjálfun eykst.

Orsakir slysa í umferðinni eru auðvitað margvíslegar, of mikill hraði og önnur brot á umferðarlögum eru tíð. Því verður að auka og herða eftirlit með umferðarbrotum og hækka svo um munar sektir þannig að pyngjan finni verulega fyrir því ef eigandinn gerist brotlegur.

Á Íslandi eru 70% allra slysa á landinu sem menn leita læknisaðstoðar við skráð. Þetta er einsdæmi í heiminum. Aðrar þjóðir eru með sambærileg gögn sem svara til 5–20%. Góð skráning slysa er að sjálfsögðu grundvöllur fyrir frekari rannsóknum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Í þessum skráningum má sjá að í aldurshópnum 15–19 ára er tíðni umferðarslysa uggvænlega há og margfalt hærri en í öðrum aldurshópum. Orsökin er eflaust sú að æskan unga er haldin meira kappi en forsjá og lífsorkan og hraðafíkn unglinga á þessu aldursskeiði er kannski ekki í samræmi við þá öflugu farkosti sem þeim standa til boða. Mikill fjöldi slysa í þessum aldurshópi ber þess gleggst vitni. Tíðni bifhjólaslysa er hlutfallslega hærri en tíðni bifreiðaslysa. Því er þessari þáltill. sérstaklega beint að bifhjólum almennt. Bifhjólaslysin hafa þá sérstöðu að í þeim slasast mjög ungt fólk. Á árunum 1981–1991 létust um 20 ungmenni í bifhjólaslysum á Íslandi.

Í könnun frá slysadeild Borgarspítalans kom í ljós að 454 höfðu slasast í bifhjólaslysum á árunum 1987–1989 eða um 7% slasaðra í umferðarslysum. 77% slasaðra voru á aldrinum 15–24 ára. Þar af voru 89 af 454 aðeins 15 ára. Bifhjól, bæði létt og þung, virðast oftast vera notuð sem leiktæki þar sem vitað er með vissu að aðeins 13% slysanna áttu sér stað á vinnutíma.

Ég tel löngu tímabært að gefa þessum rannsóknum enn alvarlegri gaum og við endurskoðun umferðarlaga séu þær skýrslur og kannanir sem liggja fyrir hafðar að leiðarljósi. Enn fremur tel ég áríðandi að umferðarlaganefnd ljúki störfum hið fyrsta. Við verðum að spyrna við fótum af alefli og gera allt sem löggjafanum er mögulegt til að fækka slysum.

Ég tek þennan þátt bifhjólaslysa út úr því rannsóknirnar sýna að bifhjólaslys eru margfalt tíðari en bifreiðaslys miðað við fjölda farartækja eða 92 slys á hver 1.000 bifhjól á móti 19 slysum á hverjar 1.000 bifreiðar. Þannig er tíðni slysa á bifhjólum 9,9% af fjölda þeirra sem er uggvænleg tala.

Það kemur ekkert í staðinn fyrir góða kennslu í upphafi, því má ekkert spara til að kennsla og aðstaða til kennslu verði bætt. Því legg ég til þáltill. sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, m.a. með eftirfarandi að markmiði:

1. Auka fræðslu og forvarnastarf í skólum.
2. Auka og bæta ökukennslu á bifhjól og létt bifhjól til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til undirbúnings ökuprófs á bifreiðum.
3. Lögfesta skyldu ökumanna og farþega á bifhjólum til að nota hlífðarfatnað.
4. Kanna, m.a. í samráði við slysaskráningardeild Borgarspítalans, hvort nauðsynlegt sé að hækka aldursmörk fyrir ökupróf á bifhjól og létt bifhjól með tilliti til mikillar slysatíðni ökumanna og farþega þessara ökutækja.
5. Kanna hvort nauðsynlegt sé að skipta bifhjólum í flokka eftir stærð og vélarafli þeirra og áskilja t.d. reynslu eða hærri aldur til að fá ökuleyfi á aflmeiri bifhjól, m.a. með hliðsjón af reglum innan Evrópubandalagsins og í öðrum nágrannalöndum okkar."

Að lokinni umræðu geri ég að tillögu minni að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveigjanlegur vinnutími, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 427. mál. — Þskj. 685.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sveigjanlegan vinnutíma sem er að finna á þskj. 685. Flm. ásamt mér eru þær kvennalistakonur Ingibjörg

Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Tillögutextinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um sveigjanlegan vinnutíma. Í frumvarpinu verði gengið út frá sveigjanlegum vinnutíma sem meginreglu á vinnumarkaði þar sem því verður við komið. Frumvarpið verði lagt fram á Alþingi eigi síðar en á haustþingi 1993."

Með þessari þáltill. fylgir greinargerð sem mig langar að stikla á stóru í gegnum og byrja hér á að benda á kosti og galla sveigjanlegs vinnutíma.

Ekki hafa þessi mál fengið mikla umfjöllun. Leiða má rök að því að það sé bæði launþegum og vinnuveitendum í hag að skipulag vinnutíma komi sem best til móts við þarfir beggja. Fram til þessa hefur skort nokkuð á að þessu leyti því það er venjulega atvinnurekandi sem ákveður vinnutíma en launþegi síðan verður bara að sæta því hver hann er.

Með sveigjanlegum vinnutíma er átt við að vinnutími byggist á samkomulagi starfsmanns og vinnuveitanda. Atvinnurekandi og starfsmaður geri samning um vinnutíma eftir þörfum starfsmannsins innan þess ramma sem fyrirtæki vinnuveitanda eða stofnanir hafa svigrúm til. Mikilvægt er að starfsmaður verði ekki þvingaður til að vinna á óeðlilegum vinnutíma í skjóli ákvæða um sveigjanlegan vinnutíma.

Ég get þessa sérstaklega vegna þess að til eru dæmi mér vitanlega um að það hafi verið skákað í því skjóli að um sveigjanlegan vinnutíma væri að ræða þegar fólki hefur verið gert án samráðs og án samþykkis að vinna á einhverjum mjög svo afbrigðilegum tímum. Þá er að sjálfsögðu ekki um neitt samkomulag að ræða heldur þvingunaraðgerðir vinnuveitanda. Auðvitað er ekkert slíkt sem felst í þessari till.

Á einstaka vinnustað hefur verið boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma og hafa þær tilraunir þótt gefast vel. Kostir sveigjanlegs vinnutíma eru einkum þessir: Starfsmaður vinnur á þeim tíma sem hentar honum best vegna fjölskylduaðstæðna og annars sem hann telur mikilvægt. Það leiðir yfirleitt til þess að starfsmaður er ánægðari í vinnu. Það dregur að líkindum úr fjarvistum og einnig hafa verið leiddar líkur að því að heilsufar sé betra hjá þeim sem ráða vinnutíma sínum.

Helstu vandkvæði við að lögbinda sveigjanlegan vinnutíma eru sennilega smæð margra íslenskra fyrirtækja, einkum þeirra sem hafa fastan opnunartíma. Við samningu frumvarpsins yrði að leita lausna á því máli sem tryggði hagsmuni launþega og vinnuveitenda.

Í ritinu „Streita, vinna og heilsa í velferðarþjóðfélagi", eftir Ólaf Ólafsson landlækni segir m.a.:

„Streita er flókið vandamál og á engan hátt fullrannsakað fyrirbæri. Úr niðurstöðum ýmsra erlendra rannsókna má lesa að eðli vinnu skiptir oft meira máli en atvinnugrein. Hröð og tilbreytingarlaus vinna, samfara lítilli stjórn starfsmanna á vinnutilhögun er meiri streituvaldur en vinna sem gefur starfsmönnum nokkurt sjálfstæði."

Þetta tel ég nú raunar vera grundvallaratriði í riti Ólafs Ólafssonar landlæknis, en vissulega er athyglisvert að hann bætir hér við:

„Þessu virðist öðruvísi farið hér á landi þar sem atvinnurekendur og háskólamenntaðir virðast þjást mest allra stétta af streitu þó að þeir ráði að öllu jöfnu meira um vinnutilhögun en aðrir. Skýringin á þessu fyrirbæri gæti m.a. verið miklar kröfur sem gerðar eru til viðkomandi innan og utan fyrirtækis. Þegar nálgast 50 ára aldurinn virðast menn komnir á lygnan sjó."

Þessi tilvitnun í landlækni segir ekki að kenningin standist heldur einungis að þarna sé um að ræða óvenjulegt frávik á Íslandi frá því sem menn ætla að sé venjulegast.

Samkvæmt þessum upplýsingum er álagið mest á yngsta fólkið sem er oft með börn og að koma yfir sig þaki. Þessum hópi væri mestur akkur í sveigjanlegum vinnutíma og auk þess þyrfti að koma til stytting vinnutíma.

Frumvörp um styttingu vinnutíma hafa áður verið á dagskrá Alþingis en ekki fengið afgreiðslu og ég tel fulla ástæðu til að taka það mál upp einnig og þá með myndarlegum hætti. Nú ætti að vera lag þegar örlítið hefur farið að bera á því að Íslendingar gera sér grein fyrir því að það er e.t.v. ekki til 60 stunda vinnuvika fyrir alla Íslendinga endalaust, eins og hér hefur löngum verið trú manna, þannig að það ætti að fara að ganga á það lag jafnframt að stytta vinnutímann. En þessi till. gengur ekki lengra en það að það verði lögbundið að hafa sveigjanlegan vinnutíma og væri það skref sem skipti afskaplega miklu máli.

Langur vinnudagur er hlutskipti flestra Íslendinga. Jafnframt er ýmis félagsleg þjónusta, svo og barnagæsla og umönnun aldraðra í heimahúsum af skornum skammti. Skóladagur grunnskólabarna er stuttur og sundurslitinn. Samverustundir fjölskyldunnar eru af skornum skammti í þeirri vinnuánauð sem barnafjölskyldur búa oftast við. Það er hlutskipti flestra fjölskyldna að þurfa að festa kaup á húsnæði á fyrstu búskaparárunum þar sem leigumarkaður er takmarkaður og mjög ótryggur.

Því fer fjarri að foreldrar séu sáttir við þetta. Í könnun um hagi foreldra forskólabarna segir t.d., en þessi könnun kom út hjá Félagsvísindastofnun í október 1989 hjá Háskóla Íslands:

„Tvennir af hverjum þrennum foreldrum forskólabarna telja að stjórnvöld styðji frekar illa eða mjög illa við bakið á foreldrum með forskólabörn. Innan við einir af hverjum fimmtán telja að stjórnvöld styðji vel við bakið á foreldrum með forskólabörn . . .

Foreldrar með forskólabörn virðast almennt óánægðir með hvernig stjórnvöld taka á þeim málaflokkum sem mest brenna á þeim. Hvað veldur skal ósagt látið. Margt bendir til að kjör, dagvistunarmál og húsnæðismál vegi þungt í þessu sambandi."

Úr þessu ástandi verður að bæta. Efla þarf leikskóla, koma á samfelldum, lengdum skóladegi nú þegar og bjóða upp á meiri þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum — það virðist því miður ekki vera stjórnarstefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og er það afleitt — en jafnframt þarf að huga að því að gefa sem

flestum kost á að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Fjarvistir foreldra frá börnum eru meiri en góðu hófi gegnir og það getur haft alvarleg vandamál í för með sér í framtíðinni ef foreldrum verður ekki gert kleift að taka meira tillit til fjölskyldna sinna en nú er gert.

Nokkuð algengt er að fólk reyni að laga vinnutíma sinn að fjölskyldunni en svigrúm til þess er mjög lítið miðað við núverandi aðstæður. Oftast eru það konur sem þurfa að vinna sundurslitinn vinnudag vegna fjölskylduaðstæðna. Nokkuð algengt er að konur þurfi að taka á sig aukavinnu um kvöld og helgar til að geta jafnframt sinnt ungum og öldnum í fjölskyldunni. Það er hins vegar fátíðara að karlmenn reyni að laga vinnutíma sinn að þörfum fjölskyldunnar þótt ekki sé það nú algjörlega útilokað að þeir geri það. Oft er skilningur vinnuveitenda lítill á því að karlmenn þurfi að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Karlmenn virðast heldur ekki hafa þrýst á að úr því verði bætt.

Hins vegar virðist vera talið sjálfsagt að konur lagi vinnutíma sinn að þörfum fjölskyldunnar og jafnframt er það stundum haft á móti þeim sem starfsfólki þegar konur eru að ráða sig í störf. Það er ein þeirra ástæðna sem liggur fyrir því að ég tel að það sé mikilvægt að koma á sveigjanlegum vinnutíma sem eðlilegum þætti í okkar samfélagi. Það er fyrst og fremst spurning um skipulag en ekki útgjöld.

Rétt er að geta þess að í umræðu á Alþingi 20. febrúar 1992 kom fram að unnið er að því að Íslendingar staðfesti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu — starfsfólk með fjölskylduábyrgð — frá árinu 1981. Þetta kemur fram í Alþingistíðindum, 15. hefti 1991–92.

Ýmsar kannanir hafa verið gerðar á vinnutíma Íslendinga. Í þessum könnunum hefur fyrst og fremst verið spurt um afstöðu fólks til lengdar vinnutíma, en sjaldan um sveigjanlegan vinnutíma. Á þessu eru þó til undantekningar. Í jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna frá því í desember 1989 eru könnuð viðhorf til sveigjanlegs vinnutíma. Flestir (62,4% karla og 63,6% kvenna) telja vinnutíma sinn of langan fyrir fólk með börn og fjölskyldu. En það er þó athyglisvert að sjá hve margir, einkum konur, telja að sveigjanlegur vinnutími vegi einnig þungt með tilliti til fjölskyldumála. 34,6% kvenna og 25,5% karla segjast sammála eða frekar sammála fullyrðingunni: „Það er frekar ósveigjanlegur vinnutími heldur en langur vinnudagur í sjálfu sér sem skapar óþægindi við að samræma fjölskyldu og heimilislíf.“ Rétt er að geta þess að fólki gafst ekki kostur á að svara því hvort langur vinnudagur og ósveigjanlegur vinnudagur bitnuðu jafnt á fjölskyldulífi.

Væri sveigjanlegur vinnutími lögleiddur á Íslandi mundi það geta stuðlað að því að jafna foreldraábyrgð. Almennt er skilningur sýndur á því að mæður þurfi að laga vinnutíma sinn að þörfum barna sinna — eins og ég gat um áðan — en mjög skortir á að hið sama gildi um karla og úr því þarf hreinlega að bæta.

Sveigjanlegur vinnutími gæti jafnframt aukið vellíðan í starfi sem hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál launþega og atvinnurekenda.

Ég vil benda á það að ég hygg að þegar allt væri tekið saman væri sparnaður þjóðhagslega og jafnvel fyrir fyrirtæki að þessari aðgerð frekar en aukin útgjöld. *Í bókhaldi kæmi þetta hugsanlega ekki fram með augljósum hætti*, en ég hef þegar getið þess að það eru tengsl milli þess hve fólk hefur mikla stjórn á sínum vinnutíma og hvernig heilsufar þess er, svo ég nefni bara eitt dæmi. Það er líka mikils um vert að fólk sé ánægt í sínu starfi og það er margt fleira sem þarna kemur inn í. Auk þess mundi þetta í sumum tilvikum geta þýtt að fyrirtæki gætu beinlínis bætt sína þjónustu vegna þess að þá yrði opnunartími hugsanlega lengri og sveigjanlegri jafnframt fyrir þá sem starfa annars staðar í samfélaginu og geta ekki nýtt sér hefðbundinn afgreiðslutíma.

Með þessari þáltill. fylgja nokkrar töflur og sennilega eru bitastæðustu upplýsingarnar úr jafnréttiskönnum Bandalags háskólamanna sem ég vísa til í greinargerðinni.

Ég vil auk þess sem ég gat áðan bæta við að þarna kemur fram í töflu nr. 7.9, um hlutfall þeirra sem hafa miðlað málum milli atvinnu og fjölskyldulífs, að 23% kvenna og næstum 10% karla hafa takmarkað barneignir vegna þess að þau hafa þurft að taka tillit til atvinnunnar. Einnig hafa 44,2% kvenna og 17,8% karla orðið að afþakka vinnu eða ekki sótt um vinnu af fjölskylduástæðum.

Varðandi framhalds- og endurmenntun hefur það verið hindrun í tilviki 15% karla og rúmlega 30% kvenna og hlutastörf eru greinilega valkostur margra sem e.t.v. mundu frekar kjósa sveigjanlegan vinnutíma því að um 60% kvenna hafa valið af fjölskylduástæðum að vera í hlutastarfi og næstum 13% karla.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 841.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hér er flutt til 3. umr. frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands sem er lagt fram af hæstv. ríkisstjórn og hefur verið til meðferðar um nokkurra mánaða skeið. Það er okkar skoðun, sem skipuðum minni hluta heilbr.- og trn., að undirbúningi frv. og meðferð þess á hv. Alþingi hafi verið stórlega ábótavant. Í fyrsta lagi er það þannig að þetta fyrirtæki veltir 3½ milljarði kr. og ekki liggja neinar reikningslegar upplýsingar fyrir um það hvaða áhrif frv. hefur, engar. Og það er auðvitað forkastanlegt og

gagnrýni vert að afgreiða frv. af þessu tagi án þess að reikningslegar forsendur málsins hafi verið skoðaðar niður í kjölinn.

Í öðru lagi er það þannig að Samband ísl. sveitarfélaga gerði við frv. alvarlegar athugasemdir sem er í raun og veru hafnað með afgreiðslu þess eins og frv. lítur út núna. Í þriðja lagi gerði Tryggingacftirlit ríkisins athugasemdir við frv. í fjölmörgum greinum og telur að í því felist ekki sú heildarendurskoðun á lögum um Viðlagatryggingu Íslands sem óhjávæmileg sé. Af þessum þremur ástæðum var það sem við í minni hluta hv. heilbr.- og trn. kusum að leggja til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og að þeirri tillögu felldri við 2. umr. sátum við hjá um málið.

Í greinargerð með atkvæðagreiðslu um frv. óskaði ég eftir því að hæstv. ríkisstjórn kannaði þetta mál ítarlega á milli 2. og 3. umr. og mér þætti lakara, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði lokið án þess að það komi fram hvaða skoðun hæstv. heilbr.- og trmrh. eða staðgengill hans hafa á þeim athugasemdum sem við gerðum. Þess vegna verð ég að fara fram á það, virðulegi forseti, að umræðu um þetta mál verði frestað þar til hæstv. umhvrh., sem gegnir starfi heilbrrh., getur verið viðstaddur þannig að hann megi heyra þær athugasemdir sem við höfum að gera við þetta mál sem er afar illa undirbúið. Það væri slys að mínu mati að afgreiða það eins og það er. Ég tel að slík bið þyrfti ekki að tefja málið nokkurn skapaðan hlut og leyfi mér því að bera fram þessa ósk, virðulegi forseti. Þó að mér sé það engan veginn ljúft að tefja meðferð þingmála þessa síðustu daga sem þingið stendur yfir, þá hafði ég beðið þetta áður. (**Forseti:** Forseti telur rétt að verða við þeirri ósk hv. 9. þm. Reykv. að umræðu um 14. dagskrárlið verði frestað.)

Umræðu frestað.

Barnalög, 3. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 792, brtt. 793 og 833.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. frv. til barnalaga flutti ég nokkra tölu um það sem kallað er sameiginleg forsjá barna þegar til hjúskaparslita kemur og lét í ljós þá skoðun að ég teldi að það væri mikið álitamál að samþykkja hina sameiginlegu forsjá fyrst og fremst vegna þess að ég dreg mjög í efa að svokölluð sameiginleg forsjá komi barninu vel þó að hún geti hentað vel þeim foreldrum sem kjósa að slíta samvistir.

Ég bendi á að í umsögn þess aðila sem þekkir langbest til allra stofnana í landinu í þessu efni, sem er Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, er bent á að þessi sameiginlega forsjá geti orkað tvímælis vegna barnsins nema fylgt verði eftir með ítarlegri fjölskylduráðgjöf, en eins og kunnugt er eru engin slík úrræði til nema þau sem eru á vegum félagsmálastofnana en það eru sem betur fer tiltölulega fáir foreldrar, lágt hlutfall foreldra sem þarf að leita þangað með vandamál sín.

Ákvörðun um sameiginlega forsjá var tekin upp í lögum t.d. í Danmörku fyrir nokkrum árum. Ég kann nú ekki að skilgreina ártal. Það eru kannski 10 ár eða svo. Ég hugsa að það sé ekki meira. Og menn töldu þá að þetta væri sjálfsagt mál, það gæti jafnvel verið betra fyrir barnið að hafa þannig aðgang að báðum foreldrum sínum. Nú liggur fyrir nokkurra ára reynsla af þessu máli í Danmörku og snemma í þessari viku átti ég langt viðtal við Elsu Christiansen sem hefur sérstaklega haft með að gera börn úr alkóhólistahjónaböndum og ofbeldishjónaböndum. Niðurstaða hennar er sú að eftir þessa tilraun um nokkurra ára skeið sé þetta fyrirkomulag slæmt, ekki síst í síðarnefnda tilvikinu þegar um svokölluð ofbeldishjónabönd er að ræða. Það er vegna þess að þegar að skilnaði kemur við þær aðstæður kýs konan að reyna að losa um hin formlegu tengsl við maka sinn eins hratt og mögulegt er og felst þá gjarnan á sameiginlega forsjá í samkomulagsskyni til að losna sjálf. Niðurstaðan er svo sú að þessi börn verða fórnarlömb togstreitu á milli foreldra og hið sama er að segja um svokölluð alkóhólistasambönd.

Nú vita menn að ef um sameiginlega forsjá beggja foreldra er að ræða verður niðurstaðan gjarnan sú að þessir foreldrar taka saman við aðra aðila og þar með hefur barnið fjóra forsjáraðila. Satt að segja held ég að allir sjái í hendi sér, þó að við bestu hugsanlegu skilyrði geti þetta auðvitað verið gott, að þar sem erfiðleikar eru á annað borð verulegir í hjónaböndum, sem er yfirleitt aðdragandi og forsenda skilnaðar, getur barnið einmitt orðið fórnarlamb framhaldsins á þeirri togstreitu sem leitt hefur til skilnaðarins.

Ég reyndi satt að segja, virðulegi forseti, að lesa mér nokkuð vandlega til um þetta mál í umsögnum nefndarinnar og hafði einsett mér að vera ekki að skipta mér mikið af þessu máli vegna þess að ég veit að margir ágætir einstaklingar hafa lagt mikla vinnu í málið og af mikilli alvöru. Ég tók t.d. eftir því sem hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjaranson sagði um málið við 2. umr. þar sem hann komst þannig að orði: Í upphafi var ég í raun og veru andvígur þessu, en ég sannfærðist svo í nefndinni. — Ég hafði lagt í þetta mikla vinnu og hugsun og það hef ég verið að reyna að gera líka vegna þess að þetta er mál sem er dálítill örlagavaldur þó að það líti kannski ekki út fyrir að vera mjög stórt. Og mér finnst að okkur sé skylt í öllum þeim sviptingum sem eru hér á öllum þessum löngu fundum og þessu mikla málaflóði að vanda okkur við svona mál því að þetta getur verið spurning um — mér liggur við að segja spurning um örlög, gæfu þeirra barna sem hér um ræðir. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé ekki tímabært að setja það í íslenska löggjöf að sameiginleg forsjá verði heimiluð. Ég tel að þeir sem slíta samvistum eigi að gera forsjármálið upp líka áður en samvistunum er slitið. Ég veit að slík mál geta oft verið erfið, en hér er um að ræða einstaklinga sem hafa skyldur við þetta barn og þeir eiga að sjá svo um

að frá málum sé gengið með fullri virðingu fyrir þeim einstaklingi sem barnið er.

Ég held satt að segja að það sé dálítið til því, sem sagt hefur verið, að þessi sameiginlega forsjá sé sett hér inn af því að menn hafi hug á því að vera með svipaða löggjöf í þessum efnum og gerist í öðrum löndum. Það er pínulítil tilhneiging til þess í okkar löggjöf, m.a. barnalögum, sifjalögum, hjúskaparlögum, hegningarlögum jafnvel, að reyna að „kópíera" dálítið af því sem er annars staðar. Og nú er ég ekkert að segja það um hv. nefnd að hún sé að leggja þetta til eða ráðuneytið af því að menn hafi lært þetta annars staðar. En þetta er bylgja, sem hefur verið að ganga yfir á síðustu 5–10 árum, að þetta sé málið, sameiginleg forsjá yfir skilnaðarbarni. Eftir að ég átti þetta viðtal við Elsu Christiansen, sem er sennilega einn helsti sérfræðingur Dana á þessu sviði, er sálfræðingur sjálf, hefur unnið mjög mikið með börn, hefur að undanförnu rannsakað börn úr alkóhólistahjónaböndum sérstaklega og er að gefa út um það mjög ítarlega rannsóknarniðurstöðu, er ég algerlega sannfærður um að ég verð, liggur mér við að segja herra forseti, að flytja till. sem hér liggur fyrir. Ég treysti mér ekki til að samþykkja þessa sameiginlegu forsjá. (**Gripið fram í:** Muntu sitja hjá?) Ég mun leggjast gegn henni. Fyrir mér er þetta satt að segja ekki gamanmál vegna þess að ég held að hérna séu menn á algerum villigötum. Og ég fer fram á það af fullri alvöru að hv. þm. allir vandi sig áður en þeir lenda í þessu máli og hugsi alvarlega um hvað þeir eru að gera.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Svavari Gestssyni um að hv. þm. eigi að vanda sig við afgreiðslu á nýjum barnalögum. En ég get jafnframt fullvissað hv. þm. um að það hefur verið unnið ákaflega vel að frv. í allshn. og stuðst við umsagnir víðs vegar að úr þjóðfélaginu.

Hv. þm. dregur í efa að þetta fyrirkomulag um sameiginlega forsjá henti barninu vel þótt það geti hentað foreldrum. Auðvitað er alltaf erfitt að taka á málum þegar foreldrar slíta samvistum og vissulega bitnar það á börnunum. En með sameiginlegri forsjá er einmitt ætlað að auðvelda foreldrum og börnum að ganga í gegnum þessa erfiðleika. Það er börnunum í hag, þetta markmið sameiginlegrar forsjár, að efla skyldur beggja foreldra til að annast uppeldi barna sinna, efla ábyrgð beggja foreldra. Og það er í beinu samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem nýverið hefur verið rætt um hér á Alþingi.

Enn fremur var minnst á ofbeldishjónabönd og það er vissulega rétt að við slíkar kringumstæður er um mjög mikla erfiðleika að ræða og jafnvel geta barnaverndarnefndir þurft að koma inn í slík mál. Foreldrar verða auðvitað að vera hæfir til að fara með forsjá barna sinna hvort sem það er skipt forsjá eða sameiginleg og þau verða þar að auki að vera sammála um þennan valkost. Þar að auki er rétt að leggja áherslu á að það er einungis valkostur sem hér er um að ræða en ekki skylda og menn ættu líka að hafa í huga að það er erfitt fyrir foreldri að þurfa að „gefa eftir" forsjá barna sinna til hins foreldrisins. Þetta hefur valdið erfiðleikum í þessum málum og aukið fjölda þeirra mála þannig að ef foreldrar geta komið sér saman um þennan valkost ætti það að auðvelda þessi mál.

Meiri hluti allshn. hefur rætt þetta mál mjög ítarlega og rætt við marga sérfræðinga og meiri hlutinn er sammála um að rétt sé að taka upp þennan valkost, enda virðast margir bíða eftir þeirri úrlausn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það var unnið afskaplega vel í allshn. að þessu máli. Hins vegar er það ekkert launungarmál og kom fram í 2. umr. málsins að það var ekki eining um niðurstöðuna.

Sú kvennalistakona sem myndaði minni hluta allshn. og sú sem hér stendur sem vann að þessu máli innan allshn. ásamt öðrum kvennalistakonum taldi ekki tímabært að taka upp sameiginlega forsjá þar sem ýmsar mjög mikilvægar forsendur þess að taka upp sameiginlega forsjá eru ekki fyrir hendi, því miður. Það vantar sérstaklega mjög tilfinnanlega fullnægjandi fjölskylduráðgjöf hér á landi. Hana er ekki að hafa og það sem alvarlegra er, það er í rauninni vísað — ég vil nú ekki vera svo gróf að segja út á guð og gaddinn, en það er vísað í rauninni út í dálítið tóm þegar það er verið að tala um að foreldrar eigi rétt á ráðgjöf til að geta tekið þessa ákvörðun um sameiginlega forsjá og þá á ábyrgum grunni og með því að vita hvað í því felst. Það var ekkert út í bláinn að við tókum þessa afstöðu og lögðum til brtt. þar sem við gerðum ráð fyrir því að þessu ákvæði yrði frestað og tíminn notaður til að koma öflugri fjölskylduráðgjöf á laggirnar sem allir landsmenn ættu aðgang að. Við fengum að vita að það væri þá búist við því að vísað væri til kirkjunnar sem er auðvitað góðra gjalda vert. Það er til fjölskylduráðgjöf á vegum kirkjunnar. Þar er hins vegar langur biðlisti og hún þjónar í rauninni aðeins þeim sem hafa aðgang að Laugaveginum í Reykjavík og það eru ekki allir landsmenn. Það eru heldur ekki allir sem kjósa að leita til kirkjunnar um ráðgjöf.

Úti um land var talað um að prestar gætu veitt slíka ráðgjöf. Í sumum tilvikum er það áreiðanlega rétt. Í öðrum er það áreiðanlega rangt. Prestar eru eins og annað fólk misjafnir og þótt þeir fái tiltölulega góða leiðsögn í þessum fræðum að mér skilst nú orðið, þá hlýtur það að liggja mjög misjafnlega fyrir og menn velja sér ekki prestsskap til þess að taka að sér sérfræðiráðgöf í sambandi við forsjármál barna t.d.

Það hefur líka verið bent á það sem rökstuðning fyrir því að það sé hægt að taka upp sameiginlega forsjá að það þurfi að vera samkomulag um slíkt. Ég bendi á það að samkomulag getur orðið af ýmsu tagi og við heyrðum raunar dæmi um það að fólk sem ætlaði í mál ef ekki fengist sameiginleg forsjá beið úrslita þessa og við túlkuðum það nokkuð misjafnt í nefndinni hvað í þessu fælist. Sumir töldu að þetta styddi að það ætti að taka upp sameiginlega forsjá. Aðrir og þar er ég meðtalin töldu að þetta benti til þess

að þessir foreldrar væru í rauninni ekki reiðubúnir að taka upp sameiginlega forsjá. Í meðförum nefndarinnar tók frv. þó þeim jákvæðu breytingum að það var kveðið skýrt á í lagatexta um það að barn sem foreldrar hefðu sameiginlega forsjá með ætti þó að eiga búsetu hjá öðru þeirra. Þetta er mjög mikilvægt og ég held að það viðurkenni það allir. Þetta kemur ekki róti á börnin á sama hátt og ef þeim er skákað á milli foreldra eins og því miður er staðreynd í sumum þeim löndum þar sem sameiginleg forsjá hefur verið tekin upp.

Það var líka rökstuðningur í umræðu um frv. að sameiginleg forsjá væri með samkomulagi. Þá þyrfti jafnframt ekki annað en að annað foreldrið hætti að vera sammála um að þau ættu að hafa sameiginlega forsjá og þeir makar sem hefðu komið til sögunnar síðar. Þá væri hægt að taka málið upp á nýjan leik. Þetta tel ég að geti hugsanlega komið meira róti á barn en ef sá hátturinn væri hafður á sem núna er. Og ég held að góð fjölskylduráðgjöf sé nauðsynleg til að stemma eins og hægt er stigu við því.

Það er eitt og annað sem hægt er að segja nánar um þetta frv., en ég held að nú við 3. umr. höfum við kost á að segja hug okkar til þessa frv. á nýjan leik. Í meginatriðum er þarna um mjög góð ákvæði að ræða, en ég set áfram spurningarmerki við það hvort við séum reiðubúin að taka upp sameiginlega forsjá hér á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga, síðari umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 67. mál. — Þskj. 68, nál. 863, brtt. 864.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Fjölgun sjálfsvíga meðal unglinga hefur valdið talsverðum áhyggjum að undanförnu, en lítið hefur verið vitað um umfang og orsakir þessarar þróunar. Margt bendir þó til þess að vandinn sé að vaxa og að þörfin til þess að spyrna við fótum aukist hratt. Til þess að unnt sé að gera sér grein fyrir vandanum verður fyrst og fremst að rannsaka hann, rætur hans og stærð hans, líta á hann frá sem flestum hliðum og nýta þekkingu ólíkra fræðigreina. Þannig er von til þess að hann verði leystur.

Fram hefur komið í máli umsagnaraðila að sjálfsvíg geti verið sveiflukennd hjá hinum ýmsu þjóðum og jafnvel geti komið upp eins konar faraldrar. Hér á landi séu árlegar sveiflur meiri en hjá fjölmennari þjóðum. Ljóst virðist að tíðni sjálfsvíga hafi aukist hér á landi á síðustu 40 árum og ráði þar e.t.v. mestu fjölgun sjálfsvíga meðal karlmanna á aldrinum 15–24 ára. Sá hópur sem fyrr á árum var í minnstri hættu virðist nú vera í hvað mestri hættu. Rétt er einnig að taka það fram að samkvæmt upplýsingum geðlækna og erlendra kannana er meiri hluti sjálfsvíga framinn í sjúklegu ástandi þannig að brýnt er að kanna vel læknisfræðilegu hliðina á þessu máli. Þessi þróun hlýtur að vekja menn til alvarlegrar umhugsunar og hlýtur að vera þjóðfélaginu hvati til aðgerða. Minnt er þó á að umræða um þessi mál verður umfram allt að vera málefnaleg og laus við bráðræði því að umræða um svo hrikalega atburði sem sjálfsvíg eru er viðkvæm og ekki vitað hvað röng umfjöllun muni leiða af sér.

Til þess að hægt sé að sporna við vandanum sem að steðjar verður að finna orsakir hans. Þörf er á þekkingu og úrræðum sem koma að gagni.

Þáltill. mælir fyrir um skipan nefndar sem hafi það hlutverk að kanna tíðni og orsakir sjálfsvíga. Allshn. tekur undir þá tillögu heils hugar. Nefndin mælir þó fyrir um að rannsóknir sem eru þegar hafnar haldi áfram og þannig nýtt sú þekking sem menn hafa viðað að sér. Nefnd sú sem skipuð verði byrji ekki algerlega frá grunni heldur byggi vinnu sína á þessum rannsóknum. Má í því sambandi nefna að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur rannsakað þessi mál nokkuð og er enn að því. Hafa menntmrn. og dómsmrn. stutt við bakið á þeirri rannsókn hingað til og hefur dómsmrn. nú þegar lagt 1 millj. kr. til þessa verkefnis. Sendi stofnunin viðamikla umsögn til nefndarinnar. Einnig má finna árangur af vinnu stofnunarinnar í grein sem birtist í 4. tbl. Nýrra menntamála á síðasta ári. Ef þessar rannsóknir halda áfram mun það ekki síst vinna störfum nefndarinnar sem skipuð verði tíma. Brýn þörf er á að hraða þessum málum. Enn fremur verði stuðst við kannanir og rannsóknir sem hafa verið gerðar víða annars staðar hér á landi, svo og erlendis.

Komið hefur fram hjá umsagnaraðilum að áhugi er mikill á þessum málum og að verið sé að starfa að þeim á þó nokkrum stöðum. Í umsögn landlæknis kom fram að í gangi er rannsókn á vegum landlæknis, héraðslæknis Austurlands og geðdeildar FSA á Austurlandi þannig að ljóst er að ríkisstjórnin hefur sýnt áhuga sinn í verki til að taka á þessum málum. Rétt er að taka fram að þeir sem sendu nefndinni umsagnir, sem voru allmargir, tóku vel undir þetta mál.

Brtt. sú sem nefndin setur fram miðar að því að þeir sem reynslu og þekkingu hafa í þessum málum, bæði lærðir og leikir, fái sæti í nefnd þeirri sem skipuð verði og er þá von til þess að sú þekking nýtist sem til er.

Allshn. leggur áherslu á að nefnd sú er skipuð verði hraði störfum sínum eins og unnt er. Er í því sambandi minnt á það, sem stendur í nál., að nefnd skili fyrstu úrlausnum í haust. Gert er ráð fyrir að nefndin haldi vinnu sinni áfram lengur en til haustsins en skili áfangaskýrslu þá. Komið hefur fram að fyrstu aðgerðir geti beinst að því að auka ýmsa þjónustu sem er sums staðar fyrir hendi, svo sem áfallahjálp og ýmsa ráðgjöf. Er þess vegna von nefndarinnar að unnt sé að gera tillögur um úrbætur strax í haust þótt ekki verði það endanlegar úrbætur sem lagðar verði til. Ég mæli því fyrir nál. á þskj. 863 fyrir hönd allshn. og það eru allir nefndarmenn sem undirrita þetta álit.

Að lokum vil ég lýsa þeirri ósk nefndarmanna alls-

hn. að Alþingi taki vel á málinu og veiti því jákvæða afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Velferð barna og unglinga, síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 370. mál. — Þskj. 600, nál. 865.

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um till. til þál. á þskj. 600. Nál. er á þskj. 865 og það eru allir nefndarmenn sem undirritað það álit um þáltill. um velferð barna og unglinga.

Velferð barna og ungmenna hefur verið þó nokkuð til umræðu undanfarin ár. Ljóst er að vaxandi erfiðleikar steðja að börnum og ungmennum og er það m.a. vegna neyslu vímuefna og aukins ofbeldis. Varlega verður að fara í að telja það einu orsakirnar og er þörf á því að fjalla nánar um þessa hlið málsins.

Fjöldi barna lendir í erfiðleikum áður en fullorðinsaldri er náð og eru margvíslegar ráðstafanir gerðar til hjálpar og er það vel. En auk þess að hjálpa börnum og ungmennum þegar í óefni er komið verður að leita leiða til þess að komast að rótum vandans. Þáltill. mælir einmitt um að sú leið verði farin að skipuð verði nefnd sem geri úttekt og semji skýrslu um orsakir vandans. Nefndin skili skýrslu og ábendingum um úrbætur svo skjótt að taka megi málið til meðferðar á næsta Alþingi.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hæstv. ríkisstjórn hefur mikinn áhuga á því að taka á þessum vandamálum. Þannig hefur hæstv. félmrh. nú þegar skipað samstarfsnefnd ráðuneyta og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um málefni barna og unglinga og segja má að verksvið þeirrar nefndar sé mun víðtækara en þessi tillaga gerir ráð fyrir. Fulltrúar í þessari nefnd eru frá dómsmrn., heilbr.- og trmrn. og menntmrn., en fulltrúar eru einnig frá lögreglustjóra og unglingaheimili ríkisins. Gert er ráð fyrir að þessi nefnd muni skila áfangaskýrslu nú þegar í sumar.

Þá er einnig rétt að geta þess að á þessu þingi hefur veri unnið mikið í málefnum sem snerta málefni barna og ungmenna og má þar nefna frv. til barnalaga, breytingu á hegningarlögum hvað varðar kynferðisbrot, sem ekki síst snertir börn og ungmenni, og enn fremur nýtt frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Vandi barna og ungmenna er vissulega ekki nýr af nálinni, en hafa verður í huga að hagur barna og ungmenna hefur mikið breyst á undanförnum áratugum. Félagsleg aðstaða þeirra er hvergi söm og hún var. Á það jafnt við aðstöðu á heimili sem utan heimilis. Aðhald heimilanna fer þverrandi og miklu minna er um að börn njóti skjóls stórfjölskyldunnar eins og áður tíðkaðist. Þetta og margt annað hefur áhrif. Svo virðist sem meiri hætta steðji að börnum og ungmennum í dag frekar en oft áður. Neysla á vímuefnum og ofbeldi er fyrir hendi í þjóðfélaginu og endurspeglast í börnum og ungmennum, ekki síður en öðrum þjóðfélagsþegnum. Ekki bætir það úr að aðgangur að vímuefnum virðist vera auðveldur og hvatinn til neyslu þeirra fyrir hendi. Fregnir berast af auknum sjálfsvígum ungmenna. Í þessum jarðvegi, sem ungviði landsins er búinn, dafna vonleysi og óöryggi. Allshn. telur að brýn þörf sé á að þessi mál verði könnuð og úrbætur gerðar. Er það von nefndarmanna að mál þetta hljóti góðan meðbyr á Alþingi.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég þakka allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessari till. og jafnframt nota ég þetta tækifæri og beini því til hæstv. dómsmrh., sem væntanlega mun fá hana til meðferðar þegar Alþingi hefur afgreitt hana, að bregða skjótt við og skipa þá nefnd sem þarna er fjallað um svo ekki verði dráttur á því að hún taki til starfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, 3. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 777, brtt. 832.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 832 hef ég flutt brtt. við frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem gert er ráð fyrir breytingu á 3. mgr. 5. gr., að við málsgreinina bætist nýr liður sem hljóðar svo:

„Enn fremur skal starfsmenntaráð hafa formlegt samráð við menntmrn., m.a. til að ráðuneytið geti tekið rökstuddda ákvörðun, sbr. 15. gr."

Í 5. gr. frv. er kveðið á um hlutverk starfsmenntaráðs, sjö manna ráðs sem ráðherra skipar til tveggja ára og fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi er skipaður af félmrh. án tilnefningar, þrír fulltrúar eru tilefndir af samtökum atvinnurekenda og tveir frá VSÍ, einn frá Vinnumálasamabandi samvinnufélaganna, þrír fulltrúar eru tilnefndir af Samtökum launafólks, tveir frá ASÍ og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Hlutverk starfsmannaráðs er að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar samkvæmt lögum þessum. Í starfi sínu skal starfsmenntaráð hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð. Síðan geri ég ráð fyrir því að þetta ákvæði bætist við: Enn fremur skal starfsmenntaráð hafa formlegt samráð við menntmrn., m.a. til að ráðuneytið geti tekið rökstudda ákvörðun, sbr. 15. gr.

15. gr. frv. hljóðar svo:

„Menntmrn. ákveður hvaða nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skuli metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi."

Það er óhjákvæmilegt ef menntmrn. á á annað borð

að meta eitthvað af því námi sem styrkt er samkvæmt lögum þessum til námseininga í hinu almenna skólakerfi og þá er væntanlega átt við framhaldsskólakerfið, einingakerfið, að ráðuneytið sé með í ráðum um það hvaða nám það er sem er styrkt.

Hér er ekki lagt til að það þurfi að leita samþykkis menntmrn. í þessu efni heldur aðeins gert ráð fyrir því að félmrn. eða starfsmenntaráð hafi samráð við menntmrn., formlegt samráð.

Eins og kunnugt er hafa deilurnar um frv. snúist um það hvort það ætti að heyra undir menntmrn. eða félmrn. Fyrir því eru tiltekin rök sem ég hirði ekki um að endurtaka hér, enda voru brtt. þær sem fluttar voru í þá veru við 2. umr. málsins allar felldar. Hér er hins vegar engu að síður gerð tilraun til þess á lokastigi málsins að kanna hvort Alþingi, félmrh. hæstv. og meiri hluti Alþingis gætu hugsað sér að fallast á þessa litlu lagfæringu á frv. sem gengur í raun og veru bara út á það að tryggja tengslin á milli menntmrn. og starfsmenntaráðs.

Við 2. umr. á hv. Alþingi var flutt brtt. sem gekk í líka átt en var þó skarpari en þessi tillaga. Þessi tillaga er almennari. Og hún er hugsuð sem tilraun til málamiðlunar. Ég sé ekki í fljótu bragði að það geti verið neitt á móti því að samþykkja þessa tillögu, jafnvel af hálfu þeirra aðila sem staðið hafa að því að semja frv. og hafa verið að ýta á að það yrði að lögum.

Ég vil því af þessu tilefni leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh., sem hér er stödd, um álit hennar á þessari breytingu. Ég er að sjálfsögðu til viðtals um annað orðalag á brtt., en hugmyndin er sem sagt sú að tryggja að ráðuneyti menntamála geti örugglega tekið það nám sem styrkt er eftir lögunum inn í mat samkvæmt hinu almenna skólakerfi. Ég geri ráð fyrir að ef málin koma ekki að menntmrn. fyrr en að náminu loknu geti verið mjög erfitt fyrir ráðuneytið að meta þessa hluti og þess vegna sé skynsamlegra og heppilegra að fara þá leið, sem hér er gerð tillaga um, að ráðuneytið komi þarna við sögu á undirbúningsstigi þegar starfsmenntaráð er að fjalla um málið og velta því fyrir sér hverjir það eru sem eiga að fá styrki. Hér er engin tillaga gerð um að menntmrn. ráði því hverjir fá styrki heldur að það sé haft samráð við ráðuneytið þannig að það viti um málið meðan það er í undirbúningi og áður en ákveðið verður hvar það fellur inn í framhaldsskólakerfið og hvernig það verður metið til námseininga.

Ég vænti þess að hæstv. félmrh. sjái sér kleift að svara þessari fyrirspurn minni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna brtt. við frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hér er borin fram af hv. þm. Svavari Gestssyni vil ég taka eftirfarandi fram:

Ný lög um starfsmenntun byggja á stuðningi við einstaka aðila sem hafa með framkvæmd námskeiða að gera. Það á því að vera þeirra hlutverk að hafa samráð við menntmrn. vilji þeir að nám sem boðið er upp á með stuðningi laganna sé metið til námseininga í almenna skólakerfinu.

Ég vil einnig taka það fram að nú þegar eiga ráðuneytin, þ.e. ráðuneyti mennta- og félagsmála, með sér formlegt samstarf á sviði fræðslumála. Fulltrúi félmrn. á sæti í svonefndri samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn., en erindisbréf fyrir þessa samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu er eftirfarandi:

„Samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu er ætlað að fjalla um eftirtalin verkefni:

Að fjalla almennt um fullorðinsfræðslu hér á landi og gera tillögur til ráðuneytisins um æskilegt fyrirkomulag kennslunnar.

Að efla samstarf milli þeirra sem starfa að fullorðinsfræðslu.

Að afla upplýsinga um fullorðinsfræðslu í öðrum löndum og miðla þeim upplýsingum til þeirra sem starfa að þessum málum hér.

Önnur verkefni tengd fullorðinsfræðslu sem ráðuneytið felur nefndinni."

Ég vil þessu til viðbótar benda á að eins og hv. þm. er kunnugt er frv. þetta byggt á samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um þetta mál, enda er skipulag það sem kveðið er á um í frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu byggt á því fyrirkomulagi sem þegar er til staðar um starfsmenntun.

Ég hef borið þessa till. hv. þm. Svavars Gestssonar undir til að mynda ASÍ og þeir leggjast gegn henni, m.a. með þeim rökum sem ég hef hér tilgreint, þ.e. að það er þegar uppi formlegt samstarf á sviði fræðslumála milli þessara ráðuneyta og einnig, eins og ég nefndi, að þetta frv. um starfsmenntun byggir á stuðningi við einstaka aðila sem hafa með framkvæmd námskeiða að gera og það sé því þeirra hlutverk að hafa samráð við menntmrn.

Ég tel að eins og ferill þessa frv. hefur verið hefur það mjög mikið byggst á samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Það er reyndar líka hluti af kjarasamningum nú að frv. fari í gegn eins og það er hér í þinginu þannig að ég tel ekki rétt vegna þess sem ég hef greint frá að styðja till. sem hér er fram borin.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég veit satt að segja ekki hvaða orð ég á að nota um þessa afstöðu hæstv. félmrh. Mér datt í hug orðið þrjóska, en ég nota það ekki, forseti, þannig að það er óþarfi að hafa það með í þingtíðindunum. En það eru engin efnisleg rök gegn því að skapa þessa möguleika á tengslum á milli starfsmenntaráðs og menntmrn. Það eru engin rök. Það skelfilegasta er nú þegar verið er að bera það fyrir sig að aðilar vinnumarkaðarins eigi að ráða frv. hér á Alþingi upp á punkt og prik. Það er alveg ástæðulaust að vera að hleypa þeim mikið í skólamál í landinu. Alveg ástæðulaust. Ég er alveg sannfærður um það hins vegar að menn sjá í hendi sér ef þeir vilja skoða hlutina opnum huga að það er betra fyrir frv., ef að lögum verður, að þessi tengsl við ráðuneytið séu formleg innan laganna sjálfra en í þessari samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu. Ef menn vilja að nám, sem fer fram samkvæmt þessum lögum, verði metið sem hluti af hinu almenna framhaldsskólakerfi í landinu er skynsamlegt að hafa

menntmrn. með í ráðum á frumstigi málsins. Hvernig í ósköpunum á menntmrn. að fara að því að meta þessa hluti alla eftir á?

Ég verð því að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég botna ekkert í þessari afstöðu vegna þess að þessi tillaga er svo smá og hún er svo sanngjörn og hún er svo örstutt skref, svo ég leyfi mér að vitna í Nóbelsskáldið sem var rætt fyrr í dag í öðru samhengi, hún er svo örlítið skref og spor, eitt örstutt spor, að ég tel ekki vera auðnuspor hjá hæstv. félmrh. að hafna þessu sjónarmiði, ég segi það alveg eins og er, borið fram hér af fullri sanngirni.

Það eru kannski örlög þessarar ríkisstjórnar að það megi aldrei hlusta á neitt sem kemur frá mönnum af því að þeir eru í stjórnarandstöðu. Nú vill svo til að áður en varir getur stjórnarandstaðan orðið stjórn. Þetta er í samræmi við annað, hvernig unnið er á hv. Alþingi eða af hæstv. ríkisstjórn. Það er passað samviskusamlega að taka aldrei mann frá stjórnarandstöðunni í eina einustu nefnd einu sinni til að fjalla um mál, hvort sem það er Lánasjóður ísl. námsmanna eða hvað það nú er. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar að útiloka stjórnarandstöðuna á öllum sviðum, starfsnefndir, forsætisnefnd þingsins og ég veit ekki hvað, og valtra yfir stjórnarandstöðuna. Það er stefna ríkisstjórnarinnar.

Svo þegar kemur einn stjórnarandstæðingur með tillögu, afskaplega litla tillögu sem hefur þó pínulitla þýðingu, þá skulu menn bera það fyrir sig að aðilar vinnumarkaðarins hafi samið um að hafa þetta öðruvísi. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, ég dreg það stórlega í efa að t.d. Ögmundur Jónasson, svo ég nefni dæmi, eða formaður Vinnumálasambands samvinnufélaganna, hafi gert það að skilyrði fyrir samþykkt sinni á kjarasamningunum að þessi tillaga mín yrði ekki tekin inn. Mér þykir það satt að segja mikil undur ef þessir höfuðkappar þjóðfélagsins eru að eyða tíma í það inni í Karphúsi að ræða um það hvaða tillögur það eru sem þurfi að stoppa á Alþingi og það sé þá helst þessi tillaga sem eigi að útiloka. Hvað á svona ósanngirni að þýða? Og svo er ríkisstjórnin að biðja um að við hjálpum til við að afgreiða mál af ýmsu tagi. Menn vinna hér daglangt og náttlangt í nefndum út og suður alla daga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga. En þegar kemur að lítilræði af þessu tagi, nauðalitlu atriði af þessu tagi, þá er líka hnefinn í borðið. Þetta er ekki sanngjarnt, hæstv. félmrh.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil minna hv. þm. á að í tíð síðustu ríkisstjórnar, þegar í vinnslu var frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu og frv. um fullorðinsfræðslu, var efnt til viðræðna milli fulltrúa félmrn. og menntmrn. um þessi mál. Um það skipulag fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar náðist samkomulag milli menntmrn. og félmrn. Í viðræðum um skipulag þessara mála tóku þátt af hálfu menntmrn. Gerður G. Óskarsdóttir og Guðrún Ágústsdóttir. Niðurstaðan af þeim viðræðum kemur fram í fylgiskjali með frv. sem hér er til umræðu og einn þáttur þess sem um var rætt og er í fskj. með frv. er samtenging fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar var lagt til í samkomulagi milli þessara aðila í tíð hv. þm. sem menntmrh. að fyrirkomulagið yrði með þeim hætti að þetta yrði tengt saman með skipun fullorðinsfræðsluráðs. Ég vitnaði í að þetta er með þeim hætti í dag að það er starfandi samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu sem m.a. á að afla upplýsinga um fullorðinsfræðslu og miðla þeim upplýsingum til þeirra sem starfa að þessum málum hér. Það er eitt af viðfangsefnunum. Þannig tel ég að sá andi sem var í þessu samkomulagi sé að samtengingin milli starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu væri á þessum vettvangi.

Vegna orða hv. þm. um að stjórnarandstaðan væri útilokuð frá öllum nefndum á vegum stjórnarinnar og ráðuneyta er það ekki rétt og vil ég minna hv. þm. á að allir stjórnmálaflokkar áttu t.d. fulltrúa í nefnd sem fjallaði um frv. um málefni fatlaðra sem er til umræðu í þinginu og allir stjórnmálaflokkar eiga að sjálfsögðu aðild stórri nefnd sem starfar á mínum vegum um sameiningu sveitarfélaga. Að alhæfa með þeim hætti sem hv. þm. gerði tel ég ekki vera alls kostar rétt.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Staðreyndin er sú að það samkomulag sem gert var við hæstv. félmrh. á síðasta kjörtímabili var slæmt samkomulag að mörgu leyti, en ég kaus að gefast upp fyrir henni á Arnarhólnum frekar en að stoppa bæði þessi mál. En úr því að málið er sótt af svona mikilli hörku af hæstv. ráðherra óska ég eftir því að frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu verði að lögum á þessu þingi. Það er alveg óhjákvæmilegt. Ef það er þannig að þetta mál eigi að keyra í gegn gjörsamlega án tengsla við menntmrn. verður að afgreiða hitt frv. líka af því að samkomulagið byggðist á því að bæði þessi mál yrðu að lögum. Og það er ósanngjarnt að ætla að knýja þetta mál fram með þessum hætti og segja við Alþingi að því sé bannað að breyta málinu af því það sé búið að ákveða það úti í bæ hvernig það eigi að vera upp á punkt og prik. Það er ósanngjarnt að halda þannig á hlutunum gagnvart Alþingi Íslendinga og ekki sæmandi í raun og veru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall laga nr. 2/1917, 2. umr.

Stjfrv., 460. mál (bann við sölu og leigu skipa úr landi). — Þskj. 718, nál. 861.

Frsm. samgn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti samgn. sem birtist á þskj. 861 um frv. til laga um brottfall laga nr. 2 frá 1917. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Undir þetta rita Árni M. Mathiesen, Guðni Ágústsson, Sigbjörn Gunnarsson, Pálmi Jónsson, Jóhann Ár-

sælsson, Sturla Böðvarsson, Halldór Ásgrímsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Árni Johnsen.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

138. FUNDUR

laugardaginn 9. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Endurskoðun umferðarlaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP og FI, 407. mál. — Þskj. 660.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og vísað til allshn. með 37 shlj. atkv.

Sveigjanlegur vinnutími, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 427. mál. — Þskj. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og vísað til félmn. með 37 shlj. atkv.

Barnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 792, brtt. 793 og 833.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Þær brtt. sem ég flyt á þskj. 833 ganga út á að fella niður heimild til svokallaðrar sameiginlegrar forsjár fyrst og fremst með þeim rökum að hér sé ekki kostur á að gæta nægilega vel hagsmuna barnsins, sem er auðvitað aðalatriðið í þessu sambandi, og í öðru lagi vegna þess að reynsla sem liggur fyrir erlendis af sameiginlegri forsjá, sérstaklega þegar um er að ræða börn eftir svokölluð ofbeldishjónabönd, er mjög slæm.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að það verði litið svo á að með þessari atkvæðagreiðslu séu menn að fjalla um báðar brtt. vegna þess að þær fjalla í raun og veru um sama efni og málið liggur þannig að verði fyrri tillagan felld er hin síðari sjálffallin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 833 felld með 26:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, FrS, IP, JÁ, ÓRG, PP, SJS, SvG, VS, VE.
nei: ÁRÁ, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, ISG, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

26 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SHl, StH, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sólveig Pétursdóttir:
Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að þetta er einungis heimild fyrir foreldra til að semja um sameiginlega forsjá barna sinna og þau verða að vera sammála um það atriði. Meiri hluti allshn. leggur mikla áherslu á að þetta úrræði komist í lög. Þess vegna segi ég nei við þessari brtt.

Brtt. 793 felld með 19:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JónS, ÓE, VE.
nei: GHH, GuðjG, GHall, IP, JóhS, KSG, MJ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (FrS, ÓRG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SHl, StH) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: StG.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SHl, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 882).

Starfsmenntun í atvinnulífinu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 140. mál. — Þskj. 777, brtt. 832.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Sú litla brtt. sem hér er flutt gengur út á að starfsmenntaráð eigi að hafa samráð við menntmrh. þegar ákveðið er hvaða fjármunir eru veittir til starfsmenntunar í atvinnulífinu þannig að það verði hægt að meta viðkomandi nám inn í einingakerfi menntakerfisins. Ef ekki er fallist á þessa tillögu verður mjög erfitt að meta starfsmenntun í atvinnulífi inn í hið almenna einingakerfi menntakerfisins.

Ég vil segja í öðru lagi, virðulegi forseti, að verði

þessari tillögu hafnað, sem ég vona nú að verði ekki, er ég þeirrar skoðunar, og beini orðum mínum til hæstv menntmrh. í því sambandi, að það sé óhjákvæmilegt að frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu verði að lögum líka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 832 felld með 26:9 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, ISG, IP, JÁ, ÓRG, PP, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, IBA, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (StG, StB, VS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SHl, StH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu hefur lengi verið í umfjöllun, ekki aðeins hér á Alþingi heldur einnig hjá launþegasamtökunum, aðilum vinnumarkaðarins reyndar, og hefur náðst fullt samkomulag í þeim efnum. Leggja þau mikla áherslu á að frv. verði samþykkt í óbreyttri mynd eins og það liggur fyrir núna til 3. umr. Það er mat verkalýðshreyfingarinnar að þessi brtt. stuðli einungis að því að tefja störf starfsmenntaráðs og með því sé verið að bæta nýjum aðila inn í afgreiðsluferli umsókna um stuðning samkvæmt lögum. Samstarf milli þessara ráðuneyta, þ.e. menntmrn. og félmrn., á þessu sviði er þegar fyrir hendi. Ég legg mjög eindregið áherslu á að þessi tillaga verði felld.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Allar rannsóknir staðfesta að menntun er meginforsenda hagvaxtar. Við búum við þá stjórnskipun að menntmrn. skipuleggur skólakerfið í okkar landi. Ýmsir aðrir hafa lagt á það kapp, m.a. aðilar vinnumarkaðarins eins og hér var lýst og einnig félmrn., að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri ekki undir menntmrn. heldur undir félmrn. Gott og vel. En hvaða skynsemi er í því að félmrn. eigi ekki að hafa samráð við menntmrn. um skipulag þessara mála? Ætlar meiri hluti Alþingis virkilega að fara að fella brtt. á þann veg að við skipulag menntunar í atvinnulífinu skuli hafa samráð við þann aðila sem skipuleggur menntakerfið í landinu í heild?

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan að aðilar vinnumarkaðarins legðu höfuðkapp á að frv. yrði samþykkt óbreytt. Það væri fróðlegt að vita hvaðan hann hefur það að t.d. Verkamannasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnverkafólks eða BSRB hafi sagt að ekki megi breyta einum einasta staf eða kommu eða orði í þessu frv. Það er aldeilis orðið alræði aðila vinnumarkaðarins í íslensku lýðræði og ekki er það skárra en alræði öreiganna á öðrum stöðum ef ekki má breyta orði, kommu eða setningu vegna þess að einhverjir kontórar úti í bæ hafa sagt það. Hefur farið fram umræða og atkvæðagreiðsla um þetta frv. í einhverju verkalýðsfélagi á landinu og brtt. Svavars Gestssonar alþingismanns? Það væri gaman að vita í hvaða verkalýðsfélagi greidd hafi verið atkvæði um þessa brtt. Nei, alræði kontóranna í verkalýðshreyfingunni er jafnslæmt og alræði öreiganna annars staðar í veröldinni. (Gripið fram í.)

Hins vegar vonast ég til þess að hæstv. menntmrh. gæti hagsmuna menntakerfisins í þessu máli því að það er ekkert vit í því að ætla að skipuleggja menntun í atvinnulífinu á Íslandi án þess að sá aðili sem sér um heildarmenntunarmál í landinu frá grunnskólastigi og upp í háskóla geti haft einhvern smávegis aðgang að þeim málum. Því hefur hv. þm. Svavar Gestsson flutt þessa sakleysislegu brtt. um að það eigi að hafa samráð, það sé lágmark fyrir menntmrn. Við styðjum þá brtt. og biðjum aðra þingmenn á Alþingi að íhuga í rólegheitum skynsemina í þessu máli en senda ekki frá sér frv. þar sem Alþingi fellir það að hafa eigi samráð við menntmrn. um skipulagningu menntunar í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sú samtenging starfsmenntunar í atvinnulífinu og fullorðinsfræðslu sem þessi brtt. felur í sér er þegar fyrir hendi. Ráðuneyti menntamála og félmrn. hafa með sér formlegt samstarf á sviði fræðslumála. Fulltrúi félmrn. á sæti í svonefndri samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu á vegum menntmrn. Þetta er það fyrirkomulag sem félmrn. á sínum tíma og menntmrn. þegar hv. þm. Svavar Gestsson var menntmrh. gerðu með sér samstarf um. Ég legg áherslu á að málið verði afgreitt með þessum hætti og ítreka líka að um er að ræða frv. sem er byggt á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og er liður í kjarasamningunum núna að frv. nái fram að ganga eins og meiri hluti félmn. hefur lagt til. Því legg ég eindregið til að brtt. verði felld.

Frv. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: StG.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SHl, StH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þessarar niðurstöðu, að meiri hluti Alþingis vill ekki leyfa félmrn. að hafa samráð við menntmrn. um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem er afar athyglisvert og verður vandlega fylgst með því af mér hvernig menntmrh. hefur greitt at-

kvæði í málinu, hvort hann er á móti því að félmrn. hafi samráð við hann um starfsmenntun í atvinnulífinu. Með hliðsjón af því vil ég láta það koma fram sem mína afstöðu að ég tel alveg óhjákvæmilegt til að jafnvægi ríki í þessum málum að frv. til laga um fullorðinsfræðslu verði að lögum á þessu þingi. Og ég legg á það mjög mikla áherslu fyrir mitt leyti vegna þess að það samkomulag sem hæstv. félmrh. vitnaði til áðan byggðist á jafnvægi en ekki á því að þessi eini þáttur yrði keyrður í gegnum þingið.

Annars var þetta undarleg niðurstaða í atkvæðagreiðslunni og verður fróðlegt að ræða hana við betra tækifæri.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Til að auðvelda hv. þm. Svavari Gestssyni eftirlitsstarfið ætla ég að segja frá því að ég greiddi atkvæði gegn þessari tillögu, ekki vegna þess að ég vilji ekki samstarf milli menntmrn. og félmrn. um starfsmenntun í atvinnulífinu heldur vegna þess að ég tel að það samstarf sé fyrir hendi. Þetta frv. er í nákvæmlega sama búningi og það frv. sem lagt var fram á síðasta þingi og samþykkt af páv. menntmrh. Svavari Gestssyni í páv. ríkisstjórn. Það er nákvæmlega eins.

Ég ætla hins vegar að þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir stuðninginn við það að frv. um almenna fullorðinsfræðslu verði afgreitt á þessu þingi. Ég tek undir þá ósk hans og vona að það verði gert.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. sagði að það væri liður í nýgerðum kjarasamningum að þetta frv. yrði afgreitt óbreytt án þess að í því væri skipt um kommu, orð eða setningu. Gott og vel, segjum að það sé rétt. En ég vil spyrja: Hvar var hæstv. félmrh. þegar verið var að flytja gamla fólkið frá Hátúni núna síðustu daga? Stóð hæstv. félmrh. þá upp á Alþingi og sagði að það væri brot á kjarasamningunum? Nei. Engu að síður kom formaður BSRB og lýsti því yfir að það væri brot á kjarasamningunum. Er það bara það sem snertir bírókratíska hagsmuni félmrn. sem skiptir máli þegar verið er að tala um hvað sé brot á kjarasamningum og hvað ekki? Og vextirnir sem verið er að ákveða þessa dagana eða réttara sagt ákveða að lækka ekki í Landsbankanum og einnig hefur verið lýst yfir að sé brot á kjarasamningum, að þeir lækki ekki, hvar er hæstv. félmrh. að stíga þá fram og segja að það sé brot á kjarasamningum að Landsbankinn lækki ekki vextina? Það hefur ekki heyrst. Það er greinilega bara á sumum sviðum sem á að halda kjarasamningana, þ.e. á þeim sviðum þar sem varðveita ber bírókratíska hagsmuni félmrn. (**ÖS:** Eldhúsdagurinn er ekki fyrr en á mánudaginn.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson verður að þola það hér í salnum að á því sé vakin athygli að það er eingöngu eftir mjög sérkennilegu vali sem Alþfl. kýs að standa vörð um síðustu kjarasamninga. Hann kýs ekki að standa vörð um þá þegar það snýr að gamla fólkinu. Hann kýs ekki að standa vörð um þá þegar það snýr að vaxtamálunum. En þegar kemur að bírókratíinu kýs Alþfl. að standa vörð um kjarasamningana.

Ég fagna yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um að hann muni beita sér fyrir því að frv. um fullorðinsfræðslu verði afgreitt hér á þinginu. Við munum leggja því lið og í trausti þess munum við samþykkja það frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 883).

Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga, frh. síðari umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 67. mál. — Þskj. 68, nál. 863, brtt. 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 864 samþ. með 37 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 885).

Velferð barna og unglinga, frh. síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 370. mál. — Þskj. 600, nál. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EGuðn, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónS, KSG, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, GB, GÁ GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, SHl, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 886).

Brottfall laga nr. 2/1917, frh. 2. umr.

Stjfrv., 460. mál (bann við sölu og leigu skipa úr landi). — Þskj. 718, nál. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 839, brtt. 757,2 og 767.

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Við 2. umr. um þetta frv. voru dregnar til baka annars vegar brtt. frá hv. þm. Magnúsi Jónssyni á þskj. 767 og hins vegar brtt. frá meiri hluta sjútvn. merkt tölulið 2 á þskj. 757. Báðar þessar tillögur lutu að frávikum eða undanþágum frá ákvæðum um fullvinnslu í smærri bátum er stunda línu- og handfæraveiðar. Í fjarveru formanns sjútvn. vil ég geta þess að þetta er gert á grundvelli þess skilnings meiri hluta sjútvn. að hér sé ekki verið að setja lög um það aldagamla form veiða hér við land sem er fólgið í því að fiskur veiddur á öngla á smærri bátum sé flattur eða saltaður um borð. Hins vegar er talið eðlilegt að sjútvrh. geti sett reglur um meðferð úrgangs og afskurðar um borð í þessum bátum auk þess að uppfyllt séu lög og reglugerðir um meðferð afla.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að fram komi að þessi skilningur er sömuleiðis skilningur sjútvrn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að afgreiðslan á þessu máli, sem búið var að fjalla talsvert um í sjútvn., er hálfvandræðaleg. Í raun og veru felur þessi lending, sem nú er boðið upp á af hálfu stjórnarliðsins, í sér viðurkenningu á því að það hefði þurft að vanda betur til frágangs þessa máls. Það hefði sem sagt þurft að greina betur á milli skipa eftir stærð þeirra og eðli þeirrar vinnslu sem þar fer fram. Hér er beinlínis með skilningi sjútvn., sem hv. varaformaður réttilega lýsti að væri fyrir hendi, verið að viðurkenna að það gangi ekki að setja undir sama hatt hin stærstu verksmiðjuskip sem mælast í þúsundum tonna og geta haldið sjó svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir og unnið þar afla á djúpmiðum og smábáta sem í þægindaskyni kunna að vinna að einhverju leyti fiskinn um borð samkvæmt hefðbundnum hætti. Það má út af fyrir sig segja að það sé bót í þeirri yfirlýsingu sem hér var gefin og því að það liggi fyrir að sjútvrh. sé sér meðvitaður um að að sjálfsögðu er ekki hægt að ætlast til þess að öllu leyti að sömu reglur gildi um útbúnað og aðstöðu um borð í smábátum og meðferð úrgangs sem þar fellur til og í hinum stærstu verksmiðjuskipum. Það er ekkert óalgengt að litlir dekkbátar sem stunda netaveiðar á vorin, til að mynda þar sem ég þekki til, fletji fiskinn um borð og jafnvel kæli hann í sjó í tunnum og komi með hann þannig að landi eftir 2–3 daga róðra. Samkvæmt beinum skilningi á orðalagi frv. mundi það flokkast undir fullvinnslu afla um borð með öllum tilheyrandi áhrifum. Ég tek það svo að þau skilaboð sem hv. varaformaður sjútvn., hv. 17. þm. Reykv. í einum og sama manninum, flutti um afstöðu hæstv. sjútvrh., að sjútvrh. telji sig samkvæmt texta frv. eins og það liggur nú fyrir hafa nægjanlegt svigrúm til að koma til móts við stöðu smábátanna í þessu sambandi og er það þá vel. Ég efa ekki vilja hæstv. sjútvrh. til að leysa úr þessu eftir bestu getu. En ég hlýt að harma að menn skyldu ekki, hafandi þó haft til þess þó nokkurn tíma, manna sig upp í að leggja þá vinnu í frv. sem nauðsynleg var. Ég benti strax á þegar það kom til umfjöllunar í sjútvn. að augljóslega þyrfti að fara yfir hvort ekki ætti að flokka skipin upp með tilliti til stærðar og eðlis þeirrar vinnslu sem þar færi fram og gera ráð fyrir því í lagatextanum að mögulegt væri að taka tillit til þess þegar reglur yrðu nánar útfærðar um meðferð aflans og aukaafurðanna.

Ég hef jafnframt látið þá skoðun mína koma fram að það hefði þurft að ná betur utan um þetta mál í heild sinni, alla vinnslu á sjó og þá einnig þegar um heilfrystingu eða minni vinnslu er að ræða, en hér er gert ráð fyrir skv. 1. gr. frv. Það að þetta sé annaðhvort fullvinnsla eða ekkert er auðvitað ónóg skilgreining í þessu sambandi og menn munu reka sig á það á næstu árum að þetta er mjög gallaður frágangur á málinu.

Enn fremur er það svo, hæstv. forseti, að upplýsingar sem eru að koma fram í dagsljósið nú allra síðustu daga vekja enn fleiri spurningar um það hvort menn séu með þessu frv. á nokkurn hátt að bregðast með eðlilegum hætti við þeirri þróun sem er í fullum gangi þessa dagana og varðar flutning fiskvinnslunnar á haf út. Ég hef það eftir starfsmanni Siglingamálastofnunar, sem varð á vegi mínum núna fyrir fáeinum dögum, að sjaldan ef nokkurn tíma hafi annað eins annríki verið á þeirri stofnun, á ákveðinni deild þeirrar stofnunar. Og hvað skyldi það nú vera sem gerir þá venju fremur upptekna þessar vikurnar, starfsmenn Siglingamálastofnunar? Jú, það eru óskir fjölmargra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja um að starfsmenn Siglingamálastofnunar fari og skoði verksmiðjuskip af ýmsum stærðum og gerðum og af mismunandi toga sem þessi fyrirtæki eru að velta fyrir sér kaupum á í útlöndum, þar á meðal nokkrum stórum verksmiðjuskipum sem Sovétmenn höfðu samið um smíði á í Noregi, en vegna ástandsins þar eystra varð ekki af og liggja nú óseld í Noregi. Fleiri en eitt og fleiri en tvö íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að skoða slík skip og mér er tjáð að jafnvel liggi nú þegar fyrir óformleg kauptilboð af hálfu íslenskra fyrirtækja í slík risastór verksmiðjuskip sem mundu þá bætast við þau sem þegar hafa verið keypt til landsins á þessu ári og hinu síðasta og þau 3–5 verksmiðjuskip sem nú eru í smíðum fyrir íslenska aðila erlendis. Það er þess vegna

þannig, hæstv. forseti, að þetta tækifæri er kannski síðasta tækifærið á yfirstandandi þingi sem gefst til að vekja athygli á þessari þróun, benda á hana og vara við því að þetta gangi svona til áfram, að menn renni algerlega blint í sjóinn um áhrif þessa á íslenskan sjávarútveg í heild sinni, atvinnuhagsmuni í landi og möguleika til heildarverðmætasköpunar á grundvelli þessara auðlinda án þess að reyna að a.m.k. að gera sér betur grein fyrir því hvert þessi þróun er að leiða okkur. Það er langur vegur frá því að reyna að safna upplýsingum um það og reyna að meta það hvaða áhrif þetta hefur og yfir í hitt að grípa til einhverra boða og banna í þeim efnum sem er ljótt orð og má ekki nefna a.m.k. á núverandi stjórnarheimili af því að einhver stjórnlaus vitleysa er að því er virðist betri að mati hæstv. ríkisstjórnar en reyna að stjórna hlutunum af einhverju skynsamlegu viti.

Mér er vissulega ljóst að það er vandasamt mál að taka á þessari þróun af þeirri ástæðu sérstaklega að afkomu í íslenskum sjávarútvegi í dag er svo misskipt að það er ákaflega erfitt að segja við þau fyrirtæki sem eru að reyna að bjarga sér með því að fara yfir í þessa vinnslu að þau megi ekki gera það ef til slíks yrði gripið þó svo að vísað væri til heildarhagsmuna og atvinnuhagsmuna í því sambandi. En það er nú þannig, hæstv. forseti, að fá orð eru jafnmikið í tísku og orðið offjárfesting. — Og hláturkórinn þarna í hliðarherbergi. Það er ánægjulegt að sjá hve þeir eru orðnir fyndnir þarna stjórnarliðar, hv. 17. þm. Reykv. og hæstv. heilbrrh. Ég vissi ekki að þetta væru svona gamansamir menn fyrr en núna og meira að segja hæstv. umhvrh. er farinn að reyta svoleiðis af sér brandarana að menn hlæja hér í hliðarsölum. (**Gripið fram í:** Það er laugardagur í dag.) Það hlýtur að vera vegna þess að það er laugardagur eins og hér er upplýst. En hvað um það, hæstv. forseti. Mér finnst þetta ekki að öllu leyti hlátursefni sem ég er hér að reyna að vekja athygli á og ræða lítillega um sökum þess eða e.t.v. gefast ekki fleiri tækifæri til þess á yfirstandandi þingi.

Það kann að vera svo að menn hafi ekki af þessu neinar áhyggjur og mönnum þyki það bara einhver þvermóðska og þrái að vera að reyna að taka þetta upp til umræðu. A.m.k. hefur ekki farið mikið fyrir því að t.d. hæstv. sjútvrh. hafi lýst sjónarmiðum sínum með ítarlegum og vönduðum hætti til einhverrar þróunar. Hann svaraði aðallega með því hér fyrr á þinginu í vetur að hann væri ekki hrifinn af boðum og bönnum og þar með væri málið afgreitt. En er þá hæstv. sjútvrh. ekkert banginn yfir þessari þróun? Telur hann t.d. að það sé ekkert umhugsunarefni þegar fyrirtæki sem eiga frystihús metin á mörg hundruð millj. kr. velja það vegna þess hvernig afkomuskiptingin er í íslenskum sjávarútvegi að láta þau frystihús standa tóm en kaupa í staðinn önnur frá útlöndum fyrir kannski hálfan milljarð kr. og bæta að sjálfsögðu við fjárfestinguna í íslenskum sjávarútvegi þeim hálfu eða heilu milljörðum sem felast í þessum fljótandi frystihúsum sem verið er að kaupa því fyrir eru í landinu bæði skip og frystihús til að vinna þann afla sem við megum taka úr takmörkuðum auðlindum? Þetta er það sem er að gerast í hverju sjávarútvegsfyrirtækinu á fætur öðru og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef nýjustum og var að greina hér frá áðan, m.a. eftir samtöl við starfsmenn á Siglingamálastofnun, sér ekki fyrir endann á þessari þróun enn. Og fjölmörg íslensk sjávarútvegsfyrirtæki, sem sum hver eiga frystihús vannýtt, eru að velta fyrir sér að kaupa frá útlöndum önnur frystihús fljótandi upp á hálfa og heila milljarða. Og svo eru menn að tala um offjárfestingu.

Nei, hæstv. forseti. Mér er það mikið umhugsunarefni sem þarna er að gerast og hefur verið að gerast og sannfæring mín er sú eftir að hafa athugað það nokkuð rækilega að frv. sem hér er á ferðinni gegnum Alþingi og menn í fyrstu kynntu sem að einhverju leyti sem viðbrögð við þessari þróun mun nánast engu máli skipta í því sambandi. Það mun engin sjáanleg áhrif hafa í bráð á þá þróun sem er í gangi og mér er til efs að það muni yfir höfuð ef ekkert annað kemur til breyta neinu um þennan flutning fiskvinnslunnar út á sjó. Hitt mun hins vegar fylgja frv. og það er jákvætt að menn reyna að bæta nýtingu þess afla sem um borð í verksmiðjuskipin kemur. Fyrir þá sök eina þó ekkert kæmi annað til væri ég tilbúinn til þess að styðja þetta frv. og mun gera það. En ég vil að það sé alveg ljóst að ég geri það ekki í þeirri trú að með afgreiðslu þess verði einhver tímamót, einhver straumhvörf hvað varðar þá þróun sem uppi er í íslenskum sjávarútvegi með flutningi fiskvinnslunnar á haf út.

Það eru og annmarkar á frv. sem ég hef gert grein fyrir. Ég tel að það hafi alls ekki verið lögð í það sú vinna sem æskilegt hefði verið með hliðsjón af því að hér er í raun og veru á ferðinni fyrsta tilraunin til lagasetningar af Íslands hálfu um vinnslu sjávarfangs á hafi úti. Og það má vera okkur nokkurt umhugsunarefni að það skuli vera komið það herrans ár 1992 þegar menn í fyrsta sinn eru að reyna að ná eitthvað utan um þessa hluti með lagasetningu hér á Alþingi. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það hafi fyrir löngu verið orðið tímabært, bæði með þau nýtingarsjónarmið í huga sem gerð hafa verið að umtalsefni en líka með tilliti til þess að vinnsluskipin eru að sjálfsögðu fljótandi vinnustaðir mun fleiri manna en hefðbundin veiðiskip og að hluta til verksmiðjur og frystihús á hafi úti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri því að ég mun ekki leggja stein í götu frv. og þó svo að sú vandræðalega ráðstöfun sem hér hefur verið kynnt gagnvart smábátunum sé að mínu mati fyrst og fremst viðurkenning á því að frv. er ekki nógu vel úr garði gert. Það er auðvitað alltaf leiðinlegt á hinu háa Alþingi, eins og menn segja stundum, að vera að afsaka lagasetningu með einhverjum slíkum hætti, að þetta sé að vísu gallað en þessu verði reddað með einhverjum ráðstöfunum. Þessu verði bjargað vegna þess að hæstv. sjútvrh. hafi skilning á vandamálinu og muni beita heimildum eða undanþágumöguleikum sem hann hefur samkvæmt lögunum til að bjarga þessu með smábátana. Þetta eru auðvitað ekki myndarleg vinnubrögð við lagasetningu. Það verðum við að viðurkenna, hv. alþm. En úr því að menn hafa ekki fundið

betri lausn ætla ég svo sem ekki að fara að leggja stein í götu þess að þetta frv. með þeim þó ákaflega takmörkuðu, því miður, áhrifum sem ég tel að það muni hafa á þessu sviði verði gert að lögum og mun greiða því atkvæði með vísan þó til þeirra fyrirvara sem ég hef gert grein fyrir.

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að málin séu ekki tekin nógu föstum tökum í þessu frv. Það gerir að vísu sitt gagn gagnvart þeim flota sem kominn var eða kominn er í landið og ég tel að hafi verið full ástæða til lagasetningar eins og hér er á ferðinni. Þó verð ég að taka undir það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að hér hefur ekki verið tekið nægilega föstum tökum á málunum og menn hafa ekki verið tilbúnir að ræða þau út í hörgul. Það er þannig, svo að dæmi sé tekið, að samkvæmt þessari skilgreiningu heitir það verksmiðjuskip ef einhver fer á 10 tonna bát út á sjó og fletur fisk um borð. En það heitir ekki verksmiðjuskip þó að það sé jafnvel 500, 600 eða 700 tonna skip sem er á veiðum og frystir aflann um borð. Ef hvorki er flakað eða flatt um borð í skipinu heitir það ekki verksmiðjuskip. Ég tel að þarna hefðu skilgreiningarnar átt að verða miklu skýrari og menn hefðu átt að gefa sér tíma til þess — en þó vil ég endurtaka að hér lá að vísu á að koma þessum reglum á — að skilgreina hvernig umhverfið ætti að vera um borð í þessum skipum og hvernig ætti að standa þar að vinnslu afla.

Þegar frv. var lagt fram töldu menn að stefndi í það að það yrðu 35 fullvinnsluskip á floti á árinu 1993. Það kann vel að fara svo að þeim fjölgi hraðar en menn hafa gert sér grein fyrir. Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt það til ítrekað hér í vetur, bæði í sambandi við umræðu um þetta mál og önnur mál sem við höfum verið með til umræðu að menn stöðvuðu þessa þróun í bili og gæfu sér tíma til að skoða hvort ekki væri nú hægt að bregðast við með öðrum hætti, að fiskvinnslan í landi gæti brugðist við með einhverjum hætti og eflt sig í samkeppninni við þann útveg sem þarna er á ferðinni því að þetta er mjög alvarlegt mál. Þetta er það mikið atvinnuspursmál í byggðunum allt í kringum landið. Einn skuttogari af þeirri gerð sem við erum að tala um í sambandi við þessi stóru fiskvinnsluskip getur hreinlega lagt niður sem svarar 80–100 störfum í landi og við höfum fyrir okkur dæmin.

Við höfum t.d. mjög glöggt dæmi um hvernig þessi þróun fer með atvinnulífið uppi á Akranesi. Þar voru sameinuð tvö fyrirtæki fyrir nokkru síðan, reyndar þrjú. En tvö frystihús voru þar með. Þessi frystihús áttu samanlagt fjóra togara. Nú er búið að selja tvo af þessum togurum og kaupa eitt frystiskip. Öðru frystihúsinu hefur verið lokað og það er búið að kaupa þriðja frystihúsið sem er fljótandi á hafinu. Allur kvóti tveggja togaranna sem fylgdu öðru frystihúsinu er farinn á þennan togara. Þarna unnu 80 manns eða eitthvað nálægt því og störfum hefur fækkað mjög verulega og auðvitað er vinnslan um borð í þessu nýja skipi miklu minni. Það er ekki verið að vinna með sama hætti um borð. En þessi þróun hefur orðið með þessum hætti vegna afkomunnar sem hefur verið betri í þessari útgerð en í útgerð og fiskvinnslu samanlagt.

En ég vil gjarnan við þessa umræðu vekja athygli á öðru máli sem tengist þessu og það er sú fjárfesting sem flotinn sem hér á hlut að máli þarf að fara í, þessi fullvinnslufloti. Þar er á ferðinni mjög arðsöm framkvæmd og atvinnuskapandi og ég vil enn hvetja til þess, það hef ég reyndar gert áður en ég tel fulla ástæðu til þess að gera það alls staðar þar sem það á við, að stjórnvöld beiti sér fyrir því að það átak sem þarf til að koma flotanum í það ástand sem hann þarf að vera til að geta unnið aflann um borð fari í gang og að sú vinna verði framkvæmd innan lands. Það hefur hvergi komið fram svo að ég hafi heyrt enn þá að menn séu á leiðinni með tillögur í þessu efni. Við höfum hér mjög góða skýrslu frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þar sem mál fullvinnslunnar hafa verið skoðuð og þar inn í koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar sem ég ætla, með leyfi forseta, að fara yfir með örfáum orðum. Það segir á bls. 5 í skýrslunni um vinnsluskipaflotann:

„Flest vinnsluskipin voru upphaflega hönnuð sem hefðbundin veiðiskip. Þeim hefur síðan verið breytt í vinnsluskip og oftast án stækkunar. Lítil eða engin áhersla hefur verið lögð á nýtingu fiskúrgangs um borð, sérstaklega vegna þess hve skipin eru lítil og vinnslulínan er ekki miðuð við það. Miðað við að allur úrgangur sé hirtur er ljóst að einungis minni hluti skipanna hefur rými eða burði til þess eða 13 af 35 skipum sem útlit er fyrir að verði farin að flaka fisk árið 1993. Þess má geta að stærð skipanna setur því einnig skorður að hægt sé að koma fyrir nýjum vinnsluvélum og ýmiss konar öðru hagræði sem skilar góðum arði."

Þá segir á öðrum stað í skýrslunni þar sem fjallað er um stóru togarara: „Fyrir stóru togarana kemur hagstæðast út að fullnýta allt sjávarfang með afurðaaukningu, vinnslu aukaafurða og meltuvinnslu. Meðalskip í þessum flokki þarf að fjárfesta fyrir 80 millj. sem skilar 28% innri vöxtum og 21 millj. í hagnað á ári."

Um litlu togarana segir: „Minni togara þarf að lengja til að þeir komi fullvinnslulínu fyrir. Miðað er við 10 metra lengingu. Almennt verð á slíkri lengingu er 50 millj. Þar sem um vinnsluskip er að ræða er gert ráð fyrir 10 millj. aukalega. Framleiðnitap vegna stöðvunar skipanna er einnig reiknað sem hluti stofnkostnaðar. Miðað við fullnýtingu með afurðaaukningu, aukaafurðum og meltu þarf meðalskipið að fjárfesta fyrir 164 millj. sem skilar 14,5% innri vöxtum og 7 millj. kr. hagnaði á ári."

Að lokum vil ég vitna í skýrsluna, með leyfi forseta:

„Nærtækast fyrir skipin er að auka aflaverðmætið með afurðaaukningu sem felst í aukinni vinnslunýtingu, bættum gæðum og auknum afköstum. Stækkun minni skipanna er hins vegar forsenda þess að koma megi fullvinnslulínu fyrir. Ef togbátar eru undanskildir eru heildarfjárfesting við þær breytingar 2,7 milljarðar sem skilar 315 millj. í hagnað á ári með 20,2%

innri vöxtum. Með því að nýta einnig úrganginn í aukaafurðir og meltu þar sem úrvinnslan færi fram í landi eykst hagnaður um 185 millj. á ári og innri vextir aukast um 2,2%. Heildarfjárfesting yrði þá 3,4 milljarðar og mundi borga sig upp á tæpum þremur árum. Hagnaður útgerða yrði 350 millj. Hagnaður úrvinnslu í landi 150 millj. Þessar aðgerðir mundu einnig skila 1,7 milljarða kr. aukningu í útflutningsverðmæti á ári."

Ég tel að þær upplýsingar sem hafa komið fram í þessari skýrslu og hún öll sé það athyglisvert og í því sem hér er verið að bera fram felist það miklir möguleikar til atvinnusköpunar í landinu og til að auka nýtingu þeirra afurða sem verið er að tala hér um að það eigi ekki að bíða með það að hrinda af stað því átaki sem hér er á ferðinni. Menn kunna kannski að telja ástæðu til að fá frekari staðfestingu á því sem í þessari skýrslu stendur, en ég tel að það sé hlutur sem menn eigi þá að snúa sér að strax.

Um frv. ætla ég að segja að lokum að ég mun styðja það. Ég styð það fyrst og fremst sem lausn á þeim málum sem snúa a þeim flota sem við erum búnir að kaupa, en ég tel að stjórnvöld séu að bregðast skyldu sinni með því að láta þróunina halda áfram stjórnlaust eins og hún er núna. Ég tel að það eigi til bráðabirgða að stöðva innflutning á nýjum verksmiðjuskipum. Og satt að segja finnst mér það undarlegt eftir að hafa heyrt heitingar hæstv. ráðherra hér á þinginu í vetur, bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh., þegar þeir voru að koma á nýjum reglum í Fiskveiðasjóði til þess að styðja við bakið á innlendri skipasmíði og öðrum þræði til að hægja á þeirri þróun sem hér er í gangi, að þeir skuli ekki ætla að bregðast neitt við þegar kemur í ljós að það hefur engin áhrif, það hefur engin áhrif á þá þróun sem við erum að ræða hér. Menn geta fengið lánin erlendis og fyrir það er alveg galopið. Það er opið fyrir allar gáttir í því eins og hæstv. sjútvrh. sagði um daginn. Mig langar að spyrja hann í þessu tilefni: Hefur hann ekki hugsað sér að hægja á þróuninni með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir?

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek vissulega undir með þeim tveim síðustu ræðumönnum sem hér hafa talað varðandi nauðsyn þess að aðgát skuli höfð í sambandi við þá þróun sem nú hefur orðið í sambandi við þau skip sem hafa sótt á miðin í enn ríkari mæli en áður hefur verið varðandi fullvinnslu aflans um borð. En mér þykir þó eðlilegt og rétt að minna á það, sem ekki hefur komið fram í orðum þeirra hv. þm. sem hér töluðu áðan, að það er vissulega tímabært að þetta frv. komi fram frá núv. sjútvrh. Við skulum ekki gleyma því að þessi þróun hefur átt sér stað í mjög ríkum mæli í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og í tíð fyrrv. sjútvrh. svo lengi sem hann sat við stjórnvölinn á þeim tíma.

Auðvitað er það alvarlegt mál þegar atvinnuþróun ýmissa staða úti á landi er með þeim hætti sem nú ber raun vitni um og vitnað var um áðan t.d. með Akranes. Og á fleiri stöðum er jafnilla komið og á þessum títtnefnda kaupstað úti á landi. Auðvitað bundu allir miklar vonir þegar skuttogaratíðin hófst hér upp úr 1974 við að nú væri atvinnuöryggi tryggt og menn fóru út í miklar fjárfestingar í frystihúsum í framhaldi af komu frystitogaranna til að geta mætt auknum afla. En hagræðingin á mörgum stöðum úti á landi varð ekki í þá átt sem eðlilegt hefði verið og það að setja upp vaktakerfi í stað þess að efla tvö frystihús sem ekki gátu borið sig vegna þess að hráefnið var ekki nóg. Það dugði fyrir eitt frystihús sem á staðnum var, en ekki að halda tveimur uppi eða jafnvel að byggja annað upp eins og mörg dæmi eru til um.

Það er auðvitað umhugsunarefni líka fyrir þá sem standa í útgerð og jafnvel vinnslu hvort ekki sé eðlilegra og sjálfsagðara að eiga flökunarvél sem gengur 23 klukkustundir á sólarhring eða vera með flökunarvél sambærilega í landi sem gengur 8 klukkustundir 5 daga vikunnar og jafnvel ekki nema í 2–3 daga. Það er ósköp eðlilegt að menn leiti til þess að nýta það fjármagn og hugsa þá auðvitað um arðsemi þess sem þeir leggja til. Hins vegar er það áhyggjuefni fyrir þá sem standa nú í forsvari fyrir sjómannastéttina. Það liggur ljóst fyrir að 26 manna áhöfn á frystitogara afkastar á við 70 manna frystihús og álagið á þessa menn er geysilega mikið.

Ég held að vinnslan í landi eigi nokkurn þátt í því hvernig komið er og hversu mjög er nú sótt í það að efla sjófrystingu. Það kann kannski að leynast m.a. í því að ekki skyldi hafa fyrr verið tekið upp vaktavinnukerfi í landi til að frysta það hráefni sem að landi berst með skjótari hætti en raun ber vitni um og frysta það ferskara en gert er. Við skulum ekki gleyma því að frysting á fiski er ekkert annað en geymsluaðferð. Og hvað markaðurinn kallar til og hvað hann vill í þessu sambandi — ja, því verðum við bara að fylgja hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Markaðnum líkar betur við þann afla sem kemur sjófrystur að landi en þá vinnsluaðferð sem við er höfð varðandi frystinguna í landi.

Það er alveg augljóst, því miður, að með þeirri þróun sem nú hefur orðið hefur atvinnutækifærum víða um land fækkað. En til hvaða ráða hafa menn gripið hér? Það hefur helst mátt heyra á hv. þm. að eina lausnin til þess að efla atvinnu í hinum dreifðu byggðum landsins væri að flytja ríkisfyrirtæki út á land. Það mundi bjarga öllu. Ég verð nú að segja það að mér finnst slíkur málflutningur mjög takmarkaður og menn hafa takmarkaða yfirsýn. Eðlilega eiga menn að horfa til annarra átta og horfa fram til alvöruatvinnuuppbyggingar en ekki þetta miðjumoð að vera að flytja ríkisfyrirtæki frá einum stað til annars því að það leysir engan vanda.

Ég tel að þetta frv. hafi vissulega verið á réttum tíma fram komið og því ber auðvitað að fagna að reynt sé að halda í við þessi mál eins og frekast er unnt. Og eins og ég sagði áðan og minni á hefði nú verið kannski full ástæða til þess af fyrrv. sjútvrh. að grípa miklu fyrr inn í þessi mál en hann gerði. Hann lét það ógert. Og í allri hagræðingunni og umræðunni um það, um kvótann og hagræðingunni sem af honum mundi leiða, þá gerðist það í tíð fyrrv. sjútvrh. að skipastóll-

inn óx bæði að brúttórúmlestatali og vélarhestaflatali líka. Það er kapítuli út af fyrir sig í þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir varðandi auðlindir hafsins. Og annað líka sem ekkert hefur verið gert í og auðvitað er mál sem nú hefur komið upp á og sjútvrh. hefur bent á. Það er nauðsyn þess auðvitað að sækja frekar í vannýtta stofna og auka rannsóknir á því sviði enn frekar því að þar er ábyggilega fengur í sjó sem ekki hefur verið gætt nógu vel að og hugsað nógu vel um að sækja.

Ég segi eins og þeir tveir sem hafa talað á undan mér að vissulega hefði verið ástæða til að fjalla enn frekar um frv. og fara frekari orðum um það, en ég tel að svo mikil nauðsyn sé á að þetta nái fram að ganga að það sé ekki ástæða til að fjölyrða um það frekar. Það er nauðsyn á að það nái í gegn hið fyrsta og þess vegna lýsi ég yfir fullum stuðningi mínum við frv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að bæta aðeins við þá umræðu sem hér hefur nú hafist og m.a. vegna orða síðasta hv. ræðumanns, 16. þm. Reykv. Sömuleiðis lýsi ég eftir því að hæstv. sjútvrh. heiðri okkur með því að láta svo lítið að taka þátt í þessari umræðu. Ég tel að eftir að búið er að lýsa í fleiri en einni og fleiri en tveimur ræðum eftir viðhorfum hæstv. sjútvrh. og mati hans á þessari þróun, þá sé það harla vandræðalegt fyrir hæstv. sjútvrh. að treysta sér ekki til að blanda sér eitthvað í þetta og lýsa a.m.k. sínum viðhorfum til þeirra hluta sem nú eru að gerast.

Ég er sannfærður um að frysting afurða á sjó mun þróast og á að þróast sem hluti af uppbyggingu í okkar framtíðarsjávarútvegi. Það er í sjálfu sér enginn vafi í mínum huga hvað það snertir og slíkt á fullan rétt á sér og er mjög líklegt að það verði okkar markaðshagsmunum hagstætt að vinna að einhverju leyti tilteknar tegundir með þeim hætti. Ég held t.d. að sú dreifing vinnslu sem hefur verið að þróast innan rækjuiðnaðarins, þar sem stærsta og verðmætasta rækjan er í frystiskipunum fryst beint í pakkningar á sjó en afgangurinn gróffrystur til frekari vinnslu í landi, sé að mörgu leyti hagstæð og skynsamleg. En ég er jafnsannfærður um að það er stórkostlega háskalegt að vinnsla á bolfiski eða frysting á bolfiski úti á sjó, sem hefur verið uppistaða fullvinnslu íslenskra sjávarafurða og vinnusköpunar í landi á því sviði, flytjist með algerlega handahófskenndum og stjórnlausum hætti út á sjó í mjög miklum mæli hafandi í för með sér gríðarlega viðbótarfjárfestingu í íslenskum sjávarútvegi sem fyrir skuldar 100 milljarða íslenskra króna. Ég set mikið spurningarmerki við þá þróun. Það er alveg ljóst að það er verið að afskrifa á móti þá fjárfestingu í flestum tilvikum sem stendur ónotuð í landi. Mér er ekki kunnugt um að þau seljist á bókfærðu verði, frystihúsin sem tæmast samhliða því að nýir frystitogarar koma inn í landið. Ég hef ekki orðið var við það. Ætli það sé ekki frekar þannig að það megi nokkurn veginn afskrifa þau verðmæti sem þar hafa þó verið. Ég held að þarna verði menn að þora að spyrja spurninga, skoða málið og greina á milli þess að annars vegar geti þróun átt sér stað og átt rétt á sér þar sem þessir möguleikar eru nýttir með skynsamlegum hætti sem hluti af framþróun í okkar sjávarútvegi og hins vegar að það verði kollsteypa í íslenskum sjávarútvegi þannig að á fáeinum missirum eða árum færist stór hluti allrar bolfisksvinnslu sem áður hefur farið fram í landi út á sjó.

Ég verð að setja miklar athugasemdir fram við það sem hv. 16. þm. Reykv. sagði hér að hluta til um orsök þessa varðandi lélega frammistöðu vinnslunnar í landi. Ég held að þar hafi ýmislegt verið fullyrt sem vanti rökstuðning fyrir. Ég er t.d. ekki viss um að í þeirri umræðu sem nú hefur hafist um vaktavinnukerfi í fiskvinnslu í landi sé að leita aðalskýringanna á því að afkoma frystitogaranna sé betri en vinnslunnar í landi, það sé vegna þess að einhverjar flökunarvélar gangi allan sólarhringinn þar en ekki í landi. (**Gripið fram í:** En gæðin?) Eða þá það séu eingöngu gæðin. Ég set miklar spurningar við þetta og skal fara aðeins yfir það hvers vegna.

Fyrir það fyrsta er það nú þannig að launahlutfall í fiskvinnslunni í landi hefur verið lækkandi á undanförnum árum þannig að það er ekki að drepa íslensku fiskvinnsluna í landi að það fari svo mikið í launakostnað í hlutfalli við stofnkostnað í tækjum og búnaði. Það er ekki svo. Það er fyrst og fremst hækkandi hráefnisverð sem er að koma fram í verri afkomu vinnslunnar í dag. Ég bendi líka á það hvers eðlis þessi vinnsla er og hvernig hún er sett í landinu. Hún er í mjög mörgum tilvikum þannig sett að flestallt starfandi fólk í viðkomandi byggðarlögum vinnur í fiskvinnslu og það eru takmörk fyrir því hvað er hægt að lengja vinnutímann hjá því. Það er mjög víða þannig í frystihúsunum við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið að það þarf að flytja inn jafnvel erlent vinnuafl stóran hluta ársins til þess að hægt sé að manna þessi hús og það vinnuafl sem næst í og er til staðar er eins hart keyrt og nokkur kostur er. Ég veit ekki hvaðan það fólk ætti að koma sem ætti að manna hinar vaktirnar. Og auk þess er það auðvitað spurning sem menn verða þá að svara: Ætla menn að breyta fiskvinnslunni á Íslandi yfir í vaktavinnustörf og ákveða að færa þessa verksmiðjuvinnu eða þennan iðnað umfram önnur slík störf í landinu yfir í vaktavinnu? Ja, ég spyr þá: Eru þá ekki ýmsar aðrar greinar sem er fullkomlega jafnmikil ástæða til að breyta yfir í vaktavinnu og láta þjóðina fara að vinna á vöktum með þeim breytingum sem það hefur á okkar samfélag? Menn hafa sætt sig við það og orðið að byggja upp þjónustu á vissum sviðum sem er þannig úr garði gerð að hún þarf að taka yfir allan sólarhringinn að byggja hana upp með vaktavinnustörfum eða næturvinnu. En ég hefði nú talið að það væri hlutur sem menn gerðu ekki að gamni sínu eða án þess að hugsa sig um að breyta undirstöðuatvinnugrein þjóðarinar yfir í vaktavinnuiðnað nema þeir standi frammi fyrir því að annars sé ekki kostur og það er þá spurning sem ég tel að þurfi að rökstyðja betur svörin við en gert hefur verið hingað til.

Ég held að þau fiskvinnslufyrirtæki sem standa best að sínum rekstri í dag og hafa besta aðstöðu og sýna án þess að þar sé unnið á vöktum ágætisafkomu og

mikla nýtingu á sínu húsnæði og sínum mannafla færi okkur enn heim sannir um það að það er ekkert sem kemur í veg fyrir það í sjálfu sér, það er ekkert náttúrulögmál að ekki sé hægt að reka vel íslenskt fiskvinnslufyrirtæki enn þann dag í dag án þess að þar sé unnin vaktavinna. Staðan hefur hins vegar þróast þannig á undanförnum árum m.a. vegna aflasamdráttar að það hefur orðið æ erfiða fyrir fyrirtækin að nýta til fulls sína afkastagetu og þau standa víða hálftóm. Þetta vitum við og það er þá enn síður að menn geti leyst afkomuvanda sinn með því að fara yfir í vaktavinnu þegar svo er komið að þeir geta ekki einu sinni nýtt hús sín allan daginn virku dagana miðað við venjulegan vinnutíma, þurfa að fella niður vinnu af og til vegna hráefnisskorts eða af öðrum ástæðum.

Varðandi þá fullyrðingu hv. þm. að 25 sjómenn á frystitogara afköstuðu til jafns við 70 manna frystihús, þá er nú ýmsum spurningum ósvarað sömuleiðis því efni. Ég held að við verðum þá að fara út í miklu víðtækari samanburð á því sem gerist við þessar ólíku aðstæður í vinnslu en bara að leggja saman einhver brúttótonn. Ætli það sé ekki nauðsynlegt að fara aðeins ofan það hvers konar vinnsla fer þarna fram, hvaða nýting á hráefninu á sér stað í þessum tveimur verksmiðjum og hver verða heildarverðmætin sem út úr ráðstöfun þessa afla koma þegar það væri allt saman skoðað? Og ég verð líka að benda á að það sem menn eru nú að tala um í dag í íslenskum sjávarútvegi og kannski er eitt af því fáa ef maður heimsækir frystihús núna á þessum mánuðum sem hægt er að gleðja sig við á nokkrum stöðum á landinu er aukin fiskvinnsla í nokkrum frystihúsum í neytendapakkningar. Er það að gerast úti á sjó? Nei, aldeilis ekki. Það er þvert á móti í þeim frystihúsum í landi sem hafa sæmilega jafnt og stöðugt hráefnisaðstreymi og hafa haft aðstöðu eða kjark til þess að fara út í að setja upp fullvinnslulínur þar sem viðbótarverðmætasköpun er að eiga sér stað. Þannig er það t.d. í mínu kjördæmi að í einum 3–4 frystihúsum er einmitt þessi þróun eitt af því fáa virkilega gleðilega sem manni hefur gefist kostur á að skoða á undanförnum mánuðum. Ég nefni sem dæmi frystihúsin á Dalvík, í Hrísey og á Húsavík. Þar fer núna fram á öllum þessum stöðum og reyndar víðar fullvinnsla, frekari vinnsla á fiski í smáar neytendapakkningar þar sem kílóverðið er jafnvel komið upp í 600–800 kr. og er auðvitað miklu meiri heildarverðmætasköpun miðað við hráefnismagn í upphafi en á sér stað í nokkrum frystitogara, auk þess sem nýting þess hráefnis sem unnin er er miklu betri. Og til þess að þetta sé unnt þarf auðvitað í fyrsta lagi fólk og það þarf í öðru lagi húsnæði og aðstöðu sem tæplega er kostur á að koma fyrir í a.m.k. þeim litlu verksmiðjuskipum sem við höfum yfir að ráða enn þann dag í dag.

Það væri auðvitað hægt að hugsa sér ef menn vilja stíga skrefið til fulls og flytja alla þessa vinnslu á haf út að við ættum að snúa dæminu við og láta byggja hér 3 þús. tonna verksmiðjuskip svo að nokkrum tugum skipti en ekki þessi tiltölulega litlu skip þar sem mönnum og vélum er pakkað saman eins og síld í tunnu til þess að unnt sé að koma fyrir þessari vinnslu. Og ætli við þurfum þá ekki að þora líka og hafa kjark til þess að ræða það hvað er gert, hvernig er nýtingin á t.d. stærsta fiskinum og minnsta fiskinum um borð í íslensku verksmiðjuskipunum? Hefur hv. 16. þm. Reykv. farið rækilega ofan í það? Ef hann heimsækir frystihús sem eru skynsamlega rekin eins og t.d. á Fáskrúðsfirði eru þar tveir menn til hliðar við flatningsvélarnar eða flökunarvélarnar. Hvað gera þeir? Þeir handflaka stærsta fiskinn. Hvers vegna? Vegna þess að vélarnar tvær eru stilltar inn á miðlungsstærð á fiski og þetta frystihús er ekki með það hráefnisstreymi að það borgi sig að setja upp fleiri vélar stilltar inn á fleiri mismunandi fiskstærðir. Hefur hv. 16. þm. Reykv. orðið var við það að tveir af þessum 25 sjómönnum um borð í verksmiðjutogurunum stæðu við það að handflaka stærsta fiskinn? (**GHall:** Persónulega.) Ja, það er gott að hv. þm. getur fullyrt það, en ég hef stundum spurt mig að því hvað verður um hann. Hvað verður um hann? Eða minnsta fiskinn? Ef menn heimsækja Útgerðarfélag Akureyringa, þá er það þannig að þar standa fimm flökunarvélar hlið við hlið stilltar inn á mismunandi stóran fisk. Fiskurinn er flokkaður og kemur inn á þá vél sem hentar best og er stillt inn á hans stærð. Og hvað heldur hv. 16. þm. Reykv. að þetta þýði í betri nýtingu borið sama við það að vera algerlega bundinn af því bæði vegna pláss og aðstæðna að nota eina flökunarvél?

Það er ýmislegt af þessu tagi sem mér hefur virst að mætti lítið ræða um og þeir sem hafa reynt að hamla þar eitthvað á móti og vilja fá upp umræður um þetta hafa ekki fengið miklar þakkir fyrir. Þá er sagt að menn séu að bera heiðarlegar stéttir manna, sjómenn og útvegsmenn, þungum sökum og röngum og auðvitað vill enginn verða til þess, en það er samt hart að geta ekki rætt hlutina eins og þeir virðast blasa við manni. Með þessu er ég ekki að segja að þessi vinnsla eigi ekki rétt á sér þar sem hún er augljóslega hagkvæm í einhverjum mæli sem hluti af okkar fiskvinnslu. Það held ég að hún geti vissulega átt. En ég hef stórfelldar efasemdir um það sem er að gerast eða væri að gerast í íslenskum sjávarútvegi ef þessi hraða þróun stjórnlausa og handahófskennda heldur áfram. Það er alveg augljóst t.d. að sum verksmiðjuskipin sem frysta þær tegundir þar sem afkoman er lökust aftur á vinnslu í landi skila miklum viðbótarverðmætum inn í okkar þjóðarbú. Það er t.d. ljóst að frystingin á karfa og heilfrystingin á grálúðu gerir mikil verðmæti úr þeim fiski sem ekki er a.m.k. við núverandi aðstæður unnt að skapa með öðrum hætti. En þetta á ekki við t.d. nema í takmörkuðum mæli um bolfiskinn, um þorskinn. Þar held ég að sé nauðsynlegt að skoða dæmin mikið betur.

Varðandi möguleikana á því að vinnslan í landi geti með hagræðingu og breyttum aðferðum styrkt sína samkeppnisstöðu, þá held ég að þeir möguleikar séu miklir. Og ég bið menn að taka ekki orð mín svo sem það sé ekki þörf á ýmsum breytingum í okkar hefðbundnu t.d. frystingu í landi. Ég tel svo sé og hafi reyndar alllengi verið. Ég tel t.d. að þessir löngu út-

haldstúrar ísfiskstogaranna séu orðnir tímaskekkja. Ég tel að það ætti að reyna að stefna að því að engir túrar yrðu lengri en 6–7 dagar á ísfiskskipum þannig að hráefnið gæti með nokkrum rétti enn þá talist 1. flokks hráefni, a.m.k. þegar að kemur að landi, það sem elst er orðið. En túrar sem orðnir eru 10–12 dagar fela það ósköp einfaldlega í sér, það leiðir af sjálfu, að hluti af hráefninu er kominn fram yfir þann aldur. Og hvað þann hluta hráefnisins snertir er augljóst mál að vinnslan í landi getur ekki boðið upp á sömu gæði, sérstaklega ekki litlu frystihúsin þar sem afköstin eru það lítil að það tekur síðan viku í viðbót að vinna aflann úr einum togara eða hátt í það. Útgerðarfélag Akureyringa vinnur hvern togara þar á 1–2 sólarhringum og þannig eldist fiskurinn lítið eftir að hann kemur í land vegna þess að afköstin úti í húsi eru svo mikil. Því sama er ekki til að dreifa hjá minni húsunum nema menn nái að gera meiri alvöru úr umræðum sem orðið hafa um virka aflamiðlun milli húsanna á ströndinni. Með slíkum aðgerðum væri að einhverju leyti hægt að koma til móts við þetta vandamál, en vænlegasta leiðin að mínu mati væri sú að stytta úthaldsdaga togaranna og láta aflann berast jafnar og tíðar að landi. En gerist það með stærri skipum? Svarið er nei. Þvert á móti, ef við ætluðum að veðja á það sem framtíðarlausn fyrir hefðbundna íslenska fiskvinnslu eða frystingu í landi, þyrftum við ef eitthvað væri frekar að *halla okkur að minni eða miðlungsstórum skipum og* hafa þau fleiri en færri þannig að þau gætu borið aflann tíðar að landi. Ég held þess vegna að það sé svo geysilega mörgum spurningum ósvarað í sambandi við þessa þróun, ef menn vilja fara út í umræður um þetta á annað borð, að það þurfi að varast mjög allar alhæfingar.

Nú er hæstv. sjútvrh. að sjálfsögðu flúinn úr salnum, herra forseti, hefur ekki einu sinni manndóm í sér til að sitja undir þessari umræðu, og ég átel það harðlega að hæstv. sjútvrh. skuli ekki geta sýnt sjávarútveginum og okkur alþm. sem erum að ræða hann þá lágmarksvirðingu að tolla inni í þingsalnum. Ég bið hæstv. forseta að láta þingverði athuga hvar hæstv. sjútvrh. er í heiminum staddur því ég hefði talið fullkomna ástæðu til þess að hæstv. sjútvrh. bryti nú odd af oflæti sínu og ræddi hérna einu sinni, svo sem einu sinni í viðbót á þessu þingi, um sjávarútvegsmál. Eða er það ekki svo að hann sé enn þá sjútvrh.? Maður hefur heyrt eitthvað um áform um hrókeringar í ríkisstjórninni og kannski er hæstv. sjútvrh. þegar á útleið og fjarvera hans hér í umræðum um sjávarútvegsmál til marks um það að hann hafi ekki mikinn áhuga á þeim lengur.

Hér hefur sem sagt hafist, og því fagna ég, nokkur umræða um ákveðin grundvallaratriði varðandi þróun íslensks sjávarútvegs sem skortir sárlega umræður um, hafa verið allt of mikil feimnismál og mikill aumingjadómur í mönnum að þora að ræða þessa hluti því að þetta eru stórmál fyrir íslensk byggðamál, fyrir íslenskan sjávarútveg og fyrir verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Þetta er líka stórmál vegna þess að þetta tengist spurningunum um eðli þess þjóðfélags sem við búum í. Þetta tengist spurningum um vinnuaðstæður sjómanna og landverkafólks og ég er alveg viss um að við hv. 16. þm. Reykv. gætum orðið sammála um margt sem þarf að hyggja að, t.d. varðandi vinnuálag á sjómenn og þær aðstæður sem beint og óbeint er verið að þvinga þá undir með þessum mikla flutningi vinnunnar út á haf.

Hafið er erfiður vinnustaður. Þar er ekki pallslétt steypt gólf á þurru landi að vinna hvorki undir eða ofan á dekki í vondum veðrum á hafi úti og það þarf enginn að segja mér að það sé að öllu leyti eftirsóknarvert hlutskipti að vinna við vélar í litlu verksmiðjuskipi á hafi úti kannski 25 daga í einni lotu í miklum þrengslum og undir miklu álagi. Þó svo að mönnum hætti til þess að stimpla alla þessa hluti jákvæða vegna þess að þetta hefur gefið góðan pening, bæði fyrirtækjunum og sjómönnunum á undanförnum árum af tilteknum ástæðum sem er ekkert gefið að haldist til frambúðar, þá skulu menn fara varlega í þeim efnum. Og hvað með það ef afkoman versnar á verksmiðjuskipunum, ef það fer nú bara þannig, annaðhvort vegna offramboðs á frystum sjávarfurðum eða af öðrum ástæðum, að verðið lækkar og verður ekkert skárra en í hefðbundinni frystingu í landi eða annarri vinnslu en við Íslendingar sitjum uppi með 50 verksmiðjuskip og mörg hundruð manns úti á sjó sem hefðu getað unnið í landi ella? Hvað með það? Ætla menn þá að hrópa *húrra hér á næstu árum, að það verði búið vegna* þessarar stjórnlausu þróunar sem hefur ekki legið til grundvallar nein framtíðarstefnumörkun eða vandaðir útreikningar um eða spár um að þetta væri það sem koma skyldi um langa framtíð, ætla menn þá að klappa fyrir því? Ég er ekki viss um það. Menn skulu ekki gleyma því að frysting á fiski úti á sjó er ekkert ný og hefur verið við lýði um áratuga skeið. Samt hefur hún ekki útrýmt hefðbundinni fiskvinnslu. Vita menn það að stóru togarar Útgerðarfélags Akureyringa voru frystiskip í Færeyjum áður en þeir voru keyptir þaðan fyrir nær 20 árum þannig að við höfum ekkert verið að finna upp hjólið í þessum á allra síðustu árum. Sjófrysting á afurðum hefur um áratuga skeið keppt við aðra vinnslu, víða að úr heiminum þannig að við skulum ekki gefa okkur að við séum hér að stíga í gegnum einhverjar breiðar dyr inn í nýja öld og það sé alveg sjálfgefið að í þessu felist framtíðin. Vinnslan í landi kann vel og á vonandi eftir að finna þá mótleiki sem duga henni til að halda velli og gera meiri verðmæti eins og hún hefur yfirleitt gert úr sinni vöru en grófari vinnsla á hafi úti með minni mannskap og erfiðari tæknilegum aðstæðum. Ég er alveg sannfærður um að framtíðin mun ekki felast í litlum verksmiðjuskipum sem hafa ekki aðstæður eða bolmagn til að keppa með sama hætti við verðmætasköpunarmöguleikana og vinnsla í landi sem hefur greiðari aðgang að vinnuafli, getur haft meira pláss og útbúið sig með ýmsum hætti öðruvísi til að fullvinna vöruna en lítil skip úti á sjó. Ef það verður einhver umtalsverð sjóvinnsla sem mun standast samkeppnina í framtíðinni er það mitt mat að hún verði um borð í stórum verksmiðjuskipum, virkilega stórum og öflugum skipum þar

sem menn geta útbúið sig þannig að þeir verði að öllu leyti samkeppnisfærir. Og þessu held ég að menn þurfi að huga að líka.

Síðan mega menn ekki þegar á bjátar eins og gert hefur á undanförnum 2–3 missirum í íslenskum sjávarútvegi, frá síðari helmingi sl. árs, tala eins og ekkert hafi gerst og eins og engin þróun hafi þar orðið. Það hefur orðið heilmikil þróun í fiskvinnslu. Ég veit ekki hvað frystihúsum hefur fækkað mikið, en þau skipta tugum sem hafa verið lögð niður núna á allra síðustu árum og í fjölmörgum stöðum er nú eftir eitt frystihús þar sem áður voru tvö eða þrjú. Það er að nokkru leyti eðlileg og óhjákvæmileg afleiðing af minna hráefni, en það er líka afleiðing af því að það hefur átt sér stað víða heilmikil uppstokkun í rekstri í þessari grein. Við erum kannski ekki að öllu leyti enn þá farin að sjá uppskeruna af þeim breytingum. Hún getur verið að koma og hefur kannski látið á sér standa eða ekki birst mönnum í batnandi afkomu ósköp einfaldlega vegna þess að ytri sem innri skilyrði sjávarútvegsins hafa versnað á síðustu tveimur missirum sérstaklega og þar af leiðandi hafa fyrirtækin ekki haft aðstöðu til að sýna betri afkomu í framhaldi af slíkri uppstokkun.

Ég hef nú ekki oft lagt leið mína í þennan ræðustól í þeim tilgangi að verja sérstaklega hæstv. fyrrv. sjútvrh., enda er hann alveg maður til þess að standa fyrir sínu máli sjálfur. Ég hef oft og tíðum verið ekkert síður í hópi gagnrýnenda hans en meðmælenda, en ég ætla þó að leyfa mér að segja það að mér fannst ekki að öllu leyti sanngjarnt að draga hann til saka fyrir þá þróun sem er að eiga sér stað í þessum efnum núna. Ef við horfum á það hvernig hraðinn hefur verið í þessum breytingum var hann miklu minni og fjölgun frystiskipanna var tiltölulega hæg lengst af þeim tíma sem hv. 1. þm. Austurl. var sjútvrh. borið saman við þá — ja, ég hlýt að kalla þá holskeflu sem er í gangi núna. Það er búið að kaupa inn í landið eða er verið að kaupa inn í landið tvö eða þrjú stór frystiskip frá Færeyjum, það eru þrír stórir frystitogarar í smíðum í Noregi, það er verið að breyta í íslenskum skipasmíðastöðvum nýsmíðuðum, litlum skipum yfir í verksmiðjuskip og breytingar eru í gangi í nokkrum tilvikum í eldri skipum. Skip eru nýfarin á veiðar sem verksmiðjuskip sem breytt hefur verið á undanförnum árum, hægt og hljótt liggur mér við að segja eins og sagði í gömlum danslagatexta, yfir í verksmiðjuskip og enginn hefur orðið mikið var við. Síðan eru í viðbót við þetta allt saman, eins og ég upplýsti hér áðan, allmörg fyrirtæki í landinu með athuganir í gangi um að kaupa inn í landið stór verksmiðjuskip erlendis frá og sendinefndir fyrirtækja hafa verið að ferðast um Noreg og fleiri lönd til að skoða slík skip og í nokkrum tilvikum gert í þau bráðabirgðakauptilboð. Mér er sjálfsagt ekki kunnugt um öll þau tilvik sem þar eru á ferðinni en ég veit nóg til þess að geta fullyrt að þau eru nokkur þannig að við erum kannski að tala um á hálfu til einu ári eitthvað á milli 10 og 15 verksmiðjuskip sem eru að bætast í íslenska flotann þegar allt er talið. Alla vega ein 10. Það er þó nokkuð. Og ég held að þó svo það eigi ekkert að hlífa hæstv. fyrrv. sjútvrh., núv. hv. 1. þm. Austurl., við gagnrýni í þessum efnum frekar en öðrum mönnum, þá megi hann þó njóta þess sannmælis þegar gagnrýnt er að hann skyldi ekki fyrir löngu grípa betur í taumana, sem ég hef reyndar oft gert, að hraði þessara breytinga var miklu minni lengst af þann tíma sem hann var sjútvrh. og frystiskip voru að tínast inn í landið eitt og eitt. Það var kannski nær lagi að menn á þeim tíma litu á þetta sem einhvern eðlilegan hluta af framþróun og uppbyggingu í íslenskum sjávarútvegi, en vöknuðu þó mjög snemma auðvitað efasemdir ýmissa um þetta.

Herra forseti. Það er sjálfsagt ekki ástæða til þess yfir nánast tómum sal að vera að gera úr þessu lengri ræðuhöld af minni hálfu og hefur e.t.v. lítið upp á sig, enda virðast nú bæði fjölmiðlar og ýmsir, því miður, hv. alþm. hafa á flestu öðru meiri áhuga en umræðum um undirstöðu- og grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar. Það er ekki mikið í tísku að vera að ræða það sem er að gerast þar eins og við vitum, t.d. ég og hv. 3. þm. Austurl. af öðru tilefni. Þá verður maður oft harla dapur í sinni þegar maður horfir framan í þá staðreynd að þingsalirnir nánast tæmast þegar eitthvað af þessu tagi, eins og grundvallarumræða um þróun í íslenskum sjávarútvegi, er á dagskrá og ekki tollir nokkur einasti maður af hæstv. ríkisstjórn inni í salnum stundinni lengur þó alveg sérstaklega sé lýst eftir því að þeir láti nú sjá sig, þeir höfðingjar og snillingar. En það er nú ekki. Það er eitthvað annað sem þeim finnst mikilvægara þessa dagana.

En um þetta frv. að lokum að öðru leyti, hæstv. forseti, hef ég svo sem engu við að bæta. Ég ætla að styðja þennan bleðil þó aumur sé vegna þess að það litla sem hann mun hafa í för með sér ef eitthvað verður er þó heldur til góðs en ills og það er ekki svo margt sem okkur býðst upp á þessa dagana, hv. alþm., að rétta upp höndina með sem heldur horfir til heilla en hitt í íslenskum sjávarútvegi þó í litlu sé að maður lætur ekki slíkt tækifæri ónotað.

Björn Ingi Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram hin ágætasta umræða um fjöregg íslensku þjóðarinnar sem liggur í sjávarútveginum og það sem þar er gert og vel gert. Þeir hv. þm. sem hér hafa tekið til máls eiga sérstakar þakkir skildar fyrir þessa umræðu því að hér hafa komið fram og verið tekið á mörgum athyglisverðum atriðum. Þessi umræða byrjaði í tengslum við sjófrystingu og áhyggjur manna vegna aukningar hennar. Við þekkjum öll hvaða áhrif þetta hefur haft á vinnsluna í landi samfara því að á svipuðum tíma hefur orðið veruleg aukning á útflutningi á heilum fiski sem hefur farið í vinnslu erlendis. Þessi þróun á í sjálfu sér sínar skýringar. Þetta hefur verið hagkvæmt fyrir þá aðila sem í þessu hafa staðið. Sjófrystingin hefur gefið töluvert hærra verð en landfrystingin, allt að 10–20%, og það hefur verið borgað gott verð fyrir heilan, óunninn fisk erlendis.

Eitt finnst mér að hafi vantað inn í þessa umræðu. Það eru atriði sem snúa beint að vinnslunni í landi og

hennar möguleikum til þess að standast þessa samkeppni og það hefur ekki komið fram neitt sérstakt í þá veru. En ég held að þar megi benda á eitt atriði sem er kannski nær en við sjáum í fljótu bragði. Er ég þar að tala til EES-samningsins og þeirra möguleika sem þar liggja.

Það hefur verið þannig fram að þessu að tollar EB á heilum óunnum fiski hafa verið 3,7%, en tollur á ferskum flökum hefur verið 18%. En það liggur fyrir og er vitað að verð á ferskum flökum er langtum, langtum hærra en verð á frystum flökum hvort sem við erum að tala um sjófryst flök eða landfryst flök, allt að 30–40% hærra á ferskum flökum í Bretlandi en sjófrystum flökum.

Fram undan eru möguleikar fyrir okkur að komast inn á þennan ferskfiskamarkað tollalaust og komast í þetta háa verð og geta þannig keppt við þann heila, óunna fisk sem hefur farið á þessi svæði.

Þá hefur verið horft til og bent á flutningsvandamál þessu samfara. Til þess að koma ferskum flökum í sem bestu ástandi til kaupandans á erlendri grund hefur verið bent á flugið og flutningar í flugi hafa verið miklir og skilað vörunni vel til kaupandans. Flugflutningar eru talsvert dýrari en flutningar með skipum, en það kemur þá á móti að í flökum erum við ekki að flytja nema helminginn af því magni sem við erum að flytja í heilum fiski og senda með fiskiskipum eða í gámum.

Síðan er hafinn töluverður útflutningur á ferskum flökum í gámum og sá flutningsmáti er vel mögulegur. Það liggur fyrir og hefur verið sýnt að það er hægt að flytja fiskinn sem flök og koma honum í mjög góðu ástandi til kaupandans. Þarna held ég að liggi miklir möguleikar fyrir fiskvinnsluna í landi. Það liggur fyrir að frystitogararnir geta aldrei keppt við vinnsluna í landi, við þá möguleika sem hún hefur í fersku flökunum.

Þetta er atriði sem ég vildi benda á því að þetta hefur ekkert komið fram í umræðunum og ef við lítum til þeirrar þróunar sem hefur verið í útflutningi á ferskum flökum eru menn í smáum skrefum að stíga inn á þessa braut.

Fyrir fáum árum var verðmæti útflutnings á ferskum flökum 140 millj., en á örfáum árum hefur þetta tífaldast. Þetta er atriði sem ég vildi aðeins draga inn í þessa umræðu, en ég endurtek þakkir til hv. þm. fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um sjávarútveginn.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það eru fjölmargir möguleikar sem ónefndir eru og hafa verið hér í þessari umræðu t.d. varðandi möguleika vinnslunnar í landi til að þróa sig og breyta sér þannig að hún standist þessa samkeppni og eygi kannski sóknarfæri umfram það sem hægt er að hugsa sér eða sjá í fljótu bragði að verksmiðjuvinnsla á hafi úti við þröngar aðstæður geti nokkurn tíma nýtt sér og þar á meðal eru vissir möguleikar í útflutningi ferskra vara. Það verður þó að segjast eins og er að ég held að það þurfi eins og nánast í öllum öðrum tilvikum að gjalda varhug við því að trúa um of á að einhver ein leið af þessu tagi muni fela í sér framtíðina. Ég held að útflutningur á ferskum vörum og ferskum flökum, t.d. snyrtum og að einhverju leyti unnum flökum, geti vel átt eftir að þróast sem hluti af markaðssetningu á sjávarafurðum en aðeins sem hluti hennar. Þetta er vandasamur markaður og það er líklegt að einungis hluti þeirra sem neyta fisks á hverjum tíma séu útsettir eftir slíkri vöru. Nýlegar kannanir t.d. í Bandaríkjunum benda til þess að þar setja menn viss spurningarmerki við færslu neyslunnar yfir í ferskar vörur af gæðaástæðum, af þeirri einföldu ástæðu að það þarf að vanda alveg gríðarlega alla meðferð og „hantéringu" á vörunni ef hún er send milli landa fersk til neyslu til þess að gæðin slakni ekki. Þetta er t.d. sú staðreynd sem Bandaríkjamenn eru að skoða og virðist þar benda til þess að jafnvel sú færsla á neyslu yfir í ferskar afurðir sem menn voru fyrir nokkrum árum að spá þar í landi láti nokkuð á sér standa vegna þess að þrátt fyrir allt treysti menn á ýmsan hátt betur frystu vörunni, að hún sé öruggari gagnvart gæðunum ef meðferðinni er í einhverju ábótavant.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram í dag mjög athyglisverð umræða um viðfangsefni og þróun í sjávarútvegi sem að mörgu leyti geta verið örlagarík fyrir efnahagsþróun okkar Íslendinga á næstu árum. Þessi umræða hefur verið skynsamleg og það hefur margt athyglisvert verið sagt í henni. Það hefur verið óskað eftir því að hæstv. sjútvrh. segði hér nokkur orð um afstöðu sína til þeirra spurninga sem fram hafa komið. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki gert það. Hæstv. sjútvrh. hefur kosið að vera oftast utan þingsalarins, verið í einkasamræðum við menn í hliðarsölum og engan áhuga haft á því að hlusta gaumgæfilega á það sem hér hefur verið sagt.

Það sama gerðist í gær, virðulegi forseti. Þá var umræða hér um kynningu á íslenskri menningu erlendis, umræðan var mjög athyglisverð, mjög vönduð, og það var óskað eftir því að hæstv. menntmrh. tæki nokkurn þátt í henni, a.m.k. að hann gæti lýst skoðunum sínum, en hæstv. menntmrh. kaus þá að fara úr húsinu þegar óskað var eftir því að hann tæki þátt í umræðum. Þá óskaði ég eftir því, virðulegi forseti, að fundum yrði frestað vegna þess að það er ekki sanngjarnt eða eðlilegt að stjórnarandstaðan taki virkan þátt í því að koma málum hér áleiðis en ráðherrar ríkisstjórnarinnar sýni einstökum frv. og málum og eðlilegum óskum stjórnarandstöðunnar slíka vanvirðu að þeir hvorki nenna né vilja vera í húsinu eða þingsalnum þegar umræður fara fram jafnvel þótt málin snerti þeirra ráðuneyti.

Ég vek athygli virðulegs forseta á því að ríkisstjórnin hefði ekki komið áfram málum í dag nema með þátttöku stjórnarandstöðunnar. Svo margir voru fjarverandi af þingmönnum ríkisstjórnarliðsins að þingstörf hefðu lamast í dag hvað snertir afgreiðsu mála ef

stjórnarandstaðan hefði ekki sýnt þann skilning og velvilja að taka þátt í afgreiðslu málanna. Stjórnarliðið hefði verið, ef ég man rétt, með í kringum 20 menn eða svo í þinginu, langt undir þeim mörkum sem þarf til að koma málum áfram. Stjórnarandstaðan samþykkir einnig að koma hér á laugardegi til að ræða mál af þessu tagi og til að greiða fyrir störfum í þinginu. En hvað gerist? Það endurtekur sig aftur í dag það sem gerðist í gær varðandi frv. um kynningu á íslenskri menningu erlendis. Nú er verið að ræða frv. sem snertir sjávarútveg, frv. sem stjórnarandstaðan hefur ákveðið að styðja og greiða fyrir að verði afgreitt. En hrokinn í hæstv. sjútvrh. er slíkur, fyrirlitningin á umræðum hér í þinginu er slík að hann nennir ekki í fyrsta lagi að vera í salnum, hvað þá heldur að hann verði við eðlilegum óskum ræðumanna um að segja nokkur orð í tilefni af þeim spurningum sem til hans hefur verið beint.

Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir því að þetta gengur ekki svona á síðustu dögum þingsins. Ég veit að jafnþingvanur maður og hæstv. sjútvrh. veit það að þegar svo er komið í þinghaldinu eins og nú, þá hefur stjórnarandstaðan það algerlega í hendi sér hvaða mál eru afgreidd hér og hvaða mál ekki, algerlega. Og ég veit að ég þarf ekki að útskýra það fyrir hæstv. sjútvrh. í hverju það felst. *En við látum ekki bjóða okkur það að þegar menn taka* þátt með eðlilegum og málefnalegum hætti í umræðum um mikilvæg mál okkar þjóðar, hvort sem það eru sjávarútvegsmál eða menningarmál eins og hér gerðist í gær, sé framkoma ríkisstjórnarinnar með þessum hætti. Og það er eins gott fyrir ríkisstjórnina að gera sér grein fyrir því og átta sig á því hér og nú hvort þetta á að vera stíllinn síðustu dagana eða hvort hún ætlar að breyta til.

Ég óskaði eftir frestun í gær, virðulegi forseti, á umræðum þegar það gerðist í umræðu um frv. um kynningu á íslenskri menningu erlendis að menntmrh. sýndi þeirri umræðu þá vanvirðu að verða ekki við eðlilegri ósk um að koma og segja örfá orð. Það var enginn sem ætlaði sér að halda þeirri umræðu lengi áfram, það hefur enginn heldur ætlað sér að halda umræðu um þetta frv. lengi áfram. En við viljum eðlilega umfjöllun um mál og eðlilegar samræður við þá ráðherra sem bera ábyrgð á viðkomandi málaflokkum. Líklegast væri skynsamlegast, virðulegi forseti, að gera það sama nú og gert var í gær að óska eftir fresti á fundinum svo að hægt sé að bera saman bækur sínar um það, þingmenn stjórnarandstöðunnar, hvort við eigum að taka áfram þátt í þessum leik eða ekki og láta ríkisstjórnina velta því fyrir sér hvort hún ætlar að taka þátt í málefnalegum umræðum í þinginu eða ekki. Ef svar ríkisstjórnarinnar er í reynd að gera það ekki munum við auðvitað draga okkar ályktun varðandi þingstörfin á þeim dögum sem fram undan eru. Mér þykir mjög leitt að þurfa að segja þetta hér. En það er óhjákvæmilegt því það eru takmörk fyrir því hvað menn geta leyft sér.

Ég vona að hæstv. sjútvrh., sem ber ábyrgð á því frv. sem er til umræðu, verði við þeirri ósk sem fram hefur komið hér, m.a. hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að taka þátt í umræðunni og víkja að þeim atriðum sem til hans hefur verið beint. Ég ætla í þeirri trú að hann geri það að hafa ræðu mína ekki lengri, en gerist það ekki, ef hæstv. sjútvrh. heldur uppteknum hætti og tekur ekki þátt í þessari umræðu, þá munum við óska eftir frestun á fundum að lokinni þessari umræðu svo að við getum borið saman bækur okkar um það hvernig verður haldið hér áfram. Ég hafði vonað eftir samræður formanna þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna við forseta þingsins í gær að þetta mundi ekki endurtaka sig í dag. Satt að segja stóð ég í þeirri einföldu trú að samræður formanna þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna við foseta þingsins hefðu dugað til þess í gær að ráðherrarnir hefðu fengið skilaboðin og ætluðu sér að bregaðst við þeim með eðlilegum hætti. En annað hefur komið í ljós í þessari umræðu.

Ég mun, virðulegi forseti, ekki hafa mál mitt lengra. Þau sjónarmið sem Alþb. vill setja fram hafa komið fram í ágætum ræðum sem tveir hv. þm. flokksins hafa flutt í þessari umræðu, en ég taldi nauðsynlegt þegar umræðunni var að ljúka án þess að hæstv. sjútvrh. kæmi upp í ræðustólinn að láta þessar skoðanir okkar á gangi mála í þinginu koma fram með mjög skýrum hætti.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. geta þess að samkvæmt skrá forseta eru 35 þingmenn í Alþingishúsinu, 25 stjórnarliðar og 10 stjórnarandstæðingar.

Jóhann Ársælsson:

*Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigð*um mínum með að hæstv. sjútvrh. hefur ekki látið svo lítið að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Ég vil endurtaka tvær spurningar sem ég beindi til hans í minni fyrri ræðu. Það var annars vegar hvort hann hygðist beita sér fyrir því að hægja á þróuninni í sambandi við frystiskip með einhverjum öðrum hætti og áhrifaríkari en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að vilji sjútvrh. komi mjög skýrt í ljós í þessum málum, hvort hann er alveg sáttur við þá þróun sem er í gangi núna sem væri kannski sú ályktun sem mætti draga af þögn hans í málinu í dag. En ég tel að þessi þróun sé það alvarleg og hún hafi ekki verið rannsökuð með þeim hætti að menn geti horft upp á það að hún haldi svona áfram. Ég tel að þessi fullvinnsluskip, sum hver og kannski flest, séu arðbær fjárfesting á kostnað lífríkisins í sjónum og að það að þau skuli hafa forskot fram yfir aðra útgerð og vinnslu sé bæði á kostnað lífríkisins og aðallega þá með þeim hætti að þessi skip umgangast fiskimiðin öðruvísi og þann afla sem þau draga um borð en aðrir. Þau velja meira úr þessum afla, þau henda meira af fiski og nýta hann verr. Því hefur verið lýst í ræðum á undan með hvaða hætti þessi nýting fer fram. Við vitum að það eru miklu ófullkomnari aðstæður um borð í þessum skipum. Við vitum að það hefur ekki fram að þessu verið dæmi um að þeir væru með nema eina flökunarvél um borð. Við vitum að þeir

hafa ekki nægilegan mannskap og álagið er svo mikið um borð í þessum skipum að þau hafa ekki mannskap til að handflaka stóra fiskinn. Þetta er vitað. Ég hef sjálfur séð afskurð úr þessum skipum og ég veit hvernig hann lítur út. Stóri fiskurinn sem fer í gegnum þessar flökunarvélar sem eru stilltar á millifisk er þannig að það er kannski verið að hirða helminginn af flakinu. Það er mjög alvarlegt mál að fara með slíkum hætti með þennan afla. Það er líka alvarlegt mál sem felst í þeim sögusögnum, sem allir hafa sjálfsagt heyrt og flestir beint eftir þeim sem hafa tekið þátt í því, að menn hendi fiski í sjóinn af ýmsum ásæðum. Og um borð í þessum skipum eru ástæðurnar kannski fyrst og fremst þrjár. Í fyrsta lagi henda þeir fiski í úrkast sem er lélegur, sem þarf að leggja meiri vinnu í, t.d. ef það er mikið af ormum í honum eða eitthvað slíkt eða einhver skemmd á fiski, þá er honum bara hent til hliðar, en í öðru lagi vegna þess að hann sé of smár og í þriðja lagi, og það er kannski það sem menn vita minnst um hvað getur verið mikið, fleygja þeir fiski sem farinn er að skemmast þegar nýtt hal er tekið inn. Það eru fjölmargar sögur sem maður hefur heyrt af því að sjómennirnir um borð og öll ahöfnin hefur þeirra hagsmuna að gæta að þegar menn vita að nægilegur fiskur er í trollinu og menn hafa verið að vinna kannski tímunum saman við afla sem hefur komið inn í fyrra hali, þá nenna menn ekkert að vera að klára þetta upp. Þeir henda einfaldlega afgangnum í sjóinn og fiskurinn og þessi afgangur er í sumum tilfellum líka farinn að skemmast og næði ekki fyrsta flokks vöru eftir vinnsluna.

Þetta eru hlutir sem menn verða að velta fyrir sér og ég tel að reyndar eigi að líta á allt fiskveiðistjórnunarkerfið og hefði átt að gera það fyrir löngu með það fyrir augum að bera saman hvers kyns nýting er á ferðinni í hverju tilfelli. Það er ekkert eðlilegt að menn fái úthlutað einhverjum tonnum til að veiða úr sjónum og að þeir geti síðan farið á miðin og valið úr það sem þeir ætla sér að nota og hent hinu í sjóinn og að þeir skuli fá að veiða jafnmörg tonn hvort sem þeir koma með smáan fisk að landi eða stóran. Þetta eru hlutir sem kannski eru alvarlegastir í þeirri útgerð sem við erum að ræða um.

Ég vil þess vegna skora á hæstv. sjútvrh. að leyfa okkur að heyra hans skoðun á málinu. Ætlar hann að beita sér fyrir einhverjum fleiri aðgerðum til að hægja á þessu og til að gefa vinnslunni í landi tækifæri til að bregðast við því hún þarf tíma til að keppa við þessa raunverulegu keppinauta sína, sem er fullvinnslan úti á hafi, og hún getur keppt við þetta. Menn eru byrjaðir að bregðast við. Verðið hefur breyst t.d. Það eru aðrir aðilar farnir að fá sambærilegt verð við það sem frystitogararnir hafa verið að fá fyrir sína vöru að einhverju leyti. En þróunin hefur verið allt of hæg og þeir sem hafa ráðið ferðinni gagnvart vinnslunni í landi hafa sofið of lengi á verðinum. Þeir hafa sofið á verðinum gagnvart þessum fullvinnsluskipum og þeir hafa sofið á verðinum gagnvart því að reyna að þróa betur veiðarnar á ísfisktogurunum og stytta þar túra og jafnvel verða menn að horfast í augu við það, og það er mín skoðun, að stór hluti af ísfisktogurunum er úrelt skip. Það er stórt átak sem menn standa frammi fyrir innan ekki langs tíma og þyrftu að velta fyrir sér strax með hvaða hætti ætti að fara fram að endurnýja flotann í staðinn fyrir þessi úreltu skip. Ef menn finna ekki leiðir til að breyta útgerðarháttum á þeim munu þau aldrei geta staðist samkeppnina við skip sem landa afla eftir einn dag eða tvo og önnur skip sem eru í fullvinnslu. Það verður einfaldlega það mikið verðfall á afurðunum vegna þess að þær skemmast við langa geymslu. Ég tel reyndar líklegt að þær reglur sem verði settar á allra næstu árum muni hreinlega verða til þess að það verði ekki hægt að koma með afla að landi sem er orðinn sjö, átta eða tíu daga gamall. Menn verða að horfast í augu við það.

Ég held því miður að það megi líkja þessum fullvinnsluflota okkar eins og hann hefur verið rekinn á síðustu árum, það stendur kannski til bóta núna, menn eru farnir að fylgjast betur með þessum skipum nú en áður, við blöðruselinn. Hann étur það úr fiskinum sem honum finnst best og það er lifrin. Hann rífur hann og skemmir og étur úr honum lifrina. En togararnir velja það besta úr því sem þeir fá úr sjónum og ef kostur er á meira hráefni er kannski ekki verið að horfa svo mikið í það þó eitthvað fari í hafið aftur.

Það var ekki ætlun mín að tefja framgang þessa frv. Ég tel að vísu að það hefði mátt vinnast betur, en ég tel samt að það sé framfaraspor að setja þessar reglur og ég mun ekki þvælast fyrir því. Hins vegar lýsi ég yfir vonbrigðum mínum með það að hér skuli ekki vera svarað þeim spurningum sem við höfum verið að leggja fram og mér finnst það ekki nægileg virðing fyrir því verkefni, sem við erum hér að vinna, að koma þessum reglum á að hæstv. sjútvrh. skuli ekki treysta sér til þess að koma inn í lokaumræðu málsins og segja sínar skoðanir. Ég tel að þögn hans gagnvart þeim atriðum sem ég var að nefna áðan verði kannski skilin á þann hátt sem ég a.m.k. vildi ekki að hún yrði skilin, þ.e. að hans skoðun sé sú að þessi þróun eigi að fá að halda áfram án truflunar. Þá munu menn sjá að á næstunnni munu koma inn í landið fjölmörg skip og það geti verið að þær aðstæður sem hafa verið síðustu fjögur fimm árin í þessari útgerð og verða kannski um einhvern tíma meðan vinnslan í landi er að bregðast við verði til þess að við sitjum uppi með allt of stóran flota af fullvinnsluskipum og það muni kosta það að við höfum glatað atvinnutækifærum og skemmt fyrir þeirri þróun sem hefði fært okkur mestan arð af nýtingu sjávarfangsins. Af því hef ég mestar áhyggjur og ég vona satt að segja að menn verði nú við því sem hér hefur verið talað um, þ.e. að menn finni leiðir og það strax, til að stöðva þessa þróun um stund. Ég er ekki meðmæltur boðum og bönnum, en ég tel að fiskvinnslan í landi hafi sofið á verðinum og það verði að gefa henni tækifæri til þess að bregðast við þessum aðstæðum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að spyrja hvort hæstv. sjútvrh. hefði kvatt sér hljóðs í þessari umræðu. Ég tók eftir því að hann sat á samræðum við þingmenn í hlið-

arherbergi mestan tímann sem síðasta ræða var flutt. Þá voru endurteknar þær spurningar sem bornar hafa verið upp við hæstv. sjútvrh. og óskað eftir því að hann svaraði þeim. Ef hæstv. sjútvrh. er ekki á mælendaskrá, ég tala nú ekki um ef hann ætlar ekki að koma á hana, vil ég óska eftir því, virðulegur forseti, að þessari umræðu verði frestað og fundinum verði frestað svo að við í stjórnarandstöðunni getum borið saman bækur okkar um það hvernig eigi að halda hér áfram því við líðum ekki svona framkomu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 8. þm. Reykn. að hér hafa farið fram mjög málefnalegar og gagnlegar umræður og ég þakka þeim hv. þm. sem hafa talað í þessum umræðum. Það hefur verið mjög mikið gagn að þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður í frammi og ég er þeirrar skoðunar að hann styðji mjög þá viðleitni sem liggur að baki því frv. sem hér er til umræðu og muni verða sjávarútveginum á Íslandi til góðs.

Þó ég taki undir það að allt sem hér hefur verið sagt hefur verið mælt af mikilli þekkingu og reynslu, þá er það svo að þessar ræður hafa allar verið fluttar áður við umræðu um þetta mál og svör við þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar fram hafa komið fram af minni hálfu áður í fyrri hluta umræðna um þetta þingmál. En ég get tekið undir með hv. 8. þm. Reykn. að góðar vísur eru að sjálfsögðu aldrei of oft kveðnar og þess vegna væri ástæða til að ræða málið enn ítarlegar og betur.

Það er vitaskuld að mörgu að hyggja í þessu efni og það mál sem hér er til umræðu tengist auðvitað sjávarútveginum í heild sinni, en ég met það við hv. þm. sem hér hafa talað að þeir hafa einskorðað sig fyrst og fremst við þá þætti þeirra mála sem beint tengjast þessu frv. og að því leyti hefur umræðan verið mjög málefnaleg.

Vissulega er það svo að frystiskip af þessu tagi eru í samkeppni við vinnslu í landi. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að frysting um borð í fiskiskipum er ekki ný af nálinni. Það er ekki eitthvað sem er að verða til, það er ekki hjól sem menn eru að finna upp þessar vikurnar eða þessi missirin. Þetta hafa menn gert árum saman. Á hinn bóginn hefur þróunin orðið býsna ör í þessu efni hjá okkur, m.a. vegna þess að afkoma þessara skipa hefur verið betri en annarra þátta í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur verið góður markaður fyrir afurðir þessara skipa. Ein skýringin á því er sú að þau eru að vinna aflann ferskan og það er eftirspurn eftir hráefni sem þannig er unnið. Hitt er annað, að á stundum hefur borið á göllum í framleiðslu þessara skipa eins og við aðra vinnslu og hún fer fram við erfiðar aðstæður úti á sjó. Þessi skip hafa ekki nýtt hráefni sitt sem skyldi og þar af leiðandi ekki það takmarkaða hráefni sem við höfum til ráðstöfunar. Hv. 3. þm. Vesturl. benti réttilega á þessi atriði í sinni ræðu. Frv. sem hér liggur fyrir miðar að því fyrst og fremst að tryggja betri nýtingu á hráefninu og gera meiri kröfur um það hvernig vinnslan fer fram um borð í skipunum og minnka á þann veg bilið sem er á milli landvinnslu og vinnslu úti á sjó. En ég tek það fram eins og áður í þessum umræðum að ég tel ekki að þetta frv., þegar það verður að lögum, útrými með öllu mismun sem er á milli landvinnslu og sjóvinnslu og bendi í því sambandi á að skattlagning sveitarfélaga felur í sér talsverða mismunun því mörg þeirra leggja lægra aðstöðugjald á þessi skip en vinnslufyrirtækin í landi. Það með öðru stuðlar að því að menn sjá sér hag í því að færa vinnsluna út á sjó.

En að mínu mati mun frv., þegar það verður að lögum, í mjög verulegum atriðum taka á þeim vandamálum sem hv. 3. þm. Vesturl. gat hér um, m.a. felur það í sér að það verður mun meira eftirlit af hálfu stjórnvalda um borð í þessum skipum. Eftirlitsmenn verða fast um borð í skipunum fyrstu sex mánuði, en jafnframt er gert ráð fyrir því að unnt verði að hafa eftirlitsmann um borð um lengri og skemmri tíma í miklu ríkari mæli en gert hefur verið og ég hygg að það sé mjög mikilvægt að fylgjast mjög nákvæmlega með því hvernig þessi skip nýta hráefnið.

Þá komum við að þeirri stóru spurningu hvort hamla eigi með öðrum aðgerðum en almennum aðhaldsaðgerðum að því er varðar meðferð og nýtingu hráefnis gegn því að þessum skipum fjölgi. Þó að fyrir liggi að rekstur þeirra sé hagkvæmari en annarra þátta í sjávarútveginum telja menn að það eigi að setja einhverjar hafta- eða úthlutunarreglur gagnvart kaupum á þessum skipum. Ég lýsti því viðhorfi mínu hér við 1. umr. þessa máls að það væri óhyggilegt að setja á eitthvert úthlutunarkerfi að því er þessi skip varðar. Miklu fremur væri æskilegt að hafa áhrif á þróunina með almennum reglum sem miðuðu að því að jafna starfsskilyrðin í sjóvinnslu og landvinnslu og þetta frv. er vissulega stórt skref í þá veru.

Við skulum líka hafa í huga í þessu sambandi að mjög mikil og nauðsynleg umræða fer nú fram um það að nýta fiskimið á djúpslóð og jafnvel utan við 200 mílna landhelgina í ríkari mæli en gert hefur verið. Möguleikar okkar á því að kanna frekar og nýta þær auðlindir sem þar liggja byggja á því að við eigum nægjanlega öflug og stór skip til slíkra veiða. Ýmsir þeirra aðila sem nú eru með það í athugun að fá skip af þessu tagi í flotann eru með það í huga að fara með þau á úthafsveiðar þannig að stórum hluta hygg ég að menn hafi hugfast í þessu efni að fá skip í þeim tilgangi að nýta úthafið betur en við höfum gert.

Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. vilja ekki að slík þróun sé stöðvuð með skömmtunarúthlutunum af hálfu stjórnvalda. Það er því vissulega að mörgu að hyggja þegar fjallað er um mál eins og þetta. Og ugglaust er það svo, eins og ég hef reyndar áður tekið fram í þessari umræðu, að við þurfum að fylgjast vel með þessari þróun. Við þurfum að meta hvern árangur við höfum af þeim nýju reglum sem hér er verið að setja og meta framhaldið í ljósi þeirrar reynslu.

En ég vil svo, herra forseti, ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þm. sem hér hafa talað og flutt mjög málefnalegar ræður og nauðsynlegar í umfjöllun um þetta

veigamikla mál og þá stöðu sem sjávarútvegurinn er í um þessar mundir.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans ræðu og hans hugleiðingar, sem ég kýs að kalla svo, sem ég tel að hafi í öllum aðalatriðum verið skynsamlegar og ég get tekið undir að flestu leyti. Ég vil þó aðeins benda á eitt atriði í sambandi við hans málflutning og fyrir mitt leyti taka skýrt fram að þegar við í Alþb. höfum verið að tala um ýmsar aðgerðir sem gætu haft áhrif á þessa þróun er þar um fjölmargt að ræða sem ekki er kannski rétt að kalla undir neikvæðum formerkjum aðferðina boð og bönn. Hæstv. sjútvrh. viðurkennir að hann er með sínu frv. að vonast til þess að hafa ákveðin óbein áhrif á þessa þróun með almennum ráðstöfunum. Ég held að það sé hægt að hugsa sér margt fleira af því tagi sem kæmi til álita ef menn verða sammála um að þessi þróun gangi ískyggilega hratt fyrir sig og muni geta haft mjög alvarlegar afleiðingar að sínu leyti, ef hún gengur út í öfgar, fyrir atvinnuástandið í landi, leitt af sér offjárfestingu o.s.frv.

Ég bendi á eina hugmynd um almenna ráðstöfun af þessu tagi sem væri sú að láta það að einhverju leyti bitna á verksmiðjuskipunum að nýting þeirra á fisktegundum innan kvóta væri lélegri en vinnslu í landi og það yrði að einhverju leyti látið koma fram sem skerðing á þeirra veiðiheimildum sambærileg við þá skerðingu sem er á útflutningi á óunnum ísfiski. Það væri ekki boð, ekki bönn, það væri almenn aðgerð sem gæti haft nokkur áhrif, bein eða óbein, á þessa þróun.

Ég tek svo undir það að lokum með hæstv. sjútvrh. að það skiptir töluverðu máli hvort þau nýju verksmiðjuskip sem nú er verið að kaupa frá Færeyjum eða annars staðar að frá útlöndum eða skoða með kaup í huga bætast við sóknina í okkar hefðbundnu kvótabundnu fisktegundir eða verða til þess að menn sækja í auknum mæli á tegundir utan kvóta á djúpmiðum, en þá er líka spurningin: Geta menn með einhverjum ráðstöfunum tryggt að svo verði eða stuðlað að að svo verði en að ekki verði um að ræða flutninga á hefðbundinni vinnslu þorsks eða annarra hefðbundinna veiðitegunda út á haf?

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin. En ég saknaði þess að hann ræddi eitthvað um það sem ég spurði hann um í sambandi við átak sem mundi tengjast þessum reglum sem koma á með þessum nýju lögum, hvort ríkisstjórnin mundi ekki beita sér fyrir því að þetta átak færi fram og að það færi fram sem mest hér innan lands. Ég tel fulla ástæðu til að huga að þessu máli og að það verði gert strax einfaldlega vegna þess að útgerðaraðilar í landinu munu þurfa að bregðast við strax og þessar reglur liggja fyrir og hafa sjálfsagt hugað að því sumir hverjir strax vegna umfjöllunar um þær að þá mega menn engan tíma missa. Ef þetta á að geta orðið atvinnuskapandi fyrir okkur hér innan lands sem mest þurfa menn að bregðast við þessu strax. Og satt að segja vona að menn beri gæfu til að nýta sér þá möguleika sem í þessu felast til að styðja við bakið á innlendri skipasmíði og atvinnulífinu almennt.

Ég get tekið undir að það sé erfitt að setja reglur sem hamli gegn þeim hlutum sem við erum að tala hér um, þessum fullvinnsluskipum. Hins vegar er ég á þeirri skoðun að það hefði ekki átt að setja nema eina reglu. Það átti hreinlega að banna þetta tímabundið. Banna að flytja inn þessi vinnsluskip tímabundið. Við erum með nægilega stóran flota eins og er. Þó hann sé að mörgu leyti úreltur eru menn þó langflestir sammála um að hann sé nægilega stór. Og það mundi ekki hafa valdið neinum stórkostlegum skaða þó við fengjum ekki ný og stór skip í hann næsta missirið eða svo, eitt ár eða tvö, og það hefði átt að gefa fiskvinnslunni í landinu það tækifæri til þess að bregðast við þessum nýju aðstæðum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. er það svo að hluti af okkar fiskiskipaflota er gamall og það er eðlilegt að það eigi sér stað endurnýjun. Það er mjög æskilegt að hún gerist jafnt og þétt en ekki í stökkum. En við verðum líka að hafa í huga að við getum ekki talað um þessi efni eins og öll þau nýju skip sem hér er verið að tala um séu viðbót við flotann og auki sóknina í fiskstofnana. Í fyrsta lagi eru veiðarnar bundnar við aflamagn og fara ekki fram yfir það. Í annan stað hafa reglur um úreldingu skipa á móti nýjum skipum sem koma inn í flotann verið hertar verulega þannig að nú geta menn ekki lengur tekið inn mun stærri skip en þeir taka út úr flotanum. Þær reglur sem nú eru í gildi fela í sér að menn verða að taka út úr flotanum tonn á móti tonni, jafnmörg tonn og bætast við hann, þannig að nýju skipin eru að því leyti ekki viðbót við þann sóknarþunga sem er á miðunum þó að stundum geti ný skip falið í sér breytingu á sóknarmynstri vegna þess að menn eru að kaupa skip af annarri tegund og til annars konar veiða en ganga út úr flotanum. En það er ekki svo að þar sé um að ræða stækkun vegna þess að jafnmörg tonn fari út á móti.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er alveg fullkunnugt um að það eru í gildi reglur um úreldingu skipa og að flotinn stækkar ekki við að einstakir útgerðarmenn endurnýi sín skip. En þetta mál snýst einfaldlega ekki um það. Það snýst um stöðu fiskvinnslunnar og atvinnunnar í landi. Og ég tel að það sé þess vegna sem menn hefðu þurft að bregðast við. Það er ekki gott að þurfa að gera slíka hluti. En ég tel að það hafi ekki verið undan því vikist. Og því miður held ég að það stefni í að það verði eftir stuttan tíma kominn inn í landið allt of stór floti af þessum svokölluðu fullvinnsluskipum og að við verðum fyrir sams konar skakkafalli í því sambandi eða það má kannski líkja því dálítið við það þegar tog-

araflotinn okkar varð allt of stór. Það voru allir sammála á sínum tíma um að kaupa togara. En því átaki var bara haldið of lengi áfram. Þegar átakið byrjaði voru menn að velta fyrir sér að það væri eðlilegt að hingað kæmu 50–60 togarar kannski. En hvað eru þeir margir í dag? Þeir eru einhvers staðar á öðru hundraðinu. Og þeir eru sjálfsagt of margir. Ég er því miður hræddur um að eftir stuttan tíma verði mönnum ljóst að þarna höfum við líka farið of geyst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Röð mála á þingfundi.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það væri til mikilla þæginda fyrir þá þingmenn sem eru nú í húsinu að fá að vita hvaða mál forseti hyggst taka fyrir í dag. Ég minni á að hér fóru fram fjölmargar atkvæðagreiðslur í morgun sem ekki hefðu verið framkvæmanlegar nema fyrir tilvist stjórnarandstöðuþingmanna þar sem stjórnarmeirihlutinn hafði ekki tilskilinn meiri hluta hér á meðan atkvæðagreiðslur fóru fram. Við erum auðvitað tilbúin að halda áfram að taka þátt í þingstörfum. En þar sem nú er laugardagur kominn og menn gætu hugsanlega hafa bundið sig einhvers staðar annars staðar vil ég fara fram á að hæstv. forseti upplýsi hvaða mál hann ætlar að taka fyrir í dag.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að það er stefnt að því að fundur standi til kl. fjögur í dag. Og það hefur verið reynt eftir því sem unnt hefur verið að taka þau mál til umræðu sem eru á dagskránni, en af tillitssemi við einstaka þingmenn hefur verið vikið frá dagskrárröðinni og það er ástæðan fyrir því að nú verður tekið til við að ræða 16. dagskrármálið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er vissulega mikilvægt að stjórn þingsins skuli taka tillit til óska einstakra þingmanna og taka mál ekki til umræðu eða til umræðu eftir atvikum eftir því hvort þingmenn geta verið hér viðstaddir eða ekki. En mér finnst það orðið býsna þreytandi að fá dag hvern firnalanga dagskrá og maður verður væntanlega að gera ráð fyrir því að flest þessara mála geti komið til umræðu. Við erum nokkur sem höfum setið hér daginn út og daginn inn vegna þess að við búumst við að hér komi ákveðin mál til umfjöllunar. En svo gerist það aftur og aftur að þau koma ekki inn. Það er mikið óhagræði fyrir þingmenn að geta enga grein gert sér fyrir því hvaða mál koma til umræðu vegna þess að það er takmarkað sem hægt er að eyða í undirbúning á hverjum degi og væri mjög gott að maður hefði einhverja hugmynd um hvað verður væntanlega tekið fyrir á fundinum í dag þannig að það sé hægt að fara að sortera málin aðeins í kollinum á sér.

Jarðasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 699, nál. 881.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. Alþingis sem er lagt fram á þskj. 881 og fjallar um frv. til laga um Jarðasjóð.

Eins og frá er greint í greinargerð með frv. eins og það var lagt fram á Alþingi felur það í sér að um Jarðasjóð verði sett sérstök lög, en þær lagaheimildir sem hafa verið í gildi um Jarðasjóð eru í VI. kafla jarðalaga. Breytingin er með öðrum orðum sú að forminu til að um Jarðasjóð munu nú gilda sérstök lög ef frv. verður samþykkt á hv. Alþingi.

Eins og fram kemur í nál. liggja fyrir umsagnir frá — mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. vildi doka við í salnum á meðan ég lýk umfjöllun um þetta mál — Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda um frv. sem báðar eru jákvæðar, mæla með samþykkt frv. Búnaðarþing benti hins vegar á að eðlilegt væri að áfram væri sú heimild í lögum um Jarðasjóð að þeim jörðum sem hreppsnefndir hafi hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælt með væri einnig heimilt að festa kaup á af Jarðasjóði og er frv. breytt með tilliti til þess.

En aðalbreytingin í frv. felst í 4. gr. Það má kannski segja að sé önnur aðalbreytingin fyrir utan það að lög um sjóðin eru nú gerð sjálfstæð. Það eru þær tekjur sem til sjóðsins eiga nú að falla sem eru andvirði seldra ríkisjarða og afgjöld af þeim jörðum og svo hin sérstök framlög til Jarðasjóðs á fjárlögum hverju sinni.

Nú þykir mér vert, herra forseti, að geta þess að í viðauka við svonefndan búvörusamning, sem nú er í gildi, er kveðið á um að á fjárlögum fyrir árin 1992 og 1993 — ég er sérstaklega að árétta þetta hér vegna þess að hæstv. fjmrh. er í salnum og ég vona að hann megi gefa sér tíma til að hlusta á orð mín því ekki veitir af að menn fari eftir samningum og samkomulagi — er samið um að 100 millj. skuli vera á fjárlögum fyrir þau tvö ár, þ.e. 75 millj. bætist við þann fjárlagalið sem hafði áður verið til Jarðasjóðsins. Á fjárlögum fyrir árið 1992 er þessi tala eins og um var samið. Það hlýtur að vera eðlilegt að ganga út frá því að eins verði um fjárlög næsta árs. Mér finnst vert að geta þess alveg sérstaklega að þó að sjóðnum séu með þessum hætti færðar sérstakar tekjur eru þær ekki neinn búhnykkur. Þær fjárveitingar sem hafa verið á fjárlögum til Jarðasjóðs hafa tekið mið af þeim tekjupóstum sem ríkissjóður hefur fengið af leigu ríkisjarða og af sölu þeirra þannig að hér er ekki um umtalsverðar breytingar í þeim efnum að ræða. Ég geri ráð fyrir að fastar tekjur vegna þeirra breytinga sem sjóðurinn fær verði rétt innan við 30 millj. kr., þ.e. svip-

uð tala og verið hefur á fjárlögum að undanförnu.

Hins vegar vek ég athygli á að samkomulagið í búvörusamningnum nær einungis til þessara tveggja ára, áranna 1992 og 1993, og þá ráðast tekjur sjóðsins af þessari breyttu skipan mála og svo því sem kann að verða ráðstafað til hans á fjárlögum sem ekki er samningsbundið samkvæmt búvörusamningnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Stjfrv., 466. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 724, nál. 879, brtt. 880.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Þetta frv. kostar ekki peninga og ég geri enga kröfu til hæstv. fjmrh. um að hann hafi hér viðveru sérstaklega vegna míns máls. Ég mæli fyrir nál. landbn. sem er lagt fram á þskj. 879.

Allir nefndarmenn hafa undirritað nál. sem viðstaddir voru afgreiðslu málsins en Kristín Ástgeirsdóttir var fjarverandi.

Frv. eins og það var lagt fram á Alþingi gerði ráð fyrir tveimur breytingum. Það er annars vegar að eftir að fjallað hefur verið um tekjur sjóðsins samkvæmt 91. gr. laga um lax- og silungsveiði verði sett inn skýr ákvæði um hvernig beri að fara með innheimtu þessara mála. Í 2. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir að heimilt verði að ráðstafa fjármagni úr sjóðnum við kaup á úthafslaxveiðikvóta.

Í þeim umsögnum sem nefndinni bárust, sem voru frá allmörgum aðilum tengdum þessum verkefnum, er hins vegar bent á að eðlilegt sé að hér verði um almenna heimild að ræða en ekki sérstaklega miðað við það eitt að heimilt sé að ráðstafa fjármunum úr sjóðnum til kaupa á úthafslaxveiðikvóta. Með tilliti til þess er lögð fram brtt. á þskj. 880 með því orðalagi sem kveður þar á um. En þar segir í niðurlagi greinarinnar: „Enn fremur er heimilt að veita úr Fiskræktarsjóði lán og styrki til annarra verkefna sem stuðla að auknингu og viðhaldi íslenskra laxfiska.“

Þessar tillögur eru gerðar m.a. á grundvelli umsagna sem nefndinni bárust sem voru frá Búnaðarsambandi Íslands, Landssambandi veiðifélaga og Veiðimálastofnun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 155. mál. — Þskj. 167, nál. 878.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Hæstv. forseti. Sú till. sem hér er til umfjöllunar er lögð fram á þskj. 167 og nál. landbn. á þskj. 878. Eins og fram kemur á því nál. eru allir viðstaddir nefndarmenn samþykkir þessari till. eftir þá breytingu sem á henni var gerð.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Flm. að þessari till. eru úr öllum flokkum hér á Alþingi. M.a. af þeirri ástæðu er ekki undrunarefni þó um hana hafi ríkt góð samstaða í landbn.

Sú breyting er lögð til að síðari málsgrein þáltill. falli niður, en till. var lögð fram fyrir áramót strax og þar er kveðið á um að niðurstöðu þeirrar athugunar sem fram kunni að fara á þessu máli, vistfræðilegu umhverfi í landbúnaði, verði hægt að nýta til undirbúnings við Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu. Augljóst er að slíkt verður ekki hægt og þar af leiðandi leggur nefndin til að síðari málsliður till. falli niður. Að öðru leyti mælir nefndin með því að till. verði samþykkt eins og hún var lögð fram á Alþingi.

Till. fylgdi ítarleg greinargerð og um hana fór fram á margan hátt málefnaleg og ágæt umræða þegar málið var til meðferðar hér á Alþingi og vísa ég til alls þess efnis þegar um þetta mál er fjallað.

Umsagnir sem bárust um till. voru m.a. frá Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda. Allir þessir aðilar mæltu með samþykkt till. Á margan hátt var umsögn Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins ítarlegust og í henni komu fram margar mikilvægar ábendingar um stöðu þessara mála og að hverju hefur verið unnið í þessum efnum og má fullyrða að í þeim efnum hafi gætt nokkurrar framsýni, m.a. í eftirliti á innflutningi á hráefnum til landbúnaðarins bæði er varðar áburð og fóður.

Nefndarálitið greinir svo nánar frá afstöðu nefndarinnar og ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta, en vísa til þess sem viðbótarskýringar á afstöðu landbn. Alþingis sem mælir með því að þessi þáltill. verði samþykkt.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er vissulega um athyglisvert mál að ræða og þessi till., eins og fram kom hjá hv. frsm., er flutt í beinu framhaldi af ráðstefnu sem hér var haldin í október þar sem ég átti þess m.a. kost að flytja erindi og hlýða á umræður, enda er hér auðvitað um umhverfismál að ræða. Ég sé hins vegar í nál., virðulegur forseti, að fyrir einhvern misgáning hefur umhvrn., sem fer með þau mál sem varða mengun umhverfisins á Íslandi, ekki fengið þessa till. til umsagnar. Ég hefði talið mjög æskilegt að það ráðuneyti sem fjallar um það sem er nánast höfuðefni þessarar till. hefði fengið að tjá sig um þetta mál. Og ég veit að það er ekki af ásettu ráði sem formaður eða 1. flm. hafa sniðgengið umhvrn. í þessu efni heldur hlýtur hér að vera um misgáningi og athugunarleysi að ræða. Því mælist ég til þess, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði frestað og hv. landbn. sendi umhvrn. þetta mál til umsagnar þannig að það eigi kost á því að tjá sig.

Raunar hefði mér einnig fundist eðlilegt að umhvn. Alþingis fjallaði að einhverju leyti um þetta mál líka vegna þess að hér er ekki nema í takmörkuðum skilningi um landbúnaðarmál að ræða. Hér er um almennt vistfræðilegt umhverfismál að ræða þó að í þessu tilviki sé verið að fjalla sérstaklega um landbúnað.

Það er því eindregin ósk mín að þessari umræðu verði nú frestað í einhvern tíma og að hv. landbn. gefi umhvrn. kost á að tjá sig um málið. Ég get ekki talað hér eða látið í ljós neinar skoðanir varðandi umhvn., en persónulega finnst mér mjög einkennilegt að hún skuli ekki hafa haft tækifæri til að tjá sig um þetta mál sem er beinlínis og mjög skýrt á hennar verksviði.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Það er út af þessari ábendingu frá hæstv. umhvrh. Málinu var vísað til landbn. athugasemdalaust. Það hafa komið fram efasemdir um það í sumum tilfellum hvert beri að vísa málum. T.d. hygg ég að það hafi verið svo með tillöguflutning sem varðar bann á búfjárhaldi í hinu gamla landnámi Ingólfs. Þrátt fyrir að sú till. hafi alveg eins átt heima í landbn. og þótt fram hafi komið margar ábendingar um að það bæri að vísa henni þangað hefur umhvn. ekki tekið upp neina umræðu við landbn. um þá till.

Það er svo annað mál að það væri sjálfsagt góður kostur að þegar um það er að ræða að mál eru á mörkum nefnda væru tekin upp einhver samráð þeirra á milli. Og ekki skyldi standa á mér í þeim efnum.

Ég vek athygli á því að málið var sent til umsagnar til þeirra aðila sem þessi till. snertir sérstaklega. Það eru stofnanir landbúnaðarins og að því er ég hygg líka sem heyra undir landbrn. og líka stofnun sem heyrir að því er ég hygg undir umhvrn. Þannig var þessu máli efnislega vísað til þeirra aðila sem málið sérstaklega varðar. En því var ekki vísað til landbrn. til umsagnar. Það hefur ekki verið með þau málefni sem sérstaklega hefur verið fjallað um í landbn. að þeim hafi verið vísað til ráðuneytis. Þetta er till. sem er flutt af alþingismönnum. Þetta er ekki ríkisstjórnarmál og ef það hefði átt að uppfylla allt réttlæti í þessum efnum hefði bæði átt að leggja málið fyrir landbrn. og umhvrn. og að sjálfsögðu ekki síður landbrn. Í þessum efnum er að sjálfsögðu fjarri því að umhvrn. hafi verið sniðgengið.

Það er að sjálfsögðu stuttur tími sem eftir lifir Alþingis, en það væri nú skárra ef óskir í þessum efnum væru ekki virtar og mér er afar kærkomið að finna leiðir til þess í samráði við umhvrn. að hans sjónarmið geti komist að áður en málið verður endanlega afgreitt.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. frsm., 3. þm. Austurl., hans góðu undirtektir. Ég mun að sjálfsögðu sjá til að ósk mín verði ekkert til að tefja málið neitt frekar heldur aðeins að umhvrn. fái að koma að þessu máli. Ég get vel hugsað mér að það verði þá þannig gert að starfsmaður eða starfsmenn ráðuneytisins kæmu á stuttan fund hjá landbn. og greindu frá skoðunum ráðuneytisins á þessu máli vegna þess að verði till. samþykkt og framkvæmd, eins og auðvitað hlýtur að verða eðlilegt framhald málsins, hlýtur ráðuneytið að koma að því verki sem unnið verður ásamt öðrum.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Það var einmitt þessi aðferð sem var í mínum huga. Það verður fundur á þriðjudaginn í nefndinni og það væri mér og áreiðanlega öllum nefndarmönnum til ánægju að fá á þann fund fulltrúa umhvrn. Ég skal gera ráðstafanir til að ætla þeim fulltrúum tíma á þeim fundi og ákveða nánar um það hvenær sú tímasetning yrði.

Umræðu frestað.

Flugmálaáætlun 1992–1995, síðari umr.

Stjtill., 208. mál. — Þskj. 249, nál. 868, brtt. 869.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um flugmálaáætlun 1992–1995. Þetta er í fyrsta skipti sem samgn. fjallar um flugmálaáætlun og fékk hún til aðstoðar við þetta starf starfsmenn Flugmálastjórnar og hafði enn fremur samband við efnahagsskrifstofu fjmrn. Nefndinni bárust erindi frá Flugmálastjórn, Flugfélagi Norðurlands, Stöðvarhreppi og Þórshafnarhreppi.

Flugmálaáætlun var síðast lögð fram á 112. löggjafarþingi 1989–1990. Hana ber að endurskoða á tveggja ára fresti og jafnframt að gera áætlun til tveggja ára til viðbótar, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Hér er því um reglulega endurskoðun að ræða.

Í áætlun um fjáröflun sem fram kemur í I. lið till. er gert ráð fyrir að útgjöld til framkvæmda í flugmálum komi eingöngu af mörkuðum tekjustofnum, en áætlun ársins 1982 er í samræmi við fjárlög. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þennan lið till.

Nefndin leggur til nokkrar efnisbreytingar á II. og IV. lið till. Þar er helst að nefna að í IV. lið, Sundurliðun vegna verkefna, lækkar á lið 4.6, undirliður 1, framlag til akbrauta og hlaða á Ísafirði um 0,3 millj. Jafnframt lækkar samsvarandi liður á Hólmavík um 0,2 millj., en á móti hækkar samsvarandi liður á Patreksfirði, liður 4.8, um ½ millj., þ.e. á árinu 1992. Á sama ári lækkar liður 4.7, Vestmannaeyjar, undirliður 4, um 0,8 millj. Jafnframt er breyting í texta á undirlið 4.9, Hornafjörður, undirliður 1, þar sem stendur nú: Tækjageymsla/þverbraut, en stóð áður tækjageymsla.

Þá er á árinu 1992 gerð breyting á lið 4.15, Þórshöfn, þar sem fært er til á milli undirliða 1 og 2 og undirliður 1, Öryggissvæði, verður 13 millj., var 8 áður, en undirliður 2, Flugstöð, sem var 5 millj., verður 0 á þessu ári. Á lið 4.22 lækkar framlag um 7,2 millj. í 0 og það kemur inn nýr liður, 4.24, Stjórnunarkostnaður flugmálaáætlunar sem verður 8 millj.

Á árinu 1993 verður breyting á lið 4.7, Vestmannaeyjar, undirliður 5, Hindrunarlýsing, sem verður nú 9 millj. og á lið 4.11, Siglufjörður, undirliður 1, Flugbraut, endurbætur, verður 2 millj. Og liður 4.15, Þórshöfn, undirliður 2, þar sem áður var Flugstöð 11,2 millj. verður nú 16,2 millj. Og liður 4.22, þar sem áður var 10,9 millj., verður nú 10 millj. og liður 4.24, Stjórnunarkostnaður flugmálaáætlunar, verður 8 millj. og þar með lækkar liður 4.25, Óráðstafað til endurmats á forsendum og aðstæðum, niður í 5,5 millj. til þess að ná sömu niðurstöðu, 393 millj. á árinu 1993.

Að auki leggur nefndin til að uppsetningu áætlunarinnar fyrir árin 1994–1995 verði breytt þannig að skipting útgjalda og sundurliðun verkefna til áætlunarflugvalla 1–3 verði ekki ákveðin heldur einungis tilgreind heildarupphæð óskipt.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Að nál. standa allir nefndarmenn í samgn., en að afgreiðslunni stóð í stað Stefáns Guðmundssonar Halldór Ásgrímsson, en nefndarmennirnir Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Guðni Ágústsson, Jóhann Ársælsson og Halldór Ásgrímsson skrifa undir með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt, sem hv. frsm. sagði, að nefndin hefur öll fjallað um málið og skrifar undir nál. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn er gerður aðallega af tveimur ástæðum. Annars vegar er það að ég tel að það hefði verið ástæða til að halda sig við þá skipan, sem áður var, að það kæmu framlög af fjárlögum til að byggja upp flugstjórnarmiðstöðina, þessa alþjóðlegu aðstöðu, og hinn fyrirvarinn lýtur raunverulega að áætluninni sjálfri, þ.e. uppsetningunni á henni.

Um fyrri liðinn ætla ég ekki að fara að fjölyrða hér neitt sérstaklega. Ég tel að það hefði verið eðlilegt að ríkissjóður hefði staðið á bak við það mál en það væri tekið af almennum framlögum til flugmálanna nema því aðeins að menn séu komnir á þá skoðun að þessi mál séu í það góðu ástandi um landið að það hefði þess vegna ekki gert til þó að menn drægju úr framkvæmdum úti um landið. Ég held að það sé nú ekki þannig. Ég held að mjög víða bíði nauðsynlegar framkvæmdir, bæði í öryggisskyni og til hagræðis fyrir flugið, og það fólk sem býr á þeim stöðum sem þarf mest á þessari þjónustu að halda og það er mjög víða.

Ég ætla ekki að fara að tefja tímann á þinginu við það að fara að fara yfir einstaka staði á landinu, einstaka flugvelli í þessu sambandi, en ég tel að það hefði verið ástæða til þess að skoða þessa hluti betur.

Seinna atriðið sem ég vil gagnrýna er uppsetning á áætluninni. Á síðustu dögum umfjöllunarinnar í nefndinni lagði formaður fram þá hugmynd að úr áætluninni yrði eytt öllum tölum sem ættu við árin 1994 og 1995, þ.e. skiptingunni, og þess vegna er þessi áætlun hvað skiptinguna varðar eingöngu fyrir árin 1992 og 1993. Hún er sem sagt hálft annað ár fram í tímann. Það er mín skoðun að þannig meðferð á áætlunargerð sé óhafandi. Yfirleitt standa framkvæmdir yfir í lengri tíma en tvö ár þegar farið er í þær á annað borð við slík mannvirki sem flugvelli og þá aðstöðu sem þeim tengjast. Þess vegna þurfa menn að setja upp framkvæmdaáætlanir til lengri tíma en til 1½ árs eins og hér liggur nú fyrir. Þess vegna finnst mér að það sé ekki upp á það bjóðandi í sjálfu sér að hafa áætlanir um framkvæmdir á flugvöllum til tveggja ára. Ég held reyndar að ástæðan fyrir því að menn fóru út í þetta, komu með þessa till., sé sú að þeir höfðu áhuga á því að flytja lítils háttar til í framkvæmdunum og þeim hafi fundist þægilegra að taka það af óskiptri köku en halda skiptingunni inni og þess vegna vildu menn fella út allar hugmyndir um hvernig framkvæmdir ættu að raðast upp á seinni tveimur árum áætlunarinnar. Það héldust að vísu sömu niðurstöðutölur þannig að það er ekki breyting á áætluninni sem slíkri, en það er búið að eyða tölunum sem voru inni fyrir einstaka staði. Menn verða að draga þær ályktanir sem þeir kjósa helst af því, en ég dreg þá ályktun af því að þetta skuli gert að menn séu raunverulega víkja sér undan því að taka á hvar þeir vilja skera niður og skjóta sér á bak við þessa aðferð. Það getur ekki verið að menn ætli að hafa til frambúðar þannig aðferðir við áætlanagerð í flugmálum að það sé eingöngu til tveggja ára. Það get ég ekki séð. Ætla menn virkilega að fara út í framkvæmdir, sem standa kannski 3–4 ár og láta vanta botninn í fjármögnunarhliðina á dæminu? Af hverju er það sem menn leggja áherslu á áætlunargerðir? Er það bara út í loftið sem menn vilja vinna eftir áætlunum? Það er það ekki. En það getur verið að menn falli fyrir einhverjum ódýrum lausnum þegar þeir vilja hliðra sér hjá því að taka á óþægilegum málum. Og það eru vissulega óþægileg mál ef menn þurfa að skera niður áætlanir þar sem gert hefur verið ráð fyrir fjárveitingum í náinni framtíð á einhverja tiltekna staði. En ég er þeirrar skoðunar að undan því eigi menn ekki að víkja sér og láta það verða á kostnað áætlunargerðar sem yrði mjög mikilvæg.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera neina sérstaka athugasemd við þessa áætlun, tel að við hefðum vel getað sætt okkur við þessa áætlun eins og hún er að öðru leyti en því sem ég hef hér lýst og það hefði verið hægt að ná fullri samstöðu í nefndinni ef það hefði verið reynt að vinna að því. Ég er sannfærður um að það er minni ágreiningur um þessi mál en jafnvel flest önnur sem við erum að fjalla um á þinginu í vetur og í raun og veru lítið sem ber á milli. Þess vegna held ég að það hefði verið hægt að ná fullri samstöðu, en ég veit að hv. 6. þm. Vestf. er á sama máli og ég, að hún er mjög andvíg því að það skuli vera búið að taka tölurnar út úr áætluninni sem áttu við um síðari tvö ár hennar, og ég kem því hér á framfæri líka vegna þess að hún hefur ekki haft aðstöðu til að mæta á fundinum enn í dag.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka nefndinni fyrir þau góðu störf sem hún hefur unnið. Ég vil aðeins vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns leggja áherslu á það að

með því að halda óskiptum fjárveitingum á árunum 1994 og 1995 er einungis verið að undirstrika, að ég tel, nauðsyn þess að endurskoða flugmálaáætlun frá grunni eins og hún liggur nú fyrir með hliðsjón af breyttum viðhorfum í samgöngumálum og sveitarstjórnarmálum. Ég get tekið sem dæmi hugsanlega sameiningu sveitarfélaga, get bent á að það eru fjórir flugvellir nú á svæðinu frá Ísafirði til Þingeyrar, en jarðgöngum lýkur þar mjög senn, og menn reyni að átta sig á því í höfuðdráttum.

Það liggur líka fyrir að það er búið að leggja niður áætlunarflug á staði eins og Blönduós og Stykkishólm og fleiri breytingar eru í aðsigi þannig að með þessu er einungis gefin yfirlýsing um að við teljum nauðsynlegt að endurskoða áætlunina frá grunni, reyna að meta hvaða flugvellir eigi framtíð fyrir sér og út frá því marka nýja stefnu á næsta sumri þannig að ný flugmálaáætlun verði lögð fyrir á næsta hausti. Ég vil líka minna á í þessu sambandi að nýr flugmálastjóri mun taka til starfa 1. júní þannig að þetta er aðeins hluti af þeirri endurskipulagningu sem á sér stað í flugmálum.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af því að hér er til umræðu flugmálaáætlun vil ég segja nokkur orð. Ég fékk tækifæri til þess í hv. samgn. þingsins að fjalla um áætlunina og þær forsendur sem hún byggir á. Ég tel ekki óeðlilegt að sá háttur sé hafður á núna að áætlunin sé einungis bundin hvað varðar einstaka flugvelli til tveggja ára, m.a. vegna þess að það eru vissulega miklar breytingar sem hafa orðið á samgöngum í landinu. Með bættum vegasamgöngum hefur dregið úr flugi og þess vegna tel ég að við séum á vissan hátt á tímamótum og þurfum þess vegna að endurskoða allar okkar áætlanir um byggingu flugvalla í landinu.

Hins vegar er það þannig eins og víða í okkar þjóðfélagi að það eru mörg hálfunnin verk. Það er ólokið víða á hinum smærri flugvöllum ýmsum minni háttar framkvæmdum. Má þar nefna öryggissvæði og annað því um líkt sem ég tel auðvitað að þurfi nauðsynlega að ljúka við á næstu árum. Ég legg á þetta áherslu vegna þess að öryggisþátturinn við flugvellina er afar mikilvægur og þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Hins vegar vil ég í þessari umræðu að gefnu tilefni vekja athygli á því að eins og margir þekkja hafa nokkur lítil flugfélög séð um innanlandsflugið og það verður að segjast alveg eins og er að flugfélögin hafa lagt mjög mismunandi áherslu á þjónustu við hina einstöku staði. Það þekki ég varðandi flugvellina við Rif og Stykkishólm að það verður að telja að þjónustan hafi verið alveg á mörkum þess að vera viðunandi og oft allsendis óviðunandi. Þess vegna hefur það orðið að fólk hafi hætt að treysta á þessa samgönguleið, hætt að treysta á að geta tekið flug milli þessara staða og það hefur dregið úr flutningum.

Hins vegar vil ég taka einnig fram að það er talað um að leggja niður áætlunarflug til tiltekinna staða og var þar Blönduós nefnt og einnig Stykkishólmur. En ég vek athygli á því að á meðan dregið hefur úr áætlunarflugi til Stykkishólms hefur leiguflug aukist mjög mikið. Ég tel að það sé m.a. vegna þess að Stykkishólmur er miðstöð ferðamannaþjónustu og flutningar þeirra sem stunda þjónustu við ferðamenn hafa beinst í þessa átt, þ.e. að nýta flugið. Þess vegna held ég að það sé mjög óvarlegt og óráðlegt af yfirvöldum flugmála í landinu að draga þá ályktun að það beri að draga úr uppbyggingu við þessa flugvelli, enda sýnir það sig t.d. um Stykkishólmsflugvöll að þegar leiguflugið er tekið inn hefur ekki orðið samdráttur. Hins vegar hefur flugfélagið sem hefur haft áætlunarflug til Stykkishólms dregið mjög úr þjónustu og þar af leiðandi hefur farþegum fækkað í áætlunarflugi.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu, að það er ekki hægt að einblína á áætlunarflugið. Leiguflugið hefur aukist til margra staða og ég trúi því að það eigi eftir að vaxa jafnvel.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu, en tel að það sé nauðsynlegt að endurmeta allar áætlanir varðandi uppbyggingu í flugmálum í landinu og sú áætlun sem hér er til umræðu er fyrsta skrefið í því verki.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Við meðferð þessa máls í þinginu, umfjöllun á flugmálaáætlun, var brugðið þeim vana sem gilt hefur að þingmannahópar hvers kjördæmis fjölluðu um málefni síns kjördæmis. Og með því að ekki voru lagðar fram neinar skýringar í þessum efnum kom sú afgreiðsla sem uppi var í þessu máli mér afar mikið á óvart. Í tillögum til flugmálaáætlunar var ekki gerð tillaga um að þverbrautar við flugvöllinn á Hornafirði væri þar getið. En það er kannski vert að rifja það upp að hún var ein af þeim framkvæmdum sem sérstaklega var getið á fyrstu flugmálaáætluninni og var framarlega í framkvæmdaröð á þeirri áætlun.

Af þessari ástæðu höfðu þingmenn Austurlands ekki möguleika á því að fjalla formlega um þessi mál, en það var hins vegar sæst á það, og ég gat þess t.d. í mínum þingflokki, að í staðinn fyrir tækjageymslu eins og var í upphaflega textanum kæmi þverbraut. Rökstuðningurinn fyrir þessu var afskaplega einfaldur því að það er búið að byggja tækjageymsluna. Tækjageymslan var m.a. byggð fyrir fjárveitingu sem var á síðustu flugmálaáætlun til þverbrautar á Höfn í Hornafirði eins og flugvöllurinn er nú gjarnan kenndur við þó að hann sé í öðru sveitarfélagi. Það var því sjálfsagt mál að breyta þessu. Við þá litlu umfjöllun sem fram fór á milli mín og Flugmálastjórnar, þess embættismanns sem fjallaði sérstaklega um málið að þessu sinni, kom fram að hann vissi ekki að það var búið að byggja tækjageymsluna. Með öðrum orðum, þegar flugmálaáætlunin var lögð fram er eins og það hafi ekki verið alveg ljóst hjá a.m.k. öllum embættismönnum og ráðuneytismönnum að það var búið að byggja þessa tækjageymslu. Hún reis á sl. hausti. Þá voru höfð um það samráð, t.d. við mig, hvort þingmenn kjördæmisins gætu ekki fallist á að færa fé frá þverbrautarfjárveitingunni yfir í tækjageymsluna og það var gert. Það er þess vegna alveg óþarfi að geta þarna um tækjageymsluna nema því fylgi einhver sérstakur ásetning-

ur. Ef það er svo að sérstaklega á að geta tækjageymslunnar í þessum efnum er það sjálfsagður hlutur að setja þar inn rétta tölu þannig að ef eitthvað stendur út af ógreitt varðandi tækjageymsluna verði rétt tala sett þar inn og flugbrautarframkvæmdin verði svo mörkuð með því sem eftir kann að vera af þessari fjárveitingu sem ég hygg að sé að mestu leyti og kannski alveg ósnert.

Með því að hv. samgn. hefur ekki séð sér fært að taka tillit til þessara ábendinga og nú vill svo til að hér er frídagur í stofnunum og þar af leiðandi ekki um það að ræða að ég geti náð trúverðugum upplýsingum til að gera brtt. við þessa flugmálaáætlun fer ég þess eindregið á leit við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað og því tel ég að ég eigi reyndar þinglegan rétt á með tilliti til þess hvernig málið ber að.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Eins og textinn er í brtt. er hann í fyllsta samræmi við þær óskir sem mér er kunnugt um að þingmenn í Austurlandskjördæmi hafa farið fram á. Ef hv. þm. telur á hinn bóginn að það muni greiða fyrir afgreiðslu málsins, því að honum er það jafnkunnugt og mér að við erum komnir að lokum þinghalds, að fresta málinu til mánudags, þá er það auðvitað vegur, en ég geri varla ráð fyrir því að peningar vaxi á þeim trjám sem vaxa upp af þessu fræi og þeirri beiðni að umræðu sé frestað að sinni.

Egill Jónsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að hafa hér framhald þingskapaumræðna þó að það hefði náttúrlega verið hægur vandinn að láta þessa umræðu halda áfram að fjalla um samgönguáætlun. En erindið sem ég á hingað upp er þess eðlis að ég vil í fyrsta lagi mótmæla því sem hæstv. samgrh. sagði áðan og ég kann ekki við að menn tali með sama hætti og hann gerði í sinni ræðu. Þar segir hann að það hafi verið komið til móts við þingmenn Austurlands í þessum efnum. Þetta segir hann eftir að ég sagði í ræðu minni að það hefði ekki verið gert. (**Forseti:** Ætlaði hv. þm. að tala um þingsköp?) Hvaða heimildir hefur ráðherrann til að fullyrða svona hluti þegar ég hef skýrt það út að þessi niðurstaða væri ekki í samræmi við það sem við hefðum lagt til?

Ég ítreka kröfu mína um þetta og það er ekki mín sök þó að þessi áætlun dragist. Það er þá nær að vanda verkin betur í upphafi og afgreiða þau frá nefnd með þeim hætti að það geti verið um þau sátt.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varðandi það sem hv. 3. þm. Austurl. vék að áðan með meðferð málsins. Mér er ekki kunnugt um að nefndin hafi vikið frá venju um að senda flugmálaáætlun út til umsagnar þingmannahópa í kjördæmunum. Mér er ekki kunnugt um að svo hafi verið gert áður.

Varðandi þingmannahóp Austurlands sérstaklega óskuðu þeir þingmenn eftir því að geta fjallað um áætlunina í sínum hóp og var þá m.a. afgreiðslu málsins frestað í nefnd til að gefa þeim tækifæri til þess. Þeir komu síðan með ósk um að þar sem stóð í áætluninni „tækjageymsla" stæði: þverbraut og voru málin m.a. könnuð hjá Flugmálastjórn út frá því sem hv. 3. þm. Austurl. nefndi áðan í sambandi við byggingu á tækjageymslu. Það kom í ljós að tækjageymsla hefur risið, en hún er ekki fullbúin og ekki fullgreidd og þarf þar af leiðandi að vera fjárveiting til þess á þessari flugmálaáætlun. Þar sem nefndin vildi hins vegar gjarnan taka tillit til óskar þingmanna Austurlands um að þverbraut væri inni í áætluninni brá nefndin á það ráð að hafa þetta sameiginlegan lið fyrir tækjageymslu og þverbraut þannig að ef eitthvað stæði þar eftir þegar tækjageymslunni, sem risin er og ætlunin er að klára, væri lokið væri hægt að halda áfram með þá athugun á byggingu þverbrautar sem í gangi hefur verið, en það er alveg ljóst að sú framkvæmd mun kosta verulega fjármuni, sennilega einhver þriggja stafa tala í milljónum talið.

Ég vil geta þess í lokin að hv. 1. þm. Austurl. sat fund nefndarinnar þegar flugmálaáætlunin var afgreidd og gat fyrir sitt leyti fallist á að textinn væri á þessa leið.

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi rétt árétta út frá því sem kom fram áðan, að formanni samgn. hefði ekki verið fullkunnugt um að kjördæmahópar fjölluðu um málefni flugmálaáætlunar, að það hefur reyndar verið svo þau ár síðan ég kom til Alþingis að það hefur verið fjallað um þau málefni í þingmannahópunum, fyrst við fjárlagagerð meðan sá háttur var hafður á og síðan í framhaldi af því þegar flugmálaáætlun hefur verið gerð. Ef menn vilja fara nákvæmlega rétt að hlutunum hefði verið einfaldur kostur að setja inn á þessa flugmálaáætlun það sem stóð á hinni flugmálaáætluninni um fjárveitingu til flugbrautar í Hornafirði því að það fjármagn hefur farið til að byggja tækjageymsluna og tækjageymsluframkvæmdinni ber þó alla vega að skila því fjármagni til þverbrautarinnar. Það var hægur vandinn að setja þetta upp með réttum hætti þó að reikningslega væri e.t.v. ekki búið að gera upp dæmið um kostnað á tækjageymslunni.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Áfram varðandi það sem hv. 3. þm. Austurl. sagði um meðferð málsins í nefnd og umfjöllun í þingmannahópum. Það getur vel verið að þingmannahóparnir hafi fjallað um málið á sínum vettvangi, en þá hafa þeir að því er ég best veit tekið það upp sjálfir en því hefur ekki verið vísað til þeirra sérstaklega þegar umfjöllun um endurskoðun flugmálaáætlunar hefur átt sér stað. Ég hef spurst fyrir um þetta hjá fyrrv. nefndarmönnum í fjárveitinganefnd og eins spurðist ég fyrir um þetta hjá starfsmanni nefndarinnar, sem fór í gegnum fundagerðir fjárveitinganefndar síðast þegar endurskoðun á flugmálaáætlun fór fram, og hann gat ekki fundið þess neinn stað að nefndin

hefði vísað flugmálaáætlun til umfjöllunar hjá þingmannahópum.

Svona í leiðinni vil ég geta þess um vegáætlun, þar sem fjallað er í þingmannahópum um skiptingu fjár sem er skipt á kjördæmin eftir sérstakri áætlun, að þar er málinu vísað til kjördæmahópanna á vegum vegamálastjóra en ekki á vegum þingnefndar.

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn út af málsmeðferð samgn. ítreka það, sem ég sagði áðan, að um það hefur farið fram umræða í þingmannahópum hvernig flugmálaáætlun hefur litið úr hverju sinni. Eins og ég sagði áðan er það arfur frá fyrri tíð þegar fjárveitingar til flugvalla voru ákveðnar á fjárlögum og skipting fór fram með sama hætti og á öðrum framkvæmdaliðum eins og til hafna, skóla og annarra mannvirkja. Þessir hlutir liggja alveg ljóst fyrir. Það er hins vegar kannski ekki aðalatriði málsins að öðru leyti en því að ef sá háttur hefði verið hafður á hefði þessi flugmálaáætlun verið unnin með þeim hætti sem nauðsynlegt er og sjálfsagt er og samgrn. og samgn. hafði ekki burði til að skila frá sér.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er fróðleg umræða fyrir margra hluta sakir, sem hér hefur upphafist, og ég vil fyrst aðeins tjá mig um það sem lýtur að þátttöku þingmanna kjördæmanna í vinnu að þessu leyti. Ég held að það hafi báðir aðilar nokkuð til síns máls í þeim efnum og sannarlega hefur 3. þm. Austurl. þar rétt fyrir sér að þingmannahópar kjördæmanna hafa fjallað um flugmál í sínum kjördæmum. Það eru fjölmörg dæmin um það. Ég hygg þó að það kunni að hafa verið eitthvað mismunandi eftir að flugmálaáætlun kom til sögunnar hvernig einstakir þingmannahópar hinna einstöku kjördæma hafa unnið að því og vissulega er það svo að flugmálaáætlunin er ekki byggð upp á grundvelli tiltekinnar prósentuskiptingar eins og vegamálaáætlunin. Þar er nokkur munur á. En það eru þó dæmi um það frá endurskoðun vegáætlunarinnar á undanförnum árum að þingmannahópar eintakra kjördæma hafa verið með tillögur um nokkrar breytingar. Ég man t.d. í fljótu bragði eftir því að bæði þingmenn Austurlands og þingmenn Norðurlands vestra hafa á undanförnum árum, síðustu eitt, tvö skipti sem vegáætlunin hefur verið hér til meðferðar, verið með tilteknar áherslur í sambandi við einhverja tilfærslu á fjármunum til flugvallamála innan þeirra kjördæma. Svo mikið er víst. En hvernig að því hefur verið staðið nákvæmlega af hálfu fjárveitinganefndar, hvort tillagan hefur verið send eða ekki send formlega til hópanna, þori ég ekki alveg að taka af skarið um, enda má það kannski einu gilda. Aðalatriðið er að sjálfsagt er að reyna að hafa sem mest samkomulag og best um þessa hluti og þar á meðal ekki síst við þingmannahópa kjördæmanna.

Hv. 3. þm. Austurl., svo ég haldi mig aðeins við hann, nefndi gamlan kunningja í umræðum um þessi mál þar sem er þverbraut á flugvelli í Nesjum í nágrenni Seljavalla í Hornafjarðarhéraði, en þar er einnig kauptún í nágrenninu sem heitir Höfn í Hornafirði. Það er hárrétt hjá hv. 3. þm. Austurl. að það er ekkert sjálfgefið að kenna þennan flugvöll endilega við þann kaupstað og má alveg eins til sanns vegar færa og hafa það sem sannara er að flugvöllurinn er í Nesjahreppi í Hornafirði skammt frá bænum Seljavöllum og hefur margt fyrirbærið tekið mark sitt af ómerkari hlutum en þeim þó að völlurinn væri skýrður upp á nýtt og kenndur við þetta merka bæjarstæði og héti þá Seljavöllur og færi vel á því.

En það er af þessari þverbraut að segja að hún er réttilega búin að vera til umræðu allnokkur skipti þegar flugmálaáætlun hefur verið til endurskoðunar og síðast þegar frestun varð á því að í framkvæmdir hennar yrði ráðist fór ég yfir það mál með starfsmönnum Flugmálastjórnar. Þá var m.a. nefnt sem rök við mig að enn væru menn ekki að fullu og öllu komnir til botns í heppilegustu staðsetningu brautarinnar og töluðu í því sambandi eitthvað um sviptivinda af nálægum fjallaskörðum. Að öðru leyti er það auðvitað svo að flugvöllurinn í Hornafirði er einn af mikilvægari héraðsflugvöllum í landinu og þarf að sjálfsögðu að fá þverbraut til að geta að fullu þjónað sínu hlutverki. Vonandi tekst að sjá til þess innan ramma flugmálaáætlunar á næstu árum.

Það eru nokkur atriði önnur, herra forseti, sem ég vil leyfa mér að nefna. 1. þm. Vesturl. nefndi þá stöðu sem uppi er í flugmálum á Vesturlandi og nýlega ákvörðun sérleyfishafa á þeirri flugleið sem hann tiltók, leiðinni Reykjavík-Stykkishólmur, að skila inn leyfum sínum. Þetta eru breytingar sem menn hafa þóst sjá fyrir upp á síðkastið, að það væri að bresta grundvöllurinn undir reglubundnu áætlunarflugi á nokkra flugvelli sem eru í mestri nálægð við suðvesturhornið eða þéttbýlissvæðið við sunnanverðan Faxaflóa, og sú staðreynd virðist nú blasa við mönnum að ekki er lengur rekstrargrundvöllur undir áætlunarflugi á flugvelli eins og Stykkishólmi og Blönduósi.

En hv. 1. þm. Vesturl. nefndi jafnframt réttilega að á hinn bóginn hefur leiguflug farið vaxandi á þennan flugvöll og heildarflugumferð e.t.v. alls ekki dregist saman þó svo að rekstrargrundvöllur hafi brostið undir áætlunarflugi. Þetta dregur athyglina að vissu vandamáli sem þarf að huga að í sambandi við framtíðaruppbyggingu flugmálaáætlunarinnar og það er sú spurning hvort skipting flugvallanna í flokka í flugmálaáætluninni sé ekki gölluð í þessu tilliti og það geti verið í vissum tilvikum óheppilegt að færa flugvelli niður um flokk við það eitt að áætlunarflug leggist af ef á sama tíma er jafnvel vaxandi flugumferð af öðru tagi inn á sömu flugvelli og þeir af þeim sökum síst minna þýðingarmiklir eða mikilvægir en þeir áður voru. Eins og, ef ég man þessi fræði rétt, flokkunin er upp byggð í dag mun það sjálfkrafa leiða af sér breytingu á flokkun viðkomandi flugvalla þar sem öllum áætlunarflugvöllum er skipað í þrjá flokka og síðan koma aðrir flugvellir og lendingarstaðir sem sérstakur flokkur. Þetta þarf kannski að athuga. Ég held það skipti kannski ekki sköpum þó sú flugmálaáætlun sem nú er verið að afgreiða standi eins og hún hefur verið

upp byggð, en ég tek undir það með hv. 1. þm. Vesturl. að þarna er á ferðinni atriði sem huga þarf að.

Ég er hins vegar ekki að öllu leyti sammála þeim rökum sem færð voru fram af frsm. samgn., hv. formanni hennar, og að nokkru leyti hæstv. samgrh., ef ég heyrði rétt, að það séu einhverjar sérstakar aðstæður uppi sem geri að verkum að það sé ekki rétt að skipta fjárveitingum niður á verkefni og staði á þessu fjögurra ára tímabili eins og verið hefur og flugmálaáætlun hefur gert ráð fyrir. Ég minni á að það er jafnan svo að síðari tvö árin í hverri áætlun koma til endurskoðunar áður en til framkvæmda kemur. Flugmálaáætlunin hefur verið upp byggð þannig að hafi orðið einhverjar þær breytingar sem geri það að verkum að ástæða sé til að færa fjármagn milli verkefnaflokka eða flugvalla hafa menn það tækifæri þegar reglubundin endurskoðun kemur upp á tveggja ára fresti. Það er hins vegar slæmt að mörgu leyti að geta ekki byggt á áætlun um einstaka verkþætti og einstök svæði til lengri tíma en tveggja ára í senn. Ég tel það alveg tvímælalaust vera afturför að hverfa frá því að skipta fjárveitingunum niður á allt fjögurra ára tímabilið eins og gert hefur verið. Ég held það hafi ekki verið færð fram sannfærandi rök fyrir því að núna væru einhverjar þær sérstöku sviptingar uppi í flugmálum landsmanna að það væri ekki viðráðanlegt verkefni að skipta þessu með sama hætti og gert hefur verið.

Það sem nefnt var hér t.d. um að áætlunarflugið væri að dragast saman eða leggjast af til nokkurra staða er ekkert nýtt. Það er hlutur sem menn hafa rætt um og hefur reyndar verið spáð fyrir um og er núna ósköp einfaldlega að ganga eftir og rætast. Þannig var það t.d. í fyrra í nokkuð umræddri skýrslu sem kom út á vegum samgrn. um samgöngur og fjarskipti og þróun þeirra mála fram til aldamóta. Þar var nákvæmlega þessum hlutum spáð fyrir. Þá var spáð fyrir um það hvaða áætlunarflugvellir mundu að líkindum leggjast niður á næstu árum. Í því er ekkert sem á að koma mönnum á óvart og það sem nú hefur verið að birtast mönnum í formi ákvarðana flugrekenda er ósköp einfaldlega það sem búast mátti við og spáð hafði verið fyrir um. Það eru þess vegna engin rök til þess að ekki sé hægt að byggja upp framkvæmdaáætlun í flugmálum til jafnlangs tíma og gert hefur verið að undanförnu.

Svo vil ég að lokum, herra forseti, beina einni spurningu til hv. formanns samgn. Ég tók upp í 1. umr. um flugmálaáætlun málefni sem varðaði hugsanlegt samstarf okkar Íslendinga í flugmálum við Grænlendinga. Ég skýrði frá því að ég hefði undir höndum skýrslu sem grænlenska landsstjórnin hefði látið taka saman um þróun flugsamgangna í Grænlandi og í þeirri skýrslu er kafli sem lýtur að hugsanlegu samstarfi Grænlendinga við Íslendinga um uppbyggingu sinna flugsamgangna. Það kemur inn á það að Grænlendingar standa frammi fyrir miklum breytingum nú þegar bandarískt herinn hættir þátttöku eða rekstri flugvallarins í Syðri-Straumsfirði og þurfa á næstu mánuðum eða missirum að taka afdrifaríkar ákvarðanir um annaðhvort gríðarlegar fjárfestingar í formi uppbyggingar nýrra flugvalla á Grænlandi, þar á meðal flugvallar sem er nægjanlega vel úr garði gerður til að geta þjónað sem þeirra tengiflugvöllur við útlönd. Annar valkostur sem þeir hafa er að taka sjálfir á sig rekstrarkostnaðinn af tengiflugvellinum í Syðri-Straumsfirði sem er kostnaður sem nálgast milljarð ísl. kr. á ári hið minnsta. En þriðji valkosturinn sem velt er upp í þessari skýrslu grænlensku landsstjórnarinnar er að ganga til samstarfs við Íslendinga um að Keflavíkurflugvöllur verði tengiflugvöllur fyrir millilandaflug Grænlendinga í vesturátt og þeir hagi uppbyggingu sinna flugvalla með hliðsjón af því. Þetta er ódýrasti kosturinn í stofnfjárfestingum augljóslega, kemur sömuleiðis best út rekstrarlega fyrir flugrekendur í Grænlandi, en er að því leyti auðvitað lakari í þeirra augum að þetta mundi þýða að umtalsverðar tekjur og umsvif af flugrekstri færðust úr landinu og yfir til Íslands.

Ég tel hér vera á ferðinni svo stórt mál að það sé ekki sæmandi íslenskum flugmálayfirvöldum að hafa ekki tekið á því og þess vegna óskaði ég eftir því við 1. umr. um málið að samgn. færi yfir þetta mál. Ég bauð fram mína aðstoð og þau gögn sem ég hef undir höndum ef nefndin hefði áhuga á því að fara yfir þetta.

Nú heyrði ég ekkert af þessu í framsöguræðu hv. formanns samgn. og þótti það miður. Ég hef á þeim tíma sem síðan er liðinn farið aðeins betur yfir þetta mál og m.a. aflað mér upplýsinga um stöðuna eins og hún er núna í Grænlandi. Þar er upplýst að enn hafa engar ákvarðanir verið teknar af hálfu grænlenskra yfirvalda um framtíðina í þessum efnum.

Mér er jafnframt kunnugt um að á vegum Flugleiða hafa menn fylgst með þessu máli og hafa mikinn áhuga á því hver niðurstaðan kann þarna að verða.

Ég óska þess vegna eftir því að hv. formaður samgn. upplýsi um hvort samgn. hafi eitthvað um þetta fjallað eða farið yfir þetta. Ef ekki óska ég eindregið eftir því að nefndin geri það, ekki endilega í tengslum við afgreiðslu þessarar flugmálaáætlunar því að út af fyrir sig er ekki neitt sérstakt sem bendir til að hún þurfi að breytast eða taka mið af þessari stöðu, en mér finnst eðlilegt að samgn. Alþingis sé upplýst um þetta mál og fari yfir það og ég hefði gjarnan haft áhuga á að fá að koma á fund nefndarinnar og ræða við hana á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hef undir höndum.

Ég vil jafnframt taka fram að ég geri þetta sem áhugamaður um vestnorræna samvinnu, sem formaður Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins. Ég er sannfærður um að ef svona samstarf um uppbyggingu og samþættingu flugsamgangna á þessu norðvestursvæði tækist yrði það mikið framfaraspor í öllum samskiptum þessara grannþjóða. En þetta gæti líka, ef vel tækist til, orðið verulegt hagsmunamál okkar Íslendinga án þess þó að á hagsmuni Grænlendinga væri gengið, þvert á móti virðist manni hér blasa við að um gagnkvæmt hagstæðan kost kunni að vera að ræða fyrir báðar þjóðirnar.

Ég vil sem sagt taka þetta mál upp á nýjan leik og óska eftir því að hv. formaður samgn. upplýsi um

stöðu málsins í nefndinni ef einhver er eða hlutist þá til um að farið verði yfir málið af hálfu samgn. og væri þá ekkert óeðlilegt að með í ráðum yrðu fulltrúar samgrn. og Flugmálastjórnar.

Ég vil svo að lokum taka undir það, sem ég skildi vera ósk hv. 3. þm. Austurl., að þessari umræðu yrði ekki lokið eða afgreiðslu tillögunnar frestað þangað til búið væri að skýra til fulls þau óljósu atriði sem hann nefndi í sambandi við flugvöllinn í Hornafirði. Ef það skyldi leiða til fundahalda samgn. innan umræðunnar um málið hefði ég gjarnan óskað eftir því að hún tæki jafnframt upp af sinni hálfu það mál sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mig langar til að leggja örfá orð inn í þessa umræðu og þá er það fyrst með þverbrautina í Hornafirði. Ég ætla ekki að blanda mér í það hvort völlurinn er kallaður Seljavöllur eða eitthvað annað, en það er mikil þörf á því að leggja þarna þverbraut og mikil nauðsyn fyrir samgöngur í Hornafirði, en það er þarna áberandi annmarki á. Helst þyrfti að flytja fjöllin eða lægja vindinn, nema þá hvort tveggja væri, en hvort tveggja er nokkuð torvelt. Ég get staðfest það, sem fyrrv. samgrh. var að segja hér áðan, að samkvæmt þeim upplýsingum sem starfsmenn Flugmálastjórnar hafa kynnt í flugráði eru aðstæður á þessari þverbraut eða þar sem fyrirhugað var að setja þessa þverbraut með þeim hætti að þar er ekki auðvelt að koma fyrir braut sem þjónaði þeim tilgangi sem hún þyrfti. Á þessu þyrfti að finna lausn, annaðhvort með því að færa brautina eða leggja braut annars staðar eða með einhverjum öðrum hætti. En þarna koma úr fjallaskörðum snarpir vindar eins og enginn veit sjálfsagt betur en hv. 3. þm. Austurl. og á þessu er ekki búið að finna viðunandi lausn þannig að ástæða sé til eða eðlilegt sé að festa fé í lagningu brautarinnar að svo komnu máli.

Ég stend ekki upp fyrst og fremst út af þessu heldur vegna þess að ég er að ýmsu leyti óánægður með þessa flugmálaáætlun. Ég átti sæti í flugráði til síðustu áramóta og þar voru drög að þessari flugmálaáætlun til meðferðar á sínum tíma. Ég var ekki samþykkur þessum drögum og bókaði í flugráði við afgreiðslu þess á málinu. Ég gagnrýndi bæði vinnubrögð og niðurstöður flugráðs og eins gagnrýndi ég rekstur Flugmálastjórnar. Ég átti sæti í flugráði um nokkurra ára skeið og það fannst mér vera sorgleg upplifun að ýmsu leyti þó að þarna sætu með mér ýmsir ágætismenn sem mér var fengur að því að kynnast og starfa með.

En meiri hluti flugráðs samþykkti þessi drög eins og þau voru unnin af starfsmönnum Flugmálastjórnar. Ég tel að málið hafi þróast með jákvæðum hætti og þessi tillaga til þál. sé betri en þau drög sem afgreidd voru í flugráði á sínum tíma og að mínum dómi er það tvímælalaust til bóta að skipta einungis til tveggja ára með tilliti til þeirrar forvinnu sem unnin hafði verið að málinu.

Ég óska nýjum flugmálastjóra heilla í starfi. Ég þekki hann að víðtækri þekkingu á flugmálum og vona að honum takist að stýra flugmálum á Íslandi farsællega á sínum embættisferli og ég vonast eftir að sjá skynsamlegar tillögur frá Flugmálastjórn um skiptingu á verkefni á árunum 1994 og 1995.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er sjálfgert úr því að hv. 3. þm. Austurl. hefur boðað brtt. að honum veitist svigrúm til að forma hana. Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því að í flugmálaáætlun eins og hún var samþykkt er ekki gert ráð fyrir því að veita fé til tækjageymslu, en á hinn bóginn hefur ekki verið að því fundið þó fært sé fé innan sama flugvallar til að reyna að veita fjármununum til þeirra aðgerða sem á hverjum tíma eru brýnastar.

Ég hygg hins vegar að menn verði að gæta að sér því nauðsynlegt er að Alþingi veiti heimild fyrir því að tækjageymslan sé reist og óhjákvæmilegt að fara fram á að fyrir þeim fjármunum sem til tækjageymslunnar hafa runnið fáist heimild nú við flugmálaáætlun og vil taka undir beiðni hv. þm. um að það mál verði nákvæmlega athugað.

Auðvitað er það sjónarmið ef menn telja að hæpið sé að færa með þessum hætti milli framkvæmda, en held að það sé ekki hægt að komast hjá því að tækjageymslunnar sé getið í plöggum Alþingis og samþykktum Alþingis úr því á annað borð hefur verið í hana ráðist.

Ég tek undir óskir þingmannsins um að honum veitist svigrúm til að semja sína brtt. og að umræðunni verði frestað.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það er fjarri því að ég hafi eitthvað á móti því að tækjageymslunnar sé getið, en þá á að setja hana inn með þeim tölum sem eru við hennar hæfi. Til hennar hefur verið ráðstafað því fjármagni sem áður var búið að ákveða í þverbraut. Það ber því að skila því til baka og inn komi sá texti í flugmálaáætlun sem greinir rétt frá. Svona einfalt er þetta mál.

Hér hefur aðeins blandast inn í þetta mál með ofurlítið gamansömum hætti nafnið á þessum flugvelli. Ég hygg að þessi flugvöllur heiti formlega séð Árnanesflugvöllur og er kenndur við afar merkt höfuðból sem að vísu er núna ekki lengur búseta á, en að því fráslepptu er þetta flugvöllurinn í Hornafirði og tekur hann eðlilega rétt nafn af því umhverfi sem hann er staðsettur í.

En það er líka rétt að vekja athygli á orðum hæstv. samgrh. þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að formlega séð væri nauðsynlegt að setja inn í flugmálaáætlun texta þar sem tækjageymslunnar væri sérstaklega getið og annað væri ekki viðeigandi.

Ég er þakklátur honum fyrir það ef hann ætlar að hafa slíkt form að leiðarljósi í sínum embættisferli, en ég vil hins vegar minna á það að þegar fjárveiting til flugbrautarinnar í Hornafirði var notuð til þess að leggja bundið slitlag á flugvöllinn í Vestmannaeyjum var það gert án þess að breyta texta. Ég veit ekki að sú framkvæmd sé búin að skila því fjármagni aftur til

baka. Ég er engan veginn viss um það að það hafi gerst í tíð síðasta hæstv. samgrh. og í þessu felast ekki ávirðingar í hans garð. En ef menn fara hins vegar yfir flugmála- og framkvæmdaáætlun má finna þessum orðum mínum stað. En það er liðin tíð og tjóar ekki um það að erjast.

Út af því sem kom fram hjá 1. þm. Norðurl. v., þá er rétt að það var tekin upp um það umræða og tilefnið var heiman að, það voru starfsmenn Flugmálastjórnar og flugvallarins í Hornafirði sem töldu að það gæti verið betri kostur að leggja þverbrautina, sem á að vera frá suðvestri til norðausturs, að sunnanverðu við Árnanes fremur en að norðanverðu eins og áætlað var. Þeir studdu þetta álit sitt með þeim rökum að þeir teldu sig hafa orðið vara þess að veður væri skaplegra við suðurenda flugvallarins fremur en að norðanverðu.

Munnlega hef ég fengið þá skýringu á þessu, og ég hef fylgst með þessari umræðu, m.a. tekið þátt í fundahöldum um hana austur á Höfn, nánar held ég að ég geti vitnað til að það hafi verið þann 15. des. árið 1990 þar sem var lagður grundvöllur að þessari umræðu og þessari athugun, og mér hefur verið tjáð af starfsmönnum Flugmálastjórnar að sú athugun hafi ekki leitt til þess að ástæða væri til að breyta frá hinni upphaflegu legu flugvallarins. En það fæst betur skýrt.

Aðalatriðið er að þessu máli verði ekki drepið á dreif og ég er þakklátur bæði fyrrv. samgrh. og 1. þm. Norðurl. v. fyrir þann stuðning sem þverbrautin í Hornafirði fékk í þeirra málflutningi áðan. Mér finnst vera mikilvægt að fyrrv. nefndarmaður, ég held það sé breyting frá því sem áður var, í flugráði og fyrrv. samgrh. skuli hafa með svo skýrum og eindregnum hætti lýst yfir stuðningi við þessa þörfu framkvæmd.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sætti mig prýðilega við að kalla þennan flugvöll Árnanesflugvöll áfram, Árnanes er eins og kom fram í síðustu ræðu gamalt höfuðból og frægt í sögu og þaðan var graðhesturinn Blakkur og ekki nema gott um það að segja að það nafn lifi áfram, jafnvel þó jörðin sé komin í eyði.

Það er rétt sem hv. 3. þm. Austurl. sagði áðan um það þegar teknir voru peningar sem ákveðið hafði verið að nota í þverbraut á Hornafirði og fyrir þá lagt bundið slitlag á flugvöllinn í Vestmannaeyjum. Ég átti þátt í þeirri ákvörðun og er ánægður að hafa gert það því ég held hún hafi verið rétt í sjálfu sér þó þar væri ekki með öllu farið að gildandi flugmálaáætlun. Það var skynsamleg notkun á fjármununum og kom í mjög góðar þarfir í Vestmannaeyjum. Mér finnst meginatriðið vera að í Hornafirði er ein mjög góð flugbraut með bundnu slitlagi. Þar var gert nýmæli nokkurt við gerð slitlagsins sem mér skilst að hafi tekist vel og komið vel út og það gæti verið lausn og er reyndar lausn sem verið er að fara inn á á fleiri flugvöllum.

Það er ákaflega ánægjulegt að þetta blómlega og góða hérað býr við góðar flugsamgöngur og það er meginatriðið. Fjöllin, herra forseti, eru hins vegar jafnhá og þau voru áður og byljirnir jafnhvassir þannig að sú þverbraut sem hv. 3. þm. Austurl. er að leggja sérstaka áherslu á kemur ekki að því gagni sem menn hefðu helst vonað þó lögð yrði.

Umræðu frestað.

Greiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. KSG o.fl., 479. mál. — Þskj. 737.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar þetta frv. var til umræðu fyrir nokkrum dögum flutti hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, ræðu sem að mörgu leyti fól í sér svipaða lýsingu á afstöðu fjmrn. til þessa frv. og fram kom þegar ég gegndi embætti fjmrh. Ég fagna því í sjálfu sér að hv. fjárln. hefur lagt sig fram um að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fjmrn. hefur sett fram um þetta atriði, en nokkuð skorti á það, því miður, að fjárveitinganefnd, sem þá hét, væri reiðubúin þegar ég gegndi embætti fjmrh. og aðrir voru í forsvari fyrir fjárln. Þess vegna er það frv. sem hér liggur fyrir að ýmsu leyti betra en það upphaflega frv. sem mælt var fyrir á sínum tíma vegna þess að búningur frv. nú er á þann veg að helstu agnúar fyrri gerðar hafa verið sniðnir af.

Ég vil hins vegar í upphafi segja það, sem fram kom einnig í ræðu hæstv. fjmrh., að það hefur nokkuð borið á því í tíð núverandi fjárln., eins og einnig í tíð fjárveitinganefndar á síðasta kjörtímabili, að á sama tíma og þessar virðulegu nefndir hafa að ýmsu leyti með réttu haft áhuga á því að setja skorður við því að framkvæmdarvaldið færi yfir á verksvið löggjafarvaldsins hafa þær engu að síður haft nokkra tilhneigingu til þess að löggjafarvaldið færi inn á verksvið framkvæmdarvaldsins. Það hefur skort sambærilegan áhuga á að setja girðingar gegn því að þingið og þingnefndir væru að sækjast eftir ákvörðunum sem eðli máls eiga heima á sviði framkvæmdarvaldsins eins og að setja girðingar, eins og reynt er að gera í þessu frv., gegn því að framkvæmdarvaldið taki að sér verkefni og vald sem eðlilegra væri að löggjafarvaldið hefði eitt í sínum höndum.

Ég vil þess vegna og í framhaldi af ræðu hæstv. fjmrh. varpa þeirri spurningu til hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, 1. flm. þessa frv., hvort núverandi fjárln. hafi í hyggju að draga jafnskýr mörk og reynt er að gera í þessu frv. til að koma í veg fyrir að t.d. fjárln. eða einstakir hlutar hennar væru að sækjast eftir áhrifum á sviði framkvæmdarvaldsins. Ég tel einnig óhjákvæmilegt að beina til 1. flm. eða annarra nefndarmanna, og ég sé að hér í salnum eru hv. þm. Karl Steinar Guðnason og Pálmi Jónsson sem eru fyrstu tveir flm. þessa frv., nokkrum spurningum um það hvað felist í orðalagi nokkurra greina í frv. Ég tel að það sé afar mikilvægt að það liggi skýrt fyrir vegna þess að vont er að samþykkja frv. af þessu tagi og túlka það sem veigamikla breytingu á skipan ríkisfjármála ef síðan strax koma upp vafaatriði og það jafn-

vel stórfelld vafaatriði. Ég kýs þess vegna að taka dæmi úr nýliðnum veruleika til að skerpa spurningar mínar. Fyrsta spurningin snýr að 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um það að óheimilt sé „að auka launa- og rekstrarkostnað ríkisins umfram það sem ákveðið er í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjáraukalögum.

Nú eru gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins sem fjárlög gera ráð fyrir og skal þá svo fljótt sem verða má leitað heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með fjáraukalögum."

Nú hefur það komið fram, síðast í gær, hjá hæstv. fjmrh. í viðtölum við fjölmiðla í tilefni af grg. fjmrn. vegna útkomu ríkissjóðs fyrstu þrjá mánuði þessa árs að veruleg óvissa sé í fjármálum ríkisins á þessu ári vegna útgjaldatilefna á grundvelli nýgerðra kjarasamninga en ekki hafi verið tekið tillit til þessara útgjaldatilefna í fjárlögum.

Þess vegna vil ég spyrja flm.: Væri þessi grein orðin að lögum í þeirri mynd sem hún er í frv. hefði hún þá í för með sér að hæstv. ríkisstjórn hefði orðið að koma til Alþingis með frv. til staðfestingar á nýgerðum kjarasamningum áður en samningarnir hefðu fengið efnislegt gildi? — Ég geri mér grein fyrir að þeir hefðu getað fengið formlegt gildi, en þeir hefðu varla fengið efnislegt gildi ef fjmrh. hefði ekki haft heimild samkvæmt lögum til að undirrita samninginn efnislega.

Við höfum þess vegna þetta dæmi úr veruleikanum, nýtt dæmi, nokkurra vikna gamalt. Það ætti að veita okkur möguleika á að skýra nokkuð nákvæmlega hver er merkingin í 2. gr. frv. Hver er kerfisbreytingin sem felst í 2. gr. frv.? Ef svar flutningsmanna er á þá leið að skv. þessari grein þyrfti fjmrh. ekki að koma með fjáraukalagafrv. nú þegar til þingsins vegna nýgerðra kjarasamninga vil ég spyrja á móti, ef svarið er á þennan veg: Hver er þá breytingin frá því sem var áður?

Ef aftur á móti svar flutningsmanna er á þá leið að segja já, fjmrh. þyrfti að koma með fjáraukalagafrv. til þingsins vegna nýgerðra kjarasamninga, þá er alveg ljóst að um afgerandi breytingu er að ræða og þá tel ég nauðsynlegt að ræða það aðeins nánar við hæstv. fjmrh. og einnig við samtök opinberra starfsmanna hvort þau geri sér þá grein fyrir þeirri skerðingu á samningsumboði fjmrh. sem verið er að lögleiða með þessu frv.

Ég vil þess vegna óska eftir nánari skýringum flutningsmanna á 2. gr. og ég tek eingöngu síðustu kjarasamninga sem dæmi vegna þess að það er oft betra að skilja hvað í lagafrv. felst með því að skoða textann í ljósi ákveðinna dæma sem liggja fyrir.

Önnur spurning mín víkur að 3. gr. frv. Þar er um að ræða ákvæði sem banna fjmrh. eða öðrum í ríkisstjórn að selja, skipta eða leigja eignir ríkisins nema með heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, en síðan er kveðið á um það að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreikningsheimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína o.s.frv. og talið er upp, ökutæki, vélar, áhöld og annar búnaður. Einnig er talað um að fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings geti selt varanlega rekstrarfjármuni með þessum hætti. Þetta er í sjálfu sér nokkuð skýrt. En nú kem ég að spurningu minni. Hún er á þessa leið:

Fram hefur komið í fjölmiðlum að fjmrh. hefur ákveðið að selja framleiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á nokkrum alþekktum sterkum vínum. (**ÖS:** Hefur þingmaðurinn reynsluna?) Nei, þingmaðurinn hefur ekki reynslu af því að neyta þessara drykkja svo ég svari spurningu frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem eins og alkunnugt er hefur nokkra reynslu á þessu sviði. (**ÖS:** Þroskasögu minni er ekki áfátt á þessu sviði.) En það er fullkomið aukaatriði í þessari umræðu og bið ég þingmanninn að hafa biðlund.

Í sjálfu sér er nokkuð ljóst, tel ég vera þó rétt sé að fá það skýrt af hálfu flutningsmanna, að samkvæmt þessari grein hefði fjmrh. heimild til þess að selja eitthvað af þeim tækjum sem notuð hafa verið til þess að brugga viðkomandi sterka drykki og vín, brennivín, vodka og ýmislegt fleira. En mín spurning snýr að formúlunni, uppskriftinni, sem er það dýrmætasta í því sem verið er að selja. Fyrirtæki sem framleiðir vínteg undir fyrir markað gaumgæfir sérstaklega að halda uppskriftinni leyndri fyrir keppinautum sínum. Fátt er kannski dýrmætara í hinum alþjóðlega viðskiptaheimi *vínframleiðslunnar en fyrirmælin um* það hverju eigi að blanda saman af efnum til að fá út þann drykk sem hefur hina sterku markaðsstöðu. Ég vil þess vegna spyrja flutningsmenn: Er fjmrh. samkvæmt 3. gr. heimilt að selja framleiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á vínum án þess að leita heimildar Alþingis því *hann er þar með að selja yfirráðin yfir uppskriftinni og* markaðsstöðunni eða með öðrum orðum, svo notað sé viðskiptamál á enskri tungu, hann er bæði að selja formúluna og „goodwill"-ið eða uppskriftina og viðskiptavildina eins og það heitir á íslensku.

Að hvorugu þessu, sem sjálfsagt er það dýrmætasta og verðmætast af því sem fjmrh. er að selja í þessu tilviki, er vikið í greininni.

Mér finnst þess vegna orðalag hennar gera ráð fyrir nokkuð þröngri upptalningu á því hvað sé eign af hálfu ríkisins.

Við getum tekið annað dæmi þó að það sé ekki alveg hliðstætt og ekki tekið beint úr veruleikanum eins og það sem ég hef nú vikið að varðandi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og ég tel alveg nauðsynlegt að fá svör við því. Væri það bannað samkvæmt 3. gr. og þá hvernig eða er það leyfilegt? Þá er auðvitað alveg ljóst að 3. gr. er mjög gölluð eins og hún er orðuð.

En ég ætla að taka annað dæmi. Það er að fram hefur komið í fjölmiðlum að starfsmenn í Tæknigarði Háskóla Íslands hafa unnið að hugvitsþróun sem felur í sér að tiltekið forrit er hugsanlega að öðlast markaðsstöðu upp á 12 milljarða ísl. kr. Er það nú við hæfi að skera niður lánasjóðinn á sama tíma og takmarka aðgang manna að menntuninni þegar í ljós kemur að mennirnir og fólkið með hugvitið, unga fólkið sem hefur fengið lánin úr lánasjóðnum er að skapa á einu bretti gjaldeyristekjur hugsanlega upp á 12 milljarða?

En látum það liggja milli hluta. Það ræðum við við 3. umr.

En það er alveg ljóst að í ýmsum ríkisstofnunum er unnið að sköpun hugvits af þessu tagi og það er kannski það dýrmætasta sem menn eru að fást við í viðkomandi stofnun. Er heimilt að selja þær eignir ríkisins ef um eignir ríkisins er að ræða í öðrum skilningi samkvæmt þessari 3. gr.?

Ég sé að hv. þm. Pálmi Jónsson hlær að því og segir við sessunaut sinn: Eign ríkisins. — En það er auðvitað þannig eins og fram hefur komið í þekktu dæmi á ákveðinni ríkisstofnun að vísindamenn, ég bið hv. þm. Pálma Jónsson að hlusta á það, sem höfðu unnið að rannsóknum á viðkomandi stofnun, þegar þeir hættu störfum, fóru á brott með rannsóknargögnin sem þeir töldu vera sína eign, en ef ég man rétt komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Alla vega fór viðkomandi stofnun fram á það að þeir skiluðu viðkomandi rannsóknargögnum á þeim forsendum að það væri stofnunin sem væri handhafi þeirra en ekki viðkomandi vísindamenn. Og það var alveg ljóst að það verðmætasta varðandi þetta voru rannsóknargögnin en ekki einhver tæki sem voru á staðnum. Tækin voru frekar verðlítil ef þau höfðu ekki verið notuð við viðkomandi rannsóknir.

Ýmis fleiri dæmi mætti sem sagt taka til þess að skýra viðkomandi grein, en ég tel nauðsynlegt að fá um það nokkur svör frá flutningsmönnum.

Þriðja spurning mín snertir 11. gr. frv. Í þessari grein er kveðið á um að sé óskiptu fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar skuli í fjáraukalögum gerð grein fyrir greiðslunum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein. Nú var það svo að á síðasta kjörtímabili urðu nokkrar deilur milli mín og páv. fjárveitinganefndar, sem upphaflega flutti þetta frv., vegna þess að ég hafði beitt mér fyrir þeirri nýjung að afnema aukafjárveitingar algjörlega og taka í staðinn upp litla liði í hverju ráðuneyti sem voru á bilinu frá 4 og upp í 12–15 millj., ef ég man rétt, í hverju ráðuneyti sem veittu viðkomandi ráðherra heimild til þess að ráðstafa þessum fjármunum að eigin ósk, án þess að bera það undir fjárveitinganefnd eða án þess að mælt væri fyrir um það í fjárlögum hvernig það ætti að gera. Ég var nokkuð gagnrýndur, bæði á fundum og mig minnir einnig hér í þingsalnum, fyrir þetta. Ég taldi þess vegna að fjárveitinganefnd þá hefði verið þeirrar skoðunar að hverfa bæri af þessari braut. Nú gerist það hins vegar við afgreiðslu fjárlaga í vetur að fjárln. núverandi, sem að nokkru leyti er skipuð sömu einstaklingunum, þó það sé nú alls ekki alveg, lætur það yfir sig ganga á lokastigum fjárlagagerðarinnar að gengið er frá fjárlögum fyrir árið 1992 á þann veg að einstakir ráðherrar fá sjálfdæmi til að úthluta í sínum ráðuneytum upphæðum sem hundruðum milljóna skiptir. Ég held t.d. að hæstv. heilbrrh. sé með heimild til að ráðstafa um 500 millj. kr., tæplega 600 ef ég man rétt, að eigin geðþótta. Hæstv. menntmrh. hefur heimild til að úthluta yfir 300 millj., ef ég man rétt, að eigin geðþótta. Þetta er sú aðferð sem valin var varðandi þann almenna niðurskurð sem ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu og ég gagnrýndi harðlega hér í þinginu, að skera fyrst niður launaliði um ákveðna prósentutölu, taka síðan hluta af því og færa í einn sjóð í hverju ráðuneyti og viðkomandi ráðherra hafði svo ótakmarkaða heimild — hv. þm. Pálmi Jónsson — ótakmarkaða heimild til að flytja þessar upphæðir á hvaða lið sem hann kaus í sínu ráðuneyti. — Ég bið hv. þm. Pálma Jónsson að hlusta á það. Og þegar er um að ræða, eins og t.d. í heilbrrn., milli 500 og 600 millj. kr. er alveg ljóst að núv. heilbrrh. getur gjörsamlega umbylt ætlunarverki Alþingis með fjárlagafráganginum með því að ráðstafa þessum 500–600 millj. á þann veg að það gangi gjörsamlega á skakk og skjön við ætlun Alþingis um innbyrðishlutfall útgjalda hjá einstökum stofnunum í heilbrrn.

Ég varaði mjög við því í vetur að farið væri inn á þessa braut og spurði: Hvar á að enda? Ef búið er að veita ráðherrum slíkar heimildir upp á 500–600 millj. hvenær verður það næst gert upp á milljarð? Með sömu rökum er hægt að verja milljarði. Og hvað er þá búið að gera við hið raunverulega fjárveitingarvald Alþingis? — Ég vil biðja hv. þm. Pálma Jónsson og Karl Steinar Guðnason, sem ég er nú aðallega að beina þessum spurningum til, að hlýða nokkuð á það sem ég er að segja þó ég geri mér grein fyrir því að þeir þurfi kannski nokkuð að bera saman bækur sínar og ég veit þeir eru að gera það. En í fullum velvilja bið ég þá um að hlýða á þessar athugasemdir og spurningar. Það er ekki samræmi í því að vera að fylgja fram í þessu frv. stefnu sem er grundvölluð á því að heimildarlausar ákvarðanir séu úr sögunni, en fylgja svo í fjárlögum þeirri stefnu að heimildir ráðherra til að ráðstafa upphæðum að eigin geðþótta eru stórkostlega auknar, sem nemur þúsundum prósenta. Þess vegna er mín spurning sú: Er ekki algjör mótsögn milli þess anda og ákvæða sem er að finna í frv. og þeirrar stefnu sem sett var í lög í fjárlögum yfirstandandi árs? Ég spyr vegna þess að ég á alveg eins von á því að í fjárlögum fyrir næsta ár muni hæstv. ráðherrar endurtaka leikinn. Fyrst þingið er á annað borð búið að koma þeim á þennan spena að þingið segi við þá: Gjörið þið svo vel. Hæstv. heilbrrh., hér eru 600 millj. sem þú mátt ákveða eins og þú vilt hvar þú lætur. Hvort þú lætur í sjúkrahúsið á Ísafirði eða í sjúkrahúsið á Neskaupstað eða í Landakot eða í Landspítalann eða sjúkrahúsið á Blönduósi. Þú ræður því bara, hæstv. heilbrrh.

Ég reikna fastlega með því að ríkisstjórnin muni, ef hún situr áfram, á hausti komanda vilja fá þetta aftur í sínar hendur með sama hætti.

Ég tel þess vegna nauðsynlegt að fjárln. sem kemur til þingsins nú á vordögum og segir við þingið: Við viljum fá þetta samþykkt, þetta frv., svari því þá á vorþinginu: Ætlar hún þá að endurtaka þennan leik í haust? Ég segi í fullri vinsemd við nefndina: Þá finnst mér nú lítið farið að leggjast fyrir kappana, að koma með þetta frv. og þykjast vera að tala fyrir „reform“ í ríkisfjármálum en ætla svo að láta hitt ganga yfir sig aftur í haust.

Út af fyrir sig vissum við öll að þessi flati niðurskurður var til kominn eina nóttina í desember þegar

ríkisstjórnin var í vandræðum með að ákveða hvernig hún ætti að ná fjárlagafrv. saman. Ég get haft vissan skilning á því. En það má ekki endurtaka það aftur. Ég vildi spyrja hv. flm. að þessu atriði.

Í 9. gr. frv. er einnig að finna ákvæði sem ég fagna um takmarkanir á heimildum fjmrh. til að stofna til yfirdráttar í Seðlabankanum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það eigi að afnema algjörlega heimild ríkisins til að vera með yfirdrátt í Seðlabankanum og er reiðubúinn að ræða það í nokkuð löngu máli, en hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur þannig að ég ætla kannski að gera það síðar.

Hæstv. fjmrh. vék hins vegar að því í sinni ræðu að í frv. til breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, sem lagt hefur verið fram í þinginu en ekki er ætlunin að tala fyrir í vor, sé þessi heimild takmörkuð og að lokum eigi að afnema hana. En það er dálítið athyglisvert að í því frv. er ekki ætlunin að afnema hana fyrr en eftir að kjörtímabili núv. ríkisstjórnar lýkur. Ábending mín er eiginlega á þann veg að núv. ríkisstjórn eigi þá að taka á sig þennan aga strax, fyrst hún er á annað borð þeirrar skoðunar að hann sé æskilegur. En ekki segja: Ja, hún á bara að eiga við næsta mann. Það er auðvitað hægt að færa margvísleg rök fyrir því að ríkissjóður eigi ekki að hafa þessa heimild til að draga á fé Seðlabankans heldur eigi eingöngu að afla síns fjár á innlendum markaði.

Ég hafði af þessum málum nokkra reynslu. Þegar ég kom í fjmrn. var í gildi samningur við bankakerfið um skyldukaup þess á spariskírteinum ríkissjóðs. Þegar ég var búinn að vera nokkra mánuði í fjmrn. sögðu bankarnir þessum samningi upp einhliða þannig að ríkissjóður varð nauðugur viljugur að fara út á almennan markað með alla sína fjáröflun. Ég kom svo til þingsins og óskaði eftir því að fá stuðning við að setja upp sérstaka skrifstofu, Lánasýslu ríkisins, til þess að annast þetta af því það þurfti að finna því fast form. Það var gert, sem betur fer, hér í þinginu og ég held að reynslan síðan, í þessi rúmlega tvö ár, hafi sannað að það var rétt ákvörðun. Hún hefur skapað það góða reynslu að ég sé í sjálfu sér enga sérstaka þörf á því að ríkissjóður sé með heimild til að vera með yfirdrátt í Seðlabankanum og væri þess vegna tilbúinn að ganga enn lengra í 9. gr. en gert er í frv. nefndarinnar. Ég vil þess vegna spyrja nefndarmenn hvort þeir séu tilbúnir til samkomulags við mig og kannski aðra þingmenn um að breyta greininni á þann veg að þessi heimild verði algjörlega afnumin. Ekki bara það að hún verði ákveðin í fjárlögum ár hvert heldur verði hún einfaldlega afnumin.

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. var a.m.k. í seinni hluta ræðu sinnar með ýmsar efasemdir um hitt og þetta í kringum frv. Ég ætla í sjálfu sér ekki að ydda það hér, en mér fannst það gefa til kynna að það ætti kannski eftir að ræða þetta aðeins betur milli þingsins og ráðuneytisins. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi sagt að það þyrfti skoða ýmis ákvæði gaumgæfilegar, held ég að hann hafi sagt, og sjálfsagt skýrir hann það út síðar.

Ég vil svo að lokum segja það, þó að ég ætli ekki að gera það að stóru máli í þinginu, að mér finnst dálítið óeðlilegt að vísa þessu frv. til fjárln. og það væri æskilegt að það færu fram einhverjar samræður um það áður en til slíkrar atkvæðagreiðslu kemur. Ég vek athygli á því að fjölmörg mál sem heyra undir fjmrn. eru á starfssviði efh.- og viðskn. Þar eru öll skattamálin, þar eru öll tollamálin, þar eru öll eignamálin og fjölmargt annað og það er ýmislegt í greinum þessa frv. sem tengist það mikið ýmsu af því sem efh.- og viðskn. fjallar reglulega um í þinginu að það er óeðlilegt að mínum dómi að vísa frv. alveg til fjárln. Það er kannski sérstaklega viðkvæmt þegar nefndin hefur sjálf samið frv. og er þess vegna eðlilega með ákveðna foreldraumönnun gagnvart frv., en mér finnst það ekki vera góður kostur og er ekki viss um að menn hafi alveg hugað að fordæminu sem það gefur varðandi ýmis önnur mál í þinginu. Og kannski kallar þetta á að menn reyni að skerpa aðeins skilninginn á því hvað af verkum fjmrn. fer til efh.- og viðskn. og hvað fer til fjárln. Þetta er ekki skýrt af ákvæðum þingskapanna og er nauðsynlegt að fjalla aðeins nánar um það.

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins orðið langorðari en ég ætlaði mér, en vænti þess að annar hvor tveggja fyrstu flm. eða báðir víki einhverjum orðum að þeim spurningum sem ég hef borið fram.

Flm. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir málefnalega umræðu um þetta frv., sem er afar þýðingarmikið til að ná betri tökum á ríkisfjármálunum, og ég hygg að við séum sammála um að það sé mikil nauðsyn að gera frv. þannig úr garði, eins og við teljum að við höfum reyndar gert, að það þjóni þeim tilgangi að koma góðri skikkan á ríkisfjármálin.

Hann varpaði fram ýmsum spurningum varðandi frv. og ég mun leitast við að svara þeim eftir því sem kostur er á. Frv. í þessari mynd hefur komið fyrir hv. Alþingi hvað eftir annað og ekki náð afgreiðslu, bæði vegna tímaskorts og einnig vegna þess að það hefur verið nokkur ágreiningur milli fjárveitinganefndar og fjmrn., það verður að segja það eins og er, en hins vegar gerðist það nú að fjárlaganefndarmenn gerðu sitt ýtrasta til þess að ná góðu samkomulagi á milli aðila og það tókst að mati okkar. Það er sátt um frv. á milli þessara aðila og ég vek athygli á því að það eru allir fjárlaganefndarmenn sem flytja frv. án tillits til þess í hvaða stjórnmálaflokki þeir eru.

Hv. þm. spurði um 2. gr. og þá einkum með tilliti til kjarasamninga. Hv. þm. hélt því fram að með 2. gr. væri verið að takmarka umboð hæstv. fjmrh. í kjarasamningagerð. Við teljum hins vegar að svo sé ekki. Við vönduðum okkur sérstaklega við þetta. Við breyttum ákvæðinu frá því sem áður var. Það voru uppi áhöld um það þá að sú grein sem var í fyrra frv. hefði takmarkandi áhrif. Við teljum að sú grein sem nú er sé ekki þannig úr garði gerð. Ég vek athygli á því sem sagt er um 2. gr. í athugasemd við frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði sem takmarkar vald fjmrh. til að gera kjarasamninga gæti valdið erfiðleikum við samninga-

gerð, einkum ef ráðherra er ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna. Því er hér litið svo á að fjmrh. þurfi að hafa óskorað vald til þess að gera kjarasamninga en sú skylda er lögð á hann að leita nauðsynlegra fjárheimilda í fjárlögum og fjáraukalögum til greiðslu í samræmi við gerða kjarasamninga."

Það er mat okkar og reyndar skilningur á frv. sem hér er til umræðu að þá er kjarasamningar hafa verið gerðir þurfi fjmrh. svo fljótt sem auðið er að leggja fyrir Alþingi fjáraukalög um þá gjörð, um þann kostnaðarauka sem af því verður, en launagreiðslum verði hagað í samræmi við hina nýju kjarasamninga þangað til það verður gert.

Hvað varðar 3. gr. benti hv. þm. á ýmis dæmi sem voru klókindalega valin að mínu mati, en því er til að svara að alveg er ómögulegt eða ekki möguleiki á að telja upp hin ýmsu atriði þess efnis hvað er heimilt og hvað ekki. Það hlýtur að koma til í reglugerð að ákveða hvernig með svona mál verði farið, eins og t.d. uppskrift að áfengistegundum Áfengisverslunar ríkisins. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að svo verði.

Hvað varðar 9. gr., sem hv. þm. spurði um líka, þá er ekki nokkur vafi á því að það ber að stefna að því að koma í veg fyrir að ríkissjóður geti gengið í hirslur Seðlabankans hvenær sem honum dettur í hug. Við sjáum fyrir okkur þau dæmi sem varða þessa hluti sem segja okkur að slík gjörð er síst til þess fallin að skapa aðhald og hefur verið gert allt of mikið af því að láta ríkissjóð lifa á yfirdrætti í Seðlabankanum. Kannski hefur verið erfitt að koma í veg fyrir þetta vegna þess að við höfum lifað í mjög ókyrrlátu þjóðfélagi fjármálalega séð og verðbólga var mikil. Það má vera að það sé þáttur í því að sá háttur var á að taka bara yfirdráttarlán ef ríkissjóði vantaði fé, en ég bendi á að núna um þetta leyti skilst mér að yfirdráttur sé enginn í Seðlabankanum en á sama tíma í fyrra hafi yfirdráttur verið rúmlega 8 milljarðar. Hvar sem hefur þurft á lánsfé að halda hefur verið hægt að afla þess á innlendum markaði. Ég er ekki þar með að segja að búið sé að koma í veg fyrir þetta. Öðru nær. Ég á ekki von á því að þetta sé nema tímabundið ástand, það sé ástand sem vari um sinn, en auðvitað þarf, eins og ég sagði áðan, að stefna að því að þetta breytist og sú lagagrein sem hér liggur fyrir segir að að því skuli stefnt. Hins vegar kom fram í viðræðum milli fjárlaganefndarmanna og fjmrn. að það væri mjög óskynsamlegt að setja punktinn fyrir aftan þetta núna. Það yrði að vinna sig út úr þessum vanda, en stefna mjög hratt að því að koma þessum málum þannig fyrir að yfirdráttarheimildir yrðu ekki fyrir hendi heldur yrði að nota aðrar leiðir, ríkissjóður yrði að nota aðrar leiðir til að fá lánsfé. Það hefur komið til greina að hafa einhvern feril í þessu þar sem þetta yrði þrepað niður, en niðurstaðan varð að það yrði ákveðið í fjárlögum ár hvert hvernig skyldi með þetta fara.

Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni. Það ber að stefna að þessu og það kemur reyndar fram hjá okkur að það eigi að gera og ég vona að það sé skilningur á því að það sé erfitt að lögfesta það á þessari stundu, menn verði að vinna sig út úr þessu og það verði gert með því að ákveða þetta hvert ár. Ef við settum nú slíkt ákvæði væri það ósköp svipað því og við settum ákvæði um að banna verðbólgu t.d. sem ég er hræddur um að mundi ekki halda mjög vel. En ég tek sem sagt undir að að þessu skal stefnt og ég vænti þess að það takist sem allra best núna þegar þjóðfélagið hefur efnahagslega orðið mikið kyrrlátara en áður.

Hv. þm. gagnrýndi og það að við síðustu gerð fjárlaga hefði einstöku ráðherrum verið gefin laus heimild til að ráðstafa fjármunum í miklum mæli án þess að Alþingi kæmi þar að. Ég tel að þarna hafi verið um sérstakt tímabundið ástand að ræða, eins og reyndar kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, og þetta sérstaka ástand vona ég að vari alls ekki lengi. En ég bendi á að það er fjmrh. sem hefur þessa heimild í samráði við viðkomandi fagráðherra, en þarf að leita samþykkis fjárlaganefndar til að þessi gjörð verði lögmæt eða geti staðið samkvæmt lögunum. Það er rétt að þetta er nokkuð sem má ekki endurtaka, a.m.k. ekki oft, en í erfiðleikunum sem blöstu við við gerð síðustu fjárlaga var gripið til þessa ráðs.

Hv. ræðumaður gerði líka að umtalsefni að það væri óeðlilegt að frv. yrði vísað að lokinni umræðu til fjárln. Ég vek athygli á því að þegar frv. var til umræðu síðast voru þingsköpin önnur og ekki hægt að vísa lagafrumvörpum til fjvn. vegna deildaskiptingarinnar, en í þingsköpum sem við störfum eftir nú er heimilt að gera slíka hluti. Fjárln. fjallar um málefni sem mjög tengjast fjmrn. og þingsköpin gera ráð fyrir því að frv. eins og þessu yrði vísað til hennar.

Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort eðlilegt er að frv. sem nefnd flytur fari til hennar aftur, en ég leitaði til starfsmanna þingsins um hvort það væru fordæmi fyrir slíku og mér var tjáð að þau væru býsna mörg. Við freistumst til að leggja það til að þessi háttur verði hafður á vegna þess að fjárln. þekkir þetta mál betur en aðrar nefndir, á þessu stigi alla vega, og hefur fjallað um málið mjög grannt. Málið er mjög brýnt og ég á von á því að með þessu móti verði unnt að flýta málinu frekar en ella hefði orðið.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni fyrir svörin. Ég ætla að fara yfir þau í stuttu máli.

Ef ég skildi ræðumann rétt var hann að lýsa þeirri skoðun sinni og þá væntanlega nefndarinnar að ef frv. væri orðið að lögum bæri hæstv. fjmrh. að koma nú þegar til Alþingis með fjáraukalagafrv. til að leita heimildar til að geta staðið við samningana hvað snertir launagreiðslur og annan kostnað ríkissjóðs. Þetta eru nokkur tíðindi. Ég taldi þetta ekki liggja alveg ljóst fyrir í grg. og mér er ekki alveg ljóst hvort núv. hæstv. fjmrh. eða samningsaðilar ríkisins eru sömu skoðunar. Ég held að það sé afar mikilvægt að það komi fram í störfum nefndar að þessu frv. (**PJ:** Það stendur í 2. gr.) Já, ég las upp 2. gr. hér, hv. þm. Pálmi Jónsson, og þess vegna spurði ég til þess að fá þetta alveg skýrt vegna þess að eins og ég sagði áðan er mér til efs að

samningsaðilar ríkisins geri sér grein fyrir því að með þessu frv. væri verið að lögfesta það að á sama hátt og BSRB verður að fara til félagsmanna sinna og láta þá greiða atkvæði um kjarasamninginn ...(**KSG:** Hann er bara um upphæðina.) Hv. þm. Karl Steinar Guðnason kallar hér fram í að hann sé bara um upphæðina. Það er að vísu alveg rétt en það er oftast nær kjarninn í kjarasamningum, upphæðin sem menn eiga að fá í sinn hlut, þó að það séu til dæmi um að ýmislegt annað sé í kjarasamningum. En kjarni þess sem í kjarasamningum felst er hvað menn eiga að fá í greiðslur í samræmi við ýmis ákvæði samningsins og ef í fjárlögum er ekki upphæð sem gerir ráðuneytinu kleift að standa við þessi ákvæði kjarasamningsins er það skoðun flm. að það beri að flytja fjáraukalagafrv. á Alþingi og afgreiða það áður (**PJ:** Nei.) — ja, ég var ekki búinn að ljúka setningu minni — áður en fjmrh. hefur heimild til að fara að greiða út samkvæmt samningnum ef þær upphæðir fara fram úr þeim upphæðum sem kveðið er á um í fjárlögum? — Nú sé ég að hv. þm. Pálmi Jónsson hristir höfuðið og segir nei, nei, nei og þá verð ég nú að segja að ég er hættur að skilja. Ef það er ekki tilgangur þessa frv. að setja skorður við heimildarlausum greiðslum úr ríkissjóði, sem marg er yfirlýst að sé tilgangur frv., hlýtur þetta líka í ljósi þess sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan að gilda um þær greiðslur vegna kjarasamninga sem ekki eru heimildir fyrir í gildandi fjárlögum. Ef þetta er ekki réttur skilningur, sem ég er hér að lýsa, þá hef ég algerlega misskilið hv. þm. Karl Steinar Guðnason og er þess vegna alger nauðsyn að þessi skilningur komi fram. Það var ástæðan fyrir því að ég spurði um þessa grein af því að mér er af þeirri reynslu sem ég hef haft af þessum málum ljóst að þetta er ekki einfalt mál. Ég er líka viss um að það mun koma samningsaðilum ríkisins, BSRB, Kennarasambandi Íslands og BHMR, mjög á óvart og einnig hugsanlega verkalýðsfélögum sem semja við ríkisvaldið ef það á á næstu dögum að fara að lögfesta á Alþingi frv. sem felur í sér þá breytingu að feli kjarasamningur í sér ákvæði um upphæðir sem eru umfram þær upphæðir sem kveðið er á um í gildandi fjárlögum, þá megi ekki greiða þær upphæðir út úr ríkissjóði nema með heimild í fjáraukalögum. Ef flm. frv. eru að segja með athugasemdum úr sæti sínu að fjmrh. megi byrja að borga samkvæmt samningnum en eigi engu að síður að koma með umframupphæðir samningsins í fjáraukalögum til þingsins, þá er ég hættur að skilja vegna þess að kjarni frv. er að banna heimildarlausar greiðslur úr ríkissjóði. Ég tel þess vegna alveg nauðsynlegt að þetta atriði verði gert eins skýrt og besti kristall í meðförum þingsins því að við getum rétt ímyndað okkur hvers konar öngþveiti yrði á vinnumarkaðinum ef það kæmi upp ólíkur skilningur varðandi þetta atriði. Þess vegna legg ég eindregið til að sú nefnd sem fær málið, og mér finnst þessi orðaskipti rökstyðja að það væri kannski æskilegt að einhver annar skoðaði málið en fjárln. sem flytur frv., kallaði til sín fjmrh., samninganefnd ríkisins og forustumenn BSRB, BHMR og Kennarasambands Íslands til þess að allir skilji þó þessa grein sama skilningi og það sé bókað því að þessi grein er sprengiefni ef það ríkir allt annar skilningur á henni hjá viðsemjendum ríkisins en ríkir á Alþingi eða í fjmrn. Þess vegna þætti mér gagnlegt ef flm. vildu segja eitthvað meira um þetta nú, en ég skil það vel ef þeir vilja bíða með að láta athuga þetta í nefnd, en áður en þingið afgreiðir þetta sem lög tel ég að þetta atriði þurfi að liggja fyrir alveg skýrt. Ef sá skilningur er réttur sem ég hef talið og taldi hv. þm. Karl Steinar Guðnason vera að lýsa hér, þá felur það í sér að fjmrh. má ekki borga upphæðir sem eru umfram þær upphæðir sem eru í fjárlögum út vegna kjarasamninganna fyrr en þingið er búið að samþykkja fjáraukalögin og þá hefur það í för með sér að á sama hátt og félgar BSRB verða að greiða atkvæði um kjarasamninginn verður Alþingi að greiða atkvæði um hann í fjáraukalögum hvað snertir heimildir sem eru umfram upphæðir í fjárlögum.

Hvað snertir svar hv. þm. við 3. gr. er ég ekki sammála honum um að það sé ekki hægt að orða í texta frv. þá hluti sem ég var að nefna áðan. Það er vel hægt. Það er vel hægt að orða það og ég er tilbúinn að leggja fram slíkt orðalag. Það vantar alveg í greinina eins og hún er núna. Það er alveg nauðsynlegt að menn kveði skýrt á um í frv. hvort slík atriði eiga að flokkast undir lausafjármuni, tæki, áhöld og annað, eða hvort það tilheyrir öðrum verðmætum. Fljótt á litið finnst mér það eiga að tilheyra öðrum verðmætum, að ef ráðherra ætlar að selja slíkar varanlegar uppsprettur auðæfa, eins og slíkt hugvit, þekking eða formúlur kunna að vera eða uppskriftir, gegnir öðru máli en um tæki og áhöld sem ganga úr sér eftir nokkur ár eða kannski eitt ár þannig að þetta atriði þarf að mínum dómi að orðast án þess að slík undantekning sé í greininni eins og gildir um tæki og áhöld.

Hvað snertir svörin við því sem ég sagði um 9. gr., þá er ég ekki sammála hv. þm. um að þetta sé svo ef menn vilja gera það á annað borð. Það væri t.d. vel hægt að hugsa sér það að frá og með 1. jan. 1994 yrði yfirdráttarheimild ríkissjóðs hjá Seðlabankanum lögð niður þannig að eingöngu yrði ákveðið í fjárlögum fyrir árið 1993 hver yfirdráttarheimildin væri, en frá og með 1. jan. 1994 yrði ríkissjóður að öðlast sitt fjármagn á almennum markaði, innlendum eða erlendum. Það er ekki rétt samlíking, sem hv. þm. tók, að segja að slík lagagrein væri eins og að setja í lög: „Verðbólga er bönnuð". Það er mikill misskilningur vegna þess að breyting eins og ég er hér að lýsa, að frá og með 1. jan. 1994 yrði ríkissjóði bannað að vera með yfirdrátt í Seðlabankanum, er eingöngu ákvæði um að ríkissjóður eigi að leita þessa viðbótarfjármagns á almennum markaði. Fjmrh. er t.d. að fara inn á þá braut að hann ætlar bjóða upp ríkisvíxlana og láta markaðsvexti ákveða í stað þess að ákveða það sjálfur í ráðuneytinu þannig að það eru til tæki og aðferðir sem fullkomlega ganga upp um það að þetta sé kleift. Ef það tekst ekki á innlendum markaði hefur fjmrh. alltaf þá heimild að selja bréfin á erlendum markaði líkt og t.d. farið er að gera við húsbréfin. Mér finnst því, með allri virðingu, svar hv. þm. Karls Steinars Guðnason-

ar ekki vera alveg málefnalegt að segja að sú hugmynd og tillaga sem ég lýsti hér sé á við það að segja í lögum að verðbólga sé bönnuð. Þvert á móti. Hér er um að ræða mjög praktíska tillögu sem fyllilega er framkvæmanleg.

Hvað snertir síðan 11. gr., þá fagna ég því að hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði að ákvæðið í fjárlögum yfirstandandi árs væri að hans skilningi tímabundið og ekki ætlunin að beita því áfram. Ég vona að það megi treysta því. Mér þykir hins vegar líklegt að ráðherrar sem eru búnir að venjast þessum praxís í ár vilji gjarnan hafa hann aftur á næsta ári og það þarf þá nokkuð sterk bein hjá fjárlaganefndarmönnum stjórnarflokkanna að standa þar á móti. En það er kannski sú sveit manna hér í þinginu sem mun fyrst og fremst fá það verkefni í hendur að standa þarna vörð. Það væri afar mikil óheillaspor ef sú ógæfulega formúla sem sett var í lög hér í desember færi að festast í sessi sem venja jafnvel þótt ákvæði sé um það að þetta sé formlega í höndum fjmrh. og það þurfi samþykki fjárln. til. Ég vek t.d. athygli á því, sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði mér frá hér í þinþgsalnum, að þótt ég og aðrir hafi talið samkvæmt fjölmiðlafréttum að búið sé að ráðstafa öllu fjármagni sem heilbrrh. fékk í sínar hendur, þá sé fjárln. ekki búin að veita samþykki við því öllu saman þannig að samkvæmt texta gildandi fjárlaga séu það ekki orðnar gildar ákvarðanir. En bæði ég og aðrir og sjálfsagt stjórnendur viðkomandi stofnana, starfsfólk sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana og fjölmiðlarnir í landinu hafa talið að tilkynningar heilbrrh. síðustu vikur og mánuði um hvað sérstaklega sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu ættu að fá í sinn hlut væru gildar ákvarðanir. Það sýnir kannski hvað getur verið léttvægt að binda þetta við samþykki fjárln. vegna þess að menn fylgjast ekki mikið með því hvort hún er búin að afgreiða það eða ekki.

Þar að auki vil ég lýsa því hér, sem ég hef stundum gert áður, að með mikilli virðingu fyrir fjárln. tel ég hana engu að síður ekki vera ígildi þingsins að þessu leyti. Þegar verið er að festa í lög þá grundvallarreglu að fjárveitingavaldið eigi að vera hjá Alþingi, þá er það að mínum dómi ekki réttur skilningur að segja: Fjárveitingavaldið á að vera hjá fjárln. vegna þess að fjárln. er bara hluti þingsins og við getum ekki gefið okkur það að flokksaginn sé slíkur í þinginu að sá meiri hluti sem kemur í ljós eða minni hluti í fjárln. haldist yfir allt þingið, sérstaklega t.d. ef sá meiri hluti er nú mjög naumur hér í þinginu. Þar að auki ber okkur einnig að reikna með þeim stjórnskipulega möguleika að hér starfi minnihlutastjórnir sem gerst hefur. Hér hafa nokkuð oft starfað minnihlutastjórnir svo að það er ekki hægt að gefa sér að samþykki eða afstaða meiri hluta fjárlaganefndarmanna sé hin sama og afstaða Alþingis þegar það kemur saman til funda. Þess vegna hef ég haft miklar efasemdir um að festa í sessi reglur sem byggjast á því að fjárln. taki hinar og þessar ákvarðanir fyrir hönd þings og mér hefur fundist dálítið óeðlilegt hvað innan fjárln. og fjaveitinganefndar áður fyrr gætti ríkrar tilhneigingar til þess að festa í sessi slíka reglu, að fjárln. sé ígildi Alþingis. Ég er ekki að segja þetta sem gagnrýni á núverandi nefnd heldur einfaldlega benda á staðreyndir stjórnskipunarinnar sem ætti að segja mönnum að það er ekki hægt að gefa sér það að sá meiri hluti sem myndast í fjárln. endurspeglist með réttum hætti þann meiri hluta sem ríkir í þingsölum.

Ég gæti t.d. skemmt mér við það ef ég vildi í dag, en ætla ekki að gera það nú, að nefna úthlutun þriggja fjárveitinganefndarmanna á sl. ári á fjárveitingum til hafna á nokkrum stöðum á landinu sem ég er alveg viss um að hefði verið kolfelld hefði hún verið borin upp hér í þingsalnum. En það er gert meira til að minna á nýtt dæmi sem sýnir mönnum að í veruleikanum er þetta ekki einfalt jafnvel þótt meirihlutafylgi sé á bak við ríkisstjórn hverju sinni.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að hafa þetta lengra, en heyri að formaður fjárln. leggur á það mikið kapp að frv. fari til fjárln. Ég tek eftir því líka að það er nokkur siður orðinn í þinginu að bera svona ágreiningsmál undir starfsmenn þingsins. Ég vil segja með mikilli virðingu fyrir starfsmönnum þingsins að þeir eru engir sérstakir dómarar í þessum málum og hér í þingsalnum er fjöldinn allur af fólki sem hefur alveg jafnmikla þekkingu og hæfileika til að meta vafaatriði af þessu tagi eins og starfsmenn þingsins. Ég hef lesið þingsköpin vel og það er satt að segja hvergi að finna í þeim neinn texta sem sker úr um þetta atriði. Þetta er túlkunaratriði. Og það er hægt að færa fyrir því margvísleg rök að ýmislegt af því sem er í þessu frv. snerti verksvið frumvarpa og laga sem með hefðbundnum hætti er vísað til efh.- og viðskn. Ég tel þess vegna óhjákvæmilegt ef þeirri ósk er haldið til streitu að vísa frv. til fjárln. að því verði einnig vísað til efh.- og viðskn. til formlegrar umsagnar þeirrar nefndar þannig að það liggi einnig fyrir. Það hefur stundum verið gert hér á þinginu í vetur. Það var gert t.d. varðandi frv. til laga um breytingar á rétti erlendra skipa til að landa í íslenskum höfnum. Því var vísað bæði til utanrmn. og sjútvn. og nefndunum tókst vel að starfa saman að því máli. Ég beini því til 1. flm. að hann hugleiði það, þar til atkvæði verða greidd um það væntanlega eftir helgina að vísa málinu til nefndar, hvort það verði þá ekki gert með yfirlýsingu um að efh.- og viðskn. fái málið einnig til umfjöllunar og hún skili áliti til fjárln. um það.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, enda gerist þess ekki þörf. Um málið hefur verið fjallað ítarlega af hálfu 1. flm. Ég ætla aðeins þó að þakka þá umfjöllun sem málið hefur hér hlotið í þessari umræðu. Mér fannst aðeins að eitt atriði í máli hv. 8. þm. Reykn. væri honum ekki alveg nægilega ljóst. Hann spurði nokkuð ítrekað út í það, en það varðar 2. gr. frv. Ég hygg að því sé best svarað með því í fyrsta lagi að lesa greinina sjálfa sem skiptist í tvær málsgreinar. Fyrri mgr., sem er aðalregla, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að auka launa- og rekstrarkostnað rík-

isins umfram það sem ákveðið er í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjáraukalögum."

Síðan kemur seinni mgr. og í henni felst viss undantekning og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eru gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir og skal þá svo fljótt sem verða má leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með fjáraukalögum. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga."

Þetta er skýrt í athugasemdum við einstakar greinar frv. m.a. á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin er sá aðili sem mótar efnahagsstefnu á hverjum tíma og ber henni því jafnan að tryggja að gerð kjarasamninga verði innan rýmilegra marka. Ekki er talið skynsamlegt að takmarka umboð fjmrh. til kjarasamningagerðar með samþykki Alþingis fyrir fram. Bent skal á að kjarasamningar við félög opinberra starfsmanna eru nú á annað hundrað.

Kjarasamningar eru jafnan á ábyrgð fjmrh. með hliðsjón af þeim efnahagsforsendum sem blasa við á hverjum tíma og tengjast því oft gerð annarra kjarasamninga á vinnumarkaðinum. Gerð þeirra raskar iðulega launa- og verðlagsforsendum fjárlaga, enda fellur samningagerðin ekki nauðsynlega að gerð fjárlaganna í tíma. Samkvæmt ákvörðun Alþingis fer fjmrh. með samningavaldið fyrir hönd ríkisins. Ákvæði sem takmarkar vald fjmrh. til að gera kjarasamninga gæti valdið erfiðleikum við samningagerð einkum ef ráðherra er ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna. Því er hér litið svo á að fjmrh. þurfi að hafa óskorað vald til þess að gera kjarasamninga en sú skylda er lögð á hann að leita nauðsynlegra fjárheimilda í fjárlögum og fjáraukalögum til greiðslu í samræmi við gerða kjarasamninga."

Samkvæmt þessum útskýringum sýnist mér það liggja alveg í augum uppi, enda er það sú hugsun sem liggur að baki öllum þessum texta, að fjmrh. hafi óskorað vald til að gera kjarasamninga og greiða í samræmi við þá laun og aðrar greiðslur sem um kann að vera samið, en honum er skylt svo fljótt sem verða má, og menn geta sagt að það sé að einhverju leyti þó teygjanlegt, að leita heimildar Alþingis í fjáraukalögum fyrir auknum útgjöldum. Í þeim fjáraukalögum gæti auðvitað verið unnt að mæta auknum launagreiðslum með niðurskurði á öðrum þáttum útgjalda ríkisins, en um það er ekki nánar fjallað í þessum texta.

Ég vona að þetta, sem ég hef hér lesið upp skýri það algerlega fyrir hv. þm. og öðrum hvað hér er átt við.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar var í sjálfu sér nokkuð skýrt. Ég vil þó aðeins benda á til viðbótar að það eru ýmsar aðrar greiðslur en launagreiðslur sem tengjast kjarasamningum eins og fjölmörg dæmi eru um og ef ætlunin er að þessi heimild fjmrh. til að hefja samninginn og taka hann í gildi þá þegar sé fyrir hendi, þá þarf auðvitað að breyta orðalagi í greininni á þann veg að launagreiðslum og öðrum greiðslum skal þó haga í samræmi við samninginn því að í texta greinarinnar er eingöngu vikið að launagreiðslum. En hitt kemur svo alveg skýrt fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að fjmrh. þarf að koma til Alþingis með þann þátt kjarasamningsins sem felur í sér viðbótargreiðslur og bera hann upp til samþykktar á Alþingi gegnum fjáraukalög. Það er ný skipan sem ekki hefur verið í gildi áður og ég tel alveg nauðsynlegt að samningsaðilar ríkisins, BSRB, Kennarasamband Íslands, BHMR og aðrir, geri sér fulla grein fyrir því hvað í þessu frv. felst og mælist til þess við þá nefnd sem fær frv. til athugunar að hún kalli þessa meginsamningsaðila ríkisins til sín og geri þeim grein fyrir þessum breytingum svo að hún birtist þeim ekki eftir á, eftir að þingið hefur gengið frá henni.

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fram kom í máli mínu áðan: Í fyrsta lagi hefur fjmrh. óskoraða heimild til að gera kjarasamninga og frumvarpstextinn kveður á um að greitt sé samkvæmt hinum nýju kjarasamningum. Það hlýtur og að taka til annarra atriða en launa sem samið er um. Hitt er hins vegar skylt af hálfu fjmrh. að leita heimildar Alþingis eftir á og það mun ekki raska kjarasamningunum, en í fjáraukalögunum gæti verið um breytileika að ræða hvernig áhrifum af auknum útgjöldum yrði mætt, annað tveggja með því að auka útgjöld ríkisins í það heila tekið eða mæta að einhverju leyti með niðurskurði á öðrum sviðum. Þetta er alveg skýrt og ekki settir í nokkra hættu þeir kjarasamningar eða hagsmunir launþegasamtakanna sem í hlut eiga.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau orðaskipti sem við höfum átt snúa ekki að því hvort fjmrh. hefur heimild til að gera kjarasamninginn. Þau snúa að því hvort Alþingi gæti eftir á neitað fjmrh. um þær útgjaldaheimildir sem hann þarf að fá í hendur til að geta framkvæmt samninginn. Eins og hér hefur komið fram er alveg ljóst að Alþingi getur neitað honum um það. Alþingi getur þess vegna fellt kjarasamninginn í reynd hvað efnisatriði snertir með því að neita fjmrh. um þessa heimild. Það er hin stóra breyting. Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að þingið gæti þá skorið niður aðra útgjaldaliði á móti. Vissulega er það rétt, en það breytir því ekki að það þarf þá líka heimild til að gera það ekki og það þarf líka heimild til þess að fella viðbótarútgjöldin út úr fjáraukalagafrv. ef það svo kýs. Þingið situr oft ekki ákveðinn hluta af árinu svo að umfjöllun þingsins um kjarasamninginn gæti stundum þurft að bíða lengri tíma.

Hins vegar vekja þessar umræður í dag upp hugmynd um hvort ekki er nauðsynlegt þá í anda þess frv. sem hér er verið að flytja og í ljósi hinnar miklu samstöðu sem er um frv. að hæstv. fjmrh. flytji á Alþingi frv. til fjáraukalaga um þann kjarasamning sem gerð-

ur hefur verið ef menn vilja byrja hina nýju siðvenju nú þegar eða kannski á þessi nýi siður bara að byrja eftir að lögin hafa tekið gildi. Þetta er atriði sem hæstv. núv. fjmrh. ætti að hugleiða áður en málið kemur til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

139. FUNDUR

mánudaginn 11. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 839, brtt. 757,2 og 767.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég var ekki viðstödd atkvæðagreiðsluna eftir 2. umr. vil ég taka það skýrt fram að ég mun greiða atkvæði með þessum lögum þar sem ég tel að þau séu til bóta en að þau eigi á engan hátt við flatningu og söltun um borð í smærri bátum eins og var í þeim brtt. sem dregnar hafa verið til baka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt.757,2 kölluð aftur.
Brtt. 767 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GHelg, SHl) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GunnS, JóhS, KSG, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 891).

Jarðasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 699, nál. 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
Brtt. í nál. 881 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, IBA, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, JónS, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
3.–7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, KHG, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 466. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 724, nál. 879, brtt. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
Brtt. 880 (ný efnismgr. 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KHG, KÁ,

KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, KSG, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, GunnS, HÁ, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JSig, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁMM, GunnS, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Greiðslur úr ríkissjóði, frh. 1. umr.

Frv. KSG o.fl., 479. mál. — Þskj. 737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, GunnS, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JónS, JVK, KSG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (HÁ, KHG, KE) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GunnS, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SP, StH, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Rekstrarvandi sjávarútvegsfyrirtækja, ein umr.

Skýrsla sjútvrh., 356. mál. — Sbr. þskj. 575.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á þskj. 575 kemur fram beiðni um skýrslu um stöðu sjávarútvegsfyrirtækja frá hv. 8. þm. Reykn. og fleirum. Þar er óskað eftir því að gefin verði skýrsla um afstöðu ríkisstjórnarinnar til lausnar á rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja og um störf nefndar sem falið var að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og gera tillögur um aðgerðir vegna yfirvofandi rekstrarstöðvunar fjölda fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, eins og segir í texta þeirra hv. þm. sem að skýrslubeiðni þessari standa.

Hér er annars vegar verið að óska eftir umfjöllun um rekstrarafkomu sjávarútvegsfyrirtækja í landinu og hins vegar það stóra viðfangsefni er lýtur að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og störf þeirrar nefndar sem hefur haft forustu um það endurskoðunarstarf á grundvelli gildandi laga.

Á undanförnum vikum hafa komið fram margháttaðar upplýsingar um stöðu sjávarútvegsfyrirtækja í landinu. Fátt hefur komið fram síðan ég gerði hinu háa Alþingi síðast grein fyrir þeim efnum sem dregur upp nýja drætti í þeirri mynd. Þeir hafa legið nokkuð ljósir fyrir um nokkurra vikna skeið. Í úttekt Þjóðhagsstofnunar um rekstrarafkomu í sjávarútvegi kemur það fram í aðalatriðum að botnfiskveiðar og vinnsla botnfiskafurða var eftir verðjöfnun rekin með 2,7% hagnaði árið 1990, 2% hagnaði árið 1991 en áætlað er, miðað við janúarskilyrði á þessu ári, að veruleg umskipti hafi orðið þannig að halli á veiðum og vinnslu verði um 3,5%.

Áætlað er að botnfiskveiðarnar verði reknar með 2% hagnaði á þessu ári en á síðasta ári var um að ræða 3,5% hagnað og 3% á árinu 1990. Afkoman er mjög mismunandi eftir skipaflokkum. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að hagnaður af rekstri báta og togara á þessu ári verði um 0,5%. Það er svipuð afkoma og varð á rekstri þessara skipa á síðasta ári en á árinu 1990 var um að ræða rúmlega 1% hagnað. Frystiskipin hafa á hinn bóginn algera sérstöðu í þessu efni, svo sem kunnugt er, og eru nánast eini þátturinn í sjávarútveginum í dag sem skilar viðunandi afkomu. Frystiskipin voru rekin með rúmlega 10% hagnaði á árinu 1990, um það bil 15% hagnaði á síðasta ári en Þjóðhagsstofnun áætlar að hagnaðurinn verði til muna minni á þessu ári eða um 11,5%. Hér koma fram þau umskipti sem eru að verða í rekstrarumhverfi sjávarútvegsins en eigi að síður verður að telja að þessi afkoma sé viðunandi að því er frystiskipin varðar.

Vinnsla botnfiskafla á hinn bóginn á nú við mjög verulega erfiðleika að etja. Þar hafa orðið afgerandi umskipti. Þjóðhagsstofnun telur að á árinu 1990 hafi hagnaður í vinnslu verið rétt innan við 1% en á síðasta ári hafi verið 0,5% tap, en á þessu ári verði hallinn um 8%.

Samtök fiskvinnslustöðva hafa nýlega birt upplýsingar um mat sitt á rekstrarstöðunni við núverandi skilyrði. Þar er áætlað að tapið í heild verði um 10% í vinnslunni.

Aðstæður frystingar og söltunar annars vegar eru mjög ápekkar eins og sakir standa. Þjóðhagsstofnun áætlar að frystingin sé rekin með 8% tapi en söltunin með rúmlega 8% tapi.

Það er ekki nýtt af nálinni að verulegur munur sé á afkomu veiða og vinnslu. Í gegnum tíðina hefur það oft verið svo en um nokkurt skeið hefur aðstaðan verið með þeim hætti að vinnslan hefur átt við mun meiri erfiðleika að etja en útgerðin og það endurspeglast enn í þessum tölum. Hér er á vissan hátt um innbyrðis tekjuvanda í atvinnugreininni sjálfri að ræða og eðlilegt að við mat á heildarstöðu sjávarútvegsins horfi menn fyrst og fremst á afkomu greinarinnar í heild, veiða og vinnslu. En það má vera hverjum manni ljóst að viðvarandi hallarekstur er óásættanlegur og hlýtur að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið í heild. Nú er sjávarútvegurinn á hinn bóginn að ganga í gegnum miklar breytingar. Atvinnugreinin stendur að ýmsu leyti á tímamótum, bæði inn á við og út á við. Við horfumst í augu við minni afla en áður var, sérstaklega á mikilvægum botnfisktegundum, og þurfum að laga atvinnugreinina að þeirri staðreynd því ekki er fyrirsjáanlegt að á næstu árum verði grundvallarbreytingar í því efni. Á hinn bóginn stöndum við frammi fyrir nýjum aðstæðum í alþjóðaviðskiptum sem eiga að opna atvinnugreininni nýja möguleika og gefa henni tækifæri til þess að takast á við ný verkefni og skila meiri arði og nýjum tekjum eða nýrri verðmætasköpun inn í þjóðarbúið. Viðfangsefni hagstjórnar á Íslandi um þessar mundir er að varða þessa leið aðlögunar sjávarútvegsins að nýjum aðstæðum og tryggja að þegar upp verður staðið verði atvinnugreinin rekin með viðunandi hagnaði til þess að hún geti tekist á við hin nýju verkefni og skapað þann arð í þjóðarbúið sem ný tækifæri eins og Evrópusamningarnir eiga að geta gefið.

Þjóðhagsstofnun hefur í skýrslu sinni fjallað nokkuð um þær ástæður sem liggja að baki breyttum afkomutölum. Í nýjustu skýrslu Þjóðhagsstofnunar, Úr þjóðarbúskapnum, segir m.a., með leyfi forseta:

„Helstu ástæður fyrir þessari þróun eru annars vegar mikill samdráttur í botnfiskafla, einkum þorskafla, og hins vegar mikil hækkun á hráefnisverði. Í janúaráætluninni er gert ráð fyrir um 16% minni botnfiskafla á árinu 1992 en 1990. Þessi samdráttur rýrir afkomuna um 4%. Hráefnisverð var um 80,6% hærra í febrúar 1991 en það var að meðaltali á árinu 1989 og 33,3% hærra en það var að meðaltali á árinu 1990. Í ágúst 1991 var verðið 52,6% hærra en það var að meðaltali á árinu 1989 og 12,6% hærra en það var að meðaltali á árinu 1990. Þess ber að gæta að hráefnisverð er alla jafna lægst á sumrin. Þessi mikla hækkun á hráefnisverði veldur því að afkoma vinnslunnar versnar en afkoma veiðanna verður þeim mun betri. Almennt gildir að hækkun á hráefnisverði um 10% leiðir til þess að afkoma veiðanna batnar um 3,6%, afkoma vinnslunnar versnar um 5,6% en heildarafkoma veiða og vinnslu versnar um 0,9%. Fyrir þau fyrirtæki sem eru bæði í útgerð og fiskvinnslu er þó það auðvitað afkoman í heild sem skiptir máli en ekki afkoma einstakra hluta starfseminnar. Flest fyrirtækjanna eru með fjölþætta starfsemi. Verð á ísfiski í Evrópu hefur hækkað mun minna en hráefnisverð hér innan lands. Þetta olli því að sala á ísfiski dróst saman um 19% á milli áranna 1990 og 1991. Þrátt fyrir aflasamdrátt og verulega aukningu í sjófrystingu var framleiðsla botnfiskvinnslunnar í landinu um 1% meiri á árinu 1991 en á árinu 1990. Í áætluninni fyrir september 1991 er reiknað með að greitt sé 2% af útflutningsverðmæti botnfisk í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í áætluninni fyrir janúar 1992 hefur ekki verið reiknað með að útgerðin þurfi að greiða fyrir hluta aflaheimilda sem úthlutað verður fyrir næsta fiskveiðiár sem hefst 1. sept. 1992. Gert er ráð fyrir að greiðslur fyrir þessar aflaheimildir nemi rúmlega 500 millj. kr. eða sem svarar til rúmlega 1% af tekjum útgerðarinnar."

Þetta eru hinar almennu skýringar sem Þjóðhagsstofnun leggur fram með þeim útreikningum sem fyrir liggja af hennar hálfu.

Skýrslubeiðendur óskuðu sérstaklega eftir því að niðurstöðutölur þessar yrðu brotnar meira niður en gert hefur verið þannig að unnt væri að sjá stöðu fyrirtækja eftir stærð þeirra og eftir landshlutum. Því er til að svara eins og alkunnugt er og hv. þm. er kunnugt að úrtak Þjóðhagsstofnunar sem þessar athuganir eru byggðar á er ekki nægilega stórt þannig að marktækar niðurstöður fáist þegar leitað er eftir niðurbroti upplýsinga með þessum hætti. Úrtakið er við það miðað að það geti gefið heildarmynd af stöðu atvinnugreinarinnar í landinu öllu en getur orðið misvísandi þegar það hefur verið brotið niður í smærri einingar og kannast hv. þm. við þá röksemdarfærslu af hálfu Þjóðhagsstofnunar frá fyrri umræðu um þetta mál. En vitskuld er það svo að meðaltalstölur af þessu tagi segja ekki allan sannleikann um þessa aðstöðu. Hitt er auðvitað ljóst þegar hallinn að meðaltali er orðinn jafnmikill og hér um ræðir, eru jafnvel best settu og öflugustu fyrirtækin komin í erfiða rekstrarstöðu, enda hafa forustumenn ýmissa öflugustu fyrirtækja í sjávarútvegi greint frá því að undanförnu að þó mjög verulegur hagnaður hafi verið af rekstri þeirra á síðasta ári, standi hann ýmist í járnum nú eða sé jafnvel um halla að ræða.

Þegar við horfum til þeirrar staðreyndar er líka augljóst að við getum ekki vænst þess að botnfiskafli aukist að verulegu marki á næstu árum og atvinnugreinin þarf að laga sig að þeirri staðreynd sem þýðir að við getum veitt þann afla sem leyfður verður hverju sinni og unnið með færri skipum og færri vinnslustöðvum en við höfum ráðið yfir á undanförnum árum. Og einmitt fyrir þá sök þurfa almennar aðgerðir að varða leið sjávarútvegsins að aðlögun að þessum nýju aðstæðum. Það kann um margt að vera vandasamt en er á hinn bóginn óhjákvæmilegt markmið. Forustumenn í íslenskum sjávarútvegi hafa mjög svo bent á nauðsyn þess að atvinnugreinin sjálf takist á við þetta verkefni.

Ef við lítum svo á það sem unnið hefur verið að á undanförnum mánuðum með tilliti til þess að skýrslubeiðendur óska sérstaklega eftir því að gerð sé grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar og aðgerðum hennar til þess að treysta rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna, þá er fyrst á það að líta hvað almennar aðgerðir í efnahags- og peningamálum hafa haft í för með sér á undanförnum mánuðum. Ríkisstjórnin taldi það að vera höfuð-

verkefni af sinni hálfu að ná betur utan um ríkisfjármál en tekist hefur á mörgum undanförnum árum í þeim tilgangi fyrst og fremst að draga úr lánsfjáreftirspurn opinberra aðila, minnka eftirspurn eftir lánsfé á innlendum markaði með þeim hætti og draga þannig úr þrýstingi á vexti. Það fer ekki á milli mála að lækkun vaxta hefur verið og verður eitt af þeim höfuðatriðum sem ráða munu því hver afkoma framleiðsluatvinnufyrirtækjanna í landinu verður. Fyrir þá sök var lögð á þetta höfuðáhersla af ríkisstjórnarinnar hálfu í þeim tilgangi að treysta undirstöður í atvinnurekstri landsmanna og þá fyrst og fremst framleiðsluatvinnuvegunum. Ég ætla ekki hér að rekja þau efni í einstökum atriðum en víst er að sá árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálaaðgerðum af þessu tagi hefur með alveg ótvíræðum hætti haft jákvæð áhrif og stuðlað að því að verðbólga er lægri en áður og vextir eru að byrja að lækka.

Með þjóðarsáttarsamningunum í febrúar 1990 tóku forustumenn vinnuveitenda og launþega ákveðna forustu í því að skapa nýjar aðstæður í efnahagsmálum. Þeir sköpuðu raunverulega nýjar forsendur fyrir efnahagsþróun á Íslandi með mjög ábyrgum kjarasamningum. Það hefur nú tekist eftir margra mánaða samningaþóf að tryggja framhald þessarar stefnu með áframhaldandi ábyrgri afstöðu af hálfu forustumanna launþega og markvissum aðgerðum í ríkisfjármálum. Við væntum þess að með þessum hætti verði hægt að tryggja hér lægri verðbólgu en í viðskiptalöndunum og lækkun vaxta. Með því móti eigum við að geta treyst almennan rekstrargrundvöll og bætt samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna.

Ríkisstjórnin hefur lagt höfuðáherslu á stöðugleika í gengismálum. Vissulega er það svo og ekki umdeilt að gengi krónunnar er býsna hátt skráð miðað við rekstrarstöðu útflutningsfyrirtækjanna í landinu og þar hefur orðið nokkur breyting á frá því í febrúar 1990 þegar þáv. ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins einsettu sér að stefna að því að raungengi krónunnar gæti haldist óbreytt. Á hinn bóginn er um það mjög víðtæk samstaða, ekki síst meðal forustumanna í atvinnugreininni sjálfri, að handaflsbreytingar á gengi krónunnar dugi skammt í að breyta rekstrarumhverfi atvinnugreinarinnar og því þurfi að leggja höfuðáherslu á að ná bættum rekstrarskilyrðum með öðrum almennum aðferðum.

Ríkisstjórnin hefur þegar lagt fyrir Alþingi og Alþingi samþykkt breytingar á fyrirkomulagi gengisskráningarinnar þar sem að því er stefnt að markaðsöflin muni ráða meira um þróun gengisins en áður var og að Seðlabankinn hafi sterkari ítök til þess að hafa stjórn á peningamálum og geti um leið tryggt stöðugleika í gengismálum. Allt þetta á að skapa betri grunn og skilyrði fyrir rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna og er nauðsynlegur þáttur í þeirri aðlögun sem atvinnugreinin stendur nú frammi fyrir.

Af einstökum almennum aðgerðum sem ákveðnar hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að auðvelda greininni að takast á við hinar nýju aðstæður má nefna þá ákvörðunum að fresta afborgunum af lánum Atvinnutryggingarsjóðs og af lánum hjá Fiskveiðasjóði á þessu og næsta ári en þar er um að ræða að frestað verður greiðslu á afborgunum sem nemur hátt í þremur milljörðum kr. og bætir það greiðslustöðu fyrirtækjanna á þessum árum. Þá var ákveðið að stöðva inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins með sérstakri löggjöf sem samþykkt var á Alþingi fyrir jól þó að tilefni hafi þá enn verið fyrir innborgunum í sjóðinn samkvæmt þeim almennu reglum sem um Verðjöfnunarsjóðinn gilda.

Í vetur var tekin ákvörðun um það á Alþingi að breyta ákvæðum um úreldingu fiskiskipa í þeim tilgangi að gera sjóðinn virkari og fá fram þá stöðu að við gætum hraðað þeirri þróun sem fiskveiðistjórnunarlögin eiga að leiða til. Viðbrögð við þessum aðgerðum voru mjög jákvæð og nú liggur fyrir að stjórn Fiskveiðasjóðs sem fer með þessi málefni hefur samþykkt úreldingu til 29 skipa sem samtals eru að vátryggingarverðmæti um 1,2 milljarðar kr. og veitt úreldingarstyrki fyrir rúmlega 360 millj. kr. Þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar með þessum hætti um úreldingu þýða um 2% minnkun fiskiskipaflotans. Ég hygg að með aðgerðum úreldingarsjóðsins og annarri þeirri úreldingu sem ætla má að verði eðlileg afleiðing af fiskveiðistjórnuninni sem nú er við lýði, eigi okkur að takast að úrelda milli 10 og 20% af fiskiskipaflotanum á næstu fimm árum. Ég hygg að á fimm árum ætti sjóðurinn einn og út af fyrir sig að geta stuðlað að því að draga fiskiskipaflotann saman um 10%. Þetta er verulegur ávinningur nú þegar af þeirri löggjöf sem samþykkt hefur verið í vetur og bætir um leið rekstrarstöðu þeirra útgerðarfyrirtækja sem eftir eru og það hefur síðan verið athugunarefni hvort unnt væri að koma við svipuðum aðgerðum gagnvart fiskvinnslustöðvunum. En eins og hv. þm. er kunnugt er það mál um margt flóknara, m.a. vegna þess að erfitt er að finna eðlilegar reglur sem koma í veg fyrir að það húsnæði sem styrkt er til úreldingar lendi ekki þegar í stað í höndum nýrra aðila í fiskvinnslu sem veikja þá rekstrargrundvöll hinna sem fyrir eru. Ég hygg að fæstir séu þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að ganga inn á þá braut að setja vinnsluna undir ákveðið leyfakerfi. Hún hlýtur að starfa á frjálsum grundvelli að uppfylltum þeim gæðakröfum sem gerðar eru á hverjum tíma. Þó tæknileg vandamál séu uppi í þessu, var ákveðið að sú nefnd sem vinnur að mótun sjávarútvegsstefnu og hefur það meginviðfangsefni í fyrstu að endurskoða fiskveiðistjórnunarlögin tæki þetta atriði til nánari skoðunar og það er nú til meðferðar og athugunar í þeirri nefnd.

Með almennum hagstjórnarákvörðunum og aðgerðum og almennum ráðstöfunum sem fyrst og fremst hafa beinst gegn sjávarútveginum hefur þannig verið reynt að bregðast við þeim erfiðleikum sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir í þeim tilgangi að taka á rótum vandans og varða leið sjávarútvegsins að nýjum aðstæðum. Það er vissulega svo að þó að á móti blási um sinn vegna minni afla, þá eygjum við nýja möguleika og ný sóknarfæri. Það sem skiptir máli á hinn bóginn er að okkur takist að skjóta svo traustum

stoðum undir rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna að þau geti tekist á við þessi nýju verkefni. Samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið eru mjög mikilvægur þáttur í þessari umræðu vegna þess að þeir opna íslenskum sjávarútvegi nýja markaðsmöguleika. Það er engum vafa undirorpið að hagvöxtur á Íslandi og aukin verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi verður að miklu leyti undir því komin hvort okkur tekst að efla vöruþróun annars vegar, aukna fullvinnslu afurðanna hér heima og hins vegar að ná markvissari tökum á markaðsstarfsemi okkar, komast nær neytendunum sjálfum á erlendum mörkuðum, draga þannig úr verðsveiflum á mörkuðunum og taka stærri hluta markaðsstarfsins í okkar eigin vasa. Til þess að þetta megi verða þurfum við öflug sjávarútvegsfyrirtæki sem skila verulegum hagnaði fyrir þá sök að hvort tveggja vöruþróun og markaðsstarf kostar mikla fjárfestingu og mikla peninga og verður ekki unnið nema af atvinnufyrirtækjum sem skila umtalsverðum hagnaði. Það er því eitt af brýnustu málunum að bæta rekstrarstöðuna og flýta aðlögun sjávarútvegsins að nýjum aðstæðum til þess að við getum nýtt okkur þessa möguleika.

Einnig er ljóst að í þeirri hörðu samkeppni sem við erum í á erlendum mörkuðum þurfum við á auknum styrk að halda. Ýmsum sýnist sem svo að þau fyrirtæki sem hafa helst unnið að útflutningsmálum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á undanförnum áratugum séu býsna stór í sniðum. En sannleikurinn er þó sá þegar komið er á erlenda markaði að þessi fyrirtæki eru hvert fyrir sig smá og í raun og veru ekki í stakk búin til þess að takast á við stærstu risana á erlendum mörkuðum. Fyrirtækin hafa unnið ótrúlega mikið starf á erlendum mörkuðum og náð ótrúlegum árangri og þar með tryggt betri lífskjör í landinu. Ég hef hvatt forustumenn þessara sölusamtaka nokkrum sinnum til þess að huga að því hvort ekki væri rétt að þau tækju upp náið samstarf og hugleiddu jafnvel samruna með einum eða öðrum hætti. Alltént sér maður fyrir að af því gæti orðið mikil hagræðing og styrkur ef þau sameinuðust á ákveðnum markaðssvæðum og stigju með þeim hætti fyrstu skref til aukinnar samvinnu. Ég tel að slík þróun sé mikilvæg og nauðsynleg ef við ætlum að ná meiri arði út úr markaðsstarfsemi íslenskra fyrirtækja á næstu árum.

Vissulega er það svo að þeir samningar sem nú eru á döfinni um Evrópskt efnahagssvæði eiga að gefa okkur ný sóknartækifæri í þessu efni án þess að ég ætli að fara nánar út í þá sálma eða ræða þá samninga í einstökum atriðum hér. Við höfum einnig verið þátttakendur í GATT-viðræðum um margra ára skeið. Þar hefur gengið á ýmsu. Hins vegar verð ég að segja það hér og nú að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að á þeim vettvangi hefur þess ekki orðið vart að vilji sé til þess að stíga ný skref að því er varðar alþjóðaviðskipti með fiskafurðir. Ekki er að sjá að GATT-viðræðurnar muni marka nein þáttaskil að því er varðar tolla og styrki í milliríkjaverslun með sjávarafurðir. Fyrir þá sök samþykkti ríkisstjórnin fyrr í vetur af sinni hálfu að leggja á það áherslu á lokaspretti þessara viðræðna að meiri árangur næðist á endanum en fyrirsjáanlegt hefur verið í þeim efnum. En við hljótum að meta þessa samninga út frá heildarhagsmunum íslensku þjóðarinnar og meginhagsmunir okkar í milliríkjaverslun lúta að útflutningi á sjávarafurðum og því hljótum við að fylgja fast eftir þeirri almennu stefnumörkun af okkar hálfu að brjóta niður tollmúra og umfram allt að brjóta niður alþjóðlegt styrkjakerfi í sjávarútvegi. Aðeins með því móti fáum við notið sérstöðu okkar sem fiskveiðiþjóð og hljótum því að leggja mikla áherslu á þessi atriði. Því miður bendir fátt til þess enn að GATT-viðræðurnar ætli að skila nokkrum marktækum árangri í þessum efnum.

Sjávarútvegurinn stendur einfaldlega í þeim sporum að þurfa að takast á við þessi margþættu viðfangsefni og okkar ábyrgð er sú að tryggja með almennum efnahagslegum aðgerðum að hann verði fær til þess að mæta nýjum aðstæðum, bæði inn á við að því er varðar minni afla og eins út á við að því er varðar ný sóknartækifæri í breyttu alþjóðlegu umhverfi.

Þá óska skýrslubeiðendur sérstaklega eftir umfjöllun um störf þeirrar nefndar sem hefur unnið að endurskoðun fiskveiðistefnunnar að undanförnu. Það er vissulega svo að fiskveiðistjórnunin sjálf getur skipt mjög miklu máli um þróun atvinnugreinarinnar og möguleika hennar til þess að takast á við nýjar aðstæður. Afkoma atvinnugreinarinnar verður engan veginn slitin með öllu frá ákvörðunum manna og hugmyndum um hvernig stjórna eigi veiðunum. Við höfum gjarnan sett okkur meginmarkmið með stjórnun fiskveiðanna. Þau eru í aðalatriðum þrjú. Í fyrsta lagi að stjórnunin leiði til þess að við náum þeim markmiðum varðandi verndun fiskstofna sem við setjum á hverjum tíma. Í öðru lagi að við náum þeirri hagkvæmni í rekstri útgerðarinnar sem nauðsynleg er. Í þriðja lagi að greinin geti búið við sem mest frjálsræði og sem minnst opinber afskipti. Vitaskuld geta verið skiptar skoðanir um meginmarmið af þessu tagi. Að því er varðar þriðja markmiðið hygg ég að menn greini á eftir því hvar þeir standa í flokki. Sumir vilja meiri opinber afskipti og telja að þau séu eðlilegri og heppilegri. Það er ekki mín skoðun. Sumir telja að því er varðar annað markmiðið að hagkvæmnikröfum eigi að víkja til hliðar og meta a.m.k. í mörgum tilvikum aðra hagsmuni meira, til að mynda byggðahagsmuni. Ég hygg þó að flestir séu á einu máli um að fiskveiðistjórnunarkerfi þurfi að tryggja að við náum þeim markmiðum um verndun fiskstofna sem sett eru á hverjum tíma.

Við getum farið ýmsar leiðir til þess að ná þessum markmiðum. Í fyrsta lagi getum við búið við aflamarkskerfi sem er í grundvallaratriðum svipað því sem við búum við í dag. Hins vegar er hægt að hugsa sér margs konar útfærslur á því. Í öðru lagi getum við byggt í grundvallaratriðum á sóknarmarkskerfi og í þriðja lagi gætum við búið við útboð á veiðiheimildum og látið uppboð stjórna því hverjir veiða á hverjum tíma. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessar þrjár meginleiðir. Eins og núverandi fiskveiðistjórnunarlög eru orðin eftir margra ára þróun þá tel ég menn komist býsna nærri því að koma til móts við þau

höfuðmarkmið sem við höfum sett. Eftir að nýju lögin gengu í gildi sýnir reynslan af fyrsta fiskveiðitímabilinu að okkur virðist vera að takast að ná að stýra veiðunum í samræmi við þær ákvarðanir um heildarafla sem settar hafa verið. Á því varð misbrestur á þróunartímabilinu en nýju lögin sem eru í mörgum efnum miklu fullkomnari en þau sem áður giltu virðast hafa fært okkur að þessu marki. Óumdeilt er að við erum að ná meiri hagkvæmni í dag og tölur um úreldingu fiskiskipa sýna það svo að ekki verður um villst og þróunin er markvisst í þá átt að afskipti stjórnvalda eru stöðugt minni og greinin getur í meginatriðum starfað án fyrirskipana að ofan.

Menn þurfa vitaskuld að hafa ýmis atriði í huga í þessu efni og í miklum umræðum um fiskveiðistjórnunarkerfi hafa menn bent á ýmis atriði sem taka þurfi til skoðunar. Sumir sem kvatt hafa sér hljóðs um þetta efni telja til að mynda að framsal á aflaheimildum sé óeðlilegt og telja nauðsynlegt að skipta um fiskveiðistjórnunarkerfi til þess að koma í veg fyrir framsal á aflaheimildum. Aðrir telja að þetta kerfi leiði til vaxandi byggðavanda. Þá hafa sumir talið óeðlilegt að aflaheimildir geti myndað ákveðin verðmæti. Menn hafa gagnrýnt að fiski sé hent í sjóinn og menn hafa rætt um að veiðiheimildir færist á hendur færri manna en áður var.

Nú er nauðsynlegt að bera saman áhyggjuefni og ágreiningsefni af þessu tagi við þær mismunandi leiðir sem okkur eru færar við fiskveiðistjórnunina. Til að mynda er alveg augljóst að framsal á aflaheimildum á sér jafnt stað í aflamarki og sóknarmarki. Sóknarmarkið má að vísu hugsa sér með ýmsu móti en ef um er að ræða sóknarmark þar sem fjöldi skipa er takmarkaður þá er um að ræða framsal á aflaheimildum með mjög svipuðum hætti og í aflamarkskerfi. Byggðavandinn er jafnmikill burt séð frá því hvaða stjórnunarkerfi við höfum vegna þess að það er fyrst og fremst takmarkaður afli og minni botnfisksafli sem hefur leitt til sérstaks vanda í ákveðnum byggðum. Þegar einn landshluti segir: Við þurfum að breyta um fiskveiðistjórnunarkerfi til þess að landshluti okkar getur endurheimt það sem við áður höfðum, þá þýðir það að nýtt kerfi mundi koma niður á öðrum landshluta vegna þess að ekki er meiri afli til skiptanna og ef auka ætti afla í einum landshluta þá þarf að taka það af öðrum og búa til byggðavanda á öðrum. Breyting á fiskveiðistjórnunarkerfi í þessu tilgangi mundi þannig bæta stöðu eins landsfjórðungs en gera stöðu annars verri og skapa þannig ný byggðavandamál.

Ég hygg líka að að því er varðar verðmætamyndun veiðiréttar þá hljóti veiðiréttur að taka á sig vernd hvaða stjórnkerfis sem við höfum, hvort sem við styðjumst við aflamark eða sóknarmark og svo að ég tali nú ekki um ef við færum yfir í útboðsleiðina. Ég sé ekki að menn komist hjá því að við takmarkaðar veiðiheimildir verði hægt að víkja sér undan því að veiðirétturinn tekur á sig vernd.

Eitt af alvarlegustu gagnrýniatriðunum að mínu mati er spurningin um hvort kerfið leiðir til þess að fiski sé hent í sjóinn í ríkari mæli en varðandi önnur stjórnkerfi. Vissulega er hætta á því að svo sé þegar sóknargetan er mjög mikil umfram afrakstursgetu fiskstofnanna. En úr því á að draga um leið og jöfnuður hefur náðst á milli sóknargetu og afrakstursgetu fiskstofnanna. Við verðum líka að hafa í huga að það er ekki nýtt vandamál að fiski sé hent í sjóinn. Því miður hefur það lengi verið vandamál en umræðan um þetta hefur færst mjög í vöxt og verður ekki með öllu slitin úr tengslum við fiskveiðistjórnunarkerfið. Fyrir því hefur verið efnt til sérstaks samráðs á milli sjútvrn. og Hafrannsóknastofnunar annars vegar og hagsmunaaðila, sjómanna og útvegsmanna hins vegar til þess að vinna að þessu máli ásamt frekari friðunaraðgerðum.

Ef ég vík svo loks að því ádeiluefni sem oft heyrist nefnt sem er samþjöppun veiðiheimilda eða yfirfærsla veiðiheimilda á færri hendur þá er þar fyrst og fremst um að ræða afleiðingu þess að við veiðum nú minna en áður og hagræðingin leiðir það af sér, ef við meinum eitthvað með því að hún sé markmið í sjálfu sér, að færri skip og færri hendur veiða og vinna þann afla sem við drögum úr sjó.

Ég hef eigi að síður talið mjög eðlilegt að það væri hugað að því, og hef lagt það að þeim mönnum sem starfa að endurskoðun fiskveiðistjórnunarlaga, hvort ekki geti verið eðlilegt að setja skilyrði um opin almenningshlutafélög þegar veiðiheimildir fara yfir ákveðið mark. Ég tel mjög eðlilegt að hugmyndir af því tagi séu skoðaðar sérstaklega.

Vitaskuld væri hægt að fara mörgum og miklu fleiri orðum um þau verkefni sem við blasa að því er varðar endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem ég ætla þó ekki að gera í upphafi umræðunnar, en í skýrslubeiðni hv. þm. er sérstaklega óskað eftir því að nánari grein sé gerð fyrir störfum þeirrar nefndar sem hefur haft forustu um þetta efni. Ég vil þá lesa lýsingu starfsmanns nefndarinnar í örfáum orðum á því hvernig hún hefur hagað störfum sínum, en þar segir svo:

„Nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu hefur haldið 21 fund fram til 8. maí 1992. Haft hefur verið náið samráð við hagsmunaaðila, auk fjölda sérfræðinga, m.a. á Hafrannsóknastofnun, Þjóðhagsstofnun og í lánastofnunum. Unnið hefur verið að gagnasöfnun um stjórnun fiskveiða í öðrum löndum og teknar hafa verið saman stuttar greinargerðir um ýmis mál því tengd. Þessu undirbúningsstarfi er nú u.þ.b. að ljúka og gert er ráð fyrir að tillögur nefndarinnar liggi fyrir í haust um það leyti sem Alþingi kemur saman. Nefndin hefur kynnt sér rekstrarstöðu sjávarútvegsins rækilega og haft forgöngu um ýmsar athuganir á því sviði. Ekki er um það deilt að horfur eru dökkar, enda er afrakstursgeta nytjastofna okkar mun minni en afkastageta fiskiskipa og vinnslustöðva. Ýmsar leiðir út úr þessum ógöngum hafa verið skoðaðar en eftir stendur sú staðreynd að rekstrarskilyrði munu ekki batna nema afkastagetan minnki."

Að því er varðar samráð nefndarinnar við aðra aðila segir svo í minnisblaði starfsmanns nefndarinnar:

„Haldnir hafa verið fimm fundir með ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila, en í henni eiga sæti fulltrúar

heildarsamtaka fiskvinnslustöðva, útvegsmanna, smábátaeigenda, sjómanna, verkamanna og yfirmanna á fiskiskipum. Einnig fulltrúar Íslenskra sjávarafurða og Fiskifélags Íslands. Haldnir hafa verið tveir fundir með sjútvn. Alþingis. Ætlunin er að funda oftar með sjútvn. á næstunni, enda komið að því að móta ákveðnar tillögur."

Þá er tekið fram að enn sem komið er hafi ekki verið haldnir fundir með fulltrúum sveitarfélaga, en á síðari stigum séu slíkir samráðsfundir ráðgerðir.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum vikið að þeim viðfangsefnum í skýrslubeiðninni sem lúta að afkomu sjávarútvegsfyrirtækja um þessar mundir og aðgerðum stjórnvalda til þess að mæta þeim vanda og hinu hvernig unnið hefur verið að endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar að undanförnu og hvernig stefnt er að verklokum í þeim efnum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þessa skýrslu. Að mörgu leyti þótti mér hann flytja hana ákaflega málefnalega og reyna að rökstyðja sjónarmið sem í málinu liggja án þess þó að ég sé endilega sammála þeim sjónarmiðum sem hann setti fram. En á þessu stigi umræðnanna langaði mig til að leggja fyrir hæstv. ráðherra spurningar í framhaldi af því sem fram kom í ræðu hans.

Það er í fyrsta lagi hvað varðar hugmyndina um úreldingu fiskvinnslustöðva. Ég vil spyrja ráðherrann hver eigi að borga. Hvaðan er hugmyndin um að sækja fé til að fjármagna úreldingarsjóð fiskvinnslustöðva?

Í öðru lagi og að nokkru leyti í framhaldi af seinni spurningunni þar sem mér heyrðist ráðherrann segja að eðlilegt væri að setja vinnsluna undir leyfakerfið. Ég spyr ráðherrann: Er verið að boða ... (**Sjútvrh.:** Óeðlilegt var.) Óeðlilegt. Ja, það er gott. Það snýr málinu alveg við og ég er sáttur við þá skoðun. Þá þarf ekki frekar að fjalla um þá spurningu.

Í framhaldi af hugmyndum um úreldingu fiskvinnslustöðva og spurningunni um það hver eigi að fjármagna spyr ég ráðherra: Eru uppi hugmyndir um að setja framleiðslukvótakerfi á vinnsluna, búa til verðmæti sem menn geta síðan selt?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji að núverandi stjórnunarkerfi hafi náð þeim markmiðum sem hann gat um að vernda fiskstofnana í ljósi þess að afli er minnkandi ár frá ári og að auka hagkvæmni í útgerð í ljósi þess að við erum með allt of stóran flota.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir skýrsluna þó að í ýmsum köflum hennar hafi mér ekki fundist vera frá mörgu að segja, því miður. Hæstv. sjútvrh. hefur gegnt því embætti í ár og í fullri hreinskilni finnst mér ekki hafa verið margt að frétta af störfum hans, þ.e. af tillögum eða úrræðum sem hafa komist til framkvæmda í hans tíð. Hann hefur að vísu látið skoðanir sínar í ljós, aðallega á fundum úti um borg og bæ, jafnvel tekið nokkuð djúpt í árinni. En hann hefur framkvæmt minna en hann hefur talað.

Ég man t.d. eftir því að hann lagði fram tillögu í ríkisstjórn sem hann lýsti í fjölmiðlum um hinar og þessar aðgerðir í sjávarútvegsmálum. Það skiladi sér hins vegar ekki. Hann hefur lýst yfir þeim skoðunum sínum hvað eftir annað að koma þurfi til móts við sjávarútvegsfyrirtækin í landinu, en þar hefur lítið gerst.

Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi haft fullan vilja til þess að fá fram þær hugmyndir sem hann hefur verið að viðra, ég tel að viljann hafi skort annars staðar, að hann hafi ekki haft erindi sem erfiði við að fá hugmyndum sínum framgengt í hæstv. ríkisstjórn. Ég tel að það hafi ekki verið staðið nógu vel að þessum málum. Við alþýðubandalagsmenn höfum verið að reyna að vekja athygli á sjávarútvegsmálum í þinginu alveg frá því að það kom saman í haust, gerðum það með því að knýja fram umræður um sjávarútvegsmál fyrst. Við höfum lagt fram hinar ýmsu tillögur í sjávarútvegsmálum sem hefur gengið illa að fá ræddar og enn verr að fá samþykktar.

Á sama tíma hefur ekki bólað á úrræðum frá ríkisstjórninni. Niðurstaðan er sú að þetta málefni er í höndum nefndar úti í bæ þar sem tveir formenn tala sitt tungumálið hvor og láta frá sér hinar ólíkustu hugmyndir í blöð og fjölmiðla sem „harmonera" ekki saman. Þessu höfum við þingmenn og landsmenn allir verið að fylgjast með á undanförnum missirum.

Hæstv. sjútvrh. lýsti því mjög vel í ræðu á þinginu í vetur að taka þurfti á málefnum útgerðarinnar, ég minni þingmenn á það. Hann segir í dag: Hún er álíka. Hún hefur alla vega ekki batnað. Það er niðurstaðan.

Í haust taldi hæstv. sjútvrh. að það þyrfti aðgerða við en hann virðist ekki vera eins viss um það núna. Alla vega talar hann ekki eins ákveðið um aðgerðir nú og hann gerði í haust.

Ég tel að á aðgerðum þurfi að halda og að langsóttar hugmyndir um þann hag sem útgerðin muni hafa af væntanlegu EES-samkomulagi komi ekki til með að breyta sjávarútveginum verulega á næstunni. Ég hef ekki séð að menn hafi getað rökstutt vangaveltur sínar um þennan hag með neinum þeim dæmum að bitastætt sé fyrir útgerðina í landinu að bíða eftir honum og reka sig í hallarekstri þangað til. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir aðgerðum sem koma sjávarútvegsfyrirtækjunum í þann rekstur að þau geti lifað áfram.

Ég minntist áðan á það að ráðgjafarnefnd ríkisstjórnarinnar væri skipuð tveimur formönnum sem tala sitt hvort tungumálið. Í sunnudagsblaði Morgunblaðsins þann 26. apríl sl. er viðtal við Magnús Gunnarsson, formann samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi. Hann er formaður þeirrar nefndar sem ég var að ræða um áðan. Hann lýsir þar skoðunum sínum á svokallaðri gjaldþrotaleið. Hver skyldi hafa verið orðaður við þessa gjaldþrotaleið hérna í vetur? (**Gripið fram í:** Af hverjum?) Og af hverjum? Einn af aðstoðarmönnum í ríkisstjórninni lét hafa eftir sér ýmis orð um gjaldþrotaleiðina og hvernig ætti að láta fyrirtækin deyja, verða gjaldþrota, og önnur muni þá verða sterkari eftir. Ekki höfum við fengið nákvæma lýsingu

á því með hvaða hætti það mundi gerast, enda er Magnús Gunnarsson alls ekki á þessu máli. Hann telur gjaldþrotaleiðina óframkvæmanlega og að best sé að fyrirtækin fari ekki á höfuðið. Betra sé að fara einhverjar aðrar leiðir vegna þess að sveitarfélögin í landinu og ýmsir aðrir aðilar sameinist um að bjarga fyrirtækjunum sem séu að fara á höfuðið og haldi þeim gangandi. Það verði svo til þess að hagræðingin sem gjaldþrotaleiðin bendir til náist ekki.

Auðvitað vita menn að þetta er rétt. Auðvitað láta menn ekki stór fyrirtæki fara á höfuðið án þess að bregðast við í byggðum landsins. Menn þurfa ekki að halda að menn séu svo vesælir úti á landsbyggðinni að þeir séu tilbúnir að horfa á eftir atvinnutækifærunum án þess að reyna að bregðast við. Í fiskiplássunum allt í kringum landið eru þessar aðstæður. Ef eitt stórt fyrirtæki, á mælikvarða þessara byggarlaga, fer á höfuðið er ekkert annað að gera en að bregðast við vegna þess að byggðin er í veði. Atvinna fólksins og framtíð staðarins er í veði. Menn breyta því ekki þó að þá langi til þess að láta hagræðinguna koma fram með einhverjum gjaldþrotaleiðum.

Ég held þess vegna að menn þurfi að hugsa dæmið upp á nýtt og það tengist auðvitað seinni hluta umræðunnar, þ.e. umræðunni um stjórn fiskveiða sem er hluti af þessu öllu saman. Það er þess vegna sem sveitarfélögin bregðast kannski frekar við núna en áður, vegna kvótakerfisins og vegna þess hvernig stjórnvöld hafa snúið stjórn fiskveiða að sveitarfélögunum. Sveitarfélögunum er nefnilega tryggður forkaupsréttur á aflaheimildum. Það er ekki bara réttur, það er skylda þegar fólkið á í hlut. Menn líta þannig á að réttur sveitarfélaganna verði að skyldu sveitarfélaganna til þess að tryggja fólkinu atvinnu og þar með er sveitarstjórnunum stillt upp við vegg. Þær eiga að sjá til þess að atvinnan haldist á stöðunum.

Hæstv. sjútvrh. lýsti stöðunni í veiðum og vinnslu og ætla ég ekki að fara að lengja umræðuna með því að fara yfir það. Það er búinn að vera viðvarandi hallarekstur í útgerðinni undanfarið sem hæstv. sjútvrh. sagði reyndar að væri óásættanlegt ástand. Hann ætlar þá væntanlega að fá einhverjar aðgerðir samþykktar til þess að bæta þetta ástand. Ég trúi því ekki að hann trúi því að það sé bara hægt að bíða eftir því að EES-samkomulagið lækni öll mein í sjávarútvegi. Þó hann trúi kannski á að ný tækifæri komi til með að skapast í framtíðinni vegna EES-samnings, sem hugsanlega yrði samþykktur, þá trúi ég ekki að hann ætli að bíða eftir því og láta sjávarútveginn halda áfram að velkjast í tapi eins og hann er búinn að vera í og eins og allt útlit er fyrir að hann verði í áfram.

Hluti af þessu 1% tapi er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að láta útgerðina kaupa aflaheimildir úr Hagræðingarsjóði, en sú prósenta kemur reyndar ekki fram í gögnum Þjóðhagsstofnunar. Það þarf að bæta 1% tapi ofan á tölur Þjóðhagsstofnunar til að sjá hvert raunveruleg tap ársins er því útgerðin á auðvitað eftir að kaupa aflaheimildirnar. Það er svolítið merkilegt að Þjóðhagsstofnun skuli ekki reikna með þessari ákvörðun stjórnarflokkanna. Þjóðhagsstofnun tekur bara ekkert mark á þessu. Hún tekur ákvarðanir stjórnvalda um að láta útgerðina kaupa aflaheimildir Hagræðingarsjóðs ekki með í útreikninga sína.

Hæstv. sjútvrh. lýsti því hvaða aðgerðum ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir. Höfuðáherslan er á stöðugleika í gengi og aðgerðir í ríkisfjármálum. Auðvitað er þetta góðra gjalda vert. En við vitum og sjáum að þetta hefur ekki skilað þeim árangri sem ætlast hefur verið til. Útgerðin er enn rekin með allt of miklum halla en hún þarf auðvitað að vera rekin með einhverjum hagnaði. Hann er ekki fyrir hendi í dag nema í fullvinnsluskipunum.

Hæstv. sjútvrh. lýsti því fyrir okkur að ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um að fresta afborgunum á þremur milljörðum kr. úr svokölluðum „sukksjóðum" frá fyrri ríkisstjórn. Það var skynsamleg ráðstöfun. Það hefði nú þótt skrítið þegar farið var að ræða um aðgerðir fyrri ríkisstjórnar í upphafi stjórnartíma þeirrar sem nú situr, að menn ætluðu sér að framlengja þessi lán. Þessir sjóðir voru kallaðir „sukksjóðir" og þeim hefur verið framlengt. Ríkisstjórnin hefur þar með í raun og veru viðurkennt að það hafi verið skynsamlegt af fyrri ríkisstjórn að endurlána fyrirtækjunum þær skuldir sem voru settar í þessa sjóði og það er vel. Það er gott þegar menn sjá að þeir hafa rangt fyrir sér, að þeir viðurkenni það og geri það í verki eins og ríkisstjórnin gerði í þessu tilfelli.

Hæstv. sjútvrh. sagði frá því að úreldingarsjóður væri orðinn virkari. Ég fagna því að það hafi tekist sem menn voru að gera þar, að hjálpa mönnum til þess að losa útgerðina við úrelta og ónýta báta. Þar er stórt verkefni fram undan sem mun á næstu árum verða enn stærra vegna þess að stór hluti flotans er úreltur fyrir löngu. Menn þurfa bæði öðruvísi útgerðarhætti og nýrri skip en núna eru á floti í kringum landið.

Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. sagði að hann teldi óeðlilegt að leyfakerfi væri komið á í fiskvinnslunni. Ég fagna því vegna þess að þessar hugmyndir hafa verið á sveimi. En skyldi kvótakerfið ekki vera eitthvað í ætt við leyfakerfið? Ég skýt því svona inn í umræðuna en mun ræða það betur á eftir.

Sjútvrh. endaði umfjöllun sína með því að tala um að bæta þyrfti rekstrarstöðu sjávarútvegsfyrirtækja, en hann lýsti ekki nánar með hvaða hætti ætti að gera það. Ég hefði áhuga á að hann lýsti því betur fyrir okkur með hvaða hætti hann ætlist til að rekstrarstaða sjávarútvegsfyrirtækjanna verði bætt. Full ástæða er til þess að hreinsa andrúmsloftið svo að þeir sem stjórna fyrirtækjum í sjávarútvegi fái tækifæri til að átta sig á hvað fram undan sé og geti brugðist við því. Er það fram undan að lifa við svipað ástand og hefur verið síðustu missiri, að ekki bóli á neinum aðgerðum sem virðast duga til þess að útgerðin komist almennt í jákvæða rekstrarstöðu? Eiga menn að reikna með því að það verði svona áfram eða geta menn reiknað með því að það breytist? Ég held að ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. þurfi að tala miklu skýrar um þessi mál en gert hefur verið.

Það hefur þurft að taka á fjölmörgum málum í sjávarútveginum og honum tengdum í vetur en það hefur

ekki verið gert. Þó hefur verið tekið á einstaka málum og hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram fjögur frv. sem taka á málum í sjávarútvegi. Því miður hefur hann lagt þau fram svo seint og í þeim eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu með þeim hætti að að öllum líkindum er hann búinn að klúðra því að hægt sé að koma þeim í gegnum þingið. Ég harma alveg sérstaklega að frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, skuli ekki komast í gegnum þingið vegna þess að búið er að tengja það saman við þrjú önnur frv., setja inn í það hugmyndir um hinar svokölluðu skoðunarstofur sem er einkavæðing á eftirliti í sjávarútvegi og allar líkur eru á að verði ekki samþykktar af EB eða Ameríku. Við höfum í raun fengið aðvörun frá Brussel um að þetta muni ekki verða samþykkt af þeim.

Ég tel að bregðast þurfi hart við þessu og taka frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra út úr þessum hópi frumvarpa og lagfæra það þannig að hægt sé að samþykkja það í þinginu vegna þess að um áramótin taka nýjar reglur við hjá EB um þessi mál og þá þurfum við að vera búnir að taka þessar reglur upp, eftir því sem okkur hefur verið tjáð í sjútvn. Því hefur ekki verið komið á framfæri hér að hugsanlegt sé að fresta því og sjálfsagt heldur ekkert eftirsóknarvert að fresta því að taka þessar reglur upp. Ég held að út af fyrir sig sé frv., eins og það er hugsað í sambandi við eftirlitið, í lagi, ef réttir aðilar sjá um þessi mál. Ég tel að ekki eigi að vera mjög mikið verk að breyta frv. þannig að það geti farið í gegnum þingið án þess að það sé hengt við einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar.

Þá langar mig að ræða dálítið um kvótakerfið sem hæstv. sjútvrh. var að ræða um áðan og þær hugmyndir sem eru í vinnslu eða milli manna um þetta kerfi. Hæstv. sjútvrh. hefur látið skoðanir sínar á kerfinu í ljós á ýmsum fundum og í fjölmiðlum frá því hann tók við starfinu. Mér hefur stundum fundist að hugmyndir hans, að þetta kerfi geti staðið áfram lítið eða ekki breytt, séu í algjörri andstöðu við hvítu bókina sem ríkisstjórnin gaf út. Í hvítu bókinni stendur nefnilega eftirfarandi, sem ég ætla að lesa fyrir hæstv. sjútvrh.:

„Ríkisstjórnin hyggst móta sjávarútvegsstefnu er nær jafnt til veiða, vinnslu og markaðsmála, hamlar gegn ofveiði, treystir byggð, stuðlar að hagræðingu, og tryggir stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða."

Allir menn sem ég hef talað við hafa skilið þetta á sama veg, það að núverandi fyrirkomulag, þ.e. frjálst framsal aflaheimilda, geti ekki uppfyllt það skilyrði sem ríkisstjórnin hefur sett sér með endurskoðun fiskveiðistefnunnar.

Ég tel ástæðu til þess að hafa þetta atriði ævinlega fremst í umræðunni vegna þess að það er það mikilvægt að ekki verður hægt að ganga fram hjá því. Ef menn ætla sér að halda áfram að hafa aflahlutdeildarheimildir í eigu útgerðarmanna, verða menn að vera sjálfum sér samkvæmir og breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að auðlindin verði ekki lengur eign landsmanna allra, heldur eign útgerðarmanna.

Ég tel þetta mjög alvarlegt mál og ég vek athygli á því vegna þess að ég hef orðið var við að fjöldinn allur af mönnum gerir sér ekki grein fyrir því með hvaða hætti þessi eignarheimild er. Þetta er ekki eignarheimild á áunnum kvóta, eins og margir halda. Þetta er eignarheimild á aflahlutdeild úr fiskstofni sem þýðir allt annað, sem þýðir að það er alveg sama hve mikið einhver þessara fiskstofna hugsanlega stækkar, viðkomandi útgerðaraðili, eða sá aðili sem hefur eignast aflaheimildirnar, á ævinlega það hlutfall sem hann má veiða. Ef einhver fiskimið fyndust t.d., við skulum segja karfaslóð, sem mundi breyta möguleikum okkar á að veiða úr einum karfastofni sem er undir kvóta, þá eiga þeir útgerðarmenn sem eiga karfaheimildirnar núna þessa karfaslóð eins og hún leggur sig og bæta henni við fyrri aflaheimildir sínar. Ef tækist að auka eða stækka fiskstofnana þannig að fiskifræðingar treystu sér til þess að leggja til að farið yrði að veiða meira, þá eiga þeir útgerðarmenn þær aflaheimildir, jafnvel þó farið væri að veiða helmingi meira af einhverri tegund, þá ættu þeir það. Það er því ekki hægt að rökstyðja þetta kvótakerfi með þeim hætti sem þeir sem hafa gert á undanförnum árum, þ.e. að menn hafi eignast þennan rétt vegna þess að þeir hafi verið að gera út einhver þrjú ár á öldinni og hafi unnið sér hann inn með því að fiska svo og svo mikið þetta árið. Það er ekki aldeilis að það gildi. Ég tel reyndar að sú röksemdarfærsla standist ekki heldur, en hún hefur samt verið notuð og ástæða til þess að benda mönnum á þann mun sem er á kvótum og hins vegar því að eiga aflahlutdeild í fiskstofni, eins og útgerðarmenn á Íslandi eiga í dag.

Þá er ég kominn að því að ræða þessa nefnd og það samstarf sem hún á að eiga við sjútvn. og aðra aðila. Ég hef mótmælt því áður og ég geri það hér enn að svona skuli staðið að málum. Ég tel að vísasti vegurinn til þess að ekki verði hægt að ná samkomulagi um málin sé að stilla þeim svona upp, að ekki skuli vera fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum í landinu í nefndinni og ekki skuli vera breiðari hópur sem kemur að því að móta sjávarútvegsstefnuna vegna þess að hver sem stefnan eða tillagan verður, ef hún verður einhvern tímann til, þá þarf auðvitað að koma henni í gegnum Alþingi og það verður ekki gert nema með því að samstaða fáist um málin. Ég hef grun um að sumir af þeim sem styðja núverandi kvótakerfi telji að kannski sé best að láta umræðuna dúlla fram undir áramótin og leysast upp í þras og þá verði ný kvótastefna einfaldlega framhald af þeirri sem er nú. Ég held að það væri mikið slys ef þannig færi og ég ætla satt að segja að vona að það gerist ekki. Ég held að þeir sem styðja núverandi kvótafyrirkomulag verði að horfa lengra fram í tímann og á þróun þessa kerfis sem er núna og hvað framtíðin muni bera í skauti sínu í sambandi við kerfið. Ég er alveg sannfærður um að það sem menn eiga eftir að sjá fram undan, ef þetta kvótakerfi fær að þróast áfram, er að aflaheimildir verða smám saman losaðar frá skipunum. Farið er að selja þetta meira og minna óháð út um hvippinn og hvappinn. Kvótaeigendur eru farnir að skaffa mönnum verð fyrir fiskinn.

Skagamenn hafa t.d. veitt fyrir Sauðkrækinga og þeim er sagt að þeir fái bara þetta verð — gjörið svo vel, við eigum kvóta handa ykkur og veiðið bara fyrir okkur.

Ég held að þetta muni smám saman verða þannig að útgerðarmenn í landinu verði einhvers konar vinnuvélaeigendur og sjómenn og útgerðarmenn verði þar með komnir í þá aðstöðu að vera í vinnu hjá einhvers konar útvegsbændum, þ.e. þeim sem eiga kvótann. Þannig er þessi þróun. Þetta hefur verið að aukast, það hefur alltaf verið meira og meira fært á milli með þessum hætti og mönnum hefur verið stillt upp við vegg með ýmsu móti. Sjómenn hafa tekið þátt í því að kaupa kvóta til þess að fá að fara á sjó og allt gengur þetta á þennan veginn.

Ég fór af forvitni minni á fund sem haldinn var á Akranesi í gær. Menn sem eru óánægðir með þessa fiskveiðistefnu hafa stofnað með sér félag og þeir hafa haldið fundi nokkuð víða og eru á leiðinni í kringum landið að halda fundi með mönnum sem velta fyrir sér hvað sé hægt að gera, hvernig sé hægt að breyta fiskveiðistefnunni. Það var mjög athyglisvert að vera á þessum fundi. Þar sögðu þeir, sem fyrir honum stóðu, frá því að þeir hefðu verið á mörgum fundum þar sem menn hefðu gert grein fyrir því hvernig þeir litu á málin, hvað væri að gerast og sagt frá ýmsum hlutum, m.a. hve miklum afla væri hent í sjóinn. Hæstv. sjútvrh. nefndi áðan að nú væru allar líkur á því að það tækist að stjórna veiðunum. Hann mundi sjá til þess að tölurnar um það hvað ætti að veiða og hvað veiddist féllu saman. Já, já, það er alveg rétt. Það stemma kannski saman tölurnar en hvað á að veiða og hvað kemur að landi? Eða getur hæstv. sjútvrh. fullyrt að ekki hafi veiðst eitthvað meira en kom að landi? Ég held að hann geti það ekki.

Á fundinum, sem ég var á, er svolítið sérstakur útgerðarmannahópur. Það eru menn sem gera frekar litla báta út á þorskanet á Faxaflóanum. Þeir sögðu frá því að þeir hefðu róið hvern einasta dag í vetur, fiskurinn yfirleitt aldrei orðið tveggja nátta hjá þeim, þeir hefðu engum fiski hent í sjóinn. Þeim hefði tekist að sækja það stíft að það hefði ekki verið gert og voru mjög ánægðir með það. En þeir bættu því líka við: En við hendum náttúrlega öllum ufsanum og við hendum öllum kolanum. Það er ekkert um annað að gera, við eigum engan kolakvóta og engan ufsakvóta. Það er ekkert hægt að gera við þetta, við hendum þessu í sjóinn. Einn þeirra sagði: Ég á svo mikið af ýsukvóta. Ég er í vandræðum, ef ég ætla að ná ýsunni verð ég að henda þorskinum.

Svona eru sögurnar. Þeir sögðu frá því að menn á skipunum vestur á nesi hefðu sagt frá því að þeir hefðu hent karfa svo tugum tonna skipti af bátunum. Þetta er svona. Það þýðir ekki fyrir menn að berja höfðinu við steininn. Svona er þetta. Það þarf að bregðast við því með einhverjum hætti, með því að hætt verði að refsa íslenskum útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir að koma með þann afla að landi sem kemur í veiðarfærin. Það er eina leiðin og hún er fær.

Ýmislegt fleira kemur inn á þetta kvótakerfi sem þarf að taka á og hlýtur að verða gert í þeirri umræðu sem er fram undan og er í gangi núna. Ég geri ráð fyrir því að í öllum stjórnmálaflokkum og öllum byggðarlögum allt í kringum landið séu menn að ræða um hvað sé til úrbóta á kerfinu og vonandi kemur eitthvað út úr því. Ég tel að það sé númer eitt að menn verði jákvæðir í umræðunni. Þeir sem hafa viljað halda í kvótakerfið víki sér ekki hjá því að taka þátt í umræðunni og komið er að þeim að sýna okkur tillögur sínar til úrbóta á því.

Ef þeir, sem vilja halda kvótakerfinu, fara ekki að sýna eitthvað á sín spil þá held ég að verði býsna erfitt að ná samkomulagi um framhaldið. Þeir sem vilja hafa kvótakerfið áfram eiga að segja okkur hvernig á að uppfylla ákvæðið um það að Íslendingar eigi að eiga auðlindina saman. Sú tillaga hefur ekki komið fram enn.

Ég veit að ýmsar hugmyndir eru til um það með hvaða hætti megi breyta kerfinu. Það er ekki vandinn. Ýmsar hugmyndir eru til. Vandinn er að menn verði sammála um einhverjar hugmyndir. Ég harma að það skuli hafa verið þannig sem staðið hefur verið að málum, þ.e. ekki hefur verið búinn til farvegur fyrir samkomulag. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að velta því alvarlega fyrir sér hvort hann getur ekki fundið einhvers konar farveg fyrir þá aðila sem þurfa auðvitað að koma sér saman um sjávarútvegsstefnu Íslendinga í framtíðinni.

Eins og ég sagði áðan skora ég líka á hæstv. sjútvrh. að láta okkur heyra eitthvað meira um það með hvaða hætti hann ætlar að koma rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi yfir núllið.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingheimi öllum er ljóst að Alþb. sótti þessa umræðu talsvert fast og ég bjóst þess vegna við því að framsögumaður þess í þessum umræðum mundi sáldra yfir þingheim og þjóðina alla úrræðum Alþb. en það verður að segjast eins og er að um leið og hv. þm. Jóhann Ársælsson ásakar hæstv. sjútvrh. fyrir að tala óskýrt þá talar hann sjálfur ekki mjög skýrt. Satt að segja var afskaplega lítið af úrræðum, hugmyndum eða tillögum í máli hans. Þess vegna langar mig að fá skýringar á einu tilteknu atriði. Nú er ljóst að einn aðalvandinn í sjávarútvegi á Íslandi í dag er of mikil vinnslugeta í fiskiðnaði. Þetta hefur gert það að verkum að menn velta því fyrir sér hvernig er hægt með sem skapfelldustum hætti að fækka einingum. Þetta vandamál hefur til að mynda aukist mjög verulega þegar ljóst er orðið að veiðiheimildir eru skertar og þarf sennilega að skerða þær enn frekar. Af þessu tilefni segir Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, í Morgunblaðinu þann 6. maí, með leyfi forseta:

„Og minnkun veiðiheimildanna veldur slíkum erfiðleikum að menn sjá ekki út úr þeim."

Gunnar Ragnars, forstjóri ÚA, segir í Morgunblaðinu 8. maí: „Minni afli hlýtur að leiða til þess að einingum fækki." Leiðir hann síðan getum að því hversu erfitt þetta verði fyrir ýmsar byggðir.

Það er nákvæmlega þetta vandamál sem Þröstur

Ólafsson, aðstoðarmaður utanrrh. og annar tveggja formanna endurskoðunarnefndarinnar, hefur verið að reyna að leita ráða við. Menn hafa kallað það gjaldþrotaleiðina. Ég skal ekkert um það segja. Alveg er ljóst að það þarf að grisja, það þarf að fækka einingum og mig langar að spyrja: Hvernig ætlar hv. þm. Jóhann Ársælsson að fara að því að fækka einingum í fiskvinnslunni eða er hann kannski ósammála því að það þurfi að draga úr vinnslugetunni?

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vel getur verið að síðar í umræðunni muni ég kannski fara betur yfir þær tillögur sem við höfum lagt fram og rætt í vetur sem ég veit að hv. 17. þm. Reykv. hefur séð og lesið og heyrt frá okkur. En það get ég ekki gert í andsvari. Um það hvernig eigi að fækka einingum í sjávarútvegi get ég sagt alveg hreint út. Það eiga menn að sjá um sjálfir. Ríkið á ekki að skipta sér af því hve margir verka fisk á Íslandi. Menn verða að meta hvort þeir telja að sé hagkvæmt eða ekki. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja að eitthvert kvótakerfi verði sett á það. Fram að þessu hefur gengið þannig að menn hafa byrjað og hætt í þessu. Sumir hafa staðið sig lengi, aðrir skemur. Þannig verður það auðvitað að vera. En ég er auðvitað sammála því að það er of mikil vinnslugeta núna. Það breytist einfaldlega með tímanum. Það er ekki hægt að búa til lausnir handa mönnum sem eru í þessari grein, þeir verða að gera það sjálfir. Ef þeir kjósa að koma á uppkaupum á vinnslulínum eða úreldingarsjóði er það þeirra mál.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég segi nú bara: Það var og. Hv. þm. Jóhann Ársælsson segir, og formaður Alþb. tekur undir það í frammíköllum, að þetta eigi menn að sjá um sjálfir. Ríkið eigi ekki að skipta sér af því. Hvað er þetta þá annað en gjaldþrotaleiðin eins og hún birtist nöktust og verst? Ég sé ekki betur en Alþb. sé með furðu hörðum hætti að kalla eftir gjaldþrotaleiðinni.

Ástæðan fyrir því að ég spyr um afstöðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og Alþb. til þessa máls er sú að það kemur fram í þeirri greinargerð sem liggur til grundvallar ósk um þá skýrslugerð sem hér er gefin, að Þröstur Ólafsson, aðstoðarmaður utanrrh., hafi í fjölmiðlum verið að tala um gjaldþrotaleiðina, um grisjunarleið. Þess vegna finnst mér að það sé sanngjarnt að Alþb. komi með sína leið í þessum efnum. Nú hefur hún birst, hún er nákvæmlega eins og sú afbökun sem sumir menn, ekki síst hv. þm. Alþb., hafa verið með á því sem Þröstur Ólafsson hefur sagt. Ég get ekki séð annað ef að menn eiga að sjá um þetta sjálfir og ríkið á ekki að skipta sér af þessu en verið sé að tala um harða gjaldþrotaleið. — Lifi frjálshyggjan eða hvað, hv. þm.?

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Munurinn á því sem við höfum verið að segja og því sem Þröstur Ólafsson sagði er mjög einfaldlega sá að við höfum lagt áherslu á að útgerðinni í landinu og fiskvinnslunni væru sköpuð eðlileg rekstrarskilyrði þar sem hægt væri að reka fyrirtækin með einhverjum arði. Þannig á að skapa skilyrðin. Það verður svo að vera ákvörðun þeirra sem eru í þessum atvinnurekstri hvort þeir telja þess virði að vinna við hann eða ekki. Við getum einfaldlega ekki tekið upp einhvers konar sovét-kerfi í þessum efnum, við höfum nóg af kerfum eins og er og þyrftum að fækka þeim. Við skulum fyrir alla muni ekki fara að taka upp eitt enn, að búa til einhvers konar skömmtunarkerfi í fiskvinnslunni. Það er ekki gjaldþrotaleið ef raunverulega er hægt að reka fyrirtækin með arði í greininni. Það er ekki gjaldþrotaleið. Það er gjaldþrotaleið ef það á að keyra greinina þannig niður að næstum því allt sé rekið með bullandi halla og þá falla fleiri en eiga það skilið.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi gera að umtalsefni að hér hefur verið tekið til umræðu verulegt vandamál í íslensku efnahagslífi, þ.e. staða sjávarútvegsins. Það er gert á þeim degi þegar ákveðið er að hér verði eldhúsdagsumræður og aðeins einn ráðherra, að vísu sá sem mestu máli skiptir og málinu er beint til, getur verið viðstaddur. Hitt er svo annað mál að hér er um mál að ræða sem varðar alla ríkisstjórnina og ekkert síður hæstv. forsrh. og jafnvel hæstv. utanrrh., sem hefur m.a. með útflutning á sjávarafurðum að gera og hefur verið manna harðastur í því að knýja fram skattlagningu á sjávarútveginn í þessari ríkisstjórn. Mér vitanlega er ekkert lát á því og skiptir engu máli þótt afkomutölur sjávarútvegsins verði verri og verri. Ég heyri ekki að Alþfl. breyti neitt um skoðun í þeim efnum þótt viðkomandi atvinnugrein hafi alls ekki fjármagn til að borga slíka skatta. Þess vegna gengur nánast ekki að hér fari fram marktæk umræða um þessi mál nema fleiri geti verið viðstaddir.

En hvað um það. Það er stutt eftir af þingtímanum og sjálfsagt erfitt að koma því fyrir hvernig þessi umræða getur farið fram með eðlilegum hætti enda er talað um að mörg mál verði að afgreiða fyrir þinglok. Sum þeirra mála eru þess eðlils að lítið liggur á þeim og væri nær að taka tíma í mál sem þetta í stað þess að vera að þröngva mörgum þeirra fram. Það er hins vegar ekkert nýtt á Alþingi, það er almennt svo að of mikið af lögum er sett og menn halda nánast að öll vandamál verði leyst með því að setja sérstaka löggjöf um þau. Það er að sjálfsögðu ekki svo í þessu tilviki sem hér er rætt um heldur er fyrst og fremst nauðsynlegt að sjávarútvegurinn fái að búa í nokkrum friði, fái að búa við góð rekstrarskilyrði og það sé reynt að skapa honum sem besta afkomu með almennum aðgerðum.

Það er ekki nýtt að þessi mál séu rædd á Alþingi. Það var mikil umræða um þau í febrúar sl. og þá upplýsti hæstv. sjútvrh. m.a. að 200 fyrirtæki væru á beinni gjaldþrotabraut og Þjóðhagsstofnun teldi að sjávarútvegurinn væri rekinn með 4% halla.

Í framhaldi af þeirri umræðu vísað ríkisstjórnin

vandamálinu í nefnd. Hún vísaði því til nefndar sem hefur verið skipuð til að marka hér almenna sjávarútvegsstefnu í landinu. Þessi sérstaka nefnd átti að taka vandann til umfjöllunar og skila tillögum til úrlausnar í málinu. Það kom fljótt fram að formenn nefndarinnar voru mjög ósammála um ástandið. Annar nefndarformaðurinn upplýsti m.a. í viðtali 22. febrúar, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegurinn skuldar um 100 milljarða og af þeim eru 50 milljarðar tapaðir eða mjög tæpir."

Hinn nefndarformaðurinn upplýsti um svipað leyti, með leyfi forseta:

„Menn eru allir af vilja gerðir að hlúa þannig að sjávarútveginum að hann standi undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans en spurningin er um leiðirnar. Þar eru klárlega skiptar skoðanir. Við verðum að finna einhvern ramma sem greinin getur róleg búið við til frambúðar."

Annar formaðurinn talaði mikið um gjaldþrotaleið og ræddi m.a. allmikið um að það væri búið að gera fjölmörg mistök í gegnum tíðina og það væri ekki annað að gera en að þessi fyrirtæki færu hreinlega á hausinn.

Hinn formaður nefndarinnar sagði þann 26. apríl, svo vitnað sé í Morgunblaðið, að hann væri ósammála þeim sem vildu fara gjaldþrotaleið til hagræðingar í sjávarútveginum. „Dæmin sanna að gjaldþrotaleiðin, eins og hún hefur verið farin, skapar ekkert hagræði í sjávarútveginum. Ég leyfi mér að nefna uppgjörið í Ólafsvík og rækjuiðnaðinum á Ísafirði," sagði Magnús Gunnarsson, annar af formönnum þessarar nefndar.

Um þetta leyti var líka rætt við bankastjóra og þeir spurðir um stöðu mála. Einn af bankastjórum Landsbankans sagði að staðan nú væri ekki ólík því sem hún var haustið 1988. „Þá náðist ekki samkomulag um aðgerðir milli stjórnarflokkanna og þáverandi ríkisstjórn fór frá völdum," svo vitnað sé í bankastjóra Landsbankans. En hann sagði jafnframt að honum hefði verið bent á það á sl. hausti þegar hann gagnrýndi ákvarðanir stjórnvalda í sjávarútvegsmálum að hann væri bankastjóri en ekki sjútvrh. og vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Það er út af fyrir sig ekki nýtt á þessum vetri að menn standi frammi fyrir erfiðri stöðu í sjávarútveginum og það er í sjálfu sér ekki nýtt í sögu okkar sem sjávarútvegsþjóðar að við höfum þurft að standa frammi fyrir slíkum aðstæðum. En aðalatriðið hlýtur að vera: Hvað geta menn gert til þess að laga samkeppnisskilyrði þessarar atvinnugreinar? Því til viðbótar má nefna að nú fyrir stuttu kom rekstraráætlun frá Samtökum fiskvinnslustöðva þar sem fram kemur að miðað við skilyrði í maí sé sjávarútvegurinn, þ.e. botnfiskvinnslan, rekinn miðað við 6% ávöxtun með 9,2% halla sem eru 3.552 millj. kr. á ársgrundvelli en miðað við 8% ávöxtun 3.973 millj. kr.

Það hljóta allir að sjá og taka undir að botnfiskvinnslan getur ekki lengi búið við slíkar aðstæður. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að afkoman væri óviðunandi. Viðunandi hallarekstur væri óásættanlegur. Ég er algjörlega sammála hæstv. sjútvrh. í þessu mati en stóra spurningin er: Hvað er hægt að gera? Eða er e.t.v. ekkert hægt að gera?

Hæstv. sjútvrh. sagði ítrekað í sinni ræðu að það yrði að varða leið sjávarútvegsins að nýjum aðstæðum. Ég get tekið undir að það er mikilvægt að sjávarútvegurinn fái að búa við þau rekstrarskilyrði sem honum hafa verið sköpuð m.a. með skipulagsbreytingum, að það verði ekki farið að hræra í þeim aftur á bak og áfram, að Alþfl. t.d. komist ekki upp með að heimta endalaust skattlagningu á þessa atvinnugrein. Hann hefur nú þegar náð verulegum árangri á þessu sviði með því að knýja fram skattlagningu á sjávarútveginn upp á fleiri hundruð millj. kr. án þess að sjávarútvegurinn sé í stakk búinn til þess að borga þennan skatt. Enn halda menn á þeim bæ áfram á sömu braut og krefjast þess að skatturinn verði hækkaður.

Það var að heyra á formanni Alþfl., þegar hann fagnaði því að nú væri hann loksins að verða laus frá ferðalögum til Evrópu vegna EES-samninganna, að nú ætlaði hann að snúa sér að innanlandsverkefnum. Var á honum að skilja að hann ætlaði fyrst og fremst að koma fram skipulagsbreytingum í atvinnuvegunum. Hverjar eru þessar skipulagsbreytingar sem formaður Alþfl. hefur mikinn áhuga á? Það er í fyrsta lagi að koma á auðlindaskatti í sjávarútvegi og í öðru lagi að leggja niður landbúnað á Íslandi.

Það væri fróðlegt að fá það upplýst í þessari umræðu í hvaða ráðuneytum formaður Alþfl. ætlar að vinna að þeim skipulagsbreytingum sem hann hefur mestan áhuga á og gæti orðið eitthvað til að greiða fyrir þessari umræðu. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að menn viti betur hvað ríkisstjórnin er að hugsa. Kannski er hún ekkert að hugsa, sem ég efast um þótt ég hafi ekki mikið álit á henni, en það hefur lítt verið upplýst hvernig eigi að vinna að þessum málum annað en það að við vitum að málið er í nefnd. Og það kemur ekkert frá nefndinni. Þetta eru hins vegar svo mikilvæg mál í íslenskum þjóðarbúskap að það er ekki hægt að vista þau í einhverri nefnd úti í bæ.

Aðalatriðið í stöðu sjávarútvegsins er að sjálfsögðu, eins og alltaf áður, hvernig hægt er að auka tekjurnar. Er það hægt? Auðvitað er það hægt, t.d. ef meiri bjartsýni ríkir og hægt að fá peninga að láni með skikkanlegum vöxtum en ekki aðeins með okurvöxtum og það ríki trú á framtíð sjávarútvegsins. Menn verða ekki mikið varir við þá trú. Það er fyrst og fremst talað um samdrátt og niðurskurð. (Gripið fram í.) Það er nú það, hv. formaður þingflokks Alþfl., ekki vil ég kannast við að hafa verið með eintóman bölmóð því ég hef trú á íslenskum sjávarútvegi fái hann að starfa í bærilegum friði. Ég held að það væri e.t.v. mikilvægast fyrir íslenskan sjávarútveg að vera laus við Alþfl. úr ríkisstjórn. Ég held það mundi skipta mjög miklu máli og bara sú eina aðgerð, sem er ekki mjög flókin, mundi auka mjög bjartsýni í íslenskum sjávarútvegi. (Gripið fram í.) Ég gæti trúað að menn væru tilbúnir að leggja allmikið á sig til þess en ég get ekki sagt nákvæmlega fyrir um það hvað afkoman mundi batna mikið en hún mundi batna allnokkuð við það.

Ég vil t.d. í þessu sambandi nefna að ein leið til að auka tekjur sjávarútvegsins er að sækja inn á erlenda markaði. Alþfl. heldur því fram að þar sé rétt að hafa sem minnst skipulag mála. Best sé að þar ríki sem mest frelsi en þó þannig frelsi að hægt sé að gera eitthvað fyrir ákveðna gæðinga. Því hefur verið haldið fram af saltfiskverkendum að með þessum vinnubrögðum utanrrh. hafi verð á saltfiski fallið verulega. Hæstv. sjútvrh. sagði 1. maí, svo enn sé vitnað í Morgunblaðið:

„Mjög slæmt er að vera með það geðþóttaúthlutunarkerfi til fárra aðila sem nú er við lýði í salfiskútflutningi héðan." — Ég endurtek fyrir formann þingflokks Alþfl.: „Mjög slæmt er að vera með það geðþóttaúthlutunarkerfi til fárra aðila sem nú er við lýði í saltfiskútflutningi héðan." — Síðan er bætt við: „Það getur leitt til gæðingakerfis sem ég hélt raunar að búið væri að leggja niður hér."

Ég vissi að það var ekki búið að leggja þetta niður. En ég vil aðeins upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að það hefur komið fram að sjútvrh. hefur gagnrýnt þetta með þessum hörðu orðum. Þetta er hörð gagnrýni á samstarfsmann í ríkisstjórn. Það er mjög alvarlegt mál ef einstakir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa með vinnubrögðum sínum haft tekjur af sjávarútveginum. Það má vel vera að einhver hafi dregið þetta til baka í útvarpsþætti. (**Gripið fram í:** Einhver er Dagbjartur Einarsson.) Dagbjartur Einarsson, ég vissi ekki að hann hefði dregið það til baka. En það er nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. svari til um það hvað hann hyggst fyrir í þessum efnum. Hann hefur gefið út yfirlýsingu til Sambands ísl. fiskframleiðenda um að það eigi ekki að breyta þessu kerfi fyrr en samningurinn um EES er kominn til framkvæmda ef hann kemur þá til framkvæmda. Auðvitað á að standa við slíkar yfirlýsingar. Ég er ekki að segja að það megi engu breyta í þessum efnum. En menn verða að búa við einhverja vissu. Aðilar sem selja inn á þennan markað verða að vita hvaða leikreglur gilda þar. Það hafa þeir ekki vitað. En þeir hafa viljað treysta á orð utanrrh. en því miður gert mistök með því.

Það hefði fyllilega verið ástæða til að ræða þetta alvarlega mál fyrr á Alþingi en það hefur ekki verið tilefni til þess. Ég harma að enginn ráðherra Alþfl. skuli vera viðstaddur umræðuna í dag en þeir eru sjálfsagt uppteknir við það að undirbúa skattlagningarræður sínar í kvöld. Ég gæti trúað að hæstv. utanrrh. kæmi eitthvað inn á það í kvöld hvernig hann ætlar að standa að endurskipulagningu atvinnuveganna þegar hann er laus úr ferðalögum út af EES. (Gripið fram í.) Ég hefði gjarnan viljað undirbúa hæstv. utanrrh. nokkuð fyrir þessa ræðu með umræðum í dag en ég veit það að hann er fyllilega fær um það sjálfur að koma því til skila. En það er mín spá að eitthvað muni hann segja um það þegar hann tekur til máls í kvöld og þegar hann boðar nýja sókn í atvinnumálum Íslendinga sem ég vil frekar vara við að honum sé hleypt í.

Að sjálfsögðu verður ekki komist hjá því að minnast á gengið í sambandi við tekjur sjávarútvegsins. Það er eitt af því sem erfitt er að tala um vegna þess að gengisstefnan hefur margar hliðar. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki einföld lækning að breyta gengi til að auka tekjur útflutningsatvinnuvega. En dettur einhverjum í hug að íslenskur sjávarútvegur geti þolað hærra gengi en hann bjó við á árinu 1990 þegar aflasamdráttur er eins og raun ber vitni og verðlækkun á afurðum er staðreynd? Getur það verið að aðilar vinnumarkaðarins séu þeirrar skoðunar að það sé ekkert mál fyrir sjávarútveginn að búa við hærra gengi en hann bjó við á árinu 1990? Ætla menn sér virkilega að láta sem ekkert sé í því sambandi? Ég vil gjarnan að staðið sé að gengismálum þannig að það sé sem mest festa á því sviði. En verðlækkanir og aflasamdráttur er áfall þjóðarinnar allrar og það er ekki hægt að leggja það á einstakar atvinnugreinar. Því hljóta þau mál að vera til umfjöllunar eins og hver önnur mál í sambandi við afkomu sjávarútvegsins. Það er engum greiði gerður með því að þjarma svo að útflutningsatvinnuvegunum með gengisstefnunni að þeir leggist á hliðina. Það hefur oft komið upp áður og því miður hafa menn oft og tíðum verið seinir til að grípa til aðgerða.

Nú boðar hæstv. viðskrh. að það eigi að hengja sig aftan í ECU í ársbyrjun 1993 og festa gengi krónunnar við þá mynt á hverju sem gengur í íslenskum þjóðarbúskap. Halda menn að það muni verða til þess að auka tekjur Íslendinga að standa þannig að gengismálum? Það er enn ein ástæðan fyrir því að það væri mjög góð aðgerð að losna við Alþfl. úr ríkisstjórn. Og það er að koma betur og betur í ljós enda er Alþfl. að verða „ultra" hægri flokkur sem minnir mann helst á það að í Danmörku er gamall og gróinn flokkur sem heitir Venstre en er sennilega sá flokkur í Danmörku sem er mest til hægri og það er að verða svo með Alþfl. líka. Hann er sprottinn úr sósíalismanum, jafnvel kommúnismanum, en þeir eru kallaðir hægri menn í dag og ég sé ekki betur en Alþfl. sé að lenda í sömu súpunni og sumir flokkar af þessum uppruna.

Ég ætla aðeins að snúa mér að kostnaðarhlið sjávarútvegsins og vil þá fyrst nefna vextina. Núv. ríkisstjórn hælir sér mjög af því að hún hafi náð miklum árangri í ríkisfjármálum sem hafi ekki aðeins orðið til þess að bæta afkomu ríkissjóðs heldur og til að lækka vextina. Nú skal það fúslega viðurkennt að það er mikilvægt í efnahagsstjórnun Íslendinga að minnka halla ríkissjóðs og hefur að sjálfsögðu áhrif inn á peningamarkaðinn. Það var ein af forsendum þess að þessir kjarasamningar tækjust að vextir mundu lækka. Þeir hafa lækkað eitthvað en það er alls ekki ljóst hvað þar var talað um því að Landsbankinn virðist draga mjög lappirnar því máli. En Landsbankinn er sá banki sem sjávarútvegurinn hefur langmest viðskipti við. (**Gripið fram í:** Sjálfstfl. stjórnar því.) Já, ég skal ekki segja um það hverjir það eru en þar er m.a. sá bankastjóri sem ég vitnaði áður í. (**Gripið fram í:** Þingmaður í bankaráðinu.) Já, það eru margir ágætir menn í bankaráði. En þarna ríkir nokkur óvissa. Ég sé ekki að það liggi á borðinu að atvinnureksturinn og launþegar geti treyst því að þarna verði að málum staðið með þeim hætti sem um var talað enda er það vitað mál að það

eru ekki allir jafnáhugasamir í núv. ríkisstjórn um að lækka vextina. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi talað alveg skýrt um það að nauðsynlegt sé að lækka vextina. En ég hef ekki heyrt sama tón í Alþfl. sem virðist vera mjög valdamikill í þessari ríkisstjórn svo að enn sé vitnað í formann flokksins. (**Gripið fram í:** Aldrei jafnvaldamikill.) Aldrei jafnvaldamikill og það er ekki að heyra á Alþfl. að ástæða sé til að lækka vextina mikið og alls ekki rétt að vera að skipta sér af því. Menn eigi ekki að vera með svona afskiptasemi af öllum sköpuðum hlutum.

Ég vil jafnframt taka fram að nú liggur fyrir til afgreiðslu á þingingu frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana þar sem gert er ráð fyrir því að fjárfestingarlánasjóðirnir greiði bæði tekjuskatt og eignarskatt til samræmis við aðrar peningamálastofnanir eins og það er gjarnan kallað. En það er svo með skattlagninguna að hún lendir á einhverjum. Það er eins og menn haldi stundum að það að leggja skatta á fyrirtæki, t.d. í formi aðstöðugjalds, lendi bara á fyrirtækinu, það lendi alls ekki á neytendum. Auðvitað lendir það á neytendum í einu eða öðru formi. Og það er jafnframt vitað að þessi fyrirhugaða skattlagning á Fiskveiðasjóði mun hækka verulega vexti á sjávarútveginn. Ég hef ekki orðið var við að það standi til að draga þetta til baka við þessar aðstæður, jafnvel þótt birtar séu tölur um að sjávarútvegurinn sé að tapa 10% af veltu sinni. Ég hef ekki orðið var við að það sé hugmyndin að draga til baka sérstaka skattlagningu á sjávarútveginn sem á að leggja á hann í haust, jafnvel þótt afkoman sé með þessum hætti. Við horfðum upp á það í fjárlagaafgreiðslunni að skattar á sjávarútveginn voru þá hækkaðir samkvæmt útreikningum LÍÚ um einar 650 millj. kr. Ég er viss um að það dregur úr fjárlagahallanum. En er það það eina sem skiptir máli — að draga úr fjárlagahallanum? Skiptir halli atvinnuveganna engu máli? Halda menn að þjóðarbúskapurinn verði bara rekinn með því að reka ríkissjóð hallalausan? Ætli þurfi ekki fyrst og fremst að reka atvinnulífið með hagnaði til þess að tryggja verðmætasköpunina? Við heyrum að það sé rétt að fara ofan í þessi mál, það sé rétt að skoða þau og þau eru sett í nefnd og það er talað um að þetta sé allt í athugun. En ég verð ekki var við að þar séu nokkur úrræði og ég gæti trúað því að það sé vegna þess að ósamkomulag er um málið í núv. ríkisstjórn. Það er ósamkomulag um fiskveiðistjórnunina. Það er ósamkomulag um afkomumál atvinnuveganna. Það er ósamkomulag um hvort það eigi að leggja sérstaka skatta á sjávarútveginn í formi auðlindaskatts og þetta virðist allt saman vera fast.

Sama má segja um aðstöðugjaldið. Það kom fram í vetur að núv. sjútvrh. taldi mjög mikilvægt að fella niður aðstöðugjaldið sem er vitlausasti skattur sem til er á Íslandi. Ég held að það sé orðin allgóð samstaða um það. Það hefur hins vegar komið fram að forsrh. og einnig fjmrh. eru ekki sömu skoðunar, forsrh. sérstaklega. Hann er áhugasamur um afkomu Reykjavíkurborgar, eins og allir vita, situr þar enn í borgarstjórn og er greinilega í miklum hagsmunaárekstri við sjálfan sig í því máli enda er fráleitt að starfandi forsrh. sitji í einni af sveitarstjórnum landsins. Það er því engin niðurstaða í því máli heldur.

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að halda langa ræðu. (Gripið fram í.) Ja, það má lengja hana. Ég heyri það að formanni þingflokks Alþfl. líður heldur illa undir ræðu minni en það er út af fyrir sig nauðsynlegt að hann heyri að hér er mikil alvara á ferðinni og á ekki að umgangast það af neinni léttúð. Það er vissulega rétt hjá hæstv. sjútvrh. að mikilvægt er að halda áfram á braut hagræðingar í sjávarútveginum og margt af því sem þar er að gerast er til mikilla bóta, t.d. fækkun skipa sem hann gerði að umtalsefni. En það er ekki nægilegt og það er ekki hægt að reikna með því að þær aðgerðir skili svo miklum árangri á næstunni að það muni koma í veg fyrir það að sjávarútvegurinn verði fyrir verulegum áföllum. Við hljótum að spyrja hæstv. sjútvrh. hvað hann telji vera helst til bjargar.

Ég hef komið inn á tekjuhliðina. Ég hef minnst á vextina. Ég vildi líka spyrja um Verðjöfnunarsjóðinn sem hefur verið til umfjöllunar og eftir því sem ég best veit eru málefni hans til athugunar í sérstakri nefnd. Mun sú afkoma, sem menn nú standa frammi fyrir, og það markaðsverðlag verða til þess að farið verður að greiða út úr sjóðnum? Ég hef ekki upplýsingar um það. Er það hugmynd ríkisstjórnarinnar að greiða sérstaklega fyrir því að þar komi til útgreiðslu án þess þó að riðla því kerfi sem þar var komið á? Ég vil spyrja hann um það hvort það sé hugmyndin að breyta í einhverju þeirri skattastefnu sem ákveðin var á sjávarútveginn og falla frá ýmsum þeim gjöldum sem á atvinnugreinina voru lagðar. Það er ekki enn farið að greiða þær 525 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að muni ganga til Hafrannsóknastofnunar, það verður byrjað á því nk. haust. Verður fallið frá því í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi?

Ég vil jafnframt spyrja sjútvrh. um vaxtamálin, hvort hann telji það ekki óheppilegt að Fiskveiðasjóður hækki vexti sína verulega vegna skattskyldu sjóðsins sem verður væntanlega komið á fyrir lok þessa þings og hvort sjávarútvegurinn sé í stakk búinn til að mæta þeirri gjaldahækkun. Ég vil jafnframt spyrjast fyrir um það hvort ríkisstjórnin hyggist halda genginu algerlega stöðugu án tillits til þess hvað gerist á mörkuðum og hvort ekki sé skynsamlegt að láta það hverfa smátt og smátt til þess horfs sem var t.d. á árinu 1990. Það eru ekki miklar breytingar en hvert prósentustig skiptir máli í þessu sambandi. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég er ekki þeirrar skoðunar að almenn gengisfelling muni koma sjávarútveginum til mikillar bjargar. Útgjaldahlið hans er líka svo háð gengi, eins og lán hans og ýmsir kostnaðarliðir, að ekki er hægt að reikna með því að það muni skila honum verulegum bata.

Ég vil líka spyrja betur um endurskoðun á fiskveiðistefnunni. Hæstv. ráðherra sagði það í sinni ræðu að það yrði á næstunni haft betra samráð við sjútvn. Alþingis um þau mál. Það er rétt að haldnir hafa verið tveir fundir með þessari nefnd. Það hefur ekki mikið komið út úr þeim fundum og nefndin hefur haft frá

litlu að segja í sambandi við vinnu að málinu. Við höfum hins vegar óskað eftir því að fá að fylgjast betur með þessu máli og við höfum margir hverjir haldið að það væri málinu til styrktar að sem flestir kæmu að því, sérstaklega sjútvn. þingsins en það hefur afar lítið orðið úr því. Við höfum haft það á tilfinningunni að ríkisstjórnin vildi loka þetta mál sem mest inni í nefnd stjórnarflokkanna eins og reyndar hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar í flestum málum. Það hefur verið stefna hennar í nær öllum málaflokkum að stjórnarandstaðan á Alþingi komi sem minnst að nema á síðustu stigum á Alþingi. Ég held að það sé afar óskynsamlegt að því er varðar fiskveiðistefnuna. Það má vel vera að það taki lengri tíma að þurfa að tala við fleiri menn en hér er um svo stórt mál að ræða að það er óskynsamlegt að víkjast undan því að stjórnarandstaðan komi að því máli með einum eða öðrum hætti.

Ég vil svo að lokum segja að sú staða sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir er mjög alvarleg. Hallarekstur sem þar er er að mestu leyti vegna versnandi ytri skilyrða. Það er vegna aflasamdráttar. Það er vegna verðfalls á afurðum og það er alveg ljóst að þessi staða væri enn þá verri ef iðnaðurinn hefði ekki getað náð verulegum árangri í sambandi við endurskipulagningu og hagræðingu. En ég tel það nánast útilokað að ætlast til þess að öllu þessu verði mætt á stuttum tíma með þeim hætti nema til verulegrar byggðaröskunar komi. Það má vel vera að sumum finnist það allt í lagi. En verulegri byggðaröskun fylgir ekki aðeins hrun ákveðinna fyrirtækja heldur skapar hún jafnframt aðra erfiðleika á viðkomandi stað. Húsin verða verðlaus, mannvirkin, sem hið opinbera er búið að byggja, verða líka verðlaus og það verður upplausn í samfélaginu. Þau fyrirtæki sem eru í öðrum atvinnurekstri lenda jafnframt í miklum vandamálum vegna þessa og það gleymist oft að taka tillit til þess þegar rætt er um hvað gera skuli í íslenskum sjávarútvegi. Það má segja að þær hugmyndir sem komu frá öðrum formanni þeirrar margfrægu nefndar, þegar talað var um gjaldþrotaleiðina af hálfu Þrastar Ólafssonar, hafi ekkert tillit tekið til þessara sanninda.

Ég vona að umræðan geti haldið áfram síðar í vikunni eða í næstu viku og vænti þess að fleiri ráðherrar verði þá viðstaddir svo hægt sé að eiga við þá eðlileg skoðanaskipti en ég þarf ekki síður á því að halda að tala um þessi mál við utanrrh. og forsrh. en hæstv. sjútvrh. Hér er um svo stórt mál að ræða að það hlýtur að varða flestalla ráðherra í ríkisstjórninni.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom mér afar mikið á óvart hversu þung orð hv. þm. Halldór Ásgrímsson lét hér falla í garð Jafnaðarmannaflokks íslands. Mér varð þá hugsað til hinna björtu maínótta að loknum kosningum á síðasta ári þegar hv. þm. ásamt öðrum forustumönnum Framsfl. lá eins og ástfanginn unglingur við hinn opna skjá Alfl. og bað og bað og bað um að fá að komast í hjónasæng ríkisstjórnar með einmitt þessum sama Alþfl. Það er því bersýnilega af sem áður var. Ég minnist þess líka að þá vildu menn gefa svo mikið fyrir að komast í stjórn með Alþfl. að ýmsir vildu jafnvel gefa höfuð sjálfs foringja flokksins, hv. þm. Steingríms Hermannssonar, á fati. Þeir vildu gera allt til þess að komast í stjórn með Alþfl. Kannski hv. þm. muni það. Kannski það séu að einhverju leyti orsakir fyrir þeim ummælum sem formaður Framsfl. lætur falla um hv. þm. Halldór Ásgrímsson í tímaritsviðtali sem birtist nýlega. Hins vegar vil ég að það komi alveg skýrt fram að ég tel að Halldór Ásgrímsson sé mjög góður og verðugur arftaki hv. þm. Steingríms Hermannssonar, a.m.k. hefur hann lært af honum þann undarlega eiginleika að tala mjög myrkt. Hv. þm. hefur nefnilega ekki talað mjög skýrt hér. Hann talar um gengi og segir: Gengisstefnan hefur margar hliðar, og svo segir hann: Dettur nokkrum í hug að sjávarútvegurinn geti þolað hærra gengi en hann bjó við 1990? Ætla menn virkilega að láta sem ekkert sé á því sviði? Hér er talað í hálfkveðnum vísum og ég tel að hv. þm. Halldór Ásgrímsson verði að gera þingheimi það ljóst hvort hann sé með þessu að óska eftir gengisfellingu eða ekki.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei beðið um það að komast í ríkisstjórn með Alþfl. Það er rangt og allt sem hv. þm. sagð hér um það er tómt bull. Það lá fyrir, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að forustumenn Alþfl. höfðu ákveðið það, meira að segja fyrir síðustu kosningar, að fara í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Það þurfti því ekki að tala við þá. Ég átti eitt samtal við formann Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson. Það var alveg ljóst að hann var búinn að taka stefnuna í þeim málum og ekkert um það að segja. Það er hans ákvörðun. (**ÓRG:** Hann sagði Össuri ekki frá því.) Hann hefur kannsi ekki sagt Össuri frá því.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um gengismál má vel vera að honum finnist það ekki vera skýrt sem ég sagði. Ég sagði að það væri útilokað fyrir íslenskan sjávarútveg að búa við hærra gengi en hann bjó við á árinu 1990. Er það óskýrt? Það þýðir væntanlega að ég tel gengið of hátt. Er það óskýrt? Hvað er það sem hv. þm. skilur ekki í þessu sambandi? Ég er einfaldlega að segja að gengið hafi hækkað of mikið á undanförnum mánuðum og það sé ekki hægt að hækka gengið á sama tíma og verðlag lækkar og afli dregst saman. Ríkisstjórn sem starfar þannig og ætlar sér slíka hluti er á villigötum. Það er ekki nóg með að reiknað sé með því að sjávarútvegurinn mæti sínum erfiðleikum heldur er gengið jafnframt hækkað.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aftur og aftur hefur þingmaðurinn verið krafinn svara um þetta atriði, bæði hér í þingsölum og á fundum utan þingsala. Aftur og aftur hefur hann lýst því yfir að raungengið sé of hátt. Ég hef aftur og aftur spurt hann til hvaða ráða hann vilji grípa til til þess að lækka raungengið. Vill hann gengisfellingu? Ég spurði hann að því áðan. En þessi þingmaðurinn hefur ekki þorað að svara þeirri spurningu enn þá.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að stafa þetta frekar ofan í þingflokksformann Alþfl. Það er kannski eðlilegt að illa gangi hjá atvinnuvegum þjóðarinnar þegar skilningurinn er eins og fram kemur hjá honum.

Í fyrsta lagi er ég þeirrar skoðunar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það verði að létta álögum af sjávarútveginum, þeim álögum sem Alþfl. hefur m.a. þröngvað fram í þessari ríkisstjórn. Þær hafa hækkað gengið í landinu. Það er númer eitt. Ef það dugar ekki til á ég alveg eins von á því, hv. þm., að það þurfi að eiga sér stað einhver leiðrétting á genginu. Ég vil ekki kalla það gengisfellingu. Ég tel gengið einfaldlega vera of hátt. En ég vil spyrja hv. þm.: Hvað telur hann í þessu sambandi? Er hann ánægður með þetta allt saman? Telur hann að sjávarútvegurinn eigi bara að búa við 10% tap, að það sé bara hið besta mál að sjávarútvegurinn búi við háa vexti og háa skatta? Og síðan eigi menn bara að sætta sig við gjaldþrotaleið, að þetta hrynji smátt og smátt? Vill hann ekki svara einhverju um það? Ætli það sé ekki frekar á ábyrgð hans og þessara manna sem tóku að sér stjórn landsins að segja eitthvað um það en þegja ekki þunnu hljóði um það á Alþingi?

Umræðu frestað.

140. FUNDUR

mánudaginn 11. maí,
kl. 8.30 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða sem skiptast í tvær umferðir, 15–20 mínútur í fyrri umferð og 10–15 mínútur í þeirri síðari. Röð flokkanna verður í báðum umferðum: Framsfl., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn flokkanna verða, fyrir Framsfl.: Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., og Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v., í fyrri umferð og Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv., og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., í síðari umferð.

Ræðumenn Sjálfstfl. verða í fyrri umferð: Davíð Oddsson forsrh. en í síðari umferð: Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv., og Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Fyrir Alþb. tala í fyrri umferð: Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl. Í þeirri síðari talar Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Fyrir Alþb. tala í fyrri umferð: Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. en Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn., í síðari umferð.

Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., og Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv., í fyrri umferð en Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn., í þeirri síðari.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti, góðir Íslendingar. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur aðeins setið í rúmt ár en engu að síður hefur hún þegar markað djúp spor í íslenskt þjóðlíf, spor sem ég satt að segja óttast að verði ekki metin falleg þegar til síðari tíma er komið. Ég óttast einnig að mörg þessi spor séu í raun tekin án umboðs kjósenda og ég ætla að rekja hér nokkur dæmi.

Ríkisstjórnin tók sér fyrir hendur strax og hún kom til valda að hafna því blandaða hagkerfi sem við Íslendingar höfum búið við um áratugaraðir og hefur reynst okkur satt að segja mjög vel. Það er á grundvelli þessa hagkerfis, sem einkennist af samstarfi ríkisvalds, atvinnurekenda, launþega og bænda, sem tekist hefur að skapa hér á landi lífskjör sem eru með því besta sem þekkist. Á grundvelli þessa hagkerfis hefur tekist að skapa velferðarþjóðfélag sem við getum vissulega verið stolt af. Velferðarþjóðfélag þar sem leitast er við að tryggja jafnræði og jafnrétti, bæði í heilbrigðismálum og menntamálum.

Þess í stað hefur ríkisstjórnin innleitt kerfi markaðsins, frjálshyggjunnar svonefndu, sem vissulega hefur víða verið reynd eins og í löndunum í kringum okkur, sérstaklega í Bretlandi og Bandaríkjunum, þar sem íhaldssamir leiðtogar innleiddu hana fyrir rúmum áratug. Hógværari leiðtogar þeirra sömu flokka leitast nú við að lagfæra margt af því sem þar hefur farið úrskeiðis á grundvelli þeirrar stjórnarstefnu.

Ég hygg að frjálshyggjunni sé hvað best lýst með orðum fyrrverandi borgarstjóra Lundúna, sem sagði einu sinni að Margrét Thatcher hefði verið undir áhrifum brjálaðra prófessora. Ég ætla að vísu ekki að kalla ráðgjafa hæstv. forsrh. brjálaða prófessora en óumdeilanlega minnir þetta dálítið á hjáróma raddir frjálshyggjunnar sem hér hafa hljómað alllengi en ekki náð sínu fram fyrr en nú með ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Reyndar koma merki frjálshyggjunnar alls staðar fram. Þau koma fram í atvinnumálum þar sem hæstv. forsrh. hefur keppst við að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar þannig að ástandið komi henni ekki við. „Kemur-mér-ekki-við"-ríkisstjórn hafa sumir kallað hana.

Hæstv. forsrh. hefur boðað að hagræða skuli í atvinnumálum með gjaldþrotastefnu. Efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar er gjaldþrotastefna. Við framsóknarmenn ræddum þessi mál ítarlega á miðstjórnarfundi nýlega, við höfnum að sjálfsögðu slíkri stefnu í efnahagsmálum, við höfnum frjálshyggjunni. Við fögnum því vitanlega að samningar hafa náðst á hinum almenna markaði, en það er engin þjóðarsátt. Því fer víðs fjarri. Það eru ekki frjálsir samningar atvinnurekenda, launþega, bænda og ríkisvalds og reyndar gleymdust

bændur í þessum samningum. Þetta eru samningar sem eru gerðir í skugga atvinnuleysis og gjaldþrota eins og svo greinilega kom fram í öllum ræðum leiðtoga launþega 1. maí sl.

Vissulega ber að fagna að í þessum samningum náðist að lækka vexti nokkuð. Þeir eru þó enn allt of háir. En athyglisvert er að nú eru þeir lækkaðir með handafli sem hefur verið hafnað af þessari ríkisstjórn allt frá því að hún tók við völdum sem óframkvæmanlegri aðgerð. Meira að segja hæstv. viðskrh. er farinn að láta hafa eftir sér í dagblöðum að lánastofnanirnar verði að gjöra svo vel að lækka vexti. Þeim er skipað í dag það sem ekki mátti fyrir örfáum vikum. Vextirnir eru í kringum 9% af verðtryggðum lánum og líklega um 11% af óverðtryggðum og það eru miklu hærri vextir en íslenskir atvinnuvegir geta borið.

Íslenskir atvinnuvegir eru í nokkrum erfiðleikum en þó langt frá því að þeir séu nokkuð meiri en þeir hafa verið oft áður. Þeir eru engu meiri en íslenska þjóðin hefur hvað eftir annað unnið sig út úr með samstilltu átaki ríkisvalds, atvinnurekenda, launþega og bænda. Vitanlega á að vinna þannig enn á ný. Það sem vantar fyrst og fremst er örvandi hönd frá ríkisstjórninni með aðstoð við atvinnuvegina til að ná sér á strik, ef ég má orða það svo, fyrir nýjar atvinnugreinar til þess að komast yfir þröskuldinn og til þess að finna markað fyrir margs konar framleiðslu sem getur átt sér stað hér og við höfum reyndar heyrt ágætt dæmi um nýlega frá hugvitssömum og duglegum mönnum á hugbúnaðarsviðinu. Að vísu hefur hæstv. sjútvrh. boðað nokkra aðra stefnu, en því miður þá er rödd hans hjáróma, hann fær ekki því framgengt sem hann óskar í skugga frjálshyggjunnar.

Frjálshyggjan kemur einnig fram í þeirri einkavæðingu sem virðist vera framkvæmd meira sem trúarbrögð en stefna. Við framsóknarmenn höfum svo sannarlega ekkert á móti því að hlutabréf séu seld í fyrirtækjum þar sem samkeppni er nægjanleg. Reyndar lítum við svo á að ríkisrekstur eigi að vera undantekning. Ríkisrekstur kann hins vegar að vera nauðsynlegur, alveg sérstaklega til að veita þjónustu á ýmsum sviðum velferðarþjóðfélagsins og ríkisrekstur er sérstaklega nauðsynlegur þegar tryggja á jafnrétti, bæði til heilbrigðismála og til menntunar.

En einkavæðingin er ekki ætíð sjálfsögð. T.d. er einkavæðing mjög vafasöm nú þegar það fjármagn, sem er af mjög skornum skammti, er nauðsynlegt fyrir atvinnuvegina sjálfa og ekki eru til í landinu nein þau lög sem koma í veg fyrir að þau hlutabréf sem eru sett á hinn frjálsa markað safnist á fáar hendur.

Frjálshyggjan kemur einnig fram í aðför hæstv. ríkisstjórnar að heilbrigðiskerfinu sem reyndar mætti líkja helst við hryðjuverk, svo er fram gengið. Þar er fyrirskipaður flatur niðurskurður sem gömul reynsla segir að er óframkvæmanlegur í heilbrigðiskerfinu, og síðan fer hæstv. heilbrrh. um landið og gefur mönnum krónu hér og krónu þar, opnar fæðingardeild þar sem átti að loka henni o.s.frv. af sinni alkunnu mildi. En eftir sem áður er heilbrigðiskerfið skilið eftir sem flakandi sár.

Vitanlega þarf að spara í heilbrigðiskerfinu þegar að þrengir. Á því er ekki nokkur vafi. En það verður aldrei gert svo að vel sé nema í samráði við heilbrigðisstéttirnar sjálfar. Vitanlega þarf að hagræða t.d. á milli stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. En það verður ekki gert með þeim brögðum sem beitt hefur verið af núv. ríkisstjórn.

Vel getur verið að við verðum að láta greiða í vaxandi mæli fyrir einhverja þjónustu sem ekki er eins lífsnauðsynleg og önnur. Það má vel vera að það verði að greiða eitthvað eftir efnum og aðstæðum. Hins vegar er mikilvægast að unnið sé að þessum málum skipulega, eins og t.d. var gert af fyrrv. heilbrrh., Guðmundi Bjarnasyni, þar sem jarðvegurinn var undirbúinn fyrir skynsamlega hagræðingu í íslensku heilbrigðiskerfi.

Hvergi hygg ég þó að krumla frjálshyggjunnar komi greinilegar og alvarlegar fram en í menntamálunum. Staðreyndin er sú að allar þjóðir sem náð hafa langt byggja á þekkingu. Við þörfnumst svo sannarlega þekkingar ekki síður en aðrar þjóðir. Við þörfnumst þekkingar til þess að hagræða í sjávarútveginum. Við þörfnumst þekkingar til þess að nýjar atvinnugreinar megi blómstra eða til þess að heilbrigðiskerfið gangi vel og menntakerfið sjálft. Ég óttast að þau spor séu þau ljótustu sem þessi ríkisstjórn hefur tekið. Í haust þurfa þeir sem innritast í Háskóla Íslands að greiða 23 þúsund króna inntökugjald. Verið getur að það sé ekki stór upphæð í huga margra. Þó eru margir sem munu eiga erfitt með að greiða þá upphæð.

Í haust standa námsmenn frammi fyrir því að námslán verða í fyrsta sinn ekki útborguð. Ég bið menn að hugleiða þetta, enn þá er tækifæri til að leiðrétta þessa hluti á Alþingi og ég heyri a.m.k. að ungir kratar vonast til þess að einhverjir úr þeirra þingmannaliði verði til að rétta þar hjálparhönd. Við skulum vona að svo verði.

Á þessum sama tíma hefur ríkisstjórnin til meðferðar staðfestingu á samningi um hið evrópska efnahagssvæði. Vafalaust er það rétt sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, að þetta er einhver mikilvægasti samningurinn sem við Íslendingar höfum gert, ef ekki sá mikilvægasti. Að sjálfsögðu er ýmislegt í samningi um Evrópska efnhagssvæðið sem er mikilvægt og gagnlegt fyrir okkur Íslendinga ef rétt er á málum haldið. T.d. er afar mikilvægt að fá niðurfellda tolla af íslenskum sjávarafurðum. Vitanlega getur það stuðlað að því að fullvinnsla sjávarafurða aukist hér, vinnsla matvæla úr sjávarafurðum sem verða tilbúin til þess að setja í ofninn.

En þessi samningur hefur einnig fjölmargar hættur í för með sér. Staðreyndin er sú að bjargráðin koma aldrei erlendis frá. Samningurinn er hættulegur ef hér er ekki þrekmikil þjóð, menn sem eru fullir bjartsýni en ekki svartsýni, menn sem eru tilbúnir að byggja á eigin krafti og eigin auðlind. Alvarlegast við boðskap ríkisstjórnarinnar er að til greina geti komið í kjölfar þessa samnings að sækja jafnvel um aðild að Evrópubandalaginu. Þá er svo sannarlega sjálfstæði og fullveldi þessarar þjóðar glatað, á því er ekki nokkur vafi.

Okkur framsóknarmönnum er ljóst að ríkisstjórnin hefur meiri hluta til þess að staðfesta samninginn og við lítum á það sem hvað mikilvægast nú í stöðunni að forða frá því að næsta skrefið verði umsókn um aðild að Evrópubandalaginu. Við deilum á ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki þegar tekið upp athugun á því hver staða Íslands verður þegar allar EFTA-þjóðirnar hinar hafa gerst aðilar að Evrópubandalaginu. Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki tekið upp viðræður í Brussel um það hvort breyta megi þessum samningi í tvíhliða samning sem mundi þá vissulega tryggja okkur það sem mikilvægast er og að verða svo sannarlega fullnægjandi fyrir þessa þjóð?

Við Íslendingar erum í ótrúlega góðri stöðu, ekki síst í dag þegar hlutirnir gerast svo fljótt og vandasamt er að rata hinn gullna meðalveg. Við erum staðsettir mátulega langt frá meginlandi Evrópu, nálægt stórveldunum við Norður-Ameríku, stutta leið frá Japan, og við getum svo sannarlega ef við höfum dug og kjark byggt hér — ekki um áratugi heldur aldir — þjóðfélag sem verði til fyrirmyndar í þessum heimi. Fyrst og fremst byggir það á okkur sjálfum en engum boðskap erlendis frá. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti og góðir áheyrendur. Framsóknarflokkurinn hefur í um 20 ár átt nær samfellda aðild að ríkisstjórn. Hann hefur sem miðjuflokkur í íslenskum stjórnmálum komið í veg fyrir að öfgastefnur í íslenskri pólitík næðu saman til valda þar til nú. Það er því rétt sem haldið hefur verið fram að Framsóknarflokkurinn hefur öðrum flokkum fremur mótað það þjóðfélag sem hér hefur verið byggt á.

Þegar núv. forsrh. á sínum fyrstu valdadögum leit yfir svið íslenskra stjórnmála til að sækja efnivið í stefnuræðu sína komst hann að þeirri niðurstöðu eins og hann sagði í stefnuræðunni: „Við Íslendingar búum nú við betri kjör en flestar aðrar þjóðir. Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa. Hér hefur verið um sigurgöngu að ræða fyrir íslenska þjóð."

Þetta er dómur núv. forsrh. á stjórnarþátttöku Framsfl. Sigurganga fyrir íslenska þjóð, sagði Davíð Oddsson. Það sem hér hefur gerst á tveimur áratugum hefur tekið aðrar þjóðir aldir. Þetta er sá grunnur sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafði til að byggja á að hans eigin dómi.

En þáttaskil hafa nú orðið í íslenskri pólitík. Þegar Sjálfstfl. og Alþfl. svikust að þjóðinni og mynduðu það afl sem nefnir sig ríkisstjórn. Nú réttu ári síðar eru þessir flokkar rúnir öllu trausti og aðeins eitt eiga þeir sameiginlegt, það er óttinn við fólkið í landinu. Hlutskipti Alþfl. í þessu stjórnarsamstarfi er vægast sagt ömurlegt. Hann hefur haft um það forustu að brjóta niður það velferðarkerfi sem hér hefur verið. Þess vegna er nú talið nauðsynlegt að reka það fólk, sem hefur lagt nótt við dag til að byggja hér upp þjóðfélag mannúðar og mildi, út af þeim stofnunum sem það hefur kosið að eyða ævikvöldinu. Ríkisstjórnin hefur einnig talið nauðsynlegt að skerða þau sjálfsögðu mannréttindi ungs fólks að geta sótt nám í þeim menntastofnunum er það sjálft kýs. Nú á menntun að verða munaður að nýju.

Ríkisvaldið ögrar og hótar hinum almenna launamanni við að ná rétti sínum til mannsæmandi launa með fjöldauppsögnum og atvinnuleysi. Launþegar þurfa nú að fórna kjarabótum til að verja velferðarkerfið. Var það tilviljun að forstjóri Þjóðhagsstofnunar kom fram í fjölmiðlum strax og launþegar höfðu notað atkvæðisrétt sinn um sáttatillöguna og lýsti því þar hversu ástandið á Íslandi væri miklu betra en haldið hafði verið fram. Árið 1991 var þá allt í einu orðið um margt mjög hagstætt ár. Aðgerðir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar höfðu nefnilega skilað árangri. Með þeirri stjórnarstefnu sem nú hefur verið tekin upp er ástandið í þjóðmálum vægast sagt mjög alvarlegt. Atvinnuleysið og gjaldþrotin eru nú notuð sem hagstjórnartæki ríkisstjórnarinnar.

Hann Nóri segir okkur frá því í kolkrabbanum að nóg svigum sé fyrir þá sem fram úr skara án þess að þeir þurfi að breyta hugsjónaeldi heillar þjóðar í heimilisarin fyrir sig og sína nánustu. Sú fyrirtækjasamsteypa sem peningaöflin í landinu hafa komið á fót í skjóli vafasamra viðskiptahátta og í daglegu tali nefnist kolkrabbinn er heilbrigðum atvinnurekstri skaðleg. Því er nauðsynlegt að rannsókn fari fram á starfsemi þessa auðhrings. Andvari og ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum veldur áhyggjum og á eftir að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar ef ekki verður sveigt af leið. Möguleikar þjóðarinnar til nýrrar atvinnusköpunar eru margvíslegir. Gífurleg verðmæti liggja enn vannýtt í fiskitegundum og í orku landsins ásamt margvíslegum öðrum iðnaðar- og atvinnukostum. Við höfum einnig sem betur fer fjárfest í mikilli þekkingu fjölda mikilhæfra einstaklinga. Það er ekki sísti auður þessarar þjóðar. Við þurfum að skapa skilyrði til að nýta það hugvit og þá þekkingu sem við ráðum yfir í dag til að tryggja aukna fjölbreytni í atvinnulífinu. Það veldur hins vegar áhyggjum að með úrtölum og svartsýni stjórnvalda hefur máttur til framkvæmda og nýsköpunar í íslensku atvinnulífi verið drepinn í dróma. Hér hefur ríkisstjórnin unnið mikið óhappaverk. Hins vegar er ekki ástæða að láta hugfallast. Það er ekki landið sem hefur brugðist okkur. Það er ríkisstjórnin sem hefur brugðist en um hana má reyndar og þarf að skipta.

Við Íslendingar erum lánsöm þjóð í dásamlegu landi sem á ærinn ónýttan auð. Við búum ekki lengur á mörkun hins byggilega heims. Við búum fremur á krossgötum nýrra leiða. Við göngum nú út í sumarið og sjáum mátt hinnar íslensku moldar og gróðurinn vakna til lífsins. Andstæða þess eru verk ríkisstjórnarinnar þar sem kal er í hverju spori.

Góðir Íslendingar. Síðan íslenska þjóðin varð frjáls og fullvalda hefur henni tekist að varðveita lífbeltin tvö, landið og hafið og svo hina íslensku tungu. Nú er ástæða til að hvetja til öflugrar varðstöðu um okkar eigið fjörfrelsi. Í dag er það ljósara en áður að sjálfstæðisbarátta þjóða er ævarandi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þingstörfum lýkur senn og eru þessar umræður samkvæmt gamalli hefð hugsaðar sem eins konar úttekt og uppgjör þeirra starfa og um leið fyrsta heila starfsárs núv. ríkisstjórnar. Í mínum huga er enginn vafi að ríkisstjórnin má allvel við una. En meira máli skiptir þó hvort landsmenn geta verið sáttir við þau störf sem unnin hafa verið. Ég held að svarið við því sé einnig jákvætt. Landsmenn hljóta fyrst og fremst að gera þá kröfu til þeirrar ríkisstjórnar sem hefur forustu um landsmál hverju sinni að hún hafi kjark og burði til að horfast í augu við þá erfiðleika sem við er að glíma og taka á þeim. Það hefur ríkisstjórnin gert en í þeim efnum brást sú ríkisstjórn, sem Steingrímur Hermannsson stjórnaði, herfilega. Sú ríkisstjórn reyndi að kaupa sig frá vandanum en forðaðist að leysa hann. Þeir sem nú berja sér á brjóst og þykjast vilja standa fremstir í vörð um íslenskt velferðarþjóðfélag höfðu sjálfir gefist upp á að standa undir kostnaðinum við þá sömu velferð.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skildi þannig við fjármál þjóðarinnar, er hún hrökklaðist frá, að það stefndi í að 16 þús. millj. kr. vantaði upp á að endar í fjármálum ríkisins næðu saman það árið. Sumir segja að 16 þús. millj. sé svo mikið fé að fólk átti sig ekki á um hvað sé að tefla. En það er mjög nauðsynlegt að menn geri sér glögga grein fyrir þessum staðreyndum. Í því sambandi má nefna að 16 þús. millj. kr., upphæðin sem upp á vantaði að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar vildi borga fyrir þá velferð sem hún bauð, er mun hærri upphæð en ríkasta sveitarfélag landsins, Reykjavíkurborg, höfuðborgin sjálf, hefur úr að spila á heilu ári. Velferðin sem byggðist á slíkri stöðu var engin velferð. Hún var blekkingin ein. Það sjá allir menn sem vilja skoða hlutina. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, vinstri stjórnin, stóð á gati í velferðarmálum. Það gat var upp á 16 þús. millj. kr. og í það gat þurfti að stoppa. Efnahagsprófessorar sem hefðu haldið því fram að 16 þús. millj. kr. halli væri heilbrigð efnahagsstefna hefðu verið taldir fremur brjálaðir prófessorar en þeir sem áðan voru nefndir hér í umræðunni.

Núv. ríkisstjórn hefur hins vegar ekki brugðist skyldum sínum í þessum efnum. Hún hefur ekki falið neitt. Hún horfist í augu við staðreyndir og hún skýrir frá þeim staðreyndum hiklaust. Þeir sem stóðu á gati ráðast á ríkisstjórnina og segja að hún dragi kjark úr þjóðinni, máli ástandið of dökkum litum eins og þið heyrðuð áðan. En við Íslendingar viljum ekki lifa í blekkingum. Við viljum fá staðreyndirnar á borðið og fá tækifæri og tóm til að bregðast við þeim staðreyndum. Það er einmitt það sem Íslendingar hafa verið að gera. Það er af þeim ástæðum sem nú er bjartara fram undan en áður var. Það er af þeim ástæðum sem við höfum nú í raun fulla ástæðu til að trúa því að á Íslandi geti mannlíf staðið traustum fótum og lífskjör og lífsgæði verið með því besta sem þekkist nokkurs staðar í veröldinni.

Fyrrv. ríkisstjórn, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem hér talaði áðan, mætti líka erfiðleikum. Það er mjög nauðsynlegt, ekki síst vegna ræðu eins og þeirrar sem flutt var, að menn gleymi ekki hvernig sú ríkisstjórn brást við þeim erfiðleikum.

Hún stofnaði til sjóða með erlendum lántökum. Þær lántökur þarf núv. ríkisstjórn og að lokuð þið, góðir áheyrendur, að borga. Allir hafa nú áttað sig á því að þeir sjóðir allir voru skammgóður vermir, földu aðeins vandann, keyptu hann frá þjóðinni um stund, en hann hlaut að koma upp á yfirborðið aftur og það hefur hann svo sannarlega gert, því miður.

En fyrrv. ríkisstjórnin lét ekki nægja að beita þessari aðferð. Hún margfelldi gengið og hún rýrði kaupmátt vel á annan tug prósenta. Hafa menn gleymt því sem það gerðu? Ég spyr: Er einhver sem vill þess konar aðför aftur? Er einhver sem vill að þess konar aðferðir við stjórn efnahagsmála verði teknar upp á nýjan leik? Ég hygg að flestir muni svara slíkri spurningu í hjarta sínu neitandi.

Með stefnu sinni í ríkisfjármálum lagði núv. ríkisstjórn grundvöllinn að því að vextir mættu fara lækkandi. En glöggt kom fram að vaxtalækkun væri frumforsenda þess að skaplegir kjarasamningar mættu nást og slíkir samningar hafa tekist. Hvernig eru þeir kjarasamningar? Full ástæða er til þess að gefa þessum kjarasamningum gaum því að þeir eru fyrir margra hluta sakir mjög athyglisverðir. Hinir nýgerðu kjarasamningar gera það að verkum að kaupmáttur allra er tryggður á samningstímanum og kaupmáttur hinna lægst launuðu styrkist. Hve lengi hafa menn ekki talað um að styðja þurfi við bakið á hinum lægst launuðu og hækka laun þeirra umfram annarra? Það hafa menn rætt æðilengi og sjálfsagt rætt í góðri meiningu og góðri. En það er í fyrsta sinn nú sem þessum orðum er breytt í gerðir. Lykillinn að samningsgerðinni er sá að tryggja með samningum að við Íslendingar erum með lægri verðbólgu í okkar landi en gerist nokkurs staðar annars staðar í hinum vestræna heimi. Þetta verkefni sem menn gáfu sér er að takast. Það hefði einhvern tíma þótt mikil tíðindi. Í þessu felst að okkar útgjöld munu hækka mun minna en útgjöld nágranna okkar og þess vegna mun þrýstingur á gengi íslensku krónunnar minnka án þess að gengið sé fellt.

Sennilega eru þessir samningar, sem nú hafa náðst, með athyglisverðustu kjarasamningum sem gerðir hafa verið í landinu. Fæstum datt í hug að við svo erfiðar aðstæður og hér hafa verið að undanförnu fyndist leið til þess að gera allt í senn, tryggja kaupmáttarstigið á samningstímanum, bæta hag hinna lægst launuðu og um leið að draga nokkuð úr spennunni í sjávarútvegi. Ég dreg þó ekki úr því að í þeim efnum er spennan enn mjög mikil og geri miklar kröfur til hæfni forráðamanna fyrirtækja um að reka þau af skynsemi og framsýni. Stöðugt gengi, lág verðbólga og lækkandi vextir er sá grundvöllur sem fyrirtækjunum hefur verið skapaður af forsvarsmönnum launþega og vinnuveitenda og ríkisstjórninni og hann verður að duga þeim til þess að vinna sig út úr þröngri stöðu í erfiðu árferði. Ef tíminn verður notaður rétt munu íslensk fyrirtæki og íslenskir launþegar uppskera vel í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Við Íslendingar erum ekki einir í henni veröld og það sem þar gerist skiptir okkur miklu máli. Efnahagslífið á Vesturlöndum ætlar seint að komast upp úr þeirri lægð sem það hefur verið í að undanförnu. Ýmis batamerki sjást þó og vonir standa til þess að hagvöxtur muni aukast smám saman. Það verður þó ekki í stórum stökkum sem áður hafði verið spáð.

Samningur um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið undirritaður og á íslenski utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hrós skilið fyrir framgöngu sína í málinu. Í mínum huga er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði skynsamlegt úrræði fyrir íslensku þjóðina. Hann tryggir okkur þá viðskiptalegu stöðu sem okkur er nauðsynleg án þess að fyrir hana sé fórnað því sem við getum aldrei á glæ kastað, svo sem forræði okkar yfir fiskimiðunum í kringum landið.

Það er hámark tækifærismennsku í stjórnmálum þegar stjórnmálaflokkar eins og Alþb. og Framsfl., sem unnu að samningum um Evrópskt efnahagssvæði lungann af starfstíma sínum í ríkisstjórn, geta hvorki upplýst þing eða þjóð hvaða afstöðu þeir hafa í málinu nú þegar þeir eru komnir í stjórnarandstöðu. Ég hlustaði eftir hverju orði fyrrv. forsrh. í þessum efnum. Hvorki ég né þið megið eða getið áttað ykkur á hvaða stefnu sá maður eða flokkur hans hefur í málinu. Ef hægt á að vera að taka flokka af þessu tagi alvarlega verður að gera þá kröfu til þeirra að þeir starfi af fullum heilindum í stórmáli eins og þessu og láti fólk ekki, þjóðina sjálfa, velkjast í vafa um afstöðu sína.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég nefndi það í upphafi að nú væri gerð úttekt á störfum þingsins í lok starfstímans. Eins og stór hluti núverandi þingmanna hef ég aðeins setið á þingi í eitt ár. Vinnubrögð hér hafa komið mér mjög á óvart. Ég hef borið mig saman við starfsbræður mína á Norðurlöndum og í Evrópu og þeir sem ég hef talað við hafa aldrei heyrt um vinnubrögð af því tagi sem tíðkuð eru hjá okkur. Á þessari hv. samkomu eru allmargir þingmenn sem tala margar klukkustundir um þau mál sem lögð eru fram. Þegar sömu mál koma til 2. umr. koma sömu menn og tala enn í nokkrar klukkustundir. Slíkt gerist reyndar einnig stundum við hina 3. umr. sama máls. Slíkt málæði kemur mælsku ekkert við. Enn síður er það til merkis um *hygli og vit, öðru nær. Hins vegar er farið* illa með tíma þingsins og spillt fyrir eðlilegum störfum þess. Síðasta dæmið er frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem er afar þýðingarmikið mál og mikið deilumál sem eðlilegt er. Í þingnefnd hefur mjög verið unnið að málinu og stjórnarliðar gert fjölmargar breytingar til að nálgast þá sem gagnrýnt hafa frv. Sjálfsagt er að hver þingflokkur lýsi afstöðu sinni skýrt og skorinort til máls af því tagi, jafnvel með fleirum en einum talsmanni og við hverja umræðu um málið. Hér er hins vegar sú aðferð notuð að hver þingmaður af öðrum flytur langhund um málið og fer þá gjarnan þannig að hver étur eftir öðrum. Allir vita þó að hversu mjög sem talað verður mun ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi koma málinu í gegn, enda fjárlög ríkisins á því byggð. Málæði af þessu tagi hefur því ekki annan ávinning en þann að koma í veg fyrir að önnur mál, mál sem þorri þingmanna er kannski sammála um að fái afgreiðslu á þinginu á meðan, nái fram að ganga. *Vinnubrögð af þessu tagi sem og svokallaðar* þingskapaumræður eru þinginu til vansæmdar og er óhjákvæmilegt að þingflokkarnir íhugi vel ráð sitt í þessum efnum. Við hljótum að taka reglurnar um fundarsköp Alþingis til endurskoðunar og tryggja að eftir þeim sé farið. Þjóðin vill mega gera slíkar kröfur til þessarar virðulegu stofnunar og þingmenn verða að geta risið undir slíkum kröfum.

Virðulegi forseti. Það hefur verið brotið blað í íslenskum stjórnmálum. Skilningur á frjálsu atvinnulífi er vaxandi. Að vísu er fullmikið sagt sem fyrrv. forsrh. hélt fram hér áðan að núv. ríkisstjórn hefði fundið upp markaðskerfið. Það hefur verið fundið upp áður. Viljinn í þessu landi til þess að reikningar fyrir velferð okkar sjálfra verði ekki sendur börnum okkar og barnabörnum er að eflast. Við viljum halda í allt það sem íslenskt er, ekki síst í þá góðvild í garð náungans sem lítið þjóðfélag skapar. Við viljum efla svigrúm einstaklingsins til athafna og um leið treysta stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Við viljum að hið íslenska ríki getið staðið undir þeim væntingum sem til þess er beint. Við viljum efnalega velferð allra, velferð sem ekki er orðin tóm. Við viljum velferð á varanlegum grunni. Við höfum alla burði til að skapa slíkt þjóðfélag. Við höfum framsækið kröftugt fólk í fögru og gjöfulu landi. Ísland er og verður land tækifæranna. Það er okkar verkefni og ykkar verkefni að grípa þau tækifæri og nýta þau tækifæri. — Ég þakka áheyrnina.

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti. Góðir áheyrendur. Þær voru hlýlegar sem oftar, kveðjurnar sem forsrh. þjóðarinnar hafði að færa Alþingi Íslendinga í ræðu sinni. Honum nægir ekki að hafa líkt þessari 1061 árs gömlu stofnun við gagnfræðaskóla fyrr í vetur. Nei, það þurfti að bæta aðeins um. Forsrh., fyrrverandi einvaldur úr borgarkerfinu í Reykjavík, hefur setið eitt einasta ár á Alþingi Íslendinga, einn þingvetur, en hann er þess að sjálfsögðu umkominn að fella hinn eina stóra dóm um þessa stofnun og verk þeirra þingmanna sem flestir hafa starfað *lengur en hann. Ég hygg að hæstv. forsrh. hefði þá átt* að vera jafnhreinskilinn um eigin frammistöðu, ræða eigin skálaræður af jafnmikilli hreinskilni og hann ræddi störf Alþingis. Þá hefði a.m.k. ekki hallast á klyfjunum.

Nei, góðir áheyrendur, á þessu rétt rúmlega eins árs afmæli ríkisstjórnarinnar er þjóðin satt best að segja dauf í dálkinn, enda var lítið um veisluhöld og enn minna um fögnuð á afmælinu. Ég veit að vísu ekki hvað forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa gert sjálfir, þeir eru kunnir veislumenn, en þjóðin hélt ekki hátíð. Það er vegna þess að þjóðin getur ekki fagnað þeirri ríkisstjórn sem hefur gengið á undan við að telja kjark úr mönnum, m.a. með endalausum ræðum um fortíðarvandann, eins og forsrh. sannaði svo átakanlega hér áðan að er helsta framlag hans til íslenskrar þjóðmála-

umræðu. Alvarlegast er þó auðvitað það að ríkisstjórnin sjálf hefur aukið á og að hluta til búið til þann vanda sem við er að glíma. Þannig var það ríkisstjórnin sjálf sem hækkaði vextina. Þannig var það ríkisstjórnin sjálf sem með handahófskenndum niðurskurði og uppsögnum hefur aukið á atvinnuleysið. Þannig er það ríkisstjórnin sjálf sem með algerri úrræðaleysis- og aðgerðaleysisstefnu í málefnum atvinnulífsins hefur búið til þá leið gjaldþrotanna sem í fyrsta sinn í efnahagssögu heimsins, í fyrsta sinn í nokkru ríki er orðið úrræði í efnahags- og atvinnumálum, gjaldþrotin.

Á einu ári hefur ríkisstjórninni tekist að sundra þjóðinni. Heilbrrh. hefur staðið í nánast stanslausri styrjöld við sjúklinga og heilbrigðisstéttir í landinu. Sá styrjaldarrekstur náði hámarki þegar ráðherrann gaf það út að Hjálpartækjabankinn í eigu Rauða krossins og Sjálfsbjargar væri ein helsta okurstofnun landsins. Ríkisstjórnin réðst á sveitarfélögin og þverbraut lög um samráðsskyldu við þau. Ríkisstjórnin hefur hleypt skólakerfinu í uppnám og sagt námsmönnum í landinu stríð á hendur með atlögunni að lánasjóðnum og jafnrétti til náms. Hér eru aðeins tekin þrjú dæmi af handahófi, þau eru því miður miklu fleiri.

Já, það er því að vonum að það fór lítið fyrir veisluhöldum á ársafmælinu, jafnvel þó að forustumenn ríkisstjórnarinnar séu — eins og ég sagði — kunnir veislumenn. Þjóðin hélt a.m.k. ekki hátíð og hún vonar í hjarta sínu að afmælin verði ekki fleiri. Um það vitnar m.a. herfileg útkoma ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna í skoðanakönnunum.

Nú er um hálft ár liðin síðan sjútvrh. hélt fræga ræðu og lýsti því að meiri hluti fyrirtækja í sjávarútvegi væri á beinni gjaldþrotabraut. Síðan hefur ekki annað af málinu frést en það að afkoma sjávarútvegsfyrirtækjanna, sérstaklega fiskvinnslunar, hefur versnað. Afurðaverð hefur farið lækkandi og okurvaxtastefna ríkisstjórnarinnar hefur þjakað skuldsettan útveginn. Ógæftir og misjöfn aflabrögð bæta gráu ofan á svart.

En hver voru viðbrögð ríkisstjórnarinnar? Jú, málið var sett í nefnd og hefur verið þar síðan, í sex mánuði. Nefndin hefur tvö höfuð, tvo formenn, tvo verkstjóra, sem talast við í fjölmiðlum. Annar þeirra er trúr stefnu ríkisstjórnarinnar og telur að gjaldþrotin muni leysa vandann. Hinn er skynsamur maður og viðurkennir að rætur vandans liggja dýpra en svo að gjaldþrot fyrirtækja, sem skapa fleiri vandamál en þau leysa, a.m.k. fyrir viðkomandi byggðarlög, dugi til. Sem sagt, ríkisstjórnin hefur enga stefnu í málefnum undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar nema þá að henni komi þau vandamál ekki við. Atvinnulífið og fyrirtækin eru á sömu braut og leiddu til öngþveitisins haustið 1988. Þá gafst Þorsteinn Pálsson upp, nú gengur klukkan á Davíð Oddsson.

Við mikla erfiðleika er einnig að etja í fleiri atvinnugreinum og má nefnda landbúnaðinn. En þar er ríkisstjórnin nú þegar farin að draga lappirnar eða beinlínis svíkja ákvæði búvörusamnings um greiðslur til bænda og stuðningsaðgerðir til að auðvelda óumflýjanlega aðlögun að breyttum aðstæðum. Bændur eiga annað betra skilið eftir að hafa sjálfir ákveðið að ráðast í jafnsársaukafulla uppstokkun í eigin atvinnugrein og raun ber vitni.

Eitt alvarlegasta óveðursskýið sem hrannast hefur upp á himni okkar Íslendinga síðustu missiri er þó atvinnuleysið. Í fyrsta sinn í meira en tvo áratugi er nú lagst yfir landið verulegt almennt atvinnuleysi sem víðast hvar er hvorki staðbundið né tímabundið með sama hætti og við höfum áður átt að venjast heldur almennt og viðvarandi, teygir sig inn í fleiri stéttir og tekur til allra aldurshópa. Fullorðið fólk sem hefur verið úti á vinnumarkaði um áratuga skeið og býr yfir mikilli reynslu á nú á hættu að sitja uppi atvinnulaust svo langtímum skiptir missi það vinnu sína af einhverjum sökum. Ungt fólk á leið út í atvinnulífið leitar nú árangurslaust mánuðum saman. Atvinnumöguleikar skólafólks í sumar virðast miklu verri en nokkru sinni fyrr. Niðurskurður og samdráttur ríkisstjórnarinnar hafa veruleg áhrif. Þó fullt sé af arðbærum atvinnuskapandi verkefnum sem vinna þarf í okkar þjóðfélagi, t.d. í samgöngumálum, gerir ríkisstjórnin ekki neitt. Ríkisstjórn Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands eða hitt þó heldur, og Sjálfstfl., sem væntanlega á einnig að vísa til sjálfstæðis mannsins, vill heldur dæma niðurlægingu og vonleysi atvinnuleysisins yfir þúsundir einstaklinga og fjölskyldna en að aðhafast nokkurn skapaðan hlut.

Ríkisstjórnin hefur á skömmum valdaferli sínum með margvíslegum hætti reynt að breyta íslensku þjóðfélagi, þjóðfélagsgerðinni, í anda þeirrar frjálshyggjukreddu sem hún trúir á. Með gjaldtöku af sjúklingum og nemendum, með þyngri skattbyrði barnafólks, sjómanna, aldraðra. Með niðurskurði á velferðarþjónustu og í skólum, meðan ekki er hróflað við fjármagnseigendum og hátekjufólki. Með þessu er verið að breyta þjóðfélaginu, breyta því í ójafnaðarátt. Með því að láta alla, einnig þá sem lægst hafa launin eða lakasta hafa aðstöðuna, borga í vaxandi mæli fyrir lyf eða þjónustu en taka minna fé til rekstrarins gegnum hið almenna tekjuöflunarkerfi. Með þessu er verið að gera aðstöðumun launafólksins lakari, við þetta vex aðstöðumunur og efnamunur í landinu. Það er alveg sama hversu oft ráðherrar og þingmenn Alþfl. halda hinu gagnstæða fram, heilbrigð skynsemi almennings í landinu má sín sem betur fer meira en málflutningur þessa fyrrum krataflokks sem ráfar nú villtur um eyðimörk frjálshyggjunnar á hægri kantinum. Sjálfstfl. sér að sjálfsögðu enga ástæðu til að bera þetta eðli og þennan tilgang stjórnarstefnunnar af sér.

Það er óhjákvæmilegt að minnast aðeins á hin afdrifaríku Evrópumál þó að þeim verði að sjálfsögðu ekki gerð nein tæmandi skil á fáeinum mínútum. Alþingis bíður gríðarlegt verkefni að fjalla um þau mál á næstu mánuðum en almenningur í landinu, þjóðin, verður einnig á næstu mánuðum að kynna sér þessi mál eftir föngum. Ekki eru öll kurl komin til grafar í þessu máli enn og hliðarsamningur Íslendinga við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál er enn ófrágenginn. Samt er ljóst að margt hefur farið öðruvísi en ætlað var. Fleira hefur gufað upp í þessu máli en sigrarn-

ir miklu sem utanrrh., forsrh. og þeirra menn voru alltaf að vinna, að vísu að eigin sögn.

Vissulega yrðu þær tollalækkanir sem fyrir liggja til handa Íslendingum samkvæmt samningsdrögunum okkur til hagsbóta. Ýmis fleiri svið samningsins fela í sér jákvæða möguleika. Margt er þó sýnd veiði en ekki gefin í þeim efnum. Hitt blasir við að við höfum ekki fengið fríverslun með fisk. Það þýðir að styrkjakerfi Evrópubandalagsins stendur óhaggað. Við höfum ekki heldur fengið tollaniðurfellingu á fiskafurðum viðurkennda sem almenna reglu, aðeins lækkun eða niðurfellingu bundna tegundum. Við höfum misst fyrir borð alla varanlega fyrirvara utan einn, fyrirvara vegna eignarréttar á landi, orkulindum, vinnumarkaði eða fjármagnshreyfingum svo dæmi séu tekin. Við eigum samkvæmt samningnum að opna íslensku landhelgina fyrir flota Evrópubandalagsins og leyfa þeim veiðar á 3.000 tonnum af karfa í staðinn fyrir pappírsloðnu. Tveggja stoða lausnin er hrunin, innan fárra ára mun Ísland standa eftir eitt uppi. Óvissan á því að verða hlutskipti Íslendinga á næstu árum þegar hið Evrópska efnahagssvæði leysist upp og hin EFTA-ríkin hverfa inn í evrópska stórríkið.

Í samningnum felst framsal valds á fjölmörgum sviðum og þrengt er að og breytt hlutverki Alþingis og dómstóla ef ákvæði samningsins ná fram að ganga. Evrópubandalagið sjálft er að breytast í sambandsríki með stóraukinni miðstýringu og valdasamþjöppun í Brussel, þ.e. ef almenningur í Evrópulöndunum, einu eða fleirum, tekur ekki til sinna ráða og fellir Maastricht-samkomulagið.

Ekki síst í þessu ljósi hefur stjórnarandstaðan sett fram kröfuna um þjóðaratkvæði. Sjálfur utanrrh. hefur viðurkennt að ástæða sé til að skoða hvort samningurinn standist gagnvart stjórnarskrá og stjórnskipun landsins. Þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta stórmál er lýðræðislegasta leiðin til að undirbyggja ákvörðun í málinu og þjóðaratkvæðagreiðsla tryggir þá nauðsynlegu umræðu og skoðanaskipti sem þarf að verða um þetta stórmál. Eins og utanrrh. og ríkisstjórn hyggjast matreiða málið er ekki hægt að taka við því.

Forseti, góðir áheyrendur. Þjóðmálaumræðan hefur á valdatíma þessarar ríkisstjórnar færst yfir á heldur dapurlegar og dökkar nótur. Það er í senn skaðlegt og ástæðulaust því þrátt fyrir tiltekna erfiðleika eigum við Íslendingar mikla möguleika. Það sem þarf til er gerbreytt stjórnarstefna, stjórnarstefna sem leggst þannig með atvinnulífinu og fólkinu í landinu að bjartsýni og tiltrú manna aukist, að menn öðlist kjark til nýrra átaka í atvinnulífinu og nýrrar framfarasóknar. Slíkt andrúmsloft tókst að skapa hér með uppbyggilegri stjórnarstefnu og þjóðarsátt í tíð síðustu ríkisstjórnar og við upplifðum farsæl ár með batnandi afkomu fyrirtækja og auknum kaupmætti launafólks.

Nei, góðir Íslendingar, við þurfum að losna við þessa ríkisstjórn hægri flokkanna, ríkisstjórn svartsýnis og fortíðarhyggju. Við þurfum gjörbreytta stjórnarstefnu sem eflir með þjóðinni samstöðu og kjark, stjórn sem heldur á málefnum Íslendinga út á við af fullri einurð í krafti þeirrar vissu að þá vegni okkur jafnan best að við ráðum sjálf okkar málum. Ef við Íslendingar glötum ekki úr höndum okkar sjálfstæði okkar og menningu, landsréttindum og auðlindum þurfum við ekki að kvíða og fáar þjóðir, ef nokkrar í yfirfullum og sveltandi heimi geta þá talist jafn lánsamar og við. Það mun koma betri tíð, það mun koma betri ríkisstjórn og það munu koma blóm í haga. — Ég þakka áheyrnina.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Einu sinni var fallegur froskur. Hann var settur í búr sem í var bæði vatn og sef og þurrt svæði. Froskurinn gat valið hvort hann var á þurru eða í vætu. Fallegi froskurinn valdi sér stað í vatninu á milli sefstráanna. Maðurinn sem sett hafði froskinn í búrið og ætlaði að kanna viðbrögð dýrsins við hita kynnti afar gætilega undir búrinu og jók hitann síðan hægt og sígandi, gráðu fyrir gráðu, því maðurinn vildi gefa froskinum tækifæri til þess að átta sig á hættunni og forða sér upp á þurra svæðið í búrinu.

Og hvað gerði froskurinn? Jú, hann beið, velti vöngum og hugsaði: Það er að verða ansi heitt. Áfram jókst hitinn og þá sagði froskurinn við sjálfan sig: Æ, æ, æ, hitinn er að drepa mig. En það var of seint, þrek hans var þrotið og viljinn til sjálfsbjargar dugði ekki til og brátt var froskurinn fallegi allur. Maðurinn tók annan frosk og endurtók tilraunina og allt fór á sömu leið. Og hann tók annan og annan og sama sagan endurtók sig. Maðurinn, sem með þrautseigju sinni hafði þannig dregið hvern froskinn af öðrum til dauða, komst að þeirri niðurstöðu að froskeðlið svíkur ekki, þeir áttuðu sig aldrei á mistökum sínum fyrr en um seinan.

Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur sagði þessa sögu á þingi arkitekta og tengdi hana þeim mistökum sem gerð hafa verið hér á landi við skipulagsvinnu og mannvirkjagerð. Mér dettur þessi saga hins vegar alltaf í hug þegar ég horfi til þess af hve miklum ákafa ríkisstjórnin vill koma okkur Íslendingum inn í EES-samkomulagið. Reyndar finnst mér að ríkisstjórnin sé þarna bæði í hlutverki þrautseiga tilraunamannsins og frosksins. Með þrautseigjunni á að troða þjóðinni inn í EES og að því fengnu muni sjálfsbjargarviðleitnin eða sjálfstæðisviljinn engu breyta um það hvernig mál koma til með að þróast, ekki frekar en hjá froskinum sem hafði ekki vit á að koma sér á þurrt áður en allt varð um seinan.

Góðir áheyrendur. Nú er rúmt ár liðið síðan ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við stjórnartaumunum. Á þessum stutta tíma hefur ríkisstjórninni tekist að draga mátt úr þjóðlífinu. Hún hefur markvisst talið kjark úr fólki og fest þá skoðun í sessi að fátt megi verða Íslendingum til bjargar á næstunni. Hún kemur ekki sjálf auga á aðrar betri leiðir til bjargar en möguleika á lottóvinningum í sambandi við nýtt álver eða Evrópskt efnahagssvæði, og er þó hvorugt fast í hendi frekar en aðrir lottóvinningar.

Ýmsum fannst að gefa ætti ríkisstjórninni frið til að vinna fyrstu mánuðina og töldu að við, sem skipum þá flokka sem nú eru utan ríkisstjórnar, máluðum skrattann á vegginn þegar við lýstum áhyggjum okkar yfir þeirri stjórnarstefnu sem ríkisstjórnin boðaði og hefur

síðan fylgt. En það hefur svo sannarlega komið á daginn að það sem við sögðum var síður en svo ofsagt. Hvarvetna blasa verk ríkisstjórnarinnar við í dag. Niðurskurður á velferðarkerfinu, aukin skattheimta í formi þjónustugjalda og ekki svíkur eðli ríkisstjórnarinnar þegar kemur að atvinnumálum. Þar má helst skilja að sjávarútvegurinn, sem staðið hefur undir þróun þjóðfélagsins á undanförnum áratugum og þar með uppbyggingu þess velferðarkerfis sem við nú búum við, sé orðinn baggi á þjóðfélaginu. Enginn efast um að við eigum við tímabundna erfiðleika að etja í fiskveiðum okkar og það kemur niður á sjávarútveginum í heild. Á ríkisstjórnarheimilinu mega menn hins vegar ekki heyra á það minnst að það þurfi að aðstoða atvinnugreinar tímabundið þegar erfiðleika ber að höndum. Nei, nú skal hver og einn bara spjara sig. Ef illa gengur hjá atvinnuvegunum er það ekki vandamál ríkisstjórnarinnar frekar en það stóraukna atvinnuleysi sem við blasir. Þvert á móti þjónar svokallað „hæfilegt atvinnuleysi" vel eðli þeirrar stefnu sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir.

Var ekki eitt fyrsta verk hennar að ákveða að fækka störfum á vegum ríkisins um allt að 600 á þessu ári? Samkvæmt nýjum yfirlýsingum þá heyrist manni að allt bendi til að þessu takmarki verði náð. Atvinnuleysisgrýlan, sem lamar smátt og smátt baráttuþrek launþega, er dyggur þjónn ríkisstjórnarinnar. Það kemur vel fram í 1,7% launahækkun sem á að koma í staðinn fyrir kjaraskerðingar sem ríkisstjórnin samþykkti í vetur. Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem stjórnarliðar á þingi samþykktu skömmu eftir áramótin, fólu í sér 2% kjaraskerðingu svo ekki sé nú minnst á þau gjöld sem sett voru á heimilin í landinu við samþykkt fjárlaganna fyrir þetta ár.

Stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún kemur fram í þessum og öðrum aðgerðum undanfarinna mánaða, stafar þó ekki eingöngu af illvilja í garð launþega og heimila í landinu að mínu mati. Ég er viss um að ríkisstjórnin rekur ekki þessa stefnu, sem kemur t.d. illa niður á hjónum sem vinna hjá hinu opinbera og eiga tvö börn, vegna þess að henni sé beinlínis við þessa litlu fjölskyldu. Þessi ríkisstjórnarstefna er rekin vegna þess að hún er í anda þeirrar lífssýnar sem þeir hafa sem styðja ríkisstjórnina. Sú lífssýn er með þessum hætti. Það er að láta sig engu varða um kjör og lífsafkomu fjölskyldunnar sem ég var að nefna. Ef endar ná ekki saman um mánaðamót hjá henni eða einhverri annarri, það er þá bara hennar mál. Ef foreldrar draga of lengi að fara með barn sitt til læknis í von um að það muni nú brátt hressast vegna þess að það er dýrt að kalla út lækni í vitjun þá er það mál foreldranna, ekki ríkisstjórnarinnar. Foreldrarnir hafa þá að mati þeirra sem styðja þessa stefnu ekki unnið nógu mikið eða eignast of mörg börn eða kannski, eins og vinsælasta skýringin er, fjárfest of mikið, lifað um efni fram.

Það er, ágætu hlustendur, ákveðinn hópur í þjóðfélaginu sem lifir mjög hátt. Hópur sem getur tekið á sig þau auknu þjónustugjöld sem komið var á með þeim rökum stjórnarliða að efla þyrfti kostnaðarvitund almennings. Þessi hópur er til. En ég þori að fullyrða að stærsti hluti þeirra launþega innan ASÍ og BSRB, sem voru að fá þessa 1,7% kauphækkun, er ekki í þessum hópi og alls ekki sá stóri hópur sem á vegna einstaklega bágra launakjara að fá sérstaka launauppbót. Þó má e.t.v. með sanni segja að þessi hópur hafi lifað um efni fram og safnað skuldum langt umfram greiðslugetu. En það er ekki vegna óráðsíu eins og gefið er í skyn með þessu tali um að bæta kostnaðarvitund almennings. Það er vegna þess að hvernig sem reynt er ná endar ekki saman og til þess að geta rekið heimili og hafa fyrir nauðþurftum þarf að taka lán í banka. Það þarf ekki að efla kostnaðarvitund þessa fólks, það veit mætavel hvað hlutirnir kosta.

Það vita allir um og viðurkenna erfiðleika í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það vita einnig allir að á síðasta kjörtímabili náðist fram ákveðinn stöðugleiki með gerð þjóðarsáttarinnar svokölluðu. Verðlag varð þá stöðugra en það hafði verið um langa hríð, verðbólga minnkaði og menn trúðu því að sá árangur yrði nýttur á þessu ári og þeim næstu til að bæta kjör þeirra sem legðu hlutfallslega hvað mest af mörkum við gerð þjóðarsáttarsamninga. En því miður varð sú raunin ekki á. Aldrei var ráðist í þá vinnu sem óhjákvæmilega þurfti að fylgja í kjölfar þjóðarsáttarinnar og hefði reyndar átt að vera hluti af þeim samningum, þar á ég við endurskoðun og endurskipulagningu ríkiskerfisins. Að menn legðu í þá vinnu að stokka upp og forgangsraða verkefnum og ríkisútgjöldum með það fyrir augum að efla velferðarkerfið og draga þá úr öðrum verkefnum og framkvæmdum á vegum ríkisins eða hætta við eftir þörfum. Að skattakerfið yrði notað til að jafna tekjur. Í þessa vinnu, sem mundi skila sér fljótt í bættum og jafnari kjörum launþega í landinu, var aldrei ráðist. Einfaldlega vegna þess að við stjórn ríkisins tóku menn með aðra lífssýn og aðrar skoðanir en þeir sem stóðu að gerð þjóðarsáttarinnar af hálfu ríkisvaldsins þá. Af því okkur hættir til að vera svo skammsýn og hugsa framtíðina í fjögurra ára kjörtímabili þá er þessi ríkisstjórn, sem nú situr, ekkert bundin af yfirlýsingum þeirra síðustu þótt annar af núverandi ríkisstjórnarflokkum ætti þó sæti í síðustu ríkisstjórn. En þar leið forustu-Jónunum þó aldrei jafnvel því að jafnaðarstefnan sem þá var rekin féll þeim ekki í geð. Þeir þoldu illa að geta ekki gagnrýnislaust bundið Ísland á klafa EES.

Nú líður þeim vel og fylgja dyggilega stefnu Sjálfstfl., jafnvel af enn meiri hörku en fulltrúar þess flokks gera sjálfir. Örfáir jafnaðarmenn leynast þó enn í röðum Alþfl., sem hafa af veikum mætti reynt að verja velferðarkerfið og kjör fólksins í landinu. Heldur er þó farið að volgna undir þeim blessuðum eins og froskunum fallegu sem ég nefndi í upphafi. Því miður er hætt við að það fari fyrir þeim eins og froskinum, vini okkar, að um leið og þeir segja: Æ, æ, æ, ég þoli þetta ekki lengur, verði flokksþingi þeirra lokið og við blasa ný fjárlög með ennþá harðari niðurskurði á velferðarkerfinu en áður og jafnaðarstefna flokksins komin fyrir kattarnef. Þá verður eins og hjá froskinum of seint að snúa við.

Góðir áheyrendur. Þjóðlíf og atvinnulíf á okkar tímum er fjölþætt og flókið. Sumir segja að litlu máli skipti hvaða ríkisstjórn sitji að völdum hverju sinni. Mestu skipti fyrir gróandi þjóðlíf og blómstrandi atvinnulíf að það gefi á sjó og veiðist vel og að alþjóðlegt umhverfi og viðskiptakjör séu Íslendingum hagstæð. Ég vil ekki vera að gera svona lítið úr ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar, að hún skipti ekki máli. En vonandi reynist það svo að hún hafi minni skaða valdið þegar ráðherrar hennar standa upp úr stólunum en nú horfir. Þetta er ríkisstjórn sem hefur verið mjög upptekin af fortíðarvanda og tekið upp á arma sína hugmyndir um samdrátt í velferðarþjónustu sem hefur sannarlega leitt til ófarnaðar í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Ríkisstjórnin hefur ekki haft forustu um annað en fortíðina. Við viljum hins vegar horfa til framtíðar og vinna að því að sú framtíð verði öllum landsmönnum björt. Við vitum að vaxtarbroddur atvinnulífsins felst ekki í Brussel-ferðum. — Góðar stundir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þegar Alþfl. lagði grunn að íslenska velferðarríkinu á þriðja og fjórða áratugnum þá var það í þjóðfélagi þar sem flestir voru fátækir. Atvinnuleysi var reglubundið, atvinnuleysisbætur þekktust ekki. Fæstir áttu eigið húsnæði, fáeinir útvaldir nutu langskólanáms, ef slys eða sjúkdóma bar að höndum voru engar almannatryggingar, þá var heldur enginn ellilífeyrir.

Á árunum eftir stríð hefur Íslendingum tekist að skapa hér velmegunarsamfélag. Það er ekki fullkomið, en miðað við það er fátæktarþjóðfélagið fyrir stríð veröld sem var. Langflestir Íslendingar búa í eigin húsnæði og búa rúmt. Tveggja bíla fjölskyldan er algeng. Tæplega helmingur af aldursárgangi tvítugra lýkur stúdentsprófi, milli 60 og 80% unglinga stunda sérhæft framhaldsnám. 2.000–3.000 Íslendingar stunda nám erlendis, sumir við dýrustu menntastofnanir heims. Mælt á mælikvarða eigna, afkomu og neyslu býr mikill meiri hluti Íslendinga við lífskjör á borð við það sem best þekkist í heiminum.

Í fátæktarþjóðfélaginu var hugsun jafnaðarmanna sú að allir, án tillits til eigna eða efnahags, skyldu njóta sama réttar til ókeypis skólagöngu, heilbrigðisþjónustu, sjúkratrygginga, ellilífeyris o.s.frv. Þess vegna hefur sú meginregla gilt enn í dag, líka í velmegunarsamfélaginu. Það á líka við um þá sem eiga skuldlausar villur, sumarbústaði og torfærujeppa og færa neysluna á fyrirtækið og geyma slatta af skattfrjálsum spariskírteinum og hlutabréfum í eldtraustum bankahólfum en borga ótrúlega lága skatta til samfélagsins. Það má spyrja: Þurfa þessir menn líka nú á að halda útréttri hönd samfélagsins? Eiga þeir líka að njóta t.d. barnabóta, vaxtabóta, ellilífeyris? Eigum við að halda áfram að beina jafnvel milljarða millifærslum, þar á meðal til milljónamæringa og milliliða, jafnvel þótt það þýði að aðstoð við þá sem raunverulega eru þurfandi sé þá skorin við nögl?

Þetta eru fá dæmi af víðtækri umræðu um velferðarsamfélagið, sem fer ekki bara fram í okkar þjóðfélagi heldur um allan hinn vestræna heim. Dæmi um breyttar þjóðfélagsaðstæður frá fátæktarþjóðfélagi til velmegunarsamfélags og þessi dæmi vekja upp spurningar um hvort breyttar aðstæður kalli kannski á breyttar aðferðir þótt markmiðið sé óbreytt, að jafna kjör og tryggja félagslegt öryggi þeirra sem á þurfa að halda, þeirra sem nú byggja landið og afkomenda okkar í framtíðinni.

Kjarninn í hugsun okkar jafnaðarmanna um félagslega ábyrgð í velferðarsamfélaginu er sá að við viljum leiðrétta þá eigna- og tekjuskiptingu sem markaðsöflin skila þannig að þeim sem bera skarðan hlut frá borði sé rétt hjálparhönd, hjálpað til sjálfsbjargar þegar þeir þurfa á því að halda. Það hefur aldrei verið okkar hugsun að auka á ójöfnuðinn, að bruðla með almannafé í þágu fullfrísks fólks, að ala upp forréttindahópa sem gera meiri kröfur til annarra en sjálfra sína, eða að verja hagsmuni kerfisins gegn hagsmunum almennings í landinu. Breyttar aðferðir við breyttar aðstæður eiga ekkert skylt við frá fráhvarf frá hugsjónum jafnaðarstefnu.

Þessar breytingar eru hins vegar staðfesting þess einu sinni að öfugt við kommúnismann, sem nú er fallinn á eigin illverkum, hefur jafnaðarstefnan aldrei staðnað í kreddum. Hugsjónin er sú hin sama en aðferðirnar hljóta að breytast með breyttum aðstæðum.

Virðulegi forseti. Það eru sérstakar ástæður fyrir því að við Íslendingar getum ekki lengur skotið á frest að endurskoða ýmsa grundvallarþætti okkar þjóðfélags. Síðastliðin fimm ár hefur ríkt stöðnun í efnahags- og atvinnulífi okkar. Ef þjóðarframleiðsla okkar hefði sl. fimm ár aukist um 3% á ári eins og hjá nágrannaþjóðum okkar þá hefðum við nú úr að spila u.þ.b. 18 milljöðrum króna hærri þjóðartekjum. Það eru 300 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Hvers vegna er það sem við erum að dragast aftur úr öðrum þjóðum? Það á sér margar skýringar. Fæstar hafa komið fram í umræðunni í kvöld.

Ein er sú að við erum komin að endimörkum vaxtar í sjávarútvegi. Ef þorskafli okkar Íslendinga hefði sl. þrjú ár verið 350 þús. tonn á ári hefði það skilað okkur, miðað við óbreytt viðskiptakjör, 6 milljörðum króna meiri verðmætum. Þá væri sjávarútvegurinn á Íslandi ekki rekinn með halla. Þá hefði hv. 1. þm. Austurl. ekki verið hér í dag að biðja um gengisfellingu og þar með að kalla á styrjöld í þjóðfélaginu til þess að rifta friði eftir kjarasamninga.

Tilraunir okkar til þess að nýta aðra meginauðlind okkar, orkuna í iðrum jarðar, hafa hingað til strandað. Ýmist á skammsýni og þvergirðingshætti stjórnmálaafla hér heima fyrir eða öndverðum ytri aðstæðum. Eftir endurtekin fjárfestingarævintýri, undir ríkisforsjá og á ríkisábyrgð sitjum við uppi reynslunni ríkari með gjaldþrota fyrirtæki og tugmilljarðaskuldir. Er það þetta, kæri vin, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem þú áttir við með hinni örvandi hönd ríkisvaldsins? Væri kannski nær að ætla að þetta hafi verið afleiðingar af ráðgjöf brjálaðra hagfræðinga?

Virðulegi forseti. Ég segi það hreint út: Hafi ein-

hver atlaga verið gerð að velferð þjóðarinnar í framtíðinni þá er hún sú að taka lán frá börnum okkar til að fjármagna eigin eyðslu og óráðsíu. Það er ekki örvandi hönd. Það er eyðslukló, virðulegi forseti, og mál að linni.

Verkefni núverandi ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili er í reynd aðeins eitt, að snúa af þessari braut á meðan það er ekki um seinan. Að byggja velferð framtíðar á varanlegum grunni, efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði okkar sem þjóðar er að veði. Ríkisstjórnin hefur í lok fyrsta starfsárs síns náð bærilegum árangri sem vekur vonir um að hún muni geta valdið þeim verkefnum sem hún hefur tekið að sér. 20 milljarða innbyggður halli í ríkisfjármálum hefur verið tekinn niður um þrjá fjórðu hluta á fyrsta ári. Þessi árangur hefur náðst með hagræðingu og sparnaði í rekstri, aukinni gjaldtöku fyrirtækja og einstaklinga fyrir opinbera þjónustu, skerðingu bóta og tilfærslna til hinna efnameiri í þjóðfélaginu og með frestun framkvæmda. Nýbirtar tölur fjmrh. um afkomu ríkissjóðs benda til að þessar áætlanir geti staðist. Með því að snarlækka ásókn ríkisins í takmarkað sparifé landsmanna voru skapaðar forsendur fyrir lækkun vaxta. Vaxtalækkunin nú í kjölfar kjarasamninga lækkar útgjöld atvinnulífsins þegar í stað um tvo milljarða og léttir byrðar skuldugra heimila, og hún er bara fyrsta skrefið af þeirri einföldu ástæðu að verðbólga mælist nú 1,7% á samningstímabilinu og er sú lægsta í Evrópu og reyndar sú lægsta í sögu lýðveldisins.

Á grundvelli þessara aðgerða hafa tekist kjarasamningar sem eyða óvissu, festa stöðugleika í sessi og stuðla þar með að auknu og traustara atvinnuöryggi. Hálfnað er verk þá hafið er. Með þessum aðgerðum höfum við lagt grunn að framfarasókn um leið og ytri skilyrði snúast til hagstæðari átta.

Virðulegi forseti. Stærsta verkefni sem núverandi ríkisstjórn setti sér að leysa var samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Samningurinn mun vissulega marka tímamót í Íslandssögunni með svipuðum hætti og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og útfærsla landhelginnar á sínum tíma. Í fyrsta sinn í sögunni mun sjávarútvegur okkar standa jafnfætis keppinautum sínum á öllum helstu mörkuðum. Tollfrjáls markaðsaðgangur fyrir unnar afurðir skapar innlendri fiskvinnslu um allt land ný tækifæri til vöruþróunar, markaðssóknar og meiri verðmætasköpunar. Minnkandi afli kallar einmitt á markvissar aðgerðir til þess að auka verðmæti aflans, samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið skapar okkur þau tækifæri, bara ef við erum menn til að nýta þau.

Stærstu verkefni ríkisstjórnarinnar í framhaldi þessa tímamótasamnings er að ná sátt og samkomulagi um það hvernig arðinum af nýtingu auðlinda sjávar verði skilað til eigenda sinna að lögum íslensku þjóðarinnar. Fiskstofnarnir eru sameign þjóðarinnar og mega aldrei verða lögvarin séreign fáeinna útvalinna.

Annað meginverkefni verður að brjóta skörð í múra þess einokunarkerfis um vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða sem hefur komið í veg fyrir aukinn kaupmátt almennings í formi lækkaðs verðs á lífsnauðsynjum. GATT-samningurinn, sem vonandi næst í höfn fyrr en síðar, mun tryggja að dagar þessa einokunarkerfis verða brátt taldir og þá munu þeir lítt verða syrgðir, hvort heldur er af neytendum eða bændum.

Mörg önnur stórverkefni bíða ríkisstjórnarinnar á næstu þremur árum kjörtímabilsins. Meðal þeirra vandasömustu vil ég nefna, virðulegi forseti:

Samræmingu á skattlagningu fjármagnstekna og annarra eignatekna. Fækkun undanþága og lækkun álagningarhlutfalls í virðisaukaskatti til þess að stuðla að verðlækkun. Í þriðja lagi að forða lífeyrissjóðunum frá fyrirsjáanlegu greiðsluþroti upp á nokkra tugi milljarða, og það er aðeins unnt að gera með því að dreifa fortíðarvanda þeirra á okkur öll.

Tekjujöfnunaráhrif tekjuskattsins eru mikil en þau má enn auka með því t.d. að þrengja ýmsar frádráttarheimildir vegna hlunninda, ökutækjastyrkja, hlutabréfakaupa o.s.frv. Þessar aðgerðir ásamt eigna- og tekjutengingu ýmissa bótagreiðslna koma í stað hátekjuþreps, skila ríkissjóði meiri tekjum en með minni eftirlitskostnaði. Ábyrgðarvæðing í ríkisrekstri með breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög, afnámi ríkisábyrgðar og sölu á hlut ríkisins í áföngum er eitt þeirra stórverkefna sem ríkisstjórnin verður að hrinda í framkvæmd á kjörtímabilinu. Forsenda þessarar kerfisbreytingar er m.a. setning samkeppnislaga sem þingið hefur nú til umfjöllunar og mun koma í veg fyrir samþjöppun fjármálavalds á fáar hendur. Fækkun og stækkun sveitarfélaga er veigamikill þáttur þeirrar kerfisbreytingar í stjórnsýslu og atvinnulífi sem þessi ríkisstjórn vinnur að. Ríkisstjórn sem hefur slík umbótaverkefni á stefnuskrá sinni er ekki íhaldsstjórn, hún er róttæk umbótastjórn.

Góðir hlustendur. Málefnaleg gagnrýni veitir hverri ríkisstjórn nauðsynlegt aðhald í lýðræðisþjóðfélagi. En stjórnarandstaða, sem treystir sér ekki til að taka afstöðu til stærstu mála þjóðfélagsins, eins og samningsins um aðild að Evrópsku efnahagssvæði eða lætur sér sæma að fara með innantóm hróp og köll á torgum um að nú sé verið að selja landið eða limlesta velferðarríkið, vafalaust af mannvonskunni einni saman, slík stjórnarandstaða er lítt á vetur setjandi. Hún er því miður bara niðurrifsafl, vargur í véum þjóðar sem á í vök að verjast. Alþýðubandalagsmenn bæta ekki úr skák þegar þeir klykkja út í ræðum sínum með því að líkja andstæðingum sínum, þjóðinni allri reyndar, við froska og tala um froskeðlið. Svo vill til að í þjóðsögunni breytist froskurinn oft á tíðum — þegar rétt er að farið — í dásnotran prins.

Ríkisstjórnin mun þess vegna láta slík frýjuorð sem vind um eyrun þjóta. Hún mun halda striki sínu og hún mun láta verkin tala. Þau verk munu lifa og efla sjálfstæði þjóðarinnar í samstarfi við aðrar þjóðir í framtíðinni. — Ég þakka áheyrnina.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti, góðir áheryendur. Nýlega kom fram í Morgunblaðinu að bandarískt þjóðfélag væri í vaxandi mæli að skiptast í tvennt, hina ríku og hina

fátæku, og millistéttin væri að hverfa. Þar kom fram að hlutur 1% efnuðustu fjölskyldnanna hafi á sex árum aukist úr 31% í 37% af heildareign meðan hlutur annarra hafi minnkað og í stefni að 4% hinna hæst launuðu hafi sömu heildarlaun og 60% launamanna í landinu. Því er haldið fram að í Bandaríkjunum standi yfir mesta eignatilfærsla í sögu Bandaríkjanna. Þessa þróun megi rekja til leikreglna sem þingið og ríkisstjórn setji. Meðal annars hafi skattkerfinu verið breytt þannig að það sé millistéttinni mjög óhagstætt en auðveldi tekjuháum einstaklingum svo og fyrirtækjum að komast hjá skattgreiðslum. Með löggjöf sem sett hafi verið hafi sérhagsmunahópum tekist að tryggja stöðu sína og tekjuháu fólki sé gert kleift að komast létt frá skattgreiðslum, þó alveg sérstaklega fyrirtækjunum sjálfum. Margvísleg fjármálalöggjöf hafi einnig gert fjármálasnillingum kleift að hagnast gífurlega á kostnað fátækra. Í leiðara Morgunblaðsins var því síðan haldið fram að bandarískt þjóðfélag væri að rotna innan frá og þar væri þörf á miklum þjóðfélagsumbótum.

Með þessum orðum er ég ekki að jafna íslensku þjóðfélagi við það bandaríska. En þegar borið er saman bilið í eigna- og tekjuskiptingunni milli ríkra og fátækra í íslensku þjóðfélagi, sem fer vaxandi, þá spyr þjóðin réttilega eins og sú bandaríska: Eru leikreglurnar réttar sem eru settar í þessari virðulegu stofnun? Er ekki þörf á nýjum, réttlátari leikreglum sem brúa bilið milli ríkra og fátækra, leikreglum sem skipta þjóðarkökunni réttlátar, bæði milli landsmanna og landshluta? Erum við að fara inn á braut stéttaskiptingar og vaxandi tekju- og eignamunar eins og í Bandaríkjunum sem virðist vera að rotna inna frá? Á hvaða leið er íslenskt þjóðfélag þegar ríkasta sveitarfélag landsins þarf að fara að úthluta matargjöfum til sveltandi gamalmenna, vegalausra unglinga og utangarðsfólks?

Vísbendingu um svarið við spurningunni um hvort þjóðfélag okkar sé að rotna frá eins og það bandaríska má e.t.v. sjá þegar borin er saman dreifing atvinnutekna hér á landi 1987–1990. Athyglisvert er að sömu tilhneigingar gætir hér og í Bandaríkjunum. Hlutur þeirra tekjuhæstu hefur vaxið en hlutur meðal- og lágtekjufólks minnkað. Á árinu 1990 voru launatekjur þess fimmta hluta á vinnumarkaðnum sem hæstar höfðu tekjurnar tæp 44% af heildaratvinnutekjum, meðan hlutur þess fimmta hluta fólks á vinnumarkaði sem lægstar hafði tekjurnar var innan 4%. Ef borin er saman dreifing atvinnutekna kvæntra karla, 25–65 ára, kemur í ljós fjórtánfaldur munur — fjórtánfaldur munur á tekjum þeirra hæst- og lægstlaunuðu samkvæmt skattframtölum.

Þessi munur er meiri ef undandráttur frá skatti væri í þessum samanburði. Hver er hann? Ef notaður er sami mælikvarði og notaður var í úttekt á skattsvikum árið 1985 má áætla að skattaundandráttur sé ekki undir 18 milljörðum króna. Þetta er hærri fjárhæð en allur tekjuskattur sem einstaklingar og félög greiða og hærri fjárhæð en öll útgjöld til menntamála og húsnæðismála úr ríkissjóði. Á hvaða leið er íslenskt þjóðfélag, hvar er réttlætið og sanngirnin í jöfnun á lífskjörum fólks? A.m.k. fjórtánfaldur launamunur er milli ríkra og fátækra og undandráttur frá skatti áætlaður 18 milljarðar króna.

Fólkið í landinu vill ekki leiksýningar eins og iðulega eru settar á svið í þessari virðulegu stofnun, heldur að hér séu settar sanngjarnar leikreglur. Þessi ríkisstjórn er hvorki betri né verri en aðrar ríkisstjórnir sem hér hafa setið á undanförnum árum og áratugum. Hún hefur það vissulega sér til málsbóta, þegar hún er gagnrýnd, að hún hefur haft við að glíma stærri vanda í atvinnu- og efnahagsmálum en þekkst hefur um áratuga skeið. Á þessu ári er áætlaður mun meiri samdráttur í þjóðartekjum en nokkru sinni fyrr, eða um 23 milljarðar á föstu verðlagi í janúar sem þýðir um 410 þúsund kr. samdrátt fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu á þessu ári. Við þær aðstæður varð ríkisstjórnin að grípa til aðgerða til að verðbólga rýrði ekki kjör launafólks, lífeyrisþega eða skuldugra íbúðarkaupenda. Þar höfum við augljóst dæmi um árangur.

Frá 1. jan. til 1. maí á sl. ári hækkaði höfuðstóll hjá íbúðareigendum, sem skulduðu fimm milljónir króna, um 170 þús. kr. Á sama tímabili 1989 um 338 þús. kr., en einungis um 11 þúsund kr. á sama tímabili á þessu ári. Engri ríkisstjórn hefur á síðustu áratugum tekist að ná viðlíka árangri fyrir skuldug heimili í landinu.

Þó að stjórnarandstaðan gagnrýni niðurskurð á velferðarkerfinu er hún ekki marktæk. Hvar eru tillögur hennar um lausn á vandanum í efnahags- og atvinnumálum, sem er meginundirstaða velferðar í landinu? Töfralausn þeirra er skattur á fjármagnstekjur sem segir lítið til að leysa vandann og hefði engu skilað á þessu ári nema sem illa undirbúnum skatti á sparifjáreigendur. Spyrja má Ólaf Ragnar: Ef fjármagnstekjuskattur á að leysa allan vanda, af hverju var honum ekki komið þau þrjú ár sem hann var fjmrh.?

Stjórnarandstaðan hefur heldur ekki frekar en ríkisstjórnin komið með tillögur sem stuðla að breyttri eigna- og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Mér finnast sorglegar leiksýningar Framsfl. og Alþb. sem gagnrýnt hafa í vetur niðurskurð velferðarkerfisins. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var efnahagsvandinn ekki eins mikill og sá sem núv. ríkisstjórn glímir við en samdrátturinn nú er áætlaður þrefalt meiri en í tíð síðustu ríkisstjórnar. Samt voru uppi á borði fyrri ríkisstjórnar hugmyndir um að skerða framlög til velferðarmála, bæði með tekjutengingu lífeyris, barnabóta og álögum á sveitarfélögin í landinu. Niðurskurður í tíð Framsfl. og Alþb. kallaði líka á lokun deilda sjúkrastofnana. En verstur var þó niðurskurður Ólafs Ragnars Grímssonar en tillögur hans voru um að engin félagsleg íbúð skyldi byggð á sl. ári. Þá árás Ólafs Ragnars á láglaunafólkið tókst sem betur fer að koma í veg fyrir.

Góðir áheyrendur. Fast að 3% atvinnuleysið sem við sjáum enn í nýjustu atvinnuleysistölum fyrir aprílmánuð er mikið áhyggjuefni. Engu að síður má bölmóður og svartsýni ekki ráða ferðinni því að forsendur hafa verið skapaðar til að treysta atvinnuöryggi og uppbyggingu atvinnulífs. Verkefni ríkisstjórnarinnar nú er að hefja öfluga uppbyggingu atvinnulífsins. Stækkun sveitarfélaganna, sem nú er áformuð, mun einnig leggja nýjan grunn að uppbyggingu atvinnulífsins á

landsbyggðinni. Nú eru uppi hugmyndir um að óska eftir samstarfi við tvö til þrjú svæði á landinu þar sem sveitarfélögin mundu sameinast í mjög stórar einingar við næstu sveitarstjórnarkosningar 1994 og taka að sér ábyrgð á nokkrum verkefnum, sem í dag eru verkefni ríkisins, gegn umsaminni fjárveitingu í fjögur ár. Þegar hefur sýsluþing í Austur-Skaftafellssýslu tekið vel í slíkar hugmyndir.

Góðir áheyrendur. Fortíðarvandann, sem velferðarkerfi fólksins er nú látið greiða fyrir, má að verulegu leyti rekja til velferðarkerfis fyrirtækja og fjármagnseigenda og til gífurlegrar offjárfestingar á undanförnum árum, mistaka í atvinnuuppbyggingu í loðdýrarækt, fiskeldi og offjárfestingu í landbúnaði og togaraflotanum. Niðurskurður í velferðarþjónustunni, sem er ekki faglega ígrundaður og reistur á heildaryfirsýn, getur líka verið dýrari þjóðfélaginu þegar upp er staðið. Skammtímasjónarmið vegna fjárlagagerðar eiga þar ekki að ráða ferðinni eins og gerst hefur í tíð margra ríkisstjórna.

Hvers vegna er það að útgjöld til heilbrigðismála á meðal velferðarþjóða eru gjarnan há þar sem útgjöld til félagsmála eru mjög lág? Þetta á einmitt við um Ísland. Er ekki hugsanlegt að við séum að auka álagið og útgjöldin í heilbrigðismálum þegar niðurskurði er beint að félagslegri velferðarþjónustu? Bent hefur verið á að vaxandi innlagnir séu vegna geðsjúkdóma og félagslegra vandamála sem orsaki um fjórðung sjúkdóma í dag og muni vaxa í framtíðinni verði ekkert að gert. Öflug og margþætt félagsleg þjónusta, en ekki niðurskurður á henni, ætti einmitt að geta dregið verulega úr kostnaði við heilbrigðisþjónustuna.

Virðulegi forseti. Launafólk sem enn einu sinni leggur fram stærstan skerf og fórnar mestu til að tryggja atvinnuöryggi, lága verðbólgu og vexti, gerir kröfur um leikreglur frá Alþingi sem komi í veg fyrir skattaundandrátt forréttindastétta, samþjöppun fjárhagslegs valds í þjóðfélaginu, leikreglur um jafnari tekju- og eignaskiptingu, um afnám á þeim fjölmörgu liðum í skattaívilnunum fyrirtækja og fjármagnseigenda sem hér eru miklu meiri en annars staðar. Um að vinda ofan af forréttindakerfi í dagpeningamálum, bílahlunnindum og laxveiðileyfum hjá opinberum stofnunum og um skatt á fjármagnstekjur hjá hinum raunverulegu fjármagnseigendum í þessu landi. Ég þakka áheyrnina. — Góðar stundir.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti, góðir landsmenn. Það andar að okkur svölu vorlofti þessa dagana. Frá eins árs starfstíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar andar einnig köldu til landsmanna. Sú ríkisstjórn hefur ekki haft hagsmuni heimilanna í landinu að leiðarljósi. Sú ríkisstjórn hefur ekki stuðlað að uppbyggingu atvinnulífs um landið og þessi ríkisstjórn hefur ekki horft til framtíðar og mótað stefnu á traustum grunni.

Allar ríkisstjórnir setja sér markmið í upphafi. Eftir nokkurra mánaða starfstíma þessarar ríkisstjórnar komu markmiðin út á prenti í riti því sem hlaut nafnið Hvítbók. Ég bið menn að taka eftir því að það rit kom ekki í upphafi starfsferils hennar. Markmiðin voru ekki ljós þegar sest var í stólana. Fyrst var að tryggja stólasetuna og svo mátti semja markmiðin og stefnuna á eftir. Ekki þýðir fyrir hæstv. félmrh. að koma nú og tala eins og hún eigi ekki sæti í ríkisstjórn.

Þannig lofaði upphafið ekki góðu. Starf sem hafið er með þeim hætti að markmiðið er óljóst er dæmt til að mistakast. Það kom líka á daginn að eina markmið ríkisstjórnarinnar var helgað mammoni. Sumarverkin hófust. Bryndir voru ljáir og höggvið á báðar hendur. Það virtist ekki skipta máli að skoðun og raunsætt mat lægi að baki skurðinum.

Við kvennalistakonur höfum alltaf mælt fyrir aðhaldssemi í ríkisbúskapnum. En við skoðum málin á okkar forsendum. Þurfi að spara í rekstri heimilanna þá er það ekki hægt á öllum sviðum því að menntun og heilsa fjölskyldunnar situr í fyrirrúmi. En aðhalds má gæta í rekstri bílsins, notkun símans og fresta má ferðalögum.

En það er ekki mottó ríkisstjórnarinnar sem nú situr. *Hún hóf feril sinn með endurnýjuðum bílakosti* ráðherra, ráðherrar eru með eindæmum ferðaglaðir og ýmsir slá þar öll fyrri met. Aðhaldssemin kemur ekki fram í ferðatíðni eða dagpeningagreiðslum.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er ríkisstjórn peningavaldsins. Nú skal hinn harði, frjálsi markaður ráða forlögum þjóðarinnar. En frelsi er vandmeðfarið. Oft er erfitt að skilgreina hvað felst í frelsi. Felst athafnafrelsi í því að geta lumbrað á næsta manni? Felst málfrelsi í því að rægja náungann? Felst einstaklingsfrelsið í því að hlíta engum boðum og bönnum?

Takmarkalaust frelsi er engum til góðs. Óheft markaðshyggja mun leiða ófarnað yfir íslenska þjóð. Með óheftu frelsi er oft stutt í frumskógarlögmálið þar sem hinn sterkari ræður. Þetta sáu forfeður okkar fyrr á öldum og þeir stofnuðu Alþingi, eitt elsta þjóðþing í heimi, sem setja skyldi landinu lög og tryggja þar með réttindi landsmanna.

Hvernig fer svo hið háa Alþingi í dag með það vald sitt að setja landinu lög? Er löggjafarvaldið starfi sínu vaxið? Vissulega koma fram mörg og þörf frumvörp um hina mikilvægustu málaflokka og fá oftast faglega umfjöllun, óháð flokksvaldi, og er það vel. En öðru hvoru koma fram í dagsljósið mál sem ekki hefur verið staðið rétt að þar sem framkvæmdarvaldið tekur sér það vald sem það hefur ekki. Nefna má nýleg dæmi um það, menntamálaráð og bókaútgáfu Menningarsjóðs eða Skipaútgerð ríkisins þar sem ráðherrar ákveða framkvæmdir einhliða og löggjafarvaldið á síðan að setja stimpil sinn á svo að allt sé löglegt.

Líka má nefna nýlega skýrslu Sigurðar Líndals lagaprófessors um stjórnkerfi búvöruframleiðslunnar og stjórnskipan Íslands. Þar er dæmi um að Alþingi framselji vald til framkvæmdarvaldsins í meira mæli en lagaprófessorinn telur æskilegt eða jafnvel löglegt. Það yrði of langt mál að velta þessu fyrir sér á þeim stutta tíma sem mér er ætlaður. En tímabær er umræðan á öðrum vettvangi og í framhaldi af því, hvort ekki sé orðin þörf á stjórnlagadómstóli í landinu.

Stjórnarskrá okkar er frá 1874 og þarfnast endur-

skoðunar. Að nafninu til hefur sú endurskoðun staðið yfir í mörg ár en enginn sýnilegur árangur enn orðið. Á næstu vikum og mánuðum munum við fjalla um hinn margumtalaða samning um Evrópskt efnahagssvæði. Stjórnarandstaðan hefur krafist þess að þjóðin fái að segja álit sitt á þeim samningi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkisstjórnin hefur hafnað því á grundvelli þess að slík ákvæði um þjóðaratkvæði sé ekki að finna í stjórnarskrá eða í lögum. Bæði Danir og Norðmenn hafa tryggt slík ákvæði með viðbót í stjórnarskrám sínum. Það hlýtur að teljast fullkomlega eðlileg og sanngjörn krafa að slík ákvæði sé að finna í stjórnarskrá okkar. Ef við ætlum að halda uppi lýðræði, sem er annað en nafnið tómt, þá verðum við að tryggja það með lögum. Þau lög eiga að vera einföld og skýr en ekki óskiljanlegt stofnanamál. Þau lög eiga að veita valdhöfum og framkvæmdarvaldi aðhald og þegnunum vernd.

Góðir landsmenn. Ég hef trúlega ekki flutt hér ræðu í hefðbundnum stíl, þ.e. að skamma ríkisstjórnina óbotnandi skömmum. Ríkisstjórnir koma og fara og þessi ríkisstjórn verður ekki langlíf, hún dæmir sig sjálf með verkum sínum. Landsmenn hafa fylgst með þeim verkum undanfarna mánuði og fylgistap hennar er staðreynd.

Það eru ekki aðeins vondir stjórnarandstæðingar sem eru á öndverðum meiði við stefnu ríkisstjórnarinnar. Í Ríkisútvarpinu á Rás 1 þann 2. apríl sl. var viðtal við Láru V. Júlíusdóttur. Þulurinn spurði hvernig væri fyrir alþýðuflokksmenn að vera í ASÍ og standa í kjarasamningum við ríkisstjórnina. Hún svaraði m.a.: „Það sem bindur fólk í flokka, það er fyrst og fremst ákveðin lífsskoðun en ekki afstaða til einstakra mála. Auðvitað á afstaða til einstakra mála alltaf að byggjast á þessari lífsskoðun, en hún gerir það bara ekki alltaf. Og að mínu mati hefur það alls ekki gerst núna á undanförnum mánuðum að Alþýðuflokkurinn hafi verið að fylgja eftir þessum hugsjónum jafnaðarstefnunnar."

Svipaða afstöðu mátti heyra hjá Guðmundi Árna Stefánssyni, bæjarstjóra í Hafnarfirði, í viðtali í Ríkisútvarpinu að morgni sl. laugardags og í gærkvöld heyrðum við unga jafnaðarmenn senda þingmönnum sínum aðvörunarorð ef þeir samþykktu óbreytt frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þurfum við frekari vitnanna við þegar flokksmenn Alþfl., sem eru í tengslum við fólkið, eru á öndverðum meiði við flesta ráðherra sína í ríkisstjórn?

Það sem Alþfl. hefur verið að framkvæma í ríkisstjórn er í engu samræmi við loforð hans fyrir kosningar. Hann stendur frammi fyrir væntanlegum landsfundi þar sem tekist verður á um stefnu. Málin skipast oft fljótt í pólitík.

Sjálfstfl. hélt landsfund fyrir síðustu kosningar undir kjörorðunum Frelsi og mannúð. Hvar er það frelsi? Er það frelsi ráðherranna til að afsala hluta af fullveldi okkar og sjálfsákvörðunarrétti í hendur miðstýringarvaldinu í EB? Er það frelsi peningavaldsins sem gerir hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari? Hvar kemur mannúðin inn í myndina? Er það mannúð að ganga á réttindi aldraðra og loka sjúkradeildum eða skerða barnabætur? Er það mannúð að þrengja svo hag námsmanna að þeir verði unnvörpum að hverfa frá námi og hugsjónin um jafnrétti til náms, óháð búsetu og efnahag, heyri sögunni til? Eða er það mannúð þegar gjaldþrot eru notuð sem hagstjórnartæki í atvinnumálum? Hinn almenni flokksmaður sem kaus Sjálfstfl. í góðri trú á kjörorðum landsfundarins hefur orðið fyrir sárum vonbrigðum.

Við kvennalistakonur héldum því fram fyrir síðustu kosningar að skattleggja ætti fjármagnstekjur og taka upp tvö skattþrep til að auka tekjur ríkissjóðs. Það gekk erfiðlega að fá undirtektir undir það að skattleggja fjármagnstekjur. Athugun hefur þó leitt í ljós að þar getur verið um allmiklar tekjur að ræða, jafnvel allt að einum og hálfum milljarði. Ekki er séð fyrir hvernig að því verður staðið — eða hvort þær tekjur verða notaðar til að draga úr skattlagningu á láglaunafólki.

Við teljum hlutverk ríkisvaldsins að stuðla að jöfnun lífskjara milli stétta, milli kynja og milli landshluta. Að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi og taka þar mið af staðháttum og hugmyndum kvenna. Við viljum ekki skammtímalausnir eins og flatan niðurskurð fjárlaga, heldur raunhæfar lausnir sem byggjast á forgangsröðun verkefna og settum markmiðum. Við viljum að Alþingi sé inni í því hlutverki sem því er ætlað, að standa vörð um réttindi þegnanna og efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar. Ég þakka áheyrnina. — Góðar stundir.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin, sem mynduð var eftir alþingiskosningarnar fyrir rúmu ári, telur sig geta treyst á 36 atkvæði á Alþingi. Það er í krafti þessa meiri hluta sem ákvarðanir eru teknar. Flestar hafa þær beinst að því að auka misréttið í þjóðfélaginu og höggva skörð í velferðarkerfið sem byggt hefur verið upp með víðtækri samstöðu í samfélagi okkar. Það hefur verið aðaleinkennið á ákvörðunum ríkisstjórnarmeirihlutans á þessu þingi.

Hins vegar eru það starfsaðferðir ríkisstjórnarinnar sem teljast til nýmæla. Þeim mætti lýsa með orðunum „ekkert samráð". Ríkisstjórnina og handlangara hennar á þinginu varðar ekkert um hvað við í stjórnarandstöðunni höfum til málanna að leggja né heldur almenningur og samtök fólks. Þetta ólýðræðislega viðhorf hefur einkennt þinghaldið allt frá fyrsta degi í haust. Það birtist okkur með því að stjórnarmeirihlutinn kaus að sitja einn og einangraður í forsætisnefnd þingsins, þvert á viðteknar lýðræðishefðir og vinnubrögð eins og þau tíðkast á þingum annarra Norðurlanda. Svo kvartar forsrh. yfir því að við skulum voga okkur að taka til máls á Alþingi og freista þess að koma í veg fyrir að vond mál nái fram að ganga.

Kjörorðin „ekkert samráð" hafa líka ráðið ferðinni í hverju stórmáli á fætur öðru. Í niðurskurðarbandormi stjórnarinnar um síðustu áramót í aðdraganda kjarasamninga og við undirbúning og meðferð frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort þessi einræðiskenndu vinnubrögð eru arf-

ur sem fylgt hafi nýjum forsætisráðherra og formanni Sjálfstfl. úr borgarstjórnarstólnum upp í Stjórnarráð. En þess verður heldur ekki vart að forusta Alþfl. og núverandi formaður flokksins kunni þessum starfsaðferðum illa enda grunnurinn að stjórninni lagður í Viðey með tveggja manna tali.

Við upphaf þingsins var innleitt nýtt atkvæðagreiðslukerfi á Alþingi. Þinghaldið hefur stundum einkennst af glímunni við þessa nýju tækni. Ýmsum hafa verið mislagðar hendur og hafa ekki alltaf hitt á rétta hnappinn. Það hefur líklega gleymst að hanna kerfið þannig í upphafi að þeir Jón og Davíð gætu ráðið fyrir hina 34 og það er einmitt þessi ágalli sem gæti orðið stjórn þeirra falli fyrr en seinna. Það er nefnilega að koma í ljós að það eru ekki allir í stuðningsflokkum ríkisstjórnarinar sem vilja láta meðhöndla sig eins og strengjabrúður. Launráðin frá Viðey hafa nú þegar bitnað óþyrmilega á þeim hópum í þjóðfélaginu sem lakast eru settir. Þetta á við um konurnar sem fylla láglaunahópana á vinnumarkaði, þetta á við um barnafjölskyldurnar, þetta gildir um sjúka og lasburða og ekki síst um aldraða fólkið sem skilað hefur okkur þeim lífskjörum sem við búum nú við. Þessi niðurskurður bitnar mest á konum sem þurfa að taka á sig launalausa vinnu á heimilunum við umönnun sjúkra og aldraðra sem vísað er út af opinberum stofnunum. Það er ólíkindum hvernig heilbrrh. hefur á tveimur missirum tekist að setja heilbrigðiskerfi þjóðarinnar á annan endann. Ráðstafanir hans felast í að loka sjúkradeildum víða um land, skella í lás á Fæðingarheimili Reykjavíkur, hækka lyfin og senda sjúka og aldraða til síns heima, án tillits til aðstæðna. Framganga heilbrrh. í málefnum Landakotsspítala er dæmigerð fyrir vinnubrögð hans þar sem ekki var tekið tillit til eins eða neins og ganga átti gegn samningum og fórnfúsu uppbyggingarstarfi nunnanna sem lögðu grunn að spítalanum. Nú er þessi ráðherra hlaupinn úr landi og hefur ekki einu sinni fyrir því að standa reikningsskil gerða sinna á síðustu dögum þingsins.

Sami óhugnaðurinn blasir við í menntamálum þjóðarinnar. Þar er ráðist gegn hagsmunum barna og unga fólksins sem leggja á grunninn að Íslandi framtíðarinnar. Skammsýni hefur til þessa einkennt allar athafnir menntmrh. Sjálfstfl. Ráð hans voru þau ein að skera niður kennslustundir, fjölga í bekkjardeildum skólanna og velta kostnaði yfir á sveitarfélögin. Með öllum þessum aðgerðum er aukið við misrétti og ávinningum liðinna ára stefnt í mikla hættu. Á einu ári hefur ríkisstjórninni tekist að færa Ísland aftur um áratugi og við erum nú að keppa við Grikki um þann vafasama sess að vera neðst Vestur-Evrópuþjóða í framlögum til menntamála. Þessi aðför að menntakerfinu er síðan kórónuð með þeim miklu breytingum á Lánasjóði ísl. námsmanna sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla að knýja fram á Alþingi á næstu dögum. Þar er gengið þvert gegn markmiðum um jafnrétti til náms, m.a. með því að gera sjóðinn að eins konar bankastofnun sem krefst vaxta og þóknunar í formi lántökugjalda um leið og kröfur til ábyrgðarmanna eru stórlega hertar. Þessu til viðbótar á svo að loka lánasjóðnum á seinni hluta ársins og veita þaðan í frá námslán eftir á. Með því er námsmönnum gert að fleyta sér á rándýrum bankalánum allan námstímann.

Það er athyglisvert að sjá þingflokk, hinn svokallaða Jafnaðarmannaflokk Íslands, undir verkstjórn fyrrv. formanns Stúdentaráðs, þjappa sér upp að Sjálfstfl. í þessari aðför að námslánakerfinu.

Ráðuneyti umhverfismála hefur því miður ekki hlotið þann sess sem því ber innan Stjórnarráðsins. Jákvæð viðleitni hefur komið fram á einstökum sviðum hjá umhvrh. en hún hefur hlotið afar takmarkaðan stuðning af hálfu þingflokka ríkisstjórnarinnar. Þetta endurspeglast m.a. í fjárlögum þessa árs sem einkennast af niðurskurði til þessa málaflokks. Það er sorglegt að á sama tíma og ferðamannastraumurinn vex hér á landi frá ári til árs eru fjárveitingar skornar niður til Náttúruverndarráðs þannig að draga verður úr landvörslu á friðlýstum svæðum.

Það er góðra gjalda vert að talsmenn umhvrh. eru látnir taka stórt upp í sig á alþjóðavettvangi en lítið er hins vegar hugsað um að hreinsa til í eigin garði. Það er dæmigert að í áætlunum um álver á Keilisnesi lætur umhvrh. undan kröfum iðnrh. og hinna erlendu álfursta um að slaka verulega á kröfum um mengunarvarnir. Er það virkilega meiningin að draga hingað erlenda stóriðju á þeim forsendum að minna þurfi að kosta til mengunarvarna hér en annars staðar á Vesturlöndum?

Það er löngu tímabært að íslensk stjórnvöld taki umhverfismálin föstum tökum og veiti þeim forgang. Umhverfisvernd er að verða mál málanna á alþjóðavettvangi. Verði ekki brugðist við með samstilltu átaki þjóða til að draga úr orkunotkun, sóun auðlinda, fólksfjölgun og mengun, styttist óðum í ragnarök á heimilinu jörð.

Áframhaldandi aukning mengandi lofttegunda og gróðurhúsaáhrifin og hækkandi hitastig, sem af þeim leiðir, getur á komandi öld leitt til hækkandi sjávarstöðu og kaffært strandsvæði með stórborgum og ræktuðu landi. Það er ógnvekjandi að þrátt fyrir þessar horfur og aðra váboða skuli efnahagsstarfsemi iðnríkjanna ekki taka mið af þessum vanda. Það ætti að vera fremsta viðfangsefni stjórnmálamanna að girða fyrir þennan ófarnað og brúa um leið bilið milli ríkra þjóða og fátækra.

Virðulegi forseti. Langsamlega afdrifaríkasta málið sem nú setur mark sitt á þjóðmálaumræðuna er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og hugmyndirnar sem komnar eru á kreik um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það er illt til þess að vita að það skuli vera eitt helsta verkefni tveggja ríkisstjórna að elta hugmyndir Jónanna í Alþfl. um aðild Íslands að EES. Með þessum samningi yrði stjórnarfarslegt sjálfstæði þjóðarinnar stórlega skert. Íslendingum er ætlað að taka við lagasafni Evrópubandalagsins á sviði efnahags- og atvinnumála og framvegis yrði Alþingi að setja lög eftir fyrirskipunum frá Brussel. Í samningnum sem utanrrh. undirritaði fyrir rúmri viku er skýrt tekið fram að þar sem íslensk lög og EES-reglur greinir á skuli íslensk lög víkja. Það verður meginviðfangs-

efni Alþingis sem eftir er ársins að fjalla um þennan dæmalausa samning. Krafan um þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál hljómar æ víðar og er engan veginn bundin við stjórnarandstöðuna á Alþingi. Getur verið að ríkisstjórnin sé svo hrædd um stöðu sína í þessu máli að hún treysti sér ekki til að skjóta því til umsagnar þjóðarinnar af þeim sökum?

Þeim fjölgar nú óðum sem öðlast skilning á raunverulegu innihaldi EES-samnings og að sama skapi vex andstaðan. Nýleg skoðanakönnun á Suðurlandi, þar sem 70% þeirra sem afstöðu tóku reyndust vera á móti samningnum, talar sínu máli. Við skulum vona að meiri hluti alþingismanna beri gæfu til að standa vörð um sjálfstæði okkar og vísa þessum samningi frá.

Íslendingar eiga allt aðra og betri kosti en að láta innlima sig í Evrópustórveldi. Sjálfstæðið er dýrmætasta eign okkar. Í skjóli þess og með yfirráðum þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar hefur tekist að byggja hér upp öflugt menningarsamfélag og góð lífskjör.

Í viðskiptum eiga Íslendingar að líta til allra átta. Við höfum góðan viðskiptasamning við Evrópubandalagið og unnið hefur verið með árangri að gerð tvíhliða samninga við EB, m.a. á sviði mennta, rannsókna og umhverfismála. Á þennan hátt eigum við að þróa og endurbæta samskipti okkar við Evrópubandalagið en halda um leið stöðu okkar sem sjálfstæð smáþjóð.

Þau mál sem ég hef gert hér að umræðuefni njóta vaxandi skilnings, ekki síst meðal kvenna. Konur verða harðar úti vegna niðurskurðar á velferðarkerfinu og harðnandi samkeppni á mörgum sviðum sem leiða af sér aukið atvinnuleysi og ójöfnuð í samfélaginu.

Siglingaljós ríkisstjórnarinnar taka ekki mið af hagsmunum kvenna og þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Það er dapurleg staðreynd að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa þau áhrif að auka álagið á konur á heimilunum og ýta þeim út af vinnumarkaði. Kvennalistinn er í harðri andstöðu við þessa ríkisstjórn og stefnu hennar. Við viljum samfélag sem tekur mið af framtíðarhagsmunum þar sem börn, konur og karlar njóta sannmælis hlið við hlið. Til þess þurfa kvenleg gildi að styrkjast til muna og áhrif kvenna að aukast á öllum sviðum þjóðfélagsins og setja meiri svip á störf og ákvarðanir á Alþingi. —Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti, góðir tilheyrendur. Okkur Íslendingum er athafnaþrá og réttlætiskennd í blóð borin. Við höfnum misrétti og sérréttindi líðum við ekki. Vegna þessara eðliseiginleika okkar hefur íslenska þjóðin hafnað ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ríkisstjórn sem hefur með aðgerðum sínum sagt atvinnulífinu og fólkinu í landinu stríð á hendur, rofið þá þjóðarsátt sem verið hefur um velferðarþjónustuna og lamað baráttuþrek launþegasamtakanna með atvinnuleysisgrýlunni. Þessi vinnubrögð eru ríkisstjórnarflokkunum til skammar. Flokkum sem fyrir síðustu alþingiskosningar komust næst því að lofa öllum, öllu og alls staðar. Alþfl. lofaði að standa dyggan vörð um velferðarkerfið, sérstaklega hag öryrkja, námsmanna, barnmargra fjölskyldna og ellilífeyrisþega. Sjálfstfl. lofaði að tryggja öllum atvinnu. Alþfl. lofaði að hækka skattleysismörkin. Sjálfstfl. lofaði að lækka skatta.

Nú einu ári eftir að ríkisstjórn Sjálfstfl. er búin að vera við völd með Alþfl. í eftirdragi hafa öll kosningaloforðin verið svikin. Skattarnir hafa verið hækkaðir, skattleysismörkin hafa í raun verið lækkuð. Atvinnuleysið heldur innreið sína á ný. Barnabætur fjölskyldnanna hafa verið lækkaðar. Hörð árás á námsmenn, ellilífeyrisþega og öryrkja. Gamla fólkið er rekið út af sjúkrahúsunum og hurðunum skellt á nefið á því. Nú í haust er það í fyrsta skipti sem námsmenn geta ekki vænst stuðnings frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það á að vísa þeim á okurvextina í bönkunum og þannig er í raun og veru dregið úr jafnrétti til náms. Það er þetta ranglæti og það er þessi fantaskapur sem íslenska þjóðin fyrirlítur.

Framsfl. hafnar slíkum vinnubrögðum. Hann vill hins vegar taka upp samstarf og samvinnu um sparnað í opinberum rekstri við þá sem þjónustuna veita og þá sem þjónustuna nota.

Framsfl. vill lækka lyfjakostnaðinn með því að afnema einokunaraðstöðu apótekaranna og lækka álagninguna við þá, en hann hafnar því að leggja lyfjaskatt á sjúklinga.

Framsfl. vill koma á skýrri verkaskiptingu og hagræðingu á sjúkrahúsunum í Reykjavík, en hann hafnar því að hér verði komið upp einkasjúkrahúsi eins og nú er unnið að þar sem þeir ríku geta keypt sig fram fyrir þá fátæku á biðlistunum. Þar sem þeir sem eiga peningana geta í raun fengið frían aðgang eða keypt sér aðgang að læknisþjónustunni.

Hæstv. forsrh. sagði það áðan í ræðu sinni að hann teldi að landsmenn væru sáttir við þessa stefnu. Ég held að landsmenn séu ekki sáttir við þessa stefnu og ég segi nei. Réttlætiskennd landsmanna er misboðið þegar 300 Reykvíkingar bíða eftir því að komast inn á hjúkrunarheimili, en á sama tíma er byggður veitingastaður fyrir almannafé á vegum Reykjavíkurborgar sem kostar hundruð milljóna króna. Réttlætiskennd landsmanna er misboðið þegar Reykvíkingar, á fyrsta fundi í sínu nýja ráðhúsi sem kostar 3 milljarða króna þurfa að flytja tillögu um að koma upp skýlum í borginni til að útbýta matargjöfum handa þeim sem við erfiðustu aðstæðurnar búa.

Það eru versnandi lífskjör hjá hluta þjóðarinnar og stórfelldur niðurskurður á stuðningi við námsmenn. Með því að breyta grundvallaratriðum í Lánasjóði ísl. námsmanna, með því að hætta að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur. Þetta mun undirbúa jarðveginn á næstu árum fyrir stórvaxandi þjóðfélagsleg átök þar sem þjóðin skiptist í tvær þjóðir, þá sem eru ríkir og þá sem eru fátækir.

Undir þessum eldi kyndir síðan ríkisstjórnin með umræðum um einkavæðingu. Framsfl. hafnar ekki einkavæðingu. Hann telur að fyrirtækin eigi að vera í eigu einstaklinganna og félagasamtaka þeirra og ríkisrekstur eigi aðeins við í undantekningartilfellum. Hins

vegar hafnar Framsfl. því að brjóta niður margar mikilvægar þjónustustofnanir, svo sem ríkisbankana, margar þjónustustofnanir á vegum heilbrigðismála, menntamála, menningarmála og fræðslumála og brjóta það þannig niður að molarnir passi í ginið á kolkrabbanum. Slík sérréttindi eru ekki líðandi. Athafnaþrá einstaklinganna má ekki kæfa því hún er forsenda velferðar í landinu og forsenda þess að atvinnulífið standi á traustum fótum og geti staðið undir þeim kostnaði sem velferðarkerfið krefst. En ríkisstjórn sem er atvinnulífinu fjandsamleg tryggir ekki fleiri störf, eykur ekki hagvöxt og skapar atvinnulífinu ekki ný tækifæri. *Tækifæri sem bíða alls staðar, þau bíða í nýjum* og spennandi orkusölumöguleikum, nýjum og spennandi útflutningsmöguleikum, í þjónustu, svo sem í heilbrigðisþjónustu, fjársýsluþjónustu og ferðaþjónustu. Í flutningum, tollfrjálsum umskipunar- og framleiðsluhöfnum, forritagerð og matvælaframleiðslu. Þau bíða í útflutningi á þekkingu á sviði verkfræði, veðurfræði, þátttöku í verkefnum erlendis og þau bíða í kvikmyndagerð, listum, fatagerð og listiðnaði. En þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn stöðnunar og afturhalds sem horfir til baka og neitar að horfa fram á við, mun aldrei gefa okkur tækifæri til að nýta þessa möguleika. Við þurfum því nýja ríkisstjórn, ríkisstjórn sem gefur athafnaþrá einstaklingsins lausan tauminn, ríkisstjórn sem tryggir jafnrétti, ríkisstjórn sem gefur okkur tækifæri. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að fara örfáum orðum um ummæli hæstv. forsrh. í ræðu hans áðan. Ráðherra hefur að vísu gengið úr salnum, honum ofbýður líklega langlokuræðurnar sem við höldum í kvöld. En ég verð að segja það að hvort sem um er að ræða prédikanir hans á siðferðislega sviðinu eða efnahagssviðinu, þá er þar steinum kastað úr glerhúsi og varðandi efnahagsmálin er ég ekki frá því að það glerhús sé með snúningsgólfi.

En á móti hverju er verið að berjast? Núv. ríkisstjórn hefur kosið að fara þá leið sem á sér ekki hljómgrunn meðal meiri hluta þjóðarinnar. Hún hefur kosið að láta harða peningahyggju ráða ferðinni. Valið sér leið þar sem þeir ríku verða ríkari og hinir fátæku fátækari. Hún leitar sér fyrirmyndar til þjóðfélaga eins og t.d. Bandaríkjanna þar sem svo er komið að allur vöxtur þjóðarframleiðslu fellur í skaut innan við 1% íbúanna. Þeir sem eiga sér ekki sterkan fjárhagslegan bakhjarl eða standa á einhvern hátt höllum fæti eiga sér ekki viðreisnar von. Nú er það ekki svo að allir þingmenn stjórnarliðsins séu fylgjandi þeirri stefnu sem hér hefur verið nefnd og það var staðfest með ræðu hæstv. félmrh. áðan. En það skiptir litlu máli þegar horft er til þess að hin hörðu peningaöfl ráða ferðinni. Þetta sést glöggt á ýmsum þingmálum frá því í vetur.

Við afgreiðslu fjárlaga þótti sérstök ástæða til þess að láta ellilífeyrisþega, barnafólk með miðlungstekjur, sjúklinga, sjómenn og sauðfjárbændur bera auknar álögur á sama tíma og hátekjufólki var hlíft. Þetta vil ég biðja menn að skoða í ljósi hástemmdra yfirlýsinga hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar hér áðan um þann jöfnuð sem hann vildi sjá og vinna að.

Þetta kemur fram í þeim lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem nú er verið að knýja í gegnum Alþingi. Þar er verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að gera háskólamenntun að forréttindum hinna efnameiri.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan að það að svipta námsmenn framfæri sínu á haustmissiri væri hornsteinn fjárlaganna. Það er rismikil stefna sem þessi ríkisstjórn framfylgir.

Þetta kemur einnig fram í áformum um afnám verðjöfnunar á olíu og bensíni og fleiri þingmálum sem *lögð hafa verið fram.*

Þessi stefna ríkisstjórnarinnar kemur þó e.t.v. hvergi betur fram en í stjórn peningamála. Með aðgerðaleysi sínu á þessu sviði hefur ríkisstjórnin horft með velþóknun á tilfærslu á fjármagni svo milljörðum skiptir frá atvinnulífinu og skuldsettum heimilum til peningaaflanna.

Ég sagði áðan að þessi stefna ætti sér ekki hljómgrunn meðal íslensku þjóðarinnar. Það staðfesta skoðanakannanir. Hér er verið að framfylgja allt annarri stefnu en stjórnarflokkarnir boðuðu fyrir kosningarnar. Hið íslenska þjóðfélag byggir á þeirri lífsskoðun að saman eigi að geta farið frelsi einstaklinganna og félagasamtaka þeirra til athafna og öflug samhjálp sem byggir bæði á ríkisvaldinu og þeirri vernd sem lítil samfélög veita þegnum sínum í sjálfu sér.

Það byggir á því að ríkisstjórn á hverjum tíma hafi kjark til þess að grípa inn í þegar illa árar og jafni út sveiflur í þjóðfélaginu sem annars geta orðið illviðráðanlegar í okkar smáa samfélagi. Þessari stefnu hafa hugmyndafræðingar á meginlandi Evrópu lýst með orðunum „félagsleg markaðshyggja" til aðgreiningar frá hinni hörðu peningahyggju sem framfylgt hefur verið t.d. í Bretlandi undir kjörorðum járnfrúarinnar.

Þessari stefnu hefur í meginatriðum verið framfylgt hér á landi á umliðnum áratugum. Að vísu hefur ýmislegt farið verr en að var stefnt en meginatriðið er það að undir merkjum hennar höfum við skipað okkur í flokk efnuðustu þjóða heims á sama tíma og ríkt hefur meiri jöfnuður en víðast annars staðar.

Á grundvelli þessarar stefnu vill Framsfl. vinna áfram, læra af mistökunum, horfast í augu við galla hennar, en byggja áfram á þeim grunni sem búið er að byggja upp og ég er þess fullviss að mikill meiri hluti þingmanna er sammála mér varðandi þessa skoðun.

Að lokum, virðulegi forseti, örfá orð um einn málaflokk, þ.e. um landbúnaðinn. Með búvörusamningnum á síðasta vori er staðfest að ekki er lengur pólitískur vilji til þess að greiða útflutningsbætur á búvörur. Því fylgir enn frekari samdráttur í sauðfjárrækt. Verði ekki staðið við búvörusamninginn hvað varðar hliðar- og stuðningsaðgerðir við þær byggðir sem mest eiga undir sauðfjárræktinni og hafin öflug uppbygging á annarri atvinnustarfsemi þar blasir ekkert annað við en hrun byggðar á þeim svæðum. Fari svo brestur strengur í íslensku þjóðlífi sem ekki verður bættur. Það er mikill misskilningur að um einkamál viðkomandi bænda sé að ræða. Hér er um að ræða grundvallaratriði í upp-

byggingu hins íslenska þjóðfélags.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. Góðar stundir.

Sólveig Pétursdóttir:

Góðir áheyrendur. Á öllum sviðum, í ást, trú, stjórnmálum og starfi er skynsamlegt að setja öðru hverju spurningarmerki við þá hluti sem við höfum alltaf talið sjálfsagða.

Við Íslendingar göngum út frá því að menntun barna okkar og heilbrigðisþjónusta sé ókeypis, og það finnst okkur líka eðlilegt. En innst inni vitum við að þó að við fáum ekki reikningana senda, rétt eins og fyrir rafmagn, hita og síma, kostar þetta peninga, stórfé, sem greitt er úr sameiginlegum sjóðum landsmanna allra. Við teljum líka eðlilegt að allir hafi næga atvinnu og ráði við að greiða afborganirnar af íbúðinni. Við trúum því líka að íslensk þjóð sé velmegandi menningarþjóð sem standi vel að vígi í samfélagi þjóðanna.

En verðum við ekki að setja spurningarmerki við þessa trú okkar og skoðun? Þurfum við ekki að grípa til aðgerða til þess að varðveita þessa velmegun þannig að hún megi hvíla á varanlegum grunni? En til þessara aðgerða er ríkisstjórnin einmitt að grípa svo að ekki verði skrúfað fyrir þessa þætti rétt eins og heita vatnið. Vissulega hafa þær falið í sér ýmsar erfiðar og umdeildar ákvarðanir, sem menn hafa verið missáttir við, en markmið þeirra hefur að sjálfsögðu verið að ráða bót á þeim mikla vanda sem við okkur hefur blasað í ríkisfjármálum.

Nýlokið er atkvæðagreiðslum um miðlunartillögu sáttasemjara og ljóst er að þótt launþegar séu ekki alls kostar sáttir við kjör sín þá hafa þeir kosið að taka þá ábyrgu afstöðu að greiða fyrir hagsmunum atvinnulífsins. Þetta er virðingarverð afstaða sem hægt er að draga mikinn lærdóm af. Mörg stórfyrirtækja okkar Íslendinga, m.a. í sjávarútvegi, hafa undanfarið haldið aðalfundi sína og hefur sú skoðun forustumanna þeirra ekki farið leynt að nokkuð dökkar horfur séu fram undan og að leita verði leiða til úrbóta. Það verður að kappkosta að atvinnufyrirtækjum okkar verði sköpuð sem eðlilegust rekstrarskilyrði.

Þær miklu breytingar, sem hafa átt sér stað í alþjóðamálum að undanförnu, sýna okkur Íslendingum líka þörfina á því að við lítum vel til allra átta, ekki eingöngu til Evrópubandalagsins heldur líka til annarra landa. Við höfum ekki efni á því að einangrast í alþjóðaviðskiptum.

Í gær var höfundur Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins að vitna til orða Friðriks Pálssonar, forstjóra Sölusamtaka hraðfrystihúsanna og hugleiddi m.a. hvernig við Íslendingar gætum aukið verðmæti fiskútflutnings okkar og náð allri dreifingu erlendis í okkar hendur. Orðrétt segir:

„Til þess að leggja út í slíkt stórvirki þarf ungt og menntað fólk, sem hefur sambærilega þekkingu og jafnaldrar þess í öðrum löndum og þetta fólk eigum við. En til þess þarf líka dirfsku og umfram allt þá framtíðarsýn, sem hvað eftir annað hefur skipt sköpum í sögu þessarar þjóðar, þegar syrt hefur í álinn. Við höfum ekki í langan tíma þurft jafnmikið á slíkri dirfsku og framtíðarsýn að halda og einmitt nú."

Þetta eru orð í tíma töluð og því segi ég, það er einmitt núna sem við höfum ríkisstjórn með dirfsku og framtíðarsýn. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. sem þorir að takast á við vandann og sem er og verður að vera gjörólík miðjumoði og máttleysi þeirra ríkisstjórna sem Framsfl. og Alþb. hafa átt aðild að þar sem allur tíminn hefur farið í innbyrðis átök, málamiðlanir og stólakaup í stað þess að taka á raunverulegum vandamálum þjóðarinnar með framtíðina í huga og þar sem ekki hefur verið hugað að þeim arfi sem við búum börnum okkar. Við slíkt ábyrgðarleysi verður ekki lengur unað.

Löngum hefur verið haft á orði að eitt meginhlutverk ábyrgra stjórnarandstöðuflokka væri að veita ríkisstjórn aðhald á málefnalegan hátt. En í hverju felast afrek stjórnarandstöðunnar á þessu þingi? Hefur eitthvað frv. frá henni falið í sér raunhæfa möguleika til lausnar vandamálum okkar, t.d. hvað ríkisfjármál varðar? Ekki man ég til þess. Öllu heldur hafa flestar af þeim annars fáu tillögum, sem fram hafa komið, falið í sér gylliboð sem vitað var að ekki var hægt að standa við.

Er þetta þing tók til starfa höfðu verið samþykkt ný lög um þingsköp sem allir voru sammála um að ættu að auðvelda þingstörf öll og gera þau markvissari. En hvað gerðist? Stjórnarandstaðan ákvað vegna eigin yfirgangs að taka ekki þátt í störfum forsætisnefndar þingsins og hótaði því jafnframt að ekki yrði friður um þingstörfin. Við þessa hótun hafa þeir staðið. Afleiðingin hefur verið langir og leiðinlegir fundir, þar sem stjórnarþingmenn og ráðherrar hafa nánast ekki getað sagt sína skoðun án þess að hafa fengið á sig málþóf. Þetta hefur gengið svo langt að þingstörf hafa verið tafin vegna ummæla utan þings og jafnvel í blaðagreinum. Maður skyldi þó ætla að málfrelsi ætti að ríkja á báða bóga. Þó hafa ekki allir stjórnarandstöðuþingmenn leikið þennan leik, þar hafa nokkrir útvaldir verið fremstir í flokki. Þá þarf varla að kynna enda hefur þessi framkoma þeirra beinlínis verið notuð til að koma sér á framfæri í fjölmiðlum. Þeir hafa heldur ekkert hikað við að skipta út skoðunum rétt eins og þeir hafi aldrei áður komið nálægt pólitík. Það er ekki síst þetta ábyrgðarleysi sem hefur einkennt málflutning stjórnarandstöðunnar hér í kvöld. Hryðjuverk og þjóðfélagsleg átök virðast helstu skilaboð þeirra til þjóðarinnar.

Einnig hefur verið eftirtektarvert í vetur hversu mjög sumir fjölmiðlar hafa teygt sig eftir svonefndum „ekki-fréttum". Þannig virðast gífuryrði og alls kyns uppákomur vekja mun meiri athygli en málefnaleg umræða á Alþingi Íslendinga. Vita menn almennt um þau mörgu mikilvægu mál sem hér er verið að afgreiða og um þá miklu vinnu sem fram fer í fastanefndum þingsins? Talað er um niðurskurð hér og niðurskurð þar, en ekki vakin athygli t.d. á þeirri staðreynd að framreiknuð gjöld til heilbrigðis- og tryggingamála eru 4% hærri nú í ár en samkvæmt fjárlögum 1989. Þetta finnst mér umhugsunarvert.

Ríkisstjórnin hefur sett sér ákveðin markmið, sem

hún hyggst standa við, og árangurinn er nú þegar farinn að koma í ljós. Þannig hefur verðbólgan aldrei verið lægri og líklega er það ein besta kjarabótin fyrir okkur öll. Fram undan er mikil vinna í sumar í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Mikilvægar úrbætur í dómskerfinu taka gildi 1. júlí nk. svo dæmi séu tekin, og samhliða hafa verið afgreidd frumvörp sem fela í sér verulegar réttarbætur fyrir almenning. Ríkt áhersla hefur verið lögð á hagsmuni barna og unglinga, t.d. hafa verið afgreidd ný barnalög og fyrir liggja langþráðar breytingar á hegningarlögum.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar geta talað sig hása hér í kvöld en þeir breyta ekki þeirri staðreynd að þessi ríkisstjórn hefur styrk og þor til þess að takast á við vandann með íslenskri þjóð þannig að hér skapist velferð á varanlegum grunni. — Ég þakka áheyrnina.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Í lok þessa þings er komið að hinum hefðubundnu eldhúsdagsumræðum þar sem dregin eru saman mikilvægustu stefnumál sem unnið hefur verið að á liðnum vetri. Steingrímur Hermannsson, fyrrum forsrh., lýsti þjóðfélaginu og stjórnarháttum fyrr í kvöld í ræðu sinni og nefndi brjálaða prófessora, hryðjuverk og flakandi sár. Það eina sem hægt er að segja um slíkan málflutning er að stjórnmálaforingi sem beitir slíkum málflutningi hefur slæma samvisku gagnvart þjóðinni. En sá fortíðarvandi sem sópað hefur verið undan teppi fyrri ríkisstjórnar er þjóðinni kunnur og verður ekki fjallað frekar um hann en ekki er við því að búast að við stjórnarþingmenn sættum okkur við að sitja undir rangfærslum og árásum frá stjórnarandstöðunni án þess að svara og leiðrétta og bera hönd fyrir höfuð okkur svo harkalega sem stjórnarandstaðan hefur gengið fram. En ákafar umræður okkar stjórnmálamanna eru engu að síður eðlilegar og í raun mikilvægt lífsmark lýðræðisins þegar ekki er gengið úr hófi. Það er gömul saga og ný að það er auðveldara að gagnrýna en standa fyrir erfiðum og nauðsynlegum ráðstöfunum. Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna að horfa til framtíðar og taka þær ákvarðanir, sem eru til bóta, þegar á heildina er litið um leið og við verjum þá þjóðfélagsþegna sem höllum fæti standa.

Um allt land blasa við vandamál í atvinnumálum, sérstaklega í sjávarútvegi og landbúnaði. Það er viðfangsefni okkar að leita hinna færustu leiða til þess að efla byggðina í landinu með því að skapa almenn skilyrði til átaks í atvinnulífinu. En til þess að það megi takast verðum við að hafa þrek og þolimæði til þess að bíða árangurs. Velferð okkar fámennu þjóðar, sem stillir sér hvarvetna upp til jafns við milljónaþjóðir, verður að byggja á varanlegum grunni. Að öðrum kosti er sjálfstæði okkar í hættu.

Fyrsta og mikilvægasta markmið ríkisstjórnarinnar var að ná tökum á fjármálum ríkisins og tryggja stöðugleika. Nú liggur fyrir mat á afkomu ríkissjóðs til loka marsmánaðar og bendir allt til þess að umtalsverður árangur hafi náðst í ríkisfjármálum. Markmiðið var að hemja ríkisútgjöldin, gera einstakar ríkisstofnanir ábyrgar fyrir rekstri sínum og stuðla að því að atvinnuvegirnir fengju svigrúm. En það er ekki létt verk að draga úr útgjöldum ríkisins. Því kynnast þeir sem starfa í fjárln. Alþingis vel.

Þess verður mjög vart að margir forstöðumenn ríkisstofnana vilja fara sínar eigin leiðir við rekstur og stofna til útgjalda án þess að hyggja að því að tekjum ríkissjóðs eru takmörk sett. Margt bendir til þess að ýmsar ríkisstofnanir hafi fengið að valsa óáreittar og því bregðast stjórnendur og starfslið hart við þegar gerð er tilraun til þess að spara, endurskipuleggja eða draga úrkostnaði. Vissulega er það svo að verkefnin blasa hvarvetna við, ekki síst á sviði heilbrigðis- og menntamála. Samt sem áður er nauðsynlegt að endurmeta starfsemi á vegum ríkisins ekki síður en í atvinnulífinu í ljósi breyttra aðstæðna.

Við Íslendingar höfum á grundvelli löggjafar skapað öflugt velferðar- og menntakerfi á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Sjálfstfl. hefur haft forustu um eflingu þess og uppbyggingu, ekki síst þar sem sjálfstæðismenn hafa fengið tækifæri til þess við stjórn sveitarfélaga.

Frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur verið til umfjöllunar í þinginu og hefur það ekki farið fram hjá landsmönnum. Allt það sem Finnur Ingólfsson sagði um lánasjóðinn í umræðunum fyrr í kvöld er hins vegar rangt. Það er rangt að ekki verði tekið tillit til efnahags fólks við úthlutun lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Það mál er ekki til lykta leitt en með breytingum á núgildandi lögum er stefnt að því að styrkja sjóðinn. Í tíð fyrri ríkisstjórnar undir forustu ráðherra Alþb. voru þeir á góðri leið með að gera sjóðinn ófæran um að sinna því mikilvæga hlutverki að veita lán og geta áfram tryggt jafnrétti til náms, eins og segir í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar. Það er staðfastur vilji stjórnarflokkanna að styrkja lánasjóðinn. Allt tal stjórnarandstöðunnar um annað í umræðum í kvöld er á misskilningi byggt eða jafnvel tilraun til blekkinga í pólitískum tilgangi. Unnið hefur verið mjög vel að málinu og hefur verið tekið tillit til athugasemda sem hafa komið fram við frv., bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu.

Meðal mikilvægustu mála er að efla atvinnlífið og treysta byggðina í landinu. Samdráttur í landbúnaði hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir marga landshluta og er mikilvægt í samstarfi við bændur og forustumenn sveitarfélaganna að bregðast við þeim mikla vanda sem blasir við bændum og þeim fjölmörgu um allt land sem vinna við úrvinnslu landbúnaðarafurða og vinna við þjónustu við landbúnaðinn. Sjávarútvegsfyrirtækin á landsbyggðinni, sem eru undirstaða atvinnulífsins þar, hafa átt í miklum erfiðleikum eins og alþjóð veit. Lögin um stjórn fiskveiða veita ekki nægjanlegt öryggi fyrir sjávarbyggðirnar sem hafa verið undirstaða velferðar þjóðfélags okkar. Um allt land eru bundnar miklar vonir við endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og er þess að vænta að tekið verði á vanköntum laganna. Öll umræða um sjávarútvegsmál hefur hins vegar snúist um kvótann, um það hverjir megi veiða fiskinn í sjónum. Hins vegar hefur minna

verið rætt um bættan rekstur fyrirtækja og auknar kröfur til þeirra sem stjórna fiskvinnslu og útgerð í landinu.

Lítið hefur verið fjallað um aukið samstarf einstakra fyrirtækja eða um gæðaátak og nýja ímynd sjávarútvegs innan lands og utan í stöðugt harðnandi samkeppni. Hvað þá um fræðslu og rannsóknir og um það hversu mikilvægu hlutverki samgöngur í landinu gegna við endurskipulagningu og eflingu fyrirtækja í sjávarútvegi. Þjóðin, þar með taldir þingmenn, verður að hætta að rífast um kvótann við öll tækifæri og snúa sér að því að beisla hugvit og þekkingu til þess að gera sjávarútveginn að enn öflugri atvinnugrein með háþróuðum vinnubrögðum sjómanna, fiskvinnslufólks og þeirra velmenntuðu vísindamanna sem þjóðin hefur alið og menntað.

Í stað þess að kvarta og kveina undan skertum framlögum ríkisins eins og gerst hefur eiga stjórnendur háskólans að snúa sér til atvinnulífsins og bjóða fram þekkingu sína og rannsóknir í þágu atvinnuveganna, ekki síst sjávarútvegsins.

Í fiskvinnslunni hefur víða verið mikil sóun og brjóstvitið verið um of látið ráða ferðinni við hin flóknustu viðfangsefni í uppbyggingu fyrirtækja. Því verður að linna, en þess í stað þurfa rannsóknastofnanir og ráðgjafar að styðja við það mikilvæga starf sem stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja hafa unnið, oft við mjög takmarkaðan stuðning og enn minni skilning háskólamanna. Það helsta sem úr þeim herbúðum hefur komið eru tillögur um að skattleggja sjávarútveginn og um leið þær byggðir sem allt eiga undir afkomu í sjávarútvegi. Í þessu mikilvæga máli má þjóðin ekki skiptast upp í fylkingar. Sáttargerð um nýtingu auðlinda hafsins verður að setja á Alþingi með sömu einurð og samhæfni og við höfum fært út og varið fiskveiðilögsögu landsins. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Tvennt ber hæst í umræðunum í kvöld. Annað eru ótrúlega ósvífnar árásir talsmanna Sjálfstfl. á málfrelsið á Alþingi Íslendinga og þær umræður sem þurfa að fara fram af því að við búum við lýðræði. Við búum ekki við ráðhúseinræði af neinu tagi á Alþingi. Við munum ekki sætta okkur við neitt slíkt. En hótanirnar sem birtust frá Sturlu Böðvarssyni, Sólveigu Pétursdóttur og Davíð Oddssyni eru bersýnilega með þeim hætti að það er stefna Sjálfstfl. að innleiða skert málfrelsi, skert lýðræði á Alþingi Íslendinga. Ég mótmæli þessu harðlega og ég er sannfærður um að þessar árásir verða ekki til þess að hjálpa til við að lenda málum með eðlilegum hætti á næstunni.

Hitt sem vekur mesta athygli í umræðunni í kvöld er það að hér hafa talað tvær ríkisstjórnir. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, í henni er Jón Baldvin Hannibalsson, og ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir og hún er ein í þeirri ríkisstjórn. Það er í fyrsta sinn svo ég muni eftir þann tíma sem ég hef setið á Alþingi að það gerist með jafnskýrum hætti og hér í kvöld að það sé djúpstæður málefnalegur ágreiningur innan ríkisstjórnar. Það er bersýnilega svo að félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir er að óska hér eftir sanngjörnum leikreglum. Hún er að óska eftir annarri og öðruvísi stjórnarstefnu og ég segi við hana: Ég er sannfærður um að í hópi stjórnarandstæðinga á hún marga samherja og meðal þjóðarinnar líka sem óska eftir því að að verði settar sanngjarnari leikreglur á Íslandi. Ég óska henni alls góðs og gæfu í baráttunni fyrir sanngjörnum leikreglum á Íslandi. Hitt er ljóst að þær reglur sem hefur verið reynt að innleiða að undanförnu af Sjálfstfl. með Alþfl. í eftirdragi eru ekki sanngjarnar leikreglur. Það eru ekki sanngjarnar leikreglur, góðir Íslendingar, að ákveða að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust en það er það sem verður gert. Það er ætlunin að banna lán til íslenskra námsmanna núna í haust. Þeir fá einir Íslendinga engan framfærslueyri. Hvernig telja menn að yrðu viðbrögð hjá öðrum í þjóðfélaginu ef það yrði boðið upp á það að í hálft ár fengju þeir ekki krónu í framfærslueyri? En þetta er stefnan sem menntmrh., Ólafur G. Einarsson, er að innleiða hér, hefur lýst yfir að hann muni ekki breyta í neinu og hann virðist vera með Alþfl. í vasanum, a.m.k. flesta, að því er best verður séð til þessa. Þó er von, ekki aðeins í kröfunni hér í kvöld um sanngjarnar leikreglur, heldur sérstaklega í samþykkt Sambands ungra jafnaðarmanna sem birtist í dag í fjölmiðlum þar sem þessi ákvæði frv. til laga um Lánsjóð ísl. námsmanna eru gagnrýnd með eindregnum hætti. Nei, Jóhanna, þetta eru ekki sanngjarnar leikreglur.

Það eru heldur ekki sanngjarnar leikreglur að bera gamalmenni út af öldrunarlækningadeildum, flytja fólk þaðan nauðungarflutningum. Það eru ekki sanngjarnar leikreglur. Ég er sannfærður um það, Jóhanna Sigurðardóttir, að við erum sammála um það. Ég er sannfærður um að við erum líka þeirrar skoðunar að það séu ekki sanngjarnar leikreglur að þúsundir Íslendinga eru nú ofurseldir atvinnuleysinu, hafa ekki verið fleiri um áratugaskeið.

Hvað er atvinnuleysi? Atvinnuleysi er fyrirlitning markaðsþjóðfélagsins á vinnuaflinu, þeim skapandi kröftum sem felast í hverjum einasta einstaklingi jafnvel þó hann eigi ekkert nema vinnuafl sitt og enga peninga. Það eru ekki sanngjarnar leikreglur að neita þessu fólki um atvinnu. Frammi fyrir þessu stöndum nú. Það eru ekki heldur sanngjarnar leikreglur, virðulegi forseti, hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram núna á örfáum dögum eftir að kjarasamningum var lokið, það eru ekki sanngjarnar leikreglur. Það eru svik á kjarasamningum að bera gamalt fólk út úr Hátúni. Það eru svik á kjarasamningum að lækka ekki vexti. Það eru svik á kjarasamningum að ráðast að kjörum opinberra starfsmanna þó að það standi í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það eigi ekki að hrófla við réttindum þeirra. Þetta eru ekki sanngjarnar leikreglur, Jóhanna, og ég er viss um að við erum sammála um það.

Frammi fyrir þessu þjóðfélagi stöndum við nú, kaflaskil á mörgum sviðum, allt annað þjóðfélag, allt önnur framtíð. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ákveðið að leggja framtíðarnefndina niður um leið og

hún stofnaði fortíðarnefndina. Andstæðurnar blasa hvarvetna við. Í monthúsinu upp á þrjá, fjóra milljarða króna, sem Davíð Oddsson byggði í Reykjavík, er verið að ræða um matargjafir handa fátækum Reykvíkingum. Þetta er þjóðfélagið sem blasir við. Þetta er þjóðfélagið, sem Jóhanna Sigurðardóttir var að lýsa hér áðan að væri komið í Bandaríkjunum, eftir tíu ára stefnu sem þar hefur verið fylgt sem er sú sama og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fylgir hér á Íslandi. Það er þessi stefna sem þjóðin þarf að sameinast um að hafna.

Góðir tilheyrendur. Við stöndum frammi fyrir þessum pólitíska veruleika og svo líka því að taka ákvarðanir um örlagamál í íslensku stjórnkerfi þar sem er Evrópskt efnahagssvæði og spurningin um aðildina að því. Þar duga ekki Eurovision-samþykktir. Þar er nauðsynlegt að hafa skýr svör.

Þannig háttar til í náttúrunni og hinu pólitíska umhverfi um þessar mundir á Íslandi að það er vorhret á glugga. En það mun birta. Ég er sannfærður um að það mun birta víða á íslenskum heimilum ef félmrh. hefur forustu um það að fylgja eftir orðum sínum áðan um það að mynda samstöðu á Íslandi um sanngjarnar leikreglur. — Góðir hlustendur, lifið þið heil.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Íslendingar hafa kosið sér vestrænt lýðræði, stjórnarhætti siðmenntaðra manna. Okkur hefur tekist að gera Ísland að velferðarríki, hér búum við við eitt fullkomnasta velferðarkerfi sem þekkist í veröldinni. Við höfum valið það hlutskipti sem jafnaðarmenn hafa boðað þjóðinni í áratugi að ástunda samhjálp og samvinnu. Við höfum svarað því játandi sem spurt er um í Biblíunni: Á ég að gæta bróður míns? Þetta hlýtur að lagast, höfum við alltaf sagt þegar erfiðleika hafa steðjað að. Við höfum líka getað treyst því — við fiskuðum bara meira. Þá var það viðtekin skoðun að hafið, fiskstofnarnir væru óþrjótandi auðlind.

En er það svo? Getum við lengur treyst því að allt fari vel, þetta hljóti að lagast einhvern veginn? Því miður eru alvarlegar blikur á lofti. Við höfum komist að því að fiskimiðin eru ekki óþrjótandi. Við höfum brugðist við og takmarkað sóknina í fiskinn. Við deilum um aðferðirnar en sjálfsagt er öllum ljóst að án takmarkana eyðileggjum við auðlindina.

Mitt í ákafanum í að byggja upp, breyta og bylta í því skyni að auka velferðina höfum við ekki gætt að okkur. Það er gamall og nýr sannleikur að heimili, sem eyðir meira en það aflar, stenst ekki til lengdar. Það sjáum við á gjaldþrotunum, nauðungaruppboðunum og angist þeirra sem horfa upp á fjölskylduna tvístrast vegna skulda og erfiðleika.

Vinsældir og völd freista margra. Það er gaman að vera vinsæll. Það er einmitt sú skemmtan sem stjórnmálamenn undanfarna tvo áratugi hafa ástundað svo mjög ötullega. Það er ekki bara gaman heldur líka ódýrt og þægilegt, þjóðin borgar. Þú borgar, ágæti áhorfandi. Erfiðasta vandamál þjóðarinnar er einmitt sú staðreynd að stjórnmálamenn hafa keypt sér atkvæði, keypt sér vinsældir á kostnað þinn. Þess vegna erum við núna í erfiðleikum, meiri vanda en við höfum þekkt í áratugi.

Íslenska þjóðin skuldar nú rúmlega 200 milljarða króna. Erlendar skuldir eru svo geigvænlegar að þriðji hver fiskur fer í afborganir og vexti til útlanda. Reiðuleysi í ríkisfjármálum hefur verið með ólíkindum. Það hefur verið regla undanfarin ár fremur en undantekning að afgreiða fjárlög með halla, þ.e. útgjöld ríkissjóðs hafa verið meiri en tekjurnar, meira að segja þegar góðæri hefur verið hvað mest.

Ég er að segja ykkur frá staðreyndum, óþægilegum staðreyndum. Núverandi ríkisstjórn er sú fyrsta í tuttugu ár sem þorir að segja sannleikann. Þessar byrðar eru farnar að segja til sín. Fólkið, sem horfir upp á gjaldþrota fyrirtæki, missi atvinnunnar og erfiðleika í atvinnulífinu, skynjar vel að það er mikill vandi á höndum. Það er aðeins lítill hópur Íslendinga sem neitar að horfast í augu við vandann. Sá hópur er stjórnmálamennirnir sem í áraraðir hafa keypt sér vinsældir og áhrif með sóun og reiðuleysi og sitja á Alþingi og halda því fram að ekkert sé að. Enn heldur vinsældaleikurinn áfram. Þessi litli hópur einangraðra Íslendinga heldur því blákalt fram að allt sé hægt að gera fyrir alla. Þeir fullyrða að illmennska og ótugtarskapur ráði ferðinni hjá ríkisstjórninni sem hefur lagt sig fram um að taka á vandanum, endurreisa efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, verja lífskjörin í landinu.

Það er athyglisvert að það er verkalýðshreyfingin sem hefur haft frumkvæði að því á liðnum árum að benda á hættur óstjórnar, eyðslu og óráðsíu. Benda á nauðsyn þess að ná kjarasamningum sem tryggðu betur atvinnuöryggið og kaupmáttinn. Það þarf kjark til þess hjá foringjum verkalýðshreyfingarinnar að segja frá erfiðleikunum. En sá kjarkur var fyrir hendi. Þess vegna hafa nú aftur tekist kjarasamningar sem verða lóð á vogaskál stöðugleika.

Ríkisstjórnin hefur nú hafið endurreisnarstarfið í fjármálum ríkisins. Því fylgja erfiðar aðgerðir. Sparnaður og ráðdeild eru í fyrirrúmi. Dregið er saman þar sem unnt er, útgjöld ríkisins eru minnkuð þar sem nokkur kostur er á. Víða hefur þurft að bera niður. Það verður meira að segja að draga saman þar sem sárast er, þ.e. á félagslega sviðinu. Það verður að halda áfram að draga saman seglin þar til jafnvægi er komið á ríkisfjármálin. Vandinn er svo mikill að það tekur tíma að vinna verkin.

Alþýðuflokkurinn, flokkur jafnaðarmanna, telur grundvallaratriði að sýna ábyrgð í fjármálum. Öðruvísi fáist ekki fjármunir til að byggja velferð á varanlegum grunni. Ábyrgðarleysi í fjármálum verður til þess að velferðarkerfið hrynur. Við erum að forða því, við erum að koma í veg fyrir að sjúkir, aldraðir og fatlaðir líði nauð vegna óráðsíu fyrri ára.

Ég geri mér grein fyrir að stöðvun eyðslunnar er ekki til vinsælda fallin. En við verðum, við gerum þetta til að skapa betra þjóðfélag. Við gerum þetta til að forða þjóðinni frá efnalegu gjaldþroti. Við gerum þetta til að geta haldið áfram á framfarabraut. Það er erfitt að tapa atkvæðum og missa vinsældir. Við jafn-

aðarmenn rísum undir því. Erfiðara væri að rísa undir því að hafa skömm á sjálfum sér, svíkja hugsjónir sínar og fólk sitt. Ef við tökum ekki fast og af ábyrgð á fjárhagsvanda þjóðarinnar erum við að svíkja þá sem minnst mega sín, svíkja hugsjónir okkar um réttlátara og betra þjóðfélag og velta skuldunum, óreiðunni, yfir á börnin okkar.

Það er algjör nauðsyn að taka fast á málum. Við verðum að vera einhuga og staðföst á þessum erfiðu tímum, nú þegar verið er að hreinsa til. Heimilin, sem á undanförnum árum hafa þurft að upplifa gjaldþrot og uppboð, skipta hundruðum. Þetta verður að stöðva. Það verður að koma fjárhagnum þannig að nauðungaruppboðin, gjaldþrotin, upplausn heimila og gjaldþrot fyrirtækja taki enda. Það gerum við best með því að taka til í ríkisfjárhirslunum. Þegar því er lokið mun framtíðin blasa við okkur.

Við Íslendingar eigum svo ótal mörg tækifæri. Við eigum svo mikið af góðu, menntuðu og hæfu fólki sem er þess albúið að leggja sig fram um að gera góða hluti. Ríkisstjórnin mun leggja metnað sinn í að tryggja að atgervi fólksins fái notið sín, að allir fái atvinnu við sitt hæfi, að lífskjörin verði traustari samfara góðri fjármálastjórn. Það mun takast með samhæfðu átaki þjóðhollra Íslendinga, þeirra sem vilja verja efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar og halda á braut nýrrar framtíðar.

Stjórnarandstaðan er, eins og ég sagði áðan, alveg utangátta í umræðunni um efnahagsmál. Þeir reyna að segja þjóðinni að ekkert sé að. Þeir taka undir hvers konar óánægjuraddir og umkvartanir. Þeir halda því fram að það séu bara vondir menn í ríkisstjórninni sem vilji hrella fólk.

En hvers vegna eru þeir að þessu? Frægasti rithöfundur okkar Íslendinga, Halldór Laxness, samdi Strompleikinn, sem hann kvað vera gamanleik, en sem er öðrum þræði allt annað en gamanleikur. Hann er hvöss ádeila á alvarlegar veilur í nútímaþjóðfélagi, bæði hér á landi og annars staðar. Skáldið deilir hart á sýndarmennsku og blekkingu. Hann deilir hvasst á það að menn telji sjálfum sér og öðrum trú um annað en það sem er, að menn segi annað en þeir meini. Að menn látist vera annað en þeir eru, að menn þori ekki að horfa framan í veruleikann, hafi ekki kjark til þess að játa það sem er, heldur gefi sig á vald sjálfsblekkingu, ýmist úti í buskanum eða upp um strompinn.

Staðreyndin er sú að innst inni vita þessir menn um vandann í þjóðfélaginu. Árásir þeirra og vinsældaleikur er óheill, óekta, þær eru strompleikur. Þeir vita það gjörla að vandinn, sem núv. ríkisstjórn þarf að glíma við, er til kominn vegna atkvæðakaupanna, vinsældakeppninnar sem fyrri ríkisstjórnir hafa gert sig sekar um. Áróður þeirra, árásir og skröksögur eru strompleikur. Ræður þeirra eru markaðar eftirsjá eftir ráðherrastólunum en ekki því að þeir séu ósammála. Þetta er óheilt, þetta er óekta. Þetta er einn þáttur þess strompleiks í íslensku þjóðfélagi sem sannarlega er mál að linni. Það er mál til komið að menn hætti að skipta algjörlega um skoðun eftir því hvort þeir eru í ríkisstjórn eða utan ríkisstjórnar. Er ekki mál til komið að menn hætti að segja það svart, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu sem menn sögðu hvítt þegar þeir sátu í ráðherrastól?

Það er mál til komið að íslenskir stjórnmálamenn láti ráðstafanir andstæðinga sinna njóta sannmælis, að þeir geri sér það undantekningarlaust að reglu að segja þjóðinni satt og telji mest um vert að gera rétt. Þá væri e.t.v. von til að rithöfundar okkar gætu hætt að beina spjótum sínum til stjórnmálamannanna og stjórnmálalífsins þegar þeir deila á það sem er ósatt, óheilt, óekta.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti, góðir áheyrendur. Ég tel að þegar Kvennalistinn var útilokaður frá stjórnarsamstarfi eftir síðustu kosningar hafi orðið sögulegt slys. Ef fyrrverandi eða núverandi stjórn hefðu gengið til samstarfs við Kvennalistann tel ég víst að það hefði dugað til að mannúðaröflin innan flokkanna hefðu náð yfirhöndinni. En svo varð ekki og nú súpum við seyðið af því. Það seyði er bæði beiskt og óhollt með afbrigðum.

Við búum nú við samfélag vaxandi ójöfnuðar. Sá ójöfnuður bitnar ekki síst á konum. Undir þessum kringumstæðum er nöturlegt að heyra forsrh. og síðasta ræðumann hæla kjarasamningunum. Bilið milli ríkra og fátækra á Íslandi fer vaxandi. Hvern hefði grunað fyrir örfáum árum að í borgarstjórn Reykjavíkur væri karpað um það hvort bjóða ætti upp á fátækramáltíðir? Ekki aðeins fyrir útigangsfólk heldur einnig fyrir aldraða og snauða. Fróðlegt var að heyra misvísandi ræður þeirra flokkssystkina, Jóhönnu og Jóns, um fátækt á Íslandi.

Fyrir fáeinum árum hefði okkur þótt fráleitt að tala um skólagjöld á Íslandi. Nú eru þau staðreynd. Fyrir nokkrum árum hefði engum dottið í hug að ætlast til þess að námsmenn framfleyttu sér á víxlum á námstíma. Nú er þetta að verða veruleiki íslenskra námsmanna strax í haust, nema að það takist þá að afstýra því á síðustu stundu.

Fyrir nokkrum árum héldum við konur að við hefðum komið í veg fyrir að Fæðingarheimilið yrði lagt niður sem fæðingarstofnun. Nú er búið að gera það, þrátt fyrir loforð ráðherra, og svipta okkur sjálfsögðu vali. Er þetta frelsi frjálshyggjunnar?

Fyrir nokkrum árum héldum við að það heyrði til almennra mannréttinda að geta keypt sér nauðsynleg lyf. Nú er það liðin tíð. Fyrir nokkrum árum héldum við að næstu skref í þróun grunnskóla yrðu að byggja upp. Nú vitum við því miður betur. Spurningin er hversu mikið langlundargeð landmanna er. Hve langt er hægt að ganga áður en fólki er nóg boðið? Eigum við kannski að bíða eftir að ástandið verði jafnslæmt og nú nýverið í Los Angeles? Fyrstu einkennin eru þegar fyrir hendi, m.a.s. hér á Íslandi. Þar sem misgengi er getur orðið mikill skjálfti í fyllingu tímans.

Átökin úti í heimi kenna okkur fleira. Við höfum lært það af reynslunni, bæði að austan og vestan, að það kann ekki góðri lukku að stýra að stjórna með valdboði. Því miður er íslenskt stjórnarfar ekki alls kostar laust við valdbeitingu. Það er nefnilega fleira

ofbeldi en að lúskra á svörtum hraðakstursmönnum eða skjóta flóttafólk við landamæri. Andlegt ofbeldi felst í hótunum, niðurlægingu og þvingunum. Ef hægt er að beita einstaklinga slíku ofbeldi er alveg eins hægt að beita heilar þjóðir slíku ofbeldi. Ég sé ekki betur en núverandi stjórnvöld séu markvisst að brjóta niður bjartsýni og baráttugleði Íslendinga og hafi tekið upp þá starfsaðferð að stjórna með hótunum. Við heyrðum það vel hjá síðasta ræðumanni og við höfum heyrt það í kvöld. Mig langar til að taka dæmi um kunnuglegar hótanir.

Ef námsmenn samþykkja ekki að taka á sig auknar byrðar verður lánasjóðurinn látinn fara á hausinn. Ef grunnskólarnir sæta því ekki að fækka tímum og segja upp kennurum verða þeir fjársveltir. Ef fólk vill ekki borga fyrir lyfin sín má það bara deyja drottni sínum. Jafnvel smáar upphæðir eru nefnilega mörgum ofviða. Ef við göngum ekki í EES þá hættum við að selja fisk. Ef þið heimtið hærri laun skerum við meira niður. Þá fyrst fáið þið að kynnast atvinnuleysinu.

Þetta eru skilaboð ríkisstjórnarinnar til almennings, misvel dulbúin. E.t.v. kom þessi hótanastjórnun gleggst fram með afskiptum ríkisstjórnarinnar af kjarasamningum. Hingað til hafa félagsmálapakkar stjórnvalda geymt félagslegar úrbætur og það er út af fyrir sig umdeilanlegt. En við síðustu samninga brá svo við að ríkisstjórnin ákvað að greiða fyrir kjarasamningum með því að framkvæma ekki allar hótanir sínar, a.m.k. ekki strax. Ég get ekki varist því að sjá nokkra samsvörun í lítilli sögu eftir Ástu Sigurðardóttur og stjórnunarstíl núv. ríkisstjórnar. Bæði innan þings og utan hafa stjórnarflokkarnir stjórnað með valdboði og hótunum. Á slíku örlaði vissulega í ræðu forsrh. og fleiri fyrr í kvöld og nú á víst að fara að vega að málfrelsinu líka.

Við kvennalistakonur höfum svo sannarlega fundið fyrir því, bæði við sem á Alþingi störfum og allar hinar víðs vegar um landið. Mig langar til að leyfa ykkur, góðir áheyrendur, að dæma fyrir ykkur sjálfir hvort það sé svo ýkja mikill munur á aðferðafræði ofbeldisins eftir því hvort hún á við um stjórnarheimilið eða heimilið í sögu Ástu. Ég ætla svo sem ekki neinum, ekki einu sinni okkar slæmu ríkisstjórn, að bera þann hug til þjóðarinnar sem maðurinn í sögunni bar til konunnar. En auðvitað verður hver að dæma fyrir sig. Ég hef lesturinn:

„Hann barði í borðið til áréttingar. Konan lúpaðist niður og þorði ekki að segja meira. Hann vissi þó með sjálfum sér að þessi lítilmótlega litlausa og heimska kona var ekki fulltamin enn, þrátt fyrir undirgefið augnaráð og flóttalegar hreyfingar. Hún var enn þá vís til að verja krakkann fyrir honum og henni tókst oftast að hlífa stelpunni fyrir mestu höggunum og þvælast fyrir höndunum á honum þangað til hann var orðinn uppgefinn á að lemja á þeim.

Það var hreint ópolandi að geta ekki verið húsbóndi á sínu heimili og það fyrir jafnlítilsigldri manneskju og Siggu. Þetta var frámunaleg niðurlæging.

En það gerði krakkinn. Það var eins og vesælustu kvikindum af kvenkyninu gæfi margfalt þrek ef stuggað var þessum afkvæmum þeirra."

Svo mörg eru þau orðin í sögu Ástu og hefði raunar verið ástæða til að hafa þau fleiri yfir.

Núv. ríkisstjórn hefur tekist að hræða landsmenn með ýmsum grýlum. Niðurlægja með margs konar lítilsvirðandi ummælum svo sem þeim að námsmenn leggist í barneignir til að næla sér í fé frá ríkinu. En niðurstaðan er söm og í sögu Ástu. Það er ekki hægt að berja þann til hlýðni sem er að verja barnið sitt og framtíð þess.

Góðir áheyrendur. Eitt af því sem veldur mér ævinlega heilabrotum er það hvernig sömu menn og beita valdi gegn minni hlutanum innan lands eru svo grænir að halda að þeir muni njóta réttlætis í samfélagi Evrópu þar sem vald hins sterkari gagnvart hinum veikari er rækilega staðfest. Ég tel vonirnar sem menn binda við Evrópusamstarf því miður bera vitni um alvarlegt óraunsæi.

Þótt það sé hlutskipti okkar kvennalistakvenna nú um stund að verjast í stað þess að skapa þá má það ekki verða of lengi. Því miður er langt í næstu kosningar nema að mótmælaöldurnar verði það háværar að eitthvað breytist. Við kvennalistakonur höfum of mikið fram að færa til þess að sætta okkur við að sitja hjá og ganga endalaust í skítverkin að verja heimili okkar fyrir óværu. Við eigum verk að vinna við að bæta kjör kvenna og aðstæður þeirra. Við viljum fjárfesta skynsamlega í framtíðinni með því að hlúa að menntakerfinu. Við höfum alltaf bent á það hve skynsamlegt sé að verja fé til rannsókna og þróunarstarfs. Það er nú að sýna sig að er rétt. Góð menntun er óþrjótandi auðlind.

Við viljum líka auka jöfnuð með réttlátara skattkerfi. Það er hægt. Við sættum okkur ekki við handahófskenndar aðgerðir eins og flatan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Við viljum í staðinn spara og hagræða í samráði við starfsfólk sjúkrahúsa og heilsugæslu. Það fólk þekkir ótal leiðir en á það er ekki hlustað frekar en aðra í landinu. Við sættum okkur ekki við samfélag sem mismunar. Jöfnuður til náms og starfa eru mannréttindi allra, aðgangur að góðri heilsugæslu sömuleiðis. Þetta er engin skiptimynt í kjarasamningum, heldur grundvöllur góðs lífs.

Við teljum það ekki hlutverk ríkisvaldsins að stýra atvinnulífinu heldur að búa því góðar aðstæður. Í því felst m.a. að íþyngja því ekki með álögum eins og okurvöxtum. En einnig verður ríkið að vera reiðubúið til þess að hlaupa undir bagga þegar um tímabundinn eða staðbundinn vanda er að ræða. Annars situr allt samfélagið uppi með vandamál sem reynast okkur dýrari en nokkrar hjálparaðgerðir. Ég nefni staðbundið atvinnuleysi meðal kvenna á Suðurnesjum sem dæmi. Á þessum vanda verður að taka, ekki er hægt að stinga höfðinu í sandinn að hætti strúta endalaust.

Virðulegi forseti, góðir áheyrendur. Framtíð okkar á Íslandi er nátengd því sem er að gerast annars staðar í heiminum. Veröldin nær víðar en um Evrópu eina, þótt sjóndeildarhringur ýmissa einstaklinga skorðist við þá ágætu álfu. Við berum sameiginlega ábyrgð á umhverfi okkar á þessum litla hnetti. Við berum einnig sameiginlega ábyrgð á því að jafna lífskjör milli norð-

urs og suðurs, ekki síður en austurs og vesturs. Um leið og við hlúum að garðinum okkar hér heima er nauðsynlegt að miðla áburði og fræjum um allan heim. — Góða nótt.

141. FUNDUR

þriðjudaginn 12. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Framhald umræðna um skýrslu um sjávarútvegsmál og um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram á þinginu í síðustu viku að þingmenn Alþb. hafa beðið í vetur um þrjár skýrslur og samkvæmt þingsköpum er skylda að ræða þessar skýrslur ef nægilegur fjöldi þingmanna stendur að beiðninni. Það var í öllum þessum tilvikum. Við höfum beðið í u.þ.b. sjö mánuði eftir því að hér fari fram umræða um skýrslu um iðnaðarmál og við höfum einnig beðið í sjö mánuði eftir því að hér fari fram umræða um skýrslu um málefni aldraða.

Verkstjórnin hjá hæstv. forsrh. er þannig að þeir ráðherrar sem þarna áttu hlut að máli skiluðu ekki sínu verki fyrr en u.þ.b. hálfu ári eftir að beðið var um þessar tvær skýrslur. Engu að síður er það þannig að samkvæmt lögum landsins er skylda að láta þær koma til umræðu. Þriðja skýrslan var skýrsla um stöðu sjávarútvegsins og störf nefndar ríkisstjórnarinnar að stefnumótum í málefnum sjávarútvegsins, einkanlega í ljósi þess að nefndaformennirnir tveir hafa talað með gjörólíkum hætti opinberlega á undanförnum vikum. Til þess að koma til móts við ríkisstjórnina í þessum efnum opnuðum við á þann möguleika að sú skýrsla yrði flutt munnlega hér í þinginu af hæstv. sjútvrh. Eftir ítrekaðar óskir okkar í síðustu viku var þessi skýrsla, sú fyrsta af þremur, sett á dagskrána í gær. Hæstv. sjútvrh. flutti greinargóða og glögga ræðu sem þeir, sem þátt tóku í umræðunni, þökkuðu fyrir vegna þess að hún var fyllilega með eðlilegum hætti og ber að þakka fyrir það. Hins vegar tókst ekki að ljúka því í gær, vegna takmarkana á tíma, að fulltrúar allra flokka gætu greint frá sjónarmiðum sínum. Umræðunni var hætt og fundi slitið klukkan fjögur, áður en fulltrúi Kvennalistans hafði getað tekið þátt í umræðunni, hvað þá heldur að aðrir þingmenn, sem á mælendaskránni voru, hefðu getað tekið þátt í umræðunni eða hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. gætu svarað þeim spurningum og athugasemdum sem til þeirra var beint, m.a. frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni.

Ég átti þess vegna von á því, virðulegi forseti, að þessi skýrsla um sjávarútvegsmál yrði á dagskrá í dag og haldið yrði áfram með þá umræðu eftir að búið væri að afgreiða nokkur mál einkum í ljósi þess að fulltrúum allra flokka hafði ekki verið gefinn kostur á að tala í umræðunni í gær og nauðsynlegt var að ríkisstjórnin skýrði sína afstöðu í þessu höfuðmáli áður en þingi lyki.

Ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta að því hverju það sæti að umræðunni er ekki haldið áfram í dag heldur er hætt í miðjum klíðum og flokkum mismunað með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Ég vil einnig spyrja hvernig forsetaembættið hefur hugsað sér að fara með þessa umræðu.

Ég var fyrsti beiðandi þessarar skýrslu og tel þess vegna að eðlilegt að ég inni eftir þessu áður en lengra er haldið störfum þingsins en vil eindregið mótmæla því, virðulegi forseti, að þessari umræðu sé ekki fram haldið í dag. Ég vil vekja athygli forsetaembættisins á því að samkvæmt lögum landsins, gildandi þingsköpum, ber forsetaembættinu að tryggja að þingleg umræða fari fram um þær skýrslur sem nægilegur fjöldi þingmanna hefur beðið um en eins og ég hef þegar greint frá er það í öllum þessum þremur tilvikum að nægilegur fjöldi þingmanna hefur beðið um skýrslurnar.

Ég óska þess vegna eftir því að af forsetastóli verði greint frá því hvers vegna framhald þessarar umræðu er ekki á dagskrá í dag og hvenær hæstv. forseti hyggst halda henni áfram.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns. Það er afar slæmt þegar umræða er slitin í sundur með þeim hætti sem nú virðist ætlunin. Eins og fram kom áðan hafði fulltrúi Kvennalistans ekki komist að í umræðunni. Ég vil því beina þeim eindregnu tilmælum til forseta að þessari umræðu verði fram haldið sem allra fyrst og það helst í dag ef nokkur möguleiki er á því svo sjónarmið allra fái að komast að og ráðherrum gefist kostur á að svara spurningum. Hér var beðið um viðveru utanrrh. einkum og sér í lagi og ég vil beina þeirri áskorun til forseta að hún verði við þeirri beiðni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á dagskrá þessa fundar er frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna, boðað til 3. umr. Ég vil upplýsa, vegna þessa dagskrárliðar, að á fundi menntmn. fyrir hádegið var þetta mál rætt að mínu frumkvæði. Ég setti þar fram ósk um að farið væri ofan í ákveðna þætti sem augljósir eru varðandi málið áður en það kæmi til 3. umr. og lagði fram tiltekin efnisatriði í níu tölusettum liðum, sem ég ætla ekki að rekja hér, sem ástæða væri til að leita eftir svörum við hjá forráðamönnum Lánasjóðs ísl. námsmanna og eftir atvikum hjá hæstv. menntmrh. Einnig óskaði ég eftir því á þessum fundi við formann nefndarinnar að hún leitaði eftir því að hæstv. menntmrh. kæmi á fund nefndarinnar til að svara þar ákveðnum spurningum sem ekki fengust skýr svör við við 2. umr. málsins og sem ástæða er til að liggi sem ljósast fyrir áður en 3.

umr. fer fram. Formaður nefndarinnar varð því miður ekki við þessum óskum, lýsti því yfir á fundi nefndarinnar að hún mundi ekki taka tillit til þeirra og ekki hlutast til um það sem nefndarformaður að orðið væri við þessari beiðni sem eindreginn stuðningur kom fram við frá öðrum fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni.

Ég lagði einnig fram á þessum fundi tvö málsgögn frá einni af stofnunum annars stjórnarflokksins, Alþfl., þ.e. Sambandi ungra jafnaðarmanna sem þann 28. mars sl. samþykkti áskorun til þingflokksins á flokksstjórnarfundi og ítrekaði það mál í rauninni með sérstakri ályktun framkvæmdastjórnar Sambands ungra jafnaðarmanna 10. maí sl. með vísun til þess hvernig málið liggur fyrir að lokinni 2. umr. og atkvæðagreiðslu um það. Þar er að finna eindregna hvatningu til þingflokks annars stjórnarflokkanna að verða við einu tilteknu atriði um breytingu sem mjög var knúið á um við 2. umr. málsins og það rökstutt í þessari ályktun sem ég ætla ekki að fara að lesa upp fyrir þingheimi undir þessum lið um þingsköp.

Vegna þess að þetta mál er á dagskrá og margir þættir þess óljósir og ekki upplýstir og vegna þess að fyrir liggur eindregin beiðni í nefnd um að málið verði athugað þar áður en til 3. umr. kemur svo að hæstv. ráðherra gefist kostur á að mæta í menntmn. til þess að leysa þar úr ákveðnum þáttum sem spurningar eru um vil ég upplýsa hæstv. forseta um þessa stöðu og hvetja eindregið til þess að forseti hlutist til um að þetta mál geti fengið eðlilega umræðu í menntmn. þingsins áður en 3. umr. um það verður hafin. Ég er sannfærður um að slík efnisleg umfjöllun í þingnefnd um málið nú væri til þess að leysa úr ýmsum óvissuþáttum sem varða málið og sem ekki er líklegt að fáist upplýst með sama hætti. Þá er ég að tala um með skilmerkilegum hætti, eins og verða má við meðferð í þingnefnd, þó auðvitað geti menn rætt þessi efni þegar til 3. umr. kemur.

Því er það beiðni mín til hæstv. forseta að hann hlutist til um það að 3. umr. fari ekki fram fyrr en málið hefur verið nánar athugað í nefnd og fengið þar þá umfjöllun sem eðlileg er milli umræðna miðað við stöðu málsins.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Austurl. með að ég held það yrði til þess að greiða fyrir málinu, sem ég býst við að stjórnarsinnar hafi áhuga á, að við fáum frekari umfjöllun um það í hv. menntmn. Það liggja ekki fyrir allar þær upplýsingar sem ég tel að hæstv. menntmrh. hafi lofað að skyldu koma fram fyrir 3. umr. málsins. Þótt við höfum fengið nokkuð af gögnum á nefndarfundi í morgun eru það ekki svör við öllum þeim spurningum.

Með breytingum á þingskapalögunum var gert ráð fyrir því að nefndir ynnu mál meira en áður var og ég held það hafi verið rétt ákvörðun að breyta þingskapalögum á þann hátt. Ég held að hér sé einmitt komið dæmi um mál sem er ekki búið að fullvinna í nefnd fyrir 3. umr., m.a. með tilliti til þess að það liggur nú fyrir, samkvæmt orðum hæstv. menntmrh., að lánað verður vegna vaxtakostnaðar til námsmanna. Við vitum ekki hvað það kemur til með að þýða fyrir námsmenn, bæði hvað snertir afföll og endurgreiðslubyrði.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð félaga minna úr menntmn. sem hér hafa verið sögð. Við 2. umr. sagði menntmrh. eitthvað á þá leið að honum þætti sjálfsagt að milli umræðna færi fram athugun á málinu vegna spurninga sem komu fram í 2. umr. Ég veit ekki hvar sú athugun eða umræða hefði átt að fara fram ef ekki í menntmn. Málið var ekki á dagskrá nefndarinnar í morgun en var tekið upp undir liðnum Önnur mál. Formaður nefndarinnar ítrekaði það margsinnis að málið væri ekki á dagskrá og afgreiðslu þess væri lokið af hálfu nefndarinnar og það stæði ekki til að taka það upp aftur. En það vill nú svo til að mörgum spurningum er ósvarað í þessu máli. Eins og við vitum er þetta eitt stærsta mál sem er til umræðu á þessu þingi. Þess vegna vil ég mótmæla því að málið sé ekki tekið til frekari skoðunar í nefndinni. Ég tel fulla þörf á því og að enn þurfi að upplýsa ýmislegt í þessu máli. Ég vil beina því til forseta að hann tali við formann nefndarinnar og fái hana til að skoða þetta mál nánar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill, áður en lengra er haldið, upplýsa að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar komu á fund forseta rétt áður en þessi fundur hófst. Þeir gerðu þær athugasemdir sem hafa komið fram í þessari umræðu um gæslu þingskapa, m.a. varðandi skýrslu þá sem hv. 8. þm. Reykn. gerði að umtalsefni að væri ekki á dagskrá í dag, og spurðu hvers vegna svo væri ekki. Forseti gerði þingflokksformönnum grein fyrir því hvenær ætlunin hefði verið að setja þau mál á dagskrá. Þetta er ekki eina skýrslan sem bíður umræðu. Umræða um þessa skýrslu er hafin en aðrar skýrslur bíða umræðu og hafði forseti hugsað sér að reyna að taka einn dag í þau mál ásamt fleiri málum þingmanna. Ætlunin er að forseti hitti þingflokksformenn á eftir og ræði þessi mál. Einnig verða rædd mál varðandi LÍN. Þá verður hæstv. menntmrh. beðinn að koma þar ásamt hæstv. sjútvrh. til að ræða um hvernig leysa megi þessi mál. Forseti væntir þess að þetta sé nægjanlegt svar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í 46. gr. þingskapalaga, laga um Alþingi Íslendinga, stendur alveg skýrt í síðustu málsgr. þeirrar greinar: „Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir þá grein fyrir henni."

Hér stendur „skal", virðulegi forseti. Það er því ljóst að það hvílir lagaleg skylda á forseta Alþingis að láta þessar skýrslur koma til umræðu.

Ég hjó eftir því að forseti notaði orðin „er umræðan hafin". Ber virkilega að skilja það þannig að forseti ætli sér að fara að túlka 46. gr. þingskapa þannig að nægilegt sé að hefja umræðuna og þá sé búið að full-

nægja þessari grein? Jafnvel þannig að nóg sé að láta ráðherrann tala og þá sé umræðan hafin. Ef allir flokkar hafa ekki fengið að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum skipti það forsetann litlu máli. Ég vona að það sé ekki sá skilningur sem leggja má í orð forsetans að umræðan sé hafin.

Ég vil einnig mótmæla því að störfum þingsins sé háttað þannig að við tökum fyrir þetta mál í gær þótt útvarpsumræða sé þann daginn, greiðum fyrir þingstörfum með því að fallast á það, en síðan eigi einn þingflokkurinn, þingflokkur Kvennalistans, að bíða þangað til á föstudaginn að fá að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum. Ég vil mótmæla því að forseti þingsins komi þannig fram við einn af flokkunum í þinginu og hagi störfum með þessum hætti.

Enn fremur hefur forsetinn verið upplýstur um það að hv. þm. Halldór Ásgrímsson þarf að sinna öðrum störfum síðar í þessari viku svo hann getur ekki verið hér á föstudaginn eftir því sem mér er tjáð. Kannski er það þannig að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., tveir hræddir menn sem hlaupa út úr þingsalnum um það leyti sem þingfundur er að hefjast, þori ekki í umræður við hv. þm. Halldór Ásgrímsson í framhaldi af ræðu hans í gær hvað þá heldur aðra. Þannig sé forsetinn að aðstoða þessa tvo hræddu menn við að komast hjá umræðum á hv. Alþingi.

Það virðist nefnilega vera svo að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafi skilið þingræðið þannig að það sé nóg fyrir þá að flytja frv. en þeir þurfi ekki að taka þátt í umræðum eða rökræðum á Alþingi Íslendinga. Hér sé komið upp tilskipanakerfi þar sem menn sitji í Stjórnarráðinu, sendi frá sér lagatexta og svo sé það bara klukkan sem ráði því hvað þingið gerir við málin. En tveir ráðherrar, forustumenn ríkisstjórnarflokkanna, forðast að taka þátt í rökræðum á Alþingi um þessi frv., svara fyrirspurnum eða gera grein fyrir skoðunum sínum.

Ég held það væri mjög fróðlegt fyrir þjóðina að fara í gegnum þingtíðindin í vetur og fletta því upp hve oft hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, hefur lagt í að gera grein fyrir skoðunum sínum í almennum umræðum á Alþingi. Það eru mjög fá skipti. Sama gildir um hæstv. utanrrh.

Ég vil mótmæla því, virðulegi forseti, að umræðu um sjávarútvegsskýrsluna sé frestað þar til á föstudag. Ég tel að með því háttalagi sé verið að stefna því í hættu að umræðan verði eðlileg og það sé einnig verið að stefna í hættu umræðum um hinar skýrslurnar tvær. Ég vil formlega fara fram á það sem skýrslubeiðandi, virðulegi forseti, skv. 46. gr. þingskapalaga, að það verði settur nýr fundur síðar á þessum sólarhring og umræðan um skýrslu sjútvrh. haldi áfram síðar á þessum sólarhring.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa hv. 8. þm. Reykn. um að í huga forseta þýðir það að umræða sé hafin að henni sé ekki lokið og eftir sé að ljúka henni. Það var forseti að segja með þeim orðum að umræða um skýrslu um sjávarútvegsmál væri hafin en henni væri ekki lokið og þess vegna væri forseti með í huga að hún kæmi á dagskrá á öðrum fundi. Jafnframt vill forseti upplýsa að fram kom á fundi með formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar að ástæðan fyrir því að skýrslan um sjávarútvegsmál gæti ekki verið á dagskrá á föstudag væri fjarvera hv. 1. þm. Austurl. Sú er m.a. ástæðan fyrir því að forseti var að upplýsa að hér mundi verða boðað til fundar með formönnum þingflokka til að ræða þessi mál síðar í dag.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Var það rétt skilið hjá mér að hv. 4. þm. Austurl. væri að segja áðan að í menntmn. væri því hafnað að taka fyrir frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna? Er það rétt skilið að meiri hlutinn neiti að taka fyrir í nefndinni jafnumdeilt mál og hér er á ferðinni? Í því sambandi vísa ég t.d. til greina sem birtust í Morgunblaðinu í dag eftir Elsu B. Valsdóttur, þar sem segir:

„Getur verið að þrjóskan við að „láta undan" stjórnarandstöðunni með því að samþykkja eitthvað af þeim breytingartillögum sem hún hefur gert á frv. yfirgnæfi þá rödd skynsemi og réttlætis sem hlýtur að segja hverjum þingmanni að gera það? Sá þingmaður sem þannig hugsar er ekki verður þess trausts sem kjósendur hafa sýnt honum, sá ráðherra sem svo hugsar ber ekki hag skjólstæðinga sinna fyrir brjósti og sú ríkisstjórn sem þannig starfar, hún starfar hvorki af skynsemi né réttlæti."

Höfundur þessarar greinar situr í Stúdentaráði fyrir hönd Vöku og býr reyndar í Garðabæ. Það er því nokkuð greinilegt hvert spjótunum er beint. Í Morgunblaðinu í dag birtist líka ritstjórnargrein. Víkverji skrifar um þessi mál og skorar á þingheim að endurskoða þessi ákvæði um eftirágreiðslu námslána.

Hér er um mjög alvarleg tíðindi að ræða, sérstaklega vegna þess að í menntmn. í morgun voru lagðar fram upplýsingar, sem ég hef séð, sem staðfesta það sem ég hef verið að halda fram í ræðustólnum aftur og aftur, að það standa eftir í lánasjóðnum um næstu áramót 800 millj. kr. miðað við fjárlög ársins 1992. Það standa eftir 800 millj. kr.

Hæstv. menntmrh. hefur ekki fengist til að svara þessu af sinni hálfu, formaður menntmn. ekki heldur. En núna liggur það fyrir staðfest af Lánasjóði ísl. námsmanna að það standa eftir um áramót um 800 millj. kr. sem hefði verið hægt og væri hægt að greiða námsmönnum í haust, í staðinn fyrir að svipta námsmenn með öllu lánum og framfærslueyri í haust væri a.m.k. hægt að borga þessar 800 millj. kr. Þessar 800 millj. kr. eru ekki umfram fjárlög. Þær eru í fjárlögum íslenska ríkisins árið 1992 og það er brot á samþykkt Alþingis og fjárlögum að standa ekki við forsendur þeirra. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir er sú neitun að halda fund í menntmn. óheyrileg neitun miðað við núverandi aðstæður. Ég hlýt því að taka undir þá kröfu, sem mér skilst að minni hlutinn í menntmn. hafi sett fram, að málið verði tekið þar formlega fyrir. Ég skora á hæstv. menntmrh. núna að viðurkenna að það verða til fjármunir í Lánasjóði ísl.

námsmanna í haust samkvæmt fjárlögum til þess að greiða námsmönnum út haustlán. Ég skora á Alþfl. sérstaklega að taka á þessu máli eftir þær yfirlýsingar sem komið hafa fram m.a. frá Sambandi ungra jafnaðarmanna. Ég segi: Ef menn taka á þessu þá verða þeir að taka á því í dag því það er auðvitað augljóst mál að þetta er eitt af alstærstu málum þingsins sem eftir standa og stjórnarmeirihlutinn hefur engan stuðning úti í þjóðfélaginu við þau óhæfuverk sem hann ætlar að vinna nú, að svipta íslenska námsmenn framfærslueyri haustið 1992.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég féll frá orðinu áðan vegna þess að ég skildi mál svo að hæstv. forseti ætlaði að halda fund með formönnum þingflokka og hafa þar einnig tal af mér út af þessu máli sem er hér á dagskrá þingsins, raunar síðast á dagskránni. En ég heyri að menn vilja halda áfram og mér heyrist að hafnar séu efnisumræður um málið. (**Forseti:** Forseti ætlaði að lokinni ræðu hv. 9. þm. Reykv. um gæslu þingskapa að benda á að þetta mál er á dagskrá þingsins og mjög auðvelt að taka það til efnislegrar umræðu. En forseti getur ekki bannað hæstv. menntmrh. að tala um gæslu þingskapa og heldur hann áfram máli sínu.) Ég skal reyna að stilla mig um að tala efnislega um málið vegna þess að ég hlýt að reikna með að málið komi til efnislegrar umfjöllunar í dag þar sem það er á dagskránni.

Ég hélt satt að segja að ég hefði þegar komið nægilega oft upp í þennan ræðustól til þess að leiðrétta rangtúlkanir á því sem ég sagði í umræðunni í síðustu viku. En ég skal segja það einu sinni enn. Ég man ekki hvort það er í fjórða eða fimmta skiptið og tvisvar eða þrisvar hef ég sagt það í fjölmiðlum. En það virðist ekki ganga inn í hv. þingmenn hvað það var sem ég sagði. Það var að ég tel sjálfsagt milli umræðna að upplýsa hv. þingnefnd og hv. þingmenn um hvað það þýddi ef fallið yrði frá ákvæði 6. gr. um svokallaða eftirágreiðslu. Þetta var það sem ég sagði. Ég hef þegar upplýst hv. menntmn. um þetta atriði. Ég skrifaði menntmn. bréf og sendi minnisblað sem skýrir þetta allt saman út. Ég veit ekki nákvæmlega hversu marga klukkutíma umræðan um lánasjóðsfrumvarpið hefur staðið. Ég sá í einhverjum fréttum að það væru komnir milli 30 og 40 klukkutímar og mér er satt að segja á þessari stundu ekki ljóst hvaða spurningum ég hef ekki svarað eða hvað það er sem á enn að vera óljóst í sambandi við þetta mál og kynni að útskýrast eitthvað betur á fundi hv. menntmn. Ég vissi satt að segja ekki fyrr en áðan að það hefði verið óskað sérstaklega eftir því að ég mætti á fundi menntmn. Ég hef einu sinni mætt þar fyrr í vetur og ef ætti að taka þetta mál sérstaklega til umfjöllunar í nefndinni þá vík ég mér ekki undan því að mæta þar.

Ég vil hins vegar benda á það ákvæði þingskapa að því aðeins tekur nefnd mál til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. að gerðar hafi verið breytingar á frv. við 2. umr. sem væru ekki í samræmi við brtt. meiri hluta nefndarinnar. Þetta eru ákvæði í 39. gr. þingskapa, 2. málsgr. ef ég man rétt. Það er aftur annað mál hvort nefnd vill af öðrum ástæðum taka mál til sérstakrar umfjöllunar milli 2. og 3. umr. En skylda er það ekki nema svona fari og þannig fór ekki við atkvæðagreiðslu um málið eftir 2. umr.

Mér er ekki ljóst hvaða óvissuþættir það eru sem líklegt er að mundi greiðast úr á sérstökum fundi nefndarinnar en það má vel vera að þeir séu einhverjir sem ég ekki þekki. Ég hélt satt að segja að tekið hefði verið á öllum þáttum þessa máls á þeim 30–40 klukkutímum sem umræðan hefur staðið. En ef einhverjir eru vildi ég gjarnan heyra um þá og ef það er skoðun hæstv. forseta og formanns nefndarinnar, og ekki ætla ég að leggja stein í götu þess að hæstv. forseti og formaður menntmn. tali saman, eins og var nefnt hér áðan, að það sé ástæða til þess að tala frekar um málið og í þrengri hóp en hér ætla ég heldur ekki að leggja stein í götu þess. En ég legg afar mikla áherslu á að þessari umræðu verði fram haldið. Það eru ekki margir þingdagar eftir og eins og hér hefur komið fram er þetta eitt af stærri málum þingsins. Ekki ætla ég að draga úr þeirri fullyrðingu og ef menn eiga svona mikið ósagt þá er kominn tími til að halda áfram. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að þingflokksformenn og forseti ásamt ráðherrum menntamála og sjávarútvegs hafa rætt saman vegna þeirrar umræðu sem varð fyrr á fundinum. Það hefur orðið að samkomulagi að lánasjóðsmálinu, 12. dagskrármálinu, verði frestað en önnur dagskrármál verði tekin fyrir og rædd. Þegar þeim er lokið verði settur nýr fundur með málum sem fyrir liggja til afgreiðslu og hentugt er að setja á þá dagskrá ásamt skýrslu um sjávarútvegsmálin. Hér verður því kvöldfundur og skýrslan um sjávarútvegsmálin verður tekin til umræðu í síðasta lagi kl. hálf níu í kvöld.

Forseti vonar að þetta sé nægjanleg skýring fyrir hv. þm. og nú sé hægt að ganga til dagskrár og taka fyrir fyrsta dagskrármálið.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 875, brtt. 884.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Á þskj. 844 flyt ég ásamt Önnu Ólafsdóttur Björnsson brtt. við frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og freistum við þess nú öðru sinni að hafa áhrif á þingmenn svo fellt verði út úr frv., eins og það liggur nú fyrir, að vændi sé refsivert. Eins og þingmönnum er kunnugt kom það inn í frv. þegar það var lagt fram fyrst á Alþingi að vændi var gert refsivert og skyldi sæta fangelsi allt að fjórum árum. Í meðförum allshn. var þetta heldur mildað og eins og frv. stendur nú eftir 2. umr. segir:

„Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.“ Við leggjum til að þessar tvær málsgreinar orðist svo: „Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 5 árum.“ Þ.e. við viljum fella út úr frv. að vændi sé refsivert og við viljum þyngja refsinsu um eitt ár hjá þeim sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra, þ.e. hefur tekjur af vændi annarrar manneskju. Ástæðan fyrir því að við flytjum þessa brtt. er að við lítum svo á að þarna sé óþarft ákvæði á ferðinni. Það sé í fyrsta lagi óþarfi að hafa þetta inni og í öðru lagi sé um ákveðna ósamkvæmni að ræða í lagasetningu ef þetta verður samþykkt sem lög.

Í fyrsta lagi vil ég benda á varðandi ósamkvæmnina að það þarf, eins og öllum er vonandi ljóst, tvo til að stunda slík viðskipti sem vændi er, það þarf seljanda og það þarf kaupanda. Ef öðrum er refsað þá á samkvæmt okkar skoðun að refsa báðum aðilum. Þetta er hins vegar ekki gert í frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr.

Í öðru lagi hafa rökin fyrir því að hafa ákvæðið inni verið þau m.a. að það verði ekki notað. Þetta sé kannski til marks um siðferðisstöðu samfélagsins en það verði ekki notað, ekki nýtt til refsingar. En þá hlýtur maður að spyrja: Til hvers að hafa ákvæði í lögum sem menn telja að verði ekki notað? Við teljum að það hafi ekkert upp á sig. Eins og ákvæðið er núna geti það þjónað tvíþættum tilgangi: Annars vegar má segja að það dragi úr vernd þeirra sem stunda vændi. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að vændi er nú einu sinni þannig að það hefur fylgt mannkyninu sjálfsagt frá örófi alda. Ef við gerum það refsivert erum við að koma málum þannig fyrir að þeir sem stunda vændi geti ekki leitað sér aðstoðar t.d. ef þeir eru ofbeldi beittir vegna þess að þeir hafi sjálfir tekið þátt í að stunda refsivert athæfi sem má fangelsa fyrir allt að tveimur árum. Í öðru lagi teljum við að þetta þjóni kannski þeim tilgangi að setja hömlur á kynfrelsi fólks og það sé rangt að gera slíkt þegar engin nauðung eða misnotkun er á ferðinni. Nauðung og misnotkun hvers konar er refsiverð samkvæmt því frv. sem liggur fyrir og á að vera það að sjálfsögðu en ekki þegar fólk ákveður af fúsum og frjálsum vilja að stunda slíkt athæfi. Þetta er það sem við viljum gera brtt. um við 3. umr.

Þegar frv. kom til 1. umr. á þinginu gerði ég ótal athugasemdir við það og ég fagna því að þær athugasemdir hafa átt sér málsvara og hljómgrunn í allshn. Frv. hefur tekið miklum og ágætum breytingum frá því að það var lagt fram hér fyrst. Þær breytingar hafa verið ágætar og flestar til bóta. Svo er þó ekki um þær allar. Mig langar til að geta þess sérstaklega í þessu sambandi að ég er afskaplega ósátt við það að allshn. skyldi taka út orðið manneskja alls staðar og setja maður inn í staðinn. Ef þingmenn eru með frv. fyrir framan sig hljóta þeir að sjá hvað þetta kemur kjánalega út í texta. Mig langar bara til að lesa tvö dæmi. Ég held að í málvitund flestra Íslendinga sé maður karlmaður, þannig skynjum við orðið, ekki síst þegar það kemur fram í samfelldum texta. Nú ætla ég að lesa fyrir þingmenn: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega,“ o.s.frv. Þegar ég les þetta svona þá held ég að í augum flestra sé hér um tvo karlmenn að ræða. Ég ætla að taka annað dæmi í 7. gr. Þar segir og er í rauninni enn hjákátlegra ef rétt væri með íslenskt mál farið: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann vegna þess að hann heldur ranglega að þau ...“ Það stendur „þau“ í frv. Ef nefndin væri sjálfri sér samkvæm ætti að standa þarna „þeir“ og þá les ég: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann vegna þess að hann heldur ranglega að þeir hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð ...“ Velkist nokkur í vafa um að þarna er verið að tala um tvo karlmenn? Ekki geri ég það samkvæmt minni málvitund og ef hv. Alþingi og allshn. er sjálfri sér samkvæm hefur hún ekki orðið „þau“ heldur „þeir“ þarna inni. Vegna þess að hver, sem er frumlag í þessari setningu, vísar til karlkyns og svo kemur maðurinn inn sem líka er karlkyn. Með öðrum orðum er verið að tala um tvö karlkynsorð og þá kemur ekki „þau“ inn heldur „þeir“. Ég vil biðja fólk að skoða þetta og ég vil biðja allshn. að athuga þetta áður en hún afgreiðir málið frá sér við 3. umr. Mér finnst samkvæmt minni málvitund og minni málkennd að þarna hafi verið rangt að farið hjá allshn. að breyta frumvarpstextanum frá því sem var og kom úr dómsmrn. Ég vil fá einhver svör við því hvernig á því standi að nefndin hafi haft inni orðið þau í 7. gr. þegar hún samkvæmt sinni eigin röksemdafærslu ætti að hafa orðið þeir? Ég vil gjarnan fá svör við þessu hér, hæstv. forseti.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Þessa umræða, að breyta orðinu manneskja í maður, hefur þegar farið fram á hinu háa Alþingi. En varðandi þessa ábendingu um 7. gr. frv. sem er allra góðra gjalda verð er rétt að taka það fram að þegar um samkynhneigða er að ræða geta þeir ekki gengið í hjúskap eða búið í óvígðri sambúð. Þessi ákvæði 7. gr. eiga því ekki við samkynhneigða aðila. Textinn í 7. grein stenst því fyllilega. Þetta var reynda rætt sérstaklega á fundi allshn. í morgun vegna þess að fram kom ábending um þetta atriði. Nefndin taldi að þessi texti mætti standa eina og hann kemur fyrir í frv.

Ég vil vekja athygli á því að í þeirri brtt. sem hér liggur fyrir frá Kvennalistanum er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að fella niður 1. mgr. frv. sem kveður á um að hægt sé að refsa fyrir vændi ef það er stundað sem atvinnugrein. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að menn velti þessum hlutum fyrir sér enda var það gert í allshn. Meiri hluti hennar komst þó að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að breyta núgildandi hegningarlögum hvað þetta atriði varðar. Ég vek aftur athygli á því að vændi er almennt ekki refsivert. Það er ein-

ungis í þessu sérstaka tilviki sem kveðið er á um viðurlög. Það byggir á þeim grundvelli og eðli refsilöggjafar að hver einstaklingur beri ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart samfélaginu og því að hegningarlögum er ekki einungis ætlað að kveða á um viðurlög við afbrotum heldur, og það er ekki síður mikilvægt, að koma í veg fyrir afbrot með varnaðaráhrifum.

Það er auðvitað ekki útséð um það hvort ákvæðið verður notað. En hv. þm. geta velt því fyrir sér hvaða skilaboð löggjafinn mun gefa út í þjóðfélagið ef þessi brtt. Kvennalistans verður samþykkt. Það er örugglega ekki vilji meiri hluta þjóðarinnar að hér verði opnað fyrir vændi sem atvinnugrein almennt þótt menn loki e.t.v. augunum fyrir ýmsu í þessum málum. Þess má geta að Danir og Norðmenn hafa sambærileg ákvæði í sínum hegningarlögum og Svíar ætla sér að reyna að taka harðar á vændisstarfsemi. Reyndar hafa þegar verið greidd atkvæði á hinu háa Alþingi um sambærilega tillögu.

Fyrsta málsgreinin er einungis lítill hluti af 13. gr. frv. sem er alls fimm málsgreinar þar sem aðalábersla er lögð á milliliði svonefnda og þá sem vilja notfæra sér lauslæti annarra. Á þetta er lögð mikil áhersla og t.d. er í 5. málsgr. nýtt ákvæði sem kveður á um refsingu til handa þeim sem stuðla að því með ginningu, hvatningu eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði gegn greiðslu eða geri sér lauslæti annarra að tekjulind. Enn fremur gerði allshn. tillögu um að til viðbótar við útflutning fólks í þessu markmiði sé einnig refsivert að stunda innflutning fólks í þessu markmiði.

Brtt. Kvennalistans gengur í öðru lagi út á það að hækka refsihámark í 2. málsgr. 13. gr. úr fjórum árum í fimm ár. Það er engin önnur efnisleg breyting lögð til miðað við frv. og ég vek sérstaka athygli á því. Þetta er í raun lagatæknilegt atriði þannig að refsihámark varðandi milliliði í 13. gr. eru alls staðar fjögur ár og þar að auki er refsiverndin gerð miklu víðtækari en nú er. Ekki þykir því ástæða til að breyta fjórum árum í fimm enda er fimm ára refsihámark hvergi í hegningarlögum. Að öðru leyti er hér, virðulegur forseti, um mjög mikilvægt frv. að ræða og ég vona að í heild muni myndast um það breið samstaða á hinu háa Alþingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi fékk ég ekki svar við því í ræðu hv. formanns allshn. hvernig á því stendur að „þau", þ.e. ekki „þeir", stendur þarna inni vegna þess að frumlagið „hver" vísar til „maður", til karlkyns, og síðan segir í greininni: „hefur ... kynferðismök við mann" sem er líka karlkyn og þá hlýtur að eiga að standa þarna þeir en ekki þau ef nefndin er sjálfri sér samkvæm. Og ég spyr hvernig á því standi að „þau" er þarna inni og við því hef ég ekki fengið neitt svar. Ég var ekki að spyrja hvort þetta gæti náð til samkynhneigðra heldur hver væru rökin á bak við þetta.

Varðandi samkynhneigða, fyrst formaður allshn. kom inn á það, þá geta þeir að sjálfsögðu búið í óvígðri sambúð þótt hún hafi engan lögformlegan „status". Þeir geta samt búið saman og búið saman árum saman og þar af leiðandi er í raun um óvígða sambúð að ræða þótt hún njóti ekki lagaverndar.

Varðandi vændið þá sagði formaður allshn. að það væri almennt ekki refsivert samkvæmt þessum lögum. Þá hlýt ég að biðja um skilgreiningu á vændi því það segir: „Hver sem stundar vændi sér til framfærslu ..." Ég hef alltaf litið svo á að menn þyrftu að hafa framfærslu einhvers konar af því að selja líkama sinn til þess að teljast stunda vændi. En það er greinilega einhver annar skilningur á ferðinni í allshn. og ég hlýt því að spyrja hvernig menn skilgreina hugtakið vændi.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir miður ef hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur misskilið orð mín. Ég held að við þurfum ekki að fara út í ítarlegar umræður um það hvað felist í vændi. Ég vil aðeins ítreka það sem áður hefur komið fram að í þessu tilviki, í 1. málsgr. 13. gr., er vændi til framfærslu skýrt þannig að þar sé átt við að vændi sé stundað sem atvinnugrein og sé þá eina atvinnan sem stunduð er.

Varðandi 7. gr. er rétt að það komi skýrt fram að með orðinu „þau" er vísað til karls og konu vegna þess að það eru einungis karl og kona sem geta gengið í hjúskap samkvæmt íslenskum lögum og búið í óvígðri sambúð. Eins og ég sagði áðan var þetta mál rætt sérstaklega í allshn. í morgun og menn sáu ekki ástæðu til að breyta textanum.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 10. Reykv. fyrir að vekja máls á þessu atriði í 7. gr. frv. Eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv., formanni allshn., var þetta mál sérstaklega rætt í allshn. í morgun að mínu frumkvæði því ég staldraði við þetta atriði þegar ég las frv. í gær eftir að hafa komið aftur til þingstarfa eftir fundahöld í útlöndum. Ég sá að þarna var orðið „þau" og ég taldi að það væri athugunarvert hvort ekki væri ástæða til að breyta því og orða þessa grein á annan hátt, t.d. með því að segja: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann vegna þess að hann heldur sig ranglega hafa samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi ..." Það mundi leysa þetta mál og taka af allan. vafa varðandi spurninguna um málfræðina í þessu.

Ég ræddi þetta við starfsmenn Alþingis í gær en þá var mér bent á að þetta hefði verið ítarlega kannað og ekki talin ástæða til að orða það með öðrum hætti. Þegar ég tók það svo upp í hv. allshn. í morgun hlaut það engan stuðning og menn bentu m.a. á að þarna er verið að tala um að aðilar hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð. Samkvæmt íslenskum lögum væri þar alveg tvímælalaust um karl og konu að ræða. Síðan kemur áframhaldið: „eða hann er í þeirri villu að hann heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan ..."

en þar er hins vegar um annað atvik að ræða og þar gæti þetta staðið.

Þetta voru þær röksemdir sem fram komu í nefndinni fyrir utan það að á það var bent af þeim sem fara hér með þingskjöl að ástæðulaust væri að breyta þessu. Þess vegna féll ég frá hugmynd um að flytja breytingartillögu og lét sannfærast um þetta atriði. Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram í umræðunum og vegna þess að á það var minnst.

Varðandi það hvort orðið manneskja eigi að taka við af orðinu maður í þessu frv. tel ég það algjörlega ástæðulaust. Mér finnst að það yrði farið inn á nýjar brautir við smíði íslenskra laga að viðurkenna ekki að orðið maður nái bæði til karls og konu. Ef við teljum það nauðsynlegt í þessum lagabálki að taka orðið manneskja fram yfir orðið maður þyrftum við með sama hugarfari að fara yfir öll lagafrumvörp sem hér koma til athugunar. Jafnvel í þessu frv. var orðið manneskja aðeins notað í ákveðnum greinum en hins vegar kom orðið maður inn aftur í 14. gr. t.d. þar sem segir: „Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot ...“ Þetta stóð svona í frumvarpinu þannig að orðið manneskja var aðeins notað í nokkrum greinum þessa frv. og hefði þá aðeins verið notað í nokkrum greinum hinna almennu hegningarlaga, aðeins í þeim greinum sem hér er fjallað um en á öðrum stöðum hefði orðið maður verið. Það hefði því verið stílbrot, einnig í almennu hegningarlögunum ef orðið manneskja hefði verið tekið inn í þessar fáu greinar. Það var algjör samstaða um þetta í nefndinni ef undan er skilinn fulltrúi Kvennalistans. Að vísu undirrituðu nefndarmenn breytingartillögur nefndarinnar með fyrirvara en að öðru leyti var samstaða um það að skipta þarna um og nota orðið maður. Ég tel að það sé alveg ástæðulaust og engin rök fyrir því að hverfa frá þeirri málvenju í almennu hegningarlögunum að nota orðið maður í þessu tilviki eins og öðrum. Ég hafði sjálfur, eins og hv. 10. þm. Reykv., rekist á þetta orðalag í 7. gr. en eftir ítarlegar umræður í nefndinni féll ég frá því að gera breytingartillögu.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það hefur lengi beðið að endurskoða íslensku hegningarlögin. Þegar þau eru lesin er mjög augljóst hvað þau eru gömul að stofni til og þá ekki síst sá kafli sem hér er einkum til umræðu.

Mér finnst umræðan sem hér hefur farið fram bera þess nokkurn vott hversu lítið menn vita í rauninni um ástand þessara mála hér á landi. Þetta vekur þá hugsun hjá mér hversu brýnt það er að kanna útbreiðslu vændis hér á landi, af hvaða tegund það er og af hvaða orsökum. Vændi er í fræðibókum skipt niður í mismunandi greinar. Það er talað um fínt vændi og ófínt vændi, götuvændi og hins vegar vændi sem fer fram á mjög skipulagðan hátt ýmist af hálfu einstaklinga eða það er skipulagt í stórum stíl. Eins og kom fram hjá formanni allshn. er verið í þessum lögum að hugsa um að koma í veg fyrir innflutning á vændi en það er fyrirbæri sem hefur borið nokkuð á í ýmsum löndum. Ég get nefnt það að ég var nýlega á fundi í Valencia á Spáni þar sem var verið að fjalla um fólksflutninga, löglega og ólöglega. Þar kom fram að á Spáni er innflutningur á konum frá Marokkó ákveðið vandamál. Það væri ákaflega fróðlegt að fá að vita hvort hér á landi er um slíkan innflutning að ræða. Úr því að dómsmálaráðherra er kominn í salinn vil ég beina þeim tilmælum til hans að hann láti framkvæma könnun á því hversu víðtækt vændi er hér á landi og af hvaða gerð það er.

Mér er kunnugt um að fyrir allnokkrum árum var gerð könnun á þessu en hún var auðvitað mjög takmörkuð. Þetta er erfitt mál að fást við en ég hef grun um og hef fyrir mér orð fólks, sem vinnur við barnaverndarmál og mál tengd unglingum sem eiga í erfiðleikum, að vændi sé útbreiddara en við gerum okkur kannski grein fyrir.

Það kom fram hjá formanni allshn., hv. þingkonu Sólveigu Pétursdóttur, að Danir og Svíar væru að herða sín lög hvað þetta varðar. Það kemur mér mjög á óvart því að stefnan hefur víðast hvar verið sú að slaka á þessum lögum og reyna frekar að taka á hinum félagslegu þáttum. Það hefur stundum verið sagt að vændi væri ein elsta atvinnugrein í heimi og það er þekkt allt frá dögum Súmera fyrir 5–6 þús. árum að vændi tíðkaðist þar og þá einkum með þeim hætti að konum var rænt. Nú segi ég konum en það vill svo til að kannski er mesta breytingin sem orðið hefur varðandi vændi á undanförnum árum sú, og þá er ég að vísa til Evrópu og ekki síst Norðurlandanna, að það eru ungir drengir sem stunda vændi. Þess vegna finnst mér að taka þurfi það til athugunar í þessum lögum að það er auðvitað ekki bara verið að tala um karl og konu. Það er líka verið að tala um tvo karlmenn. Ég vil beina því til nefndarinnar að hún athugi textann út frá þessu sjónarmiði. Það er miklu minna um það eftir því sem ég hef lesið að það sé um vændi að ræða þar sem tvær konur eiga í hlut. Þó er það eflaust til.

Hér var komið nokkuð inn á tungumálið og það vill svo til að tungumálið er eitt af því sem mótar vitund okkar og skilning á samfélaginu. Lagatexti er auðvitað hluti af því og okkar tungumál er ákaflega karlstýrt, rétt eins og þjóðfélagið, það hafa verið gerðar miklar rannsóknir á þessu. Lögin bera auðvitað svip af því og þess vegna tel ég rétt að reyna einmitt að breyta lagatexta þannig að hann höfði til beggja kynja. Ég get tekið undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að þegar maður les lagatexta og ýmsa aðra texta fær maður þá tilfinningu að það sé alls ekki verið að tala um konur heldur aðeins karla.

Þegar við í þingflokki Kvennalistans ræddum hugsanlegar breytingartillögur á hegningarlögunum komum við með þá uppástungu að í stað orðsins „hann“ væri sagt „hann eða hún“. Það væri því ljóst að verið væri að vísa til beggja kynja og ég held að það sé miklu nær þeim raunveruleika sem við búum við í þessum efnum.

Að lokum, herra forseti, vil ég ítreka það sem ég sagði að mér finnst þessi umræða vera nokkuð gamaldags og bera þess vott að menn viti ekki alveg um

hvað málið snýst. Ég tel það ekki ásættanlegt að refsað sé fyrir það að selja líkama sinn en þeir sem kaupa séu ekki beittir neinum refsingum. Ég get nefnt það hér að víða erlendis hafa kvennahreyfingar stundað það að ná niður bílnúmerum og nöfnum á þeim sem kaupa sér slíka þjónustu til þess að vekja athygli á því að það er ekki einn sem á að refsa, ef menn vilja refsa, heldur tveir. Ég tel að það sé frekar ástæða til að slaka á í þessu efni. Vændi er oftast neyðarúrræði, úrræði til að sjá sér farborða en þó sýna rannsóknir að æ meira er um það að vændi sé stundað að eigin vali og án þess að viðkomandi finnist neitt athugavert við það. Þarna erum við náttúrlega komin að grundvallarspurningum um siðferði og hugmyndum okkar um siðferði.

Ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri og ég skora á dómsmálaráðherra að láta kanna þessi mál. Ég beini því til nefndarinnar að hún íhugi nú enn einu sinni þá orðanotkun sem hér á sér stað.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að það er ekki rétt eftir haft hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að ég hafi sagt að bæði Danir og Svíar væru að herða sína löggjöf heldur benti ég einungis á það að Danir og Norðmenn væru með sambærileg ákvæði í sínum hegningarlögum og 1. mgr. 13. gr. hljóðar í þessu frumvarpi. Hins vegar hef ég fengið þær upplýsingar að Svíar hyggist taka harðar á alls kyns vændisstarfsemi.

Mér finnst líka gæta misskilnings hér vegna þess að ég vil taka skýrt fram að þetta mál hefur verið unnið mjög vel í allshn. og mjög ítarlega rætt og ég hygg að nefndarmenn hafi fulla vitneskju um það hvað hér er um að ræða. T.d. vil ég taka það skýrt fram að ein af meginbreytingunum í þessu frv. er að hér eftir verða þessi ákvæði frv. ókynbundin, þ.e. þau ná bæði til karla og kvenna og þau ná líka til fólks sem er af sama kyni, þar sem um tvo karlmenn er að ræða. Ég vil benda á það sérstaklega að það er ekki síst með þau brot í huga, þar sem um er að ræða kynferðisbrot gagnvart börnum og gerandinn er karlkyns, við vitum að það hafa verið mörg dæmi um það. Það er ekki að ástæðulausu sem þessi breyting er gerð á hegningarlögunum eða þessi tillaga kemur fram um það. Mér er fullkunnugt um það frá mínu starfi, barnaverndarstarfi, að það er ýmislegt sem viðgengst hér undir yfirborðinu.

En ég get hins vegar tekið undir það með hv. þm. að það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta efni.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Vegna þess að hér er verið að ræða um merkingu orðsins maður þykir mér rétt að vekja athygli á því að þau mál hefur fyrr borið á góma á hinu háa Alþingi. Þann 16. mars 1964 var umræða í neðri deild Alþingis um nafnbreytingu á lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, vegna þess að karlar höfðu komið inn í þá stétt og voru uppi tvær tillögur, að sjóðurinn héti lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna eða lífeyrissjóður hjúkrunarfólks. Veturinn 1964 vildi svo til að sá sem þetta mælir var þingfréttaritari og þá var haldin ræða sem mér hefur ekki úr minni farið. Hana hélt þáverandi forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson. Með leyfi forseta, þá var ræðan svona:

„Herra forseti. Þetta þykir kannske of lítið mál til að deila um en ég vil alls ekki fallast á það að konur séu ekki menn. Þetta er hrein málvilla sem á að fara að láta okkur samþykkja hér. Það er latmæli tekið upp á síðustu áratugum að kalla konur ekki menn. Samkvæmt gamalli íslenskri málvenju og algerri hefð eru konur auðvitað menn. Þess vegna er ekki hægt að samþykkja þessa vitleysu og réttast væri að vísa henni frá."

Mér sýnist að þessi ræða sé í fullu gildi enn þann dag í dag.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mál og sem ég efast ekki um að vel hafi verið unnið í nefnd og eins og hér kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar. En ég verð þó að segja að þegar ég les 7. gr. þá skil ég hana ekki og mér finnst svo ótrúlegt að það skuli ekki vera hægt að orða hana einhvern veginn þannig að hún sé betur skiljanleg. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann vegna þess að hann heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum."

Það er ekki auðvelt að skilja þennan lagatexta. Ég fór til eins nefndarmanna og fékk þetta túlkað yfir á venjulegt mál svo að nú skil ég hvað þetta þýðir. Ef við setjum „hún" alls staðar í staðinn fyrir „hann" þar sem orðið hann kemur fyrir í textanum þá skiljum við textann betur og vitum hvers konar vandamál hér er um að ræða. Ég veit að það er ekki hægt að breyta honum þannig en maður skilur hann betur: Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við konu vegna þess að hún heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hún er í þeirri villu að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum."

Ég veit að miðað við það að orðið maður kom inn í textann og gildir bæði fyrir karla og konur er ekki hægt að breyta textanum eins og ég las hann í seinna skiptið. Ég er ekki að gera neitt að gamni mínu hér. Mér finnst bara mikilvægt að textinn sé auðskiljanlegur og mér finnst strax að hann sé betur skiljanlegur ef hér stæði: Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann og viðkomandi heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi. Þetta eru kannski smámunir en ég vildi samt að þetta kæmi hér fram, hæstv. forseti.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu en úr því að ég

er kominn í stólinn þá ætla ég fyrst að segja að ég tel að nefndin hafi bætt þetta frumvarp talsvert mikið frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og ég tel að nefndin hafi að mörgu leyti tekið tillit til umsagna með skynsamlegum hætti. Hér er um að ræða afar viðkvæman en um leið mjög mikilvægan þátt í hinum almennu hegningarlögum þar sem löggjöf okkar hefur verið óljós og villandi á köflum eins og málin hafa verið. Ég held að það sé nauðsynlegt í framhaldi af þeirri umræðu sem fer núna fram um þetta mál að menn setji sér það á næsta þingi að tekið verði á vinnubrögðum réttarkerfisins í kringum þennan kafla hegningarlaganna í heild.

En ég kvaddi mér hljóðs vegna ræðu hæstv. umhvrh. sem vitnaði í afar snjalla ræðu fyrrv. hæstv. forsætisráðherra Bjarna Benediktssonar, stutta, glögga og skýra ræðu. Þar fannst mér margt vera vel kveðið og sagt og a.m.k. stutt og greinargott og í alveg hróplegri mótsögn við 7. gr. þessa frv. eins og það lítur út núna og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir las hér áðan. Mér er með öllu ókleift að ná þessum texta og ég held að þingið eigi ekki að láta þetta fara frá sér svona og menn eigi að fresta 3. umr. og biðja einhverja orðhaga menn um að setjast aðeins yfir þetta og skoða málið. Það má heita sama hversu fjölskrúðugt hugmyndaflug menn kunna að hafa, útilokað er að botna í fyrri málsgreininni eins og hún er. Vafalaust má skrifa langa ritgerð hvað hún þýðir, en þá missir lagatextinn náttúrlega marks ef hann þarf mjög ítarlegar greinargerðir til þess að menn átti sig á hlutunum. Mér fannst satt að segja sú virðingarverða tilraun ekki nægja sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hafði uppi til þess að reyna að skýra þetta. Ég sé ekki betur en óhjákvæmilegt sé að skipta 1. mgr. 7. gr. frv., 199. gr. hegningarlaganna, upp í þrjá málsliði til þess að þetta geti gengið. Þetta gengur alls ekki svona og ég held satt að segja að nauðsynlegt og æskilegt væri fyrir dómsmálaráðuneytið að það léti almennt skoða betur þá texta sem koma frá nefndum sem undirbúa mál af þessu tagi fyrir Alþingi. Þeir eru satt að segja alveg ofboðslega flóknir, a.m.k. fyrir þá menn sem eru vanir því að lesa fyrst og fremst íslensku þessarar aldar.

Ég efast ekki um að þeir þingmenn sem hafa vald á sögu Súmera, bæði eldri og yngri, eins og hv. 18. þm. Reykv., komist í gegnum munkalatínu af þessu tagi, en ég verð að játa það á mig að ég er í hópi þeirra þingmanna sem eru svo vankunnandi að það dugir mér ekki enda er ég afar illa að mér í sögu Súmera bæði eldri og yngri. Mér er að vísu kunnugt um að hér hefur verið starfandi prýðilegt félag sem hefur aðallega fjallað um menningu Súmera eldri. Í því eru þrír menn og mætti auðvitað hugsa sér að leggja málið fyrir þá sérstaklega en það gæti hins vegar orðið of viðurhlutamikið því að þeir eru ekki vanir því að vinna mjög rösklega í því félagi. Án þess að það félag komi þessari sérstöku umræðu um hegningarlögin við þá mun ég ekki rekja það nánar hvernig það félag starfar, en veita þingmönnum upplýsingar um það í einkasamtölum ef eftir því verður óskað.

En ég óska eftir því og spyr hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að komast að samkomulagi um það við formann nefndarinnar að greitt verði úr munkalatínunni í fyrri mgr. 7. gr. því að þetta er algjörlega óskiljanlegt eins og það er núna og ég er sannfærður um að einn og einn þingmaður annar en ég leynist hér í salnum, hvað þá heldur utan salarins, sem ekki myndi treysta sér til þess að útskýra hvað er átt við með þessum texta.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get svo sem skilið að hv. þm. Svavar Gestsson eigi í nokkrum erfiðleikum með að skilja þessi ákvæði í löggjöfinni, en ég tók með mér lagasafnið upp í ræðustólinn til þess að lesa upp fyrir hann hvernig þessi grein hljóðar í núgildandi hegningarlögum, en það er 199. gr. Ég ætla að lesa hana upp til þess að reyna að skýra frekar hvað er átt við í texta frumvarpsins.

Í núgildandi hegningarlögum hljóðar þessi grein á þennan hátt: „Hver sem kemst yfir kvenmann vegna þess að hún heldur ranglega að þau hafi samræði í hjónabandi eða hún er í þeirri villu að hún telur sig hafa samræði við einhvern annan mann þá varðar það fangelsi allt að sex árum.“ Þarna er um kynbundið ákvæði að ræða. Það á einungis við um konu alveg eins og í 194. gr. hegningarlaganna í dag þar sem fjallað er um nauðgun þar sem rætt er um ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis.

Eitt meginhlutverk og eitt meginmarkmið þessa frumvarps er að þessi ákvæði nái til beggja kynja. Þess vegna hljóðar frumvarpstextinn svo eins og hann er settur fram í þessu frumvarpi. Ekki er ástæða til þess að kljúfa 1. mgr. upp í tvær eða jafnvel þrjár málsgreinar. Ég skil ekki alveg hvað er átt við með því að tala um þrjár málsgreinar, en ég vek sérstaka athygli á því að 2. mgr. 7. gr. er nýmæli í frv. Í athugasemdum með frv. segir um 7. gr., með leyfi virðulegs forseta:

„Auk þeirra tveggja svikaþátta, sem fyrir eru í gildandi ákvæði, er bætt við svikum í sambandi við læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð. Rétt þykir í 1. mgr. ákvæðisins að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.“

Ég held því að menn séu að gera þessi mál óþarflega flókin. Ég hef a.m.k. ekki orðið vör við það fyrr í umræðunni að texti frumvarpsins væri eitthvað óskýr.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hv. 6. þm. Reykv. komst þannig að orði í umræðum í gærkvöld að fundir á Alþingi í vetur væru yfirleitt langir og leiðinlegir og það væri stjórnarandstöðunni að kenna. Hv. 6. þm. Reykv. stuðlaði að sjálfsögðu ekki að því að haldnir væru langir og leiðinlegir fundir þegar hún var í stjórnarandstöðu eða hitt þó heldur, en mér sýnist að komin sé upp ákveðin þrjóska af hálfu hv. þm. Auðvitað er alveg augljóst mál að allir þingmenn viðurkenna að það þarf að orða hlutina með gleggri hætti og ég fer fram á það með fullri vinsemd að menn setjist yfir það og reyni að skoða það

aðeins betur. Hér í salnum er einn af okkar bestu rithöfundum sem kann að skrifa svo að t.d. börn skilja. Það mætti hugsa sér að hv. 14. þm. Reykv. yrði beðinn um að orða þetta þannig að börn skilji en það er gott fyrir þingmenn að skilja oft eins og börn og mættu gera það oftar en þeir þykjast gera.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Form. allshn. sagði það hér að hún hefði ekki orðið vör við það fyrr í umræðunni að þingmenn skildu ekki 1. mgr. 7. gr. Þá hefur hv. form. allshn. ekki hlustað vel í 1. umr. því að það var einmitt þessi málsgrein sem ég gerði sérstaka athugasemd við við 1. umr., las hana sérstaklega upp og beindi þeirri spurningu til þingmanna hvort þeir skildu málsgreinina eins og hún hljóðaði þá. Þar var þó inni hugtakið „manneskja" en setningin verður tæplega miklu skiljanlegri þannig þótt það sé kannski heldur skárra. Því er ekki rétt að við þessa málsgrein hafi ekki verið gerð athugasemd fyrr á þinginu. Það var gert strax við 1. umr.

Hæstv. umhvrh. vitnaði í snjalla ræðu fyrrv. forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, sem hann hélt árið 1964 og þar sem hann hélt því fram fullum fetum, sem er alveg rétt, að konur væru menn. Það eru konur sannarlega, konur eru menn. En konur eru líka manneskjur og svo eru konur líka bara konur og það er nokkuð sem er spurning hvort megi ekki fá að vera og hvort það orð og t.d. kvenkyns persónufornöfn megi ekki koma fyrir í lagatexta. Það er dálítið sérkennilegt að lesa lagatexta, sem fjallar einmitt um kynferðisbrot, og við vitum að þau eru mun algengari gagnvart konum en körlum, að kvenkyns persónufornöfn skuli hvergi koma fyrir í þessum lagatexta. Konur eru með öllu ósýnilegar í textanum og öll persónufornöfn sem þar koma fyrir eru karlkyns. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hitti naglann á höfuðið þegar hún kom inn með persónufornafnið „hún" og setti það inn í 7. gr., að það er auðvitað þessi áþreifanlega fjarvera kvenkyns persónufornafna í lagatextanum sem maður hnýtur um. Ég hefði sjálf helst viljað sjá þennan texta þannig að það væri hreinlega inni í honum hugtakið „kona" og þá stæði: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við konu vegna þess að hún ..." og það yrði útskýrt síðan í grg. með lagatextanum að að breyttum breytanda nái þetta að sjálfsögðu til karla líka. Af hverju má hugtakið kona ekki standa inni og vera síðan með slíkri skilgreiningu að að breyttum breytanda næði þetta til karla líka? Þannig held ég að við værum ekki með konur algjörlega ósýnilegar inni í lagatexta. Ég hef grun um ef við skoðun íslenskt lagasafn að konur séu þar harla ósýnilegar vegna þess hvernig þetta stofnanamál er.

Ég vil þó vekja athygli á einu sem gæti kannski komið jákvætt út úr umræðunni ef frumvarpið verður óbreytt að lögum að við höfum þá skýringu á Alþingi og þá viðurkenningu á Alþingi að við eigum ekki bara að horfa bara á nafnorðin og kyn nafnorðanna heldur skoða á bak við nafnorðin og sjá hvers kyns persónan er sem stendur á bak við nafnorðin. Hv. form. allshn. sagði að það væri „þau" inni í 7. gr. vegna þess að það hlyti að vera karl og kona sem væru í hjónabandi eða óvígðri sambúð. Með öðrum orðum, hún fer á bak við frumlagið „hver" og síðan andlagið „mann" og segir að á bak við þetta stendur „karl og kona" og þar af leiðandi getur staðið „þau" inni í lagatextanum. Við erum þá búin að fá viðurkenningu á því að við getum í öðru samhengi líka gert þetta sama. Við getum t.d. sagt „hún" um forsetann en þurfum ekki endilega að segja „hann" eins og íslensk málvenja býður okkur. Ég vil því líta svo á að við höfum fengið stimpil Alþingis fyrir því að við megum eftirleiðis í textum og öðru fara á bak við kyn nafnorðsins og skoða hvaða persóna stendur á bak við nafnorðið.

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil blanda mér í umræðuna undir formi andsvars. Ég hef hins vegar ekki fylgst náið með umræðunni efnislega og ætla ekki að blanda mér í það í samhengi frumvarpsins heldur einvörðungu í sambandi við málnotkun.

Mér hefur alllengi verið hugleikin spurningin um notkun orðsins maður og sem andheiti við konu og mér finnst vera alveg fáránleg málnotkun og er því miður að festast nokkuð í sessi.

Það á að sjálfsögðu að nota karl og kona sem andheiti og maður sem samheiti yfir tegundina maður, en orðið manneskja er alveg hræðilegt orðskrípi samkvæmt minni máltilfinningu og ég vona að menn geti sameinast um að ýta frá í íslensku máli og nota sem allra minnst. Hins vegar er alveg greinilegt að ýmsir eru farnir að bera sér þetta orð í munn vegna þess að þeim finnst það eitthvað hlutlausara gagnvart konum en orðið maður og segja þá manneskja.

Hins vegar er ekki innifalið í orðinu manneskja að það þurfi að vera kona frekar en karl út af fyrir sig heldur er það einhver útvötnun á heitinu yfir tegundina maður.

Þetta er innlegg mitt inn í umræðuna. Ég vil bæta því við að mér finnst það að taka upp í mjög ríkum mæli kona í sambandi við starfsheiti þar hefur verið notað maður hefðbundið eiginlega heldur vandræðalegt. Ef menn ætla að festa slíkt í málinu á að nota andheitið karl og segja þingkarl og þingkona, en ekki þingmaður og þingkona. Það er tóm endileysa samkvæmt minni máltilfinningu.

Ég ræddi þetta reyndar á einni hljóðvarpsstöðinni fyrir nokkrum mánuðum. Þá kallaði ég til sérfræðing frá Orðabók Háskólans til að ræða þetta efni sérstaklega og þróun notkunar orðsins maður í samhenginu karlmaður fyrr á tíð. Það var hið fróðlegasta mál sem þessi sérfræðingur í íslensku máli hjá Orðabókinni flutti. Vafalaust er sá texti til í fórum hans því að hann hafði undirbúið sig ágætlega. Hann benti vissulega á að notkun orðsins maður yfir karlmann liggur nokkuð langt til baka í íslensku máli. Það er því komin nokkur hefð á að nota það blandað yfir karl og hins vegar yfir tegundina.

Þetta er rétt til upplýsingar um þennan hlut og ég vona að menn finni út úr þessari flækju og mér heyrist að það sé þörf á því að haga betur orðum í því frv.

sem er til umræðu án þess að ég hafi gaumgætt það.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir athugasemdir varðandi íslenska tungu. En við erum greinilega ekki sammála því að ég lít á konur sem menn.

En varðandi það atriði sem hv. þm. sagði áðan, eða þingkona eins og fulltrúar Kvennalistans kalla sig á þingi, um það að ég hafi sagt að ekki hafi komið fram athugasemdir áður um 7. gr., þá er það ekki rétt skilið vegna þess að mér er kunnugt um að athugasemdir komu fram við 1. umr. frá Ingibjörgu Sólrúnu, hv. þingkonu Kvennalistans. Hins vegar komu engar breytingartillögur fram frá fulltrúum Kvennalistans við 2. umr. í málinu og ég man ekki til þess að fulltrúi Kvennalistans í allshn. hafi gert athugasemdir við texta 7. gr. enda þótt hún hafi að sjálfsögðu verið sammála samflokksmönnum sínum um að halda orðinu „manneskja“ inni.

Þetta vildi ég að kæmi fram.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að þurfa að leiðrétta það sem form. allshn. sagði að við værum ósammála um, hún teldi að konur væru menn en ég ekki. Ég sagði áðan skýrt og skorinort að konur væru menn. Þær væru líka manneskjur, svo væru þær líka bara konur, þannig að þetta þurfum við ekki að deila um. Málið snýst kannski ekki um það eins og það er komið hér í hnotskurn í umræðunni heldur afskaplega klúðurslegt orðalag 7. gr. sem er ekki sjálfri sér samkvæm í orðalagi. Mér finnst hv. form. allshn. vera farin að drepa málinu á dreif og vera farin að tala um annað en það sem er kjarni málsins í umræðunni. Svo það taki nú af allan vafa, því að mér finnst svolítið hafa verið gefið í skyn að maður sé með einhverjum hætti andvígur þessu frumvarpi, þá ætla ég að láta koma fram að ég tel að þarna sé mjög margt gert til bóta. Þetta er jákvætt frumvarp og þarf að fá afgreiðslu á þessu þingi. En ég get ekki látið hjá líða að benda á hluti eins og þessa sem mér finnst skipta máli fyrir frumvarpið vegna þess að lögin, sem við ætlum að setja, hljóta að eiga að standa og þau verða að standast slíka skoðun annarra en alþingismanna og þess vegna kem ég þessum athugasemdum á framfæri þótt við 3. umr. sé.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að tala um málfræði og leiðrétta hugsanlegan misskilning. Allir hafa leyfi til að hafa smekk á máli og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni finnst orðið manneskja ljótt og ekkert er við því að segja. En ég hef gert það að gamni mínu að fletta upp í orðabókum af því að það var sagt hér að orðabækur hafi ekki orðið til fyrr en á 18. öldinni, svoleiðis að orðið gæti ekki verið gamalt. Það er út af fyrir sig rétt að orðabækurnar eru ekki allar gamlar en málið er auðvitað miklu eldra en orðabækurnar og þær urðu til á eftir orðunum.

En orðið „manneskja“ er rammíslenskt og er mjög gamalt og mjög fallegt, manneskjulegt og skemmtilegt, en ég held að það væri rétt að fara að þeirri hugmynd sem hér hefur komið fram að menn ræddu þetta áður umræðu yrði lokið. Við eigum auðvitað að komast að niðurstöðu um það að orðalag sé rétt á lagagreinum eftir því sem hægt er og mér sýnist við vera í ógöngum ef við ekki frestum málinu og hættum umræðu sem fyrst til þess að greiða fyrir öðrum málum. Þá er væntanlega hægt að afgreiða þetta þegar málhagir menn og vísindamenn á þessu sviði hafa skorið úr þessu.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim breytingum sem hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það var hér fyrst til umræðu og tel þær allar til bóta. Ég vil þó beina einni spurningu til hv. nefndarmanna. Sú spurning snýr að 4. og 5. gr. frv. eins og það lítur út núna. Ég skil ekki mismuninn á refsiákvæðum sem þar eru og hvers vegna ekki er um eina greina að ræða. Í 4. gr. segir: „Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Í 5. gr. segir: „Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili eða uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.“ Ég get ekki séð annað en þarna sé að hluta verið að tala um nákvæmlega sama verknaðinn þó að refsiákvæðin séu alls ekki þau sömu.

Í 7. gr. frv., síðustu málsgrein, segir þar sem talað er um að sæta fangelsi allt að sex árum: „Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega að aðra vísindalega meðferð sé að ræða.“

Í mínum huga tengjast allar þessar þrjár greinar, 4., 5. og 7. gr. frv. Ég sé ekki hver er munurinn á refsiákvæðunum, annars vegar sex ár í 4. og 7. gr. en hins vegar fjögur ár í 5. gr. þar sem um umsjónarmann eða starfsmann í fangelsi eða geðsjúkrahúsi er að ræða. Nú reikna ég með að sá sem dvelur á geðsjúkrahúsi sé haldinn geðveiki eða einhverjir andlegir annmarkar hái honum og komi þá inn á 4. gr. Ég skil ekki hvers vegna refsiákvæðin eru ekki þau sömu og hvers vegna þetta er ekki allt undir einni og sömu greininni og refsiákvæðin þá sambærileg.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt skilið hjá hv. þm. að hér sé um sambærilegar greinar að ræða. Að vísu tengjast 4. og 5. gr. nokkuð en 7. gr. fjallar um allt annað efni. Ég vil taka skýrt fram að ef menn líta á texta 7. gr. þá er talað þar um svokallaða villu þegar maður heldur að hann hafi samræði við einhvern annan. Sami aðili þarf ekki að vera haldinn einhverjum

andlegum annmörkum. Slík villa getur komið upp við ýmsar aðstæður og reyndar eru til hæstaréttardómar um atvik þar sem slíkt hefur komið upp þannig að full ástæða er til að hafa slíkt ákvæði inn í hegningarlögum. Það hefur sýnt sig í framkvæmd.

Hins vegar er varðandi 4. og 5. gr. ósköp skiljanlegt að menn velti fyrir sér hvers vegna þær eru settar upp sem tvö ákvæði. Ég ætla að benda hv. þm. á athugasemdir og greinargerð með frumvarpinu. Þar segir um 4. gr., með leyfi virðulegs forseta: „Það nýmæli felst í þessu ákvæði að um ótvíræða misneytingaraðferð þarf að vera að ræða („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Hinu afbrigðilega ástandi brotaþola er lýst með nokkru almennari orðum en í gildandi ákvæði 195. gr. („andlegir annmarkar"). Slík rýmkun verður tæpast talin varhugaverð, ef misnotkun aðstöðu er áskilin hverju sinni. Rétt þykir að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap í þessu sambandi."

Ég ætla að byrja á að taka það fram að allshn. gerði tillögu til breytinga um að taka hjúskaparskilyrðið og sambúðarskilyrðið út úr þessum texta þar sem við töldum að sú refsivernd sem ákvæðið býður upp á ætti að ná jafnt til fólks sem er í hjúskap og utan hjúskapar. Þarna þarf sem sé að vera um að ræða misneytingu, það þarf að vera ásetningur fyrir hendi til þess að notfæra sér andlegt ástand einhvers til að þröngva honum til samræðis. Þetta misneytingarákvæði er hins vegar ekki fyrir hendi í 5. gr. en hún hljóðar þannig:

„Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum."

Það er sem sé refsivert ef starfsmaður á slíkri stofnun hefur samræði við vistmann. Það þarf ekki að vera um að ræða ásetning eða misneytingaraðferð. Eins og segir í athugasemdum með 5. gr.: „Fyrir utan þær breytingar, sem lýst var í hinum almennu athugasemdum, er ákvæðið að mestu óbreytt efnislega, þótt stofnananöfn séu færð í nútímahorf."

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er kannski ástæðulaust að lengja þessar umræður miklu meira. Þó held ég að hér hafi komið fram nauðsynlegar ábendingar. Vegna áskorunar hv. 9. þm. Reykv. er ég eiginlega búin að leysa málið og vil aðeins biðja hv. nefndarmenn að punkta hjá sér hvaða breytingar þarf að gera til þess að þetta mál leysist og þær eru sáralitlar. Tillaga mín er einfaldlega sú að í 2. gr. standi „manni" í stað „karli eða konu". Í 3. gr. má í stað „manni" standa „einstaklingi" og í 4. gr. má í stað „manns" standa „einstaklings". 5. gr. má vera óbreytt. Mér þætti rétt að 6. gr. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við karl eða konu utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að viðkomandi er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni" o.s.frv.

Þetta eru sáralitlar málfarslegar breytingar. Það er létt verk að laga líka margumrædda 7. gr. Hún gæti hljóðað svo: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við karl eða konu sem heldur ranglega að fram fari í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða er í þeirri villu að um annan aðila sé að ræða" o.s.frv. Hér er aðeins smá handavinna óunnin sem gerir frv. þannig úr garði að það sé boðlegt. Það er það ekki eins og er.

Aðrar tillögur hef ég ekki og ég held að það þurfi ekki aðrar málfarslegar tillögur til að leiðarétta þetta. Ég vil jafnframt taka fram, hæstv. forseti, að ég er sammála athugasemdum bæði hv. 10. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Suðurl. og mun styðja þær breytingartillögur sem ég sé ástæðu til þess að fram komi. Önnur er fram komin og hin held ég að ætti að koma fram. Hins vegar hefur það alltaf vafist dálítið fyrir mér við lagasetningu á hinu háa Alþingi þegar kemur að hegningarlögum að löggjafarþingið ákveði lengd refsivistar. Ég held að það sé almennt afar erfitt og hef alltaf verið þeirrar skoðunar, og vel má vera að allir landsins lögspekingar séu þar ósammála mér, að það sé að langmestu leyti verkefni dómstólanna að ákveða lengd refsingar. Ég held að það hljóti að vera afar erfitt fyrir hv. þm. að meta afbrot til refsingar. Ég hef einkum gert við það athugasemd þegar komið hafa fram frumvörp á hinu háa Alþingi um að eitt afbrot hafi forgang umfram önnur afbrot í réttarkerfinu. Vissulega eru svo alvarleg afbrot til að nauðsynlegt sé að taka þau fram fyrir öll önnur en ég held að það þurfi töluvert til að það geti verið verkefni hins háa Alþingis að velja forgang mála í réttarkerfinu.

Ég vildi aðeins lýsa þessu sjónarmiði mínu úr því að ég er nú komin í ræðustól en það sem rak mig á fætur er einfaldlega að ég held að hér hafi verið eytt aðeins of löngu máli í að leiðrétta örfáar málskekkjur sem hafa komist inn í frumvarpið. Ég vil jafnframt taka það fram að ég er sammála hv. 4. þm. Austurl. um að orðið „manneskja" hefði ekki þótt gott orð þegar ég var í íslenskutímum hjá dr. Bjarna Aðalbjarnarsyni í Flensborg. Það hefði ekki þótt íslenska í þeirri tíð. En ég held að við þurfum ekki að vera í neinum vandræðum með aðskilja svo hvert smábarn skilji karl og konu. Einstaklingur er ágætt orð þegar ekki þarf að skilgreina það frekar.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins varðandi orðið „manneskja". Ég veit ekki hvaða kennslu hv. 14. þm. Reykv. hlaut í íslensku en ég vil bara minna á það að sjálft Nóbelsskáldið lætur gömlu konuna í Atómsstöðinni segja: „Blessuð manneskjan."

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög athyglisverðar umræður sem hér eiga sér stað en vegna ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vil ég biðja hv. þm. um að rugla ekki saman löggjafarvaldinu annars vegar og hins vegar dómsvaldinu vegna þess að löggjafinn setur einungis rammann hvort sem það er refsilágmark eða refsi-

hámark. Hins vegar er það að sjálfsögðu dómstóla að ákveða refsinguna.

Ég vil þó taka fram að þetta var rætt sérstaklega í nefndinni, t.d. varðandi nauðgunarákvæði í frumvarpinu. Þar stóð til að kljúfa upp ákvæðið og taka út úr 1. mgr., eins og frumvarpið var upprunalega, svokallað refsilágmark varðandi nauðganir. Þetta þótti nefndinni hættuleg leið því hún taldi hættu á því að það þá yrði tekið vægar á þessum afbrotum og þess vegna taldi nefndin rétt að setja aftur refsilágmark inn í þetta ákvæði í frumvarpinu. Það má auðvitað segja sem svo að sú breyting eða tillaga til breytingar feli í sér viss tilmæli til dómstóla um að taka nú ákveðið á þessum brotum. *Menn hafa einmitt gagnrýnt* það nokkuð að svo hafi ekki verið gert og þá ekki síst fyrir brot gagnvart börnum og unglingum.

Ég ítreka að það var rætt lengi um það í allshn. hvaða orð ætti að nota í þessu frv. Það komu fram ýmsar tillögur t.d. hvort það mætti nota orðin karl og kona eða karl eða kona í staðinn fyrir orðið manneskja. En meiri hluti nefndarmanna gat ekki fallist á þá tillögu. Þeir voru sammála um að þarna ætti að nota orðið maður. Að sjálfsögðu eiga allir stjórnmálaflokkar fulltrúa í þessari nefnd. Það kemur því kannski svolítið á óvart að þessi umræða skuli koma úr fleiri áttum en frá fulltrúum Kvennalistans á Alþingi.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég sat hjá þegar verið var að afgreiða þetta mál síðast vegna þess að ég hafði ekki lesið það nógu vel yfir til þess að ég treysti mér til að taka afstöðu til ýmissa greina frv. Ég er sannarlega ekki sannfærður um það enn þá að ég treysti mér til að greiða atkvæði með öllum greinum frv. og umræðan núna hefur eiginlega styrkt mig í þeirri trú að það geti orðið erfitt fyrir mig að samþykkja sumt af þessu.

Þessi umræða um 7. gr. hefur fyrst og fremst snúist um íslensku og hvort rétt sé að nota orðið kona eða maður og ég ætla mér ekkert að blanda mér í þá umræðu. En í þessari grein er verið að setja refsingu við því að einhver blekki annan til kynmaka og refsingin snýr að þeim sem blekkja þá sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð. En það er engin refsing við því að blekkja einhverja aðra. Mér finnst að það eigi ekki að draga þarna línu og ég tel að menn hefðu átt að halda sig við að það væri bara blekking á ferðinni.

Ég bendi á það líka að í 10. gr. stendur, og þá er verið að tala um fólk sem er yngra en 14 ára: „Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum." Það er sem sagt minni refsing lögð við því að blekkja 14 ára gamalt ungmenni en að blekkja gifta konu eða karl til samræðis miðað við 7. gr. eins og hún þarna stendur.

Ég tel reyndar að það hefði verið hægt að einfalda 7. gr. mjög og þá hefði hún a.m.k. ekki haft þessa mismunun í för með sér. Vissulega er það mögulegt að fólk, sem ekki er í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sé blekkt til samræðis. Ég tel að greininni mætti breyta á þennan hátt: „Hver sem blekkir mann til samræðis eða kynmaka með því að látast vera annar en hann er skal sæta fangelsi allt að 6 árum." Svo einfalt er það. Ég vil koma þessu á framfæri. Ég hefði auðvitað átt að vera búinn að kynna mér málið betur svo ég hefði getað tekið þátt í þeirri umræðu sem fór fram um það fyrr í þinginu og þess vegna komið mínum sjónarmiðum á framfæri. En ég verð að viðurkenna að ég hef ekki haft tíma til þess, ég er sennilega ekki nógu starfssamur, að kynna mér öll þau mál sem við þurfum að vera tilbúin til að afgreiða á þinginu. Þess vegna er það sem mínar athugasemdir koma ekki fram fyrr en núna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þar sem þetta er 3. umr. um málið og enn hefur ekki komið fram nein yfirlýsing eða ósk um það frá formanni allshn. að þessari umræðu verði frestað á meðan málið er skoðað betur í allshn. þá vil ég áður en umræðunni er lokið spyrja formann allshn. að því hvort hún sé ekki tilbúin til þess að standa hér að því að umræðu um málið verði frestað og nefndin skoði málið betur. Það verði síðan tekið upp aftur til umræðu.

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að koma þeim ábendingum á framfæri við nefndarmenn. En ég vil að það komi skýrt fram að þessi mál hafa öll verið rædd mjög ítarlega í nefndinni. Þetta atriði varðandi 7. gr. var rætt sérstaklega á fundi allshn. í morgun og menn töldu ekki ástæða til að breyta texta frv.

Hins vegar er sjálfsagt að nefndarmenn ræði þetta sín á milli og ég mun leggja það fyrir nefndarmenn að gera það hvort sem það getur orðið í dag eða seinna og mun koma því á framfæri. Mín vegna er í lagi að fresta þessari umræðu.

Umræðu frestað.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 185. mál. — Þskj. 204, nál. 898, brtt. 899.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Hv. utanríkismálanefnd hefur rætt þetta mál og flytur eina breytingartillögu sem er á sérstöku þskj.

Það þarf ekki að fjölyrða um málið. Það skýrir sig sjálft. Nefndin hefur sem sagt fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Það gerðist á fundi í gær, 11. maí. Undir nefndarálitið skrifa Eyjólfur Konráð Jónsson, Björn Bjarnason, Páll Pétursson, Steingrímur Hermannsson, Geir H. Haarde, Karl Steinar Guðnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ólafur

Ragnar Grímsson og Árni R. Árnason, það eru allir nefndarmenn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég þakka hv. utanrmn. fyrir vinnu að þessu máli og fagna því að nefndin leggur til afgreiðslu á tillögunum á þann veg sem venja hefur skapast um á hinu háa Alþingi, þ.e. að ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins verði samþykktar. Það er að sjálfsögðu eingöngu ráðgefandi aðili sem fer með og hefur ályktunarvald í því formi að beina tilmælum til eða skora á, eftir atvikum, stjórnvöld ráðslandanna, eins og kemur reyndar fram í tillögutextanum. Ég sé svo sem ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá breytingu á orðalagi sem hv. utanrmn. hefur lagt þarna til. Ég vil aðeins segja fyrir mitt leyti að ég held að hér hafi mótast sú vinnuregla sem eðlileg er. Hin síðari árin hafa ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins verið fluttar með þessum hætti sem sérstök þáltill. og fengið afgreiðslu á Alþingi á því formi.

Ég sé ekki ástæðu til, vegna þeirrar ágætu umræðu sem fram fór um vestnorrænt samstarf þegar skýrsla um það var tekin til meðferðar á þinginu fyrr í vetur, að taka upp slíka umræðu á nýjan leik. Ég vil þó nota þetta tækifæri til að minna á að á þessu ári, árinu 1992, stendur yfir vestnorrænt ár sem minnt verður á og haldið verður upp á með ýmsum hætti, þar á meðal með ráðstefnuhaldi í öllum vestnorrænu löndunum þremur. Fram undan er ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins sem verður að þessu sinni á Íslandi um miðjan júnímánuð.

Ég er þeirrar skoðunar og hef áður sett hana fram að þýðing þessa samstarfs sé vaxandi fyrir okkur Íslendinga og reyndar fyrir öll aðildarlöndin og það beri að vinna markvisst að því að efla það og bæta, ekki síst með tilvísan til þeirrar óvissu sem er í alþjóðamálum og tengsla þessara vestnorrænu landa við umheiminn.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar en endurtek þakkir til hv. utanrmn. fyrir hennar vinnu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég styð þá breytingu sem hv. utanrmn. hefur lagt fram. Það er aðeins spurning um orðalag og ef þetta orðalag er betur fallið til þess að vinna að framkvæmd þessara ályktana þá er að sjálfsögðu mjög eðlilegt að því sé breytt.

Mig langar aðeins að nefna fyrsta lið í ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins, þ.e. ályktun um að landsstjórn Færeyja, Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að reglum um Þróunarsjóð Vestur-Norðurlanda verði breytt í því skyni að veita áhættulán til atvinnustarfsemi í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Ég vil að það komi fram hér að það var rætt á fundi nefndarinnar fyrir ári síðan að mjög nauðsynlegt væri að breyta reglum þessa sjóðs. Það kom fram í ársskýrslu hans sem nýlega var lögð fram á aðalfundi sjóðsins þar sem reikningar voru lagðir fram, að þessi sjóður stendur mjög vel, hann skilar miklum hagnaði og hefur fyllilega svigrúm til þess að standa undir einhverjum áhættulánum en stofnskrá sjóðsins bannar að hann geti tekið þátt í áhættulánum. Þess vegna vonast ég til þess að þegar búið er að samþykkja, sem ég vænti að verði gert, þessar tillögur frá Vestnorræna þingmannaráðinu muni ríkisstjórnin í framhaldi af því beita sér fyrir því að þessar reglur verði endurskoðaðar en það þarf að sjálfsögðu að gerast í öllum þeim löndum sem hafa með þennan sjóð að gera. Það er ekki bara á Íslandi. Trúlega tekur það einhvern tíma. En ég tel að miðað við stöðu sjóðsins sé mjög nauðsynlegt að nýta frekar það fjármagn sem þar er til ráðstöfunar svo það komi atvinnustarfsemi í þessum löndum að meira gagni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 442. mál (ávöxtun á fé, stigaútreikningur, verðtrygging o.fl.). — Þskj. 700, nál. 871.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Hér er til meðferðar frv. til laga um breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Meginefni frv. er það að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í hlutabréfum í fyrirtækjum og það er í samræmi við þær heimildir sem flestir lífeyrissjóðir innan lífeyrissjóðasambandanna hafa. Til þess að tryggja að sjóðurinn taki ekki of mikla áhættu á þessu sviði er gert ráð fyrir því að ekki sé varið meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins í þessu skyni.

Nefndin hefur leitað umsagna um frv. og umsagnir bárust frá BHMR, Landssambandi lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og Verðbréfaþingi Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt en þeir nefndarmenn, sem skrifa undir með fyrirvara, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Tveir nefndarmanna, Ingi Björn Albertsson og Steingrímur J. Sigfússon, voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, en undir nál. skrifa Matthías Bjarnason, Vilhjálmur Egilsson, Magnús Jónsson, Sólveig Pétursdóttir og með fyrirvara skrifa undir nál. Halldór Ásgrímsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Jón Helgason.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera hér grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði við undirskrift á nál. um frv. Sá fyrirvari laut einkum að 6. gr. frv. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrisréttind-

um þeim sem um getur í 10.–13. gr. skuli breytt til samræmis við lífeyrisréttindi samkvæmt reglugerðum þeirra lífeyrissjóða sem starfa innan þeirra sambanda lífeyrissjóða sem aðild eiga að stjórn sjóðsins.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð."

Ég vil taka undir athugasemdir Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, BHMR, sem hefur miklar efasemdir um 6. gr. og er alfarið á móti því að veita ráðherra slíka heimild til að gefa út reglugerðir sem hugsanlega gætu bæði umbylt og breytt réttindaávinnslu sjóðfélaga í lífeyrissjóðum. Ég tek undir þær athugasemdir sem BHMR gerir um þetta atriði en þeir vilja alfarið að 6. gr. falli út úr frv.

Ég hef oft lýst þeirri skoðun minni, þegar rætt hefur verið um svipuð málefni, að ég tel að við á hv. Alþingi gerum of mikið af því að gefa ráðherrum óskorað vald til þess að ákveða framkvæmd laga með reglugerðum. Mér sýnist að 6. gr. sé einmitt í þá veru. Þar er ráðherra heimilt að hafa talsvert mikið ákvörðunarvald um lífeyrisréttindi þessara starfsmanna.

Ég ítreka því að ég er á móti 6. gr. en taldi þó ekki ástæðu til að leggja sérstaklega fram brtt. við hana en vildi gera grein fyrir þessum fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 892.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall laga nr. 2/1917, 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (bann við sölu og leigu skipa úr landi). — Þskj. 718.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 3. umr.

Stjfrv., 466. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 893.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 841.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Fyrr í umræðum um þetta mál beindi hv. 9. þm. Reykv. nokkrum spurningum til heilbrrh. varðandi þetta mál. Hann spurði um fjárhagslegar eða reikningslegar forsendur frv. Ég vil fyrst segja að frv., sem heilbr.- og trmrh. flutti í þinginu, er byggt á drögum sem nefnd samdi að frumkvæði stjórnar Viðlagatryggingar. Í þeirri nefnd voru Arnljótur Björnsson prófessor, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur og Freyr Jóhannesson tæknifræðingur.

Um hinn fjárhagslega grundvöll málsins get ég kannski ekki sagt svo ýkja margt en þó það að eigið fé Viðlagatryggingar var um 3 milljarðar kr. í árslok 1990 eða 0,19% af þeim vátryggingarfjárhæðum sem unnt var að gefa upplýsingar um en heildaráhætta Viðlagatryggingar vegna eins vátryggingaratburðar, eins og það er orðað, nam þá 4,7 milljörðum kr. Eigið fé stofnunarinnar var því um 64% þess sem einn atburður gæti kostað.

Í frv. er lagt til að heildaráhættan hækki í áföngum. Miðað við tölur 1990 mundi eigið fé stofnunarinnar einungis vera um 19% af heildaráhættu vegna eins atburðar þegar sú áhættuhækkun er komin á. Það þykir einsýnt að lækkun iðgjalda komi ekki til á næstunni en um síðustu áramót var eigið fé Viðlagatryggingar um 3,7 milljarðar kr.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um ábendingar Tryggingaeftirlitsins og ábendingar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég fæ ekki betur séð en að við umfjöllun málsins í nefnd hafi verið tekið tillit til, að mér sýnist, nær allra þeirra ábendinga sem komu frá Tryggingaeftirlitinu og að frv. hafi verið breytt til samræmis við þær ábendingar sem þar komu fram og að í stórum dráttum gildi einnig hið sama um þær athugasemdir sem komu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Vera má að það megi til sanns vegar færa og rökum styðja að hér sé ekki um heildarendurskoðun frv. að ræða heldur lagfæringar út frá reynslu og rekstrarforsendum. Þeir sem gerst þekkja telja að þær breytingar sem hér hafa verið gerðar séu tvímælalaust og mjög ótvírætt til bóta.

Ég vona að ég hafi a.m.k. að nokkru leyti svarað þeim spurningum sem hv. þm. bar fram.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör sem hann hefur gefið. Ég skil það auðvitað vel að hann sé kannski ekki alveg í stakk búinn til að ræða málið í þaula eins og aðstæður eru hér enda er ég ekki að gera neinar kröfur til hans um það.

Það sem gerst hefur í málinu er að ég og hv. 10. þm. Reykv. höfum lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Rökin eru þau fyrst og fremst að hinn fjárhagslegi grunnur málsins er óljós. Það hafa engar upplýsingar borist um það hvað frv. þýðir í raun

og veru fyrir Viðlagatrygginguna og rekstur hennar og starfsemi og eiginfjárstöðu í framtíðinni. Það eru þarna mjög viðamikil ákvæði sem breyta talsvert miklu um fjárhag Viðlagatryggingarinnar en í raun liggja engar áætlanir fyrir um það hvaða áhrif þetta gæti haft, ekki tryggingafræðilegt mat af neinu tagi. Nú er ég ekki að segja að þeir menn sem staðið hafa að því að semja frv. hafi staðið illa að málinu og viti ekki um hvað þeir eru að tala. Vandinn er hins vegar sá að við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um hvað það er sem þeir eru í raun og veru að leggja til og hvaða efnisleg áhrif það hefur fyrir Viðlagatrygginguna þegar fram í sækir.

Í öðru lagi þá má segja að þetta sjónarmið sem ég ber fram sé að nokkru leyti staðfest í umsögn Tryggingaeftirlitsins þar sem það kemur fram að að mati Tryggingaeftirlitsins þurfi að endurskoða lögin í heild um Viðlagatryggingu Íslands en ekki bara einstaka þætti í lögunum. Eins og hæstv. umhvrh. benti á áðan eða tók undir er hér ekki um heildarendurskoðun að ræða heldur aðeins hluta af endurskoðun á þessu máli. Það er misskilningur að það hafi verið tekið tillit til sjónarmiða Tryggingaeftirlits ríkisins. Það hefur ekki verið gert öðruvísi en þannig að stjórn Viðlagatryggingarinnar gerði upphaflega tillögu um breytingar. Tryggingaeftirlitið taldi það ófullkomna endurskoðun á lögunum en reyndi þó að bæta um betur með því að plástra þær breytingatillögur sem stjórn Viðlagatryggingarinnar hafði gert. Það er því ekki hægt að segja að menn hafi fallist á sjónarmið Tryggingaeftirlitsins. Það er í raun mjög alvarlegur hlutur að þessi eign þjóðarinnar sem Viðlagatrygging Íslands er skuli þurfa að sæta þeirri meðferð á Alþingi að þegar Tryggingaeftirlitið óskar eftir heildarendurskoðun þá er ekki orðið við því og málinu er hespað hér í gegnum þingið án þess að lögin séu endurskoðuð og án þess að fjárhagslegar forsendur liggi fyrir.

Ég fór fram á það við hv. stjórnarmeirihluta hvort hann gæti ekki fallist á að taka málið til skoðunar til haustsins við 2. umr. málsins. Hins vegar hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. verið í burtu þannig að kannski það má segja að fáir hafi verið til þess að taka ákvarðanir um að fresta málinu og ég óttast að það hafi lent dálítið á milli vita, milli liða hér, og menn hafi ekki eytt í það neinum tíma. Mér finnst það satt að segja leitt vegna þess að Viðlagatrygging Íslands er náttúrlega mjög mikilvæg stofnun og málið er mér pínulítið skylt vegna þess að þegar ég gegndi starfi heilbr.- og trmrh. voru sett fyrstu lögin um Viðlagatryggingu Íslands. Það eru lög sem hafa nú verið til í tíu ár og þau hafa skilað miklum árangri, þeim árangri að við eigum þrátt fyrir allt stofnun sem á eignir upp á 3,7 milljarða króna. Við eigum að reyna að fara vel með þessa stofnun vegna þess að hún er ein af fáum stofnunum sem eru til í landinu þar sem menn eru að reyna að leggja til hliðar til mögru áranna eða til þess tíma að það yrðu meiri háttar náttúruhamfarir eða eitthvað því um líkt sem ylli verulegu tjóni. Það eru því miður ekki mörg dæmi um það að við séum ýkja forsjál í landi okkar en Viðlagatrygging Íslands er eitt af fáum dæmum um það og þess vegna er dapurlegt ef menn eru ekki tilbúnir til þess að afgreiða þetta frv. með nægilega vönduðum hætti. Ég hlýt þess vegna að endurtaka óskir mínar um það að frv. um Viðlagatryggingu Íslands verði dregið til baka og skoðað betur í sumar.

Ég vil lýsa því yfir sem nefndarmaður í heilbr.- og trn. hv. Alþingis að ég væri reiðubúinn til þess að taka þátt í því að vinna við það í sumar ef nefndin að öðru leyti kærði sig um að skoða málið aðeins betur því að mér finnst að vinnubrögðin hjá okkur séu ekki alveg nægilega vönduð. Það er náttúrlega dálítið erfitt líka í umræðum á hv. Alþingi að eiga við mál af þessu tagi því að frv. um Viðlagatryggingu Íslands er frekar flókið mál og það er dálítið erfitt að ná umræðu um flókið mál eins og eðlilegt er. Þótt það sé erfitt er hitt þó enn þá erfiðara að fá skilning á því í salnum hjá hv. fulltrúum meiri hlutans að kannski þurfi aðeins að hlusta á það sem menn í stjórnarandstöðunni eru að reyna að segja á hverjum tíma. Nú er ég ekkert að segja að meiri hlutinn sé að þessu leytinu til verri heldur en meiri hluti hefur oft verið á Alþingi, en ég er að segja að ég finn fyrir því í þessu máli að menn vanda sig ekki nógu vel og þrír, fjórir milljarðar, 3.700 millj. kr., er auðvitað engin smátala. Það er mikil upphæð og ég vona bara að þessi breyting á lögunum um Viðlagatryggingu Íslands verði ekki til þess að veikja þessa stofnun þegar fram í sækir.

Hitt er svo líka alveg ljóst að stundum hefur ekki verið mikil sátt um Viðlagatrygginguna. Tvennt hefur valdið ágreiningi og það er í fyrsta lagi það að menn hafa talið iðgjöldin nokkuð há. Gagnrýni hefur komið fram á það á Alþingi, ég man ekki betur en að ýmsir þingmenn hafi gagnrýnt harðlega að Viðlagatrygging Íslands hafi tekið of há iðgjöld. Ég er ósammála því. Ég tel að viðlagatryggingariðgjöldin hafi ekki verið há út af fyrir sig. Ég tel að eðlilegt sé að það sé reynt að leggja dálítið myndarlega í sjóð af þessu tagi.

Hitt atriðið sem hefur svo verið gagnrýnt mjög mikið, en ég verð nú að segja fyrir mitt leyti að mér finnst byggjast á talsverðum misskilningi, er að það eigi að taka inn í viðlagatrygginguna skyldu til að tryggja fyrir fok og flóðatjónum af ýmsu tagi. Út af fyrir sig þá eru viss rök fyrir því að gera þetta en á móti er svo aftur það að náttúrlega er engin ástæða til þess að taka inn í viðlagatrygginguna svo að segja allar tryggingar. Auðvitað á hinn einkarekni tryggingarekstur að geta sinnt tilteknum þáttum af þessu tagi, eins og t.d. flóða- og foktjónum, svo ég nefni dæmi. En ævinlega þegar ganga yfir náttúruhamfarir, eins og t.d. á Suðurlandi, af því ég sé hér út undan mér tvo þingmenn Suðurlands, eins og gerðist fyrir fáeinum missirum á Suðurlandi, þá er það það fyrsta sem mönnum dettur í hug það er viðlagatryggingin. Hvað ætlar hún að borga? Ég hygg það hafi verið 1989 frekar en 1990, snemma árs, sem varð verulegt tjón á suðurströndinni og þá kvöddu menn undir eins dyra hjá Viðlagatryggingu Íslands. Niðurstaðan varð sú að Viðlagatryggingin borgaði hluta af því tjóni sem varð á Suðurlandi, ef ég man rétt, en hluta ekki. Hún borgaði t.d. ekki hluta af því tjóni sem varð rétt fyrir utan Vík í Mýrdal sem var þó

tilfinnanlegt og mjög erfitt fyrir það sveitarfélag sem þar um ræðir. Nú geta menn auðvitað verið þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að taka svona tjón inn í viðlagatrygginguna en þá þurfa menn að tala um það. Menn þurfa að ræða málin á hv. Alþingi og velta því fyrir sér hvort þessu á að breyta eða hvort þetta á að vera svona áfram eins og það er. Ég tel að umræðan um þetta sé fyrst og fremst nauðsynleg vegna þess að nú er búið að leggja niður stofnun sem tók á svona vandamálum. Það var stofnunin Bjargráðasjóður Íslands. Bjargráðasjóður var til við félmrn. um árabil eins og menn þekkja og hann tók á alls konar svona tjónum, t.d. tjónum sem oft urðu í landbúnaði. Þau voru greidd úr Bjargráðasjóði. Síðan er Bjargráðasjóður lagður niður og þannig er það núna, virðulegi forseti, að enginn svona sjóður er til til þess að taka við tjónum af þessu tagi heldur höfum við hér eingöngu viðlagatrygginguna annars vegar og hin almennu tryggingafélög hins vegar en við höfum ekkert sem nær yfir gráa svæðið sem er þarna á milli og fellur hvorki inn í almennu tryggingafélögin né inn í Viðlagatryggingu Íslands.

Þó að þetta sjónarmið, sem ég er hér að rekja komi ítarlega fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs meiri hluti Alþingis eða meiri hluti heilbr.- og trn. af einhverjum ástæðum að hlusta ekkert á það sjónarmið og láta það lönd og leið. Ég tel nú að þó að margt misjafnt komi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, eins og alkunna er og ég hef ekkert legið á mínum skoðunum um þá stofnun, þá finnst mér samt ástæða til að lesa a.m.k. pappírana sem koma frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og kannski að gera eitthvað pínulítið með það, t.d. að segja af hverju menn samþykkja ekki tillögurnar. Ég er ekki að ætlast til þess að menn fallist á þær í einstökum atriðum en niðurstaðan er sú að ekkert er gert með þetta mál. Þessum pappír frá Sambandi ísl. sveitarfélaga er bara ýtt til hliðar og ekkert er talað um það af hverju þessir þættir eru ekki teknir inn.

Ég er ekkert að biðja um það að Sambandi ísl. sveitarfélaga sé sýnd sérstök meðhöndlun á Alþingi. Það er langt frá því. Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður þeirra eins og kunnugt er gegnum tíðina og ég hef margt við þá stofnun að athuga. En engu að síður finnst mér að það eigi að skoða þessi mál miklu betur og þá ekki síst út frá sjónarmiðum þeirra fulltrúa landbúnaðarins sem hafa verið á Alþingi sem einlægt kalla á viðlagatrygginguna þegar koma upp tiltekin vandamál í landbúnaðinum eins og þau sem ég var að lýsa hér áðan. En hún tekur ekki við þessum tjónum samkvæmt lögunum eins og þau eru og eins og þau eiga að líta út samkvæmt þessu frv. Hún getur það ekki. Hún hefur ekki heimild til þess.

Stundum er kvartað undan því að fulltrúar landbúnaðarins ráði eiginlega öllu á Alþingi og settar eru á langar ræður um það að Alþingi sé eiginlega mest aukabúgrein hjá ýmsum höfðingsbændum sem sitja hér eins og hv. þm. Agli Jónssyni vini mínum, en þegar kemur að þessu máli hérna kemur það á daginn að ekkert er hlustað á bændur. Því er alveg slegið föstu að ekkert eigi að gera með þeirra orð hér, hvorki hv. þm. Egils Jónssonar, Pálma Jónssonar eða Páls Péturssonar, svo ég nefni stórbændur í þessum hópi en tali ekki um þá sem minni eru og stunda þetta í hjáverkum eins og undirritaður.

Það er nauðsynlegt að mínu mati fyrir þingheim að gera sér grein fyrir því að með þessari afgreiðslu á frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands er verið að hafna þeim sjónarmiðum sem landbúnaðurinn hefur verið með. Það er með beinum hætti verið að fella þessi sjónarmið. Ég er ekkert að segja að eigi að fallast á sjónarmið landbúnaðarins að öllu leytinu til en mér finnst að landbúnaðurinn eigi það inni hjá Alþingi Íslendinga eins og aðrar atvinnugreinar að það sé með rökum tekið á móti þeim sjónarmiðum sem koma frá landbúnaðinum. En það er ekki gert. Því er ýtt út af borðinu eins og þessum pappírum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég veit að vísu að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga er ekkert mjög vinsæll í Sjálfstfl. um þessar mundir. Hann leyfði sér að hafa t.d. aðrar skoðanir en hans hátign Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., þegar var verið að velja borgarstjóra í Reykjavík. Það er náttúrlega höfuðsynd. (**Gripið fram í:** En framkvæmdastjórinn?) Og framkvæmdastjórinn er starfsmaður hans og er mikill snillingur eins og allir þekkja og hefur komið á Alþingi og lagt mjög margt gott til mála. En formaðurinn virðist ekki vera mjög hátt skrifaður þegar kemur að athugasemdum inni á Alþingi og það á kannski rætur að rekja til þess að hann leyfði sér að sitja og standa aðeins örðuvísi en Davíð Oddsson fyrirskipaði þegar var verið að velja borgarstjóra í Reykjavík sem endaði svo með því að varð að sækja upp í Ríkisútvarp.

Það kom haugur af umsögnum um þetta mál, það vantaði ekki. Hér komu tillögur um breytingar á frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands 26. mars sl. frá heilbr.- og trmrn. þar sem það lagði til að fallist yrði á lagfæringartillögur þeirra tryggingaeftirlitsmanna. Tryggingaeftirlitið segir í bréfi sínu frá 25. mars 1992 um þann fund sem haldinn var í heilbrrn. nokkrum dögum fyrr, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af fundi í ráðuneytinu í gær þar sem fjallað var um frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands og fram komu athugasemdir hefur Tryggingaeftirlitið samkvæmt beiðni yðar tekið saman tillögur að breytingum tiltekinna greina nefnds frv. Þrátt fyrir efnistök bréfs þessa leggur Tryggingaeftirlitið áherslu á þau atriði sem fram koma í umsögn eftirlitsins dags. 24. jan 1992. Tryggingaeftirlitið er gagnrýnið á þá endurskoðun sem fram hefur farið á gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Líkt og fram kom á fundinum í gær var ekki framkvæmd heildarendurskoðun á lögunum heldur skipuð nefnd af hálfu stjórnarinnar." — Það er stjórn Viðlagatryggingarinnar sem skipar nefnd sem virðist einkum, eins og stendur hér í umsögn Tryggingaeftirlitsins, hafa tekið mið af óskum stjórnarinnar en að því er virðist ekki hafa lagt sjálfstætt mat á það hvernig fyrirkomulag Viðlagatryggingar skuli vera. — „Staðfest var af nefndarmönnum í gær að heildarendurskoðun hafi ekki farið fram og að vafalítið hefði mátt ígrunda fyrirkomulag vátrygging-

arskyldunnar ítarlegar. Hafa ber hugfast að frv. felur í sér grndvallarbreytingar á viðlagatryggingu hér á landi og það er vissulega umhugsunarvert að breyta svo mjög vátryggingarskyldunni á þann hátt sem lagt er til nema þá fyrst að vel yfirveguðu máli.

Með tilliti til framanritaðs" — segir svo Tryggingaeftirlitið — „leggur Tryggingaeftirlitið fram tillögur að breytingum tiltekinna ákvæða frv. sem það telur nauðsynlegt að fallist verði á ef breyta á gildandi lögum. Þrátt fyrir þær tillögur sem nefndar verða er ekki þar sem sagt að Tryggingaeftirlitið sé sammála t.d. fyrirkomulagi vátryggingarskyldunnar. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið viðskiptalegs eðlis hvað rekstur varðar en annað samfélagslegs eðlis. Viðlagatrygging byggir upp sameiginlegan sjóð landsmanna til þess að mæta tjónum af völdum tiltekinna náttúruhamfara og er umhugsunarvert hve langt eigi að ganga í slíkri samfélagshjálp. Einhver kann t.d. að halda því fram að lönd og lóðir eigi að vera viðlagatryggðar. Venjuleg húseigendatrygging taki ekki til slíkra verðmæta o.s.frv."

Þar með lýkur tilvitnun í greinargerð Tryggingaeftirlits ríkisins og ég verð að segja alveg eins og er að ég tel þetta mjög alvarlegar athugasemdir. Hvert er hlutverk Tryggingaeftirlits ríkisins? Tryggingaeftirlitið hefur eftirlit með allri tryggingastarfsemi í landinu og hlutverk Tryggingaeftirlitsins er ekki að verja tryggingafélögin, heldur að tryggingafélögin og rekstur þeirra sé öruggur þannig að þeir sem tryggja hjá tryggingafélögunum eigi hagsmuni sína örugglega tryggða hjá viðkomandi stofnun. Þegar Tryggingaeftirlitið, sem á að gæta hagsmuna neytenda og er fyrsta neytendastofnun þannig á Íslandi, að mig minnir er Tryggingaeftirlitið stofnað 1972, kemst að því að lögin séu hæpin að því er vátryggingarskylduna varðar þá hefði a.m.k. ég staldrað við. Ég segi það alveg eins og er. Ég hefði staldrað aðeins við. En af einhverjum ástæðum kaus meiri hluti heilbr.- og trn. að taka málið út og mér finnst það satt að segja miður svo að ég taki ekki dýpra í árinni.

Auk þess að senda þessar athugasemdir gerði Tryggingaeftirlitið ítarlegar almennar athugasemdir um málið og Viðlagatrygging Íslands sendi tryggingaeftirlitið ítarlegt bréf 20. mars 1992 þar sem stjórn Viðlagatryggingar lagði að sjálfsögðu áherslu á það að þetta frv. verði samþykkt. Nú, þakka skyldi. Stjórn Viðlagatryggingar samdi frv. og það er dálítið skrýtið að láta stjórn tryggingafyrirtækis semja frv. Svo er það sent í ráðuneytið. Ráðuneytið flytur það en ég fullyrði að það hefur aldrei verið vandlega skoðað nokkurs staðar. Þegar fyrir liggur að neytendahliðin á málinu, þ.e. Tryggingaeftirlit ríkisins, gagnrýnir málið skil ég ekki af hverju í ósköpunum þetta er ekki athugað aðeins betur. Ég verð að segja alveg eins og er að ég dreg það mjög í efa að menn hafi farið mjög vandlega yfir þetta í þingflokkum stjórnarflokkanna þegar málið var lagt þar fram. Ég er ekki viss um að það hafi verið farið vandlega yfir það. Ég bað hv. form. heilbr.- og trn. um að skoða málið vandlega og ræða við einstaka þingmenn. Ég nefndi þar til t.d. hv. þm. Pálma Jónsson sem hefur oft haft talsverðar athugasemdir að gera við lögin um Viðlagatryggingu Íslands en mér er ekki kunnugt um hvort það hefur verið gert.

Ég veit að það er mjög mikið satt að segja, en ég leyfi mér samt að segja það, virðulegur forseti, ég er ekki viss um að menn hafi kynnt sér þetta mál í þaula svo að ég taki ekki dýpra í árinni. Ég leyfi mér að draga það í efa. Ég veit hins vegar ekki hvort það þýðir neitt að tala við stjórnarliðið um svona mál. Það setur venjulega loku fyrir skilningarvitin þegar maður er að reyna að tala hér. En ég vildi samt nefna við hv. meiri hluta eða fulltrúa þeirra hvort menn vildu ekki skoða aðeins áður en þetta mál verður að lögum hvort ekki er rétt að hinkra aðeins við. Það gengur náttúrlega ekki að láta stjórn eins fyrirtækis semja frv. Svo er það sent niður í heilbrrn. og heilbrrn. flytur frv. án þess að gera athugasemd við eitt einasta atriði. Síðan kemur Tryggingaeftirlitið sjálft og segir: Þetta er vont frv., og samt ætla menn að kýla það í gegn. Ég skora því á þessa virðulegu stofnun að íhuga málið nánar og neyti hér síðasta færis til þess að gera það vegna þess að nú stendur yfir 3. umr. um málið og menn felldu tillögu okkar hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar.

Þeir menn sem sömdu frv. voru beðnir um álit og hvað ætli þeir hafi sagt um frv.? Finnst þingheimi það ekki mjög sniðugt hjá hv. Alþingi að senda svona mál til umsagnar í fyrsta lagi stjórnar stofnunarinnar sem bað um að málið yrði samið og síðan til mannanna sem sömdu málið? Þeir sem skrifuðu frv. fengu að senda inn sérstaka umsögn. Hvað ætli þeir hafi nú sagt? Ætli þeir hafi lagt til að frv. yrði fellt? Nei. Það var þannig að þessi hópur lagði það til að frv. sem hann samdi yrði samþykkt, bara samþykkt rétt si svona. (**Gripið fram í:** Ertu hissa á því?) Ja, ég er að vekja athygli á því að þetta kann að hljóma sem einhver nýlunda en af einhverjum ástæðum var þetta gert. Sem betur fer hefur þetta frv. ekki verið gert að þætti í samningum aðila vinnumarkaðarins. En eins og kunnugt er má aldrei breyta stafkrók í neinu af því sem frá þeim kemur. En þeir menn sem sömdu frv. telja að það eigi alveg endilega að samþykkja það, þetta sé mjög fínt frv. En ekki er hlustað á Tryggingaeftirlit ríkisins sem á að líta eftir þessum málum og hafa faglega skoðun á þessu og hefur starfað sem eina neytendastofnunin í tryggingamálum í 20 ár, fyrst og fremst til að passa það að tryggingafélögin séu örugg tryggingafélög.

Eins og ég sagði sendi Samband ísl. sveitarfélaga líka athugasemd, dags. 7. febr. 1992, um frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands. Þar eru eiginlega gerðar athugasemdir við allar greinarnar í frv. Hið sama er að segja um ýmsa aðra aðila sem við ræddum við þó að aðilar eins og Samband ísl. tryggingafélaga hafi talið að þetta frv. eigi að samþykkja og sömuleiðis Seðlabankinn. Seðlabankinn var spurður um þetta mál. Seðlabankinn er alltaf spurður ef mikið liggur við. Það er venjan. Seðlabankinn sem hefur ávaxtað fé Viðlagatryggingar Íslands alveg snilldarlega frá upphafi þannig að þetta er að verða mokríkur sjóður. Niður-

staða Seðlabankans er sú að segja sem svo: Af hverju megum við ekki ávaxta sjóðinn áfram? En frumvarpið gengur út á það að einhverjir aðrir eigi að ávaxta sjóðinn en Seðlabankinn.

Nú hef ég ekki verið að taka upp hanskann mikið fyrir Seðlabankann á Alþingi á undanförnum árum eða áratug. Ég hef ekki gert það og er ekki sérstaklega þekktur fyrir það. En mér finnst samt að það þurfi að færa rök fyrir því þegar Seðlabankinn hefur unnið sitt verk vel af hverju á að taka verkið af honum. En það eru engin rök fyrir því, það er bara af því bara. Samkvæmt grg. frv. þá er það af því bara.

Meðferðin á málinu í hv. þingnefnd er þannig að þegar við fulltrúar minni hlutans biðjum þar um fjárhagslegar upplýsingar um málið fáum við þær ekki. Við fengum aldrei reikninga stofnunarinnar, aldrei. Ég geri ráð fyrir því að menn hugsi sér að húrra í gegn með þetta en ég vara við því. Ég vara við því og hef neytt færis við 3. umr. til að gera það. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir tilraun hans til svara. Auðvitað get ég ekki gert neinar kröfur til þess að hann hafi vald á því að svara fyrir heilbrrh. í málinu. En ég get alveg eins hugsað mér að tala við umhvrh. eins og heilbrrh. um mál af þessu tagi. En mér þykir dapurlegt ef meiri hluti Alþingis ætlar að láta þetta fara í gegn án þess svo mikið sem að velta því fyrir sér augnablik hvort ekki er ástæða til að staldra við.

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma með fyrirspurnir varðandi frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands. Það er þá fyrst og fremst sem snýr að 5. gr. frv. þar sem talið er upp hvað er skylt að vátryggja. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Einnig er skylt að vátryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.

2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs ...“

Það sem mig langar að spyrja um í þessu sambandi er fyrst og fremst hvaða umsögn hafi fengist frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um þennan lið sem ég las upp úr 5. gr. frv. Þar eru lagðar skyldur á hendur sveitarfélaga um að þeim verði skylt að tryggja hitaveitur, vatnsveitur, skolpveitur og hafnarmannvirki. Þar kemur upp í huga minn þrennt, þ.e. í fyrsta lagi vil ég fá einhverja skýringu á því og upplýsingar um það hvernig þessi mannvirki skuli metin. Þegar af þeim er greitt hlýtur að vera gengið út frá ákveðnu mati eins og þegar gengið er út frá brunatryggðum eignum er gengið út frá brunabótamati. En ég vil spyrja að því hvernig mannvirki eins og t.d. skolpveitur sveitarfélaga og vatnsveitur yrðu metin fjár og þar sem gjaldstofn væri notaður til álagningar tryggingargjalds.

Mig langar í öðru lagi að spyrjast fyrir um hvort athugun hafi farið fram á því hvaða kostnaðarauki er af völdum þessara ákvæða í frv. fyrir sveitarfélögin þar sem þau eru skyldug til þess að tryggja þessi mannvirki.

Í þriðja lagi hefði ég viljað fá upplýsingar um það hvernig skilgreining bóta er. Ef við tökum sem dæmi skolpveitur og vatnsveitur og lítum svo á 4. gr. þar sem talað er um gegn hvaða áhættu skuli vátryggt er þar talað um eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð. Þá sýnist mér að það sé kannski fyrst og fremst tvennt sem geti valdið bótarétti á skolpveitum og vatnsveitum, þ.e. jarðskjálftar og vatnsflóð. Þess vegna hefði ég viljað fá upplýsingar um það hvort lagfæring á skolpveitum, sem stíflast hafa af framburði í vatnavöxtum, sé bótaskyld. Dæmi eru um að skolpveitur hafi nánast eyðilagst af því að sandfok hefur verið mikið og sandur fyllt skolplagnir.

Það er fyrst og fremst við þetta þrennt sem ég hef talið hér upp sem ég vildi fá skýringar og svör við, ef mögulegt er.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég ætla aðeins að koma því á framfæri, sem segir í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frumvarpið en mjög hefur verið vitnað til þeirrar umsagnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er ástæða til þess að gera athugasemdir við þá stefnumörkun sem felst í frv. en rétt þykir að koma eftirfarandi hugleiðingum eða ábendingum á framfæri um einstakar frumvarpsgreinar.“

Ég tel að þótt sambandsstjórnin hafi komið fram ábendingum sé nauðsynlegt að það komi fram við umræðuna að þeir leggjast ekki gegn frv.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú smámisskilningur hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni varðandi umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. Að vísu má segja að ekki sé lagst gegn frv. af neinni hörku, en í umsögninni eru nefnd fjölmörg efnisatriði sem Samband ísl. sveitarfélaga telur að taka þurfi tillit til og skoða betur í 4., 5., 6., 10., 11. og 18. gr. frv. Ef þetta eru ekki athugasemdir þá veit ég ekki hvað athugasemdir eru. Og hér segir t.d. um alvarlegar athugasemdir Sambands ísl. sveitarfélaga:

„Engar upplýsingar fylgja frumvarpinu um iðgjaldafjárhæðir, tryggingarfjárhæðir, endurtryggingar eða eiginfjárstöðu stofnunarinnar.“

Engar. Þessar upplýsingar komu heldur ekki í nefndina og Alþingi Íslendinga ætlar nú að fara að afgreiða frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um iðgjöld, tryggingarfjárhæðir, endurtryggingar eða eiginfjárstöðu, fyrr en núna að hæstv. umhvrh. upplýsir okkur um að eigið fé stofnunarinnar sé 3,7 milljarðar kr. Þetta er auðvitað afgreiðsla sem er svo í skötulíki að það er handan við hneykslunarmörk, það er komið á hið dapurlega svið, virðulegi forseti.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar ég gegndi embætti fjmrh. á síðasta kjörtímabili var það nánast stefnuafstaða

Sjálfstfl. að í löggjöf yrði að taka tillit til afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga. Hv. núv. þm. Sturla Böðvarsson sat þá, ef ég man rétt, í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og var framarlega í flokki þeirra sem hneyksluðust mjög á því að ekki var tekið tillit til afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Það vill einnig svo til að lögboðið er að hafa skuli samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Í því skyni fara fram sérstakir samráðsfundir sem félmrh. stýrir og fjmrh. sækir og aðrir ráðherrar eftir efnum og ástæðum, m.a. heilbrrh. Á síðasta kjörtímabili sátu ég og þáv. heilbrrh. ærið marga slíka formlega samráðsfundi.

Nú heyrist mér það vera að gerast hér að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætlar að hafa að engu tilmæli og ábendingar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og leggur meira að segja í að halda fram þeirri blekkingu sem hv. þm. Sturla Böðvarsson gerði áðan að Samband ísl. sveitarfélaga hefði bara ekkert við málið að athuga.

Það virðist vera orðin lenska upp á síðkastið í nefndum þingsins hjá stjórnarmeirihlutanum að forðast alla faglega og efnislega umræðu, heldur er málum bara rutt út. Og það verður að hafa það þó að einhverjir úti í þjóðfélaginu séu að gera við þetta skynsamlegar og efnislegar athugasemdir, á það er ekki hlustað. Lagasetningin er bara orðin færibandavinna. Hv. þm. Sturla Böðvarsson er orðinn sendisveinn fyrir framkvæmdarvaldið hér í þingsölum. Hann tekur það að sér að koma í gegn frumvörpum sem einhverjir „teknókratar" úti í bæ semja og virðist vera í farabroddi þeirra sem ætla að leggja niður þau vinnubrögð sem tíðkast hafa um margra áratuga skeið, að í þinginu séu vegin og metin erindi sem aðilar utan þings skila til nefndanna og tekin afstaða til þess hvort eðlilegt sé að taka tillit til þeirra.

Í athugasemdum Sambands ísl. sveitarfélaga kemur m.a. fram um 4. gr. frv., að þegar um tjón er vegna náttúruhamfara mæli margt með því að slíkt verði tryggt með sama hætti og verið hefur t.d. ef ár og lækir flæða yfir bakka og valda skemmdum á tryggðum eignum. Samband ísl. sveitarfélaga varar við því að vísa slíkum tryggingum yfir á hinn frjálsa markað.

Hver er formaður Sambands ísl. sveitarfélaga? Er það ekki borgarfulltrúi Sjálfstfl. í Reykjavík? Ja, bragð er að þá barnið finnur. Þegar samtök sveitarfélaganna á landinu, sem Sjálfstfl. stjórnar, varar við því sérstaklega að vísa slíkum tryggingum yfir á hinn frjálsa markað er þá ekki ástæða til þess að hið hugsunarlausa frjálshyggjulið í þingsölum nemi aðeins staðar? Eða er þetta þannig að allir eru marklausir? Morgunblaðið er marklaust varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna og Samband ísl. sveitarfélaga er marklaust hvað snertir varnaðarorð vegna tjóna af náttúruhamförum. Við vitum að í þessu landi eru það einmitt slík tjón sem verða oft á tíðum erfiðust og dýrust fyrir fólkið í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Þess vegna er það sem Samband ísl. sveitarfélaga varar við slíkum hætti. Það væri fróðlegt að vita hvað hv. þm. Halldór Blöndal, núv. samgrh., segði um það ef tjónin sem urðu á Ólafsfirði fyrir u.þ.b. tveimur árum og tryggingarnar á þeim hefðu bara átt að byggja á því að menn hefðu farið út á hinn frjálsa markað.

Um 5. og 6. gr. frv. segir Samband ísl. sveitarfélaga:

„Þannig verða tæplega séð rök fyrir því að hitaveitur, skolpveitur, vatnsveitur og hafnarmannvirki séu skyldutryggð ef sveitarfélag er eigandi þeirra, en ekki ef þessi mannvirki eru í einkaeign. Hins vegar er t.d. ekki gert ráð fyrir skyldutryggingu raforkumannvirkja, hvort heldur þær eru í opinberri eigu eða einkaeign."

Fróðlegt væri að vita hvað hv. þm. Sturla Böðvarsson segði um þetta atriði. Er þetta þannig að það sé bara verið að skyldutryggja mannvirki af þessu tagi til þess að hafa fé af sveitarfélögunum, en það þurfi ekki að gera það ef þau eru í einkaeign?

Hver er hugsunin að baki því hjá meiri hlutanum á Alþingi að neita að skoða þessa ábendingu Sambands ísl. sveitarfélaga? Eða er það þannig að þeir gæðastimpluðu sjálfstæðismenn sem sitja í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga séu allt í einu orðnir marklausir? Það séu bara menn sem vita ekkert hvað þeir eru að tala um og það eigi alls ekkert að hlusta á þá hér í þingsölum af því að einhverjir bírókratar sem sömdu frv. séu búnir að öðlast alla visku í málinu? Mér finnst nú satt að segja ekki stórmannlegt hjá sveitarstjórnarmönnum sem sitja á Alþingi, eins og hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og hv. þm. Agli Jónssyni, að vera komnir í þá stöðu að þeir eru bara orðnir viljalaus verkfæri í höndum einhverra bírókrata. (**EgJ:** Það er langt síðan ég lenti í sveitarstjórn.) Það er langt síðan, það er alveg rétt, en þingmaðurinn átti glæsilegan feril í sveitarstjórn meðan hann sat þar og engin ástæða til þess að gleyma því hér. Og sýndi af sér mikið sjálfstæði og hefur verið ágætis baráttumaður fyrir hagsmuni síns sveitarfélags. Það hefur verið þannig í landbúnaðarmálum að hv. þm. Egill Jónsson hefur nú ekki verið tilbúinn til þess að taka því sem að honum er rétt af einhverjum bírókrötum úti í bæ.

Er það þannig í sveitarstjórnarmálum að menn séu bara allt í einu tilbúnir að taka við því sem einhverjir teknókratar í tryggingamálum semja, burt séð frá öllum hagsmunum og eðlilegum samskiptum ríkis og sveitarélaga?

Samband ísl. sveitarfélaga segir í ábendingu sinni: „Réttara væri að öll ofangreind mannvirki í eigu sveitarfélaga féllu undir heimildatryggingu, a.m.k. að þau væru undanþegin skyldutryggingu ef sveitarfélag kýs að kaupa sér tryggingu frá öðrum aðila."

Það er athyglisvert. Í þessu atriði er stjórnarmeirihlutinn allt í einu orðinn þannig að frjálsi markaðurinn má ekki ráða. Nei takk, þá skal skyldutryggingin ráða ríkjum. Það er sem sagt ekkert system í þeirri afstöðu sem ræður, þannig að þó eitt reki sig á annars horn hjá teknókrötunum sem sömdu frv. skal það yfir stjórnarmeirihlutann á Alþingi ganga.

Og ég spyr: Hvaða rök eru fyrir því að hafna frelsi til að velja sér tryggingar hjá þeim sem menn vilja á þeim sviðum sem sveitarfélögin vilja hafa það frelsi, en þvinga síðan inn á sveitarfélögin frjálsa afstöðu, eins og í 4. gr. frv. til þess að lúta hinum frjálsa markaði þar sem þeir vilja það ekki?

Eins og hv. þm. Svavar Gestsson benti á segir í athugasemdum Sambands ísl. sveitarfélaga til viðbótar því sem ég hef rakið varðandi 10., 11. og 18. gr. að engar upplýsingar fylgi frv. um iðgjaldafjárhæðir, engar um tryggingarfjárhæðir, engar um endurtryggingar. Engar upplýsingar eru heldur um eiginfjárstöðu stofnunarinnar, þó það hafi nú loksins verið upplýst hér í dag að það vantar allar upplýsingar enn um iðgjaldafjárhæðir, tryggingarfjárhæðir og endurtryggingar. Mér er sem ég sæi Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili láta bjóða sér svona vinnubrögð.

Er það þannig að þegar flokkar taka að sér að stjórna ríkisvaldinu verði þeir bara sendisveinar fyrir teknókratana? Þannig að öll lýðræðisleg umræða milli þeirra sem eru kosnir af fólkinu í sveitarfélögunum og okkar sem erum kosnir af fólkinu á Alþingi, skal bara ýtt til hliðar, af því að færibandareglan skal gilda? Lýðræðislegri umræðu, rökum og skynsamlegum skoðanaskiptum skal ýtt út af borðinu?

Svo segir hér: „Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggur til að tillit verði tekið til ofangreindra sjónarmiða við endurskoðun laganna."

Það er sem sagt alveg greinilegt að í flestum veigamestu greinum frv. leggur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til að því verði breytt. Hver eru rökin fyrir því að taka ekki tillit til þessara óska? Ég vil spyrja þá þingmenn Sjálfstfl. sem hér eru í salnum. Þeir hafa staðið að því að setja lög um reglubundið og fastbundið samráð ríkis og sveitarfélaga. Þeir hafa staðið að því á Alþingi að leggja áherslu á það hvað eftir annað að þessi tvö stjórnstig í landinu skuli kappkosta að taka tillit hvort til annars og hafa samráð sín á milli. Auðvitað er það rétt að það geta komið tilvik þar sem fulltrúar ríkisvaldsins ákveða að þeir kjósi frekar að fara sínar leiðir en að láta í einu og öllu að vilja sveitarfélaganna. Það getur verið eðlilegt og fyrir því geta verið efnisleg rök. En þá gerist það að undangenginni samræðu og rökræðu og upplýsingum þar sem þessir aðilar vega og meta hvað sé skynsamlegt og hvað sé óskynsamlegt. Þannig hefur þetta verið.

Nú sýnist mér aftur á móti að það sé í uppsiglingu fordæmi sem er byggt á því að þótt Samband ísl. sveitarfélaga hafi lagt ítarlega vinnu í það að meta frv., rætt það á sínum vettvangi, óskað eftir skynsamlegum breytingum þá er bara sagt: Nei. Sjálfvirkt nei. Og ég spyr: Er það hin nýja regla sem á að setja í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sjálfvirkt nei?

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt áður en þessari umræðu lýkur að hæstv. félmrh. komi til umræðunnar. Þegar ég sat með hæstv. félmrh. í ríkisstjórn þá kappkostaði hún, bæði á vettvangi ríkisstjórnar og á vettvangi Alþingis, að standa vörð um það að ítarlega væri tekið tillit til þeirra tillagna sem Samband ísl. sveitarfélaga setti fram og ef þeim væri hafnað væri það ekki gert fyrr en búið væri að ræða við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um þá höfnun. Ég vil spyrja fulltrúa í nefndinni og stjórnarliðinu: Hefur það verið rætt við hæstv. félmrh. um að hafna þessum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga? Ef búið er að ræða það við ráðherrann þá skal ég ekki halda til streitu þeirri ósk minni að hún sé kölluð til umræðunnar. Ég vil því fá svar við því áður en þessari umræðu lýkur: Hefur það verið rætt við hæstv. félmrh. að hafna þessum ábendingum Sambands ísl. sveitarfélaga? Ef það hefur ekki verið gert óska ég eftir því, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði ekki lokið fyrr en hæstv. félmrh. hefur haft tækifæri til þess að kynna sér, annaðhvort utan umræðunnar eða þá í umræðunni síðar meir hvað hér er að gerast. Ég vek athygli á því og legg áherslu á það að samkvæmt lögum er hæstv. félmrh. í forsæti þess lögbundna samráðs sem ríkir milli ríkis og sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Ég vonast til þess að þeir fulltrúar stjórnarflokkanna sem hafa stýrt málinu í nefnd í þinginu svari þessum spurningum sem ég hef hér lagt fram og við getum síðan metið framhald umræðunnar í ljósi þess.

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Ég kom upp í ræðustól áðan og óskaði eftir því að fá svör við þremur mjög einföldum spurningum. Þessar spurningar lúta að því hvernig frv. snýr að sveitarfélögunum í landinu. Ég reyndi að flytja það í stuttu máli, ég reyndi að flytja það skýrt þannig að menn skildu hvað ég væri að spyrja um. Ég tel nauðsynlegt að fá upplýsingar um þessi atriði sem ég spurði um áður en ég tek afstöðu til þess hvernig ég greiði atkvæði með þessu frv. Mér finnst þess vegna lágmarkskurteisi að þessum einföldu spurningum sé svarað. Ég held að það þyrfti ekki að taka langan tíma fyrir annaðhvort hæstv. staðgengil heilbr.- og trmrh., hæstv. umhvrh. Eið Guðnason, eða hv. formann heilbr. og trn., Sigbjörn Gunnarsson, að svara þeim þremur einföldu spurningum sem ég lagði fram.

Það vill svo til að í þingsalnum hafa ekki setið margir þingmenn Alþýðuflokksins — Jafnaðarmannaflokks Íslands eða tekið þátt í umræðum um málið. Það kann að vera að pirringur hæstv. forsrh. í garð stjórnarandstöðu yfir því hvað talað er lengi birtist í því að það sé óskað eftir því að þingmenn Alþfl. tali sem minnst og helst yfirgefi þingsalinn. Ég vek athygli á því að í salnum er hvorugur þessara aðila sem gætu væntanlega svarað þessum spurningum sem ég lagði fram, mjög einföldum spurningum sem ætti ekki að þurfa að taka langan tíma að svara og þyrfti ekki að tefja þingstörf á hinu háa Alþingi. Þetta er hugsanlega það vinnulag sem hæstv. forsrh. boðaði í ræðu sinni í gær, að hér skyldi bara rúllað áfram og valtað yfir stjórnarandstöðuna, málin færu í gegn hvað sem tautaði og raulaði og hvað sem stjórnarandstaðan segði. Það kann að vera að þannig eigi þetta að vera hjá hæstv. ríkisstjórn en ekki er ég viss um að virðing Alþingis aukist við það að á málum sé svona haldið. Þess vegna harma ég það, virðulegi forseti, að fá ekki svör við þeim einföldu spurningum sem ég hef borið hér fram.

Umræðu frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 874, brtt. 829.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni stjfrv. sem hefur hlotið afgreiðslu hv. nefndar sem um málið hefur fjallað. Jafnframt liggur fyrir brtt. á þskj. 829, sem hv. þm. Árni M. Mathiesen flytur, en sú tillaga var kölluð aftur við 2. umr. og er því til umræðu og afgreiðslu nú. Hv. þm. er ekki staddur hér nú, að því er ég best veit, vegna veikinda. Hann hefur hins vegar tjáð mér að hann sé tilbúinn að draga tillöguna til baka í umræðunni eða í síðasta lagi við atkvæðagreiðslu um frv. Af því tilefni langar mig að gera örstutta grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi eitt eða tvö atriði í frv.

Í 9. gr. frv. er sagt að ráðherra sé heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Í næstu grein, 10. gr., er síðan sagt að héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geti átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga, bóka og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum.

Virðulegi forseti, ég vil leggja áherslu á það að hér segir skýrum stöfum að einungis verði um framlag ríkissjóðs að ræða ef ákveðnir eru á fjárlögum fjármunir til þessa verkefnis.

Síðan segir í ákvæðum til bráðabirgða að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessara laga skuli stofna setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun. Þar er um að ræða setur en ekki náttúrustofu í merkingu frv. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.“ Tilgreindar eru þær tvær náttúrustofur af þeim sem heimilt er samkvæmt lögunum að stofna til.

Ég vil láta það koma skýrt fram að ég skil þetta frv. þannig að einungis verði um stofnsetningu slíkra náttúrustofa að ræða að Alþingi hafi ákveðið í fjárlögum fjármuni til að standa undir þessum kostnaði. Liggur það reyndar í hlutarins eðli og einnig með því að lesa textann en ég taldi skylt að láta þetta koma fram svo ljóst sé hvernig skilja beri textann í frv., a.m.k. frá mínum sjónarhóli séð.

Ég vildi, virðulegi forseti, láta þetta koma fram við 3. umr. málsins vegna fjarveru hv. þm., sem vonandi getur þó verið viðstaddur þegar atkvæðagreiðsla fer fram. En ég tek skýrt fram að ég hef átt við hann viðtöl og hann hefur tjáð mér að hann geti fallið frá brtt.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þingstörf gerast æ skrýtnari á hinu háa Alþingi. Við 2. umr. frv. var hv. flm. þessarar brtt. heldur ekki viðstaddur og fyrir því voru ástæður því að hann var við skyldustörf erlendis. Ég tók til máls þegar í upphafi, þegar mælt var fyrir frv., og gerði þá athugasemd að ég hefði ekki mikla trú á að æskilegt væri að skipta Náttúrustofnun Íslands í mörg setur, sem mun vera nýyrði í þessu samhengi. Nógu erfiðlega hefur gengið að fjármagna þann vísi að Náttúrugripasafni sem við eigum í Reykjavík þó að ekki sé farið að dreyma dagdrauma um að hafa náttúrustofur í hverju kjördæmi. Auðvitað væri það æskilegt ef peningar væru til og fjármunir fengjust á fjárlögum. En allt getur það verið framtíðarsýn sem vel á rétt á sér í lögum ef úr rætist um efnahag þjóðarinnar.

Svo vildi til að mér líkaði ekki illa brtt. hv. 3. þm. Reykn., og ég hefði viljað heyra hann mæla fyrir þessari tillögu sinni og sýna fram á þau rök sem fyrir henni eru. Ég hefði jafnvel verið tilbúin til að styðja hana ef í það hefði farið. En hann var ekki viðstaddur og ekki hægt að tala við hann í það skiptið enda tillagan dregin til baka til 3. umr. Ég taldi víst að það væri hægt að eiga orðastað við hv. þm. við 3. umr.

Nú gerast þau undur og stórmerki að hæstv. fjmrh. kemur hér við 3. umr. og talar á mjög sérkennilegan hátt fyrir þessari tillögu, lýsir því yfir að þingmaðurinn sé upptekinn annars staðar, vel kunni að vera að hann verði hér við atkvæðagreiðslu. Og ég spyr: Er það nýr háttur hér á hinu háa Alþingi að menn geti hafið málefnalegu umræðu undir liðnum um atkvæðagreiðslu? Hann er með slíkum ólíkindum þessi leikaraskapur. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að hv. 3. þm. Reykv., Árni Mathiesen, er veikur í dag.)

Hæstv. forseti. Ég skal auðvitað virða þau forföll. En ég undrast þá þeim mun meira, frú forseti, að málið skyldi tekið á dagskrá nú því það var öllum ljóst að ég óskaði eftir að eiga orðastað við umræddan þingmann um þetta mál. Það var ekki nokkur ástæða til að taka málið á dagskrá í dag ef hæstv. forseti vissi að þingmaðurinn var veikur.

Síðan lýsir hæstv. ráðherra því yfir að þingmaðurinn sé svo sem alveg tilbúinn til að draga málið til baka. Hvað á þetta eiginlega að þýða? Ég hef aldrei kynnst slíkum vinnubrögðum hér á hinu háa Alþingi. Ef einhverjum hv. þm. er í mun að fá fram breytingu á frv. þá ver hann auðvitað sitt mál og skýrir af hverju hann vill breytingu. Annaðhvort eru þingmenn sammála honum eða ósammála og síðan eiga menn orðastað um það. En að hv. þm., sem er að bera fram umtalsverða breytingu á frv., geti hvorki verið við 2. né 3. umr., í hæsta lagi að hann geti verið við atkvæðagreiðslu — mér skilst að það sé óvíst — og biður hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir að það skipti svo sem engu máli þó að tillagan verði dregin til baka, slíkt er fáheyrt. Ég vil bara vekja athygli á þessum mjög svo nýstárlegu vinnubrögðum og harma að hafa ekki mátt styðja þessa brtt. sem mér leist ekki afleitlega á. Ég hafði sömu efasemdir og hv. þm. þótt hann sé ekki í mínum flokki. Ég hef hingað til ekki sætt mig við að þingmenn mætu mál eftir því hver flytti þau, ég hef alla vega ekki gert það.

Nú er svo komið, hæstv. forseti, að hér áðan lentum við í vandræðum með frv. til almennra hegningar-

laga sem mestan part fólst í vandræðalegu orðalagi. Það var ljóst að þingmenn gátu ekki sætt sig við frv. eins og það var svo ég hripaði niður brtt. sem ég taldi leysa þann vandræðagang. Í mestu vinsemd fékk ég formanni hv. allshn. tillöguna. Hún kallaði síðan saman fund í nefndinni og ég taldi víst að hún hefði sýnt nefndinni þessa útgáfu. Það hafði hún ekki gert. Hún upplýsti að hún hefði skilið hana eftir á borðinu. Þetta þvingar mig auðvitað í því máli að bera fram brtt. sjálf sem ég ætlaði aldeilis ekki að gera. Ég ætlaði ósköp einfaldlega að lána hv. formanni allshn. hugmyndina að betri texta sem ég tel að hann sé.

Þetta er alveg nýtt, hæstv. forseti, fyrir okkur sem höfum setið hér um nokkurt árabil að þingmenn standi ekki saman um að reyna að skila sómasamlegum lagafrv. frá sér. Ég minnist fyrri tíma þegar ekki var eins öflugur starfskraftur í nefndadeild enda var engin nefndadeild til þá. Við stjórnarandstöðuþingmenn sátum og skrifuðum fyrir ráðherra, sem við vorum í andstöðu við, nefndarálit til að greiða fyrir þingmálum vegna þess að við vissum að okkur var nauðugur einn kostur að virða rétt ríkisstjórnar til að koma sínum málum fram ef hún hafði til þess meiri hluta. Við töldum ekki eftir okkur að hjálpa til við að sá lagatexti væri þinginu sæmandi.

Nú eru hér upp risnir einhverjir fjandsamlegir andstæðingar þar sem enginn getur hlýtt á annan nema hann sé í sama flokki. Er þetta Alþingi framtíðarinnar, hæstv. forseti? Ég fordæmi þetta. Ég leyfi mér að fara fram á rétt minn sem þingmaður til að koma með tillögur um betri lagatexta, ef menn geta á það fallist, og fá að vinna með, hvort sem er stjórn eða stjórnarandstöðu, að því að ganga þannig frá málum og þau séu Alþingi sæmandi. Ég er ekki í persónulegu stríði hér við neinn. Ég er tilbúin til að aðstoða stjórnarliðið við allt það sem ég get varið fyrir sjálfri mér. En það er með ólíkindum hvernig vinnubrögð eru að verða hér. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að úr þessu verði bætt, að menn komi ekki hér og geri lítið úr þingmönnum með því að senda hæstv. fjmrh. til að segja að tillagan, sem hv. þm. var að lýsa stuðningi við, sé raunar einskis virði og þingmaðurinn sem flutti hana sé alveg tilbúinn til að draga hana til baka. Hvað er hér að gerast? Ég vil fara fram á það að Alþingi Íslendinga taki upp þau vinnubrögð sem hér hafa tíðkast að ég held frá því að Alþingi kom saman árið 1845, að þingið í heild líti á sig sem löggjafarsamkomu en ekki einhverjar óvinveittar hersveitir.

Umræðu frestað.

Samningur um réttindi barna, síðari umr.

Stjtill., 513. mál. — Þskj. 828, nál. 897.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 754.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Þegar mælt var fyrir frv. hafði ég við það allmargar athugasemdir og harmaði sérstaklega að hv. 16. þm. Reykv., formaður Sjómannafélags Reykjavíkur var ekki viðstaddur þá umræðu. Hæstv. fjmrh. upplýsti að frv. væri flutt að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna. Ég vissi ekki þá að hv. 16. þm. Reykv. er einn stjórnarmanna. Mér fannst ástæðan ærin að hann væri formaður Sjómannafélags Reykjavíkur þó að hann væri ekki líka í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. Nú liggur það fyrir. Það er þess vegna ekki úr vegi að gera sér aðeins grein fyrir því hvað stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna er að biðja um.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann hefði ekki haft frumkvæði um að flytja frv. heldur hefði það verið gert að beiðni sjóðstjórnarinnar. Sú yfirlýsing kom fram vegna þess að ég minnti á allar þær kjaraskerðingar sem hér hafa verið gerðar á þessu þingi sem varða sjómenn. Nægir að nefna afnám skattaívilnana, skert lífeyrissjóðsréttindi og nú á að skerða rétt sjómanna til síns eigin lífeyrissjóðs. Ég leyfði mér að halda því fram að það blésu kaldir vindar um sjómannastéttina frá þessari ríkisstjórn og lái mér hver sem vill.

Stjórn lífeyrissjóðsins hlýtur að hafa ærnar ástæður til þess að biðja um að flutt sé frv. sem skerðir verulega rétt sjómanna til síns eigin lífeyrissjóðs. Hverjar eru þessar ástæður? — Hæstv. forseti, ég hef tilhneigingu til að gera hlé á máli mínu þangað til hv. 16. þm. Reykv. er kominn í salinn. — Ástæðurnar fyrir beiðni stjórnar lífeyrissjóðsins um að skerða rétt sjómanna til sjóðsins koma fram í athugasemdum við lagafrumvarpið sem hefjast á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp þetta til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er samið að tilhlutan stjórnar sjóðsins. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru af ýmsu tagi, þær snerta bótarétt sjóðfélaga, rekstur sjóðsins, með hvaða hætti heimilt er að ávaxta fé sjóðsins, vaxtaútreikning vegna vangoldinna iðgjalda og fleiri atriði sem nánar verður vikið að í athugasemdum við einstakar greinar.“

Hér hljótum við að stansa við orðin „vegna vangoldinna iðgjalda“. Sjómenn hafa greitt sín iðgjöld, þau eru tekin af launum þeirra. Hverjir skulda þá iðgjöld? Það hljóta að vera útgerðarmenn. Ég sneri mér til Tryggingastofnunar ríkisins, sem sér um afgreiðslu þessa sjóðs, og spurði: Hvað skuldar útgerðin Lífeyrissjóði sjómanna? Ég fékk samstundis svar, undirritað af framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins, Árna Guðmundssyni. Ógreidd útgjöld útgerðar 31.3. 1992 eru 126.925.357 kr. að viðbættum dráttarvöxtum 23.799.506 kr. eða samtals 150.724.863 kr.

Ég vil því leyfa mér að spyrja annaðhvort hæstv. ráðherra eða hv. 16. þm. Reykv., Guðmund Hallvarðsson: Hverju sætir það að menn komast upp með að

skulda þessum sjóði 150 millj. kr.? Og enn fremur hlýtur það að valda undrun að eina leiðin til að bjarga sjóðnum sé að rýra rétt manna til hans. Lái mér hver sem vill þó að ég eigi erfitt með að sætta mig við frv.

Ég sagði sennilega mikið af þessu við 1. umr., en þar sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var ekki við þá hlýt ég að verða að hlaupa á þeim athugasemdum sem ég gerði. Það er þá í fyrst: Í 1. gr. er gert ráð fyrir að til sparnaðar eigi að lögleiða það að sjóðurinn geti verið í vörslu annarra en Tryggingastofnunar ríkisins. Ég gat þess þá og get þess enn að ég fæ ekki séð að það geti verið til sparnaðar. Raunverulega er mín skoðun sú að allir lífeyrissjóðir ættu að eiga heima í Tryggingastofnun ríkisins og því færri konungsríki í kringum þá því betra.

Ég sé heldur ekki neina ástæðu til þess, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., að reikningar sjóðsins þurfi ekki að vera endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Mér finnst það ágætis fyrirkomulag að Ríkisendurskoðun sjái um þessa endurskoðun. Ég ætla að hlaupa yfir næstu tvær greinar en í 5. gr. er fjallað um sjóðfélaga, sem metinn er óvinnufær til sjós og nýtur samkvæmt núgildandi lögum örorkulífeyris ótímabundið vegna þess að hann getur ekki lengur stundað sjómennsku en hugsanlega unnið einhver önur störf, en nú skal miða við það hvort hann geti yfirleitt unnið eitthvað.

Nú er það svo að sjómenn hafa margir hverjir menntað sig til þeirra starfa. Þeir hafa óneitanlega miðað við ýmsa aðra launþega í landinu verulega hærri tekjur enda vinna þeirra þess eðlis með fjarveru frá heimilum og oft á tíðum erfiðri vinnu og lífshættulegri. Ef sjómaður slasast og getur ekki lengur stundað sjómennsku, kannski hann neyðist til að stunda láglaunastörf í landi vegna fötlunar sinnar, þá á að miða við þá vinnugetu. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi.

Í almannatryggingalöggjöfinni er gert ráð fyrir, þegar örorka er metin, að miðað sé við þá menntun og þau störf sem maðurinn hefði annars getað leyst af hendi áður en hann slasaðist. Þó að oft sé um hörmuleg slys að ræða og allt of mörg dauðaslys og menn slasist tíðar við sjómennsku en við önnur störf þá er það sem betur fer svo oft á tíðum að sjómanninum er tjaslað saman og hann getur kannski unnið eitthvað. Þá á hann ekki að njóta þess að hann getur ekki lengur stundað sjómennsku heldur á að segja: Nú, hann getur unnið þetta starf í landi og þá þarf hann enga örorku.

Síðan miðast barnalífeyrir auðvitað við þetta þannig að það leiðir hvað af öðru. Hér er því um umtalsverða skerðingu á kjörum sjómanna að ræða. Það er þess vegna sem ég hef gert athugasemd við frv. að ég skil ekki hvernig stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna, stjórn sem trúað hefur verið fyrir þessum sjóði, getur farið fram á að réttur sjómannanna verði skertur, m.a. vegna þess að útgerðin hefur ekki greitt þær 150 millj. kr. til sjóðsins sem hún skuldar. Ég þarf einhverjar haldbetri skýringar en eru í athugasemdum og greinargerð áður en ég treysti mér til að styðja frv. Enda er greinilegt að menn hafa séð að hér var ekki um neitt sérstakt baráttumál sjómanna að ræða því að í 10. gr. er lagt til að ákvæði 5. gr., um breytingu og viðmiðun á örorkumati, og 8. gr., um breytingu á barnalífeyri örorkulífeyisþega, komi til framkvæmda 1. jan. 1993 til þess að þeir örorkulífeyrisþegar sem þessi breyting tekur til fái aðlögunartíma áður en bætur þeirra lækka, stendur hér, að öðru leyti taki lögin gildi við birtingu. Áður en bætur þeirra lækka. Er það verðugasta verkefni formanns Sjómannafélags Reykjavíkur og stjórnarmanns í Lífeyrissjóði sjómanna og forstöðumanns Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, að lækka bætur þeirra? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra og hv. 16. þm. Reykv. skýri betur fyrir mér tilgang og markmið þessa frv.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á að leiðrétta hv. 14. þm. Reykv. hvar hann leggur að jöfnu að útistandandi iðgjöld Lífeyrissjóðs sjómanna séu það mikil að það valdi lífeyrissjóðunum vandræðum og þess vegna þurfi að lækka iðgjöld til sjóðfélaga. (**GHelg:** Útgerðarinnar.) Skuldir útgerðarinnar, já rétt. Að skuldir útgerðarinnar séu svo miklar gagnvart Lífeyrissjóði sjómanna að ekki verði lengur svo við búið og þess vegna verði að lækka einhverja rekstrarþætti lífeyrissjóðsins. (**GHelg:** Það stendur hér.) Það er alrangt vegna þess að sú upphæð sem hér um ræðir er frá síðustu áramótum og er í sjálfu sér ekkert hærri en oft hefur verið. (**GHelg:** ...er þetta.) Ég vildi líka benda hv. þm. á það þótt það séu kannski engin gleðitíðindi, að sá dráttarvaxtareikningur sem hér er settur fram er með einhverri bestu ávöxtun sem sjóðurinn hefur fundið varðandi ávöxtun á því fjármagni sem hann hefur til umráða. Það er í sjálfu sér ekkert gleðiefni. Það er auðvitað vandi útgerðarinnar.

Hitt er annað mál og svo merkilegt sem það var að þegar hv. 14. þm. Reykv. dró Lífeyrissjóð sjómanna inn í umræðuna varðandi lánamál íslenskra námsmanna þá skýrði ég hv. þm. frá því sem hann hefur líklega gleymt að engin lífeyrissjóður hér á landi annar en Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna á jafnöruggt veð varðandi útistandandi iðgjöld og Lífeyrissjóður sjómanna vegna veðbanda í skipum.

Áður en ég kem að því sem er meginmál varðandi Lífeyrissjóð sjómanna, sem mig langaði til að fá skýringar við á eftir, vil ég minnast á það merkilega mál sem hv. 14. þm. Reykv. flutti þann 4. maí sl. en þá sagði hún eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég spyr: Hvar er hv. 16. þm. Reykv. einu sinni enn?"

Einu sinni enn! Ég vildi gjarnan fá að vita hjá hv. 14. þm. Reykv. hversu oft ég hef verið frá þingstörfum í vetur. Það hlýtur að hafa verið æði oft. Ég bið þingmanninn um að standa skil á því sem hún segir. Ég ætla ekki að áminna hana um sannsögli en vil bara fá það fram, hæstv. forseti, hvort einhver siðanefnd sé starfandi á vegum þingmanna eða hefur 14. þm. Reykv. tekið að sér einhvers konar siðapostulanefnd innan þingsins?

14. þm. Reykv. segir áfram:

„Er formaður Sjómannafélags Reykjavíkur að stjórna Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna sem af lifðu, ...?"

Hv. 14. þm. Reykv., sem nú hefur gengið út úr salnum: Hvað ertu að segja hvers konar mállýska er þetta? Biddu vistfólk á Hrafnistu afsökunar á orðum þínum. Biddu sjómannastéttina líka afsökunar. Svo segir hv. þm. í hvert einasta skipti sem rætt er um hagsmuni sjómanna: Er formaður Sjómannafélagsins ekki viðstaddur? Viltu gjöra svo vel og sanna þitt mál. Síðan heldur þessi „merkilegi" þingmaður áfram. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að nota rétt ávarp þegar talað er til þingmanna. Það er gert í þriðju persónu en ekki beint.) (**Gripið fram í:** Það er þingeyska.) Já, nú væri mér skapi næst að tala svo að salt bragð væri að því sem ég segði, það er kannski það eina sem hún skilur enda segir hún það í tíma og ótíma að hún sé dóttir sjómanns.

„Það er ekki hægt að sætta sig við að hvert frv. á annað ofan af þessu tagi sé rætt án þess að sá maður komi þar nokkurs staðar við sögu. Síðan leikur hann þann leik, eins og nokkrir fleiri áhugamenn um sjómennsku hafa gert, að með hinu nýja atkvæðagreiðslukerfi hafa þeir drattast hingað til atkvæðagreiðslu en ekki nýtt hvíta takkann, sem þýðir að menn greiði ekki atkvæði, heldur ekki hreyft fingurna og þá er skráð að þeir hafi ekki verið viðstaddir. Þetta er auðvitað algjörlega óþolandi. Þessir menn hafa verið staðnir að því í þinginu að hegða sér á þennan veg."

Hv. 14. þm., viltu gjöra svo vel að gera grein fyrir þessum orðum. Eru þingmenn hér þvers og kruss, það liggja allir undir grun, að ýta á takka hver fyrir annan? Það skyldi þó aldrei vera að hv. 14. þm. hafi tekið þátt í því líka, því hún undanskilur ekki sjálfa sig.

Má ég spyrja forseta: Er hv. 1. þm. Norðurl. v. í húsinu? (**Forseti:** Samkvæmt töflu í borði forseta mun hv. 1. þm. Norðurl. v. ekki vera í húsinu þessa stundina.) Þakka þér fyrir þessar upplýsingar. (**Gripið fram í:** Hann er svo vanur að láta skamma sig.) Það gerir hann líka við aðra.

Þegar þetta mál var til umræðu þann 4. maí sl., vék hv. 1. þm. Norðurl. v. máli sínu til forseta og sagði:

„Ekki er víst að mjög langan tíma þurfi til þess að klára umræðuna ef það vildi svo ólíklega til að hv. 16. þm. Reykv. væri að gegna þingskyldum sínum og mætti hér til fundar á morgun."

Það væri gaman að vita hvað hann á við? Hvaða mætingaskrá hafa þeir hv. þm. sem ég hef nefnt hér? Ég vildi gjarnan fá að sjá hana.

Annars er það alveg með ólíkindum að hv. 14. þm. Reykv. skuli gera mig persónulega og stjórnarmenn í Lífeyrissjóði sjómanna nánast óalandi og óferjandi varðandi Lífeyrissjóð sjómanna. Það er ósköp eðlilegt að hv. 14. þm. Reykv., sem hefur setið 13 þing, og hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hefur setið 20 þing undir verndarvæng ríkisvaldsins varðandi lífeyrissjóðsiðgjaldagreiðslur og tekur undir orð hennar, skilji ekki að það séu ábyrgir stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum sem ætla sér að standa við skuldbindingar sjóðsins. Þessir þingmenn hafa þann rétt fram yfir aðra Íslendinga að greiða og ávinna sér rétt í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna á sex árum, þann sama og opinberir starfsmenn eru að vinna sér á tíu árum. Það er ósköp eðlilegt að hv. 14. þm. Reykv. hafi ekki áhyggjur af öðrum lífeyrissjóðum vegna þess að hún telur sig vera nokkuð sæmilega vel setta enda þó það blasi við að fortíðarvandi Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna er kominn upp í 69 milljarða og 579 millj. í árslok 1990. Það er náttúrlega engin ástæða til þess að hv. þm. hafi nokkrar áhyggjur af því vegna þess að ríkið þarf að borga 800 þús. kr. á ári með hverjum þingmanni og gott betur með ráðherrunum. Það er ósköp eðlilegt að hér séu menn innan sala sem tala um að þeir stjórnarmenn í öðrum lífeyrissjóðum séu óalandi og óferjandi sem vilja gæta fjármuna þeirra og standa við þær skuldbindingar sem lífeyrissjóðurinn hefur tekið sér á herðar.

Merkilegt er að sá hv. þm. sem ekki er í salnum nú og gerði athugasemdir við að ég skyldi ekki vera við þegar þessi umræða fór fram, en það var af sérstökum og persónulegum ástæðum og ætla ég ekki að biðjast afsökunar á því, en hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hefur setið 20 ár á þingi er ekkert að minnast á það að allir lífeyrissjóðir í landinu hafa reglugerð og þurfa ekki að leita til hins háa Alþingis til að fá reglugerðum sínum breytt. Hann minnist heldur ekki á að fjöldi sjómanna greiðir í Lífeyrissjóð samvinnustarfsmanna. Hann er ekki að segja frá því að á sl. hausti var reglugerð þess ágæta sjóðs breytt þannig að menn njóta örorku í aðeins þrjú ár í blessuðum samvinnusjóðnum.

Nei, það er ósköp gott fyrir þingmenn sem eru í vernduðum lífeyrissjóði, hvar skattborgarinn þarf að borga stórlega með og nýtur einskis, þó að stjórnarmenn í Lífeyrissjóði sjómanna séu ábyrgir og ætli sér að standa við skuldbindingar sínar.

En komum þá að því sem hér var nefnt fyrst. Það kom þingmönnum skemmtilega á óvart að ég skyldi sitja í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. En þannig hagar til að þar sitja sex stjórnarmenn, þrír frá sjómönnum og þrír frá útgerðarmönnum. Allir voru sammála um að senda brtt. um lög um Lífeyrissjóð sjómanna varðandi örorkuna. Hv. 14. þm. Reykv. talar um það hvernig stjórnarmönnum detti í hug að gera það sem gert hefur verið varðandi breytingu á lífeyrissjóðnum og tengir svo skuldir útgerðarinnar til lífeyrissjóðsins og segir 150 millj. kr. skuld útgerðarinnar þess valdandi að stjórnin fer af stað með þessar breytingar. Þetta er alrangt, þetta er misskilningur. Það hefur verið svo að menn hafa notið örorkubóta úr Lífeyrissjóði sjómanna jafnvel þannig á sig komnir, margir hverjir, að þeir hafa verið búnir að ná nokkurn veginn líkamlegri hreysti til að takast á við önnur störf. Við höfum dæmi um að menn hafa verið á skipum sem hafa farist og ekki hlotið neinn líkamlegan skaða, hafa ekki treyst sér til að stunda sjómennsku áfram en unnið fullt starf í landi og notið fullrar örorku frá Lífeyrissjóði sjómanna. Og fleiri dæmi mætti nefna.

Við horfum til þess að aðlaga lög Lífeyrissjóðs sjómanna að þeim lögum og reglugerðum lífeyrissjóða sem eru innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Varðandi skuld útgerðarinnar við Lífeyrissjóð sjómanna, er hún ekki mergur málsins og ekki, eins og

hv. 14. þm. Reykv. talaði um, réttlætanlegt að fara þá leið sem hér hefur verið talað um. Hv. þm. talaði líka um það og spurði að því hvers vegna í ósköpunum við ættum að fara út úr Tryggingastofnun ríkisins, þar ættu allir sjóðir að vera. Það má vel vera, ég ætla ekkert að deila um það. En hennar ágæti flokksbróðir, ég veit ekki hvort ég á að segja fyrrv., Guðmundur J. Guðmundsson, sagði mér frá því að þegar lögin um Lífeyrissjóð sjómanna voru upphaflega sett hafi menn verið að vandræðast með það hvar finna ætti honum stað og að það hafi verið í vandræðagangi sem sjóðnum var ætlað pláss í Tryggingastofnun ríkisins.

Það er í hæsta máta óeðlilegt að bundið sé í lögum hvar lífeyrissjóðurinn eigi að vera til húsa. Við óskum eftir því að fá að ráða því sjálfir. Ég er ekki að segja að það sé í huga stjórnarmanna eins og er að flytja sjóðinn úr Tryggingastofnun ríkisins. Það hefur farið fram athugun á því að hægt er að reka þennan lífeyrissjóð með sama rekstrarkostnaði og er í Tryggingastofnuninni, alla vega ekki hærri. En það er engin ástæða til þess að flytja lífeyrissjóðinn og ekkert verið að tala um það á þessari stundu.

Varðandi aðra þætti hvað sjóðinn áhrærir eins og t.d. endurskoðun er ekkert óeðlilegt þó að við höfum rætt um það að ef lífeyissjóðurinn færi út úr Tryggingastofnun ríkisins yrðu löggiltir endurskoðendur fengnir til að fjalla um reikninga hans, aðrir en þeir sem ríkið er með innan sinna vébanda.

Þetta er nú að vísu meginmálið. En að lokum vildi ég aðeins koma að því að eins og ég sagði áðan eru það fulltúar sjómanna og útgerðarmanna sem hafa rætt um þann vanda sem við stöndum frammi fyrir nú og við teljum að til þess að geta staðið við skuldbindingar okkar sé eðlilegt að samræma reglur Lífeyrissjóðs sjómanna við aðra lífeyrissjóði. Það er ekki verið að tala um að þeir sem þegar njóti örorku úr Lífeyrissjóði sjómanna hljóti skerta örorku ef þeir eru dæmdir öryrkjar við endurmat. Það er ósköp eðlilegt, eins og gerist í öllum öðrum lífeyrissjóðum, að eftir ákveðinn tíma fari menn í endurmat til að athuga um hæfni þeirra til þess að gegna hvaða störfum sem er.

Eins og ég sagði í upphafi, og ætla að ljúka máli mínu á í bili, óska ég eftir því að hv. 14. þm. Reykv. gefi það upp hér hversu illa og hversu oft ég hef mætt og geri frekari grein fyrir máli sínu og einnig að hún skýri út fyrir hinu ágæta fólki á Hrafnistu hvað hún eigi við með því sem ég las upp áðan.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun vera búin að tala tvisvar í þessu máli og hef þess vegna ekki leyfi til að gera annað en að veita andsvar.

Það er afar erfitt vegna þess að augljóst er að hv. 16. þm. Reykv. skilur ekki um hvað ég er að tala. Fjarvera hans á hinu háa Alþingi skiptir mig engu máli. Það sem skiptir máli er að það er verið að skerða kjör félaga í Lífeyrissjóði sjómanna. En það atriði kom hv. þm. hreint aldeilis ekki inn á. Endurmatið byggðist nefnilega á mati á því hvort sjómaðurinn gæti verið sjómaður eftir það slys sem hann varð fyrir. Endurmatinu er breytt. Nú á örorkan að metast eftir því hvort hann yfirleitt getur unnið nokkurn skapaðan hlut. Þessu er ég að mótmæla en ég held að hv. þm. skilji ekki alveg hvað það þýðir. Það er ósatt sem hann segir að menn verði ekki lækkaðir enda er það tekið fram um 10. gr. að auðvitað lækka bætur manna við þetta nýja mat. Þau rök að ég sé örugg í góðum lífeyrissjóði og ætti bara að þegja um lífeyrissjóð annarra manna eru einskis virði. Kannski rennur mér blóðið til skyldunnar þess vegna, já ég vildi gjarnan að sjómenn byggju við jafngóðan lífeyrissjóð og ég sjálf. Ég er nefnilega ekki að biðja um að Lífeyrissjóður sjómanna sé skertur heldur að réttur sjómanna sé bættur. Ég hefði kosið að hafa lengri tíma til að hrekja hvert einasta orð sem hv. 16. þm. sagði. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hann að lokum: Hafa sjómannasamtökin í heild verið spurð um álit á frv.?

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til að svara því sem síðasti ræðumaður sagði áðan þá hefur samtökum sjómanna verið sent þetta mál. Þau vita af því sem er að gerast og þau skilja þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að draga inn í umræðuna það sem gerðist 1981 þegar hv. þm. var líklega í stjórn og félmrh. hét Svavar Gestsson. Þá var lífeyrisaldurinn lækkaður úr 65 árum niður í 60 ár og við fulltrúar sjómanna vissum ekki betur en ríkið væri með fyrirheit um að bæta okkur upp þann kostnaðarauka sem hlytist af þeirri aðgerð einni saman. Það varð til þess að liðka fyrir kjarasamningum. En við vissum það ekki fyrr en eftir á að við hefðum alveg getað samið við okkur sjálfa um þennan kostnaðarauka sem þarna hlaust af. Það er einn vandi sjóðsins ásamt því sem ég nefndi hér áðan ef maður dæmist öryrki áfram. Ef hann er öryrki eftir fimm ár þegar endurmat fer fram og getur ekki gegnt neinu starfi heldur hann sínum örorkubótum óbreyttum. Það er ósköp eðlilegt að þetta ákvæði sé tekið inn í lög Lífeyrissjóðs sjómanna vegna þess að lífeyrissjóðurinn getur ekki staðið undir örorkubótum vegna manna sem eru í fullu starfi í landi. Það er andstætt lögum sjóðsins, það er andstætt heilbrigðri skynsemi. Ég vildi gjarnan, hv. 14. þm. Reykv., að Lífeyrissjóði sjómanna yrði send 1 millj. á ári á hvern sjómann til að standa undir skuldbindingum. Þá þyrftum við ekkert að vera að þessu. Við þyrftum ekki að hugleiða þetta mál. Við myndum þá heils hugar standa við það sem hér er gert. Við erum bara að horfa fram veginn. Þess vegna teljum við að það sé eðlilegt að fyrir menn, sem eru komnir á þann rekspöl að vera ekki lengur öryrkjar í orðsins fyllstu merkingu og geta unnið, sé Lífeyrissjóður sjómanna ekki að greiða að fullu eins og nú er.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er í raun á ferðinni mikið alvörumál sem snertir lífeyrisþega Lífeyrissjóðs sjómanna en er þó hluti af miklu stærra máli, þ.e. stöðu lífeyrissjóðanna almennt í landinu og því hvernig við ætlum að tryggja okkur alþingismönnum og öðrum líf-

eyri eftir að menn ljúka starfsaldri eða verða óvinnufærir einhverra hluta vegna áður en menn ná þeim aldri. Það er mikið alvörumál hvernig staða margra lífeyrissjóða er og margir þeirra eru í þeirri stöðu að menn sjá ekki fram úr því hvernig þeir koma til með að gegna sínu hlutverki ef litið er til lengri framtíðar. Það er svo annað mál að Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna og ríkisstarfsmenn hafa staðið miklu betur að vígi hvað þetta snertir. Kannski er svo komið nú á allra síðustu árum að ríkisstarfsmenn eru farnir að meta það að verðleikum. Það er hins vegar óleyst mál og að mínu mati ekki fortíðarvandi heldur framtíðarvandi hvernig menn komast fram úr því að standa við þær skuldbindingar sem þar eru settar fram. Það er svo aftur annað mál, sem kom fram hjá hv. 16. þm. Reykv., að það er mjög ósmekklegt í ræðustól á hinu háa Alþingi að beina ummælum um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna sérstaklega að alþingismönnum. Það er að mínu mati mjög ósmekklegt hvað þingmenn og reyndar ráðherrar, síðast hæstv. forsrh. í dæmalausri ræðu í gærkvöldi, eru farnir að tíðka það að slá sig til riddara úr ræðustól Alþingis á kostnað Alþingis. Þetta kom einnig mjög skýrt fram í ræðu hv. 6. þm. Reykn., formanns fjárln., þegar hann ræddi um Alþingi og gjörðir stjórnmálamanna úr þessum stól í kvöld. Menn verða að passa sig á að halda slíkri umræðu í samhengi og í þessu tilfelli stöðu Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna almennt gagnvart öðrum lífeyrissjóðum í landinu.

Þetta leiðir hugann að því að nú er svo komið að hluti launamanna sækir sinn lífeyri, eftir að hafa hætt störfum, að verulegum hluta í gegnum almannatryggingakerfið með tekjutryggingunni. Ég þekki það ágætlega gagnvart Lífeyrissjóði bænda sem er þar staddur núna að þeir sem eru þar með full réttindi fá í lífeyri úr lífeyrissjóðnum um 14 þús. kr. á mánuði. Staða þess sjóðs er sú að það er ekki séð hvernig hann getur staðið við þó ekki hærri greiðslur en þetta í náinni framtíð. Ég vil því undirstrika í þessari umræðu að það er eitt af stóru málunum í íslenskum stjórnmálum á næstu árum hvernig við ætlum að tryggja þeim sem hættir eru störfum eðlilegan lífeyri til framfærslu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það þurfi að verða miklar breytingar frá því sem er í dag. Það fer því miður allt of hátt hlutfall af tekjum lífeyrissjóðanna í landinu í rekstur og það svo að þar sem það er hæst skiptir það tugum prósenta af því sem inn kemur í allra minnstu sjóðunum. Menn hafa verið að vakna til vitundar um þetta á allra síðustu árum. Það eru í gangi þar sem ég þekki til á nokkrum stöðum viðræður um sameiningu lífeyrissjóða.

Varðandi það sem hv. 14. þm. Reykv. ræddi um skuld útgerðarinnar við lífeyrissjóðinn held ég að hafi gætt nokkurs misskilnings. Ég held að það sé rétt hjá hv. 16. þm. Reykv. að miðað við tryggingar sjóðsins hafi hann sjálfsagt ekki annars staðar betri ávöxtun en á skuld útgerðarinnar við sjóðinn. Sú skuld segir hins vegar aðra sögu. Hún segir okkur sögu um það hvernig staðið er að málum og málefnum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi. Að þessi grunnatvinnuvegur okkar skuli ekki getað staðið við skuldbindingar sínar við lífeyrissjóð. Það leiðir einnig hugann að því að hæstv. ríkisstjórn, sem hv. 16. þm. Reykv. styður, hefur verið drjúg við það á þessu þingi að auka álögur á útgerðina sem aftur kemur fram í verri afkomu hennar og sem óhjákvæmilega kemur fram í kjörum og aðstöðu sjómanna til þess að búa í haginn fyrir efri árin. Ég sé ástæðu til að nefna það í þessu sambandi, því að í hinni almennu umræðu er yfirleitt ekki rætt um aðra sjómenn en þá sem eru í tekjuhæsta hópnum, að ég veit það að kjör sjómanna sem ekki eru á aflaskipum, ég tala nú ekki um ef menn lenda í því langtímum saman að vera á tryggingunni einni, eru ekki til að hrópa húrra fyrir. Það er því full ástæða til þess að þar eigi menn aðgang að þokkalega góðum lífeyrissjóði.

Ég ætla ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég skynja frv. þannig að það sé fyrst og fremst sett fram til að aðlaga Lífeyrissjóð sjómanna að öðrum lífeyrissjóðum. Mér dettur ekki í hug að ætla að þar sitji illgjarnir menn í stjórn sem að ástæðulausu vilji skerða lífeyrisgreiðslur til sjómanna. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að þetta er að mínu mati partur af stærri heild sem er slæm staða margra lífeyrissjóða í landinu. Ég ég tel eðlilegt að málið verði tekið til frekari umfjöllunar í nefnd. Það er svo aftur annað mál hvort það verður afgreitt á þessu vorþingi.

Að lokum örfá orð um þau stóryrði sem hafa gengið á víxl um viðveru eða fjarveru manna í þingsölum. Ég hef ekki haldið neina skýrslu um viðveru þeirra þingmanna sem koma úr trúnaðarstörfum í sjómannastétt. Ég hef enga ástæðu til að ætla að hún sé verri en annarra. En þó verð ég að segja það í þessu sambandi að oftar en einu sinni og oftar en tvisvar kallaði ég eftir því úr þessum stól þegar fjallað var um bandorminn fræga og þau atriði sem tengdust sjómönnum þar og spurði eftir fulltrúum sjómanna í þingmannahópi að þá voru þeir sjaldséðir í sínum sætum þá daga sem verið var að fjalla um þau mál og sáust varla á meðan á umræðu stóð um bandorminn. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.)

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. talaði hér um að rekstur ýmissa lífeyrissjóða væri afar dýr og væri oft tugir prósenta (**JGS:** Ekki oft.) já, að fyrir kæmi að hann væru tugir prósenta af iðgjaldatekjum. Ég vil þess vegna upplýsa að reksturinn sem Tryggingastofnun ríkisins annast á Lífeyrissjóði sjómanna er einungis 2,2% af iðgjaldatekjum og þess vegna tel ég ekki til sparnaðar að flytja sjóðinn þaðan.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að mín orð áðan verði ekki mistúlkuð þá sagði ég að það fyndust dæmi um slíkan rekstrarkostnað á lífeyrissjóðum. En sem betur fer mun það vera mjög óalgengt.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt að taka til greina beiðnir stjórnar lífeyrissjóða í landinu um breytingar á lögum til að aðlaga bótarétt að tekjum. Ég hef enga

sérstaka skoðun á því hvernig það er gert í þessu tilviki en það er eðlilegt að það sé tekið fyrir í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og farið yfir það þar. Ég þykist vita að þegar verið er að draga úr bótum til samræmis við tekjur þá verði ekki gert svo öllum líki hvort sem það er þessi sjóður eða aðrir. Mér kom því nokkuð á óvart þegar hv. 16. þm. Reykv. talaði með nokkurri óvirðingu um annan sjóð sem hefði þurft að taka á slíkum málum. Það var ekki verið að nefna hann í umræðunni eins og einhverjum ákveðnum þingmönnum sem bæri sértök skylda til að tala um þann sjóð. Þannig er það nú ekki, hv. 16. þm. Reykv. Ég skal ekki dæma um það hvernig hlutirnir hafa verið aðlagaðir í þeim sjóði frekar en þessum. En það er eðlilegt að það sé rætt og menn taki á vandanum.

Hér hefur nokkuð verið rætt um lífeyrissjóðsmál sjómanna almennt sem er eðlilegt við þessar aðstæður. Það var m.a. vitnað til þess að því hefði verið lofað í kjarasamningum 1981 að hækka þessar bætur, sem er rétt, að beiðni sjómanna, að kröfu þeirra. Það lá hins vegar aldrei fyrir hver ætti að borga og hvernig ætti að standa að greiðslu þeirra mála. Forustumönnum sjómannasamtakanna var það fullkomlega ljóst. Það hefur nú oft og tíðum verið þannig þegar verið er að krefja um ýmislegt í okkar samfélagi að menn hafa minni áhyggjur af því hvernig á að standa við að borga hlutina. Ætli það sé ekki einmitt þess vegna sem í þessu tilviki þarf að breyta réttindunum að það hefur ekki verið haft í heiðri. Hitt er svo annað mál að það hafa stundum gengið greiðslur til lífeyrissjóða sjómanna í tengslum við gengisbreytingar fyrr á árum til að styrkja stöðu þeirra. Þar með var í litlu reynt að bæta úr í sambandi við erfiða stöðu sjóðanna. Aðalmálið er hins vegar að það er alveg nýlega sem farið er að greiða af fullum tekjum sjómann í lífeyrissjóð. Það gerðist aðeins fyrir nokkrum árum. Það er aðalástæðan fyrir því hversu illa er komið fyrir lífeyrisréttindum sjómanna í landinu. Það er að sjálfsögðu vegna þess að útvegsmenn neituðu því ávallt í kjarasamningum að teknar væru upp sambærilegar lífeyrisgreiðslur til handa sjómönnum eins og öðrum stéttum. Þetta hafðist þó loks í gegn fyrir nokkrum árum, m.a. fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins og viðræðum sem áttu sér stað og það var mikið framfaraspor.

Hins vegar er eitt alvarlegt í sambandi við þetta mál að fyrir alllöngu síðan var ákveðið að sjómenn skyldu njóta ellilífeyris frá og með 60 ára aldri. Það var ákveðið með lögum í vetur að þessi lífeyrir skyldi sérstaklega skertur. Það kemur þannig út að þegar um er að ræða sjómann sem hefur litlar bætur úr lífeyrissjóði en reynir að afla sér einhverra annarra tekna vegna hinna litlu bóta að hann fær verulega skerðingu á ellilaunum. Það var eitt af því sem gert var til að reyna að koma til móts við alla þessa raunasögu, að samþykkja lög þar sem sjómenn fengu annan ellilífeyrisrétt en aðrir í landinu. Það var samþykkt samhljóða á Alþingi og fulltrúar allra flokka fögnuðu því sérstaklega. Það var hins vegar ákveðið í vetur að taka þetta af með þeim hætti sem allir muna eftir. Það væri fróðlegt að vita hvort rætt hefur verið um í sambandi við þetta mál að leiðrétta það sem gerðist í vetur, m.a. til að hægt sé að standa við margt af því sem úrskeiðis hefur farið í gegnum tíðina. Ég varð ekki var við að hæstv. fjmrh. minntist neitt á það og vildi ég gjarnan spyrja hvort það gæti náðst samstaða að breyta þessu máli í hið fyrra horf eins og samþykkt var á Alþingi samhljóða á sínum tíma. Réttur þessara manna, sem flestir hverjir búa við afar lítinn lífeyri, yrði þannig bættur í nokkru aftur.

Ég get vel hugsað mér að afgreiða þetta mál sem fyrst og vil ekki standa að því að það tefjist á einn eða annan hátt í þinginu. Mér er ekki alveg ljóst hversu mikið liggur á því. Hins vegar bendir margt til þess, miðað við hvað það er seint fram komið, að það gæti þess vegna beðið haustsins. Ef hægt væri að ná um það samstöðu að samhliða þessari breytingu færi fram leiðrétting til hins fyrra horfs, sem ég gat áður um, þá væri það vel. Ég hygg að sú breyting hafi ekki eingöngu verið ásetningur sem varð í vetur heldur e.t.v. ákveðið athugunarleysi sem var eðlilegt að yrði leiðrétt í meðförum þingsins. Því var neitað. En það er alltaf tími til að lagfæra. Það væri gott ef þessi vondu mistök yrðu lagfærð í sambandi við afgreiðslu þess máls sem við höfum hér fyrir framan okkur.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér sýnist að í frv. felist ýmis skynsamleg ákvæði. Ég tel eðlilegt að athuga það í nefnd og greiða fyrir framgangi þess. Mér er tjáð að hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, Íslands Hrafnistumaður nútímans, (**Gripið fram í:** Með meiru.) hafi kvartað yfir því að ég skyldi víkja úr þingsalnum eða þinghúsinu í hálftíma eða svo. Ég tel mér það til tekna ef hv. þm. saknar mín. Ég get ekki sagt að ég sakni hv. 16. þm. Reykv., Guðmundar Hallvarðssonar, þegar hann er fjarverandi. En ég tek hins vegar eftir því þegar hann mætir á þingfundi því þá fer sannarlega hressandi gustur um þingsali.

Hinir gömlu Hrafnistumenn höfðu þann vilja og það vit að þeir komust upp á lag með það fyrstir manna í veröldinni, ef ég veit rétt, að sigla á móti vindinum. Mér þykir hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, eftir þeim litlu en ágætu kynnum sem ég hef haft af honum í vetur, líklegri til að sigla undan vindi. Mér finnst hann eiginlega hafa flatrekið hér hvað eftir annað í vetur.

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. v. kom inn á þetta mál af mikilli skynsemi. Það er alveg rétt sem hann sagði að auðvitað er það hluti af miklu stærra máli. Það er hluti af vandamáli allra lífeyrissjóða landsins. Og það er líka hluti af vandamáli Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Ég verð hins vegar að segja að ég er undrandi á honum að tala um að það væri ósmekklegt af mér að nefna Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og það væri ósmekklegt af mér að nefna að þingmenn hefðu frekari rétt en aðrir þegnar þessa lands.

Ég tel ekki að þingmenn þurfi að fara í neinar graf-

götur með kjör sín enda liggja þau á bekk fyrir hvern sem er og hvenær sem er. Ef hér má ekki koma fram fyrir alþjóð til að segja henni sannleikann um lífeyrisrétt alþingismanna, hvað erum við þá yfir höfuð að gera í þessari stofnun? Er það ekki sannleikurinn sem hér á að gilda?

Hv. 1. þm. Austurl. kom inn á málið um Lífeyrissjóð sjómanna og talaði líka um að það hefði komið sér á óvart að ég hefði talað af óvirðingu um þennan merka lífeyrissjóð. Ég fæ ekki annað samhengi í þetta mál en að innra með þessum heiðursmönnum blandist kannski einhver ótti við að sannleikurinn komi í ljós um réttindi lífeyrissjóðs alþingismanna sem eru umtalsverð umfram aðra. Ég væri alveg til í að breyta þessum lögum. Ég tel ekki að þingmenn eigi að njóta lífeyrisréttinda umfram aðra þegna þessa lands enda erum við af þeim kosnir hingað. En auðvitað þarf þá margt annað að skoða varðandi kjör þingmanna almennt. Það blasir þannig við mér eftir þennan fyrsta vetur sem ég hef verið á þingi. Það er margt hér sem mætti og er nauðsynlegt að skoða í kjörum þingmanna, ekki til að rífa allt niður, eitt þarf að aðlaga að því sem er að gerast úti í þjóðfélaginu og annað þarf að bæta.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að vandamál lífeyrissjóðsins er fortíðarvandi eins og vandi Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Það var aldrei annað í huga sjómanna varðandi regluna um 60 ára lífeyrisgreiðslu. En af því að ríkisvaldið kom inn í þá kjarasamninga 1981 blandaðist engum sjómanni hugur um annað, þar sem ríkisvaldið tók þátt í að leysa þann vanda sem blasti við í kjaradeilunni, en að ríkisvaldið ætlaði með lagasetningu að ábyrgjast þann kostnaðarauka sem af hlytist. Það hittist svo á að ég ásamt þáverandi formanni Vélstjórafélags Íslands áttum samtal við félmrh. og hans aðstoðarmann sem sögðu báðir: Við getum ekki látið ykkur hafa óútfyllta ávísun vegna þess kostnaðarauka sem Lífeyrissjóður sjómanna verður fyrir vegna þeirrar lausnar sem hér er í sjónmáli ef svo verður gengið frá lögum sem síðan var gert. Nei, hann vildi fyrst fá að sjá hver yrði kostnaðaraukning Lífeyrissjóðs sjómanna áður en tékkinn yrði útfylltur. Þetta voru hans orð og þetta hefur hans aðstoðarmaður staðfest. En þetta er liðin tíð og hluti af fortíðarvandanum og við skulum ekki gera það að stórmáli.

Það er líka rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að því miður komu bátasjómenn allt of seint inn í lífeyrissjóðinn með fulla greiðslu. Það hefði verið nauðsynlegt að þeir hefðu komið fyrr inn. Hitt er svo annað mál að ég á von á því að vandi Lífeyrissjóðs sjómanna verði leystur, að við stjórnarmenn munum leysa hann sjálfir og vonandi þurfum við ekki að leita til ríksins til að fá fjárframlag þaðan til að standa við skuldbindingar okkar vegna þess að vandinn er fyrst og fremst sá vandi sem blasti almennt við efnahagskerfi okkar Íslendinga, það var verðbólgan og vaxtamálin eins og þau voru. Eftir að ávöxtun fjármagns varð eðlileg sjáum við fram á að síðan 1980 og allt það sem kom inn eftir þann tíma höfum við getað ávaxtað með þeim hætti að við getum staðið við meginhluta af skuldbindingum okkar. Samt sem áður teljum við að það sé eðlilegt og rétt að við störfum með sama hætti og aðrir lífeyrissjóðir.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um að hann tæki alloft eftir því hvort ég væri í salnum eða ekki. Það er gott og gilt út af fyrir sig. Ég hefði ekki haft orð á þessu, hv. þm., nema af því að 4. maí hittist svo á að ég var ekki viðstaddur. Þá var ræða hv. þm. í þá veru hvenær mér þóknaðist að vera hér í salnum þegar málefni sjómanna væru rædd og væntanlega yrði ég kominn til starfa næsta dag á eftir. Ef þingmenn vekja athygli á því að einhver annar í hópnum er ekki viðstaddur þá er það eðlileg krafa þess, sem fyrir slíku verður, að hann biðji þingmenn um að gera grein fyrir mætingaskránni sinni ef þeir hafa eitthvað við hana að athuga. En ætli það sé ekki bara nokkuð jafnt á komið með okkur. Mér þótti sjálfsagt og eðlilegt að nota tækifærið þar sem hv. 1. þm. Norðurl. v. var ekki viðstaddur að benda á að það er kannski líkt á komið með okkur, báðir þurftum við að skreppa frá. Og það er ekkert óeðlilegt.

En ég forbið mér þá siglingalist að reyna að sigla á móti vindi. Ég hef margoft siglt seglskútum og ég veit alveg hvar vindaugað er og hvar vindur nýtist best. Enda er ég í Sjálfstfl.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð varðandi túlkun hv. 16. þm. Reykv. á orðum mínum um lífeyrissjóð alþingismanna. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að þar eigi ekki nokkurn hlut að fela enda liggur það allt saman, eins og þingmaðurinn nefndi, ljóst fyrir og það skortir ekki aðila í þjóðfélaginu til þess að draga kjör þingmanna fram í smæstu smáatriðum. Það sem ég vakti hins vegar athygli á og mér líkaði ekki í málflutningi þingmannsins var það að draga lífeyrissjóð alþingismanna á sérstakan hátt úr út umræðunni um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna þar sem þeir njóta í raun sömu kjara hvað lífeyri snertir og aðrir ríkisstarfsmenn. Það býst ég við að endurspeglist síðan í kjörum alþingismanna eins og annarra ríkisstarfsmanna. Eins og ég nefndi í ræðu minni áðan hefur mér fundist á allra síðustu árum að ríkisstarfsmenn almennt, og þá væntanlega þingmenn sem aðrir, séu farnir að meta að nokkru þá miklu kjarabót sem felst í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna ef það tekst að standa við þær skuldbingingar í framtíðinni. En það er hins vegar ekki ljóst og að mínu mati stór og mikill framtíðarvandi eins og ég nefndi áðan.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umræður sem snúast um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Eins og kom fram í ræðu hv. 16. þm. Reykv. áðan þá er hann ekki einu sinni viss um að þetta dugi til að sjóðurinn geti haldið sjó. Því miður er ástandið þannig með marga lífeyrissjóði landsmanna að þeir sjá ekki fram á að geta staðið undir skuldbindingum sínum og eru þess vegna og hafa verið að endurskoða reglur um greiðslur á lífeyri og öðrum bótum sem þeir standa skil á til sinna sjóðfélaga. Ég vil taka undir gagnrýni hv. 14. þm.

Reykv. á þeim skerðingum sem hér er verið að tala um, sérstaklega í sambandi við 6. gr. Ég kem hér fyrst og fremst upp í þeim tilgangi að láta það koma fram að ég tel að það sé á ábyrgð Alþingis hvernig ástandið er í lífeyrismálum landsmanna og það geti enginn annar aðili en Alþingi Íslendinga leyst úr þeim hnút sem þessi mál er í. Ég tel enga ástæðu til að fjalla sérstaklega um einn lífeyrissjóð öðrum fremur en vitanlega er öllum ljóst að lífeyrissjóður alþingismanna er góður lífeyrissjóður sem tryggir sínum félagsmönnum góðan lífeyri. Það ætti þess vegna að vera mikill skilningur á því hjá alþingismönnum að það þurfi að tryggja öðrum sambærileg réttindi miðað við þau störf sem þeir hafa sinnt um ævina.

Ég þyrfti að halda langa ræðu ef ég ætti að lýsa minni skoðun á lífeyrismálunum. Ég tel að það hafi verið mikið slys á sínum tíma, þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnsettir, og sú stefna sem þá var tekin, þ.e. að stofna slíkan aragrúa af lífeyrissjóðum sem eru núna til í landinu og með hvaða hætti fundið var út hvaða lífeyri fólk ætti að hafa til framfæris eftir að það hætti störfum, þ.e. telja stundir og daga þess fólks sem í lífeyrissjóðunum er til að ákveða hvernig það eigi að hafa það í ellinni. Þar gleymdust minnihlutahópar í þjóðfélaginu sem ekki hafa haft möguleika á að eignast réttindi í lífeyrissjóðum. Heimavinnandi húsmæður gleymdust, öryrkjar gleymdust og ýmsir aðrir. Fyrir nú utan það að grunnurinn undir þessu á auðvitað að vera ábyrgð samfélagsins á því að allir hafi viðunandi lífeyri til að lifa af í ellinni.

Ég tel að þessi mál þurfi öll endurskoðunar við, það þurfi að skipta þessum málum öðruvísi. Menn þurfi annars vegar að hafa lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og hins vegar þurfi menn að hafa tryggingar sem geta tekið yfir og ættu að taka yfir hluta af því sem lífeyrissjóðirnir annast í dag.

Eins og ég sagði áðan þá ætla ég ekki að fara að lengja umræður á Alþingi um þetta mál. Ég hvet til þess að sú nefnd sem fjallar um málið horfi á það í samhengi við þá heildarendurskoðun sem þarf að fara fram á þessum málum og ég hvet hv. alþingismenn til að ræða þessi mál og vonandi finna menn leið þar sem verður að hægt að leiða saman alþingismenn til að leysa lífeyrissjóðsmál landsmanna með einhverjum heildstæðum hætti.

Ég tel útilokað að skiljast við umræðu eins og þessa öðruvísi en að hvetja til þess að farið verði í endurskoðun á þessum málum af fullri alvöru.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður kom inn á athyglisvert mál, sem er kannski mál málanna varðandi lífeyrissjóðina, og það er hinn tryggingalegi þáttur lífeyrissjóðanna. Hann er orðinn mjög stór í flestum lífeyrissjóðum. Það er hins vegar náttúrlega umhugsunarefni að Lífeyrissjóður sjómanna er bundinn lögum og þess vegna koma breytingar sem gerðar eru á sjóðnum inn á hið háa Alþingi. Aðrir lífeyrissjóðir hafa reglugerðir sem þeir geta breytt án þeirrar umræðu sem kannski væri eðlileg til þess að menn gætu fengið heildarmynd af lífeyrissjóðsmálum landsmanna.

Auðvitað er það upphaf og tilgangur lífeyrissjóðanna að tryggja sjóðfélögum hæfilegan lífeyri við starfslok. Það er tilgangurinn og meginmálið. Hinn tryggingalegi þáttur var til hliðar við meginmálið. Hins vegar hafa þeir sem í upphafi stofnuðu sjóðina aldrei reiknað með því að tryggingafræðilegi þátturinn yrði jafnstór og jafnmikill gjaldaliður og raun ber vitni. Það sem Lífeyrissjóður sjómanna er eingöngu að fara fram á er það að hann standi eins og aðrir sjóðir gagnvart sjóðfélögum, þ.e. að þeir sem hafa fengið örorkubætur fari í endurmat eftir fimm ár, sé líkamlegt atgervi þeirra þannig og ef þeir geta unnið önnur störf. Ef þeir geta unnið er eðlilegt að örorkumat sé endurmetið og þá séu þeir ekki á örorkubótum. Það er meginmálið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni sem ræddi um það áðan að nauðsynlegt væri að fram færi heildarendurmat á lífeyrissjóðum landsmanna og á hvern hátt væri staðið að því að tryggja mönnum framfæri eftir starfslok.

Ég held hins vegar að við verðum að greina á milli þeirrar brýnu endurskoðunar annars vegar og svo þeirrar skyldu Alþingis að taka til umfjöllunar málefni þeirra lífeyrissjóða sem lúta lögum frá Alþingi í þeim tilfellum þegar þarf að samræma þar tekjur og útgjöld. Það höfum við verið að gera. Það er ekki langt síðan við afgreiddum úr efh.- og viðskn. breytingar á lögum um Lífeyrissjóð ljósmæðra sem enginn var lengur í og þar voru engir peningar. Það var því sjálfgefið að því yrði að breyta. Það er hins vegar alveg rétt ábending hjá þingmanninum að í tengslum við það sé hægt að geta þess að heildarendurskoðun er brýn. Það held ég geti ekki tafið það að við verðum við því að gerðar séu nauðsynlegar breytingar á lögum einstakra lífeyrissjóða.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara því til að ég tel að ekki sé hægt að tregðast við að endurskoða lög um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég tel að menn verði að taka þetta frv. og fara yfir það og skoða það nákvæmlega. Ég hvet til þess að menn reyni í þeirri endurskoðun að kanna nánar hvort það sé virkilega nauðsyn að rýra greiðslur til sinna félaga eins og þarna kemur fram. Ég tel ástæðu til þess að hafnar verði viðræður við þá sem stjórna þessum sjóði um það hvort hægt sé að fara aðrar leiðir. Er ekki möguleiki á því að sjóðurinn geti t.d. fengið meiri tekjur og geti þannig að hluta til komið á móti þessari stöðu sinni og lagfært hana með því. Ég tel að það verði að skoða. Ég vona það satt að segja að menn geti dregið úr þeirri skerðingu sem fyrirhuguð er í frv. um Lífeyrissjóð sjómanna.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég segja að eins og margoft hefur komið fram er þessi skerðing, ef svo mætti kalla, með þeim hætti að þeir sem verða endurmetnir og hafa náð starfsorku til að gegna

jafnvel fullu starfi í landi fá skertar greiðslur. Það hlýtur hver maður að spyrja sjálfan sig: Er það eðlilegt og er það tilgangur lífeyrissjóðanna að greiða manni sem getur unnið fullt starf fullar örorkubætur? Þið þekkið hvernig framreikniregla lífeyrissjóðanna er. Fimm síðustu ár eru lögð til grundvallar þegar maður verður öryrki og með þær tekjur, meðaltekjur, er maðurinn framreiknaður til 65 ára aldurs. Út frá því er honum greiddur mánaðarlegur örorkulífeyrir.

Ég þykist vita að þeir sem eru úti á sjó og eru að afla tekna til þess að undirbúa hæfilegt og rólegt ævikvöld með iðgjaldagreiðslum í Lífeyrissjóð sjómanna eru ekki tilbúnir til þess að auka iðgjöld sín til þess að Lífeyrissjóður sjómanna greiði mönnum örorkubætur sem eru þó þannig líkamlega á sig komnir að þeir geta sinnt öðrum störfum, eru jafnvel í fullri vinnu annars staðar og taka um leið fulla örorku út úr Lífeyrissjóði sjómanna. Þeir eru ekki tilbúnir til þess. Það er óréttlátt. Það er ekki tilgangur lífeyrissjóðanna.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að útiloka það að hægt sé að finna leið til að sætta þessi sjónarmið. En það kemur hvergi fram í þessu lagafrumvarpi hvernig eigi að bregðast við því ef menn eru eru kannski komnir að því að örorkumatið breytist en hafa ekki atvinnu sem gefur þeim það miklar tekjur að þeir geti lifað almennilega af þeim. Þessir menn hafa skipt um atvinnu, þ.e. þeir geta ekki lengur stundað sjó, og þá skiptir náttúrlega miklu máli, þó að þeir hafi náð sér eftir slys og séu ekki lengur öryrkjar eins og þeir voru dæmdir upphaflega. Það skiptir alla vega máli hvaða vinnu þeir hafa og ef örorkumatið á bara að gilda, en ekki taka neitt tillit til möguleika á tekjum, tel ég málum illa komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um réttindi barna, frh. síðari umr.

Stjtill., 513. mál. — Þskj. 828, nál. 897.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hæstv. utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um réttindi barna. Þetta er samningur á vegum Sameinuðu þjóðanna. Utanríkismálanefnd mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur fyrri umræðu málsins og vil gjarnan lýsa skoðunum mínum til málsins. Ég fagna þessum samningi og hvet þingmenn til að samþykkja hann á þessu þingi.

Það eru aðeins nokkur atriði sem ég vil drepa á og beina máli mínu til hæstv. utanrrh. Það fyrsta sem ég nefni er atriði sem kemur fram í athugasemdum við þingsályktunartillöguna um að ríkisstjórnin hafi talið rétt að leggja fram sérstaka yfirlýsingu vegna ákvæða samningsins um endurmat dómstóla og ákvörðun stjórnvalda um forsjá barna og um aðskilnað ungra fanga frá eldri föngum. Það kemur reyndar fram á bls. 11 nánar um efnið sem í þessari yfirlýsingu er og virðist mér að hún lúti að atriðinu um aðskilnað ungra fanga frá þeim eldri. Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra upplýsi um efni yfirlýsingarinnar svo það sé ótvírætt hvað í henni felst en ég hef hvergi séð þessa yfirlýsingu. Hún fylgir ekki með þessari þingsályktunartillögu. En auðvitað skiptir hún máli varðandi stöðu samningsins hér á landi.

Í 42. gr. samningsins er ákvæði um það að aðildarríki skuldbindi sig til að kynna meginreglur og ákvæði samningsins víða með viðeigandi og virkum hætti, jafnt börnum og fullorðnum. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst standa að því að kynna þennan samning hér á landi, með hvaða hætti menn hafa hugsað sér að samningurinn verði kynntur og hvort þeir eru komnir svo langt að sjá það fyrir sér hvenær menn hefjist handa um það efni.

Það kemur fram í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu, 11. gr. samningsins, að Ísland hafi ekki fullgilt tvo alþjóðlega samninga sem fjalla um þau tilvik þegar börn eru ólöglega flutt úr landi og haldið erlendis. Það kemur fram í skýringum með 11. gr. að Ísland hefur ekki fullgilt Haag-samning frá 25. okt. 1989 og Evrópusamning frá 20. maí 1980 en fullgilding þeirra er í undirbúningi, eins og segir í skýringum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ákveðið hafi verið að Ísland gerist aðili að þessum samningum og hvenær þess er að vænta að það verði gert. Þá verður málið væntanlega lagt fyrir þingið því ef ég skil það rétt þarf það sams konar meðferð og þessi samningur.

Í þessum tveimur samningum eru ákvæði, sem ég tel afar þýðingarmikið að öðlist gildi hér á landi og við séum aðilar að. Að vísu hefur það háð mér nokkuð við athugun efnis þessara samninga að þeir eru ekki tiltækir á Alþingi en ég fékk afrit af þeim frá utanríkisráðuneytinu og er annar í lauslegri þýðingu sem er ekki orðin opinber þýðing. Hinn er einungis á ensku og það háir mér nokkuð, bæði þurfti ég að hafa fyrir því að nálgast þá og eins háir mér nokkuð að hafa þá ekki á því máli sem mér er tamast að nota og ég skil. Engu að síður sé ég ákvæði í þessum samningum sem ég tel skipta máli og menn ættu að leggja áherslu á að öðluðust gildi hér á landi. Ég vil nefna að í ákvæði Evrópusamningsins kemur fram t.d. að aðildarríki sem standa að þessum samningi veita athygli vaxandi fjölda tilvika þar sem börn hafa verið flutt á ótilhlýðilegan hátt yfir alþjóðleg landamæri og vandkvæði eru á tryggja fullnægjandi lausn á vanda sem slík tilvik valda. Í þessum samningi eru efnisákvæði sem eiga að taka á vandamálum sem skapast vegna þessa. Mér sýnist að það hefði t.d. skipt verulegu máli í tilteknu máli, sem hefur verið nokkuð til umræðu í vetur, ef Haag-samningurinn hefði verið fullgiltur hér á landi.

Ég nefni sem dæmi 7. gr. Evrópusamningsins þar sem aðildarríki viðurkenna að ákvörðun varðandi um-

sjá sem tekin er í samningsríki og sé fullnustuhæf í upphafsríkinu skuli gerð fullnustuhæf í öllum öðrum samningsríkjum. Í þessum samningi, sem ég ætla ekki að grípa frekar niður í, eru atriði sem einmitt eru ætluð til þess að auðvelda og leysa frekar úr málum sem varða börn og forræði yfir þeim þegar málið berst á milli landa. Ég nefni t.d. að aðildarríki að Haag-samningnum eru mörg og eitt af þeim er Tyrkland.

Ég ætla að grípa aðeins niður í 22. gr. samningsins þar sem fjallað er um réttarstöðu barna sem flóttamanna og í athugasemd með þeirri grein segir, með leyfi forseta á bls. 8: „Gera má ráð fyrir að framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga Íslands vegna flóttamanna verði í framtíðinni í samræmi við þetta ákvæði." Þennan texta má skilja þannig að menn telji að þetta ákvæði sé ekki bindandi fyrir Ísland því ef menn gerast aðilar að samningi sem felur í sér ákveðið ákvæði eiga menn að fara eftir því. En hér er í raun og veru dregið úr því með því að segja að gera megi ráð fyrir að svo verði.

Í 40. gr. er atriði sem mig langar til að nefna líka og vekja athygli á. Það er varðandi 3. tölul. í 40. gr. sem er á bls. 28 en þar segir, með leyfi forseta: „Aðildarríki skuli hvetja til þess að settar séu lagareglur, og reglur um málsmeðferð, skipuð stjórnvöld og settar á fót stofnanir sérstaklega fyrir börn sem eru grunuð, ásökuð eða fundin sek um refsilagabrot". Í raun og veru er kveðið á um þá meginstefnu að í þeim tilvikum sem börn eru grunuð, ásökuð eða fundin sek um refsilagabrot skuli settar á fót sérstakar stofnanir. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort íslensk stjórnvöld muni fylgja þessu sem meginstefnu eða hvort þar verði eitthvert frávik.

Fleira var það ekki sem ég hafði hugsað mér að nefna við þessa umræðu. Ég vil að lokum ítreka stuðning minn við þetta mál og hvatningu til hv. þingmanna að samþykkja þennan samning fyrir lok yfirstandandi þings.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. beindi til mín fáeinum fyrirspurnum. Hin fyrsta var um sérstaka yfirlýsingu sem boðuð er í greinargerð vegna ákvæða samningsins um tvennt, annars vegar endurmat dómstóla og ákvörðun stjórnvalda um forsjá barna og hins vegar um aðskilnað ungra fanga frá eldri föngum. Efnisinntak þessarar boðuðu yfirlýsingar er skýrt mjög ítarlega, annars vegar í athugasemd með 9. gr., um endurmat dómstóla á úrlausnum stjórnvalda um forsjá barna. Sérstök athygli skal vakin á því að í frumvarpi til barnalaga sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að deilur foreldra um forsjá lúti úrlausnum dómstóla nema báðir foreldrar óski eftir því að dómsmálaráðuneytið leysi úr málinu. Hin greinin, sem búið er að samþykkja, er 37. gr. þar sem rækilega er gerð grein fyrir því af hverju fyrirvari var gerður af Íslands hálfu að því er varðar spurninguna um aðskilnað ungra fanga frá eldri föngum. Þetta er því að fullu skýrt í greinargerð.

Ef spurt er um yfirlýsinguna sjálfa, þá hefur hún enn ekki verið orðuð nákvæmlega vegna þess að endanlegt orðalag hennar fer nokkuð eftir því hvernig á þessum málum er tekið í barnalögum.

Að því er varðar aðra spurningu með vísan til 42. gr. um kynningu málsins, þá mun verða óskað eftir samstarfi við menntamálaráðuneytið um það. Að því er varðar Haag-samninginn er svarið þetta: Það hefur ekki verið tekin formleg stjórnvaldsákvörðun um aðild að honum en þjóðréttarfræðingi utanríkisráðuneytisins er falin undirbúningur að því að við gerumst aðilar að honum. Það er eftir að leggja það mál fyrir ríkisstjórn og Alþingi.

Að því er varðar þá fullyrðingu að það hefði haft einhver áhrif á lausn viðkvæms deilumáls hér varðandi forræðismál, sem snertir íslenska og tyrkneska ríkisborgara, þá læt ég í ljós þá skoðun mína að svo hefði ekki verið eftir að hafa kynnt mér það mál.

Því næst var spurt um 22. gr. að því er varðar stöðu barna flóttamanna vegna orðalagsins: „Gera má ráð fyrir að framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga Íslands vegna flóttamanna verði í framtíðinni í samræmi við þetta ákvæði." Orðalagið er varfærið og kannski varfærnara en efni standa til. Það verður trúlega niðurstaðan.

Að því er varðar 40. gr., þ.e. þau ákvæði í henni sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til um sérstakar stofnanir fyrir börn sem eru grunuð, ásökuð eða hafa verið fundin sek um refsilagabrot og einkum ákveða þann lágmarksaldur sem börn verða að hafa náð til þess að vera talin sakhæf og í öðru lagi gera, þegar það á við og þykir henta, ráðstafanir til að fara með slík börn án þess að leita til dómstóla, enda sé mannréttinda og lögverndar gætt að fullu sem er meginatriði þessa máls. Það lýtur þá að því er framkvæmdina varðar að viðeigandi ákvæðum barnaverndarlaga hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

142. FUNDUR

þriðjudaginn 12. maí,
að loknum 141. fundi.

Ríkisreikningur 1989, frh. 2. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 82, nál. 851.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég dreg ekki í efa að það þskj. sem við höfum hér í formi ríkisreiknings 1989 er hið áreiðanlegasta plagg. Ég hef þó skrifað undir nál. um reikninginn með fyrirvara og hyggst ég nú gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Eins og svo oft áður stöndum við þingmenn frammi

fyrir gerðum hlut. Hér á ég við ríkisreikning ársins 1989. Ekki stóðust fjárlög þá frekar en áður og munu trúlega ekki standast betur fyrir yfirstandandi ár. Þau fjárlög, þ.e. fyrir árið 1992, eru hins vegar ekki til umræðu nú. Umræðan er búin, fjárlög afgreidd og yfir stendur framkvæmd þeirra. Reynslan mun svo skera úr um gildi fjárlaga þessa árs því að við eigum eftir að fjalla um enn ein fjáraukalög og að síðustu fáum við svo ríkisreikning í hendur.

Það er ýmislegt sem stingur í augu við skoðun ríkisreiknings árið 1989. Ég ætla að drepa á nokkur atriði í máli mínu hér á eftir. Á því ári voru í fyrsta sinn afgreidd tvenn fjáraukalög. Samtals veittu þau greiðsluheimildir fyrir 9,6 milljörðum kr. til viðbótar við fjárlög ársins. Afgreiðsla reikningsins er nú nokkuð frábrugðin því sem áður var en þá þurfti að samþykkja fjáraukalög samhliða samþykkt ríkisreiknings. Það sem einnig er frábrugðið ríkisreikningum fyrri ára er það að nú eru í fyrsta sinn færðar til gjalda ýmsar eldri skuldbindingar ríkissjóðs þó svo að þær hafi ekki komið til greiðslu á árinu. Það þýðir að ríkisreikningur er ekki sambærilegur við fjárlög ársins sem samin eru á greiðslugrunni.

Þá veldur það einnig, að mér finnst, vissum erfiðleikum við skoðun reikningsins að efnahagsreikningur hans er færður þannig að þær fjárveitingar sem valda eignamyndun eru ekki eignfærðar en skuldbindingar á lánum sem tekin eru til að fjármagna slíka eignamyndun eru færðar skuldamegin á efnahagsreikning. Þetta veldur því að efnahagsreikningur gefur í raun ekki rétta mynd af efnahag ríkisins. Skuldir virðast ævinlega meiri en eignir. Ég vil þó taka fram að þetta mun vera í samræmi við alþjóðlega venju samkvæmt því sem yfirskoðunarmenn ríkisreiknings segja. En þeim mun nauðsynlegra er að með fylgi listi yfir allar eignir ríkisins. Hins vegar er með þessu betur hægt að gera sér grein fyrir skuldastöðu ríkisins á hverjum tíma og hve mikið skuldir aukast á milli ára. Þær aukast t.d. um 100% milli áranna 1988 og 1989 eða úr 82,4 milljörðum í 162,6 milljarða. Ef tekið er tillit til breyttrar uppsetningar reikningsins, þá er aukningin 26,5 milljarðar eða 32%. Yfir höfuð hafa skuldirnar vaxið langt umfram vöxt lánskjaravísitölunnar á liðnum árum, á tímabilinu 1985–1989 um 642% en lánskjaravísitalan um 104%.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings er skýringin á þessu sögð vera uppsafnaður rekstrarhalli ríkissjóðs og að sjálfsögðu að verið er að taka inn allar skuldbindingar fram í tímann, m.a. í lífeyrismálum. Einnig hafa verið yfirtekin lán á þessu tímabili, m.a. í orkugeiranum og þar á ég við Rarik og Orkubú Vestfjarða.

Ég hef áður í umræðum á Alþingi bent á það misræmi sem mér finnst vera í því að færa skuldir orkufyrirtækjanna til gjalda í rekstrarreikningi ríkissjóðs á sama tíma og í þeim samningum sem gerðir voru við þessi orkufyrirtæki, a.m.k. bæði Orkubúið og Rarik, er gert ráð fyrir að þau greiði skuldirnar til baka ef lausafjárstaða þeirra batnar að ákveðnu marki. Mér finnst það rangtúlkun í ríkisreikningi að ríkissjóður státi af því að hafa yfirtekið skuldir orkufyrirtækjanna og sé á sama tíma að innheimta afborgun upp í þær skuldir. Ég er ekki þar með að biðja um skýringu á þeim samningum. Það hef ég fyrir löngu kynnt mér og veit líka að þetta ákvæði, sem ég vísa til í samningnum, var í raun þröngvað þar inn af hálfu samningamanna ríkissjóðs. Það var því ekki staðið af heilindum að þessum samningi af ríkisins hálfu enda hafa ráðherrar hælt sér af þessari yfirtöku skulda orkufyrirtækjanna en látið undir höfuð leggjast að segja frá því um leið að þau ættu að greiða þessar yfirteknu skuldir til baka.

Þá finnst mér ástæða til þess að íteka hér mínar fyrri athugasemdir við afgreiðslu fjárlaga á þessu ári um þær heimildir til útgjalda sem veittar eru með 6. gr. fjárlaga. Þar er um að ræða svo opnar heimildir til ráðstöfunar á fjármunum ríkisins og til eignakaupa án nokkurs eftirlits að með ólíkindum er að sífellt skuli viðgangast.

Það hefur aldrei dugað að setja ákveðið hámark á útgjöld vegna 6. gr. heldur hafa ráðherrar ævinlega farið langt fram úr hámarkinu. Nýjasta dæmið er frá árinu 1991 þegar greiðsluskuldbindingar skv. 6. gr. fjórfölduðust frá fjárlögum.

Í þessum ríkisreikningi er t.d. á bls. 21 í greinargerð nefnt það samkomulag sem þáv. fjmrh. gerði við Reykjavíkurborg um greiðslu á skuld Vegasjóðs við borgarsjóð vegna framkvæmda við þjóðvegi í þéttbýli. Þetta samkomulag hefur orðið tilefni mikilla umræðna, bæði í fjárlaganefnd og samgöngunefnd. Mjög eru skiptar skoðanir um gildi þess samkomulags lagalega séð. Samningurinn var gerður á árinu 1991, stuttu eftir að vegáætlun var samþykkt á Alþingi. Samningurinn var gerður með vísan í 6. gr. fjárlaga, nánar tiltekið grein 6.7 sem hljóðar svo:

„Fjmrh. er heimilt að semja við sveitarfélög með yfir 10 þús. íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar."

Samningurinn er síðan gerður og undirritaður af fjmrh. og samgrh. ásamt þáv. borgarstjóra, núv. forsrh. En það ákvæði 6. gr. að til þurfi samþykki fjárveitinganefndar var ekki uppfyllt. Samningurinn var aldrei lagður fyrir fjárveitinganefnd. En í greinargerð með fjárlagafrv. 1992 segir svo, með leyfi forseta:

„Á árinu 1991 var gengið frá samkomulagi við Reykjavíkurborg um uppgjör vegna lagningar þjóðvega í þéttbýli. Ákveðið var að skuldin, sem er rúmur milljaður, skyldi greidd af framlagi vegáætlunar til þjóðvega í þéttbýli. Á næstu þremur árum koma til greiðslu 370 millj. kr. af skuld þessari."

Nú kemur það furðulegasta. Þar sem engar athugasemdir voru gerðar af hálfu fjárln. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 er hægt að mati nokkurra aðila, sem um málið hafa fjallað, að líta svo á að fjárln. hafi samþykkt samkomulagið með samþykkt fjárlaga, þ.e. að fjárln. gerði engar athugasemd við þetta atriði í greinargerð við afgreiðslu fjarlaganna.

Ég vil þó taka það fram að við afgreiðslu fjárlaga var eftir að endurskoða vegálætlun og ég held að flest-

ir fjárlaganefndarmenn hafi litið svo á að þar yrði fjallað nánar um þau ágreiningsatriði sem þar væru og það væri hlutverk samgn. og engan veginn væri með fjárlögum verið að samþykkja einhvern samning sem aldrei hefði verið lagður fram. Ég vil ekki afgreiða þetta með svo einföldum hætti að með því að samþykkja fjárlög séum við að samþykkja allt sem stendur í greinargerð frv. Því er ég að færa þetta í tal nú að í ríkisreikningi 1989 er þetta nefnt í greinargerð. Ég lít ekki svo á að með samþykkt ríkisreiknings sé ég að samþykkja þennan samning af því að hans er getið í greinargerð með ríkisreikningi. Skuld sú sem samningurinn getur um er hins vegar staðreynd og hlýtur að verða færð til gjalda samkvæmt þessari nýju uppfærslu á reikningnum en það á ekkert skylt við samþykkt á öllu sem stendur í greinargerð ríkisreiknings.

Í framhaldinu finnst mér tækifæri til að skoða það hvernig samþykkt laga fer fram á hinu háa Alþingi og það vakna margar spurningar sem ég tel tímabært að við fáum svör við. Þegar frumvörp eru samþykkt sem lög eru þá greinargerðir með frv. orðnar að lögum um leið? Þegar formaður fjárln. flytur ræðu sína og gerir grein fyrir einhverju tilteknu atriði, er það atriði þá orðið jafngildi laga? Við getum tekið dæmi um að hann vísi til þess að fjármuna til uppbygginga á tækjum og búnaði einhverrar stofnunar sé aflað með umsókn úr einhverjum tilteknum sjóði. Getur þá tiltekin stofnun gengið í þann sjóð og byggt það á ræðu formanns vegna þess að það hafi lagagildi? Það vakna margar spurningar og ég veit reyndar ekki hver ætti helst að svara þeim.

Ég vil að lokum taka fram að ég hef þann fyrirvara um samþykkt þessa ríkisreiknings að ég sé ekki að samþykkja greinargerð sem honum fylgir og þau lán *sem yfirtekin eru vegna orkufyrirtækjanna og færð til* gjalda séu þar með afskrifuð og séu ekki í útistandandi skuld við ríkissjóð. Ég vænti þess að áfram verði unnið að því að leiðrétta þá samninga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 225, nál. 844 og 872, brtt. 845 og 873.

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins hefur hlotið ítarlega meðferð og umræðu í sjútvn. Á fund nefndarinnar komu Þorsteinn Gíslason, Þórður Jónsson og Kristján Ingibergsson frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Umsagnir bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Síldarverksmiðjum ríkisins, Sjómannasambandi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Vélstjórafélagi Íslands. Þá barst álitsgerð, sem nefndin bað um, frá Hróbjarti Jónatanssyni hæstaréttarlögmanni.

Ef frv. verður að lögum munu fyrst og fremst breytast þeir þættir í rekstri Síldarverksmiðja ríkisins að fyrirtækið verður hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkissjóðs. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Ákveðið er að fram fari nákvæmt mat á eignum og skuldum Síldarverksmiðja ríksins til þess að nota sem viðmiðun við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Heimilt verður að selja öðrum öll hlutabréf eða hluta þeirra í félaginu og einnig verður félaginu heimilt að selja einstakar fasteignir þess eða rekstrareiningar. Stjórn fyrirtækisins verður kosin á aðalfundi eins og um venjulegt hlutafélag sé að ræða. Ábyrgð og völd stjórnenda verða meiri en nú er. Sambandið á milli eigenda og stjórnenda verður skilvirkara og fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir aðra samkeppnisaðila á landinu og keppir á jafnréttisgrunni við þá.

Það hefur lengi staðið til og verið rætt um að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Í tíð fyrrv. sjútvrh. var skipuð nefnd til að kanna þessi mál. Sú nefnd skilaði allítarlegu áliti en núv. sjútvrh. lét fara yfir málið og gera drög að frv. og lögum fyrir hið væntanlega hlutafélag.

Nefndin náði ekki samkomulagi í sambandi við afgreiðslu málsins og skilar minni hluti nefndarinnar séráliti en meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frv. örfáar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að heimili og varnarþing hins nýja félags verði á Siglufirði. Þá er lagt til að stjórn fyrirtækisins verði skipuð fimm mönnum. Enn fremur er lagt til að félagið taki til starfa 1. ágúst á þessu ári í stað 1. maí eins og frv. gerir ráð yfir. Þá falla úr gildi lög um Síldarverksmiðjur ríkisins sem eru að stofni til frá 1938.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum. Undir álit meiri hlutans skrifa Matthías Bjarnason, formaður nefndarinnar, Magnús Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og Árni R. Árnason.

Mér finnst rétt að taka fram að í áliti minni hlutans gerir hann frekari grein fyrir brtt. sínum en þar kemur greinilega fram að minni hlutinn er þeirrar skoðunar að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Minni hluta og meiri hluta greinir aftur á í nokkrum atriðum og sumum nokkuð veigamiklum.

Um 7. gr. frv. varð nokkur ágreiningur í nefndinni en í henni segir að fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skuli eiga rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá því og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn. Persónulega hefði ég talið að réttara hefði verið að breyta ákvæðum 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, bæði hvað varðar þetta mál sem og önnur. Ég er þeirrar skoðunar að þeir aðilar, sem eiga rétt á að halda störfum sínum þó breyting verði úr ríkisreknu félagi í hlutafélag, og þiggja það ekki, eigi ekki líka að fá biðlaun, eða tvö-

föld laun. Um þetta held ég að ekki þurfi að vera skiptar skoðanir. Hins vegar kom greinilega fram í þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstjórnin gaf í síðustu kjarasamningum, að ríkisstjórnin hét því að breyta ekki lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En hins vegar lá fyrir að það ákvæði sem var í 7. gr. þessa frv. sem og ákvæði í frv. til laga um Sementsverksmiðju ríkisins, gerði ráð fyrir þessari breytingu. Þó að ég hefði sætt mig frekar við að þessi breyting hefði verið gerð með sérstakri breytingu á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna tel ég að úr því sem komið var hafi ekki verið um annað að ræða en að halda þessu ákvæði óbreyttu.

Varðandi það að selja hluta af hlutabréfum á ákveðnu tímabili þá hygg ég að ef Alþingi tekur það spor að samþykkja þetta frv., að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag, eigi ráðherra og ríkisstjórn að hafa þar óbundnar hendur til að selja það hlutafélag eins fljótt og unnt er. Hins vegar varð nokkur ágreiningur í nefndinni um það hvort Alþingi ætti að kjósa stjórn þessa hlutafélags á meðan ríkissjóður ætti meiri hluta hlutafjár. Að sumu leyti má segja að það sé ekki óeðlilegt en að öðru leyti verður að fara eftir því fordæmi sem hefur skapast í þeim efnum. Það hefur verið með þeim hætti að viðkomandi ráðherra hefur skipað alla stjórnarmeðlimi eins og hann hefur rétt til. Ég nefni sem eitt nærtækt dæmi að þegar Útvegsbanka Íslands var breytt í hlutafélag fór ríkissjóður með það valdsvið að geta skipað fjóra af fimm stjórnarmönnum og það var á verksviði viðkomandi ráðherra að skipa alla fjóra stjórnarmenn. Þannig hefur þetta jafnan verið en þetta á samkvæmt frv. að vera ákvæði til bráðabirgða og ég treysti alveg núv. hæstv. sjútvrh. til að fara með það vald að það sé reynt að hafa það sem breiðastan grundvöll til þess að fyrirtækinu verði sem best stjórnað.

Sjútvn. féllst á að breyta og leggur til, eins og ég sagði áðan, að um fimm manna stjórn verði að ræða. Nú er stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sjö manna en í drögum að frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins hf. sem prentuð voru með þessu frv. var lagt til að stjórnarmenn yrðu þrír. Öll nefndin varð sammála um að leggja til að því ákvæði yrði breytt og leggur til að stjórnarmenn verði fimm.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta nál. en þó að leiðir hafi skilist á milli meiri hluta og minni hluta í sambandi við nokkur atriði þá legg ég áherslu á að ekki er ágreiningur um að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag heldur efnislegur ágreiningur um örfáar leiðir í þeim efnum.

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti sjútvn. á þskj. 872. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hluta nefndarinnar gerum við nokkrar brtt. við frv. þótt við föllumst á þá stefnu að rétt sé að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Ég tel að full efni hafi verið til þess að ná samstöðu um þetta mál og skal ég ekki rekja það frekar. Því miður skildu leiðir og því flytjum við nokkrar brtt. en það á að sjálfsögðu við um sumar þeirra að þar eru jafnframt álitamál eins og í frv. sjálfu eins og gengur og gerist um mál sem þessi. Þótt það hafi að mínu mati verið rétt á sínum tíma að stofna til þessara verksmiðja á vegum ríkisins þá hljóta menn að samþykkja það og skilja að eðlilegt er að atvinnurekstur í landinu búi við sambærileg skilyrði og jafnframt sé nauðsynlegt að atvinnureksturinn sé sem allra mest í höndum einstaklinga í landinu og félaga þeirra.

Það hlýtur því að vera eðlileg stefna ríkisins að selja fyrirtæki sem þetta sem er í samkeppni við önnur fyrirtæki og það á ekki að vera markmið ríkisins að standa í atvinnurekstri sem þessum. Hitt er svo annað mál að verksmiðjurnar eiga sér langa sögu. Þar er um mikla hagsmuni að ræða fyrir ákveðin byggðarlög og það fólk sem þar býr og starfar. Það eru jafnframt miklir hagsmunir fyrir flotann í heild og þá menn sem á skipunum starfa og í reynd fyrir þjóðarbúið allt. Það hefur því miður verið svo á undanförnum árum að verksmiðjurnar hafa ekki gengið sem skyldi. Vegna áfalla í loðnustofninum hefur tap þeirra sum ár verið mjög mikið en á sama tíma hafa verksmiðjurnar ráðist í umtalsverðar fjárfestingar á nokkrum stöðum á landinu og í reynd ekki ráðið við að fjárfesta svo mikið miðað við þá afkomu sem verið hefur. Hitt er svo annað mál að þessar fjárfestingar eru sumar vel heppnaðar eins og t.d. ný verksmiðja á Seyðisfirði. Þótt hún hafi orðið dýr þá er þar um mikla framþróun að ræða í þessum iðnaði og er þess að vænta að með tilkomu þeirrar nýju verkmsiðju verði ákveðin tímamót í þessum iðnaði. Fyrirtækið hefur því þurft á aðstoð ríkisins að halda að undanförnu til að komast yfir erfiðasta hjallann og eðlilegt er að fyrirtækinu sé við þær aðstæður breytt í hlutafélag og reynt að styrkja þann grundvöll sem það byggir á.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um fortíð fyrirtækisins. Það á sér afar merka sögu sem tengist uppbyggingu atvinnulífs í landinu á ýmsan hátt. Þessi fortíð er m.a. rakin í athugasemdum við þetta lagafrv. og jafnframt í áliti sem fylgir nál. minni hlutans frá nefnd sem skipuð var 15. febr. 1989 til að endurskoða lögin um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Í fyrsta lagi gerum við brtt. um heimildir ríkisins til að selja eignir fyrirtækisins. Við leggjum til að í lagafrv. verði ríkisstjórn gefin heimild til að selja allt að 40% af hlutafénu en síðan þurfi að fá heimild Alþingis til frekari sölu og jafnframt til sölu á einstökum verksmiðjum. Ég hef ekki heyrt neinar röksemdir í máli þessu sem styðja að ástæða sé til að veita heimild nú til að selja allt hlutaféð. Í fyrsta lagi má nefna að við höfum gengið í gegnum verulegt erfiðleikatímabil í þessari grein og menn vænta þess að betri tíð sé fram undan og því má hafa uppi ákveðnar efasemdir um hvort skynsamlegt sé að selja meiri hluta hlutafjár við þær aðstæður sem nú eru. Jafnframt er ljóst að íslenskur sjávarútvegur þarf mjög á því að halda að fá allt það fjármagn sem hægt er að fá frá sparifjáreigendum til þess að bæta eiginfjárstöðu greinarinnar og mjög mikilvægt að hlutabréfamarkaðurinn yfirfyllist ekki af hugsanlegum hlutabréfum í eigu ríkisins.

Það hefur verið unnið mjög skipulega að því á undanförnum árum af ýmsum fyrirtækjum að hefja sölu á hlutabréfum í sjávarútvegsfyrirtækjum á almennum markaði sem er afar góð þróun. Með því verður eignaraðildin oft dreifðari þó að það sé að sjálfsögðu ekki í öllum tilvikum og hvetur til þátttöku og meiri áhuga í þessum undirstöðuatvinnuvegi. Það sama á að sjálfsögðu við um þetta fyrirtæki en ég sé ekki rök fyrir því að ætla sér að fara mjög hratt í þeim efnum.

Ég ætla mér ekki að lýsa neinu vantrausti fyrir fram á núverandi ríkisstjórn að því er varðar sölu þessara eigna. En ég tel óheppilegt að þessar heimildir séu allt of rúmar og það sé nauðsynlegt að eignir ríkisins séu á hverjum tíma seldar í fullri heimild Alþingis og með eðlilegri umfjöllun þar. Með þessum lögum er vissulega verið að gefa opna heimild til að selja allt fyrirtækið og er það í sjálfu sér ekki í fyrsta skipti sem hlutabréf ríkisins eru seld og stundum hafa hlutabréf ríkisins í ýmsum fyrirtækjum verið seld án þess að talið hafi verið nauðsynlegt að leita heimildar Alþingis. En hitt er svo annað mál að með fjárlögum er verið að samþykkja heimildir til að selja hinar smæstu húseignir víðs vegar um landið en ekki hefur verið talið nauðsynlegt að leita heimilda til að selja hlutabréf. Þannig var t.d. þegar ríkið seldi hlutabréf sín í Flugleiðum og Eimskipafélagi Íslands. Það var gert af þáv. fjmrh. án þess að leita heimildar Alþingis eða ríkisstjórnar á þeim tíma og þau hlutabréf voru seld án þess að það væri verið að leita eftir allt of mörgum kaupendum. Það þótti ekki tiltökumál að selja nokkrum aðilum sem vissulega höfðu áhuga á bréfunum og sjálfsagt hafa þeir hagnast vel á þeim, ekki er mér kunnugt um það en vonandi hafa þeir ekki tapað á þeim.

Sama má segja þegar sjávarútvegsfyrirtæki var selt fyrir einu eða tveimur árum, nánar tiltekið á Siglufirði. Það fór ekki fram nein feiknaleg umræða áður en til þeirrar sölu kom þótt ég sé þeirrar skoðunar að það hafi verið mjög eðlilegt að ríkið seldi fyrirtækið. Það náði engri átt að fjmrn. stússaði í útgerð og fiskvinnslu norður í landi. Það var ekki einu sinni sjútvrn. og það hefði svo sem ekki verið betra. En það var fjmrh. sem hafði þann atvinnurekstur með höndum og var gjarnan stýrt meira eða minna af skrifborði í því ráðuneyti. Hitt er svo annað mál að mikilvægt er að standa að sölu slíkra fyrirtækja með sem opnustum hætti þannig að allir þeir sem kunna að hafa áhuga á kaupum séu meðvitaðir um að nú eigi að selja og hver kjörin séu. Ég vænti þess að þannig verði að því staðið að það sé hafið yfir alla gagnrýni. Þótt við viljum alls ekki útiloka að í tímans rás verði allt þetta fyrirtæki selt erum við þeirrar skoðunar að nægjanlegt sé að veita heimild fyrir því að selja 40% en síðar sé veitt heimild til að selja meira eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Ég vil nefna að í því nál., sem skilað var 1989 út af þessu máli, var gert ráð fyrir því að heimilt yrði að selja 25% í upphafi en tveir nefndarmanna töldu ekki ástæðu til að heimila neina sölu að svo stöddu. Ég er ekki sammála slíku og tel eðlilegt að þarna sé veitt allrúm heimild í upphafi. T.d. ætti að vera nægilegt til að styrkja samstarf við aðra aðila í þessum atvinnurekstri, þá sem stunda verksmiðjurekstur eða útgerð, en það er fyrirtækinu mikilvægt að geta náð góðu samstarfi við aðila, ekki síst þá sem í veiðunum standa til að tryggja hráefnisöflun. Jafnframt kemur fram í þeirri brtt., sem við flytjum, að til frekari sölu þurfi samþykki Alþingis eins og ég gat um áður en jafnframt að Alþingi verði að heimila sölu einstakra verksmiðja.

Þetta mál hefur verið mikið rætt og hefur komið mjög skýrt fram í umfjöllun sjútvn. í þeim viðtölum sem hún hefur átt við stjórn fyrirtækisins eða fulltrúa hennar og æðstu stafsmenn þess að það sé mjög mikilvægt að fyrirtækið geti starfað áfram sem ein heild. Oft hafa verið uppi hugmyndir um að búta fyrirtækið niður, selja einstakar verksmiðjur og missa þar með ýmsa þá góðu möguleika sem fyrirtækið hefur. Í gegnum tíðina hefur komið í ljós að það hefur verið verksmiðjunum hagstætt að eiga mannvirki, bæði norðan lands og austan og það hefur í reynd gefið fyrirtækinu þann styrk að geta haldið utan um vinnslu í báðum þessum landshlutum. Reynslan er sú að stundum er hægt að taka á móti mun meira hráefni austan við land en norðan við land og öfugt og þess vegna ber að reyna að halda þessari heild. Jafnframt kom fram í viðtölum nefndarinnar að góður rekstur í nýju verksmiðjunni á Seyðisfirði byggist m.a. á því að geta selt það hráefni sem verra er til annarra verksmiðja eins og t.d. á Reyðarfirði og Raufarhöfn og þar með tryggt betri heildarafkomu fyrirtækisins. Hins vegar verður að taka fram í þessu sambandi að núverandi staða verksmiðjanna er erfið og lausafjárstaða afleit. En ég hef hins vegar þá trú að þessi rekstur hafi alla burði til að standa sig í framtíðinni og borga skuldir sínar. Sem betur fer hefur oft á tíðum verið verulegur hagnaður á rekstri sem þessum þegar vel árar en hins vegar er tapið mikið þegar áföllin koma. Því má segja að það sé ekki gott að fjárfesta í áhættusömum rekstri sem þessum nema að litlu leyti fyrir lánsfé og því verði eiginfjárstaða fyrirtækja sem þessara að vera þannig að lítt eða ekkert sé fjárfest fyrir lánsfé heldur fyrst og fremst fyrir eigið fé.

Ekki eru mjög mörg ár síðan Síldarverksmiðjur ríkisins skulduðu aðeins samsvarandi fjárhæð við veltufjármuni og áttu þar með alla fastafjármuni sína. En á síðustu árum hefur verið fjárfest verulega fyrir lánsfé og hefur það verið fyrirtækinu erfitt. Ég geri mér hins vegar vonir um að virði fastafjármuna sé verulega umfram bókfært verð og þar af leiðandi sé eigin fé fyrirtækisins mun meira en fram kemur í reikningum þess í dag. En þetta er nánast ekki hægt að meta nema með spádómum um framtíðarveiði á Íslandsmiðum því að fasteignamatsverð og brunabótamatsverð gildir lítt eða ekkert í þessu sambandi heldur framtíðartekjur. Sem betur fer hafa íslenskar lánastofnanir og íslenskur sjávarútvegur orðið sér betur meðvitandi um þessa staðreynd á undanförnum árum og því er gildi brunabótamats og fasteignamats og allra þeirra matsnefnda, sem gjarnan voru sendar á staðina til að meta eignir, orðið harla lítið, enda var það nú lítið annað en atvinnubótavinna fyrir ýmsa matsmenn og verkfræðistofur því

að alltaf kom í ljós að það var lítið hald í því mati þegar afli var lítill eins og menn hefðu að sjálfsögðu átt að vera búnir að læra þótt ekki væri nema af áfallinu sem kom vegna síldarleysisins á sínum tíma. Söltunarplönin á Siglufirði, Raufarhöfn og Seyðisfirði voru ekki mikils virði þegar síldin hvarf og kom lítið brunabótamati eða fasteignamati við. En við skulum vona að þetta standi allt til bóta og fyrirtækið geti greitt skuldir sínar með eðlilegum hætti.

Því næst kemur fram í 1. brtt. okkar og í 2. tölul. í nál. að minni hlutinn telji eðlilegt að Alþingi kjósi stjórnarmenn fyrirtækisins sem eignarhluti ríkisins gefur rétt til svo lengi sem ríkið á meiri hluta í fyrirtækinu. Ég skal alveg taka undir það með hv. 1 þm. Vestf. að vissulega er hér um álitamál að ræða. Ég tel að í sumum tilvikum hafi reynsla af kjöri Alþingis á stjórnum í fyrirtækjum og stofnunum verið góð, í öðrum tilvikum slæm. Rök eru bæði með því og á móti hvort Alþingi eigi að blanda sér með þessum hætti í kjör slíkra stjórna, hvort það sé eðlilegt hlutverk framkvæmdarvaldsins. Það er alveg rétt sem frsm. meiri hlutans sagði að menn hafa heldur hallast að því á undanförnum árum að svo ætti að vera að viðkomandi ráðherrar eigi að skipa slíkar stjórnir.

Hins vegar er það svo að ekki hefur verið einhlítt hvernig því valdi væri skipt meðal ráðherra. Á árum áður var algengast að allar slíkar stjórnir og eignir ríkisins heyrðu undir fjmrn. og fjmrh. Fjmrh. á hverjum tíma skipaði stjórnir slíkra fyrirtækja og má í því sambandi nefna t.d. sjávarútvegsfyrirtæki á Siglufirði og mörg önnur fyrirtæki sem voru á valdsviði fjmrh. Gert er ráð fyrir því að sjútvrh. fari með eignarhlut í þessu fyrirtæki og það eru rök fyrir því að það skuli gert. Ekki vil ég mæla gegn því. Á það má minna að sjútvrh. hafði í reynd ekkert með skipan stjórnar að gera í dag í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins, þ.e. Alþingi og sú stjórn kýs sér formann. Hér er gert ráð fyrir því að þessari skipan verði haldið. Það er skoðun okkar að eðlilegt sé að dreifing stjórnarmanna sé ákveðin og þess sé gætt að jafnvægi sé í skipan þeirra. T.d. sé ekki eðlilegt að þeir komi allir úr sama umhverfi, þeir séu e.t.v. skipaðir fyrst og fremst vegna þess að þeir séu liðsmenn núverandi stjórnarflokka svo dæmi sé nefnt án þess að ég sé á nokkurn hátt að fullyrða fyrir fram að svo verði. Hins vegar hefur verið alleftirtektarvert að undanförnu að núverandi stjórnarflokkar hafa að mestu leyti, sem mig rekur minni til, skipað málum með þeim hætti að ekki hefur verið talið heppilegt að aðrir komi að stórum málum en liðsmenn þeirra. Frsm. meiri hlutans, hv. 1. þm. Vestf., minntist t.d. á skipan mála í sambandi við Útvegsbanka Íslands. Það er alveg rétt að þar ræddu menn saman og þá var til siðs að stjórnarandstaða og stuðningsmenn ríkisstjórnar ræddu þessa hluti og þannig hefur líka verið í sambandi við skipan ýmissa annarra mála. Ég tel að það sé af hinu góða og nauðsynlegt án þess að viðkomandi ráðherra eigi að vera bundinn af því hvaða ábendingar þar koma fram. Hins vegar tel ég gott að samtöl séu um það á milli aðila þannig að sem best jafnvægi sé á hlutunum.

Ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að rekstur þessa fyrirtækis sé ekki á vegum hins pólitíska valds í landinu, það sé á vegum einstaklinga og samtaka þeirra. Ég tel þess vegna að þetta atriði skipti ekki sköpum í málinu. Ég hef enga þá sannfæringu fyrir því að best sé að Alþingi kjósi þessa stjórn, að ég geti ekki viðurkennt galla þess og þar af leiðandi hefði ég fyrir mitt leyti alveg getað hugsað mér að hafa þessa skipan með öðru móti. En það er eins og með öðru að ég tala þar ekki fyrir munn allra nefndarmanna sem undirrita minnihlutaálitið. Þótt við höfum um margt líkar skoðanir er það ekki svo um alla hluti en við hefðum að sjálfsögðu verið tilbúnir til samkomulags í þessu efni ef slíkur flötur hefði komið upp.

Í þriðja lagi ræðum við um efnahagsreikning og skattalega stöðu fyrirtækisins. Það liggur því miður ekki fyrir neitt mat á eignum fyrirtækisins og eins og ég sagði áðan er e.t.v. ekki hægt um vik í því sambandi. Það fer að sjálfsögðu mikið eftir mati á tekjum og markaðshorfum, veiðihorfum en samt verður að framkvæma mat á þessum eignum þannig að hægt sé að koma saman upphafsefnahagsreikningi. Við höfðum talið eðlilega meðferð mála að upphafsefnahagsreikningur hins nýja fyrirtækis lægi fyrir þegar lögin eru samþykkt þannig að ljóst mætti vera hvernig hann lítur út. Einnig er vitað að fyrirtækið hefur tapað miklum fjármunum, miklum hluta af sínu eigin fé á undanförnum árum og það hefur verið venja þegar fyrirtækjum ríkisins hefur verið breytt í hlutafélag að þeim fylgi skattaleg réttindi eins og yfirtaka á rekstrartapi. Auðvitað má deila um það hvort það sé rétt en þetta hefur verið gert, m.a. í sambandi við stofnun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands og það hefur orðið til þess að styrkja stöðu þess fyrirtækis og gera það verðmætara fyrir hluthafa.

Að vísu er gert ráð fyrir því í þessu lagafrv. að ríkissjóður geti látið fyrirtækinu í té 500 millj. kr., þ.e. fjmrh. sé heimilt að yfirtaka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð allt að 500 millj. kr. Það er sjálfsagt nauðsynlegt um sinn og ég veit að ríkið hefur í reynd hjálpað upp á sakirnar. Mér finnst hins vegar ekki rétt að líta svo á að þetta fé sé þar með tapað. Eins og það er orðað hér mætti ætla að ríkið þyrfti að yfirtaka skuldir upp á 500 millj. kr. og síðan ættu skattgreiðendur að borga þessar 500 millj. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir því að ríkið selji hlutafé í þessu fyrirtæki eða eignir sínar fyrir verulegar fjárhæðir eða ég vænti þess. Því finnst mér óþarfi að gera þetta með þessum hætti og væri reyndar eðlilegra að ríkið legði þá fyrirtækinu til viðbótarhlutafé í upphafi allt að 500 millj. kr. sem síðan fengist til baka við sölu á þessu hlutafé. Við slík skilyrði er eðlilegt að fyrirtækið haldi sínum skattalegu réttindum. Það má þó segja að e.t.v. séu skattaleg réttindi í upphafi engin því að fyrirtækið hefur ekki verið skattskylt. Það var alveg það sama með t.d. Útvegsbanka Íslands en þá á ég við skattaleg réttindi sem hefðu verið til staðar hefði fyrirtækið verið rekið í hlutafélagsformi á undanförnum árum.

Þá hefur það einnig komið fram í umfjöllun um málið að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa á undanförn-

um árum reist allmikið af hafnarmannvirkjum sem ekki hefur verið gert af öðrum sambærilegum fyrirtækjum í landinu. Þannig hefur ríkið og hafnarsjóður staðið að byggingu hafnarmannvirkja víðs vegar um landið en ekki á þeim stöðum þar sem Síldarverksmiðjur ríkisins starfa. Og það er jafnframt ljóst að í mörgum tilvikum hafa Síldarverksmiðjur ríkisins tekið að sér ýmis verkefni sem ættu að tilheyra sveitarfélögum og jafnvel ríkinu. Ég held að það sé rétt munað að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi t.d. átt barnaheimili á einum tilteknum stað og má vel vera að það hafi þótt eðlilegt hér í eina tíð þegar verið var að reyna að bjarga málum. Ég held að engum manni detti nú í hug í dag að það sé eðlilegt að Síldarverksmiðjur ríkisins reki barnaheimili. Við leggjum það til og teljum það eðlilegra að ef fyrirtækið þurfi á hjálp að halda séu þessi mannvirki keypt eins og ríkið hefði þurft að leggja þau til eða leggja fé til þeirra á undanförnum árum með sama hætti og gengur og gerist annars staðar.

Í fjórða lagi teljum við mikilvægt að skýr ákvæði séu um það hvernig staðið skuli að samstarfi við heimamenn. Þá eigum við ekki síst við sveitarstjórnir á hinum ýmsu stöðum þar sem verksmiðjurnar eru starfandi. Ég vil minna á það sem fram kemur í nál., sem ég vitnaði til áðan, á bls. 34, 3. lið, en þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að auka og bæta samstarf stjórnar SR og þeirra sveitarstjórna þar sem starfræksla fer fram. Lagt er til að þetta verði gert með því að sveitarstjórnirnar tilnefni fastanefnd sem hafi reglulega fundi með stjórn og framkvæmdastjórum."

Nú er rétt að geta þess að fulltrúar í þessari nefnd voru m.a. aðilar frá öllum þeim sveitarfélögum sem hlut áttu að máli og það er ljóst að með þessu voru þeir að ítreka að þetta samstarf yrði bætt. Ég tel að það sé enn þá fyrir hendi. En eins og segir í nál. okkar: „Ávallt koma upp margvísleg samstarfsmál þar sem staðbundin þekking verður að vera fyrir hendi og því er nauðsynlegt að í samþykktum félagsins séu ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd. Það þarf að tryggja að heimamenn komi að stjórn fyrirtækisins og hafi þar eðlileg ítök. Það er ekki aðeins nauðsynlegt vegna byggðarlaganna heldur jafnframt fyrir fyrirtækið sem heild."

Nú ætla ég ekki væntanlegri stjórn þessa fyrirtækis að hún vilji ekki hafa gott samstarf við heimaaðila en ég tel það skapa betri frið um þetta mál og betri samskipti um það þegar þessi breyting verður að það sé ljóst frá upphafi að slíkri samstarfsnefnd verði komið á fót. Það ætti að vera þess eðlis að ekki þyrfti að kosta miklu af hálfu ríkisins en ég er fullviss um að það getur hjálpað til í mörgum tilvikum. Auðvitað mun stjórn þessa fyrirtækis og skrifstofur hafa aðsetur á einum stað og hingað til hefur aðalaðsetur fyrirtækisins verið í Reykjavík, jafnvel þótt heimili og varnarþing þess sé á Siglufirði eins og fram hefur komið.

Þá er að síðustu mál sem varðar réttindi starfsmanna. Þar er um afar viðkvæmt mál að ræða og má segja að það hafi verið hið mesta klúður. Okkur hefur verið sagt að núv. ríkisstjórn hafi lofað því í síðustu kjarasamningum að hrófla ekki við 14. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Nú má vissulega deila um þau atriði sem þarna eru, deila um það hvort rétt sé að menn haldi réttindum sem þessum við þær breytingar sem hér eiga sér stað. En það er ekki aðalmálið heldur það hvort hér sé um að ræða ólögmæta skerðingu á stjórnarskrárvernduðum eignarréttindum. Við töldum eðlilegt að fara vel ofan í þessi mál og fórum þess á leit að við fengjum að ræða það m.a. við fulltrúa BSRB áður en frv. væri afgreitt frá nefnd. Við höfðum áður fengið álit lögmanna. En það var ekki tími til þess og talið nauðsynlegt að afgreiða málið út úr nefnd. Nú hefur komið fram að það er ætlunin að ræða við þessa aðila milli 2. og 3. umr. Við hefðum kosið og töldum það eðlilegt að þessar viðræður ættu sér stað áður en málið yrði afgreitt svo að við gætum tekið endanlega afstöðu til þess áður en við skiluðum nál. Ég vil, herra forseti, vitna í þessu sambandi til lögfræðilegs álits sem við höfum fengið frá óvilhöllum aðila í þessu sambandi en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Íslenskir dómstólar hafa verið tregir til að fallast á að lög brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands. Ágreiningurinn hefur einkum risið út af 67. gr. stjórnarskrárinnar og hafa dómstólar yfirleitt túlkað það ákvæði frjálslega þegar deilt hefur verið um lögmæti skattlagningar.

Í stuttu máli má segja að öllu skipti hvort breyting á lögbundnum starfskjörum sé almenn eða sértæk. Ríkisstarfsmenn mega þola launalækkun og versnandi kjör ef breytingin nær til ríkisstarfsmanna almennt án tillits til þess hvar þeir starfa hjá ríkinu, sbr. grunnsjónarmið 18. gr. laga nr. 38/1954.

Hins vegar verður að álíta að óheimilt sé að beina lagabreytingum að fámennum hópi (þröngum hagsmunum) og rýra þannig lögbundin kjör þeirra. Skilgreining þess hvað sé „fámennur hópur" er afstæð. Það kann að skipta máli hvort sams konar breytingum sé ætlað að taka til margra „fámennra hópa" svo sem nokkurra ríkisstofnana (Síldarverksmiðja ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins o.s.frv.). Ég hygg þó að breyting á fáum ríkisstofnunum í hlutafélög teljist eigi almenn skerðing í lögfræðilegum skilningi.

Í tilfelli Síldarverksmiðja ríkisins virðist mér sem lögunum sé beint að svo afmörkuðum hópi starfsmanna að meta megi hagsmunina sem sértæka en alls ekki almenna.

Mín skoðun er því sú að 7. gr. frumvarps að lögum um Síldarverksmiðjur ríkisins feli í sér óhæfilega skerðingu á lögbundnum starfskjörum þessara umræddu starfsmanna og af þeim ástæðum andstæð ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þau starfsréttindi, sem boðuð eru í 7. gr., geta því eigi skoðast sambærileg við gildandi starfskjör skv. lögum nr. 38/1954. Hið nýja hlutafélag mun bundið af ákvæðum laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og réttindi og skyldur starfsmanna ráðast af almennum kjarasamningum og lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ákvæði 7. gr. um starfskjör starfsmanna hjá hinu

nýja hlutafélagi er jafnframt stefnuyfirlýsing sem eigi er sérstök þörf fyrir í lagatexta. Yfirlýsing af sama tagi gæti allt eins komið frá stjórnendum verksmiðjunnar svo að dæmi sé tekið. Gildi um slíka yfirlýsingu almennar reglur vinnuréttar.

Það er skoðun mín að hið virðulega Alþingi eigi ekki að taka afstöðu til þess í frv. til laga hvort réttindi skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 séu niður fallin eður ei. Að mínu viti er það dómstóla að skera úr ágreiningi um hvort slík réttindi teljast vera fyrir hendi ef niðurstaðan verður sú að fjmrn. kýs að viðurkenna eigi rétt hlutaðeigandi starfsmanna til biðlauna. Ákvæði 7. gr. frv. i.f. verður að skoða sem fyrirmæli öðru fremur. Samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum um sjálfstæði dómenda eru fyrirmæli Alþingis eða jafnvel skýringar Alþingis á fyrirmælum sínum eigi bindandi fyrir dómstóla. Dómstólum ber skv. 61. gr. stjórnarskrár að fara einungis eftir lögum í víðasta skilningi orðsins, þ.e. ekki aðeins stjórnskipunarlögum heldur almennum lögum, réttarvenju, lögjöfnun o.s.frv.

Með vísan til þessa er rétt að fella síðustu setningu 7. gr. frv. út úr texta þess.

Sé það ætlun Alþingis að taka á réttindum ríkisstarfsmanna, sem lögbundin eru í 14. gr. laga nr. 38/1954, er að mínu áliti eðlilegra og réttara að breyta ákvæði 14. gr. laganna í þá veru enda hefði slík breyting almennt gildi gagnvart ríkisstarfsmönnum."

Undir þett ritar Hróbjartur Jónatansson hæstréttarlögmaður.

Sambærilegt álit er einnig frá lögmanni BSRB en það var talið að hann væri svo tengdur málinu að ekki mætti byggja eingöngu á hans áliti en hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða. Hér gæti verið um það að ræða að verið væri að setja lög sem brytu í bága við ákvæði stjórnarskrár og alveg ljóst að út af þessu máli verða málaferli og ríkissjóður verður að sjálfsögðu að greiða í samræmi við niðurstöður þeirra málaferla. Því er það með ólíkindum að ríkisstjórnin hafi við þessar aðstæður lofað ríkisstarfsmönnum að breyta í engu 14. gr. laga nr. 38/1954 en ákveði hins vegar að taka á málinu með sértækum hætti gagnvart fámennum hópum í senn. Einnig hefur komið fram í þeim frumvörpum sem hafa verið flutt að þetta er gert með mismunandi hætti og því er hin mesta óvissa um þetta mál. Ég tek undir það að ef ætlunin er að taka á slíku máli á að sjálfsögðu að gera það beint með því að taka á lögunum um réttindi ríkisstarfsmanna. Það er hins vegar mikið álitamál hvort slíkt eigi að gera og varðar að sjálfsögðu samskipti við ríkisstarfsmenn. Mér finnst því óeðlilegt að byrja á því að semja við ríkisstarfsmenn um að breyta þessu í engu en síðan sé ætlunin að taka á því í einstökum lagafrumvörpum.

Þetta er mál, herra forseti, sem mun verða rætt milli 2. og 3. umr. og ég skal ekki fjalla um það frekar á þessu stigi. Ég vil að öðru leyti vísa til þess nál. sem er á þskj. 872 með allítarlegum fylgiskjölum sem ég sé ekki ástæðu til að gera að sérstöku umræðuefni heldur hef ég eingöngu rætt um efnisatriði brtt. og á engan hátt gert grein fyrir málinu að öllu leyti. Ég vænti þess að aðrir nefndarmenn muni fylla upp í þær eyður eftir því sem þeir sjá ástæðu til. Eins og fram kemur flytur minni hlutinn brtt. á þskj. 873. Ef þessar brtt. verða samþykktar getur minni hlutinn fallist á að styðja frv. en við viljum taka það skýrt fram að við viljum standa að því að þessu félagi verði breytt í hlutafélag.

Fulltrúi Samtaka um Kvennalista, hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, er samþykk nefndarálitinu en hún tók þátt í nefndarstörfum.

Undir nál. rita, auk þess sem hér stendur, Steingrímur J. Sigfússon, Stefán Guðmundsson og Jóhann Ársælsson.

Umræðu frestað.

Rekstrarvandi sjávarútvegsfyrirtækja, frh. einnar umr.

Skýrsla sjútvrh., 356. mál. — Sbr. þskj. 575.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er nú fram haldið umræðu um munnlega skýrslu sjútvrh. sem hófst í gær. Ég ætla ekki að rekja nákvæmlega þær tölur sem ráðherra nefndi í skýrslu sinni. Hann kom inn á það að eins og við vitum eru botnfiskveiðar og vinnsla rekin með tapi núna og það hefur sigið mjög á ógæfuhlið frá árinu 1990 og útlit fyrir 3,5% tap á þessu ári. Hins vegar gat hann þess að rekstrarstaða frystitogaranna væri mjög viðunandi og það er auðvitað líka það sem rætt var hér þegar síðast var rætt um vanda sjávarútvegsfyrirtækja. Það er allt annað uppi á teningnum hvað varðar frystitogarana. Í framhaldi af því ræddi sjútvrh. um að brýnt væri að bæta þessa stöðu. Það var líka sagt í umræðum sem fóru fram fyrir nokkrum mánuðum síðan að brýnt væri að bæta stöðuna. Það er þá spurning: Hvað hefur verið gert til þess að bæta þá stöðu? Sjútvrh. gat um fernt sem hann taldi að ráðamenn hefðu gert til þess að bæta stöðuna, m.a. að það væri stefnt að stöðugleika í gengi, fresta afborgunum af lánum Atvinnutryggingarsjóðs, stöðva greiðslur í Verðjöfnunarsjóð og breyta ákvæðum um úreldingu fiskiskipa. Þetta er auðvitað gott og gilt svo langt sem það nær. En ég tel að það þyrfti að skoða betur hvort ekki sé hægt að jafna kjörin á milli þeirra sem stunda vinnslu í landi eða vinnslu úti á sjó. Það er að mínu mati mjög brýnt að skoða þau mál meira en gert hefur verið. Það er viðurkennt að aðstaðan er mjög mismunandi.

Ég vil nefna eitt atriði og það er orkuverðið sem er auðvitað allt annað fyrir vinnsluna í landi, ekki síst á landsbyggðinni sem býr við miklu hærra orkuverð en Reykjavíkursvæðið. Það er mjög brýnt að bæta úr því hvað varðar atvinnufyrirtækin ekki síður en að jafna orkukostnað heimilanna. Það tel ég að væri mjög verðugt verkefni fyrir ráðherra að skoða nú þar sem mikið er framleitt af umframorku sem við nýtum ekki en hún yrði örugglega nýtt meira ef verð á henni lækkaði. Þar virðist ekki vera farið eftir lögmálum um

framboð og eftirspurn því að framboðið er það mikið og eftirspurnin eftir því væri meiri ef verðið væri lægra svo að menn sæju sér hag í að nota orkuna. En staðan er þannig núna að það er miklu hagstæðara fyrir fyrirtæki að flytja inn erlenda orkugjafa en að kaupa innlenda orku. Dæmi eru um það að fyrirtæki eins og fiskvinnslufyrirtæki sjái sér hag í því að nýta meira innflutta orku. Ég tel endurskoðun orkuverðs lið í því að tryggja með almennum aðgerðum rekstrarstöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Það hlýtur að vera meiningin að skoða alla rekstraraðstöðu og í framhaldi af því mætti líka ræða um aðstöðugjaldið sem er mjög breytilegt eftir því hvort stundað er vinnsla í landi eða vinnsla úti á sjó.

Auðvitað hefur fleira áhrif á þessa afkomu. Samdráttur er í botnfiskaflanum um 4% og vinnslan þarf að greiða hærra verð í kjölfar þess að fleiri og fleiri staðir taka upp fiskmarkaði. Þeir sem veiða fiskinn hafa þá möguleika á því að selja hann á verði sem oft er e.t.v. hærra en vinnslan getur í raun borgað til þess að hún geti borið sig. Hins vegar er það þróun í rétta átt fyrir þá sem veiða fiskinn að þeir skuli geta fengið sambærilegt verð óháð því á hvaða stöðum á landinu þeir landa.

Í framhaldi af því að ræða stöðu sjávarútvegsfyrirtækja hlýtur alltaf að þurfa að skoða stjórn fiskveiðanna. Hæstv. sjútvrh. ræddi nokkuð um stjórn fiskveiða og þá vinnu sem væri í gangi í þeirri nefnd sem skipuð var og hér hefur komið til umræðu sem tvíhöfða nefndin. Menn greinir mjög á um það hvort sú nefnd skili einhverju af sér sem vit er í og óhætt er að fullyrða að ekki hefur hún haft enn þá neitt lögboðið samráð við sjútvn. þingsins. Þó skortir ekki á að yfirlýsingar komi um það að hún muni hafa samráð en lítið hefur farið fyrir því hingað til.

Stjórn fiskveiða er svo stórt mál að því verða ekki gerð viðhlítandi skil í stuttri ræðu. Ég vil í framhaldi af því ræða það sem sjútvrh. varpaði fram um það hvort kerfið leiddi til þess að meira væri hent af smáfiski. Það er auðvitað ekki nokkur spurning um að það hlýtur að leiða til þess að meira er hent af fiski, bæði smáfiski og ýmsum tegundum af fiski. Það er ekki hægt að segja mönnum að fara út á sjó og veiða ákveðna tegund á ákveðnu svæði. Alltaf hlýtur fleiri en ein tegund af fiski að koma upp úr sjónum. Ef menn mega ekki koma með þá tegund af fiski að landi, hafa ekki kvóta fyrir þeirri tegund og fá þar af leiðandi ekkert fyrir hann, jafnvel sekt, þá bíður kerfið að sjálfsögðu upp á að fiski sé hent, svo einfalt er það.

Sjútvrh. ræddi einnig um það að yfirfærsla veiðiheimildanna kæmist á færri hendur og það væri gagnrýnt. Að sjálfsögðu er það gagnrýnt vegna þess að ekki er endilega víst að það leiði til þeirrar hagræðingar sem stefnt er að með stjórn fiskveiða. Reyndar gat hann um það að með stjórn fiskveiða væru einkum þrjú markmið sem yfirvöld vildu ná, þ.e. vernd fiskstofnanna, hagkvæmni í rekstri og sem mest frjálsræði eða minnst afskipti stjórnvalda. Þá er nærtækt að spyrja hvort þessi markmið hafi náðst hingað til með þeirri stjórn fiskveiða sem í gildi er í dag. Ég veit ekki hvort ég þarf að rekja það sérstaklega að tölur sýna að markmið um vernd fiskstofna hefur alls ekki náðst því að stöðugt minnkar sá stofn sem við höfum til að veiða úr a.m.k. í þorskinum og flestum tegundum öðrum. Það hefur ekki skilað sér í verndun fiskstofna að neinu marki.

Hvað með hagkvæmni í rekstri? Er reksturinn orðinn hagkvæmari síðan stjórn fiskveiða var tekin upp, núverandi kvótakerfi sem við búum við? Sums staðar hefur hagkvæmni í rekstri náðst á kostnað annarra fyrirtækja sem heilu byggðarlögin hafa byggt afkomu sína á. Ég tel að það kvótakerfi sem þannig er útfært að það er ekki nægilegt að fyrirtækin hætti rekstri sé ekki rétt útfært. Það getur verið um gjaldþrot að ræða, menn hafa rætt hér um gjaldþrotastefnu, en gjaldþrot fyrirtækja voru ekki þannig fyrir daga kvótans að rétturinn til að veiða fylgdi með. Fyrirtækin gátu farið á hausinn eða hætt rekstri en þá var ekki um leið hægt að reikna með því að rétturinn til að veiða væri farinn í burtu út byggðarlaginu. Hann var eftir sem áður til staðar og það var hægt að setja á stofn nýtt fyrirtæki og veiða þann fisk sem úti fyrir var. Ég tel því og hef margoft haldið því fram að það að binda kvóta á skip sé einn af stærstu göllum sem við búum við í núverandi fiskveiðistjórnun.

Þriðja atriðið sem hæstv. sjútvrh. nefndi var að sem mest frjálsræði ætti að vera og sem minnst afskipti. Er kvótakerfið, sem við búum við, þannig byggt upp að það kalli á sem minnst afskipti yfirvalda af rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna? Mér sýnist það vera þvert á móti. Þarna eru ein þau mestu afskipti og miðstýringarákvæði sem hugsast geta. Ef við rekjum þessi þrjú skilyrði sem hæstv. sjútvrh. taldi að þyrfti að uppfylla til að stjórn fiskveiða skilaði árangri þá hefur ekkert af þeim skilað árangri. Vernd fiskstofnanna er í molum, hagkvæmni í rekstri er mjög upp og ofan og sem minnst afskipti stjórnvalda eru alls ekki til staðar. Ég tel því að ekkert af þessum markmiðum um stjórn fiskveiða hafi náðst í núverandi kvótakerfi.

Næst ætla ég að nefna eitt atriði sem mér finnst orka mjög tvímælis í viðbót við annað í sambandi við stjórn fiskveiða. Það er ákvæði sem kom til síðast þegar lögin voru endurskoðuð um það að smábátar gætu annaðhvort fengið úthlutað aflakvóta eða ef svo stæði á að þeir hefðu ekki áunnið sér reynslu gætu þeir áunnið sér hana á næstu þremur árum eftir að kvótakerfið var sett á. Þetta hefur haft það í för með sér að margir smábátar, sem fengu mjög lítinn kvóta og gátu valið um það hvort þeir mundu næstu árin reyna að ávinna sér kvóta með því að sækja stíft og afla meira, völdu það að reyna að afla sér meiri kvótareynslu og fá þannig úthlutað stærri hlutdeild í kvótanum. Afleiðingarnar af því eru að koma í ljós. Ég ætla að vitna í Morgunblaðið 3. maí sl. þar sem segir: „Fjórtán trillur sokkið eða hlekkst alvarlega á í vetur." Hvers vegna skyldi það vera? Það liggur auðvitað í augum uppi að það er vegna þess að trillurnar sækja sjóinn miklu stífar en ástæða er til og raunverulega er hægt að forsvara. Þær sækja sjóinn vegna þess að eigendur eru að reyna að ávinna sér meiri hlutdeild í kvótanum en þeir höfðu miðað við þann aflakvóta sem þeim hafði ver-

ið úthlutaður. Þeir fara á sjó í verra veðri en æskilegt er og heppilegt getur talist. Síðan getur það líka komið til að þeir veiði jafnvel meira og hlaði bátana í hverri veiðiferð of mikið. Það geta sem sagt verið mannleg mistök sem leiða af því að menn eru fastir í þessu kvótakerfi. Ég tel að það hafi verið mikil mistök að fara inn á þá braut að setja kvóta á alla smábáta. Það er vitað að krókaveiðar eru skaðlausar fyrir lífríkið og munu á engan hátt hafa áhrif á það að fiskstofnarnir minnki. Það að fjórtán trillur hafi sokkið eða hlekkst alvarlega á er veruleg aukning frá því sem hefur verið. Í greininni, sem ég vitnaði í, segir að frá því í byrjun síðasta árs hafi 20 smábátar farið. Reyndar fórust þar tveir af tuttugu og átta mönnum sem voru á þessum bátum. Og það er tveimur of mikið. Mér fannst koma frekar lítið út úr þeirri ræðu sem hæstv. sjútvrh. flutti um ástand sjávarútvegsfyrirtækjanna og hugsanleg úrræði. Í framhaldi af því væri æskilegt að hann upplýsti okkur betur um það hvað fyrirhugað er eða hvort yfirleitt nokkuð er fyrirhugað til að bæta rekstrarstöðu fyrirtækjanna á næstu mánuðum.

Það er oft vitnað í það, sérstaklega af núverandi ráðherrum, að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði muni bjarga öllu. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði mun ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi um næstu áramót svo hann bjargar ekki miklu hjá fyrirtækjunum á þessu ári. Fyrir utan það að ég held að mjög vafasamt sé hverju sá samningur muni geta bjargað fyrir sjávarútveginn því ef við eigum í staðinn að taka við fiskiskipaflota Evrópubandalagsins og gæta þess að hann veiði ekki nema ákveðna tiltekna tegund og tiltekið magn þá munum við lenda í erfiðleikum með að fylgjast með því. Ég held að það sé á engan hátt hægt að reikna með því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, verði hann að veruleika, muni bæta stöðu sjávarútvegsins. Það sem þarf að gera í framhaldi af því að stjórnvöld mundu taka sér tak og gera eitthvað raunhæft í því að bæta stöðuna er að skoða stjórn fiskveiða þannig að fleiri en þessi eina nefnd sem ráðherra skipaði fái að skoða þau mál. Að haft sé lögboðið samstarf við sjútvn. þingsins og að stjórn fiskveiða verði endurskoðuð á þann hátt að tekið verði mið af sem flestum greinum sjávarútvegsfyrirtækjanna en ekki sé allt miðað við að koma til móts við sjónarmið Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi umræða er aftur komin á dagskrá og að okkur skuli gefast færi á að ræða lítillega saman um stöðu sjávarútvegsins áður en þinghlé gengur í garð. Ég held að það sé sannarlega ástæða til. Við þingmenn Alþb. höfum með ýmsum hætti reynt að taka upp málefni sjávarútvegsins á þessum vetri. Við höfum flutt nokkrar till. um sjávarútvegsmál, staðið fyrir utandagskrárumræðu um sjávarútvegsmál og óskað eftir skýrslum um sjávarútvegsmál.

Það má kannski velta því fyrir sér og maður gerir það óhjákvæmilega eftir málflutning ákveðinna hv. þm. í gærkvöldi, hvort það sé ekki allt af hinu illa og óþarfa málæði og leiðindi að vera yfirleitt að nöldra um sjávarútvegsmál. Hvað eru hv. þm. að flytja tillögu um sjávarútvegsmál og biðja um skýrslur um sjávarútvegsmál? Af hverju eru þeir svona leiðinlegir? Af hverju eru þeir að þessu þrasi? Það er von að spurt sé. Það er kannski orðið þannig að menn eigi bara að þegja yfir því sem er óþægilegt afspurnar og vera ekki að taka upp erfið og viðkvæm mál. Auðvitað er sjávarútvegurinn eitt af því. Ég ætla samt sem áður að leyfa mér það, virðulegur forseti, að taka upp ekkert síður óþægilegu atriðin í sambandi við stöðu sjávarútvegsins núna en hin þægilegu. Og með góðri samvisku ætla ég að ræða þá hluti á nokkrum mínútum, hef satt best að segja ekki miklar áhyggjur af því hvort það tekur korterinu lengri eða skemmri tíma. Ég hef miklu meiri áhyggjur af þeim hugarheimi og hugsunarhætti sem mér virtist lýsa inn í í gærkvöldi þegar beinlínis var gefið í skyn að einhverjir tilteknir aðilar væru þess umkomnir að dæma um það hvenær menn notuðu málfrelsi sitt með réttmætum hætti eða ekki. Þá held ég að ástæða sé til að fara að biðja fyrir sér eins og séra Sigvaldi sagði forðum þegar eða ef upp er að vaxa kynslóð í landinu með þann hugsunarhátt að hún sé þess umkomin að dæma um það fyrir hönd annarra hvenær þeir eigi að nota tjáningarfrelsi sitt og hvernig. Vonandi er það svo að um einhver ógætileg orð sé að ræða, sem menn hafi vanhugsað látið frá sér fara. Ef ekki, þá er það alvarlegt áhyggjuefni, herra forseti.

Í ræðu hæstv. sjútvrh. komu fram ákaflega alvarlegar og dökkar upplýsingar um stöðu sjávarútvegsins eins og við var að búast. Hæstv. sjútvrh. fór yfir það nýjasta sem hefur komið fram í þeim efnum bæði frá Þjóðhagsstofnun og einnig samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi. Ég hef sömuleiðis farið yfir þessi gögn og get staðfest að allt það sem hæstv. sjútvrh. sagði var rétt og satt upp úr þeim gögnum og samkvæmt þeim vísbendingum sem fyrir liggja og þarf ekki að endurtaka það. En niðurstöðutölurnar eru þær að samkvæmt síðasta mati Þjóðhagsstofnunar var botnfiskvinnslan rekin með 8% tapi. Samkvæmt nýjasta mati samtaka fiskvinnslustöðva er tap fiskvinnslunnar nú, þegar tekið hefur verið tillit til lækkandi afurðaverðs, tæplega 11%, nær 11% en 10% eins og ég hygg reyndar að hæstv. sjútvrh. hafi nefnt í gær. Þetta tæplega 11% tap botnfiskvinnslunnar svarar til rétt tæplega 4 milljarða kr. taps á ársgrundvelli. Fjórir milljarðar kr. munu tapast í íslensku botnfiskvinnslunni miðað við núverandi rekstraraðstæður á ársgrundvelli og það mun nokkurn veginn samsvara tapinu á almanaksárinu 1992, ef svo heldur sem horfir, því við erum að tala um nokkurn veginn óbreytta rekstrarafkomuna eins og hún var í byrjun árs. Og verði ekki breyting þar á svo miklu nemi verður þetta niðurstöðutalan. Þetta rakti hæstv. sjútvrh. og fór rétt með, eins og ég segi. En síðan fannst mér botninn detta úr málflutningi hans, því miður verð ég að segja. Það þarf að svara því hvernig íslenskur sjávarútvegur eigi að búa við þessar aðstæður. Hann hefur þegar gert það í sex til níu mánuði eða frá því að þessi afkoma tók að sveiflast verulega niður á við. Og það er um hálft ár liðið síðan hæstv. sjút-

vrh. upplýsti sjálfur að meiri hluti fyrirtækja í sjávarútvegi væri á gjaldþrotsbraut og réttilega því auðvitað endar svona rekstur með gjaldþroti.

Flugfélagið SAS hefur tapað geysimiklu fé á seinustu tveimur árum. Það vill svo til að ég er áhugamaður um flugmál og legg jafnvel á mig fásinnu eins og þá að lesa ársreikning skandinavíska flugfélagsins SAS og kann talsvert af honum utan bókar. Mér til mikillar furðu sá ég að flugfélagið SAS hefur á síðustu tveimur árum tapað yfir 20 milljörðum ísl. króna., 1.330 millj. sænskra króna á þessu ári og 880 millj. að talið var á síðasta ári. Flugfélagið SAS hefur sem sagt tapað milli 20–25 milljörðum ísl. kr. á tveimur árum. Og ég spurði mig sömu spurningar og við hljótum að spyrja okkur gagnvart íslenskum sjávarútvegi: Hvernig getur flugfélagið SAS þolað þetta? Hvernig í ósköpunum getur rekstur búið við svona geysilegt tap? En það er ein skýring á því hvers vegna skandinavíska flugfélagið SAS þolir að tapa 20 millörðum kr. á tveimur árum. Það er af því að eigið fé skandinavíska flugfélagsins var yfir 120 milljarðar íslenskra kr. þegar tapið hófst. Þannig að þó tapið sé auðvitað sárt hjá þeim eins og öðrum og þetta hrikalegar upphæðir, yfir 20 milljarðar kr., þá eiga þeir samt 100 milljarða í eigið fé. Það er vegna þess að eiginfjárhlutfall þessa flugfélags var firnagott áður en taprekstur inn hófst og þeir höfðu grætt um 12 milljarða sænskra kr. á sjö ára tímabili áður en taprekstur inn gekk í garð með þeim erfiðleikum sem gengu yfir flugheiminn fyrir einu og hálfu til tveimur árum.

Staðan er ekki svona hjá íslenska sjávarútveginum. Hann hefur enga 12 milljarða sænskra kr. grætt á sl. árum. Staðan er þveröfug, sjávarútvegurinn hefur verið að láta undan síga og tapa eigin fé nú um langt árabil. Þó standa tvö ár alveg upp úr þar. Það eru árin 1988, sem eitt og sér fór langleiðina með að drepa íslenska sjávarútveginn á einu bretti, og það er árið 1992, sem verður að árinu 1988 slepptu og reyndar þrátt fyrir það eitt allra versta ár í samanlagðri sögu íslensks sjávarútvegs ef svo heldur sem horfir. Það þarf að fara langt aftur, ég veit ekki hve langt, kannski aftur til þeirra ára þegar algjör síldarbrestur varð eða viðlíka áföll gengu yfir til að finna taptölu af þessari stærðargráðu í íslenska sjávarútveginum.

Nú er það því miður svo að ég hef ekki undir höndum jafntæmandi gögn um eiginfjárstöðu og eiginfjárhlutföll í íslenska sjávarútveginum og ég hef fyrir skandinavíska flugfélagið SAS. En ég veit þó með vissu að eiginfjárhlutfallið í sjávarútveginum er svo lágt að þessi grein sem talið er að skuldi um 100 milljarða ísl. kr. eða nokkurn veginn jafnmikið og SAS á í eigin fé, að 4 milljarðar í tap á þessu ári í botnfiskvinnslunni og tap sem sennilega er hærra að brúttótölu hjá sjávarútveginum í heild vegna þess að veiðarnar eru líka með tapi þó svo að frystitogararekstur inn einn og sér sé með hagnað er þetta gífurlegt högg á þann sjávarútveg sem fyrir stendur á brauðfótum. Eins og ég hef verið að segja, herra forseti, á undanförnum mánuðum er staðan í íslenskum sjávarútvegi nú um margt mjög svipuð og hún var á sama tíma árið 1988. Afkoman er svipuð eða heldur verri ef eitthvað er og rekstrarumhverfið að mörgu leyti svipað og það stefnir í nákvæmlega það sama. Þrátt fyrir þokkaleg ár 1990 og 1991 náði sjávarútvegurinn ekki nema rétt að rétta sig af eftir þau áföll sem hann hafði áður tekið á sig. Þó að það kæmu tvö þokkaleg ár í röð náði það sáralítið til þess að setja varanlegt mark sitt á heildarstöðu atvinnugreinarinnar, t.d. jókst eigið fé sáralítið og menn gátu ekki lagt í mikla sjóði m.a. vegna þess að þegar það gerist að menn sjá aðeins fram úr sortanum eftir langvarandi barning bíða fjölmörg verkefni í fyrirtækjunum sem þarf að ráðast í. Menn freistast til að byrja að laga örlítið í kringum sig um leið og afkoman skánar og um leið og þeir fá einhverja aura til þess, þó ekki sé nema að mála húskofana sína, endurnýja nauðsynlegasta vélabúnað eða reyna að búa sig aðeins betur út í framleiðsluna. Þannig hafa t.d. fjölmörg skuldsett fyrirtæki ráðist í það, um leið og þau höfðu minnstu möguleika til, að koma sér upp flæðilínum í frystihúsin, ráðist í fjárfestingar á bilinu 15 upp í 30–50 millj. kr., bráðnauðsynlegar og í raun skynsamlegar fjárfestingar. En fyrirtækin eru bara svo veik, þau eiga ekki eigið fé og mega ekki við neinu þegar þau hafa búið við svona rekstrarumhverfi og þurfa síðan af brýnni nauðsyn að ráðast í lagfæringar á aðstöðu sinni um leið og þau hafa minnstu möguleika til þess.

Það er því þannig, herra forseti, að niðurstaðan í maímánuði er ákaflega dapurleg þegar meira en hálft ár er liðið frá því að sjútvrh. hafði þó hreinskilni til þess að kveða upp úr um það hvernig horfði í íslenskum sjávarútvegi, að við skulum standa í nákvæmlega sömu sporum því það hefur bókstaflega ekkert gerst. Málið hefur verið í nefnd. Út úr henni hefur ekkert komið og hæstv. sjútvrh. virðist ekki hafa haft bolmagn til þess að koma neinu því fram sem máli skiptir í sambandi við bætta afkomu sjávarútvegsins.

Auðvitað er ljóst að töfraformúlur verða ekki tíndar upp af götunni og lagðar fram til lausnar á þessum vanda þannig að hann hverfi eins og dögg fyrir sólu, slíkt er ekki til, það er okkur öllum mætavel ljóst. En það gerir þetta allt saman talsvert erfiðara að ríkisstjórnin, sem hæstv. sjútvrh. er fangi inni í, hefur það sem sérstakt boðorð að ekki megi taka sértækt á vanda sjávarútvegsins eða einstakra greina innan hans, ég tala nú ekki um einstakra fyrirtækja. Það er slík kórvilla í boðskap hinna almennu aðgerða að engu tali tekur. Og ég er satt að segja orðinn hundleiður á því, ef ég má nota það orð, herra forseti, þegar menn tala um þetta með þessum hætti. Það er langur vegur frá því að skoða stöðu sjávarútvegsins sem atvinnugreinar, að skoða stöðu einstakra vinnslugreina innan hans, t.d. saltfiskverkunar, og skoða jafnvel stöðu einstakra fyrirtækja, burðarása atvinnulífs í viðkomandi byggðarlögum, og yfir í einhvern þann sósíalisma andskotans, þau bannorð sem notuð eru til að ýta út af borðinu öllum hugmyndum um að taka á vandanum með vitrænum hætti. Geta menn virkilega ekki grafið klisjurnar og horfst í augu við vandann? Hvaða tilgangi þjóna æfingar af því tagi að hér sé komin við völd ríkisstjórn sem neiti öllum sértækum aðgerðum og þar með sé það

bara afgreitt? Þar með megi sjávarútvegurinn bara fara á hausinn, þess vegna eins og hann leggi sig og þetta boðorð sé öllu öðru æðra. Menn eiga auðvitað ekki að komast upp með að skjóta sér undan því að horfast í augu við raunveruleg vandamál líðandi stundar í atvinnumálum á Íslandi með svona ódýrum hætti.

Auðvitað hefur ríkisstjórnin brotið þessar reglur sjálf. Hún hefur tekið til sértækra ráðstafana gagnvart sjávarútveginum. Hún hefur t.d. ákveðið að leyfa sjávarútveginum að fresta afborgunum í skuldbreytingarsjóðum en það hefur ekki verið tekin slík ákvörðun gagnvart t.d. landbúnaði eða iðnaði. Þetta er sértæk ráðstöfun þannig að til hvers eru þá öll þessi ræðuhöld? Við skulum frekar ræða það hvernig við getum haft hinar sértæku ráðstafanir sem almennastar þannig að við þurfum ekki að fara ofan í saumana á rekstri í hverju einstöku fyrirtæki. Það vill svo til að sá sem hér stendur hefur nokkra reynslu af því. Ég sat í þeirri ríkisstjórn sem var að fást við sambærilegan vanda og fór í það mikla og vandasama verkefni að skoða afkomu sjávarútvegsins nokkurn veginn ofan í kjölinn. Við fengum inn á borð þeirrar ríkisstjórnar vandamál tuga fyrirtækja sem af illri nauðsyn voru komin þangað. Menn gerðu það ekki að gamni sínu á árunum 1988 og 1989 að skoða stöðuna með þeim hætti. Menn gerðu það ekki vegna þess að þá langaði til að vera með nefið ofan í rekstri og afkomu hvers einasta fyrirtækis í sjávarplássum hringinn í kringum landið. Nei, ekki aldeilis. Og ég skal segja það hér að það er hlutskipti sem ég vona að ég þurfi aldrei aftur að láta ganga yfir mig. Það er ekki skemmtilegt verk. Og ég held að enginn maður í landinu, a.m.k. enginn stjórnmálaflokkur, hafi þá stjórnmálastefnu að slíkt sé æskilegt. En stundum er það þannig að menn geta ekki valið sér verkefni í stjórnmálum út frá því sem þeir vilja og þeim þykir skemmtilegt sjálfum. Við höfum a.m.k. ekki mikið að gera með svoleiðis stjórnmálamenn á Íslandi. Ef þeir eru ekki menn til að horfast í augu við raunveruleikann og taka á honum eins og hann birtist þeim og setja kennisetningarnar til hliðar og taka á hinum íslenska veruleika sem við þeim blasir þá eiga þeir að fá sér eitthvað annað að starfa en að fást við pólitík. Það er svo einfalt mál í mínum huga.

Auðvitað væri það æskilegast að menn gætu með sem almennustum hætti tekið á þessum hlutum þannig að fyrirtækjum og atvinnugreinum sé ekki mismunað. En ætli það sé nú samt ekki betra fyrir okkur að reyna að leysa hlutina, láta hjól atvinnulífsins snúast, en bíta okkur svo rígföst í kennisetningar að við lokum öllum skilningarvitum? Þegar svo er komið að best stæðu, öflugustu og kvótaríkustu útvegsfyrirtækin í landinu eru farin að tapa fé er þá ekki eitthvað að? Er þá lengur hægt að skjóta sér á bak við það að þetta séu bara skussarnir og að það þurfi bara að hagræða? Ég held ekki. Ég er ansi hræddur um að það sé einhvers staðar orðið dálítið erfitt í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi þegar þau systkin Útgerðarfélag Akureyringa og Grandi hf. eru farin að tapa peningum. Það er staðan í dag. Ég er ansi hræddur um að gróðinn sé farinn að mælast í lágum tölum á þeim bæjum.

Það er, herra forseti, bagalegt að Alþfl. skuli ekki láta svo lítið að láta sjá sig við þessa umræðu. Það er t.d. spurning hvort formaður Alþfl., sem var hér fyrr í kvöld, er gersamlega ófáanlegur til þess að vera hér og tala máli síns flokks eða a.m.k. hlusta á umræðuna því að ég held að hann hefði gott af því. Ég mundi vilja beina því til forseta að hann væri svo vinsamlegur að láta þingsveina gera hæstv. utanrrh. aðvart um að vakin hafi verið athygli á því úr ræðustól á Alþingi að enginn krati sé í salnum og þaðan af síður einhver ráðherra sem telst til þess flokks.

Ég vil biðja hæstv. sjútvrh. að reyna undir lok umræðunnar að gera aðeins betur en hann gerði í framsöguræðu sinni. Það var í sjálfu sér skínandi greinargott sem hann flutti í fyrri hluta síns máls og varðaði stöðuna í sjávarútveginum og afkomuna, hvert horfði. En spurningin er um úrræðin. Það sem enn hefur gerst í þeim efnum er svo lítið að satt best að segja skiptir það ekki máli í sambandi við þær afkomutölur sem við erum að ræða. Það skiptir nánast ekki máli og það er auðvitað engin lækning eins og menn vita að lengja aðeins í snörunni með því að fresta að einhverju leyti afborgunum. Það hjálpar upp á að fyrirtækin lifi á líðandi stundu, að þau þurfi ekki að binda fé eða skuldbreyta, standa í erfiðum samningum um að skuldbreyta sínum afborgunum. En það er engin lækning. Það er frekar eins og deyfilyf við núverandi aðstæður.

Hvað sér hæstv. sjútvrh. hugsanlegt í stöðunni til að gera með marktækum hætti umtalsverðar og merkjanlegar afkomuúrbætur til handa útveginum? Er eitthvað sem hæstv. sjútvrh. sér að væri hægt að gera með ráðstöfunum af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar? Er sjútvrh. t.d., svo að hann fái einhverjar beinar spurningar, tilbúinn til að kanna áhrif af því að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð og greiða út það fé sem í honum er? Þetta er krafa sem stendur á okkur frá fiskvinnslunni sem kvartar undan því að hafa þurft að binda þarna eina 3 milljarða kr. við aðstæður, sem þrátt fyrir hátt afurðaverð, voru henni það óhagstæðar að hún tapar nú fé og enn er afurðaverðið þannig að það er nokkuð í útgreiðslur á þessum peningum sem fiskvinnslan á þarna bundna í sjóðnum. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til að skoða þetta mál og ef menn yrðu sammála um það hér á Alþingi mætti þess vegna drífa í gegn frv. um að borga þessa peninga út á næstu þrem mánuðum eða svo til fyrirtækjanna. Ég held að þó að við lítum til efnahagslegs jafnvægis, þá megi með hliðsjón af þeim samdrætti sem orðinn er í þjóðarbúskapnum, lægri þjóðartekjum og erfiðleikum, auðveldlega rökstyðja að þetta sé óhætt án þess að því fylgi hætta á þenslu eða efnahagslegum vandkvæðum af því tagi. Þarna er eitthvað sem hægt er að taka á og ræða. Eru menn tilbúnir í þetta fyrir það fyrsta eða eitthvað af slíkum toga? Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að viðurkenna að það sem hann flutti okkur í gær var ákaflega fátæklegt hvað varðaði beinar tillögur eða hugmyndir um aðgerðir til handa sjávarútveginum.

Ég spyr í öðru lagi um vextina. Er það ekki svo að

þegar útvegurinn er svo skuldsettur með 100 milljarða kr. skuldir, eins og talað er um, og þessa erfiðu rekstrarafkomu, ég tala nú ekki um lækkandi afurðaverð sem kemur sér mjög illa fyrir fyrirtækin, þá neyðast bankar til að lækka og endurmeta sínar afurðalánaupphæðir? Í sumum tilvikum er það vegna endurgreiðslna eða skilaverðs fyrir seldar afurðir, fallandi afurðaverð, svo fyrirtækin fá minna heim en áætlað var þegar þau tóku sín afurðalán og það myndast alþekktur vandi af því tagi. Þennan vanda hafa menn glímt við víðar, t.d. í loðdýrarækt þegar verðfallið var þar. Þá var það svo snöggt að í sumum tilfellum dugði endanlegt söluverð afurðanna ekki fyrir afurðalánum sem veitt höfðu verið og miðað var við að væri 70% áætlaðs söluverðs. Sem betur fer er dæmið ekki svo ljótt í sjávarútveginum en þó er það þannig að í vissum flokkum framleiðslu hefur afurðaverðið fallið það snöggt milli mánaða að verulega vantar upp á að áætlað söluverð skili sér heim og fyrirtæki fá þar af leiðandi sáralitla peninga þó svo að þau nái að selja vöruna til viðbótar þó þeim afurðalánum sem veitt höfðu verið.

Vaxtakostnaðurinn og rekstrarfjárfyrirgreiðsla til sjávarútvegsins er spurning um líf eða dauða við slíkar aðstæður, alger spurning um líf eða dauða. Ég er þá ekki að ræða um þá málamyndavexti sem eru á hinum skráðu töflum bankanna. Það er ekki það sem við erum að ræða um hér. Við erum að ræða útlán til fyrirtækja í C- eða D-áhættuflokki eins og það er flokkað í bankakerfinu þar sem komið er 2–5% álag ofan á hina skráðu vexti vegna veikrar stöðu viðkomandi fyrirtækja. Getum við gert eitthvað til að hjálpa þeim fyrirtækjum upp úr öldudalnum?

Ég sagði það nokkrum sinnum, hæstv. forseti, úr þessum ræðustól við afgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót að það væri verið að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn í landinu svo næmi 760–780 eða jafnvel 1.000 millj. kr. Ég stend enn við þessa tölu. Verði sem sagt af því, sem fjárlögin gera ráð fyrir, að selja veiðiheimildir til sjávarútvegsins á komandi sumri fyrir á sjötta hundrað millj. kr. munu þeir fjármunir til viðbótar öðrum álögum nema upphæðum af þessari stærðargráðu. Eru menn tilbúnir til þess að taka upp fjárlögin áður en menn fara heim og fella þessar álögur niður og úthluta strax þessum veiðiheimildum án endurgjalds til flotans? Ekki mun af veita. Þetta munar meira en hálfum milljarði kr., hæstv. sjútvrh. Það er áttundi partur af áætluðu tapi botnfiskvinnslunnar. Erum við tilbúin til þess til viðbótar því að breyta lögum og borga út inneignirnar í Verðjöfnunarsjóði að fella niður þessar álögur? Erum við tilbúnir til þess að afgreiða ekki, sem vonandi verður nú ekki, frv. um skattlagningu innlánsstofnana svo Fiskveiðasjóður þurfi ekki af þeim sökum að hækka vexti sína og taka inn tekjur sem nema um 230–250 millj. kr. á ári? Og erum við tilbúin til þess að falla frá gjaldskrárhækkunum og öðrum álögum sem fjárlög og bandormur gera ráð fyrir að sjávarútvegurinn taki á sig á þessu ári? Það er ekki seinna vænna að svara þeirri spurningu. Ef svarið er nei, þá er líka ágætt að fá það fram áður en þingið fer heim að menn ætli ekki að gera neitt af þessu tagi því að þetta eru ráðstafanir sem hægt er að gera án þess að brjóta hin kórheilögu boðorð almennu aðgerðanna. Þetta voru sértækar álögur á sjávarútveginn. Úr því að hægt er að leggja sértækar álögur á, þá er væntnalega hægt að taka þær af.

Eru menn tilbúnir t.d. í aðrar ívilnandi aðgerðir sem geta auðveldað sjávarútveginum að búa við óbreytt raungengi krónunnar? Hér fór nokkur umræða fram í gær um raungengisstigið. Það er hátt, það er rétt. En það er líka ákaflega vandasamt mál að þurfa að hreyfa við því. Það mundi setja ýmislegt úr skorðum sem er okkur mikilvægt svo sem nýgerða kjarasamninga. Þó að það séu skítasamningar hafa þeir þó þann mikla kost að þeir auðvelda okkur að halda þeim stöðugleika í þjóðfélaginu sem náðst hefur. Þeir eru lélegir fyrir launafólk. Þeir færa því engan veginn þær kauphækkanir sem það þarf á að halda en hin hliðin á þeim er auðvitað sú og það er sjálfsagt að viðurkenna að þeir verða, ef þeir ná fram að ganga og verða samþykktir, ákveðið akkeri í stöðugleika, áframhaldandi stöðugleika hér. Þökk sé þeim samningum en ekki ríkisstjórninni. Þess vegna er það erfitt mál að hrófla við breytu eins og genginu við núverandi aðstæður. Það hefur þann stórkostlega ókost í för með sér að því fylgir að jafnaði uppsveifla í verðlagi. En sjávarútvegurinn þolir ekki þetta háa raungengi miðað við óbreyttar rekstraraðstæður og þá verðum við að skoða hina aðferðina til þess að lækka það, þ.e. að draga úr tilkostnaði sjávarútvegsins innan lands. Það er eina leiðin til að breyta raungenginu sjávarútveginum í hag án þess að fella gengi krónunnar sem þá er eftir. Og hvernig gerum við það? Jú, við gerum það m.a. með því að létta af honum álögum og bæta starfsskilyrði hans með innlendum ráðstöfunum. Það mun lækka raungengi krónunnar gagnvart sjávarútveginum að hætta við að láta hann kaupa veiðiheimildir á þessu ári fyrir 525 millj. kr., alveg mælanlegt. Ef litið væri á það út frá sjávarútveginum einum mundi það vera raungengislækkun upp á 0,5–1% reikna ég með. Eru menn tilbúnir í svona ráðstafanir? Eru menn tilbúnir til þess að styrkja íslensk fiskiskip, t.d. stóru og öflugu frystiskipin okkar sem fjölgar dag frá degi, til þess að hverfa af hefðbundnum veiðislóðum og sækja á djúpmið? Eru menn tilbúnir til að stofna sjóð eða gera eitthvað til þess að taka með útgerðarfyrirtækjunum þátt í áhættunni sem því er samfara að fara af Halanum og suðaustur í kanta og reyna þar við búra eða langhala eða hvað þau heita, þessi kvikindi sem Frakkar og ýmsir aðrir eru þar að veiða. Franskur togari veiddi 400 tonn fyrir fleiri tugi milljóna kr. á þrem vikum um daginn í köntunum djúpt út af Kötlugrunninu. Geta ekki íslensk skip gert þetta? Jú, auðvitað. En meðan þau geta valið um það að sækja á hefðbundin mið í því öryggi sem í því felst að vita hvar þau eru stödd og þekkja á aðstæður eða hitt að taka áhættuna af því að prófa svona hluti, þá sýnir sagan að þau velja öryggið. Þess vegna eru stór og öflug verksmiðjuskip, upp undir þúsund tonn að stærð, sem við eigum hér orðið í tugum, að sarga á grunnmiðum okkar innan um hin skipin og beita ekki þeim afköstum og þeirri getu sem

þau hafa t.d. til að sækja á dýpri mið. Væri það ekki skynsamlegt við núverandi aðstæður að reyna að gera stórátak í þeim efnum að létta álaginu á heimamiðum og greiða fyrir sókn, aukinni verðmætasköpun og meiri afla með því að sækja í slíkar vannýttar tegundir á nýjum miðum. Eru menn tilbúnir í eitthvað svona? Geta menn ekki tekið það fyrir og rætt eða er það virkilega þannig að það sé algerlega borin von að fá hér umræður um það að gera eitthvað í málunum? Er það virkilega þannig að það sé bara orðin löggilt stjórnarstefna að halda að sér höndum og gera ekki neitt á hverju sem gengur? Manni virðist það.

Ég tel t.d. að það eigi líka að skoða ráðstafanir sem koma fiskvinnslunni sérstaklega til góða og þær er hægt að gera. Það er auðvitað hægt að taka vinnsluna fyrir, jafnvel þær greinar hennar sem standa sérstaklega illa, og skoða með hvaða hætti við getum komið til móts við þær. Í frystihúsum norður í landi er í nokkrum tilvikum verið að setja upp eða hafa verið settar upp fullvinnslulínur fyrir frystar sjávarafurðir. Þannig er það t.d. í frystihúsi Útgerðarfélags KEA á Dalvík og í Hrísey og í Fiskiðjusamlaginu Húsavík. Þar er núna unnið í neytendapakkningar, smáöskjur, 400 gramma stykki sem rúllað er inn í plast og sett fjögur saman ofan í öskju. Þessu er pakkað með vörumerkjum Marks & Spencer, Findus eða Nestle eða annarra slíkra stórra dreifingaraðila og sent beint í búðir í Evrópu. Í Fiskiðjusamlaginu á Húsavík er t.d. pakkað fyrir belgíska verslunarkeðju í umbúðir á belgísku og meira en það. Varan er verðmerkt með tölvustrimlum fyrir kassana í búðunum. Hún fer því beint inn í hillu í viðkomandi verslun, kaupandinn gengur þar að henni, tekur hana og afgreiðslufólkið við kassann strýkur henni yfir tölvuskjáinn og þar kemur verðið fram. Þetta er mjög jákvætt, er það ekki? Þetta eru menn búnir að tala mikið um á Íslandi. Þetta er hægt. Það þarf engan EES-samning til. Þessi vara fer núna tollfrjálst inn í erlenda stórmarkaði og kílóverðið á fiskinum í þessari pakkningu er 600–800 kr. Það er að vísu eitt besta stykkið úr fiskinum sem fer í pakkann, stundum hnakkastykkið, en þetta er samt sem áður verðið. Við þurfum engan EES-samning til þess að geta þetta. Þetta er hægt í dag og það bætir við þó nokkrum störfum. Í sumum tilvikum, eins og í frystihúsinu á Dalvík, er heill nýr vinnslusalur með nýrri línu settur upp við hliðina á og í framhaldi af þeirri venjubundu vinnslu sem þar er og þar er allstór hópur fólks við störf þar sem áður var reyndar sláturhús. Þarna er að eiga sér stað mikil viðbótarverðmætasköpun. Þarna er að fjölga störfum og það er ekkert sem hindrar okkur miðað við núverandi viðskiptasamninga, t.d. inn á markaði Evrópubandalagsins, að gera þetta. Það má verða þeim umhugsunarefni sem tala eins og öll framþróun í íslenskum sjávarútvegi sé bara úr sögunni ef þessi evrópski efnahagssamningur nær ekki fram að ganga. Það er nú aldeilis ekki svo. Það eru nefnilega í dag opnir gríðarlegir möguleikar af þessu tagi, t.d. innan frystingarinnar af því að þar er tollfrelsi á öllum vörum sem flokkast sem frystar fiskafurðir, fryst flök eða fryst fiskstykki.

Þetta finnst mér ástæða til að ræða og það er auðvitað heldur dapurlegt að þurfa að gera það nánast yfir tómum þingsalnum, að það skuli ekki einn einasti ráðherra og sárafáir alþingismenn, með mikilli virðingu og þökk til þeirra sem þó eru hér viðstaddir, nenna að leggja á sig að reyna að ræða saman eina kvöldstund um þessi mál. Ég vil sem sagt biðja hæstv. sjútvrh., sem án efa heyrir hvert einasta orð sem ég segi, að svara þessum spurningum. Kannski ég fari yfir þær einu sinni enn: Er hann tilbúinn til að taka þátt í því að setja lög sem opna möguleika á útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði svo að við greiðum út á næstu mánuðum þessa 3 milljarða kr. sem fiskvinnslan á þar? Er hann í öðru lagi tilbúinn til þess að breyta lögum þannig að fallið verði frá kvótasölu á þessu ári og þeim rúmlega hálfa milljarði skilað til fiskveiðanna eða öllu heldur hætt við að taka við af útgerðinni? Er hann í þriðja lagi tilbúinn til þess að grípa til aðgerða til að hvetja til sóknar í nýja og vannýtta fiskstofna og nýjar veiðislóðir, t.d. á djúpmiðunum suður og austur af landinu þar sem erlendar þjóðir eru núna að moka upp afla? Er hann í fjórða lagi tilbúinn til þess að setja í gang sérstakt átak til að hraða fullvinnslu í fiskvinnslunni innan frystingarinnar svo að dæmi sé tekið þannig að mæta megi minnkandi afla og minni verðmætum með aukinni fullvinnslu af því tagi sem þegar er komin í gang á nokkrum stöðum af nokkrum framsæknum aðilum í frystingunni?

Er hæstv. sjútvrh. tilbúinn til þess að koma hér upp og vera svo vænn að lýsa viðhorfum sínum til þessa? Satt best að segja, hæstv. forseti, fyndist mér miklu merkilegra að sjútvrh. gerði það en að svara, þó það væri ágætt líka, þeim spurningum t.d. sem hann var beðinn um samkvæmt þeirri skýrslu sem hér til umræðu. Hann hljóp auðvitað gersamlega yfir það að svara ýmsu af því sem hann var þar spurður um og átti hann þó að gefa svör við þessari skýrslu. Hann var t.d. beðinn að greina frá því hvort yfirlýsingar aðstoðarmanns utanrrh., sem ríkisstjórnin fól að gegna trúnaðarstarfi við mörkun sjávarútvegsstefnunnar, túlkuðu stefnu ríkisstjórnarinnar, þar á meðal um gjaldþrotaleiðina sérstaklega. Hæstv. sjútvrh. sleppti algerlega að svara þeirri spurningu. Ætli það sé ekki hægt að fá eitt viðtalsbil við hæstv. sjútvrh.? Formaður alþjóðasamtaka póst- og símamanna upplýsti að innanlandssímtöl á Íslandi væru þau ódýrustu í heimi og það hlyti þess vegna að vera viðráðanlegt mál að ná einu viðtalsbili við hæstv. sjútvrh. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. þurfti aðeins að bregða sér fram og kemur væntanlega von bráðar.) Já. Það hefur sjálfsagt ekkert frést af hæstv. utanrrh. og Alþfl. Ég bað um að lýst yrði eftir Alþfl. *(Gripið fram í.)* Utanrrh. Það er mjög gleðilegt. Þá þarf ekki að senda tilkynningu í útvarpið en ég var farinn að halda að það yrði að auglýsa eftir Alþfl. í útvarpinu á undan tíu-fréttunum því að það hefur lítið sést af honum í kvöld. Það er að vísu einn varaþingmaður. Það er okkur mikil ánægja að hafa hann hér meðal okkar. En ráðherrar flokksins og t.d. sjávarútvegsnefndarmenn láta lítið fyrir sér fara. Hinn galvaski 17. þm. Reykv. sem stundum er hér að brúka kjaft og

spyrja aðra flokka um þeirra stefnu í sjávarútvegsmálum er ekki hér. (Gripið fram í.) Það er ánægjulegt. Hv. 17. þm. Reykv. er ekki hér, hvorki til þess að spyrja aðra flokka út úr um þeirra stefnu, sem er hans íþrótt, og þaðan af síður auðvitað til þess að svara fyrir stefnu Alþfl. Hann leggur það ekki í vana sinn. (**Forseti:** Forseti vill gjarnan upplýsa hv. þm. um að það kom fram á fundinum í dag með formönnum þingflokka að hv. 17. þm. Reykv. gæti ekki verið hér í kvöld þegar það var ákveðið að taka þessa skýrslu til umræðu.) Já, ég tek það gott og gilt og þá er ekki um það að fást. En maður leyfir sér stundum að inna eftir því hvar hv. alþm. séu staddir sem hafa þegar tekið þátt í að blanda sér í umræður eins og hv. 17. þm. Reykv., ef ég man rétt, hefur að einhverju leyti gert í þessari umræðu, alla vega oft og iðulega á undanförnum dögum um sjávarútvegsmál.

Ég hefði sem sagt gjarnan viljað að til viðbótar þessum fjórum eða fimm beinu spurningum, sem ég hef borið fram við hæstv. sjútvrh., svaraði hann betur þeim spurningum sem hann var sérstaklega beðinn um að svara samkvæmt skýrslubeiðninni og þá á ég ekki síst við aðra spurningu, þar sem spurt er út í yfirlýsingar sem aðstoðarmaður hæstv. utanrrh. hafði gefið og hvort þær túlki í raun og veru stefnu ríkisstjórnarinnar. Mér finnst ekki sanngjarnt að hæstv. sjútvrh. skjóti sér með öllu undan því að koma inn á þetta atriði því það varðar auðvitað ákveðinn grundvöll þessa máls sem við erum að ræða um. Gjaldþrotastefnan gengur, eins og kunnugt er, út á það að aðhafast ekki neitt, að láta sjávarútveginn bara fara á hausinn eftir atvikum eins og hann leggur sig ef svo ber undir og það sé hin rétta aðferð til þess að knýja fram eitthvað sem menn tala um sem uppstokkun og hagræðingu í greininni. Hinn formaður endurskoðunarnefndarinnar, sem, eins og ég sagði í gærkvöldi, er skynsamur maður, hefur auðvitað viðurkennt haldleysi þessara kenninga, bent á þá augljósu staðreynd að velflest sjávarútvegsfyrirtæki sem farið hafa á á höfuðið á undanförnum árum hafa með einum eða öðrum hætti hafið starfrækslu á nýjan leik, gjarnan vegna þess að þau eru slíkir burðarásar í atvinnulífi í sínum heimabyggðum að heimaaðilar, sveitarfélög eða aðrir nauðugir viljugir verða að berjast fyrir því að setja þau í gang á nýjan leik. Ætli hann þekki það ekki hv. þm. Alþfl., sem mun vera frá Patreksfirði, hvernig þetta er? Einu gildir. Menn þekkja það hringinn í kringum landið að það er önnur hlið á þessari gjaldþrotaaðferð sem aðstoðarmaður hæstv. utanrrh. hefur verið að boða.

Herra forseti. Ég lýsi eftir því hvort nokkur vilji sé fyrir hendi af hálfu ríkisstjórnarinnar, og ég bið hæstv. sjútvrh. að svara fyrstan manna, til að grípa til einhverra ráðstafana vegna þeirrar hrikalegu stöðu sem sjávarútvegurinn er í. Það er 11% tap á botnfiskvinnslunni í landinu. Hún mun tapa 4 milljörðum kr. á þessu ári. Það getur ekki gengið svo til langframa. Hún er þegar búin að búa við þessa afkomu eða nokkurn veginn þetta slæma afkomu um meira en hálfs árs skeið og hún þolir það ekki mjög mikið lengur. Hún á enga 120 milljarða kr. til að tapa eins og skandinavíska flugfélagið SAS átti 1990 þegar þeir byrjuðu að tapa peningum. Ætli það væri ekki nær að velta því fyrir sér hvort fiskvinnslan á yfir höfuð nokkurt eigið fé lengur?

Tímans vegna, hæstv. forseti, ætla ég ekki að fara út í umfjöllun um sjávarútvegsstefnuna almennt, störf tvíhöfða endurskoðunarnefndarinnar eða aðra slíka hluti sem auðvitað hefði verið fróðlegt að ræða hér og margir aðrir ræðumenn hafa gert á undan mér. En ég vil gefa hæstv. sjútvrh. færi á að koma aftur inn í umræðuna fyrr en síðar og svara þeim spurningum sem ég hef fyrir hann lagt. Ég vil fyrir mitt leyti bjóða fram stuðning minn við það að tíminn á síðustu dögum þingsins verði að einhverju leyti tekinn í það að skoða, t.d. í sjútvn. og í efh.- og viðskn., mögulegar ráðstafanir til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins tafarlaust. Til þess eru a.m.k. nokkrar handhægar og beinar aðferðir tiltækar. Ég hef nefnt þær, a.m.k. stungið upp á ákveðnum möguleikum í því sambandi. Það eru beinharðar tillögur, beinharðir möguleikar að greiða út fé úr Verðjöfnunarsjóði og hætta við að láta sjávarútveginn borga yfir hálfan milljarð kr. fyrir veiðileyfi síðar á þessu ári. Eru menn tilbúnir til að taka upp í þinginu eða í viðkomandi nefndum þess umræður um þessa hluti áður en þingið fer heim? Eða vilja menn kannski mæta aftur á sviðið á nýjan leik í ágúst eða september nk. með sambærilega stöðu og haustið 1988 að jafnlengd á því ári? Er það það sem menn eru virkilega að biðja um eða stefna í? Ég trúi því auðvitað ekki fyrr en ég tek á því að nokkurn þann sem upplifði það ástand, og allra síst hæstv. sjútvrh., sem skyldi ekki vera að væri pínulítið óróttur enn þá af atburðum þess hausts, langi til að upplifa þá hluti aftur. En það er það sem er að gerast. Ég held að ég hljóti að hafa rökstutt það nógu rækilega og reyndar einnig hæstv. sjútvrh. með talnalegum upplýsingum sínum í ræðu í gær. Það er nákvæmlega þetta sem er að gerast og tíminn gengur mjög hratt á okkur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að vonum að þingmenn óski eftir því að fá skýrslu um stöðu fiskvinnslunnar í landinu eins ljótar og afkomuhorfur eru miðað við síðustu fréttir sem við höfum fengið af þeirri atvinnugrein bæði í dagblöðum og nú síðast í fréttabréfi SF þar sem forsíðan ber yfirskriftina: „Tekst fiskvinnslunni að lifa við fast gengi næstu tíu mánuði?"

Hæstv. ráðherra kom nokkuð rækilega inn á þá stöðu sem er í greininni og þann fjárhagsvanda sem þar er og dró þannig sjálfur upp rækilegan rökstuðning fyrir nauðsyn þess að ræða þetta mál ítarlega í þingsölum og knýja á um stefnu ríkisstjórnarinnar og úrræði hennar sem hún hyggst grípa til ef einhver eru. Það er augljóst mál að atvinnugrein, ef við lítum á sjávarútveginn í heild, sem þannig er stödd miðað við þær tölur sem birst hafa opinberlega að skuldir hennar eru meiri en nemur árstekjum, er í miklum vanda. Og í mínum huga er það ekkert áhorfsmál að sú staða er uppi að það er ólíklegt eða jafnvel óhugsandi að at-

vinnugreinin sem heild geti staðið undir þessum miklu skuldum. Eða með öðrum orðum, það mun koma til þess að eitthvað af þessum skuldum muni tapast. Ég held að það sé staðreynd sem menn verða að horfast í augu við að við erum með vanda í okkar undirstöðuatvinnugrein sem er af þvílíkri stærðargráðu að það er ekki á færi greinarinnar sjálfrar að leysa úr honum með eigin aðgerðum.

Vissulega geta menn gripið til aðgerða sem bæta og auka hæfni greinarinnar og auka getu hennar til að borga sínar skuldir, aðgerðir sem miðast að því að framleiða sömu verðmæti fyrir minni tilkostnað. Það eru auðvitað, eins og bent hefur verið á, möguleikar á að gera betur í þeim efnum. Þó vil ég vara við þeirri ofuráherslu sem fram hefur komið hjá hæstv. ríkisstjórn á það atriði að hagræða. Það er ekki allsherjarlausn, það eru ekki slík færi í hagræðingu að menn geti varpað þessum mikla skuldavanda til baka frá stjórnvöldum yfir til atvinnugreinarinnar og sagt: Hagræðið og þá getið þið bjargað ykkur sjálfir. Vandinn er stærri en svo að menn komist hjá málinu með þessum hætti.

Í hagræðingu og hagræðingartali gleymist einnig atriði sem verður að taka tillit til þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því hvernig atvinnugreinin á að vera skipuð. Landið er stórt, byggðirnar margar og við hljótum að byggja á þeirri forsendu að allir, í hvaða plássi sem þeir búa, eigi sama rétt til sinnar lífsbjargar án tillits til búsetu.

Fiskveiðistefna og sjávarútvegsstefna hlýtur að vera byggð á þessari forsendu en ekki hinu að búsetan sé byggð á forsendu hagræðingar enda hygg ég að ef menn skoða málið grannt og reikna út hagræðinguna sé ekki nóg að reikna hana út í því afmarkaða umhverfi sem einhver tvö eða þrjú fyrirtæki í sjávarútvegi eru í. Menn verða að taka inn í það reiknilíkan önnur verðmæti sem liggja utan við þennan ímyndaða veruleika sem eru fasteignir og önnur verðmæti sem menn hafa fjárfest í á þessum stöðum.

Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að ein af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, meginþátturinn í stefnu hennar, var að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og minnka þannig þrýsting á háa vexti eða stuðla með öðrum orðum að lækkun vaxta. Ég er hræddur um að það verði erfitt fyrir menn, sem trúa á markaðskerfið og að menn geti séð fyrir sér innan seilingar það efnahagsumhverfi hér á landi að framboð og eftirspurn á peningum ráði vöxtum, að rökstyðja sína skoðun í ljósi þess sem gerst hefur síðustu daga og vikur eða öllu heldur þess sem ekki hefur gerst síðustu daga og vikur. Það er nefnilega þannig að vextir, afgjaldið fyrir lán á peningum eða verðmætum, eru háðir fleiri þáttum en svokölluðu framboði og eftirspurn. Það eru fleiri atriði sem ráða þar ferð og hafa jafnvel meiri áhrif en það ágæta lögmál.

Ég hygg að menn geti ekki þrætt fyrir að handafli á vexti, eins og það hefur verið kallað, er verið að beita núna og að efnahagsaðgerðir á komandi mánuðum hljóti að miðast við það og þá staðreynd að menn verða að beita því sem kallað er handafli á vaxtastigið í landinu. Með öðrum orðum er það kerfi sem hefur byggst upp til að ákvarða afgjaldið fyrir að lána peninga þannig úr garði gert að það þarf opinbera íhlutun til að halda því í skefjum.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að ein af aðgerðum ríkisstjórnarinnar hefði verið sú að stöðva inngreiðslu í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Af því að ég er hér með fréttabréf SF, Samtaka fiskvinnslustöðva, þar sem á forsíðu er krafist að fiskvinnslan fái innstæðuna í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, vil ég árétta það sjónarmið að þessi sjóður er ekki séreign fiskvinnslunnar. Hann er afrakstur þjóðarsáttarsamninganna og eins og frá þeim samningum var gengið eiga allir hlutdeild í þeim sjóði og rétt á greiðslum úr sjóðnum ef hann verður tekin til skipta. Launþegar í landinu hafa myndað þennan sjóð með samningum þar sem þeir létu af hendi laun en féllust á að í staðinn yrði haft þetta form á að leggja fé í þennan sjóð. Ég mótmæli því að þessi sjóður sé séreignasjóður fiskvinnslunnar og vil að sú afstaða komi skýrt fram að sú ráðstöfun fjár er ekki möguleg nema í samráði og með samþykki launþegasamtakanna.

Ég hef þegar varpað fram til hæstv. ráðherra þremur fyrirspurnum svo ekki er þörf á að endurtaka þær en ég vil drepa á fáein atriði. Ég vil í fyrsta lagi nefna kvótakerfið, það kerfi sem menn hafa þróað og byggt upp frá árinu 1984. Það hefur ljóslega komið fram að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að þetta kerfi sé það sem best hentar og mestum árangri skilar. Um það er deilt. Ég er t.d. ósammála þeirri skoðun en ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það eru mismunandi kvótakerfi til í landinu. Það er til eitt kvótakerfi fyrir rækjuveiðar og rækjuvinnslu innfjarða, sem kallað er, og svo er til annað kvótakerfi sem er fyrir önnur leyfisbundin leyfi. Þegar um er að ræða veiðar á innfjarðarrækju, og bið ég nú hæstv. ráðherra að leggja við hlustir, er kvótanum ekki eingöngu úthlutað á báta eða skip, eins og í hinu almenna kvótakerfi, heldur er kvótanum einnig úthlutað á verksmiðjur. Í þeirri útgáfu kvótakerfisins er frá því gengið að verksmiðjurnar í landi eigi rétt til kvótans. Hins vegar stangast það á við hinn meginþátt kvótakerfisins eða meginþátt hins kvótakerfisins, ef ég má orða það svo, þar sem fiskvinnslustöðvar í landi eiga engan rétt til þess kvóta sem skip og bátar hafa fengið úthlutað. Þetta þýðir að þeir bátar sem hafa veiðiréttindi eða kvóta á innfjarðarrækju hafa ekki frjálsan ráðstöfunarrétt á sínum afla heldur er þeim gert skylt að landa honum á tilteknum stöðum, jafnvel hjá tilteknum verksmiðjum. Þetta er ekki í hinu kvótakerfinu. Hafi menn kvóta til veiða á þorski er mönnum frjálst að landa þeim afla hvar sem þeim sýnist innan lands jafnt sem erlendis. Hafi menn hins vegar kvóta til veiða á rækju innfjarða ber þeim að landa á tilteknum stöðum. Ef við gefum okkur það að niðurstaða hæstv. ráðherra sé að hafa kvótakerfið áfram er óhugsandi að hafa kvótakerfið með tvennum ólíkum hætti. Það gengur ekki upp. Annaðhvort verður það að gerast að kvótakerfið á innfjarðarrækjunni verði eins og hitt kvótakerfið eða hið almenna botnfiskkvótakerfi verður sambærilegt við kvótakerfið á innfjarðarrækju. Með öðrum orðum að

fiskvinnslustöðvar hafi hlutdeild og réttindi í kvótanum. Þetta gengur ekki öðruvísi upp.

Nú skil ég ákaflega vel þau rök sem liggja að baki því að hafa kvótann og innfjarðarrækju bundin við svæði og jafnvel tilteknar verksmiðjur. Rökin þar að baki voru þau að tryggja hagsmuni þeirra sem starfa við þessa atvinnugrein og lifa af henni. Hæstv. sjútvrh. hefur hingað til tekið þau rök fullgild og því ekki viljað breyta þessu kvótakerfi. Þar sem ráðherra hefur komist að þeirri niðurstöðu að það séu fullgild rök að fólk sem starfar við rækjuvinnslu af innfjarðarrækju eigi rétt á kvóta, hafi íhlutun í þeim réttindum, hvernig kemst ráðherra þá hjá því að komast að sömu niðurstöðu varðandi hitt kvótakerfið, að fólk sem vinnur í frystihúsum um landið allt eigi sambærilegan rétt til botnfiskkvótans? Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra færi yfir sjónarmið sín til þessara tveggja mismunandi útgáfna af kvótakerfinu og upplýsti hvort hann hefði áform um að samræma þau, því að ég hygg og vil ekki öðru trúa en ráðherra sé þeirrar skoðunar að ekki gangi til lengdar að hafa tvö mismunandi kvótakerfi. Sami báturinn getur haft veiðirétt til innfjarðarrækju og rétt til að veiða þorsk. Hann má selja þorskinn og landa honum hvar sem er en rækjuna verður hann að selja í tiltekna verksmiðju. Þetta eru algerlega ósamrýmanleg kerfi og ég vil ítreka þá ósk mína til hæstv. sjútvrh. að hann fari yfir sjónarmið sín varðandi þessi tvö ólíku kvótakerfi og upplýsi hvort hann hafi ekki áform um að breyta þeim og samræma þau.

Ég vil einnig nefna þann mikla skuldavanda sjávarútvegsins sem ég hóf reyndar mál mitt á. Ég gat um þá skoðun mína að ég teldi óhjákvæmilegt að eitthvað af skuldum sjávarútvegsins mundi tapast, hvort heldur aðferðin til þess væri gjaldþrot eða lánardrottnar afskrifuðu skuldir sínar, færðu þær niður eða með einhverjum öðrum leiðum. En atvinnugreinin sem slík er greinilega skuldsett langt upp fyrir getu til að endurgreiða þær skuldir. Það er staðreynd sem menn verða að horfast í augu við og miða aðgerðir sínar við. Síðan eiga menn einnig að leita leiða til þess að laða fjármagn inn í atvinnugreinina til þess að draga úr því höggi sem mun koma hvort sem það lendir á bankastofnunum, ríkissjóði, einstökum byggðarlögum eða öðrum lánardrottnum. Til þess að draga úr því er nauðsynlegt að huga að leiðum til að laða fjármagn inn í atvinnugreinina sem hún geti nýtt sér til þess að greiða niður skuldir sínar og koma eiginfjárstöðu, ásamt öðrum aðgerðum, í viðunandi horf. Þar vil ég minna á frv. sem ég ásamt þremur öðrum þingmönnum Alþb. hef leyft mér að leggja fram á Alþingi um breytingu á lögum um hlutafélög þar sem lagðar eru til ákveðnar breytingar á hlutafjárlöggjöfinni sem eiga að verða til þess að almenningur í landinu öðlist trú á fyrirtækjum, hlutafélögum og fáist til að leggja fé í fyrirtækin. Þar er ég einkum með í huga að áhrif af frv., ef að lögum verður, leiði til þess að fólk í sjávarplássum um land allt leggi fé í atvinnugreinina og eigi þess kost að taka þátt í viðreisn sjávarútvegsins á Íslandi.

Ég fer ekki nánar í einstök atriði frv. enda gefst væntanlega kostur á því að mæla fyrir því innan skamms en ég nefni þetta því þetta er einn meginþátturinn sem liggur að baki frv.

Ég vil svo að endingu fara aðeins yfir fiskveiðistjórnunarkerfið. Það er að mínu mati einn þátturinn í vanda sjávarútvegsins m.a. vegna þess að menn verða að fjárfesta í réttindum sem þeir höfðu áður án þess að leggja fram fé. Atvinnugreinin þarf að bera kostnað með beinum og óbeinum hætti sem hún gerði ekki áður. Kvótakerfið leiðir líka til þess að menn fara að verja hagsmuni sína, ekki bara hagsmuni fyrirtækis eða eigenda skips heldur hagsmuni byggðarlaga og leitast því til eftir föngum að tryggja hagsmuni sína með því að tryggja sér veiðiheimildir, festa kaup á þeim ef kostur er. Slíkt ástand, þar sem menn eru að verja forsenduna fyrir búsetu sinni, fyrir því að eignir þeirra séu einhvers virði, leiðir til óeðlilegs ástands. Það leiðir til þess að menn verðleggja þennan rétt miklu hærra en ef menn væru ekki í slíkri nauðung.

Ég er þeirrar skoðunar að einn þátturinn í endurreisn sjávarútvegsins muni verða að breyta fiskveiðistefnunni. Ég vara við þeirri stefnu sem við búum við í dag og tel að við lendum í óbærilegum ógöngum innan tíðar ef ekki verður breytt út af þeirri stefnu sem verið hefur.

Ég vil nefna og minna á álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1990. Sú álitsgerð leiðir það fram að ríkið geti ekki verið eigandi fiskimiðanna. Þar með er þeirri stefnu kollvarpað sem Alþfl. hefur verið að boða þ.e. að ríkið geti úthlutað þessum fiskimiðum. Í álitsgerðinni eru leidd að því ítarleg rök að ekki geti verið um séreign á fiskimiðunum að ræða, hvorki ríkisins né annarra. Því er ekki hægt að selja þá eign. Enginn getur helgað sér hafsvæðið og því er ekki um að ræða verðmæti sem eru séreign einhvers eða einhverra.

Hins vegar eru tvö önnur hugtök sem skipta verulegu máli. Annað hugtakið er fiskveiðiheimild og hitt hugtakið er atvinnuréttindi. Niðurstaða Lagastofnunar Háskóla Íslands er sú að fiskveiðiheimildin sé ekki einstaklingsbundin og stjórnarskrárvarin eign. En það er einmitt fiskveiðiheimildin sem gengur kaupum og sölum og hefur verðmæti. Þar vísa ég til svars hæstv. fjmrh. við fsp. minni fyrr í vetur um skattalega meðferð á keyptum aflakvóta. Hjá fjmrh. kemur skýrt fram að fiskveiðiheimildin sem slík sé eign í skilningi skattalaga og að heimilt sé að eignfæra hana og afskrifa. Lagastofnun Háskóla Íslands og hæstv. fjmrh. eru þannig ekki sammála um þetta atriði.

Hins vegar kemst Lagastofnun Háskóla Íslands að þeirri niðurstöðu að atvinnuréttindi, réttindi sem menn skapa sér með því að vinna við þessi störf, geti verið og séu einstaklingsbundin og stjórnarskrárvarin eign samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar, þó með ákveðnum takmörkunum sé. Og ef við höfum það að leiðarljósi að fiskurinn sjálfur, hin áþreifanlega vara, sé ekki eign og geti ekki verið séreign eins né neins og að réttur til að sækja fiskinn, fiskveiðiheimildin sem úthlutað er á skip og gengur kaupum og sölum, geti heldur ekki verið einstaklingsbundin og stjórnarskrárvarin eign heldur einungis atvinnuréttindin, hljóta þau

atvinnuréttindi sem menn ávinna sér að vera persónuleg, bundin þeim persónum sem atvinnuna stunda.

Það er því ályktun mín að samkvæmt álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands er ekki hægt að úthluta veiðiheimildum og enn síður hægt að úthluta þeim með þeim hætti að frjálst sé að selja þær og kaupa. Atvinnuréttindin álít ég hins vegar, samkvæmt þessari sömu álitsgerð, að hljóti að vera persónuleg. Þau geta ekki verð bundin við skip, hús eða neitt slíkt. Þau eru bundin við persónur þannig að ég dreg mjög í efa að núverandi framkvæmd kvótakerfisins standist ákvæði stjórnarskrárinnar og að menn hafi heimild til að kaupa og selja veiðiheimildir.

Ég skora á þingmenn að kynna sér þetta mál og láta skoðanir sínar í ljós á þeim sjónarmiðum sem ég hef lagt inn í umræðuna og þær ályktanir sem ég hef dregið af niðurstöðu Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð að sinni. Ég hef komið með sjónarmið og tillögur varðandi sjávarútvegsmálin og ég vænti þess að umræðan um stöðu og framtíðarhorfur í þessari atvinnugrein verði málefnaleg eins og hún hefur verið hingað til. Ég þakka þeim ræðumönnum sem hafa talað fyrir mjög málefnalegar og góðar umræður.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í gær flutti hæstv. sjútvrh. skýrslu um stöðu sjávarútvegsins. Þar komu fram heldur dapurlegar staðreyndir sem hljóta að valda okkur alþingismönnum öllum áhyggjum. Því vildi ég víkja að þeim örfáum orðum þó vissulega hafi þegar verið gerð grein fyrir þeim frá ýmsum hliðum í umræðunni.

Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að hér er að vísu ekki um alveg ný tíðindi að ræða því að hann hefur áður flutt svipaðan boðskap. Sennilega er nú orðið á áttunda mánuð síðan hann birti alvarlegar upplýsingar um stöðu sjávarútvegsins á fundi norður á Akureyri. Síðan hefur hæstv. ráðherra ítrekað þetta, bæði með upplýsingum og ábendingum til ríkisstjórnarinnar um þörf aðgerða. En því miður hefur lítið gerst.

Frestun afborgana sem ákveðin var af lánum um áramótin í vetur léttir vissulega greiðslustöðu sjávarútvegsins en bætir ekki eignarstöðu hans. Nýjar álögur sem þá voru lagðar á vega þar miklu þyngra og eins og rækilega hefur verið bent á skekkja þær gengið þannig að það er orðið sjávarútveginum óhagstætt eftir hinar þungu byrðar.

Reyndar er liðið heilt ár síðan ríkisstjórnin ákvað alvarlegustu aðgerð sína skömmu eftir að hún tók við völdum en það var vaxtahækkunin. Þá var sagt að hún mundi ganga fljótt til baka, eftir 2–3 mánuði, en hún hefur haldist allt fram að þessu eða þangað til ríkisstjórnin sneri loksins við blaðinu og ákvað, eftir að vera knúin til þess af aðilum vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga, að taka skref til að ná vöxtum niður með handafli sem ekki mátti gera allt fram að þeim tíma. Þetta hefur því ekki borið eins góðan ávöxt og vonir stóðu til og fyrirheit höfðu verið gefin um. En ljóst er að það heldur áfram að síga á ógæfuhliðina hjá sjávarútveginum, sérstaklega hjá fiskvinnslunni og augljóst að á þeim 7–8 mánuðum síðan hæstv. sjútvrh. flutti fyrstu viðvörunarorð sín hefur eignastaða fyrirtækjanna stórlega versnað. Ég hef engar tölur um það hvað það nemur miklu en væntanlega getur hæstv. sjútvrh. gefið einhverjar upplýsingar um það. Væri vissulega fróðlegt að fá einhverjar hugmyndir um það hversu mikið eignastaða sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur versnað síðan í septembermánuði á síðasta ári.

Eins og bent hefur verið á í þessum umræðum af fyrri ræðumönnum þá minnir þessi staða okkur óþyrmilega á atburði sem gerðust fyrir fjórum árum þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd. Þá höfðum við framsóknarmenn í marga mánuði flutt aðvörunarorð um það hvert stefndi í íslensku atvinnulífi og lagt mikla áherslu á að þar þyrfti að snúa við blaðinu. En því miður töldu sjálfstæðismenn þá þess ekki þörf. Þessi aðvörunarorð væru flutt af illum huga og það talin mikil skemmdarstarfsemi að láta slíkar skoðanir í ljós. Það væri verið að kljúfa ríkisstjórnina. Því miður var ekki farið eftir þessum ábendingum og það leiddi til þess að sú ríkisstjórn fór frá völdum.

Mér fannst þessi tími vera hrein martröð, að horfa þannig á hvernig hallaði undan fæti fyrir íslensku atvinnulífi. Og því held ég að hæstv. sjútvrh. hljóti að líða illa í þeirri stöðu sem hann er nú í. Að vera mánuðum saman búinn að flytja aðvörunarorð og tillögur til úrbóta um stöðu sjávarútvegsins en þeim er annaðhvort ýtt út af borðinu af hæstv. forsrh. eða sendar í nefnd, eins og gerð hefur verið grein fyrir áður, þar sem samstaðan er ekki mikil og engar tillögur koma. Því miður var það svo að í ræðu hæstv. sjútvrh. bryddaði ekki á miklum tillögum um skyndilegar úrbætur eða tillögum sem gefa vonir um að þarna verði snúið til betri vegar fyrir atvinnureksturinn.

Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. sjútvrh. hversu lengi hann telur að fiskvinnslan í landinu geti búið við þau skilyrði að vera rekin með um 10% halla, atvinnuvegur sem þegar býr við svo erfiða eiginfjárstöðu og eignastöðu. Helsta vonin, sem hæstv. ráðherra gaf í ræðu sinni, var sú að á næstu fimm árum ætti að hagræða í greininni sem gæti aukið arðsemina um 10%. En hvernig verður komið fyrir atvinnuvegi sem býr við 10% rekstrarhalla eftir fimm ár? Trúa menn því virkilega að þá verði nokkurt fyrirtæki gangandi við slíkar aðstæður? Aðra von eygði hæstv. sjútvrh. líka. Það var töfraorðið, sem margir telja sem lausn allra mála, þ.e. samningurinn um EES. Ég held að sá samningur verði þjóðinni dýr ef menn taka slíka trú og telja að sá samningur muni bjarga okkur, þegar hann hafi verið gerður muni allt leika í lyndi.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða þann samning. En það sem snýr að sjávarútveginum held ég að verði dýru verði keypt. Það verður dýru verði keypt ef menn hugsa ekki um hvernig staða hans er vegna þess að menn telja að þegar samningurinn er genginn í gildi þá muni staða okkar verða svo góð. En samningurinn verður dýru verði keyptur af fleiri ástæðum fyrir sjávarútveginn að mínu mati. Þá er ég sérstaklega með í huga tvíhliða samninginn um sjávarútveg sem við eig-

um að gera við Evrópubandalagið. Það er sagt að þar sé um gagnkvæman samning að ræða því að við fáum loðnu í staðinn fyrir karfa. Við höfum nú heyrt hvert álit forstöðumanns Hafrannsóknastofnunar er á því máli. Það eru að mínu mati smámunir hjá öðru miklu verra í sambandi við þennan samning. Með honum er verið að semja við Evrópubandalagið um að afhenda því lykil að fiskveiðilögsögu okkar. Menn geta sagt að sá lykill sé ekki stór, það sé ekki mikill biti sem þarna er verið að afhenda. En við vitum að lykill hefur sama gildi hvort sem hann er stór eða lítill ef hann opnar dyrnar á annað borð. Og þarna er tvímælalaust verið að opna dyrnar fyrir Evrópubandalagið inn í fiskveiðilögsögu okkar og það verður áreiðanlega mikill þrýstingur á að fara inn um þær dyr þegar þær hafa einu sinni verið opnaðar.

Ég tel því að það sé mikil tálsýn að telja að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið muni bjarga sjávarútveginum á Íslandi. Satt að segja þarf sterkari rök en ég hef enn þá fengið til að sannfæra mig um að það muni bjarga efnahagsmálum okkar að tengjast efnahags- og atvinnusvæði þar sem 10% atvinnuleysi er viðvarandi. Hversu dýrt verður það þjóðinni ef slíkt ástand kemur í kjölfar þess að við gerumst aðilar að þessum samningi? Ég skal ekki að þessu sinni fjölyrða frekar um þessa hlið. En vegna ummæla hæstv. sjútvrh., að samningurinn við EES væri töframeðalið fyrir íslenskan sjávarútveg, vildi ég flytja þessi aðvörunarorð.

Á þessari stundu er það að sjálfsögðu fyrst og fremst spurningin til sjútvrh.: Ætlar hann að sætta sig við það áfram að ekki sé hlustað á tillögur hans um tafarlausar aðgerðir á stöðu sjávarútvegsins eins og hann krafðist að framkvæmdar yrðu í byrjun desembermánaðar sl.? Óttast hann ekki að sagan endurtaki sig fyrir hann ef hann sættir sig við það til lengdar að þannig sé farið með orð hans og tillögur? Það hefur komið skýrt fram að stjórnarandstaðan er reiðubúin að styðja við bakið á honum til að leita leiða til úrbóta. Ég vonast til þess að hann vilji þiggja þá aðstoð til að koma í veg fyrir það slys sem það yrði fyrir þjóðina ef hallaði meira undan fæti fyrir sjávarútveginum, sérstaklega fiskvinnslunni, en orðið er. Augljóst er að hver vika sem líður við þessar aðstæður er þjóðinni dýr. Og ég vonast til þess að hæstv. sjútvrh. sjái líka hversu mikið er í húfi fyrir hann sjálfan að sagan endurtaki sig heldur ekki hvað það varðar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er einkenni þingræðisins að þjóðþingið er sá vettvangur þar sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir umræðu og rökræðu um tillögur sínar. Mér finnst ærið mikið bera á því að formenn stjórnarflokkanna, formaður Alþfl., hæstv. utanrrh. og formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh., tali og hagi sér þannig eins og þjóðþingið sé færiband. Þeir sitji í Stjórnarráðinu og sendi frá sér tilskipanir og síðan sé það ekki lengur í þeirra verkahring að taka þátt í rökræðum eða svara fyrirspurnum hér á þjóðþinginu.

Ég er ekki reiðubúinn, virðulegi forseti, að taka þátt í því að breyta eðli þjóðþingsins á þennan hátt. Og ef ég má trufla virðulegan forseta við að lesa tímaritið Heimsmynd, sem er greinilega forsetanum þóknanlegra en tímaritið Mannlíf, þá vil ég óska eftir því að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. verði sóttir til umræðunnar. Það var óskað eftir því sérstaklega að þeir yrðu hér í kvöld vegna þess að við óskum eftir svörum frá þeim við ákveðnum spurningum um stefnu ríkisstjórnarinnar. Þessi beiðni um skýrslu, sem hér er flutt, er lögð fram til þess að reyna að knýja á um það að á Alþingi fáist svör um stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þótt að hæstv. sjútvrh. hafi gert grein fyrir skoðun sinni í ýmsum málum þá stangast hún á við skoðun hæstv. utanrrh. sem hann hefur látið í ljós utan þings. Við búum einu sinni við þá stjórnskipan í okkar lýðveldi, hvort sem hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh. líkar betur eða verr, að í þessum sal er þeirra vinnustaður. Það er þessi salur sem er miðpunktur lýðræðisins. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. að koma fram á nokkurra mánaða fresti og segja við þjóðina að honum leiðist ræðurnar sem hér eru fluttar ef hann hefur ekki enn þá skilið að það að vera forsrh. á Íslandi er að standa fyrir máli sínu í þessum sal, svara þeim spurningum sem til hans er beint og taka þátt í rökræðum um stefnu ríkisstjórnarinnar og þær tillögur sem hún flytur fram.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sátu smástund í salnum í byrjun fundar í kvöld en hafa síðan verið utan salarins í tæplega tvær klukkustundir. Ég vil þess vegna inna forsetann eftir því hvort hægt sé að tryggja að þessir tveir hæstv. ráðherrar sinni lýðræðislegum skyldum sínum. (**Forseti:** Hæstv. ráðherrar eru á leiðinni.) Ef hæstv. ráðherrar eru á leiðinni þá tel ég rétt að bíða eftir að þeir komi vegna þess að ég hef í sjálfu sér engan sérstakan áhuga á að endurtaka, þegar þeir koma í salinn, það sem ég sagði áður en þeir komu.

Virðulegi forseti. Það er þakkarvert að hæstv. forsrh. er kominn í salinn. Það vildi hins vegar þannig til að mín fyrsta spurning var til hæstv. utanrrh. sérstaklega. Ég sé að hann er sestur þarna í hliðarsal. Það er kannski erfitt fyrir hann að setjast inn í þingsalinn. (**Utanrrh.:** Ég heyri ágætlega hér.) Það dugir mér kannski engan veginn að ráðherra heyri ágætlega en við skulum láta það nægja í bili.

Ég sagði það áður en þið komuð inn, hæstv. ráðherrar, að það er nú einu sinni eðli þingræðisins og lýðræðisins að þjóðþingið er ekki bara til að samþykkja lög formlega heldur er það líka sá vettvangur þar sem menn geta hlýtt á stefnu ríkisstjórnar, rökrætt hana og spurst nánar fyrir um óvissuatriði í henni. Það er mjög slæmt ef það þarf hvað eftir annað að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að fá hæstv. ráðherra, sem stýra þessari ríkisstjórn, til þess að svara slíkum spurningum. En ég þakka fyrir að hæstv. ráðherrar eru komnir til að hlýða á þessi atriði sem ég ætla ekki að hafa mjög löng.

Það hefur komið fram í þessum umræðum, hæstv. ráðherrar, að rekstrarstaða sjávarútvegsins er mjög slæm. Kunnáttumenn hafa sagt að hún sé kannski að

mörgu leyti jafnslæm nú og haustið 1988. Það hefur komið fram í umræðunum að tap botnfiskvinnslunnar sé um 11% sem samsvarar tæplega 4 milljörðum kr. á einu ári. Þetta eru auðvitað svo risavaxnar upphæðir að það er alveg ljóst að stór hluti fyrirtækja í sjávarútvegi mun ekki geta risið undir rekstri sínum ef ástandið verður óbreytt. Það hefur einnig verið vitnað til þess í þessum umræðum að hæstv. ríkisstjórn viðurkenndi fyrir, ef ég man rétt, u.b.b. hálfu ári síðan eða svo að þessi vandi væri mjög mikill og hann væri brýnn. Ríkisstjórnin viðurkenndi það. Hún ákvað að vísa tillögugerð um aðgerðir vegna þessa mikla vanda til þeirrar nefndar sem hún hafði sett upp til að móta nýja stefnu í fiskveiðistjórnun. Ég get sagt það hér að mér fannst það í sjálfu sér ekki mjög skynsamlegt að rugla saman í einni og sömu nefndinni annars vegar því verkefni að koma með tillögur um langtímaskipulag fiskveiðistjórnar á Íslandi og hins vegar að gera tillögur um þann mikla bráðavanda sem steðjar að í sjávarútveginum. En látum það vera. Ríkisstjórnin kaus að fara þessa leið.

Það sem gerst hefur á opinberum vettvangi síðan er að þeir tveir formenn í nefndinni hafa lýst gerólíkum viðhorfum til þess hvernig eigi að bregðast við þessum vanda.

Nú er það auðvitað þannig að við á Alþingi getum kannski tekið lífinu létt hvað það snertir að mörg orð sem hér falla vega ekki þungt. En hjá þeim aðilum sem eiga fyrirtækin sem hér um ræðir, þurfa að útvega rekstrarfé á næstu mánuðum til þess að verða ekki gjaldþrota, eru hugsanlega að missa eignir sínar, hjá sveitarfélögunum sem þurfa að setja tugi ef ekki hundruð millj. inn í fyrirtækin til að tryggja atvinnulífið í byggðarlaginu, vega orðin þungt. Þessir aðilar þurfa að fá að vita hvað fram undan er. Þess vegna er fyrsta spurning mín til hæstv. utanrrh.: Eru þau viðhorf sem aðstoðarmaður hans, Þröstur Ólafsson, hefur lýst nokkuð ítarlega opinberlega um hvernig hann telji að eigi að bregðast við þeim vanda, stefna Alþfl. eða stefna hæstv. utanrrh. eða er Þröstur Ólafsson eingöngu að túlka sínar skoðanir? Hefur ekki farið fram umræða á vettvangi Alþfl. um þennan vanda og hver er þá niðurstaða þeirrar umræðu fyrst fulltrúi flokksins í forustu nefndarinnar, Þröstur Ólafsson, hefur kosið að lýsa opinberlega afstöðu sinni? Í grófum dráttum fólst afstaða hans í því að stjórnvöld ættu nánast ekki að gera neitt. Ég get alveg áttað mig á því að fyrir þeirri skoðun er hægt að færa margvísleg rök og er í sjálfu sér ekki að biðja hæstv. utanrrh. um að lýsa ítarlega eða í löngu máli, þó það megi út af fyrir sig gera það, þeim rökum sem liggja að baki slíkri skoðun. Ég spyr fyrst og fremst svo allri óvissu verði eytt: Eru skoðanir Þrastar Ólafssonar stefna utanrrh. í fyrsta lagi og Alþfl. í öðru lagi?

Hinn formaður nefndarinnar, Magnús Gunnarsson, lýsir viðhorfum sínum í Morgunblaðinu sunnudaginn 26. apríl, eins og komið hefur fram í umræðunum, og eins og kemur fram á bls. 12 ganga þær í höfuðatriðum þvert á þær skoðanir sem Þröstur Ólafsson hefur lýst. Ég ætla ekki að tefja fyrir með því að lesa þetta upp en menn geta kynnt sér það ef þeir hafa áhuga hafa á. Í grófum dráttum færir Magnús Gunnarsson margvísleg rök að því að hin svokallaða gjaldþrotaleið muni ekki auka hagræðingu í sjávarútvegi. Hún muni þvert á móti verða til þess að binda bönkum og sveitarfélögum frekari bagga skulda og vandræða og alls ekki leiða til þeirrar endurskipulagningar á sjávarútveginum sem nauðsynleg er. Og nú spyr ég hæstv. forsrh., formann Sjálfstfl., því sagt er að Magnús Gunnarsson hafi verið valinn til formennsku í nefndinni sem fulltrúi Sjálfstfl.: Lýsa þau viðhorf sem Magnús Gunnarsson kynnir í höfuðviðtali Morgunblaðsins sunnudaginn 26. apríl sl. skoðunum og afstöðu Sjálfstfl. til þessa vanda?

Ástæðan fyrir því að ég kýs að fá svör við þessum spurningum fyrir þinglok er sú að samkvæmt upphaflegri áætlun var stefnt að því að nefndin skilaði tillögum um þennan bráðavanda nú snemma í sumar. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á því og reyndar fyrir alla rekstraraðila í sjávarútvegi og þjóðina alla: Er staða málsins virkilega þannig að þessir tveir forustumenn, sem ríkisstjórnin hefur falið þennan sérstaka trúnað, er enn að lýsa einkaskoðunum sínum á þessum höfuðvanda íslenskra efnahagsmála á næstu missirum og ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir hafi enn ekki mótað neina stefnu í málinu eða eru þær skoðanir sem þeir lýsa stefna stjórnarflokkanna hvors um sig? Það er auðvitað ekki hægt, virðulegi forsrh., að skilja þannig við störfin í vor að hvorki þingið né þjóðin viti hver stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli er. Ég árétta það sem ég sagði áðan: Orð okkar hér á Alþingi geta verið léttvæg, en eigendur fyrirtækjanna, mennirnir sem hafa veðsett eignir sínar, fólkið í byggðarlögunum, sveitarfélögin sem nú er verið að biðja um að taka á sig meiri ábyrgðar svo ég tali nú ekki um bankana, eiga kröfu á að fá að vita hver sú stefna er sem ríkir í þessum málum. Svo geta menn rökrætt það fram og aftur hvort hún er skynsamleg eða óskynsamleg. En fyrsta skrefið er að fá að vita hver stefnan er. Eða er það kannski þannig að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sé enn sem komið er án stefnu í því hvað eigi að gera í rekstrarvanda sjávarútvegsins sem nú býr við 4 milljarða kr. tap fiskvinnslunnar á ársgrundvelli?

Ég veit að ég þarf ekki að rifja upp fyrir hæstv. utanrrh. sögu sumarsins og haustsins 1988. Þá komst hann að raun um að vandamálin berja að dyrum. Það er ekki hægt að loka þau úti. Þau knýja á fyrr eða síðar. Og ég vona að hæstv. ráðherrar misvirði það ekki þó að til þess sé ætlast á Alþingi að þeir svari í þeim sal þar sem þeim ber að svara samkvæmt stjórnskipun lýðveldisins og leikreglum íslenska lýðræðisins, hver stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í rekstrarvanda sjávarútvegsins sé. Ég tel að hvetja ætti hæstv. forsrh. sérstaklega til þess að sjá nauðsyn þess að svara slíku vegna þess að í ummælum sem komið hafa frá bankastjórum Landsbankans síðustu daga hefur verið sagt alveg skýrt að vegna þess að Landsbankinn hefur orðið að taka á sig tap fyrirtækja í sjávarútvegi og vegna þess að Landbankinn muni að öllum líkindum,

hugsanlega vegna aðgerðarleysis ríkisstjórnarinnar, þurfa að taka á sig enn frekari tap fyrirtækja í sjávarútvegi, sé nauðsynlegt fyrir Landsbankann að halda uppi vaxtastiginu í landinu. Ef skoðuð eru ummæli bankastjóra Landsbankans síðustu daga er þetta kjarninn í svörum þeirra. Þeir telja að ef horft er á hagsmuni Landsbankans fyrst og fremst, sé honum ekki unnt að lækka vextina vegna fyrirsjáanlegra og áorðinna tapa viðskiptafyrirtækja bankans í sjávarútvegi. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. að því, telur hann eðlilegt að tekið sé tillit til þess í vaxtaákvörðunum bankanna að útlán þeirra til sjávarútvegsfyrirtækjanna eru jafnmismunandi og raun ber vitni? Og ég óska eftir svari við þessari spurningu því að sú staða er komin upp að verkalýðshreyfingin hefur gert kjarasamninga. Þeir kjarasamningar festa í sessi stöðugleika og lága verðbólgu. Verkalýðshreyfingin hefur hins vegar sagt að forsenda þessara samninga sé yfirlýsing um lækkun vaxta. Landsbankinn segir hins vegar, a.m.k. enn sem komið er: Við erum ekki í stöðu til að lækka vextina vegna þess að sú stefna sem við teljum að sé ríkjandi hjá ríkisstjórninni gagnvart sjávarútveginum mun knýja bankann til að taka á sig jafnvel milljarðatap sjávarútvegsfyrirtækja á næstu missirum. Með öðrum orðum, það er beint samhengi á milli þeirra svara sem við erum að biðja um varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins og þeirra vaxtaákvarðana sem verða teknar á næstunni og þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Ég spyr hæstv. forsrh. þess vegna að því hvort hann telji eðlilegt að í vaxtaákvörðun bankakerfisins sé tekið tillit til mismunandi þátttöku bankanna í útlánum til sjávarútvegsfyrirtækjanna.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh., sem hefur flutt nokkrar ræður í vetur um stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum, hvort það sem forsrh. hefur aðhafst síðustu daga og það sem hann hefur sagt síðustu daga sé í samræmi við þá stefnu eða hvort það boðar nýja stefnu hjá ríkisstjórninni í vaxtamálum. Stefnan sem hæstv. forsrh. hefur lýst í vetur er markaðsstefnan. Vextirnir eiga að ákveðast af markaðnum. Stjórnvöld eiga ekki að segja fyrir um vaxtastigið.

En hvað er að gerast þessa dagana? Hæstv. forsrh., forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, aðilar að kjarasamningnum og fjmrh. eru allir komnir hver í kapp við annan um að beita Landsbankann þrýstingi. Hæstv. forsrh. hefur örugglega rætt við framkvæmdastjóra Sjálfstfl., varaformann bankaráðs Landsbankans um þær vaxtaákvarðanir og ef maður væri í léttu skapi í kvöld þá væri sjálfsagt hægt að leika sér að því að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort Kjartan Gunnarsson sé hluti af markaðnum þegar hann sest niður í Landsbanka eða er hann hluti af Sjálfstfl. og stjórnkerfinu? Eða er það kannski þannig að í reynd sé hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, farinn að praktísera af ákafa og einbeitni það sem hann gagnrýndi fyrrv. forsrh. hvað harðast fyrir á þinginu í vetur þannig að öll háðsyrðin, sem hæstv. forsrh. hefur fellt um fyrirrennara sinn, falli dauð og ómerk? Ég verð að segja eins og er, vegna þess að ég kynntist nokkuð vinnubrögðum fyrrv. hæstv. forsrh. á stundum sem þessum, að ég sé engan mun á því sem hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, er að gera þessa dagana og því sem við gerðum í síðustu ríkisstjórn. Umvandanir gagnvart bankakerfinu, beita fortölum og þrýstingi, hótunum og blíðmælum og gefa alveg sterklega til kynna hvaða afleiðingar það kynni að hafa ef bankinn yrði ekki að þeim óskum sem lægju í orðum stjórnvalda, forsrh. og annarra. Það er enginn munur. Það er nákvæmlega sama stefnan og fyrirrennari hæstv. forsrh. iðkaði á sínum tíma. Enn er um óvissu að ræða.

Annars vegar kemur fjmrh. og segir: Ég ætla að hætta að ákveða vextina á spariskírteinunum í fjmrn. Ég ætla að láta markaðinn ákveða það með því að hafa uppboð á ríkisvíxlum og öðrum ríkispappírum. Gott og vel. Það er þó stefna, það er þó afstaða. En svo kemur sami fjmrh. með forsrh. og segir: Landsbankinn má ekki ákveða vextina sína í friði. Nei, alls ekki, bara alls ekki. Það er stórhættulegt, kemur ekki til greina. (**VE:** En að koma pappírunum út.) Er það ekki mál Landsbankans að gera það, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson? Eða er allt í einu kenningin um frjálsa markaðsákvörðun á vöxtum orðin þannig að einhverjir menn í Stjórnarráðinu eigi að hafa vit fyrir bankakerfinu? Ég sé ekki betur en hæstv. forsrh. hafi í reynd síðustu daga hafnað kenningunni um markaðsákvörðun vaxtanna þannig að við sem erum að reyna að átta okkur á því hver sé vaxtastefna ríkisstjórnarinnar getum ekki svarað því lengur.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson situr úti í sal og myndar með vörunum orðið jú. Það má vel vera að hann sjái eitthvert samhengi í þessu. Það væri þá æskilegt að það yrði skýrt hér út. En ég óska sem sagt eftir því að það sé skýrt hér í kvöld hver sé hin raunverulega vaxtastefna og samhengi hennar við útlánastefnu bankanna, sérstaklega á sviði sjávarútvegs sem er mikilvægt að bankarnir viti í ljósi þess að einhver verður að taka á sig þessa 4 milljarða sem eru í taprekstri á ársgrundvelli. Einhver verður að taka þá, einhver verður að taka þetta tap á sig, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Ég spyr því báða ráðherrana og það er mín næsta spurning til þeirra: Hver á að þeirra dómi að bera þetta 4 milljarða tap? Eigendurnir, bankarnir, sjóðirnir, sveitarfélögin? Hver á að bera það? Það er alveg nauðsynlegt að skýr svör fáist við því.

Ég vil síðan spyrja hæstv. utanrrh. að því hver sé afstaða hans til þeirrar yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. í umræðunni í gær þegar sem hæstv. sjútvrh. lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi að stefna ætti að því að sameina sölusamtökin í sjávarútvegi. Ég hafði skilið það þannig að hæstv. utanrrh. og Alþfl. væru með þá stefnu að leggja þessi sölusamtök niður, skapa frelsi á þessum markaði, samtökin gætu starfað ef þau svo kysu en markaðurinn og útflutningurinn væri opinn öllum eða flestum. Það væri þá frekar hvetjandi af hálfu stjórnvalda að stuðla að því að fleiri kæmu að þessu verki en færri. Nú kemur aftur á móti hæstv. sjútvrh. og lýsir því sem skoðun sinni að það eigi að fækka. Það eigi meira að segja að ganga svo langt að SH og Sambandið sameinist í einn öflugan útflutn-

ingsrisa sem drottni yfir markaðnum meira en nokkru sinni fyrr. Það er ekki bara ég sem óska eftir því að fá að vita hver sé þá stefna ríkisstjórnarinnar í þessu mikilvæga máli heldur hljóta allir þessir aðilar í sölusamtökunum sjálfum og hinir smærri sem velta því fyrir sér hvort þeir eigi að leggja fé í markaðsuppbyggingu, í mannafla, fjárfestingu af öðru tagi. Þeir eiga auðvitað kröfu á því að fá að vita hver stefnan er, hverjar leikreglurnar eru, svo að ég noti uppáhaldsorð þessara manna sem eiga að ríkja. Eiga leikreglurnar sem eiga að ríkja að vera hvati stjórnvalda til að binda hér öflugan risa sölusamtaka eða eiga leikreglurnar að vera að hinir mörgu og smáu fái að blómstra eftir eign vild á þessu sviði? Ég spyr. Kannski vill hæstv. forsrh. svara því. Það er auðvitað mjög vont að ríkisstjórn, sem tekur sig alvarlega, skuli ekki veita sameiginleg og skýr svör varðandi stefnu sína í útflutningsmálum lykilatvinnugreinar landsmanna.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem formanna stjórnarflokkanna hvort þeim finnist enn það vera skynsamleg ráðstöfun að móta fiskveiðistefnuna til næstu ára, stjórnun fiskveiða, á þann hátt að eingöngu stjórnarflokkarnir sitji við það meginborð. Ég veit að vísu að það var ærið margt í hugsunarhætti þessara tveggja ágætu manna hér sl. sumar og haust á þann veg að þeir töldu sig vera að setjast að langri stjórnarsetu, jafnvel til næstu aldar. (**Gripið fram í:** Kannski ekki næstu aldar.) Ja, það hefur örugglega hvarflað að forsrh. (**Forsrh.:** Svona fyrri hluta næstu aldar.) Ég held að hægt væri að finna dæmi þess að hann hafi nefnt að fyrri viðreisn hafi setið 12 ár og aldrei að vita hvað þessi sæti lengi. 91 plús 12 er nú inn á næstu öld. En látum það vera, alla vega til langs tíma. Nú er hins vegar margt sem bendir til þess að það sé meiri óvissa í stjórnarsamstarfinu. Ég ætla ekki að dæma neitt um það en fjölmiðlarnir í landinu segja mikið af þeim atburðum. Og þess vegna spyr ég: Er *það í sjálfu sér skynsamlegt að vera með lykilatriði* eins og þetta á þann veg að þeir sem fjárfesta fyrir milljarða í atvinnugreinum og þurfa auðvitað að fá að vita hverjar leikreglurnar eru til langs tíma hafa ekki hugmynd um það hvort þær leikreglur sem Alþfl. og Sjálfstfl. kunna að koma sér saman um síðar á þessu ári gilda eftir tvö eða þrjú ár? Meginrök hæstv. utanrrh. fyrir EES-samningnum eru að það sé verið að fastsetja leikreglur til langs tíma, leikreglur á Evrópska efnahagssvæðinu innan Evrópubandalagsins og innan EFTA þannig að allir aðilar í viðskiptum, þjónustu og vinnumarkaði viti að hvaða leikreglum þeir geta gengið, ekki bara í ár og ekki bara á næsta ári heldur um langa framtíð. Og þá spyr ég hæstv. utanrrh.: Eru nokkur rök í því að ef mikilvægt er að búa til varanlegar leikreglur á sviði efnahagsmála, sem eru meginröksemdin fyrir EES-samningnum, þá eigum við sem sitjum hér sem fulltrúar þjóðarinnar að reyna að koma okkur saman um varanlegar leikreglur í fiskveiðum á Íslandi þannig að um þær leikreglur skapist sæmilega viðunandi þjóðarsátt. Það er sagt að það sé mikilvægt að koma á þjóðarsátt á vinnumarkaði. Ég tek undir það. Ég hef lagt mikið á mig til að koma því í kring, bæði á undanförnum mánuðum og eins á síðustu árum vegna þess að ég tel það skynsamlegt fyrir þjóðina til frambúðar. Ég er líka reiðubúinn, svo minn flokkur, að leggja mikið á mig til að búa til varanlegar leikreglur á sviði mikilvægustu atvinnugreinar okkar Íslendinga. Ég tel ekki að við, sem hér sitjum, sumir fyrir tilviljun örlaganna innan ríkisstjórnar og aðrir utan, og enginn veit hve lengi þeir sem nú eru innan ríkisstjórnar verða innan hennar og hvenær þeir verða fyrir utan, förum að draga einhverjar slíkar gervilínur, tímabundnar gervilínur um það borð þar sem þessar leikreglur eru mótaðar varanlega. Ég held að þar að auki sé margt sem bendir til þess að það geti verið hollt fyrir fulltrúa stjórnarflokkanna sem vinna að þessum málum að hafa einnig fulltrúa annarra flokka og sjónarmiða í þeim umræðum. Ég vil þess vegna spyrja þessa tvo forustumenn stjórnarflokkanna, formann Sjálfstfl. og formann Alþfl., hvort þeir eru reiðubúnir nú eftir að hafa í tæpt ár vegið og metið kosti og galla þess að koma þessu máli fyrir á þann veg sem þeir gerðu upphaflega að taka þá afstöðu til endurskoðunar. Ég er ekki að biðja um svar í kvöld um að breyta henni. Ég geri mér grein fyrir því að það þarf lengri tíma til þess. En eru þeir tilbúnir til þess að endurskoða hana, efna til viðræðna m.a. við okkur í stjórnarandstöðunni og aðra um það hvort ekki er skynsamlegra að finna þessu einhvern annan farveg? Ég er sannfærður um það. Ég er sannfærður um að jafnbrýnt og það er að skapa varanlegar leikreglur um efnahagslegan stöðugleika á Íslandi og jafnbrýnt og það kann að vera að skapa varanlegar leikreglur um viðskipti í okkar heimshluta og reyndar líka í heiminum öllum, þá er líka eitt stærsta verkefni í íslenskum þjóðmálum að skapa varanlegar leikreglur á sviði sjávarútvegs og fiskveiða svo að allur sá mikli fjöldi sem vinnur í atvinnugreininni, þeir sem fjárfesta og fórna eignum sínum fyrir þróun greinarinnar geti vitað um langa framtíð hverjar leikreglurnar eru.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þarf ekki að halda langa ræðu vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur gert mjög glögga og yfirgripsmikla grein fyrir málinu og reyndar hefur margt það sem um hefur verið spurt borið hér á góma áður og ég hef sjálfur svarað spurningum af því tagi sem hafa verið reifaðar áður.

Varðandi það atriði sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi sérstaklega um handaflsaðgerðir í vaxtamálum, þá er stutt síðan ég svaraði nákvæmlega sams konar spurningum frá hv. 11. þm. Reykv. í hinum svokölluðu óundirbúnu fyrirspurnum og reyndar hef ég gert það síðar. Það hefur glöggt komið fram að verkefni okkar var, og það héldum við mjög fast við, að skapa skilyrði þess að vaxtastig í landinu mætti fara lækkandi. Við settum ákveðnar forsendur fyrir þeim skilyrðum. Þær forsendur gengu upp og þess vegna gat vaxtastigið farið lækkandi.

Hv. þm. nefndi sérstaklega Landsbankann og sagði eða gaf séð það að við hefðum haft mikil afskipti af

þeim málum að undanförnu. Ég hygg að það liggi fyrir viðtal við mig varðandi það efni og það viðtal er ekki í þeim dúr nákvæmlega sem hv. þm. gaf til kynna að í því fælist.

Ég nefndi það sérstaklega að þær kröfur yrðu gerðar til Landsbankans af hálfu allra í þjóðfélaginu að hann stæði við þær yfirlýsingar sem hann hefði gefið. Það eru ekki afskipti af málefnum bankans í sjálfu sér. Það er svo sjálfsagt, fyrst bankinn gaf yfirlýsingar um tilteknar aðgerðir í vaxtamálum, að gera þá kröfu að hann standi við þær yfirlýsingar. Ég sagði jafnframt að hér væri um vanda að ræða vegna þess að það rekst dálítið hvað á annars horn hjá okkur öllum. Í fyrsta lagi er því haldið mjög að mönnum að ekki megi verða samráð um vexti en jafnframt er til þess ætlast að vextir allra bankanna séu nákvæmlega þeir sömu. Þetta fer ekki mjög vel saman.

Hv. 8. þm. Reykn. spurði jafnframt hvort það ætti að heimila eða líða að vaxtastig bankanna væri annað vegna þátttöku þeirra í sjávarútvegi og þarna væri mikilvægt að menn vissu hver væri stefna ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum gagnvart þessum þætti sérstaklega. Þannig vill til að ég kom örlítið inn á þetta í mínu svari í blaðaviðtali og gagnvart Landsbankanum þá er núverandi sjávarútvegsstefna ekki vandinn. Það er sjávarútvegsstefna liðinna ára og fiskeldisævintýrið frá liðnum árum sem verða til þess að sá banki þarf að leggja fyrir 100 millj. kr. á mánuði hverjum til að mæta töpum. Það er vandi þessa banka.

Hv. þm. hefur komið víða við varðandi atvinnulífið og vextina og það hafa reyndar aðrir gert. En það er fróðlegt að skoða það svar sem gefið var vegna þess að iðulega er sagt að núv. ríkisstjórn sé ríkisstjórn gjaldþrotanna, eins og hv. fyrrv. forsrh. nefndi í eldhúsdagsumræðum í gær. Þegar tekin eru saman gjaldþrot á Íslandi á árunum 1987–1991 koma mjög fróðlegar tölur í ljós miðað við þessar fullyrðingar. Gjaldþrotum hefur nefnilega fjölgað stórkostlega frá 1987–1990. Þeim fjölgar mest á því tímabili sem hv. 8. þm. Reykn. sat í stól fjmrh. Ég er ekki að sakast við hann um það efni. En þeir sem halda því fram að þessi ríkisstjórn sé ríkisstjórn gjaldþrota ættu að skoða þessar tölur afskaplega vel.

Hv. þm. sagði líka að mikilvægt væri fyrir fyrirtækin og þá sem í fyrirtækjunum störfuðu að sjá heildstæða sjávarútvegsstefnu til að geta horft fram í tímann, gert áætlanir, byggt upp. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. En þetta er ekki nýtt vandamál. Á aðeins örfáum árum, sex til átta árum, hefur farið fram samfellt hringl einmitt í þessum mikilvæga málaflokki. Menn hafa verið að þreifa sig áfram. Ég er ekki heldur að saka einn eða neinn í erfiðri stöðu. Menn hafa verið með aflamörk, sóknarmörk, skrapdaga, krókaleyfi, smábáta inni, smábáta úti o.s.frv. og aldrei hafa menn getað vitað frá ári til árs við hvað þeir mundu búa í þessum mikilvæga málaflokki. Við skulum horfa til baka til kosninganna sem voru fyrir rúmi ári síðan en þá var mjög haft á orði að sjávarúvegsstefnan hjá ýmsum flokkum væri óljós. Því var mjög haldið að mér og mínum flokki að sú sjávarútvegsstefna sem við vildum færa fram bæri ekki í sér hrein og augljós sannindi og jafnvel að þar stangaðist á í málflutningi einstakra frambjóðenda. Því var líka haldið fram um sömu stefnu Alþb. Sú stefna var afskaplega illskiljanleg. Stundum dinglaði Alþb. yfir á svið Kvennalistans, stundum yfir á svið hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og stundum daðraði Alþb. örlítið við stefnu Alþfl. Alþfl. hafði nokkuð skýra stefnu í þessum kosningum. En því er ekki að neita að Alþfl. var nokkuð einangraður í kosningunum varðandi þá stefnu. Enginn hinna stjórnmálaflokkanna lýsti því afdráttarlaust yfir, fjarri því, að hann styddi stefnu Alþfl. Það var með þessum hætti sem allir flokkarnir gengu til leiks í kosningunum og síðan til stjórnarmyndunarviðræðna.

Ég minnist þess sérstaklega þegar hv. þm. gerði mikla tilraun til að endurlífga með einum eða öðrum hætti hina fyrri stjórn. Þá þvældist nú ekki EES fyrir honum. Hann sagði efnislega að það væri bábilja hjá formanni Alþfl. að þar sköruðust sjónarmið milli Alþb. og Alþfl. Meira að segja hann mundi sjá um Hjörleif, eins og það var orðað, hvorki meira né minna, í því málinu. Ekki virtist sjávarútvegsstefnan, hin stóra og mikla stefna heldur ætla að þvælast fyrir að hans mati ef þessir flokkar ætluðu að ná saman, fjarri því. Ekki lýsti hann því þó neins staðar með hverjum hætti þessir flokkar ætluðu að ná saman í þeim mikilvægu efnum. Hann gerði ekkert til þess, hvorki í kosningabaráttunni né annars staðar að láta fyrirtækin, fólkið í landinu hafa hreint borð.

Það er við þessar aðstæður sem stjórnarflokkarnir komu að málinu. Þeir líta þannig á að um mjög mikilvægt mál sé að ræða, en þeir hafa aldrei leynt því að það þurfi heilmikið átak til að flokkarnir nái saman um endanlega niðurstöðu í málinu. Því hefur aldrei verið leynt. Málið er mjög vandasamt og flókið en meginmáli skiptir að það er vilji til að nálgast sameiginlega niðurstöðu. Og það er í anda þess vilja sem menn eru að vinna. Það er auðvitað fráleitt af hv. þm., og hann veit það, hann er það skynugur maður, að ætlast til þess að hér og nú verði endanleg formúla í þeim efnum gefin. Það er auðvitað alveg fráleitt og þingmaðurinn getur ekki í raun ætlast til þess að það verði gert. Við, hæstv. sjútvrh. og við aðrir sem um þetta mál höfum fjallað, höfum sagt að það verði lögð mikil áhersla á það á þessu ári að finna lausn sem flokkarnir geta vel við unað og það reynir mikið á flokkana og stjórnarsamstarfið. Það er ekki vafi.

Ég verð því miður að hryggja hv. þm. með því að stjórnarsamstarfið er afskaplega gott og farsælt, gott samstarf milli manna og milli flokka. Það er ánægjulegt að mönnum hefur lærst vel á þessum skamma tíma að vinna saman og það hefur skapast gagnkvæmt traust á milli manna. Hvað sem líður pólitík er afskaplega mikilvægt að slíkt traust náist og festist í sessi og sem betur fer hefur það gerst á milli manna. Flokkarnir eru ólíkir um margt og þeir þurfa auðvitað að laga sig að lausn vandamála, slá báðir af eins og gengur en það hefur verið gert með málefnalegum hætti og án nokkurra undirmála í hverju máli og það er mikið fagnaðarefni. Þess vegna trúi ég því að þessir flokkar muni

líka í þessu mjög svo erfiða máli, sem þeir nálgast báðir af hreinskilni, ná saman um niðurstöðu á endanum. Ég hef trú á því og það er auðvitað afskaplega mikilvægt fyrir flokkana og fyrir það samstarf sem fullur vilji er innan flokkanna beggja að megi haldast. Það hefur gríðarlegur árangur náðst á aðeins einu ári. Menn gengu til erfiðra verka sem menn vissu að væru ekki í bráð til vinsælda fallin en mundu verða það í lengd og menn hafa hvergi hvikað í þeim efnum eða látið mótbyr eða andstöðu buga sig og árangur blasir við. Verðbólgan er lægri en núll í þessum mánuði og stefnir í að verða sú lægsta sem þekkst hefur. Það tekst að vernda kaupmáttinn á samningstímanum, það tekst í fyrsta skipti að vernda kaupmátt hinna lægst launuðu án þess að menn berji sér stórkostlega á brjóst og hælist um. Allt þetta er mjög mikilvægur árangur og fast, traust og gott land fyrir stjórnarflokkana til að vinna sig áfram, ekki síst við lausn þýðingarmikilla mála í atvinnulífinu eins og sjávarútvegsmálin vissulega eru.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir viðleitni hans til að veita svör við nokkrum af spurningum mínum. Hins vegar var það þannig að hann minntist ekki einu orði á það sem ég gerði aðallega að umfjöllun í fyrri hluta ræðu minnar. Það var hver væri afstaða ríkisstjórnarinnar til bráðavanda sjávarútvegsins. Hæstv. forsrh. sagði að ég hefði verið að biðja um afstöðu ríkisstjórnarinnar í fiskveiðistefnunni. Það gerði ég ekki. Ég gerði mér fyllilega grein fyrir því að hún liggur ekki fyrir. Hvað það snertir hins vegar var ég að spyrja um það hvort ríkisstjórnin vildi skoða á ný hug sinn um að sitja ekki ein að því umræðuborði, hvort það væri ekki vænlegra að taka fleiri með í þá umræðu. En það getum við rætt nánar á eftir. En ég spurði hins vegar nokkuð ítarlega um það að samkvæmt opinberum upplýsingum er 4 milljarða tap á fiskvinnslunni nú í ár. Og hvað á að gera gagnvart því tapi, á kannski ekkert að gera? Á að skilja þögn hæstv. forsrh. við spurningum mínum um það efni á þann veg að ríkisstjórnin ætli ekkert að gera? Eða með öðrum orðum að afstaða Þrastar Ólafssonar sé í reynd stefna ríkisstjórnarinnar, þ.e. aðgerðaleysið og biðin? Það er hins vegar annað en hæstv. sjútvrh. hefur gefið til kynna, bæði í þessari umræðu og annars staðar. Ég vil þess vegna ítreka ósk mína til hæstv. forsrh. um það að hann svari því hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til lausnar á þessum bráðavanda sem blasir við sjávarútveginum. Við getum rætt það við seinna tækifæri eða seinna í kvöld hverjum það er að kenna, það er í sjálfu sér ekki mjög spennandi umræða fyrir aðra en okkur stjórnmálamennina. En þeir sem horfa framan í þennan vanda hér og nú þurfa að fá að vita: Ætlar ríkisstjórnin að aðhafast eitthvað í þessu máli eða ekki?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínu svari, eins og ég tók fram, fjallaði ég sérstaklega um þá þætti sem beindust að mér og formanni Alþfl. en tók undir öll þau sjónarmið varðandi efnisatriði málsins sem hæstv. sjútvrh. hefur rakið mjög ítarlega. Málin eru nú til meðferðar í ríkisstjórninni. Það er ekki um það að ræða að menn séu að horfa á þessa hluti aðgerðalaust. Meginverkefnið var þó þetta sem við höfum þegar gert, að tryggja stöðugleikann, lága verðbólgu, slaka á raungenginu hægt og sígandi, ekki með gengisfellingum heldur með minnkandi útgjöldum hér innan lands, minni heldur en það sem erlendis gerist. Aðrir þættir eru einnig til skoðunar hjá ríkisstjórninni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með góðum vilja er hægt að segja að þetta svar hafi verið skýrt. En það er þá skýrt á þann veg að hæstv. forsrh. var að lýsa því yfir að ríkisstjórnin ætlaði ekki að gera neitt nýtt í rekstrarvanda sjávarútvegsins. Það væri búið að stilla kúrsinn með kjarasamningunum, með fjárlögunum og leggja grundvöllinn og nú ætti kúrsinn að fá að ráða siglingunni.

Þar með er auðvitað alveg ljóst að það munu verða veruleg gjaldþrot í sjávarútvegsfyrirtækjum á næstu mánuðum og á næsta vetri vegna þess einfaldlega að fyrirtækin munu verða uppiskroppa með rekstrarfé. Bankarnir munu ekki vilja taka meiri áhættu og það 4 milljarða kr. tap sem forustumenn í sjávarútvegi hafa lýst yfir að verði á fiskvinnslunni í ár mun lenda á greininni sjálfri og þar með leiða til verulegra gjaldþrota í henni. Þetta var í sjálfu sér skýrt svar. Þá vita það aðilarnir í sjávarútveginum, þá vita aðilarnir í bankakerfinu það að frá ríkisstjórninni er ekki að vænta neinna nýrra ráða.

Ég tel það miður, ég tel það ekki góða leið. Ég tel það ekki skynsamlega stefnu. En það er þá alveg ljóst að þaðan er ekki meira að hafa þannig að þeir sem horfa framan í 4 milljarða tap á þessu ári í sjávarútveginum verða að taka það tap á sig með þeim afleiðingum í atvinnuleysi, gjaldþrotum og stöðvun fyrirtækja og hjóla atvinnulífsins sem það hefur í för með sér.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. beindi til mín nokkrum spurningum. Hin fyrsta var þessi: Er Þröstur Ólafsson, annar tveggja formanna þeirrar nefndar, sem starfar á vegum stjórnarflokkanna að endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, talsmaður Alþfl.? Endurspegla rök hans, sem birst hafa í opinberri umræðu um vanda sjávarútvegsins, stefnu Alþfl.?

Svarið er þetta: Að svo miklu leyti sem Þröstur Ólafsson hefur fært rök að því að langtímavandi sjávarútvegsins sé, eins og hann hefur kallað það, skipulagsvandi sem ekki verði leystur með almennum efnahagsaðgerðum, þá er það rétt, þá endurspeglar það bæði þá umræðu sem fram hefur farið í Alþfl., þar á meðal á sérstökum ráðstefnum um vanda sjávarútvegsins sem og stefnu hans.

Í annan stað spurði hv. þm. hvort utanrrh. væri sammála sjútvrh. um að stefna bæri að því að sameina sölusamtök í sjávarútvegi í eitt fyrirtæki. Ég veit nú ekki hvort þetta er rétt túlkun á orðum sjútvrh. en mín

afstaða er einfaldlega þessi: Það á að vera verkefni stjórnvalda að stuðla að samkeppnishæfni okkar helsta útflutningsatvinnuvegar og almennt í atvinnulífi okkar. Það er ekki verkefni stjórnvalda að bræða saman fyrirtæki. Ef það er niðurstaða aðila í greininni að það henti þeim betur annaðhvort að stefna að samruna eða hafa með sér öflug sameiginleg sölusamtök þá er það þeirra mál að því er varðar útflutningsstarfsemina. Verkefni stjórnvalda á að mínu mati að vera það að auka samkeppnishæfni greinarinnar, að ryðja burt hindrunum að því er varðar greiðan markaðsaðgang, að tryggja að skilyrði séu sambærileg við keppinauta. Og það hefur þessi ríkisstjórn heldur betur gert, það er eitt af meginmarkmiðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Þriðja spurning var hvort við eftir á að hyggja teldum það hyggilegt að fela nefnd á vegum stjórnarflokkanna einna að marka stefnu, setja leikreglur til lengri tíma að því er varðar sjávarútveginn sérstaklega. Mitt svar er einfaldlega það að það er sjálfsagður hlutur fyrir stjórnarflokkana, sem ljóst var frá upphafi að höfðu ekki sameiginlega stefnu í þessum málum, að fela slíkri nefnd að leita lausna, sameiginlegra lausna á vanda sjávarútvegsins. En því fer fjarri að það geti orðið verkefni stjórnarflokkanna einna. Það er jafnframt starfandi fjölmennari nefnd hagsmunaaðila í greininni og með slíkt mál verður að sjálfsögðu ekki farið fram hjá Alþingi enda væri það brot á lögum og það er hvorki í okkar huga né okkar vilji. Þannig að þetta tvennt rekst ekkert á og er engin vanvirða við Alþingi og þýðir ekki að stjórnarflokkarnir séu ekki reiðubúnir, þegar nefndarstarfið er þannig á vegi statt, að hefja um það umræðu og þar með talið umræðu við fulltrúa allra þingflokkanna.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að bæta örfáum orðum við í sambandi við fyrsta svarið, um vanda sjávarútvegsins til lengri tíma. Hvað eigum við við þegar við segjum að þetta sé skipulagsvandi? Ég tók að vísu eftir því að á ráðstefnu á vegum þeirra alþýðubandalagsmanna hafa ýmsir menn komið fram á sjónarsviðið sem eru svipaðrar skoðunar. Ég leyfi mér að nefna nokkur dæmi.

Hv. þm. segir: Rekstrarvandi sjávarútvegsins núna samkvæmt opinberum tölum er um 4 milljarðar kr. Menn leita skýringa á því. Ég nefndi það í ræðu minni í gær að ef þorskaflinn væri nú 350 þús. tonn þá þýddi það að tekjur í greininni væru 6 milljörðum meiri en þær eru núna. Með öðrum orðum ef aflinn væri sá sem arðsemi Íslandsmiða hefur gefið af sér þar til fyrir nokkrum árum þá væri miðað við það enginn hallarekstur í sjávarútveginum.

Annað dæmi sem hefur snúið þessu tafli við til skamms tíma er að sjálfsögðu mjög ör hækkun hráefnisverðs. Þetta eru tveir meginþættir í að skýra þessa afkomu því að ekki getum við skýrt hana með óðaverðbólgu eða því að sjávarútvegurinn hafi ekki, eins og aðrar atvinnugreinar, búið við óvenjulegan stöðugleika á undanförnum árum, því það hefur hann gert.

Það er augljóst mál að atvinnugrein, sem hefur byggt sig upp á löngum tíma, þ.e. framleiðslugetu sína til að vinna úr afla upp á 350 þúsund tonn, er í vanda stödd þegar aflinn minnkar jafnmikið og raun ber vitni á skömmum tíma og þegar hráefnisverð fer jafnört hækkandi eins og staðreyndir liggja fyrir um. En þetta er ekki meginvandinn. Sveiflur af þessu tagi eru mjög algengar í rekstrarvanda sjávarútvegsins, það er ekkert nýtt við þetta og slíkum vanda hafa menn reynt að mæta með ýmsum leiðum á undanförnum árum. Grundvallarvandi sjávarútvegsins sem höfuðatvinnuvegar Íslendinga er hin hrikalega skuldasöfnun frá fyrri tíð. Við getum kallað það skipulagsvanda en við getum líka kallað það fortíðarvanda. Menn geta hugleitt það og brotið það niður í huganum hvað það þýðir fyrir þessa atvinnugrein að sitja uppi með 100 milljarða skuldir. Það er allur ríkisbúskapurinn á einu ári. Og þegar það er metið í ljósi tekna og tekjumöguleika þá er það fyrst og fremst vandi sjávarútvegsins. Síðan geta menn greint hann í allar einingar þessarar greinar. Það er mjög athyglisverð staðreynd að ein grein í sjávarútveginum, þ.e. útgerð frystitogara skilar blómberanlegum arði og hefur gert undanfarin þrjú ár. Um borð í frystitogara fara fram veiðar og vinnsla. Og miðað við aflamagn, miðað við fjárfestingu, miðað við vinnsluvirðið þá skilar þessi grein í sjávarútveginum góðum arði.

Hvernig stendur þá á því að sambærileg vinnsla í landi getur ekki skilað svipaðri afkomu? Á því eru auðvitað einfaldar skýringar. Það er búið að fjárfesta mjög mikið í greininni. Sú fjárfesting er illa nýtt. Sú fjárfesting er að sumu leyti af óviðráðanlegum ástæðum illa nýtt vegna þess að það er miklu minni afli sem á land berst og t.d. um vélasali frystiiðnaðarins fer.

Hvernig leysum við það? Það hefur enginn í þessum umræðum nema einn, þ.e. hv. 1. þm. Austurl., svo ég hafi tekið eftir,ýjað að því að það eigi að leysa það með gömlu skottulækningunum, þ.e. með gengisfellingu. Hann þorði jafnvel ekki að segja það fullum fetum en lét að því liggja. Hver maður á fætur öðrum hefur sagt: Gengið er allt of hátt, — og jafnvel tekið sér í munn samanburðinn við 1988. Það er fjarstæða. Raungengið er ekkert í viðlíka mæli jafnhátt og það var 1988, fjarri því.

Hitt er jafnrétt að gengislækkun til að leysa þennan vanda er óðs manns æði og mun sýnilega aðeins gera illt verra. Og ég leyfi mér að lýsa furðu minni á því að helsti talsmaður Framsfl. í sjávarútvegsmálum, maður sem sjálfur hefur borið ábyrgð á stjórnun sjávarútvegsins í meira en áratug, skuli ýja að slíkum hlutum. Ég tala nú ekki um í ljósi þess sem menn vita hvað það mundi þýða fyrir almenna efnahagsstjórn og afkomu atvinnulífs á Íslandi í kjölfar kjarasamninga.

Það mundi þýða það að rifta kjarasamningum. Það mundi þýða það að slíta öllum friði í íslensku þjóðfélagi og á vinnumarkaði. Það mundi þýða víxlhækkanaverðbólgu í hinum gamalkunna stíl. Það mundi að sjálfsögðu ekki bjarga neinu fyrir hin skuldsettu fyrirtæki. Það mundi að sjálfsögðu þýða það fyrir fyrirtæki sem fyrst og fremst eiga skuldir sínar í erlendri mynt, sem eru gengistryggðar, að vandinn yrði jafnslæmur og verri innan mjög skamms tíma. Það mundi draga á eft-

ir sér langan slóða af óviðráðanlegum vandamálum og ekki leysa nokkurn vanda. Með öðrum orðum, þetta er skipulagsvandi sem hefur hlaðist upp á löngum tíma vegna rangrar stjórnunaraðferðar í sjávarútvegi á löngum tíma. Og honum verður ekki kippt í liðinn með neinum skammtímaaðgerðum.

Hvað er á valdi stjórnvalda að gera? Hæstv. sjútvrh. rakti í stórum dráttum hvað það er sem núv. ríkisstjórn hefur gert. Það skal viðurkennt að það er hvorki frumlegt né nýstárlegt en það hefur verið farið út í skuldbreytingar og lengingar á lánum. Reynslan í fyrri ríkisstjórn sýndi að við reyndum þær aðgerðir að því er varðaði ekki hvað síst þau fyrirtæki sem verst voru sett. Því miður fór það svo, vegna þess að ytri skilyrði héldu áfram að vera óhagstæð, að það bar ekki árangur. Að öðru leyti eru aðgerðir stjórnvalda þær sem stjórnvöld eiga að grípa til og eiga við heilbrigt atvinnulíf. Það er grundvöllur allrar atvinnustefnu. Það er að sjá til þess að verðbólga sé lág. Það er að sjá til þess að stöðugleiki ríki. Það er að sjá til þess að þannig sé haldið á málum í efnahagsmálum að unnt sé að stuðla að lækkun vaxta. Sértækar aðgerðir geta komið inn líka. T.d. hefur inngreiðsla inn í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verið stöðvuð. Og þetta eru almennar aðgerðir í bland með sértækum aðgerðum. Þetta dugar undir venjulegum kringumstæðum til þess að leysa rekstrarvanda til skamms tíma. Þetta leysir ekki skipulagsvanda í höfuðútflutningsgrein Íslendinga sem lýsir sér í fortíðarvanda í skuldasöfnun upp á hundrað milljarða. Það er ekki unnt að leysa með almennum aðgerðum og það er ekki unnt að leysa með sértækum aðgerðum af því tagi sem við höfum verið að beita, það segir sig sjálft. Það hljóta allir að viðurkenna.

Þetta er ekki hægt að leysa nema með kerfisbreytingu í greininni sjálfri sem tekur til mjög margra þátta. Og dæmið af frystitogurunum er lýsandi dæmi um það vegna þess að það er dæmi um að til eru rekstrareiningar í sjávarútveginum sem geta skilað afbragðsgóðri arðsemi þegar þessi fortíðarvandamál eru ekki fyrir hendi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég held að ég hafi svarað fyrirspurnum hv. þm. Það er hverju orði sannara að skiptar skoðanir eru í mörgum stjórnmálaflokkum um veigamikla þætti í sjávarútvegsstefnu, um fiskveiðistjórnunina, um skipulagsvandann, en ég hygg að það sé ekki í raun og veru, hvernig sem menn láta, ágreiningur um hvað séu frumskilyrði sem ber að gera í stefnu stjórnvalda. Þau eru að tryggja atvinnulífinu í landinu samkeppnisskilyrði við aðra atvinnuvegi. Þau eiga að tryggja stöðugleika, lága verðbólgu. Þau eiga að tryggja aðgang að fjármagni svona u.þ.b. á heimsmarkaðskjörum. Þau eru að tryggja það með alþjóðlegum samningum að markaðsaðgangur sé greiður, ryðja burt hindrunum að því er það varðar, sérstaklega að því er varðar tollmúra annarra þjóða.

Þessum almennu skilyrðum hefur núv. ríkisstjórn vissulega fullnægt. Skipulagsvandinn er hins vegar til ítarlegrar skoðunar. Hann er flókið vandamál og við bætum okkur ekki mikið að ræða þau mál út frá slagorðaorðabókum stjórnmálaflokkanna. Þau eru miklu alvarlegri og mikilvægari en svo að slík umræða hæfi.

Forseti (Björn Bjarnason):

Þrír þingmenn, hv. 8. þm. Reykn., 5. þm. Vestf. og 2. þm. Suðurl., hafa beðið um að veita andsvar við ræðu hæstv. utanrrh. Til þess að andsvörin rúmist innan 15 mín. sem ætlað er bið ég hv. þm. að stytta mál sitt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og áður þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa svarað skýrt þó að ég sé ósáttur við þá stefnu sem fram kemur í svörunum. Hæstv. utanrrh. lýsti því afdráttarlaust yfir að aðstoðarmaður hans, Þröstur Ólafsson, fulltrúi Alþfl. í nefnd ríkisstjórnarinnar um málefni sjávarútvegsins, hefði í stórum dráttum verið að túlka stefnu Alþfl. varðandi skipulagsvanda sjávarútvegsins og lausn á honum. Þar með er orðið greinilegt hér í umræðunum í kvöld, í ljósi svara hæstv. forsrh. og svara hæstv. utanrrh. að ríkisstjórnin hyggst ekki grípa til neinna sérstakra aðgerða umfram það sem nú þegar er búið að gera varðandi þann 4 milljarða kr. vanda sem blasir við í taprekstri fiskvinnslu og sjávarútvegs á Íslandi á næstu mánuðum og næsta vetri. Það eru skýr skilaboð til bankanna, til eigenda fyrirtækjanna, til launafólksins og til byggðarlaganna. Með öðrum orðum, þessir aðilar, sveitarfélögin, bankarnir, sjóðirnir, eigendur fyrirtækjanna, verða sjálfir að taka á sig þetta 4 milljarða tap, með því atvinnuleysi og hruni fyrirtækja sem það hefur í för með sér.

Þetta er alveg skýrt. Hins vegar tel ég að þetta sé ekki skynsamleg leið. Ég hef talið að þau sjónarmið sem Magnús Gunnarsson talaði fyrir í Mbl. sunnudaginn 26. apríl séu vænlegri leið. Mér fannst þar koma fram raunhæfari og skynsamlegri sjónarmið en ég heyri hér í kvöld að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eru á annarri skoðun.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. gat þess að skuldir sjávarútvegsins væru um 100 milljarðar króna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji hvort unnt sé að hagræða svo í atvinnugreininni að hún muni geta endurgreitt skuldirnar og hvort það sé sú stefna sem menn miði sig við að út frá því sé gengið að hún muni greiða þessar skuldir til baka, hvort að það muni takast.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra um ummæli hans um að skipulagsvandinn sé höfuðvandi í íslenskum sjávarútvegi. Í kosningastefnuskrá Alþfl. er ekki vikið að því einu orði að skipulagsvanda í sjávarútvegi þannig að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. hefur fundið upp eftir kosningar að eitthvað væri í sjávarútvegi sem heitir skipulagsvandi. Það eina sem fram kemur í kosningastefnuskránni er að mótun fiskvinnslustefnu þarf að taka mið af nauðsyn þess að efla byggðakjarna. Í ljósi þeirra orða sem hæstv. ráðherra

lét falla áðan að kerfisbreytingin væri lausnin og benti á frystitogara sem dæmi þá hlýt ég að draga þá ályktun sem felur jafnframt í sér spurningu til hæstv. ráðherra: Er hann með þessu að boða að kerfisbreytingin, skipulagsbreytingin, feli í sér að fækka verði byggðarlögum á Íslandi? Það verði að fækka frystihúsum á Íslandi svo að það rúmist ekki frystihús í venjulegu sjávarplássi, sum þeirra verði án vinnslustöðvar. Þetta vildi ég að hæstv. ráðherra skýrði betur en fram kom.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. endurtók hvað eftir annað að hér hefði ríkt stöðugleiki í efnahagsmálum eða fyrir sjávarútveginn. Mér virðist hann ekki gera sér grein fyrir því hvernig ástandið hefur verið. Að sjálfsögðu mun þar átt við stöðugleika í útgjaldahliðum rekstrarins en þar hefur því miður ekki ríkt stöðugleiki á sl. ári. Það er rétt að stöðugleiki hefur verið í launum en sums staðar í fyrirtækjum er það svo að fjármagnskostnaður er eins hár og launakostnaðurinn og þar hefur ekki ríkt stöðugleiki. Ríkisstjórnin hækkaði vextina í fyrra og lagði þar með a.m.k. einn milljarð á sjávarútveginn. Er það stöðugleiki að leggja slíkar drápsklyfjar á sjávarútveginn?

Síðan komu álögurnar við fjárlagagerð fyrir áramótin og annað slíkt sem var a.m.k. milli hálfur og einn miljarður. Er það stöðugleiki? Og það voru þessar drápsklyfjar ríkisstjórnarinnar sem hv. 1. þm. Austurl. sagði að hefðu valdið því að gengi íslensku krónunnar hefði hækkað, til óhagræðis fyrir sjávarútveginn. Og ef ríkisstjórnin tæki ekki til baka þessa hækkun gengisins með ráðstöfunum sínum yrði að grípa til einhverra annarra ráða. Það væri á valdi ríkisstjórnarinnar að gera það og úr því að hún hefði gert þetta á þennan veg þá yrði hún að grípa til ráða til þess að leiðrétta það.

Í sambandi við skuldbreytinguna má benda á að afkoma sjávarútvegsins á árinu 1990 og fyrst á árinu 1991 var þannig að sjávarútvegurinn gat undantekningarlítið borgað til baka þau lán sem hann hafði tekið og þannig ætlaði fyrrv. ríkisstjórn að halda á málum, að atvinnuvegurinn gæti staðið við þær skuldbindingar sem hann hafði tekið að sér.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Getur sjávarútvegurinn greitt til baka þær skuldir sem á honum hvíla? Við því er ekki til neitt eitt svar. Afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi er mjög misskipt. Sem betur fer eru sum sjávarútvegsfyrirtæki mjög öflug. Það lýsir sér í því að þau virðast hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa sér veiðiheimildir, kvóta, í stórum stíl. Hluti af því fjármagni fer reyndar út úr greininni við það að kaupa suma út úr greininni, þannig að sum fyrirtæki geta það.

Dæmið sem ég tók af frystitogurunum sýnir best hversu geysigóð arðsemi getur verið í sjávarútvegi þegar vel er á málum haldið. Hluti sjávarútvegsins getur áreiðanlega, ef ytri skilyrði eru góð, greitt upp skuldir sínar. Hins vegar er það staðreynd sem ekki þýðir að loka augunum fyrir að sama er hvað gert er, lenging skulda, skuldbreyting, lækkun vaxta, jafnvel aukið aflamagn mun ekki bjarga sumum fyrirtækjum, vegna þess að þau nást jafnvel ekki upp í núllið með þessum aðgerðum, þ.e. þeim verður ekki bjargað fjárhagslega, þær skuldir eru tapaðar. Það er hins vegar þáttur af fortíðarvandanum.

Mun það leiða til byggðarröskunar og hafa djúpstæð áhrif á byggðastefnu? Það fer einnig eftir því hvernig á málum er haldið. Einn hv. þm. spurði: Er það stefnan að fækka byggðum? Það er reyndar stefnan í þeim skilningi að fækka sveitarfélögum, að sameina og stækka sveitarfélög og stefna að því með samræmdri pólitík, bæði í stjórnsýslukerfinu og samgöngukerfinu, að búa til stærri einingar í landinu, þ.e. öflugri samtengd sveitarfélög og stærri samtengd atvinnusvæði eins og hv. þm. er kunnugt um. Þessu þarf að beita með samræmdum hætti.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að afkoma einstakra fyrirtækja er að sjálfsögðu misjöfn. En meðaltalið segir þó allnokkuð og þar byggði ég á tölum sem hæstv. sjútvrh. las í gær úr skýrslu sinni. Þar kom fram að hjá vinnslu botnfiskafurða var hagnaður 1% á árinu 1990. Á árinu 1991 var hann 0,5%. Síðan seig á ógæfuhliðina af ástæðum sem ég gat um áðan, hinni gífurlegu vaxtasprengju ríkisstjórnarinnar.

En staðan í dag er þannig að það er 8% halli. Og það liggur í augum uppi að atvinnurekstur sem hefur þennan halla getur að sjálfsögðu ekki borgað skuldir sínar til baka. Og það er þetta sem veldur erfiðleikum í stöðunni núna. Til viðbótar við þennan halla kemur svo sívaxandi byrði vegna lántöku sem stafar af því að reksturinn er með halla, eiginfjárstaðan versnar, þannig að þetta verður að sjálfsögðu vítahringur.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Við erum að tala um mikið mál sem er afkoma sjávarútvegsins. Í framhaldi af því sem sagt var nú síðast í sambandi við rekstrarafkomuna vildi ég segja það að auðvitað er öllum ljóst og þarf ekki að hafa um það mörg orð að aðgerðir núv. ríkisstjórnar eru því miður á þann veg að sú hagnaðarvon sem menn voru farnir að sjá í rekstri sjávarútvegsins var að engu gerð á fyrstu starfsdögum hennar. Það var ógæfa núv. ríkisstjórnar að hækka vexti eins og hún gerði og því fylgdu síðan margvíslegar íþyngjandi aðgerðir fyrir sjávarútveginn, sem örugglega hafa numið meira en milljarði króna.

Hins vegar er hryggilegt að þeir ráðherrar sem tekið hafa til máls skyldu ekki hafa gert minnstu tilraun til þess að svara því sem nú brennur heitast á útgerðaraðilum og þeim sem í sjávarútvegi starfa, en það er hvaða tilraunir og aðgerðir nú eru uppi um að þessi atvinnugrein geti fengið að búa við eðlileg starfsskilyrði. Ég átti satt að segja von á því að í umræðunum fengjust svör við því. Hvað er ríkisstjórnin að aðhaf-

ast til þess að sjávarútvegurinn geti fengið eðlilegan starfsgrundvöll?

Ríkisstjórnin hefur fengið starfsfrið í rúmlega eitt ár þannig að hún getur ekki kennt því um að hafa ekki haft frið. Ekki voru aðilar vinnumarkaðarins að ónáða ríkisstjórnina. Ég hef líka velt því fyrir mér undir umræðunum og reyndar síðustu daga, hvar hagsmunaaðilar í sjávarútveginum væru staddir. Mér finnst merkilegt hvað við heyrum lítið frá þeim þessa dagana. Mér finnst vopn þeirra vera orðin einkennilega bitlaus og umhugsunarefni fyrir þá sem starfa í sjávarútveginum hvort þurfi að gera breytingar á því kerfi sem þeir hafa byggt upp, ef það er orðið svo bitlaust að menn ætli að gera sér það að góðu að sjávarútvegurinn þurfi að búa við 8–19% tap í fiskvinnslu. Það er óviðunandi.

Af hverju er þetta tap? Fortíðarvandi, staglast þeir félagarnir á, hæstv. forsrh. og fóstbróðir hans, hæstv. utanrrh. En eigum við ekki að láta Morgunblaðið frá 8. maí tala í þessum efnum og vita hvað það segir? Ég held að það geti liðkað aðeins umræðurnar. En hér stendur, með leyfi forseta, vegna þess að ég er alveg viss um að virðulegur forseti hefur ekkert á móti því að ég lesi upp úr Morgunblaðinu. (**Utanrrh:** Forseti er hlutlaus.) Já, en ég veit að hann hefur ekkert á móti því, hann hefur skoðanir. Það er meira en má segja um hæstv. utanrrh. (**Utanrrh:** Hann er ekki hlutlaus, nei.) Hann er svo sannarlega skoðanalaus í þessu máli eins og komið hefur fram í kvöld. En hér stendur:

„Stóru sjávarútvegsfyrirtækin rekin með tapi."

Þetta er frá 8. maí, hæstv. utanrrh. Og það stendur: „Mikil breyting til hins verra er nú orðin á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi frá því sem var í upphafi síðasta árs", hæstv. utanrrh. „Afkoman þá var talin viðunandi og voru t.d. bæði Grandi hf. og Útgerðarfélag Akureyrar rekin með hagnaði, að vísu minnkaði hagnaðurinn eftir því sem leið á árið."

Það skipast fljótt veður í lofti eftir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við. Og síðar segir:

„Árið 1991 var Grandi rekinn með hagnaði upp á 81 milljón fyrstu sex mánuði ársins. Seinni hluta sama árs fór að halla undan fæti og hagnaðurinn varð aðeins 16 milljónir kr."

Segir þetta okkur ekki það sem segja þarf? Hér segir einnig aðeins neðar í greininni:

„Það er staðreynd að á seinni hluta síðasta árs og fyrstu tvo til þrjá mánuði á þessu ári hefur verulega skipt um í sjávarútvegi."

Þetta er staðreyndin í málinu. Að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hvað sem menn staglast á fortíðarvanda, var búin að búa þannig að þessari atvinnugrein að menn sáu þó fram á hagnað. Það þýðir ekkert fyrir menn að berja höfðinu við stein. Ársreikningar fyrirtækjanna eru ólygnastir í þessu. Þeir sýna niðurstöðurnar betur en einhver orðaleikur á Alþingi.

Menn hafa verið að velta vöngum yfir því hvað skuli gera. Í Morgunblaðinu frá því í febrúar sl. er viðtal við hæstv. sjútvrh. þar sem hann segir að meiri hluti sjávarútvegsfyrirtækja eða 59% þeirra eigi ekki fyrir afborgunum og vöxtum við núverandi aðstæður og séu á beinni gjaldþrotabraut samkvæmt mati nefndar, skipaðri af sjútvrh. Þetta eru ekki geðslegar fréttir fyrir undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. vék að því í umræðunni í gær að stofnaðir hefðu verið sjóðir sem þið, áheyrendur góðir, eigið að borga fyrir en ekki þeir sem hafa tekið lánin og fengið styrkina úr þessum sjóðum. Það er þessi eilífi söngur hæstv. forsrh. um sjóðina sem hafa verið stofnaðir, aumingjasjóðir voru þeir kallaðir, og þeir hefðu litlum eða engum árangri skilað. Mér varð hugsað til þess að formaður stjórnar Seðlabankans, Ágúst Einarsson prófessor að auki, flutti merkilega ræðu á ársfundi bankans. (**Gripið fram í:** Alþýðuflokksmaður.) Alþýðuflokksmaður, rétt er það, hv. formaður Alþfl. Hann sagði m.a. í ræðu sinni nokkuð sem mig langar til að lesa í framhaldi af þessu, virðulegi forseti:

„Ljóst er að þau mál verða að koma til endurmats á næstu árum. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á þeirri leið sem farin var á norðanverðum Vestfjörðum þegar öflug sjávarútvegsfyrirtæki á Ísafirði og Súðavík keyptu helstu fyrirtækin á Suðureyri og hafa tryggt þeim stað allt önnur og betri skilyrði en áður með samnýtingu skipa og afla. Þetta gerðist fyrir forgöngu fyrirtækjanna sjálfra en dauð hönd endalausra lánveitinga af hálfu opinberra sjóða kom þar lítt nærri, eins og oft áður. Þessa leið Vestfirðinga væri örugglega hægt að fara á fleiri stöðum og sameiningu sveitarfélaga verður að hraða sem kostur er til að veita þessum stöðum nauðsynlega umgjörð í nútíma mannlífi."

Þetta sagði formaður bankaráðs Seðlabankans þegar hann var að greina frá því að aðskilja bæri starfsemi sem lýtur að byggðamálum frá almennum rekstri bankastofnana. Hér er um mjög brýnt mál að ræða, sagði formaðurinn. Því geta ekki fjármálastofnanir, sem gerðar eru strangar arðsemiskröfur til, varið hluta orku sinnar og miklum fjármunum til að fást við vandamál sem eru í reynd viðfangsefni ríkisstjórnar og tengjast byggðamálum og landsbyggðarstefnu?

Nú er það merkilegt, úr því að Ágúst Einarsson fór að setja þetta niður á blað og velta þessum málum fyrir sér, að hann skyldi ekki hafa gert sér grein fyrir því að sú sameining sem þarna er talað um varð einmitt til vegna afskipta þessara sjóða sem hann hefur verið manna þekktastur fyrir að gagnrýna hvað mest. Sameiningin varð einmitt til vegna aðgerða þessara sjóða en Ágúst Einarsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, veit kannski ekki að þetta hefur orðið á miklu fleiri stöðum. Hann mætti líta austur á firði og gá að því þar hvort þessir sjóðir hefðu ekki líka komið þar til til að liðka fyrir að slík sameining gæti orðið. Nei, menn þurfa að átta sig á því að það sem þarna var gert með tilkomu sjóðanna var ekki allt af því slæma. Vissulega skal ég viðurkenna að þar hefur sumt farið úrskeiðis en margt hefur líka vel tekist í þeim efnum.

Hvað ætla menn þá að gera? Menn tala um það hér, og Alþfl. einna mest, að beita þurfi gjaldþrotunum miskunnarlaust. Hagræðingin eigi að ná þannig fram í gegnum gjaldþrotin. Ég er andvígur þeirri stefnu og ef ég hef hlustað rétt hefur mér fundist að hæstv. sjútvrh. væri það einnig. Ég hef brotið heilann um það hvern-

ig menn vildu vinna sig út úr þeim vanda sem sjávarútvegurinn er í. Það er umhugsunarefni hvernig við ætlum að umbreyta í sjávarútveginum. Í umræðunum kom fram í gær að hugmyndir væru uppi um að búta fyrirtækin hæfilega smátt eða hæfilega stórt svo að kolkrabbinn gæti gleypt þau, það er hugmynd út af fyrir sig. Ég held að það sé ekki góður kostur. En ég held að menn þurfi að gæta þess, þegar sú umsköpun fer fram sem ég viðurkenni að þarf að fara fram í mörgum fyrirtækjum, að hún kollvarpi ekki um leið rekstrargrundvelli annarra fyrirtækja í sjávarútvegi sem fram að þessu hafa alla tíð staðið sig, greitt sína skatta og skyldur. Að þau fyrirtæki sem menn ætla þá að fara höndum um, verði ekki þannig í stakk búin að þau hafi yfirburðastöðu gagnvart öðrum fyrirtækjum. Mér er þá líka spurn: Við hvorn hópinn mun rekstrargrundvöllurinn í greinnni verða miðaður? Það er umhugsunarefni og sú umræða hlýtur að þurfa að fara fram og hún fer kannski fram í þeirri nefnd sem á ekki aðeins að fást við mótun fiskveiðistefnu heldur einnig að finna lausn á rekstrarvanda sjávarútvegsins. Gaman væri að heyra í hæstv. sjútvrh. um það.

Það er auðvitað alvarlegt mál þegar við heyrum slíkar tölur sem hér voru lesnar upp í gær um tapið í greininni, að botnfiskvinnslan skuli vera rekin með a.m.k. 8% tapi sem þýðir sjálfsagt um 3–4 milljarðar, eins og hér hefur komið fram. Það er áhyggjuefni og ég trúi því reyndar ekki að ríkisstjórninni detti í hug að svo geti haldið fram. Ég ber ekki mikið traust til Alþfl. í þessum efnum og hef litla trú á því að hann hafi uppi einhverja tilburði til þess að rétta hag sjávarútvegsins. En satt að segja hélt ég að einhverjir menn væru til í Sjálfstfl. enn þá sem hugsuðu um sjávarútveginn. Þeir eru kannski ekki margir á Alþingi en utan veggja þingsins eru þó nokkrir örugglega til og æði margir og ég trúi því ekki að þeir láti þetta ganga öllu lengur svo að flokkur þeirra ætli nánast ekki að skipta sér af afkomunni. Hann ætli sér ekki að búa þessari atvinnugrein sæmileg og viðunandi rekstrarskilyrði, ég trúi því ekki. En flokkurinn hefur fengið heilt ár til að koma þessu í lag en því miður, eftir því sem tíminn líður versnar afkoman í greininni.

Menn hafa minnst á ráðgjafarnefndina og sjávarútvegsstefnuna. Ég ætla ekki að ræða um sjávarútvegsstefnuna nú en menn hafa minnst á það að ráðgjafarnefndin hefði átt að hafa samráð við hagsmunaaðila og að sjálfsögðu, var hér sagt af ráðherrum áðan, myndi hún hafa samráð við þingið. Við nefndarmenn sjútvn. álítum að þessi nefnd ætti að hafa samráð við sjútvn. þingsins. Ég held ég muni það rétt að þeir hafi tvisvar sinnum komið á fund sjútvn. og í bæði skiptin var það að beiðni sjútvn. sjálfrar. Það var ekki að frumkvæði nefndarinnar sem þeir komu til þess að skýra frá því hvernig störfum nefndarinnar miðaði. Það er kannski enn alvarlegra vegna þess að nefndin er ekki bara að fjalla um þáttinn „stjórnun fiskveiða“ heldur hefur henni verið falið það vandasama verk að fjalla einnig um rekstrarvanda greinarinnar. Ég bað um það á síðasta fundi sjútvn. að formenn nefndarinnar yrðu enn og aftur kallaðir fyrir þingnefndina áður en þinginu lyki og gerðu okkur grein fyrir hvernig þeim miðaði. En þeir hafa ekki enn komið á fund okkar sjávarútvegsnefndarmanna til þess að skýra okkur frá störfum sínum. Mikið ósköp hljóta þeir að vera uppteknir. Ég veit að hæstv. sjútvrh. heyrir mál mitt og mér þætti fróðlegt að heyra í honum, vegna þess að hann á eftir að tala hér á eftir, hvort honum finnst að þetta sé það samráð sem hann ætlaðist til að yrði haft við Alþingi um mótun fiskveiðistefnu og um rekstrarvanda sjávarútvegsins.

Það væri fróðlegt að staldra hér eilítið við og ræða um uppbyggingu flotans. Það er nú svo, þó að menn býsnist yfir því að greinin skuldi mikið, þá eru menn þar enn að störfum. Menn hafa trú á sjávarútvegi sem betur fer og nokkur skip eru nú í smíðum. Það er hins vegar umhugsunarefni að þau eru nánast öll skip sem reiknað er með að stundi sjófrystingu, frystitogarar eins og við köllum þá. Það væri gaman að fá upplýsingar um það hér hvort einhvers staðar í kerfinu fer fram umræða um það hvernig endurnýjun togaraflotans á að verða. Nú er togaraflotinn orðinn gamall eins og við vitum og augljóst að endurnýjun þarf að fara fram. Á það að vera tilviljunin ein sem ræður því hvernig skipastóll okkar, fiskiskipastóllinn, lítur út? Er það víst að það sé rétt stefna, sem við fylgjum í dag, að byggja eingöngu frystitogara? Var það tilviljun að allir þeir samningar sem gerðir voru um byggingu þessara skipa voru undirritaðir af Fiskveiðasjóði og lánsheimildir veittar eftir síðustu alþingiskosningar? Var það tilviljun? Ég leyfi mér að draga það mjög í efa.

Menn segja að þessir togarar muni henta og það sé meiningin að beita þeim á þær fisktegundir sem við köllum vannýttar í dag og að sumu leyti falli utan kvótans. Hafa menn skoðað það í fullri alvöru hvort þessi skip, sem er verið að byggja, séu einmitt af þeirri réttu stærð sem muni henta okkur best til að vera á þeim miðum sem við munum hugsanlega þurfa að beita þeim á? Ég dreg líka í efa að það hafi verið gert.

Auk þess dreg ég líka í efa að hagkvæmni þess að vinna afurðirnar í landi sé ekki meiri en menn vilja vera láta. Það segir hér í blaði, sem ég er með og les ekki oft en stundum glugga ég nú í það. Þetta er Alþýðublaðið. Það eru ekki margir dagar síðan það kom út. Þar er einmitt verið að fjalla um þessi mál. Þar segir með leyfi, virðulegi forseti:

„Ýmislegt bendir til þess að vinsældir ferskra fiskafurða muni fara dvínandi í náinni framtíð og jafnframt að enn frekari kröfur verði gerðar til ferskleika, gæða og geymslu en áður, sem aftur muni auka á möguleika frystingarinnar.“ Þetta er haft eftir Jóni Ingvarssyni, stjórnarformanni Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Það er nefnilega málið að við þurfum og verðum að vera menn til þess að taka á þessu vandamáli og finna rekstrargrundvöll og koma rekstrargrundvelli undir vinnsluna í landi þannig að við Íslendingar sjálfir getum fengið að njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar, þurfum ekki að láta útlendingunum það eftir. Það er augljóst líka að margvísleg vinnsla, fullvinnsla afurðanna, eins og við erum að tala um og okkar draumur er sjálfsagt flestra að við sjáum þessa vinnslu, sú vinnsla mun

aldrei fara fram um borð í þessum skipum sem við eigum í dag og erum að láta byggja. Sú vinnsla mun fyrst og fremst fara fram í landi og þannig munum við líka geta nýtt betur þann úrgang sem fellur til hjá flotanum.

Það hefur einnig komið fram og liggur fyrir að útflutningur á óunnum fiski hefur dregist saman hvorki meira né minna en um 40% og enn er dvínandi útflutningur á ferskum fiski. Þetta hefur okkur tekist, ekki bara með því að beita stjórnun í sambandi við lögin um stjórnun fiskveiða heldur hefur þetta tekist líka vegna þess að menn hafa fengið hærra verð fyrir afurðirnar hér heima.

Við þurfum einnig að gera okkur grein fyrir því, ef við ætlum að fara með vinnsluna í svo stórum stíl út á sjó, eins og mér sýnist að hér sé að stefnt, hvað verður um þær vinnslustöðvar sem við eigum í landi. Hvernig ætlum við að standa undir þeirri fjárfestingu? Mér er líka spurn: Hefur enginn áhyggjur af því fólki sem byggir þessa staði og hefur gert þetta mögulegt fram að þessu? Hefur enginn áhyggjur af því? Það þykir mér merkilegt.

Ég vil gjarnan spyrja hæstv. sjútvrh. einnar spurningar í viðbót í sambandi við Verðjöfnunarsjóðinn — sem nokkrir milljarðar eru í — hvort ekki sé ástæða til þess að hans mati að menn geti farið að ná saman um að það sé bæði skynsamlegt og nauðsynlegt að útgreiðslur úr sjóðnum komi til. Ég trúi því ekki að menn geti ekki náð saman um slíkt. Miðað við ríkjandi aðstæður þá hljóta menn að sjá að greinin þarf nauðsynlega á því að halda sem hún hefur þarna greitt inn og ég held að það væri betur komið heldur en á bók uppi í Seðlabanka.

Virðulegi forseti, ég skal nú stytta mál mitt en vissulega er af mörgu að taka. En það er eitt sem sækir á huga minn þessa dagana. Mér finnst margt um líkt með því sem nú er að gerast hjá okkur og var þegar þessir flokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., störfuðu hér fyrr á árum í hinni svokölluðu viðreisnarstjórn og sem betur fór misstu völdin árið 1971. Þá þekktu menn atvinnuleysi. Nú eru menn að kynnast því að nýju. Þá var togaraflotinn okkar nánast allur í niðurníðslu. Hann var byggður upp nánast allur eftir 1971. Frystiiðnaðurinn var í rúst þegar þessir flokkar skildu við. Ég þarf ekki að nefna fiskveiðilögsöguna, við vitum að þeir hreyfðu ekki fingur til að auka rétt okkar til hafsins. Við höfðum þá rétt um 5.000 ferkílómetra þegar þeir hrökkluðust frá völdum en núna, þegar þeir taka við að nýju, fá þessir flokkar 758.000 ferkílómetra. Þá var náttúrlega grunnurinn lagður að þeirri hagsæld sem hér hefur ríkt með því að færa út fiskveiðilögsögu okkar. En ég hef satt að segja áhyggjur af því að sama sagan sé að endurtaka sig nú með því að þessir flokkar nái saman og viðskilnaður þeirra muni verða sá sami og fyrri viðreisnarstjórnar.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu um málefni sjávarútvegsins bæði um afkomu og rekstrarstöðu atvinnugreinarinnar og eins um þá þætti er lúta að fiskveiðistjórnun.

Hv. 4. þm. Norðurl. v., sem var að ljúka máli sínu, lýsti því mati sínu að honum fyndist sem margt í fari núv. ríkisstjórnar minnti hann á samstarf Alþfl. og Sjálfstfl. sem kennt var við viðreisn og ég ætla ekki að gera neina athugasemd við þá samlíkingu. Hv. þm. lýsti því einnig yfir að hann hefði af þessu allverulegar áhyggjur. Ég skil það mætavel í ljósi þess að sú stjórn sat í 12 ár og ef allt fer á sama veg á þessi stjórn eftir að sitja um alllangt skeið og hafa tíma til þess að móta framvindu í íslenskum efnahags- og atvinnumálum. Ég hygg að flestir hv. þm. minnist þess að þau ár voru mikil umbrota- og framfaraár. Vissulega er það rétt sem hv. 8. þm. Reykn. hefur hér á orði í frammíköllum að á síðustu árum þeirrar ríkisstjórnar mætti sjávarútvegurinn mjög miklum erfiðleikum, gífurlegu verðfalli og einnig þeirri staðreynd að síldveiðarnar brugðust. Við þessum vanda vegna ytri aðstæðna var brugðist af mikilli festu. Við lok tímabilsins hafði stjórnin unnið bug á þeim vanda sem að steðjaði.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að rifja upp verk fyrri ríkisstjórna en að gefnu tilefni frá hv. 4. þm. Norðurl. v. þykir mér um margt ágætt ef hann sér nú þegar sömu framfaramerki og sömu mögulegu lífslengd í störfum núverandi ríkisstjórnar sem kom fram í störfum viðreisnarstjórnarinnar á sínum tíma.

Við höfum í þessari umræðu farið yfir stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu. Ég þarf ekki að endurtaka þær tölulegu staðreyndir sem fyrir liggja. Það er deginum ljósara að um margt í þeim efnum eru hv. þm. í raun og veru býsna sammála þó að skeyti hafi flogið hér á milli manna. Flestir eru á einu máli um meginástæðurnar fyrir þessum vanda. Enginn dregur það í efa að meginástæðan er sú að við höfum þurft að horfast í augu við mjög verulegan aflasamdrátt. Í annan stað stöndum við frammi fyrir því að verð á helstu afurðum okkar á erlendum mörkuðum hefur farið heldur lækkandi og við búum þarf af leiðandi við verri markaðsskilyrði. Enginn dregur í efa að skuldir sjávarútvegsins eru mjög miklar og þetta eru þeir þrír höfuðþættir í vanda sjávarútvegsins sem við er að glíma. Ég hef ekki heyrt menn deila um þetta. Það hefur líka komið fram í máli hv. þm., bæði þeirra sem hér hafa talað af hálfu stjórnarliðs og stjórnarandstöðu, að allir flokkar í þinginu leggja höfuðáherslu á að viðhalda þeim stöðugleika sem tekist hefur að ná og má rekja til þjóðarsáttarsamninganna í febrúar 1990 sem nú hefur tekist að framlengja. Enginn hv. þm. hefur talið rétt eða skynsamlegt í þessari stöðu að gera nokkurn þann hlut sem raskar þessu. Allir þeir sem hafa talað hafa lagt á það mjög mikla áherslu að lækkun vaxta sé eitt af höfuðatriðunum í því að koma til móts við erfiða rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti lagt grundvöll að því að vextir megi lækka með mjög hörðum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum. Þær hafa um margt verið umdeildar og við þurfum ekki að eyða mörgum orðum í að fara yfir það mál allt saman. Það eru fjölmörg atriði í ríkisfjármálaaðgerð-

unum sem hafa vakið deilur. En þær hafa haft það meginmarkmið að draga úr lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs og opinberra aðila í þeim tilgangi að skapa skilyrði fyrir vaxtalækkun. Því hefur ekki verið mótmælt að vextirnir eru nú lægri en þeir voru fyrir ári síðan, lægri en þeir voru þegar núv. ríkisstjórn tók við og raunvextirnir eru að byrja að lækka. Við búum við mjög lága verðbólgu, lægri en í helstu viðskiptalöndum okkar og þess er að vænta, ef okkur tekst, sem allar líkur eru á eftir að kjarasamningar voru gerðir, að viðhalda þessum stöðugleika, að okkur auðnist með þessum hætti að bæta samkeppnisstöðu atvinnugreinarinnar.

Það hefur komið fram í ræðum allra hv. þm. að ég hygg sem hér hafa talað að þeir gera sér grein fyrir því eftir allan þennan mikla aflasamdrátt að fiskiskipastóllinn er stærri en svo að hægt sé að halda því fram að það sé eðlilegt jafnvægi milli sóknargetu flotans og afrakstursgetu fiskstofnanna. Það hefur komið skýrt fram í máli allra hv. þm. að þeir gera sér grein fyrir því að afkastageta fiskvinnslustöðvanna í landinu er mun meiri en sem nemur mögulegum veiðum okkar á hverju ári og hluti af því viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir er að aðlaga atvinnugreinina að þessum staðreyndum. Menn gera sér grein fyrir því að við þurfum að veiða fiskinn með stærri skipum og vinna hann í færri vinnslustöðvum. Atvinnugreinin er að takast á við þennan vanda. Hér hafa verið nefndar tölur um það hvernig úrelding á sér stað í fiskiskipaflotanum og við höfum á síðustu mánuðum séð mjög verulegar breytingar í þessu efni. Við beittum okkur fyrir almennum aðgerðum til að auðvelda útgerðarfyrirtækjunum að takast á við þetta hagræðingarverkefni, skipulagsbreytingaverkefni eða hvaða nafn sem menn vilja gefa þeirri þróun. Þessi þróun er hins vegar nauðsynleg og það hafa verið gerðar ráðstafanir til að auðvelda hana. Við höfum fylgst með því að fyrirtæki í vinnslugreinum hafa verið að takast á við endurskipulagningu í rekstri og hún hefur verið auðvelduð m.a. með því að fresta afborgunum af lánum í tvö ár og með því að Fiskveiðasjóður hefur tekið þátt í því með fyrirtækjum að lengja lán þeirra fyrirtækja sem hafa verið að endurskipuleggja sinn rekstur. Allt miðar þetta að því að taka á vandanum í ljósi þessara aðstæðna og í ljósi þess meginmarkmiðs að viðhalda hér stöðugleika og tryggja það að þegar atvinnugreinin hefur gengið í gegnum skipulagsbreytingar verði rekin með eðlilegum og nauðsynlegum hagnaði. Með öðrum orðum hefur með almennum efnahags- og fjármálaaðgerðum verið reynt að skapa hér skilyrði til þess að atvinnugreinin styrkist á nýjan leik. Það hefur verið reynt með sérstökum stuðningsaðgerðum gagnvart atvinnugreininni sjálfri eins og frestun afborgana og stöðvun inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð og með nýjum ráðstöfunum um Úreldingarsjóð hefur reynt að hjálpa atvinnugreininni til að takast á við þessi verkefni. Hver hv. þm. á fætur öðrum hefur lýst því yfir að þeir geri sér allir fulla grein fyrir því að þessi vandi verði ekki leystur eins og hendi sé veifað með einhverri einni allsherjarlausn. Um þetta virðumst við allir vera sammála hvar í flokki sem við stöndum. Það hefur ekki komið fram ágreiningur um það. Með öðrum orðum eru menn að fallast á að það verði að taka á þessu viðfangsefni skref fyrir skref, taka á einu verkefni í einu eins og unnið hefur verið að á undanförnum mánuðum og verður unnið að á komandi mánuðum. Allt eru þetta mjög mikilvæg verkefni sem vissulega er mikil ánægja að heyra að Alþingi vill fylgjast með og menn vilji leggja af mörkum í umræðum og umfjöllun um þessi mál í þeim tilgangi að fá hér almennan skilning og samstöðu um nauðsyn þess að treysta höfuðatvinnugrein þjóðarinnar.

Annar þáttur umræðunnar hefur lotið að fiskveiðistjórnuninni og þeirri endurskoðun sem nú fer fram á þeirri löggjöf. Löggjöfin sjálf gerir ráð fyrir því að endurskoðuninni skuli lokið fyrir lok þessa árs. Þá ákvörðun tóku menn við setningu gildandi laga og ég geri ekki ráð fyrir því að þeir sem báru ábyrgð á þeirri lagasetningu séu að kvarta undan stöðu málsins því að enn er nokkur tími til stefnu í þessu efni og þeir, sem ábyrgð tóku á lagasetningunni, gerðu ráð fyrir því að sú endurskoðun gæti staðið til loka þessa árs. Enginn hefur dregið dul á að það er uppi ágreiningur milli núverandi stjórnarflokka í þessum efnum. Það var líka sams konar ágreiningur uppi á milli flokka í fyrri ríkisstjórn. Það er jafnvel ágreiningur uppi í öllum flokkum um fiskveiðistjórnunina og mismunandi sjónarmið sem fram koma. Allt þetta leitast menn við að sætta eftir fremsta megni. Það hefur verið unnið að þessari endurskoðun í samræmi við ákvæði núverandi laga og í samræmi við samkomulag núv. stjórnarflokka um það á hvern veg að þessari endrskoðun skyldi unnið. Það hafa verið haldnir reglulegir fundir með hagsmunaðilum í þessu efni, tveir fundir með hv. sjútvn. og það hefur komið fram af hálfu þeirrar nefndar, sem forustu hefur fyrir þessari endurskoðun, að á næstunni sé gert ráð fyrir tíðari fundum með sjútvn. þegar endurskoðunarstarfið hefur mótast meir en það hefur nú þegar gert.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi vikið með almennum orðum að flestum þeim þáttum sem hér hafa komið fram í þessum umræðum. Vandi sjávarútvegsins við þessar erfiðu aðstæður verður ekki leystur í eitt skipti fyrir öll og verður ekki leystur í þessari umræðu en ég tel að hún hafi verið mjög mikilvægt framlag til umræðunnar sem við þurfum að fara í gegnum um þessar mundir um þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar og gott framlag til þeirra starfa sem við þurfum að takast á við á næstu mánuðum.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. um verðfall afurða vil ég aðeins segja frá því sem kom fram í því blaði, sem ég var að lesa úr áðan, Alþýðublaðinu, (Gripið fram í.) já, það er illt að þurfa að gera það en svona er það nú. En ég veit að sjútvrh. veit það og ég held að það sé rétt sem hér stendur: „Magn útflutnings SH, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hefur minnkað milli ára um 9,4% en aukning í verðmætum um 4% á sama tíma.“ Það er

nefnilega staðreyndin í málinu að þrátt fyrir minni útflutning hefur verðmætið aukist.

Ég er ekki að segja að ég vilji gera lítið úr vandanum, hæstv. sjútvrh., en ég held að menn þurfi að greina hann rétt. Þá fyrst er einhver von til þess að við komumst sæmilega út úr þessu kerfi.

Ég spurði einnig um það hvernig sjútvrh. sæi það fyrir sér að ráðherrar og ríkisstjórn mundu smíða þann rekstrargrundvöll sem greinin þarf að búa við eftir að endurskipulagningin á sér stað eftir að búið verður að skuldbreytina í fyrirtækjunum og „konvertera". Á að miða rekstrargrundvöllinn við þau fyrirtæki eða hin sem alla tíð hafa staðið sig og borgað sína skatta og skyldur? Eða ætla menn að búa til aðra hringferð?

Og að lokum, virðulegi forseti, þá segir hér í lögunum um stjórnun fiskveiða: „Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun." Tvisvar sinnum hafa formenn nefndarinnar komið á fund sjútvn. og í bæði skiptin að beiðni nefndarinnar sjálfrar og enn stendur upp á þá að koma og gera sjútvn. grein fyrir störfum sínum áður en þinginu lýkur.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, eins og áður hefur komið fram í umræðunni, að það hafa verið haldnir tveir samráðsfundir með sjútvn. Það var einmitt lögð áhersla á það, þegar þetta endurskoðunarstarf hófst, að samráðsfundir þessara aðila gætu farið fram á þann veg að endurskoðunarnefndin hefði frumkvæði að slíkum fundum eða þá á hinn bóginn að sjútvn. sjálf hefði slíkt frumkvæði til þess að kalla eftir upplýsingum og til að koma fram sínum eigin sjónarmiðum. Fyrst og fremst var það haft í huga að með þessu móti væri sjálfstæði hv. sjútvn. virt svo sem vera ber varðandi frumkvæði að því að kalla eftir upplýsingum og koma sjónarmiðum af sinni hálfu á framfæri sem nefndin getur hvenær sem er gert og í sérstöku bréfi sem nefndinni var skrifað var á þetta bent.

Að því er varðar verðmæti sjávarafurða með tilvísun í Alþýðublaðið ætla ég ekki að rengja upplýsingar sem þar komu fram. En þótt ártöl hafi ekki verið nefnd í því efni þykir mér sennilegt, miðað við það sem þar var sagt, að þar hafi verið um að ræða verðbreytingar á milli áranna 1990 og 1991. Eins og hv. þm. vita er það fyrst raunverulega í byrjun þessa árs sem þess fer að gæta að marki að verðið á erlendum mörkuðum hafi farið lækkandi.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan að hann svaraði einstökum spurningum heldur fór almennt yfir efni sem fram kom í ræðum manna. Ég vil ítreka tvær eða þrjár af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra:

Í fyrsta lagi. Eftir minni er staðan í sjávarútvegi þannig að tekjur eru um 75 milljarðar kr., skuldir um 100 milljarðar. Tap á vinnslu eru 4 milljarðar kr. í dag. Telur ráðherrann að atvinnugreinin geti, að teknu tilliti til aðgerða ríkisstjórnarinnar, staðið undir þessum skuldum og greitt þær til baka eða er hæstv. sjútvrh. sammála hæstv. utanrrh. um að sum fyrirtæki munu ekki geta það og þær skuldir séu tapaðar?

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra um afstöðu hans til mismunandi kvótakerfis sem er í gangi. Annars vegar kvótakerfis á innfjarðarækju þar sem vinnslan hefur kvóta á móti bátum og hins vegar hins almenna kvótakerfis. Ég spurði hvort hann hygðist samræma þessi tvenns konar kvótakerfi. Þau geta augljóslega ekki gengið samhliða. Svo ólík eru þau.

Í þriðja lagi spurði ég hæstv. ráðherra varðandi þær hugmyndir sem fram hafa komið um úreldingu fiskvinnslustöðva. Hvaðan er hugmyndin? Hvernig hugsa menn með þeim hugmyndum að fá fé til þeirrar úreldingar? Hver á að leggja fram féð?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það liggi í augum uppi miðað við óbreytt rekstrarskilyrði þar sem fram hefur komið að atvinnugreinin er að tapa, þá er hún að auka skuldir sínar en ekki greiða þær niður.

Að því er varðar það veiðifyrirkomulag eða stjórnunarfyrirkomulag, sem í gildi hefur verið á innfjarðarækju, þá hef ég áður lýst því yfir að ég tel eðlilegt að það verði tekið til endurskoðunar jafnhliða því sem menn endurskoða hin almennu lög um fiskveiðistjórnun. Það tel ég mjög eðlilegt og sjálfsagt. Hér er um gamla skipan að ræða sem eðlilega þarfnast endurskoðunar og eðlilegt að það gerist samhliða hinni almennu endurskoðun sem nú á sér stað.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég skal ekki ganga eftir svari við þriðju spurningunni. En ég vil í framhaldi af svari við spurningunni um endurskoðun á kvótafyrirkomulagi á innfjarðarækju spyrja hæstv. ráðherra hvort markmið þeirrar endurskoðunar, sem hann telur eðlilegt að hefja, sé það að viðhafa sams konar kvótakerfi þar og tíðkast á öðrum botnfiski.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. tíundaði ýmis atriði sem hefðu átt að stuðla að betri afkomu í sjávarútvegi. Hann sagði að það yrði að gera í smáum skrefum og það hefði verið gert. Nú kom ekki fram hver þessi smáu skref fram undan eru. Með tilliti til þess sem gerst hefur þar sem niðurstaðan af því er sú að vinnsla botnfiskafla er núna rekin með 8% halla að meðaltali að mati Þjóðhagsstofnunar og 10% eftir því sem samtökin segja, vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann óttist ekki að með áætlunum um svo fá og smá skref muni hann innan ekki mjög langs tíma standa á rústum allt of margra sjávarútvegsfyrirtækja, þeirra sem hann sagði fyrir skömmu síðan að stefndu í gjaldþrot, þ.e. 60% af sjávarútvegsfyrirtækjum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru útúrsnúningar hjá hv. 2. þm. Suðurl. að ég hafi talað um fá og smá skref. Ég talaði um að það væri nauðsynlegt að ákveða aðgerðir í skrefum, skref fyrir skref. Ég held því fram að það sem gert hefur verið í þessu efni séu allt stór skref til þess að taka á þeim gífurlega vanda sem við stöndum frammi fyrir. Menn munu varðandi þau skref sem eftir á að taka hugsa með nákvæmlega sama hætti.

Það liggur í augum uppi og ég hygg að það hljóti líka að felast í orðum þeirra sem hér tala af fullri ábyrgð, þegar menn viðurkenna að skipastóllinn sé of stór og vinnslustöðvarnar of margar, að um leið og menn hafa náð meiri árangri í því að koma við hagræðingu, samruna og samstarfi fyrirtækja verður rekstrargrundvöllur þeirra sem eftir eru betri vegna þess að fjárfestingin nýtist betur en ella. Í því sambandi hafa menn velt upp þeirri hugmynd hvort hugsanlegt sé að koma við einhvers konar úreldingarstyrkjum í fiskvinnslu með svipuðu móti og gert hefur verið í útgerðinni. Við höfum rakið það áður og ég hef gert það fyrir mitt leyti í þessari umræðu. Á því eru ýmsir tæknilegir örðugleikar en ég hef samt talið nauðsynlegt að skoða þá hugmynd miklu nánar og kanna hvort hún geti verið þáttur í því að hjálpa atvinnugreininni við þessa aðlögun.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum ekki að deila um það, hæstv. sjútvrh., hvort skrefin hafi verið stór eða smá. Aðalatriðið er auðvitað að niðurstaðan af þessari vinnu er 8–10% halli. Það er staðreynd sem hæstv. sjútvrh. skýrði frá í gær. Því er það spurning hvort hún verður ekki um seinan sú hagræðing sem hæstv. ráðherra ræðir um, og við viljum taka undir að er sjálfsögð, ef það dregst lengur að hún beri árangur vegna þess hve ört hallar undir fæti þegar hallinn í greininni er 4 milljarðar kr. miðað við heilt ár.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu rétt sem kemur fram hjá hv. þm. og áður hefur verið dregið fram að Þjóðhagsstofnun telur að fiskvinnslan sé rekin með 8% halla en sjávarútvegurinn í heild, samkvæmt sama mælikvarða er rekinn með 3,5% halla. Hér er enn um að ræða gamalt og nýtt vandamál, að hluta til tekjuskiptingarvanda innan atvinnugreinarinnar. Þegar við ræðum um vanda sjávarútvegsins í þessum skilningi styðjumst við yfirleitt við afkomu atvinnugreinarinnar í heild enda er eignaraðild að fiskvinnslufyrirtækjum og útgerðarfyrirtækjum mjög blönduð. Niðurstaðan af afkomumælingu á atvinnugreininni í heild er sú að hallinn sé nú 3,5%.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að spyrjast fyrir um það hvort hæstv. utanrrh. er hér í húsinu. (**Forseti:** Já. Samkvæmt viðveruskrá er hann í húsinu.) Ég vil óska eftir því að hann sé hér viðstaddur ef hann á þess kost. Meðan hæstv. utanrrh. er á leið hingað í þingsalinn vil ég segja það almennt að það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. sú framtíðarsýn að núv. ríkisstjórn mundi sitja í 12 ár eða jafnlengi og viðreisn. Hún mundi því hafa góðan tíma til að huga að þessum málum. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. hafi ekki átt við það að hann eigi sér þá framtíðarsýn að hann vænti þess að sjávarútvegurinn verði orðinn hallalaus í lok þessa tímabils því að ef það er stefnan þá er það enn þá harkalegri gjaldþrotastefna en nokkru sinni áður hefur verið kynnt. Það verða fá fyrirtæki eftir að þeim tíma liðnum.

Hæstv. utanrrh. virðist ekki hafa neinar áhyggjur af þessari stöðu og þegar þær staðreyndir eru raktar að gengið er nokkru hærra en það var þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir 1990 og spurt um hvort hægt sé að reikna með því að atvinnugrein, sem hefur orðið fyrir verulegum aflasamdrætti og verulegu verðfalli, geti búið við hærra gengi en hún gerði þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir í febrúar 1990. Telur hæstv. utanrrh. að gengið eigi að halda áfram að hækka eins og spáin er fyrir þjóðarbúskapinn 1992 á þessum línuritum? Þar er gert ráð fyrir því að gengið muni halda áfram að hækka á árinu 1992. Er það hagfræði hæstv. utanrrh. að sjávarútvegurinn eigi að glíma við aflasamdrátt með hagræðingu, að hann eigi að glíma við verðfall með hagræðingu og samhliða eigi hann líka að glíma við hækkandi gengi? (**Gripið fram í:** Og Alþfl.) Ég tala nú ekki um ósköpin, Alþfl.

Hæstv. utanrrh. kemur í útvarpsumræður í gær og segir að ég hafi verið að krefjast gengisfellingar. Ég var ekki að krefjast gengisfellingar enda hef ég ekki valdið til þess og vænti þess ekki að hafa mikil áhrif á hæstv. utanrrh. Hins vegar ætlast ég til þess að hæstv. utanrrh. geri þjóðinni grein fyrir því hvaða kröfur hann gerir til sjávarútvegsins. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Er það ekki hann og hans flokkur sem er að krefjast stærstu gengisfellingarinnar með því að krefjast þess aftur og aftur að hér verði lagður á auðlindaskattur? Hvaða hugmyndafræði er á bak við auðlindaskattinn? Er sú hugmyndafræði á bak við auðlindaskattinn að hann verði einfaldlega lagður á og sjávarútvegurinn sveltur og píndur í gjaldþrot og á hnén? Er það hugmyndafræðin? Það er ekki það sem hagfræðingarnir segja. Það er ekki það sem hagfræðingarnir í Seðlabankanum og háskólanum segja þegar þeir tala um auðlindaskattinn. Mér hefur sýnst vera allgott samband á milli Alþfl. og margra þessara manna. Nei, ekki aldeilis. Þeir segja: Þetta verður allt í lagi fyrir sjávarútveginn því að við þurfum að fella gengið um leið. Samhliða auðlindaskattinum fellum við gengið. Ég vil því biðja hæstv. utanrrh. að útskýra það fyrir þjóðinni hvernig þetta á að ganga upp á sama tíma og hann kemur hér og segir að þeir menn séu allt að því ekki með fullu viti sem ætli sér að krefjast gengisfellingar. Ég var ekki að krefjast þess. Og það var ekki hæstv. utanrrh. sæmandi að snúa út úr mínum orðum með þessum hætti.

Ég hef í fyrsta lagi sett fram þá kröfu að ríkisstjórnin taki til baka þær álögur sem hún hefur verið að

leggja á atvinnugrein sem er rekin með tapi. Var gert ráð fyrir því þegar þjóðarsátt náðist 1990 að lagðar yrðu slíkar álögur á þessa atvinnugrein? Nei, ekki aldeilis. Og hvernig ætli mörgum líði að þurfa sífellt að hlusta á það að nú þurfi að ráðast í það verk að taka gjald af þessari atvinnugrein? Ég heyri ekki betur en hæstv. utanrrh. ætli að skipta um stól og fara í annað ráðuneyti til að geta sinnt þessum málum betur. Það er fyrirkvíðanlegt fyrir þessa atvinnugrein að fá hann í þann stól án þess að ég viti hver hann er. Ég vil líka spyrja hæstv. utanrrh. einnar spurningar: Hvernig hefur hann hugsað sér að staðið verði að útflutningsmálum sjávarútvegsins? Er það ekki rétt, hæstv. utanrrh., að þú sagðir þeim aðilum sem standa í saltfiskútflutningi að einkaleyfi SÍF yrði ekki breytt fyrr en gengið yrði frá samningi um EES og þau mál komin á hreint? Er það rétt að þrátt fyrir loforð til þessara aðila hafi utanrrn. veitt ýmsum aðilum slík leyfi? Er það rétt að þessar leyfisveitingar og óvissa um þær hafi orðið til þess að rugla markaðinn erlendis og valdið verulegu verðfalli og tapi fyrir íslenskan sjávarútveg? Ég er ekki að halda því fram að hæstv. utanrrh. vilji með vísvitandi hætti standa í slíkum æfingum. En þetta hefur komið fram og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. viti að það er hvað mest tap í saltfiskverkun nú á þessum vetri og þar hafa verið verulegir erfiðleikar.

Þess er krafist að við stjórnarandstæðingar komum með úrræði í þessum efnum. Ég get tekið undir það að hér eru engar töfralausnir en menn þurfa að fá einhvern frið. Menn þurfa í fyrsta lagi að fá þann frið að hætt sé að tala um endalausa skattlagning á atvinnugrein sem er rekin með tapi. Ég heyri að hæstv. forsrh. hefur upplýst það hér í kvöld að stjórnarflokkarnir muni að sjálfsögðu koma sér saman um stefnu í þessum málum og vitnar til þess að innan þeirra veggja séu engin undirmál. Ekki veit ég hvers vegna það var sérstaklega tekið fram og átta mig ekki á því. En stefnan liggur ekki fyrir hjá stjórnarflokkunum og meðan menn eru að ýtast á um þessa hluti býr atvinnugreinin við verulega óvissu og væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. utanrrh. ætlar enn að auka skattlagninguna á sjávarútveginn án þess að breyta genginu. Ef ég hef heyrt rétt þá á það enn að hækka.

Ég vildi aðeins út af því sem fram hefur komið ítreka að við sem störfum í stjórnarandstöðunni höfum farið þess á leit að eiga meiri aðild að endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Við teljum það ekki eðlilegt að stjórnarflokkarnir vinni einir að þessu máli og þótt fram séu sett fögur orð um samráð við sjútvn. þingsins þá verðum við afar lítið vör við það. Við höfum farið fram á að fá upplýsingar. Í síðustu viku fórum við þess á leit að fá að ræða við þessa nefnd. Það hefur ekki enn verið hægt að verða við því. Við fórum þess líka á leit við varaformann nefndarinnar að fá upplýsingar um undirbúningsviðræður sem eiga sér stað um tvíhliða samning um sjávarútvegsmál milli Íslands og Evrópubandalagsins. Það hefur ekki verið hægt að verða við því þannig að það þarf ansi mikla eftirgangsmuni í þessu sambandi.

Því var haldið fram af hæstv. sjútvrh að verið væri að vinna að þessu skref fyrir skref og menn virtust vera nokkuð sammála. Við erum ekki sammála um þá skattlagningu sem ákveðin var á sjávarútveginn í vetur. Við erum ekki sammála þeim breytingum sem áttu sér stað á löggjöfinni um Úreldingarsjóð og þó að það sé rétt að styrkir Úreldingarsjóðs hafi verið auknir þá hefur verið dregið úr tekjum hans. Sá sjóður mun ekki endast að eilífu, enda hefur mikið fé farið út úr honum og er hann þó dæmi um sjóð sem var til þegar núv. ríkisstjórn tók við. Hingað til hefur hins vegar mest verið talað um tóma sjóði. Það er líka annar sjóður sem miklir peningar eru í sem er Verðjöfnunarsjóður og hlýtur að koma til umfjöllunar varðandi þann mikla vanda sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir. Sá sjóður er ekki tómur. Þess vegna er það málflutningur sem ekki er sæmandi að vera alltaf að tala um að allir sjóðir hafi verið tómir og allt hafi verið gjaldþrota. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. taki ekki undir það þótt mér hafi fundist hann gera það, annaðhvort með þögninni eða taka undir sönginn með hæstv. forsrh. þegar hann kemur og upplýsir þjóðina og þingið um tómu sjóðina á milli þess sem hann hellir skömmum yfir þingið fyrir háttalag þess.

Ég býst við því að þessi umræða sé dæmi um það að menn séu að teygja lopann. Að vísu var hæstv. sjútvrh. ekki þeirrar skoðunar því að hann taldi að þessi umræða væri mikilvæg og ég hafði haldið að það væri mikilvægt að þjóðinni væri ljóst að við höfum áhyggjur af þessum málum hér á Alþingi og við viljum fá upplýsingar um það sem er að gerast. Og við viljum taka á því með ábyrgum hætti því að hér eru engin gamanmál á ferð. En ég vísa ummælum hæstv. utanrrh. til föðurhúsanna og væri honum nær að koma hér í ræðustól og reifa hugmyndir sínar um það hvernig eigi að bregðast við þessum mikla taprekstri eða er hæstv. utanrrh. harla ánægður með þessa stöðu og telur hann rétt að þetta verði bara si svona?

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að segja megi að nú þegar sé nokkur uppskera af þessari umræðu, það liggi fyrir með skýrari hætti en áður eftir kvöldið í kvöld hvernig landið liggur innan hæstv. ríkisstjórnar varðandi stöðu sjávarútvegsins og hugsanlegar aðgerðir til lausnar bráðavanda hans.

Fleiri en einn og fleiri en tveir hafa komið í ræðustól eftir að þeir fluttu mál sitt, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og dregið nokkurn veginn allir samhljóða niðurstöður af málflutningi þeirra sem og ég geri, að þeir hafi sagt það að ekki væri á dagskrá að aðhafast neitt frekar sértækt í vanda sjávarútvegsins. Síðan urðu þau tíðindi að hæstv. sjútvrh. kom í ræðustól hafandi setið undir ræðum starfsbræðra sinna, hæstv., utanrrh. og forsrh., heldur þögull og dauflegur til að sjá og fór nokkrum almennum orðum um þennan vanda. Hann bætti þar í raun og veru sáralitlu við og svaraðu engu til um beinharðar ráðstafanir eða aðgerðir sem hefur þó bæði verið rætt um og reifað að gera mætti. Ég hlýt að draga þá niðurstöðu fyrir mig

a.m.k. af þessu öllu saman að hæstv. sjútvrh. sé króaður af í ríkisstjórninni og sé með sínum almenna málflutningi, sínum almennu orðum, að reyna að breiða yfir þá staðreynd að hann kemst hvorki lönd né strönd með frekari aðgerðir til aðstoðar sjávarútveginum.

Það er vitað að hæstv. sjútvrh. flutti í ríkisstjórn strax á öndverðum vetri ýmsar tillögur eða hugmyndir um ráðstafanir til lausnar vanda sjávarútvegsins. Þar varð niðurstaðan að vísa þeim málum í nefnd eins og frægt er orðið. Það er þessi tvíhöfða nefnd, þessi tveggja verkstjóra nefnd, sem hefur síðan haft þau mál á sinni könnu og formenn hennar hafa ræðst lítillega við í fjölmiðlum en að öðru leyti hefur mest lítið til borið á varðandi málefni sjávarútvegsins.

Hæstv. sjútvrh. sagði reyndar sjálfur rétt um það bil að hann lauk máli sínu áðan að hann hefði í almennum orðum farið yfir vanda sjávarútvegsins og sneri sér svo að því að hugleiða lítillega um stjórn fiskveiða. Ég hef kosið að halda þeim þætti þessarar umræðu að mestu til hliðar tímans vegna því að það bíður síns tíma að ræða þau mál. Mér er meira í hug að fá einhverja niðurstöðu, leiða eitthvert leiðarhnoða varðandi bráðavanda sjávarútvegsins, þann vanda sem hvílir nú svo þungt á fyrirtækjunum í greininni að þol þeirra miðað við núverandi aðstæður er mælt í vikum, í mesta lagi mánuðum hjá mjög mörgum þeirra þar sem ég þekki til. Lífsmátturinn sem eftir er í þeim mælist í mánuðum mörgum hverjum. Ég ætla að endurtaka þær beinu spurningar sem ég bar fram til hæstv. sjútvrh. áðan, ekki endilega vegna þess að ég vænti þess að hann svari þeim úr þessu. Ég skil hans aðstæður svo að hann telji sig vera kominn á leiðarenda, vera króaðan af, vera í minni hluta í hæstv. ríkisstjórn og komast ekkert áfram með þær hugmyndir sem hann annars kann að hafa og hefur haft sannanlega um aðgerðir til handa sjávarútveginum.

Ég spurði um útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Ég bauð það fram fyrir mitt leyti að stuðla að því að breytt yrði lögum eins og væntanlega þarf til ef menn vildu grípa til þess ráðs og teldu það skynsamlegt að greiða út á næstu mánuðum að einhverju eða jafnvel öllu leyti innstæður sjávarútvegsins í Verðjöfnunarsjóði. Það eru 3 milljarðar kr., umtalsverðar fjárhæðir, ¾ af áætluðu tapi botnfiskvinnslunnar á árinu og mundi auðvitað muna geysimiklu fyrir greinina ef henni yrðu þeir fjármunir handbærir með einhverjum hætti á næstu mánuðum. Upplýst er að stór hluti þeirra greiðslna gæti orðið bein skuldajöfnun við opinbera sjóði þannig að hér væri ekki einungis verið að tala um að setja það fé í umferð með beinum hætti.

Ég spurði í öðru lagi um það hvort hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn væri tilbúin til að ræða það, skoða það núna dagana sem þingið á eftir að starfa, að menn féllu frá því að láta sjávarútveginn kaupa veiðiheimildirnar síðari hluta þessa sumars sem í hönd fer. Það er áætlað að gefa samkvæmt fjárlögum 525 millj. kr. og munar um minna ef sjávarútvegurinn fengi þessar veiðiheimildir úthlutaðar núna á næstunni en slyppi við greiðslur.

Ég spurði í þriðja lagi um viðhorf sjútvrh. til þess að í ljósi aflasamdráttar og kvótaniðurskurðar á undanförnum árum og vegna núverandi aðstæðna gripu menn til þess ráðs að standa við bakið á eða styrkja útgerðir til að sækja í vannýtta stofna og á önnur mið. Þar hafa verið að opnast eða a.m.k. verða betur ljósir ýmsir möguleikar og veiðar á tegundum sem áður voru lítt eða ekki nýttar eins og búra og jafnvel hinum fræga langhala hafa lítillega komist í gang og er ástæða til að ætla að auka mætti þessar veiðar og leita meira fyrir sér á djúpmiðum hér suður og austur af landinu ef — og sérstaklega ef, opinberir aðilar gætu með einhverjum hætti tekið þátt í þeirri áhættu og óvissu sem slíkum tilraunum fylgja auðvitað fyrir viðkomandi útgerðir. Væri nú ekki margt vitlausara við núverandi aðstæður þar sem menn tala endalaust um of stóran fiskiskipaflota og þegar stór verksmiðjuskip með geysilega toggetu og möguleika til að veiða á djúpslóð hellast inn í landið, að menn gerðu skurk í þessu?

Ég spurði um möguleikana til að gera átak til að auka fullvinnslu og fara út í frekari vinnslu í neytendapakkningar í fiskvinnslunni, gera verulegt átak í þeim efnum til þess að reyna að mæta minni afla, minni atvinnu og versnandi atvinnuástandi með aukinni fullvinnslu. Ég spurði um möguleikana á því að létta af ýmsum öðrum álögum og bæta með slíkum ráðstöfunum starfsskilyrði fiskvinnslunnar. Við þessu komu engin svör eða ég heyrði þau a.m.k. ekki og er þó hægt að svara sumu af þessu ósköp einfaldlega með já-i eða nei-i. Er sjútvrh. tilbúinn til þess að kanna hér á næstu dögum, á morgun eða næstu daga viðhorf manna í þingflokkum til þess að drífa í gegn breytingar á lögum um Verðjöfnunarsjóð þannig að unnt sé að opna fyrir útgreiðslur úr honum? Eða telur hann það kannski vitlaust eða óþarft? Ég á ekki von á því og ef svo er ekki, hvað aftrar þá því að menn a.m.k. tali saman um slíka hluti?

Herra forseti. Ég ætla ekki tímans vegna að lengja þessar umræður af minni hálfu. Farið er að líða á nóttina og mér er sagt að mikil fundahöld standi til samkvæmt starfsáætlun þingsins á næstu dögum. Ég er þakklátur fyrir að umræðan gat farið fram. Ég tel þrátt fyrir allt að það hafi verið nokkur akkur í því nú í byrjun sumars að fá þetta stöðumat á málefnum sjávarútvegsins. Ég er auðvitað sáróánægður með mörg svörin sem hafa komið og reyndar alls ekki komið að sumu leyti. Ég tel auðvitað að frammistaða forsrh. og utanrrh. sérstaklega sé áfram ekki minna áhyggjuefni en verið hefur. Ég veit satt best að segja ekki í hvaða heimi þessir menn halda sig sem tala eins og ekkert sé í sjálfu sér að því að láta sjávarútveginn eða botnfiskvinnsluna í landinu malla áfram mánuð af mánuði, missiri eftir missiri með 11% tapi. Er það virkilega þannig að menn ímyndi sér að hlutirnir geti bara haldið áfram eins og ekkert sé? Ég segi það alveg eins og er, ég veit bara ekki í hvaða heimi þessir menn hafa dvalið sem þannig virðast flytja mál sitt.

Ég hef gefið mér það, og reyndar þarf ekkert að gefa mér að það liggur fyrir, að hæstv. sjútvrh. er að mörgu leyti á allt annarri skoðun en einhvern veginn er það samt því miður þannig að það virðist ekki vera

hans skoðun, hans sjónarmið sem ráði þarna ferðinni heldur einhver önnur öfl sem undirtökin hafi í hæstv. ríkisstjórn. Ef þetta er sem sagt niðurstaðan eins og hún kemur mér fyrir sjónir og ég hef hér dregið upp þá vitum við ósköp einfaldlega hvernig þetta stendur núna, þegar þingið hverfur frá störfum og menn halda inn í sumarið, að botnfiskvinnslan í landinu er rekin með 11% tapi og verður auðvitað mjög nálægt því að stöðvast þegar kemur fram á haustdagana ef ekkert annað ber til. Við þekkjum líka afleiðingarnar af því og vitum meira að segja að slíkt getur haft stórpólitísk áhrif í landinu og væri þá kannski það eina jákvæða sem menn gætu hugsanlega séð í þessari annars dapurlegu niðurstöðu sem er að verða mönnum alveg ljós, sem sagt þeirri að hugsanlega veit þetta á stjórnarskipti í haust.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja umræðuna mikið en ég þakka fyrir hana. Ég held að þörf hafi verið á því að ræða þessi mál. Það hefði kannski verið nær að við hefðum fyrr í vetur tekið tíma til þess frekar en núna alveg undir þinglokin þó að ég sé út af fyrir sig ekki að segja að það hefði valdið neinum straumhvörfum gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar.

Mér finnst að gusturinn hafi farið af hæstv. sjútvrh. Hann lét heyra í sér öðru hverju fljótlega eftir að hann tók við og fram á haustið og jafnvel í vetur um að það þyrfti aldeilis að taka á við stjórn mála sjávarútvegsins og það var þó það eftir af honum áðan að hann sagði að það yrðu stigin stór skref til þess að rétta stöðu sjávarútvegsins. Ekki get ég tekið undir þetta. Ætli stærstu skrefin hafi ekki verið í öfuga átt? Ætli það hafi ekki verið nokkuð stór skref stigin í öfuga átt fyrir sjávarútveginn með álögunum sem hafa verið lagðar á hann í vetur? Ég held að það sé a.m.k. óruggt að tekin hafa verið stærri skref aftur á bak en áfram.

Ég vil taka undir þær óskir að sjútvrh. svari með hvaða hætti hann ætlar að vinna að því að rétta af þennan halla sem er fram undan á rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna. Það hefur komið fram hjá öðrum ráðherrum í kvöld að það sé ekki hugmyndin að gera neitt sérstakt fyrir þessa atvinnugrein til þess að hún verði bjargálna. Fram hefur komið frá aðilunum sjálfum, eins og stendur í Fréttabréfi samtaka fiskvinnslustöðva, þar sem þeir vitna til þess samkomulags sem gert er á vinnumarkaðinum, að forsendur samningsins, þ.e. miðlunartillögunnar, eru m.a. þær að gengi íslensku krónunnar verði stöðugt o.s.frv. Ég ætla ekki að lesa þetta en hér stendur eitthvað á þá leið að hægt sé að skilja það sem eins konar samþykki þessara aðila við samningnum og að þeir muni beyga sig undir hann eins og hann er. En það kemur líka fram í bréfi þeirra til sinna manna að lækkun vaxta og vaxtamunar sé algert lykilatriði til þess að hægt sé að búa við þessi skilyrði. Þeir láta líka koma fram og þar vil ég vitna orðrétt, með leyfi forseta:

„Engum blöðum er um það að fletta að fiskvinnslan lítur nú til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og gerir að kröfu sinni að hann verði nýttur til að auðvelda henni að vinna sig út úr vandanum á næstu mánuðum."

Þarna á greinin inni 3 milljarða kr. á sama tíma sem hún skuldar um 1,5 milljarða. Ég held að full ástæða sé til að skoða alvarlega það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að tala um áðan, þ.e. að flytja tillögu í þinginu núna með það fyrir augum að nýta megi að einhverju leyti þessa fjármuni greinarinnar til þess að rétta af stöðu hennar. Ég held að það þurfi að gera fleira. Ég held að menn verði að horfast í augu við það að finna verður leið til þess að atvinnugreinin komist yfir núllið. Ef menn ætla sér ekki að gera neitt hlýtur illa að fara. Ég held að menn verði að taka á þeim vanda með einhverjum hætti. Ef menn treysta sér ekki til þess að halda aftur af gengishækkunum betur en gert hefur verið fram að þessu, eigum við þá að horfa fram á að gengið haldi áfram að hækka? Fiskvinnslan vonar að gengið lækki. Ætla menn að hafa á því algjöra gjörgæslu og ætla menn ekkert að koma til móts við greinina að öðru leyti?

Mig langar til þess að minnast á það sem hæstv. utanrrh. sagði áðan um frystitogarana. Hann orðaði það eitthvað á þá leið að það væru til rekstrareiningar í sjávarútveginum sem skiluðu hagnaði þegar vel væri á málum haldið og þar var hann að tala um frystitogara. Hann talaði um að of mikil fjárfesting, sem væri illa nýtt í frystihúsunum, gerði þau illa samkeppnisfær og að í frystitogurunum væri möguleiki á að ná miklum árangri ef vel væri á málum haldið. Ég tel að þarna sé á ferðinni hlutur sem menn hafi ekki skoðað nægilega vel til þess að geta fullyrt um að þetta sé hagkvæm lausn. Að vísu hefur það komið fram að hægt hefur verið að reka fyrirtæki í greininni með miklum hagnaði. En ég held að skýringin á því sé að stærstum hluta sú að verið er að reka skipin á kostnað auðlindarinnar, þ.e. með því að þau hafa annars konar möguleika á að nýta sér kvóta sinn en önnur fyrirtæki í greininni og komast undan rekstrargjöldum sem menn hafa tínt til í umræðunni og bent á. Það þarf auðvitað að horfa á þá hluti. Ég held að að sumu leyti sé líka hægt að sjá merki þess nú þegar að þetta sé tímabundið ástand sem muni breytast fyrr en varir og menn munu þá standa frammi fyrir því að hafa keypt of mörg skip af þessu tagi sem nú þegar hafa valdið verulega minnkandi atvinnu og eiga eftir að verða til þess að enn fleiri munu missa vinnuna.

Stærsta breytingin frá því að ríkisstjórnin tók við eru hin nýju fiskvinnsluskip sem komið hafa til landsins. Þau hafa breytt sjávarútveginum verulega og eiga eftir að valda enn meiri breytingum.

Það er ekki fyrirætlun mín að halda lengri ræðu. Ég óska eindregið eftir því að fá svör við því hvort menn séu tilbúnir að líta á Verðjöfnunarsjóðinn. Ég óska einnig eftir svörum hæstv. sjútvrh. um það hvort hann hafi fyrirætlanir eða hvort hann hafi kannski lagt allar fyrirætlanir á hilluna, um að rétta af stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna frá því sem nú er.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv 1. þm. Austurl. byrjaði ræðu

sína áðan með því að væna aðra um það að hafa ekki áhyggjur af afkomu sjávarútvegsins. Það virðist nú vera svo að hann hafi haft meiri áhyggjur af einhverju öðru vegna þess að af einhverjum ástæðum hélt hann sig fjarri þessari merkilegu umræðu í kvöld. Ber það merki um að hv. þm. hafi ekki nægilegar áhyggjur til að bera á torg um afkomu sjávarútvegsins eftir að hafa borið höfuðábyrgð á stjórn hans í tæpan áratug? Auðvitað ekki. Auðvitað dettur engum í hug að væna hv. þm. um að hann hafi ekki áhyggjur af ástandinu eins og það blasir við og er nú ekki nýtilkomið. Það er vissulega ómaksins vert að hann heiðraði okkur með nærveru sinni þó eftir dúk og disk væri eftir miðnættið þó ekki hefði verið nema til þess að draga til baka þau ummæli sem hann hafði látið falla og var naumast hægt að skilja á annan veg en þann að hann væri að kalla eftir gengisfellingu. (**HÁ:** Hlustaðir þú á þau?) Ég hlustaði á þau, já. (**HÁ:** Varstu viðstaddur?) Ég horfði á þau í sjónvarpinu. Það er sjónvarpað frá þessum umræðum og ég fagna því ef hv. þm. hefur nú tekið af öll tvímæli um að hann er ekki að óska eftir gengisfellingu. En hann hagaði orðum sínum nefnilega nokkuð ógætilega. Ég skal ekkert fullyrða um að það hafi verið í huga hans en það mátti skilja af orðum hans og þess vegna er það fagnaðarefni að hv. þm. hefur tekið af skarið um að hann er ekki þeirrar skoðunar að gengisfelling sé lausn á þeim vanda sem við væntanlega báðir höfum áhyggjur af. Ef hann hefði verið viðstaddur þá umræðu sem fram fór í kvöld vissi hann að um það hefur verið rætt og yfir þau rök hefur verið farið og ég ætla ekki að endurtaka þau. En ég fagna því að við erum sammála um að gengisfelling er ekki lausnin. Við höfum nefnilega rætt vanda sjávarútvegsins til skamms og til lengri tíma. Við höfum verið að ræða um ástæðurnar fyrir afkomuvandanum til skamms tíma sem er að sjálfsögðu minni afli og hærra hráefnisverð. Og við höfum fært rök fyrir því að við þær aðstæður sem atvinnuvegurinn býr við núna og þá fyrst og fremst langtímavanda hans, menn geta kallað hann hvaða nafni sem er, fortíðarvanda eða skipulagsvanda, er skuldastaða sjávarútvegsins upp á hundrað milljarða kr., upphæð sem samsvarar ríkisbúskap Íslendinga á heilu ári, vanda sem verður hvorki leystur með gengisfellingu né almennum, venjulegum efnahagsaðgerðum fyrir greinina í heild.

Það er líka ánægjulegt ef það hefur komið nægilega skýrt fram í umræðunni að allur samanburður við árið 1988 við mat á raungengi er bara tölulega rangur. Það er samanburður sem ekki stenst.

Ef við höfum það á hreinu að gengisfelling er ekki á dagskrá, þá er hins vegar hægt að stuðla að því að leiðrétta gengið í áföngum og það er vissulega eitt af þeim markmiðum sem núv. ríkisstjórn hefur sett sér og fram kom í máli hæstv. sjútvrh.

Það má heita svo að lungann úr þessum vetri hafi menn af hálfu stjórnarandstöðunnar farið hamförum gegn ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en eins og fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh. var markmiðið með þeim aðgerðum fyrst og fremst að skapa viðunandi stöðugleika fyrir atvinnulífið í landinu. Menn geta ekki hafnað meðulunum en lýst fylgi yfir markmiðinu. Marmiðið með að keyra niður ríkisútgjöld og að draga úr lánsfjárþörf ríkisins er að skapa skilyrði fyrir atvinnulífið á lánsfjármarkaði, stuðla að lækkun vaxta og stuðla að lækkun verðbólgu. Þetta hefur tekist. Verðbólga á Íslandi er sú lægsta sem verið hefur í sögu lýðveldisins. Verðbólga á Íslandi er sú lægsta sem er nú í Evrópu. Ef við getum viðhaldið þeim stöðugleika erum við um leið að styrkja gengið sem er forsenda kjarasamninga, forsenda þeirrar sáttargjörðar sem tekist hefur í þjóðfélaginu með fullu samþykki ekki einasta forustumanna launþega, að fenginni reynslu, heldur líka forustumanna atvinnuvega og þar með talið forustumanna í sjávarútvegi og fiskvinnslu sem hafa hafnað gengisfellingu, gert það með jákvæðri afstöðu til kjarasamninganna og sagt: Eina leiðin fyrir þessa mjög svo skuldugu atvinnugrein er einmitt þessi: Stöðugleiki, lág verðbólga, lækkun vaxta. Sú lækkun vaxta sem nú þegar hefur tekist, sem er fyrsta skrefið að mínu mati, þýðir tveggja milljarða kr. lækkun útgjalda fyrir atvinnulífið í heild. Hlutfallslega minni fyrir sjávarútveginn vegna þess að bróðurparturinn af lánum sjávarútvegsins eru erlend lán. Það þýðir hins vegar um leið að að verulegu leyti bjó sjávarútvegurinn ekki við sama vaxtastig og ýmsar aðrar atvinnugreinar í landinu. En meginatriðið er auðvitað það að menn eru sammála um að gengislækkun er ekki leiðin og við verðum þá að stuðla að almennum rekstrarskilyrðum eftir þessum almennu leiðum. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að það leysir ekki vanda þeirra fyrirtækja sem eru svo skuldug, með svo þungar drápsklyfjar uppsafnaðra skulda á löngum tíma að þar duga ekki til neinar venjulegar, almennar efnahagsaðgerðir.

Í máli hæstv. sjútvrh. kom fram hvað það er sem gert hefur verið af hálfu núv. ríkisstjórnar til þess að stuðla að því að skapa hér rekstrargrundvöll fyrir sjávarútveginn. Lengingu á lánum hefur verið beitt. Skuldbreytingu hefur verið beitt. Inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn hafa verið stöðvaðar. Menn spyrja: Á ekki að stíga skrefið til fulls og greiða jafnvel út úr sjóðnum? Það er auðvitað mál sem sjútvrh. hefur til skoðunar. Stærsta aðgerðin er að sjálfsögðu hin lága verðbólga, forsendurnar fyrir lækkun vaxta og að færa sjávarútveginum þau tækifæri sem birtast í EES-samningnum sem ekkert hefur verið vikið hér að. Þetta eru almennar aðgerðir. Ef menn hafna gengislækkun, þá geta menn sagt: Eru til einhverjar aðrar sértækar aðgerðir en þessar? Ég hef ekki heyrt þær af vörum stjórnarandstæðinga heldur. Enda er það staðreyndin að miðað við 100 milljarða skuldabagga og þær staðreyndir sem fyrir liggja um það að hvorki almennar aðgerðir né heldur gengislækkun mundu duga til þess að leysa vanda verulegs hluta þessara fyrirtækja, er það skipulagsvandi sem verður að taka á og tekur lengri tíma en ekki skammtímaráðstöfun. Og eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh. að hvort tveggja, að því er varðar veiðar og vinnsluna, búum við þennan skipulagsvanda. Alveg eins og við þurfum að minnka afkastagetu skipastólsins til þess að laga hann að meginstaðreyndinni,

minni afla, þá þurfum við einnig að gera það að því er vinnsluna varðar. Þá mun það verða svo með þau fyrirtæki sem eftir standa að þau hafa betri rekstrarafkomu.

Hv. 1. þm. Austurl. segir að sjávarútvegurinn sé skattpíndur og partur af vandanum sé sú ákvörun núv. ríkisstjórnar að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs skulu seldar á markaðsvirði. Í þessu felst væntanlega sú skoðun að til sé á Íslandi einhvert fyrirtæki sem heitir Sjávarútvegur Íslands hf. En það er ekki svo og það veit hv. þm. allra manna best. Afkoman í sjávarútveginum er mjög misjöfn, ekki bara milli greina heldur einnig milli fyrirtækja. Það vill svo til að innan kvótakerfisins ganga kvótar kaupum og sölum og það eru verulegar fjárhæðir, mun hærri fjárhæðir en hér er um að ræða, sem eru greiddar fyrir kvóta. Það eru fyrirtæki sem hafa afkomu til þess, burði til þess og eru að því. Og þeir sem aðhyllast hvað mest framsal á óveiddum fiski, á veiðiheimildum, ættu ekki að mótmæla því. Eini munurinn í þessu tilviki er sá að það fé sem fyrir þetta fæst fer ekki út úr greininni eins og það gerir í mörgum öðrum tilvikum heldur rennur í almannasjóði.

Hv. þm. vék að útflutningsmálum og spurði: Er það rétt að forsvarsmönnum í SÍF hafi verið gefið loforð um að útflutningsleyfi skyldu ekki undir neinum kringumstæðum vera veitt öðrum aðilum þar til EES-samningurinn er kominn til framkvæmda? Svarið við því er mjög einfalt. Nei, það er ekki rétt. Það sem þeim var sagt var þetta: Þangað til EES-samninguirnn kemur til framkvæmda stendur ekki til að breyta núverandi skipan um einkaleyfi sem er ríkisverndað til SÍF, en það var áskilið að eftir sem áður hefði utanríkisviðskiptaráðuneytið heimildir til leyfisveitinga. Ég vil taka það fram að flestir þeir ráðherrar sem farið hafa með þetta vald, áður í viðskrn. nú í utanríkisviðskiptaráðuneytinu, hafa beitt þeim heimildum en í mjög takmörkuðum mæli. Þegar það var gert á sínum tíma, í minni tíð, var það fyrst og fremst til þess að veita það aðhald sem nauðsynlegt er þegar samkeppni verður ekki við komið. Það aðhald leiddi til þess að einkaaðilinn sem áður hafði látið framleiðendur innan SÍF búa við það að fá ekki uppgjör á útflutningi sínum mánuðum saman, til þriggja, fjögurra mánaða, greip til sérstakra aðgerða til þess að kippa því í liðinn þannig að nú líður mun skemmri tími frá því að vara er afgreidd og hún gerð upp. En óánægja innan SÍF með þetta var slík, auðvitað ekki hvað síst meðan verðbólga var stærra vandamál, að samtökin voru við það að leysast upp. Þetta aðhald sem fólgið er í því að veita slík útflutningsleyfi við sérstök skilyrði hefur þess vegna ekki orðið til ills heldur hefur það þvert á móti haft jákvæðar afleiðingar að mínu mati.

Hafa slíkar leyfisveitingar verið veittar í þeim mæli að þær hafi ruglað markaðinn eða leitt til verðlækkana? Það hef ég heldur betur kynnt mér að undanförnu og svarið við því er nei. Það er í svo litlum mæli og þegar um er að ræða t.d. Spánarmarkaðinn er alveg ljóst að það hefur ekki breytt neinu um verð. Þar geta menn ekki kvartað undan því að verðið sé ekki hátt. Innflytjendur eru líka mjög fáir og hafa með sér samtök. Verðið á saltfiski, t.d. á Barcelona-svæðinu hefur aldrei verið jafnhátt og við getum vissulega fagnað þeim árangri sem náðst hefur í markaðssetningu á saltfiski undir íslensku vörumerki vegna þess að þar er hægt að nefna dæmi um ágætan árangur. Árangurinn birtist í því að verðið á þessari afurð, smásöluverðið, *er nú í sumum tilvikum orðið verulega miklu hærra en* vænsta og besta fyrsta flokks kjöt á markaðnum og margfalt á við samkeppnisvöru eins og t.d. kjúklinga. En það getur verið varasamt í skjóli annars vegar einokunar og hins vegar fákeppni bæði í heildsölu og smásölumarkaði ef verðinu er stillt mjög hátt vegna þess að það þýðir að aðrir útflytjendur, keppinautar, komast þá mjög hæglega og auðveldlega inn á markaðinn undir þessu háa þaki. Staðreyndin er sú að Norðmenn, Danir og í nokkrum mæli Kanadamenn og Færeyingar hafa nýtt sér þessa aðstöðu og bjóða mun lægra verð. Þetta er einfalt skólabókardæmi um það sem getur hent á fákeppnismarkaði en hitt er staðreynd að þau tiltölulega mjög fáu og takmörkuðu leyfi sem veitt hafa verið öðrum aðilum utan SÍF hafa ekki leitt til verðfalls. (**Gripið fram í:** Er það ekki gæðingakerfi?) Öll slík skömmtunarkerfi í höndum stjórnvalda eru út af fyrir sig í mínum augum af hinu illa og væri best að vera laus við þau með öllu. Það er þýðingarmikið að það komi fram eins og reyndar kom fram í svari mínu við fyrirspurn hérna áðan að ég tel að það eigi ekki að vera verkefni stjórnvalda að hlutast til um með hvaða hætti framleiðendur efla með sér samtök, skipuleggja sín markaðsmál, hafa samtök milli fyrirtækja, fyrirtækjanet eða skipuleggja sína markaðs- og sölustarfsemi, það er þeim að sjálfsögðu frjálst að gera og ef það er að bestu manna yfirsýn hagsmunir framleiðenda að gera það með sölusamtökum, þá á það að vera þeim frjálst og ríkið á ekki að skipta sér af því. Munurinn er hins vegar sá hvort þetta á að vera ríkiseinkaleyfi vegna þess að staðreyndin er sú að ef markaður er í sæmilegu jafnvægi og vel er að markaðsmálum unnið þá munu framleiðendur sjálfir sjá hvað þeim er í hag vegna þess að ef einstakir aðilar fara þar fram við undirboðum þá mun það fljótlega koma á daginn að það samrýmist ekki hagsmunum framleiðenda og þeir munu koma í veg fyrir það.

Það er munur á því hvort menn eru þeirrar skoðunar að það sé hlutverk ríkisvaldsins, stjórnvalda að gefa einkaleyfi einstökum aðilum og halda þannig uppi ríkisverndaðri einokun eða hvort framleiðendur sjálfir í sínum frjálsu samtökum komast að þeirri niðurstöðu að það sé þeirra hagur. Menn geta varla t.d. gagnrýnt leyfisveitingar stjórnvalda sem slæmt kerfi en sagt síðan: Einkaleyfi til einhverra lokaðra samtaka er hins vegar ágætt. Hvaða rökvísi er í því? Auðvitað er framtíðin sú að ríkið á ekki að vera með slíkt leyfisveitingarvald og allra síst ef aðrar leiðir eru betri.

Virðulegi forseti. Við höfum fyrr í umræðunni, áður en hv. 1. þm. Austurl. heiðraði okkur með nærveru sinni, farið yfir fjölmarga aðra þætti þessarar umræðu og þá ekki hvað síst um skipulagsvanda sjávarútvegsins til lengri tíma og ég ætla ekki að endurtaka þau

rök. Hins vegar vil ég undir lokin árétta það að engin ástæða er til þess fyrir hv. þm. né aðra þingmenn að væna menn um það að þeir hafi ekki áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins. Hún er slík að menn hafa af henni þungar áhyggjur, bæði stjórnmálamenn og ekki hvað síst forsvarsmenn í greininni sjálfri og það fólk sem við hana vinnur vegna þess að það er alveg ljóst að við stöndum þarna frammi fyrir mjög miklum vanda sem er ekki bara skammtímavandi vegna minni afla eða breytinga á hráefnisverði eða horfum á lægra verði á mörkuðum heldur er þetta uppsafnaður vandi til margra ára sem verður ekki leystur nema með skipulagsbreytingu á grunneiningum greinarinnar. Það er verkefni sem verður ekki unnið með skyndilausnum Það er verkefni sem kallar á víðtæka samstöðu, mikið rétt. Að því er nú unnið kappsamlega af nefnd á vegum stjórnarflokkanna. Stjórnarflokkarir ætla sér ekki að einoka það mál. Þeir þurfa hins vegar eðli málsins samkvæmt að ná samstöðu sín í milli. Það er einnig að störfum fjölmennari nefnd hagsmunaaðila í greininni. Þetta mál mun að sjálfsögðu koma til kasta Alþingis og því fer fjarri að af hálfu stjórnarflokkanna sé slegið á útrétta hönd stjórnarandstöðu ef hún vill leggja hönd á plóginn í þeim umræðum og með jákvæðum tillöguflutningi þegar þar að kemur.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig sannarlega að hæstv. utanrrh. skuli hafa miklar áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins og þykir mér vænt um að hann hefur saknað mín í nokkra klukkutíma í kvöld, en það vill svo til að það hefur komið fyrir að hæstv. utanrrh. hefur ekki heiðrað okkur á Alþingi með nærveru sinni og hafa áreiðanlega oft á tíðum verið fyrir því eðlilegar ástæður og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Það sem hæstv. utanrrh. sagði um gengismál var athyglisvert. Ég lagði fyrir hann einfalda spurningu. Spurningin var þessi: Telur hann að sjávarútvegurinn geti búið við hærra gengi en var þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir í febrúar 1990? Hann svaraði engu um það en sagði að núv. ríkisstjórn hefði það á sinni stefnuskrá að leiðrétta gengið í áföngum. Ég endurtek: Leiðrétta gengið í áföngum. Á hann við að það eigi að leiðrétta gengið í áföngum að því sem það var þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir í febrúar 1990? Hann hefur verið að snúa út úr mínu máli og ekkert um það að segja. Það er ekki í fyrsta skipti sem það gerist hér á Alþingi.

Það er greinilegt að hæstv. utanrrh. kannast við að hafa lofað því að breyta ekki skipan um einkaleyfi. Síðan kemur það aðilum í sjávarútveginum á óvart hvernig utanrrh. túlkar það að hann hefur lofað að breyta ekki skipan um einkaleyfi. Það er alveg ljóst að menn hafa álitið að hann geri það með allt öðrum hætti en hann stofnaði til og það er alvarlegt þegar upp kemur annar eins ágreiningur í erfiðri stöðu og þar kom upp. Ég ætla ekki að fullyrða um það hvort það hefur kallað á verðlækkun. Það voru fullyrðingar annarra en það er mjög alvarlegt mál, hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. vill ekki einoka þetta mál. Gott og vel. Við höfum ekki orðið varir við það, hæstv. utanrrh., að núv. stjórnarflokkar hafi nokkurn áhuga á samstarfi við stjórnarandstöðuna í þessum máli frekar en flestum öðrum málum.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem ég vil aðeins nefna varðandi ræðu hæstv. utanrrh. Hið fyrra er umfjöllun hans um raungengisstig krónunnar. Ég held að hæstv. utanrrh. verði að tala aðeins varlegar þegar hann talar um að það sé fjarstæða og beinlínis röng meðferð talna að bera saman raungengisstigið 1988 og núna. Það er ekki svo fjarri lagi, hæstv. utanrrh., að bera það saman. Staðreyndin er sú að í töflu í nýjustu skýrslu Þjóðhagsstofnunar er það sýnt svart á hvítu að raungengisstigið á öndverðu ári 1992 er hið þriðja hæsta á sl. tíu árum. Aðeins tvisvar sinnum áður frá því fyrir 1980 hefur raungengi krónunnar á mælikvarða verðlags verið jafnhátt. Það er í stuttan tíma um áramótin 1981 og síðan í um eitt og hálft ár á fastgengistímanum frá því kannski skömmu fyrir áramót 1987 og fram á síðustu mánuði ársins 1988. **(Utanrrh.:** Það er kjarni málsins.) Þá var að vísu raungengið hærra þegar hæst var á þeim tíma, en þetta er, hæstv. utanrrh., þriðja hæsta raungengisstig krónunnar í tólf ár og hefur verið hækkandi undanfarna mánuði.

Hitt sem hefur verið fróðlegt að ræða, og verður að gera við betra tækifæri, er skondin lýsing hæstv. utanrrh. á útflutningsleyfamálum sínum þar sem hann talar um aðhaldsaðgerðir, að hafa veitt þessum krötum af og til útflutningsleyfi, sem hæstv. sjútvrh. vísaði út í ystu myrkur og kallaði gæðingakerfi sem væru óþolandi og handahófskenndar úthlutanir á leyfum af því tagi sem hafa valdið óróa á markaðnum og eru að mínu mati, og þar er ég sammála hæstv. sjútvrh., alversta blandan annars vegar af ríkisverndaðri einokun og hins vegar af skömmtunarkerfi til útvalinna manna. Annaðhvort einokun eða frelsi er mikið skárra heldur en þessi hryllilegi kokteill sem við höfum búið við að undanförnu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst staðreyndir um raungengi. Það er staðreynd að tilvísanir manna um samanburð á stöðu raungengis, ég tala nú ekki um á mælikvarða kaupgjalds, einnig á mælikvarða verðlags til ársins 1988 og nú, eru rangar. Síðan er því við að bæta að þegar menn búa við verðbólgustig sem hvílir á sæmilega traustum grunni sem er lægra, meira að segja allverulega lægra en í helstu markaðslöndum okkar þá erum við með forsendur sem geta stuðlað að því að raungengið lækki. Það er það sem ég átti við með orðum mínum um leiðréttingu, þ.e. um lækkun raungengis vegna þeirra forsendna sem nú eru sæmilega traustar. Ég endurtek því það að ályktanir manna að nú sé komið upp sama ástand og 1988 eru bæði af þessum ástæðum og mörgum öðrum ekki raunsæjar.

Að því er varðar það sem menn hafa sagt um leyfisveitingar og dæmigert fyrir hv. þm. Steingrím J. Sig-

fússon — „leyfisveitingar til einhverra krata". Hér er um það að ræða að veitt hafa verið leyfi sem fullnægja ákveðnum skilyrðum, bæði um verðlag, samanburð við verð á mörkuðum, gæði, afsetningu, stundum sérstakar tegundir aðrar en eru á meginmörkuðum. Í engum kringumstæðum er þetta spurning um einhver flokksskírteini. Síðan var ég að skýra frá staðreyndum eftir könnun mála um áhrifin. Það er viðurkennt að þetta leiddi á sínum tíma til þess að SÍF fór að gera miklu fyrr upp við framleiðendur. Það er staðreynd að þetta hefur ekki haft áhrif á hið geysiháa verð sem íslenskir útflytjendur fá á Barcelona-svæðinu sem um var að ræða þannig að þetta er allt saman ekkert annað en dylgjur og ósamboðnar hv. þm. sem og reyndar efasemdir um hvað milli okkar hefur farið. Loforð var aldrei veitt um að utanrrn. hætti slíkum leyfisveitingum. Þvert á móti hafði verið gerð grein fyrir því og sendar almennar reglur, þær kynntar öllum aðilum þannig að það fór aldrei á milli mála og er enginn misskilningur í því að þetta voru skilmálarnir. Ráðuneytið áskildi sér rétt til leyfisveitinga samkvæmt þessum almennu skilmálum en lofaði því að leggja ekki af ríkisverndaða leyfið til SÍF fyrr en í fyrsta lagi að EES-samningarnir væru komnir til framkvæmda.

Halldór Ásgrímsson (andsvar):

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg ljóst að hæstv. utanrrh. skilur þessi samtöl og af því að ég man rétt bréfaskriftir sem áttu sér stað um þessi mál. Ég veit ekki betur en SÍF hafi í höndum bréf frá utanrrn. að því er varðar þetta mál. (**Utanrrh.:** Og reglur.) Það virðist vera að hæstv. utanrrh. leggi allt annan skilning í málið en þeir hjá SÍF og það er það alvarlega í málinu. Af hverju í ósköpunum er ekki hægt að ræða þessi mál þannig að fullur skilingur ríki milli aðila? Felst í orðunum að einkaleyfinu verði ekki breytt, að utanrrh. veiti ýmsum aðilum sérstök leyfi til þess að veita aðhald? Ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh., hvaða rannsóknir fara fram af hans hálfu áður en hann fer í þessar svokölluðu aðhaldsaðgerðir? Það væri fróðlegt að vita hvernig það á sér stað í utanrrn. Og ég vil enn leggja þá spurningu fyrir hæstv. utanrrh. því að hann hefur ekki svarað henni: Telur hann að íslenskur sjávarútvegur geti búið við hærra og hærra raungengi eins og átt hefur sér stað að undanförnu? Þetta eru ekki mjög margar prósentur en það skiptir allt miklu máli því að hér er um háar útflutningstölur að ræða. Hæstv. utanrrh. hefur alls ekki svarað þessari spurningu í umræðunni.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, reyndar. Utanrrh. hefur svarað því. Hann hefur svarað því á þann veg að nú hafi verið sköpuð skilyrði til þess, þar sem verðbólgumunurinn er okkur í hag, að lækka raungengið, lækka muninn í tilkostnaði fyrir innlenda framleiðslu í samanburði við keppinauta þannig að það er ekki út í bláinn. Það eru viss rök fyrir því að raungengið geti lækkað.

Annað mál. Hv. 1. þm. Austurl. reynir enn að koma því orði á þann sem hér stendur að hann sé ekki orðheldinn og standi ekki við orð sín, sagðist reyndar halda að SÍF ætti í höndum sínum eitthvert bréf. Já, SÍF á í höndum sínum eitthvert bréf. SÍF á í höndum sínum bréf þar sem m.a. var gerð grein fyrir því hvaða skilyrðum þeir aðilar yrðu að fullnægja sem utanríkisviðskiptaráðuneytið mundi veita leyfi þannig að það er skjalfest að það fór aldrei á milli mála að ráðuneytið ætlaði að afsala sér leyfisveitingavaldinu. Það þvert á móti setti á blað hvaða reglur það gerði og hvaða skilyrði það setti fyrir slíkum einstökum leyfisveitingum þannig að það fór ekkert á milli mála og það er engin ástæða fyrir neinum misskilningi milli manna.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Forseti. Það væri gaman, vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur verið að tala um fjarvistir manna hér í kvöld, að fá hann til að segja okkur hvar þeir eru, hinir ráðherrarnir sem standa þversum fyrir því að lausn fáist á vanda sjávarútvegsins, hvar þeir eru í kvöld, hvar þeir hafa verið í dag og hvar þeir hafa verið í nótt meðan þessi umræða hefur farið fram. Við söknum þeirra. Þeir skulda okkur svör, hæstv. utanrrh.

Það var einnig rétt að leiðrétta það sem hæstv. utanrrh. sagði og staglaðist á skólabókardæminu sem honum er gjarnt að tala um. Er það skólabókardæmi, hæstv. utanrrh., að það sé leið að hækka vexti og státa svo af því að menn geti lækkað vexti? Það voru aðferðirnar sem þín ríkisstjórn beitti og var þess vegna búinn að koma sjávarútveginum kné. Og vísvitandi fer utanrrh. með rangt mál þegar hann talar um það að sjávarútvegurinn sé svo skuldsettur að hann geti ekki staðið í skilum. Það er rangt. Og það veit hæstv. utanrrh. vegna þess að árið 1990 var sjávarútvegurinn rekinn með hagnaði. 1991 var sjávarútvegurinn rekinn að vísu með tapi upp á 0,5% en það var eftir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar var tekin við og fór að hamra á þessari atvinnugrein. Þetta er það sanna í málinu. Það er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem er að knésetja þessa atvinnugrein.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil fá staðfestingu á því að ég hafi tekið rétt eftir. Hæstv. utanrrh. talaði um að einkaleyfakerfið væri úrelt og hann talaði um að samtök fiskframleiðenda gætu tekið það hlutverk að sér og hann talaði um að þeir hefðu ráð til að taka á þeim mönnum sem væru með undirboð. Mig langar til þess að fá skýringar á því hjá hæstv. ráðherra hvort menn eigi að vera skyldugir til að vera í einhverjum samtökum og hvort hann er að tala um að þessir aðilar, samtök fiskframleiðenda sem hópur eða félag, eigi að hafa einkaleyfi á að flytja út eftir að hið nýja kerfi yrði tekið upp.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði var þetta: Ég tel að það geti ekki verið svo til frambúðar að einstök sölusamtök byggi á ríkisverndaðri einokun, hafi einka-

leyfi frá ríkinu. Ég tel hins vegar að ef hagsmunir framleiðenda eru þeir að þeir telja sér henta á einstökum mörkuðum að hafa með sér sölusamtök sem skila árangri muni þeir lifa af. Þá gætu samtök eins og þau sem hafa haft einkaleyfi í meira en hálfa öld vissulega byggt á því forskoti sem þau hafa og í ljósi árangurs sem þau ná sýnt framleiðendum fram á að þeir hafi hag af því að vera í þessum samtökum. En ég tel það ekki beinlínis vera hlutverk ríkisins að banna öðrum aðilum að spreyta sig á mörkuðum. Það er hins vegar gefið mál að það ræðst af árangrinum. Það er þetta sem ég var að segja. Ég var ekki að tala um að ríkið ætti að veita slíkum sölusamtökum einkaleyfi.

Haft var eftir hæstv. sjútvrh. í umræðunum áðan að hans skoðun væri að markaðsmálin væru það viðamikið verkefni að það væri æskilegt að sölusamtökin sameinuðust jafnvel í stærri einingar og ég var spurður að því hvort ég væri sammála því. Mitt svar við því er að það er ekki verkefni ríkisstjórna að skipa fyrir um það hvernig framleiðendur haga slíkum samtökum. Það er mál þeirra sjálfra og á ekki að vera verkefni ríkisins. Verkefni ríkisins á vera að skapa útflutningsgreinum okkar sambærileg starfsskilyrði, gera þær samkeppnisfærar, skapa þeim markaðsaðgang, tryggja að þær hafi ekki lakari aðgang að helstu mörkuðum en keppinautar. Það er meginverkefni ríkisvaldsins.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við lok umræðunnar vil ég sem fyrsti þingmaður í hópi þeirra sem báðu um skýrslu um afstöðu ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins þakka fyrir umræðuna og láta í ljósi þá skoðun að ég tel að hún hafi verið nauðsynleg og mjög gagnleg. Og er nú til umhugsunar fyrir stjórn þingsins hve réttmætt það var hjá okkur að knýja á um þessa umræðu.

Í henni hefur komið skýrt fram, ég verð að segja því miður, að ríkisstjórnin hefur ekki neina stefnu hvað snertir þann 4 milljarða hallarekstur sem blasir við í sjávarútvegi á þessu ári. Það hefur komið skýrt fram hjá hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að í þessu efni ætlar ríkisstjórnin ekki að aðhafast neitt. Í bráðavanda sjávarútvegsins á Íslandi, sem forustumenn sjávarútvegsins lýsa sem risavöxnum vanda á næstu mánuðum, hefur komið skýrt fram hér í kvöld að hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að gera neitt.

Í öðru lagi hefur komið fram að hæstv. forsrh. hefur ekki hugmynd um hver sjávarútvegsstefna ríkisstjórnarinnar verður á næsta ári. Hæstv. forsrh. hefur ekki hugmynd um hver er eða verður stefna ríkisstjórnarinnar í fiskveiðistjórnun eða framtíðarskipulagsmálum veiða á Íslandi. Hann hefur hins vegar sagt að það sé góður andi í ríkisstjórninni og þar séu menn ekki undirförlir og hann vonist þess vegna til að komast út úr þessu, annað ekki. Eftir þessa löngu umræðu hér hefur þannig hvorki ríkisstjórnin né þjóðin hugmynd um hver stefna ríkisstjórnarinnar í skipulagsmálum sjávarútvegsins á Íslandi er.

Í þriðja lagi hefur komið fram í umræðunum að ríkisstjórnin hefur viðurkennt að um 100 millj. kr. skuldasöfnun hefur átt sér stað í sjávarútveginum. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar hafa ekki fengist nein svör frá hæstv. ráðherrum um það hvernig þeir sjá að hægt verði að greiða þær skuldir. Þeir hafa verið spurðir að því hvort greinin eigi að greiða skuldirnar út frá núverandi rekstrargrundvelli sem ríkisstjórnin hefur búið til. Ekkert svar. Þeir hafa verið spurðir að því hvort grípa eigi til einhverra sértækra aðgerða til þess að greiða niður skuldirnar. Ekkert svar. Sé umræðan þess vegna lögð saman, þá er niðurstaða hennar sú að hæstv. ríkisstjórn hefur skilað auðu hvað snertir lausn á bráðavanda sjávarútvegsins. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki hugmynd um hvaða fiskveiðistefna verði ríkjandi á næsta ári og getur engu svarað um það hvernig eigi að glíma við 100 millj. kr. skuldasöfnun í sjávarútvegi. (**Gripið fram í:** Milljarða.) 100 milljarða kr. skuldasöfnun í sjávrútvegi. Í ljósi þess að sjávarútvegurinn er grundvöllur íslenska hagkerfisins er auðvitað ærið merkilegt að ríkisstjórn sem tekur sjálfa sig alvarlega skuli skila auðu í þessum umræðum þannig að þinginu lýkur í vor, þjóðin heldur út í sumarið og aðstandendur sjávarútvegsins horfa framan í vandamálin án þess að fá í raun og veru nein svör í þessum efnum.

Það hefur líka vakið athygli mína að þrátt fyrir vasklega framgöngu í ræðustólnum hvað eftir annað í kvöld til þess að etja kappi við hv. þm. Halldór Ásgrímsson svaraði hæstv. utanrrh. ekki einu orði því sem að mínum dómi var þó grundvallarspurning og hv. þm. Halldór Ásgrímsson bar fram. Hún var þessi: Alþfl. hefur sett á oddinn nýja skipan fiskveiðistjórnar með kvótasölu og veiðileyfagjaldi. Látum liggja milli hluta hvort menn eru sammála eða ósammála þessu kerfi. En allir þeir hagfræðingar og sérfræðingar sem fjallað hafa um málið á undanförnum mánuðum hafa bent á að það væri ekki hægt að koma slíkri stefnu á nema með verulegri gengisfellingu um leið. Með öðrum orðum, hæstv. utanrrh., marktækir hagfræðingar og sérfræðingar í efnahagsmálum hafa bent á þá staðreynd að fiskveiðistefna Alþfl. gengur ekki upp nema með verulegri gengisfellingu. Nú segir hæstv. utanrrh. hins vegar: Gengisfelling er það vitlausasta sem menn geta lagt til. Ef mark er tekið á hinum fræðilegu kenningum og þeim mönnum sem eru helstir bandamenn Alþfl. í þessari orðræðu á opinberum vettvangi, þá er hæstv. utanrrh. um leið og hann kategóríska hafnar gengisfellingu með þeim hætti sem hann hefur gert ítrekað í kvöld að lýsa því yfir með óbeinum hætti að það sé enginn grundvöllur í íslenskum sjávarútvegi til að koma fiskveiðistefnu Alþfl. á. af því að sjávarútvegurinn og hagkerfið þoli ekki þá gengisbreytingu sem er hin fræðilega og efnahagslega forsenda veiðileyfagjaldsins og kvótasölukerfisins. Það eru auðvitað líka nokkuð merkileg tíðindi. Það verður þá ekki vandamál að ná saman í fiskveiðinefndinni ef Alþfl. er hættur við vegna þess að forsendan, gengisfellingin, komi ekki til greina. Að mínum dómi hefur enginn marktækur hagfræðingur komið fram á síðustu mánuðum og treyst sér til þess að rökstyðja að hægt sé að koma þessu kerfi Alþfl. á án þess að fella gengið. Og það hefur meira segja af ýmsum þeirra verið talinn

helsti kostur þessara tillagna Alþfl. í fiskveiðistjórnun að með þeim væri í leiðinni hægt að leiðrétta rekstrarstöðu iðnaðarins og skapa útflutnings- og samkeppnisiðnaðinum hagstæðari rekstrargrundvöll með því að breyta genginu sem um langa hríð hefur verið iðnaðinum og samkeppnisgreinunum í óhag.

Ég vildi þess vegna vekja athygli á því að þessari spurningu og athugasemd svaraði hæstv. utanrrh. ekki og kannski skiljanlega vegna þess að með málflutningi sínum um gengismálin í kvöld var hann í reynd að kippa stoðunum undan því að fiskveiðistefna Alþfl. gæti verið á dagskrá með alvarlegum hætti á næstu missirum og árum. Hún gæti að vísu verið á dagskrá sem teoría, fyrir klappliðið á flokksþinginu í næsta mánuði, sem hefðbundinn kafli í áramótagrein formannsins í Alþýðublaðinu og við og við í útvarpsumræðum en hún verður hvergi á dagskrá þar sem menn taka hvern annan í alvöru. Það er kjarni málsins. Þannig að hæstv. utanrrh. situr bæði uppi með búvörusamninginn og stefnu Halldórs Ásgrímssonar í sjávarútvegsmálum, hvort tveggja líklega allt kjörtímabilið. Það er eðlilegt að hæstv. utanrrh. sé pínulítið uppsigað við hv. þm. Halldór Ásgrímsson og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon vegna þess að þessir tveir fyrrv. ráðherrar minna ráðherrann óþyrmilega á að það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, meira að segja og að öllum líkindum allt þetta kjörtímabil.

Rétt er svo að geta þess í leiðinni að það erum ekki við í stjórnarandstöðunni sem höfum fundið upp það hugtak að vinnubrögð hæstv. utanrrh. í leyfaveitingum séu geðþóttaúthlutanir. Við eigum ekki höfundaréttinn á því hugtaki, þeirri nafngift, þeim stimpli og alveg óþarfi fyrir hæstv. utanrrh. að vera að agnúast út í okkur fyrir það. Höfundurinn að þessari einkunnagjöf í garð hæstv. utanrrh. er hæstv. sjútvrh. sem flutti hana á aðalfundi Íslenskra sjávarafurða nú nýverið þar sem hann fór satt að segja heldur háðuglegum orðum um þetta kerfi utanrrh. eins og lesa má í Morgunblaðinu 1. maí sl.

Ég vona að hæstv. utanrrh. skili því til forsrh. í tilefni af vaxtaræðu forsrh. sem var á þann veg að enn ætti að halda sig við markaðinn, hann var ekki horfinn frá því að halda sig við markaðinn í vaxtamálum, að Landsbankinn heldur því fram og ég held að það sé rétt hjá Landsbankanum, að hann hafi lækkað vexti sína til jafns við lækkun vaxta ríkisbréfa á markaði hæstv. ráðherra. Ekki lækkun ríkisbréfa eins og þau eru tilkynnt í fjmrn. heldur á eftirmarkaðinum. Það er auðvitað vandinn í þessu máli að Landsbankinn getur með réttu haldið því fram að hann sé nú þegar búinn að lækka vextina jafnmikið og vextirnir á ríkispappírnum hafa lækkað að dómi markaðarins og þegar hæstv. forsrh. er svo að heimta meira eins og hann er búinn að gera í fjölmiðlunum undanfarna daga, þá er hann með handafli að krefjast þess að vextirnir verði lækkaðir vegna þess að markaðurinn hefur sagt að sú vaxtalækkun sem Landsbankinn hefur nú þegar framkvæmt dugi. (**Sjútvrh.:** Er þingmaðurinn ekki ánægður með það?) Ég var ekki að lýsa neinni gildisafstöðu í því máli, hæstv. sjútvrh., ég var bara að lýsa staðreyndum. Það vill nú svo til að þegar menn eru að horfa á aðgerðir markaðarins í vaxtamálum, þá er hægt að skoða staðreyndir. Og aðgerðir markaðarins í vaxtamálum eru þær að lækkun á ríkispappírunum var 0,7%, ef ég fer rétt með. Lækkunin í Landsbankanum var líka 0,7% þannig að Landsbankinn hefur akkúrat fylgt markaðnum. Því geta þeir haldið fram með réttu og það er þess vegna sem ég sagði: Hæstv. forsrh. er að gera nákvæmlega það sama og hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson gerði „gang på gang" og var hæddur fyrir af Sjálfstfl. í þingsölum bæði fyrir og eftir myndun núv. ríkisstjórnar, að biðja um meiri vaxtalækkun en markaðurinn hefur ákveðið og láta framkvæmdastjóra Sjálfstfl. setjast í oddvitasætið í bankaráði Landsbankans og lækka vextina meira í samræmi við óskir hæstv. forsrh. Ég veit ekki hvort hægt er að hafa meira handafl eða flokksræði í vaxtamálum en framkvæmdastjóri flokks forsrh. taki að sér að framkvæma óskir hans í bankaráði Landsbankans.

Að lokum fagna ég því, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. hefur húmor til þess að ávíta menn fyrir slæma mætingu í þinginu. Batnandi mönnum er best að lifa og sýnir það að honum er ekki alls varnað og enn lifir nú dálítið í gömlum glæðum. Ég vona að það verði til þess að við fáum oftar að eiga við hann orðastað því það er nú einu sinni svo að þegar hann tekur sig til munar dálítið um hann í stjórnarliðinu þannig að ég hef í kvöld ekkert saknað hinna sem setið hafa heima.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef málfundaæfing hv. 8. þm. Reykn. þar sem hann dregur saman niðurstöður umræðunnar með þeim hætti sem hann gerði er rétt lýsing á inntaki og niðurstöðum umræðunnar, þá sannar það öfugt við það sem hann sagði að umræðan er algerlega marklaus og vonlaust að eiga orðastað í alvöru um alvarleg mál við hv. þm. Eftir að hæstv. sjútvrh. hefur greint rækilega frá ástæðum á vanda sjávarútvegsins til skamms tíma, eftir að hann hefur farið rækilega yfir það hvað ríkisstjórnin hefur gert, bæði í sértækum aðgerðum og almennum aðgerðum, þá segir hv. þm.: Umræðan hefur leitt í ljós að ríkisstjórnin hefur ekki nokkurn skapaðan hlut um málið að segja. Síðan bætir hann við: Og svo sannar þetta allt saman að stefna Alþfl. í sjávarútvegsmálum er svo vitlaus að hún er ekki á dagskrá út þetta kjörtímabil og ég veit ekki hvað og hvað og kallar hana svo, þá stefnu, að halda uppi sölu á kvótum. Allt er þetta með miklum endemum.

Það er alveg rétt að umræðan hefur snúist um vanda sjávarútvegsins til skamms tíma. Við höfum eytt nokkrum tíma í að ræða langtímavanda hans, skipulagsvanda og skuldastöðu hans og höfum sagt: Þau vandamál verða ekki leyst nema á löngum tíma. Þau kalla á skipulagsbreytingu í sjávarútveginum og þeir menn eru nú reyndar margir í flokki hv. þm., Alþb., sem eru okkur sammála um það. Þau mál hafa hins vegar ekkert verið á dagskrá í umræðunni og t.d. sá orðaleikur að hugmyndin um að koma á gjaldtöku fyr-

ir veiðileyfi í áföngum á löngum tíma sem er boðuð stefna Alþfl. geti ekki gerst nema því fylgi jafnhliða leiðréttíng á gengi og segja síðan að þeirri stefnu verði bara alls ekkert komið á, hvorki á þessu kjörtímabili eða nokkurn tíma, er náttúrlega fjarstæða, áróðursleikur, málfundaæfing sem þarf ekkert flokksþing til en er ósamboðin hv. málshefjanda og fjarstæðukennd þegar hann er búinn að þakka mönnum fyrir að hafa átt við hann orðastað sem menn gerðu af alvöru vegna þess að ef menn ætla sér að draga saman niðurstöður umræðunnar með þessum hætti er það bara til þess að segja: Þessar málfundaæfingar eru ómerkilegar og einskis virði.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að þetta komi dálítið illa við hæstv. utanrrh. Fyrst seinna atriðið. Ég sagði einfaldlega að allir þeir fræðimenn sem hafa tjáð sig um málið á undanförnum missirum hafa bent á að gengisbreyting sé forsenda þess að hægt sé að koma á veiðileyfagjaldi eða kvótasölukerfi, hvaða nafni sem við köllum það, í sjávarútvegi á Íslandi. Hæstv. utanrrh. getur ekki hrakið það hér. Þegar hann fer svo mikinn í ræðustól um það hve gengisbreyting sé fáránleg aðgerð í íslensku efnahagslífi nú og þá væntanlega einnig á næstu missirum að óbreyttum aðstæðum hlýt ég einfaldlega að draga þá ályktun að sú forsenda sem fræðimenn hafa bent á sem nauðsynlega sé að dómi hæstv. utanrrh. óframkvæmanleg. Hæstv. ráðherra má kalla það málfundaæfingar ef hann vill. Mér finnst það ekki samboðið honum, svo ég noti hans orðalag. Má ekki taka inn niðurstöður fræðimanna í umræðunni, leggja þær saman við niðurstöður utanrrh. og fá út rökrétta útkomu? Ég tek hins vegar eftir því að ráðherrann er allt í einu kominn með orðalagið að þessa stefnu Alþfl. eigi kannski að taka upp í áföngum á löngum tíma. (**Utanrrh.:** Það stendur í stefnuskrá Alþfl.) Ef það stendur í stefnuskránni, gott og vel. Þá er þetta kannski eitthvað sem á að koma eftir nokkur kjörtímabil, látum það vera. Þetta sem gert er varðandi Hagræðingarsjóðinn í ár er kannski fyrsti áfanginn.

Virðulegi forseti, ég skal ljúka máli mínu. Það sem ég sagði um niðurstöður þessara umræðna var um það sem sneri að framtíðinni. Ég var ekki að draga saman niðurstöðu varðandi það sem sagt hefur verið um fortíðina, langtímaþróun í sjávarútvegi o.s.frv. heldur að draga saman niðurstöður varðandi stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh. Og ástæðan fyrir því að ég gerði það var að það var eitt af þeim meginatriðum sem spurt var um í þeirri skýrslubeiðni sem hér liggur til grundvallar umræðunni, hæstv. utanrrh. Ég vænti þess að ráðherrann hafi lesið þá skýrslubeiðni.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera alvarlega athugasemd við það sem hv. 8. þm. Reykn. sagði en ég þarf þess út af fyrir sig ekki vegna þess að utanrrh. hefur skýrt mál sitt betur. Hann hefur sagt að það standi ekki til að mæta veiðileyfagjaldi í sjávarútvegi með neinni tekjuleiðréttingu eða t.d. gengisbreytingu eins og allir hagfræðingar halda fram. Hæstv. utanrrh. sagði í Alþýðublaðinu um síðustu áramót að breytingin á Hagræðingarsjóðnum sé fyrsti vísir að komandi veiðileyfagjaldi. Hann hefur jafnframt sagt að það sé fráleitt að ekki sé hægt að stíga frekari skref í þessu efni á kjörtímabilinu þótt hann tali um langan tíma.

Hér kemur afar skýrt fram að það er ætlun Alþfl. að skattleggja sjávarútveginn enn frekar. Það er helsta framlag flokksins til að hjálpa til við að greiða niður 100 milljarða kr. skuld. Og hver er útkoman? Vaxandi gjaldþrot með tilheyrandi afleiðingum. Þessi kenning Alþfl. gengur að sjálfsögðu ekki upp og það er mjög alvarlegt að hæstv. utanrrh. skuli koma og staðfesta það sem marga grunaði að það er ekki ætlun Alþfl. að fara eftir kennisetningum hagfræðinganna heldur aðeins að nota annan partinn af henni. Þeir ætla sem sagt að nota debet-hliðina en kredit-hliðin á hvergi að vera.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó ég vilji ýmislegt gera fyrir fornvin minn, hæstv. utanrrh., þá er mér ógerlegt að svara fyrir hann í þessu andsvari þó að það væri kannski efnislega rétt en þingsköpin leyfa það bara einfaldlega ekki að hann komi upp og svari fyrir sig. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson kaus að nýta sér andsvar gegn ræðu minni til að flytja þessa lýsingu á afstöðu hæstv. utanrrh.

Ég er reiðubúinn til að samþykkja að það sé rökrétt hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að á því dæmi, sem ég var að leggja saman, annars vegar málflutning fræðimanna um gengisfellingu sem forsendu veiðileyfagjalds og hins vegar þá afstöðu utanrrh. um að gengisfelling kæmi alls ekki til greina, er auðvitað til önnur lausn en sú sem ég lýsti sem minni lausn, þ.e. að þá yrði veiðileyfagjaldinu ekki komið á. Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það er til önnur lausn á þessu dæmi og það er einfaldlega að auka skattbyrðina og álögurnar á sjávarútveginn sem slíkan, breyta ekki genginu en taka upp veiðileyfagjaldið og þar með láta útgjöld sjávarútvegsins aukast allverulega án þess að nokkrar nýjar tekjur komi þar á móti. Það er rétt. En það væru auðvitað mikil tíðindi ef hæstv. ríkisstjórn næði saman um þá stefnu að stórauka skattbyrðar sjávarútvegsins á næstu missirum og árum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnum tilefnum er rétt að menn meðtaki guðspjallið nákvæmlega en það hljóðar svo: „Alþfl. telur koma til álita að þessar breytingar á fiskveiðistjórn og rekstrarskilyrðum verði gerðar á alllöngum tíma, t.d. á næstu tíu árum."

Hér er verið að marka langtímastefnu um breytingar á fiskveiðistjórnun og stefnu í sjávarútvegsmálum í heild sinni. Þá fer ekki á milli mála að samhliða upp-

töku veiðileyfagjalds, sem Alþfl. er meðmæltur, telur Alþfl. nauðsynlegt að gera samhliða ráðstafanir í almennum rekstrarskilyrðum, þar með talið í gengismálum. Þetta er sett í það samhengi að við erum hér að boða stefnu sem er ekki kollsteypa, sem er unnt að framkvæma á löngum tíma, eins og hér segir, allt að einum áratug. Svo stór er vandinn. Ég bendi á að hv. þm. hafa ekki lagt mikið fram í umræðum um það hvernig eigi að leysa skipulagsvanda í sjávarútveginum. Ályktanir beggja hv. fræðimanna sem hér hafa talað, prófessors dr. Ólafs Ragnars og hv. 1. þm. Austurl., eru báðar rangar. Ég vísa mönnum bara í textann.

Jón Helgason:

Herra forseti. Í framhaldi af því sem hv. 8. þm. Reykn. sagði um þá niðurstöðu sem komið hefur fram í umræðunum vil ég bæta því við að mér sýnist að niðurstaðan sé sú að á næstu vikum og mánuðum geti sjávarútvegurinn ekki búist við því að hans staða verði bætt. Hvort sem hallinn er 8% á frystingu, 8% á söltun eða 10% eða 3,5% að meðaltali er augljóst að það muni halda áfram að hlaðast þungar byrðar á íslenskan sjávarútveg, fiskvinnsluna sérstaklega. Hæstv. utanrrh. hefur sagt að það sé augljóst að sum fyrirtæki, hann skilgreindi ekki hvað mörg, muni ekki geta ráðið við sínar skuldir og að sjálfsögðu mun þeim fara fjölgandi hvort sem talan fer upp í 60%, eins og hæstv. sjútvrh. sagði fyrr á þessu ári.

En hverjar verða þá afleiðingarnar? Þær verða gjaldþrot og á hverjum bitna þau? Þau bitna að sjálfsögðu á eigendunum sem glata öllu sínu, fyrirtækjunum og sjálfsagt mörgum sem eru með ábyrgðir kringum þau. Þau bitna á þeim byggðarlögum þar sem þessi fyrirtæki eru undirstaða atvinnulífsins og síðan bitna þau á lánastofnunum. Þá kemur okkur kannski fyrst í hug Landsbanki Íslands sem segir nú að hann geti ekki lækkað vexti vegna þess hvað hann er búinn að lána mikið til atvinnuveganna og þurfi að taka á sig mikil áföll vegna gjaldþrota þar. Það er augljóst að það mun ekki draga úr þeim heldur mun þeim þvert á móti fjölga m.a. vegna þeirra byrða sem ríkisstjórnin hefur lagt á sjávarútveginn eins og hér hefur verið margítrekað. Það er sem sagt stefna ríkisstjórnarinnar að Landsbanki Íslands og aðrar lánastofnanir væntanlega eigi að stórum hluta að standa undir hallarekstri sjávarútvegsins í staðinn fyrir að ríkisstjórnin létti byrðunum af og bæti rekstrarstöðuna. Það er því erfitt að skilja að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar stuðli að lækkun vaxta. Það stangast á við það sem stjórnendur Landsbankans segja. Þeir segja þvert á móti: Hin erfiða staða atvinnufyrirtækjanna veldur því að við getum ekki lækkað vextina.

Því miður sýnist mér því að þessi umræða hafi ekki gefið miklar vonir um að það muni birta til í íslenskum sjávarútvegi á næstu vikum og mánuðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir atvinnuveginn, byggðarlög og þjóðarbúið.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það getur komið sér vel að hafa ævinlega handhæga kosningastefnuskrá Alþfl. og jafnvel Sjálfstfl. líka. Ég vil í lokaorðum taka undir það mat sem fram kom í ræðu hv. 8. þm. Reykn. á niðurstöðum þessarar umræðu hvað varðar svör frá fulltrúum hæstv. ríkisstjórnar. Þannig vill til að ég er farinn að kunna nokkuð vel þessa kosningastefnuskrá, Ísland í A-flokk, og ég vil gjarnan lesa aðeins meira úr þeim kafla sem fjallar um sjávarútvegsmál og koma þar að atriði sem hæstv. utanrrh. hljóp yfir en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samhliða veiðigjaldinu telur Alþfl. nauðsynlegt að ráðstafanir í almennum rekstrarskilyrðum sjávarútvegs, þar með í gengismálum, komi í veg fyrir að gjaldtakan jafngildi skattlagningu á útveginn. Þannig væri mikilvægum áfanga náð í því að jafna starfsskilyrði innlendra atvinnuvega, t.d. innan sjávarútvegsins milli veiða og vinnslu og milli sjávarútvegsins og iðnaðarins."

Þetta stendur í kosningastefnuskrá 1991. Alþfl., Ísland í A-flokk á bls. 24. (Gripið fram í.) Það er ljóst að Alþfl. eða þeir sem hafa samið þessa kosningastefnuskrá, og væntanlega hefur flokkurinn samþykkt hana með einhverjum formlegum hætti, hafa komist að þeirri niðurstöðu og birt opinberlega að veiðileyfagjald verði ekki upp tekið öðruvísi en að skapa útgerðinni tekjur á móti þeim útgjöldum sem veiðileyfagjaldið kallar á. Það er ósköp eðlileg niðurstaða manna sem velta þessum málum fyrir sér að það dugi lítt að bæta við útgjöldum ef menn gera ekki jafnframt tillögur um að auka tekjur.

Sjálfstfl. gerði sína kosningastefnuskrá líka og reyndar var það landsfundarsamþykkt sem hann setti fram í kosningabaráttuna þó svo hæstv. utanrrh. hafi sagt að þessi flokkur, sem hann líkti við mexíkanskan bófaflokk, hafi skilað auðu í kosningabaráttunni, þá skilaði hann samt bók upp á einar 43 blaðsíður. Það vekur athygli mína að í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram hefur ýmislegt af því sem Sjálfstfl. lagði áherslu á ekki verið nefnt af hálfu hæstv. sjútvrh. eða talsmanna Sjálfstfl., það atriði sem þeir hefðu í huga í náinni framtíð í aðgerðum eða við endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Ég vil t.d. nefna og minna hæstv. sjútvrh. á að hér stendur á bls. 29, í kaflanum um sjávarútvegsmál, með leyfi forseta:

„Forkaupsréttur aðila innan sama sveitarfélags varðandi sölu á veiðiheimildum verði tryggður svo sem unnt er."

Þetta atriði hefur hæstv. sjútvrh. ekki nefnt sem innlegg inn í stefnumarkandi umræðu og væntanlega stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskveiðimálum eða fiskveiðistjórn.

Hér stendur einnig, með leyfi forseta, og geta menn nú séð efndirnar því að það er þegar komið fram: „Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins verði lagður niður og við hlutverki Úreldingarsjóðs fiskiskipa taki aldurslagatrygging sem úthlutar fjármagni gegn mótframlagi úr ríkissjóði." Það stendur hér, virðulegi forseti, „gegn mótframlagi úr ríkissjóði" og áðurnefndum

tekjustofnum. „Fiskvinnslunni verði heimilað að mynda eigin sveiflujöfnunarsjóði án þátttöku launþega en Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verði lagður niður.“ Þetta er bara heilmikið. Flokkurinn hefur sjútvrh. og hann hefur forsrh. og hann hefur fjmrh. Hann hefur öll tök á málinu. Hver var það sem þvældist fyrir stefnu Sjálfstfl., landsfundarsamþykkt Sjálfstfl.? Var það hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, sem braut á bak aftur þessa yfirlýsingu landsfundar Sjálfstfl.?

Þó að hér sé eitt atriði, sem ekki hefur beinlínis tengst þessari umræðu, vil ég gjarnna minna á það af því að það hefur verið þó nokkuð rætt og tengist sjávarútvegsmálum. Við skulum ekki gleyma því að það eru menn sem starfa að sjávarútvegsmálum, sjómenn. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. telur að Landhelgisgæsla og öryggismál sjómanna hafi setið um of á hakanum hjá núv. ríkisstjórn og að áform um kaup á nýrri og stærri björgunarþyrlu með afísingarbúnaði beri að hrinda undanbragðalaust í framkvæmd.“ Þar höfum við það.

Síðan er eitt atriði enn varðandi sjómennina því að það er aldrei of vel um það hugsað. Hér stendur, með leyfi forseta: „Virðisaukaskattur af flotbúningum verði felldur niður.“

Ýmislegt er nú það sem flokkarnir láta frá sér fara um sjávarútvegsmál og hagsmuni þeirra sem að þeim málum vinna og svo merkilegt er að báðir þessir flokkar, og þó sérstaklega Sjálfstfl., hafa haft mjög góð tök á því að koma þessum málum í framkvæmd sem ég hef verið að vitna hér til. En ýmist hafa menn látið það ógert eða unnið hið gagnstæða svo það er náttúrlega ekki rétt hjá hæstv. utanrrh. að Sjálfstfl. hafi skilað auðu. Það var kannski ekki auður seðillinn sem hann skilaði. Það stóð allt annað á honum en menn héldu, það er önnur saga. Það segir svo dálítið um stefnufestu hæstv. utanrrh. að hann skuli kaupa þetta og velja sér slíkan flokk sem samstarfsaðila.

Að lokum, eftir stendur ómótmælt og allir eru sammála um það: Greinin skuldar mikið. Hún skuldar meira en árstekjur sínar. Greinin er rekin með tapi og ekkert útlit er fyrir að það tap hverfi. Ekkert gefur okkur ástæðu til þess að ætla að útgjöld muni lækka svo að um muni upp í þetta tap eða tekjur muni aukast að sama skapi. Við stöndum því frammi fyrir mjög erfiðri stöðu í sjávarútvegi. Við höfum því miður ekki heyrt nein úrræði frá hæstv. ríkisstjórn sem hún hyggst grípa til á næstu mánuðum svo við erum í raun og veru í þeirri stöðu sem menn voru í vorið 1988 þegar útgjöld í atvinnugreininn voru meiri en tekjur og menn tóku ekki ákvarðanir til þess að koma þar jafnvægi á. Sama staða er uppi núna og enn fáum við engin svör um ákvarðanir eða ráðstafanir sem ríkisstjórnin ætlar að grípa til til þess að jafna muninn milli tekna og gjalda.

143. FUNDUR

miðvikudaginn 13. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 12. maí 1992:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska eftir því að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.“

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er því boðinn velkominn til starfa að nýju.

Um þingsköp.

Svör við skriflegum fyrirspurnum.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mjög fer að styttast þetta þinghald og einungis fáir dagar eftir áður en áformað er að ljúka reglubundnu þinghaldi þennan vetur. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vekja athygli forseta á því að ég hef enn ekki fengið svar við þremur skriflegum fyrirspurnum sem ég lagði fram fyrir allnokkru. Það er í fyrsta lagi fsp. til hæstv. fjmrh., um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfi, sem ég lagði fram þann 17. mars. Það er í öðru lagi fsp. til hæstv. menntmrh., um innheimtu og ráðstöfun sérstaks eignarskatts, sem ég lagði einnig fram 17. mars. Og það er í þriðja lagi fsp. til hæstv. viðskrh., um vaxtakjör og þjónustugjöld banka og sparisjóða, sem ég lagði fram 25. mars.

Það er áskilið í þingsköpum að skriflegt svar við skriflegri fsp. skuli berast innan 10 virkra daga frá því að hún var lögð fram. Ég hef allan skilning á því að ekki sé ævinlega hægt að standa við þau tímamörk til fullnustu og geri því ekki athugasemdir við þó lengri tími líði en hitt vil ég láta koma fram, virðulegur forseti, að mér þykir það vera orðinn ærið langur tími þegar menn eru komnir jafnvel upp í fjórfaldan þennan tíma.

Ég vil því inna hæstv. forseta eftir því hvað líði svörum við þessum fyrirspurnum og bendi á að ein þessara fyrirspurna hafði áður verið lögð fram í nál. efh.- og viðskn., nokkru fyrir 17. mars, þar sem óskað var sömu upplýsinga, en þær upplýsingar höfðu ekki borist nefndinni þegar 3. umr. þess máls fór fram sem um var rætt. Því lagði ég fram þessa fyrirspurn

þannig að aðdragandinn sem er að því að biðja um þær upplýsingar sem ég hef beðið hæstv. menntmrh. um er miklu lengri en sá dagur gefur til kynna, 17. mars, þegar ég lagði fram þessa fyrirspurn.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Varðandi þessa fsp. um álagningu og ráðstöfun sérstaks eignarskattsauka vil ég segja það að svarið er tilbúið í ráðuneytinu og hefði nú átt að vera komið fram sem þingskjal. Mér þykir leitt að þetta hefur dregist. Upplýsingar í þessu máli lágu ekki allar fyrir í menntmrn. þurfti að leita til fjmrn., en það hefur orðið á þessu óþarfa dráttur. En svarið er sem sagt farið úr ráðuneytinu og hlýtur að koma fram sem þskj. í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun láta kanna hvað líður þeim skriflegu svörum frá hæstv. fjmrh. og viðskrh. sem hv. 5. þm. Vestf. gerði að umtalsefni. Verður þá væntanlega hægt að upplýsa það síðar ef svör hafa ekki borist.

Jarðasjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 920).

Brottfall laga nr. 2/1917, frh. 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (bann við sölu og leigu skipa úr landi). — Þskj. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, HBl, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 921).

Lax- og silungsveiði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 466. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 893.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 922).

Samningur um réttindi barna, frh. síðari umr.

Stjtill., 513. mál. — Þskj. 828, nál. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 923).

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 185. mál. — Þskj. 204, nál. 898, brtt. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 899 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

2 þm. (FrS, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FrS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JGS, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 924).

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 442. mál (ávöxtun á fé, stigaútreikningur, verðtrygging o.fl.). — Þskj. 700, nál. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JHall, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

20 þm. (AÓB, EH, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, ISG, JBH, JónS, KSG, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

18 þm. (AÓB, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, HG, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 754.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Ríkisreikningur 1989, frh. 2. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 82, nál. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

16 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, GunnS, HÁ, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, EGuðn, EKJ, FI, GÁ, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo stendur á um 9. og 10. dagskrármál, frumvörp frá heilbr.- og trn., að þau eru of seint fram komin skv. 2. mgr. 36. gr. þingskapa, þ.e. þeim var útbýtt eftir 1. apríl. Til þess að þau megi koma til meðferðar þarf því samþykki meiri hluta þings. Ef enginn hreyfir andmælum mun forseti nú láta greiða atkvæði um það í einu lagi hvort frumvörpin megi koma til meðferðar, þ.e. bæði 9. og 10 dagskrármálið, frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð, 528. mál, og frv. um Atvinnuleysistryggingar, 529. mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Samþykkt með 45 shlj. atkv. að frv. verði tekin til meðferðar og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, EKJ, FI, GHelg, HÁ, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Afgreiðsla stjórnarfrumvarpa fyrir þinglok.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að það hefur verið gert ráð fyrir því að þingstörfum ljúki á þriðjudaginn kemur. Mér sýnist að mál séu að þróast með þeim hætti að stjórnarandstaðan fái óvenjulega lítið afgreitt af málum miðað við það sem hefur verið á undanförandi þingum sem er út af fyrir sig ekki staðfesting á neinu öðru en því að stjórnarliðið núna beitir óvenjulega harkalegum vinnubrögðum gagnvart stjórnarandstöðunni.

Það er mér þó ekki efst í huga á þessari stundu heldur hitt að fyrir þinginu liggja stjórnarfrv. sem hafa ekki fengist afgreidd eða tekin fyrir í nefndum að ég best veit með eðlilegum hætti en mér er þó kunnugt um að er full samstaða um. Ég kveð mér hljóðs til að ýta á eftir því að þessi stjfrv. verði afgreidd, þ.e. annars vegar frv. til laga um vernd barna og ungmenna sem ekki hefur fengist afgreitt úr félmn. og hins vegar frv. til laga um fullorðinsfræðslu sem ekki hefur fengist afgreitt úr menntmn. Um bæði þessi mál er mjög víðtæk samstaða á hv. Alþingi. Og ég vil inna eftir því hverju það sætir að stjórnarliðið reynir ekki að bera sig eftir því að sækja afgreiðslu mála sem full málefnaleg samstaða er um.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð með þau fyrirheit sem birtast í orðum hv. þm. og upplýsi að á þessum morgni hef ég haft gesti á fundi félmn. varðandi frv. um vernd barna og ungmenna og mun sækja það fast að geta afgreitt það á morgun úr nefnd. Ég vil bara láta það koma fram að við höfum verið með stjfrv. undir sem hefur verið mjög mikil vinna við, gestir á fundum nefndarinnar og við höfum tekið þau í þeirri röð sem þau hafa komið inn í nefndina. Hins vegar komu á þessum morgni upplýsingar fram um frv. um vernd barna og ungmenna sem við eigum eftir að vinna úr og gafst ekki tími til.

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem upp vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar vegna frv. til laga um fullorðinsfræðslu. Ég vil láta það koma fram að frv. kom seint fram í þinginu og rétt fyrir páska kom það til 1. umr. og var vísað til nefndar og síðan var það sent til umsagnar og umsagnarfrestur rann út um mánaðamótin síðustu. Ég reifaði þetta mál á fundi menntn. í gær og það er vilji til þess í nefndinni að taka málið til umfjöllunar á aukafundi, en það verður að sjálfsögðu að ráðast af þeirri umfjöllun hvort okkur tekst að afgreiða það úr nefnd.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá formanni menntmn. að mál þetta var rætt í menntmn. í gær, þ.e. frv. til laga um fullorðinsfræðslu, og þar setti ég fram það sjónarmið að það væri nauðsynlegt að vinna í þessu máli og afgreiða það nú fyrir þinglok, einkum ef hugmyndir væru um að afgreiða frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu sem er annar þáttur fullorðinsfræðslu í landinu sem hefur verið til meðferðar hér í þinginu og mikil gagnrýni verið uppi hvernig á því máli hefur verið haldið að því er varðar tengsl á milli þessara þátta. Ég ítreka því það sjónarmið, sem tekið var undir með þeim hætti sem formaður menntmn. nefndi, að í þessu máli verði unnið og þetta mál verði lögfest nú fyrir þinglok og ég tel að hitt málið eigi ekki að fara hér áfram ef ekki verður gengið frá þessu máli, annars eigi það að bíða, varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Af því að hér var minnst á frv. til laga um vernd barna og ungmenna sem liggur nú inni í félmn. og formaður okkar í félmn. lýsti því yfir að hún mundi leggja á það mikið kapp að ná málinu út úr nefndinni á morgun, þá vil ég að það komi fram að þó svo það hafi verið full samstaða um þetta mál á síðasta þingi er ekki sjálfgefið að það sé full samstaða um það endilega á þessu þingi. Þar að auki má benda á að á síðasta þingi var þetta mál til umfjöllunar í menntmn. þingsins, núna er það í félmn. og í millitíðinni hafa líka verið kosningar. Ég vil samt alls ekki segja að það sé ómögulegt að ná þessu máli út, síður en svo, en ég tel að það séu í rauninni ekki boðleg vinnubrögð að koma með mál seint og um síðir inn í nefndina, ég tala nú ekki um mál sem, eins og hér hefur verið upplýst, var full samstaða um á síðasta þingi og hefði verið í lófa lagið fyrir ráðherra að leggja fram strax í haust í stað þess að koma ekki með það fyrr en eftir áramót og þegar langt er liðið á þetta þing. Og hefði það komið fyrr fram hefðum við haft góðan tíma til að fara ofan í þetta mál því að hér er um mjög viðkvæman og viðamikinn málaflokk að ræða sem þarf að gaumgæfa vel í félmn. Ég held að það langi engan til að afgreiða slíkt mál frá sér með einhverjum flumbrugangi.

En eins og ég segi ætla ég alls ekki að taka fyrir það sé hægt að afgreiða málið út úr nefndinni, en ég get ekki af minni hálfu lofað því að það geti gerst á morgun.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Fyrst varðandi frv. til laga um vernd barna og ungmenna, þá skil ég ósköp vel að hv. þm. skuli vilja taka sér góðan tíma til að skoða það *eins og kostur er. Um málið var mjög víðtæk* samstaða orðin á síðasta þingi, en síðan hefur auðvitað margt breyst. En ég bendi á að það er verið að afgreiða hérna baralög og barnasáttmála og það er verið að ákveða að vísa frv. til laga um umboðsmann barna með tiltölulega jákvæðum hætti til sifjalaganefndar til meðferðar eða ríkisstjórnarinnar þannig að ég hefði talið fara mjög vel á því að við gerðum svo vel við börn að við gætum afgreitt þetta allt, en það er auðvitað ekki víst að það takist og vissulega er rétt hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það er gagnrýni vert að málið skuli ekki hafa komið inn í þingið fyrir löngu vegna þess að það er flutt nákvæmlega óbreytt eins og það var frágengið í þinginu í fyrra, fyrir réttu einu ári, þannig að það hefði auðvitað átt að vera hægt að flytja það hér í þinginu strax í október til nóvember.

Varðandi frv. um fullorðinsfræðslu, þá er aðalatriðið að frv. um starfsmenntun í atvinnulífinu er orðið að lögum þannig að það þarf að afgreiða fullorðinsfræðslufrv. til þess að það sé jafnvægi í þessum málum og ég hef ekki heyrt betur en hæstv. menntmrh. hefði áhuga á því líka.

Ég tel það mjög miður hvernig hefur farið í sambandi við frv. um vernd barna og ungmenna, bæði flutningstíma þess og líka hvernig því hefur verið vísað til nefndar. Það er auðvitað mjög sérkennilegt að vísa því til einnar nefndar í fyrra og annarrar í ár. Ég held að það eðlilega hefði verið, án þess að ég sé að gagnrýna félmn. á nokkurn hátt, að vísa málinu til menntmn., en niðurstaðan er þessi og ég vona að hv. félmn. geti lokið málinu á þessu þingi.

Um þingsköp.

Framhald umræðna um skýrslu Byggðastofnunar, ummæli forsætisráðherra um þingstörf o.fl.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að spyrja um framhald á umræðum um skýrslu Byggðastofnunar sem var hér til umræðu ef ég man rétt á sl. ári og ég held að ég muni það einnig rétt að þegar þeirri umræðu var frestað hafi hv. 2. þm. Vestf. verið í miðri ræðu sinni. Nú er það svo að hæstv. forsrh. hefur kynnt okkur þingmönnum og þjóðinni allri í umræðum úr þessum stól að hann hafi séð ástæðu til að bera sig upp við erlenda stjórnmálamenn út af því hversu vinnubrögð okkar alþingismanna séu léleg. Þess vegna vildi ég vinsamlega fara fram á það við hæstv. forsrh. að hann gerði okkur þingmönnum grein fyrir þeirri starfsáætlun sinni hvenær hann hygðist ljúka umræðu um skýrslu Byggðastofnunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er forseti sem ákveður dagskrána og það liggur fyrir að það verða teknar skýrslur til umræðu síðar í vikunni, á föstudaginn, og væntanlega verður þá þetta mál þar með inni í myndinni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og forseti tók fram er það forsetans að ákveða dagskrána. Ég hef ekki haft neinn atbeina upp úr áramótum varðandi þessa skýrslu sérstaklega. Ég hygg að að hafi verið búið að tala um hana í 30 eða 40 klukkutíma og hv. 2. þm. Vestf. var í miðri ræðu sinni. Að því er hann sagði sjálfur hafði hann talað í tvo tíma þegar því máli var frestað og það var ekki fyrsta ræða hans í málinu hygg ég. Það væri nú synd að segja að ekki hefði farið hér fram mjög löng og ítarleg umræða sem er sú lengsta og ítarlegasta umræða um byggðamál sem farið hefur fram í þinginu. Ég yrði ekki undrandi á því.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari þingskapaumræðu að þessu sinni, en ég sé mig til þess knúinn út af orðum hæstv. forsrh. þar sem hann var að kvarta undan því hve mikið hefði verið búið að tala um skýrslu Byggðastofnunar. Ég vek athygli á því að fast að því önnur hver ræða var flutt af þingmönnum stjórnarliðsins í þessari umræðu og þetta geta menn sannfærst um ef þeir athuga Alþingistíðindin eða spyrja

starfsmenn þingsins. Þegar 32 ræður höfðu verið fluttar höfðu 16 verið fluttar af stjórnarliðinu og 16 fluttar af stjórnarandstæðingum.

Það kann að vera að það sé fróðlegt íhugunarefni fyrir hæstv. forsrh. af hverju lið hans, stjórnarliðið, tók svo virkan þátt í þessari umræðu. Þar voru menn að tala við fólkið heima í byggðum sínum og biðjast afsökunar á þeirri ríkisstjórn sem meðhöndlar byggðamál með þeim hætti sem núv. ríkisstjórn gerir. Hann ætti að deila á sína menn og ræða það í sínum þingflokki ef hann vill stoppa þessar umræður.

Við stjórnarandstæðingar eigum ýmislegt ósagt um byggðamál og ég tek fullkomlega undir það sem kom fram hjá hv. 4 þm. Norðurl. v. Það er auðvitað ólíðandi að ljúka ekki þessari umræðu. Og jafnvel þó svo menn veigri sér við eða kveinki sér undan að hlusta á hv. 2. þm. Vestf. flytja síðari hluta ræðu sinnar, þá verða menn bara að láta sig hafa það. Hann á sinn rétt eins og aðrir til að ljúka máli sínu í þessu efni. Ég hef hvað eftir annað minnt á það á fundum með forseta að þessari umræðu væri ekki lokið og ég treysti því að hún verði látin fara fram áður en við skiljum í vor.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að áður en þingflokksfundir hefjast í dag munu formönnum þingflokka berast drög að dagskrám fyrir þá daga sem eftir eru af þessu þinghaldi og væntir þess að þá hafi menn tækifæri til að líta yfir dagskrárnar og sjá hvernig a.m.k. forseta hefur dottið í hug að væri hægt að standa að málum. Þingflokksformönnum verður því gefinn kostur á því að fjalla um drögin og gera sínar athugasemdir.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ef menn voru að nota þetta tækifæri til þess að biðjast afsökunar heima í héraði eins og hv. þm. nefndi, þá vek ég athygli á því að skýrsla sú sem hefur tekið þennan langa tíma að ræða var skýrsla Byggðastofnunar meðan stofnunin heyrði undir síðasta forsrh., ekki undir mig, þannig að hafi menn þóst hafa tilefni til þess að biðjast afsökunar á einhverju í því efni hafa þeir væntanlega átt við þann ágæta mann. Ég var ekkert að finna að því að hv. 2. þm. Vestf. fengi að flytja sínar ræður. Ég vakti hins vegar athygli á því að hann hefði, hygg ég, talað í fast að því tvo tíma og sagðist vera rétt að byrja ef ég man rétt. Ég vek athygli á því að hann á ótrúlega erfitt með að ljúka sínu máli, maður sem hefur talað í tvo tíma og er þá rétt að byrja sína ræðu. Ég held að það sé engum til gagns, hvorki þingi né þjóð, að ræður séu fluttar af slíkri tímalengd.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér var ekki ljóst fyrr en nú að þegar menn kveðja sér hljóðs um gæslu þingskapa, þá er farið í mannvirðingaröð en ekki eftir þeirri röð sem menn biðja um orðið þannig að fyrst komi forsrh. og síðan óbreyttur þingmaður þó röðin hafi verið önnur þegar um orðið var beðið. Ég vil í sjálfu sér ekki gera athugasemdir við það. Það skaðar ekki það sem ég hafði hugsað mér að færa fram.

Ég tek undir þær óskir og legg að forseta að gera ráð fyrir því að ljúka umræðu um byggðamál. Þeirri umræðu var frestað 26. nóv. á síðasta ári og það eru að verða komnir á sjötta mánuð síðan málinu var frestað. Þetta var ekki málþófsmál stjórnarandstöðunnar. Það var ekki stjórnarandstaðan sem teygði úr þessum umræðum sem að vísu hæstv. forsrh. lét svo um mælt þá að hefðu staðið í 20 tíma en segir nú 30–40. Látum það liggja á milli hluta þó að það teygist úr tímanum á fimm mánuðum hjá hæstv. forsrh. En þetta voru umræður þar sem þingmenn höfðu tekið virkan þátt í málinu úr öllum flokkum. Þetta er eina málið á þessu þingi sem ég hef orðið var við það að þingmönnum stjórnarliðsins líðist að tala í máli, þar sem „haltu-kjafti-lína" hæstv. forsrh. hafi ekki dugað til að þagga niður í þingmönnum.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh. ef hann heldur að hann þaggi niður í þingheimi með þeim málflutningi sem hann hefur haft uppi þann skamma tíma sem hann hefur hér verið. Það mun ekki takast og við þingmenn munum taka okkur allan þann tíma sem við eigum rétt á til að tala í hverju því máli sem okkur sýnist. Og ég vildi einnig benda hæstv. forsrh. á það í fullri vinsemd, vegna þess að ég hef séð hæstv. samgrh. og landbrh. vera að trítla hér um sali, að hann gæti farið í smiðju til hans og spurt hann að því í fullri vinsemd hvort stjórnarandstæðingar tali yfirleitt lengur nú en þeir gerðu þegar núv. hæstv. samgrh. var í stjórnarandstöðu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er að vísu rétt að skýrslan var um starfsemi Byggðastofnunar á fyrri tíð, en ef hæstv. forsrh. legði það á sig að lesa ræður flokksbræðra sinna úr þeirri umræðu sæi hann að það sem ég var að segja var rétt. Þeir voru að biðjast afsökunar á þeirri stjórnarstefnu sem nú ríkir í landinu, ekki afsökunar á því sem verið hafði. Auðvitað snerist þessi umræða upp í almenna umræðu um byggðamál og hæstv. forsrh. hressti nú heldur betur upp á hana með óviturlegu tali sínu um að leggja byggðir í eyði og flytja fólk til.

Það er von að hv. 2. þm. Vestf. eigi erfitt með að ljúka máli sínu vegna þess að málið hefur ekki komið á dagskrá síðan fyrir jól og ég óska eftir því að ekki bara hann fái að ljúka ræðu sinni heldur fái aðrir, sem áhuga hafa á að taka til máls, málfrelsi.

Varðandi orð hæstv. forseta hér áðan er ég að vísu fús að taka við tilkynningum um hvernig hún hugsi sér að haga dagskrá næstu daga, en ég hefði ekkert á móti því að hafa samráð við stjórn þingsins um það hvernig dagskrá er hagað og legg til að það verði gert ef hér eiga að fara fram skikkanleg þinglok og ekki bara að taka við tilkynningum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Til að fyrirbyggja allan misskilning vill forseti upp-

lýsa hv. 1. þm. Norðurl. v. um að að sjálfsögðu verður haft gott samráð við alla þingflokka um tilhögun dagskrár á næstu dögum. Það sem forseti var að segja var að nú mundu þingflokksformönnum verða afhent drög að dagskrám eins og venja er á miðvikudögum þannig að þingflokksformenn hefðu tækifæri til að ræða það í sínum þingflokkum. En að sjálfsögðu verður haft samráð um framhaldið. Það hvarflaði ekki að forseta að hafa neinar aðrar aðferðir síðustu daga þingsins en verið hefur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja orðið nokkuð vandlifað á hv. Alþingi fyrir þá þingmenn sem reyna að taka þátt í þingstörfum með eðlilegum og venjulegum hætti og reyna að sýna stjórnarliðum, ef þessir þingmenn eru í stjórnarandstöðu, sanngirni og væntanlega gagnkvæmt. Satt að segja man ég ekki eftir því að hafa orðið fyrir því sem þingmaður hér að hafa fengið yfir mig viðlíka gusur og þær sem hæstv. núv. forsrh. hefur tamið sér að sulla yfir okkur. Ég er alveg viss um að það er ekki skynsamlegt af hans hálfu að gera þetta, en ég skil ekki hvað honum gengur til. Vill hann stefna þinginu í uppnám? Vill hann koma málum í óefni? Vill hann hindra afgreiðslu mála? Er hann vísvitandi að niðurlægja alþingismenn og Alþingi? Til hvers er hann að því? Í þágu hvers er hann að því? Í þágu ríkisstjórnarinnar? Nei, það getur ekki verið því að ríkisstjórnin hefur ekki hagsmuni af svona löguðu að mínu mati. Í þágu þingræðisins? Nei. Í þágu Alþingis? Nei. Þessi frammistaða er satt að segja með þvílíkum ólíkindum og innlegg hæstv. forsrh. áðan að það tekur engu tali. Til hvers er hann að ráðast á forseta Alþingis, hæstv. forseta Salome Þorkelsdóttur, vegna þess að það er hún sem ber ábyrgð á þinghaldinu? Til hvers er hann að því? Er verið að reyna að koma einhverjum skilaboðum á framfæri innan Sjálfstfl. sem ekki er hægt að segja á þingflokksfundum en betra að segja varinn í þessum stól? Eða hvað? Hvað er hér á ferðinni? Hvað er hér á ferðinni, virðulegi forseti? Hvað á þessi yfirgangur að þýða, ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, þessi frekja?

Í umræðum í fyrrakvöld veittist hæstv. forsrh. mjög hart að þingmönnum, kallaði mál þeirra málæði, kallaði ræður þeirra langhunda, sagði að þær ræður hefðu ekkert upp á sig af því að þær breyttu engu. Það var orðrétt í ræðu forsrh. komist þannig að orði að því er varðaði umræður um Lánasjóð ísl. námsmanna að það þýddi ekkert fyrir okkur að vera að tala af því að það breytti engu sem við segðum. Það er býsna sárt að heyra þetta frá hæstv. forsrh., sérstaklega ef hann meinar það, en ég trúi því ekki að hann geri það.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kvartaði undan því hvað ræðumenn og einkum og sér í lagi stjórnarandstæðingar yfirleitt væru leiðinlegir, það væri svo þreytandi að sitja undir þessum ræðum að það væri óskaplegt og hv. þm. varði hálfri ræðu sinni í að bera sig upp undan því hvað þingmenn stjórnarandstöðunnar væru leiðinlegir. Hvað er hér á ferðinni? Hvað er hér á ferðinni, virðulegi forseti? (Gripið fram í.) Spurning er, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hvort það væri t.d. ekki athugandi að þú áttaðir þig á því, hv. þm., hvaða ábyrgð þú berð á þessum forsrh. og hrakyrðum hans um Alþingi Íslendinga. Ég kann ekki að meta orðbragð af því tagi sem hæstv. forsrh. temur sér þegar hann er að reyna að gera lítið úr fjarstöddum þingmönnum, eins og hv. 2. þm. Vestf., og ég kann ekki að meta svona vinnubrögð, ég segi það alveg eins og er. Jafnvel þó svo kunni að vera að menn hafi kunnað að meta þetta einhvers staðar annars staðar í þessari borg hefur málflutningur af þessu tagi aldrei verið talinn drengilegur á Alþingi Íslendinga.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af umræðum um skýrslu Byggðastofnunar vil ég vekja athygli á að í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að forsrh. skuli leggja fram byggðaáætlun á Alþingi til umræðu og afgreiðslu. Þetta hefur ekki verið gert enn á þessu þingi og aðeins fáir dagar eru til þingloka. Aðdragandinn er sá að ég spurði hæstv. forsrh. um þessa skýrslu mig minnir í marsmánuði sl. og það var fyrst fáum dögum síðar sem stjórn Byggðastofnunar fékk beiðni um að vinna að slíkri skýrslu. Vegna þess hvað þá var skammur tími til þingloka treysti Byggðastofnun sér ekki til að gera það á svo skömmum tíma. Ég tel að það sé ákaflega slæmt að ríkisstjórnin skuli þannig gleyma byggðamálum, ekki síst miðað við hvernig ástandið er í þeim málum nú eftir eins árs setu þessarar ríkisstjórnar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. lýsti í umræðum á mánudagskvöldið reynslu sinni og viðhorfi til þingstarfa og starfa alþingismanna. Forsrh. skírskotaði til þess að hann hefði einungis reynslu af eins vetrar starfi á þingi. Það er rétt. Nú hefur sá sem hér talar ekki mikið meiri þingreynslu. Þetta er þó annar veturinn sem ég sit á þingi. En sá sem hér talar hefur þó eitt fram yfir hæstv. forsrh. Ég hef tekið þátt í nefndastörfum Alþingis í tvo vetur og það rennur allt í einu upp fyrir manni það ljós að þegar hæstv. forsrh. er að lýsa viðhorfum sínum til Alþingis talar hann ekki af meiri reynslu en svo að hann hefur aldrei tekið þátt í nefndastörfum á vegum Alþingis sem er e.t.v. einhver mikilvægasti þátturinn í löggjafarstarfinu. Ég er þess fullviss, og þetta vil ég segja við hæstv. ráðherra í mikilli vinsemd, að ef hæstv. forsrh. hefði haft tækifæri til þess og gefið sér aðeins meiri tíma áður en hann kaus að fara í forustu fyrir Sjálfstfl. og kynnst raunverulega störfum Alþingis, kynnst störfum í nefndum þar sem unnið er sameiginlega af fullum heilindum af stjórn og stjórnarandstöðu, þá hefðu ummæli hans á mánudagskvöldið var verið í eilítið aðra veru. Og það er vægast sagt óþolandi fyrir almenna þingmenn að þurfa að sitja undir slíkum ákúrum eins og þar komu fram. Það lýsir engu öðru en því að vegna reynsluleysis síns af störfum Alþingis virðist hæstv. forsrh. hafa á tilfinningunni að löggjafarvaldið sé að þvælast fyrir framkvæmdarvaldinu, það tefji fyrir framgangi mála, hæstv. ríkisstjórn geti ekki rennt málum í

gegnum Alþingi rétt eins og á færibandi.

Vissulega er það svo að það fer í taugarnar á ríkisstjórn á hverjum tíma að Alþingi vilji taka sér tíma til þess að gaumgæfa mál. En ég man aldrei eftir því fyrr að forsrh. hafi á opinberum vettvangi lýst svo greinilega gremju ríkisstjórnar á því að Alþingi vilji taka sér tíma til þess að skoða mál og fjalla um brennandi mál á hverjum tíma í þjóðlífinu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það hafa margir mælt til mín í mikilli vinsemd, eins og það er orðað, og ég er auðvitað afskaplega þakklátur fyrir það. Ég tók eftir að hv. 9. þm. Reykv. notaði ýmis orð, talaði um að ég hefði sullað orðum yfir þingheim, verið með hrakyrði við þingheim. Hann getur ekki fundið þessum orðum sínum neinn stað og a.m.k. hef ég ekki notað orðbragð af þessu tagi eins og þingmaðurinn gerir. Og ég held reyndar að þingmaðurinn hafi enga burði til þess, enga fortíð til þess að tala með þeim hætti, maður sem studdi í háa herrans tíð mesta ritskoðunarþjóðskipulag í veröldinni og hefur aldrei frá því hvikað eða beðist á því afsökunar. Og nú hlæja þeir af því að þeir hafa aldrei getað horfst í augu við fortíð sína, þessir ágætu menn. (**SvG:** Rökþrota.) Og nú segir þessi ágæti þingmaður að ég sé rökþrota hér í stólnum vegna þess að hann þolir ekki að heyra um þá fortíð sína þegar hann studdi ritskoðunaröflin í veröldinni.

En hver skyldu nú rökin vera í þessu máli ef þau eru skoðuð fyrst málin eru rædd? Deildir Alþingis voru sameinaðar í eina deild og það átti að minnka almenna umræðu, gera hana skapfelldari og skipulegri. Samkvæmt þeim tölum sem nú liggja fyrir stefnir í að umræðuþátturinn í þingtíðindum hafi aukist um 70–80% á þessu eina ári og hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan, reyndar með orðalagi sem varð að gera athugasemd við út af munnsöfnuði sem hann notaði, að ég fyrir mitt leyti og stjórnarsinnar kæmum í veg fyrir að stjórnarsinnar töluðu. Umræðan um Byggðastofnun væri þess vegna hrein undantekning, en þrátt fyrir að þessu sé haldið fram, að stjórnarsinnar tali ekki, hefur umræðutíminn í einni deild, sem átti að styttast við sameiningu deilda, næstum því tvöfaldast á einu ári. Þetta er mikið umhugsunarefni fyrir menn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hvaða orð ætti að nota um hæstv. forsrh. og hans málflutning áðan? Ég veit það eiginlega ekki. Mér dettur í hug t.d. að hér hafi staðið holdi klætt rökþrotabú. Hvað segja menn um þá bókmenntalegu tilraun til samlíkingar? Ég satt að segja hef aldrei upplifað átakanlegri stund en þegar hæstv. forsrh. var að reyna að réttlæta árásir sínar á Alþingi Íslendinga því þá hjólaði hann í mig persónulega með líka þessum litla fyrirgangi. Óskaplega líður manninum illa í þessu starfi. Vill hann ekki fara að hætta þessu „djobbi" sem hann er í? Það er greinilegt að það gengur svo undir skinnið á honum að hann veit ekki sitt rjúkandi ráð. Þetta er svo voðalega erfitt. Ég hef aldrei séð mann í eins átakanlegri stöðu stynja undan sínu eigin hlutverki. Til mikils var nú unnið á landsfundi Sjálfstfl. forðum þegar Þorsteinn var felldur að menn skuli bera sig svona illa eftir eins árs starf. Hvernig verður hann eftir tvö eða þrjú, fjögur eða fimm? Þvílíkt ástand! Sjálfstfl. og þingmenn hans eiga alla mína samúð, virðulegi forseti, að þurfa að búa við þetta kannski í eitt ár í viðbót, kannski tvö. Það kom fram í þessari athugasemd að vandamálin eru ekki nýju þingsköpin. Vandamálin eru ekki stjórnarandstaðan og vandamálin eru ekki stjórnarþingmennirnir. Vandamálin eru ekki forseti Alþingis. Vandamálið heitir Davíð Oddsson eins og ég hef áður nefnt hér. Það er það sem liggur alveg kristalstært fyrir. Hann staðfesti það sjálfur í þessari athyglisverðu ræðu, forsrh. íslenska lýðveldisins, hér áðan.

Hann taldi að ég hefði ekki notað rétt orð um hann og hans málflutning. Það kann vel að vera að ég hafi ekki hitt naglann nákvæmlega á höfuðið. Mönnum tekst ekki alltaf að fá hvítt tyggjó þó þeir biðji um það hástöfum eins og kunnugt er, það er alveg ljóst. En hvaða orðbragð er það að kalla ræður þingmanna langhunda, að kalla ræður þingmanna málæði og að fara með lítilsvirðingarþulu um þingmenn eins og hann gerði áðan um hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson? Hvað á það að þýða? Hvaða vanda leysir það? Ég verð að játa að eftir þessa ræðu hæstv. forsrh. íslenska lýðveldisins áðan hef ég meiri skilning en áður á vanda hæstv. forseta Alþingis.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér er skapi næst að fara fram á það við hæstv. forseta að hugleiða hvort ekki sé í raun og veru óhjákvæmilegt vegna þeirra atburða sem orðið hafa á seinustu sólarhringum að Alþingi sjálft taki sér tíma til að ræða sjálft sig og eigin vinnubrögð og sambúð sína við hæstv. forsrh. Það verði skapað svigrúm fyrir slíkar umræður undir dagskrárliðum þannig að ekki þurfi að eiga orðastað um slíkt í þingskapaumræðum. Ég stóð fyrir því hér fyrr í vetur þegar mér ofbuðu ummæli hæstv. forsrh. um Alþingi að hér var umræða utan dagskrár um það mál. Því miður sýnist mér öll efni standa til að Alþingi verði aftur að fara í gegnum slíka umræðu. Þetta getur auðvitað ekki gengið svona. Hæstv. forsrh. virðist tala algerlega fram hjá þeirri staðreynd að það Alþingi sem senn er að ljúka störfum hefur um margt verið afbrigðilegt. Hér hafa verið mikil átakamál til umfjöllunar og hér hefur stjórn þingsins farið í upplausn af vissum ástæðum, þ.e. stjórnarnefndin, vegna þess valdboðs sem hin nýja forusta Sjálfstfl. ákvað að beita í sambandi við kjör forsætisnefndar.

Það er að vísu ágæt skýring og velviljuð tilraun af hálfu hv. 6. þm. Norðurl. e. að afsaka frammistöðu og framkomu hæstv. forsrh. með reynsluleysi og sýnir að þar fer góðhjartaður maður sem reynir að finna hæstv. forsrh. þetta reynsluleysi til málsbóta. Og það er rétt að hæstv. forsrh. hefur aldrei starfað á Alþingi sem óbreyttur þingmaður. Hann hefur aldrei starfað í þingnefndum. Hann hefur aldrei kynnst störfum venjulegra þingmanna eins og þau ganga fyrir sig í öllum sínum

fjölbreytileika. En þeim mun alvarlegri er sú staðreynd að engu að síður skuli hæstv. forsrh. telja sig þess umkominn að gerast hvort tveggja í senn siðameistari og háyfirdómari um störf Alþingis, málflutning alþingismanna og jafnvel innihald í ræðum þeirra. Og það finnst mér öllu alvarlegast, hæstv. forseti, að við skulum búa við forsrh. í lýðveldinu Íslandi nú um stundir sem alveg blákalt kemur í ræðustólinn og kveður upp úr um það að sumar ræður ætti ekki að halda, að aðrar ræður séu of langar, að málflutningur, skoðanir, sjónarmið þessa eða hins mannsins eigi ekki rétt á sér, séu bull og vitleysa, langhundar eða eitthvað af því taginu. Og minni lærisveinar hæstv. forsrh. kveða svo upp úr um það að aðrar ræður séu leiðinlegar.

Þetta er sami hæstv. forsrh. og kom hér áðan og sakaði aðra hv. þm. um að hafa verið stuðningsmenn ritskoðunarþjóðfélags. En inn í hvaða hugarheim lýsa ummæli hæstv. forsrh. sjálfs, um það t.d. að hv. 2. þm. Vestf. ætti ekki að halda ræðu sína um byggðamál? Er það þannig að hæstv. forsrh. telji sig þess umkominn að ráða skoðunum hv. 2. þm. Vestf.? Það vill svo til að hv. 2. þm. Vestf. kemur frá Vestfjörðum þar sem ástand í byggðamálum er og hefur um árabil verið hvað alvarlegast á landinu og byggðaröskun mest. Það skiptir væntanlega hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík engu máli þó slíkar ástæður liggi til þess að hv. 2. þm. Vestf. vill fá að ljúka máli sínu um byggðamál á þessu þingi.

Nei, hæstv. forseti, þetta er þannig staða að ég held að það sé óhjákvæmilegt að ég ítreki ósk mína til forseta um það — ég bið ekki um svör hér heldur að það sé tekið til athugunar — hvort ekki sé unnt að verða við því að Alþingi geti tekið umræðu um þær uppákomur sem orðið hafa þannig að menn geti þá skipst á skoðunum við hæstv. forsrh. og undirbúið ræður sínar í því sambandi en þurfi ekki að mæta honum þegar hann tekur sig til við að siða Alþingi eða segja því til syndanna eða gefa því einkunnir eða dóma ýmist í útvarpsumræðum eða í viðtölum við fjölmiðla úti í bæ.

Mér finnast það, hæstv. forseti, ákaflega alvarlegir og dapurlegir hlutir sem hér hafa verið að gerast. Og ég vildi svo sannarlega að ég gæti með sama jákvæða hugarfarinu og 6. þm. Norðurl. e. afsakað þetta allt með reynsluleysi forsrh. En hann hefur þá a.m.k. ekki vitkast eða öðlast dýrmæta reynslu á þessum vetri því að hann heldur áfram uppteknum hætti. Eins og ég sagði í fyrrakvöld: Honum nægði ekki að koma gagnfræðaskólastimplinum á Alþingi Íslendinga sem hefur starfað í 1061 ár, en hæstv. forsrh. setið hér í nokkra mánuði.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Svo ergist hver sem hann eldist og það er í rauninni, ég tek undir það, sorglegt að heyra málflutning hæstv. forsrh. eins og hann hefur sett hann fram í dag og eins og hann hefur sett hann fram í umræðunum hér. Íslenska þjóðin er kannski smátt og smátt að átta sig á því að það er mikilvægt að það sé virk stjórnarandstaða sem þorir að veita ríkisstjórn andstöðu sem hefur tekið að sér það hlutverk að umbreyta íslensku þjóðfélagi, að ganga í illt verk og óþrifalegt sem þeir fengu ekki kosningu til, að umbreyta íslensku þjóðfélagi. Þess vegna er það nú svo að það er vaxandi skilningur hjá almenningi í landinu á að stjórnarandstaðan tali við þessa ríkisstjórn. Það er vaxandi skilningur á því að það sé talað við þessa ríkisstjórn. Og ég er sannfærður um að þeir menn innan ríkisstjórnarinnar sem hafa þorað að rísa gegn henni eru vinsælustu stjórnmálamenn sinna flokka í dag. Ég þarf engin nöfn þar að nefna vegna þess að þeir vita að forsrh. fékk ekki heimild í kosningum til að gera íslensku samfélagi það sem hér er að gerast. Það væri fróðlegt fyrir hæstv. forsrh. að hafa það eins og kónguinn forðum, grímuklæða sig og fara út meðal almennings og spjalla við fólkið í landinu án þess að það viti að það sé Davíð Oddsson. Það gæti vel verið að hæstv. forsrh. áttaði sig á því að stefnan sem hann er að reka er ekki stefna flokks hans og almenningur í landinu er andvígur þeirri stefnu sem nú ríkir.

Það koma daglega í þetta hús tugir manna á besta aldri lífsins, rúmlega fertugir, titrandi eins og strá, hafa tapað atvinnu sinni. Hér er þessi ríkisstjórn að hella yfir Ísland því atvinnuleysi sem ríkir um alla Evrópu, 3, 4 og 5% og fer vaxandi. Unga fólkið sem er að ganga núna út úr skólunum hefur enga von með atvinnu vegna þess að stefna ríkisstjórnarinnar er með þeim hætti. Ég vil leggja á það áherslu að þjóðin er að átta sig á því að það þarf að tala við þessa ríkisstjórn. Það eru 15 þús. fjölskyldur sem sitja við sjónvarpið þessa stundina og bíða eftir því að stjórnarandstaðan stöðvi lánasjóðsmálið á þinginu við 3. umr. Það eru 15 þús. fjölskyldur. Það er vaxandi skilningur fyrir því að stjórnarandstaðan er ekki hér að hundrota tímann. Hún er að vinna þrifaverk. Hún hefur lagað til mál með málflutningi sínum og heiðarlegri gagnrýni.

En ég er sannfærður um eitt: Ég þori að fara í þann samanburð að það er rangt sem hæstv. forsrh. hefur hér farið með, að málflutningur hafi aukist á Alþingi af hálfu stjórnarandstöðu um 70–80%. Ég er búinn að vera hér í fimm ár og ég hef horft á stjórnarandstöðu og það hefur ekki oft verið málefnaleg umræða þegar Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hefur haldið mönnum hér dag og nótt. Það hefur ekki gerst í vetur. Hér hefur verið málefnaleg umræða og hér hefur stjórnarandstöðunni tekist að bæta ýmis mál ríkisstjórnarinnar og koma í veg fyrir önnur. Ég er sannfærður um að íslenska þjóðin skilur það betur en áður að við höfum hlutverki að gegna. Og ég hygg að það séu margar fjölskyldurnar hér í Reykjavík þessa stundina, sem þrá að láta börnin sín mennta sig áfram, sem munu sitja við sjónvarpið í dag og fylgjast með dýrlingi sínum, hæstv. forsrh. landsins, gá hvort hann snúi af þeirri braut að hér eigi að vera örfáir gullbossar sem fái allt í þessu landi fyrir ekki neitt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill leyfa sér að minna hv. þm. á að þeir kveðja sér hljóðs um gæslu þingskapa og biður forseti hv. þm. í mestu vinsemd að reyna að hafa það í huga þegar þeir kveðja sér hljóðs samkvæmt þingsköpum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu um gæslu þingskapa. En eftir að hafa hlustað á hana nokkra stund sá ég að ég hafði kannski ákveðið innlegg í umræðuna. Ekki síst vegna þess að ég held að ég að ýmsu leyti skilji hvað er að prjóna í hæstv. forsrh., í ræðuflutningi hans hér á þingi þegar hann er að býsnast yfir því hversu menn tali á Alþingi og hversu þingstörf gangi hægt fram.

Það nefnilega vill þannig til að við forsrh. núv. og borgarstjóri fyrrv. komum af sama vettvangi, þ.e. úr borgarstjórn Reykjavíkur og við erum bæði að upplifa hér okkar fyrstu þingreynslu og þetta eru auðvitað mikil viðbrigði. Þau eru mikil fyrir hæstv. forsrh. og ég tel að hann líti svo á að það séu neikvæð viðbrigði sem hann upplifir hér. En það eru líka mikil viðbrigði fyrir mig og þau viðbrigði eru jákvæð, hæstv. forsrh.

En ég skil af hverju hann upplifir þetta svona vegna þess að í borgarstjórn var það þannig að þar gat borgarstjóri fyrrv. talað alla menn dauða. Þannig var það að minnihlutafulltrúi talaði, þegar hann var búinn að sleppa orðinu kom borgarstjóri upp, þá kom annar minnihlutafulltrúi og á eftir honum kom borgarstjóri, þá kom þriðji minnihlutafulltrúinn og á eftir honum borgarstjóri og þannig gekk þetta koll af kolli þar til allir fulltrúar minni hlutans voru búnir að tala tvisvar og þar af leiðandi tala sig dauða. Bingó, umræðu lokið, atkvæðagreiðsla og meiri hlutinn fékk sitt mál fram óbreytt. Og fyrir borgarfulltrúa í minni hluta borgarstjórnar var þetta hreinlega eins og að stanga vegg á hálfsmánaðar fresti. Þetta virðist borgarstjóra fyrrv. og núv. forsrh. hins vegar hafa líkað afskaplega vel og vill hafa hlutina þannig hér á Alþingi.

Ég verð að segja það að hér kemur ýmislegt spánskt fyrir sjónir og það er ýmislegt sem manni fyndist að mætti betur fara. En sá er þó munurinn á Alþingi og borgarstjórn að það er ekki sama valdbeiting sem á sér stað hérna. Hér er þrátt fyrir allt meira lýðræði í heiðri haft en í borgarstjórn Reykjavíkur og minni hlutinn á ákveðinn varnartæki. Hann á málfrelsi og hér eru hefðir sem ríkja sem veita honum ákveðin varnartæki. Og til þessara varnartækja grípur stjórnarandstaðan þegar hún vill koma í veg fyrir að vond mál fari hér í gegn eða þegar hún vill í lengstu lög reyna að hafa áhrif á vond mál þannig að þau batni. Það er mjög mikilvægt að reyna eins lengi og maður telur þess nokkurn kost að hafa áhrif á vond mál til þess að þau megi eitthvað lagast.

Þá er það ekki síður mikilvægt að hafa í huga að þegar við erum að tala kannski stundum lon og don að við erum að vekja athygli almennings í landinu á því sem hér fer fram, þeirri efnisumræðu sem hér á sér stað til þess að almenningur í landinu hafi svigrúm til að nýta sér sinn andmælarétt því auðvitað hefur almenningur andmælarétt og á að nýta sér hann í öllum málum. Ég veit hins vegar að fyrrv. borgarstjóri er ekkert hrifinn af þeim andmælarétti, hann sýndi það í ráðhúsmálinu þar sem á annan tug þúsunda borgarbúa safnaði undirskriftum og beitti öllum lýðræðislegum aðferðum sem þeim duttu í hug til að hafa áhrif á meiri hlutann, en auðvitað stönguðu þau vegg eins og við sem vorum í borgarstjórninni. Þess vegna er fyrrv. borgarstjóra og núv. forsrh. ekkert mikið um þennan andmælarétt gefið hvorki af hálfu þingmanna né almennings.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í hádegisútvarpinu í dag að þingflokkar stjórnarandstöðunnar birtu auglýsingar og hvöttu fólk til að fylgjast með sjónvarpsútsendingum *Sýnar úr þessum þingsal í dag*. Forsrh. hefur leyft sér að hafa uppi nokkra gagnrýni á stjórnarandstöðuna fyrir málflutning í þinginu, m.a. fyrir misnotkun á umræðum um þingsköp. Þessi umræða um þingsköp hefur nú átt sér stað í dag í drjúga stund og þó hún hafi ekki miklu skilað efnislega hefur hún þó a.m.k. að mínum dómi sýnt því fólki sem hlýddi auglýsingum og fór eftir auglýsingum stjórnarandstöðunnar fram á hvað forsrh. var að fara og réttmætið í gagnrýni hans.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessum umræðum um þingsköp ljúki og að þingið snúi sér að því að ræða þau mál sem á dagskrá þess eru.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vildi gjarnan geta lokið umræðum um gæslu þingskapa. Það er einn hv. þm. enn sem hefur kvatt sér hljóðs. Ef hann óskar enn eftir því að taka til máls hefur hv. 5. þm. Vestf. nú orðið um gæslu þingskapa.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú sem oftar að það er hæstv. forsrh. sem kallar mig upp í ræðustól með ummælum sínum. Að þessu sinni með ummælum sínum í garð hv. 9. þm. Reykv., þær ásakanir sem hæstv. ráðherra bar á hann. Ég minnist þess sem hæstv. forsrh. sagði sl. mánudagskvöld um framtíðarsýn sína um störf hér í þinginu, um það sem hann vildi fá fram og boðaði endurskoðun á þingskapalögum til að ná fram. Það var sú framtíðarsýn að þingflokkar ættu að koma sér saman um talsmann í máli. Það ætti bara einn að tala frá hverjum þingflokki í máli. Að vísu leyfði hæstv. forsrh. sér að vera svo lýðræðislegur að hann gat um það og bætti því við að þetta mætti jafnvel gilda í hverri umferð. Þetta er það lýðræði sem hæstv. forsrh. var að boða sl. mánudagskvöld, þetta er það málfrelsi sem hann vill að þingmenn hafi. Síðan leyfir hann sér að bera vammir og skammir á hv. 9. þm. Reykv. Í þessu ljósi verða þær hlægilegar.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þetta eru hinar undarlegustu umræður. Í jómfrúræðu sinni á hinu háa Alþingi sagði hæstv. forsrh. að hann mundi beita sér fyrir stuttum umræðum um ákveðið mál. Ég stóð þá í þessum ræðustól og minnti hæstv. forsrh. á að það er ekki í hans valdi að stjórna því hvort umræður hér eru langar eða stuttar. Það er í valdi hæstv. þingforseta. Þær árásir sem hér

hafa farið fram á hæstv. þingforseta eru með öllu óþolandi.

Það er nú einu sinni eðli lýðræðis og þingræðis að hver einasta manneskja sem er kjörin til þings, hversu gáfuð sem hún er, hversu vitlaus sem hún er, hversu leiðinleg sem hún er eða hversu skemmtileg sem hún er, á allan rétt á að ræða hér mál eins og henni þóknast innan ramma þingskapa. Til þess að halda hér smákennslustund í því valdi sem er í höndum hæstv. þingforseta stendur í 8. gr. þingskapalaga:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu.“ Það tel ég að hæstv. forseti hafi gert. Og í 9. gr. þingskapalaga segir:

„Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.“ — Það kemur þess vegna hæstv. forsrh. ekkert við hvernig þinghald fer hér fram. Það er á ábyrgð og undir stjórn hæstv. þingforseta.

Það er undirstöðuatriði og var meginmarkmið fyrrv. forseta að breyta þingi í eina málstofu til að efla og styrkja innri styrk þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Og það held ég einnig að hafi tekist. Allar umkvartanir um að menn tali hér of mikið eru auðvitað slík vanþekking og misskilningur á eðli Alþingis að annað eins held ég að hér hafi aldrei heyrst.

Ég hefði hins vegar, hæstv. þingforseti, ekki miklar áhyggjur af þessu því aðrir hæstv. forsetar eiga erfiðari daga í dag. Ég heyrði í morgunútvarpi að í ítalska þinginu hefðu menn slegist og hæstv. þingforseti þar hefði orðið að ganga á milli manna. Ég vona að ekki fari þó svo að hæstv. forsrh. verði svo mikið niðri fyrir að hann leggi hendur á þá langorðustu og leiðinlegustu hér. En ég skora á hv. þingheim að tala sem honum sýnist, eins lengi og forseti getur sætt sig við að þingsköp séu haldin.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 876.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna er hér komið til þriðju og síðustu umræðu. Hér fór fram við 2. umr. málsins allyfirgripsmikil athugun og umræða um efni þess og síðan atkvæðagreiðsla um málið sem okkur er enn í fersku minni þar sem þannig fór að meiri hluti ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi, að vísu í formi minni hluta þingmanna í flestum tilvikum, afgreiddi frv. til 3. umr. eftir sínu höfði með þeim breytingum sem meiri hlutinn hafði lagt til en felldi allar brtt. okkar úr minni hluta þingsins. Það er þó ekki svo að okkar málflutningur við 2. umr. málsins og hina 1. einnig hafi engan árangur borið. Vissulega er það svo að þetta mál hefur tekið allverulegum breytingum frá því að það fyrst var lagt fram hér fyrir síðustu jól af hæstv. menntmrh. og þær breytingar eru til komnar m.a. vegna málflutnings og málafylgju minni hluta á Alþingi. Það eru fleiri sem hafa hins vegar komið að því máli og fylgt sínum sjónarmiðum fram eftir megni og það eru þolendur þeirra breytinga sem ríkisstjórnin er hér að knýja fram á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, námsmennirnir sjálfir, talsmenn þeirra í félagshreyfingum námsmanna sem láta sig eðlilega þetta mál varða þó að ríkisstjórnin og hæstv. menntmrh. hafi ekki kosið að hlýða mikið á þeirra röksemdir. Um það vitnar undirbúningur þessa máls og hvernig skellt var skollaeyrum við aðvörunum námsmanna og tillögum þeirra, að ekki sé nú talað um þá sýndarmennsku sem fólst í því svokallaða samráði sem hæstv. ráðherra stóð fyrir við undirbúning málsins.

Við ræddum í gær um málsmeðferð undir forminu umræður um þingsköp þar sem ég kvartaði undan því að ekki hefði verið orðið við beiðni minni og annarra fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntmn. þingsins að ræða málið í nefndinni milli umræðna áður en til 3. umr. kæmi. Þá lá fyrir neitun af hálfu formanns menntmn. studd af meiri hlutanum í nefndinni við þeirri ósk að málið yrði tekið til efnislegrar umræðu í nefndinni áður en lengra yrði haldið. Eftir að þessi umkvörtun var flutt gerðist það að þingflokksformenn ásamt forseta þingsins og e.t.v. fleirum, ég hygg að viðstöddum hæstv. menntmrh., báru saman bækur sínar um málsmeðferðina og það varð til þess að boðað var til fundar í menntmn. í gærkvöld kl. hálftíu og á þeim fundi var þetta mál eitt á dagskrá. Þar var mættur til fundar auk nefndarmanna hæstv. menntmrh. sem sat fundinn allan og svaraði þar ýmsum fyrirspurnum frá nefndarmönnum, eingöngu má ég segja fram bornar af fulltrúum minni hlutans í menntmn.

Þetta var góð tilbreytni. Þarna var horfið frá þeim þvergirðingshætti sem við mættum í nefndinni fyrr í gær og brugðið á það ráð að setjast niður og fara yfir ýmis þau efni sem við höfðum borið fram fyrirspurnir um og bættum nokkrum við og hæstv. ráðherra vatt sér ekkert undan því að reyna að svara okkar fyrirspurnum, mörgum hverjum a.m.k., þó um efnisleg svör væri ekki að ræða í öllum tilvikum. Nokkuð skorti þar á eins og ég mun víkja að. En þetta dæmi, virðulegur forseti, tel ég að ætti að verða til eftirbreytni, þau sinnaskipti sem þarna urðu, og ég er ekki í vafa um að þessi fundur, sem haldinn var eftir ítrekað fram bornar óskir, verði til þess að málið liggur ljósar fyrir við 3. umr. og hún ætti af þeim sökum hugsanlega að geta orðið eitthvað styttri en ella væri, a.m.k. ætla ég mér ekki hér að fara að ganga eftir upplýsingum um efni sem hæstv. menntmrh. upplýsti með viðunandi hætti í nefndinni á þessum fundi. Hins vegar eru ýmis efni óljós eftir sem áður og það er skylt að víkja að þeim við þessa umræðu einnig af minni hálfu.

Ég ætla að fara yfir nokkur þau atriði sem lágu fyrir sem skriflegar fyrirspurnir af minni hálfu á fundi menntmn. fyrir hádegi í gær og sem lá einnig fyrir fundinum í gærkvöld og geta þess í nokkru hvaða upplýsingar komu þarna fram varðandi þær fyrirspurnir. Ég geri ráð fyrir að aðrir hv. nefndarmenn geri grein fyrir sínum viðhorfum og viðbrögðum við fyrirspurn-

um sem þeir báru fram eftir því sem aðstæður bjóða.

Eitt af því sem var mikið rætt við 2. umr. málsins var þessi spurning: Hvernig stendur á því að meiri hluti hér á Alþingi og hæstv. ráðherra ætla að haga málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna þannig að honum verði í reynd lokað frá miðju þessu ári og litlar sem engar lánveitingar greiddar út á seinni hluta ársins? Að vísu kom það fram á nefndarfundi í gær að um einhverjar greiðslur yrði að ræða, en meginreglan verður sú með því að innleiða hina svokölluðu eftirágreiðslu námsmanna að lítið verður afgreitt frá sjóðnum. Það var upplýst í menntmn. í gær með minnisblaði sem kom frá hæstv. menntmrh. og var lagt fram í nefndinni á fundi í gær hver staðan er að hans mati varðandi fjárhag sjóðsins og það varðaði einmitt eina af þeim fyrirspurnum, fyrstu fyrirspurnina sem ég bar fram í gær, það var um útkomuna, stöðu sjóðsins í ár og afgang um næstkomandi áramót ef fylgt verður eftir ákvæðum þessa frv. og þau lögfest.

Í minnisblaði hæstv. ráðherra er í 1. tölul. greint svo frá í þessu máli, með leyfi virðulegs forseta. Minnisblaðið hefst með þessum hætti: „Nokkrar ábendingar um áhrif þess að afnema ákvæði 1. mgr. 6. gr. þess efnis að námslán verði ekki veitt fyrr en námsmaður hefur skilað upplýsingum um árangur í námi.“ Um þetta segir: „Í ár hefur ofangreint ákvæði í för með sér að lán vegna haustmissiris sem áætluð eru 1.270 millj. að óbreyttum reglum greiddust á næsta ári. Þess ber þó að geta að í lok vormissiris verða einungis eftir 800 millj. kr. á fjárlögum, bæði af framlagi og lántökuheimildum, til að mæta þessum útgjöldum. Um 2.000 millj. hafa þegar verið greiddar til Lánasjóðs ísl. námsmanna af ríkisframlagi sem er 2.220 millj. Framlagið er því að mestu greitt. Á sviði ríkisfjármála þýðir ákvæðið með öðrum orðum fyrst og fremst að hægt er að fresta því að nýta lántökuheimildir þar til á næsta ári. Ef ákvæðið yrði fellt úr gildi þyrfti að óbreyttum reglum LÍN að afla fjár sem nemur 470 millj. kr. til að ná endum saman eða lækka haustlán um þá fjárhæð ef fylgja á forsendum fjárlaga. Þetta jafngildir lækkun haustlána um 37%.“

Ég tel að í því yfirliti sem hér er fyrir lagt komi staðan fram með nokkuð skýrum hætti. Það eru um 800 millj. sem heimildir eru til á þessu ári og sem unnt væri að borga út í formi lána án þess að nokkurra frekari heimilda væri aflað. Til þess að hægt væri að standa við lögin eins og þau eru nú og ákvæði laganna ásamt mótuðum reglum um lánsúthlutun yrði samkvæmt þessum upplýsingum að afla viðbótarheimilda fyrir 470 millj. kr., meira það er nú ekki sem þar munar. En það munar hins vegar um það skref sem hér er verið að taka ef málið verður samþykkt sem lög frá Alþingi að lokinni þessari umræðu.

Við stjórnarandstæðingar höfum flutt brtt. við þetta mál, gerðum það við 2. umr., til að koma í veg fyrir þessa lokun sjóðsins. En það hefur ekki verið á okkur hlustað og brtt. okkar þar að lútandi var felld. Við hljótum hins vegar nú við 3. umr. að ræða það við stjórnarliðið á Alþingi hvort það ætli að gera alvöru úr því að stíga þetta skref og þá að fá það með sem skýrustum hætti fram á hvaða forsendum það er gert. Og það er sannarlega umræðu vert, virðulegur forseti.

Ég hafði vænst þess, virðulegur forseti, að við umræðuna yrði viðstaddur forustumaður Alþfl. í þinginu, formaður þingflokks Alþfl., og ég vildi óska eftir því að þessi virðulegi þingmaður yrði kvaddur til í þingsal, enda var hann áður viðstaddur að ég tók eftir. Mér væri það einnig ánægjuefni ef hv. varaformaður menntmn., fulltrúi Alþfl. í menntmn., hv. 11. þm. Reykn., yrði einnig viðstaddur hér, og hlýddi a.m.k. á hluta af mínu máli vegna þess að ég þarf að ræða nokkur efni við þessa hv. þm. sérstaklega.

En á meðan leitað er eftir að þessir hv. þm. komi í þingsal vil ég víkja að öðru máli sem þessu tengist og það er spurningin um fjárlagaforsendur næsta árs. Hæstv. menntmrh. var að því spurður hvort þær forsendur lægju fyrir. Efnislega greindi ráðherrann menntmn. þannig frá að undirbúningur væri kominn af stað varðandi fjárlagagerð en ótímabært væri að hans mati að gefa upp forsendur fyrir fjárveitingum að því er snerti Lánasjóð ísl. námsmanna og það væri ekki hægt að greina þar frá efni fyrr en þetta frv. væri orðið að lögum. Þannig var það raunar varðandi svör við fleiri fyrirspurnum af minni hálfu í nefndinni að vísað var til þess að það væri ekki hægt að greina frá efni fyrr en búið væri að lögfesta frv. Í rauninni þegar of seint væri að ræða um afleiðingarnar á grundvelli upplýsinga.

Mér þykir mjög miður að hæstv. ráðherra og talsmenn ríkisstjórnarinnar í menntmn. þingsins skuli ekki hafa orðið við þeim óskum okkar í stjórnarandstöðunni að upplýsa um hvert stefnir og hvað er á döfinni í þessum efnum bæði varðandi áætlanir um fjárveitingar á næsta ári sem og um úthlutunarreglur lánasjóðsins sem farið er að vinna að breytingum á í ljósi þess frv. sem hér er rætt. Þannig var brugðist við fyrirspurnum mínum og fleiri í nefndinni að menn báru það við, ráðherrann hæstv. og stjórnarliðar, að ekki væri hægt að greina frá þessum efnum fyrr en þá eftir að frv. hefði verið samþykkt. Þetta er auðvitað ekki rétt málsmeðferð. Þetta er a.m.k. ekki til þess fallið að upplýsa afleiðingar þessa máls og í hvað stefnir ef þetta frv. verður að lögum. Og því leyfi ég mér, virðulegur forseti, að gagnrýna að það skuli ekki hafa verið orðið við óskum okkar um þessi efni.

En nú eru hér nær hv. þm. sem ég bað um að væru til kallaðir. Að vísu hefði ég kosið að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ómakaði sig í þingsalinn vegna þess að ég hef óskað eftir nærveru hans, en ég hygg að bæði hann og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem hér er nú þegar viðstödd, geti numið mál mitt.

Ég ætla að rifja upp að þessum hv. þm. viðstöddum það innlegg sem komið hefur í þetta mál nýverið, og raunar að efni til einnig fyrir nokkrum mánuðum, frá talsmönnum þess fólks, þess yngra fólks í Alþfl., í þeirra eigin flokki, sem starfar innan vébanda Sambands ungra jafnaðarmanna. Ég fékk frá flokksskrifstofu Alþfl. nýverið ályktun sem lögð var fyrir flokksstjórnarfund Alþfl. 28. mars sl., áskorun til þingflokksins, eins og er yfirskriftin yfir þessari áskorun frá ungum jafnaðarmönnum, og ég vil leyfa mér, virðu-

legur forseti, að vitna til þessarar áskorunar. Mér er sagt að hún hafi verið samþykkt á þessum flokksstjórnarfundi að líkindum samhljóða þó ég hafi það ekki bókfest. Hún er svohljóðandi:

„Flokksstjórn skorar á þingflokk Alþfl. að beita sér fyrir eftirfarandi breytingum á frv. til Alþingis um Lánasjóð ísl. námsmanna:

Burt falli 1. mgr. 6. gr. „Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur."

Í stað þess komi: Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári.

Í greinargerð með þessari málsgrein þarf að koma fram námslán skal greitt út til fyrsta árs nema eftir að hann hefur skilað fullnægjandi námsárangri á fyrstu prófum. Eftir það fái námsmaður útborgað lán mánaðarlega samhliða námi að því tilskildu að árangur næstliðinnar annar sé fullnægjandi. (samkvæmt skilgreiningu sjóðstjórnar)."

Þetta er áskorunin til þingflokks Alþfl. sem samþykkt var í þessari stofnun Alþfl. seint í marsmánuði.

Þessari áskorun fylgdi greinargerð sem ég ætla að spara að lesa upp vegna þess að það liggur fyrir nýrri samþykkt frá framkvæmdastjórn Sambands ungra jafnaðarmanna um þetta efni sem ég vil fá leyfi forseta til að vitna til. Hún er dags. 10. maí og þannig aðeins nokkurra daga gömul og er svohljóðandi: „Framkvæmdastjórn Sambands ungra jafnaðarmanna gagnrýnir harðlega þingflokk Alþfl. fyrir að samþykkja frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna án þess að beita sér fyrir breytingum á 6. gr. þess eins og flokksstjórn Alþfl. hafði samþykkt.

SUJ ítrekar andstöðu sína við það ákvæði frv. um námslán sem gerir ráð fyrir að öll lán verði greidd út eftir að námsáföngum er lokið. Það þýðir í raun að lánasjóðnum verði lokað næsta haust. Þetta ákvæði mun hafa þær afleiðingar að þeir hópar námsmanna sem mest þurfa á aðstoð sjóðsins að halda, barnafjölskyldur og námsmenn utan af landi, verða að framfleyta sér á lánum sem bera markaðsvexti meðan á námstíma stendur. SUJ telur að þessi ráðstöfun brjóti algjörlega í bága við markmið laganna um jafna stöðu allra til náms og geti aukin heldur ekki samrýmst stefnu jafnaðarmanna um réttlæti í samfélaginu.

SUJ lýsir andstöðu við þá þingmenn Alþfl. sem allir utan einn samþykktu þetta ákvæði frv. og hundsuðu þannig áskorun flokksstjórnar Alþfl. frá 28. mars um að beita sér fyrir breytingum þar á. SUJ lýsir stuðningi við þær breytingar til bóta sem náðst hafa fram, mest fyrir tilstuðlan þingmanna Alþfl., en hvetur þá jafnframt til að endurskoða hug sinn til 6. gr. og koma í veg fyrir það ranglæti sem leiðir af samþykkt hennar eins og hún lítur út eftir 2. umr. um frv. á Alþingi. Þannig mun verða gengið til móts við samhljóða samþykkt flokksstjórnar. Að öðrum kosti áskilur SUJ sér rétt til að fara fram á flokksstjórnarfund um málið og boðar að það verði tekið upp á þingi Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands í júní nk."

Undir þessu stendur: Samþykkt af framkvæmdastjórn SUJ, 10. maí 1992. Flm. Sigurður Pétursson formaður SUJ og Sigþór Ari Sigþórsson formaður FUJ í Hafnarfirði og símanúmer fylgja.

Virðulegur forseti. Í þessari samþykkt Sambands ungra jafnaðarmanna er vitnað til annarrar samþykktar sem gerð var í stofnun Alþfl., ég hélt gildri stofnun Alþfl., sjálfri flokksstjórninni sem, ef ég er rétt upplýstur, fer með æðsta vald í málefnum flokksins milli landsfunda hans og er ég þá leiðréttur ef það er rangt. Það er satt að segja allfurðulegt ef annar stjórnarflokkurinn lætur sig hafa það að gera að engu í reynd samþykkt þessarar stofnunar flokksins og hundsa vilja samtaka unga fólksins í flokknum og tjalda því einu til að einn þingmaður tekur sér leyfi til að sitja hjá, öflugri var nú andstaðan ekki eða fylgið við stefnu flokksins en að einn einasti þingmaður fékk leyfi hjá þingflokknum til að sitja hjá við eina atkvæðagreiðslu um frv. hér í þinginu. Það var ekki mikil reisn yfir þeirri hjásetu, því miður, og það var ekki mikil alvara sem þar bjó að baki af hálfu þingflokks Alþfl.

Það hefur verið eftir því gengið, bæði í umræðu og enn frekar í menntmn. þingsins, hvort það sé virkilega ásetningur Alþfl. hér á Alþingi að láta Sjálfstfl. takast að brjóta niður Lánasjóð ísl. námsmanna og löggjöf um hann með þeim hætti sem hér er verið að gera og eyðileggja markmið laganna og gera að engu markmið laganna sem á að vera að tryggja jafnrétti til náms en sem er raunar eitt af því sem stjórnarliðið hefur beitt sér fyrir að fella og koma í veg fyrir að væri lögfest í 1. gr. frv. sem hér er rætt.

Við hljótum við þessa umræðu, virðulegur forseti, að krefja þingmenn Alþfl. svara um þessi efni, hvort það sé ekki meira gert, hvort menn eigi að líta svo til að samþykktir í æðstu stofnunum þessa flokks séu marklaust plagg, bara birt til þess að það sjáist í Alþýðublaðinu daginn eftir að þær eru samþykktar og síðan gleymdar. Ég vænti þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sjái ástæðu til að ræða þessi mál við umræðuna og gera grein fyrir því hvernig hann getur réttlætt það fyrir sjálfum sér og sínum umbjóðendum og stofnunum Alþfl. að láta það eitt nægja að sitja í eintölu hjá, einn þingmanna flokksins, ekki einu sinni lyfta upp hönd á móti þeim ákvæðum sem hér er verið að reyna að lögfesta.

Og hvað um hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fulltrúa flokksins í menntmn. þingsins? Það hefur satt að segja ekki farið mikið fyrir málefnalegri umræðu þar eða innleggi af hálfu þessa fulltrúa Alþfl. í sambandi við þetta mál til að knýja þar á um breytingar eða skýra það fyrir þingheimi og fyrir okkur í menntmn. hvernig þingmaðurinn réttlætir það fyrir sjálfum sér og sínum umbjóðendum og þeim sem hafa treyst Alþfl. fyrir atkvæði sínu fyrir síðustu kosningar að ætla að standa þannig að máli í þessu afdrifaríka máli.

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var um tíma starfandi ritstjóri Alþýðublaðsins í skamma hríð eftir að hann tók sæti á Alþingi. (**ÖS:** Það er rangt.) Hann segir, hv. þm., að þetta sé rangt. En allt um það skrifaði þingmaðurinn ritstjórnargreinar í þetta stóra og fjöllesna blað (**ÖS:** Og geri enn.) og

gerir enn að sagt er. Það hefur nú yfirleitt verið litið á það sem hlutverk ritstjóra blaða eða manna sem ganga í verk þeirra að skrifa ritstjórnargreinar. Þann 14. maí sl. skrifaði þingmaðurinn leiðara í blaðið, ritstjórnargrein í tveimur köflum, þar sem sérstaklega var rómuð og mærð, þ.e. lofuð, hin áræðna yfirlýsing flokksformannanna frá Viðey. Þann 14. maí 1991. Já, það var nú ekki lengra liðið frá kosningum, hv. þm. Og í seinni hluta leiðarans reyndi þingmaðurinn að koma nafngift á ríkisstjórnina sem þá var nýtekin til starfa og kallaði hana bjarghelluna. Og ég sé ástæðu til þess, virðulegur forseti, vegna þeirrar stöðu sem þingið er nú í og Alþfl. og þessi hv. þm. að rifja aðeins upp örfá orð úr penna hans frá 14. maí eins og þau birtust í Alþýðublaðinu undir yfirskriftinni „Bjarghella."

„Núverandi ríkisstjórn", segir þessi hv. þm. og þá starfandi ritstjóri Alþýðublaðsins, „var mynduð á bjarghellu gagnkvæms trausts sem spratt milli formanna stjórnarflokkanna tveggja. Enginn skrifaði álnarlanga sáttmála milli flokkanna. Enginn ritstýrði löngum textum um verkefni framtíðarinnar. En á grundvelli hreinskilinna viðræðna yfir borði Skúla fógeta í Viðey gerðu formennirnir flokkum sínum tillögu að stuttri en kjarnyrtri starfsáætlun næstu fjögurra ára.

Engum blandast hugur um að beggja megin borðs voru menn sem ekki voru sáttir með þá niðurstöðu sem um síðir fékkst. En hún fékkst eftir leikreglum lýðræðisins. Það skiptir máli."

Menn sjá hér túlkunina á lýðræðinu: Tveir menn sitja í sófa úti í Viðey og ganga frá grundvelli ríkisstjórnar. Það er lýðræðið sem þessi ríkisstjórn er mynduð á, það er „diktat", það er gjörð þessara tveggja formanna flokkanna sem hv. þm. valdi einkunnina „áræðin yfirlýsing". Og ritstjórinn heldur áfram:

„Það leggur skyldur á herðar félögum flokkanna tveggja, ekki síst þeim sem gegna ábyrgðarstöðum. Í þessum skyldum er m.a. fólgið að meðan stjórnin sýnir trúnað þeirri starfsáætlun, sem félagarnir samþykktu með lýðræðislegum hætti, þá skulda þeir stjórninni trúnað." Þ.e. þingmennirnir.

Og ég spyr hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Telur hann að í yfirlýsingunni í Viðey og þeirri samþykkt sem borin var undir Alþfl. eftir ráðslag þeirra formanna hafi það falist að ganga frá lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna með þeim hætti sem hér er verið að gera? Í lok þessarar ritgerðar sagði þingmaðurinn:

„Allir aðilar stjórnarsamstarfsins verða að gera sér grein fyrir að langlífi og skilvirkni stjórnarinnar stendur og fellur með því að menn vinni saman af heilindum. Bjarghella hins gagnkvæma trausts er — og verður að vera — lífgjafi samstarfsins. Í því felst ekki síst að þingmenn og flokksbroddar allir hafi hemil á athyglisfíkn sinni og hjálpi ekki andstæðingum stjórnarinnar til að skapa í fjölmiðlum þá ímynd að stormur sé í uppsiglingu þegar í raun ríkir bærileg stilla."

Það er kannski eftir þessari formúlu sem hv. þm. er að reyna að lifa. Hann vill ekki gára, hann vill ekki koma af stað neinum stormi innan stjórnarsamstarfsins. Hann lætur sér lynda að Sjálfstfl. gangi hér yfir Alþfl. Hann lætur sér lynda að Sjálfstfl. gangi yfir Alþfl. með þeim hætti sem nú blasir við, gangi yfir samþykktir flokksstjórnar Alþfl. eins og það væri ómerkt pappírsgagn. Og það er ekki haft fyrir því af þingmönnum flokksins að reyna að verjast þó liðsinni sé heitið hér óskipt af stjórnarandstöðunni á Alþingi. Ja, það virðist vera mikið á sig lagt, hv. þm., til að halda aftur af athyglisfíkn sinni eins og þingmaðurinn orðaði það í þessari ágætu ritstjórnargrein sem ég hef verið að vitna til og bar yfirskriftina „Bjarghellan".

Ég treysti því, virðulegur forseti, að ekki aðeins hv. þm. Össur Skarphéðinsson heldur einnig fulltrúi flokksins í menntmn. sjái ástæðu til að gera þingheimi grein fyrir því hvernig þau réttlæta það að ætla að standa að afgreiðslu þessa frv. og lögfesta það hér innan skamms í þinginu.

Virðulegur forseti. Ég vík frekar að efnisþáttum sem rædd voru í menntmn. í gærkvöld. Það var innt eftir því hvað liði undirbúningi að úthlutunarreglum fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna og því var til svarað að þó að farið væri að huga að þeim væru þær upplýsingar ekki útbærar, málið ekki unnið eða frá gengið, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, í öllu falli væru þessar úthlutunarreglur ekki fyrir hendi þannig að ráðherrann hæstv. vildi kynna þær. En spurt var um það hvort ætlunin væri að nota sama framfærslugrunn og notaður hefur verið í sambandi við úthlutun námslána og því var svarað játandi af hæstv. ráðherra. Þar væri af hans hálfu ekki ráðgert að gera breytingar á og út af fyrir sig er það nokkuð gild yfirlýsing því það skiptir máli með hvaða hætti haldið er á þessu. Það er hins vegar svo að úthlutunarmál og reglur Lánasjóðs ísl. námsmanna eru allflókin hvað snertir allan búnað og þar er ekki aðeins rætt um framfærslugrunn heldur líka framfærslustuðla sem svo eru kallaðir og það liggur fyrir eftir umræður í menntmn. að breyting verði eða geti orðið á þessum framfærslustuðlum og því megi vænta þess að þarna verði um breytingar að ræða frá því sem verið hefur. Ég vil hins vegar ekki reyna að geta frekar í þær eyður. Hugsanlega upplýsir hæstv. ráðherra okkur um það hér við umræðuna frekar ef hann hefur upplýsingar að færa um þær breytingar. En ein breyting er þó boðuð og var kannski það sem mest nýjabrum var að af því sem upplýst var í menntmn. í gær. Það snerti spurninguna sem hafði verið borin fram við 2. umr. málsins, þ.e. varðandi vaxtagreiðslur á skammtímalánum sem námsmönnum verður gert að afla sér til að brúa bilið þangað til að námslán verða afgreidd með missiri eftir á eða svo í mörgum ef ekki flestum tilvikum.

Hæstv. ráðherra hafði upplýst við 2. umr. að ráðgert væri af stjórn lánasjóðsins í samráði við hann að hækka námslán sem næmi vaxtakostnaði til að auðvelda námsmönnum að axla þá byrði sem felst í þeim lántökum og þeim vaxtakostnaði sem þarna kemur fram. Og upplýsingar hæstv. ráðherra í nefndinni í gær um þetta efni voru á þá leið efnislega að gert væri ráð fyrir því að ekki yrði farið einstaklingsbundið ofan í hverja lánsafgreiðslu eða málefni hvers umsækjanda um námslán heldur yrði mótuð almenn regla sem fæli í sér að áætlaður væri einhver meðalvaxtakostnaður og

námslán hækkuð almennt sem þessu næmi. Það yrði innleidd sem sagt þarna regla sem leiddi til almennrar hækkunar námslána vegna áætlaðs vaxtakostnaðar og allir námsmenn, hvort sem þeir þyrftu á slíku láni að halda eða ekki, ættu kost á hækkuðu láni sem þessu næmi. Þetta eru talsverðar upplýsingar og nokkur tíðindi, að hæstv. ráðherra og forusta lánasjóðsins skuli ætla sér að bregðast með þessum hætti við þeirri gagnrýni sem uppi hefur verið höfð bæði af hálfu námsmanna og hér af hálfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Og auðvitað spyrjum við: Til hvers leiðir þessi breyting fyrir hag lánasjóðsins? Hvað nemur miklum upphæðum á ársgrunni sú almenna hækkun námslána sem af þessu leiðir og hver er nettóhagurinn af þessari breytingu allri saman? Því svaraði hæstv. ráðherra ekki þannig að ég treysti mér til að hafa það eftir hér í ræðustól. Í rauninni, ef ég tók rétt eftir, hafði ráðherrann ekki neinar tölur fram að færa um þetta efni, en hugsanlegt er að það komi fram af hans hálfu upplýsingar um það við umræðuna og ég inni raunar eftir því hvort hæstv. ráðherra hafi fengið áætlanir um þetta efni vegna þess að hér er vissulega um allmikilsverðan þátt að ræða að því er varðar þetta mál allt saman, málabúnaðinn og eins stöðu lánasjóðsins.

Það var spurt um það raunar einu sinni sem oftar, því oft hefur það verið ámálgað í þessari umræðu, hver verði staða námsmanna sem rekast á hinn svokallaða „numerus clausus“ eða hámark í aðgengi í einstökum námsbrautum og geta ekki haldið áfram námi af þeim sökum, hver sé staða þeirra námsmanna nú eftir að innleidd verði reglan um greiðslurnar eftir á, og hæstv. ráðherra viðurkenndi að hér væri við vandamál að fást sem hins vegar væri vilji til að taka á og hann hefði tekið málið upp við stjórn lánasjóðsins og vænti þess, ég held að ég hafi tekið rétt eftir, að það mætti finna á þessu lausn. Hins vegar hefur það ekki verið útfært þannig í texta að ég átti mig fyllilega á því að slík lausn rúmist innan ramma þess frumvarps sem hér er verið að lögleiða, en vel má vera að svo sé og hér er við vandamál að fást sem verður auðvitað að gera kröfu til að verði athugað áður en frumvarpið er lögfest.

Í sambandi við eftirágreiðslurnar og þær aðstæður sem námsmönnum eru með þeim skapaðar, þ.e. að þurfa að brúa bilið með bankalánum, eru ýmsar spurningar sem hefur ekki verið svarað með skýrum hætti og sem ég vil ég gera hér nokkuð að umtalsefni, virðulegi forseti. Við spurðum í menntmn.: Hefur verið leitað eftir afstöðu banka til að veita námsmönnum lán sem greiðist af væntanlegum námslánum ásamt áföllnum vöxtum? Og af hálfu hæstv. ráðherra kom fram að viðræður hefðu farið fram milli einhverra bankastofnana og stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna til að fá viðbrögð og það væru vonir til þess að það mætti liðka fyrir því að þessi viðskipti gætu farið fram án þess að allt of miklar hindranir yrðu í vegi námsmanna.

Þegar hins vegar er gengið eftir því hvaða innistæða er að baki þessum orðum verður harla fátt um svör satt að segja. Spurningunni um hvort þetta verði í rauninni afgreitt án þess að farið sé ofan í aðstæður hvers námsmanns treysti hæstv. ráðherra sér ekki að svara játandi heldur er þess getið að viðkomandi lánastofnun muni þurfa að leita eftir upplýsingum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna um stöðu viðkomandi einstaklings áður en svör séu gefin við spurningunni um skammtímalán sem eigi síðan að endurgreiða með væntanlegu láni missiri síðar eða svo, væntanlegu láni frá lánasjóðnum. Og í rauninni koma fram í Morgunblaðinu í dag í viðtali við framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna upplýsingar sem ég held að sé rétt, virðulegi forseti, að tengja við þetta mál mitt með því að ég vitni aðeins til þeirra vegna þess að þar talar sá maður sem hefur staðið í þessum viðræðum við bankana, en þar segir, með leyfi forseta, í Morgunblaðinu í dag, 13. maí:

„Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna, segir ljóst að viðskiptabankarnir taki á sig talsverða áhættu ef þeir taka að sér aukin viðskipti við námsmenn í kjölfar þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á frv. um lánasjóðinn að aðeins verði veitt námslán í lok hverrar námsannar þegar nemendur hafa skilað námsárangri. „Það liggur í augum uppi að ef bankarnir veita námsmanni lán út á lán frá okkur og hann skilar ekki námsárangri gætu þeir þurft að standa í erfiðri innheimtu,“ segir Lárus. Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins hafa bankarnir lýst yfir áhuga á að lánasjóðurinn veiti m.a. upplýsingar um námsframvindu nemenda sem stuðst yrði við vegna hugsanlegrar lánafyrirgreiðslu.

Lárus sagðist ekki eiga von á að bankarnir gerðu meiri kröfur til ábyrgðarmanna lána en lánasjóðurinn sjálfur. Sagði hann að í viðræðum við bankana undanfarið hefði verið farið yfir breytingar og veittar upplýsingar um áhrif nýrra laga um lánasjóðinn. Bankarnir byggðu á reynslu af fyrirgreiðslu við nýnema á undanförnum árum og sagði Lárus að í ljós hefði komið að aðeins lítill hluti nýnema hefði í raun notfært sér þjónustu bankanna á fyrstu námsönn.“

Þá er vitnað til bréfs menntmrn., sem sent var menntmn. Alþingis sl. mánudag, og þar sem ég hef þegar vitnað til sama bréfs ætla ég að stytta tilvitnunina, en síðan er vitnað til framkvæmdastjórans: „Lárus sagðist telja að aðeins lítill hluti þessarar upphæðar [þ.e. 1.270 millj.] myndi færast yfir á bankakerfið ef tekið væri mið af reynslunni af sókn nýnema í bankalán á fyrsta námsmissiri.

Sagði Lárus að stjórnendur sjóðsins hefðu lýst áhuga á að viðræðurnar færu af stað fyrir alvöru þegar frv. hefði hlotið afgreiðslu á Alþingi.“

Síðan segir, og það finnst mér athyglisvert:

„Við höfum talið æskilegt að námsmenn gætu fengið svipaða fyrirgreiðslu og þeir hafa fengið hjá sjóðnum, þannig að lán yrðu greidd út mánaðarlega,“ sagði Lárus. En hvort við þessu verður orðið, fyrir því liggja engar haldbærar upplýsingar.

Vitnað er í þessari frásögn Morgunblaðsins til Stefáns Pálssonar, bankastjóra Búnaðarbankans, sem greinir frá því að ekkert hafi verið við þann banka rætt enn sem komið er út af þessu máli, engar formlegar viðræður átt sér stað né fundur boðaður svo að þessar við-

ræður eru ekki langt á veg komnar samkvæmt þessum upplýsingum.

Ég held, virðulegi forseti, að því miður liggi málin þannig að þrátt fyrir þá tilslökun sem meiri hlutinn á Alþingi er að gera í sambandi við að lána fyrir vöxtunum til viðbótar við almenn lán eigi námsmenn, viðskiptaaðilar sjóðsins, eftir að lenda í miklum hraknингum, erfiðleikum, töfum og óhagræði vegna þessa kerfis sem hér er verið að lögbjóða vegna þess að það reynist tafsamt að afla þessara lána og sannfæra viðkomandi lánastofnanir um að óhætt sé að taka áhættuna sem þeim er gjört að taka og sem áður hefur verið Lánasjóðs ísl. námsmanna að axla í viðskiptum við námsmenn. Og þá spyr maður: Hvers vegna er verið að knýja þessa breytingu fram og hafna að nota þær heimildir sem eru til staðar til að greiða út 63% námslána á haustönn, á seinni hluta ársins sem fjármagn liggur fyrir? Svörin hafa komið fram. Þau komu m.a. fram í menntmn. í gærkvöld og þau eru efnislega á þá leið að meiri hlutinn hér á Alþingi, sá meiri hluti sem hefur afgreitt þetta mál til 3. umr., vill ná fram kerfisbreytingu til að gera það erfiðara fyrir námsmenn að afla sér lána, til að aga námsmenn, til að tryggja að þeir skili fyrir fram eða til þess að geta talist lánshæfir þóknanlegri niðurstöðu um námsframvindu. Og þessi meiri hluti er að gera því skóna, bæði opinberlega og í umræðum í nefnd, að þarna geti orðið um verulegan samdrátt í fjárþörf til lánasjóðsins að ræða. Og hvað þýðir þetta á mæltu máli? Þetta þýðir að það er verið að fækka námsmönnum, það stendur til að fækka verulega þeim námsmönnum sem notið geti þeirrar fyrirgreiðslu sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur boðið upp á til þessa, að fækka því fólki sem aflar sér þekkingar á Íslandi, sem aflar sér framhaldsmenntunar á Íslandi, í sérnámi, í háskólanámi og leggur þannig í eigin sjóð og sjóð þjóðarinnar með þeirri þekkingaröflun sem nýtist bæði í lífi og starfi þjóðfélaginu til gagns.

Það er ekki svo, virðulegi forseti, hvað snertir eðlilegan vilja til að sýna ákveðið aðhald varðandi námsárangur nemenda að það sé eina leiðin að taka upp það kerfi sem hér er verið að boða. Það eru margar aðrar leiðir til sem yrðu ekki námsmönnum jafnerfiðar og örðugar og það kerfi sem meiri hlutinn ætlar að knýja fram. Það hefur verið lagt á refsigjald vegna ofáætlunar á tekjum og þar af leiðandi hærri útgreiddra námslána. Það hafa námsmenn sjálfir tekið undir og samþykkt að ég best veit í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna, 5% refsigjald. Slíkri svipu mætti lyfta ögn hærra ef menn teldu þörf á því þannig að menn mundu gá betur að sér í þeim efnum og ekki tefla á tæpt vað vegna þess að fjárhagslega væri það óskynsamlegt að gera það og það eru ýmis slík ráð sem væri ólíkt bærilegra að upp yrðu tekin en það kerfi sem hér er verið að lögbjóða.

Við spurðum einnig um það í menntmn. þingsins hvernig ráðgert væri að móta reglur varðandi niðurfellingu lána við starfslok, lánabyrði sem mun aukast að samþykktu þessu frumvarpi og með þeim hætti að hjá þeim sem lægri tekjur hafa, eru í lægri tekjuhópunum af viðskiptavinum Lánasjóðs ísl. námsmanna, hleðst höfuðstóllinn upp og það vantar mikið á að menn nái því á eðlilegum starfstíma við starfslok, 67 ára gamlir eða svo, að ljúka greiðslum til lánasjóðsins. En við höfum ekki fengið upplýsingar um þetta efni, hvernig eigi að meta þær heimildir sem eru ekki mjög skýrt orðaðar í 66. gr. frv. um þetta efni, m.a. með tilliti til eigna, og annað þess háttar. Og þannig er það um mörg atriði þessa máls að það er margt í poku og það í þéttri þoku um hvernig útfært verður og hvernig á verði haldið þeim heimildum sem hér stendur til að lögfesta.

Nei, það er ekki mikil tillitssemi sem sýnd er því fjölmarga unga fólki sem nú er í námi og á eftir að fara í nám og mun gjalda ákvæða þess frv. sem hér á að lögleiða og horfur eru því miður á að verði lögleidd hér fyrir þinglok.

En síðan er bætt gráu ofan á svart í þessu máli með því að innleiða ákvæði og breytingar á lögunum til að veikja hreyfingu íslenskra námsmanna, sérstaklega þeirra sem eru í sérnámi en ekki háskólanámi hér innan lands og þeirra sem eru við störf erlendis, þ.e. í námi. Og hvernig er það gert? Jú, það er gert með breytingu sem innleidd er í 16. gr. frv., breytingu sem samþykkt var við 2. umr. málsins og þar sem felld var breytingartillaga sem við stjórnarandstæðingar fluttum um málið. Og ég sé ástæðu til þess nú við 3. umr. málsins að vekja sérstaka athygli á þessari breytingu. Hún var ekki fyrirferðarmikil í umræðunni. Það var ekki rætt mjög mikið um hana við 2. umr. vegna þess að menn voru þá að takast á um kannski stærri hluti. En hér er þó um ákvæði að ræða sem skiptir verulegu máli fyrir stöðu námsmanna og þjónustumöguleika þeirra, þ.e. samtaka þeirra, til að rækja þjónustu við umbjóðendur sína. Af því tilefni skulum við aðeins átta okkur á hvernig þessi viðkomandi frumvarpsgrein hljóðar eftir 2. umr., þ.e. lok 16. greinar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsumsókn."

Hér er sú breyting gerð á að þeirri málsmeðferð sem í gildi hefur verið um þessi efni er snúið við. Hingað til hafa nemendur greitt, upp á síðkastið má ég segja, 1.900 kr. t.d. til Sambands íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE, á ári í félagsgjöld án þess að taka það sérstaklega fram að þeir vilji að svo sé gert eða þeirra umboðsmaður. Nú á að snúa þessari reglu við og það er ofur eðlilegt að samtök námsmanna eins og SÍNE eða BÍSN, Bandalag íslenskra sérskólanema, hafi áhyggjur af þessu efni. Ég vil nú biðja hæstv. menntmrh. að íhuga hvort hann væri ekki til með að gera þá litlu breytingu á þessu frv. og beita sér fyrir því í samvinnu við meiri hlutann sem hann hefur unnið með í menntmn. þingsins að færa frv. til þess horfs sem verið hefur þannig að það sé nú ekki verið í ofanálag við allt annað að brjóta niður þessi þó ekki mjög sterku samtök sérskólanema og námsmanna erlendis eins og miklar líkur eru á að gert verði ef frv. gengur fram sem horfir.

Ég leyfi mér til rökstuðnings, virðulegi forseti, að vitna til mjög nýlegra erinda frá bæði Bandalagi íslenskra sérskólanema og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis um þetta efni, bæði bréfin raunar dagsett 8. maí, með leyfi forseta.

Efnið frá BÍSN, og ég leyfi mér að vitna til nokkurra þátta úr því bréfi frá 8. maí, er: „Mótmæli Bandalags íslenskra sérskólanema við 16. gr. frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna." Þar segir m.a., og ég gríp inn í mitt bréfið: „Það sem veldur stjórn BÍSN helst áhyggjum í tengslum við þessa fyrirhugðu breytingu er sú staðreynd að ástæða er til að óttast það að einungis lítill hluti námsmanna muni hafa þá forsjá við útfyllingu lánsumsóknar að óska eftir því að af láni hans verði dregin félagsgjöld. Þetta orsakast af því að fyrst og fremst reikna fæstir með því þegar af stað er farið að einhver vandamál geti komið upp þegar fram í sækir, vandamál sem þeir síðar eru ekki í stakk búnir til að takast á við og leysa úr. Þjónusta BÍSN við sína félagsmenn er einmitt að stórum hluta fólgin í aðstoð við lausn slíkra vandamála fyrir félagsmenn. Á hverju skólaári skipta slík mál hundruðum sem á þennan hátt er leyst úr á vegum félagsins. Stjórn BÍSN bendir á að þessar breytingar munu kippa fótunum undan starfsemi bandalagsins og draga þyrfti stórlega úr þjónustu sem það veitir námsmönnum. Félagsmenn BÍSN eru um 3.500 talsins og stunda nám í hinum ýmsu skólum landsins öðrum en Háskóla Íslands". — Og framhaldið er athyglisvert og ég er ekki viss um að allir hv. þm. átti sig á því og kannski ekki hæstv. ráðherra heldur. Þar segir:

„Í lögum um Háskóla Íslands kemur fram að allir sem stunda nám í háskólanum eru skyldaðir til þess að greiða félagsgjald til stúdentaráðs sem er þeirra hagsmunafélag. Það er skoðun stjórnar BÍSN að þarna sé verið að mismuna gróflega nemendum sérskólanna með því að leggja nánast niður þeirra hagsmunasamtök á meðan öðrum er gert kleift að starfa."

Og í erindi frá SÍNE um sama atriði segir, með leyfi forseta:

„Stjórn SÍNE vill benda á að fyrirhugaðar breytingar munu kippa fótunum undan starfsemi sambandsins og draga stórlega úr þeirri þjónustu sem það veitir námsmönnum sem stunda nám úti í hinum stóra heimi. Má nefna í því sambandi að hér er um að ræða 1% þjóðarinnar. Eðli málsins samkvæmt er það ekki námsmaðurinn sjálfur sem fyllir út eyðublöð Lánasjóðs ísl. námsmanna heldur umboðsmaður þeirra. Umboðsmaðurinn áttar sig e.t.v. ekki á mikilvægi þess að námsmaðurinn sé aðili að SÍNE einfaldlega vegna þess að það er ekki hann sem á hagsmuna að gæta heldur námsmaðurinn.

Einnig má benda á að skrifstofa SÍNE veitir ýmiss konar þjónustu sem léttir óneitanlega á afgreiðsluborði lánasjóðsins og ekki síst menntmrn."

Ég bið nú hv. formann menntmn., þótt eðlilegt sé að formaðurinn þreytist hér undir umræðum, að hugleiða það hvort ekki væri ráð að taka þetta tiltölulega litla efnisatriði til athugunar strax og ganga frá breytingu á því í góðri samvinnu við menntmn. alla og hæstv. menntmrh. sem ég geri mér vonir um að átti sig á að hér er ekki skynsamlega að farið. Hér er ekki réttlæti á ferðinni og það er að bæta gráu ofan á svart, ofan á þær breytingar sem hér er verið að lögleiða, ef í leiðinni á svo að rústa þessi hagsmunasamtök hinna mjög svo dreifðu og þá um leið fremur veikburða hagsmunasamtaka námsmanna erlendis og í sérskólum í landinu. (**SAP:** Það eru engin þreytumerki á mér.) Það er ánægjulegt að formaður menntmn. gefur yfirlýsingu um að hún sé hress og engin þreytumerki. Ég fagna því, þeim mun meiri líkur eru á því að við náum saman um breytingar á þessu ákvæði að formaðurinn hugsi skýrt og taki undir þau skýru rök sem hér koma fram í þessum erindum frá námsmannahreyfingunum.

Virðulegur forseti. Ég hef gert að umtalsefni nokkur þau efnisatriði sem rædd voru milli umræðna í menntmn. og sem komið hafa í mínar hendur sem fulltrúa í nefndinni í formi erinda og ég sé ástæðu til að vekja sérstaka athygli á og óska eftir að meiri hlutinn taki til endurmats vegna þess í hvert óefni stefnt er.

Ég ætla, virðulegur forseti, að leitast við að þjappa því saman sem ég vildi segja hér. Því verður ekki komið til skila á fimm mínútum sem ég vildi sagt hafa, en ég mun leitast við vegna þess að fram undan eru þingflokksfundir og margir eiga vafalaust eftir að tjá sig síðan við umræðuna að stytta mál mitt og mér finnst vel til fundið að vekja athygli á erindi sem barst lesendum Morgunblaðsins í dag frá fulltrúa í stúdentaráði Háskóla Íslands, fulltrúa sem situr þar fyrir hönd Vöku, f.l.s., sem mun vera skammstöfun á Félagi lýðræðissinnaðra stúdenta og er viðbót við heitið ekki ósvipað á sinn hátt og viðbót við heiti Alþfl. sem ég treysti mér ekki að hafa uppi hér eftir það sem fram er komið í málinu og frammistöðuna varðandi þetta mál.

En í erindi höfundar þessarar greinar í Morgunblaðinu, höfundurinn heitir Elsa B. Valsdóttir, segir, virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Alþingi Íslendinga er virðuleg og valdamikil stofnun. Þar sitja 63 lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar sem fara með löggjafarvaldið. Lögin sem Alþingi setur hafa víðtæk áhrif á líf þegnanna í landinu og stundum bein áhrif á afkomu þeirra. Við hljótum því að gera þá kröfu að lögin sem sett eru séu réttlát og skynsamleg. Þrátt fyrir það mikla vald sem við gefum þingmönnum okkar erum við ekki alltaf sátt við þau vinnubrögð sem þeir beita eða lögin sem þeir vilja setja. Þessa dagana eru 15.000 námsmenn mjög ósáttir við það lagafrv. sem nú er komið til 3. umr. í þinginu og fjallar um Lánasjóð ísl. námsmanna. Og það eru ekki bara námsmenn sem eru ósáttir, það sést best á 30 klukkustunda umræðu sem þegar hefur farið fram á Alþingi um frv. og þeim 8.000 undirskriftum sem safnað hefur verið gegn því hjá fólkinu í landinu. Þetta frv. er hvorki réttlátt né skynsamlegt." — Segir þessi fulltrúi Vöku í stúdentaráði. — „Það dregur gróflega úr jafnrétti til náms, eykur aðstöðumun og á eftir að hafa veruleg áhrif á kjarabaráttuna þegar fram í sækir. Menntamálaráðherra og þingheimi öllum hefur hvað eftir annað verið bent á galla þessa frv. Fulltrúar námsmanna hafa gert það, þingmenn hafa gert það og allir

sem eitthvað kynna sér frv. gera sér strax grein fyrir alvarlegum göllum þess. Þrátt fyrir þetta er frv. nú komið til 3. umr. og endanlegrar afgreiðslu í þinginu nær óbreytt frá fyrstu gerð. Hvernig stendur á þessu?" — spyr höfundurinn, fulltrúi Vöku í stúdentaráði. — „Getur það verið að í þessu mikilvæga máli sem LÍN er, sjóður sem fjöldi manna, kvenna og barna byggja tímabundna afkomu sína á, að ráðherra og ríkisstjórn séu í pólitískum skollaleik með það á Alþingi? Getur verið að þrjóskan við að „láta undan" stjórnarandstöðunni með því að samþykkja eitthvað af þeim brtt. sem hún hefur gert á frv. yfirgnæfi þá rödd skynsemi og réttlætis sem hlýtur að segja hverjum þingmanni að gera það? Sá þingmaður sem þannig hugsar er ekki verður þess trausts sem kjósendur hafa sýnt honum, sá ráðherra sem svo hugsar ber ekki hag skjólstæðinga sinna fyrir brjósti og sú ríkisstjórn sem þannig starfar, hún starfar hvorki af skynsemi né réttlæti."

Þetta er grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag, rituð af fulltrúa Vöku í stúdentaráði Háskóla Íslands.

Ég get gert hvert orð þessa fulltrúa að mínum. Hér er í rauninni á kjarnyrtu, skýru máli verið að segja það og taka undir það sem við í ræðum okkar undanfarnar vikur og mánuði á Alþingi höfum verið að halda fram og tekið undir þær aðvaranir sem við höfum sett fram. Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að bæta við þær aðvaranir, þær eru fram komnar af minni hálfu, en ég skora að lokum á meiri hlutann á Alþingi að loka ekki á það að gera við 3. umr. málsins nokkrar lagfæringar á þessu máli, brjóta odd af oflæti sínu og taka undir með þeim fjölmörgu sem benda á þá ótalmörku agnúa sem eru á þessu máli og rýra stórlega aðstöðu unga fólksins í landinu til náms, sem innleiða misrétti í stað þeirra markmiða sem menn vilja halda við í orði um jafnrétti til náms en eru á borði að loka á með lögfestingu þessa frv.

Umræðu frestað. [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála stjórnarandstöðuþingmanna.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég boðaði í fyrri viku að ég mundi óska eftir umræðum um þingsköp til að fá úr því skorið hver væri stefna forsetans gagnvart hinum almennu þingmönnum, hvort þeir mættu búa við það að mál sem flutt hefðu verið með eðlilegum hætti yrðu ekki tekin til umræðu. Nú er það ekki nýtt í þingsögu Íslands að stjórnarandstaðan komi málum sínum ekki lengra en til nefndar, menn hiki við að láta fella þau í þinginu en leyfi að tala fyrir þeim og koma þeim til nefndar. Hér virðist aftur á móti, eftir að upplýst er með drögum frá forseta til þingflokksformanna, sem er fundaáætlun til 19. maí, og verður ekki annað af því ráðið en ætlunin sé að skilja eftir án þess að á dagskrá verði tekin mikið safn af þáltill. og einnig frv. til laga sem þingmenn hafa flutt fyrir þann eðlilega tíma sem áskilinn er í þingsköpum.

Í 36. gr. þingskapa, herra forseti, er greint frá stefnumörkun í þessum efnum. Ég mun, með leyfi forseta, lesa upp 36. gr.:

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má, nema með samþykki þingins, taka frv. til umræðu fyrr en liðnar eru a.m.k. tvær nætur frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu verða því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það."

Ég vil þess vegna beina þeirri spurningu til hæstv. forseta: Hvað eru mörg mál frá stjórnarandstöðunni sem lögð voru fram fyrir 1. apríl og ekki hafa verið tekin á dagskrá? Og einnig: Hvað hafa verið leyfð mörg mál með afbrigðum sem voru of seint fram komin? Það liggur nefnilega ljóst fyrir að sá veikleiki er í okkar þingsköpum að það þarf ekki heimildir frá tveimur þriðju hlutum þingmanna til að leyfa þessi afbrigði. Það er nóg að meiri hlutinn samþykki. Það er fróðlegt að skoða það að í yfirliti um stöðu þingmála frá skjala- og upplýsingadeild Alþingis frá 9. maí, þá eru listar yfir þingmannatillögur sem ekki hafa verið teknar á dagskrá. Ég hygg að það sé einsdæmi í sögu Alþingis Íslendinga að þann veg hafi verið staðið að málum og ég bið hæstv. forseta að kynna sér frá fyrri þingum hvort það muni vera algengt að þingmannafrv. sem lögð voru fram með eðlilegum hætti séu látin liggja í stöflum.

Ég vil einnig biðja hæstv. forseta að kynna sér hver voru vinnubrögð ágæts forseta sem hér starfaði lengi, Þorv. Garðars Kristjánssonar, í þessum efnum varðandi þáltill. og einnig varðandi hans verkstjórn á því hvort taka bæri mál til umræðu hér þó að honum væri vissulega ljóst að ekki yrði alltaf tími til að afgreiða þau mál frá þinginu.

Nú er það svo að ef mál eru tekin til umræðu og vísað til nefndar eru þau gjarnan send út til umsagnar. Sá réttur er þess vegna líka tekinn af þingmönnum með þeim vinnubrögðum sem hér eru upp tekin.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna ræðu hv. 2. þm. Vestf. vill forseti taka fram að forseti hefur ekki við höndina þær upplýsingar sem hv. þm. óskaði eftir, en mun láta gera athugun á því og upplýsa við fyrsta tækifæri.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir hans svar og get þess jafnframt, af því að ég nafngreindi forseta sem hér starfaði alllengi, að ég tel æskilegt að það verði einnig kannað hvernig hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, sem starfaði hér sem forseti stóð að þessum málum. Það hlýtur að vera spurning um vilja hvaða vinnubrögð hér eru höfð og ég vænti þess að hæstv. forseti geri sér grein fyrir alvöru þessa máls.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 876.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns spyrjast fyrir um hvar formaður menntmn., hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, er niður komin. Ég vil biðja um að hún verði kölluð í salinn. — Í þeim töluðum orðum birtist formaðurinn.

Það er ein sérstök ástæða fyrir því að ég vil að formaður menntmn. sé hér viðstaddur og það er vegna þess að í dag renndi ég yfir frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og það lítur út núna og eins og þingheimi ætti að vera ljóst hef ég ákaflega mikið við þetta frv. að athuga. En nú rak ég augun í að það hefur ekki verið gerð orðalagsbreyting á 10. gr. frv. sem ég held að ég muni rétt að ég hafi bent á nokkuð snemma í þessari umræðu. Þar er notað orðið „útsvarsstofn." Samkvæmt gildandi skattalögum er ekkert lengur til sem heitir útsvarsstofn heldur er einungis til skattstofn. Það er svolítið ankannalegt í nýjum lögum að nota orð sem ekki eru lengur í lögum eða miða við viðmiðanir sem ekki er lengur að finna í lögum.

Á sínum tíma hringdi ég í skattstofuna til að fá upplýsingar um hvernig útsvarsstofn væri reiknaður og þá fékk ég þær upplýsingar að þessi viðmiðun er ekki notuð lengur. Þetta hefur farið fram hjá okkur í nefndarvinnunni því að þó að ég sé alfarið á móti þessum lögum vil ég samt að rétt sé rétt.

Herra forseti. Við erum þar komin í þingstörfum að 3. umr. um Lánasjóð ísl. námsmanna er rétt að hefjast. Í eldhúsdagsumræðum sl. mánudagskvöld kvörtuðu fulltrúar Sjálfstfl. mjög yfir því að stjórnarandstæðingar tali og tali og þar var einkum vikið að Lánasjóði ísl. námsmanna og var greinilegt að sumum þingmönnum fannst að sú umræða væri nú orðin helst til löng. Reyndar kom það fram í máli þingmanna að stjórnarandstaðan gæti svo sem talað og talað og talað sig hása. Það væri meiri hlutinn sem réði þegar allt kæmi til alls. Og vissulega er það rétt að meiri hlutinn ræður og það er hluti af okkar lýðræðisskipulagi að sætta sig við vilja meiri hlutans. Hins vegar er það líka hluti af lýðræðisheföum okkar að hlustað sé á minni hlutann og að það sé tekið nokkurt tillit til vilja hans. En það virðist hins vegar vera afar erfitt fyrir sjálfstæðismenn að sætta sig við leikreglur lýðræðisins, enda hafa þeir stungið upp á því hvað eftir annað að þingskapalögum verði breytt og ýmsar breytingar gerðar á þinghaldi og er ekki annað á þeim að heyra en það beri að takmarka málfrelsi þingmanna, en að mínum dómi eru málfrelsi okkar töluverð takmörk sett. Því finnst mér ekki úr vegi við upphaf 3. umr. um Lánasjóð ísl. námsmanna að minna ögn á hvert hlutverk stjórnarandstöðu er, ekki síst í jafnstórum málum og við erum hér að ræða.

Það er staðreynd að í vetur höfum við rætt mörg mjög stór og mikilvæg mál, mál sem snerta allan almenning í landinu, þó að það hafi reyndar verið mjög áberandi hvernig ráðist hefur verið jafnvel aftur og aftur á sömu hópana og þar nefni ég sérstaklega sjómenn. Hér höfum við rætt gríðarlega stóra málaflokka eins og heilbrigðismál og skólakerfið þar sem ríkisstjórnin er að gera grundvallarbreytingar á þessum kerfum. Þess vegna er ekkert óvenjulegt eða einkennilegt við það að stjórnarandstaðan skuli hafa mjög margt við þetta að athuga og þurfi að tala býsna mikið um þessi mjög svo mikilvægu mál því að það er nú einu sinni hlutverk stjórnarandstöðunnar að láta ríkisstjórn standa fyrir máli sínu, ella yrði stjórnarandstaðan að teljast harla léleg og máttlaus.

Það hefur komið fram í þessari umræðu og kom fram í eldhúsdagsumræðum sl. mánudagskvöld að það eru mjög ólíkar skoðanir á ferðinni varðandi okkar velferðarkerfi og ég tel Lánasjóð ísl. námsmanna hluta af okkar velferðarkerfi. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að hann væri á allt annarri skoðun en forverar hans í Alþfl. Nú ætti velferðarkerfið ekki lengur að vera fyrir alla. En ég hef áður í umræðum í vetur rakið hvers vegna ég tel það vera ranga stefnu þó að velferðarkerfi okkar eigi fyrst og fremst að þjóna þeim sem þurfa á aðstoð að halda. En þarna eru ýmsar grundvallarhugmyndir á ferðinni sem menn virðast ætla að breyta án þess að það hafi verið borið undir vilja þjóðarinnar.

Alþfl. stendur að því máli sem hér er til umræðu og það hefur að sjálfsögðu vakið athygli okkar að ungir jafnaðarmenn eru mjög óánægðir með sína þingmenn og hafa sent þeim harðorðar áskoranir, ekki síst varðandi það ákvæði þessara nýju laga sem kallað hefur verið eftirágreiðslur. Alþýðuflokksmenn hafa ákaflega lítið látið í sér heyra í þessari umræðu, þeir eru ekki margir í salnum á þessu augnabliki, og við hljótum að bíða eftir þeirra orðum í þessari umræðu, hvernig þeir ætla að verja sínar gerðir. Er það virkilega svo að Alþfl. — Jafnaðarmannaflokkur Íslands ætli að standa að frv. eins og það nú lítur út þrátt fyrir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað og þrátt fyrir að ungir jafnaðarmenn hvetji þá til dáða, þ.e. hvetji þá til að breyta um afstöðu og koma einhverjum skikki á greiðslu til námsmanna nú á þessu hausti? Eins og við vitum lítur svo út sem námsmenn fái ekkert í sinn hlut.

Það gerðist harla fátt milli 2. og 3. umr. þessa máls, en í 2. umr. var ekki annað að heyra á menntmrh. en vilji væri til að taka málið upp til skoðunar og það var minn skilningur að sú skoðun ætti að fara fram í menntmn. Ekki gat hún farið annars staðar fram að þinglegum hætti. En það kom mjög skýrt fram á fundi menntmn. að meiri hlutinn taldi sig hafa afgreitt málið frá sér og á öðrum fundi sem haldinn var í menntmn. í gærkvöld, þar sem menntmrh. reyndar mætti að beiðni stjórnarandstöðunnar, kom fram að það væri ekki vilji til þess að breyta neinu þannig að það virðist vera ljóst að það stendur ekki til að gera neinar breytingar á milli 2. og 3. umr. og því hljótum við að krefjast þess að Alþfl. einkum og sér í lagi standi fyrir máli sínu, geri hér grein fyrir hvað hvetur hann til slíkra verka sem hér eru á ferð. Ég ligg ekkert á þeirri skoðun minni að hér er verið að vinna mikið tjón. Það

er verið að vinna okkar samfélagi mikið tjón. Og eftir fund menntmrh. með menntmn. í gærkvöld varð mér hugsað: Þessir menn vita ekki hvað þeir gjöra. En svo mikið er víst að ég ætla ekki að fyrirgefa þeim.

Það voru lagðar margar spurningar fyrir hæstv. menntmrh. á fundinum í gærkvöld og þegar verið er að gera jafnviðamiklar breytingar á sjóði eins og Lánasjóði ísl. námsmanna hljóta menn að gera sér grein fyrir því hver tilgangurinn er. Hver eru markmiðin? Hverju á að ná fram með þessum breytingum? Og við spurðum að því hver áhrif þetta hefði á sjóðinn á þessu ári, á næsta ári, hvað þýddi þetta fyrir fjárlög næsta árs. Það voru engin svör við því.

Menn hafa ekkert reynt að gera sér grein fyrir því hvaða upphæðir þarna er verið að tala um. Menn vita auðvitað að það er verið að velta — ja, 1.200 milljónum, 1.270 milljónum yfir á næsta ár. 800 milljónir rúmar eru til í sjóðnum sem ekki á að nota, en þetta eru 1.270 milljónir sem er verið að velta yfir á næsta ár. Og það er náttúrlega til þess að draga nokkuð úr hallanum á ríkissjóði og það eiga námsmenn að gjalda fyrir.

En fyrir mér lítur þetta út bara eins og — ja, subbuskapur í lagasetningu. Þetta er subbuskapur í lagasetningu. Það eru léleg vinnubrögð að menn skuli ekki reyna að setja sér markmið og reyna að átta sig á því hver áhrifin verða. Það er nánast sama á hvaða atriði er minnst, menn vita ekki hver áhrifin verða. Það er oft erfitt að sjá það fyrir, en menn eiga að reyna að gera sér grein fyrir einhverjum heildaráhrifum þó ekki sé hægt að reikna það nákvæmlega út upp á krónu.

Eftir þennan fund í gærkvöld fannst mér að enn væru býsna margir endar lausir í þessu máli. Og ég vil nefna hér nokkur atriði.

Það var reyndar minnst á sumt af þessu í dag, en ég ætla að endurtaka það samt, og þar er þá fyrst að nefna þá nemendur sem eru í námi þar sem samkeppni er á ferð og „numerus clausus" eða takmarkanir gilda um fjölda nemenda. Í dag fá þessir nemendur lán samkvæmt gildandi reglum og ráðherrann fullyrti að svo yrði áfram, en það er ekkert sem tryggir það í þessum lögum. Þarna eru nemendur sem ná tilskildum námsárangri, eins og lögin kveða á um, en þeir komast ekki áfram, þeir geta ekki haldið áfram og verða þess vegna annaðhvort að reyna upp á nýtt eða að fara í annað nám ef ekki út á vinnumarkaðinn. En það er ekkert sem tryggir hagsmuni þessara nemenda í lögunum.

Annað atriði er að eftir að menn áttuðu sig á því að námsmenn yrðu að leita út á almennan lánamarkað til að framfleyta sér í nokkra mánuði og þeir yrðu að greiða þau lán og það með almennum bankavöxtum, þá brást ráðherra og sjóðstjórn við með því að lofa því að lána einfaldlega fyrir þessum vöxtum. Þetta þýðir að fyrst taka námsmenn lán á háum vöxtum. Síðan fá þeir námslán sem hækkar vegna þessara vaxta. Þau fara auðvitað meira og minna í að greiða upp lánin og síðan verða nemendur að taka ný lán og fá síðan aftur námslán sem fara í að greiða síðari skammtinn af lánunum. En endirinn verður sá að nemendur sitja uppi með enn meiri skuldabyrði og enn meiri greiðslubyrði. Þannig að þetta er vítahringur og námsmenn hljóta að velta mjög alvarlega fyrir sér hvað þetta þýðir fyrir þá. Hvað þýðir þetta fyrir það fólk sem nú er í námi eða ætlar sér að leggja út í nám? Hvernig verða lífskjörin með þetta allt á herðunum?

Það kom fram í máli ráðherrans að það hafa átt sér stað viðræður milli stjórnar lánasjóðsins og bankanna, en það liggur ekkert fyrir um hvort bankarnir muni geta orðið við þessu, hvort þeir geti tekið við þessum straum af lánþegum, og menn hafa ekki reynt að gera sér neina grein fyrir því hversu margir námsmenn munu neyðast til að fara þessa leið. Það hefði nú mátt gera einhverja skyndikönnun á því. En við hljótum að spyrja í því efnahagsástandi sem hér er: Hvað þýðir þetta fyrir efnahagslífið? Hvað þýðir þetta í bankakerfinu þegar kemur skyndileg aukin eftirspurn eftir lánum? Það er vitað að það hefur aðeins hluti fyrsta árs nema leitað eftir lánum bankakerfinu hingað til. Þeim hefur tekist að bjarga sér á einn eða annan hátt á sumarhýrunni eða meða aðstoð foreldra þangað til þeir fá lánin, flestir, eftir áramót.

En hvað gerist þegar þetta er allt kerfið, það eru allir námsmenn sem sækja um lán hjá lánasjóðnum sem verða að byrja á því að fara í bankana? Reyndar eru það ekki allir því að maður vonast nú til þess að einhverjir búi svo vel að fá aðstoð frá foreldrum sínum því ég efast ekki um að það er vilji flestra foreldra að hjálpa börnunum sínum. En við vitum líka að það eru ekki allir sem geta það. Þessum spurningum er ósvarað. Hver verða áhrifin? Því hafa menn ekki svarað hér í þessari umræðu.

Ég spurði sérstaklega um það í gærkvöld hvernig væri með þá nemendur sem fara til útlanda og þurfa að borga há skólagjöld. Nú er það svo að lánasjóðurinn setur þak á skólagjöld erlendis sem núna er 24 þúsund dollarar eða tæplega ein og hálf millj. kr. Þetta eru verulegar upphæðir og þeir nemendur sem fara til náms erlendis, sérstaklega til Englands og Bandaríkjanna, þurfa að greiða mjög mismunandi há skólagjöld og þurfa þá að taka lán fyrir þeim líka. Og auðvitað óttast maður að það dragi mjög úr því að nemendur fari erlendis til náms og þá sérstaklega til þessara landa því þarna er verið að auka enn á skuldirnar.

Það hefur ekki mikið verið rætt í þessari umræðu um það sem fram undan kann að vera á Norðurlöndunum þar sem verið er að tala um að viðkomandi ríki borgi fyrir sína námsmenn, þ.e. íslenska ríkið þurfi að borga fyrir þá íslensku námsmenn sem sækja nám t.d. í Danmörku þó að viðkomandi danskur ráðherra hafi haft góð orð um það að vegna sögunnar yrðu Íslendingar undanþegnir. En við getum ekki treyst á það. Þannig eru ýmsar breytingar fram undan í þessu og við hljótum að verða að gera okkur grein fyrir því hvað er fram undan, hvað þessar breytingar þýða.

Af þessu dreg ég þá ályktun að hér eru býsna margir lausir endar. Það er alveg dæmigert fyrir íslensk stjórnvöld að vaða út í svona lagabreytingar án þess að gera sér nokkra grein fyrir afleiðingunum. En í þessari umræðu hefur verið bent á ýmsar afleiðingar, bæði fyrir vinnumarkaðinn, skólakerfið, húsnæðismarkað-

inn og fleira og fleira sem ég ætla reyndar að koma betur að á eftir.

Í umræðunni sl. mánudagskvöld, sem ég hef nokkrum sinnum vitnað til, var það einn ákveðinn þingmaður, sem nú situr á forsetastóli, sem gerði lánasjóðinn að umtalsefni og þá umræðu sem stjórnarandstaðan hefur haldið hér uppi. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þessa ræðu, með leyfi forseta, en þingmaðurinn sagði:

„Það er staðfastur vilji stjórnarflokkanna að styrkja lánasjóðinn. Allt tal stjórnarandstöðunnar um annað hér í umræðunum í kvöld er á misskilningi byggt eða jafnvel tilraun til blekkinga í pólitískum tilgangi. Unnið hefur verið mjög vel að málinu og hefur verið tekið tillit til athugasemda sem hafa komið fram við frumvarpið, bæði frá stjórnarþingmönnum og stjórnarandstæðingum."

Það er vissulega rétt að það hefur allnokkurt tillit verið tekið til þeirra ábendinga sem bárust menntmn. þó að þar hafi alls ekki verið gengið nógu langt. Það var auðvitað vegna þess að þau álit sem nefndinni bárust voru býsna samhljóða og ljóst að það voru nokkur mjög ákveðin atriði sem var mjög víðtæk samstaða um að þyrfti að breyta. En að stjórnarandstaðan sé að halda uppi einhverjum blekkingum í pólitískum tilgangi er alrangt og ég mótmæli slíkum fullyrðingum. Eins og ég hef áður nefnt er hér á ferðinni mjög alvarlegt mál, mál sem snertir þúsundir fjölskyldna í landinu, mál sem snertir framtíð þessarar þjóðar. Þess vegna hlýtur það að vera eðlilegt að við tölum mikið um þetta mál og af mikilli alvöru og að við reynum að gera okkur grein fyrir því hvað þetta þýðir því að það er mergurinn málsins. Hvað þýðir þetta? Hverju er verið að hleypa hér af stað?

Auðvitað er þetta hápólitískt mál. Þetta er eitthvert pólitískasta mál sem við höfum haft hér til umræðu. Og til þess að undirstrika það langar mig til að nefna nokkur af þeim atriðum sem við höfum talið vera lykilatriði í þessu máli og flest af þessu er búið að samþykkja á hinu háa Alþingi.

Í fyrsta lagi er það ljóst að hér eftir, þ.e. ef það gerist ekki eitthvað á milli 2. og 3. umr., verða námslán með vöxtum. Nú er sem sagt búið að samþykkja að námslán verði með vöxtum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að vextirnir verði 1%, en samkvæmt lögunum er hægt að hækka vextina upp í 3%. Og ég verð að segja það, *eftir þá reynslu sem við höfum t.d. af húsnæðismálum*, að ég treysti því nú tæplega að þessi ákvæði um að vextir verði ekki hærri en 3% standist lengi ef áform eru uppi um að draga enn þá meira úr ásókn í lánin því að það er auðvitað tilgangurinn eins og menntmrh. hefur viðurkennt. Það er ekki einungis tilgangurinn að fara nú að aga námsmenn og sjá til þess að þeir séu nú ekki að slugsa í námi, eins og ráðherrann orðaði það, heldur er tilgangurinn að draga úr ásókn í lánin.

En hversu mikið dregur úr þeirri ásókn? Því getur hvorki ráðherrann né sjóðstjórnin svarað. Menn hafa engar hugmyndir um það. Þeir nefnilega vita ekkert hvað þeir eru að gera. En eins og ég nefndi áðan eru vextirnir að mínum dómi mikið lykilatriði í þessu máli vegna þess að þarna er verið að brjóta þá grundvallarreglu, sem ríkt hefur í námslánakerfinu, að hér sé um félagslegt kerfi að ræða. Nú er lánasjóðurinn, eftir þessar breytingar, orðinn eins og hver annar fjárfestingarlánasjóður. Þetta eru reyndar sömu vextirnir og í Byggingarsjóði verkamanna, en það tókst reyndar að stöðva í kjarasamningum að vextirnir væru hækkaðir þar. Og spurningin er: Hvenær verður það kjarasamningsatriði að vextirnir í námslánakerfinu verði ekki hækkaðir? Lenda menn ekki í því eftir nokkur ár að fara að berjast við ríkisvaldið til að reyna að halda vöxtunum niðri í námslánakerfinu? Þetta er hörmulegt að mínum dómi og ég harma að þetta ákvæði skuli hafa verið samþykkt af því að þetta gjörbreytir eðli sjóðsins.

Annað atriði, sem er stórmál og við stjórnarandstæðingar og fulltrúar *námsmanna* höfum mikið reynt að fá breytt, eru hinar svokölluðu eftirágreiðslur. Ég verð að segja að röksemdir stjórnarliða og fulltrúa þeirra í Lánasjóði ísl. námsmanna eru aldeilis með ólíkindum. Menn eru með einhverjar hugmyndir um það og halda því blákalt fram að fjöldi nemenda — ja, sé að slugsa, standist ekki kröfur og teikna upp töflur því til sönnunar. Í Morgunblaðinu sl. þriðjudag var grein eftir einn af stjórnarmönnunum í LÍN og aðstoðarmann fjmrh., Steingrím Ara Arason, þar sem hann gerir grein fyrir því að mikill fjöldi námsmanna hafi fengið námslán án þess að skila lágmarksárangri og jafnframt að þeir hafi gefið upp of lágar tekjur til að ná í hærri lán.

Vissulega ber að harma það ef þetta mikill fjöldi námsmanna gefur upp rangar upplýsingar. En auðvitað eru leiðir til að herða þessar kröfur, að fólk fái ekki lán fyrr en komið hefur staðfest uppgjör um tekjur, fyrr en algjörlega er ljóst hverjar tekjurnar hafa raunverulega verið. Í staðgreiðslukerfi skatta ætti það ekki að vera mjög erfitt. En undir þessum formerkjum, að hér sé um hálfgerða svikastarfsemi ákveðins hóps námsmanna að ræða, þá eiga allir að gjalda fyrir og fá ekki greidd námslán fyrr en að afloknum prófum sem í mjög mörgum tilvikum eru í desember eða janúar en í allmörgum ekki fyrr en að vori. Og hvernig ætlar sjóðurinn að taka á þessu? Það er óljóst. Það var m.a. spurt um dæmið, sem margoft hefur komið fram í þessari umræðu, um laganemana og stjórn sjóðsins ku vera að *athuga það mál. En það er ákaflega erfitt að sjá hvernig* nemendur eiga að geta framvísað einhverjum vottorðum eða skírteinum eða einhvers konar viðurkenningu um að þeir hafi stundað sitt nám. Eftir því sem ég þekki til í háskólum er ekki um mikla mætingaskyldu eða eftirgrennslan að ræða. Menn eru í frjálsu námi þó að það séu gerðar allmiklar kröfur víða um tímasókn, einkum í raunvísindagreinum, en í heilu háskóladeildunum er alls ekki um það að ræða. Þannig er ljóst að nemendur, sem eru í heils árs námi þar sem ekki eru tekin próf um miðjan vetur, og það gildir t.d. um fjöldamargar listgreinar, verða að gera einhvers konar samning við sína kennara eða stjórnin að gera samning við skólayfirvöld þannig að hægt sé að framvísa

einhvers konar vottorðum. Þetta stenst ekki, þetta gengur ekki. Og þetta á eftir að valda fjölda námsmanna miklum erfiðleikum. En ég vona svo sannarlega að stjórn lánasjóðsins finni lausn á þessu því að það væri heldur illa af stað farið ef þessar breytingar, sem eru nú nógu slæmar, yrðu til þess að hamla fólki t.d. í listnámi. Þar er þó um nám að ræða sem bætir miklu við okkar menningu og ég má ekki til þess hugsa að það sé verið að koma í veg fyrir að fólk komist í listnám. En það var alveg ljóst eftir umræðuna í gærkvöld að það er enginn vilji til að breyta þessu ákvæði um eftirágreiðslurnar, það er algjörlega ljóst.

Það eru þó ekki allir á sama máli og meiri hluti menntmn. og menntmrh. því að í Morgunblaðinu er grein eftir Víkverja, sem er nafnlaus grein en verður nú að teljast á ábyrgð Morgunblaðsins, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þeir sem eiga foreldra að, sem eru tilbúnir til að hjálpa þeim við að greiða kostnað við námið, lenda ekki í vandræðum af þessum sökum. En hvað um þann fjölda námsmanna sem ekki býr við slíkar aðstæður? Hvað um þann fjölda námsmanna sem kann að vera í vandræðum með að tryggja sér ábyrgðarmenn sem bankarnir taka gilda? Er hugsanlega verið að búa hér til kerfi sem mismunar ungu fólki svo mjög að enn breikki bilið á milli þeirra sem búa við góð kjör og hinna sem hafa lítið handa á milli? Þetta hefur verið rætt mjög í þinginu en Víkverji hefur furðað sig á því hvað þingmenn stjórnarflokkanna hafa virst vera ákveðnir í að koma þessari breytingu á. Eru þeir svona vissir um að þeir séu á réttri leið? Og ef þeir eru það ekki, hvaða steina eru þeir að leggja í götu ungs og efnalítils fólks?"

Þetta skrifar Morgunblaðið og hefði manni einhvern tíma þótt undarlegt að sjá slíkar greinar í því blaði. En þessi grein sýnir hvað best að þeir eru margir sem óttast þessar breytingar og að afleiðingarnar verði einmitt þessar, það sé verið að gera hér breytingar sem koma harðast niður á þeim sem verst hafa kjörin og þeim sem munu hafa lægst laun að námi loknu, en eins og við vitum eru konur í miklum meiri hluta í þeim hópi.

Ég get nefnt atriði eins og lántökugjöldin, sem rýra þau lán sem nemendur fá, og enn og aftur greiðslubyrðina sem fólk mun standa uppi með að námi loknu, en það er alveg ljóst að með því að samþykkja lögin á þann hátt sem þau nú líta út þýða þau mun þyngri greiðslubyrði fyrir alla námsmenn. Það er ósköp einfaldlega verið að hækka föstu greiðsluna, það er verið að hækka tekjutenginguna, þannig að þetta þýðir verulega þyngri greiðslubyrði. Og enn er það óleyst mál og hefur ekkert skýrst í þessari umræðu hvað gerist eftir að fólk er orðið 67 ára gamalt. Það er ljóst eins og launakjör eru nú að allnokkur hópur lánþega á eftir að greiða allverulegan hluta skulda sinna við 67 ára aldur. Þetta er mál sem verður að taka á vegna þess að þetta skiptir máli þegar fólk er að meta lífsáform sín, hvað eigi að gera.

Ég kannast ekki við að hér hafi komið fram neinar upplýsingar um hvað muni gerast með Vísindasjóð, en í grg. með frv. er vísað til þess að meiningin sé að efla Vísindasjóð. Samkvæmt þeim töflum sem OECD hefur birt yfir lönd Evrópu og reyndar annarra sem OECD fylgist með er Ísland meðal þeirra þjóða sem veita minnstu fé til rannsókna- og vísindastarfsemi. Og það fé hefur farið minnkandi með árunum, því miður. Þess vegna er alveg með ólíkindum að menn skuli í þessu frv., í þeim lögum sem hér á að fara að samþykkja, vísa í Vísindasjóð sem hefur sáralítið fjármagn og er á engan hátt viðbúinn því að fara að styrkja námsmenn. Þarna er enn einn lausi þráðurinn. Enginn veit hver staða Vísindasjóðs verður á næsta ári eða þarnæsta og óvíst um það að hér verði komið á neinu námsstyrkjakerfi.

Ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar að það væri mikill galli á íslensku námskerfi og námslánakerfi að fólk skuli ekki eiga kost á hreinum námsstyrkjum — við vitum að vísu að hluti af námslánunum er aldrei borgaður til baka og má þess vegna teljast vera styrkur — að það sé hér styrkjakerfi sem hvetji fólk til að stunda ákveðið nám þar sem t.d. vantar sérhæft fólk eða að fólki sem er mjög efnilegt sé hjálpað til þess að stunda nám, þ.e. styrkir sem hvetja til þess að fólk afreki eitthvað í sínu lífi. Þetta er algjörlega laus endi og eins og stefna þessarar ríkisstjórnar er í fjármálum hef ég ákaflega litla trú á því að Vísindasjóður verði efldur á næstu árum þannig að styrkjakerfi líti dagsins ljós.

Það hefur heldur ekkert gerst í því efni að draga úr valdi stjórnar lánasjóðsins eða breyta stjórn lánasjóðsins. Hún hefur ákaflega mikil völd, bæði úrskurðarvald og vald til þess að ákveða ýmsa hluti. Það er ekki vont að öllu leyti því það þýðir að stjórnin getur metið einstaka vandamál sem upp koma. Það er svo að þó að þeir sem eru að skrifa í Morgunblaðið og tala á þingi af hálfu stjórnarinnar telji námsmenn slugsa mikið í sínu námi eru margar ástæður fyrir því að fólk tefst í námi. Það geta komið upp veikindi og það kemur fyrir að fólk á í erfiðleikum með námið, það er ekki á réttri hillu. Lánasjóðurinn hefur hingað til tekið tillit til þess að fólk vilji skipta um nám, fara í aðra grein. Auðvitað gerist það að fólk áttar sig á því að það er komið á ranga braut og hættir ósköp einfaldlega og ætlar sér þá að hefja nám að nýju næsta haust og þá kannski í annarri grein. Þetta er hluti af skýringunni á því að lán hafa verið ofgreidd.

Það er rétt að upplýsa að umræðan sem átt hefur sér stað um hin ofgreiddu lán er mjög orðum aukin því að lánasjóðurinn er mjög harður í innheimtu og hefur náð langsamlega mestu af þessum peningum inn aftur. Það er ekki um það að ræða að fé sé svikið út úr sjóðnum og komi aldrei til baka heldur er staðreyndin sú að langsamlega stærstur hluti af þessu fjármagni hefur náðst inn og það fyrst og fremst með samningum við viðkomandi námsmenn sem í flestum tilvikum hafa hætt námi af ýmsum ástæðum. En það er sem sagt meiningin að refsa öllum námsmönnum eða það eru röksemdirnar sem beitt er vegna þessara ofgreiddu lána að út af slugsinu og öllu þessu þurfi að aga lýðinn og

það skal gert með því að hann fái ekki eyri í sinn hlut fyrr en að afstöðnum prófum, hvernig sem málin standa.

Ég vil líka aðeins minna á að auðvitað var það til bóta að sú regla var tekin upp að lánþegar ættu fyrst að greiða upp nýju lánin en síðan þau gömlu, þ.e. þeir sem taka lán úr því kerfi sem nú er og halda áfram að taka lán samkvæmt því kerfi sem á að koma á. Fyrst byrja menn sem sagt á nýju lánunum og ljúka síðan þeim gömlu. Það verður nokkuð stór hluti lánþega sem munu ná því að greiða öll þessi lán, en það verður líka töluverður hópur sem rétt nær því að greiða nýju lánin eða alls ekki og á þá þau gömlu eftir líka. En ég hef ekki séð neinar tölur um þetta. Ég veit ekki til þess að menn hafi reynt að gera sér neina grein fyrir því í tölum hver afföllin verða af gömlu lánunum. Formaður menntmn. getur kannski leiðrétt mig ef ég er að fara með rangt mál, en ég minnist þess ekki að hafa séð neinar tölur um þetta. Menn hafa reiknað út afföllin samkvæmt einhverjum formúlum samkvæmt nýja kerfinu, en ég minnist þess ekki að það hafi verið reiknað út hvað tapast af fé úr gamla kerfinu.

Ein af þeim furðulegu breytingum sem hér er verið að gera og maður hlýtur að velta fyrir sér tilgangnum er að löggjafinn og ríkisstjórnin ætla nú að fara að gera hreyfingum námsmanna erfitt fyrir. Þykir líklega nóg um styrkleika þeirra og röksemdafærslu í þessu máli sem öðrum. En hreyfingar námsmanna á Íslandi hafa verið mjög kröftugar gegnum árin, mjög málefnalegar og komið vel fram, alla vega á allra síðustu árum þó að ýmislegt hafi gerst á árum áður. En hér er verið að koma í veg fyrir að lánasjóðurinn innheimti félagsgjöld til námsmannahreyfinga eins og Sambands ísl. námsmanna erlendis og Bandalags ísl. sérskólanema, en með því er verið að gera þessum námsmannahreyfingum mjög erfitt fyrir. Í Háskóla Íslands og þeim skólum sem eru á háskólastigi, þar sem innheimt eru innritunargjöld, fá námsmannahreyfingarnar sitt fé í gegnum innritunargjöldin en það gegnir öðru máli um SÍNE og BÍSN. Fulltrúar þeirra hafa lýst yfir miklum áhyggjum út af þessu. Það er erfitt að sjá það hvers vegna í ósköpunum ekki er hægt að halda þessu áfram með því ákvæði að ef námsmenn vilja ekki greiða þetta gjald geti þeir ósköp einfaldlega krossað við það á blaði að þeir vilji ekki greiða þetta gjald. Þarna er um ákveðna þjónustu að ræða, en með þessu er verið að gera námsmannahreyfingunum mjög erfitt fyrir.

Ég er þá komin að þeim kafla ræðu minnar sem fjallar um afleiðingar þeirra breytinga sem hér er verið að gera. En ég get ekki annað en reynt að draga það saman hverjar afleiðingar þessi lög muni hafa því að það er mergurinn málsins. Hér eru afdrifaríkar breytingar á ferð sem munu hafa áhrif á íslenskt samfélag til langframa ef okkur tekst ekki á allra næstu árum að breyta sjóðnum að nýju. En menn geta rétt ímyndað sér að það er ekki auðvelt verk að stíga skref til baka þegar einu sinni er búið að gera svona sjóð að fjárfestingarlánasjóði og hugsanlega hafi átt sér stað verulega breytingar í skólakerfinu og á fjölda námsmanna.

Þær afleiðingar sem ég tel að þessar breytingar muni hafa eru í fyrsta lagi að ég held að það hljóti að vera augljóst mál að það muni draga úr aðsókn að langskólanámi vegna þess að nokkur hópur námsmanna mun ekki sjá fram á að geta framfleytt sér eða að geta borgað þessi lán að námi loknu. Þetta er staðreynd. Ég hef þegar hitt námsmenn, sérstaklega konur, sem hafa mjög miklar áhyggjur af þessu og sjá ekki fram á að geta haldið sínu námi áfram. Ég er t.d. að tala um konur í Kennaraháskóla Íslands. Afleiðingin mun auðvitað verða sú að færri munu sækja um lán í lánasjóðnum, en það er eins og ég hef áður nefnt einn megintilgangur þessara breytinga að draga úr umsóknum um lán úr sjóðnum.

Í öðru lagi tel ég að þessar breytingar hafi þær afleiðingar að allnokkur hópur muni sitja uppi með mjög þunga greiðslubyrði lána og muni eiga í erfiðleikum með að standa í skilum og hreinlega að sjá sér farborða með þeim launum sem við búum við í landinu. Og þessi sami hópur mun eiga í erfiðleikum með að koma sér upp húsnæði og standa undir íbúðarkaupum því að það hlýtur að vera augljóst að þetta kemur ekki heim og saman. Og af því mun leiða að kjarabarátta háskólamanna og annarra þeirra sem hafa orðið að taka lán í lánasjóðnum hlýtur að harðna. Menn hljóta að verða að krefjast þess, ef fólk á einfaldlega að geta lifað við þetta, að launin hækki þannig að það verði einhver möguleiki á því að standa undir þessum greiðslum. Hér er verið að kalla á harða kjarabaráttu á næstu árum þegar fólk þarf að fara að greiða þessi lán. Og við vitum það, sem komum úr Bandalagi háskólamanna og Bandalagi háskólamanna hjá ríkinu, að þar hefur verið háð býsna hörð kjarabarátta með, því miður, heldur litlum árangri þannig að það er ljóst að í þjóðfélaginu er harla lítill skilningur á því að það eigi að borga fólki góð laun sem hefur góða menntun. Menntunin er því miður lítils metin og því er ekki annað sýnilegt en að það muni gerast að fólk fari fyrst og fremst í nám sem gefur af sér góðar tekjur en að annað muni mæta afgangi. Þá er ég að tala um greinar eins og kennslu og hjúkrunarfræði, heilbrigðisgreinar, þar sem vitað er að launakjörin eru það léleg að fólk getur ekki staðið undir þessum lánum ásamt því að sjá sér farborða og hugsanlega að koma sér upp húsnæði. Þetta gengur ekki upp. Að vísu er sá hugsunarháttur ríkjandi hér að fólk segir bara: Þetta reddast einhvern veginn. En þeir sem eru skynsamir og hugsa til framtíðar — og það er mín reynsla sem kennari að ákaflega margt ungt fólk hugsar af mikilli alvöru um framtíðina — munu sjá að með námsvali er það að stjórna framtíð sinni og hlýtur að velja sér nám þannig að það geti staðið undir þessum greiðslum.

Hvað þýðir það? Það þýðir skort á fólki í ákveðnum starfsgreinum, offramboð þá væntanlega í öðrum. Og þetta þýðir röskun í skólakerfinu. Þetta þýðir ákveðna röskun í menntakerfinu. En sú röskun og sá samdráttur sem ég tel að muni fylgja þessu gerir ráðherra menntamála auðveldara í sínum niðurskurði. Þegar nemendum fækkar í Háskóla Íslands og öðrum skólum verður hægt að draga þar saman seglin.

Að mínum dómi verður enn ein afleiðingin sú að misrétti fer vaxandi. Það er alls ekki svo, sem haldið hefur verið fram í umræðunni, að það muni takast að tryggja hér jafnrétti til náms heldur er fyrst og fremst verið að auka misrétti eins og fram kom í greininni í Morgunblaðinu sem ég vitnaði til áðan. Þetta misrétti bitnar á konum, það bitnar á nemendum utan af landi og það bitnar á þeim sem eru í námi erlendis og ætla í nám erlendis. Og ég efast ekkert um að það mun verða erfiðara fyrir konur en hingað til að afla sér menntunar.

Ég hef áður minnst hér á að með þessum breytingum er verið að auka eftirspurn eftir lánum í bankakerfinu og ég spyr aftur: Hvaða áhrif hefur það á vaxtastigið í landinu? Um það er ekkert vitað.

En það sem skiptir þó kannski mestu máli er að þessar breytingar munu hafa í för með sér breytingar fyrir einstaklinga og þær munu hafa í för með sér breytingar fyrir þjóðarbúið og þjóðfélagið í heild. Það mun hafa áhrif á vísindarannsóknir í framtíðinni, það mun hafa áhrif á menninguna, menntakerfið, atvinnulífið eins og ég hef hér áður rakið. Það hlýtur að fylgja þessu ákveðin röskun. Það má vel vera að hún komi ekki fram strax og vonandi verða afleiðingarnar ekki eins afdrifaríkar og ég óttast. Vonandi verða þeir margir sem munu treysta sér til að fara í nám. En það sem er alvarlegast er að það eru þeir sem verst standa nú sem munu eiga erfiðast með að afla sér menntunar. Hér er verið að breyta áformum fjölda einstaklinga. Það verður fjöldinn allur sem þarf að hugsa sín mál upp á nýtt og taka aðra stefnu í lífinu.

Og við hljótum að spyrja að lokum, herra forseti: Hvað gerist úti á vinnumarkaðnum? Hvað gerist ef fjöldi námsmanna ákveður að hætta við að fara í nám eða jafnvel hættir í námi? Hvert á það fólk að fara? Hvað á það að gera? Mér var að berast í hendur nýjasta eintak Vísbendingar, sem gefið er út af Kaupþingi, þar sem fjallað er um ástandið á vinnumarkaðnum. Það er alveg ljóst að menn telja að við séum komin út í nokkuð varanlegt atvinnuleysi og að það hefur gerst að nú er farið að bera á atvinnuleysi í hópum menntamanna sem var óþekkt áður. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er spáð samdrætti í samneyslu á þessu ári og hefur það aldrei gerst fyrr. Liður í því er að takmarka verulega nýráðningar í opinbera geiranum, en fram til þessa hefur hið opinbera tekið við stórum hluta menntafólks sem nýlokið hefur námi.“ — Nýlokið hefur námi, segir hér.

Ég ætla að sleppa því að lesa meira upp úr þessari merku grein, en það er alveg ljóst að ástandið á vinnumarkaðnum er þannig að þar er ekkert rúm fyrir tugi eða jafnvel hundruð námsmanna sem munu hugsanlega hætta námi. Maður hlýtur að spyrja: Hvað verður um það fólk? Er ekki betra fyrir þjóðfélagið að styðja ungt fólk til menntunar en að horfa upp á vaxandi atvinnuleysi og þær hörmungar sem því fylgja?

Að mínum dómi er verið að vinna skemmdarverk á Lánasjóði ísl. námsmanna sem ég óttast að eigi eftir að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda einstaklinga og samfélagið í heild eins og ég hef áður sagt. Og ég vil gera það að mínum lokaorðum að biðja hv. þm. stjórnarflokkanna að skoða nú hug sinn rækilega og hafna þeim vondu verkum sem hér er verið að vinna. Það er enn þá tækifæri til að snúa við blaðinu og bjarga Lánasjóði ísl. námsmanna. Það verður eftir því tekið hvað stjórnarþingmenn gera í þessu mikilvæga máli.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það dregur nú til tíðinda í þessu lánasjóðsmáli og stjórnarandstaðan hér á Alþingi hefur reynt að gera flest það sem hún hefur getað til að reyna að koma í veg fyrir að þau ógæfuverk, sem þessi ríkisstjórn er að vinna á lögunum um námslán og námsstyrki frá 1982, nái fram að ganga. Það er sýnt að stjórnarandstaðan hefur reyndar náð talsverðum árangri í að snúa ríkisstjórninni frá villu síns vegar. Hins vegar er það alveg ljóst að það er verið að gera grundvallarbreytingar á lögunum um námslán og námsstyrki frá 1982 og þar af leiðandi um leið grundvallarbreytingar á því mikilvæga hlutverki sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur gegnt gagnvart námsmönnum og ekki bara gagnvart námsmönnum heldur einnig gagnvart fjölskyldum námsmanna og aðstandendum þeirra. Málið snertir ekki aðeins sárafáa námsmenn heldur allan þann fjölda sem í kringum þá er.

Þetta eru því dökkir dagar, á þessum vordögum, sem ganga í garð hjá námsmönnum og fjölskyldum þeirra. Það sem hér er að gerast er að það er verið að færa til annars vegar það hlutverk sem lánasjóðurinn hefur haft, það er verið að velta þeim vanda sem steðjar að þjóðinni um þessar mundir yfir á framtíðina. Það er gert með því í fyrsta lagi að jafnrétti til náms er aflagt. Í öðru lagi: Það er hætt að taka tillit til aðstæðna námsmanna á meðan á námi stendur. Og í þriðja lagi: Það er verið að leggja vexti á námslánin. Í fjórða lagi er reyndar staðið við það ákvæði sem verið hefur í lögunum um námslán og námsstyrki, þ.e. að endurgreiðsla lánanna sé tekjutengd, en það er verið að herða tekjutenginguna svo gríðarlega að þetta mun þýða það í framtíðinni að þegar þeir sem munu taka þá aðstoð sem lánasjóðurinn í breyttri mynd mun veita, þegar sá hópur fer að greiða af sínum lánum mun það þýða auknar kjarakröfur hjá þeim hópi af þeirri ástæðu að greiðslubyrði lánanna verður óbærileg. Þeir sem núna tala hæst um fortíðarvanda fyrri ríkisstjórna eru í raun og veru að búa til fortíðarvanda með því að velta þeim vandamálum sem lánasjóðurinn býr við í dag yfir á framtíðina. Í fimmta lagi átti að stefna að því, sem var megintilgangurinn með þessum lögum, að endurheimtuhlutfall lánanna yrði sem allra hæst. Það átti að gera með hörðum endurgreiðslureglum eða hertari endurgreiðslureglum og vöxtum á námslán til þess að koma í veg fyrir það að þeir sem fram undir þetta og geta eftir þetta tekið lán og þegar þeir eru komnir upp fyrir ákveðna upphæð í láni og vita að þeir verða tekjulágir að afloknu námi séu sjálfkrafa og án nokkurra ákvarðana nema eigin ákvarðana að taka sér námsstyrki. Þetta er mjög alvarlegt. Það er þessi hópur sem

námsmenn vilja ná til. Það er þessi hópur sem stjórnarandstaðan hefur boðist til að eiga samstarf og samvinnu við stjórnarliðið hér á Alþingi um að ná til í samvinnu við námsmenn. En það er þetta sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki þegið. Niðurstaðan er sú að þeir námsmenn sem í dag hafa greitt lánin sín að fullu munu greiða meira eftir breytinguna. Þeir námsmenn sem hafa tekið sér sjálfkrafa námsstyrki í dag munu halda áfram að taka þessa námsstyrki sjálfkrafa og án nokkurra ákvarðana þar um nema eigin ákvarðana. Það grundvallaratriði sem átti að breyta með þessum lögum mun ekki nást fram.

Nú sé ég að hæstv. menntmrh. er genginn í salinn og ég fagna því. Hann á hrós skilið fyrir það hversu vel hann hefur setið yfir þessari umræðu. En síðar í ræðu minni, sem ég ætla ekki að hafa neitt óskaplega langa að þessu sinni, langar mig aðeins til að eiga orðastað við hann út af nokkrum atriðum sem mér finnst vera vert að athuga nú við þessa umræðu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, þ.e. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa ákveðið að gera þessar grundvallarbreytingar á lánasjóðnum. Stjórnarandstaðan kemur ekki í veg fyrir það, það er alveg ljóst. En það er eitt atriði í þessu lagafrv. sem hefur ekkert með þessi grundvallaratriði að gera. Það eru þessar margumræddu eftirágreiðslur og öll umræðan við 2. og 3. umr. snýst um.

Því miður er sú breyting algjörlega vanhugsuð og í raun og veru ekkert annað en hreinn fantaskapur gagnvart námsmönnum. Ég hef áður sagt að það sé aðför að námsmönnum, sem það er, og það er auðvitað um leið ekkert annað en hreinn fantaskapur við þennan hóp. Og ég skil ekki hvernig mönnum kemur til hugar að ætla að framkvæma þetta. Það sem mér fannst vera merkilegast á fundi í menntmn. í gær, sem ég sat í forföllum annars þingmanns, var að þá kom það fram að þetta mál snýst ekki lengur orðið um peninga. Þetta snýst orðið um að ætla að aga námsmenn með þessu fyrirkomulagi. Það finnst mér vera mjög einkennilegt ef Lánasjóður ísl. námsmanna á að fara að hafa það hlutverk að aga námsmenn og ég skil það ekki öðruvísi en að menntmrh. sé þá uppgefinn við það að innan skólanna sé haldið uppi aga. Og þegar ég segi: þetta mál snýst ekki um peninga, þá á ég við það að lánaði nú lánasjóðurinn út samkvæmt núgildandi reglum á hausti mundi það þýða 1 milljarð 270 millj. kr. Sjóðurinn hefur hins vegar til ráðstöfunar 800 millj. kr. samkvæmt fjárlögum. Stjórnarandstaðan gerir ekki tilkall til þess að ríkisframlagið verði aukið um 470 millj. eða um þennan mun. Stjórnarandstaðan gerir heldur ekki kröfu til þess að það verði farið út í auknar lántökur. Stjórnarandstaðan gerir einvörðungu kröfu til þess að þeir fjármunir sem lánasjóðurinn hefur til ráðstöfunar verði notaðir handa námsmönnum í haust þannig að menn geti bærilega lifað haustið af.

Ef þetta yrði nú gert með skynsamlegum hætti ætti að framkvæma þetta þannig að þær 800 millj. sem sjóðurinn hefur eru u.þ.b. ⅔ hlutar þess sem úthlutun yrði að óbreyttum reglum. Inn í 6. gr. eða inn sem ákvæði til bráðabirgða ætti auðvitað að setja í þessi lög að ⅔ hlutar þeirra útgreiðslna, sem yrðu að óbreyttum reglum, yrðu greiddir út í haust. Það yrði með öðrum orðum í kringum 800 millj. kr. Það þýddi að námsmenn fengju ⅔ hluta af sinni framfærslu og þyrftu þar af leiðandi ekki að fjármagna nema ⅓ hluta þessa sem þýðir að vaxtabyrðin yrði minni.

Það hafa verið miklar tröllasögur í gangi um að 55 millj. kr. skili sér ekki af því sem sjóðurinn lánar út eða námsmenn taki sér þær með því að gefa vísvitandi, eins og haldið er fram, upp rangar tekjutölur. Ef stjórnarliðið væri tilbúið að ljá máls á þessum breytingum væri ekkert eðlilegra en að hækka þá refsingu, sem núna er í framkvæmd í raun, úr 5% upp í 10% gagnvart þeim aðilum sem, eins og stjórnarmeirihlutinn heldur fram, eru vísvitandi að gefa upp rangar upplýsingar. Þá er hægt að koma í veg fyrir þetta. 55 millj. eru þetta hins vegar ekki. Þegar upp er staðið og dæmið er gert upp í heild sinni eru þetta ekki nema 8 millj. 55 millj. eru ekkert annað en tröllasögur. Eins og tröllasögurnar um hvernig námslánunum er ráðstafað til bílakaupa, til kaupa á hljómflutningstækjum og ýmiss konar fjárfestingu. Menn verða að passa sig svolítið á því í þessari umræðu að koma ekki þannig fram að almenningur fari að halda að þarna sé um óskaplegt bruðl að ræða sem það alls ekki er. Allir þeir námsmenn sem ég þekki nýta þessa fjármuni afskaplega vel og lifa spart, enda framfærslan rétt svo að hún dugar fyrir lifibrauðinu. En eins og ég sagði áðan fannst mér það koma skýrt fram á fundi menntmn. í gær að þetta mál snýst ekki um peninga. Það snýst, því miður að mínu viti, orðið um hreinan fautaskap gagnvart námsmönnum.

Ég ætla ekki að fara að vitna í sömu blaðagreinar og fyrri ræðumenn eru búnir að vitna í hér í dag, en bendi hæstv. menntmrh. á að lesa grein eftir Elsu B. Valsdóttur, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, sem ég þykist vera viss um að ráðherrann hefur lesið. Og þegar ég segist vera viss um að hann hafi lesið hana er það vegna þess að þetta er sú manneskja sem hæstv. menntmrh. treysti best af öllum námsmönnum. Hann tók þessa stúlku út úr þessum fjölmenna hópi námsmanna og ákvað að setja hana sem sérstakan fulltrúa námsmanna, án þess að leita eftir tilnefningu, í þá nefnd sem átti að hafa það hlutverk og hafði það hlutverk að endurskoða þessi lög. Þetta segir mér að ráðherrann hæstv. hefur borið fullt traust til þessarar manneskju. Ég þekki hana nú ekki neitt, en af lestri greinarinnar ber ég mikið traust til hennar og ég held að hæstv. ráðherra ætti að treysta orðum hennar í þessari grein og líta gaumgæfilega á greinina og velta því fyrir sér hvað það er í raun og veru sem menn eru þarna að gera.

Ég veit að það var vitnað fyrr í dag í Víkverja í Morgunblaðinu í gær. Til þess að tefja ekki tímann og vera ekki með langhunda, eins og hæstv. forsrh. talar um að þingmenn séu með, ætla ég ekki heldur að vitna í Víkverja vegna þess að ég þykist vera viss um það að hæstv. menntmrh. les Morgunblaðið og hefur lesið þetta líka. Ég býst við að þessi Víkverjagrein sé skrifuð af fréttastjórum eða ritstjórum Morgunblaðsins þannig að þarna er Morgunblaðið að gefa Sjálfstfl. línu

með það hvernig menn eiga að koma fram í þessu máli. Víkverji varar mjög alvarlega við þeim hugmyndum sem þarna eru uppi.

Ég ætla að taka eitt dæmi, sem er raunhæft dæmi, og sýna hæstv. menntmrh. fram á hversu vitlaust þetta er í raun og veru. Námsmaður sem telur sig eiga rétt á 600 þús. kr. láni úr Lánasjóði ísl. námsmanna og telur sig þurfa að taka þá upphæð vegna þess að hann þarf hana til þess að lifa af fer inn í Landsbankann og við skulum segja að það sé umsamið að hann fái þetta lán í Landsbankanum með öllum þeim ábyrðgum sem Landsbankinn mun gera kröfur um. Í vexti á lánstímanum má búast við að þessi námsmaður þurfi að greiða 60 þús. kr. Hann býst við láni úr lánasjóðnum upp á 600 þús. kr. En hæstv. menntmrh. hefur sagt að það muni verða lánað fyrir vöxtunum þannig að þegar upp er staðið mun lánasjóðurinn lána út til þessa námsmanns 660 þús. kr. Hefði námsmaðurinn ekki þurft að fara í bankann, fengi bara lánið samkvæmt framfærslunni, hefði lánasjóðurinn ekki þurft að lána nema 600 þúsund, en mun, af því að hann vísar námsmanninum á Landsbankann eða einhvern annan banka, hvaða banka sem það er, lána út 660 þús. kr.

Rökin fyrir þessu eru þau að námsmaðurinn muni þurfa að greiða þessar 60 þús. kr. til baka, lánasjóðurinn muni fá það, en með 1% vöxtum. Hins vegar er öruggt að lánasjóðurinn þarf að taka lán fyrir þeim 60 þús. kr. sem hann lánar viðkomandi námsmanni. Hann mun taka þetta lán sennilega með 8% vöxtum. Vextirnir sem námsmaðurinn greiðir af 60 þúsundunum inn í lánasjóðinn eru 600 kr. En vextirnir sem lánasjóðurinn greiðir fyrir lánið sem hann tekur til þess að lána námsmanninum eru 4.800 kr. Með öðrum orðum: Vaxtamismunurinn, útgjaldaaukinn fyrir þennan eina námsmann hjá lánasjóðnum er 4.200 kr.

Segjum nú að námsmennirnir séu 8.000. Þetta þýðir viðbótarútgjöld fyrir lánasjóðinn upp á 33,6 millj. kr. á einu ári. Með öðrum orðum: Leiðin sem menn eru að fara og hafa hér ákveðið að fara eykur útgjöld lánasjóðsins. Ég get ekki með nokkru móti séð hvernig þetta kemur heim og saman við það sem ég hélt að hefði verið tilgangurinn með þessum lagabreytingum, þ.e. að draga úr útgjöldum sjóðsins.

Þetta dæmi bið ég hæstv. menntmrh. að íhuga og þá um leið: Til þess að við séum ekki að gera kröfur um að fara umfram fjárlögin eða taka lán til að geta staðið við útgreiðslurnar í haust, hvort ekki sé nú skynsamlegt að greiða út þessar 800 millj. kr. í haust. Sú upphæð sem þarna er um að ræða mun örugglega lækka, útgjaldaauki lánasjóðsins mun örugglega lækka ef sú yrði niðurstaðan að menn féllu nú frá þessu ótrúlega vitlausa ákvæði sem þarna er um að ræða sem þegar upp er staðið þýðir ekkert annað fyrir lánasjóðinn en aukin útgjöld.

Niðurstaðan er því þessi: Verði 6. gr. ákvæðið inni, verði staðið við, sem ég veit að verður staðið við, ég hef engar ástæður til þess að rengja það, verði staðið við það ákvæði að það verði lánað fyrir vöxtunum munu útgjöldin aukast. Foreldrarnir þurfa að skrifa upp á ábyrgðir. Séu menn í námi erlendis þurfa foreldrarnir að standa í biðröðum í bankakerfinu eftir því að slá lán fyrir börnin sín, umboðsmennirnir þurfa að gera það fyrir skjólstæðinga sína. Þetta þýðir tapaðar vinnustundir, aukin útgjöld fyrir þjóðfélagið í heild. Þetta mun með öðrum orðum valda þeim sem þurfa á aðstoðinni að halda miklum erfiðleikum. Það mun angra þá sem í þessu þurfa að standa. Útgjöldin munu aukast og af þessu mun ekkert annað hljótast en bölvað vesen. Og af hverju standa menn í þessu þegar þetta skiptir engu máli í útgjöldum lánasjóðsins að öðru leyti en því að þau munu aukast þegar dæmið verður gert upp í heild sinni?

Hæstv. menntmrh. hefur svarað mjög mörgum af þeim spurningum sem fram hafa komið við þessa umræðu og ég þakka sérstaklega fyrir það. Og svörin hafa verið skýr og skilmerkileg. En auðvitað er maður ekki sáttur við þau öll. Það er verið að fara inn á aðra braut. Og eins og ég sagði hér í upphafi: stjórnarandstaðan ræður einfaldlega ekki við það mál og það er ákvörðun stjórnarflokkanna að fara þessa leið. Ég vil hins vegar spyrja menntmrh.: Er það hans óbreytta afstaða í ljósi þess sem nú hefur verið að gerast, þess sem hefur verið sagt, þess sem hefur verið skrifað og alls þess sem ráðherranum hefur verið bent á, hversu vitlaust þetta fyrirkomulag sé, að halda þessu til streitu?

Í öðru lagi: Hefur verið ákveðið, og nú veit ég auðvitað að það er ekki ákvörðunaratriði ráðherra, en hann getur með sínum orðum og athöfnum haft mikil áhrif þar á, hvert tekjutillitið á að vera, hver tekjutillitsbreytingin á að verða í úthlutunarreglunum fyrir vorlánin eða haustlánin?

Í þriðja lagi: Ráðherra hefur lýst því yfir, og væri ágætt að hann gerði það úr þessum ræðustól aftur, að framfærslugrunninum verði ekki breytt. Hann lýsti þessu yfir á fundi menntmn. í gær og ég veit að hann stendur við orð sín aftur. Framfærslugrunninum á ekki að breyta. En ég spyr: Mun hæstv. menntmrh. leggja áherslu á að framfærslustuðlunum verði breytt? Mun hann gefa stjórn lánasjóðsins einhver fyrirmæli um slíkt, að framfærslustuðlunum verði breytt? Framfærslugrunnurinn er bara einn hluti af öllum framfærslustuðlunum.

Í fjórða lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann það vera hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna að aga námsmenn til með því fyrirkomulagi sem hann hefur lýst yfir að hann vilji koma á? Telur hann það vera hlutverk lánasjóðsins?

Nú er öldin önnur, því miður. Sjálfstfl. hefur ítrekað reynt síðan 1983 að koma á grundvallarbreytingum á því fyrirkomulagi sem við framsóknarmenn komum á sínum tíma á, þ.e. lögunum um námslán og námsstyrki frá því í maí 1982. Friðrik Sophusson, núv. hæstv. fjmrh., skrifaði undir það nál. á sínum tíma af hræðslu. Hann stóð einn. Það væri gaman að hafa tíma til þess að fara í gegnum allar fundargerðirnar frá því að lögin um námslán og námsstyrki voru samin á sínum tíma og fara aðeins yfir afstöðu hæstv. fjmrh. núv., Friðriks Sophussonar, til lánasjóðsins. Hún birtist mjög greinilega í fundargerðum frá þessum tíma. Ég á þær fundargerðir allar til vegna þess að það vildi svo til að

ég var formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands á þeim tíma. Auðvitað var það ekkert annað en óttinn, það var hræðslan við námsmennina sem knúði þennan mann þá til að skrifa undir fyrir hönd Sjálfstfl. En um leið og sá flokkur fékk aftur tækifæri til þess að ráðskast með þennan málaflokk var byrjað með sömu látunum, sömu aðförunum við það að fá þessum lögum breytt og breyta grundvallaratriðunum. Framsóknarmenn stóðu á móti því alla tíð og hafa gert, komu í veg fyrir það, og hafa verið ýmiss konar átök á milli flokkanna á þeim tíma þegar þeir voru í ríkisstjórn um þá hluti, en það tókst og sýnir mismuninn á þeim tveimur flokkum, annars vegar Framsfl., sem kom í veg fyrir þetta, og Alþfl. sem er metnaðarlaus fyrir hönd sinna umbjóðenda, lætur sig engu skipta þó að ungliðasamtökin í flokknum vari mjög eindregið við þessu. Lætur sig engu skipta, nú þegar hann kemur hér til þings, að áður hafa allir þingmenn flokksins samþykkt að það skuli breyta 6. gr. ákvæðinu. Nei, nei. Þegar Sjálfstfl. segir þeim: Þið skuluð haga ykkur svona, þá einfaldlega er það gert.

Það er grátlegt til þess að vita um formann þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það skuli alltaf í hvert einasta skipti sem þetta mál, um Lánasjóð ísl. námsmanna, er tekið fyrir á fundi í hv. Alþingi sjást undir hælana á þeim manni út úr dyrum þingsins. Hann þolir ekki að sitja undir þessari umræðu af þeirri ástæðu að hann veit upp á sig skömmina. Hann gekk harðast fram í því á sínum tíma sem formaður stúdentaráðs að koma í veg fyrir allar þær breytingar sem þá stóð til að gera á Lánasjóði ísl. námsmanna. Það tókst ekki. Hins vegar ætlar sá maður nú að reyna með því að sitja hjá þegar greitt er atkvæði um 6. gr. að fría sig þeirri ábyrgð sem Alþfl. ber á þeim óhæfuverkum sem hér er verið að framkvæma. Með hjásetu ætlar þessi hv. þm. að reyna að fría sig ábyrgð og telja námsmönnum trú um að hann hafi reynt að gera allt sem hann gat til þess að koma í veg fyrir að þetta færi inn í lögin. En allir hæstv. ráðherrar Alþfl., allir hv. þm. höfðu samþykkt það á flokksráðsfundi flokksins að þetta ákvæði skyldi fara út. Um leið og þeir koma hérna inn í þingið segja þeir nei. Og það er sorglegt til þess að vita að það skuli vera þeir menn sem nú fjalla um og sýsla með Lánasjóð ísl. námsmanna sem hafa í gegnum tíðina fengið húsnæðislánin sín fyrir ekki neitt, hafa fengið námslánin sín fyrir ekki neitt. Það eru þeir menn m.a. sem eru í þeim hópi 205 fjölskyldna sem eiga þessar 85 millj. kr. í nettóeign. Og það er þessi hópur sem er núna að beita sér fyrir breytingum á þessu hjálpartæki námsmanna meðan á námi stendur og vita ekkert hvaða afleiðingar það hefur í för með sér.

Virðulegi forseti. Ég læt mér það litlu skipta þó hæstv. forsrh. komi í eldhúsdagsumræðum og í þingskapaumræðum í dag og tali um að við hv. þm. flytjum sífellt sömu ræðuna. Ég mótmæli því einfaldlega. Ég er enn að koma með nýtt dæmi og benda mönnum á hvort ekki sé rétt að staldra við og íhuga hvað það er og hvað það þýðir í raun og veru sem hérna er verið að gera. En ég læt mér það í léttu rúmi liggja þó hæstv. forsrh. ásaki mann um slíkt því að ég ætla við þessa umræðu að reyna, og við ætlum það stjórnarandstæðingar, að reyna að gera úrslitatilraun til að fá ríkisstjórnina til að skilja að það sem þeir eru að gera er rangt og það hefur útgjaldaauka í för með sér og það er ekki hægt að ganga fram gagnvart námsmönnum né nokkrum öðrum hópi í þessu þjóðfélagi með þeim fantaskap og með þeim fautaskap sem hér á að verða.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem hafa komið fram í ræðum manna sem ég þarf að svara. Því miður þurfti ég að bregða mér frá áðan þannig að ég missti af hluta úr ræðum manna, en ég hef fullvissað mig um að það var ekki af neinu að missa vegna þess að ég hafði heyrt þær ræður áður, en ég ætla mér ekki að tala langt mál.

Ég ætla að koma að nokkrum atriðum sem fram komu fyrst í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrr í dag. Hann fór að nokkru leyti yfir þær spurningar sem hann lagði fyrir mig á fundi hv. menntmn. í gærkvöld og ég þarf í sjálfu sér ekkert að endurtaka af því sem hann þar greindi frá. Hann greindi þar jafnframt frá svörum mínum við sumum spurningunum og ég skal reyna að forðast að endurtaka nokkuð af því sem þar var sagt, þarf kannski aðeins að hnykkja á sumu.

Hv. þm. hóf reyndar mál sitt á því að fara nokkrum viðurkenningarorðum um þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. og taldi þær vera til bóta og þakkaði það málafylgju minni hlutans á Alþingi. Ég læt mér það svo sem í léttu rúmi liggja að hann þakki stjórnarandstöðunni á þingi þær breytingar, en það er nú ekki þess vegna þótt ég geti alveg út af fyrir sig samþykkt ýmislegt af því sem hefur komið fram í máli minni hlutans hér á þingi. En ég rifja aðeins upp að þegar ég lagði þetta frv. fram og talaði fyrir því greindi ég frá því að það væri lagt fram í óbreyttri mynd frá því sem nefndin, sem falið var að semja það, gekk frá því og tók þá skýrt fram að ég væri reiðubúinn að athuga allar athugasemdir sem fram kæmu og kynnu að horfa til bóta. Það tel ég mig hafa gert og hv. menntmn. líka. En ef það er mikið sáluhjálparatriði fyrir viðkomandi þingmann að þakka sér það og málafylgjunni, þá það.

Varðandi spurningarnar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði fyrir mig á menntamálanefndarfundi í gær, þá þarf ég kannski aðeins að bæta við nokkuð af því sem hann þar nefndi. Í fyrsta lagi varðandi útkomu sjóðsins í ár og afganginn um áramót sem hefur orðið hér nokkuð að umtalsefni. Hv. þm. las fyrsta kaflann úr minnisblaðinu sem ég sendi hv. menntmn. í gær þar sem fram kemur að ef farið væri að óbreyttum reglum skorti 470 millj. kr. til þess að ná endum saman eða þá að lækka haustlánin um þá fjárhæð ef fylgja á forsendum fjárlaga og það er það sem við ætlum okkar að gera. Þetta las hv. þm. upp og ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta. Ég þarf aðeins að fara nokkrum orðum hins vegar um þær 800 millj. sem færast yfir áramót vegna þess að mér finnst

vera lagður rangur skilningur í það. Það gerist ekkert annað en það að haustlánin færast yfir áramót og gert er ráð fyrir að þau greiðist í febrúarmánuði. Upp í þessi haustlán höfum við sem sagt þessar 800 millj. sem greiðast þá út í febrúarmánuði. Þetta eru hins vegar ekki beinir peningar. Það hefur áður komið fram hjá mér í þessari umræðu að þegar hafa verið greiddar tæplega 2.000 millj. af 2.220 millj. framlagi sem ákveðið er á fjárlögum þessa árs. Það þýðir að eitthvað af lánsheimildunum flyst sem sagt yfir.

Þar fyrir utan er árið ekki liðið og þótt haustlánunum verði frestað fram yfir áramót, þá þarf að greiða nokkuð af sumarlánum og áætlun sjóðstjórnarinnar er að það séu um 100 millj. kr. sem eigi eftir að greiða af sumarlánunum. Auk þess þarf að reka sjóðinn þannig að ég hef ekki nákvæmari upphæð en þetta að nefna hér. Það eru sem sagt um 270 millj. eftir af ríkisframlaginu ógreiddar og samkvæmt áætluninni kunna 800 millj. af framlagi og lánsfjárheimildum að færast yfir áramótin.

Ég hef svarað þessu með fjárlagaforsendurnar næsta árs að það er ekki hægt að gefa fullnaðarsvar við þeirri spurningu hverjar þær eru. En ég get hins vegar sagt, sem ég held að ég hafi raunar sagt áður, að í raun sé mótuð sú stefna að miða námsaðstoð næsta árs við hliðstæða fjárhæð og nú er í fjárlögum. Meira get ég í raun og veru ekki sagt á þessu stigi. Stefna ríkisstjórnarinnar og Alþingis hefur komið fram. Hún er sú að námsaðstoð fari ekki fram úr þeirri fjárhæð sem á fjárlögum er, fjárlögum yfirstandandi árs, og ég held að ég megi segja að með því sé í raun mótuð þessi stefna.

Þriðja spurningin hjá hv. þm. var um drög að úthlutunarreglum LÍN sem eiga að vera tilbúnar fyrir 1. júní og ég hef svarað því að úthlutunarreglurnar séu af eðlilegum orsökum ekki tilbúnar. Það er ekki hægt að ganga frá þeim fyrr en ljóst er hvernig lögin sem starfað er eftir eru, en sjóðstjórnin hefur að sjálfsögðu hafið undirbúning að nýjum úthlutunarreglum eftir því sem sjóðstjórnin getur og haft þar að sjálfsögðu hliðsjón af frv., en ég vona að menn skilji að það er ekki hægt að gera þetta endanlega fyrr en frv. hefur orðið að lögum.

Ég hef hins vegar greint frá sumum hugmyndunum hér í umræðunum sem komið hafa fram hjá sjóðstjórninni eins og t.d. því atriði að lánað verði fyrir hugsanlegum vaxtakostnaði sem kann að falla á námsmenn vegna þess að haustlánin frestast fram yfir áramótin. Það er ljóst að það er slæmt fyrir sjóðstjórnina og þó alveg sérstaklega fyrir námsmenn að þetta hefur dregist svo sem raun hefur orðið á.

Fjórða spurningin varðaði numerus clausus. Hvað um námsmenn sem ná tilskildum námsárangri en rekast á numerus clausus? Hv. þm. greindi hér frá svari mínu á þingnefndarfundinum í gærkvöld, en ég held að ég hafi nú svarað nokkuð ákveðnar en hann hafði eftir mér. Ég greindi frá því að í dag fá þeir námslán sem standast faglegar kröfur en rekast á numerus clausus og það eru engin áform uppi um að breyta því. Og ég tel að það sé heimild í frv. og í væntanlegum lögum til að fara að óbreyttum reglum að því er numerus clausus varðar. Ég hef borið mig saman við framkvæmdastjóra sjóðsins um þetta og hann staðfestir þessa skoðun.

Fimmta spurningin varðaði framfærslugrunninn og hvort ætlunin væri að nota sama framfærslugrunn og notaður hefur verið. Ég held ég hafi áður svarað því játandi og get endurtekið hér að það er reiknað með að framfærslugrunnurinn verði óbreyttur. Svo að ég svari þá spurningu hv. þm. Finns Ingólfssonar í leiðinni. Hann spurði um þetta sama, en bætti við hvort framfærslustuðlunum yrði breytt. Því get ég ekki svarað. Hann spurði mig jafnframt hvort það mundu koma einhver ákveðin fyrirmæli frá mér til sjóðstjórnarinnar um framfærslustuðlana, en svo verður ekki. Sjóðstjórnin kemur til með að fjalla um þann þátt.

Hvernig fyrirhugað væri að reikna vextina til hærri lána, því hef ég líka svarað. Ég held að það sé átt við vextina sem námsmenn kunna að þurfa að taka í bankakerfinu meðan þeir bíða eftir láni lánasjóðsins. Ég hef áður skýrt frá því að það er gert ráð fyrir að námsmönnum verði bættur upp hugsanlegur vaxtakostnaður með því að bætt verði við lánin þegar þau verða reiknuð út. Þetta gerist væntanlega með þeim hætti að lánasjóðurinn kynni sér vaxtakostnað í bankakerfinu og hefur til viðmiðunar þegar reiknað er álag á lánin. Þetta verður aðferðin.

Mig minnir að ég hafi verið spurður á fundinum í gærkvöld og hafði ekki tölur á reiðum höndum um hvað þetta kynni að kosta og hv. þm. Finnur Ingólfsson kom einnig inn á þetta í sinni ræðu áðan. Ég skal reyna að svara því. Sjóðstjórnin, og nú tek ég fram varðandi þá áætlun sjóðstjórnarinnar að þetta muni hafa í för með sér 1–2% hækkun, byggir á þeirri staðreynd að samkvæmt upplýsingum frá bankakerfinu er það aðeins fjórðungur fyrsta árs nema sem hefur leitað til bankakerfisins um lán og það er aðeins lítill hluti þessa fjórðungs fyrsta árs nemanna sem hefur óskað eftir sömu upphæð og þeir eiga í vændum frá lánasjóðnum. Það er nokkuð erfitt að gera svona áætlun, en það er mat sjóðstjórnarinnar að þetta verði 1–2% sem þýðir þá í tölum talið fyrir lánasjóðinn að þetta gætu verið 35–70 millj. sem það þyddi í hækkuðum lánum. Þetta er það sem ég get bætt við það sem ég hef áður sagt varðandi vextina.

Síðan var spurt hvort leitað hafi verið eftir afstöðu banka til að veita námsmönnum lán og ég hef áður getið þess að það hefur verið gert, en að sjálfsögðu hafa ekki verið gerðir samningar við bankana. Það er ekki hægt fyrr en frv. er orðið að lögum, en viðbrögðin sem komið hafa frá bönkunum samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra eru uppörvandi. En eins og ég segi er auðvitað ekki hægt að setjast niður til endanlegra samninga meðan frv. óafgreitt.

Það kom líka fram og var lesið upp úr frétt í dag að viðræður við Búnaðarbankann væru ekki hafnar. Mér var vel kunnugt um það þegar ég svaraði þessu fyrr í umræðunum, en taldi ekki ástæðu til að vera að tíunda einstaka banka vegna þess að viðræðurnar voru misjafnlega á veg komnar.

Ég get líka látið þess getið að samkvæmt upplýsingum bankanna hafa viðskipti nýnemanna við bank-

ana verið góð. Samkvæmt upplýsingum bankanna hafa þeir reynst skilvísir lántakendur og það rennir stoðum undir að bankakerfið muni verða jákvætt í samningum við sjóðstjórnina um þetta mál.

Þá var hér að lokum spurt um hvernig ætlunin væri að móta reglur um niðurfellingu lána við starfslok og því hef ég svarað áður að sjóðstjórnin hafi heimild til þess að líta þar á hvert einstakt mál. Hún mun eflaust móta sér ákveðnar starfsreglur, en hlýtur að líta til hvers einstaks máls sem þannig kann að koma upp og þá verður að sjálfsögðu litið til eignarstöðu viðkomandi skuldara.

Fleiri atriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er aðeins rétt að koma að þó að ég hafi kannski nefnt það flest áður. Hv. þm. nefndi að þessi kerfisbreyting væri gerð til að aga námsmenn, eins og hann nefndi það, og inn á það atriði kom líka hv. þm. Finnur Ingólfsson í ræðu sinni áðan, fullyrti raunar að þetta væri ekki lengur peningamál heldur agamál. Þetta er í sjálfu sér ekki svo. Ég get lesið einn kafla úr minnisblaðinu sem ég sendi hv. menntmn. í gær, með leyfi hæstv. forseta. Það er varðandi ákvæðið í 6. gr. sem hér er helst til umræðu. Þar segir svo:

„Ákvæðið hefði þau áhrif að gerbreyting yrði á skilum upplýsinga um námsárangur þar sem slíkar upplýsingar yrðu forsenda útborgunar láns. Þetta auðveldar sjóðnum mjög að fylgjast með því að menn sýni eðlilega námsframvindu og er forsenda þess að minnka fjárþörf sjóðsins með þeim hætti fremur en með beinni skerðingu allra námslána auk þess sem slíkar reglur hvetja til aukinna afkasta námsmanna. Nákvæmt mat heildaráhrifa á fjárþörf sjóðsins vegna þessarar breytingar er augljóslega erfitt. Til þess að varpa nokkru ljósi á hluta þessara fjárhagslegu áhrifa má taka dæmi af skólaárinu 1990–1991. Samkvæmt upplýsingum frá LÍN hafa rúmlega 1.000 manns enn ekki skilað gögnum um námsárangur á því skólaári þótt nú sé nærri ár liðið frá lokum þess. Þar af telur sjóðurinn að 300–400 manns að lágmarki hafi þegið námslán en hætt námi í miðjum klíðum án þess að upplýsa hvort þeir hafi yfirleitt stundað nám. Starfsmenn LÍN áætla að þessir menn hafi fengið á bilinu 170–190 millj. kr. að láni úr sjóðnum skólaárið 1990–1991. Lögfesting umræddrs ákvæðis kæmi í veg fyrir slík útlán. Ef fallið yrði frá ákvæðinu hefði það í för með sér að skerða þyrfti lán til allra námsmanna og haldið yrði áfram að veita fólki lán sem stundar lítið sem ekkert nám. Þá er gengið út frá því að ákveðin upphæð sé til ráðstöfunar til námsaðstoðar."

Ég held nú að það verði áfram í verkahring skólanna að aga námsmenn en ekki í verkahring lánasjóðsins, en ég tel það hins vegar eðlilegt lánakerfi sem krefst þess að lántakendur sýni árangur í námi. Og það er enn meiri þörf á slíkri breytingu þegar við höfum úr takmörkuðu fjármagni að spila. Ég lít á það sem staðreynd og hef margsinnis tekið það fram í þessum umræðum að ég telji það fullreynt hvað fjárveitingavaldið er reiðubúið að leggja fram til Lánasjóðs ísl. námsmanna og þá hefur einu gilt hvaða flokkar hafa verið í ríkisstjórn.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi breytinguna sem 16. gr. frv. hefur í för með sér, þ.e. varðandi heimildina til að draga félagsgjald frá láni, þ.e. það þurfi að koma ósk frá lántakandanum með lánsumsókninni um að það verði gert. Þarna er þessu snúið við og hann telur að þetta veiki mjög stöðu námsmanna, einkum þeirra sem stunda nám erlendis, til þess að sækja þá þjónustu sem þeir vafalaust sækja. Hann dró fram máli sínu til stuðnings að þetta ætti ekki að gera varðandi ákvæðin í reglugerð Háskóla Íslands. Ég vil aðeins upplýsa í þessu samhengi þó að það skipti kannski ekki neinu máli varðandi þetta að ég hef fengið áskoranir frá miklum fjölda stúdenta við Háskóla Íslands um að breyta reglugerðinni einmitt í þessa veru. Þessa áskorun fékk ég núna í vetur, en hef ekki tekið neina afstöðu til þess þannig að stúdentar eru svo sem ekkert á einu máli um þetta atriði.

Hv. þm. vitnaði svo í grein Elsu B. Valsdóttur og ég skil það svo sem vel vegna þess að í þessari grein er talað ósköp svipað og hv. stjórnarandstæðingar gera núna, en þeir sem minnast á þessa grein, það gerði hv. þm. Finnur Ingólfsson líka, tíunda sérstaklega að hún sé félagi í Vöku og ég hljóti þess vegna að treysta henni vel. Já, ég geri það að ýmsu leyti og mig langar til þess að lesa upp úr séráliti hennar sem fylgir frv. Þar segir hún í sínu séráliti:

„Fyrir liggur að ríkisframlagið á ekki að verða hærra en 2,2 milljarðar næstu árin þó þörfin sé langt umfram það eins og fram kemur í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar." — Svo segir hún með leyfi forseta: „Lækka má þessa fjárþörf á eftirtalda vegu:

1. Herða endurgreiðslur." — Það erum við að gera.

„2. Láta endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja." — Það er breytingin sem var gerð í meðförum hv. menntmn.

„3. Fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur." — Það höfum við gert með frv.

„4. Leggja á lántökugjald." — Það er líka í frv.

„5. Láta lánþega greiða kostnað við innheimtu." — Það er sjónarmið.

Ég get því með mjög góðri samvisku vitnað í ýmislegt af því sem Elsa B. Valsdóttir hefur látið frá sér fara þó að ég sé ekki sammála því sem hún segir í þeirri Morgunblaðsgrein sem hér var vitnað til.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson hafði nokkuð stór orð og töluverðan hávaða fannst mér, talaði um að þetta frv. sem hér væri á ferðinni væri fantaskapur og aðför að námsmönnum. Já, og að þetta snúist ekki lengur um peninga heldur að aga námsmenn. Ég hef þegar svarað þeim þætti.

Hann talaði líka um 800 millj. margnefndu og ég hef einnig svarað þeim þætti.

En aðeins meira um þetta með ögunina. Ég legg aðeins áherslu á það atriði að þegar við höfum úr takmörkuðu fjármagni að spila hljótum við að beina því til þeirra sem eru við nám en ekki til þeirra sem eru eitthvað að slugsa í námi eða eru kannski ekkert í námi. Það eru allt of mörg dæmi um slíkt. Og ég skil ekki hvers vegna menn vija halda í kerfi sem býður upp á slíkt. Ég bara get ekki skilið það. Þetta eru nið-

urgreidd lán og þess vegna er nauðsynlegt og eðlilegt að tryggja að peningarnir fari til þeirra sem uppfylla gerðar kröfur og kröfurnar eru þær að menn skili eðlilegri námsframvindu. Svona einfalt er það.

Hv. þm. beindi svo nokkrum spurningum til mín, hvort það væri óbreytt afstaða mín að halda þessu frv. til streitu. Ég hef ekkert breytt um skoðun og þykist hafa rökstutt mínar skoðanir. Hann spurði hvort ákveðið hefði verið hvert tekjutillitið ætti að vera, þ.e. hvað menn mættu vinna sér inn miklar tekjur áður en lán færu að skerðast. Sú ákvörðun hefur ekki verið tekin, en það hefur verið rætt í lánasjóðsstjórninni eins og ég hef áður greint frá að færa þetta niður. Það er núna 50%, en ákvörðun hefur ekki verið tekin. Og ég tel skynsamlegt að gefa námsmönnum kost á að vinna sér inn meiri tekjur til þess að þeir þurfi þá ekki að taka eins há lán meðan þeir bíða eftir haustláninu. Þetta tel ég vera skynsamlega leið. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur hins vegar lagt áherslu á að þetta kynni að hafa í för með sér misnotkun, þ.e. þeir sem ekki þurfa á láni að halda taki það samt vegna þess, eins og hann hefur sagt, að 1% vextir fæla engan frá því að taka lán. Og þetta má vel rétt vera, að einhverjir notfæri sér þessa möguleika, að fá svona hagstæð lán, og í áætlunum sjóðstjórnarinnar er raunar gert ráð fyrir að þetta hafi í för með sér nokkra lánaaukningu fyrir sjóðinn.

Ég hef svarað þriðju spurningu hv. þm. um framfærslugrunninn og framfærslustuðlana og ég hef líka svarað fjórðu spurningunni, hvort það væri hlutverk lánasjóðsins að aga námsmenn.

Og svo aðeins vegna lokaorða hv. þm. Finns Ingólfssonar þar sem hann var að hnýta í núv. hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson og var að rifja upp samstarf þeirra þegar þeir voru saman í nefnd til að semja frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þá sagði hv. þm. Finnur Ingólfsson að hæstv. núv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hefði skrifað undir af ótta. Þetta vekur upp spurninguna um hvers vegna hv. þm. Finnur Ingólfsson skrifaði undir vegna þess að þeir skrifuðu nefnilega báðir undir. Það gerðu þeir. Það hefur hæstv. fjmrh. raunar þegar rifjað upp í þessum umræðum og hann hefur rifjað upp, sem sumum þykir afskaplega vont að skuli vera rifjað upp, að í þessum tillögum var einmitt talað um að leggja vexti á námslán þegar þau væru komin upp fyrir ákveðið mark. Ég tek fram að þá var ekki talað um 1% vexti heldur að öll lán umfram tiltekið mark skyldu bera venjulega bankavexti og greiðast upp á mun styttri tíma en önnur námslán.

Herra forseti. Þótt ýmislegt fleira mætti segja lofaði ég í upphafi að vera stuttorður. Ég er kannski búinn að svíkja það nú þegar og ég læt máli mínu lokið.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra fór yfir málið með tilliti til fyrirspurna sem ég og fleiri lögðum fyrir hann og það eru eitt eða tvö atriði sem ég vildi aðeins nefna úr hans máli. Það er varðandi þetta fyrsta atriði um aðgang að fjármagni á þessu ári sem hann gerði að umtalsefni og vildi halda fram að það væri einhver rangur skilningur á ferðinni í sambandi við umræddar 800 millj. eða eitthvað nálægt þeirri upphæð. Ég hygg að það sé ekki rétt hjá hæstv. ráðherra, þetta sé einhver rangur skilningur þar. Mér fannst ráðherrann staðfesta það mjög skýrt í sínu máli að þessi fjárupphæð, sem ekki yrði ráðstafað af sjóðnum á þessu ári, flyttist yfir á næsta ár. Það er ekki verið að nýta þær heimildir til fjárveitinga sem eru í gildandi fjárlögum og lánsfjárlögum þannig að það er alveg ljóst hvað hér er á ferðinni. Ríkisstjórnin er að spara sér það á þessu ári að nýta þessa peninga til útlána. Hún færir þetta yfir á næsta ár og hún mun þannig auðvitað, fyrir utan það sem óbeint sparast vegna hertra reglna varðandi sjóðinn á marga lund, spara sér verulegar upphæðir og auðvitað heldur þetta síðan áfram vegna þess að eftirágreiðslurnar eiga að gilda sem meginregla.

Hæstv. ráðherra nefndi líka varðandi vaxtamálin, vaxtakostnaðinn eða gerði því skóna að hækkunin á lánsfjárþörf sjóðsins eða fjárþörf sjóðsins vegna yfirtöku á vöxtum muni nema á bilinu 35–70 millj. kr. og leiðir það af líkum út frá viðskiptum fyrsta árs nema. Nú vil ég ekkert vera að rengja forsendur ráðherrans fyrir þessu, en ég tel það mjög óvarlegt, virðulegur forseti, af ráðherranum að leggja málið svona fyrir. Ég tel að það sé mjög óréttmætt. Og síðan varðandi sérálit Elsu B. Valsdóttur, sem ráðherrann vitnaði til, þá held ég nú að ráðherrann hefði átt að taka álitið svolítið heildstætt þegar hann er að leita sér þar fanga.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Rétt eins og síðasti ræðumaður eða andsvarandi eða hvað maður á að segja, sem hér var í ræðustól, þá hlýt ég að minnast aðeins á sérálit Elsu B. Valsdóttur og mótmæla því hvernig hæstv. ráðherra meðhöndlar það álit. Hann notaði það hér í ræðustólnum eins og röksemdafærslu, eins og réttlætingu fyrir þeim niðurskurði í námslánakerfinu sem hann hefur nú haft forgöngu um. Auðvitað má ekki lesa þetta nál. þannig. Það er eins og að lesa Biblíuna með öfugum klónum því að það segir í þessu nál., með leyfi forseta:

„Námsmenn hafa aldrei farið leynt með það að þeir eru sáttir við núgildandi lög um LÍN. Það er því af illri nauðsyn sem þeir ljá máls á breytingum á þeim, en námsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Ég tel lykilatriði varðandi allar breytingar að tryggt sé jafnrétti til náms óháð efnahag og að námsmönnum sé gefið svigrúm til að koma undir sig fótunum eftir að námi lýkur áður en endurgreiðslur hefjast af þunga."

Síðan telur hún upp í fimm liðum við getum sagt málamiðlunartillögur af hennar hálfu í þessum lánasjóðsmálum. En þarna er ekkert um vextina sem hæstv. ráðherra er að leggja til hérna. Þarna er ekkert um að það skuli ekki greiða lán út á haustmissiri o.fl. slæmt sem er inni í námslánafrv. og sérstaklega var inni í því þegar það var lagt fram upphaflega, það er þó búið að

gera á því einhverjar endurbætur. En að nota sérálit Elsu B. Valsdóttur með þeim hætti sem ráðherrann gerði áðan er honum ekki til sóma eða framdráttar.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég las ekki allt nál., það er alveg rétt. Morgunblaðsgreinin hennar Elsu hefur heldur ekki öll verið lesin hér í þinginu. (Gripið fram í.) Nú, kannski öll. Þetta er í kafla sérálitsins sem heitir „Leiðir til úrbóta". Ég minntist ekkert á vextina, það er alveg rétt. Mér er alveg ljóst að þessi fulltrúi mótmælti vöxtum. Ég man satt að segja ekki eftir neinum stúdent sem hefur mælt með þeim, ég man ekkert eftir því. En ég var eingöngu að telja upp þau fimm atriði sem Elsa B. Valsdóttir taldi koma til greina sem leiðir til úrbóta og leiðir sem lækka mundu fjárþörfina og ég tel það henni til tekna að hafa tekið með svo raunsæjum hætti á þessu máli.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Menntmrh. las í ræðu sinni áðan upp þá fimm liði sem eru í nál. Elsu B. Valsdóttur eins og þarna hefði verið um kröfugerð af hennar hálfu að ræða. Hún talar um að herða endurgreiðslur. Við erum að gera það, segir hann. Hún talar um að láta endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja. Við erum að gera það. Fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur. Við erum að gera það. Alveg eins og ráðherra væri með frv. sínu að mæta einhverri kröfugerð af hálfu Elsu B. Valsdóttur og annarra námsmanna. Þetta er bara ekki rétt, virðulegur ráðherra.

Frsm. minni hluta menntmn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ítreka mótmæli við því hvernig vitnað er til þingskjala og það einmitt til frv. sem hæstv. ráðherra leggur hér fyrir. Hér var vitnað til umræddrar greinar sem birtist í Morgunblaðinu í gær og þar kom fram álit þessa fulltrúa mjög skýrt á núverandi stöðu málsins. Menn hefðu nú kannski viljað taka eitthvað á sig ef við losnuðum við vexti og eftirágreiðslur út úr þessu frv. Menn mundu nú kannski vera til umræðu um það að eitthvað hefði mátt taka, enda hefur minni hlutinn tekið inn brtt. í frv., gert tillögur námsmanna að sínum í sambandi við 8. gr. og hertar greiðslur í sjóðinn til þess að bæta úr þeirri þörf sem þar er um að ræða.

En ég vil bæta við, virðulegur forseti, einu atriði og spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann hafi orðið var við þrýsting og óskir af hálfu stjórnarþingmanna í dag eða síðustu daga um það að fá fram breytingar á frv. Ástæðan fyrir spurningu minni er sú og ég las síðdegis í DV viðtal við einn af stuðningsmönnum stjórnarliðsins, 7. þm. Norðurl. e., sem hafði þau ummæli uppi að það væri verið að knýja á um breytingar á frv. af hálfu þingmanna Alþfl. og það væri engan veginn útséð um nema slíkt gæti náðst fram. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvernig við hafi verið brugðist af hans hálfu þeim óskum sem nú hafa komið opinberlega fram með þessum hætti af hálfu þingmanns Alþfl. og það skilst mér af hálfu fleiri en eins.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp er það eitthvað viðkvæmt þegar verið er að vitna í þessa ágætu ungu konu, Elsu B. Valsdóttur. Það er eins og það megi ekki vitna í nema vissa hluti sem frá henni hafa komið. Það var vitnað í þessa Morgunblaðsgrein hennar í dag, en ef ég vitna í það sem hún hefur sagt áður og er með töluvert öðrum hætti en það sem segir í greininni rís hér upp hver stjórnarandstæðingurinn upp á fætur öðrum og gerir athugasemdir við að ég skuli leyfa mér að vitna í þetta. Nóg um það.

Ég hef ekki orðið var við neinn sérstakan þrýsting frá stjórnarþingmönnum í dag um að breyta frv. Ég hef lesið DV. Ég las líka DV í gær. Það mætti kannski nefna það. Þar var viðtal við annan hv. þm. Alþfl. Af hverju vitna menn ekkert í það viðtal? Er það af því að það er í dálítið öðrum dúr? (**HG:** Hvað kom fram þar?) Hvað kom fram þar? Á ég að trúa því að hv. þm. hafi ekki lesið það viðtal í gær við hv. þm. Karl Steinar? Er það svo að menn velji bara úr það sem menn sjá að passar og komi með þau mál upp í ræðustól?

Páll Pétursson:

Herra forseti. Út af ræðu hæstv. menntmrh. áðan vil ég taka fram að mér finnst það vera einfalt mál að láta námsmenn sem hverfa frá námi endurgreiða oftekin lán. Það er rétt að vitna til þess að í minnisblaði menntmrn., sem hér hefur verið til umræðu, kemur fram það eru ekki nema þó nema 8,7% nemenda sem skila undir 75% námsárangri þannig að hér er ekki um mjög stóran hóp að ræða og það á að vera einfalt að endurheimta þessar fjárhæðir.

Ég hef setið 21 þing, þetta er það 21. og ég fullyrði að þetta frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna er langversta frv. sem ég hef séð á Alþingi. Þetta er miklu verra en bandormurinn í vetur og var hann þó fullslæmur. Ég hef reyndar verið lengst af stjórnarmegin þann tíma sem ég hef setið á þingi og ég er ekki að draga fjöður yfir að við höfum afgreitt frv. sem hafa komið illa við og ekki orðið til mikilla happa eins og t.d. lög nr. 13/1979. Fleiri frumvörp gæti ég nefnt sem við höfum slysast til að samþykkja. En ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta er verst, þetta er ómannúðlegt og skammsýnt frv. og þessi lagasetning skapar hluta þjóðarinnar mikil vandræði. Það er náttúrlega öllum námsmönnum í framhaldsnámi unnið tjón. Fyrir suma og vonandi marga er þetta bara skellur, en fjölda ungmenna er unnið varanlegt tjón, þ.e. þeim sem hrekjast frá námi. Mér finnst það mikill ábyrgðarhluti af stjórnvöldum að grípa með þessum hætti inn í framtíð ungs fólks. Tómas sagði: „Menn eru bara ungir einu sinni og ýmsir harla stutt í þokkabót." Þeir sem eru hindraðir á braut til mennta með þessari lagasetningu munu búa að því allt sitt líf. Hamingjan er að vísu afstætt hugtak, en þessi lagasetning er ekki líkleg til þess að stuðla að hamingju. Ég vona að þeir sem af því

hljóta skaða verði sem fæstir, en ég er viss um að þeir eru allnokkrir.

Hinir eru þó vonandi mjög margir sem bjargast, en þeim eru sköpuð ónauðsynleg óþægindi, stórfelldur kostnaður og mikil fyrirhöfn. Stundum verða þegnarnir að taka á sig byrðar og það er út af fyrir sig ekkert við því að segja þó að þær geti jafnvel verið óþægilegar. En það þarf að vera skilyrði að byrðarnar eða óþægindin komi einhverjum að gagni. En þær byrðar sem lagðar eru á námsmenn núna með þessu frv. koma engum að gagni. Fjárhagur LÍN batnar ekkert við samþykkt þessa frv. Þetta er eins og maður sem pissar í skó sinn til að verma á sér löppina. Hann stendur ekkert betur heldur bara verr. Það léttir á Lánasjóði ísl. námsmanna í bili með því að loka honum í haust. En það er engin frambúðarlausn sem í þessu frv. felst.

Ég tel að fjárfesting í námi sé góð fjárfesting og ég bið afsökunar á ef ég er búinn að segja þetta einhvern tíma áður í þessari umræðu, en þetta er mín skoðun og ég endurtek hana þá.

Mér finnst aumlegur þáttur sumra þingmanna Alþfl. og nú er fátt um fína drætti í salnum. Hvar eru þeir nú, þessir kappar? Þeir eru að ropa í blöðum og á gatnamótum um að þeir séu í óðaönn að laga frv., þeir séu á móti hinu og þessu, en svo lyppast þeir niður í þingsalnum og þingflokksherbergjunum og sletta svo puttunum sínum á þá takka sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að þeir styðji á þegar til atkvæðagreiðslu kemur og gera það námsmönnum til bölvunar. Hlutur þessara manna er aumastur allra í stjórnarliðinu við þessa lagasetningu vegna þess að mennirnir hjóta að gera þetta á móti betri vitund. Ef það er rétt, sem þeir eru að segja í blöðunum og á gatnamótunum, að þeir séu á móti, þá er rangt af þeim að greiða svona máli atkvæði. Þeirra hlutur er miklu verri en hins forstokkaða liðs í stjórnarhópnum og það er miklu frekar hægt að fyrirgefa þessum forstokkuðu sem ráðast á námsmenn af því að samviska þeirra býður þeim það.

Hæstv. forsrh. gerði í eldhúsdagsumræðum meðferð þessa máls að umræðuefni og af því að ég veit að hæstv. forsrh. langar til að verða með tímanum landsfaðir, þá fannst mér sá kafli ræðu hans ekki vera sérstaklega landsföðurlegur. Hann klagaði fyrir þjóðinni meðferðina á sér á Alþingi og ríkisstjórn sinni. Hann reyndar tók það fram að hann hefði verið að klaga okkur í útlöndum líka. Nú er það ekki útlendinga að ákveða hvaða vinnubrögð eru viðhöfð hér á Alþingi eða þeirra starfsbræðra hans á hinum Norðurlöndunum sem hann vitnaði til. En með leyfi, herra forseti, langar mig til að lesa litla klausu úr ræðu hæstv. forsrh. af því að hún kemur þessu máli við og hann minntist á Lánasjóð ísl. námsmanna. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnubrögð hér hafa komið mér mjög á óvart. Ég hef borið mig saman við starfsbræður mína á Norðurlöndum og í Evrópu og þeir sem ég hef talað við hafa aldrei heyrt um vinnubrögð af því tagi sem tíðkuð eru hjá okkur. Á þessari hv. samkomu eru allmargir þingmenn sem tala margar klukkustundir um þau mál sem lögð eru fram. Þegar sömu mál koma til 2. umr., koma sömu menn og tala enn í nokkrar klukkustundir. Slíkt gerist reyndar einnig stundum við hina 3. umr. sama máls. Slíkt málæði kemur mælsku ekkert við. Enn síður er það til merkis um íhygli og vit, öðru nær. Hins vegar er farið illa með tíma þingsins og spillt fyrir eðlilegum störfum þess. Síðasta dæmið er frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem er afar þýðingarmikið mál og mikið deilumál sem eðlilegt er."

Síðar segir hæstv. forsrh. í ræðu sinni: „Allir vita þó að hversu mjög sem talað verður mun ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi koma málinu í gegn, enda fjárlög ríkisins á því byggð. Málæði af þessu tagi hefur því ekki annan ávinning en þann að koma í veg fyrir að önnur mál, mál sem þorri þingmanna er kannski sammála um að fái afgreiðslu á þinginu á meðan, nái fram. Vinnubrögð af þessu tagi sem og svokallaðar þingskapaumræður eru þinginu til vansæmdar og er óhjákvæmilegt að þingflokkarnir íhugi vel ráð sitt í þessum efnum. Við hljótum að taka reglurnar um fundasköp Alþingis til endurskoðunar og tryggja að eftir þeim sé farið."

Þetta var tilvitnun í eldhúsdagsræðu hæstv. forsrh. Ég hef athugasemdir við þessa ræðu eða þennan ræðukafla og ég verð að segja að ég finn þar ekki merki um íhygli og vit, svo að ég noti orðaleppa hæstv. forsrh., öðru nær. Það er ekki ástæða til fyrir stjórnarliðið að undrast það þó að við tökum til máls um Lánasjóð ísl. námsmana. Ég man ekki eftir neinni ræðu sem hefur staðið klukkutímum saman. Það hafa verið haldnar hér margar ræður og sumar nokkuð langar en ekki það að menn hafi talað klukkutímum saman, a.m.k. ekki þegar ég hef fylgst með þessari umræðu.

Hvers lags eiginlega stjórnarandstaða væri það sem ekki reyndi að taka á móti lagasetningu sem hún væri ákaflega andvíg? Okkur í stjórnarandstöðunni tekur sárt til námsmanna og við viljum reyna að rétta hlut þeirra, reyna að tala um fyrir ríkisstjórninni, reyna að berjast á móti þeim áformum sem ríkisstjórnin hefur uppi til þess að skaða námsmenn. Ef við snerum nú dæminu við og þið, góðir ráðherrar, settuð ykkur í okkar spor. Hugsum okkur það að við sem nú erum í stjórnarandstöðu værum í ríkisstjórn og þið í stjórnarandstöðu. Við kæmum með mál sem þið væruð afskaplega á móti, t.d. eins og það að þrengja að kolkrabbanum eða eitthvað slíkt, banna kolkrabbanum að sölsa allt undir sig eða setja skorður við útþenslu hans. Ætli þið munduð ekki taka harkalega á móti svoleiðis frv.? Ætli þið munduð ekki tala tímunum saman við 1., 2. og 3. umr. og beita þeim ráðum sem ykkur væru tiltæk til þess að hindra okkur í því að leggja bönd á skepnu sem ykkur er kær? Og þið þurfið ekkert að vera hissa á því þó við veltum ykkur upp úr þessu frv., þið þurfið ekkert að vera hissa á því.

Hæstv. forsrh. sagði að fjárlög ríkisins væru við það miðuð, á því byggð að þetta frv. yrði að lögum. Fjárlög ríkisins heimta ekkert að þetta frv. verði að lögum. Það hefur komið fram í þessari umræðu og var reyndar rækilega tíundað af hv. þm. Finni Ingólfssyni rétt áðan að ákvörðun fjárlaga og heimildir á lánsfjár-

lögum rúma 800 millj. kr. greiðslu upp í haustlánin. Það eru peningar til eða heimildir fyrir ⅔ af haustlánunum og það er skilyrðislaus krafa að a.m.k. þeir peningar verði greiddir út.

Hæstv. forsrh. lét þess getið að hann vildi fara að breyta þingsköpum og takmarka málfrelsi manna. Ég ætla ekki að hafa samstarf við hann um það. Mér finnst það hryggilegt þegar jafnágætir menn og hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., hæstv. forsrh. tel ég í hópi kunningja minna og hæstv. menntmrh. í hópi vina minna, láta henda sig að standa að lagasetningu eins og þessari.

Þó að frv. verði að lögum hættum við ekki fyrr, stjórnarandstæðingar, en þessum lögum verður breytt. Hæstv. menntmrh. sneri reyndar út úr ræðu sem ég hélt um daginn um þetta efni. Ég sagði aldrei að Framsfl. mundi lögleiða núverandi lög nákvæmlega stafrétt eins og þau eru í dag þegar við komum til valda, sem vonandi verður fljótlega, og fáum vald á menntmrn., en við munum ekki búa við þessi lög. Við munum reyna að breyta þeim, við munum berjast fyrir breytingum á þeim strax í haust og við unum ekki við svona lagasetningu.

Stjórnarflokkarnir koma illa fram við námsmenn. Hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði um fautaskap. Ég held að það hafi ekkert verið of sterkt til orða tekið. Og þetta er ástæðulaust framferði. Það eru vond lög sem hér er verið að setja og þeim verður að breyta svo fljótt sem mögulegt er og ég vænti þess að námsmenn og þó sérstaklega þeir sem þessi lagabreyting hrekur frá námi, en líka þeir sem þurfa að ganga á milli bankastjóranna, muni hvern hug þessi ríkisstjórn ber til þeirra og sjái til þess að Sjálfstfl. og Alþfl. fái ekki tækifæri til að stjórna þessu landi áfram.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einu sinni enn verð ég að segja að það er beinlínis rangt að verið sé að hindra menn í að hefja nám eða halda áfram námi. Þvert á móti er verið að tryggja jafnréttið og grunnframfærsluna með því að beina fjármagninu, takmörkuðu fjármagni til þeirra sem eru í raunverulegu námi en eru ekki bara innritaðir. Þetta eru staðreyndir.

Fjárhagur LÍN batnar ekkert, segir hv. þm. Það er líka rangt. Fjárhagur sjóðsins er tryggður með þessum aðgerðum. Væri ekkert að gert stefnir sjóðurinn í gjaldþrot og það var stefna fyrri ríkisstjórnar. Og ég vona að ég sé ekki að snúa út úr þegar ég skil orð hv. þm. þannig að Framsfl. muni breyta þessari löggjöf að mér skilst í sama horf þó það verði ekki nákvæmlega eins og gildandi löggjöf er, en í sama horf. Ég ætla að leyfa mér að draga í efa að þótt Framsfl. komist til valda muni hann breyta ákvæðum 6. gr. ef þau verða samþykkt eins og við leggjum til. Ég held nefnilega að menn muni sjá það, þegar þetta er komið í lög, að þetta er það eina rétta.

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir ekki miklu máli hvað hæstv. menntmrh. endurtekur oft ef hann fer með rangt mál. Mér finnst hann ekki eiga að tala um jafnrétti í sambandi við þessa lagasetningu. Þetta frv. stuðlar að því að koma í veg fyrir jafnrétti til náms. Fjárhagur LÍN er ekki tryggður þátt fyrir þessa lagabreytingu. En það er rétt skilið hjá hæstv. menntmrh. að Framsfl. mun ekki una 6. gr. eins og gengið er frá henni í þessum lögum vegna þess að hún er ósanngjörn, hún skapar námsmönnum óþarfa erfiðleika. Það eru mörg, mörg önnur ráð til að sjá til þess að peningar lánasjóðsins fari ekki til annarra en þeirra sem eru í alvörunámi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil að það fari ekki á milli mála að ég er ekki stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og ég hef ekki tekið neinn þátt í samkomulagi um að það sé samið um ákveðna tímalengd á því málefni sem hér hefur verið á dagskrá. Og síst eftir að hæstv. menntmrh. telur að það sé vænlegasta ráðið að ljúga sig frá vandanum og blekkja íslenska þjóð þegar hann gerir grein fyrir því hvers vegna hann er að flytja þetta frv. Ég tel rétt að forseti fái þessar upplýsingar á þessari stundu þannig að þeir geti metið stöðu mála hér í þinginu út frá því.

Umræðu frestað.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 528. mál (greiðslutími). — Þskj. 895.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Frv. er flutt af heilbr.- og trn.

Hinn 16. jan. sl. var gert samkomulag milli Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um að í tengslum við kjarasamninga yrði frá því gengið við stjórnvöld að breyta lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Breytingin sem samið var um að beita sér fyrir felst í því að lengja þann hámarkstíma á hverju almanaksári sem fyrirtæki í fiskvinnslu eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þess að starfsmönnum er haldið á launaskrá þrátt fyrir tímabundna framleiðslustöðvun vegna hráefnisskorts. Lengingin yrði úr sex vikum (30 greiðsludögum) í níu vikur (45 greiðsludaga).

Þar sem frv. er flutt af heilbr.- og trn. tel ég óþarft að því sé vísað til nefndarinnar og geri tillögu um að vísa málinu til 2. umr. Það er afar brýnt að málið fáist afgreitt á vorþingi eins og gert er ráð fyrir í því samkomulagi sem ég gat um áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 529. mál (uppbót vegna kjarasamninga). — Þskj. 896.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar. Frv. er flutt af heilbr.- og trn.

Í nýgerðum kjarasamningum er gert ráð fyrir greiðslu launaauka 1. júlí 1992 og 1. febr. 1993. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að heimilt skuli að greiða sambærilega uppbót til þeirra sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili. Nánari reglur um þetta skal setja í reglugerð sem heilbr.- og trmrh. setur að fengum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þar sem frv. þetta er flutt af heilbr.- og trn. tel ég óþarft að vísa málinu til nefndar og legg til að því verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

144. FUNDUR

fimmtudaginn 14. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Landkynningarefni, ein umr.

Fsp. GB, 505. mál. — Þskj. 806.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 806 hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. fjmrh. um landkynningarefni. Fsp. er í tveimur tölusettum liðum sem hljóða svo:

„1. Leiðir álagning virðisaukaskatts til þess að prentun á landkynningarefni til dreifingar erlendis flyst úr landi?

2. Ef svo er, hefur ráðherra í huga að grípa til ráðstafana sem leitt gætu til þess að prentunin yrði aftur unnin hér á landi?"

Ástæða þessarar fsp. er sú að á vegum fjölmargra aðila sem stunda ferðamannaþjónustu er reynt að gefa út landkynningarefni, bæði auglýsingar, bæklinga dýra og kostnaðarsama og jafnvel bækur eða útgáfu sem getur flokkast undir það að vera landkynningarbækur. Ef þær eru prentaðar hér heima lenda þær eðlilega í því að á þá þjónustu er lagður virðisaukaskattur. Ef þetta efni er eingöngu ætlað útlendingum, sem mikið af því er vissulega og notað til dreifingar erlendis, kannski lítið hér heima eða jafnvel ekki neitt, þá er hægt að fá þennan útgáfukostnað verulega niður með því að láta prenta þetta efni allt saman erlendis. Það þýðir að við erum að flytja verulega prentun og þar með atvinnu úr landinu af þessari ástæðu einni saman.

Ég hef fengið athugasemd frá ýmsum aðilum sem sinna ferðamannaþjónustu þar sem þetta hefur komið í ljós, t.d. frá Ferðamálaráði, sem ég veit að hefur látið prenta verulegan hluta af sínu kynningarefni erlendis til þess að sleppa við virðisaukaskattinn sérstaklega, og einnig frá Félagi sérleyfishafa þó þeir séu kannski ekki mjög stórir í sambandi við þetta landkynningarefni og útgáfustarfsemi en þá munar um allt. Þeir hafa einnig rekið sig á þennan þáttinn að þeir þurfa að láta prenta landkynningarefni erlendis.

Ég hef undir höndum einnig bréf frá Ferðamálaráði til hæstv. þáv. fjmrh. frá því í nóvember 1990 þar sem kemur í ljós að íslenskar bækur sem eru landkynningarefni, landkynningarbækur, lenda einnig í því að þó að niður sé felldur virðisaukaskattur af íslenskum bókum er það ekki svo í þessu tilviki af því að þær bækur eru prentaðar með erlendum texta, á erlendum málum. Þetta virðist því víða koma fram og reka sig á.

Virðulegur forseti. Tími minn er alveg að renna út sé ég, en þetta er sem sagt efni fsp. og þó hér sé kannski ekki um stórt mál að ræða, þá hygg ég að við þurfum að huga að okkur á öllum sviðum og leita allra leiða til þess að þjónusta af þessu tagi sé unnin heima á landi hjá okkur.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Leiðir álagning virðisaukaskatts til þess að prentun á landkynningarefni til dreifingar erlendis flyst úr landi?" Svar mitt í stuttu máli er þetta: Þær reglur gilda um prentun á landkynningarefni *sem síðan er sent úr landi* að við afhendingu frá prentsmiðju skal greiða virðisaukaskatt. Þeir aðilar sem láta prenta fyrir sig slíkt efni eru sjálfsagt nánast alltaf aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 2. gr. virðisaukaskattslaganna, nefnilega ferðaskrifstofur og hótel og einnig sérleyfishafar sem stunda fólksflutninga. Um þessa aðila gilda þær reglur að þeir innheimta ekki virðisaukaskatt af sölu á sinni þjónustu, en þeir fá heldur ekki frádrátt vegna virðisaukaskattsins sem þeir greiða af aðföngum vegna rekstursins, t.d. prentvarningi. Auk þess má benda á að þegar þessir aðilar senda kynningarbæklinga úr landi, þá er það ekki sala úr landi og þar með ekki útflutningur samkvæmt virðisaukaskattslögunum. Það þarf sem sagt að koma verð fyrir ef um útflutning er að ræða.

Þá er spurt í framhaldi af þessu: „Ef svo er, hefur ráðherra í huga að grípa til ráðstafana sem leitt gætu til þess að prentun yrði aftur unnin hér á landi?" Hvað varðar það að þessir aðilar sjái sér vegna þessara reglna hag í því að láta prenta slíka bæklinga erlendis því þeir sleppi þá við að greiða virðisaukaskatt er það að segja að slíkt fer alfarið eftir hvaða virðisaukaskattsreglur gilda í hverju einstöku landi. Miðað við það sem ég þekki til virðisaukaskattslaga annars staðar, t.d. í Danmörku, þá get ég ekki séð að það að láta prenta kynningarbæklinga erlendis væri til hagsbóta

fyrir þessa aðila nema að því leytinu til sem virðisaukaskatturinn er lægri þar en hér. Ástæðan er sú að ef aðili léti prenta bæklinga fyrir sig í Danmörku sem síðan ætti að dreifa þar í landi, þá væri honum gert að greiða virðisaukaskatt þar en innskattsfrádrátturinn fengist að sjálfsögðu ekki. Ef aðilinn léti aftur á móti prenta fyrir sig bækling í Danmörku sem síðan ætti að senda til Þýskalands, þá ætti sú sending að lenda í skatti í þýska tollinum. Það er meginreglan. Þriðja dæmið gæti síðan verið að íslenskur aðili léti prenta fyrir sig í Danmörku og síðan senda til Íslands. Slík sending mundi lenda í skatti við komu til landsins eins og frægt er og mörgum er nú heldur illa við.

Í stuttu máli fæ ég ekki séð svona fljótt á litið að íslenskur aðili gæti haft hag af því að láta prenta kynningarbæklinga fyrir sig erlendis vegna skattreglnanna. Þó er það hugsanlegt ef slík prentun er einhvers staðar undanþegin skattskyldri veltu. Ég hef ekkert hér minnst á framleiðsluverð og gæði sem auðvitað hefur áhrif, en ég efast ekki um að íslenskir aðilar eru samkeppnisfærir a.m.k í gæðum og ég hélt satt að segja einnig í verði.

Það var aðeins minnst á íslenskar bækur í þessu sambandi, þá landkynningarbækur. Hv. fyrirspyrjandi gerði það í sinni fsp. Það er rétt að sé textinn erlendur telst bókin ekki íslensk í skilningi laganna. Þetta mál er reyndar til skoðunar, en við höfum því miður átakanleg tilvik, t.d. eitt sem snertir einn ágætan bókarhöfund, ljósmyndara. Ég skal nafngreina hann. Einn af okkar ágætustu ljósmyndurum er Björn Rúriksson sem hefur gefið út bækur. Það hafa fleiri gert reyndar. Bókin er á íslensku. Þetta er aðallega myndabók með íslenskum texta og ber ekki skatt. Ef hún er með erlendum texta ber hún skatt. Svo sjá erlendir ferðamenn þessar bækur fyrir sér í bókabúðum hér á landi, sjá að Íslendingar fá bókina 20% ódýrari en útlendingar og telja þetta vera mismunun á því og gert upp á milli þess hvort menn eru útlenskir eða innlendir við kaup á slíkum bókum. Þetta er vandamál sem er fyrst og fremst til komið vegna þess að íslenskar bækur eru undanþegnar skattinum en ekki vegna þess að þær erlendu bera skatt og leiðir okkur aftur á byrjunarreit, en hann er sá hvort heppilegra hefði ekki verið í upphafi og kannski beri að stefna að því að breikka skattstofninn en stefna þá jafnframt að því að lækka skatthlutfallið.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans við þessri fsp. og byrja á því, sem hann nefndi hér seinast, að segja við hann að ég get verið algerlega sammála honum um að auðvitað ætti skattstofninn að vera sem allra breiðastur og undanþágur sem fæstar. Það var kannski aðalröksemdin fyrir upptöku virðisaukaskattsins á sínum tíma í staðinn fyrir afar götótt söluskattskerfi og því er ekki gott að þurfa að vera sífellt að tala um það hvort hægt sé að hliðra til með virðisaukaskattinn og gera á honum undanþágur eins og ég er þó að ýja að í seinni hluta fsp. minnar þar sem ég spyr um hugsanlegar breytingar vegna þess að mér finnst að það sé óviðunandi að það geti skipt svo miklu máli hvort prentunin er unnin hér á landi eða erlendis. Varðandi þann hluta úr svari hæstv. ráðherra kom mér svolítið á óvart ef það er svo að þetta skiptir e.t.v. þegar allt er til talið ekki máli eða þá kannski tiltölulega litlu máli nema því sem nemur upphæð prósentu virðisaukaskatts frá einu landi til annars. En það er ekki í samræmi við þær upplýsingar sem ég hafði t.d. frá Félagi sérleyfishafa sem taldi að hér væri um verulegar upphæðir að ræða og skipti máli varðandi þennan útgáfukostnað hvort þeir létu vinna verkið hér á landi eða erlendis.

Ég fagna því út af fyrir sig að ráðherra talar um að þetta mál með landkynningarbækur sé til skoðunar vegna þess að það hlýtur að vera mjög undarlegt ef við stöndum frammi fyrir því að bækur sem þó eru gefnar út og unnar algerlega af íslenskum aðilum, Íslendingum, og eru okkur mjög mikilvægar sem landkynningarefni, ekki eingöngu fyrir útlendinga heldur auðvitað líka fyrir okkur Íslendingana en ekki síst sem landkynningarefni, eru miklu dýrari en aðrar bækur í sömu bókahillu ef textinn er á erlendu máli. Það finnst mér sé mál sem þurfi að taka til skoðunar sérstaklega.

Ég veit einnig eða þykist vita að það muni vera til umræðu í fjmrn. og hjá skattyfirvöldum athugun á virðisaukaskattslögunum. Það tengist kannski ekki þessu máli sérstaklega heldur því að sá skattur sem fyrirtækin geta dregið frá og fá endurgreiddan hefur samkvæmt áætlunum fjmrn. og fjárlaga orðið miklu hærri en áætlunin gerði ráð fyrir, bæði í fyrra og virðist vera eins það sem af er þessu ári. Hafa fjmrn. og skattyfirvöld verið að skoða þessi mál sérstaklega og ég óska eftir því að þættir eins og sá sem ég hef hér verið að vekja athygli á yrðu teknir með í slíka endurskoðun og reynt að leita leiða til þess að það misrétti sem hér virkilega ríkir og ég hef bent á verði leiðrétt ef nokkur kostur er.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við að bæta. Ég get staðfest það, sem hann sagði, að virðisaukaskattsreglurnar eru til skoðunar í fjmrn. og hjá ríkisskattstjóra m.a. vegna þess að borið hefur á því að áætlanir sem gerðar voru í upphafi um innskattinn hafa ekki reynst alls kostar réttar eða kannski ætti að orða það öðruvísi, að innskatturinn hafi reynst hærri en áætlað var. Það er ekki þar með sagt að neitt sé rétt eða rangt í þeim efnum, en gefur þó til kynna að menn þurfi að kanna hvort reglurnar um innskattinn séu misnotaðar.

Ég held að það sé rétt, sem ég sagði í mínu svari, að það séu fyrst og fremst virðisaukaskattsreglurnar annars staðar sem hafa áhrif á hvort borgar sig að senda til prentunar til útlanda eða láta vinna efnið hér heima. Ég nefndi Danmörku sem dæmi. Vissulega getur það verið þannig í öðrum löndum að ekki þurfi að standa skil á prentverki eins og þessu. Ég býst við því að önnur lönd verði fyrir valinu. Ég hef því miður ekki upplýsingar hér og nú um það. Ég minnist þess t.d. að

Holland er land þar sem mikið er prentað af íslensku efni, ekki einungis landkynningarefni heldur efni sem er jafnvel á íslenskri tungu.

Loks vil ég þakka hv. þm. fyrir það sem hann sagði um virðisaukaskattinn. Ég er honum sammála um það og ég held satt að segja að það sé tiltölulega breið samstaða um að það eigi að fækka undanþágum og freista þess að lækka hlutfallið. Það mundi styrkja okkar samkeppnishæfni, sérstaklega verslunarinnar, gagnvart verslun sem Íslendingar stunda erlendis ef okkur tækist að lækka hlutfallið, en til þess að það sé hægt án þess að ríkið tapi verulegum tekjum þarf að breikka stofninn. Og við verðum að átta okkur á því að að kemur vissulega niður á ýmsum varningi sem er á mörkum þess að vera nauðsynjavarningur og kann að vera dýrt þegar sú breyting verður gerð, en ég held að hún sé samt sem áður nauðsynleg og það þurfi að kanna það rækilega innan tíðar hvort ekki eigi að freista þess að ná víðtækri pólitískri samstöðu hér á landi um að framkvæma slíka breytingu.

Öryggismál sjómanna, ein umr.

Fsp. RG, 488. mál. — Þskj. 752.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til samgrh. er um öryggismál sjómanna. Hún beinist að mikilvægi þess að komast að orsökum sjóslysa og því að draga lærdóm af niðurstöðum rannsóknar hverju sinni þannig að unnt sé að komast hjá því að það sama endurtaki sig. Fsp. varðar einnig fyrirbyggjandi öryggisþátt.

Með breytingu á siglingalögum árið 1986 er lagður lagalegur grunnur að sjóslysanefnd og þar með komið á svipaðri skipan við rannsókn sjóslysa og gildir um rannsókn flugslysa samkvæmt lögum. Verksvið nefndanna er ápekkt samkvæmt lögunum. En þær væntingar sem bundnar voru við breytingarnar sem gerðar voru 1986 um að faglegar yrði staðið að rannsóknum með það að færa þær í sama horf og rannsóknir flugslysa virðast ekki hafa gengið eftir þrátt fyrir lagasetningu.

Þegar reynt er að leita upplýsinga um hvernig framkvæmd laganna hefur tekist kemur strax í ljós að starfsreglur sem átti að setja vantar. Reglugerð hefur ekki verið sett. Því spyr ég ráðherra:

„1. Hvers vegna hafa enn ekki verið settar starfsreglur fyrir rannsóknarnefnd sjóslysa svo sem boðað er í lögum nr. 21/1986?

2. Hefur að dómi ráðherra tekist að færa rannsóknir á sjóslysum „í nútímalegt horf" eins og stefnt var að með breytingu á siglingalögum 1986, t.d. með því að haga þeim eins og gert er þegar flugslys verða?"

Forseti. Sjósókn á Íslandi hefur alltaf verið mikil og fast sóttur sjór en veður jafnframt oft válynd. Okkar sjómenn hafa kynnst því vel gegnum tíðina að berjast við óvægin náttúruöfl. Aðstæður um borð eru hins vegar ólíkar í dag miðað við það sem áður var, a.m.k. hvað varðar stærri báta og skip. Fyrr á tímum stóð skipstjórnarmaðurinn í brúnni, stýrði eftir kompás með hönd á stýri upptekinn við að rýna í sortann eða út í myrkrið ef aðstæður voru þannig og við að halda skipinu á réttri stefnu. Í dag er öldin önnur. Nú er skipstjórnarmaðurinn umkringdur tækjum. Allt er sjálfvirkt og sjálfstýring. Tækin eru skær og blindandi og trufla jafnvel af þeim orsökum útsýn úr brú þegar dimmt er. Ef hann er komin með skipið of nálægt landi sést það ekki í radarnum. Skipstjórnarmaður sem er einn á vakt á stíminu situr því jafnvel yfir suðandi og svæfandi tækjabúnaði. Það er hætt við að fæstir kalli eftir því að hafa mann með sér á vakt því með því er svefntíminn tekinn af þeim sem beðinn er, að menn hliðri sér hjá slíkri öryggisaðgerð þó það sé skynsamlegt og alþjóðalög mæli fyrir um varúðarráðstafanir. Menn treysta líka á tækin, þykir ekki þurfa að tveir séu á vakt. Því er haldið fram að þannig sé oftast einn á vakt á stíminu.

En ef eitthvað kemur fyrir er sá hinn sami einn til frásagnar og ef getsakir eru uppi í kjölfar slyss er það mjög sársaukafullt fyrir þann sem í hlut á. Því er þriðja spurning mín til ráðherrans:

„3. Telur ráðherra koma til greina — einkum í ljósi tíðra sjóslysa að undanförnu — að herða varúðarreglur við siglingar skipa þannig að aldrei verði færri en tveir menn á vakt í brúnni hverju sinni?"

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Að undanförnu hefur verið unnið að samningu reglugerðar um rannsóknarnefnd sjóslysa þar sem m.a. er leitast við að skilgreina og afmarka nánar verkefni nefndarinnar. Reglugerðarsmíð þessi er á lokastigi. Vona ég að með þessu sé svarað fyrstu spurningu hv. fyrirspyrjanda.

Spurt er: „Hefur að dómi ráðherra tekist að færa rannsóknir á sjóslysum „í nútímalegt horf" eins og stefnt var að með breytingu á siglingalögum 1986, t.d. með því að haga þeim eins og gert er þegar flugslys verða?"

Þær breytingar sem gerðar voru á rannsóknarnefnd sjóslysa með breytingum á siglingalögum árið 1986 miðuðu m.a. að því að auka sjálfstæði hennar. Í því skyni var ákveðið að sérfræðingar eða kunnáttumenn skipuðu nefndina og að nefndin hefði heimild til að rannsaka slys að eigin frumkvæði. Nefndin fylgist t.d. sjálfstætt með slysafregnum í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur heimild til að leita aðstoðar sérfræðinga og rannsóknastofnana ef þörf er talin á því og hefur nefndin m.a. fengið Iðntæknistofun til að rannsaka búnað ef bilun eða galli er talin líkleg orsök slyss. Í reynd hefur nefndin þó almennt byggt á sjóprófum og lögregluránnsóknum. Er það bæði vegna þess að niðurstöður þeirra veita almennt fullnægjandi upplýsingar sem nefndin getur byggt umfjöllun sína og álit á og einnig vegna þess að sjálfstæðar rannsóknir, t.d. neðan sjávar, eru afar kostnaðarsamar.

Ég tel að kröfunni um aukið sjálfstæði sé að mörgu leyti fullnægt og að því leyti hafi tekist að ná fram því ætlunarverki Alþingis með umræddri lagabreytingu að

styrkja stöðu nefndarinnar til að komast að raunverulegum orsökum slysa sem er ein helsta forsenda þess að fækka megi slysum. Ég tel að í þessu samhengi sé óhjákvæmilegt vekja athygli á því að að sjálfsögðu er hægt að styrkja stofnunina verulega með því að verja til hennar mun meiri fjármunum en nú er gert og á það raunar við á mörgum sviðum þar sem hætta er á slysum svo að ég tali ekki um vegamál og ýmislegt annað, en ég hygg að eins og unnið er að þessum málum sé því vel fyrir komið en auðvitað sjálfsagt að þau mál séu áfram til endurskoðunar.

Spurt er: „Telur ráðherra koma til greina — einkum í ljósi tíðra sjóslysa að undanförnu — að herða varrúðarreglur við siglingar skipa þannig að aldrei verði færri en tveir menn á vakt á brú hverju sinni?"

Þessu er því til að svara að með fækkun áhafna skipa og bættum tækjabúnaði, t.d. sjálfstýringu, og eftir að ratsjá kom í brú 1960 var ákveðið að hafa einn mann á vakt. Það er skoðun þeirra sem um þessi mál hafa fjallað á vegum ráðuneytisins að með slíkum nútíma tæknibúnaði sé það almennt fullnægjandi að hafa einn mann í brú við eðlilegar aðstæður. En að sjálfsögðu skiptir mestu máli í þessu sem öðru að sem mest árvekni sé viðhöfð, farið eftir aðstæðum og menn séu samtaka um að gæta fyllsta öryggis.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, hæstv. forseti.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að leggja þessar fsp. fram og tel að það sé aldrei nóg að gert að hafa vakandi auga í sambandi við öryggismál sjómanna. Ég vil einnig þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Og við skulum líka minnast þess hve mikið hefur verið gert og hve mikið áunnist í öryggismálum sjómanna á síðustu árum, en það gerir það ekki að verkum að við eigum að leggja árar í bát heldur halda því verki áfram. Ég fagna auknu starfi rannsóknarnefndar sjóslysa sem á auðvitað að stefna að því að henni verði kleift að starfa með líkum hætti og rannsóknarnefnd flugslysa.

Í sambandi við þriðju fsp. fyrirspyrjanda um það að tveir menn verði ávallt á vakt á skipi, þá er það auðvitað háð aðstæðum hverju sinni. Á litlum skipum er þetta ekki hægt eins og allir vita, en það á að gera meiri kröfur til skipstjórnarmanna um að menn haldi vöku sinni í þeim efnum.

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör ráðherra og öðrum sem hafa tekið til máls og ég fagna því að reglugerð sem spurt er um er nú að komast á lokastig og er alveg sannfærð um að það skiptir máli fyrir þau vinnubrögð sem ég hef spurt um.

Ég er líka mjög sammála því sem hér hefur komið fram hjá ráðherra um sjálfstæði sjóslysanefndar og frumkvæði og alla möguleika á að leita til sérfræðinga, en það verður þá líka að leiða til þess að það gangi fram sem eftir er leitað. Auðvitað er almennt byggt á sjóprófum og lögreglurannsóknum eins og hér kom fram, en þær eru einn og fyrsti þáttur hvers máls og framhaldið er líka það sem mjög miklu máli skiptir, sérstaklega með það sem beinist að varrúðarráðstöfunum.

Varðandi spurningu mína kemur fram hjá ráðherra að hann telji að með því sem gert hefur verið hafi þeim kröfum Alþingis varðandi lagasetninguna sem sett var 1986 verið fullnægt. Ég vona að í framhaldsvinnu þessa máls verði allt gert til þess að styrkja bæði stofnunina og framfylgja öllum þeim öryggisráðstöfunum sem hugsanlegt er. Og það er athyglisvert fyrir mig sem nefni hér hina breyttu tíð, m.a. stöðuna í brú á stími, út og heim, oftast að næturlagi, hvernig ástandið hefur e.t.v. versnað með auknum tækjabúnaði, sjálfstýringu og öðru því sem ég taldi upp og kallar á enn meiri árvekni en fyrr á árum, að einmitt það er orsök þess að ekki þurfi að vera með þær varúðarráðstafanir sem ég hér nefndi.

Ég vil gjarnan að það komi fram að einn helsti viðmælandi minn í þessum efnum er óbanginn skipstjóri við eina af stærstu verstöðvum landsins sem sótt hefur sjóinn í yfir 30 ár. Hann og fleiri sem hafa látið sig þessi mál varða, öryggismálin, og hvernig þau ganga eftir voru einmitt að velta því fyrir sér hvort það væri ekki orðið tímabært nú að setja þessi mál í sama horf og flugslysarannsóknir. Það kom þeim mjög á óvart eftir að ég hafði kannað þetta mál mjög ítarlega þegar ég upplýsti um það að þannig hefði verið gert strax á árinu 1986. Við erum hér að tala um sjópróf, við erum að tala um rannsóknir, við erum að tala um úrvinnslu og niðurstöður og varúðarreglur sem eru settar í framhaldi slíkra mála eða ráðstafanir í samræmi við það. Ég er alveg sannfærð um að þessi mál hafa verið og eru í góðu horfi varðandi sjópróf, e.t.v. rannsóknir, e.t.v. úrvinnslu, en það virðist á skorta að miklar aflaklær sem láti sig þessi mál varða fái að vita hverjar niðurstöður mála eru þannig að þær geti dregið lærdóm af og gert sínar varúðarráðstafanir.

Menn verða æ uppteknari af öryggismálum og það hefur mikið verið gert og það eru allir vakandi fyrir vörnum en það er umhugsunarefni hve sjóslys hafa verið tíð undangengin ár og hversu oft þau eru alvarleg hér við land þrátt fyrir byltingu í tækni, byltingu í skipakosti. Því var þessi spurning sett fram til umhugsunar og aðgerða.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um að nauðsynlegt er að vinna betur að þessum málum eins og ýmsum öðrum. En ég vil líka leggja áherslu á að skýrsla rannsóknarnefndar sjóslysa er gefin út þannig að menn geta kynnt sér niðurstöður hennar. Ég vil jafnframt að það komi alveg skýrt fram að mér er ekki kunnugt um að fjárskortur hafi hamlað því að rannsóknarnefnd sjóslysa hafi getað efnt til þeirra rannsókna og athugana sem henni hefur þótt nauðsynlegt í sambandi við sjóslys þannig að ég hygg að fyrir þessum þætti hafi af þeim sökum verið vel séð.

Ég vil jafnframt að fram komi að lög um Landhelgisgæsluna eru nú í endurskoðun, m.a. til að treysta

rannsóknarþátt Landhelgisgæslunnar og samræma aðgerðir á því sviði ef til sjóslysa kemur.

Endurbætur á Árnanesflugvelli í Hornafirði, ein umr.

Fsp. HÁ, 524. mál. — Þskj. 862.

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég fylgi úr hlaði fsp. hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, en hv. þm. er sem kunnugt er erlendis í opinberum erindagerðum. Fsp. þessi er á þskj. 862 og er til hæstv. samgrh. um endurbætur á Árnanesflugvelli í Hornafirði. Spurt er:

„Hvernig standa rannsóknir til undirbúnings þverbraut og öðrum endurbótum á Árnanesflugvelli í Hornafirði?

Hvenær er þess að vænta að niðurstöður liggi fyrir og ákvarðanir teknar um framhaldið?"

Ég sá að vísu í gær mér til mikillar ánægju að deilt hafði verið út þskj. 908, brtt. frá hæstv. samgrh. við flugmálaáætlun 1992–1995, og gerir till. ráð fyrir 11 millj. kr. í nefndu efni. Fróðlegt væri að fá vitneskju um hvort hér er um endanlegan framkvæmdakostnað að ræða og hvenær þessi mikilvæga samgöngubót kæmist þá í gagnið.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hvernig standa rannsóknir til undirbúnings þverbraut og öðrum endurbótum á Árnanesflugvelli í Hornafirði?"

Því er til að svara að aðflugsrannsóknum er lokið og fundin niðurstaða um heppilegustu legu hugsanlegrar þverbrautar gagnvart vindáttum. Verkfræðiathuganir standa yfir, þ.e. tillögugerð um nákvæma staðsetningu hugsanlegrar þverbrautar með hliðsjón af kostnaði. Nokkrar athuganir hafa einnig verið gerðar og eru fram undan í sambandi við flugvallarstæðið en frekari jarðvegsmælingar eru nauðsynlegar og jafnframt hefur ekki verið gengið frá kostnaðaráætlun í því samhengi. Arðsemisathugun hefur ekki verið framkvæmd, en flugmálastjóri telur að hennar sé þörf og hann leggur áherslu á þá skoðun sína í greinargerð til mín að þverbraut við núverandi flugvöll í Hornafirði hafi mjög takmarkað gildi fyrir flug þangað.

Hann hefur varpað fram þeirri hugmynd að ný flugbraut niður við sjó á þeim stað sem notaður var til lendingar áður fyrr, þ.e. á Suðurfjörutanga, virðist eftir lauslega athugun geta gjörbreytt öryggi og tíðni flugs til Hornafjarðar og leggur áherslu á að sá kostur sé athugaður til hlítar. Ég legg áherslu á að tryggt hefur verið fjármagn til þess að nauðsynlegar athuganir geti farið fram varðandi hugsanlega þverbraut við flugvöllinn eins og hann liggur nú og þess er að vænta að niðurstöður um þau efni liggi fyrir á næsta hausti.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka bæði fyrirspyrjanda og ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hafa komið fram þessari umræðu. Það vildi reyndar svo til að á fundi sem var haldinn með flugmálayfirvöldum og sveitarstjórnarmönnum í Austur-Skaftafellssýslu þann 15. des. árið 1990 var staðfest að gamla flugbrautarstæðið norðan við Árnanes eins og það var hugsað væri ákjósanlegasti kosturinn til að staðsetja flugbraut á. Því sem menn hafa svo verið að tala um Suðurfjörur og mannvirkjagerð í því sambandi er augljóslega ætlað til að drepa þessari umræðu allri á dreif.

Það kom líka fram á þessum fundi að þverbraut við Árnanesflugvöll mundi auka öryggi við lendingar a.m.k. um 10% og það liggur líka fyrir að þær þrálátu áttir norðaustan og suðvestan gera að verkum að slíkir kaflar vara oft nokkurn tíma og geta valdið miklum erfiðleikum í flugsamgöngum á Árnanesflugvöll eins og nú er. Þess vegna verða menn að taka til höndum við að koma þessari þörfu framkvæmd áfram.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst ýmislegt óljóst varðandi þetta mál eftir svar hæstv. ráðherra áðan og þá álitsgerð sem hann vitnaði til frá flugmálastjóra þar sem heldur var mælt gegn þeirri framkvæmd sem fsp. lýtur að. Ég er mjög undrandi yfir því ef þarna er komið alveg nýtt hljóð í strokkinn að þessu leyti og vil taka undir með síðasta ræðumanni og fyrirspyrjanda um þetta efni að verkefnið hlýtur að vera að tryggja þessa framkvæmd, þessa þverbraut. Ég er algerlega ósammála því viðhorfi að þetta hafi lítið gildi eins og heyra mátti á því svari sem hæstv. ráðherra flutti áðan. Ég ætla að vona að það sé skammt í að fjármagn fáist til þessa, en ég hef ekki sett mig inn í tillögur sem hafa verið að koma fram allra síðustu daga varðandi flugmálaáætlun eða frá hæstv. samgrh. og að hve miklu leyti það tengist þessu máli og væri gott að heyra um það.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af svari hæstv. samgrh. áðan er ég eilítið ruglaður miðað við þá tillögu sem hæstv. ráðherra lagði fram í gær til breytingar á flugmálaáætlun þar sem lagt er til að verja 5 millj. kr. til framkvæmda við þá þverbraut sem hæstv. ráðherra mælti mjög ákveðið gegn í svari sínu hér. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða grundvöllur er fyrir þeirri brtt. sem samgrh. lagði fram í Alþingi í gær?

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans svo langt sem þau náðu og vil gjarnan koma efnislega inn á örfáa þætti þess. Það kemur í ljós á svörum samgrh. að það er mikið undirbúningsstarf eftir og upplýsingar um skoðanir flugmálastjóra um nýja flugvöll á Suðurfjörutanga eru nýjar í okkar huga, a.m.k. þingmanna Austurlands eins og fram kom hér fyrr. Ég tek undir orð þeirra beggja. Ég óttast að hér sé verið að drepa málinu á dreif og vara við því.

Ég hef undir höndum upplýsingar sem sýna að flug

til Hornafjarðar er nokkrum vandkvæðum bundið vegna hliðarvinda og annarra náttúrlegra skilyrða og þessi þverbraut mundi verða gífurlega mikil samgöngubót bæði fyrir Austur-Skaftfellinga og Sunn-Mýlinga sem nota þennan flugvöll og hvet eindregið til þess að menn haldi sig við upprunalegar áætlanir. Það eru að vísu skiptar skoðanir um hvar þessi þverbraut eigi að liggja. Annars vegar telja menn um miðju núverandi þverbrautar. Aðrir tala um sunnan við núverandi flugbraut. Ég legg ekki dóm á það, en hvet til þess að málinu sé haldið vakandi og því sé komið í höfn og það sem fyrst.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er örstutt athugasemd. Ég hef fullan skilning á því að nauðsynlegt sé að bæta skilyrði til flugs til Hafnar í Hornafirði og þess svæðis sem sá flugvöllur kemur til með að þjóna. Það er ekki nokkrum vafa undirorpið í mínum huga. En ég kem hér upp til þess að spyrjast fyrir um brtt. sem að vísu var kynnt í gær sem tillaga frá samgn. en mér fannst vera rangt því að till. er flutt af samgrh. en ekki samgn. Vegna þess að hér eru báðir mættir, hæstv. samgrh. og einnig formaður samgn., vildi ég gjarnan spyrja: Hvernig má það vera að þetta mál skyldi ekki hafa komið til umræðu hjá samgn. þegar hún var fyrir örfáum dögum að fjalla um flugmálaáætlun? Hér hafa komið slíkar þversagnir fram í málflutningi manna að ég held að það sé nauðsynlegt að fá svör við því. Þetta mál hlýtur líka að eiga greiða leið til samgn. sem ætti að geta fjallað um það. En mér finnst þetta merkilegt vegna þess að ekki er langt á milli manna þannig að þeir ættu að geta talað saman, hæstv. samgrh. og formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Umræður hafa farið út og suður hjá þeim sem tóku til máls eftir að ég gaf skýr svör um hvernig staðan er og þessi staða er auðvitað ekki ný fyrir neinum þeim sem er kunnugur umfjöllun í flugráði um þessi mál. Það er til að eyða þessari óvissu sem ákvörðun hefur verið tekin um að ljúka rannsóknum vegna þverbrautar á Árnanesflugvelli einmitt vegna þeirrar miklu þýðingar sem þessi flugvöllur hefur og sérstöðu eins og hv. þm. er kunnugt.

Ég gerði nákvæma grein fyrir því hvert rannsóknir væru komnar. Ég gerði líka grein fyrir því hvaða rannsóknir væru eftir og ég lýsti því jafnframt yfir að þess væri að vænta að niðurstöður gætu legið fyrir á hausti komanda þannig að mér er alveg gersamlega ómögulegt að skilja hvernig einstakir þingmenn geta komist að þeirri niðurstöðu að ég sé með einum eða öðrum hætti að drepa málinu á dreif, að ég sé að reyna að draga úr því að niðurstaða fáist af þessu máli eða ég sé með einhverjum öðrum hætti að bregða fæti fyrir það að þetta mál hafi eðlilegan framgang. Hitt liggur alveg ljóst fyrir, bæði varðandi flugvallargerð, vegargerð, hafnargerð og ýmislegt annað, að það er eftir stöðum og aðstæðum þörf á mismikilli undirbúningsvinnu áður en farið er í framkvæmdir og hv. þm. þekkja allir úr sínum kjördæmum dæmi um það að betur hefði verið farið hægar af stað en unnið þeim mun meira af rannsóknarverkefnum áður en út í framkvæmdirnar var ráðist.

Það þótti mér líka mjög athyglisvert að það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að enn lægi ekki fyrir niðurstaða um hvar heppilegust staðsetning þverbrautar væri sem er þvert ofan í þær upplýsingar sem ég hef, en fram kom í mínu svari að lokið væri aðflugsrannsóknum og komin niðurstaða um heppilegustu legu hugsanlegrar þverbrautar gagnvart vindáttum. Umræðurnar hafa því farið út og suður, vil ég segja, hæstv. forseti.

Hitt þykir mér líka undarlegt ef hv. þm. telja að það veiki með einhverjum hætti skoðanir ráðherra ef þeir segja satt frá því hver sé afstaða þeirra manna í embættismannakerfinu sem mesta ábyrgð bera í þessum efnum. Auðvitað ber mér sem ráðherra að skýra satt og rétt frá þeim viðhorfum líka sem hefur enga pólitíska þýðingu í því samhengi sem hér er verið að tala um. Það liggur sem sagt fyrir að athuga nú í sumar nákvæmlega hver staða þessarar þverbrautar sé, út frá flugfræðilegum sjónarmiðum, framkvæmdalegum sjónarmiðum, kostnaðarlegum sjónarmiðum og arðsemissjónarmiðum. Því er lýst yfir að þessum rannsóknum verði lokið nú á hausti komanda og jafnframt liggur fyrir tillaga frá mér í þinginu um að nægilegir fjármunir séu fyrir hendi til þess að hægt sé að ráðast í þessa hluti. Ég átti því von á því að tónninn hjá þingmönnum Austfirðinga af þessu tilefni yrði annar en mér heyrðist hann vera í dag.

Varnir gegn hávaða- og hljóðmengun, ein umr.

Fsp. RA og HG, 510. mál. — Þskj. 822.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir fsp. til hæstv. forsrh. um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun. Fsp. er flutt af mér og hv. þm. Ragnari Arnalds og er svohljóðandi:

„Hvað líður samningu frv. til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmegnun, sbr. ályktun Alþingis 22. maí 1988?"

Þessi ályktun Alþingis var byggð á till. til þál. sem þingmenn úr öllum þingflokkum stóðu að og við fyrirspyrjendur vorum flm. að, hv. þm. Ragnar Arnalds fyrsti flytjandi till. Hún var samþykkt eins og hún var lögð fyrir þingið. Í grg. með till. sagði, með leyfi forseta, það eru örfáar línur:

„Með vaxandi notkun véla og tækja í nútímaþjóðfélagi fer hljóðmengun vaxandi ár frá ári. Hér er ekki aðeins átt við hávaða frá ökutækjum, flugvélum og atvinnurekstri. *Ýmiss konar hljóðmengun* t.d. í formi tónlistar og talaðs orðs úr hátölurum" — virðulegur forseti. Það er nú ansi mikil hljóðmengun hér úr hliðarherbergi. (**Forseti:** Forseti er sammála því og biður

hv. þm. í hliðarherbergjum að tala lægra.) — „á almannafæri, bæði úr útvarpi og af segulböndum, hefur mjög færst í vöxt á seinni árum.

Brýnt er að spyrna við fótum og draga úr hávaða og hljóðmengun sem lítil nauðsyn kallar á. Ýmis ákvæði eru í lögum og reglugerðum sem banna háreysti og hávaða en flest eru þau ófullnægjandi. Þörf er á heildarlöggjöf um þessi mál og því er þessi tillaga flutt."

Ég vitna hér til þessarar greinargerðar til þess að skýra fsp. og tel að ég þurfi ekki að bæta þar við, en bíð svars hæstv. forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það sýnir sig að það er full ástæða til að ræða mál af þessu tagi þar sem þingmaðurinn fékk varla nægilegt hljóð í salnum til þess að mega mæla fyrir fsp. um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun. En vegna þessarar fsp. hv. þm., 4. þm. Austurl. og 3. þm. Norðurl. v., hef ég leitað álits heilbr.- og trmrn. til að undirbúa þetta svar. — Ég vil biðja forseta um að gera varnir gegn hávaða- og hljóðmengun úr næsta herbergi. (**Forseti:** Forseti er að gera tilraunir til að minnka hávaða í kring.)

Í sem stystu máli er niðurstaðan sú að ekki var talin þörf á nýrri löggjöf á þessu sviði. Um svipað leyti og ofangreind þáltill. var samþykkt var lokið við endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 81/1988. Eftir að ályktun Alþingis var samþykkt 22. maí 1988 hafa verið settar tvær reglugerðir með ítarlegum ákvæðum um hávaða- og hljóðmengun. Nánari rökstuðningur þeirrar niðurstöðu að ekki sé talin þörf á nýrri löggjöf um þessi mál er því eftirfarandi:

Með stoð í fyrrnefndum lögum var mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989, með síðari breytingum, sett og hefur hún að geyma ákvæði um hávaða- og hljóðmengun, sbr. VII. kafla og 5. viðauka reglugerðarinnar. Þar kemur fram að mengun af völdum hávaða skuli vera undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Í viðaukanum er getið viðmiðunarmarka á iðnaðarsvæðum, í blandaðri byggð, í hreinni íbúðarbyggð og í sumarhúsabyggð. Viðmiðunarmörkin eru mismunandi, bæði eftir tegund byggðar og tíma dags. Hávaðavarnir skulu miðast við að hávaðamengun sé innan við viðmiðunarmörk. Í undantekningartilfellum er heilbrigðisnefnd heimilt að leyfa hávaða yfir viðmiðunarmörkum á takmörkuðum svæðum. Að hávaðavörnum skal stuðla með eftirfarandi hætti:

1. Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu gera allt sem unnt er til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða.

2. Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða.

3. Við allar verklegar framkvæmdir skal þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi vegna hávaða.

Reynist hávaðavarnir ekki nægar skal heilbrigðisnefnd gera tillögur til sveitarstjórnar t.d. um takmörkun umferðar og/eða starfsemi á ákveðnum tímum og svæðum.

Ný heilbrigðisreglugerð sem einnig á stoð í fyrrnefndum lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit var sett árið 1990, nr. 149 með síðari breytingum. Í XXII. kafla reglugerðarinnar er fjallað um hávaða og titring. Þar er nánar vísað til fyrrgreinds VII. kafla og 5. viðauka mengunarvarnareglugerðarinnar. Jafnframt er þar að finna ákvæði um hvað atriði skuli hafa í huga við mat á heilsuspillandi áhrifum hávaða. Þar kemur og fram að heilbrigðisnefndir geti gefið fyrirmæli varðandi hljómflutningstæki og önnur tæki á almannafæri sem valdið geti hávaða og ónæði. Loks er þar að finna ákvæði um staðsetningu flugvalla og möguleika á takmörkunum á flugumferð vegna hávaðavarna. Rétt er að fram komi að í skýrslu fyrrv. forsrh. frá árinu 1990 um framkvæmd ályktana sem Alþingi samþykkti á árunum 1985–1989 kom fram að ekki væri talin ástæða til nýrrar löggjafar um það efni sem hér hefur verið rætt.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka svar hæstv. forsrh. við fsp. Mér var kunnugt um þær reglugerðir sem vitnað var til og sem settar hafa verið eftir að þessi ályktun var samþykkt. En það breytir ekki því að eftir sem áður er nauðsynlegt að taka á þessum málum með öðrum hætti en gert hefur verið hingað til, þ.e. víðtækari hætti. Auðvitað er það matsatriði hvort þörf sé á lagasetningu til þess að ná árangri, en það var viðhorf flm. tillögunnar og það fólst í ályktun Alþingis. Enn er mjög víða pottur brotinn í þessum málum og ég er ekki viss um að það sé lagastoð í öllum tilvikum fyrir því og umfram allt er þörf á að taka á málunum út frá heildarviðhorfi.

Til greina kom að beina fsp. þessari til hæstv. umhvrh. því að eðlilegt er að mengun af völdum hávaða sé tengd því ráðuneyti, a.m.k. að hluta til, en við völdum þann kost að beina fsp. til forsrh.

Ég vil vegna þessa máls vísa til mjög athyglisverðs leiðara eða ritstjórnargreinar sem birtist í DV 11. apríl sl. undir fyrirsögninni „Hávaðamengun". Það væri freistandi að lesa upp úr þessum leiðara, en tími er naumur. Ég vil hins vegar vekja alveg sérstaka athygli á honum og leyfa mér að vitna til svofelldra orða sem þar má finna:

„Fólk þarf að átta sig á að eðlilegt og upprunalegt ástand felst í þögn og ýmsum óhjákvæmilegum hljóðum, svo sem brimgný, goluþyt og lækjarnið, en að hinn áreitni og skipulegi hávaði úr útvarps- og hljómflutningstækjum er mengun á hinu eðlilega og upprunalega ástandi."

Einnig segir þar: „Í fyrirtækjum og stofnunum þar sem sumir starfsmenn og viðskiptamenn vilja áreitinn og skipulagðan hávaða ættu þeir að geta öðlast hann með hjálp slíkra tækja, þ.e. sérbúnað tækja fyrir einstaklinga og án þess að trufla hina. Fráleitt er að telja rétt hávaðafíkla meiri í samfélaginu en hinna" o.s.frv.

Höfundur þessarar greinar bendir einnig á þann hávaða sem menn fá í gegnum símtæki ef þeir þurfa að bíða eftir samtali og að það sé ekki sjálfgefið og eðlilegt að slíkt sé sett í eyra manna til truflunar. Mér finnst þetta athyglisverð viðhorf og ég vil hvetja hæstv.

forsrh. að láta fara yfir þetta efni. Ég held að umhvrn. þurfi að koma að málinu og því var gagnlegt að fá það upplýst hér, sem hafði fram hjá mér farið, að það væri viðhorf stjórnvalda að ekki væri þörf á frekari aðgerðum en gerðar hafa verið með setningu reglugerða, a.m.k. ekki setningu sérstakrar löggjafar.

Ábyrgð verktaka, ein umr.

Fsp. SvG, 516. mál. — Þskj. 835.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í fréttum að undanförnu að öryggisákvæði um ábyrgð verktaka eru afar veik hér á landi. Það hefur orðið til þess að stór fjöldi fólks hefur orðið fyrir tjónum án þess að unnt hafi verið að láta þá aðila sæta ábyrgð sem hafa framkvæmt verkið og bera þess vegna á því ábyrgð. Hér er um að ræða einn mikilvægasta þátt neytendalöggjafar ef settar yrðu reglur um ábyrgð verktaka vegna þess að hér er um að ræða verkefni, tjón sem oft og tíðum verða til þess ef illa fer að gera svo að segja út af við fjárhag þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli. Reglur og lög um ábyrgð verktaka eru því einn mikilvægasti þáttur neytendalöggjafar, jafnvel mikilvægari en ýmsir aðrir þættir löggjafar af því tagi. Þess vegna hef ég séð ástæðu til að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh. þar sem ég hygg að málið eigi að vistast þó að það geti verið álitamál:

„1. Er þess að vænta að ríkisstjórnin láti semja frv. til laga um ábyrgð verktaka?

2. Hver yrðu grundvallaratriði slíks frv.?

3. Hverjir munu semja drög að því frv. ef samið yrði á vegum ríkisstjórnarinnar?

4. Hvenær telur ríkisstjórnin unnt að leggja slíkt frv. fram?“

Fsp. er svona orðuð vegna þess að ég hef af því fregnir að það hafi verið lögð fram í iðnrn. drög að frv. til laga um ábyrgð verktaka. Því sé verið að vinna að málinu og ég geng út frá því nánast að segja í þessari fsp. og vænti þess að hæstv. iðnrh. geti upplýst um þrjá síðari töluliði fsp. núna áður en Alþingi lýkur störfum á þessu vori vegna þess að þetta er satt að segja úrslitamál og nauðsynlegt að á því verði tekið með myndarlegum hætti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. spyr hvort ríkisstjórnin hyggist láta semja frv. um ábyrgð verktaka og eins og kom fram í máli hans er fsp. m.a. komin fram vegna umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförnu um þetta efni.

Því er til að svara að þetta málefni hefur verið á dagskrá hjá iðnrn. og niðurstaðan að svo komnu máli er ekki síst sú að vandinn sem hér um ræðir felist e.t.v. ekki fyrst og fremst í skorti á ábyrgðarreglum heldur í því að verktakar komast í gjaldþrot og geti þá ekki efnt skuldbindingar sem á þeim hvíla. Þótt í íslenskri löggjöf séu ekki ákvæði um ábyrgð iðnaðarmanna á tjóni er þeir kunna að valda með sínum athöfnum, þá gilda um þetta svið að sjálfsögðu almennar reglur skaðabótaréttar sem eru ólögfestar og byggjast á réttarvenju, fordæmi og kenningum fræðimanna í lögfræði. Núna liggur fyrir Alþingi frv. til skaðabótalaga, en í því eru einmitt lögfestar þær meginreglur sem hafa gilt á þessu réttarsviði. Þetta nefni ég hér sérstaklega, en vil alls ekki til þess að draga úr þörfinni fyrir skýrar reglur um þetta efni sem hér er hreyft.

Til þess að koma til móts við þá sem glíma við þennan vanda vil ég líka benda á að í nýju frv. til byggingar- og skipulagslaga, sem umhvrh. hefur lagt fram á á Alþingi, er ákvæði þess efnis að helstu hönnuðir og byggingarstjóri mannvirkja hafi starfsábyrgðartryggingu á sama hátt og nú er t.d. lögbundið varðandi fasteigna- og verðbréfasala. Þar er um að ræða hugmynd sem hefur komið fram í umfjöllun málsins í iðnrn. gagnvart verktökunum líka. Ég tel einkar athyglisvert að sjá hvaða undirtektir sú tillaga sem gerð er í frv. umhvrh. til byggingar- og skipulagslaga fær í umsögnum og ég vænti að það frv. fari nú til senn.

Ég hef ákveðið að láta kanna þetta mál frekar með viðræðum m.a. við forráðamenn Verktakasambands Íslands og Félags fasteignasala, en það hefur enn ekki verið tekin ákvörðun um það hvort flutt verður um málið sérstakt frv. eða á vegum hvaða ráðuneytis það yrði því að auk iðnrn. og viðskrn. sem koma hér til greina er það að sjálfsögðu eins og ég hef þegar nefnt á verksviði umhvrh. að fjalla um byggingar- og skipulagsmál og dómsmrn. fer með málefni fasteignasala auk að sjálfsögðu skaðabótaréttarákvæðanna sem ég nefndi áðan.

Við munum að sjálfsögðu greiða úr þessu milli ráðuneytanna. Ég tel að til greina komi að setja í lög ákvæði um frekari tryggingar verktaka fyrir efndum á verksamningum. Einkum hugsa ég þá til þeirra reglna sem nú gilda um ábyrgðartryggingar fasteignasala og verðbréfasala einmitt til þess að koma í veg fyrir að gjaldþrotin firri menn ábyrgð á sínum verkum.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og út af fyrir sig taldi ég mikilvægt í þessu máli að það kæmist á dagskrá Alþingis á þessu vori þannig að það væri þá unnt að fylgja því eftir í framhaldinu. Það er vafalaust rétt hjá hæstv. ráðherra að það er kannski ekki nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið í einu frv. Það má auðvitað hugsa sér að það sé litið á þetta mál og lagaákvæði um það víðar, bæði í skipulags- og byggingarlögum og sömuleiðis í skaðabótalögum ef sett verða. Í skaðabótalagafrv. eins og það liggur fyrir hérna er ekki verið að gera neitt annað en skrifa niður í lög þær reglur sem hafa orðið til á undanförnum árum og áratugum í hinum íslenska rétti þannig að þar eru náttúrlega engin nýmæli í þessu efni.

En ég hygg að það sé hins vegar rétt hjá hæstv. iðnrh. að aðalatriðið er það að fólk sé varið þó svo að til gjaldþrota komi hjá viðkomandi verktökum og eina leiðin í þeim efnum er einhver ábyrgðar- eða trygg-

ingarsjóður sem þessum aðilum væri skylt að greiða fé til og síðan að unnt verði að vísa á hann ef illa fer rétt eins og gerist í mörgum öðrum viðskiptum. T.d. í bankakerfinu er gert ráð fyrir því að um slíka sjóðsmyndun sé að ræða, sumpart með beinum hætti og sumpart óbeinum þar sem er ríkissjóður til þess að tryggja hagsmuni einstaklinganna sem eiga t.d. fjármuni í bönkunum og eiga mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli.

Ég tel satt að segja að þetta sé eitt af allra stærstu málum okkar almennu þjónustu við neytendur á Íslandi. Það eru mörg hundruð manns sem hafa misst allar sínar eignir, svo að segja allar tekjur ævistarfsins oft og tíðum vegna þess að menn hafa fúskað í þessu efni. Það er ólíðandi og það er hlutverk löggjafans að reyna að setja almennar reglur til að verja fólk fyrir því að fjárhagur þess og fjölskyldna þess verði gersamlega eyðilagður vegna þess að verktakar sýna ekki ábyrgð að því er varðar frágang á þeim verkum sem þarf að skila til þessa fólks. Það vill þannig til að sú eina eign sem venjulegur launamaður yfirleitt eignast í þessu landi er ein íbúð eða svo. Það var a.m.k. venjan hér áður. Að vísu er Sjálfstfl. langt kominn með að eyðileggja eiginhúsnæðisstefnuna með vaxtaokurskerfinu, en það er svo annað mál, þannig að það má heita happdrætti fyrir nokkurn ungan mann að eignast íbúð nú til dags eins og þótti sjálfsagt fyrr á árum. Allt um það er þetta yfirleitt það eina sem fólk á, það er ein íbúðarhola, og þess vegna er það úrslitaatriði að það sé haldið á þessum málum af sanngirni og með skynsamlegum hætti.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu máli með fsp. sinni. Það hefur því miður alloft komið fyrir að greiðslur og kostnaður hafa fallið á verkkaupa, hvort sem um er að ræða ríkissjóð, einstaklinga eða sveitarfélög. Einmitt þessa dagana var ég að fá fréttir af máli sem lítur mun verr út en áætlað var í upphafi, en það eru skemmdir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, steypuskemmdir, og því miður er áætlað að þurfi að verja háum fjárhæðum til þess að gera við þær. Það er afar slæmt að svo skuli koma upp jafnvel áður en húsið er fullbúið. Þetta lendir á ríkissjóði, hygg ég, nánast að öllu leyti að greiða. Hér er um að ræða samkvæmt bráðabirgðatölum eitthvað yfir 40 millj. kr. og það er afar slæmt að löggjöfin skuli þurfa að vera þannig að verktakinn, Ármannsfell hf., skuli vera að fullu og öllu laus við ábyrgð í þessu máli.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, 9. þm. Reykv., að það er afar mikilvægt að verja hagsmuni húsbyggjenda og húseigenda þar sem mjög oft er stór hluti ævisparnaðar fólks bundinn í húseignum þess. Hins vegar teldi ég að menn þyrftu líka að huga að því að löggjöf um sérstaka ábyrgð kynni að takmarka rétt manna ef sú hugmynd er sköpuð að það þurfi alveg sérstök tiltekin lagaákvæði til þess að verja skaðabótarétt manna í einstökum tilfellum. Þetta segi ég fyrst og fremst vegna þess að með þeirri hugsun að setja þurfi lög um sérhvert tilfelli sem upp kynni að koma þegar menn geta að réttu talist hafa vanefnt samning sem þeir hafa gert erum við e.t.v. ekki að þróa okkar samningarétt og skaðabótarétt í rétta þátt. Það er hins vegar athugandi að nágrannaþjóðir okkar, Norðmenn og Svíar, hafa sett sérstök neytendaþjónustulög til þess að vernda rétt neytenda gagnvart iðnaðarmönnum. Það snýr yfirleitt fyrst og fremst að viðgerðarþjónustu og minni háttar þjónustu iðnaðarmanna. Ég tel að þar sé fyrst og fremst verið að lögfesta það sem sé eðlileg viðskiptavenja og ábyrgð manna sem stunda lögmæta atvinnu, en engu að síður höfum við lagt okkur fram um að kynna okkur þessi ákvæði laganna. En ég kem aftur að því, virðulegi forseti, að kjarni málsins er að mínu áliti sá að verja þá sem kaupa þjónustu verktaka gegn greiðsluþroti þeirra og þar hljóta að koma til einhver tryggingarákvæði.

Dæmi eins og hv. 5. þm. Vestf. nefndi áðan eru að sjálfsögðu mjög tilfinnanleg og það þarf að huga að ákvæðum í lögum einmitt til þess að efla ábyrgð verktakanna og það verður best gert á grundvelli tryggginga.

Eftirlit með opinberum fjársöfnunum, ein umr.

Fsp. FI, 522. mál. — Þskj. 855.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 855 er ég með fsp. til hæstv. dómsmrh. um eftirlit með opinberum fjársöfnunum. Það eru mörg þau málefni sem njóta sérstaks velvilja hjá almenningi í þessu landi, svo sem ýmiss konar líknarmál og önnur slík viðkvæm mál, þannig að oft og tíðum er mjög auðvelt fyrir félagasamtök að fara út í opinberar fjársafnanir til að afla góðum málstað peninga. Þetta hefur verið gert á mörgum sviðum og tekist afskaplega vel til og hefur ýtt undir með mörgu góðu máli.

Þessar safnanir eru framkvæmdar með ýmsum hætti. Mjög algengt er að söfnun fari fram í gegnum síma, gegnum útvarp, sjónvarp eða með heilu sjónvarpsþáttunum og ótrúlegar upphæðir safnast oft og tíðum í þessum tilfellum. Ég hef heyrt þá tölu nefnda að í síðustu söfnun sem fram fór á vegum fjölmiðils hafði safnast yfir 30 millj. kr. fyrir vegalaus börn. Þarna hefur afskaplega vel til tekist.

En eftir stendur sú spurning hvaða tryggingu gefandi hafi fyrir því að það fé sem hann gefur í opinberri fjársöfnun renni til þess málefnis er því er ætlað og það er sú spurning í fyrsta lagi sem ég vildi bera fram við hæstv. dómsmrh.

Félagasamtök eða einstaklingar þurfa að fá leyfi eða tilkynna til dómsmrn. að slík fjársöfnun eigi að fara af stað. Þetta er gert í nafni viðkomandi félagasamtaka og

því spyr ég í öðru lagi hæstv. dómsmrh.: „Getur sá sem tilkynnir til lögreglustjóra eða fær leyfi dómsmrn. fyrir opinberri fjársöfnun látið annan aðila sjá um framkvæmd fjársöfnunarinnar fyrir sig?"

Því er haldið fram af Eggert Ásgeirssyni, deildarstjóra í Seðlabankanum, í Fjármálatíðindum sem komu út 1988, að það séu um það bil 4% af vergi landsframleiðslu sem oft og tíðum safnist í gegnum opinberar fjársafnanir til ýmiss konar góðgerðarmála. Þetta gæti þýtt 15–20 milljarða ísl. króna. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. í þriðja lagi: „Hve margar opinberar fjársafnanir hafa verið tilkynntar lögreglustjóra eða leyfi fengist fyrir hjá dómsmrn. á undanförnum þremur árum?"

Lög um opnberar fjársafnanir eru nr. 5/1977. Í 6. og 7. gr. stendur, og ætla ég að fá að vitna, með leyfi hæstv. forseta. Í 6. gr. segir:

„Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, sem dómsmrn. kann að útnefna til slíks."

Í 7. gr., með leyfi virðulegs forseta, segir:

„Áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a.m.k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunar sé til sýnis í a.m.k. 14 daga á nánar tilteknum stað."

Að lokum spyr ég hæstv. dómsmrh.: „Hefur ákvæðum 7. gr. laga nr. 5/1977 verið fullnægt í öllum tilfellum?"

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrstu spurningu er það að segja að um opinberar fjársafnanir gilda lög um opinberar fjársafnanir nr. 5 frá 24. mars 1977. Til þess að tryggja að ekki sé misfarið með fé sem safnast eru sett nokkur lagaákvæði um framkvæmd slíkra safnana. Til að safna fé þarf skv. 3. gr. laganna annaðhvort að fá leyfi dómsmrn. eða tilkynna söfnunina til lögreglustjóra. Tilkynning skal bera með sér í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram. Í 5. gr. er ákvæði um vörslu söfnunarfjár sem segir að því skuli komið fyrir á sérstökum reikningi. Þar segir einnig að óheimilt sé að nota söfnunarfé í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað nema leyfi dómsmrn. komi til.

Í 6. gr. er eins og hv. fyrirspyrjandi gat um kveðið á um nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við söfnunina. Reikningshald á löggiltur endurskoðandi eða maður sérstaklega tilnefndur af dómsmrn. að endurskoða. Með þessum hætti er reynt að tryggja að söfnunarfé renni örugglega til þess málefnis sem því er ætlað.

Sem svar við 2. spurningu er það að segja að skv. 1. gr. laga nr. 5/1977 er stofnunum, félögum eða samtökum manna heimilt að gangast fyrir fjársöfnun. Ekki verður ráðið af þessu eða öðrum ákvæðum laganna að þessum aðilum sé óheimilt að nýta sér þjónustu annarra aðila við framkvæmd söfnunar.

Sem svar við 3. spurningu er það að segja í fyrsta lagi að opinberar fjársafnanir sem dómsmrn. veitir leyfi fyrir eru tvenns konar, merkjasölur og peningasafnanir. Í þeim síðarnefnd er afhent kvittun fyrir greiðslu eða einhverjir verðlitlir eða verðlausir hlutir sem viðurkenning fyrir framlag. Árlega hafa verið veitt um 50–60 slík leyfi á sl. þremur árum. Sum leyfi eru fyrir landið allt, en flest staðbundin við ákveðin sveitarfélög.

Í öðru lagi eru tilkynningar til lögreglustjóra skv. 3. gr. Ekki hefur verið unnt að gera könnun meðal allra lögreglustjóra á því hvort þeim hafi borist slíkar tilkynningar, en til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík bárust árin 1989–1992 alls þrjár tilkynningar.

Sem svar við 4. fsp. er það að segja að skv. 7. gr. laganna skal birta reikningsyfirlit söfnunar áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að henni lauk, a.m.k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sömuleiðis skal senda viðkomandi lögreglustjóra reikningsyfirlit söfnunar ásamt tilkynningu um hvar og hvenær birting fer fram. Ekki liggur fyrir hjá ráðuneytinu yfirlit yfir slíkar birtingar né heldur upplýsingar um hvernig slíkar tilkynningar hafa borist lögreglustjórum, en samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans í Reykjavík hefur aðeins eitt reikningsyfirlit borist frá árnu 1989.

Í júlímánuði á síðasta ári þótti dómsmrn. rétt að skrifa öllum lögreglustjórum bréf vegna framkvæmdar þessara laga. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hér með vill ráðuneytið ítreka eftirfarandi ákvæði laga um opinberar fjársafnanir nr. 5 frá 24. mars 1977:

1. Að tilkynna skuli viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun.

2. Að opinber fársöfnun á götum úti eða í húsum er aðeins heimil að fengnu leyfi dómsmrn.

3. Að senda skuli viðkomandi lögreglustjóra reikningsyfirlit söfnunar og tilkynningu um hvar og hvenær reikningsyfirlit er birt, en birta skal það a.m.k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Jafnframt leggur ráðuneytið hér með fyrir að haldin skuli við hvert embætti skrá yfir öll leyfi sem þar eru veitt til fjársöfnunar og skrá þar einnig reikningsyfirlit söfnunarinnar og birtingu þess. Ganga skal ríkt eftir því að reikningsyfirliti sé skilað."

Jafnframt er síðan vakin athygli á því í nefndu bréfi að brot á lögunum varði sektum.

Með þessu bréfi vildi ráðuneytið fyrir sitt leyti ítreka til allra lögreglustjóra að fylgjast betur með framkvæmd þessara mála en gert hefur verið á undanförnum árum.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. skýrt og greinargott svar. Af því mátti hins vegar ráða að ekki hefur verið fullnægt 7. gr. laga nr. 5/1977. Reyndar liggja ekki fyrir nógu fullkomnar upplýsingar, þær eru takmarkaðar, en af þeim takmörkuðu upplýsingum sem liggja fyrir er ljóst að ákvæðum 7. gr. hefur ekki verið fullnægt.

Af því bréfi sem hæstv. dómsmrh. las úr og sent hefur verið til lögreglustjóra, þá met ég það a.m.k. svo

að það sé verið að reyna að ganga eftir því af hálfu ráðuneytisins að 7. gr. sé fullnægt.

En ég vil spyrja hæstv. dómsmrh.: Telur hann ekki nauðsynlegt að styrkja lagasetningu á þessu sviði til að tryggja að almenningur sem gefur fé í opinberar fjársafnanir geti treyst því enn betur að það renni til þess málefnis er upphaflega var til stofnað?

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Mér sýnist í fljótu bragði að sú löggjöf sem við höfum í dag eigi að tryggja að opinberir aðilar geti gengið eftir því að almenningur sem gefur fé til slíkrar söfnunar megi treysta að það renni til þess tilgangs sem ætlaður er. Það verk sem við stöndum hins vegar frammi fyrir er að ganga úr skugga um að lögunum sé framfylgt og bréf ráðuneytisins á sl. sumri var liður í því af hálfu ráðuneytisins að ganga úr skugga um að lögreglustjórar fylgdu lögunum eftir og það er ástæða til að fylgja því fast fram. Það hygg ég að sé höfuðatriðið eins og sakir standa að sjá um að gildandi lögum sé í raun og veru framfylgt.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, ein umr.

Fsp. BIB, 526. mál. — Þskj. 889.

Fyrirspyrjandi (Björn Ingi Bjarnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 889 hef ég lagt fsp. fyrir hæstv. sjútvrh. um starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar svohljóðandi:

„Hefur starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og sjútvrn. uppi áform um að koma á framhaldsnámskeiðum fyrir fiskvinnslufólk og sértækum námskeiðum, svo sem í flökun eða flatningu fisks."

Mjög mikilvægt er fyrir allar starfsgreinar að þar séu ætíð hinir hæfustu starfsmenn og gildir það sama hvort sem verið er að framleiða einhvers konar vöru eða um er að ræða þjónustu af einhverju tagi. Veigamikill þáttur til þess að gera starfsmenn sem hæfasta til starfa sinna er markviss og stöðug starfsþjálfun. Í fiskvinnslunni er ekki hvað mikilvægast þessir þættir séu í góðu lagi, enda er þar verið að meðhöndla fjöregg þjóðarinnar. Ef eitthvað fer úrskeiðis á fyrri stigum vinnsluferilsins verður það ekki bætt á hinum seinni en endanlegt verðmæti afurðanna ræðst af útliti þeirra og gæðum. Sem betur fer eru þessi mál víða í ágætu lagi í fiskvinnslu okkar, enda er ekki nóg að eiga gjöful fiskimið og bera oft og tíðum mikinn afla að landi heldur þarf að tryggja að sem mest verðmæti verði úr öllum aflanum.

Á síðustu árum hefur starfsfræðsla fiskvinnslufólks verið á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. Hafa verið haldin námskeið víða um land og stór hluti fiskvinnslufólks sótt þessi námskeið. Er ekki nokkur vafi á því að þessi námskeið hafa haft góð áhrif og nauðsynlegt er að halda þeim áfram því að nokkur hreyfing er á starfsfólki í greininni og nýir starfsmenn eiga að hafa möguleika á þessum námskeiðum. Síðan er einnig töluverður hópur sem starfar í greininni í lengri tíma og er hinn harði kjarni sem mikið mæðir á. Nauðsynlegt er að þessi hópur hafi möguleika á framhaldsnámskeiðum. Því spyr ég hæstv. sjútvrh. hvort starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og sjútvrn. hafi uppi áform um að koma á starfsfræðslunámskeiðum fyrir fiskvinnslufólk.

Þá spyr ég einnig hvort uppi séu áform um sértæk námskeið, svo sem í flökun og flatningu fisks. Að undanförnu hefur það einmitt komið í ljós að þeim hefur fækkað sem talist geta góðir flakarar og aukin vélvæðing valdið þar mestu um. Alltaf eru samt tilfelli þar sem grípa þarf til þessa handverks og fer vaxandi með auknum veiðum á fisktegundum sem lítið hafa verið unnar áður og vinnsla á þeim ekki vélvædd.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í tengslum við gerð kjarasamninga í síðasta mánuði var um það samið að starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar setti á fót upprifjunarnámskeið fyrir sérhæft fiskvinnslufólk. Undirbúningur þessara námskeiða stendur nú yfir. Námskeiðunum er ætlað að standa í átta klukkustundir og verða haldin þegar hráefnisskortur er í fiskvinnsluhúsum. Á námskeiðunum verður farið yfir flesta efnisþætti sem teknir hafa verið fyrir á grunnnámskeiðum, kynntar nýjungar í tæknimálum, nýjar hreinlætis- og gæðakröfur og fleiri breytingar af því tagi. Er við það miðað að liðin séu a.m.k. þrjú ár síðan starfsmaður lauk grunnnámskeiðum fyrir fiskvinnslufólk til að honum standi slíkt námskeið til boða. Ráðgert er að námskeið þessi hefjist í september nk.

Starfsfræðslunefndin hefur bæði að eigin frumkvæði og í samvinnu við verkalýðsfélög og fiskverkendur staðið fyrir flökunarnámskeiðum í Keflavík og í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði. Þess má geta að þátttakendur á námskeiðinu í Keflavík sem verið höfðu atvinnulausir fengu flestir vinnu við flökun að loknu námskeiðinu. Starfsfræðslunefndin hyggst standa fyrir fleiri slíkum námskeiðum, bæði í flökun og flatningu, bæði á eigin vegum og eftir óskum frá verkalýðsfélögum eða fiskverkendum. Við það er miðað að námskeiðsgjöld standi undir slíkum námskeiðum.

Af þessu tilefni skal tekið fram að í tengslum við gerð kjarasamninga í síðasta mánuði var um það samið að starfsfræðslunefnd stæði fyrir sérstökum námskeiðum fyrir fulltrúa í samstarfsnefndum vegna hópbónuskerfa í fiskvinnslu. Eru fyrstu námskeiðin þegar komin til framkvæmda. Hvert námskeið stendur í átta klukkustundir og fjallar m.a. um mannleg samskipti, fundatækni og uppbyggingu og framkvæmd hópbónuskerfa.

Þá var einnig um það samið að starfsfræðslunefndin byði upp á sérstök kennslunámskeið fyrir starfsmenn í fiskvinnslufyrirtækjum sem annast móttöku og kennslu nýliða. Undirbúningur þessara námskeiða stendur yfir og er þeim ætlað að standa í þrjá daga. Í undirbúningi er einnig sérstakt námskeið fyrir ræstingafólk í fiskvinnslufyrirtækjum. Þetta námskeið er undirbúið og haldið samkvæmt óskum fiskvinnslufyr-

irtækjanna og við það miðað að þau standi fjárhagslega undir sér.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt stendur starfsfræðslunefndin fyrir hinum almennu grunnnámskeiðum fiskvinnslufólks vítt og breitt um landið og hefur það verið meginverkefni nefndarinnar undanfarin ár. Að auki hefur starfsfræðslunefnd staðið fyrir margs konar námskeiðum fyrir verkstjóra í fiskvinnslu. Nýverið lauk námskeiðum sem starfsfræðslunefndin stóð fyrir í samráði við fiskiðjuna Skagfirðing á Sauðárkróki fyrir áhafnir togara fyrirtækisins. Námskeiðin stóðu í þrjá daga og eru að verulegum hluta byggð á námsefni grunnnámsskeiða starfsfræðslunefndar. Sú tilraun gaf góða raun og sýndi að mikil þörf er fyrir slíka fræðslu fyrir sjómenn og það verður áframhaldandi verkefni á vegum nefndarinnar.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir að hreyfa þessu máli og leita eftir svörum frá hæstv. sjútvrh. um áform ráðuneytisins í starfsfræðslumálum fyrir fiskvinnslufólk. Það sem fram kom í svörum hæstv. ráðherra lofar góðu og ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að halda fast á þessum málum og knýja á um að þetta geti gengið sem ráð er fyrir gert, bæði á þessu ári og á næstu árum. Það er að mínu viti ákaflega þýðingarmikið að menn taki af fullri alvöru á starfsmenntun innan sjávarútvegsins, sérstaklega meðal ófaglærðs starfsfólks, bæði til þess að auka færni þess í starfi og einnig vil ég koma því að að ég tel að þessi námskeið eigi líka að vera fyrir þá sem ekki starfa í greininni, vera opin fyrir þá sem í dag eru utan starfa en hefðu gjarnan áhuga á að koma þar að. Ég vildi beina því til hæstv. ráðherra, en mér heyrðist nú samt á svari hans að það væri gert ráð fyrir því að einhverju leyti.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. fyrir að hreyfa málinu og hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör. Ég fagna því sérstaklega og ég met það á svari ráðherrans að það á að halda áfram á þeirri sömu braut og mörkuð hefur verið með þeim krafti sem í þessu starfi hefur verið. Mér fannst á sínum tíma þegar ég var formaður þessarar ágætu nefndar vera eitt vandamál sem steðjaði að og það var að mjög erfitt var að hrinda nýjum hugmyndum þar í framkvæmd af þeirri ástæðu að þetta er mjög bundið við aðila vinnumarkaðarins vegna þess að allt sem þarf að gera á að skila auknu kaupi til þeirra sem taka þátt í námskeiðunum. Þar eru aðilar vinnumarkaðarins ekki tilbúnir til framkvæmda nema um það sé samið í kjarasamningum sem kannski er að sumu leyti skiljanlegt.

En staðreyndin er sú og það viðurkenna atvinnurekendur að þetta námskeiðshald hefur skilað aukinni framleiðni í fiskvinnslunni og það skiptir höfuðmáli. Ég heyrði á máli ráðherra að það eru sérhæfðu námskeiðin sem á að fara af stað með. Ég vil bæta einu við sem mér fannst á sínum tíma vera mikilvægt skref í þessa átt til kynningar á íslenskum sjávarútvegi. Það er námskeið fyrir skólafólkið. Ég held að það eigi að gera enn meira af því en gert hefur verið að kynna íslenskan sjávarútveg fyrir þeim sem í grunnskólanum eru. Þeir skynja hann betur og skilja þegar þeir koma á efri stig skólanna.

Fyrirspyrjandi (Björn Ingi Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans ágætu svör við fsp. minni og jafnframt þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og tekið undir mikilvægi þeirrar starfsemi sem þarna fer fram. Ég fagna því sérstaklega sem ráðherra sagði um upprifjunarnámskeiðin og ekki síður að hann sagði frá að byrjað væri á sambærilegri starfsfræðslu fyrir sjómenn og þar væri byggt á þeim gögnum og þeirri reynslu sem fengist hefur af grunnnámskeiðum fiskvinnslunnar því að við vitum að það er ekki nóg að það séu öguð og vönduð vinnubrögð í fiskvinnslunni í landi heldur byrjar þetta allt saman úti á sjó um leið og fiskurinn er dreginn að landi og þar þarf virkilega að vanda vel til verks líka.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það má vel vera að það sé rétt athugasemd hjá hv. 11. þm. Reykv. að aðild verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda að þessum námskeiðum setji þeim ákveðnar skorður, en hitt hygg ég að við getum verið sammála um, að sá mikli áhugi þessara aðila fyrir þessum málum hefur verið einhver besta trygging fyrir því að unnt hefur verið að halda þessu starfi jafnkröftugu og öflugu og raun ber vitni um og það er vissulega ástæða til að þakka áhuga verkalýðsfélaganna og atvinnufyrirtækjanna á þessum þætti í okkar starfi. Ég held að það skipti mjög miklu máli að hafa hjá þessum aðilum þann bakhjarl sem þessi fræðslustarfsemi á og verði seint fullmetið.

Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness, ein umr.

Fsp. ISG, 523. mál. — Þskj. 856.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 856 legg ég fram fsp. til menntmrh. um bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness. Tilefnið er það að á hátíðarsamkomu sem haldin var í tilefni af níræðisafmæli Nóbelsskáldsins í Þjóðleikhúsinu nú nýverið, nánar tiltekið á sumardaginn fyrsta, tilkynnti hæstv. menntmrh. að menntmrn. og útgáfufyrirtækið Vaka–Helgafell mundu í sameiningu efna til sérstakra bókmenntaverðlauna sem bera mundu nafn þessa höfuðskálds okkar. Slík verðlaun eru vissulega virðingarvert framtak og löngu tímabært að stjórnvöld sýndu skáldinu slíkan sóma að efna til einhvers konar verðlauna sem bæru hans nafn. En það er alls ekki sama hvernig að þessum málum er staðið og það getur orkað mjög tvímælis að nota opinbert fé til að fjármagna handritasamkeppni á vegum eins tiltekins for-

lags sem með þeim hætti nær auðvitað til sín öllum efnilegustu byrjendunum á ritvellinum. Og ef ég hef skilið rétt það sem komið hefur fram í fjölmiðlum munu þarna a.m.k. fyrstu hugmyndir hafa verið um handritasamkeppni, þ.e. ekki verðlaun sem veitt væru eftir á fyrir góða bók eða eitthvað slíkt. Vegna þessa efasemda minna spyr ég hæstv. ráðherra:

„Hvernig verður háttað þátttöku menntmrn. í þeim árlegu bókmenntaverðlaunum sem bera munu nafn Halldórs Laxness og stofnað verður til af ráðuneytinu og útgáfufyrirtækinu Vöku–Helgafelli?"

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við spurningunni er svohljóðandi: Menntmrn. og Vaka–Helgafell hafa ekki gengið endanlega frá reglum þeim sem gilda munu varðandi bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvernig þátttöku ráðuneytisins verður háttað að öðru leyti en því að menntmrn. mun skipa fulltrúa í dómnefnd sem velur besta skáldverkið hverju sinni. Ráðuneytið mun leggja fjármuni til verðlaunanna í fyrsta sinn sem efnt verður til samkeppninnar. Hugmyndin er að verðlaunin standi sjálf undir sér þannig að hluti af tekjum vegna verðlaunabókarinnar á hverju ári verði látin renna í verðlaunasjóð sem síðan skuli standa undir verðlaununum framvegis.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Þetta voru ekki mjög skýr svör því að það kom fram hjá ráðherra að ekki hefði verið gengið endanlega frá reglum um þennan verðlaunasjóð og ekki hefði verið gengið frá því hvernig ráðuneytið kæmi inn í myndina. Með öðrum orðum, það væri búið að ákveða það eitt að ráðuneytið legði til verðlaunaféð fyrsta árið en annað væri óljóst.

Nú hefur komið fram, þó að það hafi ekki komið fram í máli ráðherra áðan, hvernig þessi samkeppni á að verða, en það hefur komið fram í fjölmiðlum að menn hafa verið að tala um handritasamkeppni. Og ég vek athygli ráðherra á því, þegar farið verður að setja þær reglur sem gilda munu um þessi verðlaun, að handritasamkeppni á vegum eins forlags með styrk af opinberu fé er til þess að mismuna forlögum. Það skekkir samkeppnisstöðu forlaga á markaðnum. Hvaða ungur rithöfundur sem er að byrja á ritvellinum vill ekki fá verðlaun sem kennd eru við sjálft höfuðskáldið Halldór Kiljan Laxness? Verði þetta handritasamkeppni mun hún laða til sín handrit allra efnilegustu byrjendanna og þau munu öll fara inn í eitt tiltekið forlag, en önnur forlög munu ekki fá til sín nein handrit. Þetta mundi skekkja verulega samkeppnisstöðu bókaútgefenda í landinu sem er mjög varasamt fyrir ríkið að gera og sérstaklega nú þegar forlögin eiga öll í ákveðnum erfiðleikum vegna samdráttar í þjóðfélaginu og þar af leiðandi í bókasölu og á bókamarkaði.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég svaraði spurningunni alveg beint eins og hún var borin fram og taldi svo sem ekki ástæðu til að bæta neinu þar við. Það kemur mér satt að segja svolítið á óvart að það skuli vera þessi gagnrýnistónn í ræðu hv. fyrirspyrjanda. Ég taldi og tel enn að bókmenntaverðlaun sem þessi muni verða til þess að ungir og óþekktir höfundar finni hjá sér hvöt til að reyna sig við sagnasmíð og alveg sérstaklega þegar verðlaunin eru nú kennd við okkar mesta sagnaskáld Halldór Laxness. Ég bendi á í þessu sambandi að það er fordæmi í menntmrn. fyrir samstarfi ráðuneytisins við bókaforlög um menningarverðlaun. Ég nefni þar að menntmrn. og Mál og menning stofnuðu svokölluð stílverðlaun kennd við Þórberg Þórðarson fyrir örfáum árum, 2–3 árum ef ég man rétt, og þar kom ráðuneytið að með fjárframlagi og setu í dómnefnd líkt og nú er fyrirhugað en ekki með föstum, árlegum fjármunum. Það var ekki þannig.

Ég er með mér það sem ég sagði á hátíðinni í Þjóðleikhúsinu í tilefni af níræðisafmæli Halldórs Laxness, en þá sagði ég þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Að þessu [þ.e. verðlaunasamkeppninni] munu standa í sameiningu menntmrn. og bókaforlagið Vaka–Helgafell. Samkeppnin mun verða opin öllum Íslendingum til þátttöku. Skilafrestur á handritum að óútgefnu skáldverki verði fyrri hluta árs, verðlaun tilkynnt og veitt að hausti og skáldverkið gefið þá út í fyrsta sinn árið 1993. Nánari reglur verða settar á næstunni, en sérstök dómnefnd skipuð fulltrúum ráðuneytisins, Rithöfundasambands Íslands og bókaforlagsins Vaka–Helgafell mun velja skáldsöguna sem hlýtur bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness hverju sinni."

Af ráðuneytisins hálfu er sem sagt þetta tvennt ákveðið, að skipa fulltrúa í dómnefndina og veita fé til verðlaunanna í fyrsta sinn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Því er ekki að neita að þetta mál er nokkuð sérkennilegt og mér finnst það bera nokkurn keim af því að hæstv. ríkisstjórn hafi of seint áttað sig á því að það var tilefni til verulegra hátíðahalda að Halldór Laxness varð 90 ára og satt að segja undraði mig hvað ýmsir forustumenn ríkisstjórnarinnar létu það mál lítið til sín taka. Þá grunar mig að á síðustu stundu hafi verið gripið til þess, til að stjórnvöld væru ekki alveg utan garðs á þessum merka hátíðisdegi íslenskrar menningar, að vera aðili að þessari ákvörðun eins útgáfuforlags.

Það dæmi sem hæstv. ráðherra tók hér annað til réttlætingar er af allt öðru tagi. Þar er um að ræða viðurkenningu sem veitt er eftir á og m.a. höfundum sem eru gefnir út af öðrum forlögum en því sem á hlut að máli í því dæmi sem hæstv. ráðherra tók. Það er mjög mikilvægt að ef stjórnvöld beita sér með þessum hætti verði það ekki til þess að mismuna aðilum í bókaútgáfu í landinu, en eins og hér hefur rækilega verið bent á af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur eru yfirgnæfandi líkur á því að þessi háttur leiði til þess að þetta tiltekna forlag, sem er að vísu mjög gott og virðulegt forlag, dragi til sín rjómann af ungum rithöfundum og þannig sé ráðuneytið að skekkja samkeppnisstöðu aðila í útgáfu á Íslandi. Er það dálítið merki-

legt á sama tíma og það er stefna ríkisstjórnarinnar að leggja niður bókaforlag ríkisins að þá skuli það taka sér fyrir hendur að mismuna einkaforlögunum með þessum hætti.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að þau ummæli sem hv. þm. lét í ljós séu almennt réttlát aðvörunarorð. Ég vil þó vekja athygli á því að þetta sérstaka forlag hefur verið í mjög nánum tengslum við Halldór Laxness alla tíð og reyndar var það svo meðan þetta forlag var og nánast sameinaðist í einni persónu, Ragnars Jónssonar, að þá var þetta eins konar allsherjarstuðningsaðili við bókmenntir í landinu, ekki bundið við forlagið sjálft, hefur þess vegna ríka og merka sögu. Ég tel að fyrst þetta er gert í samvinnu við þetta forlag og ættingja skáldsins og skáldið sjálft sé þetta mjög réttlætanlegt þó að hin almennu orð eigi við sem þingmaðurinn gat um.

Málefni Sléttuhrepps, ein umr.

Fsp. KHG, 527. mál. — Þskj. 890.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Sléttuhreppur er einn af þeim hreppum á landinu sem farið hafa í eyði. Mig minnir að síðustu íbúar þar hafi flutt burtu um 1953. Fáum árum síðar lagðist annað hreppur í eyði, nágrannahreppurinn Grunnavíkurhreppur, í nóvember 1962. Fljótlega var gerð sú breyting að Grunnavíkurhreppur var lagður undir Snæfjallahrepp sem er nágrannahreppur Grunnavíkurhrepps. Þannig hefur sú skipan haldist frá því. Hins vegar virðist hafa gleymst að sjá fyrir Sléttuhreppi þannig að hann er í sjálfu sér enn til sem sveitarfélag með þá sérstöðu að þar býr ekkert fólk. Nú hefur komist hreyfing á að bæta úr þessu máli og hafa farið fram viðræður milli Ísafjarðarkaupstaðar og félmrn. út af þessu máli. Ég hef því leyft mér að bera fram fjórar fsp. á þskj. 890 til hæstv. félmrh. sem varða málsmeðferð:

„1. Hefur ráðherra áform um að sameina Sléttuhrepp öðru sveitarfélagi og ef svo er, þá hverju?

2. Hvaða sveitarfélög telur ráðherra vera „nágrannasveitarfélag", sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1986?" — Það eru svonefnd sveitarstjórnarlög og í þeim er kveðið á um að sameina beri sveitarfélagið nágrannaveitarfélagi, en eina nágrannasveitarfélagið er Grunnavíkurhreppur sem í dag er reyndar hluti af Snæfjallahreppi sem er því miður þannig statt um að örfáir íbúar eru í honum þannig að þar gætu orðið veruleg tíðindi á næstu örfáum árum.

„3. Hvernig hyggst ráðherra standa að sameiningunni?

4. Telur ráðherra koma til greina að Sléttuhreppur og Grunnavíkurhreppur heyri til sama sveitarfélags?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Skv. 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er félmrn. skylt að eiga frumkvæði að því að sameina sveitarfélag nágrannasveitarfélagi ef íbúafjöldi þess hefur verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt. Sléttuhreppur fór í eyði á sjöunda áratugnum og engin föst búseta hefur verið þar síðan. Eftir að nýju sveitarstjórnarlögin tóku gildi 1986 hefur ráðuneytið unnið að sameiningu sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laganna. Í samráði við sveitarstjórnarmenn í fjórum dreifbýlishreppum við Ísafjarðardjúp var að því stefnt að sameina þessi fjögur sveitarfélög ásamt Sléttuhreppi í eitt sveitarfélag. Þessi sameining náði þó ekki fram að ganga þar sem hún hlaut ekki tilskilið fylgi í kosningum sem fram fóru um sameininguna 1987. Frekari tilraunir með sameiningu þessara sveitarfélaga hafa ekki borið árangur.

Í desember sl. samþykkti ríkisstjórnin að minni tillögu að gerð yrði sérstök könnun á hagkvæmni sameiningar allra sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum. Byggðastofnun hefur síðan unnið að þessari könnun í samráði við heimamenn, en niðurstaða hennar liggur enn ekki fyrir.

Hvað Sléttuhrepp áhrærir sérstaklega er það óviðunandi og hefur raunar verið lengi að ekki skuli vera í hreppnum stjórnvöld sem fjallað geta um byggingarmál og fleiri málaflokka. Í mars sl. tók ég því þá ákvörðun að gera tilraun til að sameina Sléttuhrepp Ísafjarðarkaupstað.

Það er að sjálfsögðu álitamál hvaða sveitarfélag teljist nágrannasveitarfélag Sléttuhrepps í skilningi 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Sameining við Snæfjallahrepp einan þjónar engum tilgangi, en íbúar þar eru aðeins um ein tugur, en auðvitað má segja að það sé næsta nágrannasveitarfélag ef miðað er við samgöngur á landi. Árneshreppur á Ströndum liggur einnig að Sléttuhreppi, en mjög torsóttar samgöngur eru þar á milli og ekki verður séð að sameining við það sveitarfélag leysi þau vandamál sem við er að glíma varðandi Sléttuhrepp. Bolungarvík og Ísafjörður verða einnig að teljast nágrannasveitarfélög ef litið er til samgangna á sjó.

Í mars sl. var héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar skrifað og þessum aðilum gefinn kostur á að tjá sig um sameininu Sléttuhrepps við Ísafjarðarkaupstað. Svar hefur borist frá bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar þar sem hún lýsir stuðningi við hugmyndina um sameininu Sléttuhrepps við Ísafjarðarkaupstað. Svar hefur enn ekki borist frá héraðsnefndinni, en framhald málsins mun að einhverju leyti ráðast að afstöðu hennar. Að sameiningunni verður staðið eins og gert er ráð fyrir í þeim kafla sveitrstjórnarlaganna sem fjallar um stækkun sveitarfélaga. Rétt er þó að benda á þá sérstöðu sem þarna er fyrir hendi og felst í því að engir íbúar eru í Sléttuhreppi. Ég reikna með að rætt verði við fulltrúa landeigendafélags Sléttuhrepps áður en til sameiningarinnar kemur.

Varðandi spurninguna um það hvort til greina komi að Sléttuhreppur og Grunnavíkurhreppur tilheyri sama

sveitarfélagi, þá svara ég henni neitandi einfaldlega vegna þess að enginn Grunnavíkuhreppur er til. Hann var lagður niður 1. jan. 1964.

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því að það er þörf á að ráða bót á þessum málum. Ég vil láta koma fram það sjónarmið, sem kemur reyndar fram í samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar, að bæjarstjórnin telur eðlilegt að sá hluti Grunnavíkurhrepps sem tilheyrir hinu friðlýsta svæði á Hornströndum verði einnig með í þessari sameiningu. Það er ekki framkvæmanlegt að mínu viti að taka hluta af Hornströndum og sameina öðru sveitarfélagi, t.d. Ísafirði, en skilja eftir hinn hlutann. Þetta er eiginlega orðið eitt samfellt svæði þar sem ferðamenn eru á ferð um og það verður þá að gerast með allt friðlýsta svæðið í heild, taka það saman að mínu viti og reyndar að áliti bæjarstjórnar Ísafjarðar. Ég tel því að hæstv. ráðherra ætti að huga að þessum sjónarmiðum og vinna samkvæmt þeim ábendingum sem hún hefur fengið bæði frá mér og bæjarstjórn Ísafjarðar.

Hvað varðar Grunnavíkurhrepp í heild er það sjónarmið út af fyrir sig, sem ég tel rétt að minna á, að ég hygg að væri nauðsynlegt og jafnvel þarft verk af hálfu hæstv. ráðherra að kanna hug íbúa í Snæfjallahreppi til sameiningar í eitt sveitarfélag með hinum forna Grunnavíkurhreppi, Sléttuhreppi og sveitarfélagi við vestanvert Ísafjarðardjúp. Ég hygg að það væri rétt að kanna það og ég veit að það eru uppi þau sjónarmið að þetta svæði fylgist allt að. Ég er sammála hæstv. ráðherra um Árneshrepp, að það er ekki fýsilegur kostur að sameina í þá áttina og í raun og veru landfræðilega enginn ávinningur.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ég tel að þetta sé ekki einkamál Ísafirðinga. Íbúar þessara tveggja fornu hreppa hafa flutt ekki bara til Ísafjarðar heldur víðar og ég hygg að fleiri eigi að koma að þessu máli á meðan það er á umræðu- og vinnslustigi. Þar er eðlilegast að taka öll sveitarfélögin við vestanvert Ísafjarðardjúp, Ísafjörð, Bolungarvík og Súðavík, en ég hygg að það komi líka til álita, eins og hæstv. ráðherra hefur að nokkru leyti gert, að snúa sér til héraðsnefndar og líta á hana sem sameiginlegan málsvara fyrir þessa aðila.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, varpa fram þeirri hugmynd, sem ég tel einnig koma til álita vegna sérstöðu þessa svæðis, að það verði ekki sameinað sveitarfélagi heldur jafnvel fellt undir héraðsnefnd. Það mundi hins vegar kosta lagabreytingu, hygg ég, en þó er ég ekki alveg viss því að ákvæði sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög er ákaflega rúm. En þetta er hugmynd sem ég tel vert að leggja inn í þessa umræðu.

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er vakið máls á umfjöllunarefni sem er óvenjulegt viðfangsefni í stjórnsýslu, bæði af hálfu ríkisvalds og sveitarfélaga. Vegna þessa vil ég benda á tvö atriði sem ég tel að hljóti að koma til álita við umfjöllun um málið, annars vegar það hvaða sveitarfélag hefur þá burði eða uppbyggingu að eiga eðlilegan þátt í umfjöllun um stjórnsýslu sem víkur að friðuðum svæðum. Ég er að benda á fámenni þeirra hreppa sem hafa verið nefndir og koma til greina með sameiningu í huga og vísa þá til þess að þegar er uppi umræða vestur við Djúp um að sameina alla hreppa þess í einn sökum fámennis. Ég verð að viðurkenna að ég veit ekki til þess að þar séu uppi náttúruverndarsamtök eða náttúruvernd af hálfu sveitarstjórnanna sjálfra. Hins vegar erum við að tala um friðað svæði á Hornströndum og verður að segjast að þó að samgöngur séu slæmar austur fyrir eru þær einnig slæmar vestur í Djúp.

145. FUNDUR

fimmtudaginn 14. maí,
að loknum 144. fundi.

Um þingsköp.

Afgreiðsla frumvarps um málefni fatlaðra.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttaði til að á fundi félmn. sl. mánudag, síðari fundi nefndarinnar þann dag, sáum við nefndarmenn skjal frá Ríkisendurskoðun til félmrn. frá 11. júlí 1990 þar sem fjallað er um Sólheima í Grímsnesi. Sl. þriðjudag óskaði einn nefndarmaður eftir því við formann félmn. að haldinn yrði í nefndinni fundur um þetta mál og fenginn til fundarins fulltrúi Ríkisendurskoðunar. Þeirri beiðni var hafnað af hálfu formanns nefndarinnar. Hér er um mál að ræða sem hefur áhrif á umfjöllun og afstöðu manna til frv. til laga um málefni fatlaðra. Þar sem ég hef heyrt út undan mér að fyrirhugað sé að halda fund í félmn., a.m.k. einn, áður en þingi lýkur vil ég beina þeirri frómu ósk til hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að þetta mál verði tekið fyrir á þeim fundi og að á þann fund komi fulltrúi Ríkisendurskoðunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti þekkir ekki málið sem hv. þm. er að tala um, en mun hafa samband við formann hv. félmn. eins og hv. þm. óskaði eftir.

Um þingsköp.

Afgreiðsla þingmála.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma í umræður um þingsköp heldur ætlaði að fá að leyfa mér að upplýsa vegna orða hv. 2. þm. Vestf. í gær þar sem

hann gagnrýndi hversu lítið hefði verið unnið í málefnum þingmanna þá langar mig sérstaklega með tilliti til hinna nýju þingmanna sem nú sitja hér í fyrsta skipti eða ættu að gera það, ég sé nú fæsta en ég vona að þeir hlýði á mál mitt einhvers staðar, að fá að upplýsa, frú forseti, og skal ekki taka langan tíma í það, að á 111. löggjafarþingi voru afgreidd 15 þingmannafrv. sem urðu að lögum, fjórum var vísað til ríkisstjórnarinnar, 25 þál. sem komu frá þingmönnum voru afgreiddar, níu var vísað til ríkisstjórnarinnar. Á næsta þingi, 112. löggjafarþingi, voru afgreidd sem lög 15 frv. þingmanna. Afgreidd með rökstuddri dagskrá tvö og og vísað til ríkisstjórnarinnar tíu. Þáltill. frá þingmönnum voru 31 á því þingi afgreiddar. Og á 113. löggjafarþingi, þ.e. í fyrravetur því 114. var stutta þingið, voru sjö þingmannafrv. afgreidd og 31 tillaga. Á þessu þingi hefur ekkert lagafrv. verið samþykkt sem þingmenn hafa lagt fram og fjórar þáltill. samþykktar og ég má segja að a.m.k. ein frá stjórnarþingmanni.

Það er því ástæða til, hæstv. forseti, að þingmenn hafi eytt nokkrum tíma í umræður um þingsköp til að kvarta yfir því hversu fullkomlega allar tillögur þingmanna utan stjórnarflokkanna hafa verið hundsaðar. Ég vildi aðeins upplýsa þetta vegna orða hv. 2. þm. Vestf. í gærkvöldi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og hæstv. forseta er kunnugt liggja fyrir þinginu tvær skýrslur sem varða starfsleyfi fyrir álver á Keilisnesi. Önnur er skýrsla sem hæstv. umhvrh. skilaði til þingsins sl. haust. Hin er skýrsla frá umhvn. dags. 26. mars sl. og þeirri skýrslu fylgdu óskir af hálfu nefndarinnar allrar um að hún yrði tekin til umræðu í þinginu og einnig þá skýrsla ráðherrans sem yrði rædd við sama tækifæri. Þetta hefur verið rætt síðan ítrekað í umhvn. Mér er kunnugt um að formaður umhvn. hefur borið þessa ósk fram ítrekað við hæstv. forseta. Í morgun var þetta til umræðu í nefndinni og áfram óskað eftir því að það yrði tryggt að þessi mál kæmu til umræðu á Alþingi fyrir þinglok. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu máli hér með orðum mínum um leið og ég legg á það ríka áherslu að það verði skapað svigrúm til umræðu um þessar skýrslur báðar hér og þá innan umsaminna tímamarka sem eðlilegt er miðað við áform um þinglok.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði að þessar umræddu skýrslur hefur borið á góma í umfjöllun milli formanna þingflokka og forseta og jafnframt milli formanns umhvn. og forseta.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir þær mikilvægu upplýsingar sem hún flutti áðan um hvernig stjórnarandstaðan hefur verið beitt alveg óvenjumiklu harðræði af hálfu stjórnarliðsins í vetur þar sem það kemur í ljós að á undanförnum þingum hefur fjöldi mála frá stjórnarandstöðunni verið afgreiddur, fjöldi mála, ekki aðeins till. til þál. heldur einnig lagafrv. Hér er um að ræða grundvallarmun á þinghaldinu í ár og undanfarin ár og í ár virðist sækja mjög í sama farið og var á tímum viðreisnarstjórnarinnar: það er verið að snúa þinghaldinu og þingvenjum til baka um a.m.k. 20 ár.

Eysteinn Jónsson tók hér upp ný vinnubrögð og var studdur af flokknum á sínum tíma á árunum 1971–1974. Það var verið að taka upp ný vinnubrögð, hverfa frá einræðisvinnubrögðum viðreisnarstjórnarinnar eins og þau höfðu tíðkast. Nú er verið að taka þau upp aftur undir forustu Alþfl. og Sjálfstfl.

Eins og hv. 14. þm. Reykv. benti á áðan var það þannig að á 111. þinginu, þ.e. 1988–1989, voru afgreidd 15 þingmannafrv. sem urðu að lögum og fjórum var vísað til ríkisstjórnarinnar. Þá voru afgreiddar 25 till. til þál. sem ályktanir Alþingis en níu var vísað til ríkisstjórnarinnar. Á næsta þingi eru afgreidd 15 frv. og sem ályktanir Alþingis 31 þáltill. og vísað til ríkisstjórnarinnar tólf og á 113. þinginu verða sjö þingmannafrv. að lögum. Eitt frv. til stjórnarlaga var samþykkt. Það var reyndar þingskapafrv. og formaður þeirrar nefndar var Ólafur G. Einarsson núv. hæstv. menntmrh. Þá var stjórnarandstöðunni treyst fyrir því að leiða slík mikilvæg störf. Mér er sem ég sæi núv. hæstv. forsrh. treysta stjórnarandstöðunni fyrir slíku. Það gerir hann auðvitað ekki, hann gerir ekkert annað en skattyrðast við hana og reyna að lítillækka hana í málflutningi á Alþingi.

Hér er í grundvallaratriðum horfið 20 ár aftur í tímann til allt annarra vinnubragða. Og ég tel ástæðu til að benda hæstv. forseta á þetta vegna þess að nú er verið að tala um að ljúka þinginu í næstu viku án þess að þingmannafrv. hafi svo mikið sem fengist rædd, hvað þá heldur að nálgist afgreiðslu þessara mála.

Það er bersýnilegt að hv. 14. þm. Reykv. hefur sannað með mjög skýrum hætti að það hefur verið komið fram við stjórnarandstöðuna í vetur þannig að ólíðandi er og ég skora á formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar að taka þetta mál upp á vettvangi forseta vegna þess að hér er um að ræða mál sem ekki er ástæða til að þola. Það er ástæða til að beina því til hæstv. forseta Alþingis að hlusta þegar hv. 14. þm. Reykv., sem var forseti á síðasta kjörtímabili, reiðir fram upplýsingar af þessu tagi. Hér er með öðrum orðum um að ræða nýja siði miðað við síðasta kjörtímabil, en það er verið að sækja 20–25 ár aftur í tímann.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á, þeim sem áhuga hafa, að þeir geta séð þessar upplýsingar í þingtíðindum sl. ára. Þar kemur það greinilega fram hvernig þingmál eru afgreidd í lok þings og verður væntanlega einnig hægt á þessu þingi að lesa upplýsingar um það hvernig mál hafa fengið afgreiðslu. Væntanlega spyrjum við að leikslokum hvað varðar þessi mál.

Forseti vill jafnframt geta þess að þessi mál hefur að sjálfsögðu oft borið á góma á fundum þingflokksformanna og forseta og ekki síst þessa síðustu daga, hvernig megi standa að afgreiðslu mála. Síðast í gær gerði formaður þingflokks Alþb. grein fyrir þeim mál-

um sem þingmenn þess þingflokks hefðu lagt fram og óskuðu eftir að yrðu afgreidd. Forseti vill gjarnan upplýsa að þessi mál hafa verið á dagskrá á fundum forseta og þingflokksformanna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar Alþingi stóð í einni fylkingu að því að setja ný lög um störf þingsins í einni málstofu og ný þingsköp var það ætlun okkar að það yrði til þess að bæta um og menn horfðu fram á við með bjartsýni og eftirvæntingu. Það er mjög slæmt að síðan gerist það að hæstv. forsrh. hefur linnulaust í vetur beitt sér fyrir því að flytja anda og störf þingsins aftur til gömlu flokksræðistímanna sem voru í algleymingi á áratugnum 1960–1970. Ég held t.d. að ég fari nokkuð rétt með að allt það tímabil hafi aðeins ein tillaga frá stjórnarandstöðuþingmanni verið samþykkt á Alþingi í tólf ár. Síðan hófst breytingaskeið til framfara og aukins lýðræðis þegar Eysteinn Jónsson gerðist forseti sameinaðs þings 1971 og fór að beita sér fyrir öðrum anda og öðrum vinnubrögðum hér á Alþingi og það hefur verið starfað í þeim anda síðan.

Á síðasta þingi og þinginu þar á undan átti ég sem fjmrh. töluverða samvinnu við þáv. hv. þm. Friðrik Sophusson og hv. þm. Geir Haarde sem voru forustumenn Sjálfstfl. í þeirri nefnd þingsins auk fjárveitinganefndar sem fjmrh. þurfti helst að eiga samskipti við. Og hér voru samþykkt frv. frá þingmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Friðriki Sophussyni og hv. þm. Geir Haarde, sem ég tók þátt í sem fjmrh. að greiða götu fyrir hér í þinginu. Slík vinnubrögð hafa algerlega verið lögð niður að ráðherrar í þessari ríkisstjórn séu að hafa samvinnu við þingmenn stjórnarandstöðunnar, hvað þá heldur forustumenn í þingflokkum stjórnarandstöðunnar um að gera að lögum mikilvæg frv. frá þessum þingmönnum. Það hefur ekki gerst á þessu þingi. Þvert á móti hefur veri gerbreytt um anda og vinnubrögð.

Ég taldi mig á síðasta kjörtímabili vera að stuðla að framþróun í þessum efnum og ég veit að hv. þm. Geir Haarde, sem hér er í salnum, getur staðfest þetta og slæmt að hæstv. núv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að núv. hæstv. ríkisstjórn og stjórn þingsins, sem er öll í höndum stjórnarflokkanna, sýni nú í verki síðustu daga þingsins að hún vilji í reynd halda við þeirri þróun, sem hófst hér 1971 og stóð allt til loka síðsta kjörtímabils, að hér sé að störfum löggjafarþing en ekki bara afgreiðslustofnun eða stimpilklukka og vél fyrir ríkisstjórnina. Við munum fylgjast mjög grannt með því næstu daga hvort þessu þingi lýkur með svipuðum hætti og hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti að hefði verið niðurstaða þinganna á undanförnum árum eða hvort flokksræðis- og gerræðistilhneigingar núv. forsrh. verða til að drepa í dróma það umbótastarf sem unnið hefur verið hér á Alþingi sl. 20 ár.

Ég heyrði hvað hæstv. forseti sagði af forsetastól, að það skyldi spurt að leikslokum varðandi það hvað þingmenn fengju mikið samþykkt af sínum málum og afgreidd. Gott og vel. Við skulum spyrja að þeim leikslokum nk. þriðjudag. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvort ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur farið með þjóðþingið 30 ár aftur í tímann.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég beindi tveimur spurningum til hæstv. forseta í gær og vænti þess að þeim verði svarað af forsetastóli þó það verði e.t.v. ekki í dag. Hins vegar tel ég mér skylt að þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að safna saman þeim upplýsingum á einn stað sem komu fram um afgreiðslu mála á þinginu á seinustu þingum. Það eru vissulega athyglisverðar upplýsingar. Ekki rengi ég það, sem kom frá hæstv. forseta, að þetta sé allt skráð í þingtíðindum. Svo mun og vera um margan annan fróðleik sem menn flytja hér að hann finnist í bókum. En það minnir dálítið á rithöfundinn sem fór með nýja bók til vinar síns og vildi fá staðfestingu á því að hér væri eitthvað nýtt að finna, en hann svaraði því til að hann ætti allt sem í þessari bók stæði upp í hillu og vísaði á orðabókina.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég var búinn að koma á framfæri þeirri ósk minni að hæstv. forseti ræddi við formann félmrn. um tiltekið mál. Ég vildi bæta því við, af því að ég hafði það ekki hjá mér áðan, að það hefur gerst að málið hefði breyst frá því að brtt. voru teknar út úr nefnd og þar til þær birtast á þskj. Það var í nokkrum atriðum sem brtt. á þskj. eru öðruvísi en brtt. eins og þær lágu fyrir nefndinni og litu út þegar hún ákvað í upphafi að taka málið út úr nefnd. Þar á meðal var eitt veigamesta ákvæðið, gildistökuákvæði laganna, þar sem brtt. nefndarinnar hljóðuðu upp á 1. ágúst þegar málið var tekið út úr nefnd en 1. sept. þegar þskj. birtist. Ég vil því bæta við þá ósk sem ég bar fram áðan við hæstv. forseta og biðja forseta um að kanna hvort haldinn hafi verið fundur í félmn. að mér fjarstöddum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það ætti að vera auðvelt fyrir forseta að leita upplýsinga um það.

Atvinnuleysistryggingasjóður, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 528. mál (greiðslutími). — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GÁ, GHelg, GunnS, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JBH, JónS, JHall, KSG, LMR, PP, PJ, RG, SP, StH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er er það mál sem hér er til meðferðar flutt af nefnd og um það er samkomulag í hv. heilbr.- og trn. að flytja þetta mál, svo og annað dagskrármálið. Þess vegna var gert ráð fyrir því að þessi mál þyrftu ekki að fara til skoðunar í nefnd á ný. Ég hygg að hv. formaður nefndarinnar hafi ekki gert tillögu um það að málið færi aftur til nefndar.

Nú háttar hins vegar þannig til að mér hafa borist nýjar upplýsingar um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs sem gera það algerlega óhjákvæmilegt að nefndin fái frv. til meðferðar á ný. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Atvinnuleysistryggingasjóði og dags. eru í gær, 13. maí, kemur fram að það vantar í sjóðinn á þessu ári miðað við það atvinnuleysisstig sem Þjóðhagsstofnun spáir nú 480 millj. kr. Á fjárlögum fara í Atvinnuleysistryggingasjóð 1.280 millj., en gert er ráð fyrir að það þurfi að borga 1.759 millj. Mismunurinn er með öðrum orðum tæplega hálfur milljarður kr. Þetta er samkvæmt nýjustu tölum frá Þjóðhagsstofnun og útreikningi sem okkur birtist frá fjmrn. sem endurskoðar áætlun fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1992 og setur fram hugmyndir fyrir árið 1993. Það kemur í ljós í þessum upplýsingum sem mér bárust í dag, svo og öðrum nefndarmönnum í hv. heilbr.- og trn., að á þessu ári er búið að borga út úr sjóðnum sýnist mér um 700 millj. kr. af þeim 1.200 millj. sem ríkið leggur sjóðnum til þannig að hér er bersýnilega um að ræða stórfellt vandamál. Ríkisstjórnin hefur ekki leitað eftir því við Alþingi að flutt verði fjáraukalagafrv. út af þessu ástandi. Ríkisstjórnin hafði ákveðið að skerða atvinnuleysistryggingabætur. Heilbr.- og trmrh. hafði sagt að hann mundi lækka dagpeninga atvinnulausra. Nú stöðvaði verkalýðshreyfingin það í síðustu kjarasamningum og þá liggur það fyrir að þarna vantar 480–500 millj. kr. Ég tel því algerlega óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði á ný vísað til hv. heilbr.- og trn. þannig að hún gæti gengið úr skugga um með eðlilegum hætti hvort fjármunir fást til að standa við útgreiðslu atvinnuleysisbóta á þessu ári.

Eins og kunnugt er liggur fyrir Alþingi frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði sem ég hef út af fyrir sig ekki tekið þátt í miklum umræðum um, en þar er gert ráð fyrir því að það sé algerlega óheimilt að borga krónu umfram það sem stendur í fjárlögum. Það er bersýnilega stefnan hjá fjárln. og ríkisstjórninni ef ég hef skilið þetta rétt að hlutirnir eigi að vera þannig að menn borgi ekki krónu umfram það sem stendur í fjárlögum. Hér er hins vegar staðan þannig að það er nauðsynlegt að bæta við úr ríkissjóði 500 millj. kr. til að standa við lög um Atvinnuleysistryggingasjóð á þessu ári, 500 millj. kr. Þess vegna hvet ég til þess, virðulegi forseti, og ég geri beina tillögu um að þessu máli verði vísað til hv. heilbr.- og trn. Ég gæti út af fyrir sig lagt til að málinu yrði vísað til fjárln. þannig að hún gæti íhugað hvort hún á að flytja frv. til fjáraukalaga til þess að það séu heimildir til að borga út atvinnuleysisbætur. Það er mikill skaði að hér skuli ekki vera hv. formaður fjárln., sem er gamall verkalýðsleiðtogi frá fyrri árum, sagði af sér þegar hann varð formaður fjárln. af eðlilegum ástæðum, en það er fróðlegt að vita hvort hann væri kannski tilbúinn til að beita sér fyrir því að fjárln. flytji frv. til fjáraukalaga til þess að það verði hægt að borga út atvinnuleysisbætur á síðari hluta þessa árs sem er ekki heimilt eins og staðan er í dag miðað við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur haft.

Þess vegna flyt ég þessa till., virðulegi forseti, um að málinu verði a.m.k. vísað til heilbr.- og trmn. og áskil mér allan rétt þar til að fara fram á það við fjárln. að hún beiti sér fyrir því að flutt verði frv. til fjáraukalaga til að tryggja að atvinnuleysingjar á Íslandi þurfi ekki að vera algerlega framfærslueyrislausir í lok þessa árs eins og íslenskir námsmenn.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess vegna orða hv. þm. að í tengslum við kjarasamningana voru gefnar yfirlýsingar sem voru viðtækari en það sem hér er um rætt og það er alveg ljóst að á fjáraukalögum síðar þarf að koma til ákvarðana vegna þeirra yfirlýsinga. Það hefur komið fram hjá fjmrh. um þær yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, ef við þær á að standa, sem auðvitað er fullur vilji til, býst ég við, hjá öllum þingmönnum því að þær voru forsenda kjarasamninganna, að það þarf síðar á árinu að koma til ákvarðana í fjáraukalögum. Það held ég að liggi ljóst fyrir og menn gátu séð það fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. var að lýsa því yfir að ríkisstjórnin mundi flytja fjáraukalagafrv. og leita eftir heimildum til að auka fjármagn til atvinnuleysisbóta. Það er út af fyrir sig mikilvæg ákvörðun, en þá eftir sá vandi: Hvað verður gert þar til slíkt fjáraukalagafrv. hlýtur samþykki á Alþingi? Það virðist ekki vera ætlun ríkisstjórnarinnar að flytja slíkt frv. nú. Þing á að koma saman 17. ágúst, að vísu fyrst og fremst til að fjalla um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. En jafnvel þótt flutt væri frv. til fjáraukalaga til afgreiðslu á þinginu í ágúst eða byrjun september er alveg ljóst að fjmrh. hefði ekki heimildir Alþingis til að auka greiðslur úr ríkissjóði vegna atvinnuleysisbóta fyrr en í fyrsta lagi í september eða ef fylgt er hefð að flytja fjáraukalagafrv. á hinum reglulega tíma þingsins í október, þá mundi hann ekki hafa heimildina að öllum líkindum fyrr en í lok október eða byrjun nóvember. Þá er alveg ljóst samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. þm. Svavar Gestsson var að flytja að fjármunirnir verða þrotnir og samkvæmt yfirlýsingum hæstv. fjmrh. og því frv. sem fjárln. hefur flutt hér og ætlunin er að gera að lögum fyrir lok þessa þings hefur hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin ekki lagaheimild til að greiða út atvinnuleysisbætur í júlí, ágúst, september eða október þegar fjármunirnir sem eru í fjárlögunum eru þrotnir. Það er þess vegna nauðsynlegt að inna hæstv. forsrh. eftir því eða hæstv. fjmrh. áður en þetta

frv. verður afgreitt hér: Hefur ríkisstjórnin tekið ávörðun um það að flytja frv. um fjáraukalög á þinginu í ágúst þannig að þingið í ágúst verði ekki aðeins um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði heldur einnig um frv. til fjáraukalaga? Ef ekki þá standa verkalýðshreyfingin og hinir atvinnulausu í landinu frammi fyrir því að fá ekki atvinnuleysisbætur vegna þess að ríkisstjórnina skorti lagaheimildir til að greiða þær út umfram það sem í fjárlögunum er.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh., ef hann vill upplýsa það hér, hvort ríkisstjórnin hefur þá tekið ákvörðun í ljósi orða hans hér um að flytja fjáraukalagafrv. fyrir hinn hefðbundna umfjöllunartíma Alþingis um fjármálefni ríkisins sem er venjulega í byrjun októbermánaðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðu um efnisatriði þessa máls var lokið og fer nú fram atkvæðagreiðsla. Það var búið að greiða atkvæði um að vísa þessu frv. til 2. umr. og nú á að fara fram atkvæðagreiðsla um að vísa frv. til heilbr.- og trn. Forseti vill í mestu vinsemd benda hv. þm. á að þá gefst væntanlega tækifæri til þess að ræða þetta mál frekar en vildi gjarnan fá tækifæri til þess að ljúka atkvæðagreiðslu samkvæmt þingsköpum.

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel mjög mikilvægt að þetta mál fari til hv. heilbr.- og trn., en það er bersýnilega óhjákvæmilegt að þingið undirbúi að það verði afgreitt frv. til fjáraukalaga. Ég treysti ekki ríkisstjórninni til að tryggja að það verði borgaðar út atvinnuleysisbætur í sumar ef ekki eru til þess fjármunir. Ég treysti henni ekki til þess. Það getur vel verið að það séu einhverjir aðrir hér í salnum sem treysti ríkisstjórninni til þess. Ég geri það ekki. Hún er þegar búin að svíkja þrjú af tíu eða tólf yfirlýsingaatriðum með kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar. Það liggur þegar fyrir að því er varðar opinbera starfsmenn og að því er varðar vexti og fleiri þætti þannig að það er útilokað annað fyrir stjórnarandstöðuna en að gera kröfu til þess að ríkisstjórnin gangi frá því að það verði sett fjáraukalög a.m.k. um þau atriði sem snúa að verkalýðshreyfingunni og eiga að koma til framkvæmda í sumar. Ríkisstjórninni er ekki treystandi fyrir því. Auðvitað ætti ekki að ljúka þessu þingi öðruvísi en frá fjáraukalögum verði gengið. Og ef ríkisstjórnin hefur ekki rænu á því að koma saman frv. til fjáraukalaga sjálf er auðvitað hægt að hjálpa henni við það og reyna að leita leiða til að tryggja því máli stuðning á Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Stjórnarsinnar hafa það að sjálfsögðu í hendi sér hvort þeir vísa þessu máli til nefndar eða hvort þeir vilja áframhaldandi umræðu um það. En ég vek athygli á því að í greinargerð koma fram nánast engar upplýsingar sem máli skipta varðandi stöðu sjóðsins og hvað það kostar sem menn eru að leggja til. Ég get heils hugar tekið undir að það ber að samþykkja frv. sé það tryggt að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að koma í veg fyrir að sjóðurinn verði gjaldþrota. En það blasir við að miðað við stefnu hæstv. ríkisstjórnar stefnir þessi sjóður hraðbyri í gjaldþrot.

Stefán Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við þingmenn hljótum að geta fallist á að skynsamlegt sé eins og ástatt er að þessu máli sé vísað til nefndar, en ég hefði hins vegar haft áhuga á því að hér væri staddur hæstv. félmrh. og gæti svarað okkur því hvort það væri virkilegt að við værum búin að gefast upp að halda því atvinnustigi sem verið hefur í landinu. Ætlum við að ganga út frá því sem tryggðu og gefnu að þessi ríkisstjórn sé búin að innleiða 6–8% atvinnuleysi?

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GHelg, GunnS, HG, ISG, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JónS, KSG, LMR, PP, PJ, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 529. mál (uppbót vegna kjarasamninga). — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GHall, GHelg, GunnS, HG, ISG, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JónS, KSG, LMR, PP, PJ, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GHall, GHelg, GunnS, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, ÁJ, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JónS, KSG, LMR, PP, PJ, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 442. mál (ávöxtun á fé, stigaútreikningur, verðtrygging o.fl.). — Þskj. 700.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE, MF) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AÓB, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JónS, KSG, LMR, PP, PJ, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 942).

Ríkisreikningur 1989, 3. umr.

Stjfrv., 80. mál. — Þskj. 82.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (ISG, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AÓB, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JónS, KSG, LMR, PP, PJ, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 943).

Stofnun og slit hjúskapar.

Frv. allshn., 531. mál (réttarfar, stjórnsýslumeðferð o.fl.). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 41 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar, sbr. 2. mgr. 36. gr. þingskapa, og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, ISG, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SHl, StG, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JónS, KSG, LMR, PP, PJ, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 876, brtt. 927.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Áður en umræða hefst um þetta mál vildi ég beina þeirri fsp. til forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar hvort það er rétt, sem heyrst hefur hér í hliðarsölum þingsins, að þeir séu að hugleiða að breyta frv. í einhverjum atriðum við 3. umr. Það er mjög mikilvægt að fá það fram áður en umræða hefst ef ætlunin er að taka tillit til þeirra ábendinga sem fram hafa komið, ekki bara hér á Alþingi heldur einnig með óvenjulega skýrum hætti í leiðara Morgunblaðsins í dag, með óvenjuskýrum hætti frá forustumönnum samtaka stúdenta, bæði Vöku og annarra samtaka, og í nýlegri ályktun sem verkamannafélagið Dagsbrún gerði í morgun og ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. er kunnugt um. Verkamannafélagið Dagsbrún ályktaði um það í morgun að skora á Alþingi að leiðrétta og lagfæra það ákvæði sem um getur í 6. gr. frv.

Það er alveg ljóst að það er óvenjulega breið fylking utan þings og innan sem óskar eindregið eftir því að þessu ákvæði sé breytt. Við erum ekki úrkula vonar um að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem oddvitar þessarar ríkisstjórnar kunni að hafa forgöngu um að breyta þessu ákvæði. Ég vildi þess vegna spyrja um það áður en umræða hefst samkvæmt mælendaskrá hvort það er til umræðu innan ríkisstjórnarflokkanna að breyta þessu ákvæði. Ég er ekki að spyrja um hvort búið sé að taka ákvörðunina um að breyta því, en ef það er hins vegar ákvörðun um að breyta því ekki og það liggur fyrir mun umræðan taka mið af því.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þó að þetta sé nánast hluti efnisumræðu málsins vil ég svara því hér og nú eins og spurt er. Það stendur ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar að breyta frv.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er alrangt hjá hæstv. forsrh. að við séum ekki að ræða þingsköp. Við erum tilbúin til þess að flýta fyrir þessari umræðu en hlutum auðvitað að þurfa að vita það áður en hún hæfist hvort við mundum tala fyrir daufum eyrum.

Eitt er það atriði sem hefur bæst við í þessu máli sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir og tel þess vegna að það hleypi málinu í enn meiri vanda. Ég talaði við nokkra banka í morgun. Það hefur enginn rætt við neinn í bankakerfinu um að annast þessa fyrirgreiðslu við námsmenn sem heila málið sem varðar eftirágreiðslu hefur snúist um. Þeir forstöðumenn banka sem ég talaði við lofa engu um að lána hverjum sem er eftir öðrum reglum en almennt gerist, og krefjast þess að menn séu með trygga ábyrgðarmenn og ekki einn heldur tvo eins og almennt gerist um lán þannig að

það er á engan hátt tryggt að þeir námsmenn sem ekki hafa sæmilega stæða ábyrgðarmenn fái yfirleitt lán. Síðan upplýstu bankamenn mig um að bankakerfið réði ekkert við þennan nýja hóp ef sú athugun ætti að fara fram og það eftirlit sem því fylgdi án þess að bæta við umtalsverðu starfsliði. Þessi þáttur málsins er bara gersamlega í lausu lofti. Og ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. og ekki síður hæstv. menntmrh. sem ég hef meiri reynslu af samstarfi við og eins og hér hefur áður komið fram svo ágæta að ég fól honum sem þingforseti ásamt samforsetum mínum að stýra vinnunni við að koma Alþingi í eina málstofu, ég treysti honum enn til að vinna sín verk vel og samviskusamlega og ég vil spyrja hann og hv. þm. Alþfl.: Hafa menn virkilega gert sér ljóst hvert hér er verið að fara og væri nú ekki ráð í allri vinsemd að menn settust niður og ræddu þessi mál, þennan þátt málsins? Það er ekki leið til að stjórna löndum eða þjóðum að berja hausnum við steininn og segja, hvaða rök sem upp koma í máli: Ég breyti engu. Ég held að þetta atriði málsins hljóti að verða að skýrast áður en við hefjum þessa umræðu. Ég þykist vita að ég geti talað fyrir munn stjórnarandstöðunnar allrar. Ef menn gætu upplýst okkur um hvort þetta á virkilega að verða þannig að það eigi að þvinga þetta frv. óbreytt nú í gegnum þingið geta menn auðvitað ekki farið fram á að umræðu ljúki hér eftir einn og hálfan tíma og síðan verði málinu bara hleypt í gegnum þingið. Þannig er það ekki. (**Forseti:** Það var samkomulag um að þessi umræða tæki tvo tíma.)

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég er reyndar alveg hættur að botna því hvað er gæsla þingskapa og hvað er efnisumræða um mál. Ég heyri ekki betur en hér sé verið að tala um málið sem á að fara að taka á dagskrá. En ef það má verða til þess að flýta eitthvað fyrir umræðum vil ég upplýsa það, sem ég hef þegar upplýst í umræðunni áður, að forsvarsmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna hafa rætt við bankakerfið, við forustumenn bankanna. Það hefur komið fram að það hafa ekki hafist formlegar umræður við Búnaðarbankann. Ef hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur einhverjar aðrar upplýsingar, þá er hún að segja að framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna fari með rangt mál. Hún er að segja það. Og ég kann ekki við að heyra svoleiðis úr ræðustól Alþingis vegna þess að ég veit að þessar viðræður hafa farið fram.

En ég hef jafnframt tekið fram þegar ég hef verið að upplýsa þetta í þinginu að þeim viðræðum er ekki lokið og það hefur að sjálfsögðu enginn samningur verið gerður milli lánasjóðsins og bankanna um fyrirgreiðslu bankanna í þessu samhengi vegna þess að slíkur samningur verður ekki gerður fyrr en þetta frv. er orðið að lögum. Það er ekki rétt sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir upplýsir hér að það hafi engar viðræður átt sér stað. Það hefur hins vegar ekki verður gerður samningur, ég ítreka það, og ekkert verið rætt um með hvaða hætti ábyrgðum verður háttað. Það hefur ekki verið gert þannig að hv. þm. Guðrún Helgadóttir er ekki að upplýsa einhverjar fréttir þó að hún segi núna að það hafi ekkert komið fram um að ábyrgðum verði háttað með öðrum hætti en venja er í bankakerfinu. Það hefur heldur ekkert um það verið samið þannig að það eru engar fréttir hér, alls ekki.

Ég held að ég hafi ekki um þetta mál meira að segja í þingskapaumræðu, en ég hef kannski eitthvað meira um það að segja á eftir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gjarnan beina því til hv. þm. að reyna að halda sig við umræðu um gæslu þingskapa.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það eru satt að segja komnar fram mjög merkilegar upplýsingar sem hljóta að krefjast þess að menn skoði þessi mál aðeins betur.

Í fyrsta lagi neitaði hæstv. menntmrh. í gær að greina frá þeim tillögum að úthlutunarreglum sem nú liggja fyrir í ráðuneytinu. Hann neitaði að segja frá þeim.

Í öðru lagi liggur fyrir að það hafi ekki verið gerðir neinir samningar við bankana og það er rétt, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði, að það hefur kannski verið rætt við einhverja banka en ekki nærri alla. Og hæstv. menntmrh. viðurkenndi áðan að það hefði aldrei verið rætt við Búnaðarbankann. Hvað er hann þá að veitast að hv. 14. þm. Reykv. með svigurmælum um að hún fari með rangt mál og sé í raun og veru að segja ósannindi um upplýsingar framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna? Hæstv. menntmrh. sagði það sjálfur í gær að það hefði aldrei verið talað við Búnaðarbankann.

En auðvitað er það þannig að til þess að hægt sé að lenda þessu máli þar sem á að taka af námsmönnum lánsrétt jafnharðan, þá verður að liggja fyrir hver er afstaða bankanna. Það er algerlega óhjákvæmilegt. Og ég skil ekki hvernig menn láta sér detta í hug að halda að hér sitji þvílíkir veifiskatar að þeir láti það gerast að mál þetta verði afgreitt án þess að það séu fyllri upplýsingar fyrirliggjandi um afstöðu bankanna. Mér datt satt að segja ekki annað í hug í gær, virðulegi forseti, þegar þessi mál voru til umræðu en að bæði mundu úthlutunarreglurnar liggja fyrir og sömuleiðis frekari upplýsingar um afstöðu bankanna. En það liggur ekki fyrir. Það er mjög alvarlegt, virðulegi forseti, og hlýtur að krefjast þess að maður skoði málið ögn nánar.

En það er mikilvægt hins vegar, virðulegi forseti, að hafa fengið þessar upplýsingar áður en hin formlega umræða hefst og þó sérstaklega þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem fram kom í svari við fsp. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Það var athyglisvert að það var hér einn ráðherra og situr enn sem þagði og þegir, formaður Alþfl., hæstv. utanrrh. Hann hefur ekki sagt orð og kemur okkur ekki á óvart vegna þess að hann er vanur því að láta hæstv. forsrh. tala fyrir sig. Viðeyjarundrin tala, með leyfi forseta, einum rómi eins og segir í EES-samningnum.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að ég hefði í gær neitað að upplýsa um úthlutunarreglur sem nú liggja fyrir í menntmn. (**SvG:** Ég sagði drög.) Drög, ég skal breyta því í drög, sem nú liggja fyrir í menntmrn. Ég vildi gjarnan að hv. þm. upplýsti frekar um hvaða drög það eru að úthlutunarreglum sem nú liggja fyrir í menntmrn. Ég kannast ekki við það. Ég veit að hv. þm. er mjög vel kunnugur í menntmrn. Ég hélt að ég væri það líka, en það má vel vera að hann hafi betri aðgang að ýmsum mönnum þar en ég. Það má vera. Ég kannast bara ekki við þessi drög, að þau liggi fyrir í menntmrn. (**SvG:** Er hann að hóta?) Ég er að spyrja hv. þm. ef hann vildi hlusta. Hvaða drög eru þetta sem liggja fyrir í menntmrn.? (Gripið fram í.) Ef ég fengi að tala hérna í friði, þá gætuð þið kannski hlustað. Ég er að biðja hv. þm. að skýra það betur hvaða drög að úthlutunarreglum það eru sem liggja fyrir í menntmrn. Svona einfalt var það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan til þess að fá einfalt svar við því hvort það væri rétt sem ég hafði heyrt á göngum þingsins að hæstv. ríkisstjórn væri að hugleiða að breyta því ákvæði frv. sem hefur valdið mestum deilum. Hæstv. forsrh. svaraði því í sjálfu sér alveg skýrt og sagði nei og þá hefði kannski ekki verið þörf fyrir ítarlegri umræðu af minni hálfu. En síðan gerist það að hæstv. menntmrh. kemur upp með slíkar yfirlýsingar að það er alveg ljóst að allt það hugarfar og þann anda sem var í því að framkvæma þingstörf hér í dag er hæstv. menntmrh. búinn að sprengja í loft upp.

Fyrst segir hæstv. menntmrh. að hv. þm. Guðrún Helgadóttir fari með skrök, ósannindi, viti ekkert hvað hún sé að tala um og hvort hún sé að bera skrök og ósannindi upp á embættismann Lánasjóðs ísl. námsmanna. Síðan kemur hæstv. menntmrh. og fer að dylgja um að embættismenn menntmrn. standi í meira trúnaðarsambandi við fyrrv. menntmrh. en núv. menntmrh. Ég held að það hafi aldrei gerst á Alþingi fyrr að ráðherra lýsir yfir hér úr ræðustól að hann væni embættismenn ráðuneytis síns um trúnaðarbrest og krefjist þess að fá það upplýst hér í þingsalnum hvaða embættismenn séu sekir um slíkan trúnaðarbrest gagnvart ráðherranum.

Virðulegi forseti. Ég hlustaði á forsetann segja áðan að það hafi verið samið um það að þessar umræður tækju bara tvo tíma og svo ætti að skrúfa fyrir þingheim eftir þessa tvo tíma. Það má vel vera að það hafi verið rætt í gær, en eftir þær yfirlýsingar sem hæstv. menntmrh. gaf hér um 14. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, flutti í garð Svavars Gestssonar og embættismanna menntmrn., þá er gersamlega útilokað að það sé hægt að ljúka þessum umræðum á tveimur tímum, gersamlega útilokað. Það þarf í fyrsta lagi að reiða það fram hvor segir satt, hv. þm. Guðrún Helgadóttir eða framkvæmdastjóri lánasjóðsins, Lárus Jónsson. Menntmrh. hefur stillt málum þannig hér upp nú að hv. þm. Guðrún Helgadóttir sé ósannindasmanneskja. Og þessum umræðum verður ekki lokið, virðulegi forseti, hvað sem líður því samkomulagi sem menn gerðu í góðri trú í gær og af heilindum og treystu þá að menn mundu haga sér að siðaðra manna hætti í dag án þess að það verði komið alveg skýrt fram, fyrst menntmrh. hefur stillt málunum svona upp, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafi rækilega aðstöðu til að sanna mál sitt og sá þáttur sem víkur einnig að fyrrv. menntmrh. Og samskiptum hans við menntmrn. er einnig þess eðlis að það verður að koma inn í umræður. Ég vil þess vegna segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að mér finnst þær forsendur sem voru við lýði í gær þegar menn ræddu í ákveðnum jákvæðum anda um að haga þingstörfunum með tilteknum hætti eins og forseti lýsti vera brostnar. Hæstv. menntmrh. sprengdi þær forsendur í loft upp áðan.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er leitt til þess að vita að hæstv. menntmrh. skuli tortryggja svona starfsliðið í ráðuneytinu og ég vona satt að segja að ég geti leyft mér að ávarpa þetta fólk á götu þegar ég hitti það á förnum vegi án þess að það valdi því að núv. hæstv. menntmrh. verði sviptur nætursvefninum. (**ÓPP:** Verða viðkomandi reknir?) Ég sagði það ekki, hv. þm., að viðkomandi yrðu reknir, mér datt það í sjálfu sér ekki í hug, en ég er satt að segja svo dolfallinn yfir þessu máli að ég ætla ekki að segja neitt um það frekar. Mér finnst afar sérkennilegt að bera svona lagað á starfsmenn sína. Ég man aldrei eftir að ráðherrar hafi gert það.

Ég ætla aðeins að víkja að hinu málinu sem snertir drög að reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hæstv. menntmrh. hefur aftur og aftur svarað eins og hann hefði þessi drög um úthlutunarreglur undir höndum eða a.m.k. grundvallaratriði þeirra. Ég minni t.d. á svörin sem hann gaf í gær við spurningum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, en milli kl. 7 og 8 í gærkvöld svaraði hæstv. menntmrh. ýmsum spurningum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og var útilokað annað en draga þá ályktun af þeim svörum að hæstv. ráðherra hefði þessi drög að svörum undir höndum. En ég spyr: Getur það verið um úthlutunarreglur sem eigi að taka gildi 1. júní að það sé ekki farið að vinna að þeim í ráðuneytinu? Trúir því nokkur maður að þar sé svo illa unnið að það sé ekki byrjað að draga saman forsendur í þessar reglur og setja þær á blað? Það er algerlega útilokað, virðulegi forseti. Þess vegna hljótum við að gera kröfu um að úthlutunarreglurnar í drögum, hvort sem það er frá ráðuneytinu eða lánasjóðnum, komi hér á borð þingmanna.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það var hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem stillti þessu máli þannig upp að það væri framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna, Lárus Jónsson, sem væri ósannindamaður. Það var hv. þm. sem sagði það með því að segja að viðræður við bankana

hefðu ekki farið fram. (**ÓRG:** Hvað ætli bankarnir segðu þingmanninum?) Já, þá þyrfti hv. þm. Guðrún Helgadóttir að upplýsa við hverja hún hefur talað í bankakerfinu. (**Gripið fram í:** Maður er bara í yfirheyrslu.) Ja, hér er verið að bera mönnum á brýn mjög alvarleg ósannindi. Það er það sem er verið að gera.

Varðandi það sem ég sagði um trúnaðarsamband hv. þm. Svavars Gestssonar við starfsmenn menntmrn., þá var annað af tvennu sem hlaut að hafa átt sér stað, að hv. þm. hefði upplýsingar úr menntmrn. eða hann væri að fara með fleipur. Hann hefur hins vegar gefið núna aðra skýringu og hún er sú að hann dregur þá ályktun af mínum orðum að ég hljóti að hafa undir höndum drög að úthlutunarreglum. Það hef ég ekki. Það sem ég hef sagt eru orð sem ég hef eftir framkvæmdastjóra lánasjóðsins um það sem rætt hefur verið í stjórninni varðandi einstök atriði sem koma munu fram í úthlutunarreglunum. Það byggist einfaldlega á viðtölum við framkvæmdastjórann, það sem ég hef sagt, en ekki á drögum sem ég á að hafa undir höndum. Ég tek þá skýringu hv. þm. gilda að hann hafi dregið þá ályktun af mínum orðum að ég hlyti að hafa reglugerðina eða drög að reglugerð og úthlutunarreglum undir höndum, en svo er ekki.

Að öðru leyti geymi ég mér að ræða þetta mál þar til það kemur á dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill einu sinni enn minna menn á að reyna að halda sig við gæslu þingskapa en ekki fara út í efnislegar umræður um mál sem er á dagskrá.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég vil koma inn á eitt atriði sem minnst hefur verið á. Ég vil að vísu fyrst lýsa undrun á því að hér hafi náðst eitthvert samkomulag í þinginu um afgreiðslu á þessu máli þar sem það kemur fram að ríkisstjórnin ætlar hvergi að hvika frá þeim harkalegu áformum sínum í málinu og í rauninni beita námsmönnum og foreldrum þeirra á guð og gaddinn þegar haustar, hún ætlar hvergi að hvika. Þess vegna getur ekki verið neitt samkomulag í þessu máli. Hér var rætt um það atriði að hafin væri viðræða við bankana í landinu um málið. Ég get staðfest það eitt hvað Búnaðarbankann varðar að honum hefur verið skrifað bréf þann 9. apríl sl. þar sem um þetta er rætt, en viðræður hafa engar farið fram. (**Menntmrh.:** Það hefur verið upplýst áður.) En ég staðfesti að þetta stendur með þessum hætti. 9. apríl er bréfið skrifað og engar viðræður hafa farið fram. Hvað námsmennina á haustdögum varðar, þá er þetta mál í mjög mikilli óvissu. Ég get upplýst það líka að bankamenn segja mér, bankastjórarnir, að þeir sjái ekki hvernig eigi að leysa þetta mál gagnvart unga fólkinu. Bæði muni það verða kostnaðarsamt fyrir bankana í landinu hvað starfsmannahald varðar, en fyrst og fremst muni verða erfitt um allar þær ábyrgðir sem verður að taka og allan kostnað sem mun leggjast á unga fólkið á Íslandi. Mér er ljóst að þetta mál er sett fram til að hrekja frá námi hundruð ungmenna sem hafa kosið og hafa hæfileika til að sinna langskólanámi. Þess vegna getur það ekki verið, miðað við þær upplýsingar sem hér hafa komið bæði frá forsrh. og hæstv. menntmrh., að menn hafi náð neinu samkomulagi í þinginu um afgreiðslu þessa máls. Við hljótum að halda áfram að berjast fyrir því að ríkisstjórnin átti sig á alvöru málsins, að hér er verið að fara út í slíka ófæru að hún gengur ekki upp.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka þá yfirlýsingu, sem ég gaf úr þessum stól í gær, að ég hef ekki staðið að neinu samkomulagi um lok þessarar umræðu. En til þess að ég megi fylgjast með hvað hæstv. menntmrh. segir í þeirri þingskapaumræðu sem hér fer fram þykir mér rétt að fá skýringar á því hvað hann á við þegar hann talar um alvarleg ósannindi. Það er ekki nein sérstök flokkun til mér vitanlega skilgreind á þessu. Það má vera að það sé innanbúðarmál hjá sumum hvað séu alvarleg ósannindi og hvað séu ekki alvarleg ósannindi. En það er mjög óþægilegt þegar við höfum reynslu af því að hæstv. ráðherra hefur í sjónvarpsviðtali einu sinni notað það orð að hann hafi trúlega sagt of mikið, hvort það séu landamærin á milli — eða hvaða landamæri er hæstv. ráðherra að tala um þegar hann talar um alvarleg ósannindi? Hver eru þá þessi ósannindi sem ekki eru alvarleg og e.t.v. mátti skilja svo að heimilt sé að nota hér í ræðustól?

Kristín Ástgeirsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Við stöndum nú frammi fyrir því að væntanlega hefst bráðlega framhald 3. umr. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það hefur verið upplýst hér, sem reyndar lá fyrir í gær, að það er alls ekki ljóst hvort bankakerfið muni bregaðst við því sem hér á að fara að samþykkja sem er það að námsmenn fái ekki lán sín greidd fyrr en eftir á, þ.e. þeir fyrstu fá sín lán væntanlega í janúar. Að mínum dómi er þetta algert lykilatriði í þessu máli. Við höfum haldið uppi harðri andstöðu gegn þessum fyrirhuguðu áformum og teljum þetta vera mjög alvarlegt og ég tel mjög brýnt að við fáum úr því skorið hver afstaða bankakerfisins er í þessu máli. Hér er orð gegn orði. Ég legg til, virðulegi forseti, að það verði gert hlé á þessari umræðu, kallaður saman fundur í menntmn. og við fáum þangað talsmenn bankanna og fáum úr því skorið hver er vilji bankakerfisins. Mér finnst ekki hægt að ganga svona frá þessu máli og ég vísa til þess sem hefur verið skrifað í Morgunblaðinu þó að ég treysti því blaði ekkert betur en öðrum. En það er alveg greinilegt að þar á bæ eins og víða úti í þjóðfélaginu er fólk loksins að átta sig á hvað hér er á ferð og að þingheimur ætli síðan að samþykkja þetta óbreytt er alger óhæfa, hæstv. menntmrh. Því ítreka ég að ég held að við verðum að fá úr þessu skorið.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins upplýsa varðandi málsmeðferð á þessu máli að í gær var haldinn fundur formanna þingflokka þar sem saman voru komnir formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar eða talsmenn

auk forseta og þess sem hér stendur. Formaður þingflokks Alþfl. var því miður ekki viðstaddur. Þar var það tillaga talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna, formanna þeirra, að þessari umræðu lyki í dag, á að giska kl. 3, og að atkvæðagreiðslan yrði á morgun. Ég hafði hins vegar þær hugmyndir að þessi umræða yrði á morgun en féllst á hina tillöguna. Mér þótti sanngjarnt að hafa þann háttinn á. Þetta er það sem í daglegu tali hér í þinginu er kallað samkomulag um meðferð mála. Þetta samkomulag var gert. Þetta gerðu formenn þingflokka og það væri býsna fróðlegt í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram að láta á það reyna hvort við þetta samkomulag er ætlunin að standa eða ekki.

Klukkan er orðin rúmlega tvö. Hér hafa verið þingskapaumræður samkvæmt venju í rúmlega klukkustund, en ég hygg að menn muni draga af því nokkurn lærdóm um samstarf í þinginu næstu dægrin hvort við þetta samkomulag, sem gert var að tillögu formanna þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna varðandi þetta mál, verður staðið eða ekki.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki heyrt neinn mann útiloka þann möguleika að þessari umræðu ljúki í dag. Auðvitað er hugsanlegt að menn ræði þessi mál eitthvað nánar sín á milli og þar reynir á samkomulagsvilja ríkisstjórnarliðsins fyrst og fremst, m.a. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram hafa komið hér um það hvernig á málum stjórnarandstöðunnar hefur verið tekið. Ég vísa á bug ásökunum og hótunum hv. 8. þm. Reykv. þegar hann var að gefa í skyn að mönnum yrði sýndur hnefinn ef þeir yrðu ekki til friðs og það þýddi ekki mikið fyrir þá að tala því að þetta færi allt í gegn hvort eð er, eins og hæstv. forsrh. orðaði það svo smekklega hér á dögunum og það skipti engu máli sem við erum að segja í stjórnarandstöðunni. Ég vísa orðum hans á bug að þessu leytinu til, en þau eru mjög alvarleg vísbending um hótun, að þeir hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv. ætli að beita þessum ráðhúsvaltaravinnubrögðum á Alþingi Íslendinga.

Hitt var líka einkar athyglisvert sem kom fram hér áðan, virðulegi forseti, og það var að þegar hæstv. menntmrh. heyrði að ég nefndi þann möguleika að það væru til úthlutunarreglur í ráðuneytinu eða drög að þeim taldi hann tvennt vera til: Í fyrsta lagi að hv. þm. færi með fleipur og í öðru lagi að embættismenn ráðuneytisins væru að leka sérstaklega upplýsingum í forvera hans, þ.e. þann mann sem hér stendur. Ég hef aldrei áður heyrt ráðherra bera sig upp undan sínum samstarfsmönnum með þessum hætti og ég segi alveg eins og er að ég finn til með því fólki sem vinnur í Sölvhóli um þessar mundir ef það er undir fargi slíkrar tortryggni af hálfu Sjálfstfl.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég varð nokkuð undrandi á ræðu hv. þm. Geirs Haarde. Það er algengt að hér í þinginu geri menn samkomulag. Svo gerist það ærið oft í mannlegu lífi að það koma fram nýjar forsendur eða þá að menn telja að hlutirnir séu með öðrum hætti en talið var þegar samkomulagið var gert. Þá var hv. þm. Geir Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl., að lýsa þeirri skoðun sinni að afstaðan eigi bara að vera samkomulagið án nokkurs tillits til neins annars og mönnum stillt upp við vegg og sýndur hnefinn eins og hv. þm. Svavar Gestsson orðaði það hér. Ef þetta er hugsunarhátturinn sem ræður ríkjum í forustu Sjálfstfl. fer ég að skilja ýmislegt í dag. Þá er það kannski þannig að hæstv. menntmrh. leyfði sér ummæli sín hér vegna þess að hann ætlaði að skáka í því skjólinu að umræðan yrði búin eftir tvo klukkutíma þannig að ráðherrar ríkisstjórnarinnar fari að leyfa sér hvað sem er í dylgjum og aðdróttunum og áburði á þingmenn stjórnarandstöðunnar í ræðustól í skjóli þess að umræðan verði búin eftir tvo tíma. Eru þetta „trikkin" sem nýja forustan í Sjálfstfl. hefur fundið upp, að fyrst reynum við að ná hér niðurstöðu í góðri trú og svo fari menn að skáka í því skjólinu, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, og bera alls konar áburð á þingmenn stjórnarandstöðunnar í trausti þess að þeir hafi ekki tíma eða tóm til að afsanna hann því að það er einmitt það sem gerðist hér í dag.

Hæstv. menntmrh. kom upp og sagði hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fara með fleipur, ósannindi og róg í garð framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna, hún hefði ekki rétt fyrir sér, vissi ekki hvað hún væri að tala um. Síðan gerist það að formaður bankaráðs Búnaðarbankans kemur upp og staðfestir allt það sem Guðrún Helgadóttir sagði. En átti þá kannski bara að segja: Eftir tvo tíma fellur klukkan, þá fellur klukkan, eftir tvo tíma? Nú er um að gera að ráðherrarnir beiti nógu andskoti ósvífnum vinnubrögðum af því að eftir tvo klukkutíma fellur klukkan. (Gripið fram í.) Svona er ekki hægt að starfa í þinginu, hv. þm. Geir Haarde.

Hér kom fram eðlileg ósk frá fulltrúa Kvennalistans um að það yrði gert smáhlé á umræðum svo að hægt væri að kalla forsvarsmenn bankanna, sem allir eru í 3–5 mínútna fjarlægð frá þessu húsi, til fundar til þess að fá úr þessu skorið. Það ætti ekki að taka langan tíma. En hvað gerist? Áður en forseti fær tækifæri til að svara ósk þingmanns Kvennalistans, þá kemur formaður þingflokks Sjálfstfl. og gefur línuna (**GHH:** Við gerðum samkomulagið.) svo að það sé tryggt að forsetinn verði ekki við ósk hv. þm. Kvennalistans, Kristínar Ástgeirsdóttur. Það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem formaður þingflokks Sjálfstfl. kemur upp til að gefa forseta Alþingis flokkslínuna. Það hefur gerst áður hér í vetur og við höfum fylgst með því hvað eftir annað. (**Forseti:** Forseti frábiður sér svona ávirðingar.) Ég var ekki með neinar ávirðingar í garð forseta. Það er misskilningur, hæstv. forseti. (**Forseti:** Alveg sama.) Ég sagði að það væri hv. þm. Geir Haarde sem hefði staðið upp og gefið forseta flokkslínuna. Ég sagði ekkert um það hvort forsetinn fylgdi þeirri flokkslínu eða ekki. En það mun koma í ljós eftir nokkrar mínútur hvort hæstv. forseti verður við ósk hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur eða hvort hann hlýðir þeim tilmælum sem hv. þm. Geir Haarde flutti áðan og þá getum

við öll dregið þá ályktun hvorum megin víglínunnar hæstv. forseti stendur.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert dæmi þess á þessum þingvetri að stjórnarliðar hafi ekki staðið við það samkomulag sem þeir hafa gert við stjórnarandstöðu. Það er ekkert dæmi þess að stjórnarliðar hafi lýst því yfir að einhverjar forsendur hafi breyst og þess vegna geti þeir hlaupið frá samkomulagi. Það er alveg ljóst og það er öllum mönnum ljóst að það var engin forsenda fyrir þessu samkomulagi um vinnubrögð, að þegar fallist var á tilhögun þá sem formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar lögðu til væri því lýst yfir að stjórnarflokkarnir, ríkisstjórnin ætlaði að falla frá einhverjum efnisatriðum varðandi lánasjóðinn. Það var engin forsenda þannig að þar eru engar forsendubreytingar. Og það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur öll að orð geti staðið. Það er reyndar mjög mikilvægt í hinu mannlega lífi og það er afskaplega mikilvægt að orð manna geti staðið varðandi samkomulag af þessu tagi, afskaplega mikilvægt, líka fyrir hv. þm. (**ÓRG:** Það er líka mikilvægt að menn segi satt.) Já, ég skal gjarnan fara í samkeppni við hv. þm. um það í tilverunni og er ekkert hræddur við þá samkeppni.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Embætti forseta Alþingis er í því fólgið að verja Alþingi, standa vörð um Alþingi, um rétt þingmanna til að fá leyfi til að flytja sitt mál. Á þessum fundi lýsti ég því yfir og óskaði eftir upplýsingum um hvort það væri rétt að bankakerfið hefði alls ekki skuldbundið sig til að taka við fyrirgreiðslu fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Því var haldið fram af hæstv. menntmrh. að ég færi með fleipur og ósannindi. Síðan stendur á fætur hv. 5. þm. Suðurl., formaður eins stærsta banka landsins, Búnaðarbanka Íslands, og upplýsir að þar hafi engar umræður farið fram varðandi þjónustu við námsmenn. (**Menntmrh.:** Ég var búinn að upplýsa það í gær.) Þetta hlýðir forseti á án þess að gera nokkra athugasemd við eða leiðrétta það á nokkurn hátt að þar með hafi ég ekki farið með ósannindi. Þetta lykilatriði varðandi þær breytingar sem nú er verið að gera á Lánasjóði ísl. námsmanna á síðan að ganga hér fram af því að einhverjir þingmenn töldu líklegt að það væri hægt hér í dag að ljúka þessari umræðu á tveim tímum. Auðvitað skiptir það engu máli hvort eitthvert samkomulag var gert um einhverjar mínútur. Það sem skiptir máli er að við erum að verja íslenska námsmenn. Við erum að verja íslenskar fjölskyldur gegn því að börnin þeirra hrökklist frá námi af því að bankakerfið tekur ekki við hvaða ábyrgðarmanni sem er, enda á bankakerfið skyldum að gegna við þá sem geyma sparifé sitt í bönkum landsins að sjálfsögðu.

Og hér hefur komið fram að enginn fundur hefur verið haldinn um þetta mál í bankaráði Búnaðarbankans og það er ærin ástæða til að við eigum kröfu á því að forstöðumenn banka landsins upplýsi hv. menntmn. og þar með Alþingi allt um hvað hefur raunverulega verið gert í þessum efnum. Ég ítreka, hæstv. forseti, beiðni okkar þingmanna og geri þá tillögu hv. 18. þm. Reykv. að minni eða tek undir þá beiðni að forseti geri nú þinghlé og í nafni okkar þingmanna óski eftir þessum upplýsingum. Og ég leyni því ekki að ég lít það mjög alvarlegum augum ef þingforseti hafnar þeirri ósk tveggja þingmanna. Það getur varla skipt sköpum þó að menn eyði nokkrum tíma í að fá skorið úr þessu mikilvæga atriði. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en tekin eru fyrir dagskrármálin vill forseti skýra frá því að hún hefur átt fund með formönnum þingflokka, svo og menntmrh. og formanni menntmn. í þessu fundarhléi. Í gær var gert samkomulag milli formanna þingflokka um meðferð lánasjóðsfrv. á þann veg að umræðum yrði frestað um kl. 20.30 í gærkvöldi og umræðum yrði lokið á tveim tímum í dag, milli kl. 1 og 3. Um það er ekki ágreiningur milli þeirra sem á fundinum voru að þetta samkomulag hafi verið gert eða um efni þess. Hins vegar hefur verið óskað eftir nýjun fundi í menntmn. og hefur formaður nefndarinnar fallist á að fundur verði haldinn í nefndinni sem allra fyrst, en að þeim fundi loknum verður málið tekið fyrir samkvæmt því samkomulagi sem fyrir liggur frá því í gær.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að sú breyting er á orðin að menntmn. mun koma saman og ég treysti því að til þess fundar, sem hún ætlar nú að halda, verði kallaðir fulltrúar bankakerfisins sem umboð hafa til að ganga frá því svo að óyggjandi sé að bankarnir ætli að annast þá þjónustu við námsmenn sem þetta nýja frv. krefst. Og ég þakka fyrir að þessi nefndarfundur er nú haldinn.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er stundum sagt að þögn sé sama og samþykki. Ég vil ekki liggja undir því og ítreka sem fyrr þá afstöðu mína að ég er algerlega óbundinn af þessu samkomulagi.

Umræðu frestað.

Stofnun og slit hjúskapar, 1. umr.

Frv. allshn., 531. mál (réttarfar, stjórnsýslumeðferð o.fl.). — Þskj. 903.

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923. Frv. þetta er flutt af allshn. Aðdragandi þess er sá að fyrir nefndinni liggur frv. til nýrra hjúskaparlaga, 452. mál, sem fjallar um sama efni og lög nr.

60/1972 og lög nr. 20/1923. Það mál kom til nefndarinnar 6. apríl sl. og ljóst þykir að ekki gefst tími til að fjalla um það með viðunandi hætti á þessu löggjafarþingi. Í því frv. eru lagðar til breytingar sem m.a. eru mikilvægar í sambandi við væntanlegan aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem tekur gildi þann 1. júlí nk. Eru þessar breytingar teknar úr áðurnefndu frv. og settar í frv. það sem nú er mælt fyrir.

Þetta frv. kveður á um breytingar sem sumar hverjar eru nauðsynlegar, en aðrar mjög æskilegar vegna væntanlegs aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Auk þess kveður frv. á um nokkrar breytingar sem fela í sér verulegar réttarbætur fyrir aðila.

Frv. skiptist í þrjá kafla. I. kafli fjallar um breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar. Breytingarnar sem lagðar eru til við gildandi lög varða í fyrsta lagi V. kafla sem fjallar um hjónaskilnaði, í öðru lagi að VII. kafla, um réttarfar í hjúskaparmálum, verði breytt í heild sinni og í þriðja lagi að í lögin komi nýr kafli, er verði VIII. kafli, um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögunum.

II. kafli frv. fjallar um breytingar á lögum um réttindi og skyldur hjóna. Þar er meginbreytingin sú að lagt er til að stjórnsýslukaflinn sem getið var um áðan gildi líka í þessum lögum. Er þetta lagt til við bæði lögin til þess að gæta samræmis við barnalög sem samþykkt voru 9. maí sl.

III. kaflinn fjallar um gildistöku og lagaskil.

Hvað breytingarnar varðar að öðru leyti er vísað til greinargerðar með frv. Vegna þess að frv. þetta er flutt af allshn. tel ég ekki ástæðu til þess að málinu verði vísað til nefndarinnar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sinubrennur, 2. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 469, nál. 930, brtt. 587 og 931.

Frsm. umhvn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um frv. til laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Umhvn. hefur fjallað um þetta frv. ítarlega. Hún leitaði umsagnar hjá fjölmörgum aðilum og fékk á fund sinn m.a. fulltrúa umhvrh. og skrifstofustjóra í dómsmrn. Einnig bárust frá dómsmrn. bréf frá flestum lögreglustjórum landsins þar sem fram kemur lauslegt mat á framkvæmd gildandi laga um sinubrennur. Þá hafði nefndin einnig til athugunar brtt. við frv. frá Pálma Jónssyni á þskj. 587.

Umhvn. telur að skort hafi á að fyrirmælum laga nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, væri framfylgt. Nefndin telur þörf á að setja ný lög um efnið. Til þess að tryggja að lögum verði framfylgt þarf fræðslu og upplýsingar til almennings um skaðsemi sinubruna en jafnframt um ástæður þess að heimild er til að leyfa að brenna sinu á bújörðum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. og varða sumar þeirra einungis breytingu á framsetningu. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að einungis megi brenna sinu á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar eru af ábúendum lögbýla og að til þess þurfi leyfi sýslumanns. Gert er ráð fyrir því að ábúendur jarða geti einir fengið að brenna sinu. Nytji ábúandi lögbýlis hins vegar jörð sem ekki er byggð vegna búreksturs síns getur hann einnig fengið leyfi sýslumanns til þess að brenna sinu á þeirri jörð. Ekki er heimilað að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert nema við sérstakar aðstæður og með leyfi sýslumanns sem gefið er í samráði við umhvrn. Verða sérstakar veðurfarslegar ástæður að gefa tilefni til slíks leyfis. Í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir að þessi ákvæði komi í 1. og 3. gr.

Þá leggur nefndin til að í sérstakri grein, 2. gr., komi fram nokkur almenn atriði sem valda því að ekki má brenna sinu, t.d. ef almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist á náttúruminjum. Varðandi reglugerð sem umhvrh. setur leggur nefndin til að leita beri umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs.

Að lokum leggur nefndin til að breytt verði framsetningu á ákvæðum um meðferð elds á víðavangi.

Um þetta mál hefur tekist víðtæk og góð samstaða. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar athugasemdir við frv. sem hér liggur fyrir til 2. umr. og boðaði þá að ég mundi flytja við það brtt. sem hér liggja fyrir á þskj. 587. Við meðferð málsins í hv. umhvn. hefur verið tekið nokkurt tillit til þessara brtt. þrátt fyrir að einu atriði hafi eigi verið breytt, en það er út af fyrir sig grundvallaratriði sem mér er nokkuð í mun að hefði getað tekist samkomulag um að breyting yrði á. Ég hef lýst þeirri skoðun minni, sem fram kemur einnig í þessum brtt., bæði frá mér og hv. umhvn., að ástæða geti verið til að herða þær reglur sem fara skal að við sinubrennur, en um leið séu lögin gerð einfaldari og skýrari, en það grundvallaratriði verði samt sem áður í lögunum að menn séu frjálsir að hafast á sínu landi í þessum efnum innan marka laganna og þurfi eigi að koma til á bújörðum, þar sem menn búa á sinni eigin jörð, leyfisveitingar eða tilkynningarskylda eins og gert var ráð fyrir með frv.

Ég skal ekki þreyta ræður um þetta í löngu máli. Þetta er í sjálfu sér smámál, en það felur í sér anga af þeirri hneigð að takmarka eignarrétt manna á þann veg að þeir séu eigi frjálsir til einfaldra verka á landi sínu án þess að fá til þess leyfi einhvers stjórnvalds. Það er þessi hneigð löggjafans, sem á rætur að rekja í skoðunum ýmissa sérfræðinga og embættismanna í stjórnkerfinu, sem er farið að þreyta mig ákaflega mikið. Ég

vil sem sagt að það séu settar einfaldar reglur, lög séu skýr og þau mega vera hörð ef þau eru almenn, en þeir sem eru að vinnan verk innan marka slíkra laga á sínu eigin landi þurfi ekki jafnframt að leita leyfis einhvers stjórnvalds fyrir hverju einu sem þeir gera.

Ég hlýt að lýsa nokkrum vonbrigðum mínum með að þetta grundvallaratriði í lagasetningu skuli ekki virt af hálfu hv. umhvn. um leið og ég þakka henni þau störf sem hún hefur unnið að þessu máli og að því leyti sem hún hefur fallist á mín sjónarmið í sumum öðrum atriðum og færi frv. að mínum dómi til betri vegar og vegna þess samkomulags sem þar hefur orðið, þá get ég fallist á, þrátt fyrir þessa ágalla, að kalla mínar brtt. til baka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirskattanefnd, 2. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 722, nál. 909, brtt. 910.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Efh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. til laga um yfirskattanefnd. Á fund nefndarinnar kom Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjmrh., Sigurður P. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, og Gunnar Jóhannsson og Ólafur H. Ólafsson frá ríkisskattanefnd. Umsagnir bárust frá BHMR, BSRB, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands, Ríkisskattanefnd, ríkisskattstjóra og Verslunarráði Íslands. Eftir að nefndin lauk afgreiðslu málsins barst umsögn Félags ísl. endurskoðenda.

Frv. þessu er ætlað að hraða málsmeðferð skattamála sem kærð eru í framtíðinni og jafnframt er stefnt að því að afgreiða mikinn fjölda mála sem bíða úrskurðar. Frumvörp svipaðs efnis hafa verið lögð fram áður og nú síðast á haustþingi 1991 en ekki hlotið afgreiðslu. Efh.- og viðskn. telur ekki forsvaranlegt að óvissa ríki um stöðu æðsta úrskurðaraðila um skattkærur á stjórnsýslustigi. Því er nauðsynlegt að ákveða hver framtíðarskipan þessara mála eigi að vera.

Ríkisskattanefnd sendi efh.- og viðskn. ítarlega umsögn með brtt. Hefur nefndin kannað þær brtt. síðar. Einnig barst umsögn frá Félagi löggiltra endurskoðenda, en óhætt er að segja að þessir tveir umsagnaraðilar hafa einna mesta þekkingu á málinu og ótvíræðir hagsmunir þeirra eru í húfi. Í báðum þessum umsögnum er bent á að ákaflega brýnt er að taka til endurskoðunar lagaákvæði er gilda um meðferð skattaágreiningsmála á skattstjórastiginu sem hið fyrra kærustig eigi sú lagabreyting, sem hér er lögð til, að skila árangri. Einnig kemur fram gagnrýni á að í greinargerð með frv. skuli ekki vera yfirlit um fjölda kærumála í skattkerfinu öllu á síðustu árum til þess að hægt sé að kanna af hvaða völdum mál öll safnast upp hjá ríkisskattanefnd.

Taka ber undir það, sem fram kemur í þessum umsögnum, að alls ekki er við ríkisskattanefnd eina að sakast að svo mörg mál sem raun ber vitni eða um 1.400 hafa safnast upp hjá henni og að afgreiðslutími sé þrjú og hálft ár. Skattstjórar og ríkisskattstjóri hljóta einnig að bera nokkra ábyrgð þar á og ekki þarf að fjölyrða um þá skyldu embættismanna að standa við þá fresti sem lög segja til um. Ég tel mig mæla fyrir munn allra nefndarmanna þegar ég beini því til fjmrh. að hann hlutist til um að allir þættir meðferðar ágreiningsmála um skatta og skattskyldu verði skoðaðir.

Í grg. með frv. kemur fram að yfirskattanefnd muni starfa að mörgu leyti eins og dómstóll. Þar er einnig bent á að unnt verði að breyta lagaákvæðum um nefndina þannig að skjóta mætti úrskurðum hennar beint til Hæstaréttar.

Frá Lögmannafélagi Íslands barst ítarleg umsögn þar sem bent var sérstaklega á þau atriði í frv. sem væru ekki í samræmi við réttarfarsreglur um dómstóla. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þeirri stöðu ríkisskattanefndar eða arftaka hennar, yfirskattanefndar, að hún sé æðsti úrskurðarvaldshafi á stjórnsýslustigi í meðferð skattkæra og ekki er gert ráð fyrir breytingu á stöðu nefndarinnar gagnvart dómstólum. Málsmeðferðarreglum fyrir nefndinni hefur verið þokað nær málsforræði aðila þótt enn sé jafnframt að hluta stuðst við rannsóknarreglu réttarfars.

Efh.- og viðskn. telur á þessu stigi ekki rétt að gera frekari breytingar á málsmeðferðarreglum og að ekki sé rétt að fresta afgreiðslu málsins vegna þess atriðis. Nauðsynlegt er að afgreiða málið nú, en að sjálfsögðu er rétt að endurskoða þá reynslu sem fæst af yfirskattanefnd og meðferð mála fyrir henni með eðlilegum hætti og þá jafnframt að breyta lagaákvæðum um hana ef þörf krefur. Þá endurtek ég þá skoðun nefndarinnar að brýn nauðsyn sé á að endurskoða meðferð skattakæra á fyrra kærustiginu.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frv. sem prentaðar eru á sérstöku þskj.:

1. Lagt er til að lög um bókhald falli niður úr upptalningu laga sem úrskurðarvald yfirskattanefndar nær til, enda ekki um álagningu gjalda að ræða samkvæmt þeim lögum.

2. Lagt er til að sveitarfélögum verði einnig heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kæruúrskurðum skattstjóra ef þeir varða hagsmuni sveitarfélagsins og lúta brtt. við 3., 5. og 6. gr. að þeirri nýbreytni.

3. Rétt þykir að yfirskattanefndin öll meti hvort þörf sé á sérstökum flutningi máls fyrir nefndinni en ekki einungis formaður hennar og er því lagt til að 3. mgr. 7. gr. verði breytt til samræmis við það.

4. Í frv. er gert ráð fyrir því að í yfirskattanefnd eigi sæti sex menn sem hafi nefndarstarfið að aðalstarfi. Efh.- og viðskn. telur æskilegt að menn, sem starfa við skattskil, eigi áfram sæti í yfirskattanefnd þó fallast megi á að óæskilegt sé að þeir sem ekki hafa starf í nefndinni að aðalstarfi skipi meiri hluta hennar eins og nú er um ríkisskattanefnd. Því leggur nefndin til að fjórir af sex mönnum í ríkisskattanefnd hafi starfið að aðalstarfi og að formaður og varaformaður nefndarinnar komi úr þeirra hópi. Tveir nefndarmanna munu

hins vegar hafa starfið að hlutastarfi verði tillaga efh.- og viðskn. samþykkt. Laun þeirra sem hafa setu í yfirskattanefnd að aðalstarfi eru ákveðin af Kjaradómi og er óþarft að taka það fram í frv. þar sem sérstök lög gilda um Kjaradóm.

5. Lagt er til að í 10. gr. frv. verði ákveðið að formaður eða varaformaður yfirskattanefndar ákveði þóknun til sérfróðra aðila sem kunna að verða kallaðir til starfa fyrir nefndina.

6. Lagt er til að 18. gr. verði breytt þannig að umboðsmaður skattaðila fái sent eintak af úrskurði yfirskattanefndar en ekki einungis skattaðilinn og skattstjórar.

7. Önnur meginbreytingin sem nefndin leggur til lýtur að 19. gr. frv. Í stað fyrra ákvæðis greinarinnar er lagt til að komi nýtt ákvæði er fjalli um þagnarskyldu starfsmanna yfirskattanefndar.

8. Lagt er til að lög um yfirskattanefnd öðlist gildi 1. júlí. Einnig er lagt til að yfirskattanefnd ljúki afgreiðslu þeirra mála sem ríkisskattanefnd hefur ekki úrskurðað um á fyrstu sex mánuðunum sem hún starfar. Þá er gerð tillaga um að nýrri málsgrein verði bætt við 23. gr. er taki fram að yfirskattanefnd taki við hlutverki sem löggjafinn ætlar ríkisskattanefnd.

9. Að lokum leggur nefndin til að inn komi tvö ný ákvæði til bráðabirgða er kveði á um stöðu þeirra sem starfa hjá ríkisksattanefnd eða eru skipaðir til starfa við hana í hlutastarfi. Ekki verður um breytingu á högum starfsmanna ríkisskattanefndar að ræða. Þörf er á heimild til að framlengja skipunartíma þeirra sem starfa í hlutastarfi í ríkisskattanefnd fram að gildistöku laga um yfirskattanefnd. Þá er lögð til breyting á síðara bráðabirgðaákvæði frv. þannig að nefndarmenn í yfirskattanefnd verði í fyrsta sinn skipaðir þannig að tveir nefndarmenn verði skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára í stað fjögurra, sex og átta ára.

Nefndin varð sammála um afgreiðslu þessa frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem fyrir liggja á sérstöku þskj.

Undir nefndarálitið skrifa, auk mín, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sólveig Pétursdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Árni M. Mathiesen, Össur Skarphéðinsson og Árni R. Árnason.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við framsögu frsm. að bæta, en ég vildi þó nú á tímum stórra yfirlýsinga um samkomulag og hvernig menn standa við það láta koma fram að í meðferð málsins fyrir jól varð um það samkomulag að nefndin tæki þetta mál til rækilegrar umfjöllunar á vorþinginu og stæði sameiginlega að því að afgreiða það fyrir þinglausnir. Við það hefur að öllu leyti verið staðið og að mínu mati farið mjög vandlega yfir frv. og teknar til greina, eins og kom fram áðan, fjölmargar ábendingar sem komu fram, enda var að mínu mati nauðsynlegt að menn tækju þennan tíma til vandaðra vinnubragða í þessu máli einfaldlega vegna þess að það eru fá mál sem eru einstaklingunum eins viðkvæm og skattamálin og er þess vegna mjög nauðsynlegt að á hverjum tíma eigi menn greiðan aðgang að úrskurðaraðila varðandi þau atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 465. mál (yfirskattanefnd). — Þskj. 723, nál. 911, brtt. 912.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, er samhliða máli nr. 464, um yfirskattanefnd, og vísa ég í því sambandi til álits nefndarinnar. En í sambandi við frv. leggur nefndin til að gerðar verði tvær breytingar. Í síðari efnismgr. 1. gr. þess hefur fallið niður orðið „ekki", sem skiptir allmiklu máli, og því orðast brtt. þannig:

„Í stað orðanna „vill hlíta" í niðurlagi síðari efnismgr. 1. gr. komi: vill ekki hlíta."

Síðari brtt. er þess eðlis að í stað „júní" komi júlí. Það er til samræmis við brtt. sem ég skýrði áðan um frv. um yfirskattanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim tveimur breytingum sem liggja fyrir á þskj. 912. Undir nál. skrifa, auk mín, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sólveig Pétursdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Árni M. Mathiesen, Össur Skarphéðinsson og Árni R. Árnason.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Af því að hér er til umræðu frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem eru auðvitað lög á sviði tekjuöflunar ríkisins, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. við þetta tækifæri að einu atriði sem hefur vakið athygli mína. Það er að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef nýlega fengið hefur enn ekki hafist af hálfu ríkissjóðs innheimta á svonefndum lögregluskatti. Ég tek þetta upp m.a. undir þessum dagskrárlið vegna þess að þegar það frv. sem um þá leiðu skattlagningu fjallar var til umfjöllunar á Alþingi fyrst, var gert ráð fyrir því að þeirri innheimtu yrði komið fyrir innan staðgreiðslunnar og ríkið færi með þeim hætti inn á hið sameiginlega tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og sveitarfélaganna og drægi sér þennan skatt þar í gegn. Þessu var mjög harðlega mótmælt af hálfu sveitarfélaganna og því var fallið frá því að nota staðgreiðsluinnheimtukerfið í þessu skyni.

Engu að síður gera lögin um lögregluskattinn ráð fyrir því að hann sé innheimtur með reglubundnum hætti mánaðarlega. Nú er kominn maímánuður og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef nýjastar er enn ekki komin út reglugerð fjmrn. um innheimtu þessa skatts. Fyrstu mánuðirnir eftir að lögin öðluðust gildi eru um garð gengir og ekki hefur enn hafist innheimta á þessari skattlagningu. Ég ætla í sjálfu sér ekki að gefa mér það fyrir fram að enn séu uppi sömu hug-

myndir í fjmrn., að beita staðgreiðslukerfinu til þess að ná þessum tekjum, en dráttur er á því orðinn að innheimta skattsins hefjist þó ég sé í sjálfu sér ekki að harma það og mætti það bíða sem lengst að þessi leiði skattur yrði yfirleitt rukkaður. En þó vil ég gjarnan nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. fjmrh. úr því að tækifæri gefst undir þessum dagskrárlið, sem ég tel eðlilegt og ég vona að hæstv. forseti sé mér sammála um það og hæstv. fjmrh., að það er ekki óeðlilegt að þetta mál sé tekið hér upp og eigi þar heima:

1. Hvað líður innheimtu á þessum skatti?
2. Hvernig hyggst fjmrn. standa að innheimtu hans?
3. Er óhætt að treysta því að þau sinnaskipti sem urðu í vetur, þegar fallið var frá því að nota staðgreiðsluinnheimtukerfið, haldist og staðgreiðslusamkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilhögun innheimtu á staðgreiðslusköttum verði ekki misboðið í þessu sambandi?

Ég vona að hæstv. fjmrh. geti eitthvað upplýst mig um stöðu þessa máls.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Ég skal taka það fram, virðulegi forseti, strax í upphafi að til þess að hægt sé að innheimta skatta samkvæmt staðgreiðsluskattalögunum þarf það að vera tekið fram í löggjöfinni. Ég minni á að svokallaður lögregluskattur, sem hér hefur verið nefndur til sögunnar, er ekki eina skattheimtan þar sem rætt var um skattskil með þeim hætti heldur var einnig reynt fyrr í vetur og hafði verið fært í tal við sveitarfélögin að nota innheimtukerfið sem notað er við staðgreiðsluna til að ná inn svokölluðu tryggingagjaldi sem var sameinað gjald úr ýmsum öðrum gjöldum og sett var fyrir rúmu ári. Um það tókst ekki samkomulag við sveitarstjórnirnar og því var það mál látið bíða jafnvel þótt það hefði verið afgreitt til 2. umr. úr nefnd.

Um þær greiðslur, sem sveitarfélögin eiga að inna af hendi samkvæmt lögunum sem gengu undir nafninu bandormurinn þegar þær voru í frumvarpsformi en hafa síðar tekið á sig formbreytingu og flogið úr þeim ham yfir í annan, er það að segja að gert er ráð fyrir að skatturinn sé innheimtur eins og þar er tiltekið. Það er rétt að til skamms tíma hefur skatturinn ekki verið innheimtur, en að því er unnið að gera það með þeim hætti sem sveitarfélögin una best við.

Ég get því miður ekki svarað fyrirspurn hv. þm. með öðrum hætti því að ég hef ekki alveg nýlegar upplýsingar um það hver staða málsins er. En ef það huggar hv. þm. get ég lofað honum því að það verður gengið eftir því að sveitarfélögin greiði þennan skatt þótt aðeins sé um tímatöf að ræða í þessu tilviki.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans og virði það við hann að hann svarar eftir bestu getu þessari spurningu sem var óundirbúin af minni hálfu, en ég kaus að nota þetta tækifæri af því að frv. til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu skatta var hér til umfjöllunar. Ég skil það svo að það sé skoðun hæstv. fjmrh. að það sé beinlínis óheimilt að hrófla við innheimtu á sköttum af þessu tagi nema bein ákvæði um það komi inn í staðgreiðslulögin, enda var ætlunin í upphafi að breyta þeim lögum með ákvæðum í bandormsfrv. og afla þannig þá þeirrar lagaheimildar. Þetta eru fullnægjandi upplýsingar fyrir mig og falla að því, sem ég hafði reyndar ímyndað mér, að svona hlyti þetta að vera, en ástæða þess að ég bar þetta upp var m.a. sú að ég var spurður að því nokkrum dögum af sveitarstjórnarmanni hvort það gæti komið til álita að fjmrn. gæti með ákvæði í reglugerð sett innheimtu á lögregluskattinum undir staðgreiðsluna. Ég taldi það mjög ólíklegt og hæstv. fjmrh. hefur svarað því alveg skýrt að slíkt sé ekki hægt nema afla til þess alveg ótvíræðrar lagaheimildar.

Það huggar mig ekkert í sjálfu sér, enda er ég ekkert hnugginn þessa dagana, hæstv. fjmrh., þó að það sé upplýst að innan skamms muni fjmrh. hefja rukkun á lögregluskattinum hjá sveitarfélögunum. Ég tók það þvert á móti fram áðan að ég væri alveg rólegur og þætti það jafnvel ágætt að það drægist sem lengst að fara að rukka þennan leiða og óréttláta skatt sem að mörgu leyti er dapurlegur vegna þess m.a. hvernig hann bar að og hversu ljótan blett hann setti á samskipti ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Það er hins vegar umhugsunarefni held ég fyrir okkur báða, mig og hæstv. fjmrh., og fyrir okkur öll þegar menn vinna þannig að málunum, eins og nú hefur sannast í sambandi við lögregluskattinn, að hæstv. ríkisstjórn var með hugmyndir um að pína hann í gegn og afgreiða hann í desembermánuði og síðan strax eftir áramót. Það mál var jafnhrikalega illa undirbúið og raun ber vitni. Á var bent að það vantaði með öllu ákvæði um innheimtu á þessum skatti, enda var hann ákveðinn á næturfundi í húsi í nágrenninu. Nú er kominn miður maímánuður og enn er ekki hafin innheimta á skattinum. Vegna hvers? Væntanlega vegna þess að þegar farið er svo að vinna að málinu kemur í ljós að það er flókið mál og heilmikil undirbúningsvinna sem þarf að liggja til grundvallar upptöku nýs skattstofns af þessu tagi og innheimtu hans. Nú er næstum hálft ár liðið frá því að þessi ógæfulega ákvörðun var tekin á næturfundi hér í nágrenninu og framkvæmdaatriðin enn ekki klár. Það er skiljanlegt og ég er svo sem ekki að ásaka hæstv. fjmrh. eða fjmrn. fyrir að hafa valið skynsamlegri kostinn að draga að hefja innheimtu á þessum skatti þangað til menn væru orðnir sæmilega í stakk búnir til að gera það. En lagaákvæðin standa eins og þau voru samþykkt og hljóða upp á að innheimta beri þennan skatt með jöfnum upphæðum í hverjum mánuði. Hér er á ferðinni dæmi um lagasetningu sem ekki hefur reynst unnt að fullnusta enn sem komið er vegna þess hversu þetta mál var illa undirbúið.

En ég hef fengið svar við minni aðalspurningu sem gerir mér að því leyti til rórra að ég tel það nauðsynlegt að á því leiki enginn vafi að við samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna og samningi sem er í gildi þeirra í milli um innheimtu staðgreiðslu skatta verði ekki hróflað og innheimtu þessa lögregluskatts verði fyrir komið með öðrum hætti.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns vil ég einungis segja að þótt í mínu máli hafi komið fram að auðvitað þurfi að vera skýr lagaheimild til að heimta megi skatta inn með tilteknum hætti, eins og hér hefur verið nefnt, teldi ég það skynsamlegt að skattar eins og sá sem hér um ræðir og líka tryggingagjald sé heimt inn hjá þeim innheimtumönnum sem heimta inn staðgreiðsluna þótt ekki væri nema vegna þess að það er ódýrasta aðferðin og það verður stundum líka að líta til þess hvernig ódýrast er að ná í þá fjármuni sem skylt er að láta renna í ríkissjóð.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:
Herra forseti. Ég get út af fyrir sig alveg verið sammála hæstv. fjmrh. um að það væri að mörgu leyti skynsamlegt að nýta það innheimtukerfi sem fyrir er og nefnist staðgreiðsla og samningur er í gildi um milli ríkis og sveitarfélaganna ef ákvarðanir um skattlagningu sem þar kæmi til væru teknar með eðlilegum hætti og aðdragandi þess máls væri með eðlilegum hætti í samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Svo var bara ekki hér. Þetta held ég, af því að hæstv. fjmrh vitnar til skynsemi sinnar eða skynseminnar yfirleitt, að ætti að kenna mönnum að vinna þá með skynsamlegum hætti að upptöku slíkra skatta og undirbyggja ákvarðanir um það með eðlilegu samráði viðkomandi aðila, sem í þessu tilviki eru sveitarfélögin og ríkið, byrja á því að ganga frá samkomulagi um innheimtu og meðferð alla í því sambandi, leggja svo fyrir þingið lagafrumvörp. Þá sneru þessi mál allt öðruvísi og ég gæti þess vegna mjög líklega orðið sammála hæstv. fjmrh. um að tæknilega séð væri ekki ástæða til að setja upp margföld innheimtukerfi af þessu tagi. Auðvitað verkar það kannski að nokkru leyti ankannalega, þegar í gildi er innheimtukerfi og reglubundið uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga og skipting á sameiginlegri innheimtu, að búa svo þar við hliðina til annað kerfi og svo enn annað o.s.frv. En þá verður líka hæstv. ríkisstjórn að átta sig á því að hún verður að temja sér siðaðra manna vinnubrögð í samskiptum við óháð stjórnvöld eins og sveitarfélögin eru. Það er ekki gert í þessu tilviki og ég veit að svo illa eru sveitarfélögin brennd af þessum samskiptum að þau vilja ekki sjá að ríkisvaldið fari að hrófla t.d. við því samkomulagi sem gert var í góðu andrúmslofti á sínum tíma milli ríkis og sveitarfélaga um innheimtu á staðgreiðslukerfi skatta. Þau vilja hafa það í friði þangað til þau sjálf semja þá með frjálsum hætti um annað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður barna, 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 123. mál. — Þskj. 128, nál. 913.

Frsm. meiri hluta allshn. (Björn Bjarnason):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. um frv. til laga um umboðsmann barna, 123. mál. Eins og fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar þykir frv. fjalla um málefni sem er athyglisvert og kanna verður nánar. Í því sambandi má nefna að kanna verði tengsl málsins við frv. til laga um vernd barna og ungmenna, 422. mál, sem nú er til umfjöllunar í félmn. Þarf m.a. að athuga hvort verkefni þau sem frumvörpin mæla fyrir um skarist. Huga þarf nánar að fyrirhuguðum verkefnum umboðsmanns barna þannig að starfsmörk hans séu skýr og starfsemin grípi ekki inn í starfssvið annarra stofnana. Athuga þarf og frv. þetta vandlega með hliðsjón af lögum um umboðsmann Alþingis. Fleira mætti nefna. Er það álit meiri hluta nefndarinnar að vel færi á því að sifjalaganefnd tæki málið til rækilegrar endurskoðunar. Í ljósi þess sem nefndin hefur sett fram í áliti sínu leggur hún til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Jón Helgason, Björn Ingi Bjarnason, Kristinn H. Gunnarsson og Björn Bjarnason. Fjarstödd afgreiðslu nefndarinnar voru Eyjólfur Konráð Jónsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðrún Helgadóttir:
Hæstv. forseti. Það er í samræmi við það verklag sem nú á sér stað á hinu háa Alþingi að þrátt fyrir að allflestir hv. þm. séu löngu sammála um að nauðsyn sé að stofnsett verði embætti umboðsmanns barna virðist það ekki ætla að ná fram að ganga á þessu þingi fremur en öðrum hinum þrem þingum þar sem þetta mál hefur verið flutt.

Ástæðan fyrir því að ég flutti málið nú í fjórða sinni var m.a. sú að í greinargerð fyrir frv. sem hér liggur fyrir til laga um vernd barna og ungmenna er sérstaklega tekið fram af hálfu sifjalaganefndar að nefndin mæli með að sett verði á fót embætti umboðsmanns barna. Þetta mál hefur legið síðan í nóvember í hv. allshn. og þess vegna fráleitt að afsaka afgreiðsluleysi málsins með því að ekki hafi gefist tími til að lagfæra það sem nefndin vildi lagfæra. Þann 30. mars, þegar málið hafði legið síðan í nóvember í hv. nefnd, er það loks sent til umsagnar sifjalaganefndar sem auðvitað hafði mjög skamman tíma til að koma saman og fjalla um málið. Hefði auðvitað verið leikur einn að gera það þá þegar er málið kom til nefndar.

Ármann Snævarr prófessor, sem alla tíð hefur verið hlynntur þessu máli, skrifaði samt greinargerð um málið, en greindi frá því að honum hefði ekki tekist að koma nefndinni saman. Hann gerir smávægilegar athugasemdir en ekkert sem skiptir verulega máli og harmar að hafa ekki haft meiri tíma til þess að fjalla um það svo að það yrðu þá sniðnir af því þeir agnúar sem nefndinni hafði fundist vera á frv.

Nú er það svo að auðvitað snerist málið aldrei um það. Það var alveg ljóst frá byrjun að Sjálfstfl. ætlaði ekki þessu sinni fremur en í öll hin skiptin að afgreiða þetta mál. Menn hafa spurt fulltrúa Alþb. í hv. allshn.: Hvers vegna í ósköpunum var þetta mál ekki samþykkt þegar þið voruð í stjórn? En eitt árið af fjórum sem þetta frv. var flutt var ég aðili að ríkisstjórn. Því

er til að svara að ég var þá forseti sameinaðs þings og átti afar erfitt með að setja mitt eigið mál í forgang. Það var ein ástæðan. Önnur ástæðan var sú að auðvitað gerði Sjálfstfl. það sem hann lifandi gat til að tefja málið, biðja um fleiri og fleiri umsagnir. Ég veit ekki hve margir tugir umsagna liggja nú fyrir um þetta mál. Það er alveg ljóst að við þetta mál er mjög mikill stuðningur í samfélaginu öllu, meðal ýmissa félagasamtaka, og nægir að nefna Barnaheill, Félag þroskaþjálfa, Barnavinafélagið Sumargjöf og ýmis fleiri félög sem hafa látið sig málefni barna varða.

Endir þessa máls var síðan sá, þegar nefndin treysti sér ekki eins og ég bað um að skila þá bara nál. með ágreiningi, það væri þá ljóst hverjir styddu þetta mál og hverjir ekki, að það kom í ljós að til þess treystust menn ekki og því var komið til mín og mér settir þeir kostir að málið lægi kyrrt og fengi enga afgreiðslu eða því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar sem sýnist vera hámark þess frama sem stjórnarandstöðumál ná á þessu þingi.

Ég ætla að taka það fram hér að vegna málsins sjálfs og vegna allra þeirra tuga ef ekki hundruða manna sem hafa haft samband við mig og spurt mig um þetta mál, þá tók ég þann kostinn frekar en að málið væri óafgreitt að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. En fyrir því er aðeins ein ástæða.

Það vill svo til að þó að ég beri ekki mikið traust til þessarar ríkisstjórnar, þá ber ég enn þá nokkuð traust til hæstv. dómsmrh. Hann hefur komið að máli við mig, nú harma ég mjög að hann skuli ekki vera hér, og fullvissaði mig um að hann skyldi láta það verða fyrst verka að fela sifjalaganefnd að útbúa frv. til laga um embætti umboðsmanns barna. Í trausti þess að hann hyggist gera það af alvöru hef ég fallist á að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég verð hins vegar að segja að texti þess nál. sem hér liggur fyrir á þskj. 913, sem ég ætla að leyfa mér að lesa kafla úr, með leyfi hæstv. forseta, er raunar ekki alveg í samræmi við það sem um var talað. En það hljóðar, svo þegar talið hefur verið upp hverjir sendu nefndinni umsagnir, og ég tek það fram að þetta eru umsagnir sem bárust á þessu þingi, fyrir lágu tugir umsagna frá fyrri þingum:

„Frv. fjallar um málefni sem er athyglisvert og kanna þarf nánar. Í því sambandi má nefna að könnuð verða tengsl málsins við frv. til laga um vernd barna og ungmenna, 422. mál, sem nú er til umfjöllunar í félmn. Þarf m.a. að athuga hvort verkefni þau, sem frumvörpin mæla fyrir um, skarist. Enn fremur þarf að athuga frv. þetta vandlega með hliðsjón af lögum um umboðsmann Alþingis, hvort fyrirhugað hlutverk umboðsmanns barna muni rekast á við hlutverk hins fyrrnefnda. Fleira mætti nefna og er það skoðun meiri hluta nefndarinnar að vel færi á því að sifjalaganefnd tæki mál þetta til rækilegrar skoðunar."

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að þetta mál hefur þegar farið til umboðsmanns Alþingis, sem kannaði hvort þetta embætti skaraðist við embætti hans, og niðurstaða Gauks Jörundssonar varð sú að það gerði það ekki. Auk þess mælti umboðsmaður Alþingis sérstaklega með samþykkt þessa máls vegna þess að hann taldi að hér væri um svo sérhæfðan hóp að ræða að það væri fengur að því að fá þetta embætti. Fyrir hann var líka lögð sú spurning hvort sameina mætti þessi tvö embætti þannig að umboðsmaður barna yrði hluti af embætti umboðsmanns Alþingis. Hann taldi svo ekki vera og taldi skynsamlegra að hafa þetta embætti algerlega óháð. Og ég hlýt að spyrja hv. varaformann nefndarinnar: Var þetta gagn ekki skoðað? Hefur hv. varaformaður ekki séð þetta? Varla á að fara að spyrja hinn sama umboðsmann Alþingis að þessu aftur. Það er með ólíkindum hvað þingmönnum er boðið upp á.

Síðan er talað um að það þurfi að kanna hvort þetta frv. skarist við frv. um vernd barna og ungmenna. Það er fyrir löngu ljóst að það gerir það ekki. Umboðsmaður barna á ekki að fást við neins konar einkamál né barnaverndarmál né annað slíkt. Hans embætti er að fylgjast með stjórnvaldsaðgerðum, að þegar Alþingi samþykkir lög, þegar sveitarstjórnir gera sínar samþykktir stangist þær ekki á við ýtrustu hagsmuni barna sem, þegar öllu er á botninn hvolft, eru fjórðungur þjóðarinnar. Það hefur aldrei staðið til að umboðsmaður barna færi inn á svið barnaverndarnefnda, barnaverndarráðs, félagsmálastofnana né annarra slíkra. Myndu slík erindi berast honum væri það hlutverk hans að vísa þeim málum til réttra aðila. Það var því ekki verið að biðja um einhvern her af starfsfólki.

Ég vænti þess að hv. formaður nefndarinnar hafi líka séð að fyrir tveimur árum var Fjárhags- og hagsýslustofnun sent erindi og hún beðin um að áætla hve mikið embættið mundi kosta. Og þá, að vísu eru tvö ár síðan en í verðbólgulausu landi hefur það varla mikið breyst, var talið að þetta mundi kosta um 5 millj. á ári. Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð er mikil nauðsyn á að endurskoða eins og lög um vernd bara og unglinga, frv. sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. En það kemur þessu embætti í sjálfu sér ekkert við. Umboðsmaður barna þarf ekki að vera sérfræðingur í málefnum barna, hvorki sálfræðingur, félagsráðgjafi eða neitt slíkt. Hann þarf helst að vera löglærður maður eða maður með reynslu í stjórnsýslu og stjórnvaldsaðgerðum.

Þetta er í sjötta eða sjöunda sinn sem ég reyni að útskýra þetta fyrir hv. þingheimi, að þessu sinni vissulega nýjum. Hinum sem hér hafa áður verið átti ekki að vera þetta mál ókunnugt. En það kemur að því að menn gefast upp og einungis vegna þess að hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, er nú dómsmrh. skal ég fallast á þessa afgreiðslu nú vegna þess að ég ber til hans nokkurt traust sem stjórnmálamanns og sem velviljaðrar manneskju. Það kynni svo vel að vera að ef einhver annar væri í þessu embætti hlustaði ég ekki á þessa afgreiðslu. Ég get sætt mig við hana, en tek það að sjálfsögðu fram að þegar nýtt þing kemur saman mun verða gengið hart eftir að hér hafi það verið gert sem lofað er.

Frsm. meiri hluta allshn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. 14. þm. Reykv. erum

sammála um þá afgreiðslu sem hér er lögð til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Hún deildi hins vegar á röksemdafærsluna í áliti meiri hluta allshn. Ég vil taka fram að ég er frsm. nefndarinnar. Hv. 17. þm. Reykv. er varaformaður nefndarinnar og hann hét því að nefndin mundi veita þessu máli viðunandi afgreiðslu. Mér heyrist nú að við séum sammála um að þessi afgreiðsla sé viðunandi.

Nefndin dregur ekki í efa sjónarmið umboðsmanns Alþingis. Það sem nefndin er að minna á í þessu sambandi er að það sé nauðsynlegt að það sé skoðað hvort þetta kunni að rekast á og þar verður auðvitað tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem umboðsmaður Alþingis hefur sett fram.

Varðandi hitt atriðið, spurninguna um hvort frv. til laga um vernd barna og ungmenna sem hér er til umræðu kunni að valda því að hugmyndir um umboðsmann barna og barnaverndarráð skarist, þá kom það fram í nefndinni og er nauðsynlegt að að sjónarmið komi líka fram í umræðunni að t.d. í Noregi þar sem er umboðsmaður barna eru barnaverndarráð ekki með sama hætti og hér og þess vegna er þetta sjónarmið sett fram, sú spurning hvort það sé ástæða til þess að vera bæði með umboðsmann barna og einnig barnaverndarráð og þá stjórnarfarslegu starfshætti sem verið er að tala um í hinu nýja frv. Það er þetta sem við viljum að sé skoðað og viljum að sifjalaganefnd líti á og menn athugi þetta þannig að það sé sem best samræmi í allri þessari nýju löggjöf varðandi börn og vernd þeirra.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó að þetta frv. sé vissulega sniðið, eins og ég hef ævinlega sagt frá, að norsku lögunum kemur það málinu í raun og veru ekkert við vegna þess að í Noregi eru ekki það sem við köllum barnaverndarnefndir heldur eru félagsmálaráð hvers fylkis stofnanir út af fyrir sig, en umboðsmaður barna þar í landi vinnur ekkert á þeirra vegum. Það embætti er algerlega sjálfstæð stofnun.

Ég vil aðeins segja þetta: Hefði verið einhver vilji til að afgreiða þetta mál á þessu þingi hefði þessi athugun og könnun auðvitað farið fram þegar málið kom til nefndarinnar en ekki verið dregið þangað til í lok mars. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að ég féllst á þessa afgreiðslu, en ég hlaut að skýra frá því sem mér sýnist um þessa afgreiðslu. En ég stend við það að ég mæli þá með að málið fái þessa afgreiðslu í trausti þess að dómsmrh. gangi í að skila þá frv. um embætti umboðsmanns barna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef ekki blandað mér mikið í umræður um þetta mál á þessum vetri. Ég hef fyrir allnokkru gert það upp við mig að ég vildi vera í hópi þeirra þingmanna sem styddi það að hér yrði stofnað embætti umboðsmanns barna. Ég sannfærðist um það strax í fyrsta skipti þegar ég las þetta mál yfir og kynnti mér gögn í tengslum við það að það væri til bóta, það væri þörf réttarbót í okkar landi fyrir þá sem hvað erfiðasta aðstöðuna hafa til að bera hönd fyrir höfuð sér, þ.e. börnin, að fá þetta embætti. Og ég get þess vegna ekki neita því að mér finnst það heldur dapurlegt að það þing sem nú situr skyldi þó ekki geta a.m.k. komið þessu þarfa máli fram. Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, þó það sé kannski ekki á sínum stað að ræða það undir þessum dagskrárlið, að mér hefði ekki þótt af veita þó þetta annars að mörgu leyti dapurlega þing sem nú lýkur senn störfum hefði náð að bæta a.m.k. þessu jákvæða máli við afrekaskrá sína í vetur. Það hefði ekkert veitt af, herra forseti, eins og ýmislegt hefur þróast hér í vetur og gengið fyrir okkur alþingismönnum við löggjafarstörfin á þessum vetri.

Ég held að embætti umboðsmanns barna á Íslandi sé sérstaklega þarft eða mikilvægt vegna þess að við vitum það, Íslendingar, að það er mörgu ábótavant í stjórnkerfi okkar hvað þennan málaflokk snertir. Ég held að allir hugsandi menn hljóti að viðurkenna að stjórnkerfi okkar og meðferð mála á þessu sviði er á ýmsan hátt ábótavant. Það ber að vísu að viðurkenna að hér hafa legið fyrir þinginu frumvörp, fleiri en eitt, sem taka á réttarstöðu barna og maður batt vissar vonir við það hér um miðbik vetrarins að kannski mundi þetta Alþingi brjóta í blað í sögu þessara mála með því að afgreiða þessi mál öll, sem hér hafa verið til umfjöllunar, og þá að sjálfsögðu embætti umboðsmanns barna einnig. Það hefði ég talið virkilega verðugt ef svo hefði tekist til.

Ég tel einnig að reynslan af embætti umboðsmanns Alþingis eigi að vera okkur ákveðin leiðarstjarna í þessu sambandi. Ég er alveg sannfærður um að embætti umboðsmanns Alþingis hefur þegar skilað ýmsum úrbótum í réttarkerfi og stjórnsýslu Íslendinga. Ég t.d. sem ráðherra get borið um að í mörgum tilvikum höfðu ráðuneytin ákaflega gott af því að fá það aðhald og fá þá úttekt á sínum störfum sem embætti umboðsmanns Alþingis hefur þegar orðið. Ég vil ekki vera að nefna einstaka málaflokka eða einstök nöfn í því sambandi, en þó fara menn sennilega nærri um það hvað ég er að hugsa eða út frá hvaða reynslu ég tala, en ég nefni t.d. álit umboðsmanns Alþingis þar sem tekið var á jafneinföldum hlutum og reglum sem ráðuneytin hafa í sambandi við að svara erindum. Það reyndist mjög þörf lexía fyrir ég held öll eða velflest íslensku ráðuneytin sem embætti umboðsmanns Alþingis hafði þeim að kenna í sambandi við jafneinfalda praktíska hluti og þá að hafa röð á innkomu erinda og reglu á því með hvaða hætti þeim væri svarað. Það var t.d. stórkostlegur misbrestur og er kannski enn, því miður, á því að ráðuneytin tilkynntu um móttöku erinda, létu vita af því að þeim höfðu borist erindi sem þeim væru send þannig að sendandinn vissi að erindið hafði komist á áfangastað og væri þar til umfjöllunar og síðan enn meiri misbrestur á því að ráðuneytin með reglubundnum og skipulögðum hætti svöruðu öllum erindum sem til þeirra koma. Ég tek af handahófi eitt atriði meinlaust og einfalt sem engan á að særa þó að á þetta sé bent.

Ég er alveg sannfærður um að íslenska stjórnsýslan og réttarkerfið hvað varðar málefni barna hefði

mjög gott af sambærilegu aðhaldi. Ég trúi því að það sé hægt að segja á fót embætti umboðsmanns barna án þess að það þurfi að verða eitthvert geysilegt bákn eða mikil stofnun. Ég tel satt best að segja, svo að ég vitni aftur til umboðsmanns Alþingis, að þar séu unnin ótrúlega afkastamikil störf af fáu fólki og satt best að segja lygilegur sá fjöldi erinda sem umboðsmaður Alþingis kemst yfir að svara og ljúka miðað við þann mannafla sem þar starfar. Við erum að vísu heppin og vitum það og trúum því að við höfum verið lánsöm með mönnun á því embætti og það er vel og ég er alveg sannfærður um að sama gæti orðið uppi á teningunum varðandi umboðsmann barna ef vel tækist til.

Ég vil láta þessi sjónarmið koma hér fram, herra forseti, við þessa afgreiðslu á málinu ef afgreiðslu skyldi kalla. Ég skal að vísu taka undir það með hv. flytjanda og 14. þm. Reykv. að maður gerir það þá í trausti þess, að láta sér þessa afgreiðslu lynda, að það sé í alvöru verið með jákvæðum hætti að vísa þessu máli til frekari vinnslu á vegum stjórnvalda. Og ég treysti því að það verði unnið að því að koma málinu í endanlegan búning til afgreiðslu þess á næsta þingi.

Nú er reyndar hv. 1. flm. frv. genginn úr salnum, en ég vona að ég megi taka það fyrir afstöðu hv. þm. að þetta mál verði þá ósköp einfaldlega endurflutt á þingi ef ekki verður komin upp í því sú staða að nýtt frv. verði lagt fyrir af hálfu ríkisstjórnar strax á næsta þingi. Ég vil leggja þann skilning í afgreiðsluna og þau jákvæðu orð sem uppi eru höfð í nál. að menn séu að þessu í trausti þess að dómsmrn. eða eftir atvikum sifjalaganefnd eða hverjum þeim aðila öðrum sem falið yrði að vinna að málinu verði falið að gera meira en bara skoða þetta, verði beinlínis falið að fara yfir frv. með það í huga að leggja það fyrir Alþingi á nýjan leik og þá til afgreiðslu vonandi.

Í trausti þessa alls ætla ég ekki að hafa um þessa afgreiðslu fleiri orð né málið í heild sinni, en ítreka það að ég vona að það líði þá ekki mörg þing í viðbót áður en þetta þarfa framfaramál á sviði íslenskrar stjórnsýslu og réttarfars verði lögfest.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fá að gera grein fyrir því í örstuttu máli hvers vegna ég skrifaði ekki undir nál. meiri hluta allshn., en það er vegna þess að ég hef í langan tíma gagnrýnt töluvert vinnubrögð í nefndum hér á þingi, þótt þau vera misjöfn að gæðum og stundum ekki nógu góð. Þannig er farið með þetta tiltekna mál.

Í þessu máli var ekkert unnið. Það fór engin efnisleg umræða fram um þetta frv. þannig að málið er sent út úr nefndinni og til ríkisstjórnarinnar án þess að það hafi verið tekið til efnislegrar umfjöllunar. Það sem var gert, eins og hefur væntanlega verið gert undanfarin ár, var það að málið var sent til umsagnar og látið þar við sitja.

Við slík vinnubrögð vil ég einfaldlega ekki sætta mig. Það felur ekki í sér neina afstöðu til málsins sem slíks, það er afstaða til vinnubragða í nefndinni og þeim er ég algerlega mótfallinn. Þess vegna skrifa ég ekki undir þetta nál. og afgreiðslu nefndarinnar. Þetta gerði ég formanni nefndarinnar strax kunnugt þegar formaðurinn viðraði að það mundi vera meiningin að afgreiða þetta mál með þessum hætti og ég gerði henni þá þegar grein fyrir því að ég mundi ekki sætta mig við slík vinnubrögð. Þar af leiðandi skrifa ég ekki undir nál. og mun því ekki taka afstöðu til málsins sem slíks.

Það er hins vegar ánægjuefni að heyra það hjá hv. 1. flm. að dómsmrh. hyggst láta semja frv. um þetta mál og ég hlakka til að fá það hér á næsta þingi til umfjöllunar í hv. allshn. Það má segja að það sé orðin kannski trygg umfjöllun um málið þegar það er orðið að stjfrv. þannig að við skulum vona að það gangi eftir að frv. komi fram með þeim hætti og má þá segja að þessi langa barátta hv. 1. flm. sé að skila árangri þó að seint sé.

Ég á hins vegar erfitt með að skilja þennan mikla þunga í málinu í ljósi fortíðarinnar, í ljósi þess að þetta mál var flutt á næstsíðasta þingi af hv. 1. flm. Þá var meðflm. hv. þm. Jón Kristjánsson. Þá voru þeir tveir flokkar sem þessir hv. þm. sitja á þingi fyrir í ríkisstjórn og þá var hv. meðflm. Jón Kristjánsson formaður allshn. Það var því alveg í hendi þess stjórnarmeirihluta að koma málinu í gegn. Það hefur aldrei fengist viðhlítandi skýring á því hvers vegna málið var ekki afgreitt þá. En nú er ráðist með slíkum hamagangi á málið að það er nánast með ólíkindum í ljósi þessa, fyrst og fremst í ljósi þessa. Ég lýsti því hins vegar margoft við fulltrúa Alþb. í allshn. að ég væri tilbúinn að leggja vinnu í þetta mál, en sú vinna fór bara aldrei fram.

Hv. 1. flm. kom inn á að það væri meiri hluti fyrir málinu og sagði einnig að það væri með ólíkindum hvað þingmönnum er boðið upp á, orðrétt sagði hún þetta. Þetta vil ég taka alfarið undir. Þá vil ég fá að minnast á mál sem ég á og er statt í hv. menntmn. Það er 50. mál þingsins. Ég leyfi mér að segja það og ég leyfi mér að fullyrða að það er meiri hluti fyrir því máli hér í þinginu vegna þess að á því frv., sem er frv. til laga um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn, eru 24 hv. þm. Það eru 24 flm. að því frv. og ég leyfi mér að draga þá ályktun að það sé hugsanlegur meiri hluti fyrir því máli. Það er meira en það. Stjórnarliðið á 18 af þessum 24 flm. 60% af almennum þingmönnum þingflokks Sjálfstfl. eru meðflm. Það eru fimm hv. þm. Alþfl. sem samsvarar öllum þingflokknum, almennum þingmönnum, öllum. (**Gripið fram í:** Hvað meinarðu með almennum þingmönnum?) Sem eru ekki ráðherrar. (Gripið fram í.) Þingflokksformaðurinn er flm. Er nema von að menn spyrji hvað sé að gerast og hvað er verið að bjóða þingmönnum upp á? Það er greinilegur vilji Alþingis fyrir þessu máli en það fæst ekki út úr nefndinni, það fæst ekki út. Reglulegum fundum nefndarinnar er lokið. Ég veit ekki hvort það verður aukafundur og mögguleiki að ná málinu út og þá verður það með þeirri afgreiðslu að það fari til ríkisstjórnarinnar.

Ég tek fyllilega undir þessa gagnrýni hv. þm. og ég skil ekki hvað liggur að baki þegar greinilegur meiri

hluti er fyrir einhverju máli af hverju það kemur ekki út úr nefnd. Og maður hlýtur að spyrja: Hvað veldur? Það hlýtur að vera réttmæt spurning og maður hlýtur að eiga kröfu á því að fá svar við henni: Hvað veldur því að slík mál koma ekki út úr nefnd? Þannig að ég vil taka fyllilega undir þessa gagnrýni hv. þm.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef mjög verið spurð: Hvers vegna var þetta frv. til laga um umboðsmann barna ekki samþykkt meðan við vorum í ríkisstjórn? Ég held að hv. 5. þm. Reykv. hafi svarað þessari spurningu. Þrátt fyrir 18 þingmenn úr þingliði Sjálfstfl. sem flytja með honum mál næst ekki málið út úr nefnd. (**IBA:** Stjórnarliðsins.) Stjórnarliðsins, já, ég bið afsökunar, það er líka Alþfl. Ég held að ég geti alveg svarað þingmanninum. Ég held að stjórnarliðið langi hvorki til að afgreiða mál frá honum né mér.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi óska eftir því að hv. þm. Geir Haarde geti verið viðstaddur ræðu mína, a.m.k. að hluta. Hann var í salnum fyrir tveimur mínútum.

Það kom fram hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni að hann undraðist að frv. sem hann hefur flutt og hefur að öllum líkindum, ég er honum sammála um það, stuðning meiri hlutans í þinginu næst ekki út úr nefnd. Og ég spyr formann þingflokks Sjálfstfl. og formann þingflokks Alþfl.: Hefur verið tekin ákvörðun um það í stjórnarflokkunum, þingflokkum stjórnarflokkanna að afgreiða ekki þingmannafrv. og tillögur af því tagi sem hér er verið að fjalla um eða er það þannig að það séu fulltrúar stjórnarflokkanna í einstökum nefndum sem eru að taka þessar ákvarðanir einir og sér? Ég spyr vegna þess að eins og ég vék að fyrr hér í dag hefur smátt og smátt á síðustu 20 árum verið sem betur fer að þróast sú venja og þeir siðir hér í þinginu að þrátt fyrir ágreining milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga hafa verið afgreidd í sívaxandi mæli frumvörp og þáltill. frá þingmönnum sem þorri, ég legg áherslu á það, þorri þingmanna er sammála um að séu góð mál. Þetta hefur oft verið gert þannig að milli flokkanna hafa farið fram ákveðnar óformlegar viðræður um það þegar fer að líða að lokum þingsins hvaða mál þetta eru. Ég hef ekki orðið var við slíkar viðræður núna. Mér er ekki kunnugt um að þær hafi farið fram. Ég veit að við í Alþb. höfum sett fram og formaður okkar þingflokks gert grein fyrir því hvaða mál það eru sem við gjarnan vildum að yrðu afgreidd, en mér sýnist að enn sem komið er hafi ekki farið fram neinar viðræður milli flokkanna með þessum hefðbundna hætti. Ég vona satt að segja að það hafi ekki verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnarflokkanna að fara að taka upp nýjar venjur og vil þess vegna spyrja þessa tvo ágætu þingmenn, formenn þingflokka stjórnarliðsins, hvort hér hafi verið tekin ákvörðun um ný vinnubrögð eða hver sé þeirra skýring á því að þetta er með þessum hætti. Ég gæti nefnt fleiri mál sem dæmi, en ég ætla ekki að gera það hér.

Vegna þess frv. sem hér er til umræðu töldum við mörg að það frv. væri einmitt þess eðlis að um það ætti að geta náðst samstaða í þinginu. Það vill svo til að þetta þing er að afgreiða ýmsa veigamikla þætti varðandi málefni barna. Hér er verið að afgreiða ný lög um það efni. Hér er verið að afgreiða alþjóðlegan sáttmála um málefni barna og það mæltu öll rök með því að þetta frv., sem mikill stuðningur er við úti í þjóðfélaginu, væri í fylgd hinna málanna tveggja. Menn hafa spurt: Hvers vegna var það ekki afgreitt á fyrri árum? Ég get staðfest það, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér, að þegar menn voru að reyna að stýra farsælum lokum þinghaldsins á undanförnum árum var það yfirleitt þannig að þingmannamálin sem höfðu forgang voru þingmannamál sem fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna voru í forsvari fyrir eða þá þingmannamál sem ekki snertu forustu þingsins eða forustu stjórnarflokkanna með neinum séstökum hætti. Það þarf auðvitað ekki að útskýra það fyrir jafnþingvönu fólki og er í salnum að það að taka út úr frv. sem forseti Sþ. var 1. flm. að var nokkuð snúið, bæði fyrir stjórnarflokkana og ég tala nú ekki um fyrir forsetann. Auðvitað geta menn svo sagt: Það átti ekki að láta þær venjur hafa áhrif á sig. Gott og vel, það getur fyllilega átt rétt á sér. En þannig er nú málið einfaldlega vaxið.

Nú aftur á móti snýr þetta öðruvísi við. Ég vil segja við hæstv. dómsmrh. að mér er fullkunnugt um að hv. Þm. Guðrún Helgadóttir lagði mikla áherslu á að þetta frv. yrði afgreitt. Hún hafði treyst því að hér í þinginu yrði reynt að ná samkomulagi undir lokin um það hvaða mál önnur en stjfrv. væru afgreidd. Það hafði verið gert samkomulag í þingflokki Alþb. um að þetta frv. væri efst af þeim sem við vildum leggja áherslu á að væru afgreidd af frv. sem þingmenn hafa flutt. Og þetta mál er hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur mjög kært. Hún hefur lagt mikla vinnu í þetta mál á undanförnum árum og hefur haft metnað fyrir hönd þess málstaðar sem í frv. er um að það fengi farsæla siglingu í höfn á þessu þingi.

Það hefur komið fram hjá henni, bæði í umræðum í okkar flokki og eins í þingsalnum — hæstv. dómsmrh. var að vísu hér fjarstaddur, að vegna þess að hún ber sérstakt traust til hæstv. dómsmrh. af kynnum þeirra á undanförnum árum hefur hún fallist á að hún eigi aðild að þeirri till. sem hér verða greidd atkvæði um og ég veit að það er ekki létt ákvörðun fyrir hana. Það er þess vegna nokkuð mikils virði, bæði fyrir okkur í Alþb. og fyrir flm., að hæstv. dómsmrh. taki með ákveðnum hætti þátt í umræðum og lýsi sinni afstöðu til málsins vegna þess að við erum að standa að þessari afgreiðslu í trausti þess að af fullri alvöru og myndugleik verði unnið að málinu í sumar. Þegar komið verði til nýs þings verði málið flutt í þeim búningi sem menn geta sætt sig við. Ég vona að sá andi samkomulags sem einkennir þessa afgreiðslu muni einnig setja svip sinn á þá vinnu sem fram fer í málinu í sumar. Mér þætti vænt um ef hæstv. dómsmrh. vildi þannig taka þátt í umræðum, en ítreka að öðru leyti spurningu mína til formanna þingflokka stjórnarliðsins hvort það

hafi verið tekin stefnumótandi ákvörðun um að skilja eftir nánast alfarið málefni einstakra þingmanna innilokuð í nefndum þingsins þótt ljóst sé að yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna sé reiðubúinn að greiða ýmsum af þeim málum atkvæði sitt.

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint þeirri spurningu hvort stjórnarflokkarnir hafi tekið þá ákvörðun að koma í veg fyrir að þingmannafrv. hljóti afgreiðslu hér á þinginu. Svarið við því er nei. Það hefur engin slík ákvörðun verið tekin.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að slík ákvörðun hefur ekki verið tekin. Það er mjög dýrmætt að það kemur fram að slíkt hefur ekki verið gert.

Í framhaldi af því vil ég lýsa þeirri skoðun minni að þá er mjög óeðlilegt að fáeinir, kannski þrír, fjórir eða fimm, þingmenn sem mynda meiri hluta í einstakri þingnefnd séu að koma í veg fyrir að mál eins og t.d. það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson nefndi áðan og hefur yfirgnæfandi stuðning í þinginu, tel ég víst og öruggt, séu ekki afgreidd úr nefndinni. Ég tel það mjög alvarlegt ef fáeinir þingmenn, innan við 10% af þinginu, eru þannig að koma í veg fyrir að mál sem eiga meirihlutastuðning séu afgreidd til atkvæðagreiðslu í þinginu. Ég vil því beina því til forseta þingsins og annarra sem hlut eiga að máli að fyrst engin slík stefnumótandi ákvörðun hefur verið tekin verði forustu þingnefndanna gert það ljóst að þær hafi ekkert umboð til þess að koma í veg fyrir að frumvörp sem hafa yfirgnæfandi stuðning séu afgreidd sem lög frá Alþingi eða þáltill. sem slíkan stuðning hafa séu afgreiddar sem ályktanir Alþingis.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að hlýða á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson þegar hann steypir yfir sig stakki prestsins. Það er frábrugðið ræðum hans fyrr í dag. Hann er hættur að blóta eins og hann gerði í morgun, virðulegi forseti. En varðandi það sem hann hefur spurt formenn þingflokka stjórnarliðsins um er rétt að ég staðfesti það sem hv. þm. Geir Haarde sagði áðan. Það hefur engin ákvörðun verið tekið um það í stjórnarliðinu, það hafa ekki einu sinni farið neinar umræður fram um það, að útiloka sérstaklega mál þingmanna stjórnarandstöðunnar. Ég vildi vekja sérstaka eftirtekt hv. 8. þm. Reykn. á því að a.m.k. í þeim nefndum sem ég á aðild að hafa menn verið að samþykkja tillögur eða eru að vinna að því að samþykkja tillögur frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Ein slík tillaga hefur til að mynda verið samþykkt ef ég man rétt í allshn. Við höfum verið í viðræðum í iðnn. um að samþykkja eina tiltekna ágæta tillögu frá stjórnarandstöðunni og hver veit nema þær kunni að verða fleiri, ég veit það ekki.

Það vill svo til að þar sem góð mál eru frá stjórnarandstöðunni er vilji fyrir því að afgreiða þau með afar jákvæðum hætti. Ég bendi til að mynda á að það liggur góð tillaga frá varaformanni Alþb. fyrir í sjútvn. Ég hef átt lítilvægar viðræður við þann ágæta þm., hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, um þá tillögu og ég hef líka átt viðræður við formann sjútvn. einmitt um ágæti hennar, og hvort ekki væri hægt með einhverjum hætti að veita henni brautargengi hér í þinginu.

Ég vona að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson verði nú kyrrari og friðsælli og stilltari eftir þessu jákvæðu svör sem hann fær við sinni ræðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að veita þessar upplýsingar. Ég vil hins vegar taka fram að ég treysti alveg orðum hv. þm. Geir Haarde. Ég taldi enga ástæðu til að vefengja að hann talaði fyrir hönd beggja stjórnarflokkanna þegar hann lýsti því yfir að engin stefnumótandi ákvörðun hefði verið tekin af hálfu stjórnarflokkanna. Ég þakka fyrir að það komi fram með þessum hætti.

Mér fannst hins vegar athyglisvert að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sá ástæðu til að benda á að í þeim nefndum þar sem Alþfl. sæti í forsæti hefðu ýmis mál frá stjórnarandstöðunni verið afgreidd, m.a. í þeirri nefnd þar sem hann er í forsæti, iðnn. Þetta er rétt. Ég get einnig staðfest það þegar ég fer að hugsa málið að í hv. umhvn., þar sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er formaður, hafa líka verið afgreiddar þáltill. frá stjórnarandstöðunni. (**GHH:** En allshn.?) Ég hef nú ekki farið nákvæmlega yfir þetta, hv. þm. (**GHH:** Hann vitnaði til þess.) Til allshn.? Það má vel vera. Ég skal ekki segja nákvæmlega til um það. Ég tek nú eftir því að hv. þm. Björn Bjarnason er loksins farinn að hlæja hér í þingsalnum. Það er alltaf skemmtilegt þegar hann fer að hlæja, maður tekur eftir því hvenær það er. En hins vegar væri gagnlegt að gera smáathugun því hvort þetta er misjafnt eftir nefndum, hvort þetta fer kannski eftir persónuleika og lyndi formanna nefndanna en ekki eftir flokkum. Ef þetta er þannig að það eru einhverjar geðþóttaákvarðanir einstakra formanna í nefndunum sem ráða því hvernig afgreiðslu mál fá er það út af fyrir sig mjög slæmt. Þess vegna beini ég nú því til forsvarsmanna þingsins og þingflokkanna að það verði skoðað hvort þetta er mismunandi eftir nefndum því að það er alveg ljóst, eins og hv þm. Ingi Björn Albertsson sagði hér áðan, að það er sérstaklega verið með níðast m.a. á tillögum sem hann hefur flutt.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hætti aldrei að verða hissa á þeim þingmanni sem hér talaði, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Það vill nefnilega svo til, þó að hv. þm. virðist ekki skilja það, að þá hafa nefndirnar forræði yfir sínar eigin málum. Það er ekki um neina fjarstýringu að ræða þar. Það kann vel að vera að það hafi verið svo meðan hann var í meiri hluta í þinginu. Það er bara ekki svo, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Menn reyna að starfa eftir öðrum aðferðum og öðrum viðhorfum en bersýnilega hafa ráðið hér ríkjum þegar þessi hv. þm. hafði meiri völd í salnum en nú.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram að það er dá-

lítið gaman að því að heyra hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson vera að tala fjálglega um þingstörfin og það kemur fram í ræðu hans að hann veit ekkert hvað er að gerast í þessu þingi. Hann er alltaf svo upptekinn við málæði og málæfingar að hann má ekkert vera að því að kynna sér hvað er að gerast í nefndunum. Út um allar nefndir er hins vegar verið að samþykkja tillögur, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, frá stjórnarandstöðunni eins og vera ber því að þar er fullt af góðum tillögum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast sérstaklega við hv. þm. Össur Skarphéðinsson út af þessu máli. Tilefni þessarar umræðu var að hv. þm. Ingi Björn Albertsson vakti athygli á að hann hefði flutt tillögu sem yfir 20 þingmenn eru flm. að og sem hv. þm. flutti með honum og lýsti þeirri skoðun sinni, sem ég held að sé rétt, að það sé yfirgnæfandi meiri hluti fyrir afgreiðslu þessa máls hér í þinginu. Ég fór þá að spyrja um það hvernig á því stæði að málið er ekki afgreitt út úr nefndinni. Og ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur fullvissað mig um að málið verði afgreitt út úr nefndinni er það gott og vel. Ef hann er hins vegar að segja að það sé sjálfsagt að einhverjir fjórir til fimm þingmenn í nefnd geti komið í veg fyrir að meiri hluti þingsins fái að samþykkja hér mál sem meiri hlutinn vill samþykkja eru það fullkomlega óeðlileg vinnubrögð. (**ÖS:** Ég hef ekki sagt það.) Nei, gott og vel. Þá hefur hv. þm. ekki sagt það. Þá liggur beint fyrir að afgreiða út úr nefndinni það mál sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson er 1. flm. að. Þá þurfum við ekkert að deila neitt meira um þetta, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (Gripið fram í.) Mjög gott. Þessi umræða hefur þá verið gagnleg ef það leiðir til þess að þetta ágæta frv., sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson er 1. flm. að, verður hér afgreitt, mjög gott. En það hefur greinilega þurft eitthvað til. Ég mun fylgjast mjög náið með því næstu daga hvort þetta frv. verður afgreitt. Og ég fullvissað hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að það skortir ekkert á að ég fylgist vel með þingstörfum. Ég hugsa meira að segja að honum finnist ég fylgjast of vel með.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hlýleg og vinsamleg orð sem hafa fallið í minn garð. Mér sýnist þau bera vott um snoturt hjartalag, engu minna en fram kom í kunnum bréfaskiptum Steins Steinars og Gunnars Thoroddsens, þáv. borgarstjóra í Reykjavík, á þeim tíma og liggja fyrir í prentuðum heimildum.

Ég skal taka það fram að gefnu tilefni að ég lýsti því við fulltrúa hv. allshn. og enn fremur við hv. flm., 14. þm. Reykv., að ég væri reiðubúinn að beita mér fyrir því að sifjalaganefnd mundi undanbragðalaust taka þetta mál til athugunar í sumar og þau álitaefni sem hv. nefnd telur nauðsynlegt að könnuð verði frekar áður en aðrar ákvarðanir verða teknar og við það mun ég að sjálfsögðu standa.

Það er kórrétt, sem hv. 8. þm. Reykn. sagði hér, að mínu mati að hv. 14. þm. Reykv. hefur borið þetta mál mjög fyrir brjósti og það er hv. þm. vafalaust kært eins og hv 8. þm. Reykn. tók fram. Ég þykist líka vita að hv. 8. þm. Reykn. hefur á sinni tíð sem fjmrh. skoðað þetta mál ítarlega og gefið því allan gaum svo sem vert er út frá fjárhagslegri hlið málsins og við hljótum að meta hans miklu störf að málinu í þau skipti sem hv. flm. hefur áður borið það fram hér í þinginu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var nokkuð undrandi á síðustu setningunum í ræðu hæstv. dómsmrh. Ég hélt að hann gerði sér grein fyrir því að við erum að reyna að þoka þessu máli áfram og sýnum ákveðna tiltrú í garð hans sem ráðherra þegar við tökum þátt í því að afgreiða það með þeim hætti og hv. flm. Guðrún Helgadóttir lýsti því yfir fyrr í dag að hún hefði ekki haft þá afstöðu ef embætti dómsmrh. væri skipað einhverjum öðrum án þess að hún væri að tilgreina það nokkuð sérstaklega. Hæstv. ráðherra veit auðvitað af því að hann hefur verið fjmrh. að fjmrh. fer ekki að skoða kostnaðarþætti einstakra frv. nema annaðhvort komi um það beiðni frá viðkomandi ráðuneytum, sem gerðist ekki frá dómsmrn. meðan ég var fjmrh., eða frá viðkomandi þingnefndum. Það tíðkast ekki að fjmrh. hafi frumkvæði að því eða fjrmn. að skoða slíka hluti. Það veit hv. þm. Þess vegna fannst mér þessar lokasetningar um mig ekki alveg passa í þann anda sem hér var. En ætli maður reyni ekki að gleyma þeim.

Frsm. meiri hluta allshn. (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum er samkomulag um þetta mál milli meiri hluta allshn. og hv. flm., 14. þm. Reykv. Þess vegna finnst mér harla undarlegar þær umræður sem hér hafa farið fram um vinnubrögð í nefndum í tilefni af þessu máli og þau sjónarmið sem fram hafa komið um það að nefndir vinni ekki sem skyldi og sinni ekki þeim verkum sem þeim eru falin sem skyldi. Í þessu máli hefur verið leitað eftir samkomulagi við flm. Það hefur tekist og síðan hafa mál komist í þann farveg sem við sjáum hér og fyrir okkur liggur og mér finnst allsendis ómaklegt að nota þessar umræður til að ávíta menn fyrir vinnubrögð í nefndum. Þvert á móti tel ég að hv. allshn. hafi staðið vel að þessu máli og afgreitt það með viðunandi hætti eins og fyrirheit voru gefin um fyrr í vetur á Alþingi.

Varðandi það sem síðan hefur komið fram um afgreiðslu annarra mála í öðrum nefndum áskil ég mér rétt sem einn af nefndarmönnum í menntmn. til þess að fjalla þar um mál með þeim hætti sem ég tel skynsamlegast og ég skil ekki þann málflutning hv. 8. þm. Reykn. að við afgreiðslu mála þar þurfi ég að hlíta einhverjum fyrirmælum frá yfirstjórn þingflokks Sjálfstfl. Þar tökum við afstöðu til mála á þeim forsendum sem liggja fyrir, á efnislegum forsendum, og þannig höfum við fjallað um það umrædda mál sem hér hefur verið til umræðu að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Reykv. og þannig mun ég standa að afgreiðslu málsins að það

verði efnisleg afstaða tekin til þess hvort sem tími gefst til þess á þessu þingi eða síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 876, brtt. 927.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég átti satt að segja von á að einhver yfirlýsing kæmi frá hv. nefnd og ég vil spyrja hvort það var það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. ætlaði að gera. (**VS:** Ég ætlaði að ræða efnislega um málið.) Já, þá ætla ég að fá að ræða um þingsköp.

Fyrr á þessum fundi óskaði ég eftir því að úr því yrði skorið hvort bankakerfið í landinu hefði gengist inn á það að taka að sér þær skyldur, sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur hingað til haft, að tryggja framfærslu námsmanna meðan á námi stendur á hverri önn. Eftir miklar þingskapaumræður í dag varð niðurstaða sú að hv. menntmn. var kölluð saman og að ég hélt til að ræða við forstöðumenn banka í landinu til þess að þinginu bærist einhver yfirlýsing um það hvernig þessu yrði komið fyrir, einkum eftir að formaður bankaráðs Búnaðarbankans, hv. 5. þm. Suðurl., lýsti því yfir að Búnaðarbankinn hefði engar viðræður átt við nokkurn aðila um þessi mál. (Gripið fram í.) Eða lánasjóðurinn öllu heldur við bankann.

Á þeim fundi sem haldinn var í hv. menntmn. óskaði formaður Stúdentaráðs eftir að fá að sitja fundinn. Er það ekki rétt hjá mér? Því var hafnað. Hann óskaði eftir að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúi á meðan rætt væri þetta mjög svo mikilvæga atriði málsins. Því var að sjálfsögðu hafnað. Það sem kemur síðan frá þessum fundi, sem einungis framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna, Lárus Jónsson, sat fyrir utan hv. nefndarmenn, er plagg frá Landsbanka Íslands sem er skrifað 4. maí 1992. Og ég hlýt að fá leyfi, hæstv. forseti, til að lesa þetta örstutta bréf sem er það eina sem hv. þingheimur hefur í höndunum um þetta mál.

„Reykjavík, 4. maí 1992.

Í framhaldi af fundi okkar þann 14. apríl sl.," — það er stílað til framkvæmdastjórans, Lárusar Jónssonar, — „sendi ég þér nánari upplýsingar um viðbrögð okkar varðandi fyrirhugaðar breytingar á málefnum LÍN. Eins og kom fram á fundi okkar mun bankinn bregðast á jákvæðan hátt við þessari málaleitan. Eins og ykkur er kunnugt er stór hluti námsmanna sem nýtur fyrirgreiðslu LÍN félagar í Námunni, námsmannaþjónustu bankans. Við munum aðlaga þá þjónustu fyrir þennan hóp samhliða þessum breytingum.

Við viljum gjarnan að sameiginleg fréttatilkynning um þetta verði gerð þegar nýju lögin hafa verið samþykkt.

Til að undirbúa viðbrögð bankans vegna þessara breytinga hefur verið skipaður sérstakur vinnuhópur. Í honum eru Kristín Rafnar og Ingólfur Guðmundsson á markaðssviði, Árni Ármann Árnason, lögfræðingur í útlánastýringu, og Vigdís Sigurðardóttir, þjónustufulltrúi Austurbæ. Ég tel rétt að þessi hópur fái tækifæri á að hitta starfsmenn þína til að ræða tæknilega útfærslu á þessu máli sem fyrst. Vegna húsnæðismála tala ég við þig sérstaklega.

Með bestu kveðju. Brynjólfur Helgason."

Ég spyr hæstv. forseta: Er þetta það sem við eigum að byggja á um fyrirgreiðslu bankanna, þeir sem hugsa sér að samþykkja hið nýja frv.? Ekki orð um annað, eins og mun hafa komi fram á fundinum, en að sömu ábyrgðar verði krafist fyrir þessi lán og til annarra lána. Og Íslandsbanki er í lausu lofti. Það veit enginn neitt um hann. Það liggur fyrir að Búnaðarbankinn er ekki farinn að ræða málið. Og eftir frásögn fulltrúa okkar flokks í nefndinni sé ég ekki annað en það sé verið að koma á tvöföldu kerfi í landinu. Það standi til að samtengja tölvukerfi lánasjóðsins og bankanna. Ég hélt nú að það tæki dálítinn tíma og kostaði heilmikið og stórkostlega þyrfti að auka mannafla. Og ég spyr hæstv. forseta: Er svo ætlast til að við sem skiljum þetta mál og alvöru þess fyrir fólkið í landinu komum svo hér og segjum: Það er búið að semja fyrir okkur. Við ætlum að hætta að tala um þetta eftir tvo tíma. Ekki ég, hæstv. forseti. Ég áskil mér allan rétt að reyna að koma því inn í höfuðið á hv. þm. að þetta getur ekki gengið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir það mjög miður þegar þingskapaumræða truflar málin á hv. Alþingi og ekki síst þegar sá málflutningur sem fer fram undir liðnum „gæsla þingskapa" varðar beinlínis það mál sem er verið að taka á dagskrá og á að fara að ræða. Það þykir forseta miður og hefur farið fram á það fyrr í dag að hv. þm. reyni að halda sig við gæslu þingskapa þegar þeir biðja um orðið undir þeim lið samkvæmt þingsköpum. En forseti getur ekki neitað þingmönnum um að tala um þingsköp ef þeir hafa eitthvað við það að athuga hvernig forseti stjórnar hér fundi.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hv. 14. þm. Reykv. var að gagnrýna ákveðinn hlut. Hv. þm. hafði farið fram á að við þær óljósu upplýsingar sem hér liggja fyrir kæmu aðilar frá bönkunum á fund menntmn. ef ég hef rétt heyrt. Heyrði forseti ekki þessa gagnrýni? Mér finnst það ekkert óeðlilegt við þær óljósu upplýsingar og orð hæstv. menntmrh. hér í dag að fulltrúar bankakerfisins kæmu. Hér hefur verið lesið upp mjög óljóst bréf frá Landsbanka Íslands sem greinilega veit ekkert um hvað málið fjallar. Ég vil taka það fram af því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði áðan að Búnaðarbankinn hefði ekki rætt málið að Búnaðarbankinn hefur beðið frá 9. apríl eftir því að lánasjóðurinn hefði samband. Þá barst honum bréfið í hendur, 9. apríl. Menn eru þar með alls konar námsmannalínur og viðskipti

við ungt fólk í stórum stíl um allt land. Frá 9. apríl í vor hefur verið beðið eftir því að menn ræddu málið við bankann. Svo eru menn undrandi á því að menntmn. fær ekki að tala við forsvarsmenn bankanna og hæstv. forseti leyfir sér að hafa hneykslunartón í orðum sínum. Ég tek undir með hv. 14. þm. Reykv. Auðvitað verða menn að kalla bankakerfið saman. Hafa þingmenn Sjálfstfl. ekki áttað sig á því að það er verið að henda eftir hverja önn öllum þeim ágætu nemendum sem sýna bestan árangur, þá er þeim sópað út úr kerfinu og þeir verða að byrja upp á nýtt, ganga til foreldra sinna, systkina og frændgarðs og biðja um nýja uppáskrift? Hefur hæstv. menntmrh. ekki áttað sig á þessu atriði? Það er þetta sem ríkisstjórnin ætlar sér.

Auðvitað á það að vera svo að ungur maður sem hefur staðist fyrstu önn er kominn inn í kerfið og hann fær sína eðlilegu framvindu meðan honum gengur vel í náminu. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt þar sem ekkert liggur fyrir frá bankakerfinu að það gerist að forsvarsmenn bankanna fái viðræður við lánasjóðinn. Það liggur heldur ekkert fyrir um það í hinum bönkunum hvort lánasjóðurinn hefur rætt við Landsbanka Íslands eða Íslandsbanka. Það liggur ekkert fyrir um það. En það er eitt sem liggur fyrir. Búnaðarbanka Íslands hefur verið skrifað óljóst bréf 9. apríl sl. Síðan hefur ekki verið haft samband við hann. En þar hafa menn beðið eftir að fá frekari upplýsingar um hvað málið snerist.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Hvernig má það vera að samningaumleitanir við banka um aðstoð við námsmenn skuli allt í einu vera orðið að aðalmáli í umræðum um lánasjóðsfrv.? Þessar umræður kvikna vegna upplýsinga sem ég gef um að stjórn lánasjóðsins, framkvæmdastjóri lánasjóðsins hafi tekið upp viðræður við bankana námsmönnum til hagsbóta um lán meðan þeir bíða eftir láni frá lánasjóðnum. Svo verður þetta allt í einu að meginmáli í umræðunni. Hvernig í ósköpunum má þetta vera? Ég næ þessu ekki. Það er ekkert í frv. um þetta, ekki eitt einasta orð og átti ekkert að vera. En þegar skýrt er frá því að lánasjóðsstjórnin taki þetta upp hjá sér til þess að milda áhrifin fyrir námsmenn af kerfisbreytingunni, þá verður allt vitlaust hér í þinginu. Þið verðið að afsaka þó að ég eigi mjög erfitt með að skilja þetta.

Svo kemur hv. þm. Guðrún Helgadóttir og les upp bréfið frá Landsbankanum án þess að biðjast afsökunar á fyrri orðum sínum í dag þar sem hún lýsti því yfir að engar viðræður væru hafnar við bankana. Svo les hún upp bréf frá Landsbankanum sem staðfestir að viðræður voru hafnar. Henni hefði nú verið sæmra, hv. þm., um leið og hún hafði lokið lestri bréfsins að biðjast afsökunar á því sem hún sagði hér í dag. (**GHelg:** Ég mótmæli.) Er það ósatt? Hvað er ósatt? (Gripið fram í.) Nú væri fróðlegt að fá útskrift af ræðu hv. þm. í dag. Eigum við ekki að biðja um það í sameiningu að fá þá útskrift?

Hv. þm. Guðni Ágústsson kemur svo upp líka, og vel að merkja, hann er formaður bankaráðs Búnaðarbankans, og er stórhneykslaður á því að fulltrúar bankakerfisins skuli ekki hafa verið boðaðir á fund menntmn. Til hvers? Er enn verið að rengja framkvæmdastjóra lánasjóðsins um að viðræður séu hafnar og á hvaða stigi þær eru? Og ég spyr hv. formann bankaráðs Búnaðarbanka Íslands, hv. þm. Guðna Ágústsson: Átti á fundi menntmn. að semja við fulltrúa bankanna með hvaða hætti fyrirgreiðslan yrði? *Áttu þeir að koma til þess á fund nefndarinnar?* Þykir formanni bankaráðsins líklegt að einhverjir fulltrúar bankanna, ég á þá við úr bankastjórninni en ekki úr bankaráðinu, mundu fara að upplýsa menntmn. um það með hvaða hætti aðstoðin kynni að verða? Mér finnst einhvern veginn að það sé það sem til er ætlast af fulltrúum bankanna, að þeir komi á fund menntmn. til að upplýsa um eitthvað slíkt.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég er farin að velta því fyrir mér hvernig maður eigi að koma sér á framfæri á hv. Alþingi ef maður ætlar að ræða efnislega um það mál sem er á dagskrá því að ég er búin að vera fyrsti þingmaður á mælendaskrá um Lánasjóð ísl. námsmanna í allan dag og vegna þess að ég hef ekki kosið að ræða þann dagskrárlið undir liðnum þingsköp hef ég ekki komist að. Það verður kannski að fara að hafa þann hátt á að ræða þetta undir þeim lið.

Mér er skylt að greina frá því hér að það var gert samkomulag í gær og, reyndar var það ítrekað aftur í dag, um það að reyna að ljúka þessari umræðu í dag á tveimur klukkutímum, að ljúka henni á tveimur klukkutímum. Ákveðinn þingmaður var strax með fyrirvara, það er rétt að það komi líka fram. Í dag var þingskapaumræða þar sem óskað var eftir fundi í hv. menntmn. um þetta tiltekna mál. Það var ekki orðið við því að fulltrúar úr bankakerfinu kæmu á þann fund heldur var farið þess á leit að framkvæmdastjóri lánasjóðsins kæmi í stað fulltrúa frá bankakerfinu. Við urðum við því að fundurinn yrði í hálftíma og á hann kæmi framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna. Auðvitað var það ekki nákvæmlega það sem beðið var um, en við urðum þó við því. Það verður að segjast eins og er að það kom ekki margt nýtt fram í þeirri umræðu, en ég hafði hugsað mér undir dagskrárliðnum Lánasjóður ísl. námsmanna að greina frá því sem kom fram á þeim fundi. En ég hef ekki fengið tækifæri til þess enn þá. Þetta vildi ég að kæmi fram, hæstv. forseti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir mjög miður að hafa ekki getað veitt hv. 3. þm. Norðurl. e. tækifæri til að flytja sitt mál eins og forseti hafði þó boðað hér og vill fara fram á að þeirri þingskapaumræðu sem hér fer fram megi nú ljúka svo að þeir hv. þm. sem ætla að taka þátt í umræðum um lánasjóðsfrumvarpið undir þeim dagskrárlið fái tækifæri til að komast að. Þetta er fróm ósk frá forseta, hvort hv. þm. eru ekki tilbúnir til að draga til baka beiðni um að tala um gæslu þingskapa. — Það

virðist ekki vera og tekur þá til máls hv. 8. þm. Reykn. og talar um gæslu þingskapa.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég gat ekki orðið við ósk virðulegs forseta er málflutningur hæstv. menntmrh. áðan í garð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir stóð upp áðan til að koma því á framfæri að vegna þess að ekki hefur verið orðið við hennar ósk um að kalla fulltrúa banka fyrir sig mundi hún áskilja sér rétt til að tala í umræðunum. Annað var það nú ekki. Hún taldi hins vegar nauðsynlegt að rökstyðja það. Og það hefur komið fram í samtölum milli fulltrúa flokkanna síðdegis í dag að það gætu verið að einstakir þingmenn sem vegna atburða í dag teldu sig þurfa að tala.

Þá gerist það að hæstv. menntmrh. kemur upp undir þingsköpum og fer að ráðast á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir það að hún skuli ekki hafa beðist afsökunar á orðum sínum fyrr í dag og dregið þau til baka. Hvílík vinnubrögð! Hvað er hæstv. menntmrh. og stjórnarmeirihlutinn að gera og formaður menntmn.? Hv. þm. Guðrún Helgadóttir fer fram á að fulltrúar bankanna séu kallaðir fyrir til þess að hægt sé að sannreyna hvort hún hefur rétt fyrir sér eða ekki. Menntmrh. og formaður nefndarinnar, þingmaður Sjálfstfl., neita því að fulltrúar bankanna séu kallaðir fyrir í nefndinni. Síðan er sú neitun notuð til þess að ráðast á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og segja að henni sé sæmst að biðjast afsökunar þegar þessir sömu þingmenn og þessi sami ráðherra hafa neitað að hægt sé að kalla á þá sem geta sannreynt hvort hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur á réttu að standa eða ekki. Hvílík keðja af vinnubrögðum. Ráðast fyrst á þingmanninn í dag, neita því svo að verða við ósk hennar um að kalla fulltrúa bankanna fyrir. Látum nú vera ef það hefði verið staðar numið þar. Nei takk. Kemur ekki hæstv. menntmrh. upp undir þingsköp til að segja hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að hún ætti að biðjast afsökunar og draga orð sín til baka þegar henni hefur verið neitað um að fá að sannreyna hvort þau eru rétt eða ekki. Það var kannski þess vegna sem hæstv. menntmrh. stóð þannig að samkomulaginu að eingöngu mætti kalla á fulltrúa hans, Lárus Jónsson, í nefndina til þess að hæstv. menntmrh. gæti komið og ráðist á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Það eru engin heilindi í svona vinnubrögðum, engin.

Ég get upplýst að það varð niðurstaðan hjá okkur í Alþb. að við ætluðum ekki að taka þátt í víðtækum umræðum um málið þótt einstakir þingmenn okkar, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, gætu auðvitað haft sinn rétt til að tala. Það var sá réttur hennar sem hún var að árétta og eingöngu það.

En ég lýsi furðu minni á því að jafnþingvanur maður og hæstv. menntmrh. skuli síðan bregðast við með þessum hætti. Ef þetta er þannig að stjórnarliðið ætlar að nota þá tvo klukkutíma sem menn eru að reyna að fella umræður inn í til svona árása og svona framgöngu og beita svo meirihlutavaldi sínu hér í þinginu til að neita mönnum um að kalla fyrir fulltrúa viðskiptabankanna, þá eru það slík vinnubrögð að ég þekki engin dæmi þess. Ég var formaður þingflokks með hæstv. menntmrh. á mjög erfiðum tíma þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var við völd 1980–1983. Slíkt og annað eins og nú er að gerast hefði aldrei getað gerst þá og voru þó aðstæður mjög erfiðar.

Og hvers konar lýðræðishugsun er það hjá formanni menntmn. að neita því að fulltrúar viðskiptabankanna séu kallaðir fyrir í 10 mínútur eða korter? Hvers konar lýðræðishugsun er það? Og hvers konar siðferði er það að ráðast á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir að hún skuli ekki hafa beðist afsökunar á því sem hún sagði í dag þegar henni er neitað um að fá að kalla vitnin fyrir? Satt að segja skil ég ekki hvernig ríkisstjórnarmeirihlutinn heldur á þessu máli. Það er eins og þeir séu að gera allt til að sprengja meðferð þess í loft upp. Þegar búið er að ná sæmilega viðunandi niðurstöðu milli flokkanna ris hæstv. menntmrh. upp aftur eins og hann gerði í dag til að sprengja það samkomulag í loft upp. Sæmst væri að hæstv. menntmrh. kæmi upp og bæði hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur afsökunar og leyfði henni svo að standa fyrir máli sínu hér í umræðunum og svara henni þar en komi ekki fram með þessum hætti.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því á fundi menntmn. að það yrði bókað mjög nákvæmlega sem fram kom af upplýsingum á þeim fundi. Ég óskaði eftir því að fá afrit af fundargerðinni til að hafa hana á þessum fundi. Mér er ekki ljóst hvort farið var eftir fyrri ósk minni þar sem sú síðari hefur ekki verið virt. Ég sá það að sjálfsögðu fyrir að hér ætluðu menn að vitna út og suður um það sem framkvæmdastjóri lánasjóðsins hefði sagt á þessum fundi. Ég man ágætlega kjarnann í því sem hann sagði. En ég ætla ekki enn að gera neitt annað en ítreka að formaður menntmn. sjái til þess að þessi fundargerð verði afhent. Ef svarið er nei, þá kemur það skýrt fram hvor hefur rétt fyrir sér, hæstv. menntmrh. eða hv. 14. þm. Reykv. Það kemur reyndar líka fram þó svarið verði já.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það var vegna spurningar sem hæstv. menntmrh. varpaði fram til mín þar sem hæstv. ráðherra var að vísu staðinn að því að reyna að snúa út úr ummælum í ræðu minni áðan.

Það hvarflaði ekki að mér að bankamenn kæmu á fund nefndarinnar til að semja eins og hann sagði heldur var það hitt sem ég var að fara fram á og það kemur glöggt fram frá námsmönnum í áskorun í Morgunblaðinu í dag til þingmanna. Þeir hafa ekki hugmynd um sjálfir hvernig þeir eiga að mæta því, ef frv. verður að lögum, hvað eftirágreiðsluna varðar. Það snýst um það atriði og bankarnir hafa ekki séð þetta líkan og hafa enga vissu um hvernig málið snýr. Þess vegna var ég að fara fram á að menn skrifuðu ekki bara bréf 9. apríl heldur færu með líkanið til bankanna og spyrðu: Getið þið mætt þessu? Getið þið hjálpað öllu þessu unga fólki eða verða það kannski 2.000 af þeim 8.000

ungmennum sem stunda nám sem verða sett á guð og gaddinn og verða að hverfa frá námi af því að þau hafa ekki ábyrgðir, ekki frændgarð sem getur skrifað upp á? Það var þetta atriði sem ég var að ræða um þannig að þetta snýst aðeins um eitt atriði, þ.e. eftirágreiðsluna. Það er í mikilli óvissu, hæstv. menntmrh. Ég verð að játa að þegar ég heyrði um samkomulag í gær um að ljúka þessari umræðu taldi ég víst að menntmrh. hefði orðið við kröfum stjórnarandstöðunnar og háværum röddum, bæði sínum flokki og Alþfl., um að þessu ákvæði yrði breytt þannig að mönnum væri ekki eftir hverja önn hent út um dyrnar aftur heldur, ef þeir hafa staðist önnina og væru komnir inn í lánakerfið, fengju þeir að halda sig þar.

Þessir menn í ríkisstjórninni eru alls staðar í fortíðinni. Þegar ég var drengur var það siður t.d. á böllum að tvískipta skemmtuninni. Annars vegar voru skemmtiatriði og svo böll á eftir. Svo var húsið sópað og hreinsað út og þá byrjuðu menn að borga aftur. Nú á að hafa þetta svona í námslánakerfinu, að unga fólkinu, um leið og það er búið með hverja önn þó að það hafi fengið 10 í einkunn eða 13, skal sópað út aftur og það skal byrja upp á nýtt. Þetta snýst aðeins um þetta atriði.

Ég er ekki í vafa um að bankarnir geta mjög marga hluti og hafa góða þjónustu á sínum vegum, bæði Búnaðarbankinn og hinir bankarnir, en lágmarkið er að þeir svari því áður en málið er afgreitt á Alþingi hvort þeir ráða við það sem verið er að fara fram á og hvað er verið að fara fram á við þá. Það liggur nefnilega ekki fyrir. Menntmrh. getur hlegið í sæti sínu og snúið út úr fyrir þingmönnum ef honum sýnist svo. En hann skal svara því: Hvernig á að standa að málinu? Um hvað er verið að tala? Þetta er ekkert grín.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerði Sverrisdóttur, fyrir þann drengskap sem hún sýndi áðan með því að standa upp og staðfesta það samkomulag sem gert var í gær milli formanna þingflokka og endurtekið í dag á sama vettvangi, það samkomulag sem vitnað var til í umræðum um þingsköp af minni hálfu fyrr í dag. Hluti af því samkomulagi sem gert var í dag var að á fund menntmn. kæmi framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna einn þannig að það liggur alveg fyrir hvernig þetta mál er í pottinn búið og hvaða samkomulag hefur verið gert milli formanna þingflokka. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm.

Það verður svo hver og einn að dæma fyrir sig um það sjónarspil sem upp hefur verið þyrlað í kringum þetta mál hér af öðrum hv. þm.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er fyrst að greina frá því, sem þegar hefur komið fram, að það var haldinn fundur í hv. menntmn. um miðjan dag í dag að ósk stjórnarandstöðunnar, en því var aftur á móti hafnað af hálfu formanns nefndarinnar að kalla til fulltrúa frá bönkunum heldur var þeirra tillaga sú að framkvæmdastjóri LÍN mætti á fundinn og var á það fallist. Þá óskaði formaður Stúdentaráðs eftir því að fá að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúi, en það var ekki orðið við þeirri ósk af hálfu formanns menntmn.

En það sem kom fyrst og fremst fram á þessum fundi í máli framkvæmdastjóra lánasjóðsins var m.a. að hann hafði skrifað öllum bönkum og sparisjóðum og skýrt frá því að það væri vilji LÍN að viðskipti gætu orðið á milli námsmanna og bankanna og rætt hefði verið við fulltrúa Íslandsbanka og Landsbankans og hann hefði talað tvisvar sinnum við bankastjóra Búnaðarbankans, Stefán Pálsson, í síma svo að maður greini nú nákvæmlega frá. Fundur með sparisjóðum og Búnaðarbanka yrði í næstu viku. Það hafði verið rætt um það við bankana að fá lán á sérstökum kjörum, en það liggur ekki fyrir um svör við því. Bankarnir eru að hugleiða að reyna að koma sér upp þjónustudeildum og hafa óskað eftir því að fá þjálfun á starfsfólki í samvinnu við LÍN. Eins er óskað eftir aðgangi að upplýsingum sem liggja fyrir hjá lánasjóðnum. Þetta finnst mér að segi manni að það sé verið að færa þjónustuna við námsmenn, þá þjónustu sem lánasjóðurinn hefur veitt, inn í bankakerfið. Enn fremur kom fram að lánasjóðurinn mun ekki veita bankaábyrgðir.

Framkvæmdastjórinn gerði ráð fyrir að þegar fram í sækti mundu námsmenn planleggja nám sitt þannig að þeir ættu einhverja aura, eins og hann orðaði það, þegar nám hæfist og þar af leiðandi þyrftu þeir ekki svo mikið á þessari þjónustu að halda hjá bönkunum og hafði hann í því sambandi til hliðsjónar að fyrsta árs nemar sem ekki hafa fengið lán sín í hendur frá lánasjóðnum fyrr en eftir að þeir hafa sýnt fram á árangur hafi ekki í svo gífurlegum mæli þurft að sækja til bankanna. Þetta finnst mér vera mjög umhugsunarvert því að þó svo að nemendur á fyrsta ári geti aflað sér tekna og jafnvel tekið sér eitthvert frí frá skólagöngu að loknu framhaldsskólanámi gildir allt annað um þá nemendur sem eru komnir lengra í námi.

Hann taldi að lánasjóðurinn hefði ákveðið vaxtahagræði af því að lán verði greidd síðar út og námsmenn muni njóta þess vaxtahagræðis. En þar sem fundurinn var stuttur gafst ekki tími til að fá frekari útfærslu á því hvað framkvæmdastjóri lánasjóðsins átti við þegar hann sagði að námsmenn mundu njóta þess vaxtahagræðis og væri forvitnilegt ef hæstv. menntmrh. gæti upplýst þingheim frekar um það mál.

Hæstv. forseti. Það líður nú senn að lokum þessarar umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er rétt, sem hefur komið fram m.a. hjá hæstv. forsrh., að umræðan hefur tekið nokkurn tíma. En hún hefur verið málefnaleg og hún hefur borið ákveðinn árangur. Ég minni á að í lok 2. umr. steig einn þingmanna Sjálfstfl. í pontu til að láta í ljós þá skoðun sína að umræðan hefði verið málefnalegri en oft tíðkaðist um umræður á hv. Alþingi. En þó svo umræðan hafi borið þann árangur að mörgu hefur verið breytt frá upphaflegu frv. er málið við 3. umr. enn þá í þeim búningi að engin leið er fyrir okkur stjórnarandstæðinga að fella okkur við það og við erum því algerlega andvíg. Ég hef því leyft mér ásamt tveimur hv. þm., þeim Hjörleifi Gutt-

ormssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur, að leggja fram brtt. á þskj. 927 sem úrslitatilraun til að forða stórslysi á hv. Alþingi. Megintillagan felst í 2. tölulið, en þar er lagt til að við 19. gr. bætist nýr málsliður á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í samráði við samtök námsmanna skal fyrir lok þessa árs endurskoða lög þessi og leggja frv. um ný lög um Lánasjóð ísl. námsmanna fyrir næsta þing."

Frv. er eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í þinginu algerlega óásættanlegt og ef hv. stjórnarsinnar sem greiddu frv. atkvæði við 2. umr. hafa ekki enn þann dag í dag áttað sig á því, þá veit ég að þeir munu gera það í haust þegar mörg þúsund námsmanna þurfa að leita til bankakerfisins eftir framfærsluláni vegna náms á sama tíma og lánasjóðurinn á 800 millj. til að úthluta, en samkvæmt lögum frá Alþingi, verði frv. samþykkt, má ekki úthluta þessum peningum. Við leggjum því til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. skal haustið 1992 veita lán er nema a.m.k. ⅔ hlutum áætlaðra námslána á haustmissiri", — en það eru um það bil 800 millj. kr.

Þessi tillaga er lögð fram til að bjarga haustinu og er í beinu framhaldi af þeirri tillögu að málið verði tekið upp að nýju og nýtt frv. lagt fyrir næsta þing og það frv. verði samið í samráði við samtök námsmanna sem ekki var gert með það mál sem hér er til umræðu og vitna greinar námsmanna í Morgunblaðinu sl. daga best um það. Auk þess sagði hæstv. menntmrh. í viðtali við Röskvublað frá því í ágúst sl., með leyfi forseta:

„Þegar drög að nýjum lögum um lánasjóðinn verða tilbúin óska ég eftir sem allra nánustu samstarfi við námsmenn og fullyrði að ég mun ekki þvinga slík lög í gegnum þingið án samráðs við námsmenn."

Svo mörg voru þau orð og hverjar eru efndirnar?

Þriðja brtt. á þskj. 927 varðar breytingu á 16. gr. og hún snýr að hagsmunasamtökum námsmanna. Í dag er framkvæmdin sú t.d. hvað varðar SÍNE að námsmenn borga félagsgjald með lánum sínum, þ.e. gjaldið er tekið af láninu ef á lánsumsókn er ekki farið fram á að það verði ekki gert. Eins og 16. gr. liggur fyrir eftir 2. umr. þarf viðkomandi námsmaður að leggja fram ósk þar að lútandi á námsumsókn. Hér virðist kannski ekki í fljótu bragði vera um stórt mál að ræða, en engu að síður skiptir það máli að þessi hagsmunasamtök námsmanna geti haldið áfram starfa. Hættan við fyrirkomulagið eins og það er verði frv. samþykkt er sú að umboðsmenn námsmanna erlendis geri sér ekki grein fyrir mikilvægi samtakanna og biðji því ekki um að félagsgjald sé tekið af námsláni og þar með lognist samtökin út af.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan er hér um úrslitatilraun af hálfu okkar stjórnarandstöðuflokkanna að ræða til að reyna að bjarga því sem bjargað verður á síðasta sólarhring umræðunnar væntanlega. Það verður ekki annað sagt en við höfum lagt okkur fram í þessari umræðu um að fá fram breytingar á afleitu máli. Nú er boltinn hjá stjórnarsinnum á hv. Alþingi. Spjótin beinast að þeim úr öllum áttum. Samkvæmt viðtali við einn hv. þm. Alþfl. í DV í gær kemur fram að verið sé að vinna að því að koma fram breytingum á 6. gr. Ég vildi að satt væri. Í umræðu í gærkvöld og reyndar aftur í dag mótmælti hæstv. menntmrh. því að svo væri. Ég hlýt því að óska eftir því að þessi hv. þm., Sigbjörn Gunnarsson, komi í ræðustól og geri þingheimi grein fyrir þessari stórfrétt. (**Gripið fram í:** Hvar er hv. þm.?) Ég sé ekki hv. þm. — Mér kemur það að sjálfsögðu ekkert á óvart þar sem hér er um landsbyggðarþingmann að ræða að honum líði illa út af 6. gr. Það er eflaust með hann eins og mig að okkar viðhorf til málsins markast mjög af aðstöðu landsbyggðarfólks, fólks sem þarf að leggja út í mikinn kostnað samfara því að stunda langskólanám. Því fólki veitir svo sannarlega ekki af því fjármagni sem það á kost á hjá lánasjóðnum til að standa undir kostnaði við húsnæði o.fl.

Ég hef orðið þess vör að á síðustu dögum hefur verið settur í gang sá áróður að námsmenn lifi miklu lúxuslífi. Þeir liggi á sólarströndum og aki um í dýrum bílum. Þeir hafi því allt of mikla peninga á milli handa og þurfi enga samúð þótt nú sé verið að kollvarpa því kerfi sem verið hefur í gildi síðustu tíu árin og komið var á fót í ráðherratíð Ingvars Gíslasonar.

Mitt svar við þessu er það að þeir námsmenn sem nota námslánið sem vasapeninga og búa ókeypis hjá pabba og mömmu hafa mikla peninga milli handanna. Það er í sjálfu sér slæmt ef námsmenn sem búa við þessar aðstæður koma óorði á námsmenn almennt með lúxuslifnaði og bruðli. Að sjálfsögðu ættu þeir ekki að eiga rétt á svo háum lánum frá lánasjóðnum sem raun ber vitni. En einmitt í ráðherratíð núv. hæstv. menntmrn. hefur munur á lánveitingum til þeirra sem búa í foreldrahúsum og hinna verið minnkaður. Að hugsa sér annað eins. Hvaða sjónarmið ráða við slíkar ákvarðanir? Hver er tilgangurinn?

Í Morgunblaðinu í dag kemur fram hjá ungum hagfræðinema, Stefáni Gunnari Thors, að hann þurfi svo sem ekkert að kvarta þar sem hann búi í foreldrahúsum og fái 31 þús. á mánuði í námslán. En þar kemur jafnframt fram að honum finnst munurinn of lítill á milli þeirra sem búa í foreldrahúsum og hinna sem búa í leiguhúsnæði. Þeir fái kannski 16–17 þús. að auki, en leiga fyrir tveggja herbergja íbúð sé 30–35 þús. kr. Mér finnst þetta heiðarlegt framlag þessa námsmanns inn í þá umræðu sem hér fer fram.

Það hefur verið komið inn á ályktanir ungra jafnaðarmanna og ég spyr: Ætlar þingflokkur Alþfl. að hundsa þær ályktanir eða er verið að vinna að breytingum á 6. gr.? Er þingflokkurinn samþykkur frv. eða má hann sín einskis í því ríkisstjórnarsamstarfi sem hann er í með Sjálfstfl.? Ræður e.t.v. hæstv. forsrh. ferðinni í þessu máli líka?

Þær breytingar sem verið er að gera í lánasjóðnum eru mjög í takt við önnur verk hæstv. forsrh. og því þykir mér ekki ótrúlegt að það sé fyrst og fremst hann sem standi á bremsunni. Hann virðist andvígur félagslegri uppbyggingu. Ef það eru til peningar skulu þeir ekki notaðir til slíkra hluta heldur í steinsteypu. Þessu ber borgarstjóraferill hans hér í borg mjög glöggt vitni.

Þar voru byggðar hallir á sama tíma og stórlega vantaði leikskólarými í borginni og allir vita hvernig ástandið er í sambandi við gamalt fólk og heilsugæslustöðvar. En ég skal halda mig við efnið, hæstv. forseti.

Hæstv. menntmrh. hefur bæði játað því og neitað að það séu fyrst og fremst fjárhagsaðstæður sem ráða því að verið er að kollvarpa lögum um lánasjóðinn. Hann reynir að telja sjálfum sér og öðrum trú um að þetta sé hið eina rétta og þetta tryggi jafnrétti til náms. Þetta tryggi það að þeir sem eru í raunverulegu námi en ekki bara innritaðir, eins og hann segir, fái fyrirgreiðslu. Í andsvari við ræðu minni við 2. umr. um málið neitaði hann því að það væru ekki fyrst og fremst fjárhagsaðstæður sem réðu ferðinni en síðar í umræðunni hefur hann talað um sem aðalatriði eftir því sem ég hef skilið að það fólk sem er í raunverulegu námi eigi einungis að eiga rétt á lánum og þá þurfi að koma á aga. Skyldi ráðherrann líta svo á að þeir sem verður það á að falla einu sinni séu þar með ekki lengur í raunverulegu námi?

Morgunblaðið í morgun tekur mjög myndarlega á málefnum lánasjóðsins og þar er uppfullt af greinum sem snerta málið sem ég hef lesið af athygli, en það sem er kannski athyglisverðast er sjálfur leiðarinn. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa þennan leiðara og mun síðan ljúka máli mínu því þetta er mjög athyglisverður leiðari og ekki síst af því að hann kemur úr þessari átt. Hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mikil breyting hefur orðið á starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna á nokkrum undanförnum árum. Sú var tíðin, að námsmenn gátu aldrei gengið út frá nokkrum hlut vísum hjá lánasjóðnum og mikil gagnrýni var á vinnubrögð sjóðsins við afgreiðslu námslána. Þetta hefur gjörbreyst. Í raun og veru má segja að starfshættir sjóðsins og starfsmanna hans séu til fyrirmyndar. Hafi viðskiptamenn sjóðsins þau gögn á hreinu, sem þeim ber að skila geta þeir gengið út frá því sem vísu að lánin eru afgreidd þegar í stað og á þeim tíma sem sagt hefur verið. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var.

Að undanförnu hafa staðið yfir á Alþingi miklar umræður um lánasjóðinn og námslánakerfið vegna frv., sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um breytingu á námslánakerfinu. Þetta frv. gerir ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að námslánin séu greidd út eftir að námsmaður hefur skilað inn til sjóðsins gögnum um að hann hafi náð tilskildum árangri í námi. Talsmenn lánasjóðsins hafa sagt, að námsmenn eigi að brúa bilið með bankalánum og hafa þeir tekið upp viðræður við einhverja bankana a.m.k. um slíkar bráðabirgðalánveitingar. Í Morgunblaðinu í gær var frá því skýrt að í viðræðum bankanna og lánasjóðsins hefðu komið fram hugmyndir um að bankarnir mundu afla sér upplýsinga um námsárangur námsmanna sem til þeirra leita og byggja lánveitingar að einhverju leyti á þeim upplýsingum.

Í fyrradag birtist hér í blaðinu grein eftir Steingrím Ara Arason, aðstoðarmann fjmrh., sem á sæti í stjórn lánasjóðsins, þar sem hann færir fram efnisleg rök fyrir þessari fyrirhuguðu breytingu. Kjarninn í röksemdafærslu Steingríms Ara er sá að um það bil 5.000 námsmenn og makar þeirra af um 8.000 viðskiptamönnum lánasjóðsins hafi gefið upp að hausti rangar upplýsingar um tekjur, sem hafi valdið því að sjóðurinn hafi þurft að leggja út 300–400 millj. kr. umfram það sem hann ella hefði þurft að gera. Að vísu koma þeir peningar til baka, ef svo má að orði komast vegna þess að skattskýrslum er skilað inn til lánasjóðsins í byrjun febrúar ár hvert, bornar saman við tekjuupplýsingar frá haustinu áður og lánveitingar að vori skertar sem hugsanlegum mismun nemur. Um þetta segir Steingrímur Ari Arason:

„Verulegur hluti þessara ofgreiddu lána greiðist sjóðnum án vaxta þegar frá líður. Það er þó ekki kjarni málsins. Hann er sá að með röngum upplýsingum fékk rúmlega helmingur námsmanna á þessu skólaári í hendur mikla vaxtalausa fjármuni sem þeir áttu ekki rétt á." (**Menntmrh.:** En hvað með 5% skerðinguna?)

Þetta eru þungar ásakanir. Það má lesa margt út úr tölum. Þótt ekki skuli úr því dregið að einhver hópur námsmanna hafi reynt að misnota námslánakerfið, sem að vísu hlýtur að vera mjög erfitt vegna þess hversu afdráttarlausar starfsreglur þess eru, má spyrja hvort það sé hugsanlegt að svo stór hluti námsmanna hafi gert það. Tekjuupplýsingum er skilað síðla sumars eða snemma á haustin. Hvað gerist ef námsmaður vinnur með námi fram að áramótum og getur hvorki séð fyrir að hann fái slíka vinnu eða áætlað tekjur sínar af slíkri vinnu með nokkurri nákvæmni þegar tekjuupplýsingum er skilað inn til lánasjóðsins? Hvað gerist ef námsmaður, sem er við nám erlendis, kemur heim í jólafrí og fær tilfallandi vinnu og þar með tekjur sem hann hafði enga hugmynd um að mundu falla til nokkrum mánuðum áður? Varla halda talsmenn lánasjóðsins því fram, að í því felist misnotkun eða röng upplýsingagjöf ef slíkar tekjur koma ekki fram fyrr en á skattaframtali?

Það er margt óljóst um framkvæmd þessa tvöfalda kerfis sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir virðast vilja taka upp við veitingu námslána. Hvaða kröfur gera bankarnir um ábyrgðir? Hvernig meta bankarnir hvort þeir treysta sér til að veita námsmanni bráðabirgðalán? Hvað gerist ef námsmaður sem fær bráðabirgðalán í banka veikist á miðju tímabili, getur ekki lokið prófi og fær þar með ekki lán hjá lánasjóðnum eftir áramót og verður síðan að leita til banka um enn frekara lán fram á vorið? Ef niðurstaðan verður sú að bankarnir byggja lánveitingar að einhverju leyti á námsárangri verða þeir að setja upp sérstakt kerfi til þess að meta prófgögn, sem eru mismunandi frá hinum ýmsu löndum og skólum. Sjá menn fyrir endann á því sem hér er verið að gera?

Það er enginn vafi á því að það er nauðsynlegt að breyta námslánakerfinu með ýmsum hætti. Þar hefur ekki aðeins verið um að ræða einhverja misnotkun heldur og ekki síður að fólk hefur notfært sér út í ystu æsar það sem kerfið hefur haft upp á að bjóða. Á hinn bóginn ber að framkvæma allar breytingar á þessu kerfi af mikilli varkárni. Það er t.d. augljós hætta á því að

þeir sem minna mega sín eigi erfiðara uppdráttar af margvíslegum ástæðum þurfi þeir að leita til banka til að fjármagna skólagöngu sína. Þótt um bráðabirgðalán sé að ræða þýðir það kerfi sem nú er rætt um að námsmenn eru með bráðabirgðalán í banka frá hausti og fram á vor. Það kostar peninga. Lánasjóðurinn segist ætla að lána fyrir þeim kostnaði. Hvaða vit er í því? Bæði frá sjónarmiði lánasjóðsins og viðskiptamanna hans sem borga lánin til baka með verðtryggingu og nú einnig með einhverjum vöxtum.

Alþingi lýkur væntanlega afgreiðslu þessa frv. nú í vikunni. Alþingismenn ættu að skoða hug sinn vandlega áður en þeir taka ákvörðun um að standa að þessari breytingu á námslánakerfinu. Er breytingin nógu vel undirbúin til þess að óhætt sé að taka þetta skref?"

Lýkur þá upplestri úr leiðara Morgunblaðsins frá þessum degi. Þessi leiðari þarfnast ekki skýringar. Hann segir allt sem segja þarf og það er ánægjulegt að Morgunblaðið skuli fylkja liði með námsmönnum og okkur stjórnarandstæðingum í þessu mikilvæga máli og það væri óskandi að leiðari blaðsins yrði til þess að opna augu einhverra á þessum degi hér á hv. Alþingi og e.t.v. einhverra sem trúa á það blað.

Hæstv. forseti. Ég lýk nú máli mínu. Ég vil að síðustu segja að verði það frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem liggur fyrir eftir 2. umr. að lögum er stigið stórt skref aftur á bak í menntasögu þjóðarinnar. Það verður ekki lengur hægt að tala um jafnrétti til náms, enda treystu ríkisstjórnarflokkarnir sér ekki til að nota það orð í 1. gr. frv. Eftirágreiðslukerfið er ómanneskjulegt og byggir á hugarfari sem er hættulegt okkar þjóðfélagi, hugarfari sem þekkir ekki aðstæður almennings í landinu, hugarfari þeirra sem eru fæddir með silfurskeið í munni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. (**GHelg:** Hvar er Alþfl.?) Já, ég mun auglýsa eftir honum í pontunni fljótlega því að ég taldi rétt áður en ég fór í pontuna þrjá krata í salnum og álíka marga sjálfstæðismenn og erindi mitt upp í þennan ræðustól var auðvitað að reyna að sýna mönnum fram á villu síns vegar ef þeir ætluðu að styðja þetta frv. Ég áskil mér þann rétt að reyna að sannfæra einhverja þingmenn, reyna að snúa þeim til betri vegar þrátt fyrir að forsrh. segði hér í dag að það stæði ekki til að gera neinar breytingar á frv. En lengi má manninn reyna og ég trúi ekki að allir þingmenn stjórnarflokkanna séu svo heillum horfnir, séu slíkar geðlurður að þeir láti smala sér til stuðnings við þetta frv. eins og rollur í rétt. En til þess að ná eyrum manna verða þeir að vera einhvers staðar nærstaddir og ég sakna ákaflega stjórnarþingmanna héðan úr salnum. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnst það sérkennilegt, af því að menn eru að tala um og kvarta undan þingskapaumræðu, og ekki ætla ég að fara að prísa hana, mér leiðist hún eins og öðrum þingmönnum mörgum, að þeir skuli þyrpast í salinn ævinlega til að hlusta á þingskapaumræður en þegar kemur að málefnaumræðunni sjálfri þynnist flokkurinn allverulega. Það var til marks um það undir hvaða dagskrárlið menn eiga eða eiga ekki að taka til máls í þingsalnum. Ég auglýsi nú eftir þingmönnum úr stjórnarliðinu og það væri mjög fróðlegt ef forseti vildi upplýsa okkur um að hve margir úr stjórnarliðinu væru staddir í þinghúsinu núna því að það kann vel að vera að einhverjir séu í hliðarsölum og heyri þá mál mitt, en ég vildi gjarnan fá upplýst hversu margir stjórnarþingmenn eru hér við þennan lokasprett umræðunnar ef það væri hægt. (**Forseti:** Hv. þm. ætti að vera kunnugt að í þinghúsinu eru töflur er sýna viðveru þingmanna. Forseti hefur ekki látið fara fram talningu og mér skilst að það sé ekki hefð að baki því að hann hafi þann starfa á hendi þannig að ég vona að hv. þm. taki tillit til þess. (**GHelg:** Það stendur á skermi forseta.) Það stendur á skermum og töflum í þinghúsinu.) Forseti hefur þetta á töflu fyrir framan sig og ég veit að hann er skarpur maður og fljótur að telja og ætti ekki að verða skotaskuld úr því að segja mér með einni tölu hvað eru margir stjórnarþingmenn staddir. (**GHelg:** Það eru 15 stjórnarliðar í húsinu.) Það eru 15 stjórnarliðar í húsinu. (**Forseti:** Forseti óskar eftir því að það verði regla á fundinum.) Nú veit ég að það eru 15 stjórnarliðar í húsinu og þá ætti væntanlega að vera hægt að koma reglu á fundinn og séu þeir einhvers staðar nærstaddir og heyri til mín auglýsi ég eftir þeim í þingsalinn. Ástæðan fyrir því að ég auglýsi eftir þeim og vil fá þá í þingsalinn er að ég vil gjarnan reyna að leiða þeim fyrir sjónir hvað málstaður námsmanna hefur verið affluttur á Alþingi á undanförnum dögum og vikum. Ég verð að segja að mér finnst það nálgast rógsherferð gegn námsmönnum sem hér hefur átt sér stað og þar í flokki hafa farið, því miður, ýmsir sem ættu að vita betur og ættu í rauninni að verja námsmenn og þeirra störf en ekki ráðast gegn þeim og þar er ég ekki síst að tala um hæstv. menntmrh.

Það má kannski segja að það sé ákveðin þjóðaríþrótt hjá Íslendingum að agnúast út í ákveðna þjóðfélagshópa og við höfum oft heyrt það, þingmenn. Það er sagt um þingmenn að þeir séu siðlausir og spilltir. Menn hafa gaman af því að tala um það. Við erum ekki sátt við þann dóm, teljum að okkar siðferði sé álíka gott og hjá flestu fólki og reynum að mótmæla þessu umtali. Ég verð að segja að það er erfitt sem nýr þingmaður að missa hálft í hvoru æruna fyrir það eitt að setjast á þing. Auðvitað eru hér nokkur fölnuð laufblöð sem setja sitt mark á þingið, en ég ætla ekki að fordæma skóginn fyrir það.

Opinberir starfsmenn eru gjarnan taldir latir og metnaðarlausir. Þeir eru vegnir og metnir og léttvægir fundnir, ekki síst kennarar, og menn hafa gjarnan talað eins og kennarar hafi gert skóla landsins að hægindi sínu og þar hefur m.a. hæstv. menntmrh. verið í fararbroddi. Útgerðarmenn er fólk sem er óalandi og óferjandi, gírugir og vanhæfir með öllu, með ættbogann allan á spenanum. Þetta er sagt um þá. Námsmenn eru afætur sem hreiðra um sig umkringdir stereógræjum, bílum og stunda lífsins lystisemdir. Þetta höfum við heyrt um námsmenn. Þannig má segja að sé ákveðin þjóðaríþrótt á ferðinni.

Stundum kynda stjórnvöld undir og það gera þau

einkum og sér í lagi ef þarf að knésetja ákveðna þjóðfélagshópa. Og við höfum séð það í vetur. Það hefur verið ráðist af stjórnvöldum á Alþingi gegn kennurum. Það hefur verið ráðist af ráðherrum í vetur gegn þingmönnum og það hefur verið ráðist hér á þingi í vetur gegn námsmönnum. Þessir þrír hópar virðast vera einhver bjálki í augum ráðherra nú um stundir.

Sá þingmaður sem talaði á undan mér vitnaði í leiðara Morgunblaðsins í dag og í þessum leiðara Morgunblaðsins er vitnað í grein eftir Steingrím Ara Arason sem situr í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna og er aðstoðarmaður fjmrh. Þar er kannski í hnotskurn samankominn sá rógur sem hafður er uppi um námsmenn nú um tíðir af stjórnvöldum. Mig langar þess vegna til þess að fara nokkrum orðum um þessa grein til að sýna hvers kyns þessi málflutningur er.

Í fyrsta lagi segir í þessari grein, með leyfi forseta, að rúmlega helmingur námsmanna sem fengu lán hjá sjóðnum skólaárið 1990–1991 hafi vanáætlað tekjur sínar, en tekjur manna hafa mikil áhrif á upphæð námslána. „Þannig hafa námsmenn" — og ég bið menn að taka eftir — „skammtað sér a.m.k. um stundarsakir vaxtalausa fjármuni svo nemur hundruðum milljóna kr. sem þeir áttu engan rétt á að fá," eins og segir í grein aðstoðarmanns fjmrh.

Það eitt að tala um að þeir „skammti sér" gefur manni til kynna að aðstoðarmaður ráðherrans lítur svo á að um vondan ásetning sé að ræða hjá námsmönnunum, um vísvitandi blekkingar sé að ræða hjá 5.000 námsmönnum því að það kemur síðar fram í grein hans að þarna er um 5 þús. manns að ræða. Það er ekki boðlegur málflutningur af hálfu aðstoðarmanns fjmrh. að tala um þetta eins og vondan ásetning og vísvitandi blekkingar. Það skilur Morgunblaðið og það kom m.a. fram í leiðara þess í dag að það spyr: „Getur það verið að 5.000 námsmenn séu svo illa innrættir og spilltir að þeir beinlínis blekki Lánasjóð ísl. námsmanna?" Morgunblaðið svarar þessari spurningu auðvitað neitandi, enda sér það hver maður ef við förum á bak við þessar upplýsingar hvernig í pottinn er búið. Námsmenn þurfa að sækja um námslán fyrir 1. ágúst á hverju ári. Með öðrum orðum, þeir þurfa að áætla tekjur sínar og maka síns líka í mörgum tilvikum í fimm mánuði, frá ágúst og til áramóta. Og það kemur í ljós, ef maður skoðar greinina hjá Steingrími Ara, að hann tekur það fram síðar að þarna er um 5.000 námsmenn að ræða og það er talað um að vanáætlun tekna hafi numið 640 millj. kr. Ef við reiknum þetta út á námsmann er vanáætlunin á hvern námsmann 124 þús. kr., þ.e. sú upphæð sem þeir vanáætla tekjur sínar fram að áramótum. Þetta eru um 25 þús. kr. á mánuði á námsmann. Eins og Morgunblaðið bendir á þarf ekki annað en fá sæmilega vinnu í jólafríi til að breyta algerlega tekjumyndinni hjá námsmanni. Hann getur náð kannski 125 þús. kr. með mikilli vinnu í jólafríinu sínu. Hann getur fengið einhverja hlutavinnu með námi, náð inn 25 þús. kr. á mánuði þar, og þá er þetta fljótt að tína sig saman. Þarna er ekki um neinar vísvitandi blekkingar að ræða. Við sæjum okkur sjálf ef við ættum að segja fyrir 1. ágúst hverjar yrðu tekjur okkar á þessu ári. Ætli það mundi ekki skeika einhverju hjá flestum okkar. Ég er ansi hrædd um það.

Það má þess vegna geta þess líka að hann talar um að rúmlega helmingur námsmanna hafi vanáætlað, en hvað þá með hinn helminginn? Hvað með hina? Það er ekkert sagt hérna um þá sem hafa kannski ofáætlað tekjur sínar. Það kynnu þó ekki að vera einhver dæmi um það? Og væri þá ekki ástæða til þess að nefna það líka? En ég tel það harla gott að helmingur námsmanna skuli geta annaðhvort áætlað tekjur sínar rétt eða gefið þá heldur meira upp en þeir hafa svo á endanum.

Í öðru lagi segir í grein aðstoðarmanns fjmrh.: „Í reglum lánasjóðsins er gert ráð fyrir að einungis nýnemar þurfi að skila árangri áður en þeir fá lán sín greidd og aðrir þurfi ekki að skila árangri áður en þeir fá lán sín greidd."

Auðvitað er þetta ekkert rétt. Námsmenn sem eru lengra komnir í námi skila árangri á vormissiri, þeir fara í próf á vormissiri, skila árangri og fá út á það lán á haustmissiri. Þeir skila síðan árangri á haustmissiri og fá út á það lán á vormissiri. Þannig gengur þetta fyrir sig eftir að menn hafa komist yfir fyrsta missirið sem nýnemar og því í ósköpunum ættu menn að þurfa að vera að sanna sig á missirisfresti í kannski löngu námi? Sumir eru í 7–8 ára námi og eiga þeir að þurfa að sanna sig á hverju einasta missiri? Þeir eru löngu búnir að því með því að skila alltaf sínum námsafköstum eins og þeim ber. Það er beinlínis rangt hjá aðstoðarmanni fjmrh. að menn þurfi ekki að skila árangri til að fá lán greitt. Þeir þurfa að gera það.

Í þriðja lagi segir aðstoðarmaðurinn og stjórnarmaðurinn í lánasjóðnum að það séu stóralvarlegar brotalamir í núverandi námslánakerfi. Og hann nefnir í því sambandi að fjöldi fólks eins og hann segir eða um þúsund manns hefur ekki enn skilað sjóðnum upplýsingum um námsárangur. „Varlega áætlað hafa 300–400 manns af þessum hópi hætt námi án þess að skila tilskildum árangri", segir hann síðan. Ég man ekki betur en ráðherra tæki þetta upp í gær og segði að það væri ekki vitað um árangur 1.000 manns sem hefðu fengið lán hjá lánasjóðnum. Þá er rétt að upplýsa það, sem ráðherra hefði alveg eins getað gert í gær og auðvitað hefði honum borið ríkari skylda til þess en mér, að stór hluti þessa fólks eða um helmingur var á síðasta námsári þegar 1990–1991. Það var þeirra lokaár í námi og þeir eru hættir viðskiptum við sjóðinn, þeir leita ekki aftur til sjóðsins og þess vegna eru þeir ekkert að senda upplýsingar um sig eftir á eða láta það undir höfuð leggjast. Margir þessara námsmanna hafa verið í námi erlendis og því fær sjóðurinn ekki sjálfkrafa upplýsingar um þá. Hefðu þeir verið hér heima vissi sjóðurinn og veit um þá námsmenn, að þeir hafa lokið námi, fær slíkar upplýsingar hjá háskólanum. En þessir námsmenn eru hættir viðskiptum við sjóðinn. Þeir hafa verið í sínu námi, þeir eru búnir að ljúka, þeir eru búnir að standa sína „plikt", skila sínum námsárangri og hafa ekki sent upplýsingar um sig eftir námslok. Þannig er hægt að útskýra um helming þessa hóps.

Tökum þá þessa 300–400 sem hafa hætt námi eins og hér segir án þess að skila tilskildum árangri. Það er ekki heppilegt. Þetta eru nú aðeins 4–5% afföll, það eru öll ósköpin, þetta eru 4–5% afföll. Og við skulum athuga að þessi hópur fólks hefur fyrirgert rétti til frekari námsaðstoðar síðar nema hann vinni upp árangurinn. Þessir krakkar eru að skerða möguleika sína síðar í lífinu til námsláns nema þeir vinni upp þá námsskuld sem þeir skulda lánasjóðnum ef ég má orða það svo. Það ætti í sjálfu sér að vera næg refsing fyrir þau. Þau eru búin að fyrirgera ákveðnum rétti síðar meir. En vilji lánasjóðurinn nú endilega taka á þessu vandamáli, sem er sjálfsagt að gera, þá má láta fólk skrifa undir skuldabréf sem eru þess eðlis að hægt sé að gjaldfella lánið ef ekki fæst viðhlítandi skýring.

Nú vil ég taka fram að ég held að oft sé til viðhlítandi skýring á því af hverju námsmenn hætta námi án tilskilinna prófa. Það vitum við öll að hefur komið fyrir margan mætan mann og hann getur gefið á því viðhlítandi skýringu. Ætli flest okkar fornu skáld mundu ekki lenda í þeim hópi ef grannt væri skoðað að hafa komið próflausir frá námi og ef við hefðum fjárfest eitthvað í þeim hefði það verið góð fjárfesting.

Aðstoðarmaður ráðherra segir í fjórða lagi í þessari grein: „Verulegur hluti ofgreiddra lána greiðist sjóðnum án vaxta þegar frá líður. Það er þó ekki kjarni málsins", segir hann. „Hann er sá að með röngum upplýsingum fékk rúmlega helmingur námsmanna á þessu skólaári í hendur mikla vaxtalausa fjármuni sem þeir áttu ekki rétt á."

Ég fæ ekki betur séð en þetta sé beinlínis rangt og sé til marks um vondan málstað þessa stjórnarmanns í lánasjóðnum. Helmingur þess hóps sem þarna er um að græða fékk ofgreitt lán í mjög skamman tíma, virðulegur ráðherra, og það skiptir auðvitað engu máli þegar til lengri tíma er litið. Þessir námsmenn fengu þarna um 90 þús. að meðaltali hver í ofgreitt lán. Það mun nema um 90 þús. kr. að meðaltali sem þeir fengu ofgreitt. Þeir fengu það ofgreitt í 2–3 mánuði. Síðan var það dregið frá þegar útgreiðslan kom í febrúar eða mars. Þetta er kannski spurning um að þeir hafi fengið fullmikið greitt á fyrri hluta námsársins og það hefur verið þá dregið frá á síðari hluta og það breytir ekki heildarláninu sem námsmaðurinn tekur til margra ára og jafnvel áratuga. Það breytir ekki því þannig að þegar til lengri tíma er litið skiptir þetta ekki nokkru einasta máli þó að menn hampi þessu mjög í umræðunni og telji þetta vera þung rök fyrir því að koma námslánum þannig fyrir að þau séu eftirágreidd.

Í fimmta lagi segir í grein þessa stjórnarmanns í lánasjóðnum: „Á það hefur verið bent að nýjar reglur sem kveða á um aðra tilhögun á greiðslu námslána en verið hefur hafi kostnað í för með sér fyrir námsmenn", þ.e. að vísa þeim á bankakerfið þar sem þeir þurfa að taka lán með háum raunvöxtum. Og hann viðurkennir, stjórnarmaðurinn, að það sé rétt, en segir svo: „Til þess þarf einfaldlega að taka tillit þegar námslán eru ákveðin og hækka lán til þess að mæta þeim kostnaði, þ.e bankakostnaðinum. Enn fremur þarf að draga enn úr því að tekjur hafi áhrif á námslán."

Um þetta tvennt verð ég að tala vegna þess að þarna eru á ferðinni dæmigerð gylliboð. Og það er sagt: Allt þetta skulið þið fá. Þið skulið fá lánað fyrir vöxtunum sem þið þurfið að borga í bankakerfinu og þið skuluð fá meira tekið tillit til sumarteknanna ykkar — eða maður skyldi segja kannski minna tillit tekið til þeirra, þær komi ekki til að lækka námslánin hjá námsmönnum þó að þeir hafi drjúgar sumartekjur — bara ef þið viljið það sem verið er að bjóða ykkur upp á. En hvað kosta svona yfirboð ef þeir ætla í raun og veru að greiða þetta?

Ráðherra upplýsti í gær að það að lána námsmönnum eftir á fyrir vöxtum í bankakerfinu mundi kannski auka fjárþörf lánasjóðsins um 1–2% og vísaði þá í hvernig þetta væri með fyrsta árs nema í háskólanum, að þeir tækju yfirleitt mjög lág lán, þetta væri miklu lægri lán en þeir mundu fá úr lánasjóðnum og það væri aðeins lítill hluti þeirra sem tæki þessi lán. Þessi regla, sem gildir um fyrsta árs nema, var síðan yfirfærð á námsmannahópinn í heild sinni. Þar er um tvennt ólíkt að ræða, virðulegur ráðherra, vegna þess að margir fyrsta árs nemar eru hikandi. Þeir eru kannski ekki alveg vissir um að þeir ætli sér í raun og veru í nám. Þeir eru að prófa sig áfram. Þeir eru kannski að hugsa um að seinna meir muni þeir eða um áramót hugsanlega skipta um, fara í einhverja aðra grein. (**Menntmrh.:** Ég sagði m.a. tekið tillit til þessa.) M.a. En 1–2%? Ég veit ekki þá út frá hverju þau eru fundin ef ekki þessu sem var það eina sem ráðherrann nefndi hér. Það var það eina sem ráðherrann nefndi í gær. Þetta er auðvitað ekki hægt að yfirfæra á 8 þús. námsmenn í heild sinni sem margir hverjir eru með börn á framfæri sínu og þurfa að taka þá drjúg lán í bankakerfinu til að framfæra þau.

Þetta yfirboð, sem ég var að nefna hér, felur það í sér að ráðherra og hans menn lofa því að lána námsmönnum fyrir 10–11% raunvöxtum af skammtímalánum sem þeir taka sér í bönkunum. Og þá hlýtur maður að spyrja: Af hverju er lánasjóðurinn að borga þetta verð fyrir lánsfé, þessa raunvexti fyrir lánsfé þegar sjóðurinn sem stór lántakandi gæti fengið peninga að láni fyrir mun minna verð en einn og einn námsmaður sem fer og slær sér lán í banka? Af hverju er lánasjóðurinn að borga þetta verð fyrir lánsfé? Hvers konar hagspeki er þarna á ferðinni, virðulegur ráðherra?

Ég held að það sé engin hagspeki þarna á ferðinni. Málið er einfaldlega að stjórnvöld ætla með þessum aðgerðum að hræða ákveðinn fjölda frá námi. Það er fælingarmáttur vaxtanna sem er aðalatriðið í þessu sambandi, þ.e. að fæla ákveðinn fjölda námsmanna frá námi, og þannig ætla þeir að skera niður fjárþörf sjóðsins bæði í nútíð og framtíð og ég hugsa að þeir séu að gæla við að niðurskurðurinn sem með þessu móti náist geri að verkum að þeir þurfi jafnvel ekki að breyta úthlutunarreglum sjóðsins. Að óbreyttum úthlutunarreglum ættu haustlán að nema um 1.270 millj. kr. ef ég man rétt. Það eru 800 millj. til ráðstöfunar í sjóðnum sem á flytja fram yfir áramót og þannig vantar upp á ákveðið fé og það mætti segja mér að menn væru að gæla við að þeir þyrftu ekki að leggja meira fé til

sjóðsins vegna fælingarmáttar bankavaxtanna. En þeir eru sem sagt að bjóða þeim námsmönnum sem eftir standa að lána þeim fyrir bankavöxtunum og þar með eru þeir auðvitað ekki að gera annað en það að binda þessum námsmönnum enn þyngri skuldabagga í framtíðinni.

Hér var talað í þingskapaumræðum um bankakerfið og því var mótmælt að menntmn. skyldi ekki fá tækifæri til þess að ræða við fulltrúa viðskiptabankanna á fundi sínum áðan. Ráðherra hefur útlistað það þannig að bankarnir geti ekkert svarað því hvaða kjör þeir bjóði námsmönnum á þessum lánum, sem væntanlega munu koma til inni í bankakerfinu, en það er ekki eina málið sem snýr að bankakerfinu. Þetta snýr líka að almennum viðskiptamönnum bankanna. Hvaða áhrif mundi það t.d. hafa ef þúsundir námsmanna koma í bankakerfið og sækja þangað há lán, við skulum segja þessar 800 millj. eða milljarð sem þarf í námslán í haust og jafnvel 1,2 milljarða, hvaða áhrif hefði það á vextina, hvaða áhrif hefði það á möguleika almennings í landinu til þess að fá lánafyrirgreiðslu í bönkunum? Það er svo margt inni í þessari mynd og það er ekki bara það sem snýr að námsmönnum heldur almenningi í landinu og við þessu hefði menntmn. auðvitað þurft að fá svör. Hvaða áhrif hefur þetta almennt á þjóðlífið? (**Gripið fram í:** Það var tilgangurinn.) Það var tilgangurinn, já. En það virðist að hæstv. menntmrh. hafi ekki skilið né heldur formaður menntmn. sem er greinilega einhvers staðar víðs fjarri núna.

Ég las upp áðan úr grein Steingríms Ara Arasonar, stjórnarmanns í LÍN og aðstoðarmanns fjmrh., og hann sagði að það þyrfti að draga úr áhrifum tekna á upphæð námslána. Með öðrum orðum, það ætti ekki að láta tekjur skerða námslán á sama hátt og þær gera í dag. Ég verð að segja að þetta er sérkennileg aðferð á samdráttartímum, að koma því þannig fyrir, því auðvitað er sú regla að gefa sumartekjum ekki mikla vigt í útreikningum námslána hreinn útgjaldaauki fyrir sjóðinn. Ef ekki væri skorið niður annars staðar væri þarna um hreinan útgjaldaauka fyrir lánasjóðinn að ræða. Ég hef grun um og hef heyrt það svo sem hjá mönnum í stjórnarliðinu að þetta þjóni einhverju sérstöku uppeldismarkmiði. Það á að vera vinnuhvetjandi fyrir námsmenn. Ef þeir fá að halda sem mestu af sumartekjum sínum óskertum og þær komi ekki til að skerða námslánin þeirra sé það vinnuhvetjandi og það sé göfugt uppeldismarkmið. En mér finnst þetta sérkennilegt uppátæki á atvinnuleysistímum þegar fjölmargir námsmenn fá mjög takmarkaða og illa borgaða vinnu.

Ef ég hef reiknað rétt má einstaklingur í dag hafa um 70 þús. kr. í laun á mánuði í leyfi án þess að námslánið skerðist. Ég hlýt að spyrja: Hversu margir námsmenn hafa mikið meira en það á mánuði í sumartekjur? Það getur vel verið að einstaka strákar sem komast í vel launuð störf hafi meira, en er þá ástæða til þess að umbuna þeim sérstaklega hjá lánasjóðnum fyrir það að komast í vellaunuð störf? Af hverju skyldu þeir ekki nota það sem út af stendur af sumarhýrunni til að lækka lánsfjárþörf sína hjá lánasjóðnum? Er það göfugt uppeldismarkmið að veita fólki aðgang að meira lánsfé en það þarf? Er það merkilegt uppeldismarkmið að benda fólki á að það megi fá meira fé að láni en það í raun og veru þarf? Ég veit að það hefur verið við lýði í ýmsum atvinnugreinum að taka ótæpilega að láni og það hefur verið stundað um langt árabil. En ég vissi ekki að það teldist til eftirbreytni og væri eitthvert sérstakt uppeldismarkmið í því fólgið. Það hefur þá eitthvað í þeim málflutningi farið fram hjá mér. Hvort tveggja það að ætla að lofa námsmönnum því að lána þeim fyrir bankavöxtunum og hitt að ætla að draga úr tekjutillitinu eru gylliboð og ekki annað en yfirboð af hálfu þessa stjórnarmanns.

Hér hefur talsvert miklum tíma verið eytt í að ræða 6. gr. frv. sem felur í sér það fáheyrða óréttlæti að ætla ekki að veita námsmönnum framfærslulán í haust. Þetta er að verða mál málannna núna í þessari umræðu. Við vitum öll að þetta er ekki bara spurningin um haustið í haust heldur mun sama sagan endurtaka sig í vor. Námsmaður sem tekur bankalán í haust til að geta stundað sitt nám og fær námslán í við skulum segja febrúar þarf að nota það námslán til að greiða upp skuldina í bankanum og þarf að fara af stað aftur í bankana, slá víxil til að geta framfleytt sér fram á vorið þegar námslánið kemur sem fer þá aftur í að greiða þann víxil og svo aftur koll af kolli.

Það talaði við mig um daginn námsmaður sem er að fara í nám til Bandaríkjanna í júlí með fjölskyldu sína og hann spurði hvernig hann ætti að fara að, það eru engin eyðublöð til uppi í lánasjóði. Hann getur ekki einu sinni sótt um, það eru engin eyðublöð tilbúin þar núna. Hann veit ekki hverjar úthlutunarreglurnar verða. Hann er algerlega í lausu loft og veit ekkert á hvaða mið hann er að róa þó að hann viti að þau séu rýr. Þessi námsmaður þarf að fara í banka núna og taka bankalán fyrir skólagjöldum í bandarískum háskóla og bankalán til þess að framfæra fjölskyldu sína fram yfir áramót því að þarna er um fjölskyldumann að ræða. Próf eru í janúar og að öllum líkindum verður ekki búið að ganga frá þeim málum og upplýsingar komnar til lánasjóðsins fyrr en í febrúar/mars. Þá fær þessi námsmaður greitt sitt námslán sem fer þá í víxilsskuldirnar og hann verður að slá sér lán fram á vorið. Þetta þurfa menn sem sagt að gera tvisvar á ári, að leggja mál sín fyrir bankastjóra og vera upp á mat þeirra, náð og miskunn komnir.

Það er eitt í þessu sambandi varðandi námsmenn erlendis. Hverjir eiga að gera þetta fyrir námsmenn erlendis sem eru víðs fjarri vettvangi? Þeir verða að hafa einhverja sérstaka sláttumenn hérna sem eru tilbúnir til að fara bónarveginn að Sverri Hermannssyni tvisvar á ári og ef maður þekkir Sverrir Hermannsson, sem var stúdentaskelfir þegar hann var menntmrh., þá er ekki ólíklegt að hann geri einhverjar kröfur til bæði námsárangurs hjá þessum námsmönnum og til ábyrgðarmanna og annarra hluta. En þegar menn eru hugsanlega búnir að fá lán hjá bankastjóra þarf líka að ganga fyrir hvers manns dyr og reyna að fá uppáskrift upp á hátt skammtímalán í banka með háum raunvöxtum. Við skulum athuga það að ekki eiga allir mjög greiðan aðgang að ábyrgðarmönnum. Það eru ekki allir sem

eiga foreldra sem geta skrifað upp á eða kæra sig um að skrifa upp á skuldabréf fyrir börn sín. Stundum er samband lítið á milli námsmanna og foreldra þeirra og stundum efast foreldrarnir um að þeir séu taldir nógu fínir pappírar í bönkunum. Mig langar til þess að segja frá því hér að það hringdi í mig móðir sem á börn í námi og hún sagði einmitt við mig: „Ég er ekki viss um að mitt nafn verði tekið gilt í bönkunum, en börnin mín eiga bara mig að og engan annan. Og hver ætlar þá að skrifa upp á skuldabréfin hjá þeim? Ætlar Ólafur Garðar að gera það, menntmrh.? Er það til hans sem ég á að fara og biðja um undirskrift á þessa pappíra? Eða hvert á ég að fara?"

Ráðherra sagði í gær um þessa eftirágreiðslu lána að það gerðist ekkert annað en það að haustlán flytjast fram í febrúar, sagði hann. Það eru 800 millj. kr. sem verða fluttar fram yfir áramót úr lánasjóðnum. En auðvitað gerist svo margt annað, hæstv. menntmrh., hvar sem þú ert nú staddur svo maður segi eins og í sögunni um Búkollu. Það gerist svo margt annað og það er maður margbúinn að reyna að leiða honum hér fyrir sjónir. Þetta hefur margháttuð áhrif á líf þúsundir námsmanna og fjölskyldna þeirra og þetta verður til þess að auka efnalega mismunun meðal námsmanna. Sumir eiga foreldra sem geta lánað þeim vaxtalaust eða styrkt þá fram yfir áramót og þeir þurfa þá jafnvel ekki að nota námslánið sitt sem kemur í mars og aftur um vorið til þess að greiða niður skuldir. Hinir eiga engan slíkan aðgang, hvorki að uppáskriftum né að styrkjum.

Ég sagði áðan að það þyrfti 1.270 millj. kr. samkvæmt reglum sjóðsins til að mæta haustlánum eins og þau ættu að vera miðað við úthlutunarreglur, en það eru til 800 millj. Það hefur komið hér margsinnis fram. Og því hlýtur maður að spyrja hvort það verði tryggt fjármagn á fjárlögum næsta árs til að mæta kostnaði vegna haustlána miðað við núgildandi útlánareglur, þ.e. hvort þessar 470 millj. sem þá vantar upp á féð sem nú er í sjóðnum og þessar úthlutunarreglur gera ráð fyrir að þurfi verði tryggðar eftir áramót þannig að það megi ganga út frá því sem vísu að úthlutunarreglur verði eins og þær eru nú. Eða eru menn að gæla við þá von að engin útgreiðsla í haust skeri námsmenn svo niður við trog að ekki sé þörf á að bæta við fjárframlagi né heldur breyta úthlutunarreglunum? Við þessu verða að fást svör við þessa umræðu í kvöld, enda ekki seinna vænna.

Náist þessi niðurskurður fram, sem mér heyrist stjórnarþingmenn sumir hverjir vera að gæla við og vona að aðrir sjái sóma sinn í að standa gegn, hvar skyldi hann þá koma niður, hverja skyldi hann hitta fyrir? Ég er hrædd um að það sé hætt við að það verði öðru fremur þeir sem hafa veikt bakland og þurfa að standa á eigin fótum, jafnvel með barn eða börn á framfæri sínu. Ég reikna með því að ráðherrann hafi lesið Morgunblaðið spjaldanna á milli í dag og sé vel kunnugur því sem þar er skrifað núna um námslánin, en þar var einmitt viðtal við sex námsmenn, þrjár konur og þrjá karla, og það er kannski dæmigert fyrir stöðuna eins og hún er núna að þar eru tveir námsmenn að velta því fyrir sér jafnvel að hætta námi og segja að ef þeim bjóðist einhver vinna sé eins líklegt að þeir hætti námi. Og hverjir eru það úr þessum hópi námsmanna? Jú, það eru tvær konur sem báðar eru einstæðar mæður. Það eru þær sem eru að velta því fyrir sér að fái þær einhverja launaða vinnu muni þær væntanlega hætta námi ef þessar reglur verða að veruleika. Og þær benda báðar á það og það er samdóma álit þeirra að þetta sé stórt skref aftur á bak í jafnréttisbaráttu í landinu og ég held að við hljótum að samþykkja að svo sé. Því miður eru hér greinilega enn einhverjir stjórnarþingmenn sem ætla að standa að þessu stóra skrefi og ég held að það sé rétt að tilkynna þeim þá, og ég veit að þeir vita það, að það verður eftir því tekið hverjir stjórna því stóra skrefi og hverjir eiga aðild að þessu stóra skrefi. En áður en ég fer úr pontu, virðulegi forseti, ætla ég að lesa ályktun sem Verkamannafélagið Dagsbrún gerði einmitt um 6. gr. frv. og megi hún verða einhverjum stjórnarmönnum til umhugsunar á eftir og viðbragða vonandi. En þessi ályktun er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar ályktar um 6. gr. frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að námsmenn fái ekki lán úr LÍN fyrr en tilskildri skólasókn og námsárangri er náð á ári hverju. Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar álítur að þetta sé óeðlileg og óréttmæt breyting frá því sem verið hefur. Það er mikilvægt að nemendur geti áfram stundað nám óháð efnahag. Hin nýju ákvæði auka mismun.

Efnaminni námsmenn hafa ekki sömu möguleika og hinir efnameiri til að fjármagna nám sitt meðan beðið er eftir námsláni. Það verður þung byrði fyrir aðstandendur námsmanna sem hafa gengið í ábyrgð á skammtímalánum ef námsmanni mistekst í námi eða vegna veikinda. Slíkt fjárhagslegt álag á fjölskyldu námsmanns getur orðið lágtekjufólki ofviða, einkum í því slæma efnahags- og atvinnuástandi eins og nú er. Stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar skorar á Alþingi að lagfæra ofangreind atriði í því frv. sem nú er til afgreiðslu."

Svo mörg voru þau orð.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því í upphafi máls míns að geta þess að ég kýs að eiga í ræðu minni nokkurn orðastað við einhverja af forustumönnum Alþfl. í tilefni af því að birst hefur samþykkt frá Sambandi ungra jafnaðarmanna og í tilefni af orðum þeim sem hæstv. félmrh. lét falla í útvarpsumræðum fyrir nokkrum dögum um að að væri nauðsynlegt að taka upp sanngjarnar leikreglur í þjóðfélaginu. Og ég vildi inna hæstv. forseta eftir því hvort hægt er að gera ráðstafanir til þess að kalla hingað í hæstv. félmrh., varaformann Alþfl., sem ég gæti þá beint til nokkrum orðum í síðari hluta ræðu minnar ef hún er ekki í húsinu og á um einhvern veg að fara til þess að koma til starfa. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að láta hæstv. ráðherra vita af beiðni hv. þm.)

Ég vil þá í upphafi máls míns víkja nokkuð að þeim

þáttum sem lúta að aðdraganda þessa frv. áður en mikið lengra er haldið af minni hálfu og segja þetta:

Fyrir liggja þrjú nefndarálit og skýrslur um fjárhag Lánasjóðs ísl. námsmanna frá árunum 1989, 1990 og 1991, þrjár þykkar og myndarlegar skýrslur. Ein er frá Ríkisendurskoðun. Niðurstaða hennar er sú að eigið fé Lánasjóðs ísl. námsmanna, eftir að hafa greitt upp skuldir, hafi í fyrra verið 9 milljarðar kr. Ein er frá 5. júlí 1990 frá nefnd sem ég skipaði á árinu 1989. Í henni voru t.d. Jón Bragi Bjarnason, tilnefndur af þingflokki Alþfl., Sverrir Þ. Sverrisson, tilnefndur af þingflokki Borgfl., Gissur Pétursson, tilnefndur af þingflokki Framsfl., Gylfi Birgisson, tilnefndur af þingflokki Frjálslynda hægriflokksins, Tómas Gunnarsson, Arnar M. Ólafsson frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Viktor B. Kjartansson, sem er varaþingmaður hæstv. menntmrh., frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Páll Þórhallsson frá SÍNE og Björn R. Guðmundsson, starfsmaður í Þjóðhagsstofnun sem var skipaður af mér.

Hver er niðurstaða þessarar nefndar? Niðurstaða þessarar nefndar er sú að í rauninni hafi námslánakerfið komið vel út og í rauninni standi sjóðurinn allvel og í rauninni sé óþarfi að breyta því og rangt að breyta námslánakerfinu í grundvallaratriðum. Í niðurstöðum þessara manna segir, og undir það skrifar m.a. einn af varaþingmönnum hæstv. menntmrh., ef ég byrja í tölul. 3: „Ólíklegt verður að telja að sjóðurinn geti komist af án minni framlaga en hann fær nú. Ef fjölgun námsmanna verður í takt við það sem nefndin reiknar með þarf ekki að auka verulega bein framlög til LÍN á næstu árum umfram það sem nú er. Ef hins vegar lánþegum fjölgar umfram 2,5% er sýnt að núverandi námslánakerfi getur ekki staðist án aukinna framlaga úr ríkissjóði."

„Það er mat nefndarinnar", og undir þetta skrifa menn úr öllum flokkum á árinu 1990, „að núverandi námslánakerfi þjóni í aðalatriðum tilgangi sínum og að svo stöddu sé ekki ástæða til að gera á því róttækar breytingar eða endurskoða fjármögnun fyrr en sýnt þykir að forsendur um fjölgun lánþega og útgjöld sjóðsins að öðru leyti hafi ekki staðist."

Þetta er alveg eins skýrt og verða má, virðulegi forseti, að þegar núv. hæstv. ríkisstjórn kom til valda var það almennt mat þeirra sem þekktu til mála Lánasjóðs ísl. námsmanna að þar væri ekki um gífurlegan vanda að ræða, a.m.k. ekki það mikinn að það þyrfti svo að segja að umbylta sjóðnum. Og ég vek athygli á því að einn af þeim sem skrifa undir þetta nál. er einn af fremstu trúnaðarmönnum Sjálfstfl. í lánamálum námsmanna, þ.e. varamaðurinn Viktor Kjartansson. Hvað sýnir þetta, virðulegi forseti? Það sýnir að núv. ríkisstjórn er í rauninni ekki að breyta til í lánasjóðnum vegna þess að um hafi verið að ræða óhjákvæmilega og knýjandi nauðsyn. Hún er að breyta um vegna þess að hún vill annað kerfi. Hún vill breyta um í grundvallaratriðum vegna þess að hún vill aðra menntastefnu. Þetta er hinn stóri, pólitíski vandi sem Alþingi stendur frammi fyrir.

Ég held að það sé nauðsynlegt að segja þetta, virðulegi forseti, fyrst og fremst vegna þess að því hefur verið haldið fram að lánasjóðurinn sé kominn að fótum fram og þess vegna sé algerlega óhjákvæmilegt að breyta lögunum. En það er nú eitthvað annað. Þessi sjóður stendur sennilega betur en flestir aðrir opinberir sjóðir á árinu 1990–1991. Hann er með eiginfjárstöðu eftir að hafa gert upp skuldir upp á 9 milljarða kr. Mér er sem ég sjái ýmsa aðra sjóði bera sig saman við þennan sjóð. Þessu held ég hér til haga, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst að í umræðum að undanförnu hafi menn í raun og veru flestallir talað eins og þeir hafi verið dæmdir til þess að taka niður sjóðinn eins og hér er verið að gera tillögu um. Ég geri t.d. ráð fyrir því að hv. þm. Alþfl. hafi trúað því að það væri ekkert annað að gera en taka sjóðinn niður. Ég geri ráð fyrir því t.d. að hv. 5. þm. Austurl. hafi trúað því að það væri enginn annar kostur til en að taka niður sjóðinn með verulegum og róttækum lagabreytingum. En staðreyndirnar tala sínu máli. Menn eins og Jón Bragi Bjarnason prófessor skrifa undir það nefndarálit fyrir einu og hálfu ári að að svo stöddu sé ekki ástæða til að gera róttækar breytingar á kerfinu eða endurskoða fjármögnun þess. Þetta er mikið sagt. Þannig talar einn af forustumönnum Alþfl., einn af varaþingmönnum Alþfl. sem oft tók sæti hér á Alþingi og átti langtímum saman sæti sem varamaður fyrir hæstv. utanrrh.

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að taka fram, virðulegi forseti, til að undirstrika einhvern tíma áður en þessari umræðu lýkur að það er engin þörf á því, það eru engin efnisleg rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að ráðast í svona róttækar breytingar á lánasjóðnum.

Hvað er það þá, virðulegi forseti, sem þarna getur verið á ferðinni? Auðvitað getur það verið að menn hafa verið blekktir eða menn láti aðra um að hafa vit á þessu fyrir sig. Það getur verið, það er hugsanlegt. Og ég er sannfærður um að það hendir oft ágæta þingmenn að láta aðra um að annast fyrir sig tiltekna málaflokka, flokksfélaga sína eða jafnvel samstarfsmenn úr ríkisstjórn í öðrum flokkum, slíkt kemur oft fyrir. En það breytir ekki því að það er mjög æskilegt að menn hafi kjark og þrek til að taka á málum og endurskoða afstöðu sína þegar nýjar upplýsingar koma fram. Þessar upplýsingar hafa út af fyrir sig lengi legið fyrir. Hæstv. menntmrh. hefur aldrei minnst á þær. En þær hafa lengi legið fyrir og það hefur oft verið minnt á þær að undanförnu, en ekki í þessum umræðum, ekki verið minnst á nefndarálitið frá 1991 frá honum Viktori Kjartanssyni t.d. (**Menntmrh.:** Ég hef minnst á stöðu sjóðsins.) Ráðherrann hefur oft minnst á stöðu sjóðsins og lagt hana út með þeim hætti að þar væri allt saman á hverfanda hveli.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt í þessu sambandi, virðulegi forseti, að gera sér grein fyrir því í öðru lagi að um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur verið víðtæk þjóðfélagsleg sátt. Ég heyri að þeir framsóknarmenn segja gjarnan að Ingvar Gíslason hafi sett lögin einn um Lánasjóð ísl. námsmanna. (**Menntmrh.:** Það hef ég aldrei sagt.) Það voru ýmsir fleiri sem komu þar við sögu og ég nefni þar t.d. þáv. hæstv.

fjmrh. Ragnar Arnalds. (**ÓÞÞ:** Það var þingið sem setti lögin.) Og það var meiri hluti Alþingis sem setti lögin, beitti sér fyrir því og studdi stjórnina, en um málið var fullkomin sátt hér, ekki aðeins við námsmenn heldur milli allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa áttu á Alþingi. Núv. varaformaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., var einn af þeim sem sömdu frv. og í nefndinni sem gekk frá málinu gekk ekki hnífurinn á milli t.d. hans og hv. 14. þm. Reykv. sem einnig átti sæti í þeirri nefnd sem samdi frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna 1982. Og ég endurtek síðan það sem ég benti á um daginn. Engar tillögur hafa á þessum tíu árum komið fram á Alþingi um að skerða námslánakerfið, ekki ein einasta, ekki einu sinni frá Sjálfstfl., ekki ein einasta. Þvert á móti var það þannig allt síðasta kjörtímabil að forustumenn Sjálfstfl. héldu því fram, forustumenn hans í lánamálum, að það væri nauðsynlegt að hækka lánin verulega. Ég get fundið ótal dæmi um það að forustumenn Sjálfstfl. í lánamálum námsmanna töldu aldeilis óhjákvæmilegt að hækka lánin.

Þetta tvennt, annars vegar góð staða sjóðsins og hins vegar sú staðreynd að um hann hefur verið þjóðfélagsleg sátt, gerir það auðvitað þeim mun undarlegra að Sjálfstfl. skuli ganga fram í þetta mikilli hörku í þessu máli og enn undarlegra er það að Alþfl. skuli hlaupa í þessi fótspor með þeim hætti sem hann gerir. Og það er enn undarlegra. Af hverju er það? Ekki vegna þess að maður hafi svo mikla trú á Alþfl. í seinni tíð heldur vegna þess að það eru ýmsir menn þar sem maður veit að eru heldur vansælir yfir þessari meðferð mála. Maður veit um þá. Og Samband ungra jafnaðarmanna hefur gert ítarlega samþykkt um þetta mál. (**ÓÞÞ:** Það er samviska flokksins.) Samviska flokksins. Það er kannski framtíðarforusta flokksins þó að Alþfl. hafi kosið að sækja núverandi forustu sína ekki í Samband ungra jafnaðarmanna af einhverjum ástæðum. Formaður þingflokks Alþfl. og formaður Alþfl. bendi ég á að eru báðir aldir upp í Alþb. (**Gripið fram í:** Það er dapurlegt.) Það er svo önnur saga, hv. þm. Það er dapurlegt fyrir Alþb. að sjá þessi uppeldi sín með þessum hætti, það er rétt.

En staðreyndin er engu að síður sú að ýmsar stofnanir Alþfl. hafa verið að reyna að gera sig dýrlegar í þessu efni og formaður þingflokks Alþfl. sat hjá í þessu máli um daginn, í sjöttu greinar málinu. Og í skólagjaldamálinu voru þeir að reyna að gera sig dýrlega og það er bersýnilegt að það er einhver vottur af samvisku í manni og manni. Þess vegna er það sem maður undrast sérstaklega að Alþfl. skuli ganga í þetta skítverk, líka minnugur þess hvernig Alþfl. fór út úr viðreisnarstjórninni þar sem hann var með menntmrh. í 15 ár. Það eru kannski einhverjir hérna sem muna eftir því hvernig var tekið á móti þáv. menntmrh. 1969, 1970 og 1971 þegar var um að ræða námsmannauppreisnir svo að segja á öllum námsmannastöðum íslenskra stúdenta. Getur verið að Alþfl. sé búinn að gleyma því? Það skyldi þó aldrei vera, virðulegi forseti.

Nú vildi ég mega kanna það hjá forseta mínum hvernig gengur að finna hæstv. félmrh. (**Forseti:** Ég hef spurst fyrir um hvernig það gangi. Það hefur ekki náðst í hana enn. Hún er einhvers staðar á milli húsa, en ég er að reyna að láta ná í hana svo að hún geti komið í húsið að þínum vilja.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir og meðan við hinkrum eftir hæstv. félmrh. er kannski rétt að víkja að því enn þá til áherðingar hversu mikil samstaða var um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ég er með fyrir framan mig grein úr Morgunblaðinu á árinu 1986 eftir ungan, fríðan námsmann. Hann er fulltrúi stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna og heitir samkvæmt Morgunblaðinu Ólafur Arnarson. (**Gripið fram í:** Hvaða starfi gegnir hann í dag?) Hann mundi vera aðstoðarmaður menntmrh. Ég trúi að það sé sá sami. Þó er ekki alveg auðvelt að átta sig á því eftir myndinni, ég verð að játa það. (Gripið fram í.) Já, ráðherrann staðfestir það. En í greininni segir t.d. Ólafur Arnarson, með leyfi forseta:

„Námsmenn mótmæla því að Lánasjóður ísl. námsmanna sé notaður til að rétta af fjárlagahallann meðan hundruðum milljóna er kastað í dauðar rollur árlega. Við spyrjum: Hvort er það betri fjárfesting að varpa milljónahundruðum árlega í gamaldags og úreltan landbúnað sem aldrei getur orðið annað en baggi á þjóðarbúinu um alla framtíð eða þá að fjárfesta í menntun íslenskrar æsku og búa þannig þjóðarbúinu auð sem ávaxtast mun um alla framtíð? R á ð a m e n n þjóðarinnar hafa á undanförnum missirum talað fjálglega um það hve menntun sé mikils virði og að aukin menntun sé forsenda þess að við höldum sessi okkar meðal siðmenntaðra þjóða og þróaðra. Nú er tækifæri fyrir þessa menn að sýna vilja sinn í verki og hlúa að Lánasjóði ísl. námsmanna. Við námsmenn komum aldrei til með að bera virðingu fyrir þeim mönnum sem árlega greiða því samviskusamlega atkvæði að kastað sé hundruðum milljóna í SÍS og landbúnaðinn sem heyrir fortíðinni til. Við kerfjumst þess að aðförinni linni."

Ólafur Arnarson er einn af forustumönnum Sjálfstfl. eins og kunnugt er og aðstoðarmaður menntmrh.

Þessi grein staðfestir fyrst og fremst það eitt hvað var góð samstaða um þennan sjóð lengi vel þangað til Sjálfstfl. og Alþfl. komu aftur til valda og það má segja að það sé kapítuli út af fyrir sig og sérstakt áhyggjuefni að það skuli nokkurn tíma hafa gerst aftur að Sjálfstfl. og Alþfl. kæmust saman til valda. Framsfl. hefur t.d. stundum lagt á það áherslu að það væri sjálfstætt markmið út af fyrir sig að koma í veg fyrir hjónaband Alþfl. og Sjálfstfl. og þannig hefur Framsfl. réttlætt stjórnaraðild sína með íhaldinu aftur og aftur og það eru mjög sérkennilegar réttlætingar. En þetta er athyglisvert og mjög til umhugsunar í ljósi þeirrar reynslu sem nú er fengin og sennilega eitthvað til í þessu.

Á fundi í menntmn. sem haldinn var í gær voru lagðar nokkrar spurningar fyrir menntmrh. og talsmenn hans. Hæstv. menntmrh. og hv. 4. þm. Austurl. röktu nokkuð í gær hvernig þeim hefði verið svarað. Í sjálfu sér er það fyrst og fremst eitt atriði sem mér

finnst nauðsynlegt að ítreka eftir þær umræður og það er varðandi úthlutunarreglurnar, en um það mál skiptumst við á nokkrum orðum í dag, ég og hæstv. menntmrh. Staðreyndin er sú að hæstv. ráðherra hefur talað hér aftur og aftur eins og hann sé með úthlutunarreglurnar, t.d. að því er varðar tekjutillitið, að því er varðar „numerus clausus" og að því er varðar ýmsa fleiri þætti eins og t.d. vextina og hvernig á að fara með þá. Satt að segja held ég að það hljóti að vera þannig að það liggi fyrir í lánasjóðnum ef ekki ráðuneytinu drög að úthlutunarreglum. Ég held að það hljóti að vera þannig. Og ég held að það sé nauðsynlegt að leggja á það áherslu enn og aftur að mér finnst að þingið eigi rétt á því að fá upplýsingar um hvernig þessar lánareglur líta út í grófum dráttum. Ég er viss um að hæstv. menntmrh. hlýtur að hafa eða hans menn hugmynd um hvernig þeim málum væri best fyrir komið eða hvernig þeir hyggjast koma þessu fyrir núna eftir breytingarnar frá 1. júní.

Ég ætla aðeins þessu næst að víkja að vöxtunum sérstaklega. Hæstv. menntmrh. hefur sagt: Námslánin verða hækkuð vegna lánanna sem stúdentarnir þurfa að taka í bönkunum. Og námslánin verða líka hækkuð vegna vaxtanna sem þarf að borga af námslánunum sjálfum. Hvaða hagspeki mundi þetta nú vera? Hún er býsna athyglisverð og a.m.k. alveg fágætlega frumleg, verð ég að segja. Það er gert ráð fyrir því að taka lán handa Lánasjóði ísl. námsmanna svo hann geti lánað námsmönnum til að þeir geti tekið lán í bönkunum og borgað bönkunum vexti. Það er alveg bersýnilegt að þessi sérstaka hækkun á námslánunum vegna þess að um er að ræða lántökur í bönkum mun hafa í för með sér verri fjárhag til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er verið að leggja á hann auknar byrðar upp á nokkur hundruð millj. kr. Ég fullyrði að hér er um að ræða byrðar upp á nokkur hundruð millj. kr. Það er ekki ætlun hæstv. menntmrh. að auka framlögin og hann telur að þar sé hann kominn á leiðarenda. Það þýðir að hann ætlar að taka lán til þess að unnt sé að borga kostnaðinn af þeim lánum sem nemendurnir verða að taka í bönkunum og vexti af námslánunum sjálfum. Ég held að sé óhjákvæmilegt að inna hæstv. menntmrh. enn nánar eftir þessu. Það hefur verið erfitt að fá fram tölur. Hverjar geta stofntölurnar verið í þessu máli? Þær eru þær að lánsrétturinn er í grófum dráttum rúmlega 2.000 millj. kr. á vormissiri og 1.200–1.300 millj. kr. á haustmissiri eins og þetta lítur út núna. Hann er reyndar um 2,5 milljarðar á vormissiri. Segjum að það séu að jafnaði 2 milljarðar sem þarna er verið að taka lán út á og segjum að aðeins um helmingur af því fólki sem á þarna rétt taki lán eða nýti réttinn þannig að við getum gert ráð fyrir því að vegna þessara breytinga á Lánasjóði ísl. námsmanna sé verið að auka byrðar bankakerfisins um um það bil 1.000–1.500 millj. kr. sem eru alltaf úti úr þessu kerfi. Eins og vaxtastefnunni er háttað í dag er alveg greinilegt að hér getur verið um að ræða verulega háar tölur. Það er verið að leggja á bankana að lána út 1,5 milljarða kr. eða svo sem bankarnir eru með í stöðugum útlánum. Það er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvernig hæstv. ráðherra hugsar þetta nákvæmlega og fá talnagrunninn skýrari vegna þess að hann hlýtur að vera til, það getur ekki annað verið. Auðvitað kemur þetta hrottalega við láglaunafólk og það er glæsilegt satt að segja af stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar að senda hingað kveðju sérstaklega í dag.

Því miður hefur það verið þannig að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. innan ASÍ sérstaklega, hafa ekki látið mikið til sín heyra um lánamál landsmanna á síðustu árum. Því miður hefur það verið svo. Og ég hygg að það séu mörg ár síðan verkamannafélagið Dagsbrún hefur sent frá sér ályktun þar sem fyrir hönd láglaunafólks er sagt: Lánasjóður ísl. námsmanna er kjaramál láglaunafólks. Það eru tíðindi og vegna þess út af fyrir sig að þetta er hárrétt og kjarni málsins. Lánasjóður ísl. námsmanna er fyrst og fremst til orðinn vegna barna láglaunafólks í landinu. Og það er ljóst að það eru þrír hópar sem munu verða harkalega fyrir barðinu á þessum breytingum sérstaklega. Það er auðvitað fyrst og fremst láglaunafólk sem á ekki það fólk að sem á eignir vegna þess að þeir sem fá lán úr bönkunum til að fjármagna sig í náminu munu þurfa sína ábyrgðarmenn. Og hverjir eru teknir gildir í bönkunum? Það eru ábyrgðarmenn sem eru skrifaðir fyrir steinsteypu eða íbúðarhúsum. Aðrir ábyrgðarmenn eru ekki teknir gildir í bönkunum þannig að þeim krökkum sem eru svo ógæfusamir að vilja leggja út í langskólanám en eiga ekki foreldra sem eiga eignir er þessi leið lokuð. Það er verið að loka henni. Það er ekki jafnaðarstefna a.m.k. og það eru ekki sanngjarnar leikreglur svo ég vitni í hæstv. félmrh.

Í öðru lagi vil ég segja að þeir sem verða harkalega fyrir barðinu á þessu, ef maður reynir að marka þar einhverja hópa, eru landsbyggðarmenn eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir rakti í dag, en það eru í þriðja lagi sérstaklega konur, stúlkur sem munu við þessar aðstæður lenda í sama farinu og var áður, einkum fyrir 1982, þær verða svo að segja dæmdar til þess að lenda í því, af einhverjum ástæðum án þess að maður fari að rekja það nánar, að vinna fyrir mökum sínum, strákunum, á meðan þeir eru í námi. Það er alveg augljóst að þessi breyting er sérstaklega jafnréttisfjandsamleg að þessu leytinu til. Það eru ekki sanngjarnar leikreglur og það er ekki jafnaðarstefna. Og atlagan að fólki sem kemur af landsbyggðinni er ekki heldur jafnaðarstefna og það eru heldur ekki sanngjarnar leikreglur, svo mikið er víst. Það er þess vegna sem Verkamannafélagið Dagsbrún rís upp og sendir frá sér þessa myndarlegu ályktun sem var lesin upp af stólnum í dag af hv. 10. þm. Reykv. og 8. þm. Reykn. trúi ég.

Af einhverjum undarlegum ástæðum er það svo, virðulegi forseti, að Alþfl. hefur tekist að leika tveimur skjöldum í þessari lánasjóðsumræðu og sakna ég nú enn vinar í stað þar sem er hæstv. félmrh. og legg fram þá frómu ósk að hæstv. forseti upplýsi mig um það hvort hún mundi enn vera á milli húsa. (**Forseti:** Nú getur forseti borið hv. þm. betri tíðindi. Hún er ekki lengur á milli húsa í óvissu, hún er á leiðinni og kemur að vörmu spori.) Virðulegi forseti. Fátt hefur glatt mig meira í seinni tíð en þessar upplýsingar hæstv. for-

seta og er engin ástæða til að óttast að hæstv. félmrh. verði úti milli húss og bæjar í þessari blíðu heldur er hún að koma. Ég hafði nefnilega hugsað mér að ræða dálítið um Alþfl. smástund, ekki verður það nú mikið. Miðað við það sem efni standa til gæti það verið nokkuð mikið, en það er ekki meiningin af minni hálfu að setja á langar ræður að þessu sinni.

Það var í blaði einu núna á dögunum að hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbjörn Gunnarsson, upplýsti að það væri í gangi þrýstingur á hæstv. menntmrh. að breyta frv. og einkum 6. gr., þrýstingur. Það kom ekki nákvæmlega fram í hverju þessi þrýstingur væri fólginn og hæstv. menntmrh. var spurður gagngert um það hvort hann hefði orðið fyrir þrýstingi frá Alþfl. vel að merkja, ekki almennt heldur frá Alþfl. Hæstv. menntmrh. svaraði því neitandi og bar sig allvel og kvaðst ekki hafa orðið fyrir verulegum þrýstingi frá Alþfl. Í þessari umræðu gerðust fyrr þau undur að hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að hann ætlaði að skoða þessi mál alveg sérstaklega og þá töldu ýmsir þingmenn og þar á meðal ég að hæstv. menntmrh. væri að opna sáttarglufu í þessu máli. Ég taldi það vera þó að hæstv. menntmrh. hafi ekki lýst því yfir út af fyrir sig að hann ætlaði að breyta þessu. Ég trúi því að síðan hafi komið vondir menn og spillt hæstv. menntmrh. í þessu máli, sem hafi sagt nei við hann, hafi barið á puttana á honum með kennaraprikinu og sagt: Hingað og ekki lengra. Og hann hafi ekki mátt koma til móts við þau sjónarmið sem hér voru uppi varðandi breytingar á 6. gr. (**Menntmrh.:** Ég hef hingað til verið talinn allra manna verstur.) Hæstv. menntmrh. getur ekki huggað sig við að hann sé í svo góðri ríkisstjórn að hann sé talinn allra manna verstur í þeirri stjórn. Það er til einn og einn maður sem er grunaður um að vera aðeins lakari, satt best að segja, án þess að ég fari nánar út í það, virðulegi forseti, enda veit ég að það er ekki í samræmi við þingsköp.

Þegar hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson hafði lýst því yfir að það væri í gangi þrýstingur á hæstv. menntmrh. lyftist nú brúnin á einum og einum manni, seig svo á ný þegar atkvæðagreiðsla fór hér fram, en þá felldi Alþfl. orðið „jafnrétti“ út úr lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Því miður óttast ég að þessi tíðindi hafi ekki orðið heimsfrétt, en það væri fróðlegt við tækifæri að koma henni á framfæri við Alþjóðasamband jafnaðarmanna, annað Alþjóðasambandið, að einn af aðildarflokkum Alþjóðasambands jafnaðarmanna hefði fellt orðið jafnrétti út úr lögum, ekki viljað hafa það með. (Gripið fram í.) Ja, það er nefnilega, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Það er eins með hv. þm. sem kallar fram í og mig að ég þekki lítið innviði þessa sambands, þessa alþjóðabandalags. En hver veit nema það hefðu verið teknar upp brottrekstrarpístólurnar og menn látnir fjúka, ég skal ekkert um það segja. En það er alveg augljóst mál að hér hefur Alþfl. sem jafnaðarmannaflokkur brotið í blað. Þetta er söguleg ákvörðun. Þetta er eins og t.d. ef Sjálfstfl. ákvæði að fella út úr einhverju frv. eða úr till. til þál. orðið „einkarekstur“, ég tala nú ekki um „einstaklingsfrelsi“ eða „einstaklingshyggja“ án þess að við förum í þau orð sem ég veit að hv. frammíkallandi þekkir miklu betur en ég frá fyrri öldum og hún ræddi áður úr menningu Súmera eldri, en það verður ekki rætt hér frekar.

En þessi undur gerðust með öðrum orðum að hv. þm. Alþfl. ákváðu að fella út orðið „jafnrétti“. Þeir eru á móti því að hafa jafnrétti í lögum og það er kannski út af fyrir sig viss skýring á því að þeir skammist sín mikið fyrir að sjá þetta orð mikið meðan þeir eru í þessari stjórn.

Þegar fjárlögin voru samþykkt í haust var gengið þar út frá tilteknum forsendum. Það var gengið út frá þeim forsendum að Lánasjóður ísl. námsmanna hefði um 6 milljarða kr. á þessu ári til ráðstöfunar. Það stendur í fjárlögunum. Þar af fer talsvert eins og gengur í vexti og afborganir og rekstrarkostnað. Restin átti auðvitað að fara í útlán og niðurstaðan er sú að sjóðurinn á að geta lánað á haustönn 800 millj. kr. Það stendur í fjárlögum að hann hafi til útlána á haustönn 800 millj. kr. og hæstv. forseti þingsins sem nú situr er í fjárln. veit þetta auðvitað. Það stendur í fjárlögunum. En hvernig í ósköpunum má þá vera að þessir sömu menn taka svo allt í einu ákvörðun um að breyta fjárlögunum gagnvart þessum eina hópi í þjóðfélaginu með þessum hætti? Hvenær tók Alþfl. ákvörðun um að snúa fjárlagaforsendunum við að því er þetta varðar? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá svör við því og ég hlýt að inna eftir því hvort hæstv. félmrh. er ekki alveg á leiðinni. (**Forseti:** Ég get upplýst það að hæstv. félmrh. er núna alveg við leiðarlok. Hún er komin í hús og birtist hér vonandi innan skamms.) Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa kallað í hæstv. félmrh. og sömuleiðis hæstv. félmrh. fyrir að koma í húsið og býð hana sérstaklega velkomna.

Þannig er að ég hefði viljað eiga við hana orðastað í örstutta stund um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hæstv. félmrh. flutti nokkra tölu í útvarpsumræðum og bað um sanngjarnar leikreglur. Ég vil leggja fyrir hæstv. félmrh. nokkrar spurningar:

1. Eru það sanngjarnar leikreglur að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust? Eru það sanngjarnar leikreglur?

2. Eru það sanngjarnar leikreglur, hæstv. félmrh., að breyta fjárlögunum að því er lánasjóðinn varðar sérstaklega? Af hverju er verið að breyta fjárlögunum að því er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna og námsmenn eina? Í fjárlögunum stendur að námsmenn eigi að fá í framfærslueyri í haust 800 millj. kr. Það stendur í fjárlögunum sem voru samþykkt hér í haust. Síðan hefur verið tekin um það ný ákvörðun — eða hvað? — af Alþfl. að fella niður þennan framfærslueyri námsmanna í haust og þeir eiga einir allra Íslendinga að verða framfærslueyrislausir í sínu starfi í haust. Eru það sanngjarnar leikreglur? Og ég spyr hæstv. félmrh.: Hvenær tók Alþfl. ákvörðun um að gera námsmenn kauplausa í haust? Hvenær tók Alþfl. ákvörðun um að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust? Var sú ákvörðun tekin með samhljóða atkvæðum í Alþfl.? Samband ungra jafnaðarmanna hefur sent frá sér einróma ályktun um þetta mál þar sem gerð er hörð hríð að ákvæði 6. gr. þessa frv. Ég spyr: Ætla þingmenn

Alþfl. ekki að taka nokkurt minnsta mark á þessu fólki? Eða hvað? Er það virkilega svo að þingmenn Alþfl. séu vísvitandi að taka þetta af námsmönnum eða er þetta eitthvað sem menn sáu ekki fyrir og mundu vilja leiðrétta núna?

Ég vil segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að fari svo að stjórnarliðið haldi sínu striki í þessu máli, þá mun ég hvað sem aðrir gera beita mér fyrir því að þetta mál verði tekið upp aftur í haust og ég er alveg sannfærður um að það er nógur fjöldi þingmanna hér sem hefur það sterka réttlætiskennd að hann mun ekki þola að Alþingi komi saman í haust eða síðar í sumar öðruvísi en það verði á ný tekið á lánamálum íslenskra námsmanna. Það er alveg augljóst mál að menn munu ekki láta ríkisstjórnina í friði með þetta mál því að það liggur í augum uppi hvað þetta er ósanngjarnt. Það finnur hver einasti ærlegur maður.

Þess vegna, virðulegi forseti, taldi ég algerlega óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. þessara úrslitaspurninga. Út af fyrir sig er ég svo sem ekki að búast við því að hún geti leyst öll mál á einu kvöldi. En ég segi alveg eins og er að ég er sannfærður um það engu að síður að svör hennar geta skipt íslenska námsmenn miklu máli og það verður fróðlegt að heyra hvernig hún svarar þessu. Í fyrsta lagi: Hvenær ákvað Alþfl. að skerða kjörn námsmanna umfram fjárlög um 800 millj.? Hvenær ákvað Alþfl. að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust og var sú ákvörðun tekin í þingflokki Alþfl. með samhljóða atkvæðum?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður er mjög þingreyndur maður, hefur reyndar verið nokkrum sinnum ráðherra og setið í allmörgum ríkisstjórnum. Hv. þm., fyrrv. ráðherra, veit því manna best að þegar tekið er þátt í samstarfi við aðra flokka þarf oft og iðulega að koma til málamiðlana og ég veit að hv. þm. hefur tekið þátt í því og líka sem ráðherra. Kannski hefur samkomulagið oft verið með þeim hætti, og ég efast ekki um það hjá honum, að hann hefur ekki talið sig ná öllu fram eða verið fullkomlega ánægður. Ég minni hv. þm. á að það hafa orðið verulegar breytingar á þessu frv. frá því að það var lagt fram. Þegar menn hafa einu sinni komist að samkomulagi um hlutina eins og er í þessu tilfelli telja menn sig bundna af því. Á þessu stigi málsins tel ég að það sé ekki hægt að ná lengra í þessu máli, ég tel mig bundna af þessu samkomulagi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég verð að upplýsa hv. þm. um það af því að mér skilst að hann hafi verið að biðja um orðið að hæstv. ráðherra fór ekki í andsvar. Hún bað um orðið. (Gripið fram í.) Já, hv. 9. þm. Reykv. óskar að veita andsvar. Ég vil minna hv. þm. á að gefnu tilefni að gefa til kynna í hvaða tilgangi þeir biðja um orðið.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið forsetann að afsaka að mér fataðist nokkuð á þingsköpunum þar sem mér varð svo mikið um svar hæstv. félmrh. En þannig háttar til að því miður lýsti hún því yfir að hún væri bundin af þessum ósköpum og Alþfl. stæði að því að loka Lánasjóði ísl. námsmanna í haust. Satt best að segja svaraði hún að vísu ekki öllum mínum spurningum, t.d. ekki um það hvort ákvörðun um þetta mál hafi verið tekin samhljóða í þingflokki Alþfl. Það má út af fyrir sig einu gilda úr þessu. Aðalatriðið er að Alþfl. hefur ákveðið að taka fulla pólitíska ábyrgð á því að loka Lánasjóði ísl. námsmanna haustið 1992, að fella úr gildi ákvæði um jafnrétti í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, að leggja vexti á námslán, að herða endurgreiðslur og skapa þannig sérstaka erfiðleika. Og fyrir hverja? Fyrir fátækt fólk í landinu sem á ekki steinsteypu eða hús til að veðsetja fyrir börnin sín svo að þau geti tekið lán í bönkum. Fyrir fólk á landsbyggð og fyrir konur. Þetta eru hóparnir sem verða sérstaklega fyrir barðinu á þessari skörulegu málamiðlunarsamþykkt Alþfl.

Hæstv. félmrh. Vonin sem var bundin við sanngjarnar leikreglur fyrir fáeinum sólarhringum er að engu orðin. Það stóð skamma stund.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Hér fyrr í dag óskaði ég eftir því að það yrði haldinn fundur í menntmn. til þess að við sem þar sitjum gætum aflað okkur upplýsinga um afstöðu bankakerfisins til þess sem hér er að gerast. Því miður var því hafnað. Við fengum ekki að ræða við fulltrúa bankakerfisins. Þess í stað var kallað á framkvæmdastjóra lánasjóðsins og var heldur lítið á honum að græða.

Hæstv. menntmrh. varpaði því fram í dag hvort minni hluti menntmn. hafi ætlað sér að semja við bankana. En þetta mál snýst auðvitað um það hvað verið er að gera hér. Hvaða afleiðingar mun þetta frv. hafa? Þær afleiðingar snúa ekki síður að bankakerfinu og almenningi, áhrifum á efnahagslífið, en lánasjóðnum sjálfum og þeim sem eiga viðskipti við hann.

Hér er verið að tala um að lána án tillits til efnahags fé úr opinberum sjóðum og maður hlýtur að spyrja: Hvernig kemur þetta heim og saman við stefnu Alþfl.? Hvernig kemur þetta heim og saman við þá stefnu sem lýst var sl. mánudagskvöld, annars vegar þar sem rætt var um hinar sanngjörnu leikreglur og þá ekki síður þau ummæli hæstv. utanrrh. að nú ætti fyrst og fremst að taka tillit til þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Það er nefnilega ekki heil brú í stefnu ríkisstjórnarinnar. Á einum stað er unnið að því að reyna að ná niður lánsfjárþörf ríkisins og vöxtum, það er verið að semja um það í kjarasamningum, en á hinum endanum er hæstv. menntmrh. sem er að beina þúsundum námsmanna út í bankakerfið sem hlýtur að þýða að það verður aukin eftirspurn eftir lánsfé í bankakerfinu. Það er þess vegna sem við vildum fá að ræða við fulltrúa bankakerfisins. Hvaða áhrif hefur þetta? Hversu margir munu leita til bankanna? Hvað er verið að tala um háar fjárhæðir? Hvaða áhrif mun stóraukin eftirspurn á þessum almenna lánsfjármarkaði

hafa á vextina? Hvernig kemur það heim og saman við stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum? Hvernig kemur það heim og saman við kjarasamningana sem var verið að gera? Við vildum fá svar við þessu. En svörin sem við fáum, niðurstaðan af öllu saman er að þessir menn vita ekkert hvað þeir eru að gera. Þeir vita ekkert hvaða áhrif þetta muni hafa.

Það sem hér er að gerast er það að enn einu sinni á að fara að samþykkja lagabálk sem hefur í för með sér stórfelldar breytingar fyrir námsmenn en menn neita algerlega að skoða hver áhrifin verða á öðrum stöðum í þjóðfélaginu. Ég tel, eins og ég hef áður sagt í þessari umræðu, að áhrifin muni koma fram á lánamarkaðnum, húsnæðismarkaðnum, í launabaráttu framtíðarinnar og í félagslegri og fjárhagslegri stöðu fjölda ungra karla og kvenna, einkum og sér í lagi kvenna. Við erum að tala um breytingar sem hafa áhrif til margra, margra ára. En veit ríkisstjórnin hversu mikil þau áhrif verða? Vita hv. stjórnarþingmenn hve mikil þau áhrif verða? Nei. Þeir vita það ekki. Þeir vita nefnilega ekkert hvað þeir eru að gera og þeir vilja ekki vita það. Þess vegna sitja þeir ekki hér í salnum. Þess vegna eru þeir ekki hérna. Þeir vilja ekki vita hvað verið er að gera með örfáum undantekningum. Og það vissi framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna ekki heldur.

Þess í stað er verið að stunda stórfelldar blekkingar í pólitískum tilgangi. Það er nefnilega ekki stjórnarandstaðan sem er að stunda blekkingar eins og haldið var fram í sjónvarpsumræðunum á mánudag. Það eru menntmrh. og fylgisveinar hans sem stunda hér stórfelldar pólitískar blekkingar. Og þeim gengur fyrst og fremst tvennt til að mínum dómi. Það er annars vegar að það er verið að framkvæma bókhaldsbrellur, það er verið að reyna að bjarga fjárlögum þessa árs með því að velta 800 millj. yfir á næsta ár. Hins vegar, og það er kannski það alvarlega, er verið að sveigja námslánakerfið undir markaðslögmálin. Það er verið að gera Lánasjóð ísl. námsmanna að hverjum öðrum fjárfestingarlánasjóði. Afleiðingin af því er sú að það er verið að vísa fjölda námsmanna út á guð og gaddinn. Og ég vil enn þá spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað á að verða um þá þar? Hvaða vinnu á þetta fólk að fá í því ástandi sem nú ríkir? Hvað á að verða um þetta fólk? Ég hlýt að spyrja að því.

Ég ítreka það, sem ég sagði í ræðu minni í gær, að það verður eftir því tekið hvað stjórnarþingmenn gera í þessu máli. Og ég vil í fullri vinsemd beina því til þeirra enn og aftur að taka ekki þátt í þeim óhæfuverkum sem hér á að fremja. Hugsið þið nú ykkar gang, þeir fáu sem hér eru og aðrir sem kunna að horfa á sjónvarpsskjáinn, ég vona að þeir séu að fylgjast með þessum umræðum þó að þeir séu ekki hér. Menn verða að gera sér grein fyrir því út í hvað er verið að fara. Þetta er að mínum dómi eitthvert alvarlegasta mál sem við höfum fengist við hér á þingi í vetur. Þetta má ekki samþykkja.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar að drepa á að gefnu tilefni í ræðum síðustu ræðumanna nokkurra.

Fyrst ætla ég að nefna að leiðari Morgunblaðsins í dag hefur orðið stjórnarandstæðingum mikill hvalreki og raunar Morgunblaðið allt í dag, sýnist mér. Það er gjarnan svo að það er vitnað í Morgunblaðið sem málgagn Sjálfstfl. Þegar blaðið skrifar þannig að það er ekki alveg í takt við stefnumál sjálfstæðismanna vitna stjórnarandstæðingar ótt og títt í skrif Morgunblaðsins. Nú ætti það að vera vitað af öllum að Morgunblaðið hefur lagt kapp á það undanfarin ár að sanna fyrir lesendum sínum, og lesendur Morgunblaðsins eru allir landsmenn eins og menn vita, að það sé ekki málgagn Sjálfstfl. Það sé frjálst og óháð blað. Það tel ég mjög skynsamlegt af Morgunblaðinu að leggja áherslu á. Þetta er svona. Morgunblaðið er ekkert sérstakt málgagn Sjálfstfl. Sjálfstfl. á ekki Morgunblaðið. Það er munurinn á Morgunblaðinu og Tímanum og Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu og var líka munurinn á Morgunblaðinu og Þjóðviljanum meðan hann var og hét. En sú var tíðin að menn lásu leiðara Morgunblaðsins til þess að kynna sér stefnu Sjálfstfl. Sú var tíðin. En sú tíð er löngu liðin. Það er staðreynd málsins. Leiðarar Morgunblaðsins eru þess vegna ekkert frekar skoðanir Sjálfstfl., þeir eru skoðanir ritstjóra Morgunblaðsins. Ef þeir væru spurðir held ég það sé enginn vafi á að þeir mundu svara því svona og það er allt gott um það að segja. (**HG:** Hvaða flokki eru þeir í?) Þeir eru sjálfstæðismenn báðir. Þeir fara ekkert dult með það. Það er alveg ljóst af þessum skrifum Morgunblaðsins í dag á hvaða sveif þeir leggjast, það fer ekkert á milli mála. Þeir nota allar breiðsíður blaðsins undir málflutning þeirra sem eru andvígir því sem ríkisstjórnin er að gera. Það er að vísu ein grein í blaðinu, sem er falin á öftustu síðunum, sem lýsir öðrum skoðunum og er náttúrlega langbesta greinin sem birtist í blaðinu í dag um lánasjóðsmálin, það er alveg ljóst.

Ég hef þegar komið nokkuð að ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur í þingskapaumræðum í dag og mér varð á að finna að því að hún skyldi ekki hafa beðið afsökunar á orðum sínum þegar hún las bréfið frá Landsbankanum. Út af þeim orðum mínum var ráðist alveg sérstaklega á mig af formanni flokks hennar, Ólafi Ragnari Grímssyni.

Nú ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að biðja hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að koma með mér á smáupprifjunarnámskeið. Ég er nefnilega með útskrift af ræðu hennar frá því fyrr í dag. Mér nægir held ég að lesa alveg eina setningu og hún er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég talaði við nokkra bankamenn í morgun. Það hefur enginn rætt við neinn í bankakerfinu um að annast þessa fyrirgreiðslu við námsmenn" o.s.frv. (**GHelg:** Það er alveg rétt.) „Það hefur enginn rætt við neinn í bankakerfinu um að annast þessa fyrirgreiðslu við námsmenn." — Og það er alveg rétt, segir þingmaðurinn enn þá. Hún er búin að lesa bréf frá Landsbankanum, hún er búin að heyra í gegnum sinn fulltrúa í menntmn. hvað framkvæmdastjóri lánasjóðsins hafði að

segja um þetta, en hún virðist ekki enn átta sig á staðreyndum málsins. Ég get ekki gert að því. Ég er búinn að upplýsa þetta, en það dugar víst ekki.

Hv. þm. Svavar Gestsson las upp úr skýrslum frá árinu 1990, manna sem tilnefndir voru í nefnd varðandi lánasjóðinn, og hann sagði að það hefði verið almennt mat að ekki væri um það mikinn vanda að ræða þegar núv. stjórn kom til valda að þyrfti að umbylta sjóðnum. — Það væri ekki um það mikinn vanda að ræða.

Nú leggja menn sjálfsagt nokkuð misjafnt mat á hvað sé vandi eða hvað sé mikill vandi. Það kann að vera að það líti misjafnlega út eftir því hver horfir eða frá hvaða sjónarhóli horft er. En hvað kallast það þegar viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar á málefnum lánasjóðsins var þannig að það skorti 1 milljarð kr. þegar síðasta ríkisstjórn fór frá til þess að lánasjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar? Það kom í hlut núverandi ríkisstjórnar að bæta úr þessu með nokkrum hætti og það var gert. Það var gert þannig að á fjáraukalögum á sl. hausti voru veittar 700 millj. kr. til þess að lánasjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar. Það var dregið hins vegar úr fjárþörfinni um 300 millj. með sérstökum aðgerðum. En þetta var nú viðskilnaðurinn og í máli hv. þm. Svavars Gestssonar heitir þetta að það væri ekki svo mikill vandi að þyrfti að umbylta sjóðnum.

Hann undirstrikaði, hv. þm., að það væru engin efnisleg rök fyrir breytingum. Þegar hv. þm. talar svona er hann um leið að segja að það eigi að halda áfram á þeirri braut sem gengin var í tíð síðustu ríkisstjórnar, þ.e. er fullkomið ábyrgðarleysi í fjármálum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er þetta sem hann er að segja.

Hv. þm. sagði að ég hefði talað í þessum umræðum eins og ég væri með úthlutunarreglurnar í höndunum eða drög að úthlutunarreglum. Það er ekki svo. Ég hef hins vegar rætt við framkvæmdastjóra lánasjóðsins og hann hefur skýrt mér frá hvað hafi verið rætt í stjórn sjóðsins um einstök atriði sem sérstaklega hafa komið upp í umræðunum. Og frá því hef ég skýrt. Ég tel að það hafi verið heiðarlegt af mér að segja frá því hvað sjóðstjórnin væri að ræða um einstök og veigamikil atriði í væntanlegum úthlutunarreglum. Þar nefni ég t.d. þetta atriði um vextina sem námsmenn þurfa að borga vegna lána sem þeir kunna að taka í bankakerfinu meðan þeir bíða eftir lánum hjá lánasjóðnum.

Það er nokkuð mikið gert úr því sýnist mér í þessari umræðu hvað það muni kosta lánasjóðinn geysilega mikið fé að bæta við þessum vöxtum. Ég hef ekki nákvæma áætlun um þetta. Það er erfitt að gera þessa áætlun. Ég hef sagt það áður. En það segir sig sjálft að lánasjóðurinn verður fyrir nokkru hagræði af því að geta frestað því að taka lánin við það að haustlánunum er frestað fram yfir áramót. Þetta hagræði gengur að nokkru til nemendanna, væntanlegra viðskiptamanna sjóðsins, með hækkun lánanna vegna vaxtanna.

Hv. þm. las upp úr grein Ólafs Arnarsonar, grein sem hann skrifaði 1986, og hafði greinilega afskaplega mikið yndi af að fá þessa grein upp í hendurnar. En ef þessi grein er lesin í samhengi kemur í ljós að höfundur hennar var að mótmæla skerðingu sem þá var líkleg um 30–50% og það er nákvæmlega það sama sem við erum að gera núna með frv., við erum að koma í veg fyrir að slík skerðing verði á grunnlánum lánasjóðsins. Það er nákvæmlega það sama.

Hæstv. forseti. Það er freistandi að segja ýmislegt fleira um það sem komið hefur fram í umræðunni, en þá er ég hræddur um að ég lendi í því sama og hv. stjórnarandstæðingar gera allan tímann, það er að ég færi að endurtaka sjálfan mig, og ég ætla að stilla mig um það.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. er genginn í liðið með hæstv. forsrh. og fleiri góðum mönnum sem hafa ekkert annað til þessarar umræðu að leggja en að menn séu langorðir og leiðinlegir og þetta séu óþarfa málalengingar og ræðuhöld. Ég held að hæstv. menntmrh. hefði átt að sleppa þessari síðustu setningu a.m.k. og jafnvel allri ræðunni, svo ég svari í sama dúr. Þetta var ekki mjög merkileg ræða hjá hæstv. menntmrh. Nei. Ég held að hæstv. menntmrh. ætti þá að rifja upp í hvaða félagsskap hann er sem einn af menntamálaráðherrum Sjálfstfl. og ég held það ætti að fara yfir það úr því hann var að fara út í sögulega upprifjun hér, hæstv. menntmrh., hvernig afkoman hjá Lánasjóði ísl. námsmanna var þegar fyrrv. menntmrh. Svavar Gestsson kom þar að, hvaða verk var þá að vinna að bæta fyrir skemmdarverk ráðherra Sjálfstfl. í þeim málaflokki. Það var ærið verk að vinna að ná upp þeirri 20–30% skerðingu á námslánum sem þau höfðu þá staðið fyrir Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson. Ég held að hæstv. núv. menntmrh. ætti að fara varlega í samanburð á frammistöðu einstakra menntmrh. í þessum málaflokki. Ætli sagan muni ekki dæma það best hverjir hafi reynt að standa við bakið á Lánasjóði ísl. námsmanna og hverjir ekki þegar frá líður? Mér er nær að halda það.

Undir andsvörum er ekki hægt að ræða við hæstv. menntmrh. um annað sem hér kom fram í hans máli, en ég verð þó að segja alveg eins og er að það að ætla að bera það á borð fyrir menn hér, eins og menntmrh. gerir, að með einhverjum þeim hætti sem hægt sé að kalla það samráð eða viðræður við bankakerfið hafi verið undirbúin sú þátttaka þess eða lausn í fjármálum námsmanna sem ríkisstjórnin virðist ætlast til að fari fram, er alveg með ólíkindum. Það er alveg með ólíkindum að jafnþroskaður maður í stjórnmálum og lífinu og veröldinni og hæstv. menntmrh. ætti að vera, kominn á þennan aldur, skuli láta sér detta í hug að bera jafnvel á borð fyrir menn héðan úr ræðustól á Alþingi að símhringingar í bankastjóra jafngildi fullgildu samráði við þá um milljarða fjármögnun í þessu sambandi.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það mætti upplýsa hv. þm. um staðreyndir, þá kom það í hlut forvera minna, mennt-

mrh. Sjálfstfl., að skerða Lánasjóð ísl. námsmanna vegna þess að það hafði verið komið í veg fyrir skynsamlegar breytingar á lögunum. Það var ástæðan fyrir þeim skerðingum sem þeir þurftu að standa fyrir. En hann skýrði það ekki út, hv. þm., hvernig verkið var unnið af síðustu ríkisstjórn að bæta fyrir þessar „hroðalegu skerðingar" sem sjálfstæðisráðherrarnir höfðu gert. Hvernig var það gert? Ég skal segja honum það. Það var gert með því að hækka námslánin með ákvörðun menntmrh., einfaldri ákvörðun, og það gerði hann þrisvar sinnum á sínum ferli, en því fylgdu ekki hækkaðar fjárveitingar frá Alþingi. Þvert á móti voru þær lækkaðar. Og með þessum hætti er ekki hægt að vinna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera smávegis athugasemd við upphaf ræðu hæstv. menntmrh. Hann fór þar nokkrum orðum um samband Morgunblaðsins og Sjálfstfl. og ég er honum alveg sammála í því að það þýðir ekkert að deila um að Sjálfstfl. á ekki Morgunblaðið. Hins vegar, eins og samskipti þessara aðila hafa komið mér fyrir sjónir síðustu árin, finnst mér miklu nær að segja að Morgunblaðið eigi Sjálfstfl. Og þess vegna kannski enn þá frekar er nú ástæða til þess að hæstv. ráðherra og aðrir hv. þm. Sjálfstfl. taki dálítið mark á þessum uppalanda sínum, sem Morgunblaðið er. Ég bendi hæstv. ráðherra á að þó að Morgunblaðið vilji stundum sverja það af sér að Sjálfstfl. eigi það gerist það ekki oft að Morgunblaðið gengur í leiðara svo sterklega í berhögg við meginstefnumál Sjálfstfl., mál sem hæstv. forsrh. sagði í eldhúsdagsumræðum á mánudagskvöldið var að væri hornsteinn fjárlaganna. Morgunblaðinu finnst mikið liggja við þegar það á svo afdráttarlausan hátt eins og það gerði í morgun gengur þvert á þá stefnu sem Sjálfstfl. er að reyna að koma í gegn og ég skora nú á hæstv. ráðherra að taka nú mark á þessum ábendingum frá sínum uppalanda.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má endalaust deila um hvort Morgunblaðið eigi Sjálfstfl. eða Sjálfstfl. Morgunblaðið. Hins vegar hefur það komið fram í þessari umræðu að Sjálfstfl. tekur mark á ýmsu því sem Morgunblaðið segir og það er kannski aldrei jafnnauðsynlegt og einmitt nú að Sjálfstfl. taki mark á Morgunblaðinu. Hins vegar kom það fram í ræðu hæstv. menntmrh., og það sannast þá sem forsrh. hefur haldið fram, að menn séu sífellt að halda sömu ræðurnar, og það sannaðist best á hæstv. menntmrh. því það kom fram í 1. umr. og menn voru alveg sáttir við þær skýringar, að menn ættu ekki að deila í þessari umræðu um hvort og hverjum það væri að kenna hvernig komið væri fyrir Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er alveg sama hvaða stjórnmálaflokkur hefur farið með málefni sjóðsins. Það hefur aldrei nokkurn tíma verið staðið við það ríkisframlag sem sjóðnum var ætlað í upphafi, hvort sem það var Sjálfstfl. eða einhverjir aðrir flokkar. Menn ætluðu ekki að deila um þetta og þetta talaði hæstv. menntmrh. um strax í upphafi.

Hins vegar er það rétt hjá hæstv. ráðherra að Framsfl. kom í veg fyrir það ítrekað á árunum 1983–1988 að Sjálfstfl. næði til að vinna þau óheillaverk sem hann ætlaði sér og er núna að framkvæma á Lánasjóði ísl. námsmanna. Alþfl. hefur hins vegar ekki tekist það. Og eitt dæmi um þetta er að þegar Sjálfstfl. komst ekki upp með að breyta þeim grundvallarmarkmiðum sem eru í lögunum frá 1982, þá nýttu menntmrh. Sjálfstfl. sér hvað eftir annað þær heimildir sem þeir hafa til að breyta reglugerðinni um grunnframfærsluna og átta sinnum á árunum 1983–1988 var þessari sömu reglugerð breytt, 21. gr. reglugerðarinnar um framfærsluna var átta sinnum breytt. Og þegar upp var staðið hljóðaði hún í áttunda skipti nákvæmlega eins og hún hljóðaði í upphafi. Svona hringlandahátt í þessu viðkvæma máli, sem það er fyrir námsmenn, er ekki hægt að líða. Það er þetta sem Sjálfstfl. er núna að gera. Það verður óbúandi fyrir námsmenn við þau lög sem þeir eru að troða í gegnum þingið í andstöðu við þingið að meiri hluta til og þjóðina líka.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var búinn að segja það sem hv. þm. sagði líka, að ástæðan fyrir því að það þurfti að breyta reglugerðinni var einmitt sú að Framsfl. kom í veg fyrir að hægt væri að breyta lögunum eins og nauðsynlegt var þá og eins og nauðsynlegt er núna. Það var ástæðan fyrir breytingu reglugerðarinnar og ástæðan fyrir því að það þurfti að skerða lánin.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er rangt hjá hæstv. menntmrh. Það var og er engin ástæða til að breyta grunnframfærslunni. Það er engin ástæða til að breyta þeim grundvallarmarkmiðum sem menn settu sér í upphafi með lögunum um námslán og námsstyrki frá 1982 — nema einu atriði og það eru allir sammála um. Það er að endurheimtuhlutfall lánanna er lægra en menn áætluðu í upphafi. Það sem hér er hins vegar verið að gera er að það er verið að innleiða að þeir sem hafa greitt lánin sín að fullu fram undir þetta eiga að greiða meira. Þeir sem ekki hafa greitt eiga að halda áfram að þurfa ekki að greiða þannig að það grundvallarmarkmið sem menn ætluðu að ná í upphafi með þessum breytingum næst ekki. Það sem út úr þessu kemur, ef þetta gengur allt saman fram með þeim óskapnaði sem hér er boðað, er að þá mun Lánasjóður ísl. námsmanna verða fyrir viðbótarútgjöldum umfram það sem hann hefði annars orðið fyrir um 35–40 millj. kr. vegna þess að það á að fara að lána fyrir vöxtunum í stað þess að lána út strax á haustmissiri og þurfa ekki að vísa námsmönnum á bankakerfið.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn sagði að það væri engin ástæða til að breyta grunnframfærslunni. Ég hef margtekið það fram í þessari umræðu að það er ekki ætlunin að breyta grunnframfærslunni. Það sem við erum að gera er að við erum einmitt að koma í veg

fyrir að það þurfi að skerða grunnframfærsluna. Það er það sem við erum að gera. Er ekki nokkur lífsins leið að koma þessu inn í höfuðið á hv. þm.? Ég veit það ekki. Ég er búinn að reyna og ég fer að halda að mér takist það ekki. Það er alveg sama hvað oft er sagt þetta sama. Það virðist alls ekki ganga.

Ég er líka búinn að skýra það út hver viðbótarútgjöldin verða vegna þess að lánað er fyrir vöxtunum og *ég nefndi að það gætu orðið 35–40 millj., en ég hef* líka nefnt að sjóðurinn muni hafa hagræði af því að geta frestað lántökum við það að haustlánin færast yfir áramót þannig að sjóðurinn hefur þar hag á móti og þessi hagur verður fluttur að langmestu leyti ef ekki öllu til viðskiptamanna sjóðsins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mér bæði ljúft og skylt að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa staðfest að í samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. voru það framsóknarmenn sem stóðu vörð um Lánasjóð ísl. námsmanna. Slík yfirlýsing er okkur ómetanleg hér í kvöld vegna þess að *það er nauðsyn að þjóðin átti sig á því* þegar samstarf á sér stað á milli flokka að sumir hlutir verða þar til vegna þrýstings frá öðrum flokknum en aðrir hlutir frá hinum gagnstæða flokki. Þetta ruglar menn oft og þeir átta sig ekki á því hver stefna stjórnmálaflokkanna er.

Það var heiðarlegt svar sem hæstv. félmrh. gaf í kvöld þegar ráðherrann gerði grein fyrir því að Alþfl. hefði samþykkt þessa hluti. Þeir hefðu samþykkt þá. En það kom glögglega fram að þetta var ekki það sem þeir vildu. En það sem situr eftir ósvarað og magnar upp hugsunina: Hvað var það sem þeir fengu og var svo mikils virði að það þótti stætt á því að fórna hags*munum íslenskra námsmanna*? Hvert var kaupverð gæfunnar? Það dugar ekki að segja það við íslenska þjóð að það hafi bara verið setan í ráðherrastólunum. Það verður þá að sýna fram á hvað það var.

Ég geri mér grein fyrir því að ungir jafnaðarmenn munu krefjast þessara svara á flokksþingi Alþfl. Og ég geri mér grein fyrir því að Jónarnir, hæstv. ráðherrarnir tveir, munu eiga erfiða nótt áður en þeir ganga til þess leiks. Það er nefnilega svo að það er komið þannig fyrir þeim flokki, Alþfl., að þjóðin hlustar á einn ráðherra, hvað hann segir, vegna þess að þó menn séu ekki alltaf sammála því sem sagt er, þá trúa menn því að þar sé ekki vísvitandi verið að segja ósatt og þar *skilur á milli feigs og ófeigs í þeirri* stöðu.

Ég tel óhjákvæmilegt eins og mál standa að fara nokkuð vítt yfir þetta svið. Ég tel óhjákvæmilegt annað en byrja á því að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh. þegar hann vék að því hvernig þingmenn störfuðu. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að þingmenn töluðu mikið, þetta væri hálfgerður langhundur stundum og menn væru að éta hver upp eftir öðrum. Til þess að ekkert fari milli mála vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstuttan kafla sem snertir lánasjóðinn úr ræðu forsrh.:

„Lánasjóður námsmanna er afar þýðingarmikið mál og mikið deilumál sem eðlilegt er. Í þingnefnd hefur verið unnið að málinu og stjórnarliðar gert fjölmargar breytingar til að nálgast þá sem gagnrýnt hafa frv. Sjálfsagt er að hver þingflokkur lýsi afstöðu sinni skýrt og skorinort til máls af því tagi, jafnvel með fleirum en einum talsmanni og við hverja umræðu um málið. Hér er hins vegar sú aðferð notuð að hver þingmaður af öðrum flytur langhund um málið og fer þá gjarnan þannig að hver étur eftir öðrum. Allir vita þó að hversu *mjög sem talað verður mun ríkisstjórnarmeirihlutinn á* Alþingi koma málinu í gegn, enda fjárlög ríkisins á því byggð. Málæði af þessu tagi hefur því ekki annan ávinning en þann að koma í veg fyrir að öllur mál, mál sem þorri þingmanna er kannski sammála um að fái afgreiðslu á þinginu á meðan, nái fram að ganga. Vinnubrögð af þessu tagi sem og svokallaðar þingskapaumræður eru þinginu til vansæmdar og er óhjákvæmilegt að þingflokkarnir íhugi vel ráð sitt í þessum efnum. Við hljótum að taka reglurnar um fundarsköp Alþingis til endurskoðunar og tryggja að eftir þeim sé farið. Þjóðin vill mega gera slíka kröfur til þessarar virðulegu stofnunar og þingmenn verða að *geta risið undir slíkum kröfum.*"

Ég geri mér grein fyrir því að draumur hæstv. forsrh. er að það verði komið fyrir faxtækjum á borðum þingmanna og skipst verði á skeytum þvert yfir salinn. Þá þyrfti engar umræður. En nú skulum við örlítið víkja að staðreyndum.

Í fyrsta lagi. Hæstv. forsrh. valdi sér samstarfsmenn sem ráðherra. Skyldi enginn þeirra hafa talað um þingsköp á seinustu þingum? Skyldi enginn þeirra hafa flutt mál, stundum nokkuð langt, á seinustu þingum? Það fer ekki á milli mála sem mannvalið skoðar að hann valdi úr þingflokknum langhundaliðið. Hann valdi langhundaliðið. Það er alvarlegt mál, hæstv. forsrh., að *fara þannig að þegar ráðherrar eru valdir. Það er hægt* að fara yfir þingtíðindin, fletta þeim upp og fara yfir það hvað þessir menn töluðu.

Nei, hæstv. forsrh. vegur að eigin mönnum. Það er nú einu sinni svo að þetta er málþing og þingmenn fá enga yfirvinnu greidda þó þeir mæti hér á kvöld- og næturfundum og mín vegna þarf ekki lífvarðasveit um þetta þing til þess að forða því að Íslendingar veiti því aðför. Það eru þá hagsmunir einhverra annarra ef menn telja að það sé nauðsyn. Hæstv. forsrh. vill aftur kynna þetta þing sem óhæft. Hann er búinn að ferðast víða. Þeir slógust í ítalska þinginu, eftir sjónvarpsfréttum. Það er ráð að hann spyrji þá frétta á Ítalíu hvernig *standi á þessu næst.*

En svo kemur það langalvarlegasta. Það langalvarlegasta í þessu öllu saman er ein setning. Þar segir: „enda fjárlög ríkisins á því byggð." Þetta er því miður, hæstv. forsrh., það sem kallað er á góðri íslensku hrein lygi. Og nú skora ég á íslenska fréttamenn: Eruð þið starfi ykkar vaxnir, eruð þið menn til að gæta þeirrar rannsóknarblaðamennsku sem stundum var krafist úr þessum ræðustól af mikilli festu? Eruð þið menn til þess að fletta upp fjárlögunum og skoða það sem hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í þegar hann benti á að fjárlög íslenska ríkisins gera ráð fyrir að sjóðurinn hafi ákveðna fjármuni á þessu ári og að samkvæmt

þeim séu 800 millj. til ráðstöfunar í haust? Þetta hljóta íslenskir blaðamenn að geta gert. Og það sem meira er, fréttamenn Íslands eru skyldugir til að gera þetta. Ef það er staðreynd að forsrh. telur sínum tíma best varið á Alþingi Íslendinga með því að svívirða þingmenn en ljúga að þjóðinni, þá er sá forsrh. ekki maður til að stjórna þessu landi. Ég skora þess vegna á fréttamenn að gegna skyldu sinni. Ég skora á þá að upplýsa hvor fór með satt mál í þessum efnum, forsrh. eða Svavar Gestsson. Það þýðir ekki að hrópa kommúnisti, kommúnisti! og segja að þess vegna séu menn að ljúga. Jafnvel Morgunblaðið mundi neita að taka undir þann vopnaburð. Það er nefnilega satt sem hæstv. menntmrh. sagði: Morgunblaðið er hætt að taka að sér það hlutverk að vera skilyrðislaus, auðmjúkur þjónn Sjálfstfl. Þar eru menn sem krefjast þess að mega hugsa sjálfstætt, skrifa eins og þeir telja rétt og boða þjóðinni þá stefnu sem þeir telja rétta. Mér er ljóst að þetta ruglar oft sjálfstæðismenn vítt og breitt um landið í ríminu. Þeir átta sig ekki á því hvort þeir eigi að trúa Morgunblaðinu eða hvort þeir eigi að taka mark á ráðherrunum. Hérna stendur í Morgunblaðinu:

„Fjárhagsstaða LÍN í lok vormissiris: 800 millj. kr. eftir af framlagi og lántökuheimildum fjárlaga."

Enn eitt vitnið er leitt fram og ég þakka þeim sem settu þetta á prent. Þetta er yfirlýsing um að forsrh. þjóðarinnar leyfði sér í eldhúsdagsumræðum að ljúga að þjóðinni. „Orð skulu standa", sagði þessi hæstv. forsrh., og var keikur í stólnum í dag. Orð skulu standa. Hvaða orð, hvers orð?

Ég minnist þess sem nemandi í Kennaraskóla Íslands að eitt sinn tók skólastjóri skólans sig til og ræddi einmitt um þennan þátt mála, orð skulu standa. Vissulega var það rétt að þá bændur hétu Guðmundi Arasyni hinum góða illu, þá efndu þeir það. Það er vissulega satt. En það sem dr. Broddi spurði að var einfaldlega þetta: Ef þér verður á að segja hlut sem er alrangur, fullyrða hluti, lýsa yfir ákvörðun sem er röng, ertu þá ekki að bæta gráu ofan á svart með því að segja: „Orð skulu standa"? Það er vissulega rétt að þegar menn gefa góð loforð eiga menn að reyna að standa við þau. En er það jafnvíst að þegar menn hafa í heitingum, þá beri líka að standa við það? Ég hygg að hæstv. forsrh. yrði maður að meiri ef hann kæmi í ræðustól og gerði grein fyrir því að hvað snertir þá fullyrðingu í eldhúsdagsumræðunni þar sem hann segir að það séu fjárlögin sem krefjast þessa hefði hann farið offari í málflutningi. Þetta væri því miður rangt.

Ég get ekki látið hjá líða að hafa á því orð sem ég hef vissulega sagt áður úr þessum ræðustól. Ég hef vitnað í japanskan hagfræðing sem hefur haldið því fram að mesti auður hverrar þjóðar væri fólkið. Það er athyglisvert að ef við skoðum hans heimaland finnum við ekki þær auðlindir sem gjarnan er talað um sem aðalauðlindir þjóða. Við finnum ekki olíulindir, við finnum ekki námurnar stóru, við finnum ekki þessi gífurlegu fiskimið. Samt siglir Japan hraðbyr til þess að verða ríkasta þjóð heimsins. Hvers vegna? Vegna þess að þeir trúa því að fólkið sjálft sé mesta auðlindin. Ef íslenska skólakerfið rís undir nafni trúi ég því að við höfum ekki efni á að hrekja frá námi þá sem valda þeim verkefnum sem þar er um að tefla. Og ég vil bæta því við: Ég tel að skólakerfið eigi að leita þeirra leiða sem í fornsögunum var lýst svo fagurlega um einn norskan höfðingja, Erling á Sóla: Öllum kom hann til nokkurs þroska.

Ég held þess vegna að það þurfi að liggja alveg skýrt fyrir í vitund hvers einasta Íslendings að það er ekki af góðmennsku sem við styðjum Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er vegna þess að við viljum tryggja framtíð þessarar þjóðar og það er vegna þess að við erum það eigingjarnir sem nú erum á miðjum aldri að við viljum tryggja að þegar við verðum gamlir getum við treyst þeim sem þá stjórna þessu landi. Ég vil þess vegna undirstrika að hér er ekki um það að tefla eins og fram hefur komið að það sé vegna fjárlaganna að þessi ákvörðun er tekin. Því miður blasir annað við.

Því hefur verið haldið fram að Lánasjóður ísl. námsmanna sé í þeim vanda að það verði að bjarga sjóðnum. Mér finnst satt best að segja að hæstv. menntmrh. hafi lent í sömu gátunni og Örn Arnar orðaði svo snilldarlega:

En alltaf stendur það einhvern veginn
óljóst fyrir mér,
hvort þú varst sniðin fyrir föt
eða fötin handa þér.

Hann virðist ekki gera sér grein fyrir því hvort námsmenn urðu til vegna lánasjóðsins eða lánasjóðurinn til vegna námsmanna og hefur nú tekið ákvörðun um að bjarga sjóðnum. Þetta er satt best að segja stórmerkileg niðurstaða, væri virðingarverð ef það lægi ekki jafnframt fyrir, eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði grein fyrir, að eigið fé sjóðsins stendur fyrir sínu. Hitt er svo spurning og umhugsunarefni: Er það skynsamlegt þegar á móti blæs í efnahagsmálum Íslendinga eins og gert hefur seinustu ár að líta svo á að það sé skilyrðislaust rétt að safna fé í þessum sjóði? Er ekki aðalatriðið að hann geti sinnt sínu markmiði með þá námsaðstoð sem honum var ætlað að veita? Getum við ekki treyst því að um leið og við rísum á ný til sterkari átaka, þá verði áfram vökumenn sem tryggi að sjóðurinn styrkist á nýjan leik? Hér er ekki um neinn sjóð aftan úr grárri forneskju að ræða. Hér er um tiltölulega ungan sjóð að ræða. Og það kom fram í skýrslu, og enn vitna ég í hv. þm. Svavar Gestsson, að það voru 9 milljarðar eigið fé, 9 milljarðar þegar allt var upp greitt.

En þær eru merkilegar hugleiðingar hæstv. menntmrh. í innganginum þegar hann byrjar að ræða um hverjir það séu sem geti staðið undir markaðsvöxtum. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstuttan kafla úr þessum inngangi. Þar segir svo:

„Það er oft haft á orði að Íslendingar leggi mikla áherslu á menntun. Víst er um það að allir eiga kost á almennri menntun á Íslandi og sífellt fleiri námsmenn taka nú stúdentspróf úr hverjum árgangi og sækja framhaldsnám í háskóla eða sérskólum. Mikill fjöldi íslenskra kennara hefur hlotið menntun sína og starfsþjálfun í erlendum eða innlendum skólum. Enginn vafi er á því að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur stuðlað að

því að gera þeim kleift að stunda framhaldsnám eftir stúdentspróf sem til þess hafa haft vilja og getu. Engum blandast hugur um að almenn menntun kemur yfirleitt bæði einstaklingunum sjálfum og þjóðfélaginu öllu til góða. En menntunin er ekki ókeypis og því verðum við að huga að því hvernig greitt skuli fyrir hana. Þótt ekki sé alltaf samræmi milli námslengdar og tekna manna þegar út í lífið er komið er unnt að sýna fram á að í mörgum starfsgreinum er jákvæð fylgni milli námstíma og tekna. Arðsemi menntunar skiptist milli einstaklinga og þjóðfélagsins eftir því hvort einstaklingurinn fær hærra kaup vegna meiri menntunar eða hún hefur óbein áhrif á hagöxt og velferð."

Í þeim greinum þar sem einkageirinn er sterkur eins og varðandi eftirspurn eftir viðskiptafræðingum og verkfræðingum má reikna út arðsemi menntunar og hún reyndist vera meiri en markaðsvextir. Það er búið að reikna dæmið út. En hvaða hópur fékk kveðjuna undir rós í upphafi um að hann stæðist ekki kröfuna um markaðsvextina? Það voru íslenskir kennarar. Það gengur ekki upp þeirra námstími og markaðsvextirnir. Annaðhvort er þetta sú harðasta lögeggjan sem íslenskir kennarar hafa nokkurn tíma fengið um að heimta hærra kaup eða undir rós verið að gefa það í skyn að það verði að stytta hjá þeim námstímann.

Það er nú svo að sumir eru uppteknir við lestur Morgunblaðsins og er allt gott um það að segja. Ég tel að það séu fleiri sem vakni við og fari nú að reikna út námið. Ætli hjúkrunarfræðingarnir íslensku ráði sér ekki viðskiptafræðing, þó að kjörin séu kannski ekki mjög góð hjá þeim hafa þeir trúlega efni á slíkum útreikningi, og láti reikna það út samkvæmt markaðsvöxtunum hvað þeir þurfi að hafa í kaup og þessi nýi forstöðumaður samninganefndar ríkisins þurfi að fá sér annan til að láta reikna út hvers vegna þeir eigi ekki að fá þessi laun. Ég er dálítið hræddur um að það verði margir reikningsmeistarar sem fái atvinnu við að reikna þetta fram og til baka. Hins vegar fannst mér dálítið misskipt hvaða háskólagreinar hæstv. ráðherra minntist á. Ég saknaði arkitektanna, ég segi nú eins og er. Maður las bækur um jólin. En það var heldur ekkert minnst á læknana. Var þetta lið kannski svo tæpt að standast markaðsvextina að það væri ekki vit í að minnast á þá?

Það vildi svo til að í sjónvarpinu í gær kom fram forstjóri Landsvirkjunar, glöggur maður og gegn, og gerði grein fyrir því hvaða markaðsvexti Landsvirkjun væri að borga. Hann greindi á milli nafnvaxta og raunvaxta. Hvaða vextir voru það sem hann sagði að þeir væru að borga af japönsku dollaralánunum? Munið þið það? Var það ekki milli 3 og 4%? (**Gripið fram í:** Um 3%.) Um 3%. Skyldi það nú vera tilviljun að vextirnir í Lánasjóði ísl. námsmanna eru settir á það sama og Landsvirkjun telur rétt að borga, þ.e. markaðsvexti? Skyldi það vera tilviljun að sérfræðingalið Sjálfstfl. komst að sömu niðurstöðu þegar það reiknaði? Ég er ekki viss. Hins vegar var dálítið óþægilegt að þetta viðtal skyldi vera í gær, það viðurkenni ég. Það hefði mátt fresta því í það minnsta fram yfir helgi. Þannig er nú forstjóri Þjóðhagsstofnunar miklu tillitssamari þegar hann kemur fram með fréttir sem ekki er rétt að fleygja framan í þjóðina á hvaða tímapunkti sem er. (**Forseti:** Með vísan til þess samkomulags sem forseti og formenn þingflokka gerðu um að umræður um þetta dagskrármál stæðu í tvær klukkustundir vill forseti vekja athygli á því að hinn umsamdi tími er liðinn og gott betur. Forseti mælist til þess, ef ræðumaður á langt mál eftir, að hann geri hlé á máli sínu, enda verði umræðu frestað þar til síðar í kvöld.) Það er mjög ljúft að verða við þessu því að mér sýnist sem þreytumerki séu orðin á ráðherrum, en ég spyr eftir því samkvæmt hvaða grein þingskapa þingflokksformenn telja sig hafa rétt til að takmarka ræðutíma manna. En ég vil aftur á móti líka vekja athygli á því að forseti hefur að sjálfsögðu rétt til að bera upp dagskrártillögu og láta þingið taka ákvörðun um að umræðu sé lokið. Það hefur einu sinni verið gert á Alþingi Íslendinga. (**ÓRG:** Forseti fer með rangt mál af forsetastóli.) (**Forseti:** Forseti hefur ekki svipt hv. ræðumann orðinu heldur hefur hann lýst því yfir að umræðum verði frestað þar til síðar í kvöld og málið þá tekið aftur á dagskrá.)

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hef þegar lýst því yfir fyrr í dag að ég á engan þátt í neinu samkomulagi um þetta mál. Mælendaskrá er ekki ýkjalöng að mér skilst. Hv. 2. þm. Vestf. er vel kominn á veg með ræðu sína og ég hygg að ég sé næst á mælendaskrá. Ég spyr hæstv. forseta hvað mælendaskráin sé löng og hvaða ástæða liggi til þess að ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu nú á næstu klukkutímum. Ég ætla ekki að tala í marga klukkutíma, ég get alveg sagt forseta það. En ég sé enga ástæðu til þess að ræðum okkar sé nú frestað og ég vildi þá spyrja: Þangað til hvenær? (**StG:** Þangað til fólkið er sofnað.)

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á stjórn hæstv. forseta. Í dag var lagt á það ofurkapp af hálfu stjórnarliðsins að þessari umræðu yrði lokið. Ég hugsa að ég fari rétt með að það sé aðeins einn þingmaður á mælendaskrá fyrir utan þann sem stóð hér í ræðustóli. Er það ekki rétt hjá mér? (**Gripið fram í:** Það eru tveir þingmenn.) Það eru tveir á mælendaskránni. Það er nú ekki meira. Þá gerist það allt í einu fyrir tilverknað ríkisstjórnarliðsins að þessari umræðu er frestað og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson beðinn um að hætta ræðu sinni og á að taka fyrir annað mál. Og þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir spyr forseta að því hver sé ástæðan, þá svarar forseti því ekki. Ég kannast ekki við þau vinnubrögð í þinginu að forsetar svari ekki því þegar þingmenn spyrja um ástæður þess að svo skyndilega er rofin umræða í þinginu og hefur sjálfsagt komið okkur öllum á óvart í þingsalnum. Ég sé að vísu og heyri að vísu að forsrh. hristir höfuðið í hliðarsal. En það má vera að hann sé sá eini sem hafi vitað þetta. Það er svo sem eftir öðru. Það er hann sem þykist vera húsbóndi hér en ekki forsetinn. Það er gott að fá það sannað með höfuðhreyfingu forsrh. úr hlið-

arsölum að hann telur sig vera húsbóndann í þinginu. Hann er það nú reyndar ekki. Hér er enn þá þrískipting ríkisvaldsins, löggjafarvald og framkvæmdarvald.

Hæstv. forseti vitnaði í samkomulag við formenn þingflokka. Ég spyr hæstv. forseta: Er það samkvæmt því samkomulagi að þessi umræða er rofin nú? Og fær hv. þm. Guðrún Helgadóttir ekki svar við spurningu sinni? Ég ítreka hana. Hver er ástæðan fyrir því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarsonn er beðinn um að hætta að flytja ræðu sína að sinni og annað mál er tekið fyrir til umræðu? Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að fá upplýst hvaða ástæður liggja hér að baki.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti hafði þegar gert grein fyrir ástæðunni og vísaði til þess samkomulags sem gert hafði verið milli forseta og formanna þingflokka og hv. ræðumaður, 2. þm. Vestf., tók tillit til þess og umræðunni hefur þegar verið frestað. Ætlunin er að taka fyrir 10. málið á dagskránni og umræðu verður fram haldið síðar í kvöld eins og fram hefur komið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög leitt að forsetinn skuli fara með rangt mál af forsetastóli. Það vita það allir þingmenn að það var skýr forsenda þess samkomulags og því var yfirlýst af hálfu formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar að það batt ekki hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, það vissu allir. Það vissu það allir að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur í vetur hvað eftir annað sagt að hann áskilji sér rétt til að halda sínu málfrelsi í þinginu og það hefur einnig komið fram fyrr í dag að hv. þm. Guðrún Helgadóttir áskildi sér sama rétt. Það voru þessir tveir einu þingmenn sem gerðu það formlega. Og að ætla sér að fara að níðast þannig á þessum þingmönnum með þeim hætti sem hæstv. forseti gerir hér er satt að segja afar óvenjulegt. Forsetinn fer beinlínis rangt með þegar hann er að lýsa því yfir af forsetastól að vegna þess að Ólafur Þ. Þórðarson haldi ekki eitthvert samkomulag, þá verði að fresta umræðum. Það veit allur þingheimur og það hefur legið fyrir frá upphafi að Ólafur Þ. Þórðarson áskildi sér rétt til að fá að tala hér í umræðunum eins og hann óskaði eftir. Og hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur lýst því yfir að hún ætlaði ekki að tala langt mál. En ef stjórnarliðið telur sér bært að leika sér að málum í þinginu samkvæmt dyntum hæstv. forsrh. þýðir ekki mikið fyrir hæstv. forsrh. að koma upp með stærilæti yfir því að halda skuli samkomulag og orð skuli standa. Það þýðir ekki mikið, hæstv. forsrh. Svona leikaraskapur með þingið getur ekki gengið.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til þess að menn skilji hvernig vinnulag er á hinu háa Alþingi á þessu kvöldi. Hér höfum við setið mörg okkar og flest síðan 8 og 9 í morgun þegar nefndarfundir hófust. Við erum búin að vera hér kvöld eftir kvöld fram á nótt og að mestu fjallað m.a. um það mikilvæga mál sem frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna er sem fólk hafði ærið fyrir að setja sig inn í. Nú af einhverjum undarlegum ástæðum á að hætta þessari umræðu í bili og hvað ætlum við að fara að gera? Hvað er ætlast til þess að við förum að gera nú kl. 9.30 að kvöldi? Jú, það er að koma úr nefnd nál. um frv. til laga um Háskólann á Akureyri. Það er frv. í 16 greinum. Treysta menn sér til að setja sig inn í það nál., ræða um framtíð og uppbyggingu Háskólans á Akureyri? Ég verð að segja að starfskraftar mínar eiga sér einhver takmörk og ég held að ég geti lítið lagt til þeirra mála í kvöld og ég hygg að svo sé um fleiri. Það er að vísu afar misjafnt, hæstv. forseti, hvað menn hafa verið mikið í húsinu þessa daga, en ég held að a.m.k. við sem höfum verið hér allan tímann hljótum að mótmæla því að eiga nú að fara að hefja umræður um ekki minna mál en Háskólann á Akureyri. Eða stóð kannski aðeins til að lesa nál. frá nefndinni og gera ráð fyrir að engar umræður yrðu um það mál? Ég spyr: Hvers konar vinnulag er þetta? Væri þá ekki nær að ljúka þá þessari dapurlegu umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna svo menn geti farið að afgreiða það mál í staðinn fyrir að rjúka yfir í allt annað mál. Og ég spyr hæstv. forseta: Er kannski búið að gera eitthvert samkomulag líka um að menn skuli ekki vera að eyða tíma þingsins eins og hæstv. forsrh. kallar umræður hér, er kannski líka búið að semja um að Háskólinn á Akureyri komi okkur ekkert við heldur?

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Forseti sem nú er í forsetastól var ekki á fundi þingflokksformanna og forseta í dag, en ég var þar hins vegar. Ég kann ekki við það þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir hér að forsetinn sem nú er í forsetastól segi beinlínis ósatt vegna þess að það gerði hann ekki. Hann sagði satt. Það var samið um það að umræða skyldi standa í tvo klukkutíma um þetta mál, síðan yrði henni frestað og tekin fyrir önnur mál og haldið síðan áfram síðar í kvöld. Það lá alveg ljóst fyrir að hvorki hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson eða hv. þm. Guðrún Helgadóttir áttu aðild að því samkomulagi, það var alltaf vitað. Ég er satt að segja hissa á því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli segja að þetta komi öllum þingmönnum á óvart. Á ég að trúa því að þingflokksformenn hafi ekki skýrt sínum þingflokkum frá því hvað fór fram á fundinum? Ég veit raunar að þeir gerðu það.

Svo segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson líka að hér sé umræðu frestað fyrir tilverknað ríkisstjórnarliðsins. Þetta var samkomulag sem var gert milli hæstv. forseta Alþingis og formanna þingflokkanna, það er staðreynd málsins. Það er þess vegna líka rangt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það sé hæstv. forsrh. einn sem hafi vitað um að hér ætti að fresta umræðum. Það er sem sagt allt rangt, hvert einasta atriði af því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hafi eitt komið fram hjá hæstv. menntmrn. sem var ekki alveg rétt og þess

vegna kem ég upp til að leiðrétta það. Ég kannast ekki við samkomulag um að málinu yrði frestað og tekið svo upp síðar. Samkomulagið gekk út á það að umræða tæki tvo tíma og það lá fyrir að tveir hv. þm. höfðu fyrirvara um að það gæti gengið. Síðan hlýtur það að vera í valdi forseta hvað hann gerir eftir þessa tvo tíma. Ef þessir tveir hv. þm. eiga ekki mjög langt mál eftir væri náttúrlega æskilegast að slíta umræðuna ekki í sundur. Ég veit ekki hvað þeir ætla að tala lengi, en ég vildi að það kæmi fram að það er ekki alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að það hafi verið samið um það að slíta hana í sundur. Það var samið um tvo tíma og það var vitað að tveir hv. þm. höfðu fyrirvara um að það gæti gengið að henni lyki á þessum tveimur tímum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttur hefur skýrt einfaldlega frá því sem rétt og satt er í þessum efnum og það sama og ég sagði áðan þannig að hæstv. menntmrh. fór einfaldlega með rangt mál hér. (**Menntmrh.:** Ég fór með allt rétt.) Ja, það hefur komið fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að það hafi ekkert verið samið um að hætta umræðunni og slíta hana í sundur þegar tveir tímar væru liðnir.

Annars er það sérkennilegt að sjá hæstv. forsrh. sitja í hliðarherbergi og hlæja. Hann er ekki maður til að sitja hérna í salnum og hlusta á umræður og svara fyrir sig. En hann er maður til að sitja í hliðarherbergjum og stjórna þinginu með höfuðhreyfingum og hlægja. Hann hefur verið borinn þeim sökum hér af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að fara með rangt mál, svo ég vitni í hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, að skrökva að þjóðinni í útvarpsumræðum. Og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur fært ærin rök fyrir því. En hæstv. forsrh. er þannig gerður að hann situr undir því í hliðarherbergjum, er ekki maður til að svara fyrir sig. Þá stendur það eftir að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur farið með rétt mál. Forsrh. hefur með þögninni ekki þorað að hrekja það. Það er mjög alvarlegt ef hæstv. forsrh. leyfir sér að nota ræðustól á Alþingi til að skrökva að þjóðinni. Merkilegt að hæstv. forsrh. er eini maðurinn sem hlær hérna. En það er rétt að hæstv. menntmrh. fór að hlægja með honum þegar hann sá að það var neyðarlegt að hæstv. forsrh. hló einn.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að hæstv. menntmrh. fór með rangt mál, það var ekki samið um að slíta umræðuna í sundur. Og þessi vinnubrögð ríkisstjórnarmeirihlutans eru auðvitað í stíl við annað.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það hefur margoft komið fram í dag að um þetta mál var gert samkomulag fyrst í gær og síðan aftur í dag. Það hefur legið í loftinu að tveir þingmenn hugsuðu sér að virða ekki það samkomulag. Annar þeirra gerði strax grein fyrir því í þingsalnum í gær. En þá geta ekki þessir sömu þingmenn gert þá kröfu að það sé eitthvert samkomulag við þá um að halda umræðunni áfram. Þetta var rætt á fundi þingflokksformanna í dag. Þá kom fram bæði af minni hálfu og annarra að ef þessir tveir tímar dygðu ekki til væri engin sérstök ástæða til að umræðan héldi óslitið áfram heldur væri hægt að fara í önnur mál á dagskránni og taka til við þetta mál síðar í kvöld þegar þinginu hefði gefist tími til að vinna að öðrum málum sem eru ærin á dagskrá. Það er kannski ekki hægt að segja að þetta hafi verið formlegt samkomulag, en þetta er sá skilningur sem ég lagði í niðurstöðu fundarins með sama hætti og hæstv. menntmrh. og ég tel ekki að túlkun hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur á þessu sé neitt efnislega frábrugðin.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér þykir það allsérstakt hjá hv. þm. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv., að segja að við séum að gera kröfur, ég sé að gera kröfu um að halda umræðunni áfram. Ég hef ekki gert slíka kröfu. Ég laut valdi forseta, yfirgaf ræðustólinn og gerði hlé.

Hins vegar vil ég minna alþýðuflokksmenn sem hér eru inni á gamalt atvik í þingsögunni. Í ræðustólnum stóð alþýðuflokksmaður, í forsetastólnum var sjálfstæðismaður. Hann var í miðri ræðu og fyrirskipun kom um að hann færi úr ræðustólnum. Þessi maður var hertur af baráttuanda þeirra manna sem eitt sinn voru í Alþfl. og hafði þurft að sýna þá hörku sem stundum þurfti að sýna þegar menn vildu halda sjálfstæði sínu. Hann sagði að þeir gætu borið sig úr stólnum og Jónas Rafnar, sá sem var forsetinn, hafði vit á að láta orð ekki standa. En sá sem stóð í stólnum var Jón Ármann Héðinsson. Þetta segi ég alþýðuflokksmönnum til umhugsunar því það er mikil ábyrgð að stjórna þingi svo vel sé.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það má vera að ummæli mín áðan hafi eitthvað misskilist þegar ég sagði að þessir tveir hv. þm. sem ekki hygðust virða samkomulag ættu ekki kröfu á því að umræðum yrði haldið samfellt áfram. Það er að vísu hárrétt. En það er rétt að bæta því við vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og vegna viðbragða hans fyrr í kvöld að hann hefur enga slíka kröfu gert og hefur auðvitað með ljúfmannlegum hætti hlýtt tilsögn og tilmælum forseta þannig að til fyrirmyndar er og mætti verða öðrum til eftirbreytni.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er almennt venja í þinginu að reyna að ljúka umræðum þegar ekki eru margir þingmenn á mælendaskrá. Einkum á það við þegar fundir eru búnir að standa lengi og kvöldfundur er. Nú er ekki fylgt þeirri venju. Hver er skýringin? Það hefur verið óskað eftir að það sé skýrt með skynsamlegum rökum af forseta. Það er ekki gert. Það er bara ein skýring á því af hverju Sjálfstfl. og Alþfl. vilja hætta umræðunni nú og bíða með hana þangað til í nótt. Það er bara ein skýring. Það er sjónvarpað og útvarpað beint frá þessari umræðu, þjóðin getur hlustað á hana í beinni útsendingu. Sjálfstfl. þolir ekki og Alþfl. þolir ekki að þjóðin fái að heyra meira að sinni af rökum

þeim sem stjórnarandstaðan hefur flutt í þessu máli. Og þá er valdinu beitt í forsetastól til að skrúfa fyrir. Lýðræðisflokkarnir skrúfa fyrir. Sjálfstfl. beitir sér fyrir þeirri ritskoðun að hætta umræðunni. Alþfl. lætur það yfir sig ganga að þeirri ritskoðun er beitt á forsetastóli af því að þjóðin getur nú hlustað í fyrsta sinn í beinni útsendingu á það sem hér er sagt milliliðalaust. Þá þorir forsrh. ekki einu sinni að vera í salnum heldur skýlir sér í hliðarherbergjum. Það er ástæðan fyrir því að nú er hætt. Þeir finna reiðiölduna frá fólkinu í landinu, ekki bara frá Morgunblaðinu, ekki bara frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, ekki bara frá námsmannahreyfingunni, ekki bara frá Vöku, ekki bara frá Sambandi ungra jafnaðarmanna heldur frá fólkinu um allt land sem núna er að skilja hvað er að gerast í þingsalnum. Og þá er skrúfað fyrir. Þá kemur ritskoðunarfulltrúinn í forsetastól, hv. þm. Björn Bjarnason, og skrúfar fyrir. Ekki meir, ekki meira að sinni, bíða þangað til þjóðin er farin að sofa, halda þá áfram. Það er það sem hér er að gerast. Það er eina skýringin. (**GHelg:** Það gæti verið að ég þyrfti að sofa endrum og sinnum.)

Umræðu frestað.

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 313, nál. 917, brtt. 918.

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um Háskólann á Akureyri á þskj. 917 og brtt. á þskj. 918.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um málið Þorstein Gunnarsson, deildarsérfræðing í menntmrn. og formann nefndar er samdi frumvarpið, Harald Bessason, rektor Háskólans á Akureyri, og Kristján Kristjánsson, sérfræðing við skólann.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Ákvæði frumvarpsins um hlutverk stofnunarinnar er gert fyllra með því að kveða skýrt á um að háskólinn skuli veita nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

2. Við 2. gr. Lagt er til að f-liður 2. mgr. falli brott, en hann kveður á um að einn fulltrúi Akureyrarbæjar og einn fulltrúi heildarsamtaka sveitarfélaga á Norðurlandi skuli eiga sæti í háskólanefnd. Það er skoðun nefndarinnar að Háskólinn á Akureyri sé, líkt og Háskóli Íslands, skóli allra landsmanna og því sé ekki eðlilegt að í stjórn hans sitji fulltrúar staðbundinna samtaka. Þá er gerð orðalagsbreyting við 1. mgr. greinarinnar.

3. Við 9. gr. Orðalagi síðari málsliðar 1. mgr. er breytt til að kveða skýrar að orði um heimild menntmrn. til að stofna fleiri deildir við háskólann að því tilskildu að fyrir liggi tillögur háskólanefndar. Við háskólann eru núna starfandi þrjár deildir, heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Nefndin styður að hið fyrsta verði stofnuð kennaradeild við skólann, en ljóst er að verulegur áhugi og stuðningur er við stofnun slíkrar deildar.

4. Við 11. gr. Um er að ræða orðalagsbreytingar til að taka af öll tvímæli um að með ákvæði greinarinnar er átt við rannsóknarleyfi en ekki orlof í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Allir aðrir nefndarmenn styðja það og voru viðstaddir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið hjá frsm. menntmn. hefur tekist gott samkomulag í nefndinni um afgreiðslu þessa máls, sem er frv. til nýrra laga um Háskólann á Akureyri. En eins og kunnugt er er búið að starfrækja hann um nokkurt skeið á grundvelli fyrstu laga sem samþykkt voru um þá stofnun fyrir nokkrum árum.

Hér er um að ræða afrakstur af endurskoðun sem staðið hefur yfir um nokkurt skeið. Menntmn. hefur gert nokkrar breytingar á því frv. sem lúta að því fyrst og fremst að gefa þessum háskóla norðan lands það svipmót að um vísindalega stofnun er að ræða sem ætlunin er að geti þróast eins og fullgildur háskóli á komandi tíð. Það er kannski meginbreytingin frá þeim lögum sem í gildi voru um þennan skóla að þau settu stofnunina í nokkurt haft a.m.k. að ytra búningi hvað lögin snerti og gerðu ekki ráð fyrir því með sama hætti og hér liggur nú fyrir að þessi háskóli geti og eigi að þróast sem akademísk stofnun. Ég tel mjög þýðingarmikið að í menntmn. hefur tekist gott samkomulag um það að undirstrika þessa stefnu enn frekar en kemur fram í frv. sem vísað var til nefndarinnar.

Þetta gerist með brtt. við 1. gr. sem er nú orðuð efnislega mjög svipað og markmiðsgreinin um Háskóla Íslands. Þetta gerist einnig með því að fella niður þáttöku heimaaðila í stjórnun skólans sem gert var ráð fyrir. Ástæðurnar fyrir því hafa verið skýrðar í nál. Ástæðan er ekki sú að við teljum ekki æskilegt að þessi skóli eigi gott samstarf við umhverfi sitt og taki tillit til þess heldur hitt að við teljum að það gefi kannski rangar hugmyndir um eðli stofnunarinnar og að hér er um landsstofnun að ræða sem allt landið á mikið undir að geti dafnað og þróast og því ekki rétt að gefa stjórn hennar staðbundinn svip eins og þarna hafði verið gert ráð fyrir.

Þá tel ég mikilsvert að það hefur verið gerð breyting, að vísu ekki fyrirferðarmikil, á 9. gr. frv. í sambandi við heimildir til að auka við deildir skólans. Þar felur orðalag í sér að lögin gera ráð fyrir að menntmrn. heimili þar viðbætur og aukningu og í nál. er með skýrum hætti tekið undir viðbót við núv. deildir þar sem segir: „Nefndin styður að hið fyrsta verði stofnuð kennaradeild við skólann, en ljóst er að verulegur áhugi og stuðningur er við stofnun slíkrar deildar.“

Þetta er áhersla sem ég vona að hlustað verði á af framkvæmdarvaldi og fjárveitingarvaldi hér á Alþingi fyrr en seinna. Undirbúningur hefur farið fram um þetta efni.

Á fund menntmn. komu sl. haust rektor og annar starfsmaður skólans og gerðu grein fyrir þessum undirbúningi. Og við skulum vona að það verði þegar á næsta ári, 1993, séð fyrir því að þessi viðbót geti átt sér stað.

Það er vissulega álitamál hvort það á í lögum að telja upp deildir stofnana eins og háskóla. Ég hefði vel getað hugsað mér að slík upptalning lægi þar ekki fyrir heldur almenn heimild til aukningar og viðbótar. En það var þó talið rétt að viðhalda þessari upptalningu og vísa til hliðstæðra ákvæða í lögum um Háskóla Íslands m.a. þar sem deildir eru upp taldar og lagabreytingarnar munu fara fram þegar um viðbætur er að ræða. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að menntmrn. heimili slíka stofnun nýrra deilda við skólann án þess að til sérstakra lagabreytinga þurfi að koma.

Það voru vissulega uppi efasemdaraddir á sínum tíma þegar tekin var ákvörðun um að heimila stofnun háskóla á Akureyri. Og það er vissulega ekki nýtt þegar um er að ræða sókn í þessa átt sem tengist Norðurlandi. Þetta gerðist þegar menntaskóli var þar settur á fót á sínum tíma. Þá mætti það allharðri andstöðu m.a. sunnan heiða og kannski einkum sunnan lands, efasemdum um að menn hefðu bolmagn til þess og það væri jarðvegur fyrir að setja á fót menntaskóla á Akureyri. Sagan hefur sýnt okkur og sannað að það var rétt skref á þeim tíma og um það deilir enginn lengur, enda eru nú slíkar stofnanir starfandi í öðrum landshlutum.

Ég held að það beri sérstaka nauðsyn til þess einmitt nú að bæta stöðu þessarar stofnunar, auka svigrúm hennar og veita henni brautargengi með fjárveitingum og ástæðan er að fá atriði eru líklegri til þess að geta orðið til styrktar þessum landsfjórðungi, landsbyggðinni utan Reykjavíkur, en að gefa fræðslu- og menntastofnunum utan höfuðborgarsvæðisins svigrúm og vaxtarrými. Það er almenn aðgerð í raun sem þar er á ferðinni en sem að mínu mati er líklegri til að treysta byggð og efla bjartsýni en margt sem reynt er að grípa til með réttu til að bæta stöðu hinna dreifðu byggða í landinu.

Margt togar í frá útlandinu og menn tala um aukin tengsl út á við, við Evrópu sérstaklega og við deilum um það og eigum eftir að takast á um það hvort gera eigi þá fasta og bindandi samninga sem munu verða lagðir hér fyrir þingið innan fárra daga. Ég ætla ekki að ræða það efni sérstaklega, en ég vil nefna það í sambandi við þetta frv. að ég held að fátt sé nauðsynlegra til mótvægis við það aðdráttarafl sem útlandið hefur, Evrópa kannski sérstaklega nú um stundir, á Íslendinga og íslenskt þjóðlíf en einmitt það að skapa og treysta nýja þróun, nýjar og þroskavænlegar miðstöðvar utan höfuðborgarsvæðis landsins. Akureyri er slík miðstöð, en hún mun eflast verulega og staðan norðan lands ef þessi stofnun fær það vaxtarými og þann byr sem vera þyrfti. Ég held að það sé vísbending og skilaboð kannski til okkar sjálfra, til þjóðarinnar, ef þar verða athafnir látnar fylgja orðum, fjármagn látið fylgja ákvörðunum til þess að þetta megi gerast, skilaboð um það að við ætlum ekki að gefast upp í þessu landi, við ætlum ekki að láta miðsóknaröflin, hvort sem það er hér gagnvart þessu stóra höfuðborgarsvæði á okkar mælikvarða eða togkraftanna frá Evrópu, verða til þess að færa byggðina á Íslandi í eitt borgríki. Við ætlum að efla menntun, rannsóknir, þróun og vísindi norður undir Dumbshafi og þar er tekin rétt ákvörðun með því að lögfesta nú þetta frv. og við skulum vona að aðgerðir fylgi á eftir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð við 2. umr. þessa máls og fagna því tækifæri að fá að gera það.

Ég vil í fyrsta lagi fagna þeirri samstöðu sem náðst hefur í hv. menntmn. um afgreiðslu málsins og út af fyrir sig einnig breytingar á því. Ég held að það sé ákaflega mikilsvert og dýrmætt fyrir þá stofnun sem hér á í hlut að jafngóð samstaða geti tekist um hennar mál í meðförum Alþingis og jafnan er fyrir hvert það málefni sem í hlut á, að það getur tæplega fengið betra vegarnesti en einróma samstöðu stjórnmálaafla í landinu.

Ég vil líka lýsa í meginatriðum stuðningi við þær breytingar sem menntmn. leggur til, eiginlega frekar þó anda þeirra kannski en beinlínis orðalag eða innihald. Ég tek það svo að um það hafi verið góð samstaða í menntmn. að hnykkja enn frekar á stöðu Háskólans á Akureyri sem sjálfstæðrar og fullburða akademíu og er það mjög vel. Hugmyndir manna hafa verið að þróast í þessum efnum alveg frá því að umræður um háskólann hófust og þá var talsvert rætt um að þetta yrði kannski á ýmsan hátt öðruvísi menntastofnun á háskólastigi en hefðbundnir háskólar ef svo má að orði komast ef það hugtak er þá yfirleitt til, en sem vinnuheiti í umræðunni má kannski bera sér það í munn. Menn töluðu um að Háskólinn á Akureyri gæti með ýmsum hætti haft sérstöðu, tengst atvinnulífinu á annan hátt, verið að einhverju leyti upp byggður meira á grundvelli hagnýts náms o.s.frv. Hirði ég ekki að rekja það allt saman, en ég leyfi mér þó að fullyrða að ekkert af slíku tagi sem rætt var átti að draga úr gildi þessarar stofnunar. Þvert á móti var þar fyrst og fremst um að ræða að menn voru og eru enn opnir fyrir því að ræða með hvaða hætti þessi stofnun geti best þjónað tilgangi sínum og fallið inn í íslenskt skólakerfi.

En ég held að það sé alveg sérstakt fagnaðarefni að menn vilja að Háskólinn á Akureyri sé fullburða háskólastofnun sem geti staðið jafnfætis öðrum slíkum hvað snertir vísindi og rannsóknir, kennslu og alla stöðu. Hv. menntmn. hefur orðið sammála um að undirstrika það með breytingum sínum og ég fagna því og tek eindregið undir þann vilja. Að þessu lúta breytingarnar á 1. gr. laganna sem hv. formaður menntmn. og frsm. gerði grein fyrir áðan.

Í öðru lagi er um að ræða breytingu á f-lið 2. gr.

þar sem fjallað er um stjórn stofnunarinnar. Það er tillaga menntmn. að fella þar niður þá fulltrúa heimamanna eða viðkomandi kaupstaðar og landsvæðis sem þar hefðu átt samkvæmt frv. sæti. Ég get alveg fallist á þá hugsun, sem fram kemur í þessari brtt., að það sé ekki rétt að vera að gefa þessari stofnun, þó svo að hún sé staðsett á þessum stað á landinu, frekar en öðrum menntastofnunum af sambærilegum toga þann blæ að hún sé í eðli sínu eitthvað staðbundnari en aðrar, hún sé jafngildur hluti af öllu skólakerfi landsins og eigi eftir atvikum að þjóna öllum landsmönnum jafnt og það sé þess vegna ekki ástæða til, jafnvel ekki æskilegt, að gefa henni með neinum hætti þann blæ að hún sé bundin umhverfi sínu einhverjum öðrum eða fastari börnum en menntastofnanir á háskólastigi annars staðar í landinu. Það er á grundvelli þessarar hugsunar en ekki hins að maður treysti ekki fullkomlega fulltrúum þessara aðila og/eða teldi það getað þjónað ágætum tilgangi að þeir sætu þar að ég get sömuleiðis fallist á þessa brtt. Ég er út af fyrir sig sannfærður um að þegar málið verður svona flutt munu heimamenn einnig fallast á þessa breytingu eða skilja hugsunina á bak við hana.

Þá kem ég að lokum að þeirri brtt. sem er nr. 3 á þskj. 918 og snýr að því að breyta aðeins orðalaginu á þeirri málsgrein sem lýtur að möguleikum menntmrn. til að samþykkja stofnun fleiri námsdeilda við skólann og skiptingu deilda í námsbrautir o.s.frv. Menntmn. leggur til að þar komi orðið „heimilar" í staðinn fyrir „getur samþykkt" og setningin verður þá á þessa leið, með leyfi forseta: „Menntmrn. heimilar stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir" o.s.frv.

Sömuleiðis vil ég gjarnan leggja nokkra merkingu í þessa orðalagsbreytingu sem í sjálfu sér er ekki eiginleg efnisbreyting því að vald menntmrn. tekur engum eðlilsbreytingum við þessa orðalagsbreytingu. Hér er fyrst og fremst um áherslu að ræða og það má segja að hið fyrra orðalagið sem í frv. er væri kannski nokkuð varfærnislegra eða gæfi fremur þann blæ að þetta væri möguleiki, þetta flokkaðist meira sem möguleiki en beinlínis regla sem gengið væri út frá að gæti verið virk. Svo sannarlega skal ég taka undir að þetta sé heppilegra að orða svona, enda kem ég þá að því sem ég ætlaði aðallega að fjalla hér um og gerir það að verkum að ég fór í ræðustólinn og það er sú umræða sem farið hefur fram um stofnun kennaradeildar við skólann. Ég fagna því sérstaklega að í nál. menntmn. á þskj. 917 er vikið að þessu og þar liggur fyrir samstaða nefndarinnar um að stofnuð verði sem fyrst kennaradeild við háskólann. Ég tel mjög dýrmætt vegarnesti fyrir skólann að þannig liggi fyrir yfirlýstur stuðningur menntmrn. Alþingis við því að kennaranámið hefjist við skólann. Ég hefði getað hugsað mér að þarna hefði verið gengið enn lengra og það er sjálfsagt svo um fleiri og það yrði beinlínis sett inn í 9. gr. að þarna skuli starfa kennaradeild. E.t.v. hefðu þá þurft að fylgja með einhver bráðabirgðaákvæði með hliðsjón af því að hún er ekki enn inni á fjárlögum, en það er þó kannski þegar betur er að gáð eftir atvikum ekki endilega sterkari staða fyrir skólann til framtíðar litið og þá er ég að vísa til þess að að sjálfsögðu búumst við því að í kjölfar kennaradeildar geti á síðari tímum enn bæst eitthvað við verkefnaskrá Háskólans á Akureyri og þá væri þegar fyrir fordæmi um það að menntmrn. án lagabreytingar heimilaði fleiri deildir en taldar eru upp í 9. gr. sjálfri. Ég get þess vegna prýðilega unað þessari afgreiðslu og tel hana verulegan áfanga í málinu. Ég vil leyfa mér að segja það hér, herra forseti, og undirstrika að ég tel þetta verulegan áfanga í málinu á þeirri leið að upp verði tekið kennaranám við Háskólann á Akureyri.

Þess vegna langar mig við þetta tækifæri að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hafi einhverjar fréttir að færa af þessum undirbúningi. Mig minnir reyndar að ég hafi gert það fyrr í vetur og fengið ágæt svör en ekki þau að málið væri komið ákvörðunarstig. Nú háttar auðvitað þannig til að það er síst verra að menn fái góðan aðdraganda að því að hefja slíka starfsemi og undirbúningstíminn er jafnan nokkur. Mín spurning er því sú til hæstv. menntmrh.: Er þess að vænta að hann treysti sér til á næstunni að heimila undirbúning að kennaranámi við Háskólann á Akureyri og hvenær gæti menntmrh. hugsað sér að slíkt nám færi af stað? Ég vek athygli á því að þróun Háskólans á Akureyri hefur gjarnan farið fram í þannig áföngum að velviljaðir menntamálaráðherrar, sem setið hafa á undanförnum árum, sá sem nú situr, sá sem var næstur á undan honum og sá sem var enn þar á undan, hafa heimilað háskólanum að hefja undirbúning að námi sem síðan hefur komið inn við umfjöllun Alþingis hvað fjárveitingar snertir. Þetta er að sjálfsögðu fullkomlega eðlilegur og rökréttur framgangsmáti og er í valdi menntmrh. eins og svo fjölmargt annað sem lýtur að uppbyggingu nauðsynlegs námsframboðs í landinu. Einhverjir hafa tilhneigingu eins og maður verður stundum var við til að stilla þessu öðruvísi upp, að það sé í gegnum hina beinhörðu ákvörðun um fjárveitingu sem menntapólitískar ákvarðanir af þessu tagi séu teknar. En að mínu mati er það alls ekki svo. Þegar einu sinni hefur verið heimiluð starfræksla menntastofnunar þá eru hinar fagpólitísku ákvarðanir um uppbyggingu hennar og starfrækslu á þeim grunni teknar og skulu vera það og síðan kemur það til fjárveitingavaldsins að leggja til fé. Það liggur í anda þeirra laga sem þessar menntastofnanir starfa eftir að umfang starfseminnar ræðst að sjálfsögðu af áhuga á því námi sem þar er í framboði og aðsókn í það. Og svo lengi sem við lokum ekki okkar skólum, takmörkum ekki að þeim aðganginn hlýtur það að vera svo að fjárveitingarnar verða að laga sig að þeim veruleika sem birtist okkur í starfrækslu skólakerfisins í landinu. Og þó að okkur sé það öllum ljóst með þessu að það er ekki svigrúm til þess innan þegar samþykktra fjárlaga að kostnaður svo að neinu nemi falli til á þessu ári vegna kennaranáms, þá er ekkert sem mælir gegn því að heimilað verði nú að hefja undirbúning að því að taka það upp. Þannig var til að mynda hleypt af stokkunum námi á sjávarútvegsbraut við Háskólann á Akureyri að fyrst var gefin út af hálfu menntmrh. ákvörðun um að heimila það nám og hefja undirbúning að upptöku þess og síðan komu til fjár-

veitingar þegar af sjálfri starfseminni varð.

Mér er reyndar kunnugt um að slíkur er áhugi manna á þessu svæði að af þessu verði að þar væru menn jafnvel tilbúnir til þess að leggja nokkuð á sig til að þessi undirbúningur mætti fara af stað og e.t.v. bera einhvern kostnað sem af því kynni að hljótast þangað til fjárveitingar koma fram á fjárlögum ef það mætti verða til að greiða fyrir málinu. En í öllu falli væri það geysilega dýrmætt ef hæstv. menntmrh. gæti upplýst okkur um það hvort á dagskrá er hjá honum á næstunni að taka þá menntapólitísku ákvörðun sem þarna liggur fyrir að taka. Ég leyfi mér aðeins að stríða hæstv. menntmrh. og minna hann á að það er kannski komin röðin einmitt að honum núna að taka tímamóta-ákvörðun um frekari uppbyggingu og þróun í Háskólanum á Akureyri. Hann er að vísu að taka ágætlega á þeim málum með afgreiðslu þessara laga, það skal ég fúslega viðurkenna og þakka honum um leið, en til þess að hann eignist sitt flagg í þessri sögu væri orðið alveg tímabært held ég að hann tæki t.d. ákvörðun um að leyfa háskólanum að hefja undirbúning að þessu kennaranámi.

Ég er svo sannfærður um það að ég held að ég sleppi því að rökstyðja það að það er skynsamleg, jákvæð og mjög eðlileg ákvörðun að heimila upptöku þessa náms. Ég held að allar aðstæður í skólamálum í landinu færi okkur heim sanninn um að það væri mjög æskileg viðbót við sjálfa undirstöðu skólakerfisins að kennaranám kæmist á norðan heiða. Það er margt sem bendir til þess að leið kennara sem þar mundu menntast lægi að breyttu breytanda kannski fremur en annarra út í skólaumdæmin á landsbyggðinni og það væri þá framþróun í okkar skólamálum sem við þurfum á að halda með hliðsjón af því að enn vantar mikið á að við mönnum allar skólastöður með fólki með tilskilda menntun eða æskilegustu menntun og reynslu eða próf í þeim efnum.

Það er einnig ástæða til þess að lokum að benda á það, af því að það eru dálítið dimmir dagar hér á Alþingi nú um stundir finnst sumum og vorið kalt og ýmislegt sem er heldur leiðinlegt, að hér er þó á ferðinni svolítill sólargeisli, a.m.k. í hugum okkar margra. Hér er nefnilega verið að taka framfaraskref í skólamálum og menntamálum í landinu. Hér er verið að sækja fram, hér er verið að byggja upp, hér er verið að undirbyggja betri og bjartari framtíð. Það held ég að við getum öll verið sammála um og þá er ástæða til að fagna. Ég held að hér sé á ferðinni verulega stórt framfaramál í mörgu tilliti. Þar ber fyrst að nefna þá viðbót við okkar skólakerfi sem hér er á dagskrá og þann menntapólitíska ávinning sem af því er að upp rísi myndarleg stofnun á háskólastigi í höfuðstað Norðurlands.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að nefna byggðapólitískt samhengi þessa máls. Það er mjög stórt í hugum margra og er mönnum nánast eins og fáni fyrir því að það er ýmislegt hægt að gera í þessum efnum. Draumar geta ræst og orðið að veruleika, einnig í baráttu manna fyrir meira jafnvægi í byggð landsins og meiri dreifingu þeirra opinberu stofnana sem hafa haft eins og kunnugt er ríka tilhneigingu til að þjappast saman á einum stað í landinu.

Í þriðja lagi, og það er kannski ekki síst, hlýt ég að nefna gildi þessa starfs fyrir atvinnuvegina. Fjölmiðlamenn norðan heiða unnu ágætan sjónvarpsþátt um þessa starfsemi og þar voru m.a. í viðtöl við nokkra af forustumönnum í atvinnulífinu sem nefndu margir og röktu væntingar sínar í sambandi við starfsemi Háskólans á Akureyri og þá ekki síst sjávarútvegsbrautarinnar þar. Ég hef reyndar áður úr þessum ræðustóli talað um það mál m.a. í tengslum við litla þáltill. sem liggur fyrir þingnefnd og tengist nokkuð stöðu Háskólans á Akureyri, fræðslu og rannsóknum á þessu svæði og á landinu í heild í raun og veru, þ.e. á sviði sjávarútvegsins. En mér er enginn efi á því að þarna geta verið að gerast og eru að gerast mjög þýðingarmiklir hlutir fyrir okkar atvinnumál. Það var svo löngu, löngu tímabært að við Íslendingar færum að sinna betur menntamálum á sviði sjávarútvegs að það eitt getur orðið manni eiginlega undrunarefni í þessu sambandi að það skyldi ekki komið á fyrir svona tveimur til fjórum áratugum fullburðugt háskólanám á sviði sjávarútvegsfræða. En betra er seint en aldrei og við verðum öll að vona og hjálpast við að styðja þannig að Háskólanum á Akureyri að sjávarútvegsbrautin þar geti staðið undir þeim væntingum sem við hana eru bundnar ekki síst frá atvinnugreininni sjálfri, sjávarútveginum.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þessa ræðu ekki lengri. Ég held að það sé engin þörf á því. Ég hef komið því frá mér sem mér er efst í huga í sambandi við þetta mál. Ef ég færi að rekja ýmislegt annað sem kemur í huga manns og væri gaman að fjalla um, svo sem þá sögu sem hv. 4. þm. Austurl. rifjaði lítillega upp og er mér býsna hugleikin, sögu uppbyggingar æðri menntunar norðan heiða, þá gæti ræðan lengst og þær eru ekki vinsælar eins og kunnugt er, a.m.k. ekki af sumum fjarstöddum, löngu ræðurnar þannig að ég sleppi því, ætla ekki að láta þetta góða mál gjalda þess að einhverjum kunni að finnast langar ræður undirritaðs leiðinlegar.

Ég tók stúdentspróf frá þeirri ágætu stofnun Menntaskólanum á Akureyri sem var lengi tortryggður mjög og dregið í efa að hefði hæfileika til að útskrifa stúdenta. Sú mikla áraun var lögð á norðanmenn um tíma að nema í Menntaskólanum á Akureyri en fara síðan suður til að láta Reykvíkinga prófa sig því slíkt ábyrgðarstarf var ekki talið á færi manna norðan Holtavörðuheiðar að láta nemendur þreyta stúdentspróf á þeim árum. En það er löngu breytt og nú stendur allt Alþingi saman um að þróa áfram þessa ágætu stofnun, Háskólann á Akureyri.

Ég endurtek þakkir mínar til menntmn. og fögnuð minn yfir því að hún skuli hafa náð svona vel saman um þetta ágæta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er í senn afar mikilvægt og afar ánægjulegt fyrir þróun háskóla á Akureyri að við

skulum sjá fyrir endann á því að hann fái samþykkt ný lög fyrir sína starfsemi á þessu vorþingi.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að halda langa ræðu. Ég ætla að drepa á örfá atriði. Í fyrstu tek ég undir það, sem fram kemur í nál. og brtt., að það sé undirstrikað að skólinn sé fyrir landið allt með því að ekki séu sérstakir fulltrúar úr næsta nágrenni í stjórn. Ég túlka þetta atriði reyndar ekki þannig að ekki geti verið fulltrúar frá Akureyri eða Norðurlandi í stjórn háskólans heldur að þetta sé áhersluatriði í þá veru sem ég nefndi áðan. Ég vil í öðru lagi nefna að hér er komin alveg skýr viljayfirlýsing Alþingis um að upp verði tekið kennaranám við Háskólann á Akureyri. Ég hef áður á þessu þingi rökstutt úr ræðustól hvert mikilvægi þess er að það megi verða þannig að ég mun ekki fara yfir það aftur.

Ég vil síðan nefna eitt atriði sem ég hef gert áður og ég tel að sé afar mikilvægt fyrir Háskólann á Akureyri og ég vil reyndar skora á menntmrh. og menntmn. að taka það atriði til vinnslu sem næsta stig varðandi þróun Háskólans á Akureyri. Það er að Háskólanum á Akureyri verði fundinn sjálfstæður tekjustofn. Nú er ég ekki að segja að það þurfi að gerast í sama formi og gert var með Háskóla Íslands í Reykjavík, með Happdrætti Háskólans, en það sjá allir sem það skoða að það að Háskóli Íslands hafði sjálfstæðan tekjustofn hefur haft grundvallarþýðingu fyrir uppbyggingu hans og sérstaklega fyrir hans akademíska frelsi. Þess vegna tel ég að næsta stóra brýna hagsmunamál háskólans sé að takast á við þetta atriði. Hvort sem það verður hv. menntmrh. sem hefur frumkvæði að því í frumvarpsformi eða, eins og raunar er fullkomlega eðlilegt miðað við þau þingsköp sem við búum við núna, að menntmn. taki þetta mál upp og hafi að því frumkvæði. Það er afar mikilvægt þegar þau skref verða stigin að um það náist breið og góð pólitísk samstaða og að það verði unnið þannig að Háskóla Íslands finnist ekki að það sé verið að agnúast út í hann eða seilast í þá tekjustofna sem hann hefur núna.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég sagði í ræðu minni við 1. umr., að ég hef stundum sagt að Háskólinn á Akureyri sé enn á gjörgæslu, hann þurfi alla umönnun og aðhlynningu sinna velunnara hvar sem þeir eru í flokki eða hvar á landi sem þeir eru staddir.

Ég vil þó taka skýrt fram að starf skólans og uppbygging hefur fram að þessu fyrst og fremst verið borið uppi af þeim eldhugum sem þar hafa ráðist til starfa og ekki mælt sinn tíma eða erfiði í vinnu sinni fyrir uppbyggingu skólans. En menn halda ekki út þannig til lengdar. Það er afar mikilvægt að skólinn skuli nú fá heildstæða löggjöf til að starfa eftir.

Varðandi það sem menn hafa rætt um gildi Háskólans á Akureyri varðandi byggðamál tek ég undir það, en vil þó undirstrika, og það finnst mér að nefndin hafi gert, að vissulega er þetta mikilvægt mál fyrir næstu byggðir, fyrir Akureyri, fyrir Eyjafjörð, fyrir Norðurland, en stærstur er ávinningurinn af þessu framfaraskrefi fyrir þjóðina alla sem heild.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom, að ég var fjarverandi þegar þetta mál var afgreitt úr nefnd. Ég var við hluta af þeirri umræðu aftur á móti og vil að það komi fram að ég er hlynntur þeirri afgreiðslu sem málið fékk.

Ég vil einnig að það komi fram að ég var ekki fjarri þegar samþykkt var á sínum tíma að stofna Háskólann á Akureyri. Menntaskólinn er að sjálfl̈ngu fyrir þann tíma sem ég var fær um að taka þátt í umræðu. En hins vegar var það svo að einn af hans afburða námsmönnum var kennari minn í barnæsku, séra Jóhannes Pálmason.

En það sem ég vildi leggja á áherslu í þessari umræðu er að við megum aldrei etja saman í orðum Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Þetta þurfa að vera stofnanir sem vaxa í þessu landi og þjóðin sem heild þarf að styðja. Háskóli Íslands á mikla og glæsta sögu. Og eitt af því sem gerði sögu hans glæsta voru þeir framsýnu menn sem sáu að það varð að finna sjálfstæðan tekjustofn fyrir Háskóla Íslands. Það var mikil framsýni og mikið gæfuspor. Því segi ég þetta að ég vil koma því á framfæri við þá mætu menn sem stjórna Háskólanum á Akureyri að við þingmenn vildum gjarnan geta fengið frá þeim hugmyndir um eitthvað sem gæti orðið þeim að föstum tekjustofni.

Ég vil ljúka þessu með því að minna á að í dómkirkjunni á Hólum var mér af sóknarpresti úr Skagafirði, sem rakti þar sögu mála, bent á þá staðreynd að því kröfðust Norðlendingar biskupsseturs norðan heiða að þeir vildu ekki missa tíundarskattinn suður yfir heiðar. Og vissulega hefði Norðurland orðið annað ef Hólastaður hefði ekki komið til. Þess vegna undirstrika ég að það verður að finna tekjustofn fyrir Háskólann á Akureyri.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir vel unnin störf við meðferð frv. Ég lýsi stuðningi við þær brtt. sem nefndin hefur flutt á þskj. 918. Ég fagna sérstaklega þeirri samstöðu sem hefur orðið um þetta mál allt saman.

Eins og hér hefur komið fram t.d. hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni voru uppi efasemdir um að rétt væri að stofna Háskólann á Akureyri á sínum tíma. Það er skoðun mín að það hafi verið rétt ákvörðun að stofna til háskólanáms á Akureyri. Þetta er raunhæf byggðastefna í skóla- og menntamálum og það er full þörf fyrir slíka stefnu.

Það hefur verið rætt nokkuð um stofnun kennaradeildar við háskólann og ég fagna því, sem kemur fram í áliti menntmn., að nefndin styður eindregið stofnun kennaradeildar við skólann. Um það mál vil ég annars segja að ákvörðun um stofnun slíkrar deildar verður auðvitað ekki tekin öðruvísi en í tengslum við fjárlög. Ef ákvörðun ætti að taka nú á þessari stundu þyrfti ríkisstjórnin að samþykkja að beita sér fyrir stofnun deildarinnar með yfirlýsingu um að hún mundi beita sér fyrir því að fjárveiting fengist við afgreiðslu næstu fjárlaga. Þetta mál hefur ekki enn verið tekið fyrir í

ríkisstjórninni, en ég vænti þess að það verði gert innan skamms.

Ég hef áður lýst yfir þeirri skoðun minni að æskilegt væri að stofna kennaradeild við skólann og er alveg sannfærður um að slíkt væri til góðs og má færa fyrir því ýmis rök. Ég nefni að slík deild mundi styrkja skólann og á því er full þörf. Í öðru lagi trúi ég því að kennaradeild við Háskólann á Akureyri væri líkleg til þess að bætt yrði úr kennaraskorti á landsbyggðinni og kennaraskortur á landsbyggðinni er tilfinnanlegur eins og kunnugt er.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði hvort það væru einhverjar frekari fréttir af undirbúningi og hvort ég treysti mér til að heimila undirbúning og hvenær yrði farið af stað. Ég vil í því sambandi minna á að það er starfandi nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun kennaradeildar. Ég skipaði þá nefnd í fyrrahaust. Hún skilaði bráðabirgðaskýrslu eða áfangaskýrslu í vetur og nefndin er enn að störfum og ég á von á að hún skili lokaskýrslu sinni alveg á næstunni.

Það er ekkert sem mælir gegn því að heimila að hefja undirbúning, sagði hv. þm., og það er vissulega rétt. Ég lít svo á að undirbúningur sé í gangi með störfum þessarar nefndar. Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að heimamenn sýna þessu máli alveg sérstakan áhuga og hafa lýst því yfir að þeir væru reiðubúnir að hjálpa til með peninga ef þess þyrfti og leggja fram fé, sem þarf auðvitað. Ef ákvörðun yrði tekin nú um að deildin tæki til starfa á næsta skólaári eða haustið 1993 þarf auðvitað að leggja fram fé nú á haustdögum. Ég tel ekki að það mundi valda vandræðum ef ákvörðun yrði tekin á annað borð. Við mundum greiða úr því máli, því hef ég sannfæringu fyrir.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson og einnig hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson nefndu mikilvægi þess að Háskólanum á Akureyri yrði fundinn sjálfstæður tekjustofn. Ég er alveg sammála því að slíkt er mjög mikilvægt. Slíkt hefur komið fram ítrekað í viðræðum við forustumenn Háskólans á Akureyri. Að þessu þarf að vinna og það þarf ekki að vera að deila um það hvort frumkvæðið verður hjá ráðherra eða hjá menntmn. Ég vænti góðs samstarfs milli ráðuneytisins og menntmn. um það atriði og tek mjög undir að það er mikilvægt að finna lausn á þessu máli.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir gott starf.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega í tilefni af orðum hæstv. menntmrn. fagna yfirlýsingu hans um að hann sé tilbúinn að vinna því brautargengi að tryggja Háskólanum á Akureyri sjálfstæðan tekjustofn til sinnar uppbyggingar. Ég nota þetta tækifæri til að brýna hann alveg sérstaklega og menntmn. til að strax á næsta haustþingi verði sú vinna hafin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 876, brtt. 927.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að ég vakti á því athygli að hæstv. ráðherra hefði viljað bjarga sjóðnum en gleymt því að sjóðurinn varð til vegna námsmannanna. En kjarni málsins er sá að þessi sjóður er svo sterkur að hann þolir þá dýfu sem orðið hefur vegna þeirrar efnahagslægðar sem hér er. Hitt er svo ærið umhugsunarefni að sú ákvörðun sem tekin hefur verið og er langalvarlegust varðandi þennan sjóð er ákvörðunin um að námslánin skuli öll lúta sömu leikreglum í útgreiðslu og var gagnvart fyrsta árs nemum, þ.e. menn þurfi stöðugt að vera að sanna að þeir séu í námi í alvöru.

Mér er ljóst að það getur stundum liðið þó nokkur tími frá því að menn hafa lokið prófi og þar til þeir fá skriflegar námsniðurstöður í hendur. Það skyldi enginn ætla sem hér er að þetta mál hafi ekki verið rætt á sínum tíma þegar núgildandi lög voru tekin fyrir. Þá horfðum við til ýmissa landa og hugleiddum okkar stöðu. Sérstaða íslenskra námsmanna var sú að mjög stór hluti þeirra var við nám erlendis. Samanburður t.d. við Bretland, sem notar það kerfi sem hér er verið að tala um, er að því leyti út í hött að breskir námsmenn stunda langflestir nám í Bretlandi. Þeir þurfa ekki annað en kaupa sér járnbrautarmiða til þess að komast heim. Þeir geta þess vegna labbað yfir götuna og rætt við þá sem þeir þurfa að fá lánið hjá.

Hér er alvaran sú að nememdur sem komnir eru til náms úti í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi og víðar eiga vissulega stuðningsmenn sem hafa skrifað upp á námslánsskuldbindingar, en það er ekki víst að þeir hafi allir talsmann sem er reiðubúinn að standa í því að fara og ræða við einhvern starfsmann um það hvort þeim verður nú lánað núna eða ekki. Alvara þessa máls er svo mikil að ég hefði ekki trúað því að óreyndu að menn bitu sig svo fasta í það sem hér er verið að gera. Hin hliðin er fjárhagslegs eðlis, hvað þetta muni kosta. Ég ætla ekki að fara að þreyta mig á þeirri umræðu.

Það kom fram í menntmn. í dag að það eru byrjuð að fara boð á milli framkvæmdastjóra lánasjóðsins og bankanna um þessi mál. Viðræður í þeirri merkingu að menn setjist niður sitt hvorum megin við borð og ræði saman, slíkar eiginlegar viðræður hafa ekki farið fram. Hins vegar kom fram hjá framkvæmdastjóra lánasjóðsins að hann er bjartsýnn á það, hann trúir ekki öðru, eins og hann orðaði það, en að bankarnir taki vel í þessa málaleitan vegna þess að hann sagði með réttu að námsmenn væru skilvísir og þetta væri fólk sem trúlega ætti eftir að standa sig vel í lífsbaráttunni. En réttlætir það, þó menn vilji trúa þessu, að tefla svo djarft eins og verið er að gera, að segja: Ef eitthvað bjátar á einhvern tíma í fimm ára námi dugir ekkert annað en segja: Stopp. Hitt er svo umhugsunarefni og

væri nú rétt að þingflokksformaður Alþfl. svaraði: Hvernig á meta hvernig mönnum miðar við doktorsritgerð? Hvernig á að meta það? Hvernig á að skila slíkum námsárangri heim? Á að gera grein fyrir því hvað menn séu búnir að eyða mörgum klukkustundum í að hugsa um málið, hversu mikið af minnisblöðum liggi fyrir? Hvernig svara menn slíku? Það er einfaldlega ekki hægt.

Okkur er borið á brýn mikið ábyrgðarleysi sem viljum viðhalda því að lánin séu greidd fyrir fram eins og gert er. Nú eru laun ríkisstarfsmanna greidd fyrir fram og það er enginn sakaður um ábyrgðarleysi vegna þess. Það vill svo til að Sjálfstfl. hefur eins og margir aðrir flokkar þrifist af ýmsum skáldum þessarar þjóðar og mér dettur ekki í hug að eigna Sjálfstfl. einhverja sérstaka hrifningu þeirra skálda sem ég ætla að vitna í. Ég játa það hér og nú að ég hreifst af þeim skáldum.

Annar sagði: Hverfult að börn þín skuldir sínar greiði. Var það ekki skáldið sem orti um Austurstræti?

Hitt skáldið sagði:

Sú kynlega vissa hjá klerki fengin,
að kúgildin séu til þurrðar gengin.
Kirkja fyrirfinnst engin.

Og hann lagði á sig að yrkja heila drápu um sóknarprestinn sem lét brenna kirkjuna til þess að sóknarbörnin héldu á sér hita og taldi yrkisefnið verðugt.

Ég get vissulega sagt sem svo: Þessi skáld hafa haft svo mótandi áhrif á mig að ég hafna í þessum ábyrgðarlausa flokki þeirra manna sem telja að það eigi að halda áfram að greiða lánin fyrir fram. Allar hugmyndirnar um að það sé um stórkostlega misnotkun að ræða gef ég lítið fyrir. Það er hægt að taka á því máli ef menn vilja gefa stórkostlega rangt upp sínar tekjur. Það er sagt að refsingin sé 5%. Það er hægt að auka hana ef menn telja að slíkur blekkingarleikur sé til staðar. Það er ekkert mál að taka á því.

En það er ekki rökrétt með nokkru móti að telja að það geti gengið upp að senda menn til náms, það er stór ákvörðun að fara út í heim til að stunda nám, og segja að það eigi að ráðast eftir viðtali við mann, kannski ágætan mann niðri í banka, ekki eftir neinni reglu, eigi að ráðast eftir viðtalið við ákveðinn mann hvort námsmaðurinn fái að halda áfram námi eða ekki. Við höfum ekki efni á þessari menntastefnu. Ég er ekki viss um að ráðherrar vors lands þyldu þá skoðun botn hvort þeir hafi alltaf siglt fullan byr eftir þeirri braut sem þeir ætluðu að fara. Ég er ekki að segja þeim þetta til hnjóðs. Ég held bara að þar séu mannlegir menn eins og aðrir. En hitt fannst mér alveg sérstakt og skildi það nánast ekki strax hvað gat legið á bak við hjá hæstv. menntmrh. þegar hann gaf yfirlýsinguna um það að reglurnar um námslán ættu ekki að hvetja til barneigna. Ég veit ekki hvort hann var að skjóta á samráðherra sinn í ríkisstjórninni. En þetta mál er vissulega umhugsunarefni.

Ég ætla að nefna tvær þjóðir sem eru komnar svo langt niður í barneignum að þar mun innfæddum fækka á næstu árum og aðrir kynstofnar taka við. Um það má deila hvort þeir eru betri eða verri. Ég ætla ekki að leggja dóm á það. Þetta eru Danmörk og Þýskaland. Svo neðarlega eru barneignirnar komnar. Og ég er sammála því sem framkvæmdastjóri lánasjóðsins sagði. Það er mannvænlegt fólk sem er að stunda háskólanám. Það er líka mannvænlegt fólk sem ekki er að stunda háskólanám. En hvers vegna skyldi sérstaklega nú vera gefin út sú lína að það þurfi sérstaklega að passa upp á að reglurnar hvetji ekki til barneigna? Er það æskilegt markmið að þessi hópur þjóðfélagsins eignist færri börn en aðrir? Hugsi nú hver fyrir sig.

Ég fékk ádrepu fyrir það hjá hæstv. menntmrh., snarpa, og kannski hef ég verið of hvass í orðum, að ég óttast það, og lái mér hver sem vill, að í sumum tilfellum eigi þessi breyting eftir að kosta sjálfsvíg. Ég ætla ekki að lesa upp þau gögn sem liggja fyrir. En ég vil hvetja menn til að lesa það sem landlæknir segir í umsögn sinni til allshn. og einnig frá rannsóknninni sem framkvæmd var fyrir um einni öld þar sem farið er yfir þessi mál. Einmanaleiki og féleysi eru ástæður sem enginn skyldi vanmeta þegar þetta er skoðað og sá sem er einn, e.t.v. í erlendri stórborg, og sér enga lausn sinna mála þarf mikið þrek til þess að halda fullkomlega andlegum velli ef hann horfir á það kannski að þriggja eða fjögurra ára nám er að fara til einskis.

Ég hefði talið það betra ef hæstv. menntmrh. hefði íhugað hvort ekki hefði verið rétt að víkja frá þeirri reglu að orð skuli standa og gefið eftir á þessu sviði þannig að í haust yrðu greidd út námslán þó að heimildir séu ekki nema fyrir ⅓ miðað við það sem væri ef þau væru greidd út að fullu. Mér er ljóst að svo er ekki. Ég verð að segja að ég mat það mikils við einn af fyrrv. forstumönnum Sjálfstfl. að hann var maður til þess að segja það seinna sínum vinum að hann hefði alltaf séð eftir því að greiða atkvæði gegn ákveðnum lögum sem samþykkt voru á Alþingi Íslendinga. Þessi lög voru vökulögin. Og mér er sagt, ég trúi því í það minnsta, að það sé rétt eftir haft eftir Ólafi Thors.

Ég vona að Sjálfstfl. eigi eftir að endurskoða sína stefnu í þessu máli og ég ítreka að það má vera mikið og merkilegt sem Alþfl. hefur fengið í staðinn fyrir að samþykkja þessa breytingu á lánasjóðnum. Látum aðrar liggja milli hluta, ég er ekki stuðningsmaður þeirra, en ég tel að þessi eina breyting sé alvarlegri en nokkuð annað sem verið er að samþykkja breytingu á.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að þakka hina nýju samninga sem hafa leyft mér málfrelsi hér á hinu háa Alþingi. Af þessari sérstöku vinsemd forsetanna skal ég lofa hæstv. forseta að ég skal ekki verða mjög langorð, enda hef ég þegar rætt allítarlega um þetta mál. Og ég legg það yfirleitt ekki í vana minn að segja oft sömu hlutina, reyni að komast hjá því a.m.k., nema þegar alveg er ljóst að engin önnur leið er til að fá fólk til að skilja það sem um er að ræða.

Þetta mál hefur nú verið rætt eins og mörg önnur hér á hinu háa Alþingi sem fjárlagadálkur. Þess vegna væri ekki úr vegi að líta á hvernig þetta mál snýr fyrir venjulegu fólki. Til mín hafa komið tveir aðilar.

Annar er ekkja sem vinnur verksmiðjuvinnu og vinnur við hreingerningar á kvöldin og hefur alið upp tvö börn sem svo vill til að hafa getað stundað nám og hafa bæði lokið menntaskólanámi. Þessi kona hefur sett allan metnað sinn í það að eignast íbúð og hún er þegar búin að fá alla þá ábyrgð vegna þessarar íbúðar sem hún getur hugsanlega vænst hjá nánustu ættingjum og vinum. Hún kom til mín og sagði: Hvað á ég nú að gera? Heldurðu að ég fái nokkurs staðar lán? Tekur nokkur mark á mér sem ábyrgðarmanni?

Hitt dæmið var gamall maður, afi, sem hefur alið upp barnabarn sitt ásamt konu sinni. Þau hafa aldrei eignast fasteign. Þau eiga þetta fósturbarn sitt, þetta afabarn, sem er í doktorsnámi erlendis og þessi gamli maður staulast niður í Alþingi til að spyrja mig: Hvernig á ég að leysa þetta mál? Hvern get ég beðið um ábyrgð?

Þetta er raunveruleiki þess máls sem hér er á ferðinni því að það er gersamlega útilokað fyrir nokkurn banka í landinu að bjóða námsmönnum neina aðra kosti en öðru fólki og ég er viss um að hv. 5. þm. Suðurl. og formaður bankaráðs Búnaðarbankans hlýtur að viðurkenna það. Sparifjáreigendur hafa trúað bönkum fyrir fé sínu og það er skylda hvers banka að ávaxta það eins vel og hann getur enda hafa engir samningar verið gerðir við neina banka og ég harma að hæstv. menntmrh. skuli hafa vogað sér hér í dag að halda því fram að það séu ósannindi.

Fyrir liggur eitt undarlegt tilskrif frá Landsbankanum um að bankinn skuli taka vinsamlega í viðskipti við námsmenn. Það hafa engir samningar verið gerðir og það sem meira er, hæstv. forseti, fyrir því er augljós ástæða. Það á ekki að gera neina samninga og hefur aldrei neinum manni dottið það í hug vegna þess, og þetta bið ég hið háa Alþingi og þjóðina alla að hlusta á, að það á að koma á í byrjun tvöföldu kerfi, samtengja bankana og Lánasjóð ísl. námsmanna og þá líður ekki á löngu áður en hvert mannsbarn sér fáránleikann í þessu og menn segja: Bankarnir eru komnir með þessi viðskipti hvort sem er. Lánasjóður ísl. námsmanna er hreinn óþarfi. Við leggjum hann að sjálfsögu niður. Það er þetta sem hæstv. menntmrh. er að gera og það er þetta sem enginn hefur sagt enn þá. Það er þetta sem verið er að gera og ég bið menn að taka eftir þessu. Það er verið að stíga fyrsta skrefið til að leggja Lánasjóð ísl. námsmanna niður.

Aðeins að lokum, hæstv. forseti, ég lofaði að vera mjög stuttorð. Ég bað hæstv. félmrh. að hlýða á mál mitt stundarkorn og þakka henni fyrir að hún er stödd hér. Ég veit að hún hefur verið í miklum önnum. Hæstv. félmrh., sem nú hefur verið félmrh. í fimm ár, hélt hér magnaða ræðu í eldhúsdagsumræðum á mánudagskvöld sem margir dáðust að. Ég var ein af þeim þangað til ég fór að hugsa: Þetta er gott og blessað. Þetta eru allt saman hárréttar skoðanir. En sérkennilegt er að geta verið með þessar skoðanir en sitja sem fastast í því samkvæmi sem hún er nú í.

Hún gerði tekjuskiptinguna í samfélaginu að megininntaki ræðu sinnar og sagði réttilega að bilið milli ríkra og fátækra væri sífellt að aukast. Ég vil minna á að arðurinn skattfrjálsi sem greiddur var hluthöfum í Sameinuðum verktökum var nokkurn veginn á einu ári það sem hefði verið þægilegt að hafa í Lánasjóði ísl. námsmanna, þá hefði vandinn svo sem ekki verið neinn. En það er önnur saga. Ég ætla þess vegna að segja hæstv. félmrh. hvað ungar konur í dag segja um það sem þessi ríkisstjórn er að gera til að reyna að jafna tekjumuninn í þjóðfélaginu. Í Morgunblaðinu í dag er viðtal við unga konu, reyndar margar ungar konur, m.a. Guðnýju Björku Viðarsdóttur og hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég fylltist mikilli reiði þegar ég heyrði menntmrh. lýsa því yfir eftir 2. umr. um frv. að bæði þessi atriði hefðu gengið í gegn, þ.e. vaxtagreiðslurnar og lánin eftir á.“ — Einkum ákvæðið um eftirágreiðslur og vexti af lánum, segir hún. Svo segir blaðamaðurinn: „Mánaðarlegar greiðslur hennar frá lánasjóðnum eru 47 þús. kr. en af því greiðir hún 20 þús. kr. í húsaleigu. „Auðvitað gengur illa“, segir Guðný, „að lifa af þessum 27 þús. kr. Samt er ég ekki endilega að segja að það eigi að hækka lánin. Mér finnst alveg eins koma til greina að hækka tekjutillitið.“ En þannig endar greinin: „Guðný segist stefna að því að ljúka námi vegna þess að hún sé byrjuð í því en ekki væri víst að hún hefði hafið nám núna ef hún hefði staðið á þeim tímamótum nú.“

Viðtal er við aðra unga konu, Unni Karlsdóttur sagnfræðinema, og blaðamaður hefur eftir henni: „Hún segir að frumvarpið skerði jafnrétti fólks til náms og bendir á að konur komi verr út úr breytingunni en karlar. Þær eigi erfitt með að skila fullum námsárangri með barnauppeldi og eigi erfiðara með að endurgreiða lánin því þær hafni yfirleitt í verr launaðri störfum en karlar.“ Orðrétt er haft eftir henni: „Þannig mundi ég halda að frv. væri stórt skref aftur á bak í kvennabaráttunni.“

„Unnur benti einnig á“, segir hér, „að erfiðara væri um vik fyrir þá námsmenn sem ættu foreldra úti á landi því að þeir gætu ekki sparað með því að flytja til þeirra.“ Og hún segir einnig að frv. leiði til þess að þeir einir fari í nám sem hafi efni á því. Sjóðurinn verði lánasjóður efnamanna fremur en efnalítilla.

Ég hygg að þessi ummæli séu alvarlegt umhugsunarefni fyrir hæstv. félmrh. Ég trúi því ekki augnablik að hún vilji vinna að þessari þróun í samfélagi okkar og henni vil ég því segja þetta vegna þess að við höfum oft átt ágætt samstarf um góð þingmál á meðan það var talið eðlilegt að menn úr ólíkum flokkum gætu unnið að málum sem til framfara væru í þjóðfélaginu, sú tíð er nú liðin að mestu: Hrædd er ég um að ræða hennar á mánudagskvöldið verði lítils metin ef hún ætlar svo á morgun ásamt flokki sínum, Jafnaðarmannaflokki Íslands, að greiða þessu frv. atkvæði sitt eins og það er nú.

Hæstv. forseti. Ég skal standa við loforð mitt og ljúka máli mínu. En ég vil ítreka það, ef það skyldi hafa farið fram hjá nokkrum, að þetta er fyrsta skrefið til að leggja Lánasjóð ísl. námsmanna niður og það er verið að blekkja fólk. Það verður ekki langt þangað til öll viðskipti námsmanna verða að fara í gegnum

bankakerfið og menn komast að þeirri niðurstöðu að það sé best að leggja Lánasjóð ísl. námsmanna niður. Og ég vil spyrja alla þá sem mál mitt heyra: Greiddi einhver þessu fólki atkvæði sitt í síðustu kosningum til þessara verka?

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tala nema í eina eða tvær mínútur. Ég geri mér grein fyrir að það er komið að vatnaskilum. Lengra hafa menn ekki náð í baráttu sinni. Þó að margt hafi tekist að betrumbæta í þessu frv. eru hér atriði sem eiga eftir að bitna með hastarlegri hætti á íslenskum fjölskyldum en menn gera sér grein fyrir.

Nú mun íslenskri þjóð orðið ljóst að það eru vatnaskil í íslenskum stjórnmálum. Nú sést það svart á hvítu að Sjálfstfl. og Alþfl. stefna í allt aðrar áttir en þeir gáfu þjóðinni fyrirheit um í þeim kosningum sem fram fóru á sl. vori. Nú skilur íslensk þjóð það betur en áður að í báðum þessum flokkum eru menn sem eru komnir að því að springa undan því álagi sem á þá er lagt til að þjóna markaðshyggjuöflum, þjóna kolkrabbanum, breyta því samfélagi sem hefur tekist að þróa hér á 60 árum þegar það gerðist að gamla embættismanna- og forréttindastéttin á Íslandi var brotin á bak aftur. Það var afrek í íslenskum stjórnmálum og Framsfl. sem stóð fyrir þeirri byltingu til að skapa íslenskri alþýðu möguleika til náms og jafnan rétt að allri þjónustu í þessu landi. Nú sjáum við það fyrir okkur að á hvaða sviði sem er verður dregið í dilka. Unga fólkið fær ekki atvinnu vegna stjórnarstefnunnar, unga fólkinu verður vísað úr skólunum vegna stjórnarstefnunnar og þeir sem eiga peningana hafa töglin og hagldirnar hvað þessa ríkisstjórn varðar. Hagsmunir 15 þús. fjölskyldna sem eiga ungmenni í langskólanámi skulu víkja vegna þess að nú situr að völdum ríkisstjórn sem aðeins vill þjóna hagsmunum þeirra 15 fjölskyldna sem hún trúir á. Hún er að gefa þeim Ísland fyrir ekki neitt og er að vísa fólki út úr skólunum og atvinnulífinu og skapa láglaunasamfélag með miklu misrétti eins og tíðkast í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar.

Ég vil að lokum gera enn eina tilraun, til að þingmenn stjórnarliðsins átti sig, og vitna í leiðara Morgunblaðsins í dag. Það eru mín síðustu aðvörunarorð í þessari umræðu, það er úr leiðara Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta. Þegar kemur að lokum leiðarans fer Mogginn að efast og segir:

„Það kostar peninga. Lánasjóðurinn segist ætla að lána fyrir þeim kostnaði. Hvaða vit er í því? Bæði frá sjónarmiðum lánasjóðsins og viðskiptamanna hans, sem borga lánin til baka með verðtryggingu og nú einnig með einhverjum vöxtum."

Og að lokum segir Mogginn og talar þá til sinna manna og ríkisstjórnarflokkanna: „Er breytingin nógu vel undirbúin til þess að óhætt sé að taka þetta skref?"

Nú bið ég þingmenn stjórnarflokkanna að hugleiða það á þessari nóttu sem fram undan er hvort sú breyting sé nógu vel undirbúin og það sé samviska þeirra sem svari því hér við atkvæðagreiðsluna á morgun. Þjóðin mun fylgjast með þeirri atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220, nál. 849 og 870, brtt. 850 og 894.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegur forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Hún hefur fengið á sinn fund Indriða H. Þorlákssson, skrifstofustjóra í fjmrn., Þorvarð Alfonsson, forstjóra Iðnþróunarsjóðs, Braga Hannesson, forstjóra Iðnlánasjóðs, Má Elísson, Svavar Ármannsson og Ólaf Stefánsson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Jón Guðbjörnsson og Jóhannes Torfason frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Svein Jónsson og Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ, og Svein Hannesson, framkvæmdastjóra Félags ísl. iðnrekenda.

Meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 1. gr. frv., en í þeim er kveðið á um réttarstöðu opinberra fjárfestingarlánasjóða sem lögin ná til. Samkvæmt tillögunni skulu þeir undanþegnir aðstöðugjaldi og einnig er gert ráð fyrir að lögbundin framlög frá ríki eða sveitarfélagi, svo og aðrar lögbundnar tekjur sjóðanna, teljist ekki til tekjuskattsstofns þeirra. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að gera þessar breytingar til að taka af allan vafa um réttarstöðu fjárfestingarlánasjóða hvað þetta varðar.

Fram komu fyrirspurnir við yfirferð nefndarinnar á málinu um hvort verið væri að gera opinbera fjárfestingarlánasjóði aðstöðugjaldsskylda. Það var ekki ætlunin með frv., enda þyrftu bein lagafyrirmæli að koma til.

Eins og ég sagði áðan þykir þó rétt að tiltaka að sjóðirnir séu undanskildir aðstöðugjaldi. Bankar og sparisjóðir greiða landsútsvar, en ekki þykja efni til að leggja það á fjárfestingarlánasjóðina. Vafi hefur einnig risið um hvernig fara eigi með lögbundin framlög ríkis eða sveitarfélaga til opinberra fjárfestingarlánasjóða sem og aðrar lögbundnar tekjur þeirra í skattalegu tilliti. Um getur verið að ræða tilvik er sjóður úthlutar styrkjum eftir þeim reglum sem um slíkt gilda samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Í því sambandi hafa verið nefnd framlög Hafnarbótasjóðs og Ferðamálasjóðs og einnig svokölluð iðnlánasjóðsgjöld sem eru tekjustofn Iðnlánasjóðs.

Í bréfi sem fjmrn. sendi efh.- og viðskn. 17. febr. sl. kemur fram að ráðuneytið hafi litið svo á að sjóðirnir séu í reynd milligönguðailar varðandi slík framlög og

styrki sem hér um ræðir og þau verði því ekki talin til skattskyldra tekna. Að því er eignafærslu um áramót varðar, þá telst óráðstafað framlag ekki tilheyra eignum viðkomandi sjóðs. Þessi túlkun ráðuneytisins er eðlileg. Líta má á þessi framlög í skattalegu tilliti eins og eiginfjárframlag eiganda fyrirtækisins. Af þessu tilefni og til að taka af allan vafa leggur meiri hluti nefndarinnar til að samþykkt verði ákvæði um meðferð lögbundinna framlaga og tekna opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Í 2. brtt. meiri hluta nefndarinnar er lagt til að Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Lánasjóði sveitarfélaga verði bætt við í upptalningu 2. gr. frv. frá þeim sjóðum sem skattskylda nær ekki til. Einnig er lagt til að í stað „Byggðasjóðs" standi „Byggðastofnun".

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að breyta gildistökuákvæðum laganna og lagt er til að þau öðlist þegar gildi.

Að síðustu er lagt til að við lögin bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða er verði 10. og 11. gr. frv. Hið fyrra kveður á um að ákvæði um skattskyldu komi ekki til framkvæmda um Iðnþróunarsjóð fyrr en við álagningu 1995. Iðnþróunarsjóður starfar eftir lögum nr. 9/1970, en stofnfé sjóðsins kom frá hverju hinna fimm Norðurlanda og skal stofnframlag hinna Norðurlandanna endurgreiðast á 25 árum frá stofnun sjóðsins, en það verður árið 1995. Ekki þykir rétt að breyta ákvæðum um skattskyldu sjóðsins fyrr en stofnfé annarra Norðurlanda hefur verið að fullu endurgreitt.

Síðara bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir að skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði Íslands sem formlega hafa verið ákveðnar fyrir gildistöku laga þessara skuli undanþegin stimpilgjaldi.

Ég vil bæta því við að til viðbótar þeirri brtt. sem liggur fyrir á þskj. 850 komi inn sú brtt. við þessa brtt. að í stað orðanna „og Lánasjóðs sveitarfélaga" í niðurlagi 2. tölul. komi: Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda. Þetta kom til eftir að brtt. höfðu farið til prentunar. Okkur þykir full ástæða til þess að í þessi undanþáguákvæði komi einnig Lánasjóður Vestur-Norðurlanda og hygg ég að um þetta atriði sé ekki nokkur deila.

Það er aðeins eitt atriði sem ég hygg að geti komið til viðbótar breytingu á frv. milli 2. og 3. umr. og það er varðandi stimpilskyldu bréfa Fiskveiðasjóðs. Ef gripið er til þess að endurlána eða veita viðbótarlán til að standa skil á eldri lánum, þá geti það verið nauðsynlegt og um leið sanngjarnt að það sé undanþegið stimpilgjaldi. En nefndin mun fjalla um það á milli 2. og 3. umr. og það er þá fyllilega í samræmi við þá breytingu sem er er á stimpilgjöldum vegna Fiskveiðasjóðs.

Nefndinni barst eftirfarandi bréf frá fjmrn. sem er dags. 29. apríl sl.:

„Í umræðum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, hefur komið fram ábending þess efnis að heimild til að færa fjárhæðir til gjalda í sérstakan afskriftareikning útlána, sbr. 3. gr. laganna, séu of tamörkuð. Í tilefni af því vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Mál þetta hefur verið athugað af starfshópi á vegum viðskrn. sem falið var að kanna rekstrarskilyrði innlánsstofnana. Taldi hann heimildir þessar þrengri hér en á hinum Norðurlöndunum. Í framhaldi af þeirri athugun er málið nú til skoðunar hjá fjmrn. og skattayfirvöldum. Leiði þessi athugun til þeirrar niðurstöðu að skattaleg starfsskilyrði íslenskra innlánsstofnana séu að þessu leyti lakari en í nágrannalöndum okkar mun ráðuneytið leggja fyrir komandi haustþing frv. sem fela mun í sér jöfnun þessara starfsskilyrða."

Undir þetta bréf rita fyrir hönd ráðherra Indriði H. Þorláksson og Bragi Gunnarsson.

Samkvæmt þessu, sem ég hef sagt og skýrt frá, leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á þskj. 850 og viðbótarbrtt. sem ég skýrði sérstaklega frá á þskj. 894. Undir nál. meiri hluta rita Matthías Bjarnason frsm., Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir, Magnús Jónsson og Vilhjálmur Egilsson.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Það er nú orðið nokkuð áliðið þegar hafin er umræða um frv. um skattskyldu innlánsstofnana og verður að segjast eins og er að það er nokkuð bagalegt miðað við að þetta er samkvæmt þeim heimildum sem ég hef eitt af örfáum lagafrv. sem ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að fáist afgreidd fyrir þinglok. Fyrir því eru margar ástæður eflaust að ríkisstjórnin leggur kapp á það og líklegast ekki síst sú að í fjárlögum fyrir þetta ár, sem voru samþykkt á síðasta ári, er reiknað með tekjum af þessum skatti þó svo að þau lög hafi ekki verið samþykkt samhliða fjárlagafrv. Ég held reyndar að þar hafi fjmrh. sýnt veruleg hyggindi þegar hann lagði til að þeirri umræðu yrði frestað því að það hefur komið svo rækilega fram í umfjöllun hv. nefndar um málið að það var ekki vanþörf á því að fara yfir þetta mál.

Þrátt fyrir að hér hafa verið lagðar fram af meiri hluta efh.- og viðskn. nokkrar brtt. teljum við í minni hluta að það sé langt frá því að vera nóg að gert og leggjum þess vegna fram sérstakt nál. sem ég mæli fyrir.

„Frv. þetta á sér langan aðdraganda og er flutt lítið breytt frá því að um það var fjallað á Alþingi síðast, en það var á 111. löggjafarþingi. Undirbúningi málsins var þannig háttað þá að ekki þótti mögulegt að afgreiða það. Þrátt fyrir þá augljósu annmarka sem voru á málinu var það ekki lagfært í samræmi við þá málsmeðferð sem málið fékk áður á Alþingi. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á frv. telur minni hluti nefndarinnar að rétt sé að vinna málið enn betur og leggja það fyrir að nýju í upphafi Alþingis á komandi hausti.

Ef frv. verður að lögum mun það leiða til vaxtahækkana hjá nokkrum fjárfestingarlánasjóðum sem mun hafa áhrif á starfsskilyrði atvinnugreinanna. Í því sambandi má sérstaklega benda á Fiskveiðasjóð sem hefur skilað ítarlegum greinargerðum um málið, en rík-

isstjórnin hefur lofað því að bæta starfsskilyrði sjávarútvegsins. Ekkert hefur bólað á aðgerðum í þessu skyni og það eitt gert að vísa málinu til nefndar sem er upptekin við önnur verkefni. Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að samþykkja frv. og íþyngja atvinnuvegunum við núverandi skilyrði.

Varðandi ágalla málsins vísar minni hluti nefndarinnar til meðfylgjandi fskj. þar sem skýrt koma fram ýmsar athugasemdir fjárfestingarlánasjóðanna. Með tilliti til þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta skrifa Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Virðulegi forseti. Nú sé ég að hér er enginn ráðherra lengur, nú kemur að vísu fjmrh. í salinn, til þess að fylgjast með þessu einu af höfuðmálum til afgreiðslu á síðustu dögum þingsins. Það vekur nokkra athygli, virðulegi forseti, að lítið sést til hæstv. forsrh. í þingsölum þó svo að forsrh. telji sig umkominn þess í útvarpsumræðum að lýsa efnisinnihaldi ræðna sem þingmenn flytja hér hvort sem hann er viðstaddur eða ekki. Ég beini þeirri spurningu til forseta hvort hæstv. forsrh. sé farinn úr þinghúsinu. (**Forseti:** Samkvæmt viðveruskrá mun svo vera.) Þá vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hann telji að hann sé farinn fyrir fullt og allt á þessu kvöldi og þessari nóttu og hvort hæstv. forsrh. ætli að viðhalda þeirri venju sinni að láta þingheim vinna fram undir morgun en vera ekki sjálfur viðstaddur og koma síðan fram fyrir alþjóð og telja sig þess umkominn að skilgreina efni og innihald þeirra ræðna sem fluttar eru að honum fjarstöddum og leggja meira að segja mat á íhygli og greind þeirra sem flytja þær ræður. Ég vildi fara fram á það við virðulegan forseta að hann komi því á framfæri við hæstv. forsrh. að sá sem hér stendur í ræðustól sé ekki ánægður með þessi vinnubrögð.

Einhvern veginn heyrðist mér á frammíkalli hv. 17. þm. Reykv. og formanns þingflokks Alþfl. að hann væri harla ánægður með fjarveru forsrh. og skil ég það mætavel miðað við þá spennitreyju sem Sjálfstfl. er búinn að setja hann og Alþfl. í á þessum síðustu starfsdögum þingsins í vor.

Ég ætla að fara yfir nokkur atriði varðandi þetta mál. Ein höfuðröksemdafærslan sem hefur verið höfð uppi gagnvart okkur í minni hluta í efh.- og viðskn. er sú að hér sé verið að jafna aðstöðu lánastofnana í landinu. Þetta er að mínu viti alrangt. Eina ástæðan fyrir því að þetta mál er sótt af svona miklu kappi er sú að það er verið að leita að nýjum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Það er hægt að rökstyðja á margvíslegan hátt. Ég ætla að byrja að nefna Stofnlánadeild landbúnaðarins. En í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins „svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Landbrh. hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til."

Því er þannig varið með Stofnlánadeildina að hún hefur samkvæmt lögum heimild til að taka gjald af því verði sem gengur til bóndans af allri búvöruframleiðslu í landinu og nota það til að jafna milli manna hvað snertir lánskjör. Þetta hefur í för með sér að stofnlán á ýmsum sviðum til landbúnaðar frá Stofnlánadeildinni eru með 2% vöxtum. Í atvinnugrein eins og landbúnaði, sem býr við langan framleiðsluferil og langan endurgreiðslutíma fjármagns, er vandséð hvernig hægt er þar að viðhalda greininni, koma við kynslóðaskiptum öðruvísi en slík aðferð sé viðhöfð. Og í eðli þessarar aðgerðar felst einfaldlega að það er ekki meiningin að Stofnlánadeildin veiti lán á hliðstæðum kjörum og gerist á almennum lánamarkaði. — Nú, virðulegi forseti, doka ég við meðan formaður viðskn. og fjmrh. ljúka sínum fundi. — Út frá þessum forsendum er algerlega út í hött að það þurfi með lögum að jafna aðstöðu Stofnlánadeildarinnar gagnvart öðrum lánastofnunum í landinu.

Fulltrúar Stofnlánadeildar hafa einnig bent á að ef þeir ættu að hafa sömu aðstöðu og aðrar lánastofnanir, yrðu þeir væntanlega að fá réttinn líka til að reka sparisjóð og taka peninga til ávöxtunar og útlána þannig að það er vandséð hvers vegna þessum rökum er beitt.

Í framhaldi af þessu, að það eigi að jafna aðstöðu fjármálastofnana, voru ein af þeim gögnum sem við fengum í hendur úttekt á því hvað þessi skattlagning mundi þýða annars vegar fyrir Iðnþróunarsjóð og Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð og hins vegar fyrir bankana og þar kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Þar kemur í ljós að eftir að farið væri að skattleggja eftir þessum nýju lögum mundi Iðnþróunarsjóður greiða í skatt sem hlutfall af sínum útlánum 0,6%, Iðnlánasjóður mundi greiða 0,36%, Fiskveiðasjóður 0,25%, Búnaðarbankinn 0,11%, Landsbanki og Samvinnubanki 0,11% og síðan Íslandsbanki 0,01% sem hlutfall skatts af útlánum. Þetta sýnir kannski betur en nokkuð annað að hér liggur eitthvað allt annað að baki en að jafna aðstöðu fjármálasjóðanna.

Til þess að ég gæti allrar sanngirni vil ég skýra aðeins hvers vegna Íslandsbanki kemur svona út. Hann er hlutafjárbanki sem gerir það að verkum að eigið fé hans er ekki skráð á bankann heldur er það skráð hjá eigendum hans, hluthöfunum. Vissulega bera einhverjir þeirra skatta af eign sinni, en einhver hluti af því fellur hins vegar innan skattleysismarka einstaklinga sem eiga hlutafé. Ég tel mig hafa sýnt fram á með þessu að það er eitthvað allt annað sem liggur að baki en jafna aðstöðuna og reyndar hef ég sagt áður hver er aðalástæðan. Hún er sú að afla ríkissjóði tekna. En ég held reyndar að þær tölur sem ég nefndi áðan varpi nokkru ljósi á aðra ástæðu.

Það hefur komið fram í starfi nefndarinnar að nokkur þrýstingur hafi verið frá öðrum fjármálastofnunum á að þetta yrði leiðrétt. Ég býst við að eftir lestur þessara talna um hlutfall skatts af útlánum, þá séu menn ekki í miklum vafa um hvaðan sá þrýstingur hafi kom-

ið. Hver hagnast mest? Það er væntanlega sá aðilinn sem borgar 0,01% af sínum útlánum í skatta.

Eitt atriði sem kom fram hjá öllum aðilum sem við ræddum við var að þeir teldu að ekki væri nógu langt gengið varðandi afskriftarákvæði vegna útlána þegar þessi breyting átti sér stað og í raun er það viðurkennt með bréfi frá fjmrn. sem hv. 1. þm. Vestf., formaður efnh.- og viðskn., las upp áðan, en þar kemur fram að menn eru í miklum efa um að þær tillögur sem þarna eru nægi. Það er að vísu þannig að samkvæmt almennum skattalögum er heimild til að afskrifa þau töp sem sannanlega eru orðin. En við þær aðstæður sem núna eru virðist vera veruleg ástæða til þess að það sé heimilt að hafa hærri almenna afskriftaprósentu en 1%.

Það er annað í þessu atriði sem aldrei hefur komið skýrt fram en er að vísu minna mál, snertir ekki tekjuskatt en snertir eignarskattinn og það er hver verður skattaleg meðferð þess sem nú er í afskriftarsjóðum og sem þessir sjóðir hafa getað byggt upp án tillits til skattareglna vegna þess að þeir hafa notið skattfrelsis. Verður það sem nú er í afskriftasjóðum ekki upphafið sem jafnvirk eign gagnvart eignarskatti og annað eigið fé sjóðanna? Þetta finnst mér aldrei hafa komið fyllilega skýrt fram í umfjöllun um málið.

Ég ætla nú að koma að athugasemdum Fiskveiðasjóðs sem að mínu mati eru langsamlega alvarlegastar varðandi það sem hér hefur komið fram. Afstaða sjóðsins er mjög skýr og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp nokkur atriði sem fram hafa komið í þeirra umfjöllun. Þeir segja:

Í fyrsta lagi. Um er að ræða miklar og ótímabærar álögur á sjávarútveg sem lauslega má ætla að verði rúmlega 300 millj. kr. á ári hverju.

Til þess að útskýra það aðeins nánar ætla ég að fara yfir töflu sem er í þeirra gögnum. Annars vegar setja þeir upp raunávöxtun eigin fjár og þeir setja það upp frá -2% upp í 9,5% raunávöxtun. Nú skulum við halda okkur við það að Fiskveiðasjóður verði að hafa viðunandi raunávöxtun eigin fjár og að hann stefni að því að ávaxta sitt eigið fé frá 4% og upp í 7%, einhvers staðar á því bili. Samkvæmt því yrðu álögur alls á ári á bilinu frá 290 millj. upp í tæpar 400 millj. Svo að ég taki eitt dæmi: Ef við segjum 5% ávöxtun eigin fjár, tekjuafgangur fyrir skatta væri 492 millj., tekjuskattur 221 millj., eignarskattur 61 millj., samtals skattar 282 millj. Til viðbótar er, sem er nýtt og ekki hefur verið krafist áður, að samkvæmt þessum lögum væri Fiskveiðasjóði ætlað að greiða stimpilgjöld af sínum lánum. Þar væru 40 millj. til viðbótar. Álögur eru þá alls 322 millj. Og hver skyldi nú bera þessar álögur? Þessum álögum verður sjóðurinn að varpa beint út í atvinnulífið. Það eru þeir lántakendur sem taka lán hjá Fiskveiðasjóði sem verða að bera þetta.

Fiskveiðasjóður segir einnig, með leyfi forseta: „Meginmarkmið frv. er að jafna samkeppnisaðstöðu lánastofnana með því að afnema skattalega mismunun. Vér teljum að frv. leiði til nýrrar og engu minni mismununar" — og það hef ég reyndar rökstutt hér áður.

Svo segir hér áfram: „Vér leggjum sérstaka áherslu á þá staðreynd að þetta frv. gengur lengra í skattlagningu en þriggja ára frv. með því að gera skjöl vegna útlána stimpilskyld (um um það bil 40 millj. kr. á ári).

Þetta er raunar að voru mati í öllu tilliti fáránlegur skattur sem ber að afnema fremur en að auka við."

Síðan fara þeir yfir afleiðingar lagasetningar af þessu tagi og þeir segja þar m.a., með leyfi forseta:

„Verði frv. að lögum hlýtur stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands að ákveða vaxtahækkun þegar í stað. Sú hækkun þyrfti að vera um það bil 2% á lánum með breytilega vexti ef miðað er við 4,5% raunávöxtun eigin fjár svo dæmi sé tekið. Áhrif laganna talin í krónum eru skýrð nánar á meðfylgjandi yfirliti."

Ég er reyndar búinn að fara yfir það yfirlit.

Síðan segja þeir áfram: „Ósamræmi gagnvart meginmarkmiði. Meginmarkmið frv. er að jafna samkeppnisstöðu lánastofnana og a.m.k. draga úr skattalegri mismunun. Sú þverstæða er þó augljós að Fiskveiðasjóður er settur í sérstaka afkima. Ríkisbankar og opinberir sjóðir nema Fiskveiðasjóður njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum og þar með betri lánskjara. Lánastofnanir í formi hlutafélaga greiða ekki eignarskatt af hlutfé sínu en ríkisbankarnir og opinberir sjóðir, þar með talinn Fiskveiðasjóður, greiða eignarskatt af öllu eigin fé verði frv. að lögum."

Hérna er það undirstrikað, sem ég benti á fyrr í ræðu minni, að það er miklu fremur að verið sé að mismuna enn frekar en jafna stöðuna.

Síðan tala þeir um tæknilega ágalla og nefna m.a. að það vakni upp spurningar hvort framlög sjávarútvegsins til sjóðsins á umliðnum árum geti talist stofnframlag og hluti eigin fjár hans vegna eignarskattsstofns. Þeir ítreka einnig að mati þeirra sé ákvæði 9. gr. um 1% afskriftareikning of þröngt og eðlilegt að miða við 3–5%.

Fiskveiðasjóður skrifaði nefndinni fleiri bréf og það er að vísu mikið til efnislega samhljóða því sem ég er búinn að lesa úr hér. Mér þótti hins vegar ástæða til þess þegar málið var vakið upp aftur eftir að hafa legið í dvala í nokkra mánuði í nefndinni að ítreka þessi sjónarmið.

Frá Iðnlánasjóði hafa komið mjög hliðstæðar athugasemdir og þeir segja m.a., með leyfi forseta:

„Skattlagning fjármálastofnana er mjög flókið og viðamikið mál. Mismunandi eignar- og rekstrarform gerir málið enn þá flóknara. Við þetta bætist aukin samkeppni við erlendar lánastofnanir í kjölfar aukins frjálsræðis í alþjóðaviðskiptum."

Það er enn ítrekað að hér er um að ræða miklu flóknara mál en svo að það frv. sem við erum hér að fjalla um sé á nokkurn hátt fært um að jafna aðstöðu milli lánastofnana. Það ítrekar enn það sem að mínu mati er megintilgangur þess að leggja þetta fram, að afla ríkissjóði tekna.

Ég ætla að leggja sérstaka áherslu á einn þátt þessa máls og það er samspil þess við atvinnulífið í landinu, við stöðu sjávarútvegsins og við þau fyrirheit sem gefin voru við nýgerða kjarasamninga.

Það var löng umræða fyrir tveim nóttum, ef ég man rétt, um stöðu sjávarútvegsins, um gengismál, um þró-

un gengis síðustu ár og aðgerðir eða réttara sagt aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart þessu. Enda er það svo að nánast allar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar frá því að hún kom til valda og snúa að grunnatvinnuvegunum, útflutningsatvinnuvegunum eru í þá veru að íþyngja þeim, auka gjaldtöku, hækka álögur á útgerð og fiskvinnslu. Hér er kominn einn þátturinn enn. Það er enn einu sinni vegið í sama knérunn. Hér eru álögur á útgerð og fiskvinnslu enn hækkaðar. Þetta gerist á sama tíma og er búið að ganga frá kjarasamningum sem skilja við fiskvinnsluna í 10% halla.

Hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpsumræðum á mánudagskvöldið var að þetta væru þau starfsskilyrði sem þessir atvinnuvegir yrðu að aðlaga sig og sætta sig við. Nokkrum dögum seinna er Alþingi ætlað að afgreiða frv. sem enn þrengir að, sem enn setur pressu á gengið og gengur þvert á það, sem ríkisstjórnin segir í það minnsta í orði, að með aðgerðum sínum og þeim áhrifum sem þær hafi á efnahagsmál hér ætlist þeir til þess að gengið lagist gagnvart erlendum gjaldmiðlum vegna þess að hér verði verðbólga lægri en annars staðar. Nú er ég ekki að kalla á gengisfellingu. En ég hlýt að frábiðja að á séu lagðar frekari álögur sem setja þrýsting á gengið. Það er nefnilega svo að það er hægt að laga gengið með fleiri aðferðum en gengisfellingu.

Formaður Vinnuveitendasambands Íslands setti fram hugmyndir í þá veru nokkrum vikum áður en kjarasamningar voru gerðir. Illu heilli neituðu bæði ríkisstjórnin og aðrir aðilar vinnumarkaðarins að skoða þær tillögur betur og ég hef reyndar grun um að einhverjir úr þeim hópi séu farnir að naga sig í handarbakið fyrir að hafa ekki gert það. Þær tillögur gengu einmitt í þá átt að lækka gengið, minnka pressuna á grunnatvinnuvegina með aðgerðum í ríkisfjármálum, með því að taka álögur af útflutningsatvinnuvegunum. Ríkisstjórnin hlustaði ekki á þetta. Þvert á móti heldur ríkisstjórnin áfram að leggja álögur á útflutningsatvinnuvegina, á sjávarútveginn og útgerðina sem er undirstaða þjóðfélagsins. Tillögur Einars Odds Kristjánssonar gengu út á það að afnema aðstöðugjaldið, lækka þannig tilkostnaðinn við atvinnulífið og leggja þess í stað á tekjuskatta, hvort sem það voru háar tekjur, fjármagnstekjur eða eignatekjur, og láta þá sem höfðu tekjur, sem höfðu sannanlega eitthvað á milli handanna, borga brúsann. Þessu hafnaði ríkisstjórnin umyrðalaust vegna þess að slíkar aðgerðir eru ekki á hennar verkefnalista. Hópurinn sem ríkisstjórnin hefur kosið að hlífa við auknum álögum er einmitt þeir sem eru á miðjum aldri, hafa háar tekjur, ég tala nú ekki um ef þeir eiga ekki börn. Þetta er sá hópur sem ekki hefur verið hróflað við.

Það hefur staðið mikill slagur síðustu daga um vaxtamál og nú sáum við þá sérstöðu uppi í dag að fram kom í sjónvarpi í kvöld framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sem var settur í það í Landsbankanum að beita handafli við vaxtalækkun og síðan kom aftur talsmaður Búnaðarbankans, formaður bankaráðs Búnaðarbankans, sem sagði í sinni hógværð að Búnaðarbankinn biði eftir því hvað markaðurinn segði varðandi næstu vaxtaákvörðun. Og ég verð að segja það, virðulegi forseti og hæstv. fjmrh., að ég hef sjaldan séð formerkjum snúið eins rækilega við. Hvað voru menn að pína niður í Landsbankanum? Menn voru að pína vextina niður um 1% fyrir heimilin í landinu og fyrir atvinnulífið. En á sama degi erum við í 2. umr. um frv. um skattlagningu innlánsstofnana sem að mati Fiskveiðasjóðs getur þýtt að þeir þurfi að hækka vexti á sínum lánum um allt að 2%. Nú sé ég að hæstv. fjmrh. hristir höfuðið og hann hristir höfuðið meira. (Gripið fram í.) Nei, ég vil nú ekki segja að ég heyri það. Það vil ég alls ekki gera. (Gripið fram í.) Hann er slitinn sá brandari. Og þó að það væri ekki nema 1%, hæstv. fjmrh., sem Fiskveiðasjóður þyrfti að hækka sína vexti, þá væri það yfrið nóg og gengi engu að síður þvert á þá stefnu sem ríkisstjórnin, í það minnsta í orði, segist hafa gagnvart peningamálum.

Virðulegi forseti. Ég hef í minni fyrri ræðu, því ekki vil ég lofa því að ég sé að ljúka máli mínu, við 2. umr., farið nokkrum orðum um þetta frv. Ég tel mig hafa fært að því rök að það sem átti að vera meginmarkmiðið fyrir því að leggja þetta frv. fram, þ.e. að jafna aðstöðu útlánasjóða, útlánastofnana, sé einungis — ég vil ekki kalla það blekkingu en meginmarkmiðið sé að afla ríkissjóði tekna, enda kemur fram í fjárlögum að þar er þessum skatti fyrir yfirstandandi ár ætlað að afla ríkissjóði nokkurra tekna þó ég muni ekki lengur hver sú upphæð var, hún var skorin niður verulega þegar það var ljóst að þetta frv. færi ekki í gegn samhliða fjárlögunum. (**Fjmrh.:** 150 millj.) 150 millj., en það skiptir ekki öllu máli.

Ég hef einnig sýnt fram á að það bendir margt til þess að í stað þess að jafna aðstöðu auki frv. á aðstöðumun. Ég hef einnig sýnt fram á það að með suma þá sjóði sem hér ræðir um, þá var það markmið þeirra frá upphafi og er enn að lána stofnlán á hagstæðari kjörum en annars staðar bjóðast. Það er einnig ljóst að ýmsir þessara sjóða hafa tekjustofna sem ekki eru lánaðir út heldur veittir til styrktarframlaga. Það hefur að vísu verið komið til móts við þau sjónarmið að þau framlög falli ekki undir skattlagninguna og við verðum að vona að þær tillögur haldi. Þó hef ég ekki vissu fyrir því hvernig verður farið með vaxtajöfnunina í Stofnlánadeild landbúnaðarins og ég spyr hæstv. fjmrh. eftir því. Það er mikið álitamál hvernig á að fara með þann lið. Það er hægt að líta á alla vextina sem tekjur Stofnlánadeildar, bæði vextina og það sem greitt er af afurðaverði bænda til niðurgreiðslnanna, og þá mundi hann bera tekjuskatt að fullu. Ef millifærslan ætti að vera undanþegin tekjuskatti kæmi hins vegar upp sú staða að Stofnlánadeildin væri gerð upp samkvæmt því með bullandi tapi og gæti þess vegna safnað tapi frá ári til árs og komið sér upp myndarlegum varasjóði af uppsöfnuðu tapi.

Ég vil þess vegna að síðustu spyrja fjmrh. beint. — Virðulegi forseti. Það er svolítið pirrandi að ræða við mann, ég hef ekki gert mikið af því að beina orðum mínum beint til fjmrh., sem er upptekinn af samræðum þannig að ég verð að endurtaka þennan kafla ræðu minnar. (**ÓÞÞ:** Var það síðasti hálftími eða svo?) Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka síðasta hálftímann.

En það er í mínum huga ekki ljóst hvernig á að fara með vaxtaniðurgreiðslurnar hjá Stofnlánadeild. Ég spyr þess vegna hæstv. fjmrh.: Hvernig verður farið með það? Það skiptir öllu máli fyrir skattalegt uppgjör þeirrar stofnunar allt frá því að Stofnlánadeildin þurfi að greiða verulegan tekjuskatt og öfgarnir í hinn endann að hann verði gerður upp með verulegu tapi sem hann geti safnað upp frá ári til árs.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það er orðið áliðið kvölds og hér er orðið harla fátt um þingmenn og ráðherra. Ég sé t.d. engan alþýðuflokksmann þessa stundina, en þeir hafa átt afar bágt í dag. — Já, þarna birtist einn, annar og sá þriðji. Um leið og maður nefnir það spretta þeir fram úr skúmaskotunum, þeir fela sig meðan umræður standa yfir. (Gripið fram í.) Ég er kona jöfnuðar og jafnréttis eins og þingmaðurinn, hinn 17. í Reykjavík, ætti að vita. (Gripið fram í.) Jú, jú, þetta er rétt. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að leyfa ræðumanni að hefja sitt mál.)

Það sem ég ætlaði að segja í upphafi máls míns er það að ég vona að sá sem nú situr á forsetastóli geri sér grein fyrir því að það mál sem við erum að byrja að ræða er stórt mál og alvarlegt. Því ætti hann að gera sér grein fyrir sem reyndur sveitarstjórnarmaður að hér er ýmislegt öðruvísi en sýnist í fyrstu og ég tel nauðsynlegt til þess að þess umræða haldi áfram að hér verði hæstv. forsrh. viðstaddur vegna þeirra áhrifa sem þetta frv., ef að lögum verður, mun hafa og ég vil eiga við hann orðastað um áhrif frv. á þá kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir.

Þá tel ég einnig nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. verði kallaður hingað, svo og landbrh. sem ég veit að er í húsinu og sjútvrh. Þetta skýrist af því, ég verð að skýra þetta fyrir hv. 17. þm. Reykv., að hér er um það að ræða að þrír af þeim sjóðum sem á að fara að skattleggja gera mjög sterkar athugasemdir við þessa skattlagningu og ég tel nauðsynlegt að þeir ráðherrar, sem þessir sjóðir heyra undir, verði viðstaddir umræðuna. (**Forseti:** Forseti vill trufla hv. þm. og geta þess að það hafði verið gert ráð fyrir því að fresta þessari umræðu að lokinni ræðu hv. 18. þm. Reykv., en vegna óska hennar um að hæstv. ráðherrar verði hér við umræðu telur forseti einsýnt að það sé þá best að fresta umræðunni áður en hv. þm. heldur lengra í sinni ræðu ef hv. þm. sættir sig við þá niðurstöðu.) Já, ég geri það.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Fjarvera ráðherra.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég benti á það í ræðu minni áðan að það væri svolítið einkennilegt að stjórn þingsins ætlaðist til þess að hér ynnu þingmenn næturlangt við afgreiðslu mála á lokaspretti vorþingsins en ráðherrar þurfa ekkert að láta sjá sig í þingsölum. Hér er hæstv. fjmrh. og stendur meira að segja uppréttur. Ég bendi sérstaklega á að hæstv. forsrh. taldi sig í sjónvarpsræðu frá Alþingi þess umkominn að lýsa ekki bara lengd á ræðu hv. þm. sem hann getur fengið uppgefið heldur efnisinnihaldi og ekki bara efnisinnihaldi sem hann getur lesið, sem ég hins vegar efast stórlega um að hann hafi gert, heldur lýsa íhygli, hyggjuviti og greind þeirra sem hafa verið að tala hér og vinna meðan hann er fjarstaddur. Nú gerist það að umræðu er slitið vegna þess að farið er fram á það einfalda atriði að ráðherrar séu viðstaddir og enda ekki á þá leggjandi, væntanlega ekki reiknað með því að þeir hafi til þess þrek eins og til er ætlast varðandi almenna þingmenn, að vera hér nótt sem nýtan dag við þingstörf til þess að þeim megi ljúka á þeim degi sem um hefur verið samið.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 383. mál (Verðlags- og samkeppnisstofnun, markaðsráðandi fyrirtæki o.fl.). — Þskj. 625.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef fallist á það eða öllu heldur þegið það, sem virðulegur forseti Alþingis bauð mér hér áðan, að mæla fyrir þessu frv. sem hefur beðið þess alllengi að komast á dagskrá og ég mun nýta mér þetta tækifæri þar sem ekki er víst að önnur gefist á þessu þingi til að koma þessu máli þann rekspöl áleiðis að fyrir því sé mælt.

Þetta er 383. mál þingsins og á þskj. 625. Það væri að vísu æskilegt og ekki nema maklegt að hæstv. viðskrh. yrði nú vakinn af værum svefni, sem ég veit að við getum vel unnt honum, en engu að síður væri ekki nema eðlilegt að honum yrði gert aðvart um það að hér sé tekið til við að ræða þessi mál, samkeppnislög og lög um viðskiptahætti, og ég veit að hv. 17. þm. Reykv., sem er formaður þingflokks Alþfl., tjáði mér að það væri ekkert að því að hæstv. viðskrh. yrði kallaður til samkundunnar, Alþingis. En eitthvað er mönnum engu að síður viðkvæmt mál að hrófla við svefni ráðherranna eins og sást á afgreiðslu forseta um beiðni um að þeir mættu til að sinna þingskyldum og vera viðstaddir umræðu um næsta dagskrármál á undan. En ég vil engu að síður og sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. viðskrh. mælti fyrir sínu frv. til samkeppnislaga á dögunum að mér fjarstöddum, þó svo að um það hefði verið samkomulag gert að þessi tvö mál fylgdust að, gjarnan nýta þetta tækifæri og mæla þó í litlu sé fyrir frv. sem ég er 1. flm. að á þskj. 383, jafnvel þó svo kunni að fara að umræðunni verði svo frestað, eins og mér býður í grun, fylgjast þessi mál þrátt fyrir allt að og deila örlögum í þeim efnum.

Ég mun reyna að gera í örstuttu máli grein fyrir helstu efnisatriðum þessa frv., sem við erum flm. að

fjórir þingmenn Alþb., og vildi láta þess getið í upphafi að okkar frv. var lagt fram allnokkru fyrr en frv. hæstv. viðskrh. og með því sýnum við að mínu mati og okkar flm. ákveðið frumkvæði í þessu máli sem mikið hefur verið um rætt á undanförnum árum en enn þá miklu minna að gert þar sem er að taka með einhverjum hætti á löngu úreltri löggjöf okkar landsmanna um viðskiptahætti og samkeppnismál.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að ég leiðist út í að bera lítilllega saman þessi frumvörp um leið og ég mæli fyrir málinu. Svo náskylt er efni þeirra og fjalla reyndar bæði um sama mál, þ.e. að koma inn í íslenska löggjöf nútímalegum samkeppnisreglum. Og þá byrja ég eðlilega á 1. gr. frv. og þar skilur strax í nokkru að þessi tvö frumvörp því að það er lagt til í því frv. sem ég mæli fyrir að það bætist við lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nýr stafliður í markmiðsgrein laganna þar sem tilgangur þeirra er skilgreindur, markmið og gildissvið og má af því nokkuð ráða hvaða hugsun liggur að baki lagasetningunni, hvaða markmiðum lögunum er ætlað að þjóna. En 1. gr. hljóðar svo:

„Við 1. gr. laganna skal bætast nýr stafliður [stafliður c] er orðast svo:

„Vinna gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki, samtök eða samsteypur fyrirtækja komist í, viðhaldi eða hagnýti sér hvers konar yfirburða- eða einokunaraðstöðu á markaði sem hér eftir nefnist einu nafni markaðsráðandi aðstaða í lögum þessum. Með markaði er átt við markað fyrir vörur og þjónustu á landinu öllu eða í einstökum landshlutum eftir nánari skilgreiningu í reglugerð."

Svo ég fari aftur í samanburðinn, þá er sambærileg 1. gr. í frv. hæstv. viðskrh. að mínu mat heldur rýr að vöxtum. Þar segir ósköp einfaldlega, með leyfi forseta, og ég leyfi mér að fara yfir í 486. þingmál á þskj. 749:

„Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og efla virka samkeppni í viðskiptum með því að:

a) vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b) vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum."

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hafði bundið vonir við það að þegar loksins liti dagsins ljós hér á Alþingi nýtt frv. til laga um viðskiptahætti og samkeppnismál yrði markmiðssetning þeirra laga öllu myndarlegri en þetta. Og ég skil satt best að segja ekki í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu og mér skilst einnig í Alþfl. um að þessari löggjöf yrði sérstaklega stefnt gegn hringamyndun og óeðlilegri samþjöppun valds í íslensku viðskiptalífi, að markmiðsgrein og gildissviðsgrein þeirra laga skuli ekki vera ítarlegri en hér ber raun vitni. Hér er ekki einu orði minnst á hringamyndun eða samsteypur eða samruna fyrirtækja og ekki með nokkrum hætti skilgreint hvernig lögin skuli tengjast því viðfangsefni sínu að hindra þessa samþjöppun valds eða viðskiptaáhrifa í landinu. Að sjálfsögðu er komið inn á þau mál aftar í lögunum og vikið að því með tilteknum, almennum hætti hvernig að þeim hlutum skuli staðið og unnið af hinni nýju samkeppnisstofnun sem svo skal kallast, en ég tel það strax í byrjun stóran galla á frv. hæstv. viðskrh. að í markmiðsgrein laganna er ekki komið inn á þessa þætti. Ég tel að þarna sé nauðsynlegt að kveða mjög skýrt að orði um hlutverk samkeppnisstofnunar eða, eins og ég hef kosið að kalla það eða við flm. þessa frv., Verðlags- og samkeppnisstofnunar með vísan til þess að stofnunin á þrátt fyrir allt enn sem fyrr að gegna tilteknu hlutverki á sviði verðlags, að eðlilegt sé að skilgreina strax markmið hennar. Það skýrist af samhengi hlutanna að það frv. sem ég mæli fyrir er að því leyti frábrugðið samkeppnislagafrv. hæstv. viðskrh. að hér er sett upp breyting á gildandi lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en í tilviki hæstv. viðskrh. er um nýjan lagabálk að ræða sem fellir úr gildi eldri ákvæði gildandi laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Í 2. gr. frv. er vikið að nafnbreytingunni sem lögð er til af okkar hálfu, að í stað verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar sem svo heitir að gildandi lögum komi verðlags- og samkeppnisráð og Verðlags- og samkeppnisstofnun. Sú leið hefur verið valin í frv. hæstv. viðskrh. að kalla þetta Samkeppnisstofnun og löggjöfina samkeppnislög og má segja að þar sé bita munur en ekki fjár á. Bæði frumvörpin ganga út á hið sama, að lyfta upp eða hefja upp samkeppnisþátt lagasetningarinnar og draga athyglina að honum. En í okkar tilviki er eftir sem áður gert ráð fyrir því að verðlagsþættinum sé til haga haldið.

Ég vil þá koma að 4. gr. frv. sem er megingrein frv. og gerir ráð fyrir því að við 14. gr. laganna komi ný grein í stað þeirrar sem fyrir er. Þar er um meginkafla samkeppnisþáttar gildandi laga að ræða og frv. gengur út frá því að þar komi ný og stórlega aukin grein til sögunnar sem taki á meginefni samkeppnisreglna frv. Greinin gerir ráð fyrir að stórlega sé aukið við hlutverk Verðlags- og samkeppnisstofnunar sem svo mundi kallast, bæði hvað snertir eftirlit með fyrirtækjum, sérstaklega þeim sem ráðandi eru á markaði eða kunna að verða ráðandi fyrir tilstilli ákveðinna aðgerða eða ákvarðana sem teknar yrðu í viðskiptum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir því að Verðlags- og samkeppnisráð skuli sjálft skilgreina hvenær aðstaða eins aðila eða fleiri sem hafa með sér samtök eða eru tengd teljist markaðsráðandi. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða því að það er alveg ljóst að skilgreining á því hvenær aðstaða fyrirtækis sé markaðsráðandi skiptir mjög miklu um framgang allrar starfsemi stofnunarinnar. Þar verð ég enn að gera athugasemdir við þá leið sem valin er í frv. hæstv. viðskrh., að mér þykja efnistökin þar ákaflega loppin, svo ekki sé meira sagt, en í raun og veru er ekkert viðurkennt af því tagi í frv. hæstv. viðskrh. sem fallið geti undir samstæður eða tengsl fyrirtækja fyrr en um svo stóran eignarhlut er að ræða eða áhrif að það jafngildi meirhlutaeign í öðru fyrirtæki. Þar verð ég aftur að segja að ég skil ekki alveg hvers vegna valin er sú leið að taka ekki tillit til þess eða viðurkenna að í reynd geta áhrif fyrirtækja leynst eða falist í mörgu fleiru í þessu sambandi en í

meirihlutaeign í viðkomandi fyrirtækjum.

Það er til að mynda þannig í breskri löggjöf á þessu sviði að það er gjarnan talið jafngilda meirihlutaeign eða algerri eign fyrirtækja að ítök annars fyrirtækis í gegnum annaðhvort eignaraðild eða stjórn fyrirtækja séu nægjanleg til að koma í veg fyrir breytingar á samþykktum viðkomandi fyrirtækja og mjög gjarnan eru viðmiðunarmörk dregin þar sem eignarhlutur eða stjórnaraðild er nægjanleg til að hindra breytingar á samþykktum. Þess vegna er í okkar frv. valin sú leið að setja inn í 14. gr. laganna sem ákveðin viðmiðunarmörk 33% eignarhlut eða ráðandi aðstöðu í stjórn fyrirtækjanna með einhverjum öðrum hætti. Og það er sett inn sem viðmiðunarmörk fyrir ráðandi aðild í öðrum fyrirtækjum með sérstakri hliðsjón af því að reynslan sýnir að slík eignarhlutdeild eða ítök eru oft og tíðum fullnægjandi til þess að ráða framgangi mála. Sömuleiðis er skýrt tekið fram að Verðlags- og samkeppnisstofnun, þó hún skuli sjálf að öðru leyti skilgreina leikreglur í þessu sambandi, skuli jafnan viðhafa sérstakt eftirlit með fyrirtækjum ef markaðshlutdeild þeirra, eins eða fleiri sem eru í tengslum, sé 33% af framleiðslu eða sölu fyrirtækjanna af vöru eða þjónustu á einhverju sviði viðskipta, þar með talið samgangna.

Í breskum lögum er þetta hlutfall lægra eða 25%, en þá ber að taka tillit til þess að aðstæður á íslenskum markaði eru um margt sérstakar og það var valin sú leið að hafa þetta hlutfall hér nokkru hærra með tilliti til þessu hversu sérhæfður og lítill íslenskur viðskiptamarkaður er.

Það hafa farið fram um það allmiklar umræður að einn megintilgangur lagasetningar af þessu tagi væri sá að taka á máli sem mikið hefur verið til umræðu í íslenskum þjóðmálum á undanförnum árum og áratugum en ákaflega lítið hefur verið að gert og það er samþjöppun valds, eignarhalds og áhrifa í íslensku viðskiptalífi. Í raun og veru er það svo að ræðumaður hefði þurft að hafa með sér í stólinn bókina um kolkrabbann sem kom út í síðustu jólavertíð til að vera almennilega umræðuhæfur um þessi mál. En þess vegna vekur það nú þeim mun meiri undrun að í frv. hæstv. viðskrh. sér þess hvergi stað að sú umræða hafi haft nein umtalsverð áhrif á framsetningu málsins. Þar er til að mynda ekki að finna nein sérstök ákvæði sem tækju á núverandi stöðu þeirrar fyrirtækjasamsteypu og þess áhrifabandalags sem einu nafni gengur undir kolkrabbaheitinu í almennri umræðu. Það vekur sérstaka athygli ræðumanns af tilteknum ástæðum að það er til að mynda ekki að finna nein ákvæði sem sérstaklega taka á samgöngusviðinu í frv. hæstv. viðskrh. Þar er reyndar ekki heldur að finna nein sértæk ákvæði sem t.d. taka á bankastarfsemi, blaðaútgáfu eða öðru slíku sem venjan er í löggjöf erlendis á svipuðum toga að séu sérstaklega dregin fram. Það er almennt viðurkennt í löggjöf af þessu tagi í nágrannalöndunum að það sé ekki endilega svo að heppilegt sé eða æskilegt eða viðráðanlegt að láta ein og sömu samkeppnislögin, hringamyndunarlögin eða viðskiptareglurnar gilda um öll svið viðskipta vegna þess að þau eru mismunandi í eðli sínu og valda samþjöppun eða að fákeppnisáhrif geti verið mismunandi skaðleg eða mismunandi líkleg eftir því hvaða svið viðskipta er á ferðinni. Þannig hygg ég t.d. að flestir viðurkenni að smásöluverslun sé þannig í eðli sínu að það séu ekki miklar ástæður til þess yfirleitt að hafa stórar áhyggjur af því að samþjöppun valds þar eða fákeppni milli fárra fyrirtækja verði mönnum að verulegu grandi í því efni, verulegu fjörtjóni. Öðru máli gegnir t.d. um samgöngusviðið eða bankastarfsemi, tryggingastarfsemi eða blaðaútgáfu. Þess vegna er það svo að bæði í reglum t.d. Evrópubandalagsins, í breskri löggjöf, í bandarískri löggjöf eru sérstök ákvæði sem taka á þessum sviðum og auðvitað biðu menn spenntir eftir frv. hæstv. ríkisstjórnar um samkeppnislög til að sjá hvort þar yrði með einhverjum myndarlegum eða marktækum hætti tekið á þeirri stöðu sem uppi er í flutningaþjónustu og samgöngum í landinu og almennt er kennd við völd kolkrabbans. Niðurstaðan liggur fyrir og er skýr, svo er ekki. Það ber vel í veiði að hér skuli vera hæstv. forsrh. sem meðal annarra afreka í lífinu er fyrrum fundarstjóri á aðalfundum Eimskipafélags Íslands, óskabarns þjóðarinnar, og er því nærtækt að beina orðum til hans líka með tilliti til þess að hæstv. viðskrh. er sofandi að sögn. (**Gripið fram í:** Viðskrh. er á Akureyri.) Ja, það er aldrei að vita nema hann sé sofandi samt. — En í frv. því sem ég mæli fyrir, herra forseti, er þessu öðruvísi farið því að eftir nokkra umhugsun var valin sú leið að setja þar inn alveg sérstakt ákvæði sem tæki á stöðunni í samgöngumálum og það er gert í 7. gr. frv., en lagt er til að aftan við 22. gr. laganna komi ný grein og hljóði svo:

„Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að verða ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum fyrirtækjum sem starfa að samgöngum."

Þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um það hver áhrif breytingar af þessu tagi yrðu. Þau mundu með beinum hætti og þegar í stað taka á þeirri stöðu t.d. sem uppi er í íslensku samgönguumhverfi í gegnum eignaraðild Eimskipafélags Íslands að Flugleiðum hf. Fyrir því eru mörg rök og fyrir því eru ærnar ástæður að svo sé. Og ég vil leyfa mér að fara hér fáeinum orðum um það, herra forseti, hvers vegna ég tel að svo sé. Það vekur reyndar athygli mína að nefndur fundarstjóri á aðalfundum Eimskipafélags Íslands, hæstv. forsrh., strunsaði úr salnum þegar ég fór að ræða þessi mál eða hreyfa við þeim, — nei, kemur aftur í hliðardyrum og það gleður mig að sjálfsögðu að hæstv. forsrh. lætur svo lítið að vera við þessa umræðu.

Ég held að við þurfum að huga að því, ekki bara hvað snertir þróunina á samgöngusviðinu sem slíku, hvort svona samþjöppun valds og áhrif mismunandi flutningasviða eða samgöngusviða hvert á annað séu heppileg heldur líka hvað snertir almenna stöðu í viðskiptaumhverfinu hér, fákeppni og samþjöppun valds. Mér eru þó sérstaklega umhuguð áhrifin sem svona staða getur haft og að mínu mati hefur á þróun og uppbyggingu samgöngukerfisins í landinu í heild sinni. Ég

er þeirrar skoðunar að það geti verið afar varhugavert að fyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands hf., með allri virðingu fyrir því og mikilvægi þess sterka félags sem sinnir hér flutningum á sjó til og frá landinu og að nokkru leyti umhverfis landið, skuli hafa jafnsterk tök í rekstri annars markaðsráðandi fyrirtækis á öðru sviði samgangna. Af því hef ég satt best að segja miklar áhyggjur. Ég held að það sé mjög varhugaverð staða fyrir hvaða þjóð sem er og ekki síst okkur Íslendinga sem erum af landfræðilegum ástæðum ákaflega háðir samgöngum og eigum mikið undir farsælli uppbyggingu og þróun þeirra mála.

Ég held að ég þurfi í sjálfu sér ekki að taka dæmi um það sem getur gerst við svona aðstæður, en kannski er það skynsamlegt til nánari útskýringar. Eimskipafélagið er auðvitað markaðsráðandi aðili á sviði flutninga. Flutningar á sjó eru afdrifaríkir fyrir Íslendinga og fyrirtæki með jafntröllsterka stöðu í þeim efnum og Eimskipafélagið hefur er nánast sem risi meðal dverga á flutningasviðinu hjá okkur. Það hefur yfir að ráða yfirgnæfandi viðskiptahluta allra fraktflutninga til og frá landinu og sá litli angi sem út undan stendur er annars vegar aðrir sjóflutningar annarra skipafélaga, sem eru það litlir að samkvæmt öllum skilgreiningum í lögum og vinnureglum nálægra þjóða duga þeir hvergi nærri til að hafa nein umtalsverð áhrif á stöðu þess aðila, en hitt er öllu alvarlegra að aðrir flutningamöguleikar á frakt, sem eru þó í lofti, eru undir mjög sterkum áhrifum þessa sama aðila, þessa sama markaðsráðandi aðila, Eimskipafélagsins. Menn hafa spurt að því á undanförnum árum: Getur hugsast að eignarhlutur, ítök og að nokkru leyti yfirráð Eimskipafélags Íslands á Flugleiðum hf. hafi áhrif á afstöðu þess fyrirtækis, viðhorf og frammistöðu hvað fraktflutninga í lofti snertir? Þessi spurning hefur oft komið upp og það vill svo til að hún lenti nokkrum sinnum inni á borði ræðumanns í hans fyrra starfi á nokkru árabili sem samgrh. og ég hlýt að gera þá grein fyrir sjónarmiðum mínum hér að hún leitaði oft á mig, þessi spurning.

Ég tel mjög óheppilegt að viðskiptahagsmunir fyrirtækis sem er markaðsráðandi á einu sviði og hefur yfirburðastöðu þar, drottnunarstöðu þar eins og Eimskipafélagið hefur í sjóflutningum geti blandast inn í uppbyggingu og rekstur á öðru og óskyldu sviði flutninga eins og á við um fraktflutninga í lofti í þessu tilviki. Ég tel að það sé hættulegt. Ég tel að það geti hindrað eðlilega samkeppni og innbyrðis óháða þróun mismunandi valkosta í flutningum. Þess vegna tel ég að bráðnauðsynlegt sé að setja því skorður hversu sterk tök eitt fyrirtæki á einu sviði af þessu tagi geti haft á annað. Hér eru að vísu lögð til tiltölulega ströng ákvæði og það er alveg ljóst að þetta setur því hverju því fyrirtæki sem nær markaðsráðandi stöðu á einu sviði samgangna þær skorður að það geti hvorki verið ráðandi aðili né átt stærri eignarhlut en 25% í öðrum fyrirtækjum sem starfa á sama sviði. Mín niðurstaða er sú, herra forseti, að það veiti ekki af svona ströngum ákvæðum.

Í gildistökugrein frv. er af sérstökum ástæðum gert ráð fyrir því að um þetta ákvæði gilti annað en um frv. í heild sinni. Ef miðað væri við að lögin öðluðust þegar gildi tækju þessi ákvæði, sem lúta að samgöngusviðinu, ekki gildi fyrr en 1. jan. 1994. Þetta mundi í öllum sínum einfaldleika þýða það að fyrirtæki sem yrðu fyrir áhrifum af þessari grein hefðu þennan aðlögunartíma til að breyta þannig eignarhlutföllum sínum í öðrum fyrirtækjum að þau uppfylltu ákvæði laganna. Þetta er sú aðferð sem gjarnan er valin þegar svona staða kemur upp, að það er settur með annaðhvort bráðabirgðaákvæðum eða sérstökum gildistökuákvæðum ákveðinn aðlögunartími sem fyrirtækin hafa. Með þessum hætti yrði í því frv. sem ég er að mæla fyrir tekið beint og markvisst á þessari stöðu kolkrabbans í íslensku viðskiptalífi og í íslenskum samgöngum. Það er ekki gert í frv. hæstv. viðskrh.

Ég held að ég láti það duga tímans vegna og aðstæðna og af ýmsum ástæðum að segja þetta um þetta ákvæði sérstaklega, en ég er reiðubúinn og fús til þess að ræða það frekar hvenær sem óskað er eftir.

Einu atriði enn, herra forseti, hafði ég hugsað mér að hreyfa hér, en þá háir mér nokkur skortur á krötum sem að vísu er sjaldgæfur sjúkdómur í mínu tilviki því að ég lýsi yfirleitt ekki eftir þeim meira en þörf krefur. En ég hefði gjarnan viljað að það væri a.m.k. einn áheyrandi úr Alþfl. viðstaddur þegar ég ræði það lítillega sem vantar algerlega í frv. hæstv. viðskrh. en mun hafa orðið nokkurt umræðuefni í Alþfl., að nauðsynlegt væri að setja ný samkeppnislög áður en hæstv. viðskrh. gæti flutt frv. sitt um einkavæðingu bankastarfseminnar í landinu. Það er spurning, herra forseti, hvort t.d. þingflokksformaður Alþfl. er í húsi og gæti látið svo lítið að koma í þingsalinn og hann gæti haft neftóbakspontuna með sér og haft það huggulegt í salnum rétt á meðan hann hlýðir á þetta. Ég tala nú ekki um ef hæstv. félmrh. væri einhvers staðar nærstaddur. En okkur hefur borist það, þingmönnum, í gegnum fjölmiðla og fréttir að hæstv. félmrh. hafi spornað gegn því að hæstv. viðskrh. flytti sitt frv. um einkavæðingu bankanna, m.a. með vísan til þess að fyrst yrði að setja löggjöf um samkeppnismál. Það var og. Og af þeim sökum m.a. las ég vandlega ákvæði frv. hæstv. viðskrh. og beið eftir því að finna þau sértæku ákvæði sem fjölluðu um samkeppni, eignarhald og valddreifingu í bankamálum og varð þeim mun meira undrandi þegar ég áttaði mig á því að frv. hæstv. viðskrh. tekur ekki í neinu, ekki í einu einasta atriði á þessu máli sérstaklega. Þar er ekki að finna nein sértæk ákvæði, hv. 17. þm. Reykv., sem taka á bankastarfsemi, eignarhaldi, valddreifingu eða samkeppnisreglum á sviði bankastarfsemi af neinu tagi. Þess vegna er mér spurn: Hvaða rök voru þá fyrir því að bíða eftir frv. hæstv. viðskrh. eða lagasetningu af þessu tagi með að leyfa hæstv. viðskrh. að leggja fram nýjasta óskabarn sitt á sviði einkavæðingar, bankafrv.?

Ég veit að hv. 17. þm. Reykv. er ágætlega að sér um bresk málefni og mun hafa stúderað í því landi fyrr á öldinni og er þess vegna sæmilega kunnugur löggjöf þarlendra um það mál. Í bresku samkeppnislögunum, reyndar í báðum þeim meginlagabálkum sem fjalla um samkeppnis- og viðskiptamál í Bretlandi, The

Companies Act og Fair Trading Act, er að finna sértæk ákvæði sem taka ti bankastarfseminnar, reyndar ýmis fleiri sértæk ákvæði sem taka til blaðaútgáfu og samgangna og slíkra hluta. En ég er sérstaklega að ræða um bankaþáttinn. (**Gripið fram í:** Það má lagfæra eitthvað hjá Íhaldsflokknum.) Það er út af fyrir sig rétt, sem hér er getið í framíkalli, að það má hugsa sér að bæta svona löggjöf og m.a. þess vegna er ég nú að ræða þetta að kannski rennur ljósið upp fyrir mönnum. En ég verð að hryggja hv. 17. þm. Reykv. með því, sem ég veit að er mikill stuðningsmaður viðskrh. og vill honum vel, að þarna hefur honum skjöplast mjög. Þarna er bókstaflega um grútmáttlausa löggjöf að ræða, jafnmáttlausa og hún getur verið. Og það er sorglegt og dapurlegt. (**ÖS:** Þetta kemur mér á óvart.) Já, ég trúi því að þetta komi hv. 17. þm. Reykv. á óvart, en þó er það þannig að það verður að segjast að reynsla fleiri en Breta er blendin af einkavæðingu. Og af því að það er talsvert orðið til umræðu nú í breskum stjórnmálum hvernig einkavæðingin hafi lukkast svona holt og bolt hjá frú Thatcher og Co. er það svo að Bretar, sem hefur oft lánast að læra af reynslunni í bland við sína íhaldssemi, hafa m.a. áttað sig á því að einkavæðing er engin allsherjarpatentlausn sem á við alls staðar og um allt án umhugsunar. Þeir hafa áttað sig t.d. á því að einkavæðing fákeppnisstarfsemi, einokunarstarfsemi, einkavæðing í félagslegri þjónustu er svona og svona. Jafnvel heiðvirðir breskir íhaldsmenn, sanntrúaðir, sem aldrei hafa annað kosið, eru menn til að viðurkenna að þeir hafi jafnvel farið offari í þessum efnum og lent í ógöngum.

Þeim mun meiri ástæða er til þess fyrir okkur Íslendinga, sem erum svo lánssamir að hafa fyrir okkur reynslu annarra þjóða í þessum efnum, að vera ekki að ana í ógöngur eins og t.d. í einkavæðingu í bankakerfinu. Hvaða vit er í því á hinum þrönga íslenska markaði að fara með einhverjum glannaskap í þeim efnum? Hefði maður þá ekki átt von á því að viðskrh. væri með í sínu frv. sérstök öryggisákvæði sem varða bankastarfsemina til að tryggja samkeppni ef út í einkavæðinguna væri farið á því sviði til að hindra valdasamþjöppun og fákeppni á þeim markaði? Svarið er því miður nei. Ekki er stafkrók um það að finna í frv. Það er e.t.v. ástæða þess að mér er tjáð í nýjustu fréttum að þetta bankaeinkavæðingarfrv. muni alls ekki líta dagisns ljós á þessu þingi. Það hafi verið kistulagt við virðulega athöfn í þingflokki Alþfl. í gær. Ekki veit ég hver kastaði rekunum eða fór með útfararorðin, hvort sálmurinn um blómið hafi verið sunginn, en alla vega voru mér bornar þessar fréttir. (Gripið fram í.) Já, að vísu ber vel í veiði að það er guðlærður maður í þingflokki Alþfl. og hefur þess vegna örugglega verið fylgt öllum settum reglum kristilegrar útfarar þegar bankafrv. hæstv. viðskrh. var jarðsungið í gær.

En þannig er það nú að því miður verð ég að hryggja hv. þingheim með því að þessu frv. hæstv. viðskrh. er ákaflega áfátt í ýmsum greinum og þar á meðal að þessu leyti. Ég er þeirrar skoðunar að í nýjum íslenskum samkeppnislögum, sem ég vil gjarnan standa að og stuðla að að sett verði t.d. á næsta þingi, eigi að vera sértæk ákvæði um bankastarfsemi. Í öðru lagi vildi ég gjarnan sjá í því sértæk ákvæði um blaðaútgáfu og fjölmiðlaheiminn, um samgöngusviðið og jafnvel um tiltekna þætti verslunar í landinu því það er þannig því miður að á Íslandi er verslun bundin svo sérstaklega okkar fámenni og strjálbýli að ástæða geti verið til þess að setja alveg sérstök ákvæði um hluta hennar í samkeppnislöggjöf. Og ég veit að ég á stuðning hv. 17. þm. Reykv. vísan í því efni.

Herra forseti. Auðvitað hafði ég hugsað mér að hafa um þetta talsvert ítarlegra mál þegar ég mælti fyrir þessu frv. til laga um réttarfarsbætur í samkeppnismálum sem ég lagði óneitanlega þó nokkra vinnu í að semja fyrr á þinginu og er að finna í þessu myndarlega þskj., 625, en með tilliti til þess að ég bind ekki lengur, satt best að segja, þó að ég sé óforbetranlegur bjartsýnismaður, miklar vonir við að þetta verði að lögum, þá gefst kannski betri tími til að mæla rækilegar fyrir þessu síðar og vinna úr málinu. Ég vona að sumarið verði notað til að taka þessi frumvörp bæði, sem ég hef hér nokkuð gert að umtalsefni, frv. okkar þingmanna Alþb., til úrbóta á þessu sviði, og sömuleiðis frv. hæstv. viðskrh., og vinna þau saman þannig að úr þeim líti dagsins ljós eitt fullþroska og myndarlegt frv. um ný verðlags- og samkeppnislög sem sett verði á vetri komanda sem lög á Alþingi Íslendinga. Það er löngu tímabært og mjög verðugt verkefni að leggja í það vinnu. Ég er sem sagt tilbúinn til að leggja mitt af mörkum í þeim efnum og ég tel reyndar að við höfum nú þegar gert það, þingmenn Alþb., með því að ríða á vaðið með þessum frumvarpsflutningi og taka um það forustu hér á hinu háa Alþingi að við þessum málum væri hreyft. Til þess að ásættanleg niðurstaða, eins og nú er ákaflega í tísku að segja, fáist í þessum málum þarf að taka mun fastar á ýmsum hlutum en gert er í frv. hæstv. viðskrh. Það er því miður grútloppið. Heyrir hv. 17. þm. Reykv.? Það er því miður grútloppið í ákveðnum greinum, þetta frv. hæstv. viðskrh., og það er engu líkara en maðurinn hafi verið með belgvettlinga við að semja þetta, svo loppið er það. Og hv. 17. þm. Reykv. tekur undir þetta í framíkalli, segir það vera allt rétt sem hér er sagt og fagna ég því.

Það sem sérstaklega vantar eru þau atriði sem ég hef nefnt á sviði bankastarfsemi, samgangna, fjölmiðlunar og verslunar, en það vantar líka, og ég ætla að gera það að mínum síðustu orðum hér, með öllu að taka á samþjöppun valds í gegnum samsteypur fyrirtækja, tengsl fyrirtækja og hringamyndun í landinu og er með ólíkindum að það skuli vera lagt fram frv. með þessum stóra ágalla. Ég hlýt að spyrja að því, svarið kemur þá síðar: Var þetta frv. hæstv. viðskrh. ritskoðað? Var það sent niður á ónefnda kontóra í nágrenninu og ritskoðað áður en það var lagt fram? Það er engu líkara. Það er engu líkara en ákveðin öfl í landinu hafi fengið að ritskoða frv. hæstv. viðskrh. og tína út úr því óþægilegu atriðin þannig að öruggt væri að það mundi ekki hrófla við stöðu þeirra sem helst þyrfti í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.) Svo gerilsneytt er það í raun og veru, hv. framíkallandi, gagnvart þessari

stöðu. Það er barnalegt að menn skuli t.d. ekki taka á samsteypum fyrirtækja, hversu víðfeðmar sem þær eru í landinu, fyrr en um meirihlutareignaraðild er að ræða í hverju tilviki. T.d. yrði þetta samkvæmt orðanna hljóðan í frv. þannig að það væri ekki fyrr en Eimskipafélag Íslands, United Steamship Company, eignaðist 51. prósentið í Flugleiðum sem frv. hefði áhrif. Þó að Eimskip yki núna á næstu árum eignarhlut sinn í Flugleiðum upp í 49%, þá mundi ekkert breytast. Þó svo að forstjóri Eimskip sé stjórnarformaður Flugleiða, fyrirtækið eigi þrjá af níu stjórnarmönnum, fyrirtækið eigi nógu stóran eignarhlut til að hindra breytingar á stofnsamþykktum Flugleiða breytist ekki neitt samkvæmt frv. hæstv. viðskrh. af því að skilgreiningar í frv. eru svo máttlausar að þær fella þennan hring ekki undir fyrirtækjasamsteypu eins og sagt er í 4. gr. frv.

Ég hygg, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa um það fleiri orð eða rökstyðja það frekar að frv. okkar þingmanna Alþb. tekur frv. hæstv. viðskrh. mikið fram í þessum efnum eins og fleirum og er að mínu mati algerlega nauðsynlegt að þau ákvæði í okkar frv. sem eru betur útfærð, ganga lengra og taka fastar á þessum hlutum verði höfð að leiðarljósi þegar frv. hæstv. viðskrh. verður endurunnið í sumar. Vonandi lítur dagsins ljós á næsta hausti nýtt og myndarlegra frv. um þessi mál hvort sem það verður hæstv. núv. viðskrh. sem flytur það, en flugufregnir hafa flogið fyrir um að það sé ekki endilega víst að hann gisti það embætti að haustnóttum.

(**Forseti:** Á ekki að vísa frv. til nefndar?) Jú, herra forseti, það er rétt. Nú láðist mér að geta þess að að sjálfsögðu gengur þetta frv. til þeirrar nefndar, efh.- og viðskn., sem fer með þessi mál og að lokinni þessari umræðu, hvenær það verður eða hvort tekst að ljúka henni á þessu þingi, þá legg ég til, eins og sagt er að lokinni umræðu, að frv. yrði vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 394. mál (hlutabréf, stjórnarkosning, ársreikningur o.fl.). — Þskj. 636.

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Hér áðan var mælt fyrir frv. um samkeppnishömlur, óréttmæta viðskiptahætti o.fl. og nú leyfi ég mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hlutafélög. Þessi tvö frumvörp eru afrakstur vinnu nokkurra þingmanna Alþb. um breytingar í viðskiptalífinu sem nauðsynlegar eru til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi sem óneitanlega á við ákveðna erfiðleika að etja um þessar mundir. Má segja að með þessum tveimur frumvörpum hafi Alþb. tekið forustu í þessum málaflokki meðal íslenskra stjórnmálaflokka. Bryddað er upp á ýmsum nýjungum í þessum tveimur frumvörpum sem rakið hefur verið hvað varðar fyrra frv. og ég vil leyfa mér að fara í gegnum þetta frv. og gera grein fyrir helstu breytingum og markmiðum frv.

Í greinargerð er gerð nokkuð rækilega grein fyrir markmiði og tilgangi þessa frv. og vil ég, með leyfi forseta, vitna til hennar og rekja þann veg meginatriði frv., en það er svohljóðandi, með leyfi forseta, að lagðar eru til breytingar á lögum um hlutafélög sem miða að því að auka trú almennings á hlutafélögum sem fjárfestingarkosti og stuðla þannig að auknum áhrifum og aðhaldi almennings á rekstur fyrirtækja. Þá er það ekki síður nauðsynlegt að fyrirtæki geti styrkt eiginfjárstöðu sína með auknu hlutafé, en eins og kunnugt er hefur skortur á eigin fé verið eitt alvarlegasta vandamál hlutafélaga, t.d. í sjávarútvegi. Fyrirtækin hafa í of ríkum mæli fjármagnað rekstur eða fjárfestingu með lánsfé sem hefur leitt til mikils vaxtakostnaðar. Eiginfjáraukning minnkar þann kostnað, dregur úr lánsfjáreftirspurn og stuðlar þar með að almennri vaxtalækkun í þjóðfélaginu, auk þess sem vaxandi aðhald almennings og áhrif stuðla að skynsamlegri stjórnun fyrirtækja.

Alþingi hefur með samþykkt viljayfirlýsingar í formi þáltill. um yfirtökutilboð tekið skref til að styrkja stöðu almenningshlutafélaga með því að viðskrh. er falið að semja lagafrv. sem tryggja á rétt minni hluta í hlutafélagi. Þykir flm. rétt að stíga frekari skref með því að leggja til að gerðar verði frekari kröfur en nú eru um hömlulaus viðskipti með hlutabréf, að stjórn hlutafélags verði öll kosin af sama hluthafafundi og víxlkosning þar með afnumin, að það væri víðtækari skylda en nú er að hlutafélag hafi löggiltan endurskoðanda, að stjórn hlutafélags verði gert skylt að senda hluthöfum ársreikninga og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokum reikningsárs og að almenningi verði heimill aðgangur frá hlutafélagaskrám að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum.

Ég hygg, virðulegi forseti, að þessi greinargerð lýsi í stuttu máli markmiðum þessa frv. þannig að ekki þarf miklu við það að bæta. Ég vil þó aðeins ítreka það atriði, sem fram kemur í greinargerðinni, að það er afar nauðsynlegt um þessar mundir að almenningur líti á fjárfestingu í fyrirtækjum sem valkost til að leggja sitt fé í og veiti þannig bönkum í landinu aðhald og samkeppni. Sú samkeppni við bankana, auk þess að eigið fé fyrirtækja er aukið, mun eðlilega leiða til almennrar vaxtalækkunar í þjóðfélaginu.

Ef ég fer stuttlega yfir einstakar greinar frv., þá er í fyrsta lagi þrengdur sá kostur sem er í núgildandi lögum um að mega leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf. Lagt er til að ef hluthafar eru 25 eða fleiri í hlutafélagi verði það skylt að hömlulaus viðskipti eigi sér stað með bréfin. Þetta ætti að stuðla að því að menn geti litið á hlutabréfin sem eign sem þeir geti ráðstafað, selt og keypt á hlutabréfamarkaði ef mönnum þykir svo. Það atriði veitir líka stjórnendum fyrirtækja verulegt aðhald því að aðhald stjórnenda fyrirtækja er ekki aðeins með beinum hætti í gegnum stjórnarmenn heldur líka og kannski ekki síður með

óbeinum hætti í gegnum framboð, eftirspurn og gengi á hlutabréfum. Ég hygg að það aðhald sé mun virkara og skilvirkara tæki en fyrrgreinda formið.

Hertar eru kröfur um að hafa löggiltan endurskoðanda. Það er til þess að hluthafar geti örugglega treyst ársreikningum og þeim skjölum sem þar eru lögð fram. Enn fremur er lagt til, og er það nýmæli, að stjórn hlutafélags er skylt að senda ekki bara ársreikning heldur líka ársskýrslu stjórnar. Þetta ákvæði er ekki í núgildandi lögum og er hér um algert nýmæli að ræða. Þessi skylda skal uppfyllt innan sex mánaða frá lokum reikningsárs sem þýðir að hluthafar hafa allar meginupplýsingar um fyrirtækið og stöðu þess fyrir mitt ár hvert sinn. Þetta er nauðsynlegt til að auka trú almennings á hlutafélögum, að almenningurinn eigi greiðan aðgang að upplýsingum, og þetta er líka nauðsynlegt til að tryggja virkni ákvæðisins í 1. gr. um hömlulaus viðskipti með hlutabréf.

Þá er einnig lagt til, virðulegur forseti, að skylt verði að veita almenningi aðgang að ársreikningum hlutafélaga hjá hlutafélagaskrám, þ.e. þeim hlutafélögum sem ekki leggja hömlur á meðferð hlutabréfa. En í dag er þetta lagaákvæði einungis heimildarákvæði. Í grg. um 5. gr. frv. er rakið hvernig þessu háttar erlendis, í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi, og er þar stuðst við upplýsingar sem fram komu í greinargerð með frv. á þskj. 121 sem lagt var fram í neðri deild á 111. löggjafarþingi 1988.

Þá er lagt til, virðulegi forseti, að þetta frv. taki gildi um nk. áramót þannig að hlutafélögum gefist ráðrúm til að breyta sínum samþykktum til samræmis við ákvæði í frv.

Ég vil svo að lokum láta koma fram, virðulegi forseti, sem mér þótti afar ánægjulegt, að eftir að frv. hafði verið útbýtt hér á hinu háa Alþingi kom að máli við mig hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, og þakkaði fyrir frv. og færði mér að gjöf bók sem ég hafði heyrt getið um en ekki séð fyrr og er löngu uppseld, bók sem hann nefnir Alþýða og athafnalíf. Ég hef lesið þessa bók spjaldanna á milli og verð að segja að ég er ákaflega sammála hv. 4. þm. Reykv. um þau mál sem bókin fjallar um og ég vil leyfa mér að lesa stuttan kafla úr þessari bók sem mér þykir svo athyglisverður að hann eigi fullt erindi inn í umræður nú þó svo að bókin sé skrifuð fyrir allnokkru, en hún mun hafa komið út 1968. Kaflinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Loks er um það að ræða að koma á fót opnum hlutafélögum eða almenningshlutafélögum þar sem miklu fjármagni er safnað saman frá fjölda manna til að leysa ákveðin viðfangsefni. Þennan þátt hefur mjög skort í íslenskt athafnalíf þótt slík félög hafi verið burðarásinn í atvinnulífi flestra annarra lýðræðisþjóða.

Almenningshlutafélög eru ekki einungis mikilvæg af efnahagsástæðum heldur eru þau e.t.v. þýðingarmesti þátturinn í því þjóðfélagskerfi sem nefna mætti auðstjórn almennings eða fjárstjórn fjöldans. Er þar átt við mikilvægi þess að sem mestur hluti þjóðarauðsins dreifist meðal sem allra flestra borgara landsins, að auðlegð þjóðfélagsins safnist hvorki saman á hendur fárra einstaklinga né heldur ríkis og opinberra aðila. Þeir sem þessa stefnu aðhyllast telja þá þjóðfélagsþróun æskilegasta að valdið, sem fylgir yfirráðum yfir fjármagni, dreifist sem mest á meðal landsmanna allra. Þeir benda á hættuna sem því er samfara er fjármálavald flyst í stöðugt ríkara mæli yfir á hendur þeirra sem fyrir hafa pólitíska valdið; þá fyrst sé veruleg hætta á misnotkun valdsins.

Samkvæmt þeim kenningum sem hér er fjallað um byggist heilbrigð lýðræðisleg þróun á því að sem allra flestir einstaklingar séu fjárhagslega sjálfstæðir; þeir eigi hlutdeild í þjóðarauðnum en séu ekki einungis leiguliðar eða starfsmenn ríkisins. Þá muni sjálfstæði manna, öryggi, þroski, ábyrgðartilfinning og lífshamingja aukast og þá muni framleiðsla og auðæfaöflun þjóðfélagsins einnig verða mest.

Þessar kenningar hníga að því að með dreifingu auðmagnsins séu skert áhrif valdhafanna að því marki sem bæði þeim og öðrum sé heppilegast. Embættismenn og stjórnmálamenn geti þá ekki seilst lengra inn á umráðasvið einstaklingsins en góðu hófi gegnir. Til þess hafi þeir ekki þann styrk sem umráðavald, jafnt yfir fjármagni sem stjórnkerfi landsins, mundi ella veita þeim. Þannig skapist það heilbrigða jafnvægi milli hinna ýmsu valdastofnana og fólksins í landinu sem eitt sé þess megnugt að tryggja varanlegt lýðræði og trausta þjóðfélagsskipan.

Segja má að okkur Íslendingum hafi að ýmsu leyti tekist sæmilega að feta okkur áfram til skilnings á þeim sjónarmiðum sem hér er um rætt. Þannig mun óvíða eða hvergi vera um að ræða almennari eign eigin íbúðarhúsnæðis, bændur eiga flestir bújarðir sínar, fjöldi útgerðarmanna á bátaflotann og fyrirtæki á sviði iðnaðar, verslunar og samgangna eru í ríkum mæli í eigu einstakra manna eða hlutafélaga. Allt eru þetta veigamiklir þættir í fjárstjórn fjöldans.

En gallinn er sá að erfiðlega hefur gengið að fá alþýðu manna til að verja fjármunum sínum að nokkrum hluta til beinnar þátttöku í atvinnurekstri sem hún á þó mest undir. Fólkið hefur ekki skilið nauðsyn þess að atvinnufyrirtækin högnuðust og skiluðu eigendunum arði og meðan þannig er háttað hefur það heldur ekki verið talið arðvænlegt að festa fé sitt í atvinnurekstri.

Þegar á móti blæs eru atvinnufyrirtækin þess vegna aflvana að mæta vandanum — og nú er íslensku atvinnulífi vissulega ógnað. Þess vegna er ekki seinna vænna að menn geri sér glögga grein fyrir þýðingu þess að öflug atvinnufyrirtæki rísi upp og önnur séu styrkt og efld."

Virðulegi forseti. Þessi kafli segir meira en mörg orð og langar ræður. Ég get tekið undir það sem fram kemur í þessum kafla bókar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Þá, þegar þessi bók kom út 1968, voru erfiðleikar í íslensku atvinnulífi rétt eins og nú og ég hygg að menn ættu að beina sjónum sínum að þessum kosti, almenningshlutafélögum, í ríkara mæli en menn hafa gert hingað til og flétta þann valkost inn í þær lausnir sem menn verða að koma fram með á næstunni varðandi erfiðleikana í íslensku efnahagslífi.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, leggja til að

þessu frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Framhald þingfundar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan spyrjast fyrir um það hvað forseti hyggst gera með frekari umræður hér og mál. Nú veit ég að næsta mál er þannig vaxið að ýmsir þingmenn úr mínum flokki og öðrum flokkum vilja gjarnan taka þátt í þessari umræðu um Skipaútgerð ríkisins. Það hefur jafnframt verið boðaður fundur kl. 11 í fyrramálið. Ég vildi því spyrja virðulegan forseta áður en lengra er haldið hvað menn hyggjast fyrir með frekari störf á þessari nóttu. Það hefur nú staðið þingfundur nokkuð látlaust, fyrir utan hlé sem gerð voru vegna funda í flokkum og funda með forsetum, í 14 klukkustundir samfleytt. Ég held að það sé nokkur leitun á því, virðulegi forseti, að svo langir fundir hafi verið í þinginu eins og það að nokkuð samfelldur fundur standi í 14 klukkustundir. Út af fyrir sig gerir maður kannski ekki athugasemd við það að hv. 1. þm. Vesturl. mæli fyrir nál., ég vil ekki gera neina athugasemd við það, en ég vildi gjarnan fá að vita hver hugsunin er með þessu þinghaldi í nótt og hvort virkilega er ætlunin að halda við það að hér haldi fundur áfram eitthvað í nótt og svo byrji fundur kl. 11 í fyrramálið. Finnst mönnum þetta skynsamlegt?

Forseti (Björn Bjarnason):

Eftir að lokið hefur verið umræðu um 12. dagskrárliðinn verður 21. dagskrárliður tekinn fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Átti virkilega að skilja orð forseta á þann veg að hann hyggist ljúka í nótt 2. umr. um Skipaútgerð ríkisins og taka síðan fyrir nýtt mál? Er það virkilega rétt skilið? — Ég tek eftir því að forseti vill ekki svara. Það væri gagnlegt að maður fengi svar. Sumir forsetar hafa þá venju að veita manni svar um leið og maður spyr. Er það venja sem núv. forseti vill ekki fylgja? (**Forseti:** Ræðumaður lýkur máli sínu.) Nei, ýmsir forsetar gera það nú þó að menn séu í ræðustól. (**Forseti:** Ég ætlaði að leyfa ræðumanni að ljúka máli sínu.) Já. Ekki er nú verið að auðvelda afgreiðslu mála af hálfu núv. forseta.

Ég vil eindregið mótmæla því að forseti haldi þannig áfram að hann ætli sér að láta fara hér fram, þegar þingfundir hafa staðið í 14 klukkustundir, umræðu um Skipaútgerð ríkisins. Ef það er virkilega ætlunin, þá eru ýmsir ráðherrar sem við viljum fá til umræðunnar og þá er eins gott að þeir verði sóttir áður en umræðan heldur áfram. Ég óska eftir því að fá svör við því hvort virðulegi forseti er ekki reiðubúinn að slíta fundi þegar búið er að mæla fyrir nál. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemd við það þó að menn mæli fyrir nál., en ef það er virkilega ætlunin að halda áfram fullburðugri umræðu um málið er nauðsynlegt að við fáum hingað til fundar nokkra ráðherra sem við þurfum að tala við. Við munum ekki una öðru a.m.k.

Ég vil almennt segja það við þann forseta sem í stólnum situr að reynsla manna undanfarin ár og áratugi og almenn skynsemi mælir ekki með svona vinnubrögðum. Það verður ekki til að greiða fyrir umfjöllun um önnur mál að gera þetta með þessum hætti.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseta er kunnugt um að menn eru reiðubúnir til að mæla fyrir nál. og gefur hv. 1. þm. Vesturl. orðið.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Forseta hlýtur að vera kunnugt um það að ég tók þátt í umræðum við framlagningu þessa frv. og hef ýmislegt við það að athuga. Og ég mótmæli því harðlega ef hér stendur til að mæla fyrir nál. en hafa það svo eins og um fjölmörg mál áður í kvöld að fresta þá umræðum. Ég mun þá hefja hér umræðu og ég mun tala allgóða stund um þetta mál og ég mun að sjálfsögðu krefjast þess að hæstv. fjmrh. verði á staðnum. Það er auðvitað ekki nokkur einasta hemja að annað eins og þetta eigi sér stað. Ég vil benda á að það er að vísu eitt nál., en það er brtt. og er 1. flm. þar hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og þrír aðrir þingmenn. Væntanlega verður talað fyrir þeim brtt. líka. Ég hlýt að áskilja mér allan rétt til að ræða bæði brtt. og málið í heild svo að ég vil spyrja hæstv. forseta hvort það standi nú til að þvinga fram að mælt verði fyrir nál. og umræðum síðan frestað rétt eins og átt hefur sér stað með fleiri mál hér í kvöld. Það er alveg fráleitt að ræða mál eins og það að leggja niður Skipaútgerð ríkisins án þess að hér sé viðstaddur fjmrh. þjóðarinnar. Það nær ekki nokkurri einustu átt. Ég bið um skýringar á þessu. Ég ætlast til þess að þegar ég spyr hæstv. forseta einhvers sé mér svarað og það á við auðvitað um alla aðra þingmenn.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hafa samband við fjmrh.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ef það er virkilega ætlun hæstv. forseta að halda áfram með umræður um þetta mál? Ég bið forseta að endurskoða það en ef það er virkilega ætlunin, þá óska ég eftir því að hæstv. forsh. sem ber ábyrgð á byggðamálum verði viðstaddur þessa umræðu og ég óska eftir því að hæstv. félmrh. sem ber ábyrgð á sveitarstjórnarmálum og hagsmunum þeirra verði viðstaddur þessa umræðu. Skipaútgerðin hefur tengst hag sveitarfélaganna og byggðamálum um áratugaraðir og ef forsetadæmið ætlar að haga sér svona og knýja fram umræður verða það að vera fullgildar umræður, virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið

fram áður er þjóðþingið sá vettvangur þar sem ríkisstjórnin á að standa reikningskil gerða sinna. Það er enginn annar vettvangur í þessu þjóðfélagi en þjóðþingið þar sem ríkisstjórnin á að standa fyrir máli sínu og rökræða við þjóð og þingheim. Það er m.a. fest í sessi með þeim hætti að koma því þannig fyrir að þeir menn sem gegna ráðherrastöðum en eru ekki kjörnir þingmenn eigi jafnframt seturétt á Alþingi til þess að þingið geti rætt við þá. Það gengur auðvitað ekki að núv. hæstv. ríkisstjórn eða núv. forseti hagi málum þannig hér á Alþingi að það geti ekki farið fram fullburðug umræða um málin. Ef það er ætlun forsetans að láta hana fara fram hér í nótt er nauðsynlegt að þeir ráðherrar sem hlut eiga að máli mæti hér og umræðan haldi ekki áfram fyrr en þeir eru mættir. Eitt er nú það að leyfa sér að halda áfram fundi eftir 14 klukkustundir og komin er nótt, en það gengur ekki að leyfa sér að taka fyrir ný mál af þessari stærðargráðu án þess að viðkomandi ráðherrar mæti hér. Það er ósk mín til forseta, ef hann ætlar virkilega að halda áfram með málið, að umræðunni verði frestað þangað til þeir ráðherrar sem ég hef óskað eftir séu komnir í hús.

Skipaútgerð ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717, nál. 925, brtt. 926.

Frsm. samgn. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. samgn. um frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Benedikt Jóhannesson, formann stjórnarnefndar Skipaútgerðar ríkisins. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Þeir nefndarmenn sem skrifa undir með fyrirvara áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Auk mín skrifa undir nál. Árni M. Mathiesen, Sigbjörn Gunnarsson, Guðni Ágústsson með fyrirvara, Sigríður Anna Þórðardóttir, Árni Johnsen, Jóhann Ársælsson með fyrirvara, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir með fyrirvara og Stefán Guðmundsson með fyrirvara.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram um að það er orðið allnokkuð seint að fara að byrja á málum. Ég vil líka benda á að þó að ég mæli fyrir brtt. vantar nokkra af þeim sem ég veit að hefðu viljað taka til máls um þessar brtt. Ég mælist til þess að ef svo fer að forseti ákveður að þetta mál skuli tekið fyrir þá verði því síðan frestað þannig að fleirum gefist tækifæri til að ræða það.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki laust við að mér sé bara skemmt á þessari nóttu. Ég hef aldrei séð á þeim fimm árum sem ég hef verið hér jafnmikinn hroka og fyrirlitningu af hinum háa stól forseta þingsins. Mér er skapi nær að gera kröfur um að aðalforseti þingsins verði kallaður til starfa. Hæstv. forseti Salome Þorkelsdóttir hefur þó jafnan sagt það og staðið við það að hún væri forseti alls þingheims. En hér sjáum við að sá forseti sem nú gegnir störfum sýnir það með fyrirlitningu að hann virðir þingmenn ekki svars. Þetta er slíkt sáttarof að það er ekki hægt að una við það. Hér eru menn að ræða stórmál sem snerta þjóðina, snerta heilu málaflokkana og menn hljóta að eiga rétt á svörum, bæði um það hvort eigi að ræða þetta mál út og taka fleiri fyrir og hvort það sé þá möguleiki að fá til umræðunnar þá ráðherra sem bera ábyrgð á málaflokkunum. Ég sætti mig ekki við að forseti, sem þó vissulega hefur kannski nauðgað sér inn í forsætisnefndina með hörku hér á haustdögum, komi fram við þingið með þessum hætti. Við verðum að fá skýr svör um framhaldið.

Umræðu frestað.

Landgræðslulög, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 401. mál (áfrýjun ágreiningsmála). — Þskj. 651.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér frv. til laga um breytingu á landgræðslulögum, nr. 17 frá 24. apríl 1965. Frv. þetta er einfalt í smíð, aðeins tvær greinar og með leyfi forseta hyggst ég lesa þær:

„1. gr. 12. gr. laganna orðast svo: Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi Landgræðslunnar skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

Ef eigandi eða leigutaki vill fá landið fyrr en landgræðslustjóri telur hæfilegt eða vill ekki sætta sig við reglur landgræðslustjóra um meðferð landsins getur eigandi eða leigjandi áfrýjað til landbrh. sem sker úr málinu að fengu áliti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands.

Aldrei skal þó halda landi fyrir landeiganda lengur en í 30 ár, enda skuldbindi landeigandi sig til að viðhalda og bæta það gróðurfar sem þá er á landinu.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég ætla aðeins að segja örfá orð um markmið þessarar lagasetningar. Við höfum á Alþingi Íslendinga verið að færa í sundur framkvæmdarvald og dómsvald. Það er liður í því að tryggja eðlilegt réttaröryggi í landinu. Þegar þessi lög voru samin á sínum tíma var þetta samtvinnað á þann veg að Landgræðslan sá um uppgræðsluna. Hún var eftirlitsaðili með sjálfri sér og einnig dómari yfir því hvort landinu skyldi skilað.

Nú veit ég að menn vilja virða eignarrétt. Sá sem skrifaði undir að afhenda Landgræðslunni land í góðri trú, vildi sem sagt að landið yrði grætt, gerir að sjálfsögðu ráð fyrir því að það sé farið að landgræðslulög-

um, samin áætlun um græðslu landsins og að því verði svo skilað eins og sá upprunalegi samningur gerði ráð fyrir.

Hitt er svo staðreynd að þar sem mikill skeljasandur er í tengslum við sjávarfjöru er e.t.v. hægt að segja sem svo að land verði aldrei að fullu gróið. Það er þess vegna hægt að standa að þeirri kenningu að þar sem landið er ekki að fullu gróið, þá beri ekki að skila því. En ef sú kenning er notuð er í reynd verið að hirða land af eiganda án þess að nokkurt gjald komi fyrir og án þess að í upprunalega samningnum hafi nokkurn tíma verið gert ráð fyrir slíkum hlutum. Þá er verið að fara á bak við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég hef ekki hugsað mér að flytja hér langt mál. Ég tel að hér sé um svo sjálfsagt mál að ræða að þess gerist ekki þörf. Ég vil, með leyfi forseta, óska eftir því að þetta mál fari að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

146. FUNDUR

föstudaginn 15. maí,
kl. 11 árdegis.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 875, brtt. 884, 906, 907, 914 og 940.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vísa til þess sem fram kom í umræðum um þetta mál á miðvikudaginn þegar 3. umr. um það var frestað og fram komu hugmyndir um nauðsyn þess að breyta orðalagi í 7. gr. frv. Þessar brtt. komu síðan fram á þskj. 906 frá allshn. og síðan komu einnig brtt. á þskj. 907 og 914 frá Guðrúnu Helgadóttur varðandi breytingar á orðalagi á öðrum greinum frv.

Við þessar aðstæður ákvað nefndin að skoða málið með hliðsjón af þessum brtt. og sú athugun hefur farið fram. Það hefur verið haft samráð við hv. 14. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur og eftir það samráð og þær viðræður dregur hv. allshn. brtt. á þskj. 906 til baka og flytur brtt. á þskj. 940 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. 1. efnismgr. orðist svo:

Hver, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan, skal sæta fangelsi allt að sex árum."

Ég tek það fram, virðulegi forseti, að í þessu efni var ekki efnislegur ágreiningur að neinu leyti heldur spurning um hvernig þetta yrði best orðað og samkomulag náðist við hv. 14. þm. Reykv. um þetta orðalag. Ég skil það svo, að hún dragi brtt. sínar á þskj. 907 og 914 til baka til að stuðla að snurðulausri framvindu þessa máls.

Ég vil láta þess getið varðandi skýringar á þessari breytingu og þeirri tillögu sem við leggjum fram og er nauðsynlegt að komi fram um orðalagið „sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan", að með orðunum „mök" í síðari hluta efnisgreinarinnar er vísað til orðanna „samræði eða önnur kynferðismök" í fyrri hluta greinarinnar þannig að það fari ekkert á milli mála og er nauðsynlegt að orða þessa skýringu við flutning tillögunnar sem ég legg til að verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipaútgerð ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717, nál. 925, brtt. 926.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi vekja athygli forsetans á því að um það bil 20 alþingismenn munu vera á sameiginlegum fundi tveggja nefnda þingsins sem stendur yfir nú. Ég veit það vegna þess að ég fékk símhringingu frá einum þeirra fyrir nokkrum mínútum og það kom þeim mjög á óvart að þetta mál var komið til umræðu. Ég spyr því forsetann: Er virkilega ætlunin að halda áfram umræðum hér þannig að það sé happa- og glappakennt hvaða mál eru tekin fyrir og um það bil 20 þingmenn eru að nefndastörfum í öðru húsi? Það hefði einhvern tíma þótt óeðlilegt að starfrækja þingið hér þannig að þriðji hluti þingmanna sé bundinn við önnur störf annars staðar. Ég vil biðja forsetann að athuga það gaumgæfilega áður en áfram er haldið hvað eigi að gera.

Ég heyri að hæstv. fjmrh. kallar fram í: Er hann nýr hérna þessi? (**Fjmrh.:** Ég var ekkert að tala við þig). Hann var kannski ekki að spyrja um mig. Það er nú gott og vel. Hann hefur kannski verið að horfa á 3. þm. Reykv.

En ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. forseta að annaðhvort verði þá gert hlé á fundum þar til þessum nefndastörfum verði lokið eða þá að það verði rætt við þann þriðjung þingmanna sem er að nefndarstörfum um hvernig þeim verði haldið áfram. Mér finnst fullkomlega óeðlilegt að í svo langri dagskrá sem hér er sé farið með happa- og glappaaðferð fram og aftur í dagskránni þannig að ýmsir þingmenn sem höfðu hug á því að tala í þessu máli eigi ekki kost á því vegna þess að þeir eru bundnir við þingnefndastörf annars staðar og vissu ekki að þetta mál kæmi til umræðu nú.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 926 við frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967. Meðflutningsmenn mínir eru Jóhann Ársælsson, Stefán Guðmundsson og Guðni Ágústsson.

Þessi brtt. hljóðar svo:

„1. Í fyrsta lagi: „Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ráðstafa allt að 50 millj. kr. af því fé sem fæst við sölu á eignum Skipaútgerðar ríkisins til að leysa vanda þeirra byggðarlaga sem við sölu skipanna missa nauðsynlega þjónustu.

2. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 31. des. 1992. Þó skal 2. gr. taka þegar gildi."

Það hefur komið fram í fyrri umræðum í þinginu, og sú sem hér stendur ítrekað bent á það, að samhliða þeim aðgerðum að leggja Skipaútgerðina niður þurfi að leysa mál þeirra byggðarlaga sem við það missa nauðsynlega þjónustu.

Ég hef ekki hugsað mér að endurtaka það sem ég hef áður sagt um að ég telji málsmeðferð athugaverða í sambandi við þessi mál. En í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa farið fram við fyrri umræðu og þeim athugasemdum leggjum við í minni hluta samgn. fram þessa brtt.

Það segir í fjárlögum ársins fyrir árið 1992 í 6. gr., í lið nr. 4.24, með leyfi forseta, að fjmrh. sé heimilt að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður.

Ég vil taka það fram að í brtt. sem við leggjum hér fram erum við ekki eingöngu að hugsa um sjóflutninga. Við teljum að það geti vel verið að með breyttum samgöngum og sífelldri framþróun í þeim málum sé hægt að leysa þessi mál á annan hátt. Það sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur er að séð sé fyrir því að ákveðin byggðarlög séu ekki sett út á kaldan klaka. Ráðherra hefur lýst því yfir í umræðum áður að það muni verða séð fyrir samgöngum til þessara staða og með brtt. er bent á leiðir til þess.

Það er fyrirsjáanlegt að það muni verða aukinn kostnaður íbúa þeirra staða sem fyrir því verða að Skipaútgerðin hættir og fá ekki aðra sambærilega þjónustu í staðinn. Að vísu hafa Samskip tekið að sér að leysa þessi mál til að byrja með. Það var ákveðið að Samskip mundu sinna ýmsum þeirra byggðarlaga, sem missa þá þjónustu sem Skipaútgerðin sinnti, í þrjá mánuði til reynslu. Það hefur verið lýst yfir af þeirra hálfu og einnig íbúanna. En það liggur fyrir, a.m.k. á sumum stöðunum, að svo muni ekki verða í framtíðinni ef þessir flutningar Samskipa skila ekki tilætluðum hagnaði.

Við erum enn og aftur komin að því að land okkar er svo strjálbýlt að hin venjulegu markaðslögmál gilda ekki alls staðar og við verðum oft að leysa úr vanda með öðrum aðferðum en samrýmast beinhörðum markaðslögmálum. Við hljótum að ætlast til þess að sameiginleg þjónusta sé til staðar þar sem svo háttar til, og þegar Skipaútgerðin hættir er mjög líklegt að skipafélögin sjái sér engan hag í því að halda þessari þjónustu áfram.

Samkvæmt fjárlögum ársins segir í 6. gr. að heimildin sé m.a. vegna þess að það verði kostnaður við að leggja fyrirtækið niður. Og ég spyr: Er ekki alveg eins hægt að segja að það sé kostnaður við að leggja fyrirtækið niður þó þar sé ekki um kostnað ríkisins beint að ræða, þ.e. kostnaður sem íbúarnir taka á sig við að fyrirtækið leggst niður? Ríkið erum við sjálf. Ég tel ekki sjálfgefið að þetta ákvæði eigi aðeins við um ríkissjóð einan. Að vísu hef ég ekki orðið mér úti um hárnákvæma lögfræðilega skýringu á þessu atriði. En með þessari brtt. er ég og við sem flytjum þessar brtt. að ítreka að þessi skilningur geti allt eins vel verið fyrir hendi. Ég vænti þess að þingheimur sjái að hér sé um sanngirnismál að ræða og muni við atkvæðagreiðslu greiða þessari brtt. atkvæði sitt.

Ég vil að lokum taka fram um þann fyrirvara sem ég geri að verði þessi brtt. ekki samþykkt mun ég ekki styðja frumvarpið um að leggja Skipaútgerðina niður heldur sitja hjá.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var hér til umræðu fyrsta sinni gerði ég við það ýmsar athugasemdir og undir það mál tóku ýmsir þingmenn, m.a. hv. 4. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það er ljóst að saga þessa máls í meðförum hæstv. samgrh. er með hreinum endemum og allir muna þegar hæstv. ráðherra varð uppvís að því að hafa upplýst þingið ranglega um gang málsins og þarf ekki að endurtaka þá sögu. En við það tækifæri, þegar það var ljóst, sagði hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, með leyfi hæstv. forseta, hér á fundi 20. jan. sl.: „Þessi umræða og þetta mál í heild er orðið heldur dapurlegt. Ég get satt að segja naumast tekið þátt í umræðum við hæstv. ráðherra um þetta mál. Mér ofbýður."

Þær upplýsingar sem voru gefnar í fjölmiðlum það kvöld reyndust reyndar allar ósannar þegar til kom. Þau skip sem sagt var að væri verið að semja um voru ekki seld heldur önnur skip. Félagið tók ms. Esju á leigu, hið nýja félag Samskip, og jafnframt ms. Heklu.

Í umræðunum um daginn kom fram að þetta fyrirtæki, Skipaútgerð ríkisins, sem veitt hafði verið um hálfur milljarður króna á árinu 1991 úr sjóðum íslenska ríkisins, virðist hafa verið sett á útsölu fyrir nokkra tugi milljóna og ég efast um að allt það fé sem veitt var til fyrirtækisins á síðasta ári hefði verið veitt ef menn hefðu gert sér ljóst að síðan færi fyrirtækið á uppboð. Og svo dæmi sé tekið seldist Askja fyrir 71 milljón.

Við vitum öll hvað hér er á ferðinni. Það er satt að segja sérkennilegt að hér urðu nokkur orðaskipti í nótt og hæstv. ráðherra lagði á það mikla áherslu að taka þetta mál á dagskrá. Það vildi svo til að frændi hans, þingforsetinn, var sama sinnis. Sjálfsagt líka frændinn sem kom á fund nefndarinnar og mælti með samþykkt frumvarpsins.

Það er satt að segja með hreinum ólíkindum hvern-

ig ráðskast er með eignir okkar allra, safnað í þennan eilífðarinnar sjóð sem nú á stjórna öllu í þessu landi, líka gegnum bankana, þeim sjóði sem við höfum verið að berjast fyrir síðustu daga. Allt á þetta að safnast á sömu hendurnar og hvert ósannindaþvaðrið á annað ofan borið fyrir hv. þingheim. Allt þetta hefur verið sagt áður og ég skal ekki þreyta hæstv. forseta með frekari umræðum um það.

Ég tel að brtt. hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, 6. þm. Vestf., og annarra þingmanna sé til bóta. Það er sjálfsagt að eitthvað af þessu fé renni til fólksins í landinu, sem fyrir sölu þessara eigna kemur, og það er líka til bóta að lögin taki ekki gildi fyrr en 31. des. 1992 vegna þess að það er afar sérkennileg atburðarás, eins og ég benti á í fyrri ræðum, að fyrirtæki sem enn á eftir að selja verulegar eignir er ekkert búið að gera upp. „Enn eru óseldar eignir Skipaútgerðarinnar", segir í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta, „vöruskemma fyrirtækisins á Grófarbakka, hlutabréf og hluti skrifstofubúnaðar og ýmislegt fleira", hlutabréf og annað slíkt.

Það er auðvitað sérkennilegt að það liggi þessi lifandis ósköp á að leggja félagið formlega niður á meðan ekki er búið að ganga frá eignum þess og enn sérkennilegra er ákvæði til bráðabirgða sem fylgir frumvarpinu þar sem segir:

„Ráðherra er heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins."

Ég hlýt að spyrja og vildi heyra álit fyrrv. hæstv. fjmrh. á því: Ef fyrirtæki í eigu ríkisins er lagt niður er þá ekki eðlilegt að fjmrn. og starfsmenn þess gangi frá fyrirtækinu? Í umboði hvers eru þeir menn að vinna sem eiga að vinna í fyrirtæki sem búið er að leggja niður með lögum? Ég skil ekki hvers vegna félagið var ekki gert upp og síðan borið fram frumvarp um að lög um Skipaútgerð ríkisins falli brott. Ég held að það sé afar sérkennilegt að samþykkja þau lög á meðan um er að ræða verulegar eignir félagsins sem eftir er að ganga frá. Og ég átta mig ekki alveg á því hjá hverjum þeir menn vinna sem enn eru í störfum hjá fyrirtæki sem hefur verið aflagt með lögum. Ég tel þess vegna til mikilla bóta að það sé þá ákveðið hvenær þessi lög taki gildi. Ég bið menn að taka eftir að það stendur hér að ráðherra sé heimilt að fresta. Það segir ekkert um að fresta þangað til hvenær. Ég spyr: Hversu lengi á að fresta því að segja upp starfsfólki hjá fyrirtæki sem búið er að leggja niður með lögum?

Ég skal ekki taka meiri tíma í þetta mál. Þingtíðindi taka af allan vafa um hvernig að því var staðið og það er hvorki hæstv. ráðherra né Alþingi til sóma.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef heyrt þessa ræðu og brot úr henni áður í þessum þingsal og má að sönnu segja að það sé hálfþreytandi að þurfa stöðugt að svara hinum sömu rangfærslum og útúrsnúningum í sambandi við gang þessara mála og auðvitað fullkomlega út í hött að halda því fram að ég hafi gefið þinginu rangar upplýsingar varðandi gang þessara mála.

En ég vil af þessu tilefni, hæstv. forseti, rifja upp það sem segir í upphafi Hrafnssögu hins sérstaka: „Atburðir margir þeir er verða falla mönnum oft úr minni, en sumir eru annan veg sagðir en verið hafa og trúa því margir er logið er, en tortryggja það sem satt er."

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Það gleður mig að hæstv. ráðherra hefur lesið eitthvað fallegt eftir að hann kom heim í gærkvöld til að undirbúa sig undir að svara þingheimi fyrir þetta mál, en það hlýtur að vera með hreinum ólíkindum að þjóðþingi sé boðið upp á annað eins svar. Það vill nefnilega svo til að hæstv. ráðherra er gjörsamlega rökþrota í þessu máli. En ég skal ekki kvarta. Það er ævinlega gaman að heyra fallegan texta og vel sagðan, en ég bið menn að lesa gang þessa máls í þingtíðindum og það er ekki ómerkari lesning.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vestf. talaði fyrir brtt. sem var á þann veg að veita samgrh. fjárhagslegt svigrúm til að verja 50 millj. þar sem hann teldi að þörfin væri mest til framkvæmda vegna þeirra breytinga sem orðið hafa með þeirri ákvörðun að Skipaútgerð ríkisins hefur hætt viðkomu á mörgum stöðum. Ég mun að sjálfsögðu styðja þessa brtt. og þeir meðflutningsmenn hennar sem áður voru nefndir eiga að sjálfsögðu ásamt flutningsmanni hinar bestu þakkir fyrir að flytja tillöguna. En ég vil undirstrika að Ísland er vanþróað land á margan hátt í vegasamgöngum. Við þurfum stór átök og til þess að hægt sé að þjóna sumum þeirra byggða sem nú verða út undan þarf hundruð milljóna í vegaframkvæmdir. Ég tel þess vegna algjörlega óhjákvæmilegt að hæstv. samgrh. láti vinna það verk hvaða framkvæmdir í vegagerð eru nauðsynlegar vegna þessarar ákvörðunar.

Sú ákvörðun sem tekin hefur verið er eins og flestar mannanna ákvarðanir hlutir sem menn mega deila um og geta deilt um. Ef hún verður til þess að flýta aðgerðum í vegamálum getur farið svo að hún leiði til góðs. Ef hún verður til þess að samgönguleysið leggur byggðir í eyði vegna aðgerðarinnar erum við búnir að taka mjög stóra ákvörðun á Alþingi Íslendinga, mjög stóra ákvörðun. En eins og ég gat um: lögin um Skipaútgerð ríkisins eru að verulegu leyti heimildarlög handa ráðherra, ekki á þann veg að Alþingi sem slíkt búi við að yfir þessum skiparekstri hafi verið þingkjörin stjórn.

Ég tel þess vegna að það blasi við að ekki verði aftur snúið, en það kallar á þá alvöru málsins að menn meti hvað þarf að gera til þess að vegakerfið geti tekið við þessari þjónustu. Á Vestfjörðum er verið að vinna stóra hluti í samgöngumálum þannig að Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla verða ein heild. Í Barðastrandarsýslu blasir við að það verður að leysa það vandamál að hægt sé að hafa akvegasamband við Bíldudal allt árið og það verður að taka stórátak í vegagerð norður í Árneshrepp ef á að verja það svæði.

Hér er verið að tala um þá hluti sem eru nauðsynlegir á Vestfjörðum. Ég er ekki nógu staðkunnugur á Austfjörðum til að geta talið upp hvað þar þarf að gera, en ég vil minna á að Alþingi Íslendinga samþykkti á sínum tíma stóra áætlun í Norðurlandi eystra, svokallaðan Hafísveg, vegna þess að þeir vildu tryggja að svæði þar í Norður-Þingeyjarsýslu ættu samgönguleg öryggi á landi ef samgönguleysi yrði á sjó.

Þetta segi ég hér og nú til að minna á að það hefur verið tekið á svona málum af ábyrgð af Alþingi Íslendinga og ég vil trúa því að svo verði, en sú grunnvinna sem ég er að óska eftir að verði unnin af hæstv. samgrh. er forsendan fyrir því að hægt sé að meta það nógu vel hvaða upphæðir er verið að tala um, hvað þarf mikið til þess að hægt sé að leysa þessi mál með sómasamlegum hætti.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að minna hv. 2. þm. Vestf. á hvernig kolkrabbi þeirra tíma fór með Árneshrepp og hvernig hann skildi við hann. Kolkrabbi okkar tíma hefur engan áhuga á Árneshreppi ef hv. þm. ekki veit það.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síldin kom og síldin fór og mestu vísindamenn okkar eiga litlar skýringar á hvað gerðist á rauða torginu fyrir austan. Mér er ljóst að síldin skapaði umsvif mikil í Árneshreppi á meðan hún var í Húnaflóa. Það gerði hún einnig á Siglufirði. (**GHelg:** Hvert fór auðurinn?) Auðurinn hefur að sjálfsögðu farið á ýmsa vegu. Hann fór m.a. líka til íslenskra námsmanna sem áttu þá kost á því að vinna sér inn miklar tekjur yfir sumartímann. Það var vissulega fyrir þrældóm, það er rétt, það var unnið mikið. En ég ætla bara að segja það varðandi þetta: Þannig standa mál að á Alþingi Íslendinga sitja 63 þingmenn. Þeirra er ábyrgðin. Þeir geta ekki skotið sér á bak við neitt varðandi það að öflug félög séu í þessu landi sem menn hafa gefið ýmis nöfn. Þeirra er ábyrgðin og þess vegna verður að taka ákvörðun um hvað menn ætla að gera í vegamálum á Íslandi í framhaldi af þessari ákvörðun. Það er það sem blasir við og ég vil undirstrika. Það hefur verið sett stórfé í Skipaútgerð ríkisins. Eru menn reiðubúnir til að líta svo á að ef það fyrirtæki hefði starfað hefði það kostað ríkið mikla fjármuni og er þess vegna ekki réttlætanlegt að taka eitthvað af þeim fjármunum og nota þá til framkvæmda?

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. liggur mjög á í þessu máli og er með ólíkindum að það skuli liggja svo á að leggja niður Skipaútgerð ríkisins formlega. Það er búið að leggja hana niður í raunveruleikanum að mestu leyti, en það virðist liggja svo mikið á að leggja hana niður formlega að menn sjást ekki fyrir. Það er starfsemi enn í gangi á vegum Skipaútgerðarinnar. Það eru m.a. menn í vinnu hjá Skipaútgerð ríkisins. Þeir verða væntanlega starfsmenn samgrn. þegar lögin taka gildi ef það verður ekki búið að segja þeim upp og samkvæmt því sem hér liggur fyrir er það stutt í það. Þess vegna er það sem þessi tillaga er flutt, til að reyna að koma einhverju viti í þetta mál, að samgrh. verði þá búinn að sjá til þess að það verði búið að leggja starfsemi Skipaútgerðar ríkisins niður um áramótin, að hann fái svigrúm til þess að ganga frá málum endanlega. Það eru engar röksemdir fyrir því að *láta þessi lög taka gildi fyrr. Og kannski er meira að* segja of knappur tími til þess að það sé hægt að ganga frá öllum málum. Hvað er það sem rekur menn svona áfram? Ég hef ekki heyrt röksemdirnar fyrir því.

Ég er út af fyrir sig ekki á móti því að Skipaútgerð ríkisins verði lögð niður, enda er það allt of seint. Það er búið að leggja hana niður og það er ekki til neins að vera á móti því lengur. Hins vegar er ég mjög andvígur því hvernig að þessu máli hefur verið farið. Ég tel að það hafi verið slys að menn skyldu ekki skoða þetta með öðrum hætti. Ég er ekki sannfærður um að það hafi verið gæfuspor að fækka aðilum á þessum flutningamarkaði með þessum hætti og ég tel að það hefði mátt skoða það vandlegar hvort það hefði ekki átt að breyta þessu fyrirtæki í almenningshlutafélag og láta það halda áfram starfsemi. Þá hefðu í sjálfu sér sömu hlutirnir gerst, að ríkið hefði dregið sig út úr þessum rekstri, en félagið hefði ekki verið lagt niður. Við vitum ekki hvað við höfum eftir 2–3 ár. Það eru það fáir aðilar sem keppa á þessum markaði að það er ekki tryggt að það verði eðlileg samkeppni um flutningana.

Það hafa líka verið á ferðinni margs konar rangfærslur í sambandi við Skipaútgerð ríkisins. Menn hafa t.d. haft hér á orði, hæstv. samgrh. hefur margsagt það, að það væri 300 millj. kr. tap á hverju ári á Skipaútgerð ríkisins. Mér er kunnugt um að þau dróg að reikningum Skipaútgerðarinnar sem liggja nú fyrir segja allt, allt annað. Og það verður upplýst betur í umræðunum á eftir. *Þar kemur fram að það er ekki nálægt því* svona mikið tap á útgerð Skipaútgerðar ríkisins og það þrátt fyrir að hæstv. samgrh. hafi tekið ákvarðanir sem urðu til samdráttar og tekjutaps fyrir Skipaútgerðina.

Ég held að menn hefðu átt að fara sér hægar í þessu máli og ganga betur frá því og ég held að menn hefðu átt að hugsa um framtíð flutninga í kringum landið, gefa því máli meira gaum hvað verður og hvað tekur við, hvernig lítur þetta út eftir 2–3 ár. Ég er því miður smeykur um að svona fákeppni eins og núna er á þessum markaði geti orðið til þess að samkeppnin verði engin, það verði þegjandi samkomulag um að hafa 10 aura á milli eins og er hjá olífélögunum í dag. Það er ekki sannfærandi samkeppni að það skuli vera 10 aurar á milli þess hvað lítrinn kostar hjá hverju olíufélagi í landinu, segir okkur auðvitað bara að samkeppnin er ekki fyrir hendi þó svo að menn ætlist til þess.

Ég óska mjög eindregið eftir því að hæstv. samgrh. svari okkur því hjá hvaða aðila þeir starfsmenn verða í vinnu sem nú eru hjá Skipaútgerð ríkisins eftir að hún verður lögð niður með þessum hætti. Hvaða ríkisstofnun borgar þeim laun eftir að búið er að leggja fyrirtækið niður? Er það samgrn. eða er það einhver önn-

ur ríkisstofnun? Mér finnst það ekki hafa komið nógu skýrt fram.

Ég ætla ekki að fara að setja á langar ræður um það sem hér hefur gerst. Ég held að öllum sé alveg ljóst hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig og hér hefur verið farið fram með offorsi, bæði í aðdraganda málsins og núna í framhaldinu. Ég tel að sú tillaga sem við flytjum sameiginlega úr stjórnarandstöðunni mundi lagfæra málið. Það mundi verða mögulegt að hjálpa til hjá þeim byggðarlögum sem verða fyrir mestum skerðingum á flutningum og það mundi verða svigrúm til að ganga eðlilegar frá málinu með því að fresta gildistöku laganna. Ég tel reyndar að ráðstöfun þeirra fjármuna sem talað er um hér, þessara 50 millj., eigi að vera í samráði við samgn. því að ég er á móti því í „prinsippinu" að ráðherrar eða ráðuneyti hafi úrskurðarvald ein og sér á því hvað eigi að nota fjárhæðirnar í og það eigi þess vegna að bera það undir þingið eða þingnefndir þegar menn vilja hafa tiltæka fjármuni í einhverju skyni sem ekki er hægt að ákvarða nákvæmlega í hvað eiga að fara þegar þingið tekur ákvörðunina um það að veita þeim í þessa tilteknu starfsemi.

Ég sé ekkert athugavert við að nýta sér eitthvað af þeim fjármunum sem fást inn við sölu á fyrirtækinu í þessum tilgangi og ég tel reyndar að það sé óeðlilegt af hendi ríkisins eftir að hafa haft þau áhrif á flutninga í kringum landið, sem það hefur haft með rekstri Skipaútgerðar ríkisins og fram á þennan dag, að kippa að sér hendinni með þeim hætti sem hér er gert án þess að fylgjast gaumgæfilega með því hvaða áhrif það hefur á stöðunum allt í kringum landið og ég hefði nú heldur viljað sjá það að hæstv. samgrh. hefði gefið þinginu greinargóða skýrslu um áhrif þeirrar breytingar sem orðin er og sagt nákvæmlega hvaða staðir það eru sem þyrftu á aðstoð að halda nú meðan þessi breyting er að ganga yfir og meðan menn eru að finna leiðir til þess að koma í staðinn fyrir starfsemi Skipaútgerðar ríkisins með aðra þjónustu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þingmenn Framsfl. í samgn. skrifa undir nál. með fyrirvara og standa að brtt. með minni hluta nefndarinnar. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ekki þarf lengur að deila um Skipaútgerð ríkisins. Það er búið og gert og í sjálfu sér féll það fyrirtæki öðru grónu fyrirtæki í hendur og ég vænti þess að sú starfsemi megi dafna og blómstra og þjóna sem best hinum dreifðu byggðum um allt landið. Sú brtt. sem hér liggur fyrir um að ráðherra sé heimilt að ráðstafa allt að 50 millj. kr. af því fé sem fæst hjá Skipaútgerð ríkisins til að leysa vanda þeirra byggðarlaga sem við sölu skipanna missa nauðsynlega þjónustu held ég að sé afar mikilvæg. Það er enginn vafi að einhvers staðar skapast tómarúm í byggðunum og rétt að þarna sé varið fjármagni til að styrkja þessar byggðir svo fólkið missi ekki mikilvæga þjónustu sem það hefur haft.

Ég vil taka undir það hér og hef íhugað það nú hvort við ættum að breyta þessari tillögu á ný með það í huga að ráðherra sé þetta heimilt í samráði við samgn. þingsins. Maður er að verða seinþreyttur á því sem hér hefur viðgengist í vetur og orðið hefð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr á stóli, að brjóta lög landsins og skammta í vasa ráðherranna fjármagni sem þeir deila og drottna með sem er andstætt lögum eins og ég hef hér sagt. Við höfum séð að þeir taka sér jafnvel tugi milljóna sem þeir ferðast um með og þykjast vera að lina þjáningar eftir ýmsar aðgerðir sem þeir hafa haft í frammi. Þetta er þekkt úr mörgum ráðuneytum á þessum vetri. Ekki er það síst hæstv. heilbrrh. sem hefur haft mikið slíkt fjármagn í vösum sínum. Þess vegna held ég að það væri ráðlegt að bæta þarna við setningunni „í samráði við samgn. eða fjárln. þingsins".

Ég sagði áðan að Skipaútgerð ríkisins hefði fallið öðru grónu fyrirtæki í hendur sem hefur mikla reynslu á þessu sviði. Hitt er annað mál að það er eðlilegt að vekja athygli á því undir þessum umræðum, bæði hvað snertir þetta fyrirtæki og mörg önnur fyrirtæki í ríkisins eigu, að það ríkisvald sem nú situr, sem nú stjórnar, hefur haft þann háttinn á að ráðast að ríkisfyrirtækjunum, byrja á því að eyðileggja þau og verðfella og síðan að koma þeim í hendurnar á öðrum, (**Gripið fram í:** Verðfella þau?) verðfella þau fyrir gæðingana sem eiga að kaupa. Við skulum gá að því að Sjálfstfl. er undir miklu álagi hvað þetta varðar. Upparnir og gróðaþyrstir unglingspiltar sem trúa á stefnuna og markaðslögmálin ganga hart að ráðherrum sínum að eyðileggja ríkisfyrirtækin, þeir séu menn til að kaupa þau og reka. Það getur vel verið að fjmrh. hlæi, en enginn hefur af meira virðingarleysi gengið fram en hæstv. fjmrh. sem fer með fjármál ríkissjóðs. Enginn maður hefur af meira virðingarleysi gengið fram, enda hygg ég að þetta lið, sem oft hefur litla reynslu í atvinnurekstri og hefur ekki einu sinni peninga, jafnvel skuldir og óreiðu, gangi hart að sínum mönnum að fá þessi fyrirtæki ríkissjóðs fyrir lítið. Ég hygg að örlög þessarar ríkisstjórnar, sem nú situr, verði svipuð og Margrétar Thatcher í Bretlandi sem stundaði það í tíu ár að láta peningamenn þess lands verja fjármagni í að kaupa ríkisfyrirtækin. Þar var ekkert nýtt gert fyrir fjármagnið. Það byggðist ekkert upp. Menn voru að fást við það að kaupa gróin ríkisfyrirtæki og í það fór krafturinn. Það skóp atvinnuleysið, það skóp neyðina og gerði að verkum að hún varð að hrökklast frá völdum tíu árum síðar. Hér situr ríkisstjórn sem ætlar að ganga í það verk, fer að öðruvísi að en Margrét Thatcher því að hún bar virðingu fyrir eigum ríkissjóðs. En hér eru menn sem enga virðingu bera fyrir eigum ríkissjóðs og við höfum séð það á mörgum sviðum. Við sjáum það t.d. á Áfengisverslun ríkisins þessa stundina þar sem útboð er á hluta þess fyrirtækis. Framleiðslan er stöðvuð og gammarnir vakka yfir þeim til að kaupa fyrirtækið. Sama er það á mörgum sviðum. Þar má nefna orkufyrirtækin, bankana, Póst og síma. Allt sem ber sig skal fara í hendurnar á því liði sem liggur á hægra brjóstinu á Sjálfstfl. og ætlar á næstu tíu árum að blóðsjúga þetta þjóðfélag.

Það er mjög hættulegt ef menn átta sig ekki á þeirri stefnu, sem nú hefur verið mótuð, að eyðileggja ríkisfyrirtækin og láta bæði menn sem ekki kunna að reka

fyrirtæki og fjármálamenn þessa lands vera í því að kaupa það sem til er fyrir í landinu í stað þess að verja fjármagninu til að byggja upp eitthvað nýtt, enda er þetta farið að skapa slíkt atvinnuleysi að hér erum við að verða á svipuðu stigi og margar þjóðir sem þar eiga við mestan vanda að glíma.

En þetta var áminning um þá hættu sem við blasir. Það verður að flytja þessa ræðu til þess að menn fari að átta sig á því að hér er við völd ríkisvald sem ekki er treystandi til að fara með eigur almennings og sem betur fer eru að koma hingað hinir færustu menn á ýmsum sviðum í heimsviðskiptum sem segja á ráðstefnum og í fjölmiðlum að þær leiðir sem menn eru að fara í þessum efnum séu tískufyrirbrigði, þær hafi mistekist hvarvetna og ráðleggja bæði þessari ríkisstjórn og þessari þjóð að snúa af þeirri leið.

En mín lokaorð eru þá þau að ég vil íhuga hvort við ættum að breyta tillögunni þess efnis að ráðherranum verði heimilt að verja þessu fjármagni í mikilvæg verkefni til þess að bæta aðstöðu byggðarlaganna, en það verði annaðhvort gert í samráði við samgn. þingsins eða fjárln. því að ég treysti ekki þeirri ríkisstjórn né þeim ráðherrum sem nú stjórna þessu landi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð, slatta af orðum, í tengslum við þetta mál.

Í fyrsta lagi tek ég undir brtt. þá sem hér liggur fyrir og flutt er af minni hluta hv. samgn. Ég held að það sé skynsamlegt og í beinu samræmi við það sem reyndar var fyrr rætt og á bent af hálfu ýmissa þegar málið var til umræðu við afgreiðslu fjárlaga og reyndar oftar á sl. vetri, að það væri ákaflega óvarlegt að standa þannig að málum, eins og þar var gert, að ætla enga einustu krónu á fjárlögum til ráðstöfunar, hafa ekki einu sinni heimild til að grípa til ráðstafana í þessu sambandi ef ástæða væri til eða illa tækist til varðandi samgöngur við einstök byggðarlög á sjó. Hér væri þá sett inn slík heimild sem jafnframt er þá ákveðin fyrirmæli um hvernig ráðstafa skuli ef á þarf að halda því fé sem til fellur e.t.v. við eignasölu Skipaútgerðar ríkisins.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það hafi kannski verið fullsnemmt hjá mönnum að rjúka upp til handa og fóta og halda hátíð og fagna þegar ákveðið var með skyndilegum hætti að leggja niður Skipaútgerð ríkisins, ekki vegna þess að það hafi ekki vel komið til greina og geti ekki vel þróast svo að ríkið hætti þessum rekstri. Það var búið að vera til umræðu um árabil eins og menn þekkja að breyta starfsemi Skipaútgerðar ríkisins og reyna með einum eða öðrum hætti að hagræða í þessum flutningum í landinu. Til þess var ríkt þörf og þá ekki bara vegna þeirra útgjalda sem ríkissjóður landsmanna hafði af því að styrkja hluta af þessum samgöngum heldur er ég sannfærður um það, og það held ég að flestir séu sem hafa skoðað þessi mál, að ná mætti fram umtalsverðum þjóðhagslegum sparnaði með því að skipuleggja betur og koma á eðlilegu samstarfi eða samnýtingu þeirra tækja sem notuð væru í samgöngum á sjó umhverfis landið. Það er þess vegna ekki endilega efniságreiningur um það að sú leið að leggja niður starfsemi Skipaútgerðar ríkisins og fela hana öðrum aðilum í rekstri á þessu sviði gæti vel komið til greina og hafi eftir atvikum átt rétt á sér. Miklu frekar er þá um það rætt hvernig að því hafi verið staðið.

Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram og það er óbreytt að það hafi verið ótímabært að fagna því og slá því föstu að þessar breytingar hafi tekist að öllu leyti vel og muni engan dilk draga á eftir sér að ríkið með svona skyndilegum hætti hverfur út úr þessum rekstri og felur það þeim einkaaðilum sem starfandi eru á þessu sviði án nokkurra skuldbindinga af þeirra hálfu, án nokkurra trygginga fyrir því að fullnægjandi samgönguþjónustu verði haldið uppi á þessu sviði til allra staða á landinu.

Ég hygg reyndar að þeir sem hafa farið yfir það strax á fyrstu mánuðum eftir að þessar breytingar urðu geti borið um að þegar láti á sér kræla ákveðin vandamál í sambandi við einangruð og afskekkt byggðarlög þó að þau séu e.t.v. ekki stórvægileg enn sem komið er og ég er alls ekki heldur að segja að þau muni ekki leysast, en væntanlega þarf þá að vinna að því. Mér er ekki kunnugt um það t.d. að samgöngur séu til einhverrar frambúðar tryggðar á sjó til allra byggðarlaga á Vestfjörðum sem eru þó vegna landfræðilegrar einangrunar mjög háð slíkum samgöngum. Hæstv. samgrh. getur e.t.v. upplýst okkur um að svo sé, þannig sé því t.d. háttað um Norðurfjörð á Ströndum, og er það þá vel.

Ég hef a.m.k. undir höndum ákveðin gögn úr mínu kjördæmi sem strax benda til þess að þar muni skipafélögin af rekstrarlegum ástæðum fara út í ýmsar breytingar á tilhögun strandsiglinganna sem vekja takmarkaða hrifningu í sumum af þeim byggðarlögum sem fyrir verða. Þar með er ekki endilega sagt að þjónustan verði kannski verri til þeirra byggðarlaga því að e.t.v. er hægt að leysa hana með landflutningum í tengslum við sjóflutningana, en þetta hefur í för með sér ýmsar aðrar breytingar fyrir viðkomandi byggðarlög. Sveitarfélögin missa tekjur vegna þess að skipakomur leggjast af og ýmislegt annað getur fylgt í kjölfarið.

Þannig hafa forsvarsmenn sveitarfélaga og fyrirtækja á Raufarhöfn fengið bréf nú nýlega frá Skipaafgreiðslu Húsavíkur hf., sem mun vera umboðsaðili Eimskipafélags Íslands á því svæði, og þar er tilkynnt að Eimskipafélagið hyggist hætta skipakomum á Raufarhöfn, ef ég ræð rétt í texta bréfsins, og eftirleiðis verði flutningum til Raufarhafnar hagað þannig, eins og þessir húmoristar sem skrifa bréfið taka nú til orða, að Skipaafgreiðsla Húsavíkur muni annast „siglingar" fyrir þeirra hönd til Raufarhafnar á vörubílum. Þetta er þá alveg ný viðbót við tunguna að menn hafi undið upp segl og flengi nú sjóinn á vörubifreiðum milli staða og það meira að segja drekkhlöðnum af varningi. En ég ræð þannig í þetta orðalag að það standi sem sagt til að hætta skipakomum á vegum Eimskiparfélags Íslands til Raufarhafnar og í staðinn muni vöruflutningabílar Skipaafgreiðslu Húsavíkur annast

tengingu við áætlunarsiglingar Eimskipafélagsins til Húsavíkur. Ég tek það skýrt fram að eins og ráða má af bréfinu verði þjónustan ekki lakari og jafnvel meiri en verið hefur, þ.e. tíðari, en hún verður öðruvísi því að vöruflutningabílar eru ekki sama og skip og það hljóta að vakna spurningar um ýmsa stórstykkjavöru og þungavöru sem erfiðleikar hljóta að geta verið samfara að taka með bílum milli staða, en þetta mun að sjálfsögðu hafa í för með sér ýmsar breytingar eins og ég var að nefna, til að mynda á tekjur viðkomandi sveitarfélgs. Þarna er búið að leggja í kostnað bæði af hálfu ríkis og sveitarfélags við hafnargerð. Þarna hefur það fyrirtæki sem er aðalframleiðandi sjávarafurða á staðnum lagt í nokkurn kostnað til að auðvelda sér að koma vöru milli fyrirtækis og skips og sú fjárfesting verður að sjálfsögðu ónýtt eins og nú horfir. Þó svo að þessi breyting, sem auðsjáanlega er að verða á stöðu mála á Raufarhöfn, kunni ekki að boða nein stórfelld vandræði, a.m.k. hvað samgönguþáttinn snertir hvað sem öðrum áhrifum líður, þá er ekki þar með sagt að svo verði alls staðar annars staðar.

Mér sýnist það blasa við og þurfti svo sem enga speki til að sjá það fyrir að þetta mun taka til við að breytast með margvíslegum hætti í hinum einstöku byggðarlögum á grundvelli rekstrarhagsmuna tveggja skipafélaga sem eru fyrst og fremst starfandi á þessu sviði í landinu. Það má segja að svo sé komið hjá okkur Íslendingum að engin umtalsverð starfsemi, a.m.k. ekki sem áhrif hefur á flutningamál hér innan lands og í tiltölulega óverulegum mæli einnig milli Íslands og annarra landa, sé á höndum annarra en þessara tveggja skipafélaga. Þau standa í mikilli samkeppni. Sú samkeppni kann fyrst í stað að hafa birst í því hvað strandsiglingarnar snertir að fyrirtækin reyndu að ná fótfestu og sem sterkastri stöðu með því að bjóða upp á verulega þjónustu, jafnvel aukna þjónustu í mörgum tilvikum. En það er ekki þar með sagt að þegar frá líður verði það útkoman. Ég held að þarna hafi af eðlilegum ástæðum eðlilegar styrkleikaæfingar farið í gang milli skipafélaganna og er ekkert nema gott um það að segja. Það er eðlilegt þar sem þau eru að reyna að treysta stöðu sína, ná fótfestu og ná flutningum inn í sitt flutningakerfi. En þau munu að sjálfsögðu þegar frá líður og væntanlega fyrr en síðar af rekstrarlegum ástæðum neyðast til þess að fara ofan í saumana á þessum rekstri og skera jafnvel þar mjög niður þá þjónustuna sem minnstum tekjum skilar eða jafnvel kostar þar beinlínis fjárútlát. Það liggur í hlutarins eðli. Og þau munu þar fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Þau munu ekki til þess að halda uppi þjónustu við afskekkt byggðarlög á landsbyggðinni tapa fé sem gerir þau verr í stakk búin til að keppa á markaðnum þar sem hann er þyngstur og mikilvægastur sem er í flutningum til og frá landinu og í flutningum á milli stærstu staða. Þetta segir sig alveg sjálft. Og ég tala nú ekki um ef svo fer á næstu árum, sem sumir óttast, að annað þessara skipafélaga verði undir í samkeppninni við hitt. Þá bið ég guð að hjálpa okkur. Það verð ég að segja alveg eins og er. (**ÓRG:** Sumir vona það.) Það kann að vera að sumir voni það, já, að svo fari að óskabarnið verði aleitt eftir innan fárra ára því það virðist lítill vafi, því miður, hvorum muni veita betur ef í harðan slag fer, hvor hafi bolmagn til að ganga af hinum dauðum. Það er nokkuð ljóst að þar er leikurinn harla ójafn.

Ég held, herra forseti að það hljóti að vera nauðsynlegt og óhætt að taka þessi málefni sjóflutninganna aðeins til umræðu undir þessum dagskrárlið í víðara samhengi. Það er eiginlega óhjákvæmilegt. Staðreyndin er sú að við Íslendingar búum á þessu sviði við mjög háskalega fákeppni. Það má segja að það hafi verið svo alveg frá því að fyrirtækið Hafskip hf. fór á höfuðið því að Eimskipafélag Íslands náð meira og minna að hirða þá aðstöðu og þá flutninga sem það fyrirtæki hafði með höndum og náði við þá breytingu algerum undirtökum t.d. í stykkjavöruflutningi til og frá landinu. Staðan er þannig í dag að þó svo flutningar á sjó hafi lengi að nafninu til verið frjálsir og reyndar sé það eitt svið viðskipta þar sem fjrálsræði hefur lengi að nafninu til ríkt, þá búum við við mjög takmarkaða samkeppni og satt best að segja háskalega fákeppni í þeim efnum.

Ég get tekið tvö dæmi um hvernig þetta birtist. Þetta birtist í fyrsta lagi þannig að skipafélögin eða skipafélagið sérstaklega hefur með því að tryggja sér þannig undirtök hvað varðar hafnaraðstöðu í landinu og sérstaklega hér á suðvesturhorninu nánast komið í veg fyrir að nýir aðilar á sviði sjóflutninga geti hafið starfsemi með þeirri ósköp einföldu aðgerð að eiga allt viðlegupláss þannig að nýir aðilar, sem ætluðu sér að hefja sjósiglingar í samkeppni við núverandi aðila, geta bara hvergi bundið skipin sín. Þannig var það t.d. fyrir um tveimur árum þegar danskt skipafélag með umboðsmann á Íslandi fór í að reikna út möguleikana á því að hefja hingað siglingar, bjóða hér upp á þjónustu. Það dæmi leit dável út, fragtin var há og það virtust vera möguleikar á því að taka frá Danmörku hluta af þeim umtalsverðu flutningum sem fara milli Íslands og Danmerkur. En það var bara einn hængur þar á og hann var þessi: Skipafélagið sá ekki fram á hvar það gæti bundið skipin sín, losað þau og lestað þau á suðvesturhorni landsins af því að það var lítið um laust bryggjupláss. Og það vill nú reyndar svo grátbroslega vel til að þeir leituðu til þess fyrirtækis sem hefur verið að geispa golunni á undanförnum mánuðum og á núna að leggja niður, þ.e. Skipaútgerðar ríkisins, og Skipaútgerð ríkisins taldi það ekki beinlínis sitt hlutverk að vera að greiða götu erlendra skipafélaga inn í landið. En það var allavega afstaða samgrn. á þeim tíma að Skipaútgerð ríkisins skyldi ekki svara þessu erindi neitandi. Skipaútgerð ríkisins skyldi ekki svara því neitandi að til greina gæti komið að hið danska skipafélag fengi viðlegupláss og þjónustu í aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins af því að það er engin samkeppni ef þannig er komið að engir nýir aðilar geta hafið starfsemi í sjóflutningum vegna þess að þeir sem fyrir eru eiga alla viðlegukanta í landinu. Það er auðvitað ekki alveg svo. En það stappar nærri að skipafélögin hafi með eignarhaldi sínu og á aðstöðu á höfuðborgarsvæðinu þannig aðstæður að þeir geti meira og minna

útilokað að nýir aðilar hefji starfsemi sem þeim sé skeinuhætt. Menn kannast væntanlega við að það liggur við að skipafélögin, eða skipafélagið er mér nú nær að segja, hafi verið áskrifandi að húsnæði og viðleguköntum sem losnað hafa t.d. við gjaldþrot fiskvinnslufyrirtækja í Reykjavík eða Hafnarfirði ef um slíkt hefur verið að ræða á undanförnum árum. Og þeir eru að sjálfsögðu ekki að safna þessu að gamni sínu heldur liggur þarna ákveðin hugsun að baki.

Í öðru lagi nefni ég að það skuli enn vera svo, ef ég veit rétt, að íslensku skipafélögin neiti smáinnflytjendum um safngámaþjónustu. Það segir líka sína sögu um hversu virk samkeppni er á þessu sviði. Fjölmargir aðilar kvörtuðu yfir því á sínum tíma við samgrn. þegar ég átti þar innangengt að það hindraði mjög möguleika þeirra á því að bjóða hér eðlilega þjónustu og lægra vöruverð á innfluttri vöru að skipafélögin neituðu þeim um svonefnda safngámaþjónustu og þá fyrst og fremst Eimskipafélagið sem er nánast ráðandi í stykkjavöruinnflutningi til landsins eins og ég hef áður sagt. Þetta þýðir að smáinnflytjandi sem er að flytja litlar vörusendingar til landsins sem ekki duga til að fylla heilan gám er látinn borga hærri fragt. Hann fær ekki þau kjör eins og stærri aðilar sem fylla heila gáma eiga kost á. Þetta er yfirleitt leyst þannig að smáaðilum er heimilað á grundvelli gjaldskrár að sameinast um að fylla í gáma og þannig geta t.d. þrír minni aðilar, sem kannski eru að flytja vöru sem er tiltölulega verðmæt í einingum en fer lítið fyrir, slegið sér saman um einn gám, fyllt hann og fengið þá þau farmgjöld sem þar með eru í gildi. En þetta er ekki hægt eða hefur a.m.k. ekki verið hægt vegna þess að íslensku skipafélögin hafa ekki séð ástæðu til þess eða ekki verið í þeirri aðstöðu að þau þyrftu að bjóða upp á slíka þjónustu. Afleiðingin er hærra verð á þeirri vöru sem smáinnflytjendur eru að taka inn í landið með skipum. Okkar heildverslun er nú einu sinni þannig, og má margt um það segja, að þar úir og grúir af ýmsum litlum aðilum sem eru að flytja inn smásendingar af ýmsum sérhæfðum vörum og þetta endurspeglast í hærra vöruverði í landinu en vera þyrfti. Það skal að vísu játað að það er nokkuð um liðið síðan ég fór yfir þessi mál, en þannig var þetta a.m.k. fyrir um 1–1½ ári, þá var staðan svona. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að ræða þessi sjóflutningamál og siglingamál svolítið í almennara samhengi í tengslum við þetta frv. þar sem lagt er til að leggja niður Skipaútgerð ríkisins.

Ég er fyrst og fremst, herra forseti, að mæla ákveðin varnaðarorð. Ég er að vara menn við því að trúa að það sé fundin einhver endanleg lausn á þessum sjóflutningamálum á ströndinni þannig að allir geti orðið hamingjusamir um aldur og ævi. Því miður óttast ég að svo sé ekki. Og meira en óttast. Ég er nokkuð sannfærður um að við munum sjá á næstu árum að skipafélögin — hvort sem þau verða nú áfram tvö, ég tala nú ekki um ef annað þeirra nær undirtökunum í samkeppninni og króar hitt þannig af að það hætti að skipta máli eða jafnvel gengur af því dauðu eins og ýmsir óttast í viðskiptalífinu þessar vikurnar, ég hygg að þeir sem fylgjast nokkuð með umræðum á þeim vettvangi kannist við það og er beygur í mörgum út af því — fari að gera þær ráðstafanir sem þeim sýnist og draga úr og skera niður og jafnvel hætta alveg þeirri þjónustu sem þau þurfa að leggja einhverja peninga með og þá mun það bitna mjög á mörgum minni byggðarlögum og ég óttast að við munum hverfa aftur til þess tíma, sem menn bjuggu við fyrir áratugum, að skipakomur voru stopular, fylgdu engri reglulegri áætlun heldur var siglt á fjölmörg byggðarlaganna eingöngu þannig að þegar það hentaði útflutningsaðilum framleiðsluvörunnar, sjávarfangsins yfirleitt, sem þar var framleidd, þá var sent skip á margra vikna eða jafnvel margra mánaða fresti, varan tekin og síðan var safnað í nýjan farm. Þetta var þjónusta sem var á engan hátt sambærileg við þá góðu þjónustu sem haldið var uppi á síðustu árum og áratugum af Skipaútgerð ríkisins og tryggði reglubundna flutninga á sjó til og frá öllum þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið að heita má.

Það er líka annar þáttur þessa máls sem ég tel óhjákvæmilegt að nefna og hann er sá að ég óttast að þetta muni leiða til þess að talsvert flutningamagn færist af sjó og upp á land og það er óæskileg þróun. Hún er óæskileg vegna þess að það slítur vegunum. Það er dýrara að jafnaði en sjóflutningar og það er frá umhverfissjónarmiðum mjög óæskilegt. Þróunin erlendis er í þá átt að færa flutningana á nýjan leik í járnbrautir og á sjó og reyndar að draga eins og kostur er úr flutningum á landi á bílum og í lofti af þeirri ósköp einföldu ástæðu að þeir flutningar eru miklu umhverfisfjandsamlegri en ódýrari flutningar og flutningar sem nota minni orku með járnbrautum eða skipum. Auðvitað er það þannig að við erum að ganga alveg þvert á það sem menn telja æskilega þróun og er ekki deilt um einu sinni í nágrannalöndunum að sé hin æskilega þróun. Nú kann mönnum að finnast að þetta sé svo smáskítlegt atriði að það eigi ekki að nefna það í þessu sambandi og að við höfum ekki efni á því, Íslendingar, að vera að hugsa um slíka hluti. Ég er ekki sammála því. Ég held að okkur sé skylt að taka þátt í því með öðrum þjóðum að reyna að þróa þannig uppbyggingu í okkar atvinnulífi og samgöngumálum að það sé sem allra vinsamlegast umhverfinu og nokkur kostur er. Við eigum fyrir okkar litla hatt að gera það sem til okkar friðar heyrir í þessu og þarna er einmitt dæmi af því tagi sem ég tel að gæti flokkast undir beina afturför ef flutningar fara í umtalsverðum mæli að færast af sjó og upp á land.

Það geta auðvitað verið þannig aðstæður. Það skal fúslega viðurkennt að frá rekstrarlegu sjónarmiði viðkomandi skipafélags sé hagstæðara að annast flutningana af landi að einhverju leyti, en það getur líka verið spurning um hvort menn eru þá með rétt tæki eða rétta aðstöðu og það t.d. að ætla að sinna strandflutningum á Íslandi með allt of stórum skipum er vitleysa, með mjög stórum skipum sem koma inn á örfáar hafnir og safna síðan vörunni með flutningabílum „hist og her", það er óæskileg þróun að mínu mati, alveg tvímælalaust. Það þýðir mikið meira álag á vegakerfið en

nokkur ástæða er til og það þýðir meiri orkueyðslu og þar fram eftir götunum.

Herra forseti. Ég hef komið mínum sjónarmiðum við þetta mál á framfæri. Hæstv. samgrh. hefur tekið ákvörðun um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins og hún hefur hætt rekstri að heita má og þar standa menn frammi fyrir gerðum hlut. Af þeim sökum er ekki sérstök ástæða til þess að leggjast gegn því, úr því að svo mikið liggur við, að lög um þessa starfsemi hverfi út úr lagasafninu. Ég verð þó að segja alveg eins og er að mér finnst þetta óðagot harla broslegt með hliðsjón af því að það úir og grúir af ákvæðum í lagasafninu sem eru komin dálítið til ára sinna og ekki öll fullkomlega framkvæmd 100%. Það er t.d. ekki langt síðan ákvæði um legorð presta hurfu út úr íslenska lagasafninu. (**ÁJ:** Illu heilli.) Illu heilli því að auðvitað á ekki að vera að hreinsa út skemmtilega og menningarlega forngripi sem verið hafa í lagasafninu, sumir frá 13. öld. En ég er nokkuð viss um að þessum lagaákvæðum um legorð presta var ekki framfylgt alveg í smáatriðum síðustu árin sem þau voru í lagasafninu.

Ég held þess vegna að það hafi ekki verið neinn stórkostlegur skaði skeður þó að lagaákvæði um Skipaútgerð ríkisins hefðu staðið í nokkra mánuði eða þess vegna einhver ár eftir að sú starfsemi fjaraði út. Nú er það upplýst að óðagotið sé svo mikið á hæstv. samgrh. að hann er að lenda í lagatæknilegum vandræðum vegna þess að hann fellir lögin úr gildi áður en allri starfsemi og forvöltun eigna lýkur sem undir þetta fyrirtæki hafa heyrt. Ég sé enga einustu ástæðu til að vera með slíkt óðagot, ekki nokkra einustu ástæðu. Ég held að hæstv. samgrh. hafi misskilið eitthvað að hann verði frægari af því afreksverki sínu að hafa komið Skipaútgerð ríkisins undir græna torfu eins og má að orði komast á líkingamáli. Ég held að það frægðarverk hans standi alveg eftir sem áður þó að hann flýti sér ekki svo mikið við það að fella lög um starfsemina úr gildi að hann lendi í vandræðum af þeim sökum. Ég hef að vísu ekki farið alveg nákvæmlega yfir hvernig málin standa lagatæknilega séð varðandi þær eignir og það starfsmannahald sem enn er á hendi Skipaútgerðar ríkisins, en ég sé a.m.k. enga sérstaka ástæðu til að vera með neitt óðagot í þeim efnum og mér finnst harla broslegt, satt best að segja svolítið barnalegt að vera með slíkt óðagot í þeim efnum. Hæstv. ráðherra getur haft hvern þann sóma sem reynslan mun dæma honum af því að hafa lagt niður Skipaútgerð ríkisins þó svo hann flýti sér ekki um of í sambandi við það að hreinsa ákvæði um þau efni út úr lagasafninu.

Hér hafa menn gert, herra forseti, einkavæðingaráform hæstv. ríkisstjórnar svolítið að umtalsefni, m.a. hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Suðurl. Ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu með því að fara langt inn í þá sálma. Ég sé svo sem ekki ástæðu til þess. Ég horfi ekki beinlínis á þetta mál sem dæmigert fyrir þessi einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar. Mér finnst það lúta talsvert öðrum lögmálum vegna eðlis þeirrar starfsemi sem hér var á ferðinni og þeirra aðstæðna sem þarna voru uppi. Ég er þeirrar skoðunar að út af fyrir sig geti það vel komið til greina að ríkið hætti starfsemi, dragi úr henni eða breyti henni einmitt á þeim sviðum þar sem einkaaðilar eru starfandi fyrir og hafa verið í samkeppni við ríkið. Það er vissulega alveg ljóst að þar er mönnum nokkur vandi á höndum að ríkisvaldið sé með starfsemi í gangi, sérstaklega ef hún nýtur styrkja, sem bjagar þá starfsumhverfi þeirra einkaaðila sem eru á viðkomandi sviði. Ég get þess vegna vel tekið undir að það er að mörgu leyti ekkert óeðlilegt að menn skoði möguleikana á því að ríkið dragi sig út úr starfsemi af þessu tagi. En ég tel að það hefði þurft að gera með mikilli gát og það hefði þurft að reyna að gera hafandi á höndum einhverjar tryggingar um að þolendur þeirra breytinga, fórnarlömb þeirra breytinga yrðu ekki sum afskekktustu og veikbyggðustu byggðarlög landsins. Það er ákaflega óæskileg hliðarverkun af breytingum á þessu tagi. En út frá hinum almennu grundvallaratriðum mundi ég ekki taka þetta mál sérstaklega sem dæmi um einhverja óskynsamlega einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Þar er margt annað sem ég held að sé miklu, miklu umdeilanlegra og verra þar sem ríkisstjórnin er jafnvel með hugrenningar um að einkavæða einokunarstarfsemi eða fákeppnisstarfsemi, ég tala nú ekki um ef einokunarofstækið á að ná alla leið inn á viðkvæm svið félagslegrar þjónustu eins og gerst hefur t.d. í Bretlandi. En ég hygg að það verði annar vettvangur kannski heppilegri eða eðlilegri til að ræða betur þessi einkavæðingarmál. Þar á það við fyrst og fremst að mínu mati að það er öllum fyrir bestu að vera þar ekki með neitt óðagot eða ofstæki. Einkavæðing svokölluð eða breytingar á þátttöku ríkisins í einhverjum atvinnurekstri getur vel átt rétt á sér og er alltaf að eiga sér stað. Þessi ríkisstjórn er ekkert merkilegri en aðrar í þeim efnum. Ég tel t.d. að sú ríkisstjórn sem síðast sat hafi gert þar í nokkrum tilvikum ákaflega skynsama hluti, svo sem eins og þegar fyrirtækjum á Siglufirði var komið með farsælum hætti yfir í hendur heimamanna eða einkaaðila sem sameinuðust um að taka við rekstri þeirra og hleypa í þau í mörgum tilvikum nýjum þrótti. Þar held ég að við höfum ágætis dæmi um breytingar á þátttöku ríkisvaldsins í atvinnurekstri sem voru vel heppnaðar og skynsamlega var að staðið. En það er alveg ljóst að menn geta gert mikið tjón og lent í verulegum ógöngum ef þeir ana áfram í þessum efnum í einhverju ofstæki. Reynsla annarra þjóða sýnir okkur það, Breta alveg sérstaklega þar sem jafnvel harðsvíruðustu íhaldsmenn viðurkenna að ofstæki Margrétar Thatcher og fylgismanna hennar hefur leitt Breta í miklar ógöngur. Það á t.d. við þar sem þeir fóru út í að einkavæða ýmsa einokunarþætti í samgöngukerfinu og veitumálum og að því leyti má segja að hér eigi þau varnaðarorð við að við erum að tala um starfsemi á sviði samgangna þar sem frjálsri samkeppni eru verulega takmörk sett, satt best að segja tæplega hægt að tala um hana sem slíka. Ég bendi á það að allar skilgreiningar í erlendum lögum um fákeppni eða markaðsráðandi afstöðu á einu sviði viðskipta mundu eiga við um sjósamgöngur á Íslandi, allar, og þó þar væru jafnvel fleiri um hituna en nú er. Þannig t.d. ganga bresk lög út frá því að hver sá aðili sem nær fjórðungi

viðskipta á tilteknu sviði eða flutningum á einu sviði samgangna sé markaðsráðandi og þá þarf ekki frekari vitnanna við um drottnunar-, yfirburða-, markaðsráðandi afstöðu Eimskipafélags Íslands í sjósamgöngum til og frá landinu og væntanlega umhverfis það einnig, eftir þær breytingar a.m.k. sem nú eru að verða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi láta þessi orð falla við þessa umræðu, en vil að öðru leyti ekki hafa af þessu frekari afskipti. Ég mun styðja þá brtt. sem minni hluti hv. samgn. gerir við frv., en að henni fallinni mun ég ekki greiða þessu máli atkvæði og ekki leggjast gegn því heldur.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mál það sem hér er til umræðu hefur nú verið þó nokkuð rætt í þjóðfélaginu þennan vetur og ég hygg að menn kunni nokkuð glögg skil á efnisatriðum þess. Ég vil segja um þá brtt. sem hér liggur fyrir frá minni hluta samgn. að mér þykir í henni vera ákveðinn sáttatónn, viðleitni til að nálgast sjónarmið hæstv. ráðherra og ég legg að hæstv. ráðherra að skoða þessar brtt. með allri velvild og íhuga hvort hann geti ekki fallist á þær.

Ég vil segja vegna þess að málið er mér skylt að því leyti að ég sit í stjórnarnefnd og við gildistöku laganna mundi ég að sjálfsögðu missa mitt stjórnarsæti, að það er ekki það sem skiptir mig neinu máli í þessu sambandi og ég er í sjálfu sér alveg reiðubúinn til þess ef ráðherra óskar að víkja úr stjórn þannig að mönnum sé ljóst að ég ræði ekki málið út frá þeim forsendum.

Það er framtíðin sem er áhyggjuefni manna varðandi þetta mál. Við vitum hvað við höfum haft, en það er nokkuð óljóst hvað framtíðin ber í skauti sér. Þar erum við að hugsa um tiltekna hagsmuni sem eru hagsmunir dreifbýlisins, þjónusta við hinar fámennu byggðir landsins og það verð sem fólkið þarf að greiða fyrir þá þjónustu. Ég og fleiri höfum um það nokkrar efasemdir og óttumst að svo kunni að fara þegar fram líða stundir að þjónustan muni versna á allnokkrum stöðum á landinu og jafnvel að verðið muni hækka einnig. Þetta hefur að hluta til þegar komið fram hvað varðar versnandi þjónustu eins og ég rakti í ræðu minni við 1. umr. málsins þar sem ég dró fram reglubundnar áætlunarsiglingar skipafélaganna tveggja, Eimskipafélags Íslands og Samskipa hf., eins og ég fékk upplýsingar um hjá þessum tveimur skipafélögum. Af þeim upplýsingum var ljóst að nokkrir staðir eiga nú þegar verulega í vök að verjast hvað varðar reglubundna þjónustu til þeirra á sjó.

Á Vestfjörðum eru það einkum þrír staðir sem ég hef verulegar áhyggjur af. Það eru Bíldudalur, Suðureyri og Norðurfjörður. Þar vil ég taka fram að enn eru reglubundnar siglingar á Norðurfjörð, en ekki á tveggja vikna fresti eins og áður var heldur þriggja vikna fresti, og ég rakti í mínu máli við 1. umr. málsins að í þeim upplýsingum sem ég gaf þá skilgreindi ég reglubundnar siglingar sem væru þannig að það væri viðkoma eigi sjaldnar en einu sinni á tveggja vikna fresti.

Á hinum tveimur stöðunum, Suðureyri við Súgandafjörð og Bíldudal, eru ekki reglubundnar áætlunarsiglingar heldur koma skipafélög þar inn þegar þeim þykir það borga sig, þegar þau hafa einhvern þann flutning sem þau telja feng í að sækja. Það er ég í sjálfu sér ekki að gagnrýna félögin fyrir. Þau hafa engar kvaðir á sér af hálfu ríkisvaldsins um þjónustu og eðlilega hljóta hlutafélög sem eru rekin í þeim tilgangi að veita eigendum sínum arð af sínu fé að haga sínum rekstri þannig að ekki verði halli af honum. Á Austfjörðum voru staðir sem einnig höfðu misst reglubundnar áætlunarsiglingar, en hafa nú í staðinn óreglubundnar siglingar. Þangað er komið þegar menn hafa þann farm að sækja sem þeir telja borga sig að ná í. Það voru staðir eins og Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.

Auðvitað verða stjórnvöld og Alþingi að gangast við skyldum sínum við þjóðina alla án tillits til búsetu og gera ráðstafanir til að tryggja ákveðið þjónustustig og tryggja að menn þurfi ekki að greiða yfirmáta hátt verð fyrir þá þjónustu. Það er fyllilega réttlætanlegt að hið opinbera hlutist til um þessi málefni til að tryggja þessa hagsmuni. Það hefur verið gert í þessum málaflokki og það er gert í samgöngumálum og reyndar öðrum málaflokkum og það mun verða áfram gert. Ég nefni sem dæmi í samgöngumálum að auðvitað eru fjárframlög ríkisins til vegamála ekkert annað en byggð á þeirri hugsun að menn telja það skyldu stjórnvalda að veita íbúum landsins án tillits til búsetu einhverja tiltekna, viðunandi þjónustu. Og ég minni á að framlög til vegamála nema á ári hverju mörgum milljörðum kr. og ég hygg að þær séu fáar raddirnar sem halda því fram að því fé sé illa varið. Þvert á móti eru hinar raddirnar fleiri, sérstaklega í röðum stjórnarandstöðunnar, þó að ekki sé það einskorðað við hana, að menn eigi að gera betur í þessum efnum og menn gagnrýna og mótmæla niðurskurði sem fyrirhugaður er á þessu ári af framlagi til vegamála.

Það má nefna málaflokk eins og menntunarmál og heilbrigðismál. Þar hafa þjóðin, þingið og stjórnvöld skilgreint það sem sitt hlutverk að bjóða upp á og fullnægja ákveðinni þjónustuþörf fyrir því sem næst sama verð án tillits til búsetu. Hér er ekki um að ræða eitthvert afmarkað svið, að styrkja sjóflutninga. Þetta er þáttur í hinni sameiginlegu stefnu, sem allir flokkar fram til þessa hafa verið sammála um, að þjóðin öll skiptir okkur máli. Ég hygg að ég megi segja líka að allir stjórnmálaflokkar hafi verið sammála um að fólkið í dreifðustu byggðunum, á smæstu stöðunum skiptir okkur líka máli og að okkur beri sérstaklega að huga að hagsmunum þess þegar menn útdeila fé úr ríkissjóði.

Vissulega hefur í vetur orðið veruleg stefnubreyting á þessari almennu hugsun um rétt þjóðarinnar til tiltekinnar þjónustu. Við höfum kynnst því í sölum Alþingis í ýmsum frumvörpum sem síðar hafa orðið að lögum, eins og ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 og breytingar á reglugerð um almannatryggingalög svo að ég nefni dæmi sem eru nærtæk. Sú stefna og þær aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar í þessu

tiltekna máli, sjóflutninga, eru í raun og veru angi af þessari sömu stefnubreytingu sem núverandi stjórnvöld ryðja hér fram, þó ekki að öllu leyti, það vil ég taka skýrt fram, vegna þess að ég hygg að það hafi allir verið sammála um að breyta rekstrarfyrirkomulagi Skipaútgerðar ríkisins og býsna margir voru á þeirri skoðun að menn ættu að feta sig áfram og leitast við að koma þessum ríkisrekstri af höndum sér, en gera það skref fyrir skref vegna þess að menn vildu ekki tefla í tvísýnu hagsmunum þeirra sem menn bera sérstaklega fyrir brjósti og þetta skipafélag hefur alveg sérstakar skyldur við. Að því leytinu hefur sú breyting sem hæstv. ráðherra hefur lagt áherslu á að verði á þessu fyrirkomulagi ekki verið í þeim anda sem ég var að geta um áðan í öðrum málaflokkum, en er í þeim anda að leggja fyrirtækið niður án þess að setja neinar tryggingar fyrir þá sem veikast standa hvað þetta varðar. Það tel ég afar alvarlegt, virðulegi forseti, og geri mjög harðan ágreining um þá stefnu. Ég vil brýna hæstv. ráðherra, af því að ég veit að hann er landsbyggðarþingmaður og ég trúi ekki öðru en hann hljóti að hafa sterkar taugar til fólksins sem býr úti á landi, til þess að taka upp ákveðnar tryggingar í þessu máli þannig að menn hlaupi ekki frá því í lausu lofti og láti skeika að sköpuðu hvar menn lenda.

Tillögur til úrbóta í þá veru sem ég er að tala koma fram í brtt. minni hlutans þar sem lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að leysa vanda þeirra byggðarlaga sem missa nauðsynlega þjónustu við sölu á eignum Skipaútgerðar ríkisins. Það er nákvæmlega þessi andi sem ég vil taka undir og ég hef áréttað og verið þeirrar skoðunar að fyrst það er niðurstaðan og stefna stjórnvalda að leggja fyrirtækið niður sem allra fyrst, og er reyndar að mestu lokið, þá eigi menn að gera þjónustusamninga við önnur skipafélög til að tryggja hagsmuni tiltekinna staða. Það er ákaflega fljótlegt að sjá hvaða staðir það eru og það mun skýrast þegar fram líður á árið eða fram á næsta vetur að það muni gerast, sem ég spái, að skipafélögin tvö, sem reka nú nokkuð harða samkeppni um þá flutninga sem Skipaútgerðin áður hafði, munu draga úr sinni þjónustu, munu fækka þeim skipum sem þau eru með í strandsiglingum og eðlilega munu þá enn fleiri staðir en nú er missa relgubundna þjónustu eða þurfa að búa við lakari kost, annaðhvort varðandi skipakomur eða verð fyrir flutninginn. Því tel ég afar brýnt að hv. Alþingi samþykki þær brtt. sem lagðar eru til í áliti minni hlutans. Ég held að ef svo yrði gert gæti ég sjálfur samvisku minnar vegna verið í bili sæmilega sáttur við þá niðurstöðu. Ég teldi þá að ég hefði bærilegar tryggingar fyrir því að þeir sem höllustum fæti standa verði ekki settir á kaldan klaka og að stjórnvöld sýni því fólki það lífsviðhorf sem stundum vill bregða við í þjóðfélagsumræðu í dag að skýtur upp kollinum sem er eitthvað í þá veru að hver eigi að hjálpa sér sjálfur og hinir sem undir verða verði að eiga sig. Þetta er viðhorf sem ég veit að hv. 1. þm. Vestf. t.d. er ákaflega andsnúinn og ég hygg að svo megi segja um fleiri þingmenn í öllum flokkum.

Af þessum breytingum hefur ýmislegt leitt sem er ekki allt jafnánægjulegt þó svo menn hafi vitað að mundu verða afleiðingar af breytingunni sem yrðu erfiðar. Þar vil ég nefna það sem ég geymdi mér í 1. umr. málsins, atvinnuástand þeirra starfsmanna sem áður störfuðu hjá Skipaútgerð ríkisins. Það voru eins og þingheimi er eflaust kunnugt tæplega 100 manns þar í störfum þegar skipafélagið var í fullum rekstri á sl. hausti. Síðan hefur megninu af því fólki verið sagt upp störfum að undanteknum nokkrum mönnum sem ljúka við pappírslegan frágang á málum fyrirtækisins og einni skipsáhöfn, sem er á launaskrá hjá fyrirtækinu, á Heklu sem er á leigu hjá Samskipum. 1. apríl sl. var ástand mála þannig að hvorki fleiri né færri en 54 fyrrum starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins voru án atvinnu, 54 af 100 voru án atvinnu. Af þeim voru tíu sem voru við það að komast eða komnir á eftirlaunaaldur þannig að ef þeir eru dregnir frá þessari tölu þá voru atvinnulausir 44 eða tæplega helmingur starfsmanna fyrirtækisins var án atvinnu 1. apríl sl. Þessar upplýsingar eru fróðlegar, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra hafði nokkur stór orð uppi um það og bæði góð orð og heit gagnvart starfsmönnum að hann mundi beita sér fyrir því að starfsfólki yrði útveguð vinna eftir því sem ráðuneytinu gæti dugað öll til. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að ráðuneytið hafi í raun haft neina viðleitni eða tilburði uppi til þess að aðstoða starfsmenn við að fá vinnu annars staðar. Mér er ekki kunnugt um það. Ég ætla ekki að segja að svo hafi ekki verið, en mér er ekki kunnugt um það og vildi því gjarnan að hæstv. ráðherra greindi frá þætti ráðuneytisins í þessu máli.

Eitthvað hefur úr ræst frá 1. apríl. Ég reyndi að afla mér upplýsinga fyrir skömmu. Það er að vísu orðið nokkuð erfitt af skiljanlegum ástæðum, en eftir því sem ég komst næst voru án atvinnu 30 starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins og það er tæplega þriðjungur allra starfsmanna sem ekki hefur fengið vinnu í stað þeirrar vinnu sem þeir misstu eða eru að missa. Mér finnst það nokkurt ábyrgðarleysi ef hæstv. samgrh. eða ráðuneyti hans hefur ekki uppi nokkuð alvarlega viðleitni til að útvega þessu fólki störf eða aðstoða það eftir föngum.

Mér finnst fyrst þessi mál ber á góma rétt að minnast á hæstv. félmrh. Hvar hefur hæstv. félmrh. verið í þessu máli? Ég hef orðið var við að hæstv. félmrh. hefur látið til sín taka atvinnumál fyrrv. starfsfólks á Landakoti og er það vel og á ráðherrann lof skilið fyrir það. En ég heyrði í fjölmiðlum fyrir ekki mörgum dögum að enn væru um 30 manns atvinnulausir af þeim sem misst höfðu vinnuna á Landakoti og það var fjölmiðlamál. Það var tilefni til frétta í fjölmiðlum og viðtals við hæstv. félmrh. Það hefur enginn flutt fréttir af atvinnuleysi fyrrverandi starfsmanna Skipaútgerðar ríkisins. Það er hið gleymda fólk í þjóðfélaginu. Það fólk kemst ekki að á borði hæstv. félmrh. og ég hlýt að spyrja: Hverju sætir það? Ég vildi spyrja hæstv. forseta eftir því hvort hæstv. félmrh. er í húsinu. Ég vildi gjarnan ef svo væri fá ráðherrann til fundar og biðja hæstv. félmrh. um svör við því hvað ráðherrann hyggst gera til að hjálpa atvinnuleysingjum, fyrrv. starfs-

mönnum Skipaútgerðar ríkisins, til að fá vinnu. Það fólk á alveg jafnan rétt til aðstoðar og starfsfólk Landakots. Í mínum huga eru allir jafnir hvað það snertir, enda tel ég mig vera jafnaðarmann, ekki bara í orði heldur líka í verki. Ég tel mig vita með nokkurri vissu að vinstri höndinni sé það alltaf ljóst hvað sú hægri gerir. Ég er ekki alveg viss um þá sem sigla undir flaggi jafnaðarmannsins og jafnaðarstefnunnar, undir kjörorðinu: Ísland í A-flokk. Eru hagsmunir fyrrum starfsfólks Skipaútgerðar ríkisins í A-flokki, hið gleymda fólk á vinnumarkaðnum? Það er ekki nóg að segja ríkishalli, sóun og leggja fyrirtækið niður og gleyma svo fólkinu. Mér þætti fróðlegt að fá við því svör frá hæstv. félmrh., ef hann má vera að því að sinna þingstörfum, hvað ráðherrann hyggst gera til að stuðla að því að það fólk sem áður vann hjá Skipaútgerð ríkisins fái vinnu.

Ég tek undir það hjá hæstv. félmrh. og þakka henni fyrir skörulega viðbrögð gagnvart fyrrum starfsfólki Landakots. Þar var vel að verki staðið. (**GHelg:** Hvað gerði hún?) Ja, hún vakti athygli á málinu a.m.k., meira veit ég ekki. (Gripið fram í.) Ég trúi því að ráðherrann hafi hjálpað til þó ég ekki viti. En það er mín *trú því ég veit að hæstv. félmrh. hefur mikla réttlætiskennd* og trúi því ekki að ráðherrann hafi setið með hendur í skauti varðandi það fólk sem missti atvinnuna á Landakoti, þær 30 konur sem enn voru atvinnulausar fyrir skömmu. En fyrir örfáum dögum fékk ég þær upplýsingar að enn væru án atvinnu um 30 manns af fyrrv. starfsmönnum Skipaútgerðar ríkisins. Það er jafnstór hópur, virðulegur forseti. Mig langar til að vita hvort hæstv. félmrh. er tilbúinn að beita sér fyrir því að þetta fólk fái vinnu.

Hæstv. samgrh. var búinn að gefa upp heitstrengingar og góð orð til þessa starfsfólks um síðustu áramót um að hann mundi leggja því lið. Ég hef ekki orðið var við þau verk. En eins og ég gat um áðan kann að vera að svo sé og hæstv. samgrh. gerir þá grein fyrir því. En hafi svo verið er samt enn mikið verk óunnið fyrst um 30 manns búa við að hafa ekki atvinnu.

Ég vík næst að ákveðnu máli sem lítillega hefur verið rætt í þingsölum, lítillega á drepið án þess að fjallað hafi verið um efni þess að neinu ráði vegna þess að það mál fjallar um framtíðina. Það mál eru tillögur um hvað beri að gera. Hér er ég að tala um skýrslu Endurskoðunar Akureyrar hf. sem í þingsölum hefur borið á góma af öðru tilefni. Sú skýrsla er vissulega umdeild hvað efni varðar og upplýsingar sem í henni eru og forstjóri Skipaútgerðar ríkisins gerði margar athugasemdir við tölur og fullyrðingar í þeirri skýrslu. Ég ætla ekki að fjalla um það. Ég ætla hins vegar að fjalla um niðurstöður þeirra manna sem hæstv. samgrh. réði til vinnu fyrir samgrn. til að gera fyrir sig tillögur um framtíðina, gera fyrir sig tillögur um hvað bæri að gera. Við skulum bera þessar tillögur saman við veruleikann. Í þessari skýrslu eru dregnir fram í niðurstöðukafla þrír kostir. Og þeir eru:

1. Að breyta rekstrarskipan Skipaútgerðar ríkisins.
2. Að *selja Skipaútgerð ríkisins.*
3. Að leggja fyrirtækið niður.

Nú skulum við fara aðeins yfir hvernig þeir rökstuddu þessar tillögur og hvað lá að baki tillögum skýrsluhöfunda í hverjum þætti fyrir sig.

Varðandi fyrstu tillöguna, að breyta rekstrarskipan Skipaútgerðar ríkisins, er rétt, til þess að fram komi álit skýrsluhöfunda og forsendur varðandi þessa tillögu, að lesa örstuttan kafla úr þeirri greinargerð. Hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ljóst er að sú stefna sem Skipaútgerð ríkisins hefur fylgt á undanförnum árum, þ.e. að halda uppi sem umfangsmestum rekstri og reyna með þeim hætti að minnka þörf félagsins fyrir ríkisstyrki og gera það að hagkvæmu flutningafyrirtæki, hefur ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt."

Ég vil skjóta því inn, virðulegi forseti, að við þessa fullyrðingu hefur verið gerð athugasemd af hálfu Skipaútgerðar ríkisins og rækilega rökstudd, en ég held áfram lestrinum:

„Þessi niðurstaða er staðreynd og engar breytingar á henni fyrirsjáanlegar að óbreyttu þrátt fyrir allar úttektir og áætlanir. Í ljósi þessa virðist að í stað þess að taka upp siglingar til Færeyja hefði verið eðlilegra fyrir Skipaútgerð ríkisins í kjölfar minnkandi flutninga að reyna að minnka umsvif sín og draga úr kostnaði með því að selja eitt skip og endurskipuleggja rekstur sinn í samræmi við það. Sem leið að því marki að draga úr þörf Skipaútgerðar ríkisins fyrir ríkisstyrk kemur til greina að draga verulega saman seglin og gerbreyta rekstrarfyrirkomulagi félagsins. Þar hlýtur að koma mjög til álita að tengja starfsemi félagsins við ferjur og flóabáta sem ríkið á eða styrkir í dag og mun að öllu óbreyttu styrkja áfram. Þar má nefna Breiðafjarðarferjuna Baldur, Djúpbátinn Ísafirði, Sæfara á Eyjafirði og Vestmannaeyjaferjuna Herjólf. Staðsetningu slíks fyrirtækis þarf að athuga mjög vel með tilliti til sem mestrar hagkvæmni. Til greina kemur að staðsetja það á öðrum stað en í Reykjavík. Yfirstjórn félagsins yrði í lágmarki, t.d. 2–3 menn. Félagið ætti að geta annað sjóflutningaþörf til þeirra staða sem talið er að fái ekki viðunandi þjónustu með öðrum hætti. Yfirumsjón þessara mála yrði í samgrn. Þar falla m.a. undir samræming áætlana flutningaaðila og hugsanlegir sérstakir samningar við flutningaaðila um ákveðna þjónustu við afskekktustu staðina."

Á þessari hugsun byggja skýrsluhöfundar fyrsta tillögukost sinn sem er að breyta rekstrarskipan fyrirtækisins. Það var kostur sem skýrsluhöfundar töldu vel koma til greina og byggðu það á þeirri hugsun að það væri skylda samfélagsins að tryggja afskekktum stöðum þjónustu. Skýrsluhöfundar, sérstakir ráðgjafar hæstv. samgrh., vinna út frá þeirri forsendu að það sé skylda samfélagsins og ríkisvaldsins að tryggja afskekktustu stöðunum tiltekna þjónustu. Því leggja þeir til þennan kost sem einn af þremur mögulegum. Þetta er afar athyglisvert.

Annar kosturinn í tillögum greinarhöfunda var að selja fyrirtækið. Sem rökstuðning á bak við þessa tillögu segja greinarhöfundar, með leyfi forseta: „Skilgreina þarf lágmarksþjónustu sem ríkisstjórnin telur þurfa á einstaka staði og hugsanlegur kaupandi þarf að

uppfylla. Þetta skilyrði fylgdi með í kaupunum og gilti í einhvern fyrir fram ákveðinn árafjölda. Áætla þarf þessa styrki með tilliti til núverandi stöðu."

Önnur tillagan af þremur sem skýrsluhöfundar draga fram er sem sé sá valkostur að selja fyrirtækið, en þá með því skilyrði að skilgreind yrði einhver ákveðin lágmarksþjónusta sem ríkisstjórnin telur þurfa á einstaka staði og að kaupandi þurfi að taka á sig þær skyldur. Annar kosturinn í tillögu skýrsluhöfunda byggir sem sé á sömu hugsun, sama viðhorfi og fyrsti kostur, að ríkisvaldið beri ákveðnar skyldur við fólk sem býr á afskekktustu stöðum landsins, að landið sé ein þjóð og það búi ein þjóð í landinu en ekki tvær eða fleiri, að menn séu jafnir. Ekki bara í orði heldur líka í verki.

Það er alveg með ólíkindum að í þessu máli hefur ekki heyrst eitt einasta orð frá Jafnaðarmannaflokki Íslands. Hann er stikkfrí í þessu máli. Jafnaðarmannaflokki Íslands kemur þetta ekkert við. Honum kemur ekkert við sú skylda samfélagsins að tryggja öllum þegnum þess tiltekin lágmarksréttindi. Enda hefur sá flokkur gengið svo kyrfilega í björg að hann ætlar á eftir að segja já við því að henda út jafnrétti til náms. Það er mikið afrek af Alþfl. — Jafnaðarmannaflokki Íslands sem á næsta flokksþingi hefur væntanlega „hf." á eftir. Það hlýtur að vera eðlilegt í ljósi þeirrar áherslu sem hæstv. iðnrh. og viðskrh. hefur á einkavæðingu að breyta Alþfl. í hlutafélag. Það væri kannski hægt að selja það félag með uppsöfnuðum töpum.

Þriðji valkosturinn sem skýrsluhöfundar draga fram er að leggja fyrirtækið niður, en rétt eins í hinum tveimur kostunum er ekki svo einfalt í augum skýrsluhöfunda að menn loki sjoppunni, slái slagbrandinum fyrir og segi „lok, lok og læs" heldur telja þeir að ríkisvaldið beri ákveðnar skyldur, það beri skyldur í málinu, að einhver annar þurfi að koma til til að taka að sér þjónustuna, tryggja þjónustuna og ríkisvaldinu beri að koma því við að einhver taki það að sér.

Hér segir undir þessum kafla skýrslunnar, með leyfi forseta: „Skipaútgerð ríkisins verði lögð niður og strandflutningaþjónusta ríkisins fælist eingöngu í rekstri þeirra staðbundnu skipa sem rekin eru í dag. Einnig þyrfti að koma til einhver þjónusta á Austfjörðum sem væri bundin milli staða með aðsetur t.d. á Norðfirði."

Í þessum kafla kemur greinilega fram það álit skýrsluhöfunda að ríkið geti ekki hlaupið frá verkunum heldur verði að tryggja hagsmuni þeirra sem búa við ótryggustu stöðuna í þessum efnum. Að vísu kemur þarna fyrir hugtak sem ég á dálítið erfitt með að skilja, „staðbundin skip". Ég hef ekki heyrt það fyrr í málinu — og hef þó verið nokkuð til sjós og enn meira til lands — að menn töluðu um staðbundin skip. Einu staðbundnu skipin sem ég þekki eru á kambnum í Bolungarvík og eru með fúin kjölinn og komast ekki á sjó. Mér lýst illa á að þau skip verði notuð til sjóflutninga.

Vitna ég enn til þessarar umræddu skýrslu og gríp aftur niður í þriðja tillögukafla skýrslunnar sem heitir „Að leggja fyrirtækið niður" og vil, með leyfi forseta, fá að lesa upp þessi orð:

„Skipaútgerð ríkisins hefur um langan tíma þjónað ýmsum stöðum á landsbyggðinni og þessir staðir eru að einhverju leyti háðir henni um flutningaþjónustu. Ljóst er að breyting á þeirri þjónustu getur valdið ýmsum erfiðleikum á viðkomandi stöðum ef aðgerðin gengur of hratt fyrir sig. Það er því mikilvægt að ekki verði farið of geyst í aðgerðir sem breyta munu varanlega samgöngumálum þessara staða."

Þetta er alveg skýrt, virðulegi forseti. Þriðji möguleikinn sem skýrsluhöfundar draga upp byggir eins og hinir tveir á samfélagslegri kennd, skyldum samfélagsins og varað er við því að fara of geyst í sakirnar. — Varað er sérstaklega við því að fara of geyst í sakirnar því sú breyting muni geta valdið vissum erfiðleikum á viðkomandi stöðum.

Það er ekki að sjá að hæstv. ráðherra hafi lesið þessa skýrslu þó það liggi við að hún sé virði jafnþyngdar sinnar í gulli, svo dýr var þessi skýrsla.

Eftir að hafa dregið upp þessa þrjá valkosti, virðulegi forseti, um framtíðina sem þessir skýrsluhöfundar sáu fyrir sér, sem voru í fyrsta lagi að breyta rekstrarskipan fyrirtækisins, í öðru lagi að selja fyrirtækið og í þriðja lagi að leggja það niður, draga þeir saman niðurstöður af sinni ályktun og koma fram með beina tillögu til ráðherra um hvað beri að gera. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að lesa niðurlagskafla þessarar skýrslu sem greinir frá því. Hann er svo, með leyfi forseta:

„Nýta þarf tímann vel á næstu mánuðum til aðgerða ef tryggja á að markmið um lækkun á ríkisframlagi nái fram að ganga. Tíminn til stefnu er skammur. Hann ber að nýta til að vinna markvisst að skipulagningu þeirra strandsiglinga sem ríkið ætlar að sinna í nánustu framtíð." — Ég vil skjóta inn að þeir segja „markvisst að skipulagningu þeirra strandsiglinga sem ríkið ætlar að sinna í nánustu framtíð". Það eru ekki bara strandsiglingar með Skipaútgerð ríkisins, það eru líka flóabátar og ferjur. Ég held áfram tilvitnun, virðulegi forseti:

„Við þá vinnu verður að taka fullt tillit til eftirfarandi markmiða:

1. Breyta núverandi rekstri þannig að rekstrarniðurstaða verði viðunandi.
2. Hámarka tekjur ríkissjóðs af sölu eigna.
3. Tryggja lágmarksþjónustu við afskekktari staði.

Viðbúið er að á þeim stöðum á landsbyggðinni þar sem endurskipulagning strandsiglinga kemur til með að hafa mest áhrif muni gæta nokkurs ótta um samdrátt í þjónustu. Því er nauðsynlegt að gefa forráðamönnum þessara staða tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en frekari ákvarðanir eru teknar.

Hér að framan hafa verið ræddar þrjár leiðir sem helst koma til greina. Vænlegast til árangurs er sambland af leið 1 og leið 2. Rekstrarumsvifin yrðu minnkuð verulega. Við tæki félag sem miðaði að því að þjóna þeim stöðum sem geta ekki verið án sjóflutninga. E.t.v. verður ekki hjá því komist að styrkja félagið um einhvern tíma, en stefnt yrði að afnámi þeirra styrkja sem fyrst, t.d. á ákveðnu árabili. Til greina kemur að aðstoða félagið í upphafi með því að leggja því til a.m.k. eitt skip. Rekstur félagsins yrði alfarið á höndum og ábyrgð þess, en styrkurinn yrði ákveðin

fjárhæð á ári. Til þess að hrinda þessu í framkvæmd þarf að taka upp viðræður við aðila sem tilbúnir væru að gerast eigendur að væntanlegu félagi."

Þetta er tillaga þeirra aðila sem hæstv. samgrh. fékk sér til ráðgjafar í málinu, bað þá um að skrifa skýrslu, draga saman tölur, staðreyndir og koma fram með tillögur um hvað væri skynsamlegast að gera. Það gerðu þessir aðilar. Þeir komu fram með beinar tillögur, drógu fram þrjá kosti og síðan komu þeir fram með tillögu eins og þá sem ég var að greina frá áðan, tillögu sem gerði ráð fyrir því að fyrirtækið yrði selt og rekstrarumfangi breytt, að menn mundu finna aðila sem væru tilbúnir til að kaupa fyrirtækið. (**EgJ:** Er ekki búið að afgreiða þetta?) Ég er, virðulegur þingmaður Egill Jónsson, landsbyggðarþingmaður Austfirðinga, að rekja forsögu málsins, rekja þá ráðgjöf sem hæstv. ráðherra bað um mönnum til upplýsingar, þar á meðal hv. þm. Agli Jónssyni, um það hvaða ráð hæstv. ráðherra fékk frá sínum ráðgjöfum og bið hann að bera þær saman við aðgerðirnar. Þetta er eitthvað í líkingu við kjörorð Sjálfstfl. 1983, „Frá orðum til athafna", þar sem menn segja eitt og gera annað. Svo mörg eru dæmin um að Sjálfstfl. segi eitt og geri annað að ég mundi ráðleggja hv. þm. Sjálfstfl. að leggja til að taka þessi orð upp í stefnuskrá flokksins. (**ÖRG:** Segjum eitt og gerum annað er næsta kjörorð.) Segjum eitt og gerum annað. Man hv. þm. Egill Jónsson hvað stendur í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. varðandi það mál sem á að fara að afgreiða á eftir? Þar stendur að tryggja skuli jafnrétti til náms án tillits til búsetu, efnahags eða fötlunar. Hvað stendur í frv. sem við munum greiða atkvæði um á eftir, hv. þm. Egill Jónsson? Hvar er jafnréttið? Hvar er tillitið til fötlunarinnar? Því er hent út í frv. til laga um málefni fatlaðra og sett yfir á grunnskólana án þess að tryggja nokkurt fé. Það er von að hv. þm. Egill Jónsson og flokkur hans hafi ekki notað aftur þetta slagorð, „Frá orðum til athafna", svo rækilega hafa þeir rassskellt sjálfa sig með þeim áróðri. (**EgJ:** Þú mátt ekki láta þetta fara í taugarnar á þér.) Virðulegi forseti, mér þykir afar gaman að eiga orðaskipti við hv. þm. Egil Jónsson.

Þetta voru nú, virðulegi forseti, þær tillögur sem fyrir ráðherra lágu byggðar á þeirri grundvallarhugsun að menn ættu ekki að hrapa að ákvörðunum, menn ættu að feta sig út úr ríkisrekstri án þess að kasta frá sér ábyrgð samfélagsins á þeim smæstu í þjóðfélaginu.

Ég vil líka nefna eitt sem fram kemur og ég las upp áðan. Þar var sagt að stjórnvöld ættu að miða verk sín við að hámarka tekjur ríkissjóðs af sölu eigna. Það væri fróðlegt við síðara tækifæri, virðulegi forseti, að fara dálítið yfir hvernig mönnum hefur gengið að selja eignir og fyrir hvaða verð, athuga hvort menn hafi farið að því ráði að hámarka sölu eigna.

Eitt af því sem menn geta gert til að spilla fyrir verðgildi eigna er að taka ákvarðanir sem rýra trú væntanlegra kaupenda á gildi þeirra þannig að það má segja að það verði gengisfelling á þeirri eign sem menn ætla að selja. Við munum að hæstv. ráðherra tók þá ákvörðun snemma í haust að hætt skyldi siglingum til Færeyja með þeim rökum að þær væru reknar með tapi. Væru þau rök sönn er ákvörðunin ákaflega vel skiljanleg því það hlýtur að vera skylda hæstv. ráðherra að koma í veg fyrir að menn sói eignum ríkissjóðs í þjónustu sem er ekki lögbundin þjónusta fyrirtækisins. Skyldi það hafa verið svo að þessi þjónusta hafi verið rekin með tapi? Gæti það ekki verið að þeir sem voru að stjórna þessu fyrirtæki hafi ætíð verið að leita allra leiða til þess að ná sér í fé til að minnka þá þörf sem fyrir hendi hefur verið fyrir fé úr ríkissjóði? Ákvörðun um að taka upp siglingar til Færeyja var tekin með það í huga að menn hefðu af þessu tekjur sem mundu gagnast hjá ríkissjóði síðar meir. En það er ekki örgrannt um að eitt skipafélag hér ekkert langt undan hafi látið þessar siglingar fara dálítið í taugarnar á sér.

Þegar ég fór að sjá inn í þann fargjaldaflutningaheim sem ríkir á þessari siglingaleið fór ég að skilja hvers vegna. Það er oft betra að færri viti en fleiri. Það er nefnilega þannig með siglingar á milli Íslands og annarra landa að þar eru fargjaldataxtarnir þannig að það *væri fyllsta ástæða fyrir hæstv. samgrh. að hafa* forgöngu um að taka það til rækilegrar skoðunar eða gera það, sem stæði nú stefnu flokksins nær, stuðla að aukinni samkeppni. Það er þjóðráð þegar menn telja fargjöldin vera of há að stuðla að aukinni samkeppni. Það var kannski það sem þeir sem hugsuðu sér að kaupa Skipaútgerð ríkisins ætluðu að gera. Þeir ætluðu ekki eingöngu að binda sig við að vera með siglingar á ströndinni heldur höfðu menn hug á því að sigla milli landa. Þeir sem að þessu stóðu höfðu bæði sambönd og mannskap sem var fær um að geta sett upp öflugt skipafélag í þessu skyni.

En það er til sú skepna, sem hér hefur stundum verið nefnd og kölluð kolkrabbinn, sem ekki lét sér þetta vel líka og vann að því að koma í veg fyrir þetta. Ekki veit ég um þátt hæstv. samgrh. í því, en það hafa aðrir orðið til þess að draga fram sínar skoðanir á því.

Við vorum fyrir örfáum dögum að fá sundurliðun yfir Færeyjasiglingarnar á síðasta ári. Þegar það bætist við þau skjöl sem við fengum í enduðum nóvember á sl. ári frá Ríkisendurskoðun, sem staðfesti að Færeyjasiglingarnar voru reknar með hagnaði, var það ýmislegt annað sem hæstv. samgrh. hélt fram, m.a. að *flutningamagnið hefði minnkað svo mikið að það væri* ekki forsvaranlegt að halda því áfram. Hér er ég með yfirlit yfir flutningamagn mánuð fyrir mánuð á siglingaleiðinni á milli Íslands og Færeyja. Það var ekki fyrr en í nóvember og desember sem flutningarnir detta niður þegar öllum var ljóst að hverju stefndi um framtíð þessa fyrirtækis. Þessar siglingar voru ábatasamar fyrir fyrirtækið og því hagkvæmar fyrir ríkissjóð. Sú ákvörðun að fyrirskipa að þeim skuli hætt rýrði söluverð eignanna og vann því gegn 2. tölulið í niðurlagi skýrsluhöfunda um að hámarka tekjur ríkissjóðs af sölu eigna. Það var mikið skynsamlegra að selja fyrirtækið í fullum rekstri með öll sambönd en að brjóta niður og selja svo.

Nú vil ég, virðulegur forseti, koma að því máli sem e.t.v. þykir hvað mestum tíðindum sæta. Ég er tilbúinn til þess, forseti, af því ég á nokkurt mál eftir enn

að gera kaflaskil á ræðu minni nú ef forseti vill.

Umræðu frestað.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 58. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 875, brtt. 884, 906, 907, 914 og 940.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 906 kölluð aftur.

Brtt. 907 kölluð aftur.

Brtt. 914 kölluð aftur.

Brtt. 940 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JHall, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 884 felld með 37:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, StG, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GB, JHall, MF, SHl, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 953).

Stofnun og slit hjúskapar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 531. mál (réttarfar, stjórnsýslumeðferð o.fl.). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Yfirskattanefnd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 722, nál. 909, brtt. 910.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (FI, GÁ, HG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,1 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EGuðn, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, KÁ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,2 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, HBl, KSG, KÁ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ,

EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, KÁ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, HBl, KSG, KÁ, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,3 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, KÁ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,4 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (FI, GÁ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,5 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,6 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁJ, EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, KE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,7 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,8 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, PP, PJ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

11.–17. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,9 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁJ, EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

18. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,10 (ný 19. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

20.–22. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,11 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, HBl, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 910,12 (þrjú ný ákv. til brb., verða ákv. til brb. II–IV) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og millifyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 465. mál (yfirskattanefnd). — Þskj. 723, nál. 911, brtt. 912.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 912,1 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EGuðn, FI, GuðjG, GunnS, HÁ, HBl, IP, JVK, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
Brtt. 912,2 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
3. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (EGuðn, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, KSG, RG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (EGuðn, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, MB, SHl, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Háskólinn á Akureyri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 313, nál. 917, brtt. 918.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 918,1 (ný 1. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (EgJ, EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
Brtt. 918,2 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
2. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.
3.–8. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH,

EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, JÁ, KSG, RG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 918,3 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (EH, EGuðn, EKG, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EH, EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 918,4 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, JGS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

12.–18. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EGuðn, GuðjG, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EGuðn, EKG, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Sinubrennur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 469, nál. 930, brtt. 587 og 931.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 587 kölluð aftur.

Brtt. 931,1 (ný 1. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EGuðn, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 931,2 (tvær nýjar greinar, verða 2.–3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EH, EGuðn, EKJ, FI, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 931,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ,

SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 931,4 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EGuðn, FI, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 931,5 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EGuðn, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

6.–8. gr. (verða 7.–9. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (PJ, VE) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EGuðn, FI, GunnS, HÁ, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (PJ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁJ, EGuðn, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Umboðsmaður barna, frh. 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 123. mál. — Þskj. 128, nál. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 913 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
8 þm. (EGuðn, FI, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 394. mál (hlutabréf, stjórnarkosning, ársreikningur o.fl.). — Þskj. 636.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EGuðn, FI, GÁ, GunnS, HÁ, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EGuðn, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HG, KSG, MF, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Landgræðslulög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 401. mál (áfrýjun ágreiningsmála). — Þskj. 651.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EGuðn, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

10 þm. (BIB, EGuðn, GHelg, GunnS, HÁ, KSG, SP, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 876, brtt. 927.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 927,1 felld með 30:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, SHl, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ.

nei: PJ, RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, MB, ÓE, SalÞ.

9 þm. (SP, StH, TIO, EGuðn, EKJ, GÁ, GunnS, HÁ, KSG) voru fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. er tilkomin vegna þess að eins og frv. liggur fyrir eftir 2. umr. er gróflega vegið að hagsmunasamtökum námsmanna og er hætt við að þau lognist út af ef ekki fæst fram breyting á 16. gr. Ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Eins og frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna lítur út að lokinni 2. umr., 16. gr. þess, þá jafngildir það því að fjölmennum hagsmunasamtökum námsmanna í Bandalagi ísl. sérskólanema og Sambandi ísl. námsmanna erlendis verði gert ókleift að gæta hagsmuna sinna, verði svipt tekjugrundvelli sínum. Hér er vegið að þessum hreyfingum námsmanna og þeim mismunað þar að auki því að samkvæmt reglugerðum Háskóla Íslands, samkvæmt lögum um þann skóla greiða nemendur þar gjöld til Stúdentaráðs. Í Bandalagi ísl. sérskólanema eru um 3.500 nemendur og enn fleiri munu vera í SÍNE, Samtökum ísl. námsmanna erlendis. Við teljum það óhæfu að ætla að svipta þessi fjölmennu samtök tekjugrundvelli sínum og freistum þess því enn við 3. umr. málsins að fá fram breytingu og því er þessi brtt. flutt. Ég styð hana og segi já.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að þau samtök námsmanna sem hafa fengið félagsgjöld sín í gegnum Lánasjóð ísl. námsmanna fái þau áfram. Þessi samtök námsmanna veita félagsmönnum sínum mikilvæga þjónustu og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna. Ríkisstjórnarflokkarnir eru að leggja stein í götu Samands ísl. námsmanna erlendis og Bandalags ísl. sérskólanema með frv. eins og það lítur út nú. Við viljum breyta 16. gr. frv. og fjarlægja þennan stein. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur verið hér á landi hvort sem mönnum líkar það betur eða verr skylduaðild eða skyldugreiðsla til verkalýðsfélaga. Með því að fella niður skyldugreiðsluna til þessa hagsmunafélags er Alþfl. að fella niður skyldugreiðsluna til verkalýðsfélaganna, enda brosa sumir sjálfstæðismenn. Ég óska Alþfl. til hamingju með þennan árangur í sinni verkalýðsbaráttu. Ég segi já.

Brtt. 927,2 felld með 30:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓÞÞ, PP, SHl, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF.

nei: MB, ÓE, PJ, RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, SalÞ.

9 þm. (SP, StH, TIO, EGuðn, EKJ, GÁ, GunnS, HÁ, KSG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að stjórnarandstaðan hefur á undanförnum dögum og undanförnum vikum gert allt sem í hennar valdi stendur til að forða því slysi sem hér er að verða, til þess að verja Lánasjóð ísl. námsmanna og til þess að verja jafnrétti til náms. Með þessari brtt., um að í samráði við samtök námsmanna verði lög um Lánasjóð ísl. námsmanna endurskoðuð fyrir árslok og nýtt frv. um lánasjóðinn lagt fram fyrir næsta þing, er verið að gefa ríkisstjórnarliðinu enn eitt tækifæri til að bjarga sér að einhverju leyti út úr þeim ógöngum sem það lið er komið í í þessu máli. Þetta gæfi færi á að reyna að ná sáttum á nýjan leik um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna, reyna að ná mönnum aftur saman að einu borði til þess að ræða að síðaðra manna hætti breytingar á

þessu mikilvæga frv. eða þessum mikilvægu lögum sem sæmileg samstaða gæti orðið um. Þetta mál er um margt táknrænt. Þetta er táknrænt fyrir þá nýju stjórnarstefnu sem er verið að innleiða í landinu og þetta er jafnframt táknrænt fyrir vinnubrögð og viðhorf hæstv. ríkisstjórnar. Efnislega er það eins táknrænt og það getur orðið að ríkisstjórnin skuli nú standa fyrir því að fella niður úr lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna orðin „jafnrétti til náms". Það er óhjákvæmilegt að óska Alþfl., svokölluðum Jafnaðarmannaflokki Íslands, til hamingju með þetta afrek.

Hvað vinnubrögð ríkisstjórnarinnar snertir er þetta mál mjög táknrænt fyrir þann valdhroka sem hún hefur sýnt í hverju málinu á fætur öðru í vetur. Allt samráð er hundsað hvort sem heldur er við samtök námsmanna, stjórnarandstöðu og ekki er hlustað á þá víðtæku andstöðu við þessar breytingar sem sprottið hefur upp úr þjóðfélaginu á undanförnum vikum og mánuðum. Með þessari brtt. gæfist stjórnarliðinu færi á að bjarga sér að einhverju leyti í land og ég hvet þá stjórnarliða sem enn eiga eftir að gera upp hug sinn til þess að hugsa sig vel um áður en þeir ganga svo langt að hafna því að taka málið til skoðunar í framhaldi af afgreiðslu þess á þinginu í vor. Ég segi já, hæstv. forseti.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram gengur þessi brtt. út á að málið verði að nýju tekið fyrir í haust og að lagt verði fram þá nýtt frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar um Lánasjóð ísl. námsmanna. Verði það ekki gert er ljóst að stjórnarandstaðan mun á einhvern hátt taka málið upp að nýju í haust. Ég segi já.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem nú eru greidd atkvæði um sýnir hvað best hvílík hrákasmíði það er í lagaformi sem verið er að afgreiða í dag. Hér er verið að leggja út í slíkt feigðarflan að óhjákvæmilegt verður að endurskoða lögin í haust. Það þarf að ríkja samstaða um þennan mikilvæga sjóð. Þess vegna er þessi tillaga lögð fram. Ríkisstjórnarflokkarnir vita ekkert hvað þeir gera, en þeim verður ekki fyrirgefið. Ég segi já.

Brtt. 927,3 felld með 28:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SHl.

nei: RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, JónS, LMR, MB, ÓE, PJ, SalÞ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (SP, StH, TIO, EGuðn, EKJ, GÁ, GunnS, HÁ, KSG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Með ákvæði til bráðabirgða í þessari brtt. er gerð enn ein tilraunin til að telja ríkisstjórnarflokkunum hughvarf í þessu máli. Það eru til peningar á fjárlögum til að greiða út hluta af námslánunum í haust. Þessi till. snýst um það að ⅔ hlutar af þeim sem hefði annars átt að greiða út séu greiddir út vegna þess að fjárlög íslenska ríkisins heimila að 800 millj. kr. séu greiddar út. Það er því rangt, sem fram hefur komið hjá fulltrúum ríkisstjórnarinnar bæði í þessari umræðu og í eldhúsdagsumræðum sl. mánudag, að það sé verið að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna í þessa veru til að aðlaga þau fjárlögum. Það er rangt. Það eru til 800 millj. kr. Því hefur sú breyting sem gerð hefur verið á þessu frv. ekkert með það að gera að það séu ekki til peningar. Hér er fyrst og fremst um hreinan fautaskap í garð námsmanna að ræða og lýsir ótrúlegu skilningsleysi þessara flokka sem mynda ríkisstjórnina, Alþfl. og Sjálfstfl., lýsir ótrúlegu skilningsleysi á hlut námsmanna — og þingmenn sem sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu fría sig engri ábyrgð í þessum efnum. Ég segi því já.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Með samþykkt 6. gr. þess frv. sem nú er að verða að lögum er brotið í blað í sögu menntunar á Íslandi. Með samþykkt þessarar greinar er jafnrétti til náms afnumið í þessu landi og námsmönnum beint að bankakerfinu. Það er ljóst að bankakerfið er ekki í neinu standi til að taka við þessu fólki eins og er. Það hefur ekkert upp á að bjóða annað en venjulega vexti og sömu ábyrgð og krafist er um aðrar fjárskuldbindingar eins og margsinnis kom fram í gær þó að ósatt hafi verið sagt um það áður.

Með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er verið að reyna að gera tilraun til að fá því breytt að námsmenn fái ekkert námslán á hausti komanda. Þess í stað verði þær 800 millj. sem eru á fjárlögum nýttar til að bæta úr þar sem brýnust er neyðin. Sá tími er að renna upp að konur eiga aftur að fara að vinna fyrir mönnum sínum í námi, ungar mæður eiga ekki að vera í námi. Upp er að renna menntakerfi hinna efnuðu. Því ég bið hv. Alþingi og þjóð alla að vita eitt: Með samþykkt þessa frv. er verið að stíga fyrsta skrefið til að afnema Lánasjóð ísl. námsmanna. Bankarnir neyðast auðvitað til þess að taka við þessu fólki og þurfa að vinna upp sitt eigið kerfi. Þegar það kerfi verður komið segja menn: Hvað erum við að gera með Lánasjóð ísl. námsmanna? Við þurfum ekki tvöfalt kerfi. Þar með hefur kolkrabbinn fengið sitt. Hann ræður líka hverjir fara til náms og hvað þeir læra. Ég segi að sjálfsögðu já við þeirri brtt. sem hér liggur fyrir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því jáyrði sem gall við rétt í þann mund sem röðin koma að mér, þ.e. frá þeim sem næstur var á undan mér. En ég vil segja um ákvæði til bráðabirgða sem hér liggur fyrir að ég lít svo á að með þessari till. séu flm. að teygja sig svo langt í átt til samkomulags við stjórn-

arþingmenn að þeir séu í rauninni komnir fram á ystu nöf. Það eina sem er viðunandi í þessu máli er að sjálfsögðu að 1. mgr. 6. gr. falli brott, enda er ég sannfærð um að stjórnarliðar eiga eftir að lenda í vandræðum með 6. gr. þó síðar verði. En í ljósi þeirrar óbilgirni og þeirrar rangsleitni sem ríkir meðal þeirra stjórnarliða sem ráða för í þessu máli verður þessi till. skiljanleg. Hún er neyðarúrræði, hún er til þess flutt að lágmarka skaðann ef svo má segja. Ég segi því já.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Með frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna eins og það lítur nú út er verið að svipta námsmenn framfærslu mánuðum saman, að sögn til að aga lýðinn og koma í veg fyrir útbreitt slugs í skólum landsins. Afleiðingar þessa ákvæðis verða mjög alvarlegar fyrir námsmenn. Á fjárlögum ársins 1992 er að finna 800 millj. kr. sem ber lögum samkvæmt að nýta í þágu námsmanna. Við kvennalistakonur mótmælum þeirri aðför að kjörum námsmanna sem hér er á ferð. Við leggjum til sem algert neyðarúrræði að námsmenn fái ⅔ námslána á haustmánuðum, en hefðum að sjálfsögðu viljað óbreytt lög og námslán greidd að fullu. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Til stuðnings námsmönnum og til stuðnings ríkisstjórnar Íslands, sem hefur þann forsrh. sem segir að orð skuli standa, og til stuðnings því þar af leiðandi að orð fjmrn. skráð í fjárlagafrv. um ráðstöfunarupphæðir sem lánasjóðurinn hafi til útlána í haust skuli standa, segi ég já.

Frv. samþ. með 30:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónS, LMR, MB, ÓE, SalÞ.

nei: SHl, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP.

9 þm. (SP, StH, TIO, EGuðn, EKJ, GÁ, GunnS, HÁ, KSG) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég harma að ekki hefur tekist í þessu mikilsverða máli að stöðva mulningsvél ríkisstjórnar áður en hún rústar það kerfi, sem hér hefur verið byggt upp, að tryggja sem best jafnrétti til náms. Nú um sinn, þar til tekist hefur að fella þessa ríkisstjórn, mun íslenskt æskufólk þurfa að búa við það misrétti að menntun verði að munaði á Íslandi.

Virðulegi forseti. Á það get ég aldrei fallist. Íslenskt æskufólk á annað og betra skilið, og því segi ég nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa staðið yfir umræður um þetta mál, Lánasjóð ísl. námsmanna, í 42 klukkustundir. Ekkert mál hefur fengið eins ítarlega umfjöllun á Alþingi og stjórnarandstaðan hefur gert allt sem unnt er til að stöðva þá ósvinnu, þau ólög sem hér er verið að afgreiða. Hér er verið að ráðast að efnalitlu fólki í landinu. Hér er verið að ráðast að konum og þau sögulegu tíðindi hafa gerst að stærsta verkamannafélag á Íslandi, verkamannafélagið Dagsbrún, hefur sent frá sér ályktun þar sem þessi ólög eru fordæmd mjög harðlega. Það sem hér hefur gerst er svo það að Alþfl. hefur samþykkt ásamt íhaldinu að fella út úr lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna ákvæði um jafnrétti til náms. Alþfl. hefur samþykkt að leggja vexti á námslán, Alþfl. hefur samþykkt að loka Lánasjóði ísl. námsmanna hálft árið 1992, Alþfl. hefur samþykkt ásamt íhaldinu að svipta íslenska námsmenn framfærslueyri á hálfu árinu 1992. Og svo þykjast þeir vera Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þessi aðför að velferðarkerfinu á Íslandi verður ekki liðin. Við gerðum um það sérstaka samþykkt í þingflokki Alþb. áðan að við munum beita okkur fyrir því að taka þetta mál á ný upp á sumarþinginu. Ég lýsi því yfir að við munum halda þar áfram, en auðvitað segi ég nei við ólögum, virðulegi forseti.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Í dag verður tekið afdrifaríkt skref í menntasögu íslensku þjóðarinnar. Með samþykkt þessa frv. ríkir ekki lengur jafnrétti til náms án tillits til efnahags. Þegar námsmenn koma til starfa á hausti komanda verður búið að loka Lánasjóði ísl. námsmanna. Námsmenn munu þá þurfa að snúa sér til hins almenna bankakerfis um fyrirgreiðslu þrátt fyrir að lánasjóðurinn eigi um 800 millj. til að lána út, en samkvæmt lögum frá Alþingi má ekki lána það fé út. Ríkisstjórnin er að þvinga í gegnum þingið lög um Lánasjóð ísl. námsmanna í fullri andstöðu við námsmenn og ég fullyrði í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar. Ég segi nei.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það hafa staðið miklar deilur um 6. gr. frv. og því hefur verið haldið fram að hún muni draga úr möguleikum manna til að stunda nám sitt með eðlilegum hætti. Við atkvæðagreiðslu um greinina við 2. umr. sat ég hjá. Ég vil að það komi fram að sú vinna sem hefur farið fram af hálfu þingsins á þessu frv. hefur leitt til fjölmargra breytinga sem allar hafa verið til verulegra bóta frá hinni upphaflegu gerð frv. Ég hef í samstarfi við aðra stjórnarliða stutt þær breytingar, staðið að þeim og ég mun þess vegna þrátt fyrir 6. gr. ekki skorast undan því samkomulagi sem gert var við þá vinnu. Ég ítreka það hins vegar að leiði reynslan í ljós að 6. gr. hindri menn í að stunda nám sitt með eðlilegum hætti, þá áskil ég mér allan rétt til að eiga þátt að breytingum á því ákvæði í framtíðinni, enda sýnist mér nú að það sé að skapast vilji til þess innan stjórnarliðsins, jafnvel innan Sjálfstfl. Ég segi því, virðulegi forseti, að þessu sinni já.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Hér eru alvarlegir hlutir að gerast og í raun og veru eru hér sorglegir hlutir að gerast. Hver hefði trúað því að árið 1992 gæti þetta gerst? Það er verið að færa aðstoð við námsmenn áratugi aftur í tímann. Jafnrétti til náms er aflagt. Það er hætt að taka tillit til aðstæðna meðan á námi stendur. Menntun er aftur að verða forréttindi hinna ríku. Lánasjóður ísl. námsmanna er í raun og veru lagður niður. Námsmönnum er vísað á bankakerfið, á okurvextina, kerfi sem á að fara að einkavæða eða gefa kolkrabbanum. Það er kolkrabbinn í þessu þjóðfélagi sem á að fara að ákveða hverjir það eru sem eiga að mennta sig. Hér er í raun og veru verið að kveða upp dauðadóm yfir mörgu ungmenninu í þessu landi hvað menntun snertir. „Gjör rétt, þol ei órétt", sagði Sjálfstfl. fyrir nokkrum árum. En það var áður en hugsjónirnar brunnu upp á báli peningahyggjunnar. En það sem er ömurlegast í þessu máli er að Alþfl. — Jafnaðarmannaflokkur Íslands, stendur að þessu óheillaverki með sjálfstæðismönnum, flokkur sem kennir sig við jafnaðarmennsku. Héðan í frá er siðferðilega útilokað fyrir þann flokk að kenna sig við jafnaðarmennsku. Á meðan þessir tveir flokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., ráða ríkjum á Alþingi verður Íslands óhamingju allt að vopni í þessu húsi. Ég segi því nei, nei og aftur nei.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hæstv. ríkisstjórn er nú að takast á sínum skamma valdaferli, ef frv. þetta verður nú gert að lögum, að hrinda í framkvæmd enn einni aðförinni að velferðarkerfi því sem tekist hefur að byggja upp á undanförnum áratugum. Í þetta sinn er ráðist að námsmönnum og því dýrmæta markmiði að gera öllum kleift að stunda nám óháð efnahag og búsetu er nú fórnað. Það er dapurlegt hlutskipti nokkurra hv. þm. sem a.m.k. á hátíðarstundum vilja kenna sig við jafnaðarmennsku. Ég á þar reyndar ekki við alla hv. þm. Alþfl., þeir eru ekki allir jafnaðarmenn, en sumir þeirra eru það nú reyndar enn þá. Það er dapurlegt hlutverk þeirra ágætu manna sem telja sig jafnaðarmenn að taka nú þátt í þessari aðför íhaldsaflanna í landinu að jafnrétti þegnanna til náms.

Virðulegi forseti. Ég er algerlega andvígur þessu frv. og segi því nei.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Verði frv. sem hér liggur fyrir að veruleika, þá er það tímanna tákn. Þá er það tákn um að tímarnir fari versnandi a.m.k. á Alþingi og hér sé vegið að félagslegum ávinningum fyrri ára og áratuga. Í vetur hafa margar ákvarðanir verið teknar í þessum sal sem í verki og orði vega að jafnrétti og jöfnuði í þessu landi. Hér hafa verið teknar ákvarðanir um hundruð millj. kr. niðurskurð í heilbrigðiskerfinu sem kemur fyrst og fremst niður á barnafólki og öldruðum sem neytendum þjónustunnar og konum sem veitendum. Hér hefur verið brotið niður það sem byggt hefur verið upp á undangengnum áratugum. Hér hafa verið teknar ákvarðanir um að skera niður barnabætur um 500 millj. kr. sem kemur niður á ungu barnafólki með meðaltekjur og tæplega það. Þeir sem að þessum málum hafa staðið hafa hins vegar ekki snert sinn eigin viðmiðunarhóp með svo mikið sem töngum. Þegar að þeim hópi kemur er viðkvæðið: Þetta er viðkvæmt mál. Það er í mörg horn að líta. Það er margs að gæta. Þá eru málin viðkvæm. En þessi stefna ójöfnuðar er endanlega innsigluð í frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nú á nefnilega að útrýma hugtakinu jafnrétti úr gildandi lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna og hver hefði trúað því að Jafnaðarmannaflokkur Íslands stæði að slíku? Ekki ég að óreyndu. En stjórnarliðar vita vænt anlega sem er að innihald frv. er slíkt að það væri að leggja hugtakið jafnrétti við hégóma að halda því inni í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna að þeim svo breyttum. Með frv. er verið að auka efnalegt og félagslegt misrétti í íslensku samfélagi og innblásnar ræður einstakra stjórnarliða á hátíðarstundum fá því ekki breytt. Og að lokum hlýt ég að segja að ég harma að minn gamli félagi úr stúdentapólitíkinni skuli hafa látið kúska sig til hlýðni í þessu máli og ég vil bara segja: Sjálfstfl. er ekki þess virði og samstarfið við hann. Ég segi nei.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Framtíðin er þeirra þjóða sem bestu skólana eiga. Því ætti það að vera grundvallarskylda hverrar ríkisstjórnar sem hugsar til framtíðarinnar, ekki bara til fortíðarinnar, að standa vörð um skóla og námsfólk. „Velferð á varanlegum grunni", var stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Þegar þetta frv. verður að lögum er endi bundinn á jafnrétti til náms. Því hlýtur spurningin að standa eftir: Velferð fyrir hverja? Velferð fyrir hverja var hæstv. ríkisstjórn að tala um? Ég segi nei.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég bendi á að með verkum sínum er ríkisstjórnin sérstaklega að vega að einum hóp umfram aðra. Það eru efnaminni námsmenn sem búa fjarri háskólum eða framhaldsskólum. Það er sérstaklega vegið að efnaminna fólki á landsbyggðinni sem getur ekki notið þess að sækja framhaldsnám frá sínu heimili. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika við þessa atkvæðagreiðslu. Þetta þýðir að í mörgum tilvikum er efnilegu ungu fólki sem hugur stendur til framhaldsnáms gert það ókleift. Hér stendur ekkert eftir af því að háskóla- og framhaldsnám sé óháð búsetu.

Ég vek einnig athygli á því í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. forsrh. um að stjórnarflokkarnir hefðu fullt afl til að koma sínum málum fram og það skipti engu máli hvað stjórnarandstaðan talaði lengi að við enga atkvæðagreiðslu hér í dag hefur hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hans þingmeirihluti, náð að afgreiða mál með meiri hluta þingmanna. Hvar er nú aflið ef ríkisstjórnin hefur ekki einu sinni þá stjórn á sínum þingmönnum að þeir geti stillt upp meiri hluta á síðustu dögum á vorþingi?

Ég bendi einnig á það með tilliti til atkvæðis síðasta hv. þm. að hástemmd ræða varaformanns Alþfl.

um jafnrétti og félagshyggju er dæmd dauð og ómerk með þessari afgreiðslu í dag. Með þessari afgreiðslu er Sjálfstfl. búinn að koma spennitreyjunni á Alþfl. og ég sé ekki hvernig hann losnar þaðan. Ég segi því nei.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. er vegið að jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag. Það mun ekki síst snerta illa þá sem ekki geta stundað nám sitt í heimabyggð. Ég vænti þess að sú ríkisstjórn sem þannig vinnur verði ekki langlíf og ég segi nei.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í stað jafnréttis til náms er komið tækifæri til náms. Ekki skal taka tillit til búsetu. Þetta er jafnaðarstefna Alþfl. Þetta er sáttargerð Jafnaðarmannaflokks Íslands um sanngjörn kjör. Ég segi nei við þessari jafnaðarstefnu. Ég segi nei við þessu frv.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ef frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna verður að lögum á næstu mínútum bera ríkisstjórnarflokkarnir ábyrgð á því að þúsundir námsmanna verða án framfærslueyris frá lánasjóðnum næstu mánuði og reyndar mánuðum saman. Ríkisstjórnarflokkarnir eru að gera lífsafkomu þúsunda námsmanna háða náð og miskunn bankakerfisins sem enginn veit með vissu hvernig bregðast mun við. Ríkisstjórnarflokkarnir bera þar með ábyrgð á vaxandi eftirspurn eftir lánsfé á almennum lánamarkaði með öllum þeim afleiðingum sem það kann að hafa fyrir efnahagslífið. Ríkisstjórnarflokkarnir eru með þessum lögum að breyta Lánasjóði ísl. námsmanna á þann veg að hér eftir verða námsmenn að taka lán með vöxtum og lántökugjöldum auk þess sem greiðslubyrði mun aukast verulega, svo mjög að hinir lægst launuðu munu sitja uppi með milljónaskuldir á elliárum. Sjálfstfl. og Alþfl., þar með talinn Össur Skarphéðinsson, fyrrv. formaður Stúdentaráðs, bera ábyrgð á því ef hópur námsmanna verður að hverfa frá námi vegna þess að þeir geti ekki útvegað sér ábyrgðarmenn eða sjá fram á að geta ekki staðið undir lánunum að námi loknu samhliða húsnæðisöflun og framfærslu fjölskyldu. Með þessum lögum eru Sjálfstfl. og Alþfl. einkum og sér í lagi að leggja stein í götu kvenna, nemenda á landsbyggðinni og þeirra sem stunda nám erlendis. Sjálfstfl. og Alþfl. — Jafnaðarmannaflokkur Íslands, bera ábyrgð á því að nú er horfið frá þeirri jafnréttisstefnu sem unnið hefur verið að árum saman. Þeir komast nú í enn einn áfangastaðinn á leið sinni til samfélags þar sem ísköld markaðshyggja og miskunnarlaus samkeppni ríkir í stað samhjálpar og samábyrgðar.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki hugmynd um afleiðingar þessara laga. Það sem vakir fyrir þeim er að minnka halla ríkissjóðs á þessu ári, gera Lánasjóð ísl. námsmanna líkan hverjum öðrum fjárfestingarlánasjóði og að stíga skref í þá átt að leggja niður þetta jöfnunartæki sem gert hefur þúsundum kvenna og karla kleift að mennta sig. Þessi lög, ef þau verða samþykkt, tákna hörmulega afturför og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og fylgifiskum hennar vegna þess óhæfuverks sem hér er verið að vinna. Virðulegi forseti. Ég segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Nú er því miður ljóst í þessari atkvæðagreiðslu, sem senn er á enda, að svo margir stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar hafa goldið jáyrði við þessu frv. að það er að verða að lögum. Það er dapur dagur, ekki bara í sögu Alþingis og íslensku þjóðarinnar heldur dapur dagur í sögu jafnaðarmannahreyfingarinnar á Íslandi.

Í 40 ár hefur það verið kjarninn í baráttu jafnaðarmanna um Evrópu alla að grundvallarrétturinn um jafnrétti til náms, um jafnrétti til hjúkrunar og umönnunar væri lögmál sem þjóðfélagið mundi halda í heiðri. Sá flokkur sem afnemur jafnrétti til náms úr lögum á Íslandi getur aldrei með sóma borið heitið jafnaðarmannaflokkur, hvað þá heldur heitið Jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Og ég vil segja við hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson og hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson að þegar feður okkar voru á Ísafirði að hefja merkið um jafnaðarstefnuna á loft og sendu syni sína til náms veit ég að þeir hefðu ekki trúað því að þið ættuð eftir að standa að því hér á Alþingi Íslendinga að setja þau lög sem hér er verið að gera. Þeir sem eru sprottnir upp úr jarðvegi jafnaðarstefnunnar á Ísafirði geta aldrei kallað sig með réttu jafnaðarmenn eftir að hafa sagt já við þessu frv. En sem betur fer virðast enn þá vera einhverjir ungir hugsjónamenn í Alþfl. og Samband ungra jafnaðarmanna hefur ákveðið að á flokksþingi Alþfl. muni þeir reyna að ná sigri í því máli sem er að tapast í dag. Við sem höfum barist gegn þessu frv. á Alþingi sendum samherjum okkar á væntanlegu flokksþingi Alþfl. baráttukveðjur. Við óskum þeim þess að þeim takist á flokksþingi Alþfl. að ná því fram sem ekki tekst í dag og við erum reiðubúin eins og þegar hefur fram komið að flytja á nýju þingi seinni hluta ágústmánaðar frv. að nýjum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna þar sem þessum ólögum er hrundið. Og ef hugsjónamönnunum í Alþfl. tekst að binda á flokksþinginu ráðherrasveit sína og þingflokk er ljóst að þegar í ágústmánuði verður kominn nýr meiri hluti hér á Alþingi til að hrinda þessum ólögum og setja ný lög. Þess vegna hefur þingflokkur Alþb. ákveðið að flytja slíkt frv. hér ásamt öðrum félögum okkar í ágústmánuði.

En ég vil einnig segja það, virðulegi forseti: Það verður meðal fyrstu verka nýrrar ríkisstjórnar, ríkisstjórnar raunverulegrar jafnaðarstefnu, að hrinda þessum ólögum og setja ný lög um Lánasjóð ísl. námsmanna þar sem aftur á ný jafnrétti til náms verður grundvallarþáttur í löggjöf á Íslandi. Það verður meðal fyrstu verka nýrrar ríkisstjórnar á Íslandi. Ég segi nei við þessum ólögum um leið og baráttan gegn þeim heldur áfram þótt hún tapist hér í dag.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er verið að setja vond og óréttlát lög sem verða öllum til óþæginda og því miður allt of mörgum til tjóns. Mér ógnar forherðing ríkisstjórnarflokkanna. Verstur er þó vesaldómur þeirra stjórnarliða sem hafa verið að hafa uppi gagnrýni á einstök ákvæði frv. en greiða því svo atkvæði að það verði lögfest. Væntanlega greiða þeir þá atkvæði gegn samvisku sinni.

Við framsóknarmenn munum ekki una þessum lögum til frambúðar. Við munum taka málið upp á næsta þingi í von um að stjórnarliðið hafi þá séð að sér. Ég bið námsmenn, aðstandendur þeirra og alla sem vilja jafnrétti til náms án tillits til efnahags að ganga í lið með okkur og reyna að knýja ríkisstjórnarflokkana til undanhalds eða refsa þeim á kjördegi að öðrum kosti. Ég segi nei við þessu frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 958).

Umræður utan dagskrár.

Afkoma landbúnaðarins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða skv. fyrri mgr. 50. gr. þingskapalaga. Hún fer fram að beiðni hv. 3. þm. Austurl. um afkomu landbúnaðarins og áhrif búvörusamnings á sauðfjárbændur. (**Gripið fram í:** Fáum við ekki hlé?) Forseti er nú að reyna að gera þingmönnum grein fyrir því að fundinum er ekki lokið heldur er hér að hefjast utandagskrárumræða sem stendur í hálftíma.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þær uggvænlegu fréttir hafa borist að til þess að markmið búvörusamningsins um sauðfjárframleiðslu náist þurfi sérhver bóndi að fækka í stofni sínum á komandi hausti um 17–20%. Þessar fregnir vekja ugg meðal þess fólks sem hefur framfæri sitt af sauðfjárrækt og það hlýtur líka að vera áhyggjuefni þeim sem gerðu og studdu þennan samning.

Rúmt ár er nú liðið frá því að kosið var til Alþingis. Þá mátti heyra skýrar yfirlýsingar um að ekki mætti til flatrar niðurfærslu á framleiðslurétti koma. Að styðja þennan samning þótti þá góður kostur til að ná fylgi fólksins í sveitum landsins. Ef til vill hefur mönnum ekki verið ljóst að í raun byggði búvörusamningurinn á þeirri grundvallarforsendu að skerða sauðfjárstofninn flatt um u.þ.b. ⅓.

Í bréfi sem mér barst frá Ríkisendurskoðun er birt fróðleg tafla sem lýsir hvernig uppkaupum á fullvirðisrétti skyldi náð, þ.e. að færa 12 þús. tonn af fullvirðisrétti í kindakjöti niður í 8.300 tonn af greiðslumarki. Í þessari töflu er fullvirðisréttinum skipt í fjóra flokka og er nú gott fyrir hv. alþm. að skrifa hjá sér: Virkan rétt 9.140 tonn, virkan rétt ónýttan 700 tonn, riðusamninga 900 tonn og leigusamninga 1.260 tonn, alls 12 þúsund tonn. Markmið niðurfærslunnar voru þau að alla leigusamningana upp á 1.260 tonn átti að kaupa upp. Sama var ráðgert um riðusamningana sem tóku til 900 tonna og eins var um ónýtta fullvirðisréttinn, 700 tonn. Þannig áttu að fást í uppkaupunum um 2.680 tonn og var þá jöfnuðurinn fenginn með 840 tonna niðursfærslu úr virka fullvirðisréttinum. Markmiðið stóra, 3.700 tonna niðurfærsla, var þannig komin í höfn.

Það er rannsóknarefni, raunar sálfræðilegt, að ná fram skýringu á því hvernig samningsmönnum hefur hugkvæmst að leggja þessi markmið til grundvallar við gerð búvörusamningsins. Til flats niðurskurðar hlaut að koma. Það gat ekki neinum dulist sem til þekkti.

Þegar betur er að gáð komu önnur ákvæði búvörusamningsins hér einnig við sögu. Þann 1. sept. sl. var opnað fyrir frjálsa sölu á fullvirðisrétti milli sauðfjárbænda. Ríkissjóður sat því ekki lengur einn að þessum markaði. Þessi ráðstöfun veldur því að stórlega þrengist um kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti og enn bætist svo við að samkvæmt samningnum er bændum það auðveldur leikur, a.m.k. í mörgum tilvikum, að kaupa sér nokkurn fullvirðisrétt sé hann á annað borð fáanlegur.

Eins og kunnugt er eiga bændur að fá fullar beinar greiðslur miðað við greiðslumark sitt ef þeir framleiða að lágmarki 80% af því. Beinu greiðslurnar eru því góð trygging fyrir skilvísri greiðslu fullvirðisréttarins og nýtast þótt engin framleiðsla komi fyrir nýja réttinn. Þessar ákvarðanir torvelda árangur í frjálsum uppkaupum ríkissjóðs á fullvirðisrétti og stuðla þannig að flatri skerðingu sauðfjárframleiðslunnar. Hvort svo það kann að vera viljandi eða óviljandi er niðurstaðan sú að flatur niðurskurður er beinlínis innbyggður í núverandi búvörusamning.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hinn 14. febr. á sl. ári skilaði sérstök nefnd, sem skipuð var fulltrúum bænda, hagsmunasamtaka og launþegasamtaka og vinnuveitenda, áfangaskýrslu um framleiðslu sauðfjárafurða til þáv. ríkisstjórnar sem hafði að almennri markmiðsetningu:

1. Að lækka vöruverð til neytenda án þess að slaka á þeim gæðakröfum sem gerðar eru til búvara í dag.

2. Að leita leiða til lækkunar vöruverðs án þess að það kæmi niður á afkomumöguleikum bænda.

3. Niðurstaðan ætti að leiða til lækkunar opinberra útgjalda til landbúnaðarins.

Það var jafnframt ákveðið að þessi aðlögun miðaðist við að eingöngu yrði framleitt til innanlandsneyslu en útflutningsbætur féllu niður. Það er frammi fyrir þessum vanda sem við stöndum nú í dag og því miður blasir sú staðreynd við að innanlandsneysla á lambakjöti hefur dregist saman meira en menn óraði fyrir og eins og nú horfir er svo komið að reikna má með að greiðslumark næsta árs verði ekki yfir 8.200 tonnum sem þýðir 300 tonna samdrátt milli ára og 400 tonna samdrátt ef tekin er með í dæmið sú framleiðsla sem Framleiðnisjóðurinn stendur nú undir.

Af þessum sökum, vegna þess að við blasir að bændur munu ekki eða hafa ekki sýnt vilja til þess að skila fullvirðisrétti til ríkissjóðs, lagði ég fram þá til-

lögu í ríkisstjórninni fyrir skömmu að ríkissjóður endurvæki hliðstæð kauptilboð og voru í gangi sl. sumar og freistaði þess að kaupa út framleiðendur og draga þannig úr þörf fyrir flata skerðingu. Þessi tilboð verði háð því að framleiðendur selji allan fullvirðisrétt sinn og standi til 31. ágúst. Það er að sjálfsögðu óvíst hversu margir kynnu að taka slíku tilboði, en ekki virðist ástæða til að kaupa fleiri en 20 þúsund ær. Ef það tækist og miðað væri við 500 tonna fullvirðisrétt yrði kostnaðarauki af þessum sökum um 115 millj. kr. auk vaxta.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er hægt að taka undir með hv. 3. þm. Austurl. að búvörusamningurinn sem gerður var á síðasta ári við bændur í skugga hins takmarkaða markaðar sníður sauðfjárbændum þröngan stakk. Útkoman hefur þó orðið verri en gengið var út frá vegna vaxandi atvinnuleysis eftir eins árs setu núv. ríkisstjórnar. Í samningunum eru samt ýmis ákvæði sem eiga að auðvelda bændum að standa breytingarnar af sér. Núv. ríkisstjórn hefur hins vegar ekki staðið við þessi ákvæði og virðast stjórnarflokkarnir því hafa talið að samningurinn gerði stöðu bænda of góða.

Við gerð fjárlaga fyrir þetta ár var samningsbundið framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skorið niður um helming eða 340 millj. kr. Þessu fjármagni átti að verja til að leggja grunn að nýjum störfum í stað samdráttarins en stjórnarflokkarnir hafa talið að ekki væri þörf fyrir meiri atvinnu í sveitum landsins.

Við afgreiðslu fjárlaga samþykktu stjórnarflokkarnir einnig að skerða samningsbundnar beinar greiðslur til sauðfjárbænda um 295 millj. á þessu ári sem er um ⅙ af launum þeirra. Þannig taldi Sjálfstfl. og Alþfl. að sérstakt réttlæti væri að lækka þannig laun sauðfjárbænda einna.

Í þriðja lagi samþykktu stjórnarflokkarnir að fella úr gildi ákvæði jarðræktarlaga, m.a. um framlög til endurræktunar túna o.fl. til að auka framleiðni búrekstrarins. Sjálfstfl. og Alþfl. töldu að ekki væri réttlætanlegt að stuðla þannig að arðbærari búrekstri. Einnig má benda á lítil framlög til landgræðslu og skógræktar og ýmislegt fleira sem er í litlu samræmi við vonir þær sem bændur bundu við samninginn. Það er því vissulega knýjandi að ríkisstjórnin breyti stefnu sinni og styðji við bakið á bændum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér er ekki alveg ljóst hver á að vera megintilgangur þessarar umræðu og allra síst hvaða árangri hún á að skila miðað við tímamörk. Hér voru ekki bornar fram spurningar, hér var ekki bent á úrræði. Ef ætlunin er að finna sökudólg held ég að sú leit geti nú orðið tafsöm hvað varðar vanda íslensks landbúnaðar.

Eitt vil ég segja við hv. 3. þm. Austurl.: Það er eitt að gera samning og annað að framkvæma hann, annað að standa við hann. Ég held að hv. 3. þm. Austurl. eigi þar enn verk að vinna að koma sinni eigin ríkisstjórn til þess að standa við þennan samning áður en hann fer að gagnrýna hann. Auðvitað hlýtur hv. 3. þm. Austurl. og aðrir sanngjarnir menn að átta sig á því að það er ekki nýjasti búvörusamningurinn sem veldur í heild sinni þeim vanda sem nú er að glíma við í íslenskri sauðfjárrækt eða íslenskum landbúnaði. Það er ekki búvörusamningurinn sem veldur þeim samdrætti í neyslu kindakjöts sem orðið hefur á undanförnum árum. Það gera þvert á móti stórlækkaðar niðurgreiðslur, alveg sérstaklega í tíma ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. með viðhenginu Alþfl. á einu ári, á árabilinu 1983–1988. Þetta samfara verðhruni á útflutningsmörkuðum er sá vandi sem við erum að glíma við í þessu máli, ekki nýjasti búvörusamningurinn. (Gripið fram í.) Ég gerði það nú, hv. frammíkallandi, ef þú hefur heilsu til að vera að skipta þér af þessu máli. Það er nákvæmlega það sem var gert. Það er hrun niðurgreiðslnanna á árunum 1983–1988 samfara og samhliða hruni í neyslu innan lands sem er auðvitað meginundirrót þessa vanda.

Og eitt að lokum, hv. stjórnarliðar: Það er bókstaflega ekkert sem bannar ykkur að vera betri við íslenska bændur en fyrri ríkisstjórn og búvörusamningurinn gerir ráð fyrir. Ég veit ekki um nokkurn mann í landinu sem mundi leggjast gegn því að ríkisstjórnin yrði betri við íslenska bændur. (**GÁ:** Þeir hétu því í kosningunum.) Gjörið þið svo vel og verið betri við íslenska bændur ef þið viljið, en komið ekki hér með málflutning af þessu tagi. Hann þjónar engum tilgangi, ekki einu sinni atkvæðaveiðum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég get verið sammála formanni landbn., Agli Jónssyni, um að búvörusamningurinn er um margt gallaður. Í samningnum var ekki tekið nægilegt tillit til landnýtingarsjónarmiða og ekki mörkuð skýr stefna um hvar æskilegast væri að halda sauðfjárbúskap við lýði með lífvænlegum hætti fyrir bændur. Í samningnum var ekki tekið á verðmyndunarkerfinu, dreifingu eða vinnslu, auk þess sem eftir er að taka á vanda mjólkuriðnaðarins.

Það þarf að horfa á landbúnaðinn í heild. Það er engum til góðs að taka ekki á þeim offramleiðsluvanda sem við er að glíma í stærstu greinum íslensks landbúnaðar.

En, virðulegur forseti, gert er gert. Búvörusamningurinn er staðreynd og því á að standa við hann. Það gera sér allir ljóst að fram undan er enn frekari samdráttur í íslenskum landbúnaði. Kjöt- og mjólkurframleiðsla er enn meiri en við getum torgað og það er ekkert útlit fyrir að möguleikar á útflutningi opnist í bráð, en þó kann það að gerast ef bændur nýta sér þá möguleika sem kunna að felast í GATT-samningnum þegar og ef hann tekst. Takist bændum ekki að bregðast við innflutningi sem hugsanlega hefst í kjölfar samninganna um EES, verði sá samningur samþykktur hér á hinu háa Alþingi, er ljóst að vandi landbúnaðarins verður enn meiri en nú blasir við. Þær meginspurningar sem við glímum við eru: Hvernig getum við gert bændum þann samdrátt sem fram undan er nú í haust sem allra sársaukaminnstan og hvernig verður hægt að

nýta þau sóknarfæri sem felast í tiltölulega lítið menguðum framleiðsluvörum Íslendinga til að efla landbúnaðinn.

Ég tel að í ljósi þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til á undanförnum árum og snerta landbúnaðinn beri samfélaginu í heild skylda til að aðstoða bændur ýmist til að hætta búskap ef það er vilji þeirra eða til að skapa störf í sveitum landsins þannig að fólk geti áfram búið í sinni heimabyggð. Það verður ekki annað sagt en að stjórnvöld hafi þar algerlega brugðist. Og snertir það ekki síst konur í sveitum landsins. Það er staðreynd að íslenskur landbúnaður er bundinn á klafa miðstýringar og reyrður niður með lagabálkum sem ég held að standi þróun hans fyrir þrifum.

Það sýnir einna best hve óeðlileg staða landbúnaðarins er miðað við aðrar atvinnugreinar hvernig samið er um framtíð hans milli ríkis og bænda og milli aðila vinnumarkaðarins. Ég held að það sé lífsnauðsyn að íslenskur landbúnaður öðlist frelsi til að ráða málum sínum sjálfur og losni undan pilsfaldi ríkisins sem margt bendir til að hafi farið langt út fyrir valdsvið sitt ef marka má úttekt Sigurðar Líndals á lagasetningum undanfarinna ára um landbúnað.

Og að lokum, virðulegur forseti, spurning til hæstv. landbrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að mæta þeim vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir? Hvað hefur verið gert til að skapa þeim ný störf? Eða er bændum ætlað að bætast við á atvinnuleysisskrárnar sem nú þegar eru orðnar allt of langar?

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa kvatt sér hljóðs hér á Alþingi. Hann hefur gert glögga grein fyrir þeim mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir og allir þeir sem vinna við úrvinnslu og þjónustu við landbúnað beint og óbeint.

Þingmenn Vesturlands hafa átt fundi með forsvarsmönnum búnaðarsambanda og stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um vanda landbúnaðarins í kjördæminu. Einnig höfum við átt fundi með forsvarsmönnum atvinnuráðgjafar Vesturlands. En auðvitað þarf með öllum tiltækum ráðum að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem sauðfjárbúskapurinn er í. Á þeim fundum sem við þingmenn Vesturlands höfum átt með bændum og forsvarsmönnum sveitarfélaganna á Vesturlandi hefur það komið fram m.a. í ályktunum sauðfjárbænda á Snæfellsnesi að þar verður mjög mikill samdráttur og það er ekki fyrir séð með hvaða hætti hægt verður á því svæði að bregðast við þeim mikla vanda.

En, með leyfi forseta, vil ég gera grein fyrir ályktun sem stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samþykkti, og hún hljóðar svo:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi vill vekja athygli stjórnvalda á þeirri byggðaröskun og öðrum ófyrirsjáanlegum afleiðingum sem hljótast kunna af óbreyttri framkvæmd búvörusamningsins í sauðfjárrækt í þeim byggðarlögum sem einkum byggja afkomu sína á hefðbundinni búvöruframleiðslu.“

Þetta er megininntak í ályktun forsvarsmanna sveitarfélaganna og þeir leggja mjög ríka áherslu á samstarf stjórnmálamanna, sveitarstjórnarmanna og forsvarsmanna landbúnaðarins til að taka rækilega á í þessum málum.

Virðulegi forseti. Tími minn er búinn, en ég vil að lokum vekja athygli á því að hér er verið að fjalla um lífsafkomu stórs hóps um allt land sem vinnur að landbúnaðarmálum. Það hefur fækkað verulega í þessum virðulega sal. Hvað þá með alla fjölmiðlamennina sem hér hópuðust að fyrir stuttri stundu. Þeir eru víðs fjarri þegar verið er að fjalla um svo mikilvæg mál sem atvinnumál landbúnaðarins.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Vandi sauðfjárframleiðslunnar er mikill. Á tveimur árum verða bændur að fækka um fjórðu hverja kind. Þar á ofan svíkur ríkisstjórnin búvörusamning með því að hýrudraga sauðfjárbændur á þessu ári um tveggja mánaða laun eða sem svarar tveggja nánaða launum, skerðir síðan Framleiðnisjóð. Sauðfjárframleiðslan er í blindgötu og gjaldþrot blasir óhjákvæmilega við fjölda bænda innan fárra ára ef ekki verður breyting á. Markaðshlutdeild dilkakjötsins minnkar stöðugt. Við hljótum að vera á rangri braut.

Ég hef aldrei haft trú á að stjórn á einni kjöttegund á meðan hinar væru frjálsar gengi upp, enda bæta frjálsu kjöttegundirnar stöðugt markaðshlutdeild sína á meðan neyslan á dilkakjötinu dregst saman. Dilkakjötið er of dýrt og það verður að laga með einhverjum hætti.

Maður getur velt fyrir sér hvort til greina komi héðan af að kvótasetja allt kjöt eða hreinlega að gefa hið kvótasetta kjöt, þ.e. dilkakjötið, frjálst. Þessi spurning vefst fyrir mér. Ég ætla ekki að svara henni nú. En hún hlýtur óhjákvæmilega að koma upp í hugann. Landbúnaðarpólitík okkar stemmir heldur ekki við landbúnaðarpólitík umheimsins. Við erum aðilar að EFTA, verðum sennilega aðilar að EES og sennilega verða gerðir GATT-samningar um landbúnaðarmál sem byggja á allt öðrum forsendum en íslensk landbúnaðarpólitík, þ.e. útflutningsbótum og niðurgreiðslum, á sama tíma og útflutningsbætur og niðurgreiðslur eru afnumdar hér. Og síðan er mönnum hellt út í samkeppni.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þeirri stöðu sem við blasir í landbúnaði á Íslandi. Sá efnahagslegi samdráttur sem safnast hefur upp í íslensku þjóðfélagi á nokkurra ára bili með óstjórn í efnahagsmálum, sífelldum halla fjárlaga og stórvirkri söfnun erlendra skulda og nú síðast vegna verulegs aflasamdráttar hefur leitt til þess að það þrengir mjög að víða í sveitum landsins og kannski meira en víðast annars staðar í samfélaginu. Þetta er þeim mun erfiðara við að eiga þar sem allvíða í sveitum landsins eru tekjulægstu vinnusvæðin sem við þekkjum í okkar landi og einmitt þar er minnst svigrúm til að fá aðra vinnu, minnst svigrúm fyrir fólk til

að bjarga sér á annan hátt en við hefðbundin landbúnaðarstörf. Þar er líka minnstur möguleiki til þess að fá raunvirði fyrir þær fasteignir sem menn hafa lagt líf sitt undir. Það eru 2.500 sauðfjárbændur á Íslandi í dag og þar af eru 80% eða um 2.000 sem eru undir vísitölubúinu, sem eru undir 300 ærgildum, en vísitölubúið er 440 ærgildi. Meðalbúið er líklega rúmlega 100 ærgildi. Svo veik er staðan. Og það segir mikla sögu.

Það er að mínu mati mikil ástæða til að skoða þessi mál ofan í kjölinn. Það þarf lengri aðlögunartíma fyrir bændur og búalið að bregðast við en búvörusamningurinn gerir ráð fyrir. Ég hvet til þess að búvörusamningurinn og framkvæmd hans verði endurskoðuð með sérstöku tilliti til þeirra bænda og þess fólks sem stendur höllum fæti og það eru hundruð fjölskyldna í landinu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns koma að ummælum hv. 4. þm. Norðurl. e. um þátt Framsfl. í stefnu og störfum að landbúnaðarmálum á umliðnum árum. Af því að hann gerði það á þann hátt sem hér kom fram leggjum við framsóknarmenn störf okkar í stjórnmálum á sviði landbúnaðarmála alveg óhikað í dóm og berum þau óhikað saman við þann tíma sem Alþb. fór með þann málaflokk. Ég býst við að bændur landsins væru alveg tilbúnir að taka þátt í þeirri umræðu að bera saman búvörusamninginn frá 1985 og þann sem gerður var á síðasta ári. Ég dreg hins vegar enga dul á að framsóknarmenn stóðu að þeim búvörusamningi. Það var alveg ljóst þá að ekki var lengur pólitískur vilji til að flytja út búvörur. Það var þess vegna ljóst að það þurfti að grípa til margháttaðra hliðaraðgerða í sveitum landsins ef þeir sem áfram ættu að hafa sitt viðurværi af sauðfjárrækt hefðu viðunandi afkomu og ekki ætti að koma til stórfelldrar fækkunar.

Á þessu sviði hefur núv. ríkisstjórn algerlega brugðist. Framlög til Framleiðnisjóðs hafa verið skorin niður. Það er ekki staðið við beinu greiðslurnar til bænda og þyngst vegur hið almenna atvinnuástand sem gerir að verkum að allir þeir sem hafa rétt til, nánast allir, hafa nú ákveðið að nýta sér rétt sinn til að taka upp sauðfjárframleiðslu aftur þó svo þeir hafi verið búnir að leigja sinn rétt eða hann hafi verið úti vegna riðusamninga.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það stoðar auðvitað lítt fyrir stjórnarandstæðinga að stilla málinu upp þannig að einstakar ákvarðanir núv. hæstv. ríkisstjórnar hafi orðið til að valda vanda í sauðfjárræktinni. Það er þannig að þegar sú ákvörðun var tekin með gerð búvörusamningsins að draga mjög verulega úr sauðfjárframleiðslunni var verið að leggja þungar byrðar á bændur landsins. Menn eiga ekki að reyna að setja upp einhvern blekkingarleik á hinu háa Alþingi og reyna að stilla málum upp þannig að þessi ákvörðun út af fyrir sig mundi ekki valda erfiðleikum í sveitum landsins. Þetta blasti við hverjum lifandi manni.

Ég er ekkert að gagnrýna það meginmarkmið búvörusamningsins í sjálfu sér að aðlaga innanlandsframleiðsluna að innanlandsneyslunni. Ég taldi það vera mjög skynsamlegt markmið. Það má svo sem ýmislegt að búvörusamningnum sjálfum finna, en þetta markmið var ósköp eðlilegt. En menn eiga ekki að reyna að horfa fram hjá þeim mikla vanda sem það leggur á herðar íslenskri bændastétt að draga úr framleiðslunni með svo örum hætti og með svo miklum krafti eins og gert var ráð fyrir í búvörusamningnum.

Aðalatriðið er þó þetta: Ég held að það sem fram undan er sé tími óvissu fyrir íslenska bændastétt. Nú mun skipta langmestu máli, eins og bændur sjálfir segja, hvernig til tekst um söluna og markaðsöflunina í landinu hvað sauðfjárræktina snertir. Það er mjög athyglisvert að lesa skrif sjálfra bændanna þar sem þeir segja allir þetta með einum rómi: Það sem máli skiptir er salan og ekkert annað en salan. Og ég vek sérstaka athygli á því hvernig bændur landsins úti um landið, á Hvammstanga og á Kópaskeri svo ég taki dæmi, hafa sjálfir upp á sitt eindæmi verið að reyna að efla markaðssókn íslensks landbúnaðar, íslenskrar sauðfjárræktar og það með góðum árangri. Ég held að við ættum að reyna að efla það og það yrði til að styrkja íslenskan landbúnað, ekki sá yfirdrepsskapur sem kemur fram í því að reyna að telja mönnum trú um að samdráttur eins og sá sem búvörusamningurinn gerði ráð fyrir hefði ekki íþyngjandi áhrif fyrir íslenska bændastétt.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Ég þekki nú hjartað og hans hjartaslög dálítið glöggt eftir að hafa starfað með honum í landbn.

Ég skildi hvern hann var að skamma í dag. Hann var að skamma ríkisstjórnina og sinn eigin flokk. Hann staðfesti það með því að segja að mistökin frá 1. sept. væru ein ástæðan. Hann gagnrýndi þröng viðhorf í stjórnkerfinu til landbúnaðarins. Hann kom inn á fleiri atriði. Hann var að skamma sinn flokk og sína ríkisstjórn fyrir að hún hafði ekki staðið við fyrirheitin frá því í kosningunum sem hún hét bændastéttinni og fólkinu í landinu. Það er nefnilega svo að Sjálfstfl. hefur eignast nýtt kjörorð: Segjum eitt og gerum annað.

Hann kom líka inn á rof samningsgerðarinnar þegar tveir mánuðir af launum bænda á næsta ári skulu skertir. Ég ætla að biðja hæstv. landbrh. að skoða það vel hvort einhverjir fara ekki í tugthúsið út af því máli. Skyldi það ekki geta farið svo að slíkt samningsrof þýddi að menn fái á sig dóm? Ég hygg að bændastéttin muni kanna hvort það standist lög. Það er samningsrof sem ekki fær staðist. Þessu vil ég vekja athygli á.

En hitt er annað mál að það eru atvinnumálin í heild og atvinnustefna þessarar ríkisstjórnar, hin dauða hönd sem á sinn þátt í þessu. Menn eru að koma inn sem ekki hafa verið í þessari framleiðslu í 5–6 ár vegna þess að önnur tækifæri hafa brugðist. Þess vegna koma

þeir inn, þess vegna blasir við flöt skerðing hvað sauðfjárframleiðsluna varðar upp á 20–25%.

Ég vil eigi að síður þakka hæstv. ráðherra þau viðbrögð að ætla að verja meira fjármagni til uppkaupa því að sannleikurinn er sá að flatur niðurskurður mun bitna það þungt á yngstu kynslóð bændastéttarinnar að hún verður að hverfa frá búum sínum og bitna á launalið.

En eitt er alvarlegast í þessu máli og það er stefna ríkisstjórnarinnar því það voru fyrirheit um að innflutningur ætti sér ekki stað á landbúnaðarvörum. En hæstv. iðnrh. og viðskrh. og ríkisstjórnin öll ætla nú að hella yfir landbúnaðinn innflutningi á unnum landbúnaðarvörum.

Þar með hef ég lokið máli mínu og þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa vakið athygli á þeim aumingjaskap sem nú ríkir hjá ríkisstjórn Íslands.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Vegna frammíkalls míns í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og svara hans aftur til mín vil ég upplýsa hann um að sem betur fer er heilsa mín aðeins að koma til.

Hvers vegna er staðan í landbúnaði svo slök sem raun ber vitni? Það er vegna þess að með þeim búvörusamningi sem gerður var árið 1990 og sem núv. ríkisstjórn tók í arf frá fráfarandi ríkisstjórn var lagður grundvöllur að því ástandi sem við búum við í dag í landbúnaðarmálum. Þessi samningur er einn mesti nauðasamningur sem gerður hefur verið hér á landi gagnvart landbúnaðinum og er allt annar samningur en sá samningur um búvöru sem í gildi var. Það er því furðulegt að talsmenn fráfarandi stjórnar skuli telja hann gull og gersemi eins og þeir segja stundum.

En það var ekki nóg að fráfarandi ríkisstjórn samþykkti búvörusamninginn. 20% lækkun skyldi koma til framleiðenda á afurðaverði á stuttum tíma. Búvöruverð er vissulega of hátt til neytenda og það þarf að finna leiðir til lækkunar án þess að það lendi allt á framleiðendum. Ríkisstjórnin samþykkti og að afnema útflutningsuppbætur að fullu nú í lok þessa árs. Þá eru liðin 33 ár frá því að þær voru teknar upp. Árið 1985, á 26 ára afmæli þeirra, lagði Jón Helgason til með búvörulögum að þær skyldu afnumdar 1990. Þrír stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar er þá sátu á þingi komu í veg fyrir að svo yrði heldur voru þær framlengdar að hluta til ársins 1992. Það var því vel að verki staðið hjá fráfarandi ríkisstjórn að fullkomna tillöguna frá 1985 um að afnema útflutningsbæturnar að fullu nú í ár eða hitt þó heldur. Einmitt þegar við þurftum að horfa til samninganna um GATT. Ein rós í hnappagatið hjá hæstv. fyrrv. ríkisstjórn.

Útflutningsuppbætur hafa verið haldreipi bændastéttarinnar alla þessa áratugi. Það hefði hins vegar þurft að breyta hlutverki þeirra fyrir mörgum árum að fenginni reynslu. Það að ákveða að útflutningsbætur yrðu ekki greiddar með útflutningi nema fengist a.m.k. lágmarksverð, helst 50%, hefði verið meiri hvati til að afla markaða en að geta alltaf sótt afgangana í ríkissjóð. Þarna liggja vissulega áramistök. Einnig hefði verið eðlilegt að nota hluta þeirra í niðurgreiðslur innan lands til að halda niðri verðlaginu. Þá hefði neysluminnkun ekki orðið svo mikil sem raun ber vitni. En þegar loks var farið að breyta reglum um útflutningsuppbæturnar 1985 var ákveðið að þær skyldu fara að hluta til að efla nýjar atvinnugreinar í stað þess að veita þeim að hluta m.a. til að hjálpa mönnum út úr hefðbundnum búgreinum sem illa voru settir, minnka nokkuð framleiðsluna en styrkja sveitirnar sem heild.

Því fé var vel varið sem fór í ferðaþjónustu. En sömu sögu er ekki að segja um það sem fór í ref og mink. Stjórnvöld, sérstaklega yfirmenn landbúnaðarmála, hvöttu bændur óspart til að fara í þessa grein. Þessi búskapur varð mikil harmasaga og verður ekki hjá því komist að stjórnvöld bæti þau harmkvæli betur sem fjöldi manna hefur orðið fyrir. Það er skylda þeirra vegna forsögunnar.

En fráfarandi ríkisstjórn gerði meira. Hún var komin á þröskuldin inn í EES þegar hún fór frá. Búið var að semja um 98%, sagði Jón Baldvin. Ríkisstjórnin gleymdi nótuskiptum milli aðila varðandi landbúnað í þann tíma. Hún var búin í þeim samningum að samþykkja ákveðinn innflutning á landbúnaðarvörum og er vert að hugleiða út af orðum síðasta ræðumanns um innflutning. Þáv. landbrh. gleymdi líka GATT. Og þær voru ekki af háum hól tillögurnar sem voru lagðar fram við GATT á árinu 1990. Tillögur núv. ríkisstjórnar sem GATT voru sendar í janúar eru með öðrum hætti og þeim þarf að fylgja eftir, en betra var seint en aldrei miðað við það sem á undan fór.

Spurning dagsins í dag er þessi til hæstv. landbrh. og núv. ríkisstjórnar: Hvernig er hægt að koma til móts við landbúnaðinn í dag og draga úr því áfalli sem verk fráfarandi ríkisstjórnar hafa valdið honum? Það er voði víða í byggðum ef það ekki tekst.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á málefnum landbúnaðarins nú. Ég geri mér fyllilega ljóst hvers vegna hann gerir það. Hann gerir það vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar í málefnum bænda. Hann gerir það vegna þess að menn hafa látið tímann líða og það heldur áfram að halla undan í sveitum landsins. Öllum þeim sem tóku þátt í kosningabaráttunni á sl. vori kom saman um að það ætti jafnvel að gera betur við bændur en í búvörusamningnum stóð. En hvað hefur verið gert? Tekjur bænda hafa verið skertar meira. Hv. stjórnarliðar hafa einmitt tekið þátt í því. Þeir hafa ekkert sett í fjárlög og engar fyrirætlanir verið með uppi um að spýta einhverju lífi í atvinnulífið í sveitum. Það sem hefði þurft að fylgja þeim aðgerðum sem eiga að tengjast búvörusamningnum eru fyrst og fremst ný atvinnutækifæri í sveitum. Það ættu að vera núna í burðarliðnum aðgerðir sem mundu auka atvinnu um sveitir landsins. Ef menn mæta á fundum hjá bændum og bændafólki úti um allt land er það efst í huga fólksins þar að bæta samgöngur til að auka möguleikana á nýjum atvinnutækifærum. Þar ber öllum saman um að betri samgöngur séu hornsteinninn. Þetta mál ræddum við ítrek-

að í samgn. í vetur. Við vorum að reyna að fá menn til að taka þátt í því að auka fjármagn til samgöngumála á þessum forsendum m.a. Það var ekki á það hlustað.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega hárrétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að mig varðar meira um málefnin sem eru að gerast í dag og snerta hagsmuni fólksins en mistök fyrrv. ríkisstjórnar. Ég hef hins vegar velt því nokkuð fyrir mér hvað þau þröngu viðbrögð til landbúnaðarins sem gætt hefur og gætir enn í stjórnkerfinu eru mikið áhyggjuefni og búvörusamningurinn á vissulega sinn þátt í því.

Þannig kynnti landbrn. Stofnlánadeild landbúnaðarins þann 14. mars að ekki væri lengur unnt að veita ábúendum ríkisjarða veðleyfi vegna dráttarvélakaupa. Slík fyrirgreiðsla samrýmdist ekki lengur ákvæðum stjórnarskrár íslenska lýðveldisins. Búnaðarfélag Íslands hefur nýlega fengið bréf frá landbrh. um jarðræktarframkvæmdir. Ekki kunni ég við tóninn í því bréfi. Þar er því m.a. neitað að greiða bændum lögboðin framlög sem voru unnin áður en bandormurinn frægi gekk í gildi. Þá vantaði nefnilega bréf upp á vasann, bændurna, til að mega vinna þessi verk.

Í áfangaskýrslu um mjólkurframleiðslu sem alþingismenn hafa nýlega fengið í hendur segir m.a. um hagkvæmni aukinnar kjarnfóðurnotkunar: „Vegna álagningar kjarnfóðurgjalds og tilkomu fullvirðisréttar hefur dregið mjög úr notkun kjarnfóðurs í mjólkurframleiðslunni. Þrátt fyrir það hefur nyt hækkað vegna aukinna heygæða og hagstæðs veðurfars síðustu ár. Í heild hefur styrkleiki fóðurs þó minnkað og má fullvíst telja að ef notkun kjarnfóðurs yrði aftur aukin í það sem hún var fyrir einum áratug kæmi fram afurðaaukning sem næmi hundruðum lítra á hvern grip."

Síðan er svo lagt til að hafinn verði innflutningur á nýjum nautgripakynjum sem væntanlega gætu þá að mestu lifað á innfluttu margniðurgreiddu kjarnfóðri. Ég vara við þessum boðskap. Ég vara við þessari áfangaskýrslu. Höggið sem nú er að falla á sveitir landsins verður byggðunum nógu dýrkeypt þó annað bætist ekki við. Ég hlýt að óska þess eindregið að landbn. Alþingis verði afhent öll gögn er þessa áfangaskýrslu varða og að ekki verði gengið frá neinum samingum fyrr en nefndin hefur fjallað um málið. Það er Alþingi Íslendinga sem ber ábyrgð á samningum sem þessum en ekki einhver úti í bæ. Það er mér mikið umhugsunarefni hvað lítið breytist. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég verð að vekja athygli forseta á því að ég hafði óskað eftir ótímabundinni umræðu og ég féllst á það við aðalforseta að hverfa frá henni vegna þröngs tíma í þinginu. Ég ætlast til þess að ég fái að ljúka þessum fáu orðum mínum í friði fyrir einhverjum bjölluhljómi. (**Forseti:** Forseti verður að starfa samkvæmt því samkomulagi sem gert var.)

Það er mér mikið umhugsunarefni hvað lítið breytist þó skipt sé um í stólum í Stjórnarráði Íslands. Jafnvel þótt menn komi glaðbeittir með stífar yfirlýsingar, m.a. um að það skuli ekki verða þrengt að kjörum sauðfjárbænda með flötum niðurskurði á bústofni þeirra, þá gerist það samt. Nú dylst mér ekki góður vilji þeirra sem ráða þessum málum bæði nú og áður. Hvernig má þá vera að ekki skuli betur takast til? Eru niðurrifsöflin gagnvart íslenskum landbúnaði búin að fá fastan sess í okkar stjórnsýslu? Gengur þessi ófögnuður sjálfkrafa í stjórnkerfinu? Er ekki ráð fyrir okkur alþingismenn að huga betur að þessum málum? Hér eigum við skyldur. Völdin eru í okkar höndum. Af kynnum mínum og samstarfi við alþingismenn fullyrði ég að viljann vantar ekki.

Með bréfi til Ríkisendurskoðunar þann 31. mars leitaði landbn. Alþingis eftir því við Ríkisendurskoðun að hún framkvæmdi ítarlega könnun, ég vil segja rannsókn, á ýmsum mikilvægum þáttum er varða verðmyndun á kindakjöti. Enn fremur leitaði nefndin eftir því við landbrh. með bréfi dags. 7. apríl að upplýst yrði hversu mikils niðurskurðar á rétti sínum sauðfjárbændur mættu vænta á hausti komanda og að jafnframt yrði upplýst hver væru líkleg áhrif þeirrar skerðingar á afkomu bænda og búsetunnar í landinu. Til þessara svara þarf vel að vanda og auðvitað þarf til þess nokkurn tíma. En svör verða að berast og það sem fyrst.

En umfram allt verða þeir sem hér eiga forustuhlutverki að gegna, bændaforustan og ráðamenn í þjóðfélaginu, að yfirfara þennan búvörusamning og freista þess að lagfæra þá annmarka sem á honum eru svo ekki þurfi að koma til þeirrar skerðingar á hlut þeirra sem afkomu sína eiga undir þessum samningi með þeim hætti sem nú blasir við.

Virðulegi forseti. Eigi veldur sá er varar. Ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vekur athygli á því að um það var gert samkomulag að þessi umræða færi fram samkvæmt ákvæðum þingskapa um takmarkaðan ræðutíma og forseti verður að sjálfsögðu að leitast við að við það samkomulag sé staðið.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það sem hefur einkennt þessar umræður er að þingmenn bera kvíðboga fyrir því hvað sé fram undan hjá sauðfjárbændum sem von er. Ég ætla að leiða hjá mér að fara í kappræður um hvað sé hverjum að kenna eða hver hafi náð mestum árangri. Frammi fyrir hinu stöndum við, að neysla á dilkakjöti hefur dregist mun meira saman, jafnvel meira en þeim svartsýnustu datt í hug, og hins vegar að ákveðið hefur verið, bæði af bændasamtökunum sjálfum og eins af þeim sem bera ábyrgð á ríkisfjármálum, að hætta útflutningsuppbótum á dilkakjöti. Frammi fyrir þessu stöndum við. Auðvitað hljóta bændasamtökin að velta því fyrir sér hvernig á því megi standa að neyslan hér innan lands hefur dregist svo mjög saman sem raun ber vitni sem hlýtur að kalla á að einnig í þessari framleiðslu verði reynt að koma meir til móts við markaðinn en verið hefur og draga dæmi af því þar sem betur hefur gengið. Á hinn bóginn blasir við að ekki hef-

ur tekist að ná þeirri fótfestu á erlendum markaði sem gefur tilefni til bjartsýni.

Ýmsir þeir sem hér hafa staðið upp hafa hvatt til þess að opinber forsjá komi til, til að reyna að greiða úr því að ný atvinnutækifæri skapist í sveitum. Við lifðum það á síðasta áratug hvernig það gekk. Við munum það, sem hv. 6. þm. Suðurl. Eggert Haukdal impraði á áðan, hvernig fór fyrir þeim sem fóru út í loðdýraræktina. Það er hörmuleg saga en er um leið áminning um hversu valt það er að treysta opinberri forsjá í sambandi við sköpun atvinnutækifæra.

Á hinn bóginn sjáum við líka hversu vel hefur tekist til sveita þar sem er ferðaþjónusta bænda. Tiltölulega mjög litlum fjármunum hefur verið varið til þessarar þjónustu, en við sjáum að þar er lyft hverju grettistakinu af öðru sem hefur gjörbreytt svipnum í heilum byggðarlögum.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hugðist ræða það efni sem ég ætla að taka fyrir fyrir umræðuna, en ég geri það að henni lokinni. — Ja, það dæsir í forseta um leið og eitthvað er nefnt hér í þessum sal.

Ég ber töluverða virðingu fyrir Alþingi og geri kröfu um að forsetar þingsins gæti fullrar virðingar og að málefni fái þann tíma sem þau þurfa. Ég veit ekki hvernig það kemur til að forsætisnefnd þingsins ákveður þegar t.d. hv. þm. Egill Jónsson, sem er formaður landbn. þingsins, biður um utandagskrárumræðu um mikinn vanda sem blasir við í greininni að hann skuli ekki komast áfram með að fá lengri tíma en hálftíma til málsins, að hann skuli ekki fá lengri tíma til þess að hér geti farið fram málefnaleg umræða, menn geti skipst á skoðunum og brotið málið til mergjar. Ég vil fá skýringu á því hjá forseta, sem hlýtur að hafa verið á þeim fundum þar sem forsætisnefnd tók þetta mál til umfjöllunar, hverju það sætir að menn leyfi sér að setja jafnstórt mál í hálftímaumræðu.

Ég get vel skilið forsætisnefnd þó hún fallist ekki á hina lengri umræðu. En ég vek athygli á því að prýðilegar umræður hafa hér farið fram utan dagskrár um mikilvæg málefni á þessum vetri og þá hafa menn samið um ívið lengri tíma, klukkutíma, tvo tíma og hefur það gefist allvel. Mér hefur oft fundist að þessi styttri umræða næði ekki þeim árangri sem hún þyrfti að ná.

Þessi orð mín eru fyrst og fremst sögð til að æskja skýringa á þeirri ákvörðun forsætisnefndar að neita hv. þm. um lengri umræðuna.

Egill Jónsson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Auðvitað er ástæðan sú fyrir því að hér varð ekki lengri umræða að langt er nú liðið þings. Mér finnst vert að ég geri fulla grein fyrir því að í umræðum milli mín og aðalforseta þingsins voru ekki neinir erfiðleikar með að komast að samkomulagi með tímalengd þessarar umræðu. Ég hafði hins vegar fyrir alllöngu haft orð á því að ég vildi komast að með að ræða þetta mál, en af því hefur ekki getað orðið fyrri en núna.

Það er eftirtektarvert líka og ekki síst með tilliti til þess áhuga sem kom fram í umræðunni að það skyldi enginn annar alþingismaður finna hvöt hjá sér til að óska eftir þessari umræðu, t.d. stjórnarandstæðingar sem voru með ansi stríðar yfirlýsingar um aðgerðir núv. ríkisstjórnar í þessum málum, en höfðu ekki döngun í sér til að biðja um utandagskrárumræðu, hvorki langa né stutta.

En mér fannst ástæða til þess að ég gerði grein fyrir samskiptum mínum við forsetann sem fóru fram í miklum friði. Ég hlýt líka að þakka fyrir þátttökuna í þessari umræðu og margar og góðar og málefnalegar umræður. Ég er sannfærður um að þessum tíma hefur verið vel varið og að hann á eftir að skila árangri fyrir bændur landsins.

Guðni Ágústsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Er það svo að þessi hæstv. forseti geti ekki talað við hv. alþm.? Sé hann spurður að orði ansar hann ekki. Ef svo er komið held ég að það þurfi að taka það alvarlega fyrir með forsætisnefndinni og þingflokksformönnum hvers lags ástand er hér þegar þessi hæstv. forseti situr á forsetastóli. Ef hann getur ekki sagt nema þær setningar sem eru til að tilkynna um breytt umræðuefni getum við haft þar róbót eða vélmenni. Þannig kemur hann fram gagnvart okkur þingmönnum þingsins af slíkri vanvirðu að það er ekki hægt að sætta sig við það. Ég spurði hæstv. forseta spurninga og hann þykist aldrei knúinn til þess að svara einu einasta orði. Ég vek athygli á þessu og geri kröfu til forsætisnefndarinnar að þetta verði tekið til umræðu ellegar verður stjórnarandstaðan að beita því að kalla til aðalforseta þingsins, frú Salome Þorkelsdóttir, sem vissulega er forseti alls þingheims.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti áleit að hv. 3. þm. Austurl. hefði svarað spurningu sem fram kom í máli hv. 5. þm. Suðurl.

Málefni fatlaðra, 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 354, nál. 915 og 945, brtt. 916, 944, 946 og 959.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 915 um frv. til laga um málefni fatlaðra frá meiri hluta félmn. Ég mæli jafnframt fyrir brtt. á þskj. 916 við sama frv.

„Nefndin hefur fjallað um frv. á fjölmörgum fundum og fengið um það umsagnir frá fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, stjórnarnefnd málefna fatlaðra, Foreldra- og vinafélagi Kópavogshælis, heilbr.- og trmrn., félagsmálastjóra Akureyrarbæjar, fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis, héraðslækninum í Suðurlandshéraði, bæjarstjórn Ísafjarðar, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Vestfjörðum, stjórn Sólheima í Grímsnesi, Félagi fram-

kvæmdastjóra svæðisstjórna málefna fatlaðra, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Austurlandi, Blindrafélaginu, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra, menntmrn., héraðslækninum í Reykjaneshéraði, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Þroskaþjálfaskóla Íslands, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Austurlandi, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Suðurlandi, bæjarstjórn Siglufjarðar, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, héraðslækninum í Austurlandshéraði, bæjarstjórn Akraness, svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík, biskupi Íslands, Þroskahjálp, Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi, bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, bæjarstjórn Vestmannaeyja, Félagi sérkennara, bæjarstjórn Selfoss, Félagi þroskaþjálfa, Félagi heyrnarlausra, Sjálfsbjörg, bæjarstjórn Húsavíkur, Samstarfshópi um málefni daufblindra, Sálfræðingafélagi Íslands, bæjarstjórn Njarðvíkur, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Dalvíkur, stjórn Skálatúnsheimilisins í Mosfellsbæ, Geðhjálp, Kópavogshæli, bæjarstjórn Sauðárkróks, Geðverndarfélagi Íslands, landlækni, Ingimar Sigurðssyni, í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, Umsjónarfélagi fatlaðra, Félagi nýrnasjúkra og Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um frv. Braga Guðbrandsson, aðstoðarmann félmrh., Þórð Skúlason og Vilhjálm S. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarna Kristjánsson og Soffíu Lárusdóttur frá Félagi framkvæmdastjóra svæðisstjórna fatlaðra, Birgi Guðmundsson, Ólaf Kristinsson og Jóhann Arnfinnsson frá Foreldra- og vinafélagi Kópavogshælis, Sigfús Jónsson, formann sveitarfélaganefndar, Tómas Grétar Ólafsson, frá stjórn Sólheima í Grímsnesi, og Ingimar Sigurðsson, framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með brtt. sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Brtt. miða einkum að því að draga úr þeirri auknu miðstýringu sem margir umsagnaraðilar hafa talið einkenna frv. Í þessu felst að dregið er úr valdi félmrn. og jafnframt leitast við að auka áhrif heimamanna. Til viðbótar eru allnokkrar brtt. sem flestar eru tilkomnar í ljósi athugasemda umsagnaraðila. Brtt. við frv. eru eftirfarandi:

Lagt er til að síðasti málsl. 3. gr. falli brott. Í fyrsta lagi hefur ákvæðið verið efnislega umdeilt. Í öðru lagi þykir vafasamt að kveða á um skipan Stjórnarráðsins í sérlögum.

Lagðar eru til þrjár breytingar við 6. gr. Sú fyrsta lýtur að því að svæðisráð geti gert tillögur bæði til svæðisskrifstofa og beint til ráðuneytis. Er þannig lagt til aukið vægi svæðisráðs. Önnur brtt. felur í sér að svæðisráð hafi frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta sé verkefni ráðuneytisins, en telja verður æskilegt að fela heimamönnum þetta viðfangsefni. Í þriðju tillögunni felst að fulltrúum í svæðisráði verði fjölgað um tvo. Fulltrúi félmrn. er felldur út en héraðslæknir og fræðslustjóri taka sæti í svæðisráðinu. Jafnframt er fulltrúum sveitarfélaga fjölgað um einn og skal sá fulltrúi vera félagsmálastjóri innan svæðisins. Telja verður að svæðisráðið sé betur fallið til að sinna samræmingu þjónustu innan svæðis með setu héraðslækna, fræðslustjóra og félagsmálastjóra í því. Stuðlar þetta og að aukinni samvinnu og samráði félags-, heilbrigðis- og menntakerfis í málefnum fatlaðra. Þá felur þessi skipan í sér aukin áhrif heimamanna og aukið vægi svæðisráðsins."

Virðulegi forseti. Það að svæðisstjórnir í málefnum fatlaðra eru lagðar niður í núverandi mynd er gert í því skyni að leysa þá þversögn sem er fólgin í þeim verkefnum þeirra að bera ábyrgð á verkefnum þeirra, að bera ábyrgð á framkvæmd þjónustu annars vegar og hins vegar að hafa eftirlit með þeirri sömu framkvæmd. Samkvæmt frv. verður framkvæmd þjónustu við fatlaða á vegum ríkisins á ábyrgð svæðisskrifstofa. Svæðisráðum er aftur á móti falið eftirlitshlutverkið. Því hefur verið haldið fram að í þessari tilhögun felist mjög aukin miðstýring. Svæðisskrifstofurnar séu útibú frá ráðuneytinu og þær hafi allt vald um framkvæmd þjónustunnar. En svæðisráðin eigi einungis kost á að fylgjast með og gera tillögur. Þannig sé valdið tekið frá heimamönnum sem áður hafi tekið virkan þátt í uppbyggingu og rekstri þjónustunnar með setu í svæðisstjórnum.

Í fyrsta lagi yfirsést þeim sem þessu halda fram að í frv. eru stigin spor í þá átt að styrkja skrifstofurnar á svæðunum, m.a. með því að flytja verkefni og ábyrgð frá ráðuneytinu, auk þess sem verkefni þeirra og ábyrgð eru skilgreind mun betur en í gildandi lögum. Þetta sjónarmið byggir einnig á vanþekkingu eða vanmati á þeim þýðingarmiklu verkefnum sem svæðisráðunum er ætlað að sinna samkvæmt frv. og ástæða til að draga það fram að svæðisráðunum er ætlað að sinna öðrum verkefnum en skrifstofunum er ætlað. Þau verkefni fela í sér mikla ábyrgð svo sem sjá má í 6. gr. frv. Þannig er þeim ætlað að gera tillögur um þjónustu á svæðunum. Þeim er jafnframt ætlað að sinna samræmingarstarfi á þjónustu á ólíkum sviðum. Þá er þeim ætlað að annast eftirlit með stofnunum fatlaðra, margvíslegri starfsemi og þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna. Svæðisráðum ber jafnframt að annast réttindagæslu fatlaðra sem er á meðal merkustu nýmæla þessara laga. Loks skal nefnt hið mikilvæga verkefni að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaganna í málefnum fatlaðra með gerð sérstakra þjónustusamninga á milli ríkis og sveitarfélags sem kveða á um yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða innan vébanda þess að hluta til eða að öllu leyti. Ljóst má vera að hin margbrotnu verkefni sem svæðisráðum er ætlað að sinna skapa þeim sjálfstæða ábyrgð sem tekur fram því óskilgreinda hlutverki sem núverandi svæðisstjórnir sinna. Með þeirri brtt. sem meiri hluti félmn. leggur til að gerð verði á skipan svæðisráða má ætla að þau séu faglega og skipulagslega vel í stakk búin til að sinna þessum viðfangsefnum. Í þessum breytingum

felst að fulltrúum er fjölgað um tvo eins og áður er sagt.

Lagt er til að 8. gr. falli brott. Er það í samræmi við óskir margra umsagnaraðila. Með þeirri breytingu, sem lögð er til á 6. gr., ætti samráð að vera leyst á hverju svæði fyrir sig og nefnd ráðuneyta að vera óþörf.

Við 10. gr. er annars vegar lögð til sú breyting að 4. tölul. falli niður þar sem orðið „þjónustumiðstöð" er einungis samheiti þjónustu sem frv. kveður að öðru leyti á um. Ef hagkvæmt þykir að reka fleiri en einn þjónustuþátt saman ætti að vera óþarft að kveða sérstaklega á um það. Hins vegar er lögð til breyting í 4. mgr. sem kveður á um að umsögn stjórnarnefndar er ekki nægileg ein sér og undirstrikar það aukið vægi svæðisráða.

Lagt er til að 11. gr. verði breytt til þess að útrýma misskilningi sem orðið hefur vart vegna orðalags greinarinnar. Skipulagt svæði samkvæmt skipulagslögum er ýmist íbúðabyggð, stofnanasvæði eða atvinnusvæði. Svo virðist sem orðalag frv. hafi valdið misskilningi. Því þykir rétt að einfaldlega sé kveðið á um að búseta fatlaðra skuli vera í íbúðabyggð samkvæmt skipulagslögum. Með þessu er verið að undanskilja önnur svæði en íbúðahverfi, svo sem iðnaðarhverfi, svæði sem ætluð eru byggingum til almenningsþarfa o.s.frv. og kveðið er á um í skipulagslögum. Í greininni er notað orðið „íbúðabyggð" en ekki íbúðahverfi eins og það er orðað í skipulagslögum. Er þetta gert til þess að leggja áherslu á að átt er við íbúðabyggð hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Lagðar eru til tvær breytingar við 12. gr. Fyrri breytingin felur í sér aukna áherslu á vilja hins fatlaða. Sú seinni lýtur að því breytta orðalagi sem þykir bera vott um of mikið forræði.

Lagðar eru til fjórar breytingar við 13. gr. Lögð er í fyrsta lagi til breyting við 1. málsl. 1. mgr. sem ætti að taka af tvímæli um að óþarft sé að starfrækja svæðisskrifstofu þegar sveitarfélög taka yfir þjónustu við fatlaða að öllu leyti. Færi um slíkan rekstur samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá er annars vegar lögð til breyting á 1. tölul. 1. mgr. og hins vegar lögð til viðbót við 2. tölul. 1. mgr. Þessar breytingar þykja nauðsynlegar til að taka af tvímæli um að ekki er ætlunin að svæðisskrifstofur hafi yfirumsjón með þjónustu, framkvæmdum og rekstri sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana. Í fjórða lagi er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. falli brott. Ákvæðið er óþarft og hefur valdið misskilningi. Um ráðningu starfsfólks fer samkvæmt almennum reglum, þ.e. framkvæmdastjóri ræður starfsfólk, enda er ráðningin staðfest af ráðuneyti.

Lögð er til breyting við 14. gr. og vísast um það til seinni athugasemdar við 6. gr. Í greininni er sérstaklega kveðið á um gerð þjónustusamninga á milli ríkis og sveitarfélaga, um yfirtöku á þjónustu við fatlaða. Ástæða er til að það komi fram að líta verður svo á að heimilt sé að gera þjónustusamninga við aðra rekstraraðila en sveitarfélög, t.d. sjálfseignarstofnanir, enda þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um slíkt í frv. Ljóst er að sjálfseignarstofnanir eru viðurkenndir rekstraraðilar að stofnunum fatlaðra samkvæmt frv. og er heimilt að slíkir þjónustusamningar séu gerðir, enda séu báðir aðilar, þ.e. ríkið og viðkomandi sjálfseignarstofnanir, viljugir til að ganga til slíkra samninga.

Lagt er til að síðari málsl. 15. gr. falli brott. Veruleg andstaða hefur komið fram hjá mörgum aðilum vegna þessa heimildarákvæðis.

Lagt er til að 6. tölul. 1. mgr. 17. gr. falli brott. Sjá má af mörgum umsögnum að menn óttast þá miðstýringu á þjónustu sem í ákvæðinu felst. Umsagnaraðilar láta og í ljós efasemdir um gildi göngudeildar fullorðinna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í ljósi þessa þykir ekki rétt að stofnað verði til slíkrar deildar, einkum þegar haft er í huga að hún hefði talsverð útgjöld í för með sér. Enn fremur eru lagðar til leiðréttingar við misritun í 7. og 9. tölul. 1. mgr. greinarinnar.

Lagt er til að 18. gr. verði breytt vegna þess að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sérhæfir sig fyrst og fremst í þroskafrávikum. Því er í mörgum tilvikum eðlilegra að vísa til annarra aðila, svo sem Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands eða Sjónstöðvarinnar.

Lagt er til að í 20. gr. verði mælt fyrir um að fötluð börn skuli eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skuli veita hana á almennum leikskóla með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum, sbr. leikskólalög, og er þar um breytingu á setningunni að ræða.

Breytingin sem lögð er til við 25. gr. felur ekki í sér efnislega breytingu.

Lögð er til sú breyting við 26. gr. að heimaaðilar taki þær ákvarðanir sem um er að ræða í stað félmrn.

Lagt er til að 31. gr. verði breytt á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er lagt til að eftir 1. málsl. komi nýr málsliður til fyllri skýringar á efni greinarinnar. Þá eru lagðar til breytingar á tveimur síðustu málsliðum til að taka af öll tvímæli um að ákvæði greinarinnar vísar til launaðra starfa.

Lagt er til 32. gr. verði breytt vegna þess að ekki þykir rökrétt að binda í lög að könnun skuli gera á ákveðnu árabili.

Lögð er til breyting á 36. gr. vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um akstur fatlaðra en gert er ráð fyrir að Ferðaþjónusta fatlaðra, sem kveðið er á um í greininni, greiðist af sveitarfélögunum. Eins og kunnugt er hefur rekstur Ferðaþjónustu fatlaðra hingað til verið tvískiptur. Ríkið hefur annast rekstur ferðaþjónustu á sérstofnanir fatlaðra, en sveitarfélögin hafa sinnt almennnri akstursþjónustu fatlaðra, t.d. vegna atvinnu og tómstunda. Í þessu hefur falist óhagræði og skilin á milli ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga hafa ekki alltaf verið skýr sem hefur skapað ágreining og valdið fötluðum óþægindum. Í mörgum umsögnum um frv. var á það bent að nauðsynlegt væri að ferðaþjónusta fatlaðra yrði á einni hendi.

Að undanförnu hafa átt sér stað viðræður á vegum félmrn. við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga með þátttöku menntmrn. og fjmrn. um verkefnaflutning á milli ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöður þeirra viðræðna liggja nú fyrir og eru þær eftirfarandi:

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti rekstrarkostnað

Unglingaheimilis ríkisins og meðferðarheimilisins að Torfastöðum frá 1. jan. 1993. Um er að ræða kostnað vegna þeirra verkefna sem skilgreind eru í 6. gr. reglugerðar um Unglingaheimili ríkisins. Frá sama tíma falli niður daggjöld þau er sveitarfélög hafa áður greitt vegna þeirrar starfsemi.

Ríkissjóður reki á sinn reikning meðferðarheimili fyrir börn sem ekki geta fengið fósturvistun, svokölluð vegalaus börn. Um er að ræða heimili fyrir börn sem fyrirsjáanlega munu ekki eiga kost á fóstri hjá fjölskyldum annars vegar og börn sem þarfnast langtímameðferðar hins vegar.

Í þriðja lagi: Sveitarfélögin yfirtaki núverandi skyldur ríkisins vegna aksturs fatlaðra, sbr. lög um málefni fatlaðra, enda verði ákvæðum núgildandi laga um málefni fatlaðra breytt í þá veru. Hið sama gildir um skólaakstur og/eða annan tilkostnað sem komið getur í stað skipulegs skólaaksturs og tengist rekstri sérskóla og sérdeilda á vegum ríkisins. Yfirtakan eigi sér stað þann 1. jan. 1993.

Í kjölfar þessa samkomulags, sem bréfleg staðfesting af hálfu stjórnar Sambands sveitarfélaga liggur fyrir um, leggur meiri hluti félmn. til breytingar á ákveðnum greinum um Ferðaþjónustu fatlaðra sem ég hef hér greint frá.

Lögð er til breyting á tilvísun í 49. gr. vegna brtt. við 36. gr. Þá er bætt við greinina ákvæði þess efnis að ríkissjóður greiði þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna á leikskólum.

Í 50. gr. er kveðið á um að tekjur sem falla til vegna starfsemi stofnana, svo sem af atvinnurekstri, skuli koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra. Að gefnu tilefni er rétt að það komi fram að hér er einungis átt við eigið aflafé vegna starfsemi eða þjónustu. Af því leiðir að t.d. gjafafé eða fjáraflanir sjálfseignarstofnana eða félagasamtaka geta ekki fallið undir þessa skilgreiningu og koma því alls ekki til frádráttar á rekstrarframlagi úr ríkissjóði vegna starfseminnar.

Lögð er til breyting á 52. gr. og vísast til athugasemda við brtt. á 36. gr.

Lagt er til að 53. gr. verði breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 8. gr. frv.

Lögð er til sú breyting við 57. gr. að ákvæði 36. og 52. gr., sem byggjast á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um akstur fatlaðra, öðlist gildi 1. jan. 1993. Þá er gerð breyting á gildistökuákvæði frv. er verði 1. sept. í stað 1. júní.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða III falli brott með hliðsjón af breytingum við 49. gr. Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði IV falli niður með hliðsjón af því að síðari málsl. 15. gr. falli niður.

Meiri hluti nefndarinnar vill að fram komi að hann telji mikilvægt vegna þeirrar óskýru réttarstöðu sem íbúar Kópavogshælis búa við að heilbr.- og trmrh. beiti sér þegar fyrir skipan fimm manna nefndar sem hafi það verkefni að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis. Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að félmrh., fjmrh., stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra tilnefni sinn fulltrúa hver og að jafnframt skipi heilbr.- og trmrh. formann án tilnefningar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Gunnlaugur Stefánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Einar K. Guðfinnsson, Eggert Haukdal, með fyrirvara, Jón Kristjánsson, með fyrirvara, og Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er kannski íhugunarefni að við erum nú á árinu 1992 að fjalla um sérstök lög um málefni fatlaðra. Eðlilegast væri að sjálfsögðu að það væri almenn félagsmálalöggjöf í landinu sem næði til allra þátta félagsþjónustunnar. En við erum því miður ekki komin svo langt enn þá þannig að enn þá þurfum við að draga menn í dilka eftir tegundum fötlunar og þjónustan sem veitt er er veitt eftir vissum merkispjöldum.

En mig langar í upphafi máls míns að lesa eitt pínulítið ljóð sem mjög fötluð stúlka samdi. Þetta er úr ljóðabók eftir hana. Ljóðabókin heitir Ég hugsa eins og þið. Stúlkan er fædd 1970 og heitir Ásdís Jenna Ástráðsdóttir. Hún er með heilalömun og hefur ekki stjórn á hreyfingum handa og fóta og stjórnar rafmagnshjólastól og ritar á tölvu með því að styðja á takka með hökunni. Ásdís Jenna stundar nám við Menntaskólann við Hamrahlíð. Ljóðið eftir hana er stutt en segir ansi mikið. Ljóðið heitir: Ég hugsa.

Ég hugsa eins og þið
En þið vitið það ekki
Ég get ekki sagt ykkur það
Þið skiljið mig ekki
Ég reyni að tala við ykkur
En þið horfið bara á mig og farið.

Þetta segir okkur kannski meira en mörg orð um það að við erum fötluð gagnvart fötluðum og hvað við eigum langt í land að skilja hvað fatlaðir eiga við að stríða í samskiptum við okkur ófatlaða. Og ég held að sú hugarfarsbreyting sem er nauðsynleg gagnvart fötluðu fólki verði aldrei að veruleika fyrr en félagsmálaþjónustan er þannig almennt að við þurfum ekki sérstök lög.

En samt sem áður vil ég meina að í þessu frv. sé gengið spor í rétta átt í þessu sambandi. Ég skal ekki gleyma því að lög um þroskahefta gerðu á sínum tíma mikið gagn og færðu þroskaheftu fólki byltingarkenndar breytingar og lögin um málefni fatlaðra 1983 gerðu enn þá betur. Sú barátta sem fylgdi í kjölfarið hvað foreldra varðar sem voru að berjast fyrir rétti barna sinna hefur gert hluti sem eru stórkostlegir og fólk á mínum aldri sem þykist ekki vera mjög gamalt viðurkennir að það hafi ekki orðið breytingar í málaflokknum heldur bylting.

Frv. það sem er til 2. umr. er að taka á sig mjög breytta mynd frá því að það var lagt hér fram á Alþingi og ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að þakka hv. formanni félmn. fyrir það starf sem hún vann í nefndinni þó ég hefði heldur viljað að við hefðum get-

að tekið lengri tíma og skoðað frv. enn og betur. En hv. formaður á þakkir skildar fyrir það að hún vann þetta af mikilli samviskusemi og reyndi að teygja sig eftir þeim brtt. sem fram komu í nefndinni.

Þær breytingar sem eru í frv. eru nokkuð víðtækar. Mesta breytingin er að nú falla geðfatlaðir undir þessa löggjöf og það eru enn þá fleiri sem koma núna inn í þennan framkvæmdasjóðspott sem er tæplega 300 millj. og skiptist á milli margra aðila. Nú verður líka sú breyting á að 25% af sjóðnum mega renna til meiri háttar viðhalds á stofnunum og 10% mega renna til aðgengis fatlaðra og geðfatlaðir þurfa 25% af sjóðnum fyrst um sinn til sambýla. Þannig eru stórar upphæðir þegar bundnar í sjóðnum. En í staðinn kemur að það verður breyting á lögum um verndaða vinnustaði og heilbrigðisþátturinn hverfur út og menntaþátturinn.

Þetta eru stórir póstar sem hverfa þarna út í staðinn og ég tel einmitt að breytingin sem á að gera á hugsuninni um vinnu fatlaðs fólks sé mjög til bóta. En það er verið að breyta skipulaginu um stjórnarnefndina, fulltrúar heilbrigðis- og menntamála fara út úr nefndinni og Greiningarstöð ríkisins fær sjálfstæða stjórn. Ég tel að það hafi verið kominn tími til þess að það væri sérstök stjórn yfir Greiningarstöðinni sem hefur verið undir stjórnarnefnd um málefni fatlaðra.

En það sem ég hef áhyggjur af á þessum miklu samdráttartímum er heilbrigðisþátturinn og menntamálaþátturinn sem hefði getað farið inn í sjóðinn. Hvar verður honum borgið? Verður honum borgið þegar hann getur ekki lengur sótt í Framkvæmdasjóð um málefni fatlaðra? Það veldur mér áhyggjum, sérstaklega í sambandi við menntamálaþáttinn. Ég held að heilbrigðisþættinum sé betur borgið, en ég hef áhyggjur í sambandi við menntamálin. Og við höfum einmitt bréf um slíkar áhyggjur frá fræðslustjóra Reykjavíkurborgar, Áslaugu Brynjólfsdóttur. Með leyfi forseta segir hún í þessu bréfi:

„Í upphafi vil ég taka fram að réttur fatlaðra til almennrar þjónustu á sviði menntunar hefur í raunverulegri framkvæmd ekki verið sá sem í veðri er látið vaka í þessu frv. Vissulega væri slíkt ákjósanlegt, en því miður er raunin allt önnur. Ef fatlaðir eiga að geta notið eðlilegrar menntunar þarf að tryggja með fjárveitingum möguleika á að hægt sé að koma upp viðhlítandi aðstæðum í almennum skólum. Ef félagslegri almennri þjónustu er ábótavant og sérstök lög þurfa að tryggja fötluðum rétt innan þessa málaflokks þyrfti ekki síður að hafa ákvæði um slíkt varðandi skólagöngu fatlaðra. Þó lágmarksþjónusta eigi að vera tryggð í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla skortir stórlega á fjármagn til að koma á góðri og markvissri þjónustu við fatlaða í almenna skólakerfinu. Að því leyti virðist mér full þörf á að koma á fót sérstökum framkvæmdasjóði tli að byggja upp markvissa þjónustu og skapa aðstæður fyrir fatlaða innan almenna skólakerfisins ekki síður en í félagslega kerfinu."

Þetta segir frá áhyggjum fræðslustjóra af því að þeim sem stjórna dreifingu fjármagnsins sé kannski ekki fullkomlega treystandi til að fullnægja þeim þáttum sem þarf að fullnægja í skólakerfinu fyrir fatlaða einstaklinga. En enn þá er það þannig, þó svo að þessi lög breytist, að Öskjuhlíðarskóli er eingöngu fyrir fatlaða og verður þá undir menntmrn. og Kópavogshæli verður undir heilbrrn. eins og það hefur verið, en það er eingöngu fyrir fatlaða einstaklinga og langstærsta stofnun fyrir fatlaða. Ég held að það séu 130 einstaklingar vistaðir á Kópavogshæli.

Ég hugsa að það þurfi enn þá meira en nokkru sinni fyrr að sameina þessi mál á einhvern hátt þannig að það verði ekki skörun þarna á milli. Núna stendur yfir vinna að nýrri heilbrigðislöggjöf og ég trúi því að það verði vandasamt verk að koma henni saman til að þessir málaflokkar geti bæði, ef ég má svo að orði komast, hangið sundur og saman.

Einnig er sá þáttur sem er stórmál í þessum málaflokki, en það er verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það er ekkert launungamál að sveitarfélögin vilja gjarnan taka þennan málaflokk yfir algjörlega ef samningur næst við ríkið um það. Það hefði verið það hagstæðasta ef hægt hefði verið að koma því heim og saman við þessa löggjöf, en það er mjög tímafrek aðgerð og ég tel að þær réttindabætur sem fatlaðir fá með þessu frv. séu svo mikilvægar að við getum ekki beðið eftir því. En ég vona að þó svo að verið sé að krukka svolítið í verkaskiptinguna þá skaði það ekki þegar síðan verður farið að semja um að sveitarfélögin yfirtaki þennan málaflokk.

Virðulegi forseti. Mig langar að fara yfir nokkrar greinar frv. Fyrst má telja að nú fellur undir þessi lög þjónusta við geðfatlaða einstaklinga. Þess vegna er ég með brtt. þar sem mér finnst að í þessu frv. og brtt. sem liggja fyrir sé ekki nægilega passað upp á að þjónustan sé fullkomin við geðfatlaða einstaklinga og sérstaklega þá sem búa úti á landi. Því vil ég bæta við 13. gr. frv. að á eftir orðinu „sálfræðiþjónustu" komi: og geðlæknisþjónustu. Þetta er alveg nauðsynlegt. Það kann einhver að segja að geðlæknar búi yfir höfuð ekki úti á landi. En þeir eru hreyfanlegir einstaklingar og það er nauðsynlegt að tryggja þeim geðfötluðu sem koma til með að búa í sambýlum úti á landi geðlæknisþjónustu. Það er grundvallaratriði. Það er auk þess mikið byggðamál að fólk þurfi ekki að leita þessarar þjónustu annað.

Í sambandi við 11. gr. þessa frv. hefur verið mikil umræða um búsetuna. Menn telja ekki ástæðu til að það þurfi sérstaklega að fjalla um að fatlaðir skuli búa í íbúðabyggð o.s.frv., það ætti að vera svo sjálfsagt mál. En það er þannig að hér í Reykjavík gerðist það ekki alls fyrir löngu að fólk mótmælti sambýli og þess vegna þarf að klúðra inn þarna einhverri setningu sem mér finnst, eins og hún stendur í brtt., afar hallærisleg og að það sé hallærislegt að það skuli þurfa í lagafrv. að tilgreina um búsetu.

Við 14. gr. er smávægileg brtt. frá mér í sambandi við það að mér finnst ekki nógu tryggt í frv. að við séum að styðja blönduð úrræði gagnvart fötluðu fólki. Þá á ég við með því að það sé hægt að semja við fleiri en sveitarfélög um rekstur stofnana og sérstaklega er ég þá að tala um sjálfseignarstofnanir. Þær þurfa að

koma þarna inn, að það sé hægt að gera þjónustusamningna bæði við sveitarfélög og líka við séreignarstofnanir. Sérstaklega vegna þess að við í félmn. höfum fengið gögn frá Ríkisendurskoðun þar sem Ríkisendurskoðun telur alveg brýnt að það sé gerður þjónustusamningur við eitt einstakt heimili, sem er Sólheimar í Grímsnesi, þar sem 40 fatlaðir einstaklingar búa, en það er eins og menn vita sjálfseignarstofnun. Með leyfi forseta stendur í bréfi frá Ríkisendurskoðun: „Það er álit Ríkisendurskoðunar, og þá með vísan til þess hvernig eignarhald vistheimilisins að Sólheimum er háttað, að nauðsynlegt sé að gerður sé þjónustusamningur milli heimilisins og ríkisvaldsins. Í þeim samningi verði m.a. kveðið á um umfang þeirrar þjónustu sem heimilið veitir og stöðu þess innan verkefna sem lög um málefni fatlaðra kveða á um. Hins vegar er ljóst að kostnaður vegna slíks samnings er háður ákvörðun fjárveitingavaldsins á hverjum tíma. Þá telur stofnunin að í slíkum samningi eigi að vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiði til sjálfseignarstofnunar vegna afnota af þeim mannvirkjum, tækjum og hitaveituréttindum sem látin eru í té til þeirrar þjónustu sem veitt er. Framlög þessi yrðu miðuð við viðhald á þeim eignum sem fyrir hendi eru."

Þessa athugasemd frá Ríkisendurskoðun vil ég taka til greina og geri það í minni brtt. Það sé sem sagt gerður þjónustusamningur. Og ég þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir að minnast á það í sinni framsögu að þetta eigi að gerast. Ég harma að það skuli hafa verið svona mikil togstreita milli þessara sjálfseignarstofnana og almennt ríkisreknu stofnananna því að auðvitað eru þetta allt saman hver upp á sinn máta nauðsynlegar og góðar stofnanir.

Fyrst ég er farin að tala um sjálfseignarstofnanir almennt og Sólheima í Grímsnesi, þá munu kannski einhverjir segja sem svo að það sé ekki sú stefna sem nútímafólk vill að senda frá sér sína fötluðu einstaklinga svo langt í burtu. Það held ég að sé rétt. Ég held að Sólheimar í Grímsnesi eigi sér kannski ekki langa framtíð sem vistheimili. En ég held að möguleikarnir á Sólheimum séu ótvíræðir hvað vinnu fyrir fatlaða snertir í framtíðinni. Menn hafa viss framtíðarplön þarna sem ég trúi á að geti gengið upp svo framarlega sem samningar náist við ríkið og þessi togstreita minnkar. Við vitum það t.d. að þar sem atvinnuleysi er svo mikið kemur það fyrst og fremst niður á fötluðum og öllum sem eru eitthvað undir í þjóðfélaginu, eru með skertan vinnukraft. Þess vegna gæti komið til greina að þarna yrði stór garðyrkjustöð sem eingöngu væri fyrir fatlaða eða blandað fyrir bæði fatlað fólk og ófatlað. Þær fjárfestingar sem er verið að gera þarna verða örugglega í framtíðinni til góðs.

Ég tel að í 25. gr. séu mjög merk tímamót þar sem er verið að tala um liðveislu, en að mínu mati er þessi grein frekar máttleysislega orðuð. Ég mun lesa 25. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu þegar þörf er á. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs."

Þetta er nú þegar komið í gang víðast hvar í þéttbýlinu og veldur algerum straumhvörfum fyrir fatlað fólk að það geti farið að njóta lífsins betur en hefur verið. En þetta er eins og ég segi mjög máttleysislega orðað. „Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á" o.s.frv.

Í sambandi við 26. gr. er líka um mjög merk nýmæli að ræða sem ég styð eindregið.

Ef ég kem aðeins aftur að 29. gr. í sambandi við atvinnumál fatlaðra, þá er þar verið að breyta þeirri stefnumörkun sem hefur verið að allir fatlaðir skuli vinna á vernduðum vinnustöðum, en það hefur verið reynt að koma upp vernduðum vinnustöðum sem víðast. Nú er verið að hverfa frá því og reyna að finna þessum fötluðu einstaklingum farveg á hinum almenna vinnumarkaði. Þá tel ég nauðsynlegt að inn í þessar greinar komi fyrr eða síðar að það sé samið við verkalýðsfélögin. Það vantar þarna að það sé samið við verkalýðsfélögin og það sé samið við aðila atvinnulífsins því að ef sú atvinnuráðgjöf sem þarna er verið að ræða um á að ná markmiði sínu þarf hún að vera í mjög náinni samvinnu bæði við atvinnumarkaðinn sjálfan og verkalýðsfélögin. Þarna vantar að mínu mati tengingu. Ég held að það megi mikið gera til að semja við atvinnumarkaðinn um að fatlaðir fái vinnu því að verndaðir vinnustaðir, með fáeinum mjög góðum undantekningum, ég tek það fram, eru sorgleg dæmi um misheppnaða vinnustaði og Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur þurft að greiða niður tugi milljóna með þessum vinnustöðum sem hefur síðan ekki veitt nokkrum einasta manni vinnu. Þetta eru sorgleg dæmi og þarf að snúa dæminu algerlega við hvað þetta varðar.

Í 34. gr., um húsnæðismál fatlaðra, er verið að gefa fötluðum kost á að eignast félagslegar íbúðir. Þetta er hið besta mál. Nú þegar hafa margir flust af sambýlunum í félagslega íbúðakerfið og það gerbreytir náttúrlega lífi þessa fólks. Þessi kafli er mjög til góðs.

35. gr. er í sambandi við ferðamál og ferðaþjónustu. Þar er líka um nýmæli að ræða. Ef við tökum ferlimálin fyrst, þá held ég að ef koma á til móts við fatlaða í umhverfinu verði að koma á í sveitarfélögunum annaðhvort nefndum sem sjá um ferlimál eða þá að í byggingarnefndum sveitarfélaganna sé alltaf fulltrúi frá fötluðum sem passar upp á að opinberar byggingar séu ekki byggðar þannig að þar sé þröskuldur við þröskuld sem gerir fatlaða að algerum föngum í þessum húsum. Það er miklu ódýrara fyrir þjóðfélagið að byggja þannig húsnæði að það geti allir um það ekið og gengið, ýmist í hjólastólum eða gangandi, og verður að vera strax í upphafi séð fyrir því. Ég ætla að minnast á það að ég fór á ráðstefnu í Hamraborg í Hafnarfirði ekki alls fyrir löngu þar sem Sjálfsbjörg hélt ráðstefnu um ferlimál fatlaðra og það var bóndi sem talaði á þessari ráðstefnu og sagði frá sinni reynslu. Hann hafði orðið fyrir slysi og lamast og er bundinn hjólastól. Hann var að segja okkur frá því hvað frelsissviptingin væri rosaleg bara við það að mæta einum háum þröskuldi og hvað væri mikilvægt

að opinberar byggingar séu þannig að það þurfi ekki ótal manns til að bera hinn fatlaða fram og til baka þannig að hann sé bundinn aðstoð. Þarna hefði mér fundist þurfa til að koma meiri skilgreining á því hvernig þessi ferlimál eiga að vera til framtíðar þannig að það sé tryggt að ekki sé verið að reisa byggingar sem séu fötluðum ófærar.

Í sambandi við réttindagæsluna í 37. gr. eru nýmæli og, með leyfi forseta, er greinin þannig:

„Svæðisráð í málefnum fatlaðra skulu standa vörð um réttindi fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum eftir því sem við á. Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt."

Ég held að það sé ekki nægilegt að standa vörð um réttindi á stofnunum. Ég held að það mætti jafnvel gera á heimilum og í skólum og gagnvart annarri þjónustu þannig að það þyrfti að koma betur inn á þetta. Þá vantar líka inn í þessa réttindagæslu einhvern úrskurðaraðila í deilumálum svipað og er í félagsmálaráðgjöfinni, en þá er ætlast til að sé úrskurðaraðili. En það vantar í frv. Við fengum ýmsar tillögur einmitt um hvernig það mætti vera og fengum t.d. frá Norðurlandi vestra tillögu um það, en tillagan var þannig:

„Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga skal skipa úrskurðarnefnd um málefni fatlaðra. Þrír menn skulu eiga sæti í úrskurðarnefndinni skipaðir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar formann og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félmrh. skipar einnig mann í nefndina og einn til vara. Sama gildir um hagsmunasamtök fatlaðra. Úrskurðarnefnd um málefni fatlaðra gætir lögbundinna hagsmuna fatlaðra og er trúnaðarmönnum og svæðisráðum til ráðgjafar. Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveður upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því að nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður á sviði stjórnsýslunnar."

Þetta held ég að hljóti að koma, en mér finnst samt rétt að leyfa þeim réttindagæslumanni sem er kveðið á um í frv. að reyna sig fyrst áður en ég geng svo langt að koma með þessa tillögu.

Í sambandi við 49. gr. frv., þar sem verið er að tala um rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum, þá er sú breyting á að sveitarfélögin hafa samið um að taka yfir allan aksturinn. Ég tel að það sé að mörgu leyti gott, en hef þó dálitlar áhyggjur af því að litlum sveitahreppum, sem þurfa kannski daglega að láta keyra fatlað fólk í þjónustukjarna, verði þetta ofviða og það þurfi eitthvað að koma til, hvort sem það verða sýslusjóðir eða jöfnunarsjóðir eða hvað það verður. Ég hef dæmi um lítinn hrepp, Lýtingsstaðahrepp í Skagafirði sem hefur 1–2 fatlaða einstaklinga, að þeir eru keyrðir á Sauðárkrók daglega, en hreppurinn er mjög lítill og mundi ekki bera þennan rekstur, því miður. Þarna verður eitthvað að koma til, eins og ég segi, annaðhvort sýslusjóðir eða jöfnunarsjóðir, og ég treysti sveitarfélögum til að finna út úr því.

Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara vegna þess að ég hefði gjarnan viljað hafa meiri tíma til að fara nánar út í ýmsa þætti frv., en ég tel þó að það séu ýmsar veigamiklar breytingar til bóta og ég hef nú þegar mælt fyrir þeim brtt. sem ég er með fyrir utan að ég tel rétt að þessi lög öðlist gildi 1. jan. 1993 vegna þess að það er eðlilegt samkvæmt fjárlagaári. En þar sem að ég tel að það séu veigamiklir þættir sem koma fötluðum til góðs í frv. mun ég styðja það og vonast til að þær litlu brtt. sem ég er með fái farsælan framgang.

En mig langar að enda með því að lesa úr ljóðabókinni sem ég las úr í upphafi, bókinni „Ég hugsa eins og þið", eftir Ásdísi Jennu. Ljóðið heitir Fram til sigurs, og Ásdís Jenna yrkir svona:

Myrkrið er svart
kaldur klaki.
Lífsvonin sterka
býr í brjóstum okkar.
Þegar geislar sólar
snerta hana
brýst hún út
og hrópar á réttlæti
fyrir okkur öll.
Fram til sigurs
berjumst við.
Til betra lífs
sækjum við.

Og með þeim orðum lýk ég máli mínu.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki ofmælt að hér er mál á ferðinni sem er afar þýðingarmikið og snertir fjölmarga í landinu, hagsmuni þeirra kjör og aðbúnað og ég veit að það er allur vilji til þess hjá hverjum einasta hv. alþm. að búa svo um hnútana í löggjöf að hún megi verða þeim sem málið snertir sem best og duga þeim í lífsbaráttunni í framtíðinni þannig að menn megi í æ ríkari mæli búa við jafnrétti í okkar þjóðfélagi.

Það hefur farið svo að áherslur hafa verið nokkuð ólíkar í nefndinni og hvað mig varðar hef ég ákveðið að skila séráliti til að draga fram með skýrum hætti þann mun sem er á áherslum af hálfu minni hlutans annars vegar og hins vegar af hálfu meiri hlutans sem í öllum meginatriðum tekur undir þá stefnumörkun sem er í frv. bæði hvað varðar efnislega þætti, þjónustu, úrlausn viðfangsefna og stjórnsýslulega skipan mála.

Ég vil byrja á því, virðulegi forseti, til þess að koma til skila í sem stystu máli meginatriðum í minu áliti að lesa minnihlutaálitið. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Minni hluti nefndarinnar telur rétt og eðlilegt að endurskoða lög um málefni fatlaðra sem sett voru á vordögum 1983 og að sú endurskoðun taki mið af reynslunni af framkvæmd laganna, breyttum áherslum í þjóðfélaginu gagnvart fötluðum og þeim lögum öðrum sem sett hafa verið frá þeim tíma. Er þar einkum um að ræða lög um heilbrigðisþjónustu, lög um fé-

lagsþjónustu sveitarfélaga, ný barnalög, sveitarstjórnarlög og lög um grunnskóla og framhaldsskóla. Enn fremur er rétt að taka mið af framkomnu frv. um vernd barna og ungmenna og hafa hliðsjón af þeirri endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú stendur yfir."

Drög að frv. um ný lög um heilbrigðisþjónustu hafa þegar verið send út til umsagnar, þar á meðal hv. heilbr.- og trn. Ég skora á þingmenn að kynna sér eftir föngum, eftir því sem þeir eiga kost á, þau lög sem ég hef nefnt, sérstaklega stjórnsýslukaflann í þessum lögum, þær áherslur sem eru lagðar, bæði í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir, eru væntanleg og þeim lögum sem þegar hafa verið afgreidd á síðustu árum.

„Þegar rétt er talið að setja sérlög eins og um málefni fatlaðra er nauðsynlegt að þau lög séu í sem bestu samræmi við áðurgreind almenn lög. Sérstaklega er áríðandi að gott samræmi sé milli laganna um stjórnunarlega þáttinn, framkvæmd þeirra og eftirlit. Þróunin í lagasetningu hefur verið að færa framkvæmd þjónustunnar sem næst þeim sem hennar eiga að njóta með því að fela heimaaðilum stjórnunarþáttinn undir yfirstjórn viðkomandi ráðuneytis sem fer þá einkum með eftirlitshlutverk. Þá kemur skýrlega í ljós í athugasemdum við frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga sem síðar varð að lögum að stefnt er að samskipan almennrar þjónustu og sérstakrar aðstoðar eftir því sem kostur er. Lögð er rík áhersla á mikilvægi þess að skipan félagsþjónustu stuðli ekki að aðskilnaði á almennri þjónustu og aðstoð við fólk sem á í félagslegum vanda, enn fremur að framkvæmd sé í höndum sveitarfélaga og hlutverk framkvæmdarvaldsins sé eftirlit.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er fötluðum tryggður víðtækur réttur til sambærilegra lífskjara og *jafnréttis á við aðra þjóðfélagshópa jafnframt því* sem þeim skulu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Enn fremur er þeim tryggður réttur til félagslegrar heimaþjónustu auk almennrar þjónustu og aðstoðar. Allar þessar skyldur eru lagðar á herðar sveitarfélaga nú þegar. Frv. um málefni fatlaðra hefur þann tilgang að taka við þar sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sleppir.

Samkvæmt framansögðu þarf slíkt frv. að tryggja samskipan og heimastjórn á framkvæmd laganna svo að samræmis sé gætt og enn fremur verður frv. að tryggja nauðsynlegt samráð og samstarf milli þeirra sem vinna við félags-, heilsufars- og menntunarþætti þjónustunnar.

Frv. var vísað til félmn. 25. febr. sl. og bárust um 60 umsagnir, flestar með fjölmörgum og veigamiklum athugasemdum og tillögum til breytinga. Að mati minni hlutans ganga brtt. meiri hlutans, eins og þær voru kynntar í félmn., of skammt til úrbóta. Rétt er að taka fram að unnið var að frv. á vegum ráðuneytisins í tvö ár og hefur félmn. haft allt of nauman tíma til að vinna að þessu máli, en umsagnir voru að berast allt til 6. maí. Hefur nánast ekkert ráðrúm gefist til að fjalla um frv. í ljósi umsagna og ræða efnislega um það."

Þetta vil ég leggja áherslu á, virðulegi forseti. Þegar við erum að setja lög um svo viðkvæman málaflokk, sem ég hygg að ég megi segja að allir séu sammála um að reyna að búa sem best úr garði, verðum við að gefa okkur þann tíma sem þarf til þess að löggjöfin þjóni þeim sem best sem hún er ætluð. Það að það tók menn á vegum ráðuneytisins tvö ár að koma *sér saman um tillögur sem síðar urðu að frv. segir* meira en mörg orð um að það er útilokað fyrir þingnefnd að afgreiða málið af einhverju viti á tveimur mánuðum út úr nefnd, sérstaklega þegar menn fá þennan aragrúa af umsögnum með öllum þessum athugasemdum og brtt.

Auðvitað vill samviskusamur þingmaður setja sig ofan í umsagnirnar, ræða við aðila, samræma sjónarmið. Og ég tek undir það sem fram hefur komið í nokkrum bréfum sem borist hafa síðustu daga þar sem skorað er á þingmenn að afgreiða frv. á þessu vori, auk þess að skorað er á þingmenn að leysa ágreiningsmál og ná samkomulagi um málið. Ég vil segja, virðulegur forseti, að tíminn sem menn ætluðu sér til að ná samkomulagi um málið var allt of naumur og hvað mig varðar var hann nánast enginn. Og ég er afar ósáttur við það, sérstaklega í þessu máli sem brennur heitt á mér sjálfum, að vera stillt þannig upp við vegg að verða annaðhvort að skrifa undir það sem ég er bæði ósáttur við að hluta og hef ekki skoðað nægilega vel að hluta eða vera einn ella. Ég er ósáttur við þá framkomu gagnvart mér.

Og ég er ósáttur við þá afgreiðslu málsins út úr nefnd að það skuli vera tekið út úr nefnd með tveimur fyrirvaralausum atkvæðum, tveimur atkvæðum með fyrirvara og tveimur á móti. — Þeir tveir sem höfðu fyrirvara sögðu: Ef það sem við höfum fyrirvara um lítur ekki út eins og við skiljum það kemur málið aftur í nefnd. Það var ekki fyrr en tveimur dögum síðar, *á næsta fundi nefndarinnar sl. miðvikudag*, að það var ljóst að málið kæmi ekki aftur í nefnd. Ég er ósáttur við þessi vinnubrögð, virðulegi forseti. Það hryggir mig að þurfa að láta það koma fram vegna þess að í öllum öðrum málum hef ég átt mjög gott samstarf við *formann nefndarinnar og ber henni hið besta orð* í samskiptum varðandi þau mál.

Virðulegi forseti. Ég held áfram að lesa upp greinargerð mína og ítreka að það er ásetningur minn að koma mínum sjónarmiðum á framfæri á svo skömmum tíma sem kostur er.

„Það er skoðun minni hlutans að gefa verði frekari tíma til umfjöllunar um frv., fara yfir framkomnar athugasemdir og samræma stefnu frv. að áður settum lögum, einkum um félagsþjónustu sveitarfélaga og yfirlýsingum stjórnvalda um hlutverk sveitarfélaga í þessum málaflokki. Bent er sérstaklega á að að störfum er nefnd á vegum félmrn. skipuð fulltrúum allra þingflokka og samtaka sveitarfélaga sem hefur það hlutverk m.a. að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í þeirri nefnd, sem mun skila áliti í haust eftir nokkra mánuði, er sérstaklega tekin fyrir sú hugmynd að flytja málaflokkinn að fullu og öllu til sveitarfélaga. Fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga lýstu því yfir á fundi félmn. að sveitarfélögin væru tilbúin til að taka við þessu verkefni. Því liggur fyrir að innan

skamms verða fyrirliggjandi tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem munu kollvarpa þeirri stjórnsýsluskipan sem gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna er óskynsamlegt að lögfesta frv. eins og það lítur út nú, að teknu tilliti til brtt. meiri hlutans."

Ég vil bæta því inn í áður en ég held áfram með lesturinn að ég lét þessa skoðun koma rækilega fram í nefndinni. Og ég bauð upp á að taka út úr frv. réttindaþætti frv. og afgreiða þá á þessu þingi. En það er augljóst mál og þarf ekki mikið að tyggja ofan í hv. alþm. að þegar menn eru að vinna að breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og það er vilji til þess hjá fjölmörgum aðilum að flytja málaflokkinn til sveitarfélaga, er óskynsamlegt að festa í lög að flytja stjórnsýsluna alla til ráðuneytisins, frá heimavaldi yfir í ráðuneytisvald. Ég er í grundvallaratriðum mótsnúinn miðstýringu. Þetta frv., jafnvel að teknu tilliti til brtt. meiri hlutans, er miðstýringarfrv. hvað varðar stjórnunarlega þáttinn. Ég er eindregið þeirrar skoðunar í þessu máli sem öðrum að ég vil valdið heim í hérað. Ég vil hafa það eins og það er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, frv. um vernd barna og ungmenna, grunnskólalögum o.fl. að það eru heimamenn sem sjá um framkvæmdina, sjá um ráðningu starfsfólks, reka battaríið, en ráðuneytið hefur eftirlit. Virðulegur forseti, held ég áfram:

„Eðlilegasta málsmeðferðin er sú að félmn. vinni áfram að þessu máli og við það verði miðað að nefndin flytji frv. um málefni fatlaðra næsta haust í ljósi þeirra breytinga sem boðaðar hafa verið og að ný lög geti tekið gildi um næstu áramót.

Afar mikilvægt er að vel sé vandað til lagasetningar um svo þýðingarmikinn málaflokk sem málefni fatlaðra eru. Það er skoðun minni hlutans að flytja eigi málaflokkinn til sveitarfélaga og að mikilvægt sé að framkvæmd verði í höndum heimaaðila og lögin tryggi að efld verði sérfræðiþjónusta á landsbyggðinni og hún byggð upp í öllum kjördæmum í stað þess að stefna að uppbyggingu hennar einkum í Reykjavík.

Núgildandi lög hafa í meginatriðum reynst afar vel og stórstígar framfarir hafa orðið í málefnum fatlaðra og má segja að risaskref hafi verið stigin sl. áratug. Grundvallaratriðið hefur verið að koma á þjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra í heimabyggð og undir stjórn heimamanna." — Undir stjórn heimamanna. Þannig hefur það verið. — „Endurskoðun laganna hlýtur að taka mið af þessum árangri og einnig þróun löggjafar á Norðurlöndum, einkum Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Í þessum löndum hefur hlutur sveitarfélaga verið aukinn varðandi framkvæmd og ábyrgð og jafnvel hafa þau að öllu leyti tekið við þessum málaflokki."

Ég vil skjóta því inn, virðulegi forseti, að í grg. með frv. er vitnað til Norðurlanda. Ég óskaði eftir því í félmn. að fá norsku lögin sem tóku gildi um síðustu áramót og eru þau nýjustu á þessu sviði. Ég hef ekki fengið þau enn. Ég hringdi fyrir tveim, þrem dögum í félmrn. og bað um þessi norsku lög til að kynna mér af eigin raun það sem menn vitna til með grg. með frv. um þróun mála á Norðurlöndum. Svarið var: Þau lög eru ekki til. Ég varð að snúa mér til norska sendiráðsins til að fá þessi lög og nú er verið að þýða þessi lög á íslensku fyrir mig því að ég er þannig hamlaður, virðulegi forseti, að ég á erfitt með að lesa á erlendu tungumáli. (**ÖS:** Ekki þegar þú varst í MR.) Mér hefur nokkuð hrakað á þessu sviði síðan, hv. þm. Ég hef einnig aflað mér laga um þessi málefni frá Danmörku og Svíþjóð og vænti þess að þegar við komum saman síðar á þessu ári muni ég hafa þau í íslenskri útgáfu og mun að sjálfsögðu koma þeim til allra þeirra alþingismanna sem kjósa að fá þau.

„Frv. gengur til gagnstæðrar áttar hvað þetta varðar og gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna verði í höndum ráðuneytisins og starfsmenn svæðisskrifstofu heyri undir félmrn. í stað þess að lúta heimastjórn undir yfirstjórn ráðuneytisins, eins og nú er. Gert er ráð fyrir að svæðisstjórnirnar verði lagðar niður og í stað þeirra komi svæðisráð sem verða valdalaus. Með þessari breytingu eru félmrn. og svæðisskrifstofurnar í þeirri mótsagnakenndu stöðu að vera bæði framkvæmdar- og eftirlitsaðili." — Sem eru þau rök sem eru notuð til þess að kljúfa svæðisskrifstofurnar upp.

Það verður nefnilega þannig, virðulegi forseti, ef skipan mála verður eins og frv. gerir ráð fyrir, og er ekki tekið á í brtt. meiri hluta nefndarinnar, að í 3. gr. frv. segir að félmrh. hafi eftirlit með framkvæmd laganna og í síðari greinum segir að félmrh. ráði framkvæmdastjóra. Svæðisskrifstofurnar heyra beint undir ráðherra þannig að félmrh. verður bæði eftirlitsaðili og beinn yfirmaður allra starfsmanna. Skipan frv. er sú sem er notuð sem röksemd til að breyta núverandi ástandi. — „Svæðisráðin, sem eiga að vera eftirlitsaðilar, eru augljóslega ófær um að gegna því hlutverki þar sem ekki er heimild til að ráða starfsmenn.

Þessi kafli laganna, sem fjallar um stjórnunarlega uppbyggingu málaflokksins, er í hróplegu ósamræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnalög og frv. til laga um vernd barna og ungmenna sem öll heyra undir félmrn. Í öllum þessum lögum er ráðuneytið eftirlitsaðili og fer með yfirstjórn en framkvæmd er í höndum heimamanna. Þá er sá galli á frv. að rofinn er formlegur samgangur milli heilbrigðis- og menntamálayfirvalda annars vegar og félagsmálayfirvalda hins vegar. Afar áríðandi er að samráð sé gott milli þessara aðila og vettvangur fyrir þá til samstarfs og þannig sé komið í veg fyrir að einstaklingar velkist milli kerfa vegna ágreinings um það undir hvaða lög þeir heyra."

Niðurstaða mín var sú, virðulegur forseti, að minni hlutinn telur rétt að málaflokkurinn heyri undir félmrh. í stað þriggja ráðherra eins og nú er þar sem lögin eins og nú eru heyra undir þrjá ráðherra og allir í raun og veru jafngildir. Ég fellst á þau rök að það sé rétt að félmrh. einn hafi yfirstjórn laganna, en ítreka það í nál. að ég tel að samráðið milli ráðuneytanna verði að vera fyrir hendi.

„Í frv. er gerð veigamikil breyting á stöðu og hlutverki stjórnarnefndar. Breytingin leiðir af sér að enginn aðili verður til að úrskurða um ágreiningsefni og

nauðsynlegt er að gera breytingar á frv. hvað þetta varðar. Einnig er það veigamikil breyting að ekki verður lengur úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til verkefna á sviði heilbrigðis- og menntamála. Sækja verður fé til þeirra beint af fjárlögum. Slíkt veikir fjármögnun verkefna þar sem ótvírætt hefur verið ávinningur af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Staðreyndin er sú að betur gengur að sækja fé til nauðsynlegra úrbóta fyrir fatlaða í gegnum sérstakan sjóð en eingöngu gegnum beinar fjárveitingar á fjárlögum. Sú staðreynd að áfram er gert ráð fyrir sjóðnum staðfestir þetta því að annars væri lagt til að fjárveitingar til málefna fatlaðra á sviði félmrn. kæmu beint gegnum fjárlög.

Þá vill minni hlutinn gera athugasemd við greinargerð fjmrn. Þar kemur fram að úthlutanir til heilbrigðisstofnana og skóla undanfarin fjögur ár á vegum ráðuneyta mennta- og heilbrigðismála hafi verið um 20–30% af heildarúthlutunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra og að gera megi ráð fyrir að árleg fjárþörf til framkvæmdastofnana á vegum þessara tveggja ráðuneyta verði um 20–30 millj. kr. auk viðhalds. Þetta tilgreinda hlutfall af úthlutun sjóðsins er mun hærra en 20–30 millj. kr. eða um 50–70 millj. kr. Sú röksemdafærsla að fjárþörf þessara stofnana minnki við það eitt að Framkvæmdasjóður fatlaðra hættir að úthluta til þeirra er afar hæpin svo að ekki sé meira sagt. Það liggur fyrir að kostnaður sveitarfélaga mun aukast verulega vegna breytinga á hlutverki sjóðsins."

Ég hef í fórum mínum gögn sem ég fékk frá félmrn., og ég þakka starfsmönnum félmrn. fyrir að bregðast skjótt við og senda mér þau gögn sem ég bað um — ég vil líka að það komi fram sem ég er ánægður með, hæstv. ráðherra — um að úthlutanir úr sjóðnum hafa verið um 250 millj. kr. eða svo á ári. Það getur hver maður reiknað hvað 20–30% af því er mikið og séð að það getur ekki verið 20–30 millj. kr.

„Áfram er gert ráð fyrir að stjórnarnefnd þurfi samþykki ráðherra fyrir tillögum sínum um fjárveitingar úr sjóðnum. En félmrn. styrkir tök sín á stjórnarnefndinni með því að skipa tvo menn af fimm í stað eins af sjö. Minni hlutinn telur eðlilegt að skipan stjórnarnefndar verði svipuð og verið hefur, einkum til þess að tryggja samráð milli ráðuneyta.

Í frv. eru ýmis atriði sem til framfara horfa. Þar má nefna ákvæði um stoðþjónustu og liðveislu. Enn fremur eru ákvæði í kaflanum um ferlimál og ferðaþjónustu og réttindagæslu áhugaverðar nýjungar sem skoða ber vandlega.

Minni hlutinn hefur efasemdir um þá breytingu sem felst í frv. á stöðu verndaðra vinnustaða, sbr. 31. gr. frv. Má benda á umsögn Blindrafélagsins sem lýsir furðu sinni á athugasemdum um verndaða vinnustaði í frv. Aðrir aðilar gera alvarlega athugasemd við þessa breytingu, t.d. svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík, ráðningarskrifstofa Reykjavíkurborgar, félagsmálaráð Vestmannaeyja og Sjálfsbjörg.

Almennt má segja um frv. að skilgreiningar á hugtökum eru óljósar og ákvæði um úrskurðaraðila fátækleg. Má þar nefna skilgreininguna á gildissviði laganna og einstakra orða svo sem orðanna stoðþjónusta, liðveisla og frekari liðveisla. Nauðsynlegt er að mörkin milli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og frv. séu svo skýr sem kostur er og aðilar tiltækir til að skera úr um ágreining ef nauðsyn krefur, sérstaklega í ljósi þess að ýmist greiða sveitarfélög eða ríki kostnaðinn.

Loks skal það álit sett fram að einboðið er að frv. taki gildi um áramót í ljósi breytinga á stjórnsýslukafla laganna.

Hér hefur verið rakið í nokkrum atriðum hvers vegna minni hlutinn telur nauðsynlegt að skoða frv. betur þannig að það megi sem best ná tilgangi sínum, að vera fötluðum og aðstandendum þeirra til hagsbóta og framfara. Tekið er undir þann vilja sem fram kemur í frv. og góðan hug til málaflokksins.

Minni hlutinn mun flytja tillögur til breytinga á frv. sem miða að því að draga úr göllum þess, en tekur fram að allt of skammur tími hefur gefist til að gaumgæfa það og framkomnar umsagnir."

Þetta var, virðulegi forseti, sú greinargerð sem ég lét frá mér fara sem nál. til að skýra afstöðu mína til frv. Ég hygg, eins og kom fram í lokaorðum nál., að við séum öll sammála um að gera vel og ég hygg að við hæstv. félmrh. séum bæði sammála um að leggja áherslu á að málin gangi svo fljótt fyrir sig sem kostur er, en að vandlega athuguðu máli. Betra er að gefa sér meiri tíma en að hrapa að lagasetningu sem þarf að taka síðan upp eða búa til í gölluðu formi.

Í samræmi við það sem ég hef áður sagt, m.a. á fundum í félmn., er ég reiðubúinn eins og ævinlega til að ná samkomulagi um þau atriði sem ágreiningur er um. Ég hef engan sérstakan áhuga á því að vera einhver aðili sem gagnrýnir góð mál þó ég telji nauðsynlegt að gagnrýna það sem ég tel slæmt í góðum málum. Og ég er tilbúinn hvenær sem er, ef menn vilja, að leita samstarfs og sátta og ná samkomulagi um tillögur til breytinga sem aðilar geta unað við. Ég tek undir það sem fram kemur í þeim áskorunum sem okkur hafa borist síðustu daga þar sem skorað er á alþingismenn að leysa ágreining og ná samkomulagi.

Ég vænti þess að ekki þurfi að rekja fyrir hv. þingheimi hvernig þessum málaflokki er stýrt í dag, ég hygg að mönnum sé það kunnugt eða vona það a.m.k. En það er í örstuttu máli þannig að það eru heimamenn sem ráða ferðinni. Svæðisstjórnirnar eru skipaðar heimamönnum, það eru þær sem ráða starfsfólk og það eru þær sem vinna verkin undir yfirstjórn ráðuneyta. Þannig vil ég að málum verði skipað áfram nema menn kjósi að færa þau að fullu og öllu yfir til sveitarfélaga. Ég tel óráðlegt að fara í hina áttina, að taka forræði málsins úr höndum heimaaðila og færa það undir beint valdsvið félmrn.

Ég vil, virðulegi forseti, nú gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef leyft mér að flytja. Ég skora á hv. þm. að kynna sér þær umsagnir sem fylgja því minnihlutaáliti sem ég lét frá mér fara og kynna sér það vandlega þannig að mönnum megi vera ljóst hversu mikið mál er hér á ferðinni og hversu margar alvarlegar ábendingar hafa komið fram. Ég hygg að geri menn það komist þeir að raun um að það er rétt, sem ég er

að segja, að menn þurfa að gefa sér tíma.

Ég leyfi mér að flytja eftirtaldar brtt., virðulegi forseti, við þetta frv.:

Fyrsta brtt. er ákveðin breyting á 3. málsl. 2. gr. þannig að hún orðist svo: „Fötlun getur verið meðfædd eða áunnin svo sem vegna langvarandi veikinda eða slysa.“ Þarna er ég að leitast við að taka tillit til framkominna ábendinga frá allnokkrum aðilum.

Ég geri breytingar við 4. gr. frv. sem fjallar um stjórnarnefnd. Það eru tvær tillögur. Önnur er þannig að 1. mgr. orðist svo:

„Sérstök nefnd skal vera félmrn. til ráðuneytis um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Félmrn., heilbr.- og trmrn. og menntmrn. skipa sinn manninn hvert og skal fulltrúi félmrn. vera formaður. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands skipa einn fulltrúa hvort og Samband ísl. sveitarfélaga tvo menn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.“

Breytingin frá frv. er sú að ég legg til að stjórnarnefndin verði í meginatriðum svipuð og verið hefur, þó með þeirri breytingu að Samband ísl. sveitarfélaga fái tvo menn í stað eins og hagsmunaaðilarnir hafi tvo menn í stað þriggja eins og nú er. Þá set ég inn viðbót um varamenn, sem ég tel nauðsynlegt að hafa í svo mikilvægri nefnd, að það séu varamenn til staðar.

Ég legg til enn fremur, virðulegi forseti, að við 2. mgr. 4. gr. bætist: „Nefndin úrskurðar um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má úrskurði til ráðherra.“

Ég legg til að stjórnarnefndin fái það hlutverk að vera úrskurðaraðili um það hvort tiltekinn einstaklingur heyri undir lögin eða ekki. Það er í raun og veru, miðað við frumvarpið, fengið í hendur starfsmanna svæðisskrifstofa að úrskurða um það. Það tel ég ófært og enginn áfrýjunarréttur í frv. Þannig legg ég til að það verði stjórnarnefndin sem verði úrskurðaraðili, en af því að málið heyrir undir félmrh. verði heimilt að skjóta þeim úrskurði til hæstv. ráðherra. Ég tel þetta mun farsælli leið og draga úr líkum á því að það verði uppi mál sem eru að velkjast á milli. Við skulum gera okkur grein fyrir raunveruleikanum. Hann er sá að þeir sem vinna í heilbrigðiskerfinu, fjársveltir, illa launaðir, með mikið meira en nóg af verkefnum, reyna auðvitað að ýta frá sér, segja að þetta heyri undir málefni fatlaðra. Svona velkjast menn á milli. Þetta þekkja menn. Og auðvitað eigum við með lagasetningu að segja sem svo: Nú skulum við taka myndarlega á þessu þannig að menn lendi ekki í að vera milli steins og sleggju.

Við 5. gr. legg ég til þá breytingu að fyrsta setningin, sem heitir á þingtæknilegu máli 1. málsliður 2. mgr., orðist svo: „Svæðisráðum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði.“ Miðað við frv. eins og það lítur út núna er óljóst hver eigi að fá þá heimild að skipta starfssvæðum niður og ég legg til að það verði svæðisráð. Það geri ég í ljósi þess skilnings sem ég er með á orðinu svæðisráð eins og kemur fram síðar í brtt.

Við 6. gr. er ég með fjórar brtt. Sú fyrsta er bara tæknileg sem ég hygg að meiri hlutanum hafi yfirsést þegar hann gekk frá sínum brtt., en í 1. mgr. 6. gr. stendur að „á hverju starfssvæði skal starfa fimm manna svæðisráð“. Auðvitað þarf að breyta því í sjö manna miðað við fram komnar tillögur meiri hlutans sem ég er sammála.

Í öðru lagi legg ég til að 2. mgr. 6. gr. verði umorðuð en hún fjallar um hlutverk svæðisráðs. Hún verði svohljóðandi:

„Svæðisráð fer með stjórn svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðra skv. 13. gr. og ræður framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar og annað starfsfólk í samráði við framkvæmdastjóra. Svæðisráð annast rekstur stofnana fyrir fatlaða á vegum ríkisins svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða á vegum ríkisins samkvæmt lögum þessum. Svæðisráðið skal samræma aðgerðir þeirra aðila sem fara með málefni fatlaðra á svæðinu og úrskurða um ágreining sem upp kann að koma, þar með talið hvort einstaklingar eigi rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum. Skjóta má þeim úrskurði til stjórnarnefndar.“

Þarna breyti ég hlutverki svæðisráða í það að vera framkvæmdaaðili og jafnframt að vera lægsta úrskurðarstigið í þessu máli þannig að það verði felldur úrskurður í ágreiningsmáli, hann geti gengið til stjórnarnefndar og þaðan til ráðherra. Þannig tel ég tryggt að öll mál fái faglega meðferð og vandaða.

Ég legg einnig til, virðulegi forseti, að við 4. mgr. 6. gr. bætist: „Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.“ Líkt og með stjórnarnefndina legg ég til að það verði varamenn í svæðisráði, en það er ekki gert ráð fyrir því í frv.

Þá legg ég til að 5. mgr. 6. gr. falli brott sem fjallar um að félmrh. setji reglugerð um störf svæðisráða. Það er óþarft í ljósi minnar tillögu sem er svo ítarleg.

Við 7. gr. legg ég til að á eftir 2. málsl. verði skotið inn einni setningu, en allt annað í greininni haldist, það bætist við ein setning. Þar er ég að taka til greina ábendingar frá heyrnarlausum og heyrnarskertum sem lögðu áherslu á að fá þessa grein inn í frv. Hún er svohljóðandi: „Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eða þeir sem eiga í erfiðleikum með samskipti á röddu máli skulu eiga rétt á þjónustu táknmálstúlks til þessarar þjónustu.“

Þá er ég sammála meiri hluta nefndarinnar um að fella út 8. gr., en það er á gagnstæðum forsendum. Verði t.d. niðurstaðan sú að tillögur meiri hlutans verði samþykktar mun ég leggja til að 8. gr. standi áfram því þá er hún eini samráðsvettvangurinn, þótt veikur sé, milli þessara þriggja ráðuneyta sem menn geta þá notað til að leysa úr ágreiningsmálum um það hvar menn eiga eiginlega heima í öllu þessu kerfi.

Við 9. gr. legg ég til að bætist við nýr töluliður svohljóðandi: „Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu í skólum.“

Ég tel nauðsynlegt að það verði kveðið á um það undir kaflanum um stoðþjónustu að hún nái til skóla, hún nái til þeirra fatlaðra barna sem sækja almenna skóla því sú ánægjulega þróun hefur orðið að í ríkari mæli eru fötluð börn farin að sækja almenna skóla og

sitja þar í bekkjardeildum og þá tel ég nauðsynlegt að stoðþjónustan nái þangað líka þannig að börnin geti fengið þá þjónustu sem þeim er nauðsynleg. Það er ekki nóg að þau fái hana heima hjá sér, mér finnst þau verði að fá hana líka í skóla. Ég held að menn hljóti að átta sig á því að það er grundvallaratriði að þetta komi inn í löggjöfina. Það getur verið um svo margvíslega fötlun að ræða þannig að menn þurfi aðstoð við ýmsa þætti og það er ófært að setja löggjöf um réttindabætur eins og stoðþjónusta er, hún er mikil réttindabót, án þess að þetta sé tekið fram. Ég tel það alveg nauðsynlegt.

Við 11. gr. legg ég til að síðasta málsgreinin verði orðuð öðruvísi. Um það var rætt í nefndinni og ég held mig við það sem ég lagði til í þeirri nefnd að ég legg til að síðasta málsgreinin orðist þannig: „Óheimilt er að takmarka búsetu fatlaðra.“ Þar með er skýrt kveðið á um það í lögum að það er óheimilt að takmarka hana. Sveitarstjórnum eða einhverjum aðilum sem hafa eitthvert vald með höndum, sem snertir búsetu manna eða ræður því, er óheimilt að grípa til samþykkta eða aðgerða sem takmarka búsetuna. Ég treysti þeim aðilum sem ákvarða búsetu fatlaðra til að ákvarða hana samkvæmt því sem best hentar hverjum fötluðum. Ég tel ekki þörf á forræðishyggju, eins og felst í tillögum meiri hlutans, þar sem menn telja nauðsynlegt að kveða á um það að hún skuli vera á þessum stöðum en ekki hinum stöðunum. En þetta er ekki alvarlegur ágreiningur, það tek ég skýrt fram.

Við 12. gr. er ég með smávægilegar breytingar sem ég tel nauðsynlegar. Þær felast í því að ég lít á verndaðar íbúðir sem íbúðir en ekki staði sem þurfi samþykki svæðisskrifstofa um. Ég held að menn eigi að fá að ráða því hvort þeir búi í vernduðum íbúðum, en miðað við greinina þarf að sækja um það til viðkomandi svæðisskrifstofa ef um verndaða íbúð er að ræða. Í samræmi við þá hugmyndafræði, sem ég legg til, að svæðisráðið verði framkvæmdaaðili, legg ég til að svæðisráð komi í staðinn fyrir svæðisskrifstofur í þessari grein og að 2. mgr. falli brott því hún er óþörf í ljósi fyrri tillagna minna um úrlausn ágreinings.

Við 13. gr., virðulegi forseti, og ég reyni að hraða mér svo sem kostur er, er ég með nokkrar tillögur. Þar bætist við 1. málsl. 1. mgr.: undir yfirstjórn svæðisráðs og verkefni þeirra er eftirfarandi. Þetta orðist þannig og þá falli út síðasta setningin á bls. 3.

Síðan eru tíu töluliðir í frv. og ég legg til að 1. tölul. breytist og orðist þannig: „Að annast greiningu og ráðgjöf í kjölfar hennar.“

5. tölul. breytist þannig: „Að skipuleggja meðferðarúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlana og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð.“ Svæðisráðunum verði falin fagleg verkefni. Það var lögð mikil áhersla á það af hálfu þeirra sem um málið höfðu að segja, fagaðilanna, að byggja upp fagþjónustuna heima í héruðum og ég tel nauðsynlegt að setja inn í lögin ákvæði sem ganga til þeirrar áttar. Ég gæti vísað, ef svo væri, í þær umsagnir og lesið þær upp þar sem menn leggja einmitt áherslu á þróun mála í þessa átt.

Ég legg til að 10. tölul. verði breytt þannig að í stað þess að svæðisskrifstofan sjái til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf verði það þannig að svæðisskrifstofan hafi með höndum sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf. Ég er að leggja áherslu á félagslegu uppbygginguna í kjördæmunum.

Í stað 2. og 3. mgr. 13. gr., sem fjallar í frv. um að félmrh. skipi framkvæmdastjóra og reyndar annað starfsfólk sem meiri hlutinn hefur gert ráð fyrir að falli út, þ.e. „annað starfsfólk“, legg ég til að 2. mgr. verði svohljóðandi:

„Við ráðningu framkvæmdastjóra og annars starfsfólks skal þess gætt að svæðisskrifstofan geti veitt þá fagþjónustu sem kveðið er á um í lögum þessum.“

Það er tilfinnanlegt í frv. að það vantar öll ákvæði um menntunarkröfur til þeirra sem starfa á svæðisskrifstofunum. Ég tel að vísu ekki rétt að ganga svo langt að tiltaka ákveðnar menntunarkröfur en setja inn klásúlu sem gefur alveg greinilega til kynna þann anda sem ég er að tala um.

Þá er það 17. gr. Bæti ég þar við 2. mgr. sem fjallar um það að félmrh. skuli í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þar legg ég til að við bætist „og skal þar tekið mið af faglegri uppbyggingu svæðisskrifstofa sem kveðið er á um í 13. gr.“ Ég legg enn áherslu á þetta.

25. gr. Þar stendur í frv. í 1. málsl. að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu þegar þörf er á. Nú hefur meiri hlutinn lagt til að „þegar þörf er á“ falli út og ég er því sammála. En ég vil ganga lengra, ég vil segja: „Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á liðveislu.“ Annaðhvort eiga menn að stíga skrefið til fulls eða láta það ógert. Við eigum ekki að gefa fyrirheit um þjónustu nema að við þau verði staðið. Ef við ætlum sveitarfélögum að hafa þennan þátt með höndum, liðveisluna, eigum við ekki að gefa sveitarfélögunum færi á að smeygja fram af sér beislinu, alls ekki. Ég þekki mína menn í sveitarstjórn. Það á að vera skýrt, afdráttarlaust lagaákvæði sem fatlaðir og aðstandendur þeirra geta vitnað til og sagt: Við eigum þennan rétt. Þið skuluð veita okkur þessa þjónustu. Ef menn eru ekki tilbúnir að segja að menn eigi þennan rétt skýlausan eiga menn ekkert að vera að tala um það. Það er verra að gefa fyrirheit sem ekki er hægt að standa við en að gefa engin fyrirheit. Sums staðar verður hægt að standa við það, annars staðar kannski ekki, sumir munu standa við það, aðrir munu ekki, miðað við orðalag greinarinnar eins og það er. Þar með er búsetan farin að skipta máli, stærð sveitarfélags og áhugi einstakra sveitarstjórnarmanna.

31. gr. 2. málsl. falli brott. Þar legg ég til að út falli setningin „Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða.“ Þar með talið gildir ákvæði sem á undan er talið í 10. gr. þar sem segir að starfrækja beri, eftir því sem þörf er á, verndaða vinnustaði. Þar er „skal“. Þetta ákvæði dregur úr, það dregur í land, enda kemur fram í grg. með frv. að menn eru að draga í land. Það eru margir umsagnaraðilar sem hafa mótmælt þessu og ég er sammála því. Ég vil ekki

draga í land. Þess vegna legg ég til að þessi setning falli út. — Þó vil ég taka fram að ég er sammála þeim anda sem er í frv. Menn eiga að koma fötluðum út á almennan vinnumarkað eins og kostur. Við eigum að gera það.

Virðulegi forseti. Nú er ég kominn að 38. gr., um réttindagæslu fatlaðra. Þar legg ég til að í 1. og 5. mgr. komi „stjórnarnefnd" í stað orðsins „svæðisráð". Þar er ég að leggja til þá breytingu að réttindagæslumaðurinn sé ráðinn af stjórnarnefndinni en ekki svæðisráði. Menn verða að hafa í huga að ég hugsa svæðisráð sem framkvæmdabattaríið. Það er óeðlilegt að framkvæmdabattaríið ráði réttindagæslumann sem á að passa það sjálft. Þess vegna legg ég til að hann verði ráðinn ofar á stjórnarnefndarstiginu og legg til að hann verði starfsmaður félmrn. þannig að hann verði óháður þeim sem fara með framkvæmd laganna heima í héraði. Til þess að réttindagæslumaður geti gegnt sínum skyldum má hann ekki vera háður þeim sem hann er að fylgjast með. Ég vona að menn geti fallist á þetta sjónarmið.

Við 39. gr. legg ég til að út falli það ákvæði í frv. að fulltrúi tilnefndur af fjárln. Alþingis taki sæti í stjórnarnefnd þegar á að úthluta peningum. Mér finnst það ákaflega vitlaust. Ef Alþingi treystir ekki einhverri sjóðstjórn til að úthluta peningum á Alþingi ekkert að vera að láta neina sjóðstjórn gera það heldur gera það sjálft, kjósa þá sjálft í stjórnina eða úthluta beint í gegnum fjárlög.

Mér finnst þetta mjög vitlaust og ef það á að tilnefna fulltrúa frá Alþingi á það ekki að vera frá fjárln. Þá á það að vera frá Alþingi sjálfu. Ég legg til að þessi setning verði orðuð þannig: „Stjórnarnefnd gerir tillögu til ráðherra um úthlutun." Út með þennan fulltrúa fjárln. Hann á bara að vera í fjárln.

Við 41. gr. stendur í 3. tölul.: „Heimilt er sjóðnum að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk" o.s.frv. Hér er einungis um heimildarákvæði að ræða sem er mun veikara en talið er upp á undan í 1. og 2. tölul. Ég legg til að það verði gert sterkara, ákvæðið, og það orðist svo: „Sjóðurinn veitir félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk" o.s.frv.

Í 7. tölul., þar sem segir að auk verkefna samkvæmt fyrri töluliðum sé Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum, legg ég til að skjóta inn orðinu skólum: svo sem skólum og almennum vinnustöðum. Mér er mjög umhugað um að menn útbúi löggjöfina þannig að fötluð börn geti sótt skóla hvort sem þau eru hreyfihömluð, andlega fötluð eða hvernig sem það er. Mér er mjög umhugað um það atriði.

Við 42. gr. er ég með tillögu. Segir í frv. að svæðisskrifstofurnar eigi annast gerð svæðisáætlana og síðan svæðisráðin að veita umsögn. Af því að ég hef þá tillögu fram að færa eins og áður er komið fram að ég legg til að svæðisráðið sé framkvæmdaaðili legg ég til að 42. gr. 1. málsl. orðist svo: „Svæðisráð annast gerð svæðisáætlana um þjónustu við fatlaða."

Við 44. gr., sem hljóðar svo: „Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir að fullu stofnkostnað þjónustustofnana ... samkvæmt samningi við sveitarfélög skv. 14. gr." — legg ég til að bætist við: eða samningi við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök 45. gr. Ég vil opna fyrir það.

Í 46. gr. er ég með brtt. líka. Þar stendur: „Svæðisskrifstofur skulu árlega gera fjárlagatillögur" og þar vil ég hafa svæðisráð. Margar af þessum tillögum leiða af því mismunandi sjónarmiði hver eigi að vera framkvæmdaaðili málsins.

Ég legg til að 4. málsl. 46. gr. falli brott, enda óþarfur í ljósi þeirra tillagna sem ég hef áður lagt fram.

Við 51. gr. er um að ræða hugmyndafræðilegan ágreining milli mín sem jafnaðarmanns og hæstv. félmrh. Í 51. gr. er ráðherra heimilt að opna fyrir gjaldtöku vegna þjónustu skv. 22. og 23. gr. sem fjallar um að stuðningsfjölskyldur og að foreldrar eigi kost á skammtímavistun. Það er opnað fyrir gjaldtöku fyrir þessa þjónustu. Ég er á móti því að heimilt verði að krefja foreldra fatlaðra barna um sérstakt gjald fyrir þessa þjónustu. Menn eiga að veita hana og menn eiga að taka tekjur til að standa undir henni af almennum sköttum. Það er grundvallarsjónarmið jafnaðarmanns.

Þá er brtt. við 57. gr. sem er um gildistökuna. Þar legg ég til að lögin taki gildi 1. jan. 1993. Það er eðlilegt og ákaflega auðvelt að rökstyðja hvort er heldur út frá mínum hugmyndum eða hugmyndum frv. að breytingar sem þessar hljóta eðli málsins samkvæmt að vera best til þess fallnar að taka gildi um áramót. Það eru tormerki á því að láta sumt af þessu taka gildi á miðju ári eða einhvern tíma árs og reyndar eru komnar þrjár útgáfur um gildistíma laganna. Í frv. er það fyrst í júní, þegar málið var tekið út úr nefnd var það fyrst í ágúst, en þegar brtt. voru prentaðar var það fyrst í september. Og ég spyr: Því geta menn þá ekki gengið alla leið og sagt: Fyrst í janúar. Kannski það verði komið fyrst í október í 3. umr. Það er aldrei að vita.

Ég legg síðan til að bráðabirgðaákvæði V með þessu frv. verði breytt. Þetta ákvæði er þannig núna, með leyfi forseta:

„Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Endurskoðun laganna skal m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra."

Þar segja menn: Við skulum stefna til sveitarfélaga. En í öllu hinu sem á undan kemur í frv.: Við skulum fara með þetta til ráðuneytis. Það er ekki gott aksturslag að segjast ætla að fara til vinstri en fara svo til hægri í frv. Auk þess sem þetta er mjög veikt. Þetta er bara ákvæði um að það eigi að endurskoða og hafa samráð. Það er ekkert stefnumarkandi og hönd á festandi. Við þekkjum að ákvæði í lögum sem segja að það eigi að vera búið að endurskoða lög fyrir tiltekinn tíma halda ekki. Nýjasta dæmið er það sem kom upp í vetur um umferðarlögin. Þau átti að endurskoða fyrir árslok 1991 þannig að hæstv. dómsmrh. hefði átt að leggja fram ný umferðarlög sl. haust. Þau eru ekki komin enn fyrir þingið. Haldið í svona ákvæðum er

veikt. Ég legg til að að verði skerpt á þessu og er með í huga þær breytingar sem eru yfirvofandi eins og ég gat um í greinargerð og legg til að orðist þannig:

„Félmrn. skal þegar í stað taka upp viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra í þeim tilgangi að sveitarfélög taki við verkefnum ríkisins í málefnum fatlaðra. Skal stefnt að því að tillögur liggi fyrir innan árs frá gildistöku laganna."

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti mínu og þeim brtt. sem ég flyt. Ég hef reynt að gera það í eins stuttu máli og ég hef mögulega getað og kannski hefði verið þörf á því í framsöguræðu fyrir þessu nál. að ég hefði farið betur ofan í málið og rakið athugasemdir og ábendingar sem komu fram og ekki er tekið tillit til í frv. En ég læt það ógert, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræður meira en orðið er með a.m.k. þessari ræðu minni.

Ég vil að lokum segja það, sem fram kom hjá mér fyrr í þessari ræðu, að ég ítreka vilja minn til þess að menn nái samkomulagi, menn leysi úr sínum ágreiningsmálum þannig að þetta mál megi fá sem farsælastan endi. Ég ítreka þann vilja minn. Hins vegar verð ég að segja og láta það koma fram að mér finnst málið hafa fengið of skamman tíma til vinnslu. Ég finn það sjálfur að í hvert skipti sem ég lít ofan í þennan bunka og les sé ég eitthvað nýtt, skoða ný viðhorf. Mér finnst að ég hefði þurft miklu meiri tíma.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa að sinni, virðulegi forseti.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég byrja á að þakka hv. félmn. fyrir umfjöllun og afgreiðslu á þessu máli. Mér er ljóst að hér er um mjög stórt og viðamikið mál að ræða og félmn. hefur ekki haft mjög langan tíma til að fjalla um það eins og raunar kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Hins vegar er alveg nauðsynlegt að fram komi að þetta mál er búið að vera í undirbúningi í tvö ár á vegum ráðuneytisins og að þessu máli hafa komið fulltrúar allra stjórnarflokka, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, og hafa því haft tækifæri meðan málið hefur verið í vinnslu og undirbúningi að koma á framfæri sínum athugasemdum og hefur frv. í reynd verið mótað af fulltrúum allra stjórnarflokka. Að þessu máli komu líka hagsmunasamtök fatlaðra og Samband sveitarfélaga.

Niðurstaðan eftir þessa tveggja ára vinnu varð sú að fulltrúar allra stjórnarflokkanna og fulltrúar Sambands sveitarfélaga og hagsmunasamtökin skrifuðu undir nál. og frv. sem hér er til umræðu án fyrirvara.

Ég vil einnig nefna það að sérstakur fundur var haldinn með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta mál. Það stóð vilji til þess hjá nefndarmönnum að færa verulega verkefni í þessum málaflokki yfir til sveitarfélaganna. Um það náðist ekki samstaða á því stigi málsins við stjórn Sambands sveitarfélaga og var verulega tekið tillit til stjórnar Sambands sveitarfélaga við meðferð málsins. Einnig vil ég nefna að sl. vor var haldin sérstök ráðstefna um þau frumvarpsdrög sem þá lágu fyrir eins og þau voru þá með hagsmunasamtökum fatlaðra. Þessu lýsi ég hér til að sýna fram á að mjög margir aðilar hafi komið að málinu. Það mátti skilja á orðum síðasta ræðumanns að þessi vinna hefði verið eingöngu á vegum ráðuneytisins sl. tvö ár, en aðrir aðilar hafi ekki komið að þessu, en þetta sýnir þvert á móti að mjög margir aðilar hafi komið að vinnu í þessu máli.

Ég vil snúa mér beint að því að fara yfir þær athugasemdir sem fram komu hjá síðustu tveimur ræðumönnum.

Í fyrsta lagi kemur fram hjá hv. 5. þm. Vestf., síðasta ræðumanni, að í tillögum sem hann setur fram varðandi stjórnarnefndina felst nánar óbreytt fyrirkomulag á stjórnarnefnd um málefni fatlaðra eins og hún hefur verið á undanförnum árum. Í brtt. hv. síðasta ræðumanns er því áfram gert ráð fyrir að heilbr.- og menntmrn. eigi aðild að yfirstjórn þessa málaflokks. Ég vek athygli á því að þessu gefna tilefni að í engri af þeim tugum umsagna sem bárust um frv., ef undan er skilin ein umsögn, er lagt til að haldið sé í þetta gamla fyrirkomulag. A.m.k. biðja samtök fatlaðra ekki um slíkt, ekki svæðisstjórnirnar eða framkvæmdastjórar þeirra og ekki sveitarfélögin.

Það er athyglisvert að hafnað er því sjónarmiði hjá hv. þm. að málaflokkurinn heyri undir eitt ráðuneyti vegna þess að það lýtur að afstöðu manna til grundvallarmannréttinda fatlaðra. Frv. boðar nefnilega þá sýn að fatlaðir eigi sama rétt og aðrir þjóðfélagsþegnar til menntunar. Menntamál þeirra eigi því að heyra undir menntmrn. rétt eins og menntamál ófatlaðra. Frv. boðar jafnframt að fatlaðir eigi sama rétt til heilbrigðisþjónustu og ófatlaðir. Heilbrigðisþjónusta fatlaðra eigi því að heyra undir heilbrrn. eins og heilbrigðisþjónusta ófatlaðra. Lög um málefni fatlaðra snúast hins vegar fyrst og fremst um félagslega þjónustu við fatlaða og þá fyrst og fremst þann rétt sem þeir eiga að hafa umfram þann sem þeim er tryggður í almennum lögum, þ.e. lögum um félagsþjónustu. Ég tel því að þessi brtt. hv. þm. gangi gegn því samskipunarsjónarmiði sem hefur verið eitt aðaleinkenni í réttindabaráttu fatlaðra hin síðari ár.

Í brtt. hv. þm. kemur einnig fram varðandi breytt hlutverk svæðisráða að það er ljóst að í tillögu hv. þm. um breytt hlutverk svæðisráða felst sú breyting að svæðisráðin eru gerð að stjórnarnefndum svæðisskrifstofanna. Í reynd felur þessi tillaga þannig í sér nánast óbreytt fyrirkomulag miðað við gildandi lög.

Ég tel að með þessu sé hafnað þeirri grundvallarbreytingu sem frv. boðar og felst í því að aðskilja framkvæmd þjónustunnar annars vegar og hins vegar eftirlit með þeirri þjónustu. Þannig er lagt til með brtt. hv. þm. að haldið verði í þá tilhögun að sami aðili meti þörf hins fatlaða fyrir þjónustu, veiti honum þjónustuna og hafi síðan eftirlit með sjálfum sér í því verki.

Varðandi réttindagæslu, sem einnig er kveðið á um í brtt. hv. þm. og nál. hans, vil ég segja að eitt merkasta nýmæli frv. eru ákvæði þess um réttindagæslu fatlaðra sem svæðisráðum er ætlað að sinna. Í brtt. hv. þm. eru þessi ákvæði gerð óvirk að mínu mati. Með tillögu hans um að svæðisráðin beri ábyrgð á

framkvæmd þjónustunnar er að sjálfsögðu ekki hægt að fela þeim réttindagæslu fatlaðra. Þetta hefur hv. þm. séð og leggur því til að stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra annist það hlutverk. Þessi tilhögun, sem hv. þm. boðar, stenst þó tæplega. Í fyrsta lagi eru verkefni stjórnarnefndar það umfangsmikil fyrir að engin leið er að hún sinni réttindagæslu fatlaðra á öllu landinu ef mynd á að vera á þeirri vinnu.

Stjórnarnefnd fer með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Henni er ætlað að vera ráðuneytinu til ráðgjafar í málefnum fatlaðra og henni er ætlað að gera tillögur um þjónustu á landsvísu. Í öðru lagi samræmist það hlutverk illa þeim meginverkefnum öðrum sem stjórnarnefnd er ætlað að sinna. Í þriðja lagi er ekki álitlegt fyrirkomulag að réttindagæslu sé sinnt á hverju svæði af starfsmanni félmrn. Mun betri tilhögun er í frv. og felst í því að svæðisráðin, heimamenn sem eru í meiri nálægð við hinn fatlaða og þjónustuna, sinni þessu mikivæga verkefni.

Ég vil fara nánar, virðulegi forseti, í einstakar aðrar brtt. hv. þm.

Í 1. brtt. við 2. gr. vil ég segja að ekki verður séð að tillagan breyti einu eða neinu í merkingu greinarinnar og mér þykir orðalag hv. þm. ekki betra, en hv. þm. leggur til að 3. málsl. 2. gr. orðist svo: „Fötlun getur verið meðfædd eða áunnin, svo sem vegna langvarandi veikinda eða slysa.“ Ég tel ekki að þessi breyting breyti einu eða neinu í merkingu greinarinnar og mér þykir orðalagið ekki vera betra.

Varðandi 3. brtt., sem kemur fram við 5. gr., vil ég segja að það er mitt mat að brtt. takmarkar þjónustusvæðin við tillögur svæðisráða þar um fáist staðfesting ráðherra á þeim. Sú tilhögun er ekki í anda frv. að mínu mati. Þjónustusvæðin verða ekki síst til með því að sveitarfélög taka yfir þjónustu við fatlaða að hluta eða öllu leyti eins og fram kemur í 14. gr. Því er brtt. ekki eðlileg þó ekki geti hún talist skaðleg. Sérkennilegt er að leggja til þá óþörfu miðstýringu að ráðherra þurfi að samþykkja tillögur um þjónustusvæðin sérstaklega.

Um 5. brtt. við 7. gr. vil ég segja að telja verður óeðlilegt að kveða á um þjónustu táknmálstúlka í þessum lögum, en um það fjallar brtt. Hún orðast svo, með leyfi forseta:

„Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eða þeir sem eiga í erfiðleikum með samskipti á ródduðu máli skulu eiga rétt á þjónustu táknmálstúlka til þessarar þjónustu.“

Ég tel óeðlilegt að kveða á um það í þessum lögum því að um það er fjallað í lögum um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, en í 1. mgr. þeirra laga segir:

„Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra.“

Til upprifjunar skal þess getið að fyrrv. menntmrh., Svavar Gestsson, lagði ríka áherslu á að þetta mál heyrði undir sérstök lög og þessi mál yrðu vistuð í menntmrn.

Varðandi 7. brtt., þ.e. við 9. gr., leggur hv. þm. til að við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: „Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu í skólum.“

Það er ekki auðvelt að ráða í hvað hv. þm. á við með þessri brtt. Er verið að leggja til að þessi lög taki til sérkennslu? Ef ekki, hvaða þjónustu fyrir fatlaða í skólunum á hv. þm. við? Ég hygg að réttur fatlaðra ætti að vera tryggður í almennum lögum um grunnskólann.

Varðandi 10. brtt. við 13. gr. vil ég segja að með frv. eru verkefni svæðisskrifstofa vel skilgreind. Brtt. hv. þm. fela í sér að mínu mati útþenslu á svæðisskrifstofunum sem er ekki skynsamlegt með tilliti til þess að stefnt er að yfirtöku sveitarfélaganna í málaflokknum. Auk þess má ekki rígbinda þjónustuna svo í lögum að ekki sé svigrúm til þess að taka mið af staðbundnum aðstæðum. T.d. leggur hv. þm. til að lögbundið sé að sálfræðiþjónusta og lögfræðiráðgjöf skuli vera á svæðisskrifstofunum og maður spyr: Af hverju geta aðrir aðilar á svæðinu, t.d. sálfræðiþjónusta skólanna eða félagsmálastofnanir sveitarfélaganna, ekki veitt fötluðum þessa þjónustu ef það er talið hagkvæmt á svæðinu að gera slíkt? Undanfarið hefur það einmitt verið mjög gagnrýnt af fagfólki hversu mörg ólík kerfi og stofnanir séu að eiga við sömu skjólstæðingana sem veldur óhagræði og kemur í veg fyrir samfelld og markviss vinnubrögð. Maður veltir því fyrir sér: Af hverju að lögbinda eitt þjónustukerfi í viðbót, sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf? Eitt síðasta verk, svo að dæmi sé tekið, hv. þm. Svavars Gestssonar sem menntmrh. var að skipa nefnd til að gera tillögur um samfellda sálfræðiþjónustu fyrir öll börn frá 0–18 ára aldurs, en meginverkefni nefndarinnar átti að vera að finna leiðir til að komast fram hjá því sem er á milli hinna ólíku kerfa sem sett hafa verið upp samkvæmt ólíkum sérlögum.

Varðandi 12. lið hjá hv. þm. í brtt., þ.e. við 25. gr., þá felur brtt. í sér að í stað þess að hvetja sveitarfélögin til að veita fötluðum liðveislu skuli það vera skylt. Hér lítur hv. þm. algerlega fram hjá þeirri staðreynd að fjöldi sveitarfélaga í landinu er um 200 og flest þeirra eru mjög smá og veita enn þá mjög litla félagslega þjónustu. Það er því erfitt að sjá að þessi brtt. sé raunhæf á þessu stigi meðan sveitarfélögin eru ekki stærri mörg hver en raun ber vitni.

Brtt. 22, sem ég vil aðeins nefna hér, er varðandi ákvæði til bráðabirgða. Ég get verið sammála hv. þm. um þá hugsun sem kemur fram í brtt., enda þótt tillagan sem slík taki ekki ákvæði frv. fram. Nefndin sem samdi frv. átti viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga um þetta atriði eins og kom fram í mínu máli áður og fram kom í þeim viðræðum að stjórn sambandsins lagðist gegn því að svo sterkt væri kveðið að orði í þessum efnum og að tiltekin væru tímamörk. Stjórn sambandsins lýsti sig hins vegar reiðubúna til viðræðna enda þótt þær væru ekki lögbundnar. Stjórn sambandsins hefur raunar lýst sig mjög fylgjandi því að taka yfir málaflokkinn. Í þeirri undirbúningsvinnu sem nú stendur yfir vegna fyrirhugaðrar sameiningar sveitarfélaga, og ég veit að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þekkir mjög vel þar sem hann situr í þeirri

nefnd, er einmitt verið að fjalla um með hvaða hætti slík yfirtaka sveitarfélaganna á málaflokknum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga getur gerst. Hins vegar er ljóst að sú tímaáætlun sem menn hafa í huga í þeim efnum er á bilinu eftir kannski 4–6 ár. Því er engin ástæða til að flýta sér um of í þessum efnum því hætt er við að spenni menn bogann of hátt verði kannski ekki neitt úr neinu. Það er mikilvægt að hafa hugfast að áður en frændþjóðir okkar á hinum Norðurlöndum fluttu málaflokkinn frá ríki til sveitarfélaga höfðu umbætur í sveitarstjórnarmálum náð fram að ganga. Þannig voru þau orðin að sterkum félagslegum heildum og gátu axlað þá ábyrgð.

Í annan stað er æskilegt að almenn félagsþjónusta fái tækifæri til að þróast í sveitarfélögunum áður en þau taki að sér þjónustu við fatlaða. Einungis er eitt ár liðið frá gildistöku laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og búast má við að nokkurn tíma taki að byggja upp þessa þjónustu í hinum dreifðu byggðum þar sem hana er ekki að finna í dag.

Hv. þm. vék nokkuð að því sem fram kemur í frv. varðandi þjónustugjöld og taldi að okkur greindi nokkuð á í skoðunum varðandi það mál. Ég tel ástæðu vegna orða hv. þm. að skýra nokkru nánar af hverju það er til komið. Margir foreldrar fatlaðra barna hafa bent á það ósamræmi að umönnunarbætur fatlaðra barna skerðist njóti þau daglegrar þjónustu utan heimilisins, t.d. leikskóla. Hins vegar skerðast þessar bætur ekki sé þjónustan óregluleg, t.d. í formi stuðningsfjölskyldna eða skammtímavistunar, enda þótt þessi þjónusta geti orðið veruleg. Ekki er framkvæmanlegt að skerða umönnunarbætur vegna svo óreglulegrar þjónustu. Auðveldara er að þeir foreldrar greiði lítillega gjald, enda njóta þeir umönnunarbóta. Slíkt fyrirkomulag stuðlar einmitt að jöfnuði á milli foreldra fatlaðra barna. Þetta er skýringin á því að þetta ákvæði er hérna inni.

Hv. þm. taldi ekki til bóta að fulltrúi frá fjárln. taki sæti í nefndinni þegar verið væri að úthluta úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég bendi hv. þm. á að sami háttur er hafður á varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og megintilgangur þess er að treysta tengslin milli stofnfjárveitinga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og þá rekstrarfjárveitinga, en nauðsynlegt er að slíkt haldist í hendur.

Aðeins í lokin, virðulegi forseti, örfá orð um brtt. frá hv. 2. þm. Vesturl. Ég tel að það ætti að vera óþarft að tiltaka geðlæknisþjónustu sérstaklega þar sem lög um heilbrigðisþjónustu taka til þess. Tillagan er hins vegar skiljanleg með hliðsjón af því að lögin taka nú til geðfatlaðra. Hins vegar verður að líta svo á að þjónustukerfi fatlaðra sinni fyrst og fremst félagslegri þjónustu við þá sem eru fatlaðir vegna langvinnra, geðrænna sjúkdóma. Um geðlæknisþjónustu fer eins og fyrr segir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og er það á ábyrgð heilbrigðiskerfisins að geðsjúkir njóti læknishjálpar.

Varðandi síðari brtt. hv. þm. tel ég ekki eðlilegt að um hugsanlega þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir sé kveðið á um í 14. gr. frv. Þessi grein fjallar um samskipti ríkis og sveitarfélaga eingöngu. Hún er ein af lykilgreinum frv. í þeim skilningi að með henni er stuðlað að því að flýta fyrir yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra. Hér er um eitt mikilvægasta stefnumál frv. að ræða. Því er ekki skynsamlegt að blanda því saman við tæknileg viðfangsefni er lýtur að samskiptum ríkis og sjálfseignarstofnana og form í fjárveitingu til þeirra.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Að vísu er þess ekki kostur á tveim mínútum að fara yfir allt, enda ætla ég ekki að gera það. Ég hef ræðutíma til þess sem ég get nýtt mér ef ég kýs svo, en ég vil aðeins vegna hinna dræmu undirtekta sem tillögur mínar fengu hjá ráðherra taka fram fáein atriði. Sérstök vonbrigði mín urðu þó þau að ráðherra gat ekkert um vilja sinn til að ná samkomulagi eða leysa ágreining sem ég margítrekaði að væri minn vilji.

Ég bið í fyrsta lagi ráðherra að útskýra fyrir þingheimi hvernig hún getur lagt til að breyta núverandi svæðisskrifstofum á þeim forsendum að þær séu bæði framkvæmdaaðili og eftirlitsaðili með sjálfum sér og í ljósi þessa rökstuðnings lagt til að svæðisskrifstofurnar heyri beint undir félmrn. þannig að félmrh. sé bæði framkvæmdaaðili og eftirlitsaðili. Sá rökstuðningur sem notaður er í frv. fellir þessa meginbreytingu á stjórnarfarskaflanum í frv. Það er ekki nokkur leið út úr þessari rökhugsun, virðulegi forseti.

Hér var vitnað í réttindagæslu. Auðvitað gerir mín tillaga málið ekki óvirkt. Hún gerir það fremur virkt. Svæðisráð er samkvæmt mínum tillögum framkvæmdaaðili og réttindagæslumaður á að gæta hagsmuna fatlaðra, ekki starfsmannanna. Þess vegna getur réttindagæslumaður ekki verið starfsmaður svæðisráða. Hann hlýtur að verða að vera starfsmaður ráðuneytisins. Það er eðlilegt þar sem hann er eftirlitsmaður með framkvæmd laganna sem ráðuneytið fer með líka.

Virðulegi forseti. Ég á margt ósagt. Ég sé að tíma mínum er lokið og ég vil ekki níðast á góðsemi forseta.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vegna orða hv. þm. benda á að samkvæmt frv. og því sem nú liggur fyrir varðandi þetta mál er gert ráð fyrir að svæðisstjórnirnar séu eftirlitsaðilar en ekki svæðisskrifstofurnar.

Varðandi það að ekki sé komið til móts við sjónarmið hv. þm. vil ég taka fram að í nefndarvinnunni var að mínu mati tekið verulega tillit til sjónarmiða sem þar komu fram hjá umsagnaraðilum og nefndarmönnum og ég tel að formaður nefndarinnar hafi lagt sig mjög fram um að reyna að ná breiðu samkomulagi um þetta mál sem ég tel að hafi bærilega tekist til um. Ég vil líka nefna að ekki fyrir mörgum dögum kom fram hjá fjölmörgum hagsmunasamtökum fatlaðra eindregin áskorun á þingið að afgreiða þetta mál, m.a. frá Öryrkjabandalaginu, Þroskahjálp, Sjálfsbjörgu, Geð-

hjálp og fleiri aðilum, og ég tel einmitt að nefndin hafi kappkostað um að reyna að leysa þau ágreiningsmál sem voru uppi og brtt. bera þess merki að það hafi verið tekið tillit til ýmissa sjónarmiða sem þar koma fram.

Ég veit að hv. þm. er með töluvert viðamiklar brtt. og ég tel að milli 2. og 3. umr. getum við vel sest niður og rætt þessi mál og þær brtt. sem hv. þm. er með þó að ég taki fram að það sé án skuldbindinga á þessari stundu af minni hálfu.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svæðisráðin eru eftirlitsaðili samkvæmt frv. En þau hafa enga heimild til að ráða sér starfsmenn. Þau eru ófær um að gegna sínu hlutverki eins og það er framsett í frv.

Fyrst hæstv. ráðherra minntist á Noreg í sinni ræðu áðan vil ég láta það koma fram mönnum til fróðleiks að norska Stórþingið tók sér þrjú ár að vinna að lagasetningunni. Það er nefnilega þannig að eitt er nefnd sem vinnur úti í bæ sem við getum kallað, jafnvel þótt hún sé skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka, og annað er þingið sjálft. Ég er ekki þannig gerður að ég láti mér duga að einhver rétti að mér blað og segi: Ég er búinn að samþykkja blaðið, þá skalt þú rétta upp hönd. Ég vil kynna mér málið sjálfur. Ég vil móta mína eigin afstöðu og vinna í því. Það að það tók nefndina tvö ár að skila af sér er ekki óeðlilegt í ljósi þess hversu viðamikill málaflokkurinn er. Það sem er óeðlilegt er að ætlast til þess að þingið klári málið á tveimur mánuðum eða félmn. öllu heldur. Það er það sem er óeðlilegt.

En ég fagna að lokum lokaorðum hæstv. ráðherra og segi við ráðherrann að ég er þess albúinn að leggja mig fram um að ræða um samkomulag eða einhverja niðurstöðu sem menn geta unað við á milli 2. og 3. umr.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. svaraði þeim tillögum sem ég bar fram á heldur neikvæðan hátt. Í fyrsta lagi hefði ég haft áhuga fyrir að vera með miklu, miklu fleiri brtt. En ég ákvað að hafa þær fáar því að ég vonaðist til að þær yrðu frekar samþykktar.

Það er alveg rétt, sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að í frv. sem hér liggur fyrir er sú stefnumótun að fatlaðir njóti sem mest almennrar þjónustu. En við verðum að horfa til þess að víða úti á landi er þessi þjónusta ekki til staðar og það er verið að færa geðfatlaða yfir á þennan geira og þá verður þjónustan við þá að fylgja með. Þess vegna kemur tillaga fram um að geðlæknisþjónusta sé veitt og ég tel það alveg nauðsynlegt.

Í sambandi við hina tillöguna sem ég var með, um að við sjálfseignarstofnanir væru gerðir þjónustusamningar, þá benti hæstv. ráðherra á að það væri óeðlilegt að hafa þessa grein í 14. gr. Ég væri alveg tilbúin að færa hana niður í 15. gr. ef hæstv. ráðherra finnst hún fara betur þar. Mér skildist að það væri tæknilegt atriði að það væri ekki rétt að hafa hana í 14. gr. Ef hæstv. ráðherra er tilbúinn að setja þessa tillögu inn í 15. gr. er ég tilbúin að fallast á það.

Það var ekki rætt um gildistímann, en ég var með tillögu um að gildistíminn væri 1. jan. Ég tel líka mikilvægt mál að það sé viss aðlögunartími þar til þessi lög taka gildi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga um málefni fatlaðra sem hér er til umfjöllunar og hefur fengið nokkuð góða umræðu felur að mínu mati í sér réttarbót fyrir fatlaða á mörgum sviðum. Ég ætla að nefna þau helstu og það er þá um leið rökstuðningur fyrir þeirri skoðun minni að þetta frv. beri að samþykkja, enda er ég ein af þeim sem skrifa undir nál. meiri hluta félmn. og er flm. að ýmsum brtt. sem meiri hlutinn gerir við frv. Það er rétt að það komi fram að einmitt þessar brtt., sem hafa fengið góða umfjöllun og heilmikinn rökstuðning í félmn., eru í rauninni forsenda þess að ég treysti mér til að vera með á þessu frv. Ég tel að það hafi verið unnið svo mikið í málinu í nefndinni og gerðar á því svo miklar breytingar að það sé orðið viðunandi.

Réttarbæturnar sem ég var að tala um eru á ýmsum sviðum. Í fyrsta lagi tel ég að þetta frv., verði það að veruleika, auki möguleika á einstaklingsbundinni þjónustu við fatlaða. Réttur fatlaðra til almennrar þjónustu á vegum sveitarfélaganna verður aukinn samkvæmt þessu frv. og þó að það ætti ekki að þurfa að taka sérstaklega fram að fatlaðir eigi að njóta allrar félagsþjónustu sem sveitarfélögin hafa upp á að bjóða, þá er það samt einu sinni svo að það er nauðsynlegt til þess að það sé þá ótvírætt að þeir eigi að geta notið þeirrar þjónustu.

Í þessu sambandi má reyndar nefna, sem er mikill kostur í þessu frv., hlut eins og liðveislu, heimaþjónustu og ferðaþjónustu sem eru allt hlutir sem sveitarfélögin eiga að veita hinum fatlaða. Því til viðbótar kemur svo sérstök liðveisla á vegum ríkisins við fatlaðan einstakling, ýmist á heimili hans eða vinnustað, og það er þá liðveisla sem er umfram þá liðveislu sem sveitarfélagið veitir. Þetta er stór þáttur í þessu frv. og veruleg réttarbót.

Í öðru lagi lít ég svo á að yfirstjórn málaflokksins sé orðin skýrari og einfaldari en áður var. Félmrn. fer nú með yfirstjórn málaflokksins í stað þriggja ráðuneyta áður og ég tel það eðlilegt, og ég held að ég hafi lýst því yfir strax við 1. umr. að ég teldi það til bóta, enda er þarna öðru fremur um félagsþjónustu að ræða, félagsþjónustu við fatlaða. Ég tel að það eigi ekki að þurfa að kveða sérstaklega á um rétt fatlaðra til heilbrigðisþjónustu og til þjónustu í menntakerfinu. Þeir eiga að hafa þann rétt eins og aðrir. Þess vegna furða ég mig svolítið á tillögu frá hv. 5. þm. Vestf. Kristni H. Gunnarssyni um liðveisluna inn í skólana vegna þess að mér finnst það vera í verkahring menntakerfisins að búa svo um hnútana að fötluð börn geti verið í skólunum. Það ætti ekki að þurfa sérstakan stuðning úr félagsmálageiranum til að tryggja það. Það á að taka á þeim málum í menntmrn. og á fræðsluskrifstof-

um og í skólanefndum úti í héruðum.

En ég tel það kost að málaflokkurinn skuli vera kominn undir félmrn. Ég held að það ætti að geta komið í veg fyrir ákveðna togstreitu milli ráðuneytanna, ekki síst um það takmarkaða fjármagn sem er alltaf í Framkvæmdasjóði fatlaðra. Maður gæti auðvitað hugsað sér að það væri mun meira en verið hefur. En um þetta fjármagn hefur verið togstreita og ég held að þetta ætti að geta komið í veg fyrir það. En auðvitað slæ ég þann varnagla að það er aldrei hægt að koma í veg fyrir að ráðuneyti kasti málum og einstaklingum á milli sín. Svo lengi sem þau hafa einhverja löngun til þess eða sjá sér hag í því munu þau gera það. Engin lög og engar reglur geta í rauninni komið í veg fyrir það, enda er alltaf um ákveðið grátt svæði að ræða, sérstaklega ef við tökum geðfatlaða einstaklinga, hvenær þeir teljast vera geðfatlaðir og hvenær sjúkir.

Í þriðja lagi sé ég mikla réttarbót í því að það er greint á milli reksturs stofnana fatlaðra annars vegar og eftirlits með þeim hins vegar. Annars vegar á svæðisráðið að vera stefnumótandi aðili og eftirlitsaðili, hins vegar eiga svæðisskrifstofurnar að hafa yfirumsjón með rekstrinum. Ég verð hins vegar að taka undir þær efasemdir sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf. um að svæðisráð verði nógu vel í stakk búið til að rækja eftirlitshlutverkið eins og því ber ef það hefur engan starfsmann á sínum vegum. Það er vísað til þess að inni í lögunum sé engin sérstök heimild til svæðisráðanna að ráða sér starfsmann, en ég get nú ekki séð að það sé heldur eitthvað sérstakt sem mælir gegn því, að það sé neitt sem banni að svæðisráðin hafi starfsmann á sínum vegum. En á þann veika hlekk sem er þarna hjá svæðisráðunum er m.a. bent í ýmsum umsögnum sem nefndinni bárust, að í raun hefði þurft að tryggja að þau hefðu starfsmann á sínum vegum til þess að það væri hægt að styrkja eftirlitshlutverkið.

Í fjórða lagi, svo að ég nefni réttarbót, þá er í frv. gert ráð fyrir aukinni þátttöku sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða eins og ég kom aðeins inn á hér áðan og í 14. gr. frv. er m.a. gert ráð fyrir því að ríki og sveitarfélög geti gert samning sín á milli um að sveitarfélög taki að sér þjónustu við fatlaða að hluta eða öllu leyti. Það getur þá gerst hvort sem er á vettvangi eins sveitarfélags eða á vettvangi héraðsnefnda eða með því að stofna byggðasamlag milli sveitarfélaga um ákveðna þjónustuþætti.

Þá er líka að því stefnt með ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. að sveitarfélögin taki aukna ábyrgð á málaflokknum og væntanlega með það fyrir augum að þau yfirtaki þennan málaflokk að öllu leyti síðar meir.

Ég held að þingheimi sé ljóst að í félmn. eru margir sveitarstjórnarmenn. Ætli það hafi ekki nánast allir sem þar sitja starfað á vettvangi sveitarstjórna, setið í sveitarstjórn. Þau mál fá því oft mjög mikla skoðun í nefndinni og menn velta oft mikið fyrir sér hvernig málið komi til með að líta út frá sjónarhóli sveitarfélaganna. Það er vissulega virðingarvert. En ég hef stundum sagt að þeir sem hafa verið í litlum sveitarfélögum úti á landi horfi kannski á þetta svolítið öðrum augum en ég sem hef starfað í stóru sveitarfélagi, í Reykjavík þar sem reyndar hefur oft verið í gegnum árin beitt alls kyns yfirgangi sem ég vil kalla og þess vegna höfum við hér í Reykjavík oft vanist því að þurfa að leita ásjár hjá ríkisvaldinu. Ríkisvaldið er kannski ekki eins óvinveitt í okkar augum og í augum ýmissa sem hafa starfað hjá litlum sveitarfélögum úti á landi. Það getur stundum verið gott að eiga það að þegar til kastanna kemur. Ég vil segja það og ég er nánast sannfærð um það að verði þessi lög að veruleika, þá mun Reykjavíkurborg yfirtaka málefni fatlaðra. Hún hlýtur að gera það. Hún hefur alla burði til að yfirtaka þann málaflokk og sinna honum og veita þjónustu frá sinni Félagsmálastofnun til fatlaðra. Það munu sjálfsagt mörg önnur stærri sveitarfélög gera líka. En ég held að minni sveitarfélög mörg hver séu ekki undir það búin að yfirtaka þennan málaflokk eins og þó hefur verið haldið fram og ég er ekki sannfærð um að gerðu þau það væri það fötluðum til hagsbóta.

Ég veit að þeir sem tala út frá sjónarhóli sveitarfélaganna telja sig vera að nálgast málið út frá hagsmunum fatlaðra. En ég efast um að það sé hinum fatlaða endilega til hagsbóta að sveitarfélögin yfirtaki þetta núna vegna þess að það eru hvorki til starfskraftar né þekking og reynsla úti í sveitarfélögunum til að yfirtaka þennan málaflokk. Mörg sveitarfélög eru einfaldlega of veikburða og samstarf milli sveitarfélaga er ekki nægilega burðugt, því miður. Við sjáum það þegar við komum að flóknum málaflokkum eins og málefnum fatlaðra, þegar við komum að vernd barna og ungmenna að þá vantar ýmislegt upp á að sveitarfélögin séu nægilega vel í stakk búinn til að gera þetta. Það er einu sinni staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. En það breytir ekki því að að því skal stefnt að sveitarfélögin taki þetta fyrir.

Frv. var ekki gallalaust þegar það kom inn í þingið í vetur og það er enn ekki gallalaust. Hins vegar hafa verið gerðar á því umtalsverðar breytingar sem allar miða í rétta átt. Þessar breytingar draga úr miðstýringu í ráðuneytinu og þær auka hlut sveitarfélaganna í stjórnkerfi málaflokksins. Valdsvið svæðisráðanna hefur t.d. verið aukið á kostnað ráðuneytis og þannig hafa ákvarðanir verið færðar nær vettvangi en ráð var fyrir gert í frv. eins og það kom hér fyrr.

Eitt er það sem ég hef þó vissar áhyggjur af varðandi þetta mál og það er málefni Kópavogshælisins. Í nefndaráliti meiri hlutans segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar vill að fram komi að hann telji mikilvægt vegna þeirrar óskýru réttarstöðu sem íbúar Kópavogshælis búa við að heilbr.- og trmrh. beiti sér þegar fyrir skipan fimm manna nefndar sem hafi það verkefni að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis. Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að félmrh., fjmrh., stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra tilnefni sinn fulltrúa hver og að jafnframt skipi heilbr.- og trmrh. formann án tilnefningar."

Þarna er sem sagt verið að koma því á framfæri í þessu nál. að það þurfi að skipa nefnd um framtíðarhlutverk Kópavogshælis og þetta er mjög mikilvægt vegna þess að lögin eins og þau eru ná ekki til vist-

manna á Kópavogshælinu og það er alvarlegur galli vegna þess að þeir sem búa á Kópavogshælinu eru fatlaðir og ættu að njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. En ástæðan er einfaldlega sú að Kópavogshælið er sjúkrahús, ekki vistheimili, og þar af leiðandi undir heilbrrn. Mig langar til að lesa örstutt úr bréfi frá framkvæmdastjóra Kópavogshælisins sem útskýrir þetta kannski, en þar segir, með leyfi forseta:

„Kópavogshæli er skilgreint sem sjúkrahús fyrir þroskahefta. Þar dveljast 134 einstaklingar. Það er skoðun stjórnenda Kópavogshælis að verulega stór hluti núverandi vistmanna geti útskrifast á sambýli sem þyrftu að vera mjög vel mönnuð. Jafnframt koma um tíu umsóknir árlega um vistun og dvelst það fólk í flestum tilfellum á sambýli, en er talið betur sett á Kópavogshæli vegna þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Þessum umsóknum hefur orðið að hafna vegna þrengsla.

Einstaklingar á almennum deildum eða heilbrigðiseiningum munu smám saman útskrifast og þjónusta við þá flytjast til félmrn. og/eða sveitarfélaga í samræmi við þá þróun sem nú þegar er í gangi en hefur gengið hægt fyrir sig. Miðað við reynslu undanfarandi ára af útskriftum af Kópavogshæli er ljóst að til þarf að koma sérstakt átak af hálfu stjórnvalda til að hraða útskriftum. Núverandi fjöldi heimilismanna stendur starfseminni fyrir þrifum og torveldar mjög eða kemur algerlega í veg fyrir æskilegar breytingar á starfseminni. Á staðnum dveljast þroskaheftir einstaklingar sem ekki eru sjúklingar í þeim skilningi en geta ekki annað farið vegna skorts á sambýlum. Ekki er sanngjarnt að þessir einstaklingar gjaldi þessarar búsetu með réttindamissi, a.m.k. í samanburði við aðra fatlaða búsetta á sambýlum."

Mín skoðun er sú að það sé mjög mikilvægt að þessi nefnd komist á laggirnar hið allra fyrsta og hún geri raunhæfa áætlun um hvernig hægt sé að útskrifa þorra þeirra sem nú dveljast á Kópavogshæli á sambýli þannig að þeir búi ekki á stofnun eða sjúkrahúsi eins og Kópavogshælið er heldur í venjulegu umhverfi með öðru fólki. Stofnun eins og Kópavogshælið við heldur fötlun og eykur fötlun fólks frekar en annað. Ég er ekki að gagnrýna með þessu það fólk sem starfar á Kópavogshælinu. Þetta er bara úrræði gærdagsins sem hlýtur að heyra sögunni til fyrr en síðar. Ég tel mjög mikilvægt og legg á það ríka áherslu hér að það verði unnið að því með markvissum hætti milli ráðuneyta að koma þessu fólki á sambýli og gert sérstakt átak í því. Þarna er ekki veikt fólk heldur fatlað og það á ekki að eyða ævi sinni á sjúkrahúsi. En ég mun fylgjast með því hvernig til tekst og sýnist mér að málið fái ekki skjótan og eðlilegan framgang mun ég flytja tillögu um það síðar.

Hér hefur lítillega verið drepið á þjónustusamninga og er gert ráð fyrir því í 14. gr. frv. að hægt sé að gera þjónustusamninga við sveitarfélög um ýmist að yfirtaka þjónustuna alla eða einstaka þætti hennar. Í því sambandi hefur verið talað um þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök. Mín skoðun er sú að það sé mjög eðlilegt að gera slíka þjónustusamninga og það gæti orðið til þess að auðvelda samskipti ríkisvaldsins og einkaaðila sem sinna tiltekinni þjónustu og koma í veg fyrir margháttaða árekstra milli þessara aðila. Í raun ætti þetta að vera vinnuregla. Mig langar í því sambandi að vísa til annarrar þjónustustarfsemi eða félagslegrar þjónustu sem rekin er, þ.e. annarrar en þjónustunnar við fatlaða, og ég get nefnt Samtök um kvennaathvarf.

Í mörg ár hefur Kvennaathvarfið þurft sífellt að herja á ríkisvaldið um fjárframlög og aukafjárveitingar vegna þess að því hefur verið naumt skammtaður aurinn og þetta hefur oft leitt til margháttaðrar togstreitu milli Samtaka um kvennaathvarf og ríkisvaldsins vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki viljað skuldbinda sig á neinn hátt gagnvart þessum samtökum. Ég held að það gæti verið mjög til bóta fyrir slík samtök t.d. að hafa þjónustusamning við ríkið sem kveður á um hvaða þjónustu þau ætla að veita og hvað ríkið er tilbúið til að greiða þeim fyrir þá þjónustu. Þetta á líka við um félagasamtök sem veita þjónustu, samtök fyrir fatlaða og einnig sjálfseignarstofnanir. Ég hef hins vegar ekki á þessari stundu gert fyllilega upp við mig hvort eigi að kveða á um þetta í lögum. Mér finnst að þetta ætti miklu frekar að vera vinnuregla sem menn ættu að koma sér upp, en ég er ekki sannfærð um það á þessari stundu að þetta ætti að vera sérstakt ákvæði í lögum.

En að lokum, virðulegi forseti, vil ég að það komi fram að ég styð frv. og legg á það áherslu að það verði afgreitt og minni á að Samtök fatlaðra telja mjög mikla réttarbót að frv. og leggja ríka áherslu á að það verði samþykkt. Og ég tek mjög mikið mark á þeim ummælum og þau hafa veruleg áhrif á mína afstöðu til þessara mála.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til skýringar á brtt. minni um það að svæðisráðum verði heimilt að ráða sér starfsmann vil ég taka fram að eins og frv. er úr garði gert er ekki kveðið á um það. Út af fyrir sig má ályktа eins og hv. 10. þm. Reykv. gerði að það væri ekki bannað. En það þýðir að fyrst ekki er kveðið á um það þarf fjárveitingu eða stöðuheimild til þess frá ríkinu. Ef kveðið er á um það í lögum er það komið inn, þarf ekki að sækja það.

Ég er að mörgu leyti sammála hv. þm. um að það eru auðvitað vissar hömlur á því að sveitarfélög geti yfirtekið málaflokkinn í snarkasti, enda hef ég ekki hugsað málið þannig. Eins og bráðabirgðaákvæði mitt er frá gengið geri ég ráð fyrir að það verði komnar tillögur og ég hef hugsað að í þeim tillögum verði ákveðinn ferill sem menn hefðu komið sér saman um til að láta málið koma yfir á sveitarfélögin.

Ég vil aðeins að lokum, virðulegi forseti, minna á eitt af þeim fylgiskjölum sem fyglir með nál. mínu, eitt af þeim fáu. Það er til skýringar á málefnum geðfatlaðra. Það er eitt af því sem fram kemur í frv. og er til verulegra bóta að þar er kveðið á um úrræði til handa geðfötluðum gegnum sérstaka fjárveitingu úr Fram-

kvæmdasjóði fatlaðra. En gildandi lög hafa ekki hamlað því að menn tækju á vandamálinu. Það hefur skort úrræði, það hefur skort peninga. Það þurfti í sjálfu sér ekki lagafrv. til að ná utan um málefni geðfatlaðra. Ég vil leyfa mér að lesa þau fáu orð sem hér standa frá Ingimar Sigurðssyni sem hefur átt sæti í stjórnarnefnd hingað til. Það er svo, með leyfi forseta:

„Gildandi ákvæði laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, standa ekki í vegi fyrir því að geðfatlaðir njóti sama réttar sem aðrir einstaklingar. Hlutaðeigandi ráðuneyti, félmrn. og heilbrrn., svo og stjórnarnefnd um málefni fatlaðra hafa til þessa leyst ágreiningsmál sem upp hafa komið varðandi þennan þátt. Sem dæmi má nefna rekstur sambýlis á Akureyri sem er á vegum félmrn. en var í upphafi á vegum heilbrrn. Annað mál er að úrræði skortir varðandi vistun geðfatlaðra. Þeir hafa á stundum verið vistaðir á geðsjúkrahúsum sem í reynd samrýmist ekki lögum um málefni fatlaðra og breytist ekki með breyttum og fyllri lagaákvæðum einum saman."

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram og segja að eina tilvikið þar sem geðfatlaðir heyra ekki undir félmrn. eru þeir sem eru ósakhæfir afbrotamenn og hafa fullframið afbrot. Þeir heyra undir heilbrrn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Svo aðeins sé komið að þætti sveitarfélaganna, þá finnst mér að í bráðabirgðaákvæði V, þar sem segir að endurskoða skuli þessi lög innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra og að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra og að endurskoðunin skuli m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaganna í málefnum fatlaðra, felist sú viljayfirlýsing af hálfu Alþingis, ef það samþykkir frv., að koma málaflokknum sem mest yfir til sveitarfélaganna. Og þá vil ég líka aftur minna á 14. gr. frv. þar sem heimild er fyrir því að gera sérstaka samninga við sveitarfélög á vettvangi sveitarfélaganna sjálfra, héraðsnefnda eða byggðarsamlaga um að þau taki að sér, ef þau telja sig í stakk búin og vilja starfa saman um það, alla þjónustuna eða ákveðna þætti. Um þetta, ef einhver sveitarfélög eru tilbúin t.d. eftir eitt ár, innan nokkurra mánaða eða tvö ár eða þrjú ár, er auðvitað hægt að gera samninga á þessu tímabili þannig að málaflokkurinn væri því sem næst kominn í þeirra hendur eða þjónustan öll komin í þeirra hendur eftir gerð slíkra samninga. Mér finnst í þessu frv. einmitt felast ákveðinn þróunarmöguleiki í málaflokknum þannig að hann geti á þessu tímabili færst í æ ríkara mæli yfir til sveitarfélaganna.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég fékk þær upplýsingar fyrir stundu að það væri einn annar á mælendaskrá og hér er væntanlegt hlé í 1½ tíma. Þetta mál er komið úr nefnd núna á þessum allra síðustu dögum, sumt í dag og annað í gær, og í þeim ósköpum sem hér hafa gengið á varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna er ljóst að hv. þm. hafa ekki haft nokkurn tíma til að lesa þessi gögn í gegn. Ég vildi mælast til þess, hæstv. forseti, að þingmenn sem áhuga hafa á þessu máli fengju einhvern tíma til að fara í gegnum bæði nál., brtt. og þann sæg af umsögnum sem fyrir liggur í þessu máli. Ég mundi vilja biðja hæstv. forseta að fresta þessu máli núna. Við fáum þó hlé í 1½ klukkustund á eftir og það gæti kannski nægt til þess að maður gæti glöggvað sig á því hvað í raun og veru er búið að gera við þetta frv. Ég hlýt að áskilja mér allan rétt að fá að skoða það. Ég mundi vilja fara þess á leit við hæstv. forseta að málinu yrði frestað nú úr því að ekki eru fleiri á mælendaskrá svo að mönnum gæfist kostur á að skoða þetta núna milli kl. 19.30 og 21.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að það eru fleiri á mælendaskrá og verður þessu máli frestað.

Umræðu frestað.

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Stjfrv., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 207, nál. 938, brtt. 934 og 939.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um brunavarnir og brunamál frá félmn. og fyrir brtt. á þskj. 939 um sama mál.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk um það umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Landssambandi slökkviliðsmanna, Arkitektafélagi Íslands, starfsfólki Brunamálastofnunar ríkisins, Verkfræðingafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Félagi byggingarfulltrúa, stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, brunamálastjóra og Sambandi ísl. tryggingafélaga. Þá komu á fund nefndarinnar Bergsteinn Gizurarson brunamálastjóri, Guðmundur Vignir Óskarsson, formaður Landssambands slökkviliðsmanna, Kristján Jóhannsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félmrn., og Guðmundur Gunnarsson, Árni Árnason og Guðmundur Bergsson, fulltrúar starfsmanna Brunamálastofnunar ríkisins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Fjölmargar athugasemdir bárust nefndinni frá umsagnaraðilum og hefur nefndin tekið tillit til margra þeirra í breytingum sínum. Brtt. nefndarinnar eru eftirfarandi:

Við 2. gr. Sú breyting er gerð á 1. mgr. að í stað þess að Brunamálastofnun hafi á hendi „yfirumsjón" með öllum brunamálum hafi hún „eftirlit" með þessum málum. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af því að samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru eldvarnir og eldvarnaeftirlit á verksviði sveitarfélaga.

Þá eru gerðar breytingar á 4. mgr. þar sem skil-

greind eru verkefni Brunamálastofnunar. Breytingarnar taka mið af því að óeðlilegt er talið að Brunamálastofnun ríkisins sinni verkefnum í samkeppni við starfandi ráðgjafa, en á síðustu árum hefur verið að byggjast upp þekking á brunamálum á íslenskum ráðgjafarmarkaði, einkum fyrir tilstuðlan Brunamálastofnunar ríkisins. Lögð er því til breyting á a-, f- og g-lið. Enn fremur er í d-lið kveðið á um að Brunamálastofnun skuli hafa forgöngu um að fyrirmælum reglugerðar um skyldubundna menntun verði framfylgt, en slíkt ákvæði var ekki fyrir hendi. Breyting á e-lið er orðalagsbreyting.

Við 3. gr. Í fyrri málsgrein er í fyrsta lagi lögð til sú breyting að niður falli ákvæði um að stjórn stofnunarinnar fari með yfirstjórn brunamála. Hlutverk stjórnar ætti fremur að vera það að marka stefnu stofnunarinnar og jafnframt að hafa nokkurs konar rammaeftirlit með því að stofnunin gegni hlutverki sínu.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting við fyrri málsgrein að í stað Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags og Tæknifræðingafélags tilnefni Brunatæknifélag Íslands mann í stjórn en síðastnefnt félag er sameiginlegur vettvangur allra hönnuða sem og annarra sem hafa aukna þekkingu á brunahönnun og brunavörnum að markmiði.

Þá er í síðari málsgrein lögð til breyting á stöðu brunamálastjóra. Hlutverk hans samkvæmt frv. er að sjá um daglegan rekstur í umboði stjórnar. Eðlilegra þykir að *hann veiti stofnuninni forstöðu og sé ábyrgur* gagnvart stjórninni. Hvað varðar menntun hans virðist ekki vera ástæða til að breyta verulega skilyrðum gildandi laga og er gerð brtt. til samræmis við það.

Við 4. gr. er breytingin með hliðsjón af 5. mgr. 27. gr. frv.

Við 5. gr. Greininni er breytt vegna þess að fortakslaus skylda allra sveitarfélaga til að tryggja vatn og vatnsþrýsting fyrir slökkvibúnað og sérstakan búnað, t.d. vatnsúðakerfi í meiri háttar byggingar, getur reynst óraunhæf vegna kostnaðar. Eðlilegt þykir að heimilt verði að leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir þar sem vatnsöflun er erfið.

Við 6. gr. Ákvæði síðari hluta 2. mgr. greinarinnar um sérstaka almannahættu, t.d. af völdum vatnsflóða og fárviðris, fellur út. Það hlýtur ávallt að vera mat slökkviliðsstjóra hvenær nota beri tækjakost slökkviliðs og hvenær ekki og ekki er hægt að binda það við sérstaka almannahættu.

Lagt er til að 12. gr. falli brott þar sem ákvæðið þykir óþarft.

Við 15. gr. Þar sem ekki er alltaf þörf fyrir löggæslu við slökkvistörf og sjaldnast við æfingar slökkviliðs þykir rétt að slökkviliðsstjóri eigi sjálfur frumkvæði að því að meta hvort þörf sé á löggæslu.

Við 18. gr. Lagt er til að ákvæði greinarinnar verði rýmkað þannig að það nái til byggingarefna, tækja og annars varnings. Mjög brýnt er fyrir Brunamálastofnun að geta fylgst með innflutningi og sölu ýmissa efna, tækja og varnings sem eldhætta getur stafað af. Enn fremur er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein til að tryggt sé að einungis verði notuð viðurkennd efni þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar samkvæmt byggingar- og brunamálareglugerðum. Það er og nauðsynlegt að upplýsingum um slíkar viðurkenningar sé komið á framfæri með skipulögðum hætti við þá sem á þurfa að halda.

Við 19. gr. Breyting á 4. mgr. greinarinnar er orðalagsbreyting. Þá er lögð til sú breyting við 5. mgr., er fjallar um húsnæði sem þegar er byggt og í rekstri, að ótvírætt sé að slökkviliðsstjórar eða byggingarfulltrúar hafi heimild til að fara fram á brunatæknilega hönnun eða úttekt á slíku húsnæði sé brunavörnum þess *ábótavant í veigamiklum atriðum*.

Í 6. mgr. er sú breyting lögð til að þegar gerðar eru breytingar á mannvirki eða starfsemi þess eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru auknar eða nýjar kröfur um brunavarnir í þeim skuli eiganda eða *forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar* og slökkviliðsstjóra.

Í 7. mgr. er gert ráð fyrir að Brunamálastofnun, í stað félmrh. í frv., geti gert sérstakar ráðstafanir til brunavarna í þeim mannvirkjum sem kveðið er á um í 5. mgr.

Í 8. mgr. er gerð sú breyting að eiganda eða forráðamanni mannvirkis eða tryggingafélagi beri að gera viðeigandi ráðstafanir til björgunar verðmæta eftir bruna.

Við 23. gr. Lagt er til að í greininni verði kveðið á um að Brunamálastofnun sjái um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða eftir brunatjón. Hjá stofnuninni er tæknileg þekking mikil og óhagkvæmt vegna fámennis að byggja upp þessa sérþekkingu hjá öðrum stofnunum. Ef grunur leikur á um refsiverðan verknað skal Rannsóknarlögregla ríkisins sjá um lögreglurannsókn í samráði við Brunamálastofnun.

Við 24. gr. Lagt er til að b- og c-liður greinarinnar falli brott. Sömu ákvæði eru í gildandi lögum um brunamál en ekki hefur þurft að beita þessum ákvæðum og er ekki talin ástæða til að halda þeim í greininni.

Við 26. gr. Lögð er til breyting á 2. mgr. greinarinnar þar sem núverandi orðalag stangast hugsanlega á við 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Við 27. gr. Gert er ráð fyrir að meira samráð verði en áður milli sveitarstjórna og slökkviliðsstjóra. Þá er kveðið á um að dagsektir, sem heimilaðar eru ef eigandi mannvirkis framkvæmir ekki nauðsynlegar úrbætur, skuli renna í sveitarsjóð í stað ríkissjóðs áður.

Við 28. gr. Lagt er til að greininni verði breytt þannig að vanræki sveitarfélag skyldur sínar samkvæmt frv. geri Brunamálastofnun ráðuneytinu viðvart *sem þá veiti sveitarfélagi áminningu og áskorun* um að bæta úr vanrækslunni. Sinni sveitarfélag því ekki sé heimild til þess að grípa til dagsekta.

Virðulegi forseti. Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gunnlaugur Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson, Eggert Haukdal, Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara, og Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að gera grein fyrir brtt. sem ég flyt og þeim fyrirvara sem er af minni hálfu á nál. Hann lýtur einmitt að brtt. minni en ekki þeim tillögum sem hv. formaður félmn. var að kynna. Það er samstaða um í nefndinni að flytja þær tillögur og hygg ég að þær muni færa málið til verulegra bóta. Þetta mál var mjög vel rætt í nefndinni og farið vandlega yfir umsagnir og tekið tillit til þeirra eftir því sem mönnum þótti fært og ég hygg að málið sé komið í þann búning sem best getur orðið á þessu þingi a.m.k.

Vík ég þá að brtt. minni. Það er mín staðföst skoðun að menn eigi í fullri alvöru að beita sér fyrir því að flytja ríkisstofnanir út á land. Menn eigi ekki bara að tala heldur eigi menn líka að gera, menn eigi að framkvæma. Það er nefnilega þannig með þessa umræðu, sem er búin að dynja árum saman og jafnvel lengur á landsmönnum frá stjórnmálaflokkunum, að menn ættu að vera góðir við landsbyggðina, flytja eitthvað af ríkisstofnunum út á landsbyggðina, að þegar kemur að efndunum, að framkvæmdinni, þá leka menn niður alveg hreint hver á fætur öðrum.

Hver man ekki eftir Byggðastofnun? Á sínum tíma var atkvæðagreiðsla í stjórn Byggðastofnunar um tillögu um að flytja hana út á land, til Akureyrar minnir mig, sem hv. þáv. þm. Geir Gunnarsson flutti. Þegar kom til efndanna láku niður þingmennirnir hver á fætur öðrum og Geir stóð einni uppi sem greiddi atkvæði með þessari tillögu en þrír voru á móti. Hinir komu sér hjá því að lyfta upp hendinni á annan hvorn veginn.

Ég hef því fagnað ákaflega einu tilteknu ákvæði í hvítu bók ríkisstjórnarinnar sem ber heitið „Velferð á varanlegum grunni." Það ákvæði er á bls. 14, tvær línur að vísu. Það er stutt þannig að að mér læðast nokkrar efasemdir um alvöruna á bak við orðin, en orðin eru góð og setningin sem úr þeim kemur og þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins."

Ég tek heils hugar undir þetta markmið og nú vil ég brýna þingheim að fara frá orðum til athafna. Við skulum rifja upp þetta gamla kjörorð íhaldsins frá 1983, Frá orðum til athafna. Við skulum láta á það reyna hvort Sjálfstfl. hefur þá burði sem þarf til að fara frá orðum til athafna. Því hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. um Brunamálastofnun ríkisins í þá veru að sú stofnun verði flutt út á land og ég geri það með ákaflega hógværum hætti og bendi á í leiðinni að hér er um að ræða stofnun sem er ekki stór, hefur fáa starfsmenn og er mjög meðfærileg í flutningi. Þetta er ein af þeim stofnunum sem hvað auðveldast er að flytja. Ef menn heykjast á þessu eru menn búnir að gefa frá sér, a.m.k. þetta kjörtímabil, að ganga til þeirrar áttar sem þau orð stefndu í sem ég vitnaði til áðan úr hinni hvítu bók, Viðeyjarskruddunni nýju.

Brtt. eru tvær. Með leyfi forseta er sú fyrri að það bætist ný málsgrein við 31. gr., svohljóðandi:

„Heimili og varnarþing Brunamálastofnunar skal vera utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra."

Hér legg ég það í vald ráðherra að ákvarða hvar hún eigi að vera. Hún á bara að vera utan höfuðborgarsvæðisins. Menn kunna að spyrja: Hvað er utan höfuðborgarsvæðisins? Og þá svara ég á móti: Það stendur í hinni hvítu bók hvað er utan höfuðborgarsvæðisins. Þeir sem sömdu hina hvítu bók hljóta að vita hvar höfuðborgarsvæðið endar. Látum þá um að vita hvað þeir skrifuðu um.

Síðari tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 33. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Ráðherra skal fyrir árslok 1992 ákveða hvar heimili og varnarþing Brunamálastofnunar verður, sbr. 2. mgr. 31. gr., og skal flutningi Brunamálastofnunar vera lokið fyrir árslok 1993."

Ég held að það sé ekki hægt að fara betur í þetta mál, virðulegi forseti, marka stefnuna, fela ráðherra framkvæmd málsins og gefa honum tíma til ákvörðunar og gefa honum tíma til framkvæmda. Og með skírskotun til hinnar hvítu bókar trúi ég ekki öðru en fyrir þessum tillögum sé yfirgnæfandi meirihlutastuðningur á Alþingi. Ég sé að sá þingmaður Sjálfstfl. sem enn sést í sölum Alþingis er greinilega sammála þessum tillögum.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið að mæla fyrir brtt. mínum við þetta frv. sem má segja að séu fluttar undir kjörorðinu „Frá orðum til athafna".

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv., enda ekki yfir mjög mörgum að messa í þessum sal. Ég er ekki eins vel að mér í hinni hvítu bók og hv. 5. þm. Vestf. sem kann hana utan að, en ég tel að þær brtt. sem hér liggja fyrir séu mjög til bóta frá því sem frv. var lagt fram því þar voru margir „lapsusar" sem tekið er á í tólf liðum í brtt. Ég styð allar þær brtt. sem hér eru lagðar fram. Það sem er jákvætt við frv. er að það er stóraukið eldvarnareftirlit og fræðsla og kennsla til slökkviliðsmanna aukin og meiri kröfur gerðar til brunavarna.

En fyrirvari minn í þessu máli er vegna þess sem hv. 5. þm. Vestf. var að tala um áðan. Það á að skoða, þegar verið er að endurskoða ríkisstofnanir eins og þá ákveðnu ríkisstofnun sem hér er til umræðu, Brunamálastofnun, hvort það sé eitthvert náttúrulögmál að þær eigi að vera í Reykjavík. En ég hefði viljað ganga miklu lengra í þessari skoðun en hv. 5. þm. Vestf. Ég hefði viljað skoða hvort sveitarfélögin almennt gætu ekki tekið þennan þátt að sér, brunavarnir og brunamál, og sameinuðust um það og í hverju kjördæmi fyrir sig yrði þessi þáttur rekinn og þá yrði Brunamálastofnun sem slík lögð niður. Þetta var ekki skoðað í nefndinni, enda viðamikið mál, en þetta er liður í að sameina sveitarfélög. Ég hef ekki heyrt nein rök gegn því að þetta sé mögulegt. Og þar með lýk ég minni ræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Málefni fatlaðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 354, nál. 915 og 945, brtt. 916, 944, 946 og 959.

Brtt. 959 var of seint fram komin. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þskj. 915, nál. meiri hluta félmn., skrifaði ég undir það álit með fyrirvara. Ég stend að sjálfsögðu að öllum brtt. meiri hlutans.

Á þskj. 959 hef ég lagt fram fjórar brtt. við frv. til laga um málefni fatlaðra.

1. brtt. er við 4. gr. frv. og fjallar um skipun stjórnarnefndar málefna fatlaðra. Í 4. gr. frv. segir svo:

„Sérstök nefnd skal vera félmrn. til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þar af annan formann.

Ég legg til að 1. mgr. 4. gr. breytist þannig:

„Sérstök nefnd skal vera félmrh. til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Alþingi kýs þrjá menn og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir tvo menn. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna."

Brtt. mín er í samræmi við umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. til laga um málefni fatlaðra. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga mætti á fundi félmn. og lagði ríka áherslu á að frv. yrði breytt í þessa veru. Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra fer jafnframt með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Í umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga er bent á að erfitt sé að sjá að það samræmist að hagsmunasamtök fatlaðra verði með þessum hætti hluti af framkvæmdarvaldinu sem þau eiga að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna gagnvart. Eðlilegra sé því að Alþingi kjósi þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni tvo. Reynslan hefur sýnt ótvírætt að samábyrgð af þessu tagi er hagsmunasamtökum ekki góður kostur og geri í raun hagsmunasamtök vanhæf til að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu. Ég vil taka sérstaklega fram að ég ber mikla virðingu fyrir báðum þeim samtökum sem hér eiga í hlut og því þýðingarmikla starfi sem þau hafa unnið. Önnur þessara samtaka eða jafnvel bæði sækja um fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra beint eða óbeint. Það er ekki hægt að setja fulltrúa þeirra í þá stöðu að vera að úthluta fjármagni til eigin samtaka. Eðlilegra er og í samræmi við lýðræðislega stjórnarhætti að Alþingi kjósi stjórnarmenn og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni sína fulltrúa. Með þessu móti geta samtök fatlaðra lagt hlutlaust mat á störf stjórnarnefndar sem þau geta alls ekki eigi þau fulltrúa í nefndinni.

2. brtt. mín fjallar um 14. gr. frv. Þar legg ég til að bætist við ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

„Láti sveitarfélag, sjálfseignarstofnun eða félag í té afnot af mannvirkjum, tækjum eða öðrum gæðum til rekstrar sem ekki hefur verið fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði skal í samningi vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiði."

Þessi málsgrein er tekin orðrétt upp úr athugasemdum þeirrar nefndar sem frv. samdi, aðeins að viðbættum orðunum „sjálfseignarstofnun eða félag".

Eins og fram kemur í lagafrv. er æskilegt að sveitarfélög sinni þessum verkefnum í auknum mæli, ekki síst búsetumálum. Gert er ráð fyrir að gerður verði sérstakur þjónustusamningur við þessa aðila þar sem fram komi greiðslukostnaður úr ríkissjóði. Ég tel þýðingarmikið að þetta ákvæði, sem fram kemur í athugasemdum með frv., bætist við 14. gr. þess og jafnframt að það sama eigi við um sjálfseignarstofnanir og félög. Ekki er hægt að mismuna sjálfseignarstofnunum og félögum og láta aðra reglu gilda um þau en sveitarfélög. Hér er að mínu mati um grundvallaratriði að ræða sem ekki síður varða hagsmuni hinna fötluðu er dvelja á slíkum heimilum, að þeim sé ekki óbeint mismunað hvort þau dvelja á heimili sem eru í eigu sveitarfélags, sjálfseignarstofnunar eða félags. Þetta atriði um greiðslu afgjalds á að mínu mati heima í lögunum sjálfum. Njóti sveitarfélag, sjálfseignarstofnun eða félag ekki afgjalds af eignum sem ekki hafa verið fjármagnaðar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra er um hreina og beina eignaupptöku að ræða.

3. brtt. mín fjallar um 16. gr. frv. Í 16. gr. frv. er fjallað um eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða og kemur þar m.a. fram að félmrh. getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytisins um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka. Svipting starfsleyfis er alvarleg aðgerð. Í lögunum kemur hins vegar hvergi fram hvaða kröfur rekstraraðili eigi að uppfylla og ekki hvaða brot varði starfsleyfissviptingu. Rekstraraðili á í raun engan málskotsrétt samkvæmt þessari grein. Um er að ræða einhliða ákvörðun félmrn. og svæðisráðs. Í frv. er ekkert sem skýrir þetta mál nánar. Ég tel að eðlilegra hefði verið að setja í lögin ákveðnar skýringar, t.d. hvaða brot varði starfsleyfissviptingu eða lýsingu á hvaða kröfur rekstraraðili eigi að uppfylla. Ég geri þá einu brtt. að stjórnarnefnd um málefni fatlaðra fjalli um slíkt mál. Tillaga mín er því að 16. gr. laganna verði óbreytt að því viðbættu að við bætist orðin „og stjórnarnefndar". Umfjöllunaraðilar um starfsleyfissviptingu verða því þrír, svæðisráð, stjórnarnefnd og félmrn.

4. brtt. mín varðar 50. gr. frv. sem hljóðar svo:

„Tekjur sem falla til vegna starfsemi stofnana, svo sem af atvinnurekstri, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra."

Í athugasemdum með frv. segir svo um sömu grein:

„Hafi stofnun fyrir fatlaða eigin tekjur skulu þær tekjur koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra. Hér er fyrst og fremst átt við tekjur vegna atvinnustarfsemi á þjónustustofnunum ...og vistheimilum ..."

Frsm. meiri hluta félmn. hefur í ræðu sinni gert grein fyrir hvernig túlka beri þessa grein. Þar kom fram að ákvæði þetta á ekki við um gjafir og sjálfsaflafé, enda kæmi slíkt ekki til greina. Nú vill svo til að tekjur þeirra aðila sem átt er við eru mjög litlar, enda lítil hvatning fyrir viðkomandi rekstraraðila ef tekjur sem þeir afla með vinnu sinni komi til frádráttar rekstrarkostnaði og þannig með óbeinum hætti renni í ríkissjóð.

Mjög illa horfir í atvinnumálum öryrkja. Ég tel að þetta ákvæði hvetji ekki til atvinnuskapandi starfsemi þjónustustofnana og vistheimila. Þá er þess dæmi að vistheimili hafi nokkrar tekjur af starfsemi sinni án þess að ríkissjóður kosti þar nokkru til. Samkvæmt lagagreininni ættu slíkar tekjur að koma til frádráttar reksturskostnaði. Slíkt er með öllu óviðunandi. Ég legg því til að þessi grein verði felld úr frv. Þær litlu tekjur sem rekstraraðilar kunna að hafa renni til starfsemi viðkomandi þjónustustofnana og vistheimila og komi því öllum til góða sem þar dvelja og starfa.

Meiri hluti félmn. hefur lagt til yfir 20 brtt. við frv. sem ég stend að eins og fyrr kom fram í máli mínu. Hér er um svo mikilvægan málaflokk að ræða að einn eða tveir mánuðir til eða frá hefði ekki sakað að hefðu komið til viðbótar fyrir hv. nefnd að starfa að þessu máli og þar með gert okkur nefndarmönnum kleift að fara betur yfir málið.

Að lokum þetta: Þetta mál var mikið miðstýringarfrv. þegar það var lagt fram. Úr þessu hefur mjög verið dregið með brtt. meiri hlutans. Þá er þess að geta að í þeim viðræðum sem nú standa yfir um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er mjög rætt um að þessi málaflokkur muni verða hjá sveitarfélögunum. Af þeirri ástæðu hefði verið eðlilegt að þetta mál hefði verið skoðað nokkuð betur í sumar. En vegna þess að sú leið var ekki farin kemst ég ekki hjá að leggja fram þær brtt. sem hef hér að framan greint frá.

Ég þakka nefndarmönnum gott samstarf og sérstaklega formanni sem hefur lagt sig fram um að ná samkomulagi í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

147. FUNDUR

föstudaginn 15. maí,
að loknum 146. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo stendur á um 1. og 2. dagskrármálið, Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, 534. mál, og Samkomudag reglulegs Alþingis 1992, 533. mál, að til þess að þau megi koma til meðferðar þarf þingið að veita samþykki til þess, sbr. 2. mgr. 36. gr. þingskapa, vegna þess að þeim var útbýtt eftir 1. apríl. Mun forseti nú leita þess samþykkis og láta greiða atkvæði um hvort þessi dagskrármál megi koma til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Samþykkt með 34 shlj. atkv. að frv. verði tekin til meðferðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun jafnframt leita afbrigða þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu 1. og 2. dagskrármálsins, sbr. 1. mgr. 36. gr. þingskapa, svo og er of skammt liðið frá 1. umr. um 3. dagskrármálið, Stofnun og slit hjúskapar, 531. mál, sbr. 39. gr. þingskapa. Verður nú leitað afbrigða svo unnt verði að mæla fyrir þessum málum á þessum fundi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála frá landbúnaðarnefnd.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það virðist vera nokkrum erfiðleikum háð að mál landbn. gangi áfram í gegnum þingið. Það er alllangt síðan tveimur málum var skilað inn á skrifstofuna og ýmis mál sem hafa komið fram á eftir þeim málum eru komin til afgreiðslu. Ég vek t.d. athygli á því að á þeirri dagskrá sem unnið var eftir í dag var 20. mál afgreiðsla landbn. á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi og nú er það í næstneðsta sæti á þessari nýju dagskrá. Það var þó aðeins eftir hluti af þessari umræðu því að umræðu var frestað á dögunum og síðan var málið látið ganga áfram eftir að við höfðum tekið það aftur til meðferðar í landbn. Ég hlýt að verða að biðja hæstv. forseta að láta ganga jafnt yfir málefni nefndanna og afgreiða mál landbn. í sömu röð og þau berast eins og mál annarra nefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti reynir jafnan að greiða fyrir því að mál komist áfram eftir röð eins og hv. 3. þm. Austurl. nefndi.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 534. mál (ráðstöfun innstæðna). — Þskj. 960.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um viðauka við lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins fel-

ur í sér að greitt verður út úr Verðjöfnunarsjóðnum samkvæmt sérstökum reglum til þeirra atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi sem greitt hafa inn í sjóðinn frá því að núverandi lög tóku gildi og enn fremur úr þeim deildum sem fyrir voru frá tíð gömlu laganna. Hér er um að ræða útgreiðslur upp á 2,7 milljarða kr. til atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og 278 millj. kr. greiðslu til lífeyrissjóða sjómanna. Megintilgangur þeirra aðgerða, sem þetta frv. mælir fyrir um sem felur í sér frávik frá meginreglunni sem gildir um útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði, er þessi:

1. Að treysta atvinnu, einkanlega í sjávarplássum á landsbyggðinni.

2. Að styrkja stöðugleikaforsendur þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið og nýlega hefur verið fest í sessi með endurnýjuðum þjóðarsáttarsamningum frá árinu 1990.

3. Það er markmið með þessum ráðstöfunum að auðvelda þeim sjávarútvegsfyrirtækjum sem nú eru að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu og skipulagsbreytingum, m.a. með samruna, að takast á við þessi verkefni.

Ég tel að með þeim víðtæku ráðstöfunum sem hér er verið að mæla fyrir eigi að vera unnt að treysta með nokkuð viðunandi hætti í ljósi erfiðrar stöðu rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna og bægja frá alvarlegustu hættu á atvinnuleysi í sjávarplássunum umhverfis landið.

Frv. gerir ráð fyrir því að innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda verði ráðstafað til greiðslu skulda. Þó verða 30% af innstæðum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir og 32% af innstæðum í deild fyrir unnar botnfiskafurðir sem myndast hafa vegna afurða vinnsluskipa ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna. Til greiðslu til einstakra framleiðenda renna um 2,3 milljarðar en um 228 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt þessum ákvæðum.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að innstæðum reikninga vegna humardeildar og saltfiskdeildar sem mynduðust í tíð gamla verðmyndunarsjóðsins verði ráðstafað til skulda þeirra framleiðenda sem mynduðu þessar innstæður. Á reikningi humardeildarinnar eru um 300 millj. kr. og um 143 millj. kr. á reikningi saltfiskafurða. Áður en þessum fjármunum er skipt renna samtals 50 millj. kr. af þessari upphæð til Lífeyrissjóðs sjómanna. Því renna um 393 millj. kr. til lækkunar á skuldum einstakra framleiðenda. Í heild er eins og ég gat um áður um að ræða 2,7 milljarða kr. sem renna til atvinnufyrirtækjanna og 278 millj. kr. sem renna í lífeyrissjóði sjómanna.

Útgreiðslunum verður varið til þess að mæta skuldum samkvæmt nánari reglum sem fram koma í 3. gr. frv. Í fyrsta lagi verður þeim varið til þess að mæta afborgunum og vöxtum af veðskuldum viðkomandi framleiðanda, í öðru lagi skuldum framleiðanda við ríki og sveitarfélög, í þriðja lagi gjaldföllnum skuldum sem tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu og stafa af viðskiptum þeirra fyrirtækja, í fjórða lagi verður þeim varið til greiðslu á afborgunum og vöxtum af gjaldföllnum skuldum sem falla fram til loka þessa árs og í fimmta lagi: ef þá verður enn innstæða hjá einstökum framleiðendum verður henni varið til þess að lækka höfuðstól veðskulda.

Ef um það er að ræða að einstök fyrirtæki skulda ekki sem nemur innstæðu í sjóðnum, þá varðveitist hún og kemur til útgreiðslu til viðkomandi fyrirtækja samkvæmt almennum reglum sjóðsins. Það hefur verið talið mjög mikilvægt í þessu sambandi að útgreiðslurnar við þessi sérstöku skilyrði færu fyrst og fremst og einvörðungu til þess að lækka skuldastöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna.

Það hefur farið fram mjög ítarleg umræða á Alþingi í þessari viku, sl. þriðjudag, um málefni sjávarútvegsins og þann vanda sem þar er við að etja. Ég ætla ekki að endurtaka það sem fram fór og fram kom í þeirri umræðu, en vísa til almennrar greinargerðar um stöðu sjávarútvegsins sem fram kom í þeirri umræðu. En ljóst er að einn meginvandi sjávarútvegsins er fólginn í mjög miklum skuldum. Talið er að sjávarútvegurinn skuldi um 95 milljarða kr. Að meðaltali áætlar Þjóðhagsstofnun að halli á veiðum og vinnslu sé um 3,5%. Þessar ráðstafanir munu létta nokkuð á heildarskuldabyrði og mæta í verulegum atriðum vanskilaskuldum sem sjávarútvegsfyrirtækin búa nú við og tryggja viðunandi rekstur miðað við þá kröppu stöðu sem sjávarútvegurinn er í á þessu ári og bægja þar með frá atvinnuleysi sem ella væri hætta á. Það er ljóst að sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir nýjum aðstæðum, fyrst og fremst vegna minnkandi botnfiskafla. Grundvallaratriðið nú er að tryggja áframhaldandi stöðugleika og lækkun vaxta með aðhaldssamri stjórn í ríkisfjármálum. Þegar hefur náðst verulegur árangur í því efni. Kjarasamningar þeir sem nú hafa nýlega verið gerðir treysta enn frekar stöðugleikastefnuna og gefa góðar vonir um að verðbólga geti verið lægri hér en í viðskiptalöndunum og á þann veg getum við treyst betur samkeppnisstöðu sjávarútvegsins út á við og leiðrétt smám saman þá hækkun sem orðið hefur á raungenginu frá 1990 án þess að raska kaupmáttarmarkmiðum kjarasamninga og almennum verðlagsmarkmiðum.

Ég hef áður lýst því að þessari almennu efnahagsstefnu þyrfti að fylgja eftir með almennum hliðarráðstöfunum gagnvart sjávarútveginum til þess að auðvelda honum að takast á við nauðsynleg skipulagsverkefni. Það hefur þegar verið gert á þessum vetri með skuldbreytingum, frestun afborgana af lánum sjávarútvegsins, auknum úreldingarstyrkjum fyrst og fremst. Nú er í framhaldi af þessum ráðstöfunum gripið til ráðstafana af þessu tagi í þeim tilgangi að styrkja efnahagsstefnuna og auðvelda atvinnufyrirtækjunum að takast á við skipulagsbreytingar.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um tilgang þessa frv. og efnisatriði og stöðu sjávarútvegsins með tilliti til þeirrar umræðu sem þegar hefur farið fram um þetta efni. Ég átti viðræður við fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í gær og í dag um frv. og bar fram ósk um að það geti hlotið skjóta afgreiðslu hér á þinginu þannig að það megi verða að lögum nú fyrir þinglok og þakka jákvæðar undirtektir við það að

greiða fyrir frv. með slíkum hætti.

Ég legg svo til, forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér fóru fram fyrr í vikunni gagnlegar umræður um rekstrarvanda sjávarútvegsins þegar rædd var skýrsla sem við nokkrir þingmenn Alþb. höfðum beðið um. Þá gerði hæstv. sjútvrh. grein fyrir því með mjög skýrum hætti hver staða sjávarútvegsins væri og hversu gríðarlegur og yfirþyrmandi bráðavandi greinarinnar væri. Þær upplýsingar voru eins og ég segi greinargóðar, en hins vegar var í þeirri umræðu nokkuð lýst yfir því hvað hæstv. ríkisstjórn hygðist fyrir í formi beinharðra aðgerða. Á það skorti nokkuð í máli hæstv. sjútvrh. í þeirri umræðu og því var hann spurður ítrekað að því af mér og fleiri ræðumönnum hvað hæstv. ríkisstjórn hygðist fyrir í formi beinharðra ráðstafana varðandi rekstrarvanda sjávrútvegsins.

Ég sagði þá m.a., með leyfi forseta, eitthvað á þá leið hvort hæstv. sjútvrh. sæi að hægt væri að gera einhverjar ráðstafanir af hálfu Alþingis eða ríkisstjórnar. Er t.d. sjútvrh., svo að hann fái einhverjar beinar spurningar, tilbúinn að kanna hreinlega að ákveða að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð og greiða út það fé sem í honum er? Þetta er krafa sem stendur á okkur af fiskvinnslunni sem kvartar undan því að hafa þurft að binda þarna eina 3 milljarða kr. við aðstæður sem þrátt fyrir hátt afurðaverð voru henni það óhagstæðar að hún tapar nú fé og enn er afurðaverðið þannig að það er nokkuð í útgreiðslur á þessum peningum sem fiskvinnslan á þarna bundna í sjóðum. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til að skoða þetta mál og, ef menn yrðu sammála um það hér á Alþingi, drífa þess vegna í gegn frv. um að borga þessa peninga út á næstu mánuðum til fyrirtækjanna. Ég ítrekaði svo síðar í umræðunni þessa spurningu mína til hæstv. sjútvrh. og óskaði eftir því að hann kæmi inn í umræður og svaraði þeim beinhörðu spurningum sem ég hafði þá lagt fyrir hann og bauð aftur fram stuðning minn og okkar alþýðubandalagsmanna við það að tíminn á síðustu dögum þingsins yrði að einhverju leyti tekinn í það að afgreiða lagabreytingar þar sem slíkar ráðstafanir til að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins væru á ferðinni.

Hæstv. sjútvrh. svaraði því ekki beint hvort hann væri tilbúinn að standa svona að málum, en það hefur hann nú gert með þessu frv. og ég vil sérstaklega fagna því að þessi umræða hefur væntanlega átt sinn þátt í því að hæstv. sjútvrh. ákvað að láta á það reyna hvort mögulegt væri hér á Alþingi á allra síðustu dögum þinghaldsins að afgreiða slíkar ráðstafanir. Að sjálfsögðu stend ég við mín orð og mun gera fyrir mitt leyti það sem í mínu valdi stendur til þess að frv. nái hér fram að ganga og greiða götu þess.

Ég vil sérstaklega fagna þessu einnig vegna þess að í þessari sömu umræðu samkvæmt skýrslubeiðni okkar alþýðubandalagsmanna um vanda sjávarútvegsins töluðu einnig þeir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þess vegna hef ég m.a. óskað eftir því að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðu og mætti garpurinn sjálfur, hæstv. utanrrh., auðvitað vera það einnig, en ég ætla ekki að hirða um það frekar hvort svo tekst til.

En þannig var nefnilega að í þessari umræðu varð ekki málflutningur þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. skilinn á neinn veg annan en þann að ekki stæði til að gera neitt sérstakt í vanda sjávarútvegsins nú á þessum vordögum, alls ekki neitt. Það kom mjög skýrt fram í þeirra ræðum og fleiri en einn og fleiri en tveir ræðumenn *vöktu sérstaka athygli á því* og það olli mönnum vonbrigðum í þessari umræðu að um algert skilningsleysi virtist vera að ræða hjá hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hvað þennan vanda snerti. Þeim mun meira fagnaðarefni er mér það að hæstv. sjútvrh. hefur nú unnið smásigur í þeirri glímu sem alþjóð veit að hann hefur átt í í ríkisstjórninni um að fá að gera eitthvað róttækt varðandi rekstrarvanda sjávarútvegsins. Það er mér alveg sérstakt fagnaðarefni að sigurinn í þeirri glímu fór á þennn veginn og hæstv. sjútvrh. hefur fengið frið til að leggja fram þetta frv. fyrir úrtölumönnunum í ríkisstjórn.

Ég tel, eins og ég sagði við umræður um skýrslubeiðni okkar alþýðubandalagsmanna, að þetta sé skynsamleg ráðstöfun. Ég rökstuddi það þá hvers vegna ég teldi svo vera og ég þarf ekki að fara með þau orð aftur. Ég vísa til þess sem ég þá sagði. Ég tel að það sé í sjálfu sér engin sérstök efnahagsleg áhætta tekin með því að ráðstafa þessum fjármunum Verðjöfnunarsjóðsins svona og ég nefndi sérstaklega í minni ræðu þann möguleika að standa svona að hlutunum, þ.e. að ráðstafa fjármununum til greiðslu gjaldfallinna afborgana skulda sjávarútvegsins í sjóðum og gagnvart öðrum skuldunautum. Ég tek það fram að ég hef ekki haft tíma til þess enn þá að fara yfir tæknileg atriði frv. í einstökum atriðum frekar en væntanlega ýmsir fleiri hv. alþm. og tel þess vegna óhjákvæmilegt að sjútvn. fái svolítinn tíma til að fara yfir þá hluti og ræða við höfunda frv. og helstu hagsmunaaðila sem þessu máli tengjast, en vonandi tekur það ekki meiri tíma en svo að auðvelt verði að ljúka því og koma málinu aftur til afgreiðslu.

En það er ekki hægt, hæstv. forseti, við þessa umræðu nú, það er ekki hægt hversu velviljuð sem við erum málinu og hversu mikið sem við viljum á okkur leggja til að greiða götu þess og spara hér tíma í umræðum að neita sér um að segja fáein orð við hæstv. forsrh. af þessu tilefni.

Það sem ég ætla að ræða við hæstv. forsrh. núna er fortíðarvandi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Það er þetta sjóðasukk, Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins. Það er þessi tómi sjóður sem núv. hæstv. ríkisstjórn tók við í þessum efnum. Við erum búnir að sitja undir því, við sem berum ábyrgð á fráfarandi ríkisstjórn, stanslaust síðan hæstv. forsrh kom til valda að hann hefur rætt viðskilnað þeirrar ríkisstjórnar, hann hefur borið hana óhróðri og hann hefur reynt að fylla þjóðina upp með fordómum gagnvart því að hann hafi tekið við alveg einstöku þrotabúi, þessi núv. hæstv. forsrh. Þeim mun skemmtilegra er það nú fyrir okkur að

geta með þessum sjóði, sem myndaðist í tíð fyrrv. ríkisstjórnar vegna skynsamlegrar ráðstöfunar þá og skynsamlegrar efnahagsstjórnunar og forsjálni þegar batnandi afkoma sjávarútvegsins var að nokkru leyti tekin til hliðar og myndaðar innstæður í staðinn fyrir að fara beint út í verðlag og valda kannski þenslu, komið núna hæstv. ríkisstjórn til bjargar með þessum sjóði, með þessari innstæðu, með þessari ráðdeildarsemi sem verður núna ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar að liði þegar hún á í hvað mestum þrengingum hvað málefni sjávarútvegsins snertir. Vill ekki hæstv. forsrh. vera svo vænn, það þarf ekki að taka langan tíma, að koma hérna upp og útskýra það fyrir mér og e.t.v. fleirum hvernig þessi ráðstöfun núna, hvernig Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins fellur inn í heimsmynd hans um fortíðarvandann og sjóðasukkið frá tíð fyrri ríkisstjórnar? Ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. hafi jafnvel óbeðinn tekið sér það fyrir hendur í fjölmiðlum núna í kvöld að mæla fyrir hönd hæstv. sjútvrh. um þessar ráðstafanir og hefði ég nú talið fara betur á því að flytjandi frv., hæstv. sjútvrh. sjálfur, hefði talað fyrir sínum tillögum og sínum ráðstöfunum í þessum efnum. En forsrh. gerði það engu að síður og það er svo sem innanhúsmál í ríkisstjórninni hver talar fyrir hvern þar, en hitt verð ég að segja að ég gat ekki betur skilið fréttirnar en svo að hæstv. forsrh. teldi þetta harla góða ráðstöfun og skynsamlega og hið besta mál og þeim mun meiri ástæða er til þess að hann komi hérna upp og geri okkur þann greiða að útskýra hvernig þetta fellur inn í þindarlaus ræðuhöld hans, linnulaus, sem nú hafa staðið í rúmlega ár um fortíðarvandann og hinn slæma arf sem hann tók við frá fyrri ríkisstjórn.

Nei, það er eins og ég segi ánægjulegt að geta vegna þess hvernig að málunum var staðið í tíð fyrri ríkisstjórnar komið núna sjávarútveginum til hjálpar með þessum ráðstöfunum og það vonum við svo sannarlega að þetta verði sjávarútveginum til góðs og auðveldi honum að komast í gegnum þá miklu erfiðleika sem hann núna stendur frammi fyrir. Hitt er svo ljóst og það skal ég um það bil láta verða mín síðustu orð að það er ekkert ánægjuefni, auðvitað er það ekkert ánægjuefni að greiða út á einu bretti og nota eins og leggur sig þessa þriggja milljarða innstæðu sjávarútvegsins, að tæma hana núna í einni ráðstöfun. Það er ekkert sérstakt fagnaðarefni að þurfa að grípa til varasjóðsins með þeim hætti að hann sé allur notaður upp á einu bretti, en það er það sem hér er verið að leggja til, að tæma þann verðjöfnunarsjóð sem sjávarútvegurinn náði þó að mynda í tíma batnandi afkomu á undanförnum árum. En við verðum að beygja okkur undir að aðstæður sjávarútvegsins eru þannig að það verður að grípa til einhverra ráðstafana honum til handa og vonandi er að takast samstaða um eina leið af mörgum sem ég hef a.m.k. talið koma til greina í þessu sambandi og bauð upp á fyrir mitt leyti að stuðla að samkomulagi um að gert yrði. Auðvitað hefði maður viljað sjá hér margt fleira fylgja með, svo sem eins og harðari aðgerðir gagnvart rekstrarumhverfi sjávarútvegsins sjálfu með því að taka niður vaxtakostnað og annan tilkostnað og fleira af því tagi, en maður hlýtur að taka fagnandi því sem reynt er þó að gera í þessum efnum.

Útgreiðsla úr sjóði af þessu tagi er að sjálfsögðu ekki varanleg lausn í þeim skilningi að hún breytir ekki sem slík rekstrarumhverfi sjávarútvegsins, hinum ytri aðstæðum hans, en hún kemur fyrirtækjunum mjög til góða, bætir stöðu þeirra við sína lánardrottna og ætti að auðvelda þeim að lifa af þessa erfiðu tíma.

Herra forseti. Ég læt þá lokið máli mínu með því að fagna á nýjan leik þeim árangri sem hér hefur náðst og ég vona að það takist að afgreiða þetta mál. Ég vil einnig leyfa mér að halda að þetta sé dæmi um að skoðanaskipti og umræður um málefni t.d. atvinnuveganna hér á hinu háa Alþingi geti haft nokkuð gott í för með sér, jafnvel þó í það fari svolítill tími, hæstv. forsrh. Jafnvel þó hans hátign hæstv. forsrh. verði að sitja undir svolitlum ræðum kemur það kannski í ljós að stundum hefst nokkuð gott upp úr því að menn á Alþingi Íslendinga skiptist á skoðunum og ræði hin stærstu hagsmunamál. Ég a.m.k. vil leyfa mér að trúa því að hér sé að líta dagsins ljós árangur af slíkum skoðanaskiptum og því fagna ég.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm., sagði að ég hefði talað þindarlaust um sjóðamálin. Ég er nú ekki svo íþróttamannslega vaxinn eins og hann að geta talað þindarlaust, en það getur hann svo sannarlega, er einhver mesti ræðutalandi í þinginu og eru þó margir ágætir og góðir.

Ég verð að gleðja hann eða hryggja hann eftir atvikum með því að segja honum að það hefur ekki verið neinn meiningarmunur á milli mín og hæstv. sjútvrh. um þetta mál. Og ég bendi honum á að fá útskrift af ræðu minni í þeim umræðum sem vitnað er til og ef hann les hana mjög gaumgæfilega sér hann þar setningar sem gátu bent til þess að hlutir eins og þessir væru í vændum. Ég bendi honum á að fá útskriftina og ég býst við að hann sjái að það var ekki loku fyrir það skotið að slíkt gæti verið að gerast þessa dagana einmitt, að slíkt væri í undirbúningi. En allt á sinn tíma. Þetta mál var ekki svo þroskað þá að það væri hægt að ræða það með þeim hætti þá. Það gerðu menn ekki.

Í sjálfu sér tel ég ekki að þessi aðgerð breyti neinu í þeim deilum sem menn hafa áður átt, ekki þindarlaust en um töluverða hríð hér í þinginu, varðandi meðferð sjóða og annað þess háttar og ég ætla ekki í sjálfu sér að blanda mér í það. En ég get tekið undir með hv. þm. að auðvitað er það íhugunarefni að svo gott sem tæma sjóð af þessu tagi sem var markaðstekjujöfnunarsjóður, sveiflusjóður, og færa hann með þessum hætti í einu vetfangi yfir í það að jafna aflabrögðin, aflaleysið, og að því leytinu breyta honum í tekjujöfnunarsjóð hvað þennan þátt varðar. En ég tel fyrir mitt leyti að með þessu sé alls ekki verið að segja síðasta orðið um þennan sjóð og er almennt séð hlynntur því að reynt sé að gæta þess í okkar sveiflukennda landi að slíkir sjóðir séu til staðar.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er því miður litlu að svara. Ég lagði óbeint spurningu fyrir hæstv. forsrh. og úr því að hann kvaddi sér hljóðs átti ég von á að hann mundi gera einhverja tilraun til að svara því hvernig sú aðgerð sem hér er verið að grípa til af ríkisstjórn hans fellur inn í heimsmynd hans um fortíðarvandann og sjóðasukk fyrrv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. kaus að fara mjög fimlega fram hjá því að segja um það ekkert einasta orð í ræðustólnum og ég skil þögn hans. Hann er auðvitað í rjúkandi vandræðum með það, vill ógjarnan þurfa að viðurkenna að það er einmitt hið góða bú frá tíð fyrri ríkisstjórnar sem verður núna ríkisstjórninni og þó fyrst og fremst sjávarútveginum til hjálpar. Það er vel og þess vegna er ástæða til að gleðjast og út af fyrir sig er það meinalaust af minni hálfu þó í þessu tilviki kunni það að létta hæstv. ríkisstjórn lífið, harmkvælin sem hún býr við að ýmsu öðru leyti.

Þetta með að vera þindarlaus er nú málvenja, hæstv. forsrh., og er sennilega það ég best veit komið til af því að menn trúðu því hér áður fyrr a.m.k., áður en líffræðin komst á það stig í landinu sem síðar varð, að refurinn væri þindarlaus og þess vegna væri hann slíkur hlaupagarpur sem raun bar vitni. Og refurinn er auðvitað frár á fæti eins og við vitum og mundi hlaupa okkur báða af sér, mig og hæstv. forsrh. Þó er einn veikleiki í íþróttamennsku refsins og hann er sá að hann er frekar lélegur að hlaupa niður í móti. Það skapast af því hvernig hann er vaxinn og byggður að afturlappirnar eru öllu sterkari en framlappirnar og hann lendir stundum í baksi þegar hann er á leið niður brekkuna. Það er nákvæmlega það sem hæstv. ríkisstjórn er líka að gera þessa dagana.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir gerir ráð fyrir því, eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh., að greiða út eða nota til greiðslu á skuldum sjávarútvegsins nánast allar innstæður í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þetta er að sjálfsögðu mikilvæg ákvörðun. Um hana má vissulega deila, en það góða er þó að þarna skuli vera til verulegt fé til að koma til móts við sjávarútveginn í þessum erfiðleikum. Þegar Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var endurreistur vorið 1990 var það gert í verulegri andstöðu við hagsmunasamtök sjávarútvegsins og má segja að nánast enginn vildi standa að því. Það var hins vegar talin mikilvæg ákvörðun út frá hagfræðilegum sjónarmiðum að sjávarútvegurinn legði til hliðar í góðæri og gengi íslensku krónunnar tæki mið af því að sjávarútvegurinn ætti að leggja í sjóð þegar verðlag er mjög hátt og með sama hætti að fá úr viðkomandi sjóðum þegar verðlag lækkaði.

Með þeirri ákvörðun sem hér er verið að taka er nokkuð gengið gegn upphaflegum tilgangi. Hér er ekki eingöngu um verðfall að ræða heldur líka veruleg vandamál í sambandi við aflabrögð og því má segja að það sé verið að brjóta þau prinsipp sem upphaflega voru sett eða breyta þeim réttara sagt. Að mínu mati þurfa að vera til þess þung rök sem ég tel að séu til staðar við núverandi aðstæður, en ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi að halda áfram á sömu braut og viðhalda Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og þeirri hugsun sem þar liggur að baki. Ég er þeirrar skoðunar að sjávarútvegurinn verði að leggja til hliðar þegar vel gengur vegna þess að það muni alltaf koma ár sem eru verri og þá verði þessi atvinnugrein að eiga innstæður til að mæta áföllunum.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að umræðan um svokallaðan auðlindaskatt sé þess eðlis að það sé nauðsynleg sátt í þeirri umræðu að krefjast þess af sjávarútveginum að hann leggi til hliðar þegar vel gengur þannig að t.d. iðnaðurinn lendi ekki í vandræðum vegna velgengni sjávarútvegsins ef svo má komast að orði. Auðvitað hefur gengisskráningin oft og tíðum verið miðuð við afkomumöguleika sjávarútvegsins og þess vegna orðið til þess að skekkja grundvöll annarra atvinnugreina. Það má segja að sú ráðstöfun sem nú er verið að fara út í sýni hversu fráleitt það var og er að skattleggja sjávarútveginn, sérstaklega við núverandi aðstæður, og sú ákvörðun sem ætti að taka fyrst af öllum er að taka til baka þá sérstöku skattlagningu sem ríkisstjórnin kom á þegar hún komst til valda og flokkarnir komu sér saman um og Alþfl. sérstaklega hefur boðað framhald á. Þess vegna væri mikilvægt að núv. ríkisstjórn lýsti því yfir í eitt skipti fyrir öll að allar slíkar hugleiðingar hefðu verið settar til hliðar og hún tæki til baka fyrri ákvarðanir. Það er óþolandi fyrir greinina að búa við þær hótanir sem hafa legið í þeim orðum, ekki síst af hálfu Alþfl. og ráðherra hans í núverandi ríkisstjórn.

Ég held að það hafi alltaf legið fyrir að því er varðar þennan sjóð að hann hefur ekki verið tómur og er nú dæmi um inneign sem er mikilvæg við núverandi aðstæður og ég vil líka nefna annan sjóð sem ekki var heldur tómur, sem er Úreldingarsjóður, en hins vegar hefur núv. ríkisstjórn tekið ákvörðun um að greiða mun hraðar út úr honum, sem ég get fallist á, en einnig svipt þann sjóð tekjumöguleikum sínum að verulegu leyti. Þótt það sé mikilvægt að hraða úreldingu fiskiskipa verður það ekki gert úr tómum sjóði og því er alvörumál að það stefnir í það að Úreldingarsjóður eigi litlar eignir eftir tiltölulega stuttan tíma og vantar þess vegna tekjur eins og gert var ráð fyrir að hann mundi búa við samkvæmt eldri lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þótt ég geti fyrir mitt leyti stutt þessa aðgerð vil ég benda á þá staðreynd að hún ein og sér mun ekki lagfæra rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins er mjög slæmur eins og þegar hefur verið viðurkennt, m.a. af núv. hæstv. sjútvrh., og útgreiðsla úr Verðjöfnunarsjóði nú breytir í reynd engu þar um. Það er taprekstur og þótt þessir peningar verði greiddir út til þess að greiða niður skuldir mun það ekki lagfæra taprekstur inn nema að litlu leyti eða sem nemur vöxtum af því fé sem þarna kemur inn í sjávarútveginn. En auðvitað verður líka að gera kröfu um að sjávarútvegurinn hafi arð af sínu eigin fé.

Þetta er hið alvarlega í málinu og þess vegna vil ég taka undir það, sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh., að

það er nauðsynlegt að gera ýmsar aðrar ráðstafanir sem við höfum rætt mjög ítarlega hér á Alþingi og ég ætla ekki að fara að gera að sérstöku umtalsefni nú. Ég vil hins vegar fagna því, sem hann sagði, að það þyrfti að leiðrétta raungengið, sérstaklega miðað við það sem var í febrúar 1990, en hæstv. utanrrh. notaði orð mín í því sambandi til sérstakra árása á mig og sagði að ég væri að heimta gengisfellingu. Ég er ekki að heimta gengisfellingu, en ég er að heimta, þótt ég vilji ekki nota það orð í þessu sambandi, ég er að krefjast þess að það séu gerðar ráðstafanir til þess að sjávarútvegurinn geti staðið undir öllum þeim skuldbindingum sem hann stendur frammi fyrir og öllum þeim kröfum sem til hans eru gerðar með eðlilegum hætti. Það er engum til góðs að þessi atvinnugrein sé rekin með tapi. Það mun verða til þess að þjóðfélagið mun brotna smátt og smátt niður og það verður að viðurkenna að við Íslendingar getum ekki staðið frammi fyrir því lengi að mikilvægasta undirstöðuatvinnugrein okkar sé rekin með tapi. Það höfum við aldrei getað og við verðum að mæta því með einum eða öðrum hætti. Eitt af því sem er nauðsynlegt í því sambandi er leiðrétting á raungenginu og ég lít svo á að nú sé það stefna núv. ríkisstjórnar að þessi leiðrétting eigi sér stað og því hlýt ég að taka lítið mark á því sem hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sagði m.a. í þessu sambandi.

Ég vil jafnframt benda á nauðsyn þess að breyta skattastefnunni gagnvart sjávarútveginum, afnema aðstöðugjaldið sem lítt gengur með. Það er jafnframt nauðsynlegt að lækka vexti frá því sem nú er og halda áfram á þeirri braut. Ég viðurkenni vissulega að þar hefur náðst árangur, en vextir eru enn of háir og ekki við því að búast að sjávarútvegurinn geti staðið undir jafnháum raunvöxtum og er í dag, hvað þá að hann geti staðið í miklum fjárfestingum.

Það er líka nauðsynlegt að taka til baka þá sérstöku skattlagningu sem sett var á sjávarútveginn og hann þarf að byrja að greiða nú á haustmánuðum. Þótt hallarekstur ríkissjóðs sé alvarlegt mál er hallarekstur sjávarútvegsins enn þá alvarlegra mál og er það með eindæmum að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki viðurkenna það því að með því að stofna til skattlagningar á sjávarútveginn og auka halla hans er í reynd verið að draga úr þjóðartekjum. Þótt ríkisbúskapurinn bætist lítillega vegna slíks er það til þess fallið að draga úr tekjuöflun þjóðarbúsins. Skattpíning er til þess fallin oft og tíðum að draga úr möguleikum aðila til að bjarga sér. Þetta er viðurkennt af flestum og þar af leiðandi er hallalaus ríkisbúskapur ekki einhlít aðgerð í sambandi við stöðugleika í efnahagsmálum þótt ég sé á engan hátt að gera lítið úr nauðsyn þess að ríkissjóður sé rekinn á sem bestan hátt.

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að halda um þetta mál langa ræðu. Ég tel nauðsynlegt að við fáum tækifæri til að fara yfir það í sjútvn. á morgun. Mér finnst það vera álitamál ef búið er að nota peningana til fyrstu fjögurra atriðanna, þ.e. afborgana og vaxta, skattskulda o.s.frv., að afgangurinn skuli notaður til lækkunar höfuðstóls. Mér fyndist á margan hátt eðlilegra að það væri þá notað til þess að borga fyrst væntanlegar afborganir og vexti ársins 1993 áður en greiðslur gengju til almennrar lækkunar á höfuðstól. Fyrirtækin eru mörg hver þannig stödd að greiðslubyrði þeirra er ekki aðeins mikil nú sem stendur heldur jafnframt á næstu árum og því ætti það að hjálpa betur til í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu jafnvel þótt ég viti að trúlega eru fá fyrirtæki sem eiga eitthvað eftir þegar fyrstu fjórir liðirnir hafa verið notaðir. Þetta er í sjálfu sér ekkert stórmál, en slík atriði hljóta að geta verið til umræðu við umfjöllun á málinu í nefnd á morgun. En ég get fyrir mitt leyti reynt að standa að því að mál þetta verði afgreitt sem fyrst eftir helgina og við stöndum þannig að málum að það hljóti afgreiðslu fyrir þinglok.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta mál, en vildi fyrst og fremst leggja á það áherslu að með þessu er ekki verið að leiðrétta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins eins og þarf að gera og því mun sjávarútvegurinn verða áfram í erfiðleikum þrátt fyrir þessa aðgerð.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en fagnað því að hæstv. sjútvrh. beitir sér fyrir því að gripið verður til nauðsynlegra sértækra aðgerða vegna þeirra sérstöku og erfiðu aðstæðna sem eru í sjávarútvegi nú. Vissulega er um örþrifaráð að ræða vegna aðstæðna sem auðvitað hefði verið best að ekki hefðu upp komið. Það er margt sem hefur lagst á eitt að skapa þessar erfiðu aðstæður og sumt af því eru hreinar stjórnvaldsaðgerðir, svo sem það háa vaxtastig sem við höfum búið við, sem hefur íþyngt fiskvinnslunni alveg hreint óskaplega, og það er ekki hægt að segja annað en við höfum varað við þessu frá upphafi. Þetta var fyrirsjáanlegt. Þessu hefði mátt afstýra. Þarna hefði mátt halda betur á spöðunum. Það hefur hins vegar ekki gerst. Auðvitað geri ég mér grein fyrir að það er fleira sem spilar þarna inn í, en m.a. er nauðsynlegt að grípa til sértækra aðgerða vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa. Ég vona jafnframt að það muni verða viðurkennt eigi síðar en á haustdögum að eins og ástandið er nú í fiskvinnslu hér á landi er ekki hægt að íþyngja henni með því að leggja þær álögur á sem þó hefur verið tekin ákvörðun um með miklum mótmælum okkar stjórnarandstæðinga. Þetta vonast ég til að verði viðurkennt.

Ég tek það jafnframt fram og vil að það komi hér fram strax að með þessu er ég ekki að taka undir þær raddir, sem heyrast alltaf af og til, að leggja beri sjóðinn niður. Ég tel Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins nauðsynlegan og það sýnir sig kannski best núna þegar við erum að grípa til þessara aðgerða hversu gott er að geta gert slíkt, hversu nauðsynlegt er að eiga eitthvað í sjóði. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þess sem segir í athugasemdum á bls. 4 með frv. og vil taka undir að hér sé um tímabundnar breytingar að ræða. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara tímabundnu breytinga á lögum

sjóðsins er að stuðla að því að þau fyrirtæki sem myndað hafa þessar inneignir geti ráðstafað þeim til greiðslu vanskilaskulda og þannig lækkað þann mikla vaxtakostnað sem þeim fylgir. Hér er einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða og ekki gerð tillaga um neinar varanlegar breytingar á starfsemi sjóðsins að öðru leyti." — Þetta finnst mér mjög mikilvægt að fylgi mínu máli því að það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni að það eru háværar raddir um það að þessi sjóður eigi ekki rétt á sér. Undir það get ég ekki tekið. En þess vegna líka varð mér dálítið órótt þegar ég las áfram. Þar stendur: „Hins vegar er tillagna að vænta um framtíðarskipan sjóðsins nú í sumar frá nefnd sem sjútvrh. skipaði sl. haust."

Mig langar raunar að spyrja út í hvernig þessi nefnd er skipuð þar sem önnur nefnd var áður að starfa að sama máli og þar komu kvennalistakonur að, en mig langar til þess að vita nánar um þessa nefnd og geri ég ráð fyrir að það sé hægt að gera grein fyrir því í örstuttu máli. Um annað er ég ekki að biðja. Ég legg sem sagt sérstaklega áherslu á að þarna er um tímabundna breytingu að ræða og ég tek undir það sem stendur í athugasemdunum.

Ég vek athygli á því að það eru einhver fyrirtæki sem hafa ekki kost á að fá greiddar sínar innstæður úr sjóði þar sem þau falla ekki undir skilgreiningar um skuldsetningu. Ég þekki ekki aðstæður þessara fyrirtækja og leyfi mér að gera ráð fyrir því að þau þurfi ekki á þessu að halda. Af góðri reynslu af störfum sjútvn. geri ég hins vegar ráð fyrir því að þetta sé eitt af því sem við munum taka fyrir í umfjöllun nefndarinnar og ég get í rauninni ekki ímyndað mér að þetta komi að sök, en vek þó athygli á þessu.

Varðandi nánari útfærslu höfum við ekki haft í höndunum nema örstutt þetta orðalag og þann hátt sem hafður verður á og ég hugsa að vanda vel og með góðum hug störf í nefnd. Ég geri ráð fyrir að sjútvn. beri gæfu til þess eins og alltaf þegar hún er samstiga að geta fjallað málefnalega um þetta mál þótt ég geri mér grein fyrir því að hér störfum við undir mikilli tímapressu og ég viðurkenni það og er fús til að leggja mitt af mökum til að greiða fyrir málinu.

Varðandi það að tæma sjóðinn eða svo gott sem er það auðvitað áhyggjuefni. En ég ítreka það enn og aftur að hér er ekki verið að leggja sjóðinn niður og það er grundvallaratriðið.

Ég tek undir með þeim sem hér hafa bent á að þetta er einungis hluti af þeim ráðstöfunum sem þarf að gera til þess að sjávarútvegur og fiskvinnsla fái þrifist. En það getur verið nauðsynlegt að grípa til sértækra aðgerða og ég fagna því þar með að það hefur verið viðurkennt hér og það hefur verið gert og það hefur verið tekið á því af ábyrgð og festu og í samráði allra. Það væru vinnubrögð sem oftar mættu eiga sér stað á Alþingi að það væri farið út í náið og gott samráð og ég held að það sé farsælast fyrir alla. Þetta er að sjálfsögðu í hróplegri andstöðu við það sem gerðist hér fyrr í dag þegar allt samráð og öll andstaða var hundsuð og keyrt í gegn afleitt frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni mjög stórt mál. Hér eru menn að tala um að taka fjármuni úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins í öðrum tilgangi en upphaflega var reiknað með. Þessi ákvörðun skiptir mjög miklu máli fyrir sjávarútveginn. Þó svo að hún þýði ekki að sjávarútvegsfyrirtækin verði rekin almennt eftir hana með hagnaði skiptir hún verulega miklu máli.

Það þarf auðvitað fleira til að koma. Menn verða að geta gert fleiri ráðstafanir en þær sem hér hafa komið fram og þær sem hér eru á döfinni eftir því sem maður hefur heyrt talað um. Að vísu er ævinlega í hverri ræðu talað um að það sé verið að vinna að því að lækka vexti, en það gengur ansi hægt enn þá þó að vonandi komi nú að því að þeir lækki niður í þær hæðir að atvinnulífið í landinu geti staðið undir þeim til langframa. En ég held að það sjái allir skynsamir menn að þeir vextir sem nú eru í þjóðfélaginu og eru búnir að vera undanfarið geta ekki staðið til langframa vegna þess að það er enginn atvinnurekstur sem getur keppt við þann arð sem fjármagnið gefur af sér í ávöxtun. Auðvitað er það ávísun á atvinnuleysi þegar slíkt ástand varir árum saman eins og það hefur nú þegar gert.

Í umræðu sem var vitnað til áðan um sjávarútvegsmál sem Alþb. stóð fyrir, þá vitnaði ég í Fréttabréf Samtaka fiskvinnslustöðva þar sem þeir nánast fallast á samkomulag ríkisins og aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör á næstunni en benda raunar á nánast þetta sem eitt af stærstu málunum sem gætu orðið til hjálpar í sjávarútveginum. Það voru ýmsir ræðumenn sem komu að þessu máli og bentu á að þarna væru peningar sem sjávarútvegurinn í landinu ætti og spurðu mjög grannt eftir því hvort ekki ætti að skoða það mál nánar. Það fengust engin svör þá, en svörin eru komin núna. Og það vil ég segja nú að mér finnst að það séu nokkur tíðindi þegar stjórnarandstaðan tekur ábyrgð á slíkri gerð sem hér á að fara að gera. Þetta er neyðarráðstöfun og það eru mikil tíðindi þegar stjórnarandstaðan tekur þátt í því að skjóta stoðum undir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eins og við erum að gera með því að taka undir og hjálpa til við að láta þetta mál fara hér í gegn því að mér er ekki grunlaust um það að ríkisstjórnarflokkana hafi skort kjark til þess að ráðast að þessum sjóði. En þeim hefur vaxið kjarkur þegar það kom í ljós að stjórnarandstaðan var tilbúin að skoða það mál sem hér er komið á borð þingmanna.

En ég verð að segja alveg eins og er að ef það á að vera til sjóður sjávarútvegsins sem á að geymast til mögru áranna, hvenær á þá að nota hann ef það á ekki að nota hann nú þegar sjávarútvegurinn býr við mjög erfið skilyrði? En ég vona eindregið að hér verði ekki látið staðar numið. Það verði farnar leiðir sem duga til þess að sjávarútvegurinn komist á rekstrargrundvöll þannig að menn standi ekki frammi fyrir því að láta sjávarútveginn halda áfram að tapa þetta árið, mínus það sem tekið er úr þessum sjóðum, og að upp hlaðist vandamál sem menn standa þá frammi fyrir um næstu áramót, að grundvöllur sjávarútvegsins verði

jafnvel orðinn verri en hann er núna og enginn sjóður til að ganga í.

Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum til þess að þetta verði samþykkt hér í þinginu og ég vona að stjórnarandstaðan sé ekki að taka ábyrgð á máli sem verði látið eitt duga og sjávarútvegurinn verði látinn halda áfram að trénast upp eins og hann hefur verið að gera undanfarið. Ég tel að þessi aðgerð treysti atvinnu í sjávarbyggðunum í kringum landið. Þó svo hún dugi ekki til er hún mjög mikilvæg.

Ég ætla ekki að fara að halda hér langar ræður um þessi mál þó að það væri auðvitað nóg efni til þess og vonandi einhver kraftur í hæstv. forsrh. eftir til að hlusta á þær. En mig langar til viðbótar til að segja að ég fagna því alveg sérstaklega að sjóður sem hefur verið til umræðu undanfarna daga, Lífeyrissjóður sjómanna, nýtur góðs af þessu. Í hann koma verulegir peningar og það er fagnaðarefni því að ekki stendur hann vel eftir þeim lýsingum sem hafa komið fram í plöggum sem við höfum séð. (**Gripið fram í:** Það er spurning hvort hann á ekki meira.) Spurning, já, hvort hann á ekki meira en þetta. En það er fagnaðarefni að þar skuli koma inn nýir fjármunir. Og ég vil fagna því í lok minnar ræðu að ríkisstjórnarflokkunum hefur vaxið svo kjarkur við þá umræðu sem fór hér fram að tilhlutan Alþb. að þeir hafa komið með raunhæfa tillögu til að létta vanda sjávarútvegsins.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég á að fjalla aðeins um rekstrarvanda sjávarútvegsins. Menn hafa verið að því og kannski er ekki ástæða til þess þar sem að hæstv. forsrh. hefur vikið sér frá. En ég hefði kannski eytt örfáum orðum í það hefði hann verið hér. Ég þarf ekki svo mikið að ræða það við hæstv. sjútvrh. Hann hefur heyrt mig segja það hér oft áður því að hann situr venjulega inni þegar við ræðum um þessa atvinnugrein.

En forsrh. hefur verið mjög tíðrætt um hve þessi undirstöðuatvinnugrein sé mikið skuldsett og segir þá jafnframt — og hér er hæstv. forsrh. mættur — að hún skuldi um 90–100 milljarða kr. og það mun rétt vera. Það finnst mér vera galli á framsetningu þess máls af hæstv. forsrh. að mér hefur fundist liggja á milli orðanna að greinin muni ekki geta staðið undir þessari skuldsetningu og hæstv. forsrh. leiðréttir mig þá því að ekki vil ég fara að gera honum upp eitthvað sem ekki er rétt.

Það var samt svo að árið 1990 gerði sjávarútvegurinn meira en að borga allt sem honum bar á árinu 1990. Árið 1991 stóð nokkurn veginn á sléttu að sjávarútvegurinn gæti staðið við þær skuldbindingar sem á honum hvíldu, sem betur fer. En því miður fór að halla undan fyrir þessari atvinnugrein síðari hluta ársins og við vitum af hverju það var. M.a. vegna vaxtahækkana og ýmissa íþyngjandi aðgerða sem þá voru lagðar á atvinnureksturinn í landinu og einnig þá á sjávarútveginn. Og ég tala nú ekki um það sem liðið er af þessu ári. Þá hefur einnig verið haldið áfram að skattleggja þessa grein. Það er það sem veldur. Ef sjávarútvegurinn, hæstv. forsrh., hefði þau starfsskilyrði sem hann hafði og búið var af síðustu ríkisstjórn að búa þessari atvinnugrein, þá væri ég ekkert hræddur um að greinin mundi ekki spjara sig. Og ég held að hún hefði getað það og ég trúi því núna að menn séu að átta sig á því að það hafi verið gerð alvarleg mistök.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vildi aðeins koma þessu að. Vegna þess að menn fóru að tala almennt um afkomu greinarinnar gat ég ekki setið á mér að draga þetta hér fram.

Ég fagna frv. náttúrlega eins og aðrir. Það kveður á um útborganir af innstæðum á reikningum sjávarútvegsins úr Verðjöfnunarsjóði. Það er nefnilega þannig að ég hef oftsinnis á yfirstandandi þingi þegar fjallað hefur verið um rekstrarvandann í sjávarútveginum hvatt til þess fyrir það fyrsta að inngreiðslum í sjóðinn væri hætt og einnig að rekstrarumhverfi í greininni væri slíkt að það ætti að greiða úr sjóðnum. Þetta hef ég sagt margsinnis í ræðum úr þessu púlti í vetur. Því fagna ég alveg sérstaklega að þetta skuli nú vera komið fram.

Það er ekki vafi að þessi aðgerð kemur til með að hafa jákvæð áhrif fyrir atvinnugreinina. En ríkisstjórnin, og þá bið ég hæstv. ráðherra að leggja við hlustirnar, verður hins vegar að gera sér grein fyrir því að hér er aðeins tekið eitt örstutt skref á lengri leið til að draga úr hallarekstri sjávarútvegsins.

Við þingmenn Framsfl. munum skoða þetta mál með opnum huga og reyna að sjá til þess að frv. nái hér fram. Ég fullyrði ekki um að það verði óbreytt, en að frv. nái hér fram. Við munum leggja okkur fram við það. En ég vil jafnframt taka mjög sterklega fram að við framsóknarmenn munum gera allt sem við megum til að knýja ríkisstjórnina til frekari verka að búa sjávarútveginum viðunandi rekstrarskilyrði. Það sannast einmitt í kvöld að málflutningur okkar í vetur hefur náð eyrum ríkisstjórnarinnar þannig að það hefur ekki verið til einskis talað í vetur í þessu máli.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins nefna vegna þess sem hv. þm. nefndi um heildarskuldir sjávarútvegsins og það sem hefði verið um það rætt að það er hygg ég allt rétt hjá honum í öllum meginatriðum, en vandamálið er þó það að við getum ekki rætt um sjávarútveginn eins og hann sé eitt fyrirtæki, eins og hann sé sjávarútvegurinn Ísland hf. Hann er það ekki. (**StG:** Ekki fremur en aðrar greinar.) Ekki fremur en aðrar greinar, það er hárrétt, hv. þm., en það leiðir hins vegar til þess að því fer fjarri að þó að meðaltalstölur séu birtar þýði það að sérhvert fyrirtæki hafi verið án vandræða á einhverju tilteknu tímabili. Tölur um afkomu þeirra fyrirtækja margra hverra sýna hið gagnstæða og reyndar örlög sumra þeirra. Er ég þá ekki að deila neitt sérstaklega við hv. þm. Ég hygg að það sé enginn ágreiningur milli okkar um þessi atriði.

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt, hæstv. forsrh., við þurfum örugglega ekki að deila um þetta. En að gefnu til-

efni vil ég þó brýna hæstv. forsrh., vegna þess hversu skammt lifir þessa þings og ekki víst að það verði svo skjótt sem ég nái eyrum hans, að fylgjast grannt með því sem gerist nú bak við luktar dyr hinna ýmsu stofnana og banka hvað viðkemur þeim orðum sem hann lét hér falla, að menn standi þá þokkalega og sæmilega jafnir í þeim aðgerðum sem þar er verið að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkomudagur reglulegs Alþingis 1992 o.fl., 1. umr.

Frv. forsrh., 533. mál. — Þskj. 947.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl. Frv. ber það með sér að lagt er til að að þessu sinni komi reglulegt Alþingi saman mánudaginn 17. ágúst og þann dag ljúki 115. löggjafarþingi.

Um þetta frv. þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð. Það er niðurstaða af samningum þingflokkanna hér á Alþingi þegar þeir voru að leita leiða til þess að samræma sín sjónarmið um það með hvaða hætti væri hægt að haga hinni þinglegu meðferð um Evrópskt efnahagssvæði hér á þinginu. Ég vil nota tækifærið og færa mönnum þakkir fyrir samstarfsvilja í þessum efnum og vonast til þess að þrátt fyrir að skoðanir séu auðvitað skiptar um þetta stóra og mikla mál, þá geti menn sæmilega unað við þær verklagsreglur sem þingflokkarnir komu sér saman um.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun og slit hjúskapar, 2. umr.

Frv. allshn., 531. mál (réttarfar, stjórnsýslumeðferð o.fl.). — Þskj. 903.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GunnS, IBA, ISG, JBH, JHelg, JónS, JHall, KSG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, PP, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

2.–19. gr. og ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GunnS, IBA, ISG, JBH, JHelg, JónS, JHall, KSG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, PP, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 534. mál (ráðstöfun innstæðna). — Þskj. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og vísað til sjútvn. með 37 shlj. atkv.

Samkomudagur reglulegs Alþingis 1992 o.fl., frh. 1. umr.

Frv. forsrh., 533. mál. — Þskj. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv., 2 þm. greiddu ekki atkv., og vísað til allshn. með 36 shlj. atkv.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun, frh. einnar umr.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Mér skilst að hæstv. forsrh. hafi vikið nokkrum orðum að minni ræðumennsku varðandi þessa skýrslu. Ég hef því verið að hugleiða hvernig sá texti verður þegar hann segir frá lokum þeirrar ræðumennsku. Það er mjög trúlegt að það verði eitthvað á þann veg að ég hafi hafið ræðu mína í svartasta skammdeginu en lokið henni þegar nótt tók að birta um vorið. Og auðvitað fer það svo eftir því hversu mikið hann leggur upp úr því að sannleikurinn komi í ljós hvort hann bætir einhverju fleiru við. En hvað um það. Við erum þolinmóðir, þessir þingmenn í stjórnarandstöðunni, og vitum að bíðendur hafa byr en bráðir andróðra.

Ég lít svo á að það sé rétt að byrja á að víkja að þeirri kveðju sem formaður stjórnar bankaráðs Seðlabankans sendi Byggðastofnun í hálftíma ræðu sem hann flutti þegar ársskýrsla bankans var kynnt. Það

verður að taka fram fyrst að Seðlabankinn hefur aldrei áður átt svo merkilegan formann að hann fengi hálftíma til að flytja þar ræðu sína. Það segir sitt um hvað sum embætti geta vaxið að mannvirðingu eftir því hverjir gegna.

Þar var vikið að störfum Byggðastofnunar og minni heimabyggð, Súgandafirði. Það var fagnað yfir því að tvö myndarleg fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum hefðu komið þar inn í atvinnurekstur án þess að hin dauða hönd sjóðakerfisins kæmi þar nema mjög lítillega nærri. Ekki veit ég hvers vegna hv. 1. þm. Vestf. var send þessi kveðja á sínum tíma á aðalfundi Seðlabankans. Sannleikurinn er samt sá og það vita þeir sem komu nálægt því máli að án sjóðakerfisins, án Byggðastofnunar hefði það ekki orðið að veruleika. Og merkilegt má það vera ef þeir menn sem þannig tala eiga mikið erindi upp í ræðustól undir þeim kringumstæðum þegar Seðlabankinn heldur sína ársskýrslu og leita sér ekki betur upplýsinga um það sem raunverulega gerðist og er að gerast hjá hinum ýmsu stofnunum ríkisins heldur leggja meira upp úr því að koma áróðri áleiðis, ófrægingaráróðri um störf stofnana, m.a. Byggðastofnunar.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessu. Og vissulega sakna ég þess að hv. 1. þm. Vestf. er ekki viðstaddur. En ég hef trú á því að hann mundi bera þeim staðreyndum vitni að Byggðastofnun hefur unnið mikið verk og gott í því að stuðla að því að fyrirtæki vinni saman. Meira að segja er það svo að sá maður sem þannig talaði á fundi Seðlabankans þarf stutt að rekja sínar ættir til manna sem þekktu sjóðakerfið. Það skyldi þó aldrei vera að það sé verið að reyna að klóra yfir eitthvað með svona yfirlýsingum? En hvað um það. Kveðjan var send.

Hitt er svo annað mál að umsvifin í atvinnulífinu við Súgandafjörð hjá því fyrirtæki sem nú starfar þar miðað við fyrirtækið sem starfaði áður, þó að nafnið sé það sama, hafa í heild minnkað verulega. Sem betur fer hefur sókn smábáta komið þar á móti til góðs að nokkru leyti.

Annað atriði, sem ég tel að rétt sé að þingheimur hugleiði því að það hefur örugglega haft veruleg áhrif á þróun sögunnar, var þegar himnasendingin fór á vitlausan stað. Það er spauglaust þegar slíkt gerist. Himnasendingin, sem beðið var fyrir í barnslegri einlægni á sínum tíma, hafnaði nefnilega eftir því sem heimildir greina hjá kaupfélagsstjóranum. Og það er ekki skrýtið þegar slík mistök hafa orðið í boðsendingu að menn annaðhvort tapi trúnni eða fyllist öfund í garð þeirra manna sem komið hafa nálægt samvinnuhreyfingunni. Ekki veit ég hvort bæði hefur gerst, en annað sýnist mér að örugglega hafi gerst.

Nú segi ég þetta ekki vegna þess að mér sýnist að það sé neitt athugavert við það gagnvart mannlegu eðli. En hitt er svo út af fyrir sig spurning í ljósi vaxandi þroska með aldrinum hvort menn endurskoði fyrri afstöðu í þessum efnum og efist kannski um það, sem áður þótti svo auðsætt, að þessi sending, blessað tyggigúmmíið, hafi e.t.v. aldrei komið af himnum. Það er aftur á móti sú mikla endurskoðun hugans sem þyrfti að fara fram vegna þess að fyrst þeir í Sovétríkjunum fóru út í endurskoðun með góðum árangri er ekki víst nema það sé einnig hagstætt fyrir hæstv. forsrh. að fara í vissa sögulega endurskoðun til að skipuleggja betur þá samfélagssýn sem hann horfir til.

Ég hygg að sú skýrsla sem hann talaði fyrir hér, skýrsla Byggðastofnunar, sem inniheldur ýmislegt sem þar hefur verið ársvisst, sé að því leyti sérstæð að þar er drepið á bls. 18 á stöðu sjávarútvegsins í Evrópu. Þar er vikið að því að sá ferski fiskur sem berst að landi á mörkuðunum í Bretlandi og Þýskalandi sé fyrst og fremst frá Íslandi. Hann er að mjög óverulegum hluta frá Noregi. Og það sem merkilegra er í þessu sambandi: Það virðast engin teikn á lofti vera í þá veru að Evrópubandalagið nái nokkurri vitrænni stjórn á sínum fiskveiðum. Ástæðan er sú að fiskifræðingunum er uppálagt að gera tillögur um fiskveiðar út frá opinberum gögnum um veiðarnar. En engum er ljósara en fiskifræðingum sjálfum að opinberu gögnin um veiðarnar eru alrangar, skýrslurnar sem koma frá Spáni um það sem þeir hafa veitt, skýrslurnar sem koma frá Frakklandi og Portúgal sömuleiðis. Það er ekki af illgirni við þessar þjóðir sem ég tel upp þessi nöfn heldur hitt að það er staðreynd að skýrslurnar sem koma frá þessum aðilum eru hreint ekki martækar varðandi veiðarnar. Fiskifræðingunum er aftur á móti uppálagt að standa þannig að málum að eftir þessum tölum sé farið. Niðurstaðan er sú að þeirra tillögur eru ekki marktækar. Og merkilegt var það þegar einn Þjóðverji sagði við okkur fulltrúa Byggðastofnunar í Þýskalandi að við hefðum fiskveiðistefnu sem væri til fyrirmyndar og hann átti við, svo maður sleppi nú öllum glettum sem þar urðu í sambandi við þetta, fiskveiðistefnu sem hefði tekist að verja fiskstofnana miklu betur en tekist hefði í Evrópu. Það var það sem hann öfundaði okkur af. Og einmitt vegna þess að þetta blasir við sem staðreynd hlýtur maður að skilja betur það sem stendur í skýrslunni, að það er mjög margþættur stuðningur við fiskvinnsluna í Evrópu. Stuðningurinn við hana er vegna þess að þeir eru ákveðnir í því að ná óunnu hráefni inn á þennan markað ef nokkur kostur er.

Ég held að þó að við höfum tollfríðindi, fengjum tollfríðindi með EES eins og menn eru hér að tala um, getum við ekki keppt við fyrirtæki sem eru þannig upp byggð að það eru kannski 40–60% af stofnfénu sem fór í þau sem eru styrkir og eru þannig upp byggð að ef þau fækka mönnum á atvinnuleysisskrá leiði það til þess að þau fái greitt 85% af launakostnaðinum fyrsta árið og svo færi þetta fallandi niður á næstu fimm árum, þ.e. ef það eru ný fyrirtæki sem taka menn út af atvinnuleysisskrá. Það er þetta sem er hin mikla alvara í viðskiptunum við Evrópu. Þeir hafa peninga sem þeir nota frá öðrum greinum til þess að veita þetta fjármagn til þeirra svæða þar sem sjávarútvegsvinnslan fer fram og eru í reynd að berjast við atvinnuleysið.

Ég held líka að sá fiskur sem þeir fá frá Alaska, ufsinn, og frá Nýja-Sjálandi, sem hér er minnst á, þessar fisktegundir standist ekki gæðasamanburð við þann fisk sem við höfum að bjóða. Þess vegna verð ég að segja það eins og er að ég held að okkar styrkleiki í

viðskiptunum við Evrópu hljóti að liggja í því að auka sókn okkar inn á aðra markaði þannig að þeir verði eilíflega að leita á ef þeir vilja ná héðan meiri fiski, þeir verði virkilega að leita eftir honum. Ef þú ert með þunga markaðssókn inn í ákveðið land er e.t.v. hægt að segja að seljandinn borgi tollinn. En ef það er öfugt, ef það er kaupandinn sem sækir fast að fá keypta vöru af einhverju landi, er það kaupandinn sem verður að borga toll ef viðkomandi land hefur sett tollmúr utan um sig. Ég held þess vegna að þetta sé eitt af því sem við verðum að hugleiða varðandi byggðamálin þegar menn koma að því að glíma við þau mál út frá því sjónarhorni, sem sumir hafa verið að tala um, að við sækjum eitthvert gull í greipar nýlenduþjóðanna ef við fáum einhvern tollafslátt þar frekar en orðið er. Mér sýnist að þar séu stór ljón í veginum og skynsamlegra að snúa sér að öðrum svæðum.

Ég vil víkja örlítið að rekstrarskilyrðum atvinnulífsins vegna þess að það hlýtur að vera aðalatriðið í umræðum um byggðamál og byggðaskýrslu þar af leiðandi. Hér kemur fram að Byggðastofnun tapaði yfir 10% af eigin fé á seinasta ári. En hver voru rekstrarskilyrðin sem við erum að stefna í? Hvað þýðir það fyrir stofnun eins og Byggðastofnun, sem er yfirleitt með veðin aftast, ef menn telja sig ekki þurfa að tryggja grundvallaratvinnuvegunum hallalaus rekstrarskilyrði? Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að lesa hér langa töflu en, með leyfi forseta, vil ég lesa hér upp úr Þjóðarbúskapnum, framvindan 1991 og horfur 1992, þar sem sagt er um botnfiskvinnslu. Þar stendur á bls. 14:

Frysting. Hagnaður af frystingu 1990 var 3%. Hún var 2% 1991 og hún varð mínus 8% í janúar 1992.

Söltun. Hún var með halla 1990, 3,5%. Hallinn fer í 6% 1991 og hann fer í 8,5% 1992.

Frystiskipin aftur á móti halda hagnaði þessi ár öll. 10,2% 1990, 15% hagnaður er 1991 og 11,5% 1992.

Þetta segir að þróunin er sú með öllu óbreyttu að menn forða sér á handahlaupum á haf út. Ef það væri algerlega jafnt af Alþingis hálfu búið að þessum greinum sætu frystitogararnir uppi með tvær skyldur. Annars vegar sömu kröfu um aðbúnað og hollustuhætti og sömu kröfur um öryggi á vinnustöðum. Svo er ekki. Alþingi hefur sett miklar kröfur á frystihúsin, en maður spyr: Er það e.t.v. rétt að nokkuð vanti á að vökulögin séu virt á frystitogurunum í dag? Það er alvarlegt mál ef það er ekki og athyglisvert hvað slys á fiskiflotanum hafa aukist.

Ég held að það sé rétt engu að síður að geta þess að í þeim tölum sem ég las upp hafa greiðslur í Verðjöfnunarsjóð verið dregnar frá. Ég get ekki látið hjá líða í þessu sambandi að geta þess að í helstu niðurstöðum í sama riti á bls. 5 segja þeir, með leyfi forseta:

„Tvöfalt meiri halli varð í viðskiptum við útlönd á árinu 1991 en árið áður. Þetta stafaði einkum af slaka í hagstjórn í aðdraganda kosninganna til Alþingis í apríl í fyrra. Reiknað er með að viðskiptahallinn minnki á þessu ári, fari úr tæplega 19 milljörðum kr. í um 15 milljarða kr. Samkvæmt þessu verður hallinn 3,9% af landframleiðslu á þessu ári samanborið við 4,9% í fyrra."

Það er kannski rétt að geta þess að Flugleiðir munu fjárfesta á um tveimur árum yfir 17 milljarða. Og það er inni í hallanum við útlönd.

En hvernig stóðu menn nú að á fyrri hluta ársins varðandi Verðjöfnunarsjóðinn? Er ekki fróðlegt að skoða það örlítið? Hvaða hagstjórn var notuð? Með leyfi forseta les ég á bls. 12 upp úr sömu bók örfá atriði:

„Á árinu 1990 greiddu botnfiskgreinarnar um 550 millj. í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins sem tók til starfa í júlí það ár. Þetta var um 1% af útflutningsverðmæti botnfisks á því ári. Á árinu 1991 hækkuðu þessar greiðslur og námu hæst 5% af útflutningsverðmæti botnfisks í apríl 1991."

Þegar hagstjórnin var vonlaus var farið í 5% og hvað er verið að gera fyrir þessa hagstjórn í dag? Hvað er verið að gera við hana? Það er verið að nota hana núna til að greiða út, m.a. vegna þess að gengi íslensku krónunnar er því miður of hátt skráð. Með því að segja þetta er ekki verið að taka afstöðu til þess út af fyrir sig hvort sú stefna stjórnvalda að stinga sér í ölduna, reyna að hafa hér minni verðbólgu en í öðrum löndum og jafna þannig gengið á nýjan leik, gengur upp. En þegar viðskiptahallinn við útlönd er jafnmikill og hann hefur verið er gengið ekki rétt skráð. Það vita þeir sem við efnahagsmál fást.

Ég verð líka að segja það horft á þessa hluti að sjávarútvegurinn er þess vegna líka á sama tíma e.t.v., það er ekki búið að afgreiða það mál, þvingaður til þess að greiða í reynd aukna skatta í ríkissjóð með því frv. sem liggur fyrir um skattlagningu sjóðakerfisins. Fiskveiðasjóður heldur að þar geti verið um 300 millj. að ræða. Erum við þá kannski að taka í reynd 300 millj. úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins til að færa þær inn í ríkissjóð? Er það það sem við vorum að flýta fyrir í kvöld?

Ég held að Íslendingar þurfi, þó að þeir deili í stjórnmálum, að aga sinn málflutning og sinn boðskap til þjóðarinnar við það að þeir haldi sig við staðreyndir. Það er ákaflega hæpin kenning, þó að menn vilji vera hliðhollir ríkisstjórn sem tekur við, að kenna því um að kosningar setji allt á annan endann þegar séð er að í staðinn fyrir að leyfa þessum peningum nú að streyma út í þjóðfélagið og segja: Sjáið þið hvað hagvöxturinn er orðinn góður, sjáið þið hve vel hefur verið stjórnað, þá voru þeir settir í sjóð af því að menn voru ábyrgir og töldu að það yrði að hafa eitthvað af þessum fjármunum eftir ef það kæmi aftur slaki í viðskiptakjörin.

Hins vegar fer ég ekki ofan af því að sú spá Þjóðhagsstofnunar að hér verði atvinnuleysi upp á 2½% er því miður alröng. Það er að biðja um að draumarnir séu í vil ráðnir að halda slíku fram. Hér blasir við hvort sem okkur líkar það betur eða verr að það er minni réttur til veiða á þessu ári en var á árinu í fyrra. Það blasir við að atvinnuleysi hefur enn verið að aukast og með aðhaldsaðgerðunum mun atvinnuleysið enn aukast. Það fer örugglega yfir 3%. Hvað fer það

hátt? Ég ætla ekki að dæma það. Þeir segja að það stefni í að út úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði greiddar um 1.700 millj. á þessu ári. Það er talið að fyrir hvert stig í atvinnuleysi þurfi að greiða 600–700 millj. Ef við siglum nú hraðbyr, vegna þess að menn segja að það eigi að vera festa í efnahagsmálum, inn í meira atvinnuleysi blasir við að ekki til neinnar uppbyggingar aðeins til að lina ástand þeirra og erfiðleika *sem lenda í atvinnuleysinu verðum við að greiða út* milli 2–3 milljarða á ári í atvinnuleysistryggingabætur. Hér hafa menn nánast grátið í stólnum yfir því að á 20 ára tímabili Framsfl. hafi sjóðakerfið tapað um 12 milljörðum vegna þess að peningum var ráðstafað til að byggja upp atvinnulíf. Sumt af þeirri ráðstöfun gekk ekki upp, það er rétt. En hvað skyldum við vera fljótir að komast í 12 milljarðana með þeirri stefnu að auka hér atvinnuleysið og moka út þeim greiðslum í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð sem þurfa þá að fara því að ég vona að það detti engum heilvita manni í hug að halda að hægt sé að lækka atvinnutryggingagreiðslurnar. Það tekur ekki mörg ár að komast í 12 milljarða.

En þá segja menn: En hvað með EES-samninginn? Það er ekki rætt eins og er um álverið á Keilisnesi vegna þess að það er ekki fyrirséð hvort af byggingu þess verður eða ekki á næstunni. En hvað með EES-samninginn? Það er rétt að menn spyrji. Hvert er aðalinntak hans? Það er fjórfrelsið. Það er m.a. frelsi til flutnings á fólki á milli svæða. Erum við þá að sameinast einhverju svæði þar sem atvinnuleysi er ekki til staðar? Við erum að sameinast svæði með miklu, miklu meira atvinnuleysi en er á Íslandi. Ef menn halda að þetta þýði straum Íslendinga til útlanda til að fá þar nóg störf, þá er það misskilningur. Ef þetta þýðir eitthvað, þá þýðir það að útlendingar munu streyma til *landsins til að reyna að keppa við Íslendinga um þau* störf sem hér eru þannig að atvinnuleysið hjá þessari þjóð mun vaxa við tiltækið. Það mun vaxa verulega við tiltækið. Þetta er alveg eins og þegar tveimur drykkjum er blandað saman, öðrum sterkum og hinum veikum. Þá verður meðaltal sem kemur út úr því. Og meðaltalið sem Íslendingar móta í þessum efnum, 250 þúsund manna þjóð, gegn þeim milljónasamfélögum sem við erum að fara að blandast, þýðir í reynd að Íslendingar munu sitja uppi með svipað atvinnuleysistig og þessar þjóðir að nokkrum árum liðnum. Því miður er mér ekki of bjart fyrir augum þegar ég horfi á þessa stöðu.

Hv. 3. þm. Austurl. vék að stöðu landbúnaðarins í dag, sauðfjárræktarinnar. Við höfum tekið þar ákveðna stefnu. Hún er ekki sú sama og landbúnaðarstefna Evrópu. Það þýðir í reynd að við erum alfarið ófærir um að *að láta íslenskan landbúnað njóta þess jafnréttis í* samkeppni um markað sem eðlilegt væri. Þeir nota allt annað greiðslukerfi til stuðnings sínum landbúnaði. Ég verð þess vegna að segja það eins og er að ekki yrði nú EES til að bæta þar um í stöðunni.

Auðvitað er það svo að vort lán býr í okkur sjálfum. Það kemur hvorki frá útlöndum né annars staðar frá. Það er ekki um annað að ræða en að standa þannig að efnahagsmálum í þessu landi að þjóðin öll sé virk í atvinnuuppbyggingunni. Það er engin lausn að segja við hluta hennar: Það eru engin störf fyrir ykkur, það er miklu betra að borga ykkur fyrir að gera ekki neitt. Ég held þess vegna að það hljóti að koma að því að það þyngist átökin á milli þeirra aðila í landinu sem vilja tryggja eðlilegt atvinnuástand og hinna sem trúa því að gjaldþrot séu liður í að hagræða í atvinnulífinu, þau séu af hinu góða, þeirra sem trúa því að atvinnuleysi sé nauðsynlegt svo að hægt sé að aga verkalýðinn, koma honum frá því að fara í verkföll, draga kjark úr leiðtogum hans, koma þeim á hnén svo að þeir hætti að biðja um meiri laun.

Ofan á þetta allt bætist að nú virðist sá draumur, sem ég hélt að hefði siglt sinn veg í Vestfjarðaáætluninni hinni gömlu, kominn upp aftur að finna út vaxtarsvæði Íslands, vaxtarsvæðin sem við eigum að verja fé til að efla, m.a. með skatttekjum af svæðunum sem við segjum að ekki eigi að vera vaxtarsvæði. Þetta minnir óneitanlega á það sem Einar Ben. sagði: Þið viljið þeim hrasandi hrinda til falls. — Það er ekki hægt að skilja þetta á annan veg en þann að menn vilji ýta á viss svæði. Í Vestfjarðaáætluninni var talað um að greiða flutningsstyrki frá ákveðnum svæðum inn á vaxtarsvæðin.

Byggðastofnun heyrir undir forsrh. eins og allir vita. Þar er henni ætlað samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar að vinna að áætlunarstörfum og hún á að gera uppkast að hugmyndunum um vaxtarsvæði, benda á hvaða svæði séu líkleg, spá fram í tímann um þróun. Það er e.t.v. ekki skrýtið þó að menn horfi á það sem hefur verið að gerast. Hins vegar er það svo að í stjórn þeirrar stofnunar eru sem betur fer menn sem ég trúi að séu þeirrar gerðar að þeir vilji vinna að framför landsins alls. Það var gamla stefnan sem Framsfl. mótaði þegar hann varð til og hefur haldið sig við sem sitt stefnumál síðan. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp það sem sett er fram sem hugsanleg spá eða markmið fyrir árin 1993–1997 um íbúaþróun í landinu:

„Á árunum 1993–1997 verði íbúaþróun í landinu þannig að jafnvægi sé í búferlaflutningum gagnvart útlöndum. Búsetuþróun innan lands verði með þeim hætti að ekki verði um að ræða fólksfækkun í neinum þéttbýlisstöðum þar sem nú búa yfir 500 manns. Vöxtur mannfjölda verði yfir meðaltali á eftirtöldum svæðum: Suðurnesjum, Eyjafirði, Austur-Skaftafellssýslu og Árnessýslu. Á eftirtöldum landsvæðum verði vöxtur mannfjölda ekki minni en helmingur landsmeðaltals: Akranessvæði, Skagafjörður, Hérað og Vestmannaeyjar. Á öðrum landsvæðum er sett það markmið að draga úr fækkun sem verið hefur um helming nema í Ísafjarðarsýslum en þar er sett það markmið að íbúafjöldi *standi í stað. Á öðrum svæðum landsins er gert ráð* fyrir því að áfram haldi fækkun fólks í sveitum. Þeim aðgerðum sem í þessari áætlun er að finna er ætlað að ná þessum markmiðum."

Það verður ekki sagt annað en þeir sem vinna við áætlunargerðina hafi hlýtt fyrirmælunum, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt, að gefa upp hugmyndir varðandi þessa hluti. En það hafa verið að gerast ýms-

ir hlutir sem ekki eru kannski alveg í takt. Á Vestfjörðum hefur fjölgað í Tálknafirði og Hólmavík. Báðir staðir eru undir 500 íbúum. (**Gripið fram í:** Flateyri?) Flateyri var hátt yfir 500 manns, en þar fækkaði verulega. Svo hefur smávegis sveiflast til. Það er út af fyrir sig jákvætt. En það hafa verið fleiri staðir yfir 500 manns á Vestfjörðum. Þeir voru fjórir á tímabili. Þeir eru þrír í dag. Þannig standa nú leikar.

Ég er nefnilega ekki búinn að sjá að það gangi allt upp eftir þessu. Akureyrarsvæðið t.d. hefur haft sína framþróun byggða á því að það voru blómleg svæði í kring sem sendu stöðugt fólk inn á Akureyri. Ef þetta uppland verður ekki til staðar stenst þetta svæði ekki frekar en önnur. Það eru þess vegna miklir draumórar að gera ráð fyrir að það sé hægt að verja byggðaþróunina með því að taka upplandið frá ákveðnum svæðum, frá ákveðnum byggðakjörnum. Ég er sannfærður um að þeir sem nú trúa því að það sé hægt að reka borgríki á Íslandi án upplands eigi eftir að standa fyrir framan sömu staðreyndina, hafi þeir völd til að framkvæma þá stefnu, og menn stóðu frammi fyrir í Grikklandi til forna. Borgríkið stenst ekki. Það er höfuðatriði fyrir þetta land og það er höfuðatriði fyrir Reykjavík að gera sér grein fyrir því að það er betra fyrir hana að vera höfuðborg í blómlegu landi þar sem mörg önnur byggðarlög eru í vexti en sitja eftir sem eina borg svæðisins eða eina byggðarlagið sem hefur styrkleika. Þess vegna hlýtur það að vera kjarnaatriði að gera sér grein fyrir því að við verðum að verja til atvinnuuppbyggingar á Íslandi þeim fjármunum sem þarf til að tryggja áframhaldandi hagvöxt í landinu, til að tryggja að atvinnuleysi verði ekki til staðar nema í mjög óverulegum mæli. Við fáum þessa fjármuni trúlega ekki fram alla með frjálsum ákvörðunum einstaklinga til að leggja fé í atvinnureksturinn. Ríkisvaldið verður að mínu viti að leggja fram áhættufé í þessu skyni. Það verður að gera það.

En tengjum þetta örlítið betur hugmyndunum um einkavæðinguna. Hvað gerist ef íslenska ríkið selur flest sín stórfyrirtæki? Segjum að það sé ákveðin upphæð sem framtaksmenn þessa lands sem vilja leggja fé í atvinnurekstur séu reiðubúnir að leggja fram. Ef þeir fjármunir fara næsta áratuginn eða þennan áratug allir í að kaupa fyrirtæki af ríkinu verður engin framþróun. Þá fara engir peningar í uppbyggingu á atvinnulífinu. Þá verða bara eigendaskipti á vissum fyrirtækjum. Þess vegna hlýtur að vera grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að þessir fjármunir þurfa að fara í að skapa ný störf í landinu. Þeir þurfa að fara í það að skapa ný fyrirtæki og fleiri störf hjá fyrirtækjunum sem fyrir eru. Það hlýtur einasti maður að gera sér grein fyrir því að það gerast engir stórir eða jákvæðir hlutir uppi á Akranesi við það eitt að Akurnesingar eyði næstu 10–15 árunum í að kaupa Sementsverksmiðjuna af ríkinu. Ef aftur á móti yrði byggð önnur verksmiðja sem þeir ættu sjálfir fyrir þá upphæð og risi á Akranesi og bættist við þá atvinnustarfsemi sem þar væri, þá væru að gerast þar stórir hlutir. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir þessu vegna þess að þetta var það sem varð Thatcher að falli, hagvöxturinn í Bretlandi átti sér ekki stað eins og t.d. í Þýskalandi og á öðrum svæðum Evrópu.

Nei, það er grundvallaratriði að mínu viti að gera sér grein fyrir því að það hefur verið hið blandaða hagkerfi sem hefur skilað okkur framþróuninni og það verður framþróun því aðeins á þessum áratug og þeim næsta ef við höldum áfram að nota blandað hagkerfi.

Við þurfum með réttu að setja stórfé í ferðamannaþjónustuna. Við þurfum að setja stórfé í hana. Þar hefur verið gífurleg sókn. Þar eru möguleikarnir óhemjumiklir. Þar erum við að hluta til að nýta fjárfestingu sem fyrir er í landinu. Við erum að nýta vegakerfið. Við erum að nýta húsnæðið sem er til til sveita og einnig á höfuðborgarsvæðinu, húsnæði sem þessi þjóð á vegna þess að Íslendingar búa vel. Og ég er sannfærður um að með stóraukinni sókn útlendinga til landsins verður mönnum það ljóst. Þeir eru að koma, þeir hafa verið að koma. Þá verður mönnum ljóst að það verður að dreifa þeim um landið. Það þýðir ekki að senda þá alla á sömu staðina og fara í örtröð með vissar perlur í íslenskri náttúru. Við þurfum að senda þá á fleiri staði. Slíkir staðir eru m.a. til á Vestfjörðum. Til þess þurfum við að hraða uppbyggingu vegakerfisins.

En verður skilningur á þessu? Er þetta það sem við getum búist við þegar við horfum á stefnuna í byggðamálum? Aftur staldra ég við það sem mér virðist blasa við. Það er draumurinn um að hér verði hagvöxtur í landinu með því eina móti að einstaklingarnir kaupi fyrirtækin af ríkinu. Í reynd er það svo að sumir frjálshyggjupostularnir tala um að selja þau á hálfvirði eða nánast gefa þau. Og það sem merkilegra er: Þeir hafa gert það. Hlutabréf hefur verið hægt að selja án þess að Alþingi þyrfti að samþykkja söluna og sé skoðað verð á hlutabréfum sem seld hafa verið og ríkið hefur átt kemur sú merkilega staðreynd í ljós að sumir ráðherrar á Íslandi telja réttast að gefa þessa hluti. (Gripið fram í.) Nei, þeir eru að sjálfsögðu vandlátir. Þeir leggja mat á hverjir eigi að fá slíkar gjafir.

En ég hélt að núv. ríkisstjórn væri hlynnt samkeppni. Ég hélt að hún væri hlynnt því. Það er kannski vegna þess að ég las stefnuyfirlýsinguna sem kom fram á sínum tíma. En undur og stórmerki! Ekki veit ég hvort ég fæ að tala fyrir þeirri merku skýrslu sem kom frá utanrrn. varðandi samninginn á Keflavíkurflugvelli. Það er búið að tryggja einokun mörg ár fram í tímann á afgreiðslunni þar, búið að tryggja að Keflavíkurflugvöllur, sem hefði getað skapað mörgum atvinnutækifæri með meiri fragtflutningum til og frá landinu, muni ekki gera það vegna þeirrar gjaldskrár sem þar er haldið uppi. Kannski ætti hæstv. forsrh. að lesa það sem Ríkisendurskoðun segir um þetta vegna þess að það er borin von að utanrrh. leggist í slíkan lestur.

En hitt er þó alvarlegast af öllu að undir geislabrosi, glampandi brosi aðstoðarmanns utanrrh. í greinarskrifum í Dagblaðinu, þar sem hann ber það á ritstjóra Dagblaðsins að hafa farið með lygi, segir þessi aðstoðarmaður einfaldlega ekki satt. Hann lætur í það skína að einhliða geti ríkið tekið þennan samning úr gildi. En það er ekki á dagskrá undir þessari umræðu.

Kannski á hún að eiga sér stað og ekki einu sinni víst að forsrh. hafi vitað af því hvað utanrrh. var að gera.

En merkilegt er það. Á sama tíma og menn loka þessum atvinnutækifærum birtist frétt í íslenska sjónvarpinu frá Bandaríkjunum þar sem kaupsýslumenn í Bandaríkjunum tala um að það þurfi að koma upp vöruflutningaflugvelli á Grænlandi. Ja, það er ekki skrýtið þó að einn flugráðsmaðurinn hafi farið til Grænlands í vetur! Það er sko ekki skrýtið. Er það ekki hámark á vitleysunni ef okkar stjórnarhættir yfir þeim flugvelli sem við nú fengum, eigum við ekki að segja á mjög þokkalegum kjörum þó ekki sé meira sagt, eru á þann veg að við leggjum mest upp úr því að koma í veg fyrir að hann verði til þess að auka þjóðartekjur Íslendinga með auknum umsvifum í flutningum?

Ég hóf þessa ræðu, eins og kom fram í máli mínu þegar ég byrjaði í kvöld, þegar nóttin var dimm og það er farið að vora. Austurvöllur er orðinn grænn og námsmenn hafa lagt blómsveig að fótstalli Jóns Sigurðssonar. Það er kannski tímanna tákn að á sama tíma og við erum að tapa trúnni, þeir sem stjórna þessu landi, á byggðum landsins virðast menn líka vera að tapa trúnni á að það sé arðbært að mennta æskuna. En við skulum vona að það birti yfir og hæstv. forsrh. geri það sem hann gerði þegar hann var borgarstjóri í Reykjavík. Þá ferðaðist hann um borgina, hann skoðaði hana, hann kynnti sér hana. Og hans verk sjást í borginni. Þau skera sig úr því hann hefur verið aðdáandi hinna bognu lína. Það er eiginlega hin rómverska byggingarlist, ef ég kann þetta rétt, sem er þar til staðar. Og nú vona ég að hann hafi sömu vinnubrögð, að hann fari og skoði landið í sumar, hugleiði á ferð sinni hvort ekki sé þetta fagurt land, álitlegt til búsetu á fleiri stöðum en hér. Kannski rísa þá mannvirki úti á landi. Ég get vel sætt mig við það þó þau verði ekki öll með hvössum hornum ef skoðanamunurinn verður ekki meiri á milli okkar í þeim efnum. En þetta land verður að eiga forustumenn sem treysta því að það sé þess virði að byggja það því eitt ætla ég að segja að lokum:

Það bíða erlendis milljónir manna eftir því að komast úr helsi flóttamannabúða eða frá stað eins og Hong Kong þar sem Kínverjar munu taka yfir, komast á stað þar sem þeir fá að vera við sæmilegar aðstæður. Þeir hafa m.a. spurt hvort þeir mættu koma til Íslands, m.a. milljónamæringar frá Hong Kong. Það eina sem þeir hafa sett sem skilyrði fyrir því að fjárfesta var að þeir fengju þá örugglega vegabréf og mættu setjast hér að, yrðu íslenskir ríkisborgrar. Svo merkilegt sem það er trúa þessir menn því að það sé byggilegt. Þeir aðilar sem ég minntist á leituðu eftir landi á Vestfjörðum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. ræðu hans þó að ég sé ekki að öllu leyti sammála því sem hann hefur sagt og reyndar þakka ég hans fyrri ræður. Umræður hafa átt sér stað 4., 14. og 26. nóv. og svo nú aftur, gríðarlega umfangsmiklar umræður. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki nógu minnugur svo að ég varð að lesa aftur umræðuna frá því í nóvember. Hv. þm. sem síðast talaði flutti mjög yfirgripsmiklar ræður þá. Ég verð að segja alveg eins og er að honum tókst þrátt fyrir að hann hafi farið víða um nánast ætíð að tengja umræðuefnið við það sem var á dagskránni þó að hún væri yfirgripsmikil ræðan hans. Ég vona að þau orð sem ég lét falla í hans garð á dögunum hafi ekki sært hann á nokkurn hátt. Það var ekki meiningin.

Aðeins vegna þess sem hann sagði um borgina, þá er ég þeirrar skoðunar að borg og byggð styrki hvort annað og ég held reyndar að borgin í sjálfu sér geti einmitt verið það viðnám sem þetta land þarf á að halda og byggðirnar þá um leið gagnvart þeim sogkrafti sem annars staðar er. Ég vil líka nefna það, af því að hv. þm. sagði að menn hefðu misst trúna á byggðirnar, að ég er honum ósammála um það. Fyrrv. forsrh., fyrirrennari minn, sagði eins og frægt varð að byggðastefnan hefði brugðist. En það er ekki þar með sagt að byggðirnar hafi brugðist eða fólkið í byggðunum hafi brugðist. Ég er ekki þeirrar skoðunar. En byggðastefnan kann að hafa brugðist eins og minn ágæti fyrirrennari sagði á frægum blaðamannafundi.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Við höfum ekki náð þeim árangri sem við vildum með byggðastefnunni. En það fullyrði ég að sú sókn sem hún skapaði hefur orðið til þess að það hefur orðið mjög mikil framför á mörgum sviðum í þessu landi þó að við höfum ekki náð því jafnvægi sem við vildum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það, sem hæstv. forsrh. sagði áðan í andsvari, að það hafa staðið yfir miklar og langar umræður um byggðamál og tilefnið var ársskýrsla Byggðastofnunar sem var lögð fram í haust, ársskýrsla fyrir árið 1990.

Þegar ég lít yfir það sem sagt hefur verið finnst mér að það sem eftir stendur, fyrir utan ásaknir á báða bóga sem gengu sitt á hvað í haust í öllum þeim umræðum sem þá voru um það hvernig byggðastefnan hafi verið, hvort hún hafi skilað sér, hver stefna ríkisstjórnarinnar hafi verið, fyrrv. og núv., o.s.frv., sem út af fyrir sig er alveg ágætt að menn skiptist á skoðunum um, þá er niðursoðan sú að sú byggðastefna sem rekin hefur verið hefur skilað miklum árangri. Kannski ekki nægum árangri og kannski hefði mátt gera betur. Það er alltaf hægt að vera vitur eftir á. En það hefur margt gott verið gert á liðnum árum og það varð mikil atvinnuuppbygging á milli áranna 1971–1980 og nokkru eftir 1980 líka, en eftir það fór vissulega að halla undan fæti sem var fyrst og fremst vegna minnkandi afla í fiskveiðum og ekki hvað síst að kenna því kvótakerfi að mínu áliti sem þá var sett á.

Það voru fleiri atriði sem hægt væri að rekja. Það minnkaði atvinna í landi vegna fjölgunar frystitogara og þess að menn sigldu með aflann. Það varð offramleiðsla landbúnaðarvara, sérstaklega í hefðbundnum búskap. Það skapaði vandamál sem var erfitt að leysa.

Það sem ég hef verið að tiltaka er ekki allt hægt að setja á reikning þeirra ríkisstjórna sem hér hafa setið, komið og farið sl. áratug. Utanaðkomandi áhrif hafa verið að verki. Stjórnvöld reyndu að bregðast við með ýmsu móti. Það var reynt að takmarka þann afla sem álitið var óhætt að veiða og það var gert með því að setja á kvótakerfi í sjávarútvegi. Þar urðu fyrstu mistökin vegna þess að framkvæmd kvótalaganna hefur reynst landsbyggðinni mjög erfiður kostur.

Það hefur skeð sem við kvennalistakonur vöruðum við, að það mundi valda þeirri byggðaröskun sem hefði alveg ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Við höfum alltaf mótmælt því að þannig væri hægt að fara með fiskveiðistjórnunina að taka af mönnum þann rétt sem þeir höfðu haft um áraraðir. Þeir sem bjuggu næst gjöfulum fiskimiðum höfðu einn góðan veðurdag ekki lengur rétt til að veiða þann fisk sem synti úti fyrir landsteinum. Rétturinn til þess hafði verið tekinn af fólkinu. Þessi réttur var tekinn með þeim ákvæðum að kvóti skyldi fastur við skip. Það er þetta ákvæði sem veldur hvað mestri byggðaröskun í dag, sérstaklega í sjávarþorpunum.

Fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota áður og munu sjálfsagt halda áfram að verða það ef þau standast ekki samkeppni, en fyrir daga kvótans var rétturinn til að veiða fiskinn ekki settur í gjaldþrot.

Í mínum huga er það grundvallaratriði að breyta lögunum um fiskveiðistjórn þannig að þetta atriði, sem er í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, verði virt í raun, en standi ekki í 1. gr. í æpandi mótsögn við það sem kemur á eftir. Ég geri mér ljóst að það verður erfitt að vinna okkur út úr þeim vanda, en ég held að það verði að gerast. Landsbyggðin er í dag hneppt í fjötra, fjötra miðstýringarvalds og kvótakerfis sem við verðum að finna lausn á.

Vandann sem við er að glíma má einnig rekja til þess að það hafa ekki alls staðar komið aðrar atvinnugreinar í stað þeirra sem samdráttur hefur orðið í. Það hefur orðið samdráttur í hinum hefðbundnu atvinnugreinum landsbyggðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði.

Það gleymist oft að lausnirnar til að leysa vandann felast í landinu sjálfu, í náttúru landsins, auðlindum og fólkinu og við eigum að selja aðgang að þessum auðlindum með ferðaiðnaði okkar, en til þess verðum við líka að veita meira fjármagn til að byggja upp ferðaiðnaðinn og ekki skera sífellt niður það fjármagn sem einu sinni var lögbundið að færi til þess að byggja þann ferðaiðnað upp. Í tengslum við ferðaiðnað verða til ný störf í þjónustugreinum og aukning starfa í ferðaiðnaði hefur að stærstum hluta til orðið á landsbyggðinni. Þarna er því óumdeilanlega vaxtarbroddur nýrra atvinnugreina.

Við erum að ræða um skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990, en ég kýs heldur að horfa til framtíðar og skoða hvert getur verið hlutverk Byggðastofnunar í framtíðinni. Það hefur verið hluti af starfsemi Byggðastofnunar að veita lán til atvinnustarfsemi, bæði styðja þá atvinnustarfsemi sem fyrir er og vinna að uppbúningi nýrra fyrirtækja. Í skýrslu stofnunarinnar segir, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun telur að ekki verði brotist út úr þeim vítahring sem atvinnulíf landsbyggðarinnar er komið í nema með því að endurskipuleggja þá atvinnustarfsemi sem þar er stunduð og stuðla að nýsköpun. Þarna er erfitt verk að vinna sem óhjákvæmilega mun valda breytingum sem ekki eru öllum að skapi.“

Það stendur yfir frekari fækkun sauðfjár í landinu og mun hún einnig hafa áhrif á búsetuna. Í dag fór hér fram utandagskrárumræða um stöðu landbúnaðarins, sérstaklega sauðfjárframleiðslunnar. Sú utandagskrárumræða var stutt, hefði trúlega mátt vera lengri og í henni komu fram miklar áhyggjur þeirra sem þar tóku til máls. Við horfum fram á það í landbúnaðarmálum að ef ekkert verður að gert og ef sá búvörusamningur sem við höfum nýlega samþykkt sem lög frá Alþingi verður óbreyttur, að honum verði staðið óbreyttum eins og hann er, þá verður það einhver mesta byggðaröskun síðari ára sem þar er í uppsiglingu.

Sú byggðaröskun sem orðið hefur vegna sjávarútvegsins og kvótalaganna hefur verið mikil. Hún hefur verið misjöfn eftir landsvæðum vegna þess að þar sem fjármagn hefur verið fyrir hendi hafa menn getað keypt kvóta. Það er ekki fyrir hendi í landbúnaðinum vegna þess að þar er áskilið að fækka sauðfé, að skerða greiðslumarkið allt að 20% og það mun hafa alveg geigvænleg áhrif á byggðaþróun í landinu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl., sem nýlega átti eins árs afmæli, í svokallaðri bláu bók ef við getum kallað hana svo vegna þess að seinna kom önnur sem kölluð hefur verið hvítbók, segir í 9. lið, með leyfi forseta:

„Með aðgerðum í atvinnu- og samgöngumálum verði þjónustu- og vaxtarsvæði á landsbyggðinni styrkt. Dregið verður úr miðstýringu og forræði eigin mála flutt í heimabyggð. Unnið verður að sameiningu sveitarfélaga í samstarfi við þau. Lífskjör verða jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur.“

Í hvítbókinni fór ég síðan að leita hvort ekki væri kafli sem kvæði á um hvernig ríkisstjórnin hefði látið undirbúa starfsáætlun þar sem gerð yrði grein fyrir þeim verkum sem hún ætlaði sér að ljúka á kjörtímabilinu og ég leitaði undir flokknum „Byggðamál“. Hann er ekki til. Flokkurinn „Byggðamál“ er ekki til í efnisyfirliti í hvítbók ríkisstjórnarinnar sem heitir „Velferð á varanlegum grunni“. Ergo: þá munu byggðamál ekki vera eitt af stefnumálum ríkisstjórnarinnar, a.m.k. ekki það sem stuðlar að velferð á varanlegum grunni eða það finnst mér vera rökrétt ályktun út frá þessum tveimur bókum sem ríkisstjórnin hefur gefið út.

En ef við förum nánar í þessar örfáu setningar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Fyrsta setningin er: „Með aðgerðum í atvinnu- og samgöngumálum verði þjónustu- og vaxtarsvæði á landsbyggðinni styrkt.“ Í skýrslu Byggðastofnunar er rætt um að gera eigi áætlun um hvaða svæði á landsbyggðinni hafi vaxtarmöguleika og í framhaldi af því verði

gerð áætlun fyrir þau svæði, trúlega þá með aðgerðum í atvinnu- og samgöngumálum. Ég hef ekki enn séð neina áætlun fyrir nein sérstök svæði á landsbyggðinni svo ég auglýsi hér með eftir þeim, hvort einhverjar slíkar áætlanir hafi verið gerðar um uppbyggingu ákveðinna svæða eða hvort Byggðastofnun hafi skilað einhverju slíku af sér.

Önnur setningin er: „Dregið verður úr miðstýringu og forræði eigin mála flutt í heimabyggð." Ég verð nú að segja að mér finnst aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar á þessum vetri ekki hafa verið í þá átt að draga úr miðstýringu og flytja forræði eigin mála í heimabyggð. Mér hefur fundist að aðgerðir hennar væru frekar í þá átt að auka miðstýringu. Hins vegar veit ég að í gangi er á vegum félmrn. athugun á hvernig verði unnið að frekari sameiningu sveitarfélaga sem talin er vera forsenda þess að hægt sé að flytja meira af forræði eigin mála í heimabyggð. Það hefur verið unnið að því starfi núna í eitt og hálft ár um það bil og vissulega hefur komið út skýrsla um starf þeirrar nefndar sem fyrst var skipuð og það er nánast sama fólkið í þeirri nefnd sem skipuð var í framhaldi af því. En það hefur samt sem áður ekkert gerst enn þá, ekkert hefur verið lagt fram sem hefur verið rætt í þinginu, engin áætlun hefur séð dagsins ljós og ekkert hefur komið fram um hvernig það er hugsað að sveitarfélögin taki við meira af verkefnum í heimabyggð.

Ég tel að þó að sameining sveitarfélaga og stækkun þeirra sé gott mál þar sem heimaaðilar eru sammála um það verði það frekar langsótt víða og sé ekki einhliða hægt að leggja til lögboðna sameiningu sveitarfélaga. Það gengur einfaldlega ekki upp að lögbjóða slíkt heldur verður það að gerast í samvinnu við heimamenn. Það hefur tekið mjög langan tíma að koma á sameiningu sveitarfélaga þó að það sé búið að vera að ræða um það meira og minna í 20–30 ár og að mínu áliti er það eina raunhæfa lausnin að koma á þriðja stjórnsýslustiginu til þess að taka við einhverjum þeim verkefnum sem sveitarfélögin ráða ekki sjálf við.

Ég vænti því að þriðja setningin í þessum fáu línum um byggðamálin verði þá eins og hér stendur: „Unnið verður að sameiningu sveitarfélaga í samstarfi við þau." Þannig að það verði ekki farin sú leið að lögbjóða samstarf, að lögbjóða sameiningu sveitarfélaga í t.d. 25 stór sveitarfélög yfir svæði sem e.t.v. hefur ekki einu sinni sameiginlegar daglegar samgöngur og er þar af leiðandi hvorki landfræðilega, félagslega né atvinnulega séð eitt svæði.

Ég vil því í framhaldi af því sem ég hef hér verið að velta fyrir mér um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum benda á að það er mikilvægt að skoða þessi mál öll í samhengi, skoða stöðu sveitarfélaganna, stöðu landbúnaðarins, sjávarútvegsins, samgangna, skólamála, þjónustu og atvinnu. Þetta er allt svo samtengt og byggir hvað á öðru að það er nánast ekki hægt að taka eitt atriði út og styðja það alveg sérstaklega. Það verður að vinna þetta allt í samhengi og það er vonandi sú áætlun sem gera á um byggðamál sem mundi þá fela það í sér.

Eitt brýnasta málið í sambandi við byggðamál er að búa öllum þegnum landsins sambærilega aðstöðu hvað varðar þær lífsnauðsynjar sem allir þurfa á að halda og þar á ég við hitunarkostnað, verð á nauðsynjavöru og símakostnað svo eitthvað sé nefnt. Það hefur raunar margoft komið fram að það sé stefna ríkisstjórnarinnar, sem segir í síðustu setningunni í bláu bókinni: „Lífskjör verða jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur."

Fyrstu aðgerðir í því máli voru gerðar 1. júní árið 1991, fyrir tæpu ári. Í framhaldi af því kom yfirlýsing um að jöfnuði ætti að ná eða vissum jöfnuði, kannski ekki algjörum, á tveimur árum. 1. júní 1992 nálgast óðum og ég vil því í framhaldi af því sem ég hef verið að ræða einnig spyrja: Hverjar eru næstu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í því að jafna hitunarkostnað, að jafna orkukostnað í landinu? Það var ekki mikil fjárveiting til þeirra hluta í fjárlögum yfirstandandi árs og ég vil því spyrja hvaða ráðstafanir verði gerðar.

Ég hef reyndar flutt fyrirspurn um þetta í þinginu áður og fékk ágæt svör frá iðnrh. svo langt sem þau náðu þá stundina, en það var ekki hægt að heyra á þeim mönnum hvað fyrirhugað væri að gera á næstu mánuðum eða hvort kæmi til einhverrar verulegrar jöfnunar greiðslna hinn 1. júní nk. sem samkvæmt áætluninni átti þó að vera.

Ég held að því miður hafi þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur verið að gera frá því byrjað var að ræða frumvarp til fjárlaga á sl. hausti ekki stuðlað að uppbyggingu eða jöfnun á lífskjörum fólksins á landsbyggðinni. Sérstaklega tel ég þó að þessar ráðstafanir hafi komið hart niður á konum. Fækkun starfa í hefðbundnum greinum, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, bitnar á konum. Í frystihúsunum er tilhneiging til þess að uppsagnir komi fyrst niður á konum og ef lítið er að gera eru það fyrst konurnar sem eru sendar heim. Í landbúnaðinum er það sama. Þar eru búin flest af þeirri stærð að það er ekki nægilegt starf eða afkomumöguleikar fyrir tvo að hafa af venjulegum búum þannig að þar bitnar líka niðurskurður í landbúnaði mikið á konum. Oft er það þannig að þær reyna þá að taka að sér alla umsýslu búsins, en eiginmaðurinn fer og reynir að afla sér vinnu utan heimilisins, utan búsins.

Niðurskurður í velferðarkerfinu sem hefur verið mikill í vetur bitnar einnig mikið á konum því þegar dregið er úr framlögum til þjónustu eru það yfirleitt konurnar sem verða að bæta þeirri þjónustu á sig inni á heimilunum. Þær verða að taka að sér í meira mæli umönnun barna, umönnun aldraða og sjúkra. Ég tel nauðsynlegt að taka enn frekar en gert hefur verið mið af stöðu kvenna sérstaklega. Sem betur fer er í gangi allmikið starf hjá konum víða út um land í þá veru að auka atvinnutækifæri þeirra og smáupphæð, sem ég vil nefna svo, hefur verið á fjárlögum til að styrkja atvinnuuppbyggingu meðal kvenna í dreifbýli. En 15 millj. kr., sem eru ætlaðar til þess verks, þættu ekki há fjárupphæð ef verið væri að byrja á fiskeldi eða loðdýrarækt. Ég tel nauðsyn á að hlúa að hugmyndum kvenna í meira mæli en gert hefur verið og það þarf markvissa atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni í góðri samvinnu við konur.

Sú fækkun fólks sem orðið hefur á landsbyggðinni hefur í enn meira mæli orðið hjá konum en körlum og skýringin er vitanlega sú að færri atvinnutækifæri hafa verið fyrir konur en karla. Það er alla vega frumorsökin. Hingað til hafa konur líka leitað mikið á höfuðborgarsvæðið, bæði til menntunar og til annarra þeirra starfa sem meira er af þar eins og þjónustustarfa, en þjónustustörf eru allt of fá á landsbyggðinni miðað við það meðaltal sem gildir í þjónustustörfum. En atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu fer vaxandi. Höfuðborgarsvæðið mun ekki taka við fleira fólki í ár eða á næsta ári. Atvinnuleysið mun aukast. Þó ég sé ekki spámaður, þá eru svo margar samverkandi ástæður fyrir því að nokkurn veginn er hægt að fullyrða að atvinnuleysi verður meira en Þjóðhagsstofnun spáir. Það er nefnilega þannig að samdrátturinn byrjar úti á landsbyggðinni og hann byrjaði þar fyrir nokkrum árum, en hann endar á höfuðborgarsvæðinu. Hann endar í fækkun þjónustustarfa og hann endar í minna atvinnuframboði þar og ég þarf ekkert að lýsa því nánar. Það vita allir hvernig útlitið er í dag.

Þess vegna verður að snúa sér að því að fjölga þjónustustörfum á landsbyggðinni, styðja við þá vaxtarbrodda sem þar eru í þjónustustörfum og þar er ferðaiðnaðurinn ekki hvað minnsta málið, eitt stærsta málið mundi ég frekar segja að hann væri, og fleiri greinar mætti nefna sem ég tel að hægt væri að styðja við í atvinnu. En það verður að gerast í samráði við fólkið og í samráði við konur sérstaklega, vegna þess að konur hafa margar góðar hugmyndir um það sem hægt er að gera, en hingað til hefur ekki verið hlustað nægilega á rödd þeirra í sambandi við atvinnuuppbyggingu.

Virðulegi forseti. Ég vildi spyrja hvað fyrirhugað er að halda þessum fundi lengi áfram eða hefur verið tekin einhver ákvörðun um það, áður en ég held áfram ræðu minni. (**Forseti:** Fundinum verður haldið áfram jafnlengi og einhver er á mælendaskrá til þess að ljúka þessu máli.) Verður þessu lokið? (**Forseti:** Já, þessu máli og e.t.v. fleiri málum.) Er fyrirhugað að taka fyrir fleiri mál? Ég spyr forseta. (**Forseti:** Það er hugsanlegt, já.) Ég þakka forseta fyrir þau svör.

Ég tel að í framhaldi af þessari skýrslu sem nú er verið að ræða sé augljóst mál að betur þurfi að vinna að uppbyggingu í byggðamálum en gert hefur verið á yfirstandandi vetri. Það var lögfest áherslubreyting í starfi Byggðastofnunar á árinu 1990 og átti að koma fram í því að Byggðastofnunin ætti ekki að vera lengur lánastofnun heldur vettvangur aðgerða ríkisvaldsins til að hafa áhrif á atvinnu- og byggðaþróun. Ég vil því í framhaldi af því skora á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. að snúa sér að því að vinna að velferð á varanlegum grunni. Þær umræður sem hér hafa farið fram um skýrslu Byggðastofnunar, þó að hún sé fyrir árið 1990, gætu verið hugmyndabanki fyrir hæstv. ríkisstjórn til að vinna úr ýmislegt sem hægt væri að gera til að stuðla að byggðajafnvægi á allan hátt.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess vegna þess sem hv. 6. þm. Vestf. nefndi að þó að þess sé ekki getið kannski í efnisyfirlitinu er í pésanum þeim arna getið nokkuð um byggðamál, en það er rétt hjá hv. þm. að þess mun ekki getið í efnisinngangi.

Hv. þm. ræddi þessi sömu mál hinn 4. nóv. sl. og vitnaði í að hún hefði heyrt á förnum vegi fyrir vestan fólk sem hefði rætt við hv. þm. og sagt að mikilvægast af öllu nú væri að vextir lækkuðu, skuldbreytingar yrðu í sjávarútvegi og fleiri ráðstafanir aðrar kæmu fram. Það vill svo vel til, þó að það sé kannski ekki til fyrirmyndar að umræður hafi dregist um hálft ár, að það hefur þó gerst það sem hv. þm. vonaðist til og viðmælendur hv. þm. að vextir hafa lækkað og skuldbreytingar hafa verið gerðar og nú á þessum þingfundi í dag hafa frekari aðgerðir verið ræddar þannig að að þessu leyti til hefur hv. þm. orðið að ósk sinni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega fletti ég lengra en í efnisyfirlitið yfir þessa bók, hvítbók ríkisstjórnarinnar. Ég hef lesið hana mjög vel og vandlega og það er alveg rétt að sums staðar koma mál sem hægt er að tengja byggðamálum, samgöngumál og öll mál eru byggðamál, en enginn sérstakur kafli er þó tileinkaður þeim málum.

Í öðru lagi gat hæstv. forsrh. um að mér hefði orðið að ósk minni um það sem ég ræddi fyrr í haust um byggðamálin. Þá ræddi ég mikið um vexti og stöðu sjávarútvegsins. Vextir hækkuðu mikið um leið og hæstv. ríkisstjórn tók við völdum og þá var því lofað að þeir mundu lækka strax á því hausti, haustinu 1991. Ég er ekki í vafa um það að vegna þess að það gerðist ekki er staða atvinnufyrirtækjanna og ekki hvað síst sjávarútvegsins einmitt sú sem hún er. Það hefði verið nauðsynlegt að þessir vextir hefðu getað lækkað á þeim tíma sem ríkisstjórnin hafði stefnt að. Vissulega fagna ég því að það skuli vera á döfinni núna að gera sértækar ráðstafanir í sjávarútvegi og að við erum að ræða í þinginu í góðu samkomulagi allra flokka að gera þessar sértæku ráðstafanir. En það var líka það sem við ræddum um í haust þegar verið var að byrja að ræða byggðamál, en þá var hæstv. ríkisstjórn alls ekki á þeim nótum að það þyrfti neinar sértækar ráðstafanir.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að inna forseta eftir því hvað er fyrirhugað um fundahöldin frekar hér í kvöld eða reyndar í nótt með hliðsjón af því að þetta er nú þegar orðinn nokkuð langur dagur hjá okkur á Alþingi, fundahöld búin að standa síðan snemma í morgun í sumum nefndum þingsins og síðan meira og minna samfelldur fundur síðan 11 í morgun, eða í gær ef ég man rétt. Það er búið að afgreiða fjölda mála milli umræðna og hér hafa verið tekin fyrir telst mér til ein 15–17 mál. Og með hliðsjón af þessu öllu vildi ég spyrja hæstv. forseta hvað hann hyggst fyrir eða hver er ætlunin með frekara fundahald. Ef ekki eru margir á mælendaskrá í þessari umræðu, sem miklar þrautir hafa nú verið samfara að ljúka, þá mun ég ekki gera athugasemd við það af minni hálfu að henni verði lok-

ið, en ég mundi gjarnan leyfa mér að leggja það til að þar yrði líka látið við það standa og ekki tekin fleiri mál fyrir af annars þeirri löngu dagskrá sem starfað er eftir á fundinum. Það fýsir orðið ýmsa þingmenn að komast til síns heima og taka á sig náðir og hvíld og einhverjir mundu hugsanlega leyfa sér að láta sig hverfa úr húsinu ef hæstv. forseti gæti fullvissað okkur um að ekki yrðu tekin fyrir fleiri þingmál. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta hvernig þessu sé háttað.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseta er ljúft að svara því. Forseti stefnir að því að ljúka þessari umræðu. Það hafa verið kröfur hér alveg síðan í nóvember að þessari umræðu yrði lokið og hann mun ekki ljúka fundi fyrr en henni er lokið. Það er alveg ljóst. Einnig var rætt um það á fundi með þingflokksformönnum að það væri mjög æskilegt að ljúka einnig umræðu um 7. dagskrármálið, Skipaútgerð ríkisins, og forseti mun freista þess og vill biðja menn um að íhuga það meðan við ljúkum þessari umræðu um byggðamálin hvort þeir geti fallist á þau tilmæli að umræðu um Skipaútgerð ríkisins verði lokið.

Jóhann Ársælsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég segi það alveg ákveðið að það er ekki samkomulag um það við okkur að farið verði í umræðu um Skipaútgerð ríkisins eftir að þessi umræða hefur staðið svo lengi sem raun ber vitni. Um það er ekki samkomulag. Ég taldi að það væri um það samkomulag að ljúka þessari umræðu og þá mundu menn taka því þó að það tæki langan tíma, en að það yrði ekki farið í að taka nýtt mál til umræðu eftir miðnætti ef þessi umræða teygðist það lengi. Og það hefur nú sýnt sig. Nú er klukkan farin að ganga eitt og hér er umræðu enn ekki lokið. Ég mótmæli því að Skipaútgerð ríkisins verði tekin á dagskrá eftir að þessari umræðu er lokið. Ef það verður gert þurfum við að láta menn vita sem hafa hugsað sér að taka þátt í þeirri umræðu og fá þá í þingið. Ég óska eindregið eftir því að það verði ekki gert.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti mælist eindregið til þess við þingmenn og fulltrúa þingflokka að þeir tefji ekki umræður um Byggðastofnun og noti tímann á meðan þær ræður verða fluttar sem hér á eftir að flytja um það mál og velti fyrir sér með forseta, sem er í húsinu, að fulltrúar þingflokkanna ræði málin og reyni að komast að niðurstöðu þannig að við tefjum ekki umræður hér.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að mér þykir mjög óeðlilegt ef það verður reynt að taka fyrir mál sem ekki er sátt um að taka fyrir einhvern tíma um nótt. Mér finnst það óheppilegt og ég held að það hljóti að vera hægt að ná sáttum um að hafa aðra tilhögun á því. Mér þykir illt að heyra ef á að draga það lengi að fá það á hreint hvort sá skilningur okkar að þetta eigi ekki að koma á dagskrá verði sameiginlegur. Ég get ekki ímyndað mér annað en sú verði niðurstaðan og ég held að það sé ekki eftir neinu að bíða að komast til botns í því máli. Það varðar okkur sem ætlum að taka þátt í umræðum í þessu máli eða öðru töluverðu hvernig framvindan verður og hvernig það er fyrirhugað og því langar mig til þess að biðja forseta að greina okkur ögn nánar frá því hvernig þessu samráði verður háttað og hvort það verður þá ekki gert án tafar að ganga í það verk að fá á hreint hvort hér á að reyna að taka fleiri mál á dagskrá eða ekki. Ég tel það mjög óheppilegt.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti mælist til þess við hv. fulltrúa þingflokkanna að þeir ræði við forseta Alþingis, sem er hér í húsinu, um þetta mál á meðan umræðurnar um Byggðastofun fara fram þannig að þeim umræðum verði örugglega lokið. Það er mikið kappsmál og hefur verið kappsmál alls þingsins um margra mánaða skeið að þessari umræðu verði lokið og mér finnst furðulegt ef það á nú að fara að tefja fyrir henni á meðan menn geta ræðst við og það er samkomulag um að halda henni áfram. Ég bið menn um að ræða við forseta Alþingis, sem er hér, um þetta mál á meðan.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. forseti vera óþarflega stífur. Það er ekki venjan að fara strax að tala um alvarlegar tafir á umræðum þó að menn eigi örstutt orðaskipti um tilhögun fundahalds þegar þannig háttar til eins og hér er gert. Það er alvenjulegt við slíkar aðstæður og þegar þessi tími sólarhrings er kominn að menn beri sig aðeins saman um hvernig háttað er til fundahaldinu.

Ástæðuna til að ég spurði skýrði ég, að það væru kannski ýmsir hér í húsinu sem ekki hafa viljað fara úr húsi á meðan enn gæti komið til að ný mál yrðu tekin á dagskrá en vildu gjarnan fá í það niðurstöðu og það sem fyrst. Það var þess vegna fullkomlega eðlilegt að beina þessari spurningu til forseta og láta á það reyna hvort hæstv. forseti treysti sér til að úrskurða um það. Ég lagði til við hæstv. forseta að hann tæki af skarið og fullvissaði okkur um að úr því að komið væri miðnætti og rúmlega það, þá mættu þingmenn treysta því að ekki yrðu tekin fyrir ný dagskrármál. Að sjálfsögðu var ekki af minni hálfu ætlunin að tefja á nokkurn hátt fyrir þessari langþráðu byggðaumræðu, enda tel ég ekki að ég hafi gert það og ég tel að orð forseta um það hafi verið óþörf þar sem það geti ekki flokkast undir tafir eða athafnir í þá veruna að spyrjast fyrir um tilhögun fundahalds eins og við höfum verið að gera. Ef það stendur að hæstv. forseti treystir sér ekki til þess að verða við þessum óskum okkar eða fallast á tillögur um að ný mál verði ekki tekin fyrir, þá verðum við auðvitað að una því. En ég hefði talið miklu meiri myndarbrag að því af hálfu forseta ef hann hefði tekið af skarið og það hefði án efa haft góð áhrif á andrúmsloftið og heilsu manna o.fl.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti hefur beint því til fulltrúa þingflokkanna að

þeir ræði við forseta Alþingis, sem er hér í húsinu, um framhaldið og það gerist á meðan við höldum áfram umræðum um byggðamálin. Forseti væntir þess að menn fallist á þessa tillögu hans og gefur í trausti þess 1. þm. Norðurl. e. orðið um skýrslu Byggðastofnunar.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Einhvern tíma á haustdögum barst hv. alþm. svohljóðandi bréf frá skrifstofu Alþingis, að vísu ódagsett, þess vegna segi ég einhvern tíma á haustdögum því að ég man ekki lengur alveg nákvæmlega hvenær það var, með leyfi forseta:

„Ársskýrsla Byggðastofnunar 1990.

Um leið og útbýtt er til þingmanna ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990 er minnt á að umræða um skýrsluna fer fram mánudaginn 4. nóv. nk., þ.e. fyrsta föstudag eftir þinghlé, sbr. starfsáætlun Alþingis 1991–1992. Umræðan hefst með framsöguræðu forsrh. Stefnt er að því að ljúka umræðum þennan dag."

Umræða þessi hefur nú staðið nokkuð lengi, virðulegi forseti, af því að hún hófst þennan dag, 4. nóv. 1991, hélt áfram 26. nóv. 1991 og síðan e.t.v. væntanlegt að henni ljúki 16. maí 1992. Að vísu með nokkrum hléum hvað svo sem söguskýrendur kunna síðan að geta sagt um þessa ítarlegu og löngu umræðu þegar menn minnast hennar síðar hvort heldur það er nú í gamni eða alvöru. En umræða þessi hefur verið ítarleg og margt komið fram í henni þannig að ég ætla ekki að taka í hana mjög langan tíma. Ég vonast til þess að þær óskir sem hæstv. forseti setti fram áðan og ég hygg að flestir þingmenn geti tekið undir standi, að umræðu ljúki nú áður en mjög langt líður.

Það hefur hins vegar valdið nokkurri umræðu í þinginu og ekki síst virðist það hafa valdið hæstv. forsrh. nokkru hugarangri hversu lengi þessi umræða hefur staðið, hversu ítarleg hún hefur verið og hvernig menn hafa hagað hér máli sínu og á það kannski ekki síður við um stjórnarliða en okkur stjórnarandstæðinga. Og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það eru mér nokkur vonbrigði hvernig hæstv. forsrh. hefur á stundum talað til þingmanna. Mér finnst hann hafa á stundum lítilsvirt þá með ummælum sínum um það hvernig þeir hafa varið tíma sínum í hv. Alþingi og þá, eins og ég sagði áðan, ítrekað vitnað til þessarar sérstöku umræðu þó svo að hann hafi vissulega talað um málflutning um ýmis önnur mál og verður ekki skoðað öðruvísi en lítilsvirðing við þingræðið.

Alþingi Íslendinga er umræðuvettvangur. Það er vettvangur til stjórnmálalegra skoðanaskipta milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er sá vettvangur sem við stjórnarandstæðingar höfum til að ræða við hæstv. ríkisstjórn og þá hv. þm. sem hana styðja og fá fram þeirra skoðanir, sjónarmið og viðhorf og við hljótum að vilja og ekki bara vilja heldur krefjast þess að hæstv. ríkisstjórn og ekki síst hæstv. forsrh. virði þann rétt þó að það kunni að taka nokkurn tíma og sé e.t.v. ekki alveg í samræmi við það hvernig hann hefur hagað sér í sínum fyrri störfum og þær venjur sem hann kann að hafa búið við á sínum fyrri vinnustað. Um það ætla ég ekki að ræða frekar eða eyða lengri tíma í. Ég þekki það ekki öðruvísi en af afspurn, en af þeirri afspurn gæti maður haldið að þau vinnubrögð hafi einkennst nokkuð af einræðislegum tilhneigingum sem ég vona að verði aldrei leidd inn í hv. Alþingi.

Hæstv. forsrh. er reyndar að koma í salinn núna. Ég tók nú reyndar ekki eftir að hann var ekki í sæti sínu, en ég ætla ekki að endurtaka þetta, hæstv. forseti. Ég var þó aðeins að leyfa mér að vera með nokkra ádrepu til hæstv. forsrh. og hann staðfestir að hafa hlýtt á það.

En mig minnir að ég hafi heyrt það í þessum umræðum *af hans vörum áður að honum hafi komið* nokkuð á óvart að þingmenn skyldu fjalla svo almennt um byggðamál, um atvinnumál og um stefnu ríkisstjórnar í þessum málaflokkum undir þessari umræðu sem ætti kannski fyrst og fremst að snúast um ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1990 sem ég hef hér í höndum og vissulega er umræðuefnið. En ég leyfi mér að minna hæstv. forsrh. á að hann hóf sjálfur sína ræðu 1991, hinn 4. nóv., með þeim orðum að hann ætlaði fyrst að fjalla um starfsemi Byggðastofnunarinnar og þessa skýrslu fyrir árið 1990 en síðan fara almennum orðum um byggðamál og stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokki þannig að auðvitað er umræðan opnuð og leidd inn á þetta svið af hæstv. forsrh. sjálfum og vona ég þess vegna að mér leyfist líka að verja í það nokkrum tíma. Ég lofaði áðan að hafa hann ekki mjög langan og ætla að standa við það að fjalla almennt um ástand byggða- og atvinnumála og viðhorf mitt til stefnu ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Ég sagði áðan að stjórnarliðar hafi tekið þátt í þessari ítarlegu og löngu umræðu ekkert síður en stjórnarandstæðingar og okkur hafi kannski tekist betur að eiga nokkur skoðanaskipti við stjórnarliðana í þessum umræðum en sumum öðrum vegna þess að þeir hafa ekki verið beislaðir í þessari umræðu, þeir hafi fengið að tala eða e.t.v. hafa þeir tekið sér þann rétt þrátt fyrir að í sumum öðrum málum finnist okkur að það hafi verið erfitt að eiga skoðanaskipti við hv. stjórnarliða, hv. þm. sem styðja núv. hæstv. ríkisstjórn. Þó við höfum ítrekað reynt að inna þá eftir afstöðu þeirra til ýmissa mála, þá hafa þeir komið sér undan því að taka þátt í þeirri umræðu og greina frá hugmyndum sínum og afstöðu hér í ræðupúlti. Ég ætla ekki að draga upp einstök dæmi í því efni, það er ástæðulaust því að þau eru fjölmörg, en ég gæti þó nefnt það að ég hef nokkrum sinnum spurt hv. stjórnarliða þegar hér hafa verið rædd málefni heilbrigðisþjónustunnar í landinu hvort þeir væru sammála öllum aðgerðum hæstv. heilbrrh. á því sviði og hæstv. ríkisstjórnar, en þeir hafa oftar en ekki þagað þunnu hljóði við slíkum fyrirspurnum. Í þessari umræðu hafa þeir hins vegar tekið meiri þátt og ég hygg að það megi rekja til þess að þeir séu sjálfir, hv. þm. ríkisstjórnarflokkanna, óánægðir með þá stefnu eða ættum við kannski að segja frekar stefnuleysi sem ríkir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í byggða- og atvinnumálum og þarf reyndar ekki annað en vitna til hvítbókarinnar svokölluðu eða þeirrar bókar sem er stefna og starfsáætlun ríkisstjórnarflokkanna með yfirskriftina „Velferð á varanlegum grunni", vitna til hennar

annars vegar og þeirra fáu setninga sem fjalla um byggðamál í þeirri „ágætu" bók og hins vegar til þeirrar reynslu sem við höfum nú af störfum þessarar ríkisstjórnar á einu ári og afstöðu hennar til uppbyggingar atvinnumála í landinu.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að grípa niður á tveimur stöðum í stefnu- og starfsáætlun stjórnarflokkanna og hef þá reynt að leita að því sem sagt er um byggðamál og segir þar annars vegar, með leyfi forseta:

„Sú byggðastefna sem rekin hefur verið hefur ekki skilað tilætluðum árangri." Og síðar: „Við svo búið verður ekki lengur unað. Undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar verða að búa við sanngjörn kjör, stöðugleika og heilbrigð rekstrarskilyrði. Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum styðja viðleitni til að byggja upp iðnað og þjónustu . . . " Og síðar:

„Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir."

Ég ætla til að byrja með að láta þessar tilvitnanir nægja og auðvitað er þetta afar almenns eðlis sagt. Það geta sjálfsagt allir tekið undir það að atvinnuvegir þjóðarinnar verða að búa við sanngjörn kjör. Þeir verða að búa við stöðugleika, þeir verða að búa við heilbrigð rekstrarskilyrði. En ríkisstjórnin segir síðan að hún ætli að vinna að þessum almennu aðgerðum. Þær almennu aðgerðir hafa nú fyrst og fremst verið almennt afskiptaleysi og hefur sumum hv. þm. þótt við hæfi að kalla það „kemur-mér-ekki-við"-stefnu ríkisstjórnarinnar og ég hygg að það séu orð að sönnu. Og síðan þegar talað er um að flytja stofnanir eða koma þeim fyrir utan höfuðborgarsvæðisins hefur lítið orðið úr því, hugmyndir reyndar ekki margar nema ef vera mætti nokkur upptalning sem hv. þm. Matthías Bjarnason lét falla hér í þessum sömu umræðum einhvern tíma í haust og benti ríkisstjórninni á ýmsa þætti í starfi hins opinbera sem gætu farið fram annars staðar en hér í höfuðborginni, en það hefur ekki verið hlustað á hann í því máli frekar en kannski sumum öðrum.

Síðar í þessari „ágætu" bók ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta, undir kafla um samgöngu- og ferðamál:

„Ríkisstjórnin hyggst styrkja þjónustu- og vaxtarsvæði utan höfuðborgarsvæðisins með aðgerðum í samgöngumálum." Og síðar: „Endurskoðuð vegáætlun verður lögð fram á Alþingi haustið 1991 í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum." Og var lögð sérstök áhersla á það að þar ætti nú að taka til hendinni og treysta og auka samgönguframkvæmdir, enda væri það ein af meginforsendum fyrir styrkari byggðaþróun.

Nú er það svo hvað þetta varðar að það er kannski fyrst að nefna að auðvitað hefur verið reynt með öllum ráðum að draga máttinn úr Byggðastofnun, þeirri stofnun sem hefur þó haft það hlutverk fyrst og fremst að reyna eftir mætti að stuðla að styrkari þróun byggðar í landinu og öflugra atvinnulífs út um land. Máttur inn hefur verið dreginn úr þeirri stofnun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Nægir þar að benda á það að fjárveitingar hafa stórlækkað, úr 250 millj. 1991 í 180 millj. samkvæmt fjárlögum þessa árs, og sama má reyndar segja um hinn mikilvæga þáttinn sem hér var undirstrikaður, að ætti nú aldeilis að taka til hendinni og auka samgönguframkvæmdir. Þar er líka horfið frá fyrri hugmyndum og áætlunum og framkvæmdafé til Vegagerðarinnar eða vegamála lækkað um 20% frá því sem áður hafði verið áætlað. Það eru nú átökin sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir á þessu sviði eða ætlar sér að gera á þessu ári.

Einnig má bæta við þessa upptalningu af því að við erum að tala um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs úti á landi og þá kannski ekki síst í sveitum landsins að framlag í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem hefur það hlutverk sérstaklega að styrkja atvinnulíf í sveitum vegna búháttabreytinga og þeirra breytinga sem óhjákvæmilegar eru í landbúnaðinum, var skorið niður um helming, 340–360 millj. kr. Þannig var staðið við bakið á þeim aðilum sem þar eiga um sárt að binda og eru erfiðleikarnir þó enn meiri fram undan en við höfum þurft að glíma við í þessu efni eins og menn vita og var m.a. rætt í hv. Alþingi í dag. Inn á það kom reyndar hæstv. forsrh. nokkuð í ræðu sinni þegar hann hóf þessa umræðu í haust og nefndi hvernig til hefði tekist í uppbyggingu nýrra atvinnugreina, þ.e. loðdýraræktar og fiskeldi, sem áttu að taka við að verulegu leyti af hinum hefðbundnu greinum landbúnaðarins, og spyr hér hvort hv. þm. hafi fundist þessi stefna haldgóð og hvort þær aðgerðir sem þá var gripið til hafi bætt stöðu landsbyggðarinnar. Síðan svarar hann sér sjálfum og svarar auðvitað með nei-i, enda vita allir, því miður, hvernig tekist hefur til eða hvernig til tókst hvað varðar þessar tvær atvinnugreinar sem vissulega voru bundnar miklar vonir við. Og ég hygg að það hafi nú ekki verið aðeins af hálfu hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar, ekki þeirrar sem seinast sat á undan þessari, heldur kannski ríkisstjórnum þar á undan líka og hv. þm. úr öllum flokkum sem bundu miklar vonir við að vel mætti takast til í uppbyggingu þessara nýju búgreina. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. forsrh. hvort hann áliti að á þeim tíma þegar ákvarðanir voru teknar hafi menn tekið kolrangar ákvarðanir í þeirri stöðu sem menn voru þá. Við getum sagt það í dag að þær hafi verið rangar af því að reynslan hefur orðið bitur og áætlanir ekki staðist eða gengið eftir. Ég held, og ég þykist muna það rétt, að það hafi verið í tíð ríkisstjórnar sem Sjálfstfl. átti aðild að að tekin var ákvörðun um að setja stórkostlega fjármuni í uppbyggingu fiskeldis, er í ljós kom að við gátum ekki selt þau seiði sem búið var að ala upp. Þá var tekin ákvörðun um að ala þessi seiði í sláturstærð og reyna að gera úr þeim matfisk og verðmæti mikil. Þeir sem þá sátu við stjórnvölinn gerðu það örugglega í góðri trú þó að þeim væri ljóst að áhættan væri nokkuð mikil. Það er hægt að segja í dag að þar hafi verið um geysilega offjárfestingu að ræða sem við glímum nú við og eigum í erfiðleikum með. En ég held að þeim mönnum sem tóku þær ákvaraðanir á þeim tíma hafi

kannski ekki verið annað fært eða ég a.m.k. vil ekki í dag gagnrýna þá ákvörðun eins og aðstæður voru þegar hún var tekin. Og talandi um offjárfestingu held ég að það megi segja að hún sé víðar finnanleg en í loðdýraræktinni og fiskeldinu. Menn hafa bent á að hún sé víðar í landbúnaðinum og hún sé í sjávarútveginum. En ætli hún sé ekki í þjónustunni æðimikið líka. Ætli hún sé ekki í einkageiranum, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, og lýsi sér í offjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það mætti segja mér að það séu víðar gerð mistök en hjá þeim sem fara með opinbera stjórnsýslu og það kunni að hafa áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar í heild.

Í ræðu sinni í haust nefndi hæstv. forsrh. nokkur atriði í viðbót sem hann taldi að illa hefði tekist til með. Benti hann m.a. á þá miklu erfiðleika sem blasa við í sauðfjárræktinni og gera enn og ég nefndi áðan að hafa verið hér til umræðu í þinginu nýlega og ég ætla ekki að eyða löngum tíma í nú en eru það alvarlegs eðlis að ríkisstjórnin og stjórnvöld og Alþingi hljóta að verða að horfa á það mál sérstaklega og grípa til allra þeirra leiða sem mögulegt er til þess að draga úr því áfalli sem það hlýtur að hafa, ekki aðeins fyrir það fólk sem verður fyrir barðinu á fyrirsjáanlegum viðbótarniðurskurði í sauðfjárrækt heldur fyrir þróun byggðar og atvinnulífs almennt og líka fyrir það fólk sem vinnur við þá þjónustu sem þessi grein landbúnaðarins veitir í byggðarlögum víða um land. Það eru ekki bara einhver hundruð eða jafnvel þúsund störf í sveitum sem um munar, en í ræðu sinni vitnaði hæstv. forsrh. til þess að þar kynni að vera um að ræða 1.000 ársverk í sveitum, ég hygg að þau gætu orðið enn þá fleiri í kaupstöðum og kauptúnum þegar allt er tínt til.

Hann nefndi einnig að fyrirsjáanlegt var og er enn að bygging álvers á Keilisnesi muni dragast, kannski dregst hún svo mikið að við vitum ekki hvenær eða hvort af henni verður yfirleitt, og einnig erfiðleikana í sjávarútveginum, en sá þó að vísu bjartari horfur fram undan. Hann átti sér draumsýn í samskiptum við útlönd í gegnum væntanlega samninga. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr því að það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að eiga góð samskipti og það er nauðsynlegt að eiga góð samskipti og gera góða samninga við útlendinga um markað fyrir okkar vörur, en ég vil þó vara við þeirri hugsun, sem mér finnst æðioft koma fram hjá hæstv. ríkisstjórn og sumum hæstv. ráðherrum, að draumsýnin sé í útlöndum og það sé allt betra hinum megin við girðinguna eða hinum megin við lækinn og það sé nánast sú framtíðarsýn sem þessir ágætu núverandi landsfeður okkar hafa.

Ég lýsi óánægju minni með það og áhyggjum að mér virðist sem gjaldþrotastefnan og atvinnuleysið sé það hagstjórnartæki sem hæstv. núv. ríkisstjórn horfir mest til til þess að stjórna efnahagsmálum í landinu og lýsi andstöðu minni við þá aðferð til efnahagsstjórnunar. Það kann að vera og við vitum það að sum önnur lönd hafa valið þessa leið til þess að halda stöðugleika í efnahagslífi, til þess að halda niðri verðbólgu, að búa við viðvarandi ákveðið atvinnuleysi og er það svo í sumum löndum í kringum okkur að það er orðið gífurlegt, skiptir orðið jafnvel tugum prósenta ef litið er t.d. til Mið-Evrópuríkja, en það er það reyndar líka í nágrannalöndum okkar þegar atvinnuleysi í Finnlandi er kannski orðið á bilinu 15–20% svo að eitthvert af okkar nágrannaríkjum sé nefnt. Þá geta menn kannski sagt að 2,5–3% atvinnuleysi hér séu ekki stórar prósentutölur miðað við það. En það hefur verið okkar aðalsmerki að búa við efnahagslíf þar sem menn hafa verið lausir við atvinnuleysið algerlega. Við höfum búið við kannski 0,5–1% atvinnuleysi. Þá hljótum við að hafa áhyggjur af því ef það er komið í 3% og ég hygg reyndar að það stefni enn hærra og veit að það er enn hærra á einstökum stöðum. Jafnvel þó að meðaltal kunni að vera í kringum 2,5–3% veit ég það og við vitum það öll að í vetur hefur atvinnuleysið verið enn þá meira á ákveðnum stöðum og ákveðnum svæðum. (Gripið fram í.) Og hvað kostar þetta okkur svo ef þetta verður viðvarandi ástand og við ætlum okkur að sætta okkur við það eins og mér finnst hæstv. ríkisstjórn vera að gera og óttast og reyndar sé ekki annað en þetta sé hluti af hennar efnahagsstjórn og hennar hagstjórnartæki? Ég hygg að ég fari rétt með að það kunni að kosta yfir ½ milljarð, kannski 600 millj. hvert prósentustig atvinnulausra í landinu. Þá sjá menn hvers lags gífurlegar upphæðir það eru sem fara til greiðslu atvinnuleysisbóta og hlýtur að vera nær að huga að því hvort ekki megi nýta það fjármagn betur til arðbærrar atvinnuuppbyggingar.

Og það er ekki nóg með að þetta virðist vera hagstjórnartæki og beinlínis efnahagsaðgerð ríkisstjórnar heldur hefur ríkisstjórnin þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar um að draga úr sköttum, a.m.k. voru þær yfirlýsingar gefnar af fjölmörgum núverandi hv. stjórnarliðum fyrir síðustu kosningar, fyrir eins og einu og hálfu ári eða svo, þá hefur nú reyndin og reynslan verið allt önnur. Hæstv. ríkisstjórn hefur verið að hækka skattana og menn hafa orðið rækilega varir við það.

Ég leyfi mér að nefna hérna t.d. aðeins einn skatt af því að við erum að tala um byggðastefnuna og dreifbýli. Það er hafnarskatturinn nýi, það er álagið á dreifbýlið sem það í raun er kannski fyrst og fremst og verður margfalt á við það sem er í höfnum þar sem vörur koma og þurfa ekki að hafa nema einn viðkomustað. Ég veit dæmi þess að þetta gjald kann að leggjast þrefalt á vörur sem hafna að lokum hjá neytendum úti í dreifbýlinu. Ef þeim er skipað upp í einni höfn hér á suðvesturhorninu, skipað út í annarri og síðan upp í þeirri þriðju úti á landi, þá býr fólk sem á síðan að kaupa eða greiða fyrir þá vöru við mikið meira álag en þeir neytendur sem hér búa og er þá aðeins einn þátturinn enn sem eykur á aðstöðumun þeirra sem búa í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar hér á suðvesturhorninu.

Við höfum rætt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar um aðgerðir til úrbóta fyrir dreifbýlisverslunina og ég man ekki betur en hv. þm. stjórnarliðsins sumir hverjir hafi tekið þátt í því. Ég hygg að ég muni rétt og geti nefnt hv. 5. þm. Austurl. Gunnlaug Stefánsson til því efni, að hann hafi spurt hæstv. ráðherra, og þá auðvitað kannski fyrst og fremst hæstv. viðskrh.

úr sínum eigin flokki, um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til þess að draga úr þessum mikla aðstöðumun og hvernig eigi að fást við vanda dreifbýlisverslunarinar, en auðvitað á þeim bæ verið fátt um svör.

Það kann að vera að menn spyrji þá: Hvað hyggst Framsfl. gera? Hvað viljum við leggja til sem erum að fara fram með gagnrýni á hendur ríkisstjórninni hvað þessi mál varðar? Það vill svo til að við þingmenn Framsfl. höfum lagt fram æðimörg frumvörp og þingsályktunartillögur í vetur sem sýna okkar stefnu og mig langar til þess að vitna, með leyfi forseta, til skýrslu sem unnin var af nefnd á vegum þingflokksins þar sem nefndar eru nokkrar tillögur sem varða þennan málaflokk. Hér er í fyrsta lagi nefnt:

1. Byggðastofnun fái ótvíræðan rétt til frumkvæðis við áætlanagerð jafnframt því að vinna að langtímaáætlunum um eflingu byggðar.

2. Byggðastofnun fái mjög aukin framlög til starfsemi sinnar. Mikilvægt er að Byggðastofnun starfi ekki sem almennur stofnlánasjóður.

3. Stjórnkerfi og stjórnsýsla verði endurskoðuð og endurmetin í því skyni að efla frekar sjálfsforræði byggðar í landinu.

4. Stjórnsýslumiðstöðvum verði þegar komið upp í öllum kjördæmum utan höfuðborgarsvæðisins og margvísleg þjónustustarfsemi þess opinbera flutt frá Reykjavík til stjórnsýslumiðstöðvanna.

5. Sambönd sveitarfélaga verði virkari við gerð tillagna um opinberar framkvæmdir.

6. Staða dreifbýlisverslunar verði endurmetin og ríkisvaldið hafi frumkvæði um aðgerðir er leiði til bættrar stöðu dreifbýlisverslunar í landinu.

7. Endurskoðun fari fram á vöruflutningum innan lands með það að markmiði að auka hagkvæmni og lækka rekstrarkostnað.

8. Framkvæmdir byggðar á langtímaáætlun í samgöngumálum verði auknar og fjármagn tryggt með föstum tekjustofnum. Hagkvæm langtímalán verði tekin til stórframkvæmda sem hafa mikla arðsemi.

Ég læt tilvitnun lokið hér, hæstv. forseti, en vildi aðeins benda á þetta sem dæmi um það sem við höfum sett fram sem stefnumál af okkar hálfu og við höfum fylgt þeim eftir með mörgum tillögum sem hníga í þessa átt hér í þingi í vetur og við munum halda áfram að reyna að fylgja þeim eftir.

Einn af þingmönnum Framsfl., hv. þm. Stefán Guðmundsson, var formaður í nefnd á vegum forsrh. um skipulag Byggðastofnunar og aðgerðir í byggðamálum og skilaði sú nefnd áliti snemma á seinasta ári, í febrúar 1991, þar sem einnig er lögð áhersla á þessi sjónarmið, meiri ábyrgð til heimamanna og meira vald heim í héruðin. Ég álít að það sé vænlegast til árangurs í sambandi við öflugra starf, öflugri uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu úti á landsbyggðinni. Við framsóknarmenn leggjum áherslu á það að slíkt sé gert í fullu samkomulagi við sveitarfélögin í landinu.

Það er ekki langt síðan menn komu sér saman um ákveðna verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og sú niðurstaða fékkst eftir mikil fundahöld, eftir miklar viðræður um það hvernig að því skyldi staðið. Ég hygg að hæstv. núv. forsrh. hafi átt sinn þátt í því að koma því samkomulagi á sem forsvarsmaður stærsta og öflugasta sveitarfélagsins í landinu á þeim tíma. Ég er þess vegna eins og sjálfsagt miklu fleiri hv. alþm. undrandi á því að ríkisstjórn undir forsæti þessa fyrrv. forsvarsmanns stærsta sveitarfélagsins í landinu, núv. hæstv. forsrh., skyldi grípa til þess að knýja fram einhliða aðgerðir gagnvart sveitarfélögunum í landinu og setja á sveitarfélögin nýja skatta undir formerkjum ákveðinna orða, ég leyfi mér að segja orða eins og lögregluskatts, kalla slíka nýja skatta, nýjar álögur á sveitarfélögin lögregluskatt sem auðvitað á ekki nokkurn skapaðan hlut skylt við lögreglu í þessu landi, ekki nokkurn skapaðan hlut því sveitarfélögin hafa ekkert frekar um löggæslumál að segja eftir en áður. Þetta er auðvitað ekki annað en hreinn og beinn skattur, þar að auki nefskattur, á sveitarfélögin í landinu.

Nei, ég held að þannig sé ekki hægt að starfa og eigi ekki að starfa og útilokað fyrir sveitarfélögin að sætta sig við slíkar stjórnvaldsaðgerðir þó að það virðist vera það sem nú snýr helst upp í aðgerðum núv. ríkisstjórnar að fara fram með valdboði af þessu tagi gagnvart t.d. sveitarfélögunum í landinu.

Virðulegi forseti. Ég lofaði að tala ekki mjög lengi. Ég hef reyndar þegar talað lengur en ég ætlaði mér og skal reyna að stytta mál mitt. En ég get þó ekki lokið því öðruvísi en fjalla örlítið um þá vaxtastefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur haft í frammi, haldið uppi, hratt af stað verulegum vaxtahækkunum strax og hún kom til valda, en hefur þó reyndar á seinustu dögum snúið sér að því að lækka vextina aftur — og merkilegt nokk, með handafli auðvitað. Það veit hvert mannsbarn, hvað sem hæstv. ráðherrar kunna að segja um það mál, að þá er þetta aftur í tengslum við kjarasamninga með handafli. Er nú reynt að lækka vextina nokkuð þó að ég haldi því fram að þeir séu enn of háir, bæði nafnvextir og raunvextir, og það þurfi að stíga stærri skref í þessu sambandi ef það á að koma atvinnulífinu til góða, atvinnulífi sem hefur þurft að bera ekki aðeins þessa hávaxtastefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar heldur einnig þurft að búa við nýjar skattaálögur og frv. eitt sem hér liggur fyrir á dagskránni til umræðu, frv. um skattskyldu innlánsstofnana, veltir enn þá nýjum byrðum á atvinnulífið í landinu svo mörg hundruð millj. kr. skiptir.

Þó að frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins kunni að verða að lögum og verður það vonandi og lagar nokkuð fyrir atvinnulífinu, fyrir sjávarútveginum, fiskvinnslunni og útgerðinni í landinu, þá sýnist mér að sú útgreiðsla sem þar kemur til muni að verulegu leyti hverfa í þessa skatta- og vaxtahít hæstv. ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Það er ótal margt fleira sem hægt væri að taka upp og ræða um í þessari umræðu, en það er e.t.v. nóg komið. Það hefur þegar mikið verið rætt, margar athugasemdir og hugmyndir komið fram til umhugsunar og umræðu og eiga vonandi eftir að nýtast, bæði þessari ríkisstjórn og komandi ríkisstjórnum, til frekari stefnumótunar í byggðamálum.

Að lokum langar mig að segja að ég tel að það hafi

verið full sátt um það í landinu á árum áður að byggja upp öfluga höfuðborg. Við erum öll, landsmenn allir, sammála um að svo þurfi að vera. Það er jafnnauðsynlegt landsbyggðinni eins og höfuðborginni sjálfri. Og það eru auðvitað ýmsir þjónustuþættir í þessu fámenna þjóðfélagi sem við getum ekki staðið undir nema á einum stað og sumt af því er eðlilegt að sé í höfuðborginni þó vafalaust megi sumt af því sem þar er nú vera annars staðar og hægt væri að reka það með jafngóðu móti, ekki síst með breyttri tækni t.d. á sviði fjarskipta. En við erum ekki sátt og verðum það aldrei, ég vænti þess að það megi segja um Íslendinga alla, við að byggja upp borgríki. Og nú tel ég að höfuðborgin okkar þurfi að sýna og forsvarsmenn hennar í samráði við landsstjórnina skilning, stærsta sveitarfélagið og það öflugasta í landinu, og aðstoða í erfiðleikum landsbyggðar við uppbyggingu og eflingu nýrrar byggðastefnu. Við verðum og eigum að lifa sátt, ein þjóð í einu landi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður minnti á það að umræða um byggðamál hefði hafist 4. nóv. á síðasta ári. Það er mjög óvenjulegt, eins og hæstv. forsrh. hefur sjálfur bent á, hversu mjög mönnum hefur orðið tíðrætt um byggðamál á þessu þingi. En það eru á því skýringar sem ræðumenn bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu hafa komið fram með og þær skýringar eru fólgnar í slæmum horfum um ástand fiskstofna og samdrátt vegna þess. Þær skýringar eru líka fólgnar í breyttum áherslum nýrrar ríkisstjórnar á byggðastefnu og þær skýringar eru staðfestar með ýmsum þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og sum orðið að lögum, þar sem menn breyta eða leitast við að breyta íslensku samfélagi verulega og jafnvel umtalsvert meir en menn hafa látið sig dreyma um síðustu áratugina. M.a. er sú tilhneiging nokkuð ríkjandi í stefnu hæstv. ríkisstjórnar að færa valdið suður.

Þau eru þó nokkur dæmin, sem við höfum haft á okkar borðum, sem staðfesta að miðstýringin er að aukast í þessu þjóðfélagi. Við vorum síðast í dag að ræða frv. um málaflokk sem er ákaflega þarfur og góður, en í því frv. er gerð sú meginbreyting frá núverandi fyrirkomulagi að færa valdið úr héraði og suður. Þetta gengur þvert á þá stefnu sem ég hygg að allir flokkar hafi boðað undanfarin ár og lagt áherslu á í ávarpi sínu til kjósenda á landsbyggðinni. Þar hafa menn lagt höfuðkapp á að telja fólki trú um að þeir væru talsmenn þess að efla héruðin úti á landi, dreifa valdinu, færa það heim í héruð. Ég trúi því tæpast að hæstv. forsrh., sem sjálfur er sveitarstjórnarmaður eins og ég, láti það gerast á þessu þingi að menn breyti með svo gífurlegum hætti stjórn í stórum málaflokki, færi valdið frá heimamönnum undir stjórn ráðuneytis.

Hér hefur margt borið á góma í þessari umræðu, enda byggðamál svo víðfeðm að fátt eitt er undan skilið. Þar höfum við rætt um sjávarútveg, fiskveiðistefnu, væntanlegan samning við Evrópubandalagið og fleira mætti telja til. Ég tel óþarft að endurtaka það sem hér hefur komið fram því að ég held að það sé öllum ljóst sem eitthvað hafa kynnt sér þessa umræðu hvernig áherslur okkar alþýðubandalagsmanna og reyndar stjórnarandstæðinga allra liggja í byggðamálum. Þær liggja til annarrar áttar en áherslur hæstv. ríkisstjórnar. Það er miður því að ég hefði gjarnan kosið að við hefðum getað orðið samferða í viðleitni okkar til að efla landsbyggðina, stjórnarandstaðan og stjórnin, ráðherrarnir og þingmennirnir. Við því er að svo stöddu ekkert meira að gera en við höfum gert. Við munum að sjálfsögðu halda áfram í komandi málum að halda fram okkar sjónarmiðum um valddreifingu og lýðræði. Um það snýst málið.

Það má ekki gerast að á komandi árum upplifum við hættuna á því að kalla yfir okkur stjórnskipulag sem aðrir eru að leggja af sér. Það má ekki gerast að menn bryddi upp á hugmyndum sem engum manni hefur dottið í hug að mæla fyrir um á hinu háa Alþingi. Það má ekki gerast að menn láti sér detta í hug að takmarka lýðræðið, takmarka málfrelsið. Fleira mætti telja í þessa veruna. En ég brýni hæstv. forsrh. á því að íhuga þessi mál gaumgæfilega. Íhygli er merki um vit.

Ég mun, virðulegi forseti, senn ljúka þessum fáu lokaorðum mínum í þessari umræðu. Ég minni á þann kafla sem er í stefnu hæstv. ríkisstjórnar sem einmitt fjallar um og segir allt annað en menn hafa verið að gera, sem kveður ekki á um miðstýringuna sem menn hafa verið að boða og framkvæma. Ég ber t.d. niður á bls. 14 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins."

Mér þætti vænt um ef hæstv. forsrh. gæti upplýst okkur um það nú hvað líði framkvæmd þessara fögru fyrirheita. Hvaða áform hefur hæstv. ríkisstjórn uppi um flutning ríkisstofnana út á land? Það er komið á annað ár síðan ríkisstjórnin var mynduð og ég trúi ekki öðru, því að hér eru verkmenn góðir í ríkisstjórn, en að þeir séu búnir að semja áætlun, marka sér þann farveg sem þeir ætla að fara eftir til að hrinda þessari stefnu í framkvæmd. Og mér þætti vænt um það, virðulegi forseti, ef hæstv. forsrh. gæfi okkur nokkur svör um efndir á þessum fyrirheitum í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar.

Það var einu sinni, reyndar fyrir átta árum rúmum, að Sjálfstfl. talaði til þjóðarinnar undir kjörorðinu „Frá orðum til athafna." Orðin eru í hvítu bókinni en hvar eru athafnirnar? Ég spyr hæstv. ríkisstjórn um athafnirnar. Hvenær koma þær?

Ég hef leyft mér að flytja brtt. við eitt mál í þinginu, sem hér var til umræðu í dag, Brunamálastofnun ríkisins. Þar hef ég lagt til að sú stofnun verði flutt út á land eins og menn geta kynnt sér á þskj 934. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann og ríkisstjórnin geti ekki staðið með mér í þessari tillögu.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. nefndi sérstaklega um flutning stofnana út á land, þá vildi ég

mega leyfa mér að vitna til svars sem ég gaf nýlega við fyrirspurn frá hv. 5. þm. Austurl. og er í þingtíðindum, það eru kannski 3–4 vikur síðan, eftir minni sagt, ef hv. þm. tæki því vel svo síðla kvölds.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er orðið dimmt yfir borginni og komin nótt þannig að áður en ég hef mál mitt væri kannski fróðlegt að vita hvað fram undan er á þessari nótt. (**Forseti:** Ef að líkum lætur er hv. ræðumaður síðasti ræðumaðurinn.) Og síðasta mál á dagskrá? (**Forseti:** Væntanlega, já.) Ég mun ekki halda fyrir mönnum vöku hér með löngum ræðuhöldum við þær aðstæður að svefninn er að færast yfir borgina og strangur dagur fram undan.

Þessi umræða er búin að standa æðilengi, frá því á haustdögum. Það má undra sig á því þrekleysi þessa þings að forsrh., sem hóf þessa umræðu 4. nóv., skuli ekki hafa komið því í verk að ljúka henni fyrr en á vordögum.

Hitt er svo annað mál að það væri ærin ástæða til þess fyrir Alþingi Íslendinga við það sem gerst hefur í íslensku þjóðfélagi á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að þessi umræða hófst að taka ærlega umræðu — ekki bara um byggðamál heldur um atvinnumál í heild og þá helstefnu sem hefur fylgt þessari ríkisstjórn frá því að hún var stofnuð.

Ég gæti trúað því að hinum unga forsrh., sem örugglega átti sér hugsjónir og drauma þegar hann hóf starf sitt sem forustumaður í ríkisstjórn, verði stundum hugsað til fyrirheita sinna, og ég efast ekkert um að hann hefur haft góð fyrirheit gagnvart þjóð sinni, hversu allt hefur mistekist sem þessi ríkisstjórn hefur fengist við, — ég gæti trúað því að honum dytti það stundum í hug að ríkisstjórnin byggi við einelti, það væru allir andstæðingar hennar í þessu landi af einhverjum ástæðum, að óþörfu að honum fyndist. Námsmennirnir hópast á þingpalla til þess að mótmæla ríkisstjórninni. Atvinnulífið kvartar sáran. Launamennirnir eiga erfitt. Og atvinnuleysið eykst með viku hverri og mánuði. Og þegar við nú ræðum byggðavandann á Íslandi stöndum við allt í einu frammi fyrir því að draumaríkið, borgin, sem forsrh. hafði byggt upp sem borgarstjóri af dugnaði, er í sárum undan stefnu ríkisstjórnarinnar, mesta atvinnuleysi í Reykjavík sjálfri í marga áratugi. Ég hygg að það þurfi að fara 30 ár aftur til að finna sambærilegar tölur. Þannig hafa málin þróast og þá verður hver og einn, bæði leiðtogi þjóðarinnar, forsrh., ríkisstjórnin í heild og Alþingi Íslendinga, að spyrja þeirrar spurningar: Eigum við sök í málinu? Hefur stefnan á þjóðarskútunni verið röng þá mánuði sem liðnir eru síðan þessi ríkisstjórn var stofnuð? Nú ætla ég ekki annað, ef menn setjast í þá sjálfsgagnrýni sem er mikilvægust við þessar aðstæður, en að menn vilji breyta um stefnu, reyna að ná því til leiðar að hér þróist öflugt atvinnulíf og að fólkið sem kveinar svo sárt við þessar aðstæður fái atvinnu og lifibrauð í þessu landi. Þetta held ég að sé afar mikilvægt, að nú þegar þingi lýkur setjist ríkisstjórnin sjálf á þessa mikilvægu rökstóla og leiti skýringa á því hvernig farið hefur.

Það væri fróðlegt, af því að Byggðastofnun er til umræðu og byggðamálin hafa fléttast þar inn í, að fara í upprifjunarnámskeið bæði á því hvað ýmsir af stjórnarliðum sögðu við þá umræðu á haustdögum, svo og hvað sjálfur forsrh. sagði í þeirri umræðu, en tíminn leyfir í sjálfu sér ekki slíka útúrdúra. En mig minnir að stjórnarliðarnir sumir hafi afneitað stefnu ríkisstjórnarinnar á haustdögum, varað við henni undir þessari umræðu og jafnvel sagt að hún væri hættuleg. Þeirra orð hafa komið fram á þessum vetri. Ég fletti þessari umræðu í kvöld og sá að margir vöruðu við þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hafði hafið. Ég vil ekki lengja þessa umræðu með því að fara út í þá sálma. En það voru harkalegar umræður og auðvitað var það hæstv. forsrh. sem hóf þá umræðu.

Ég óttast atvinnuleysið á Íslandi. Við stöndum frammi fyrir því, íslensk þjóð, að við höfum ekki kynnst slíku. Það er kynslóð sem núna stendur frammi fyrir atvinnuleysinu sem ekki hefur kynnst því. Við sjáum hóp manna á aldrinum 25 ára til fertugs sem fá ekkert starf. Við gerum okkur grein fyrir því að ungt fólk sem er að ganga út í lífið til þess að berjast fyrir sér og börnum sínum og stofna til heimilis hefur ekkert að starfa þannig að þetta er orðið þjóðarvandamál Íslendinga. Það er ekki byggðavandamál. Það er þjóðarvandamál sem menn verða að setjast yfir að leysa.

Þá er mér efst í huga að minnast á að þessi ríkisstjórn hefur lagt drápsklyfjar á atvinnulífið. Ef menn átta sig á því geta þeir snúið ofan af dæminu, gefið atvinnulífinu von með því að fara í aðgerðir og létta ýmsu af því sem á það hefur verið lagt á þessu þingi og gert að verkum að hópur dugmikilla manna í atvinnurekstri hafa sagt: Nú er mælirinn fullur. Tölvurnar, reiknilínurnar segja mér að fyrirtæki mitt geti ekki gengið við þessar aðstæður og þá er best að hverfa frá starfinu meðan eitthvert eigið fé er fyrir hendi í fyrirtækinu. Þetta höfum við séð að er að gerast á þessum vetri. Þessi ríkisstjórn lagði 6 milljarða í viðbót í sköttum á fólk og fyrirtæki á fjárlögunum einum. Aldrei hafa staðið hærri skattar samkvæmt vergri landsframleiðslu en eftir fjárlögin í vetur. Þetta vil ég minna hæstv. forsrh. á ef hann settist við það að skoða hvernig mál hafa þróast og hvað megi gera til þess að laga fyrir atvinnulífinu.

Það er enginn vafi á því að hæstv. forsrh. hefur áttað sig hvað eitt varðar og náð um þessar mundir talsverðum árangri hvað vexti og fjármagnskostnað varðar. Ríkisstjórninni varð það á í vetur í 0% verðbólgu að halda uppi með handafli háu vaxtastigi, en hefur nú séð að sér og lækkað raunvexti á spariskírteinum ríkissjóðs og gert kleift að ganga til vaxtalækkana í öllum peningastofnunum sem skiptir atvinnulífið miklu máli og hið skuldsetta unga fólk.

Ég var að tala um að margir væru óvinir þessarar ríkisstjórnar. Ég hef séð það í Morgunblaðinu síðustu dagana að fólk leyfir sér að tala í köldum tón til þessarar ríkisstjórnar. Það er ekki bara Sigmund sem teiknar hinar glannalegu myndir heldur sjáum við að jafn-

vel leiðararnir eru farnir að verða beittar hnífsstungur í átt að ríkisstjórn sem Morgunblaðið hefur ekki trú á.

Ég tók líka eftir því að hér sat í kvöld formaður bankaráðs Landsbankans. Hann sendi þessari ríkisstjórn tóninn og taldi hana geta ráðið ferðinni á ýmsum mikilvægum sviðum. Og auðvitað hefur það gerst á þessum degi að ríkisstjórnin er að taka ákvarðanir sem skipta atvinnulífið heilmiklu máli. Þar á ég við Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Með því að greiða úr honum mun það breyta heilmiklu í stöðu fyrirtækjanna. Það er vonandi að þessi gagnrýni eigin manna sem taka nú undir með stjórnarandstöðunni úr hverju horni hafi þau áhrif að menn átti sig.

Auðvitað er víða dökkt útlit. Hér hefur í þessari umræðu verið minnst á landbúnaðinn og í stuttri utandagskrárumræðu var staða landbúnaðarins rædd á þessum degi og þar er mikill vandi fyrir hendi. Ég minnist þess að í kosningabaráttunni í vor dáðist ég að hinum nýja formanni Sjálfstfl., hvílíkt hugrekki hann hefði og hann ætlaði að líkjast fyrirrennurum flokksins því að hann sagði hiklaust við bændastéttina: Sá búvörusamningur sem gerður var á vordögum er ekki sanngjarn. Það þarf að rífa hann upp og bæta hann gagnvart bændunum. Það þarf að leiðrétta gagnvart bændunum. Þetta er ekki sanngjarnt. Þess vegna lagði hann til í miðri kosningabaráttunni að það yrði gert, búvörusamningurinn yrði endurskoðaður með það í huga að bæta stöðu stéttarinnar. (**Gripið fram í:** Sagði hann það?) Hann sagði þetta í miðri kosningabaráttu. Hann leiðréttir mig hafi hann ekki sagt það. (**Gripið fram í:** Ekki ef hann hefur gert það.) En hann hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem hann þar gerði því að eitt fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar, hæstv. forsrh. og formanns Alþfl., hæstv. utanrrh., var að setjast yfir búvörusamninginn til að rifta hann, til þess að bæta hann, reyna að finna leiðir til þess að ríkissjóður hefði meira í sinn hlut, það yrði skert með meiri hörku.

En nú blasir þarna við heilmikið vandamál þar sem er flatur niðurskurður sem stafar fyrst og fremst af þeirri efnahagsstefnu sem hér hefur ríkt og atvinnustefnu, að mönnunum sem voru horfnir t.d. út úr sauðfjárrækt og höfðu ekki stundað þá búgrein í fimm eða sex ár og höfðu annað að starfa hefur fallið starf úr hendi vegna atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar og þeir snúið aftur að þessari framleiðslu. Ég minni forsrh. á þessi orð.

Síðan blasir annað við og það er hin hrikalega boðun þessarar ríkisstjórnar um innflutning á unnum landbúnaðarafurðum. Fyrri ríkisstjórn hafði gefið fyrirheit um að út þessa öld yrði ekki hafinn innflutningur á landbúnaðarafurðum. En núna hefur einn hæstv. ráðherrann í þessari ríkisstjórn, hæstv. iðnrh. og viðskrh., gengið mjög hart fram og menn hafa jafnvel gert samninga við erlendar þjóðir þar sem hagsmunir Íslands hafa verið bornir fyrir borð, gerðir samningar sem miða að því að skella yfir innflutningi sem mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar á íslenskar sveitir, ekki bara á íslenskar sveitir heldur mun það gera að verkum að matvælaframleiðslan, sem fer fram í þorpunum um allt land og kaupstöðunum svo og hér í Reykjavík, mun fara mjög hallloka. Ég tók eftir því í Tímanum fyrir einum mánuði að þar birtist heil ræða eftir hæstv. viðskrh. þar sem hann sagði hreinlega þessa setningu ef ég man hana rétt: „Loksins er komið að því að síðasta atvinnugreinin á Íslandi býr við maklega samkeppni. Þar á ég við landbúnaðinn sem hefur búið hér við múra. Nú kemur samkeppni, hún kemur erlendis frá."

Landbúnaðurinn átti að standa frammi fyrir því sama og margar aðrar greinar, iðnaðurinn og fleiri, að erlend framleiðsla mundi fara að keppa við hann hér. Og hvernig hefur farið í hinum greinunum? Þær hafa farið hallloka. Sumar hafa dáið út. Það mætti spyrja t.d. iðnrh.: Hvar eru margar greinar iðnaðarins staddar? Skipaiðnaðurinn t.d.? Hvar er hann staddur? Meðan margar aðrar þjóðir hafa varið sinn skipaiðnað, styrkt hann og eflt, höfum við lagt hann í rúst og viðskrh. og iðnrh. borið þar mesta ábyrgð. Hvar er saumaiðnaðurinn og fataiðnaðurinn? Hvar er húsgagnaiðnaðurinn? Hvar eru allar þessar greinar sem voru glæsilegir möguleikar fyrir nokkrum árum? Þær hafa fallið vegna þess að útlendingarnir hafa tekið verkefnin í sínar hendur.

Við Íslendingar megum eiga það að við höfum ekki flutt inn mikið af fólki til að vinna verkið fyrir okkur, en við erum snillingar í að fara með verkefnin út og fela mönnum þar að hafa af því kaupið og gróðann að vinna fyrir okkur verkin. Þess vegna bið ég hæstv. forsrh., sem ég trúi að vilji að um sig standi glæst minning í sögunni, að íhuga þessa ræðu mína. Hún er mælt af heilum hug og þeirri von.

Ég ræð ekki við að koma þessari ríkisstjórn frá, hún hefur meiri hluta á Alþingi, þó að ég verði því miður að segja að ég tek undir með þjóðinni minni sem gerir kröfur um að þessi ríkisstjórn fari frá. Við ráðum ekki við það. En það sem við ráðum við er að tala við ríkisstjórnina, reyna að fá hana til að átta sig á aðstæðunum, breyta um og breyta stefnunni. Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu. Og það sem er mikilvægast, og Sjálfstfl. ætti að skilja betur en allir aðrir flokkar að mínu viti, er að fyrirtækin í landinu verða að fá að græða. Þau verða að fá að vera fyrir ofan strikið.

Það hefur verið sagt frá því í þessari viku í þessum þingsal að flestar greinar sjávarútvegsins eru reknar með bullandi halla, jafnvel upp í 80% sumar greinar sjávarútvegsins. Þetta er ekki í anda stefnu þess Sjálfstfl. sem hefur starfað svo lengi. Þessu verða menn að snúa við og hafa kjark til þess. Það er mikilvægt til þess að fyrirtækin geti aukið umsvif sín og dafnað og borgað bærileg laun að þau græði.

Ég trúi því að hin íslenska þjóð, ef hún nær að hugsa stórt, eigi glæst tækifæri í þessu landi. Þá eigum við verkefni sem duga öllum vinnandi höndum í landinu. Við þurfum ekki að búa við þetta atvinnuleysi, við þurfum ekki að búa við þessa láglaunastefnu og neyð ef menn þora að setja nýja stefnu á í stýrishúsi þjóðarskútunnar. Ég er ekki verri þessari ríkisstjórn en það að ég vænti þess að hún nái áttum og snúi við, hún átti sig á því að það er ekki um einelti að

ræða hjá þjóðinni. Þjóðinni er að verða illa við þessa ríkisstjórn vegna þess að hún hefur fundið að stefna hennar er ranglát, hún er fljótfærnisleg og flaustursleg, hún er full af einhverri tækifærismennsku til að þjóna örfáum nöggum í Sjálfstfl. sem halda að þeir geti eitthvað og stórgróðaöflum sem ætla að hirða alla hluti. Ætli kolkrabbinn sé ekki að verða alþjóðafyrirtæki? Hann eignast ekki bara Ísland. Hann tekur Færeyjar, kannski Grænland og fleiri þjóðir, sendir einhvern Jörund á hverja eyju í kringum landið. En um leið skilur hann eftir sviðna jörð á svo mörgum sviðum á Íslandi að það er ekki hægt að þola það.

Já, góðir alþingismenn og ríkisstjórn. Við eigum glæst tækifæri. Það er viljann sem við verðum að virkja og stefnuna sem við verðum að marka. Það verðum við að gera á því vori sem nú er gengið í garð. Fyrsta regnskúrin féll á þessum morgni. Megi guð á gott láta vita að það verði sú regnskúr sem hreinsar haustmyrkrið, volæðið og aumingjaskapinn út úr hugsun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og er sú óvinsælasta meðal þjóðar sinnar sem setið hefur allan lýðveldistímann.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir það síðasta gleymdi þingmaðurinn línuritinu yfir síðustu ríkisstjórn. Hún var alltaf miklu lægri í öllum skoðanakönnunum í óvinsældum fram að þessu.

En þessi hugvekja var mjög þörf og merkileg og mér þykir verst að svo margir þingmenn skuli vera farnir heim, en ég veit að þeir sitja yfir sjónvarpi hjá Sýn ef það er opið enn þá og sofa vel og dyggilega eftir þessa þörfu og góðu hugvekju. Ég vil líka þakka hv. þm. fyrir mörg góð og fögur orð í garð minnar ríkisstjórnar. Það örlaði á heilmikilli velvild og vinsemd og ég er þakklátur fyrir það.

Varðandi skrif og teikningar, þá er ekki mikið sem er víst í henni tilveru, einkum þegar stjórnmálin eru annars vegar. En þeir forustumenn í stjórnmálum sem fá ekki mynd af sér hjá honum Sigmund eiga að fara að athuga með dagatalið sitt og jafnvel klukkuna sína því að þeir verða ekki mjög lengi í pólitík eftir það. Það er afskaplega mikilvægt fyrir íslenska stjórnmálamenn að fá að vera á myndum eftir Sigmund hvernig sem hann teiknar þá. Ég veit ekki hversu oft hv. þm., formaður bankaráðs Búnaðarbankans, hefur verið þar en þó nokkrum sinnum og farið bara vel.

Ég vil þó nefna annað í fullri alvöru út af þessari löngu og þörfu hugvekju þingmannsins. Ég hafði gaman af, hann talar með öðrum hætti en flestir aðrir hér. Ég segi það alls ekki í niðrandi merkingu. Það er svolítið í prestslegum stíl og upphöfnum og ágætum. Þó að ég sé ekki alltaf sammála sumum stærstu orðunum sem hann lætur falla, eins og um helstefnu ríkisstjórnar og þess háttar, þá vil ég nefna við hann í fullri alvöru að það er mikilvægt fyrir ríkisstjórnir eins og þá sem nú situr að byrja á erfiðu verkunum fyrst. Þær ríkisstjórnir sem hafa byrjað á erfiðu verkunum fyrst og ekki hikað við að takast á við erfið verkefni, sem kalla á stundaróvinsældir, eru farsælar og langlífar í landinu.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég get tekið undir það með forsrh. að myndir Sigmunds eru ágætar og þær voru ekki stórmál í minni ræðu. En hann minntist á það og bar sig karlmannlega að fyrstu verk hverrar ríkisstjórnar væru mikilvægust. Það er nefnilega þar sem feillinn liggur hjá þessari ríkisstjórn. Sigmund teiknaði góða mynd þar sem gaukurinn illi sat á öxl forsrh. og drit-aði. Það er nefnilega ráðgjafahópurinn sem hefur brugðist. (**Forsrh.**: Þú mátt ekki blanda saman við Spaugstofuna.) Jú, ég er að blanda saman við Spaugstofuna, rétt hjá hæstv. forsrh. Það mun hafa verið þar sem gaukurinn sat. — En ég hygg að það sé þekkingarlítið ungliðalið mengað frjálshyggju. Ég get talið þá upp, þeir eru 5–6 sem hafa verið ráðgjafar hæstv. forsrh. Þeir hafa leitt hann rangar leiðir.

Því vildi ég koma að áður en nóttin skellur á að hann hugleiði hvort það væri ekki betra að fara að eins og fyrirrennari hans sem áttaði sig á því að þessir sömu menn gerðu það að verkum að hann fékk ekki að ríkja í forsætisráðherrastóli nema í 13 mánuði því hann hlustaði á þessa sömu menn. En eftir þann tíma hefur sá maður valið sér aðra og betri ráðgjafa. Þeir koma úr atvinnulífinu. Þeir koma utan úr þjóðfélaginu sem hann hefur hlustað á. (Forseti hringir.) Þó hann hafi ekki náð því að fá menn í ríkisstjórninni til að átta sig á mörgum atriðum er staðreyndin sú að hann fann út eftir stuttan feril að það fólk sem hann var með í ráðgjafarstörfum gekk ekki upp. (Forseti hringir.) Og nú vona ég að hæstv. forsrh. átti sig einnig á því.

Að lokum þakka ég hæstv. forseta fyrir fallegan bjölluhljóm.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég kunni ekki við að hafa það í andsvari við ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar, en hæstv. forsrh. vék að vinsældum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það er nokkur síður hjá hæstv. forsrh. að þegar að honum er þrengt hnýtir hann venjulega í fyrirrennara sinn, hv. þm. Steingrím Hermannsson, sem er fjarverandi nú. Mér fannst því rétt að taka aðeins upp hanskann fyrir hann augnablik.

Það er kannski rétt að hægt er að finna einhvern smátíma á valdaferli ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þar sem hún hafði eitthvað minni vinsældir en núv. hæstv. ríkisstjórn. En hitt er hins vegar alveg öruggt, að hæstv. forsrh. er fyrsti landsfaðirinn í sögu íslenska lýðveldisins síðan skoðanakannanir hófust sem tekist hefur að verða óvinsælasti stjórnmálamaður landsins. Það er svo sem í lagi að fjármálaráðherrarnir við og við gegni því hlutverki. Það er í þeirra verkahring. En þegar landsfaðirinn sjálfur er orðinn óvinsælasti stjórnmálamaður landsins er illa komið fyrir ríkisstjórninni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var merkilegt að hv. 8. þm. Reykn. skyldi koma seint og um síðir inn í þessa umræðu og geta ekki einu sinni farið rétt með. Ég var ekkert að hnýta í fyrirrennara minn. Ég var að leiðrétta töflur og línurit heillar ríkisstjórnar. Ég er alveg viss um að hluti af óvinsældum þeirrar ríkisstjórnar hefur ekki síst verið hv. þm. sem áðan talaði, miklu fremur en hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fyrirrennari minn. Ég var bara að vekja athygli á staðreyndum, hv. þm. En þú gast ekki aðeins farið vitlaust með það heldur sakaðir mig um að vera að veitast að fjarverandi manni. Ég var að tala um ríkisstjórnina í heild, leiðrétta það sem hv. þm. hafði sagt um vinsældamælingar.

Það er nú þannig að þessar mælingar um vinsælustu og óvinsælustu stjórnmálamennina eru afar sérkennilegar og óvinsældamælingar eru, hygg ég, ekki nema þriggja ára eða svo af því að hann nefndi söguna. Í sögunni, sagði hv. þm. Menn eru varla að tala um söguna þegar menn eru að tala um þrjú ár. Ég hygg að þær mælingar séu aðeins þriggja ára gamlar. Áður mældu menn vinsældir og ég hef reyndar stundum setið í þeirri sérkennilegu stöðu að vera á báðum endum. Í næstsíðustu könnun trónaði ég reyndar mjög neðarlega á óvinsældalista. Það hafði af einhverjum ástæðum minnkað um helming í könnuninni þar á eftir. Mér er ókunnugt um af hverju það hefur gerst, en það hafði þó gerst. En þessar kannanir segja ekki mjög mikla sögu, hv. þm. Þingmaðurinn var mjög oft á þessum stuttta ferli þessara mælinga óvinsælasta persóna í síðustu ríkisstjórn. Það hefur, hygg ég, ekki breytt neinu um hans feril sem fjmrh. í sjálfu sér og ekki held ég mati á hans flokki í sjálfu sér.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er greinilega eitthvað viðkvæmt og merkileg kenning sem hæstv. forsrh. setti hér fram, að sá maður eigi kannski einna mestan hlut í óvinsældum ríkisstjórna sem óvinsælastur er innan hennar. Þetta er athyglisverð kenning í stjórnmálafræðilegu tilliti. Samkvæmt henni er höfundur kenningarinnar, sem hér talaði áðan, meginorsök óvinsældar þeirrar ríkisstjórnar sem hann veitir forsæti.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef svo væri, hv. þm., mundi ég ekkert víkja mér undan því og taka því. Ég var hins vegar að benda á það að þingmaðurinn var að gefa til kynna að ég hefði ráðist á fjarverandi mann og þar fór hann rangt með eins og honum er óskaplega gjarnt. Hann á afskaplega erfitt að fara rétt með, þessi hv. þm. Ég reyndar þekki engan þingmann í þessum sal sem fer jafnoft, jafnmikið og jafnrangt með og þessi hv. þm.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta er líka merkileg kenning hjá hæstv. forsrh. Hann setur fram hverja stjórnmálafræðikenninguna á fætur annarri, er greinilega hugmyndaríkur að nóttu til í stjórnmálafræðilegu tilliti.

Það mál vel vera að hæstv. forsrh. hafi mælt í þinginu hvað menn segja oft ósatt. Það er alla vega athyglisvert að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Svavar Gestsson röktu mjög rækilega hvernig hæstv. forsrh. sagði þjóðinni ósatt í útvarps- og sjónvarpsumræðum frá Alþingi, eldhúsdagsumræðum. Því var lýst hvað eftir annað af þessum tveimur hv. þm. Hæstv. forsrh. lagði aldrei í það að hrekja þá niðurstöðu. (**Forsrh.**: Hvaða niðurstöðu?) Það var sagt í umræðum í gær, hæstv. forsrh. Ég skal gjarnan endurtaka það fyrir hæstv. forsrh. Það var sú fullyrðing að það væri nauðsynlegt að frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna þyrfti að fara í gegn á Alþingi vegna fjárlaganna, en eins og þessir tveir ágætu þingmenn bentu á hefði komið fram í lok ársins að samkvæmt því sem nú er vitað yrðu um það bil 800 millj. afgangs í Lánasjóði ísl. námsmanna, en með því var ekki reiknað í fjárlögunum. Þetta röktu þessir tveir ágætu þingmenn mjög rækilega og forsrh. sat m.a. í hliðarsal og hlustaði á það.

En það er ekki von að tölfræðin sé þá í góðu lagi ef hann er bæði búinn að gleyma sínum eigin ósannindum og einnig sönnunum á það að þau hafi farið fram.

148. FUNDUR

laugardaginn 16. maí,
kl. 11 árdegis.

Um þingsköp.

Umræða um skýrslu umhverfisnefndar um álver á Keilisnesi o.fl.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef litið yfir dagskrá þessa fundar og ég sé ekki að þar hafi verið tekið inn mál sem óskað hefur verið eftir af umhvn. þingsins að verði rætt fyrir þinglok. Það er skýrsla um starfsleyfi fyrir álver á Keilisnesi sem skilað var af umhvn. í marsmánuði. Einnig liggur fyrir þinginu skýrsla hæstv. umhvrh. frá sl. hausti sem var lögð fram snemma á þinginu um sama efni. Rætt hafði verið um að þessi mál gætu verið samferða í umræðu. Formaður umhvn. hefur borið þetta mál fram við forseta að mér er kunnugt en hann er nú fjarverandi sem og varaformaður. Ég leyfi mér hins vegar að nefna þetta og ítreka þá ósk sem ég bar fram um þetta mál fyrr í vikunni og veit að á fullan stuðning í umhvn. Þetta mun vera eina skýrslan sem nefnd hefur skilað til þingsins í vetur um tilgreint málefni og ég tel nauðsynlegt að skapað verði rúm fyrir þetta mál á dagskrá þingsins fyrir þinglok. Að sjálfsögðu eins og aðstæður eru yrði þá samið um tíma til umræðu fyrir málið sem ásættanlegur væri.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. hefur áður minnst á þetta mál og forseti svarað því og staðfest að þessi ósk hefur komið fram og verður skoðað með hliðsjón af þeim þrönga tíma sem eftir er til þriðjudags en við miðum við það samkomulag sem gert hefur verið að ljúka hér þingi á þriðjudag.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka fyrirspurn sem ég bar fram í síðustu viku um hvað liði skriflegum svörum við fyrirspurnum frá mér. Þá var þremur ósvarað og þar á meðal var ein til hæstv. menntmrh. sem útbýtt var svari frá samdægurs ef ég man rétt og brást þannig fljótt og vel við. Önnur fsp. er til hæstv. fjmrh. sem ég lagði fram 15. mars eða fyrir um tveimur mánuðum síðan og hæstv. ráðherra hefur tjáð mér að hann hafi gengið eftir því að svörum yrði lokið. Ég vil ítreka það við hæstv. forseta því að ekki eru eftir nema tveir aðrir þingdagar miðað við þinglok nk. þriðjudag, hvort því megi treysta að svar berist á þeim tíma. Þriðja fsp. var til hæstv. viðskrh. sem ég bar fram 25. mars. Í dag er 16. maí. Ég hef ekki heyrt orð frá hæstv. forseta eða hæstv. viðskrh. um svar við þessari fsp. og bað ég hæstv. forseta um að ítreka þetta í síðustu viku og geri það enn og vænti þess að svör megi fást um það og að fsp. verði svarað fyrir þinglok.

Ég vil svo að lokum minna á það, virðulegur forseti, að það er ein þingnefnd að störfum, sjútvn., og þykir mér heldur lakara ef umræður eru mikið í gangi á meðan nefndin er að störfum því með því eru menn sviptir möguleika að taka þátt í þeim umræðum sem menn hefðu kannski hug á.

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Í tilefni af því sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi áðan um skýrslu umhvn. þá vil ég í fjarveru formanns og varaformanns staðfesta það að formaður hefur leitað eftir því við forseta að skýrsla nefndarinnar fengist rædd á þessu þingi. Aðrir þingmenn stjórnarliða, meiri hlutans í nefndinni, hafa jafnframt rætt þessi mál við þingflokksformenn og óskað eftir að málið kæmist á dagskrá.

Ég verð þó að segja að þar sem fjöldi mála, sem þarf að afgreiða, liggur fyrir og sum mál hafa verið rædd alllengi og ítarlega þá hef ég nokkurn skilning á því ef ekki reynist mögulegt að ræða skýrsluna. Ég vona hins vegar að samkomulag takist um afgreiðslu mála og að hægt verði að ræða skýrsluna á þessu þingi. En ég vil undirstrika það jafnframt að skýrslan liggur frammi og þó hún verði ekki rædd að þessu sinni þá rýrir það ekki gildi hennar eða þess starfs sem nefndin hefur unnið á undanförnum mánuðum við gerð hennar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið nokkuð mikið rætt um vinnubrögð í þinginu í vetur. T.d. hefur hæstv. forsrh. sérstaklega gert sér far um að ráðast á þingið og gagnrýna vinnubrögð þess. Fleiri dæmi mætti nefna um þessi neikvæðu viðhorf.

Nú er það hins vegar þannig að víða á vettvangi þingsins er unnið mjög vel. Víða tekst þingmönnum, hvort sem þeir tilheyra stjórnarflokkum eða stjórnarandstöðuflokkum, að vinna vel saman. Ég get vottað það að í nýjustu nefnd þingsins, umhvn., hefur í vetur verið einstaklega gott andrúmsloft og einstaklega gott vinnulag. Þar hafa menn kappkostað, alveg óháð því hvort það erum við sem tilheyrum flokkum stjórnarandstöðunnar eða hv. þm. Árni Mathiesen sem hér talaði og félagar hans sem tilheyra stjórnarflokkunum, að vinna mjög vel að þeim málum sem til okkar hafa borist. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, og varaformaður nefndarinnar hafa stýrt þessari vinnu einstaklega vel. Það hefur verið ánægjulegt að sitja í umhvn. í vetur og sinna þessum störfum.

Nefndinni var það nokkur metnaður, virðulegi forseti, að vinna þessa skýrslu um viðkvæmt mál af því tagi sem hún fjallar um, starfsleyfi fyrir álver á Keilisnesi. Við lögðum í þetta nokkuð marga mánuði, bæði á nefndarfundum og utan nefndarfunda, þetta var mjög mikil vinna. Mér er til efs að það séu mjög mörg mál hér í þinginu, þau eru kannski einhver, þar sem nefndir og einstakir nefndarmenn hafi unnið saman óháð því hvort þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu með þessum hætti. Þess vegna er það mjög leitt, virðulegi forseti, að þegar þingnefnd sem kýs að fara nýjar brautir með því að hagnýta sér eina af nýjungunum í nýju þingsköpunum og leggur svona mikla vinnu í verk að þá skuli ekki vera fundinn tími í störfum þingins til að þessi skýrsla ásamt skýrslu iðnrh. verði rædd þó ekki verði nema eitthvað. Það er enginn að tala um langar umræður í þeim efnum en einhverjar. Það verður einfadlega til þess, virðulegur forseti, að á næsta þingi verða menn tregir til að leggja á sig slíka vinnu ef það er þannig að af hálfu stjórnenda þingsins er hún nánast einskis metin. Jú, jú, það er að vísu gagn, það er alveg rétt hjá hv. þm. Árna Mathiesen, skýrslan liggur á borðum manna og menn geta kannski sótt hana í skjalavörslu þingsins, en stjórnendur gera lítið með þá vinnu þrátt fyrir það að einn af varaforsetunum, formaður nefndarinnar Gunnlaugur Stefánsson, hafði óskað eftir því að slík umræða fari fram.

Ég vil segja við þá sem stýra hér vinnu í þinginu að það er þá frekar letjandi í framhaldinu fyrir okkur að leggja á okkur málefnaleg og drenglynd vinnubrögð í nefndum þingsins að mikilvægum málum ef það skilar ekki meiri niðurstöðu en raun ber vitni.

Það hefur held ég verið metnaður okkar allra sem höfum setið í umhvn. þingsins í vetur að láta þetta fyrsta ár hinnar nýju nefndar takast vel. Það hefur verið metnaður allra í nefndinni. Og ég held að hvað störf nefndarinnar snertir þá hafi það tekist.

Ég vil einnig geta þess að þegar í þjóðfélaginu var mikill darraðardans út af umhverfisráðstefnunni í Ríó og aðalathygli manna beindist að fjölda ferðalanga og kostnaðarþátttöku þá lagði nefndin það sameiginlega til að fram færu í þinginu hálfan dag eða svo í aprílmán-

uði málefnaleg umræða um þau verkefni sem á að fást við á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Og ég vil einnig segja að mér finnst það líka mjög miður að þessi ágæta hugmynd umhvn., um málefnalega kynningu á umhverfisráðstefnunni í Ríó, skuli ekki hafa hlotið náð fyrir augum stjórnenda þingsins þannig að slík umræða verður ekki hér á þjóðþinginu í aðdraganda ráðstefnunnar og það eina sem setur svip sinn á umræður hér á landi um þessa merku ráðstefnu er skak um fjölda manna og kostnað.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, fyrst á annað borð er farið að ræða störf umhvn. og óskir hennar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það hefur verið ánægjulegt að starfa í umhvn. þingsins. Það kom fram hjá mér í nefndinni fyrir löngu síðan að ég teldi ástæðu til að þessi skýrsla kæmi til umræðu á hv. Alþingi þó svo að mál hafi nokkuð breyst á Keilisnesi og einhver dráttur á að þar verði reist álver ef það yfirleitt verður gert.

Nú er það svo að formenn þingflokka starfa mikið saman þessa síðustu daga þingsins og umræðu um umrædda skýrslu bar á góma á síðasta fundi formanna þingflokka. Það var um það rætt að þetta væri eitt af þeim málum sem við þyrftum að ræða í okkar hópi og við munum eflaust gera það strax í dag. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta langar að bæta því við það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði að það er einmitt það sem er að gerast núna að formenn þingflokka eru að ræða saman, bæði stjórnarandstöðu og stjórnarliða, um það hvernig megi koma sér saman um þau mál sem verða á dagskránni síðustu daga og klukkustundir á þessu þingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir að það væri mjög mikilvægt að við fengjum til umræðu og umfjöllunar þessa skýrslu frá umhvn. þingsins svo við sem sitjum á Alþingi mættum kynnast þeirri vinnu svolítið.

Það var reyndar ekki vegna þess sem ég bað um orðið um þingsköp heldur langaði mig til að spyrja hæstv. forseta hvað líði máli sem lengi vel var á dagskrá þingsins og mér vitanlega átti að verða á dagskrá þingsins í dag en það er framkvæmdaáætlun til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þessi framkvæmdaáætlun var fyrir alllöngu síðan á dagskrá nánast dag hvern. Einn tiltekinn föstudag sat ég hér allan daginn og beið eftir að þetta mál kæmi til umræðu og það held ég að hæstv. félmrh. hafi reyndar gert líka. Þegar hilla tók undir að málið kæmi kannski til umfjöllunar var iðnrh., ef ég man rétt, skotið fram fyrir til að tala um tvö mál og jafnréttisáætlunin fékkst ekki rædd.

Nú veit ég að auðvitað þarf að raða málum í ákveðinn forgang og taka þau eftir því sem mönnum finnst mikilvægi þeirra vera. Og ég vil þá spyrja hvort það sé til marks um mikilvægi jafnréttisáætlunar að hún er ekki á dagskránni og er dottin út. Mér finnst þetta vera mjög mikilvægt mál og það er lagaskylda að félmrh. á að bera upp við Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Þannig er skýrt kveðið á um þetta í jafnréttislögum og ég held að síðasta áætlun hafi verið lögð fram í desember 1986. Þannig er það löngu orðið tímabært að gera nýja. Og væri ekki vanþörf á því við upphaf nýs kjörtímabils hjá nýrri ríkisstjórn að gera slíka áætlun. Mér finnst dálítið hart að fara af þessu þingi og sleppa ráðherrunum alveg við að ræða um jafnréttismálin því þeir hafa sett niður sín áform hér í plaggi og mig langar mjög mikið til að tala um þau mál við ráðherrana. Þess vegna spyr ég: Hvað líður þessu máli?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er eins með þessa þáltill. eins og þá skýrslu sem hér hefur verið rædd, hún er líka mikilvægt mál. Það má segja að hún sé geymd en ekki gleymd og verður væntanlega á dagskrá áður en þingi lýkur. Það var markmiðið að hafa hana á dagskrá í dag en var horfið til þess í samráði við hæstv. ráðherra að taka fyrst frv. um málefni fatlaðra. En það þýðir það ekki að þessi skýrsla eigi að fara út af borðinu. Væntanlega verður hún á dagskrá á mánudaginn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni að mjög mikilvægt er að þessi framkvæmdaáætlun komist á dagskrá. Ég hef reyndar lagt mjög mikla áherslu á að hún komist á dagskrá og verði afgreidd. En ég geri mér grein fyrir því að það lifir stutt af þessu þingi þannig að kannski eru litlar líkur til að hún verði afgreidd. Engu að síður tel ég mikilvægt að hún verði rædd.

En ég stend aðallega upp til að segja að það sem fram kom hjá hv. þm. um að það hafi síðast verið lögð fram framkvæmdaáætlun 1986 er ekki rétt. Það var lögð fram framkvæmdaáætlun í tíð síðustu ríkisstjórnar og var hún lögð fram á síðasta þingi. Þá var það reyndar þannig að það var ekki Alþingis að staðfesta hana heldur var þetta fyrst og fremst framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar. Þá var ekki lagaskylda að Alþingi staðfesti slíka áætlun en engu að síður var hún lögð fram á síðasta þingi.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 528. mál (greiðslutími). — Þskj. 895, nál. 964.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Margréti Tómasdóttur, deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins, fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs, Jón Magnússon, viðskiptafræðing á gjaldaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og Ólaf Hjálmarsson, deildarstjóra í fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson, Svavar Gestsson, Sigríður A. Þórðardóttir og Björn Bjarnason.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál kom til umræðu var að því vikið að samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið skortir fé í Atvinnuleysistryggingasjóð til að standa undir skuldbindingum sjóðsins á þessu ári. Það var rakið í umræðunum að samkvæmt gildandi fjárlögum hefur ríkisstjórnin varla heimildir til þess að greiða út bætur vegna atvinnuleysis seinni hluta sumars. Það var óskað eftir því sérstaklega við 1. umr. að þetta mál yrði tekið fyrir og skýrt við meðferð málsins í þinginu. Ég varð þess vegna nokkuð undrandi á því að framsögumaður nefndarinnar vék ekki að þessu einu orði. Ég vil þess vegna eindregið óska eftir því að um þetta verði fjallað við afgreiðslu málsins. Ég vil einnig óska eftir því að varaformaður fjárln., hv. þm. Pálmi Jónsson, komi til umræðunnar. Einnig finnst mér óeðlilegt að ræða þetta að mér sýnist að öllum nefndarmönnum í efh.- og viðskn. fjarstöddum. Og ég vil spyrja virðulegan forseta: Er það virkilega þannig að efh.- og viðskn. eða þorri nefndarmanna, af því að ég veit að sumir þeirra eru einnig í sjútvn., séu á fundi núna meðan við erum að ræða mál af þessu tagi?

Þetta mál snertir auðvitað ekki bara þær efnisgreinar sem verið var að mæla fyrir heldur einnig fjárhag ríkissjóðs, fjárlögin, og fjárhag Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þegar þetta mál var rætt að nýjar upplýsingar um stöðu sjóðsins og einnig nýjar upplýsingar um atvinnuleysi sýna að það fer vaxandi og fjárþörf sjóðsins fer vaxandi. Sú hugmynd var sett fram hvort þingið mundi þá beita sér fyrir afgreiðslu fjáraukalaga fyrst ríkisstjórnin virðist ekki ætla að gera það.

Ég sé, virðulegur forseti, þegar ég lít yfir salinn að það er a.m.k. einn nefndarmaður í efh.- og viðskn. í salnum eða tveir, nú þrír, þeim fer fjölgandi, það er gott að vita það. Væri þá fróðlegt að vita hvort þeir geta upplýst hvort þetta mál hefur borið á góma í lokahrinu afgreiðslu mála í nefndinni. En þó er einkanlega mikilvægt að hv. þm. Pálmi Jónsson komi til fundarins. Það er af eftirgreindum ástæðum: Hv. þm. Pálmi Jónsson og öll fjárln. leggur á það ofurkapp að nýtt frv. um greiðslu fjármuna úr ríkissjóði verði afgreitt í þinginu. Sjálfsagt er almennur vilji í þinginu til að afgreiða það frv. sem lög áður en þingið fer heim. Samkvæmt því frv. sem yrði þá að lögum fyrir þinglok yrði ríkisstjórninni og fjmrn. bannað, virðulegur forseti, að greiða út atvinnuleysistryggingar t.d. í ágústmánuði ef sú upphæð, sem ætluð er til þess í fjárlögunum, væri þrotin. Og það er nokkurn veginn alveg víst að hún verður þrotin í ágústmánuði eða byrjun september, kannski fyrr. Þá spyr ég: Hvað ætlar þjóðþingið að gera í þessari stöðu? Eða ætlar þjóðþingið að byrja á því að taka sjálft sig ekki alvarlega? Koma saman á þriðjudaginn alvarleg í framan og setja ný lög um greiðslur úr ríkissjóði, óskapleg ánægja, nýtt kerfi. Morgunblaðið skrifar leiðara og fagnar þessari byltingu. En strax í ágústmánuði yrðu nýju lögin brotin. Er þá kannski ætlunin að greiða ekki út neinar atvinnuleysisbætur? Er það virkilega ætlunin í að ágústmánuði komi fjmrh. og segi, svo ég noti orðalag hæstv. heilbrrh., sem hann hefur tamið sér á síðustu mánuðum: Því miður, þjóðþingið bannar mér? Alþingi bannar mér, segir hæstv. heilbrrh. alltaf þegar hann er að framkvæma ákvarðanir ríkisstjórnarmeirihlutans á Alþingi varðandi niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og skerðingu á réttindum manna. Hæstv. heilbrrh. er farinn að temja sér það tungutak að segja: Alþingi bannar mér að auka fjármuni til sjúkrahúsanna. Alþingi bannar mér að halda Landakoti opnu. Alþingi bannar mér að bæta hag gamla fólksins varðandi lyfjamál. Alþingi krefst þess að ég skeri niður lyfjamálin fjá fólki. Þetta er orðalagið sem hæstv. heilbrrh. er farinn að nota. Hann er ekki maður til að segja: Við í ríkisstjórninni. Nei, hann er of hræddur til þess. Því er alltaf komið yfir á Alþingi. Og ekki einu sinni ríkisstjórnarmeirihlutann á Alþingi heldur hefur hann okkur hin með. Þannig að ég hef t.d. hitt fólk í heilbrigðiskerfinu sem fer að spyrja mig, sem greiddi atkvæði á móti þessu hér á Alþingi, af hverju ég hafi ákveðið þetta. Af því að hæstv. heilbrrh. er alltaf að villa um fyrir þjóðinni.

Við komum þá að þessu máli. Á það líka að vera þannig að hæstv. félmrh., hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. komi í ágúst og segi: Því miður við getum ekki borgað út atvinnuleysisbætur því að Alþingi hefur ekki heimilað það? Heilbrrh., sem þetta mál heyrir undir sem við erum að ræða, mun þá væntanlega halda áfram orðfæri sínu með sama hætti og fyrr á þessu ári og segja: Því miður, Alþingi meinar mér að borga þér út atvinnuleysisbætur, atvinnulausi maður.

Þess vegna er það þannig, virðulegur forseti, að mér finnst ekki hægt að afgreiða þetta mál við 2. umr. fyrr en það er orðið ljóst hvað á að gera í fjármálum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hvað á að gera? Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. eða hæstv. starfandi heilbrrh. upplýsi það við umræðuna hvað á að gera. Já, hæstv. starfandi heilbrrh. hlær. Það er alveg merkilegt með Alþfl. hann er allt af farinn að hlæja þegar málefni ... (**Gripið fram í:** Þú verður að athuga hvaða mál eru á dagskrá.) (**Umhvrh.:** ... tala í réttu mál.) Já, ég veit það fullkomlega hvaða mál eru á dagskrá, hv. þm. En hv. þm. hefur verið erlendis eins og fleiri ráðherrar Alþfl. og veit þess vegna ekki hvað var rætt þegar þetta mál var til 1. umr. (Gripið fram í.) Það er greinilegt að sá maður sem hefur verið með sérstaka velvild í forsetastóli síðustu sólarhringa er svo farinn að skipta sér af þessu standandi út í sal með frammíköllum og öðru

slíku. Það er ágætt að sjá hvernig einn af varaforsetum praktíserar þingstörfin. Það er ágætt að sjá það. Það sem höfðingjarnir hafast að ... Mig skiptir í sjálfu sér engu hvað menn eru að segja með frammíköllum, ráðherrar og einn af varaforsetum þingsins, varaformaður þingflokks Sjálfstfl. Aðalatriðið er að það fáist upplýst í þinginu áður en þetta mál er afgreitt það sem spurt var um þegar þessi mál, þrjú og fjögur, komu til umræðu í fyrsta sinn. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í fjármálum atvinnuleysistrygginga upp úr miðju þessu ári?

Ef ríkisstjórnin ætlar ekki að gera neitt þá getur verið nauðsynlegt að á þinginu verði flutt frv. til fjáraukalaga. Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, ítreka ósk mína um það í fjarveru hv. þm. Svavars Gestssonar að þetta verði upplýst þannig að við getum vitað nánar með hvaða hætti við eigum að taka á þessum málaflokki áður en þingi lýkur.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson um það að þessi mál voru einmitt tekin til umræðu á fundi nefndarinnar í gær að beiðni hv. þm. Svavars Gestssonar. Ef hv. þm. hefði lesið þau skjöl sem í þinginu eru þá kemur fram í nál. á þskj. 963 þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur kynnt sér fjárhagsstöðu sjóðsins [þ.e. Atvinnuleysistryggingasjóðs] og fullvissað sig um að sjóðurinn muni geta greitt atvinnuleysisbætur fram yfir þann tíma að þing kemur saman að nýju."

Undir þetta tók hv. þm. Svavar Gestsson þannig að ég veit ekki hvernig boðleiðir ganga í Alþb. En það var einmitt farið rækilega yfir þetta mál í gær af hv. heilbr.- og trn. og málið því afgreitt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru í sjálfu sér ágætis boðleiðir í Alþb. Hins vegar er það þannig í þessu mikla ati sem ríkisstjórnin stendur fyrir á Alþingi að mál eru kannski tekin fyrir áður en menn hafa haft aðstæður til að fara í gegnum öll þingskjöl. Hins vegar hlustaði ég gaumgæfilega á framsöguræðu hv. þm. og hann vék ekki einu orði að þessu atriði í sinni framsögu. Og það er svona almenn venja í þinginu þegar menn eru að ræða fyrir málum að gera það á þann hátt hvað snertir lykilatriði að það komi fram í framsöguræðum. Það er út af fyrir sig ágætt að þetta stendur í þingskjalinu, ég fagna því. En ég er satt að segja ekki miklu nær. Það stendur í nál., eins og hv. þm. las það upp, að þessi upphæð dygði þar til þing kemur saman á ný. Og ég vil spyrja: Er það ágústþingið? Eða er það tíminn í október? Ég hef nokkra reynslu af því hvað tekur langan tíma að koma fjáraukalögum í gegnum Alþingi. Það hefur yfirleitt tekið einn og hálfan til tvo mánuði. Það má vel vera að hægt verði að koma fjáraukalögum hraðar í gegnum þingið í næstu lotu. Ég vona það. Þessi langi tími, sem þingið hefur tekið til að afgreiða fjáraukalög, hefur verið of langur. Setjum svo að þingið komi saman 17. ágúst, það er nú búið að seinka því, og þá komi fjáraukalagafrv. seinni partinn í ágúst. Samkvæmt venju yrði það varla afgreitt fyrr en í september einhvern tímann. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh., sem er einhvers staðar í húsinu: Er það þá ætlun ríkisstjórnarinnar að flytja fjáraukalagafrv. á ágústþinginu? Eða á að bíða þar til í október? Ég get fullvissað þingmanninn um það að upphæðin í Atvinnuleysistryggingasjóði mun ekki duga fram í október, það er alveg ljóst, hún mun ekki duga fram í október. Ef þetta á að vera í lagi þá hlýtur að vera reiknað með að fjáraukalagafrv. verði flutt í ágústmánuði. Og ég vil fá það alveg skýrt annaðhvort frá hv. þm. eða hæstv. fjmrh.: Á að flytja fjáraukalagafrv. í ágústmánuði?

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú vil ég benda á að það mál sem hér er til umræðu er 528. mál. Hvað það mál varðar er líkast til um afar lítið aukin fjárframlög Atvinnuleysistryggingasjóðs að ræða. Hins vegar varðandi 529. mál, sem fjallar um uppbót eða inngreiðslu í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins, er um talsverðar fjárhæðir að ræða og það er í nál. við það frv. sem farið var yfir stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nefndarmenn allir nema hv. þm. Finnur Ingólfsson, sem var með fyrirvara, voru fullvissaðir um það að greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs mundu duga líklegast út nóvember og því ákvað nefndin og var sammála um að greiða fyrir því að þessi mál mættu ganga áfram í þinginu.

Auk þess vil ég benda á aðeins til upplýsingar, virðulegur forseti, vegna þess að minnst var á frv. fjárln. að fram er komin í þinginu brtt. á þskj. 965 sem gengur út á það að lögin öðlist gildi 1. jan. 1993.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vegna þess hvernig umræður hafa þróast hér þá vita allir í þingsalnum að þau málefni, sem við erum að tala um, hafa verið rædd í tengslum við þessi mál bæði. Menn hafa oft og tíðum tæmt umræðuna varðandi annan af þessum tveimur dagskrárliðum og látið hinn þá renna áfram. Þannig að ég geri ekkert með athugasemdir þingmanna eða frammíköll hv. þm. Björns Bjarnasonar varðandi það atriði. Í öðru lagi þá er svarið skýrt. Ef hv. þm. er talsmaður fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann í þessu máli er ljóst að ríkisstjórnin ætlar ekki að flytja fjáraukalagafrv. á ágústþinginu.

Ég vil ítreka ósk mína um að hæstv. fjmrh. verði látinn vitna um það hér. Því það er auðvitað alveg ljóst að ef ríkisstjórnin ætlar ekki að flytja fjáraukalagafrv. fyrr en í október þá mun ríkisstjórnin fara fram úr fjárlagaheimildum í ár á nokkuð mörgum sviðum. Það er alveg ljóst. Ríkisstjórnin mun þá brjóta ákvæði fjárlaganna á nokkuð mörgum sviðum ef ekki verður flutt fjáraukalagafrv. fyrr en í októbermánuði. Og nú er ríkisstjórnin búin að finna lausn á þessu svindli. Hún er búin að finna lausn á þessu svindli eins og hv. þm. var að lýsa hér áðan. Það er komin fram brtt. um að rík-

isstjórnin megi svindla í ár. Það er bara eftir 1. jan. á næsta ári sem hún má ekki svindla. Þetta eru miklir snillingar endurbóta og „reforms" að koma hér fyrst heilagir í framan og flytja frv., svo er laumað inn gildistöku og þá má bara halda áfram að svindla. Ætli leiðarahöfundur Morgunblaðsins verði ekki að draga eitthvað til baka af hólinu? Sem sagt, ríkisstjórnarmeirihlutinn er að búa sig undir að fara fram úr fjárlagaheimildum á ýmsum sviðum. Ég tel það slæmt, virðulegur forseti. Ég vildi gjarnan óska eftir því að hæstv. fjmrh. hefði búið sig undir að flytja fjáraukalagafrv. fyrr og er alveg tilbúinn að beita kröftum mínum til að greiða fyrir afgreiðslu þess í samræmi við það sem ég hef sagt á undanförnum árum. En ég óska eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. komi til umræðunnar, ég veit að hann er í húsinu, til að staðfesta það sem hér hefur komið fram.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði í umræðunum að hér er til umræðu allt annað mál en hv. 8. þm. Reykn. hefur verið að tala um. Það er eins og hann viti ekki hvernig dagskráin er upp byggð eða hvaða mál eru á dagskránni. Og það er aldeilis furðulegt að síðan komi þingmaðurinn hér upp og heimti að framsögumaður nefndarinnar tali, þegar hann er að flytja ákveðið mál, um allt annað mál en það sem er á dagskránni. Það er með ólíkindum að verða vitni að þessum vinnubrögðum hjá hv. þm. sem hefur greinilega ekki kynnt sér þetta mál frekar en nokkur önnur sem eru til umræðu í þinginu og stendur hér bara til að tefja fyrir eðlilegum þingstörfum í hvaða máli sem honum dettur í hug og sama á hvaða grundvelli það er gert. Fyrir utan að upplýst var í nefndinni, og ég tók þátt í þeim nefndarfundi, að af þessu máli, sem hv. þm. er að tala um, er gjörsamlega ástæðulaust að hafa þær áhyggjur sem hann hefur enda undirritar öll nefndin á þskj. 963 það álit sem samþykkt var á fjórða dagskrármálinu og var sammála um þá afgreiðslu sem þar var ráð fyrir gert. Og þessar vangaveltur þingmannsins og misskilningur allur er dæmigerður fyrir framgöngu hans í þinginu í allan vetur.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hinn nýi siðameistari Alþingis Íslendinga hefur talað.

Það er ekki bara þessar mínúturnar sem við höfum fengið að heyra í siðameistaranum hérna í þinginu, hvernig þingið eigi að vera og hvernig það eigi ekki að vera og hverjir séu sér til skammar og hverjir séu sér ekki til skammar.

Hann hefur setið á forsetastól og það hefur verið mjög fróðlegt að fylgjast með hinum nýju siðum sem hann hefur tíðkað á forsetastól síðustu sólarhringana. Þingmaðurinn veit kannski ekki um þá almennu fordæmingu þingmanna vegna þeirra nýju siða sem hann er að innleiða á forsetastóli. T.d. þegar þingmenn beina til hans einföldum spurningum á forsetastól þá horfir hann í aðra átt og svarar ekki. Biður þingmenn að ljúka máli sínu og þá skuli hann svara. Og þegar þingmenn verða við óskum hans þá svarar hann ekki. Svona gerræði, hv. þm. Björn Bjarnason, svona ofríki, svona ráðríkishugsunarháttur, sem kemur fram hjá þingmanninum, er ekki siðbót á Alþingi Íslendinga. Hann er ekki siðbót. Og ég skal segja það við þingmanninn: Ég hélt í einfeldni minni að þegar hv. þm. Björn Bjarnason kæmi inn á Alþingi Íslendinga, byggt á okkar fyrri kynnum, þá yrði framganga hans dálítið öðruvísi. En hann hefur fært sig upp á skaftið í vetur og verið að setja sig í eitthvert hásæti siðameistarans og segja mönnum hvað þeir eigi að gera og hvað þeir eigi ekki að gera.

Það er löng venja fyrir því á Alþingi, hv. þm., að menn tala um skyld mál þegar tvö frv. hanga saman eftir því sem þeim finnst eðlilegt og eru þar ekkert að tefja fyrir afgreiðslu mála. Ég get nefnt fjölmörg dæmi frá síðustu árum um að þingmenn Sjálfstfl. hafi starfað með þeim hætti án þess að nokkurt okkar hinna væri að setja sig í stól siðameistara yfir því. En lengi skal manninn reyna en ég held að það sé nú orðið fullreynt. Ég held að við séum búin að sjá gervi hins nýja siðameistara á Alþingi og getum farið að draga okkar niðurstöður í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. komi til þessarar umræðu. En ef stjórnarmeirihlutanum er einhver huggun í því að ég geri það frekar undir næsta dagskrárlið þá get ég alveg gert það, það er allt í góðu lagi. En ég tel að það sé ekki hægt að ljúka umræðunni um þetta málefni án þess að hæstv. fjmrh. svari skýrt hvað hann hyggst fyrir.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að endurtaka deilur okkar hv. 8. þm. Reykn. um stjórn mína á þingfundum. Það hefur verið gert áður í vetur. Hann hefur áður vakið máls á þessu og ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég tel að ásakanir hans í minn garð varðandi fundastjórn séu ekki á rökum reistar og algjörlega úr lausu lofti gripnar.

Það sem hér er til umræðu er það að hv. þm. tók til máls um allt annað mál en var á dagskrá og fór að ávíta hv. frsm. nefndarinnar fyrir að ræða annað mál heldur en dagskrármálið. Hann hafði ekki hugmynd um hvað hann var að tala eða hvaða mál væri á dagskránni og bjó til mikla rollu af algerum misskilningi og algerlega röngum forsendum. Þetta er kjarni þessa máls sem við erum að ræða hér um, virðulegi forseti, og það hefur enn sannast að hv. 8. þm. Reykn. tekur þingstörfin þeim tökum að ekki er til fyrirmyndar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykv., hvert á að sækja fyrirmyndina í þingstörfunum? Hvaða þingmaður er til fyrirmyndar í þinginu að dómi hv. þm. Björns Bjarnasonar? Væri ekki gott að fá það hérna fram fyrst að þingmaðurinn, einn af forsetum þingsins, varaformaður þingflokks Sjálfstfl. — þær eru nú nokkrar veg-

tyllurnar sem þingmaðurinn ber hér í þinginu hvað stjórn þingsins snertir. Og fyrst að hann er farinn að gefa þingmönnum einkunnir í ræðustóli um það hverjir séu til fyrirmyndar og hverjir ekki væri þá ekki gott að hv. þm. lyki dæminu svo hann sé marktækur og upplýsi hvaða þingmenn eru til fyrirmyndar svo ráðríkishugsunarhættinum verði haldið áfram og mönnum skipt upp í heilaga og vanheilaga, svarta sauði og hvíta, þá sem eru í náðinni og þá sem eru ekki í náðinni? Þessar nýju stjórnunarreglur innan Sjálfstfl. verði fluttar hingað inn í þingsalinn.

Ég bið hv. þm. að svara því þá, hvaða þingmenn eru til fyrirmyndar? Það er alvarlegur hlutur að einn af forsetum þingsins, einn af þeim sem gegna embætti formanna þingflokka hér í forföllum og eiga að annast stjórn þingsins, fyrst hann er á annað borð byrjaður að skipta þingmönnum svona upp að hann hafi þá kjark og manndóm til að ljúka dæminu og segi mönnum hverjir eru til fyrirmyndar. Ef hann þorir það ekki þá er þetta bara eins og hvert annað ómerkilegt ráðríkisrugl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 529. mál (uppbót vegna kjarasamninga). — Þskj. 896, nál. 963.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Margréti Tómasdóttur, deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins, fyrir hönd Atvinnutryggingasjóðs, Jón Magnússon, viðskiptafræðing á gjaldaskrifstofu fjármálaráðuneytis, og Ólaf Hjálmarsson, deildarstjóra í fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Nefndin hefur kynnt sér fjárhagsstöðu sjóðsins og fullvissað sig um að sjóðurinn muni geta greitt út atvinnuleysisbætur fram yfir þann tíma að þing kemur saman að nýju. Af þessum sökum sé ekki nauðsynlegt að afla aukinna fjárheimilda fyrir sjóðinn nú auk þess sem Atvinnuleysistryggingasjóður getur leyst úr tímabundinni fjárþörf með sölu eigin skuldabréfa.

Í trausti þess að greiðsla atvinnuleysisbóta sé þannig tryggð fram yfir þann tíma að Alþingi kemur saman að nýju mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt.

Undir þetta rita Sigbjörn Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Svavar Gestsson, Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Björn Bjarnason og auk þess Finnur Ingólfsson með fyrirvara.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn., að ég undirritaði þetta nál. með fyrirvara af þeirri ástæðu að ég vildi segja fáein orð við afgreiðslu málsins.

Það er reyndar ekki alveg rétt sem fram kom í umræðunni áðan hjá hv. 3. þm. Reykv., að hv. 8. þm. Reykn. hafi verið að tala um rangt mál. Útgjöld sjóðsins snerta auðvitað það mál sem þá var til umræðu, þ.e. 528. mál, um að framlengja réttinn fyrir fiskvinnslufólkið. Það mun auðvitað þýða útgjaldaauka fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, það er alveg rétt. Það mun hins vegar ekki vera í neinni líkingu við það mál sem hér er til umræðu.

Þegar við vorum að ganga frá þessu nál. fengum við þær upplýsingar að í öllum áætlunum sjóðsins væri gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 2,6%. Nú var það hins vegar staðfest í fréttum í gærkvöldi að atvinnuleysi mun a.m.k. verða 3% að meðaltali yfir árið ef ekki meira. (Gripið fram í.) A.m.k. eitthvað yfir 3%, ég er ekki með það nákvæmlega með kommum talið hvað það er mikið. Það kom fram hjá þeim fulltrúum Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem mættu á fund heilbr.- og trn., að ríkisframlag til sjóðsins er að verða að fullu greitt. Ég held að það sé rétt eftir haft. Ég verð þá leiðréttur ef svo er ekki. Það er gert ráð fyrir að það vanti 480–500 millj. kr. til að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum sem búist er við að á hann muni falla á árinu. Það er miðað við 2,6% atvinnuleysi. Ég hef ekki látið reikna það nákvæmlega hver útgjaldaaukinn er á þessu bili frá 2,6% og yfir 3%. En svona fljótt á litið sýnist mér að það gæti verið í kringum 800 millj. kr. (**Gripið fram í:** Í viðbót?) Nei, þ.e. að 500 millj. yrðu 800 millj. kr.

Sjóðurinn á nokkrar eignir í verðbréfum sem hann auðvitað getur selt. Það kemur fram í nál. að hann getur selt eignir til að standa undir skuldbindingum sínum. Ég held hins vegar að við þessar aðstæður væri mjög óæskilegt að sjóðurinn þyrfti að selja þær vegna þess að verð á slíkum bréfum á markaði er því miður ekki hátt og þau yrðu því seld með miklum afföllum.

Á undanförnum árum hefur verið gengið á eignir sjóðsins, menn viðurkenna það. Það er alveg sama hvaða ríkisstjórnir hafa verið. Það hefur örlítið verið gengið á eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þó er það svo að að óbreyttu mun sennilega á árinu 1992 verða gengið meira á eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs en nokkru sinni fyrr. Og það er mjög alvarlegt. Ekki síst þegar það kemur fram að við erum ekki aðeins að fara að búa við 3% atvinnuleysi á þessu ári heldur, eins og kom fram í fréttum í gærkvöldi frá Þjóðhagsstofnun, er bati ekki fyrirsjáanlegur. Og það er merkilegt ef við berum saman við árið 1989, þegar spáð var verulegu atvinnuleysi, að það var mun minna en Þjóðhagsstofnun spáði. Nú hefur hins vegar farið svo að atvinnuleysi er mun meira en Þjóðhagsstofnun hefur spáð og er vaxandi. Og það alvarlegasta er að hér er ekki um tímabundið atvinnuleysi að ræða. Hérna erum við að tala um viðvarandi ástand. Og þess vegna ef menn ætla að halda áfram að ganga svona á eigið fé sjóðsins þá auðvitað verður það upp urið innan mjög skamms tíma. Það er því full ástæða til að fara varlega og meta stöðuna nú á allra næstu vikum og mánuðum.

En ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara til þess að vekja athygli á þessu.

Það kemur skýrt fram og um það voru nefndarmenn sammála um í heilbr.- og trn. í gær að enginn vafi er á því að sjóðurinn getur staðið við skuldbindingar sínar þar til þing kemur saman. Og ég skildi það þannig og ég held að svo sé um flestalla sem í nefndinni sátu að við vorum að tala um þegar þing kemur saman í ágúst og í trausti þess a.m.k. skrifaði ég undir og það held ég að sé skilningur allra. Hins vegar er auðvitað alltaf spurning um hvenær fjáraukalög eru flutt. Ég ætla mér ekki að blanda mér inn í þá umræðu. En auðvitað skildi ég þetta og ég held að allir hafi gert það að verið er að tala um þegar Alþingi kemur saman um miðjan ágúst, til þess tíma geti sjóðurinn auðvitað staðið undir öllum sínum skuldbindingum.

Það er þó dálítið erfitt að átta sig á einu vegna þess að ársreikningar fyrir árið 1991 liggja ekki fyrir. Höfuðstóll Atvinnuleysistryggingasjóðs er í árslok 1990, þegar frá eru dregin gjöld umfram tekjur á árinu 1990, er 1.242 millj. Hins vegar er þarna um verulegt endurmat að ræða og skuldir sjóðsins hafa talsvert aukist en það er auðvitað það sem skiptir máli þegar upp er staðið og á reynir að sjóðurinn þarf að fara að nýta sínar eignir og þá er spurning um hvernig húsbúnaður, tæki og annað slíkt sem þarna er til hefur verið metið upp samkvæmt verðbreytingastuðlum. Það er spurning um hinar raunverulegu eignir sem í sjóðnum eru, þ.e. þau bréf sem sjóðurinn á og verðmætamat þeirra sem skiptir máli upp á það hvort sjóðurinn í raun geti staðið við sínar skuldbindingar. En ég tek það fram og það kom skýrt fram á fundi heilbr.- og trn. að auðvitað verður sjóðurinn látinn standa við þessar skuldbindingar vegna þess að fyrir utan þær litlu eignir sem hann á, sem eru litlar eignir hjá sjóði sem á að tryggja þá miklu hagsmuni sem honum er ætlað samkvæmt lögum, þá er það auðvitað ríkisábyrgðin á sjóðinn sem skiptir höfuðmáli og ég hef ekki enn heyrt að ríkisstjórnin sé með það í hyggju að svipta sjóðinn þeirri ábyrgð.

Þetta vildi ég láta koma fram til þess að gera örlítið gleggri grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundi nefndarinnar heldur en fram koma í nál. vegna þess að ég tel að það skipti töluvert miklu máli að menn hafi vaðið fyrir neðan sig nú í sumar og undirbúi að það sé tryggt að sjóðurinn geti þegar á reynir í haust staðið við skuldbindignar sínar því að því miður sýnist mér a.m.k. málið þróast þannig að atvinnuleysi nú í maí muni verða meira en nokkru sinni fyrr. Það muni einnig aukast í júní vegna þess að þá koma skólanemendurnir út á vinnumarkaðinn og hafa ekkert að gera. Í sumar mun verða meira atvinnuleysi en hér hefur nokkurn tíma áður þekkst og sennilega í haust líka vegna þess að við erum að ganga inn í viðvarandi ástand, ástand sem ríkisstjórnin hefur skapað til þess að geta ráðið við kjaramál og ætlar að hafa þetta sem sitt helsta hagstjórnartæki í efnahagsmálum, þ.e. atvinnuleysisgrýluna.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Flestallt sem fram kom í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar er rétt. Það er sannarlega áhyggjuefni að atvinnuleysi skuli vera eins alvarlegt og raun ber vitni um þessar mundir. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það er að sjálfsögðu ekki, hv. þm. Finnur Ingólfsson, staðfest að atvinnuleysi verði eitt eða neitt heldur er um spá að ræða þar sem talað er um 3%. Þær tölur sem heilbr.- og trn. fékk í hendur og fór yfir og þær forsendur sem gengið var út frá við afgreiðslu þessa álits voru miðaðar við atvinnuleysi og spár upp á 2,6%.

Það kom hins vegar fram á fundi í nefndinni hjá þeim fulltrúum sem komu frá Atvinnuleysistryggingasjóði og fjmrn. að 1% í atvinnuleysi mundi kosta um það bil 400–500 millj. Verði það raunin að atvinnuleysi verði 3% en ekki 2,6% þá er um 160–200 millj. í viðbót að ræða.

Það hefur jafnframt komið fram í máli mínu hér á undan — að vísu hefur talsvert verið hlaupið á milli mála þannig að ég er ekki viss um að það hafi komið fram umræðum um þetta mál, það kann að hafa verið við hið fyrra sem rætt var á undan, að heilbr.- og trn. var fullvissuð um það að þeir fjármunir, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefði undir höndum, mundu duga fram í október eða nóvember. Í textanum, sem fylgir áliti nefndarinnar, er tekið fram að nefndin sé þess fullviss að unnt verði að standa við þessar greiðslur og í niðurlaginu segir, með leyfi forseta:

„Í trausti þess að greiðsla atvinnuleysisbóta sé þannig tryggð fram yfir þann tíma að Alþingi kemur saman að nýju mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt."

Þetta er auðvitað afdráttarlaust. Það hlýtur og á auðvitað við það þegar Alþingi kemur saman að nýju um miðjan ágúst.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það voru allir sammála því í hv. heilbr.- og trn. að það ber að fá þetta mál samþykkt hér á þinginu enda er ég ekki að tefja fyrir því á nokkurn hátt. Ég hafði þennan fyrirvara í umræðunni fyrst og fremst til þess að vekja athygli á stöðu sjóðsins. Ég skrifaði það niður á fundi heilbr.- og trn. í gær að þeir fulltrúar sem þar mættu telja að það vantaði 480–500 millj. kr. Þá var gengið út frá því 1% atvinnuleysi þýddi 450–500 millj. kr. á ári. Við spurðum þá nánar um það en fengum hins vegar ekki alveg skýr svör. Nú hef ég heyrt hærri tölur en þær og hef heyrt að 1% atvinnuleysi þýði 600–700 millj. kr. Það væri fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. fjmrh. hvort það hefur verið reiknað út hvað þetta þýðir. Ég vil spyrja hann að því hvort hann geti upplýst þingið um það. Hins vegar þegar ég áætlaði að þessi útgjöld yrðu 800 millj. þá gekk ég út frá þeirri upphæð sem þeir fulltrúar, sem mættu til fundar við nefndina, gerðu ráð fyrir að 1% kostaði.

Ég geri mér alveg grein fyrir því, hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, að um er að ræða spá um atvinnuleysi.

Það er hins vegar staðfest að atvinnuleysi núna er 3%. En spáin er að það muni a.m.k. verða 3% og við verðum auðvitað að taka eitthvert mark á þeim spám sem opinberar stofnanir láta okkur hafa í hendur til þess að við getum brugðist við miðað við þær aðstæður sem hugsanlega munu skapast og ég var ekkert að láta að því liggja, síður en svo, að þetta væru staðreyndirnar. Það eru hins vegar staðreynd að atvinnuleysi núna er 3%.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Fulltrúi stjórnarliðsins Björn Bjarnason gerði það að nokkru atriði áðan að þær spurningar sem ég hefði borið fram væru ekki undir réttum dagskrárlið og þess vegna bæri ekki að taka þær alvarlega. Nú eru þær þó hins vegar tvímælalaust undir réttum dagskrárlið samkvæmt áliti þingmanns ríkisstjórnarinnar, virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mikið alvörumál og ég óska eftir því að hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. komi hér til umræðunnar. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.) Virðulegi forseti. Ef svo er að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu þá óska ég eftir að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. forsrh. kemur. Í ljós hefur komið í ræðu hv. þm. Finns Ingólfssonar að sú vinna, sem lögð var í þetta mál í nefndinni, væri byggð á gamalli forsendu Þjóðhagsstofnunar um 2,6% atvinnuleysi en nýjar upplýsingar um 3% atvinnuleysi frá Þjóðhagsstofnun í gær eða fyrradag muni gera það að verkum að sjóðurinn verður fjárþrota hvað ríkisframlag snertir í ágúst eða september. (**Forseti:** Forseti mun fresta þessari umræðu.) Já, þá geri ég hlé á ræðu minni, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Stofnun og slit hjúskapar, 3. umr.

Frv. allshn., 531. mál (réttarfar, stjórnsýslumeðferð o.fl.). — Þskj. 903.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipaútgerð ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717, nál. 925, brtt. 926.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir mjög leitt að þurfa sífellt að vera að gera athugasemdir við stjórn mála. En þannig er að sjútvn. er á fundi og þar eru tveir þingmenn Alþb., hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Mér er kunnugt um að þeir ætluðu sér báðir að vera viðstaddir umræðu um þetta mál og hv. þm. Jóhann Ársælsson bað mig sérstaklega um það í nótt þegar þingfundi lauk að tryggja það að ef ætti að taka á dagskrá Skipaútgerð ríkisins meðan sjútvn. yrði að störfum þá yrði annaðhvort gert hlé á störfum sjútvn. eða málið látið bíða.

Hæstv. forsrh. hristir höfuðið að venju. Hann hefur engan skilning á því að það eigi að taka tillit til mála hér í þinginu, hvað þá heldur að hæstv. forsrh. hafi neinn skilning á því að við erum að greiða fyrir afgreiðslu mála ríkisstjórnarinnar með því að fallast á að halda nefndarfundi meðan fundur í þinginu er í fullum gangi. Það er eins og hæstv. forsrh., virðulegi forseti, meti það einskis að við erum að sýna ríkisstjórninni þá samvinnulipurð að halda nefndarfundi meðan umræða er í gangi. Ef það er þannig að hæstv. forsrh. ætli að halda áfram að hæðast að því í hliðarherbergjum að við setjum fram þá eðlilegu ósk að þeir þingmenn, sem fallist hafa á að starfa í þingnefndum meðan umræður eru, fái að koma hingað þá veit ég ekki hvað við höldum þessu lengi áfram. Ég segi alveg eins og er, ég er ekki þannig skapi farinn að ég taki þátt í því að haldnir séu nefndarfundir til að greiða fyrir afgreiðslu frv. sem hæstv. sjútvrh. flutti í gær og svo hæðist forsrh. í hliðarherbergjum að því að maður óski eftir því að tveir af þessum nefndarmönnum geti fengið að vera viðstaddir, þó að ekki sé nú látið ógetið glottsins sem komið er á hv. þm. Björn Bjarnason svona samkvæmt venju. En þessir tveir menn, hv. þm. Björn Bjarnason og hæstv. forsrh., virðast vera að taka upp algerlega nýja siði hérna í þinginu. Ég vona að reyndari menn í þingflokki Sjálfstfl. fari að grípa í taumana og ég veit að hæstv. forseti er í þeim hópi. Ég verð, virðulegi forseti, vegna þess að ég var beðinn um það af þingmanni míns flokks sem er í sjútvn. að ef virkilega ætti að fara að taka fyrir þetta mál meðan nefndin væri að störfum þá yrði nefndin annaðhvort látin hætta sínu starfi eða beðið yrði með þetta mál. Ég ætlast til þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn sýni þennan lágmarksskilning þegar við erum að fallast á það að láta nefndir starfa þegar þingfundur er í fullum gangi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. um það að fundi í sjútvn. er um það bil að ljúka en sá hv. þm. sem er fyrstur á mælendaskrá og var í miðri ræðu er í þingsalnum og nú tekur hann til máls, hv. 5. þm. Vestf.

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég hafði farið nokkuð yfir þetta mál þegar svo stóð á að ég varð að gera hlé á máli mínu. Ég hafði fjallað um framtíðarhorfur í öryggi landsbyggðarmanna hvað varðar skipasiglingar og dregið þar fram efasemdir mínar og ótta minn um að framtíðin væri e.t.v. ekki eins björt og menn vildu vera láta.

Ég hafði líka farið yfir skýrslu sem sérstakir ráðgjafar hæstv. samgrh. settu saman, tillögugerð sem hann bað um til að geta markað stefnu sína í þessu

máli. Ég hafði rakið nokkuð ítarlega þá kosti sem skýrsluhöfundar höfðu dregið fram og gert grein fyrir þeirri tillögu sem þeir lögðu fram. Ég vil aðeins rifja það upp í örfáum orðum að kostirnir sem skýrsluhöfundar, sérstakir ráðgjafar hæstv. samgrh. í þessu máli, drógu fram voru þrír.

Það var í fyrsta lagi að breyta rekstrarskipan Skipaútgerðar ríkisins. Það var í öðru lagi að selja fyrirtækið og í þriðja lagi að leggja það niður.

Ég hafði líka dregið fram þær röksemdir sem hver og einn þessara kosta hvíldi á að mati skýrsluhöfunda og má segja að sama röksemdafærslan hafi gengið í gegnum þá alla, þeir litu á það sem skyldu ríkisvaldsins að tryggja viðunandi þjónustu, að tryggja afskekktum byggðum þjónustu. Tillögur þeirra hvíla á því mati og þeirri skoðun að það sé samfélagsleg ábyrgð að tryggja þessa þjónustu í afskekktustu byggðum landsins. Því lögðu þeir til að ef ætlunin væri að breyta rekstrarskipan fyrirtækisins þá yrði fyrirtækinu haldið áfram í þeim tilgangi að tryggja þessa þjónustu þar sem aðrir væru ekki til þess. Þeir lögðu til að ef ætti að selja fyrirtækið mundi ríkisstjórnin skilgreina þá lágmarksþjónustu sem þyrfti til að uppfylla á hverjum einstökum stað og kaupandi yrði að taka á sig þá kvöð að uppfylla þær þjónustuþarfir. Ef fyrirtækið yrði lagt niður yrði einhver annar sem tæki við þessum skyldum og þeir bentu t.d. á flóabáta og ferjur. Þeir bentu á að ef fyrirtækið yrði lagt niður yrði ljóslega uppi sú staða að verulegir erfiðleikar gætu orðið á ýmsum stöðum ef aðgerðin gengi of hratt fyrir sig. Þeir vöruðu því við ef sá kostur yrði valinn að leggja fyrirtækið niður að fara of geyst í aðgerðir. Varnaðarorð skýrsluhöfunda til hæstv. samgrh. voru: Ef hæstv. ráðherra velur þann kost að leggja fyrirtækið niður þá vörum við við því að fara of geyst í sakirnar. Tillagan sem lögð var fram var sambland af tveimur kostum: Að selja fyrirtækið og breyta rekstrarfyrirkomulagi þess. Það var byggt á þeim grundvallarskilningi að það væri samfélagsleg ábyrgð að tryggja þjónustu við þá staði sem ekki gætu verið án sjóflutninga. Og þeir lögðu til og bentu á að ekki yrði hjá því komist að styrkja það nýja félag um einhvern tíma til að halda uppi þessu þjónustustigi en stefnt yrði að afnámi þeirra styrkja á einhverju tilteknu árabili.

Svo vildi til að hæstv. ráðherra bauðst þessi kostur. Honum bauðst sá kostur sem ráðgjafar hans lögðu til. Hópur manna var tilbúinn til að kaupa fyrirtækið og tilbúinn til að gera þjónustusamning við fyrirtækið og taka á sig þessar kvaðir.

Hæstv. ráðherra hafnaði því. Þar með hafnaði hann líka tillögu sinna eigin ráðgjafa í málinu. Og hæstv. ráðherra hefur ekki komið fram með frambærilegar skýringar á því hvers vegna hann hafði að engu þá ráðgjöf sem hann keypti dýru verði þegar kosturinn, sem þeir lögðu til, var innan seilingar.

Ég hef líka rakið og minni á það, virðulegi forseti, af því að ég hygg að hæstv. félmrh. sé hér í húsinu, hvernig staða atvinnumála fyrrum starfsmanna Skipaútgerðar ríkisins er eftir því sem ég vissi best. Og ég vil minna á að ég beindi spurningu til hæstv. félmrh. um það atriði og vænti þess að ráðherrann muni svara því á eftir.

Í þessari skýrslu sem ég hafði farið yfir kom líka fram að höfundar lögðu áherslu á í niðurlagi að ekki yrði hrapað að niðurstöðu og ef menn vildu selja, þá ætti að gera það þannig að menn hámörkuðu tekjur ríkissjóðs af sölu eigna, menn gerðu það með því lagi að menn fengju sem mest verð fyrir þessar eignir og tryggðu lágmarksþjónustu við afskekktari staði. Ég get tekið undir þessa niðurstöðu skýrsluhöfunda. Ég tel að það sem stendur í niðurlagi sé skynsamlegt. Ég tel einnig að nokkuð víðtæk samstaða sé í þjóðfélaginu og hér á hinu háa Alþingi um að þetta sé sú leið sem var skynsamlegust, að feta sig frá þeirri stöðu sem menn voru í, feta sig frá því að vera með ríkisfyrirtæki án þess að fara svo geyst að menn tefldu í tvísýnu hagsmunum byggðarlaga. Því miður varð það ekki raunin. Því er það ótti minn að það muni koma fram fljótlega að ýmsir staðir njóti ekki þeirrar þjónustu sem telja verður lágmarksþjónustu við þá.

Ég hef líka gagnrýnt hvernig staðið var að ákvörðun í þessu máli og hef talið að þar gættu menn ekki hags ríkissjóðs sem skyldi. Ég var eindreginn talsmaður þess að menn gæfu sér tíma til að freista þess að ná samkomulagi við þá aðila sem voru reiðubúnir til að kaupa fyrirtækið. Því miður varð það niðurstaða ráðherra að hverfa frá því ráði þótt um tíma liti svo út að hugur hans stefndi þangað. Ég tel að það hafi verið ákaflega misráðið að hverfa frá því bæði vegna hagsmuna ríkissjóðs og líka vegna hagsmuna almennings því þetta fyrirtæki, sem hefði verið stofnað með kaupum á Skipaútgerð ríkisins, hafði alla burði til að verða öflugt skipafélag, geta sinnt þeim kvöðum sem á það voru lagðar innan lands og geta veitt skipafélögum harða og öfluga samkeppni í siglingum á milli landa. Með ákvörðun hæstv. ráðherra var svipt í burtu þessum möguleika að auka samkeppni eða taka upp alvörusamkeppni í siglingum á milli Íslands og annarra landa. Það eru hagsmunir þjóðarinnar að þar ríki verulega samkeppni því að menn vita að samkeppnin er ekki allt of öflug. Annar aðilinn er allt of stór og ræður allt of miklu og þar með ræður hann líka allt of miklu um það verð sem menn verða að greiða fyrir flutninginn. Ég hélt, virðulegi forseti, að það væri stefna Sjálfstfl. að stuðla að samkeppni.

Árið 1983 var Sjálfstfl. með kjörorðið „frá orðum til athafna". Stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli og stefna Sjálfstfl. í þessu máli, eins og hún birtist af hálfu ráðherranna, er ekki „frá orðum til athafna". Hún er að segja eitt og gera annað. Á því eru vissulega undantekningar í þingliði Sjálfstfl. og ég nefni sérstaklega hv. 4. þm. Reykv. sem er sjálfum sér samkvæmur í sínum skoðunum og það er virðingarvert að menn sveiflist ekki fram og aftur eins og lauf í vindi heldur haldi sig við sínar skoðanir þegar á reynir.

Ég var einnig búinn að rekja að það hefði ekki verið rétt sem hæstv. ráðherra fullyrti að Færeyjasiglingar Skipaútgerðar ríkisins hefðu verið reknar með tapi og þess vegna hefði hann gefið út þau fyrirmæli að láta þeim lokið. Ég er með töflu yfir flutningamagn mán-

uð fyrir mánuð á síðasta ári og það er alveg skýrt að það féll ekki fyrr en í nóvember. Ég er með yfirlit frá Ríkisendurskoðun sem staðfestir að þessar siglingar voru reknar með hagnaði. Þær voru ábatasamar fyrir fyrirtækið og þar með fyrir ríkissjóð. Að hætta þeim þýddi það að menn voru að fórna hagsmunum ríkissjóðs, því miður.

Það er því miður fleira sem gengið hefur eftir á þann veg sem ekki skyldi. Þær hræringar sem urðu vegna þeirrar stefnu sem ljós varð í september um framtíð fyrirtækisins hafa valdið verulegum skað. Því er ekki að leyna. Þær hafa valdið því að á síðustu mánuðum ársins var verulegur tekjusamdráttur vegna samdráttar í flutningum. Óvissan og ákvarðanir hæstv. ráðherra gerðu það að verkum að fyrirtækið varð fyrir því áfalli að missa verulegar tekjur. Það eru nú komnar fram talnalegar niðurstöður af þessari stefnu. Það er komið fram að þetta umrót og ákvörðun ráðherra kostuðu fyrirtækið og þar með ríkissjóð 77 millj. kr. Það er það tekjutap sem fyrirtækið varð fyrir vegna þess að það var ekki hægt að reka það eins og menn höfðu áformað. Það er skatturinn sem þjóðin verður að borga fyrir það að menn hröpuðu að ákvörðunum, gáfu sér ekki þann tíma til að undirbúa málið sem skyldi heldur flýttu sér of hratt. Það er dýr sölukostnaður. Sá fasteignasali þætti mikill okrari sem tæki söluþóknun af þessu tagi.

Það er afleitt þegar kappið er svo mikið að menn taka ekki skynsamlegum ráðum, jafnvel þótt þeir biðji um það sjálfir og það leiðir til þess að slíkt kostar 77 millj. kr. Það er dýrt, virðulegi forseti.

Við sjáum þetta betur ef við berum saman flutninga ársins í fyrra í tonnum borið saman við árið 1990. Í stað þess að flytja 120 þús. tonn árið 1990, þá voru flutningarnir 99 þús. tonn árið 1991. Það er 20 þús. tonna minnkun sem fyrst og fremst má rekja til þeirrar óvissu sem sköpuð var um stöðu fyrirtækisins.

Virðulegi forseti. Það verður seint of mikið sagt um þýðingu fyrirtækisins Skipaútgerðar ríkisins. Það hefur þjónað veigamiklu hlutverki í tímans rás og enn eru fyrir hendi þær aðstæður í þjóðfélaginu að þörf er á að veita þessa þjónustu. Ég hygg að allflestir séu sammála um það og um það hafi aldrei verið neinn ágreiningur að menn voru tilbúnir í breytingar. En það þurfti ekki að láta fallöxina falla á einu augabragði enda hefur það orðið mönnum nokkuð dýrt.

Ef maður greinir í sundur flutninga fyrirtækisins sér maður að þeir eru ákaflega þýðingarmiklir, sérstaklega til fámennra staða og sérstaklega til að tryggja samgöngur á milli hafna innan landsbyggðarinnar innbyrðis, t.d. voru flutningar frá Norðurlandi til Austurlands 3.100 tonn á síðasta ári. Milli hafna á Norðurlandi yfir til Austurlands voru 3.100 tonn og höfðu aukist um 500 tonn frá fyrra ári. Til baka frá Austfjarðahöfnum til Norðurlands voru flutt 900 tonn á síðasta ári. Milli hafna á Norðurlandi voru flutt um 1.400 tonn. Frá Norðurlandi til Vestfjarða voru flutningar um 1.400 tonn og um 500 tonn frá Vestfjörðum til Norðurlandshafna. Auðvitað skiptir máli að menn eigi samgöngunet sem tryggir þessar samgöngur.

Ekki var allt á verri veginn með þessa flutningaþróun. T.d. gerðist það, sem ég átti ekki von á, að þrátt fyrir nýja Breiðafjarðarferju sem opnaði leiðina með völuflutningabíla frá höfuðborgarsvæðinu til Patreksfjarðar og til baka, þá jukust flutningarnir frá Patreksfirði á milli ára úr 734 tonnum í 854 tonn og hina leiðina úr 616 tonnum í 685 tonn. Þetta skiptir því verulegu máli. Ég get nefnt fleiri tölur til staðfestingar á því að hlutverk félagsins er ekki eingöngu að ferja farm milli höfuðborgarinnar og einstakra staða úti á landi heldur líka að ferja vörur á milli staða á landsbyggðinni og milli landshluta án viðkomu eða milligöngu höfuðborgarsvæðisins.

Ég ætla, virðulegi forseti, að fara að ljúka máli mínu. Ég tel að ég hafi farið yfir það svo ítarlega sem kostur er á og gert grein fyrir viðhorfum mínum til þess svo menn þurfi ekki að velkjast í neinum vafa um hver afstaða mín er. Hún er sú að það sé hlutverk ríkisvaldsins, það sé samfélagsleg ábyrgð að tryggja lágmarksþjónustu til afskekktari staða. Það verður ekki undan því vikist og við getum ekki leyft okkur, virðulegi forseti, að kasta þessu máli frá okkur og láta skeika að sköpuðu um framhaldið. Það er ekki mönnum bjóðandi og því skora ég á hæstv. ráðherra að taka undir þær brtt. sem minni hluti samgn. hefur flutt í þessu máli því þær eru besti kosturinn í þeirri stöðu sem við erum í nú.

Forseti (Björn Bjarnason):

Forseti vill tilkynna að kl. 16.30 verður 30 mínútna umræða utan dagskrár að beiðni hv. 2. þm. Suðurl. um afleiðingar EES-samningsins fyrir íslenskan landbúnað.

Jón Helgason:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins. Jafnframt hefur það komið fram að hér stöndum við frammi fyrir gerðum hlut þar sem þegar er búið að leggja niður rekstur Skipaútgerðarinnar og eigur félagsins hafa sumar hverjar verið seldar, aðrar leigðar og einhverjar munu standa ónýttar nú.

Á síðasta hausti, í upphafi þessa þings, flutti ég ásamt öðrum þingmönnum Framsfl. frv. til laga um stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins. Þessu frv. var vísað til samgn. en miðað við þá þróun sem varð síðan í framhaldi af því mun það frv. ekki koma meir til meðferðar á Alþingi. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu frv. og jafnframt því að ég er sannfærður um að það hefði verið betra að fara þá leið sem það frv. gerði ráð fyrir jafnvel þó að það hefði fljótlega leitt til sömu niðurstöðu og við stöndum nú frammi fyrir, að það fækkaði um eitt fyrirtæki sem annaðist rekstur, þ.e. þetta nýja hlutafélag hefði leitað samstarfs og samvinnu eða samruna við annað fyrirtæki sem var fyrir. Ég er sannfærður um að með því að fara þá leið sem frv. gerði ráð fyrir, að stofna hlutafélag og opna leið fyrir ríkið að selja hlutabréfin, þá hefði það orðið hagkvæmara fyrir ríkið. Það hefði orðið minni breyting á þjónustu fyrir þá sem þjónustunnar nutu frá Skipaút-

gerð ríkisins og jafnframt er ég viss um að það hefði orðið styrkara fyrirtæki sem upp úr því hefði sprottið en það sem nú er þegar nokkur hluti fyrrverandi eigna Skipaútgerðar ríkisins hefur verið seldur öðru skipafélagi sem tekur að sér að einhverju leyti þá þjónustu sem Skipaútgerðin annaðist.

Það kom glöggt fram í máli hv. síðasta ræðumanns að fjármunir hafa glatast við þá aðferð sem notuð var, þ.e. fyrst að draga úr rekstri Skipaútgerðarinnar áður en hann var lagður niður og minnka þannig tekjurnar og selja síðan eignirnar sína í hverju lagi og jafnvel óvíst hversu mikils virði þær eignir eru sem eftir eru. Með þessu móti er reksturinn sjálfur gerður einskis virði. Það eru því aðeins einstakir hlutar í eigu Skipaútgerðar ríkisins sem eru þarna seldir en ekki fyrirtæki í fullum rekstri með því verðmæti sem slíkt hefur alltaf í sér fólgið. Ég harma því þau vinnubrögð sem við þetta voru höfð og þó að því verði ekki breytt héðan af, nema að því leyti sem fram kemur í brtt. minni hluta samgn. þar sem samgrh. er þó veitt heimild til þess að verja einhverjum fjármunum til að tryggja samgöngur til þeirra staða sem versta hafa aðstöðu á þessu ári þar sem engin fjárveiting er til þess nú. Áreiðanlega mun koma til kasta Alþingis við næstu fjárlagagerð að líta á einhverja staði í sambandi við þann stuðning sem Alþingi veitir árlega til annarra flutningaaðila á landinu. Ég held því að það sé útilokað að segja að Alþingi og ríkið sé þar með laust við ábyrgð á þessari þjónustu og að hún verði í viðunandi horfi fyrir þá sem lakasta hafa aðstöðuna.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér kemur mjög á óvart sá tónn sem hefur verið hér í garð þeirrar ráðstöfunar að leggja niður rekstur Skipaútgerðar ríkisins út frá þeirri reynslu sem síðan er komin af flutningum innan lands og ég er raunar líka mjög undrandi á því sem hv. síðasti ræðumaður Jón Helgason sagði áðan þegar hann lýsti því yfir að hann væri sannfærður um að það væri betri kostur að fara ekki þá leið að semja við Samskip um að taka yfir rekstur og viðskipti Skipaútgerðarinnar og ráðstafa tveim skipum til þeirra en eitt skip var selt úr landi.

Ég vil taka það fram, vegna þess sem hér hefur komið fram, að eignir Skipaútgerðar ríkisins hafa verið seldar á markaðsverði. Skipin voru seld í fullum rekstri en eftir er að vísu að selja skemmuna við höfnina. Viðræður eru hafnar milli hafnarnefndar Reykjavíkurborgar og Skipaútgerðar ríkisins um um söluverð á þeirri eign.

Fram er komin brtt. á þingi og voru ástæður hennar skýrðar af 1. flm., hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur. Kom það fram í máli þingmannsins að ástæða væri til að hafa áhyggjur af því að ýmsar hafnir hefðu orðið út undan eftir að rekstri Skipaútgerðarinnar var hætt og var Norðurfjörður sérstaklega nefndur í því sambandi. Það hefur komið fram í máli fleiri en eins þingmanns að óvíst sé um það hvort Samskip muni halda áfram reglulegum siglingum til Norðurfjarðar. Þetta er á misskilningi byggt. Samskip voru einmitt að ganga frá ferðaáætlun sinni sem er gefin út bæði á íslensku og erlendum tungumálum og þar er Norðurfjörður inni eins og áður.

Ég vil líka út af þessu minna á að svo var um skeið að ekki voru reglulegir vöruflutningar til og frá Grímsey þó svo Skipaútgerð ríkisins væri rekin. Þá var brugðið á það ráð að styrkja flugsamgöngur til Grímseyjar og að sjálfsögðu getur komið upp sú spurning hvort rétt sé að treysta og styrkja flugsamgöngur að Gjögri til þess að mæta flutningaþörf. Það mál er auðvitað til athugunar en þá erum við að sjálfsögðu ekki að tala um 300 millj. kr. Ég vil líka taka fram að ég og formaður stjórnarnefndar Ríkisskipa höfðum ráðgert að fara um landið í vetur ef kvartanir kæmu fram vegna þess að rekstri Skipaútgerðarinnar hefði verið hætt en ekki hefur orðið af því. Það er að vísu svo að Bílddælingar leggja mikla áherslu á að hægt sé að ljúka vegi yfir Hálfdán til þess að hægt sé að mynda hafnasamlag og skipuleggja flutninga á sjó til Suðurfjarða sem ekki er hægt vegna þess þröskuldar sem Hálfdán er. Ef vegáætlun verður samþykkt, eins og hún liggur nú fyrir, næst nokkur áfangi varðandi þá leið og síðan verður reynt að vinna áfram sem er auðvitað mjög nauðsynlegt.

Ég vil líka leiðrétta misskilning. Það hefur komið fram, m.a. frá hv. 5. þm. Vestf. Kristni Gunnarssyni sem sæti á í stjórnarnefnd Ríkisskipa, sá misskilningur að Ríkisskip hefðu haft áætlun sem þau hefðu fylgt bókstaflega í þeirri merkingu að koma inn á allar hafnir hvort sem flutningur væri þangað eða ekki. Svo var ekki. Auðvitað reyndi Skipaútgerðin að sýna hagsýni í þessu eins og önnur skipafélög og auðvitað kaus Skipaútgerð ríkisins að sleppa því að koma við á höfnum og flytja vöruna frekar landleiðina ef það þótti svara kostnaði og þótti hentugra. Skipaútgerðin hagaði sér að þessu leyti með nákvæmlega sama hætti og þau félög tvö sem nú sigla við ströndina, Samskip og Eimskipafélagið. Ég get tekið sem sérstakt dæmi Kópasker sem var eingöngu eða algerlega sinnt frá Raufarhöfn. Ég get tekið Suðureyri við Súgandafjörð sem dæmi. Það þótti yfirleitt ekki borga sig að koma þar við heldur flytja vörur landveginn þaðan. Ég man eftir því að ég hitti einu sinni umboðsmann Skipaútgerðar ríkisins á Húsavík. Þá þurfti að koma pakka þaðan til Þingeyrar og þann pakka þurfti að senda landveg í veg fyrir Ríkisskip til Sauðárkróks vegna þess að Ríkisskip kom ekki við á neinni höfn í Norðurlandskjördæmi eystra í þessari ferð. Það var alls ekki þannig að Skipaútgerðin setti upp sérstaka áætlun sem hún fylgdi bókstaflega hringinn í kringum landið.

Eins og ég hef rakið er ekki þörf á því að halda sérstökum peningum til hag vegna þess að byggðarlög hafi orðið fyrir sérstökum vanda. Af þeim ástæðum er ekki ástæða til þess að samþykkja þá brtt. sem fyrir liggur frá minni hluta samgn., fyrir utan það sem ég skal koma að nú að afkoma Skipaútgerðarinnar á síðasta ári var ekki með þeim hætti að þar sé um neinn afgang að ræða.

Þegar á síðasta hausti, þegar unnið var að gerð fjáraukalaga, barst beiðni frá Skipaútgerð ríkisins þess efn-

is að aukafjárveiting, sem nam 100 millj. kr., yrði veitt til Skipaútgerðarinnar til þess að mæta þeim halla sem var fyrirsjáanlegur á árinu. Við þessari beiðni var orðið. Nú liggja reikningar endanlega fyrir og þá kemur í ljós að halli Skipaútgerðarinnar er 93,6 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir á síðasta hausti. Ef sleppt er ríkisframlögum á síðasta ári nam halli Skipaútgerðar ríkisins 315.420 þús. kr. Það var athyglisvert hjá hv. 2. þm. Vestf. þegar hann sagði að auðvitað bæri að líta á það ef sparnaður sem fælist í því að leggja niður rekstur Skipaútgerðar ríkisins gæti orðið til þess að hægt væri að flýta framkvæmdum á öðrum sviðum. Þá er kannski rétt og hollt að velta því fyrir sér hvort við erum að tala um mikla fjármuni.

Á sl. ári var varið til nýrra þjóðvega á landinu öllu 2 milljörðum 353 millj. kr. undir þeim lið í skýrslu um vegáætlun, með öðrum orðum innan við 300 millj. kr. á ári að meðaltali á hvert kjördæmi sem er lægri tala en nam halla Skipaútgerðar ríkisins á síðasta ári. Skipaútgerðin tók meira til sín af ríkisfé en hvert kjördæmi að meðaltali í nýbyggingu vega samkvæmt skýrslu Vegagerðar ríkisins. Svo geta menn velt fyrir sér hvort við erum að tala um mikla peninga eða algert smáræði. Það var nauðsynlegt að þessar upplýsingar kæmu fram þar sem í ræðu eins þingmanns var því af misskilningi haldið fram að Skipaútgerðinni hefði tekist að standa við sínar rekstraráætlanir.

Mér þótti það líka eftirtektarvert að stjórnarmaður í Skipaútgerð ríkisins, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf., skyldi segja áðan að það væri alveg skýrt að flutningamagnið hafi ekki fallið fyrr en í nóvember þegar hann talaði um Færeyjasiglingarnar. Hann sagðist hafa skýrslu um sundurliðun Færeyjasiglinganna fyrir framan sig og þess vegna væri alveg skýrt að þessi niðurstaða væri rétt. Ég hef þessa sömu skýrslu fyrir framan mig og pappírarnir og tölurnar þar eru aðrar. Þar kemur fram að flutningamagnið til Færeyja féll fyrst niður í ágúst úr 1.423 tonnum í 996 tonn milli þessara tveggja mánaða. Ástæðan var sú að Ístess, sem hafði flutt fóður til fiskeldis til Færeyja, hafði ekki lengur þau viðskipti sem áður var. Þau viðskipti féllu niður og af þeim sökum minnkaði flutningamagnið með Skipaútgerð ríkisins til Færeyja. Þetta var algerlega óviðkomandi þeirri ákvörun minni að fella niður siglingar til Færeyja því að sú ákvörðun hafði ekki verið tekin þegar þetta flutningamagn féll niður en var á hinn bóginn ein af ástæðunum til þess að sú ákvörðun var tekin. Hitt er alveg rétt að fyrirtækið Ewos átti líka viðskipti við Færeyinga með fóður til fiskeldis. Þau viðskipti féllu niður í nóvember á síðasta ári. Það var af þeim sökum sem flutningamagnið féll úr 938 tonnum í október niður í 356 tonn í nóvember og 336 tonn í desember. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það var ráðgert að fresta hér fundi kl. eitt eða hálftvö. Þegar hafa þrír þingmenn beðið um andsvar við ræðu hæstv. ráðherra sem forseti vill gjarnan geta lokið áður en fundinum er frestað ef þess er nokkur kostur. Forseti vildi vekja athygli hæstv. ráðherra á þessu.)

Hæstv. forseti. Þetta er í raun og veru nóg sem ég hef sagt. Ég hef leiðrétt nokkur atriði en vil leggja áherslu á að þær áætlanir, sem uppi voru um flutninga meðfram ströndinni þegar ákveðið var að leggja rekstur Skipaútgerðar ríkisins niður, hafa gengið fram og með betra móti en unnt var að búast við.

Forseti (Björn Bjarnason):

Hv. 6. þm. Vestf. veitir andsvar við ræðu hæstv. ráðherra. Til þess að þeir komist allir að, sem hafa beðið um að veita andsvar, vil ég mælast til þess við þingmennina að þeir reyni að stytta mál sitt eins og kostur er svo að við getum lokið þessu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf kannski ekki að vekja athygli hæstv. forseta á því að ég er yfirleitt ekki mjög langorð hér. Ég vil gera athugasemd við það sem ráðherra sagði um að það sé misskilningur að Samskip séu að hætta flutningum til Norðurfjarðar eða að það sé hugsanlegt. Ég vil auðvitað fagna því, ef svo er reyndin, að Samskip muni halda áfram þessum flutningum En ég bendi hæstv. ráðherra á að þeir hljóta að taka tillit til þess hvort ágóði er af þeim flutningum vegna þess að þeir eru auðvitað í harðri samkeppni um það að láta sitt fyrirtæki ganga vel rekstrarlega séð og hafa engar aðrar skyldur.

Rökstuðningur ráðherra var sá að Samskip væru nú búin að senda út áætlanir á erlendum málum. Það finnst mér ekki nægilegur rökstuðningur vegna þess að ég held að þó að þeir sendi áætlanir út á erlendum málum eiga þeir mjög hægt með að breyta þeim og láta skipin ekki koma við á einum og einum stað.

Hann gat þess einnig að styrkt væri flug til Grímseyjar til þess að aðstoða þá við samgöngur eða flutninga og það gæti komið til greina að styrkja flugsamgöngur að Gjögri á svipaðan hátt ef til þess þyrfti að koma en þar mundi þó aldrei verða um neinar 50 millj. kr. að ræða eins og ég hef sett fram í brtt. sem ég flutti í gær ásamt öðrum þingmönnum í minni hluta samgn.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í brtt. erum við ekki að segja að það þurfi að vera 50 millj. kr. heldur að ráðherra sé heimilt að ráðstafa allt að 50 millj. kr. af því fé sem fæst við sölu á eignum Skipaútgerðarinnar. Og vegna þess að ráðherra gerði líka nokkrar athugasemdir um þá fjármuni sem koma inn fyrir söluna get ég ekki látið hjá líða að nefna að ég tel að þó að búið verði að greiða kostnað og það tap sem fyrir liggur muni samt verða eftir 150 millj. kr. þegar búið er að selja allar eignir Skipaútgerðarinnar. Þess vegna fannst mér ekki óeðlilegt að setja þessa upphæð inn í brtt.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan. Ég hef haft persónulegt samband við forstjóra Samskipa og honum kom mjög á óvart að hér skyldu vera uppi raddir um það að hann hefði í hyggju að fella niður reglulegar ferðir til Norðurfjarðar. Það hefur alls ekki komið til tals innan hans fyrirtækis og eng-

ar slíkar hugmyndir eru uppi. Ég vil að það sé alveg skýrt.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alger misskilningur ef hæstv. samgrh. hefur skilið orð mín þannig að ég sé út af fyrir sig á móti því að Samskip séu búin að taka yfir þessa þjónustu og kaupa eitthvað af skipum, eitt skip mun vera til. Þvert á móti lögðum við þingmenn Framsfl. fram frv. um að Skipaútgerðinni yrði breytt í hlutafélag og þegar í stað farið að selja það að einhverjum hluta a.m.k. en ég sagði að ég teldi að slík leið hefði verið hagkvæmari fyrir ríkið jafnvel þó að hún leiddi til sömu niðurstöðu, þ.e. sameinast öðru fyrirtæki eins og Samskipum. Það er þveröfugt við að sem ráðherra var að halda fram, að ég væri andvígur því. En ég vitnaði í tölurnar sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf. um það hvað hefði tapast vegna þess að vinnubrögð voru ekki nógu góð án þess að ég væri að tefja tímann með því að endurtaka það frekar.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er óánægður með það hvernig hæstv. samgrh. kemur fram í þessu máli. Ég tel að hann hefði átt að koma til móts við okkur í stjórnarandstöðunni. Þessar brtt. okkar eru honum til þæginda. Það hefði ekki verið nema til þæginda fyrir hann og hans ráðuneyti að gildistaka laganna færðist fram til áramóta og það ætti síður en svo að vera vont mál fyrir hann að hafa aðgang að fjármagni, ef á þyrfti að halda og hann kæmist að þeirri niðurstöðu að hann mundi gera tillögu um að nýta það, til staða þar sem kæmu upp vandamál vegna flutninganna.

Til viðbótar vil ég segja að ég hef verið upplýstur um það að þær ráðstafanir sem voru gerðar af hendi ráðherra á síðasta ári vegna Færeyjasiglinganna hafi kostað fyrirtækið 77 millj. kr. Og nú spyr ég: Er það rétt eða rangt?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heildarflutningstekjur Skipaútgerðar ríkisins á síðasta ári voru 308 millj. kr. Heildarflutningstekjur Skipaútgerðar ríkisins árið áður voru 327 millj. kr. Ég gerði áðan grein fyrir því að fyrirtækin tvö hefðu misst viðskipti í Færeyjum að flutningar frá Íslandi til Færeyja af þeim sökum duttu niður úr 1.400 tonnum niður í tæp 400 tonn. Það þarf ekki annað en heyra þessar tölur til þess að það blasi við að hér er farið rangt með.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þær upplýsingar að innan siglinganna sem hafi tapast vegna þessara aðgerða hafi verið flutningar á um 20 þús. tonnum. Hæstv. samgrh. hefur kannski tölur yfir það hvað það hefði gefið fyrirtækinu.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram vegna Færeyjaflutninganna að flutningarnir sem voru, þegar mest var, um 1.400 tonn en féllu auðvitað í ágúst og september, eins og hefur raunar komið fram opinberlega, en fóru þó ekki nema í tæplega 1.000 tonn. Eftir sem áður var hagnaður af þeim. Það er ekki fyrr en í nóvember að flutningamagnið fer niður í 350 tonn á mánuði bæði vegna Ewos-málsins en líka, og við megum ekki gleyma því og ráðherra má ekki gera lítið úr því að þegar búið er að gefa út yfirlýsingu að fyrirtæki verði lagt niður þá missa menn auðvitað samninga og ná síður samningum um flutning. Bara yfirlýsingin ein er því tap fyrir fyrirtækið.

Auðvitað eru þetta peningar sem menn leggja fram til samfélagslegrar þjónustu, segi ég vegna þeirra orða hæstv. ráðherra að menn hafi látið mikið fé í Skipaútgerð ríkisins og ber það saman við nýbyggingafé til vegagerðar í kjördæmum. En ég vil minna hæstv. ráðherra á að sjóflutningar eru ódýrasti flutningamáti sem völ er á af þeirri einföldu ástæðu að menn þurfa ekki að byggja vegi. Það er hagkvæmasti kosturinn í flutningum nú til dags og hagkvæmni sjóflutninga hefur í tækniframförum síðustu 20 ára aukist stórlega og miklu meira en sú hagkvæmni sem fylgt hefur bættum vegum. Þetta er auðvitað allt byggt á tölum sem til eru og hæstv. ráðherra getur kynnt sér. Ég tek því ekki undir þennan málflutning. Ég lít hins vegar á það sem skyldu samfélagsins að annast samgöngukerfið hvort sem það er á landi eða sjó. Ég sé ekki eftir því fé sem menn hafa látið í þá hluti því að það fé hefur sparað líka, virðulegur forseti.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. halda því fram að það hafi tapast rúmlega 70 millj. kr. af þeim sökum að Færeyjaflutningar drógust saman í tvo mánuði sem nam 600 tonnum. Heildarflutningar Skipaútgerðar ríkisins á síðasta ári voru 99 þús. tonn. Við erum að tala þarna um 600 tonn. Heildartekjur voru 308 millj. kr. og það er undarlegur hlutfallareikningur ef fyrir þessi 60 tonn hefði átt að fást rúmlega 1 millj. kr. á hvert tonn í flutningatekjur.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég næ ekki alveg áttum í þessu andsvari hæstv. ráðherra. Til að undirstrika meginatriði málsins þá minnkuðu flutningar úr 120 þús. tonnum niður í 100 þús. tonn, fyrst og fremst vegna yfirlýstrar stefnu hæstv. samgrh. Það gerði það að verkum að tekjur fyrirtækisins minnkuðu verulega þannig að á fyrirtækinu varð mun meiri halli en efni stóðu til að öðru leyti. Það voru um 77 millj. kr. sem ákvörðun hæstv. samgrh. kostaði þjóðfélagið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vistfræðileg þróun landbúnaðar á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 155. mál. — Þskj. 167, nál. 878.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Við umræðu um þetta mál á dögunum kom fram sú ósk frá umhvrh. að viðræður yrðu teknar upp við umhvrn. um þetta mál. Á næsta nefndarfundi, sem var sl. þriðjudag, mætti fulltrúi ráðuneytisins. Við fórum yfir málið og áttum með honum góðar umræður um málið og fengum þar til viðbótar því sem ég hafði áður greint frá góðan stuðning við þessa tillögu.

Það var margt athyglisvert sem kom fram í þessum viðræðum okkar og m.a. það að ráðuneytið hefur unnið og tekið saman ýmis gögn sem eru upplýsandi um framhald þessa máls og mikilvægt innlegg í umræðuna. Því var það af hinu góða að hæstv. umhvrh. skyldi koma þessari ábendingu á framfæri og ég er honum þakklátur fyrir það. Ég orðlengi þetta svo ekki frekar. Það kom reyndar skýrt fram hjá ráðuneytinu, eins og ég sagði áðan, að það styddi þetta mál og þar með vona ég að allir geti verið sáttir.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins í örfáum orðum þakka formanni landbn. skjót og góð viðbrögð við minni málaleitan hér á dögunum og ég tek undir það sem hann staðfesti í ræðu sinni að hér er um mjög mikilvægt umhverfismál að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 878 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JHelg, JónS, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

22 þm. (ÁJ, BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

21 þm. (ÁJ, BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, KHG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 972).

Stofnun og slit hjúskapar, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 531. mál (réttarfar, stjórnsýslumeðferð o.fl.). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 973).

Atvinnuleysistryggingasjóður, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 528. mál (greiðslutími). — Þskj. 895, nál. 964.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

19 þm. (BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF,

MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Skipaútgerð ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717, nál. 925, brtt. 926.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, IP, JóhS, JónS, JHall, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SJS, VE, ÖS.

12 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SHl) greiddu ekki atkv.

20 þm. (BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 926,1 felld með 24:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SHl, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, JóhS, JónS, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem hér er fram borin af fjórum hv. þm. miðar að því að veita ráðherra heimild til þess að grípa til aðgerða ef þörf krefur ef mál fara á þann veg að ákveðnir staðir á landinu búi við óviðunandi þjónustu á sviði samgangna á sjó. Ég tel ráðlegra að hafa slíka heimild hvort heldur menn hafa trú á því að ástandið kunni að koma upp eða ekki og því segi ég já.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og ég hef rakið nákvæmlega, ekki aðeins í dag heldur oft áður, þá liggur það fyrir að sú þjónusta sem er með ströndinni er í sumum tilvikum betri en hún var áður og í öllum tilvikum fullnægjandi svo það er ástæðulaust að hafa þessa heimild inni. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 926,2 felld með 25:20 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SHl, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JónS, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Herra forseti. Þar sem hér er búið að fella fyrri liðinn er ekkert við því að segja en í 2. lið er talað um að lög þessi öðlist gildi við áramót, þ.e. 31. des. nk. Ég skora á þingmenn að skoða það mál vel vegna þess að rekstur Skipaútgerðarinar er alls ekki hættur, hann er í gangi og mun trúlega verða langt fram á þetta ár. Ég sé því ekki hvers vegna lögin þurfa að öðlast gildi nú þegar. Ég segi já.

2. gr. samþ. með 28:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, IP, JóhS, JónS, LMR, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, VE, ÖS.

nei: JHelg, KHG.

14 þm. (AÓB, GHelg, HÁ, HG, ISG, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, ÓRG, SHl, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, HBl, IP, JóhS, JónS, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, VS, VE, ÖS.

17 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, SHl, SJS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BBj, BIB, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónS, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SJS, VS, VE.

8 þm. (FI, GÁ, HG, JHelg, KHG, MF, ÓRG, SHl) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brunavarnir og brunamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 207, nál. 938, brtt. 934 og 939.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, VS, VE.

19 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,2 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, GuðjG, GB, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, GuðjG, GB, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE.

20 þm. (BBj, GuðjG, GB, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, GuðjG, GB, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,4 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,5 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

7.–11. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,6 (12. gr. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

13.–14. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,7 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

16.–17. gr. (verða 15.–16. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,8 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, FI, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,9 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

20.–22. gr. (verða 19.–21. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,10 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EgJ, EGuðn,

EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE.

19 þm. (BBj, EH, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,11 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

24. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VE, ÖS.

22 þm. (BBj, EKG, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JGS, JBH, JVK, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

25. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,12 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

20 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, JVK, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, KÁ, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,13 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

27. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

18 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 939,14 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

19 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

28. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

21 þm. (BBj, EH, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddur.

29.–30. gr. (verða 28.–29. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, VS, VE, ÖS.

20 þm. (BBj, EH, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 934,1 felld með 24:18 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, MF, ÓRG, SHl, SJS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JónS, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, SAÞ, StB, ÖS.

3 þm. (ISG, KE, VE) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, EgJ, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga lýtur að því að fela hæstv. félmrh. að ákveða að heimili og varnarþing Brunamálastofnunar skuli vera utan höfuðborgarsvæðisins eða með öðrum orðum hún lýtur að því að flytja ríkisstofnun út á land. Á bls. 14 í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ber nafnið „Velferð á varanlegum grunni" er sú stefna sett fram að ríkisstjórnin muni stuðla að því að flytja ríkisstofnanir út á land. Ég vil með ánægju veita ríkisstjórninni það tækifæri að verða við þessari stefnu sinni og því flyt ég þessa tillögu. Ég skora á hv. þingheim að sýna í verki hug sinn til þeirrar stefnu sem margir hafa talað um lengi en litlar efndir orðið á. Ég segi já við þessari tillögu.

Brtt. 934,2 kölluð aftur.

31.–33. gr. (verða 30.–32. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, StB, VS, VE, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

18 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, IP, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónS, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, StB, VS, VE, ÖS.

17 þm. (BBj, GuðjG, GÁ, GunnS, IBA, JGS, JBH, KSG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, StH, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220, nál. 849 og 870, brtt. 850 og 894.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Til máls tekur hv. 18. þm. Reykv. sem var í miðri ræðu þegar umræðum var frestað.

Kristín Ástgeirsdóttir (frh.):

Herra forseti. Þetta er alrangt hjá hæstv. forseta. Ég var ekki í miðri ræðu, ég var rétt að byrja hana og eins og hæstv. forseti eflaust minnist, þá bað ég um það að eftirtaldir ráðherrar yrðu viðstaddir ef þeir eiga þess nokkurn kost: Fjmrh. að sjálfsögðu, forsrh., iðnrh., landbrh. og sjútvrh. Ég veit að ég get ekki krafist þess að þessir ráðherrar séu viðstaddir, en ef þeir vildu vera svo vænir, þá væri það mjög til góðs í þessu máli því að ég hyggst spyrja þá spurninga og við erum að ræða um mál sem snertir stofnanir og sjóði sem undir þá heyra.

Virðulegi forseti. Við erum að ræða um skattskyldu innlánsstofnana og við allar eðlilegar kringumstæður hefði verið eðlilegt að styðja þetta mál en eins og fram kemur í framlögðum þskj. þá leggur minni hluta efh.- og viðskn. til á þskj. 870 að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Nú er það svo að þetta er eitt af þeim málum sem núv. ríkisstjórn fann í skúffunum hjá fyrri ríkisstjórn og kemur enn í ljós hvað þeir tóku illa til í skúffunum hjá sér þegar þeir yfirgáfu ráðuneytin. Engu að síður hefði þurft að vinna þetta mál betur og staðreyndin er sú að þrátt fyrir mikla og góða vinnu í efh.- og viðskn., sem hefur haft þetta mál lengi til skoðunar, er málið þannig vaxið að við stjórnarandstæðingar treystum okkur ekki til þess að greiða því atkvæði okkar.

Til þess að rifja aðeins upp út á hvað þetta mál gengur þá er það einfaldlega það að ýmsir þeir sjóðir sem að mestum hluta eru í eigu ríkisins og gegna margir ýmsum lögbundnum verkefnum skulu nú greiða skatta af tekjum sínum og eignum og eins og ég sagði, þá væri við eðlilegar kringumstæður ekkert óeðlilegt við það, en það er ýmislegt að athuga við þetta mál.

Við 1. umr. gat ég þess að mér þætti óeðlilegt að leggja skatt á ýmsa þessa sjóði, eins og t.d. Framleiðnisjóð landbúnaðarins og aðra þá sjóði sem veita styrki til starfsgreina, en fjmrn. varð vel við þessum athugasemdum og voru gerðar breytingar á frv. þannig að það fé sem varið er til beinna styrkja verður ekki skattlagt. Þannig að ekki er um það að ræða að farið sé að rýra fé til þessara lögbundnu verkefna. Það er að sjálfsögðu til góðs. En það sem málið snýst um er að það eru einkum og sér í lagi þrír sjóðir sem gera miklar athugasemdir við þessa fyrirhuguðu skattlagningu og þar er um að ræða Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð. Og þeir sem lesið hafa Morgunblaðið í dag átta sig á því að nú er þetta orðið að blaðamat og Morgunblaðið áttar sig væntanlega á því að ekki er um einfalt mál að ræða.

Í gær barst nefndarmönnum í efh.- og viðskn. enn eitt bréfið frá Fiskveiðasjóði sem hefur mótmælt þessari skattlagningu mjög harðlega og ég vil fá að lesa þetta bréf. Það er dagsett 14. maí 1992 og þar segir, með leyfi forseta:

„Ég vísa í bréf til efh.- og viðskn. dags. 17. mars og 22. apríl þessa árs. Jafnframt er vísað í brtt. efh.- og viðskn. á þskj. 850 við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Þótt tekið hafi verið tillit til ábendingar okkar varðandi ákvæði um stimpilgjald í ofannefndu þingskjali, þ.e. að gera innheimtu þess ekki afturvirka, er það einungis eðlileg leiðrétting. Eftir stendur að ákvæði frv.,

sbr. 5. gr. og 3. gr. í brtt., eru að öðru leyti afturvirk, þ.e. að samkvæmt frv. koma lögin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna alls ársins 1992 og eigna í lok þess árs. Eftir stendur einnig að verið er að mismuna stofnunum eftir eignaformi. Ákvæði frv. leiða a.m.k. til tvíþættrar mismununar milli stofnana:

A. Milli opinberra lánastofnana og stofnana í hlutafélagsformi.

B. Milli Fiskveiðasjóðs og allra annarra lánastofnana sem frv. tekur til.

Hlutafélagabanki greiðir ekki skatt af hlutafé en greiðir hluthöfum arð ef hagnaður verður af rekstri eða ef aðalfundur bankans ákveður svo. Fiskveiðasjóður og aðrar opinberar lánastofnanir koma til með að greiða eignarskatt af öllu eigin fé hvort sem um hagnað af rekstri er að ræða eða ekki. Óþarft er að taka fram að Fiskveiðasjóður nýtur engrar ríkisábyrgðar og situr því ekki við sama borð og aðrar opinberar lánastofnanir. Verði frv. í núverandi mynd að lögum verður um alvarlega mismunun milli stofnana að ræða eða með öðrum orðum, sumar eru jafnari en aðrar gagnvart lögum.

Þá ber að leggja á það áherslu að verði umrætt frv. að lögum óbreytt er verið að íþyngja sjávarútveginum verulega með auknum álögum." — Ég vil vekja athygli þingmanna á þessu sérstaklega: „er verið að íþyngja sjávarútveginum verulega með auknum álögum. Á þessu og næsta ári standa yfir skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja hjá Fiskveiðasjóði. Má líta svo á að skuldbreytingalán, sem veitt verða til að greiða upp eldri, oft óhagstæðari lán, verða stimpilgjaldsskyld samkvæmt ákvæðum frv. ef að lögum verður þrátt fyrir að eldri lánin hafi ekki verið stimpilgjaldsskyld."

Þetta er bréf Fiskveiðasjóðs undirritað af Má Elíssyni, framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs. Af þessu má ljóst vera að Fiskveiðasjóður er bæði áhyggjufullur og andvígur þessum breytingum sem verið er að gera og sama gildir um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóð. En það sem skiptir máli í þessu er annars vegar það að þessir sjóðir telja að þeir sitji ekki við sama borð og aðrar lánastofnanir og hins vegar að stjórnendur þessara sjóða hafa lýst því yfir á fundum efh.- og viðskn. að óhjákvæmilegt verði að hækka vexti ef til þessarar skattlagningar kemur. Og þar erum við kannski komin að afar viðkvæmu máli því eins og menn muna er stutt síðan kjarasamningar voru gerðir í landinu en eitt megininntak þeirra kjarasamninga er einmitt vaxtastefna ríkisstjórnarinnar og loforð hennar um að ekki aðeins halda vöxtum niðri heldur beinlínis að lækka vexti. Og nú síðast varð Landsbankinn við kröfum um lækkun vaxta vegna þessara kjarasamninga þó að ýmsir af forsvarsmönnum þess banka hafi talið að bankinn stæði kannski ekki allt of vel að vígi varðandi vaxtalækkanir eða hefðu ákveðnar röksemdir í því máli. En í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi kjarasamningana segir, með leyfi forseta, í 2. lið:

„Ríkisstjórnin mun hafa frumkvæði að lækkun vaxta eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir." Og í 17. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar segir og ég ætla að leyfa mér að lesa þann kafla sem fjallar um vaxtamál vegna þess að hann snertir náttúrlega framkvæmd þessa máls sem hér er til umræðu. Í 17. lið segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af því sem sagði í lið 2 vill ríkisstjórnin ítreka það markmið sitt að stuðla að lækkun raunvaxta á innlenda lánamarkaðnum á grundvelli frjálsra markaðsvaxta, stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum og jafnvægis í opinberum fjármálum. Ríkisstjórnin telur að raunhæf lækkun vaxta við þessi skilyrði verði að byggjast á tveimur meginstoðum.

Í fyrsta lagi verður unnið áfram að því að auka samkeppni og hagkvæmni á lánsfjármarkaðnum þannig að vaxtamyndun verði frjálsari og í betra samræmi við það sem gerist á þeim erlendu peningamörkuðum sem Íslendingar tengjast nú æ nánar með gengisfærslu og frjálsum fjármagnsflutningi. Í samræmi við þetta er nú m.a. stefnt að því að öll lánsfjáröflun til húsnæðiskerfisins verði smám saman með útgáfu markaðsbréfa í stað beinna samninga milli ríkisvalds og lífeyrissjóða. Einnig er stefnt að því að hefja bráðlega sölu óverðtryggðra ríkisverðbréfa með frjálsu útboði. Leggja verður áherslu á að fjármálastofnanir, þar á meðal lífeyrissjóðir, hafi ekki samráð eða beiti samtakamætti á lánsfjármarkaðnum.

Í öðru lagi verði dregið úr lánsfjárþörf opinberra aðila sem haldið hefur uppi raunvöxtum að undanförnu. Í þessu efni skiptir höfuðmáli ásetningur ríkisstjórnarinnar að bæta afkomu ríkissjóðs. Jafnframt verður að tryggja að útgáfa húsbréfa og önnur fjáröflun til húsnæðislánakerfisins og opinberra sjóða raski ekki jafnvægi á lánamarkaðinum. Með tilvísun til þessara meginsjónarmiða mun fjmrn. lækka vexti á nýjum spariskírteinum til sölu á markaðnum niður í 6,5%. Jafnframt verða vextir á ríkisvíxlum lækkaðir í samræmi við lækkandi raunvexti og horfur um verðlagsþróun. Ríkisstjórn og Seðlabanki munu einnig með tilteknum aðgerðum í fjármálum og peningamálumn beita sér fyrir því að vextir á eftirmarkaði verði í samræmi við vexti á nýjum spariskírteinum sem til sölu eru á hverjum tíma. Leggja verður áherslu á að ekki er unnt að binda vaxtaákvarðanir langt fram í tímann nema með þeim fyrirvara að ekki verði umtalsverðar breytingar á efnahagsskilyrðum er áhrif hafi á fjármagnsmarkaðinn."

Þetta segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er lýst yfir þeim markmiðum að lækka vexti og halda niðri vöxtum þó að ég hafi í sjálfu sér vissar efasemdir um að það eigi að vera að semja um vaxtakjör með þeim hætti sem farinn er að tíðkast á vinnumarkaðinum. Ég hef að vísu mikinn skilning á því að bæði vinnuveitendur og launþegasamtök vilji beita sér fyrir vaxtalækkunum, enda vextir hér allt of háir og óþolandi bæði fyrir einstaklingana sem þurfa að taka lán og fyrirtækin sem þurfa að búa við þessa háu vexti. Og því er meginspurning mín til fjmrh. í fjarveru hæstv. forsrh., sjútvrh., landbrh. og iðnrh., það er enginn þeirra hér, en ég vona að fjmrh. treysti sér til að svara þessum spurningum. Fyrsta spurningin er auðvitað sú

hvort fjmrh. telji að þessi vaxtahækkun sem forsvarsmenn þessara sjóða boða sé í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Þetta er grundvallarspurning. Er vinstri höndin að gera það sem sú hægri veit ekki? Ég held að það sé alveg augljóst að þessi breyting kemur ekki heim og saman við kjarasamningana þó að það sé að vísu erfitt að gera sér grein fyrir því hvað sjóðirnir eru að tala um mikla vaxtahækkun, það er vaxtahækkun samt. Henni verður velt út í verðlagið í landbúnaðinum og henni verður velt yfir á sjávarútveginn af Fiskveiðasjóði, þannig að þetta liggur alveg á borðinu. Ég hefði viljað spyrja viðkomandi ráðherra um það hvernig þetta horfir við þeim og þeirra ráðuneytum þar sem um það er að ræða að sjóðir, sem undir þá heyra, eru að boða vaxtahækkanir. Ég vil spyrja fjmrh. hvernig það horfi við ríkisstjórninni ef þessir sjóðir hækka sína vexti.

Ég er ekki nógu vel kunnug þessum stjórnarformum til að geta áttað mig á því hvort ríkisstjórnin geti með einhverjum hætti komið í veg fyrir þetta. Auðvitað er hægt að ræða við þessa sjóði eins og menn hafa tekið að sér að stýra hér öllu efnahagslífi með samningum og fyrirskipunum.

Einnig vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur aðilum vinnumarkaðarins verið gerð grein fyrir því sem hér er á ferð? Vita þeir af þeirri vaxtahækkun sem er verið að boða? Ég hefði gaman af því að vita hvernig þessi mál horfa við þeim.

Um þetta væri hægt að hafa langt mál og ræða nokkuð um stöðu atvinnuveganna sem ég held að okkur blandist ekki hugur um að ekki þoli frekari vaxtahækkanir. Það hlýtur líka að ganga gegn nýgerðum kjarasamningum ef landbúnaðurinn þarf að standa undir hærri vöxtum því að það þýðir ekkert annað en hærra vöruverð og ég á bágt með að sjá að það komi heim og saman við þá kjarasamninga sem hafa verið gerðir. Eins og þetta blasir við mér þá erum við með býsna viðkvæmt mál til umræðu. Og ég hlýt líka að spyrja: Ef þessir sjóðir hækka sína vexti, hvaða áhrif hefur það á vaxtastefnuna almennt? Hvaða áhrif hefur það ef þessir sjóðir hækka vexti? Kemur þá ekki þrýstingur annars staðar frá um vaxtahækkun?

Það líður að lokum þings og ég vænti þess að ekki verði mörg tækifæri til að ræða við hæstv. fjmrh. um stöðu ríkissjóðs og hvernig sú stefna, sem ríkisstjórnin tók upp eftir að hún komst til valda, gengur. Mér þætti fróðlegt að heyra viðhorf fjmrh. hvað það varðar, hvernig hann metur stöðu efnahagsmála nú á þessari stundu. Hefur hann trú á því að það takist að ná vöxtum meira niður en orðið er eða telur hæstv. fjmrh. að sú lækkun sem þegar hefur náðst fram dugi til þess að kjarasamningar standist? Einnig þætti mér fróðlegt að heyra frá fjmrh. hvernig hann metur stöðuna varðandi eftirspurn á lánsfé. Því er heitið í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að reyna að draga úr eftirspurn, einkanlega ríkisins, eftir lánsfé og ég spyr hann, hvernig metur hann stöðuna nú? Það er að nálgast mitt ár. Hvert stefnir? Hefur dregið mikið úr spennunni? Við sáum niðurstöður frá hæstv. fjmrh. eftir þrjá fyrstu mánuði þessa árs og þá virtist hafa dregið nokkuð úr en menn héldu að sér höndum á þeim tíma vegna komandi kjarasamninga. Nú eru þeir afstaðnir og þá er spurning: Losnar um einhverja spennu? Verða menn bjartsýnni og ætla út í fjárfestingar eða tekst ríkinu að halda í horfinu?

Það eru sem sagt margar spurningar sem vakna í þessu máli og ég mun e.t.v. taka aftur til máls ef mér þykir ástæða til, en ég hefði haft gaman af því að koma þeirri ábendingu til hæstv. forsrh., sem eins og við vitum leiðist ákaflega hér í þinginu og þykir við þingmenn langorðir og leiðinlegir, að það þyrfti endilega að kynna honum hvernig vinna fer fram í nefndum. Ég held að ef hæstv. forsrh. fengi að kynnast því hvernig nefndastörf fara fram fengi hann kannski að sjá þá hlið á þinginu sem honum þætti jákvæðari því að þar fer oft fram gífurlega mikil og vönduð vinna. Ég get sagt það fyrir mig sem nýliða á þingi að mér hefur þótt ákaflega fróðlegt og upplýsandi að sitja í efh.- og viðskn. Það var einn meðnefndarmaður minn sem orðaði það þannig að þetta væri eins og að sitja í háskólakúrs í þjóðhagfræði enda margir mætir menn og konur sem sitja í þessari nefnd. En það breytir ekki því að það mál sem hér um ræðir er þess eðlis að ég treysti mér ekki til þess að greiða því atkvæði mitt þó að ég sé þeirrar skoðunar að allar lánastofnanir eigi að sitja við sama borð og það ræðst kannski fyrst og fremst af því ástandi sem við búum við og nýgerðum kjarasamningum. Ég tel að nú sé ekki rétta augnablikið til að koma á þessari skattlagningu og hefði kosið að málið hefði beðið aðeins og verið skoðað betur þannig að tryggt væri að það hleypi ekki öllu í bál og brand á vinnumarkaðnum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gæti verið til bóta og flýtt fyrir málinu að ég svaraði örlitlu af því sem kom fram í máli hv. þm. Ég mun sleppa öðru en það þýðir ekki það að ég muni ekki svara því síðar í umræðunni. Það sem ég vil fyrst og fremst taka á núna eru málefni Fiskveiðasjóðs og spurningar um vaxtahækkun og í tilefni af orðum hv. þm. langar mig til að taka fram að ég tel að þær upplýsingar, sem koma fram í Morgunblaðinu í dag, séu ekki réttar. Ef fjárhagsstaða sjóðsins er skoðuð kemur í ljós að eignir sjóðsins eru 23 milljarðar. 2% hækkun á vöxtum mundi þess vegna gefa 460 millj. á ári en við teljum að í hæsta máta megi búast við því að skattur á þessa stofnun eina, þennan sjóð einan miðað við reikninga á sl. ári væri kannski 100–110 millj. og þá er ég að tala um eignarskattinn og tekjuskattinn. Þetta er mjög auðvelt að reikna því að hreinar eignir sjóðsins eru kannski 3,5–4 milljarðar og þegar við skoðum tekjuafganginn, þegar búið er að draga gjöld frá tekjum, þá er hann um það bil 120 millj., en líklega 75 millj. árið áður, þannig að skattarnir lægju á því bili. Stimpilgjöldin mundu hins vegar gefa ríkissjóði tekjur. Þau eru ekki skattar í þeim skilningi en gefa ríkissjóði tekjur og ég tek það fram að hv. þm. Matthías Bjarnason hefur með mínu leyfi og minni vitneskju flutt tillögu sem mun breyta

því og koma til móts við óskir Fiskveiðasjóðs.

Að lokum, af því að tími minn er mjög stuttur, vil ég segja að þetta frv. lá fyrir. Í stjórn Fiskveiðasjóðs eru forustumenn úr röðum atvinnulífsins sem tóku þátt í kjarasamningum. Þeim var þess vegna ljóst hvert stefndi. Um vaxtahækkun verður ekki að ræða umfram það sem er hjá bönkunum einfaldlega vegna þess að það er verið að samræma skatta í bankakerfinu og hjá sjóðunum þannig að í raun og veru eiga vextir ekkert að hækka umfram það sem hefur gerst eða til samræmis við bankakerfið. Það breytir ekki hinu að búast má við því að vaxtahækkun úr sjóðnum gæti orðið einhver til þess að koma til móts við þær eðlilegu kröfur sem hér er verið að gera til sjóðanna.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar en það breytir auðvitað ekki því að það verður um vaxtahækkun að ræða, bæði hjá þessum sjóði og öðrum og þeim vöxtum verður velt yfir þá sem taka lánin. Einhvern veginn verða menn að ná inn fyrir þessum sköttum og skyldum þannig að það breytir ekki því að það verður um vaxtahækkun að ræða og ég spyr enn: Hvernig kemur það heim og saman við vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar og kjarasamningana?

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig með peninga að þeir eru eins og vatn, segja einhverjir hagfræðingar. Hér er kannski um tilfærslu á fjármunum að ræða. Við skulum hugsa okkur að við hættum við að flytja þetta frv. Þá mundi ríkissjóður þurfa að taka meiri fjármuni að láni. Þeir fjármunir verða ekki teknir nema með því að kalla eftir nýjum fjármunum sem hafa þá áhrif á vaxtastigið með sama hætti. Við verðum að átta okkur á því að við erum að tala um eina efnahagslega heild. Á þetta vil ég benda.

Enn fremur vil ég ítreka það sem sagt hefur verið áður að þetta er ekkert brot á því, ef hv. þm. má vera að því að hlusta á, sem kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar einfaldlega vegna þess að um þetta var vitað og einungis er um að ræða samræmingu á skattlagningu þannig að nú standa sjóðirnir, þeir sem borga skatta á annað borð, jafnfætis veðdeildum bankanna og ríkisbönkunum og borga samsvarandi skatta þannig að um verður að ræða í framtíðinni að vaxtaákvörðun sjóðanna ætti að vera með sama eða svipuðum hætti eins og ríkisbankanna. Ég get síðar komið að því hver munurinn er á hlutafélagabönkum og ríkisbönkum. Munurinn er sá að hlutafé er auðvitað dregið frá þegar til eignarskattslagningar kemur hjá hlutafélagabönkunum en hlutafé og arður myndar að sjálfsögðu skattstofn hjá eigendum þeirra banka annars staðar. Það verðum við að hafa í huga.

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var mergurinn málsins, hæstv. fjmrh. Ef sjóðirnir greiða ekki sína skatta þá verður ríkið að ná í peninga annars staðar. Þetta er nefnilega spurningin um það hver borgar, hvaðan peningarnir koma. Og það sem hér er um að ræða er það m.a. að það eru sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn sem eiga að leggja til þessar upphæðir. 150 millj. var reiknað með á næsta ári af tekjum og eignum þessa árs og við hljótum að spyrja: Er íslenskur landbúnaður og íslenskur sjávarútvegur fær um að taka þessar auknu byrðar á sig? Er ekki nær að leita að peningunum annars staðar, hæstv. fjmrh.?

Ég þarf varla að minna á það að við kvennalistakonur höfum margoft bent hæstv. fjmrh. á leiðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Ég ætla ekki að endurtaka það hér í andsvari.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er nú létt fyrir hæstv. fjmrh. og hann gerir að gamni sínu við ræðumenn á leið þeirra í ræðustólinn og það er af hinu góða á þessum ágæta laugardegi.

Ég ætla aðeins að ræða þetta mál sem hér er á dagskrá, um skattlagningu innlánsstofnana. Ég vísa um afstöðu okkar í minni hlutanum í það nál. sem fyrir liggur og þar kemur fram að við teljum þetta frv. ekki nægjanlega vel unnið til að verðskulda afgreiðslu í þinginu nú og leggjum til við hæstv. ríkisstjórn að hún skoði þetta aðeins betur og vandi sig betur við vinnuna.

Það má að vísu segja að efh.- og viðskn. hefur þegar *gert nokkrar bragarbætur á þessu máli með vinnu* sinni, lagfært tæknileg atriði í því en eftir standa þó ýmis pólitísk álitamál og eftir stendur það að aðstæður eru afar viðkvæmar til að láta þetta frv. ganga nú í gegn og hefja þessa skattlagningu. Það þarf ekki að rökstyðja að sennilega hafa ekki verið jafnviðkvæmar aðstæður um nokkurt árabil til að leggja t.d. þær byrðar á Fiskveiðasjóð sem frv. sannanlega mun gera. Menn geta deilt þar um nokkra tugi milljóna til eða frá. Það skiptir satt best að segja sáralitlu máli. Stærðargráðan liggur nokkurn veginn fyrir miðað við viðurkenndar reglur um ávöxtun eigin fjár í sjóðum af þessu tagi að þessi sjóður geti starfað og ávaxtað sitt fé miðað við eðlilegar og viðurkenndar reglur í þjóðfélaginu, þá er verið að leggja á hann byrðar þarna upp á 200–280 millj. kr., einhvers staðar á því bili. Við höfum séð hlaupandi tölur á því bili.

Í fyrstu útreikningum, ef ég man rétt, sem við fengum í efh.- og viðskn., voru menn að gera því skóna að þetta gæti legið kannski á bilinu 230–250 millj. en núna tala menn jafnvel um allt að 280 millj.

Þetta er grunntónninn, herra forseti, í því sem ég vil hér segja. Ég held að menn verði að gera greinarmun annars vegar á skattlagningunni sem slíkri, því að reyna að innleiða einhverjar samræmdar reglur um skattlagningu fjármálastofnana sem er þarft verk og hefur lengi verið, og hins vegar tæknilegri útfærslu þessa frv. og enn fremur núverandi aðstæðum við að lögfesta þessa skattlagningu. Þetta er sitt hvor hluturinn. Menn verða jafnan að hafa í huga hvernig bein áhrif verða af lagasetningu af þessu tagi með hliðsjón af aðstæðum. Auðvitað veit ég vel að ég þarf ekki í

rökræður við hæstv. fjmrh. eða aðra hv. alþm. um það, þetta er auðvitað mjög erfiður tími til að leggja byrðar af þessu tagi á t.d. sjávarútveginn og auðvitað einnig landbúnaðinn sem hér var nefndur, þótt það sé kannski hlutfallslega ekki jafnstórt og komi nokkuð öðruvísi niður af tilteknum ástæðum.

Það er líka afar erfitt að standa að svona lögfestingu þegar aðili eins og Fiskveiðasjóður hefur gert athugasemdir með jafngildum rökum og ég tel að liggi fyrir í málinu, samanber greinargerð og umsögn Fiskveiðasjóðs og nýleg bréf meira að segja sem við í efh.- og viðskn. höfum fengið. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að taka það fram að menn munu seint leggja á mikla skatta á Íslandi ef menn hrökkva alltaf undan mótmælum þeirra sem eiga að fara að borga skattana. Það er varla við öðru að búast svona að breyttu breytanda en að þeir sem eiga að fara að borga skatta reyni að koma sér undan því ef þeir geta. Það er einu sinni mannlegt eðli og á við um sjóði og fyrirtæki alveg eins og einstaklinga og þeir sem ráða Fiskveiðasjóði eru auðvitað kappsamir hagsmunagæslumenn þess sjóðs og reyna að reka hann af skynsemi og eru af ósköp eðlilegum ástæðum ekkert hrifnir af því að hann eigi að fara að borga mikla skatta. En ég geri stóran greinarmun á því að menn séu bara án nokkurra raka að reyna að koma sér hjá slíku af því að þeir vilji helst vera lausir við það, eða hinu að menn færi fram, eins og er í þessu tilviki, mörg og veigamikil rök fyrir því að bæði sé álagning skattanna gölluð, tæknileg útfærsla ekki nógu vel úr garði gerð og svo beri menn auðvitað fyrir sig sérlega erfiðar aðstæður til þess að taka á sig skattahækkanir af þessu tagi.

Ég tel að tvennt vegi auðvitað langþyngst í röksemdarfærslum Fiskveiðasjóðs og þeirra aðila annarra á sviði sjávarútvegsins sem lagst hafa sérstaklega gegn því að þessi skattlagning verði nú upp tekin með hliðsjón af aðstæðum í sjávarútvegi. Það er tvennt sem ég vil nefna þar alveg sérstaklega. Hið fyrra er auðvitað ástandið í sjávarútveginum, þeir gríðarlegu erfiðleikar sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir og glímir nú við, og við höfum m.a. hér á þingi verið að fjalla um síðustu dagana. Bæði í gærkvöldi þegar hér var til umræðu frv. hæstv. sjútvrh. varðandi neyðarráðstafanir, eins og menn kalla það á nefndarfundum, til handa fiskvinnslunni og sjávarútveginum, útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði og einnig voru umræður um stöðu sjávarútvegsins vegna skýrslubeiðni okkar alþýðubandalagsmanna hér fyrr í vikunni. Þessi staða liggur fyrir og það sem meira er, það liggur líka fyrir sem hluti af viðleitni — ég get því miður ekki notað sterkara orð um það — stjórnvalda til að reyna að gera eitthvað í vandanum, að fara í skuldbreytingaraðgerðir hjá sjávarútveginum. Það er upplýst að sjávarútvegurinn skuldi tæpa 100 milljarða króna og einn alstærsti lánardrottinn innan greinarinnar er Fiskveiðasjóður. Ég held að það sé alveg ljóst að möguleikar Fiskveiðasjóðs til að taka þátt í einhverjum hagræðingar- og skuldbreytingaraðgerðum innan sjávarútvegsins skipta mjög miklu máli í sambandi við afkomu greinarinnar og möguleika til þess að bjarga sér í gegnum yfirstandandi erfiðleika. Í því samhengi kemur þessi skattlagning á mjög óheppilegum tíma, svo ekki sé meira sagt, af því að Fiskveiðasjóður verður auðvitað að grípa til gagnráðstafana. Hann getur ekki tekið á sig 250–280 millj. kr. greiðslur án þess að mæta því með einhverjum hætti í auknum tekjum og þá liggur það fyrir hvaðan þær koma.

Þetta er auðvitað mjög snúið, hæstv. forseti, og það er auðvitað nokkuð mótsagnarkennt hjá hæstv. ríkisstjórn að vera með tvö frv. af þessu tagi til umfjöllunar á sömu sólarhringunum þar sem annað er um að leggja allverulegar viðbótarbyrðar, næstum með beinum hætti á sjávarútveginn, á höfuðfjárfestingarlánasjóð hans, en hitt frv. snýst um að grípa til varasjóða, skyldusparnaðar sjávarútvegsins í Verðjöfnunarsjóði og borga hann út vegna neyðarástands í greininni. Þetta hljóta menn auðvitað að þurfa að viðurkenna og ég verð þess vegna að segja það að maður hefði gjarnan viljað að hæstv. ríkisstjórn hefði með eitthvað samræmdari hætti birt afstöðu sína og málafylgju til handa sjávarútveginum í heild sinni.

Auðvitað er það, herra forseti, alveg með ólíkindum t.d. að ríkisstjórnin skuli ekki fást til að falla frá fyrirhugaðri sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs við þessar aðstæður. Það er gjörsamlega óskiljanlegt í raun og veru að menn skuli ætlast til þess að sjávarútvegurinn greiði núna innan skamms yfir hálfan milljarð króna fyrir veiðileyfi á hluta af þessum þó litla kvóta sem eftir stendur að menn mega veiða. Mér er auðvitað vel ljós vandi hæstv. ríkisstjórnar í þessu sambandi. Gert er ráð fyrir tekjum af þessum hlutum, kannski ekki að miklu leyti á þessu ári, en væntanlega í framtíðartekjuöflunaráformum hæstv. ríkisstjórnar sem, ef ég get getið mér rétt til frá fyrri reynslu, er núna að byrja að glíma við þau skemmtilegheit sem það er að berja saman fyrstu drög að fjárlögum fyrir komandi ár og eftir stendur það sem enn lifir af þessu ári og staða ríkissjóðs á því. Þar er gert ráð fyrir tekjum, a.m.k. vegna þessarar veiðileyfasölu sem ég var að gera að umtalsefni og ég vil leyfa mér, herra forseti, að tengja þetta aðeins saman vegna þess að auðvitað erum við bara að fjalla um hlutina í þeirri stöðu að við höfum ekkert efni á því að flytja mál okkar þannig að segja að eitt sé bara skattlagningarreglur og samræming á því sviði og svo sé afkoma sjávarútvegsins, einhver hagræðingarsjóður og verðjöfnunarsjóður eitthvað annað.

Herra forseti. Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því í fyrsta lagi: Hefur ríkisstjórnin ekki rætt á nýjan leik, eftir að mér skilst að hún á fundi sínum á föstudag hafi fallist á að hæstv. sjútvrh. flytti frv. sitt um Verðmiðlunarsjóð, þá stöðu sem uppi er varðandi fjárhagsmálefni sjávarútvegsins og þessi þrjú mál sérstaklega, skattlagningu innlánsstofnana, þar með talið Fiskveiðasjóðs, sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og svo auðvitað frv. hæstv. sjútvrh.? Mér finnst að þetta þurfi að koma fram þannig að við vitum hvort einhver heildarhugsun liggur að baki af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það annað, sem ég vildi gera að umtalsefni varð-

andi Fiskveiðasjóð og tengsl hans inn í þetta mál, eru yfirlýsingar forsvarsmanna Fiskveiðasjóðs um áhyggjur þeirra yfir því, svo ég taki nú ekki of sterkt til orða, ekki sterkara en ég hef efni á, að þessar breytingar geti haft óæskileg áhrif á lánstraust sjóðsins og lánakjör erlendis. Það er auðvitað gríðarlega alvarlegur hlutur vegna þess að ef svo fer að ekki þyngist bara róðurinn fyrir Fiskveiðasjóð vegna skattanna sem hann þarf að borga og hann verður væntanlega að fjármagna með inntöku hærri vaxta, heldur bætist þar ofan á e.t.v. lakari lánskjör sjóðsins á næstu árum erlendis. Þá fyrst fer málið að verða verulega alvarlegt. Nú geri ég mér vel grein fyrir því að það er auðvitað ekki við því að búast að hægt sé að slá neinu máli á slíkt, enda gera forsvarsmenn Fiskveiðasjóðs í raun og veru ekki tilraun til þess. En ég verð þó að segja það að þarna virðast manni þeir tala sem gerst mega vita. Væntanlega erum *við sammála um það að þarna tala þeir sem gerst mega* vita. Þeir sem best þekkja til stöðunnar í gegnum sambönd sín í fjármálaheiminum erlendis og eftir að hafa tekið þessi lán inn til sjóðsins. Ég tel okkur beinlínis skylt að taka nokkuð mark á því þegar maður eins og Már Elísson, forstjóri Fiskveiðasjóðs, með jafnafdráttarlausum hætti og hann í raun og veru gerir og hefur gert, bæði með bréfum og munnlegum upplýsingum í efh.- og viðskn. sem og í blaðaviðtölum, t.d. í Morgunblaðinu í dag, lýsir áhyggjum sínum af þessu.

Ég vil aðeins leyfa mér að vitna í þessa frétt, herra forseti. Þar segir í fyrirsögn og haft eftir Má Elíssyni að frumvarpið muni rýra lánstraust okkar erlendis, þ.e. Fiskveiðasjóðs. Og Már segir á öðrum stað „að þessi gjöld munu lenda á lántakendum hjá sjóðnum að verulegu leyti og þar að auki geti þessi lagasetning rýrt lánstraust sjóðsins erlendis en það hafi verið mjög gott á undanförnum árum.“ — Og enn fremur: „Már segir að ljóst sé að veruleg breyting á högum sjóðsins og stöðu, svo sem með gagngerri breytingu laga, geti haft áhrif á núgildandi lánssamninga milli Fiskveiðasjóðs og erlendra lánastofnana. „Hætta er á að viðeigandi ákvæði lánasamnings verði notuð til gjaldfellingar lána til að fá þau greidd upp“, segir Már. „Ekki er heldur neinn vafi á því að erfiðara getur reynst fyrir Fiskveiðasjóð að afla nýrra lána á erlendum markaði nema með lakari kjörum en fengist hafa til þessa.““ — Hér er mjög sterkt að orði kveðið, herra forseti, og eins og ég segi, talar þó þá sá sem væntanlega má gerst um þetta vita. Ég hlýt að láta það verða mína aðra spurningu til hæstv. fjmrh.: Hver eru viðhorf hans í þessu sambandi? Telur hann ekki ástæðu til að taka mark á þessum alvarlegu aðvörunarorðum frá forstjóra Fiskveiðasjóðs og breytir það í einhverju viðhorfum hans eða hæstv. ríkisstjórnar til þess að afgreiða engu að síður þetta mál með óbreyttum hætti nú?

Ég leyfi mér að nefna það líka í framhjáhlaupi að *ég varaði við því í umræðum fyrr í vetur þegar barst* inn í umræðuna mál sem aldrei komst á dagskrá þingsins og var reyndar aldrei lagt hér fram, guði sé lof. Það var einkavæðingarfrumvarp hæstv. viðskrh. í bankamálum. Sem betur fer var hann snúinn niður með það í Alþfl. og fram fór jarðarför í Alþfl. að viðstöddum presti fyrir nokkrum dögum þar sem bankamálafrumvarp hæstv. viðskrh. var jarðsungið á þessu þingi. Ég nefni það vegna þess að ég tel að það sama hafi átt við þar og ég var búinn að vara við hér í umræðunum að menn yrðu að fara varlega í þessum efnum þegar um jafnviðkvæma hluti væri að ræða eins og orðstír lánastofnana, sjóða eða banka erlendis. Þegar menn eru að tala um að einkavæða ríkisbanka eða fjarlægja sjóði af tagi Fiskveiðasjóðs, meira frá ríkisábyrgðum en verið hefur og ég tala nú ekki um að breyta starfskjörum þeirra, eins og hér er verið að gera, þá verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir því að menn geta fórnað og glatað jafnvel áratuga uppbyggingarstarfi, ef þeir fara ógætilega að í þessum efnum. Traustir aðilar, eins og Fiskveiðasjóður, sem gegnum árin hefur byggt upp viðskiptasambönd og traust erlendis, er þar í raun og veru búinn að fjárfesta í slíku, og þau sambönd, sú *fjárfesting, getur verið heilmikils virði í formi bein*harðra lánskjara. Það er þess vegna mikill ábyrgðarhlutur að fara með ógætni í sambandi við þau mál. Ég segi það alveg eins og er að ég vil fá að heyra hæstv. fjmrh. svara því verulega málefnalega, eins og hann á oft vanda til: Hefur hæstv. ríkisstjórn engar áhyggjur af þessu eins og staðan er? Auðvitað hljóta lánardrottnar Fiskveiðasjóðs erlendis að fylgjast með stöðunni, þar á meðal í íslenskum sjávarútvegsmálum, vita sem er að þar er við gífurlega erfiðleika að etja, horfandi á reynsluna af geysilegum töpum í nágrannalöndum okkar eins og Færeyjum og Noregi, þá held ég að við verðum að viðurkenna það að þrátt fyrir allt er það lán í óláni hjá okkur að Fiskveiðasjóði skuli hafa tekist jafn vel og raun ber vitni að halda sæmilega sterkri fjárhagsstöðu og trausti erlendis og það með góðum lánskjörum. Við höfum ekki efni á að glata því eins og staðan er nú með þá tugi milljarða sem Fiskveiðasjóður á úti hjá íslenskum sjávarútvegi og þau stóru lán sem hann tekur ár frá ári í útlöndum, svo ekki sé nú minnst á þau atriði sem forstjóri Fiskveiðasjóðs nefnir og er sú staðreynd að lánssamningar sjóðsins eru með öryggisákvæðum, uppsagnarákvæðum ef skyndilegar breytingar verða á högum sjóðsins, eins og hér getur átt við.

Ég endurtek tilvitnun í ummæli forstjóra Fiskveiðasjóðs: „Hætta er á að viðeigandi ákvæði lánasamnings verði notuð til gjaldfellingar lána til að fá þau greidd upp.“ — Hvað þýðir það? Það þýðir nýja lántöku væntanlega á móti sem menn reyna til að bjarga sér og þá verri lánskjör ef breytingar hafa orðið til að draga úr trausti sjóðsins.

Ég held þess vegna að hæstv. ríkisstjórn þurfi að hugsa sinn gang og vissulega er það fagnaðarefni að einkavæðingarfrumvarp hæstv. viðskrh. í bankamálum skuli hafa dagað uppi. Það er mikið gleðiefni vegna þess að það hefði verið til að bæta gráu ofan á svart ef *það hefði litið dagsins ljós og augljóslega hefði* getað haft samverkandi áhrif til að skapa óróa í útlöndum varðandi þessa helstu lántakenda Íslendinga á erlendri grund, sjóðina og bankana. Ég varaði við því, eins og ég segi, fyrr í vetur að menn færu fram með glannaskap í þessum efnum. Það er ljóst að bara það eitt að

umræða er komin upp um það að einkavæða bankana, draga úr hinni beinu, altæku ábyrgð ríkisins eins og er í núgildandi skipulagi og færa hana yfir í ábyrgð sem takmarkast við það hlutafé sem bankarnir eiga auðvitað, því þannig mun það verka, a.m.k. svona á pappírnum, gæti haft mjög skaðlegar afleiðingar. Og það er í þessum sama anda sem ég tel að við verðum að gæta okkar pínulítið þegar þessar breytingar á skattskyldu innlánsstofnana, þar með talið Fiskveiðasjóðs, eru ræddar.

Auðvitað má líka fara út í það, og er ekki nema eðlilegt, hver tengsl þessara breytinga yrðu á vaxtamálin og vaxtastigin í landinu. Það er alveg ljóst að þarna hlyti að þurfa að koma til hjá þeim aðilum, sem verða skattlagðir, auknar tekjur á móti ef afkoma þeirra á ekki að versna til muna og það þýðir hærri vaxtataka eða gjaldtaka af einu eða öðru tagi. Skiptir þá engu máli hvað það er kallað, hvort það er fært sem þjónustugjöld eða lántökugjöld eða vaxtaálag eða hvað þetta heitir allt saman þegar bankakerfið og sjóðir og aðrir slíkir aðilar eru að smyrja ofan á kostnaðinn hjá sér með alls konar fínerí, þá heitir þetta nú ýmislegt eins og við vitum. Það skiptir ekki máli, því það eru viðskiptavinir þessara aðila sem þurfa að borga.

Þetta er sem sagt vandinn, herra forseti, sem við erum stödd í hér og það liggur þannig í málinu að í grundvallaratriðum eru menn velviljaðir því að reyna að vinna sig fram til þess að geta látið allar fjármálastofnanir taka með sanngjörnum hætti þátt í að borga í sameiginlegan sjóð landsmanna. Það er alveg ljóst og við erum ekki að leggjast gegn afgreiðslu málsins eða vara við henni á þeim forsendum að við séum í grundvallaratriðum ósammála markmiðunum að láta þessa aðila taka þátt í að greiða til samfélagsins, það er auðvitað ekki svo. Vissulega má segja að þeir geri það með ýmsum hætti þótt það hafi ekki verið í formi beinnar skattlagningar.

En mergurinn málsins er auðvitað sá að með svona breytingum er ekki verið að búa til nýja peninga eins og sumir virðast halda, það vaxa ekki peningar á trjánum við það að semja svona lagafrumvörp og leggja þau fram á Alþingi og menn geta ekki farið hér út í Hljómskálagarð eða eitthvað annað og tínt þar peninga og notað þá. Það er fyrst og fremst verið að flytja til fjármuni í þjóðfélaginu með aðgerðum af þessu tagi, fjármuni sem við verðum að vona að séu til eða verði til þegar kemur að því að borga. Það er það sem við þurfum að ræða í tengslum við þetta mál til viðbótar kerfisbreytingunni sjálfri. Eru þeir flutningar á fjármagni sem hér er verið að leggja til í þessum frumvörpum heppilegir við núverandi aðstæður í landinu? Hvaða áhrif hafa þeir og hvar koma þeir niður? Það liggur fyrir og er skjalfest með rækilegum og óhrekjanlegum hætti að ein meginbreytingin, einn megintilflutningurinn á fjármagni, sem þarna er að eiga sér stað, er frá sjávarútveginum og inn í ríkissjóð. Það verða menn að þora að horfast í augu við og viðurkenna. Það munu ekki verða til nýir peningar í sjávarútveginum á Íslandi þó að þetta lagafrv. verði afgreitt. Það fer ekki að veiðast betur á morgun ef verðið fyrir fiskinn hækkar ekki, verða jafnvel minni peningar eins og hér er bent á. En fjármagnið verður engu að síður sótt og það er nokkuð ljóst að innheimtan er öflug í þessu tilviki og bitur því að þannig eru aðstæður Fiskveiðasjóðs auðvitað að hann er með bestu veðréttina í viðskiptum við sjávarútveginn af eðlilegum ástæðum og nær sínum tekjum inn á undan mörgum öðrum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Það hafa aðrir talað á undan mér af hálfu minni hlutans og gert grein fyrir öðrum tæknilegum athugasemdum okkar. Hér eru fluttar nokkrar brtt. sem eru vissulega til bóta því að þær skýra málið og eyða í sumum tilvikum óvissu. Ég fagna að sjálfsögðu þeirri framför að Lánasjóður sveitarfélaga er nú kominn inn í þá efnisgrein frv. sem undanskilur nokkra sjóði með öllu þessari skattlagningu. Það má segja að það hafi hafst upp úr krafsinu í vetur ásamt með fleiru. Það er einnig svo, til að taka af tvímæli, með Lánasjóð Vestur-Norðurlanda og þá er Framleiðnisjóður landbúnaðarins settur, til að einfalda málin, inn í þá upptalningu í 1. málslið 2. gr. laganna sem þar er á ferðinni. Það hefur sáralítil efnisáhrif vegna þess hvers eðlis tekjustreymið í gegnum Framleiðnisjóð landbúnaðarins er en ég held að það sé öllum fyrir bestu að hafa þar alveg skýr skil og hefði verið ákaflega hæpið að fara að reyna að gera upp að hvaða hluta til Framleiðnisjóðurinn ætti að teljast eiginlegur fjárfestingarlánasjóður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég hef lagt tvær grundvallarspurningar fyrir hæstv. fjmrh. sem mér leikur hugur á að fá svarað þegar hann blandar sér aftur í umræðuna. Ég bíð þá með frekari athugasemdir við málið þangað til ég hef heyrt hans svör.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég vona, hæstv. forseti, að menn telji það til bóta að ég veiti andsvör og reyni þá að svara því sem til mín er beint. Í fyrsta lagi vil ég segja það að frv. kann að hafa verið ekki nægilega vel unnið í upphafi en ég vil þakka hv. nefnd sérstaklega fyrir að hafa tekið þátt í að vinna frv. í þann búning sem það er nú. Það er að mínu viti afskaplega gott frv. úr þeim efnivið sem ég tók við þegar ég kom í fjmrn. og þakka jafnframt forvera mínum fyrir það sem hann lagði til málanna þá.

Í öðru lagi vil ég segja að mál sjávarútvegsins hafa að sjálfsögðu verið til umræðu í ríkisstjórninni og eru ávallt til umræðu annað slagið þegar ástæða er til. Ég minni á að fyrr á þessu ári eða um áramótin var ákveðið að atvinnutryggingardeild Byggðasjóðs framlengdi sín lán, jafnframt Fiskveiðasjóður og nú síðast er verið að vinna að því að Verðjöfnunarsjóði verði deilt út eftir ákveðnum reglum. Sú aðgerð ein mun styrkja stöðu Fiskveiðasjóðs verulega. Auðvitað er vandinn fyrir hendi í sjávarútveginum en það sem við erum að fást við hér er að samræma skattareglur eins og ég hef margoft tekið fram. Ég tel að aðgerðirnar varðandi Verðjöfnunarsjóðinn séu þær sem skipta sköpum fyr-

ir sjávarútveginn, a.m.k. á næstu missirum.

Vegna yfirlýsingar framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs vil ég eingöngu segja að það sem eftir honum er haft er ekki rökstutt. Ég hef heyrt þetta áður. Nákvæmlega sama orðalag var notað við afgreiðslu lánsfjárlaganna þegar rætt var um ríkisábyrgð á sjóðnum. Ég hef engar aðstæður til að dæma um hvort þetta er rétt eða rangt en ég bendi á að það er nákvæmlega sama staða uppi hjá sjóðnum nú og var hjá ríkisbönkunum þegar skattlagning þeirra var ákveðin, hvorki verri né betri. Staða Fiskveiðasjóðs er ákaflega góð.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi held ég að hæstv. fjmrh. verði að viðurkenna að jafnvel samræmingarröksemdin í þessu máli stenst ekki að öllu leyti því að samræmingarvinnunni er ekki lokið. Þar eru ágallar á enn þá og peningastofnunum er mismunað eftir eignarformi þeirra. Það er því miður staðreynd og ljósasta dæmið um það er auðvitað þegar menn skoða útkomu ríkisbankanna annars vegar og hlutafélagabankanna hins vegar í þessu sambandi. Samræmingarvinnunni er því ekki lokið. Ég held satt best að segja að það hefði þurft að taka miklu heildstæðar á þessum málum áður en menn legðu út í breytingar nema þá að mjög vel athuguðu máli af þessu tagi. Menn hafa líka verið að ræða um sameiningu fjárfestingarlánasjóða og uppstokkun á því sviði. Það eru líka hlutir sem geta skipt sköpum um hvernig úr leysist.

Hæstv. fjmrh. gerði mikið úr því að þeir ræddu oft um vanda sjávarútvegsins og það er vel. Hann svaraði því þó ekki, og hefði honum þó verið málið skylt, hvort til greina kæmi að falla frá þessari vitlausu sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Ef það yrði gert mundi sjávarútvegurinn spara sér tvöfalt meiri fjármuni en lagðir verða á Fiskveiðasjóð á ársgrundvelli.

Og að lokum er það svo, hæstv. fjmrh., að af skiljanlegum ástæðum fer forstjóri Fiskveiðasjóðs varlega í það að opinbera röksemdir sínar fyrir áhyggjum af því að þetta geti breytt trúverðugleika og lánskjörum sjóðsins erlendis. Maður sem þekkir til viðskiptahátta af því tagi, eins og hæstv. fjmrh. gerir, veit vel að svo viðkvæm mál geta menn ekki að öllu leyti rætt í fjölmiðlum. Ég vil þó segja hæstv. fjmrh. að ég tel að forstjóri Fiskveiðasjóðs og trúnaðarmenn sjóðsins sem komu til efh.- og viðskn. hafi á lokuðum fundi með nefndinni fært fram býsna trúverðugar röksemdir sem ég tók verulega mikið mark á í því sambandi.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins eitt atriði og það varðar Fiskveiðasjóðinn sem ég get að sjálfsögðu ekki rökrætt mikið því að rökin liggja ekki fyrir. En mér sýnist eftir að hafa skoðað málið að staða Fiskveiðasjóðs á lánamarkaði breytist ekki vegna þessa frv. og það skiptir auðvitað mestu máli hve eiginfjárstaða sjóðsins er góð og það eru allir sammála um það. Það má nefna til sögunnar að líklega er eiginfjárstaða sjóðsins jafngóð og Búnaðarbankans, til að nefna eitthvað til samanburðar. Ég treysti, eins og allir aðrir, forstjórum og forstöðumönnum sjóðsins ákaflega vel en ég bendi á að áhrifin á sjávarútveginn fara nákvæmlega eftir því hvaða kröfur stjórnendur sjóðsins gera til eigin fjár sjóðsins í framtíðinni. Ég tel að þær tölur sem þeir hafa verið að nefna séu of háar nema sjóðurinn ætli sér á næstunni að bæta verulega við eigin fjármagn þessa sjóðs. Og ég spyr þá sem hér tala í þessu máli: Telja þeir það vera heppilegustu ráðstöfunina í sjávarútveginum í dag eða ætti Fiskveiðasjóður ásamt ríkisstjórninni og öllum þeim sem koma að málum að slaka dálítið á? Ég minni á það að síðustu að það hefur þýðingu fyrir sjávarútveginn að ríkissjóður sé rekinn með litlum halla vegna þess að það er trygging fyrir því að halda vöxtunum niðri.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að Fiskveiðasjóður stendur ágætlega. Þó veitir ekkert af, miðað við sviptingarnar sem við þekkjum úr íslensku atvinnulífi og ekki síst sjávarútveginum, að hann hafi þessa eiginfjárstöðu og hún mætti þess vegna vera 5–10 milljörðum kr. meiri. Það væri aðeins af því góða. Höfuðlánasjóður atvinnugreinar, sem veltir jafnstórum fjárhæðum í sveiflukenndum atvinnurekstri og sjávarútvegurinn gerir, þarf að vera sterkur, sérstaklega þegar svo er komið, eins og hæstv. fjmrh. veit, að sjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar, hvorki á erlendum né innlendum lántökum. Við vorum að breyta því síðast í vetur að taka það út úr lögum að Fiskveiðasjóður nyti ríkisábyrgðar á innlendum lántökum. Sjóðurinn er í ríkiseign, hæstv. fjmrh., Það vitum við auðvitað vel. Rétt skal vera rétt en þegar sjóðurinn er að taka lán erlendis getur hann ekki leynt sína viðskiptavini því hvernig staðan er. Hann hefur ekki ríkisábyrgð á einstökum lántökum af þessu tagi. Greiðslurnar þaðan koma ekki úr ríkissjóði og það er þá ekki fyrr en sjóðurinn væri fallít og búið að gera hann upp sem komið gæti til ábyrgðar eiganda hans. Að þessu leyti er, hæstv. fjmrh., staðan ekki eins hjá Fiskveiðasjóði og ríkisbönkunum. Það er ekki rétt að halda því fram. Annars er það út af fyrir sig markleysa að breyta lögum, eins og við höfum verið að gera, gagnvart Fiskveiðasjóði.

Rökstuðningurinn felst auðvitað í þeirri staðreynd, hæstv. fjmrh., að inn í hverjum einasta lánssamningi sem Fiskveiðasjóður tekur erlendis eru ákvæði sem heimila þeim, sem lánið veitir, að segja samningum upp ef tilteknar breytingar verða á högum sjóðsins. Ég tel að þetta eitt sé í raun nægjanleg röksemd til þess að menn a.m.k. hafi leyfi til þess að lýsa áhyggjum eins og forstjóri Fiskveiðasjóðs gerir þó að hann taki óneitanlega nokkuð sterkt til orða í þessu blaðaviðtali enda tel ég, miðað við þann málflutning sem hann hefur haft í efh.- og viðskn., að hann hafi rök til þess að gera það.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana sem

fyrst og fremst fjallar um skattlagningu á stofnlánasjóði. Helstu rökin fyrir nauðsyn þessa frv. eru af hálfu flutningsmanna að hér sé um samræmingu að ræða. Það kom síðast fram hjá hæstv. fjmrh. áðan.

Það var rækilega bent á það við upphaf þessarar umræðu af hv. 6. þm. Norðurl. e. hversu víðs fjarri sé að hér sé um samræmingu að ræða. Hann benti á þann gífurlega mismun sem einmitt verður á milli skattlagningar innláns- og útlánsstofnana eftir að þetta frv. verður samþykkt. Það kom fram hjá honum að þar er sextugfaldur munur milli Íslandsbanka, sem er lægstur, með að mig minnir 0,01% af veltu, og upp í 0,6%. Mig minnir að það sé Iðnþróunarsjóður sem hann nefndi þar. Síðan fóru sjóðirnir lækkandi en allir voru vitanlega með margfalt meiri skattlagningu eftir þetta en sá banki sem neðstur er. Það eru undarleg rök að halda því fram að hér sé um samræmingu að ræða eða eitthvert réttlæti.

Þessir stofnlánasjóðir hafa verið á undanförnum áratugum hornsteinar fyrir atvinnuvegina og ég held að allir sem til þekkja viðurkenni að þeir hafa verið grundvöllur að atvinnuuppbyggingu og framförum í landinu. Það er því mikið í húfi að þeir geti haldið því hlutverki sínu og veitt atvinnulífinu sem mestan stuðning því að sannanlega veitir okkur ekki af því í dag frekar en endranær.

En þá er það spurningin hversu traust er yfirbygging þessara hornsteina, hversu traust er atvinnulífið í landinu um þessar mundir. Þá eru okkur að sjálfsögðu efstir í huga höfuðatvinnuvegirnir sem svo hafa verið kallaðir, framleiðsluatvinnuvegirnir, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður. Það hefur minni umræða farið fram um iðnað á yfirstandandi Alþingi en oft áður og minna kannski síðustu vikurnar um stöðu iðnaðarins en annarra atvinnuvega. Öll erum við áreiðanlega sammála um það að staða og máttur iðnaðarins sé minni en við vildum að hann væri og miklu minni en menn gerðu sér vonir um fyrir 10–20 árum síðan þegar sagt var í hverri umræðu um atvinnumál að iðnaðurinn væri framtíðin, iðnaðurinn yrði að taka við auknu vinnuafli og þar væru möguleikarnir miklir. Það var mjög mikið talað um það, þegar við gerðumst aðilar að EFTA og með samningum í framhaldi af því við Evrópubandalagið, að það mundi skapa hér nýjan grundvöll fyrir uppbyggingu iðnaðar með því að nota okkur þá markaði sem þar væru fyrir hendi. En því miður hefur það þróast frekar í öfuga átt með of margar greinar útflutningsiðnaðar og geta þá allir bent á hvernig t.d. ullariðnaðurinn hefur farið. Sú batnandi tíð, sem menn vonuðust til að yrði með þessum samningum og samstarfi, hefur enn þá látið á sér standa þó að að sjálfsögðu vilji menn lifa enn í von um að þetta geti farið á betri veg. Það er áreiðanlega óhætt að fullyrða að íslenskur iðnaður stendur ekki svo traustum fótum að hann sé fær um að taka sig miklar nýjar byrðar.

Síðast í gær fór fram umræða um íslenskan landbúnað og þá erfiðleika sem blasa við honum og skal ég ekki endurtaka það. Ég held að allir hljóti að verða sammála um að hann sé ekki fær um að taka á sig nýjar byrðar til viðbótar því sem ytri aðstæður hafa óhjákvæmilega lagt á hann svo og stjórnarstefnan síðustu árin.

Það var umræða um stöðu sjávarútvegsins fyrir fáum dögum. Niðurstaðan sem kom fram í máli þeirra hæstv. ráðherra sem þar töluðu, sjútvrh. og forsrh., var sú að ekkert yrði aðhafst í málefnum þess atvinnuvegar á næstunni. Það væri verið að vinna að fimm ára áætlunum um hagræðingu sem vonandi mundu skila einhverjum ávinningi. Ég spurði hæstv. sjútvrh. að því hvernig hann teldi að sjávarútvegurinn gæti staðið undir þeim gífurlega rekstrarhalla sem er á honum í dag, t.d. vinnslu botnfisksafla sem er með 8–10% halla og hversu langan tíma sú atvinnugrein gæti lifað við slíkar aðstæður enda var hann sjálfur búinn að segja að þar stefndi meiri hluti fyrirtækja í gjaldþrot. En þrátt fyrir það fengust engin fyrirheit frá þessum fulltrúum ríkisstjórnarinnar um að eitthvað yrði gert til að bæta stöðuna.

Svo gerist það, sem hér hefur þegar komið fram, að næsta dag kemur hæstv. sjútvrh. með frv. um útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, þ.e. að greiða út þær inneignir sem fyrirtækin eiga þar og sem betur fer er þar um nokkurn sjóð að ræða. Þar er að þakka fyrirhyggju fyrrv. ríkisstjórnar að setja þau lög sem byggðu hann upp. Sannarlega er staða sjávarútvegsfyrirtækjanna þannig að þeim veitir ekki af því að fá þetta fjármagn þó að hugmyndin með stofnun þessa sjóðs væri sú að mæta ytri áföllum, þ.e. verðlækkun á erlendum mörkuðum en ætti ekki að greiðast út þó að ríkisvaldið skapaði hér lakari stöðu en var og sjávarútvegurinn þolir. Engu að síður hafa menn orðið sammála um það að þetta sé neyðarúrræði og það verði að grípa til þessa ráðs úr því að engin önnur hafa verið fundin. En það er sannarlega hart að þetta fjármagn skuli í reynd að stórum hluta til fara til þess að greiða þá bagga sem núv. ríkisstjórn hefur lagt á þennan atvinnuveg. Það hefur verið rakið oft áður hversu þungar klyfjar það eru. Vaxtahækkunin, sem var fyrsta verk ríkisstjórnarinnar, lagði þar á meira en 1 milljarð miðað við eitt ár og síðan voru skattarnir við afgreiðslu fjárlaga og svo á nú að koma einn skatturinn enn sem sjávarútvegurinn skal greiða sem sparifé sjávarútvegsins á að fara til að standa undir.

Rök hæstv. sjútvrh. voru m.a. áðan heyrði ég að staða Fiskveiðasjóðs væri svo góð. Þar kveður við annan tón en hefur yfirleitt gert hjá hæstv. ríkisstjórn um það hvernig búið var þegar hún tók við. Þá sá hún ekkert annað en svart þegar hún leit til baka og sagði að allir sjóðir væru tómir og allt í kaldakoli. Nú er hins vegar fundið ráð til að afla tekna í ríkissjóð: Að skattleggja þessa sjóði og það er hægt að gera vegna þess að staða þeirra er svo góð.

Það er augljóst að þessi skattlagning, bæði á Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins, er fyrst og fremst skattlagning á atvinnulífið úti um land þar sem þessi grundvallaratvinnufyrirtæki þjóðfélagsins eru í langmestum mæli. Það er kaldhæðnislegt að það skuli vera formaður Byggðastofnunar, hv. 1. þm. Vestf., sem verður að mæla fyrir nál. um þetta frv. Mér finnst óhjákvæmilegt að varpa fram þeirri spurningu hvort

hann telji virkilega af reynslu sinni í starfi í Byggðastofnun að þessir atvinnuvegir séu færir um að taka á sig þennan skatt, hvort þetta sé rétti tíminn nú til þess að leggja eða lögfesta slík ákvæði, hvort Byggðastofnun telur að nú sé hægt að leggja svona skatt á fyrirtæki sem hún hefur athugað mjög vel á undanförnum árum. Ég þori að fullyrða að formaður stjórnar Byggðastofnunar mun ekki telja að staða sjávarútvegsfyrirtækjanna sé svo góð að þetta sé rétti tíminn, að þau séu fær um að taka við þessari byrði. Því miður er hv. 1. þm. Vestf. ekki staddur hér í salnum en e.t.v. heyrir hann orð mín. E.t.v. gæti samflokksmaður hans, hv. 3. þm. Vestf., svarað þessari spurningu fyrir hann.

Mér virðist því að það sé sama hvar litið er á atvinnulífið í landinu um þessar mundir, staða þess er ekki slík að tök séu á að leggja á atvinnuvegina nýjar byrðar. Því geta, að ég held, þeir ekki trúað sem þekkja þarna til. Það hlýtur að vera unnið af þeim sem eru með einhverjar reglustikuaðferðir og gera sér litla grein fyrir því á hverju það er sem þjóðin raunverulega lifir.

Hæstv. fjmrh. sagði að grundvallaratriðið væri að staða ríkissjóðs væri góð. Ég skal ekki gera lítið úr því að það er mikilvægt að ríkisbúskapur okkar sé í viðunandi horfi. En ég vil þó fullyrða að það er miklu meira atriði að staða atvinnuveganna sé góð, bæði fyrir einstaklingana og ríkissjóð og alla aðila í þjóðfélaginu. Ef staða atvinnuveganna er góð þarf ríkissjóður ekki að óttast um sinn hag. Þá hafa atvinnuvegirnir og allir í þjóðfélaginu möguleika á að greiða nægilega mikið til ríkissjóðs svo hann geti staðið undir þeirri þjónustu sem menn telja nauðsynlegt að leggja á hann. Þetta atriði, að telja að það skipti meira mál hvernig staða ríkissjóðs er heldur en atvinnuveganna, er mjög hættulegur misskilningur og getur ekki leitt til annars en að illa fari ef menn trúa því í blindni.

Í gærkvöldi eða í nótt var lokið umræðum um skýrslu forsrh. um Byggðastofnun. Ég býst við því að það hafi verið fleiri en ég sem væntu þess að hæstv. forsrh. mundi nota þetta tækifæri og flytja einhvern boðskap frá ríkisstjórninni í atvinnu- og byggðamálum og reyna þá að draga lærdóm af þeirri bitru reynslu sem þjóðin öll og ríkisstjórnin hefur haft af afleiðingum stjórnarstefnunnar. Hér var fyrr í dag verið að ræða um atvinnuleysistryggingar og nýlega spá Þjóðhagsstofnunar um vaxandi atvinnuleysi. Það hefur oft verið talin ástæða til að ræða um stöðu atvinnuveganna þó að hér væri full atvinna en hvað þá þegar svo er komið, eins og nú, að sívaxandi fjöldi fólks getur hvergi fengið að nota sína starfskrafta og það áður en skólarnir ljúka störfum. Ég býst við að við þekkjum öll marga unglinga sem örvænta nú um hvar þeir geti fengið vinnu. Mér finnst það því ákaflega furðulegt, þegar við í þinglok erum að ljúka umræðum um skýrslu um Byggðastofnun, skuli hæstv. forsrh. ekki nota tækifærið og kynna eitthvert átak hjá ríkisstjórninni í þessum efnum. Skyldi hann ekki hafa rumskað við umræðuna um sjávarútvegsmál eins og hæstv. sjútvrh. gerði með flutningi á sínu frv.? Það var furðulegt að hæstv. forsrh. skyldi ekki líka koma með eitthvað á síðustu dögum þingsins. Það atvinnuleysi, sem við þekkjum og Þjóðhagsstofnun óttast að muni fara vaxandi á þessu ári, er mál sem mikill hluti þjóðarinnar hefur ekki kynnst eftir að hann komst á fullorðinsár. Vonandi erum við ekki að koma inn í nýjan heim eða nýtt umhverfi þar sem slíkt á að vera viðvarandi.

Nú eru uppi umræður og samningagerð sem á að tengja okkur betur Evrópu, hinu Evrópska efnahagssvæði og Evrópubandalaginu. Þar vitum við að miklu meira atvinnuleysi hefur verið viðvarandi um langt skeið. Getur það verið að hæstv. ríkisstjórn telji að það sé nauðsynlegt að aðlaga okkur einnig á þessu sviði að því ástandi sem er hjá Evrópubandalaginu eins og við eigum að gera á svo fjölmörgum öðrum sviðum, að lögum og reglum, og hér þurfi að þoka því upp í svipað ástand? Ég vil ekki trúa því að svo sé en ef ekkert er aðhafst bendir allt til þess að þróunin verði slík og það er litlu betra aðgerðarleysi sem leiðir til slíkra hluta en það að vinna að verkinu. Ég vil því beina þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að hún endurskoði afstöðu sína til þessa máls og annarra þeirra atriða sem snúa að atvinnuvegunum, geri sér grein fyrir því að okkur er lífsnauðsyn að snúa við blaðinu, að snúa við þeirri stöðnun og afturför sem hefur ríkt í íslensku atvinnulífi síðustu mánuði, hvað varðar umsvif og afkomu, og geri átak til þess sem árangur ber.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða almennt um stöðu atvinnuveganna. Ég tek undir margt af því sem hv. þm. sagði en það er eitt atriði sem ég verð að nefna vegna ræðu hans og reyndar ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. sem leiðir okkur á dálitlar villigötur. Það er þegar talað er um skatta sem hlutfall af útlánum. Þegar það er gert verða menn að hafa í huga að það skiptir öllu máli hver eiginfjárstaðan er og hvort verið er að lána út eigið fé eða ekki. Tökum dæmi: Íslandsbanki er að lána fé sem bankinn fær sem innlán. Þess vegna er veltan mikil, skattar lágt hlutfall af heildarveltunni og heildarútlánunum. Tökum hins vegar lðnlánasjóð sem á verulegar eignir, lánar fyrst og fremst eigið fé til ýmissa aðila. Þá verða skattarnir auðvitað hærra hlutfall af veltunni, af útlánunum. Svo einfalt er þetta mál. Til viðbótar þessu er auðvitað munur á því hvort ríkið á viðkomandi lánastofnun eða hvort lánastofnunin er hlutafélag vegna þess að hlutafé dregst frá heildareigninni og þannig greiðir sjóðurinn minni skatta. Þeir sem eiga hlutaféð og fá arðinn greiða hins vegar skatta af því hlutafé hjá sér eftir almennum reglum, sumir mikið, aðrir minna, allt eftir því hver frádrátturinn er.

Þetta taldi ég, virðulegi forseti, nauðsynlegt að kæmi hér fram sem andsvar við því sem haldið hefur verið fram af hv. 2. þm. Suðurl. og reyndar einnig hv. 6. þm. Norðurl. e.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það komu fram að mig minnir í máli hv. 6. þm. Norðurl. e., þegar hann flutti sína ræðu,

nokkrar skýringar á þessu og mig minnir að ríkisbankarnir væru með um 0,1% af sinni veltu. Þar kemur kannski fram mismunurinn milli hlutafélagabankans og ríkisbankanna en mismunurinn milli þessara fjármálastofnana er hins vegar svo gífurlega mikill að það er erfitt að skýra hann allan með þessari einu ástæðu.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að rök þau sem ég setti fram áðan hafi alls ekki verið hrakin af hv. þm. og ég bið hann vinsamlegast um að skoða sinn heimalærdóm því að það liggur fyrst og fremst og nær eingöngu í þessu þegar verið er að reikna þetta hlutfall. Ég vona að við getum a.m.k. orðið ásáttir um það hvernig hlutföll breytast þegar annars vegar er um að ræða það að sjóður láni út sitt eigið fé og svo hins vegar þegar sjóður eða banki lánar út fjármuni sem sjóðurinn eða bankinn alls ekki á heldur hefur tekið að láni frá öðru fólki. Þá sjá allir í hendi sér að hlutföllin hljóta að breytast þegar um skattlagningu er að ræða því að skatturinn er einungis greiddur af tekjum, þ.e. hreinum tekjum eða af hreinni eign.

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég skil það mætavel að það er munur að lána út sitt eigið fé og annarra. En þá erum við komin að því sem ég minntist aðeins á líka að ef einhver aðili stendur vel þá sé gott að nota það til að leggja á hann skatt og mætti kannski nota þá reglu víðar í þjóðfélaginu ef eingöngu ætti að byggja á því eins og þarna er gert.

En það sem ég vildi sérstaklega minnast á er að vegna stöðu atvinnuveganna taka þessir sjóðir nú á sig mjög mikla áhættu og mikið af þeirra eigin fé, það þekki ég með Stofnlánadeild landbúnaðarins, er áhættufjármagn vegna stöðu atvinnuveganna og það óttast ég að geti verið líka hjá Fiskveiðasjóði þannig að það er vafasamt að leggja slíkar byrðar á þá sjóði af þeim sökum einum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að kl. hálffimm fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, og er það styttri umræðan, 30 mínútur.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er nú nokkuð erfitt að átta sig á því hér síðustu daga þingsins hvað það er sem hæstv. ríkisstjórn leggur áherslu á, hvaða mál það eru sem hún telur þýðingarmest að koma fram og hvernig á að standa að þinghaldinu. Ekki er mér kunnugt um það. En það er óvenjulegt að þegar svo stuttur tími er eftir af þinghaldinu að ekki skuli liggja nein vissa fyrir um fyrirkomulag og mér vitanlega er nánast ekkert verið að tala um það þannig að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að halda áfram með mál og þó aðallega mál sem eru til þess fallin að gera stöðu atvinnuveganna erfiðari þótt ég vænti þess að það geti náðst um það samstaða að afgreiða mál sem snerta Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. (**Gripið fram í:** Sjávarútvegsins.) Sjávarútvegsins, áður Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Hæstv. forsrh. kom í sjónvarp í gær og sagðist vera farinn að hafa áhyggjur af atvinnuleysi. Það var kominn tími til því að atvinnuleysi er nú um 3% og fer vaxandi. Hann sagði að ein aðalástæðan fyrir því að það ætti að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og greiða þar út fé væri sú að atvinnuleysið væri vaxandi og það væri mikilvægt að snúa þeirri stöðu við. Þetta er mikilvæg stefnubreyting hjá hæstv. ríkisstjórn því að hingað til hefur hæstv. ríkisstjórn haldið því fram að þessi mál yrðu að hafa sinn gang og menn yrðu að lúta almennum reglum atvinnulífsins og ef eitt fyrirtæki færi á hausinn mundu önnur taka við. Þar af leiðandi höfum við stjórnarandstæðingar kallað þessa stefnu gjaldþrotastefnu. Það má því segja að þetta mál, sem hér er til umræðu, snertir þennan málatilbúnað ríkisstjórnarinnar allmikið. Hér er verið að leggja til að skattleggja fjárfestingarlánasjóði landsins og auðvitað mun sú skattlagning — hæstv. forseti, ég get gert hlé á máli mínu meðan þingmaðurinn og fjmrh. ræðast við. Mér skilst að það sé nægur tími hér hvort eð er þannig að það er vel hægt að gera hlé á máli sínu. — Auðvitað mun þetta hafa áhrif á stöðu þessara sjóða. Það mun hafa áhrif á ráðstöfunarfé þeirra. Það mun hafa áhrif á getu þeirra til að standa við bakið á viðkomandi atvinnuvegum. Það má vel vera að Fiskveiðasjóður þurfi ekkert að hækka sína vexti eins og mér heyrðist á fjmrh. áðan. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að ef hann gerir það ekki, að þessum lögum samþykktum, verður sjóðurinn rekinn með miklu tapi. Er það traustvekjandi gagnvart erlendum lánardrottnum? Er það réttlætanlegt út frá þeirri áhættu sem sjóðurinn er í? Því að þótt þessi fjárfestingarlánasjóður eigi allmikið eigið fé þá er það ekki mikið miðað við þá gífurlegu áhættu sem hann er í með sín útlán. Hann hefur oft og tíðum orðið fyrir áföllum. Sem betur fer hefur tekist að afstýra ýmsu og færa mál til betri vegar á undanförnum árum og það er ekki síst því að þakka að hér hefur verið komið á fiskveiðistjórnun sem byggir á því að þeir aðilar, sem hafa afnot af auðlindinni, geti treyst á það til frambúðar að þeir hafi aðganginn. Nú eru uppi hugmyndir um breytingar þar á, ekki síst að kröfu Alþfl. um að annaðhvort greiði viðkomandi atvinnugrein sérstakt gjald fyrir afnotin og þess vegna ríkir veruleg óvissa um framtíð þessa sjóðs. Það er alveg ljóst að ef gerðar verða verulegar breytingar á fiskveiðistjórnuninni mun það hafa mikil áhrif á stöðu fjárfestingarlánasjóðs eins og Fiskveiðasjóðs.

Sannleikurinn er sá að núv. ríkisstjórn er ekkert að gera til þess að reyna að auka atvinnu á Íslandi. Ég veit ekki til þess að það sé neitt það í gangi sem er til örvunar á þeim sviðum. Það er verið að draga úr möguleikum fjárfestingarlánasjóðanna með þessu frv., hvort sem það er Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóður eða Iðnlánasjóður. Það verður líka að hafa í huga að þessir sjóðir hafa þær skyldur að standa fyrir nýbreytni í atvinnulífi. Það hefur Iðnlánasjóður gert

og Fiskveiðasjóður hefur nýlega hafið slíka starfsemi. Er líklegt að það verði áframhald á því starfi að þessum lögum samþykktum? Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að svo verður ekki. Er líklegt að Fiskveiðasjóður geti staðið við þær skuldbreytingar sem hann hefur lofað að þessum lögum samþykktum? Hefur ríkisstjórnin rætt það við sjóðstjórnina eða forstöðumenn sjóðsins? Það er ekki að sjá á þeim bréfum sem Fiskveiðasjóður hefur nú skrifað að það hafi verið nokkuð talað við þá um þessa stöðu mála. Er líklegt að lánssamningum, sem Fiskveiðasjóður hefur gert erlendis, verði sagt upp? Það liggur fyrir í bréfum frá Fiskveiðasjóði að það sé mjög líklegt að svo geti farið. Hefur ríkisstjórnin einhverjar áhyggjur af því?

Það kemur líka fram í þessum sömu bréfum Fiskveiðasjóðs, með leyfi forseta, að það sé líklegt að Fiskveiðasjóður verði þá að leita eftir öðrum lánum erlendis á óhagkvæmari kjörum. Það er ekki nóg með það að þetta muni verða til þess að hækka vexti Fiskveiðasjóðs á sjávarútveginum heldur kemur jafnframt fram að það geti orðið til þess að við Íslendingar þurfum að taka allmikið fé að láni erlendis með hærri vöxtum en við njótum núna. Það þarf kannski ekki að hafa neinar áhyggjur af þessum aðvörunum og menn geta bara haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Það kemur líka fram í bréfum Fiskveiðasjóðs að skyndibreytingum sé hvarvetna tekið með tortryggni og það er kannski aðalatriði þessa máls að það má ekki fara út í skyndibreytingar. Það er rétt eins og fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. og hann er afar þakklátur fyrir að undirbúningur þessa máls hófst fyrir allmörgum árum og hann hefur sérstaklega fært fram þakkir til fyrrv. fjmrh. vegna þess. Ég vil ekki færa fyrrv. fjmrh. nokkrar þakkir fyrir þann undirbúning því að sá undirbúningur var mjög slæmur og með ólíkindum slæmur. Mér þykir verst að fyrrv. fjmrh. heyrir ekki þessi orð mín. (Gripið fram í.) Ég held að undirbúningurinn hefði í sjálfu sér ekki verið neitt betri þótt þingflokksformaður Alþfl. hefði verið áfram í Alþb. En hann hvarf þaðan á braut einmitt um það leyti sem þessi undirbúningur stóð sem hæst og var þá sérstakur trúnaðarmaður Alþb. í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands (**ÖS:** Og stóð sig vel.) og stóð sig vel. En þáv. fjmrh. gerði líka tillögu um það að skattleggja Framkvæmdasjóð Íslands samkvæmt lagafrv. þar um og ég vænti þess að hann hafi borið það undir formanninn, enda ríkti þá mikil bjartsýni um stöðu sjóðsins. Það var áður en miklar greinargerðir voru um hann skrifaðar af hálfu Ríkisendurskoðunar þannig að ég er ekki þakklátur fyrrv. fjmrh. fyrir þennan undirbúning þótt núv. fjmrh. sé það en varð hins vegar mjög glaður við hvað þingið tók þessu frv. með mikilli gagnrýni á sínum tíma og sýndi mikilvægi þess að þingræði starfi á sem blómlegastan hátt og hér séu málefnalegar umræður og langar ef á þarf að halda.

Hæstv. núv. fjmrh. tók þessa umræðu ekki alvarlega. Var hann þó þátttakandi í þeim og gagnrýndi mjög harkalega þetta frv., ef ég man rétt. Það má vel vera að það sé einum of mikið að segja að það hafi verið harkalega. En a.m.k. man ég eftir að hafa lesið ræður þingflokksformanns Sjálfstfl. í þessu máli. En hvað um það. Málið var flutt nánast óbreytt á sl. hausti sem sýndi vel hvað núv. ríkisstjórn var lengi að átta sig á stöðu mála. Hún flutti allmörg frv. rétt fyrir jól og mjög mikið af þeim frv. sem hæstv. fjmrh. flutti voru tekin í skyndingu upp úr einhverri skúffu niður í fjmrn. þar sem hefur væntanlega staðið á: Fyrirliggjandi tilbúin frumvörp. Sum af þeim voru gömul og flest af þeim voru undirbúin af hæstv. fyrrv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni. (**ÓRG:** Það stóð ónothæf frumvörp, hv. þm.) Nú, það stóð ónothæf frumvörp og það voru þá sem sagt þau frumvörp sem fyrrv. fjmrh. hafði verið rekinn til baka með af þinginu og núv. fjmrh. tók fegins hendi.

Auðvitað skiptir það mestu máli í sambandi við þetta mál hver á að vera staða fjárfestingarlánasjóðanna og hver eiga að vera starfsskilyrði þeirra. Það er sagt í þessu frv. að það sé verið að jafna stöðuna á fjármagnsmarkaðnum. Flutt var tillaga í vetur og hún samþykkt, um að ríkisábyrgð á Fiskveiðasjóði yrði afnumin. Því var haldið fram að þetta yrði gert í góðu samstarfi við Fiskveiðasjóð. Síðan kom í ljós að það var ekki gert í neinu samstarfi við Fiskveiðasjóð og hér var um ákveðið slys að ræða. Í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. við afgreiðslu þess máls var haldið fram að stigið væri fyrsta skrefið til að gera fjárfestingarlánasjóðina að hlutafélögum þannig að það fer eftir því í hvaða mánuði er talað hvað sagt er um þessi mál. Einn daginn á að breyta þeim í hlutafélög. Einn daginn á að afnema ríkisábyrgð og annan daginn á að gera þá skattskylda. Þetta vekur ekki tiltrú á viðkomandi sjóðum. Að sjálfsögðu vekur það ekki tiltrú á núv. ríkisstjórn en það kemur í sjálfu sér engum á óvart og skiptir e.t.v. ekki mestu máli. En það skiptir miklu máli að viðkomandi fjárfestingarlánasjóðir hafi tiltrú úti á markaðnum og ekki síst á erlendum vettvangi þegar þeir eru að semja við lánastofnanir. En hvað um það. Nú liggur fyrir tillaga um að skattleggja nokkra fjárfestingarlánasjóði en hins vegar hefur verið hætt við að skattleggja aðra. Sumar af þeim breytingum sem þar er búið að fallast á eru góðar og gildar. Þar var um að ræða sjóði sem eru fyrst og fremst styrktarsjóðir eins og Framleiðnisjóður landbúnaðarins o.fl. og var náttúrlega út í hött að láta sér detta það í hug að slíkir sjóðir gætu verið skattstofn sem byggja fyrst og fremst á framlögum úr ríkissjóði. Það hefur jafnframt verið fallið frá því að skattleggja sjóði eins og húsnæðislánasjóðina. Byggðastofnun á ekki að skattleggja og nú síðast hefur verið fallist á að skattleggja ekki Lánasjóð ísl. sveitarfélaga.

Það eru vissulega mikil rök fyrir því að skattleggja ekki Lánasjóð ísl. sveitarfélaga. Eigendur hans eru óskattskyldir aðilar, sveitarfélögin í landinu, sem leggja jafnframt skatta á landsmenn og fyrirtæki og því get ég fallist á þau rök að ekki eigi að skattleggja slíkan sjóð. En ég hlýt að spyrja: Eru þau skilyrði í dag að það sé rétt að rjúka til og skattleggja sérstaklega þá sjóði sem eiga að standa fyrir uppbyggingu og framförum í atvinnulífinu? Bera atvinnuleysistölur síðustu mánaða og spár fram í tímann þess vitni að nú sé rétt að stíga

þetta skref? Ég held að allir geti verið sammála um að svo er alls ekki. Er rétt að draga þróttinn úr þessum aðilum? Mun það skapa ríkissjóði betri afkomu? Er hæstv. fjmrh. orðinn þannig í bókhaldi sínu hjá ríkissjóði að hann telji að það eina sem skipti máli sé að draga inn sem mesta skatta? Er hæstv. fjmrh. búinn að gleyma þeim fræðum sem hann kunni einu sinni afar vel að það sem skiptir mestu máli fyrir ríkissjóð er hversu vel atvinnulífið gengur og hversu blómlegt það er og að landsmenn hafi sem mest að starfa. Telur hæstv. fjmrh. að þetta frv. muni gera það betra fyrir atvinnulífið að byggja upp og skapa fleirum atvinnu? Ég veit að hæstv. fjmrh. gerir sér fulla grein fyrir því að þetta mun verða til þess að auka atvinnuleysi og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. viti að aukið atvinnuleysi mun minnka skatttekjur ríkisins og auka útgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þannig er það alveg ljóst í mínum huga að sá sem fer verst út úr þessum æfingum er ríkissjóður sjálfur. (**EKJ:** Já, er það ekki?) Og ég heyri að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er sammála því og man þá vel eftir þeirri hagfræði sem Ronald nokkur Reagan innleiddi sem ég er að vísu ekki alveg sammála. En það eru þó til punktar í henni sem eru réttir og menn verða að hafa í huga. En ég heyri að núv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar eru búnir að gleyma því öllu saman. (**Gripið fram í:** Ekki Eykon.) Nei, ég er alveg viss um að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er ekki búinn að gleyma þessu, en það er ekki nóg að hann gleymi því ekki. Hann verður þá að halda núv. ríkisstjórn við efnið. Það þýðir ekkert að láta þessa menn í friði í sambandi við svona mál. Þeir eru greinilega orðnir værukærir og sú hagfræði sem þeir eru farnir að framfylgja núna og hafa framfylgt á undanförnum mánuðum er farin að skapa mikið atvinnuleysi á Íslandi og það er aðalatriðið. Og við verðum að bregðast við og berjast gegn atvinnuleysinu og nota til þess öll ráð. Ég veit ekki til þess að núv. ríkisstjórn sé að gera nokkurn skapaðan hlut í þeim efnum. Ríkisstjórnin telur sig ekki hafa skyldur til að leita að nýjum atvinnutækifærum með svipuðum hætti og flestar aðrar ríkisstjórnir í Evrópu. Það er t.d. ljóst að Danir hófu mjög mikið starf við að leita að aðilum erlendis til að fjárfesta í Danmörku. Öll utanríkisþjónusta Danmerkur var sett í það mál og sú áætlun stóð yfir í þrjú ár. Nú er verið að leggja mat á hvernig þarna hefur gengið. Dönum þykir niðurstaðan vera heldur rýr því að hún hefur leitt til þess að tólf fyrirtæki munu koma til samstarfs frá Bandaríkjunum og tólf frá Japan. Þetta mun hins vegar skapa mikla atvinnu í Danmörku.

Mér er það ljóst að núv. ríkisstjórn hefur lagt á það mikla áherslu að ná samningum um Atlantsálsmálið og er það vel. En það er bara ekki nóg. Það þarf að leita annarra leiða og gera atvinnuvegunum kleift að líta fram á veg og byggja upp. En íslenskur sjávarútvegur á greinilega ekki að fá slíka möguleika. Það er ekki nóg að skamma íslenskan sjávarútveg reglulega í leiðurum Morgunblaðsins. Jafnvel þótt Sjálfstfl. hyggist ekki ráða neinu á Morgunblaðinu, það þarf nú enginn að segja mér það, en það virðist vera aðalhugmyndafræðin til að fá fram meiri framleiðslu og meiri verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi að skamma hann reglulega, helst einu sinni í viku ef ekki oftar, í leiðurum Morgunblaðsins og yfirleitt í öllum helgargreinum. Það þarf nefnilega fjármagn til að hægt sé að fara út í nýja hluti og Fiskveiðasjóður er ein af þeim stofnunum sem þar getur hjálpað til. Jafnframt var það upplýst fyrir áramót að fyrir utan þessa skattlagningu, sem hér á að eiga sér stað, að það hefði verið farið út í að skattleggja íslenskan sjávarútveg um 792 millj. sem var hækkun úr 141 millj. eða um 650 millj. þannig að nú fer þessi skattlagning á árinu 1992 að verða svona alveg um 1 milljarður. Það er mikið samræmi í þessu að skattleggja einn daginn um 1 milljarð og greiða svo út úr sjóðum sem eru ætlaðir til verðjöfnunar hinn daginn um 2,5 eða 3. Hvaða forsendur hafa menn til þess að fara út í þessa skattlagningu þegar jafnframt er viðurkennt að það verði að greiða þetta út? (**Forseti:** Forseti vill trufla hv. þm. í ræðu sinni og spyrja hvort hann eigi eftir langt mál enn.) Já, hæstv. forseti. Ég flutti ræðu um þetta mál við 1. umr. í fimm hlutum og ég á eftir mikið af minni ræðu um þetta mál, en ég skal gjarnan gera hlé á henni nú ef þess er óskað af forseta. (**Forseti:** Já, eins og forseti gat um hér fyrr, þá verða utandagskrárumræður kl. hálffimm að ósk hv. 2. þm. Suðurl. og ef þingmaðurinn getur fallist á það, þá mundi hann gera hlá á ræðu sinni núna.)

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Áhrif samnings um Evrópska efnahagssvæðið á innflutning búvara.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og forseti hafði getið um fyrr á fundinum fer nú fram umræða utan dagskrár að ósk hv. 2. þm. Suðurl. og ber hann fram fyrirspurn til landbrh. um áhrif samnings um Evrópska efnahagssvæðið á innflutning búvara.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil ítreka spurningu til hæstv. landbrh. um áhrif EES-samninganna á innflutning búvara, spurningu sem borin hefur verið fram áður en lítil og loðin svör fengist við og þá sérstaklega við setningu í 5. gr. 1. viðbæti við bókun 3 í EES-samningnum sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjöld sem lögð eru á við innflutning til landsins skulu þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá samningsaðilum árið 1991."

Í umræðum utan dagskrár um EES 28. apríl sl. var hæstv. utanrrh. spurður um áhrif samninganna á innflutning búvara og svaraði hann því að þar væri sameiginlegur listi fyrir EFTA-löndin fyrir unnar afurðir og sérstaklega þó tekið fram að hvað Ísland varðar væru veigamiklar undantekningar og því væri auðvit-

að ástæðulaust að segja áhrif á íslenskan landbúnað í þessum samningi séu áhyggjuefni.

Í óundirbúnum fyrirspurnatíma 5. þessa mánaðar spurði hv. 1. þm. Norðurl. v. hæstv. landbrh. um fyrrnefnda setningu. Því svaraði hæstv. ráðherra m.a. á þá leið að hann hefði skrifað hæstv. utanrrh. á sl. sumri um stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum og taldi að þeim hefði tekist að ná fram þeim atriðum sem þýðingarmest væru í sambandi við stöðu íslensks landbúnaðar í EES. Jafnframt sagði hæstv. landbrh. ítrekað að um öll þessi mál hefði verið haft náið samráð við bændasamtökin. Vegna þeirra ummæla vil ég undirstrika að bændasamtökin hafa alltaf lagt mikla áherslu á ótvíræða heimild til að leggja á jöfnunargjöld til að vega á móti lægra hráefnisverði og hafa því aldrei samþykkt að slíkri heimild sé afsalað. Það var tekið fram við núv. ríkisstjórn, fyrst í bréfi frá Stéttarsambandi bænda þegar 16. maí 1991 og síðan í mörgum bréfum og samtölum. Og iðnrn. tók oft undir þetta síðast í bréfi frá því ráðuneyti dags. 24. apríl sl. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Farið hefur verið efnislega yfir þýðinguna á EES-samningnum. Ráðuneytið hefur ekki athugasemdir við þýðinguna nema hvað varðar 2. mgr. 2. tölul. 5. gr. 1. viðbætis. Rétt þykir að umrædd málsgrein sé í anda þess samkomulags sem náðist varðandi þetta atriði og þar með í samræmi við næstu málsgrein á undan. Svo er ekki eins og samningurinn er nú, eins og áður hefur verið bent á. Þetta á bæði við um enska og íslenska textann."

Ég vil beina eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.:

1. Beitti hæstv. landbrh. sér fyrir því að koma inn í EES-samninginn setningunni: „Gjöld sem lögð eru á við innflutning til landsins skulu þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá samningsaðilum árið 1991"?

2. Er íslenska ríkisstjórnin með þessari setningu að afsala Íslendingum rétti til að leggja á jöfnunargjöld þar sem árið 1991 voru slík gjöld hér mjög lág eða engin?

3. Hvernig var þessi setning skýrð af báðum samningsaðilum þegar frá henni var gengið?

4. Hvaða afleiðingar telur hæstv. landbrh. að þetta ákvæði hafi fyrir íslenskan landbúnað og er hann sammála hæstv. utanrrh. að það sé auðvitað ástæðulaust að segja að áhrif á íslenskan landbúnað í þessum samningi sé áhyggjuefni?

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: Beitti hæstv. landbrh. sér fyrir því að koma inn í EES-samninginn setningunni „Gjöld sem lögð eru á við innflutning til landsins skulu þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá samningsaðilum árið 1991?" Nei, svo var ekki. Þessi setning er komin í textann að kröfu Evrópubandalagsins hinn 4. des. sl. og er að finna þar í 5. gr. 1. viðbætis með bókun 3. Sú bókun fjallar um verðjöfnunarkerfi fyrir unnar landbúnaðarafurðir en 5. gr. um undanþágur Íslendinga.

Spurt er: Er íslenska ríkisstjórnin með þessari setningu að afsala Íslendingum rétti til að leggja á jöfnunargjöld þar sem árið 1991 voru slík gjöld hér mjög lág eða engin? Svar: Ríkisstjórnin telur sig ekki afsala Íslendingum rétti til álagningar jöfnunargjalda þótt umrædd setning standi í samningnum.

Spurt er: Hvernig var þessi setning skýrð af samningsaðilum þegar frá henni var gengið? Svar: Í 9. gr. bókunar 3 er ákvæði um að ekki megi leggja hærri gjöld á vörur sem falla undir verðjöfnunarkerfið en í gildi voru 1. jan. 1992. Liður 2 í 5. gr. 1. viðbætis fjallar um undanþágur frá þessu hámarki fyrir Íslendinga sem veittar eru á þeim forsendum að Íslendingar hafi í sáralitlum mæli beitt verðjöfnunargjöldum á undanförnum árum og gjaldtaka er yfirleitt mjög lág af þeim unnu landbúnaðarafurðum sem innflutningur er leyfður á. Undanþága frá gjaldþakinu nær yfir eftirtalda tollflokka: 0403 jógúrt, 1517 smjörlíki, 1806 súkkulaði, 1901 deig, 1902 pasta, 1905 brauð og kökur, 2007 sultur og marmelaði, 2103 sósur, 2104 súpur. Í frásögn íslensku fulltrúanna af fundinum 4. des. segir m.a. um þá tollflokka sem ég hef nú talið upp:

„Eftirtaldar vörur sem eru með engum gjöldum við innflutning í dag verða undanþegnar gjaldþakinu og má leggja fullt verðjöfnunargjald á þær samkvæmt almennum ákvæðum bókunarinnar." Það er ótvíræður skilningur þessara fulltrúa okkar að setning sú, sem fyrirspyrjandi vitnar til, takmarki á engan hátt rétt okkar til að leggja fullt verðjöfnunargjald á þær vörur sem undanþágan nær til. Þetta er jafnframt túlkun ríkisstjórnarinnar á samningstextanum og hún mun knýja á um að fá þann skilning staðfestan í Evrópubandalaginu. Á því er full þörf því að fram hefur komið sá skilningur hjá vissum Evrópubandalagsfulltrúum að gjaldtaka af vörum, sem voru frjálsar í innflutningi 1991 en eru á undanþágulistanum, megi ekki verða meiri en þá var. Þetta mundi valda því að verðjöfnunarkerfið gæti ekki virkað á vissa vöruflokka svo sem pasta og pitsur sem bera heldur engin gjöld í dag. Aðrar EFTA-þjóðir hafa hins vegar beitt verðjöfnunarkerfinu árum saman.

Spurt er: Hvaða afleiðingar telur hæstv. landbrh. þetta ákvæði hafa fyrir íslenskan landbúnað og er hann sammála hæstv. utanrrh. að það sé auðvitað ástæðulaust að segja að áhrif á íslenskan landbúnað í þessum samningi sé áhyggjuefni? Svar: Það er ótvírætt að mati utanrrn. að umrætt ákvæði snertir ekki afurðir sem nú njóta innflutningsverndar. Eins og fram kom hér áður túlkar ríkisstjórnin og íslenskir embættismenn umrædda 5. gr. þannig að undanþága frá þakinu á reglum um álagningu á verðjöfnunargjöldum nái til allra þeirra vöruflokka sem þar eru upp taldir og þetta ákvæði um gjaldaviðmiðun ársins 1991 hafi engin áhrif þar á. Ég minni á að óumdeilt er innan GATT að þar jafngildir innflutningsbann háum tollum. Ég tel því, herra forseti, að bærilega hafi tekist að tryggja hagsmuni íslensks landbúnaðar við þessa samningsgerð þrátt fyrir óljósa stöðu í þessum efnum við stjórnarskiptin sl. vor.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og mér sýnist vera full þörf á. Staðreyndin er sú að hæstv. utanrrh. hefur byggt allan sinn málflutning á því og aldrei mér vitanlega nokkru sinni gert þar á nokkurn fyrirvara að vörn Íslands mundi felast í m.a. ótakmörkuðum rétti til að beita jöfnunargjöldum að fullu gagnvart þeim vörutegundum eða *veruflokkum sem opnað yrði að einhverju leyti fyrir* innflutning á. Þess vegna hlýtur maður að spyrja sig að því hvernig getur það gerst þrátt fyrir þennan málflutning utanrrh. að texti af þessu tagi komist inn í samninginn og satt best að segja ótrúlegur sem hann er, sérstaklega ef enska útgáfan er tekin sem er á vissan *hátt afdráttarlausari heldur en sú íslenska þýðing* sem hér var farið með.

Hæstv. landbrh. reyndi að vísu að sannfæra okkur um að í þessu fælust ekki hættur og las þarna upp nokkurn lista og nefndi m.a. vörur eins og jógúrt og smjör sem væru sérstaklega upp taldar að jöfnunargjaldið tæki ekki til og út af fyrir sig dreg ég það ekki í efa en ég náði ekki alveg röksemdafærslunni þegar kom að öðrum veruflokkum. Mér sýndist hún vera afleit og ég held að við hljótum að gera kröfu til að þar verði skýrari svör fram reidd. Það er auðvitað ekki hægt í símskeytastíl af því tagi sem hér þarf að tíðka í svona skammri umræðu en þau svör verða að fást. Sé einhver vafi þarna á ferðum þá er það auðvitað óviðunandi. Þetta er enn einn frágangurinn í þessum málum sem er gersamlega ófullnægjandi fyrir íslenska hagsmuni ef einhver minnsti vafi er á því að við getum að fullu gagnvart öllum vörutegundum sem þarna kæmu hugsanlega til greina beitt ótakmörkuðum jöfnunargjöldum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst og fremst staðfesta að það er mat utanrrn. og starfsmanna þess sem í samningunum hafa staðið að það ákvæði sem hér var nefnt til sögunnar af hv. 2. þm. Suðurl. snerti ekki þær afurðir sem nú njóta fullkominnar innflutningsverndar. Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. áðan þá er það túlkun ríkisstjórnarinnar og embættismanna hennar að þessi 5. gr. valdi því ekki að undanþága frá gjaldþakinu sé þarna. Það er ekki gjaldþak á þeim vörum sem notið hafa innflutningsverndar að okkar skilningi og eins og kom fram hjá hæstv. landbrh. þá er það skilningur þeirra manna sem að samningunum hafa unnið. Það má vera eins og kom fram með tilvitnun hv. 2. þm. Suðurl. í bréf sem iðnrn. skrifaði vegna þýðingarinnar að orðalagið hefði mátt vera þéttara. En úr því verður bætt á vettvangi samningsaðila eins og ákvæði segja til um í samningnum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Þeir sem lesa þetta ákvæði samningsins geta varla verið í vafa um hvað þar segir. En hæstv. ráðherrar meta það svo og skilja það þannig að Íslendingar geti lagt jöfnunartoll á eins og þeim sýnist þrátt fyrir ákvæði um að það megi alls ekki gerast. Mér finnst þetta mjög einkennileg túlkun og ég vil benda mönnum á að það er ekki spurningin um það hvernig við túlkum samninginn heldur er það spurningin um það hvernig Evrópubandalagið túlkar samninginn því að það eru þeir sem eiga að ráða hvernig túlkunin verður, ekki Íslendingar. Því miður er það svo. Mér sýnist því á öllu að þarna hafi orðið mistök eða kannski að Evrópubandalagið hafi gert kröfu sem Íslendingar hafi látið undan eins og þeir hafa gert í svo mörgum málum að því er varðar þennan samning.

Mér finnst það koma æ betur í ljós að þessi samningur er alls ekki til hagsbóta fyrir Ísland, hann er alls ekki hagstæður Íslendingum og mér sýnist á þessu að hann sé langt frá því að vera hagstæður íslenskum *landbúnaði. Það kemur kannski ekki neinum á óvart að* utanrrh. Alþfl. skuli fallast á slíka setningu þar sem hann hefur, eins og kunnugt er, viljað óheftan innflutning á landbúnaðarvörum og sér ekkert því til fyrirstöðu að leyfa hann. Þess vegna kemur mér í raun ekki á óvart að þessi setning hafi ekki fengist út úr *samningnum og Evrópubandalagið hafi gjarnan viljað* hafa hana inni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég er ansi hræddur um að það eigi eftir að koma fram mörg atriði lík þeim sem hér eru rædd við nánari athugun á þeim 9.000 blaðsíðum af skuldbindandi texta sem Íslendingum er ætlað að taka á sig með samþykkt samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Þá er talað um blaðsíður í broti Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins sem hægt er að margfalda með tveimur og vel það. Við heyrum á hvaða ís hæstv. landbrh. og aðrir ráðherrar standa í þessu máli. Hæstv. landbrh. viðurkenndi að hér stæði fullyrðing á móti fullyrðingu og íslenskir ráðamenn mundu freista þess að fá fram viðurkenningu á sínum skilningi á málinu og sama kom hér fram hjá hæstv. viðskrh. Þetta er náttúrlega dæmalaus staða eftir samningaviðræður sem hafa kostað Íslendinga hátt í 100 millj. kr. fram að þessu með embættismannaliðið sem dregið hefur verið á vettvang. En auðvitað er það hinn pólitíski vilji sem að baki býr og það flaustur sem einkennir þessa málsmeðferð sem veldur slíkum skakkaföllum eins og hér er hætta á að fyrir hendi séu.

Ég held að það væri líka ástæða fyrir menn að horfa betur á 19. gr. samningsins sjálfs að því er snertir viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þó að hún sé meinleysisleg á yfirborðinu, þá gæti verið að hún sé dálítið hæpin þegar farið er að lesa hana með hliðsjón af slíkum bókunum og viðaukum eins og hér er vitnað til þar segir m.a. virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir." Og síðan: „Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar sjá um að fram fari endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá."

Menn eiga að standa hér í samningaviðræðum um landbúnaðarþáttinn á tveggja ára fresti þaðan í frá eins

og með sjávarafurðir. Síðan er tilvitnun í Úrúgvæ-viðræðurnar um frekari afnám hvers kyns viðskiptahindrana í landbúnaði. Þetta litla mál á mælikvarða heildarinnar, þessa samnings, sem við erum að fá inn á borð í Alþingi, er dæmigert fyrir það sem eftir á að koma.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Tveir hæstv. ráðherrar hafa lýst yfir, sem skilningi sínum og ríkisstjórnarinnar og enn fremur þeirra embættismanna sem starfa á hennar vegum, að sú bókun sem hér er spurt um hindri Íslendinga ekki í að leggja á jöfnunargjald til þess að verja sína hagsmuni. Ég tel auðvitað eðlilegt að þetta sé kannað nánar í þeirri vinnu sem fram undan er en þessi skilningur ríkisstjórnarinnar verður auðvitað að vera það sem gildir í þessum samningum sem um er að ræða.

Ég vona að ég fari ekki út fyrir fundarefnið þó að ég veki athygli á einkennilegri frétt sem kom í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi frá aðalfundi Sláturfélags Suðurlands. Þar segir að ítarlega hafi verið rætt um að félagið vanti kindakjöt til sölu. Talsverð rimma hafi verið um þessi mál síðsumars í fyrra þegar forstjóri Sláturfélagsins lýsti því yfir að Sláturfélag Suðurlands fengi ekki allt það kindakjöt sem fyrirtækið þyrfti á að halda og aðrir aðilar hefðu þar sérstöðu. Þess vegna þyrfti að auka framleiðslu á öðrum kjöttegundum til að fullnægja kjötþörf þessa fyrirtækis. Ég hlýt að spyrja hæstv. landbrh. að því í tilefni þessarar fréttar hvort ráðuneytið muni ekki bregðast við þessari stöðu og hvort það sé svo að stórir viðskiptaaðilar á innlendum markaði með kjöt og kjötvörur fái ekki kindakjöt til sölu eins og þeir þurfa. Það er sannarlega ekki undarlegt að samdráttur hafi orðið í sölu á þessari framleiðslu á síðustu árum. Afleiðingin er sú að við gríðarlegan vanda er að etja í sveitum landsins og raunar, ef svo heldur fram, mun það kippa stoðunum undan afkomu og byggð á stórum svæðum á landinu. Ég vænti þess að ég fari ekki út fyrir dagskrárefnið þótt ég spyrji um viðbrögð við þessari frétt.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér er fjallað um afar mikilvægt mál sem er hluti af samningum um Evrópskt efnahagssvæði sem eiga eftir að koma til umfjöllunar á Alþingi. Það er því miður þannig að ýmsar af yfirlýsingum hæstv. utanrrh. og ýmsar upplýsingar sem hafa komið fram á undanförnum mánuðum hafa verið þess eðlis að þær hafa aukið tortryggni manna í garð þessa samnings. Það er ekki heldur óeðlilegt að menn verði tortryggnir að því er varðar þennan þátt vegna þess að hæstv. utanrrh. er yfirlýstur áhugamaður um að auka innflutning á landbúnaðarvörum til landsins. Það er eitt að þurfa að beygja sig fyrir samningsniðurstöðu þar sem menn halda af fullri einurð á okkar rétti en annað ef menn vilja nota tækifærið í samningunum til að koma fram því stefnumáli utanrrh. og Alþfl. að auka innflutning á landbúnaðarvörum. Það mátti skilja á hæstv. landbrh. að hann hefði ekki verið hafður með í ráðum þegar þessi niðurstaða kom þann 4. des. og því er haldið hér fram að ríkisstjórnin hafi þennan og þennan skilning. Því hljótum við að spyrja: Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að koma þessum skilningi sínum á framfæri? Setti ríkisstjórn Íslands fram bókun um þetta mál þann 4. des. eða er þessi skilningur eingöngu í ríkisstjórnarherberginu og hefur honum ekki verið komið á framfæri? Ef þessum skilningi hefur ekki verið komið á framfæri hlýt ég að spyrja: Hvers vegna hefur það ekki verið gert og hvenær verður honum komið á framfæri?

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. hefur upplýst að það var Evrópubandalagið sem gerði kröfu um að þetta ákvæði kæmi inn í samninginn. Evrópubandalagið hefur auðvitað haft sínar ástæður fyrir því. Hæstv. landbrh. upplýsir einnig að ýmis ríki Evrópubandalagsins séu þeirrar skoðunar að þetta ákvæði banni Íslendingum að leggja á jöfnunargjöld í því skyni að vernda íslenskar framleiðsluvörur. Síðan hefur ráðherrann rakið það að innan íslensku ríkisstjórnarinnar sé hinn og þessi skilningur á málinu. Og hv. þm. Pálmi Jónsson kemur hér og segir: „Skilningur ríkisstjórnarinnar verður að vera það sem gildir." Virðulegi forseti. Það er afar erfitt að taka þátt í þessari utandagskrárumræðu með nauman ræðutíma og ráðherrann er ekki í salnum og er á fundi í hliðarherbergi. (**Landbrh.:** Ráðherrann er í salnum.) Hann er á fundi í hliðarherbergi á fundi með tveimur embættismönnum. (Gripið fram í.) Ég er ekki í neinni þingskapaumræðu, virðulegur ráðherra, en ég ætlaði að bera fram fyrirspurn til ráðherrans og hafa aðdraganda að henni. Ég get það ekki ef ráðherrann er önnum kafinn í samræðum við tvo embættismenn. Ég mælist því til þess að ég fái svo sem hálfa mínútu eða meira í viðbót til að bera fyrirspurn mína upp. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess en óskar jafnframt eftir því að ráðherra sé í salnum.)

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að skilningur ríkisstjórnar yrði að vera það sem gilti. En virðulegur þingheimur. Það er einmitt kjarni EES-samningsins að það er ekki skilningur íslensku ríkisstjórnarinnar sem gildir. Svo einfalt er nú málið. Með EES-samningnum eru menn að skrifa undir, ekki bara viðskiptaþætti heldur lagakerfi og úrskurðakerfi þar sem skilningur íslensku ríkisstjórnarinnar gildir ekki. Þess vegna hefur það tiltölulega lítið að gera með vissu þessa máls að hæstv. landbrh. og hæstv. iðnrh. þylji hér hver sé skilningur íslensku ríkisstjórnarinnar. Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða aðili verður það þegar EES-samningurinn verður kominn í gildi sem kveður upp úrskurðinn sem íslenska ríkisstjórnin verður að beygja sig undir í málinu? Ég óska eftir mjög stuttu svari, einni eða tveimur setningum, þannig að hæstv. landbrh. geti upplýst okkur, sem erum kannski ekki mjög vel lesin enn í málinu, um það hver verður úrskurðaraðilinn sem fellir dóminn þegar krafa Evrópubandalagsríkjanna stendur á móti fullyrðingu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna þeirra spurninga sem hv. 1. þm. Austurl. og hv. 8. þm. Reykn hafa beint til hæstv.

landbrh., mín og ríkisstjórnarinnar vil ég taka það skýrt fram að sá skilningur sem við lýstum hér áðan, ég og landbrh., hefur komið fram af hálfu íslensku samningamannanna og honum hefur verið komið á framfæri við samningamenn Evrópubandalagsins. Málið verður útkljáð á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar sem ákvæði eru um í samningnum eins og þingmönnum er kunnugt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í örstuttri ræðu áðan, fyrri ræðu hæstv. iðnrh., komu fyrir orðin túlkun, mat, skilningur. Það voru í raun og veru hin efnislegu svör þegar staða málsins var reifuð. Það er túlkun okkar, það er mat ríkisstjórnar, það er skilningur íslenskra yfirvalda. Það voru efnislegu svörin sem hæstv. iðnrh. flutti hér áðan. Það er ekki nóg, það er ekki það sem gildir, það dugar okkur ekki. Er verið að reyna að segja okkur að þetta afdráttarlausa orðalag merki ekki neitt, það breyti engu, það hafi engin áhrif á stöðu Íslands? Þá er auðvitað næsta spurning: Hvers vegna var það þá sett inn? Er það bara upp á skraut til þess að eyða pappír eins og nóg af honum hafi ekki farið í þennan samning? Það er mjög sérkennilegt að Evrópubandalagið sé að krefjast þess að þetta sé sett inn í samninginn, eins og landbrh. upplýsti hér, ef enginn tilgangur er með því af neinu tagi nema pitsur og pasta hugsanlega af því að það hefur verið flutt inn til landsins. Enska orðalagið er algerlega afdráttarlaust og það stendur í beinu framhaldi af undanþáguákvæðunum ef ég má leyfa mér að lesa það upp á frummálinu, herra forseti. „However, the amounts of import charges levied at the border shall not in any case exceed the level applied by Iceland in 1991 to imports coming from any contracting party." Það er a.m.k. ekki hægt að misskilja þetta orðalag en hins vegar er spurningin: Til hvers tekur það? Mér þykir dálítið merkilegt ef menn leggja í allt þetta erfiði bara út af pitsum og pasta hjá þeim í Evrópubandalaginu.

Þetta verður auðvitað að fást á hreint og ég ráðlegg hæstv. ríkisstjórn að vera komin með skýr svör í þessu efni áður en málið verður lagt fyrir þingið því að á því stendur sjálfur grundvöllur þess hvort íslenskur landbúnaður getur eitthvað varið sig fyrir innflutningsfrelsi í þessum efnum eða ekki. Hér er í besta falli á ferðinni afar óheppilegt orðalag sem íslenskir samningamenn hafa fallist á að láta fara inn í samninginn, í versta falli eitthvað miklu verra. Túlkun, mat og skilningur dugar okkur ekki í þessum örlagaríku málum, herra forseti. Við verðum að fá þar alveg hreinar línur.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég skal vera mjög fljótur. Ég óska eftir því að það verði upplýst, annaðhvort í þessari umræðu eða fyrir þingnefnd, hvort sem það er fyrir hv. landbn. eða hv. utanrmn., með hvaða hætti þessum skilningi ríkisstjórnarinnar hefur verið komið á framfæri. Það hlýtur að hafa verið gert annaðhvort með sérstakri bókun eða sérstöku bréfi. Ég trúi því ekki að fyrirvara eða bókun í svo mikilvægu máli sem þessu hafi verið komið á framfæri með almennum orðum. Því hlýt ég að óska þess í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. viðskrh. að það verði upplýst hér hvernig það hefur verið gert og hvert orðalagið er.

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin sem að sumu leyti voru skýr þó að ég sé að sjálfsögðu óánægður með niðurstöðuna. Hann sagði afdráttarlaust: Þessi setning kom inn eftir kröfu Evrópubandalagsins. Í texta á ensku sem ég hef frá 15. nóv. er þessi töluliður líka en með allt öðrum texta sem ekki sakar okkur. En á þessum tíma, sem sagt 4. des., kom Evrópubandalagið með þessa kröfu og undan henni er látið. Það er ekki rétt að þetta sé sameiginlegur skilningur allra starfsmanna ríkisins. Ég las hér upp bréf frá starfsmanni iðnrn. frá 24. apríl þar sem hann varar við þessari setningu og segir að þarna þurfi að breyta „in any case" í enska textanum í „in other case" sem gerbreytir auðvitað merkingu setningarinnar þar sem þá er átt við það sem á undan er komið. En svo kemur það fram hjá hæstv. landbrh. að búið sé að þreifa eitthvað á þessu núna og komið hafi fram mótmæli frá sumum Evrópubandalagslandanna og nú eru þrjár vikur frá því að starfsmaður iðnrn. skrifar bréfið. Það var skrifað meira en viku áður en samningurinn var undirritaður.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrst út af fyrirspurn hv. 1. þm. Norðurl. v. Ákveðið hefur verið að hafa samband við Sláturfélag Suðurlands og aðra sláturleyfishafa vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í sölumálum dilkakjöts. Ég vil segja það almennt um þær umræður sem hér hafa farið fram að þannig var ástandið, þegar þessi ríkisstjórn var mynduð, að ekki hafði verið mætt á þeim fundum þar sem fjallað var um landbúnaðarmál í þeim samningaviðræðum sem fram fóru milli EFTA og Evrópubandalagsins. Vegna þeirrar framkomu fyrri ríkisstjórnar var engum sérstökum fyrirvörum komið fram varðandi einstakar landbúnaðarvörur. Þegar þessi umræða mátti sér stað í maí sl. stóðu þeir sömu menn, fulltrúar síðustu ríkisstjórnar, upp á Alþingi og töluðu mikið um að það ætti að opna allar gáttir fyrir Smjörva, Létt og laggott og öðrum slíkum vörum. Á þeim fundi, sem ég vitnaði áðan til, hinn 4. des. sl., náðist það fram að undanþágan fyrir Ísland náði yfir ís, Smjörva og Létt og laggott að fullu. Það hefur í för með sér að Ísland má halda tollum og innflutningstakmörkunum og/eða banni á þessum vörum. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Þetta lá ekki ljóst fyrir þegar ríkisstjórnin var mynduð og einmitt á þeim tíma voru menn mjög uggandi um að þarna hefði opnast mikið bil.

Ég vil í öðru lagi taka það fram að innan GATT lá tilboð fyrir frá síðustu ríkisstjórn um að það ætti að leyfa frjálsan innflutning á öllum tegundum landbúnaðarvara. Sú heimild hefur verið túlkuð þannig að hún ætti að taka til 1–5% af innflutningnum eftir því hver hefur túlkað þau ummæli. Það liggur því alveg ljóst

fyrir að þar var opnað fyrir innflutning á öllum tegundum landbúnaðarvara af síðustu ríkisstjórn.

Ég ítreka það sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. að Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra hefur komið fram skilningi okkar Íslendinga í sambandi við þá bókun sem hér hefur verið talað um. Það liggur ljóst fyrir og hefur komið fram ítrekað í viðræðum hans við landbrn. Það liggur líka ljóst fyrir um þær vörur sem raunverulegt innflutningsbann hefur verið á, eins og jógúrt og smjörlíki, að við höfum fullan rétt til að leggja á þær verðjöfnunargjald sem er auðvitað staðfest í þeim viðræðum sem við höfum átt innan GATT.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú er þeim tíma sem ætlaður var til utandagskrárumræðu lokið en hv. 4. þm. Norðurl. e. tekur til máls og ber af sér sakir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hvimleitt satt best að segja þegar hæstv. landbrh. er búinn að fá fjölda af spurningum og hefur nauman ræðutíma, þá ver hann honum til þess að ráðast á menn um óskyld málefni eða fjarskyld a.m.k. og hefur ekki einu sinni tilburði til þess að svara því sem hann er spurður um og er dagskrárefnið í umræðunni. Það er auðvitað ákaflega bagalegt, sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. landbrh. var hér síðasti ræðumaður og þeim tíma sem ætlaður er til þessarar umræðu er lokið. Þetta á auðvitað þingreyndur maður, eins og hæstv. landbrh., að vita að eru ekki mannasiðir, herra forseti, með þínu leyfi. Þetta eru ekki mannasiðir í samskiptum hér í þinginu. En það er svo sem ekkert nýtt fyrir okkur sem höfum starfað nokkur ár í þessari stofnun og þekkjum hæstv. landbrh. og þau hamskipti sem hann hefur stundum tekið að verða fyrir svona lífsreynslu af hans hálfu.

Hæstv. landbrh. bar hér sakir á fyrrv. ríkisstjórn, fyrst og fremst auðvitað á hæstv. utanrrh., sem var einnig utanrrh. í þeirri ríkisstjórn. Hæstv. landbrh. hefur svo sem gert þetta áður. Það alvarlegasta er að annaðhvort veit hæstv. ráðherra svona sáralítið um það hvernig forsaga þess máls er, sem hann er að fjalla um, eða hann fer hér beinlínis með blekkingar. Hæstv. landbrh. hlýtur að vita eða þyrfti a.m.k. að vita að landbúnaðarmál voru fyrst í stað utan við umræðurnar um samningaviðræður um EES. Lengi vel var það svo að það var ekki reiknað með því að það yrði í raun og veru tekið á landbúnaðarmálunum enda kom aldrei til greina að hin sameiginlega landbúnaðarstefna Evrópubandalagsins yrði hluti af þessum samningi af hálfu EFTA-ríkjanna. Það lá ljóst fyrir. Hins vegar tóku mál að þróast þannig, þegar leið á síðasta hluta líftíma fyrri ríkisstjórnar, að kröfur komu um það frá Evrópubandalaginu að taka landbúnaðarmálin inn. Fyrst í stað stóð hæstv. utanrrh. á móti því að ræða þá hluti vegna aðstæðna sem uppi voru í viðræðunum. Það var hann sem stjórnaði málsmeðferðini og viðræðunum í þessum efnum. Auðvitað er það sérkennilegt að heyra hæstv. landbrh. ráðast með þessum hætti að hæstv. utanrrh. nema hann sé að nota sér tækifærið með þessum hætti til að skamma hæstv. utanrrh. fyrir hluti sem síðan hafa gerst í viðræðunum vegna þess að hann sé ekki maður til að viðurkenna þau slys sem hafa orðið í samningaviðræðunum á síðustu mánuðum, m.a. 4. des. og auðvitað með undirskriftinni núna í byrjun maí. Ég held að hæstv. landbrh. ætti bara að gæta sín pínulítið í þessum efnum. Það er auðvitað óhjákvæmilegt ef hann heldur áfram uppteknum hætti að taka þá tíma í að ræða þetta ítarlega og auðvitað væri það mjög æskilegt ef hægt hefði verið að skapa tíma fyrir ítarlegri umræður um þetta grafalvarlega mál. Svör hæstv. landbrh. voru engin og hann bætir síst málstað sinn eða stöðu sína með því að verja mestöllu af takmörkuðum ræðutíma sínum í tilefnislausar, ástæðulausar og órétttmætar árásir á fyrri ríkisstjórn. Það bætir ekki á nokkurn hátt úr þeirri stöðu sem hæstv. landbrh. er í og ég held að hann sé í þeirri kastþröng í þessum efnum, því sambúðin við hæstv. utanrrh. er ekki betri en það, að honum veiti ekki af góðra manna samúð hér í þinginu en eigi ekki að standa í því að útrýma því litla sem eftir er af henni með framkomu af því tagi sem við upplifðum hér áðan.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég bar fram mjög einfalda og málefnalega spurningu til hæstv. landbrh. Hún var á þá leið að þar sem ráðherrann hefur lýst því að Evrópubandalagið hafi annan skilning á því hvað felist í þeirri grein EES-samningsins, sem hér hefur verið til umræðu, en ríkisstjórn Íslands, hver er það þá sem ákveður endanlega hvaða skilningur ræður? Þetta er mjög einföld, málefnaleg og skýr spurning. Ég fékk ekkert svar við henni frá hæstv. landbrh. Í stað þess ræðst hæstv. landbrh. á mig og aðra fyrrv. ráðherra í síðustu ríkisstjórn með ómálefnalegum dylgjum, sleggjudómum og æsingi. Ég velti því fyrir mér hvernig stendur á því að ráðherrann kýs að fara þessa leið. Er málstaðurinn svona vondur? Er varnarstaðan svo hæpin að ráðherrann leggi ekki í að segja í áheyrn hv. þm. Pálma Jónssonar og hv. þm. Egils Jónssonar að það verði ekki íslenski landbrh. sem ráði þessu? Er það kannski það sem verið er að fela með því að snúa umræðunni upp í árásir á mig og aðra sem voru í fyrrv. ríkisstjórn, að hæstv. landbrh. leggur ekki í að viðurkenna það í ræðustól á Alþingi að hann verður búinn að missa tökin á þessu máli þegar EES-samningurinn verður fullgildur og ríkisstjórn Íslands verður þá líka búin að missa tökin á málinu þegar samningurinn um EES verður fullgildur. (**Landbrh.:** Ég óska að bera af mér sakir.) Já, það væri gott ef hæstv. ráðherra bæri af sér sakir, það væri gott og hvet ég hann til þess. En ég bið hann þá jafnframt um að svara þessari einföldu spurningu minni. Hann hefur lýst því að Evrópubandalagið hafi knúið á um að fá þetta ákvæði inn og það hafi fengið það inn. Nú er rokið upp og reynt að hafa einhvern annan skilning af hálfu ríkisstjórnar Íslands og hver kemur þá til með að ráða? Þá vil ég taka und-

ir með hv. þm. Jóni Helgasyni. Það er auðvitað afar merkileg staða sem nú er upp komin að íslenskir bændur, þjóðþingið og stjórnvöld muni líklega í eitt til tvö ár vera í algerri óvissu um það hvort innflutningur á þessum landbúnaðarvörum muni verða hér að veruleika á grundvelli EES-samningsins. Ef það er stofnun EES-svæðisins sem á að úrskurða, sem ég tel að sé og væri fróðlegt að heyra skoðun landbrh., þá mun þetta mál ekki fást á hreint fyrr en einhvern tíma á árunum 1993–1994. Eða með öðrum orðum, allar áætlanir um íslenska landbúnaðarframleiðslu verða í uppnámi þangað til. Við erum því ekki að tala hér um eitthvert smámál. Þetta er auðvitað mál af þeirri stærðargráðu að hæstv. ráðherra verður að tala alveg skýrt þegar hann er spurður einfaldra spurninga en ekki að ráðast á fyrri ríkisstjórn út af allt öðru máli. Ég er alveg tilbúinn að ræða það við hæstv. ráðherra undir öðrum dagskrárlið en ekki þegar hann er síðastur á mælendaskránni og enginn annar hefur aðstöðu til þess að tala. Það var auðvitað aðferðin sem ráðherrann kaus, að nota sér þetta til að reyna að koma höggi í óskyldu máli á menn sem samkvæmt lögmálum umræðunnar höfðu ekki rétt til að taka til máls með eðlilegum hætti. Ég vil þess vegna brýna hæstv. ráðherra til að ræða landbúnaðarmálin ekki svona framvegis þegar EES-samningurinn kemur til umræðu. Við sem viljum málefnalegar umræður um þennan EES-samning frábiðjum okkur það að ráðherrarnir grípi til ómerkilegra bragða af því tagi sem hæstv. landbrh. gerði hér áðan nema það sé staðreyndin að hann þori ekki að segja það í áheyrn þingmanna Sjálfstfl. að ef EES-samningurinn verði staðfestur muni landbrh. Íslands, Halldór Blöndal, ekki lengur hafa þetta vald á sinni hendi heldur stofnanir Evrópubandalagsins og EES-svæðisins.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að ekki var gert ráð fyrir að halda áfram umræðu um það mál sem var rætt hér utan dagskrár en hæstv. landbrh. tekur til máls og ber af sér sakir.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Ákvörðun var tekin um það í febrúarmánuði á árinu 1991 að draga Íslendinga út úr þeirri nefnd sem fjallaði um landbúnaðarmálin. Þannig stóðu sakir þegar stjórnarskipin urðu. Ef fyrrv. ráðherrar skilja þetta svo að með því að rifja þetta upp sé verið að ráðast á þeirra eigin stjórnarathafnir, þá verður þeirra mat að standa. Mín vegna má gera það.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eðli þeirra þingskapa að leyfa hálftímaumræður utan dagskrár með mjög takmörkuðum umræðutíma, eina til tvær mínútur á hvern þingmann, er að fá fram skýr svör ráðherra við stuttum spurningum þingmanna. Ég bar fram, eins og ég hef sagt, bæði áðan og í umræðutímanum einfalda spurningu til hæstv. landbrh. sem hægt var að svara með einni setningu. Hann fékk annað tækifæri til að svara þessari spurningu, hann gerði það ekki. Ég vil mótmæla því að ráðherrar séu að misnota reglur þingsins til að ráðast að þingmönnum í stað þess að svara þeim spurningum sem ætlast er til að þeir svari sem ráðherrar í ríkisstjórn Íslands. Það fylgir því ábyrgð, hæstv. ráðherra Halldór Blöndal, að vera ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Það er að veita þingi og þjóð skýr svör við einföldum spurningum. Það er auðvitað mjög athyglisvert að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur hæstv. landbrh. ekki fengist til að svara því í ræðustóli Alþingis hver mun úrskurða um þessi jöfnunargjöld eftir að EES-samningurinn hefur tekið gildi. Hæstv. landbrh. treystir sér ekki til að svara því. Kannski er það vegna þess að hann hefur ekki enn þá lesið EES-samninginn og kannast ekki við lagakafla og úrskurðarkafla samningsins. Ég ætla ekki að væna hann um það. En það er auðvitað mjög merkilegt að ráðherrann skuli ekki leggja í að svara þessari spurningu. (**Forseti:** Forseti vill minna hv. þm. á að hann er að ræða um gæslu þingskapa.) Ég ætlaði, virðulegi forseti, að biðja forseta þess vegna á þeim skamma tíma sem eftir er af þessu þingi að áminna ráðherrana um það utan þingsalar til að greiða fyrir umræðum að þeir svari þeim einföldu spurningum sem til þeirra er beint á málefnalegum grundvelli því að við höfum engan áhuga á að standa í skaki af því tagi sem við þurfum að gera hér, en við látum heldur ekki bjóða okkur það að ráðherrarnir svari ekki einföldum og skýrum spurningum. Ég vil þess vegna beina því til forsetans, til að greiða fyrir þingstörfum næstu sólarhringa, að ráðherrarnir hagi sér með eðlilegum hætti.

Að lokum vil ég svo ítreka það að enginn ráðherra, hvorki landbrh. né viðskrh., hefur treyst sér til þess að fullyrða að athugasemdir Íslands við þessa samningsgrein hafi verið fluttar með skriflegum hætti. Ég vek athygli manna á því. Þessir ráðherrar voru spurðir að því: Hefur verið bréfað um þennan skilning íslensku ríkisstjórnarinnar? Hefur verið bókað um þennan skilning íslensku ríkisstjórnarinnar? Þeir hafa ekki treyst sér til að svara því. Það eina sem þeir hafa sagt er að Gunnar Snorri Gunnarsson, embættismaður í utanrrn., hafi fjallað um málið. Þótt þeir séu spurðir um bókun eða bréf skjóta þeir sér undan að svara. Ályktunin, sem hægt er að draga af þessu, er einfaldlega sú að íslenska ríkisstjórnin hefur hvergi á blaði lagt fram þennan skilning á þessari sérstöku grein gagnvart Evrópubandalaginu. Þá er auðvitað alveg ljóst að vígstaða Íslands til að andmæla skilningi Evrópubandaslagsins á greininni, þegar stofnanir EES-svæðisins fara að fjalla um málið, verður nánast engin.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég átti hlut að því sem þingflokksformaður að samþykkja að hér færi fram umræða af styttri gerð um það efni sem hv. 2. þm. Suðurl. hóf máls á. Ég sé nú að sá tími hefur ekki nægt. Þó hefur það komið fram í þessari umræðu að ríkisstjórn Íslands veit takmarkað um þetta mál og ef það er tillfellið að Evrópubandalagið hafi sett þessar setningar inn í samninginn eða þær hafi verið settar að kröfu

Evrópubandalagsins ætlar Evrópubandalagið sér að nota þær því að annars væri það ekki að krefjast þess að þær færu hér inn.

Um þingsköp.

Tilhögun þinghalds.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að fá betri vitneskju um það hvernig á að haga þinghaldinu í dag. Ég veit ekki betur en hér standi yfir nefndarfundur í allshn. Fundur var boðaður kl. 11 í morgun en jafnframt var boðaður nefndarfundur í sjútvn. 20 mínútum fyrir 11 um mikið stórmál sem við viljum gjarnan greiða fyrir að nái fram að ganga. Síðan hefur sjútvn. verið boðuð til fundar kl. 11 í fyrramálið um það mál. Nokkrum mínútum síðar fékk ég fundarboð um að þessi nefndarfundur ætti að vera kl. 1. Það er náttúrlega alveg ljóst, hæstv. forseti, að það verður að komast á meiri vissa um tímasetningar í þessum málum vegna þess að við hv. þm. viljum að sjálfsögðu vera viðstaddir umræður um þessi mál. En ef verið er að breyta þessu fram og til baka mun það ekki verða til þess að þinghaldi ljúki með eðlilegum hætti. Ég hvet þingflokksformenn og forseta þingsins til að koma saman og reyna að koma einhverju skipulagi á þinghaldið. Mér sýnist að það sé afar lítið skipulag á því og það veit nánast enginn hvað hér á að taka fyrir eða hverju á að reyna að ljúka á þessu þingi.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseta er ljóst að það er ekki létt verk fyrir formenn nefnda þingsins að skipuleggja nefndastarfið svo mikið sem álagið er á þeim. En forseti er að sjálfsögðu tilbúinn til að greiða fyrir, eins og vera ber og hægt er, því að hér sé sem best skipulag á nefndastörfum og að nefndir starfi sem best að þeim mikilvægu málum sem unnið er í þinginu.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl. kvartaði undan því að hann hefði verið boðaður á fund sjútvn. kl. 11 í fyrramálið og litlu síðar hafi fundinum verið frestað til kl. 13. Það er sunnudagur á morgun og ég held að það hafi ekki verið talað um að halda neina þingfundi þá. Breytingin er komin til vegna beiðni frá þingmanni í nefndinni sem gat ekki komið kl. 11. Það var rétt búið að dreifa þessu þegar hann kom og bað um þessa breytingu. Það var reynt að hliðra til um tvo tíma. Ég held að það hafi ekki gefið ástæðu til að fara í ræðustól til að kvarta undan því sem var leiðrétt nokkrum mínútum seinna.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Það má vel vera að ekki sé ástæða til að fara í ræðustól til að ræða mál sem þessi. Ég var ekki eingöngu að tala um þennan fyrirhugaða nefndarfund á morgun heldur þinghaldið almennt. Þótt einstakir þingmenn kvarti yfir nefndartíma og honum sé síðan breytt vegna óska þeirra þá eru níu þingmenn í nefnd og þess þarf að sjálfsögðu að gæta að sem flestir geti mætt. Ég er að kvarta undan því að það er lítið skipulag á þinghaldinu og menn vita ekki hvernig á að standa að málum. Ríkisstjórn Íslands virðist ætla að afgreiða svo mörg mál að það er algerlega útilokað og engin leið að ljúka nema örfáum málum það sem eftir er þingsins. Auðvitað þarf að skipuleggja tímann með tilliti til þess. Hvort það er nauðsynlegt að fara inn á messutíma af þeim sökum og afsakanlegt skal ég ekki fullyrða. Það á ekki að gera nema í neyðartilvikum. Það stendur í lögum að fundi skuli ekki halda á slíkum tímum. Þó hefur stundum verið brugðið út af því í algerum neyðartilvikum. Það eru ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem búa til þá neyð með skipulagsleysi á Alþingi og verða að bera ábyrgð á því.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 1. þm. Austurl. varðandi skipulag þingstarfa og mig langar að gera það að umtalsefni. Nú rignir yfir okkur þingskjölum og það er afar umhugsunarvert sem er að gerast. Nú skal það viðurkennt að ég hef ekki langa þingreynslu en hér er verið að dreifa til okkar mjög stórum málum, frumvörpum sem koma frá ríkisstjórninni og það eru tugir brtt. við þessi frumvörp. Það liggur fyrir að afgreiða lög um málefni fatlaðra þar sem eru gerðar yfir 80 brtt. Hér er verið að dreifa brtt. við lög um vernd barna og ungmenna með 31 brtt. Í dag greiddum við atkvæði um brunalög með, ef ég man rétt, 14 brtt. Hér er verið að dreifa máli, sem við unnum í landbn. og ekki veitti af, með tíu nýjum brtt. eða nýjum greinum. Þetta er reyndar nýtt frv. Það var hreinlega tekið upp og samið upp á nýtt. Við hljótum að spyrja: Hvers konar vinnubrögð eru það þegar mál koma svona illa unnin frá ráðuneytunum að það þarf að gera tugi brtt.? Er ekki betra að fara sér hægar og vinna málin betur en lenda í slíkri allsherjarvitleysu síðustu dagana? Ég spyr, herra forseti: Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Svo erum við á fundum hér frá því kl. 8 á morgnana og fram yfir miðnætti til að reyna að leiðrétta vitleysuna úr ráðuneytunum og ríkisstjórninni. Þetta er ekki boðlegt. Það er ekki boðlegt að fara svona með tíma fólks.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti verður að viðurkenna það að hann er vanur löngum vinnutíma svo að sá vinnutími, sem hér hefur tíðkast að undanförnu, kemur honum ekki á óvart í sjálfu sér. En auðvitað er mikið álag á þingmönnum og síðustu daga þingsins kemur mikið fram af brtt. við frumvörp. Forseti verður að lýsa því að það eru fyrst og fremst merki þess að hans mati að vel er unnið að hér skuli koma fram vel undirbúnar brtt. frá nefndum þingsins við þau mikilvægu frv. sem hér eru til meðferðar og afgreiðslu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm.

Kristínu Ástgeirsdóttur að við erum komin í nokkuð mikinn vanda. Ég verð að biðja virðulegan forseta að hugleiða það yfir helgina með hvaða hætti forseti og félagar hans á forsetastóli beita sér fyrir því að við lendum ekki í gersamlega óviðunandi aðstöðu.

Fyrr í dag gerðist það að fara átti fram atkvæðagreiðsla um málefni fatlaðra. Það er mjög merkilegur málaflokkur. Þar eru 80 brtt. (**Gripið fram í:** 81.) eða 81, látum þessa einu liggja á milli hluta, 80 brtt. er afar óvenjuleg tala. Við vildum vanda afstöðu okkar í þessu máli í þingflokki Alþb. vegna þess að málið er mikilvægt og þar að auki eru í okkar þingflokki ýmsir einstaklingar sem um árarаðir hafa starfað á þessu sviði. Við höfðum engan tíma á þeim hálftíma sem gafst til þingflokksfundahalda til að átta okkur á öllum þessum brtt. Þegar við biðjum síðan um frest fáum við það framan í okkur frá ýmsum stjórnarþingmönnum á göngum þingsins hvort við séum á móti málefnum fatlaðra. Með öðrum orðum er verið að stilla málinu þannig upp að ef þingmenn vilja vanda vinnu sína eru þeir að komast í þá aðstöðu að þeir séu á móti málaflokknum. Ég segi þetta vegna þess að hér eru komnar brtt. upp á rúmar tvær síður, 31 brtt. við frv. um vernd barna og unglinga. (**Gripið fram í:** 44 tillögur.) Nú, 44 tillögur við frv. um vernd barna og unglinga. Það má vel vera að þetta séu allt ágætis tillögur. En það verður þá að skapa tíma í þinginu, virðulegi forseti, í dagskrá þingsins á mánudaginn til þess að þingflokkarnir fái tíma til þess að fara yfir brtt. og átta sig á þeim.

Tilefni þess að ég fór hingað upp er að biðja forseta að forða því eftir helgina að okkar þingflokkur eða aðrir þingflokkar lendi í svipaðri kastþröng og í dag og það verði skapaður tími eftir helgina fyrir þingflokkana til að ræða þessar brtt. og meta í sameiningu hvað þeir gera. Ég vil ekki lenda í því að mínum flokki, Alþb., verði stillt upp við vegg eftir helgina af stjórnarliðinu og kannski opinberlega í fjölmiðlum og sagt í háðstóni: Eruð þið á móti vernd barna og unglinga? Eruð þið á móti fötluðum? Bara af því að við viljum fá tíma í þingflokknum til þess að skoða brtt. efnislega. Við erum alveg tilbúnir að standa að afgreiðslu þessara mála í sjálfu sér. En við viljum fá að vita hvað við erum að gera. Það er þess vegna ósk mín, virðulegi forseti, að hér eftir helgina (**EgJ:** Átti ekki Alþb. fulltrúa í þeirri nefnd?) Jú, Alþb. á fulltrúa í nefndunum, virðulegi þm. Egill Jónsson. En þegar þannig er að nefndafundir eru haldnir á þingfundatíma, og hér hafa líklegast verið 5–6 nefndafundir í dag meðan þingfundur hefur staðið, þá gefst ekki tími til að upplýsa þingmenn um það hvað er að gerast. Þess vegna, virðulegi forseti, er ég að biðja um það fyrir hönd míns flokks að það verði skapaður þingflokksfundatími eftir helgina áður en atkvæðagreiðslurnar fara fram. Við erum ekki í þessu færibandakerfi Davíðs Oddssonar, hv. þm. Egill Jónsson. (Gripið fram í.) Stjórnin á flokknum er ágæt, hv. þm., en það sama verður ekki sagt um Sjálfstfl. um þessar mundir. Hv. þm. Egill Jónsson þurfti t.d. að biðja um sérstaka umræðu í þinginu í gær held ég vegna vandræðagangs hjá ríkisstjórninni og Sjálfstfl. varðandi þau mál sem hv. þm. eru kær. Það er merkilegt þegar óstjórnin er orðin slík að hv. þm. Egill Jónsson verður að nota tíma okkar hinna hérna í þinginu vegna innanflokkserfiðleika í Sjálfstfl. Ég held að hann ætti ekki að sitja á fremsta bekk og tala um stjórn á flokkum nema hann hafi sérstakan áhuga á að greiða fyrir umræðum í þinginu og sé að leggja sig fram um að tefja fyrir ríkisstjórninni með þessum hætti. Þetta sé því lúmsk aðferð hjá þingmanninum til að tefja fyrir ríkisstjórninni.

Mín ósk var einfaldlega einlæg vegna þess að hér eru á ferðinni mikilvægir málaflokkar, málefni fatlaðra og vernd barna og unglinga og mikilvægt að forseti skapi tíma fyrir þingflokksfundi eftir helgina svo við getum undirbúið okkur undir það að taka afstöðu til málanna.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér er kvartað undan því af hálfu stjórnarandstöðunnar að þingstörfin gangi ekki nógu greiðlega. Við höfum upplifað það í dag hvernig ýmsir hv. þm. hafa sífellt verið að greiða fyrir þingstörfum, ef svo má segja, með tilefnislitlum þingskapaumræðum úr þessum ræðustól eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Hér hefur verið gerð athugasemd við að fram komi brtt. í mörgum liðum við frv. til laga um vernd barna og ungmenna. Þær tillögur eru frá félmn. og um þær er ekki neinn ágreiningur í nefndinni. Þegar hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir segir að það sé dæmi um vond vinnubrögð í ráðuneytunum að þetta skuli koma inn í þingið með þessum hætti þá er ég henni algerlega ósammála. Það er auðvitað eðlilegt og ekkert við það að athuga og ekkert við því að segja að þingmenn, og í þessu tilviki þingmenn úr öllum flokkum á Alþingi, hafi aðra skoðun á tilteknu máli en eru í frv. þegar það kemur frá þeirri nefnd er samdi það utan þings. Þetta er hinn eðlilegi gangur. Þetta er hin eðlilega vinna og að tala um að hér séu ný, sérstök, vond eða óvenjuleg vinnubrögð á ferðinni er auðvitað fullkomlega út í hött. Þetta eru eðlileg og rétt vinnubrögð. Þegar þingflokkarnir velja fulltrúa í nefndir sem sína trúnaðarmenn hljóta þeir fulltrúar auðvitað að láta sína þingflokka fylgjast með gangi mála í nefndunum og þeim tillögum sem þar eru uppi og þeim breytingum sem þar eru. Það er einu sinni svo í þeirri vinnu sem hér er að það geta ekki allir þingmenn komið að öllum greinum allra mála. Það er ekki framkvæmanlegt. Þess vegna er verkaskiptingin eðlileg og þess vegna finnst mér óskiljanlegar þessar athugasemdir.

Auðvitað mundu þingstörfin ganga miklu greiðar hér ef menn sneru sér að því að vinna og sinna þeim verkefnum sem eru á dagskránni í stað þess að vera með þarflitlar þingskapaumræður, tilefnislausar, tilefnislitlar a.m.k., við hvert einasta tækifæri og tefja þannig fyrir réttri og eðlilegri afgreiðslu mála. Það er nefnilega svo að það fer ekki saman krafan um langar ræður, ótakmarkaðan ræðutíma og stuttan fundartíma. Ef menn vilja tala mjög lengi og halda ítarlegar og langar ræður um hvert mál, þá fylgir því auðvitað

að fundir þingsins verða mjög langir og við því er ekkert að segja. En þeir hinir sömu geta ekki borið sig undan því að fundatími sé langur ef þeir vilja tala lengi.

Að auki vil ég bæta því við að það er talað um oft og iðulega í þessum umræðum að málfrelsið megi ekki hefta. En málfrelsi eins þingmanns í margar klukkustundir jafnvel í þessum ræðustól er málfrelsi eins en það er ófrelsi hinna sextíu og tveggja sem hér sitja.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið nokkur umræða um störf í nefndum þingsins og hvernig menn standa að þeim svo og upplýsingastreymi úr nefndum inn í þingflokka. Það er auðvitað ljóst að mál eru með misjöfnum hætti. Það fer eftir því um hvaða mál er að ræða hversu mikla vinnu þarf að leggja í þau. Þannig hefur háttað til í báðum þeim nefndum sem ég á sæti í, félmn. og allshn., að þar hafa verið mjög viðamiklir lagabálkar á ferðinni sem hefur þurft að leggja í mikla vinnu. Þannig var t.d. lögð gríðarleg vinna í frv. til laga um Brunamálastofnun enda báru brtt. þess merki að menn hefðu unnið mjög ítarlega að því og náðu saman um þær tillögur. Það segir okkur að það hefði kannski mátt skoða og vinna málið betur uppi í ráðuneyti áður en það var lagt fram.

Við höfum líka verið að ræða mál eins og um vernd barna og ungmenna sem hafði verið mikið rætt á þinginu næst á undan þessu. Lá málið fyrir í þskj. með brtt. svo að við gengum að málinu nokkuð vel unnu, a.m.k. þeir sem áður hafa setið á þingi. Við hinir sem erum nýliðar urðum að leggja heldur meira á okkur en brtt. voru þá þegar allnokkrar fram komnar.

Varðandi málefni fatlaðra hefur dálítið öðruvísi verið að því staðið en öðrum málum í þinginu, a.m.k. en þeim málum sem ég hef komið nálægt. Það er eina málið sem ekki hefur verið gefinn neinn verulegur tími til umfjöllunar í nefnd. Umsagnir voru að berast fram til 6. maí og málið var tekið út úr nefnd þann 11. maí. Það frv. hefur ekki verið lagt fram áður þannig að menn hafa ekki að neinni vinnu að ganga sem áður hefur verið unnin, enda ber það þess líka merki að það er komin fram 81 brtt. að menn hafa eitthvað við málið að athuga og það sem er merkilegt við það er að frá meiri hlutanum eða þeim sem að honum standa, ýmist saman eða hverjum í sínu lagi eru samtals um 45 brtt. Meiri hlutinn er með 45 brtt. Það segir okkur að eitthvað þarf að skoða málið.

Ég er líka með þó nokkuð margar brtt. þó að ég nái því ekki að vera jafnoki meiri hlutans. Ég vil kynna þetta mál fyrir þingflokknum, bæði mínar tillögur og tillögur meiri hlutans sem mér finnst sumar hverjar ágætar. Til þess þarf tíma og þess vegna báðum við um þann tíma og ég vænti þess að hæstv. forseti verði við því og hagi þingstörfum þannig að sá tími gefist. En ein ástæðan fyrir því að við erum í slíkri kastþröng í þessu máli eru erfiðleikar innan ríkisstjórnarinnar og ég held að hæstv. umhvrh. ætti að hlusta eftir því. Málið var lagt fram í bullandi ágreiningi milli flokkanna rétt fyrir jól. Því var ekki vísað til nefndar fyrr en 25. febr. Það er ágreiningur innan stjórnarflokkanna sem hefur gert málinu erfitt fyrir og gert það að verkum að við höfum haft ákaflega knappan tíma til að vinna í því og í raun og veru allt of knappan tíma og ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni fyrir minnihlutaáliti félmn. hver afstaða mín væri til þessara vinnubragða.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þykir umhvrh. vera orðinn mengaður af langri þingsetu. Ég er með allmörg dæmi um mál sem eru ýmist komin inn í þingið eða eru til vinnslu í nefndum og ég get tekið allnokkur dæmi. Við erum t.d. í menntmn. að glíma við frv. um fullorðinsfræðslu sem hafði legið mánuðum saman í ráðuneytinu en var skellt fram rétt áður en fresti lauk. Það kom í ljós að sú nefnd sem samdi það frv. hafði hreinlega gefist upp við mjög mikilvægan þátt frv. og leggur það þar með á herðar nefndarinnar að finna lausn á því máli.

Í efh.- og viðskn. erum við að fást við frv. um greiðslukortastarfsemi og ég verð að segja að mér fannst það alveg makalaust að það var verið að leggja það mál fram í þriðja eða fjórða skipti hér á Alþingi og það hafði ekkert verið litið á það frv. eða sáralitlar breytingar verið gerðar á því þrátt fyrir að mikil þróun hafi átt sér stað í þeim málum. Nú gerist það í morgun, á laugardegi, þegar þrír dagar eru eftir af þinginu að það er verið að dreifa nýju frv. og brtt. upp á 22 síður og við erum að sjálfsögðu ekki byrjuð að vinna í þessu. Ég vona að viðskrh. ætlist ekki til að nefndin afgreiði þetta mál frá sér.

Sú ályktun sem ég dreg af þessu og af reynslu minni hér í vetur er reyndar að það fari fram ákaflega góð vinna í nefndum, alla vega þar sem ég sit. Fólk vinnur þar eins vel og það getur en undirbúningi sé oft mjög ábótavant. Það er mín reynsla og einkum þó að það skortir samráð við þá aðila sem málið snertir og það veldur því auðvitað að þegar nefndirnar fara að kanna málið og ýmsir annmarkar koma upp þá verða allar þessar brtt. til. En ég held að það væri hægt að spara mikinn tíma ef undirbúningurinn batnar. Ég er alveg viss um að við hæstv. umhvrh. erum sammála um að það þyrfti að vera miklu betri gangur í þingstörfum og að við vildum öll að vinnutími væri með einhverjum eðlilegum hætti. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Mér kemur í hug þegar nokkrir þingmenn urðu að bregða sér úr boði umhvrh. eitt kvöldið vegna fundahalda í umhvn. Þau komu úr boðinu og lýstu því að boðsgestir, sem voru Ungverjar, voru aldeilis yfir sig undrandi yfir því að verið var að kalla þingmenn út til fundahalda að kvöldi.

Ég efast um að vinnubrögð eins og tíðkast hér séu til í nokkru öðru þjóðþingi. Alla vega veit ég að gerð var veruleg bragarbót í danska þinginu fyrir allnokkrum árum vegna mótmæla þingmanna þar við yfirgengilegum vinnutíma. Þetta er auðvitað ekkert annað en skipulagsleysi og skortur á góðum undirbúningi af hálfu ráðuneytanna og annarra þeirra sem vinna að málum og ég held að við getum verulega bætt þetta. Við getum líka bætt það með því að aga okkur betur í

vinnubrögðum í þinginu og eins og ég hef áður nefnt þá tel ég að þingflokkarnir eigi að hafa talsmenn í málum. En hins vegar er það náttúrlega engu lagi líkt þegar ríkisstjórnin dembir inn málum sem valda grundvallarbreytingum á íslensku samfélagi. Þá eigum við ekki annarra kosta völ en rísa upp og beita þeim tækjum sem við höfum sem eru þau auðvitað að reyna að koma viti fyrir ríkisstjórnina.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég bar áðan upp einfalda ósk um það að forsetar sköpuðu tíma eftir helgina fyrir fund í þingflokkum svo hægt væri bera saman bækur um afstöðu til fjölmargra brtt. sem fram hafa komið. Þetta var ósöp eðlileg og einföld ósk. Þá gerist það að hæstv. umhvrh. sér sérstaka ástæðu til að koma með árásir á okkur í stjórnarandstöðunni og flytur alls konar kenningar í stíl hæstv. forsrh. um það hver sé ástæðan fyrir því að mál tefjist í þinginu.

Ég vil í fyrsta lagi segja að ég er ekki viss um að mál tefjist mikið hérna í þinginu. En það er eitt sem að mínum dómi hefur fyrst og fremst gert erfitt fyrir síðustu dagana varðandi afgreiðslu mála og það eru fjarvistir ráðherranna sjálfra. Ég man ekki eftir því að þingi hafi verið lokið á undanförnum árum þar sem jafnmikið var um fjarvistir ráðherra að ræða. Það hefur t.d. vakið athygli að forsrh. og utanrrh., formenn stjórnarflokkanna, eru mjög lítið viðlátnir þessa síðustu daga. Tökum bara daginn í dag t.d. Það varð að fresta afgreiðslu á frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð fyrr í dag vegna þess að forsrh. var ekki mættur. Og þegar við höfum viljað átta okkur á því hvaða afstöðu formenn stjórnarflokkanna hefðu til afgreiðslu mála í þinginu og kannski viljað ræða við þá í hliðarsölum þá hafa þeir einfaldlega ekki verið mættir. Það er auðvitað ósköp eðlilegt að störfin gangi erfiðlega og illa þegar sjálfir forustumenn stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., eru meira og minna fjarverandi á þessum síðustu dögum. Ég veit engin dæmi til þess — þvert á móti hefur það verið talin einhver mikilvægasta skylda ráðherranna á síðustu dögum þingins að vera þar til staðar til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála.

Hæstv. heilbrrh. er búinn að vera fjarverandi núna lengi. Við höfum í sjálfu sér ekki verið að gera athugasemdir við það þó að við í Alþb. verðum kannski að sætta okkur við að skýrsla um málefni aldraðra, sem var borin fram ósk um í byrjun október til hans, verði tekin fyrir í þinginu fyrir þinglok án þess að hann taki þátt í umræðunum. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð af hálfu ráðherranna.

Hæstv. viðskrh. er að fara til útlanda núna um helgina þannig að hann getur ekki verið hér tvo síðustu þingdagana. Og til þess að taka tillit til þess sjónarmiðs þykktum við að hann fengi að mæla fyrir svari sínu varðandi skýrslu um iðnaðarmál og sættum okkur við það þó að sá maður, sem ætti að vera okkar talsmaður í þeim viðræðum, væri veikur í dag og gæti ekki komið til þings fyrr en eftir helgi. Þannig að ef það er eitthvað að mínum dómi sem fyrst og fremst hefur tafið fyrir síðustu sólarhringana þá eru það tíðar og sífelldar og samfelldar fjarvistir ráðherranna. Mér finnst það ekki vera góð verkstjórn hjá hæstv. forsrh. að segja ekki einfaldlega við sitt ráðherralið: Á lokadögum þingsins er öll ráðherrasveitin á staðnum. Hvaða fundir og ferðalög eru svona mikilvæg að menn þurfa annaðhvort að vera úti í bæ og geta ekki verið hér í þinghúsinu eða þurfa að vera í útlöndum? Hvað er mikilvægara á verksviði ráðherra heldur en að vera í þjóðþinginu síðustu dagana? Ekki neitt. Það er því rangt hjá hæstv. umhvrh. að einhver þingskapaumræða hafi t.d. í dag tafið fyrir afgreiðslu mála. Ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með að það hefur nánast engin þingskapaumræða verið hér í dag fyrr en hv. þm. Halldór Ásgrímsson kemur þegar klukkan var að verða sex á laugardegi og fundur búinn að standa síðan ellefu í morgun og vill fá að vita hvernig menn ætla að halda áfram störfum þingsins af því að enginn talar kerfisbundið við okkur í stjórnarandstöðinni um það og ræðustóllinn á Alþingi er það eina vopn sem við höfum til að átta okkur á því frá degi til dags og koma okkar óskum formlega á framfæri. Þannig að ég vil biðja hæstv. umhvrh., sem hefur setið á þingi síðan 1978 og kynnst ýmiss konar ríkisstjórnum, ýmiss konar stöðu mála í þinginu, að vera ekki að tala um þetta með þessum hætti. Það er bara einfaldlega ekki rétt.

En ég verð svo að segja — ég hafði ekki heyrt það fyrr að hæstv. viðskrh. sé að senda efh.- og viðskn. í gær eða í dag brtt. við frv. um greiðslukort upp á 22 síður og ætlar svo að fara úr landi sjálfur núna um helgina. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega?

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna ummæla hv. 8. þm. Reykn. vill forseti taka fram að það er að sjálfsögðu gott og stöðugt samráð milli forseta og formanna þingflokkanna og það er auðvitað reynt eftir bestu getu að skipuleggja þinghaldið þannig að allt gangi fram sem best og væntir forseti þess að svo verði áfram eins og hingað til hefur verið.

Þróun íslensks iðnaðar, ein umr.

Skýrsla iðnrh. 24. mál. — Þskj. 779 (sbr. þskj. 24).

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði skýrslu minni til Alþingis um þróun og framtíðarhorfur íslensks iðnaðar og stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum hans. Þessi skýrsla er birt á þskj. 779. Í skýrslunni koma fram svör við spurningum sem hv. 9. þm. Reykv. og átta aðrir þingmenn Alþb. beindu til mín á þskj. 24 í 10 liðum.

Virðulegi forseti. Um þessar mundir eru nokkur þáttaskil í þjóðmálum. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, eitt mikilvægasta verkefni á sviði utanríkismála í sögu lýðveldisins, hefur nú verið undirritaður. Lausn hefur fengist í kjaramálum sem festir í

sessi meiri stöðugleika í verðlagi en dæmi eru um í áratugi. Vextir fara lækkandi. Það eru því líkur á því að Íslendingar geti hafið nýtt framfaraskeið á grundvelli stöðugleika.

Ég rifja það upp að Íslendingar gerðust aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, árið 1970 og árið 1972 var svo gerður fríverslunarsamningur við Efnahagsbandalag Evrópu og nú, 20 árum síðar, er EES-samningurinn milli aðildarríkja EFTA og Evrópubandalagsins undirritaður.

Þátttaka Íslands í Evrópsku efnahagssvæði er á margan hátt eðlilegt framhald aðildar Íslands að EFTA og að fríverslunarsamningnum við Evrópubandalagið á sínum tíma. Fríverslunin innan EFTA og fríverslunarsamningurinn við Evrópubandalagið snertu einkum iðnaðarvörur en nú er komið að víðtækara fríverslunarsamstarfi sem m.a. opnar íslenskum fyrirtækjum aðgang að fjármagns- og þjónustumarkaði Evrópu. Það er því eðlilegt við þessi tímamót að líta yfir þróun iðnaðar hér á landi síðustu tvo áratugi. Það er einmitt gert í skýrslunni sem hér liggur fyrir. Hv. skýrslubeiðendur, þingmenn Alþb., báðu reyndar um athugun sem miðaðist við árið 1980 í sínum spurningum en í ljósi þess sem ég hef rakið tel ég eðlilegra að skyggnast aftur alveg til 1970 eftir því sem fyrirliggjandi gögn leyfa. Þetta er gert í fyrri hluta skýrslunnar sem hér er rædd.

Það er einnig eðlilegt við þessi tímamót að gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins. Það er gert í síðari hluta skýrslunnar.

Þegar litið er yfir síðustu 20 ár skiptir mjög í tvö horn hvernig menn sjá þróun iðnaðarins. Sumir virðast ekki sjá neitt annað en hnignun hvert sem þeir líta en aðrir telja að þegar allt kemur til alls hafi iðnaðurinn staðið sig bærilega við að ýmsu leyti erfið skilyrði. Ef tölurnar um þróun iðnaðarins eru skoðaðar sýna þær glöggt að staðhæfingar um hnignun eru einfaldlega ekki réttar. Slíkar staðhæfingar styðjast fremur við afmörkuð dæmi í einstökum greinum iðnaðar eða þá þróun á tilteknu bili ára en alls ekki þegar litið er á þróun atvinnugreinarinnar í heild á þessu langa tímabili. Staðreyndin er sú að iðnaðurinn hefur að mestu leyti staðið sig vel, ekki síst þegar það er haft í huga að starfsskilyrðin hafa gert til hans miklar kröfur. Í því sambandi nægir að benda á aukna samkeppni við erlend fyrirtæki, erfitt sambýli við sjávarútveginn og löngum tiltölulega óhagstæða gengisskráningu. Þá hafa ýmis innri skilyrði löngum verið iðnaðinum erfið rétt eins og öðrum atvinnugreinum. Ég nefni þar þrálátan óstöðugleika í launa- og verðlagsmálum, í gengi og skrykkjóttan hagvöxt af ýmsum óviðráðanlegum orsökum. En þrátt fyrir þetta allt hefur iðnaðinum að ýmsu leyti farnast vel. Í samanburðinum við sjávarútveg megum við heldur ekki gleyma því að á síðustu tveimur áratugum hafa útgerð og fiskvinnslu fallið í skaut meiri háttar búhnykkir, fyrst vegna útfærslu landhelginnar og svo vegna mikillar verðhækkunar á helstu útflutningsmörkuðum sjávarafurða á þessum tíma. Það að iðnaðinum skuli hafa tekist jafn vel að halda sínum hlut í þjóðarbúskapnum við þessar aðstæður og raun ber vitni sýnir glöggt hvers hann er megnugur.

Þá er ástæða til að nefna að langt og bagalegt hlé hefur orðið á uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu í heilan áratug frá árinu 1978 en frekari uppbygging hans og efling margvíslegs annars nýiðnaðar getur stórlega aukið hlut iðnaðar í þjóðarbúskapnum og útflutningi landsmanna.

En lítum nú á helstu kennitölur iðnaðarins yfir þetta athugunartímabil. Í skýrslunni er einmitt gerð grein fyrir þróun helstu hagstærða iðnaðarins, bæði í meginmáli skýrslunnar og töfluviðauka. Ég ætla ekki að rekja þessa þróun í smáatriðum en mun þess í stað stikla á stóru.

Í fyrsta lagi mun ég nokkuð fjalla um þróun framleiðslunnar. Vöxtur iðnframleiðslu og landsframleiðslu hélst nokkurn veginn í hendur fram á níunda áratuginn frá upphafi þess áttunda. Síðan hefur iðnaðarframleiðslan vaxið hægar að meðaltali en landsframleiðslan. Bráðabirgðatölur benda hins vegar nú til þess að þessi þróun hafi snúist við. Eftir samdrátt árin 1988 og 1989 hefur iðnaðarframleiðslan vaxið á ný á árinu 1990 milli 0,5–1% og svo um 2–3% á árinu 1991. Þessar meðaltölur fyrir allar greinar iðnaðar leyna að sjálfsögðu misjöfnu gengi einstakra greina. Það hefur orðið verulegur samdráttur í vefjariðnaði og fataiðnaði. Hér kemur til alþjóðleg viðskiptaþróun og samkeppni við láglaunasvæði Suðaustur-Asíu. Sjá má þessa þróun í öllum nálægum löndum og reyndar fyrr á þessu tímabili og í meira mæli en hér á landi. Stöðnun og samdráttur hefur verið í húsgagna- og innréttingasmíð þar til allra síðustu ár að um nokkra aukningu framleiðslunnar er aftur að ræða.

Miklar sveiflur hafa orðið í málmiðnaðinum, einkum skipaiðnaðinum. En eins og ég sagði áðan þá hefur iðnaðurinn síðustu tvö árin verið að rétta úr kútnum á ný. Ég nefni þar ýmsar greinar matvælaiðnaðar eins og drykkjarvöruiðnað, sælgætisgerð, brauð- og kökugerð og pappírsiðnað. Framleiðsla orkufreks iðnaðar jókst einnig verulega fram til ársins 1990, en afturkippur verður árin 1991 og 1992 vegna djúprar lægðar á erlendum markaði fyrir afurðir þessara greina. Það er athyglisvert að hlutur iðnaðarins í landsframleiðslunni hefur verið nokkuð stöðugur á þessu langa tímabili, á bilinu 12–13%. Hann fór hæst í um það bil 14% á árunum 1984 og 1988. Ef við lítum á mikilvægi einstakra greina iðnaðarins kemur þar fram að vefjariðnaður, fata- og skógerð, trjávöruiðnaður og málmiðnaður hafa látið undan síga en matvælaiðnaður, pappírsiðnaður og orkufrekur iðnaður haldið sínum hlut eða aukið hann. Ég bendi sérstaklega á að matvælaiðnaðurinn er nú um fjórðungur af iðnaði í landinu. Ef við teljum fiskvinnsluna með iðnaði eins og gert er í öðrum löndum mundi þetta hlutfall hækka upp undir helming, þ.e. að um 47% af iðnaðarstarfsemi þannig skilgreindri er matvælaiðja.

Ég kem þá í öðru lagi að þróun vinnuafls í iðnaði. Árið 1970 var hlutur iðnaðar í heildarmannafla rúmlega 15%. 20 árum síðar er hlutfallið komið niður í um það bil 12%. Áætlanir benda hins vegar til örlítillar

hækkunar á ný á árinu 1991. Fjölgun ársverka í beinum tölum á þessu tímabili hefur verið mest í matvælaiðnaði, pappírsiðnaði, efnaiðnaði og orkufrekum iðnaði. Hlutfallslega fækkun starfa í iðnaði má fyrst og fremst rekja til mikils vaxtar í ýmsum greinum þjónustu, svo sem opinberri þjónustu, fjármálastarfsemi og ferðaþjónustu. Þessi þróun er ekki sérstök fyrir Ísland. Reyndar má segja að hún sé dæmigerð fyrir hin tekjuháu iðnríki, þar sem efnahagsstarfsemin færist stöðugt í tímans rás frá hefðbundinni iðnaðarframleiðslu yfir í þjónustugreinar.

Athyglisvert er að athuganir á fjölgun ársverka í iðnaði á síðustu tveimur áratugum sýna að þeim hefur fjölgað hlutfallslega meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Sama niðurstaða hefur líka fengist á athugun á fjölgun iðnfyrirtækja að fyrirtækjum í fiskiðnaði meðtöldum.

Ég kem þá í þriðja lagi að framleiðni vinnuaflsins í iðnaði. Þróun framleiðni í einstökum greinum iðnaðar hefur verið nokkuð misjöfn. Langmesta framleiðniaukningin á þessu 20 ára tímabili var í trjávöruiðnaðinum. Einnig varð umtalsverð framleiðniaukning í efnaiðnaði og í orkufrekum iðnaði. Í steinefnaiðnaðinum minnkaði framleiðni vinnuafls. Rétt er að benda á að þróunin milli ára er nokkuð skrykkjótt í flestum greinum og er oft erfitt að túlka slíkar tölur í fámennum atvinnugreinum.

Ég kem þá í fjórða lagi stuttlega að þróun launakostnaðar. Launakostnaðurinn í iðnaði, sem hlutfall af rekstrartekjum, var nálægt því að vera fjórðungur árið 1989 sem er eins og maður gæti sagt sjónarmun lægri en hann var við upphaf níunda áratugarins en það er það árabil sem við höfum tölur yfir. Þetta er reyndar svipað hlutfall og að meðaltali í öllum atvinnugreinum. Launahlutfallið er afar mismunandi eftir einstökum greinum iðnaðar. Það hefur að sjálfsögðu ávallt verið lægst í fjárfrekustu greinunum, orkufrekum iðnaði en einna hæst í trjávöruiðnaði, pappírsiðnaði og málmiðnaði.

Ég kem þá í fimmta lagi, virðulegi forseti, að samkeppnisstöðu iðnaðarins. Hann býr við samkeppni á a.m.k. þrennum vígstöðvum. Annars vegar er samkeppni við innfluttar vörur á vörumarkaði og hins vegar samkeppni við aðrar innlendar atvinnugreinar á fjármagnsmarkaði og vinnumarkaði. Segja má að raungengi krónunnar, eins og það er venjulega reiknað, gefi vísbendingu um samkeppnisstöðu iðnaðar gagnvart erlendum keppinautum. Hátt raungengi á mælikvarða verðlags þýðir að innfluttar vörur eru hlutfallslega ódýrar miðað við innlenda framleiðslu og samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja erfið að öllu öðru jöfnu. Hátt raungengi á mælikvarða launa gefur til kynna að launakostnaður hér á landi sé hlutfallslega hár í samanburði við helstu samkeppnislöndin sem kemur að sjálfsögðu fram í lakari samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Raungengi og þar af leiðandi samkeppnisstaða iðnaðarins hefur verið afar breytileg frá ári til árs á athugunartímabilinu. Þeir hyggilegu kjarasamningar sem nú hafa náðst munu stuðla að lækkun raungengis án nafngengisbreytinga þar sem horfur eru á að launa- og verðhækkun verði minni á Íslandi en í helstu samkeppnislöndum okkar. Við þetta batnar að sjálfsögðu samkeppnisstaða íslensks iðnaðar. Og á mælikvarða verðlags er nú gert ráð fyrir að raungengi krónunnar verði ámóta og það var að meðaltali á síðasta áratug en nokkru lægra en það hefur verið til jafnaðar á mælikvarða launa á þessu ári og reyndar á þeim tíma sem kjarasamningarnir munu gilda.

Ég kem þá, virðulegi forseti, í sjötta lagi að markaðshlutdeild íslensks iðnaðar. Upplýsingar sem fáanlegar eru um markaðshlutdeild innlendrar iðnaðarvöru sýna að hlutdeildin hefur yfirleitt lækkað á þessu tímabili og í sumum tilfellum verulega, enda liggur það í hlutarins eðli eftir að innflutningstakmarkanir hafa verið fjarlægðar og fríverslun komið á. Þróunin er að sjálfsögðu mjög breytileg eftir vöruflokkum. Þannig hefur markaðshlutdeild í framleiðslu á kaffi, svo ég nefni sem dæmi, og húsgagnaframleiðslu lækkað um helming. Markaðshlutdeild í málningarframleiðslu hefur hins vegar breyst óverulega og markaðshlutdeild sælgætis nánast staðið í stað. Af þessu má ráða að þarna er breytileg samkeppnisstaða fyrir einstakar greinar. Að sjálfsögðu er rétt að undirstrika að upplýsingarnar um markaðshlutdeild sem fáanlegar eru ná eingöngu til þeirrar vöruiðnaðarframleiðslu sem taldar eru sérlega viðkvæmar fyrir erlendri samkeppni en ekki það sem nýtur fjarlægðrar verndar á þessum heimamarkaði. Þróun markaðshlutdeildar fyrir þessar sérstaklega viðkvæmu vörur fyrir samkeppni gefur alls ekki fullnægjandi mynd af þróun markaðshlutdeildar allrar innlendrar iðnaðarframleiðslu. Hins vegar benda þær almennu tölur sem ég hef þegar rakið til þess að þar hafi iðnaðurinn vel haldið sínum hlut.

Ég kem þá í sjöunda lagi að útflutningi. Í megindráttum má segja að útflutningur iðnaðarvöru skiptist í tvennt. Annars vegar afurðir orkufreks iðnaðar, áls og kísiljárns, sem eru um ⅔ hlutar af heildarútflutningi iðnaðarvöru. Útflutningur annarrar iðnaðarvöru er um þriðjungur af heildarútflutningi iðnaðarvarnings. Útflutningur iðnaðarvöru hefur að meðaltali verið um fimmtungur af heildarvöruútflutningi á þessu árabili, en hlutfallið hefur eins og vel er kunnugt verið mjög breytilegt frá einu ári til annars. Það varð samdráttur í útflutningi iðnaðarvöru árið 1991 en sá samdráttur skýrist að mestu eða öllu leyti af minni útflutningi áls og kísiljárns en þær greinar búa nú við býsna erfiða hagsveiflustöðu.

Ég kem í áttunda lagi að afkomu iðnaðarfyrirtækja og fjármagnskostnaði þeirra. Upplýsingar um afkomu fyrirtækjanna í einstökum atvinnugreinum eru fengnar með athugun á stóru úrtaki úr ársreikningum fyrirtækja á vegum Þjóðhagsstofnunar. Það eru nokkrar sveiflur í afkomu milli ára. Þó hefur það lengi verið einkenni þessara talna að hagur iðnaðar hefur verið býsna stöðugur, sérstaklega ef hann er borinn saman við útflutningsframleiðslugreinar í sjávarútvegi. Þessar sveiflur, sem maður þó getur séð, má m.a. rekja til breytinga á vöxtum og verðbreytingafærslum í ársreikningum fyrirtækjanna. Það er vafalaust rétt skoðun að þegar á heildina er litið hafi afkoma iðnaðarfyr-

irtækja ekki verið nægilega góð þetta tímabil. Ég vildi þó benda á, virðulegi forseti, að bráðabirgðatölur þær sem fáanlegar eru fyrir þau ár sem eru næst okkur sýna að afkoman batnaði verulega milli áranna 1989 og 1990. En það er nokkuð erfitt verk að meta fjármagnskostnað fyrirtækja í iðnaði, fyrst og fremst vegna þess að verðbreytingafærsla vegna birgða er meðtalin í vaxta- og verðbreytingafærslu í bókhaldi fyrirtækjanna. Fjármagnskostnaður fyrirtækja í ársreikningum þeirra fyrirtækja sem Þjóðhagsstofnun byggir reikninga sína á er því ofmetinn sem svarar verðbreytingafærslunni á birgðunum. Þá er líka rétt að misvægi milli innlendra verðbreytinga og gengisþróunar krónunnar hefur einatt leitt til þess að fjármagnskostnaður fyrirtækja hefur sveiflast mikið milli ára án þess að um raunverulegar breytingar hafi verið að ræða. Ef leiðrétt er fyrir öllum þessum atriðum sem ég hef nefnt og tekið meðaltal yfir nokkurt árabil sem er það eina sem vit er í er það mat Þjóðhagsstofnunar að fjármagnskostnaður iðnfyrirtækja hafi numið um 3% af heildarveltu þeirra þegar miðað er við ársreikninga árabilsins 1987–1990.

Ef á það er litið að vextirnir, hvort sem litið er á nafnvexti eða raunvexti, hafa nú farið lækkandi það sem af er þessu ári er ljóst að þetta hlutfall mun lækka á árinu 1992. Það er auðvitað deginum ljósara að iðnfyrirtækin eins og önnur fyrirtæki í landinu þurfa á umtalsverðu fé að halda bæði til fjárfestinga og rekstrar. Svo er það líka rétt að erfið afkoma á þessu langa árabili hefur stundum leitt til skuldsetningar. Það er því ákaflega brýnt og reyndar brýnast af öllu að okkur takist að festa þann stöðugleika í verðlagi í sessi að það dragi úr þenslu á fjármagnsmarkaði þannig að bæði nafnvextir og raunvextir geti haldið áfram að lækka og þannig mun líka draga úr fjármagnskostnaði fyrirtækjanna.

Ég kem svo í níunda lagi að kjörum iðnverkafólks. Því miður er það svo að nákvæmar upplýsingar um kjör iðnverkafólks sem skýrt afmarkaðs hóps starfsfólks liggja ekki fyrir, enda e.t.v. ekki auðvelt að afmarka hann þar sem stéttarfélagsaðild þess fólks sem við iðnað starfar er nokkuð dreifð. Kjararannsóknarnefnd aflar hins vegar upplýsinga um kjör fólks í verksmiðjuvinnu eins og þeir nefna það. Þeir telja að hún gefi þokkalega vísbendingu um kjör iðnverkafólks. Í skýrslunni er gerð grein fyrir þróun þessara vísitalna yfir athugunartímabilið og þar kemur í ljós að kaupmáttur greidds tímakaups hjá þessum hópi starfsfólks jókst lítillega á níunda áratugnum þegar borið er saman við lækkun á kaupmætti hjá landverkafólki innan Alþýðusambandsins. Mér þótti einnig mjög athyglisvert í þessu talnaefni að kaupmáttur tímakaups kvenna í verksmiðjuvinnu hefur aukist á þessu árabili um 7% meðan hann hefur nánast staðið í stað hjá körlum þannig að í iðnaðinum virðist hlutur kvenna í launamálum nokkuð hafa verið réttur.

Að lokinni þessari örstuttu yfirferð yfir helstu kennitölur iðnaðarins sem um leið fela í sér svör við 9 af 10 spurningum hv. skýrslubeiðenda kem ég svo að því sem þeir inna eftir í einni af spurningargreinunum sem er stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins.

Í skýrslu minni sem hér liggur fyrir er gerð ítarleg grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins. Aðalatriði hennar eru að skapa iðnaðinum jafnt sem öðrum atvinnugreinum góð almenn skilyrði þannig að þær geti eflst fyrir dugnað og áræðni þeirra karla og kvenna sem þar hasla sér völl. Reynslan hefur sýnt að sértækar aðgerðir skila þar sjaldan árangri og alls ekki þeim sem vonast er til. Ég nefni í þessu sambandi sérstaklega stöðugleika í verðlagi og gengi. Ég nefni umbætur á fjármagnsmarkaði til að örva samkeppni, eflingu hlutabréfamarkaðar, endurskoðun á leikreglunum á vinnumarkaðinum, nýjar samkeppnisreglur og ný skattalög. Að síðustu nefni ég svo það sem kannski er mest um vert en það er aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði.

Þátttaka Íslands í Evrópsku efnahagssvæði mun hafa í för með sér miklar breytingar í atvinnulífi okkar og kallar á verulegt átak af hálfu hins opinbera til þess að lagfæra starfsskilyrði innlendra útflutnings- og samkeppnisgreina þannig að þeim verði búin sambærileg skilyrði og erlendir keppinautar njóta og þá raunar helst betri. Íslenskt atvinnulíf mun ekki standa undir viðunandi lífskjörum nema það fái þrifist í alþjóðlegri samkeppni sem nú fer harðnandi. Með EES-samningunum er íslenskum fyrirtækjum stórlega auðvelduð umsvif á stærsta og auðugasta markaði á jarðarkringlunni. Sérhæfð íslensk framleiðsla og þjónusta mun í auknum mæli finna sér markað erlendis, íslenskur fiskiðnaður fær tækifæri til að þróast í átt til aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings á fullbúnum fiskmáltíðum eða fullunnum matvælum. Erlend fyrirtæki munu auka starfsemi sína hér á landi en íslensk fyrirtæki munu einnig auka starf sitt á erlendri grund. Reynsla síðustu ára sýnir einmitt mörg ný fyrirtæki sem hafa skarað fram úr og hefur vegnað vel. Þau byggjast einmitt á samstarfi við erlenda aðila um sölu afurðanna, um tækni eða stjórnun eða jafnvel öll þessi atriði. Ég nefni nokkur dæmi um árangursríkt samstarf af þessu tagi t.d. fyrirtækið Alpan á Eyrarbakka og Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi. Ég gæti nefnt fleiri dæmi, Össur hf. í tryggingarþjónustustarfsemi er líka gott dæmi um þetta samstarf. En það er einmitt það sem mun gerast að samvinna erlendra og íslenskra fyrirtækja mun aukast á sviði viðskipta, vöruþróunar og rannsókna. Sama á við um samvinnu rannsókna- og menntastofnana og það er mjög mikilvægt að greitt verði fyrir stofnun nýrra fyrirtækja og framleiðslugreina af opinberri hálfu. Í iðnrn. er einmitt unnið að því og mikilvægt að menn geri sér það ljóst að framfarir í lífskjörum verða í fyrirtækjum með vexti þeirra og viðgangi og stofnun nýrra fyrirtækja.

Margföld reynsla er fyrir því hér á landi og annars staðar að í atvinnu- og viðskiptalífi er markaðsbúskapur og milliríkjaviðskipti besta lausnin á grundvelli skýrra og sanngjarnra leikreglna sem ríkið setur. Það er þannig sem áræði og frumkvæði einstaklinganna fær best notið sín og þannig eru atvinnutækifærin sköpuð.

Ég kem að lokum, virðulegi forseti, að því sem

mestu varðar um framtíð iðnaðar í landinu. Ég held að óhætt sé að segja að margt bendi nú til þess að næsta hagvaxtarskeið í heiminum, og við eigum mikið undir því komið að það hefjist, muni ekki síst byggjast á því að finna nýjar aðferðir til að gera framleiðslustarfsemi iðnaðarins óskaðlega umhverfinu og að byggja upp stórvirka tækni til hreinsunar þess. Á því sviði eiga Íslendingar að geta haslað sér völl með kunnáttu sinni í notkun hreinna orkugjafa og líftækni. Fjárfesting í nauðsynlegum búnaði og tækni vegna þess arna mun reynast arðvænleg, bæði vegna þess að á þennan hátt má spara efni og hráefni og annan tilkostnað og að neytendur á Vesturlöndum munu í auknum mæli gera kröfur um að vörurnar sem þeir neyta séu ekki skaðlegar umhverfinu. Það er athyglisvert að helstu iðnríki veraldar og stærstu iðnfyrirtækin innan þeirra landasmæra, í Japan og Þýskalandi, búa sig einmitt undir þetta í áætlunum sínum. Ég tel að þessi þróun muni færa Íslendingum ný tækifæri, vörur og þjónusta úr hreinu íslensku umhverfi eigi að standa vel að vígi á heimsmarkaði á komandi árum. Þannig verða iðnaður og umhverfisvernd bandamenn en ekki fjendur í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði, áframhaldandi stöðugleiki í efnahagsmálum, áhersla á umhverfisvernd, allt færir þetta okkur ný tækifæri til framfarasóknar. Við eigum ríkulegar auðlindir í jarðvarma og fallvötnum og í fiskstofnunum umhverfis landið en auðvitað er mesti auðurinn fólginn í fólkinu sjálfu. Þar hafa iðnaðurinn og einstakar greinar hans miklu hlutverki að gegna til að skapa fjölbreytt atvinnulíf fyrir komandi kynslóðir.

Virðulegi forseti. Þetta er greinargerð mín fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

Umræðu frestað.

Fiskistofa, 2. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 690, nál. 932, brtt. 933.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. um Fiskistofu til meðferðar. Á fund nefndarinnar hafa komið Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjútvrn., starfsmenn Fiskifélags Íslands, þeir Þórarinn Árnason, Marías Þ. Guðmundsson, Jónas Blöndal og Emil Ragnarsson, Jón Gíslason frá Hollustuvernd ríkisins, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Einar Jóhannsson frá Ríkismati sjávarafurða. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Fiskifélagi Íslands, starfsmönnum Fiskifélagsins, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Samtökum fiskvinnslustöðva og Vélstjórafélagi Íslands.

Sjútvn. mælir með samþykkt frv. með breytingu sem gerð er tillaga um á þskj. 933. Nefndin stendur öll að nál. en fjórir nefndarmenn, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, skrifa undir nál. með fyrirvara.

Frv. mælir fyrir um breytingu á stjórnsýslu á sviði sjávarútvegsmála. Lagt er til að komið verði á fót Fiskistofu sem verði opinber stofnun og starfi á ábyrgð ráðherra. Tilgangur skipulagsbreytinganna er sá að bæta framkvæmd og auka skilvirkni í stjórnsýslu. Verkefni Fiskistofu verður að annast framkvæmd laga og reglna á ýmsum þáttum á sviði sjávarútvegs.

Í fyrsta lagi verður Fiskistofu falið að annast daglega stjórn fiskveiðanna og eftirlit með fiskveiðum.

Í öðru lagi að annast söfnun og skráningu opinberra upplýsinga um þau atriði sem máli skipta við stjórnsýslu á sviði sjávarútvegsins.

Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Fiskistofa fari með mál er tengjast gjaldtöku vegna ólögmæts sjávarafla eins og fram kemur í frv. um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla sem er 430. mál, en það var einnig afgreitt út úr nefndinni 13. maí sl.

Við umræðu þessa máls í nefndinni komu m.a. fram varðandi 3. gr. frv. að réttara hefði verið að Fiskistofa hefði stjórn sem kosin væri yfir hana og stofnunin hefði þannig sjálfstæða stöðu. Undir þetta vil ég taka og ég tel að þetta komi mjög til greina þó að nefndin flytji ekki slíka tillögu nú á þessu stigi og vilji gjarnan lofa þessari stofnun að hefja starfrækslu sína. Eftir er að afgreiða tvö önnur mál sem örugglega koma ekki fyrir þetta þing svo að það leiðir af sér endurskoðun ef þau tvö mál verða lögfest á næsta þingi.

Enn fremur kom fram að ástæða væri til þess að stofnun sem þessi væri utan höfuðborgarsvæðisins að nokkru eða öllu leyti. Ég tek líka undir það, ekki endilega að ákveða einhvern stað nú heldur hitt að viss þáttur þessarar starfsemi verði tengdur útgerðarstöðum úti á landi og það beri að kanna nánar eftir að stofnunin hefur tekið til starfa. Í því sambandi ræddum við nefndarmenn sérstaklega um veiðieftirlit sem ég tel sjálfsagt að hafi bækistöð víðar en í höfuðbækistöðvum Fiskistofu.

Nefndin leggur til að þrjár breytingar verði gerðar á þessu frv. Það er lagt til að ákvæði 2. málsl. 2. gr. falli brott en hann kveður á um að Fiskistofa skuli hafa með höndum eftirlit með framleiðslu og meðferð sjávarafurða. Það er séð að ekki er möguleiki á því að afgreiða frv. um það efni og því verður að sjálfsögðu að fella þennan lið niður.

Þá leggur nefndin til að breyting verði gerð á 4. gr. frv. þar sem kveðið verði skýrt á um að Fiskistofa skuli að höfðu samráði við Hagstofu Íslands fela Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála. Það kom fram mjög greinileg óánægja hjá starfsmönnum Fiskifélags Íslands um þetta ákvæði eins og það er orðað í frv. sem þeir álitu að gerði það auðvelt að ganga fram hjá Fiskifélaginu.

Þá leggur nefndin til að 2. málsl. 13. gr. falli brott, en það er að ákvæði 2. málsl. 2. gr. laganna komi þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1993. Það er auðvitað eðlileg breyting á afgreiðslu þessara mála út úr nefndinni.

Þau verkefni, sem Fiskistofu er ætlað samkvæmt þessu frv. en þau verkefni eru nú öll unnin í sjútvrn., eru veiðieftirlit, Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og Ríkismat sjávarafurða þegar að því kemur að það verði afgreitt. Verkefni sem verða strax færð yfir til Fiskistofu er það sem lýtur að Hafrannsóknastofnun og veiðieftirliti. Það flyst því úr sjútvrn. til þessara sérstöku stofnunar. Það hefur verið mjög umdeilt hvort slík verkefni eigi að vera í höndum æðsta stjórnvalds eins og t.d. það að annast útgáfu leyfa til veiða í atvinnuskyni við upphafi hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Þetta eru ákvæði sem valda oft miklum deilum og það er skoðun ráðherra, ráðuneytis og við höfum tekið undir það í nefndinni að rétt sé að þetta sé í höndum ákveðinnar stofnunar því að ef menn þurfa að áfrýja því sem þessi stofnun ályktar og framkvæmir þá sé óeðlilegt að æðsta stjórnvald, sjútvrn., sé að fjalla um kærur sem það sjálft hefur staðið að á fyrri stigum málsins. Ég tel að þetta atriði út af fyrir sig sé afar mikilvægt og eðlilegt að þessi breyting sé gerð.

Hér er farið út í nýmæli á mörgum sviðum. Það er eðlilegt og það er líka sjálfsagt að slík starfsemi fái að sýna sig þó ekki sé nema skamman tíma og dæma þá þegar nokkur reynsla er fengin hvort nauðsynlegt er að gera breytingar í þá átt sem ég hef gert nokkuð að umræðuefni sem og aðrar fleiri.

Ég endurtek svo að við í sjútvn. mælum með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir og eru á sérstöku þskj. Nál. er dags. 13. maí 1992 og undirrita það sá sem hér talar, Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen og með fyrirvara undirrita nál. Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson, Stefán Guðmundsson og Jón Helgason.

Umræðu frestað.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 688, nál. 935, brtt. 936.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla sem er 430. mál. Þar er gert ráð fyrir eins og ég sagði um fyrra málið að Fiskistofa hafi m.a. það hlutverk að stjórna og hafa eftirlit með fiskveiðum og getur hún krafið þann sem gerist brotlegur um gjald er nemi andvirði hins ólögmæta afla.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að gerðar verði á því eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi er lagt til að sú breyting verði gerð á 5. gr. að vald til þess að krefjast gagna og upplýsinga frá þeim sem greinin kveður á um verði hjá Fiskistofu en verði ekki fengið eftirlitsmönnum hennar beint eins og gert er ráð fyrir í þessari grein frv.

Í öðru lagi er lagt að 3. mgr. 5. gr. falli brott en ákvæði hennar þykir veita eftirlitsmönnum Fiskistofu of greiðan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá opinberum stofnunum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánastofnunum. Við nefndarmenn í sjútvrn. erum mildari en kerfið þar sem þetta frv. var samið.

Í þriðja lagi er lagt til að 4. mgr. 10. gr. falli brott, en ákvæðið mælir fyrir um mjög harkalegar aðerðir sem bitna auk útgerðar á sjómönnum og jafnvel á landverkafólki einnig. Það er verið að draga þarna úr en hins vegar er ekki verið að draga það mikið úr að ekki sé hægt að sinna þessu hlutverki sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Brtt. við þetta frv. eru á þskj. 936 og eru þær þrjár, við 5. gr. eru þær í 9 liðum og síðan er ein við 10. gr. og ein við 12. gr. í þá átt sem ég sagði áðan.

Sjútvn. mælir með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og eru á þskj. 936. Undir nál. rita auk mín Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen. Með fyrirvara rita undir þetta nál. Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson Stefán Guðmundsson og Jón Helgason.

Umræðu frestað.

149. FUNDUR

mánudaginn 18. maí,
kl. 10 árdegis.

Sinubrennur, 3. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 957.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (EgJ, ÓÞÞ, PJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (GunnS, HÁ, JónS, JHall, KSG, KHG, KÁ, MF, SP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 987).

Yfirskattanefnd, 3. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 954.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.
13 þm. (GunnS, HÁ, JónS, JHall, KSG, KHG, KÁ, MF, SP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 988).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 465. mál (yfirskattanefnd). — Þskj. 955.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (AÓB, HG, JVK) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GunnS, JónS, JHall, KSG, KHG, KÁ, SP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 989).

Atvinnuleysistryggingasjóður, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 528. mál (greiðslutími). — Þskj. 895.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.
12 þm. (GunnS, HG, JónS, JHall, KSG, KHG, KÁ, SP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 990).

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Stjfrv., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 974.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (KHG, ÓÞÞ, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GunnS, JónS, JHall, KSG, KÁ, SP, StG, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 991).

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220, nál. 849 og 870, brtt. 850 og 894.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) (frh.):

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu þá höfum við fulltrúar minni hlutans í efh.- og viðskn. lagt til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við teljum að mál þetta sé ekki nægilega vel undirbúið og það muni jafnframt hafa í för með sér ýmsar þær afleiðingar sem eru mjög óheppilegar fyrir atvinnulíf okkar og stangast í veigamiklum atriðum á við það sem ríkisstjórnin hefur verið að lýsa yfir að undanförnu. Ég vil t.d. benda á það að ríkisstjórnin lýsti því yfir við lausn kjarasamninga að hún mundi hafa frumkvæði, eins og segir, með leyfi forseta, í öðrum lið yfirlýsingar hennar þar sem stendur: „Ríkisstjórnin mun hafa frumkvæði að lækkun vaxta eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir."

Nú liggur það fyrir að þessi breyting mun að sjálfsögðu valda vaxtahækkun. Það hefur þegar verið tilkynnt af einum fjárfestingarlánasjóði, sem mun verða fyrir þessari skattlagningu, að hann muni þegar að þessu loknu þurfa að breyta sínum vöxtum. Við fáum ekki betur séð en það stangist á við þessa yfirlýsingu. Þar á jafnframt í hlut fjárfestingarlánasjóður sem þjónar fyrst og fremst undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, og við fáum ekki séð að þessi atvinnugrein fái með nokkru móti staðið undir slíkum útgjaldaauka. Það er jafnframt ætlun ríkisstjórnarinnar að lina þjáningar þessarar atvinnugreinar með því að greiða út úr Verðjöfnunarsjóði en ef fyrst og fremst á að gera það til þess að viðkomandi atvinnugrein geti greitt meira til ríkissjóðs þá er þar illa farið. Það hefur verið á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega og það er gert ráð fyrir verulegri skattlagningu á hann á þessu hausti, eða 525 millj. kr. Hér bætast við tæpar 300 millj. sem verður að telja mjög alvarlegt í þessari stöðu.

Það hefur jafnframt komið fram í viðtali við forstjóra Fiskveiðisjóðs sem birtist nýlega í Morgunblaðinu, en hann sagði þar, með leyfi forseta:

„Veruleg breyting á högum sjóðsins og stöðu, svo sem með gagngerri breytingu laga, geti haft áhrif á núgildandi lánasamning milli Fiskveiðasjóðs og erlendra lánastofnana. Hætta er á að viðeigandi ákvæði lánasamnings verði notuð til gjaldfellingar lána til að fá þau greidd upp." — Síðan er þar bætt við, með leyfi forseta: „Ekki er heldur neinn vafi á því að erfiðara getur reynst fyrir Fiskveiðasjóð að afla nýrra lána á erlendum markaði nema með lakari kjörum en fengist hafa til þessa."

Það er sem sagt ekki nóg með það að þessi stofnlánasjóður verði að hækka vexti vegna þessarar aðgerðar ríkisstjórnarinnar heldur er jafnframt hætta á því að erlendir aðilar segi upp lánum sínum með þeim afleiðingum að sjóðurinn þurfi að taka dýrari lán en hann býr við fyrir. Þannig er ekki eingöngu verið að hækka vexti á sjávarútveginum sem slíkum, heldur þjóðarbúinu í heild ef til þessa kemur. Það er ekki skynsamlegt að ganga fram í máli sem þessu með bundið fyrir bæði augun vitandi lítið um það hvaða afleiðingar löggjöfin hefur í för með sér.

Það er jafnframt rétt að taka fram að við þurfum nú mjög á því að halda í okkar atvinnulífi að styðja við bakið á nýjungum, efla atvinnulífið og auka verðmætasköpunina. Með því að leggja skatta á fjárfestingarlánasjóðina við þessar aðstæður mun það að sjálfsögðu verða til þess að draga úr þeim þróttinn og gera þeim ókleift að lána til nýrra verkefna eða styðja við bakið á margvíslegri rannsóknastarfsemi eins og þeir gera í dag.

Það er jafnframt allmikil óvissa um framtíð bankakerfisins og fjárfestingarlánasjóðanna. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún hyggist breyta ríkisbönkunum í hlutafélög án þess að frv. um það hafi komið fram á Alþingi. Meiri hluti efh.- og viðskn. hefur sagt frá því í nál. fyrr á þessum vetri að þá hafi verið stigið fyrsta skrefið til þess að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög. Það er því að mínu mati mjög óheppilegt að stíga þetta skref án þess að fyrir liggi hvað eigi að gera að öðru leyti. Fiskveiðasjóður er að öllu leyti í eigu ríkisins og það hefur komið fram með skýrum hætti af hans hálfu að með þessu sé verið að leggja eignarskatt á eignir hans en ef hann væri t.d. hlutafélag í eigu ríkisins væri eignarskatturinn nánast enginn því hlutaféð yrði ekki skattskylt. Og eins og allir vita þá er nú ekki farið að ganga svo langt að ríkissjóður sé farinn að skattleggja sjálfan sig í mjög miklum mæli þó að þetta sé eiginlega dæmi um það þegar ríkissjóður er að nokkru leyti að skattleggja sjálfan sig. Ég er ekki þar með að segja að slík skref hafi aldrei verið stigin áður. Það var t.d. fundið upp á því að skattleggja Seðlabankann fyrir allmörgum árum. En tilfærsla á fjármagni úr Seðlabankanum í formi skattheimtu yfir í Arnarhvol, skipti ekki sköpum fyrir efnahagslíf þjóðarinnar og með sama hætti skiptir það ekki sköpum fyrir efnahagslíf þjóðarinnar þótt peningar séu teknir úr Fiskveiðasjóði sem er í eign ríkisins og yfir í ríkiskassann í fjmrn. Það sem skiptir þar meginmáli er að staða ríkissjóðs verður að nafninu til aðeins betri. Staða Fiskveiðasjóðs verður verri. Hann mun þurfa að innheimta þessi gjöld af viðskiptavinum sínum, af sjávarútveginum til atvinnuuppbyggingar í landinu. Hver verður afleiðing þess? Afleiðingin verður væntanlega sú að draga þróttinn úr þessari atvinnugrein og stuðla að minni verðmætasköpun í samfélaginu. Ef það er tilgangurinn með þessu máli, sem ég held að sé alls ekki, þá hafa menn náð árangri. En tilgangurinn er sagður vera sá að jafna aðstöðu milli þeirra sem lána fjármagn í samfélaginu.

Ég vil hins vegar benda á að það hefur komið fram með skýrum hætti af hálfu Fiskveiðasjóðs sérstaklega að hér er ekki verið að jafna aðstöðu eingöngu þótt færa megi nokkur rök fyrir því heldur verið að skapa nýja mismunun. Ég vil í því sambandi vitna til ítarlegrar greinargerðar sem hefur komið frá Fiskveiðasjóði um þetta efni. Þar segir m.a. um afstöðu sjóðs-

ins í örstuttu máli, með leyfi forseta:

„a) Um er að ræða miklar og ótímabærar álögur á sjávarútveg, sem lauslega má áætla að verði rúmlega 300 millj. kr. á ári hverju.

b) Meginmarkmið frv. er að jafna samkeppnisstöðu lánastofnana með því að afnema skattalega mismunun. Vér teljum, að frv. leiði til nýrrar og engu minni mismununar.

c) Vér teljum frv. óvandað og sjáum á því ýmsa tæknilega galla. Vér vekjum athygli á því, að nánast samhljóða frv. dagaði uppi á þingi fyrir þremur árum m.a. vegna tæknilegra galla."

Út af þessu atriði er rétt að taka fram að það hefur í nokkru verið bætt úr þessu atriði því í meðförum nefndarinnar hafa nokkur atriði verið lagfærð en alls ekki atriði sem varða þennan sjóð sérstaklega. Það hefur t.d. verið ákveðið að Lánasjóður sveitarfélaga verði ekki skattlagður og nokkrir aðrir styrktarsjóðir en það á ekki við um Fiskveiðasjóð Íslands. Síðan segir eftirfarandi um afleiðingar þessarar lagasetningar fyrir þennan tiltekna sjóð:

„Aðalatriði málsins er auðvitað aukin skattheimta og hvar hún kemur niður. Það vefst að sjálfsögðu ekki fyrir neinum að hér er eingöngu og einfaldlega um að ræða aukna skattheimtu á íslenskan sjávarútveg, bæði veiðar og vinnslu.

Verði frv. að lögum hlýtur stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands að ákveða vaxtahækkun þegar í stað.

Sú hækkun þyrfti að vera u.þ.b. 2% á lánum með breytilega vexti ef miðað er við 4,5% raunávöxtun eigin fjár svo dæmi sé tekið. Áhrif laganna talin í krónum eru skýrð nánar í meðfylgjandi yfirliti."

Fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. að sjóðurinn þurfi ekki að hækka vexti svo mikið. Hann hafi það góða stöðu að hann geti sætt sig við það að hækka jafnvel ekki vexti, eins og ég skildi hæstv. fjmrh., hann teldi það ekkert tiltökumál þótt Fiskveiðasjóður hækkaði ekki vexti. Þá er sjóðnum að sjálfsögðu stefnt í verulegan taprekstur og ég veit að hæstv. fjmrh. skilur að það er ekki traustvekjandi gagnvart erlendum lánadrottnum að reka fyrirtæki með tapi.

Ég veit ekki betur en það hafi verið siður hér á undanförnum árum að hækka rafmagn allverulega við erfiðar aðstæður til þess að fyrirtækið Landsvirkjun gæti komið með eðlilegum hætti fram gagnvart þeim aðilum sem hún hefur tekið lán hjá. Hvað ætli væri sagt hér í þingsölum ef skattleggja ætti fyrirtækið Landsvirkjun í dag? Halda menn að það mundi renna umræðulaust í gegnum þingið? Það er fyrirtæki með mikinn hagnað og fyrirtæki sem skiptir miklu máli fyrir þjóðarbúið. Ég á ekki von á því að hv. þm. mundu samþykkja það umræðulaust að leggja slíkan skatt á. (**Fjmrh.**: Það er greiddur arður.) Arðgreiðslur eru allt annað en tekjuskattur og eignarskattur, hæstv. fjmrh., ég hélt að við þyrftum ekki að ræða það. Auðvitað getur það komið til álita að greiða arð af eigin fé Fiskveiðasjóðs. Það er allt annað mál. En fyrst farið er út í skattlagningu á annað borð spyr maður að sjálfsögðu: Um hvað á þessi samræming að vera? Hér er eingöngu talað um fjárfestingarlánasjóði. Það þykir sjálfsagt að leggja sérstakan skatt á veiðiheimildir, gefa undir fótinn með það að leggja eigi á auðlindaskatt og ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi oft á tíðum tekið undir það. Og hér kemur hvert frv. á fætur öðru sem gerir ráð fyrir því að einstakar atvinnugreinar borgi hærri skatta. En ef það er minnst á að rafmagnsfyrirtækin og orkufyrirtækin í landinu greiði einhvern skatt rísa menn upp og segja: Aldrei, aldrei.

Ég er ekki að leggja það sérstaklega til að rafmagnsfyrirtækin og orkufyrirtækin í landinu verði skattlögð því ég geri mér grein fyrir því að skattur á þau mundi að sjálfsögðu koma fram á neytendum og yrði til þess að draga úr kaupmætti fólks og hækka rafmagn til atvinnurekstrar í landinu. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því. Með alveg sama hætti verður skattur sem þessi til þess að draga þróttinn úr atvinnulífinu í landinu. Það er sjálfsagt þegar vel gengur hjá atvinnuvegunum að leggja byrðar á þá og það er líka sjálfsagt að reyna að vinna að sem bestri samræmingu í sambandi við skattamál í landinu. En það er ekki sama hvenær það er gert. Það er ekki skynsamlegt að gera það þegar atvinnuleysi er komið yfir 3% og fer vaxandi. Þá eiga menn að staldra við og spyrja sjálfa sig: Er ekki rétt að bíða með þetta og sjá hvort ekki gengur betur í atvinnulífinu næstu mánuðina? Þurfum við ekki á því að halda að þar sé sem mest um að vera? Það gerir hæstv. ríkisstjórn ekki. Hún heldur við sitt og ákveður að þessi skattur skuli lagður á og afleiðingarnar skipti engu máli. Ég vara sérstaklega við því og vænti þess að hæstv. fjmrh. taki tillit til þess. Ég tel það alveg augljóst því ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún muni hafa frumkvæði að því að lækka vexti, fær síðan athugasemdir frá tilteknum lánasjóði um það að aðgerðir hennar muni verða til þess að hækka vexti um 2%. Hvar er þá frumkvæðið? Hæstv. fjmrh. segir að frumkvæðið felist í því að lækka halla ríkissjóðs og með því muni vextirnir lækka. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., auðvitað skiptir halli ríkissjóðs máli á fjármagnsmarkaðinum. En ef verið er að ná niður halla ríkissjóðs með því beinlínis að valda vaxtahækkun í tilteknum sjóðum þá held ég að það sé ljóst að áhrifin verða gagnstæð. Því hlýtur ríkisstjórnin að taka tillit til þess sem hún hefur lofað í þessu máli.

Þó að mér hafi hér orðið tíðrætt um málefni Fiskveiðasjóðs í þessu sambandi þá er hann ekki eini sjóðurinn sem málið snertir. Það á líka við um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóð. Það er nokkrum erfiðleikum háð að mínu mati að skattleggja Stofnlánadeild landbúnaðarins. Stofnlánadeild landbúnaðarins er dæmi um fjárfestingarlánasjóð sem hefur tvíþætt hlutverk. Annars vegar lánahlutverk og hins vegar styrktarhlutverk. Vextir Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru lágir og þeir eru greiddir niður sameiginlega af landbúnaðinum í landinu. Nú má að sjálfsögðu um það deila hvort það sé skynsamleg ráðstöfun að greiða vexti niður með þeim hætti en það hefur verið gert. Það er jafnframt rétt að taka það fram að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur orðið fyrir mjög miklum áföllum í sínum útlánum á undanförnum árum. Deildin lánaði verulegt fjármagn til loðdýraræktar og fisk-

eldis í landinu og afskriftareikningur útlána hjá Stofnlánadeildinni er hvorki meira né minna en 820 millj. í árslok 1991 eða tæp 10% af heildarútlánum deildarinnar. Í þessu sambandi verður að telja að sú heimild sem getur verið til frádráttar vegna afskrifta útlána samkvæmt lögunum um skattskyldu banka og sparisjóða sé allt of þröng fyrir fjárfestingarlánasjóðina. Sú heimild er 1%. Það er ekki gert ráð fyrir því í þeim brtt. sem fylgja afgreiðslu málsins að breyta þessu. Það er hins vegar tekið fram af fjmrn. að það standi til og það sé verið að endurskoða ákvæði. Með skírskotun til þess að einhver vinna sé í gangi við athugun á málinu í fjmrn. sé rétt að samþykkja þetta svona þótt það sé bersýnilega allt of lágt. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að þetta skuli vera til athugunar í fjrmn. en það mælir einmitt með því að afgreiðslu málsins sé frestað og því vísað til þeirrar ríkisstjórnar og þess ráðuneytis sem er með þetta tiltekna mál í athugun. Fjmrn. er að skoða þetta ákvæði og það er svo tengt skattlagningu fjárfestingarlánasjóðanna að það hlýtur að vera eðlilegt að það fari saman.

Ég vil í þessu sambandi nefna áhættumatið hjá Fiskveiðasjóði Íslands. Fiskveiðasjóður hefur afskrifað allmikið af útlánum sínum og við skulum vona að sú útlánaafskrift dugi fyrir áföllum framtíðarinnar. Það er afar erfitt að meta það. Ef hæstv. forsrh. væri fenginn til verksins og fengi aðstoð Ríkisendurskoðunar við málið býst ég við því að þessi afskriftarreikningur mundi hækka því, eins og frægt er, þá fór hæstv. forsrh. fram á sérstaka athugun á útlánaáhættu Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs. Út úr því kom ný niðurstaða sem er að sjálfsögðu byggð á einhverju mati um framtíðina, mati um aflabrögð, mati um verðlag á erlendum mörkuðum. Ég er viss um að ef sams konar mat og þar var beitt væri notað hjá Fiskveiðasjóði eða Stofnlánadeildinni kæmi allt önnur útkoma út úr því og afkoma þessara sjóða yrði allt önnur en núverandi reikningar þeirra bera með sér. Ég tel því að þessi sérstaka athugun sem hæstv. forsrh. lét fara fram á tilteknum sjóðum mæli mjög með því, án þess að ég hafi verið sérstaklega hrifinn af þeim æfingum sem þar fóru fram, að þessu máli verði frestað. Einhver sambærileg skoðun eigi sér síðan stað varðandi hina fjárfestingarlánasjóðina, því m.a. vegna þeirrar áhættu sem er talin liggja í útlánum Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs hefur verið ákveðið að skattleggja ekki þá sjóði. Þar er um sjóði að ræða sem eru algjörlega í eigu ríkisins og niðurstaðan er sú að þar eigi engin skattlagning að fara fram.

Ég held að megi alveg fullyrða að rekstur þessara sjóða, sérstaklega Byggðastofnunar, sé í einhverri samkeppni við aðra fjárfestingarlánasjóði í landinu. Aðili, sem tekur lán í Byggðastofnun, tekur væntanlega ekki lán annars staðar til sömu hluta og aðili, sem tekur lán í Fiskveiðasjóði, tekur ekki lán í Byggðastofnun til að gera nákvæmlega það sama. Þar er því um samkeppni að ræða þannig að alveg sömu rök gilda um Fiskveiðasjóð og aðra stofnlánasjóði. Þar að auki er frumskylda Fiskveiðasjóðs að lána til skipa og til uppbyggingar atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi með sama hætti að það er frumskylda Stofnlánadeildar landbúnaðarins að lána til uppbyggingar í sveitum landsins. Ég hef ekki orðið var við að fjárfestingarlánasjóðirnir eða bankastofnanir landsins séu sérstaklega að slást um að fá að lána í slíka uppbyggingu um þessar mundir. Ég held einmitt þvert á móti að menn dragi mjög við sig að lána til hluta sem tengjast sjávarútvegi og landbúnaði vegna þess að það er talið mjög áhættusamt.

Ég vil jafnframt minna á að Fiskveiðasjóði Íslands er ætlað það hlutverk um þessar mundir að hjálpa til við fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsins. Hæstv. sjútvrh. hefur gefið út sérstaka reglugerð um sjóðinn þannig að hann geti sinnt því hlutverki betur og dragi þá úr því hlutverki sínu að lána til nýrra skipa og nýrra bygginga. Þetta er sjálfsagt mál vegna þess að við eigum nóg af skipum og við eigum nóg af byggingum til að vinna fisk í, en þurfum hins vegar fyrst og fremst á því að halda að hagræða í greininni og hjálpa til við fjárhagslega endurskipulagningu. Það hljóta allir að skilja að það mun koma verulega við viðkomandi stofnun að þurfa að greiða til ríkisins tæpar 300 millj. í þessu skyni ef hún á ekki að hækka vexti eins og hæstv. fjmrh. hefur látið í skína með sama hætti og það kemur að sjálfsögðu við viðkomandi atvinnugrein að þurfa að reiða þetta fé fram.

Að vísu er rétt að Iðnlánasjóður hefur tekið jákvæðar undir þessa skattskyldu en aðrir. Iðnlánasjóður hefur skilað áliti um þetta mál þar sem eftirfarandi kemur þó fram í lokin í því áliti, með leyfi forseta:

„Skattlagning fjármálastofnana er mjög flókið og viðamikið mál. Mismunandi eignar- og rekstrarform gerir málið enn þá flóknara. Við þetta bætist aukin samkeppni við erlendar lánastofnanir í kjölfar aukins frjálsræðis í alþjóðaviðskiptum.

Þetta hlýtur að kalla á endurskoðun og samræmingu á skattlagningu íslenskra fjármálastofnana.

Stjórn Iðnlánasjóðs er þeirrar skoðunar að löggjöf um skattlagningu fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana eigi að vera liður í þeirri heildarendurskoðun, sem nú er unnið að á löggjöf um fjármálastofnanir."

Ég vil í þessu sambandi spyrja — og væri nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. væri jafnframt viðstaddur vegna þess að ég veit ekki betur en að hæstv. viðskrh. hafi tekið að sér að vera í forsvari fyrir þeirri heildarendurskoðun sem á sér stað um löggjöf um fjármálastofnanir. (**Gripið fram í:** Hann kemur ekki til þings fyrr en í ágúst). Ég veit ekki alveg hvort hv. 8. þm. Reykn. veit nægilega vel um það þótt ég sé á engan hátt að efast um orð hans, en ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort vitað sé um viðskrh. (**Fjmrh.:** 8. þm. Reykn. flutti gleðiboðskap.) (**Forseti:** Samkvæmt töflu í borði forseta er hæstv. viðskrh. ekki í húsinu en forseti mun til öryggis láta kanna hvort það stenst.) Ég þakka fyrir það. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því ef hæstv. viðskrh. er ekki viðlátinn og ekki á landinu þá er engin leið að verða við minni ósk.

En kjarni málsins er sá hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir með heildarendurskoðun og löggjöf um fjármálastofnanir. Fyrst sú heildarendurskoðun er í gangi er þá

ekki skynsamlegt að láta skattlagninguna bíða og taka afstöðu um þessi mál á heildargrundvelli? Er skynsamlegt að búa til nýja mismunun án þess að vita hvað út úr því kemur og taka þá áhættu að skaða stórkostlega hagsmuni einstakra atvinnugreina? (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. 1. þm. Austurl. um að hæstv. viðskrh. er því miður ekki í húsinu.) Ég þakka forseta fyrir þær upplýsingar og ekkert er við því að gera, en ég þykist vita það að hæstv. fjmrh. hefur fylgst náið með vinnu hæstv. viðskrh. og ég býst við því að hann hafi upplýst ríkisstjórnina reglulega um málið þannig að ég vænti þess að það komi ekki að sök. Auðvitað er það svo að jafnvel þótt að hæstv. viðskrh. láti endurskoða alla þessa löggjöf þá heyra einstakir fjárfestingarlánasjóðir ekki undir hann því Stofnlánadeild landbúnaðarins heyrir undir landbrh. og Fiskveiðasjóður undir sjútvrh. Þar af leiðandi geta þessir hæstv. ráðherrar væntanlega upplýst hvaða framtíðarsýn þeir hafa um starfsemi þessara sjóða. Ég á von á því að bæði hæstv. landbrh. og hæstv. sjútvrh. komi hér á eftir og segi frá því hvað þeir hyggist gera til þess að bregðast við þeim áhyggjum sem koma fram af hendi stofnlánasjóðanna. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. hafi kynnt sér ítarlega hvað hér er á ferðinni og muni gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þær afleiðingar sem þarna er rætt um og væntanlega á það sama við um hæstv. landbrh.

Síðan segir að lokum í áliti Iðnlánasjóðs: „Leggjumst við því alfarið á móti því, að frv. nái fram að ganga í núverandi mynd, en teljum að nauðsyn sé að skoða mál þessi í heild með tilliti til þeirra starfsskilyrða, sem stjórnvöld ætla að búa lánastofnunum á íslenskum fjármagnsmarkaði og með hliðsjón af skattlagningu fjármálastofnana í nálægum löndum."

Undir þessi orð viljum við í minni hluta efh.- og viðskn. taka. Við teljum nauðsynlegt að fyrir liggi hvaða starfsskilyrði þessar lánastofnanir eiga að búa við í framtíðinni. Í því sambandi vil ég jafnframt minnast á það að nú hafa verið samþykkt lög sem gera ráð fyrir því að samkeppni erlendra og innlendra lánastofnana stóraukist. Það er liður í þeim undirbúningi sem nú fer fram í landinu vegna væntanlegrar og hugsanlegrar inngöngu Íslands í hið Evrópska efnahagssvæði, en í því samkomulagi er gert ráð fyrir því að fjármagnsflutningar á milli landa verði frjálsir. T.d. er vitað mál að ýmsar skipasmíðastöðvar erlendis hafa lagt sig mjög fram um það að lána fjármagn til byggginga á skipum. Ýmsir aðilar sem vilja selja tæknibúnað til landsins, vélar og margvísleg tæki, bjóða oft og tíðum peninga eða lán í þeim kaupsamningum. Það er afar þýðingarmikið þegar þetta mun verða að veruleika og þessi samkeppni eykst að við Íslendingar eigum öflugar fjármálastofnanir sem geti tekist á við þessar aðstæður. Þá mega menn ekki láta sér vaxa í augum þótt stofnanir eigi 4 milljarða í bókfært eigið fé eins og Fiskveiðasjóður Íslands. Það er ekki mikið eigið fé miðað við alla þá gífurlegu áhættu sem sjóðurinn stendur frammi fyrir og ég hef komið hér að áður. Allir hljóta að vera sammála því að það er mjög lítið eigið fé miðað við styrkleika þeirra erlendu fjármálastofnana sem við getum væntanlega búist við að þurfa að takast á við og vera í samkeppni við. Nú er það ekki svo að vonandi verður starfsemi sumra þessara stofnana til þess að lækka vexti á Íslandi en ég treysti því ekki um of nema fyrir séu í landinu nægilega sterkar stofnanir til þess að veita hinum erlendu aðilum fulla samkeppni og aðhald því að tilkoma erlendra fjármálastofnana á Íslandi er fyrst og fremst kostur að því er varðar hugsanlegt aðhald þeirra við innlendar lánastofnanir. En væntanlega dettur engum í hug að með því sé búist við því að hinar erlendu stofnanir muni að meira eða minna leyti yfirtaka þá starfsemi sem innlendar stofnanir reka í dag. Ég er þess fullviss að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér ekki slík verk og því eru öll rök með því að fara sér hægt í þessu sambandi. Ekkert liggur á í þessu máli. Ekkert slys mun eiga sér stað ef þetta mál er látið liggja. Hins vegar geta orðið mörg slys ef menn afgreiða það nú á þessu þingi. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sé ljóst að ég er andvígur því að afgreiða þetta mál. (**Fjmrh.:** Það var að skýrast núna.) Mér þykir vænt um það að þetta er skýrt fyrir hæstv. fjmrh.

Þegar ég er að tala um slys í þessu sambandi þá á ég í fyrsta lagi við það slys að íslenskar fjármálastofnanir fengju mun verri starfsskilyrði en tilsvarandi fjármálastofnanir erlendis. Það er nefnilega ekki nóg, hæstv. fjmrh., að tala um jöfnun milli íslenskra fjármálastofnana og jafna þar í sumu en búa til nýja mismunun í öðru. Líka þarf að huga að þeim stofnunum sem koma hugsanlega hingað. Þess vegna væri slys að afgreiða þetta mál svo illa undirbúið sem það er og skiptir þá engu þótt það hafi verið undirbúið fyrir þremur árum af öðrum hæstv. fjmrh. sem sá að sér í málinu. En hæstv. núv. fjmrh. virðist vera svo hrifinn af öllum verkum fyrri fjmrh. að hann leggur sig sérstaklega fram um það að flytja þau mál sem hann kom ekki fram á Alþingi og eru þetta líka rök fyrir því að láta málið bíða því að fyrirrennari hans í embætti vitkaðist í málinu og sá að sér sem var skynsamlegt af honum. Ég vænti þess að núv. fjmrh. verði ekki minni maður á þessu sviði.

Það væri jafnframt slys ef svo yrði dreginn þróttur úr Fiskveiðasjóði Íslands að hann gæti ekki staðið við bakið á sjávarútveginum núna í fjárhagslegri endurskipulagningu og staðið við þau loforð sem hann hefur m.a. gefið núv. ríkisstjórn í sambandi við skuldbreytingar. Það væri jafnframt mikið slys að draga þann litla þrótt og lífskraft úr atvinnulífinu sem er til staðar í dag til að reyna að byggja upp eitthvað nýtt og auka atvinnu í landinu.

Því ætti að vera ljóst, virðulegi forseti, að þetta er dæmigert mál sem þarf vandaðri undirbúning og við hljótum í því sambandi að vitna til þess starfs sem okkur er sagt að sé í gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar í sambandi við endurskipulagningu fjárfestingarlánasjóðanna og ég hef áður minnst á. Með þessu er ekki verið að afneita því að fjármálastofnanirnar verði skattlagðar í framtíðinni. Við erum í reynd að taka undir afstöðu Iðnlánasjóðs að það þurfi að búa fjármálastofnunum aðstöðu með hliðsjón af skattlagningu í ná-

grannalöndunum. Auðvitað eru ákveðin rök fyrir því að stofnanir sem þessar séu allar skattlagðar en ekki er sama hvernig það er gert alveg á sama hátt og ekki er sama hvernig er staðið að skattlagningu á orku.

Ef hæstv. fjmrh. telur að svo mikil sé þörf á því að fá þetta fjármagn inn í ríkissjóð við þessar aðstæður, af hverju getur hann þá ekki hugsað sér það að eitthvað af þessum skatti komi þá líka frá orkufyrirtækjum? Ég er ekki að mæla sérstaklega með því að hæstv. fjmrh. búi til frv. núna í dag í þeim efnum en ef á að samræma skattlagningu í landinu almennt á öllum atvinnurekstri, hvaða nafni sem hann nefnist, þá er að sjálfsögðu ekki hægt að undanskilja þau fyrirtæki. Hins vegar veit ég að áhrifamiklir aðilar sitja við stjórnvölinn í mörgum þeirra fyrirtækja og ekki er ætlunin að hreyfa þar við neinu. Hér hefur t.d. verið ákveðið að falla frá skattlagningu á Lánasjóð sveitarfélaga sem var ætlunin að gera þegar frv. var lagt fram. Ætli það hefði ekki verið hægt að rökstyðja það betur að leggja einhvern skatt á öflugustu orkufyrirtækin í landinu í stað þess að leggja sérstaklega skatt á Lánasjóð sveitarfélaga? Engar hugmyndir voru uppi um það, menn létu sér detta í hug að skattleggja Lánasjóð sveitarfélaga. Menn létu sér detta í huga að skattleggja Hafnabótasjóð. Menn létu sér detta í hug að skattleggja Framleiðnisjóð landbúnaðarins til þess að hafa upp í þessi vandræði sem ég er ekki að gera lítið úr. En menn létu sér ekki detta í hug að leggja einhvern skatt á ríkustu orkufyrirtæki landsins enda eru sum þeirra í verulegum greiðsluerfiðleikum, ekki síst vegna bygginga sem þau hafa staðið í bæði á sviði veitingareksturs og jafnvel á sviði hótelreksturs.

En það eru vandræði á fleiri stöðum, hæstv. fjmrh., mikil vandamál eru í íslensku atvinnulífi og ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh. taki tillit til þess og komi upp í ræðustól á eftir og skýri frá því að hann telji rétt að draga þetta frv. til baka, láta það bíða betri tíma þannig að hægt sé að skoða þessi mál öll í þeim anda sem hér hefur verið lagt til af Iðnlánasjóði, taka tillit til réttmætra athugasemda Fiskveiðasjóðs, réttmætra athugasemda Stofnlánadeildar landbúnaðarins, með sama hætti og tekið hefur verið tillit til réttmætra athugasemda frá öðrum. Það hefur verið tekið tillit til réttmætra athugasemda frá sveitarfélögunum og fallið frá því að skattleggja Lánasjóð sveitarfélaga. En það á alls ekki að taka tillit til réttmætra athugasemda frá atvinnulífinu. Hvernig má það vera? Er ríkisstjórnin með þessu að undirstrika að atvinnulífið komi henni ekki við? Þetta er ekki í fyrsta skipti sem mál eru afgreidd í mikilli andstöðu við atvinnulífið og það kemur mjög á óvart að Sjálfstfl. skuli ganga sérstaklega fram í því að afgreiða löggjöf á Alþingi í andstöðu við atvinnulífið. Þetta gerðist líka fyrr í vetur þegar var verið að afgreiða frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þá lagði hæstv. fjmrh. sig sérstaklega fram í því að afnema skattalega meðferð á arði sem hann hafði sérstaklega barist fyrir á Alþingi í stjórnarandstöðu og talið sér mjög til tekna að honum hafi tekist sem stjórnarandstæðingi á Alþingi að koma fram mikilvægu máli fyrir atvinnulífið. (Gripið fram í.) Það var nú í þá tíð að stjórnarandstaðan var höfð með í einstaka málum. Ég held, hv. 8. þm. Reykn., að stjórnarandstaðan hafi ekki verið höfð með í allt of mörgum málum. Ég tel skynsamlegt að hafa samstarf við stjórnarandstöðu á hverjum tíma því að svo vill til í flokkakerfi okkar að flestir flokkar hafa starfað saman, þó ekki allir, og það er reynsla af því að það geti meira að segja gerst að hæstv. núv. og fyrrv. fjmrh. sætu einn daginn saman í ríkisstjórn. Ég veit að hæstv. núv. fjmrh. getur vart til þess hugsað, en ég er ekkert viss um að hann yrði einn um að svara fyrir það. Það gæti vel verið ef hann mundi mótmæla því sérstaklega að menn gætu alveg eins verið án hans í ríkisstjórn og ýmsra annarra og sem betur fer er enginn á Íslandi svo mikilvægur að hann sé ómissandi hvort sem er í ríkisstjórn eða stjórnmálum. Það er því skynsamlegt upp á framgang mála að reyna að skapa sem mesta samstöðu. Hins vegar hefur núv. ríkisstjórn tekið upp alveg ný vinnubrögð sem hún hefur talið sér líka til tekna þannig að hæstv. fjmrh. telur sér ekki aðeins til tekna að hafa náð fram þessu tiltekna máli, sem ég gat hér um áðan, í stjórnarandstöðu. Hann telur sér sjálfsagt til tekna að hafa náð hér ýmsu fram í mikilli andstöðu við stjórnarandstöðuna og jafnvel án þess að gera tilraun til þess að ná þar saman. Alveg sama á við um ýmis nefndarstörf sem eru alltaf í gangi vegna undirbúnings mála. Það var áður fyrr alltaf til siðs að aðilar frá stjórnarandstöðu kæmu að þeim undirbúningi, eins og löggjöf um stjórn fiskveiða, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, um skattamál og ég nefni t.d. þegar tekinn var upp virðisaukaskattur. Nú er þetta algjörlega lagt af. Það kemur mér satt best að segja á óvart, hæstv. fjmrh., að þessi mál skuli vera rekin á Alþingi í svona mikilli andstöðu við atvinnulífið. Ég átti von á því að Sjálfstfl. mundi leggja sig mjög fram í núverandi ríkisstjórn um að standa vörð um hagsmuni atvinnulífsins. Ég átti von á því að þar væri viss skilningur á því að hagsmunir atvinnulífs og fólksins í landinu verða ekki aðskildir. Öflugt atvinnulíf þýðir mikla atvinnu. Öflugt atvinnulíf þýðir góðar tekjur. Öflugt atvinnulíf þýðir miklar tekjur fyrir ríkissjóð og þar af leiðandi ætti enginn af ráðherrum í ríkisstjórn að hafa betri skilning á því en fjmrh. á hverjum tíma hversu mikilvægt öflugt atvinnulíf er. Þótt við séum vissulega með þá skipan mála að sérstakir ráðherrar hafa með að gera einstakar atvinnugreinar þá er það fyrst og fremst fjmrh. sem hefur þá yfirsýn yfir efnahagsmálin að hann á að geta dæmt mjög vel um það hvað sé efnahagsmálunum fyrir bestu og þýðingarmest fyrir efnahagsmálin á hverjum tíma. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hæstv. fjmrh. hefur mikinn og góðan skilning á því að ríkissjóð þurfi að reka með sem minnstum halla. En þegar þessi skilningur fjmrh. er farinn að koma fram í því að draga kraftinn úr atvinnulífinu er fjmrh. landsins hættur að skilja hlutverk sitt.

Ég átti miklu frekar von á því, hæstv. fjmrh., að Alþfl. hefði ekki sama skilning á hagsmunum atvinnulífsins. Ég var mjög hræddur um að hann mundi mjög sækja á um að það þyrfti að skattleggja atvinnulífið

sérstaklega og væri e.t.v. helsta ástæðan fyrir því að hann vildi sitja í núv. ríkisstjórn enda hefur komið í ljós að Alþfl. hefur verið mikill talsmaður þess að skattleggja sjávarútveginn. Að vísu vill hann ekki að skattleggja landbúnaðinn svo mikið vegna þess að það er ekkert að skattleggja, hann hefur hreinlega viljað leggja hann niður. Því miður er svo komið fyrir íslenskum landbúnaði að hann er í þeirri varnarstöðu að þangað er ekki mikla peninga að sækja og það sama má segja um sjávarútveginn. En Alþfl. virðist ekki skilja að jafnvel þótt engir peningar séu fyrir hendi þá skuli þeir samt sóttir. Formaður Alþfl. tekur upp á því að fara með einhverjar reiknikúnstir um það að fiskveiðiheimildir Íslendinga séu 100 milljarða virði og ekkert annað sé að gera en að ná í þessa peninga til sjávarútvegsins. Þessu heldur hæstv. utanrrh. fram, jafnvel þótt hann hafi lært hagfræði og ætti að skilja að svona lagað fær ekki staðist.

Þetta frv., sem hér er verið að mæla fyrir af hálfu hæstv. fjmrh., er því þessu marki brennt. Það er tilraun til þess að láta atvinnulífið borga meira til sameiginlegra þarfa án þess að nokkur skilningur komi fram á því að einmitt með því að lofa atvinnulífinu að njóta sín munu tekjur ríkissjóðs aukast. Það hafa sumir nefnt þess konar hagfræði hægri stefnu. Ég er ósammála því. Ég tel þetta vera stefnu sem byggir á reynslu aldanna í gegnum tímann, að mikilvægasta leiðin til þess að geta lagt til sameiginlegra mála, hjálpa til að því er varðar félagsleg mál, haldið uppi öflugu menntakerfi og velferðarkerfi, sé að við eigum okkur öflugt atvinnulíf. Ekkert getur stuðlað betur að því en að halda uppi góðri heilbrigðisþjónustu en öflugt atvinnulíf og ekkert getur stuðlað betur að því að halda uppi góðu og öflugu menntakerfi en öflugt atvinnulíf. Ekkert getur skapað betur velferð þjóðar en öflugt atvinnulíf.

Ég er viss um að forustumenn Sjálfstfl. hafa oft og tíðum skilið þetta og ég veit vel að t.d. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur ríkan skilning á þessari hagfræði. En hvernig í ósköpunum má það vera, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að þessi sannindi eru um það bil að gleymast í Sjálfstfl.? Hvað hefur komið fyrir? Hvernig má það vera að Sjálfstfl. skuli eiga sér fjmrh. sem leggur sig fram um að draga máttinn úr atvinnulífinu? Hvernig má vera að Sjálfstfl. eigi sér forsrh. sem segir að atvinnulífið verði bara að sjá um sig sjálft? Hvernig má það vera að Sjálfstfl. á sér forsrh. sem segir: Ja, fyrirtækin fara þá bara á hausinn og það verða ný byggð í staðinn?

Voru menn orðnir svona samtvinnaðir rekstrinum hjá Reykjavíkurborg sem hefur nánast gengið, ekki eingöngu út á það að reka samfélagslega þjónustu heldur margvísleg fyrirtæki á öllum sviðum, að menn skilji ekki lengur þarfir atvinnulífsins? Var Sjálfstfl. í reynd kominn út í sósíalíska stefnu á sviði atvinnumála? Jafnvel þótt að þeim hafi tekist að klóra eitthvað yfir það með því að selja Bæjarútgerðina á sínum tíma. En ekkert annað hefur gerst á þeim bæ. Það hafa verið byggð upp veitingahús á vegum borgarinnar, keypt hótel á vegum borgarinnar, reknar steypustöðvar — og guð má vita hvað — á vegum allra þessara stofnana. Hafa menn villst af leið og sett síðan upp ríkisstjórn sem tekur undir með Alþfl. að atvinnulífið skipti ekki miklu máli? Það sé alveg hægt að reka húsbréfakerfi og margs konar kerfi án þess að hafa öflugt atvinnulíf? Þetta er með ólíkindum. En því miður virðist það vera staðreynd sem ekki verður vikist undan og við teljum það vera hlutskipti okkar á Alþingi, hæstv. fjmrh., að fara með rök gegn þeirri stefnu og gera tilraun til að tala um fyrir mönnum. Ég veit að það þykir leiðingjarnt af hálfu ráðherranna, enda eru þeir ekki sérstaklega að hlusta á þetta þó ég haldi að þeir hefðu að einhverju leyti gott af því. Er leitt til þess að vita að þeir skuli ekki hafa þolinmæði til þess að hlusta á það sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa í þessu máli en setja bara hausinn undir sig og segja sem svo: Þetta mál skal fara í gegn hvað svo sem það kostar þótt þeir séu að segja eitthvað hjá Fiskveiðasjóði að þetta muni valda sjávarútveginum vandræðum. Það verður bara að hafa það, segir ríkisstjórnin. Þó það geti orðið til þess að einhverjum lánasamningum verði sagt upp og sjóðurinn þurfi að taka dýrari lán — ja, það verður bara að hafa það. Þó að afskriftarreglur útlána séu allt of þröngar sem geti leitt til mjög óréttmætrar skattheimtu — ja, það verður bara að hafa það.

Við erum ekki tilbúin til þess, hæstv. fjmrh., að standa að málinu með þessum hætti og þar af leiðandi hljótum við að leggja á það áherslu gagnvart hæstv. fjmrh. að hann endurskoði afstöðu sína í þessu máli. Við teljum að málflutningur hæstv. fjmrh. á Alþingi hafi verið með þeim hætti að það megi eygja nokkra von til þess að hann breyti um skoðun. Við teljum að málflutningur flokks hans hafi jafnframt verið þannig í gegnum tíðina að það sé til þess fallið að við eygjum nokkra von. Við viljum ekki trúa því að þetta sé allt saman gleymt og menn vilja ekki sjá hversu mikilvægt það er að atvinnulífið fái að njóta sín. Við höfum jafnframt tekið eftir því að um þessar mundir er í gangi starf á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að efla atvinnulífið, eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nú frá því að gengið var frá kjarasamningum. En næst á eftir loforðinu um að hafa frumkvæði, eins og það heitir, að lækkun vaxta, þá stendur eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta, í þriðja lið:

„Fulltrúar ASÍ og vinnuveitenda hafa kynnt ríkisstjórninni athuganir sínar og tillögur í atvinnumálum. Í ljósi þess að alvarlega horfir nú í atvinnumálum landsmanna er ríkisstjórnin reiðubúin að ganga til samstarfs um atvinnumál við ASÍ og vinnuveitendur og með þátttöku sveitarfélaga. Í framhaldi af gerð kjarasamninga er ríkisstjórnin reiðubúin að stofna samstarfsnefnd um atvinnumál með þessum aðilum með það að leiðarljósi að treysta undirstöður hagvaxtar og atvinnuöryggis.“ — Það er ekkert annað. Síðan segir: „Í þessum efnum verður hugað að stefnumörkun og aðgerðum er örvi framleiðslu og atvinnustarfsemi í landinu til lengri tíma litið. Fyrst í stað verður lögð megináhersla á aðgerðir til að bæta atvinnuástand þegar á þessu ári. Ríkisstjórnin er reiðubúin að beita sér fyrir samstarfi allra aðila, þar á meðal í atvinnulífi og á fjár-

magnsmarkaði til þess að nefndin geti unnið markvisst að verkefnum sínum."

Þetta er yfirlýsing ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Nú hlýt ég að spyrja: Hefur þetta mál verið tekið til umfjöllunar í þessari samstarfsnefnd eða hefur hún e.t.v. ekki verið stofnuð? En þessi samstarfsnefnd á að hafa að leiðarljósi að treysta undirstöður hagvaxtar og atvinnuöryggis. Nú býst ég við því að við getum verið um það sammála, ég og hæstv. fjmrh., að ein af undirstöðum hagvaxtar og atvinnuöryggis er öflugar fjármálastofnanir og heilbrigður fjármagnsmarkaður.

Nú hefur hæstv. fjmrh. beitt sér fyrir því að trufla fjármagnsmarkaðinn með breytingum á reglum um arðgreiðslur sem treysti ekki undirstöður fjármagnsmarkaðarins. Nú er hæstv. fjmrh. að beita sér sérstaklega fyrir skattlagningu fjárfestingarlánasjóða og ég hlýt að spyrja: Samræmist það þessari yfirlýsingu að treysta undirstöður hagvaxtar og atvinnuöryggis? (**Forseti:** Forseti vill minna hv. þm. á að það stendur til að fresta fundi klukkan hálftólf vegna þingflokksfunda.) Hæstv. forseti, ég ætlaði aðeins að koma inn á einn þátt til viðbótar, en síðan skal ég fresta máli mínu.

Jafnframt segir í þessari yfirlýsingu að ríkisstjórnin sé reiðubúin til að beita sér fyrir samstarfi allra aðila, þar á meðal í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði til þess að nefndin geti unnið markvisst að verkefni sínu. Ég hlýt að spyrja í þessu sambandi: Hefur þetta samstarf átt sér stað að því er varðar þetta mál? Hefur það verið sérstaklega rætt við atvinnulífið og fjármagnsmarkaðinn? Er þetta mál til þess fallið að koma fram þeim markmiðum sem eru annars svo ágætlega orðuð í þessari yfirlýsingu, skynsamlega orðuð, að mikilvægt sé að treysta undirstöður hagvaxtar og atvinnuöryggis?

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá því síðast í apríl er því ekkert annað en greinargerð, góð greinargerð og ætti ekki að þurfa að hafa um það fleiri orð. En það er svo undarlegt að ekki er nóg að ríkisstjórnin gefi út loforð og yfirlýsingar að lítið á að fara eftir þeim.

En vegna þess sem áður var sagt, hæstv. forseti, þá mun ég nú gera hlé á máli mínu, ég á ekki mjög mikið eftir af minni ræðu, en ég mun þá ljúka henni síðar til þess að hægt sé að halda þingflokksfundi nú klukkan hálf tólf ef hæstv. forseti fellst á það.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Málefni fatlaðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 354, nál. 915 og 945, brtt. 916, 944, 946 og 959.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 595 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, EGuðn, GHall, GunnS, HÁ, HBl, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér verður afgreitt er nýlega lagt fram að nýju eftir meðferð í nefnd og fyrir liggja 80 brtt. Hagsmunaaðilar, sem að þessu máli hafa komið, hafa alls ekki fengið að sjá þær og vafalaust eru allmargir þingmenn sem hafa haft lítinn tíma til að fara yfir þetta frv. Lögin eiga að taka gildi 1. sept. og það er ljóst að ekki er einn eyrir á fjárlögum þessa árs til að mæta þeim kostnaði sem af frv. leiðir.

Eins og menn sáu í Morgunblaðinu í gær eru málefni Kópavogshælis í algjörlega lausu lofti og um þau mikill ágreiningur en eins og kunnugt er heyra vistmenn þar ekki undir málefni fatlaðra.

Með tilliti til alls þessa tel ég að æskilegra hefði verið að fresta afgreiðslu þessa máls til haustsins þó að vitanlega sé margt til bóta í þessu frv., en eftir viðræður við ýmsa hv. þm. og ekki síst þingflokk minn hef ég fallist á að greiða þessu frv. atkvæði nú með því eindregna skilyrði að milli 2. og 3. umr. verði kallaðir til hagsmunaaðilar sem ekki hafa litið augum þessar brtt. Í trausti þess að svo verði gert mun ég greiða fyrir þessu máli nú.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. um málefni fatlaðra kom til félmn. 25. febr. Það var sent til umsagnar 72 aðila. 69 aðilar sendu umsagnir en frestur var til 23. mars. Reyndar tók einn aðili það upp hjá sér sjálfum að senda umsögn og barst hún í byrjun maí og skilst mér einmitt að það hafi komið fram hér á laugardag, sem dæmi um hve umsagnir hafi verið að berast seint. Góð umfjöllun hefur verið um frv. í nefndinni og farið yfir umsagnir. Nefndin öll, utan einn nefndarmaður, stendur að nál. og brtt. nefndarinnar eru reyndar í 24 liðum og nokkrir þeirra með undirliðum. Aðrar tillögur eru frá öðrum.

Ég vil geta þess að gefnu tilefni og með tilliti til þess sem hefur verið nefnt að fjöldi brtt. sé einhver mælikvarði á gæði umfjöllunar eða frv. að við erum hér með á dagskrá frv. um vernd barna og ungmenna og það hefur verið kallað eftir því frv. Ég er mjög ánægð með það hve mikil samstaða er um það frv. og var samstaða í menntmn. á því þingi sem það var tekið fyrir. Brtt. við það mál eru einnig í u.þ.b. 24 liðum ef ég man rétt og einhverjum undirliðum. Einungis eru fimm nýir liðir við málið frá nefndinni. En ég nefni þetta sem dæmi um að góð mál eru ekki endilega verri fyrir það að við þau séu fluttar brtt. og legg áherslu á að frá nefndanna hálfu er u.þ.b. jafnmikið af brtt. við bæði málin.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram og ég tek það líka fram úr þessum ræðustóli að til að greiða fyrir þessu

máli mun ég að sjálfsögðu kalla saman félmn. milli 2. og 3. umr.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að gera grein fyrir atkvæði mínu en atkvæðaskýringar eru orðnar það efnislegar að ég taldi óhjákvæmilegt að mæla fáein orð. Ég andmæli í fyrsta lagi því að vinnan í nefndinni hafi verið mjög mikil og góð um efnisatriði frv. því að það var hún ekki. Ég vil líka láta koma fram að til fundar við nefndina voru ekki kallaðir helstu hagsmunaaðilar, jafnvel þótt þeir hafi óskað eftir því. Mér er kunnugt um að hagsmunaaðilar óskuðu eftir fundi með nefndinni fyrir hálfum mánuði þegar ljóst varð að stefndi í veigamiklar brtt. á frv. af hálfu meiri hlutans. Þeirri ósk var synjað af formanni félmn.

Ég hef því farið fram á að fundur verði í nefndinni milli 2. og 3. umr. og við því hefur verið orðið. En hann mun að sjálfsögðu fara fram of seint með tilliti til þess ef menn hugsa sér að bera fram komnar brtt. undir álit hagsmunaaðila.

Brtt. 946,1 felld með 41:10 atkv. og sögðu

já: GHelg, HBl*, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (DO, EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (DO, EgJ, EKJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, PP, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,1 samþ. með 41:9 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, HG, JÁ, JHall, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG.

1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Þessi tillaga lýtur að því að fella út úr 3. gr. að það skuli vera sérstök deild í félmrn. sem fari með málefni fatlaðra. Það er í ósamræmi við stjórnunarlega uppbyggingu frv. sem mun væntanlega ef að líkum lætur fá brautargengi í atkvæðagreiðslu að hafa ekki þessa deild. Menn eru því ósamkvæmir sjálfum sér ef þeir styðja stjórnunarstrúktúr meiri hlutans en fella þetta ákvæði út. Ég segi nei.

3. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, FI, GB, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,2.a felld með 41:9 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, IBA, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 946,2.b felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, IBA, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (HG, JÁ, KHG, MF, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 946,3 felld með 28:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH,

EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 946,4.a felld með 43:10 atkv. og sögðu

já: EH, GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,4.b og d kom ekki til atkvæða.

Brtt. 946,4.c felld með 28:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að samkvæmt þessum úrslitum — fellt að í svæðisstjórnum skuli vera sjö menn og er þá komið ósamræmi milli þess og þess sem meiri hlutinn leggur til.

Brtt. 916,2 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, HG, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins árétta þar sem það kemur hér upp að það sem menn voru að samþykkja var að hafa sjö í svæðisráði, einmitt það sem menn felldu í næstu atkvæðagreiðslu á undan. Eða öllu heldur felldu þeir að þeir skyldu vera sjö og ákváðu að þeir skyldu vera fimm.

6. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,5 felld með 28:16 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HG, IBA, JÁ, JVK, KHG, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GB, ISG, IP, JGS, JHelg, JHall, KÁ, KE, StG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,3 (8. gr. falli brott) samþ. með 44:7 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG.

12 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég er reyndar líka með sömu tillögu á öðrum forsendum sem að sjálfsögðu kemur ekki til atkvæðagreiðslu. En ég vil skýra afstöðu mína til brtt. í ljósi þess sem komið er. Með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið er eini samráðsvettvangurinn milli ráðuneytanna í 8. gr. Ég tel því nauðsynlegt að hafa þennan vettvang til þess að menn geti einhvers staðar haft formlegan stað til að samræma sjónarmið og aðgerðir. Ég er því nú í ljósi samþykktra breytinga á frv. andvígur því að 8. gr. verði felld út.

Brtt. 946,6 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 946,7 felld með 28:13 atkv. og sögðu

já: FI, GHelg, HG, IBA, JÁ, JVK, JHall, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB,

VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, GB, GÁ, ISG, IP, JHelg, KÁ, KE, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JGS, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EH.

11 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JGS, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,4 samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EH.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,8 felld með 27:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, LMR, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, KÁ, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (ISG, KE) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,5 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 946,9.a felld með 30:16 atkv. og sögðu

já: EH, GB, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JHall, KHG, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, JVK, KÁ, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AÓB, ISG, IP, JGS, KE, StG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,9.b–c kom ekki til atkvæða.

Brtt. 916,6 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, FI, GHall, GunnS, HÁ, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,10.a–b kom ekki til atkvæða.

Brtt. 946,10.c kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 946,10.d–e felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, GHall, GunnS, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,10.f felld með 29:9 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, IP, JÁ, KHG, MF, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, GB, GÁ, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, FI, GHall, GunnS, JónS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 944,1 felld með 28:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG,

EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, FI, GHall, GÁ, GunnS, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,7 samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁJ.

12 þm. (EgJ, GHall, GunnS, IBA, JónS, KSG, MB, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, GHall, GunnS, JónS, KSG, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,8 samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: StB.

10 þm. (EgJ, GHall, GunnS, JónS, JVK, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Á þskj. 944, 2. tölul., er brtt. við 14. gr. frá Ingibjörgu Pálmadóttur, og hefst nú atkvæðagreiðslan.

Hafa hv. þm. tekið þátt í atkvæðagreiðslu? Henni er lokið. Brtt. er felld með 26 atkvæðum ... (**Gripið fram í:** Nei, samþykkt.) (**Fjmrh.:** Endurtaka atkvæðagreiðsluna.) (**GHelg:** Nei, því hefur ævinlega verið synjað.) (**SJS:** Forseti var að lýsa úrslitum.) (**Gripið fram í:** Það er búið að lýsa úrslitum.) — Forseti var nú hálfnuð við að lýsa úrslitunum og hafði mismælt sig og á eftir að leiðrétta það. (**GHH:** Ég bið um að atkvæðagreiðslan verði endurtekin, forseti.) (**Gripið fram í:** Nei.) — Ef fyrir liggur einhver vafi um hver vilji þingsins er, þá er sjálfsagt að láta reyna á það og endurtaka atkvæðagreiðsluna. Það hefur gerst fyrr að það hafi verið gert. (**GHelg:** Ekki eftir að úrslitum hefur verið lýst.) Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það gerist. Atkvæðagreiðsla verður endurtekin.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Skil ég það ekki rétt að með hinu nýja atkvæðagreiðslukerfi sé auðvelt að fá útskrift af atkvæðagreiðslu og kanna hvort einhver hefur greitt atkvæði öðruvísi en hann ætlaði sér og hann gefur sig þá fram. Það er auðvitað alveg út í hött að endurtaka atkvæðagreiðsluna. Það liggur fyrir hverjir greiddu atkvæði og hvernig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú minna á að það er búið að endurtaka atkvæðagreiðslu áður við afgreiðslu þessa máls.

Ingibjörg Pálmadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sérstaklega að það er greinilegt að þessi tillaga mín á hér meiri hluta og ég býst ekki við því að það breytist þó við endurtækjum atkvæðagreiðslu. En ég ætla að skýra í hverju þessi tillaga felst. Hún felst í því fyrst og fremst að það er hægt að gera samning við sjálfseignarstofnanir eins og sveitarfélög, Sólheima í Grímsnesi t.d. og við erum með því að viðurkenna blönduð úrræði með því að samþykkja þessa tillögu.

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér óskaði hæstv. fjmrh. eftir því að atkvæðagreiðsla yrði endurtekin. Samkvæmt útskrift greiddi hann atkvæði á móti tillögunni. (**Gripið fram í:** Hver?) Hæstv. fjmrh., sem óskaði eftir endurtekningu á atkvæðagreiðslu, hann greiddi atkvæði á móti tillögunni, þannig að ef hann óskar eftir að breyta sinni afstöðu og hafi greitt atkvæði rangt, þá stendur ekkert á mér að fallast á það. Ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, virðulegi forseti, ef hæstv. fjmrh. vill styðja þetta mál, að verða við því.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið gerður hér einhver ágreiningur um það að þessi atkvæðagreiðsla var endurtekin. Ég hef verið að fylgjast með því hér á blöðum hvernig þessar atkvæðagreiðslur hafa farið fram og það er alveg ljóst að það hefur komið fyrir hér í þessum atkvæðagreiðslum í dag að menn hafa óafvitandi ýtt á rangan takka og ég tel sjálfsagt eins og jafnan hefur verið gert þegar slík ósk kemur fram að atkvæðagreiðslan verði endurtekin. Ég veit að hv. 8. þm. Reykn. skemmtir sér vel og verði honum að góðu en það er komin ósk um það að endurtaka atkvæðagreiðsluna og hún er hafin og það er auðvitað sjálfsagt hér í þinginu þegar slíkar óskir koma fram að verða við því.

Páll Pétursson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vil mótmæla þeim aðdróttunum hv. þm. Geirs H. Haarde að þingmenn hafi verið að greiða hér atkvæði í einhverju óráði. Ég tel það eðlilegt og sjálfsagt að menn séu frjálsir að gerðum sínum. Orsökin til þess að krafa kom fram um að endurtaka þessa atkvæðagreiðslu er auðvitað sú að stjórnarliðið varð undir vegna þess að það voru fáeinir skynsamir

menn í stjórnarliðinu sem greiddu tillögu Ingibjargar Pálmadóttur atkvæði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hafa hv. þm. tekið þátt í atkvæðagreiðslunni? Ef svo er þá er atkvæðagreiðslu lokið. (**ÓÞÞ:** Forseti. Er hægt að fá atkvæðagreiðsluna endurtekna?) Nú hefur komið ósk frá einum hv. þm., sem varð of seinn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, að hún verði endurtekin og verður orðið við því. Og hefst nú atkvæðagreiðslan að nýju.

Brtt. 944,2 felld með 29:27 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EgJ, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (HÁ, JGS, ÓRG, StG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,9 samþ. með 55:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg.

7 þm. (EgJ, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EgJ, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EgJ, GHelg, GunnS, JónS, KSG, RA, SP, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 916,10.a samþ. með 42:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GÁ, GHelg, IBA, JÁ, JHelg, KHG, MF, RA, SJS, SvG.

2 þm. (EH, ÓRG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, GunnS, HG, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga gengur út á það að fella út úr frv. 6. tölul. sem heitir „Göngudeild fullorðinna". Réttnefni á þessu er í raun og veru Starfsþjálfunar- eða starfsprófunardeild sem er afar nauðsynleg forsenda fyrir því að kaflinn um atvinnuleit og atvinnuráðgjöf síðar í frv. hafi eitthvert marktækt gildi. Ég leggst eindregið gegn því að þessi kafli verði felldur út og minni hv. þingheim á að röksemdin fyrir því að kaflinn er felldur út samkvæmt umsögn meiri hluta nefndarinnar er sá að þessi liður kosti peninga. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að þessi réttindabót verði felld út vegna þess að hún kostar peninga. Ég segi nei.

Brtt. 916,10.b–c samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EgJ, EKG, GunnS, JónS, KSG, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,11 felld með 29:10 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, StG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, GHall, GunnS, JónS, KSG, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG,

JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EgJ, FI, GunnS, IP, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu varðandi 17. gr. vegna þess að ég var of sein á mér áðan þegar greidd voru atkvæði um 6. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Þar kom sú atkvæðaskýring frá hv. 5. þm. Vestf. að rökin fyrir því að fella niður 6. tölul. væru þau að þetta kostaði peninga. Ég vil ekki sitja undir því að ég sé að taka út 6. gr. til þess að spara fyrir hið opinbera eða spara á fötluðum. Það er ekki ástæðan fyrir því að ég lagði til ásamt öðrum í meiri hluta nefndarinnar að þetta yrði tekið út, heldur eins og segir reyndar í nál., með leyfi forseta: „Sjá má af mörgum umsögnum að menn óttast þá miðstýringarþjónustu sem í ákvæðinu felst. Umsagnaraðilar láta og í ljós efasemdir um gildi göngudeildar fullorðinna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.“ Og svo segir: „Í ljósi þessa þykir ekki rétt að stofnað verði til slíkrar deildar, einkum þegar haft er í huga að hún hefði talsverð útgjöld í för með sér.“

Á það var bent af þeim sem við okkur töluðu að þessir fjármundir mundu nýtast betur úti í héraði þar sem betur væri hægt að meta hvaða störf þar væri um að ræða fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga, þannig að það væri nær heldur en hafa þetta inn í Greiningarstöð ríkisins hér fyrir sunnan.

Brtt. 916,11 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, FI, GHelg, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af atkvæðaskýringu hér rétt áðan sem fjallaði um atkvæðaskýringu mína þar á undan vil ég láta það koma fram að sú ákvörðun að fella brott töluliðinn um göngudeild fullorðinna sparar fé eins og fram kemur í nál. en það fé kemur ekki öðrum til góða. Þetta hlutverk sem þarna var inni er ekki fært út í héruðin. Þess vegna var ég á móti þessu, virðulegur forseti.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þess að þessi grein fjallar einmitt um verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, þá óska ég að taka undir sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu hér áðan og taka undir að þetta er hárrétt skýring á 6. lið 17. gr. Það komu mjög miklar athugasemdir um samþjöppun þjónustu fyrir sunnan og það var rætt talsvert mikið um þetta mál og þetta er gert í samræmi við umsagnir sem bárust nefndinni. (**SJS:** Hvað segir þingmaðurinn?) (**Forseti:** Það þarf ekki að skýra frá því í ræðustól þegar ekki er nafnakall. Það er aðeins verið að gefa skýringu vegna atkvæðagreiðslu.)

18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (EgJ, FI, GunnS, JónS, KSG, MB, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

19 gr. (verður 18. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EGuðn, FI, GunnS, JónS, KSG, RA, SigG, SP, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 916,12 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, GÁ, GunnS, JónS, KSG, MB, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, FI, GHelg, GunnS, JGS, JónS, KSG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

21.–24. gr. (verða 20.–23. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB,

SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (FI, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,12 felld með 29:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, MF, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KE) greiddi ekki atkv.

9 þm. (FI, GunnS, JónS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,13 samþ. með 49:1 atkv., 5 þm. greiddu ekki atkv.

25. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv., 1 þm. greiddi ekki atkv.

Brtt. 916,14 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnS, JHelg, JónS, KSG, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv., 8 þm. greiddu ekki atkv.

27.–28. gr. (verða 26.–27. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GunnS, JHelg, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

29.–30. gr. (verða 28.–29. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 916,15 samþ. með 54:1 atkv.

Brtt. 946,13 felld með 42:13 atkv. og sögðu

já: EH, GÁ, GHelg, HG, IBA, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GunnS, HÁ, JHelg, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í 3. tölul. 10. gr. segir að starfrækja skuli verndaða vinnustaði. Í þeirri setningu 31. gr. sem ég legg til að falli brott segir að heimilt skuli jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Hér er dregið úr þeirri skyldu sem er í frv. og reyndar í núgildandi lögum um að starfrækja verndaða vinnustaði og ég legg áherslu á að það verði ekki gert og því legg ég til að þessi setning falli brott úr frv.

31. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 916,16 (ný 32. gr., verður 31. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GunnS, JónS, KSG, ÓRG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

34. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GunnS, JónS, KSG, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

35. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,17 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA,

RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GunnS, JónS, KSG, KHG, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

36. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GunnS, JónS, JVK, KSG, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

37. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,14.a kom ekki til atkvæða.

Brtt. 946,14.b felld með 46:10 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

38. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,15 felld með 39:11 atkv. og sögðu

já: GÁ, GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KÁ, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, GB, ISG, JVK, KE) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, IP, JónS, KSG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

39. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, EgJ, EKG, GunnS, JónS, KSG, RA, SP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,16 felld með 34:11 atkv. og sögðu

já: GÁ, GHelg, IBA, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, FI, GB, HÁ, IP, JHelg, JVK, JHall, KÁ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GunnS, HG, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég legg hér að Framkvæmdasjóði verði með sama hætti heimilt að veita lán til stofnana sem upp eru taldar í 3. tölul. eins og öðrum. Það verði því ekki gert upp á milli sveitarfélaga annars vegar og félagasamtaka og sjálfseignarstofnana hins vegar.

Ég vil líka vekja athygli á ákvæði í 41. gr. sem ég flyt reyndar ekki brtt. um að sinni, það er 5. tölul. Ég tel hann mjög varasaman en það mun ég fjalla um síðar.

41. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 54:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JGS.

8 þm. (GunnS, IP, JónS, KSG, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,17 felld með 32:10 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

42. gr. (verður 41. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

43. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,18 felld með 35:21 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HÁ, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

45. gr. (verður 44. gr.) samþ. með 56:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 946,19 kom ekki til atkvæða.

46. gr. (verður 45. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

47.–48. gr. (verða 46.–47. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,18 samþ. með 56:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: LMR*.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

49. gr. (verður 48., gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GunnS, JónS, KSG, MF, PP, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

50. gr. (verður 49. gr.) samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VE, ÞorstP.

nei: IBA.

13 þm. (GHall, HG, IP, JÁ, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að athuga þurfi betur efnisatriði 50. gr. Það verður tækifæri til þess á milli umræðna þannig að ég mun sitja hjá við þessa tillögu.

Brtt. 946,20 felld með 29:22 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JHall, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, VE.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, HÁ, IP, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

51. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 30:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, SalÞ.

nei: KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK.

6 þm. (KSG, SP, StH, TIO, GunnS, JónS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þegar tekin eru upp nýmæli að veita kost á þjónustu, þá er það skilyrt af hálfu félmrh. sem flutningsmanns frv. að opnuð sé leið til þess að skattleggja þá sem þjónustunnar njóta og mörkin eru dregin þar að heimildarákvæðið verði virkt ef hinn fatlaði eða þeir sem að honum standa eru svo efnaðir að þeir njóta umönnunarbóta eða örorkulífeyris. Mér þykir þessi grein alveg fráleit og segi nei við henni.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessari grein er gert ráð fyrir því að félmrh. verði heimilt að innheimta skatta af fötluðu fólki sem þjónustu nýtur samkvæmt ákveðnum þáttum þessa frv. Hér er um að ræða mjög alvarlega tillögu af hálfu hæstv. félmrh. og ekki í anda þeirrar jafnaðarstefnu eða sanngjörnu leikreglna sem hún hefur fyrr boðað. Ég segi nei, forseti.

Brtt. 916,19 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EH, GunnS, JónS, KSG, KHG, MB, PP, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að vekja athygli á því svo ljóst sé að í greininni stendur: „Ferðir fatlaðra til og frá þjónustustofnunum skv. 1.–5. tölul. 10. gr. ...“ Nú er búið að fella út 4. tölul., þjónustumiðstöðvar, svo 5. tölul. er ekki lengur leikfangasafn eins og stendur í frv. heldur það sem áður var 6. tölul. og heitir skammtímavistun. Ég skil greinina þannig að 52. gr. eigi við það sem er í handritinu 1.–6. tölul. Ég vil gjarnan að hafi meiri hlutinn aðra skoðun að það komi fram en að öðru leyti styð ég þetta.

52. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GunnS, JónS, KSG, PP, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 916,20 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (GunnS, HÁ, JóhS, JónS, KSG, PP, PJ, SP, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

53. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GÁ, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

54. gr. (verður 53. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (FrS, GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

55.–56. gr. (verða 54.–55. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GHall, GunnS, JónS, KSG, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 944,3 felld með 29:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA.

nei: StB, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, BIB, SAÞ, SalÞ.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

6 þm. (SP, StH, TIO, GunnS, JónS, KSG) voru fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1993 með margvíslegum og augljósum rökum, m.a. þeim að engir fjármunir eru til viðbótar í þennan málaflokk á árinu 1992 og þess vegna engin rök fyrir því að láta lögin taka gildi fyrr en 1. jan. 1993. Auk þess er það þannig, virðulegi forseti, að í frv. er gert ráð fyrir heimild til þess að innheimta skatta af þeim fötluðum sem njóta þjónustu skv. 22. og 23. gr. frv. Og í þriðja lagi hefur það komið í ljós í umræðunum í dag og atkvæðagreiðslunni í dag að frv. er tæknilega séð í uppnámi. Þess vegna er það augljóst að það er skynsamlegt að fallast á tillögu hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur og ég segi já.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Gildistaka laganna fyrir áramót hefur enga þýðingu aðra en blekkja fatlaða, gefa þeim fyrirheit um einhver úrræði sem þeir hafa ekki í dag og sem menn hafa enga peninga til að standa við.

Það er líka óþolandi í atkvæðagreiðslu um þessi mál að þegar tillögur stjórnarandstæðinga eru samþykktar er atkvæðagreiðsla marklaus og endurtekin. Eina atkvæðagreiðslan sem virðist vera hægt að taka mark á á hinu háa Alþingi eftir þessa uppákomu er nafnakall. Ég segi já við þessari tillögu.

Brtt. 946,21 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 916,21 samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: PP.

12 þm. (HG, JÁ, JHelg, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

57. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (HG, JÁ, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GunnS, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 944,4 (ákv. til brb. I falli brott) felld með 30:22 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, EH, ISG, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu vegna þess að hún er sjálfsögð. Það er búið að eyða öllum peningum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra hvort eð er á árinu 1992 og það væri verið að gefa fötluðum ranga mynd af veruleikanum ef þessi tillaga yrði felld. Þess vegna segi ég já við tillögunni.

Ákv. til brb. I samþ. með 37 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SAÞ, StG, StB, VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SigG, BIB, SalÞ.

20 þm. (SJS, SvG, VS, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG,

IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA) greiddu ekki atkv.

6 þm. (SP, StH, TIO, GunnS, JónS, KSG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hafði vaxandi tilfinningu fyrir því, eftir því sem ég skoðaði þetta mál og fjölmargar brtt. með því síðustu sólarhringana, að það þyrfti að yfirfara ýmislegt betur í þessum efnum. Sú afstaða mín hefur mjög harðnað við þessa atkvæðagreiðslu. Ég tel að í henni hafi margar mótsagnir orðið ljósar í frv. og sérstaklega þó hvernig að afgreiðslu þess og gildistöku er staðið. Mér sýnist að það ákvæði til bráðabirgða I sem hér er verið að greiða atkvæði um undirstriki fáránleika þess. Vill forseti gefa aukaforsetanum orðið? (**Forseti:** Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur orðið og forseti beinir því til þingheims að gefa honum tækifæri til að gera grein fyrir atkvæði sínu. Ég er sammála forseta. Það fer best á því að ég tali fyrir mig sjálfur. Hv. 8. þm. Reykv. sjái svo um sinn hlut. Mér sýnist að þetta ákvæði til bráðabirgða og hvernig staðið er að því að afgreiða það hér undirstriki í raun fáránleika þess að fella þá brtt. um gildistökuákvæði laganna sem hér var gert áðan. Ég verð að játa, virðulegur forseti, að mér var ekki ljóst þegar greidd voru atkvæði um gildistökuákvæðin á næstu síðu skjalsins fyrir framan að í vændum væri síðan ákvæði til bráðabirgða sem hefði þessi áhrif. Ég ætla þess vegna ekki að taka þátt í þessum leik og mun ekki greiða atkvæði en óska eindregið eftir því að þetta verði eitt af þeim atriðum sem hv. félmn. skoðar vandlega milli umræðna, hvort það fari nú vel saman að haga annars vegar gildistöku laganna með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir og afgreitt var hér áðan og ætla síðan að bjarga sér í land vegna þess að engir peningar eru til til þess að framkvæma neitt nýtt í þessum lögum á þessu ári með bráðabirgðaákvæði af þessu tagi. Ég greiði ekki atkvæði, hæstv. forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég var að vona að einhver af stjórnarsinnum mundi standa upp og gera grein fyrir stuðningi sínum við þetta ákvæði. Það hefur ekki gerst enn. Mér er ekki ljóst hvaða djúpa hugsun liggur á bak við það að þetta skuli samþykkt og greiði ekki atkvæði.

Ákv. til brb. II samþ. með 27:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JGS, JBH, JHall, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, ÁJ, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, SJS, SvG, VS.

7 þm. (GHelg, HG, IBA, IP, JHelg, LMR, StG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EH, GuðjG, GunnS, JónS, KSG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það sýnir nú dálítið hvernig hér er að verki staðið að ákvæði til bráðabirgða II hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, á við þar til ákvæði um umönnunarbætur fatlaðra barna hefur öðlast gildi samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Það gerðist hér á Alþingi 22. des 1991 að í lögum sem þá voru samþykkt segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna sem dveljast í heimahúsi styrk allt að 9.092 kr. eða umönnunarbætur allt að 47.111 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér" o.s.frv.

4. gr. þeirra laga hljóðar svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi 3.–5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983."

Ég skil þess vegna vel að hv. formaður nefndarinnar óski eftir að draga ákvæðið til baka til 3. umr. og ég styð það. (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt, þetta er ekki brtt.) Ég spyr nú hv. þingheim, getur hann ekki fallist á að hjálpa forseta við að þurfa ekki að greiða atkvæði um svona vitleysu?

Brtt. 916,22 (ákv. til brb. III og IV falli brott) samþ. með 50:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EKJ, GÁ.

3 þm. (HÁ, IP, JHelg) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GHelg, GunnS, JónS, KSG, ÓÞÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þingsköpum er það þannig að það er ekki hægt að breyta máli í grundvallaratriðum á milli umræðna. Nú hefur verið ákveðið tiltekið ákvæði til bráðabirgða, ákvæði II, sem þó stenst ekki þau lög sem eru í gildi í landinu í dag. Og samkvæmt venjum hér á Alþingi er ekki hægt að snúa þeirri samþykkt við í næstu umræðu. Hér er bersýnilega þannig að málum staðið að eðlilegast væri auðvitað að gera hlé á þessari atkvæðagreiðslu og fara yfir málið því að hér hefur meiri hluti þingheims þegar afgreitt mál með þeim hætti að ekki stenst og harma ég það auðvitað að svona skuli vera staðið að jafnalvarlegu og mikilvægu máli og hér er á dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram hér áður að nefndin mun skoða þetta mál á milli umræðna og er eðlilegt að það verði gert.

Brtt. 946,22 felld með 27:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, StG, SJS, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, HBl, IBA, JóhS, JBH, MB, ÓE, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.
12 þm. (GuðjG, GunnS, JGS, JónS, KSG, ÓÞÞ, RA, SP, StH, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við bráðabirgðaákvæði V. Það er í frv. þannig að gert er ráð fyrir endurskoðun innan fjögurra ára. Við höfum ákaflega slæma reynslu af ákvæði sem þessu. Það er ákvæði í umferðarlögum sem samþykkt voru 1987 um að þau skyldu endurskoðuð innan fjögurra ára, þ.e. fyrir árslok 1991. Það var ekki gert. Hæstv. dómsmrh. hefur ekki lagt fram nýtt frv. til laga um umferðarlög. Það má reyndar líka benda á önnur lög þar sem ákvæði af slíku tagi hefur reynst ákaflega illa. Ég hef ekki mikla trú á að þetta ákvæði skili neinum árangri. Það þarf að kveða fastar að orði. Alþingi þarf að marka stefnuna skýrar ef menn vilja tryggja sér að farið sé eftir þeim anda sem felst í bráðabirgðaákvæðinu. Því hef ég lagt til að þetta ákvæði verði gert mun ákveðnar þannig að þegar í stað verði teknar upp viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök fatlaðra um það að sveitarfélögin taki við verkefnunum. Það er til umræðu innan svokallaðrar sveitarfélaganefndar eins og menn kannst við, og að stefnt skuli að því að þeim viðræðum ljúki með tillögum innan árs frá gildistöku laganna. Ég sé það þannig fyrir mér að í þeim tillögum verði dreginn upp ákveðinn ferill hvernig menn standa að þessari yfirfærslu verkefnis frá ríki til sveitarfélaga.

Ákv. til brb. V (verður ákv. til brb. III) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (GÁ, GHelg, HG, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GunnS, JónS, KSG, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (GunnS, JónS, KSG, ÓRG, PJ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Frumvarp um málefni fatlaðra.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að hér hafa mjög sérkennilegir hlutir gerst. Við 2. umr. var í fyrsta lagi samþykkt að fresta framkvæmd laga sem eru þegar í gildi og hafa verið í gildi frá 22. des. sl. rétt eins og þau séu ekki til. Í öðru lagi var samþykkt að leggja skatt á fatlaða. Í þriðja lagi kom það fram í þessari atkvæðagreiðslu að það var mjög mjótt á munum í atkvæðagreiðslum aftur og aftur. Í fjórða lagi liggur það fyrir að það eru ekki til fjármunir í þessu efni, engir fjármunir inn í þessi lög á þessu ári. Og í fimmta lagi er það ljóst að málið er allt saman tæknilega í uppnámi og ég held að það hefði verið betra fyrir fatlaða og málefni þeirra ef öðruvísi hefði verið að þessum málum staðið. Ég harma það að svo skuli hafa farið því að hér er um að ræða einn mikilvægasta þátt félagslegrar þjónustu á Íslandi. Lögin um málefni fatlaðra frá 1982 hafa reynst vel. Þau voru í vinnu á Alþingi í þrjú ár, þrjá þingvetur voru þau til meðferðar. Það er ljóst af meðferð þessa máls núna að menn hefðu þurft að vanda sig betur heldur en komið hefur í ljós. Hér er bersýnilega heldur illa að málum staðið af hálfu hæstv. félmrh. og ég hvet til þess að hv. félmn. taki þetta mál til rækilegrar meðferðar nú þegar vegna þess að það er mjög víða pottur brotinn í afgreiðslu málsins.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því sem hér hefur komið fram. Þetta mál er ekki allt í uppnámi, það er ekki fullt af tæknilegum göllum. Það eru örfá atriði sem þarf að skoða milli umræðna og ég lét þess getið hér í upphafi að út af ákveðnum atriðum yrði félmn. kölluð saman og mundi ræða málin.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Menn geta auðvitað deilt um það hvað orðalagið „allt í uppnámi“ þýðir. En þegar það er viðurkennt af meiri hlutanum að það þurfi að endurskoða milli 10 og 20 atriði í frv. á milli umræðna, þá veit ég ekki hvaða nafn menn vilja nota um afgreiðslu mála að öðru leyti hér á hv. Alþingi. Það er alveg augljóst mál að menn verða að vanda sig miklu betur og málefni fatlaðra er ekki með þeim hætti að það sé í raun og veru leyfilegt eða siðlegt að kasta til þess höndunum.

Ég bendi á að í upphafi þessarar atkvæðagreiðslu sagði hv. 14. þm. Reykv. að á því væru meinbugir að taka málið fyrir, m.a. af tæknilegum ástæðum. Það kom mjög skýrt í ljós í atkvæðagreiðslunni þannig að allur þingheimur veit nú hvað hv. 14. þm. Reykv. átti

við með orðum sínum og þau hafa reynst vera rétt. Það hefur komið í ljós í umræðunum hér. Þess vegna er auðvitað mjög brýnt, virðulegi forseti, að á málinu verði tekið í félmn. með afar skýrum hætti og ég skora á nefndina að vanda sig.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er alveg á mörkunum að ég hygg, þó ég sé ekki þingvanur maður, að það sé þingleg meðferð máls að fella það fyrst að sjö menn skuli sitja í svæðisráði og síðan að samþykkja að það skuli sitja sjö. Ég veit ekki hvað er uppnám ef þetta er ekki uppnám á þinglegri meðferð máls.

Og það eru fleiri atriði þar sem menn hafa greinilega flýtt sér meira en hóflegt má telja eins og við atkvæðagreiðslu um ákvæði til bráðabirgða sem frá var greint hér áðan þannig að það er alveg bersýnilegt að hér var máli þröngvað svo hratt áfram að menn höfðu ekki tíma og lögðu ekki það á sig að setja sig inn í málaflokkinn. Hér hafa menn greitt atkvæði meira og minna eftir fyrirskipunum en síður eftir eigin könnun á málefnum. Það verð ég að segja því miður og hryggir mig ákaflega að menn skuli ekki hafa lagt þá vinnu í þennan málaflokk í nefnd og þingmenn almennt eins og vera skyldi og þessi málaflokkur á skilið af þingmönnum.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220, nál. 849 og 870, brtt. 850 og 894.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég hafði nánast lokið við að ræða þetta mál við hæstv. fjmrh. en ég tel jafnframt nauðsynlegt að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. landbrh. og hæstv. sjútvrh. Ég sé að hæstv. landbrh. er hér í salnum og get ég því byrjað á spurningum til hans. Hæstv. landbrh. hefur væntanlega tekið eftir því að í fskj. með nál. minni hlutans á bls. 2 — og væri nú mikilvægt að hæstv. landbrh. fyndi þskj. því að það mundi greiða fyrir því að hann skildi spurningar mínar — segir í greinargerð Stofnlánadeildar landbúnaðarins m.a., með leyfi forseta:

„Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Landbrh. hefur yfirumsjón þeirra mála er lög þessi taka til."

Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh. hvort þessi skattlagning muni þjóna þeim tilgangi sem segir í 1. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og ég vildi spyrja hann um það álit Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem kemur fram neðst á bls. 2 í minnihlutaálitinu en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Tillaga um afnám skattfrelsis Stofnlánadeildar verður því ekki studd með þeim rökum að jafna eigi samkeppnisstöðu hennar og annarra lánastofnana. Um jöfnun samkeppnisstöðu getur aðeins orðið að ræða ef þær kvaðir sem nú hvíla á Stofnlánadeild um lánskjör til landbúnaðar verða einnig lagðar á aðrar lánastofnanir eða þessum kvöðum verður létt af Stofnlánadeildinni."

Það kemur sem sagt mjög skýrt fram af hálfu Stofnlánadeildarinnar að það er þeirra skoðun sem þar starfa, m.a. þess manns sem ræddi við nefndina, sem að mínu mati er mjög vel að sér í skattamálum, einn af aðstoðarbankastjórum Búnaðarbankans, en síðan kemur fram að hér sé fyrst og fremst verið að — ef ég vitna, virðulegur forseti og byrja þá aftur því að það kemur síðan fram efst á bls. 3, með leyfi forseta:

„„Rökin" fyrir skattlagningu Stofnlánadeildar verða því einungis sótt í aukna tekjuþörf ríkissjóðs."

Ég vildi spyrja hæstv. landbrh. hvort hann sé sammála þessu mati Stofnlánadeildarinnar og þeirra manna sem annast starfsemi þessarar mikilvægu deildar, hvort að hans mati sé eingöngu verið að bæta stöðu ríkissjóðs með þessum hætti. Og ég vildi spyrja hæstv. landbrh. hvort það sé ekki mjög varasamt um þessar mundir þegar staða landbúnaðarins er eins og hann veit og þekkir manna best, að fara þá út í að skattleggja Stofnlánadeildina sérstaklega.

Í þeirri röksemdafærslu sem fylgir frv. er verið að bera saman fjárfestingarlánasjóðina við banka og sparisjóði og láta í það skína að það eigi að vera sambærilegar skattlagningareglur annars vegar á bankana og hins vegar á fjárfestingarlánasjóðina sem eru þar að auki mismunandi sjóðir með mismunandi skyldur.

Hér er flutt tiltölulega einfalt og illa undirbúið frv. undir merkjum samræmingar og jafnrar stöðu og öllu slegið saman í eina bendu án tillits til þess hvaða skyldur og starf sjóðirnir hafa með höndum. M.a. var Framleiðnisjóður landbúnaðarins settur í þessa kippu í upphafi. Hann hefur nú verið tekinn út úr en eftir standa sjóðir eins og Ferðamálasjóður, sem lánar til uppbyggingar ferðamála á Íslandi, og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það er mjög mikilvægt að fá skoðun hæstv. landbrh. á þessu máli og vita hvaða áhrif hann heldur að þetta muni hafa á starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Það kom jafnframt fram hjá þeim aðila sem mætti til nefndarinnar frá Ferðamálasjóði að hann væri þeirrar skoðunar að ríkið væri með þessu að skattleggja sjálft sig og að það mundi vissulega draga þróttinn úr starfsemi þess sjóðs. Nú er mikil uppbygging í ferðamálum í landinu og þar af leiðandi hlýtur það að vera áhugamál hæstv. samgrh. að ekki sé dregið úr því starfi.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. skilji mitt mál. Ég vil spyrja hvort hann hafi gert sér grein fyrir því hvort skattlagningin muni leiða til hækkunar á vöxtum Stofnlánadeildarinnar og þá væntanlega geta orðið þess valdandi að verð á búvöru muni hækka því eins og öllum er kunnugt þurfa þeir sem greiða þessa hækkuðu vexti að

koma þeim kostnaðarauka út í verðlagið sem hlýtur aftur að geta valdið samdrætti í sölu og samdrætti í búvöruframleiðslunni og eykur enn á þann mikla vanda sem menn standa þar frammi fyrir. Það þýðir afar lítið, hæstv. landbrh., að vera að hafa áhyggjur af þessum atvinnugreinum og atvinnuleysi sem þar fer vaxandi ef menn hika ekki við þessar aðstæður við að hækka álögur á mikilvægustu fjárfestingarlánasjóði sem þjóna viðkomandi atvinnugreinum sem að sjálfsögðu verða að sækja það til sinna viðskiptaaðila.

Ég þarf líka, virðulegur forseti, að ræða þetta mál stuttlega við hæstv. sjútvrh. sem ég vænti að verði hér staddur fljótlega. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að hæstv. sjútvrh. komi í salinn. — Einhver dráttur virðist ætla að verða á því að hæstv. sjútvrh. gangi í salinn og vill forseti beina því til hv. ræðumans hvort hann geti vikið að öðrum köflum í sinni ræðu.) Ég á, hæstv. forseti, tiltölulega lítið eftir svo ég ætla að enda á því að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. sjútvrh. Ég geri mér afar vel grein fyrir því að hæstv. ráðherrar þurfa tíma til að geta svarað þessum spurningum svo ég ætlaði mér að ljúka máli mínu fljótlega. (**Forseti:** Forseti hefur fengið upplýsingar um að hæstv. sjútvrh. er skammt undan og mun koma innan tíðar.) Ég þakka fyrir það.

Ég vil aðeins, hæstv. sjútvrh., leggja fram þær spurningar hvort hæstv. sjútvrh. hefur kynnt sér þær athugasemdir sem hafa komið frá Fiskveiðasjóði Íslands um frv. Athugasemdir Fiskveiðasjóðs eru alvarlegs eðlis. Þótt Fiskveiðasjóður Íslands hafi gert alvarlegar athugasemdir við þetta mál þegar það var fyrst flutt á Alþingi fyrir nokkrum árum síðan og varð til þess að það dagaði uppi má segja að athugasemdirnar nú séu alvarlegri en áður. Í fyrsta lagi kemur fram í þessum athugasemdum að Fiskveiðasjóður Íslands gerir ráð fyrir því að hann muni þurfa að hækka vexti á útlánum sínum um 2% sem er mjög mikil vaxtahækkun. Hefur sú væntanlega vaxtahækkun verið borin undir álit hæstv. sjútvrh. og mun hann geta staðfest það að slík vaxtahækkun eigi sér stað á útlánum sjóðsins? Nú má sjálfsagt um það deila hvort svo mikil vaxtahækkun er sjóðnum nauðsynleg. En það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir sjóðinn að standa undir útgjöldum sínum og rýra ekki eiginfjárstöðu sína miðað við þá áhættu sem sjóðurinn er í.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi kynnt sér hvað að baki liggur þegar forstjóri sjóðsins segir í viðtali við Morgunblaðið nýlega, með leyfi forseta, „að ljóst sé að veruleg breyting á högum sjóðsins og stöðu, svo sem með gagngerri breytingu laga, geti haft áhrif á núgildandi lánasamninga milli Fiskveiðasjóðs og erlendra lánastofnana. Hætta er á að viðeigandi ákvæði lánasamnings verði notuð til gjaldfellingar lána til að fá þau greidd upp."

Síðan segir: „Ekki er heldur neinn vafi á því að erfiðara getur reynst fyrir Fiskveiðasjóð að afla nýrra lána á erlendum vettvangi nema með lakari kjörum en fengist hafa til þessa."

Það er mjög alvarlegt þegar slíkt er sett fram af ábyrgum aðila um hættu sem mikilvægur fjárfestingarlánasjóður stendur frammi fyrir. Slík orð hljóta að eiga sér stoð og það er ljóst að eftir slíkum orðum er tekið af þeim aðilum sem lána til viðkomandi sjóðs. Það kemur fram í þessum bréfum frá Fiskveiðasjóði, og þá vitna ég sérstaklega til bréfs sem skrifað er 22. apríl 1992, þar sem segir í 2. tölul. lið I, með leyfi forseta: „Skyndibreytingum er hvarvetna tekið með tortryggni." Svo segir: „Mér ber skylda til að tilkynna um allar slíkar breytingar samkvæmt svohljóðandi ákvæði lánasamnings." Síðan er það ákvæði skrifað hér á enskri tungu og ég ætla ekki að eyða tíma í að lesa það upp. Þetta eru mjög alvarleg atriði sem ég ætla ekki að hafa uppi neinar fullyrðingar um enda er hér um viðkvæmt mál að ræða og ég ætlast ekki til þess að hæstv. sjútvrh. svari því lið fyrir lið. En ég vil fyrst og fremst fá að vita hvort hann og hans ráðuneyti hefur rætt við forstöðumenn Fiskveiðasjóðs um þessa áhættu og hvort hún sé nú metin þannig að ekki þurfi að hafa frekari áhyggjur af henni.

Þá eru hér einnig aðrar alvarlegar athugasemdir, sem væri mikilvægt að fá álit hæstv. sjútvrh. á, t.d. að hér sé um afturvirk ákvæði að ræða vegna þess að álagningin tekur til allra tekna á árinu 1992 þótt alllangt sé nú liðið á það ár. Þar kemur fram að hér sé verið að mismuna stofnunum. Í síðasta lagi, sem ég hafði áður vikið að og spurt hæstv. ráðherra um, að hér sé verið að íþyngja sjávarútveginum með auknum álögum. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. hafi frumkvæðisskyldu samkvæmt 2. tölul. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem hún lofar að beita sér fyrir lækkun vaxta. Ég fæ ekki séð að þetta mál geti á nokkurn hátt samrýmst þeim frumkvæðisskyldum sem ríkisstjórnin hefur þar tekið á sig.

Það mætti margt fleira segja um þetta mál. Að lokum vil ég segja það að allar röksemdir í frv. um að þar sé verið að jafna aðstöðu milli aðila eru ekki raunhæfar. Fjárfestingarlánasjóðirnir hafa ekki heimildir til að taka við innlánum eins og aðrar peningamálastofnanir. Skyldur þeirra eru mjög mismunandi og staða þeirra er mjög mismunandi. Það er því eðlilegt að taka á málefnum þeirra í þeirri endurskoðun, sem lengi hefur farið fram og aldrei hefur verið lokið endanlega, um starfsemi þeirra. Margvíslegar yfirlýsingar hafa verið gefnar út í gegnum tíðina um að rétt sé að breyta þessum sjóðum í hlutafélög, það sé rétt að sameina þá og það er afar þýðingarmikið að einhver niðurstaða fáist í það starf. Auðvitað hefur verið ágreiningur um það í gegnum tíðina, ekki aðeins milli stjórnmálamanna heldur miklu frekar á milli atvinnugreina og þeirra aðila sem standa að rekstri þessara stofnana. Því er það rökstutt álit minni hlutans að rétt sé að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og vísar hann í því sambandi til þeirra rökstuddu greinargerða sem hafa verið fluttar af fjárfestingarlánasjóðunum. Við treystum því að hæstv. ráðherrar, sem sérstaklega eru ábyrgir fyrir atvinnumálum, taki tillit til þessara athugasemda og svari þeim mjög svo alvarlegu ábendingum sem koma fram af hálfu sjóðanna. Ég vil ekki trúa því að svo ábyrgir ráðherrar, sem hæstv. landbrh. og hæstv. sjútvrh. eru, láti þetta mál líða hjá án þess að fara mjög alvarlega ofan

í það. Það virðist vera það andrúmsloft í þinghúsinu að þessu máli skuli bara ljúka alveg án tillits til þess hvað hefur verið sagt. Við höfðum ekki gert ráð fyrir því í stjórnarandstöðunni að það yrði mikið hlustað á okkur í þessu máli þótt við teljum nauðsynlegt að setja fram okkar skoðanir með rökstuddum hætti. En við áttum satt best að segja von á að ríkisstjórnin mundi hlusta á aðvörunarorð frá sjóðunum sjálfum og taka eitthvert tillit til sinna eigin yfirlýsinga samkvæmt því sem fram kom þegar gengið var frá kjarasamningum þar sem ríkisstjórnin lofar því að treysta undirstöður hagvaxtar og atvinnuöryggis og hafa um þetta allt saman náið samráð við aðila í atvinnulífi og aðila á fjármagnsmarkaði. Þetta mál ber þess ekki vott að þar sé vel farið af stað. Það ber vott þess að við þessa aðila sé ekkert talað, á ekkert aðvörunarorð þeirra hlustað. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða afstöðu sína í þessu mikilvæga máli og taka það til skoðunar á sumarmánuðum og endurflytja það í nýju formi eftir vandlega yfirvegun á komandi hausti. Ég vænti þess að þann tíma muni hæstv. ráðherrar nýta vel og komast að svipaðri niðurstöðu og fyrrv. fjmrh., að best sé að geyma málið í skúffu í fjmrn. sem hann segir að sé sérstaklega merkt og standi á: Óhæf frumvörp. Það er skynsamlegt að hafa slíka skúffu og ég held að það sé ljóst að þar á frv. heima.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeim spurningum sem hv. þm. lagði fyrir mig.

Það er í fyrsta lagi að segja að sú umsögn sem efh.- og viðskn. barst frá Stofnlánadeild landbúnaðarins miðast við frv. eins og það var lagt fram en á hinn bóginn liggur ekki fyrir endurskoðað álit Stofnlánadeildar varðandi þann búning sem lögin munu væntanlega fá ef brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. verða samþykktar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Lögbundin framlög, sem opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr., fá frá ríkissjóði eða sveitarfélögum, sem og lögbundnar tekjur þeirra aðrar, teljast ekki til tekjuskattsstofns viðkomandi sjóðs.“ Við nefndarstörfin hefur verið tekið tillit til sérstöðu Stofnlánadeildar landbúnaðarins enda var raunar um það talað á milli mín og hæstv. fjmrh. áður en 1. umr. fór fram um frv. Því er ekki til að dreifa að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði íþyngt með tekjuskatti. Það mun því ekki leiða til hækkunar á verði á landbúnaðarvörum. Sá baggi sem þyngstur er Stofnlánadeildinni nú er það tap og áföll sem hún hefur orðið fyrir vegna lánveitinga, einkum til loðdýraræktarinnar eins og hv. þm. er kunnugt.

Hv. þm. spurði hvort ég teldi að frv. væri lagt fram vegna tekjuþarfar ríkissjóðs og mér er ljúft að svara honum með því að segja að vitaskuld er svo um öll tekjuöflunarfrumvörp fjmrh. Hann hefur fyrst og fremst ríkissjóð í huga.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil hæstv. landbrh. þannig að hann telji að þau framlög sem Stofnlánadeildin fær verði ekki talin til tekna í reikningum Stofnlánadeildarinnar. Á að skilja það svo að þessar tekjur, sem eru mjög stór hluti af tekjum Stofnlánadeildarinnar, eigi að færast í gegnum höfuðstól og Stofnlánadeildin að gerast upp með hundruð millj. kr. tapi á hverju ári?

Ég fæ ekki skilið að þetta sé nægilega skýrt þótt það standi „sem og lögbundnar tekjur þeirra aðrar teljast ekki til tekjuskattsstofns viðkomandi sjóðs.“ Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, hæstv. landbrh., að auðvitað eru allar tekjur sem innheimtar eru í ríkissjóð til tekjuöflunar til að bæta stöðu hans. En það sem ég vil fyrst og fremst fá að vita af hálfu hæstv. ráðherra er hvort hann telji stöðu Stofnlánadeildarinnar vera með þeim hætti að það sé ástæða til að gera það. Hvort hann meti stöðu Stofnlánadeildarinnar betri en stöðu ríkissjóðs og hvort ekki sé of langt gengið í þessum efnum. Þá skil ég það svo að reiknað sé með því að eingöngu sé reiknaður eignarskattur af Stofnlánadeildinni en þar er sá vandi, hæstv. landbrh., að þar er mikil áhætta og líkur á verulega töpuðum útlánum en reglur um það í frv. eru afar óskýrar og eingöngu gert ráð fyrir að hægt sé að afskrifa um 1% af útlánum stofnunarinnar.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. er það jafnkunnugt og mér að það þarf ekki alltaf að fara saman hvernig fyrirtæki eru gerð upp og ganga frá sínum ársreikningum og hins vegar hvernig skattalegt framtal fyrirtækja er. Svo er að sjálfsögðu um þetta efni þegar við erum að tala um að hluti af tekjum sjóðsins komi ekki inn í skattalegan hagnað. Þetta er hv. þm. vel kunnugt.

Ég tek á hinn bóginn undir það með hv. þm. að sú breyting var gerð á skattalögum fyrir nokkrum árum að mjög var dregið úr rétti fyrirtækja til afskrifta þegar um hæpnar kröfur var að ræða. Minnir mig að hv. þm. beri þar nokkra ábyrgð á. Ég er fullkomlega sammála honum um að nauðsyn beri til að endurskoða þær reglur sem gilda um heimildir fyrirtækja til að afskrifa hæpnar kröfur. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að aðalhættan sem Stofnlánadeildin stendur frammi fyrir nú er það tap sem óhjákvæmilega mun leiða af þeim lánveitingum sem einkum hefur verið veitt til loðdýraræktarinnar. Það er ekki endanlega séð fyrir endann á því máli. Á hinn bóginn er eiginfjárstaða Stofnlánadeildar sterk, guði sé lof, og á að geta orðið landbúnaðinum mikill styrkur.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að ég ber sjálfsagt ábyrgð á einhverjum breytingum sem hafa orðið á skattalögum. En það er ekki þar með sagt að þær hafi allar verið skynsamlegar. Ég get alveg tekið undir það með honum að það hefur verið gengið of langt í þeim efnum að draga úr afskriftum af útistandandi kröfum. Það á ekki síst við um fjárfestingarlána-

sjóði sem búa við jafnmikla áhættu og sá sjóður sem hér er gerður að umtalsefni. Þar er áhættan, vegna sérstakra aðstæðna í atvinnugreininni, meiri en almennt gerist. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því ef ekki á að líta svo á að tekjur Stofnlánadeildar aðrar en vaxtatekjur komi til skattskyldra tekna en allir vextir komi til gjalda. Jafnvel þótt það sé ljóst að tekjurnar eru innheimtar í stað vaxta þá er þetta ekkert vandamál fyrir Stofnlánadeildina. Þá hljóta menn að spyrja: Hver er þá tilgangurinn með þessu? Það að gera Stofnlánasjóð skattskyldan, sem samkvæmt núgildandi reglum getur aldrei borið tekjuskatt, er skrítið. Ég hlýt þá að spyrja hæstv. landbrh.: Hefur hann leitað álits Stofnlánadeildar á málinu eftir að þessar brtt. komu fram? Telur hann að þetta sé viðsættanleg niðurstaða fyrir Stofnlánadeildina, nægilega skýr niðurstaða svo hún geti búið við málið? Mér fannst það koma fram í máli ráðherrans að hann væri ekki viss um það. En það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir hann að kynna sér það áður en frá málinu er gengið.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl. innti eftir því hvort sjútvrn. hefði verið kunnugt um athugasemdir Fiskveiðasjóðs. Svarið við þeirri spurningu er já. Ráðuneytinu var kunnugt um þær. Hv. þm. spurði síðan hvort ég hefði samþykkt 2% hækkun á vöxtum sjóðsins í kjölfar þeirra skattabreytinga sem hér er verið að fjalla um. Svarið við þeirri spurningu er nei. Ekkert slíkt samþykki hefur verið gefið af hálfu sjútvrn. Ég minni á að fjmrn. hefur talið að vaxtahækkun þyrfti ekki að verða meiri en hálft prósent eða innan við hálft prósent til að sjóðurinn gæti aukið við eigið fé sitt með sama hætti og á síðasta ári.

Að því er varðar spurningu hv. þm. um álit mitt á blaðaviðtali við forstjóra sjóðsins, þar sem vikið var að því að verulegar breytingar á stöðu hans geti haft áhrif á erlenda lánsamninga, verð ég að segja að ég hef ekki metið þetta viðtal en mér þykir ólíklegt að þær skattalagabreytingar sem hér er verið að gera geti haft slík áhrif þegar verið er að samræma skattlagningu á innlánsstofnanir. Ég hygg að erlendir viðskiptamenn sjóðsins líti fremur á eiginfjárstöðu hans en samræmingu á skattareglum hér á landi.

Að því er varðar afturvirk áhrif frv. sé ég ekki í fljótu bragði að það mæli fyrir um afturvirkni eins og frv. hefur verið úr garði gert. En kjarni málsins er kannski sá að þótt hér sé verið að leggja nýjar álögur á sjóði atvinnuveganna þá er höfuðatriðið, herra forseti, það að ná fram betri rekstri ríkissjóðs og draga úr lánsfjáreftirspurn hans. Það hefur ótvírætt komið fram á síðustu mánuðum við aðgerðir í þá veru að þær hafa leitt til vaxtalækkunar og komið atvinnulífinu til góða. Sú ráðstöfun sem hér er verið að fjalla um er þáttur í þeirri viðleitni.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér ber mikið í milli því annars vegar telur Fiskveiðasjóður að hækka þurfi vextina um 2% en fjmrn. hefur upplýst hæstv. sjútvrh. um að það telji að það þurfi ekki að vera nema 0,5% til að Fiskveiðasjóður haldi sinni eiginfjárstöðu ef ég skyldi mál hans rétt. (**Sjútvrh.**: Jafnvel bæti hana með sama hætti og á síðasta ári.) Jafnvel bæti hana með sama hætti og á síðasta ári. Ég hef miklar efasemdir um að þetta sé rétt. Það hlýtur að skipta miklu máli hvernig menn meta útlán sjóðsins og hugsanlegar afskriftir þeirra á þessu ári. Eins og hæstv. sjútvrh. er betur kunnugt en öllum öðrum þá er afkoma sjávarútvegsins mjög slæm um þessar mundir. Það mun að sjálfsögðu hafa áhrif á afkomu sjóðsins og útlánatap hans. Hjá því verður vart komist eins og nú horfir. Hvernig erlendir aðilar meta þessa stöðu hlýtur að fara eftir því hvernig þeir meta áhættuna, hvernig þeir meta arðsemi eigin fjár. Mér þykir ólíklegt að þeir séu sammála þeirri niðurstöðu fjmrn. að nægilegt sé að bera uppi þessa miklu útgjaldaaukningu sjóðsins með 0,5% á vöxtum án þess að ég ætli að fullyrða þar neitt um. Mér sýnist því einsýnt, hæstv. forseti, að málið þurfi miklu nánari athugunar við svo menn viti hvað verið er að gera með þessari löggjöf en gangi ekki blint fram eins og mér sýnist vera gert í máli þessu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta frv. er á málefnasviði hæstv. fjmrh. Ég vil því spyrja hvort hann er ekki í húsinu. (**Forseti:** Forseti lætur kanna hvort hæstv. fjmrh. getur verið viðstaddur.) Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. muni vera rétt ókominn. Ég mun þá hefja hér mál mitt í trausti þess að svo sé.

Ég vil byrja á að lýsa því yfir að mér sýnist frv., eins og mörgum sem hér hafa talað á undan mér, vera heldur illa unnið og tekið óbreytt til flutnings frá fyrri ríkisstjórn þó svo það hafi berlega komið í ljós þegar það var flutt fyrir þremur árum að það væri erfitt í framkvæmd og nánast tæknilega óframkvæmanlegt. Þar að auki er hér að nokkru leyti um bandorm að ræða, ef við getum orðað það svo, vegna þess að hér kemur frv., og þá á ég sérstaklega við 4. gr., inn á mörg önnur lög sem með þessu frv., ef það verður að lögum, munu falla úr gildi.

Frv. mun flutt í framhaldi af því að verið er að fullnusta fjárlög ársins þar sem þau munu ekki ná tilgangi sínum nema þetta frv. nái fram að ganga. — Nú sé ég að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn. Ég ætla aðeins að rifja það upp að ég nefndi að hér væri um gamalt frv. að ræða sem hefði þurft að vinna betur og hér væri einnig um bandorm að ræða sem flokkast gæti þannig vegna 4. gr. frv. sem kemur inn á mörg önnur lög. Þeir lagaspekingar sem um vinnu Alþingis hafa fjallað hafa lýst því yfir að slík frv. séu hálfgert lagasukk, eins og hæstv. lögmaður Sigurður Líndal hefur orðað það.

Ég vil taka undir nál. minni hluta efh.- og viðskn. sem leggur til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og bendir sérstaklega á í því sambandi sjóði atvinnuveganna, Fiskveiðasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóð, þar sem verið er að þrengja að

hag atvinnuveganna og ekki ástæða til að framkvæma slíkar aðgerðir við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu.

Byrjum á að skoða sjávarútveginn. Inn á hann hlýtur að koma það ákvæði að skattleggja með þessu frv. Fiskveiðasjóð. Þá er nýbúið að leggja fram í þinginu frv. sem tekur á vanda sjávarútvegsins sem er til kominn ekki hvað síst vegna vaxtaokurs eða mjög hárra vaxta í þjóðfélaginu. En þetta frv., ef að lögum verður, mun einnig verða til þess að hækka vexti þeirra sjóða sem sjávarútvegurinn þarf að leita til. Það er því ekki hægt að segja annað en að hér stangist hvað á annað, þegar verið er að gera aðgerðir til þess að bjarga sjávarútvegsfyrirtækjunum frá stöðvun og erfiðleikum er á sama tíma verið að skattleggja sjóði sjávarútvegsins. Það virðist vera að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gjörir og mætti gjarnan vera meiri samfella í störfum ríkisstjórnarinnar.

Fiskveiðasjóður hefur sent hv. efh.- og viðskn. athugasemdir sínar og fór hv. þm. Halldór Ásgrímsson yfir þau atriði í ræðu sinni. Ekki man ég hvort það var í byrjun hennar eða miðju, enda nokkuð oft sem hann virtist vera í miðri ræðu, þannig að endirinn og upphafið hefur e.t.v. verið annaðhvort stytt eða lengt, en allt um það, hv. þm. fór mjög vel yfir það hvernig staða sjávarútvegsins mundi versna ef þetta frv. verður að lögum nú og vitnaði þar til álits Fiskveiðasjóðs Íslands. Það fer ekki milli mála að verði af þessari lagasetningu mun Fiskveiðasjóður hækka sína vexti. Reyndar kom það fram í andsvari hæstv. fjmrh. að honum fannst það ekki óeðlilegt að vaxtastigið yrði svipað og hjá bönkum, ef ég hef skilið hann rétt. Hann orðaði það svo að ekki væri óeðlilegt að vaxtastig gæti orðið svipað og hjá bönkunum. Það finnst mér vera nokkuð mikið þar sem hlutverk Fiskveiðasjóðs er sérstaklega að styðja við atvinnugrein eins og sjávarútveginn. Þarna finnst mér ekki vera samræmi í hlutunum ef þeir sjóðir sem settir hafa verið á stofn til aðstoðar atvinnuvegunum og eiga að hafa sérstök ákvæði þess vegna eigi að fara að starfa eins og venjulegar bankastofnanir. Það hefur komið fram að hækkun Fiskveiðasjóðs þyrfti að vera u.þ.b. 2% og mundi áreiðanlega muna um það hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum ef þau þurfa að taka það á sig.

Það eru fleiri sjóðir sem snerta atvinnufyrirtækin eins og t.d. Stofnlánasjóður. Í upphaflega frv. var Framleiðnisjóður landbúnaðarins einnig inni en hann hefur verið tekinn út samkvæmt brtt. meiri hlutans. Í því sambandi vildi ég benda á að í 3. tölul. 4. gr. eins og hún er í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, sem við erum hér að ræða, er ákvæði um að við gildistöku þessara laga muni falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði og þar með er nefnt að 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, eigi að falla úr gildi en í brtt. meiri hlutans er þó búið að falla frá því að leggja þessa skattskyldu á Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Þarna er því e.t.v. tæknilegt atriði sem ekki hefur verið séð við þegar brtt. voru fram lagðar.

Ég fagna því að það hefur þó tekist að fá það í gegn að Framleiðnisjóður sé undanskilinn þessari skattlagningu, þ.e. að til skattskyldra tekna teljast ekki tekjur og eignir nokkurra sjóða þar á meðal Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda. Eftir sem áður mun það koma niður á landbúnaðinum að enn er ætlunin að skattleggja Stofnlánasjóð. Þó kom það fram í svari hæstv. landbrh. áðan að ekki mundi eiga að taka þar inn í lögbundin framlög sem opinberir fjárfestingarlánasjóðir fá frá ríkissjóði eða sveitarfélögum og lögbundnar tekjur þeirra. Ég verð þá að taka undir með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Hvað er það þá sem á að skattleggja hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins ef ekki þær tekjur sem Stofnlánadeildin fær heldur vaxtatekjurnar eingöngu? Útlit er fyrir að þá sé ekki um neinn rekstrarlegan hagnað sjóðsins að ræða. Því er nærtækt að spyrja: Hvað er það þá sem á að fara að skattleggja hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins? Ef raunin er virkilega sú á að ekki á að skattleggja Stofnlánadeildina þá er nærtækt að minna á þær umræður sem fram fóru í þinginu fyrir nokkrum dögum um þann vanda sem steðjar nú að landbúnaðinum og sá hv. stjórnarþingmaður Egill Jónsson ástæðu til að hefja þær umræður. Kemur þá enn og aftur að því sem ég sagði áðan að hægri höndin virðist ekki vita hvað sú vinstri gjörir því að hv. þm. Egill Jónsson hefur miklar áhyggjur af því hvernig framvinda verði í landbúnaðinum á þessu ári og ekki á bætandi að leggja á sjóði landbúnaðarins nýja skatta og skyldur.

Einnig má vitna til þjóðhagshorfa á þessu ári þar sem rætt er um horfurnar fyrir árið 1992. Þar segir á bls. 33 um hag atvinnuveganna. (**Forseti:** Forseti mælist til við hv. ræðumann að hann geri hlé á ræðu sinni í 45 mín. þar sem fundi verður frestað vegna þingflokksfunda.) Já, mér er ljúft að verða við því. Ég átti eftir að ræða aðeins meira um málefni landbúnaðarins og einnig um málefni iðnaðarins, þannig að ég tek það til greina og fresta ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var þar komin í ræðu minni í sambandi við þá skattlagningu sem fyrirhuguð er á sjóði atvinnuveganna að ræða um hvernig útlitið og horfurnar væru fyrir árið 1992 samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar en þar segir að þegar litið sé til þeirra þátta sem mest hafi áhrif á afkomu sjávarútvegs þá séu líkur á að afkoman muni versna á árinu 1992. Það er mat stofnunarinnar að líklegt sé að verð á botnfiskafurðum muni lækka nokkuð og kemur það líka heim og saman við nýjustu fréttir um að botnfiskafli fyrstu átta mánuði þessa fiskveiðiárs sé umtalsvert minni en á sama tíma í fyrra. Það fer því ekkert á milli mála að útlit er fyrir að hagur sjávarútvegsins verði lakari á þessu ári. Er það áréttíng á það sem ég ræddi áðan í sambandi við málefni Fiskveiðasjóðs.

Þetta gildir fyrir aðrar atvinnugreinar. Ég var að byrja að ræða um landbúnaðarmálin vegna skattlagningar sem fyrirhuguð er á Stofnlánasjóð landbúnaðarins. Nýjustu fréttir eru einnig um að mikill niðurskurður verði í landbúnaði og erfiðleikar í haust og ekki á bætandi með skattlagningu þeirra sjóða sem eiga

að styrkja atvinnugreinar landbúnaðarins.

Í þriðja lagi er tekin dæmi um sjóði sem skattskyldir verða þ.e. Orkusjóður, Hafnabótasjóður og Ferðamálasjóður. Ferðamálasjóður hefur verið skertur árlega frá því að hann fékk sína fyrstu lögbundnu tekjustofna og nú á að bæta um betur með því að skattleggja hann einnig með þessu frv. Ég verð að segja að ég undrast þau áform hæstv. ríkisstjórnar að halda sífellt áfram að skattleggja fleiri og fleiri í þessu þjóðfélagi, ekki síst þegar skattlagningin kemur niður á atvinnuvegum sem eiga í vök að verjast. Ég vil þó taka fram að út af fyrir sig er ég sammála þeirri stefnu að fjármagnstekjur sem slíkar séu skattlagðar en ég tel að það þurfi að skoða öll þessi mál í samhengi og ekki æskilegt að taka eitt og eitt atriði út úr í því sambandi eða einhverja sjóði og allra síst þá sjóði sem ég hef verið að ræða um.

Í nál. minni hlutans er sérstaklega getið um það í áliti frá þeim sjóðum sem eiga hlut að máli að þarna sé verið að mismuna ákveðnum innlánssjóðum og innlánsstofnunum þar sem lánastofnanir, sem eru í formi hlutafélaga, greiða ekki eignarskatt af sínu hlutafé en það gera aftur á móti ríkisbankar og opinberir sjóðir. Það er því ekki hægt að komast hjá þeirri niðurstöðu að betra væri að skoða þetta allt í samhengi og setja almenn lög um fjármagnstekjur viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Það eru engin rök sem mæla með því að þarna sé verið að jafna samkeppnisstöðu lánastofnana heldur þvert á móti er verið að mismuna ákveðnum sjóðum á kostnað annarra. Það er ekki vafi á því að ef af samþykkt frv. verður þá leggur það verulegar byrðar ekki síst á sjávarútveginn því að skattar sem verða lagðir á Fiskveiðasjóð munu óhjákvæmilega leiða til hærri vaxta eins og ég hef áður rakið. Í brtt. meiri hlutans hefur þó verið lagt til að greiðsla stimpilgjalds verði tekin út hjá Fiskveiðasjóði og er það þó heldur til bóta. En æskilegt væri að skoða þetta frv. betur í heild sinni og þá um leið hvaða áhrif það hefur bæði á atvinnuvegina og atvinnustigið í landinu. Það hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi að atvinnuleysi fer sívaxandi. Það mun aukast á þessu ári meira heldur en spáð var við afgreiðslu fjárlaga og stefnir það í að verða 3% á þessu ári. Það mun kalla á hærri framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs og þetta frv. er ekki til þess fallið að draga úr atvinnuleysi eða gera atvinnuvegunum bærilegra að halda uppi atvinnu heldur þvert á móti.

Ég vil svo að lokum taka undir það, eins og ég gerði í upphafi, að þessu máli verði í heild sinni vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar og ég legg áherslu á að staða atvinnuveganna er með þeim hætti að ekki er réttlætanlegt að þrengja kjör þeirra enn meira sem hlýtur að verða í framhaldi af samþykkt þessa frv. ef af verður þar sem til skattlagningar þeirra sjóða sem styðja sérstaklega atvinnuvegina kemur, eins og ég hef áður nefnt, svo sem Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildarinnar, Iðnlánasjóðs og Ferðamálasjóðs. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn taki þetta mál til gagngerðrar endurskoðunar og geri það á milli 2. og 3. umr.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara efnislega þeim atriðum sem komu hér fram heldur eingöngu tala um eitt atriði sem ég tel nauðsynlegt að sé skýrt við þessa umræðu. Það varðar skattlagninguna og um það hvort verið sé að samræma reglur eða ekki.

Það má auðvitað sífellt færa rök fyrir því að atvinnugreinarnar séu svo illa staddar að það sé ekki hægt að leggja skatta á þær. Maður hlýtur þess vegna að spyrja sjálfan sig: Á að skattleggja þessa sjóði? Á að skattleggja bankana? Bankarnir veita atvinnugreinum sem standa illa lán. Á að skattleggja fyrirtækin? Svona má halda áfram að spyrja. Aðalatriði málsins er að okkur vantar peninga til að standa undir velferðarkerfinu. Hver á að borga þá peninga? Við verðum að finna tekjur í ríkissjóð. Við stöndum núna frammi fyrir því að þurfa að efna kjarasamninga. Það vantar fjármuni til þess. Ef þeir finnast ekki með því að ná í skatta sem samsvara fjárlagafrv. þá myndast meiri halli á fjárlögum. Þá peninga verður að sækja til bankanna og til annarra og það hlýtur að hækka vextina og þrengja að öðrum.

Ég vil taka undir það sem sagt hefur verið að auðvitað stendur atvinnulífið illa. Þetta frv. hefur hins vegar verið lagað heilmikið í meðförum nefndar og fyrir það er ég þakklátur. En ef menn vilja ekki leggja á skatta verða menn líka að segja hvar þeir vilja skera.

Loks um það, virðulegi forseti, sem snýr að því ekki sé samræmi í þessum málum vegna þess, sem hér hefur verið bent á, að hlutafélagafyrirtækin, hlutafélagabankarnir, geti dregið hlutafé frá. Það er rétt. Þá megum við ekki gleyma því að hlutafé er eign annarra sem þá eru skattlagðir. Þetta eru eignir þeirra sem fá þá tekjur í formi arðs svo það er verið að reyna að nálgast það sem við getum kallað fullt samræmi í þessum málum. Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi hér fram því þetta gengur aftur og aftur í þessari umræðu. Ég vonast til að hv. þm. kynni sér málið betur en maður gæti ætlað að þeir hafi gert þegar maður hlustar á ræður þeirra.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að það hefur ekki skort á það að við í Kvennalistanum höfum bent á önnur úræði. Við höfum einnig bent á að það þurfi að skoða skattkerfið í heild sinni. Við höfum lýst því yfir að við séum sammála því að leggja skatt á fjármagnstekjur. En við höfum jafnframt bent á að atvinnuvegirnir, eins og hæstv. fjmrh. tók undir, standi mjög illa til að taka á sig aukna skattheimtu núna. Það þarf að skoða þetta í heild og það má einnig um leið skoða hátekjuskatt sem ekkert hefur verið rætt um hér. Það er fullkomlega ólýðræðislegt að enn þá skuli haldið áfram með það að hafa aðeins eitt skattþrep, þ.e. sama álagning sé á allar tekjur. Það þarf að skoða frekar, ekki síst með tilliti til þess að bilið á milli ríkra og fátækra er sífellt að stækka. Það þarf að taka inn í myndina að leggja á hátekjuskatt og skatt á lúxusvörur. Þetta þarf að skoða í samhengi. Ég mót-

mæli því, hæstv. fjmrh., að þingmenn hafi ekki kynnt sér þau mál sem hér er verið að ræða.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að það sé rétt sem kom fram hjá hv. þm. að full ástæða sé til að skoða skattkerfið í heild og full ástæða til að kanna hvort ekki megi leggja á einhverja aðra skatta en hér eru til umræðu. Það breytir hins vegar ekki því, sem var aðalatriðið í mínu máli, að með þessu frv. er ómótmælanlega verið að taka skref í átt til þess að gera skattlagninguna sambærilega. Ég minni á í því sambandi að veðdeildir ríkisbankanna þurfa að greiða skatta í dag. Þeir skattar hljóta óhjákvæmilega að lenda á þeim sem eru viðskiptamenn þeirra stofnana. Það er eðli skattanna að þeir lenda síðast og ekki síst á þeim sem eru endanlegir notendur. Þetta er það sem ég er að reyna að koma til skila og hef reynt aftur og aftur og hefur ekkert með það að gera hvort menn vilja leggja á annars konar skatta sem því miður hefur þó ekki verið lýst nægilega vel í ræðum eða tillögum þingmanna stjórnarandstöðuflokkanna á þingi í vetur.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að þótt við í stjórnarandstöðunni kæmum með útfærðar tillögur um það hvernig hæstv. ríkisstjórn á að leggja á skatta mundi það tæplega þýða neitt frekar en önnur frv. og þáltill. sem við höfum verið að leggja fram í þinginu og hafa ekki fengið afgreiðslu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur verið nokkuð digurbarkalegur hér í ræðustólnum. Það vill nú svo til að ég hef lagt til að ákveðinn aðili greiddi skatta. Ég hef ekki orðið var við stuðningsyfirlýsinguna. Ég hef ekki orðið var við að ráðherra kæmi upp og segði að það vantaði peninga í ríkissjóð. Ég hef ekki orðið var við það að umsögnin sem átti að koma til allshn. hafi borist með neinum ævintýralegum hraða frá fjmrn. Ég hef ekki orðið var við að þessi hæstv. ráðherra hefði mikinn áhuga á að fá peninga í ríkissjóð. Nei, þetta eru skrautfjaðrir sem eru notaðar hér til að viðra sig upp við sjónvarpið. Sannleikurinn er sá að hæstv. ráðherra er með allt aðrar fyrirætlanir þegar hann er að ræða um þessa skattlagningu sem hér er á dagskrá. (**Fjmrh.:** Um hvaða skatt er þingmaðurinn að tala?) Það er svo eftir öðru ef hæstv. ráðherra, sem talar um þekkingarleysi annarra á því hvaða mál séu á dagskrá og hvaða mál hafi verið lögð fram, áttar sig ekki á því að það er mjög trúlegt að sá embættismaður þjóðarinnar sem æðstur er, forseti landsins, ætti trúlega að hafa tekjur til að geta greitt einhverja skatta.

Ég ætla nú að víkja frá þessu. Þetta var nokkurs konar framhald af þeirri umræðu sem var seinast en ég vil víkja að upphafi þeirrar umræðu sem hefur verið sett af stað um það hvort rökrétt sé að samþykkja frv. til laga um breytingar á lögum um skattskyldu innlánsstofnana með síðari breytingum. Ég held að óhjákvæmilegt sé annað en að gera sér grein fyrir því hvers vegna íslenska þjóðin stóð þannig að sinni atvinnuuppbyggingu að hún kom upp atvinnuvegasjóðum. Hvers vegna skyldi hún hafa gert þetta? Gerði hún þetta af fjandskap við það að íslenska ríkið hefði tekjur til að standa undir velferðarkerfinu? Var það ástæðan? Vildi hún setja á stofn einhverjar braskstofnanir sem tryggðu að íslenska ríkið ætti ekki peninga fyrir heilsugæslu eða skólagjöldum? Það var nú öðru nær. Hugsunin á bak við þetta var að tryggja það að hér á landi risu sterkir atvinnuvegir. Að hér á landi risu sterkir atvinnuvegir sem tryggðu framför landsins, tryggðu það að hjá atvinnuvegunum yrði um þær framfarir að ræða að lífskjörin gætu batnað og Ísland yrði efnahagslega séð sterkara, yrði sjálfstæð þjóð í sjálfstæðu landi.

Ég hygg að það væri afskaplega hollt fyrir hæstv. fjmrh. að afla sér upplýsinga um það til hvaða verkefna þessir sjóðir hafa lánað í gegnum tíðina, átta sig á því hvaða útlán það eru sem Fiskveiðasjóður Íslands hefur veitt fé til. Hvaða uppbygging það er sem hann hefur stuðlað að. Ætli það væri ekki dálítið öðruvísi umhorfs í atvinnumálum á Íslandi ef þessi sjóður hefði ekki verið til? Var nóg að hafa bara veðdeildir bankanna og láta þær sjá um þessa hluti? Eða hefðu kaupleigufyrirtæki leyst þessi mál ef þau hefðu verið komin á þessum tímum?

Ég held að hún lýsi dálítið sérstæðu viðhorfi, svo ekki sé meira sagt, sú draumsýn sem hæstv. fjmrh. hefur flutt hér, þ.e. að það skipti bara stórkostlegu máli hvort við förum í það verk á þessari stundu að skattleggja þessa sjóði svo þeir verði rýrari og ekki eins líklegir til þess að geta sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað.

Ég hefði trúlega getað hugsað mér að ef þessir sjóðir ættu að greiða einhver gjöld væri það fyrst og fremst til að efla rannsóknastarfsemi í landinu. Ég hygg aftur á móti að það sé umhugsunarefni hvort ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin leggur slíkt ofurkapp á að koma þessu áfram sé í reynd sú, vegna þess að fjármögnunarleigur og aðrir sjóðir sem hafa risið hér upp, t.d. Fjárfestingarfélag Íslands og fleiri aðilar, hafa viljað ná hér upp mjög háum vöxtum, að ríkisstjórnin óttist það hreinlega að svo geti farið ef þessir sjóðir halda áfram að eflast að hávaxtastigið sé í hættu. Að það sé tilgangurinn, að tryggja það að vextirnir lækki ekki. Það sé markmið hæstv. fjmrh. í reynd, að tryggja það að gæðingar íhaldsins geti treyst því að á jötu fjárfestingarsjóðanna hinna nýju verði nægilega mikið gefið á garðann. Eitthvað skilar sér kannski af þeim fjármunum inn í kosningasjóð Sjálfstfl. við næstu alþingiskosningar. Er það þetta sem er hið raunverulega markmið, að tryggja vaxtahækkun? Þá er ekki skrítið hvers vegna menn brjótast um á hæl og hnakka til að ná þessu fram. Hæstv. landbrh. er búinn að gera grein fyrir því að samkvæmt hans trú á skilavenjum, uppgjöri Stofnlánadeildarinnar, komi hún ekki til með að greiða krónu inn til ríkisins í sköttum. Ég hygg að það fari

svo með tekjuskattinn hjá Iðnlánasjóði líka. En er það þá eignarskattur sem menn ætla að fara að ná í af þessum aðilum? Er það hugsunin?

Ég veit ekki, þegar á þetta er litið, hvort hægt er að tala um eitthvert samræmi í því að þá skuli Landsvirkjun ein vera látin tróna sem stórveldið sem ekki greiðir neina skatta til ríkisins. Verða settir eignarskattar á það fyrirtæki líka? Má þá treysta því að sveitarfélögin fái eignarskatt af öllum mannvirkjum Landsvirkjunar? Verða greiddir eignarskattar af möstrunum sem liggja þvert yfir Suðurland? Er það stefnan til að tryggja samræmið í skattheimtunni? Ef það stæði þannig á í þessu landi að hlaupinn væri slíkur ofvöxtur í uppbyggingu atvinnulífsins að við réðum nánast ekki neitt við neitt, margir um boðið á hverjum verkamanni sem hægt væri að fá í vinnu. Þá væri náttúrlega sjálfsagður hlutur að stíga á bremsurnar og hægja á uppbyggingunni.

Hvert stefnir í þessum efnum? Það hefur löngum verið vitnað í Þjóðhagsstofnun þó að því meir sem maður les hennar rit efist maður því meir um að hennar spádómshæfileikar fram á við hafi mikið gildi. Það er frekar hægt að treysta því þegar hún er að tala um fortíðina. Það eru ljósglætur í myrkrinu þegar rætt er um fortíðina. Að vísu koma þeir á þessu herrans ári, árinu 1992, með lagfæringar á atburðum sem áttu sér stað 1984 og leiðrétta það sem þeir höfðu sagt um þá hluti og satt best að segja finnst manni sú leiðrétting nokkuð seint fram komin. Hér í þessari bók, Þjóðarbúskapurinn 13. rit, sem ber nafnið Framvinda 1991 og horfur 1992, er farið yfir atvinnuleysisspána og segir á bls. 5: „Spáð er að atvinnuleysi aukist á þessu ári og verði að meðaltali um 2,5% af vinnuaflinu." Þetta er það sem blasir við samkvæmt þeirra skoðun. Það vita allir að atvinnuleysi verður miklu meira. Það vita það allir.

Það vita allir að þær aðgerðir sem ríkisvaldið hefur staðið að að undanförnu eru fyrst og fremst að fækka fólki, færa það af launaskrá hjá sér yfir á atvinnuleysisbætur. Það vita allir að allt tal um hagræðingu hjá fyrirtækjum hefur fyrst og fremst falist í því að fækka þeim sem vinna störfin. Gott og vel ef það væri þá einhvers staðar sókn. Ef það væri einhvers staðar atvinnuleg sókn í þjóðfélaginu. Það strandaði allt á Keilisnesi, Stjáni blái sigldi fram hjá en iðnrh. strandsigldi á nesinu. (Gripið fram í.) Og hvernig standa nú iðnaðarmálin á Íslandi? Hver er uppbyggingin sem þessi sonur jafnaðarmanna á Ísafirði hefur staðið fyrir? Iðnaðaruppbyggingin í landinu. Er skipasmíðaiðnaðurinn í sókn í Stálvík eða fyrir norðan? Er járnbræðslan á Reykjanesi stöðugt að taka við meira og meira brotajárni til að bræða? Hefur járnbræðslunni verið boðið rafmagn á sérstökum kjörum vegna þess að markaðurinn segir að það sé offramleiðsla og þess vegna eigi að fella raforkuna í verði? Hver er atvinnusóknin? Það er hljótt um þessa atvinnusókn. Það er ákaflega hljótt um hana. Sannleikurinn er sá að þessi klisja, sem dundi á manni og maður trúði, að það hlyti að vera vaxtarvon í íslenskum iðnaði hefur því miður orðið að martröð eftir að hæstv. iðnrh. tók að stýra þeim málum. Þá er flest afskrifað. Þessi þjóð á ekki að gera þetta, hún á ekki að gera hitt. Svo boða menn að nú eigi bara að skattleggja þessa sjóði. Ég verð að segja eins og er þegar maður horfir á þessar hugmyndir um skattinn hlýtur maður líka að spyrja: Á hverju lifir ríkissjóður? Lifir hann ekki fyrst og fremst á veltusköttum? Eru það ekki veltuskattarnir sem færa honum aðaltekjurnar? Skyldi hann skaðast á því ef það verða fjárfestingar í landinu og ef það skyldu verða örlítið meiri umsvif? Skyldu það verða útgjöld fyrir ríkissjóð? Það er nú öðru nær. Þá er fyrst von um einhverja tekjuaukningu. Þegar sérfræðingar fyrrv. Bandaríkjaforseta fóru að skoða skattakerfið, byrjuðu á tekjuskattinum, settu þeir í upphafi fram eina kenningu: Það eru tveir möguleikar til að fá engan tekjuskatt. Annars vegar að leggja engan tekjuskatt á og hins vegar að leggja á 100% tekjuskatt. Með því að leggja engan tekjuskatt á lá það nokkuð ljóst fyrir að þá kæmi enginn tekjuskattur í kassan. En hin kenningin um að leggja 100% tekjuskatt á byggði einfaldlega á því að ef það yrði gert mundi enginn nenna að hafa fyrir því að afla tekna. Það væri gjörsamlega vonlaust að nokkur stæði í því fyrst hann fengi ekkert af því sjálfur. Og það er nú einu sinni svo með þá sem vilja fara í fjárfestingar og atvinnuuppbyggingu, þeir vilja hafa eitthvað út úr því sjálfir. Það hefur stundum verið skilningur á því hjá Sjálfstfl. að þeir vildu hafa eitthvað út úr því sjálfir. En nú virðist kenningin vera önnur. Nú er kenningin sú að helst eigi að steindrepa sem mest af þessu blessaða einkaframtaki. Það er kenningin sem kemur frá krötunum, að aga atvinnulífið, halda því nægilega beygðu og að arðurinn komi ekki til þeirra á nokkurn hátt sem standa að þeirri áhættu að byggja upp atvinnulífið. Hann á að koma til þeirra sem lána peningana. Þangað á hann að fara. Þess vegna þarf að halda uppi hávaxtakerfi.

Ég verð að segja eins og er að það er dálítið merkilegt að fletta þessum gögnum sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram og átta sig á því að jafnvel þeir skilja ekki allt í hinu opinbera bókhaldi sem sett hefur verið fram. Það er t.d. dálítið fróðlegt í sambandi við fjárfestinguna að hugleiða það sem stendur á bls. 29, með leyfi forseta:

„Flugleiðir keyptu þriðju Boeing-757 vél sína á árinu 1991. Vélin hefur ekki verið skráð á Íslandi, þar sem Flugleiðir leigðu hana strax til Bretlands til tveggja ára. Hagstofa Íslands hefur a.m.k. til bráðabirgða ekki talið vélina til innflutnings, enda ekki borist neinar innflutningsskýrslur þar um. Hins vegar hafa Flugleiðir eignfært vélina í efnahagsreikningi sínum.

Hin almenna regla þjóðhagsreikninga er að inn- og útflutning skuli skrá þegar formleg eigendaskipti hafa farið fram. Fjármögnunarleiga eða kaupleiga er undantekning frá þessari reglu, en þá er miðað við hvenær leigusamningur er gerður."

Nú veit ég að sjálfsögðu ekkert um það, herra forseti, hvort það hefur verið gerður kaupleigusamningur um þessa vél. Hafi það verið gert spyr maður sjálfan sig hvernig á því stendur að hún er eignfærð hjá

Flugleiðum. Hvers vegna er hún komin inn í efnahagsreikninginn þar? Hefur hún verið flutt inn í landið eða hefur hún ekki verið flutt inn í landið?

Hér er það skoðað og metið hvað það er sem við Íslendingar höfum verið að verja peningunum til. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa upp kaflann um samneysluna: „Áætlun um samneyslu bendir til að hún hafi numið 74 milljörðum króna á árinu 1991. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam samneyslan 19,3% og hefur ekki áður verið varið jafnstórum hluta framleiðslunnar til samneyslu. Reiknað á föstu verðlagi mældist aukning samneyslunnar 4,5% á meðan landsframleiðsla jókst um ríflega 1,5%. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til samneyslu á vegum ríkissjóðs, en hún jókst um 7% árið 1991 samanborið við 2% vöxt samneyslu sveitarfélaga."

Hver er niðurstaða fjmrn. um hvernig eigi að bregðast við þessu? Hún liggur ljóst fyrir. Skattleggja sjóðina. Minnka sem sagt fjárfestinguna í landinu. Það er niðurstaðan, það er það sem verið er að leggja til. Málið er forgangsmál hjá ríkisstjórninni. Þegar það blasir við að fjárfestingin í landinu er hrunin, fjárfestingin til uppbyggingar atvinnulífsins er hrunin, vaxandi atvinnuleysi blasir við, hvað á þá að gera? Skattleggja sjóðakerfið. Skattleggja Fiskveiðasjóð Íslands, skattleggja sjóðina sem unnið hafa að uppbyggingu í iðnaði og landbúnaði. Það er ekki kyn þótt ástandið sé dapurlegt.

Ég held að það sé líka fróðlegt að fara yfir fjárfestingu hins opinbera sem er á bls. 30. „Fjárfesting hins opinbera er talin hafa numið nær 10% milli áranna 1990 og 1991. Reiknað í hlutfalli við landsframleiðslu hafa opinberar fjárfestingar farið vaxandi, námu 5,5% af landsframleiðslunni 1988 samanborið við 6,8% samkvæmt áætlun fyrir 1991. Þar munar mestu um nær fjórðungs vöxt fjárfestinga í samgöngumannvirkjum. Aukning framkvæmda við götur og holræsi nemur 22% og hafnarframkvæmdir jukust um nær 50%.

Raforkuframkvæmdir jukust um nær 17%, einkum vegna aukinna framkvæmda Hitaveitu Suðurnesja. Samdráttur varð hins vegar í byggingu hins opinbera um 2% og um 14% í vatns- og hitaveitum."

Það er út af fyrir sig umhugsunarefni þegar þetta er skoðað að á því ári sem við lifum á, 1992, er samdráttur á öllum þessum sviðum og afleiðingin verður náttúrlega vaxandi atvinnuleysi. Það er kannski ekki skrítið þegar maður horfir á hin hagrænu markmið sem þessi stjórn trúir á. Ef menn trúa því að atvinnuleysi sé forsendan fyrir því að hægt sé að ná skynsamlegum kjarasamningum, að aðeins með atvinnuleysi sé hægt að kúga forustumenn launþega svo þeir gefi eftir, þá er ekki skrítið að þessi ríkisstjórn vilji enn auka atvinnuleysið. Þegar ríkisstjórnin lagði fram frv. um að greiða úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins gerðist það nefnilega að þessir fulltrúar launþega fóru að koma með athugasemdir. Þeir voru háværir og gerðu athugasemdir. Þetta er greinilega ekki nógu agað lið enn þá. Það er ekki búið að ná þessu liði nægilega undir með atvinnuleysisvofunni enn. Hvað skyldi atvinnuleysi á Íslandi þurfa að verða þegar þessir stjórnarherrar eru ánægðir með niðurstöðuna? Það er barist fyrir því að það verði frjáls innflutningur á vinnuafli til Íslands. Það er kannski hægt að gera ráð fyrir að hinn blandaði kokteill í þeim efnum verði til þess að þeir nái hér um 10% atvinnuleysi. En fari atvinnuleysið í 10% þá kostar það ríkið 6–7 milljarða á ári. Skyldi það ekki vera skynsamlegra að reyna að efla íslenskt framtak, leyfa sjóðunum að vera í friði, leyfa þeim að halda áfram að stuðla að uppbyggingu í landinu, leyfa þeim að halda áfram að toga vextina heldur niður á við og tryggja atvinnu? Ætli þeir verði þá ekki ögn fleiri sem geta greitt skatta til ríkisins? Ætli það komi ekki út að það verði niðurstaðan að ansi lítill hagnaður verði af því að hægja á umsvifum í þjóðfélaginu fyrir íslenska ríkið? Ætli fjmrh. átti sig ekki á því eins og sérfræðingar fyrrv. forseta Bandaríkjanna að það var enginn hagur af því að ætla að hafa 100% tekjuskatt? Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er mikill baráttumaður fyrir því frv. sem er á dagskrá. Mér er ekki einu sinni ljóst hvort hæstv. ráðherra hefur aðeins fengið þetta yfir borðið og verið sagt að þetta þurfi hann að gera, þetta verði að gerast til að hægt sé að halda vöxtunum uppi í landinu. Forstjóri Landsvirkjunar lýsti því yfir að þeir greiddu 3% vexti af dollaralánunum sem þeir hafa. Hann reiknaði að sjálfsögðu með hver verðbólgan var í Bandaríkjunum og þar með verðlækkun dollarans.

Ég held að það sé fróðlegt, herra forseti, að ég lesi enn upp úr þeirri bók sem ég hef verið að vitna í og fari á bls. 36. Þar er minnst á raunvexti í þessu landi sem við lifum í: „Margt bendir til að raunvextir geti lækkað á næstunni og má sjá þess merki á fjármagnsmarkaði um þessar mundir. Ávöxtunarkrafa spariskírteina á Verðbréfaþingi Íslands hefur lækkað úr 7,85% miðað við sölu í upphafi árs niður í 7,5% í byrjun apríl. Afföll húsbréfa náðu hámarki í september sl. er ávöxtunarkrafan fór upp í 8,7% miðað við sölu. Það sem af er ársins hefur ávöxtunarkrafan lækkað og er nú í aprílbyrjun 7,3–7,4%."

Hér eru menn að tala um árangur. Hér eru menn að tala um vaxtalækkun. Á sama tíma blasir það við að við erum að tala um fullverðtryggð lán. Og niðurstaðan er sú að vextirnir eru ekki helmingi hærri en vextirnir sem Landsvirkjun greiðir, þeir eru meira en helmingi hærri. Ef það væru 6% vextir væru þeir helmingi hærri. Hér eru sigrarnir þeir að menn hafa lækkað vexti úr 7,85% í 7,5%, þ.e. lækkunin er 0,35%. (**Fjmrh.:** Til 1. apríl.) Til 1. apríl. Tíminn heldur áfram, það er kominn maí núna. Hér stendur á bls. 36 athyglisverð setning og umhugsunarverð:

„Íslenskur peningamarkaður stendur nú á krossgötum. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið" — sem tekur að öllum líkindum gildi, stendur hér — mér finnst ekki trúlegt að þetta sé hugsað þannig — „snemma á næsta ári, felur í sér að fjármagnsmarkaðurinn opnast gagnvart erlendum fjárstraumum. Fyrir árslok 1994 verða Íslendingar að hafa fjarlægt hindranir í vegi fyrir fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra landa, bæði löngum og stuttum. Mikilvæg skref hafa þegar verið stigin í þessa átt og m.a. verður öllum hömlum á löngum fjármagnshreyfingum aflétt

í lok þessa árs. Opnunin mun hafa afgerandi áhrif á leikreglur markaðarins og ekki síst á vaxtamyndunina. Í annan stað hafa verði kynnt tvö mikilvæg frv., annað um skattlagningu fjármagnstekna heima og hitt um Seðlabanka Íslands. Í síðara frv. er gert ráð fyrir að yfirdráttarheimild ríkissjóðs við bankann verði afnumin í áföngum og Seðlabanka verði veitt heimild til að starfrækja gjaldeyrismarkað."

Ég held að þegar þetta er lesið þá hljótum við að spyrja: Er skynsamlegt að veikja þá fjárfestingarsjóði sem við eigum? Er skynsamlegt að veikja þá um leið og þeir lenda í fullri samkeppni? Er eitthvað sem mælir með síkum vinnubrögðum? Og í framhald af því: Íslenskur sjóður hagnast á því að hafa lánað til fyrirtækja sem hafa reynst fær um að greiða með vöxtum það sem hann lánaði þeim. Hvað gerist ef erlendur sjóður hefði lánað þessa peninga og erlendi sjóðurinn hefði grætt á tiltækinu? Hefðu tekjur af því komið í hinn íslenska ríkissjóð? Ég held nú ekki. Tekjurnar hefðu farið í erlendan ríkissjóð ef tekjuskattur hefði verið greiddur. Mér finnst einhvern veginn að það sem verið er að gera nú sé fyrst og fremst misskilningur. Misskilningur á þann veg að íslensku sjóðirnir sem hafa viljað ná upp skyndigróða, íslensku sjóðirnir hinir nýju sem hafa viljað ná þessum skyndigróða, hvort sem við köllum þá fjárfestingarsjóði eða hvaða nafn sem við gefum þeim, við könnumst við þá. Einn sigldi upp fyrir, hinir hafa haldi velli. Frægastur af þessum sjóðum er trúlega Fjárfestingarfélag Íslands, keypt af Framkvæmdasjóði á mjög hagstæðum kjörum á sínum tíma eins og hæstv. fjmrh. trúlega veit. Þessir sjóðir vilja meira rými í landinu. Það er nefnilega komið svo að búið er að gera stóran hóp Íslendinga gjaldþrota. Það er búið að gera þá gjaldþrota. Og spurningin er: Hvert vilja þeir sem nú stjórna þessum sjóðum beina sinni fjárfestingu? Þeir vilja komast inn til hinna stærri og betur reknu fyrirtækja í landinu. En til þess að það gerist verða þeir að lækka vextina. Draumurinn um að hækka vextina hjá fjárfestingarsjóðunum, sem hér er verið að leggja til að skattleggja, er þess vegna draumurinn um það hjá þessum aðilum að verða samkeppnisfærir. En það er aðeins í skamman tíma sem það blasir við.

Ég held að hæstv. fjmrh. gerði engum skaða þó hann léti þetta frv. liggja eftir í vor á borðum þingsins og tæki sér tíma til að skoða þessi mál. Gerði sér grein fyrir því hvort þau heildarmarkmið sem hér er verið að tefla um væru betur komin með þeirri skattlagningu eða hvort það væri í reynd örstutt tímabil sem íslenska ríkið fengi peninga af þessum sjóðum. En heildartekjur íslenska ríkisins yrðu minni vegna þess að umsvifin í landinu yrðu minni og hlutfallslega fleiri væru atvinnulausir. Það þýðir ekki að ganga þannig frá málum að það sé aðeins eitt markmið sem menn eiga að afgreiða í einu.

Einhver frægasta saga um þetta er sagan af því þegar ákveðið hafði verið að drepa eina flugu. Og stríðið stóð um að drepa fluguna. Hún settist á nefið á öðrum vígamanninum. Neyttu á meðan á nefinu stendur, var sagt, því markmiðið var aðeins eitt, að drepa fluguna. Þeir, sem venja sig ekki á meiri heildaryfirsýn en þá sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. þegar hann sagði: „Markmiðið er að fá tekjur í ríkissjóð", eru ekki líklegir til þess að ná þeim heildarárangri sem verður að stefna að. Ríkissjóður lifir á veltusköttum fyrst og fremst. Ef velta samfélagsins minnkar vegna þess að samdrátturinn verður svo harður, vegna þess að efnahagslægðin verður svo mikil munu tekjur ríkissjóðs falla og þá mun ríkissjóður verða fjær því en áður að hafa tekjur til þeirra verkefna sem hann stefnir að. Þess vegna er ég hræddur um að niðurstaðan verði sú hjá hæstv. fjmrh., þegar hann vill draga úr fjárfestingunni í landinu og vinna gegn því að þessir sjóðir haldi áfram að vinna á þeim grundvelli sem þeir hafa gert, þegar hann vill að þeir aðlagi sig svokölluðu markaðskerfi fjármagnsins og hækki sína vexti, að hugmyndir Þjóðhagsstofnunar um hve mikið atvinnuleysið verði reynist alrangar. Atvinnuleysið verði mun meira, tekjur ríkissjóðs verði mun minni og hæstv. fjmrh. hafi fyrst og fremst orðið til þess að þröngva meiri hlutanum á Alþingi Íslendinga til að samþykkja vitlaus lög.

Mér er ljóst að vel getur verið að það séu einhverjir í þjóðfélaginu sem hugsi sem svo: Þessir sjóðir eru ekkert of góðir til að borga skatta, það er bara sjálfsagður hlutur að láta þá borga skatta. Kannski þarf ég þá að borga minni skatta ef þeir borga skatta. En sú yfirborðsmennska, sem felst í slíkri hugsun, hlýtur að stranda ef menn skoða þetta mál ofan í kjölinn. Það vantar mikið á að atvinnuuppbyggingin á Íslandi sé með viðunandi hraða í dag. Ég verð að segja eins og er að það er sorgarsaga hvað Íslendingar voru búnir að byggja upp af íslenskum iðnaði og sjá að stór hluti hans er hruninn. Stór hluti af þeirri iðnaðaruppbyggingu er hruninn. Nú þegar við þyrftum að hefja nýja sókn virðist stefnan sú að ýta fyrirtækjunum inn á hávaxtamarkaðinn. Kaldhæðni örlaganna er svo sú að á sama tíma og þetta er gert þá er hamast á Landsbanka Íslands fyrir það að vextir þar séu of háir. En hvers vegna skyldi Landsbankinn þurfa að halda uppi þeim vöxtum sem hann er með? Það fer ekki á milli mála að bankinn ber hita og þunga af atvinnulífi Íslendinga með réttu sem stærsti bankinn. Og að hverju stuðlar gjaldþrotabylgjan sem þar gengur yfir? Hún stuðlar að því að sjálfsögðu að tap verður hjá bankanum. Ríkisstjórnin er nýbúin að lofa atvinnulífinu vaxtalækkun og á sama tíma, og blekið er varla orðið þurrt af þeim loforðum, er farið af stað með að setja það sem forgangsmál að koma þeirri vitleysu í gegnum þingið sem hér er í frumvarpsformi.

Ég veit ekki hvort það hefur tilgang að tala lengi í svona málum. En ég spyr sjálfan mig: Hlýtur það ekki að vera fyrsta verkefni Ríkisendurskoðunar eftir að þetta er orðið að lögum að láta endurmeta hvaða tryggingar Byggðastofnun hefur í sínum veðum úti um land allt þar sem Fiskveiðasjóður er með 1. veðrétt og stofnunin kemur á eftir? Ef vextirnir eru hækkaðir á lánunum, sem eru á 1. veðrétti, hlýtur það þá ekki að auka líkurnar á því að þeir sem eru á 2. og 3. veðrétti tapi sínu fé? Nei, það er kaldhæðni örlaganna að þeir sessunautarnir í ráðherrastólum, hæstv. fjmrh. og

hæstv. sjútvrh., keppast nú við að koma tveimur málum í gegnum þingið. Annar keppist við að koma máli í gegnum þingið sem er skattlagning sjóðakerfisins og þar með í reynd vaxtahækkun og nýjar álögur á atvinnulífið. Hinn keppist við að koma í gegnum þingið frv. um útgreiðslurnar úr Verðjöfnunarsjóði. (**Gripið fram í:** Til að borga álögur.) Til að borga álögurnar og raunverulega að fá nýtt atriði viðurkennt í Verðjöfnunarsjóðnum að það sé ekki nóg að taka tillit til hvaða verð er á vörum okkar erlendis sem við erum að selja úr landi heldur verði líka að taka tillit til þess ef mjög slæm ríkisstjórn er við völd á Íslandi. Það sé hið nýja markmið. Því að þegar verðlækkun varð á erlendum afurðum var alltaf talað um að borga út í rólegheitunum jafnt og þétt. En þegar ríkisstjórnin, sem er yfir landinu, er orðin það slæm að rekstrargrundvöllurinn hjá frystingunni er tap upp á 8% þá þýðir ekkert annað en að borga bara allt út í einu. Það dugar ekkert minna og er það þó tilfellið að hæstv. fjmrh. hafi þegar tryggt sér 300 millj. af þessum 3 milljörðum svona bara einn, tveir og þrír. Það er upphæðin sem Fiskveiðasjóður segir að þetta muni kosta þá ef þetta verður að lögum.

Ég sé að hæstv. fjmrh. beinir mest augum sínum til himins. Og það er verst að það er þak yfir þessum stað. Ég er sannfærður um að það hefði jákvæð áhrif á hann að horfa til himins ef engin fyrirstaða væri á sjónlínunni. Nú er mér náttúrlega ljóst að hann sæi ekki mjög langa leið en það er alveg tvímælalaust nauðsynlegt fyrir menn sem hafa fest svo illilega í skrifræðisstofnununum að þeir sjá nánast ekkert orðið nema bleksvertuna að fá að horfa á heiðan himinn annað slagið. Það skapar meiri bjartsýni og meiri trú á möguleika okkar Íslendinga.

Ég verð að segja eins og er að mér er það sorgarefni að svo skuli vera komið að mál eins og þetta sé orðið aðalmálið hjá ríkisstjórn Íslands. Hefði legið hér fyrir einhver áætlun um það hvernig ætti að efla atvinnulífið, stuðla að nýrri framfarasókn, þá hefði maður getað skilið að ríkisstjórnin væri hörð á því að láta einhverja stjórnarandstöðu ekki komast upp með moðreyk og þvælast fyrir. En þetta markmið er ekki stórt. Það er ekki hægt að óska ríkisstjórninni til hamingju með það.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það gerist við og við að ýmislegt skemmtilegt og skondið rekur á fjörur okkar sem erum hér í vinnunni í Alþingishúsinu frá einu ári til annars. Ef mér hefði verið sagt það í desembermánuði 1988 að Sjálfstfl. ætti eftir að sitja hér í Alþingi vorið 1992, að fjmrh. Sjálfstfl. ætti eftir sitja hér í þingsalnum dag eftir dag og sjálfstæðismenn á forsetastóli taka vaktina hver á fætur öðrum til að koma í gegn frv. um skattskyldu innlánsstofnana þá hefði ég hlegið að slíku sem góðlátlegum brandara. Ég hafði fyrir áramót 1988 staðið í látlausu stríði við þá tvo þingmenn sem sitja nú í ráðherrastólum í salnum, hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh., og ýmsa góða félaga þeirra sem gerðu það að skilyrði fyrir þinglokum fyrir jól 1988 að hætt yrði við að skattleggja innlánsstofnanir. Það var satt að segja aðalkrafa Sjálfstfl. til mín sem fjmrh. í desember 1988 og til ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að hætt yrði við þessi áform um skattlagningu innlánsstofnana.

Nú er það aðalkrafa Sjálfstfl. til stjórnarandstöðunnar að skattlagning innlánsstofnana verði afgreidd fyrir þinglok sem lög. Ég spurði að því hér við 1. umr. þessa máls: Hvað hefur breyst í stefnu Sjálfstfl.? Ég hef ekki fengið nein svör við því enn. Ég spurði hæstv. forsrh., formann Sjálfstfl., fékk ekkert svar. Ég spurði hæstv. fjmrh., varaformann Sjálfstfl., ég fékk ekkert svar. Ég spurði hæstv. sjútvrh., fyrrv. formann Sjálfstfl., ég fékk ekkert svar. Ég spurði hæstv. landbrh., fyrrv. leiðtoga Sjálfstfl. í efri deild, ég fékk ekkert svar.

Er það þannig, virðulegu ráðherrar og virðulegi forseti, að stefna Sjálfstfl. sé bara marklaus? Er hún einnota gagn eftir því hvernig vindar blása? Kannski er það aukaatriði í þessari umræðu. En engu að síður er það svo hér á vordögum 1992 að það er höfuðkrafa Sjálfstfl. að innlánsstofnanir, Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins og fleiri slíkir verði skattlagðir.

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál. En ég hafði ætlað mér að spyrja hæstv. forsrh. fáeinna spurninga um samhengið í því sem hans ríkisstjórn er að biðja Alþingi um að gera og hefur beðið Alþingi um að gera í vetur. Hið sérstaka tilefni mitt er viðtal sem birtist við hæstv. forsrh. í sjónvarpi, að mig minnir sl. fimmtudags- eða föstudagskvöld. Líklega sl. föstudagskvöld þar sem hann var að lýsa afstöðu ríkisstjórnarinnar til atvinnuleysis og málefna atvinnuveganna. Ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta hvort hægt sé að gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. komi til fundarins. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. virðist ekki vera í húsinu eins og stendur.) Virðulegur forseti. Ég held þá til þess að greiða fyrir málum og til þess að spara tíma væri skynsamlegra að ég gerði hlé á ræðu minni og héldi henni áfram þegar hæstv. forsrh. væri kominn vegna þess að ég hef satt að segja mjög lítinn áhuga á að standa hér í stólnum og fara yfir einhvað sem ég þarf svo að endurtaka fyrir hæstv. forsrh. þegar hann kemur. (**Forseti:** Umræðunni er frestað.) Já, ég þakka fyrir það.

Umræðu frestað.

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 956.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipaútgerð ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 2. umr.

Stjfrv., 436. mál (tölvuforrit, ljósritun o.fl.). — Þskj. 694, nál. 969, brtt. 971.

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég næli fyrir nál. hv. menntmn. um frv. til laga um breytingu á höfundalögum á þskj. 969 og brtt. á þskj. 971.

Nefndarmenn standa allir að þessu áliti en Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Með leyfi forseta geri ég grein fyrir nefndarálitinu.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það margar umsagnir. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um frv. Þórunni Hafstein, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu.

Við umfjöllun um 10. gr. frv. fékk nefndin einnig á sinn fund Knút Bruun, Svölu Lárusdóttur og Úlfar Þormóðsson. Samkvæmt 10. gr. er lagt til að svokallaður fylgiréttur verði lögfestur, en inntak þess réttar er að við endursölu myndverka í atvinnuskyni renni tiltekinn hundraðshluti endursöluverðs til rétthafa. Slík ákvæði eru þegar í gildi í þágu höfunda í lögum um listmunauppboð o.fl., nr. 36/1987, þannig að frumvarpið felur aðeins í sér nýmæli við endursölu utan slíkra uppboða, þ.e. í svokölluðum galleríum. Sá munur er hins vegar á sölu listaverka á listmunauppboðum og í galleríum að virðisaukaskattur leggst ekki á listaverk sem eru til endursölu á listmunauppboðum en slíkur skattur leggst á sölu í galleríum. Undanþágа listaverka, sem seld eru á listmunauppboðum, frá virðisaukaskatti var heimiluð með lögum 119/1989, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, og í því sambandi vísað til laga 36/1987 en skv. 3. gr. þeirra laga skal ekki leggja sölugjald á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til rétthafa listaverka. Samkvæmt upphaflegum virðisaukaskattlögum, nr. 50/1988, var sala á listmunauppboðum hins vegar ekki undanþegin virðisaukaskatti.

Nefndin vill vekja athygli á að sá mismunur, sem er á aðstöðu listmunauppboða og gallería, getur ekki talist eðlilegur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða orðalagsbreytingu í fyrri efnismálsgrein 8. gr. til að taka af öll tvímæli um efni greinarinnar."

Breytingar þær sem lagðar eru til í frv. að gerðar verði á gildandi lögum snerta flestar listgreinar, ritlist, tónlist, myndlist og rétt listflytjenda. Einnig eru í frv. ákvæði til verndar höfundum tölvuforrita og að lögfest verði ákvæði varðandi sönnunarbyrði þegar um stórfellt brot á höfundarrétti er að ræða. Löggilding gagnkvæmra alþjóðlegra höfundarréttarmála er auðvelduð en seinagangur í því efni hefur sætt gagnrýni íslenskra rétthafa og alþjóðlegra stofnana. Hér er á ferðinni brýnt og þarft mál sem hefur fengið vandaðan undirbúning og er liður í þeirri heildarendurskoðun á höfundalögum sem unnið er að.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með hv. frsm. menntmn. að þetta frv., sem hún mælti fyrir nál. fyrir, er gott mál og vel unnið að mati okkar í menntmn. og skynsamlegt að afgreiða það frá þinginu sem lög. Ég talaði um þetta mál við 1. umr. og tók þá undir að við þyrftum að reyna að koma því í höfn fyrir þinglok og það ætlar væntanlega að takast. Þetta mál var ekki á sérstökum forgangslista hjá ríkisstjórninni en af hálfu okkar stjórnarandstæðinga í menntmn. var ýtt á eftir því að við tækjum þetta mál saman jákvæðum tökum og það hefur orðið með þeim hætti sem nú liggur fyrir. Ég er þakklátur fyrir það. Auðvitað á kannski ekki að þurfa af okkar hálfu að vera að ýta á eftir stjórnarfrv. en í menntmn. förum við í málin eftir efni eða reynum að taka þau þannig fyrir. Þótt þar hafi verið deilt hart um ákveðin frv. á þessu þingi þá hefur tekist ágæt samstaða um önnur mál og ég vona að fleiri mál eigi eftir að sjást frá nefndinni fyrir þinglok sem ekki eru enn komin út úr nefnd. Ég vænti að þetta frv. fáist lögfest.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis lýsa yfir ánægju minni með að þetta mál kemst á dagskrá og ég vona að það fái skjótan framgang.

Ljóst er að í höfundalögunum er að finna margar og mikilvægar breytingar sem munu tryggja betur rétt höfunda og þeirra sem fara með höfundarrétt. Ég vona því að þetta gangi mjög skjótt fyrir sig og ekki mun standa á okkur kvennalistakonum að sjá til þess að málið fái góðan framgang.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkomudagur reglulegs Alþingis 1992 o. fl., 2. umr.

Frv. forsrh., 533. mál. — Þskj. 947, nál. 983.

Frsm. allshn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. við frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis 1992. Efni frv., sem nefndin hefur fjallað um, byggist á samkomulagi þingflokka um hvernig hátta skuli þingmeðferð EES-málsins. Í því felst að nýtt þing komi saman 17. ágúst nk. og með þeim hætti verði haustþingið lengt en þinghaldið verði að öðru leyti með venjubundnu sniði.

Heimildin til að breyta samkomudegi Alþingis byggist á ákvæðum 35. gr. stjórnarskrárinnar. Þeim var breytt á síðasta ári á þann hátt að Alþingi starfar nú allt árið. Með því að ákveða samkomudaginn með þessum hætti, sem í frv. segir, er jafnframt verið að ákveða hvenær núverandi þingi, þ.e. 115. löggjafarþingi, lýkur.

Við afgreiðslu málsins skrifaði ég undir nál. ásamt Eyjólfi Konráð Jónssyni, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Kristni H. Gunnarssyni og Jóni Helgasyni. Sólveig Pétursdóttir, Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Björn Bjarnason voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þóttist hafa hlustað nokkuð grannt á hvað hv. 17. þm. Reykv. sagði. Það kom fram hjá honum að ekki væri aðeins verið að taka ákvörðun um það hvenær þingið kæmi saman heldur og einnig hvenær þessu þingi yrði slitið. Ég heyrði ekki dagsetninguna á því. Mér þætti vænt um ef framsögumaður gerði grein fyrir því hafi það farið eitthvað á milli mála þannig að við fáum þá upplýsingarnar um það líka fyrst hér er greint frá því að þetta tvennt hangi saman.

Frsm. allshn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að upplýsa að samkvæmt þessu verður núv. Alþingi slitið deginum á undan, þ.e. 16. ágúst.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Vestf. að þetta var frekar stutt framsöguræða hjá framsögumanni og fór mjög lítið fyrir rökstuðningi fyrir þeim dögum sem nefndir voru. Þó svo það sé ekki stórmál í mínum huga þá væri æskilegt að a.m.k. nokkrum setningum yrði eytt á það hvers vegna hv. nefnd valdi nákvæmlega þessa daga upp úr miðjum ágústmánuði. Þannig háttar t.d. til í sveitum að ekki er alveg víst að seinni slætti sé alls staðar lokið og spurning hvort nefndinni er það fast í hendi að halda sig við þessa daga eða hvort hún gæti hugsanlega bætt nokkrum dögum við þinghaldið o.s.frv. Ég þarf ekki að hafa frekari rökstuðning fyrir þessari spurningu en óska eftir því að hv. framsögumaður geri aðeins betur og rökstyðji tillögu nefndarinnar.

Frsm. allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr um hvers vegna nefndin hafi valið þennan tiltekna dag og æskir rökstuðnings. Sá rökstuðningur, hv. þm., kom fram í máli framsögumanns. Hann byggðist á því að samkomulag þingflokka varð um þennan dag. Upphaflega samkomulagið, sem formenn stjórnarflokkanna settu stafi sína undir, var þess efnis að þingið skyldi koma saman 10. ágúst. Skömmu síðar gerðist það að ósk kom fram um að þessum samkomudegi yrði seinkað til 17. ágúst. Menn urðu við því að fresta samkomudeginum frá 10. ágúst til 17. ágúst sökum þessarar beiðnar sem kom raunar fram frá einum af stjórnarandstöðuflokkunum. Rétt er að það komi líka fram að það var með nokkrum trega að fulltrúi Alþfl. varð við þessari beiðni vegna þess að alveg er ljóst að það þarf talsvert mikinn tíma til að fjalla um EES. En sökum þess að farið var fram á þetta þá varð það að ráði að veita þessa bón.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur hv. 17. þm. Reykv. fært okkur upplýsingar og sagt að þinginu verði slitið þann 16. ágúst. Ég er ekki alveg viss um að hann hafi hugleitt það mjög nákvæmlega hvað hann sagði þar um en ætla að láta tímann leiða í ljós hvort þetta reynist satt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. ST o.fl., 36. mál (mæðravernd). — Þskj. 36, nál. 968.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97 frá 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Nefndin hefur fjallað um frv. Efni þess er samhljóða reglugerð heilbr.- og trmrh. frá því í desember 1991, þ.e. að gjöld skuli ekki tekin fyrir ungbarnaeftirlit og mæðravernd. Því er nefndin samþykk. Nefndin telur að ákvæði um þetta efni eigi fremur heima í lögum um almannatryggingar en í lögum um heilbrigðisþjónustu.

Með hliðsjón af því að nú er verið að endurskoða lög um almannatryggingar telur nefndin rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, enda verði stuðst við álit nefndarinnar varðandi þetta efni við þá endurskoðun.

Undir þetta nál. rita Sigbjörn Gunnarsson, Svavar Gestsson, Finnur Ingólfsson, Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Björn Bjarnason.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Síðasta haust flaug það fyrir að ætlun heilbrrn. væri að leggja gjöld á alla þjónustu heilsugæslustöðva og heilsugæslu, heilsuverndar, þar með talda mæðravernd og ungbarnaeftirlit. Þessar fregnir urðu m.a. til þess að við þrír þingmenn Alþb., Stefanía Traustadóttir, Guðrún Helgadóttir og ég, fluttum frv. um að tekin yrðu af tvímæli um að þessi þjónusta skyldi verða ókeypis og ekki skattlögð. Í framhaldi af nokkrum þæfingi um málið var ákveðið í reglugerð sem hæstv. heilbrrh. gaf út í desember sl. að þessi þjónusta yrði undanþegin gjöldum í heilsugæslunni og heilsuvernd sem við alþýðubandalagsmenn töldum mikinn áfanga í málinu og féllumst þess vegna á að málið yrði ekki afgreitt með þeim hætti sem við

höfðum lagt til. Við teljum einnig mjög mikilvægt að hv. heilbr.- og trn. hefur tekið samhljóða undir okkar sjónarmið um að þessa þjónustu eigi alls ekki að skattleggja. Undir það rita ekki aðeins fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna heldur stjórnarflokkanna, Alþfl. og Sjálfstfl. líka. Við teljum mjög mikilvægt að fulltrúar þessara flokka í heilbrn. hafa með þessum hætti komið til móts við sjónarmið okkar.

Á þeim grundvelli og í trausti þess að þessi þjónusta fái að vera í friði fyrir skattlagningu töldum við að sú tillaga sem hér liggur fyrir væri skynsamleg enda verði þessi þáttur málsins tekin inn í lög um almannatryggingar þegar þau eru í endurskoðun.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að það hefur oft gerst á undanförnum árum, ég segi ekki áratugum, að alls konar þörfum málum hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum að lög um almannatryggingar væru til endurskoðunar. Hins vegar hefur gengið nokkuð brösuglega hjá okkur ýmsum að ljúka því máli. Ég tel að þrátt fyrir það sé sú pólitíska yfirlýsing, sem felst í nefndarálitinu, svo mikilvæg að verulegur málefnalegur sigur sé unnin í þessu. Ég þakka fyrir gott samstarf í heilbr.- og trn. við að ljúka þessu máli og stend að nefndarálitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en haldið er áfram með dagskrána er rétt af forseta að upplýsa að fyrirhugað er að gera matarhlé kl. hálfátta til hálfníu. Jafnframt er fyrirhugað að um sjöleytið verði þessum fundi slitið og settur nýr fundur þar sem tekið verður á dagskrá ef leyft verður mál sem sjútvn. hefur verið að afgreiða, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Lífeyrisréttindi hjóna, 2. umr.

Frv. GHall og SalÞ, 51. mál. — Þskj. 52, nál. 962.

Frsm. heilbr.- og trn. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um lífeyrisréttindi hjóna. Nefndin hefur fjallað um frv. Þar er lagt til að lífeyrisréttindi, sem hjón hafa áunnið sér í hjúskap, teljist hjúskapareign þeirra. Þannig verði litið á lífeyrisréttindi sem sameign hjóna. Nefndin er þeirrar skoðunar að mál þetta sé mikilvægt en það er vandasamt og þurfi nánari skoðunar við, t.d. hvort eðlilegt sé að kveðið sé á um þetta í hjúskaparlögum. Í ljósi þess er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir álit heilbr.- og trn. rita Sigbjörn Gunnarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Svavar Gestsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Finnur Ingólfsson og Björn Bjarnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, 2. umr.

Stjfrv., 434. mál (heildarlög). — Þskj. 692, nál. 975, brtt. 976.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Eins og sjá má ef borin eru saman þingskjöl á því máli, sem ég mæli hér fyrir núna, forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, þá eru miklar breytingar lagðar til af hendi landbn.

Breytingarnar byggjast á því að í stað þess að ríkissjóður hefur til skamms tíma greitt forfalla- og afleysingaþjónustuna er nú séð fyrir því að hún verði fjármögnuð með fjárveitingu frá Búnaðarmálasjóði eins og reyndar er kunnugt.

Breytingarnar taka að sjálfsögðu sérstaklega mið af þessu.

Nefndarálitið, sem hér fylgir, er afar skýrt og segir raunar fullkomlega til um þær breytingar sem eru lagðar til. Sérstök vinna var lögð í að ganga nákvæmlega frá nefndaráliti vegna þess um hve miklar breytingar er að ræða frá því sem verið hefur. Í þessum efnum þykir mér þó vert að minnast á fjögur mikilvæg atriði sem taka sérstaklega til þessara breytinga.

Í fyrsta lagi er svið laganna þrengt þannig að nú er einungis um forfallaþjónustu að ræða en ekki afleysingaþjónustu. Til þess að hægt sé að njóta þeirrar þjónustu þurfa menn að framvísa læknisvottorði.

Í öðru lagi tekur þessi þjónusta samkvæmt brtt. landbn. ekki einungis til húsbændanna sjálfra heldur líka til bústjóra og starfsfólks á viðkomandi búi. Auk þess er kveðið sérstaklega á um að réttur beggja forræðisaðila búsins, þ.e. húsmóður og húsbónda, er núna miðað við eitt ársverk og njóta þau réttinda hvort í sínu lagi miðað við það.

Þá er gerð breyting á þeim heimildum sem voru í lögum um að búgreinafélög geti sagt sig frá forfallaþjónustunni, eða réttara sagt Stéttarsamband bænda fyrir þeirra hönd, þannig að ef búgreinafélag kýs að fara þá leið með lögmætum hætti verður jafnframt að liggja fyrir skrifleg yfirlýsing frá þeim einstaklingum sem segja sig frá þessari þjónustu. Undir öðrum kringumstæðum halda menn rétti sínum að því er þjónustuna varðar.

Í síðasta lagi er gerð sú breyting, sem er afar mikilvæg, að nú ræðst réttur manna af vinnuframlagi en ekki tekjum eins og áður var og eins og ég sagði áður getur það mest numið einu ársverki.

Þetta eru helstu og áþreifanlegustu breytingarnar í tillögum landbn. Ég vísa svo til þess, sem ég sagði

áðan, að nefndarálitið er afar skýrt og segir til nánar um þær breytingar sem eru gerðar.

Svo sem venja stendur til hefur landbn. verið sammála um niðurstöðuna og undir nál. rita allir nefndarmenn landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að selja kirkjujörðina Stóru-Borg, 2. umr.

Frv. JHelg og MF, 435. mál (sölukvaðir). — Þskj. 693, nál. 904, brtt. 905.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti landbn. Alþingis um frv. til laga um heimild til að selja kirkjujörðina Stóru-Borg. Í raun er ekki um að ræða jarðarsölu heldur er frv. miðað við að afnema vissar kvaðir sem hvíla á jörðinni vegna þeirrar jarðarsölu sem fór fram árið 1974. Það er eins um þetta nál. og það sem ég mælti fyrir hér á undan að það skýrir málið með mjög ótvíræðum hætti og þar af leiðandi vísa ég sérstaklega til þess til nánari skýringa á því. Nefndarmenn rituðu nöfn sín undir nál. nema Eggert Haukdal sem tók ekki þátt í afgreiðslunni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta. Málið er skýrt með ítarlegu nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur úr ríkissjóði, 2. umr.

Frv. KSG o.fl., 479. mál. — Þskj. 737, nál. 966, brtt. 965.

Frsm. fjárln. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. fjárln. um frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl. á þskj. 966.

Frv. þetta er kunnugt í þingsölum og ég mun ekki rekja það eða ræða efnislega. Fyrstu drög að þessu frv. voru samin síðla árs 1989 og síðan er það í þriðja sinn nú á þessu þingi sem það er flutt og hefur tekið nokkrum breytingum við endurflutning hverju sinni. Frv. hefur því hlotið vandaðan undirbúning og að baki því stendur í fyrsta lagi samkomulag fulltrúa allra flokka í fjárveitinganefnd, sem þar hafa setið þessi ár, og síðan fjárln., sem nú situr, og unnið hefur verið að því að fága orðalag með þeim hætti að samkomulag hefur tekist milli þeirra sem mest komu að því að framkvæma þessi mál í stjórnkerfinu.

Frv. er ætlað að festa betur í sessi stjórntæki sem fjmrn. hefur í höndum sér til að annast framkvæmd fjárlaga þannig að eigi sé farið út fyrir þá ramma sem lög heimila og stjórnarskráin gerir ráð fyrir.

Nefndin hefur athugað frv. nú enn um sinn og frv. var sent hv. efh.- og viðskn. sem sendi síðan bréf til nefndarinnar og kvað eigi unnt að taka málið til efnislegrar umræðu og afgreiðslu í nefndinni á þeim stutta tíma sem þar var til settur. Bréf hv. efh.- og viðskn. er prentað með sem fskj. á nál. nefndarinnar.

Nefndin kvaddi einnig á fund sinn ráðuneytisstjóra fjmrn. sem svaraði fyrirspurnum og lét uppi álit sitt á nokkrum atriðum frv. Nefndin flytur eina brtt., sem fjallar um gildistökuákvæði frv., og er þar lagt til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1993 en eigi þegar að afgreiðslu lokinni. Við nánari athugun var talið hyggilegt og raunar eðlilegt að mál af þessu tagi, er varðar framkvæmd fjárlaga, taki gildi um áramót en eigi á miðju fjárlagaári og féllst nefndin á það sjónarmið sem mér virðist eiga víðtækan stuðning og víðtækan skilning.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fjalla um þetta mál frekar. Ég vænti þess að það sé nú í þeim búningi að það nái afgreiðslu á því þingi sem nú situr. Nefndin leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir með þeirri breytingu sem ég hef lýst og birtist á þskj. 965.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að það komi fram strax á eftir stuttri framsöguræðu hv. frsm. að efh.- og viðskn. fékk bréf frá fjárln. og þar var óskað eftir umsögn efh.- og viðskn. um málið. Þá væru tveir dagar til stefnu til að gefa þá umsögn þar sem bréf dags. 12. maí, ef ég man rétt, barst efh.- og viðskn. 13. maí en beðið var um umsögn nefndarinnar um þetta viðamikla frv. fyrir 15. maí. Niðurstaðan varð sú og gat naumast orðið önnur en sú að efh.- og viðskn. treysti sér ekki til að gefa efnislega umsögn um málið með þessum skamma fyrirvara. Ég held óneitanlega hvað sem efni frv. líður að öðru leyti hafi verið nokkur galli að þeirri þingnefnd annarri, sem fyrst og fremst fjallaði um fjárhagsmálefni í þinginu, gafst ekki tóm til að leggja efnislega vinnu í málið.

Rétt er að benda á að frv. er samið og flutt af hv. fjárln. og sú óvenjulega regla var viðhöfð að málinu var engu að síður vísað til fjárln. Þetta er nokkuð óvenjuleg málsmeðferð þar sem venjan er sú að frumvörp sem flutt eru af nefndum sé ekki vísað til nefndar, en hér háttaði náttúrlega nokkuð öðruvísi til. Að mínu mati hefði verið eðlilegri málsmeðferð að málinu hefði verið beinlínis vísað til efh.- og viðskn. til umfjöllunar þar sem það er lögbundið hlutverk þeirrar nefndar samkvæmt þingsköpum að fara yfir tekjumálefni ríkisins. Óneitanlega tengjast þau því frv. sem verið er að fjalla um.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ég taldi rétt að þetta kæmi strax fram í framhaldi af framsöguræðu.

Frsm. fjárln. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á því að hv. efh.- og viðskn. hafði eigi langan tíma til þess að fjalla um málið. En ég hlýt að vekja athygli á því að frv. er þingmönnum ekki ókunnugt og ef hv. nefnd hefði haft

einhverjar sérstakar athugasemdir við frv. hefði það að sjálfsögðu komið fram í bréfi hennar.

Ég bendi á að þó að efh.- og viðskn. fjalli um öll þau málefni er varða tekjur ríkissjóðs, þar á meðal alla löggjöf er lýtur að skattamálum og til efh.- og viðskn. beri að vísa samkvæmt þingsköpum tekjuhlið fjárlagafrv., þá er ekkert sem segir um það í þingsköpum að þangað skuli vísa þeim málum er lúta að greiðslum úr ríkissjóði sem þetta frv. fjallar fyrst og fremst um. Það var álit þeirra embættismanna þingsins, sem eru iðulega til aðstoðar við að túlka þingskapalög, að eðlilegt væri að vísa þessu máli til fjárln. sem og var gert. Ég var ekki viðstaddur þá atkvæðagreiðslu eða þau orðaskipti sem þá fóru fram en ég tel það á engan hátt óeðlilegt. Nefndin tók málið fyrir og athugaði það og kvaddi á fund sinn þann aðila sem ég hef hér rakið í fyrri ræðu minni. Ég lít svo á að það hafi hlotið vandlegan undirbúning og í raun mjög vandlega meðferð.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að undirstrika það aftur að í umfjöllun efh.- og viðskn. og svarinu felst engin efnisleg afstaða. Þess vegna er ekki rétt að leggja þann skilning í svar efh.- og viðskn. að þar með sé ljóst að efh.- og viðskn. hafi engar alvarlegar athugasemdir haft fram að færa við frv. Ég er ekki að segja að svo hefði verið. Ég er ósköp einfaldlega að segja það, sem rétt er, að nefndin hafði ekki aðstöðu til þess að fara efnislega ofan í frv. þannig að í ljós kæmi hvort hún hefði við það athugasemdir að gera eða ekki. Menn mega þess vegna hvorki lesa meira né minna út úr svari efh.- og viðskn. en efni standa til. Vonandi er það skýrt.

Varðandi það sem hv. þm. sagði að málið væri mönnum kunnugt er það að vísu rétt að það hefur verið flutt áður á þingi. Þó er rétt að minna á að þetta frv. er í nokkru breytt frá þeim sem áður hafa birst og reyndar er rétt að viðurkenna að í vissum atriðum hefur það verið lagfært. Ég hygg t.d. að flestir séu sammála um að þau ákvæði sem stóðu í eldra frv. og vörðuðu stöðu ríkisins, um það þegar gerðir væru nýir kjarasamningar, voru gölluð og naumast framkvæmanleg eins og þau voru a.m.k. sett fram í hinu fyrsta samningsuppkasti sem ég sá hér í þinginu. Þetta hefur nú verið lagfært og að sjálfsögðu er það til bóta. Að öðru leyti ætla ég að geyma mér efnislega umfjöllun um málið en ég vildi að þetta kæmi fram.

Umræðu frestað.

Efling ferðaþjónustu, síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 115. mál. — Þskj. 118, nál. 950, brtt. 951.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Ferðamálaráði, Ferðaþjónustu bænda, Náttúruverndarráði og Sambandi veitinga- og gistihúsa.

Nefndin tekur undir þau orð flm. tillögunnar að leggja beri áherslu á aukna ferðaþjónustu. Nefndin telur jafnframt að aukin ferðaþjónusta geti eflt og aukið fjölbreytni atvinnulífs víðast hvar á landinu. Lagt er til að athugun verði gerð á því á hvaða stöðum framkvæmdir við ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til þess að unnt sé að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum. Niðurstöður þessara athugana verði tiltækar fyrir þá sem ráðast vilja í eða fjármagna verkefni á þessu sviði.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, Árni M. Mathiesen, Sigbjörn Gunnarsson, Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen og Guðni Ágústsson og Sigríður A. Þórðardóttir sem tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Pálma Jónssonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kolbeinsey, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 153. mál. — Þskj. 165, nál. 952.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Hafrannsóknastofnun, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, raunvísindadeild Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands, Vita- og hafnamálaskrifstofunni og Vísindaráði.

Nefndin telur að um mikilvægt málefni sé að ræða, sem brýnt er að sinna, og vonar að áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar geti legið fyrir áður en langt um líður.

Nefndin telur hins vegar ekki rétt að binda gerð áætlunarinnar við ákveðna tímafresti, mikilvægara sé að hún sé vel unnin. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Orðin „næsta sumar“ í fyrri mgr. tillgr. og orðin „og lögð fyrir þingið til staðfestingar fyrir árslok 1992“ í síðari mgr. tillgr. falli brott.

Nefndir stendur öll að nál. og skrifa undir það Árni M. Mathiesen, Sigbjörn Gunnarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Guðni Ágústsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson og Sigríður A. Þórðardóttir í fjarveru Pálma Jónssonar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka hv. samgn. fyrir vinnuna að þessu máli og fagna því að samstaða hefur tekist um að afgreiða það á þessu þingi. Ég bind vonir við það og við flm. allir að í framhaldinu verði gripið til raunhæfra aðgerða gagnvart þessu

máli, þeirri stöðu sem þarna er uppi. Það er mikilvægt og stórt hagsmunamál Íslendinga, sjávarútvegsins og reyndar allra landsmanna að þessu máli verði sinnt og ég leyfi mér því að fagna því alveg sérstaklega að hv. samgn. hefur komist að þessari niðurstöðu og lagt til við þingið að tillagan verði afgreidd hvað vonandi gengur eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling íþróttaiðkunar kvenna, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 177. mál. — Þskj. 194, nál. 948.

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. á þskj. 948 um till. til þál. um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar. Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Sem ein flutningskvenna þessarar till. eins og frsm. hv. nefndar fagna ég því að nefndin komst að þessari skynsamlegu niðurstöðu og lýsi ég ánægju minni yfir því að þetta átak muni verða gert til að efla íþróttaiðkanir kvenna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

150. FUNDUR

mánudaginn 18. maí,
að loknum 149. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með nokkur dagskrármál, þ.e. 12., Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, 534. mál, 15., Lífeyrissjóð sjómanna, 489. mál, 20., Greiðslukortastarfsemi, 402. mál, og 23., Þjóðhagsstofnun, 25. mál, að of skammt er liðið frá útbýtingu þskj. og verður því að leita afbrigða um að þau megi koma á dagskrá og til afgreiðslu. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, ÞorstP.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKJ, FI, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JónS, KSG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StH, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 534. mál (ráðstöfun innstæðna). — Þskj. 960, nál. 999.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. um viðauka við lög nr. 39 frá 15. maí 1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, er mjög seint fram komið og varð sjútvn. að hafa mjög hraðan á því að frv. var til hennar vísað á föstudagskvöld og hélt nefndin tvo fundi um málið. Á fyrri fundinum fékk nefndin á fund sinn ráðuneytisstjórann í sjútvrn., Árna Kolbeinsson, Ásmund Stefánsson, forseta ASÍ, Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambands Íslands, og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóra þess, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra VSÍ, Svein Hjört Hjartarson, hagfræðing LÍÚ, Árna Benediktsson frá Íslenskum sjávarafurðum, Arnar Sigurmundsson, formann Samtaka fiskvinnslustöðva, Friðrik Pálsson, forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sigurð Haraldsson, framkvæmdastjóra Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Ólaf B. Ólafsson frá Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og Ögmund Jónasson, formann BSRB.

Fundurinn var sameiginlega með öllum þessum aðilum og sjútvn. Flestir þeirra sem mættu á fundinn voru eindregið þeirrar skoðunar að þetta frv. ætti að afgreiðast. Hins vegar höfðu forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Sjómannasambands Íslands uppi athugasemdir við frv. og las formaður Sjómannasambands Íslands upp ályktun Sambandsins sem gerð var um Verðjöfnunarsjóðinn sem mótmælir harðlega frv. Síðan hefur verið rætt við þá af sjútvrh. á milli funda en það slys gerðist að það láðist að boða á þennan fund nefndarinnar forvígismenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem og forvígismenn Vélstjórasambands Íslands en Farmanna- og fiskimannasambandið sendi umsögn eftir að nefndin hafði afgreitt málið frá sér sem ég lofaði að koma á framfæri í hv. Alþingi vegna þessara mistaka. Það er efni og umsögn frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og þar segir:

„Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins vill Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, FFSÍ, koma á framfæri eftirfarandi við sjútvn. Alþingis:

Frá því að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins voru lögð fram í frumvarpsformi veturinn 1990 og eftir að frv. varð að lögum nr. 39 15. maí 1990 hefur Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

margítrekað bent á þá ágalla sem lagasetningunni fylgdi þar sem inngreiðsla framleiðenda væri færð á sérreikning viðkomandi framleiðanda en þeir sjómenn sem voru beinir þátttakendur í verðjöfnuninni við sölu á óunnum botnfisktegundum og á frystiskipum sem vinna aflann úti á sjó og nutu ekki sama réttar vegna sinna inngreiðslna. Eftir sem áður liggur skýrt fyrir ef reiknað er út frá uppgjöri áhafnameðlims hvað lagt var til hliðar af aflahlut sérhvers sjómanns á þennan geymslu- og skyldusparnaðarreikning, þ.e. í Verðjöfnunarsjóð, vegna hans ef hann var starfandi á frystiskipi, siglingaskipi eða skipi sem seldi óunninn afla í gámum á erlendum fiskmarkaði. Það er því með öllu óverjandi að ætla nú að framkvæma eignaupptöku á sérgreiðslum einstakra sjómanna sem geta eigi síður en útgerðarmenn verið allvel skuldugir þótt sjómenn hafi ekki stofnað til þeirra skulda með kaupum á aflaheimildum eins og útgerðarmenn hafa gert en athyglisvert er að kvótakaup námu allt að 2 milljörðum kr. á sl. ári og hafa þeir peningar örugglega stofnað til skulda hjá mörgum útgerðum jafnframt því sem kvótakaupin hafa sogað peninga út úr sjávarútvegsgeiranum og aukið heildarskuldsetningu hans.

Af framansögðu má vera ljóst að útgreiðsla sem eingöngu er sérgrein til útgerðar og vinnslu en ekki til þeirra sjómanna, sem með sama hætti greiddu beint í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, fær ekki staðist. Í öðru tilvikinu er verið að greiða niður skuldir einstaklinga og einstakra fyrirtækja en að hinu leytinu verið að gera eignaupptöku á sérgreindum aflahlut sjómanna og deila honum út til allra sjómanna sem eiga aðild að lífeyrissjóði.

Þær breytingar sem kveðið er á um í frv. leiða til þrenns konar vandamála í uppskiptingu og tilfærslum á eignum Verðjöfnunarsjóðsins sem snerta sjóðinn.

1. Skipting milli sjómanna og fyrirtækja sjávarútvegsins er ósanngjörn þar sem sjóðseign sérgreindra reikninga vegna landunninna botnfiskafurða kemur ekki til skipta. Hér er um að ræða fjárhæð sem nemur tæplega 1.800 millj. kr. og samkvæmt lauslegu mati FFSÍ ættu sjómenn að fá um 320 millj. kr. af þessari fjárhæð. Á það skal bent að samkvæmt frv. fá sjómenn hlut af óskiptum reikningum landunninna afurða, þ.e. humars og saltfisks, en ekki úr sérgreindum reikningum löndunar botnfiskafurða sem bendir til ósamræmis í frv.

2. Samkvæmt frv. renna 278 millj. kr. til Lífeyrissjóðs sjómanna. Þessi fjárhæð kemur öllum fiskimönnum til góða, einnig þeim sem ekki hafa tekið þátt í inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóðinn.

3. Í lífeyrissjóðum sjómanna er fjöldi einstaklinga, sem ekki tilheyra hópum fiskimanna, þ.e. farmenn og landverkafólk í hinum ýmsu blönduðu sjóðum sjómanna og verkafólks víðs vegar um landið. Þessir einstaklingar koma til með að njóta peninganna, sem renna til lífeyrissjóðanna, í sama mæli og fiskimennirnir sem tóku á sig þær byrðar sem fylgdu inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóðinn.

Með hliðsjón af framansögðu skorar FFSÍ á sjútvn. Alþingis að viðeigandi breytingar verði gerðar á frv. þannig að sjómenn fái sanngjarnan hlut úr þeim fjármunum sem ætlað er að greiða úr Verðjöfnunarsjóðnum. Slíkt mætti m.a. tryggja með því að greiða umræddar fjárhæðir út í formi verðjöfnunar að undangengnum nauðsynlegum breytingum og reglum um útgreiðslu úr sjóðnum. Jafnframt ítrekar FFSÍ þá afstöðu sína að sjómenn taki framvegis ekki þátt í verðjöfnun sjávarafurða."

Undir þetta bréf ritar Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Út af þeim stóru orðum sem hafa fallið um eignaupptöku, jafnvel stjórnarskrárbrot, sem komi þarna fram þegar þetta frv. var flutt er rétt að geta þess að sjútvrn. leitaði álits lögmanna á Skólavörðustíg 12 um þessi atriði. Þeir skiluðu áliti sínu til ráðuneytisins með bréfi sem dags. er 15. maí sl. og er allítarlegt álit en ég ætla aðeins að vitna í það þar sem segir í þremur línum: „Með hliðsjón af þessu var ekki hægt að sjá að fyrirhuguð lagabreyting feli í sér óheimilar réttarskerðingu gagnvart sjómönnum."

Ég vil benda á og vekja sérstaka athygli á sem raunar kom fram í því bréfi, sem ég var að lesa, að verið er að leggja til að Lífeyrissjóður sjómanna fái um 280 millj. í sinn hlut þannig að því framlagi verði skipt á milli sjómanna almennt. Hluti sjómanna er því þegar nokkur og ætti það að vera gleðiefni sjómönnum að styrkja á þennan hátt lífeyrissjóð þeirra sem fyrir stendur höllum fæti eins og svo margir aðrir slíkir sjóðir. Ég tel líka að það sé mjög til fyrirmyndar hvernig innstæðum framleiðenda er varið skv. 3. gr. þessa frv. en ég ætla ekki að lesa hana upp því að allir hv. þm. hafa frv. undir höndum.

Ég vil líka geta þess að mismunandi sjónarmið eru uppi varðandi Verðjöfnunarsjóð og framtíð hans. Ekki er verið að gera neitt sem gerir það að verkum að verið sé að segja að Verðjöfnunarsjóður eigi að vera áfram um aldur og ævi eða að hann eigi að leggja niður. Hins vegar er ákvæði um það að lengja þann tíma sem inngreiðslur eigi ekki að vera til Verðjöfnunarsjóðsins eða til nk. áramóta.

Ég tel að eins og ástatt er í sjávarútvegi sé mjög mikilvægt að þetta frv. nái fram að ganga. Hér er um að ræða útgreiðslur upp á tæpa 3 milljarða. Þar af fara 280 milljarðar til sjómanna og um 2,7 milljarðar til sjávarútvegsfyrirtækjanna og það skiptir afar miklu máli.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Jafnframt beinir hún því til sjútvrh. að við þá endurskoðun á frambúðarfyrirkomulagi sveiflujöfnunar í sjávarútvegi, sem nú stendur yfir, verði tryggt að greiðslur í og úr sveiflujöfnunarsjóðum hafi ekki bein áhrif á hlutaskipti sjómanna. Hæstv. sjútvrh. hefur sagt að hann muni beita áhrifum sínum til þess að svo muni verða. Nefnd sú sem vinnur að þessari endurskoðun er undir forustu Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra og í nefndinni eru auk hans Ólafur Ísleifsson, Björn Björnsson, Þorvarður Gunnarsson og Hallgrímur Þorsteinsson en þeir tveir síðastnefndu eru þar sem fagmenn enda eru þeir löggiltir endurskoðendur.

Undir nál. sjútvn. rita allir nefndarmenn. Þeir eru

auk mín Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason og Vilhjálmur Egilsson. En þeir Halldór Ásgrímsson, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson rita undir nál. með fyrirvara. Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti með fyrirvara en einstakir nefndarmenn munu gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðu málsins.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í máli frsm. nefndarinnar mælum við sem undirritum það nál. með samþykkt frv. en undirritum nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur af minni hálfu að því að með þessu frv. er ekki skapaður nægilega góður rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð og get í því sambandi vísað til þess sem ég hef áður sagt við umræður um málið eða um málefni sjávarútvegsins í vetur. Við höfum margoft tekið þessi mál upp á Alþingi og lagt á það áherslu að ríkisstjórnin hverfi af þeirri braut að auka álögur á sjávarútveginn og gera starfsskilyrði hans verri, sérstaklega með tilliti til þess að verðfall hefur verið allverulegt á afurðum og jafnframt hefur afli dregist mikið saman. Ég vil í því sambandi vitna til þess að raungengi hefur hækkað allnokkuð frá árinu 1990 og hæstv. sjútvrh. hefur staðfest það í ræðu á Alþingi að eðlilegt sé að leiðrétta það til þess horfs sem það var í í febrúar 1990 þegar svokallaðir þjóðarsáttarsamningar voru gerðir. Það hefur ekki verið gert en aðeins liggja um það almennar yfirlýsingar og ekki virðist vera samhljómur um það í ríkisstjórninni hvert stefna beri í þeim efnum. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að íslenskur sjávarútvegur geti bæði mætt aflasamdrætti og verðfalli á sama tíma og gengi fer hækkandi. Við höfum jafnframt bent á skattlagningu þá sem á að leggja á sjávarútveginn á þessu hausti. Við höfum nefnt skattlagningu á Fiskveiðasjóð, sem mun lenda á sjávarútvegnum, og margt annað sem ég skal ekki rifja upp við þessa umræðu.

Þessi aðgerð bætir vissulega greiðslustöðu sjávarútvegsins, gerir honum kleift að standa betur í skilum með ýmis vanskil sem hann stendur nú frammi fyrir, m.a. vegna ytri skilyrða, og það er vissulega léttir á mörgum fyrirtækjum. Hins vegar vil ég taka skýrt fram, m.a. vegna frétta í fjölmiðlum, að með þessari afstöðu er ég ekki að lýsa því yfir að Verðjöfnunarsjóður sé þar með óþarfur fyrir íslenskt samfélag. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt fyrir hagstjórn í framtíðinni að viðhalda Verðjöfnunarsjóðnum. Komið hefur í ljós af þeirri reynslu, sem er fengin af þessum Verðjöfnunarsjóði, að það var ekki að ástæðulausu sem menn lögðu í að leggja fé fyrir þegar vel gekk og geyma það til tíma þegar verr gengur eins og nú hefur komið í ljós.

Því hefur verið haldið fram af sjávarútveginum að miklu betra sé að einstök fyrirtæki sjái um þetta sjálf og leggi til hliðar. Gerir einhver ráð fyrir því að það fé sem þarna er fyrir hendi í dag hefði nú verið inni á reikningi í Seðlabankanum eða öðrum bönkum ef hér hefði verið um frjálsa sveiflujöfnun að ræða? Ég held að það sé alveg rétt hjá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar að það er mjög líklegt að viðkomandi fjármagn hefði m.a. farið til þess að bæta kjör landsmanna allra og þess vegna er margt til í þeirri gagnrýni sem þeir hafa sett fram. En hefði það verið skynsamlegt fyrir íslenskt samfélag að hafa enga möguleika til að mæta áföllum og ætli það sé íslensku launafólki óviðkomandi að slíkt sé hægt? Ég gæti trúað því að margir í stétt verkafólks og sjómanna fagni því að betur er hægt að standa í skilum í viðkomandi fyrirtækjum og það treysti atvinnu þeirra.

Að mínu mati er það því ekki réttmæt gagnrýni að verið sé að taka fé til annarra hluta. Hins vegar er það gert með öðrum hætti en lögin sögðu upphaflega til um og ég skal ekki neita því að ég hefði fremur kosið að það hefði verið hægt að fara betur að upphaflegum vilja laganna, e.t.v. með því að breyta í einhverju tilgangi laganna, taka tillit til aflasamdráttar og breyta þar viðmiðunum. Um það ætla ég ekki að deila við hæstv. sjútvrh. Ég vil aðeins leggja á það áherslu að ég styð það að þetta mál nái fram að ganga og mun fylgja því en ég mun halda áfram að gagnrýna efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar og viljaleysi hennar til þess að bæta rekstrarskilyrði atvinnuveganna. Ég tel að ríkisstjórnin sé í nokkru að koma til móts við þá gagnrýni sem fram hefur verið sett en hér er þó engan veginn lagfærður rekstrargrundvöllur til frambúðar og það verkefni hlýtur að standa áfram á borði núv. ríkisstjórnar, Alþingis og ekki síst atvinnugreinarinnar sjálfrar.

Það var um það talað, virðulegi forseti, að þessi umræða yrði ekki löng og við það skal að sjálfsögðu staðið af minni hálfu en ég vildi að þessi almennu sjónarmið kæmu fram við afgreiðslu málsins nú.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil sömuleiðis greiða fyrir því að þetta mál fái hér eins skjóta afgreiðslu og unnt er en ég sé mér þó engu að síður ókleift annað en að hafa um það nokkur orð. Í fyrsta lagi vil ég að útskýra þann fyrirvara sem er á nál. af minni hálfu og einnig ræða lítillega um málið eins og það hefur borið að okkur og þá gagnrýni sem það hefur fengið sem og þau eindregnu meðmæli og tilmæli sem borist hafa til Alþingis um að afgreiða það.

Um fyrirvarann er það að segja að ég get í raun og veru tekið þar undir orð hv. síðasta ræðumanns. Hann lýtur ekki síst að því að við viljum með engu móti að stuðningur okkar við þetta mál misskiljist sem einhver velvilji í garð efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar almennt. Síður en svo. Þvert á móti er á ferðinni þingmál sem er auðvitað bein afleiðing af m.a. efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og því hvernig hún hefur spillt afkomu sjávarútvegsins, einkum og sér í lagi hávaxtastefna ríkisstjórnarinnar sem hún sjálf reið á vaðið með og innleiddi í einhliða ákvörðunum um hækkun vaxta á ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum fyrir réttu ári. Fátt ef nokkuð hefur reynst sjávarútveginum jafnmótdrægt eins og háir vextir á undanförnum árum og þá ekki síð-

ur nú á sl. ári eins og endranær. Nægir þar að vitna til hrikalegrar skuldastöðu útvegsins en samkvæmt nýlegum framreikningum standa skuldir útvegsins nú í um 95–105 milljörðum kr.

Hæstv. forseti. Hér er á ferðnni neyðarráðstöfun. Um það eru allir sammála. Það eru meira en sex mánuðir liðnir síðan hæstv. sjútvrh. sjálfur talaði um nauðsyn þess að grípa til neyðarráðstafana vegna bráðavanda sjávarútvegsins. Æ síðan hefur harla lítið gerst og því var það að við höfum á undanförnum vikum og mánuðum oft lýst eftir stefnu hæstv. ríkisstjórnar og því hvort eitthvað stæði til að gera í málefnum sjávarútvegsins. Það er því að vonum að menn fagna því þegar loksins gefst færi á að styðja mál, sem óneitanlega lagar stöðu fyrirtækjanna verulega, a.m.k. til skamms tíma litið, þó svo það breyti ekki hinum eiginlega rekstrargrunni sem sjávarútvegurinn stendur á, að tæma þannig skyldusparnaðarsjóð sjávarútvegsins sem með sönnu má kalla Verðjöfnunarsjóðinn.

Það er réttast að viðurkenna, hæstv. forseti, að þessi aðgerð er langt frá því að vera gallalaus. Á henni eru að sjálfsögðu annmarkar og það er síður en svo gleðiefni að þurfa að standa að því nú að tæma á einu bretti þennan sjóð sjávarútvegsins sem myndaðist á tímum betri afkomu fyrir greinarinnar hönd í tíð fyrri ríkisstjórnar og vegna þeirrar forsjálni sem þá var sýnd að leggja til hliðar til mögru áranna. En okkur standa ekki margir kostir til boða þegar kemur að stöðu sjávarútvegsins og við hljótum þess vegna að taka þátt í því að afgreiða mál af þessu tagi sem bætir þar nokkuð úr þó svo við hefðum óskað eftir því að ýmislegt annað hefði verið þar að gert og öðruvísi að hlutum staðið.

Varðandi þá gagnrýni sem komið hefur fram á þessa aðgerð vil ég fyrst taka þar til við viðhorf sem forsvarsmenn sjómannasamtakanna hafa sett fram og eru fullkomlega skiljanleg. Rétt er að hafa í huga í því sambandi að sjómenn voru frá upphafi andvígir því að verða dregnir inn í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og óskuðu eindregið eftir því að fá að vera þar utan við. Á sínum tíma fundu menn ekki aðra heppilegri aðferð en þá að hafa sjómenn á þeim hluta flotans þar sem um beina framleiðslu til sölu á erlendum mörkuðum eða til útflutnings var að ræða, þ.e. þegar frystiskip og önnur veiðiskip sem selja afurðir sínar beint eiga í hlut. Það er því alveg ljóst þegar þetta mál er skoðað nánar að það er og mundi alltaf verða miklum annmörkum háð að láta starfandi sjómenn á einum tíma taka þátt í myndun Verðjöfnunarsjóðs sem samkvæmt reglum getur síðan komið til útgreiðslu á öðrum tímum. Ekki þarf annað en taka það dæmi að t.d. fimm ár líði í milli þess tíma að inngreiðslur eigi sér stað og þangað til að útgreiðslum kemur og hafa síðan í huga þær breytingar sem verða í stéttinni á slíku tímabili og þar með sjá menn að í talsverðum mæli gæti þá átt við að sjómenn sem greitt hefðu inn í sjóðinn á sínum tíma væru horfnir af vettvangi eða til annarra starfa og nýir menn komnir í staðinn sem nytu síðan góðs af inngreiðslunum án þess þó að hafa lagt þar neitt af mörkum sjálfir. Þetta er að sjálfsögðu tæknilegur annmarki á því að stétt af þessu tagi taki þátt í svona sveiflujöfnun nema þá og því aðeins að menn eyrnamerki innstæðurnar viðkomandi einstaklingi. Það er nú sennilega hægar sagt en gert og ég er eingöngu að rekja þetta til þess að rökstyðja það viðhorf mitt að þetta fyrirkomulag hafi verið annmörkum háð frá upphafi og sú aðgerð sem við erum nú að grípa til breytir í sjálfu sér engu í því sambandi. Þeir annmarkar voru fyrir hendi í kerfinu og verða ekki til hvað grundvallarfyrirkomulagið sjálft snertir með þessari aðgerð. Menn geta að sjálfsögðu haft það sjónarmið að það væri sanngjarnara þrátt fyrir allt að starfandi stétt sjómanna á þeim tíma þegar verð fellur og afkoma versnar í sjávarútvegi fái til sín útgreiðslurnar en jafnvel það er ekki trygging fyrir því að jafnvel þar sé um réttlátt fyrirkomulag að ræða. Ég held þess vegna hafandi skoðað þetta nokkuð að mjög margt mæli með því að verða við þeim óskum sjómanna að í framtíðarfyrirkomulagi hvað varðar sveiflujöfnun í sjávarútvegi verði reynt að halda hlut þeirra aðskildum og óviðkomandi slíkri sveiflujöfnun fyrirtækjanna sjálfra. Það er svo síðan rétt og ljóst að á því eru líka annmarkar að útfæra slíkt kerfi en ég held að menn hljóti að reyna að glíma við það viðfangsefni á næstunni ef menn ætla sér að smíða nýtt og varanlegra fyrirkomulag fyrir sveiflujöfnun í greininni.

Varðandi afstöðu verkalýðshreyfingarinnar og mótmæli sem þaðan hafa borist er augljóst að inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn voru á sínum tíma í ákveðnum tengslum við þjóðarsáttarsamningana sem fólust í því að launanefndir samningsaðila féllust á að taka til greina inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð á því tímabili sem þær áttu sér stað og viðurkenna þær sem frádráttarbærar frá þeim viðskiptakjarabata sem mældur var samkvæmt þjóðarsáttarsamningum og skilað gat launafólki kauphækkunum ef svo tókst til. Að sjálfsögðu afsöluðu menn sér með því með tilteknum hætti mögulegum launahækkunum að fallast á að þessar inngreiðslur skyldu ekki dragast frá viðskiptakjarabatanum en það gerðu menn þá vitandi vits þegar að útgreiðslum kæmi rynnu þær til fyrirtækjanna og/eða sjómanna og það er í sjálfu sér ekkert sem er að breytast í þeim efnum.

Þjóðarsáttartíminn er liðinn og nýr kjarasamningur hefur tekið gildi. Ég held að óhjákvæmilegt sé að skoða hina hliðina á því máli sem eru tengsl þessarar ákvörðunar við núverandi kjarasamning og möguleikana á því að varðveita þar stöðugleika og afstýra þrýstingi á gengi krónunnar og fleira af því tagi sem óhjákvæmilega hefði komið til á næstu mánuðum ef ekkert væri að gert í málefnum sjávarútvegsins. Ég tek það skýrt fram að ég skil mjög vel viðhorf forustumanna verkalýðshreyfingarinnar. Þeir hafa mikið til síns máls. Það var m.a. fyrir sanngjarna og skynsamlega afstöðu þeirra í launanefndum samningsaðila á þjóðarsáttartímanum að það tókst að mynda þennan Verðjöfnunarsjóð og hann er nú fyrir hendi til þess að grípa til hans þegar svo sannarlega þarf á honum að halda. Ég tek fram að það ræður miklu um afstöðu mína í þessu efni að ég geri ekki svo mikinn greinarmun á þeim

gríðarlegu erfiðleikum sem nú hafa gengið yfir sjávarútveginn og stafa fyrst og fremst af tvennu, þ.e. annars vegar aflasamdrættinum og hins vegar óhagstæðri stjórnarstefnu, háum vöxtum og erfiðari starfsskilyrðum sjávarútvegsins vegna ýmissa einhliða álagna sem hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn. Ég geri ekki svo mikinn mun á þessu annars vegar og því sem sambærileg áföll hefðu gengið yfir greinina vegna verðfalls á erlendum mörkuðum. Það óvenjulega hefur gerst að sjávarútvegurinn og einkum fiskvinnslan hefur lent í bullandi erfiðleikum og miklum taprekstri án þess að um mikið verðfall hafi orðið að ræða. Þvert á móti er afurðaverð enn tiltölulega lítið undir því sögulega hámarki sem það var þegar best lét á undangengnum missirum á flestum stigum sjávarvöruframleiðslunnar. Þetta eru að nokkru leyti óvæntir og ófyrirséðir erfiðleikar og óvenjulegir, að greinin skuli lenda í svo miklum taprekstri og erfiðleikum þrátt fyrir svona hátt afurðaverð. Það skýrist af aflasamdrættinum og að ýmsu leyti erfiðu árferði hvað gæftir og aflabrögð snertir, en hins vegar því, sem er óhjákvæmilegt að viðurkenna, að starfsskilyrði sjávarútvegsins hafa stórversnað á undanförnum mánuðum og að hluta til ber hæstv. ríkisstjórn beina ábyrgð á því. Ég kem lítillega að því hér aðeins betur á eftir.

Ég vil til viðbótar þessu leggja á það áherslu sem reyndar kom fram í greinargóðri ræðu hv. 1. þm. Austurl. að starfsskilyrði sjávarútvegsins sem slík batna ekki við þessa aðgerð. Hér er verið að ganga á skyldusparnað sem menn eiga. Menn eru að taka út af bankabókinni sinni og það gera menn ekki nema í eitt skipti, ekki sömu krónurnar. Verið er að tæma skyldusparnað sjávarútvegsins og menn geta að sjálfsögðu lifað á sparnaðinum einhverja stund en þegar hann er upp urinn blasa erfiðleikarnir við mönnum á nýjum leik. Það mun gerast hjá sjávarútveginum, því miður fyrr en seinna, en eftir sem áður geri ég ekki lítið úr þeirri aðgerð sem hér er að eiga sér stað og mikilvægi þess að af henni verði vegna þess að á borðum hæstv. ríkisstjórnar er ekkert annað sem hægt er að sjá að megi verða sjávarútveginum til góðs. Það er auðvitað gæfulegt og mikið lán að hæstv. núv. ríkisstjórn, hverrar hæstv. forsrh. er nú fjarstaddur, skuli taka við svona góðu búi hvað málefni sjávarútvegsins snertir að hægt sé að ganga í sjóði frá tíð fyrri ríkisstjórnar og grípa til til að bjarga sér út úr vandræðunum þegar þau herja á eins og nú stendur. Það kemur mönnum auðvitað til góða að menn héldu af slíkri ráðdeildarsemi á málum í tíð fyrri ríkisstjórnar og ég bíð eftir því að hæstv. forsrh. verði maður til þess að viðurkenna það að í þessu tilviki a.m.k. hvað sem öðru líður tekur hann við sérlega góðu búi og má heppinn kallast og hans ríkisstjórn að ráðdeildarsemi fyrri ríkisstjórnar verður þeim nú til bjargar. Auðvitað hefði átt að grípa þarna til annarra ráðstafana fyrr en tæma þennan skyldusparnað sjávarútvegsins. Það sem við ættum að vera að fjalla um núna væri í fyrsta lagi það að létta af sjávarútveginum um 800–1.000 millj. kr. álögum sem hæstv. ríkisstjórn lagði á sjávarútveginn við afgreiðslu fjárlaga og bandormslaga á sl. vetri og er að reyna að koma í gegnum þingið núna með frv. til laga um skattlagningu innlánsstofnana, þar á meðal Fiskveiðasjóð. Það er rétt að fara yfir það einu sinni enn fyrir hv. stjórnarliða hvað það er sem er í þessum pappírum. Það er:

1. Að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs fyrir 525 millj. kr. 525 millj. kr. á sjávarútvegurinn að borga á næstu mánuðum fyrir það að fá að veiða þann hluta aflahlutdeildarinnar sem er merktur Hagræðingarsjóði.

2. A.m.k. 50 millj. kr. álögur á sjávarútveginn vegna breytinga á lögum um ábyrgð launa við gjaldþrot fyrirtækja.

3. Reikna má með að ýmsar gjaldskrárhækkanir þjónustustofnana sjávarútvegsins kosti sjávarútveginn um 40 millj. kr. á þessu ári. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og aðrir slíkir aðilar eiga samkvæmt fjárlögum að hækka gjaldskrár sínar aukalega og það mun að sjálfsögu kosta sjávarútveginn peninga.

4. Skattlagning á Fiskveiðasjóð mun á ársgrundvelli þegar hún verður komin til framkvæmda, að vísu kannski ekki öll á þessu ári en í fyllingu tímans, kosta sjávarútveginn um 250–280 millj. kr.

Þetta eru, hæstv. forseti, eins og ég sagði áðan, fjárhæðir sem mælast á bilinu 700–1.000 millj. kr. Það væri auðvitað þetta sem hefði átt að byrja á að létta af sjávarútveginum áður en gripið væri til skyldusparnaðarins. Ef við værum að afgreiða þessa hluti núna og í haust hefði sjávaútvegurinn e.t.v. þurft að mæta verðfalli á framleiðsluafurðum svo að útgreiðslur hefðu hafist samkvæmt óbreyttum lögum Verðjöfnunarsjóðs, þá hefði hann átt í handraðanum þá fjármuni til að mæta verðfallinu ef menn hefðu létt af honum fjandskap hæstv. ríkisstjórnar núna.

Ég vil að það komi fram, herra forseti, að með stuðningi okkar við þetta mál felst ekki á nokkurn hátt að við skrifum upp á þann fjandskap sem hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt atvinnulífinu og sjávarútveginum því miður ekki síður en öðrum atvinnugreinum og kannski enn fremur þegar allt er til tekið.

Að lokum, hæstv. forseti, fáein orð um framtíð verðjöfnunar eða sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Menn hafa sumir lítillega blandað því inn í annars óskylt mál sem er þessi bráðabirgðaráðstöfun sem ekki breytir varanlega lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins heldur til næstu áramóta. Til þess að mín afstaða í þeim efnum liggi ljós fyrir er það mín skoðun að mönnum beri að leita eftir fyrirkomulagi á varanlegri sveiflujöfnun eða afkomujöfnun í sjávarútvegi. Það er þörf fyrir það. Reynslan af síðustu árum sýnir okkur hversu dýrmætt það getur verið að ná að leggja til hliðar, þegar hagstæð skilyrði eru, svo menn geti gripið til slíkra varasjóða þegar á bjátar og m.a. með slíkum aðgerðum haldið uppi stöðugleika og aukið möguleikana á skynsamlegri efnahagsstjórnun umfram það sem ella hefði verið. Ég tel að þessi aðgerð sýni mönnum það hvers virði það getur verið að eiga hvort tveggja verðjöfnunarsjóð, skyldusparnað eða sveiflujöfnunarsjóð (**HÁ:** Sukksjóð.) þegar á þarf að halda — sem hæstv. forsrh. hefur víst stundum kallað sukksjóð eins og frammíkallandi minnir mig á.

En þetta sýnir mönnum líka, og það ætla ég að láta

verða mín lokaorð, hvers virði það er að skynsamleg ríkisstjórn sé við völd í landinu á hverjum tíma. Það eru að mörgu leyti sterkari meðmæli með hæstv. fyrrv. ríkisstjórn en flest annað að hún skuli leggja líkn með þraut í vanda núv. ríkisstjórnar og þó tek ég það fram að það er ekki hún fyrst og fremst sem hugur okkar stendur til að hjálpa heldur sjávarútvegurinn á Íslandi, atvinnuástandið í landinu og byggðarlögin hringinn í kringum landið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að það hvarflaði ekki að mér fyrr en ég hlustaði á ræðu hv. síðasta ræðumanns að það væri hægt að túlka afstöðu okkar stjórnarandstæðinga, og þá tala ég fyrir okkur kvennalistakonur, þannig að við værum að taka undir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hafi það hvarflað að einhverjum er mér bæði ljúft og skylt að leiðrétta það. Í þessum stuðningi okkar felst ekkert annað en það að við erum að styðja neyðaraðgerðir.

Ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. málsins. Hér erum við að grípa til örþrifaráðs og þetta örþrifaráð er nokkuð sem nauðsynlegt er að grípa til, þetta eða eitthvað annað. Ég tel að það sé raunar flestum ljóst nú þegar og mér er fullkunnugt um að það er forsvarsmönnum ýmissa launþegasamtaka vel kunnugt. Ég tel að þeir muni virða það þrátt fyrir sín eðlilegu mótmæli og ábendingar sem við höfum að sjálfsögðu hlustað á og tekið mið af. Ég held að það sé ekki eins langt á milli og heyra má á fjölmiðlaumræðu.

Ég vil einnig taka það fram að hér erum við aðeins að leysa bráðavanda augnabliksins. Það firrir ríkisstjórnina ekki því að það þarf að grípa til frekari aðgerða og ég verð að viðurkenna að það eru mér allmikil vonbrigði að heyra að sú sé ekki endilega ætlunin. En það er bráðnauðsynlegt. Mig langar í þessu sambandi að vísa til sjónvarpsfréttar frá því í fyrradag. Þar spyr Árni Þórður Jónsson fréttamaður Ríkissjónvarpsins hæstv. sjútvrh. hvort ekki sé um frekari aðgerðir að ræða eða hvort þær séu á döfinni. Því miður svaraði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Nei, það eru ekki frekari aðgerðir á döfinni, enda tel ég að með þessu hafi staða fiskvinnslufyrirtækjanna verið treyst nokkuð viðunandi miðað við núverandi aðstæður og þau fyrirtæki sem í raun og veru eru að takast á við fjárhagslega endurskipulagningu með ýmsum hætti, m.a. með samruna.“ (Gripið fram í.) Hér stendur þetta nú. „Þetta á að auðvelda þeim að ljúka því verki og ná fram aukinni hagræðingu og skila þannig meiri verðmætasköpun.“ Þetta tel ég alveg ótækt og ég vil að það komi hér fram.

Við verðum að íhuga það í þessu sambandi hvers vegna við stöndum frammi fyrir þessari stöðu. Ég ætla ekki að endurtaka í smáatriðum það sem hér hefur komið fram hjá tveimur síðustu ræðumönnum. Við erum auðvitað að glíma við aflasamdrátt. Við erum að glíma við ákveðið verðfall, ekki svo ýkjamikið þó og við eru að glíma við auknar álögur á sjávarútveginn nú þegar en einkum þó fyrirhugaðar álögur. Það er auðvitað alveg afleitt. Við erum fyrst og fremst að glíma við það að vextir hafa verið svívirðilega háir og mig langar að varpa fram þeirri spurningu okkur öllum til íhugunar og einkum þó í sér í lagi ríkisstjórninni: Hvernig væri ástandið nú ef vaxtalækkunin hefði orðið í haust, sú sem fyrirheit voru gefin um þegar vextir voru hækkaðir sl. vor? Hefðum við þá þurft að vera að grípa til þessara örþrifaráða? Mitt svar er: Nei, áreiðanlega ekki í þeim mæli sem við erum nú að gera.

Ég vil einnig geta þess að hvöss viðbrögð ýmissa launþegasamtaka, þó ekki allra, komu mér á vissan hátt í opna skjöldu, ekki vegna þess að ég hafi ekki fengið það nægilega vel útskýrt hvers vegna þessi viðbrögð komu og fengið skýringar sem ég tel gildar. En við vitum það öll að viðskiptakjarabatinn átti með einum eða öðrum hætti að koma launþegum til góða og þessi leið var valin. En ég vil jafnframt leggja ríka áherslu á það að sveiflujöfnun sú sem við erum núna að grípa til, þótt með allt öðrum hætti sé en hugsað er í lögum um Verðjöfnunarsjóð, er nauðsynleg og hún kemur launþegasamtökum til góða eins og öðrum vegna þess að atvinnan er eitt af því sem skiptir okkur hvað mestu, ekki síst núna þegar við búum við svo hörmulega ríkisstjórn að við stöndum frammi fyrir atvinnuleysi sem aldrei á undanförnum árum hefur verið ógn í íslensku atvinnulífi.

Ég held að við höfum þó fengið það nokkuð glöggglega fram, eftir viðræður bæði sjútvn. og forsvarsmanna í sjútvrn., að sjómenn hafi ákveðið að láta málið kyrrt liggja vegna fyrirheita um að þeir verði losaðir undan greiðslu í Verðjöfnunarsjóð sem og þeirra aðild að Verðjöfnunarsjóði. Það er sjálfsagt nokkuð umdeilanlegt hversu þungt þessi fyrirheit vega en það er alveg ljóst að þau eru gefin af heilum hug og það hlýtur að vera til lausn sem allir sætta sig við. Ég vil alla vega vona það.

Mig langar til þess að vitna í þessu sambandi til yfirlýsinga í fréttum — ég er ekki að fara með neitt sem ég þykist ekki hafa röksemdir fyrir — en það hafa mörg orð fallið þar. Ég gríp til kvöldfrétta í sjónvarpinu í gær, en þar segir Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjómenn hafa gert kröfu til þess að þeir væru undanskildir þessari kvöð að greiða í þennan sjóð og ég hlýt sem slíkur að fagna þeirri breytingu sem verður á í sambandi við þennan Verðjöfnunarsjóð.“ Og er fréttamaður spyr hvort þar með sætti sjómenn sig við þá breytingu sem verður á lögunum með þessari viðbót svarar Óskar, með leyfi forseta: „A.m.k. mun ég mæla með því við sjómenn að láta kyrrt liggja úr því sem komið er ef það verður tryggt að þessi breyting nái fram að ganga, þ.e. að sjómenn losni undan þessu.“

Þetta er það sem ég vil halda til haga hér og jafnframt vil ég vitna til annarrar fréttar sem var í hádegisfréttum í gær þar sem haft var eftir hæstv. ráðherra, sem hann getur væntanlega staðfest, að hann hafi rætt við forseta ASÍ og að þeir hafi verið sammála um að það væri óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að treysta rekstur sjávarútvegsins og aðrar leiðir væru ekki færar í því efni. Ég tek fram að ég geri ráð fyrir því að miðað sé við það ástand sem orðið er. Hæstv. ráðherra

lætur í ljós þá skoðun sína að hann trúi því ekki að verkalýðsforustan snúist gegn ráðstöfunum sem miði að því að tryggja atvinnu fólksins úti á landsbyggðinni. Undir þetta get ég tekið.

Eitt hefur verið dregið mjög inn í þessa umræðu, og enn vil ég vísa til ræðu minnar við 1. umr. málsins, og það er hvort nauðsyn sé á Verðjöfnunarsjóði áfram. Ég lýsti því þá og ég ítreka það nú að ég tel það brýnt að Verðjöfnunarsjóður verði áfram við lýði. Ég er ekki þar með að segja að það sé til ein kórrétt leið í þeim efnum en ég er heldur ekki að taka undir með þeim sem vilja gerbylta þessu kerfi, síður en svo.

Ég lagði fram fsp. við 1. umr. um það hverjir væru í nefndinni sem væri að endurskoða þessi lög og ég fékk ekki svar í þeirri umræðu frá hæstv. ráðherra. Ég hef nú fengið þessar upplýsingar og nöfnin komu fram í framsögu. Ég vil að sjálfsögðu gagnrýna enn einu sinni hvernig staðið er að nefndarskipun hér eftir að síðasta ríkisstjórn tók við þar sem ekki er leitað samráðs við stjórnarandstöðuflokka. Ég tel það mjög miður og afturför. Við kvennalistakonur berum jafnt sem aðrir ábyrgð á þeim lögum sem nú eru við lýði og sem við erum að breyta tímabundið. Ég vonast til þess að nefndin beri gæfu til að endurskoða lögin á skynsamlegan hátt en jafnframt held ég að það hefði verið hyggilegra að fleiri hefðu komið þarna að máli allra hluta vegna.

Ég vil ítreka að ég legg mikið upp úr því sem stendur á bls. 4 í þskj. 960 sem við erum að ræða. (**Forseti:** Ég ætlaði bara að benda á að meiningin var að fresta þessum fundi kl. 19.30.) Það eru svona 3–4 mínútur eftir. Er það ekki í lagi? (**Forseti:** Það er dálítið langt.) Það er ekki langt. — Þar kemur fram að tilgangur þessara tímabundnu breytinga á lögum sjóðsins séu að stuðla að því að fyrirtæki sem hafa myndað þessar inneignir geti ráðstafað þeim til greiðslu vanskilaskulda og þannig lækkað þann mikla vaxtakostnað sem þeim fylgir. Hér er einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða og ekki gerð tillaga um neinar varanlegar breytingar á starfsemi sjóðsins að öðru leyti. Ég mun stytta tilvitun mína. (Gripið fram í.) Ég ætlaði að ljúka ræðu minni. Ég verð að vísu að svara hér frammíkalli. Ég treysti því að þetta sé eitt af því sem verður tekið til athugunar í þessari endurskoðun því að ég er ekki að stinga höfðinu í sandinn frekar en aðrir, þetta er ekki einfalt verk. En ég vil halda þessu til haga hér og ég vil að það komi skýrt fram að ég vil ekki að þessi sjóður verði lagður niður. Ég óttast það, ég hef áhyggjur af því en það er ekki minn vilji og ég tel ekki að þessi aðgerð sé til þess gerð, heldur til að bæta bráðavanda. Ég hygg að við séum öll sammála um það.

Enn eitt atriði vil ég að komi fram í lokin. Við erum að tala um sveiflujöfnun og ég tel að eitt af því sem þarf að koma fram við þessa endurskoðun sé að það verði e.t.v. athugaðar fleiri sveiflur en verðfall erlendis næst þegar hugsað verður um sveiflujöfnun í þessari atvinnugrein.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfáar spurningar. Ég held að hér sé töluvert mikilvægt mál á dagskrá sem full ástæða er til að fara að með varúð því að hér er verið að fara með mikið fé. Það er kannski ekki tími til að fara út í það hvort hér er í raun og veru um heimilaða eignaupptöku að ræða. Ég hef persónulega um það miklar efasemdir en ég mun ekki beita mér í þessu máli. Ég held að vænstu menn telji að hér sé ekki illa farið með fé. Að vísu vantar mig alltaf í allar svona aðgerðir reikninga fyrirtækjanna. Það er nefnilega hægt að segja okkur allt mögulegt um afkomu sjávarútvegsins en það er nú einu sinni svo að það skiptir dálitlu máli hvernig með það fé sem inn kemur er farið. En ég skal ekki eyða tíma í það hér.

Hér vakna spurningar vegna þess að rætt hefur verið um frv. til laga sem mér sýnist nú vera að koma úr nefnd þrátt fyrir allhörð mótmæli mín og jafnvel annarra en það er frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Að vísu er búið að gera þar smábragarbót. Það verður sem sagt ekki ráðist á þá sem þegar eru með örorkubætur, eins og til stóð, heldur fá þeir að hafa fimm ára aðlögunartíma. En þess vegna tala ég um þetta mál að málin eru nátengd. Hér er verið að taka úr Verðjöfnunarsjóði og leggja í lífeyrissjóðina, m.a. í Lífeyrissjóð sjómanna, en hlutur hans er um 65% af lífeyrissjóðum sem sjómenn greiða í. Í greinargerð er talað um að til skipta komi til lífeyrissjóðanna 228 millj. kr., þá skulum við segja að 65% af því fari í Lífeyrissjóð sjómanna. Svo eru aðrir lífeyrissjóðir, þeir eru fjórir eða fimm ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Sjö.) Sjö, og það sem ég átta mig ekki alveg á er að þeir eru allir blandaðir lífeyrissjóðir. Það greiða því fleiri en sjómenn í þá sjóði. Ég átta mig ekki á því hvernig þau mál hanga saman og skal fúslega viðurkenna að það er hreinlega fákunnátta mín. Mér þætti gott að heyra ráðherra útskýra það fyrir mér á eftir hvernig það fólk fer út úr þessu.

Það snýst eitthvað við í mér þegar talað er um í athugasemdum um 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Samtals verða það því um 2.241 millj. kr. sem til greina koma til ráðstöfunar upp í skuldir framleiðenda samkvæmt þessari grein en um það bil 228 millj. kr. munu ganga til lífeyrissjóða sjómanna eins og nánar er kveðið á um í 5. gr."

Það er spurning mín hvernig þetta er réttlætt varðandi blönduðu sjóðina og síðan hefði ég viljað lýsa furðu minni á því hversu mikil áhersla er lögð á að á sama tíma og verið er að bæta stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna er verið að skerða stórlega rétt sjómanna til síns eigin lífeyrissjóðs. Það hefði verið fróðlegt að vita hvað það er sem sparast í Lífeyrissjóði sjómanna.

Við hv. 16. þm. Reykv. höfum átt allhörð orðaskipti en ég verð að upplýsa það að á sunnudagsmorguninn hafði ég samband við formann Sjómannasambands Íslands. Hann hafði ekki hugmynd um að frv. var í þinginu þannig að hér er ýmislegt skrítilegt gert og ekki mikið samráð haft við þá sem málið varðar. Hann lofaði mér raunar að senda, eins og hann orðaði það, sína menn til að kanna þetta mál.

Ég bið hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir mér hverju þessi 65% af 228 millj. bjarga um framtíð Líf-

eyrissjóðs sjómanna og hversu há upphæð er talin sparast með þeirri skerðingu á réttindum sjómanna til síns eigin lífeyrissjóðs. Þessum spurningum vildi ég gjarnan fá svarað þegar umræðan heldur áfram.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu fyrst og fremst víkja að tveimur atriðum sem hér hafa komið fram. Í fyrsta lagi spurningu frá hv. 14. þm. Reykv. um stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna eftir þá inngreiðslu sem þetta lagafrv. og væntanleg lög mæla fyrir um. Ég hef ekki undir höndum tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins en þykist vita það af nokkuð langri reynslu og umfjöllun um málefni þessa lífeyrissjóðs og reyndar annarra að sjóðurinn hefur átt við verulega erfiðleika að etja og ætla ekki að rekja það í löngu máli. Hér er verið að gera tilraun til þess að rétta nokkuð stöðu hans en ég get fullyrt þó að ég hafi ekki útreikninga undir höndum að hann verður ekki of sæll né sjómenn of sælir af stöðu sjóðsins þó að þessi upphæð renni til hans.

Í öðru lagi vil ég, frú forseti, víkja að þeim sérstöku tilmælum sem hv. sjútvn. beinir til sjútvrh. vegna beinna áhrifa á hlutaskipti sjómanna í núverandi fyrirkomulagi verðjöfnunar. Ég vil staðfesta það að ég mun beita mér fyrir þeim breytingum sem hv. nefnd óskar eftir og í fullu samræmi við samtöl sem fram fóru við formann Sjómannasambandsins af þessu tilefni. Ég tel rétt og skylt að staðfesta að í þessu máli mun ég beita mér í samræmi við ábendingar hv. nefndar.

Ég vil svo sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka hv. sjútvn. fyrir skjót vinnubrögð og fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna sérstaklega fyrir að hafa greitt fyrir framgangi málsins. Mér er það mætavel ljóst að ágreiningur er á milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu um mörg meginefnisatriði efnahagsstefnunnar. En ég met það mjög mikils að um framgang þessa máls og reyndar stuðning við það efnislega hefur tekist svo góð samstaða sem raun ber vitni og ítreka þakklæti mitt fyrir það.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins ein spurning. Ég vil spyrja hvort meðal þeirra skulda framleiðenda sem nú verða greiddar séu 150.724.863 kr. sem útgerðin skuldar Lífeyrissjóði sjómanna.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram kemur í 3. gr. frv. eru þar listaðir upp skuldaflokkar sem ætlað er að mæta með þessum greiðslum. Þar er m.a. tiltekinn ákveðinn hópur skulda sem stofnast vegna reksturs fiskvinnslufyrirtækja og útgerðarfyrirtækja en eru ekki veðskuldir eða skuldir við ríkissjóð og sveitarfélög. Ég geri ráð fyrir því að kröfur lífeyrissjóða falli með mjög skýrum hætti undir þennan tölul. í 3. gr. frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Háskólinn á Akureyri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (heildarlög). — Þskj. 956.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG.

21 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, MF, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1011).

Skipaútgerð ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 459. mál. — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, IBA, IP, JBH, LMR, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB.

14 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JGS, JHelg, JHall, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1012).

Höfundalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 436. mál (tölvuforrit, ljósritun o.fl.). — Þskj. 694, nál. 969, brtt. 971.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG.

21 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

2.–7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG.

22 þm. (ÁRÁ, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 971 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

20 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, IP, JÁ, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

20 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JónS, JVK, KSG, KÁ, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

9.–19. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

19 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

18 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Samkomudagur reglulegs Alþingis 1992 o.fl., frh. 2. umr.

Frv. forsrh., 533. mál. — Þskj. 947, nál. 983.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁRÁ, EgJ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, RA, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Lífeyrisréttindi hjóna, frh. 2. umr.

Frv. GHall og SalÞ, 51. mál. — Þskj. 52, nál. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 962 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

19 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 434. mál (heildarlög). — Þskj. 692, nál. 975, brtt. 976.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 976,1 (10 nýjar greinar er komi í stað 1.–11. gr., verða 1.–10. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB,

GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

20 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JBH, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 976,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

2 þm. (ÓÞÞ, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRÁ, FrS, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS.

18 þm. (ÁRÁ, GHall, GunnS, HÁ, JÁ, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StG, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Skýrsla um málefni og hag aldraðra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur vissulega athygli að sjá að 40. mál á prentaðri dagskrá er 3. mál þingsins. Það er umhugsunarefni svo ekki sé meira sagt hvernig staðið er að þinghaldi. Þriðja mál þingsins er orðið 40. mál á þeim degi sem ekki lifir af nema tæpir þrír tímar þar til komið er að lokadegi þingsins ef allt gengur fram sem hér hefur verið samið um. Þetta er beiðni um skýrslu sem hér hefur verið sett fram.

Það hlýtur að vera mjög vandséð hvenær stjórnarandstæðingar eiga að leggja fram sín mál á Alþingi Íslendinga svo tryggt sé að þau séu tekin fyrir miðað við þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð af forsætisnefnd þingsins. Það er nánast nauðsyn að brjóta þingsköpin og koma þeim á dagskrá á undan fjárlögunum. Það virðist ekkert annað duga og hér eru efasemdir um að það dugi.

Ég vil vekja athygli á því að á þskj. 888 liggur fyrir svar við annarri skýrslu. Það er skýrsla utanrrh. um samning við Flugleiðir hf. um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Ég ítreka ósk mína um að sú skýrsla verði rædd á Alþingi Íslendinga og menn geri sér grein fyrir því að það er ekki hægt að standa þannig að þinghaldi þegar farið er eftir þingsköpum með eðlilegum hætti. Hópur þingmanna leggur fram beiðni um skýrslu, að sjálfsögðu í þeirri von að skýrslan komi og hægt verði að ræða skýrsluna. Þá er hægt að hundsa málin með þeim hætti sem hér er gert.

Herra forseti. Mér sýnist eiginlega að það sé ekki hægt að vera öllu lengur til friðs. Friðurinn virðist lítið hafa gefið í aðra hönd í þessum efnum og því spurning hvort ófriður þýðir eitthvað. En hitt er fullreynt að friður hefur ekki borið árangur í þessum efnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst friðurinn fara miklu betur hér í þessum sal og er sannfærð um að hann er miklu betri til árangurs heldur en ófriður.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að vekja athygli á þessari döpru staðreynd og hún er sérstaklega umhugsunarefni fyrir hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur gert sér far um það í vetur að flytja þjóðinni fréttir af því hvernig eigi að stýra þinginu og verkum hér. Það vill svo til að verkstjórnin í ríkisstjórninni er svo bágborin að mál, sem er hér 3. mál þingsins, beiðni um skýrslu sem þingflokkur Alþb. flutti og hv. þm. Svavar Gestsson er fyrsti skýrslubeiðandi og borin var hér fram á fyrsta degi þingsins, er skilað af hæstv. heilbrrh. eftir mikla eftirgangsmuni um páska. Síðan er það leyft að hæstv. heilbrrh. sé fjarverandi síðustu tvær vikur þingsins þannig að hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. hafa í sameiningu komið því þannig fyrir að það er vonlaust á þessu þingi að ræða þessa skýrslu sem beðið var um á fyrsta degi þingsins. Ef svona vinnubrögð eiga að tíðkast hjá hæstv. ráðherrum og hjá hæstv. ríkisstjórn framvegis þá er eiginlega vandséð, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti á, hvað þingmenn eiga að gera því að þetta er auðvitað slíkt virðingarleysi af hálfu hæstv. heilbrrh. og af hálfu hæstv. ríkisstjórnar gagnvart þinginu að það nær ekki nokkurri átt.

Í þingsköpum er sérstaklega kveðið á um rétt þingmanna til þess að óska eftir skýrslu og ef nægilegur fjöldi þingmanna óskar eftir því að hún sé rædd, eins og gert var á þskj. þegar það var lagt fram á fyrstu dögum októbermánaðar, þá er það skylda samkvæmt þingsköpum að ræða hana. Nú hefur ríkisstjórnin og stjórn þingsins í sameiningu komið því þannig fyrir að þessu þingi mun ljúka án þess að hæstv. heilbrrh. geti flutt þinginu sjálfur þessa skýrslu. Vinnubrögð af þessu tagi hjá hæstv. ráðherrum og hæstv. ríkisstjórn duga ekki. Verkstjórnin í ríkisstjórninni verður einfaldlega að vera betri ef sá réttur þingsins að krefja ráðherra um skýrslu á að vera innihaldsríkur og vera í samræmi við þau þingsköp sem við störfum eftir. Við höfum hvað eftir annað í vetur óskað eftir því að þessi skýrsla yrði flutt, hún yrði lögð fram. Við gengum eftir því mánuð eftir mánuð og loksins um páska var orðið við því að leggja skýrsluna fram, um það bil hálfu ári eftir að beðið var um hana hér á fyrsta degi þingsins. Og nú er hún 40. mál á dagskrá á síðasta sólarhring þinghaldsins. Þetta er mjög sláandi dæmi um þá lélegu verk-

stjórn sem ríkt hefur innan ríkisstjórnar Íslands á þessu fyrsta þingi kjörtímabilsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að hæstv. umhvrh., sem er staðgengill hæstv. heilbrrh., er tilbúinn að mæla fyrir þessari skýrslu, enda er hún á dagskrá og verður væntanlega hægt að taka hana til umræðu áður en þessum fundi lýkur. Forseti vill ítreka að það er ekki þar með sagt að númerin á dagskránni ráði hvenær málin eru tekin fyrir. Það hefur verið samkomulag við 1. flm. að beiðni um þessa skýrslu að hún verði tekin fyrir í dag þar sem ekki tókst að taka hana til umræðu fyrir helgi, eins og til stóð, af sérstökum ástæðum þannig að væntanlega á þessi skýrsla eftir að koma til umræðu síðar á þessum fundi.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega þarft verk að minna þingheim á að ráðherrar beri upplýsingaskyldu gagnvart þinginu og þeim beri samkvæmt þingskapalögum að verða við óskum um skýrslu og það verður ekki sagt að vel hafi verið tekið í svör við beiðni um þær tvær skýrslur sem við þingmenn Alþb. höfum beðið um og margir mánuðir liðu án þess að menn fengju ádrátt um að skýrslurnar væru á leiðinni. Auðvitað er það alveg fyrir neðan allar hellur, virðulegi forseti, að skýrslur sem eru þingmál nr. 3 og 24 skuli vera þannig fyrir komið að verið sé að reyna að koma þeim fyrir á síðustu þremur dögum þingsins, alveg fráleitt. Ég tel slík vinnubrögð ekki vera þinginu til sóma og vildi beina því til forseta og forsætisnefndar að í framtíðinni gættu þeir meiri virðingar gagnvart óskum þingmanna til ráðherra.

Ég vil líka minna á það, virðulegi forseti, að það er einnig hægt að óska upplýsinga frá ráðherrum með öðrum hætti, þ.e. með skriflegum fsp. og ég er með tvær skriflegar fsp. sem ég lagði fram í mars, aðra 15. mars og hina 25. mars. Sú síðari var til hæstv. viðskrh. sem ég sé nú ekki í salnum og væri fróðlegt að vita ef hæstv. forseti gæti upplýst okkur um það hvort ráðherrann muni verða á þessum fundi í kvöld og nótt eða á morgun. Hin fsp. er til hæstv. fjmrh. Ég hef í tvígang gengið eftir því að fá svör við þessum fsp. En samkvæmt þingskapalögum ber að svara þeim innan tíu virkra daga frá því að þær eru bornar fram. Nú er tíminn orðinn fjórfalt lengri og ég gaf mönnum þó þann umhugsunarfrest að ég fór ekki að hreyfa við þessu fyrr en í síðustu viku. Nú er síðasti þingdagur á morgun og enn bíð ég eftir svörum og enn hefur hæstv. forseti ekkert gefið mér upp um það hvort ég muni fá svör. Þetta tel ég alveg ófært, virðulegi forseti, ef þingmenn eiga að búa við það að það sé á valdi ráðherra hvort þeir yfir höfuð svara þeim fyrirspurnum sem fyrir þá eru lagðar. Ég vil því ítreka enn og aftur óskir mínar um að hæstv. forseti gangist við því að svör verði lögð fram við þessum fyrirspurnum eða upplýsi mig um annað ef það verður ekki gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill svara hv. þm. því að að sjálfsögðu mun forseti leita eftir því hvenær sé að vænta þeirra svara við skriflegum fyrirspurnum sem þingmaðurinn var að spyrja um.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Mér var fyllilega kunnugt um það að hæstv. umhvrh. ætlar að hlaupa í skarðið fyrir hæstv. heilbrrh. til að bjarga sem eins konar neyðarlausn því að reynt sé a.m.k. að forminu til að uppfylla þingsköpin. En það vitum við auðvitað öll að er neyðarlausn með allri virðingu fyrir hæstv. umhvrh. Það er auðvitað metið að hann reyni að gera sitt. En það veit auðvitað öll þjóðin að hann getur ekki borið ábyrgð á heilbrigðismálum í vetur. Það er hæstv. ráðherra Sighvatur Björgvinsson en hann er ekki hér og hann mun ekki flytja skýrsluna.

Það tók sex mánuði fyrir hæstv. heilbrrh. að skila þessari skýrslu til þingsins og menn sem skoða skýrsluna geta séð að hún er engin sex mánaða vinna. Hér er þess vegna greinilega um vanrækslu hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar gagnvart þinginu að ræða. Og eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti á er þetta 3. mál þingsins. Og ef ríkisstjórnin vanrækir 3. mál þingsins hvað þá um önnur mál? Þetta er lærdómur sem ríkisstjórnin á að tileinka sér og láta ekki gerast aftur. Forsætisnefnd næsta þings á að sjá til þess að þetta gerist ekki aftur að ef þingmenn á fyrstu dögum októbermánaðar biðja um svör frá ríkisstjórn og skýrslu þá gerist það ekki aftur að þau komi ekki fyrr en um páska. Það er þetta sem ég var að árétta hér, virðulegi forseti, í tilefni af ummælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Auðvitað vissi ég að það hefur verið reynt sem eins konar neyðarlausn að láta þessa umræðu fara fram í eins konar skemmri skírn áður en þingi lýkur. Við ætlum líka að sætta okkur við að umræðan um skýrslu iðnrh. haldi áfram þó að hann sé nú erlendis og hafi talið það mikilvægara að fara til útlanda heldur en vera hér á þingi síðustu sólarhringana til að standa fyrir máli sínu. Það er satt að segja dálítið sérkennilegt hve margir ráðherrar telja nauðsynlegt að vera erlendis á lokatíma þingsins þegar allir, sem þekkja þingstörf, vita að þá er mikilvægast að ráðherrar séu hér til þess að standa fyrir máli sínu og greiða fyrir þinglokum.

Ég vona þess vegna, virðulegi forseti, að þetta gerist ekki aftur og á næsta þingi verði séð til þess að vinnubrögð verði með öðrum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa það nú þegar að a.m.k. svör við fimm skriflegum fyrirspurnum hafa borist í dag og eru í prentun og verða þau þá væntanlega komin í tæka tíð til hv. þm. sem þær eiga.

Hv. 2. þm. Vestf. talar um gæslu þingskapa en forseta hafði ekki unnist tími til að svara hv. þm., þ.e. fyrirspurn hans varðandi skýrslu sem hann nefndi fyrr þegar hann tók til máls um gæslu þingskapa. Forseti getur upplýst hv. þm. um það að nú standa yfir við-

ræður milli þingflokksformanna og þá verður þessari fyrirspurn komið til skila og væntanlega tekin til umfjöllunar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það var út af fyrir sig mjög ánægjulegt svar sem hæstv. forseti gaf þegar það var yfirlýst að friður væri betri en ófriður því að það verður ekki skilið á annan veg en þá felist í svarinu að það sé mismunur á ófriði og friði gagnvart afstöðunni. Leiði ófriðurinn til þess að skýrslan verði ekki tekin á dagskrá þá hlýtur friðurinn að leiða til þess að skýrslan verði tekin á dagskrá. Annars er ekki um neinn mismun að ræða. Ég vil því túlka þetta sem jákvætt svar og mun ekki hafa uppi frekar umræður að sinni.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem kom fram áðan að sem starfandi heilbrrh. er mér ljúft og skylt að ræða þá skýrslu sem hér hefur verið um fjallað. Það hefur verið gagnrýnt að tekið hafi nokkuð langan tíma að útbúa hana en ég hygg að ef menn skoða beiðnina og skoða síðan skýrsluna, sem lögð var fram fyrir allnokkrum vikum, þá sjái menn að það var töluvert verk að safna saman þeim upplýsingum sem um var spurt, enda þótt hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, geri raunar lítið úr því að það hafi verið mikið verk. En allir sem skoða skýrsluna munu sjá að það er mikil vinna og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veit það auðvitað mætavel að í ráðuneytum Stjórnarráðsins er ekki margt starfsfólk og vinna af þessu tagi þýðir yfirleitt aukaálag í ráðuneytunum og við því er ekkert að segja og við því er reynt að bregðast með þeim besta hætti sem unnt er. Rétt er allt sem sagt hefur verið um rétt þingmanna til að óska eftir skýrslum og að þær verði ræddar. Ekki skal gert lítið úr því, en engu að síður held ég, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að okkur sé öllum hollt að hafa í huga að aðalverkefni Alþingis er að sinna löggjafarstarfinu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það tók hæstv. heilbr.- og trmrh. hálft ár að svara þessari skýrslubeiðni. Og hann byrjaði ekki á því að óska eftir því að skýrslan yrði rædd hér á Alþingi. Hann byrjaði á því að halda blaðamannafund þar sem hann lagði skýrsluna fram. Hann ræddi hana fyrst á blaðamannafundi, bað síðan um leyfi um ótiltekinn tíma frá störfum á Alþingi. Þetta er auðvitað ekki virðing við Alþingi, hæstv. forseti. Og auðvitað hljótum við að velta því fyrir okkur hvað það á yfirleitt að þýða af okkur að vera að biðja um skýrslur þegar með þær er farið með þessum hætti. Við hljótum að fara fram á það við forseta að hún athugi hvort ekki sé ástæða til að breyta ákvæðum þingskapa í þessum efnum þannig að svarskyldur ráðherra séu skýrari og öll meðferð skýrslubeiðna.

Þessi viðbára hæstv. umhvrh. sem einlægt heyrist að aðalverkefni Alþingis sé að setja lög segir náttúrlega ekki nema hálfa söguna vegna þess að það er í raun og veru ekki nema helmingurinn af verkefni Alþingis að setja lög. Hitt er að vera pólitískur vettvangur fyrir stefnumótun og hér voru lagðar fram tvær skýrslubeiðnir, önnur um iðnaðinn og hin um málefni aldraðra. Til hvers? Til þess að ræða almennt um stefnu í málefnum iðnaðarins og í málefnum aldraðra? Þessi skýrsla um málefni aldraðra sem hér hefur örlítið verið gerð að umtalsefni, og ég ætla ekki að rekja frekar af því að hún er ekki á dagskrá heldur síðar, er meingölluð. Og það hefði auðvitað þurft að ræða hana miklu fyrr og kannski er ekki kostur á að ræða hana ítarlega fyrr en á næsta þingi. Þetta veldur mér áhyggjum vegna þess að það er verið að gera skýrsluákvæði þingskapanna ónýtt. Það er þannig því miður, hæstv. umhvrh.

Heimild til að selja kirkjujörðina Stóru-Borg, frh. 2. umr.

Frv. JHelg og MF, 435. mál (sölukvaðir). — Þskj. 693, nál. 904, brtt. 905.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 905 (ný 1. gr.) samþ. með 32:3 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, VS.

nei: BBj, EH, ÖS.

18 þm. (BIB, DO, EGuðn, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, HBl, HG, JóhS, JBH, KE, ÓÞÞ, SAÞ, SvG, VE, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, GunnS, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, EgJ, EKG, EKJ, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, KÁ, LMR, MF, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, VS.

nei: BBj, EGuðn.

15 þm. (BIB, DO, FI, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JBH, KHG, KE, ÓÞÞ, SAÞ, SvG, VE, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, GHall, GunnS, HG, JóhS, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, ÓRG, SP, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég hef svo sem ekkert við þetta frv. að athuga annað en það að fyrirsögnin á því er ákaflega misvísandi vegna þess að frv. heitir: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

Nú er það svo að ríkisstjórnin á ekkert í þessari jörð en ég hef skilið eftir skýringu hv. 2. þm. Suðurl. að þetta sé allt með felldu og ég styð þetta að sjálfsögðu

en mér fyndist ekkert gera til þó að nefndin athugaði hvort ekki mætti orða þetta ofurlítið öðruvísi.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JHall, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

nei: ÖS.

9 þm. (BBj, EH, EGuðn, FI, GuðjG, JBH, KE, ÓÞÞ, VE) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, GunnS, JónS, JVK, KSG, MB, ÓE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Frv. ST o.fl., 36. mál (mæðravernd). — Þskj. 36, nál. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 968 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁJ, BBj, GHelg, GunnS, JóhS, JónS, JVK, KSG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Efling ferðaþjónustu, frh. síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 115. mál. — Þskj. 118, nál. 950, brtt. 951.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 951 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (IP) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, GunnS, JónS, JVK, KSG, ÓE, ÓRG, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁJ, GunnS, JónS, JVK, KSG, ÓE, ÓRG, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1016).

Kolbeinsey, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 153. mál. — Þskj. 165, nál. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 952 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EH, GunnS, JónS, JVK, KSG, ÓE, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SigG, BIB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, SalÞ.

8 þm. (GunnS, JónS, JVK, KSG, ÓE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ekki verður um það deilt að Kolbeinsey er mikilvægur grunnlínupunktur. Þess vegna samþykkti Alþingi fyrir nokkrum árum þáltill. Fyrsti flm. hennar var hv. þm. Stefán Guðmundsson. Sá sem átti að hafa höfuðábyrgð á því að hún yrði framkvæmd að fullu er aftur á móti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Mér finnst það dálítið út í hött svo ekki sé meira sagt ef ráðherrar svíkjast um að framkvæma það sem þeim er ætlað af Alþingi Íslendinga, verða svo aftur óbreyttir þingmenn og taka sig þá til og flytja þáltill. eins og til að minna næsta ráðherra á hvaða verkefni sé enn ógert á þessu sviði. Í trausti þess að núv. samgrh. taki þetta alvarlega segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Fyrrv. samgrh., sá sem næstur var á undan þeim er nú starfar, vann ötullega að þessu máli og þarf ekki frekari vitna við um það. En þessi tillaga er aðallega flutt núv. samgrh. til hvatningar.

Hitt er annað mál og alvarlegra að það á að heita svo að sá, sem hér gerði grein fyrir atkvæði sínu og bað um nafnakall, hafi kennaramenntun. En úr því að söguskoðun hans og þekking er með þeim hætti sem áðan kom fram, þá held ég að næsta þáltill. sem ég flyt hljóti að verða um það að taka af honum kennararéttindin. Ég segi já, forseti.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (GÁ, GunnS, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1017).

Efling íþróttaiðkunar kvenna, frh. síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 177. mál. — Þskj. 194, nál. 948.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Tillgr. samþ. með 50:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ÁRÁ, PJ.

11 þm. (FI, GunnS, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓE, RA, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ÁRÁ.

1 þm. (PJ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (GunnS, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1018).

Um þingsköp.

Frumvarp um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Nú er komið að því að fara að ræða ýmis frumvörp sem ætlunin er að afgreiða að manni skilst fyrir lok þingsins en á þeirri dagskrá er ekki frv. sem hæstv. ríkisstjórn er skyldug að flytja hér á Alþingi í samræmi við það fyrirheit sem hún gaf í síðustu kjarasamningum.

Í síðustu kjarasamningum gaf ríkisstjórnin það fyrirheit að breytingar yrðu gerðar á áformum ríkisstjórnarinnar um greiðslu ríkisábyrgðar á launum og mér er kunnugt um að síðustu sólarhringa og í dag hafa forustumenn samtaka launafólks reynt að knýja á um það að hæstv. ríkisstjórn flytji lagafrv. á Alþingi til að ótvírætt sé gengið frá þessu fyrirheiti ríkisstjórnarinnar í síðustu kjarasamningum. Ég vil þess vegna áður en lengra er haldið inna forustumenn ríkisstjórnarinnar eftir því: Hvenær er að vænta að það frv. verði lagt fram? Það hefur verið rætt um að þingi ljúki kl. 3 á morgun og það er þess vegna aðeins rúmur hálfur sólarhringur eða svo eftir og ef þingið á að afgreiða þetta frv. þá er nauðsynlegt að það fari að koma fram, ella stæðu menn frammi fyrir því að ein af forsendum sáttatillögu sáttasemjara ríkisins væri brostin.

Ég vænti þess að ríkisstjórnin ætli ekki að ganga á bak þessara orða sinna að efna þetta fyrirheit um að tryggja að ríkisábyrgð á launum verði með þeim hætti sem heitið var í kjarasamningunum. Ég reikna með því að ekki muni standa á okkur í stjórnarandstöðunni, án þess að við höfum haft tækifæri til þess að ræða það okkar í millum á þessum síðustu mínútum, að greiða fyrir því að það frv. verði að lögum en til þess þarf það að koma fram. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. ríkisstjórn hafi í dag eða kvöld minnst á það í viðræðum sínum við stjórnarandstöðuflokkana að hún hyggist flytja þetta frv. Ég vil þess vegna áður en lengra er haldið, virðulegi forseti, árétta að í fyrsta lagi þarf frv. ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð á launum að vera flutt og í öðru lagi þarf að tryggja það í störfum þingsins í kvöld og nótt og í fyrramálið að það frv. verði afgreitt sem lög frá Alþingi til þess að þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf samtökum launafólks í kjarasamningunum verði ekki svikin.

Ég árétta því nauðsyn þess að þetta frv. komi fram sem fyrst og einnig þá skoðun mína að sjálfsagt verði greitt fyrir því þegar það kemur fram að það verði afgreitt. En ég vil inna forustumenn ríkisstjórnarinnar eftir því hvenær þeir ætla að leggja þetta frv. fram svo að við getum tekið mið af því í störfum okkar, sem eru nú að hefjast um önnur þingmál, að nauðsynlegt er að afgreiða þetta stjfrv.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. sagði. Það var ein af yfirlýsingum ríkisstjórnar að tryggja efnisþátt varðandi þetta mál sem þingmaðurinn ræddi. Það hugðist ríkisstjórnin gera með reglugerðarsetningu og hefur talið að það væri nægjanlegt til að tryggja þau efnisatriði sem fólust í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga varðandi ábyrgðarsjóð á laun. Forsvarsmenn Alþýðusambandsins leggja hins vegar höfuðáherslu á það að þessi efnisatriði verði tryggð með lagasetningu en ekki með reglugerðarsetn-

ingu eins og ríkisstjórnin hefur talið nægjanlegt. Því eru menn nú að vinna að því að setja reglugerðina í lagabúning og framhald málsins verður auðvitað kynnt forustumönnum stjórnarandstöðunnar síðar í kvöld og ég met mikils góð orð formanns Alþb. um að greiða fyrir málinu þegar það kemur hingað inn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eru það fleiri mál sem gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin komi með núna á þessum klukkutímum sem eftir eru af þinginu og biðji um að verði afgreidd hér á handahlaupum, fleiri en Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins? Fleiri en frv. til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot? Hefur ríkisstjórnin farið yfir yfirlýsingu þá sem gefin var þegar kjaradeilan leystist á dögunum, lið fyrir lið? Er von á því að fleiri frumvörp séu væntanleg? Ég tók þátt í því fyrir hönd Alþb. í dag að eiga viðræður við forustumenn stjórnarflokkanna á Alþingi. Þeir nefndu ekki að yfirvofandi væri að koma þessu máli hér inn. Þeir hafa sjálfsagt ekki vitað um það. Ég trúi að það hafi verið þannig. Ég trúi ekki að þeir hafi verið að blekkja okkur á neinn hátt. En þeim mun alvarlegra er málið þegar ríkisstjórnin sjálf kemur ekki úrslitamáli af þessu tagi á framfæri við sína menn, heilu stjfrv. sem á að flytja á Alþingi á seinustu klukkutímum áður en þinginu lýkur. (**Gripið fram í:** Reglugerð.) Svo datt mönnum í hug að setja reglugerð. Þvílíkt hugmyndaflug. Vita menn ekki að kröfur lífeyrissjóðanna á Ríkisábyrgðasjóðinn voru felldar út úr lögum? Þær voru lögvarðar í hinum gömlu lögum og auðvitað liggur í hlutarins eðli að það er vonlaust að treysta þessu máli öðruvísi en um það séu ákvæði í lögum eins og ég heyri að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafi farið fram á. Gaman væri að fá að sjá framan í þá júrista sem létu sér detta í hug að ráðleggja ríkisstjórninni að setja þetta ákvæði inn með reglugerð.

En það eru fleiri mál, virðulegi forseti, sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið frá sér í sambandi við kjarasamningana. Ekki er búið að afnema enn þá lyfjakostnað barna yngri en 6 ára. Því var lofað að það ætti að gerast og nýju kjarasamningarnir hafa þegar tekið gildi og þá eiga þessi atriði auðvitað að taka gildi líka. Þau hafa ekki gert það. Heilbrrn. hefur ekki enn þá komið frá sér þessari einföldu reglugerð um að börn undir 6 ára aldri skuli vera undanþegin lyfjakostnaði. Eru fleiri atriði? Ég spyr.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti, og ég hef ekki borið mig saman við neinn um það, að ég tel óhæfu að ljúka þessu þingi öðruvísi en ríkisstjórnin hafi að því er lög varðar gengið frá öllum þeim málum sem lúta að frágangi kjarasamninganna eins og þeir voru afgreiddir á dögunum. Ég segi: Nóg var nú lítið í þeim pakka þó að menn fari ekki að draga við sig eða ganga frá þeim einföldu yfirlýsingum sem ríkisstjórnin tilkynnti af rausnarskap sínum um það leyti sem frá samningunum var gengið. Hvers lags handarbakssvinnubrögð eru þetta eiginlega frá verkstjóra ríkisstjórnarinnar, hæstv. forseti?

Ég hef eins og kunnugt er um nokkurra ára skeið setið í ríkisstjórnum. Venjan var sú í þeim stjórnum að menn fóru yfir yfirlýsingar ríkisstjórnanna eftir kjarasamningana lið fyrir lið, á fyrsta ríkisstjórnarfundi eftir kjarasamningana, og gengu frá því hver ætti að bera ábyrgð á hverju. Núv. ríkisstjórn hefur bersýnilega ekki gert það. (**Gripið fram í:** Þú veist ekkert um það.) Þess vegna spyr ég: Eru fleiri atriði, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem þið hafi ákveðið að taka ekki hér inn? Eruð þið ekki búin að gera nóg af ykkur í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna? Ætlið þið að halda áfram að svíkja þetta fólk sem þið voruð að gefa fyrirheit? Ég tel, hv. þm., að það sé a.m.k. nóg svikið af þinni hálfu hvað sem öðrum finnst.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 534. mál (ráðstöfun innstæðna). — Þskj. 960, nál. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg.

12 þm. (ÁJ, GB, GunnS, JónS, JVK, KSG, KHG, ÓE, SP, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg.

9 þm. (GunnS, JónS, JVK, KSG, ÓE, SP, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Um langan tíma hefur sú sjóðasöfnun, sem verið hefur, verið mikið deilumál meðal sjómanna. Ég greiði atkvæði og segi já vegna þess að hér stendur að sjútvn. beini því til sjútvrh. að við endurskoðun á frambúðarfyrirkomulagi sveiflujöfnunarsjóðs í sjávarútvegi, sem nú stendur yfir, verði tryggt að greiðslur í og úr sveiflujöfnunarsjóði hafi ekki bein áhrif á hlutaskipti sjómanna. Sjútvrh. hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir þessu máli og þess vegna segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FrS, GunnS, JóhS, JónS, JVK, KSG, ÓE, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Fiskistofa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 690, nál. 932, brtt. 933.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Nú eru eftir tvö af fjórum málum sem hæstv. sjútvrh. lagði fram fyrr í vetur. Ég vil byrja á að segja að þau mál voru reyndar allt of seint fram komin og mér finnst með ólíkindum að menn ætli sér að afgreiða þau mál núna þó að það séu einungis tvö þeirra. Sá tími sem hv. sjútvn. og þingmönnum er gefinn til að vinna að þessum málum er allt of skammur. Það hefði þurft að gefa sér mun lengri tíma, fá fleiri aðila til að skoða málið og á allan hátt að vinna það betur áður en það er lagt fram til samþykktar.

Auðvitað er þetta mál hluti af endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, sem nú stendur yfir, og hæstv. sjútvrh. hefur valið þann kostinn að nánast þjófstarta með hluta af málinu með því að koma með frv. um sjávarútvegsstofu til afgreiðslu. Ég er ekki að mæla gegn því að það sé gert sem er aðalatriði þess máls sem um er að ræða hér, þ.e. að verið er að skilja á milli í starfsemi sjútvrn. Það hefur auðvitað verið gagnrýnt á undanförnum árum og reyndar orðið til skaða að sjútvrn. hefur verið með allt of stóran hlut af þeirri starfsemi sem snýr að eftirliti og dómum ef svo má segja um það sem gerist í sambandi við útgerð og veiðar og útgerð fiskiskipa. Þetta hefur verið gagnrýnt mjög á undanförnum árum og hafa reyndar orðið dómsmál út af þessu. Þau tvö mál sem eru eftir af þeim fjórum, sem hæstv. sjútvrh. lagði fram, þ.e. frv. til laga um fiskistofu og frv. til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, eru kannski bæði góðra gjalda verð en þau hefðu mátt bíða þeirrar endurskoðunar sem fiskveiðistefnan öllsömul er nú í. Ekki hefði orðið neinn stórskaði þess vegna. Þessi mál hafa verið með þeim hætti sem nú er um nokkurn tíma og ég tel að nokkrir mánuðir til eða frá hefðu ekki skipt sköpum.

Líka er hægt að benda á það að málin hafa ekki verið nógu vel undirbúin að ýmsu leyti. Ef tiltekið er gagnvart Fiskistofu hafa þau mál sem snúa að Fiskifélagi Íslands alls ekki verið undirbúin eins og vera skyldi. Á fundum nefndarinnar kom fram að þar er ekki allt eins og hefði átt að vera. Auðvitað hefði þurft að liggja fyrir samkomulag við Fiskifélag Íslands um það með hvaða hætti ætti að ganga frá málum þar því að sjútvrh. hefur gert grein fyrir því að Fiskifélag Íslands eigi að sjá um nokkuð stóran hlut sem snýr að eftirliti og því að fylgjast með þeim afla sem kemur á land og annað slíkt eins og hefur reyndar gerst á undanförnum árum. Á fundi nefndarinnar kom fram að þar hefði ekki verið gengið frá málum eins og skyldi eins og ég sagði áðan. Þarna er talað um að húsnæði Fiskifélagsins verði t.d. nýtt fyrir Fiskistofu eða hluta af starfsemi hennar og að Fiskifélagið sjái áfram um þá starfsemi sem það hefur haft með höndum. Fjármögnunin á þessu er samt komin alfarið undir Fiskistofu og þeir starfsmenn Fiskifélagsins, sem mættu til fundar hjá sjútvn., voru ekki alveg ánægðir með það hvernig að málinu hefur verið staðið. Ég tel að fyrir hefðu þurft að liggja einhvers konar drög að samningi við Fiskifélagið um framgang málsins. Þá ber líka að geta þess að í þessu frv. er gert ráð fyrir að þau lög sem hafa gilt og snúið að starfsemi Fiskifélagsins falla úr gildi og félagar í því félagi hafa sumir bent á það að grundvelli undir starfi Fiskifélagsins hafi þar með verið grandað. En eins og ég sagði áðan tel ég að vísu að Fiskistofa geti út af fyrir sig verið ágætt mál og ég er ekki að mæla gegn því að það verði samþykkt hér, en tíminn er alveg nógur. Við hefðum getað beðið með að láta þessa Fiskistofu verða að veruleika fram að næstu áramótum og hefði verið eðlilegt að þetta hefði verið tengt endurskoðun fiskveiðistefnunnar í heild.

Þá má kannski segja það að frv. um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla hefði mátt koma til umræðu. Gott og vel. Ég tel að vísu að ekki hefði orðið mikill skaði að því þótt það hefði beðið líka. Þau mál hafa í þó nokkuð mörg ár verið í því fari sem þau eru í núna og ég tel ekki að það hefði breytt miklu þó að menn hefðu frestað því að láta breytingu á þeim hlutum koma til framkvæmda um næstu áramót líka.

Ég ætla ekki að fjölyrða neitt frekar um þetta mál að öðru leyti en því að mig langar að láta koma fram að ég tel að að hluta til hafi þetta mál farið niður á milli hjá hæstv. sjútvrh. vegna þess að hann blandar einkaveðingaráformum ríkisstjórnarinnar inn í málið með þeim hætti að gert var ráð fyrir að það yrði gert hlutafélag úr Ríkismati sjávarafurða og eitt af þeim málum snerist um þetta. Ég tel að sú hugmynd hafi að stórum hluta orðið til þess að þau tvö mál dagaði uppi, þ.e. Ríkismatið og meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra sem fylgdu hinum tveimur. Ég taldi sjálfur að frv. um meðferð sjávarafurða og eftirlitið með framleiðslu þeirra væri það frv. af þessum fjórum sem helst hefði nú þurft að taka til afgreiðslu í þinginu einfaldlega vegna þess að um næstu áramót breytast reglur hjá Evrópubandalaginu og þá þurfum við að vera búnir að breyta okkar reglum. Hæstv. sjútvrh. hefur reyndar sagt mér að það frv. verði tekið til afgreiðslu ásamt málum sem fylgja EES-samningnum. Út af fyrir sig er það sjálfsagt ágæt leið og ef þeir verða þá samþykktir, og þá þetta frv. til laga með þeim frumvörpum sem þar verða á ferðinni verða samþykkt, þá munum við standa við það sem við þurfum að standa við meðferð þessara mála fyrir áramót.

Ég ætla ekki að teygja lopann í þessu máli núna einfaldlega vegna þess að ég tel að við eigum að ræða málin um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar í heild

og það er ekki tími til þess á síðustu klukkutímum þessa þings. Það er hvorki athygli né áhugi manna til þess að fjalla um þau mál í dag og ég mun þess vegna ekki fara neinum orðum um ýmislegt sem hefði þó verið full ástæða til að gera í sambandi við Fiskistofu, þ.e. að því leyti til sem það snýr að endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Í þessu frv. um Fiskistofu er að ég vil meina gert ráð fyrir að sumu leyti óbreyttu kerfi við stjórn fiskveiðanna. Í athugasemdum kemur mjög vel fram að þar er talað bæði um aflamark og aflahlutdeild og menn gera þar greinilega ráð fyrir óbreyttu kerfi og það er að sumu leyti þess vegna sem ég hef mælt gegn því að málið verði tekið til afgreiðslu í þinginu núna og ég tel að enginn skaði hefði skeð þótt það hefði verið látið bíða haustsins að leggja það fram.

Ég ætla svo að vona að í framhaldinu verði meiri samstaða. Reynt verði að ná meiri samstöðu um meðferð þessara mála, að sjútvrh. beiti sér fyrir því að reynt verði að ná samstöðu um það með hvaða hætti verði unnið að endurskoðun sjávarútvegsmálanna. Það hefur verið gagnrýnt mjög harkalega af hendi stjórnarandstöðunnar hvernig hefur verið staðið að þeim málum. Ég ætla ekki að endurtaka þá hluti hér. Ég hef sagt það það oft í vetur og ég ætla að vona það að menn vitkist vegna þess að ég er sannfærður um það að niðurstaða í þeim málum fæst aldrei nema reynt verði að ná samstöðu sem verður víðtækari en stjórnarflokkarnir hafa gert ráð fyrir, þ.e. með því að hafa samráð sín á milli.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér varð það á í síðustu viku að leggjast í hálsbólgu í nokkra daga og var því ekki viðstödd lokaafgreiðslu þessa máls úr nefnd. Ég verð að viðurkenna að það olli mér nokkrum vonbrigðum og undrun að sjá að þetta mál var enn og aftur á dagskrá og að því er mér sýnist á þeim lista, sem kalla má forgangslista ríkisstjórnarinnar, þótt hann sé reyndar æði óljós okkur. Ætti það út af fyrir sig að vera umhugsunarefni hvernig að þeim málum hefur verið staðið hér.

Ástæðan fyrir því að ég undrast, og leyfi mér jafnvel að hneykslast svolítið, er sú að ég tel að það sé hreinasti óþarfi að keyra þetta mál í gegn núna, ekki að mínu mati fullskoðað af nefndinni. Ég er mjög ósátt við að sjá slíkt gert. Auðvitað höfum við orðið vitni að alls konar slíkum málum en síst af öllu batnar ástandið ef einu slíku er bætt við önnur dæmi. Mig grunar það raunar að hér sé frekar á ferðinni metnaður en málefnaleg þörf en það er mitt mat og ég stend ábyrg fyrir því. Ég ætla ekki að slá þessu bara út í loftið án rökstuðnings heldur að taka í nokkrum liðum þau atriði sem ég hef út á þessa afgreiðslu að setja, þó auðvitað með þeim fyrirvara að ég vil geta þess að mig vantaði á einn fund þar sem lokaafgreiðslan var, en ég hygg að sú umræða sem var í nefndinni áður gefi nokkuð glögga mynd af því hvernig að þessum málum var staðið. Auk þess átti ég samtöl við aðra nefndarmenn og leitaði upplýsinga sem ég hef fengið um afgreiðslu málsins.

Það sem e.t.v. vegur þyngst þarna er að það er verið að setja upp ákveðið stjórntæki til að framfylgja lögum sem ekki eru til. Þetta eru ekki mín orð, heldur eins af forsvarsmönnum í útgerð, þaulreynds manns. Það er nefnilega bent mjög réttilega á það að hér sé í rauninni verið að búa til kerfi í kringum endurskoðuð lög um stjórn fiskveiða og sú endurskoðun hefur einfaldlega ekki átt sér stað enn þá. Það er verið að vinna að henni en henni er ekki lokið. Þetta mat eins þeirra sem gerst þekkja til verð ég að taka undir eftir að hafa kannað þetta svolítið.

Þetta finnst mér auðvitað verulegur ágalli og þótt ég geti ýmislegt sagt um það hvernig staðið er að þessari endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og ekki allt jafnfagurt, því þar finnst mér skorta verulega á samráð, ekki bara við stjórnarandstöðu heldur einnig við sjútvn. þingsins, þá finnst mér samt sem áður enn fráleitara að byggja í kringum frumvarp sem ekki hefur séð dagsins ljós. Ég get ekki verið dús við þessa málsmeðferð.

Ég veit að sjútvn. reyndi eftir bestu getu að sníða þá annmarka af frv. sem þörf var á. Ég hlýt þó að gera athugasemd við það að í nál. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Við umræðu málsins í nefndinni kom m.a. fram varðandi 3. gr. frv. að réttara hefði verið að kjósa stjórn fyrir Fiskistofu og að hún hefði sjálfstæða stöðu. Rétt væri þó að láta reynslu skera úr um það hvort gera þyrfti breytingar í þessa átt."

Ég er ekki alls kostar sátt við þessa málsmeðferð, ekki svo að skilja að ég sé beinlínis að gagnrýna það að þessi leið var valin, það eru áreiðanleg rök fyrir því, heldur finnst mér þetta enn renna stoðum undir það að málið fór út úr nefnd allt of snemma og ég undrast það enn. Hins vegar, svo ég gæti nú sanngirni, þá harma ég það ekki sérstaklega að sjá að það er komin fram ábending um að þessi stofnun mætti hugsanlega vera að nokkru eða öllu leyti utan höfuðborgarsvæðisins. Ég get ekki annað en tekið undir það, ég held að það sé full þörf á því, ef þessi stofnun verður á annað borð sett á laggirnar, að þá sé hægt að hugsa sér að hún starfi að nokkru eða öllu leyti utan höfuðborgarsvæðisins.

Enn og aftur vil ég taka undir með þeim sem hafa bent á að verulega skortir á og nokkuð handahófskennt var hvernig haft var samráð við Fiskifélag Íslands. Þar er vissulega búið að reyna að breyta frv. í þá átt sem helsta gagnrýnin benti á að gera mætti. Það er sem sagt verið að reyna að lappa upp á frv. í nokkru tímahraki, áreiðanlega af góðum hug og eftir því sem hægt er, en það liggur ekkert á. Þess vegna er í rauninni svo sárgrætilegt að vera yfir höfuð að fjalla um málið núna og taka síðustu klukkutíma þingsins í það.

Ég vona auðvitað að þetta muni ekki fara á þann veg sem þeir svartsýnustu innan Fiskifélagsins segja, að þarna sé verið að fara óheppilega leið í sambandi við gagnavinnslu, að ekki sé verið að nýta þá reynslu sem fyrir hendi er sem skyldi. Það er eitt af því sem kom fram sem gagnrýni í umræðu í nefndinni. Um það er auðvitað ekki hægt að dæma fyrir fram hver reynslan verður. Ég vona að þær breytingar sem verið er að

gera á frv. verði til að gera það ögn markvissara en var samkvæmt upphaflegum texta frv. En ég er ekki sannfærð um að svo verði.

Ég vil benda á að í umræðu í nefndinni komu fram athugasemdir um að vel gæti verið að Fiskistofan yrði mun dýrari en kostnaðaráætlun benti til og að kostnaðaráætlun væri óraunsæ. Að hluta til var okkur bent á að tölur væru faldar hér og þar, en ég get ekki annað en spurst fyrir um það hvort komið sé heildaryfirlit yfir hvaða kostnaður mun í raun verða við þessa breytingu.

Þrátt fyrir það þýðir þetta ekki að ég sé að mæla með því að öll verkefni sem færa á til Fiskistofu séu best komin í sjútvrn., síður en svo. Ég tel bara að máið hefði þurft að ígrunda, ég er ekki hlynnt miðstýringu en ég er ekki heldur hlynnt flausturskenndum vinnubrögðum. Ég get því miður ekki komið þeim efasemdum úr huga mínum sem vöknuðu við vinnslu þessa máls. Ég hlýt þó að fagna því að það er horfið frá því að flytja þetta fjórburafrumvarp, fjögur frumvörp saman, keyra það í gegnum þingið. Ég tel að úr því sem komið er hafi ýmsu verið bjargað sem bjargað varð og einkum mjög svo vafasömum áformum um einkavæðingu skoðanastofa. Það var ekki nóg með að þar væru rökstuddar efasemdir um hvort þær stæðust kröfur Evrópubandalagsins, sem eru lofaðar og prísaðar á sumum stundum, heldur voru þarna einkavæðingaráform sem ég er ekki viss um að hafi verið hin heppilegustu, burt séð frá því.

Ég hef ekki mikið meira um þetta mál að segja en ég er svo sannarlega ekki ein með mína skoðun á því. Ég vil geta þess að efasemdir um hvort frv. væri tímabært komu fram hjá ýmsum fleirum en mér, m.a. vil ég vitna í umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, með leyfi forseta, en hér stendur í yfirliti yfir umsagnir:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vill vekja athygli þingmanna á að verið er að endurskoða lög um stjórn fiskveiða um þessar mundir. Þess vegna gæti verið ótímabært að setja lög sem snerta lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, á meðan endurskoðun þeirra laga sem nú stendur yfir er ekki lokið."

Ég vil halda þessu til haga vegna þess að ég held að við höfum ekki fundið í raun neinar haldbærar röksemdir fyrir því að drífa þetta af núna. Ég hef leitað eftir þeim en ekki fundið hjá öðrum nefndarmönnum í sjútvn. Ég vil óska þess að menn flýti sér hægt í þessu þar sem engin bráðbrýn þörf er á því að drífa þetta í gegn. Ég held að ég hafi ekki fleira um þetta að segja að svo stöddu. Vera má að það komi einhver svör eða athugasemdir sem gefa tilefni til frekari umræðu en að svo stöddu held ég að það sé nóg að þetta komi fram.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er þingvenja hér að ef menn tilkynna að mælendaskrá sé tæmd gefa þeir andartaksumþóttunartíma við þær aðstæður vegna þess að stundum háttar þannig til að þingmenn sitja í salnum og eru að undirbúa mál sitt og hafa ekki gert sér grein fyrir því að mælendaskrá sé tæmd og vilja þess vegna fá eðlilegan tíma til að draga upp penna sína og berja í borðin ef þeir hafa ekki eitthvað annað handbært hart sem vel heyrist í. Þetta er gömul þingvenja sem ég veit að forseti á eftir að læra.

Herra forseti. Það eru nokkur orð af minni hálfu. Í fyrsta lagi vil ég láta þá skoðun mína koma fram að sú kerfisbreyting sem er lögð til grundvallar frumvarpinu er eðlileg, hún gengur í rétta átt. Hún er afleiðing af alllangri umræðu um þá þætti sem lúta að stjórnkerfi sjávarútvegsmálanna og hafa verið nokkuð til umfjöllunar á mismunandi stigum í þjóðlífinu undanfarin ár. Menn hafa haft af því nokkrar áhyggjur, og ekki að ástæðulausu, að vald og framkvæmdaákvarðanir, jafnvel úrskurðarvald sem líkja mætti við dómsvald, væru að færast saman inn í sjútvrn. í gegnum lagasetningu um stjórn fiskveiða, eftirlit á því sviði og fleiri skylda þætti.

Þetta hefur allt saman leitt til þess að menn hafa tekið til umfjöllunar býsna gamalt skipulag í okkar stjórnkerfi hvað þetta varðar. Niðurstaðan er sú, eins og sjá má í frv. og fleiri tengdum, að menn eru sammála um að hér þurfi að gera á réttarfarslega bragarbót og endurskipuleggja stjórnkerfi sjávarútvegsmálanna í framhaldi af þessu.

Ég vil því láta það verða mín fyrstu orð hér að ég styð þá hugsun sem liggur til grundvallar frv. og ég tel að mörgu leyti eðlilegt að menn stefni á sjálfstæða stjórnsýslustofnun sem annist mörg eftirlits- og framkvæmdaverkefni á sviði sjávarútvegsmála sem áður hafa verið inni í sjútvrn.

Vissulega má rökræða hvaða fyrirkomulag sé þar vænlegast. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram að í vissum greinum gangi frv., eins og það er nú, útfært, ekki nógu langt í þessum efnum. Ég tel til að mynda að það sé í raun og veru takmarkaður ávinningur af því að setja á fót sjálfstæða stofnun af þessu tagi þegar hún heyrir stjórnarfarslega jafnbeint undir sama fagráðherra og farið hefur með málin. Þannig stendur það til að mynda í 1. gr. frv. með eins fáum orðum og hugsast getur, fjórum orðum, með leyfi forseta: „Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra." Það verður varla skýrara. Þarna er ekki á nokkurn hátt gerð tilraun til að skilgreina sjálfstæði stofnunarinnar eða þá armslengd, ef svo mætti að orði komast, sem manni fyndist eðlilegt að hún væri frá yfirmanni sínum, ráðherranum.

Þess vegna var það að rætt var í sjútvn. um þá mögulegu breytingu á frv. að Fiskistofunni yrði gefin sjálfstæðari staða og kosin sérstök stjórn af óháðum aðila. Þó svo hún heyrði stjórnskipulega undir sjútvrn. hefði hún sjálfstæðari stöðu. Það varð niðurstaða nefndarinnar og að þeirri niðurstöðu stend ég, þó með þeim fyrirvara sem ég er að gera grein fyrir, að ekki væri endilega ástæða til þess við stofnsetningu starfseminnar að kjósa henni stjórn en þó kæmi það mjög til álita og sérstaklega ef hlutir þróuðust á þann veg að Fiskistofunni yxi fiskur um hrygg og hún yrði að viðamikilli stjórnsýslustofnun á þessu sviði. Nú hygg ég reyndar að það sé ekki vilji neinna aðstandenda, hvorki

ráðherra, sem flytur málið, né sjútvn., að hér rísi á legg mikið bákn. Engu að síður er óhjákvæmilegt að horfa til þess möguleika að Fiskistofan verði nokkuð viðamikil stjórnsýslustofnun í fyllingu tímans. Ég er þeirrar skoðunar að eigi hún að þjóna tilgangi sínum og skila okkur þeim árangri að skilja með eðlilegum hætti á milli valds ráðherrans annars vegar og hins vegar einhverrar sjálfstæðrar framkvæmdastofnunar af þessu tagi, þurfi hún að öðlast meira sjálfstæði frá ráðuneyti og ráðherra en frv. gerir ráð fyrir.

Það þarf ekki að fara í frekari rökstuðning, alla vega ekki fyrir mitt leyti. Ég held að menn hljóti að skilja við hvað hér er átt en ég leyfi mér þó að nefna til sögunnar nýlega fallna dómsúrskurði sem tengjast stjórnsýslumálum sjávarútvegsins þar sem undirstrikað er mikilvægi þess að menn vandi sig í öllum vinnubrögðum þegar í hlut eiga jafnviðkvæm mál og hér eru á ferðinni og jafnvíðtækt vald eins og færst hefur undir sjútvrn. á undangengnum árum.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég leyfa mér að nefna stöðu Fiskifélags Íslands í þessu sambandi. Frv. gerir ráð fyrir því að gildandi lagaákvæði um Fiskifélag Íslands falli brott, þ.e. ákvæði laga nr. 55/1941, um afla- og útgerðarskýrslur. Þetta mun vera sú lagastoð sem Fiskifélag Íslands starfar eftir og hefur lengi gert og þar af leiðir að það er nauðsynlegt að hyggja að því hver verði hin lagalega og stjórnsýslulega staða Fiskifélagsins þegar þessi breyting verður. Sjútvn. kemur að nokkru leyti inn á þetta mál með brtt. sinni á þskj. 933 en þar segir, með leyfi forseta, í brtt. við 4. gr. um að greinin orðist svo:

„Fiskistofa skal að höfðu samráði við Hagstofu Íslands fela Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála."

Hér er Fiskifélagið að sjálfsögðu nefnt og því falið ákveðið hlutverk, því greinin er afdráttarlaus og hljóðar þannig að Fiskistofan skuli fela Fiskifélaginu í samráði við Hagstofu Íslands þetta hlutverk. Þeirri lagastoð sem staðið hefur undir skýrslugerð Fiskifélagsins fram að þessu er kippt burtu með því að fella úr gildi lög um afla- og útgerðarskýrslur sem Fiskifélagið hefur starfað eftir.

Nú efa ég ekki að tímabært sé og hefði jafnvel verið fyrir nokkru síðan að breyta þessum lagaákvæðum en þau eru sjálfsagt börn síns tíma. Mér er nokkuð umhugað um að Fiskifélagið hafi trausta stöðu eftir því sem slíkt skal vera í lögum. Ég vil því leyfa mér að leggja til að milli umræðna verði farið yfir það eftir því sem tími vinnst til, hann er kannski ekki mikill að verða en samt mætti huga að því, hvort með þessum hætti sé nægjanlega vel búið lagalega að Fiskifélagi Íslands og staða þess í því sambandi tryggð. Ég er sannfærður um að til þess stendur vilji flestra aðila í sjávarútvegi að það ágæta félag geti áfram sinnt sínu hlutverki og starfað með svipuðum hætti og verið hefur.

Ég er a.m.k. ekki, herra forseti, tilbúinn til þess á þessari stundu að raska í neinum veigamiklum atriðum hlutverki og stöðu Fiskifélags Íslands. Mér er að sjálfsögðu ljóst, eins og öðrum hv. þm., að Fiskifélagið er félagasamtök sem getur byggt tilvist sína á öðru en lagaheimildum, þ.e. frjálsum vilja sinna félaga til að mynda sérsamtök og starfa þannig. En Fiskifélagið hefur engu að síður gegnt veigamiklu hlutverki í skýrslugerð og ýmsu faglegu samráði innan greinarinnar og ég tel að það þurfi a.m.k. að skoðast betur áður en skyndiákvarðanir eru teknar um breytingu þar á. Ég vil því hafa þann fyrirvara á um stuðning við frv. að það sé nokkuð ljóst að stöðu Fiskifélagsins sé ekki raskað með þessum breytingum. Komi það í ljós eða takist svo til að staða Fiskifélagsins verði önnur en ætlað er með þessum breytingum áskil ég mér allan rétt til að taka það mál upp á síðari stigum.

Það er einnig nefnt í nefndaráliti sjútvn., sem ég vil gera að umtalsefni, að starfsemi þessi, jafnvel í heild sinni eða a.m.k. þættir hennar, geti og eigi að fara fram utan höfuðborgarsvæðisins. Ég vil minna á þennan þátt málsins og lýsa yfir sérstökum stuðningi mínum við að það verði skoðað, sérstaklega í ljósi þeirrar þróunar sem verður. Fari svo að starfsemin aukist að umfangi en sumum býður í grun að svo kunni að fara að þessi stjórnsýslustofnun, Fiskistofa, ef af verður, verði háð svipuðum lögmálum og ýmis önnur stjórnsýslustarfsemi, lögmálum sem kennd eru við ýmsa menn, bæði Smith og Parkinson, að hún vaxi nokkuð á næstu árum, þá finnst mér meira máli skipta en ella að dreifing þeirrar starfsemi verði með einhverju tilliti til verkefnanna sem hún á að þjóna. Það er auðvitað alveg ljóst að sjávarútvegurinn er þannig dreifður um landið að engin efnisleg rök mæla fyrir um það að þjónustustarfsemi við hann eða félagastarfsemi sé öll unnin héðan frá höfuðborgarsvæðinu.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, eins og þegar hefur komið fram í máli fyrri ræðumanna, að þetta mál hefði ekki beðið sér til skaða þótt það hefði kannski fengið ítarlega umfjöllun ásamt fleiri málum, sem væntanlega ná hér ekki fram að ganga, og orðið hluti af víðtækari heildarendurskoðun stjórnkerfis- og gæðamála í sjávarútvegi sem augljóslega stendur fyrir dyrum. Mér sýnist nokkuð ljóst að á dagskrá þingfunda nú á þessum síðustu klukkustundum þinghaldsins séu a.m.k. tvö af fjórum frv. hæstv. sjútvrh., sem tengjast þessu efni, sem bíða næsta þings. Ég sé ekki í fljótu bragði að neitt stórslys yrði þó þeirra biðu sömu örlög. Ég hef að vísu heyrt hæstv. sjútvrh. færa þau rök fram að það sé æskilegt að ná þessari breytingu fyrir næsta fiskveiðiár, eða kvótaár, sem hefst 1. sept. nk. Hvort það er einu árinu fyrr eða skemur, sem þetta gengur allt saman í gegn, tel ég ekki stórmál og hef reyndar ekki verið sannfærður um að afgreiðsla frv. af þessu tagi og gildistími þess sé endilega bundinn við upphaf fiskveiðiársins.

Ég er, herra forseti, í grundvallaratriðum hlynntur kerfisbreytingu af því tagi sem hér er fjallað um og mun þess vegna ekki leggja stein í götu frv., þvert á móti standa að því, eins og sjútvn. mælir með, að það verði lögfest ef menn telja að það sé orðið þannig í stakk búið að það sé tímabært. En ég vil að ljóst sé að ég hef á því þessa fyrirvara sem ég hef gert grein fyr-

ir. Hér er frekar spurning að mínu mati um tilhögun og útfærslu en markmið. Menn eru greinilega í grundvallaratriðum sammála um að þörf sé á stjórnsýsluendurbótum og réttarfarsbótum í þessu stjórnkerfi sjávarútvegsins. Það er vel og því fögnum við alþýðubandalagsmenn sem höfum um nokkurt árabil barist fyrir úrbótum á þessu sviði.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það í ræðu hv. þm. að færa beri verkefni frá sjútvrn. og einkum vald en það styrkir mig engu að síður meira í þeirri trú að hér hafi verið farið einum of fljótt af stað í þessum efnum, það hefði þurft að ígrunda málið ögn nánar og ekki síst er ég sannfærð um að það er rétt, þar sem ég er fulltrúi Kvennalistans í sjávarútvegsumræðunni, áheyrnarfulltrúi í sjútvn., og við höfum sem kunnugt er lengi haft byggðakvóta á okkar stefnuskrá.

Það eru líka mjög misvísandi upplýsingar sem koma fram í nefndarálitinu. Það er verið að byggja upp stofnun eftir ákveðnu lagafrv., það er hins vegar verið að benda á að sumt af þessari starfsemi ætti heima úti á landi. Ég hef tekið undir það og enn og aftur ítreka ég það. Mér finnst það einnig íhugunarefni eftir ræðu hv. þm. að einn nefndarmanna vilji fá umræðu milli 2. og 3. umr. í nefndinni vegna of óskýrra ákvæða varðandi Fiskifélagið en það var jú atriði sem ég gagnrýndi í minni ræðu. Ég held því að við séum mörg sem deilum þeirri skoðun að þetta mál, sem gæti á endanum orðið ljómandi gott, hafi verið unnið of hratt, óþarflega hratt og þurfi nánari skoðunar við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 688, nál. 935, brtt. 936.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 754, nál. 996 og 997, brtt. 998.

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Hér er flutt frv. til laga um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

Þetta frv. er flutt að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna.

Nefndin fjallaði um frv. og fékk á sinn fund Gunnar Hafsteinsson, formann stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna, og Árna Guðmundsson, forstöðumann sjóðsins.

Samstaða er innan stjórnar sjóðsins um þær lagabreytingar sem frumvarpið mælir fyrir um. Er reglum breytt til samræmis við þær reglur sem gilda í lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða en Lífeyrissjóður sjómanna er samstarfssjóður sambandsins.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu. Meginbreytingin felst í því að við bætist bráðabirgðaákvæði um fimm ára aðlögunartíma þeirra örorkulífeyrisþega og barnalífeyrisþega sem 5. og 8. gr. frumvarpsins kunna að hafa áhrif á. Vegna þessarar breytingar þarf síðari málsliður 10. gr. að falla brott en í honum var gert ráð fyrir að umrædd ákvæði kæmu til framkvæmda 1. janúar 1993.

Brtt. þessar eru prentaðar á þskj. 998 og er nánar tiltekið að síðari málsliður 10. gr. falli brott. og að við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist þannig:

„Örorkumat örorkulífeyrisþega, sem nýtur bóta vegna orkutaps fyrir gildistöku laga þessara, skal fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd en eftir það skal miða við vanhæfni til almennra starfa. Þá skal breyting á barnalífeyri örorkulífeyrisþega vegna áhrifa ákvæðis 8. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrr en fimm árum eftir gildistöku þeirra."

Meiri hluti nefndarinnar var meðmæltur því að frv. yrði samþykkt með þessum tveimur breytingum sem ég hef gert hér grein fyrir og undir nál. rita Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Vilhjálmur Egilsson og Árni M. Mathiesen og með fyrirvara rita Halldór Ásgrímsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ingi Björn Albertsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, en tveir nefndarmenn skila sérstöku áliti á þskj. 997.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 997. Okkur tveimur nefndarmönnum, þ.e. Steingrími J. Sigfússyni og þeirri sem hér stendur, fannst að við gætum ekki borið ábyrgð á afgreiðslu þessa máls eins og það ber að og þá einkum og sér í lagi vegna hins skamma tíma sem nefndin hafði til að kanna þetta mál. En nál. er svohljóðandi:

„Á allra síðustu dögum þingsins fékk nefndin til umfjöllunar breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Breytingartillögurnar eru komnar frá stjórn sjóðsins vegna þeirrar slæmu stöðu sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Breytingarnar eru margar og má þar nefna að verið er að bæta stöðu sambýliskvenna sjómanna, en sjóslys sl. vetrar leiddu í ljós að úrbóta var þörf. Veigamestu breytingarnar fela þó í sér að örorkulífeyrir til sjóðsfélaga og lífeyrir til barna þeirra verður skertur verulega. Að sjálfsögðu fá þessir hópar áfram bætur úr tryggingakerfinu, en það breytir ekki

því að í allmörgum tilfellum verður um verulega skerðingu að ræða. Af hálfu sjóðsins er um neyðarúrræði að ræða þar sem útstreymi úr sjóðnum er meira en þær greiðslur sem til hans renna. Sú breyting, sem hér er verið að gera, dugar þó hvergi nærri til að bæta stöðuna, enda eru fleiri aðgerðir til umræðu.

Það er mjög brýnt að taka stöðu lífeyrissjóðanna í landinu til rækilegrar athugunar, enda ljóst að margir þeirra munu standa frammi fyrir miklum erfiðleikum á næstu árum, auk þess sem réttindi fólks eru afar misjöfn. Málefni Lífeyrissjóðs sjómanna þarfnast sérstakrar endurskoðunar enda hefur hann um margt sérstöðu. Sjóslys og vinnuslys eru því miður allt of algeng hér við land sem veldur því að miklar bætur eru greiddar úr lífeyrissjóðum sjómanna. Þá má nefna að sjómenn geta hafið töku lífeyris 60 ára að aldri. Það þarf að kanna í samráði við andstandendur sjóðsins hvort ekki eigi að afnema lögin um sjóðinn þannig að hann falli undir þann lagaramma sem gildir um flesta lífeyrissjóði landsins. Þannig væri það fyrst og fremst á valdi sjóðstjórnar og eigenda sjóðsins að ráða stefnunni í stað þess að þurfa að leita til Alþingis á tímum mikilla breytinga og vanda sem blasir við sjóðnum.

Þær breytingar, sem frumvarpið um Lífeyrissjóð sjómanna gerir ráð fyrir, snerta afar viðkvæm mál þar sem um afkomu fjölda einstaklinga og fjölskyldna er að ræða. Á þessum vetri hafa sjómenn orðið fyrir verulegum áföllum, annars vegar vegna aflasamdráttar, hins vegar vegna margfaldra árása ríkisstjórnarinnar á kjör þeirra. Samdráttur í tekjum sjómanna gerir Lífeyrissjóði sjómanna að sjálfsögðu erfiðara að standa við skuldbindingar sínar. Undirrituð draga ekki í efa að sjóðstjórn þarf að grípa til aðgerða, en þar sem málið hefur fengið afar litla umfjöllun í nefnd og ekki hefur gefist ráðrúm til að ræða við samtök sjómanna eða þá sem málið snertir treysta undirritaðir nefndarmenn sér ekki til að bera ábyrgð á afgreiðslu þessa máls og munu því sitja hjá við afgreiðslu þess."

Eins og ég nefndi fyrr, herra forseti, þá rita undir þetta nál. Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Ástgeirsdóttir.

Því er við þetta að bæta að þær breytingar sem nú er verið að gera á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins munu leiða til þess að lífeyrissjóðir sjómanna fá allverulegar fjárhæðir til sín sem væntanlega munu breyta nokkuð hinni erfiðu stöðu sem a.m.k. Lífeyrissjóður sjómanna er í. Það verður vonandi til þess að sú skerðing sem fyrirhuguð er á örorkubótum, örorkulífeyri og barnalífeyri verði eitthvað minni en til stendur. Vonandi verður hægt að komast hjá skerðingu. En hér er kannski um dæmi að ræða þar sem verið er að gera alþingismönnum að taka ábyrgð á gerðum aðila úti í bæ sem mér finnst að við ættum í rauninni ekki að vera ábyrg fyrir heldur þeir sem málið snertir og þeir sem taka slíkar ákvarðanir. Þess vegna er bent á það í nál. að það væri rétt að huga að stöðu þessa sjóðs og hvort hann eigi ekki að falla undir þann lagaramma sem gildir um lífeyrissjóðina.

Við munum sitja hjá við afgreiðslu þessa máls, herra forseti.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það gleður mig að sá málflutningur sem hér hefur farið fram virðist hafa borið allnokkurn árangur. Eins og fram kemur í nál. þeirra hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og Steingríms J. Sigfússonar hefur málið auðvitað engan veginn fengið þá meðferð í nefnd sem það þurfti.

Höfuðatriði þessa máls er það að ofan á alla þá kjaraskerðingu sjómanna sem hér hefur verið stunduð á þessum vetri kemur þetta undarlega frv. fram, flutt að beiðni stjórnar sjóðsins, um að rýra rétt sjómanna til síns eigin lífeyrissjóðs.

Eins og ég gat um í dag kom það í ljós í samtali mínu við formann Sjómannasambands Íslands sl. sunnudagsmorgun, það var í gær, að hann hafði ekki hugmynd um að frv. væri til meðferðar í þinginu. Þá getum við ímyndað okkur hversu margir sjómenn hafa hugmynd um það. Að vísu vill það okkur eða þeim til að nú er sjónvarpað beint héðan frá hinu háa Alþingi og ég hef svo sannarlega orðið vör við það að þetta mál hefur vakið nokkra athygli meðal sjómanna.

Menn tala hér um slæma stöðu sjóðsins. Enn þá hef ég ekki fengið neitt svar við því hversu slæm þessi staða er. Hvers vegna er ekki lagt fram með frv. sem þessu einhver úttekt á stöðu sjóðsins? Þetta er gjörsamlega óframbærilegt.

Í athugasemdum við lagafrv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er samið að tilhlutan stjórnar sjóðsins." Þar situr meðal annarra hv. 16. þm. Reykv. sem, þegar talað var fyrir málinu hér, sá ekki ástæðu til að taka þátt í umræðunni enda var hann alls ekki í húsinu. Það var ekki fyrr en ég óskaði sérstaklega eftir að hann hlýddi á þessa umræðu að hann kom til hennar. Síðan segir hér áfram: „Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru af ýmsu tagi, þær snerta bótarétt sjóðfélaga, rekstur sjóðsins, með hvaða hætti heimilt er að ávaxta fé sjóðsins, vaxtaútreikning vegna vangoldinna iðgjalda og fleiri atriði sem nánar verður vikið að í athugasemdum við einstakar greinar."

Hér er sem sagt verið að leysa vanda sjóðsins, m.a. vegna vangoldinna iðgjalda, sem eru samtals með dráttarvöxtum 150 millj. kr. sem útgerðin skuldar sjóðnum, með því að rýra kjör sjómannanna. Nú er ljóst að Lífeyrissjóður sjómanna fær u.þ.b. 65% af 228 millj. og ég spyr: Verða verðjöfnunarsjóðspeningarnir líka notaðir þar til viðbótar til að greiða þessa skuld útgerðarinnar? Ég vænti þess. Þar með eru komnir dálitlir peningar í sjóðinn og ber að fagna því.

En höfuðatriði þessa máls er auðvitað þetta: Ég er ósammála því að sjómenn eigi að búa við sömu lífeyrissjóðsréttindi og annað fólk. Þeir vinna hættulegri störf. Þeir hafa gjarnan styttri lífaldur í starfi. Þeir eru fjarri heimilum sínum, fá ekki tækifæri til að vera með fjölskyldum sínum langtímum saman. Og ég hef alltaf skilið það svo að þetta bæri að virða á ýmsan hátt í kjörum sjómanna. Þess vegna beitti fyrrv. hæstv. heilbrrh., Svavar Gestsson, sér fyrir því að sjómenn gætu fengið ellilífeyri fyrr en aðrir menn. Þess vegna höfðu

sjómenn skattaívilnanir og ýmis hlunnindi sem ég hef hingað til skilið svo að hið háa Alþingi teldi þá fyllilega verðskulda. En nú er frá því snúið og með vitund, vilja og samþykki formanns Sjómannafélags Reykjavíkur, hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, 16. þm. Reykv., er gengið eins og eftir skipulagðri áætlun á kjör sjómanna. Það verður að vera ljóst að það er þá vilji meiri hluta Alþingis að sjómenn njóti í engu í kjörum þeirra erfiðu skilyrða sem þeir búa við. Einhvern tímann ekki alls fyrir löngu — mig minnir að það hafi verið á síðasta þingi — gerði ég að umtalsefni slysaskýrslur rannsóknanefndar sjóslysa sem koma seint og illa og eru satt að segja ekki allt of vel unnar, eru satt að segja hálf hráslagaleg lesning. Slysatíðni meðal þessara manna er náttúrlega ekki í neinu samræmi við slysatíðni meðal annarra þegna þessa lands.

Hér sé ég að það á ekki að rífa örorkulífeyrinn alveg strax af þeim sem nú eru með hann, það á að gefa þeim fimm ára aðlögunartíma og vissulega er það til bóta. Það fylgir auðvitað barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega sjóðsins. En það er auðvitað fráleitt að sjómaður, sem hefur stundað allarðvænleg störf en slasast þannig að hann getur ekki stundað sjómennsku, getur kannski dútlað í einhverjum láglaunastörfum í landi, að hann haldi ekki sínum örorkulífeyri vegna síns fyrri starfa og missi getu til þess að stunda það starf, það nær auðvitað engri átt. Ég ætla að lýsa því yfir hér og nú að ég greiði atkvæði gegn frv.

Þetta eru kaldar kveðjur til þessarar stéttar sem menn segja hér u.þ.b. eitt þúsund sinnum á ári að stundi undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar og á tíðum fást menn ekki til að tala um nokkurn skapaðan hlut annað en sjávarútveg, vikum og mánuðum saman. Vissulega er það alveg rétt að án þessara starfa værum við víst harla lítils virði í þessu landi. En á sama tíma voga menn sér að vaða inn í kjör þessara manna aftur og aftur og virðast ekki hafa minnstu samvisku af og allra síst þeir sem hafa tekið að sér forustu í samtökum sjómanna.

Herra forseti. Ég er víst búin að tala mig á gat í þessu máli og það er satt að segja til lítils vegna þess að það hlusta fæstir á þetta. Ætli það mundu ekki vera hér samtals tíu þingmenn sem hafa hlýtt á þessar tölur mínar en þeim mun meiri athygli vekur það úti í þjóðfélaginu og á meðal sjómannanna sjálfra, ætla ég að vona.

Herra forseti. Það skal vera alveg ljóst: Ég mun greiða atkvæði gegn þessu ljóta frumvarpi.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. 996 hef ég ásamt Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, sem fulltrúar Framsfl., undirritað nál. með fyrirvara.

Það hefur komið fram við þessa umræðu að hér er um ósk stjórnar lífeyrissjóðsins að ræða. Sú sérstaða gildir með þennan tiltekna lífeyrissjóð að um hann gilda ákveðin lög á sama tíma og hægt er að breyta úthlutunarreglum annarra sjóða með reglugerð.

Ég held að það sé mikið umhugsunarefni fyrir Alþingi hvort það sé rétt að einstakir lífeyrissjóðir skuli hafa svo ákveðna löggjöf að þar sé nánast engu hægt að breyta nema með lögum á Alþingi. Í þessu tilviki sendi stjórn sjóðsins Alþingi erindi um beiðni til að breyta þessum reglum, ekki síst til samræmis við það sem gengur og gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þetta er mergurinn málsins. Stjórn sjóðsins er að sjálfsögðu að reyna að aðlaga útgjöld sjóðsins að tekjum hans og sannleikurinn er sá að lífeyrissjóður sjómanna getur ekki staðið við allar skuldbindingar sínar eins og þær eru í dag. Í frv. er bæði um það að ræða að draga úr réttindum, sérstaklega að því er varðar örorkulífeyri, og stjórn sjóðsins upplýsti að það væri að mestu leyti til samræmis við það sem gengur og gerist hjá öðrum sjóðum. Hér er líka gert ráð fyrir því að sjóðfélagar fái meiri réttindi en þeir hafa í dag og á það ekki síst við slysatilfelli, sem reynsla er af, ekki síst frá sl. vetri.

Við viljum ekki standa í vegi fyrir því að stjórn sjóðsins fái þennan vilja sinn staðfestan á Alþingi. Hitt er svo annað mál að mál þetta er allt of seint fram komið og Alþingi hefur ekki fengið nægilegan tíma til að fjalla um það. Það hlýtur að vera á ábyrgð sjóðstjórnarinnar en það kom skýrt fram að það mundi ekki vera hægt að afgreiða þetta mál nema í bærilegu samkomulagi á Alþingi. Ég vildi með minni afstöðu ekki standa í vegi fyrir því að þetta mál gæti náð hér fram að ganga. Þetta mál er að sjálfsögðu alveg óskylt því að hér hefur í vetur verið samþykkt löggjöf, ekki síst um ellilífeyri sjómanna, þar sem meiri hluti Alþingis samþykkti að taka til baka samhljóða ákvörðun Alþingis fyrir mörgum árum. Þar var um að ræða verulega réttindaskerðingu fyrir sjómenn. Hér er hins vegar um það að tefla að lífeyrissjóðurinn verður að aðlaga útgjöldin að tekjum en ég get vel tekið undir þá gagnrýni sem kom hér fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur eða hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að það hefði verið eðlilegra að fyrir lægi betri úttekt á sjóðnum. Ég býst samt við því, hv. 14. þm. Reykv., að ef bíða ætti eftir þeirri úttekt og samræma algjörlega greiðslur úr sjóðnum við getu sjóðsins til frambúðar væri útkoman e.t.v. enn þá verri fyrir sjómannastéttina.

Ég hef skilið það svo að stjórn sjóðsins hafi viljað lifa í þeirri von að sjóðurinn fengi meiri tekjur og sú von hefur m.a. komið fram í því að nú fær sjóðurinn verulegar tekjur frá Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins með sama hætti og sjóðurinn fékk hér fyrr á árum allverulegar tekjur úr svokölluðum gengismunasjóði. Ég geri mér afar vel grein fyrir því að lífeyrisréttindi sjómanna verða ekki tryggð með nákvæmri löggjöf um Lífeyrissjóð sjómanna nema tekjur til sjóðsins séu tryggðar. Það er tómt mál að tala um að setja í lög að sjómenn skuli hafa þessi og þessi réttindi og það skuli vera borgað út á tilteknum dögum úr Tryggingastofnun ríkisins ef ekki eru þar fjármunir fyrir hendi. Það er réttmæt gagnrýni að lög um Lífeyrissjóð sjómanna voru sett á sínum tíma án tillits til þess hvort hann gæti nokkurn tíma staðið við sínar skuldbindingar. Það er því miður ekki fyrr en fyrir nokkrum árum, 1985 eða 1986, að sjómenn fara almennt að greiða af fullum

tekjum sínum í lífeyrissjóð. Það er aðalástæðan fyrir því hversu lítil réttindi sjómanna eru. Það var sérstaklega í því ljósi sem það var furðuleg ráðstöfun af núverandi ríkisstjórn og stuðningsmönnum hennar að afnema það samkomulag sem tókst um ellilífeyri sjómanna. Það hefði verið þinginu til sóma að leiðrétta þau afglöp sem áttu sér stað á þinginu í vetur, samhliða afgreiðslu þessa máls, en því miður er það svo, hv. 14. þm. Reykv., að núv. ríkisstjórn og meiri hluti sá sem stendur að baki hennar er almennt ekki tilbúinn til að viðurkenna nokkur mistök hvað þá að leiðrétta þau.

Ég vil stuðla að því að þetta mál nái fram að ganga. Ég tel einsýnt að það muni aftur koma til umfjöllunar á Alþingi og má vera að það sé réttast að afnema þessi lög eða færa þau í sama farveg og lög um aðra lífeyrissjóði þannig að stjórn þessa sjóðs hafi svipaðar heimildir og möguleika og stjórnir annarra lífeyrissjóða og beri ábyrgð á sínum málum eins og stjórnir annarra lífeyrissjóða en þurfi ekki að sækja ábyrgð sína með einum eða öðrum hætti hér undir Alþingi. Við erum í sjálfu sér ekkert annað að gera en að verða við óskum stjórnarinnar og því er afgreiðsla þessa máls vissulega á ábyrgð Alþingis en samkvæmt beiðni stjórnarinnar. Það er í sjálfu sér ekki eðlilega að málum staðið en þar er ekki við viðkomandi stjórn að sakast. Hún verður að sjálfsögðu að standa að málum með þeim hætti sem lög standa til. Það kom fram í viðræðum við nefndina að stjórn sjóðsins telur á margan hátt eðlilegt að endurskoða þessa löggjöf til samræmis við löggjöf um aðra lífeyrissjóði í landinu.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt varðandi þetta mál, svo mjög sem það hefur verið um rætt á Alþingi. En aðeins vegna þess sem hér hefur verið sagt þá tek ég undir orð síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Austurl., er hann talar um að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna eigi auðvitað að vera ábyrg gerða sinna og ekki undir ríkisvald eða Alþingi sett. Auðvitað á Lífeyrissjóður sjómanna að vera og starfa með sama hætti og aðrir sjóðir, þ.e. undir reglugerðarákvæðum, eins og t.d. Lífeyrissjóður samvinnustarfsmanna, sem hefur sjómenn innan sinna vébanda og hefur nýlega breytt sinni reglugerð án þess að hv. 14. þm. Reykv. hafi nokkrar athugasemdir gert við það, enda kannski ekki vitað af því. Þar eru sjómenn innan vébanda samvinnusjóðsins sem þurfa að lúta því að fá örorkubætur greiddar í þrjú ár þar til endurmat fer fram eins og gerist í öllum öðrum lífeyrissjóðum þessa lands.

Síðast þegar ég ræddi um þetta mál sagði ég að Lífeyrissjóður sjómanna væri einn þeirra lífeyrissjóða sem væru best tryggðir gagnvart útistandandi skuldum. Sá sjóður sem best er tryggður er kannski Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna. Lífeyrissjóður sjómanna á veðbönd í hverju skipi þess útgerðarmanns sem skuldar til sjóðsins. Ég sagði líka þá að líklega væri besta ávöxtun Lífeyrissjóðs sjómanna vanefndir á greiðslum útgerðarmanna í sjóðinn. Ég sagði það líka þá, og bið hv. 14. þm. Reykv. að taka sérstaklega eftir því, að þótt útistandandi séu 150 millj. hjá útgerðinni kemur það aldrei til með að lenda á sjómönnum að greiða þá skuld vegna veðbanda í skipunum sjálfum. Við munum ná þessari skuld inn og þetta er ekki stór skuld miðað við tekjur Lífeyrissjóðs sjómanna.

Hv. 18. þm. Reykv. talaði um það, sem rétt er, að auðvitað er það nauðsynlegt að lífeyrissjóðurinn falli undir almennar reglur lífeyrissjóðanna. Með þessari breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna erum við að aðlaga okkur í þá átt, þó með einni stórri undantekningu og það er greiðsla lífeyris til þeirra sjómanna sem eru orðnir sextugir og hafa stundað sjó í 25 ár. Það er stórt frávik frá því sem almennt er í lífeyrissjóðunum. Það veit ég að hv. þm. vita. Hins vegar er eitt sem ég held að hv. 14. þm. Reykv. þurfi líka að gera sér grein fyrir og það er rétt að rifja það upp þá hún sat í ríkisstjórn með páv. félmrh. Svavari Gestssyni, sem hún var að segja hér í ræðustól rétt áðan með miklum innileik og var mjög hamingjusöm yfir ... (**Gripið fram í:** Af ástúð.) Af ástúð kalla þingmenn fram í.) Þú varst stjórnarþingmaður, hv. 14. þm. Reykv. Þá flutti páv. félmrh. löggjöf um breytingu á Lífeyrissjóði sjómanna að hann skyldi greiða lífeyri til 60 ára sjómanna. En ekkert annað fylgdi með. Lífeyrissjóðurinn sjálfur skyldi standa ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hann var þá að taka á sig umfram alla sjóði. En í viðræðum við þennan hv. fyrrv. félmrh. kom þá fram að páv. ríkisstjórn myndi greiða þann kostnaðarauka sem af þessu hlytist til Lífeyrissjóðs sjómanna en það varð þó aldrei af því. Það voru svikin loforð. Þegar sami þingmaður talar um það núna að verið sé að gera sérstakar ráðstafanir fyrir Lífeyrissjóð sjómanna vegna Verðjöfnunarsjóðs þá vildi ég bara upplýsa hann um það að þessi greiðsla, sem kemur nú til góða til lífeyrissjóða sjómanna, gerir það eitt af verkum að þessir lífeyrissjóðir standa jafnnær í dag og þeir gerðu áður en þessi 60 ára regla var sett sem lög frá Alþingi, þ.e. þær skuldbindingar sem lífeyrissjóðirnir tóku á sig vegna 60 ára reglunnar eru að fullu dekkaðar með þessari greiðslu, annað ekki.

Varðandi örorkubæturnar, sem mikið hefur verið rætt um, er það að segja að lífeyrissjóðurinn er að fara fram á samræmingu við aðra sjóði, þ.e. ef örorka hefur varað í fimm ár hjá sjómanni og hún er áfram sú sama þá hlýtur viðkomandi sjómaður að sjálfsögðu áfram örorkubætur úr sjóðnum. Það er aðeins þessi aðlögun sem felst í breytingu á lögunum í þá veru að sjómaður fái fimm ára aðlögunartímabil í landi til að aðlaga sig að breyttum staðháttum og sé hann þá þannig í sveit settur að örorkan hafi verulega breyst þannig að hann geti tekið upp önnur störf í landi þá skerðist örorkan um þær prósentur sem örorkan hefur minnkað. Það er eðlilegt að lífeyrissjóðurinn geri þessa ráðstöfun vegna þess að það kom fram í umræðunni um daginn að menn teldu eðlilegt að iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna yrðu hækkuð til þess að hann gæti staðið undir þessum skuldbindingum óbreyttum, þ.e. svo lengi sem maður gæti ekki stundað sjómennsku þá mundi hann njóta örorkubóta úr Lífeyrissjóði sjómanna að

fullu jafnvel þótt hann gæti stundað störf eins og hver annar landmaður. Við teljum að þetta sé ekki eðlilegt miðað við tilgang lífeyrissjóðanna sem fyrst og fremst byggist á því að greiða mönnum ellilífeyri. Tryggingarlegur þáttur lífeyrissjóðanna er að vísu til og er staðreynd en það var ekki sú hugsun sem ríkti þegar sjóðirnir voru stofnaðir.

Aðeins út af því að hv. 14. þm. Reykv. kom inn á það áðan að þegar hún hóf þetta mál 4. maí þá hafi ég ekki verið til staðar í húsinu. Nú þykir mér rétt að upplýsa það að föstudaginn 8. maí talaði ég við forseta um það hvort nú yrði tekið til umræðu málefni Lífeyrissjóðs sjómanna. Þá var upplýst af hæstv. forseta, Sturlu Böðvarssyni, að hv. 14. þm. Reykv. hefði komið til forseta og sagt: Ég þarf að fara burtu úr húsinu og þess vegna óska ég eftir því og treysti því að málefni lífeyrissjóðanna verði ekki tekið til umræðu. En þá var 16. þm. Reykv. í húsinu til að ræða málið en ekki hv. 14. þm. Reykv. Mér finnst því óþarflega mikið gert úr því þótt ég hafi brugðið mér frá þennan tiltekna dag, 4. maí. Enn er verið að klifa á því.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Aðeins til að það sé ljóst, hæstv. forseti, að það var fyrst hæstv. fjmrh. sem talaði fyrir þessu máli og það var við þá umræðu sem formaður Sjómannafélagsins og hv. 16. þm. Reykv. var ekki í húsinu. En um málflutning hans er svo sem ekki mikið að segja. Þegar útgerðin skuldar er gengið í Verðjöfnunarsjóð og alla mögulega og ómögulega sjóði. En til þess að leysa vandræði Lífeyrissjóðs sjómanna er gengið á rétt slasaðra sjómanna til að fá bætur úr sjóðnum sem þeir eru búnir að vera að borga í. Þessi málflutningur er auðvitað fyrir neðan allar hellur, einkum og sér í lagi þegar tekið er tillit til þess að það er búið að svipta sjómenn möguleikanum á að hefja töku ellilífeyris við 60 ára aldur. En þetta segir okkur ekkert annað en það að þetta er hugur hins háa Alþingis til sjómannastéttarinnar og það er þá eins gott að það sé alveg skýrt.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er með ólíkindum að hv. 14. þm. Reykv. skuli leggja upp með slíkan málflutning að þetta sé hugur þingsins í garð sjómanna. Það er rétt að upplýsa að það liggur alveg ljóst fyrir að Lífeyrissjóður sjómanna á fyrir um 63% af skuldbindingum sínum, hann vill standa á eigin fótum og hann vill standa við skuldbindingar sínar. Ekki er eðlilegt að þeim, sem eru ekki lengur með þá starfsorku sem þeir höfðu þegar þeir voru til sjós, hafa haft fimm ára aðlögun og eru orðnir fullfrískir og fullfærir á vinnumarkaði jafnhliða því sem þeir hafa fullar tekjur af störfum í landi, sé enn fremur greidd full örorka úr Lífeyrissjóði sjómanna.

Ég vildi líka benda hv. 14. þm. á að munurinn á Lífeyrissjóði sjómanna og Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna er sá að Lífeyrissjóður sjómanna hefur ábyrgð og sækir ekki fjármagn í ríkiskassann eins og sá lífeyrissjóður sem hv. 14. þm. Reykv. greiðir í. Við ætlum að standa á eigin fótum, við ætlum að vera þess megnugir að standa við skuldbindingar sjóðsins. Ég bið 14. þm. Reykv. enn einu sinni að fara með rétt mál. Við ætlum ekki að skerða örorku sjómanna með þeim hætti öðrum en sé maður fullfrískur til vinnu þá falla niður greiðslur, þá falla niður örorkubætur. Að öðrum kosti mun hann njóta þeirra að fullu eins og um væri að ræða örorku sem greidd er þegar hann kemur í land.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er með hreinum ólíkindum að hv. 16. þm. Reykv. og formaður Sjómannafélags Reykjavíkur skuli ekki enn skilja um hvað er verið að tala. Enginn hefur farið fram á örorku handa fullfrískum sjómönnum. Verið er að fara fram á að þeir haldi rétti sínum vegna þess orkutaps, sem þeir urðu fyrir, og orsakaði það að þeir geta ekki stundað sjómennsku lengur. Það er dálítill munur á því að vera skipverji á verksmiðjutogara við fulla heilsu og húsvörður í Reykjavík. Ef hv. þm. skilur þetta ekki þá get ég ekki rökrætt við hann. (Gripið fram í.) Örorkumat til almannatrygginga er metið þannig að maður sem getur aðeins unnið ¼ af því sem hann vann áður og hafði menntun og uppeldi til eins og segir í lögunum er álitinn 75% öryrki. Það þýðir að maðurinn getur ekki unnið það starf sem hann kunni og hafði undirbúið sig til. Svo vill til að það er kunnátta að baki sjómennsku eins og öðrum störfum. En það er auðvitað ekkert eigandi við hv. 16. þm. Reykv. ef hann skilur þetta ekki. Síðan talar hann eins og ég en ekki hann sé félagi í Lífeyrissjóði alþingismanna. Ætli við sitjum þar ekki saman? Eða er ekki svo, hæstv. forseti? Nú veit ég ekki hvort hv. 16. þm. Reykv. er í einhverjum fleiri lífeyrissjóðum en það er ég alla vega ekki. En ég býst við að við sitjum bæði að kjötkötlunum í Lífeyrissjóði alþingismanna um þessar stundir.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst af athygli með þeim umræðum sem hafa farið fram að frumkvæði hv. 14. þm. Reykv. um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég held að málið liggi með þeim hætti að það væri náttúrlega langeðlilegast að salta þetta mál og vera ekki að rembast við að reyna að koma því frekar í gegnum þingið á þessum stutta tíma sem eftir er. En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs er sú að hv. 16. þm. Reykv. gat mín vinsamlega í ræðu sinni eða hitt þó heldur hér fyrr í kvöld.

Þannig háttar til að á árinu 1982 var flutt frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Efni þess var það að sjómenn skyldu geta tekið lífeyri við 60 ára aldur úr þeim sjóði eins og úr almannatrygginum. Það var þáv. hæstv. fjmrh. sem flutti frv., Ragnar Arnalds, sem einnig er í þessum sal í dag. Þetta frv. sem hæstv. þáv. fjmrh. flutti var flutt að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna á þeim tíma líka. Það var ekki vegna þess að fyrirheit lægi fyrir um það efni af hálfu þáv. ríkisstjórnar. Það lá ekki fyrir. Hins vegar var rækilega farið yfir það mál af þáv. ríkisstjórn af sérstakri nefnd sem skipuð var og hún komst að þeirri niðurstöðu að ef koma ætti sérstaklega til móts við Líf-

eyrissjóð sjómanna þá yrði að gera það við fleiri sjóði. Þar væri um að ræða kostnað upp á gífurlega háar upphæðir.

Nefndarálit þessarar nefndar lá fyrir vorið 1983 og var tekið til meðferðar af þeim fjmrh. sem þá tók við vorið 1983 sem var Albert Guðmundsson. Hann fjallaði síðan lengi um það mál að sögn og nefndin skilaði áliti enn um það að ríkið yrði að leggja til peninga og ríkið neitaði að leggja til þá peninga. Það er auðvitað að snúa höfðinu algjörlega við á þessum hlutum ef hv. þm. ætlar sér að fara að kenna mér og hv. þm. Ragnari Arnalds um þennan vanda. Við vitum auðvitað að hann er til. Aðalatriðið er í þessu máli að núv. ríkisstjórn hefur gert lögin um 60 ára lífeyrisaldur sjómanna að engu. Það er afrek sem hv. 16. þm. Reykv. er með á bakinu og ég skil vel að hann skuli kveinka sér undan því.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Umræða um þetta mál hefur kannski borist víðar en við sem unnum að þessu máli í efh.- og viðskn. ætluðum í fyrstu. Auðvitað er ljóst að þetta mál tengist vanda lífeyrissjóðakerfisins í landinu almennt og vandi Lífeyrissjóðs sjómanna er að mörgu leyti hliðstæður þeim sem fjölmargir aðrir lífeyrissjóðir landsmanna standa frammi fyrir. Það vekur okkur auðvitað til umhugsunar um það hvernig þessi mál eru stödd almennt hjá okkur landsmönnum. Þó er ljóst að lífeyrissjóður sjómanna býr að nokkru leyti við aðrar aðstæður en hinir almennu lífeyrissjóðir og það endurspeglast m.a. í þessum frumvarpsflutningi að um hann gilda sérlög og það er þess vegna ekki á valdi sjóðstjórnarinnar og eigenda sjóðsins eins og er í öðrum tilvikum að framkvæma þær breytingar á reglum sjóðsins og bótagreiðslum sem haft geta áhrif á fjárhag sjóðsins og greiðslugetu. Þess vegna er frv. fyrir þinginu flutt að beiðni stjórnar sjóðsins eða a.m.k. með samþykki þeirrar stjórnar um tilteknar breytingar á bótagreiðslum frá sjóðnum.

Ég vil í þessu sambandi taka þetta mál aðeins inn í það almenna samhengi sem mér finnst óhjákvæmilegt að nefna undir lok 115. löggjafarþings sem svo er númerað frá endurreisn Alþingis. Þetta er ekki fyrsta málið en vonandi það síðasta sem kemur að kjörum sjómanna á þessu þingi. Það er nefnilega svo því miður að fleiri mál hafa farið í gegn sem hafa haft áhrif á tekjur eða afkomu sjómanna. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé að nefna í því sambandi þau tvö frv. sem hafa sérstaklega skert kjör sjómanna á þessu þingi sem urðu að lögum fyrr í vetur og það er auðvitað í fyrsta lagi skerðing á sjómannafrádrætti sem var afgreidd sælla minninga eða vansælla og í öðru lagi ráðstafanir gagnvart lífeyristökurétti sjómanna í gegnum tekjutengingu lífeyris. Því er það svo að það er eðli málsins samkvæmt nokkuð viðkvæmt þegar enn kemur inn frv. sem hróflar við afkomu þessarar stéttar með tilteknum hætti og ég hlýt að taka undir það sem m.a. hefur verið sagt af hv. 14. þm. Reykv. að það er afar vandasamt og viðkvæmt þegar farið er út í breytingar á jafnviðkvæmum málum eins og örorkulífeyrir og barnalífeyrir til handa sjómannafjölskyldum við erfiðar aðstæður eru.

Við þekkjum það væntanlega vel allir hv. alþingismenn, eða eigum a.m.k. að gera, að sjómannsstarfið er eitt allra hættulegasta og erfiðasta starf sem unnið er ekki bara hér á landi heldur víðar því að slysatíðni eða líkindahlutföll í þeim efnum færa okkur heim sanninn um að slysatíðnin hér er með því allra hæsta sem þekkist í nokkru starfi af þessu tagi. Þetta er sömuleiðis erfitt og slítandi starf og af þeim ástæðum hafa m.a. náðst fram ákvæði um lífeyristökurétt sjómanna við yngri aldursmörk en hjá öðrum stéttum. Þetta eru erfiðisvinnumannaákvæði sem eru reyndar þekkt úr löggjöf nálægra landa og mun vera til að mynda í gildi þar sem í hlut eiga skógarhöggsmenn eða ýmsar aðrar erfiðisvinnustéttir annarra landa sem sérstaklega eru viðurkenndar sem slíkar.

Það verður því með engum rétti sagt að þetta þing hafi farið mildum höndum um stöðu sjómanna á Íslandi hvað þessa hluti snertir. Ég held að jafnvel hv. 16. þm. Reykv. verði að horfast í augu við þær köldu staðreyndir að svo er. En að öðru leyti ætla ég ekki að gera hans hlut verri en annarra manna í því sem að hefur borið á þessu þingi í þeim efnum.

Það sem mér finnst einna verst, herra forseti, í sambandi við þetta er það að hér er náttúrlega ekki á nokkurn hátt tekið heildstætt á vanda Lífeyrissjóðs sjómanna eða starfskjörum sjómannastéttarinnar hvað þetta snertir, því miður. Þvert á móti liggur fyrir og er yfirlýst af forsvarsmönnum Lífeyrissjóðs sjómanna að þetta sé nánast eins og dropi í hafið til að rétta við stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna. Þá hlýtur maður að spyrja sig að því: Hvers vegna er það valið að fara í þessi viðkvæmu ákvæði sem eru aðeins lítill hluti af útgjöldum sjóðsins á komandi tímum þar sem eru ákvæðin um örorkulífeyri og barnalífeyri til tiltekins hluta sjómannafjölskyldna í landinu? Af hverju er ekki frekar tekið heildstætt á vanda lífeyrissjóðsins þar sem þessir hlutir og e.t.v. einhver skerðing á örorkulífeyri og barnalífeyri er hluti af heildarbreytingum á fyrirkomulagi Lífeyrissjóðs sjómanna þannig að séð sé fyrir endann á fjárhagsstöðu hans? Og það er þetta sem veldur mestum efasemdum í mínu brjósti, herra forseti, að það skuli vera lagt fram í þingi frv. sem tekur á þessum viðkvæma hluta af bótagreiðslum sjóðsins en hróflar ekki í neinu við stöðu hans að öðru leyti.

Þetta veldur því, herra forseti, að ég hef ekki treyst mér til að taka ábyrgð á afgreiðslu þessa máls og deili þess vegna nál. með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um að ég tel best að flytjendurnir, hæstv. ríkisstjórn, beri alla ábyrgð og sóma ef svo skyldi til takast af afgreiðslu þessa frv. Hér hefur líka verið nefnt í þessu sambandi að í tengslum við breytingar á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins eru væntanlegar til Lífeyrissjóðs sjómanna allnokkrar tekjur. En því er auðvitað til að svara að jafnvel þeir fjármunir breyta litlu um heildarstöðu sjóðsins sé til framtíðar litið. Þeir einir og sér daga fljótt uppi ef engar breytingar verða að öðru leyti á stöðu sjóðsins.

Það er að vísu þannig að frv. verkar á tvo vegu

varðandi afkomu Lífeyrissjóðs sjómanna, annars vegar í gegnum þær beinu tekjur sem renna í sjóðinn og hins vegar í gegnum það að þar fæst væntanlega uppgjör á skuldum ýmissa sjávarútvegsfyrirtækja við Lífeyrissjóð sjómanna og er það náttúrlega vel. En eins og hér hefur þegar komið fram er það kannski ekki mesta áhyggjuefni Lífeyrissjóðs sjómanna að hann eigi útistandandi nokkrar óuppgerðar skuldir því þær eru sæmilega tryggðar eftir atvikum.

Ég vil að lokum, herra forseti, láta það koma fram af minni hálfu að ég tel að sjálfsögðu þá brtt. sem flutt er af hv. efh.- og viðskn. vera verulega til bóta. Hún gefur þó fimm ára aðlögunartíma að þessari réttindaskerðingu til handa öllum þeim sem fyrir henni verða í framtíðinni. Út frá venjulegum réttarfarslegum sjónarmiðum er það að sjálfsögðu til bóta að menn fái þarna nokkurn aðlögunarfrest. En það breytir ekki hinu að ég hef ekki öðlast sannfæringu fyrir því að þessar breytingar séu í því skynsamlega og rökstudda heildarsamhengi við málefni Lífeyrissjóðs sjómanna sem fullnægja mínum kröfum um að hægt sé að styðja þetta mál. Ég mun þess vegna ekki greiða því atkvæði en sitja hjá við afgreiðslu málsins, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 680, nál. 977, brtt. 978.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 977 um frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund um málið Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, Ingibjörgu Rafnar löfgræðing, Drífu Pálsdóttur, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá studdist nefndin við umsagnir sem menntamálanefnd efri deildar bárust á 113. þingi um frumvarpið, sem og breytingartillögur sem sú nefnd gerði við frumvarpið en það varð eigi útrætt á því þingi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Flestar breytingarnar byggjast á breytingartillögum menntamálanefndar frá 113. þingi en í þeim breytingartillögum var í flestum tilvikum ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða. Auk þessa gerir nefndin nokkrar viðbótarbreytingar. Í þeim breytingartillögum eru nokkrar efnisbreytingar, sem og lagfæringar á tilvísunum til laga sem tekið hafa breytingum frá því að frumvarpið var samið, þ.e. barnalaga, laga um meðferð einkamála, laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og aðfararlaga. Þá gerir nefndin tillögu um að gildistaka frumvarpsins frestist til 1. janúar 1993.

Nefndin vill vegna ákvæða 5. mgr. 36. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að barnaverndarnefnd eigi úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra, láta koma fram að hún telur að það ákvæði gildi aðeins um þau tilvik þar sem barnaverndarástæður liggja til grundvallar fóstri.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Eggert Haukdal, Ingibjörg Pálmadóttir, Einar K. Guðfinnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara, Kristinn H. Gunnarsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Jónas Hallgrímsson og Sigbjörn Gunnarsson.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áður var stuðst við brtt. hv. menntm. frá 113. löggjafarþingi og þær brtt. voru prentaðar sem fskj. með frv. á síðu 49 og 50 og eru að miklu leyti teknar óbreyttar upp, að öðru leyti en því sem snýr að tilvísunum og svo hafa tilvísanir breyst í öðrum þáttum þar sem þess var þörf.

Brtt. félmn. eru í heild birtar á þskj. 978 og mun ég ekki lesa þær en kýs að nefna nokkrar þar sem um efnisatriði er að ræða. Þar vil ég fyrst nefna 4. lið brtt. sem á við 6. gr. Þar stendur í a-lið að 1. mgr. orðist svo:

„Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir. Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósa barnaverndarnefndir, sbr. þó 2. mgr. Minni sveitarfélög skulu sameinast um kosningu barnaverndarnefndar. Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir."

Þarna var áður um bæjarstjórnir, borgarstjórn og héraðsnefndir að ræða en við höfum sem sagt valið það í samráði við Samband sveitarfélaga að þarna skuli vera meira val.

Ég vil líka geta þess varðandi fimmta lið, þar sem segir að 7.–9. gr. frv. falli brott, að það eru greinar sem eiga við kjörtímabil nefndar og var það líka að ábendingu Sambands sveitarfélaga sem taldi að þar sem þessi ákvæði ættu heima og væru í sveitarstjórnarlögum væri óþarft að vera með þau inni í þessum sérlögum. Við 7. lið eru eiginlega eingöngu tilvísanir. Það sem breytt er efnislega er til dæmis í 13. lið þar segir um 25. gr. að eftirfarandi breytingar verði á greininni:

„a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti óski barnið þess." Þetta er við grein þar sem segir að skylda sé að barn yfir 12 ára aldri fái að tjá sig varðandi fósturmál.

Þá vil ég nefna 15. lið varðandi 28. gr., í b-lið þeirrar brtt. segir svo: „Úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar, þegar um er að ræða nýfætt barn sem enn hefur ekki flust í umsjá foreldra, er einungis heimilt að kveða upp hafi viðeigandi aðgerðir skv. 24. gr. verið reyndar til þrautar án árangurs." Þarna er verið að reyna að kveða nægilega fast að orði til að afstýra, ef ég má orða það svo, að slys verði varðandi þessi mál.

23. liður brtt. er um að fyrri málsliður 45. gr. orðist svo: „Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál eftir því sem við getur átt."

Að lokum vil ég nefna 29. lið sem á við 54. gr. en hún fjallar um unglingaheimili, meðferðarheimili og mun einnig eiga við heimili fyrir vegalaus börn. Eins og sagt var frá í framsögu og áður hefur komið fram hefur orðið samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi kostnaðarskiptingu þar sem ríkið tekur m.a. á sig að greiða kostnað vegna heimila fyrir vegalaus börn. Í brtt. segir að við 3. mgr. 54. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: „Kostnaður slíkra heimila greiðist úr ríkissjóði."

Að öðru leyti eru brtt. eiginlega samhljóða því sem menntmn. flutti á 113. löggjafarþingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni félmn. þá skrifa ég undir nál. félmn. með fyrirvara. Þessi fyrirvari minn lýtur bæði að meðferð og innihaldi frv. og langar mig aðeins að útskýra í hverju fyrirvarinn felst.

Eins og hér hefur margsinnis komið fram var þetta frv. til meðferðar á síðasta þingi. Þá var það til umfjöllunar í menntmn. efri deildar. Það kann vel að vera að sú nefnd hafi fjallað mjög ítarlega um málið en svo mikið er víst að hún gerði fjölmargar brtt. við frv. Þrátt fyrir þessa umfjöllun í nefndinni og tillögur nefndarinnar dagaði frv. engu að síður uppi í þinginu og fékk aldrei umfjöllun við 2. umr. Enginn sem þá fjallaði um málið í nefnd, þ.e. menntmn. efri deildar, hefur komið að þessu máli núna vegna þess að nú fór málið til félmn. þar sem ætlunin er að flytja málaflokkinn úr menntmrn. í félmrn. Aðrir einstaklingar sitja í félmn. en sátu í menntmn. í fyrra. Hér er því um allt annan hóp að ræða sem hefur fjallað um málið.

Það voru engar breytingar gerðar á frv. í millitíðinni frá því að það var rætt á síðasta þingi og þar til það var lagt fram á þessu þingi. Engu að síður kom frv. mjög seint fram núna. Menntmrh. hafði allt haustið til að leggja frv. fram og hann gat líka lagt það fram strax eftir áramót en það kom ekki fyrr en í mars, held ég að mér sé óhætt að segja. Félmn. hefur haft mjög lítinn tíma til að vinna þetta mál og að mínu viti og í mínum huga eru þetta mjög ófullnægjandi vinnubrögð. Hér er um mjög viðamikið og viðkvæmt mál að ræða og í rauninni rangt að meðhöndla það með miklum hraði á Alþingi.

Ég veit engu að síður að eftir þessu máli er beðið mjög víða í þjóðfélaginu og það er mörgum mjög mikið í mun, sérstaklega þeim sem starfa að þessum málum, að frv. verði að lögum. Þeir óttast að gerist það ekki nú á þessu þingi hljóti það ekki náð fyrir augum Alþingis í haust þegar umræðan um Evrópska efnahagssvæðið verður í fullum gangi. Aðrir nefndarmenn í félmn. lýstu sig tilbúna til afgreiðslu um málið og ég vil ekki standa gegn því að það verði gert og undirritaði sem sagt með fyrirvara.

Þetta lýtur að hinni formlegu hlið málsins. En ef ég fjalla aðeins um hina efnislegu hlið er fyrirvari minn líka varðandi innihald frv. og snýr öðru fremur að úrskurðaraðila í barnaverndarmálum. Með þessu frv. breytist það í sjálfu sér ekki að eftir sem áður er það stjórnsýsluaðili sem hefur síðasta orðið í barnaverndarmálum, þ.e. barnaverndarnefndir heima í héraði og síðan barnaverndarráð sem verður málskotsaðili. Það eru barnaverndarnefndirnar heima í héraði sem fella úrskurðina og síðan er hægt að skjóta þeim til barnaverndarráðs. Þetta kemur kannski ekki að sök nema í málum þar sem foreldrar eru sviptir forsjá barna sinna og börnin flutt til vandalausra. Í slíkum tilvikum er um svo alvarlega aðgerð að ræða að það væri í raun ekki óeðlilegt að dómsvaldið en ekki framkvæmdarvaldið hefði síðasta orðið í slíkum málum.

Í þessu sambandi má geta þess að í nýsamþykktum barnalögum var gerð sú breyting á meðferð forræðisdeilna milli foreldra við skilnað að þeir geta valið hvort dómsmrn. úrskurðar í málinu eða dómstóll. Þeir geta sem sagt valið að vísa málinu til úrskurðar hjá dómstól. Með öðrum orðum: Foreldrar sem eiga í innbyrðis forræðisdeilu sín á milli eiga kost á dómstólaleið en ekki foreldrar sem eiga í forræðisdeilu við opinbera aðila. Auðvitað má segja að á þessum málum sé sá eðlismunur að í forræðisdeilu foreldra sé ekki verið að fjalla um vanhæfni þeirra heldur er verið að kveða upp úrskurð í máli tveggja hæfra einstaklinga, finna út hjá hvorum aðilanum barnið sé betur komið. Í barnaverndarmáli er vanhæfni hins vegar forsenda málsins. Í slíkum málum má ætla að andlegri eða líkamlegri heilsu barns eða þroska sé hætta búin af þeim aðstæðum sem það býr við á heimili foreldra sinna. Vanhæfni af einhverju tagi er því forsenda málsins. Í slíku tilfelli á barnaverndarnefnd að gæta hagsmuna barnsins og úrskurða á forsendum barnsins en ekki hinna fullorðnu. Það breytir þó ekki því að tryggja verður réttaröryggi foreldra og gæta þess að málsmeðferð sé réttlát.

Mig langar í þessu sambandi að vísa til umsagna sem hafa komið við þetta frv., bæði frá Dómarafélagi Íslands og eins frá Lögmannafélagi Íslands. Í umsögn frá Dómarafélaginu segir m.a. í lokaorðum:

„Ef niðurstaða endurskoðunar barnalaga leiðir til þess að með einhverjum hætti verði hægt að bera deilur í forsjármálum efnislega undir dómstóla þá væri á margan hátt eðlilegt að samræmi ríkti um málsmeðferðina í þessum lögum." Þetta er skrifað á síðasta ári áður en barnaverndarlögin voru samþykkt hér og þeir leggja til að ef endurskoðun barnalaganna leiði til þess að dómstólaleiðin verði gerð fær ætti í rauninni það sama að gilda um barnaverndarmálin. Í umsögn frá Lögmannafélaginu sem er frá 30. nóv. 1990 — en eins og ég sagði tók frv. engum breytingum frá þeim tíma og þar til það var lagt fram í þinginu aftur eftir áramót — segir, með leyfi forseta:

„Með því að barnaverndarnefndir kveði upp úrskurði er brotin sú regla að úrskurðaraðili skuli vera óháður, sjá 6. gr. og 49. gr. [í þessu tiltekna frv. sem verið er að vísa til]. Sérstaklega á þetta við þar sem

félagsmálaráðum eða félagsmálanefndum eru falin störf barnaverndarnefnda. Starfsmenn nefndanna vinna að málinu og taka afstöðu til aðgerða sem síðan er úrskurðað um í barnaverndarnefndum. Laganefndin fellst ekki á þá röksemd höfunda frv. að ókostir dómstólaleiðarinnar séu það miklir að ráðlegt sé að hafa óbreytt ástand. Laganefndin telur að menn séu of fastir í gamalli tilhögun. Ekkert er því til fyrirstöðu að mál af þessu tagi hafi forgang hjá dómstólum auk þess sem bent skal á að mál taka oft mjög langan tíma hjá barnaverndarnefndum.

Í greinargerð segir að ætla megi að dómstólaleiðin tryggi rétt foreldra best en höfundar frv. telja ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Þessu er vísað á bug og minnt á að það er óumdeilt að dómstólaleiðin er vandaðasta leiðin til niðurstöðu í hverju máli. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að þorri umsagnaraðila frv. eru úrskurðaraðilar."

Þetta segir sem sagt í umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands. Engu að síður segir laganefndin hér: „Laganefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim athugasemdum sem gerðar eru í 7. tölulið." Það er sem sagt ljóst að það eru talsverðar athugasemdir við þennan þátt.

Enn má geta þess sem rökstuðnings í þessu máli að í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem við höfum nýlega samþykkt á Alþingi, er gert ráð fyrir því að dómstólameðferð þurfi til að þvinga fram aðskilnað foreldris og barns því að öðrum kosti sé ekki fyllsta réttaröryggis gætt. Það má því segja að sú skipan mála sem lögð er til í þessu frv. um vernd barna og ungmenna sé í andstöðu við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er dómstólaþáttur þessa máls eða kannski öllu heldur skortur á honum sem hefur vafist mjög fyrir mér við skoðun málsins. Það er mitt álit að við í félmn. hefðum þurft að fá upplýsingar um hvernig þessu er háttað í nágrannalöndum okkar og hver reynsla þeirra er í þessum málum. En þrátt fyrir þessar efasemdir hef ég ákveðið að beygja mig fyrir afgreiðslu málsins og hindra það ekki og skrifa því undir með fyrirvara.

Ástæðurnar eru öðru fremur þær að með frv. er barnaverndarráð styrkt verulega sem málskotsaðili frá því sem er í dag. Það er komið í veg fyrir að barnaverndarráð sé að vinna að málum með barnaverndarnefndum á frumstigi eins og nú er. Það er í rauninni komið í veg fyrir með frv. að það sé bæði framkvæmdaraðili og málskotsaðili og má því segja að barnaverndarráð fái að ýmsu leyti yfirbragð dómstóls í frv. Það er heilmikið skref í rétta átt sem tekið er með frv.

Þá beygi ég mig líka undir þau rök að fyrsta skrefið í þá átt að bæta meðferð barnaverndarmála sé að bæta vinnslu mála heima í héraði. Það sé nauðsynlegt að stækka umdæmi barnaverndarnefnda og tryggja að þær hafi fagfólk á sínum snærum sem sjái um vinnslu mála. Í dag eru barnaverndarnefndir í sveitarfélögunum ekki í stakk búnar til að vinna mál í hendur dómstóla. Má segja að mjög víða um land sé vinnsla þessara mála í ólestri og það þurfi að styrkja verulega þessa grasrót í barnaverndarstarfi til að hún sé hæf til að vinna mál í hendur dómstóla.

Það sem upp á vantar í vinnslu mála hjá barnaverndarnefndum er svo hægt að lagfæra hjá barnaverndarráði samkvæmt frv., sem getur látið rannsaka einstaka þætti máls sjálfstætt ef það telur einhverju ábótavant. Þetta mundi hins vegar dómstóll ekki gera og mundi væntanlega vísa málum frá ef formgalli væri á þeim.

Einmitt vegna þess hversu mér finnst mikilvægt að styrkja barnaverndarstarf heima í héraði og efla barnaverndarnefndir þar og faglega vinnu þá urðu það mér mikil vonbrigði að ekki reyndist unnt að halda í þau ákvæði frv. sem gera ráð fyrir að barnaverndarmál verði sett í hendur héraðsnefnda. Eins og frv. var lagt fram á síðasta þingi og svo aftur á þessu var gert ráð fyrir því að barnaverndarmál yrðu sett í hendur héraðsnefnda. Þegar farið var að skoða málið í félmn. núna gerði hv. 5. þm. Vestf. athugasemd í félmn. við það að hafa þennan hátt á og þessar athugasemdir voru studdar af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem telur að barnaverndarmál séu lögum samkvæmt á verksviði sveitarfélaga og verði ekki falin héraðsnefndum nema af sveitarfélögunum sjálfum, þ.e. að það sé skýrt kveðið á um það í lögum um sveitarfélög að þetta sé á verksviði þeirra. Þar af leiðandi geti ríkisvaldið eða löggjafinn ekki falið þetta héraðsnefndum með öðrum lögum. Það verðum við að sætta okkur við en það hlýtur engu að síður að vekja furðu að engin athugasemd var gerð við þessa skipan mála þegar málið var til umfjöllunar á síðasta þingi. Þá setti Samband ísl. sveitarfélaga sig ekki upp á móti því að málið væri falið héraðsnefndum. Samband ísl. sveitarfélaga sendi þá inn allítarlega umsögn þar sem m.a. er fjallað um þessa umdeildu 6. gr. frv. þar sem verið er að setja málaflokkinn undir héraðsnefndir og það verður ekki séð af þeirri umsögn að Samband ísl. sveitarfélaga hafi neitt við það að athuga. Núna töldu þeir að það væri ekki hægt að hafa þennan háttinn á og þess vegna er nú búið að gera gagngera breytingu á frv. sérstaklega hvað varðar 6. gr. og stjórnarfarsþáttinn.

Ég er mjög ósátt við þessa breytingu á 6. gr. vegna þess að það var eiginlega einn af stóru kostunum við frv. að verið var að stækka umdæmi barnaverndarnefndanna og færa barnaverndarmál til héraðsnefnda. Nú finnst mér eins og frv. feli í sér afskaplega litla breytingu frá því sem er. Það er ekkert í dag sem bannar sveitarfélögunum að sameinast um barnaverndarmál. Staðreyndin er bara einfaldlega sú að þau gera það ekki, þau hafa ekki gert það þó að ekkert bannaði þeim það. Með breytingu félmn., sem hér hefur verið lögð fram, má segja að sjálfstæði sveitarfélaganna sé tryggt. Það er afskaplega viðkvæmt mál, við vitum það hér, en það er tryggt með frv. Það eitt og sér er ekki mál málanna og átti ekki að vera mál málanna heldur hitt að tryggja íbúum góða þjónustu í barnaverndarmálum þrátt fyrir að þeir búi í fámennum sveitarfélögum.

Breytingin sem hefur verið gerð í félmn. á þessum

þætti frv. krefst þess þá að félmrn. beiti sér fyrir því með öflugum hætti að sveitarfélögin sameinist um barnaverndarmál, að félmrn. eigi ákveðið frumkvæði í þessum málum og vinni að því með sveitarfélögunum að fá þau til að sameinast um barnaverndarmál, helst þá á vettvangi héraðsnefnda. Það verði því sveitarfélögin sem feli héraðsnefndunum þetta verkefni. Ég fæ ekki betur séð en að því aðeins nái frv. tilætluðum tilgangi að þetta verði gert í félmrn., tekið öflugt frumkvæði að því að færa barnaverndarmálin í hendur héraðsnefnda í gegnum sveitarfélögin.

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt þegar verið er að afgreiða mál sem þetta, viðkvæma málaflokka úr nefnd, að samstaða sé í nefndinni. Því fannst mér það skipta mjög miklu máli að hv. 10. þm. Reykv. var með í afgreiðslu málsins á þann hátt sem það var gert þrátt fyrir þær efasemdir sem þingmaðurinn hefur einmitt sett fram og sem eru eflaust réttmætar og hún hefði gjarnan viljað skoða nánar í nefnd. Vegna orða hennar vil ég gjarnan að það komi fram hver niðurstaða þeirrar nefndar, sem samdi frv., var varðandi þessi mál. Nefndin segir:

„Til álita þykir koma að ákvörðun um þvingunaraðgerðir þurfi að bera undir hina almennu dómstóla svo sem tíðkast víða á Vesturlöndum. Dómstólameðferð þykja þó fylgja ýmsir ókostir og er hætta á að sú leið yrði ekki nægjanlega skilvirk. Tryggja þarf sérþekkingu dómara og er það að nokkru leyti unnt með því að dómari kalli til sérfróða meðdómsmenn við úrlausn þessara mála, sbr. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en dómsformaður þyrfti einnig að hafa nokkra sérþekkingu. Einnig er dómstólameðferðin dýr og seinleg."

Það kemur einnig fram í niðurstöðunni að þótt ætla megi að dómstólaleiðin tryggi rétt foreldra best telji nefndin ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Það er ýmislegt fleira sem kemur fram í niðurstöðu nefndarinnar, þetta er á bls. 18, og þess vegna taldi nefndin varðandi niðurstöðu sína að best færi á því að barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvald eins og nú háttar til. Í sambandi við það vil ég gjarnan láta það koma fram varðandi skipan barnaverndarráðs, hlutverk og starfshætti að þar er bæði verið að leggja til að ráðsmönnum verði fækkað og hlutverki ráðsins breytt þannig að það hafi eingöngu með höndum fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum sem skotið er til ráðsins en leiðbeiningarskylda barnaverndarráðs og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda flyst til ráðuneytisins. Þetta þýðir að hið tvíþætta hlutverk barnaverndarráðs er lagt af og þessi verkaskipting sett á og skiptir miklu máli varðandi það sem hv. 10. þm. Reykv. benti á.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ætli besta svarið við andsvari þingmannsins sé ekki í umsögn Dómarafélags Íslands. Þar segir, með leyfi forseta: „Stjórnin getur ekki sætt sig við þá röksemdafærslu sem á að leiða til þessarar niðurstöðu nefndarinnar og fram kemur á bls. 18. Þannig segir m.a. að dómstólameðferð þyki fylgja ýmsir ókostir og hætta sé á að sú leið yrði ekki nægilega skilvirk. Sú meðferð sé einnig dýr og seinleg." Dómarafélagið segir einnig: „Stjórn Dómarafélags Íslands fellst ekki á þetta sjónarmið nefndarinnar og telur það ekki eiga að ráða því hvort skjóta megi ákvörðunum um þvingunaraðgerðir til efnislegrar meðferðar dómstóla ef sú leið þykir á annað borð æskileg. Þá telur stjórn Dómarafélags Íslands að dómari hafi almennt nægilega þekkingu til meðferðar slíkra mála svo sem annarra mála er fyrir dómstóla eru lögð enda tryggja sérfróðir meðdómendur þá sérfræðiþekkingu sem dómara vanhagar um í einstökum málum. Skoðun nefndarinnar hvað þetta atriði varðar er því mótmælt.

Í áliti nefndarinnar segir: „Þótt ætla megi að dómstólaleið tryggi rétt foreldra best telur nefndin ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Í barnavernd felst stuðingur samfélagsins við börn. Ef grípa þarf til úrskurðar er eðli hans og tilgangur að tryggja velferð barnsins og öryggi en alls ekki sá að refsa foreldrum ... Í frv. er reynt að bregðast við þessari hættu með skýrum málsmeðferðarákvæðum og sterkri stöðu barnaverndarráðs sem áfrýjunaraðila."

Stjórn Dómarafélags Íslands telur þennan kafla út í hött enda er þar látið að því liggja að dómstólar fari ekki að lögum á þessu einstaka sviði. Telur stjórnin að fella eigi þennan kafla úr frv.", segir í umsögn Dómarafélagsins.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég lofaði forseta að tala ekki langt mál því mér skilst að það eigi að taka þetta mál af dagskrá og taka það upp síðar. Það minnti mig á það að þegar þetta mál var til 1. umr. var það aðeins rætt hér í tvo tíma. Að vísu var það mjög góð umfjöllun en aðeins í tvo tíma. Dagana þar á undan hafði í heila tvo daga verið rætt um veiðar á villtum fuglum og dýrum. Þar töluðu hv. þm., karlmenn aðallega, sig algjörlega hása og höfðu áhyggjur af ísbjörnum sérstaklega og ánamöðkum. En nú er til umfjöllunar vernd barna og ungmenna og þá eru miklu færri og miklu minni spenna í umræðunum. Samt kemur þetta okkur öllum við og mörg íslensk börn hafa það því miður ekki allt of gott.

Virðulegi forseti. Löggjöf þessi fjallar um mjög vandmeðfarið svið og verður seint svo að allir séu fullkomlega sáttir. Ég harma það að félmn. hafi ekki getað gefið sér meiri tíma í nákvæmnisvinnu við málið en við höfum aðeins haft það til umræðu á örfáum fundum. Ég tel þó að það séu ótvíræðir kostir við frv. og helstu kostirnir séu þeir sem fyrr hafa verið nefndir, að það er verið að stækka umdæmi barnaverndarnefnda almennt. Barnaverndarnefndir í dag eru yfir 200 talsins og mjög margar eru nánast vanhæfar. Bæði er það að þær hafa ekki fjármagn til að reka sig og ekki

þá sérþekkingu sem til þarf. Í frv. er réttarstaða barna betur tryggð í mörgum greinum. Í frv. hefur verið leitast við að setja skýrari ákvæði um skyldur barnaverndaryfirvalda yfirleitt. Eins og fram hefur komið í máli hv. formanns félmn. er að mestu leyti samkomulag um þetta mál í nefndinni. Við stöndum saman að brtt. sem formaður kynnti. Ég vil samt taka undir með síðasta ræðumanni sem hér talaði og var með vissar efasemdir í sambandi við úrskurðarmál og dómstólaleiðina. Þessi mál voru alls ekki nægilega rædd í félmn. að mínu mati. Þrátt fyrir það höfum við ákveðið að standa að frv. vegna þess að það er ýmislegt í því sem mun koma börnum til góða.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 2. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 426. mál (greiðslur til Vélstjórafélags Íslands). — Þskj. 684, nál. 887, brtt. 901.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 887 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um ítarlega um þetta mál. Á hennar fund komu ýmsir aðilar til viðræðu um efni frv. Þeir Benedikt Valsson og Harald Holsvík komu frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Áður en frv. var lagt fram, virðulegur forseti, hafði nefndin leitað eftir áliti um þessa breytingu hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Austfjarða og Alþýðusambandi Vestfjarða.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Þess ber að geta að Guðmundur Hallvarðsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins og Matthías Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarstaddir er málið var afgreitt úr nefndinni. Þá er þess einnig að geta að Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nál. skrifa Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Halldór Ásgrímsson, Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson og Tómas Ingi Olrich.

Frv. er flutt að beiðni Vélstjórafélags Íslands og breytingin sem lögð er til í því felur í sér að fé af greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sem rennur til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skv. 9. gr. laganna nr. 24/1986, mundi einnig renna til Vélstjórafélags Íslands þar sem félagið á ekki lengur aðild að Farmanna- og fiskimannasambandinu. Í frv. er m.a. lagt til að sjútvrh. setji reglur um skiptingu þessa fjár milli samtakanna sem getið er um í frv. Eins og fyrr segir, virðulegi forseti, mælir nefndin með samþykkt frv.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég hygg að nokkuð skiptar skoðanir séu um það frv. sem hér um ræðir. Sérstaklega með tilliti til þess að málið þurfi að skoða betur. Við, tveir þingmenn, höfum flutt brtt. við þetta frv. þar sem lagt er upp úr því að fara ofan í saumana á málinu. Það eru ákveðnar forsendur fyrir því að ástæða er til þess. Það segir sig sjálft að þarna er verið að vísa máli til ráðherra til að setja reglur sem hljóta að byggjast á einhverjum hefðum. Það er í sjálfu sér ekki deilumál að ástæða sé til að breyta skiptahlutfalli sem þarna um ræðir, 1,6% og 2,4%, til sjómannasamtakanna annars vegar og farmanna og fiskimanna hins vegar, heldur að skoða málið betur. Það er í rauninni óeðlilegt að verið sé að lengja lista þessara greina og þannig sé í rauninni verið að skapa farveg fyrir það að brjóta upp samsetningu í þessum liðum. Ef í þessu tilviki Vélstjórafélag Íslands kemur inn sem sérliður þá liggur auðvitað beinast við að þar með væri hægt að neita nýrri lagabreytingu eða uppsetningu þar sem önnur sérfélög kæmu inn. Vélstjórafélag Íslands er ekki landssamband. Það eru vélstjórar í Farmanna- og fiskimannasambandinu, í Alþýðusambandi Íslands og ýmsum öðrum félögum. Þess vegna finnst mér ekki fyllilega rökrétt að afgreiða málið á þennan hátt og óska eftir því að sú brtt. sem við höfum flutt gagngert til að skoða málið betur verði athuguð og leitað álits þeirra aðila sem um ræðir. Þetta mál hefur gengið nokkuð hratt fyrir sig og þótt haft hafi verið samband við aðila þá hygg ég að það séu mjög skiptar skoðanir um framgang þess. Og ég óska eftir að málið sé skoðað í sjútvn. á milli umræðna.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Það vill nú svo óheppilega til í máli þessu að um er að ræða mál sem kemur upp vegna þess að samtök sjómanna klofnuðu. Þessum tilteknu samtökum sjómanna hafði verið ætlaður ákveðinn tekjustofn með ákveðnum hætti samkvæmt lögum. Það er mjög óheppilegt þegar samtök geta ekki komið sér saman um skiptingu. Það hlýtur jafnframt að vera mjög óeðlilegt að samtök eins og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands haldi tekjum vegna félagsmanna sem eru í öðrum samtökum. Ég býst við því að öllum þætti það nokkuð undarlegt að ef þeir vildu ekki vera í tilteknu félagi og tilteknum samtökum en þrátt fyrir það skyldu þau halda tekjunum.

Nú er það svo að hér er fyrst og fremst um það að ræða að ákveða það samkvæmt lögum að bæði þessi samtök, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands skuli fá þessar tekjur en síðan skuli sjútvrh. setja reglur um skiptingu fjár milli samtakanna. Vonandi verður það svo að þessir aðilar nái samkomulagi um málið áður en sjútvrh. setur þessar reglur. Það er alger óþarfi að flytja brtt. við þetta mál til að það verði skoðað betur. Það er búið að liggja yfir þessu máli mjög lengi í hv. sjútvn. Þannig að við getum ekkert frekar í málinu gert. Og sú brtt. sem hv. þm. Árni Johnsen hefur flutt hefur valdið mjög hörðum mótmælum frá Sjómannasambandi Íslands. Þessi mót-

mæli koma fram í bréfi frá 14. maí 1992. En það er alveg nýtt fyrir mér ef hv. þm. flytja ákveðna brtt. um tiltekna efnismeðferð í þeim tilgangi að láta skoða málið betur eins og hv. þm. sagði. Það er engin þörf á því. Ef menn hins vegar vilja standa að málum með þeim hætti sem sú brtt. gerir ráð fyrir þá geta menn gert það. En það mun skapa hæstv. sjútvrh. meiri vandamál við úrlausn málsins og það mun verða gert undir miklum mótmælum Sjómannasambands Íslands. Alþingi er ekki með þessu að ákveða endanlega niðurstöðu þessa máls. Alþingi er með þessari breytingu að skapa farveg til lausnar þessarar deilu. Það er ekki hlutverk Alþingis að skera endanlega úr um. En það mun koma í hlut framkvæmdarvaldsins að ganga frá því. En auðvitað hefur framkvæmdarvaldið fengið þau fyrirmæli að það sé rétt að bæði þessi samtök fái réttlátan hlut í þeim tekjum sem þarna um ræðir.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara að gera frekari grein fyrir áliti Sjómannasambands Íslands og öllum þeim bréfum sem liggja fyrir í þessu máli. Það er miður að aðilar skuli ekki hafa komist að niðurstöðu í málinu. En þeir geta enn gert það. Vonandi verður þessi afgreiðsla til þess að viðkomandi aðilar, viðkomandi félög setjist nú niður og semji um þessi mál þannig að báðir hafi sóma að. Ég vænti þess að svo geti orðið og hæstv. sjútvrh. geti þá staðfest það samkomulag þegar þar að kemur.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst efnislegi þáttur málsins tiltölulega skýr. Hér er um það að ræða að menn þurfa að semja um ákveðna lausn vegna breyttra aðstæðna vegna þess, eins og kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns, að samtök hafa klofnað og þá þarf að gera upp hluti með öðrum hætti en áður var gert. Það kom einnig fram í máli hv. síðasta ræðumanns að það væri ekki hlutverk Alþingis að skera endanlega hér úr. Það kom einnig fram í máli hans að það væri æskilegast að aðilar semdu um málið. Og ég tel að við séum sammála um að efnislega niðurstöðu þarf að fá en frá mínum bæjardyrum séð er það ekki hlutverk Alþingis að blanda sér í þessa deilu. Það á að leggja að aðilum að semja um þetta mál. Það er ljóst að Alþingi mun ekki leysa málið. Alþingi á þess vegna ekki að blanda sér í það með lagasetningu eða öðrum hætti. Þess vegna tel ég, eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Suðurl., nauðsynlegt að þetta mál sé skoðað rækilega í hv. sjútvn.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að það þyki eðlilegt að Alþingi blandi sér ekki í mál sem þetta. En það vill svo til að það gilda ákveðin lög um málið. Þar er gert ráð fyrir því að það séu eingöngu önnur samtökin sem fái þetta fjármagn. Er eðlilegt að svo sé? Hin samtökin hafa engan rétt nema nafn þeirra sé nefnt í lögum og þar af leiðandi er ekki hægt að leysa málið nema breyta lögum. Það er sjónarmið út af fyrir sig að fyrst þurfi aðilar að koma sér saman og síðan eigi Alþingi að setja löggjöfina. En finnst hv. þm. það réttlátt að þannig gætu mál t.d. æxlast í nokkur ár að ákveðið félag fengi tekjur af aðilum sem eru ekki innan vébanda þess? Fyndist hv. þm. t.d. eðlilegt að Alþb. fengi tekjur vegna hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar? (**ÓRG:** Já, það er góð hugmynd.) Ég býst við að það þætti ósanngjarnt (**ÓRG:** Nei.) af hálfu aðila. (**ÖS:** Alltaf reiðubúinn til að leggja þeim lið sem eru í neyð.) Ekki nema menn vilji vera góðir við minni máttar. En málið fjallar ekki um það. Það fjallar um að verði skapaður jarðvegur fyrir ákveðið réttlæti og eftir langar umræður og umfjöllun um málið sjá nefndarmenn í sjútvn. enga aðra leið. Og ég vænti þess að þeir hafi eitthvert traust hjá hv. þm.

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég dreg ekki í efa að Alþingi þurfi að koma að þessu máli á einhverju stigi ef það þarf að breyta lögum, það er alveg rétt. En ég tel að æskilegasta leiðin í því máli væri sú sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi að fyrst kæmu aðilar sér saman um ákveðna lausn og síðan mundi Alþingi staðfesta það með lagasetningu. En það þarf held ég ekki að bíða lengi eftir því, hv. þm., ég held að aðilum sé það alveg ljóst að þetta ástand, sem skapast hefur, getur ekki varað lengur og þeir eigi að leysa það í samningum sín á milli og síðan verði það þá hlutverk Alþingis að staðfesta þá samninga.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé óumdeilt að vélstjórar sem starfa á sjó og eru í Vélstjórafélagi Íslands eigi fullan rétt til þess máls sem hér er fjallað um. Það er vandamálið sem um er að ræða. Ég vil taka undir orð hv. 1. þm. Austurl. um að nauðsynlegt sé að knýja til samkomulags í málinu. En þá vil ég draga fram þau atriði sem um hefur verið rætt að ætla sér að setja lög á Alþingi til að knýja fram samkomulag því að hv. þm. taldi líklegt að viðkomandi aðilar mundu og ættu að ná samkomulagi áður en til þess kæmi að hæstv. sjútvrh. setti reglugerð. Auðvitað á ekki lagasetning á Alþingi að leiða til einhverra slíkra þátta sem í sjálfu sér eru óþarfir. Það er auðvitað eðlilegast í ljósi þess að knýja á það fyrst áður en kemur til lagasetningar að þeir viðkomandi aðilar ræði saman og nái saman. Það eru öll rök til þess að það sé hægt með því að þeir skoði sín mál hvor í sínu lagi og geri sér sjálfir grein fyrir því hverjir séu eðlilegir rétthafar til þessarar skiptingar. Í því tilviki þarf Vélstjórafélag Íslands að gera greinarmun á vélstjórum sem annars vegar vinna á sjó og hins vegar á landi, hvort þeir eru félagar í Vélstjórafélaginu, hvort þeir eru félagar í Farmanna- og fiskimannasambandinu eða hvort þeir eru í Alþýðusambandi Íslands eða Sjómannasambandinu. Í slíkri úttekt þarf jafnframt að tryggja að menn séu ekki margtaldir í félögum til að njóta þessa réttar. Þannig að það eru full rök fyrir því að skoða málið ofan í kjölinn.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að það er niðurstaða sjútvn. eða flestra nefndarmanna í sjútvn. sem eru flm. að þessu frv. að það beri að viðurkenna rétt

Vélstjórafélags Íslands í þessu máli með sama hætti og annarra félaga. Með þessu frv. er verið að viðurkenna þennan rétt, svo einfalt er það. Ef hv. þm. eru andvígir því að viðurkenna þennan rétt þá er það afstaða út af fyrir sig. En við erum þeirrar skoðunar að það beri að viðurkenna þennan rétt með afgerandi hætti og það verði ekki gert nema með breytingu á lögum. Og þess vegna leggjum við það til að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi.

Frsm. sjútvn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Mér er nú ekki mikil gleði í hug eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, varaformanns þingflokks sjálfstæðismanna. Ég hef til þessa haft nokkurt álit á téðum þingmanni fyrir greindarsakir en ég verð að segja að vera kann að ég þurfi að endurskoða það álit eftir að hafa hlustað á þessa ræðu. (**Gripið fram í:** Alveg örugglega.) Má ég biðja forseta að gefa mér frið til að flytja þessa merku ræðu mína og að þeir þingmenn sem sitja hér á fremstu röðum og eru nú að hruni komnir fyrir svefnleysissakir (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) reyni nú e.t.v. að koma sér heim í rúm og sofi þar heldur en að híma hér á bekkjum og hiksta.

Það sem ég vildi sagt hafa, virðulegi forseti, er að það mál sem hér er til umræðu er afskaplega einfalt. Það er afskaplega ljóst að samkvæmt lögum nr. 24/1986 er það svo að tiltekið fjármagn hefur runnið af greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa til Farmanna- og fiskimannasambandsins. Það er alveg ljóst, virðulegur þingmaður Björn Bjarnason, að hluti þessa fjármagns stafar af því að vélstjórar áttu aðild að sambandinu. Nú hefur það gerst að vélstjórar eiga það ekki lengur, þ.e. það hefur verið stofnað Vélstjórafélag Íslands og þá liggur það auðvitað í augum uppi og þarf ekki að telja það ofan í lögfróðan þingmann að þá verður að breyta þeim lögum sem áður giltu. Því er lagt til með þessu frv. að það sé ekki lengur einungis talað um Farmanna- og fiskimannasamband Íslands heldur og Vélstjórafélag Íslands. Frv. er afskaplega saklaust að því leyti að það gerir jafnframt ráð fyrir því, eins og ég veit að hv. þm. Björn Bjarnason hefur lesið, því ég dreg það ekki í efa að hann hafi lesið frv., að sjútvrh. setji reglur um skiptingu þessa fjár og þær reglur eiga að fara eftir afskaplega einföldum leiðum, þ.e. það á að taka mið af fjölda félagsmanna. Ég vænti þess að sú réttlætiskennd, sem ég veit að hv. þm. Birni Bjarnasyni er í blóð borin, bannar ekki að þessi leið sé farin. Þetta er sanngjarnasta leiðin.

Hvað varðar síðan málflutning hv. þm. Árna Johnsens þá er fróðlegt að heyra hann segja að það séu í sjálfu sér ekki deilur um að breyta greiðslunum. Hvers vegna er hann þá, eins og mér virðist hann vera að gera, að reyna að tefja þetta mál? Þ.e. hann telur að það þurfi að skoða þetta mál betur. En ég verð að segja það og staðfesta það sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur sagt: Þetta mál er þaulrætt, þaulskoðað og grandskoðað. Það mundi jafnvel ekki hafa fengið betri afgreiðslu þótt jafnþingreyndur maður og til að mynda formaður Alþb. hefði verið í nefndinni. (**ÓRG:** Er þá langt til jafnað.) Er þá langt til jafnað.

Ég verð því að segja að mér finnst óþarfi að flytja brtt. um þetta mál, sér í lagi þegar fyrir liggur að Sjómannasamband Íslands hefur mótmælt því að með þessum hætti sé reynt að bregða fæti fyrir þetta mál. Það er alveg ljóst að það þarf að breyta lögunum og það er einungis það sem verið er að gera ráð fyrir og málið hefur verið grandkannað í sjútvn. þingsins þannig að ég vil mælast til þess að hv. þm., sem hafa fjallað um þetta mál af nokkurri vankunnáttu, kynni sér þetta mál eilítið betur áður en þeir taka til máls með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins byrja á því að leiðrétta síðasta ræðumann. Sjómannasambandið sendi bréf, ekki til þess að mótmæla því að verið væri að sporna við þessari skiptingu, heldur þeirri brtt. sem hefur komið fram og gerir ráð fyrir að farið verði út í hlutaskipti. Því er Sjómannasambandið að mótmæla.

Hitt er annað mál að það kemur mér spánskt fyrir sjónir og kannski er þó í bland ánægja yfir því að þingheimur vill nú fara að blanda sér í hin einstöku og sérstöku mál vítt og breitt í þjóðfélaginu.

Í annan stað er verið að kasta út úr hinu háa Alþingi ýmsum ákvæðum og lögum sem eðlilegt væri að Alþingi hefði tök á og í hinn stað er verið að taka inn mál, eins og t.d. mál varðandi greiðslumiðlunarsjóðinn. Hvað ætla menn að gera þegar 46 stéttarfélög innan Sjómannasambandsins senda hingað erindi? Ætlar þingheimur að afgreiða það með sama hætti, bæta við sjómannafélögum um allt land og skipta niður þessum peningum? Ætlar þingheimur og hv. alþingismenn að taka það að sér að gerast einhverjir skömmtunarstjórar í þessu máli? Ef þessi ágætu stéttarfélög geta ekki komið sér saman um þetta þá er ekki nema um tvennt að gera og réttara sagt er aðeins um eitt að gera og það er að afnema þetta hreint og beint.

Ég vara alvarlega við því og mér finnst, eins og ég sagði áðan, það vera orðið dálítið merkilegt þegar Alþingi ætlar að fara út í slíka starfsemi sem þessa, að skammta 50–60 sjómannafélögum út um allt land og eyrnamerkja þessar upphæðir í staðinn fyrir að láta samtök sjómanna sjá um þetta og ætlast til þess af þeim að þeir skipti þessu sín á milli, eins og þeir hafa gert hingað til.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil lítillega blanda mér inn í þessa umræðu sem orðin dálítið merkileg. Efnislega gengur málið út á það að Farmanna- og fiskimannasambandið er að ganga í sundur og eru vélstjórar þar að fara út og stofna sín eigin samtök. Farmanna- og fiskimannasambandið hefur fengið hlut úr greiðslumiðlunarsjóði sem ég hygg að sé ákvarðaður samkvæmt lögum og annar hlutur úr sama sjóði renni til Sjómannasambands Íslands. Þannig að ef ég kann þessa hluti rétt þá er það ákvarðað nú þegar í lögum hvernig skiptingin er.

Hér hefur verið sagt að menn ættu að semja um

þetta sín í milli. Ég er með bréf dags. 18. febr. frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands til Vélstjórafélagsins þar sem einmitt er jallað um samningaumleitanir á milli þessara aðila og vil ég lesa úr þessu bréfi eina setningu sem gefur augljóslega upp stöðuna í þessum samningaviðræðum og hún er þannig, með leyfi forseta:

„Eins og ég hef margoft sagt við þig í viðræðum sem við höfum átt saman um fé af greiðslumiðlunarreikningi fellst ég fyrir hönd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands ekki á uppskipti á þeim lögbundna rétti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands né öðrum eignum sambandsins."

Það er alveg skýrt að Farmanna- og fiskimannasambandið fellst ekki á neinar breytingar eða að láta neitt af hendi til Vélstjórafélagsins.

Mér sýnist málið vera í þannig stöðu að löggjafinn verði að taka á því og eins eru reyndar fleiri þeirrar skoðunar því fram hefur komið frv. sem sjútvn. hefur afgreitt frá sér og ef ég man rétt þá leggur hún til að það verði samþykkt, þannig að mér sýnist einboðið að menn fylki sér að baki sjútvn. í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hallast mjög að því að einskis misskilnings gæti hjá hv. 3. þm. Suðurl. eða hv. 3. þm. Reykv. Ég held að báðir viti nákvæmlega hvað um er að tefla og báðir tefla þetta mál til sigurs fyrir Farmanna- og fiskimannasambandið, að það fái að halda félögunum nauðugum innan sinna vébanda, eins og Sovétríkin höfðu náttúrlega sem grundvallaratriði í sinni stefnu allan þann tíma sem þau störfuðu og er náttúrlega kennslubókardæmi um hvernig menn vilja halda öðrum nauðugum hjá sér.

Hitt er athyglisvert að þeir sem hafa talað fyrir því að þessu verði breytt eru í reynd að fela hæstv. sjútvrh. að vera æðsta dómara í málinu. Og vantraustið á þá niðurstöðu kemur frá þingmönnum Sjálfstfl. Þeir treysta ekki sjútvrh. til að leysa þessi mál af réttlæti. Þetta er alveg furðuleg niðurstaða og það er enn þá furðulegra að 3. þm. Suðurl. skuli á næturfundi þegar klukkuna vantar ellefu mínútur í eitt fara að bera upp óbeint vantraust á réttlætiskennd sjútvrh.

Ég held þetta hljóti að vera nokkurs konar svartfuglavilla sem kom stundum fyrir þegar menn sáu ekki til sjávar og það verður að líta á þetta í því ljósi.

En ég vænti þess að hv. 3. þm. Suðurl. haldi ekki lengra áfram í þessu máli heldur gefi sér tíma í nótt til að hugsa sinn gang og mæti svo kátur og hress á morgun og lýsi auðvitað fullum stuðningi við hæstv. sjútvrh.

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ætti ekki að koma hv. þingheimi á óvart þó að hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, kippi sér ekki upp við muninn á degi eða nóttu og það er svo sem ekkert nýtt að hann hafi munn sinn alspenntan hér í þingsal og er það vel. En það er ástæðulaust að snúa út úr þessu máli á þann veg að menn séu að tefla til sigurs fyrir einhvern ákveðinn aðila. Menn eru einfaldlega að reyna að bjóða upp á eðlilega málsmeðferð. Ef menn ætla sér að Alþingi setji lög sem ekki þarf að framfylgja vegna þess að ætlast sé til þess að áður en þau komi til framkvæmda eða setningar reglugerðar samkvæmt þeim þá nái menn samkomulagi, til hvers er þá leikurinn gerður? Eða er það hlutverk Alþingis að hugsa ekki lengra í lagasetningu en svo að það eigi að tjalda til einnar nætur og bjarga þannig einhverju fyrir horn?

Í þessu tilviki á auðvitað að ætlast til þess að viðkomandi aðilar nái samkomulagi án þess að Alþingi sé að grípa inn í málið á þessu stigi. (**ÖS:** Af hverju ert þú þá með brtt.?) Það er enginn sem efast um að þarna sé um að ræða rétt manna, en þeir eiga að ná samkomulagi. Það er að mínu mati ekki tímabært að grípa inn í á þennan hátt. Það sem hér hefur verið nefnt og varðar hlutaskipti í brtt., sem við höfum lagt fram, er einfaldlega það sem yrði við samþykkt laganna, sjútvrh. yrði í rauninni að setja ný lög, nýja reglugerð til þess að leysa málið eða setja málið í framkvæmd. Þau atriði sem eru nefnd í brtt. eru einvörðungu til skoðunar en ekki til framkvæmda að því leyti.

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi það hvarflað að mér að það væri svartfuglavilla þá er ég nokkuð viss í minni sök núna að svo er því að hv. 3. þm. Suðurl. ræddi um það í bland að ráðherra setti lög eða reglugerðir og var ekki á hreinu hvort ráðið hann teldi nauðsynlegra í stöðu málsins. Auðvitað liggur ljóst fyrir að Alþingi setti þessi lög og það breytir enginn þessum lögum nema Alþingi. Þess vegna getur enginn annar blandað sér í málið. Að breyta lögum, sem Alþingi hefur sett, er ekki að blanda sér í neitt mál, það er í reynd aðeins Alþingi eitt sem hefur aðstöðu til að veita það rými sem hæstv. sjútvrh. er nauðsyn svo hann geti „sjatlað" þetta mál. Þannig standa leikar. Það er ekki verið að kveða upp neinn salómonsdóm, það er verið að fela sjútvrh. fullt umboð í málinu. Lengra getur Alþingi ekki gengið. Það á tvo kosti. Annars vegar að nema lögin úr gildi algjörlega, eins og hér hefur komið fram, eða fela hæstv. sjútvrh. fullt umboð í málinu. Og vegna þess að þingheimur ber það traust til hæstv. sjútvrh. að hann muni af réttsýni taka á þessu máli þá velur þingið þann kostinn, vænti ég, að fela honum umboð til þess að vinna að lausn deilunnar.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér eru undarlegir hlutir á ferð. Það gerist upp úr hálfeitt að þingmenn Sjálfstfl. fara að beita sér fyrir því að þetta frv. verði ekki afgreitt. Hver er saga þessa frv.? Það er rætt efnislega í sjútvn. þar sem Sjálfstfl. fer með forustu, þ.e. hv. þm. Matthías Bjarnason, síðan er frv. flutt og 1. flm. er þingmaður Sjálfstfl., Árni R. Árnason. Í frv. er lagt til að fela sjútvrh. Sjálfstfl. að setja reglur um málið. Við hinir stóðum í þeirri góðu trú að þetta væri einfalt samkomulagsmál. En þá rísa upp þingmennirnir Árni Johnsen og Björn Bjarnason og síðan bætir um betur hv. þm. Guð-

mundur Hallvarðsson og leggjast gegn þessu frv. Hvað er að gerast innan Sjálfstfl. í þinginu? Samkvæmt öllum eðlilegum reglum hefði þingflokkur Sjálfstfl. átt að vera sá flokkur sem styddi þetta frv. því það á sér uppruna í nefnd þar sem hann fer með forustu og 1. flm. frv. er þingmaður flokksins. Var þessu máli ekki veitt blessun í þingflokki Sjálfstfl. áður en það var lagt fram? Það er nú venja hér í þinginu. (**ÖS:** Þetta er sögulegt mál.) Það er alla vega mjög undarlegt, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og maður veltir því fyrir sér hvað liggi á bak við. Menn hafa verið að leiða líkum að því að það kunni að vera einhver valdabarátta innan Sjálfstfl. og vantraust í garð hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Árni Johnsen geti ekki unað sjútvrh. þess að setja reglur um málið, hann þurfi sérstaklega að beita sér fyrir því að sjútvrh. Þorsteinn Pálsson fái ekki þessa heimild. Það er afar óvenjulegt að menn beiti sér þannig gagnvart samflokksmanni sínum úr manns eigin kjördæmi sem er þar að auki ráðherra fyrir flokkinn.

Síðan kemur upp Björn Bjarnason, varaformaður þingflokks Sjálfstfl. og einn af forsetum þessa þings, og fer að spóla málinu enn frekar. (**Gripið fram í:** Er ekki best að fresta þessu bara?) Nei, ég tel ekki rétt að fresta þessu, ég tel rétt að ljúka þessu og óska eftir því að Sjálfstfl. leysi sín innanflokksvandamál í sínu þingflokksherbergi, en komi ekki með þau upp í þingsalinn og trufli okkur hina. Umræða um iðnaðarmál átti að hefjast fyrir rúmum hálftíma en hún hefur ekki getað hafist vegna þess að þingmenn Sjálfstfl. hafa verið að tefja mál með innanflokksdeilum sínum hér í þingsalnum. Ég vil mælast til þess við þingmenn Sjálfstfl. að þeir láti af þessari sérkennilegu baráttu, hvort sem hún er valdabarátta innan Sjálfstfl. eða eitthvað annað og leyfi okkur hinum að halda hér áfram með að hleypa málum í gegnum þingið.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er algjörlega ósammála málflutningi formanns flokks míns, hv. 8. þm. Reykn. Mér finnst það alveg sérdeilis ánægjulegt að sjá loksins eftir margra mánaða setu hér hv. þm. Sjálfstfl. taka til máls og ég vona að þeir sem geri sem allra mest af því á þessari nóttu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vona að mér leyfist sem einum af flm. að segja örfá orð kannski til að skýra málið, eða vonandi. Ég held að hv. þm., sem hér hafa mælt, hv. 3. þm. Suðurl. og 3. þm. Reykv., hafi ekki alveg áttað sig á því hvernig lagaleg staða þessa máls er. Hún er sú að lögin tryggja öðrum aðilanum allan rétt og það er ekki merkileg samningsstaða sem hinn aðilinn hefur við þær aðstæður. Það hefur þegar komið fram og verið vitnað í bréf í því sambandi að Farmanna- og fiskimannasambandið hefur ekki ljáð máls á samningum við Vélstjórafélagið um breytta tekjuskiptingu í kjölfar þess að félagafrelsið hefur verið nýtt til þess að stofna nýtt félag. Ekki er um það að ræða að Alþingi blandi sér með einhverjum óeðlilegum hætti í þessa deilu heldur að Alþingi breyti lögum til að skapa lagalegan grunn, lagalegar forsendur fyrir samkomulagi félaganna. Hann er ekki fyrir hendi meðan það félagið, sem hefur allan lagalegan réttinn sín megin, neitar breytingum. Þá er engin samningsstaða fyrir hendi af hálfu hins aðilans.

Það væri fróðlegt við síðara tækifæri að velta fyrir sér þeim viðhorfum sem endurspeglast í málflutningi tveggja hv. þm. Sjálfstfl., eða jafnvel þriggja, til félagafrelsisins. Eru þessir hv. þm. virkilega að draga í efa rétt vélstjóra til að stofna sín eigin félagasamtök og þá með sanngjörnum hætti að afla þeim tekna miðað við þær leikreglur sem í gildi eru? Ég vona að svo sé ekki og ef menn eru sammála um að vélstjórar hafi rétt til að stofna sín eigin félagasamtök og eðlilegt sé að þeir fái þá sinn hlut teknanna sem aflað er eða renna til þessarar starfsemi þá er það auðvitað hlutverk Alþingis að tryggja að félagafrelsið sé fyrir hendi í þessu sambandi og að menn geti samið um eðlilega skiptingu tekna milli félaganna. Það er það sem Alþingi með þessum hætti er að tryggja að breyta lögum og þess vegna eiga menn auðvitað að samþykkja þetta frv. ef menn eru sjálfum sér samkvæmir í þeim efnum.

Sjútvrh. er að vísu ætlað mikið hlutverk í þessu sambandi eins og hér hefur fram komið og þarf ég ekki að fara yfir það. Ég tel þess vegna langeðlilegast að samþykkja þetta frv. og hætta frekari rökræðum um það. Sú leið er að vísu alveg möguleg að gefa félögunum tiltekinn frest til að ná samningum og flytja frv. ella ef þau ekki ná þeim og skipa með lögum þessu máli, ellegar staðfesta með lögum samkomulag sem félögin hafa náð. En samningsstaðan eins og hún er liggur þannig að hinn lagalegi réttur er öðrum megin í málinu og það eru auðvitað ekki góðar forsendur til að ná sanngjörnum samningum. Mig rekur minni til að hliðstæð deila hafi verið uppi hér á Alþingi fyrir nokkrum árum síðan þegar til umræðu var lagasetning til handa Öryrkjabandalagi Íslands að fá lagaheimildir til að starfrækja bókstafslottó sem þeir sóttu þá eftir. Íþróttahreyfingin hafði einkarétt á tölulottói og vildi ekki gefa hana eftir og þess vegna var frv. í meðförum þingsins til að tryggja Öryrkjabandalaginu sambærilega stöðu. Þá tókst, að vísu með þrýstingi af hálfu Alþingis, að fá þessi félagasamtök til að setjast niður að samningsborðinu og ná farsælli niðurstöðu sem við öll þekkjum og hefur skilað ágætum árangri.

Ég vil því vera hreinskilinn hvað það snertir að ég tel út af fyrir sig að báðar leiðirnar geti skilað árangri. Annars vegar sú að breyta lögunum og skapa þessar lagalegu forsendur. Hins vegar að þrýsta á þessi samtök að ná niðurstöðu og lögfesta hana síðan. En með hliðsjón af þeim málflutningi talsmanna Sjálfstfl., sem hér hefur komið fram, hv. 3. þm. Suðurl. og 3. þm. Reykv., tel ég miklu vænlegri leið að lögfesta forsendurnar fyrir samkomulaginu fyrst og láta það síðan takast en að treysta á að það gerist án slíkra aðgerða. Ég verð að segja eins og er að ég tel að hv. þm. skuldi okkur meiri rökstuðning fyrir sínum málflutningi en enn hefur komið fram því hann er satt að segja harla

furðulegur miðað við hinar augljósu lagalegu forsendur í málinu.

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess misskilnings sem ég heyri að hefur komið upp verð ég að ítreka það að ég greiddi ekki atkvæði í nefndinni þegar þetta mál var afgreitt. Í annan stað vil ég endurtaka það sem ég sagði í örstuttu máli að ég tel að hér sé Alþingi að fara inn á þá braut að gerast nokkurs konar skömmtunaraðili varðandi þessa greiðslu. Ég er hlynntur félagafrelsi og ég er líka hlynntur því að sjútvrh. fái þetta mál og leysi það. Það var eðlilegt að hann héldi því máli. En vandamálið er, eins og ég sagði áðan, að verði þetta lögfest eins og hér er lagt upp með þýðir það einfaldlega að Alþingi má eiga von á því á haustdögum að hingað komi nokkrir tugir sjómannafélaga og óski eftir sams konar meðferð. Þá skulu menn auðvitað afgreiða það líka. (**Gripið fram í:** Er það ekki frelsið?)

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði um tvær hugmyndir í sínu máli, annars vegar lagasetningu, hins vegar það að veita viðkomandi aðilum meiri tíma til að ná samkomulagi. Það er kannski það sjónarmið sem ég lagði áherslu á í mínu máli, að það væri ekki tímabært að setja lög í málinu heldur ætlast til að menn næðu samkomulagi án þess að til hennar kæmi. Að því leyti vil ég taka undir orð hv. þingmanns.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þarf ekki merkileg svör. Málflutningur beggja andsvarenda dæmir sig sjálfur. Það sem hér er um að ræða er það að Alþingi leggi grunn að lausn þessarar deilu með því að afnema lagaleg forréttindi annars aðilans þannig að þeir geti á jafnréttisgrundvelli mætt til samningaviðræðna. En úr því að þessi sjónarmið eru hér af hálfu ákveðinna þingmanna Sjálfstfl. treysti ég ekki þeim aðstæðum í málinu. Ég legg þess vegna eindregið til að við ljúkum þessum umræðum og samþykkjum frv. Ég er í litlum vafa um að það verður gert með öllum greiddum atkvæðum, kannski gegn tveimur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróun íslensks iðnaðar, frh. einnar umr.

Skýrsla iðnrh., 24. mál. — Þskj. 779 (sbr. þskj. 24).

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem kemur hér til umræðu er 24. mál þingsins. Hæstv. iðnrh. svaraði skýrslubeiðninni að ég held um mánaðamótin mars/apríl. Hann hafði því málið alllengi til meðferðar. Síðan kemur það loks til umræðu væntanlega á síðasta sólarhring þessa löggjafarþings.

Ég tel að ástæða sé til að íhuga að hve miklu leyti er í raun hægt að standa að málum eins og við höfum gert og þingsköp gera ráð fyrir, að það sé beðið um skýrslu og óskað eftir umræðum um hana vegna þess að niðurstaðan er sú að það reynist oft mjög erfitt að tryggja samhengi hlutanna með eðlilegum hætti.

Ég hafði hugsað mér, með hliðsjón af því hvernig stendur á í allri meðferð mála, að tala ekki langt mál varðandi þessa skýrslu vegna þess líka að hæstv. iðnrh., sem ég þyrfti helst að tala við, er farinn í burtu og því ekki kostur á að eiga við hann orðastað að sinni. Ég tel hins vegar að það sé óhjákvæmilegt að taka það fram í tilefni af skýrslunni að mér sýnist rétt að undirbúa það, og ég mun alla vega gera það af minni hálfu, að þessi málsmeðferð og stefnumótun í iðnaði verði tekin til rækilegrar meðferðar á næsta þingi, ekki síst með hliðsjón af því að hv. iðnn. og stjórnarmeirihluti hefur ekki fengist til þess að afgreiða tillögu þingmanna Framsfl. um stefnumótun í iðnaði og endurskoðun á stefnumótun í þeim málaflokki sem samþykkt var vorið 1983.

Það sem ég vil nefna í upphafi varðandi þessa skýrslu, áður en ég kem að henni sjálfri í einstökum atriðum og kennitölum hennar, eru fjórir almennir þættir sem mér finnst sérstaklega umhugsunarverðir. Það er í fyrsta lagi sú staðreynd hvað styrkur sjávarútvegsins er bersýnilega mikill í íslenskri þjóðfélagsþróun á árunum frá 1970 til 1990. Það er augljóst að styrkur sjávarútvegsins er í raun langt umfram það sem menn gerðu ráð fyrir 1970–1971 sem eru upphafsár þess samanburðar sem menn eru að tala um.

Í öðru lagi tel ég að það sé mjög athyglisvert að horfa á það hvernig þessi skýrsla endurspeglar þróunina í íslenskum stjórnmálum á 20 ára tímabili. Þegar ég les um framtíðarstefnu núv. ríkisstjórnar velti ég því fyrir mér hver stefnan sé. Það er EES. Það er engin stefna í iðnaðarmálum. Ríkisstjórnin hefur þá stefnu, eins og alþjóð veit, að Ísland verði aðili að Evrópska efnahagssvæðinu en ríkisstjórnin hefur enga stefnu í iðnaðarmálum. Hún vísar allri framtíðarþróuninni á EES. Þegar ég les þennan texta og hlusta á ræðuna sem hæstv. iðnrh. flutti á laugardaginn koma upp í huga mér minningar frá árunum 1970 og 1971 þegar ég sat hér á þingpöllum ásamt hæstv. núv. umhvrh. og verið var að taka Ísland inn í EFTA. Hver voru rökin fyrir EFTA-aðildinni? Þau voru að það biði eftir íslenskum iðnaði þar markaður 100 milljóna manna sem mundi á skömmum tíma leysa öll vandamál íslensks iðnaðar, stórauka framleiðslugetu hans og margfalda fjölda þess fólks sem starfaði við iðnað. Það er einnig athyglisvert að hugsa um þetta með hliðsjón af því, virðulegi forseti, að einmitt um þetta leyti stóð yfir umræðan um útfærslu landhelginnar. Viðreisnarstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. var andvíg því að slá föstu að landhelgin yrði færð út í 50 sjómílur, hún var algerlega andvíg því. Hún taldi að í staðinn fyrir þróun í sjávarútvegi ætti að koma þróun í iðnaði sem skyldi byggjast á aðildinni að EFTA. Allt þetta gengur aftur í þessari skýrslu og það er sem maður heyri fyrir skilningarvitunum á ný, þegar hlustað er á hæstv. iðnrh. og

viðskrh., ræðurnar sem þáv. hæstv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, flutti um EFTA. Hann sagði ekki: Iðnaðarstefnu verðum við að hafa. Hann sagði: Við ætlum inn í EFTA. Núv. iðnrh. segir: Við þurfum enga iðnaðarstefnu. Við ætlum inn í EES. Það er eins konar allsherjartöfraorð og svar við öllu. Í þessari ágætu skýrslu, sem ég hef fulla ástæðu til að þakka fyrir vegna þess að það er talsvert af talnaefni í henni sem er mjög gagnlegt, gengur þetta aftur.

Í þriðja lagi verð ég að gagnrýna skýrsluna fyrir það að hún reynir að fela það sem við köllum hér og biðjum um í skýrslunni þróun íslensks iðnaðar án stóriðju. Við biðjum um að íslenskur iðnaður án stóriðju sé tekinn sérstaklega út úr. Þegar maður les talnaefnið og textana er þessu talsvert mikið grautað saman og það ber að gagnrýna af því að beðið var um íslenskan iðnað án stóriðju.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, þá ætla ég að nefna það í einni setningu að það jaðrar við að vera spaugilegt í þessu skjali, sem er þó ekki að jafnaði fyndið verð ég að segja, þegar menn reyna á einum stað í þessu skjali að binda vonir við framtíðarþróun iðnaðar á Íslandi við ál og gagnrýna um leið að ekki skuli hafa verið komið hér á orkufrekri stóriðju og tala um bagalegar tafir frá 1978 í þeim efnum. Skilst fyrr en skellur í tönnum. Það er verið að halda því hér fram að í iðnaðarráðherratíð Hjörleifs Guttormssonar á árunum 1978–1973 hafi þessi þróun verið stöðvuð. Síðan hann yfirgaf iðnrn. er eins og kunnugt er níu ár og það hefur ekki borið mikið á kraftaverkunum síðan nema þá helst í pappír. Það eru mikil kraftaverk.

Ef ég held síðan aðeins áfram með þessa skýrslu, herra forseti, ætla ég lauslega að víkja fyrst að hinum almennu atriðum og því sem ég gat um áðan sem stendur eins og tindur upp úr skýrslunni, það er það hvað sjávarútvegurinn er sterkur. Það kemur fram að vöruútflutningur á árunum frá 1973 hefur tvöfaldast að magni. En það kemur fram að það er sjávarútvegurinn sem er alger burðarás í þessari þróun. Á bls. 7 í skýrslunni er mér liggur við að segja samfelldur áfellisdómur yfir þeirri stefnu sem viðreisnarstjórnin hafði í iðnaðarmálum, að í raun þyrfti ekkert að gera í iðnaði annað en að vísa á EFTA og að EFTA-þróunin væri nægileg og ekki þyrfti að færa landhelgina út. Það var stefnan. Þeir voru á móti útfærslunni í 50 mílur. Þeir voru það. Og þeir segja hér á bls. 7 að „spár um aukinn útflutning iðnaðarvara til Vestur-Evrópu hafi gengið eftir þótt aukningin hafi ekki komið strax fram". Þessi aukning er mjög óveruleg og hún er mjög lítil í íslenskum iðnaði fyrir utan stóriðju. Það sem skiptir máli er auðvitað það að útfærsla landhelginnar stórjók sjávarafla Íslendinga. Það urðu framfarir í flutningatækni til að auðveldara yrði að flytja ferskan fisk á markað í Evrópu. Fiskveiðar aðildarríkja EB drógust saman, skortur á fiski þar kom fram í hærra verði og síðan hefur átt sér stað stöðug gengislækkun dollars gagnvart helstu Evrópumyntum sem hefur þýtt það að útflutningur til Evrópu hefur orðið ábatasamari en útflutningur til Bandaríkjanna. Með öðrum orðum eru þessi orð sem falla í skýrslunni ótrúlega sterkur áfellisdómur yfir stefnu eða stefnuleysi viðreisnarstjórnarinnar í iðnaðarmálum, áfellisdómur yfir trúleysi hennar í sjávarútvegi og oftrú hennar á að EFTA mundi leysa alla skapaða hluti.

Í skýrslunni koma síðan fram fjölmargar afar fróðlegar kennitölur um þróun iðnaðarins. Það er í fyrsta lagi varðandi framleiðslu í iðnaði en hún hefur aukist í öllum iðnaði um 51% frá 1973–1989. Á sama tíma hefur landsframleiðslan öll aukist um 79%. Iðnaður 51%, landsframleiðslan 79%. Það er gífurlegur samdráttur í vefjar- og fataiðnaði, eins og er reyndar í mörgum öðrum löndum, en myndarleg aukning er í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði.

Í öðru lagi þegar hlutur iðnaðarins í landsframleiðslu er skoðaður kemur einnig í ljós að það hefur í rauninni mjög lítil hreyfing orðið nema innan iðnaðarins. Skógerð er svo að segja horfin, vefjar- og fataiðnaður hefur minnkað, trjávöruiðnaður hefur hrapað, málmiðnaður líka en matvælaiðnaðurinn hefur aukist stórkostlega og er nú u.þ.b. ¼ af iðnaðinum í landinu.

Í þriðja lagi eru tölurnar um vinnuafl mjög athyglisverðar þar sem það kemur fram að 1970 voru 15% ársverka á Íslandi í iðnaði, núna eru þau 12%. Hlutfall iðnaðar þarna hefur minnkað.

Að því er varðar framleiðni í iðnaði er það ljóst að á sumum sviðum hefur orðið stórkostlega mikil framleiðniaukning í iðnaði, t.d. um 70% í trjávöruiðnaði eða kannski öllu heldur þeim hluta trjávöruiðnaðarins sem eftir er.

Í fimmta lagi er það athyglisvert að því var spáð á árinu 1970, í upphafi þessa samanburðartíma, að iðnaðurinn mundi geta hækkað stórkostlega laun þess fólks sem vinnur í iðnaði af því að hann mundi hafa svo mikla útflutnings- og markaðsmöguleika. Niðurstaðan er sú að hlutfall launa í iðnaði á Íslandi hefur staðið í stað. Það var 26% en er núna 24% í lok samanburðartímabilsins.

Það er í sjötta lagi mjög athyglisvert að skoða þær upplýsingar sem fram koma í þessum plöggum um samkeppnisstöðu iðnaðarins og velta því fyrir sér, sem við berum öll ábyrgð á sem höfum átt aðild að landsstjórninni, að iðnaðurinn hefur að mörgu leyti goldið nábýlisins við sjávarútveginn. Gengið hefur verið ákveðið út frá forsendum sjávarútvegsins mjög mikið og það hefur oft og tíðum skapað iðnaðinum mikla erfiðleika eins og sést m.a. í þeim töflum sem hér birtast og ég kem nánar að á eftir.

Í sjöunda lagi er stórfróðlegt að velta fyrir sér markaðshlutdeild íslensks iðnaðar. Hún hefur alls staðar minnkað. Hún hefur alls staðar minnkað í öllum greinum. Það er alveg sama hvaða greinar maður tekur, markaðshlutdeild iðnaðarins hefur minnkað hvort sem það er kaffi, húsgögn, málning eða hvað sem er. Það eina sem hefur haldist nokkurn veginn í markaðshlutdeildinni er sælgætisiðnaðurinn.

Í áttunda lagi er það svo útflutningurinn. Hvað hefur orðið þar? Hefur orðið aukning í útflutningi íslenskra iðnaðarvara sem hlutfalls af útflutningi þjóðarinnar í heild? Svarið er nei. Hlutfallið hefur lækkað.

Í níunda lagi var spurt hvernig afkoma iðnaðarins

hefur verið á þessum tíma en um það var spurt í skýrslubeiðni okkar. Svarið er: Það hefur gengið dálítið dapurlega. Það hefur gengið á eigið fé iðnaðarins á þessum tíma. Í raun og veru má segja að það hafi gengið á eigið fé iðnaðarins svipað og annarra atvinnugreina. Það er umhugsunarvert fyrir okkur hvað gengið hefur á eigið fé fyrirtækjanna á Íslandi, á síðustu tíu árum sérstaklega, sem ég tel ekki nokkurn vafa á að stafi af því að fjármagnið hefur tekið til sín miklu stærri hluta af verðmætamynduninni í þjóðfélaginu en áður var.

Í tíunda lagi eru fróðlegar upplýsingar hér um kjör iðnverkafólks þar sem það kemur fram, og er auðvitað fyrst og fremst vegna framleiðniaukningarinnar sem er talsvert mikil sums staðar, að kaupmáttur tímakaups á athugunartímabilinu, sem þarna er verið að ræða um, hefur aukist nokkuð meira í iðnaði en t.d. hjá öðru landverkafólki.

Eins og ég gat um áðan, virðulegur forseti, eru töflurnar býsna fróðlegar. Án þess að ég fari út í þær í smáatriðum ætla ég fyrst að staldra við töfluna á bls. 25–27 um þróun iðnaðarframleiðslunnar í heild.

Íslenskur iðnaður, íslenskur iðnaður vel að merkja, hefur aukið framleiðslu sína frá 1980–1989 um 11,7%, á 10 ára bili. Matvælaiðnaðurinn hefur á sama tíma aukið framleiðslu sína um 35%, landsframleiðslan hefur aukist um 34%. Landsframleiðslan vex sem sagt þrisvar sinnum meira en framleiðsla íslensks iðnaðar á sama tíma. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, það er stórkostlegt áhyggju- og umhugsunarefni hvernig þetta hefur þróast hér á síðustu tíu árum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að fyrir utan erfið samkeppnisskilyrði þá er það vaxtastefnan sem hefur valdið iðnaðinum erfiðleikum.

Það er einnig fróðlegt í þessu sambandi að skoða töfluna á bls. 31 um ársverk í iðnaði eftir landshlutum, þar sem bersýnilegt er að landsbyggðin með örfáum undantekningum, eins og Sauðárkróki, hefur borið heldur skarðan hlut frá borði. Það er ástæða til að þakka þá töflu en vekja athygli á því að til eru miklu meiri upplýsingar um þetta mál, um það hvernig landið skiptist í iðnaðarþróun og hvernig iðnaðurinn og iðnfyrirtækin hafa þróast á landsbyggðinni. Það eru til miklu ítarlegri upplýsingar um þessa hluti frá Gylfa Arnbjörnssyni sem er starfsmaður Alþýðusambands Íslands og hefði verið einkar fróðlegt að hafa fleiri upplýsingar frá honum í þessu skjali.

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, að skoða, eins og ég sagði áðan, framleiðnitöfluna sem sýnir mjög góða framleiðniaukningu í iðnaðinum á þessum tíma og það er einnig athyglisvert að skoða markaðshlutdeildartöfluna á bls. 35 þar sem t.d. markaðshlutdeild kaffis fer úr 92–94 niður í 43, málning úr 66 niður í 52, hreinlætisvörur úr 72 niður í 50, öl og gosdrykkir á þeim tíma sem leyfður hefur verið innflutningur, úr 92 í 86. Húsgögn hrapa úr 73 í 39 og innréttingar úr 87 í 60.

Auðvitað væri gaman að því, virðulegi forseti, að velta því fyrir sér hversu mörg starfstækifæri hafa tapast. Hér er um að ræða mörg þúsund starfstækifæra sem hafa tapast út úr iðnaðinum af því að markaðshlutdeild hans hefur minnkað. Þúsundir starfstækifæra, virðulegi forseti.

Það er einnig fróðlegt að skoða töfluna um útflutning iðnaðarvara sem hlutfall af heildarvöruútflutningi á bls. 36 og síðan hagnaðinn eða öllu heldur tapið, því iðnaðurinn hefur alltaf verið rekinn með tapi allan þennan tíma. Mér sýnist að iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju hafi verið rekinn með 0,2% tapi að meðaltali öll árin 1980–1989.

Hvaða iðngrein er það sem stendur verst allan þennan tíma og hefur mest tap? Hvaða iðngrein er það? Það er stóriðjan. Hún er með tap allan þennan tíma upp á 9,6% að meðaltali á ári. Þessi iðnfyrirtæki okkar, þrátt fyrir það að þau séu ekki mjög öflug og ekki mjög stór, standa betur en stóriðjan sem er með 9,6% tap á ári að meðaltali þennan tíma sem eftir minni margföldunartöflu segir mér það að þau hljóti að hafa tapað öllu sínu eigin fé á árunum 1980–1989. Ef maður margfaldar 9,6 með 10 fær maður nokkurn veginn út 96.

Það er einnig fróðlegt að skoða töfluna um eiginfjárhlutfallið á bls. 38. Á árunum 1983–1988, þegar Sjálfstfl. hefur ráðið í raun og veru einna mestu, hrapar eiginfjárhlutfallið í iðnaðinum úr 37,5% í 27,5%. Það er gríðarlegt hrun í eigin fé iðnaðarins á þessum tíma.

Síðan vek ég athygli á kaupmætti greidds tímakaups þar sem það kemur fram að kaupmáttur greidds tímakaups karla hefur staðið í stað. Kaupmáttur greidds tímakaups kvenna í verksmiðjuvinnu hefur hækkað um 7,3% og Alþýðusambandið alls, landverkafólk, hefur lækkað á þessum tíma um 3,4%.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, virðulegi forseti, ætla ég ekki að eyða löngu máli í að fara yfir þessa skýrslu nú. Ég ætlaði aðeins að vekja athygli á þessum aðalatriðum. Ég ætlaði að þakka fyrir tölurnar sem eru gagnlegar. Ég ætlaði að vekja athygli á nokkrum almennum atriðum sem ég gerði í upphafi. Og ég ætlaði að segja: Stefnumótunin um framtíð íslensks iðnaðar er fátækleg. Hún er EES, hún er í raun og veru ekkert annað.

Það sem má segja að sé niðurstaðan, þegar maður lítur yfir þessa skýrslu, er í fyrsta lagi að íslenskur iðnaður hefur staðið sig ótrúlega vel miðað við háan fjármagnskostnað, miðað við erfið samkeppnisskilyrði og miðað við það að honum hefur verið vantreyst. Íslenskum iðnaði án stóriðju hefur verið vantreyst. Stjórnvöld hafa ekki trúað mikið á möguleika íslensks iðnaðar. Þau hafa trúað á þá erlendu stóriðju sem lausn á öllum hlutum.

Í öðru lagi er ljóst, virðulegi forseti, að þær vonir sem var brugðið upp á skjáinn í tengslum við aðildina að EFTA hafa ekki ræst. Þær hafa greinilega ekki ræst. Það vantar mikið þar á. Það vantar mörg þúsund störf og hundruð milljónir í útflutningstekjum.

En það versta er þó í þriðja lagi, virðulegi forseti, að núv. ríkisstjórn er að falla í sama fenið. Í staðinn fyrir að segja: efling iðnaðar er sagt núna: EES. Ríkisstjórnin hefur því miður enga aðra stefnu í iðnaðar-

málum en þá að þjóðin eigi að ganga inn í Evrópskt efnahagssvæði. Það er fátækleg stefna, fátæklegur fáni til framtíðar fyrir íslenskan iðnað.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum á mjög þröngum tíma skýrslu iðnrh. um þróun íslensks iðnaðar. Það er mjög slæmt að hafa ekki tíma til að ræða málefni iðnaðarins, þessarar mikilvægu atvinnugreinar, við betri aðstæður. Þó að þessi skýrsla, sem við nú ræðum, gefi tilefni til mikillar umræðu verð ég að takmarka mig við örfá atriði vegna þess samkomulags sem gert hefur verið um tíma til umræðna. Skýrslubeiðandi hafði samið um það við forseta að umræða um skýrsluna yrði takmörkuð og ég ætla að halda mig við það. (*Gripið fram í.*) Ég veit það, ég er að tala fyrir sjálfa mig og menn geta síðan haft það eins og þeir vilja.

Almennt má segja um þessa skýrslu að þar rekist hvað á annars horn. Í skýrslunni kemur fram að iðnrh. hefur mjög svo takmarkaða trú á íslenskum iðnaði. Það eina sem hann sér er erlend stóriðja. Það kemur auðvitað ekki á óvart. Við sem fylgst höfum með ráðherranum undanfarin ár vitum að hugur hans er fyrst og fremst bundinn við ál, annað rúmast ekki í hans kolli að því er virðist, a.m.k. ekki að því er varðar iðnað.

Þótt innganga Íslands í EFTA hafi eflaust verið til góðs á ýmsum sviðum er þó greinilegt að hún hefur ekki verið til góðs fyrir íslenskan iðnað. Það kemur greinilega fram hjá hæstv. ráðherra í skýrslu hans og hefur verið rakið af fyrri ræðumönnum. Með inngöngunni í EFTA var sagt að iðnaður mundi eflast og dafna og fjölbreytni atvinnulífs mundi aukast verulega. Þetta hefur því miður ekki gengið eftir.

Ráðherrann birtir í skýrslu sinni ýmis línurit og töflur um þróun og stöðu íslensks iðnaðar hér á landi og síðan segir hann orðrétt á bls. 7, með leyfi forseta:

„Þegar þessir þræðir eru dregnir saman má segja að spár um aukinn útflutning iðnaðarvara til Vestur-Evrópu hafi gengið eftir þótt aukningin hafi ekki komið strax fram.“ Þetta þótti mér einkennileg niðurstaða þegar horft var á öll línuritin og skoðaðar þessar töflur sem þar eru. Ég reyndi að skoða þetta fram og til baka og gat ekki séð þann aukna útflutning iðnaðarvara sem þarna er talað um. Þetta kom mér því mjög á óvart. Ég get ómögulega skilið hvernig ráðherrann fær þessa niðurstöðu og í ræðu ráðherrans var heldur ekki hægt að finna neina skýringu á þessari fullyrðingu sem þarna kemur fram.

Ráðherrann telur einnig eðlilegt að markaðshlutdeild íslensks iðnaðar lækki verulega vegna fríverslunar, eins og hann segir á bls. 8: „Með afnámi innflutningstakmarkana og aukinni fríverslun hefur markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu lækkað eins og við mátti búast.“ Það var einmitt það sem var talað um og er reyndar talað um enn að við aukna fríverslun muni allir vegir verða færir og íslenskur iðnaður muni dafna og eflast en samt kemur fram í skýrslu ráðherrans að hann býst við að markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu lækki þegar samkeppni eykst. Mér þótti einkennilegt að hann skyldi ekki hafa meiri trú á að íslenskur iðnaður gæti spjarað sig við aukna samkeppni. Ég hef miklu meiri trú á íslenskum iðnaði en hæstv. ráðherra því ég hefði haldið að íslenskur iðnaður gæti spjarað sig og væri samkeppnisfær ef honum væru skapaðar þær aðstæður sem hann verður auðvitað við að búa til þess að geta spjarað sig í samkeppninni.

Mér þótti líka mjög merkilegt að lesa það í skýrslu ráðherrans að ekki væri svo ýkja mikill munur á því hvað iðnaðarframleiðsla annars vegar og landsframleiðsla hins vegar hefðu aukist þegar kemur fram að landsframleiðsla hefur aukist um 79% en iðnaðarframleiðslan aðeins um 51%. Mér þykir þetta nokkuð mikill munur og þykir ekki gott að sjá að munurinn sé svo mikill á landsframleiðslu og iðnaðarframleiðslu. Ég tek aðeins nokkur dæmi um það hvernig hvað rekst á annars horn í þessari skýrslu og mikið ósamræmi í því sem þar kemur fram.

Ráðherrann fullyrðir einnig að á síðustu tveimur árum hafi iðnaðurinn verið að rétta úr kútnum og nefnir ýmislegt þar til sögunnar og tekur m.a. sælgætisgerð sem dæmi. Þetta eru auðvitað ágætis tíðindi ef maður færi svo ekki að lesa töflu ráðherrans á bls. 35, töflu 8, þar sem talað er um markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara. Þá kemur í ljós að t.d. sælgætisiðnaður, sem ráðherra nefnir sérstaklega, hefur alls ekki aukist, hann hefur frekar minnkað síðustu árin. Ég átta mig því ekki á af hverju það passar ekki saman sem ráðherrann segir í orðum á bls. 9 og það sem stendur í þeim töflum sem hann birtir í skýrslunni. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að mjög miklar og ágætar upplýsingar koma fram í töfluformi í þessari skýrslu og ber að þakka það að sjálfsögðu.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi um hvernig mér finnst endurspeglast í skýrslunni hversu litla trú hæstv. iðnrh. hefur á íslenskum iðnaði. Mig langar til að taka aðeins eitt dæmi í viðbót um það en það kemur fram á bls. 13 þar sem hann talar um markaðshlutdeildina. Þar segir ráðherrann í skýrslu sinni, með leyfi forseta: „Fram kemur að markaðshlutdeild innlendra vara hefur yfirleitt lækkað og í sumum tilvikum verulega enda varla við öðru að búast eftir að innflutningstakmarkanir hafa verið afnumdar og fríverslun komið á.“

Þarna kemur enn fram að hann býst við því að markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara minnki stöðugt eftir því sem fríverslunin verður meiri. Að hinu leytinu segir ráðherrann á fleiri en einum stað að það muni leysa allan vanda iðnaðarins ef samkeppnin eykst og fríverslun verði komið á. Mér þykir ráðherrann hafa ákaflega litla trú á íslenskum iðnaði og þykir mér það miður að hann skuli ekki hafa meiri trú á að íslenskur iðnaður geti spjarað sig í samkeppninni.

Vandi iðnaðarins er mikill að mati ráðherrans en auðvitað kemur hann með lausnina og hún kemur að utan: EES er að hans mati lausn á öllum vanda. Ef Ísland verður aðili að Evrópsku efnahagssvæði mun þetta allt saman batna án þess að það sé skýrt á nokkurn hátt. Hvorki skýrði ráðherrann það í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir þessari skýrslu né var hægt að sjá það í skýrslunni.

Í ræðu sinni sagði ráðherra á laugardaginn að mikilvægt væri að gera átak af hálfu hins opinbera til að lagfæra skilyrði innlends iðnaðar, starfsskilyrði innlendra útflutnings- og samkeppnisgreina og þá hlýtur hann að hafa talað um iðnaðinn líka.

Ég átta mig ekki á því hvað hefur komið í veg fyrir að hæstv. iðnrh. hefur beitt sér fyrir því að skilyrðin séu lagfærð. Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki beitt sér fyrir því að bæta starfsskilyrði íslensks iðnaðar og reyndar útflutnings- og samkeppnisgreina? Hvers vegna þurfum við endilega að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði til þess að það sé gert? Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að við bætum og breytum starfsskilyrðum þessara greina einhliða. Við þurfum ekki að láta erlenda aðila segja okkur fyrir verkum.

Af hverju telur hæstv. ráðherra að það muni frekar gerast að umsvif íslensks iðnaðar á erlendum mörkuðum aukist nú fremur en t.d. við inngönguna í EFTA? Hvað er það sem er breytt núna ef hann ber þetta tvennt saman?

Ég get ekki betur séð en að íslenskur iðnaður geti vel spjarað sig á erlendum mörkuðum þó að við gerumst ekki aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Síðan fullyrðir ráðherrann í skýrslu sinni, og reyndar endurtók hann það í ræðunni á laugardaginn, að þegar Ísland verður orðinn aðili að Evrópsku efnahagssvæði, sem ráðherrann gerir fastlega ráð fyrir, fullyrðir hann að erlend fyrirtæki muni auka starfsemi sína hér á landi og að íslensk fyrirtæki muni auka starfsemi sína á erlendri grund. Hvernig veit hæstv. ráðherra að það muni gerast? Hvernig veit hann að erlend fyrirtæki muni koma hingað og hvernig veit hann að íslensk fyrirtæki muni auka starf sitt á erlendri grund? Þetta eru auðvitað ágiskanir sem ekki er hægt að fullyrða neitt um og einkennilegt að setja þær fram á þennan hátt.

Ég hefði getað nefnt mörg atriði en ætla mér að fara nokkuð hratt yfir sögu. Ég get þó ekki farið úr ræðustólnum öðruvísi en að minnast á aðra töfralausn fyrir utan Evrópskt efnahagssvæði, sem virðist vera töfralausn að mati ráðherrans, og það er stóriðja, orkufrekur iðnaður sem á auðvitað að leysa allan vanda að mati ráðherrans. Síðan leggur hann verulega áherslu á að þess þurfi að gæta að skaða ekki umhverfið. Það þurfi að finna framleiðsluaðferðir sem eru óskaðlegar umhverfinu og leggur áherslu á það að á því sviði geti Íslendingar haslað sér völl og að við getum orðið fyrirmynd í þeim málum. Þarna er ég ráðherranum algjörlega sammála. Það getum við vel gert ef rétt er á málum haldið og ef við leggjum áherslu á umhverfisvernd sem ráðherrann ítrekar nokkuð oft í sinni skýrslu og reyndar einnig í ræðu sinni.

En einmitt þetta áhersluatriði sem ráðherrann hefur sett, sem ég er alveg sammála, er ekki í samræmi við þá stefnu sem ráðherrann hefur fylgt í málefnum álvers á Keilisnesi. Þegar gefa átti út starfsleyfi fyrir það fyrirtæki fyrr í vetur, sem var ekki gert vegna þess að ekkert varð af álveri, alla vega ekki í bili, þá kom greinilega í ljós að þar fylgdi ekki hugur máli. Þar átti ekki að gera þær kröfur til mengunarvarna sem eðlilegar eru og eru gerðar til nýrra álvera á Vesturlöndum. Það átti að gera minni kröfu t.d. um flúoríðmengun. Það átti að leyfa þeim að sleppa meira af flúor út í umhverfið en gert er t.d. bæði í verksmiðju Gränges í Svíþjóð og einnig í Alumax-álverinu í Suður-Karólínufylki í Bandaríkjunum sem eru þó þau fyrirtæki sem stóðu m.a. að Atlantal-hópnum sem ætlaði að byggja álver á Keilisnesi. Fullyrðingar hæstv. ráðherra um að við eigum auðvitað að leggja áherslu á umhverfisvernd passa ekki alveg þegar til framkvæmdanna kemur, þá er ekki staðið við þær. Það sama átti að gerast með brennisteinsdíoxíðið. Ekki átti að krefjast þess að álverið á Keilisnesi hreinsaði brennisteinsdíoxíð úr útblæstri. Allt of litlar kröfur voru gerðar til eyðingu kerbrota og skautaleifa og fleira og fleira var þar ámælisvert varðandi það hvernig staðið var að því máli þannig að ég get ekki annað en fundið að þessu atriði í skýrslu ráðherrans þar sem orðin varðandi þetta atriði passa engan veginn við það sem ríkisstjórnin ætlaði sér að leyfa þeim aðilum sem ætluðu að byggja álver. Þessu finnst mér ekki hægt að sleppa þegar verið er að ræða skýrslu hæstv. ráðherra.

Ég vil minnast á eitt atriði í viðbót áður en ég fer héðan úr ræðustólnum, en á bls. 21 í skýrslunni er talað um orkusáttmála Evrópu þar sem segir, með leyfi forseta: „Með aðild að Orkusáttmála Evrópu verður staða Íslendinga öruggari á orkumarkaði álfunnar." Það má vel vera rétt og ber auðvitað að athuga þann þátt þessa sáttmála en ég vil í þessu sambandi benda á að í orkusáttmála Evrópu, sem verið er að vinna að núna, felast margar hættur fyrir Íslendinga. Þar er m.a. gert ráð fyrir að aðilar að þeim sáttmála leyfi óheftan aðgang þegna allra aðildarríkja að orkulindum þjóðanna. Ég tel það ámælisvert hvernig staðið er að aðild að þessum orkusáttmála af hálfu iðnrh., allt of lítið samráð er haft við Alþingi, bæði utanrmn. og iðnn., en ég vil þó taka fram að við í iðnn. höfum tekið þennan sáttmála til umræðu og umfjöllunar og höfum haft ýmsar athugasemdir við það sem þar kemur fram og vil ég vara sterklega við því að sá sáttmáli verði undirritaður af Íslands hálfu nema gerðar verði verulegar breytingar á þeim drögum sem hafa verið kynnt þó að við í iðnn. höfum ekki fengið nýjustu drög sem fram hafa komið.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa þetta lengra, en eins og ég sagði áður hefði verið ástæða til þess að ræða miklu fleira í þessari skýrslu hæstv. iðnrh. en almennt verð ég að segja að mér urðu það mikil vonbrigði að ekki skyldi vera tekið fastar á því að kynna einhverja iðnaðarstefnu því að ég tel ekki að það geti kallast iðnaðarstefna að vísa einungis á Evrópska efnahagssvæðið og stóriðju. Það er ekki sá íslenski iðnaður sem ég vil sjá heldur er þar fyrst og fremst um að ræða erlendan iðnað en ekki það sem ég vil sjá hér á landi.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að ræða þetta stóra mál sem hér er til umfjöllunar að hæstv. iðnrh.

fjarstöddum. Hins vegar er ekki hægt að koma því öðruvísi við en að ræða skýrsluna nú því að það dregur að þinglokum. Ég hlustaði hins vegar á hæstv. iðnrh. þegar hann flutti sína skýrslu á laugardaginn og það sem mér fannst merkilegt við þann málflutning var að í raun sagði ráðherrann allt annað en skýrslan ber glöggt vitni um. Hann lýsti því mjög greinilega hvað hann hefði nú helst viljað gera ef honum hefði tekist þetta og hitt. Í raun var góður vilji sem lá þarna að baki og fagrar lýsingar á því hvað það hefði verið gaman ef þetta hefði allt saman tekist með þeim ágætum sem hann lýsti og í þann farveg sem hann hefði viljað. En því miður sagði hann í raun: Mér hefur mistekist þetta allt saman. Og skýrslan er auðvitað sem slík mjög þungur áfellisdómur yfir ráðherratíð hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar því hún lýsir í raun og veru engu öðru en stórfelldum samdrætti og stöðnun í þessari mikilvægu atvinnugrein og ekki síst á þeim tíma sem núv. hæstv. iðnrh. hefur gegnt sínu ráðherrastarfi.

Ef við byrjum á því að líta á beiðnina sem berst frá níu hv. þm. til hæstv. iðnrh., beiðni um skýrslu um þróun íslensks iðnaðar án stóriðju, framtíðarhorfur og stefnu ríkisstjórnarinnar án stóriðju. Hvaða tímabil er beðið um í spurningunum sem lagðar eru fyrir hæstv. iðnrh.? Þar er beðið um tímabilið frá 1980 til þessa árs. En hvað segir skýrslan okkur? Hún gefur okkur upplýsingar um það hvernig iðnaðurinn hefur þróast með stóriðjunni þannig að skýrslan er ekki rétt. Þar er teygt sig aftur til ársins 1970 og er það reyndar tekið fram í upphafi skýrslunnar. Af hverju skyldi það vera gert? Jú, það er vegna þess að fyrri áratugurinn lítur miklu betur út en sá síðari. Þetta eru ástæðurnar sem þar liggja að baki.

Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vitna í meginniðurstöður skýrslunnar sem eru á bls. 5, en þar stendur: „Staðreyndin er sú að iðnaðurinn hefur að mörgu leyti staðið sig vel, ekki síst þegar það er haft í huga að starfsskilyrðin hafa gert til hans miklar kröfur. Í því sambandi nægir að benda á aukna samkeppni við erlend fyrirtæki, erfitt sambýli við sjávarútveg og tiltölulega hátt raungengi á stundum eins og langvarandi viðskiptahalli bendir til."

Þarna er ráðherra í raun að kvarta undan sambýlinu við sjávarútveginn og slæmum starfsskilyrðum. Það er tvennt sem ræður því hver starfsskilyrðin eru. Í fyrsta lagi eru það skattamálin og í öðru lagi eru það gengismálin. Hvort tveggja er það sem ríkisstjórn á hverjum tíma getur vel ráðið við ekki síst gengismálin því að þann tíma sem hæstv. núv. iðnrh. hefur gegnt sínu starfi hefur hann einnig verið viðskrh. og það er viðskrh. sem fer með gengismálin þannig að hann er auðvitað ekki að ásaka neinn í þessum meginniðurstöðum sínum annan en sjálfan sig fyrir hvernig hefur tekist til.

Hins vegar er það svo að auðvitað fer það mjög mikið eftir metnaði hvers og eins ráðherra í ríkisstjórnum hvernig þær atvinnugreinar standa sig sem honum er treyst fyrir af þinginu og af sínum flokkum. Nú er ég ekki með þessu að segja að hæstv iðnrh. hafi verið metnaðarlaus maður í þessu sambandi, síður en svo. Metnaðurinn hefur því miður oft borið hann ofurliði í þessum efnum og það hefur í allt of ríkum mæli gerst í tíð núv. hæstv. iðnrh. að metnaðurinn hefur borið hann ofurliði og honum hefur ekkert miðað áfram.

Það er auðvitað mjög erfitt að meta árangur hvers ráðherra fyrir sig eftir málaflokkum og hvaða mælikvarða sem slíkan á að leggja á það hvernig ráðherrar standa sig. En það er mjög þægilegt að bera saman iðnaðinn og sjávarútveginn í þessum efnum og velta aðeins fyrir sér hvaða mælikvarða á að leggja á það hvernig ráðherrar hafa staðið sig meðan þeir sitja á ráðherrastóli. Það er t.d. hægt miða við fjölgun starfa og hægt er að miða við aukna framleiðni í atvinnugreininni. Það er hægt að miða við nýjar hugmyndir sem fram koma, aukna framleiðslu, hlutdeild viðkomandi atvinnugreinar í þjóðarframleiðslunni og þannig mætti lengi telja. Þegar við lítum yfir töflurnar, sem fram koma í skýrslunni, kemur því miður í ljós að þetta er allt á fallanda fæti. Það er samdráttur á öllum sviðum. En það sem segir okkur þá auðvitað langmest um það hvernig viðkomandi atvinnugreinar standa sig er það hverju þær skila í útflutningstekjur fyrir okkur. Það er auðvitað það sem ræður lífskjörunum og hvernig atvinnugreinarnar skapa okkur tækifæri til að bæta lífskjörin. Berum nú aðeins saman sjávarútveginn og iðnaðinn og lítum á hvernig þessar atvinnugreinar hafa staðið sig. Báðar þessar atvinnugreinar hafa gengið í gegnum erfiðleikatímabil á undanförnum árum og þá skiptir auðvitað höfuðmáli hvernig stjórnvöld, hvernig ríkisstjórnin bregst við á hverjum tíma til þess að koma viðkomandi atvinnugreinum út úr þeim erfiðleikum sem þær lenda í.

Árið 1983 er útflutningur sjávarafurða kominn niður í 68% af heildarútflutningi. Iðnaðurinn á þessum tíma er í 30%. 1987 er sjávarútvegurinn á bilinu 76–77%. Iðnaðurinn er þá kominn niður í 19–20%. Nú er sjávarútvegurinn farinn að nálgast 80% í útflutningsverðmæti. Iðnaðurinn er enn að dragast saman og kominn talsvert niður fyrir 20%. Inn í þessum útflutningstölum yfir iðnaðinn er auðvitað álið vegna þess að ekki er gert í skýrslunni, eins og beðið var um, að greina þarna á milli. Þá velta menn því auðvitað fyrir sér hvernig stendur á þessu og ég ætla að minna menn á það að sjávarútvegurinn lenti ekki í neinum smáerfiðleikum árið 1983 þegar hér mátti veiða svona á bilinu 350–400 þús. tonn af þorski á milli áranna 1983 og 1984 og fer þorskaflinn niður fyrir 300 þús. tonn. En á sama tíma taka menn auðvitað á í atvinnugreininni, stjórnvaldið byggir upp nýtt stjórnunarfyrirkomulag, fer út í víðtækar aðgerðir til þess að ýta undir atvinnugreinina og gæti ég bent á mýmörg dæmi í þeim efnum. Það er dregið úr kostnaði atvinnugreinarinnar. Það er reynt að fara betur með það sem draga má úr sjó og verðmæti þannig stórkostlega aukin. Það er farið í sérstakt gæðaátak og starfsfólkið í atvinnugreininni fengið til að vinna með. Það er farið út í víðtækar hagræðingaraðgerðir í rekstri fyrirtækjanna með aðstoð opinberra sjóða sem hefur skilað sér í stórkostlegri framleiðni fyrir viðkomandi fyrirtæki og auknum

útflutningsverðmætum. Það er farið út í gagngera fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækjanna með aðstoð opinberra sjóða sem tryggðu það að þessir sjóðir fengu stóran hluta af þeim fjármunum, sem þeir hefðu annars tapað, greiddan til baka.

Ef þeir hefðu hins vegar hagað sér þannig og sagt, okkur kemur þetta ekkert við, þá hefði þetta farið afskaplega illa. Það er nefnilega sú stefna, sem hefur verið tekin í iðnaðinum á undanförnum árum, það er þessi stefna: Okkur kemur þetta ekkert við. Það er bara horft til einnar áttar og beðið eftir álveri og það er alltaf að koma. Það var fróðlegur lestur í einhverju blaði um daginn, ég man ekki nákvæmlega hvaða blað það var, en þar var lýst öllum þeim tímasetningum sem voru settar upp um það hvenær álverið kæmi. Það er ekkert álver komið enn og nú eru menn hættir að tala um að álver sé á leiðinni. Nú er það sæstrengurinn sem á að fara að leggja eftir að búið er að byggja álverið. Það hefur sem sagt ríkt alger þráhyggja og menn hafa bara horft í þessu sambandi til einnar áttar.

Menn hafa ekki farið út í neina fjárhagslega endurskipulagningu. Þegar fara átti út í fjárhagslega endurskipulagningu á stóru útflutningsfyrirtæki í ull þá var bara sagt: Nei, takk bara á hausinn með það, og menn töpuðu stórkostlegum fjármunum. Nú er hins vegar búið að byggja upp á rústum þess arna en það er hins vegar svo að þau fyrirtæki standa á veikum grunni og þau skila ekki eins miklum útflutningsverðmætum og þetta fyrirtæki sem fyrir var þannig að þessi samanburður er því miður á einn veg af þeirri ástæðu að menn hafa haft misjafnlega mikinn metnað fyrir hönd sinnar atvinnugreinar og þá á ég við það að stjórnmálaflokkarnir, sem bera ábyrgð á þessum atvinnugreinum, hafa haft mismunandi mikinn metnað fyrir hönd þeirra atvinnugreina sem þeim hefur verið trúað fyrir. Það er þess vegna alveg stórfurðulegt að þegar maður hlustaði á umræðuna um skýrslu sjútvrh. hér um nóttina og í ræðustól kom formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., og lýsti því yfir að gengisfellingar kæmu ekki til greina í stöðunni, það væri glapræði. Ég hygg að það sé alveg rétt. Hins vegar þarf ekkert að leiðrétta raungengi krónunnar með gengisfellingum. Það er hægt að draga úr kostnaði á ýmsum sviðum til þess að slaka á raungenginu sem mér sýnist menn kannski vera að stíga smáskref í þá átt núna með þessum breytingum á Verðjöfnunarsjóðnum. Hins vegar er það svo að í iðnaðinum hafa stjórnvöld alla möguleika til þess að hafa áhrif á starfsskilyrði. Það er með skattamálunum og það er með gengismálunum. Hins vegar er þetta mun erfiðara í sjávarútveginum vegna þess að þar er það aflinn, þar er það verðið á mörkuðunum erlendis sem ræður mun meiru en gengisbreytingarnar sjálfar. Það er því ömurlegt til þess að vita að eina bjargráð þessarar ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. í þeim erfiðleikum, sem báðar þessar atvinnugreinar eiga óneitanlega við að etja, skuli vera sífelld skattlagning, skattur ofan á skatt til þess í raun og veru að koma starfsskilyrðunum þannig fyrir að útilokað sé fyrir atvinnugreinarnar að starfa.

Og þegar menn líta nú yfir þessa skýrslu sem ber hið virðulega nafn: Íslenskur iðnaður, þróun og framtíðarhorfur og stefna ríkisstjórnarinnar, og maður flettir upp á bls. 23 þar sem hæstv. iðnrh. horfir til framtíðarinnar þá er það útflutningur, viðbótarútflutningur í algerlega óskilgreindum atvinnugreinum, þar er óskhyggjan ein sem ræður því að hugsanlega verði einhver verðmætaaukning en til þess að um verðmætaaukningu geti verið að ræða þarf að skapa atvinnugreininni viðunandi rekstrarskilyrði. Það gerir ekki aukin skattlagning eins og menn eru með á öllum sviðum. Evrópska efnahagssvæðið er núna bjargráð ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum, bæði í sjávarútveginum og iðnaðinum. Evrópska efnahagssvæðið á að vera líf akkeri ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum.

Iðnaður og umhverfi. Ekkert er minnst á skattamálin, ekkert er minnst á nýjar hugmyndir, ekkert er minnst á gengismálin. Hvað ætla menn að gera í þessum efnum til þess að skapa atvinnugreininni viðunandi rekstrarskilyrði. Að sleppa þessum grundvallaratriðum sem ríkisvaldið ræður þó yfir og segja svo í þessari skýrslu að menn séu að horfa til framtíðar er náttúrlega bara eins og hvert annað rugl. En af því að það er ekkert minnst á skattamálin má ég til með að spyrja hæstv. umhvrh., sem ég held að gegni hér störfum fyrir iðnrh., hann er a.m.k. eini ráðherrann hér í salnum, sem ég er líka sannfærður um að geti svarað fyrir ríkisstjórnina í þessum efnum. Það eru þrjár spurningar.

1. Stendur til, hæstv. ráðherra, að lækka tekjuskattinn í iðnaðinum? Talið er að iðnaðurinn í samkeppnislöndunum allt í kringum okkur búi við í kringum 30% tekjuskatt.

2. Stendur til að afnema aðstöðugjaldið? Stefnumál hagsmunasamtaka iðnaðarins, Félags ísl. iðnrekenda, hefur verið að afnema aðstöðugjaldið. Stendur það til af hálfu núv. ríkisstjórnar?

3. Stendur til að afnema vörugjaldið?

Ég veit að menn eru að tala saman um það að ljúka umræðunni og ég held að ég sé búinn að tala í um 10–12 mínútur þannig að ég ætla ekki að eyða þessum dýrmæta tíma sem við erum núna að láta hlaupa frá okkur. En hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem hefði auðvitað þurft að gefa miklu meiri gaum í þinginu og það er ekki af því að stjórnarandstaðan hafi verið hérna með málþóf. Það er einfaldlega vegna þess að þessar skýrslur ráðherranna hafa ekki verið tilbúnar til umræðunnar fyrr en nú. En ég vænti þess, þannig að ég geti skilið við þetta sæmilega sáttur og þurfi ekki að taka aftur til máls, að hæstv. umhvrh. geti svarað þessum þremur spurningum mínum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða sem fram fer kl. 2 að nóttu síðasta sólarhring þingsins er ágætis vitnisburður um það hvernig er komið iðnaðarmálum undir handleiðslu hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar.

Á fjórða ári í ráðherratíð hans í iðnaðarmálum biður þjóðþingið um skýrslu. Það hefði mátt vænta þess að ráðherrann hefði tekið því fagnandi að flytja þinginu þessa skýrslu. Fyrir því ættu að vera margar ástæð-

ur. Í fyrsta lagi að greina þinginu frá árangri af starfi sínu í tæp fjögur ár, í öðru lagi lýsa því hvað væri verið að gera og hvað gera ætti í framtíðinni. En í þriðja lagi vegna þess að stöðnun hefur verið í íslensku atvinnulífi og íslensku efnahagslífi. Alls staðar á Vesturlöndum þar sem slík stöðnun hefur ríkt hafa menn í vetur verið að ræða framfarir í iðnaðarmálum og nýja iðnaðarstefnu sem lausnarorðið.

En hvað gerist hér? Þetta mál er eitt af fyrstu málum þingsins og hæstv. iðnrh. dregur í hálft ár að skila þessari skýrslu og síðan hagar hann störfum sínum á þann veg að hann flýr frá umræðunni til útlanda. Hann leggur ekki í það, hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson, að standa fyrir máli sínu í þinginu, skilur eftir hæstv. umhvrh. sem allir vita að veit nú ekki mikið um málið, með allri virðingu fyrir honum, þess er ekki að vænta, og formann þingflokks Alþfl. sem er sérstakur varðstjóri fyrir hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson í umræðunum og gengur á milli manna og biður þá um að fara nú að ljúka *þessu hið fyrsta.*

Sjálfstfl. og Alþfl. eru í tæpan áratug búnir að fara með iðnaðarmál á Íslandi. Núv. stjórnarflokkar hafa haft forræði á málefnum iðnaðarins í tæpan áratug. Núv. hæstv. iðnrh., Jón Sigurðsson, hefur verið iðnrh. lengst allra manna á þessum tíma og hver er niðurstaðan? Hver er árangurinn? Árangurinn er því miður samfelld afturför í flestum greinum iðnaðar á Íslandi. Mjög fróðlegt er að bera saman stefnu iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Johns Major í Bretlandi, íhaldsmannsins Michaels Heseltine og stefnu hins svokallaða opinbera jafnaðarmanns, hæstv. iðnrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Jóns Sigurðssonar. Það er mjög fróðlegt. Stefna hæstv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar er langt til hægri við iðnaðarstefnu Michaels Heseltine sem ber sama starfsheiti í ríkisstjórn Johns Major, ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála. Hvað er það sem Michael Heseltine boðar í iðnaðarstefnu sinni? Ég skal svara því með örfáum orðum. Ég held að það sé mjög gagnlegur samanburður þegar menn horfa á afturhalds- og íhaldsstefnu núv. hæstv. iðnrh. og núv. ríkisstjórnar og þá tilraun til framfara í iðnaði sem hinn nýi iðnaðarráðherra í ríkisstjórn Íhaldsflokksins í Bretlandi er að beita sér fyrir. Kjarninn í þeirri iðnaðarstefnu sem Michael Heseltine er að beita sér fyrir er jákvætt frumkvæði og hvatning ríkisvaldsins um nýjungar í framleiðslu, tilraunum og markaðssetningu. Michael Heseltine gekk út úr ríkisstjórn Margrétar Thatcher að mig minnir árið 1986. Margrét Thathcer rak hann ekki úr ríkisstjórninni, hann fór þaðan sjálfur í stefnuágreiningi við þá ríkisstjórn. Hann skrifaði í mörg ár tímaritsgreinar, gaf út bækur, flutti erindi og ræður um nýja iðnaðarstefnu, iðnaðarstefnu þar sem ríkið tæki með jákvæðum hætti frumkvæðið í nýsköpun í iðnaðar- og atvinnumálum. Það er athyglisvert að John Major felur þessum manni að stjórna iðnaðarstefnu þessarar nýju ríkisstjórnar að loknum kosningunum í Bretlandi. Ef menn bæru saman þær yfirlýsingar sem iðnaðarráðherrann í íhaldsstjórninni í Bretlandi hefur látið frá sér fara, hinn nýi iðnaðarráðherra, og þá ræðu sem hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson flutti hér, þá er enginn vafi á því hver er gamaldagsíhaldsmaður í þeim umræðum. Það er núv. hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson því að öll sú hugmyndafræði sem var í ræðu hans var hugmyndafræði Ronalds Reagans og Margrétar Thatcher sem hefur skilað þeirri niðurstöðu í Bretlandi og Bandaríkjunum að Bretland og Bandaríkin eru að dragast aftur úr Þýskalandi og Japan á sviði iðnaðar eins og sagt var í grein fyrir skömmu. Markaðurinn sjálfur hefur kveðið upp dóm í því hvort iðnaðarstefna Reagans og Thatcher og Jóns Sigurðssonar skilar árangri. Svar markaðarins er nei. En markaðurinn *hefur líka svarað því hvort iðnaðarstefnan, sem* byggð er á jákvæðu frumkvæði og samstarfi ríkisvaldsins við aðilana í iðnaðinum, skilar árangri og svarið er já því að þar eru dæmin Þýskaland og Japan.

Virðulegi forseti, vissulega væri tilefni til þess að taka langan tíma á Alþingi til þess að fara yfir þennan fjögurra ára feril Jóns Sigurðssonar hæstv. iðnrh. *sérstaklega og þennan níu ára feril Sjálfstfl.* og Alþfl. í forræði iðnaðarmála en auðvitað gefst ekki til þess tími því að þinginu er að verða lokið, iðnrh. flúinn úr landi og skilur eftir menn til að sitja fyrir svörum sem hafa enga ábyrgð borið og engin ástæða er til að deila við.

Við sem hlustuðum á ræðu hæstv. iðnrh. fyrir helgina áður en hann hvarf úr landi könnuðumst við þá ræðu. Þetta var nokkurn veginn sama ræðan og hann flutti fyrir þremur árum, tveimur árum, fjórum árum og einu ári. Það var bara ein breyting, að öðru leyti alveg sama ræðan. Breytingin er sú að fyrir stefið nýtt álver, nýtt álver, nýtt álver, sem var stefið í ræðunum í fyrra, hittiðfyrra og árið þar áður og átti að leysa öll vandamál í íslenskum iðnaði þegar það kæmi, var komið annað stef, EES, EES, EES. Það er þessi einfalda barnalega patent-hyggja hjá hæstv. iðnrh. sem er orðin þjóðfélaginu dýr, patent sem ekki ganga upp.

Hvað hefur hæstv. iðnrh. skilað mörgum skýrslum um nýtt álver á Keilisnesi sem átti nú þegar að vera búið að skapa mikinn hagvöxt? Geta menn flett upp í skýrslum ráðherrans á undanförnum árum, flett upp ræðum hans á Alþingi þar sem hann segir að á árinu 1992 verði komið nýtt hagvaxtarskeið á Íslandi, blómaskeið fyrir verktaka, málmiðnað, þjónustuiðnað og annað vegna nýs álvers. Hvar er það blómaskeið? Ekki til. Hvar er það nýja álver? Það veit enginn. Jú, það er á næsta leiti eftir fimm ár, kannski, e.t.v. Og nú er það EES. Það getur vel verið að EES skili einhverju. Það veit enginn og það er að því leyti rétt sem hæstv. utanrrh. hefur stundum sagt að EES sé bara ávísun á tækifærin, enga veruleika. Bara eitthvað hugsanlegt. En á sama tíma fer hlutfall iðnaðar af þjóðarframleiðslu okkar Íslendinga og útflutningsstarfsemi hnignandi.

Ef menn lesa það sem forustumenn í atvinnulífi Bandaríkjunum og Japan og Vestur-Þýskalandi hafa verið að segja í allan vetur þá er það fyrst og fremst þetta: Það er með því að framleiða iðnaðarvörur sem við reisum hagkerfið við á nýjan leik. Iðnaðarvörur í klassískum stíl, tæki og annað. Ástæðan fyrir því að bandaríska hagkerfið er í þetta mikilli lægð og breska

hagkerfið eftir Reagan og Thatcher er að þar var fyrst og fremst lögð áhersla á pappírsviðskiptin, verðbréfamarkaðinn, gróðann af því að höndla með peninga. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem hér hefur beðið um orðið, ætti að fletta því upp í bresku sunnudagsblöðunum um síðustu helgi þar sem stendur í nýútkominni bók yfir auðugasta fólkið í Bretlandi að börn Thatcher eins og það er orðað hafi horfið af listanum, þ.e. hin nýja kynslóð atvinnu- og fjármálamanna sem efnahagsstefna Thatcher gat af sér. Hv. þm., þau eru horfin af listanum einfaldlega vegna þess að svo mörg fyrirtæki þeirra hafa orðið gjaldþrota. Það er satt að segja grátlegt að á sama tíma og í hinum vestræna heimi hefur undanfarinn vetur verið blómleg umræða um nýja iðnaðarstefnu, nýjar áherslur, nýjar hugmyndir, þá skuli hæstv iðnrh. flytja sínar gömlu lummur hér, gömlu lummur, sem hafa verið prófaðar á undanförnum árum og engum árangri skilað.

Sjálfstfl. og Alþfl. settu á fyrir um það bil áratug mikið gjörningaveður gagnvart hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Þá var það tema í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu ár eftir ár að allt slæmt ástand í iðnaðarmálum á Íslandi væri hv. núv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að kenna vegna þess að honum hefði ekki tekist að koma með álver þegar hann var iðnrh. Nú geta menn borið saman feril hæstv. núv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það merkilega er að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kemur með glæsibrag út úr þeim samanburði. En það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að segja: púff. Hann lærði nefnilega vinnubrögð í raunvísindum og tók doktorspróf á þeim grundvelli og hann getur bara einfaldlega beitt þeim vinnubrögðum til þess að gera þennan samanburð. (**ÖS:** Ég?) Já, hv. þm. (**ÖS:** Ég kem að því á eftir.) Ef þingmaðurinn vill gera það hér á eftir þá munum við taka því fagnandi. (**ÖS:** Það tekur 15 sekúndur.) Já, ég veit að það er rétt hjá hv. þm. Það tekur 15 sekúndur að afgreiða fjögurra ára iðnaðarferil Jóns Sigurðssonar, hæstv. iðnrh. Það tekur ekki lengri tíma. Það er afturför, hnignun, skortur á frumkvæði og nýjungum. Meira þarf ekki að segja um það, hv. þm. En það er dapurlegt á þeim tímum þegar íslenska hagkerfið þarf á endurreisn að halda þá skuli koma til þings eftir helgina iðnrh. eftir fjögurra ára setu og hafa ekkert nýtt að bjóða, bókstaflega ekkert. Þess vegna munum við auðvitað halda umræðunni áram því að við munum leiða þessar nýju hugmyndir í atvinnumálum inn í íslenskt þjóðfélag. Við munum hrinda þeim í framkvæmd og við munum tryggja að íslenska hagkerfið verði reist úr rústum vegna þess að það er meira sameiginlegt með hinum nýju hugmyndum sem stjórnmálamenn á Vesturlöndum hafa tileinkað sér á síðustu árum, sérstaklega síðustu missirum, og því sem við, forustumenn Alþb., höfum verið að boða en þeirri gamaldags markaðshyggju Thatcher og Reagans, afskiptaleysiskenningarinnar í efnahags- og atvinnumálum sem hæstv. iðnrh. boðaði fyrir helgina.

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., hefur gert nýsköpunarstefnu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í tíð hans sem iðnrh. að umræðuefni. Við munum það báðir, þingmaðurinn og ég, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beitti sér þar fyrir sérstöku frumkvæði sem miðaði að því að efla sköpun smáfyrirtækja í íslenskum iðnaði. Hvað stendur eftir af því, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson? Eitt fyrirtæki í Kópavogi sem framleiðir sultur undir heitinu Ömmusultur. Ég skal að sjálfsögðu ekki draga úr gæðum þeirra sultna, ég neyti þeirra oft, en það er hið eina sem eftir stendur af þessu átaki sem þingmaðurinn beitti sér fyrir og sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er að hreykja sér og sínum flokki af.

Varðandi síðan það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir um Michael Heseltine og hina nýju stefnu sem hann kallar svo í iðnaði hjá Bretum og hinnar nýju ríkisstjórnar Johns Major, þá er það að segja að það er tvennt sem Michael Heseltine hefur einkum beitt sér fyrir. Í fyrsta lagi hefur hann beitt sér fyrir því að reyna að skapa rannsóknarumhverfi í tengslum við Háskóla, eins konar vísi að tæknigörðum eða hinum ameríska Silicon Valley. Honum hefur tekist það og er að takast það bæði í Glasgow og í Wales og það er hárrétt að þar hefur stjórn Majors og Thatcher þar á undan náð nokkrum árangri og þetta er nákvæmlega það sama sem íslensk stjórnvöld hafa reynt að gera með misjöfnum árangri vissulega. Heseltine hefur líka beitt sér fyrir því að veita stuðning við nýsköpun í atvinnulífinu, þ.e. hann hefur skrifað um það að hið opinbera eigi að veita stuðning til nýsköpunar í atvinnulífinu. Hann hefur líka sagt það að hið opinbera eigi að beita vissum aðgerðum til þess að styðja stofnun smáfyrirtækja.

Hvað stendur í þessari skýrslu, virðulegi forseti, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur bersýnilega ekki lesið vegna þess að hann eyddi ekki einu einasta orði á, til að mynda á bls. 19, hvað stendur þar? Þar stendur með orðum hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar: „Nýsköpun í atvinnulífinu þarfnast stuðnings hins opinbera á komandi árum." Stefna Heseltines. Í öðru lagi stendur líka: „Samstilltar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga geta stuðlað að stofnun smáfyrirtækja." Stefna Heseltines.

Ég vil bara, virðulegi forseti, óska eftir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lesi skýrsluna áður en hann fer að fella sína landsfrægu sleggjudóma.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit það vel að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er að vinna sér einhver prik til þess að geta sagt það við hæstv. iðnrh. þegar hann kemur aftur til þings í ágúst að hann hafi hér staðið vaktina fyrir hann. Ég lái honum það ekkert. Hann þarf á slíkum prikum að halda, nægilega mörgum frumvörpum er hann búinn að slátra fyrir ráðherranum í vetur. Hins vegar er það nú þannig að þetta var nú frekar léttvæg vörn og ég nenni ekki að elta ólar við þessa sultusögu. Þetta er auðvitað ómerkilegur málflutningur. En það er þó kostur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að þú ert enn að borða ýmsar nýjungar sem hv. þm. Hjörleifur

Guttormsson beitti sér fyrir, en ég spyr: Hvað getum við borðað af því sem núv. hæstv. iðnrh. hefur beitt sér fyrir á síðustu fjórum árum?

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú að verða svolítið sérkennileg umræða. Ég stóð satt að segja í þeirri meiningu að gert hefði verið samkomulag um málsmeðferð og vissi ekki betur en svo væri og raunar er reynsla mín sú í áranna rás að hafi ég gert eða átt aðild að samkomulagi, sem ég átti reyndar ekki núna við hv. þm. Svavar Gestsson, þá hefur það ævinlega staðið eins og stafur á bók. Ég geri mér hins vegar ljóst að nú kunna þau atvik að hafa gerst sem hann ekki ræður við. Mér sýnist að það sé kannski ekki alveg í fyrsta skiptið sem formaður Alþb. kemur svolítið þvert á málin. En ég endurtek að í hvert einasta skipti í nokkuð langri þingsetu sem ég hef gert samkomulag við hv. þm. Svavar Gestsson þá hefur það staðið eins og stafur á bók.

Það er líka sérkennilegt, virðulegi forseti, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli hafa notað ræðutíma sinn núna til heiftarlegra árása á Jón Sigurðsson iðnrh. sem er fjarstaddur, jafnframt því sem hann hefur látið þess getið að ég, sem nú er starfandi iðnrh., viti harla lítið um þessi mál. Ég ætla ekki að ræða þau mál lengi við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson en það var líka fróðlegt að fylgjast með ræðu hans um hinn breska iðnrh., Michael Heseltine, og afrek hans, en rétt er að hafa það í huga að sá ágæti maður hefur ekki verið nema mánuð eða varla það í starfi iðnaðar- og viðskiptaráðherra í bresku ríkisstjórninni og hefur ekki unnið mikil afrek á þeim vettvangi enn þá. Hann var hins vegar umhverfisráðherra áður í ríkisstjórn Margrétar Thatcher og gerði þar ýmislegt af hinu góða, m.a. sagði hann margt viturlegt um samskipti iðnaðarins og umhverfisverndarmanna.

Það var líka fróðlegt að fylgjast með og hlusta á þórðargleði hv. þm. vegna þess hvernig hefði tekist til um álver og minnast þess þá í leiðinni hversu langur tími fór eitt sinn í það í stjórnarmyndunarviðræðum er Alþb. átti þá ósk heitasta að tekið væri sérstaklega fram að ekki mætti byggja álver á Íslandi. Það var nú sú framsýni sem þá var ráðandi í þeim flokki.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. umhvrh. veit greinilega lítið hvað er talað um milli manna hér í þinginu. Það var rætt um að þessi umræða stæði í fimm stundarfjórðunga, hæstv. umhvrh., og þegar ég lauk máli mínu var klukkan u.þ.b. kortér yfir tvö og umræðan hafði byrjað klukkan eitt, þannig að ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefði ekki farið að blanda sér í umræðurnar þá hefði þetta alveg staðist. Hæstv. umhvrh. getur því sparað sér ávítur af þessu tagi.

Hitt var svo merkilegra að hæstv. umhvrh. kom með það sjónarmið að vegna þess að hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson væri fjarstaddur þá mætti ekki gagnrýna hann. Var það kannski ástæðan fyrir því að umræðan var látin fara fram þegar ráðherrann var farinn úr landi til þess að geta sagt: Þið megið ekki gagnrýna ráðherrann, hann er fjarstaddur?

Er það nú reisn á Alþfl. Fyrst er skýrslan dregin í hálft ár, svo þorir hæstv. iðnrh. ekki að standa fyrir máli sínu og þegar menn tala um staðreyndir málsins þá stendur hæstv. umhvrh. upp og segir: Þið megið ekki gagnrýna iðnrh., það er ódrengilegt, hann er fjarstaddur. Það er greinilegt að þetta er mjög viðkvæmt mál fyrir Alþfl. Og ég skil það vel vegna þess að hér eru fjögur ár sem segja sína sögu. Ár afturfarar, hnignunar og frumkvæðisleysis í málefnum almenns iðnaðar. Og af því að hér hefur verið minnst á sæstreng þá vil ég rétt minna á að þegar ég fyrir u.þ.b. tveimur til þremur árum fór að knýja á um að núverandi hæstv. iðnrh. beitti sér fyrir því að kannað yrði um útflutning á raforku gegnum sæstreng, þá var svarið að það væri ekki tímabært að tala um það vegna þess að álver á Keilisnesi ætti að hafa forgang. Það eru sem betur fer til viðtöl við hæstv. núv. iðnrh. þar sem hann hafnar því að sæstrengsmálið sé tekið til könnunar vegna þess að álver á Keilisnesi verði að hafa forgang.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Kostuleg umræða. Ég verð að segja að mér er býsna mikið niðri fyrir þegar málefni iðnaðarins eru rædd og hvernig komið er fyrir þessari atvinnugrein sem við margir hverjir litum til og töldum að hefði hér mikla möguleika. Ég ætlaði satt að segja ekki að eyða hér löngum tíma, en ég hafði áhuga fyrir því að fá að segja örfá orð og leggja þau inn í þessa umræðu en mér er sagt að ég megi ekki tala, hér hafi verið gert samkomulag. Hæstv. núv. iðnrh., eða sá sem gegnir því embætti nú, gengur um sali og segir: Ætla menn ekki að standa við samkomulag? Og sama segir formaður þingflokks Alþfl. Ég ætla þess vegna að standa við samkomulag ef það hefur verið gert, en það hefur ekki verið gert við mig, það vil ég að menn viti. Það er tímanna tákn, að þegar þessi skýrsla er rædd um iðnaðinn á Íslandi sem beðið var um í upphafi þings, ég held ég muni það rétt að þetta sé mál númer 24, þá veljum við tímann núna til að ræða það og þá með takmörkuðu málfrelsi. Það eru skrítin vinnubrögð, virðulegi forseti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera ekki langorður þótt margt hafi verið sagt sem ástæða væri að víkja að. Ég vil fyrst þakka ýmis jákvæð ummæli sem hafa fallið um þessa skýrslu, enda þótt sumir þeir sem hér hafa talað hafi kosið að sjá þar ekkert nema svartnætti.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði um stórfelldan samdrátt og stöðnun og gagnrýndi einnig að hér væri fjallað um 20 ára tímabil þar sem hefði verið hraksmánarlega farið með iðnaðinn. Þar hefði lítill metnaður komið við sögu, hins vegar hefði núv. hæstv. iðnrh. verið um einum of metnaðarfullur.

Ég minni hv. þm. á að þau 20 ár sem hér er um fjallað hefur flokkur hans, Framsfl., verið í ríkisstjórn allan tímann og oftar en ekki haft stjórnarforustuna á

hendi. Hins vegar hefur núv. iðnrh. aðeins gegnt því starfi í fimm ár. Þannig að það er kannski ekki einhlítt hverjum er um að kenna ef kenna á einhverjum um.

Hv. þm. bar fram þrjár spurningar. Ég viðurkenni að ég hefði kannski viljað hafa svolítið betri frest og aðdraganda til að svara þeim. Hann spurði um tekjuskattinn. Því er til að svara að það er að störfum sérstök Evrópuskattanefnd sem vinnur að athugun þessara mála gagnvart skattlagningu fyrirtækja eins og ég hygg að hv. þm. viti. Hún hefur ekki lokið störfum.

Í öðru lagi spurði hann um hvort það ætti að leggja niður aðstöðugjaldið. Ég hygg að hann viti raunar líka að á vegum félmrh. er starfandi nefnd að athugun þess máls.

Þriðja spurning hans var um vörugjaldið, hvort ætti að leggja það niður. Ég er ekki tilbúinn að svara því en bendi hins vegar á að víða er í vaxandi mæli verið að taka upp vörugjöld í stað tolla.

Hv. þm. var nokkuð tíðrætt um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja sem hann taldi bjargráðaleið en mér sýnist nú, eins og hann fjallaði um þau mál, að þá hafi sú fjárhagslega endurskipulagning einkum átt að felast í því að fé væri greitt úr ríkissjóði til styrktar eða viðreisnar fyrirtækjum. Ég held að það hafi ekki gefist okkur vel og ég held það séu ekki tímar eða staða til þess að auka þess konar aðstoð.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir vék nokkuð að álveri á Keilisnesi og ræddi umhverfisþátt þeirra fyrirhuguðu framkvæmda. Ég ætla ekki að hafa um það langt mál en segja einfaldlega að flest af því sem hún sagði um þau efni er rangt, að mínu mati. Lögð hefur verið fram í þinginu skýrsla frá umhvn. um þau efni þar sem ýmislegt er missagt.

Ég verð að viðurkenna að þegar talað er um orkufrekan iðnað sem erlenda iðju en ekki íslenskan iðnað þá er ég ósammála þeirri túlkun vegna þess að orkufrekur iðnaður hér byggir á íslenskri orku og íslenskum auðlindum þess vegna.

Ýmsir ræðumenn hér hafa mjög talað um hið Evrópska efnahagssvæði og það sem fram undan væri þar. Auðvitað bindum við vonir við það. Við bindum vonir við það að þar gefist íslenskum iðnaði aukin sóknarfæri, einkum úrvinnsluiðnaði í sjávarútvegi. Við höfum gildar ástæður til að ætla að svo muni verða.

Hv. þm. hafa líka minnst á aðild okkar að EFTA. Nú er það auðvitað alkunna að Alþb. barðist mjög harkalega gegn aðild okkar að EFTA og það gerði raunar stór hluti Framsfl. líka á sínum tíma. Skömmu eftir að Íslendingar gerðust aðilar að EFTA áttu þessir flokkar þess kost að stíga til baka og gera ráðstafanir til þess að Íslendingar hættu aðild að þessum fríverslunarsamtökum. Þeir gerðu það ekki og ég hygg að við getum raunar verið sammála um að aðildin að EFTA hafi verið okkur til góðs og það væri í rauninni erfitt að hugsa sér stöðu íslensks iðnaðar í dag ef við hefðum valið þá leið að vera utan EFTA. Ég hygg, þrátt fyrir það sem fulltrúar þessara flokka nú segja, að ekki sé um það ágreiningur að öll þau skref sem undanfarna áratugi hafa verið stigin til þess að auka frelsi í verslun og viðskiptum á Íslandi hafi verið til góðs enda þótt úrtölumennirnir hafi haldið langar ræður um það að allt mundi verða hér á hverfanda hveli ef höftunum yrði aflétt. Það hefur ævinlega verið bæði almenningi og efnahagslífinu öllu til góðs þegar höftum hefur verið aflétt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta til viðbótar. Það er auðvitað rétt að íslenskum iðnaði hefur vegnað misjafnlega eftir greinum á umliðnum árum og þar hefur ekki verið eingöngu við aðgerðir stjórnvalda hér að sakast eða þeim um að kenna heldur er heimurinn orðinn svo samtengdur efnahagslega að það sem gerist annars staðar hefur áhrif hér, fljótar og meira en áður. En ég minni á að þegar stigið var það skref að veita t.d. innflutning á sælgæti frjálsan var því spáð héðan úr þessum ræðustóli af fleiri en einum og fleiri en tveimur að nú væri úti um þessa iðngrein á Íslandi. Ekkert slíkt hefur gerst. Þvert á móti er íslenskur sælgætisiðnaður ein af þeim greinum sem hefur dafnað mjög vel, sýnt frumkvæði í vöruþróun og hefur staðið sig mjög vel. Sama gildir um ýmsar aðrar greinar í matvælaiðnaði og auðvitað hefur þetta verið að hníga í þá átt að við erum að sérhæfa okkur í matvælaiðnaði þar sem við stöndum betur að vígi en aðrar þjóðir um margt. Þetta er eðlileg þróun, þetta er jákvæð þróun og þetta er vonandi þróun sem heldur áfram.

Ég held, virðulegi forseti, að ég láti þetta nægja að sinni, það gefst kannski tækifæri til að bæta við þótt áliðið sé orðið í þessari umræðu.

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhvrh. svörin. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi verið að gagnrýna það að skýrslan tæki yfir 20 ára tímabil. Ég held að það sé einmitt ágætt að skýrslan tók yfir þetta langt tímabil vegna þess að hún er fróðlegri fyrir bragðið. Í henni eru ýmiss konar upplýsingar. Það sem ég var hins vegar að benda á var að til þess að fela frekar hversu illa hafi verið að staðið á árunum frá 1980 til 1992 og þá kannski sérstaklega á síðari hluta þess tímabils, þá er tekinn lengri tími og stóriðjan er þar inn í. Ég var að gagnrýna það en ekki það að ég væri að kvarta yfir skýrslunni sem slíkri.

Ráðherrann kom inn á það að Framsfl. hefði setið í ríkisstjórn í 20 ár og bæri þess vegna nokkra ábyrgð á þessu. Það er reyndar alveg hárrétt og ég vonast til þess að hæstv. umhvrh. hafi skilið mín orð og ástæðuna fyrir því að ég fór að bera þarna saman þær tvær atvinnugreinar, annars vegar sjávarútveginn og hins vegar iðnaðinn, til þess að sýna í samanburðinum að það væri mikill munur á því hvaða flokkar og hvaða menn það væru sem stjórnuðu viðkomandi málaflokkum. Metnaðurinn væri mismunandi og geta flokkanna til að fara með málaflokkana væri mismunandi og þar tel ég að þessi skýri samanburður hafi komið fram.

Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Auðvitað hefði ég átt að vera það nærgætinn að bera spurningarnar undir hann áður en ég fór í ræðustólinn. Ég skil það að hann á erfitt með að svara þeim og ætla ég ekki að ganga frekar á eftir svörum. Fjárhagslega endurskipu-

lagningin sem hæstv. ráðherra kom inn á að ég hefði talað um í þeim tón að það ætti að ausa peningum út úr ríkissjóði til að aðstoða fyrirtækin. Þetta er rangt hjá hæstv. ráðherra. Ég var síður en svo að meina það. Ég benti hins vegar á að mörg þau fyrirtæki sem hafa verið tekin til fjárhagslegrar endurskipulagningar hafa skilað þeim árangri að ríkið hefur ekki tapað fjármunum fyrir bragðið sem annars hefðu tapast. Mýmörg dæmi mætti nefna um slíkt og ráðdeildarsemi fyrri ríkisstjórnar lýsir sér langbest í því að nú er þessi ríkisstjórn að ausa út úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins þremur milljörðum króna.

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var vegna þess sem hæstv. starfandi iðnrh. sagði um EFTA-aðildina á sínum tíma og að allir gætu verið sammála um það núna að vel hefði til tekist. Dómur íslenskra iðnrekenda er reyndar annar því að í ályktun frá því í mars í vetur frá þeim stendur m.a., með leyfi forseta: „Ekki hefur tekist að efla almennan útflutningsiðnað. Hlutur hans í heildarútflutningi er svipaður og hann var fyrir 20 árum" — reyndar kemur þetta fram í skýrslunni — „og síðustu fjögur árin hefur ríkt nær alger stöðnun í þjóðfélaginu. Þetta er vert að rifja upp þegar við stöndum á þröskuldi Evrópska efnahagssvæðisins sem að sumu leyti má líkja við inngönguna í EFTA á sínum tíma. Fyrirheit um bætt starfsskilyrði iðnaðarins við aðildina að EFTA hafa ekki enn verið efnd að fullu."

Þetta er dómur íslenskra iðnrekenda um þetta síðasta 20 ára tímabil undir EFTA-aðildinni og síðustu fjögur árin undir hæstv. núv. iðnrrh.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt rétt að ekki hafa allar björtustu vonir ræst, vonir sem menn bundu við aðildina að EFTA. Hins vegar eru áreiðanlega allar líkur á því og nær allir sammála um það líka að ef við hefðum ekki gerst aðilar að EFTA hvernig væri þá komið fyrir íslenskum iðnaði. Áreiðanlega miklu verr en nú er.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig rétt og ástæða til að rifja það upp að það var nokkur ágreiningur um aðildina að EFTA á sínum tíma. En hann stafaði fyrst og fremst af því að menn sáu það fyrir sér að þar gæti orðið um að ræða samruna við Evrópubandalagið á tiltölulega stuttum tíma. Að sumu leyti gætu þeir hlutir verið að gerast núna sem menn óttuðust að gætu gerst þá. Hitt er rétt að benda á að EFTA breyttist fljótlega í þægilegt smáríkjabandalag þar sem Ísland átti ágætlega heima að mínu mati. Og það er líka rétt að rifja það upp að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar árin 1978 og 1979 breytti í raun og veru aðlögunarskilmálunum að Fríverslunarbandalaginu verulega frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Því var mjög vel tekið hjá aðildarríkjum EFTA.

Til fróðleiks vil ég svo rifja það upp við hæstv. umhvrh. að það voru líklega þeir vondu menn sem alltaf vilja höft og skammtanir og þess háttar eða einhverjir úr þeim hópi sem ákváðu að leyfa frjálsan innflutning á sælgæti sem ég sé að núv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. eru einlægt að þakka Alþfl. Það skyldi þó ekki vera þannig að það hafi verið sá sem hér stendur sem ákvað innflutning á sælgæti á sínum tíma og því var nokkuð vel tekið og sælgætisiðnaðurinn hefur spjarað sig?

Að lokum þá þakka ég fyrir þessar umræður sem hafa verið gagnlegar þó því miður þá sé iðnrh. fjarverandi og það er augljóst mál að það verður að halda þessum umræðum áfram á næsta þingi. Leitin að iðnaðarstefnunni hjá ríkisstjórninni bar að vísu ekki árangur en það verður þá að skapa þjóðfélagslegar og pólitískar forsendur fyrir henni annars staðar.

Flugmálaáætlun 1992–1995, frh. síðari umr.

Stjtill., 208. mál. — Þskj. 249, nál. 868, brtt. 869 og 908.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með hliðsjón af þeim yfirlýsingum og skýringum sem gefnar voru í fyrirspurnatíma fyrir skömmu varðandi þverbraut á Hornafirði á Árnesflugvelli þá dreg ég til baka þá brtt. sem ég hef lagt fram til breytinga á flugmálaáætlun.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Það er heldur erfitt finnst mér að taka upp umræðu um flugmálaáætlun nú þegar komið er langt fram á nótt. Í sjálfu sér var ekki mikill ágreiningur um þessa áætlun í samgn. Menn greindi ekki á um mjög mörg atriði og ég tel að það hefði svo sem vel mátt komast fyrir þau öll. Það eina sem ég hef við þessa áætlun, sem hér liggur fyrir, að athuga snýr annars vegar að uppsetningu hennar og hins vegar vil ég nefna það og ég tel ástæðu til að láta það koma fram að dregið hefur úr fjárveitingum eða því fé sem til ráðstöfunar eru á flugmálaáætlun vegna þess að töluvert miklir peningar hafa verið settir í erlendu samskiptin. Á þessu ári er verið að láta 56 millj. í flugleiðsögu og flugumferðarþjónustuna sem upphaflega var aldrei hugmyndin að yrði tekið af því fé sem á að renna til flugmála. En ekki meira um það.

Ég ætla að gagnrýna hvernig staðið er að uppsetningu áætlunarinnar. Það var ákveðið alveg á síðustu dögum af meiri hluta nefndarinnar að breyta áætluninni þannig að taka út allar tölurnar fyrir 1994 og 1995. Það finnst mér aldeilis fráleit vinnubrögð. Flugmálaáætlun á að vera til fjögurra ára en eftir þessa breytingu eru ekki inni í henni neinar tölur nema niðurstöðutölur fyrir árin 1994 og 1995. Þannig að í raun og veru þegar hún er samþykkt frá hv. Alþingi erum við í raun og veru að samþykkja áætlun sem er eingöngu til eins og hálfs árs. Ég tel að áætlanir séu mikils virði og séu framkvæmdir að fara af stað eða í gangi á flugvöllum þá eru þær yfirleitt til lengri tíma

en þetta þegar þær hefjast. Það er þess vegna alveg fráleitt að ætla sér að hafa þennan hátt á.

Ég hef reyndar rökstuddan grun um að þessi aðferð sé fundin upp af öðrum ástæðum en að menn hafi engan skilning á gildi áætlanagerðar. Ég hef grun um að menn séu einfaldlega að gera þessar breytingar vegna þess að þeim hafi fundist það þægilegra að kippa niðurstöðutölunum út úr áætluninni til að það kæmi ekki fram hvar ætti að skera niður í framkvæmdum því að fært var til í áætluninni að hluta til. Það held ég að sé skýringin. Ég ímynda mér að menn verði jafnvel tilbúnir til að setja áætlunartölur inn í áætlunina næst þegar hún kemur fjögur ár fram í tímann. Ég hef trú á því. Enda finnst mér það miklu skynsamlegra. Auðvitað þurfa menn að hafa tölur lengra fram í tímann en hálft annað ár eins og nú er raunverulega hátturinn á í sambandi við þessa áætlun.

Hæstv. samgrh. er búinn að draga þessa mjög svo sérkennilegu tillögu, sem kom fram, til baka þannig að ég þarf ekki að fara neinum orðum um hana að öðru leyti en því að ég undraðist það mjög að fram kæmi brtt. í þinginu frá ráðherra án þess að rætt væri við nefndina. Kunnugir menn hafa sagt mér að sá háttur væri yfirleitt ekki hafður á. Það finnst mér líka líklegt að geti varla verið því að ef það koma fram brtt. við áætlun eins og þessa hlýtur að vera eðlilegt að nefndin fái þær til umfjöllunar áður en þær eru lagðar beint inn í þingið. En það nú er búið að draga þá tillögu til baka þannig að hún er þá út af fyrir sig ekki neitt umkvörtunarefni.

En fyrst og fremst vildi ég láta óánægju mína koma fram með það hvernig gengið er frá áætlunin af hendi meiri hlutans.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð merkilegt að skoða heildaryfirlit yfir fjölda farþega og flutninga á flugvöllum landsins. Í upphaflegri till. til þál. um flugmálaáætlun 1992–1995 kemur fram að mikil aukning er á farþegum á tímabilinu 1985–1991. Raunar kemur það engum á óvart þar sem Íslendingar eru í sífellt auknari mæli að tileinka sér þann ferðamáta og kemur það vel heim og saman við þann hraða og það stress sem einkennir nútímann að reyna að vera sem fjótastur í förum.

Ég tel þó að sú uppbygging, sem hefur verið á flugvöllum landsins og vissulega stefnir í rétta átt, þurfi jafnframt að vera í samhengi við aðrar framkvæmdir í samgöngumálum. Á undanförnum árum eða áratugum e.t.v. hefur ekki verið nægilegt samhengi og samfella í þeim málum að byggja upp vegi, hafnir og flugvelli og þyrfti að mínum dómi að vera þar meiri samvinna á milli aðila um það til þess að þau mannvirki nýttust sem best.

Flugmálaáætlun er gerð til fjögurra ára í senn og segir í nál. frá samgn. að flugmálaáætlun beri að endurskoða á tveggja ára fresti og jafnframt að gera áætlun til tveggja ára til viðbótar skv. 1. gr. laga nr. 31/1987. Síðast var flugmálaáætlun lögð fram á 112. löggjafarþingi, veturinn 1989–1990. Hana átti því að endurskoða núna á þessum vetri 1991–1992.

Í framhaldi af því hefði mátt ætla að gerð hefði verið áætlun til tveggja ára til viðbótar. Það hefur hins vegar ekki verið gert heldur hefur sú áætlun, sem áður hafði verið gerð þar sem fjármagni er skipt niður á flugvelli fyrir árið 1994 og 1995, verið strikuð út, þ.e. annað en niðurstöðutölurnar. Hugsunin á bak við það að gera áætlun til fjögurra ára hlýtur að vera sú að þar er verið að gera verkáætlun og bæði er verið að skipta niður fjármagni og þeim tíma sem ætlaður er til framkvæmdanna. Trúlega er þá samið um ákveðna tilhögun á þeim verkum því yfirleitt taka verkefni á flugvöllum lengri tíma en eitt eða tvö ár. Þess vegna hlýtur það að hafa verið meiningin með því að gera áætlun til fjögurra ára að þar sé þeim verkum, sem þarf að vinna við flugvellina, skipt niður og jafnframt skipt niður á flugvelli þannig að einn sé inni eitt árið og sá næsti árið á eftir. Það eru því í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð að nú sé tekin út áætlunin fyrir 1994 og 1995 og hálft árið árið 1992. Við höfum þá raunverulega ekki áætlun nema til eins og hálfs árs fram í tímann.

Ég tel eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson að meiri hluti samgn. hafi gert þetta til að hafa frjálsari hendur við breytingar á þeirri flugmálaáætlun sem ákveðin hafði verið áður og kom það raunar fram á fundi í samgn. Alþingis að svo mundi vera.

Það kemur illa við þá sem hafa samþykkt og unnið að þessari flugmálaáætlun í þeirri góðu trú að hún mundi standa án mikilla breytinga, og ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum þar sem mér finnst að þau geti leitt til þess að gengið sé á bak loforðum og samningum um það að fjögurra ára áætlunin sem ákveðin er samkvæmt lögum gildi.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Það er vissulega til bóta að vinna að uppbyggingu flugvalla með skipulegum hætti eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Það er því nauðsynlegt að halda því áfram. Ég vildi aðeins leggja á það áherslu vegna orða hæstv. samgrh. áðan að hann sjái til þess að lokið verði við nauðsynlegar rannsóknir og undirbúning vegna lagningar þverbrautar á flugvellinum á Hornafirði eða Árnanesflugvelli. Þetta mál hefur verið lengi á dagskrá og við endurskoðun síðustu áætlunar var þetta mál tekið inn fyrir forgöngu þingmanna Austurlands. Hins vegar er það svo að að okkar mati hefur þessu máli ekki verið sinnt nægilega vel án þess að ég ætli að gerast neinn dómari í því. Á því kunna að vera ýmsar skýringar sem ég hef ekki fengið, a.m.k. er ég þeirrar skoðunar að það hefði þurft að sinna málinu af meiri krafti.

Nú gerum við okkur það alveg ljóst að það verða ekki hafnar framkvæmdir á þverbraut fyrir það fé sem er inni á þessari áætlun. Þar er um allmikið mannvirki að ræða og það er tilgangslaust að ákveða framkvæmdir nema fyrir liggi hvað viðkomandi braut muni kosta. Við höfum því vænst þess við endurskoðun áætlunar síðast að nú mundi það liggja fyrir. En svo er ekki. Ég er ekki með þessum orðum mínum að ásaka núv. sam-

grh. í þessum efnum, alls ekki. Ég er aðeins að ítreka að ég vænti þess að núv. hæstv. samgrh. sjái til þess að þessu verki verði lokið þannig að unnt sé að meta það hvernig þarna skuli standa að málum og hægt sé að taka þá ákvarðanir við endurskoðun á næsta ári eins og reglur gera ráð fyrir eftir því sem mér hefur skilist.

Út af þeirri brtt., sem hér var flutt en hefur nú verið dregin til baka, hef ég í sjálfu sér ekkert að segja. Það skiptir ekki máli að mínu mati hvernig málið er orðað, aðalatriðið er að viljinn sé fyrir hendi og ég hef skilið hæstv. samgrh. svo að hann muni beita sér fyrir því og það er alveg nóg af minni hálfu. Ég tel að sú brtt., sem hv. formaður samgn. beitti sér fyrir í þessu sambandi, sé alveg nægileg trygging í þessu efni enda sé vilji samgrh. sá sem fram hefur komið bæði í þessum umræðum og í svari við fyrirspurn sem ég bar fram en gat því miður ekki verið viðstaddur þá umræðu. Ég hef farið yfir þau svör og tel þau vera fullnægjandi af hálfu samgrh.

Ég vænti þess að viðhlítandi niðurstaða fáist í þessu máli og framkvæmdir verði hafnar fjótlega svo lendingarskilyrði á þessum stað séu með viðhlítandi hætti. Hér er um mikilvægan flugvöll að ræða sem þjónar stóru byggðarlagi, landsvæði þar sem einangrun hefur verið allmikil en sem betur fer hafa samgöngubætur breytt þar miklu um. En hvað svo sem því líður verða flugsamgöngur til þessa staðar mikilvægar um langa framtíð enda kom fyrsta flugvélin til Íslands á þennan stað. Það er nú svo að það hlýtur að vera nauðsynlegt að halda slíkum flugvelli vel við þar sem flugmenn fundu fyrst upp á því að lenda vélum sínum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en ég vænti þess að hæstv. samgrh. vinni ötullega að málinu en hugsi minna um það hvernig orðalagið er á viljayfirlýsingu hans.

Kristinn H. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Þess verður nú vart á þessari stundu að vænta að menn ræði flugmálaáætlunina til neinnar hlítar heldur drepi einungis á aðalatriðum. Ég vil því takmarka mál mitt við fáein atriði í stað þess að fara yfir tillöguna í heild og vænti þess að formaður samgn. sjái sér fært að heyra mál mitt.

Ég tek eftir því að í nál. er getið um það að gerðar hafi verið breytingar á uppsetningu áætlunarinnar. Síðar segir í nál.: „Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögum í framsögu með nefndaráliti.“ Ég hef fengið útskrift af þessari framsögu formanns samgn. og ég sé engar útskýringar á þeim tillögum sem þar eru lagðar til. Ég sé t.d. ekki neinar útskýringar á því af hverju teknir eru upp nýir liðir sem heita 2.8 Stjórnunarkostnaður og 2.9 Óráðstafað vegna endurmats á forsendum og aðstæðum. Fyrir utan það að ég skil ekki setninguna: Óráðstafað vegna endurmats á forsendum og aðstæðum. Mig langar gjarnan að fá útskýringu framsögumanns á því hvað þetta þýðir eða til hvaða verkefna þetta fé er ætlað árin 1994 og 1995, 211 millj. kr. fyrra árið og 195 millj. síðara árið. Þetta fé dregur úr þeim framkvæmdum sem eru á áætlunarflugvöllunum 1–3. Það verður einfaldlega minna eftir af heildarfjárhæðinni í framkvæmdir í þessa áætlunarflugvelli. Mig langar því til að fá útskýringar á þessu. Ég sé það ekki í nál. né heldur í framsögu formanns nefndarinnar.

Mér sýnist að þau rök sem sjá má fyrir því að núllstilla seinni tvö árin séu heldur léttvæg. Í raun og veru er reynsla mín af þessum störfum sú að menn eru yfirleitt að hugsa nokkuð langt fram í tímann og ráðstafa fjármagni og gera ráðstafanir nokkru áður en til framkvæmda kom. Bæði þurfti að hanna og það þurfti að panta efni og búnað svo menn voru kannski á árinu 1991 að undirbúa verk sem færi í gang 1993, þannig er gangurinn í þessu kerfi að mörgu leyti. Þegar við erum að afgreiða núna skiptingu 1992 og 1993 og meiningin er síðan að taka þetta upp til endurskoðunar á næsta þingi, ég veit ekki hvort það verður á haustþingi 1992 eða vorþingi 1993, verða menn augljóslega komnir í verulega klemmu með að skipuleggja framkvæmdir 1994. Ég held að menn verði að gæta að þessu. Ég hygg að þetta sé óskynsamleg stefnubreyting auk þess sem svo lítið er gefið upp hvað felst í stefnubreytingunni. Felst í þessu að menn séu að hverfa frá þeim tillögum sem gerðar hafa verið um verkefni á tilteknum flugvöllum og hafa sviðið alveg opið og hugsi sér að þeir muni síðar gera tillögur eins og þeim sýnist þegar að því kemur? Eru menn að þurrka út þær tillögur sem er búið að vinna í flugráði og leggja fyrir hæstv. samgrh. og hann síðan fyrir þingið?

Ég spyr t.d. af því að mér er mjög sárt um eina framkvæmd þarna, sem ég hafði töluvert fyrir í flugráði að fá inn í áætlunina. Það er á Patreksfirði, fyrir árið 1994, 78 millj. kr. í bundið slitlag og 3,3 í tækjageymslu eða 81 millj. Þetta er einn meginávinningur fyrir Vestfjarðakjördæmi í þessari fjögurra ára tillögu til flugmálaáætlunar. Þetta er þurrkað út. Ég vil spyrja, ég veit eiginlega ekki til hvors aðilans ég ætti að beina máli mínu en ég vel hæstv. samgrh., ég hygg að það sé réttara. Ég spyr hann um þetta verkefni: Er hann þeirrar skoðunar að menn hafi lagt þetta til hliðar og muni svo síðar meir taka ákvörðun um það hvort þeir fari í þetta eða eitthvert annað verkefni? Eða er það í hans huga þannig að hann geri ráð fyrir því að verja fé í verkefni á þessu svæði? Ég spyr hæstv. ráðherra að því.

Annað sem ég bendi á líka og er ekki alveg sáttur við að svo stöddu og það er Gjögur. Það er ákaflega einangraður staður. Þarna er gert ráð fyrir framkvæmdum 1993 og 1994 við öryggissvæði. Ég spyr hæstv. ráðherra eða hv. formann nefndarinnar um hugmyndir um áframhald eins og var í tillögunum upphaflega, 1993 og 1994. Er það þeirra stefna eða hugsa þeir sér að haldið verði áfram með framkvæmdir á Gjögri eins og tillagan gerði upphaflega ráð fyrir? Eða er það í þeirra huga verkefni sem menn eru búnir að leggja til hliðar í bili og síðan verði bara tekin ákvörðun um það af eða á? Við þessu vildi ég gjarnan að fengjust svör.

Að öðru leyti held ég að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um flugmálaáætlun. Ég lýsti þeirri afstöðu minni strax í upphafi að ég styddi áætlunina eins og hún kom frá flugráði að því undanskildu að ég var andvígur því

að greiða af framkvæmdafé áætlunarinnar hlutdeild íslenska ríkisins í flugstjórnarmiðstöðinni. Það hef ég rækilega tekið fram og sú afstaða mín er óbreytt.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að fá að komast að en ég fylgdist grannt með því þegar menn báðu hér um orðið. Ég var þriðji í röðinni þegar ég bað um orðið, og ég sá að sá sem sat á forsetastóli var sæmilega vakandi, svo einkennilega er nú farið með fundarstjórn þessa fundar. Það er kannski nóttin sem þreytir menn. Ég veit það ekki.

Mig langar aðeins til að segja hér örfá orð um þessa flugmálaáætlun. Auðvitað veldur hún vonbrigðum. Ég ætlaði satt að segja, þegar ég bað um orðið í upphafi, að gera athugasemd við þá brtt. sem hæstv. samgrh. lagði fram í sambandi við Hornafjörð. Ég skil ekki ástæðu þess að ráðherrann skyldi leggja tillöguna fram og ég dreg í efa, vegna þess að ég veit að hæstv. ráðherra er greindur maður, að það hafi verið þinglegt að leggja tillöguna fram. Það segir í brtt. á þskj. 908 um Hornafjörð að tækjageymsla fái 5 millj. kr. og flugbraut, þverbraut, 5 millj. kr. Í nál., sem komið var fram, stendur einmitt um þennan sama flugvöll, ég held að við séum örugglega að tala um sama flugvöllinn, tækjageymsla, þverbraut, 10 millj. kr. Það er sem sagt nákvæmlega sama upphæðin sem er verið að tala um til nákvæmlega sama framkvæmdarþáttar. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvað lá eiginlega að baki því að þetta kom fram? Nú hlýtur ráðherra að hafa verið kunnugt um það hvað kom frá meiri hluta nefndarinnar í þessum efnum.

Ég vil segja það einnig að ég harma það hversu lítil vinna hefur raunverulega farið fram í samgn. um þennan veigamikla þátt sem eru samgöngumálin, ekki bara í sambandi við flugmálin, nákvæmlega það sama á við um vegamálin.

Auðvitað eiga þessar nefndir þingsins að koma miklu meira að þessum málum en gert hefur verið. Það hefur nánast sáralítil umræða farið fram í nefndinni við flugmálayfirvöld um framkvæmd og uppbyggingu flugvallanna. Það er auðvitað mjög miður. Það er heldur enginn vafi að það vantar mjög mikið fjármagn til að geta búið flugvelli landsins þannig að viðunandi sé. Ég held að engum blandist hugur um að svo sé.

Við gengum nokkuð stíft á meiri hluta samgn. um það hvort ekki væri möguleiki að koma þarna inn einhverju fjármagni til að leysa úr sárum vanda sem var á nokkrum flugvöllum. Það var alltaf sama viðkvæðið að það væri ekki um neitt slíkt að ræða. Auðvitað ber okkur, og ég hélt satt að segja að með breyttum þingsköpum ættu nefndirnar að verða miklu virkari en áður var, að horfa meira til framtíðar í umfjöllun um þessi mál og skoða þau í stærra samhengi. En þá er þveröfugt farið að. Það var þó í fyrri áætlun litið til ársins 1995 en nú hafa menn ekki einu sinni kjark í sér til að horfa til ársins 1995 heldur aðeins til ársins 1993. Það er nú allt og sumt. Það fjármagn sem var þó inni á árunum 1994 og 1995 er algerlega þurrkað út.

Til að sýna fram á það hvað hér er verið að tala um og hvað þetta er sorglega lítið fjármagn sem fellur til hinna ýmsu flugvalla get ég tekið dæmi. Ef ég lít t.d. á Norðurl. v., sem ég er fulltrúi fyrir, þá eru þar þrír flugvellir, þ.e. Siglufjörður, Sauðárkrókur og Blönduós. Á þessu tímabili, sem áætlunin tekur til nú, er áætlað að verja til uppbyggingar á þessum þremur flugvöllum 8,2 millj. kr. Það er það sem áætlað er að verja til flugvalla í Norðurl. v. (**Gripið fram í:** Það er allt og sumt.) Já, það er allt og sumt. (**Gripið fram í:** Hvaða kjördæmi er það?) Ég er búinn að segja það tvisvar eða þrisvar, ágæti þingmaður, en ég get endurtekið það. Það er í Norðurl. v. Þangað eiga að fara af miklum raunarskap 8,2 millj. kr. á þessu áætlunartímabili. Ég hef ekki lagt saman hvað fer í önnur kjördæmi en mikið er fénu misskipt.

Ég hefði haft gaman af að fjalla ítarlegar um þessi mál, um uppbyggingu flugvallanna og þjónustuhlutverk þeirra og ekki síður um öryggisþátt flugsins. Ég hefði haft mikla ánægju af því að eiga orðastað við hæstv. samgrh. um þann þátt. En það er eins og annað sem maður hefði haft áhuga á að ræða hér að það gefst ekki tími til þess. Þessi mikilsverða umræða um samgöngumál er tekin hér til umræðu þegar klukkan er þrjú að nóttu. Einhvern tímann hefðu menn gert þessum málaflokki hærra undir höfði, hæstv. samgrh., en nú er gert. Ég vona að Eyjólfur eigi eftir að hressast og að menn geti rætt flugmálaáætlun undir betri kringumstæðum en nú eru og að hæstv. samgrh. bjóði okkur þá upp á það líka að fá að spjalla um hærri upphæðir en við erum nú að tala um því eins og ég dró hér fram áðan eru þær nú svo sáralitlar að um þær er varla ástæða að ræða.

En ég ætla, virðulegur forseti, ekki að lengja þetta mál. Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það hvernig þetta hefur verið unnið. Það getur vel verið að meiri hluti nefndarinnar hafi setið títt á fundum með yfirmönnum flugmála til að reyna að komast út úr þessu tveggja ára tímabili (**Gripið fram í:** Með flugráði?) Með flugráði og flugráðsmönnum, ég þekki það ekki en alla vega var okkur ekki boðið upp á það. Ég tel það mjög miður og reyndar átel að ekki skuli hafa verið gefinn rýmri tími til að fjalla um þessi mál. (**Gripið fram í:** Átti ekki Norðurl. v. mann í flugráði?) Ég held að Norðurl. v. eigi ekki mann í flugráði, ekki svo ég viti til. (**Gripið fram í:** Átti.) Það er allt annað mál hvað menn áttu. En það er kannski ástæðan fyrir því að upphæðin er ekki hærri, við áttum hann en eigum hann ekki. Það gæti verið. En ég hef ekki trú á því að það sé ástæðan fyrir þessu með Norðurl. v. Ég hef ekki lagt saman önnur kjördæmi svo ég get í sjálfu sér ekki verið að gera neinn samanburð á því. Maður lítur gjarnan heim til sín og leggur saman tölurnar og þá kemur þetta út hjá okkur. Ég veit hins vegar að ...(**Gripið fram í:** Algjör hungurlús.) En eins og ég segi, virðulegi forseti, ég skal ekki lengja þetta.

Eitt vil ég segja að lokum. Þessi umræða hlýtur auðvitað að þurfa að takast upp mjög fljótlega aftur, ekki bara í nefndinni heldur einnig hér í Alþingi. Vegna þess að við höfum átt orðastað áður um uppbyggingu flugvalla á landinu, ég og hæstv. núv. sam-

grh., vil ég á betri stundu en nú eiga við hann orð um uppbyggingu flugvalla og framtíð flugs hér á landi. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að gera það bara strax í fyrramálið?) Ég væri tilbúinn til þess og ég er prýðilega vel vakandi nú og þess vegna gæti ég það. En mér hefur verið sagt það í allt kvöld og í nótt að yfirleitt megi menn helst ekki tala hér. En ég get svo sannarlega talað langt mál um það við hæstv. samgrh. (**Gripið fram í:** Ætti það að vera varaflugvöllur?) Ég átta mig ekki á því hvort hv. þm. var að spyrja mig eða ráðherrann um varaflugvöllinn. (**Gripið fram í:** Þig.) Mér er ókunnugt um varaflugvöll, mér er ókunnugt um það. Ég held að engin ákvörðun hafi verið tekin um það. Hins vegar væri fróðlegt að heyra um það. Við erum svo heppnir að hafa hér hæstv. samgrh. og svo höfum við hér líka fyrrv. samgrh. (**Gripið fram í:** Og kannski tilvonandi.) Já, ég sé að þeir eru hér félagarnir sem sjálfsagt keppast um það hlið við hlið ef brauðið skyldi losna. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að gefa hv. ræðumanni hljóð.) Mér líður best í umræðunni þegar hún gengur svona fyrir sig. Einhvern veginn er það nú svo. Þeir trufla mig ekki mikið. Ég hefði haft gaman af því að bæta hæstv. fyrrv. samgrh. við til að ræða um uppbyggingu flugvallanna og varaflugvallarmálið því það er ævintýri líkast hvernig það hefur gengið fyrir sig. Og það er svo merkilegt að lesa tillöguflutning þessara tveggja ráðherra, hæstv. núv. og hæstv. fyrrv. samgrh. um þau mál að þingið mundi örugglega vakna og skemmta sér vel ef ég færi að lesa það allt saman upp í kvöld.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Örstutt svör til hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann spurði um tvo liði í brtt. Annars vegar um lið 2.8 og hins vegar lið 2.9. Liður 2.8 heitir Stjórnunarkostnaður við flugmálaáætlun og er jafnframt gerð grein fyrir þeim lið í sundurliðuninni sem liður 4.24. Þess var getið í framsögu brtt. við fyrri hluta umræðunnar. Hins vegar er það liður 2.9, Óráðstafað vegna endurmats á forsendum og aðstæðum. Þar er um að ræða þær upphæðir sem ekki er skipt í brtt. fyrir árin 1994 og 1995. Í frekari sundurliðun koma þær saman undir lið 4.25 ásamt þá lið 2.7, Til leiðréttinga og brýnna verkefna, úr öðrum hluta tillögunnar.

Að lokum vil ég fullvissa hv. þm. Stefán Guðmundsson um að þessi umræða um flugmál, skipulag flugmála og áætlanagerð mun verða tekin fljótt upp aftur og vonandi verður hún ítarlegri og á þann hátt að þingmaðurinn geti vel við unað.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni samgn. fyrir svörin. Þau sögðu í sjálfu sér ekki mikið meira en stendur á blöðunum. En af fátækt svaranna dreg ég þá ályktun að það sem er á bls. 2 undir köflunum 2.7 og 2.9 sé lagt saman á bls. 5 undir liðnum 4.25 þar sem sameiginlegi liðurinn heitir sama nafni og 2. liður á bls. 2 svo að Til leiðréttinga og brýnna verkefna dettur út.

Ég skil þetta þannig að upphæðin eigi ekki að fara í verkefni við áætlunarflugvelli eins og skipt er árunum 1992 og 1993. Þetta séu einhver önnur verkefni en munu síðan skiptast upp.

Maður sér það ef maður skoðar tölur á bls. 2 að þá erum við með 1.414 millj. kr. í útgjöld. Af því eru greindar niður á liði 2.5–2.9 um 400 millj. en hitt er óuppsett. Það er væntanlega það sem fer á áætlunarflugvellina og þetta eru þá einhver önnur verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220, nál. 849 og 870, brtt. 850 og 894.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegur forseti. Það var held ég um miðjan dag í gær að ég ætlaði að bera nokkrar spurningar upp við hæstv. forsrh. Vegna fjarveru hæstv. forsrh. varð að gera hlé á ræðu minni. Ég ætlaði ekki að tala lengi. Nú hefst umræðan á nýjan leik án þess að hæstv. forsrh. sé í salnum og ég spyr nú: Til hvers er verið að þessu öllu saman? Umræðunni var frestað fyrir tæpum hálfum sólarhring síðan vegna þess að hæstv. forsrh. gat ekki verið við umræðuna en nú er henni haldið áfram án þess að hæstv. forsrh. sé við umræðuna.

Ég verð þess vegna að byrja á að spyrja hæstv. forseta: Er hæstv. forsrh. væntanlegur? Ég hafði satt að segja reiknað með að stjórn þingsins áttaði sig á því að þegar hún frestar umræðu vegna þess að hæstv. forsrh. er fjarverandi þá sé það forsenda þess að hægt sé að halda áfram að hann komi til umræðunnar. — Hæstv. forsrh. hefur nú gengið í salinn. Hins vegar er það ekki nema takmörkuð lausn á þessu vandamáli að hæstv. forsrh. komi í salinn vegna þess að til þess að reyna að greiða hér fyrir störfum, þótt það sé yfirleitt ekki þakkað mikið af hæstv. ríkisstjórn, var samið um að reyna að ljúka umræðum um kl. þrjú í nótt. Klukkan er núna hálffjögur. Hins vegar var það þannig eftir miðnættið að þingmenn Sjálfstfl., varaformaður þingflokks Sjálfstfl., Björn Bjarnason, hv. þm. Árni Johnsen og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson tóku upp innanflokksdeilur í Sjálfstfl. og tóku rúman hálftíma í það. Það var ekki samið um það á milli þingflokkanna, hæstv. forsrh., að innanflokksdeilur í Sjálfstfl. tækju hér rúman hálftíma af dýrmætum tíma og sérstaklega ekki að varaformaður Sjálfstfl. væri einn aðalhöfuðpaurinn í því. En það gerðist nú engu að síður. Ef það hefði ekki gerst hefðum við getað byrjað hér fyrir kl. þrjú. (**ÖS:** Það var hálftímans virði.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að það hafi verið hálftímans virði. Ég get vel skilið að formaður þingflokks Alþfl. vilji gjarnan sjá átök á fleiri bæjum en heima hjá sér og honum hefur vissulega orðið að þeirri ósk sinni.

Ég hafði ætlað mér að fara í nokkrar efnislegar umræður við hæstv. forsrh. um samhengið í því sem ríkisstjórnin er að biðja þingið að gera. Annars vegar er

ríkisstjórnin að biðja þingið að samþykkja frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins til að létta skuldabyrði af sjávarútveginum til þess að styrkja atvinnuástandið í landinu eins og hæstv. forsrh. hefur sagt í fjölmiðlum. Á hinn bóginn er ríkisstjórnin hér dag eftir dag að biðja um að þetta frv. verði samþykkt sem mun þyngja byrðarnar á sjávarútveginum. Og satt að segja er það þannig að verði frv. samþykkt hafa á þessu fyrsta þingi verið lagðar skattabyrðar á sjávarútveginn í kringum einn milljarð. Síðan á að greiða út úr Verðjöfnunarsjóðnum rúma 2 milljarða kr., þar af u.þ.b. helminginn vegna þessa milljarðs sem ríkisstjórnin hefur lagt í álögur á sjávarúrveginn í vetur. Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki þessa atvinnupólitík.

Ég hafði líka ætlað að ræða við hæstv. forsrh. um samhengið í því sem hann er búinn að segja hér í allan vetur að hans ríkisstjórn stjórni bara með almennum aðgerðum en fyrrv. ríkisstjórn hafi stjórnað með sértækum aðferðum. Ég sé ekki betur en hæstv. ríkisstjórn sé komin á kaf í sértækar aðgerðir í atvinnumálum og hafi líklegast, þegar allt er lagt saman, beitt sér fyrir sértækum aðgerðum gagnvart sjávarútveginum í formi sjóðaæfinga fram og aftur, hátt á fimmta milljarð í vetur. Það hefði einhvern tímann verið kallað sjóðasukk af hæstv. forsrh. og talsmönnum Sjálfstfl. Það er augljóst að fyrirtækjum í sjávarútvegi er mjög mismunað með frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og með þeirri lengingu lána sem átt hefur sér stað í Atvinnutryggingarsjóði.

Þetta var ætlun mín að reyna í stuttri umræðu að ræða við hæstv. forsrh. að reyna að fá eitthvert samhengi í þetta allt saman. Ég ætlaði líka að reyna að fá eitthvert samhengi í það hvernig stendur á því að Sjálfstfl., sem gerði það að kröfu í desember 1988 að frv. um sama efni og við erum að ræða nú yrði lagt til hliðar, það var frumkrafa Sjálfstfl. til að hægt væri að ljúka þingstörfum fyrir jólin 1988 — nú snýr Sjálfstfl. við blaðinu og segir: Það er frumkrafa Sjálfstfl. að þetta frv. sé afgreitt núna sem lög til að hægt sé að ljúka þinginu. Ég vil aðeins spyrja: Hvert er samhengið í þessari afstöðu? Mig hefði langað líka til að beina umræðunni nokkuð inn á aðra valkosti í skattamálum vegna þess að ég sé að hæstv. fjmrh. hefur auðvitað fyrst og fremst áhuga á þessum málum út frá hagsmunum ríkiskassans.

Ég veit satt að segja ekki, virðulegi forseti, hvað á að gera í þessu nú þegar klukkan er orðin hálffjögur. Ég er nefnilega settur í þá erfiðleika að ef ég fer að tala hér lengi þá mun ég örugglega fá það framan í mig að ég sé að svíkja eitthvert samkomulag, hér hafi verið gert samkomulag um að ljúka umræðunni fyrir kl. þrjú. En ef ég rek í stuttu máli afstöðu mína til þessa frv., sem ég á töluverðan þátt í vegna þess að ég flutti frv. upphaflega árið 1988 og það fannst svo í skúffu í fjmrn. þegar ég fór þaðan og var dregið hér inn í þingið af sjálfstæðismönnum, þá verð ég sakaður um að vera að svíkja hér eitthvert samkomulag. Það er satt að segja mjög erfitt að vera settur í svona stöðu. Ég get ekki talað eins og mér finnst nauðsynlegt, ég get ekki gengið á eftir því við forsrh. eins og mér finnst nauðsynlegt vegna þess að þá stefni ég því í hættu að fá á mig ásakanir frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem stendur í dyrunum og nikkar ákaft og samþykkir að ég muni fá á mig þær ásakanir. (**ÖS:** Þú átt sem sagt bágt.) Já, ég á nokkuð bágt, hv. þm., í þessu máli. Það er mér ekkert gamanmál vegna þess að það eru ýmsir efnisþættir í þessu sem eru það alvarlegir að auðvitað verður að fást skýring á þeim.

Af því að ég kýs frekar í þessari stöðu að fara þá frá efnisumræðunni að sinni ætla ég ekki að taka hér tíma í að fara yfir það, sem ég hafði ætlað mér síðdegis í gær að fara yfir, til að fá ekki ásakanir frá forustumönnum ríkisstjórnarliðsins um að ég sé að svíkja eitthvert samkomulag. Þar að auki er það nú þannig að hæstv. fjmrh. á eftir að svara hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og einhverjir eru fleiri hér á mælendaskrá. Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa mál mitt lengra nú en áskil mér fullan rétt til að taka þessa efnisþætti upp við 3. umr. og óska þá eftir því að fá svör frá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Ég mun sem sagt ekki gera kröfu til þess að hæstv. forsrh. svari mér hér og nú, vil taka það skýrt fram, en ég mun ganga eftir því við 3. umr. að svo verði gert.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það fer eins fyrir mér og hv. seinasta ræðumanni að það er auðvitað orðið áliðið og komið fram yfir þann tíma sem samið var um að þingfundur skyldi standa á þessari nóttu. Því er vart tími til að taka upp mikla efnislega umræðu. Enda er það nú svo að þótt ýmislegt hafi komið manni á óvart þetta eina ár eða rúmlega ár sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur setið á valdastólum, þá virðist ekki vera neinn endi á hvað það varðar. Hér er eitt frv. enn til umræðu eða umfjöllunar sem kemur manni mjög á óvart vegna þess að það er enn höggvið í sama knérunn, að leggja nýjar álögur á atvinnulífið. Það er enn haldið áfram að reyna að koma því svo fyrir að atvinnuleysið aukist og gjaldþrotastefnan, sem virðist vera aðalsmerki í efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar, haldi áfram að virka sem mest á þetta veikburða atvinnulíf sem við búum við. Það er lítið samhengi reyndar orðið í þessari stefnu, sem eitt sinn var gefið það ágæta nafn „kemur-mér-ekki-við-stefna", núv. ríkisstjórnar. Það hefði verið miklu betra að hún hefði bara haldið sig við það og gert nákvæmlega ekki neitt í málefnum atvinnulífsins þegar það eina sem hún gerir er að auka álögurnar. Það eina sem hún gerir er að hækka skattana. Við höfum það fyrir okkur í mörgum dæmum sem óþarft er að rekja, það hefur komið fram bæði við umfjöllun um fjárlög og umfjöllun um bandorminn svokallaða og fleiri frv. hæstv. ríkisstjórnar, og svo auðvitað einnig í sambandi við þær vaxtahækkanir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á seinasta ári í upphafi valdaferils síns. Þær hafa kannski átt stærstan þátt í því hvernig komið er fyrir atvinnulífinu. Nú er enn með þessu frv. stefnt í það að hækka vexti þó svo að reynt hafi verið á seinustu dögum í kjölfar nýgerðra kjarasamninga að beita sér fyrir nokkurri vaxtalækkun með handafli,

eins og allir vita, með því að ríkisstjórnin hefur beitt áhrifum sínum til þess í ofurlitlum mæli. En meira hefði auðvitað mátt gera ef duga skyldi. Þá er aftur farið í hina áttina og lagt fram frv. sem leiðir óhjákvæmilega til vaxtahækkunar hjá einstökum stofnlánasjóðum og sýnir að það er lítið samhengi í þessum vinnubrögðum.

Eins og fram kom hjá seinasta ræðumanni, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrrv. hæstv. fjmrh. mun hann hafa skilið eftir í fjmrn. skúffu sem hann hafði geymt í frv. sem hann hafði lagt til hliðar en orðið það á að merkja skúffuna: Ónothæf frumvörp. Hefði frekar átt að setja á skúffuna: Frumvörp sem verða tekin til athugunar síðar, því hæstv. núv. fjmrh. hélt, af því að það stóð: Ónothæf frumvörp, frá hæstv. fyrrv. fjmrh., að þetta hlytu að vera góð frv. og væri rétt að beita sér fyrir því að leggja þau fram. Þetta er auðvitað misskilningur eins og menn vita þegar menn hafa lesið frv. og kynnt sér efni þess. Það er ekki heldur nægilega vel undirbúið eða nægilega vel staðið að gerð frv. eins og fram kemur í álitum þeirra aðila sem veitt hafa umsagnir um frv. og prentaðar eru með nál. minni hlutans.

Hæstv. ríkisstjórn beitir sér fyrir því að leggja fram frv. um breytingar á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og telur sig vera að grípa þar til róttækra aðgerða til að bæta rekstrarstöðuna en það er auðvitað alrangt. Þar er aðeins verið að veita ofurlitlu fé til baka út í atvinnulífið sem brennur strax upp í því að greiða niður vaxtahækkanir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir og þær skattahækkanir og skattaálögur sem atvinnulífið býr nú við af hálfu ríkisstjórnarinnar. Allt er þetta hin undarlegasta samsuða, virðulegur forseti, og hlýtur að vekja undrun okkar sem horfum upp á það sem er að gerast en er auðvitað í fullu samræmi við þessa stefnu hæstv. ríkisstjórnar að halda áfram að þjarma að atvinnulífinu, halda áfram að beita sér fyrir þessari gjaldþrotastefnu og því miður búa svo um hnútana að atvinnuleysi fer nú vaxandi. Þetta er allt saman áhyggjuefni sem við hljótum að verða að ræða betur við hæstv. ríkisstjórn við annað tækifæri en nú þegar langt er liðið á nóttu. Og þó nú sé stutt til þingloka er ekki hægt að fara svo frá þessu alvarlega máli að það verði ekki rætt ítarlega aftur við 3. umr. sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að öllu óbreyttu að ná fram á morgun til að reyna að gera þetta frv. að lögum en við hljótum auðvitað að reyna að beita okkur gegn.

Minni hluti hv. efh.- og viðskn. leggur til að málinu verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar þar sem það verði geymt um sinn. Kannski vandað að einhverju leyti betur til þess og skoðað við aðrar aðstæður hvort hægt sé að koma fram einhverju í þessa veru en um það skal ég ekkert segja á þessu stigi. Hins vegar er eðlilegt og rétt að málinu sé nú vísað aftur til baka til ríkisstjórnarinnar og það munum við væntanlega ræða betur á morgun við 3. umr. Ég ætla því ekki að orðlengja frekar um þetta mál að þessu sinni.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nóttin er nú að byrja að víkja fyrir nýjum degi og menn verða þeim mun meir undrandi á vinnubrögðum þeirrar ríkisstjórnar sem þeir sitja uppi með í þessu landi. Ég hafði ætlað mér að halda langa og ítarlega ræðu í þessu máli til að vara ríkisstjórnina við. Það er hin málefnalega umræða ein sem kannski getur komið í veg fyrir slysin. En ég vil ekki fremur en margir aðrir brjóta einhvern sáttmála um að þessari umræðu ljúki. Þannig að ég boða það að fara fremur í þau mál og þær upplýsingar sem ég hef í þessu máli við 3. umr. og þá að rekja þær hættur sem í málinu liggja.

Auðvitað er það svo að íslenska þjóðin er smátt og smátt að vakna upp við þann vonda draum að ríkisstjórnin í þessu landi er sýknt og heilagt að leggja drápsklyfjar á atvinnulífið. Það getur vel verið að hæstv. forsrh. sofi vært undir slíkri ræðu þegar hann er minntur á þau svik, þær brigður sem stefna Sjálfstfl. er að valda í þessu landi. Hvernig hann hefur vikið frá henni á öllum sviðum og leggur nú þyngri drápsklyfjar á atvinnulífið sem mun skapa verulegt atvinnuleysi. Starfsskilyrði atvinnugreinanna er að verða með þeim hætti að þær fá ekki risið undir. Hér hafa menn þó verið það heppnir að hafa fundið sjóði úr fortíðinni sem þeir geta nú opnað til björgunarstarfa. En eins og fram hefur komið eru farnar leiðir sem örugglega munu þyngja mjög á atvinnulífinu. Margir sjóðir verða að bregðast við þessu frv. ef að lögum verður með því að hækka sína vexti. Ábyrgðarmenn sjóðanna fullyrða það að þeir muni ekki sitja aðgerðarlausir, þeir muni grípa til aðgerða til þess að verja stöðu sjóðanna og þá verður bagginn fluttur yfir á atvinnulífið.

Það er nú svo með þessa ríkisstjórn að vinnubrögð hennar minna mig æ meira á bræðurna frá Bakka í Svarfaðardal. Þeir voru ekki félegir við hann föður sinn, þeir piltar, og þegar hann kallaði kútinn þá önsuðu þeir ekki gamla manninum. Nú er þjóðin að kalla úr öllum áttum. Atvinnulífið biður um grið fyrir skattagleði ríkisstjórnarinnar en ekkert svar heyrist. Þeir halda áfram sínu mulningsstarfi. Það er eins og þeir séu að störfum fyrir svona kannski eina starfsstétt, innflutningsaðalinn á Íslandi, heildsalana. Og í mínum huga þá er atvinnulífið í hlutverki Brúnku gömlu. Þegar vonda veðrið geisaði þá hlóðu þeir að henni grjóti og þóttust vera að verja hana. (**Gripið fram í:** Merina?) Hana Brúnku gömlu. Hefur hv. þm. ekki lesið söguna um bræðurna frá Bakka sem virðast nú vera endurrisnir og farnir að stjórna þjóðfélaginu? En þeir hlóðu það vel að Brúnku gömlu að hún lagðist undir þunganum og dó. Mér sýnist að hér sé verið að fara svipað með íslenskt atvinnulíf ef ekki tekst að stöðva þessi mál. Þá muni það gerast að margt stoppar.

Ég er í engum vafa um að þetta hefur alvarlegar afleiðingar fyrir Stofnlánadeildina þó ég skuli játa að þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur hafi linað að nokkru ætlunarverkið. En ég hygg að það sé miklu alvarlegra með Fiskveiðasjóð. Og ég bara trúi því ekki að það verði síðasta kveðja Alþingis Íslendinga að leggja enn á ný við lok þingsins í ár þungar byrðar á íslenskan sjávarútveg. Menn eru búnir að gera kjarasamning í landinu og þá er ekki hikað við að ganga til

þess verks að leggja byrðar á þessa sjóði sem munu leiða til þess að vextir úti í atvinnulífinu munu hækka. Ég hygg að það muni um það ef Fiskveiðasjóður Íslands verður að hækka vexti sína um 2% eins og fram kemur að þeir telja sig þurfa ef þetta frv. verður að lögum.

En eins og ég sagði þá vil ég ekki bregðast fyrst eitthvert samkomulag náðist um störfin í nótt. En ég boða það hiklaust að í þessu máli hljótum við að tala mikið við hæstv. ráðherra því að ef frv. verður að lögum hefur það alvarlegri afleiðingar í för með sér en þeir gera sér grein fyrir. Og það er mikilvægt að heyra varnarræður þeirra. Hvað meina þessir menn? Þetta verðum við að fá svar við við 3. umr. þó að ég kannski vænti þess að þeir átti sig á þessari nóttu og láti málið liggja á þessu þingi.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það hafa verið bornar fram fjölmargar fyrirspurnir í þessu máli til hæstv. fjmrh. Hann hefur ekki svarað þeim nema einstaka aðila í andsvörum fyrr í dag. Ég geri ekki kröfur til þess að hæstv. fjmrh. svari þessum fyrirspurnum á þessari nóttu. En annaðhvort fer ég þess á leit að hæstv. fjmrh. svari þeim við lok umræðu á morgun eða þá að hann hefji 3. umr. og svari fyrirspurnum þá. Ég get sætt mig við hvort tveggja og vænti þess að hæstv. fjmrh. geti svarað því hvað hann kýs í þeim efnum. En miðað við að það hefur verið ákveðið að ljúka þessari umræðu nú þá geri ég ekki kröfu til þess að hann svari því núna en vildi aðeins ítreka við hann að ég vænti þess að hann muni gera annaðhvort við lok 2. umr. á morgun eða þá við upphaf 3. umr.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þar sem til stóð að ljúka 2. umr. í kvöld þá kýs ég að segja nokkur orð. Ekki síst vegna orða síðasta hv. ræðumanns. Ég hef þegar talað nokkrum sinnum í þessu máli í andsvari og hef komið ...(**ÓRG:** Ef menn stytta ræður sínar til að ljúka umræðum hér þá ... að svara hérna núna. Þú varst beðinn um að gera það á morgun eða við upphaf 3. umr.) Hef ég orðið eða ...? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. hefur orðið.) Ég skal endurtaka það sem ég sagði. Mér hefur skilist að gert hafi verið samkomulag um að ljúka 2. umr. í kvöld þannig að mér er ókleift að taka til máls á morgun í lok 2. umr. Og af því að ég hef skilið hv. þm. á þá leið að það væri til bóta að ég talaði í 2. umr. þá hélt ég kannski að mér fyrirgæfist að taka til máls hér og nú jafnvel þótt klukkan sé langt gengin í fjögur og að í samkomulaginu hafi verið gert ráð fyrir því að umræðunni lyki klukkan þrjú.

Ég skal fara hratt yfir sögu og ef það nægir ... (Gripið fram í.) (**ÓRG:** Þá er það við upphaf 3. umr.) Það er allt í lagi með það ef menn vilja það heldur. En ég bið samt þingmenn að huga að því hvað sagt var hér í ræðu áðan. Það var sagt við lok 2. eða við upphaf 3. umr. og ég hélt kannski að það væri til bóta. En ef ég skil hv. þm. rétt og ég beini nú orðum mínum til hans þá er það hans vilji að ég geymi þá ræðu mína til upphafs 3. umr. á morgun. Skal ég að sjálfsögðu verða við því því mér gengur ekkert annað til en að greiða fyrir því að þetta mál geti orðið að lögum.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Það er alveg meinalaust af minni hálfu að hæstv. fjmrh. tali lengur. Ég sagði að ég færi þess á leit að hæstv. fjmrh. svaraði þessum fyrirspurnum annaðhvort við lok 2. umr. á morgun eða við upphaf 3. umr. Hæstv. fjmrh. kaus að fara þá leið að svara fyrirspurnum við lok 2. umr. í nótt. Það er alveg meinalaust af minni hálfu, hæstv. fjmrh., en ég lagði málið ekki þannig upp. Það hefur þá verið einhver misskilningur okkar í milli en mér heyrist að hæstv. fjmrh. hafi þá skilið það þannig nú og ætli sér að svara mínum fyrirspurnum við upphaf 3. umr. og á það fellst ég. En ég vil leggja á það áherslu að hæstv. fjmrh. getur alveg haft sína hentisemi í málinu mín vegna. Ég ætla ekki að gera nokkra tilraun til að reyna að hafa áhrif á hann í þeim efnum. Ef hann telur það betur henta og það sé í samræmi við þau samtöl sem áttu sér stað um málið í dag. Ég taldi að e.t.v. væri svo ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég skal taka það alveg skýrt fram að mér fannst óeðlilegt að hæstv. fjmrh. færi nú að svara þeim fyrirspurnum sem hefur verið beint til hans í löngum ræðum og ítarlegu máli hér í umræðunni. Ég stytti mál mitt mjög hér í nótt á þessum síðasta klukkutíma vegna þess að það var komið fram yfir þann tíma sem talað var um. Þá var klukkan um hálffjögur. Nú er hún að verða fjögur og ef það hefði verið ætlunin að hæstv. fjmrh. færi að flytja ítarlegar svarræður núna hefði ég talið að umræðan væri með allt öðrum hætti. Þess vegna fannst mér það skynsamlegt sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson nefndi að hæstv. fjmrh. svaraði þá frekar þessum spurningum við upphaf 3. umr. á morgun fyrst við ýmsir höfum nánast verið að falla frá orðinu í umræðunni til þess að menn kæmust heim. Það var tilgangur minn a.m.k.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf menntastofnana með aðstoð tölvunets, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 482. mál. — Þskj. 740.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

151. FUNDUR

þriðjudaginn 19. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Um þingsköp.
EES-samningurinn og fylgiefni hans.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hafa verið lögð á borð þingmanna nokkur hefti, sjö talsins, sem tengjast samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta er hluti af því efni sem þingmönnum er ætlað að setja sig inn í á næstu vikum og mánuðum, en fylgiefnið, efni viðaukanna er ókomið að mestu leyti nema það yfirlit sem hér er um þá, þannig að þessi stafli á eftir að gildna og vaxa mikið frá því sem hér liggur fyrir, ef ég hef skilið málið rétt. Ég vil inna eftir því hvort við fáum yfirlit frá hæstv. utanrrh. um þetta verk í heild, þ.e. hvað er ókomið, hvenær það efni kemur í hendur þingmanna þannig að mönnum gefist færi á að skoða málið heildstætt. Þetta eru samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef um 10.000 blaðsíður með annarri uppsetningu en hér er í formi stjórnartíðinda Evrópubandalagsins í tvídálka formi og ef reiknað er með uppsetningu svipað og hér er þá yrðu þetta um 20.000 blaðsíður.

Ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. veiti okkur fyrir þinglokin yfirlit yfir hvað það er sem á eftir að koma þannig að menn geti sett sig inn í efni þeirra þátta sem hér liggja fyrir með hliðsjón af því sem ókomið er. Þá á ég ekki við frumvörpin sérstaklega, þó að auðvitað þyrftum við að fá heitin á væntanlegum frumvörpum í heild sinni og yfirlit yfir þau, heldur það sem tengist samningnum sjálfum, bindandi þáttum hans og hliðsjónarefni, en viðaukarnir eru í þeirri uppsetningu, sem ég gat um, sagðir vera um 7.000 blaðsíður. Hliðsjónarefni er upp á 1.000 blaðsíður og 600 síður sem varða aðild nýrra ríkja á undanförnum árum til viðbótar við hin upphaflegu sex, þannig að þarna er mikið sem á vantar að menn hafi þetta efni.

Þar fyrir utan, hæstv. forseti, held ég að það væri rétt að utanrrn. eða þingið, það þyrfti að vera Alþingi, því þetta eru þingmál þó ég hafi ekki á móti því að utanrrn. komi þar að — útvegi þingmönnum einhverja umgjörð um þetta þannig að menn geti haft þetta með á ferðum sínum og notað þann tíma sem menn hljóta að þurfa til að fara yfir þetta efni. Ég spyr: Hvernig er mönnum ætlað að halda þessu saman? Og ekki væri úr vegi að menn gætu hlýtt á þetta á hljóðsnældum líka til þess að nota tímann, t.d. á ökuferðum, þannig að þetta yrði einnig sett á þannig form ef alþingismönnum á að vera kleift að setja sig inn í þetta efni á þeim vikum sem fram undan eru þangað til nýtt þing hefst og umfjöllun um þetta mál.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessum orðum hv. 4. þm. Austurl. og í framhaldi af þeim er kannski rétt að fara nokkrum orðum um þessi litlu kver sem lögð hafa verið á borð þingmanna. Þau eru í fyrsta lagi staðfestingarfrumvarpið um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Í því kveri er meginmál samningsins ásamt greinargerð og svokallaðri bókun 1, ásamt nokkrum viðaukum og þá sérstaklega viðaukanum um þann þátt sjávarútvegsmálanna sem lýtur að varanlegum fyrirvörum Íslendinga.

Í annan stað er þarna að finna sjálfan samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í fimm bindum. Í fyrsta bindinu er meginmál, yfirlýsingar og samþykktir. Í öðru bindinu er að finna bókanir sem fylgja samningnum, bókun 1–4, þar með talin bókun um meðhöndlun á unnum landbúnaðarafurðum. Í þriðja bindinu eru bókanir 5–49, í fjórða bindinu eru viðaukar I–VI og í fimmta bindinu eru viðaukar VII–XXII. Þriðja ritið er síðan fylgisamningar. Það eru þeir samningar sem EFTA-ríkin hafa gert með sér innbyrðis um framkvæmd samningsins og fjalla í meginmáli um þær stofnanir nýjar sem ríkin hafa samþykkt að setja á fót, þ.e. eftirlitsstofnun, dómstól og fastanefnd. Þar er einnig að finna sérstakan tvíhliða samnings Íslands og Evrópubandalagsins um landbúnaðarmál, þ.e. sérstaklega um þær vörur sem varða grænmeti og blóm.

Fjórði þáttur þessa máls er síðan í framhaldi af samkomulagi sem tekist hefur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þinglega meðferð málsins. Þá liggur fyrir — ég sá það nú að vísu ekki á mínu borði en það mun liggja fyrir hér í dag — yfirlit yfir fyrirhugaðar lagabreytingar í kjölfar samningsins. Þar eru talin upp, samkvæmt framlögðum greinargerðum ráðuneyta, þau frumvörp sem leggja þarf fram, rannsaka og afgreiða á Alþingi Íslendinga í kjölfar samningsins, þ.e. fyrir árslok, þau frv. sem þarf að afgreiða í tengslum við samninginn þannig að hann geti tekið gildi fyrir áramót. Þá eru ekki að fullu taldar allar lagabreytingar, þ.e. ekki þær sem nauðsynlegar eru vegna framlengds aðlögunartíma Íslendinga sem er í nokkrum tilvikum allt fram til ársins 1996–1997.

Loks er þingfest hér skýrsla utanrrh. um erindaskipti Íslands og Evrópubandalagsins um gagnkvæmar veiðiheimildir.

Þetta er í stórum dráttum það sem hér er lagt fram og er það gert til þess að standa við og efna það samkomulag sem tókst milli stjórnarflokkanna og þingflokka stjórnarandstöðunnar um það hvernig þessi mál skyldu fram lögð fyrir lok vorþings. Í því samkomulagi var einnig ráð fyrir því gert að þessi mál skyldu fara án umræðu til viðkomandi fastanefnda þingsins, þ.e. annars vegar til utanrmn. og hins vegar til einstakra fastanefnda, þannig að þingið geti nýtt þann tíma sem fram undan er til að fara ofan í kjölinn á þessum litlu kverum.

Að lokum, virðulegi forseti, tek ég fegins hendi þeirri ábendingu hv. 4. þm. Austurl. að rétt væri að setja þetta efni á snældur þannig að menn gætu haft þetta við eyru sér þegar þeir aka um vort fagra land og ef ég má skilja ábendingu hv. þm. á þann veg að hann sé að bjóða sig fram til þess að lesa þetta á böndin í nokkrum „hjörlum“ þá yrði því tekið fegins hendi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér ljóðs um þingsköp til þess að vekja athygli á þeirri staðreynd að nú eru aðeins sex og hálfur tími frá því að síðasta þingfundi var slitið hér í nótt. Þá hafði fundur staðið frá klukkan tíu fyrir hádegi eða í 18 tíma með stuttum hléum. Fyrir utan það höfðu þó nokkrir þingmenn verið á nefndarfundum frá því klukkan 8 um morguninn. Ég tel það ámælisvert og brot á lögum um eðlilegan vinnu- og hvíldartíma að standa þannig að málum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru nú fyrst tilmæli hæstv. utanrrh. til mín að lesa þetta hugverk, sem hann leggur hér fyrir þingið, inn á hljóðsnældur. Það kæmi vissulega til greina enda gæfist mér svigrúm til þess að koma við viðhlítandi skýringum á málinu og málavöxtum. (Gripið fram í.) Þá vildi ég inna hæstv. utanrrh. eftir því sem hann ekki svaraði úr mínu máli og það er hvenær vænta megi framhaldsins, þ.e. efni viðaukanna, þetta heildarsafn „acquis communautaire", réttararfleifð Evrópubandalagsins sem á að leggja fyrir Alþingi og er bindandi þáttur þessa máls. Þetta er aðeins upphafið. Mér finnst þingið eiga kröfu á hæstv. utanrrh. að hann upplýsi um það og leggi það fyrir hver heildarramminn um þetta mál er. Hvað er það sem á eftir að koma, hvenær kemur það? Er búið að snúa þessum þáttum til íslensks máls? Ef ekki, hvað vantar á að það sé búið að vinna það verk?

Ég bið um skýr svör við þessum atriðum og ég inni hæstv. utanrrh. einnig eftir hvað líði svari við skriflegri fyrirspurn sem tengist þessu máli, þ.e. upplýsingum um þær athuganir sem fram hafa farið vegna 6. gr. samningsins á dómum Evrópubandalagsins sem fallið hafa frá því dómstóll þess var settur á laggirnar fyrir 1960, fram til undirritunardags samningsins. En allir þeir dómar eru hluti þessa máls og varða með beinum hætti þennan samning sem hluti af réttargrundvelli hans. Alþingismenn geta að sjálfsögðu ekki tekið afstöðu til málsins nema búið sé að fara vandlega yfir þetta dómasafn og auðvitað eigum við að eiga aðgang að því á íslensku máli. Ég hef lagt fyrir fyrirspurn til ráðuneytisins fyrir nokkru síðan þar sem beðið er um upplýsingar um hvar þetta mál stendur, hvaða athuganir hafa farið fram á því á vegum EFTA eða íslenskra stjórnvalda sérstaklega og hvenær verður það efni aðgengilegt.

Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. misvirði ekki þessar spurningar og leysi greitt úr því sem hér er spurt um. Það er einfalt að efni og ráðherrann hlýtur að hafa yfirlit um það sem ókomið er í þessu máli fyrir þingið.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. utanrrh. áðan er óhjákvæmilegt að árétta það að í bréfi, sem allir þingflokkar stjórnarandstöðunnar sendu hæstv. ríkisstjórn fyrir nokkrum vikum síðan, var knúið á um það að skýr svör fengjust við því hvenær hæstv. ríkisstjórn hygðist leggja fram á Alþingi tæmandi lýsingu á öllu því regluverki Evrópska efnahagssvæðisins sem á að fá lagagildi, og ég legg áherslu á það, lagagildi á Íslandi með samþykkt samningsins. Einnig var í því bréfi óskað eftir því að gerð yrði grein fyrir hvenær og í hvaða formi lagt yrði fram efnisyfirlit og lýsing á dómsúrskurðum Evrópudómstólsins sem einnig fá lagagildi, og ég legg aftur áherslu á það, lagagildi á Íslandi samkvæmt því frv. um samning sem hér er lagt fram. Það er auðvitað ekki unnt fyrir Alþingi Íslendinga að samþykkja samning þar sem lýst er yfir að mikið safn reglna og dómsúrskurða fái lagagildi sem er æðra lagasetningarvaldi Alþingis á Íslandi án þess að það sé lagt fyrir Alþingi Íslendinga. Það væri álíka og hæstv. utanrrh. kæmi með lokaðan kassa hér inn á borðið og segði við Alþingi: Alþingi á að lögfesta það sem í þessum kassa er en hann verður ekki opnaður.

Þess vegna óskuðu allir þingflokkar stjórnarandstöðunnar eftir því að þetta efni yrði lagt fram á Alþingi Íslendinga og þetta efni er fimm sinnum meira að vöxtum en það sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram hér í dag.

Ég vil árétta þetta vegna fyrirspurnar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, til þess að hæstv. utanrrh. geri sér grein fyrir því að þetta er ekki einungis ósk hv. þm., að þetta er formleg ósk sem hefur komið frá þingflokkum allra stjórnarandstöðuflokkanna í formlegu bréfi til ríkisstjórnarinnar fyrir nokkrum vikum síðan. Og hæstv. utanrrh. getur ekki ætlast til þess að í sumar fari Alþingi að vinna að samningi þar sem hann hefur aðeins lagt fram eitt box af fimm á borð þingmanna. Hin boxin fjögur eru ekki lögð fram og Alþingi fær þau ekki til meðferðar.

Þess vegna er mikilvægt að hæstv. utanrrh. svari því, verður þetta efni lagt fram núna á næstunni áður en þing kemur saman í ágúst eða er það virkilega ætlun hæstv. utanrrh. að leggja þessi fjögur box, svo að ég noti það orðalag, ekki fyrir þingið. Þingið eigi að veita þeim lagagildi á Íslandi án þess að skoða í þau og án þess að þau séu til á íslenskri tungu, þannig að almenningur á landinu og hagsmunaaðilar hafa enga möguleika til að skoða hvað verður æðra íslenskum lögum eftir gildistöku EES-samningsins. Svona vinnubrögð duga auðvitað ekki, hæstv. utanrrh.

Ég vil einnig vekja athygli á því, sem undrar mig, að hér er lagt fram frv. um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það frv. er í raun og veru bara ein blaðsíða. Það er það sem Alþingi á að samþykkja. Það er ein blaðsíða. En í þessu frv. er hvergi vikið að sjávarútvegssamningi Íslands og Evrópubandalagsins. Hann er sem sagt ekki hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði eins og hann er lagður fyrir Alþingi Íslendinga. Hann er bara einhvers staðar annars staðar algjörlega utan við þetta þingskjal og þetta frumvarp. Er það virkilega þannig að þegar þetta mál kemur til Alþingis Íslendinga þá sé samningurinn um sjávarútvegsmál, sem var aðalatriði málsins, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár af hálfu hæstv. utanrrh., ekki til í þingskjalinu? Og svona til málamynda er dreift með einhverri greinargerð en samningurinn um sjávarútvegsmál, sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt þjóðinni lon og don í tvö ár

að sé aðalatriði málsins, er einfaldlega ekki með. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Er það virkilega þannig að þingbúningur EES-samningsins verði á þann veg að í sjálfu frv. er hvergi vikið að samningnum um samvinnu í sjávarútvegsmálum milli Íslands og Evrópubandalagsins?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. er rétt að upplýsa að þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp um annars vegar birtingu á tilvísunum í lög og reglur Evrópubandalagsins hefur þegar verið svarað. Þeim var svarað í viðræðum fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu þegar menn ræddu um samkomulagið um þinglega meðferð á þessu mikla máli, þannig að það stendur ekkert á því svari. (**ÓRG:** Hvert var svarið?) Svarið er m.a. það að því er varðar regluverk Evrópubandalagsins, sem menn kalla svo, þá hefur það legið á borðum þingmanna töluvert á annað ár þótt fáir kunni að hafa lesið það. Við kölluðum það bláskinnu, og það er komið á annað ár frá því að þær upplýsingar í stórum dráttum lágu á borðum þingmanna.

Að því er varðar kröfur um að hér verði birtar á íslensku dómsniðurstöður Evrópudómstólsins á árinu 1960 til dagsins í dag, þá stendur það einfaldlega ekki til enda er sú krafa engum meginrökum studd og ósanngjörn. Ég nefni sem dæmi að einstakar aðildarþjóðir Evrópubandalagsins hafa ekki haft fyrir því að láta þýða þær dómsniðurstöður á sínar tungur, svo ég nefni Dani sem dæmi.

Ekki ber svo að skilja þetta svar að það sé verið að leyna nokkrum sköpuðum hlut. Í grg. með frv. er vísað til allra þeirra helstu dómsniðurstaða frá fyrri tíð sem varða þennan afmarkaða þátt laga og reglna Evrópubandalagsins sem lagður er til grundvallar Evrópska efnahagssvæðinu. Í annan stað er hv. þingmönnum vísað að kynna sér fræðilega umfjöllun um það mál. Það vill svo til að til er handhægt uppsláttarrit á íslensku sem víkur mjög að þessum þáttum, fjallar um alla helstu dóma sem máli skipta. Þar nefni ég til rit Stefáns Más Stefánssonar prófessors um Evróputéttinn.

Í þriðja lagi er hv. þm. sem girnast upplýsingar um þetta, eins og t.d. hv. 8. þm. Reykn., bent á að til eru handhægar handbækur um þetta á öllum tungumálum þannig að upplýsingaefnin eru mörg. En hins vegar er það einfalt svar að óskir um að fá þessar dómsniðurstöður áratugi aftur í tímann þýddar yfir á íslensku eru ekki í áformum íslenskra stjórnvalda.

Og að því er varðar greinargerð um erindaskiptin um tvíhliða samninginn sem hv. þm. var að minnast á og taldi vera aðalatriði þessa samnings, þá var hann svo óheppinn að það var rétt í þeirri sömu andrá verið að dreifa þeirri skýrslu á borð þingmanna. Samningnum er ekki lokið. Í þessari viku standa yfir viðræðufundir milli aðila um þann samning. Hitt er auðvitað fjarstæða að hann sé meginmál þessa samnings. Þetta er tvíhliða samningur milli Íslands og Evrópubandalagsins og kemur þessum samningi út af fyrir sig ekki við. Hann er í framhaldi af samningsskuldbindingum okkar um fríverslunarsamninginn milli Íslands og Evrópubandalagsins frá árinu 1972 sem formlega var virk 1977 og var eitt af meiri háttar og ágætum verkum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, en hann er ekki partur af þessum samningi eins og öllum öðrum hv. þm. er kunnugt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Eins og hér hefur komið fram og alkunna er þá tókst samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það hvernig hinu þinglega starfi skyldi háttað við þennan EES-samning. Það hefur náttúrlega alltaf legið fyrir að tvíhliða samningur um sjávarútvegsmál yrði að liggja fyrir í endanlegri gerð áður en samningur um Evrópskt efnahagssvæði er ræddur og tekinn til afgreiðslu. Um það þurfa menn ekki að deila. Ég er ekki að áfellast hæstv. utanrrh. þó að hann hafi hann ekki hér á borðum með þessum pakka sem nú var dreift og út af fyrir sig ágætt að er kominn í hendur allra þingmanna, því þarna er um mikla lesningu að ræða og menn hafa fyrir sér töluverð verkefni áður en þeir verða gjörkunnugir þessum samningi.

Ég ætla sannarlega að vona að hann sé rétt þýddur og það sé ekki meiningarmunur á íslenska textanum sem í þessum ritum birtist og upphaflega textanum eins og tvímælalaust er með ákvæði, sem hér var til umræðu utan dagskrár, varðandi innflutningsgjöld á landbúnaðarvörum þar sem er tvímælalaust marktækur munur á hinum enska texta og hinum íslenska.

Ég er ekki að segja með því að íslenski textinn sé vísvitandi rangfærður eða falsaður heldur tel ég að þýðendur hafi verið að keppast við að koma textanum á fagurt íslenskt mál en meiningin eða blærinn á enska textanum er allur annar en á íslenska textanum, bara á þeirri málsgrein.

Ég vona sannarlega að þessi íslenska þýðing sé með þeim hætti unnin að það séu ekki fleiri dæmi slík í textanum.

Varðandi tvíhliða samninginn og rökin fyrir því að hann verður að liggja fyrir í endanlegri gerð, ekki bara í einhverju frásagnarformi eða nótuskiptum, heldur í endanlegri gerð, áður en við getum tekið afstöðu til þessa máls í heild, eru þau að þessi tvíhliða samningur er aðgangseyrir okkar að Evrópsku efnahagssvæði. Það var krafa Evrópubandalagsins að Íslendingar gerðu tvíhliða samning um sjávarútvegsmál við Evrópubandalagið ef nokkuð ætti að verða af Evrópsku efnahagssvæði. Þar með er að vísu horfið frá því prinsippi sem við höfum haldið um áratugi að veita ekki aðgang að fiskimiðum fyrir tollaívilnanir. Aðgangseyrir, sagði ég, en við þurfum að borga fleira. Þessi samningur kostar okkur verulegar fjárhæðir í peningum. Það vill svo til að einmitt á þessari stundu er á fundi vestur á Hótel Sögu þingmannanefnd EFTA-ríkjanna og þegar ég fór af þeim fundi fyrir tíu mínútum eða korteri síðan var einmitt verið að gefa skýrslu um þann kostnað sem EFTA-ríkin þyrftu að hafa af Evrópsku efnahagssvæði, bæði stjórnunarlega og eins með framlögum í sameiginlega sjóði. Þar er um háar fjárhæðir að ræða

og ég hygg að hæstv. fjmrh. kippist við þegar hann áttar sig á þeim.

Ríkisstjórn aðhalds og sparnaðar, sem við höfum hér í landinu hlýtur að bregða í brún þegar hún sér þær tölur því sá hlutur sem Íslandi er ætlað að greiða hann er umtalsverður og gildur.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Margt skrautlegt hefur hæstv. utanrrh. sagt um Evrópskt efnahagssvæði á þessum þriggja ára ferli en hápunkturinn var hér áðan. Hver hefði trúað því, sem hlustað hefur á ræður, sjónvarpsviðtöl, útvarpsviðtöl, lesið blaðaviðtöl við hæstv. utanrrh. um fiskinn og fiskinn og aftur fiskinn og Evrópska efnahagssvæðið, að hann mundi koma hér í ræðustól á Alþingi daginn sem hann legði frv. um Evrópskt efnahagssvæði fram og segja orðrétt, virðulegi forseti: Samningur um sjávarútvegsmál kemur þessum samningi ekki við. — Kemur þessum samningi ekki við. Hann er byggður á bókun og verkum frá tíð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Samningur Íslands við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál kemur samningnum um Evrópskt efnahagssvæði ekki við, sagði hæstv. utanrrh. hér áðan.

Verður þetta málflutningurinn, hæstv. utanrrh., eða er þetta sannleikurinn?

Þetta fannst mér satt að segja stórmerkileg yfirlýsing hjá hæstv. ráðherra og hann kallaði það fjarstæðu — hann kallaði það fjarstæðu að fara fram á það að sjávarútvegssamningurinn væri hluti af lagasetningu Alþingis um Evrópskt efnahagssvæði. Það sem ráðherrann hefur talið aðalbúbót Íslands vegna þessa samnings er allt í einu orðin fjarstæða.

Sérkennilegur er nú orðinn málflutningurinn, ég verð að segja eins og er og það verður skrautlegt þinghaldið í ágúst ef kynningin og málflutningurinn fyrir þessum samningi verður með þeim hætti sem við hlustuðum á hér áðan. Nema hæstv. utanrrh. sé allt í einu orðinn þeirrar skoðunar að samningurinn um sjávarútvegsmál, af því hann er greinilega óþægilegur fyrir ráðherrann í dag, komi samningnum um Evrópskt efnahagssvæði ekkert við. Þannig er bara hlaupið frá einu í annað eftir því sem hentar ráðherranum.

Ég vil minna hæstv. utanrrh. á það að forstjóri Hafrannsóknastofnunar sagði fyrir viku síðan að farvegur viðræðnanna um sjávarútvegssamninginn, þ.e. skiptin á veiðiheimildunum, væri vitleysa, eins og þær stæðu núna. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar sagði á opinberum fundi að réttast væri fyrir íslensk stjórnvöld að hætta þessari „loðnuvitleysu" svo ég vitni orðrétt í hann.

Auðvitað er það þannig að sjávarútvegsmálin eru enn í því öngstræti í viðræðum Íslands og Evrópubandalagsins að ráðherrann getur ekki gert þinginu í dag grein fyrir því hvernig þau verða nákvæmlega og er að reyna að klóra yfir það í sérstakri skýrslu sem hér er lögð fram á Alþingi.

Hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurn minni og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á þann veg áðan að svarið hefði verið kynnt á fundi með fulltrúum þingflokka stjórnarandstöðunnar. Það var líka ómerkilegur málflutningur, hæstv. utanrrh., og ef það á að vinna svona hér í sumar að nota þessa óformlegu fundi í ræðustól Alþingis sem vettvang fyrir formleg svör og gefa síðan ekki tæmandi svör við því sem spurt er um, þá verður auðvitað að taka upp alveg nýjar samskiptavenjur við ráðherrann í þessu máli. Það er út af fyrir sig rétt að ráðherrann sagði á einum slíkum fundi að ekki stæði til að leggja fram neitt hér á Alþingi um dómsúrskurði Evrópubandalagsins sem eiga að fá lagagildi á Íslandi. En það hvarflaði ekki að mér að ráðherrann mundi hafa þá afstöðu að ef óskað yrði eftir því þá segði hann líka nei, því það er auðvitað afgerandi munur á því hvort ráðherrann hefur ætlað sér það eða hvort hann neitar þinginu um það. Og það er þá rétt að leggja þá ósk formlega fram við ráðherrann að þegar þing kemur saman í ágúst um að hann leggi þá á borð þingmanna ítarlega greinargerð um dómsúrskurði Evrópubandalagsins sem fá lagagildi hér á Alþingi með gildistöku EES-samningsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki af neinni meinbægni sem verið er að ræða þetta mál við hæstv. utanrrh. Hér er um algjör undirstöðuatriði að ræða varðandi þennan samning sem hluti af er kominn á borð hv. þm. En það vantar stóra þætti sem snerta þennan samning, þeir eru ókomnir til þingsins. Ég er að biðja hæstv. ráðherra um að upplýsa okkur um það hvenær þeir koma og hversu miklir eru þeir að umfangi. Ráðherrann hefur ekki svarað þessu. Hann hefur ekki gert það. Það sem við höfum fengið í bókunum á borð okkar er útfærsla í nýju formi á bláu bindunum tveimur, próförkinni frá 9. mars sl. og svo ýmsir þættir aðrir sem snerta EFTA fyrir utan frv. og skýringar með því. Þetta eru um 1.200 blaðsíður eins og þetta lá fyrir okkur í bindunum tveimur. Að vísu afar ruglingslega en aðrir bindandi textar upp á um 7.000 blaðsíður og þá í öðru broti og samþjappaðri en liggur fyrir hérna eru ókomnir. Efni viðaukanna. Hvaða svör fáum við hér? Jú, það er vitnað í bók, nokkuð þykka á mælikvarða þingskjala, kölluð bláskinna — ég hugsa ég eigi eitthvað í því heiti sem hæstv. utanrrh. tók upp. Það var rit upp á að mig minnir 1.038 blaðsíður sem var dreift hér. Ágrip af nokkrum reglum Evrópubandalagsins á einstökum sviðum samningsins eins og það lá fyrir á þeim tíma og ég segi ágrip. Það er langt frá því að vera tæmandi og hvað þá að það væri efni þessara reglna sem hafa lagagildi samkvæmt samningnum ef ef staðfestur yrði. Lítið á 119. gr. í samningnum í fyrsta hluta af fimm sem hefur verið dreift. Hvað stendur í 119 gr.? Það stendur: „Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins."

Eiga menn þá að búa við eitthvert hrafl frá síðasta ári sem lagt var fyrir þingið, ekki sem þingskjal, ef ég man rétt, heldur dreift á vegum utanrrn.? Hæstv. forseti leiðréttir mig ef það er misminni. Þó tókum við það fyrir í a.m.k. tveimur þingnefndum sem ég var formaður í og fjölluðum um þá þætti sem þar voru varð-

andi iðnaðarmál og samgöngumál. Ég veit ekki hvað var unnið að því í öðrum nefndum þingsins, en svona liggur málið fyrir. Þessa 7.000 blaðsíðna texta vantar, viðaukana sem eiga að vera óaðskiljanlegur hluti samningsins. Hvar eru þessir viðaukar, hæstv. utanrrh.? Hvenær koma þeir? Er eitthvað óþýtt? Því hefur ekki verið svarað. Er þetta allt komið á íslenskt mál eða skortir enn á um þýðingar?

Síðan kemur það sem snýr að 6. gr. samningsins, þ.e. dómsúrskurðirnir. Ég bið menn að lesa hvað 6. gr. segir: „Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa."

Eru menn svo hissa á því að verið sé að óska eftir því að þetta efni liggi fyrir á íslensku máli og aðgengilegt fyrir þingið? Við hlýðum á það að hæstv. ráðherra hafnar því að leggja þennan hluta málsins fyrir þingið og vísar í einhverjar bækur á erlendum textum eða einhverjar handbækur þar sem nefndir hafa verið einhverjir af þessum dómsúrskurðum.

Er þetta viðunandi málsmeðferð? Ég segi nei. Þetta er með öllu óviðunandi og það er satt að segja óheyrilegt eftir að þessu áhugamáli hæstv. utanrrh. hefur seinkað um eitt og hálft ár frá upphaflegum tíma skuli þessi mál ekki lögð fyrir með öðrum og skilmerkari hætti en gert er við lok þessa þings. Ég mótmæli þessu og ég krefst þess að hæstv. ráðherra geri okkur hér grein fyrir því hvenær þess er að vænta sem ókomið er í aðgengilegu formi fyrir þingið á íslensku máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessar þingskapaumræður eru væntanlega forsmekkur að því sem koma skal af hálfu hv. þingmanna Alþb. í umfjöllun um þetta mikla mál. Svörin við spurningunum liggja fyrir.

Að því er varðar eldri dómsniðurstöður Evrópudómstólsins er svar mitt þetta: Þær eru leiðbeinandi við umfjöllun dómstóla um mál í tengslum við þennan samning, þær eru ekki efnislegur þáttur samningsins sjálfs. Það eru ekki áform íslenskra stjórnvalda að láta þýða þær á íslensku eins og þær liggja fyrir.

Mjög ítarlegar upplýsingar um þær dómsniðurstöður sem varða málið, og þær eru auðvitað mjög mismunandi að vægi, liggja fyrir í greinargerð í fræðiriti Stefáns Más Stefánssonar. Að öðru leyti vísum við, þeim sem þurfa að nota þær, einfaldlega á handhægar upplýsingar. Þannig háttar til um flestar aðildarþjóðir Evrópubandalagsins að þessar dómsniðurstöður eru ekki til á þjóðtungum viðkomandi landa. Krafa einhvers um að íslensk stjórnvöld þýði þetta á íslensku er því ekki sanngjörn.

Að því er varðar lög og reglur Evrópubandalagsins árétta ég það svar mitt að til þess að verða við óskum þingmanna um að yfirlit um það liggi fyrir þá var tekið saman rit, sem er alveg rétt munað hjá hv. þingmanni, 1.038 blaðsíður sem við nefndum bláskinnu, sem lagt var á borð þingmanna fyrir meira en ári og var yfirlit yfir þau lög og þær reglur Evrópubandalagsins sem væru inntakið í því sem við köllum „acquis communautaire". Þetta var að sjálfsögðu í ágripsformi, mönnum til upplýsingar.

Það er rétt að nokkru verki er ólokið við að gera þetta grundvallarverk fyllra en að því er unnið og það mun liggja fyrir. (**HG:** Hvenær?) Ég get ekki svarað því með nákvæmri dagsetningu, hv. þm.

Virðulegi forseti. Það væri mjög til þess að auðvelda verkaskiptingu í þinginu ef hv. 8. þm. Reykn. léti hv. 4. þm. Austurl. eftir að vera talsmaður Alþb. í þessu máli. Hann veit þó nokkuð mikið um málið en hv. 8. þm. Reykn. virðist ekkert vita um það. Hann heldur áfram að tönnlast á því með þessari venjulegu hneykslunarhellu sem honum lætur vel að tvíhliða samningurinn um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum sé grundvallaratriði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og því hafi alltaf verið haldið fram af utanrrh. að svo væri.

Tvíhliða samningurinn um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum er ekki hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Hann á sér forsendur í fríverslunarsamningnum sem Íslendingar gerðu við Evrópubandalagið 1972. Það sem hv. þm. á sennilega við er sérstakur viðauki og bókun um sjávarútvegsmál sem tekur m.a. til þeirra réttinda sem Íslendingar hafa áunnið sér með þessum samningi, þ.e. í formi niðurfellingar á tollum, í markaðsaðgangi í áföngum, án þess að gangast undir kröfur Evrópubandalagsins um veiðiheimildir eða fjárfestingarrétt, sem er allt, allt annað mál. Það sem liggur á borðum þingmanna í sérstakri skýrslu er greinargerð um erindaskiptin um tvíhliða samninginn sem er hér á sérstöku þingskjali af því að þetta er ekki partur samningsins. Að halda því fram að við höfum alltaf talið að samningurinn, sem hér er lýst í erindaskiptum, væri eitthvert meginmál þessa samnings er fjarstæða og það veit hv. 4. þm. Austurl. auðvitað þótt hv. formaður Alþb. viti það ekki.

Svo má ég til með að leiðrétta það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. og er misskilningur sem hann hefur endurtekið of oft en þarf að fara að leiðrétta. Erindaskiptin, sem liggja fyrir og verða væntanlega að samningi um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum, eru ekki brot á grundvallarreglunni um að hafna veiðiheimildum fyrir markaðsaðgang. Þetta hefur verið fjallað um svo oft að það má til með að hætta að villa um fyrir fólki með þeim hætti.

Allar ríkisstjórnir á Íslandi hafa staðfastlega synjað kröfunni um tengingu á markaðsaðgangi og veiðiheimildum. Hitt er rétt að allt frá árinu 1980 hafa allar ríkisstjórnir á Íslandi verið reiðubúnar til viðræðna um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Fyrir því eru mörg fordæmi, sem hafa verið rifjuð upp, og um það hefur ekki verið ágreiningur í ríkisstjórnum á Íslandi, sama hvaða flokkur á í hlut. Gagnkvæm skipti á veiðiheimildum er allt annar hlutur og er ekki brot á slíkum grundvallarreglum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Veikur er nú málstaðurinn, hæstv. utanrrh., ef strax í upphafi þarf að fara að beita að-

ferðinni „vér einir vitum". Hæstv. utanrrh. er velkomið að segja eins oft og hann vill á Alþingi að ég hafi ekkert vit á þessu máli. Guðvelkomið. Ef það verður temað í ræðum í ágúst að þeir sem koma með óþægilega fleti í málinu hafi ekkert vit á því verður þetta sérkennilegt þing í ágúst og september.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að samningurinn milli Íslands og Evrópubandalagsins væri eitthvert barn Matthíasar Bjarnasonar en kæmi samningnum um Evrópskt efnahagssvæði ekkert við. Hæstv. utanrrh., hér er fyrsta heftið, meira að segja í fánalitunum og með skjaldarmerkinu á forsíðunni, sem ráðherra leggur fram hér í dag og ber heitið „Meginmál EES-samningsins". Hvað stendur þar á blaðsíðu 157? Þar stendur að Evrópubandalagið lýsi því yfir að tvíhliða samningur um fiskveiðar milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands sé hluti af heildarniðurstöðu samningsins og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum. Grundvallarþáttur í samþykkt Evrópubandalagsins á EES-samningnum. Svo kemur hæstv. utanrrh. og segir: Það er fjarstæða að samningurinn um sjávarútvegsmálin sé einhver hluti af þessu máli, hann er afkvæmi Matthíasar Bjarnasonar.

Virðulegi utanrrh. Ég veit að vísu að við vöktum lengi í nótt, en á þetta virkilega að vera svona sem kynna á málið í þinginu? Þetta stendur hér í fyrsta hefti á bls. 157 í Meginmáli EES-samningsins, hæstv. ráðherra. Eða er það þannig kannski að Evrópubandalagið hafi ekki heldur vit á EES-samningnum, hæstv. utanrrh.? Er það kannski þannig að bara hæstv. utanrrh. einn viti eitthvað um málið? En Evrópubandalagið hafi auðvitað misskilið málið og viti ekki neitt. Því ef ég hef rangt fyrir mér í þingsalnum í dag þá hefur Evrópubandalagið líka rangt fyrir sér og þá er þessi blaðsíða 157 í fyrsta hefti meginmáls samningsins vitleysa, hæstv. utanrrh. Hæstv. ráðherra á ekki að bjóða þinginu svona málflutning.

Hæstv. ráðherra neitaði því áðan að ætla að leggja fyrir Alþingi Íslendinga ítarlega greinargerð um dómsúrskurði Evrópubandalagsins. Samt sem áður er í fyrsta kafla EES-samningsins, kaflanum sem ber heitið Markmið og meginreglur, 6. gr., sem segir að þessir úrskurðir dómstóls Evrópubandalagsins fái gildi æðra íslenskum lögum vegna þess að þeir verði ráðandi um túlkun EES-samningsins. Ekki afstaða Alþingis, heldur þessir úrskurðir Evrópudómstólsins verða ráðandi um túlkun á samningnum. Þess vegna, hæstv. ráðherra, er í dag lögð fram formleg ósk frá mér sem formanni Alþb. fyrir hönd flokksins um að ráðherrann leggi fram á Alþingi þegar það kemur saman í ágústmánuði efnislýsingu á þeim dómsúrskurðum Evrópubandalagsins sem fá lagagildi á Íslandi við gildistöku samningsins.

Hæstv. ráðherra má hafa hvaða skoðun sem hann vill á þeirri ósk. Hann má nefna hvaða lönd sem hann vill þar sem hún hafi ekki komið fram, en hér er hún komin fram, hæstv. utanrrh. Hér er verið að lögfesta að úrskurðir dómstóls Evrópubandalagsins séu æðri íslenskum lögum og ég vil fá að sjá þá úrskurði, hæstv. ráðherra og ég krefst þess að Alþingi Íslendinga fái að sjá það og íslenska þjóðin fái að sjá það. Svo má hæstv. ráðherra velja þessari ósk þau hæðnisyrði sem hann telur sér sæma sem utanrrh. Íslands. Það er ekki nóg, hæstv. ráðherra, að taka upp þá nýjung að leggja þingskjölin sín fram í fánalitunum og með skjaldarmerkinu, sem aldrei fyrr hefur verið gert á Alþingi Íslendinga, en koma svo í skítagallanum til þings þegar umræða hefst um málið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil biðja hv. þm. að gæta orða sinna.

Nú hefur í nærri klukkutíma farið fram umræða um gæslu þingskapa og forseti vill beina því til hv. þingmanna, sem eiga eftir að taka til máls um gæslu þingskapa, að reyna að halda sig við gæslu þingskapa en fara ekki í efnislegar umræður um það mál sem hér hefur aðallega verið fjallað um.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sem ég hef mælt í þessari umræðu hafi varðað þetta mál efnislega og gæslu þingskapa vegna þeirra þingskjala sem verið er að leggja fram og vegna þingskjala sem eru ókomin og tengjast þessu máli með fullum hætti sem ófrávíkjanlegur hluti þessa samnings sem meiningin er að lögfesta. Ég hefði getað stytt þessa umræðu hvað mig snertir ef hæstv. ráðherra hefði brugðist við strax í fyrstu ræðu sinni um þingsköp með því að upplýsa efnislega um það sem ég spurði. Þetta kom hins vegar fram í síðasta innleggi hæstv. ráðherra þar sem hann viðurkenndi að stóran hluta málsins vantaði inn á borð þingmanna og sagði jafnframt, og ég vænti þess að ráðherra leiðrétti það ef það er ekki rétt lesið í orð hans, að úr þessu yrði bætt, hingað kæmu inn sem hluti af þessu máli viðaukarnir, „acquis communautaire", sem kynntir voru lauslega í þúsund blaðsíðna riti í fyrra en eru að umfangi um 7.000 síður og eru ókomnir til þingsins. Ráðherrann gat ekki svarað því hvenær þetta yrði og eitthvað mun vera óþýtt enn af þessu efni, sem er óaðskiljanlegur hluti þessa máls, og verða að lögum á Íslandi ef þessi samningur verður staðfestur sem við skulum vona að gerist ekki.

Um samhengið milli tvíhliða sjávarútvegssamnings við Evrópubandalagið og þessa máls, hafa kannski fáir greint jafnákveðið frá því hvernig þau mál eru tengd, og hæstv. utanrrh. og Evrópubandalagið sem hinn aðili þessa máls, sem ætlar að gera það að skilyrði fyrir staðfestingu samningsins af sinni hálfu að þessi tvíhliða samningur liggi fyrir frágenginn við Ísland.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í skýrslu þeirri sem liggur á borðum þingmanna um samning í formi bréfaskipta milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands um sjávarútvegsmál segir svo í upphafsmálsgrein, með leyfi forseta:

„Samningaviðræður Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um samstarfssamning um sjávarútvegsmál

hófust eftir lausn landhelgisdeilna við Bretland og Þýskaland og gildistöku bókunar nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og EB árið 1976. Þær stóðu yfir með hléum fram til ársins 1981."

Ég rifja þetta upp fyrir hv. þm. til þess að árétta að tvíhliða samningur um samstarf á sviði sjávarútvegsmála, sem m.a. tekur til skipta á gagnkvæmum veiðiheimildum, á rætur að rekja til þessa fríverslunarsamnings frá árinu 1972, staðfestur 1976, og er ekki hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er ekki meining mín að lengja þessa umræðu um þingsköp. Ég held hins vegar að hún hafi verið nauðsynleg vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur heyrt hér óskir þingmanna og hann getur hugleitt það mál fram til þess tíma að við tökum formlega umræðu, væntanlega einhvern tímann upp úr 17. ágúst. Það stendur auðvitað allt sem ég hef sagt um þennan tvíhliða samning, um svokallaðar gagnkvæmar veiðiheimildir, hér í þessum ræðustól og annars staðar þrátt fyrir andmæli hæstv. utanrrh. Tvíhliða samningur um gagnkvæmar veiðiheimildir var skilyrði fyrir samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég spyr hæstv. utanrrh. og hann kemur þá hér upp og svarar því ef honum sýnist: Getum við hætt við að gera tvíhliða samning um gagnkvæmar veiðiheimildir við Evrópubandalagið en samt sem áður mundi samningur um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi? (**Gripið fram í:** Það hlýtur að vera.) Ég spyr og hæstv. utanrrh. greiðir væntanlega úr því. (Gripið fram í.) Hann er búinn að margtönnlast á að fyrrv. sjútvrh. Matthías Bjarnason hafi gert einhvern samning. Það sem við er átt eru gömul drög sem þóttu ekki aðgengileg fyrir íslensk stjórnvöld á þeim tíma og þess vegna var ekki unnið frekar að þeim, enda breyttust líka aðstæður við Grænland.

Varðandi aðgengilegt dómasafn Evrópubandalagsins þá er það ekki bara fyrir þingmenn sem það þarf að vera aðgengilegt. Þýðing á öllum dómsúrskurðum Evrópudómstólsins er mikið og dýrt verk, en íslenskir dómarar þurfa í framtíðinni að taka tillit til þessara tilteknu dóma Evrópudómstólsins. E.t.v. er ósanngirni að vera að krefjast þess að þeir séu þýddir á íslensku, e.t.v. er öruggara að hafa þá aðgengilega á ensku eða einhverju öðru Evrópumáli heldur en í ófullkominni íslenskri þýðingu. Hvað þá ef utanrrh. býr til einhvern útdrátt fyrir þingmenn. Það dugir a.m.k. ekki fyrir dómarana og ég vona að íslenskir dómarar komi aldrei til með að þurfa að dæma eftir frásögnum hæstv. utanrrh. af því hvað væru staðreyndir og hvað ekki.

Fiskistofa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 690, nál. 932, brtt. 933.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 933,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 933,2 (ný 4. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
5.–12. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 933,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 688, nál. 935, brtt. 936.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 936,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
6.–9. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 936,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 936,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
13.–14. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 754, nál. 996 og 997, brtt. 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 38:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, LMR, MB, PP, RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, VS, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, SalÞ.

nei: GHelg, SvG.

12 þm. (JÁ, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, AÓB, HG, KHG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (JónS, KSG, ÓE, PJ, SP, StG, StH, TIO, VE, GunnS, ISG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er verið að greiða atkvæði um er flutt illa unnið, vanhugsað. Því er haldið fram að það sé flutt að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna og kann vel að vera að svo sé en það er ekki flutt að beiðni íslenskra sjómanna.

Eftir að núv. ríkisstjórn hefur ráðist að flestum þeim

sérkjörum sem íslenskir sjómenn hafa haft, svo sem skattívilnunum, lífeyri frá almannatryggingum við 60 ára aldur, þá tekur hæstv. fjmrh. það erindi að sér að ráðast að réttindum íslenskra sjómanna til síns eigin lífeyrissjóðs ef slys ber að höndum.

Hæstv. forseti. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að réttindi þeirra sem fá greiðslur úr lífeyrissjóði eigi fyrst og fremst að ákvarðast með almennum lögum og vera á ábyrgð stjórna lífeyrissjóðanna. Þannig háttar til með þennan sjóð að það er um hann mjög nákvæm löggjöf með öðrum hætti en um flesta aðra sjóði. Ef stjórn þessa lífeyrissjóðs vill samræma reglur um útgreiðslur reglum annarra sjóða verður að eiga sér stað lagabreyting hér á Alþingi. Þetta misræmi er að mínu mati óeðlilegt og því væri rétt að samræma þessa löggjöf að annarri löggjöf um lífeyrissjóði þannig að stjórn sjóðsins geti ávallt borið ábyrgð á reglunum og þurfi ekki að leita til Alþingis um það.

Þar sem hér er um að ræða beiðni stjórnar sjóðsins að samræma þessar reglur öðrum, eins og fram hefur komið við meðferð þessa máls, þá tel ég eðlilegt að verða við því, því þar er líka um réttindabót að ræða, og segi því já.

2.–9. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 998,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 998,2 (ákv. til brb.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 220, nál. 849 og 870, brtt. 850 og 894.

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Á þskj. 870 leggur minni hluti efh.- og viðskn. til að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég ætla ekki að færa rök fyrir því nú við þessa atkvæðagreiðslu, en vildi aðeins tilkynna það að við viljum draga þessa tillögu til baka til 3. umr. Ástæðan fyrir því er að við viljum freista þess að sannfæra ríkisstjórnina um nauðsyn þess að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég vil t.d. geta þess að ef bornir eru saman tveir fjárfestingarlánasjóðir, annars vegar Stofnlánadeild landbúnaðarins og hins vegar Fiskveiðasjóður Íslands, þá mun hluti af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki teljast til skattskyldra tekna vegna þess að þær eru innheimtar sem ígildi vaxta af landbúnaðinum í heild. Ef hluti af vöxtum Fiskveiðasjóðs væri innheimtur sem ígildi vaxta af sjávarútveginum í heild eins og var hér áður fyrr þá yrðu tekjur þess sjóðs ekki skattskyldar.

Þetta mál hefur verið eitt allsherjarklúður frá upphafi. Við munum hins vegar ekki á neinn hátt tefja fyrir því að málinu verði vísað til 3. umr. á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við munum því draga þessa tillögu til baka til 3. umr. en sitja hjá við afgreiðslu málsins nú við 2. umr. í þeirri von að breyting verði á við þá næstu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 870 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 850,1 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SigG, BIB, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, SalÞ.

24 þm. (PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÓÞÞ, PJ, SP, StH, TIO, VE, GunnS, ISG, JónS, KSG, ÓE) fjarstaddir.

Brtt. 894 (við brtt. 850,2) samþ. með 29:4 atkv.

Brtt. 850,2 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 30:5 atkv.

3.–4. gr. samþ. með 29:5 atkv.

Brtt. 850,3 (ný 5. gr.) samþ. með 28:4 atkv.

6.–9. gr. samþ. með 28:6 atkv.

Brtt. 850,4 (2 nýjar greinar, verða 10.–11. gr.) samþ. með 30:4 atkv.

10. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 29:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Samstarf menntastofnana með aðstoð tölvunets, frh. fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 482. mál. — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og vísað til menntmn. með 48 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, frh. 2. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 426. mál (greiðslur til Vélstjórafélags Íslands). — Þskj. 684, nál. 887, brtt. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 901,1 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 34:9 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg,

JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, StB.

6 þm. (GHH, GHall, JóhS, JVK, LMR, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BIB, FI, GunnS, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til afgreiðslu snertir afar viðkvæman þátt í samskiptum tveggja stéttarfélaga, annað er landssamtök, þ.e. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, hitt er stéttarfélag sem heitir Vélstjórafélag Íslands. Það er sammerkt með þeim álitum sem fram hafa komið í þessu máli frá öðrum hagsmunaaðilum, þ.e. frá Landasambandi ísl. útvegsmanna, frá Sjómannasambandinu og Alþýðusambandi Vestfjarða, að þeir telja afar óskynsamlegt að skipa þessum málum með lögum áður en fullreynt er um samkomulag aðila í þessu máli. Ég er sammála því sjónarmiði og segi því nei.

Brtt. 901,2 kölluð aftur til 3. umr.

2. gr. samþ. með 36:6 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GuðjG.

6 þm. (FrS, GHH, GHall, JóhS, LMR, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BIB, EKJ, FI, GunnS, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, EGuðn, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG.

8 þm. (FrS, GHH, GuðjG, GHall, JóhS, JVK, LMR, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BIB, EKJ, FI, GunnS, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, ÞorstP.

3 þm. (BBj, GHall, LMR) greiddu ekki atkv.

18 þm. (FI, GuðjG, GunnS, ISG, IP, JónS, KSG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Flugmálaáætlun 1992–1995, frh. síðari umr.

Stjtill., 208. mál. — Þskj. 249, nál. 868, brtt. 869 og 908.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 869,1 (nýr II. liður) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, LMR, MF, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, GÁ, HÁ, JÁ, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, PP, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (FI, GunnS, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 908 kölluð aftur.

Brtt. 869,2 (nýr IV. liður) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, LMR, MF, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GÁ, JÁ, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, PP, StG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (FI, GunnS, HÁ, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, LMR, MF, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, FI, JÁ, JVK, JHall, KHG, KE, PP, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, GunnS, HÁ, ISG, JBH, JónS, KSG, KÁ, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, LMR, MF, MB, ÓRG, RG, SigG, BIB, SAÞ, SJS, StB, SalÞ.

9 þm. (VS, AÓB, FI, GÁ, JVK, KÁ, KE, PP, StG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (TIO, VE, GunnS, HÁ, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er umhugsunarefni hversu lítið fjármagn er áætlað til framkvæmda við flugvelli landsins. Það vekur þó fremur athygli hversu því takmarkaða fjármagni er misskipt. Hér urðu umræður í

nótt um þetta mál og sem dæmi vil ég nefna hvernig skiptingin er á milli örfárra kjördæma, sem ég vildi taka dæmi um: Til Vestfjarða er á þessum tveimur árum, þ.e. 1992 og 1993, áætlað að verja 50,3 millj. kr., til Norðurl. e. 96 millj. kr. og til Austurlands 377,4 millj. kr. En til Norðurl. v., til tveggja ára, er framkvæmdafé 8,2 millj. kr. — Og ég endurtek það: 8,2 millj. kr.

Ég geri mér grein fyrir því að mismunur mun ætíð verða á milli kjördæma í þessum málaflokki. En, virðulegi forseti, fyrr má nú rota en dauðrota.

Mér er gjörsamlega ómögulegt að greiða þessari flugmálaáætlun atkvæði mitt, svo ósanngjörn sem hún er og því sit ég hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 1032).

Höfundalög, 3. umr.

Stjfrv., 436. mál (tölvuforrit, ljósritun o.fl.). — Þskj. 1013 (sbr. 694).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.

17 þm. (EH, GunnS, HÁ, ISG, JóhS, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1033).

Forfallaþjónusta í sveitum, 3. umr.

Stjfrv., 434. mál (heildarlög). — Þskj. 1014.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞorstP.

19 þm. (EH, GunnS, HÁ, ISG, JóhS, JónS, JHall, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1034).

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 534. mál (ráðstöfun innstæðna). — Þskj. 960.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. forsrh. kynnti stefnu ríkisstjórnarinnar í upphafi þings, þá flutti hann þann boðskap að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., ætlaði eingöngu að stjórna í efnahagsmálum með almennum reglum. Tími hinna sértæku aðgerða væri liðinn.

Hæstv. forsrh. hefur frá því að hann tók við embætti farið hörðum orðum um það sem sjálfstæðismenn kalla sjóðasukk en það er heiti sem þeir hafa beitt yfir aðgerðir, sértækar aðgerðir í efnahagsmálum þegar ýmsum sjóðum er beitt til þess að styrkja rekstrargrundvöll ákveðinna fyrirtækja en ekki allra fyrirtækja.

Á síðasta kjörtímabili deildu forustumenn Sjálfstfl. mjög harðlega á það að í tíð síðustu ríkisstjórnar var beitt þeirri aðferð að einstakir sjóðir voru notaðir til þess að styrkja rekstrargrundvöll einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi.

Nú er það að gerast hér á síðasta degi þingsins að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er að hverfa formlega frá þeirri stefnu sem hæstv. forsrh. hefur lýst hvað eftir annað frá upphafi stjórnarsetunnar að væri stefna ríkisstjórnarinnar. Svo alvarlegt er fráhvarfið að forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Þórður Friðjónsson, embættismaður forsrh., Davíðs Oddssonar, neyðist til þess að lýsa opinberlega andstöðu sinni við þessa stefnubreytingu.

Ég var að afla mér upplýsinga um það, virðulegi forseti, nú í morgun hvað sjóðatilfærslur, eða svo ég noti orðalag Sjálfstfl., sjóðasukk Sjálfstfl. í málefnum sjávarútvegsins í vetur nemur hárri upphæð. Og svarið er að það er hátt í 4 milljarða sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur flutt til í sjóðakerfinu í vetur í þágu ákveðinna fyrirtækja í sjávarútvegi. Með öðrum orðum: Á fyrsta valdaári þessarar ríkisstjórnar er horfið með svo afgerandi hætti frá hagstjórn hinna almennu aðgerða og hinna almennu leiða að um 4 milljarðar eru notaðir í sjóðatilfærslum, sértækum aðgerðum í þágu sjávarútvegsins. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. hér við lok þessa þings: Hvernig stendur á því að sú stefna, sem hann boðaði við upphaf þingsins að væri kjarninn í efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstjórnar, hefur nú vikið fyrir því sem Sjálfstfl. fordæmdi harðast á síðasta kjörtímabili og forsrh. tilkynnti þjóðinni að hann ætlaði aldrei að beita?

Ríkisstjórnin hefur í vetur beitt sér fyrir því að lengja lán í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, en það er sá sjóður sem Sjálfstfl. fordæmdi hvað harðast og sem hæstv. forsrh. hefur notað hvað mest sem dæmi um það sem ber að fordæma. En engu að síður hefur ríkisstjórnin í vetur beitt sér fyrir sértækum aðgerðum sem nema á bilinu 700–800 millj. kr. í lánalengingu í þessum sjóði. Það vita auðvitað allir að þær aðgerðir koma aðeins tilteknum fyrirtækjum í sjávarútvegi til góða. Þær koma ekki til góða þeim fyrir-

tækjum sem ekki þurftu á því að halda að sækja til Atvinnutryggingarsjóðs á sínum tíma og þær koma ekki til góða þeim fyrirtækjum sem stofnuð hafa verið síðan. Það eru líklegast nokkuð mörg hundruð fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi í dag þegar lagt er saman sem ekki fá notið þessara sértæku aðgerða hæstv. ríkisstjórnar.

Í öðru lagi er svo hæstv. ríkisstjórn nú með þessu frv. sem hér er komið til 3. umr. að beita sér fyrir því að greiða út til tiltekinna fyrirtækja í sjávarútvegi tæpa 3 milljarða. Það er auðvitað alveg ljóst að það er aðeins hluti af fyrirtækjum í sjávarútvegi sem fær notið þessara aðgerða. Þau fyrirtæki, sem ekki hafa greitt inn í Verðjöfnunarsjóðinn af veiðum sínum og starfsemi, eru allmörg. Þau fá enga bót sinna mála. Þau fá enga leiðréttingu vegna gengisstöðunnar og annarra erfiðleika, skattastefnu ríkisstjórnarinnar og vaxtahækkana. Síðan er líka ljóst að það er þó nokkur fjöldi fyrirtækja sem stofnaður hefur verið án þess að greiða inn í sjóðinn og starfa nú og þau fyrirtæki þurfa að búa við óhagstæð almenn skilyrði á næstu mánuðum og missirum vegna þess að þau njóta ekki þessara sértæku aðgerða sem ríkisstjórnin er að biðja þingið að lögfesta. Það eru auðvitað stór tíðindi að Sjálfstfl., sérstaklega hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og ríkisstjórn hans, skuli kúvenda svona gersamlega hér á þessu fyrsta þingi að hún leggur höfuðáherslu á það að lögfesta hér sértækar sjóðatilfærslur upp á tæpa 4 milljarða þegar allt er talið áður en þinginu lýkur.

Æðsti embættismaður forsrh. á sviði efnahagsmála, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, gagnrýnir þessa stefnubreytingu harðlega. Hann segir í viðtali við DV í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Þórður Friðjónsson segir mörg efnahagsleg rök mæla gegn henni [þ.e. þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar]. Hann segir sjóðinn mikilvægt hagstjórnartæki og því sé nauðsynlegt að hann fái að starfa á grundvelli almennra reglna en ekki pólitískra ákvarðana."

En forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir meira, með leyfi hæstv. forseta:

„Þórður gagnrýnir einnig að greiða eigi úr sjóðnum á einu bretti einkum ef tryggja eigi áframhaldandi jafnvægi í efnahagsmálum. Að auki bendir Þórður á að þó að verð á sjávarafurðum sé hátt núna séu ákveðnar blikur á lofti um lækkun þeirra á næstu missirum. Undir slíkum kringumstæðum hafi sjóðurinn hlutverk. Sjávarútvegurinn á við mikla erfiðleika að etja. Engu að síður er afar mikilvægt að þeir sjóðir sem ætlað er að jafna sveiflur í greininni starfi á óháðum grundvelli."

Dómur æðsta embættismanns forsrh. er alveg skýr. Hann segir: Hér er verið að innleiða pólitískar ákvarðanir í stað almennra reglna í stjórn efnahagsmála. Hér er verið að leggja niður óháðan grundvöll og taka upp önnur vinnubrögð.

Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði í viðtali við sjónvarp þegar hann var spurður um það frv. sem hér er verið að afgreiða í 3. umr. Hann sagði: „Erfiðleikar fyrirtækjanna eru miklir. Rekstrarvandinn í sjávarútveginum er mikill. Hættan á atvinnuleysi er vissulega svo mikil að grípa þarf til ráðstafana." En ríkisstjórnin grípur til sértækra ráðstafana. Hún grípur ekki til almennra reglna. Hún fer inn á þá braut sem Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. hafa gagnrýnt hvað harðast hjá fyrri ríkisstjórn. Og auðvitað væri hæstv. forsrh. maður að meiri ef hann viðurkenndi stefnubreytinguna. Hún er svo augljós að æðsti embættismaður hans á sviði efnahagsmála neyðist til þess að vekja athygli þjóðarinnar á henni. Og það er auðvitað mjög óvenjulegt að forstjóri Þjóðhagsstofnunar skuli ganga fram með þessum hætti til þess að lýsa í reynd eðli þess sem hæstv. ríkisstjórn er að gera.

Það munu ærið mörg fyrirtæki í sjávarútvegi á næstu mánuðum í engu njóta þeirra sértæku aðgerða sem hér er verið að beita sér fyrir. Það er líka ljóst að vegna þessara sértæku aðgerða verður Verðjöfnunarsjóðurinn tómur í haust ef hugsanlega kemur til verðfalls. Við höfum hins vegar ákveðið í stjórnarandstöðunni að styðja þetta frv. Við erum sjálfum okkur samkvæm. Við erum ekki að hlaupa frá einni stefnu til annarrar. Við fylgjum hér í dag svipaðri afstöðu og við gerðum á undanförnum árum þegar við fórum í björgunarleiðangur fyrir sjávarútveginn eftir afleiðingarnar af stjórnarsetu Sjálfstfl. En það er í þessu efni eins og öðrum frumvörpum hér sem Sjálfstfl. og ríkisstjórnin breytir um stefnu.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort ekki hefði verið hreinlegra í ljósi þess hve rækilega hann boðaði sl. sumar, í haust og fram eftir vetri þá stefnu að hér ætti eingöngu og alfarið að beita almennum aðgerðum, að koma til þings og þjóðar og lýsa yfir stefnubreytingunni sem tvímælalaust felst í þessu frv. og reyndar einnig í lánalengingunni í Atvinnutryggingarsjóði. Við hefðum talið það skynsamlegra upp á alla umræðu í landinu. En í tilefni af viðtali við forstjóra Þjóðhagsstofnunar vildi ég hér við 3. umr. óska eftir svörum frá hæstv. forsrh. um þetta efni.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að hér hafi orðið einhver stefnubreyting hjá ríkisstjórninni varðandi þessi atriði. Það var ljóst að sá sjóður sem hann nefndi, Atvinnutryggingarsjóðurinn, sem átti að vera eins og hann gat um bjargræðissjóður og hjálpræðissjóður á tilteknum tíma, var kominn í þá stöðu að hann varð að setja fyrirtækjunum stólinn fyrir dyrnar. Hann var að biðja um það, eða það lá fyrir að hann mundi vera að biðja um uppboð á fyrirtækjum víða um landið, þessi sami bjargræðissjóður sem hv. þm. vitnaði til. Það var af þeim ástæðum sem öllum þeim sem áttu aðild að þeim sjóði með lánum var gert jafnhátt undir höfði og lánabreytingar gerðar með fullu jafnræði allra þeirra sem innan hans væru þannig að þessi bjargráðasjóður yrði ekki til þess að stíga fyrsta skrefið til þess að lama fjölmörg fyrirtæki. Það var gætt jafnræðisreglna í meðferð alls þess máls.

Varðandi hitt málið sem hæstv. sjútvrh. hefur beitt sér fyrir og ríkisstjórnin hefur samþykkt, þá er þar um að ræða sveiflujöfnunarsjóð sem hefur tekið mið af einni tegund af sveiflum, þ.e. sveiflum í markaðsverði.

Þar sem ríkisstjórnin ákvað við þessar sérstöku aðstæður að sú sveifla sem skapast vegna minnkandi afla, og nær auðvitað til allra fyrirtækja, að sjóðnum yrði beitt í þessu skyni núna við þessar aðstæður til að létta fyrirtækjunum þau högg sem þau hafa orðið fyrir vegna stórkostlega minnkandi afla. Þær reglur sem hæstv. sjútvrh. beitti sér fyrir og eru nú í lagafrv. á lokamínútum hér í þinginu eru jafnræðisreglur. Hér er um að ræða nánast ígildi eignarhluta sem menn hafa greitt inn við tilteknar aðstæður og eru greiddar út með jafnræðishætti til þeirra aðila sem þar er um að ræða. Þeir aðilar sem ekki fá útgreitt af sérstökum ástæðum vegna þess að reglurnar ná ekki til þess eiga áfram sinn hlut inni í þessum sjóði þannig að hér er um algjöra jafnræðisreglu gagnvart fyrirtækjunum, þau eru jafnsett hvert gagnvart öðru eins og þessum reglum er beitt.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði nú verið mannsbragur að því hjá hæstv. forsrh. að viðurkenna stefnubreytinguna. Hann var satt að segja aumkunarverður að þurfa að standa hér í stólnum og reyna að halda því fram að ekkert hefði gerst. Hefur hæstv. forsrh. ekki lesið ummæli síns eigin embættismanns? Eða er þetta kannski líka misskilningur hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar? Forstjóri Þjóðhagsstofnunar kom í sjónvarpið í gærkvöldi og lýsti þessum viðhorfum og hann kemur í DV í dag og lýsir þeim enn skýrar. Dómur hans er alveg ótvíræður. Hann segir: „Það er verið að leggja niður almennar reglur. Það er verið að taka upp pólitískar ákvarðanir. Og í stað þess að láta sjóðinn gegna því hlutverki sem honum var ætlað upphaflega, er verið að breyta hlutverki hans og leggja niður þennan óháða grundvöll." Það er ekki hægt að tala skýrar, hæstv. forsrh.

Það hefur almennt verið talinn mannsbragur af því að viðurkenna að menn hefðu rangt fyrir sér og þyrftu að breyta um stefnu. En að halda því fram að ekkert hafi gerst, hvítt sé svart þótt breytingarnar blasi við, er auðvitað ekki í stíl þess sem ætlast verður til að hæstv. forsrh. iðki hér á Alþingi og gagnvart þjóðinni. Ég tók hins vegar eftir því að hann reyndi sífellt að segja: Hæstv. sjútvrh. og hæstv. sjútvrh., í öllum tilvikunum þannig að hann var greinilega að koma þessu yfir á hæstv. sjútvrh. Það breytir því ekki að þetta eru frumvörp ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. kaus sjálfur að tala fyrir þessu frv. við þjóðina í fjölmiðlum sama daginn og það kom fram.

Það er auðvitað alveg ljóst að það er mikill fjöldi fyrirtækja sem ekki mun njóta í neinu þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur verið að grípa til af því að þær eru sértækar aðgerðir á ákveðnu sviði. Ríkisstjórnin hefur horfið frá þeirri stefnu sinni að beita eingöngu almennum aðgerðum í stjórn efnahagsmála.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið fram áður úr þessum ræðustól og tek fram enn að ég hef stutt mjög fast þessar hugmyndir sjútvrh. innan ríkisstjórnarinnar, er þeim algerlega sammála í hvívetna og tel þær teknar á réttum tíma.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nú sérkennilegt andsvar en það er kannski skiljanlegt að hæstv. forsrh. sjái ástæðu til þess að koma hér upp í ræðustólinn og lýsa því yfir að hann sé sammála hæstv. sjútvrh. (**Forsrh.:** Þetta voru ummæli þín.) já, jafnvel þótt ummæli mín séu notuð. Ég var eingöngu að vekja athygli á því að ráðherrann hefði hvað eftir annað bent á að upphafsmaður þessara hugmynda hefði verið hæstv. sjútvrh. og ég tel það hæstv. sjútvrh. til tekna, hæstv. forsrh., ég tel það honum til tekna. Það var því alls ekki um árásir af minni hálfu að ræða á hæstv. sjútvrh. Ég var bara að benda á mótsagnirnar hjá hæstv. forsrh. og þá stefnubreytingu sem hér hefur átt sér stað. Auðvitað er þetta stefnubreyting. Það er þess vegna sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar andmælir henni og gagnrýnir hana, af því að forstjóri Þjóðhagsstofnunar hafði tekið alvarlega þær yfirlýsingar að hér ætti að stjórna eingöngu með almennum aðgerðum, þ.e. annars vegar með skattaaðgerðum, peningamálaaðgerðum á sviði vaxtamála eða gengisaðgerðum. Það eru hinar almennu aðgerðir sem menn beita, hæstv. forsrh. Þegar notað er orðalagið almennar aðgerðir, eiga menn við þess konar aðgerðir í efnahagsmálum; gengisaðgerðir, skattaaðgerðir eða peningamálaaðgerðir. Hér hefur hins vegar hæstv. ríkisstjórn kosið að fara tvær leiðir sjóðatilfærslna sem við styðjum vissulega í stjórnarandstöðunni og hælum hæstv. sjútvrh. fyrir að beita sér fyrir. En hæstv. forsrh. getur varla vænst þess að við hlífum honum við að draga fram að þetta er í mótsögn við það sem hann hefur sagt. Á sínu fyrsta ári hleypur hann frá stefnunni um almennar aðgerðir svo umtalsmestu aðgerðir í þágu sjávarútvegsfyrirtækjanna á fyrsta valdaári ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru sértækar sjóðaaðgerðir af því tagi sem hæstv. forsrh. hefur sjálfur árum saman kallað sjóðasukk.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Málflutningur hv. 8. þm. Reykn. er nokkuð sérkennilegur í þessu máli. Það fer hv. þm. heldur illa að tala um mótsagnir af hálfu annarra eftir að hafa flutt slíka ræðu sem hann hefur gert í þessari umræðu, þyrlað upp moldviðri sem í raun beinist gegn því máli sem hér er til umræðu en ítrekar svo enn og aftur stuðning síns eigin flokks við aðgerðina.

Ég vil líka rifja upp, vegna þess að hv. þm. var að gera samanburð við þær aðgerðir sem nú eru til umræðu og þær ráðstafanir sem hæstv. síðasta ríkisstjórn stóð fyrir í þágu sjávarútvegsins, að þá var á það deilt að þær væru að talsverðum hluta sértækar aðgerðar. Ég minnist þess að enginn stóð jafnoft upp og varði þær aðgerðir sem almennar aðgerðir eins og þáv. fjmrh., núv. hv. 8. þm. Reykn. Ég minnist þess aldrei að hann hafi á þeim tíma viðurkennt að sú ríkisstjórn hafi staðið fyrir sértækum ráðstöfunum. Svo kemur hann allt í einu nú og segir að allt það sem þá hafi verið gert hafi verið sértækt. Þetta eru í meira lagi miklar mótsagnir

sem mér sýnist að þjóni ekki miklum tilgangi í umræðum um það mál sem hér er verið að fjalla um og mjög góð sátt og samstaða hefur tekist um hér á Alþingi milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu og ég ítreka þakkir mínar í því efni, m.a. til þingmanna Alþb.

Það hefur margsinnis komið fram af hálfu núv. ríkisstjórnar að hún leggur megináherslu á að treysta rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna í landinu með almennum ráðstöfunum í efnahagsmálum. Það hefur margsinnis komið fram að þungamiðja í þeirri baráttu hefur verið að ná tökum á ríkisfjármálunum, draga úr lánsfjáreftirspurn ríkisins, minnka þrýsting á vexti og ná þannig raunverulegum árangri í að lækka raunvextina. Það er óumdeilt, hv. 8. þm. Reykn., að þessi barátta hefur skilað þó nokkrum árangri og almennir vextir eru nú lægri en þegar ríkisstjórnin tók við og raunvextir hafa verið að lækka að undanförnu. Þetta er afleiðing af almennum ráðstöfunum í efnahags- og peningamálum. Það hefur á hinn bóginn aldrei verið dregin dul á það að samhliða ráðstöfunum af þessu tagi yrði að grípa til sérstakra almennra ráðstafana til að mæta þeim sérstaka vanda sem útflutningsstarfsemin stendur frammi fyrir. Fyrir þá sök samþykkti ríkisstjórnin tillögu þess efnis að fresta afborgunum af lánum í Atvinnutryggingarsjóð og beita sér fyrir því að sams konar aðgerð yrði framkvæmd hjá Fiskveiðasjóði. Hér er ekki verið að hlutast til um málefni einstakra fyrirtækja heldur að taka ákvarðanir um almenna reglu um skuldbreytingu sem gildir gagnvart öllum þeim sem þar eiga hlut að máli án þess að ríkisstjórn sé að draga þau fyrirtæki í dilka. Nákvæmlega það sama og nú þegar tekin er ákvörðun um að beita útgreiðslum eða forsendu fyrir útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði. Þá fer sú útgreiðsla fram í réttu hlutfalli við það sem einstök fyrirtæki hafa greitt inn með nákvæmlega sama hætti og orðið hefði ef til útgreiðslu hefði komið vegna verðfalls. Nú er útgreiðslan ákveðin vegna annarra áfalla í sjávarútveginum, eins og hæstv. forsrh. hefur hér bent á, og í raun verið að gera þennan sveiflujöfnunarsjóð eða forsendur hans víðtækari. Útgreiðslan fer fram með sama hætti og orðið hefði að óbreyttum lögum þannig að hvert fyrirtæki fær greitt út í samræmi við það sem það hefur greitt inn. Þar er ekki um að ræða neinar sértækar ráðstafanir gagnvart einstökum fyrirtækjum. Vitaskuld er hér um stjórnmálalega ákvörðun að ræða. Það var líka stjórnmálaleg ákvörðun þegar þessi sjóður var settur á fót. Það var stjórnmálaleg ákvörðun sem hafði hins vegar almenna skírskotun gagnvart einstökum fyrirtækjum.

Hv. 14. þm. Reykv. tók til máls í umræðunni í gær og kom fram með þá athugasemd að hún hefði kosið að fara í þetta mál með öðrum hætti. Það væri óeðlilegt að standa að málum eins og frv. gerir ráð fyrir. Það hefði verið rétt að skoða reikninga hvers einstaks fyrirtækis áður en ákvörðun væri tekin um útgreiðslu til þess. Ef farið hefði verið að þessum ráðum eins af þingmönnum Alþb. hefði verið hægt að tala um að hér væri um sértækar aðgerðir að ræða gagnvart einstökum fyrirtækjum. En það hefur ekki verið gert og því vísa ég á bug þeim ásökunum sem fram hafa komið í ræðu hv. 8. þm. Reykn. að þessu leyti. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti aldrei dregið dul á nauðsyn þess, auk almennra ráðstafana í efnahags- og peningamálum, að taka á með sérstökum hætti vegna þess vanda sem er í sjávarútveginum. Það hefur verið gert með ýmsu móti á síðustu mánuðum og m.a. með frv. sem hér liggur fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hæstv. sjútvrh. að ég hafi haldið því fram á liðnum árum að síðasta ríkisstjórn hafi eingöngu beitt almennum aðgerðum til bjargar sjávarútveginum. Þvert á móti var vakin rækilega athygli á því að sú ríkisstjórn fylgdi þeirri stefnu að beita bæði almennum aðgerum og sértækum aðgerðum. Genginu var breytt allverulega. Í peningamálum var stuðlað að vaxtastefnu sem bar þann árangur sem raun bar vitni og mörgum öðrum almennum aðgerðum var beitt en það var líka farið í sértækar aðgeðrir.

Það sem ég er að gagnrýna er ekki frv., við styðjum það. Það sem ég er að gagnrýna er tvískinnungur hæstv. forsrh., að hafa ekki manndóm til þess að koma og viðurkenna það sem allir sjá og það sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að segja þjóðinni, bæði í sjónvarpinu í gærkvöldi og í DV í dag. Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. vék ekki einu orði að forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Það var það sem ég var að gera hér áðan, ég var að vekja athygli á þessum dómi æðsta embættismanns ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Þetta er engin andstaða við frv. í sjálfu sér, þvert á móti. Það er bara verið að undirstrika það að frv. sem við erum að afgreiða er í stíl þeirra aðgerða, blandaðra aðgerða, almennra og sértækra aðgerða sem beitt var á síðasta kjörtímabili. En það er kannski ósköp eðlilegt að forustumönnum Sjálfstfl. líði dálítið illa í ljósi þeirra staðreynda að þegar þingmenn fara heim í dag hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar beitt sér fyrir sértækum sjóðaaðgerðum, sem nema tæpum 4 milljörðum í ár, sem koma eingöngu til góða tilteknum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þjónar auðvitað ekki miklum tilgangi í málefnalegri umræðu að halda orðaskaki af þessu tagi áfram. Hitt er ljóst að því hefur aldrei verið haldið fram af nokkrum manni að stofnun Verðjöfnunarsjóðsins hafi verið sértæk aðgerð og útgreiðsla úr honum á grundvelli inngreiðslna einstakra fyrirtækja getur ekki talist það heldur. Á hinn bóginn var bent á það, þegar stofnað var til Atvinnutryggingarsjóðsins á sínum tíma, að ólíklegt væri að fyrirtækin gætu staðið undir afborgunum og vöxtum á þeim greiðslutíma sem þar var ráð fyrir gert. Nú hefur afborgunum verið frestað og það hefur einfaldlega komið á daginn sem sagt var á þeim tíma að líklega mundi gerast. Núv. ríkisstjórn hefur brugðist við því eins og nauðsyn bar til í þágu þessarar atvinnugreinar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. um að það þjónar ekki miklum tilgangi að halda þessum umræðum áfram vegna þess að niðurstaðan er alveg skýr, hún liggur ljós fyrir. Ég þarf ekki að gera annað í ræðustólnum, hæstv. sjútvrh., en að lesa orðréttar tilvitnanir í forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Ég ætla að gera það, með leyfi virðulegs forseta, og það er svar mitt til hæstv. sjútvrh. Hann getur svo komið upp og fordæmt forstjóra Þjóðhagsstofnunar, eins og hann fordæmdi mig, ef hann vill. Svar mitt er orðrétt tilvitnun í viðtal við forstjóra Þjóðhagsstofnunar, æðsta embættismann ríkisstjórnarinnar á sviði efnahagsmála í dag. Hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Sjóðurinn er mikilvægt hagstjórnartæki og því sé nauðsynlegt að hann fái að starfa á grundvelli almennra reglna en ekki pólitískra ákvarðana. Sjávarútvegurinn á við mikla erfiðleika að etja. Engu að síður er afar mikilvægt að þeir sjóðir sem ætlað er að jafna sveiflur í greininni starfi á óháðum grundvelli. Efnislega þurfa þeir að starfa eins í uppsveiflu og niðursveiflu og fara eftir sömu grundvallarreglum." Það er kjarni málsins, hæstv. sjútvrh., eins og forstjóri Þjóðhagsstofninunar segir hér. Sjóðurinn starfaði eftir ákveðnum, almennum reglum í uppsveiflu. Svo er reglunum breytt þannig að hann starfar eftir öðrum reglum í niðursveiflu.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn varðandi þennan sjóð er sá að hann er verðjöfnunarsjóður eingöngu en ekki almennur sveiflujöfnunarsjóður. Það er alþekkt fyrirbrigði hjá okkur Íslendingum að sveiflur í sjávarútvegi geta gengið á misvíxl. Verð getur hækkað á erlendum mörkuðum þó að afkoma sjávarútvegsins versni af ýmsum ástæðum, m.a. vegna aflasamdráttar og á það hefur verið bent í umræðunni. Það hefur verið einn meginvandinn við að halda almennri samstöðu um verðjöfnun af þessu tagi. Hér er verið að viðurkenna í reynd við þessar erfiðu aðstæður að útgreiðslur úr sjóðnum geta þurft að miðast við breiðara svið en verðbreytingarnar einar. Ég er sannfærður um að ef það á að halda sátt í þjóðfélaginu um sveiflujöfnun af þessu tagi, sem ég tel að sé mikilvæg, þurfi hún að vera breiðari og víðtækari en núgildandi lög mæla fyrir um. Það er verið að bregðast með frv. við þessu. Ég er sannfærður um að það yrði ekki sátt um það til frambúðar ef hér yrði almennur brestur í atvinnustarfseminni meðan fyrirtækin eiga þetta sparifé inni óhreyft. Ég er einfaldlega ósammála mati forstjóra Þjóðhagsstofnunar í þessu efni. Ég tel að þetta geti verið mjög veigamikill þáttur í því að sátt geti tekist í framhaldinu um efnahagsráðstafanir af þessu tagi og þetta styrki ekki aðeins atvinnufyrirtækin heldur líka stöðugleikastefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum.

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta nokkuð sérkennileg umræða. Hvað eiga menn við með sértækum aðgerðum? Var það sértæk aðgerð að fara í almenna skuldbreytingu hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum í landinu? Það var að sjálfsögðu almenn aðgerð og er almenn aðgerð svo lengi sem einstökum fyrirtækjum er ekki mismunað. Hæstv. ríkisstjórn hefur haldið því fram að hér hafi verið um sértækar aðgerðir að ræða gagnvart sjávarútvegsfyrirtækjunum. Það hefur aldrei verið nefnt eitt einasta fyrirtæki sem getur kvartað undan því að það hafi verið meðhöndlað eftir öðrum reglum en önnur fyrirtæki. Það sama á við í þessu tilviki. Hér er verið að grípa til almennra aðgerða vegna þess að það er ekki verið að mismuna fyrirtækjunum. Ef menn vilja túlka orðið sértækt með þeim hætti að það sé verið að grípa til sérstakra ráðstafana vegna ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi aðstæðna er þetta sértæk aðgerð með sama hætti og hin almenna skuldbreyting á sínum tíma var sértæk aðgerð í þeim skilningi.

Ég tel að það hafi verið rétt að bregðast við aðstæðum á sínum tíma með stofnun Atvinnutryggingarsjóðs, á sama hátt og ég tel rétt að bregðast við þeim aðstæðum, sem nú eru komnar upp, sem enginn gat séð fyrir. Hins vegar var tekin um það pólitísk ákvörðun á sínum tíma, þegar Atvinnutryggingarsjóðurinn var settur á stofn, að setja jafnframt Verðjöfnunarsjóðinn á stofn til að gera það líklegra að sjávarútvegurinn gæti staðið undir þeim skuldbindingum. Er það ekki líka komið í ljós að með því að taka þá ákvörðun var það gert mögulegra að sjávarútvegurinn gæti staðið undir sínum skuldbreytingum? En það gat enginn séð fyrir þau atvik sem nú eru komin upp.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til málsins eftir að það er búið að hljóta meðhöndlun í nefnd. Ég gerði grein fyrir því við framlagningu málsins að ég væri hlynntur því að gripið yrði til aðgerða af þessu tagi en nú hefur málið fengið meðhöndlun í nefnd og ég vil í framhaldi af því segja fáein orð. Það hefur ýmislegt komið fram sem mér og ýmsum öðrum var ekki kunnugt um og ég vil nefna örfá atriði.

Í fyrsta lagi fengum við á fund nefndarinnar aðila sem eiga hlut að máli og þeirra afstaða kom í ljós. Hún var með blönduðum hætti. Það voru meðmæli fjölmargra aðila sem eiga hlut að rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna. En það voru líka mótmæli og aðfinnslur frá hendi annarra aðila. Meðhöndlun málsins hefur sannfært mig um að þessi sjóður hefur því miður ekki verið sem skyldi frá upphafi. Hann hefði þurft að vera byggður upp öðruvísi, hann hefði þurft að hafa sveigjanlegra hlutverk og t.d. hefði ekki átt að hafa sjómenn inni í honum. Að vísu er rétt að taka fram að eingöngu er um að ræða mjög takmarkaðan hluta sjómannastéttarinnar sem á hlut að máli, þ.e. þá sjómenn sem taka aflahlut eftir að afli hefur verið seldur beint á erlendum mörkuðum frá skipum þeirra og þar er nánast eingöngu um að ræða ísfisktogarana og frystiskipin. Ég tel að við endurskoðun þessara mála eigi að finna leið til þess að hafa sjómenn algerlega utan við það sveiflujöfnunarkerfi sem verður við lýði. En ég tel

líka að eigi sveiflujöfnunarkerfið að standa undir nafni og koma að gagni þá verði kerfið auðvitað að taka til aðstæðna eins og við erum nú í. Ég tel reyndar að kostnaðarhækkanir eigi líka að koma inn í myndina. Engar tryggingar eru fyrir því að ekki komi ný olíukreppa eða einhverjar mjög alvarlegar kostnaðarhækkanir yfir útgerðina. Hvað sem menn hafa hugsað í upphafi í sambandi við stofnun þessa sjóðs þá hefur komið í ljós að aðstæður hafa myndast sem hafa ekki verið minna knýjandi en þó að verðfall hafi orðið á afurðunum. Það er einmitt þess vegna sem við stöndum í þessum sporum í dag og ég hef ekki hvikað frá stuðningi mínum við málið þrátt fyrir þær upplýsingar, mótmæli og aðfinnslur sem við höfum fengið að heyra frá aðilum sem eiga hlut að máli. T.d. hafa forstöðumenn eða foringjar launþegasamtakanna, sem hafa mælt almennt gegn þessari breytingu og bent á að þau hafi ekki fengið kauphækkanir sem þau hefðu átt að fá, gagnrýnt þetta. Ég tel að aðstæðurnar, sem hafa myndast núna, séu þannig alveg sambærilegar við þær aðstæður sem launþegasamtökin voru búin að samþykkja á sínum tíma að ættu að vera fyrir hendi. Launþegasamtökin geta því reiknað sér þetta á sama hátt til tekna í dag og ef verðfall hefði komið og ég sé ekki að launþegasamtökin hefðu nokkurn tíma náð til baka því sem þau gáfu eftir í þeim samningum sem umræddir voru með öðrum hætti en þeim óbeina hætti sem við erum að tala um, þ.e. annaðhvort í gegnum breytingu á sjóðnum eða með því að bíða eftir því að greitt yrði út úr honum vegna verðfalls. En áhrifin hefðu að mínu viti orðið nákvæmlega þau sömu.

Ég vil svo taka sérstaklega fram að ég tel að ekki sé búið að skapa útgerðinni rekstrargrundvöll með þessum aðgerðum. En þessi aðgerð gefur útgerðinni svigrúm og veitir henni dálítinn biðtíma og á meðan hljóta allir aðilar og einkum Alþingi að ætlast til þess að hæstv. ríkisstjórn undirbúi tillögur og geri ráðstafanir sem verði til þess að rekstrargrundvöllur verði öruggur undir þessum höfuðatvinnuvegi okkar landsmanna. Ég verð að segja það alveg eins og er að þar eru náttúrlega efst á blaði vaxtamálin. Mér finnst ganga óskaplega hægt að lækka vextina sem eru í okurhæðum og hafa verið lengi. Ég er sannfærður um að allt atvinnulíf í landinu verður fyrir miklum skakkaföllum ef ekki verður snúið af þeirri braut. Eigið fé í fyrirtækjum landsmanna hefur verið að brenna upp frá því á árinu 1980 og það er enn af því. Ef við snúum ekki af þessari braut, sem við höfum verið að feta okkur í vaxtaokrinu, þá mun mjög illa fara. Það mun verða vaxandi atvinnuleysi þangað til mönnum hefur tekist að ná utan um þetta vandamál.

Ég vil svo segja að lokum að ég gagnrýni ríkisstjórnina og hæstv. sjútvrh. fyrir að koma ekki með þetta mál fyrr inn í þingið. Það getur ekki verið að það hafi ekki verið til umræðu í allan vetur og ég tel að líkur séu til þess að ríkisstjórnin hafi hreinlega ekki þorað að leggja þetta mál fram og verið hætt við það því að það er a.m.k. mjög ótrúlegt að hún hafi beðið þess að nánast enginn tími væri til umfjöllunar um málið á þinginu með að leggja það fram. Ég held að hún hafi hreinlega öðlast kjark eins og kom fram við 1. umr. málsins vegna þess að stjórnarandstaðan lét vita af því að hún væri tilbúin að taka ábyrgð á þessu máli með ríkisstjórninni. Ég tel að það hafi verið rétt skref af hendi stjórnarandstöðunnar og ég mun styðja þetta mál.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er borið fram kemur fram á hinu háa Alþingi á nokkuð sérstakan hátt. Ég veit ekki um hvort málið hefur verið til umfjöllunar í allan vetur hjá ríkisstjórninni. Hins vegar sýnist mér liggja orðið nokkuð ljóst fyrir að hæstv. sjútvrh. náði málinu ekki fram fyrr en hann tók til þess ráðs að kynna það og vinna því hljómgrunn í stjórnarandstöðuflokkunum. Það segir töluverða sögu. Það segir mér þá sögu að í þessu máli hafi meiri hluti náð saman og nái saman sem er allt annar en sá sem myndar núv. hæstv. ríkisstjórn. Meiri hluti þeirra þingmanna sem skilja það og vita að ef við ætlum að búa í landi okkar, ef við ætlum að byggja á fiskveiðum og fiskvinnslu þá verðum við að fylgja sveigjanlegri stefnu þannig að menn séu tilbúnir til þess að grípa til aðgerða þegar með þarf, bæði til að jafna út verðsveiflur og ekki síður árferðissveiflur sem koma fram í aflamarki.

Glöggur maður benti mér á það að líklegast félli nú útgreiðslan undir reglur Verðjöfnunarsjóðsins eins og þær væru núna því að svo slæma ríkisstjórn gætu menn haft að það jafngilti verðfalli á afurðum. Kannski er það svo að þessi heimild var þarna alltaf til staðar. En þessi stefna sem ég nefndi og hefur nú náð fram fyrir þann meiri hluta, sem fyrir því er hér á Alþingi og reyndist vera eftir að hæstv. sjútvrh. leitaði eftir því, er ekki sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn boðaði í upphafi valdaferils síns. Það er ekki sú stefna sem hæstv. forsrh. hefur boðað allt til þessa dags og boðaði síðast í eldhúsdagsumræðum fyrir rúmri viku þegar hann sagði þar að nú væri sjávarútvegurinn búinn að fá þann grundvöll sem hann yrði að lifa við og starfa við og hann yrði að aðlaga sig því 10% tapi sem nú væri á fiskvinnslunni. Ég vil í því sambandi ítreka það sem margsinnis hefur komið fram í umræðunni að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins batnar engin ósköp við þá aðgerð sem hér er verið að gera. Greiðslustaðan á næstu mánuðum skánar og rekstrarstaðan skánar að því marki sem menn geta losnað við vanskilavexti, að öðru leyti ekki. Eftir stendur að þessi grunnatvinnuvegur okkar er rekinn með miklum halla.

Hér hefur verið rætt um vaxtamálin. Ég hef rætt þau oft í vetur. Ég ætla ekki að fara í það mörgum orðum hér, en rödd hæstv. ríkisstjórnar er svolítið hjáróma þegar þeir tala um vaxtalækkun núna. Ef við skoðum vaxtabreytingar á stjórnarferli ríkisstjórnarinnar þá fór það þannig á endanum að ríkisstjórnin varð að grípa til þess ráðs, sem hún hafði þó algerlega hafnað, að lækka vexti með handafli, því að öðruvísi er ekki hægt að skilja að það hafi verið hægt að bíða vikum og mánuðum saman eftir kjarasamningum varðandi ákvarðanir í vaxtamálum. Svo að það komi alveg skýrt fram

þá styð ég þetta mál þó svo það sé slæmt að það hafi þurft að koma til þess að greiða út úr Verðjöfnunarsjóði á þessum tímapunkti.

Það sem greitt er út úr Verðjöfnunarsjóðnun núna vegur við lauslega áætlun ekki upp á móti því sem sjávarútvegurinn hefur þurft að bera á starfstíma þessarar ríkisstjórnar í hækkuðum vöxtum og öðrum hækkuðum álögum á útveginn og fiskvinnsluna. Út frá þeim sjónarhóli dregur þessi aðgerð því ekki langt.

Ég vil að lokum benda á og ítreka það sem hefur komið fram að það er mjög nauðsynlegt að hægt verði að tryggja áframhaldandi sveiflujöfnun í sjávarútveginum. Það er lykilatriði í allri umræðu um sjávarútvegsstefnu á næstu árum og það er í raun forsenda þess að takist að verjast auðlindaskattinum að samstaða náist meðal þeirra sem starfa við þessa atvinnugrein. Samstaða um það að byggja upp öflugan sveiflujöfnunarsjóð þannig að aðrar atvinnugreinar þurfi ekki að taka sveiflurnar, þurfi ekki að taka alltaf dýfurnar með sjávarútveginum. Það hlýtur að vera verkefni stjórnmálamanna meðal margs annars á næstu missirum og árum að móta þá stefnu. Ekki kæmi mér nú mikið á óvart, ef svo illa tekst til að þessi ríkisstjórn lifi eitthvað áfram, að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem hæstv. sjútvrh. þyrfti að leita stuðnings nýs og annars meiri hluta en þess sem myndar núv. ríkisstjórn til þess að koma málum fram. Málum sem byggjast á þeirri lífsskoðun að ætlum við að lifa í þessu landi, lifa á gögnum þess og gæðum þá verðum við að vera tilbúin til þess að takast á við aðsteðjandi vanda á hverjum tíma en ekki lifa eftir kennisetningum eða frösum sem settir eru fram við stjórnarmyndunarviðræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að selja kirkjujörðina Stóru-Borg, 3. umr.

Frv. JHelg og MF, 435. mál (sölukvaðir). — Þskj. 1015.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur EFTA við Tyrkland, síðari umr.

Stjtill., 395. mál. — Þskj. 638, nál. 788 og 809, till. til rökst. dagskrár 810.

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Þetta mál lætur kannski ekki mjög mikið yfir sér en engu að síður er það búið að vera til meðferðar alllengi, bæði í utanrmn. og oft verið á dagskrá líka án þess að það kæmi til umræðu.

Ég skal reyna að lengja ekki umræðuna í þessum önnum heldur aðeins geta þess að talið er að grundvöllur þessarar tillögu sé sú staðreynd að vörum frá EFTA-ríkjum og EB-ríkjum sé mismunað á tyrkneska markaðnum, vörum frá EB-ríkjum í hag, eins og það er orðað í áliti meiri hluta utanrmn. sem ég er talsmaður fyrir en nál. er dags. 13. apríl.

Í nefndinni var mikið rætt um möguleika á því að staðfesta samninginn en svo vildi til að einmitt um sama leyti og við vorum að fjalla um málið gengu þau ósköp yfir sem ég þarf ekki að rekja, aðfarir Tyrkja gagnvart Kúrdum. Þá varð til bókun, sem meiri hlutinn stendur að og í henni segir, með leyfi forseta:

„Um leið og meiri hltuti utanrmn. fordæmir hvers kyns hryðjuverkastarfsemi vekur hann athygli á þeim skuldbindingum sem tyrknesk stjórnvöld hafa gengist undir á sviði mannréttinda og koma m.a. fram í samþykktum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) sem og Evrópuráðsins.

Meiri hluti utanrmn. beinir því til utanrrh. að sérstök áhersla verði á það lögð af Íslands hálfu á vettvangi RÖSE, og á hverjum þeim öðrum vettvangi sem til þess gefst tækifæri að Tyrkir sem og aðrir þjóðir standi við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda."

Það er sem sagt meiri hlutinn sem beinir því til utanrrh. og raunar er vilji okkar allra nefndarmanna að halda áfram vökunni í þessu efni.

Minni hlutinn flytur dagskrártillögu á þskj. 810 og mun væntanlega gera grein fyrir henni.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Eins og menn rekur eflaust minni til er hér á ferðinni gamall kunnungi frá því fyrir páska en á það var lögð mikil áhersla í lok mars sl. að utanrmn. og Alþingi afgreiddu þennan fríverslunarsamning milli ríkja EFTA og Tyrklands í hendingskasti í lok mars og byrjun apríl. Talað var um það m.a. að mjög nauðsynlegt væri að Alþingi staðfesti samninginn fyrir 10. apríl og í allra síðasta lagi fyrir páska áður en Alþingi færi í páskafrí. Ef þetta yrði ekki gert þá mátti helst skilja á mönnum að mikil óáran myndi dynja yfir okkur og við lenda í vondum málum út í Evrópu og meðal samstarfsaðila okkar í EFTA.

Þetta mátti m.a. skilja af máli hæstv. utanrrh. í utanrmn. en þangað kom líka bréf frá fastanefnd Íslands í EFTA og var það bréf undirritað af Kjartani Jóhannssyni og var stílað til utanrrn. og lagt fram í utanrmn. Í þessu bréfi, sem birt er sem fylgiskjal með nál. minni hlutans, segir, með leyfi forseta:

„Tyrkland ásamt öðrum EFTA-ríkjum en Íslandi og Austurríki hafa staðfest ofangreindan samning [þ.e. þennan fríverslunarsamning]. Fulltrúar þessara ríkja komu saman til óformlegs fundar í dag til að ræða gildistöku samningsins. Ákveðið var að fulltrúar þeirra ríkja, sem staðfest hafa samninginn, komi til fundar 10. þ.m. í samræmi við 34. gr. 2. mgr. samningsins og

ákveði að samningurinn taki gildi 17. þ.m., nema varðandi Sviss 1. þ.m. Ástæða þess að ekki var tekin formleg ákvörðun um gildistökuna í dag var að rétt þótti að gefa Íslandi og Noregi tækifæri til að hafa sama gildistökudag og Finnland og Svíþjóð. Noregur hefur staðfest samninginn á Stórþinginu en þarf nokkra daga til að ganga formlega frá staðfestingarskjalinu.

Það væri mjög miður ef Ísland gæti ekki staðfest samninginn fyrir 10. þ.m. og haft sama gildistökudag og hin Norðurlöndin í EFTA. Gæti þetta haft þær afleiðingar að samstaða EFTA-ríkjanna með kröfu Íslands um að allur fiskur falli undir fríverslunarsamninga, sem EFTA stendur að, mundi bresta. Slík krafa náðist í gegn vegna samstöðu EFTA-ríkjanna gagnvart Tyrklandi og Tékkóslóvakíu og næst vonandi gagnvart Póllandi og Ungverjalandi."

Með öðrum orðum var því haldið fram fullum fetum í utanrmn. að fríverslun með fisk við ríki utan EFTA og sem EFTA stæði í fríverslunarsamningum við væri í hættu. Ef við ekki gerðum þennan samning og staðfestum á sama tíma og önnur aðildarríki EFTA væri ekki víst að þessi krafa næðist fram í fleiri samningum.

Það má því segja að okkur hafi pent verið tilkynnt að við *værum í gíslingu hjá fiskinum í sjónum*. Þetta er auðvitað mjög furðuleg hótun sem kemur þarna fram hjá fastanefnd Íslands hjá EFTA og væri satt að segja harla ómerkileg af hálfu samstarfsaðila okkar í EFTA ef rétt væri.

Ég get ekki betur séð en ráðherra sé að ganga úr salnum og ég sé ekki að hann geti stundað tvo fundi í einu svo mér þætti vænt um að hann gerði það upp við sig á hvorum staðnum hann ætlar að vera. (**Utanrrh.:** Hjá þér.) Fínt, þá held ég áfram.

Ég dreg þessa staðhæfingu reyndar mjög í efa sem kom fram í bréfi fastanefndarinnar enda hefur auðvitað komið á daginn að það hefur ekkert gerst í þessum málum annað en það að hin aðildarríki EFTA hafa öll staðfest þennan fríverslunarsamning fyrir sitt leyti nema Austurríki og Ísland. Þess verður ekki vart að það hafi dregið nokkurn dilk á eftir sér enda ekki við því að búast þar sem þarna er, þó að EFTA standi sameiginlega að samningaviðræðunum um þennan fríverslunarsamning, *í raun um sjö tvíhliða samninga* að ræða, þ.e. það er tvíhliðasamningur á milli Svíþjóðar og Tyrklands, milli Noregs og Tyrklands, milli Austurríkis og Tyrklands, Sviss og Tyrklands o.s.frv. Það eina sem gerst hefur er að þau ríki sem eru ekki búin að samþykkja hann á sínum þjóðþingum hafa ekki gert þennan samning, hin eru komin með staðfesta samninga upp í hendurnar.

Þetta er auðvitað samkvæmt eðli EFTA vegna þess að EFTA hefur ekkert samningsumboð fyrir hönd sinna aðildarríkja. Aðildarríki EFTA hafa ekki framselt neitt vald til EFTA. Þarna er um samflot sjálfstæðra þjóðríkja að ræða en ekki samruna. Því er auðvitað um sjö tvíhliða samninga að ræða og engin ástæða til að óttast afleiðingar þess að við gerum ekki nákvæmlega eins og hinir enda væri það ekki mjög heiðarlegt samstarf sem þá væri á ferðinni.

Ástæðan fyrir þessu hiki hjá minni hluta utanrmn. og þingmönnum ýmsum, sem tóku til máls þegar samningurinn var kynntur í fyrsta sinn, er auðvitað árásir sem áttu sér stað gegn Kúrdum einmitt um það leyti sem samningurinn var hér í umfjöllun. Þá réðust tyrkneskar hersveitir á byggðir Kúrda, bæði úr lofti og landi, með mjög öflugum hætti. Þetta gerðist á sama tíma og EFTA-ríkin voru að ganga frá fríverslunarsamningi við Tyrki.

Þetta var önnur ástæða hiksins. Hin ástæðan er bágt ástand mannréttindamála í Tyrklandi og það ástand kemur ekki síst niður á þessu sama fólki, þ.e. Kúrdum. Amnesty International tók saman skýrslu og gerir það árlega um mannréttindabrot í heiminum og Tyrkland fær ævinlega nokkuð langan kafla í þeirri skýrslu vegna þess að Tyrkir hafa um langt árabil stundað gróf mannréttindabrot. Það má geta þess að í þessari skýrslu segir m.a. í inngangi að það séu þúsundir pólitískra fanga í Tyrklandi og mikill meiri hluti þeirra séu samviskufangar. Þá segir að þar séu pyndingar útbreiddar og notaðar kerfisbundið og oft og tíðum leiði þær til dauða þeirra sem pyndaðir eru.

Þá segir að í tyrkneskum fangelsum hafi um þessi áramót, líklega áramótin 1990–1991, verið 315 fangar sem búið hafi verið að dæma til dauða og hafi nýtt sér alla möguleika til áfrýjunar. Þ.e. þeir áttu ekki fleiri áfrýjunarleiðir í dómskerfinu en þeir höfðu nýtt. Það voru 315 manns sem búið var að dæma til dauða og að öllum líkindum beið þeirra ekkert annað en að þeim dómi yrði fullnægt.

Mannréttindamál eru í miklu skötulíki í Tyrklandi og hafa verið um langt árabil. Að vísu eru komnir nýir menn til valda, það eru ekki þeir sömu nú og voru á árinu 1990, og hafa menn ákveðnar vonir um að einhver breyting verði á. Því miður virðist það ganga mjög hægt og mannréttindabrot eru enn mjög umfangsmikil í landinu.

Menn hafa gjarnan sagt: Við verslum og höfum um langt árabil stundað alls kyns viðskipti við aðila sem hafa stundað mannréttindabrot. Þar hefur m.a. verið rætt um fyrrverandi ríki Sovétríkjanna, að Ísland hafi átt við margháttuð viðskipti við Sovétríkin þrátt fyrir það að mönnum væri kunnugt um margvísleg mannréttindabrot þar. Það er vissulega rétt. Hins vegar stöndum við í þeim sporum núna að við erum að ræða við Tyrki og öll EFTA-ríkin eru að ræða við Tyrki um að gera við þá fríverslunarsamning. Það er auðvitað rakið að nýta það tækifæri til að taka upp þessi mál við tyrknesk stjórnvöld. Ég sé ekkert rangt við það að tengja saman viðskipti og umræður um mannréttindamál vegna þess að það ætti einmitt að nýta viðskiptin og viðskiptasamninga mannréttindamálum til framdráttar.

Það má geta þess, hvað Tyrkland varðar, að Tyrkland er Evrópuríki. Það er Evrópuríki sem leitar mjög stíft eftir því að öðlast viðurkenningu í samfélagi Evrópuþjóða. Við ættum auðvitað að nýta það líka að þeir sækjast eftir þessu og gera kröfur til þeirra í mannréttindamálum. Það er í raun siðferðileg skylda okkar. Þegar ég segi „okkar" þá er ég að tala um ríki Evrópu,

Ísland sem eitt af ríkjum Evrópu, og auðvitað hefðu EFTA-ríkin átt að gera mjög skýrar kröfur til Tyrkja í þessu sambandi.

Málefni Kúrda hafa einmitt blandast mjög inn í þessi mál og eins og ég sagði þá hafa þeir mátt kenna á mannréttindabrotum öðrum fremur en þó er það bara ein hlið á málinu vegna þess að málefni Kúrda er auðvitað miklu víðtækara en svo að það einskorðist við Tyrkland. Kúrdar búa þarna í fleiri ríkjum og verða að sæta þar ýmiss konar harðræði og mannréttindabrotum. Eins og hefur komið fram í fréttum að undanförnu hafa yfirvöld, m.a. í Írak, nánast verið með það á prjónunum að útrýma þessari þjóð, verið með þjóðarmorð á prjónunum. Það mál er miklu víðtækara en svo að það nái einungis til Tyrklands og þarf auðvitað að skoða það í víðara samhengi. Það dugir ekki eitt og sér, finnst mér, að gera einhverja samþykkt í utanrmn. um málefni Kúrda til að þessi fríverslunarsamningur renni ofan í mann eins og smér. Ekki vildi ég standa að þeirri bókun, sem þar var lögð fram, þó að hún sé svo sem góðra gjalda verð út af fyrir sig.

Þessi orð mín eru til þess að fylgja úr hlaði nál. minni hluta utanrmn. sem er birt á þskj. 809 og er svohljóðandi:

„Minni hluti nefndarinnar hefur tekið þátt í umfjöllun nefndarinnar um tillöguna og þeim umræðum sem fylgdu í kjölfar hennar í nefndinni um mannréttindabrot stjórnvalda í Tyrklandi og árásir þeirra á byggðir Kúrda. Er minni hlutinn þeirrar skoðunar að ekki hafi fengist viðunandi niðurstaða í málið innan nefndarinnar og flytur því tillögu á sérstöku þingskjali um að íslensk stjórnvöld beiti sér með afgerandi hætti til stuðnings Kúrdum í deilum þeirra við tyrknesk stjórnvöld.

Minni hlutinn bendir á að Íslendingar hafa verið í fararbroddi meðal þjóða heims í stuðningi sínum við sjálfstæðis- og mannréttindabaráttu smáþjóða og þjóðabrota. Er í því sambandi skemmst að minnast þess frumkvæðis sem Alþingi átti í desember á síðasta ári þegar það samþykkti stuðningsyfirlýsingu við sjálfstæðisbaráttu þjóðanna við Eystrasalt og sem síðar var fylgt eftir með eftirminnilegum hætti þegar Íslendingar, fyrstir þjóða heims, viðurkenndu sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáens. Þá hafa íslensk stjórnvöld sýnt þeim þjóðum, sem byggðu ríki Júgóslavíu, stuðning sinn í verki með því að viðurkenna sjálfstæði þeirra.

Með þessum hætti hafa Íslendingar mótað sér sjálfstæða stefnu gagnvart smáþjóðum sem byggir á siðferðilegum grunni og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Í þessari stefnu þarf að vera samsvörun og samfella og þar af leiðir að Íslendingar hljóta að nota það tækifæri sem gefst þegar fyrir dyrum stendur fríverslunarsamningur við Tyrkland og gera það sem í þeirra valdi stendur til stuðnings Kúrdum sem eiga við ofurefli að etja á mörgum vígstöðvum.

Það er alkunna að víðtæk mannréttindabrot hafa lengi átt sér stað í Tyrklandi og eru það ekki síst Kúrdar sem fyrir þeim verða. Þá hafa byggðir þeirra orðið fyrir árásum tyrkneskra hersveita, nú síðast í mars sl. Þá hafa borist fréttir um að flugher Tyrkja hafi gert árásir á byggðir Kúrda í Norður-Írak. Liggur nokkuð beint við að líta svo á að gagnrýnislaus undirritun fríverslunarsamnings á sama tíma og þessir atburðir eiga sér stað sé nokkurs konar syndakvittun fyrir tyrknesk stjórnvöld.

Þá má benda á að sá fríverslunarsamningur, sem hér er til afgreiðslu, er í raun samningur milli einstakra aðildarríkja EFTA og Tyrklands og mun öðlast gildi milli þeirra ríkja sem hann undirrita þó að önnur haldi að sér höndum. Það er því vægast sagt óeðlilegt ef það er rétt sem fram kemur í bréfi frá fastanefnd Íslands hjá EFTA til utanríkisráðuneytisins dags. 2. apríl sl. að staðfesti Ísland ekki samninginn geti það „haft þær afleiðingar að samstaða EFTA-ríkjanna með kröfu Íslands um að allur fiskur falli undir fríverslunarsamninga, sem EFTA stendur að, mundi bresta", sbr. fylgiskjal. Slíkar hótanir eru þá slæmur fyrirboði um það sem koma skal ef EES verður að veruleika og EFTA-ríkin eiga að tala þar einum rómi.

Í ljósi þess sem að framan er sagt leggur minni hluti nefndarinnar til að tillagan verði afgreidd með rökstuddri dagskrártillögu sem lögð er fram á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nál. skrifa Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ólafur Ragnar Grímsson.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég sé hér á dagskrá fundarins í dag að 33. mál á þeim fundi er Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég hef ítrekað tekið þetta mál upp í þingsköpum til þess að grennslast fyrir um það hvort þess sé einhver kostur að fá það rætt áður en Alþingi fer heim. Ég hef bent á að það er lagaskylda að gera slíka áætlun. Það hefði því verið sómi að því fyrir Alþingi að ganga frá þessu máli fyrir þingslit. Það er auðvitað útilokað mál úr því sem komið er. Þarna er um að ræða fyrri umræðu um málið og vegna þess hvernig málið er í pottinn búið og frá gengið í ráðuneytunum hefði þurft um það talsverða umræðu í félmn. þingsins og sú umræða næst ekki á þessum tíma. Það er borin von að hægt sé að afgreiða þessa áætlun. Ég hafði hins vegar gert mér ákveðnar vonir um að það fengist hér umræða um áætlunina, fyrri umræða, vegna þess að ég held að bæði þingmenn almennt, og ég tala nú ekki um ráðherrar, hefðu haft afskaplega gott af þeirri umræðu. Ég sé að þetta er ekki eitt af því sem menn raða hér í forgang og enginn mér vitanlega úr hópi þingmanna hefur lagt á það kapp að málið verði rætt eða komist hér yfirleitt á dagskrá. Ég held við verðum að lúta í lægra haldi með þetta mál, það verði ekki rætt hérna og þykir mér það auðvitað

mjög miður því ég hef ýmislegt að segja við ráðherrana um jafnréttisáætlanir þeirra en það verð ég þá bara að gera í haust.

Vegna þess hversu þessar áætlanir eru gallaðar að mínu mati ætla ég að fara fram á það við hæstv. félmrh., sem leggur þessa áætlun fram og væntanlega fyrir hönd ráðherranna allra, að áætlunin fari til umsagnar í sumar hjá ýmsum samtökum sem láta sig þessi mál varða þannig að þau geti þá komið á framfæri við ráðherra og ríkisstjórn ábendingum um það hvernig betur mætti að þessum málum standa en áætlunin gerir ráð fyrir. Ég vil nefna í því sambandi jafnréttisnefndir sveitarfélaganna, Kvenréttindafélagið, Rannsóknarstofu í kvennafræðum hjá Háskóla Íslands, BSRB, BHMR, ASÍ, VSÍ, Kennarafélag Íslands, Samband ísl. bankamanna, Fóstrufélag Íslands, Kvennaathvarfið, Stígamót og e.t.v. einhverja fleiri ef mér detta þeir í hug og þá mundi ég koma því á framfæri við félmrh. Ég mundi gjarnan vilja fá að heyra hvaða undirtektir þessi málsmeðferð hlýtur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér þykir það miður, líkt og síðasta ræðumanni, að ekki skuli komast á dagskrá Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna. Ég hef lagt áherslu á það, líkt og síðasti ræðumaður. En vegna beiðni hennar um að þessi áætlun, þó að hún hafi ekki verið rædd, fari til umsagnar ýmissa aðila sem hún nefndi þá er sjálfsagt að verða við þeirri ósk.

Málefni fatlaðra, 3. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 1000, brtt. 946,10.c, 959 og 1024.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ekki hef ég neitt á móti því að menn ræði hér þetta mikilvæga mál. Ég vil hins vegar vekja athygli forseta á því að það var fundur í nefndinni í morgun sem stóð nákvæmlega þangað til fundur hófst hér klukkan hálfellefu. Ég hef því haft mjög lítinn tíma til að ganga frá frhnál. og brtt. Ég hef notað stundir sem gefist hafa undir umræðum til þess að hraða þeirri vinnu og er búinn að ganga frá brtt. en þeim hefur ekki verið útbýtt. (**Forseti:** Jú.) Er verið að útbýta þeim núna? Nál. hef ég ekki fengið enn úr vinnslu en það er það skjal sem ég þarf fyrst og fremst að hafa í höndunum þegar ég mæli fyrir mínu áliti, auk brtt. Ég mundi óska eftir því, virðulegur forseti, að þó svo frsm. meiri hluta hefji sitt mál hér á eftir verði mér gefinn kostur á að hafa mín skjöl til þess að mæla fyrir mínu áliti.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 1024 frá félmn. um frv. til laga um málefni fatlaðra.

Nefndin kom saman að nýju að lokinni 2. umr. til að fjalla frekar um frv. og hún fékk á sinn fund til viðræðna um málið Ástu B. Þorsteinsdóttur frá Þroskahjálp, Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalaginu, Tryggva Friðjónsson frá Sjálfsbjörg, Birgi Finnsson, Guðu Vigfúsdóttur og Knút Birgisson frá Tjaldanesheimilinu, Önnu Kristínu Gunnlaugsdóttur og Kristján Þorgeirsson frá Skálatúnsheimilinu og Pétur Jónsson, framkvæmdastjóra Ríkisspítalana.

Að gefnu tilefni vil ég að það komi fram hér að á fundi félmn. var það staðfest af hálfu fulltrúa Sjálfsbjargar, Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins að formaður félmn. hefur ekki synjað samtökunum um að fá að koma á fund nefndarinnar. Þau tjáðu sig um frumvarpið eins og það nú liggur fyrir og brtt. sem nefndin flytur og lýstu þau stuðningi sínum við hvort tveggja.

Félmn. varð sammála um að flytja fimm viðbótarbreytingartillögur við frv. sem, eins og áður segir, eru birtar á sérstöku þskj. Tvær brtt. eru til að lagfæra misfellur í frv. eins og það er að lokinni 2. umr. Í fyrsta lagi er lagt til að brott falli orðin „fimm manna" í 1. mgr. 6. gr. þar sem kveðið er á um fjölda stjórnarmanna í svæðisráðum, sbr. 3. mgr.

Í öðru lagi er lagt til að bráðabirgðaákvæði II falli brott þar sem það er óþarft eftir samþykkt laga um umönnunarbætur og nýútgefna reglugerð þar að lútandi.

Þriðja brtt. lýtur að því að í 14. gr. er lagt til að félmrh. fái heimild til að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir.

Fjórða brtt. er við 15. gr. og gerir ráð fyrir að auk svæðisráðs geti stjórnarnefnd gert tillögu til félmrh. um að svipta rekstraraðila stofnana og heimila fyrir fatlaða starfsleyfi hafi hann ekki uppfyllt kröfur þeirra eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka. Þar er sem sagt áhersla á að stjórnarnefnd komi einnig að því máli.

Fimmta brtt. er orðalagsbreyting við 49. gr. og er til að taka af öll tvímæli um efni greinarinnar og leyfi ég mér að lesa hana hér:

„Við 49. gr. Greinin orðist svo:

Tekjur sem falla til vegna þeirrar atvinnustarfsemi stofnana sem nýtur framlaga á fjárlögum skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra."

Þetta er til að gera það alveg ljóst að þær tekjur sem koma til frádráttar eru vegna atvinnustarfsemi sem nýtur framlaga á fjárlögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1036, sem var of seint fram komin, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, JónS, JHall, KSG, MB, ÓG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SP, StG, StH, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Svo er nú hart gengið í framgangi þessa máls að ég er stiginn í ræðustól áður en ég fæ í hendur minnihlutaálitið og má þó segja að það er rösklega af mér gert að geta gengið frá því skjali undir samfelldum fundahöldum frá hálfníu í morgun án þess að nokkur stund gæfist til að vinna að álitinu, til þess að láta koma fram þá afstöðu sem ég hef varðandi afgreiðslu málsins og einstakar tillögur um málið í heild. Eins og ég gat um og mönnum var ljóst við 2. umr. málsins þá stytti ég verulega mál mitt í ljósi þess að vilji var til að leita samkomulags sem síðan reyndist ekki skila neinum árangri. Ég tel mig því hafa algjörlega óbundnar hendur hvað þetta mál varðar í 3. umr.

Ég vil fyrst fara yfir þær brtt. sem nefndin sem slík leggur fram og rekja afstöðu mína til þeirra.

Fyrsta tillaga á þskj. 1024 er við 6. gr. og er þar lagt til að orðin „fimm manna" falli brott. Ég verð að segja að ég fagna ákaflega sinnaskiptum stjórnarliðsins í þessu máli því það er ekki lengra síðan en í gær að stjórnarliðið felldi tillögu um það að svæðisráð skyldi vera sjö manna á þessum stað. Það var ljóst í þeirri atkvæðagreiðslu að þar vinna menn eins og atkvæðamaskínur án þess að huga að efnisatriðum tillagnanna, taka afstöðu til tillagnanna eftir því hver ber þær fram en ekki eftir því hvaða efni þær innihalda. Það segir sína sögu um hvernig stjórnarliðinu er haldið saman með járnaga og má hafa um það þó nokkurt mál hvernig hæstv. ráðherra hefur gengið fram í þessu máli. Það er honum ekki til mikils framdráttar og nýtist ekki þeim sem ráðherrann þykist vera að vinna fyrir enda er það út af fyrir sig eðlilegt að hæstv. ráðherra leggi nokkurt kapp á að fá frv. samþykkt því ráðherra, sem með annarri hendinni hefur í allan vetur verið að löðrunga þetta fólk og aðra sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu með stuðningi sínum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar, telur sig eðlilega þurfa að fá einhvern kattarþvott með hinni hendinni til að geta horft framan í sumarið með sæmilegri reisn og framan í flokksþing Alþfl. Ég skil ósköp vel að ráðherranum er mikið kappsmál að fá frv. afgreitt þó svo að engin efnisatriði standi til þess.

Þetta mál er því miður ekki nægjanlega vel ígrundað. Svo ég beiti fyrir mig orðalagi þjóðkunns manns hér í húsinu, þá ber frv. ekki vott um nægilega mikla íhygli, svo ekki sé meira sagt. Þó er um frv. það að segja að það er í heild sinni skref til réttrar áttar, eins og ég gat um í 2. umr. málsins, og ýmislegt þar sem til bóta horfir sem ég hef að sjálfsögðu stutt, bæði hér í ræðustól og í atkvæðagreiðslu um málið.

Það verður hins vegar að draga fram þá annmarka sem eru á málinu svo mönnum séu þeir a.m.k. ljósir og gangi frá málinu vitandi vits um hvað þeir voru að gera. Það er því miður mín trú að verði frv. afgreitt í þeim búningi sem það er nú muni menn þurfa að rífa það upp innan ekki langs tíma og gera á því nokkrar breytingar til að lenda ekki í ógöngum í framkvæmd laganna.

Til dæmis er skilgreiningarkafli laganna óljós. Þar eru tekin upp ýmis orð og hugtök sem eru ekki vel skilgreind og verður því miður að óttast að um það geti staðið nokkur deila hvernig menn hugsi sér að ganga frá skilningi á orðunum. Á þetta hefur verið bent í fjölmörgum umsögnum sem hefur verið dreift í fylgiskjölum með nál. mínu við 2. umr. sem ég verð því miður að harma, virðulegur forseti, að hefur ekki fengist prentað enn þá svo þingmenn hafa það ekki í aðgengilegu formi. Ég verð að láta í ljós mikla hryggð, virðulegi forseti, yfir því að það skuli ekki takast á sama tíma og við fáum úr prentsmiðju skjalabunkana sem þekja heilu borðin. Ég vil ekki trúa því að forseti geri mönnum mishátt undir höfði við frágang skjala. En mér þykir óhjákvæmilegt að minna á að enn hefur það nál. ekki verið lagt fram í þinginu í bærilega aðgengilegu formi þó svo að starfsfólk þingsins hafi að sjálfsögðu lagt sig fram um að koma skjölunum til skila með þeim hætti sem það gat á þeim tíma með því að ljósrita þau.

Ég verð því að segja varðandi 1. brtt. nefndarinnar að hún er slys sem kemur fyrir þegar menn strekkja sig of mikið eftir flokksböndum, þegar menn líma sig um of í það að það sé ekki efnið sem skipti máli, ekki innihaldið sem menn séu að greiða atkvæði um heldur persónan sem flytur tillöguna. Þá segja menn nei, ef einn flytur tillöguna, en ef það væri einhver annar hefðu menn sagt já. Þetta er það sem liggur á borðinu varðandi þessa tillögu. Mér þykir furðulegt þegar menn breyta á einum stað í frv. og segja að svæðisráð eigi að vera sjö manna en gleyma að breyta því á öðrum stað og ég hélt að það væri yfirsjón og lagði því fram mína brtt. til að leiðrétta þá yfirsjón. Að koma svo að því síðar, eftir að menn eru búnir að fella þessa leiðréttingartillögu, að menn vissu af því fyrir fram, áður en þeir greiddu atkvæði, er furðulegt. Stjórnarliðið vissi af því fyrir fram að hér var um yfirsjón að ræða en það kom bara ekki til greina að samþykkja tillöguna. Það átti bara að leiðrétta þetta milli umræðnanna. Það er með ólíkindum hvernig menn vinna svona mál. Það er ekki leiðin til að vinna að hagsmunamálum fatlaðra, virðulegur forseti, þegar ekki er hægt að samþykkja tillögu sem er afleiðing af því sem menn hafa ákveðið vegna þess að það er ekki réttur aðili sem ber tillöguna fram.

Ég fagna því líka að stjórnarliðinu hafi snúist hugur varðandi 5. tillöguna. Þar er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði fellt brott. Þetta kom í ljós fyrir atkvæðagreiðslu, var vakin athygli á því af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þannig að menn höfðu öll þau tækifæri sem þurfti til að átta sig á þeirri vitleysu sem hér var á ferðinni og lá auðvitað beint við í atkvæðagreiðslu í gær að fella þetta ákvæði úr lögunum. Það var ekki gert, þrátt fyrir ábendingar um það, heldur var ákvæðið samþykkt. Stjórnarliðið samþykki ákvæðið þrátt fyrir það. Kemur svo daginn eftir og leggur til að það verði fellt sem þýðir einfaldlega að stjórnarliðið er að segja: Við vorum sammála þeim sem vildu fella ákvæðið í gær en við gátum ekki samþykkt það, það voru ekki réttu aðilarnir sem báru tillöguna upp eða

vöktu athygli á málinu. Svona er nú hinn kaldi veruleiki í þessari virðulegu stjórn, hæstv. forseti.

Hvað varðar aðrar tillögur félmn. sem eru á þessu skjali, þskj. 1024, þá vil ég fyrst geta 2. töluliðar sem er afrakstur af mikilli rimmu sem staðið hefur á bak við tjöldin. Þar er gert ráð fyrir því að koma til móts við sjónarmið hv. þingmanns Eggerts Haukdals og fleiri þar sem lagt er til að bæta við 14. gr. að heimilt sé félmrh. að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir, sbr. 3. mgr. 13. gr. Ég vil varðandi þessa tillögu leggja þá fyrirspurn fyrir formann nefndarinnar og framsögumann, því hér er vitnað í 3. málsgr. 13. gr., en þar segir að greiða skuli sannanlegan rekstrarkostnað.

Ríkisendurskoðun hefur á það bent að nauðsynlegt sé í slíkum samningum, sem hér er lagt til að verði veitt heimild til að gera, að tillit verði tekið til afgjalds, afgjalds af eignum eða afnot af eignum sem komið hefur verið upp fyrir fé annarra en ríkisins eða Framkvæmdasjóðs, sem hið frjálsa framtak hefur komið upp með sínum verkum. Það er dálítið merkilegt að upplifa það að það er ekki fyrr en í 3. umr. sem hið frjálsa framtak fær náð fyrir augum hv. félmn. og menn gera tillögu um að menn megi vinna að þessum málaflokki án þess að vera að vinna hjá ríkinu, svo gott að segja, því að fram að þessu var ekki við það komandi að setja ákvæði af þessu tagi inn. Ég spyr hv. formann nefndarinnar hvort sannanlegur rekstrarkostnaður sem um kveður í 3. mgr. 13. gr. þýði að afgjald sé tekið með. Er afgjald af þessum eignum sannanlegur rekstrarkostnaður?

Ég hygg að ef hv. formaður nefndarinnar svarar þessu játandi, sé komin sú lögskýring sem dugi til þess að menn velkist ekki í vafa um þetta mál. Svari formaður hins vegar neitandi er lögskýringin sú sama, hún er afdráttarlaus, og menn vita þá að hverju þeir ganga. Þá er búið að hafna þessari hugmynd sem Ríkisendurskoðun og aðilar eins og Skálatún, Tjaldanes og Sólheimar hafa lagt ríka áherslu á að fá inn.

Við 15. gr. eru gerðar tvær tillögur til breytinga, í raun er það efnislega bara ein tillaga, hin sem er málfræðileg leiðrétting fylgir á eftir. Þar er verið að bæta við að áður en félmrh. geti svipt rekstraraðila starfsleyfi þurfi hann ekki aðeins að fá tillögu svæðisráðs heldur líka stjórnarnefndar. Ég styð þetta ákvæði eindregið og hafði reyndar uppi stuðning við það áður og fagna því að nefndin hafi komið til móts við sjónarmið mín með svo kyrfilegum hætti sem raun ber vitni.

Við 49. gr. er ákvæði sem er lagt til að breytist. Það er nauðsynlegt, og ég tek undir það, að breyta 49. gr. þannig að það liggi fyrir afdráttarlaust í lagasetningu hvaða tekjur það eru sem koma til frádráttar rekstrarkostnaði. Mér sýnist að þessi brtt. nefndarinnar muni gera það svo um það þurfi ekki að deila. Ég held ég sé sammála formanni nefndarinnar um að það þurfi ekki að deila um túlkun á greininni eins og hún lítur út núna.

Ég veit ekki hvort búið er að útbýta því framhaldsnefndaráliti sem ég var að fá í hendurnar áðan en ég vil aðeins geyma mér að fara ofan í það lið fyrir lið en víkja að þeim brtt. sem ég flyt og eru á þskj. 1036. Það eru brtt. í fimm liðum sem ég leyfi mér að flytja og eru í raun og veru viðbótartillögur af minni hálfu til þess að fá fram afstöðu Alþingis til þeirra efnisatriða sem í þeim felast og ég tel að þessar tillögur eigi rétt á sér. Ég sé ekki annað en að þær séu það sanngjarnar og réttlátar að hv. þingmenn muni geta stutt þær ef þeir gefa sér tíma til að hugsa sig um.

Fyrsta tillagan er breyting á 4. gr. frv. eins og það lítur út núna og sem fjallar um skipan stjórnarnefndar. Í núverandi 4. gr. er lagt til að stjórnarnefndin sé skipuð fimm aðilum, þ.e. tveimur frá ráðherra og einum frá þrennum samtökum, þ.e. Landssamtökunum Þroskahjálp, Öryrkjabandalagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég lagði fram við 2. umr. tillögu sem miðaði að því að hafa stjórnkerfið því sem næst óbreytt þar til ljóst væri að breytingar væru yfirvofandi á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og mundu kalla fram breytingar á þessu ákvæði. Því fannst mér ekki rökrétt að gera breytingar á stjórnkerfinu. Sú afstaða fékk ekki byr þannig að ég hlýt að miða framhald mitt við það sem fyrir liggur sem afstaða Alþingis svo ég leyfi mér að gera tillögu um það hvernig stjórnarnefndin verði skipuð og sú tillaga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sérstök nefnd skal vera félmrn. til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti sjö menn. Alþingi kýs þrjá menn, Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir tvo menn og Öryrkjabandalagið og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn fulltrúann hvort. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna."

Ég legg ekki til að það verði varamenn með þessari stjórnarnefnd því það er þegar búið að fella tillögur þar að lútandi.

Breytingin er fólgin í því að í stað tveggja fulltrúa frá ráðherra komi þrír fulltrúar beint frá Alþingi og í stað eins fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga komi tveir. Þetta er í raun og veru mjög áþekk tillaga og fram kom frá hv. þm. Eggert Haukdal sem lagði til að það yrðu þrír frá Alþingi og tveir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég taldi ekki rétt, bæði vegna þess sem frv. hefur að geyma og vegna almennrar afstöðu þeirra sem að málinu koma, að fulltrúar hagsmunasamtakanna yrðu utan garðs og legg því til að þeir séu innan borðs í þessari nefnd.

Ég vil minna á að það hafa farið fram viðræður milli hæstv. félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga um 4. gr., hvernig hún eigi að hljóða. Hefur Samband ísl. sveitarfélaga, undir forustu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarfulltrúa í Reykjavík, borgarfulltrúa Sjálfstfl., ef ég man rétt, lagt mjög þunga áherslu á það hvernig stjórnarnefndin verði skipuð. Þar hafa þeir verið með þá tillögu sem hv. þm. Eggert Haukdal flutti við 2. umr. og kallaði aftur, að Alþingi kysi þrjá en Samband ísl. sveitarfélaga tvo fulltrúa. Þeir sendu síðast bréf 15. maí sl. þar sem þeir áréttuðu þessa skoðun sína eftir árangurslausar viðræður við hæstv. félmrh., eins og mönnum er eflaust kunnugt um.

Þessi skipan mála hefur ekki aðeins í för með sér að gera Alþingi gildandi í þessu máli, sem skiptir máli eins og ég kem að síðar, heldur mun það fremur auðvelda málið en hitt að málaflokkurinn færist yfir til sveitarfélaga. Þeir aðilar sem að málinu koma og hafa sett fram skoðanir um það hafa nánast allir sagt að framtíðin sé sú að sveitarfélögin taki við þessum málaflokki. Það að auka vægi sveitarfélaga í nefndinni og taka upp fulltrúa Alþingis auðveldar þessa skipan mála.

Aðra ástæðu fyrir því að ég tel nauðsynlegt að Alþingi eigi þarna fulltrúa til að gæta hagsmuna almennings, ef svo má að orði komast, get ég að nokkru leyti sótt til þeirrar tillögu sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram og kom fram reyndar í frv. í upphafi. Hún er sú að þegar deilt er út fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra þá setjist inn í nefndina fulltrúi frá fjárln. Alþingis. Þeir sem frv. semja telja greinilega nauðsynlegt að Alþingi hafi eitthvað með það að gera hvernig fénu verði úthlutað. Sú tillaga að skipan mála sem gerð er ráð fyrir í frv. en hins vegar með þeim annmarka að þegar fulltrúar Alþingis ganga þar til sætis eru komnir sex menn með atkvæði í nefndinni þannig að þar er ekki oddatala eins og er nauðsynlegt í öllum nefndum sem þurfa að taka veigamiklar ákvarðanir. Ég sé nú á því þann tæknilega annmarka auk þess sem ég er andvígur því að nefnd Alþingis tilnefni fulltrúa Alþingis á einhvern vettvang. Ég mundi t.d. vera heldur óhress með það að Alþfl. tilnefndi fulltrúa Alþingis í menntamálaráð. Ég held meira að segja að margir þingmenn yrðu langir í framan ef að mönnum dytti slíkt í hug. Auðvitað er það Alþingi sem kýs fulltrúa í þessa stofnun og það er svo aftur annað mál frá hvaða flokkum þeir koma. Ég tel því að Alþingi sjálft eigi að hafa þessa skipan mála og vil ganga svo langt til þeirrar áttar að Alþingi eigi þrjá menn þar inni. Það hefur líka þann kost, sem ég held að sé verulegur, að með skipan þriggja manna frá Alþingi er ávallt tryggt að minni hluti eða stjórnarandstaða á Alþingi eigi einn fulltrúa af þessum þremur. Undir nánast öllum venjulegum kringumstæðum mun skiptingin vera þannig að stjórnarliðið hafi tvo og stjórnarandstaðan einn fulltrúa. Ég tel afar þýðingarmikið að málum sé þannig skipað að stjórnarandstaðan sé ekki útilokuð frá málinu.

Ég geri líka breytingar, fyrir utan það hvernig nefndin eigi að vera saman sett, á valdsviði nefndarinnar þegar hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að stjórn sjóðsins eigi að úthluta sjálf fénu, ekki ráðherra. Ákvæðin, eins og þau eru í frv. núna, eru ákaflega veik. Fyrir það fyrsta gerir ráðherra tillögu til sjóðstjórnarinnar um heildarsvæðisskipulag og annað slíkt. Stjórnarnefndin vinnur úr þeim tillögum tillögur sem hún sendir til baka til ráðherra. Síðan getur ráðherra hent þeim tillögum eins og honum sýnist, einni eða allri, og búið til nýjar. Í raun og veru þarf enga stjórnarnefnd til að skipta peningunum fyrst ákvarðanafeerillinn á að vera þessi. Það er alveg eins hægt að segja: Við skulum bara láta ráðherrann skipta þessu. Hann er hvort sem er stjórnunarlega séð með allt batteríið undir sinni stjórn, hann á að setja upp þessar áætlanir og annað slíkt og samræma áætlanir svæðisráðanna. Nauðsynin á stjórnarnefndinni undir þessum kringumstæðum er mér því ekki ljós, a.m.k. ekki hvað varðar það hlutverk að útdeila fé.

Hins vegar tel ég óheppilegt og vil láta það koma fram, þótt ég geri ekki tillögu til breytinga á því, að stjórnarnefnd hafi tvíþætt hlutverk. Annars vegar að útdeila peningum og hins vegar að vera til ráðuneytis um málefni fatlaðra, t.d. eins og segir í 4. gr. frv., með leyfi virðulegs forseta:

„Stjórnarnefnd skal gera tillögu til félmrh. um sérhæfða þjónustu við fatlaða á landsvísu“ o.s.frv. Þetta á því að vera fagleg nefnd öðrum þræði en hinum þræði að útdeila peningum. Ég held að það væri rétt að aðskilja þetta tvennt þó ég gangi ekki lengra en að viðra þessi sjónarmið mönnum til umhugsunar en legg ekki fram tillögu um það.

Ég tel því að öll rök hnígi í þá átt að menn hafi skipan mála með þeim hætti sem ég legg til í annarri og þriðju tillögu. Þar legg ég til þá breytingu að það verði sjóðstjórnin sjálf sem úthluti peningunum. Rétt eins og Húsnæðismálastjórn úthlutar sínu fé, Byggðastofnun úthlutar sínu fé o.s.frv. Ég held að það sé rétt að hafa skipan mála með þeim hætti og hafa beint samband milli þess fjárveitingavalds og Alþingis. Hér er um að ræða verulega mikið fé á hverju ári sem stjórnin gerir tillögu um til úthlutunar eða um 250–300 millj. kr. Ég spyr bara: Hvaða ráðherra í ríkisstjórn Íslands hefur svo mikið fé undir höndum til ráðstöfunar? Er það skynsamleg skipan mála af hálfu löggjafarvaldsins að láta framkvæmdarvaldið skipta svona miklu fé? Nefnum bara sem dæmi þegar menn eru nánast að togast á um fimmeyringa við fjárlagaafgreiðslu í hin og þessi verkefni, 100 þús. kr. í þennan vegaspotta eða eitthvað slíkt. Þetta eru menn að leggja á sig til að reyna að ná málum fram, til að vinna að sínum hugðarefnum og sinna sínum umbjóðendum. Svo afhendir Alþingi einum ráðherra kvart milljarð — „versgú“. Ég held að menn finni þess ekki dæmi að nokkur annar ráðherra hafi slíkt fjármagn undir höndum til útdeilingar. Raunar er ég ekki gegnfróður um íslenska stjórnkerfið en ég veit af tilvist Framkvæmdasjóðs aldraða en ég hygg að þar sé mun minna fé á ferðinni auk þess sem uppbyggingin er öðruvísi. Ég hafði með mér lög um málefni fatlaðra og sé þar að sú stjórn sem skiptir fénu, eða gerir tillögur til heilbrrh. um að skipta fénu, hefur miklu meira vald á málinu við tillögugerðina. Það er því ólíku saman að jafna þó hitt sé sama. Það var tekið upp 1989 illu heilli að setja sjóð undir forsjá ráðherra. Það mega menn helst ekki gera, það er yfirleitt heldur vondur siður á Íslandi að láta ráðherra hafa mikið af sjóðum til umráða. Þeir ættu helst að vera sem magrastir og Alþingi á að gera sem mest af því að skipta sjálft peningunum sem ætlað er til þarfra verkefna.

Ég geri einnig tillögu um það, virðulegi forseti, í b-lið í fyrstu tillögu, að bæta við hlutverk stjórnarnefndar. Ég legg þar til að stjórnarnefnd úrskurði „að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs, um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmd-

ar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til ráðherra.“ Þetta þykir mér vanta í frv. eins og það er nú úr garði gert. Mér þykir vanta alveg úrskurðaferilinn og það er nauðsynlegt að hann sé klár þegar skilgreiningarnar eru dálítið óljósar. Skilgreiningin, hver á rétt á þjónustu samkvæmt þessum lögum, hver er fatlaður, er ekki mjög ljós, virðulegur forseti. Hún er dálítið í þoku. Menn vita ekki nákvæmlega um hverja verið er að tala. Enda er það sett inn í frv. að starfsfólkið á svæðisskrifstofunum á að úrskurða það. Það eru hins vegar engar faglegar kröfur gerðar í frv. til þessa starfsfólks og tillögur frá mér um það voru allar felldar þó að í sjálfu sér hvarfli það ekki að mér að menn geri það viljandi að ráða á svæðisskrifstofurnar fólk sem hefur ekki mikla faglega menntun. Það ætla ég ekki nokkrum manni. En ekki er víst að allar þessar skrifstofur séu þannig mannaðar að þar sé sú faglega hæfni fyrir hendi að þær geti gefið þennan úrskurð sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þann einstakling sem í hlut á.

Mér finnst það verulegur galli á frv., virðulegur forseti, að menn skuli hafa hrapað að því óheillaráði að fella allar hugmyndir, hafna öllum hugmyndum um faglega uppbyggingu á þessum stöðum, hafna tillögu frá mér um að auka hinn faglega grunn, styrkja svæðisskrifstofurnar. Það var bara af því, virðulegi forseti, að ég held — ég vil nú ekki gera mönnum meira upp en ég veit — að mönnum hafi verið sagt að fella þetta. Því miður. Ég verð að tala í fullri hreinskilni um það og menn ýta bara á takkana. Meira að segja gekk það svo langt í gær að hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. kom upp og kvartaði yfir því að ákveðnir þingmenn hefðu ekki alltaf greitt atkvæði eins og þeir hefðu átt að gera. Það var alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, að upplifa það að þingflokksformaður Sjálfstfl. skyldi kvarta yfir því að einstakir þingmenn Sjálfstfl. greiddu ekki alltaf atkvæði eins og stóð á blaðinu hjá þeim. Ég veit að virðulegur forseti gerði enga athugasemd við það, enda held ég að þetta hafi ekki átt við hann. Ég held að hann hafi alltaf greitt atkvæði eftir sinni sannfæringu í þessum málum í gær. Ég er alveg handviss um það, þótt öðru sé hvíslað í eyra mitt, en ég trúi því ekki. Þegar einstaka brtt. frá „vondu fólki“, ef svo má segja, frá fólki sem ekki hafði fengið stimpilinn frá félmrh. um að það mætti samþykkja tillöguna, fékkst kannski samþykkt varð uppi ófafár og menn ruku hér upp og endurtóku atkvæðagreiðslur þar til þeir voru búnir að fella málið. Það hefði einhvern tímann verið vísað til Sovétríkjanna þegar menn horfðu á svona vinnubrögð. Ég er hræddur um að sjálfstæðismenn hefðu einhvern tímann staðið upp og sagt: Heyrðu, svona gera menn bara í Sovét, ekki hér á hinu háa Alþingi á Íslandi.

En þetta er svona. Það er staðreynd, virðulegi forseti, að þannig er málum komið að hæstv. fjmrh. tók það að sér að vera varðhundur stjórnarliðsins og krafðist þess að atkvæðagreiðsla yrði endurtekin. Auðvitað er það þannig að sá sem gerir mistökin getur farið fram á endurtekningu. Það eru ekki aðrir, virðulegi forseti. Þegar skoðað var hvernig hæstv. fjmrh. greiddi atkvæði hafði hann ekki gert nein mistök. Hann hafði farið eftir línunni, hann kunni Moskvulínuna. Hann sagði nei. En samt var atkvæðagreiðslan endurtekin, væntanlega til þess að hæstv. fjmrh. gæti skipt um skoðun og sagt já og stutt tillögu frá minni hlutanum. Nei, þegar það var skoðað var hæstv. fjmrh. enn sömu skoðunar, hann sagði nei aftur. Ég spyr virðulegan forseta: Hvað á það að þýða að menn geti beðið hér um endurtekningu á atkvæðagreiðslu og greiði svo atkvæði eins og þeir gerðu áður? Með hvaða rökum fellst forseti á það að atkvæðagreiðsla verði endurtekin? Ég veit að virðulegum forseta verður svarafátt enda held ég að við vitum öll svarið. Það er bara Moskvulínan sem gildir í Sjálfstfl., það er ekkert annað. Annað má ekki verða ofan á og hæstv. fjmrh. er mjög skeleggur talsmaður þessarar línu. Þar eru menn barðir niður eins og hundar ef þeir hafa einhverja sjálfstæða skoðun. Ég verð því miður að segja það.

Ég vil svo víkja að fjórðu tillögu í brtt. minni og þar kemur að hugmyndafræðilegum ágreiningi milli mín sem jafnaðarmanns og hæstv. félmrh. sem ráðherra í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Ég er andvígur því að taka upp þjónustugjöld af fólki sem á ekki létt með að bera þau en virðulegur ráðherra er eindreginn talsmaður þess. Ég lagði fram í gær tillögu um að afnema með öllu þessa grein sem nú heitir 50. gr. og ef ég man atkvæðagreiðsluna rétt voru það ekki svo slæm úrslit þótt málið tapaðist. Mig minnir að stuðningur hafi verið nokkur. Það voru 22 með tillögunni og 29 á móti. Eða með öðrum orðum var þetta var nokkurn veginn stjórnarliðið og stjórnarandstaðan nema hvað mig minnir að hv. 5. þm. Reykv. hafi stutt þetta mál þó ég sé ekki alveg viss og vil því ekki fullyrða það. Hann studdi nokkrar af tillögum mínum og annarra nefndarmanna sem fluttu sjálfstæðar tillögur.

Ég vil, fyrst tillagan er fallin og þýðir ekkert um það að fást á þessu stigi, það er búið að fella það að láta greinina út, koma með aðra tillögu sem er varatillaga. Hún gengur út á það að takmarka við 21. gr. heimild ráðherra til að gefa út reglugerð og ákvarða gjaldtöku vegna þjónustu, heimildin nær því ekki til 22. gr. sem er um skammtímavistun. Rökin fyrir þessari tillögu eru einfaldlega fólgin í lagagreininni sjálfri. Ég held að hverjum þeim sem les þessa tillögu sé það ljóst að þarna er ekki neinn skattstofn til þess að slægjast eftir, þetta eru nú ósköp lélegar slægjur, jafnvel fyrir ráðherra Alþfl. því þeir eru, eins og alkunna er og þjóð veit, manna drýgstir til að finna sér slægjur á þessum akri.

En 22. gr. er þannig, með leyfi forseta: „Foreldrar skulu eiga kost á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf er á. Skammtímavistun er ætlað að veita fötluðum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.“

Ég tel að þingmenn ættu að gera orðið sammála um að við svona aðstæður eiga menn ekki að vera að leggja á þjónustugjöld. Ég held að þó að menn greini á um ýmislegt í íslenskri pólitík og auðvitað hafa menn ýmsar skoðanir, eins og ég og hæstv. félmrh. sem erum náttúrlega að mörgu leyti ósammála, enda er ég jafn-

aðarmaður og hún er í Alþfl., að þá held ég að menn hljóti að geta orðið sammála um að þarna eiga menn ekki að sækja sér aura. Það er ekki mikið sprottið grasið í þeirri slægjunni.

Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, leggja til að þrengja þetta heimildarákvæði og taka skammtímavistunina út og vitna til greinarinnar sjálfrar sem skýringu á þessu máli.

Fimmta tillaga mín, virðulegi forseti, er nauðsynleg og ég hygg að í reyndinni sé það yfirsjón hjá nefndinni, bæði hjá mér og öðrum nefndarmönnum að hafa ekki komið auga á að auðvitað þurfti ákvæði af þessum toga að vera inni í lögunum. En ákvæðið er þannig, virðulegi forseti, að ég legg til nýtt bráðabirgðaákvæði sem miðar við núgildandi frv. og yrði þá ákvæði nr. IV, en yrði nr. III ef ákvæði nr. II yrði fellt brott, og er svohljóðandi:

„Frá og með þeim tíma, sem svæðisskrifstofur taka við skrifstofum svæðisstjórna, skulu starfsmenn svæðisstjórna verða starfsmenn svæðisskrifstofa og halda óbreyttum kjörum."

Útskýringin er tiltölulega einföld, frv. er þannig að verið er að leggja niður svæðisstjórnirnar og þeirra skrifstofur og taka upp nýtt batterí, það er í raun og veru nafnabreyting. En til þess að starfsfólkið sé ekki í óvissu um sína framtíð er auðvitað eðlilegt að setja þetta ákvæði þannig að það flytjist yfir þó að skrifstofan skipti um nafn og færist úr því að vera undir stjórn svæðisstjórnar eins og í dag, undir það að vera undir stjórn félmrh.

Ég bendi mönnum á til rökstuðnings fyrir því að svona ákvæði hafa gjarnan verið sett í lög á Íslandi, það er frv. til laga um yfirskattanefnd. — Ég spyr, virðulegi forseti, er búið að afgreiða það sem lög? (**Forseti:** Já.) Það er orðið að lögum, þannig að þetta sem ég er með í höndunum eru orðin lög. Þar kannast menn við að verið er að leggja ríkisskattanefnd niður en setja á laggirnar yfirskattanefnd. Það er ekki bara þeir menn sem eru í þeirri nefnd, það er líka fólk sem vinnur fyrir þessa nefnd. Og ákvæði til bráðabirgða III í lögum um yfirskattanefnd er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Frá og með þeim tíma, sem yfirskattanefnd tekur við störfum ríkisskattanefndar, skulu starfsmenn ríkisskattanefndar verða starfsmenn yfirskattanefndar og halda óbreyttum kjörum."

Ég gríp þannig til þess ráðs að leggja til að menn hafi þetta með sama hætti og menn voru að samþykkja fyrir tveimur dögum eða svo, virðulegi forseti, ég er ekki með það alveg á tæru, en ég held að menn ættu að geta sameinast um þetta. En ég bendi á að verði þetta ákvæði fellt þá eru menn að segja: Félagsmálaráðherra á að hafa það í valdi sínu hverjir fái að vinna áfram þarna af þeim sem í dag vinna á þessum skrifstofum. Og ef menn segja það þá eru menn líka að segja að við viljum ekki samþykkja ákvæðið vegna þess að við erum að gefa hæstv. félmrh. heimild til að reka eitthvað af þessu fólki og þá er eins gott að menn komi fram í dagsljósið og segi það berum orðum við afgreiðslu málsins.

Ég vek athygli á því að ef menn taka þá afstöðu vekur það sjálfkrafa upp þessa leið. Auðvitað vona ég og trúi því að hv. þm. og hæstv. ráðherra séu ekki með það í huga og munu þar af leiðandi geta með glöðu geði fellt sig við ákvæði til bráðabirgða af þessu tagi.

Ég hef þá farið yfir í stuttu máli þær brtt. sem ég valdi til að flytja við 3. umr. málsins. Ég hygg að ég fari nokkuð nærri um það að búið sé að útbýta frhnál. minni hluta félmn. og ef ég get mér rétt til um það, þá er ég að hugsa um að fara að víkja að því. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? (**EgJ:** Er málið þá orðið upplýst?) Já, málið er nokkuð skýrt en það getur alltaf skýrar orðið, virðulegur þingmaður.

Ég vil líta til frhnál. sem ég er reyndar með hálfpartinn í handriti en ég hygg að þingmenn séu komnir með í endanlegri gerð. Ég vil lesa upp úr því þannig að til skila komist hvað í þessu áliti stendur og mönnum sé ljóst hver efnisleg afstaða mín er til einstakra tillagna og málsins í heild. Það hefst þannig, virðulegi forseti, með leyfi:

„Að kröfu minni hluta félmn. var haldinn fundur í félmn. í morgun og fengnir til fundar fulltrúar Þroskahjálpar, Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar, Tjaldaness og Skálatúns, auk þess sem Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félmrn. mætti á fundinn." — Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að það kom fram á þessum fundi að fulltrúar Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins höfðu óskað eftir fundi með nefndinni fyrir hálfum mánuði en var tjáð að því miður væri það ekki unnt vegna anna í nefndinni. Það er hins vegar rétt hjá hv. formanni nefndarinnar að það mun ekki hafa verið formaður nefndarinnar sem formlega synjaði um erindið og ég dreg það til baka og bið formanninn velvirðingar að hafa borið hana fyrir því í gær en málið verður ekki mikið betra því menn geta augljóslega séð hvert formaðurinn er þá að beina gagnrýninni. En ég læt formanninum það eftir að upplýsa hver synjaði um fundinn.

„Fulltrúar Tjaldaness og Skálatúns lögðu áherslu á að verksvið réttindagæslumanns yrði betur skilgreint, enn fremur að sjálfsagt og eðlilegt væri að ríki greiddi sjálfseignarstofnunum afgjald fyrir afnot af eignum sem ekki hefðu verið fjármagnaðar af ríki. Þá kom fram frá fulltrúum Tjaldaness að heimilið hefði verið afhent 1976 skulda- og kvaðalaust til heilbr.- og trmrn. ..." — Ég skýt því inn að páv. ráðherra var hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason. — „...og óskað var eindregið eftir því að sú skipan mála yrði áfram." — Fulltrúar Tjaldaness báru það fram sem sína formlegu ósk á nefndarfundi í morgun að heimilið heyrði áfram undir heilbrrn. Þetta er að gefnu tilefni og kemur reyndar fram í grg. með frv. sem ég vitnaði til í nál. og er svohljóðandi: „Þetta var áréttað vegna þess sem fram kemur í athugasemdum við 11. gr. frv. [sem yrði þá 10. gr.] að „starfsemi Tjaldaness þykir þó standa nær þeim vistheimilum sem heyra undir félmrn. heldur en stofnunum á vegum heilbrrn. Viðræður hafa því átt sér stað milli heilbr.- og félmrn. um framtíð Tjaldaness og eru aðilar sammála um að eðlilegt sé að vistheimilið flytjist undir félmrn. Stefnt skal að því að sú breyting

eigi sér stað við gildistöku laga þessara.““

Með öðrum orðum hæstv. félmrh., flutningsmaður málsins, er að upplýsa þingheim um að heilbrrn. og félmrn. séu sammála um að flytja Tjaldanes undir félmrn. og stefnt sé að því þegar lögin taka gildi. Við vorum upplýstir um það í nefndinni í morgun af þeim aðilum sem komu sem fulltrúar Tjaldaness að þeir vilja þetta ekki.

Ég hlýt að spyrja sjálfan mig, virðulegur forseti, hvers vegna í ósköpunum var ekki búið að kalla þetta fólk fyrir nefndina fyrir löngu þegar um er að ræða svona mikið mál og viðkvæmt? Það kemur á nefndarfundinn í morgun af því að ég bað sérstaklega um það í gær. Hefur meiri hluti félmn. ekkert við þetta fólk að tala? Hvað eru menn að hugsa? Látum það vera þó einstakir nefndarmenn og forsvarsmenn Tjaldaness séu ósammála en leyfum þeim að tala fyrir máli sínu. Leyfum þeim að hitta nefndina og tala við okkur. Segja okkur sitt álit. Það var gert í morgun, virðulegi forseti, örfáum klukkutímum áður en á að afgreiða þetta mál úr þinginu. Hvers konar framkoma er þetta, virðulegi forseti, nefnd undir forustu fulltrúa Jafnaðarmannaflokks Íslands? Ja, þvílíkur jafnaðarmannaflokkur. Ég glotti nú eins og hv. þm. Egill Jónsson gerir stundum, ég held ég glotti mikið.

„Telur minni hlutinn eðlilegt að ekki séu gerðar breytingar á skipan þessara mála sem ganga þvert á vilja Tjaldaness.“ Hér læt ég uppi mína afstöðu. Ég vil ekki taka upp skipan mála þvert á vilja þeirra sem í hlut eiga. Ég hef ekki kynnt mér þetta mál til neinnar hlítar og get ekkert um það sagt. Ég verð að tala við fleiri aðila til að mynda mér skoðun á því, en það nægir mér að vita hversu eindregin andstaða þessa fólks er til þess að segja: Við breytum engu fyrr en að athuguðu máli a.m.k. Það nægir mér. Breytum ekki gegn vilja þessa fólks. Ég held að það sé nú alveg lágmarkið. — Held ég áfram lestri úr frhnál., virðulegi forseti:

„Þá vill minni hlutinn taka fram að fram kom hjá Margréti Margeirsdóttur að mikilvægt væri að koma upp starfsprófunardeild og að felldum 6. tölulið 17. gr. frv. vantaði einhvern aðila til þess að sinna þessu mikilvæga hlutverki, sem er nauðsynleg forsenda XII. kafla frv., um atvinnumál.“ — Þetta kom skýrt fram af hálfu deildarstjóra félmrn. sem mætti á fundinn að minni ósk.

6. tölul. 17. gr. frv. sem var felldur var um göngudeild fullorðinna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Auðvitað var í mörgum umsögnum sagt: Við eigum ekki að byggja þetta upp í Reykjavík eingöngu og út af fyrir sig er ég alveg sammála því. En það var ákveðinn tilgangur með göngudeild fullorðinna. Hún átti að þessi vera þessi starfsprófunardeild sem allt annað hvílir á sem á eftir fer. Það er til lítils að vera með einhvern kafla um atvinnumál ef það vantar að vita í hvaða átt á að þróa einstaklinginn, þannig að ég vona að hv. nefndarmönnum sé a.m.k. ljóst að þeir voru að gera verulegt glappaskot með því að fella þetta ákvæði út úr frv. án þess að byggja upp annars staðar. Það var nefnilega ekki gert. Ég hefði út af fyrir sig getað samþykkt það — allt í lagi við skulum ekkert vera að hafa þetta á Greiningarstöðinni, við skulum þá setja þetta upp annars staðar. Ég hefði getað fallist á það. En ég get ekki fallist á að fella þetta út og taka það ekki inn annars staðar, enda var röksemdin að þetta sparaði peninga. Það var alveg skínandi röksemd og dugar vel. (**Gripið fram í:** Lestu nú fyrri hlutann af röksemdinni.) Já, já, það var lesið og farið yfir það allt í gær, en þetta var samt það sem þar kom fram, virðulegi þingmaður, það þýðir ekki að kveinka sér undan því. (**Gripið fram í:** Nei, við skulum bara hafa sannleikann í málinu.) Já, já, við skulum hafa sannleikann, við skulum bara lesa sannleikann aftur, virðulegur þingmaður. Þá ætla ég að leita í skjalabunkanum að nál. meiri hlutans og lesa upp úr því þannig að það sé lesið yfir mönnum hvað þeir voru að samþykkja í þessum efnum a.m.k. tvisvar á tveimur dögum. *Hér segir, virðulegi forseti, þannig:*

„Umsagnaraðilar láta og í ljós efasemdir um gildi göngudeildar fullorðinna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í ljósi þessa þykir ekki rétt að stofnað verði til slíkrar deildar einkum þegar haft er í huga að hún hefði talsverð útgjöld í för með sér.“

Þetta er nú sannleikurinn, virðulegi forseti, og ekki nema eðlilegt að hv. 3. þm. Vestf. kveinki sér pínulítið undan þessu. Auðvitað, eins og ég gat um áðan, eru margir sem höfðu efasemdir um gildi þess að göngudeildin væri á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni, en þar með voru menn ekki að segja að það ætti ekki að vera slík deild. Menn voru bara að segja: Við eigum að byggja hana upp úti á landi.

Nefndin valdi hins vegar þann kostinn að fella hana bara út. Það var óheillaspor. Auðvitað kemur að því að svona deild verður til. Ég var búinn að kynna mér þetta mál og mér er alveg fullljóst að deild af þessu tagi mun koma. Þörfin er brýn og kallar eftir því og auðvitað mun þetta koma í tímans rás, en því fyrr sem það hefði komið þeim mun betra.

Held ég nú áfram lestrinum, virðulegi forseti:

„Fulltrúi Öryrkjabandalagsins lagði áherslu á að samtökin teldu 2. málsl. 31. gr. frumvarpsins óþarfan og vöruðu við honum og enn fremur að samtökin teldu rétt að stjórnarnefnd yrði falið að úrskurða um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna og heimild til að vísa þeim úrskurði til ráðherra. Er þetta í samræmi við athugasemd við 4. gr. frv. sem fram kemur í umsögn Þroskahjálpar.“

Þarna vísa ég reyndar til brtt. frá mér sem ég er búinn að kynna um það að fela stjórnarnefnd að veita úrskurð í ágreiningsmálum. Það kom fram hjá fulltrúum Öryrkjabandalagsins að þeim þótti miður að inn í frv. skyldi vera komin setningin í 31. gr., eða núv. 30. gr., með leyfi forseta: „Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða.“

Ég lagði til að þessi setning yrði felld brott einmitt með þeim rökum sem fram komu hjá þessum aðilum og reyndar fleirum í umsögnum en á það féllst Alþingi ekki þannig að þessu verður ekki breytt.

Hins vegar er von til þess að verða við óskum Öryrkjabandalagsins um úrskurðaratriði. Það er enn von og því hef ég leyft mér að leggja fram tillögu um það.

Að öðru leyti lögðu fulltrúar hagsmunasamtakanna ekki áherslu á þær athugasemdir sínar í umsögnunum sem ekki hefur verið mætt og verður af hálfu minni hlutans ekki frekar haldið fram kröfum um að koma til móts við þær nú. Það var ljóst þegar við fórum yfir umsagnir þessara aðila, Sjálfsbjargar, Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins, að þeir höfðu gert mjög margar ábendingar og athugasemdir og að mörgu leyti mjög skynsamlegar. Nokkrar af þeim höfðu verið teknar til greina en megnið stóð út af og hafði ekki verið tekið til greina í umfjöllun nefndarinnar og þingsins. Ég lagði þá spurningu fyrir þessi samtök: Eru einhver af þessum atriðum sem þið viljið leggja áherslu á að fá inn í frv.? Svarið var alveg klárt. Svo var ekki. Af eðlilegum ástæðum hlýt ég að halda að mér höndum við það með að ná fram breytingum á frv. til að mæta þeim óskum. Ég tel því eðlilegt að vera ekki að strekkja frekar í þeim málum fyrst það er vilji hagsmunasamtakanna að málið gangi svona fram. En menn verða þá að gera sér grein fyrir því að það fer fram á þeirra ábyrgð. Forsjármenn hagsmunasamtakanna, sem mættu á fund nefndarinnar í morgun og gáfu þessa yfirlýsingu, verða að kannast við það að þetta var þeirra val. (**GHelg:** Valið er okkar.) Valið er okkar, segir hv. 14. þm. Reykv. og hefur auðvitað rétt fyrir sér eins og ævinlega. (**GHelg:** Já.) (**EKG:** Þetta verður munað í þingflokknum.) Já, ég hygg, hv. 3. þm. Vestf., að þetta verði rækilega munað í þingflokknum og ég verði minntur á þetta einhvern tímann.

Ég er dálítið ósáttur við að menn skuli ekki hafa lagt fram sem áhersluatriði á fundi nefndarinnar í morgun það sem menn vildu og biðja nefndarmenn um að reyna að koma því áfram. En það verður bara svo að vera. Það þýðir ekki að fást meira um það, menn eru komnir í þennan gír og virðist erfitt að skipta niður. Ég er reyndar með þessar umsagnir og nefni dæmi til fróðleiks svo menn geti áttað sig á því að hve miklu leyti hefur verið mætt óskum samtakanna. Ég ætla aðeins að drepa á helstu atriðið. Ég er t.d. með umsögn Sjálfsbjargar, sem vill ekki frekar reyna að ná fram breytingum á frv. og láta það fara fram eins og það er. Fulltrúi Sjálfsbjargar gaf þá yfirlýsingu í morgun. Þeir eru með umsögn upp á tíu síður og athugasemdir í fjölmörgum atriðum. Þeir gagnrýna miðstýringaráformin í frv. Þeir telja að það sé ekkert gagn í 25. gr. frv. um liðveislu. Þeir telja að það sé í raun og veru gagnslaust eins og frá því er gengið. Þeir telja líka að 35. gr. um samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra hafi lítið hald og orða það þannig: „Viljayfirlýsingar í frv. sem ekkert gagn er í.“ Það er þeirra álit á þessum tveimur atriðum. Þeir óskuðu eftir því að gerðar yrðu breytingar á 1., 3. og 4. gr. frv. Ekkert af því hefur verið tekið til greina. Sjálfsbjörg óskaði eftir því að stjórnarnefndinni yrði falið að vera úrskurðaraðili sem hefur ekki enn verið tekið til greina og ég er að leggja til sem þrautalendingu í málinu, skulum við segja. Þeir bentu á að í 5. gr. væri ákvæði 2. mgr. óljóst, þ.e. það var ekki ljóst hver tæki ákvörðun um skiptingu starfssvæða í þjónustusvæði. Ég lagði fram brtt. í gær til að taka af öll tvímæli og þá var ég einmitt með umsögn Sjálfsbjargar í huga til að bæta úr þeim ágalla sem þeir bentu á. Sú tillaga var auðvitað felld.

Sjálfsbjörg gagnrýnir 6. gr. mjög mikið og mig langar að vitna í þá gagnrýni. Þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á valdsviði og verkefnum svæðisstjórna. Samkvæmt greinargerð með 6. gr. liggur sú hugmynd að baki þessari breyttu tilhögun að aðskilja framkvæmd þjónustunnar annars vegar og mat á þjónustuþörf og eftirlit með framkvæmd hins vegar. Sjálfsbjörg telur að hér hafi ekki tekist til sem skyldi.

Í fyrsta lagi veldur þessi breyting stóraukinni miðstýringu í málefnum fatlaðra sem Sjálfsbjörg telur óeðlilega. Þau rök eru alkunn að þeir sem næst vettvangi eru séu hæfastir til að taka ákvarðanir um þjónustu og framkvæmd hennar á viðkomandi svæði. Sjálfsbjörg telur því að millistjórnarstig heima í héraði hljóti að vera nauðsynlegt.“ — Þetta hefur ekki verið tekið til greina.

„Í öðru lagi telur Sjálfsbjörg að með núverandi 6. gr. sé markmiði breytingarinnar ekki náð. Eins og ákvæði frumvarpsins eru skulu svæðisskrifstofur og starfsmenn sjá um framkvæmd þjónustunnar. Samkvæmt 5. tölulið 13. gr. frv. skulu starfsmenn svæðisskrifstofunnar veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu. Það eru því sömu starfsmenn sem eiga að sjá um framkvæmd og sinna eftirliti með framkvæmdinni í frv. og verður því ekki séð að tilgangi frv. um aðskilnað, framkvæmdir og eftirlit sé náð með frv.“

Sjálfsbjörg leggur t.d. til í sambandi við 6. gr., um svæðisráðin, að skipaðir verði varamenn. Það var tillaga sem ég bar hér fram í gær. Hún náði ekki fram að ganga. Sjálfsbjörg vill breytingar á 8. gr. Það má segja að hún hefði viljað breytingar í því skyni að tryggja samstarf ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og menntamála og hagsmunasamtaka. Það má segja að það hafi verið farið í hina áttina með því að fella 8. gr. niður.

Þannig get ég haldið áfram því þeir gera þetta afar ítarlega. Ég get dregið þetta saman með því að segja að megnið af tillögum Sjálfsbjargar nær ekki fram að ganga. Eins er með Þroskahjálp, sem hefur beitt sér af miklum krafti í þessu máli, og hvergi af sér dregið — formaðurinn hefur verið afar duglegur á göngum þingsins, m.a. í viðræðum við samflokksþingmenn mína í því skyni að fá þá til þess að hafa áhrif á mína afstöðu en mér þykir afar hvimleitt að menn vinni þannig — en forsvarsmenn Þroskahjálpar eru af eðlilegum ástæðum, eins og allir aðrir, mjög velviljaðir frv. og taka vel undir markmið þess. Athugasemdirnar ganga út á það að gera hlutina betur. Menn verða alltaf að líta á málin frá þeim sjónarhóli. Þeir eru með athugasemd við 4. gr. og vilja fá úrskurðarnefnd. Hún er ekki. Þeir vilja fá breytt 5. gr. þannig að það verði skýrt hver það er sem getur breytt svæðaskiptingu. Það er ekki. Þroskahjálp vill að svæðisráðin fái að ráða sér starfsmann. Sú tillaga hefur ekki komið inn. Þeir vilja að 8. gr. falli út og það hefur orðið. Við 10. gr. sýnist mér athugasemd vera komin inn. Þeir eru með tillögur um

t.d. að svæðisskrifstofurnar hafi með höndum sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf. Það er ekki. Þeir eru t.d. með hugmyndir um það að sett verði upp sérstök úrskurðarnefnd sem verði trúnaðarmönnum og svæðisráðum til ráðgjafar. Það hefur ekki verið orðið við því. Fleira hafa þeir drepið á sem mér finnst mjög athyglivert en hefur ekki einu sinni komist inn í umræðu um það hvort það kæmi til greina.

Þannig gæti ég rakið í mörgum atriðum það sem menn eru með ábendingar og athugasemdir við í þessum frumvarpsdrögum og ekki hefur verið orðið við. Mér finnst að menn hefðu mátt gefa sér meiri tíma til að ræða við þessa aðila, t.d. hafa fulltrúar Þroskahjálpar ekki komið á fund nefndarinnar fyrr en í morgun og ég hefði haft verulega gaman og gagn af því að ræða við þá og aðra fulltrúa fyrr til að geta skipst á skoðunum og reynt að vinna fylgi við tilteknar hugmyndir sem þeir bera fyrir brjósti. En það var bara aldrei gefinn kostur á því vegna þess að það var ætlun hæstv. félmrh. að keyra málið í gegn, hvað svo sem það kostaði. Fagleg umfjöllun í nefnd hefur ekki verið til staðar. Það er ekki hægt að tala um að það sem fram hefur farið í nefndinni standi undir nafni sem fagleg umfjöllun.

Enn er t.d. afar lauslega tekið, svo ekki sé meira sagt, á málefnum Kópavogshælis. Ég held að menn hafi átt að gefa sér tíma til að fara yfir það mál. Frágangurinn á málinu af hálfu meiri hlutans er þannig að það er ekkert um það í frv. heldur einungis í nál. Ég spyr: Er mikið hald í því?

Ég fer senn að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. (**EgJ:** Það eru góðar fréttir.) Ég heyri það að hv. 3. þm. Austurl. fagnar því. Minni hlutinn stendur að þeim brtt. sem nefndin flytur á þskj. 1024 og fagnar því að meiri hluti nefndarinnar hefur snúist til fylgis við afstöðu minni hlutans í 1. og 5. brtt. Auk tillagna á þskj. 1024 flytur minni hlutinn nokkrar brtt.

Fyrir 1., 3. og 4. gr. hef ég þegar gert grein en í stuttu máli fjalla þær um stjórnarnefnd og hvernig hún skuli vera skipuð og hlutverk hennar varðandi Framkvæmdasjóð. Í annarri tillögu er ég með tillögu um að stjórnarnefndinni verði falið að úrskurða um ágreiningsatriði og í fimmtu tillögu legg ég til að ekki verði heimilt að ákvarða gjaldtöku vegna skammtímavistunar skv. 22. gr. frv. sem ég hef farið yfir áður í minni ræðu. Varðandi 6. gr. er ég með tillögu um ákvæði til bráðabirgða til þess að gæta réttinda og hagsmuna starfsfólks, rétt eins og þingmenn gera gjarnan við sambærilegar aðstæður í lagasetningu, eins og fyrir tveimur eða þremur dögum þegar ákveðið var að leggja niður ríkisskattanefnd og stofna þess í staðinn yfirskattanefnd. Þá var sett sérstakt ákvæði í lögin sem tryggði það að starfsmenn ríkisskattanefndar yrðu starfsmenn yfirskattanefndar. Ég held það sé óhjákvæmilegt að hafa sambærilegt ákvæði í þessu tilviki líka.

Virðulegur forseti. Ég vil svo ljúka máli mínu með því að lesa upp síðustu orðin í nefndarálitinu:

„Minni hlutinn ítrekar fyrri skoðun sína að þörf sé á að vinna betur að frv. þessu og stefna beri að því að leggja fram á haustþingi endurskoðað frv. og er reiðubúinn að stuðla að því að svo geti orðið.

Fari svo að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi mun minni hlutinn styðja það þó annmarkar séu á frv. eins og bent hefur verið á."

Ég vænti þess að afstaða mín sé skýr. Ég mun ekki snúast gegn málinu þótt verið sé að reyna að troða því ofan í kokið á mér. Ég er fylgjandi því að lögin verði endurskoðuð. Mér er nokkuð umhugað um þennan málaflokk og mér er ekki sama hvernig menn vinna að lagasetningu í þessum málaflokki. Mér þykir sem hæstv. ráðherra hafi látið kappið hlaupa sér í kinn í þessu máli og forsjálnin skilin eftir kannski að einhverju leyti. Ég er fjarri því að vera sáttur við þennan gauragang í málinu síðustu dagana. Ég er ekki vanur því að vinna að viðamiklum málum, sem snerta hagsmuni þúsunda, á handahlaupum í hliðarherbergjum þar sem menn eru barðir niður til hlýðni við flokksagann.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við eigum það sameiginlegt, ég og hv. 5. þm. Vestf., að vera umhugað um þennan málaflokk. Mér er það líka og hef löngum unnið við hann og þykist líka hafa þekkingu á þeim málum sem þarna koma fyrir þótt ég muni seint halda því fram að ég sé alvitur í þeim efnum. En vil gjarnan leggja mitt af mörkum.

Ég held að ég sé nokkuð seinþreytt til vandræða í samskiptum en ég hef óskað eftir því við fulltrúa Alþb. í nefndinni að hann snúi sér til formanns síns ef eitthvað það kemur upp sem honum finnst ámælisvert vegna þess að þegar ég lít til baka yfir þessi tæpu þrjú ár sem ég hef setið á Alþingi minnist ég þess ekki að hafa orðið vitni að því að nefndarfulltrúi velji að fara fyrst í ræðustól til að kvarta undan formanni sínum og koma með ámæli áður en hann nefnir það við formanninn sjálfan. Þetta hefur nú gerst í þrígang og í tvö fyrstu skiptin leiddi ég það hjá mér. Í þriðja skiptið nefndi ég það í ræðu minni og, að því er ég held, mjög hógværlega, leiðrétti það að formaður félmn. hefði ekki synjað hagsmunasamtökum um beiðni þeirra að koma á fund nefndarinnar. Ég ætla alls ekki þar með að leita að sökudólgi í slíku efni eða afsaka mig gagnvart einu eða neinu en mér fannst sanngjarnt að leiðrétta þetta. En af því að nefndarmaður minn gerði þetta að einhverju máli vil ég að það komi fram að ég var erlendis á vegum Alþingis. Einhver af fulltrúum þessara hópa hringdi hingað og reyndi að ná í formann félmn. sem var erlendis, kom því á framfæri við nefndadeild að þeim væri mjög umhugað um að koma þessu máli fram og sýna stuðning við það og helst að fá að koma á fund nefndar. Þá var búið að setja niður dagskrá þess fundar sem átti að vera strax morguninn eftir að ég kæmi heim og þeim var tjáð það. Þau sögðu sjálf í morgun að þau hefðu ekki fylgt þessu frekar eftir.

Ég ætla ekki að hafa frekar orð um þetta og ég vil svo gjarnan hafa gott samstarf við þá sem ég starfa með. En ég ætla aðeins að hafa orð um það sem hér hefur komið fram, þ.e. af hverju var ekki talað við

þessi hagsmunasamtök eða þau boðuð. Það vill nú þannig til að þetta fólk smíðaði frv., var í þeirri nefnd sem smíðaði frv., og þetta fólk sendi inn umsagnir sem farið var mjög rækilega yfir. Nefndum Alþingis er ekki ætlaður svo ýkja mikill tími að þær fari kannski í þriðja sinn yfir málin með sömu aðilum þó það sé fyllilega velkomið ef eftir því er leitað. Ekki hefur verið neitað um það. (Forseti hringir.) Forseti, ég ætlaði að koma hérna með efnislegt andsvar til viðbótar en ég verð að láta það bíða.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gagnrýni það hiklaust ef ástæða er til þegar formanni eða nefnd er ekki stýrt með þeim hætti sem ég er sáttur við. Ég er ekki sáttur við það að hagsmunasamtök biðji um fund með félmn. og fái hann ekki. Ég er heldur ekki sáttur við það að ég eða nefndarmenn fáum ekki að vita af því að þau hafi beðið um fund. Formaður nefndarinnar ber ábyrgð á störfum nefndarinnar og auðvitað hlýtur formaður nefndarinnar að fá fyrstur manna að vita af þessari ósk. Formaðurinn gat ekkert um það við nefndarmenn né sýndi nein viðbrögð gagnvart þeim aðilum sem óskuðu eftir fundinum. Það er náttúrlega eðlilegast að snúa sér beint til Alþingis. Ég sé ekki tilganginn í að snúa sér til formannsins sem ekki hefst til verka.

Ég vil segja það líka að ég hef áður gagnrýnt formanninn út af öðru máli og það var það sem ég hef ekki heyrt fordæmi fyrir áður, að mál er tekið út úr nefnd og þá lítur það út með þeim hætti sem var frá gengið en svo breytist það eftir að það er tekið út úr nefnd. Tillögurnar sem ég var að taka afstöðu til litu að nokkru leyti öðruvísi út þegar þær komu hingað á borð þingmanna en þegar mér voru sýndar þær. Ég fer hiklaust til forseta Alþingis sem er minn forseti og á að gæta minna hagsmuna og ég vænti þess að formaðurinn taki mið af ábendingum forseta hvað það varðar.

Ég vil segja varðandi það sem kom fram hjá formanni nefndarinnar að það væri ekki hægt að tala við svo marga aðila sem að þessu máli sneru, að ég held ég fari nokkuð nærri um það að í frv. um Brunamálastofnun Íslands hafi verið talað við fleiri en í sambandi við þetta mál, fyrr en í morgun þegar það er gert að mínu frumkvæði.

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl., Kristinn H. Gunnarsson, hefur ítrekað við 2. og 3. umr. um þetta mál lýst því yfir að ákveðnir hagsmunaaðilar hafi ekki fengið að koma á fund félmn. Nú mættu þessir aðilar á fundinn í morgun að beiðni þingmannsins og aðspurðir upplýstu þeir að þeir hefðu leitað eftir fundi meðan formaður nefndarinnar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, var erlendis. Þar sem ég gegndi formannsstöðu í nefndinni þessa þrjá daga sem hún var erlendis og stýrði einum fundi vil ég upplýsa það að beiðni frá þessum samtökum kom aldrei á mitt borð og ég hafði ekki heyrt um hana fyrr en í gær að þessir aðilar hefðu beðið um fund. Ég verð að segja það að þar sem formaðurinn var ekki erlendis nema þrjá daga hefði þessum aðilum verið það í lófa lagið að hafa samband við hana þegar hún kom heim aftur ef þeir vildu ekki tala við varaformanninn.

Ég vil líka taka það mjög skýrt fram að það hefur örugglega engum verið synjað um að koma á fund félmn., hvorki út af þessu máli eða öðru í vetur. Formaður nefndarinnar hefur alltaf leitað eftir því við nefndarmenn og spurt þá hvort þeir óskuðu eftir því að fá einhverja til viðræðna um þau mál sem hafa verið á dagskrá hjá nefndinni. Kannski hefur það verið svo í þessu máli að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi ekki verið á fundi nefndarinnar þegar það gerðist. Ég man ekki betur en formaðurinn hafi ítrekað þetta tvisvar eða þrisvar sinnum en menn eru ekki alltaf við. Hafi þingmaðurinn haft einhverjar óskir um að fá tiltekna aðila til viðræðna átti hann að sjálfsögðu að koma þeim á framfæri við formann nefndarinnar og ég er ekki í vafa um það að hún hefði orðið við því að kalla menn til viðræðna.

Ég vil líka láta það koma skýrt fram, vegna þess að mér finnst formaður nefndarinnar hafa orðið hér fyrir dálítið ómaklegum ásökunum, að mér finnst að hún hafi sýnt mjög mikinn samstarfsvilja í þessari nefnd í vetur og eigi alls ekki skilið annað en allt það besta frá nefndarmönnum og hafi virkilega lagt sig fram um að störf nefndarinnar gengju vel fyrir sig og þar væri gott samkomulag.

Ég vil bara að lokum fagna þeirri miklu samstöðu sem náðst hefur um þetta mál og að átta af níu nefndarmönnum skuli standa að frv., eins og það er í dag. Ég tel að frv. sé miklu betra, eins og það lítur út núna, en það var þegar það var lagt fram og það er árangurinn af starfi nefndarinnar.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls höfðu stjórnarliðar í félmn. ekki náð að fullu saman og því flutti ég við þá umræðu fjórar brtt. á þskj. 959. Það hafa átt sér stað viðræður í meiri hlutanum og þær hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að meiri hlutinn flytur á þskj. 1024 viðbótarbreytingartillögur frá því sem var við 2. umr. og þrjár af þeim tillögum eru unnar upp úr mínum tillögum. Vil ég aðeins gera grein fyrir þeim en um leið og þetta liggur fyrir lýsi ég því yfir að ég dreg þær tillögur, sem ég lagði fram við 2. umr., til baka.

Önnur brtt. mín við 2. umr. var um 14. gr., að þar bætist ný málsgrein við, svohljóðandi:

„Láti sveitarfélag, sjálfseignarstofnun eða félag í té afnot af mannvirkjum, tækjum eða öðrum gæðum til rekstrar sem ekki hefur verið fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði skal í samningi vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiðir.“

Í stað þessarar tillögu hefur meiri hlutinn tekið upp svofellda tillögu:

„Heimilt er félagsmálaráðherra að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir, sbr. 3. mgr. 13. gr.“

Þetta hefur ekki verið tekið upp nákvæmlega eins og ég lagði til, það vantar á að kveðið sé skýrt á um afgjald.

Fyrir tveimur árum skilaði Ríkisendurskoðun áliti vegna vistheimilisins að Sólheimum um þennan þátt. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vísa til þess álits. Þar segir:

„Það er álit Ríkisendurskoðunar, og þá með vísan til þess hvernig eignarhaldi vistheimilisins að Sólheimum er háttað, sé nauðsynlegt að gerður sé þjónustusamningur milli heimilisins og ríkisvaldsins. Í þeim samningi verði m.a. kveðið á um umfang þeirrar þjónustu sem heimilið veiti og stöðu þess innan verkefna sem lög um málefni fatlaðra kveða á um. Hins vegar er ljóst að kostnaður vegna slíks samnings er háður ákvæðum fjárveitingavaldsins á hverjum tíma. Þá telur stofnunin að í slíkum samningi eigi að vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiði til sjálfseignarstofnunar vegna afnota af þeim mannvirkjum, tækjum og afnot af hitaveituréttindum sem látin eru í té til þeirrar þjónustu sem veitt er. Framlög þessi yrðu miðuð við að viðhalda þeim eignum sem fyrir hendi eru á Sólheimum á hverjum tíma og nauðsynlegar eru vegna þeirrar þjónustu sem heimilinu er ætlað að veita."

Eftir að breyting hefur orðið á 14. gr., að sambykktu þessu frv., tel ég að það hafi áunnist að félmrh. er heimilt að ganga til þessara samninga og þá vona ég að sjálfsögðu að tekið verði tillit til þessa afgjalds. Það verður einnig mál fyrir fleiri heimili en Sólheima að þessi grein komist inn í lög.

Þriðja brtt. var um það að síðasti málsliður 16. gr. orðist svo:

„Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs og stjórnarnefndar hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka."

Þessi brtt. mín gekk fyrst og fremst út á það að á eftir orðinu svæðisráð kæmi stjórnarnefnd og því er fullnægt í brtt. meiri hlutans á þskj. 1024.

Síðasta brtt. sem ég lagði fram var við 50. gr., sem verður 49. gr. eftir 2. umr. Ég hafði raunar lagt til að greinin félli brott, en er sáttur við þá brtt. sem þarna er komin inn en hún er svohljóðandi:

„Tekjur sem falla til vegna þeirrar atvinnustarfsemi stofnana sem nýtur framlaga á fjárlögum skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra."

Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta en vil þó segja um fyrstu brtt. mína, sem var um breytta stjórnarnefnd, að hv. þm. Kristinn Gunnarsson lýsti réttilega þeim áhuga sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur á því að breyta þarna um. Það liggja fyrir bréf til nefndarinnar og það hefði verið þess vert að stjórnarnefndinni hefði verið breytt í þá veru sem fólst í minni fyrstu brtt. En ég hef gengið til samkomulags. Þar er tekið tillit til þriggja tillagna minna, eins og ég hef fyrr um getið, og dreg ég þá tillöguna um breytta stjórnarnefnd til baka, þó ég hafi sannarlega viljað að þessi tillaga hefði gengið fram.

Ég er raunar örlítið skotinn í tillögu hv. þm. Kristins Gunnarssonar varðandi stjórnarnefndina og leyni því ekki. Ég lagði til að aðilar gengju úr nefndinni. Auðvitað er erfitt að fara fram á að fólk, sem lengi hefur setið, svo sem Þroskahjálp og öryrkjar, eigi ekki þarna fulltrúa. Ég held að að mörgu leyti hefði stjórnarnefnd þessi verið vel úr garði gerð ef teknir væru inn þrír fulltrúar frá Alþingi, eins og ég lagði til, og síðan hefðu þessir fulltrúar haldið áfram þannig að hér hefði verið um sjö manna nefnd að ræða. Þetta næst ekki að sinni en vonandi sem fyrst. Síðan horfir þetta mál til þess að það verði með breyttri verkaskiptingu á vettvangi sveitarfélaganna. Þar á það að vera og vonandi dregur að því að svo verði.

Ég vil að síðustu láta það koma fram að ég þakka formanni fyrir stjórn á þessu máli og gott samstarf. Hún reyndi að laða saman aðila og ná samkomulagi og fyrir það vil ég að lokum þakka.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið til 3. umr. frv. til laga um málefni fatlaðra og hefur það fengið mikla umfjöllun á Alþingi. Það er helst um það að segja að frv. hefur tekið geysilega miklum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram á þinginu. Breytingarnar eru allar til bóta að mínu mati en það er enn hægt að finna á því ýmsa annmarka. Það er ýmislegt sem ég vil sjá inni í þessu frv. Samt sem áður tel ég að svo veigamiklir þættir séu komnir inn í frv., sem ekki voru í upphafi, að ég mun styðja það, þrátt fyrir þá annmarka sem hafa verið tíndir hér upp í mjög löngu máli hv. 5. þm. Vestf., sem er göldróttur eins og flestir Vestfirðingar. Hann getur á sama tíma og hann talar í ræðustól komið með nál. og tillögur, allt í senn. Ef allir hv. alþm. væru jafnkröftugir held ég að allt kerfið brynni yfir á Alþingi. Þær tillögur sem hann ber fram biður hann okkur þingmenn að íhuga vel og það munum við að sjálfsögðu gera en ég ætla aðeins að fara yfir þær.

Í fyrsta lagi er hann með tillögu um það að breyta skipan stjórnarnefndar. Ég tel að sú tillaga komi innan tíðar til álita. Um leið og sveitarfélögin fara að taka yfir þennan málaflokk verður þessu breytt. Að þessu sinni mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu en ég veit að þetta verður tekið upp innan tíðar þegar sveitarfélögin koma inn í þennan málaflokk af meiri þunga en verið hefur.

Ég ætla að segja strax að ég styð b-liðinn við 4. gr. í sambandi við úrskurðarnefndina. Mér finnst þetta sjálfsögð tillaga og ágæt og mun styðja það að stjórnarnefndin úrskurði í ágreiningsmálefnum. En ég mun íhuga hinar greinarnar. Ég er sammála hv. þm. um að 21. gr. verði sérstaklega tekin fyrir en ég skil ekki almennilega af hverju hann er ekki með 22. gr. líka. Þó svo það sé búið að fella það þá er spurning hvort það hangi ekki saman, hvort hægt sé að taka þetta og slíta svona úr samhengi. Ég ætla alla vega að íhuga það mjög vandlega.

Við framsóknarmenn styðjum meginmarkmið frv., að fatlaðir njóti sem mest almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ef markmið laganna á að nást þarf meiri

fjármuni bæði til heilbrigðisþjónustunnar og til skólamála vegna þess að Framkvæmdasjóður hefur fjármagnað að verulegu leyti heilbrigðisþjónustuna og líka skólana. Við munum fylgjast vel með því hvernig hæstv. ríkisstjórn framkvæmir þessi markmið. Þær tillögur sem meiri hlutinn og ég skrifa undir eru að nokkru leyti sömu tillögur sem ég flutti og voru felldar hér í gær. Ég fagna því að það skuli tekið nokkuð tillit til þess sem ég bar þá fram. Að öðru leyti vona ég að við þurfum ekki að eyða allt of löngum tíma á lokadegi þingsins í þetta mál því ég held að það hafi fengið mjög mikla og góða umfjöllun síðustu daga.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Lítið frammíkall áðan frá hv. 3. þm. Austurl. varpaði nýju en réttu ljósi á stöðu þessa máls. Hv. þm. kallaði fram í og spurði: Er málið ekki orðið nægilega skýrt? Ræðumaður, hv. 5. þm. Vestf., sagði: Jú, það er að skýrast. En bætti svo við eitthvað á þá leið að það gæti alltaf orðið skýrara.

Ég held að þetta sé einmitt kjarni málsins. Þetta frv. og afstaða manna til þess er að verða mjög skýrt fyrir okkur sem höfum fylgst með umræðunum og fylgst með málinu frá upphafi. Staðan er einfaldlega sú að í dag ríkir almennur fögnuður vegna frv., almenn samstaða og almennur stuðningur við það, nema ef vera skyldi hjá Alþb. sem nú mun þó hafa tekið þá ákvörðun að styðja frv. þrátt fyrir það að þingmaður þess hafi í alllöngu máli fundið því ærið margt til foráttu og komist m.a. þannig að orði í ræðu í gær að frv. sjálft væri í tæknilegu uppnámi. Þá var verið að skírskota til þess að einhverjir liðir væru þannig úr garði gerðir eftir 2. umr. að málið stangaðist allt á og það þyrfti að gera á því verulega uppstokkun, eftir því sem manni skildist á sjálfri uppbyggingu frv. Þegar við berjum síðan augum álit félmn. sem bæði minni hlutinn og meiri hlutinn, sem höfðu myndast í nefndinni, standa að kemur í ljós að um er að ræða tvö atriði í öllu þessu mikla slengi sem sem brtt. voru. Ég tel að hafi einhvern tímann verið skotið ærlega yfir markið í orðaleppahætti hafi það gerst í gær þegar hv. 9. þm. Reykv. komst þannig að orði að þetta frv. væri í einhverju tæknilegu uppnámi. Það komu að vísu einir tveir tæknilegir annmarkar í ljós sem hægt var að leiðrétta og kalla auðvitað ekki á neina pólitíska umræðu. Að öðru leyti var þetta mál þess eðlis að allt tal um tæknilegt uppnám frv. var auðvitað út í hött.

Sannleikurinn er sá að ekki þarf að undrast þó að það hafi tekist að ná um þetta mál bærilegri samstöðu vegna þess að málið hefur verið mjög lengi í undirbúningi. Ekki nóg með það. Það hafa mjög margir komið að þessu máli. Nefnd sem hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði tók til starfa þann 5. des. 1989. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar mjög breiðs hóps sem síðan skrifuðu upp á frv. Og það er rétt að nefna það alveg sérstaklega að meðal þeirra sem áttu aðild að samningu frv. var fulltrúi tilnefndur af þingflokki Alþb. Ég tel ástæðu til að minna á þetta til að vekja athygli á því að í undirbúningi frv. var kostað kapps um að leita mjög víða sjónarmiða.

Engu að síður var það þannig að þegar frv. kom inn í þingið kom í ljós að um það voru skiptar skoðanir um einstök atriði. Málið fékk nokkuð ítarlega umfjöllun við 1. umr., var síðan sent út til, að ég hygg, 72 umsagnaraðila. Við vitum það öll sem þekkjum til í innviðum í störfum þingsins að það er ekki óalgengt, þegar verið að senda út svona umsagnir, að það berist ekki nema hluti til baka sem endurspeglar á vissan hátt áhuga manna á viðkomandi máli. En í þessu tilviki gerðist það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef úr nefndadeild Alþingis, að af þessum 72, sem fengu umsagnirnar í hendur, sendu 69 svör. Flest þessara svara voru ítarleg og vel unnin og það var ljóst að menn höfðu kafað ofan í frv. og reynt að gera sem besta grein fyrir fyrir eðli málsins.

Síðan hefur þetta mál verið rætt í félmn., það hefur verið rætt á fundum og menn hafa vitaskuld nýtt tímann til þess að fara ofan í það á milli funda eins og gengur og gerist með mál af þessu tagi. Ég heyri m.a. af máli hv. 5. þm. Vestf. að hann hefur tekið þann sama kost og ég að reyna að leita sér upplýsinga sem víðast með viðræðum við menn til þess að komast að því sem menn telja skynsamlegast í þessum afar mikilvæga málaflokki.

Málið hefur blasað þannig við mér að í þeim umsögnum, sem komu fram, bæði munnlega í viðtölum mínum við fulltrúa þeirra aðila sem best þekkja til að mínu mati og í þeim athugasemdum sem bárust, að rauði þráðurinn í athugasemdunum var sá að helst væri aðfinnsluvert við frv. að þar gætti of mikillar miðstýringaráráttu. Sú vinna sem hefur farið fram og þær brtt. sem hafa verið lagðar fram af meiri hluta félmn. miða einmitt að því að draga úr miðstýringunni og efla sjálfsforræðið úti í héruðunum. Miðað við allt tel ég að hér hefi bærilega tekist til og ég er a.m.k. sáttur við þetta frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. og ég stend vitaskuld að þeim brtt. sem félmn. leggur fram til afgreiðslu við 3. umr. málsins.

Vegna þeirra orða hv. 5. þm. Vestf. að ekki hafi verið orðið við því að kalla til fulltrúa hagsmunaaðila til viðræðna við nefndina þá held ég að það mál hafi verið að fullu upplýst, en þó vil ég segja eftirfarandi:

Hjá formanni nefndarinnar kom mjög fljótlega fram að hún óskaði eftir því við okkur nefndarmenn að við segðum til um það hvort við vildum fá einhverja tiltekna menn á fund til nefndarinnar til þess að ræða við þá um tiltekin afmörkuð mál. Ég lagði áherslu á nokkur nöfn í þessu sambandi, t.d. þann mann sem er formaður nefndar er endurskoðar nú starfsemi sveitarfélaganna og ég hygg að flestir nefndarmenn hafi bætt einhverju í þetta púkk og niðurstaðan var sú að allnokkrir komu til viðræðna við nefndina. Þegar nefndir vísa frá sér til skriflegrar umsagnar er það auðvitað liður í því að auðvelda starfið og við vitum að það er býsna þægilegt við endurskoðun frumvarpa og yfirferð frumvarpa ef við höfum í höndunum skrifað plagg sem við getum byggt á. Ég tel að í sjálfu sér hafi ekki verið ástæða til þess að kalla til svo mjög marga vegna þess að við höfðum undir höndum afar vel unnin álit fjöldamargra vítt og breitt um landið sem ég, eins og

ég sagði hér áðan, höfðu greinilega lagt mjög mikla vinnu í þetta mál. Þess vegna fannst mér ekkert óeðlilegt að ekki væri verið að kalla til mjög marga. Út af fyrir sig tek ég undir það og tel að þannig eigi formenn að starfa að þeir taki tillit til þess ef nefndarmenn óska eftir því að á fundi nefndarinnar komi einhverjir tilteknir aðilar. Ég lýsi því hér yfir og tek undir það í máli hv. 5. þm. Vesturl. að ég hef ekki orðið var við annað en að hv. form. félmn. hafi reynt að bregðast afar vel við í þessum efnum og annað kæmi mér a.m.k. afar undarlega fyrir sjónir.

Í máli hv. 5. þm. Vestf. var nokkuð nefnd staða Tjaldanesheimilisins. Ég vil í þessu sambandi segja um þetta að ekkert er í þessu frv. sem gerir það að verkum að staða Tjaldanesheimilisins eigi að breytast að því leytinu að það færist undir félmrn. Að vísu er greint frá því í einhverri greinargerð að félmrn. og heilbrrn. hafi tekið upp viðræður í þessa veruna. Ég tel nauðsynlegt að fram komi að fulltrúar Tjaldanesheimilisins greindu frá því að þegar heimilið var afhent ríkinu til eignar var það ekki bara þeirra vilji heldur ásetningur þeirra að heimilið heyrði undir heilbrrn. Ég tel nauðsynlegt að þetta komist áfram til hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrrh. svo að mönnum sé alveg ljóst að þegar heimilið var afhent veðbanda- og skuldlaust eins og greint var frá í morgun að það var vilji þeirra að þetta yrði með þessum hætti.

Að lokum ætla ég að segja þetta: Það sem kom auðvitað skýrast fram í morgun í máli hagsmunaaðila var að þeir lýstu yfir miklum stuðningi við frv. Það sem meira er, þeir áréttuðu það og þeir sögðu: Frumvarpið hefur batnað í meðförum þingsins við þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram.

Ég tel að við, sem höfum verið að vinna að þessu máli, hefðum ekki getað fengið betri umsögn og enn fremur hitt og það finnst mér rétt að komi fram að gefnu tilefni frá því í umræðunum í gær eða í fyrradag, að það var álit þessara aðila, fulltrúa Öryrkjabandalagsins, Þroskahjálpar og Sjálfsbjargar, að það væri mjög athyglisvert hvað nefndarmenn félmn. hefðu kynnt sér vel og rækilega þetta mál og lagt sig fram um að kynna sér sjónarmið hagsmunaaðila. Ég ítreka þess vegna að ég tel að það væri mjög stórt framfaraspor að þetta frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem liggja fyrir frá félmn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja umræðuna mikið. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að tala í málinu fyrr en núna. Hlutir hafa æxlast þannig að ég hef ekki getað verið viðstaddur þó að ég hefði mjög gjarnan viljað fá að fylgjast betur með þessu máli en raun ber vitni. Vissulega var ánægjulegt að heyra hjá síðasta ræðumanni að það væri álit hagsmunaaðila að frv. hefði batnað og auðvitað trúi ég þeim orðum en ég vona að þau þýði jafnframt að hagsmunaaðilar séu orðnir tiltölulega sáttir við málið því að það er ekki sama hvort hlutur batni eða hvort hann er orðinn góður. Ég ætla því að leyfa mér að skilja orð hans á þá vegu að frv. sé orðið ásættanlegt fyrir velflesta hagsmunaaðila eins og það liggur fyrir núna. Þegar um viðamikið stórmál er að ræða eins og hér er sem tekur á mörgum þáttum og spannar yfir mörg hagsmunasamtök er náttúrlega aldrei hægt að gera svo að öllum líki og allir verði ánægðir og við það verðum við náttúrlega að búa.

Ég vil þakka hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, fyrir umfjöllun hans um málið. Ég tel að ég hafi sennilega kynnst málinu einna best með því að hlusta á málflutning hans þar sem ég hef ekki haft tök á því að skoða öll gögn málsins enda á ég ekki sæti í þeirri nefnd sem fer með málið. Eins og fram hefur komið er fjöldinn allur af umsögnum og ef maður ætlaði sér að skoða málið í botn þá þyrfti allbetri tíma en okkur var gefinn kostur á hér. Vissulega er umhugsunarefni hvort hér sé ekki farið fullgeyst því að auðvitað er það þannig að þingmenn eiga að taka sína eigin og sjálfstæðu skoðun í afstöðu til mála, en ekki að fela það einhverjum fulltrúum inni í nefndum. Því miður virðist það allt of ríkjandi stefna að menn treysta nefndarmönnum algjörlega fyrir skoðunum sínum og láta þá mynda skoðanirnar fyrir sig. Það getur verið í lagi í einstaka málum, en þegar um slík stórmál er að ræða þá tel ég að menn eigi að reyna að kynna sér málið eins og kostur er.

Eitt af því sem hjálpar okkur, sem eigum ekki sæti í tilteknum nefndum, við það að mynda okkur skoðanir á málunum eru þau nefndarálit sem koma frá nefndunum, hvort sem það er eitt álit eða fleiri. Það verður að segjast eins og er að það var því miður ekki hægt í þessu tilfelli að kynna sér nál. minni hlutans vegna þess að það er það viðamikið og ég greip það með mér hér upp. Ég vona að menn hafi ekki haldið þegar þeir sáu þetta í hendi mér að ég hafi ætlað að fara að lesa þetta allt, en þetta er ekkert smáræði ef maður ætlar að kynna sér nál. því að þetta er hluti af því. Nál. hefur hins vegar ekki enn þá fengist prentað í hefðbundið þingskjal þannig að ekki er nokkuð leið fyrir okkur, sem höfum tiltölulega lítinn tíma, að fara að grúska í þessum plöggum.

Hins vegar er vissulega íhugunarefni hvort fyllilega sé rétt staðið að málum hjá hv. 5. þm. Vestf. að ætlast til þess að allar umsagnir sem bárust inn í nefndina séu prentaðar inn í nál. Mér finnst það alveg á mörkunum þegar um slíkan fjölda er að ræða og hefði sennilega átt að reyna að draga meginpunktana út úr hverri umsögn og birta þá í nál. svo að ég minnist nú ekki á alla þá vinnu sem liggur að baki og þann mikla kostnað sem vafalaust er þessu fylgjandi á þeim tímum sem við erum að reyna að draga saman í kostnaði við rekstur Alþingis og fleiri opinberra stofnana.

Þetta var kannski útúrdúr en samt íhugunarefni hvort hér hafi verið rétt að málum staðið.

Á undanförnum áratugum hefur mikið unnist í málefnum fatlaðra. Margir hafa þar lagt hönd á plóginn og unnið hið besta starf. Framlög ríkisins til málefna fatlaðra hafa farið ört vaxandi og í fjárlögum yfirstandandi árs eru framlög til fatlaðra u.þ.b. 2 milljarðar króna auk tryggingabóta. Það sem vekur fyrst athygli við lestur frv. er hve takmarkaðar upplýsingar um mál-

efni fatlaðra fylgja frv. Engar upplýsingar liggja fyrir um kostnað sveitarfélaga. Framkvæmdaáætlun fylgir ekki frv. og virðist ekki vera til þrátt fyrir skýr ákvæði í núgildandi lögum um málefni fatlaðra. Hvergi er í frv. að finna tölur um fjölda þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta nú samkvæmt gildandi lögum.

Í 3. mgr. 38. gr. laga um málefni fatlaðra segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórnarnefnd í samráði við félmrn. samhæfir áætlanirnar og vinnur endanlega framkvæmdaáætlun um þörf þjónustunnar í samræmi við rökstudda þörf og fjárveitingu hverju sinni."

Í 4. mgr. segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaáætlun skal einnig lögð fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitinganefnd Alþingis."

Í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem birt er með grg. frv., kemur fram að framkvæmdaáætlun sem mælt er um í lögunum hafi ekki verið gerð.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig stendur á því að þessi framkvæmdaáætlun liggur ekki fyrir þrátt fyrir skýr fyrirmæli í lögunum og hvernig má vera að slík áætlun er ekki látin fylgja nýju lagafrv.?

Ég óska enn fremur eftir því að hæstv. félmrh. upplýsi við þessa umræðu hversu margir þroskaheftir munu njóta þjónustu samkvæmt frv., hversu margir hreyfihamlaðir, hversu margir sjónskertir, hversu margir heyrnarskertir, hversu margir geðfatlaðir?

Einkum eru tvö grundvallaratriði sem koma upp í hugann við lestur þessa frv. Annars vegar er stefnt að því að setja víðtækari lög um málefni fatlaðra en vitað er að gilda í nokkru öðru landi og hins vegar að málefni fatlaðra lúta áfram stjórn og umsjón ríkisvaldsins. Það viðhorf er almennt ríkjandi í hinum vestræna heimi, jafnt meðal fatlaðra sem ófatlaðra, að sértæk lög um málefni fatlaðra geti unnið gegn hagsmunum þeirra. Í íslenski löggjöf um heilbrigðisþjónustu og menntamál er fötluðum tryggt jafnrétti til þeirrar þjónustu. Nýlega voru sett á Alþingi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar eiga málefni fatlaðra heima og því eðlilegt að frv., sem hér er til umræðu, verði fellt að þeim lögum, en ekki samþykkt sem sérstæð lög um málefni fatlaðra. Fá mál standa sveitarstjórnum nær en málefni fatlaðra. Ábyrgð og stjórnun á að vera sem næst þeim sem þjónustunnar njóta. Með frv. er áfram stuðlað að aðskilinni þjónustu við fatlaða frá almennri þjónustu sveitarfélaga við aðra íbúa sveitarfélagsins. Þau vandamál, sem hafa komið upp undanfarin missiri um staðsetningu sambýla í þéttbýli, má að verulegu leyti rekja til þess að um sérlög er að ræða. Ríkið fer með forsjá málaflokksins en ekki sveitarfélögin.

Ég vil því spyrja hæstv. félmrh.: Í hvaða landi Vestur-Evrópu er að finna sambærilega löggjöf með jafnvíðtækum sértækum ákvæðum og eru í lagafrumvarpi því sem nú er til umræðu? Ég óska enn fremur eftir að hæstv. félmrh. upplýsi þingheim um í hvaða landi Vestur-Evrópu forsjá þessa málaflokks er í höndum ríkisins og ekki í höndum sveitarfélaga eða á svonefndu millistjórnsýslustigi.

Í athugasemdum með frv. er fullyrt að ekki séu stjórnmálalegar forsendur fyrir hendi til þess að kveðið verði á um málefni fatlaðra í heildarlöggjöf í félagsmálum. Þessi fullyrðing er með öllu órökstudd. Ég vil því enn spyrja: Hvaða stjórnmálalegar forsendur eru það sem ekki eru fyrir hendi svo þessi málaflokkur fatlaðra falli að heildarlöggjöf í félagsmálum?

Þá er einnig í grg. með frv. fullyrt að ekki séu þjóðfélagslegar forsendur fyrir þessari breytingu. Ég bið einnig hæstv. félmrh. að rökstyðja þessa fullyrðingu. Ef átt er við smæð sveitarfélaga skal á það bent að nær öll sambýli fatlaðra eru í sveitarfélögum sem nú þegar reka öfluga félagsmálaþjónustu. Hvað minni sveitarfélög varðar getur þjónustan verið samstarfsverkefni á vegum héraðsnefnda eða byggðasamlaga. Ekki er langt síðan að átti að færa hluta af þessum málaflokki á einni nóttu yfir til sveitarfélaga án þess að nokkrar tekjur fylgdu.

Í frv. er lagt til að félmrn. hafi frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélagið annist þjónustu við fatlaða að hluta eða öllu leyti. Þrátt fyrir þetta ákvæði er gert ráð fyrir sama stjórnkerfi ríkisins í málefnum fatlaðra. Stjórnkerfi sem kostar nú um 70 millj. kr. Þótt þannig sé ætlunin að flytja þennan málaflokk síðar til sveitarfélaganna verður það erfiðara eftir því sem stjórnkerfi ríkisins stækkar og gildissvið laganna rýmkar. Hætt er því við að verði frv. að lögum muni það e.t.v. seinka þróun þessara mála og gera yfirtöku sveitarfélaga erfiðari. Er ekki nær að fara að dæmi Norðmanna og ræða fyrst ítarlega við sveitarfélögin í landinu um það hvort þau hafi áhuga á að taka yfir þennan málaflokk og þá á hvaða forsendum og setja síðan ný lög, gerist þess þörf þegar sú niðurstaða liggur fyrir?

Ef sértækra aðgerða er þörf með löggjöf ætti hún eingöngu að taka til þroskaheftra eins og ný lög um málefni þroskaheftra í Noregi kveða á um. Í þeirri löggjöf eru málefni þroskaheftra alfarið færð til sveitarfélaga.

Niðurstaða Norðmanna eftir mjög ítarlega umfjöllun varð sú að þau lög skyldu aðeins ná til þroskaheftra en ekki vera jafnvíðtæk og frv. það sem nú er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi, gerir ráð fyrir.

Í grg. með frv. er rangt farið með þegar vitnað er til lagabreytinga í Noregi. Í grg. með þessu frv. er sagt að ný lög um málefni fatlaðra hafi verið sett í Noregi. Ég vil spyrja: Hvernig stendur á því að rangt er farið með í grg., eða er um einhvern misskilning að ræða?

Fatlað fólk hefur sömu grundvallarþarfir og allir aðrir. Á það jafnt við um húsnæðis- og búsetumál, félagsþjónustu og atvinnumál og frístunda- og tómstundastarf. Veikasti þáttur þessa frv. eru atvinnumál fatlaðra. Góð og fjölbreytt atvinna við skapandi störf skiptir fatlaða ekki minna máli en sjálft búsetuformið eða félagsþjónustan.

Í umsögn fjmrn. með frv. er boðuð lækkun á kostnaði ríkisins varðandi atvinnumál fatlaðra. Í raun er verið að draga úr vægi verndaðra vinnustaða. Þó stefnan sé rétt er raunveruleikinn annar. Vaxandi atvinnuleysi bitnar fyrst á fötluðum.

Í nágrannalöndunum, þar sem gætir mun meira atvinnuleysis en hér á landi, eru atvinnumál fatlaðra mikið og erfitt vandamál. Í flestum Evrópulöndum eru atvinnumál fatlaðra talinn erfiðasti þáttur þessa þýðingarmikla málaflokks. Í frv. er að finna ákvæði sem útskýra ítarlega og greina þjónustustofnanir og búsetu fatlaðra jafnvel svo manni finnst nóg um hvað búsetuna varðar. Kaflinn um atvinnumál er aftur á móti mjög almennt orðaður og þótt hv. félmn. hafi bætt inn nokkrum setningum segja þessi ákvæði lítið sem ekkert í raun gagnvart atvinnumálum fatlaðra. Með því að sveitarfélögin taki málefni fatlaðra alfarið í sína umsjón er meiri von um úrbætur í atvinnumálum þeirra.

Í meðferð félmn. Alþingis hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á lagafrv. Flestar eru þær til bóta enda studdi sá sem hér talar þær allar. Ég tel hins vegar að réttara væri að málið fengi ítarlegri umfjöllun og áfram verði unnið í því. Frv. gerir ráð fyrir gildistöku 1. sept. nk. Það er skoðun mín að betur og ítarlegar þurfi að fara yfir frv. og það skaði ekki þennan þýðingarmikla málaflokk á nokkurn hátt þótt málið fái áfram umfjöllun í félmn. og meðal hagsmunaaðila og þá sérstaklega sveitarstjórnarmanna og verði teki til afgreiðslu strax í haust og verði orðið að lögum fyrir næstu áramót.

Í nál. meiri hluta félmn. er lagt til að skipuð verði nefnd til að fjalla um framtíðarhlutverk Kópavogshælis sem er langstærsta stofnun fatlaðra hér á landi. Eðlilegra væri að niðurstaða lægi fyrir áður en löggjöf verður sett en ekki eftir á. Kannski er brýnt að spyrja hæstv. ráðherra: Hver er framtíðarsýn ráðherrans varðandi þroskahefta á Kópavogshæli? Ég held að nauðsynlegt sé að fá upplýst hvers konar framtíð bíður þeirra. Þetta fólk má ekki lifa við óvissu ofan á allt annað.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði rétt áðan greiddi ég atkvæði með öllum brtt. meiri hlutans að ég hygg og einnig nokkrum brtt. minni hlutans og ég verð að segja að það er nánast óþolandi að það skuli vekja einhverja furðu manna þó að menn greiði atkvæði með tillögum frá stjórnarandstæðingum eða óbreyttum þingmönnum. Ég held að menn eigi alltaf að meta brtt. út frá því hvort þær betrumbæti löggjöfina eða ekki og ef þeir telja að brtt. geri það þá á það náttúrlega að rjúfa öll flokksbönd. Menn eiga ekki að vera svo bundnir á klafa að þeir geti ekki fylgt stjórnarskránni þar sem mönnum er gert að fylgja sannfæringu sinni. Ég harma að það sé enn við lýði í þessum þingsal að menn skuli ekki taka afstöðu til málsins eins og það liggur fyrir og menn hafa kannski innri sannfæringu fyrir. Ég hvet menn almennt talað og þá ekkert sérstaklega um þetta mál heldur bara yfirleitt að fara að taka upp ný vinnubrögð og hugsa fyrst um málið og kannski síðan um flokkslínurnar.

Hv. þm. Eggert Haukdal lagði fram brtt. við 2. umr. sem hann síðan dró til baka til 3. umr. en hefur nú dregið alfarið til baka eftir að hafa náð samkomulagi við hv. félmn. en brtt. nefndarinnar birtast á þskj. 1024. Ég þarf ekkert að fjalla um þær efnislega, ég styð þær alveg eins og ég studdi upphaflegar tillögur hv. þm. Þó að þær hafi verið betri en þær sem hér koma fram þá eru þessar engu að síður skref í áttina og ég mun greiða þeim atkvæði mitt.

Síðan eru brtt. á þskj. 1036 frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, minni hluta félmn., sem var verið að dreifa nú rétt áðan og ég hef ekki í raun haft tök á að fara yfir. Ég get þó sagt að mér þykir a-liður fyrstu brtt. skynsamlegur. Ég er ekki þar með að segja að ég ætli að greiða henni atkvæði en ég get vel séð að þetta verði endirinn á málinu hvenær sem það svo verður. Hins vegar get ég sagt það hér og nú að fjórði liður þeirrar brtt. er við lið sem ég er afar ósáttur við í þessu frv., en það er sú nýjung að heimila töku þjónustugjalds, þá brtt. mun ég styðja. Ég get upplýst hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur að ástæðan fyrir því að ekki er lengra gengið er auðvitað sú að það er ekki hægt að flytja sömu brtt. við 2. og 3. umr. þannig að þess vegna er þessi leið farin. Hún nær auðvitað ekki nógu langt en hún er engu að síður skref í áttina. Ég vil samt nota tækifærið og mótmæla þessari stefnu sem þjónustugjaldastefnan er og ég mun ekki greiða þeirri grein frv. atkvæði mitt, en hins vegar styð ég þessa brtt.

Talandi um þjónustugjöldin þá komu til mín í gær hjón sem höfðu áhyggjur af þessu þjónustugjaldi. Nú má vel vera að ég misskilji þetta mál á einhvern hátt og þá mun hæstv. ráðherra væntanlega útskýra nánar hvað í raun og veru er verið að tala um þegar verið er að tala um þjónustugjöld, en ég held að enginn misskilningur sé á ferðinni. Tískan í dag virðist vera að skella á þjónustugjöldum nánast hvar sem er. En mér voru afhentar hugleiðingar, sem hjónin höfðu sett á blað, og ég ætla að fá að lesa hér, með leyfi forseta, og fæ þá úr því skorið hjá ráðherra hvort áhyggjur þessa fólks eru réttmætar eða ekki. Bréfið er svohljóðandi:

„Við hjónin höfum í um fimm ár notað skammtímavistunina að X–stað að meðaltali fjóra sólarhringa í mánuði og er þetta eina aðstoðin sem við fáum með okkar fatlaða barn. Þessa aðstöðu höfum við fengið án þess að þurfa að greiða fyrir hana en nú liggur fyrir frv. sem leggur til að greiða eigi þjónustugjald fyrir sem við erum afar óhress með. Þessi aðstaða í X–stað hefur komið í geysigóðar þarfir fyrir okkur. Skammtímavistun er bráðnauðsynleg fyrir foreldra fatlaðra barna því það er viðurkennt, eins og allir vita, að eiga fatlað barn fylgir mikil vinna og kostnaður. Þess vegna er þessi hugmynd um þjónustugjald alveg óskiljanleg og furðuleg. Með þessu þjónustugjaldi ætlar hið opinbera að taka til baka þær örorkubætur sem barnið fær. Við eigum tvö eldri börn og þegar drengurinn fer í skammtímavistunina höfum við mikið meiri tíma aflögu fyrir hin börnin og getum sinnt þeim mun betur. Ef til þessa gjalds kemur get ég ímyndað mér að margir munu fækka þeim stundum, sem það nýtir skammtímavistunina, og mundi það verða mjög slæmt fyrir alla aðstandendur fatlaðra barna.Við lítum á þessa þjónustu sem hluta af styrk ríkisins til aðstandenda fatlaðra barna."

Svona hljóðaði þetta erindi sem mér var afhent í gær og ég bið um mat ráðherrans á því hvort áhyggj-

ur þessa fólks eru réttmætar eða ekki. Ég vona að þær séu ekki réttmætar því að nógu erfitt er samt hjá fólki í þessari stöðu og er nú styrkurinn ekki heldur of mikill að hann gefi tilefni til þess að það sé farið að klípa eitthvað í hann.

Virðulegur forseti. Ég var aðeins að glugga í fyrra nál. minni hlutans þar sem m.a. kemur fram hversu margar umsagnir bárust og þær hafa greinilega aukist eftir því sem ég heyrði áðan. Í staðinn fyrir að vera 60 eru þær komnar upp í 69, og þær hafa flestar verið með mjög miklum athugasemdum og tillögum um breytingar. Ég hygg að það séu sennilega um 90 brtt. sem hafa verið lagðar fram við þetta frv. Auðvitað eru það rök í því að skoða málið aðeins betur þegar við sjáum fram á að 90 brtt. berast við eitt frv. og ef ég man rétt, að af um 57 greinum frv. eru gerðar tillögur um að breyta a.m.k. 34 þeirra. Þá hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort ekki megi aðeins staldra við og vinna málið aðeins betur, sérstaklega af því að það er ekkert sem kallar á að lögin taki gildi 1. sept. og ekkert gerist þó málið verði unnið betur og gildistakan verði við næstu áramót. Ég vona því að það sé ekki rétt sem fram kemur í nál. minni hlutans að það hafi ekki gefist ráðrúm til að fjalla um frv. í ljósi umsagna og ræða það efnislega. Ég verð að segja að ef rétt er þá er það afar slæmt að svo skuli vera en ég vona að þarna sé kannski aðeins hallað réttu máli því að auðvitað er það skylda nefnda að fjalla efnislega um mál að afloknum yfirferðum um umsagnir eða viðræðum við áheyrnarfulltrúa.

Virðulegur forseti. Undir lokin vil ég fá að grípa ofan í nál. minni hlutans og taka undir þá hugsun sem þar kemur fram, en þar segir á bls. 2 og gríp ég þá inn í annars miðja umsögnina:

„Bent er sérstaklega á að að störfum er nefnd á vegum félmrn. skipuð fulltrúum allra þingflokka og samtaka sveitarfélaga sem hefur það hlutverk m.a. að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í þeirri nefnd, sem mun skila áliti í haust, eftir nokkra mánuði, er sérstaklega tekin fyrir sú hugmynd að flytja málaflokkinn að fullu og öllu til sveitarfélaga. Fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga lýstu því yfir á fundi félmn. að sveitarfélögin væru tilbúin til að taka við þessu verkefni. Því liggur fyrir að innan skamms verða fyrirliggjandi tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem munu kollvarpa þeirri stjórnsýsluskipan sem gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna er óskynsamlegt að lögfesta frumvarpið eins og það lítur nú út ...

Eðlilegasta málsmeðferðin er sú að félmn. vinni áfram að þessu máli og við það verði miðað að nefndin flytji frv. um málefni fatlaðra næsta haust í ljósi þeirra breytinga sem boðaðar hafa verið og að ný lög geti tekið gildi næstu áramót.

Afar mikilvægt er að vel sé vandað til lagasetningar um svo þýðingarmikinn málaflokk sem málefni fatlaðra eru. Það er skoðun minni hlutans að flytja eigi málaflokkinn til sveitarfélaga og að mikilvægt sé að framkvæmd verði í höndum heimaaðila og lögin tryggi að efld verði sérfræðiþjónusta á landsbyggðinni og hún byggð upp í öllum kjördæmum í stað þess að stefna að uppbyggingu hennar einkum í Reykjavík."

Undir þetta, hæstv. forseti, vil ég taka. Ég tel eins og ég sagði rétt áðan að ef þess er kostur eigi að færa gildistökuna til og vinna aðeins betur í málinu með það fyrir augum að færa málið eða málaflokkinn sem mest út í hérað og til fólksins.

Ég held ég þurfi ekki að hafa þetta miklu meira. Ég tel að ég hafi látið mína afstöðu koma í ljós í grundvallaratriðum, sem sagt óskina um að málið verði unnið áfram. Ef það næst ekki fram mun ég engu að síður styðja þetta mál því að við viljum öll hag fatlaðra sem bestan og ef okkur þykir eitthvað ekki vera í lagi við frv. eins og það verður samþykkt þá vinnum við auðvitað að því í framtíðinni að breyta því til betri vegar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að blanda mér nokkuð inn í þessa umræðu og svara fyrirspurnum, sem hefur verið beint til mín, og leiðrétta misskilning sem mér finnst hafa komið fram, t.d. í máli hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar.

Ég vil fyrst fara inn á það sem hv. þm. hefur ítrekað fjallað um, bæði í þessari umræðu og í 2. umr. málsins, sem hann kallar þjónustugjöld og hér sé verið að fara þá leið að skattleggja fatlaða. Ég held að ástæða sé til að skýra nokkuð nánar hvað verið er að gera vegna þess að ég tel að hér hljóti að vera einhver misskilningur uppi í málinu ef menn tala svona eins og fram hefur komið, t.d. í máli hv. þm. að verið sé að fara inn á einhverja braut skattlagningar í málefnum fatlaðra. Það er alrangt.

Ég vil í fyrsta lagi benda á að komið hefur fram mikið ósamræmi t.d. varðandi umönnunarbætur fatlaðra og það eru tildrög þess að þetta ákvæði er sett inn. Reyndar hafa margir foreldrar bent á það ósamræmi sem er í umönnunarbótum fatlaðra og ég vil taka fram að hagsmunasamtök fatlaðra hafa alls ekki gert ágreining um þetta ákvæði sem er sett fram, heldur hafa þau þvert á móti stutt þetta ákvæði. Málið er þannig vaxið (Gripið fram í.) að ég tel að þeir hafi ekki gert neinn ágreining um þetta ákvæði. — Má ég halda áfram máli mínu, virðulegi þingmaður. Þannig er að margir foreldrar fatlaðra barna hafa bent á ósamræmi sem er í umönnunarbótum fatlaðra barna sem skerðast njóti barn daglegrar þjónustu utan heimilis, t.d. á leikskóla. Hins vegar skerðast þessar bætur ekki ef þjónustan er óregluleg, t.d. ef barn fær stuðning í formi skammtímavistunar eða stuðningsfjölskyldna, þá fær viðkomandi fullar umönnunarbætur. Ef barnið nýtur annarrar þjónustu skerðast umönnunarbæturnar og það ákvæði sem hér er vitnað í, sem hv. þm. hefur ítrekað bent á, á einungis við 22. og 23. gr. frv., þ.e. þegar um er að ræða að fjölskylda fatlaðra barna skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna og þegar um er að ræða að foreldrar skuli eiga kost á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín. Þegar þessi þjónusta kemur til skerðast umönnunarbæturnar ekki, en aftur á móti þarf það að sæta skerðingu ef um aðra þjónustu er að

ræða. Stundum getur þessi skammtímavistun varað í um tvær eða þrjár vikur og fólkið nýtur engu að síður óskertra umönnunarbóta. Þess vegna var ekki talið óeðlilegt að slíkt ákvæði væri inni, eins og hv. þm. deilir hér á.

Vitanlega er hér verið að tala um ef út í þetta verður farið að hér yrði um mjög hóflega gjaldtöku að ræða og eingöngu í þeim tilvikum þar sem viðkomandi nýtur óskertra umönnunarbóta þrátt fyrir þessa þjónustu. Viðkomandi fær fulla þjónustu, er kannski í skammtímavistun í hálfan mánuð, þjónustu og mat og annað og fær óskertar umönnunarbætur engu að síður sem geta verið um 45.000 kr. sem eru fullar umönnunarbætur þannig að t.d. í því tilfelli sem hv. síðasti ræðumaður nefndi ef viðkomandi sem þarna fær skammtímavistun sem hann veldi í fjóra eða fimm daga og hefur engar aðrar bætur, ekki umönnunarbætur, þá yrði ekki um slíkt gjald að ræða í því tilfelli. Einungis er verið að leiðrétta ósamræmið sem er milli þessara þjónustuþátta.

Mér finnst þingmaðurinn því ganga ansi langt þegar hann lætur að því liggja að verið sé að fara í einhver víðtæk þjónustugjöld eða skattlagningu á fatlaða. Hann talar um að hugmyndafræðilegur ágreiningur sé á milli okkar og ég sé eindreginn skeleggur talsmaður þess að taka upp þjónustugjöld fyrir fatlaða. Er þetta nú ekki of mikið sagt, hv. þm., þegar skýring hefur verið gefin á þessu ákvæði? Ég vil ítreka það að Samtök fatlaðra hafa ekki gert ágreining um þetta efni. Þau voru í þeirri nefnd sem hefur starfað í tvö ár að undirbúningi þessa frv. Þar var þetta ákvæði inni í upphaflegum búningi í áliti, sem var skilað til mín, og í frumvarpsdrögum var þetta ákvæði inni. Allir aðilar skrifuðu undir þetta ákvæði, fulltrúar allra stjórnmálaflokka, þar á meðal þá fulltrúi Alþb. og fulltrúar Samtaka fatlaðra og fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga. Mér finnst því mjög ómaklegt af hv. þm. að leggja síðan út af þessu og segja að ég sé eindreginn skeleggur talsmaður að taka upp þjónustugjöld fyrir fatlaða og væntanlega að hræða hér aðstandendur fatlaðra sem kannski hafa hlýtt á mál þingmannsins um það að verið væri að taka upp mjög víðtæk þjónustugjöld. Hér er eingöngu verið að leiðrétta ósamræmi sem er milli þeirra sem njóta fullra umönnunarbóta og hinna sem umönnunarbæturnar skerðast hjá eftir því hver þjónustan er hverju sinni. — Ég vona að þetta hafi komist til skila.

Mér finnst einnig ástæða til þess að segja að mér þykir þingmaðurinn nota helst til sterk orð þegar hann beinir því til mín að ég hafi verið að löðrunga fatlaða í allan vetur. Hér keyrir kannski um þverbak með þessu frv. vegna þess að varðandi fjárlagaafgreiðsluna núna var um raunaukningu á rekstri að ræða inn í málaflokk fatlaðra, um 82 millj. í raunaukningu og einnig er um að ræða raunaukningu í stofninn um 37 millj. Hér er því um raunaukningu að ræða við þá erfiðu fjárlagagerð sem við gengum í gegnum í vetur og ég verð að segja að mér finnst ansi sterkt til orða tekið af hv. þingmanni að ég hafi verið að löðrunga fatlaða í allan vetur.

Þingmaðurinn ræddi um að fyrst við 3. umr. hafi verið heimilað með þeirri breytingu, sem liggur fyrir, að sjálfseignarstofnanir stæðu að rekstri eða þjónustu við fatlaða. Þetta er vissulega ekki rétt. Í þeirri brtt., sem er hér til umræðu og gengið verður til atkvæða um núna við 3. umr., er talað um að heimila gerð þjónustusamninga. Út af fyrir sig ekkert sem bannar núna að slíkir þjónustusamningar séu gerðir án þess að lagastoð sé fyrir hendi. Þetta er form á fjárveitingu þar sem þjónusta yrði skilgreind og greitt fyrir slíka þjónustu. Vissulega er skýrara að slíkt heimildarákvæði sé til í lögum.

Varðandi spurninguna hvort afgjald felist í brtt. segir það sig auðvitað sjálft að afgjald í því tilfelli sem þjónustusamningar eru gerðir er auðvitað samningsatriði hverju sinni við gerð slíks þjónustusamnings.

Mér finnst líka hv. þm. ganga ansi langt þegar hann heldur nánast fram að félmrh. úthluti fjármagni úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Það er alveg ljóst að hv. þm. þekkir mjög vel þennan málaflokk, hann hefur kynnt sér hann vel og sýnt honum mikinn áhuga. Honum má auðvitað vera kunnugt um það að tillögur um úthlutun úr Framkvæmdasjóði koma fyrst frá svæðisstjórnunum úti á svæðunum sjálfum þar sem tillögur eru lagðar fram um úthlutanir úr sjóðnum sem síðan eru unnar af stjórnarnefndinni sem gerir svo endanlegar tillögur í málinu til ráðherra sem síðan staðfestir þær. Ég hygg að það sé undantekningartilvik ef ráðherra gerir einhverjar tillögur um breytingar á slíkri úthlutun. Í flestöllum tilfellum er því farið að tillögum stjórnarnefndarinnar nema eitthvað sérstakt komi upp.

Varðandi það sem talað er um og kom fram í brtt. hv. þm. um að málskotsaðila eða úrskurðaraðila vanti ef ágreiningur er uppi um þjónustu við fatlaða þá er það svo að úrskurðarvaldið er þar sem yfirstjórnin er nema annað sé kveðið á um í lögunum. Fólk hefur því málsskotsrétt til félmrn. ef það telur máli sínu hallað.

Ég tel rétt að koma aðeins inn á það sem hv. þm. nefndi varðandi Tjaldanes. Í nál. hv. þm. kemur fram að fulltrúar frá Tjaldanesheimilinu hafi komið á fund nefndarinnar í morgun og það hafi komið fram hjá þeim að heimilið hafi verið afhent 1976 skulda- og kvaðalaust til heilbr.- og trmrn. og óskað var eindregið eftir að sú skipan mála yrði áfram. Ég dreg ekkert í efa, hv. þm., að það geti hafa komið fram á þessum fundi í morgun. Forustumenn á Tjaldanesi hafa m.a. haft samband við okkur um þetta mál og hafa óskað eftir því að Tjaldanesheimilið heyrði undir félmrn. Ég vil benda á að 1976 var Tjaldanesheimilið afhent heilbr.- og trmrn. og það finnst mér grundvallaratriði í þessu. Þá höfðum við t.d. ekki lögin um þroskahefta sem síðan urðu lög um málefni fatlaðra og þá heyrðu fatlaðir miklu meira undir heilbrrn. og voru álitnir sjúklingar en það gjörbreyttist með lögunum 1979 og líka 1983. Ef heimilið hefði verið afhent á þeim tíma eftir að þau lög voru sett þá hygg ég að það hefði verið talið sjálfgefið að Tjaldanesheimilið heyrði undir félmrn.

Í grg. er kveðið á um það að teknir yrðu upp samningar við aðila eða gert samkomulag um að þetta flytj-

ist frá heilbrrn. yfir til félmrn. og að það verði vitaskuld ekki gert nema í fullu og góðu samkomulagi allra aðila, líka aðstandenda þessa heimilis. Það er alveg ljóst. Ég vil líka benda hv. þm. á að allar fjárveitingar til Tjaldanesheimilisins eru undir félmrn., svo skrítið sem það er. Ég held því að öll efnisrök standi til þess ef menn skoða málið grannt að það verði með sama hætti og önnur heimili undir félmrn. en ég ítreka að það verður ekki gert nema í góðu samkomulagi allra aðila.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu, ég verð þó að svara þeim spurningum sem komu fram hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Hann spurði mig um fjölda fatlaðra og þroskaheftra og hvernig þeir skiptust eftir fötlun. Ég hef hér skiptingu eftir öllum kjördæmum og skipt niður á fötlunarstig. Ef ég tek allt landið, þannig að ég tefji ekki umræðurnar og get þá gefið hv. þm. þau gögn sem ég hef undir höndum um það mál, þá eru á landinu öllu í því yfirlitsblaði sem ég hef tæplega 2.800 fatlaðir. Þeir sem búa við mjög alvarlega þroskahömlun eru 106, þeir sem búa við alvarlega þroskahömlun eru 194, við miðlungsþroskahömlun 254, við væga þroskahömlun 440, við óskilgreinda þroskahömlun 300, treggreindir 191, hreyfihamlaðir 526, með geðræn einkenni 141, sjón- og heyrnarskerðing 184, málhömlun 74. Ýmislegt, lítið eða ekkert skilgreint 369. Síðan hef ég yfirlitsblað yfir það hvaða þjónustu hver og einn af þessum einstaklingum fær, skipt eftir kjördæmum.

Drög að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á þjónustu fyrir fatlaða er núna til meðferðar hjá stjórnarnefnd um málefni fatlaðra.

Varðandi það hvernig þessum málum er háttað annars staðar á Norðurlöndum, Vestur-Evrópu og víðar er það svo að þetta er yfirleitt liður í almennri félags- og velferðarþjónustu sveitarfélaga. Sums staðar er um að ræða sérlög eins og lög um geðfatlaða. En ef við skoðum málið hér þá er alveg ljóst að almenn félagsþjónusta hjá minni sveitarfélögunum utan höfuðborgarsvæðisins er oft mjög lítil, einfaldlega vegna þess að sveitarfélögin eru það smá að þau hafa ekki burði til þess að halda uppi félagslegri þjónustu. Ef við tökum samanburð á útgjöldum almennt til félagsmála hér og annars staðar af þeim gögnum sem ég hef undir höndum þá eru þau mjög lítil. Ég hygg að mikil breyting geti orðið á þessu ef okkur auðnast að stækka hér og sameina sveitarfélögin.

Varðandi Noreg, sem þingmaðurinn nefndi, að ekki væri rétt með farið í frv. að þjónustan við fatlaða hefði flust yfir til sveitarfélaganna 1. jan. 1991, þá er það rétt sem stendur hér í frv. Hv. þm. benti á að annað hefði komið fram hjá Sambandi sveitarfélaga. Það var um það að ræða að 1. jan. 1991 var þessi þjónusta við fatlaða alfarið flutt yfir til sveitarfélaganna, þ.e. þroskaheftir sem þá höfðu notið þjónustu á vegum ríkisins voru færðir yfir til sveitarfélaganna en áður hafði þjónusta við þá verið flutt yfir til sveitarfélaganna. Það er því rétt sem fram kemur hér í grg. með þessu frv.

Ég gæti, virðulegi forseti, farið nánar út í uppbyggingu á þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum eftir hverju landi og mun gera það ef hv. þm. óskar eftir því en tel samt ekki ástæðu til þess að tefja tímann miklu lengur. Af því að hér hefur orðið aðeins umræða um þessi þjónustugjöld, sem ég nefndi í upphafi, vil ég nefna að mér finnst sú brtt. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson leggur fram, nokkuð sérkennileg miðað við þau rök sem ég hef sett fram í málinu. Ef ég skil málið rétt þá leggur hv. þm. til að í stað „samkvæmt 20. og 21. gr." komi „samkvæmt 21. gr.", þ.e. það megi setja þjónustugjöld varðandi stuðningsfjölskyldur en ekki vegna skammtímavistunar.

Þegar við lítum á rökin sem ég nefndi áðan að skammtímavistun gæti varað kannski í tvær vikur og viðkomandi missir ekki umönnunarbætur, þar mætti ekki setja á þessa gjaldtöku samkvæmt tillögu hv. þm. en það mætti aftur setja hana á skv. 21. gr. þegar um er að ræða stuðningsfjölskyldur og þá skerðast bæturnar einungis í tvo til þrjá daga. Mér finnst því nokkuð ósamræmi í þessu hjá hv. þm. en ég veit að hv. þm. hefur skoðað þetta mál mjög vel, farið mjög vel ofan í það og áhugi þingmannsins er auðvitað mjög mikill enda þótt okkur greini á í einstaka atriðum sem ég hef hér nefnt.

En ég held, virðulegi forseti, að í þessu frv. felist verulegar réttarbætur fyrir fatlaða, ekki síst fyrir geðfatlaða en þeir koma nú með ótvíræðum hætti inn í lög um málefni fatlaðra og ég tel það löngu tímabært. Eins eru ýmsar úrbætur varðandi ferlimál fatlaðra, varðandi stoðþjónustu og fleiri atriði.

Í lokin vil ég þakka þá breiðu samstöðu sem mér sýnist vera um þetta mál á Alþingi og vona að það verði lögfest á þeim tíma sem eftir lifir nú af þessu þingi.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. ráðherra varðandi spurninguna um túlkun á 3. málsgr. 13. gr. er ljós. Afgjald er ekki sannanlegur rekstrarkostnaður heldur samningsatriði hverju sinni. Það liggur því utan garðs í brtt. félmn., þær ganga ekki nægilega langt til að mæta þeim sjónarmiðum sem m.a. Ríkisendurskoðun hefur lagt áherslu á að menn hefðu í heiðri.

Varðandi 50. gr. vil ég segja að menn eiga ekki að vera með þjónustugjöld, ég er á móti þjónustugjöldum. Búið er að fella tillögu mína í því efni þannig að ég er með varatillögu, virðulegi ráðherra, og get ekki gert betur því ég má ekki bera sömu tillöguna upp aftur, en það mundi ég gjarnan gera aftur og aftur og aftur. Í almannatryggingalögum eru greiðslur til fatlaðra, löggjöfin er byggð þannig upp að tekjuhliðin er þeim megin en ekki í lögum um málefni fatlaðra, hvorki varðandi einstaklingana og ekki á að veita heimildir til að leggja gjöld á einstaklinga í lögum um málefni fatlaðra. Virðulegi forseti, það er bara ekki siður jafnaðarmanna.

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir þau svör sem ég fékk þó þau væru ekki við öllum mínum spurn-

ingum. Ég saknaði þess t.d. að fá ekki svar við spurningu minni um Kópavogshæli og framtíðarsýn ráðherrans varðandi þann stað og þroskahefta sem þar dvelja.

Ég vil einnig upplýsa ráðherra að samkvæmt upplýsingum mínum voru ekki sett sérstök lög um fatlaða í Noregi, heldur sérstök lög um þroskahefta, þannig að þar greinir okkur á og fullyrðing mín stendur. En það sem ég vildi helst gera athugasemdir við eru þjónustugjöldin. Eins og ég skildi hæstv. ráðherra er verið að óska eftir heimild til þjónustugjalda og gjaldtöku til þess að laga ósamræmi vegna umönnunarbóta.

Fyrir mér er þetta fyrst og fremst prinsippmál. Ég hef ekki áhyggjur af því að þetta verði stórar upphæðir. Þetta er fyrst og fremst prinsippmál, mér finnst alröng stefna að heimila að þjónustugjöld verði tekin fyrir þessa þjónustu. Ef einhverjir fá of mikið þá er bara að laga það og menn verða að lækka þann styrk. Það hlýtur að vera önnur leið en sú að taka þjónustugjöld af fötluðum, ég held það hljóti að vera. Það er fyrst og fremst þetta sem ég vildi á þessari stundu gera athugasemdir við.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns um það að bara væri hægt að skerða umönnunarbæturnar þá er ekki auðvelt að gera það með þeim hætti svo hv. þm. lýsti, þ.e. að skerða umönnunarbætur vegna óreglulegrar þjónustu. Ég tel að ósamræmi sé ef t.d. um er að ræða skammtímavistun, sem varir í hálfan mánuð þar sem barn dvelur og foreldrar fá engu að síður fullar umönnunarbætur, eða 45.000 kr. meðan það skerðist hjá öðrum. Það er ósamræmi í hlutunum og menn reyna þá að leita leiða til þess að leiðrétta það.

Varðandi Kópavogshælið og framtíðarsýn mína í því efni þá hefur verið unnið að því eins og kostur er að þeir sem það geta geti farið yfir á sambýli. Auðvitað er það svo með þá sem þar búa að ekki geta allir sem þar eru flust yfir á sambýli en það hefur þó verið reynt að vinna að því samkvæmt áætlun sem stjórnarnefnd hefur gert í því máli.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umræðu, ég gerði það í upphafi þegar málið var lagt fram. En það voru orð þeirra hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykv. sem urðu eiginlega til þess að ég tók til máls, en báðir eru þingmenn Sjálfstfl. og var sannarlega ánægjulegt að þingmenn þess flokks skyldu skyndilega fá málið á þessum síðasta þingdegi. Það var fagnaðarefni því að báðir fluttu þeir frábærar ræður og mjög málefnalegar í þessu mjög svo viðkvæma og alvarlega máli.

Það vill nefnilega svo til að þinghald í vetur hefur verið með ólíkindum. Það telst til tíðinda ef aðrir en ráðherrar stjórnarflokkanna taka hér til máls og síðan er viðkvæðið, hvenær sem þingmenn byrja að ræða mál, „til þess að tefja ekki málið". Ég held að hæstv. ráðherra hafi sagt þetta a.m.k. tíu sinnum í máli sínu áðan. Það er ekki verið að tefja mál þótt verið sé að ræða þau, hæstv. forseti, og ætti auðvitað fyrir löngu að vera búið að leiðrétta þennan misskilning af forsetastóli. Það vill nefnilega svoleiðis til að ég er með í höndunum stjórnarskrá lýðveldisins. Þar segir í 47. gr., hæstv. forseti, ef langt er síðan forsetar hafa lesið 47. og 48. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild."

Í 48. gr. segir:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum."

Þetta er mjög mikilvægt. Við erum nefnilega ekki hérna sem fulltrúar einhverra flokka sem við eigum að vera málpípur fyrir. Það fólk sem kaus okkur, sem er auðvitað fólk langt út fyrir þá stjórnmálaflokka, sem við tilheyrum, hefur kosið okkur persónulega af því það treystir okkur til að vinna vel í þágu samfélagsins. Hæstv. forseti, ég bið nú forseta að hlýða á mál mitt. Þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa setið og þagað, þ.e. þeir sem hér hafa ekki setið og ekki sagt eitt einasta orð, eru kosnir af þúsundum og tugþúsundum Íslendinga, persónulega af því að þetta fólk hélt að þeir mundu vinna vinnuna sína. Það verður bara því miður að segjast alveg eins og er, þeir hafa ekki gert það. Hafi þeir gert tilraun til þess hafa þeir fengið áminnandi augnaráð úr ákveðnum stólum í salnum og afstaða þeirra verið gerð að engu með því að endurtaka atkvæðagreiðslu.

Ég vil biðja hv. þingheim að lesa, ekki síst forseta þingsins, og kynna sér vel ákvæði stjórnarskrárinnar þegar þinghlé hefst. Þetta er nauðsynlegt til þess að menn hætti að tala hér um að það sé verið að tefja þingstörf.

Ég held það sé ekki einn maður inni á hinu háa Alþingi sem ekki vill vanda til laga um málefni fatlaðra. Um þau mál hafa a.m.k. ég og hæstv. félmrh. átt mikið og gott samstarf. Ég mundi meira að segja leyfa mér í allri auðmýkt að segja að við tvær höfum haft veruleg áhrif á gang þeirra mála og þá byltingu sem hefur orðið í þeim málum á síðasta áratug.

Hæstv. félmrh. hefur hins vegar tekið upp nýja siði á þessu þingi. Hún hefur staðið að því að gengið hefur verið mjög hart að sjúku fólki í landinu með lokun deilda sjúkrahúsa, niðurskurði á öllum sviðum heilbrigðismála og víst þyrfti hæstv. félmrh. á því að halda að fá nú svolítinn þvottapoka í þinglok til þess að réttlæta þær heldur leiðu gerðir með því að nú yrðu lögleidd ný lög um málefni fatlaðra í stað þeirra sem sett voru árið 1983. Ég get huggað hæstv. félmrh. Ég mun að sjálfstöðu styðja frv. þó mér sé það langt frá því mjög ljúft. Það er hárrétt sem hér hefur fram komið og kom mjög skýrt fram í merkri ræðu hv. 5. þm. Reykv., Inga Björns Albertssonar, að fjölmörg grundvallaratriði í þessu máli eru ófrágengin. Ég vil t.d. minna hæstv. ráðherra á að það sem henni finnst merkast í frv. eru ákvæðin um geðfatlaða. Mér finnst það afar sérkennilegt að ekki ein einasta manneskja sem hefur

minnsta vit á þeim málum sat í nefndinni sem samdi frv. Það vill nú svo til að ég þekki mjög vel til þeirrar vinnu sem hefur verið lögð í úrlausnir geðsjúkra, bæði barna og fullorðinna, t.d. í Reykjavík og við höfum á að skipa mjög mörgu sérfróðu fólki sem hefur unnið hérlendis og erlendis að þeim málum og einmitt það fólk leysti hér, án þess að byggja nokkur hús, án þess að stofna nokkurn sjóð, bráðaþjónustu geðsjúkra í Reykjavík ósköp einfaldlega með þekkingu sinni og kunnáttu við að skipuleggja hluti. Það hefði kannski mátt ræða við þetta fólk þegar frv. var samið.

Ég skal stytta mál mitt mjög, hæstv. forseti. Mér er ljóst að ég er auðvitað að tefja þinghald sem átti að ljúka klukkan þrjú í dag. En það vill svo til að mér er þessi málaflokkur allkunnugur eftir margra ára vinnu við hann. Ég á ekki sæti í hv. félmn. og vantreysti að sjálfsögðu ekki nokkrum manni í þeirri nefnd og mér er fullkunnugt um að fólk reyndi þar við mjög vondar aðstæður að vinna frv. eins og unnt var enda ber svo við að 14. maí — og þá geta menn reiknað út hvað margir dagar eru liðnir síðan — birtist fyrsta breytingartillagan og ekki nein breytingartillaga, heldur samtals 80 breytingartillögur, þegar menn eru að afgreiða hér daga og nætur hvern bálkinn á fætur öðrum og svo halda menn að þetta taki engan tíma. Það er alveg hárrétt að stjórnarflokkarnir hafa ekki eytt tíma þingsins í það því mér er fullljóst að stór hópur þingmanna hefur ekki gert tilraun til að kynna sér um hvað málið snýst. Þegar menn fóru að spyrja við atkvæðagreiðslu hvort forsetar vildu lesa einstök atriði í greinum frv. af því að þeir voru orðnir hálfruglaðir eftir marga tugi af atkvæðagreiðslum, þá kom svarið úr forsetastóli: Þetta er minnihlutatillaga.

Forsetar þorðu ekki að segja þingheimi um hvað málið var af ótta við að þeir færu að taka afstöðu. Þeir áttu bara ósköp einfaldlega að greiða atkvæði gegn öllum minnihlutatillögum og með öllum meirihlutatillögum.

Ég minni á stjórnarskrá lýðveldisins, hæstv. forseti og hv. þingmenn. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð. Hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir, lýsti því yfir áðan að hún mundi styðja frv., eins og við ætlum auðvitað öll að gera, því það hefur vissulega batnað með því að tefja málið, eða hitt þó heldur, en hún tók það jafnframt fram að hún styddi frv. í þeirri von að annað frv. kæmi fram í haust og yrði að lögum um áramótin. Sagði þingmaðurinn ekki það? Endurskoðun færi fram. Hvað erum við þá að gera? Erum við að semja ítarleg lög um málefni fatlaðra sem eiga að gilda frá 1. sept. til áramóta? Þetta er auðvitað ekki lagasetning sem er boðleg nokkru þjóðþingi. Þess utan er það svo sorglegt að það skiptir engu máli hvort lögin taka gildi 1. sept. 1992 eða 1. jan. 1993 vegna þess að þingheimur veit ósköp vel að það er ekki til einn eyrir til að mæta þeim kostnaði sem frv. ber að sjálfsögðu í sér. Ég vil minna á að eftir að brtt. komu fram 14. maí kemur bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga með alvarlegum athugasemdum við málið. Lái hver sem vill starfandi þingmönnum að þeir hugsi aðeins sinn gang áður en þeir ákveða að styðja minni hlutann en hinir muni styðja meiri hlutann. Svona einfalt er þetta ekki. Ég minni á að hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, var hér með brtt. sem mér hefði verið ljúft að styðja og hefði gert ef hann hefði ekki dregið þær til baka.

Hæstv. forseti. Ég er óhrædd að standa frammi fyrir hvort sem er fötluðu fólki eða þeim sem það annast. Ég ber þá virðingu fyrir öllu fólki, fötluðu sem ófötluðu, að ég þarf ekki að standa hérna grátandi af góðmennsku í garð fatlaðra. Þeir eru alveg eins og við hin, góðir og vondir, og vitrir og misvitrir, rétt eins og hinir. Ég óttast ekki nokkurn skapaðan hlut að segja skoðun mína á þessu frv. af einhverju misskildu tilliti við þá. Það er þeirra hagur að hér sé lagagerð vönduð. Það sem hv. 5. þm. Reykv., Ingi Björn Albertsson, kom inn á mjög réttilega var að það er óskilgreint með öllu hver er fatlaður. Við höfum fylgst með þessari umræðu bæði hér heima og erlendis, við sem höfum einhvern áhuga á þessum málum, þessum umræðum um fullkomna blöndun eða mismikla blöndun, sérstofnanir eða ekki sérstofnanir, mismunandi skilgreiningar á því hver er fatlaður og hver er ekki fatlaður. Það er auðvitað nauðsynlegt að menn reyni að komast að einhverri niðurstöðu um það áður en uppbygging stórs kerfis er hafin. Ég hef velt því aðeins fyrir mér hvernig fari t.d. hjá Öryrkjabandalagi Íslands — og þá er ég að nefna tölur á verðgildi hvers árs — en á fjórum árum hefur íslenska lottóið skilað Öryrkjabandalagi Íslands 457 millj. kr. Fyrir þær hafa verið keyptar 100 íbúðir fyrir fatlaða. Ég hef ítrekað reynt að komast að því hvernig þessum íbúðum er úthlutað. Hvernig fötlun þurfa menn að stríða við til þess að fá þessar íbúðir. Ég rifjaði hér upp alls konar meiri háttar hörmungar sem gerast í þessum málaflokki eins og bygging heimilis, sem við hæstv. félmrh. höfum barist fyrir árum saman, að komið yrði á fót, sambýli fyrir 6–7 mjög heilaskaddaða og illa farna Íslendinga. Og þá eigum við við fólk sem getur ekki undir nokkrum kringumstæðum verið án þess að hafa umönnun allan sólarhringinn. Lionsklúbburinn í Mosfellssveit safnar 27 millj. kr. til þess að byggja slíkt hús hér upp við Reykjalund fyrir 6–7 manns. Við skyldum bara halda að þar með hefði það mál verið leyst og rúmlega það. Nei, 30 millj. í viðbót þurfti frá Framkvæmdasjóði fatlaðra og nú stendur þetta hús nokkurn veginn tilbúið. Kostaði milli 70 og 80 millj. og það er ekki ein einasta króna til að reka það. Það er enginn sjúklingur í því. Þetta er kannski að tefja mál, að upplýsa þetta. Það getur vel verið. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að gera það. Það er nefnilega ekki sama hvernig með það fé er farið sem veitt er til þessara hluta.

Ég skal ekki hafa orð mín miklu fleiri. Ég vil draga saman þær athugasemdir sem ég hef við frv. áður en ég greiði því atkvæði með þeim brtt. sem fyrir liggja. Þær eru þessar:

Ég harma að sérfræðingar í geðsjúkdómum skyldu ekki vera hafðir með í ráðum þegar frv. var samið, það ber þess merki. Ég harma að skilgreiningar séu ekki skýrari, markmið ekki skýrari en þau eru. Ég harma að ekki skuli tekið á málefnum Kópavogshælisins, það mál er algjörlega óleyst. Að lokum, til þess að eitt-

hvað verði úr þeim fögru loforðum sem fötluðum eru gefin á þessum síðasta degi þingsins harma ég að til þess er ekki ein einasta króna og þar með verður auðvitað ekkert af þessu gert fyrr en í fyrsta lagi eftir gerð næstu fjárlaga sem taka gildi 1. jan. 1993 hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Hæstv. forseti. Ég vil að sjálfsögðu þakka hv. félmn. og formanni hennar, ef hún mætti vera að því að hlýða á mál mitt, fyrir furðulega gott starf á þessum stutta tíma síðan farið var að vinna í þessu máli af einhverri alvöru og ekki síst félaga mínum, hv. 5. þm. Vestf., sem hefur lagt ótrúlega vinnu í að gera frv. þó þannig úr garði að við getum verið þekkt fyrir að senda það frá okkur. Ég vil benda á að þrátt fyrir hans miklu vinnu tókst mér þó í umræðu að forða frá einu stórslysi úr þessari lagasetningu því auðvitað erum við hér sem vinnandi manneskjur í þágu samfélagsins en ekki málpípur misviturra stjórnmálaflokka sem hafa sjaldnast sett sig inn í þau mál sem á dagskrá eru.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var smá misskilningur í ræðu síðasta ræðumanns þegar hún taldi að ég mundi samþykkja frv. vegna þess að það yrði endurskoðað um áramót. Það er ekki það sem ég átti við þegar ég var að tala um Framkvæmdasjóð fatlaðra í sambandi við stjórnina þar heldur að þegar sveitarfélögin tækju það yfir þá yrði auðvitað stjórnin endurskoðuð.

Ég vil endilega vegna orða hennar, ég virði hennar ræðu mjög, hún þekkir vel til þessara mála, þá er ég ekki að samþykkja frv. af einhverri aumingjagæsku, alls ekki. Þannig samþykkir maður ekki frv. Ég samþykki það vegna þess að ég tel að þær réttarbætur séu í því að það sé réttlætanlegt að samþykkja það.

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl., þetta er sjálfsagt alveg rétt hjá henni. Það er von að syfja sé farin að sækja á þingheim og hann orðinn lítið eitt ruglaður. En ég skal taka þessa leiðréttingu til greina, hún er áreiðanlega alveg rétt. En eftir stendur, þegar við tölum um þær réttarbætur sem verið er að gera, að þær verða engar fyrr en fé er veitt til þeirra hluta sem gera skal.

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Nú er senn komið að lokum umræðu um þetta mikla mál. Umræður hafa orðið betri en ég átti von á fyrir fram, þessar umræður við 3. umr. málsins. Þær hafa í meginatriðum einkennst af því að ræðumenn hafa haft mikinn áhuga á málaflokkinum og haft verulegan vilja til þess að búa þannig um lagasetninguna að hún sé sem best.

Ég hef ekki séð að neinn ágreiningur væri uppi um meginmarkmiðin og ekki neinn ágreiningur eða áherslumunur um það að menn ættu að vinna að sem mestri kostgæfni að gerð frv. Ég er því ósammála því sem fram kom hjá hv. 3. þm. Vestf., sveitunga mínum. Að vísu tók ég orð hans ekki mjög nærri mér, ég er vanur orðræðum af þessu tagi úr minni sveit og mér fannst ég vera kominn heim um stund þegar ég hlýddi á fyrri hluta ræðu hans. Ég vil því bara þakka honum fyrir að minna mig á mína heimabyggð með ræðu sinni.

Það sem upp úr stendur í frv. eru fáein atriði. Það er ljóst og verður ekki í móti mælt að jafnvel þótt nefnd hafi verið að störfum í tvö ár við að vinna að frv. þá er það fjarri því að vera þannig úr garði gert að þegar löggjafarsamkoman tekur það til sín geti hún einfaldlega tekið við því með vinstri höndinni og rétt það út um næsta glugga með þeirri hægri. Það bera brtt. vott um því af þessum 80 brtt. er bróðurhlutinn lagður fram af meiri hluta nefndarinnar. Það hefur ekki verið mikill ágreiningur um vel flestar tillögurnar, t.d. höfum við stutt þær nánast allar, þótt það hafi hins vegar ekki verið gagnkvæmt í þessum brtt. öllum.

Vandamálið er það að menn hafa haft of skamman tíma. Rúmir tveir mánuðir í praktíska vinnu í verkefninu er of skammur tími til þess að komast frá því og ég er alveg sannfærður um að ýmsir agnúar eru á frv. Ég var búinn að skrifa upp af nokkrum blöðum ýmsar spurningar og athugasemdir sem ég hugðist bera undir nefnina á nefndarfundi í morgun, ásamt hugmyndum að brtt. sem ég hafði þá sett saman. En því miður var hvorki gefið færi á því í nefndinni að sýna tillögurnar né ábendingarnar sem ég hef tekið niður. Ég hygg því að menn hafi verið komnir í þvílíka úlfakreppu varðandi vinnu að þessu máli að það var ekki einu sinni hægt að gefa nokkrar mínútur til yfirferðar á þeim punktum.

Ég vil ekki lengja umræðuna með því að draga þau atriði fram, ég hef þau hjá mér. Auðvitað er málinu ekki lokið þó að það sé afgreitt frá þinginu. Í mínum huga er mikil vinna eftir enn því það er eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. að það kemur innan tíðar að því að sveitarstjórnir taka við þessu og menn eru farnir að sjá það handan við sjóndeildarhringinn að það stefnir í þá átt. Menn vita af því að væntanlegar eru tillögur í haust um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þó það sé enn of snemmt að spá um hvað þær muni fela í sér þá er það ljóst að breytingar munu verða á verkaskiptingu varðandi þennan málaflokk.

Mér finnst menn hafa flýtt sér of mikið með tilliti til þessa atriðis og búnaðar frv. og enn fremur hins sem er kannski meginatriðið að frv. hefur ekkert praktískt gildi fyrir þá sem á þurfa að halda fyrr en við næstu fjárlög. Það er, eins og ítrekað hefur verið tekið fram, ekki fimmeyringur í fjárlögum þessa árs til að mæta þeim réttindum sem felast í frv., alla vega ekki þeim kafla sem lýtur að því sem ríkið á að borga. Það er spurning hvort fatlaðir geti gert kröfu á sveitarfélög við gildistöku laganna, að þau uppfylltu lögin að því marki sem lögin víkja að sveitarfélögunum.

Meginágreiningurinn milli mín og meiri hluta nefndarinnar og hæstv. félmrh. var um stjórnunarþáttinn. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að málaflokkurinn eigi að fara til sveitarfélaga og ég er eindregið þeirrar skoðunar að framkvæmd og verkstjórn mála-

flokksins eigi að vera í höndum heimamanna undir yfirstjórn ráðuneytisins sem er sama skipan og verið er að ganga frá í frv. til laga um vernd barna og ungmenna og ég gæti tínt til fleiri lög, t.d. lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem þessi stjórnsýsluskipan er í löggjöf, nýlegri og væntanlegri.

Nú er búið að afgreiða þennan ágreining með atkvæðagreiðslu svo hann er að baki og eftir það liggja leiðir saman sýnist mér. Þótt ég sé sannfærður um að mitt sjónarmið muni koma fram fyrr en síðar, eins og reyndar hv. 2. þm. Vesturl. Ingibjörg Pálmadóttir vék að, en hún er einmitt vel kunnug sveitarstjórnarmálum og þeirri gerjun sem þar er.

Ég vil benda á að í norrænni löggjöf hefur þróunin verið í þá átt að sérlögin væru afmarkaðri og þau næðu yfir minni hóp. Við erum að ganga til öfugrar áttar með því að láta sérlögin verða víðtækari og ná yfir stærri hóp. Við erum líka að ganga til annarrar áttar en frændur okkar á Norðurlöndum hvað það varðar að þeir eru búnir að færa verkefnin yfir á sveitarfélög en við erum að færa verkefnið yfir á ríkið og valdsstjórnina að öllu leyti, undir beina boðleið ráðuneytisins sem er alveg þveröfugt við það sem grannar okkar hafa gert.

Ég vil upplýsa það, svo menn viti að því, að ég óskaði eftir því í upphafi í nefndinni að fá norsku löggjöfina um þessi mál, en fékk þau svör nokkuð löngu síðar að hún væri ekki til. Ég reyndi fyrir mér næst í félmrn. en fékk sömu svör, að hún væri ekki til. Úrræði mitt varð því það að ég leitaði til norska sendiráðsins og þess sænska og danska og aflaði mér laga á þessu sviði fyrir skömmu. Það er verið að þýða þau í þinginu þessa dagana. Ég vænti þess að hafa þau í íslenskri útgáfu undir höndum innan skamms og ég mun í sumar vinna að endurskoðun þeirra laga sem verða samþykkt á næstu klukkutímum. Ég tel að það sé nauðsynlegt að fara yfir þau og ég mun leitast við að kalla til þeirra starfa svo marga sem auðið er sem vinna á þessu sviði og eru áhugamenn, því ég held að menn geti gert enn betur en þessi frumvarpsdrög sýna og menn geti og eigi að leggja sig fram um að lagfæra lögin og gera þau betur úr garði. Sérstaklega eiga menn að fella þessi sérlög saman við lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hvort tveggja er löggjöf á afmörkuðu sviði, hinu félagslega, og menn eiga að fella þessi lög saman.

Ég nefni bara eitt atriði sem mér finnst hortittur í frv. Það er ákvæði í 18. gr. frv. sem víkur að starfsmönnum sem falla ekki undir lögin, starfsmönnum í menntakerfi og starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu. Mér finnst það ekki góð sérlöggjöf um málefni fatlaðra sem felur í sér ákvæði um starfsmenn sem vinna undir annarri löggjöf, sérstaklega þegar menn eru með frv. að miða að því að aðgreina hlutina frá menntakerfi og heilbrigðiskerfi.

En ég vil, virðulegur forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta og láta senn máli mínu lokið. Ætli ég láti því ekki lokið með því að vitna í hæstv. félmrh. sem dregur kannski fram það sem einkum hefur einkennt ágreininginn á milli okkar en það eru ummæli hennar á Evrópuráðstefnu um málefni fatlaðra. Þar viðhafði hún orð sem ég er fyllilega sammála en mér finnst hún hafi stefnt til annarrar áttar en þau orð gefa til kynna. Þau orð eru, með leyfi forseta:

„Ráðherra benti á að við endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra væri nauðsynlegt að draga úr miðstýringu í þessum málaflokki og færa ákvarðanatöku nær þeim sem njóta þjónustunnar."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 529. mál (uppbót vegna kjarasamninga). — Þskj. 896, nál. 963.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni á sínum tíma vegna þess að ég ætlaði að beina ákveðinni spurningu til hæstv. fjmrh. Er hægt að gera ráðstafanir til þess að hann komi hingað? (**Forseti:** Var það ekki hæstv. félmrh.?) Jú, það var bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., vegna þess að komið hafa fram í umræðunni upplýsingar sem gefa til kynna að það muni þrjóta það fé í ríkissjóði, sem samkvæmt gildandi fjárlögum á að standa við skuldbindingar um atvinnuleysistryggingar. Ég vil aðeins fá fram svör hjá hæstv. ráðherrum í þeim efnum en ætlaði ekkert að tala hér nema fáeinar mínútur, forseti. (**Forseti:** Forseti gerir ráðstafanir til að ná í ráðherrana ef hv. ræðumaður gerir hlé á máli sínu og aðrir ræðumenn gætu komið og lokið máli sínu.)

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Mál það sem hér er tekið á dagskrá á ný var til umræðu fyrir nokkrum dögum. Annars er orðið svo með þetta þinghald að það er nokkuð erfitt að fylgjast með hvernig því vindur fram. Það er hlaupið á milli einstakra dagskrármála, umræðum frestað og ný mál tekin fyrir og málin síðan tekin fyrir aftur, sem þýðir að það er nokkuð erfitt á stundum að fylgjast með því hvað er yfirleitt um að vera í hv. Alþingi og hvaða mál það eru sem á að fjalla um og reyna að fá hér afgreidd áður en þinghaldi lýkur, sem var reyndar gert ráð fyrir að ætti að vera lokið, jafnvel á þessum tíma á þessum ágæta drottins degi.

Frv. sem fjallar um atvinnuleysistryggingar er tengt nýgerðum kjarasamningum og er hluti af þeim fyrirheitum sem ríkisstjórnin hefur gefið aðilum vinnumarkaðarins um breytingar á þessari löggjöf. Ég ætla út af fyrir sig ekki að leggja stein í götu þess að frv. verði að lögum og því hægt að greiða fyrir þeim vilyrðum sem aðilum vinnumarkaðarins hafa verið gefin varðandi nýgerða kjarasamninga. En umræðurnar, eins og þær hafa verið varðandi málið og reyndar ýmis önnur mál sem hér hafa verið til meðferðar í þinginu á seinustu sólarhringum, eru þess eðlis að ástæða er til þess að fara um þær nokkrum orðum og reyndar að

ræða í tengslum við frv. ofurlítið um það ástand sem er nú í okkar ágæta þjóðfélagi.

Mál þetta lýtur auðvitað að því að aðilar vinnumarkaðarins óttast að atvinnuleysi fari vaxandi sem og spár gera ráð fyrir líka og staðreyndir síðustu vikna og mánaða segja okkur til um hvernig ástandið hefur þróast. Þá er von að þeir sem njóta eiga atvinnuleysistrygginganna vilji tryggja sig betur fyrir þeirri þróun.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni öllum að atvinnuleysi skuli vera vaxandi og með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli ekki grípa meira inn í þá þróun mála og beita til þess öllum ráðum að koma í veg fyrir þá þróun. Okkur virðist a.m.k. á stundum séu aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar algjörlega í öfuga átt og það sem gert er, t.d. stórauknar skattaálögur ríkisvaldsins, leiða auðvitað til hins gagnstæða. Kannski er það einnig hluti af stefnu þessarar ríkisstjórnar, þ.e. þeirri efnahagsstefnu að gjaldþrotin eigi að hreinsa til í atvinnulífinu og eigi að vera sá elexír eða sú aðgerð sem hreinsar til og gefur einhverjum ákveðnum aðilum færi á að stokka upp í atvinnulífinu. Það eru auðvitað þeir stóru og sterku, sem hafa mestu fjármunina, sem mundu njóta og hljóta að njóta slíkrar þróunar og svo einnig hitt sem er enn alvarlegra, það er að viðhalda ákveðnu atvinnuleysisstigi. Við vitum að það hefur verið þekkt efnahagsaðgerð í sumum nágrannalöndum um árabil að viðhalda ákveðnu atvinnuleysi og þar er það aðferð til að halda niðri verðbólgu og halda efnahagslífinu í skefjum. Við höfum hins vegar ekki viljað sætta okkur við það hér að sú aðgerð væri viðurkennd en nú virðast nýir siðir hafa komið með nýjum herrum og ekki hægt að sjá annað en það sé sú aðferð sem núv. hæstv. ríkisstjórn vill viðhafa og hennar stuðningsmenn.

Ég leyfi mér að álíta að verulega fjármuni hljóti að vanta í Atvinnuleysistryggingasjóð og væri auðvitað nauðsynlegt að fá upplýsingar um það hvernig sú þróun verður á þessu ári þegar fram líða stundir. Ég býst við því að það sé nauðsynlegt að fá hæstv. fjmrh. til þess að svara því hvað honum sýnist um það og e.t.v. var það það sem hv. þm., sem var á mælendaskrá á undan mér, hafði hugsað sér að spyrjast fyrir um. Ég kom því miður aðeins of seint til umræðunnar í þingsal og heyrði því ekki — en var það ekki svo, hv. þm., að óskað væri eftir viðveru hæstv. fjmrh.? Þingmaðurinn kinkar kolli við þeirri spurningu minni. Ég tek auðvitað undir þá ósk hans að eðlilegt sé að ráðherrar fylgist með þessari umræðu, þeir sem málið varðar, hæstv. félmrh. reyndar einnig. Við fáum að heyra þeirra álit á því hvert stefnir og hver þróunin er.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á haustdögum var gert ráð fyrir því að ríkisframlagið þyrfti ekki að vera nema 1 milljarður 180 millj. kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs og var þá m.a. gert ráð fyrir því að endurskoða bótaréttinn þannig að það drægi úr þörfinni fyrir framlag til sjóðsins og svo jafnframt að draga úr rekstrarkostnaði sjóðsins.

Í meðförum fjárln. á fjárlagafrv. var reyndar samþykkt nokkur hækkun á þessu framlagi svo upphæðin var, ef ég man rétt, 150 millj. kr. hærri þegar fjárlögin voru endanlega samþykkt. Nú er auðvitað ljóst að sú upphæð dugar engan veginn og þá er nauðsynlegt að vita hvað mikið þarf til þess að standa við þau fyrirheit sem hér er verið að gefa og taka mið af þeirri þróun sem við blasir í fjárútgjöldum þessa sjóðs þegar þróun atvinnuleysisins er slík sem raun ber vitni.

Það hafa reyndar fleiri áhyggjur af þessari þróun en stjórnarandstæðingarnir í hv. þingi og þeir aðilar vinnumarkaðarins sem hafa verið að knýja á um aðgerðir til úrbóta af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þær áhyggjur lýsa sér auðvitað í skrifum dagblaðanna sem hafa þó, a.m.k. stundum, verið talin nokkuð hliðholl ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum. Þó að hæstv. menntmrh. afneitaði öllum stuðningi Morgunblaðsins við ríkisstjórnina og Sjálfstfl. í umræðum hér á dögunum vitum við auðvitað að Morgunblaðið er þrátt fyrir allt það málgagn sem ríkisstjórnin styðst helst við. Morgunblaðið hefur í gegnum tíðina stutt við bakið á Sjálfstfl. En nú kveður við þann tón í Morgunblaðinu að menn reka upp stór augu. Í leiðara blaðsins 16. maí sl., sem ber yfirskriftina Atvinnuástandið, er einmitt varað við þeirri þróun sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi. Ég held að full ástæða sé til þess að þær aðvaranir sem Morgunblaðið setur hér fram komist inn í þingsali. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnuleysi er alvarlegt þjóðfélagsvandamál sem við höfum lítið kynnst á undanförnum áratugum. Sumir telja að „hæfilegt" atvinnuleysi sé æskilegt. Þeir hinir sömu hafa væntanlega ekki kynnst því af eigin raun og telja sig ekki munu kynnast því. Áhrif atvinnuleysis geta m.a. orðið þau að fólk gefst upp við að leita að vinnu. Svo neikvæð áhrif hefur það á sálarlíf þess að koma aftur og aftur að lokuðum dyrum, dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð. Sennilega er atvinnuleysi meira hér en fram kemur í þessum tölum" — sem áður var búið að gera grein fyrir fyrr í leiðaranum og ég eyði ekki tíma í að lesa upp. — „Líklega er töluvert af fólki sem hefur ekki skráð sig atvinnulaust þótt það vanti vinnu. Ástæðurnar fyrir því geta verið margvíslegar og persónulegar."

Hér er einmitt drepið á það sem ég var að ræða um áðan, þetta „hæfilega atvinnuleysi" sem sumir stjórnmálaforingjar virðast hafa talið að væri réttlætanlegt til þess að búa við ákveðna þróun eða stöðu í efnahagsmálunum, a.m.k. höfum við sumir stjórnmálamenn á Íslandi ekki viljað viðurkenna það hingað til. En eins og ég nefndi áðan, þá virðist þróunin vera í aðra átt þessi missirin. Það er sannarlega áhyggjuefni að svo skuli vera. Mig langar til að vitna aftur í þennan leiðara Morgunblaðsins, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Atvinnuleysi hefur verið mikið böl í ríkjum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku á undanförnum árum og raunar síðasta áratug. Atvinnuleysi hefur ekki síst verið áberandi hjá æskufólki sem hefur átt afar erfitt með að finna vinnu. Afleiðingarnar geta í mörgum tilvikum verið hroðalegar. Atvinnuleysi leiðir til sinnuleysis og vonleysis sem aftur leiðir til þess að fólk leitar í áfengi og önnur fíkniefni. Afleiðingar aukinnar fíkniefnaneyslu blasa við okkur nær daglega í hörmulegum slysum og sorglegum atburðum þar sem fíkniefni hafa komið við sögu. Við verðum að snúast til varnar gegn

slíku þjóðfélagsástandi." Ég ætla að leyfa mér að endurtaka þessa tilvitnun í leiðara Morgunblaðsins frá 16. maí sl.: „Við verðum að snúast til varnar gegn slíku þjóðfélagsástandi."

Þetta finnst mér svo alvarlegt mál sem hér er tekið upp og alvarleg ábending til stjórnvalda að það verður ekki fram hjá því horft. Hér er bent á ástandið í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, ríki sem hafa a.m.k. af ýmsum verið talin til fyrirmyndar og rétt að sækja þangað fyrirmynd að því þjóðfélagi sem við viljum byggja upp hér og búa við. Auðvitað er margt gott um það að segja en þar er líka ýmis vandamál við að fást og ýmislegt að varast í þróun þessara þjóðfélaga. Á það hefur einnig verið bent í leiðurum og helgarpistlum þessara blaða sem hafa þó að undanförnu oftar en ekki stutt ríkisstjórnina og þó kannski einkum Sjálfstfl. Þetta á bæði við um Morgunblaðið og DV.

Ég vil, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að láta þessi sjónarmið mín og kannski aðvörunarorð koma fram í þessum umræðum þegar við erum að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar þótt ég ítreki það sem ég sagði áðan að ég ætla ekki að leggja stein í götu frv. sem hér er til meðhöndlunar. Ég taldi nauðsynlegt að áhyggjur mínar kæmu hér fram. Ég vonast til þess og vænti þess að hæstv. ríkisstjórn, ráðherrar hennar og stuðningsmenn, hv. þingmenn, taki þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar og hugleiði vandamálin með öðru hugarfari en mér finnst þeir hafa gert að undanförnu. Svo alvarlegt held ég að ástandið sé að verða og augu fleiri og fleiri aðila í þjóðfélaginu séu að opnast fyrir því.

Mig langar aðeins að lokum, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um annað frv. sem er á dagskrá þessa þingfundar vegna þess að það var aðeins dregið inn í umræðuna síðast þegar þetta dagskrármál var til umræðu. Það fjallar um frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti á það að það kynni að fara svo, ef frv. yrði að lögum eins og það lítur út, að nú væri þegar verið að stefna í hættu því markmiði sem þar er sett fram, að greiða ekki fé út úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög leyfa eða heimila á hverjum tíma. Ég er auðvitað algjörlega sammála honum hvað það varðar og tel að þá væri illa af stað farið með þau markmið sem eru sett fram í frv. Hann benti að vísu einnig á að nú hefur verið lögð fram brtt. af hálfu fjárln., sem reyndar flytur frv., um gildistöku frv. og taldi það að einhverju leyti tengjast t.d. þessu frv. sem hér er nú til umræðu um atvinnuleysistryggingar og kannski öðrum þeim verkefnum eða þeim viðfangsefnum sem hæstv. ríkisstjórn hefur við að glíma á næstu vikum og mánuðum. Því hefði ekki verið talið eðlilegt eða réttlætanlegt að frv. öðlaðist gildi nú þegar, ef það verður samþykkt á þessum lokaklukkustundum þingsins, og því hefði gildistakan verið ákveðin 1. jan. Ég vil aðeins segja það, af því að ég er flm. að frv. og flm. að þessari brtt., að ég tel það mjög eðlilegt að frv. af þessu tagi eða lög af þessu tagi, taki gildi á áramótum vegna þess að ég hef áður lýst því í umræðum um frv., þegar það var áður til umfjöllunar í þinginu, að við þyrftum við gerð fjárlagafrv. að taka mið af því við hvaða lög við búum að öðru leyti. Fjárlagafrumvarpsvinnan, undirbúningur fjárlaga, á komandi árum þyrfti að taka breytingum og taka mið af því að við búum við eða ætlum að haga okkur öðruvísi en við höfum gert hingað til. Þó beitti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sér fyrir mikilvægum breytingum hvað varðar meðferð ríkisfjármála meðan hann sat í stóli hæstv. fjmrh., m.a. með því að flytja inn í þingið fjáraukalög, oftar en áður hafði verið gert, og með því að reyna að draga úr því valdi sem fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn var talin hafa til að ákveða aukafjárveitingar.

Ég ætla ekki að orðlengja um það mál heldur vil ég aðeins láta það sjónarmið mitt koma hér fram að ég tel þá breytingu, sem lögð hefur verið fram á því frv., eðlilega í ljósi þess að þeir sem eiga að vinna með fjárlög verða að vita það hver þeirra réttindi og skyldur eru þegar fjárlagafrv. er samið og undirbúið og þegar fjárlög eru samþykkt.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um frv. sem er nú til umræðu, hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. komi hér og geri okkur grein fyrir því hverjar horfur eru á þörf fyrir fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðsins á komandi sumri og hausti miðað við þessi auknu verkefni sem er verið að fela sjóðnum og miðað við þá alvarlegu þróun sem við okkur blasir varðandi atvinnustig og atvinnuástand.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls en ég stend að nefndaráliti, sem gerir ráð fyrir því að frv. sem hér er á dagskrá verði samþykkt, ásamt öllum nefndarmönnum, fulltrúum allra flokka, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég átti þess því miður ekki kost, vegna veikinda, að vera viðstaddur umræðuna á laugardaginn, en svo er tækninni fyrir að þakka að ég fylgdist grannt með þeirri umræðu og átti kost á því að fylgjast með því nákvæmlega hvað það var sem menn voru fyrst og fremst að gera athugasemdir við. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi nokkuð ítarlega fram á hvaða talnagrunni nefndin byggði afgreiðslu sína. Síðan er auðvitað rétt, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni og fleirum, að það er auðvitað æskilegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur með hliðsjón af því að bersýnilegt er að Atvinnuleysistryggingasjóður verður tómur þegar líður á árið 1992, þótt um það sé hægt að deila hversu langt þarf að líða á árið áður en sjóðinn fer að skorta fé, hvort það verður ágúst, september eða október. En það er augljós samstaða um að það er í síðasta lagi í októbermánuði, miðað við núverandi forsendur, sem sjóðinn fer að skorta fé.

Ég held það sé æskilegt, virðulegi forseti, til þess að greiða fyrir þessari umræðu og lendingu í henni að hæstv. fjmrh. komi hér sem fyrst, mér skilst hann sé í húsinu, þannig að við getum farið yfir þennan talnagrunn í sameiningu og áttað okkur á því hvað hér er á ferðinni. Mér er kunnugt um það að hæstv. forseti hef-

ur kallað í fjmrh. og ég ætla að hinkra augnablik eftir því að hann komi í salinn til að geta farið yfir tölurnar og til að glöggva mig á því hvort sá skilningur sem ég hef og nefndin hefur í meginatriðum á stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs er í raun og veru ekki í samræmi við það sem hæstv. fjmrh. telur rétt í þessu efni. Ég get svo sem skotið því að í leiðinni, úr því að hv. þm. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, fór að ræða sérstaklega um frv. um greiðslur úr ríkissjóði að satt að segja á ég ýmislegt ósagt um það mál þegar það kemur hér til meðferðar. Mér finnst það hið athyglisverðasta mál um margt þótt það hafi tekið framförum og breytingum eins og öll frv. hér, eftir því sem þau eru lengur til meðferðar vanda menn sig meira.

Nú er hæstv. fjmrh. kominn. Það er aðeins spurning um talnagrunn Atvinnuleysistryggingasjóðs í framhaldi af þeim umræðum sem fóru fram um málið sl. laugardag og meðferð málsins á hv. Alþingi í hv. nefnd.

Ég vil aðeins biðja menn um að staldra við þessar tölur. Það er talið að í fyrsta lagi séu horfur sjóðsins þannig, miðað við spár um atvinnuleysi eins og þær voru fyrir nokkrum vikum, að það þurfi að borga í atvinnuleysisbætur á þessu ári 2,1 milljarð króna, 2.100 millj. kr. Til viðbótar er gert ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi önnur gjöld upp á 65 millj. kr. og heildarútgjaldaþörf sjóðsins sé nákvæmlega 2 milljarðar 174 millj. kr. miðað við þær atvinnuleysisspár sem menn voru með hérna fyrir nokkru.

Hvaða peningar eru til upp í þetta? Það eru í fyrsta lagi fjármagnstekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs sem eru 222 millj. kr. Í öðru lagi ýmsar smærri tekjur, sem er ástæðulaust að telja upp í einstökum atriðum, sem eru upp á u.þ.b. 1 millj. kr. og í þriðja lagi framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum sem er 1.280 millj. kr. Auk þess fær sjóðurinn innheimtar afborganir upp á 192 millj. kr. svo samtals hefur sjóðurinn með þessu móti samkvæmt fjárlögum 1.695 millj. kr. Þá vantar sjóðinn, eins og allir sjá, mismuninn á þessum tveimur tölum, 2.174 millj. kr. annars vegar og 1.695 millj. hins vegar, eða 479 millj. kr. miðað við þær atvinnuleysisspár sem menn voru með. Svo hefur það gerst að forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefur kynnt aðrar atvinnuleysisspár. Fyrri atvinnuleysisspár byggðu á því að atvinnuleysið yrði 2,6%. Nú eru menn að tala um að það verði nokkru meira og að útgjaldaþörf sjóðsins verði a.m.k. 160 millj. kr. í viðbót við þetta eða um verði að ræða fjárvöntun Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári upp á 639 millj. kr.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort þessar tölur eru ekki réttar miðað við þann skilning sem hann hefur á stöðu sjóðsins og þær upplýsingar sem hann hefur undir höndum.

Til þess að svara þessum útgjöldum á Atvinnuleysistryggingasjóður auðvitað eignir. Eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs eru 2,2 milljarðar kr. sem skiptast þannig að annars vegar á sjóðurinn skuldabréf hjá Byggingarsjóði ríkisins upp á 1,4 milljarða kr. Í öðru lagi á sjóðurinn skuldabréf hjá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina sem munu vera um 750 millj. kr., þannig að heildareignir sjóðsins eru 2,2 milljarðar kr. Auðvitað mætti hugsa sér að sjóðurinn losaði sig við eitthvað af þessum eignum upp í þann vanda sem hér er um að ræða, 630–640 millj. kr. En sá er vandinn að það er ekki einfalt fyrir sjóðinn að losa sig við þessi skuldabréf. Ef hann færi með þau út á almennan markað eins og staðan er í dag þá er bersýnilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður yrði að sæta verulegum afföllum. Það er ekki skynsamlegt, hvorki frá sjónarmiði ríkissjóðs né frá sjónarmiði Atvinnuleysistryggingasjóðs, að afsetja þessi bréf með þeim hætti.

Nú er það svo, samkvæmt lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, að ríkissjóður er algjörlega bakábyrgur. Ef Atvinnuleysistryggingasjóð skortir fé ber ríkissjóður alla ábyrgð samkvæmt skýru ákvæði laganna um Atvinnuleysistryggingasjóð frá 1982. Hvað er þá til bragðs annað en það að losa sig við eignir með afföllum sem menn telja ekki skynsamlegt til að mæta þessum 640 millj. kr. sem er veruleg fjárhæð? Hvað er til bragðs? Jú, það eru auðvitað tvær leiðir til í þeim efnum. Önnur er sú að skerða bótaréttinn og það er sú leið sem ríkisstjórnin ætlaði að fara. Hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti því yfir á Alþingi í vetur, ég held fyrir áramót, að það væri ætlunin að skerða bótaréttinn. Nú hefur því hins vegar verið lýst yfir af ríkisstjórninni í tengslum við síðustu kjarasamninga að bótaréttur verði ekki skertur, að atvinnuleysisbætur verði ekki lækkaðar. Fyrst menn segja sem svo að atvinnuleysisbætur verða ekki lækkaðar, bréfin verða ekki seld vegna þess að það er óskynsamleg fjármálaráðstöfun, þá er bara eitt eftir, það er að sækja á ríkissjóð með fjármuni í viðbót. Auðvitað útiloka ég ekki að Atvinnuleysistryggingasjóður losi sig við eitthvað af eignum upp í þennan vanda, ég útiloka það ekki, en það er auðvitað hugsanlegur hlutur. (Gripið fram í.) Eins og komið hefur fyrir, já.

Spurningin er þá: Hvernig horfir vandinn við innan ársins? Hvenær falla þessar 640 millj. sem greinilega vantar þarna á sjóðinn? Þá horfi ég á dæmið þannig, virðulegi forseti og hæstv. fjmrh.: Sjóðurinn hefur notað á fyrstu fjórum mánuðum ársins 700 millj. kr., eða sexhundruð sjötíu og eitthvað og svo vantar smávegis upp á það að sögn sjóðstjórnarinnar. Ég segi að á fyrstu fjórum mánuðum ársins, frá janúar til apríl, hefur hann notað 700 millj. kr. Segjum að hann noti sömu tölur á næstu fjórum mánuðum, 700 millj. kr. Þá eru komnar þarna 1.400 millj. kr. Hvað hefur sjóðurinn á móti því? Hann hefur 1.400 millj. kr. Hann hefur 1.280 millj. úr ríkissjóði, plús 222 millj. í fjármunatekjur. Nú getur það auðvitað verið að atvinnuleysið verði minna, vonandi verður það minna yfir sumarmánuðina svo það er í raun versta hugsanlega dæmið að sjóðinn skorti fé strax í ágústmánuði og við skulum vona að svo verði.

Gerum hins vegar ráð fyrir því að þetta verði eitthvað aðeins skárra, þá sýnist mér ljóst að það verði að gera ráðstafanir vegna sjóðsins í allra síðasta lagi frá og með októbermánuði. Annaðhvort að losa um eignir eða kalla inn einhverja peninga úr ríkissjóði.

Þegar þetta mál kom til umræðu fyrir fáeinum sól-

arhringum þá nefndi ég þann möguleika hvort ekki væri rétt að flytja frv. til fjáraukalaga af því það eru komnir þannig lagaðir bindindismenn á Alþingi að það má aldrei borga neitt út úr ríkissjóði nema búið sé að stimpla það áður í þessari stofnun og tala ýmsir mikið fyrir þeim sjónarmiðum. Látum það gott heita. Þess vegna dettur mönnum í hug að flytja frv. um fjáraukalög af því það er eiginlega búið að taka um það ákvörðun að fjmrh. eigi bara að vera gjaldkeri, það sé enginn fjmrh. til á Íslandi heldur sé bara gjaldkeri þarna uppi í Arnarhvoli. Þá er hins vegar alveg ljóst að það er enginn vilji til að flytja frv. til fjáraukalaga. Þess vegna hlýtur maður að spyrja sig hvað gerist og þá horfir maður á þær tölur sem ég hef rakið mjög nákvæmlega og yfirlýsingu forsrh. um að staðið verði við lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð eins og gefin hefur verið yfirlýsing um í tengslum við kjarasamningana. Þess vegna sýnist mér að staðan sé þannig að hægt sé að afgreiða þetta mál héðan með hliðsjón af því að sjóðinn fari ekki að skorta fé fyrr en í fyrsta lagi í ágúst en í síðasta lagi í október. Þannig horfir þetta við mér. Ef atvinnuleysisstigið fram í ágúst verður það sama og það var í janúar til apríl, þá er sjóðurinn tómur í ágúst. En auðvitað eru menn að gera sér vonir um að ástandið verði eitthvað aðeins betra yfir sumarið þannig að það verði þá hægt að teygja á þessu og í versta falli væri hægt að losa um eignir sjóðsins að einhverju leyti ef upp kæmi vandi í ágúst eða byrjun september.

Á þessum talnalega grunni, sem ég hef rakið algjörlega í smáatriðum, virðulegi forseti, byggðum við fulltrúar minni hlutans afstöðu okkar í hv. heilbr.- og trn. og stöndum því að þessu frv. Munurinn á stöðunni nú og þegar við afgreiddum málið er ný spá um atvinnuleysi á þessu ári og þar telja menn að geti skakkað 160–180 millj. kr. á þessu ári í atvinnuleysisbætur, 160 millj. í minnsta lagi, ef þessi spá Þjóðhagsstofnunar gengur eftir.

Það er hins vegar alveg ljóst að ef atvinnuleysið yrði svo enn þá meira í haust, þá gæti þetta orðið enn þá alvarlegra fyrir sjóðinn, en með hliðsjón af þessu þá ákváðum við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í heilbr.- og trn. að láta þetta mál ganga fram með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, en það eru tvö frv. sem eru til meðferðar eða hafa verið til meðferðar um Atvinnuleysistryggingasjóð og eru að einhverju leyti tengd lendingu kjarasamninganna.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, og segja síðan að lokum: Það er bersýnilegt að við erum að óbreyttri stjórnarstefnu að ganga inn í skuggalegt tímabil að því er atvinnuástand varðar. Það að vera viðvarandi með 2.000–3.000 atvinnulausa einstaklinga á Íslandi er hræðilegur veruleiki. Á hverju þarf þetta fólk að lifa? Atvinnuleysisbætur fyrir einstakling eru innan við 50.000 kr. á mánuði og auk þess eru greiddar nokkrar upphæðir fyrir hvert barn sem hinn atvinnulausi hefur á framfæri sínu.

Við erum að tala um það í fullri alvöru núna, virðulegi forseti, í fyrsta sinn í sögu íslenska lýðveldisins að borga út í atvinnuleysisbætur á þessu ári 2,3–2,5 milljarða króna. Þetta eru ekki aðeins kaldar tölur, virðulegi forseti, heldur er á bak við þessar tölur lifandi veruleiki þess fólks sem hefur í raun og veru verið hrakið til hliðar í þjóðfélaginu og sagt við það: Atvinnukraftur þinn, sköpunarkraftur þinn er einskis virði í þessu samfélagi, þú færð enga vinnu.

Þetta er ekki síst alvarlegt m.a. með hliðsjón af ýmsum öðrum ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstjórn er að grípa til, segjum t.d. varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna. Þannig að þegar þetta allt kemur saman þá blasir býsna döpur mynd við í þessu efni. Út af fyrir sig ætti sú mynd að geta komið til umræðu í tengslum við þessi mál. Ég ætla þó ekki að taka hana upp frekar. Aðalerindi mitt hér í stólinn var að rekja í smáatriðum það talnaefni sem ég hef í höndunum og bera mig saman við hæstv. fjmrh. um það hvort hann skilur hlutina með sama hætti því það er mikilvægt að við, sem stöndum að afgreiðslu þessa máls, höfum sama skilning á málinu og ríkisstjórnin þannig að í jafnalvarlegu máli og því, sem hér er á ferðinni, fari ekkert á milli mála.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er örstutt andsvar. Ég ætla ekki að bera brigður á talnafróðleik þann sem kom fram í máli hv. ræðumanns. Að sjálfsögðu getum við ekki á þessari stundu sagt nákvæmlega fyrir um það hvert atvinnuleysisstigið verður í ár, hvort það verður nær fyrri spám eða síðari spám Þjóðhagsstofnunar en við getum verið við hinu versta búin. Reyndar kemur þar á móti sú ráðstöfun að greiða út úr Verðjöfnunarsjóði sem talið er að geti dregið úr atvinnuleysisstiginu, a.m.k. eins og því var spáð í síðari spá Þjóðhagsstofnunar.

Það er rétt hjá hv. þm. að svo kynni að fara að það skorti greiðslurými í sjóðnum fyrir 600–650 millj. kr. miðað við verstu spár.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá honum, að sjóðurinn á verulegar eignir sem hægt er að grípa til og jafnvel þótt um verði að ræða einhver afföll verður sjóðurinn auðvitað eins og aðrir eigendur að sætta sig við þau.

Það sem skiptir þó mestu máli nú er að átta sig á því að það þarf ekki að gera ráð fyrir því að grípa verði til einhverra örþrifaráða í sumar vegna þess að gera má ráð fyrir að sumarmánuðirnir séu betri hvað atvinnustig snertir en aðrir tímar ársins. Þess vegna sé hægt að taka málið aftur upp í haust. Dugi það ekki til verður að sjálfsögðu gripið til láns innan ársins eins og oft hefur verið gert hjá ríkissjóði og ég tel að ekki sé ástæða til að halda að ríkisstjórnin standi ekki að baki þessum sjóði.

Um skerðingu á bótarétti ætla ég ekki að fjalla hérna. Það stóð til og óþarfi að blanda því inn í þessar umræður. Ég minni einnig á að verkalýðsfélögin taka gjöld af atvinnuleysisbótum sem er auðvitað umhugsunarvirði, sérstaklega við þær aðstæður sem við lifum nú.

Loks vil ég segja að það gefst tími til þess í fjár-

aukalagafrv. sem tekið verður fyrir í haust, að fjalla um þetta mál og gera þær ráðstafanir sem þarf auk annarra mála sem tilheyra kjarasamningum og vitað er að munu hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að það liggur fyrir að hæstv. fjmrh. viðurkennir það meginatriði að svo getur farið miðað við þær spár sem fyrir liggja að það vanti um 630–650 millj. í Atvinnuleysistryggingasjóð á þessu ári. Það er hins vegar nauðsynlegt að taka fram að það er rangt hjá hæstv. ráðherra að Atvinnuleysistryggingasjóður sé ríkur sjóður. Sú dapurlega staðreynd blasir við að Atvinnuleysistryggingasjóður, þessi gamli sjóður, sem var einn meginávinningurinn af fimm vikna verkfalli verkalýðshreyfingarinnar sumarið 1955, hvað á hann í eignum? Hann á aðeins 2,2 milljarða króna. Ef hann þyrfti að selja með afföllum eignir upp í þann vanda sem blasir við á þessu ári yrði sjóðurinn væntanlega að eyða u.þ.b. ⅓ af eiginfjárstöðu sinni. Hann er ekki brattari en það þessi sjóður, satt best að segja. Þannig að það er mjög alvarlegt umhugsunarefni, virðulegi forseti, og þess vegna er auðvitað ekki hægt að setja hlutina þannig upp, eins og hæstv. fjmrh. gerði, að það eigi fyrst og fremst að horfa á það að sjóðurinn losi sig við eignir og verði að sæta afföllum. Auðvitað er það aðalatriðið í málinu, sem við settum inn í lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1982, að ríkissjóður er bakábyrgur.

Það er rétt sem hæstv. fjmrh. segir að auðvitað gera menn ráð fyrir því, eins og ríkisstjórnin hefur hagað málum, að það þurfi að taka inn í fjáraukalög í haust allmiklar fjárhæðir vegna kjarasamninganna, bæði að því er varðar ríkisábyrgð á launum, þar sem menn eru að tala um þó nokkuð háar upphæðir, ég kann þær ekki nákvæmlega, og það er bersýnilegt að menn eru þegar að tala um það að taka inn í fjáraukalögin vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs. Mér sýnist stefna í a.m.k. 700 millj. kr. En ég tel mikilvægt, virðulegi forseti, að þessi afstaða hæstv. fjmrh. er komin fram og að við höfum sameiginlegan skilning á talnaforsendum málsins.

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu, sem hefur farið fram, get ég mjög stytt mál mitt. Ég var fyrir nokkrum dögum að bera upp svipaðar fyrirspurnir og komu fram í umræðunni. Ég lýsti þá þeirri skoðun minni að þær forsendur, sem gengið væri út frá í nál., hefðu breyst og þá væri allverulega fjárvöntun í Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég lýsti þeirri skoðun minni og ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann væri því sammála að í reynd væri nauðsynlegt að flytja fjáraukalagafrv. á ágústþinginu til að staðið væri við þá stefnu að greiða ekki út úr ríkissjóði umtalsverðar fjárhæðir án þess að hafa til þess heimild í fjárlögum. Það er að vísu tæknilega hægt að taka lán innan ársins en það er ekki í samræmi við þau meginviðhorf sem menn hafa verið að lýsa. Reyndar tel ég að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að koma með fjáraukalagafrv. núna inn í þingið vegna kjarasamninganna. Látum það hins vegar vera. En að bíða með fjáraukalagafrv. þar til í október sem að fenginni reynslu verður í fyrsta lagi afgreitt um miðjan nóvember stefnir því í hættu að greiða verði verulegar fjárhæðir af mörgum liðum út úr ríkissjóði á þessu ári, án beinna fjárlagaheimilda.

Ég vil þess vegna eindregið beina þeirri skoðun til hæstv. fjmrh. að hann búi sig undir það að flytja fjáraukalagafrv. á ágústþinginu til þess að starfa í samræmi við þá stefnu sem allur þorri þingsins vill að starfað sé eftir og eins til þess að tryggja að það séu öruggar lagaheimildir til fyrir þeirri fjárþörf sem kann því miður að verða fyrir hendi vegna atvinnuleysistrygginga.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skal ekki verða langt svar við þessari örstuttu ræðu hv. þm. Hann spyr hvort nauðsynlegt sé að flytja fjáraukalagafrv. á ágústþingi. Það hefur að sjálfsögðu ekkert verið ákveðið um það. Eins og kom fram í máli mínu fyrr þá þarf ekki að gera ráð fyrir því að vegna þessa tiltekna máls, sem hér er til umræðu, þurfi að grípa til fjáraukalagafrv. í ágúst. Það er einnig alþekkt, eins og ég veit að hv. þm. þekkir úr sinni ráðherratíð sem fjmrh. að innan ársins hefur oft verið gripið til eins konar greiðslumiðlunar. Það er þannig að tekjur og gjöld standast ekki á og stundum er vitað að útgjöldin koma á fyrri hluta ársins en tekjurnar frekar síðari hluta ársins. Í þessu tilviki sé ég ekki annað en auðvelt sé að brúa bil ef verður þar til þing kemur saman í haust.

Með þessu er ég þó ekki að halda því fram að útilokað sé að flytja fjáraukalagafrv. af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrr en engin ákvörðun hefur verið tekin um það enn.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Örfá orð. Sl. laugardag tók ég upp þessa umræðu um Atvinnuleysistryggingasjóð og spurði þá hæstv. fjmrh. einnar spurningar. Ég átti frekar von á því að hann svaraði henni núna í þessari umræðu, en ég spurði hvort það lægju fyrir upplýsingar í fjmrn. hvað 1% atvinnuleysisstig þýddi mikið í krónum talið. Það hefur verið mjög á reiki, 480–700 millj., það er mjög erfitt að átta sig á því nákvæmlega. Þess vegna hefði verið fróðlegt ef hæstv. ráðherra hefði getað gefið þær upplýsingar hér við þessa umræðu, svona til fróðleiks fyrst og fremst, þannig að menn geti áttað sig á því hver staða sjóðsins er. Segjum að hvert prósentustig í atvinnuleysinu kosti 600 millj. kr. Þá er náttúrlega alls ekki hægt að halda því fram að Atvinnuleysistryggingasjóður sé ríkur sjóður, því í raun er eign Atvinnuleysistryggingasjóðs ekki nema 1,8 milljarðar króna. Það eru engir 2,2 milljarðar vegna þess að menn verða að meta hvað þeir fá fyrir þær eignir sem sjóðurinn á. Það þýðir einfaldlega að ef

hvert prósentustig í atvinnuleysi er 600 millj. kr. ætti sjóðurinn fyrir 3% atvinnuleysi í eitt ár.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem andsvar við fyrirspurn hv. þm. sem kannski ætti frekar að vera svar við fyrirspurn hv. þm., þá hef ég ekki mjög nákvæmar tölur enda eru tölur ekki mjög nákvæmar um þetta atriði því atvinnuleysisbætur eru ekki nákvæmlega þær sömu og fara eftir því hverjir eiga í hlut eins og menn vita. Ég veit að hv. þm. gerir sér þingmanna best grein fyrir því enda þekkir hann til málsins, en samkvæmt upplýsingum sem ég hef þá má gera ráð fyrir því að hvert atvinnuleysisstig þýði til jafnaðar u.þ.b. 400 millj. kr. útgjöld og þá geta menn reiknað hve mikið það gæti kostað Atvinnuleysistryggingasjóð ef atvinnuleysisstigið hækkaði úr 2,6% upp í 3% eins og nýjustu spár gefa til kynna að orðið geti.

Vænti ég þess að þetta svar komi að gagni fyrir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslukortastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál. — Þskj. 655, nál. 994.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Efh.- og viðskn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um greiðslukortastarfsemi og ræddi það á allmörgum fundum. Fékk hún á sinn fund Sigurð Hafstein, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sparisjóða, Jóhann Ágústsson aðstoðarbankastjóra, sem kom fyrir hönd Sambands íslenskra viðskiptabanka, Tryggva Pálsson, formann stjórnar Kreditkorta hf., Gunnar Bæringsson, framkvæmdastjóra Kreditkorta hf., Einar S. Einarsson, forstjóra VISA-Ísland Greiðslumiðlunar hf., og auk þess kom ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, Björn Friðfinnson, á fund nefndarinnar. Umsagnir bárust frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þeim aðilum öðrum sem ég taldi upp.

Nefndin ræddi þær umsagnir og athugasemdir sem fram komu og var sjáanlegt að það hefði þurft að gera veigamiklar breytingar á frv. en til þess vannst ekki tími. Hér hefur verið lagt fram frv. til samkeppnislaga sem verður endurflutt á komandi hausti og það er álit efh.- viðskn. nefndar að rétt sé að taka upp í það frv. heimild til setningar reglna um greiðslukortastarfsemi og þar verði tryggður hagur neytenda hér á landi og hann verði ekki lakari en í slíkum viðskiptum sem almennt gerast hjá öðrum ríkjum í hinu fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæði.

Það er aðeins eitt land sem hefur sett lög um greiðslukortastarfsemi sem vitað er um, þ.e. Danmörk. Hér hafa þessi viðskipti þróast á undanförnum árum og undir vissum kringumstæðum er rétt að setja slíkar reglur og það er skoðun okkar að það fari betur á því að þessar reglur komi inn í frv. til samkeppnislaga þar sem tryggður er hagur neytenda heldur en að setja viðamikla sérlöggjöf um þessa starfsemi.

Af þessari ástæðu leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnar með ósk um að meginefni þess verði fellt inn í samkeppnislagafrumvarpið. Um það verður fjallað á næsta þingi og væntanlega verður afgreidd sú mikilvæga löggjöf sem hefur þegar séð dagsins ljós í frumvarpsformi en þarf þó góðrar yfirlegu við því ýmislegt má betur fara. Ég tel að ég geti leyft mér persónulega að segja það að mér lýst að mörgu leyti mjög vel á það frv. sem lagt var fram þó það þurfi að gera á því nokkrar breytingar og lagfæringar undir meðferð málsins á næsta þingi.

Undir þetta álit rita allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Það er mjög óvenjulegt að fulltrúar stjórnarflokka í nefnd leggi til að frv. sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég man ekki mörg dæmi um það og man satt að segja ekki eftir að það hafi komið upp. Hitt er svo annað mál að það er skynsamlegt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar en ég sé ekki beint þörfina hjá fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna að vísa þessu máli til sinnar eigin ríkisstjórnar sem að sjálfsögðu getur lagt málið fram á næsta þingi betur undirbúið.

Hins vegar á þetta við um mörg þau mál sem er verið að fjalla um hér á Alþingi þessa stundina. Það væri mjög skynsamlegt að vísa mörgum þeirra til ríkisstjórnarinnar og væri betur að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna hefðu tekið upp þessa nýbreytni í fleiri málum. (**ÓRG:** Það mundi greiða fyrir þingstörfum.) Já, það mundi greiða fyrir þingstörfum, en ég er ekki aðallega að hugsa um það því það er aðalatriðið að það eigi sér stað skynsamleg lagasetning hér á Alþingi. Það verður að hafa það þó það taki einhvern tíma. En mörg af þeim málum sem hér eru til umfjöllunar ættu betur heima hjá ríkisstjórninni í sumar þannig að menn fengju tíma til að lagfæra þau, t.d. á það við um frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Þó þetta mál hér hafi á margan hátt verið gallað þá er hitt miklu verra. Það er mjög mikilvægt að Alþingi gæti samræmis í lagasetningu.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, hæstv. forseti. Ég féllst á að vera með í þessu nál. Ég skal játa að það kom nokkuð á óvart að formaður nefndarinnar skyldi leggja til þennan afgreiðslumáta en ég féllst á hann og taldi skynsamlegan eftir nokkra umhugsun en ég legg á það áherslu að ég tel að formaðurinn hefði betur lagt hann til í fleiri málum og er ég ekki frá að hann hafi látið sér detta það í hug, en ég á ekki von á því að það hefði vakið mikla hrifningu hjá hæstv. fjmrh. sem er hér í þinginu. En það vill svo vel til að hæstv. viðskrh. er ekki viðstaddur en mér er mjög til efs að hann hefði fallist á slíka meðferð á þessu máli að því væri vísað með þessum hætti til hans, en ég skora á hæstv. fjmrh. að fallast á sams

konar lítillæti og hæstv. viðskrh. hefur greinilega tamið sér í þessu máli og e.t.v. fleiri málum.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ábendinga hv. síðasta ræðumanns kemst ég ekki hjá því að þakka hv. nefnd fyrir að hafa lagt á vogarskálina lóð sín til að gera það frv., sem lagt var fram um skattskyldu innlánsstofnana, þannig úr garði að mjög auðvelt er fyrir þingið að afgreiða það á yfirstandandi þingi, það sem eftir lifir þessa dags. Einnig vil ég nota tækifærið til að þakka hv. forvera mínum, Ólafi Ragnari Grímssyni, 8. þm. Reykn., *fyrir að hafa útbúið þann efnivið sem nú hefur* verið unnið úr og ég tel að hann hafi verið nýttur til hins ýtrasta og vil ég eindregið koma þeim þökkum til skila og mælast til þess að hv. þm. afgreiði það mál í samræmisskyni.

Vona ég að þessi ræða mín sé, eins og oft er sagt, til þess að greiða fyrir að þingstörf geti gengið vel og rækilega fyrir sig í dag.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að fara út í *efnisumræður um annað mál þó ég hafi nefnt það*, en ég vil vegna orða hæstv. fjmrh. benda honum á það að hann hefur nú, ef þetta frv. verður að lögum, innleitt að ákveðin tegund tekna í skattarétti er ekki skattskyld sem er visst Íslandsmet. Við munum í fyrsta skipti sjá á næstu árum að ákveðinn fjárfestingarlánasjóður verður ávallt gerður upp með fleiri hundruð milljón króna tap í skattalegum skilningi, jafnvel þótt hann kunni að hafa nokkurn hagnað.

Þetta er vissulega mikilvægt fordæmi fyrir t.d. atvinnureksturinn, — við skulum segja útgerðina, ef hún gæti átt von á því að ákveðinn afli, t.d. karfaafli sé aldrei skattskyldur en hins vegar sé þorskur ávallt skattskyldur eða tekjur sem koma af slíkum afla. Þetta eru mikil skattaleg vísindi, hæstv. fjmrh., og er merkilegt að fjmrh. landsins skuli vera svona ánægður með afkvæmið. Ef hæstv. fjmrh. er svona ánægður með þetta afkvæmi þá gerir hann ekki miklar kröfur til sjálfs sín í skattarétti.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að það er *allóvenjulegt að heil nefnd vísi máli* frá ríkisstjórninni aftur til hennar en það á sér ýmsar skýringar og ég tel rétt að það komi fram hvers vegna við í stjórnarandstöðunni stöndum að þessu máli, alla vega ég sem fulltrúi Kvennalistans. Þarna er vissulega um neytendamál að ræða, mál sem snertir allan almenning í landinu. En sannleikurinn er nú sá að á þeim stutta tíma sem okkur gafst að skoða þetta frv. kom í ljós að það var býsna gallað. Og ég vil nefna þetta sem dæmi um flumbrugang í lagasetningu hér á Alþingi.

Í þessu frv. er m.a. fjallað um hlutverk Verðlagsráðs *en á sama tíma erum við með til meðferðar* eða umræðu í þinginu annað frv., frv. til samkeppnislaga, þar sem lagt er til að þetta sama Verðlagsráð verði lagt niður og hlutverki þess breytt og því gefið annað nafn. Það var því alveg augljóst mál að þetta frv. þarfnaðist verulegrar skoðunar. Það *er greinilegt* að þeim, sem standa að bankakerfinu og eru þar með eigendur greiðslukortafyrirtækjanna, var mjög í nöp við þessa löggjöf, töldu hana meingallaða, en allir þeir sem horfðu á málið frá hinni hliðinni, frá hlið neytenda, mæltu með frv., þ.e. samtök launafólks, neytendasamtök og fleiri. En niðurstaðan varð sú að þetta frv. væri gallað og hefði þurft nokkra endurskoðun. Til þess reyndist ekki tími og því töldum við að það væri besta lausnin að senda það aftur til ríkisstjórnarinnar þannig að það mætti vinna það betur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins örfá orð af minni hálfu til að fylgja úr hlaði minni afstöðu í þessu máli. Ég styð það eins og nefndarmenn aðrir að þetta ágæta frv. fari til föðurhúsanna um skeið og taki þar þroska í föðurgarði á nýjan leik.

Það er rétt að taka það fram, að öllu gamni slepptu, að í þessu felst ekki af okkar hálfu, a.m.k. ekki af minni hálfu nein höfnun að öllu leyti á efni frv. Ég er og hef verið þeirrar skoðunar að það sé þörf á því að *taka á ákveðnum þáttum sem snúa að réttarstöðu neyt*endanna sérstaklega og um það eru menn almennt sammála og þess vegna er í það vitnað í nál. Hins vegar eru ýmis önnur ákvæði frv. sem orka tvímælis og eru sum hver bersýnilega úrelt og vinnubrögðin við það kannski ekki alveg eins og maður hefði átt von á og höfundar hefðu mátt fara yfir þetta á nýjan leik, held ég, og reyna að færa það betur að nútímanum. Þannig er t.d. ljóst að kortafyrirtækin sjálf hafa hrint í framkvæmd ýmsum úrbótum á þessu sviði sem höfundar frv. virðast ekki hafa frétt af. Það er auðvitað skaðleg *sambandsleysi í okkar litla þjóðfélagi*.

Nefndarmenn urðu sammála um, sem er að sönnu nokkuð óvenjulegt, að vísa stjfrv. aftur til ríkisstjórnarinnar en það á sér sem sagt þessar skýringar að við væntum að ákvæði þess líti þá að einhverju leyti dagsins ljós í nýjum og bættum búningi, helst strax á næsta þingi og þá væntanlega sem kafli í eða hluti af nýju frv. til samkeppnislaga.

Ég veit ekki annað, herra forseti, en um þetta hafi tekist allvíðtæk samstaða hér í þinginu. Mér er þó ljúft að upplýsa hér að það var formanni þingflokks Alþfl. *nokkuð þungbært að taka við þessari niðurstöðu en ég* átti með honum langa fundi í gær og í fyrradag og sannfærði hann um að þetta væri málinu fyrir bestu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér er nú næstum hlátur í hug. Það vill svo til að fáir hafa þrasað meira í því hér á hinu háa Alþingi að lögfest yrðu ákvæði um notkun greiðslukorta en ég. Ég bar fram fsp. 11. mars 1980 og þá sagði háv. hæstv. viðskrh. að þess yrði ekki langt að bíða að slíkt frv. kæmi fram. Síðan bar ég enn fram *fyrirspurn 1984 og þá sannfærði mig* háv. hæstv. viðskrh. að nú væri þetta alveg að koma.

Ég hafði áhyggjur af því þá að notkun þessara

korta, sem engin lög væru fyrir í landinu, yrðu til þess að hækka vöruverð og þetta yrði baggi á fjölskyldum landsins sem nú hefðu fundið sér enn eina leið til að versla fyrir peninga sem menn ekki ættu. Ég held ekki verði um það deilt að sú hefur einmitt orðið raunin. Ég stóð því upp og hrósaði hæstv. núv. viðskrh. þegar hann birtist með þetta frv. á 113. löggjafarþingi sem þá varð ekki útrætt og síðan aftur nú. Ég lýsi furðu minni á að nú stöndum við frammi fyrir því að málið sé sent til ríkisstjórnarinnar. Þetta er auðvitað með öllu óskiljanlegt. Það hafa gefist tíu ár til að semja brúklegt lagafrv. um notkun greiðslukorta en viðskipti með slík kort skipta hundruðum milljóna eða milljarða og eru einn stærsti þátturinn í efnahagslífi Íslendinga og að þingið skuli gefast upp við þetta nú, 10 árum seinna, það er með öllu óskiljanlegt. Þetta vildi ég bara láta koma fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðhagsstofnun, 2. umr.

Frv. HG og SJS, 25. mál (upplýsingasöfnun eftir kjördæmum). — Þskj. 25, nál. 995.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessu frv. um breytingu á lögum um Þjóðhagsstofnun var vísað til nefndarinnar og nefndin fékk umsögn frá Þjóðhagsstofnun, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Seðlabanka Íslands.

Fram hefur komið í umsögnum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands að hér sé um áhugavert mál að ræða og tekur nefndin undir það. Telur Þjóðhagsstofnun að landshlutauppgjör, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, gefi mun réttari mynd af þeim virðisauka sem myndast í hverjum landshluta en samanburður á útflutningstekjum á íbúa. Eins og nefndin fór fram á þá gaf Þjóðhagsstofnun upp lauslegt mat á þeim kostnaði sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér fyrir ríkissjóð. Þjóðhagsstofnun bendir á að ef byggt er á núverandi vinnutilhögun við framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga við gerð landshlutagreindra reikninga yrði kostnaðaraukinn verulegur. Þjóðhagsstofnun telur hagkvæmara að byggja á skýrslum um virðisaukaskatt og í framtíðinni stöðluðum ársreikningum fyrirtækja en kostnaðarauki yrði samt, þrátt fyrir það, talsverður. Í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er á það bent að kjördæmaskipan þurfi ekki að vera heppilegasta skiptingin sem stuðst er við við gerð landshlutareikninga.

Að fengnum þessum umsögnum þá telur nefndin að þetta mál þurfi að kanna betur, sérstaklega með tilliti til samstarfs Þjóðhagsstofnunar og skattyfirvalda á þessu sviði. Hún leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð fyrir hönd okkar flm. frv. Við sættum okkur eftir atvikum allvel við þessa afgreiðslu málsins. Þessu máli höfum við hreyft á tveimur ef ekki þremur þingum í framhaldi af fyrirspurnum sem lagðar voru fram á sínum tíma og fleiri aðgerðum sem við stóðum í til þess að reyna að afla þjóðhagslegra upplýsinga sem að einhverju leyti væru aðgreindar eftir kjördæmum eða byggðarlögum. Þá komu í ljós ýmis vandkvæði á því að fá greinargóðar upplýsingar flokkaðar með þeim hætti og í framhaldinu fluttum við þetta frv. Ég held líka að í umsögnum um það hafi komið fram, eins og reyndar er vitnað til í afgreiðslu nefndar, að það er full þörf á því að hyggja að því með hvaða hætti við getum aflar greinarbetri upplýsinga þannig að unnt sé að vinna úr þeim á grundvelli byggðarlaga, landshluta eða kjördæma. Það er í sjálfu sér skilgreiningaratriði og það er alls ekki af okkar hálfu neitt nauðsynlegt að binda það við kjördæmi fremur en einstök byggðarlög, einstaka landshluta eða sveitarfélög allt eftir því hvernig menn vilja vinna það.

Ég vil taka það fram að við treystum því að í þessari afgreiðslu felist vilji til að skoða þetta mál í alvöru og af því að hæstv. fjmrh. er nú á vakki einhvers staðar í kringum þingsalinn leyfi ég mér að beina þeim tilmælum til hans, af því að hann er einn viðstaddur eða var viðstaddur, hæstv. forseti, af allri samanlagðri ríkisstjórninni, að þetta mál verði vinsamlegast athugað eins og afgreiðsla nefndarinnar felur í sér. M.a. er þar verið að vitna til þess að nauðsynleg þátttaka skattyfirvalda þurfi að koma til og að byggja þurfi að hluta til á skattalegum upplýsingum til viðbótar upplýsingasöfnun aðila eins og Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Í trausti þess að að þessu máli verði hugað þá munum við styðja þessa afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

152. FUNDUR

þriðjudaginn 19. maí,
að loknum 151. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo stendur á með 13. dagskrármál, ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, 547. mál, að það er of seint fram komið. Skv. 2. mgr. 36. gr. þingskapa þarf leyfi þingsins til að það megi koma til meðferðar. Verður þess leyfis leitað og fer nú fram atkvæðagreiðsla.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Samþykkt með 43 shlj. atkv. að frv. yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (EH, EgJ, EKJ, GunnS, HG, ISG, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SigG, SP, StG, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá þarf að leita afbrigða skv. 90. gr. þingskapa vegna þess af of skammt er liðið frá 2. umr. um nokkur dagskrármál. Þau eru: Fiskistofa, 432. mál, Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 430. mál, Lífeyrissjóður sjómanna, 489. mál, Skattskylda innlánsstofnana og Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 426. mál. Sömuleiðis er of skammt er liðið frá því að frv. um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota var lagt fram og frá útbýtingu brtt. á þskj. 1040 og nál. á þskj. 1039. Verður nú þessara afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, EKJ, GunnS, HG, ISG, JónS, JVK, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 534. mál (ráðstöfun innstæðna). — Þskj. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RG, SigG, BIB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, SalÞ.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

14 þm. (PJ, RA, SP, StH, TIO, VE, EKJ, GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem sjálfur forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefur verið kallaður til vitnis til að dæma um misvitur störf stjórnmálamanna og hann með réttu bent á þá staðreynd að ekki er um verðfall á afurðum okkar að ræða þá þykir mér rétt að fram komi að hvað mig áhrærir ég tel að slæmt stjórnarfar sé ekki minni ástæða til útgreiðslu úr sjóðnum. Þess vegna segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1041).

Málefni fatlaðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 222. mál (heildarlög). — Þskj. 1000, frhnál. 1037, brtt. 946,10.c, 959, 1024 og 1036.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 959 kölluð aftur.

Brtt. 1036,1.a felld með 25:7 atkv. og sögðu

já: GHelg, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EKJ, GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1036,1.b felld með 25:21 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (IBA, KE, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EKJ, GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1024,1 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GB, HÁ, JHall, ÓÞÞ, PP) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EKJ, GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 946,10.c kölluð aftur.

Brtt. 1024,2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG,

SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1024,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (GHelg, GunnS, HG, ISG, JBH, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1036,2 felld með 27:7 atkv. og sögðu
já: GHelg, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1036,3 kölluð aftur.

Brtt. 1024,4 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1036,4 felld með 24:15 atkv. og sögðu
já: GB, GHall, GHelg, IBA, IP, JÁ, JHelg, JHall, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, MB, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (AÓB, FI, GÁ, HÁ, JGS, JVK, KÁ, KE, PP, VS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1024,5 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1036,5 felld með 27:6 atkv. og sögðu
já: GHelg, JÁ, KHG, MF, ÓRG, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, IBA, JóhS, JBH, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StH, SJS, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1042).

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 529. mál (uppbót vegna kjarasamninga). — Þskj. 896, nál. 963.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (GunnS, HÁ, HG, ISG, JónS, KSG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Greiðslukortastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 402. mál. — Þskj. 655, nál. 994.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 994 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PJ, RA, SP, StH, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Þjóðhagsstofnun, frh. 2. umr.

Frv. HG og SJS, 25. mál (upplýsingasöfnun eftir kjördæmum). — Þskj. 25, nál. 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 995 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SP, StH, SJS, TIO, VE) fjarstaddir.

Heimild til að selja kirkjujörðina Stóru-Borg, frh. 3. umr.

Frv. JHelg og MF, 435. mál (sölukvaðir). — Þskj. 1015.

Björn Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þessa atkvæðagreiðslu þar sem ég tel að flutningur þessa frv. hér á hinu háa Alþingi sé í raun óþarfur. Frv. er flutt að beiðni Grímsneshrepps. Samkvæmt því ákvæði sem hreppurinn vill að verði breytt getur hann sjálfur gert ákvæðið óvirkt í samráði við ríkissjóð. Ég tel að með þessu frv. sé Alþingi að blanda sér í mál sem aðilar þess eiga að leysa í samningum sín á milli og á grundvelli þeirra laga sem hafa ráðið í viðskiptum þeirra til þessa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JHall, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, SigG, StG, SJS, StB, VS, AÓB, ÁMM, EgJ, EKG, FI, GB, GÁ, HÁ.

nei: JóhS, JBH, RG, BIB, ÖS, BBj, DO, EH, EGuðn, FrS, GuðjG.

12 þm. (ÓÞÞ, SAÞ, SvG, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, EKJ, GHH, GHall, GHelg, HBl, SalÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE, GunnS, HG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Árni M. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög sérstakt mál sem við erum að fjalla um og hefur reynst mjög erfitt að fá fram þær upplýsingar sem eftir hefur verið leitað. Þó hafa þær upplýsingar, sem fram hefur komið, bent til þess að núverandi eigandi jarðarinnar hafi þurft að sæta kostum sem ekki tíðkuðust á þeim tíma þegar kaupin voru gerð. Þar sem ég hef ekki ástæðu til þess að rengja þá sem hafa komið fram með þessar upplýsingar og að mér virðist að þessi maður hafi sætt sérstökum kjörum, þá segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1043).

Fiskistofa, 3. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 1027.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

15 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1044).

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 1028.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS,

JGS, JBH, JHelg, JHall, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (AÓB, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (FrS, GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1045).

Lífeyrissjóður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 489. mál (ávöxtun á fé, bótaréttur o.fl.). — Þskj. 1029.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 39:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KE*, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, SvG.

7 þm. (AÓB, JÁ, JVK, KÁ, MF, ÓÞÞ, SJS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (GunnS, HG, ISG, JónS, KSG, KHG, LMR, ÓE, PP, PJ, RA, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1046).

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 1. umr.

Frv. meiri hluta félmn., 547. mál (heildarlög). — Þskj. 1031.

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota sem meiri hluti félmn. flytur. Nefndin fjallaði um þetta mál í morgun og fékk á sinn fund Hrafnhildi Stefánsdóttur frá VSÍ, Rögnu Bergmann frá ASÍ, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Halldór Grönvold frá ASÍ og Berglindi Ásgeirsdóttur frá félmrn.

Frv. er lagt fram í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga en komið hefur fram eindregin ósk aðila vinnumarkaðarins um að réttindi launþega við gjaldþrot yrðu tryggð með skýrum hætti í lögum en reglugerð yrði ekki látin nægja.

Með lögum nr. 1/1992 var komið á fót ábyrgðasjóði launa er skyldi lúta stjórn þriggja manna skipuðum fulltrúum félmrn., Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Þeirri stjórn var ætlað að móta reglur um það hvaða vinnulaunakröfur og hversu háar yrðu viðurkenndar. Reglugerð hafði ekki verið sett um þetta þar sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu ekki tilnefnt í stjórnina.

Með frv., sem hefur að geyma öll ákvæði er varða ábyrgðasjóð launa, eru réttindi launþega skilgreind nákvæmlega og þak sett á það hversu hátt aukagjald atvinnurekendum ber að greiða í sjóðinn. Gerðar eru auknar kröfur til lífeyrissjóðanna um að þeir sendi reglulega út yfirlit til launþega og er það forsenda þess að lífeyrissjóðsiðgjöld njóti ábyrgðar. Þá eru kynnt drög að nýjum starfsreglum er að þessu lúta.

Frv. þetta leysir af hólmi 6.–8. gr. laga nr. 1/1992 og lög nr. 88/1990. Helstu nýmæli frv. eru:

1. Miðað er við í 3. gr. frv. að ríkissjóður leggi sjóðnum til fé að láni ef á einhverju tímabili verður skortur á reiðufé. Viðbúið er að nokkrar sveiflur verði á útgjöldum sjóðsins og þykir eðlilegt að ríkissjóður jafni þær út með lánsfé sem endurgreiðist þegar tekjur sjóðsins fara á ný fram úr útgjöldum. Ef skuld við ríkissjóð nemur meiru en 50% af árstekjum sjóðsins er félmrh. þó heimilt að setja á aukagjald tímabundið allt að 0,1%. Reynist verulega skorta á að jafnvægi verði í rekstri sjóðsins þegar til lengri tíma er litið kann á hinn bóginn að þurfa að endurmeta ákvæði frv. um samhengi réttinda og iðgjalda. Tekið er fram að rekstur sjóðsins sé greiddur af ábyrgðargjaldinu.

2. Kveðið er á um það í 5. gr. að sjóðurinn ábyrgist skiptatryggingu fyrir launþega og lífeyrissjóði fáist hún ekki greidd út úr búinu. Krafa skiptaráðanda um tryggingu við upphaf gjaldþrots er 150 þús. kr.

3. Sjóðstjórn er í 5. gr. heimilað að ábyrgjast kröfur launþega án undangengis gjaldþrots enda liggi fyrir að viðkomandi fyrirtæki hafi sannanlega hætt rekstri og kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

4. Lagt er til í 7. gr. að lögfest verði það skilyrði til greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda úr ábyrgðasjóði að lífeyrissjóðirnir sendi reglulega út yfirlit til launþega. Ákvæði þetta er nær orðrétt tekið upp úr 2. mgr. 19. gr. frv. til laga um lífeyrissjóði. Þykir rétt að hnykkja á þessari skyldu með beinu lagaákvæði. Jafnframt er lögfest það skilyrði ábyrgðar lífeyrissjóðsins að launþegar bregðist við áskorun hans með tilkynningu í tíma, samanber þó e-lið þeirra vinnureglna sem lagt er til að teknar verði upp varðandi innheimtu sjóðanna.

5. Lagt er til í 8. gr. að til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs skuli launþegar innan 60 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits frá lífeyrissjóði, sbr. 7. gr. frv., ganga úr skugga um skil vinnuveitenda til lífeyrissjóðs sem greind eru á launaseðli hans. Séu vanskil á iðgjöldum skal launþegi innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að frumvarpið er flutt til að unnt verði að lögfesta þær óskir sem aðilar vinnumarkaðarins settu fram við gerð kjarasamninga. Enda þótt flestöll þau réttindi sem hér hafa verið nefnd mundu hafa rúmast í reglugerð telur meiri

hluti félmn. rétt að þau verði lögfest.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, á sér okkuð sérkennilegan aðdraganda en þannig háttar til að hæstv. ríkisstjórn gaf fyrirheit um það við frágang kjarasamninganna að lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota yrði breytt. Það bólaði ekkert á efndum þessa fyrirheits og er bersýnilegt að hæstv. ríkisstjórn hafði ekki hugsað sér að efna það. — Mér þætti betra, herra forseti, ef hæstv. félmrh. léti nú svo lítið að vera viðstödd umræðuna án þess að ég sé að gera mjög stífar kröfur í þeim efnum. Ef hún er í húsinu hvort eð er væri svo sem ekkert verra að geta spjallað við hana smástund.

Það sem liggur fyrir er að hæstv. ríkisstjórn hafði ekki hugsað sér að efna þetta fyrirheit um að breyta lögunum um ábyrgðasjóð launa. Hún hafði velt því fyrir sér að leysa þetta mál með setningu reglugerðar og ég tel satt að segja að það sé með ólíkindum að mönnum skuli koma til hugar að leysa mál af þessu tagi með setningu reglugerðar, ósköp einfaldlega vegna þess að hér er um að ræða svið kröfuréttarins sem auðvitað verður ekki varið né sótt nema á grundvelli laga. Það er því algerlega útilokað að breyta ákvæðum um ábyrgðasjóð launa öðruvísi en með lögum vegna þess líka að ríkisstjórnin hafði ákveðið síðasta vetur að fella kröfurétt lífeyrissjóðanna út að því er þetta mál varðar.

Það er með ólíkindum að mál skuli bera að með þeim hætti hér á hv. Alþingi að stjórnarandstaðan skuli þurfa að slíta þau út úr hæstv. ríkisstjórn svo að segja með töngum. Stjórnarandstaðan fékk ekki að sjá þau frumvarpsdrög sem eru stofninn að þessu frv. fyrr en um miðnætti í gærkvöld að mig minnir eða einhvern tíma sl. nótt. Það var strax afstaða mín sem starfandi formanns þingflokks Alþb. að við mundum auðvitað gera það sem við gætum til að greiða fyrir málinu og afgreiðslu þess. Ríkisstjórnin kaus hins vegar að útbúa málið með þeim hætti að í því felst ekki aðeins það að menn séu að breyta lífeyrisþætti laganna heldur er frv. þannig útbúið að verið er að taka öll lögin upp og sá sem styður lögin sé þar með að styðja afnám ríkisábyrgðar á launum af því að það er það sem er um að ræða, það er verið að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á launum við gjaldþrot. Það var sú breyting sem átti sér stað með bandorminum í vetur og í staðinn var ákveðið að leggja sérstakt 0,2% gjald á til þess að standa undir þessum ábyrgðasjóði.

Við stjórnarandstæðingar lögðumst gegn þessari breytingu. Við töldum að ríkisábyrgð á launum ætti að fá að halda sér eins og hún var þegar hún var sett í lög að frumkvæði Björns Jónssonar, páv. félmrh., árið 1973.

Þegar þetta mál var til meðferðar í vetur fluttu hv. stjórnarandstæðingar í hv. efh.- og viðskn. tillögu um og lögðu á það áherslu, a.m.k. í málflutningi sínum, að lífeyrisþátturinn og kröfur vegna lífeyris yrðu hluti af þessu ábyrgðakerfi. Ég minnist þess sjálfur að ég átti ítarlegar viðræður úr þessum ræðustól við hæstv. félmrh. um að það mundi ekki taka nema augnablik að ná samkomulagi við verkalýðshreyfinguna um lausn á þessu máli, ekki nema augnablik. Ég skoraði á hæstv. félmrh. að hefja þær viðræður til að koma í veg fyrir að bandormurinn yrði að þessu leyti afgreiddur í stríði við verkalýðshreyfinguna. Hæstv. félmrh. vildi ekki fara í þær eðlilegu viðræður við verkalýðshreyfinguna. Í staðinn varð verkalýðshreyfingin að beita afli samtaka sinna til þess að beygja ríkisstjórnina til undanhalds í þessu máli. Það dugði því miður ekki betur en svo að ríkisstjórnin ætlaði sér samt sem áður að þráast við að breyta lögunum og hugðist gera það með reglugerð.

Þetta mál, virðulegi forseti, er þriðja málið á dagskrá þessa fundar í dag þar sem um er að ræða frumvörp sem eru enn þá fyrirheit um kjarasamningana. Þar er að ræða bæði frumvörpin um atvinnuleysistryggingasjóð sem hafa verið rædd hér upp í dag og svo þetta frv. um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Það er augljóst mál að meginávinningur verkalýðshreyfingarinnar í þeim kjarasamningum sem nýlega hafa gengið yfir er fyrst og fremst fólginn í því að verkalýðshreyfingunni tókst að stöðva áform sem uppi voru um að lækka atvinnuleysisbætur og skerða þær og um að veikja mjög ábyrgð á launum við gjaldþrot.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að alger samstaða mun vera um þetta mál á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og ég tel að það sé mjög mikilvægt. Þar með felst í þessu máli, eins og það liggur fyrir, kjarasamningur eða hluti af kjarasamningi. Þó svo að ýmsir þættir í þessu máli séu þannig að það sé verið að láta ganga aftur vissa parta úr bandorminum munum við alþýðubandalagsmenn gera það sem við getum til að flýta þessu máli og leggja áherslu á að það verði staðið við kjarasamninga.

Við teljum að það sé mjög nauðsynlegt einnig, virðulegi forseti, að ganga tryggilega frá því að ekki einasta verði þingi lokið með því að þetta mál verði afgreitt heldur verði líka gengið tryggilega frá því að reglugerð um niðurfellingu lyfja- og heilsugæslukostnaðar til barna sem eru sex ára og yngri og er líka hluti kjarasamninga verði gefin út. Ég tel það til marks um sleifarlag að sú reglugerð skuli ekki vera komin út fyrir löngu. Ég er sannfærður um að það er aðeins hálfrar stundar verk eða svo að ganga frá þeirri reglugerð tæknilega. Mér er tjáð að heilbrrn. hafi uppi áætlanir um að ganga frá reglugerðinni þannig að hún taki gildi um næstu mánaðamót. Hæstv. umhvrh., sem er starfandi heilbrh.- og trmrh., hefur kallað hingað til þinghússins aðstoðarmann heilbrrh. sem hefur lýst sig reiðubúinn til að ræða við þá þingmenn, sem um þetta mál vilja fjalla, og það mál sem snýr sérstaklega að þessum börnum, sex ára og yngri, og er bersýnilega málefni heilbrrn. Ég teldi æskilegt að fulltrúar sem flestra flokka í hv. heilbr.- og trn. eða í grennd við hana komi að þeim viðræðum. A.m.k. geri ég ráð fyrir því að fulltrúar minni hlutans hafi áhuga á því að taka þátt í slíkum viðræðum.

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, að þegar þessi

umræða fer fram um það að efna kjarasamninga, skuli hæstv. forsrh. ekki láta sjá sig í salnum. Ég ætla ekki að kalla hingað inn. En ég tel að fjarvera hans staðfesti ákaflega vel þá takmörkuðu virðingu sem mér finnst að niðurstöðum kjarasamninganna sé sýnd af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er sérkennilegt að standa frammi fyrir því að það er stjórnarandstaðan sem þarf að slíta út mál frá ríkisstjórninni til að staðið verði tryggilega við kjarasamninga.

Ég endurtek að við alþýðubandalagsmenn munum greiða fyrir því að frv. verði að lögum. Við erum andvíg kerfisbreytingunni, sem ákveðin var í vetur, en það eru engar tillögur uppi um að breyta henni hér. Þar sem í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að taka lífeyrisiðgjöldin inn og sérstakur kafli, III. kafli frv., fjallar um lífeyrisþáttinn sérstaklega, þá er ljóst að það eru þættir málsins sem við getum stutt fyrir okkar leyti og greitt fyrir framgangi málsins þó að ábyrgðasjóðskerfið sé okkur ekki að skapi og við teljum enga ástæðu til þess að vera að létta undir með því.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að ríkisstjórnin hafi ekki ætlað að efna fyrirheit í kjarasamningum um að réttur til greiðslu launa og lífeyris við gjaldþrot yrði færður til samræmis við þær hugmyndir sem aðilar vinnumarkaðarins kynntu ríkisstjórninni.

Frv., sem varð að lögum fyrir stuttu um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992, kvað á um lágmarksréttindi fólks til greiðslu launa og lífeyris við gjaldþrot. Þar var jafnframt kveðið á um að ráðherra gæti ákveðið með reglugerð hvaða vinnulaunakröfur og hversu háar, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, njóti ábyrgðar sjóðsins. Það var mat lögfræðinga, sem um þetta mál fjölluðu, að sá réttur til greiðslu launa og lífeyris við gjaldþrot, sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu áherslu á, rúmaðist innan ramma reglugerðarinnar.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna kom misskilningurinn fram. Hann kom fram í þessum orðum hæstv. félmrh. þar sem sagði að rétturinn til að gera kröfu vegna launa og lífeyris rúmaðist innan ramma reglugerðarinnar. En við erum ekki hér að tala um lífeyri sem slíkan heldur erum við að tala um iðgjöldin og á því er auðvitað grundvallarmunur. Og þarna kemur í ljós að hæstv. félmrh. hefur ekki áttað sig á því út á hvað sú umræða gekk sem verkalýðshreyfingin setti fram kröfur um þegar frá samningunum var gengið. Nú skil ég af hverju ríkisstjórnin lá á þessu máli vikum saman án þess að koma því frá sér með eðlilegum hætti.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er útúrsnúningur eins og stundum kemur úr munni þessa hv. þm.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það vel að hæstv. félmrh. skuli sárna. Það er alveg ljóst hvað þarna hefur verið á ferðinni svo hún á alla mína samúð þó að hún bregðist ekki mjög drengilega við niðurstöðunni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki endurtaka það sem fram hefur komið í þessari umræðu um stórundarlega tilurð þessa máls. Eins og fram kom í hv. félmn. í morgun er það aðilum vinnumarkaðarins mjög mikilvægt að þetta skuli nú loks eftir dúk og disk hafa fengist fram í frumvarpsformi en ekki reglugerðar. Þetta er grundvallaratriði og á því eru veigamiklar skýringar sem að sjálfsögðu væri hægt að hafa alllangt mál um en ég mun ekki gera það.

Ég tek það fram að við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu greiða fyrir því að þetta mál hljóti skjótan framgang í þinginu þrátt fyrir að það hafi verið lagt fram með þeim hætti að við getum að sjálfsögðu ekki stutt það sem við andæfðum fyrr í vetur þegar bandormurinn illræmdi var til umræðu. En við erum vissulega ánægðar með þær breytingar sem hafa verið knúðar fram í kjölfarið á þeim samningaviðræðum sem staðið hafa í vetur og þeirri sáttatillögu sem hér hefur verið lögð fram. Það er gott að eitthvað hefur fengist út úr þeim.

Ég vil einnig taka fram að það er ekki lítils virði að lífeyrisiðgjöldin eru komin inn aftur og rétturinn er tekinn aftur inn í lög um ábyrgðina á launin. Það er auðvitað alvarlegt mál hvernig skuli vera hægt að fara í kringum það hvernig þessari ábyrgð er háttað í raun og veru. Auðvitað ætti þetta að vera klárt og kvitt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að öðru leyti en því að ég fagna því að í nefndinni í morgun kom fram með skýlausum hætti að það á að vera nokkuð tryggt að engar kröfur munu falla á milli, sem sagt engar kröfur sem fólk sem lenti í því á milli þess að bandormurinn var samþykktur og þess að þessi lög taka gildi. Fólk verður ekki réttlausara út af kröfum sem skapast á þeim tíma vegna þess hvernig þessum lögum er háttað. Miðað er við hvenær þær eru teknar fyrir en ekki hvenær þær kröfur skapast. Úr því sem komið er held ég að hægt sé að una nokkuð þokkalega við að fá þó að taka þátt í því að knýja stjórnina til þess að vinna þetta mál áfram með þeim hætti sem aðilar vinnumarkaðarins hafa kosið. Ég sé ekki ástæðu til annars en þess að við getum greitt götu málsins í þinginu og það mun ég gera með því að tala ekki lengur.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Frv. þetta fjallar um breytingar á lögum um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota eins og þau voru samþykkt með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 eða eins og þau voru afgreidd frá Alþingi 23. jan. sl.

Stjórnarandstaðan lýsti sig þá algjörlega andvíga þeirri lagasetningu og tók með því undir hörð mótmæli aðila vinnumarkaðarins. Áður en gengið var frá

kjarasamningum knúðu aðilar vinnumarkaðarins ríkisstjórnina til að gefa fyrirheit um að draga til baka nokkur ranglát ákvæði í þeirri lagasetningu, þar á meðal um ábyrgðasjóð launa.

Með þessu frv., sem við erum að ræða, er verið að standa við þau fyrirheit þó að athyglisvert sé að ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til að flytja frv. heldur hefur fengið nokkra þingmenn úr stjórnarflokkunum til þess. Með þeim breytingum sem felast í frv. er viðurkenndur réttur lífeyrissjóða til vangreiddra lífeyrisgjalda og nokkur fleiri jákvæð atriði. Þetta er að sjálfsögðu gott að ríkisstjórnin hefur verið knúin til að leiðrétta nokkur afglöp sín. Engu að síður telur stjórnarandstaðan að ríkisstjórnin verði þar að bera ábyrgð.

Í frv. eru enn mörg atriði sem þingflokkar stjórnarandstöðunnar lýstu sig algjörlega andvíga og vísa þar til umræðna og nál. um bandorminn. Tími til nefndarstarfa hefur líka enginn verið þar sem ríkisstjórnin dró fram á síðasta áætlaða fundardag Alþingis að koma þessu frv. á framfæri.

Minni hluti félmn. telur eðlilegt að ríkisstjórnin flytji þetta mál fram en ekki félmn. en mun ekki standa í vegi fyrir því að frv. verði að lögum og mun greiða fyrir því á allan hátt að hægt sé að standa við ákvæði kjarasamninga.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er það frekar samsvar en andsvar sem ég ætla að veita. Ég vil geta þess vegna þess að ég gerði það ekki að umtalsefni í ræðu minni að ég tek undir furðu þess þingmanns sem flutti mál sitt áðan á því hvers vegna í ósköpunum ríkisstjórnin treystir sér ekki til að flytja þetta frv.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það þarf svo sem ekki miklu við það að bæta sem fram hefur komið frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu. Ég vildi þó segja að það er skilningur minn á ákvæði 3. gr. frv., þar sem kveðið er á um að skorti á jafnvægi í rekstri sjóðsins til lengri tíma litið, að það kunni að þurfa að endurmeta ákvæði frv. um samhengi réttinda og iðgjalda.

Ég vil láta það koma fram að það er skilningur minn að til þess að endurmeta þetta samhengi, eins og það heitir á máli frumvarpshöfunda, þurfi nýja lagasetningu. Ég hygg að menn séu sammála um þessa túlkun í nefndinni og óska eftir því ef svo er ekki að það komi fram ef menn eru ósammála því að það þurfi nýja löggjöf til þess að breyta þessu samhengi réttinda og iðgjalda.

Ég fagna því að sérstaklega er tekið á um réttindi skyldusparnaðar í þessu frv. í a-lið. 5. gr. Það er ánægjulegt að menn hafa munað eftir því að það eru fleiri hagsmunir en hagsmunir þeirra sem eru að leggja til hliðar í lífeyrissjóð og ég hlýt að minna á áhugaleysi hæstv. félmrh. á réttindum skyldusparenda sem nema tugum þúsunda. Fyrir rúmu ári, í febrúar 1991, sendi húsnæðismálastjórn hæstv. ráðherra frv. vegna þess að stofnunin hefur ekki lagaleg úrræði til að tryggja innheimtu skyldusparnaðar þeirra ungmenna sem er skylt að spara og bað um að það yrði flutt. Efnisatriðin voru þau að tryggja réttindi skyldusparenda. Það frv. virðist hafa lent ofan í skúffu ráðherrans og þegar þau mál bar hér á góma fyrr í vetur kannaðist ráðherrann ekkert við þetta frv. En ég hygg að ráðherrann hafi fundið þetta frv. þegar hann gáði betur ofan í skúffurnar. Þetta var áhugi hæstv. félmrh. á hagsmunum skyldusparenda.

Ég vil láta koma fram vegna orða hæstv. ráðherra, og ég bið nefndarmenn að leiðrétta mig ef mig misminnir í þeim efnum, þá kom það fram af hálfu aðila ASÍ og VSÍ að það var þegar ljóst við samningsgerð að lagabreytingu þyrfti. Það þyrfti lög til þess að uppfylla þetta ákvæði kjarasamninga.

Því eru skýringar hæstv. félmrh. á því að vísa til ákvæða bandormslaga um útgáfu reglugerðar alveg út í hött. Hæstv. ráðherra verður að koma fram með trúverðugar skýringar á því hvers vegna ráðherrann hefur ekki flutt þetta mál inn á þingið til að efna kjarasamninga. Hvers vegna varaformaður Alþfl. efnir ekki kjarasamninga, gengur ekki fram í því eins og honum ber þannig að þegar málið er komið á síðasta snúning er því kastað fram í þingi af nefndinni. Auðvitað átti hæstv. félmrh. að hafa forgöngu um málið og flytja það ef áhugi var fyrir því að uppfylla ákvæði kjarasamninga.

Þetta vildi ég að kæmi fram og bið þá nefndarmenn að leiðrétta mig hafi ég tekið þar rangt eftir, en eins og ég gat um áðan lýstu aðilar ASÍ og VSÍ því yfir að strax hefði legið fyrir að það þyrfti lagagjörð til að uppfylla þetta.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns nefni ég að í núgildandi lögum um ábyrgðasjóð launa er ábyrgð á skyldusparnaði þannig að engin breyting verður þar á miðað við það frv. sem hér liggur fyrir.

Út af þeim orðum sem hér hafa fallið um að ríkisstjórnin treystir sér ekki til að flytja þetta frv. þá er það rangt. Þetta var gert til hægðarauka og um það rætt við aðila vinnumarkaðarins að félmn. mundi flytja þetta mál með líkum hætti og var gert við frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð sem var liður í kjarasamningum. Það mál flutti heilbr.- og trn. Hér er því nákvæmlega eins að farið þó að minni hluti félmn. hafi ekki treyst sér til að fylgja meiri hlutanum í því að fylgja þessu máli eftir inn í þingið.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær var það rætt í félmn. að hún flytti þetta frv.? Ég frétti fyrst af því í nótt, á þessum sólarhring sem nú er að líða. Hvað er langt síðan kjarasamningar voru gerðir?

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar varðandi 3. gr.

langar mig, með leyfi forseta, að lesa næstsíðustu málsgrein 3. gr. Hún hljóðar svo:

„Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Nemi uppsöfnuð skuld ábyrgðasjóðsins við ríkissjóð í árslok hærri fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra árstekna af ábyrgðargjaldi er félmrh. heimilt með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið um allt að 0,1% þar til jafnvægi er náð."

Í framsögu minni fyrir þessu frv. kom fram að reynist verulega skorta á að jafnvægi verði í rekstri sjóðsins þegar til lengri tíma er litið kann á hinn bóginn að þurfa að endurmeta ákvæði frv. um samhengi réttinda og iðgjalda. Því er það mat mitt við spurningu þingmannsins að endurskoðun á ákvæði hljóti að þýða lagabreytingu ef það gerist og þegar þar að kemur.

Aðeins vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um lagasetningu eða reglugerð. Hvað sem menn vilja ræða um aðdraganda þessa máls er staðreyndin sú að seint í gærkvöld var það ljóst að það var mjög sótt á af hálfu verkalýðshreyfingar að fá þessa lagasetningu. Það var sest saman yfir þetta mál af hálfu þeirra. Eins og fram hefur komið þá kom þetta seint hingað. Snemma í morgun lá fyrir að fundur yrði í félmn. og aðilar töldu þetta mjög góða lausn á flutningi þessa máls. Ég varð fúslega við því sem formaður félmn. að taka málið inn í nefndina og var alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins töldu að félmn. mundi öll vilja standa að þessu máli. Það gerðist hins vegar ekki og því var það flutt af hálfu meiri hluta félmn. Ég tel brýnt að við stöndum saman að þessu máli en förum ekki að karpa um það hvort ráðherra eigi að flytja þetta mál.

Ég vil, forseti, að lokum harma það hve stuttur tími er til andsvara, benda á bls. 9 í frv., lokagrein. Þar segir um 9.–18. gr.: Þarfnast ekki skýringa enda óbreyttar frá gildandi lögum. Þær eru einungis teknar með þannig að ekki þurfi að endurútgefa lögin.

Þetta er mjög þýðingarmikið.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir svar hennar. Það staðfestir að ekkert var rætt við félmn. fyrr en í gærkvöldi. Það staðfestir að málið var ekkert undirbúið af hálfu hæstv. félmrh. Það staðfestir það sem ég taldi mig muna rétt frá fundinum að aðilar vinnumarkaðarins sögðu í morgun að það hefði legið ljóst fyrir strax við samningsgerð að lagabreytingu þyrfti. Það er því alveg ljóst hvernig svo sem menn skoða þetta mál að öll spjóta standa á hæstv. félmrh., varaformanni Alþfl., á því hvers vegna málið er svona seint fram komið. Það virðist vera, virðulegi forseti, að ráðherrann hafi ekki viljað leggja málið fram og efna kjarasamninga.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er þetta fráleitt sem fram kemur í málflutningi síðasta ræðumanns og fyrir neðan virðingu hans að halda því fram að ég hafi ekki ætlað að efna loforð í tengslum við kjarasamningana eða ríkisstjórnin hafi ekki ætlað að efna þau. Reglugerð sem var tilbúin með þeim efnisatriðum sem verkalýðshreyfingin hafði lagt áherslu á lá fyrir og hún hafði verið send aðilum vinnumarkaðarins til umfjöllunar. Aðilar vinnumarkaðarins lögðu engu að síður áherslu á að þetta kæmi inn í þingið og yrði lögfest þótt ekki yrðu bornar brigður á það að þetta rúmaðist innan reglugerðar.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem fram hefur komið hjá mér og ekki verið mótmælt að það lá fyrir við kjarasamningagerð að það þyrfti lagabreytingar. Reglugerðartal dugar ekkert í því efni. Hæstv. félmrh. getur ekki skotið sér á bak við það að hún ætli að setja reglugerð þegar það lá ljóst fyrir að það var ekki nóg.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði talið hollt til íhugunar að fara aðeins yfir þessi ákvæði þingskapanna um andsvör því að mér finnst ekki gott þegar aðrir ræðumenn hafa beðið um orðið að andsvaraskipti gangi þannig til að þeir sem veitt hafa eitt andsvar geti síðan þagnað, síðan hefjast orðaskipti milli ræðumanns og næsta andsvaranda en þá kemur sá sem fyrr var búinn að nýta rétt sinn aftur inn í umræðuna. Ég hef ekki séð þetta framkvæmt svona áður og hélt að venjan væri að ljúka orðaskiptum milli þess sem fyrst beiðir andsvars og ræðumanns og síðan milli þess næsta og svo koll af kolli meðan tíminn leyfir í 15 mínútur. En ekki fleiri orð um það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég vil greiða götu þess í gegnum þingið vegna þess að það lagfærir meingallað fyrirkomulag sem hæstv. ríkisstjórn lögfesti í vetur. Ég vil líka gera það fyrst og fremst vegna þess að þetta tengist nýgerðum kjarasamningum og þá ber að efna og auðvitað er skylda ríkisvaldsins að tryggja að svo sé.

Ég er hins vegar andvígur því fyrirkomulagi sem hér er í lögum og get ekki greitt því atkvæði mitt af þeirri einföldu ástæðu að ég barðist hart gegn því að eldri lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot fyrirtækja yrðu eyðilögð með þeim hætti sem hér var gert af hæstv. ríkisstjórn sl. vetur. Ég hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum. Ég er jafnandvígur því að þessum byrðum sé við núverandi aðstæður velt yfir á atvinnulífið. En ég mun hins vegar ekki leggja stein í götu þess að unnt sé að uppfylla ákvæði kjarasamninga í þessu efni.

Ég hlýt þó að taka fram að mér er sérstakt fagnaðarefni að þó svo að þessar byrðar hvíli á herðum atvinnulífsins, launafólksins í landinu og fyrirtækjanna, er á nýjan leik tekið inn í sjóðinn og viðurkenndar kröfur vegna vangoldinna lífeyrisiðgjalda. Ég kveið því sem upp mundi hefjast ef hefði átt að vísa frá réttmætum kröfum lífeyrissjóðanna af þessu tagi og það hefði augljóstlega haft stóralvarleg áhrif á samskipti lífeyr-

issjóðanna í landinu við fyrirtækin, sérstaklega þau þeirra sem eiga í erfiðleikum. Það liggur í hlutarins eðli að lífeyrissjóðirnir hefðu þurft að ganga miklu harðar fram við innheimtu á öllum gjaldföllnum kröfum og ganga fyrr og harðar að fyrirtækjunum en ella er. Það þarf ekki flókna röksemdafærslu til að skilja hvers vegna þetta er mikilvægt af þeim sökum.

Auðvitað er þetta einnig mikilvægt vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru upp til hópa svo illa staddir fjárhagslega að þeir mega ekki við því að verða fyrir áföllum af því tagi sem orðið getur við gjaldþrot stórra fyrirtækja þar sem vangoldin lífeyrisiðgjöld skipta stórum upphæðum.

Um þá þrætu, sem hefur lítillega farið fram um það hvort nauðsynlegt sé að setja lög í þessu sambandi eða ekki, segi ég bara þetta: Ég skil ekki hvers vegna menn halda áfram að þræta um slíkt þegar viðurkennt er að vafi geti leikið á því að fullnægjandi lagastoð sé fyrir hendi. Ég hélt að það væri svo sjálfsögð vinnuregla að beita við svona aðstæður að leiki nokkur minnsti vafi á því að fullnægjandi lagastoð sé fyrir hendi þá er úr því bætt. Ég þarf ekki flóknari röksemdarfærslu til en þetta til þess að vera sannfærður um að það er auðvitað rétt að flytja hér frv. og ganga tryggilega frá því með lögum að unnt sé að uppfylla ákvæði kjarasamninga.

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem verið hafa um þetta mál finnst mér að við höfum ekki fengið svör við því hvers vegna hæstv. ríkisstjórn flytur ekki málið. Hvers vegna félmn. Alþingis? Mér finnst það mjög einkennilegur aðdragandi. Ég fékk þetta frv. í hendurnar klukkan tvö í nótt, það var fundur klukkan hálfníu í morgun. Mér finnst ég hafa ekki fengið svör við því hvers vegna hæstv. ríkisstjórn flytur ekki þetta mál.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður telur sig ekki hafa fengið fullnægjandi svör við því af hverju ríkisstjórnin hefði ekki flutt þetta mál. Sú skýring kom fram hér áðan að þetta er flutt með sama hætti og frv. um breytingu á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð sem er hluti af kjarasamningum. Það frv. flutti heilbr.- og trn. og þá var engin athugasemd gerð við þá málsmeðferð.

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held alls ekki að það sé hægt að bera þessi tvö mál saman vegna þess að það var algjört samkomulag um það mál. En um grunninn að þessu máli var ekki samkomulag og það vissi hæstv. félmrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, FI, FrS, GuðjG, GHall, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, JBH, JónS, KSG, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 1030, nál. 870, brtt. 1035.

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hafði beint fjölmörgum fyrirspurnum í þessu máli til hæstv. fjmrh. og vænst þess að hann mundi svara þeim en ég skal játa að ég tel það í sjálfu sér þýðingarlaust. Það virðist vera þýðingarlaust að ræða þetta mál við hv. stjórnarliða á Alþingi. Málið er meingallað, það mismunar stofnunum, það íþyngir atvinnuvegunum og það stenst að mínu mati ekki lágmarkskröfur sem þarf að gera til mála í skattarétti. En það virðist ekki skipta hæstv. ríkisstjórn nokkru máli. Málið skal í gegn hvað sem hver segir og það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að leggja þessar álögur á, sérstaklega á iðnaðinn og sjávarútveginn.

Það á að halda áfram að íþyngja þessum atvinnugreinum í stað þess að létta undir með þeim þegar samdráttur er í samfélaginu svo hægt sé að skapa fleira fólki atvinnu, svo hægt sé að minnka atvinnuleysið og auka útflutninginn og verðmætasköpunina og auka þar með tekjur ríkissjóðs. Öllum þessum sannindum hefur hæstv. ríkisstjórn gleymt og þó sérstaklega Sjálfstfl.

Ég hélt ítarlega ræðu um þetta mál við 2. umr. og það voru ekki margir hæstv. ráðherrar sem sinntu því að hlusta á hana og kannski er það eðlilegt, þeir hafa um annað að hugsa. En ég vil skora á hæstv. fjmrh. að endurskoða enn á ný afstöðu sína til þessa máls, ekki síst vegna þess að hann er að tala um það að gera ýmsar leiðréttingar á málinu, t.d. að endurskoða afskriftaprósentu útlánastofnana og fjárfestingarlánasjóða og viðurkennir að hún þurfi að vera með öðrum hætti. Hvaða vit er í því að vera að setja lög í samfélaginu og viðurkenna um leið að það þurfi að lagfæra þau? Er ekki betra að bíða átekta? Hvaða vit er í því að viðurkenna að það þurfi að breyta fyrirkomulagi fjárfestingarlánasjóðanna og koma þar á samræmdu skipulagi, en rjúka í það að skattleggja viðkomandi stofnanir fyrst, stofnanir sem starfa í mismunandi tilgangi og samkvæmt mismunandi skipulagi. Ríkisstjórnin býr til þennan óskapnað sem mun vekja upp mikla óánægju meðal þessara sjóða og það verður sérstaklega fróðlegt þegar menn fara að skoða skattuppgjör ákveðins stofnlánasjóðs með fleiri hundruð milljóna skattalegu tapi árlega án þess að sjóðurinn sé að tapa. Það er alveg nýtt í íslenskum skattarétti. Ég býst við því að sjávarútvegurinn muni sækja á um það að

fara á ný að greiða til Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi. Það tókst nú sem betur fer að leggja það af fyrir allmörgum árum en ég á von á því að hann vilji fá lögbundin framlög til Fiskveiðasjóðs svo hægt sé að gera þann sjóð upp með svipuðum hætti. Ég get trúað því að það þyki mörgum skrítið að því er iðnaðinn varðar, en ég veit ekki betur en Iðnlánasjóður fái iðnlánasjóðsgjald og það hefur oft verið um það rætt að sjávarútvegurinn greiði eitthvert sambærilegt gjald. Í frv. stendur að lögbundin framlög teljist ekki til skattskyldra tekna.

Ég vona að hæstv. fjmrh. skoði þetta aðeins áður en lögin verða sett þannig að hann þurfi ekki að koma aftur í haust og biðja Alþingi um að leiðrétta þetta mál með sama hætti og hér er verið að leiðrétta mál, leiðrétta löggjöf sem sett var á sl. hausti, þrátt fyrir aðvaranir, vegna þess að hún var illa undirbúin. Flest af þeim frv. sem hér hafa verið til umfjöllunar eru illa undirbúin, það sýna brtt. Þess vegna ætti ríkisstjórnin að sýna skynsemi í sem flestum málum og vísa þeim til föðurhúsanna, inn á skrifborðin hjá ráðherrunum, eins og gert var með greiðslukortafrumvarpið. Þá voru tekin upp ný vinnubrögð af hæstv. ríkisstjórn, athyglisverð en skynsamleg vinnubrögð, og ég skora á hæstv. fjmrh. að taka það fordæmi til eftirbreytni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Við leggjum til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, ekki vegna þess að við höfum traust á þessari ríkisstjórn, en við teljum nauðsynlegt að hún fái ráðrúm til að átta sig á málinu og koma að nýju með það til þings. Við erum með þessu ekki að útiloka að þessar stofnanir greiði skatta og skyldur umfram það sem þær gera í dag. En það er ekki sama hvernig að því er staðið og það er ekki sama hvenær það er gert. Þegar samdráttur er í þjóðfélaginu á að fara varlega í skattlagningu til að auka ekki samdráttinn. Þegar þensla er eiga menn fremur að koma á skattlagningu sem skynsamlegt er talið að koma á til að draga úr þenslunni. En eru einhvers staðar þenslumerki í samfélaginu í dag? Ég hef ekki orðið var við þau. Það má vel vera að hæstv. fjmrh. hafi séð þau einhvers staðar og væri fróðlegt að heyra hvað hann hefur um það að segja.

Við munum því sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins. Það verður afgreitt algjörlega á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar en við væntum þess að ríkisstjórnin dragi annaðhvort málið til baka eða samþykki að vísa því inn á skrifborð fjmrh. og erum ekki að ætlast til þess að hann setji það í skúffuna þar sem stendur á „óhæf frumvörp". Við erum þvert á móti að hvetja hæstv. fjmrh. til að hafa frv. á borði sínu og vinna betur í því. Ég er hræddur um að hæstv. fjmrh. hafi sáralítið unnið í málinu, svo mikið er traust hans á fyrrv. fjmrh. þótt mörgum finnist það vera fremur ólíklegt, miðað við það hvað þeim fer oft hér á milli. Þá er það samt niðurstaða málsins að hæstv. fjmrh. hefur haft mikið traust á fyrrv. fjmrh. og hann er þess trausts verður en það vildi bara svo til að hæstv. núv. fjmrh. hafði gleymt því eða það farið fram hjá honum að fyrrv. fjmrh. hafði ákveðið að draga málið til baka og vinna betur í því í ráðuneytinu. Hann gat ekki gert það af ákveðnum ástæðum en hæstv. núv. fjmrh. lét vera að fara í þessa vinnu.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var í nótt að ég féll frá því að ræða nokkuð um þetta frv. til að greiða fyrir því að 2. umr. lyki. Þá gaf hæstv. fjmrh. út yfirlýsingu um að hann mundi svara fram komnum spurningum í upphafi 3. umr. en ég heyri að hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur gefist upp við að knýja á um svör frá hæstv. fjmrh. Hins vegar hef ég gert nokkrar tilraunir í þessari umræðu til að beina fáeinum spurningum til hæstv. forsrh., gerði það að vísu ekki síðustu nótt til að tefja ekki fyrir umræðum. En ég vil beina því til virðulegs forseta að fá hæstv. forsrh. til umræðunnar svo hægt sé að koma að þessum þáttum. Meðan ég bíð eftir hæstv. forsrh. get ég alveg tekið undir það með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það er þörf á því að hæstv. ríkisstjórn vinni frv. betur.

Ég hef lýst því fyrr á þessu þingi að þegar ég kom í fjmrn. 1988 lá texti að frv. í ráðuneytinu og í miklum önnum haustið 1988, fyrsta þingveturinn sem sú ríkisstjórn sat, flutti ég frv. á Alþingi, að vísu í aðeins ítarlegri búningi, en komst síðan að raun um það eftir umræður í þinginu og athugun á málinu að skynsamlegt væri að leggja hluta af skattlagningunni til hliðar. Frv. lá í þeirri skúffu sem hefur í gamansömum tón í umræðunni verið nefnd „ónýt frumvörp" þar til núv. hæstv. fjmrh. kýs að flytja frv. á nýjan leik hér á þinginu í óbreyttum búningi frá því að ég skildi við það í ráðuneytinu. Ég verð að segja að það kom mér satt að segja mjög á óvart.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. að því hvenær sú stefnubreyting hafi átt sér stað hjá Sjálfstfl. að knýja á um að þessi skattahækkun sé í formi þeirrar skattlagningar sem hér er gerð tillaga um. Satt að segja var það ekkert skattafrumvarp, sem ég kom með inn á þingið í tíð síðustu ríkisstjórnar, sem Sjálfstfl. krafðist jafneindregið að yrði lagt til hliðar og þetta frv.

Mín fyrsta spurning er þess vegna: Hvenær átti þessi stefnubreyting sér stað hjá Sjálfstfl. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. um samhengið í því sem ríkisstjórnin er að gera gagnvart sjávarútveginum.

Við höfum í dag lögfest frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins vegna þess, og það eru meginrökin hjá ríkisstjórninni, að sjávarútvegsfyrirtækin séu svo illa stödd að nauðsynlegt sé að grípa til þess ráðs að greiða út úr Verðjöfnunarsjóðnum þrátt fyrir það að forstjóri Þjóðhagsstofnunar mæli eindregið gegn því.

Fyrr á þessu þingi hefur ríkisstjórnin knúið á um það að nýjar skattaálögur, hreinar skattaálögur, væru lagðar á sjávarútveginn sem nema í kringum 700–800 millj. kr. Með frv. sem hér er verið að samþykkja er því ómótmælt að það mun hafa í för með sér enn frekari álögur á sjávarútveginn. Heildarskattbyrðin til viðbótar við það sem verið hefur, sem fellur á sjávarútveginn á þessu ári, vegna lagasetningar hæstv. ríkisstjórnar er tæpur milljarður. Eða með öðrum orðum,

það sem verið er að gera hér er að ríkisstjórnin í vetur og allt fram til síðasta dags þingsins flytur frv. og krefst þess að þau séu gerð að lögum sem leggja nýjar skattaálögur á sjávarútveginn sem nemur tæpum milljarði. Síðan segir ríkisstjórnin: Sjávarútvegurinn er orðinn svo illa staddur að nú verður að breyta lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins til að forðast atvinnuleysi. Tæpur helmingur af útgreiðslunni úr Verðjöfnunarsjóðnum er ígildi þeirra skattahækkana sem ríkisstjórnin hefur lagt á sjávarútveginn.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh., sem er ábyrgðaraðilinn að þessu öllu saman, ábyrgðaraðilinn að því sem hæstv. sjútvrh. það okkur um að gera fyrr í dag og við gerðum, og hæstv. fjmrh. sem í kvöld er að biðja okkur að gera það sem við erum að mæla gegn — hvert er samhengið? (**ÓÞÞ:** Það er bara verið að ná peningunum af sjútvrh.) Í ríkiskassann? Já, það er auðvitað hugsanlegt að það sé skýringin, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að hér sé verið, með því að breyta lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, að leggja fjmrh. sérstakt lið til þess að hann geti fengið þessa peninga í ríkiskassann. Óneitanlega er það þannig, hæstv. forsrh., sem málið lítur út. Hér er milljarður færður inn í ríkiskassann frá sjávarútveginum og síðan eru færðir rúmir tveir milljarðar úr Verðjöfnunarsjóði yfir í sjávarútveginn til þess að hann geti staðið undir hinni nýju skattheimtu. Ég vona að hæstv. forsrh. forláti þó að við spyrjum þegar liðið er langt að þinglokum: Hvert er samhengið í þessu? Er eitthvert samhengi í þessu? Eða veit ekki hægri hönd ríkisstjórnarinnar hvað sú vinstri gerir?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. og reyndar einnig hæstv. fjmrh.: Hver er heildarupphæð þeirra viðbótarskatta sem þessi ríkisstjórn hefur lagt á almenning í landinu á sínu fyrsta ári? Þá er ég ekki að tala um þjónustugjöldin. Við skulum halda þeim alveg fyrir utan það. Ég er að tala um beina, nýja skatta, breytingar á tekjuskattinum sem færðu ríkissjóði stærri hlut af þeim skattstofni, breytingar á ýmsum hefðbundnum skattgjöldum og sú skattlagning á sjávarútveginn sem hér er verið að tala um. Mér sýnist fljótt á litið, ég er þó ekki með það á blaði fyrir framan mig, að fyrir utan hækkanirnar á þjónustugjöldunum séu 2–3 milljarðar af nýjum, beinum sköttum sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á á sínu fyrsta ári. Stefnan hjá Sjálfstfl. var hins vegar að lækka skattana. Það var að vísu deilt um það hvort hún ætlaði að afnema strax alla skattana sem síðasta ríkisstjórn hafði lagt á eða hvort hún ætlaði að gera það í áföngum. Látum þá deilu liggja á milli hluta. En það er alveg ljóst að á þessu fyrsta ári hefur hún stóraukið hreina skatta og heldur núna þinginu í spennitreyju síðasta þingdaginn til að geta gert þar eitt af sínum síðustu verkum, að auka skattana. Og það er kannski besta kórónan á þessu fyrsta þingári ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að á lokaspretti þingsins er það úrslitakrafa ríkisstjórnarinnar að fá nýjan skatt og þingið fari ekki heim fyrr en það er búið að færa ríkisstjórninni enn á ný nýjan skatt. Það sannar þá kenningu að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur slegið met allra fyrri ríkisstjórna í skattheimtu. Það blasir við. Menn sögðu að síðasta ríkisstjórn hefði átt það met. Gott og vel. Það var það sem Sjálfstfl. sagði á síðasta kjörtímbili, en það er óumdeilanlegt að þeir hafa bætt um betur.

Virðulegi forseti. Þetta voru þau atriði sem ég vildi bera upp við hæstv. forsrh. Ég hef sýnt nokkra tilhliðrun í umræðum síðustu daga til að greiða fyrir því að málið geti runnið áfram án þess að ég kæmi þessu að. En mér er málið nokkuð skylt vegna þessi að þessi krógi sem Sjálfstfl. hefur nú tekið í fóstur mun vera upprunninn hjá mér. Ég komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að hann væri ekki á vetur setjandi og lagði hann því til hliðar og bjóst ekki við því að hann yrði endurvakinn. En það hefur nú gerst að Sjálfstfl. hefur tekið miklu ástfóstri við þennan króga. Ég ætla ekki að nota tímann hér til þess að rökstyðja skynsemina í því að ríkisstjórnin taki sér meiri tíma í að skoða málið. Það gerði ríkisstjórnin ekki áður en hún lagði það fram. Það er hins vegar ljóst að það hefur orðið nokkur breyting á málinu í þinginu sem betur fer en það dugir ekki til. Vissulega væri það skynsamlegast að hún tæki sér sumarið í að skoða það en ég býst varla við að á síðustu klukkustundum þingsins muni ríkisstjórnin skipta um skoðun. Ég vil gjarnan fá fram okkur til upplýsingar og öðrum til skýringar hvaða röksemdir liggja á bak við þá stefnubreytingu sem er verið að knýja á um, sérstaklega í ljósi þess sem sagt var hér fyrr á árum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki stund, þótt staðurinn sé réttur, að ræða um grundvallaratriði við 3. umr. þessa máls. Það er oft þannig í pólitíkinni að það vill þvælast fyrir mönnum að sjá samhengi hlutanna. Ég hef aðeins verið að reyna að átta mig á samhenginu í þessu máli hjá hv. þm. sjálfum sem lagði málið fram. Ég hef ekki enn þá fengið fullnaðarskýringar í sjálfu sér hvað það var sem varð til að hann breytti um skoðun á því, jafnvel þó að hann segi að frv. hafi þá þegar lagast verulega frá því sem það var þegar hann lagði það fyrst fram. Maður hefði haldið að jafnhugull og grandvar maður og hv. flm. sem leggur fram frv. af þessu tagi sem fjmrh., horfir síðan framan í það í annað sinn og viðurkennir að það hefur stórlega verið betrumbætt, færi nú nær um að rétt væri að hann styddi frv., þennan króga, eins og hann orðaði það, sem hefði ekki á sínum tíma verið á vetur setjandi. Hann hefði verulega braggast samkvæmt því sem hv. þm. segir sjálfur. Því skil ég ekki alveg það samhengi hlutanna að hann skuli ekki vilja styðja málið.

Varðandi það að við höfum aukið skattheimtu er ég honum ósammála. Varðandi tekjuskattinn höfum við notað þær reiknireglur sem áður voru notaðar varðandi persónuafslátt. Það var að vísu gagnrýnt af Alþýðusambandinu en það var sama reikniregla og hv. þm. notaði þegar hann var hæstv. fjmrh. Ég sé engan mun á því. Hann kann þó að eiga við breytingar á barnabótum og slíkum greiðslum. Ég lít ekki svo á að þær breytingar þýði skattahækkanir. Um það má í sjálfu sér endalaust deila reyndar eins og um þjónustugjöld sem

vissulega er deilt um hvort eru skattar eða ekki. Mín skoðun er sú að á því sé verulegur eðlismunur hvort þar sé um skatt að ræða eða ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var satt að segja lítið um svör hjá hæstv. forsrh. Mér fannst að vísu nokkuð skemmtilegt að sjá hvað hann var orðinn ánægður með þennan nýja skatt og stoltur af króganum sem hann hafði komið til nokkurs þroska og gefið líf. Það er gaman að sjá hæstv. forsrh. Davíð Oddsson svo ánægðan með nýju skattana sína.

Ástæðan fyrir því, hæstv. forsrh., að ég endurflutti frv. ekki, sem ég hefði getað gert, ég hefði getað endurflutt það 1989 og 1990 og reyndar 1991 einnig, var að ég sannfærðist af ýmsum þeim rökum sem hv. þm. Sjálfstfl. fluttu í þinginu á þeim tíma. Þá var sú tíð að ráðherrar hlustuðu á röksemdir stjórnarandstöðunnar og tóku dálítið mark á þeim. En ég hef ekki enn þá fengið neinar skýringar á því hvers vegna Sjálfstfl. skipti um skoðun.

Það sem hæstv. forsrh. sagði um tekjuskattinn var auðvitað stórfurðulegt. Hann heldur því fram að breytingar á útgreiðslum í tekjuskattinum til einstaklinganna, þannig að ríkissjóður heldur eftir meiru hjá sér, sé ekki skattahækkun. Ég hef aldrei heyrt svona kenningu fyrr og ég var helst að velta því fyrir mér undir þessum flutningi hæstv. forsrh. að kannski tryði hann þessu sjálfur að það væri t.d. hægt að breyta persónuafslættinum og breyta barnabótunum og breyta sjómannaafslættinum og það væru alls ekki skattahækkanir, t.d. afnema barnabæturnar algerlega og afnema sjómannaafsláttinn algerlega og afnema persónuafsláttinn algerlega og það væri engin skattahækkun. Með sams konar rökum og hann flutti er hægt að komast að þeirri niðurstöðu. Hins vegar treysti hæstv. ráðherra sér greinilega ekki til þess að útskýra hvers vegna verið er að leggja milljarð í nýjan skatt á sjávarútveginn og krefjast þess svo að fá að borga út úr Verðjöfnunarsjóðnum rúma 2 milljarða. En það er kannski von að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til þess að útskýra samhengið í því.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins út af þessu varðandi skattana. Við vitum að það er hægt að koma til móts við fólk í þjóðfélaginu með fégreiðslum með margvíslegum hætti. Það er hægt að gera það í gegnum fjárlögin, til að mynda til að styrkja stöðu fólks. Það er hægt að gera það í gegnum tryggingakerfið. Sveitarfélögin geta gert það með félagslegri aðstoð. Auðvitað mætti segja til að mynda varðandi útsvarið að sveitarfélög gætu notað útsvarskerfið til að láta tiltekna hópa í sveitarfélaginu fá félagsaðstoð í gegnum kerfið og segjast þá hafa lækkað útsvarið, í stað þess að láta Félagsmálastofnun eða aðra aðila standa fyrir slíkum jöfnunaraðgerðum. Ef menn nota skattkerfið með þeim hætti sem jöfnunaraðgerð til tiltekinna hópa, þá má ekki að mínu viti líkja því við skattahækkun eða skattalækkun. Á þessu er reginmunur að mínu viti. Auðvitað geta menn um þetta deilt. Þarna nota menn skattkerfið til að færa fjármuni til og menn geta beint þeim í ríkissjóð á fjárlögum, deilt því út til fjöldans, tiltekinna hópa við sérstakar aðstæður og þar með kæmi það skattamálunum ekkert við. Það er þetta sem ég átti við og ég hygg að þingmaðurinn, sem er vel að sér í þessum fræðum öllum, þekki þetta mætavel og viti hvað ég á við þó að auðvitað megi deila um þessi sjónarmið.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. er gamansamur maður. Hann var að útskýra kenningu sem felur það í sér að hæstv. fjmrh. getur tekið 10 milljarða meira í ríkissjóð út úr tekjuskattinum og það er engin skattahækkun. Það eru bara einhvers konar greiðslur fram og aftur sem menn eru með og þjóna ýmsum tilgangi. Þetta er mikið patent. Þetta er kannski patentið sem á að nota við næstu fjárlagagerð. Ég sé að hæstv. fjmrh. er orðinn óskaplega hýr og glaður á svipinn og er búinn að finna út algerlega nýtt patent, að fá 10 milljarða í ríkissjóð í auknum skatti og svo mun forsrh. koma fyrir þjóðina og segja að þetta sé bara „dittinn og dattinn" og sé bara svona og á hinn veginn af greiðslum sem menn hafa hingað og þangað í kerfinu fyrir fólk en sé alls ekki skattahækkun. Það er ekki mikill vandi að ná jöfnuði á ríkissjóði með svona kúnstum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 3. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 426. mál (greiðslur til Vélstjórafélags Íslands). — Þskj. 684.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, síðari umr.

Þáltill. ISG o.fl., 193. mál. — Þskj. 213, nál. 981, brtt. 982.

Frsm. félmn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. félmn. fékk til meðhöndlunar þáltill. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá bæjarstjórn Njarðvíkur, bæjarstjórn Akraness, landsnefnd um alnæmisvarnir, bæjarstjórn Borgarness, Sálfræðifélagi Íslands, Samtökunum '78, bæjarstjórn Ísafjarðar, biskupi Íslands, Rauða krossi Íslands, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, bæjarstjórn Hafnar, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Selfoss og bæjarstjórn Akureyrar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Undir þetta rita Rannveig Guðmundsdóttir, formaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Jónas Hallgrímsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Eggert Haukdal, Sigbjörn Gunnarsson og Einar K. Guðfinnsson.

Brtt. sem nefndin gerir við tillögu til þál. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki er á þá leið:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmrn., menntmrn., félmrn. og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkomudagur reglulegs Alþingis 1992 o. fl., 3. umr.

Frv. forsrh., 533. mál. — Þskj. 947.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

153. FUNDUR

þriðjudaginn 19. maí,
að loknum 152. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu á 1. og 6. dagskrármáli þarf að leita afbrigða um að þau tvö mál megi koma á dagskrá og til afgreiðslu. Það er annars vegar Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, frv., 547. mál, og hins vegar Atvinnuleysistryggingar, frv., 529. mál, og verður nú afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EGuðn, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GB, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JónS, JVK, JHall, KSG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SP, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 2. umr.

Frv. *meiri hluta félmn.*, 547. mál (heildarlög). — Þskj. 1031.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls taldi ég óhjákvæmilegt að afla upplýsinga um það í tengslum við þetta mál hvernig staðið yrði að útgáfu reglugerðar um lyf og læknisþjónustu í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana. Hér er um að ræða breytingar á reglugerðum sem gefnar eru út af heilbr.- og trmrn. og eru ekki tilbúnar enn. Síðustu mínútur gafst aðeins kostur á því að ræða lauslega við aðstoðarmann heilbrrh. og hyggst ég gera grein fyrir þeim viðræðum þannig að það liggi fyrir hér í þingtíðindum og gagnvart þingheimi hvernig þau mál standa.

Að því er varðar heilsugæsluna sérstaklega er þetta mál þríþætt. Í fyrsta lagi er niðurfelling gjalda fyrir læknisþjónustu á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum fyrir börn sem eru 6 ára og yngri.

Í öðru lagi er um það að ræða að börn sem fá greiddar umönnunarbætur munu, á hvaða aldri sem þau eru, sæta sömu meðferð að því er varðar lyf og læknisþjónustu og gerist með öryrkja og á þetta ekki aðeins við um heimilislækna og heilsugæslustöðvar, heldur *einnig sérfræðiþjónustu*.

Í þriðja lagi er um að ræða svokallað þak á lyfjagreiðslum sem hefur verið 12.000 kr. fyrir börn í fjölskyldu en í tengslum við kjarasamningana var gert ráð fyrir því að þetta þak lækkaði úr 12.000 kr. fyrir börn í sömu fjölskyldu niður í 6.000 kr.

Samkvæmt upplýsingum aðstoðarmanns heilbrrh. er gert ráð fyrir því að sú reglugerð sem lýtur að þessum þremur þáttum taki gildi frá og með 1. júní nk. og ég vænti þess að það sé afstaða ríkisstjórnarinnar að svo verði gert. Ég vil inna hæstv. starfandi heilbr.- og trmrh. eftir því hvort það sé ekki rétt, sem aðstoðarmaður heilbrrh. fullyrðir, að reglugerð þessi að því er varðar heilsugæslukostnaðinn verði gefin út og taki gildi frá og með 1. júní.

Aðstoðarmaður heilbrrh. gerði mér grein fyrir því í þessu viðtali, sem ég átti við hann ásamt hv. 9. þm. Reykn., að hann hefði átt í dag fund með fulltrúum samtaka launafólks sem stóðu að síðustu kjarasamningum, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands. Á þeim fundi hefðu hafist viðræður um annan þátt þessa máls sem lýtur að kostnaði fyrir lyf. Eins og kunnugt

er er gert ráð fyrir því í þessari yfirlýsingu að teknar verði upp svokallaðar hlutfallsgreiðslur fyrir lyf en þeim verði þó hagað þannig að að því er varðar börnin verði um kostnaðarlækkun að ræða. En í heild er í þessum þætti ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum í lyfjunum sjálfum fyrir ríkissjóð.

Aðstoðarmaður heilbrrh. skýrði frá því að Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands hefðu tilnefnt fulltrúa í sérstaka samráðsnefnd til að fara yfir þetta mál og hún hefði hafið störf. Hann taldi að það liði ekki langur tími þar til þessi reglugerðarbreyting yrði tilbúin en hún snertir sem sagt hlutfallsgreiðslur fyrir lyf. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hér fyrir mitt leyti hvort það verður að öllu leyti heppilegt kerfi.

Það er talið að þessi þáttur yfirlýsingarinnar, sem lýtur að lyfjunum sérstaklega, eigi að vera hlutlaus í kostnaði gagnvart ríkissjóði. Það er hins vegar óöruvísi með heilsugæsluna. Það er talið að kostnaður vegna þessara breytinga á reglugerðum um heilsugæslu kosti 60–70 millj. kr. Breytingin á þaki og lækkun á því úr 12.000 í 6.000 á fjölskyldu kosti 10–15 millj. kr. og aðrar breytingar, þ.e. niðurfelling gjalda fyrir læknisþjónustu sex ára barna og yngri, gæti kostað í kringum 50 millj. kr. Samtals væri um að ræða aukin útgjöld fyrir ríkissjóð upp á u.þ.b. 65 millj. kr.

Ég hefði talið, virðulegi forseti, að það hefði verið heppilegra ef hægt hefði verið að sjá þessar reglugerðir og hvernig þær eru útfærðar. Ég harma að það skuli ekki vera hægt. Mér finnst það satt að segja leitt að það skuli ekki vera unnt en það er svo sem fátt annað að gera en að horfast í augu við þá staðreynd að menn hafi ekki sett þennan texta saman. En þær yfirlýsingar eru í sjálfu sér afdráttarlausar sem ég hef heyrt til þessa. Ég hef lagt til viðbótarspurningu fyrir hæstv. umhvrh. sem er starfandi heilbr.- og trmrh. til að fá þessi mál enn þá frekar á hreint.

Hver er ástæðan til að við tökum þetta upp með þessum hætti og undir þessum dagskrárlið? Hún er sú, virðulegi forseti, að við teljum að hér sé verið að ganga frá því að yfirlýsingarnar sem verkalýðshreyfingin fékk verði efndar undanbragðalaust núna og að þinginu ljúki ekki öðruvísi en við sjáum í grófum dráttum fyrir endann á þeim efndum.

Varðandi það frv. sem liggur fyrir um ábyrgðasjóð launa og afstöðuna til þess vil ég aðeins segja það fyrir mitt leyti að ýmsir þættir í frv. eru þannig að ég teldi rétt að samþykkja þá. Hins vegar er blandað saman í frv. nokkrum óskyldum atriðum úr bandorminum sem afgreiddur var í vetur. Þess vegna hefði ég talið skynsamlegt að öllu öðru óbreyttu að afgreiða málið þannig af okkar hálfu að við samþykktum 1. gr. frv. þegar hún kemur til atkvæða en sætum hjá að öðru leyti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég aðeins staðfesta að reglugerð sú sem hér um ræðir er sem næst tilbúin. Hún verður tilbúin á næstu dögum og verður þá gefin út. Hún mun taka gildi eigi síðar en 1. júní nk. Ég get því staðfest það sem hv. þm. Svavar Gestsson óskaði eftir að staðfest yrði.

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi yfirlýsing sé nægilega skýr og afdráttarlaus eftir atvikum og ég þakka fyrir það að hún skuli hafa komið hér fram undir þessum umræðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Fundarhlé.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér hófst fundur í gærmorgun kl. 10 og hann stóð til kl. 4 sl. nótt. Þá hófst aftur fundur kl. 10.30 og hann hefur staðið látlaust síðan án þess að hádegisverðarhlé eða kvöldverðarhlé hafi verið gefið.

Ég vil greina frá því að formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, kom til mín rétt fyrir kl. sjö og tjáði mér að það hefði orðið samkomulag um að frv. um ábyrgðasjóð launa yrði tekið til umræðu og síðan yrði gert hlé til kl. níu. Með það fór þingmaðurinn úr húsinu. Ég trúði þessum orðum og treysti, spurði hins vegar forsetann rétt áður en ég fór úr húsinu hvað ætti að gera hér og var þá tjáð að það ætti bara að halda áfram sem líka hefur komið á daginn.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég er eiginlega hættur að skilja hvað er hér að gerast eða hvaða venja eða háttur er hafður á samskiptum manna hér. Ég hef enga ástæðu til að rengja hv. þm. Pál Pétursson og kannski eru einhverjir hér í salnum sem kannast við að hafa rætt við hann um slíkt samkomulag. Tilgangurinn var að þeir þingmenn, sem hafa setið hér meira og minna látlaust og sinnt þingstörfum, gætu komist frá í einn eða einn og hálfan tíma eða svo. Það var greinilega ekki gert. Nú á að fara að byrja hér atkvæðagreiðsla og það merst kannski að hér sé helmingur þingmanna. Það kannski merst að helmingur þingmanna sé í húsinu. Það er þó langt undir því að stjórnarliðið sé hér með nægilega tölu til að fara í atkvæðagreiðslur og ég hugsa að það sé nokkuð stór hópur þingmanna sem hefur ekki gert sér grein fyrir því að haldið hefur verið áfram látlaust og farið í atkvæðagreiðslur.

Ég vil þess vegna mælast til þess, virðulegur forseti, að áður en haldið verður áfram verði gert hlé í klukkutíma eða svo þannig að menn geti aðeins búið sig undir áframhaldið ef hér á að vera fundur í kvöld og nótt. Það er satt að segja mjög óþægilegt að forsetadæmið skýri ekki út fyrir okkur þingmönnum hvað það hyggst fyrir. Við erum hér mörg sem höfum setið nánast látlaust í þingsalnum frá því klukkan hálfellefu í morgun og höfum ekki talið að við gætum vikið frá vegna þess að við höfum eiginlega ekki getað farið úr salnum, vegna þess að við höfum ekki hug-

mynd um hvað gerist næst. Hér eru ýmis mál sem sum okkar hafa þurft að tala í þótt við höfum talað stutt. Þetta er auðvitað, virðulegi forseti, ekki sæmilegt að koma svona fram við þingið. Við erum nokkur sem tökum starf okkar alvarlega þótt mér sýnist sumir í stjórnarliðinu ekki gera það.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er rétt að vissulega hefur margt farið öðruvísi en ætlað var í þingstörfunum í dag. Við ræddum nokkuð saman, hv. þm. Páll Pétursson og ég, seinni partinn og það er eitthvað málum blandið að gert hafi verið samkomulag um kvöldmatarhlé, a.m.k. var það ekki gert í mín eyru. Hins vegar tel ég að það sé fullkomlega eðlileg ábending hjá hv. þm. að menn taki sér hlé. Það er rétt sem fram hefur komið, bæði hjá honum og manna á meðal, að það er lítil mæting í húsinu sem stendur og það má vel vera að einhverjir þingmenn hafi ekki vitað að atkvæðagreiðslur stæðu fyrir dyrum. Ég tel að það sé eðlilegt að gera hlé t.d. til kl. hálftíu og boða síðan atkvæðagreiðslu með hringingu svo allir eigi þess kost að vera hér eins og eðlilegt er að sjálfsögðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram ósk frá hv. 8. þm. Reykn. að gert yrði hlé og hv. 8. þm. Reykv. hefur tekið undir þá ósk og lagt til að hér yrði gert hlé á fundi til kl. hálftíu. Forseti vill að sjálfsögðu verða við slíkum óskum og því er þessum fundi frestað til kl. hálftíu og þá mun hann hefjast með atkvæðagreiðslum sem nú er frestað. — [Fundarhlé.]

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, frh. 2. umr.

Frv. meiri hluta félmn., 547. mál (heildarlög). — Þskj. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (IP, JHelg, JVK, JHall, KE) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, JGS, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið styðjum við það að sjálfsögðu og höfum beitt okkur fyrir því að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin voru verkalýðshreyfingunni í tengslum við síðustu kjarasamninga. Inni í frv. eru hins vegar nokkur atriði sem við höfum verið andvíg, ýmsir þættir sem voru í svokölluðum bandormi ríkisstjórnarinnar frá því í vetur og við munum ekki styðja og kjósum þess vegna að greiða atkvæði með 1. gr. en sitjum hjá að öðru leyti við meðferð málsins.

2.–19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SigG, SAÞ, StG, StB, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AÓB, GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

2 þm. (FI, RA) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AÓB, EH, GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 1030, nál. 870, brtt. 1035.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 870 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 24:22 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR*, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, MB, RG, SigG, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 1035 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHelg, HBl, JóhS, JBH, LMR, MF, MB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ.

15 þm. (FI, GB, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK,

JHall, KHG, KÁ, KE, ÓRG, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AÓB, GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, GÁ, JGS, JHelg, KHG, StG, VS.

14 þm. (FI, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JVK, JHall, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AÓB, GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1047).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, frh. 3. umr.

Frv. ÁRÁ o.fl., 426. mál (greiðslur til Vélstjórafélags Íslands). — Þskj. 684, brtt. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 901 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 35:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EH, EgJ, EGuðn, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG.

5 þm. (EKJ, GHH, JVK, RA, ÞorstP) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AÓB, GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1048).

Samkomudagur reglulegs Alþingis 1992 o.fl., frh. 3. umr.

Frv. forsrh., 533. mál. — Þskj. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HÁ, JHall) greiddu ekki atkv.

15 þm. (GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1049).

Afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, frh. síðari umr.

Þáltill. ISG o.fl., 193. mál. — Þskj. 213, nál. 981, brtt. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 982,1 (ný tillgr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (GHall, GunnS, HG, IBA, ISG, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 982,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHelg, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (BBj, GHall, GunnS, HG, IBA, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1050) með fyrirsögninni:

Þál. um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- trn., 529. mál (uppbót vegna kjarasamninga). — Þskj. 896.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS,

JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, RA, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (GHall, GunnS, HG, IBA, JónS, KSG, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SP, StH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1051).

Vegáætlun 1991–1994, síðari umr.

Stjtill., 216. mál. — Þskj. 297, nál. 866 og 900, brtt. 867.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Sá skilningur hafði skapast í kvöld þegar gert var hlé á umræðum að þegar atkvæðagreiðslu væri lokið yrði tekinn fyrir samningur EFTA og Íslands við Tyrkland sem er dagskrárliður á undan þeim sem nú á að taka fyrir. Það gerist hins vegar okkur nokkuð á óvörum að hæstv. forseti hleypur yfir þennan lið og ákveður að taka fyrir vegáætlun. Hver er skýringin? Er skýringin kannski sú hin sama og í umræðunni um lánasjóðinn um daginn að þegar stjórnarmeirihlutinn á Alþingi áttaði sig á að það var beint útvarp og beint sjónvarp frá Alþingi þannig að þjóðin gat hlustað milliliðalaust á málflutning héðan frá Alþingi ákvað stjórnarmeirihlutinn að rjúfa umræðuna og taka hið viðkvæma mál ekki fyrir fyrr en flestir væru farnir að sofa? Á að gera það sama nú? Á að haga því þannig að hæstv. utanrrh. þurfi ekki að standa í vörn sinni fyrir þessu máli fyrr en þjóðin er farin að sofa? Taka fyrst vegáætlun fyrir og bíða svo þangað til í nótt þegar flestir eru farnir að sofa og taka þá til við að ræða þetta viðkvæma mál fyrir ríkisstjórnina? Ég gagnrýni þau vinnubrögð. Ég reiknaði með því eins og flestir þingmenn að þegar atkvæðagreiðslum væri lokið hæfist umræðan um þetta mál. (**Forseti:** Forseta er ljúft að verða við því. Forseti stóð í þeirri meiningu að það hefði verið samkomulag um að víxla þessum málum eins og forseti gerði en þar sem hefur komið í ljós að svo er ekki er forseta ljúft að taka fyrir 7. dagskrármálið, Fríverslunarsamning EFTA við Tyrkland.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið tillit til þessara óska og hefði nú oft farið betur fyrr í vetur ef slík samvinnulipurð og jákvæður hugsunarháttur hefði ríkt á forsetastóli.

Umræðu frestað.

Fríverslunarsamningur EFTA við Tyrkland, frh. síðari umr.

Stjtill., 395. mál. — Þskj. 638, nál. 788 og 809, till. til rökst. dagskrár 810.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á síðustu mánuðum hafa borist þær fréttir frá Tyrklandi að hersveitir stjórnvalda, tyrkneski flugherinn, hafi gert skotárásir á þorp Kúrda og konur og börn hafi látið lífið og slasast vegna þessara árása tyrkneska hersins. Kúrdar hafa verið kúgaðir um langan tíma í Tyrklandi og sætt þar ofsóknum. Alþjóðamannréttindasamtökin Amnesty International hafa sent frá sér ítarlegar skýrslur um mannréttindabrot stjórnvalda í Tyrklandi og víða um veröldina hefur á síðustu vikum og mánuðum verið víðtæk umræða um það með hvaða hætti lýðfrjálsar þjóðir gætu stutt mannréttindabaráttu og frelsisbaráttu Kúrda.

Við höfum borið gæfu til þess hér á Alþingi á síðustu árum að myndast hefur víðtæk og breið samstaða um að Íslendingar styddu sjálfstæðisbaráttu og mannréttindabaráttu smáþjóða á alþjóðavettvangi. Í Eystrasaltsríkjunum var háð um langan tíma mannréttindabarátta sem skilaði árangri og við Íslendingar vorum meðal fyrstu þjóða sem sýndum það í verki að við værum reiðubúnir að taka þó nokkra áhættu í því að leggja mannréttinda- og frelsisbaráttu Eystrasaltsþjóðanna lið. Þá var hæstv. utanrrh. galvaskur, reiðubúinn til ferðalaga og vera fremstur í flokki en í þessu máli sem við erum að ræða hér hefur málum því miður verið hagað þannig að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson hefur ekki verið reiðubúinn að samþykkja eitt eða neitt af hálfu íslenskra stjórnvalda sérstaklega, Alþingis eða ríkisstjórnar til þess að sýna í verki sams konar samstöðu með mannréttindabaráttu Kúrda, frelsisbaráttu Kúrda, eins og við höfum sýnt mannréttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á síðustu árum og frelsisbaráttu þjóðanna sem áður byggðu Júgóslavíu.

Hver er skýringin, hæstv. forseti, á því að þegar kemur að mannréttindabaráttu Kúrda þá segir hæstv. utanrrh. allt í einu nei? Þá er hann allt í einu farinn að finna alls konar afsakanir. Það eigi ekki við, það passi ekki hér á Alþingi, það eigi betur heima í RÖSE, það komi þessum samningi ekki við o.s.frv. Hann er allt í einu kominn með sömu úrtölurökin og þeir voru með fyrir nokkrum árum sem ekki vildu þá leggja lið frelsisbaráttu og mannréttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna. Þá hafði hæstv. utanrrh. hugdirfsku og manndóm til að hafa að engu slíkar úrtölur. En á síðustu vikum hefur hann og ráðuneyti hans sýnt ótrúlega hugkvæmni í að finna sér afsakanir á því að hvorki ríkisstjórn né Alþingi Íslendinga geri neitt sérstakt til að styðja mannréttindabaráttu Kúrda. Samt sem áður er það þannig að almenningur á Íslandi hefur sýnt það í verki að samstaða almennings í landinu, þjóðarinnar, er með málstað Kúrda.

Hér í vetur fór fram einhver víðtækasta söfnun á fötum, klæðum, skóm, húfum, treflum, vettlingum sem íslenskur almenningur reiddi fram í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr til þess að Rauði krossinn og aðrar hjálparstofnanir gætu sent til flóttamannabúða og þorpa Kúrdanna þar sem börnin, konurnar og karlarnir voru við illan leik að reyna að lifa af harðan vetur. Það er því alveg ljóst að íslenska þjóðin stendur með mannréttinda- og frelsisbaráttu Kúrda.

Við í utanrmn. höfum síðan í marsmánuði reynt að knýja á um að utanrrh. Íslands tæki ákveðið frum-

kvæði í þessum efnum. Við höfum lagt fram hugmyndir og tillögur. Ein hugmyndin var sú að hann hagnýtti sér stöðu sína sem formaður EFTA til þess að leggja áherslu á það við stjórnvöld í Tyrklandi að á sama tíma og EFTA-ríkin væru reiðubúin að gera samning um viðskipti við Tyrkland þá yrði það að gerast að stjórnvöld í Tyrklandi hættu að senda herflugvélar til að myrða konur og börn í þorpum Kúrda. Kúrdar yrðu að fá sjálfstæðan rétt til að kjósa um sína framtíð, velja með lýðræðislegum hætti sín örlög. Nei, sagði hæstv. utanrrh., það passar ekki. EFTA er ekki þannig samtök, ekki þannig klúbbur. Engu að síður fór hæstv. utanrrh. til Moskvu í vetur til þess að mæta fyrir hönd EFTA-ríkjanna á samningaráðstefnu ríkjanna fyrir botni Miðjarðarhafs, Arabaríkjanna, Ísraels og Palestínumanna til þess að reiða fram rök og tillögur EFTA-ríkjanna í deilum ríkjanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Þá voru EFTA allt í einu orðin þannig samtök að þau gátu beitt sér þar þegar hæstv. utanrrh. fór á fundinn í Moskvu. Gott og vel. Við hlustuðum á þessa neitun. Við bárum fram aðra hugmynd. Við bárum fram þá hugmynd að fyrst hæstv. utanrrh. væri ekki reiðubúinn að beita valdi sínu sem formaður EFTA þá sendi hann fulltrúa íslenska utanrrh., embættismann íslenska utanrrn. til Tyrklands til þess að gera stjórnvöldum á Tyrklandi grein fyrir því að á Íslandi væri ríkt samstaða með málstað, mannréttindabaráttu og lýðræðiskröfum Kúrda. Hugmyndin var einnig sú sem við settum fram að þessi sendimaður íslenska utanrrh. mundi eiga viðræður við fulltrúa Kúrda til þess að sýna þessu hrjáða fólki að hér á Íslandi ætti það samherja í baráttu sinni. Nei, enn á ný var hæstv. utanrrh. ekki tilbúinn.

Hvað ætli það sé búið að verja mörgum tugum milljóna til að kosta ferðir til Brussel og Genf út af EES? Kerfi sem við fréttum í kvöld að eigi að vera 28 milljarða skriffinnskubákn. En að senda einn mann í nokkra daga til Tyrklands og byggða Kúrda til að sýna hrjáðu fólki samstöðu, það er ekki hægt. Rökin voru satt að segja næsta lítil.

Þetta er því miður ekki öll sagan um hina sérkennilegu og fordæmanlegu framgöngu utanrrn. í þessu máli. Satt að segja hefur það verið þannig að frá því að utanrrh. kom með þetta mál fyrst til þingsins hefur utanrrn. sífellt verið að búa til dagsetningar, síðustu forvöð á að afgreiða málið og lagt á það ríka áherslu með tilbúnum rökum við þingið að nú væri svo brýnt að afgreiða málið að ekki mætti bíða. Fyrst er komið með málið til utanrmn. 30. mars og þá segir embættismaður utanrrh. við utanrmn.: Þetta mál verður að afgreiðast á morgun, það má engan tíma missa.

Af hverju er þessi naumi tími? Af hverju má ekki ræða málið? Nei, það mátti ekki. Var það kannski svo viðkvæmt að það varð að forðast að umræður færu fram um málið á Alþingi? En utanrmn. var ekki reiðubúin til að láta ganga yfir sig með þessum hætti enda kom það á daginn að þó að málið væri ekki afgreitt fyrir 1. apríl þá gerðist ekki neitt. Engar gagnaðgerðir. Þá var næsti leikur utanrrn. á þann veg að koma með málið aftur í annarri viku aprílmánaðar og segja þann 10. apríl á fundi í utanrmn.: Ef þessi samningur verður ekki afgreiddur fyrir páska þá er voðinn vís. Þá er samskiptum EFTA-ríkjanna stefnt í hættu. Og það sem meira var, á þeim fundi utanrmn. var lagt fram sérstakt bréf frá sendiherra Íslands hjá EFTA, Kjartani Jóhannssyni. Og hvað segir sendiherrann í þessu bréfi sem birt er með nál. minu og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur? Hann segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það væri mjög miður ef Ísland gæti ekki staðfest samninginn fyrir 10. þ.m. og haft sama gildistökudag og hin Norðurlöndin í EFTA. Gæti þetta haft þær afleiðingar að samstaða EFTA-ríkjanna með kröfu Íslands um að allur fiskur falli undir fríverslunarsamninga, sem EFTA stendur að, mundi bresta."

Hér eru ekki spöruð stóru orðin eða hinar smáu hótanir. Það er hvorki meira né minna en ef þingið ætlar sér að taka sér tíma til að ræða mannréttindamál Kúrda, ætlast til þess að ríkisstjórn Íslands geri út fulltrúa til þess að sýna samstöðu með Kúrdum og flytja stjórnvöldum í Tyrklandi gagnrýni okkar, þá segir sendiherrann að á borðinu liggi sú hugsanlega hótun að samstaðan bresti með kröfum Íslendinga um fríverslun með fisk. Eru mannréttindin þá allt í einu orðin verslunarvara fyrir fisk, hæstv. utanrrh.?

Ég sagði í utanrmn., þegar ég sá þetta bréf frá sendiherra Íslands hjá EFTA, Kjartani Jóhannssyni, að við skyldum láta á þetta reyna. Það er alvarlegur hlutur þegar sendiherra íslenska lýðveldisins bréfar það til stjórnvalda og það er lagt fram í utanrmn. að ef hún beygi sig ekki undir þær dagsetningar sem utanrrh. hefur sjálfur búið til og ef þingið ætlar sér að leyfa sér að taka sér daga og tíma í að ræða framgöngu tyrkneskra stjórnvalda gagnvart Kúrdum þá muni því verða svarað með því að láta samstöðu með sjávarútvegshagsmunum okkar Íslendinga bresta. Enda kom það á daginn að þessi hótun var marklaus. Innantóm orð. Þingið afgreiddi ekki málið fyrir 10. apríl. Hafa borist einhverjar fréttir af því að brostið hafi samstaðan með sjávarútvegshagsmunum Íslands? Nei, engar slíkar fréttir. Hótunin var tilbúin. Sett á svið. Staðlausir stafir. Bara til þess að hræða þingið frá því að taka sér tíma til að fjalla um málið.

Síðan var haldinn sérstakur fundur með miklu írafári í utanrmn. 13. apríl til þess að knýja málið inn fyrir páska. Meiri hluti nefndarinnar, samkvæmt ósk hæstv. utanrrh., tók málið út án þess að umræða færi fram. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og ég skiluðum síðan nál. og tillögum okkar 28. apríl. Síðan eru liðnar þrjár vikur. Hvar var allur hraðinn? Hvar var allur þrýstingurinn? Hvar var öll áherslan á að afgreiða málið sem fyrst átti að afgreiða fyrir 1. apríl, svo fyrir 10. apríl, svo fyrir páska? Nei, málið var látið liggja vikum saman í þinginu, dögum saman var það ekki tekið fyrir. Það er að vísu rétt að í eitt skipti óskaði ég eftir því að umræðan yrði látin bíða næsta dags vegna fjarveru minnar en ég lagði hins vegar ríka áherslu á það að nauðsynlegt væri að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur umræðuna og svaraði fyrir sig. Það er fyrst á síðasta degi þingsins, þegar komið er fram á

kvöld eða nótt og tvær klukkustundir eru eftir af þeim sólarhring sem þinginu átti að ljúka á samkvæmt samkomulagi flokkanna, sem málið er tekið fyrir af einhverjum krafti. Þá er öruggt að það er svo lítill tími eftir að þrýstingurinn á að afgreiða málið án mikillar umræðu er yfirþyrmandi. Enda var það þannig þegar ég gekk í ræðustólinn að stjórnarþingmenn fáeinir voru að hneykslast á því að hér ætti að fara að ræða málefni Kúrda.

Hvað er það sem við erum að tala um, hæstv. utanrrh.? Við erum að tala um fólk sem krefst sjálfstæðis. Við erum að tala um fólk sem krefst lýðræðis. Við erum að tala um fólk sem vill sömu mannréttindi og við. Við erum að tala um fólk sem vill vera öruggt og vill hafa tryggingu fyrir því að börn þeirra þurfi ekki að búa við loftárásir á skólana, á þorpin, á heimkynni sín. Það er þetta sem við erum að tala um, hæstv. utanrrh.

Hæstv. utanrrh. sagði við þjóðina í fjölmiðlum í kvöld: Þetta er samningur sem kemur í raun og veru baráttu Kúrda ekkert við. Þetta er allt annað mál. Þetta er bara viðskiptasamningur. Það á að ræða málefni Kúrda úti í heimi, hjá RÖSE, ekki hér á Alþingi Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. Í 8. gr. þessa samnings er tekið skýrt fram að almennt siðgæði, almannaöryggi og líf og heilsa manna geti takmarkað gildistöku ákvæðanna í samningnum. Það er nefnilega svo, hæstv. utanrrh., að í þessum samningi milli EFTA og Tyrklands er ákvæði 8. gr. um siðrænan rétt, líf og heilsu, almennt siðgæði og öryggi einstaklinganna. Ef við teljum að tyrknesk stjórnvöld stofni öryggi í hættu, brjóti almennt siðgæði og almannaöryggi og reglur þar um, þá höfum við samkvæmt samningnum rétt til að krefjast þess að samningnum sé ekki beitt.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Er hann reiðubúinn við gildistöku samningsins að beita 8. gr. hans eða ætlar hann líka, eftir að hann er búinn að fá samninginn staðfestan á Alþingi, að láta ákvæðin í samningnum um almennt siðgæði, almannaöryggi og líf og heilsu sem vind um eyrun þjóta? Á bara að vera áfram í fína klúbbnum úti í heimi þar sem það passar ekki í klúbbinn, tilheyrir ekki EFTA og fínum fundum, að vera að trufla stjórnvöld í Tyrklandi?

8. gr. hljóðar á þessa leið, um þau efni sem ég hef hér vikið að:

„Takmarkanir af ástæðum öðrum en efnahagslegum.

Samningurinn útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, ...“ Einnig er þar vikið að öðrum þáttum eins og verndun þjóðarverðmæta, fornfræðilegum gildum og fleiru.

Virðulegi forseti. Við Íslendingar erum lítil þjóð. Við höfum ekki mannafla, herafla og auð til að beita þrýstingi á alþjóðlegum vettvangi. En við höfum siðferðilegan kraft. Hann var sterkur í baráttunni fyrir frelsi Eystrasaltsríkjanna. Þá vorum við samherjar, ég og hæstv. utanrrh., í þeirri baráttu. Sú ríkisstjórn sem við sátum í tók myndarlega og af krafti á þeim málum. Hér á Alþingi myndaðist samstaða allra flokka þar sem þingið ályktaði skorinort og hiklaust í þeim málum. En ég segi, hæstv. utanrrh.: Ef þessi siðferðilegi kraftur fer að verða á þann veg að honum er bara beitt þegar það passar, en ekki beitt þegar það passar ekki, þá verður lítið úr honum á skömmum tíma. Þá verður hann bara hagkvæmnistæki fyrir einstaka stjórnmálamenn og sérstakar kringumstæður. Hann hættir að vera hugsjón, hættir að vera mannréttindi og lýðræði samkvæmt besta inntaki þessara hugsjóna.

Við höfum, virðulegi forseti, verið að fylgjast með því síðustu daga að í Írak er verið að skapa skilyrði til þess að Kúrdar geti kosið sér fulltrúa. Eru slík skilyrði í Tyrklandi, hæstv. utanrrh.? Eða er það virkilega þannig að harðstjórnarríkið Írak skapi Kúrdum þrátt fyrir allt meiri rétt en hið svokallaða bandalagsríki okkar í NATO, Tyrkland?

Auðvitað er það þannig að þótt sá samningur sem við erum að fjalla hér um sé fyrst og fremst í eðli sínu viðskipta- og verslunarsamningur, þá er hann líka viðurkenning á Tyrklandi. Hann er jákvæður fyrir stjórnvöld landinu, fyrir sess landsins í veröldinni og Evrópu. Þess vegna er fullt samræmi í því að segja að um leið og þessi samningur er tekinn til meðferðar á Alþingi verði afgreiddar skýrt og greinilega hugmyndir og tillögur um það að íslensk stjórnvöld knýi á um það að sjálfstæðisbaráttu Kúrda sé sýnd viðurkenning af hálfu þings, stjórnar og þjóðar. Þess vegna hef ég, ásamt hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, flutt á þskj. 810 till. til rökstuddrar dagskrár. Hún er á þessa leið:

„Með vísan til þess að

Alþingi samþykkir að lýsa yfir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Kúrda og fordæmir harðlega mannréttindabrot stjórnvalda í Tyrklandi gagnvart Kúrdum,

Alþingi samþykkir að árétta þá stefnu Íslendinga að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða og þjóðabrota og tryggja að staðinn sé vörður um mannréttindi íbúa sem eru að berjast gegn ofbeldi, árásum og kúgun,

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að senda fulltrúa íslenskra stjórnvalda til Tyrklands til að flytja ríkisstjórn Tyrklands mótmæli íslenskrar þjóðar vegna kúgunar á Kúrdum og til að flytja fulltrúum Kúrda stuðning og samúð frá íslensku þjóðinni,

Alþingi samþykkir að flutt verði skýrsla um viðræður fulltrúa íslenskra stjórnvalda í Tyrklandi og síðan verði metið hvenær fríverslunarsamningur ríkja EFTA við Tyrkland verði tekinn til frekari meðferðar á Alþingi,

samþykkir Alþingi að vísa dagskrármálinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Virðulegi forseti. Á vettvangi utanrmn. buðum við það til samkomulags að hér yrði ályktað með nokkuð skýrum hætti líkt og við gerðum í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna þannig að um leið og þingið afgreiddi þennan samning ályktaði Alþingi Íslendinga á þann veg að stuðningur við sjálfstæðisbaráttu Kúrda

og fordæming á ofbeldisverkum stjórnvalda í Tyrklandi lægi fyrir. Ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi hafnaði þessu samkvæmt fyrirskipun hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. var ekki reiðubúinn að vinna það til samkomulags, til að greiða fyrir málinu í þinginu, að sérstök ályktun yrði um leið samþykkt þar sem þessi viðhorf okkar í mannréttindamálum og lýðræðismálum Kúrda kæmu fram. Nei, það mátti ekki. Það mátti ekki fara frá Alþingi Íslendinga neinn formlegur texti, samþykktur af þinginu, sem gæfi það til kynna.

Við hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og ég og fulltrúar Framsfl. í utanrmn., Steingrímur Hermannsson, fyrrv. forsrh., og Páll Pétursson formaður þingflokks Framsfl., ítrekuðum það hvað eftir annað að við værum reiðubúin til samkomulags, að vinna að slíkum sameiginlegum ályktunartexta.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. enn á ný: Er það virkilega þannig að hann ætli að afgreiða þetta mál á Alþingi þannig að öllum tilraunum til þess að ná samkomulagi hér um formlega stuðningsyfirlýsingu við sjálfstæðis- og mannréttindabaráttu Kúrda sé hafnað af utanrrh. og ríkisstjórnarmeirihlutanum? Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því í nótt eða í fyrramálið að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarmeirihlutinn sé virkilega svona lokaður í afstöðu sinni. Og ég spyr: Hvernig ætlar hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarmeirihlutinn næst, þegar ráðherrann telur sér henta að sveipa um sig skikkju mannréttindabaráttunnar og lýðfrelsisins, að líta fram hjá því að hér hefur brestur orðið, ef þetta gerist, í hinum siðferðilega grundvelli íslenskra stjórnvalda í þessum málum?

Ég vil í þessu sambandi geta þess að íhaldsríkisstjórn Kohls í Þýskalandi taldi baráttu Kúrda á þann veg komna og svo mikilvægt að sýna í verki stuðning sinn við mannréttindakröfur Kúrda að hún taldi nauðsynlegt að fordæma hernaðarofbeldi stjórnvalda í Tyrklandi gagnvart Kúrdum, að ríkisstjórn Kohls tók það mál, sem við erum hér að ræða um, upp á fundi pólitískrar deildar utanríkisráðuneyta EB-ríkjanna fimmtudaginn 2. apríl. Með öðrum orðum taldi Hans Dietrich Genscher, reyndasti utanrríkisráðherra Evrópu á síðustu áratugum, það sjálfsagt og eðlilegt að taka baráttu Kúrda formlega upp innan Evrópubandalagsins og leggja þar til aðgerðir. En utanrrh. Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, leggur á sig langar leiðir til að finna rök fyrir því að það megi alls ekki tengja mannréttindabaráttu Kúrda með neinum hætti við afgreiðslu á þessum samningi hér eða við málefni eða vettvang EFTA. Niðurstaðan varð síðan sú á vettvangi Evrópubandalagsins að sendiherra Portúgals, en Portúgal er núna með forsætið í Evrópubandalaginu, var falið að koma á framfæri við stjórnvöld í Ankara í fyrsta lagi fordæmingu á hryðjuverkum í Tyrklandi, að lýsa áhyggjum Evrópubandalagsins vegna þróunar mála í Tyrklandi og hvatningu til tyrkneskra stjórnvalda til þess að koma í veg fyrir það að aðgerðir gagnvart hersveitum frelsishreyfinga Kúrda bitnuðu á óbreyttum borgurum.

Það er athyglisvert að Hans Dietrich Genscher, utanrríkisráðherra Vestur-Þýskalands, taldi fullkomlega eðlilegt að gera það sem við vorum að leggja til á Alþingi að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson gerði, en það mátti ekki hér. Þá allt í einu passaði það ekki að vera samferða evrópskum mótmælum. Þá allt í einu mátti ekki verða samferða hinum evrópska straumi, hinni evrópsku tilfinningu, hinum evrópsku áherslum. Það er leitt til þess að vita að í þessum efnum skuli Evrópubandalagið taka okkur fram. Það er leitt til þess að vita að Evrópubandalagið skuli í þessum efnum sýna vöku, meiri samúð með málstað mannréttinda og lýðfrelsis og sýna í verki að þeir eru reiðubúnari að standa við það en við hér. Það er leitt að þurfa að játa að ef niðurstaða málsins verður sú að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi hafnar öllum hugmyndum okkar um sérstakar aðgerðir okkar Íslendinga í þessum efnum, þá skuli Evrópubandalagið taka okkur fram.

Það er líka athyglisvert að Sviss, Austurríki og Finnland hafa tekið málefni Kúrda upp innan RÖSE. Það er ekki Ísland sem gerir það. Nú er komið svo að Ísland sker sig úr. Það hefur ekki frumkvæði. Það lætur aðra um þessa baráttu. Samt sem áður er það þannig, hæstv. utanrrh., að engin söfnun hefur hlotið jafnvíðtæka þátttöku meðal landsmanna og söfnunin til stuðnings Kúrdum fyrr í vetur. Mörg þúsund íslenskra heimila reiddu fram föt, gjafir, skó og annað af skjólflíkum til þess að færa flóttamönnum Kúrda og fátæka fólkinu sem lifir í þorpum Kúrda í Tyrklandi og annars staðar. Þess vegna ætti hæstv. utanrrh. að fagna því að hafa þjóð sína á bak við sig í þessu máli. En það er ekki gert heldur er hér í tvo mánuði látlaust búið að reyna með margvíslegum hætti að annaðhvort þrýsta þessu máli í gegnum þingið án lítillar umræðu eða hafna öllum hugmyndum og tillögum okkar um sérstakt frumkvæði Íslendinga í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Það er orðið langt liðið á þennan starfsdag Alþingis sem hófst kl. 10.30 í morgun eftir að fundur hafði staðið til kl. 4 síðustu nótt. Við viljum gjarnan ljúka þessum störfum sem fyrst. Ég vil að lokum beina þeirri einlægu ósk til hæstv. utanrrh. að hann íhugi nú á þessari stundu að koma til móts við okkur. Hann íhugi í alvöru að standa að því með okkur að hér verði afgreidd á Alþingi Íslendinga sérstök ályktun um mannréttindi og lýðréttindi Kúrda og fordæming á ofbeldisverkum stjórnvalda í Tyrklandi svo hér geti í þessu máli skapast jafnbreið samstaða og skapaðist í málefnum þjóða Júgóslavíu og í málefnum þjóða Eystrasaltsríkjanna.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira að sinni. En ég vona að hæstv. utanrrh. skynji alvöru málsins.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það mun hafa verið 27. mars sl., fyrir sex vikum eða svo, sem ég fylgdi þessum fríverslunarsamningi úr hlaði á hinu háa Alþingi. Þá talaði hér talsmaður Alþb. og lýsti afstöðu flokks síns til þessa samnings á þessa leið með leyfi forseta:

„Það mál sem hann [þ.e. utanrrh.] talaði hér fyrir,

till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja EFTA og lýðveldisins Tyrklands, er samningur sem mér finnst sjálfsagt að taka jákvætt. Alþb. er fyrir sitt leyti reiðubúið að greiða fyrir því að hann fái eðlilega athugun hér í þinginu og afgreiðslu fyrir vorið. Sjálfsagt er nauðsynlegt að skoða einstaka þætti í samningnum eins og að nokkru leyti var vikið að í framsöguræðu hæstv. utanrrh.

Það er að mörgu leyti ánægjulegt að alþjóðleg viðskipti Íslendinga geti staðið traustum fótum sem víðast og þótt margt megi segja um stjórnarfar og efnahagsástand í Tyrklandi þá er nokkuð ljóst að ef þeim tekst að halda sæmilega utan um sín mál, þá gætu þeir á þessum áratug eða í byrjun næstu aldar orðið eitt af hinum öflugu drifhjólum í efnahagslífi ekki aðeins Evrópu heldur einnig veraldarinnar allrar og það er auðvitað mikilvægt að binda böndum ákveðið form viðskipta okkar við Tyrkland."

Talsmaður Alþb. í þessari umræðu var sami maðurinn og talaði hér áðan, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb. Ég hef satt að segja ekki heyrt mjög oft á þessum einstæða þingvetri þvílíka hrifningu eða jafnjákvætt hugarfar og jafnjákvæða afstöðu til stjórnarmáls eins og fram kom í þessari tilvitnuðu ræðu. Það eina sem þarfnast skýringa í þessu efni eru sinnaskipti hv. þm. og það er allt og sumt. Sinnaskiptin stafa af því að nú hentar honum í málþófsáráttu sinni á lokadögum þingsins að nota þetta mál til að þjóna þeirri lund sinni og það er allt og sumt.

Því miður er það svo að höfnun Alþingis Íslendinga á þessum fríverslunarsamningi mundi ekki koma málstað Kúrda að neinu gagni og því miður ekki verða þess umkominn að leggja þeim neitt lið. Hins vegar værum við með því að hýða sjálfa okkur og hafna því að fylgja fram gömlu baráttumáli og hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar. Ég rifja það upp að þegar loksins eftir 19 ára viðleitni náðist sá árangur á frægum fundi fyrrv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, í Ósló að ná fram grundvallarreglum um fríverslun með fisk innan EFTA þótti það þýðingarmikill áfangi í baráttu Íslendinga fyrir því að tryggja útflutningsvörum sínum jafnstöðu á mörkuðum í heiminum. Þessi fríverslunarsamningur við Tyrki er fyrsti samningurinn sem við höfum náð við ríki utan EFTA þar sem þessi grundvallarregla er viðurkennd. Við væntum okkur því góðs af þessu fordæmi í framtíðinni. Við höfum reyndar þegar uppskorið árangur sem m.a. birtist í því að þessi sama grundvallarregla hefur verið viðurkennd í fríverslunarsamningi sem þegar hefur verið undirritaður við Tékka og á smíðaborðinu eru viðlíka fríverslunarsamningar við hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu. Það þarfnaðist sérstakra skýringa af okkar hálfu í ljósi þess að við höfum notið stuðnings bandalagsþjóða okkar til að ná þessum sérhagsmunum Íslands fram ef Alþingi Íslendinga allt í einu sneri við blaðinu þegar þessi árangur hefði náðst og hafnaði því. Þá er hætt við því að raunsætt mat bendi til þess að við getum ekki vænst þess að aðrar þjóðir vilji eitthvað á sig leggja fyrir eða með okkur Íslendingum til að ná þessari grundvallarreglu fram, sem varðar ekki hagsmuni þeirra heldur hagsmuni okkar, ef það er svo niðurstaðan að Íslendingar vilja ekkert með það gera. Þetta varðar efnisatriði málsins. Um þetta er auðvitað enginn ágreiningur. Ræðuhöld um málstað Kúrda eru þessu máli óviðkomandi og hv. 8. þm. Reykn. bætir sig ekkert og eykur ekki spönn við hæð sína þótt hann noti þetta tilefni til þess að fara innfjálgum orðum um stuðning sinn við þann málstað eða einhverjum frýjuorðum órökstuddum um að stjórnvöld á Íslandi séu ófáanleg til þess að leggja baráttu Kúrda lið. Það er einfaldlega annað mál sem verður að taka upp á öðrum vettvangi.

Að því er verðar þau orð sem hann lét falla um stjórnarfar í Tyrklandi svaraði hann þeim best sjálfur í þeirri ræðu sem hann flutti þegar málið var hér lagt fyrir 27. mars.

Í raun og veru þarf ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta mál er sjálfsagt að samþykkja af hálfu Alþingis Íslendinga ef við leggjum á það eðlilegt mat. Ég mun ekki færast undan því að ræða málefni Kúrda á réttum vettvangi eða bera saman bækur mínar við aðra um það hvernig þeirra málstað verður lagt lið en um það verður ekki fjallað að gagni með þeim hætti sem hv. þm. gerði í ræðu sinni áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sorglegt að heyra aftur í dag og kvöld hvernig hæstv. utanrrh. er farinn að temja sér framkomu við okkur félaga sína í þinginu. Hann segir að erindi mitt hér upp sé eingöngu eitthvert málþóf á síðustu stundum þingsins. Hæstv. utanrrh., ég hef hvatt til þess undanfarnar vikur að þetta mál væri tekið til umræðu í tæka tíð áður en komið væri að lokum þingsins. Ég hef beðið um það með ýmsum hætti á undanförnum vikum að þessi umræða færi fram. Ég vildi láta hana fara fram strax í byrjun maí á eðlilegum fundartíma og án nokkurs þrýstings svo hægt væri að ljúka málinu þá, hæstv. utanrrh. En það er ráðherrann sjálfur og stjórnin, sem honum er tengd, sem hagar málinu þannig að það er fyrst þegar komið er á síðasta sólarhringinn að ráðherrann vill fara að tala um málið af því að þá telur hann sig hafa stöðu til þess að geta komið upp og sagt: málþóf — í stað þess að koma með efnisleg rök.

Það er alveg rétt, hæstv. ráðherra, að ég vék að verslunar- og viðskiptamöguleikum Íslands og Tyrklands þegar þetta mál bar fyrst á góma. En í þeim umræðum var einnig vikið rækilega að baráttu fyrir réttindum Kúrda og einmitt á þeim dögum sem þá voru að líða voru að eiga sér stað þær hryllilegu árásir sem urðu síðan tilefni til þess að innan Evrópubandalagsins í mars og byrjun aprílmánaðar var gripið til þeirra gagnráðstafana sem ég rakti hér.

Það er ekki sæmandi, hæstv. utanrrh., að svara með þessum hætti. Það er sambærilegt við það sem ráðherrann hefur sagt við þjóð sína í kvöld að Ísland sé síðasta landið í EFTA sem fjallar um þennan samning. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef og komu frá utanrrn. sjálfu á fundi utanrmn. hefur Austurríki ekki enn staðfest þennan samning. Það væri fróðlegt að

hæstv. utanrrh., sem sagt hefur þjóð sinni í kvöld að allir hafi staðfest þennan samning í EFTA nema við, upplýsi hvenær Austurríki staðfesti samninginn.

Frsm. minni hluta utanrmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli utanrrh. að það væri sjálfsagt að samþykkja þennan samning og ef við ekki gerðum það mundum við hitta okkur sjálf fyrir. Þetta er nú einfaldlega ekki rétt vegna þess að við munum ekkert finna fyrir því þótt við samþykkjum ekki þennan samning. Það skiptir Íslendinga nákvæmlega engu mái í efnahagslegu tilliti svo við höfum það á hreinu. Ef við lítum á útflutning Íslendinga til Tyrklands var hann árið 1989 132,9 millj. og árið 1990 161,2 millj. eða 0,17% af heildarvöruútflutningi Íslendinga. Það er því einfaldlega ekki rétt að það sé sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir Íslendinga að samþykkja þennan samning. Það skiptir engu máli að öðru leyti en því að það skiptir máli fyrir hin EFTA-ríkin að Íslendingar hafi samflot við þau um þetta mál svo hægt sé að láta skrifstofu EFTA reka þennan samning og sjá um hann. Það er það eina sem skiptir máli í þessu.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkuð rækilega hefur verið lýst afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna í þessu máli, bæði í þessari umræðu og eins í hinni fyrri þar sem ég m.a. greindi í nokkuð rækilegu máli frá afstöðu minni til þessa máls. Ég vil þó í fáum orðum fara yfir nokkur atriði þessa máls til að leggja inn í umræðuna og benda á að hér er hæstv. utanrrh. að tefla um þinglok og halda fast í mál sem þennan fríverslunarsamning EFTA við Tyrkland. Maður skyldi halda að hér væri um að ræða eitthvert geysilega þýðingarmikið mál fyrir íslenska utanríkishagsmuni, eitthvert mál sem stórkostlegir hagsmunir fylgdu því það mál er hér enn uppi á borðum þó að öðrum hafi verið fórnað sem mörgum þykja væntanlega æðistór ef að er gáð.

Þegar við skoðum skýrsluna sem þessum samningi fylgir kemur í ljós að verslun okkar við Tyrkland, útflutningurinn á síðasta ári, nam 253 þús. kr. Það eru nú allir hagsmunirnir, virðulegi forseti, og af mikilli skarpskyggni bendir meiri hluti nefndarinnar á að samningurinn við Tyrkland verði að verða staðreynd til að koma í veg fyrir að íslenskar vörur standi höllum fæti gagnvart vörum annarra erlendra þjóða í Tyrklandi. Það er vissara að hafa hagsmunina í lagi, virðulegi forseti, svo útflutningurinn minnki ekki.

Ég bendi á það, sem áður hefur fram komið, að hæstv. utanrrh. hefur látið sig varða mannréttindamál og hann hefur ekki hikað við að tefla saman mannréttindamálum og viðskiptamálum ef því hefur verið að skipta. Það gerði hann hiklaust þegar horfa þurfti austur yfir Eystrasalt og frelsa þar kúgaðar þjóðir. Þá stóð ekki á hæstv. utanrrh. að standa staffírugur fyrir framan heiminn og segja: Við viljum frelsi fyrir þessar þjóðir. Hann hafði svo hraðan á og honum lá svo mikið á að jafnvel taskan var honum ekki alltaf samferða.

Ég virði það við hæstv. utanrrh. að hafa þá skoðun sem hann hafði í þessu máli á þeim tíma og það sem hann lagði á sig til að ná fram réttindum fyrir það fólk sem býr í þessum löndum. En ég hlýt að ætlast til þess að hæstv. ráðherra sýni sama áhuga og samræmi í skoðun sinni þegar aðrir eiga í hlut þegar ekki er verið að ræða um austur, gamla Sovét, heldur líka þegar í hlut á þjóð sem er í NATO. Tyrkland er nefnilega eitt af NATO-þjóðum, hins mikla friðarelskandi bandalags sem þeir sjálfir kalla sig. En þar virðist kengurinn byrja í málinu. Þá leggur hæstv. utanrrh. til hliðar mannréttindakröfuna og viðleitnin til að styðja við bakið á frelsi kúgaðra manna hverfur ef þeir búa í landi sem er í NATO. Það er eins og hæstv. utanrrh. sagði rétt áðan með Kúrdana í Tyrklandi: „Ja, það er allt annað mál sem verður að taka upp á öðrum vettvangi.“ Ég spyr því hæstv. ráðherra sem er mikill áhugamaður um þetta vestræna varnarbandalag sem þeir kalla svo: Hefur hæstv. utanrrh. Íslands tekið þetta mál upp á vettvangi NATO? Hefur hann reist þar upp kröfuna um mannréttindi fyrir Kúrda í NATO-ríki? Er hæstv. utanrrh. samkvæmur sjálfum sér eða fer það eftir því hvaða þjóð á í hlut og hvort sú þjóð á aðild að NATO eða ekki? Það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra geri þjóðinni grein fyrir því hvort hér er markalína þar sem skiptir verulegu máli hvort öðru megin markalínunnar séu hlutirnir í lagi, eða allt annað mál, en hinum megin á að fordæma.

Ég legg áherslu á það, virðulegur forseti, að menn séu samkvæmir sjálfum sér. Ég vil ráðleggja hæstv. utanrrh. að vera það og halda fram þeirri stefnu sem hann hélt af nokkrum myndugleik fyrir nokkrum missirum. Menn eiga nefnilega ekki að gera mannamun í þeim skilningi að það skipti máli hvort í hlut eigi ríki sem eru með okkur í NATO eða ekki.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er vel við eigandi að á síðasta degi þingsins sé rætt um málefni Kúrda og að þó nokkur tími sé tekinn í þá umræðu. Því miður er ekki allt of oft sem þing þessarar örsmáu þjóðar, sem heitir Íslendingar, ver tíma til að ræða um réttindabaráttu fátækra og snauðra þjóða víðs vegar í heiminum. Staðreyndin er sú að viðbrögð manna við vandamálum einstakra þjóða hafa á liðnum árum og áratugum mjög oft mótast af því fyrst og fremst hvar þær eru á hnettinum en ekki við hvaða aðstæður þær búa. Þannig hefur það oft verið á undanförnum áratugum. En þannig þarf það ekki að vera og á það ekki að vera því að Íslendingar hafa fjölþættar skyldur við hið alþjóðlega samfélag. Það hefur reyndar sýnt sig þegar mikið hefur reynt á í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að þá hafa smáþjóðir annars staðar í heiminum verið þær sem við höfum helst getað reitt okkur á. Hvernig var það t.d. í landhelgisstríðinu, 50 mílna stríðinu? Hverjir voru það sem komu þá Íslendingum til aðstoðar öllum að óvörum nema samtök Afríkuríkja? Sendu hingað fjölmenna liðsveit æðstu þjóðhöfðingja fjölmargra ríkja í Afríku sem mættu hér til viðtala við ríkisstjórn Íslands og forseta Íslands á þeim tíma. Stuðningur þessara ríkja og þessara litlu þjóða varð t.d. til þess að Íslend-

ingar náðu víðtækum skilningi á hagsmunum sínum t.d. á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma. Reynslan hefur auðvitað sýnt það aftur og aftur að þegar kemur að úrslitum í sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar þá eigum við þarna hauka í horni. Þarna er fólkið sem skilur helst okkar málstað. Miklu frekar en þær moldríku nýlenduþjóðir fyrr og nú sem að nokkru leyti eru um þessar mundir að blása sig saman í breyttu Efnahagsbandalagi Evrópu.

Það hefur aðeins verið vísað til þess að fyrir fáeinum missirum hafi verið mjög sterk samstaða á Alþingi Íslendinga um málefni Eystrasaltsþjóðanna. Ég held að sú samstaða hafi verið mjög raunveruleg og sönn. Ég veit reyndar að sú samstaða kom ekki aðeins fram á Íslandi heldur birtist hún líka með mörgum öðrum vestrænum þjóðum. En því miður hefur það verið svo að sá góði hugur sem virtist fylgja málum á þessum tíma hefur ekki breyst í veruleika sem skyldi fyrir þjóðum Eystrasaltsríkjanna. Eistar, Lettar og Litáar bíða t.d enn þá eftir því að hinar vestrænu auðugu þjóðir, Bandaríkin og Evrópuríkin breyti hinum góða vilja í veruleika nýrra fjármuna og fjárfestingartækifæra, öflugra atvinnulífs í þessum löndum og það er slæmt vegna þess að það ástand sem skapast hefur á þessu svæði *sem heita hin gömlu Sovétríki er vissulega hættulegt* og eldfimt og er óskaplegt fyrir mannkynið, liggur mér við að segja, ef menn vanrækja þennan þátt málsins.

Svo komum við að Kúrdum. Á kvöldfundi á Alþingi Íslendinga norður við ysta haf skammt frá styttunni af Jóni Sigurðssyni er verið að tala um Kúrda. Í raun og veru er ekki mjög langt síðan að farið var að *tala um Kúrda á Íslandi. Ég minnist þess fyrir all*mörgum árum að á ungum aldri skrifaði einn kollegi minn á blaði nokkru hér í bæ, sem er eitt besta dagblað sem Íslendingar hafa átt, Þjóðviljinn, mjög athyglisverðar greinar um málefni Kúrda. Ég man eftir því hvað var erfitt fyrir hann að afla skilnings á málefnum Kúrda meðal vina sinna á staðnum. Síðan hefur þetta verið að breytast smátt og smátt og *ég hygg* að segja megi að núna sé mjög víðtækur skilningur á vandamálum þessa stíðshrjáða fólks sem hefur orðið eins og á milli átakasvæða í heiminum með hræðilega sorglegum hætti. Hvað gerist þá?

Svo vill til að það stendur til að afgreiða á Alþingi Íslendinga till. til þál. um fullgildingu verslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Tyrklands. Nokkrir þingmenn hafa bent á þann möguleika að kannski væri jafnframt eðlilegt að vera með gildar yfirlýsingar um frelsisbaráttu og mannréttindabaráttu Kúrda og hv. 8. þm. Reykn. og 10. þm. Reykv. hafa lagt fram till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 810 þar sem koma fram fjöldamörg efnisatriði. Mig langar til þess í allri einlægni að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann er sammála eða ósammála þessum efnisatriðum. Burt séð frá því hvort hann er sammála tillögu um rökstudda dagskrá eða ekki, látum það allt saman vera. Setjum sem svo að ráðherrann vilji fá mál sitt í gegn. En í þessari tillögu eru nokkur efnisatriði sem ég hélt að allir væru sammála um, allir, alþingismenn og þjóðin öll. Í fyrsta lagi er bent á þann möguleika að Alþingi samþykki að lýsa yfir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Kúrda og fordæma harðlega mannréttindabrot stjórnvalda í Tyrklandi gagnvart Kúrdum. Má ekki gera þetta? Er eitthvað í þessu sem er rangt? Er eitthvað í þessu sem er í ósamræmi við það sem íslenska ríkisstjórnin, íslenska þjóðin eða Alþingi Íslendinga hafa áður haft? Er eitthvað í þessari setningu sem íslenski utanrrh. er á móti? Eitthvað? Ég trúi ekki að svo sé.

Í annan stað er bent á þann möguleika að Alþingi samþykki að árétta þá stefnu Íslendinga að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða og þjóðarbrota og tryggja að staðinn sé vörður um mannréttindi íbúa sem berjast gegn ofbeldi árásum og kúgun. Er einhver hér inni sem er ósammála þessu? Svar mitt er fyrir fram: Nei, það er ekki. Ég er sannfærður um að utanrrh. er sammála þessu eins og fyrstu setningunni. Hann hlýtur að vera það. Hann hlýtur að vera sammála henni. Ég sé ekkert í þessu sem hann, miðað við málflutning sinn stundum, getur verið á móti.

Í þriðja lagi er lagt til að Alþingi samþykki að fela ríkisstjórninni að senda fulltrúa íslenskra stjórnvalda til Tyrklands til að flytja ríkisstjórn Tyrklands mótmæli íslenskrar þjóðar vegna kúgunar á Kúrdum og til að *flytja fulltrúum* Kúrda stuðning og samúð frá íslensku þjóðinni.

Loks er í fjórða lagi lagt til að Alþingi samþykki að flutt verði skýrsla um viðræður við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í Tyrklandi um málefni Kúrda og stöðu þeirra. Síðan er lagt til að samningurinn verði ekki tekinn fyrir fyrr en þetta mál er afgreitt.

En látum það nú vera. Setjum sem svo að menn ætli sér að afgreiða samninginn eins og mér heyrist hér á hæstv. utanrrh. Menn virðast vera alveg staðráðnir í því að afgreiða þennan samning. En hvað er það þá, hæstv. utanrrh., í þessari tillögu og efnisatriðum hennar sem ráðherrann getur ekki samþykkt?

Ég teldi að það væri verulegur ávinningur og *veruleg tíðindi ef Alþingi Íslendinga samþykkti myndar*lega þál. um þessi mál, réttindabaráttu Kúrda og stöðu þeirra í samfélagi þjóðanna. Ég hef ekkert rætt það við flm. þessarar tillögu og ég veit ekkert hvort þeir eru þessarar skoðunar eða hvað, en ég segi alla vega fyrir mitt leyti að ég teldi efnisatriði þessarar tillögu og það að gera þau að þál. frá Alþingi Íslendinga væri *málefnalegur ávinningur* burt séð frá öllu öðru. *Ég trúi* ekki öðru en t.d. hv. formaður utanrmn., svo ég nefni dæmi, 4. þm. Reykv., væri sammála þessum atriðum miðað við þá afstöðu sem hann hafði t.d. í frelsisbaráttu Eystrasaltsríkjanna á sínum tíma. Ég trúi ekki öðru en að t.d. flestallir þingmenn Framsfl., Kvennalistans og Alþb. séu þeirrar skoðunar að þetta sé jákvæð tillaga. *Ég trúi ekki einu sinni* að þingmenn Sjálfstfl. mundu agnúast út í niðurstöðu af þessu tagi. Það er a.m.k. alveg nauðsynlegt ef meiri hlutinn á Alþingi ætlar að hafna tillögunni eða hugmyndum af þessu tagi að geri hann grein fyrir því af hverju hann ætlar að hafna því.

Að vísu er mjög mikilvægt, herra forseti, að hæstv. utanrrh. landsins sökkvi sér ofan í þær skýrslur sem á

að taka fyrir á EFTA-fundinum næstu daga og hann á alla mína samúð að þurfa að liggja yfir pappírum, það segi ég alveg eins og er, jafnþrautleiðinlegir og þeir eru sjálfsagt yfirleitt. En hann verður auðvitað að gegna sínum skrifborðsskyldum úr því að hann er í þessu starfi. Engu að síður finnst mér líka mikilvægt að við eigum þjóð, sem á þing, sem hefur reisn til þess að segja: Við fordæmum mannréttindabrotin á þessum stað, við styðjum sjálfstæðisbaráttu Kúrda. Það er í fullkomnu ósamræmi við sögu Íslands og þá reisn sem Ísland á að hafa á alþóðavettvangi ef menn geta ekki tekið undir jafnsjálfsögð sjónarmið og þau sem hér hafa verið rakin.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson áréttaði þá hugmynd og ósk hvort hæstv. utanrrh. væri reiðubúinn til samkomulags að ályktað yrði sérstaklega um samstöðu okkar í baráttu Kúrda. Hæstv. utanrrh. virti þessa ósk ekki svars. Hann situr hér eins og hv. þm. Svavar Gestsson lýsti, niðursokkinn í EFTA-skýrslurnar merkir við með bleiku og gulu í skýrslurnar, lítur ekki upp, hefur engan áhuga á umræðum um sjálfstæðisbaráttu Kúrda. Ég sagði áðan að hæstv. utanrrh. hefði greint þjóðinni rangt frá í kvöld í sjónvarpi. Hæstv. utanrrh. viðurkenndi með þögninni hér áðan að ég hefði lög að mæla. Hæstv. utanrrh. sagði Íslendingum í sjónvarpi í kvöld að allar EFTA-þjóðirnar væru búnar að staðfesta þennan samning nema við Íslendingar. Þetta er rangt, hæstv. utanrrh. Austurríki ætlar ekki að staðfesta þennan samning fyrr en eftir einhverja mánuði. Málið er ekki brýnna en það. Finnst hæstv. utanrrh. ekki rétt að biðjast afsökunar á því á Alþingi að hafa greint þjóðinni rangt frá? Eða er ráðherranum alveg sama hvort hann segir satt eða ekki?

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti réttilega á það líka þegar hæstv. utanrrh. var búinn að leggja ríka áherslu á það í stuttri ræðu sinni að miklir hagsmunir væru í húfi fyrir okkur Íslendinga og ef við staðfestum ekki samninginn í kvöld þá værum við að skerða mikla hagsmuni, hver er útflutningur Íslendinga til Tyrklands? Það er satt að segja svo lítil upphæð, svo hlægilega lítil upphæð, að heildarútflutningur Íslands til Tyrklands á heilu ári nemur minni upphæð en einum mánaðarlaunum ráðherra í ríkisstjórn Íslands, meira að segja án dagpeninga. Hæstv. utanrrh. fær meira í laun á einum mánuði frá íslenska ríkinu en heildarútflutningur Íslendinga til Tyrklands nam á sl. ári. Þetta eru allir hagsmunirnir, 253 þús. kr., og á þetta er lögð svo mikil áhersla af hálfu ráðherrans að þinginu er haldið nánast í spennitreyju til að afgreiða þetta mál. Er þá ástæðan sú að hinar EFTA-þjóðirnar eru að knýja á um þetta? Svarið er líka nei við því. Samningurinn er þannig að hann tekur sjálfstætt gildi milli hverrar EFTA-þjóðar fyrir sig og Tyrklands. Þau ríki, sem eru búin að staðfesta samninginn, eru búin að taka hann í gildi hvað sig snertir og samskiptin við Tyrkland. Við erum því ekki að hindra neitt í því að aðrar EFTA-þjóðir geti farið að beita þessum samningi eða með öðrum orðum, það hefur enga praktíska afleiðingu á næstu mánuðum hvorki fyrir okkur Íslendinga né fyrir hin EFTA-ríkin hvort þessi samningur er staðfestur eða ekki á Alþingi Íslendinga. Þetta er eingöngu pólitískt metnaðarmál að koma samningnum í gegn á þessum tíma. Það virðist vera pólitískt metnaðarmál að gera það án þess að ályktað sé sérstaklega um mannréttindamál og sjálfstæðisbaráttu Kúrda og brot tyrkneskra stjórnvalda gagnvart þeim.

Ég spyr t.d. hæstv. utanrrh.: Er hann tilbúinn að afgreiða hliðstæða ályktun á Alþingi Íslendinga eins og afgreidd var hjá Evrópubandalaginu þegar Evrópubandalagið fordæmdi tyrknesk stjórnvöld og lýsti yfir stuðningi við málefni Kúrda? Eða er hæstv. ráðherra ekki einu sinni tilbúinn til þess? Hann sagði að það væri annað mál. Gott og vel. Við skulum til samkomulags gera það að sérstakri ályktun, öðrum dagskrárlið ef málið snýst um það. En mér heyrist að ráðherrann vilji með þögn sinni ekki einu sinni ljá máls á því. Hann vill ekki að Alþingi Íslendinga lýsi yfir stuðningi við baráttumál Kúrda. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Hver er skýringin? En auðvitað fæ ég ekkert svar. Skýrslurnar hjá EFTA eru mikilvægari en umræður á Alþingi Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. hefur ekki verið þaulsetinn í þinginu í vetur. Að hluta til á það sér ástæður sem hörmum, veikindi hans í vetur, en að hluta til hefur hann líka verið í fullu fjöri, fyrri hluta vetrar og nú síðustu mánuði. Hann hefur lítið verið hér í umræðum. Við höfum ekki kallað oft á það að hann kæmi til sérstakra umræðna. Ætli þetta sé ekki annað eða þriðja sinn í allan vetur sem við biðjum um að ráðherrann komi til sérstakrar umræðu. Það er nú allt og sumt. Og þá er lítilsvirðing hans gagnvart umræðunni hér á Alþingi slík að hann svarar ekki einföldum spurningum, hann einbeitir sér ekki við að hlusta heldur sekkur sér niður í skýrslurnar og merkir þar við. Eru textarnir frá EFTA-bákninu svona miklu merkilegri en umræðurnar hér á Alþingi Íslendinga? Var ráðherrann kosinn til að vera hjá EFTA eða var hann kosinn til að vera á Alþingi Íslendinga? Lýðræðið í landinu er hér í þessum sal, ekki skrifstofubákninu hjá EFTA.

Virðulegi forseti. Það er líklega þrautreynt hér í kvöld að ná samkomulagi við hæstv. ráðherra um að Alþingi Íslendinga geri í málefnum Kúrda eins og gert hefur verið í málefnum Eystrasaltsþjóðanna og málefnum þjóða Júgóslavíu. Ég vona þó að einhverjir vitrir menn reyni að telja ráðherranum hughvarf. Ef það ber ekki árangur þá get ég sagt það hér að ég mun ræða það við samflutningsmann minn að einstakir málsliðir ályktunarinnar verði bornir upp sérstaklega. Þannig að þingið geti ekki fengið að velja bara um það að vísa samningnum til hliðar um stund heldur um hvort það vill árétta þá stefnu Íslendinga að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða. Hvort það vill fordæma mannréttindabrotin gagnvart Kúrdum. Ég mun beita mér fyrir því að hver einstakur málsliður verði borinn upp sérstaklega þannig að það fari fram atkvæðagreiðsla í þinginu í þessum málum. Hæstv. utanrrh. getur ekki komið í veg fyrir það að atkvæðagreiðslan fari fram hér í þjóðþinginu.

Hæstv. utanrrh. hefur sagt að ég vilji hafna þessum samningi. Þetta er rangt, hæstv. utanrrh., það hef ég aldrei sagt. Og það er heldur ekki sagt í þeirri tillögu sem við höfum flutt. Við höfum hins vegar lagt áherslu á það að áður en samningurinn kemur til endanlegrar afgreiðslu þá sýnum við í verki samstöðu okkar með sjálfsákvörðunarrétti og mannréttindabaráttu Kúrda. Það er hvergi í okkar afstöðu talað um að hafna samningnum. Þannig að þar fer hæstv. ráðherra enn á ný með rangt mál.

Mér finnst líka athyglisvert að hæstv. utanrrh. hefur í þessari umræðu hvorki eftir ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hér fyrr í dag né eftir mína ræðu í kvöld lagt í það að víkja að bréfi Kjartans Jóhannssonar sendiherra. Það er líka athyglisverð þögn. Það bréf sagði þó skýrt að ef þingið samþykkti ekki þennan samning fyrir 10. apríl þá yrði samstöðu um sjávarútvegshagsmuni Íslands innan EFTA ógnað. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hér í kvöld: Eru einhver dæmi um það? Hefur það komið fram? Svar hæstv. ráðherra var enn á ný þögnin. Eða með öðrum orðum það hefur ekki gerst. Þannig að málflutningur og meðferð utanrrn. á þessu máli er með endemum satt best að segja. Og það er auðvitað mjög vont í samskiptum utanrmn. og utanrrn. að slíkir atburðir skuli gerast. Að við skulum ekki geta treyst orðum og bréfum sem koma frá ráðuneytinu. Að atburðirnir skuli leiða það í ljós að þau eru marklaus, innihaldslaus og hafa ekki við rök að styðjast. Því að það er mikilvægara á sviði utanríkismála en nokkurra annarra mála að rétt sé rétt, að rök haldi og fullyrðingar standist.

Virðulegi forseti. Ég vona að áður en þessi mál koma til atkvæða, hvort sem það verður í nótt eða árla morguns, þá hafi hæstv. utanrrh. og stuðningsmenn hans hugsað sig um og gert sér grein fyrir því að einstök efnisatriði ályktunarinnar muni koma til atkvæða. Og ég bið þá að hugleiða hvað það hafi í för með sér ef þeir fara að fella þá þætti í atkvæðagreiðslu. Ætla þeir virkilega að láta það gerast á Alþingi Íslendinga að það sé fellt að árétta samstöðu okkar með sjálfstæðisbaráttu Kúrda? Ætla þeir virkilega að láta fella það að sú stefna Íslendinga að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða og þjóðarbrota sé áréttuð og að staðið sé vörð um mannréttindi? Ég vona að áður en atkvæðagreiðslan fer fram þá hugsi þessir menn sig alvarlega um.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Ég vil segja við fornvin minn, hæstv. utanrrh. Hann hefur látið þung orð falla í garð Alþingis í vetur og sagt að sér leiðist að vera hér. Það er nú einu sinni þannig að hér er vagga lýðræðisins í okkar landi. Það er í þessum sal sem stjórnvöld eiga að standa reikningsskil gerða sinna. Það er hér sem fulltrúar fólksins koma og flytja sín rök og verja sitt mál. Ráðherra sem er orðinn svo firrtur, svo fjarri þjóðþinginu og þjóð sinni að honum leiðist á þinginu og getur ekki einu sinni unað því í tvær klukkustundir að vera með alla athyglina við umræðu um mál af þessu tagi í þau örfáu skipti vetrarins sem hann mætir til umræðna, ég segi við hann: Hugleiddu þína stöðu, hugleiddu þitt hugarfar, hugleiddu þann sess sem lýðræðið ber í okkar landi og hugleiddu hvort þú ert ekki kominn of langa leið frá lýðræðinu í landinu, frá fólkinu og þeirri umræðu sem þessi þjóð metur mest. Það er hættulegt að vera of lengi fjarri þeim vettvangi þar sem hjarta lýðræðisins í landinu slær.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun 1991–1994, frh. síðari umr.

Stjtill., 216. mál. — Þskj. 297, nál. 866 og 900, brtt. 867.

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Þetta er í fyrsta sinn sem samgn. hefur vegáætlun til meðferðar. Fyrir breytingu þingskapa var málið lagt fram í sameinuðu Alþingi og vísað til fjárveitinganefndar. Þær venjur, sem skapast höfðu í fjárveitinganefnd um umfjöllun vegáætlunar, voru hafðar að leiðarljósi einnig að þessu sinni.

Á fund nefndarinnar komu starfsmenn Vegagerðarinnar, fulltrúi fjmrn. og fulltrúar Verktakasambands Íslands ásamt fulltrúum frá Ríkisendurskoðun.

Regluleg endurskoðun vegáætlunar fór fram á 113. löggjafarþingi, 1990–1991. Sú endurskoðun, sem nú er gerð, nær því aðeins til tekjuspár og framkvæmdaáforma fyrir yfirstandandi ár. Regluleg endurskoðun vegáætlunar, sem fram fer á tveggja ára fresti, fer hins vegar fram á næsta þingi, 1992–1993. Núgildandi vegáætlun fyrir árin 1991–1994 var samþykkt á Alþingi í mars 1991. Í henni var gert ráð fyrir að á þessu ári yrði 6.318 millj. kr. aflað með mörkuðum tekjustofnum og miðað var við að verðlagshækkun milli áranna 1991 og 1992 yrði 8%. Í fjárlagagerð fyrir 1992 var gert ráð fyrir 3,5–4% hækkun milli ára og samkvæmt þeim verðlagsforsendum hefði framkvæmdafé lækkað um tæpar 300 millj. kr. Í fjárlögum fyrir árið 1992 er hins vegar gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar gefi af sér 5.830 millj. kr. og af þeim renni 265 millj. kr. í ríkissjóð. Af þessari ástæðu þurfti að endurskoða vegáætlunina.

Einnig þurfti nú að endurskoða vegáætlunina vegna samkomulags fjmrh. við borgarstjóra Reykjavíkur frá 3. apríl 1991 um greiðslu á skuld ríkisins sem tilkomin er vegna framkvæmda við þjóðvegi í Reykjavík. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir greiðslum að upphæð 370 millj. kr. á tímabili núgildandi vegáætlunar en í henni er gert ráð fyrir greiðslum að upphæð 337 millj. kr. eða 33 millj. kr. lægri upphæð á tímabilinu 1991–1994. Einnig er í samkomulaginu gert ráð fyrir annarri greiðslutilhögun á tímabilinu en er í samþykktri vegáætlun 1991–1994. Eins og fram kom við fyrri umræðu um þessa tillögu er samkomulag fjmrh. og borgarstjóra umdeilt. Var þeirri ósk þá beint til samgn. að hún kannaði lögmæti þess. Hefur samgn. kannað málið ítarlega en óskað var jafnframt eftir áliti

fjárln. á samkomulaginu. Svar fjárln. er birt sem fylgiskjal með þessu áliti en því fylgdi álit Ríkisendurskoðunar á tilteknum atriðum. Ekki verður frekar fjölyrt um samkomulag þetta en telja má þó að það sé bindandi fyrir ríkissjóð og því ekki efni til annars en að standa við það.

Meiri hluti nefndarinnar leggur ekki til breytingar á þeirri áætlun um fjáröflun sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Við umfjöllun um áætlunina var haft samráð við fjárln. og er hún innan ramma gildandi fjárlaga.

Varðandi skiptingu útgjalda er lögð til sú breyting að fluttar verði 120 millj. kr. af liðnum 2.2.2. Vetrarþjónusta á liðinn 2.3. Til nýrra þjóðvega. Af þessum fjármunum fara 60 millj. kr. til stórverkefna, 40 millj. kr. í Vestfjarðagöng en 20 millj. kr. í Strákagöng. Til almennra verkefna og bundins slitlags á stofnbrautir fara 45 millj. kr. og 10 millj. kr. til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu. Til þjóðbrauta fara 5 millj. kr.

Við endanlega ákvörðun um framlög til einstakra verkefna hafa þingmenn kjördæma unnið í samráði við Vegagerð ríkisins og hefur nefndin fallist á tillögur þeirra enda hafa þær ekki breytt heildarframlögum til vegamála á árinu 1992.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita Árni M. Mathiesen, Sigbjörn Gunnarsson, Pálmi Jónsson, Árni Johnsen og Sturla Böðvarsson.

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta samgn. á þskj. 900.

Minni hluti nefndarinnar mótmælir harðlega þeim niðurskurði til vegamála sem fram kemur í tillögum meiri hlutans. Skynsamlegt hefði verið að hamla á móti samdrættinum í þjóðfélaginu með því að auka verulega fjármagn til framkvæmda í vegagerð. Í stað þess er framkvæmdafé dregið saman um 765 millj. kr. frá fyrri áætlunum. Aðallega bitnar þessi samdráttur á almennri vegagerð.

Rétt er að hafa í huga að fé til almennrar vegagerðar, ef frá eru dregin framlög til höfuðborgarsvæðisins og stórverkefna og 62,5% fjárveiting til Ó-vega, hefur minnkað ár frá ári sl. 10 ár, úr 2.415 millj. kr. árið 1982 í 1.662 millj. kr. árið 1992.

Fjármunir til stórverkefna koma þyngra niður á þessu ári en áætlað var. Miðað hafði verið við að fjármögnunin dreifðist á fleiri ár en framkvæmdir stæðu. Stjórnvöld hafa horfið frá því og ákveðið að fjármagna verkin jafnóðum af vegafé. Þessi breyting hefur það í för með sér að meira fer af vegafé til Vestfjarðaganga í ár en ráð var fyrir gert. Þar er horfið frá 250 millj. kr. lántöku en 40 millj. kr. aukafjárveitingu bætt við til að semja við verktaka um seinkun verkefna.

Samningur milli fjármálaráðherra og Reykjavíkurborgar um greiðslu á skuldum vegna fyrri framkvæmda eykur útgjöld þessa árs um 74 millj. kr. Ríkisstjórnin skar niður fé til vegamála um 350 millj. kr. á síðasta ári og af þeim sökum var ýmsum verkefnum frestað til þessa árs. Aðallega bitnar þessi þróun á almennum vegaframkvæmdum sem dragast saman um 20% milli ára.

Almennar vegaframkvæmdir eru hvað mest atvinnuskapandi og sérlega mikilvægar nú þegar byggðir landsins þurfa að bregðast við atvinnumissi vegna minnkandi búvöruframleiðslu, rýrari aflaheimilda og samdráttaraðgerða ríkisstjórnarinnar. Vegagerð er fjárfesting til framtíðar og samkvæmt þjóðhagslegum útreikningum eru vegaframkvæmdir meðal arðbærustu framkvæmda sem kostur er á. Minni hluti nefndarinnar hefur ítrekað bent á að í því atvinnuástandi, sem nú ríkir, er niðurskurður á fé til vegamála óskynsamlegur. Þvert á móti ættu stjórnvöld að nýta sér það svigrúm sem nú er hjá verktökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins til að flýta brýnum úrbótum í samgöngumálum sem bíða hvar sem farið er um landið. Það er mikið áhyggjuefni að stjórnvöld skuli ekki hafa meiri skilning á þessum málum en raun ber vitni.

Við umræðuna munu einstakir nefndarmenn gera nánari grein fyrir afstöðu sinni til tillögunnar og framkominna breytingartillagna við hana.

Undir þetta nál. rita Jóhann Ársælsson, Guðni Ágústsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Stefán Guðmundsson.

Ég vil nefna það til viðbótar að með tillögunni eru birtar upplýsingar frá Vegagerðinni um upplýsingar sem tengjast því sem ég var að tala um áðan, m.a. er tafla þar sem fram kemur þróun fjárveitingar til almennrar vegagerðar. Ég vil árétta það sem ég sagði áðan að þar kemur fram að almenn vegagerð hefur dregist mjög mikið saman á síðustu tíu árum. Það má segja að það hafi verið samfelldur samdráttur á árunum frá 1982 til 1992. Fjárveitingar eru núna í 1.662 millj. en voru á sama verðlagi 2.400 millj. árið 1982. Þetta er þróun sem menn hljóta að þurfa að velta alvarlega fyrir sér. Sérstaklega núna vegna þeirra áhrifa sem almenn vegagerð hefur á atvinnulífið í landinu og þá möguleika sem byggðirnar hafa til nýsköpunar í atvinnulífinu. Tekjur til vegaframkvæmda eru lægri en þær ættu að vera miðað við áætlanir fyrri ára. Á bls. 3 í nál. má sjá yfirlit yfir breytingar á vegáætlun frá í fyrra. Þar kemur fram að því var spáð að á árinu 1992 yrði vegafé 6.318 millj. kr. Niðurstöðutalan samkvæmt því sem nú er áætlað eftir að búið er að leiðrétta það verðlag sem miðað var við, þ.e. það hefur ekki hækkað eins mikið og reiknað var með, þá erum við þarna með rúma 6 milljarða eða 6.081 millj. kr. og niðurstöðutala tekna samkvæmt fjárlögum er 5.830 millj. kr. og niðurstöðutala útgjalda samkvæmt fjárlögum er 5.566 millj. kr. Mismunurinn er sem sagt 515 millj. kr., þar af er flatur niðurskurður á launum og rekstri 14 millj. kr. Við gerð vegáætlunarinnar var enn fremur miðað við aflað yrði lánsfjár til Vestfjarðaganga að upphæð 250 millj. Þetta lánsfé átti að koma til uppbótar fjárveitingu til verkefnis í vegáætluninni samkvæmt fjárlögum 1992. En þessa fjármagns verður ekki aflað. Til að menn átti sig á því hvað það er sem hefur verið að gerast má bæta því við að núna eru

innheimtar tekjur af umferðinni sem svarar 8,7 milljörðum kr. En vegafé er 5,7 milljarðar eða nálægt því.

Ástæða er til að staldra við það sem ég var hér að koma að áðan, þ.e. þær tekjur sem eru til vegagerðar og velta því fyrir sér hvernig þær tekjur, sem mögulegt er að hafa af umferðinni, eru nýttar. Þar hefur hlutur blýlausa bensínsins hækkað mjög mikið. Á minnisblaði frá fjmrn., sem ég hef hér í höndum, kemur fram að til þess að nýta það sem má samkvæmt lögum og reglum þyrfti að hækka blýlausa bensínið um 4,3%–4,6%. Sú aðgerð mundi hækka vísitölu framfærslukostnaðar um 1% en jafnframt mundi hún skila í ríkissjóð 256 millj. í viðbót af bensíngjaldinu. Það væri nálægt þeirri upphæð sem tekin var í ríkissjóð af peningum til vegagerðar fyrir þetta fjárlagaár. Eins er þungaskatturinn ekki heldur nýttur að fullu. Þar er ónýtt heimild til hækkunar upp á 10,2%. Þarna liggja verulegir peningar og full ástæða er til að velta því fyrir sér hvort það er skynsamlegt að nýta sér ekki möguleikana til tekjuöflunar í vegamálum.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt þetta í vetur og rætt ítrekað í nefndinni að ástæða væri til þess að auka vegaframkvæmdir miðað við það atvinnuástand sem nú ríkir. Meiri hlutinn hefur ekki verið til viðtals um að gera það en hann hefur aftur á móti fært lítils háttar til í áætlunum eins og formaður nefndarinnar lýsti hér áðan. Út af fyrir sig tel ég að það sé góðra gjalda vert sem þar var gert og ætla síst að vanþakka það. En í raun og veru er um að ræða mjög litlar tilfærslur þó að væri um að ræða 120 millj. sem voru færðar af vetrarþjónustu. Þar gerast meirihlutamenn spámenn um veðurfar og gera ráð fyrir því að ekki muni koma til þess að vetur byrji snemma eða verði harður. Vonandi verða þeir sannspáir með það.

Ástæða er til að benda á mikilvægi framkvæmda í vegamálum. Þrjár mjög veigamiklar ástæður hafa aukið mikilvægi þess að vinna að betri samgöngum. Hin fyrsta er sú atvinnuháttabreyting sem nú er að verða vegna samdráttar í landbúnaðarframleiðslunni. Nýsköpun í atvinnulífi hinna dreifðu byggða stendur og fellur með betra samgöngukerfi. Íbúar sveita og kaupstaða, sem missa atvinnu vegna þessa samdráttar sem hefur orðið í búvöruframleiðslu, verða annaðhvort að bæta sér það upp með því að sækja hluta af sinni vinnu til annarra staða eða að koma sér upp nýrri atvinnustarfsemi sem í flestum tilvikum er ekki mögulegt nema greiðar samgöngur séu í byggðarlaginu og til annarra landshluta.

Allir sem fjalla um þessi mál eru sammála um það að samgöngubætur séu eina byggðastefnan sem megi treysta að geti ekki brugðist. Önnur ástæða er sú að mörg byggðarlög þurfa nú sem aldrei fyrr á auknum samgöngubótum að halda. Sjávarútvegsbyggðirnar allt í kringum landið þurfa að treysta meira og meira á greiðar samgöngur. Fiskmarkaðir munu gefa nýja möguleika til að jafna atvinnu milli byggðarlaga þegar þeir hafa rutt sér til rúms nægilega víða. Þeir eru gjörsamlega háðir því að samgöngubætur verði á ýmsum stöðum landsins. Í þeirri þróun felast möguleikar fiskvinnslufyrirtækja til að bregðast við minnkun afla með auknum flutningi hráefnis milli byggðarlaga.

Nú er uppi mjög mikil umræða um sameiningu og samstarf sveitarfélaga. Sú umræða hefur nú þegar breytt afstöðu margra íbúa ýmissa byggðarlaga sem áður voru andvígir sameiningu við önnur byggðarlög. Þó er augljóst að í mörgum tilvikum eru möguleikar á sameiningu algjörlega bundnir því að samgöngubætur fáist. Enda er skipting sveitarfélaganna engin tilviljun heldur afleiðing samgöngumöguleika og atvinnuhátta.

Þriðja ástæðan, sem er þung á metunum, er sú að samdrátturinn í þjóðfélaginu hefur mikil áhrif á allt atvinnulíf um landið og möguleikar til að draga úr óheppilegum afleiðingum samdráttarins felast helst í því að halda áfram mjög þjóðhagslega hagkvæmum framkvæmdum og engar framkvæmdir gefa sömu möguleika eða koma byggðarlögunum og landsmönnum öllum að gagni á sama hátt og aðgerðir í samgöngumálum. Það hafa orðið mér mikil vonbrigði að ekki skuli hafa verið tekist að ná samkomulagi á Alþingi um að halda eðlilegum krafti í vegaframkvæmdum. Mér er óskiljanlegt að stuðningsmenn stjórnarflokkanna skuli ekki viðurkenna þau þungu rök sem bæst hafa við hinar almennu forsendur fyrir bættu vegakerfi í landinu. Það tækifæri sem stjórnvöld höfðu til að halda uppi virkri byggðastefnu með framkvæmdum í samgöngumálum er ekki notað. Erfitt er að sjá hvað getur komið í stað þess.

Í miklum umræðum, sem hafa farið fram um byggðamál í þinginu í vetur, hefur komið fram mikill áhugi bæði stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna á raunhæfum aðgerðum í byggðamálum. Þó að þingmenn séu sammála um þörfina á aðgerðum í byggðamálum eru mjög skiptar skoðanir um það hvaða aðgerðir séu vænlegastar til árangurs. Þó hafa framkvæmdir í vegamálum þá sérstöðu að um mikilvægi þeirra til árangurs í byggðamálum efast enginn. Til eru þeir menn sem halda því fram að aðgerðir í vegamálum séu nánast það eina sem hið opinbera eigi að beita sér fyrir. Byggðarlag sem hafi aðgang að góðu samgöngukerfi hafi það sem til þarf og íbúarnir muni þá spjara sig.

Þó ég sé þeirrar skoðunar að hið opinbera eigi að gera fleira til atvinnuuppbyggingar en að sjá íbúunum fyrir góðu samgöngukerfi þá tel ég að þeir sem halda þessari skoðun fram, sem ég lýsti hér, hafi mikið til síns máls. Ég er á þeirri skoðun að þau byggðarlög í landinu, sem hafa gott samgöngukerfi innan sveitarfélagsins og tengingu við hinn besta hluta samgöngukerfis landsins, séu byggðarlög sem séu ekki í hættu. Einnig hefur komið fram að allar líkur eru á því að framkvæmdir, sem verður ráðist í nú, muni fást á sérstaklega hagstæðu verði vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í þjóðfélaginu. Mörg af stærstu verktakafyrirtækjum landsins hafa ekki næg verkefni. Þau fyrirtæki hafa hvatt stjórnvöld til dáða og lagt fram hugmyndir sínar um með hvaða hætti eigi að standa fyrir nýjum framkvæmdum.

Ég ætla ekki að fjalla nánar um tillögur verktaka í þessu efni en við höfum hvatt mjög til þess að þessum málum verði gefinn gaumur. Árangurinn af hvatn-

ingu okkar í minni hlutanum hefur enginn orðið. Ég tel að mikil skammsýni sé fólgin í því að leggja ekki meiri áherslu á framkvæmdir í vegamálum en fram kemur í þeirri tillögu sem hér er til umræðu og ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það.

Ég vil svo til viðbótar við þetta gera að umtalsefni mál sem hefur verið með mjög sérstæðum hætti til umfjöllunar í samgn. og var raunverulega aðallega vakið upp af sjálfstæðismönnum. Það er samningur ríkisins og Reykjavíkurborgar um skuldaskil vegna framkvæmda við þjóðvegi í þéttbýli. Bornar hafa verið brigður á að samningurinn væri löglegur og að fjmrh., sem var á þeim tíma, hafi ekki haft til þess heimildir. Ég ætla ekki að fara að lesa yfir þau plögg sem liggja fyrir. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir málinu áðan. Niðurstaða málsins er skýr og augljós. Hún er sú að það sem fjmrh. gerði skuli standa. Ég hef ekki nokkurn áhuga á að halda uppi umræðum um það mál. Kannski verða aðrir til þess og ég mun þá blanda mér í þá umræðu ef ég tel einhverja sérstaka ástæðu til þess. En það kom mjög skýrt og greinilega fram á fundi nefndarinnar þar sem aðilar frá Ríkisendurskoðun voru mættir að niðurstaða þeirra er akkúrat þessi sem ég var að lýsa hér áðan. Þeir telja að ekki hefði átt að standa að málinu með þeim hætti sem gert var, en að það sé gerð sem ekki verði aftur tekin og muni þess vegna standa.

Ég tel að það sé mjög miður að ekki skuli hafa fundist betri tími til að ræða samgöngumál í hv. Alþingi en sá tími sem við erum núna að velja til þess. Því miður hafa þingstörfin gengið þannig að þessi tillaga kemur ekki til umfjöllunar fyrr en nú þegar menn eru komnir fram á kvöld á síðasta degi þingsins og flestir argir yfir hverri ræðu sem haldin er. Ég hefði talið að við hefðum þurft að hafa góðan tíma og ekki vera undir þeirri pressu, sem nú ríkir, til að fara yfir þessi mál og ræða þau í þinginu. Mér finnst að samræður okkar í samgn. í vetur gefi ástæðu til þess að halda uppi meiri umræðu í þinginu en verður gert nú. Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira. Ég vonast til þess að næsta ályktun verði svolítið myndarlegri næst þegar við ræðum áætlun um vegamál.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð síðasta hv. þm. um að vissulega hefðum við þurft að hafa betri tíma til að ræða um vegáætlun sem hér er lögð fram endurskoðuð. Endurskoðunin er aðallega fólgin í því að nú er verið að skerða vegáætlun enn meira en fyrirhugað hafði verið áður með því að 265 millj. af mörkuðum tekjum eiga að renna í ríkissjóð.

Þegar fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var lagt fram á sl. hausti voru vegamálin eitt af fáum málum sem talið var að fengi óskertar eða lítið skertar fjárveitingar. Hæstv. ríkisstjórn hældi sér mjög af því að aukning væri á vegafé á milli ára en ekki niðurskurður. Annað hefur vissulega komið á daginn og það meira en við höfðum þó reiknað með í upphafi að gæti orðið þar sem niðurskurðurinn er allt að 20% á milli ára. Eins og ég sagði er ansi hart að verða að una því að af þessum mörkuðu tekjustofnum fari 265 millj. í ríkissjóð í stað þess að nota það til framkvæmda, atvinnuskapandi og arðbærra framkvæmda.

Í áliti okkar í minni hluta samgn. kemur fram að fjármunir til stórverkefna vega þyngra á þessu ári heldur en áætlað var og er það ekki síst vegna þess að miðað hafði verið við að fjármögnunin dreifðist á fleiri ár en framkvæmdir stæðu. Framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum, sem nú er unnið að, á að ljúka á árinu 1995 en greiðslur áttu að ná allt til ársins 1998. Þessu hefur nú verið breytt í ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar þannig að nú á að fjármagna framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum af vegafé jafnóðum og ekki að taka nein lán eins og fyrirhugað hafði verið. Á þessu ári hafði verið fyrirhugað að taka 250 millj. kr. lán til framkvæmda en horfið hefur verið algerlega frá því. Það hefur vitanlega haft í för með sér að erfitt hefur reynst að standa við þá samninga, sem búið var að gera við verktaka og hefur þó Vegagerðin lagt sig alla fram og á vissulega þakkir skildar fyrir að reyna eins og mögulegt var að láta þennan samning standa bæði vegna þess að erfitt er að rifta samningi sem byrjað er að vinna eftir og líka vegna hins að það mundi kosta ríkissjóð ómælda fjármuni.

Þeir hafa leitað þeirra leiða að taka hluta af eða 40 millj. kr. af snjómokstursfé, sem sparast hefur vegna þess að sl. vetur hafa verið snjóléttir og eru að vonast til að það muni duga til að verktakar fari ekki fram á stórkostlegar bætur vegna samningsrofs. Vissulega vona ég að ekki komi til þess að erfiðleikar verði í framkvæmd þessa verks en þó finnst mér það borin von að það geti staðist miðað við það hvernig á síðan að standa að framkvæmd samningsins. Einnig má geta þess í þessu sambandi að sátt hafði náðst meðal allra flokka og meðal þingmanna í kjördæmum landsins um að fara í þessa jarðgangaframkvæmd vegna þess að það yrði ekki skerðing af almennu vegafé. Síðan hefur komið á daginn að framkvæmdir verða skertar af almennu vegafé, það verða skertar almennar framkvæmdir sem annars hefðu verið meiri úti á landi. Vitaskuld er það ekki góður kostur og verður auðvitað til þess að ef slíkt væri fyrirhugað aftur, t.d. þegar kæmi að því að jarðgöng yrðu byggð á Austfjörðum, taka menn ekki slíkar áætlanir sem trúverðugar.

Þá vil ég einnig geta þess að ekki er enn þá lokið við vegskála á Óshlíð, sem er hluti af svokölluðum Ó-vegaframkvæmdum sem sérstök framkvæmdaáætlun var gerð um og átti að ljúka öllum Ó-vegum eftir þeim áætlunum. En því var frestað að ljúka þeim skálum sem eftir var að byggja á Óshlíð og átti að gera það í tengslum við jarðgöngin. Síðan hefur komið á daginn að það er ekki inni í þeim samningum sem gerðir voru við verktaka þannig að það er alveg ófyrirséð á þessu stigi málsins hvenær verður unnið að þeim vegskálum sem enn er eftir að byggja við mjög hættuleg gil á veginum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Ég þarf áreiðanlega ekkert að lýsa því fyrir hv. þm. hversu mikil hætta getur verið á þeim vegi og hversu

mikil nauðsyn er af öryggisástæðum að ljúka þessum vegskálum.

Hæstv. ríkisstjórn lýsti yfir við fjárlagagerðina að samgöngumálin hefðu nokkurn forgang og í hvítbók hennar segir að áfram verði unnið að stórverkefnum, þ.e. jarðgöngum og endurbyggingum stórbrúa, og framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og að hraðað verði lagningu bundins slitlags á hringveginn og unnið að tengingu á milli landshluta. Það eru stór og mikil áform sem ríkisstjórnin hefur sett fram en mér þykja efndirnar ekki eftir því þegar byrjað er á fyrsta fjárlagaári hennar að skerða framlög til vegamála. Ef til vill má þó vonast til þess að reynt verði að einhverju leyti að fara eftir þessari áætlun og vil ég þá minna á í sambandi við jarðgöng og endurbyggingu stórbrúa, að nú er lokið við Dýrafjarðarbrú á Vestfjörðum sem er mikil og góð samgöngubót á því svæði og tekur af stórhættulegan veg fyrir Dýrafjörð þar sem mikil snjóflóðahætta hefur verið, auk þess sem það styttir mjög leiðina á milli Ísafjarðar og Þingeyrar. En því hafði verið lofað þegar farið var út framkvæmdir við Dýrafjarðarbrú að næst kæmi röðin að brú yfir Gilsfjörð. Gerð hefur verið úttekt og áætlun um þau mál en ekkert enn þá komist á framkvæmdaáætlun annað en lítils háttar upphæð til hönnunarkostnaðar. Ég vænti þess að í framhaldi af því að nú er lokið við brú yfir Dýrafjörð þá verði það í alvöru skoðað að byggja brú fyrir Gilsfjörð.

Ég hef ekki hugsað mér frekar en aðrir sem hafa talað í dag að eyða mjög miklum tíma þingsins í það að ræða vegáætlunina. Við í minni hlutanum höfum lýst því að við erum mjög ósátt við það hvernig staðið hefur verið að þessum málum og að ekki skuli hafa verið reynt að fara út í að auka framkvæmdir í vegamálum í stað þess að draga úr þeim og kemur það fram í nál. okkar.

Ég vil fara nokkrum orðum um greiðslu skuldar Vegasjóðs við borgarsjóð og þann samning sem fyrrv. fjmrh. gerði við Reykjavíkurborg 3. apríl 1991 og hefur verið mjög umdeildur hér í umræðum á Alþingi. Reyndar hefur enn meira verið fjallað um hann í nefndum, bæði í fjárln. og samgn. Ég vil taka undir það að ég lít svo á að ekki sé hægt að rifta þeim samningi. Þó svo ekki hafi verið farið að réttum leikreglum við það að leita samþykkis fjárln. um þennan samning þá er samkomulagið samt sem áður gert samkvæmt heimild í lið 6.7. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991. Það að þáv. fjmrh. leitaði ekki samþykkis fjárln. hlýtur að skrifast á kostnað ríkisstjórnarinnar á þeim tíma og vísa ég því til fjmrh. bæði fyrrv. og núv. að þeir uppfylli þau skilyrði sem þessi liður í 6. gr. fjárlaga kveður á um.

Við höfum komið óánægju okkar yfir því hvernig framlög eru til vegagerðar á þessu ári á framfæri. Ekki er mikið meira um það að segja. Vegáætlun mun endurskoðuð aftur á næsta ári og vonandi verður staðan þá betri þannig að hægt verði að leggja meiri fjármuni til framkvæmda í vegamálum og ég vænti þess líka að e.t.v. verði ríkisstjórnin orðin það bjartsýnni að hún sjái að þeim fjármunum sem fara til vegagerðar og bættra samgangna um landið sé vel varið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það má merkilegt kalla að vegáætlun skuli vera eitt af síðustu málum sem tekin eru fyrir í þinginu. Búið er að fara yfir ýmis þau efnisatriði sem við í minni hlutanum höfum gagnrýnt hart í samgn. í vetur og reynt að fá breytt. En því er ekki að leyna að hin dauða hönd ríkisstjórnarinnar hefur ekki síst verið að verki hvað vegamálin varðar. Stefnubreyting varð í landinu fyrir rúmu ári þegar við tóku menn sem ákváðu má segja að skapa svartnætti í samfélaginu og samdrátt á öllum sviðum, bæði í atvinnulífinu til þess að auka atvinnuleysi, halda launanum niðri og ekki síður hefur þetta nú komið fram í samgöngumálum þar sem fyrir liggur að þar hefur verið skorið niður um 765 millj. frá áætlun, sem er náttúrlega æðistór upphæð. Minni hlutinn taldi að það væri mikilvægt við núverandi aðstæður í íslensku samfélagi bæði þar sem verktakaflotinn liggur atvinnulaus í stórum stíl og er tilbúinn að vinna mikilvæg verkefni í vegagerð fyrir tiltölulega lág tilboð að menn á samdráttartímum sneru sér þó að einhverju björgulegu á þessum erfiðleika- og samdráttartímum. En því miður þá varð raunin önnur. Hin dauða hönd setti mark sitt á starf ríkisstjórnarinnar í þessu efni og þingsins. Því blasir nú við mikill samdráttur sem ber að gagnrýna harðlega. Þeir hafa líka með gjörðum sínum snúið frá áætlunum Alþingis á ýmsum sviðum. Ég minni á Vestfjarðagöngin þar sem það var einróma samþykkt Alþingis að fara í það verk og að það kæmi að hluta ekki niður á öðrum vegaframkvæmdum. Nú liggur það fyrir að þeir hafa brotið þessa samþykkt Alþingis og horfið frá því að taka lán sem átti að fara í þessar framkvæmdir upp á 250 millj. kr.

Síðan er atriði sem ég vil gagnrýna sérlega í lok ræðu minnar og það er samningur fyrrv. fjmrh. við borgarstjórann í Reykjavík sem framkvæmdur var í apríl rétt fyrir kosningar sem jafnvel stangast á við stjórnarskrána samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

Það er enginn vafi í mínum huga að fátt er mikilvægara en góðir vegir og góðar samgöngur, bæði hvað atvinnulífið varðar og ekki síður ferðalög innan lands. Ég hygg að þjóðin öll hefði viljað standa að því að sjá að á þessum tímum hefði verið farið í mikla framkvæmd t.d. lok á hringvegi og ýmsum aðalvegum. Það hefði skilað sér til baka. Því að það er enginn vafi að einhver mestu afrek sem unnin hafa verið í þessu landi á síðustu 20 árum eru hinar stórkostlegu framkvæmdir við vegi í varanlegri gerð. Það má segja að þetta standi upp úr þegar horft er til baka. Ég finn það sjálfur að það þýðir ekkert að segja unga fólkinu frá því hvernig vegirnir voru t.d. í lok viðreisnartímabilsins um 1970. Síðan hefur orðið bylting sem ekki er hægt að lýsa fyrir ungu fólki.

Það er ljóst í mínum huga að til að ná þessum árangri hafa menn gengið mjög á almennt viðhald vega um allt land ekki síst vegi í sveitum landsins sem eru að mínu viti að verða í óþolandi ástandi og þær mik-

ilvægu brautir þola það ekki öllu lengur að viðhaldinu sé jafnan skotið á frest. Þetta eru lífæðar sveitanna, þetta eru vegir þar sem börnin eru keyrð til skólans á hverjum degi og það væri áreiðanlega fróðlegt fyrir margan að aka um þá vegi sem þessu fólki er boðið upp á að aka um.

Eins er ég þeirrar skoðunar að menn hafi jafnvel á ýmsum sviðum ráðist í of mikil stórverkefni þó ég finni mig ekki knúinn til þess á þessu kvöldi að gagnrýna það sérstaklega en svo mikið er ógert í almennri vegagerð að ég er ekki viss um nema það væri mikilvægast að ráðast í það verkefni áður en við ráðumst í fleiri stórverkefni. Ég ætla t.d. að minna á eitt verkefni sem er rándýrt og menn ræða nú mjög um í þinginu að sé mikilvægt og það eru göng undir Hvalfjörð sem ég tel að geti beðið enda ágætis ferja yfir fjörðinn.

Ég sný mér þá að því samkomulagi sem fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, gerði sem slíkur við Reykjavíkurborg sem ég vil gagnrýna sérstaklega og kemur nú mjög niður á framkvæmdum í landinu. Nú er ég í engum vafa um að fátt er mikilvægara en að laga ýmislegt til í Reykjavík í samgöngumálum, ég get tekið undir það og tel það mjög brýnt, t.d. slysastaði og samgöngubætur. Til þess þarf að verja fjármagni. En það er alvarlegra þegar menn ganga til samninga sem skerðir verulega vegafé landsbyggðarinnar og mér finnst það skapleysi af landsbyggðarþingmönnum stjórnarflokkanna að sætta sig við að teknar séu 74 millj. á þessu ári til að standa við samninginn við Reykjavíkurborg. Það liggur þó sjálfsagt fyrir að við samninginn þurfti að standa en það átti þá að gera það með fé úr ríkissjóði öðru en að taka vegafé af landsbyggðinni. Það má segja að það sé furðulegt skapleysi að sætta sig við slíka niðurstöðu.

Nú vill svo til að þetta var auðvitað stórmál í samgn. Ýmsir af stjórnarliðum, hvort sem það var sýndarmennska eða góður vilji, segjum að það hafi verið góður vilji, gagnrýndu þennan samning fyrr á þessu þingi. Þess vegna var þetta stórmál í fjárln. og Ríkisendurskoðun fjallaði um þennan samning. Og eins og formaður nefndarinnar sagði er það fylgirit með nál. og er æði fróðlegt fyrir menn að lesa.

Ég ætla þá aðeins að fara yfir málið til að rifja það upp. Það mun hafa verið fljótlega eftir að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga átti sér stað og ýmis uppgjör voru að fara fram við sveitarfélögin í landinu að það þótti eðlilegt að skjóta inn í 6. gr. fjárlaganna lið þar sem kveðið var á um og gefin heimild til þess að gera upp við stærri sveitarfélög. Og ef ég gríp niður í álit Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta, þá segir svo um lið 1:

„Liður 6.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991 kveður á um að fjmrh. sé heimilt að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar."

Nú hygg ég að það sé svo að þarna sé stór og opinn liður sem Alþingi þarf verulega að hugsa sig um. Hverjum hefði dottið það í hug þegar menn réttu upp hendurnar og samþykktu þessa sakleysislegu 6. gr. að þeir væru að samþykkja fjárveitingu upp á 1,1 milljarð? Að einn ráðherra hefði þar heimild til að borga úr ríkissjóði 1,1 milljarð? Svo stór var þessi liður þegar upp var staðið.

Í þessu áliti segir síðar:

„Telja verður hæpið í ljósi þess sem nú hefur verið rakið að umrætt samkomulag geti talist samningur „um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum" eins og heimildin í lið 6.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991 gerir ráð fyrir. Framkvæmdum þeim, sem umrætt uppgjör lýtur að, er fyrir það fyrsta löngu lokið. Þá er þess að geta að tilgangurinn að baki umræddri heimild mun fyrst og fremst hafa verið sá að heimila greiðslur vegna tiltekinna ófrágenginna verkefna eða húsakaupa, einkum þó á sviði heilbrigðismála, í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 87/1989."

Ég hef rætt þetta atriði við menn sem þá sátu í fjárveitinganefndinni og bar þeim öllum saman um að þessi heimild hefði verið opnuð til að ganga frá heilsugæslustöðvum í Reykjavík og á Akureyri. Það hefði verið hugurinn á bak við þessa grein fjárlaganna. En þarna gerist það að fjmrh. á eigin spýtur sest niður með borgarstjóranum í Reykjavík og semur um skuldir upp á 1,1 milljarð sem ég tel alvarlega athöfn og standist varla þessa grein. Þarna hafi verið farið frjálslega út fyrir efni laganna og það sem meira er að tilgreint var að áður en slíkt væri gert yrði að bera það undir fjárveitinganefnd þingsins eins og hún hét þá. Nú mun það aldrei hafa verið gert á þessu tímabili. (**GHelg:** Hún var farin.) Mér hefur alltaf verið sagt að fjárveitinganefnd lifi af hvert þing. Ferðist saman á sumrin og sé að störfum allt árið. (**Gripið fram í:** Hún átti ekki að vera það.) Þannig að hún var að störfum og til hennar bar að skjóta þessu máli áður en samningurinn var gerður. En það var ekki gert í þessu tilfelli. Látum vera. Það kemur glögglega fram að ekki er hægt að rifta þessum gjörningi fjmrh. því að borgarstjórinn, sem nú er orðinn forsrh., taldi auðvitað að þarna væru fullkomnar heimildir og það mun ekki vera hægt að rifta þessum samningi. Það sem ég gagnrýni hér og hef gert áður í máli mínu er að menn skuli láta það yfir sig ganga að taka 74 millj. af vegáætlun sem snertir landsbyggðarkjördæmin til að standa við þennan samning í stað þess að taka fé úr ríkissjóði með öðrum hætti.

Ég hygg að það hefði verið mikilvægt fyrir Alþingi sem mikilvæga löggjafarstofnun að stöðva þetta mál. Það hefur mjög verið gagnrýnt á seinni árum hvernig Alþingi veitir framkvæmdarvaldinu rúmar heimildir sem taldar eru í mörgum tilfellum stangast á við stjórnarskrána. Þess vegna vil ég við þetta tækifæri gagnrýna harðlega þetta samkomulag sem þarna var gert.

Ég hafði ekki hugsað mér að halda hér öllu lengri ræðu en í lokin þá endurtek ég það að ég harma að samgrh., sem er landsbyggðarþingmaður, skuli ekki hafa sýnt meiri kraft í því mikilvæga verkefni að halda

áfram vegauppbyggingu í landinu heldur lotið í lægra haldi og gerst mestur niðurskurðarmeistari allra samgrh. síðustu áratuga.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að átelja það harðlega að hér sé stjórn þingsins hagað á þann hátt að vegáætlunin, eitt af stóru málunum, sé fyrst að koma til umræðu á síðustu nótt þessa vorþings. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég ætla ekki að fara út í það mál sem hv. 5. þm. Suðurl. var með í lok sinnar ræðu um samning fjmrh. og borgarstjóra. Ég tel að vísu að þar á bak við hafi legið einhverjir nýsköpunardraumar en ég veit ekki hvort þeir nýsköpunardraumar áttu endilega skylt við vegagerð. En það mun kannski aldrei koma í ljós hvað þarna raunverulega var á ferðinni. Að mínu mati hefði það sem fór til greiðslu á þessu átt að taka af fé til vegagerðar í þéttbýli.

Það sem ég ætlaði fyrst og fremst að gera að umræðuefni er sú staða sem uppi er núna gagnvart verktökum og gagnvart almennum verklegum framkvæmdum. Það hefur komið fram áður að það bendir margt til þess að það væri mjög skynsamlegt að ráðast í verulegar framkvæmdir í vegagerð nú á meðan almennur samdráttur er í verklegum framkvæmdum og klára á næstu árum nokkra mikilsverða þætti í samgöngumálum áður en að hugsanlegum stórframkvæmdum kemur, til að mynda í orkugeiranum, hvort sem þar væri um að ræða orkusölu til nýs álvers eða til útflutnings um sæstreng. Ég held að það væri mjög mikilvægt gagnvart sveiflujöfnun í þóðfélaginu að standa þannig að málum. Það væri í raun gildur þáttur í almennri hagstjórn. Með þetta að leiðarljósi lagði ég fram fyrr í vetur till. til þál. ásamt 4. þm. Reykv. Hún er í samgn. og liggur þar þrátt fyrir að hv. 17. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþfl., hefði lýst yfir einróma stuðningi síns þingflokks við tillöguna þegar hún var til fyrri umr. Þetta undirstrikar enn þá einu sinni áhugaleysi Alþfl. í þessari ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Sérstaklega í samgöngumálum.) Hér er um að ræða alvörumál þannig að við skulum ekki hafa það í flimtingum. En tillagan hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna nú þegar möguleika á því að ljúka uppbyggingu hringvegarins á næstu tveimur árum. Þjóðhagsleg arðsemi framkvæmdarinnar verði könnuð sérstaklega, svo og hagkvæmi þess að vinna verkið nú þegar fyrirsjáanlegur er mikill samdráttur í allri verktakastarfsemi. Þá verði reynt að leggja mat á hvaða ný sóknarfæri skapast í atvinnulífi landsmanna við þessa framkvæmd. Stefnt verði að því að niðurstöður þessarar könnunar liggi fyrir það snemma að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta sumri ef niðurstaða gefur tilefni til."

Eins og menn heyra var þessi tillaga lögð fram nokkuð snemma á þinginu á meðan menn gerðu sér enn þá vonir um að hér yrðu mál stjórnarandstöðuþingmanna afgreidd og a.m.k. þau fáu sem væru afgreidd yrðu afgreidd fyrr en á síðustu dögum þings. Ég hef þær heimildir að tillagan hafi verið send til Vegagerðarinnar til umsagnar. Ég hef einnig heimildir fyrir því að frá Vegagerðinni hafi borist svar þar sem sagt er að ef miðað væri við nauðsynlega styrkingar og endurbætur ásamt lögn bundins slitlags og hringvegurinn kláraður þannig án þess að farið væri út í þær framkvæmdir sem eftir eru við að styrkja og tvöfalda brýr, þá væri lausleg kostnaðaráætlun við þessa framkvæmd sem hér segir:

Frá Reykjavík til Akureyrar 600 millj., frá Akureyri til Egilsstaða 1.470 millj., frá Egilsstöðum til Hafnar í Hornafirði 1.180 millj., frá Höfn til Reykjavíkur 1.150 millj. Samtals 4.300 millj. kr.

Nú er vert að taka tillit til þess að hluti af þessari upphæð er nú þegar á vegáætlun. Til að mynda standa vonir manna og ég veit að vonir hæstv. samgrh. standa einnig til þess að geta klárað kaflann Akureyri–Reykjavík á því kjörtímabili sem nú stendur yfir á tveim til þremur árum. Aðrir kaflar á þessari leið eru einnig á vegáætlun næstu ára. Lauslega áætlað, ef við tökum 600 millj. Reykjavík–Akureyri og það sem stendur til að vinna annars staðar á hringveginum, er það um 1 milljarður. Eftir standa 3,3–3,5 milljarðar sem væri kostnaðurinn við að ljúka hringveginum. Það mun vera mjög hliðstæður kostnaður og við Vestfjarðagöngin án þess að ég sé að draga nokkuð úr mikilvægi þeirrar framkvæmdar. En ég vil þó segja í þessu sambandi að ég hef óttast það með þeirri áherslu sem lögð hefur verið á jarðgöng að undanförnu að almenn vegagerð muni sitja á hakanum og við dragast aftur úr á því sviði. Ekki síst ef þetta dregst fram á þann tíma sem við erum komin með aðrar verklegar framkvæmdir á fulla ferð.

Þetta er ekki meira verkefni en svo að miðað við þá arðsemi sem Vegagerðin leggur á marga hluta þessa vegar og miðað við þá þjóðhagslegu arðsemi sem má reikna með af öðrum þáttum, til að mynda tengingunni á milli Norður- og Austurlands sem gæti gert einhverja höfn á Austfjörðum að meiri háttar útflutnings- og innflutningshöfn, mundi sú arðsemi borga vexti af lántöku til að klára þessa framkvæmd. Til viðbótar, og það ætla ég að hafa mín lokaorð varðandi þennan þátt míns máls, þá bendir margt til þess, ef við reiknum með því að hugur okkar standi til þess að klára hringveginn á næstu tíu árum, að hagkvæmni þess að bjóða verkið út, þannig að það yrði unnið á tveimur til þremur árum og hagkvæmni þess að bjóða það út sem einn áfanga og vinna það á þeim samdráttartímum sem nú eru, mundi fara langt í að borga vaxtakostnaðinn miðað við að taka féð að láni og borga á 10–12 árum. Það sem menn þyrftu að borga árlega í afborganir og vexti af láninu væri ekki miklu hærri upphæð en það sem færi árlega í þessa framkvæmd samkvæmt vegáætlun.

Það er hægt að segja að svona sé hægt að reikna með ýmsar framkvæmdir. Það er eflaust rétt en ég bendi á það, sem hefur margsinnis komið fram í kvöld, að það eru sárafáar framkvæmdir sem við getum ráðist í sem sannanlega eru arðsamari en vegabætur. Þetta ætla ég að láta duga varðandi þennan þátt.

Ég ætla að lokum að víkja í örfáum orðum að því sem kom fram hjá framsögumanni, hv. formanni samgn., varðandi það að þingmenn kjördæmisins hafi

skipt vegafé heima í kjördæmum og að það hafi verið látið gilda í öllum tilfellum. Nú er það rétt hvað þingmenn Norðurl. e. varðar að þeir skiptu því sem var til skiptanna í fyrstu umferð. Það gerðist hins vegar þegar til skiptanna komu 10 millj. kr., sem teknar voru af snjómokstursfé, að þeim var skipt án þess að hópurinn væri fullskipaður og þar tók sá meirihluti sem saman var kominn stefnumarkandi ákvarðanir varðandi skiptingu þessa fjár sem menn vissu að var ekki samkvæmt vilja hluta þeirra þingmanna sem þar voru mættir og þeirra þingmanna sem fjarstaddir voru þá viku. Ég vil að það komi skýrt fram að að skiptingu þessa fjár var staðið á þennan hátt.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Vissulega væri hægt að hafa mörg orð um vegáætlun, svo mikilvæg sem hún er fyrir hvert kjördæmi og atvinnulífið og uppbyggingu alla í byggðum landsins.

Í fyrstu vil ég gera að umtalsefni það sem hér hefur komið fram, m.a. hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni, um samning sem gerður var milli Reykjavíkurborgar og fyrrv. fjmrh. um uppgjör skulda við Reykjavíkurborg. Vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. þm. vil ég segja að það kom aldrei annað til greina en að staðið yrði við þennan samning. Samningar sem gerðir eru af hálfu ríkisins, samningar við sveitarfélög sem undirritaðir eru af ráðherrum í ríkisstjórn hlýtur að verða að standa við. Það hefur verið hlutskipti þeirrar ríkisstjórnar og þess stjórnarmeirihluta sem nú er við völd að standa við samninga sem gerðir voru og reyna að hlutast til um að staðið væri við samninga sem hafði verið rift. Ég hef frá því fyrst var rætt um þennan samning sem gerður var lýst því yfir að ég teldi að það væri óhjákvæmilegt að standa við hann. Ég held að hv. þm. Guðni Ágústsson verði að gera sér grein fyrir því að hann ber ábyrgð á þessum samningi eins og aðrir þingmenn sem stóðu að þeirri ríkisstjórn sem ber ábyrgð á þessum samningi.

Ég ætla ekki að lengja þær umræður sem hér fara fram eftir miðnætti um vegáætlun. Ég vil segja það eitt að vegáætlun skiptir mjög miklu máli. Það skiptir mjög miklu máli að það takist vel að nýta þá fjármuni sem við höfum til vegagerðar í landinu og það skiptir mjög miklu máli hvernig þeir skiptast. Í gildi eru fastar og ákveðnar reglur um skiptingu þessa fjármagns samkvæmt lögum. Unnið er að því núna að endurskoða vegalög og ég bind miklar vonir við að sú endurskoðun geti leitt til þess að framkvæmdir í vegamálum verði teknar eilítið öðrum tökum en gert hefur verið á undangengnum árum. Má þar m.a. nefna lögin hvað varðar framkvæmdir við þjóðvegi í þéttbýli sem hafa verið gerðir að umtalsefni.

Eins og hefur komið fram hjá hv. þm. skiptir uppbyggingin í vegakerfinu miklu máli. Stjórnarflokkarnir hafa lagt á það ríka áherslu að tengja saman uppbyggingu vegakerfisins og styrkingu byggðanna uppbyggingu svokallaðra vaxtarsvæða sem væru tengd saman með öflugu vegakerfi. Að þessum málum þurfum við að hyggja og ég tel að við afgreiðslu vegáætlunar á næsta ári þurfi að taka tillit til þeirrar áætlunargerðar sem unnið er að á vegum Byggðastofnunar eftir ósk forsrh. sem hlýtur að taka verulegt tillit til þeirra áherslna sem við leggjum í byggðamálum. Ég vil ítreka og leggja áherslu á að samgöngumálin skipta miklu máli þegar lagðar eru línur um uppbyggingu byggðanna.

Í þessari umræðu er ekki ástæða til að tíunda einstök mál, að því er ég tel, í kjördæmum. En þó hlýt ég að segja að Vesturland hefur nokkra sérstöðu vegna þess að vegasamgöngur skipta mjög miklu máli á Vesturlandi. Flugsamgöngur og samgöngur á sjó hafa ekki eins mikla þýðingu og í mörgum öðrum kjördæmum og þess vegna leggja þingmenn Vesturlandskjördæmis mikla áherslu á uppbyggingu vegakerfisins.

Ég tel að við þurfum að leita allra leiða sem færar eru til að ná meira fjármagni til uppbyggingar vegakerfisins. Ég er sannfærður um að sú ríkisstjórn sem nú er við völd og sá stjórnarmeirihluti sem stendur að baki ríkisstjórnarinnar mun leggja vaxandi áherslu á uppbyggingu vegakerfisins og að því munum við stjórnarþingmennirnir vinna heils hugar.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég sagði áðan var að trúlega yrði að standa við þann samning sem gerður var. Nú vil ég spyrja hv. þm. Sturlu Böðvarsson hvort honum þyki það stórmannlegt að láta skerðinguna, þessar 74 millj. sem vantar til Reykjavíkur eftir niðurskurð ríkisstjórnarinnar á vegáætlun, hvort honum þyki sanngjarnt af þessari ríkisstjórn að taka féð af landsbyggðinni og færa það hingað? Hefði ekki verið stórmannlegt að segja: Jú við verðum að standa við þennan samning en við verðum að gera það með öðrum hætti. Við verðum að láta sömu skerðinguna í vegáætlun koma hér á þetta svæði eins og hin en við verðum að bæta það upp með öðru fjármagni úr ríkissjóði.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara benda hv. þm. á það að samkvæmt þessum margumræddu samningi er það sérstaklega tekið fram að þrátt fyrir samninginn eigi ekki að skerða fjármagn til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu.

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að gera athugasemdir við ummæli, sem hv. 1. þm. Vesturl. lét falla, og sem ég kunni ekki allskostar við. Það var þegar hann fjallaði um stjórnarþingmenn í sambandi við umræður um vegamál eins og alveg sérstakan þjóðflokk og endurtók oftar en einu sinni að stjórnarþingmenn hefðu hug á að gera þetta eða standa svona að hinu o.s.frv. Mér finnst þetta koma úr hörðustu átt því þannig vill til að hv. þm. var sem bæjarstjóri í Stykkishólmi m.a. fulltrúi Sjálfstfl. í nefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða langtímaáætlun síðast þegar ráðist var í slíka vinnu. Þá var sá andi að leitað var eftir tilnefningum frá öllum flokkum í endurskoðunarvinnu af því tagi. Sjálfstfl. var

þannig sinnaður í stjórnarandstöðu fyrir einu og hálfu til tveimur árum síðan að honum nægði ekki einn fulltrúi eins og öðrum flokkum. Nei, hann varð að fá tvo til að þetta væri allt saman nógu lýðræðislegt og gott. Þannig var andrúmsloftið í Sjálfstfl. á þeim tíma að þeir gerðu kröfur um og fengu tvo fulltrúa á móti einum frá öðrum þingflokkum í hverri samráðsnefndinni á fætur annarri af þessu tagi. Hv. 1. þm. Vesturl. sat m.a. í slíkri nefnd sem ég skipaði á sínum tíma. Þess vegna fundust mér óþörf þessi ummæli um stjórnarþingmennina sem sérstakan þjóðflokk í þessum efnum nema það sé bjargföst ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að leita alls ekki eftir neinu samráði eða samstarfi um þessi mál. Og þá er náttúrlega að taka því.

Hér nefndi hv. 1. þm. Vesturl. t.d. endurskoðun vegalaga sem hafin væri. Ég tel að það sé brot á samráðshefðum um þessi mál ef nefnd er skipuð í það með pólitískum fulltrúum að þeir komi ekki frá öllum þingflokkum. Það hefur verið hefð við vinnu af þessu tagi þegar stefnumörkun eða nefndarstörf á sviði meiri háttar vegamála hefur verið á ferðinni að óska eftir fulltrúum úr öllum flokkum. Það er auðvitað Sjálfstfl. til skammar ef hann ætlar að rjúfa þessa hefð.

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt af hv. þm. og fyrrv. samgrh., Steingrími J. Sigfússyni, að skipa tvo sjálfstæðismenn í þá nefnd sem vann að endurskoðun vegáætlunar og gerð langtímaáætlunar í vegagerð. Ég tel að við fulltrúar Sjálfstfl. höfum lagt okkur alla fram um það að vinna sem best að þessari tillögugerð sem fram kom sem langtímaáætlun í vegagerð. En því miður var staða þjóðarbúsins með þeim hætti að ekki reyndist unnt að fylgja þessum áætlunum. Þrátt fyrir það voru gerðar ágætar tillögur og ég vænti þess að eftir þeim verði hægt að vinna.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur nokkuð borið á góma samningur sem ég gerði á sínum tíma við þáv. hæstv. borgarstjóra, núv. hæstv. forsrh. Mér finnst óeðlilegt, virðulegur forseti, að ég fjalli um þann samning án þess að hæstv. forsrh. sé viðstaddur umræðuna. (**ÖS:** Þorsteinn er viðstaddur.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson skaut hér inn í að Þorsteinn væri viðstaddur, ég reikna með að hann eigi við hæstv. sjútvrh. (**ÖS:** Björn líka.) Hann kallar aftur fram í: Björn líka og á þá við hv. þm. Björn Bjarnason. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma í salinn en sé hins vegar að formaður þingflokks Alþfl. hefur greinilega dvalið of lengi í þingflokksherbergi Alþfl. í kvöld. Ég vil í allri vinsemd gefa honum það ráð að ef menn hafa á síðustu nótt þingsins dvalið of lengi í þingflokksherberginu þá er vissara að vera rólegur í þingsalnum, hv. þm. Ég veit að þetta er erfið nótt fyrir Alþfl., það á enn þá eftir að kjósa í menntamálaráð.

Hæstv. forsrh. Það hafa ýmsir hér í kvöld verið að gamna sér við að ræða þann samning sem við gerðum á sínum tíma. Einkum hafa það verið þínir þingmenn, þingmenn Sjálfstfl., sem hófu umræður um þennan samning og hafa haldið því áfram í kvöld. Hv. 1. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, vék að þessum samningi og ýmsir félagar mínir í stjórnarandstöðunni hafa vikið að honum einnig og er það nokkuð sérkennilegt að stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn skuli finna sér það til samkomulags undir lok þingsins að gera árás á þennan samning sem við gerðum, ég sem fjmrh. og hæstv. forsrh. sem borgarstjóri. Það hefur gerst að fjárln. hefur skrifað bréf til Ríkisendurskoðunar og ...(**Gripið fram í:** Þú hefur verið í þingflokksherbergi Alþfl., hv. þm.) Já, það mætti ætla það, hv. þm. En ég held að skaplyndi formanns Alþfl. hafi verið þannig í kvöld að hann hefði ekki boðið mig velkominn í það herbergi. Það var hins vegar samgn. sem óskaði eftir því í bréfi til fjárln. að fjárln. óskaði eftir slíkum ummælum frá Ríkisendurskoðun. Ég hef hins vegar ýmislegt við þessi ummæli einstakra þingmanna að athuga og ég hef einnig ýmislegt við álit Ríkisendurskoðunar að athuga. Ég vil þess vegna segja nokkur orð um þetta mál þótt ég ætli ekki að taka til þess langan tíma.

Það var þannig þegar ég kom í fjmrn. að þar voru í óreiðu, ef nota má það orð, skuldir ríkisins við Reykjavíkurborg, allt frá fjármálaráðherratíð Alberts Guðmundssonar, vegna vegamála í Reykjavík. Ef notað er orð, sem mjög hefur verið í tísku í vetur og á síðasta sumri, má segja að þar hafi verið um nokkurn fortíðarvanda að ræða. Það var auðvitað alveg ljóst að fyrr eða síðar yrði að greiða þessar skuldir. Ég vænti þess að enginn þingmaður haldi því fram að ekki eigi að borga þessar skuldir. Mér fyndist það hreinskilnislegra af þingmönnum Sjálfstfl., t.d. hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sem byrjaði þessa umræðu fyrir nokkrum mánuðum síðan og hv. þm. Sturlu Böðarssyni, að taka það skýrt fram hvort það hafi verið misskilningur hjá mér að það hafi átt að borga þessar skuldir. (**StB:** Ég tók það fram.) Ég þakka fyrir að það leikur enginn vafi á því hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að hann telur að átt hafi að borga þessar skuldir. En hins vegar hef ég ekki heyrt hv. þm. Einar K. Guðfinnsson segja neitt um það efni. (**Gripið fram í:** Ég sagði það . . .) Nú, það er gott ef hv. þm. hefur einnig tekið það fram að það eigi að borga þessar skuldir. En þá vil ég spyrja: Um hvað eru menn að deila? (Gripið fram í.) Hvert er þá ádeiluefnið á mig í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Tókstu ekki eftir?) Já, hér kemur hv. þm. Egill Jónsson sem hefur verið utan þings í kvöld og gerir athugasemdir. Ég skal einnig koma að því. Við áttum um þetta nokkrar viðræður ég og þáv. borgarstjóri í Reykjavík. Ég átti einnig viðræður við ýmis önnur stærri sveitarfélög og komst að þeirri niðurstöðu að vegna þess hvernig þingið hefur kosið að haga skiptingu fjármuna á undanförnum árum, þá væri óhjákvæmilegt að leita eftir sérstakri heimild í fjárlögum til að gera upp skuldir við stærri sveitarfélög sem hefðu 10 þús. íbúa eða fleiri. Það var gert, sú heimild var fengin. Það kom einnig fram í umræðum á Alþingi, m.a. að tilstuðlan hv. þm. Friðriks Sophussonar, núv. hæstv. fjmrh., að það var alveg ótvírætt að heimildin

náði einnig til uppgjörs á skuldum vegna vegagerðar. Það er þess vegna rangt sem segir í greinargerð Ríkisendurskoðunar að það hafi ekki legið fyrir að þessi heimild hafi einnig átt að ná til vegagerðar. Það kemur fram í þingtíðindum frá þessum tíma. En svo virðist sem embættismenn Ríkisendurskoðunar hafi beitt þeirri undarlegu aðferð að leita í einkasamtölum til fyrrv. fjárveitinganefndarmanna og spyrja þá í stað þess að lesa þingtíðindin, þar sem skýrt kemur fram frá mér, frá 1. þm. Reykv. og frá fyrrv. formanni fjárveitinganefndar, núv. hæstv. heilbrrh., að þetta er alveg skýrt.

Í því samkomulagi, sem við þáv. borgarstjóri gerðum 3. apríl, kemur fram — í síðustu málsgrein þess, með leyfi forseta: „Samkomulag þetta er gert með vísan til heimildargreinar 6.7 í fjárlögum fyrir árið 1991." Og hvað segir í þeirri heimildargrein? Að það eigi að leita eftir samþykki fjárveitinganefndar. Það liggur alveg skýrt fyrir. Nú er það eins og þingmenn þekkja með ýmsum hætti sem menn hafa leitað eftir samþykki fjárveitinganefndar. Stundum hefur það verið gert áður en samkomulag hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins, stundum hefur það verið gert á eftir. Það var ýmist í minni tíð sem fjmrh. og var aldrei að því fundið.

Í aprílmánuði í fyrra var það ljóst að ýmsir fjárveitinganefndarmenn höfðu ekki boðið sig fram til þings, voru hættir í stjórnmálum, höfðu ekki leitað eftir endurkjöri. Fannst hv. þm. eðlilegt að leita til þeirra um samþykki á fjárskuldbindingum sem áttu að koma til framkvæmda á nýju kjörtímabili eða var ekki eðlilegra að leita til nýrrar fjárveitinganefndar í þeim efnum? Það lá ljóst fyrir að ákveðið hafði verið að þing kæmi saman í maí. Ærinn tími var því það sem eftir var af árinu til að bera málið upp á þeim vettvangi.

Það liggur einnig fyrir að ég var reiðubúinn að gegna áfram embætti fjmrh. ef fráfarandi ríkisstjórn hefði setið áfram svo ég var ekki að hlaupa frá þessu verki og hefði verið reiðubúinn að fylgja því áfram. Og ég vil líka segja við hæstv. núv. fjmrh., sem hefur sent fjölmiðlum sérstaka yfirlýsingu út af þessu máli, að þótt fjmrh. sem persóna hverfi úr embætti fara lagaskyldurnar ekki með honum. Það er ekki búið að einkavæða embætti fjmrh. Ef ekki hefði verið lokið einhverjum tilteknum verkum, sem samkvæmt lagagreinum bar að ljúka á tilteknu ári, þá getur nýr fjmrh., sem tekur við, ekki losað sig undan þeirri ábyrgð með því að segja: Sá sem var á undan mér gerði það ekki. Þess vegna er það auðvitað alveg ljóst að jafnvel þótt hæstv. núv. fjmrh. segi fullum fetum að ég hafi átt að gera það þá leysir það hann ekki undan þeirri skuldbindingu að gera það fyrst ég gerði það ekki. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. skilur. Hann getur ekki skotið sér undan þeirri lagaskyldu með yfirlýsingum til fjölmiðla þar sem fyrst og fremst er kastað einhverjum köpuryrðum í minn garð. Þess vegna er það auðvitað rétt að þetta samkomulag bar að bera upp við fjárveitinganefnd eða fjárlaganefnd. Það er alveg skýrt. Það kemur fram í samkomulaginu sjálfu.

Ríkisendurskoðun víkur í greinargerð sinni að því að í greinargerð fyrir fjárlagafrv. hafi núv. hæstv. fjmrh. ekki aflað sér nægilega skýrra heimilda með þeim texta sem er í greinargerð fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1992. Ríkisendurskoðun er sem sagt þeirrar skoðunar að það hafi átt að leita staðfestingar þingsins með formlegum hætti, t.d. með því að leggja fyrstu greiðslurnar eða samkomulagið sjálft inn í gerð fjárlaganna fyrir árið 1992. Ég er alveg sammála þeirri afstöðu. Ég vil líka vekja athygli á því, og það skiptir nokkru máli, að það sem við gengum frá, ég og fyrrv. borgarstjóri, ber heitið samkomulag. Það stendur ekki samningur heldur samkomulag. Það er samkomulag fyrst og fremst um það hver skuldin er og á hvaða tímabili er áformað að greiða hana. Það lá auðvitað ljóst fyrir að bæði fyrir samkomulaginu í heild og fyrir einstökum greiðslum yrði að leita heimilda Alþingis. Það segir sig sjálft. Mig satt að segja undrar að það skuli velkjast fyrir mönnum að gera það. Ég held ég fari einnig rétt með tölur að í vegáætlun sem var í gildi, þegar þetta samkomulag var gert, rúmuðust greiðslur fyrstu áranna algerlega innan þeirra upphæða sem settar voru í vegáætlun fyrir Reykjavík á þeim árum. Það breytir ekki þeirri skoðun minni, þótt núv. formaður samgn. hristi höfuðið, vegna þess að ég tel eftir minni að við höfum gengið frá því, ég og fyrrv. hæstv. samgrh., og það hafi einnig komið fram í ríkisstjórn á þeim tíma.

Ég tek svo eftir því að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur notað þetta samkomulag til að draga úr framlögum til vegamála í öðrum kjördæmum. Ég vil segja það skýrt hér að það er hvorki í anda né í samræmi við efni málsins eins og að því var unnið í minni tíð í fjmrn. Það var aldrei rætt um málið með þeim hætti að þessar greiðslur ættu að koma til skerðingar á framlögum til vegamála í öðrum kjördæmum. Þetta var fyrst og fremst mál Reykjavíkurborgar og ríkisins og snerti uppgjör skulda á þeim vettvangi og þá ef um framkvæmdir væri að ræða í framtíðinni, þegar greiðslurnar færu fram, þá fyrst og fremst og eingöngu framkvæmdir innan Reykjavíkurkjördæmis. Þannig að mér finnst pínulítið komið aftan að, svo ég segi það alveg hreinskilnislega, þeim sem að þessu samkomulagi stóðu á sínum tíma að haga framkvæmd þess með þeim hætti að það komi niður á öðrum kjördæmum.

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér þá athugasemd að Alþingi hafi ekki staðfest þetta samkomulag. Þinginu er nokkur vandi á höndum í þeim efnum. Ég hef talað fyrir því hér í vetur að það sé nú ekki allt gullaldartexti sem frá Ríkisendurskoðun kemur og Ríkisendurskoðun hafi reynst vera dálítið missaga í ýmsum málum og ýmsir núv. stjórnarliðar hafa gagnrýnt mig fyrir að vera með þá ábendingu. En stjórnarmeirihlutinn á Alþingi stendur auðvitað frammi fyrir þeim vanda að hann er með þetta álit Ríkisendurskoðunar í höndunum. Og menn verða þá annaðhvort formlega að lúta því eða koma með ærin rök fyrir því að gera það ekki. Það er formlega séð ekki hægt að snúa þessu máli upp í eitthvert pólitískt skak við mig og mín verk hvort sem menn gera það frá bekkjum stjórnarþingmanna eða stjórnarandstöðuþingmanna. Og ég sakna þess nokkuð að það hafa ekki

komið fram svör í þessari umræðu, hvorki af hálfu nefndarmanna né annarra, hvað þá heldur ráðherra, um það með hvaða hætti þeir vilja þá fara með málið í framhaldinu. Fyrst þingnefndin kaus að leita álits Ríkisendurskoðunar þá er það auðvitað alvarlegur hlutur fyrir nefndina að hafa það álit að engu án nokkurra frekari raka.

Ég vil þess vegna lýsa þeirri skoðun minni að ég tel óhjákvæmilegt að samkomulagið sé borið undir þingið með einum eða öðrum hætti og það er hægt að fara ýmsar leiðir í því. Það er hægt að gera það annaðhvort með því að bera samkomulagið í heild sinni samkvæmt grein 6.7. í fjárlögum fyrir árið 1991 undir fjárln. eða þá að bera upphæðirnar á hverju ári með formlegum hætti og skýrum undir þingið.

Að lokum vil ég svo segja það að kannski hafa það verið mistök að gera samkomulag við fyrrv. borgarstjóra um uppgjör þessara skulda. Ég neita því ekki að það kom mér nokkuð á óvart að það skyldu vera þingmenn Sjálfstfl. á Alþingi sem fyrstir urðu til að gagnrýna þetta samkomulag. Ég taldi mig vera að koma reiðu á óreiðuskuldir sem skildar voru eftir og sem varð að borga fyrr eða síðar með ákveðnum hætti. Það var gert, þannig að þegar nýr fjmrh. kom í ráðuneytið lá þetta skýrt fyrir. Ég hugsa að núv. hæstv. fjmrh. ætti frekar að vera þakklátur mér fyrir að gengið frá þessu verki, því ég veit að það þarf ekki að útskýra fyrir þingheimi að það væri auðvitað afar erfitt fyrir hæstv. núv. fjmrh., 2. þm. Reykv., að ganga frá slíku samkomulagi við Reykjavíkurborg í sinni fjármálaráðherratíð. Þannig að ég átti nú frekar von á því að menn sýndu þessu máli skilning af hálfu Sjálfstfl. og kynnu að meta það að þessi mál voru gerð upp í minni tíð og voru skilin eftir með þeim hætti að samkomulagstexti lá fyrir við Reykjavíkurborg sem þingið þurfti síðan að staðfesta en að Sjálfstfl. hefði frumkvæði að því á Alþingi að búa til alls konar moldviðri í kringum þetta mál.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Út af þessu máli vil ég aðeins segja örfá orð. Ég tel að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. hæstv. fjmrh., hafi setið ómaklega undir árásum út af þessu máli.

Ég tel að hann hafi unnið þetta mál fullkomlega í samræmi við þær heimildir sem til þess lágu. Ég átti sem borgarstjóri hér í Reykjavík langar viðræður við hann um þessa samninga. Ég var ekki alltaf ánægður með það því hann vildi auðvitað halda fast fram hlut síns umbjóðanda, ríkisins. Reykjavík fékk ekki endurgreiddar allar sínar skuldir. Verulegur hluti skuldanna var endurgreiddur óverðtryggður þannig að framreiknað þá sparaði páv. fjmrh. ríkinu verulegar fjárhæðir. Ég taldi mikilvægast — rétt eins og þingið taldi, þess vegna veitti þingið þessa heimild — að þetta mál yrði gert upp. Það gerði hæstv. páv. fjmrh. sautján dögum fyrir kosningar, ekki eftir kosningar, og tók alla þá pólitísku áhættu af því sem hans flokkur gat orðið fyrir úti á landi ef málið var viðkvæmt. Og ég tel að í hvívetna hafi hann gætt hagsmuna ríkisins og um leið farið eftir þeim heimildum sem hann hafði.

Það var mikið í húfi fyrir viðsemjandann sem ég var fyrir þá, borgina. Ég vissi að það voru kosningar fram undan og ég vissi að það kæmi ný fjárveitinganefnd. Þess vegna lét ég gefa mér lögfræðilegt álit á því hvort nauðsynlegt væri að páv. fjárveitinganefnd mundi staðfesta þann samning sem páv. fjmrh. gerði. Það var alveg tvímælalaust í þeim álitum að það var ekki bundið við páv. fjárveitinganefnd. Hún átti eftir að eiga einn fund, ef ég man rétt, á þeim tíma sem leið frá samningnum til kosninga. Það náðist ekki að leggja samninginn fyrir þann nefndarfund. En ég sem borgarstjóri í Reykjavík var alveg rór yfir því vegna þess að það kom fram í þessum álitsgerðum sem ég fékk að það var fjárveitinganefnd sem slík, sem fyrirbæri, ekki sem menn, sem gat staðfest þennan gjörning. Og ég tel að það gæti fjárveitinganefnd eða fjárln. hafa gert núna á þessu ári og á hinu fyrra ári því það væri nefndin sem slík sem gæti staðfest þetta samkomulag. Ég tel reyndar að samgn., sem hefur tekið yfir hluta af verkefni fjárln., hafi sennilega staðfest málið þegar. Ef það hefur ekki verið gert þá er nauðsynlegt að fjárln. geri það.

Ég tel að fyrrv. hæstv. fjmrh. hafi setið ómaklega undir árásum vegna þessa máls.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með tilliti til orða hæstv. forsrh. áður um ríkisfjármál, nauðsyn aðhalds á því sviði og að forðast beri alla lausung í fjármálum ríkisins, þá vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort sá skilningur minn á ræðu hans hér áðan sé réttur að hann telji að samningur framkvæmdarvaldsins við eitt sveitarfélag í landinu upp á rúman milljarð rúmist innan þess heimildarákvæðis í 6. gr. fjárlaga sem hæstv. fjmrh. vitnaði til hér áðan.

Ég gat ekki skilið hæstv. forsrh. öðruvísi og ég vildi gjarnan fá staðfestingu á þessum skilningi mínum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi og tel að vísunin til fjárveitinganefndar hafi fyrst og fremst verið þess eðlis að hún skyldi af þingsins hálfu aðgæta að fjmrh. páv. gerði samninginn innan þeirra heimilda sem þingið veitti. Ég tel að páv. fjmrh. hafi gert samninginn vel innan þeirra heimilda sem þingið veitti og þess vegna hefði verið auðvelt fyrir hæstv. fjárveitinganefnd að staðfesta með sínu eftirlitshlutverki að páv. hæstv. fjmrh. hafi í einu og öllu farið eftir þeim heimildum sem þingið hafði veitt honum.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið. Það var mjög athyglisvert, sérstaklega, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, í ljósi yfirlýsinga hans um fjármál og þá sérstaklega ríkisfjármál á umliðnum mánuðum þá var það mjög athyglisvert að fá þessa staðfestingu hans hér á þessu atriði.

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur auðvitað glöggt fram að hæstv. forsrh. er ungur í starfi löggjafarsamkomunnar. Þeir sem hafa starfað hér um langt skeið vita að löggjafarvaldið fer með fjárveitingavaldið. Og það sem ég tel að fyrrv. fjmrh. hafi ekki gætt að þegar hann gerði samninginn var mjög mikilvægt ákvæði í heimild 6. gr. sem hljóðar svo: „... að tilskildu samþykki fjvn.“ Þetta þýðir að það bar að leggja samninginn, áður en hann var undirritaður, undir fjárveitinganefnd sem fer með þetta starf í umboði löggjafarvaldsins. Það bar að fá, áður en samningurinn var formlega frá genginn, samþykki fjárveitinganefndar. Og 3. apríl 1991 var starfandi fjárveitinganefnd á Alþingi Íslendinga með fullu umboði fram að kosningum. Hún var ekki spurð og ekki undir hana borið og heldur ekki borið síðar undir nýja fjárln. Og það þykir mér einkennilegt ef það er álitið já frá fjárln. þegar hún segir ekki neitt. Þess vegna er það þetta atriði sem ég hef gagnrýnt í gjörðum fyrrv. fjmrh. Honum bar að bera þetta undir þá fjárveitinganefnd sem var starfandi.

Ég hef ekki efast um að ríkinu bar að standa við þann samning sem hann gerði. En ég hef gagnrýnt stjórnarliðana fyrir að láta það gerast með þeim hætti að skerða vegafé um allt land í stað þess að taka það af öðru fjármagni ríkissjóðs.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur milli hæstv. núv. forsrh. og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar hæstv. fyrrv. fjmrh. um það hverjum beri eða hafi borið að leita eftir samþykki fjárveitinganefndar eða fjárln. núv. á því samkomulagi sem er til umræðu. Ég ætla fyrst og fremst að fjalla örlítið um það samkomulag og meðhöndlun þess þó margt annað mætti reyndar segja um þá vegáætlun sem er til umræðu í hv. þingi.

Ég er sammála hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og raunar staðfesti hæstv. fjmrh. það áðan í sinni ræðu að auðvitað bar að halda áfram því verkefni að fá samþykki fjárveitinganefndar eða fjárln. á þessu samkomulagi. Það gat ekkert fallið niður með ríkisstjórnarskiptum eða fjármálaráðherraskiptum, það er alveg fráleitt. Auðvitað hlaut það þá að vera í verkahring hæstv. núv. fjmrh. að ná því fram eða framfylgja þeim þætti þeirrar heimildargreinar í 6. gr., sem vitnað hefur verið til og lesið upp, um að það bæri að leita eftir ekki bara samráði við fjárln. heldur samþykki nefndarinnar á málinu. Það var ekki gert. Og án þess, eins og ég sagði í upphafi, að ég blandi mér neitt í þessar deilur sem kunna að vera á milli þessara tveggja ágætu þingmanna, núv. hæstv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh., fannst mér kannski aðeins liggja í orðum hæstv. forsrh. að hann væri að beina því að hæstv. núv. fjmrh. að hann hefði ekki fylgt eftir þessu verkefni sem honum bar fyrst það var ekki búið á þeim fáu vikum sem fyrrv. fjmrh. sat í embætti frá því að samkomulagið var undirritað 3. apríl og þar til ný ríkisstjórn tekur við 30. apríl.

En menn greinir ofurlítið á um það hvernig beri að skilja eða skilgreina þetta mál nú þegar svo langt er um liðið frá því að þetta samkomulag var gert og að í dag er engin heimild til í fjárlögum til að beina málinu til fjárln. og því e.t.v. rétt það sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að samkomulagið verði í raun að berast undir þingið sjálft til endanlegrar staðfestingar. Ég tel að þó svo um þetta hafi verið getið í greinargerð fjárlagafrv. fyrir þetta ár þegar það var til meðhöndlunar hjá fjárln. þá geti það engan veginn fallið undir það að skoðast sem samþykki nefndarinnar á þessu samkomulagi sem skýrt er kveðið á um að hafi átt að leita.

Í samkomulaginu, sem hæstv. fyrrv. fjmrh. undirritaði ásamt þáv. borgarstjóra, kemur greinilega fram að þetta samkomulag er gert með vísan til heimildargreinar 6.7. í fjárlögum fyrir árið 1991 og hæstv. forsrh. staðfesti það í ræðu sinni áðan að honum var fullkunnugt um það og jafnframt um það að þessa samkomulags hafi ekki verið leitað á þeim tíma þegar málið eða samningurinn er undirritaður. Þannig að ég tel að út af fyrir sig sé þetta samkomulag með þeim vanköntum eða annmörkum gert að það skuli ekki koma fram í því fyrirvari annaðhvort að samkomulagsins við fjárveitinganefnd hafi verið leitað áður en það var undirritað eða að fyrirvari kæmi fram í samkomulaginu sjálfu að það þyrfti að leggjast fyrir þáv. fjárveitinganefnd til staðfestingar. Þetta var því miður ekki gert og hlýtur að vekja upp spurningar um gildi samkomulagsins svo lengi sem það verður ekki staðfest, fyrst það var ekki staðfest af fjárln. fyrir áramót, þá formlega af þinginu sjálfu í dag.

Til þess að liggja ekki undir því af hálfu núv. fjárln. að hafa tekið einhverja óformlega afstöðu til málsins af því að þögn sé sama og samþykki í þessu máli þá fórum við fram á það nokkrir fjárlaganefndarmenn að nefndin léti frá sér fara bókun um málið eða tæki málið til meðferðar og léti frá sér fara bókun um það. Og ég vil líka benda á það og minna á það hér að málið hefur aldrei verið sent henni og formlega því ekki þar til umfjöllunar. Það segir í þessari margtilvitnuðu grein að það er fjmrh. sem hefur heimild til að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa. Það er fjmrh. sem hefur þessa heimild og það er auðvitað hans að fylgja því eftir að nauðsynlegrar staðfestingar sé leitað hjá nefndinni. Það var ekki gert. Og á meðan það er ekki gert af hans hálfu, á meðan málið kemur ekki frá hæstv. fjmrh. eða fjmrn. til nefndarinnar þá tekur nefndin það auðvitað ekki upp sjálf vegna þess að þeir hv. þm., sem sitja á hverjum tíma í fjárln., vita auðvitað ekki hvaða samningar eru í gangi upp í fjmrn., hvaða samninga hæstv. fjmrh. kann að vera að gera við þessi stærstu sveitarfélög. Það verður að ætlast til þess að málið komi með formlegum hætti til nefndarinnar. Það hefur sem sagt aldrei gerst og því varð það niðurstaða á fundi fjárln. í gær að semja eða gera svofellda bókun sem mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp og var hún síðan send hæstv. fjmrh. Friðriki Sophussyni með í bréfi, dags. 18. maí. Bréfið hljóðar svo:

„Hér með sendir fjárln. svofellda bókun sem gerð

var á fundi nefndarinnar í dag vegna umræðna og yfirlýsinga um samkomulag fyrrv. fjmrh. við Reykjavíkurborg sem gert var 3. apríl 1991.

1. Samkomulagið er gert samkvæmt heimild í lið 6.7. í 6. gr. fjárlaga 1991. Þar er heimild ráðherra bundin því skilyrði að fjárveitinganefnd samþykki þær skuldbindingar sem gerðar kunna að verða.

2. Ekki var farið fram á það við þáv. fjárveitinganefnd né síðar við fjárln. að samþykkja eða staðfesta samkomulagið.

3. Fjárln. telur það skyldu fjmrh. að fylgja lagaskilmálum við gerð samkomulags sem kveður á um útgjöld af hálfu ríkisins. *Því miður var það ekki gert í þessu tilviki.*"

Undir þetta er síðan ritað af hv. varaformanni fjárln., Pálma Jónssyni, fyrir hönd fjárln. í fjarveru formannsins.

Það má kannski segja að það sé óþarfi að taka fram að það sé skylda fjmrh. að fylgja lagaákvæðum. En það var kannski rétt að árétta það í þessu bréfi þar sem þeirri skyldu hafði ekki verið framfylgt og málið þess vegna í því uppnámi getum við kannski sagt sem það reyndar virðist vera í enn í dag.

Að lokum langar mig svo, virðulegur forseti, aðeins að nefna það í sambandi við þær fjárveitingar sem eru nú í vegáætluninni til vegaframkvæmda og það framkvæmdafé sem þar er til afgreiðslu nú í þinginu að í samkomulaginu milli fjrmrn. og Reykjavíkurborgar er í fyrsta lagi kveðið á um að þeir fjármunir, sem gerður er samningur eða samkomulag um, skuli greiðast af framlagi af vegafé til framkvæmda við þjóðvegi í Reykjavík á næstu tveimur tímabilum vegáætlunarinnar. Það er ekkert tekið fram um það, af því að það kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. áðan, að það væri kveðið á um að það skyldi ekki skerða framkvæmdafé Reykjavíkurborgar, ef ég skildi hann rétt í máli hans áðan, hv. þm. situr nú reyndar hér í forsetastóli, en ég sé ekki að það sé tekið sérstaklega fram — það er aðeins rætt í samkomulaginu að þetta skuli greitt af framlagi af vegafé til framkvæmda við þjóðvegi í Reykjavík það segir ekki að það skuli ekki skerða framkvæmdafé þar. Síðan segir í síðustu málsgrein þessa ágæta margumrædda samkomulags, með leyfi forseta: „Samkomulag þetta er gert með vísan til heimildargreinar 6.7. í fjárlögum fyrir árið 1991 og ráðuneytið mun beita sér fyrir því að greiðsla á uppgjörsfé verði ekki til skerðingar á framkvæmdafé." Ég verð að líta svo á að þetta sé almennt um framkvæmdafé sem er á vegáætluninni og það eigi þá auðvitað ekki að skerða það framkvæmdafé sem á að ganga til annarra kjördæma. Ég held þess vegna að ef málið hefði komið til umræðu í fyrrv. fjárveitinganefnd eða núv. fjárln. hefði verið hugað að því hvernig hægt væri að standa við þetta samkomulag. Og fyrst ríkisstjórnin telur sér skylt að standa við samkomulagið, sem ég dreg reyndar ekki í efa að hafi sitt fulla gildi og beri að standa við, þá held ég að það hefði líka átt að standa við það ákvæði samningsins að þetta margumrædda samkomulag skerði ekki það framkvæmdafé sem vegáætlunin gerir að öðru leyti ráð fyrir. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki hafi verið staðið við það eins og fram hefur komið hjá hv. þm. sem hafa margítrekað að samkomulagið skerðir fjárveitingar til annarra kjördæma, m.a. vegna þess að í vegáætluninni eru framlög til Reykjavíkurborgar fyrir árin 1991 og 1992 ekki jafnhá og samningurinn eða samkomulagið gerir ráð fyrir og munar þar 89 millj. kr. eins og reyndar hefur líka komið fram hjá öðrum hv. þm. og það er auðvitað sú skerðing sem bitnar á öðrum kjördæmum.

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst hv. 1. þm. Norðurl. e. fara nokkuð vel yfir þetta mál með rökföstum hætti eins og hans er vandi. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá honum að líklega er niðurstaða málsins sú að viðtakandi fjmrh. hefði átt að senda málið áfram.

Ég vil vekja athygli á því að þetta mál hefur ekki bara verið notað sem upplýsingamál í þjóðfélaginu heldur sem pólitísk spjótalög á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. Yfirlýsing hæstv. forsrh. var mjög afdráttarlaus. Hann taldi að þingmaðurinn hefði sem ráðherra gætt hagsmuna ríkissjóðs vel og að hann hefði fengið lögfræðilegt álit um það að hann hefði verið innan fjárlagaheimildar.

Mér þykir þessi yfirlýsing afar merkileg og mér þykir hæstv. forsrh. bregðast við af drengskap í þessu máli, ekki síst í ljósi þess hvaðan spjótalögin komu sem hafa staðið á hv. 8. þm. Reykn. í þessu máli.

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að auka miklu við þessa ræðu sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hélt, nema að ég vil ítreka það að þegar ég vakti athygli á þessu máli þá dró ég hvorki í efa lögmæti þessa samnings í sjálfu sér né að það stæði til að efna hann. Mér fannst það náttúrlega alveg sjálfsagt mál og undir það tekur Ríkisendurskoðun. Það sem ég vil hins vegar vekja athygli á er að ég tel, og ég er sammála hv. 8. þm. Reykn. um það, að með því að taka afstöðu til vegáætlunar, þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum greiðslum til að standa skil á þeim skuldbindingum sem menn takast á hendur með þessu samkomulagi, sé þingið í raun og veru að taka afstöðu til þessa samkomulags. Ég tel að með þeim hætti sé það alveg rétt sem hv. 8. þm. Reykn. sagði að þingið er að segja álit sitt á þessum greiðsluskuldbindingum sem samkomulagið fól í sér.

Hitt er alveg ljóst að á meðan hv. þm. var fjmrh. þá sinnti hann ekki því ákvæði heimildargreinarinnar sem fól í sér að bera þetta mál undir fjárveitinganefndina og það hefur ekki verið hrakið, það stendur áfram. Í ljósi þess að þetta mál hafði verulega mikinn aðdraganda, stóð allt frá árinu 1989 voru auðvitað full efni til að gera það. Það stendur eftir, það var ekki gert. Við stöndum frammi fyrir þessu samkomulagi. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt eins og Ríkisendurskoðun bendir á að það þjóni hagsmunum ríkissjóðs að efna þetta samkomulag. Þannig eigum við að gera það og þannig eig-

um við að segja okkar álit í afgreiðslunni á þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þetta hefur nú verið dálítið skemmtileg og býsna fróðleg umræða sem farið hefur fram um „hanteringu" þeirra bræðra, hæstv. forsrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar, á almannafé.

Það er ekki úr vegi að ræða svolítið þennan fortíðarvanda sem allt í einu er kominn upp á borðið. Það var þannig í fyrravor að það var allt niðurum þáv. borgarstjóra og hann var kominn í snöruna en hæstv. þáv. fjmrh. skar hann niður úr snörunni án þess að leita heimildar fjárveitinganefndar. Auðvitað átti hæstv. þáv. fjmrh. að leita heimildar þáv. fjárveitinganefndar og hafði meira að segja 17 daga til þess. Auðvitað átti hann að leita heimilda þeirrar fjárveitinganefndar sem þá var starfandi áður en hann undirskrifaði þennan gerning. (**VE:** Við erum sammála um ...) Þegi þú, Vilhjálmur. Auðvitað átti hann að leita þessarar heimildar áður en hann undirskrifaði þennan gerning. (**ÖS:** Manstu hvað þú bannaðir mér, Páll?) Já, ég banna þér að tala. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að leyfa hv. þm. að tala.) Hæstv. forsrh. taldi hæstv. þáv. fjmrh. hafa tekið mikla pólitíska áhættu með þessum gjörningi. Og ég er alveg sammála því út af fyrir sig eins og mörgu öðru sem hæstv. forsrh. segir.

Hver var svo hin pólitíska áhætta sem hæstv. þáv. fjmrh. tók? Ólafur Ragnar Grímsson ætlaði sér í ríkisstjórn með Davíð Oddssyni (**Gripið fram í:** Rétt.) á þessum tíma og skuldabréfið átti að vera aðgöngumiðinn. En svo fór að loknum kosningum að önnur brúðurin var vænlegri, það var Alþfl., og Davíð Oddsson þáv. formaður og enn verandi formaður Sjálfstfl. tók ekki þessu góða bónorði enda hafði hann fengið sitt þegar til kastanna kom. En hvernig búnaðist svo Davíð Oddssyni borgarstjóra og núv. hæstv. forsrh. af þessum fjármunum sem hann fékk af almannafé? (**VE:** Er þetta nú ekki allt af því að ...) Þegi þú, Vilhjálmur. Hann fékk á annan milljarð króna úr ríkissjóði eða jafngildi þess í bréfi. Hann þurfti að fela fjárhagsvanda Reykjavíkurborgar. Hann fór með þennan rúma milljarð inn í Landsbankann, seldi þar þetta skuldbréf fyrir 772 millj. Rúmar 1.000 millj. urðu á þessari stuttu leið að 772 millj. kr. Hann þurfti nefnilega að sleppa áður en það kæmi í ljós hvernig fjárhag Reykjavíkurborgar væri komið. Hann seldi þetta skuldabréf fyrir 772 millj. til að slá á yfirdrátt Reykjavíkurborgar í Landsbankanum og var hann þó nógur eftir. En með þessu góðverki, þessu göfugmannlega góðverki og hinni miklu pólitísku áhættu sem hæstv. fyrrv. fjmrh. tók þá tókst þáv. borgarstjóranum og formanni Sjálfstfl. að komast úr Pósthússtrætinu og yfir í Lækjargötuna. En ég efast um að nokkur vegatollur hafi verið hærri. (**VE:** Ég var búinn að ...) Þegi þú, Vilhjálmur. (**Forseti:** Forseti vill biðja þingmanninn að gæta orða sinna og hv. þm. að gefa hljóð.) Það er nú eiginlega forseta að halda aga á Vilhjálmi sínum. En ég tek það svo sem ekki nærri mér að segja honum til.

Þetta væri nú allt gott og blessað og auðvitað verður ríkið að standa við sínar skuldbindingar og skuldir þarf að greiða, en göturnar í Reykjavík batna ekkert, ég bið menn að gá að því. Og það kemur niður á vegagerð í landinu og það er það alvarlega við þetta og þess vegna er þessi umræða sprottin að það er rúmum milljarði minna til ráðstöfunar til vegagerðar á Íslandi vegna þess að þessi gerningur var gerður hjá þeim bræðrum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á alla þessa umræðu með athygli. Ég hafði reyndar ekki hugsað mér að blanda mér í hana en vil segja fáein orð þó úr því sem komið er enda sér ekki á svörtu svo lengi sem hún hefur staðið. Ég held að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi farið það vel yfir staðreyndir þessa máls að það er í sjálfu sér ekki þörf á að rekja það ítarlegar af minni hálfu. Ég vil þó láta það koma fram vegna þess að ég hef nokkuð saknað þess að hæstv. núv. fjmrh. rifjaði upp sína aðild að þessu máli. Hún var í grófum dráttum sú að alveg frá árinu 1989, ef ég man rétt, var hv. þáv. 1. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, sérstakur verkstjóri þingmanna Reykv. í því að knýja á um uppgjör á þessum skuldum. Og m.a. voru vegna þrýstings af hans hálfu gefnar sérstakar yfirlýsingar um það á Alþingi, bæði í umræðum um vegáætlun og við afgreiðslu fjárlaga á þessum tíma, frá árinu 1989, að auðvitað yrði að ná samkomulagi milli ríkisvaldsins og borgarinnar um þessa skuld og gera hana upp. Ég man það vel að við eina slíka afgreiðslu fjárlaga, ég hygg að það hafi verið nær áramótum 1990 þá lýsti ég því yfir að ég mundi beita mér fyrir fundahöldum milli ríkisins og borgarinnar og koma af stað viðræðum um samninga um þessa skuld. Þetta leiddi til samkomulags um afgreiðslu fjárlaganna og samkomulags um þinglokin í það sinnið. Ég stóð við þetta loforð og kom á viðræðum milli borgarinnar og ríkisins sem voru síðan upphaf að þeim samningaviðræðum sem á eftir fylgdu og leiddu til samningsins að lokum.

Þess vegna kemur það mér nokkuð á óvart að hv. fyrrv. 1. þm. Reykv. og núv. hæstv. fjmrh. — að það skyldi standa á honum, ef svo má að orði komast, að fullnusta fyrir sitt leyti samninginn því auðvitað er alveg ljóst að sú embættisskylda hvíldi á hæstv. fjmrh. ef þörf er á að leita sérstaklega eftir samþykki fjárveitinganefndar, eins og rakið hefur verið, að koma því þá til framkvæmda.

Ég vil í öðru lagi láta það koma fram að ég tel þennan samning hafa verið hagstæðan ríkinu. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það. Það náðist samkomulag um að borgin félli frá því að framreiknaður væru að verulegu leyti eldri hluti skuldanna og sú niðurstaða sem náðist er að mínu mati bærilega hagstæð ríkinu.

Væntanlega eru allir hv. alþm. sammála um að þessa skuld bar að greiða. Það er enginn efi á því að ríkinu bar samkvæmt verkaskiptingu þessara aðila að greiða þennan kostnað og það er furðulegt ef menn

mæla því bót að slíkt sé látið veltast milli ára og ekki tekið á slíkum málum.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mig undrar það nokkuð að menn skuli fjalla um þetta mál eins og að bara með því einu að borga ekki þessa skuld hefðu menn um aldur og ævi getað notað þessa fjármuni til annarra verkefna í vegamálum. Því skuldin hefði þá staðið eftir og fyrr eða síðar komið að því að greiða hana og þær krónur sem til þess fara verða ekki notaðar í annað hvorki nú né hefðu þær verið það síðar. Svo einfalt er það. Þannig að ég held að menn gætu nú stytt þruglið um þetta, satt best að segja. Ég held að náðst hafi tiltölulega hagstæð niðurstaða fyrir ríkið.

Að lokum vil ég svo segja að væri sú vegáætlun, sem afgreidd var hér vorið 1991, framkvæmd að fullu og fé lagt til framkvæmda í vegamálum eins og hún gerði ráð fyrir (**EgJ:** Samanber það sem þú gerðir.) þá væri það misræmi ekki alvarlegt til þess að taka á sem ber á milli samningsins og niðurstöðutölu þeirrar vegáætlunar. En misræmið vex að sjálfsögðu þegar menn skera niður vegáætlunina, hv. stjórnarliðar, sem hér hafið sérstaklega geyst fram í umræður um þetta mál. Það mættuð þið hugleiða þegar verið er að ræða um þetta.

Ég segi nú bara úr því að ég er kominn í ræðustólinn á annað borð að það eru auðvitað mestu vonbrigðin við afgreiðslu þessarar áætlunar að hér er verið að skera verulega niður fé til framkvæmda í almennri vegagerð, um ¼ af milljarði kr. og það leiðir til 20% samdráttar í almennum vegaframkvæmdum. Sá samdráttur kemur auðvitað mjög hart niður og ég skil vel óánægju margra landsbyggðarþingmanna með þetta. En þá ættu menn líka að minnast þess hverjir tóku þær pólitísku ákvarðanir og greiddu því atkvæði um síðustu áramót að skera vegafé svona niður. Það er of seint að iðrast eftir dauðann, ef svo má að orði komast í þessu tilviki. Þeir stjórnarliðar, sem studdu um áramótin niðurskurð á vegafé, eru búnir að bíta í það súra epli.

Að lokum eitt orð enn, hæstv. forseti, og það er þetta: Það hefur að mínu mati lengi verið gæfa okkar að við höfum náð að standa sæmilega saman um þennan málaflokk, framkvæmdir í samgöngumálum. Í þinginu er löng hefð fyrir því að allir stjórnmálaflokkar hafa tekið þátt í undirbúningsvinnu, stefnumörkun og áætlanagerð á þessu sviði. Oftast nær, svo lengi sem ég man og það eru níu ár a.m.k., hafa menn í þessum efnum náð að standa saman um afgreiðslu vegáætlunar. Og það verður vonandi núna.

Ég held að við ættum að slíta þessari umræðu með smáhugleiðingu um hvort ekki sé nokkuð á sig leggjandi til að varðveita slíka samstöðu áfram. Ég ber satt að segja nokkurn kvíðboga fyrir því að það takist en ég vona þó að menn vitkist og leggi nokkuð á sig til að ná að standa saman um þennan mikilvæga málaflokk í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 680, nál. 977, brtt. 978.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útboð, síðari umr.

Þáltill. StG og GÁ, 183. mál (nefnd til að semja frumvarp). — Þskj. 201, nál. 967.

Frsm. iðnn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti, ég mæli fyrir nál á þskj. 967 um till. til þál. um útboð. Iðnn. hefur fjallað um þetta mál og mælir með samþykki þess með þeirri breytingu að 2. mgr. tillgr., sem fjallar um tímasetningu á starfi þeirrar nefndar sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð til að semja frv. til útboðslaga, falli brott. Í stað þess að þar standi að frv. eigi að leggja fram í október 1992 þá verði starf nefndarinnar ekki tímasett.

Virðulegi forseti. Undir nál. rita allir hv. nefndarmenn iðnn.: Össur Skarphéðinsson, Pálmi Jónsson, Finnur Ingólfsson, Kristín Einarsdóttir, Svavar Gestsson, Páll Pétursson, Guðjón Guðmundsson, Sigríður Anna Þórðardóttir og Árni Johnsen og mæla með því að þessi ágæta tillaga verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, síðari umr.

Þáltill. HAJ og JónK, 292. mál. — Þskj. 497, nál. 949.

Frsm. samgn. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana ítarlega umsögn frá Vegagerð ríkisins. Nefnd um hugsanlega jarðgangagerð á Austurlandi er að störfum og mun væntanlega skila tillögum sínum á þessu ári. Sú nefnd fjallar um öll hugsanleg jarðgöng á Austurlandi og á að gera arðsemisathuganir um þau. Nefndin leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Að nefndarálitinu standa allir nefndarmenn, Árni M. Mathiesen, Sigbjörn Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen, Guðni Ágústsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Sturla Böðvarsson og Sigríður Anna Þórðardóttir í fjarveru Pálma Jónssonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 152. mál. — Þskj. 164, nál. 979, brtt. 980.

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessi till. til þál. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs var vísað til sjútvn. sem fékk umsagnir frá allmörgum aðilum. Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á fót miðstöð rannsókna og fræðslu á sviði sjávarútvegs á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu.

Nefndin fór dagsferð til Akureyrar sl. haust, heimsótti sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, niðursuðuverksmiðju K.J., Útgerðarfélag Akureyringa, Slippstöðina, fiskeldið á Hjalteyri og hélt fund með bæjarstjórn Akureyrar. Upp úr þeirri ferð spannst umræða sem reyndist gott innlegg í umfjöllun um tillöguna.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem lögð er til á sérstöku þingskjali því að nefndin lítur svo á að tillagan svo breytt nái jafnframt markmiði till. til þál. um sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri, sem er 159. mál á þskj. 171, sem vísað var til nefndarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs."

Undir þetta álit skrifar öll sjávarútvegsnefndin. En það eru auk mín Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Vilhjálmur Egilsson, Jóhann Ársælsson, Halldór Ásgrímsson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson og Árni R. Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, síðari umr.

Þáltill. JVK o.fl., 446. mál. — Þskj. 704, nál. 1010.

Frsm. efh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þessa till. til þál. um endurgreiðslur virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna. Umsagnir bárust frá Kaupmannasamtökunum, Verslunarráði Íslands og Sambandi veitinga- og gistihúsa.

Í þeim umsögnum sem bárust er mælt með endurskoðun reglna um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Við þá endurskoðun þarf að hafa ríkt samráð við alla hagsmunaaðila en meginmarkmið hennar er að mati nefndarinnar að efla íslenska ferðaþjónustu og viðskipti við erlenda ferðamenn.

Nefndin telur rétt að einfalda tillgr. nokkuð og leggur til að hún verði samþykkt þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að láta endurskoða reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna og framkvæmd hennar."

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. en þeir eru auk mín Rannveig Guðmundsdóttir, Halldór Ásgrímsson, Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Ingi Björn Albertsson og Árni M. Mathiesen.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með þá afgreiðslu sem þessi tillaga hefur fengið hjá hv. efh.- og viðskn. og lýsi yfir fullum stuðningi við þá brtt. sem formaður nefndarinnar hefur lagt fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni og hagur aldraðra, ein umr.

Skýrsla umhvrh., 3. mál. — Þskj. 802 (sbr. þskj. 3).

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði skýrslu heilbr.- og trmrh. um málefni og hagi aldraðra. Í henni eru svör við spurningum sem fram komu í beiðni níu þingmanna Alþb. sem lögð var fram á þessu löggjafarþingi á þskj. 3. Beiðnin er umfangsmikil og í mörgum liðum og því hefur tekið nokkurn tíma að semja þessa skýrslu og leita svara við öllu sem um er spurt. Leitast er við að svara flestu því sem þar er fram sett.

1. kafli skýrslunnar fjallar um húsnæði fyrir aldraða í landinu og er þar farið eftir landshlutum og þjónustuþörf.

2. kafli er um þróun öldrunarmála frá því að fyrstu lög um þau efni gengu í gildi fyrir áratug og um þá stefnu sem þau mál hafa tekið, en þetta er ört vaxandi málaflokkur.

3. kafli tekur til kjara aldraðra hvað varðar greiðslur frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Þessi kafli er saminn af starfsmanni Tryggingastofnunar ríkisins og tekur til allra helstu bóta eða greiðsluþátta til aldraðra.

4. kaflinn fjallar um Framkvæmdasjóð aldraðra og kemur þar fram heildaryfirlit yfir úthlutanir úr sjóðnum frá því að hann hóf starf sitt. Þar er einnig að finna stutta lýsingu á þeim stofnunum sem styrki hafa hlotið.

Síðasti kaflinn er samantekt og lokaorð.

Skýrslunni fylgja þrjú fylgiskjöl. Það fyrsta er yfirlit yfir heimilishjálp sem sveitarfélög veita og er það flokkað eftir sveitarfélögum. Annað fylgiskjal sýnir kostnað sveitarfélaga við heimilishjálp árin 1984–1988 og það þriðja er unnið úr skattframtölum sem sýna

tekjudreifingu og eignadreifingu ellilífeyrisþega.

Meginniðurstaða í 1. kafla skýrslunnar er sú að vistrými fyrri aldraða hefur aukist mjög mikið á tveimur áratugum eða ríflega tvöfaldast og er það einkum hjúkrunarrými sem hefur aukist. Er svo komið að nú er vistrými fyllilega sambærilegt við það sem gerist hjá *grannþjóðum okkar á Norðurlöndunum.*

Þessi uppbygging hefur þó orðið mismikil eftir landshlutum og virðist hún hafa orðið minni en efni standa til hér suðvestanlands og þó einkum í Reykjavík. Þannig eru 12,7 rými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri í Reykjavík þegar landsmeðaltalið er 17,3. Því er enn talin nokkur þörf á auknu vistunarrými í Reykjavík.

Viss vandi hefur komið upp vegna þess að meðalaldur fólks hefur farið hækkandi og því þrýstingur á að breyta þjónusturými í hjúkrunarrými. En þar geta hagsmunir rekist á því að slík breyting veltir stærri hluta kostnaðar yfir á ríkið.

Í 2. kafla skýrslunnar er fyrst rakin saga lagasmíði um málefni aldraðra en þar ber hæst lög um málefni aldraðra frá árinu 1983 og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra frá 1981. Þá er í þessum kafla reynt að meta þörfina á mismunandi þjónustu vegna aldraðra. Má sérstaklega vekja athygli á býnni þörf fyrir rými fyrir heilabilaða aldraða. Þetta mál hefur hlotið sérstaka skoðun í tíð þessarar ríkisstjórnar og var á þessu ári opnað nýtt vistheimili í Reykjavík fyrir þetta fólk með níu rúmum. En betur má ef duga skal og verið er að íhuga að hleypa rekstri annars vistheimilis af þessu tagi af stað.

Í 3. kaflanum er fjallað um kjör aldraðra. Fólk á ellilífeyrisaldri er nú um 24.000. Þetta fólk nýtur að jafnaði tekna af a.m.k. þrennum toga. Sumt af því er *enn að hluta til vinnufært og hefur því atvinnutekjur og* er um helmingur tekna meðalellilífeyrisþega atvinnutekjur. Næststærsti tekjupósturinn eru bætur frá almannatryggingum en greiðslur úr lífeyrissjóðum koma í þriðja sæti.

Bætur almannatrygginga eru sem kunnugt af ýmsum toga. En hinir almennu bótaflokkar eru grunnlífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót. Brýnt er að samræma og einfalda þetta kerfi. Mikið undirbúningsstarf var unnið á því sviði sl. haust en var ekki lokið. Áfram verður haldið á þeirri braut að skapa heilsteypt og skiljanlegt kerfi fyrir lífeyrisþega, hugsanlega með samtvinnun við skattkerfið. Mikilvægt er jafnframt að hugað sé að lífeyrissjóðunum og samspili þeirra og greiðslna almannatrygginga.

Í 4. kafla skýrslunnar er m.a. heildaryfirlit yfir framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra þann áratug sem hann hefur starfað. Á verðlagi í desember sl. hafa framlög úr sjóðnum numið alls um 2,3 milljörðum kr. Ekki liggur fyrir hver hefur verið heildarkostnaður við þær framkvæmdir sem styrktar hafa verið en leiða má líkur að því að það nálgist milljarða tug.

Af þessu sést að gífurleg uppbygging hefur átt sér stað á þessu sviði á sl. áratug. Heilbrrh. hefur nýlega skipað nefnd til að setja staðla sem greiðsluþátttaka Framkvæmdasjóðs aldraðra gæti miðast við en hliðstæðar reglur hafa lengi verið í gildi varðandi skólahúsnæði. Nokkurs misræmis hefur gætt í stærð rýmis og aðbúnaði á vistheimilum aldraðra. Ekki er ætlunin að staðla gerð eða stærð slíks húsnæðis einungis að skilgreina hvað eðlilegt sé að ríkið miði greiðslur sínar við.

Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast. Fjöldi þeirra sem eru 65 ára og eldri fer vaxandi en þeir hafa lokið eða eru að ljúka sinni starfsævi. Þessi fjöldi vex væntanlega úr 10,7% árið 1991 í 16,5% á næstu þremur áratugum, samanber nýlega mannfjöldaspá Hagstofu. Hlutfall fólks á vinnualdri eða 25–64 ára vex úr 49% í um 52% á næstu þremur áratugum. Á móti kemur að stórir árgangar þeirra sem fæddust eftir seinni heimsstyrjöldina eru enn á vinnualdri. Samtímis fækkar þeim sem hafa ekki enn hafið störf. Því virðist framfærslubyrðin vegna ungra og aldraðra eiga að geta verið viðráðanleg á næstu árum. Þetta er sagt með þá mikilvægu forsendu í huga að hinir vinnufæru hafi allir arðbær störf, hér sé heilbrigt og arðbært atvinnulíf. Það er því e.t.v. okkar stærsta velferðarmál.

Vegna umræddrar breytingar á aldurssamsetningu einni sér vaxa útgjöld til velferðarmála og þá einkum *heilbrigðismála á fyrrgreindu tímabili umtalsvert* eða um 33% á sama tíma og fólksfjöldi vex aðeins um 18%. Sakir þess að fólki á almennum vinnualdri eða á aldrinum 25–64 ára fjölgar enn meira vaxa útgjöldin á hvern vinnandi mann yfir þetta tímabil ekki. Því er ekki von á neinni kollsteypu hvað varðar heilbrigðisútgjöld á næstu árum vegna þess eins að þjóðin eldist. En mikilvægt er að koma böndum á ríkisútgjöldin nú og efla atvinnulífið til þess að efnahagslegar forsendur velferðarþjónustunnar bresti ekki.

Mjög mikið hefur verið gert til að bæta og auka aðstöðu *fyrir aldraða á undanförnum árum.* Þannig hefur tala hjúkrunarrúma tvöfaldast á seinustu tíu árum eins og fyrr sagði og þjónusturými aukist um 30%. Sérstaklega hefur ástandið batnað á landsbyggðinni. Enn er þó talið að það skorti hjúkrunarrými a.m.k. í Reykjavík. Rætt er um 200–300 rúm í því sambandi. Verulega mun þó draga úr þessum skorti á næsta ári þegar hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi tekur til starfa með 130 rúmum.

Margir telja að við leysum umönnunarvanda aldraðra ekki á réttan hátt, að hér sé lögð of mikil áhersla á stofnanavistun og heimavistun ekki sinnt sem skyldi. Samkvæmt norrænum upplýsingum er um tíundi hver Íslendingur 65 ára og eldri á stofnunum á meðan hlutfallið er á bilinu 4–7% á hinum Norðurlöndunum samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis. Ástæðan virðist m.a. sú að heimaþjónusta og heimahjúkrun er *hér stunduð í minna mæli en annars staðar. Félagsleg* og fjárhagsleg rök hníga að því að styðja fólk til að vera sem lengst á heimilum sínum. Að flestra mati er kostnaður við framfærslu og umönnun aldraðra í heimahúsum minni en á stofnunum allt þar til hjúkrunarþörfin er orðin veruleg.

Dagvistarrýmum fyrir aldraða hefur fjölgað mjög verulega á undanförnum árum. Mikilvægi dagvistunar í þjónustukerfi aldraðra er ótvírætt enda eiga dag-

vistir mikinn þátt í því að aldraðir geti dvalið lengur heima en ella. Hvíldarinnlagnir eru einnig úrræði í öldrunarþjónustu sem notað er í æ ríkari mæli. Það, líkt og dagvistir, stuðlar að því að aldraðir geti dvalið lengur heima. Þeim öldrunarstofnunum hefur fjölgað sem bjóða upp á hvíldarinnlagnir einkum yfir sumarleyfistímann.

Á Norðurlöndum hafa heyrst raddir um að þar hafi sumpart verið gengið of langt í þessum efnum. Fólki sem hvorki hafi burði né vilja til að dvelja heima sé haldið þar lengur en góðu hófi gegnir. Hér sem víðast er meðalvegurinn bestur. Þá er talið nauðsynlegt að efla öldrunarlækningar og endurhæfingu á sjúkrahúsum.

Hví leggjum við meiri áherslu en grannþjóðirnar á stofnanavistun þrátt fyrir að það sé að jafnaði hagkvæmara að vista aldraða í heimahúsum? Ástæðan er e.t.v. sú að ábyrgð og umfram allt kostnaður við öll málefni aldraðra skiptist á milli ríkis- og sveitarfélaga, áhugasamtaka og einstaklinganna sjálfra. Sveitarfélögin reka heimilishjálpina en ríkið heimahjúkrun. Og enda þótt lög kveði á um samvinnu á þessu sviði er það upp og ofan hvernig þar tekst til. Sveitarfélögin leggja síðan kapp á að reist séu hjúkrunarheimili en ríkið sér síðan um reksturinn. Best er e.t.v. að færa framkvæmdina og ábyrgðina á sem flestum málefnum aldraðra til sveitarfélaga. En málefni aldraðra verða ekki skilin frá öðrum þáttum heilbrigðisþjónustu. Þannig þarf a.m.k. heilsugæslan að fylgja með við slíkan flutning. Með heilsugæslunni flyttist heimahjúkrunin yfir til sveitarfélaganna sem einnig sjá um heimilishjálpina eins og fyrr segir. En meira þarf til. Hjúkrunarheimilin eiga líka heima hjá sveitarfélögunum fremur en ríkinu. Og vel má spyrja hvort landsbyggðarsjúkrahúsin, a.m.k. þau sem nú eru ekki deildaskipt, eigi ekki að fljóta með, hvort ríkið eigi ekki að takmarka sig við að reka eða fjármagna meginsjúkrahúsin. Nýlega hefur verið sett á laggirnar nefnd í heilbrrn. til að endurmeta hlutfall sjúkrahúsa.

Að sjálfsögðu geta sveitarfélögin ekki tekið á sig þessar auknu byrðar án aukinna tekna. Jafnframt er brýnt að sveitarfélög sameinist og stækki til þess að geta betur tekið við þessum verkefnum. En fleiri en sveitarfélög geta og eiga að koma við sögu varðandi byggingu og rekstur vista fyrir aldraða. Fyrir því er löng hefð að slíkt sé í höndum samtaka og einnig í beinum einkarekstri. Stuðla ber að fjölbreytni á þessu sviði. Allt eins og hver og einn skapar sér sitt lífsmynstur, umhverfi og velur sér félaga á lífsleiðinni á ekki að þröngva öllu fólki í sömu bása í ellinni.

Þjóðfélaginu ber skylda til að hlaupa undir bagga með þeim sem ekki geta alið önn fyrir sér sjálfir og sjá til þess að nægt framboð sé á vistun, hjúkrun og læknishjálp fyrir aldraða. En skipulag og fjármögnun slíkrar samhjálpar verður að miðast við að hver og einn geti búið þannig um sig sem hann helst kýs.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Mikilvægt er að endurmeta allt umönnunarkerfi aldraðra. Eins og þegar hefur verið sagt tengist það mjög verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt þarf að íhuga hlutverk minni sjúkrahúsanna í þessu sambandi. Að þessum málum er nú unnið í heilbr.- og trmrn. Skýrslan er mikilvægt gagn í því sambandi.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er skýrsla þessi um málefni og hagi aldraðra lögð fram að beiðni nokkurra hv. þm. Alþb. Skýrslan er í senn yfirgripsmikil og upplýsandi. Þó er það þannig að þar má finna ýmis atriði sem eru rangfærð eða að það hreinlega vantar upplýsingar í skýrsluna til að hv. þm. fái rétta heildarmynd og sjái grundvöll þeirra áætlana sem fyrir liggja á sviði öldrunarmála. Í samantekt skýrslunnar og reyndar í umfjöllun fjölmiðla um niðurstöður hennar eftir kynningarfund hæstv. ráðherra má draga þá ályktun að þessi málaflokkur sé bara í býsna góðu lagi. En þó er viðurkennt að skortur sé á hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík.

Ef við skoðum þær tölur, sem í skýrslunni birtast, verður það þó ekki séð. Það kemur fram í 1. kafla skýrslunnar, þar sem fjallað er um húsnæði fyrir aldraða, að 1. janúar 1991 hafi vistrými fyrir aldraða, bæði hjúkrunarrými og þjónusturými á öllu landinu, verið 3.235 og skiptist þannig að hjúkrunarrými voru 1.948 og þjónusturými 1.287. Af þessum 1.948 hjúkrunarrýmum eru 712 talin í Reykjavík eða 8,1 rými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri en hjúkrunarrými eru fæst í Reykjavík miðað við íbúafjölda. Staðan á landsbyggðinni er mun betri þó þörfinni sé hvergi nærri fullnægt. Í þessum útreikningum á þjónusturými í Reykjavík eru legupláss öldrunarlækningadeilda talin með sem hjúkrunarpláss. Það ætti þó ekki að vera því að það er faglega rangt. Öldrunarlækningadeildir eru meðferðardeildir en ekki hjúkrunarheimili. Auk þess er talið sem hjúkrunarrými vistrými á blönduðum stofnunum, þ.e. stofnunum með þjónusturými og hjúkrunarrými, þar sem langlegusjúklingar eru hafðir í þjónustuhúsnæði og daggjöld greidd.

Í skýrslunni eru rúm í B-álmu Borgarspítalans talin vera 81. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef hafa aldrei verið tekin fleiri en 59 rúm í notkun í B-álmunni. Hin 22 eru ekki og hafa ekki verið í notkun þannig að það er ekki réttlætanlegt að telja þau með eins og gert er í skýrslunni. Nú í mars voru aðeins 47 rúm í notkun. B-álma Borgarspítalans er auk þess byggð sem öldrunardeild og ætti í raun ekki að telja sem hjúkrunarrými.

Ef þessi atriði eru tekin saman, þ.e. vistrými á blönduðum stofnunum, öldrunarlækningadeildir og þau rými, sem aldrei hafa verið tekin í notkun í B-álmu Borgarspítalans, kemur í ljós að eiginleg hjúkrunarrými í Reykjavík eru 450 en ekki 712 eða ekki nema 5,2 á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri en ekki 8,1 eins og sagt er í skýrslunni. Vöntun á hjúkrunarrými í Reykjavík er því mun meiri en þar kemur fram og töluvert undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í skýrslunni.

Það vannst ekki tími til að sannreyna þær tölur sem snúa að landsbyggðinni en út frá þessu má ætla að þær þurfi skoðunar við.

Ég vil benda hv. þm. á að hvað varðar Reykjavík er það ítarlega rakið í greinum sem birtust í fréttabréfi lækna á síðasta ári, þ.e. 7. og 8. tölublaði. Greinar þessar eru skrifaðar af Sigurbirni Björnssyni lækni og Þór Halldórssyni, yfirlækni öldrunarlækningadeildar Landspítalans, og fjalla um könnun sem Félag íslenskra öldrunarlækna framkvæmdi á framboði og eftirspurn á hjúkrunarrýmí í Reykjavík. Könnunin var framkvæmd í febrúar og mars árið 1991. Kannaður var fjöldi langlegusjúklinga sem biðu eftir að komast á hjúkrunarheimili. Annars vegar voru sjúklingar á meðferðardeildum sjúkrahúsa og hins vegar þeir sem biðu í heimahúsum. Þessi könnun leiddi í ljós að 260 sjúklingar biðu eftir plássum. Það er dálítið merkilegt þegar það er haft í huga að könnunin er framkvæmd af Félagi íslenskra öldrunarlækna, fólki sem er í návígi við málefni aldraðra alla daga, að þessarar könnunar er ekki getið í skýrslu ráðuneytisins um málefni og hagi aldraðra. Á hinn bóginn er reynt að gera sem minnst úr skorti á hjúkrunarrýmí í Reykjavík með því að tína til legupláss sem ekki eru í raun hjúkrunarrýmí. Það er erfitt að sjá hvaða tilgangi slíkt þjónar. Það sýnir a.m.k. ekki viðleitni til að bæta úr því ástandi sem ríkir. Til þess að leysa vandann verður að horfast í augu við hann eins og hann er en ekki að leyna hluta hans.

Þess ber jafnframt að geta í tengslum við þessa umræðu að hjúkrunarrýmí í Reykjavík nýtast ekki eingöngu Reykvíkingum því að þau eru einnig nýtt af öðrum, bæði fólki frá nágrannasveitarfélögum og lengra að komnum. Við lauslega könnun nýverið töldust 76 utanbæjarmenn vera í skráðum hjúkrunarrýmum á þrem stofnunum, Hrafnistu, Grund og á Skjóli. En á hinn bóginn hafa fjölmargir Reykvíkingar leitað út fyrir borgarmörkin og dveljast nú um 120 reykvískir hjúkrunarsjúklingar á stofnunum í nágrannabæjum, 88 í Hafnarfirði, 22 á Stokkseyri og tveir í Kópavogi. Auk þess dvelja nokkrir á vistheimilinu Blesastöðum á Skeiðum, en sá staður hefur ekki hlotið náð fyrir augum heilbrigðisráðuneytis sem hjúkrunarstofnun jafnvel þó viðurkennt sé að þar dveljist nokkrir hjúkrunarsjúklingar.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að upplýsingar í skýrslu heilbr.- og trmrh. eru nokkuð fjarri sannleikanum og gefa því ekki rétta mynd af ástandi mála í Reykjavík.

Þá er þess getið á bls. 27 í skýrslunni að framtíð B-álmu Borgarspítalans sem öldrunardeildar velti á því hver niðurstaða og framkvæmd samninga Borgarspítala og Landakots verði. Framkvæmdasjóður aldraðra styrkti byggingu B-álmunnar sem nemur 54,36%. Margir hafa dregið í efa lagalegan rétt þessara stofnana, þ.e. Borgarspítalans og Landakots, til að semja um B-álmuna með tilliti til þess fjár sem hún er byggð fyrir. Alla vega eru makaskipti ekki réttlætanleg gagnvart öldrunarþjónustunni sem Framkvæmdasjóður aldraðra á að þjóna, þar sem þarna er skipt á vel búnum sjúkradeildum sérhönnuðum fyrir öldrunarsjúklinga og á húsnæði sem alls ekki er byggt með sömu þarfir í huga og ekki eftir þeim kröfum sem nú eru gerðar til húsnæðis og þjónustu við aldraða.

Í kafla 1, 2 og 3 um dagvistun aldraðra virðist ekki hafa verið gerð tilraun til að skilgreina dagvistarrými miðað við þá starfsemi sem þar fer fram. Og að auki er nokkur fjöldi plássa oftalinn. Fyrst er til að taka að í Skjóli eru sögð vera 25 dagvistarrými. Því miður hefur dagvist í Skjóli ekki enn verið opnuð enda þótt deildin hafi staðið fullbúin allt frá haustinu 1989. Reyndar var sótt um rekstrarheimild fyrir 18–20 rými en í töflunni eru skráð rými 25. Á Landspítala, í Hátúni 10, er fjöldi dagvistarrýma talinn 20. Rétt er að á dagspítala öldrunarlækningadeildar Landspítalans í Hátúni 10 eru 20 rými. Þessi rými eru hins vegar ekki hugsuð sem langtímaúrlausn heldur fyrst og fremst til rannsókna og endurhæfingar á öldrunarsjúklingum. Er því brýn ástæða til að ráðuneytið geri skýran greinarmun á viðfangsefnum einstakra dagvistardeilda og undanskilji dagspítaladeild Landspítalans úr þeirri upptalningu. Þá eru talin dagvistarrými að Miklubraut 26 og skýrslan segir þau 9. En rekstri þeirrar deildar hefur verið hætt fyrir alllöngu þannig að alrangt er að telja þau með.

Í kaflanum um bústaði fyrir aldraða, lið 1, 2 og 4 er svo fjallað um íbúðir fyrir aldraða. Þar kemur fram að leigu sjálfseignar- og búseturéttaríbúða fyrir aldraða hefur fjölgað mjög verulega síðustu tíu árin. Þetta er að vissu leyti góð þróun því ég tel að besta þjónustan við eldri borgara sé sú að þeim sé gert kleift að vera sem lengst í eigin húsnæði. Stærri sveitarfélögin hafa mörg hver byggt sérstakar íbúðir fyrir aldraða. Það verkefni er hins vegar ofviða mörgum smærri sveitarfélögum. Aldraðir búa þar oft í stórum, óhentugum húsum eða íbúðum sem erfitt er að selja þar sem markaðurinn er lítill. Það mætti vel hugsa sér að félagslega íbúðakerfið kæmi þar meira inn með því að þessi hús eldra fólks væru keypt inn í félagslega kerfið í skiptum fyrir minni og hentugri íbúðir.

Fram að þessu hafa sveitarfélög sem fá úthlutað heimildum til að byggja félagslegar íbúðir oftast nýtt þær til nýbygginga til að skapa atvinnu á atvinnulitlum svæðum. Mun skynsamlegra verður þó að telja að leyfin séu nýtt til að kaupa eldra húsnæði sem er á staðnum og þá jafnvel að húsnæði aldraðra hafi þar forgang.

2. kafli skýrslunnar fjallar um stefnu í öldrunarmálum. Sá kafli er að stórum hluta sögulegt yfirlit um hvernig hafi verið staðið að málum en heldur lítið um það hvernig standa skuli að málum í framtíðinni. Kaflinn segir okkur afar lítið umfram það sem við vissum þegar. Í samtali við Þór Halldórsson, yfirlækni öldrunarlækningadeildar Landspítalans, kom fram að ekki hafði verið leitað upplýsinga þar þegar gengið var frá þessum kafla. Þó hefði mátt ætla að sjálfsagt væri að hafa samráð og samvinnu við þá sem vinna að öldrunarmálum þegar rætt er um stefnumótun á þessu sviði. Öldrunarlækningar og öldrunarlækningadeildir eru forsendur fyrir þeim markmiðum sem lögin um málefni aldraðra byggja á, þ.e. að aldraðir skuli eiga völ á þeirri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem þeir þurfa á að halda og stuðla að því að þeir geti dvalist sem lengst í heimahúsum. Það hefði mátt skilgreina

betur hlutverk og þýðingu deildanna sem í dag gegna mjög mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustunni. Endurhæfing, sem tæpt er á í skýrslunni er aðeins einn af þáttum í starfsemi öldrunarlækningadeilda. Ástandið er þannig, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, að illmögulegt er fyrir öldrunarlækningadeildir Landspítala og Borgarspítala að sinna því hlutverki sem þeim er í raun ætlað vegna ásóknar í að koma þar inn langlegusjúklingum, vegna skorts á hjúkrunarrými.

Ég hef áður nefnt það hvert faglegt hlutverk öldrunarlækningadeilda er. Öldrunarlækningadeild er meðferðardeild og á því að vera deild í deildaskiptu sjúkrahúsi í nánum tengslum við aðrar sérdeildir sjúkrahúss svo og rannsóknadeildir. Hugmyndir um að flytja öldrunarlækningadeildir út af almennum sjúkrahúsum ganga þvert á alla þróun í öldrunarlækningum í nágrannalöndum okkar þar sem stefnan er sú að leggja niður einangruð öldrunarsjúkrahús enda hlýtur það að vera betri lausn út frá mannlegu sjónarmiði.

Þá hefði verið eðlilegt að það kæmi fram í þeirri skýrslu, sem hér er til umræðu, að öldrunarlækningadeild Landspítalans er í miklu húsnæðishraki. Hún er í óhentugu leiguhúsnæði í Hátúni 10b, húsnæði sem ekki er hannað sem sjúkrahús. Húseigendur geta sagt upp leigusamningi með árs fyrirvara. Framtíðaráætlanir öldrunarlækninga við Landspítalann liggja fyrir og hefði verið eðlilegt að geta þeirra í skýrslunni sérstaklega undir kaflanum um stefnu í öldrunarmálum. Þessar framtíðaráætlanir hljóta einnig að hafa verið skoðaðar og tekið mið af þeim þegar ákvörðun um framtíðarhlutverk Borgarspítala og Landakotsspítala voru teknar í heilbrrn. Allt hlýtur þetta að vera samtengt þegar heildarfjárþörf til þessa málaflokks er skoðuð. Því má spyrja: Munu samningar um áður nefnda spítala hafa áhrif á fjárveitingar til öldrunardeildar Landspítalans? Framkvæmdir við þá öldrunardeild hafa verið á forgangslista Ríkisspítala um nýframkvæmdir sl. ár og hefði mátt ætla að nú væri röðin komin að þeim. Framtíðaráform öldrunarlækninga við Landspítalann eru í stórum dráttum þau að 20 rúma matsdeild verði á Landspítalalóðinni og nýbygging á Vífilsstöðum fyrir endurhæfingarhluta deildarinnar svo og sérdeild fyrir heilabilaða, dagspítali og móttökudeild. Eins og áður segir eru framkvæmdir búnar að bíða lengi en hafa þó verið á forgangslista Ríkisspítalanna síðustu ár. Voru menn farnir að vænta þess að nú væri röðin komin að því að hefja þær framkvæmdir. Samkvæmt þeim heimildum sem ég hef hefur verið leitað eftir fjármagni frá Framkvæmdasjóði aldraðra til þessara framkvæmda en ekki fengist. Því spyr ég: Hver er munurinn á að styrkja öldrunarlækningadeild við Borgarspítala og að styrkja öldrunarlækningadeild við Landspítala, sérstaklega í ljósi þeirra samninga sem gerðir voru um rekstur Borgarspítala og Landakots? Ríkið kemur að rekstri allra þessara sjúkrastofnana.

Í kafla 2.6 er fjallað um þörf á rými fyrir heilabilað gamalt fólk. Í þessari skýrslu ráðherra er ekki að finna neinar áætlanir um þjónustu við heilabilaða. Ekki er heldur getið um þá þjónustu sem þegar fer fram í Reykjavík við þennan hóp sjúklinga þar er t.d. um að ræða sérhæfða greiningardeild heilabilaðra við öldrunarlækningadeild Landspítalans, sérstakar hjúkrunardeildir á DAS, Grund, Hvítabandinu og dagvist í Hlíðarbæ. Allar þessar stofnanir gegna mjög miklu hlutverki í þjónustu við heilabilaða. Þá hefur verið opnað útibú á hjúkrunarheimilinu Skjóli þar er um að ræða nýtt þjónustuform fyrir heilabilaða sem er sambýli þar sem sex til átta sjúklingar eru vistaðir saman, t.d. í hentugu einbýlishúsi, og taka heimilismenn þátt í heimilishaldi eftir getu. Hjúkrunarheimilið Skjól hefur opnað eitt slíkt heimili, hið fyrsta hér á landi. Einnig stefnir Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands að rekstri slíks heimilis. Leitað hefur verið eftir rekstrarleyfi frá heilbrrn. en því hefur verið synjað. Ekkert slíkt heimili er, eftir því sem ég best veit, rekið á landsbyggðinni.

Og þá kem ég að kafla 2.7 í skýrslunni þar sem fjallað er um þjónustu heilsugæslustöðva við eldra fólk. Hér er m.a. verið að skýra frá þjónustuhópum fyrir aldraða og hlutverki þeirra við heilsugæslustöðvarnar. Starfsemi þjónustuhópa er þungamiðja opinnar öldrunarþjónustu og hugmyndafræðin á bak við hana er að samhæfa heilsufarslega og félagslega öldrunarþjónustu fyrir hvern einstakling. Starfsemi þjónustuhópa á samkvæmt lagaákvæðum að byggja á svæðisbundinni öldrunarþjónustu. Skal svæðaskiptingin vera tengd heilsugæslustöðvunum. Þjónustuhópurinn er starfshópur sem á að vera í beinum persónulegum tengslum við þjónustuþegann, þann aldraða. Þjónustuhópar eru víða starfandi úti á landsbyggðinni en starfsemi þjónustuhópa aldraðra hefur ekki enn hafist í Reykjavík þrátt fyrir lagaákvæði. E.t.v. er ein orsök þess sú að aðeins hluti af áætluðum heilsugæslustöðvum í Reykjavík hefur verið stofnsettur. Önnur ástæða gæti verið sú að félags- og heilbrigðisþjónusta hafi verið skipulagðar án tillits til hvor annarrar. Þannig hefur borginni verið skipt upp í félagsleg þjónustusvæði fyrir aldraða sem eru allt önnur en heilsugæslusvæðin og mörk þeirra falla ekki á nokkurn hátt saman. Þjónustuhóparnir eru mikilvægur þáttur í öldrunarþjónustu og þurfa að hafa fastmótaðar starfsreglur og starfa í nánum tengslum við aðra þætti öldrunarþjónustunnar.

Önnur starfsemi sem fram fer á heilsugæslustöðvum er einnig mikilvægur hlekkur í öruggri öldrunarþjónustu en þar er þó hægt að koma á enn skipulagðari og markvissari vinnubrögðum. Ég hefði viljað sjá að fram kæmi í þessari skýrslu vilji ráðherra til þess að koma á skipulegri heilsugæslu fyrir aldraða sem heyrði undir skyldustörf lækna á svipaðan hátt og mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit. Slík fyrirbyggjandi starfsemi er mikið öryggi fyrir hinn aldraða. Slík starfsemi þyrfti að vera samræmd um landið allt á svipaðan hátt og áður nefndir þættir heilsugæslunnar um landið.

Þá vil ég að lokum nefna enn einn mikilvægan þátt í öldrunarlækningum og þjónustu við aldraða, en það eru rannsóknir í öldrunarlækningum en þær hafa verið af mjög skornum skammti hér á landi. Ég hefði viljað sjá í skýrslu ráðherra að hann ætlaði þeim stærri þátt í framtíðinni.

Ef til vill, virðulegi forseti, eru öll þau atriði, sem ég hef nefnt, á stefnuskrá hæstv. heilbr.- og trmrh. þó

þau komi ekki fram í skýrslunni. Því eins og ég sagði í upphafi fer heldur lítið fyrir nýrri stefnumótun í málefnum aldraðra í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Skýrslan er þó um margt upplýsandi hvað varðar fortíðina og þennan málaflokk. En þrátt fyrir allan þann tíma og alla þá vinnu, sem hlýtur að hafa verði lögð í skýrsluna á þessum sex mánuðum frá því að beiðnin var lögð fram, þá er ljóst að hún er ekki það vel unnin að hún gefi rétta heildarmynd af stöðu málefna aldraðra og á köflum er hún beinlínis villandi og röng.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mál það sem hér er nú á dagskrá, skýrsla heilbr.- og trmrh. um málefni og hagi aldraðra, er samkvæmt beiðni um skýrslu sem var 3. mál þessa ágæta þings. 3. mál var lagt fram á fyrsta degi þings í haust og er tekið til umræðu þegar komið er fram á rauða nótt á síðasta degi þessa þings að vori og reyndar er komið langt fram yfir þann tíma sem meiningin var að þessu þinghaldi væri lokið. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að eyða tíma mínum í að skammast yfir því heldur lýsa þó nokkrum vonbrigðum mínum með að það skuli ekki gefast betri tími til að ræða þennan mikilvæga málaflokk. Það hefði vissulega verið ástæða til að fara ítarlega yfir þessa skýrslu og ræða við ríkisstjórn og hæstv. heilbrrh. um þá stefnumótun sem kann að vera í gangi og hvaða áhersluatriði og verkefni þeir sjá brýnust fram undan í uppbyggingu og þjónustu við þennan málaflokk.

Eins og fram kom hjá seinasta ræðumanni hv. 4. þm. Suðurl. er það svo með skýrsluna að hún er að verulegu leyti upptalning á því sem gert hefur verið, við gætum kannski sagt afrekaskrá fyrrv. heilbrrh., ekki endilega þess síðasta heldur þeirra síðustu sem setið hafa í embætti, en lítið er fjallað um það sem er fram undan þó í 6. tölul. í beiðni um skýrsluna hafi verið beðið um að fjallað yrði um þau úrræði sem grípa verður til í þessum málaflokki nú og á komandi árum. Að vísu er í lok skýrslunnar samantekt þar sem aðeins er drepið á þau atriði eða þá þætti og kem ég aðeins að því í lok máls míns.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, hæstv. forseti. En mig langar þó að draga fram nokkra punkta og nokkrar staðreyndir eins og t.d. það hversu vistrýmum fyrir aldraða hefur fjölgað mikið á seinasta áratug. Aukningin er nær 1.000 rúm í hjúkrunarrými einu saman. 956 hjúkrunarrými og nær 300 þjónusturými. Þannig að það sýnir auðvitað að hér hefur verið vel að málum staðið þótt vafalaust megi segja að betur má ef duga skal. Eins og fram kemur í skýrslunni er ástæðan fyrir því að hluta til auðvitað sú að meðalaldur hefur verið að hækka hjá okkur. Öldruðum fer fjölgandi sem hlutfalli af þegnum þjóðfélagsins og heilsufari þeirra, sem dvelja á þessum stofnunum, hrakar líka því að meðalaldurinn hækkar og hefur á seinustu árum hækkað um 5–7 ár eins og hér segir. Það hefur leitt til þess að fjölmörgum svokölluðum vistrýmum eða rýmum á dvalarheimilum aldraðra hefur verið breytt í hjúkrunarrými þar sem meiri þjónustu þarf, meiri hjálp, betri aðstöðu bæði í húsnæði og tækjabúnaði og allt hefur þetta leitt til þess að stofnkostnaður þessarar þjónustu er verulega hár. Það kann þó að vera að það hvernig staðið er að stofnkostnaðinum og kostnaðarskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga hafi einhver áhrif á það hvaða stofnanir eru byggðar upp, hver er áherslan á að byggja annars vegar upp heimilishjálp, heimaþjónustu, heimahjúkrun og dagvistarstofnanir fyrir aldraða, sem veita aðeins dvöl yfir daginn en eru ekki sólarhringsstofnanir, og svo auðvitað dvalarheimilin sjálf, en allt er þetta kostað af sveitarfélögunum, og svo hins vegar hjúkrunarrýmin, sem eru 85% greidd í stofnkostnaði af ríkinu en aðeins 15% af sveitarfélögum og kann þetta auðvitað að hafa einhver áhrif á þær áherslur sem lagðar eru í þessari uppbyggingu.

Megintilgangurinn í stefnumótuninni og löggjöf um málefni aldraðra er auðvitað sá að stuðla að því að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi sem allra lengst við sínar eðlilegu aðstæður á sínum heimilum en að þeir eigi jafnframt völ á nauðsynlegri stofnanaþjónustu þegar hennar er þörf. Þetta kemur skýrt fram í lagaákvæðunum og er sá megintónn sem gengið er úr frá.

Ég beitti mér fyrir endurskoðun á þessum lögum, lögum um málefni aldraðra, og er sú nýja löggjöf nr. 82/1989 og tók gildi hinn 1. janúar. Þar eru að vísu lagðar að verulegu leyti sömu áherslur og áður, og auðvitað er megintilgangurinn sá sami, en aukin áhersla er lögð t.d. á vistunarþjónustuna eða vistunarmatið svokallaða sem á að vera forsenda þess hvaða aðgang hinn aldraði á að þessum stofnunum og á að tryggja að þeirrar þjónustu njóti fyrst og fremst þeir sem á henni þurfa að halda. Auk þess er eftir sem áður markmið laganna að aldraðir skuli eiga völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegust og hagkvæmust er miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Þá beitti ég mér einnig fyrir því að hinn 19. mars 1991 var samþykkt á Alþingi þingsályktun til næstu aldamóta. Þar eru einnig lagðar áherslur um framtíðina hvað varðar þjónustu við aldraða og lögð áhersla á áframhaldandi uppbyggingu þessarar mikilvægu þjónustu en einnig lögð áhersla á endurhæfingu aldraðra og það að gera þeim kleift að dveljast sem allra lengst í heimahúsum með heimilishjálp, dagvist og heimahjúkrun.

Nú kom það held ég fram í máli hæstv. ráðherra að auðvitað yrðu menn að gæta að því að ganga ekki heldur of langt í þessu sambandi, þ.e. að stofnanaþjónusta sé veitt þegar virkilega er þörf á henni, þegar kemur að því að hinn aldraði getur ekki verið lengur heima. Það leiðir hugann að því sem er að gerast þessa dagana og þessar vikurnar, þrátt fyrir þá athugasemd hæstv. ráðherra sem hér mælti fyrir eða gerði grein fyrir málinu í forföllum heilbrrh., þ.e. hæstv. umhvrh., að stofnunum sem veita hvíldarinnlögn væri að fjölga.

Þessa dagana erum við að grípa til þess óyndisúrræðis að þurfa að loka eða draga úr þjónustu við aldraða og það gerist þrátt fyrir allar viljayfirlýsingar stjórnvalda og hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga um að stofnunum aldraðra eða þjónustu-

stofnunum, sem eiga að veita þeim sína þjónustu sérstaklega, sé haldið opnum og gangandi því að slíkri deild, sem er sérstaklega ætluð öldruðum og er á Borgarspítalanum, var lokað í desember. Hún hefur verið lokuð frá því í desember þrátt fyrir það að verið sé að setja stóraukið fjármagn í rekstur þess ágæta spítala sem er ekki nema gott eitt um að segja ef menn telja sig hafa efni á því. Svo virðist sem Borgarspítalinn sé sérstakt óskabarn hjá heilbrrn. eða þeim sem þar ráða ríkjum um þessar mundir. Ég ítreka að það er út af fyrir sig ágætt ef menn telja sig hafa efni á því og telja að fjármununum sé skynsamlega varið á þann hátt. Hins vegar er mikill hávaði út af hagræðingu á Ríkisspítölunum um að færa til það fólk sem dvelur í Hátúni, öldrunarþjónustu Ríkisspítalanna, yfir á Vífilsstaði. Auðvitað er slíkt rask afar óæskilegt og gott að komast hjá því en af rekstrarfjárskorti á þeim spítala er það talið nauðsynlegt. Út af því hafa spunnist miklar umræður og háværar athugasemdir. En ég hef ekki heyrt nokkra athugasemd við það að Borgarspítalinn hafi lokað öldrunardeild í desember og að hún skuli enn vera lokuð. Nú er jafnvel talað um að reisa nýjar öldrunarþjónustudeildir, t.d. á Landakoti. Þetta finnst mér ekki vera skynsamleg nýting á fjármunum, hæstv. forseti.

Ég er alveg að ljúka máli mínu en vil þó nefna það atriði, sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að til þess að samræma heimaþjónustu fyrir aldraða, heimilishjálp og heimahjúkrun væri skynsamlegt að færa heimaþjónustuna til sveitarfélaganna og jafnvel hjúkrunarheimilin einnig. Ég vil leyfa mér að hafa á þessu allan fyrirvara. Ég er alls ekki á þessu stigi að leggjast gegn slíkum hugmyndum en auðvitað þarf að ræða þær við sveitarfélögin. Það er mál sem verður að gerast í góðu samkomulagi við sveitarfélögin og auðvitað þarf að gæta þess að þau hafi tekjustofna eða fjármuni til að standa undir slíkri þjónustu því að afar mikilvægt er að hún sé vel af hendi leyst. En ég vara við því að menn rasi þar um ráð fram. Ég hefði gjarnan viljað ræða það nánar og gera betri grein fyrir sjónarmiðum mínum í því sambandi en tímans vegna í þessari umræðu nú geymi ég það til betri tíma

Að lokum langar mig aðeins að segja það, hæstv. forseti, að í lokakafla þessarar skýrslu, 6. kafla, sem ber yfirskriftina Samantekt, er enn bent á það að engar reglur um vistun og mat hafi verið til framan af og að það sé ekki fyrr en með gildistöku endurskoðaðra laga í ársbyrjun 1990 sem slíkt mat er tekið upp með reglugerð nr. 46/1990 sem byggist á þeim lögum. Jafnramt er hér undirstrikað, og er þá kannski það eina sem mér sýnist að sé stefnumótandi fyrir framtíðina í þessari skýrslu, að á næstu árum þurfi með markvissari hætti að byggja upp heimaþjónustuna, heimilishjálpina og heimahjúkrunina um allt land og að það verkefni sé fært til sveitarfélaganna eins og hér er ýjað að. Ég endurtek að ég ætla ekki að hafna því en tel að menn þurfi að huga vandlega að og gæta sín mjög áður en slíkar ákvarðanir eru teknar því að geta sveitarfélaganna er að sjálfsögðu afar misjöfn eftir stærð þeirra og fjárhag til að veita slíka þjónustu og líka þarf að huga að því að það verði ekki alvarleg röskun á þessu jafnvægi sem þarf að vera og ríkja á milli reksturs heilsugæslu annars vegar og sjúkrahúsa og annarrar heilbrigðisþjónustu hins vegar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það má segja að hér á Alþingi gildi sú biblíutilvitnun að hinir síðustu verði fyrstir og hinir fyrstu síðastir því að þetta er eitt af fyrstu málum þingsins og er að verða síðasta málið sem hér er til umfjöllunar. Mér skilst að það séu einhverjir öldrunarsjúkdómar farnir að hrjá þingmenn og þeir vilji helst fara að komast til síns heima svo ekki er mjög æskilegt að tala hér mjög langt mál. Ekki skal ég þreyta þingmenn á því enda þjónar það í sjálfu sér litlum tilgangi um miðja nótt að tala langt mál um málefni aldraðra.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að minnast aðeins á þann skort á hjúkrunarrýmum sem er ekki síst hér í Reykjavík. Í raun er neyðarástand í málum hjúkrunarsjúklinga í Reykjavík. Það er talið að það vanti um 250–300 hjúkrunarrými á landinu öllu og sá vandi einskorðast nánast við Reykjavík. Menn tala um að það muni kosta um milljarð á ári að leysa þennan vanda og undan því verður ekki vikist. Vegna þessa held ég að menn geti hætt að gæla við þá hugmynd að hér verði hægt að spara mikið í heilbrigðiskerfinu á komandi árum því að þessa þjónustu verður að veita.

Þessi skýrsla sem hér er og ég get í sjálfu sér ekki tekið til rækilegrar umfjöllunar sýnir manni fram á að það hefur ekki verið haldið nægilega vel á málum á undanförnum árum og fé hefur ekki farið þangað sem þörfin er mest. Það kemur nefnilega fram í skýrslunni að á landinu öllu eru mun fleiri vistheimilisrými en víðast hvar annars staðar í nágrannalöndum okkar. Vistrými eru sem svarar 10% fyrir 65 ára og eldri hér en 4–7% á hinum Norðurlöndum. Því má segja að það sé ekki skortur á plássi sem veldur neyðarástandinu í Reykjavík heldur dreifing þeirra. Það hefur verið farið yfir þessar tölur og sýnt fram á að ástandið er í raun verra í Reykjavík en tölurnar sýna fram á vegna þess að drjúgur hluti plássanna í Reykjavík er hreinlega ekki nýttur af Reykvíkingum.

Það vakti hins vegar athygli mína á bls. 5 í skýrslunni að þar kemur fram að t.d. í Suðurlandshéraði eru 32,5 rými á 100 íbúa samanborið við 12,7 í Reykjavík. Það má segja að það séu nær 11 rými í Reykjavík þegar þessar tölur eru leiðréttar. Það er gífurlegur munur á plássfjölda á Suðurlandi t.d. og í Reykjavík. Engu að síður er samt sagt frá því á bls. 6 að það sé verið að byggja hjúkrunardeildir við dvalarheimilin á Hellu, þar sé verið að koma upp 12 rúmum og á Kirkjubæjarklaustri sé verið að koma upp 12 rúmum. Þrátt fyrir að það sé svona mikill fjöldi af rúmum á þessu svæði er enn verið að byggja þar upp. Mér finnst það hljóta að þýða að það sé í rauninni offramboð á þessum stað á meðan skortur er hér í Reykjavík. Það er mín skoðun að ekki hafi verið haldið nógu vel á málum og fjármunirnir hafi ekki farið þangað sem þeirra er helst þörf í þessum málaflokki.

Skorturinn á hjúkrunarrými gerir það svo aftur að verkum hér í Reykjavík að önnur úrræði nýtast ekki sem skyldi og langlegusjúklingar teppa rými á öldrunarlækningadeildum og aðrir aldraðir komast ekki þar inn í greiningu og endurhæfingu og verða því kannski hjúkrunarsjúklingar fyrr en ella þar sem þeir fá ekki rétta þjónustu á réttum tíma. Þá gerir þetta ástand sem er í Reykjavík það að verkum að óttinn við það sem bíður aldraðra, ef þeir missa heilsuna, er það mikill að eftirspurnin eftir vistheimilum er meiri en hún ætti í rauninni að vera. Vegna þessa ótta, sem fólk býr við um það sem bíður þeirra í ellinni þegar heilsan bilar, er sótt um pláss fyrr en ella á vistheimilum til að tryggja sig síðar meir.

Mig langar, virðulegi forseti, að vitna í grein sem var í Morgunblaðinu nýverið um öldrunarmál þar sem talað er um þjónustuna, eins og hún er í Reykjavík, hvað hún sé veitt af mismunandi aðilum og hvað hún nýtist í raun illa fyrir aldraða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þrír mismunandi aðilar skipuleggja þjónustu sem veitt er einum og sama einstaklingnum. Hann fær heimilishjálp sem er skipulögð af heimaþjónustunni í Reykjavík, síðan fær hann heimahjúkrun á daginn frá viðkomandi heilsugæslustöð og heimahjúkrun á kvöldin eða nóttunni sem veitt er af heimilishjúkrun í Heilsuverndarstöðinni."

Það eru sem sagt þrír mismunandi aðilar sem veita einum og sama einstaklingnum þjónustu og það vantar alla samhæfingu og samræmingu þarna á milli vegna þess að heimaþjónustan er veitt af sveitarfélaginu, þ.e. Reykjavíkurborg, en heimahjúkrunin af ríkinu. Þetta er skipulagt ýmist út frá þjónustumiðstöð fyrir aldraða eða heilsugæslustöð og síðan skarast þessi tvö svæði svo þarna verður mikið misræmi á milli.

Ég lofaði forseta að tala ekki langt mál vegna þess að menn eru orðnir þreyttir og hafa því miður kosið að ræða meira um önnur mál en þessi sem eru þó kannski einna brýnust. Mig langar áður en ég fer úr ræðustól að minnast aðeins á tekjur aldraðra vegna þess að það kemur fram í skýrslunni að tekjur aldraðra eru mjög mismunandi. Þó það séu ýmsir aldraðir sem hafi talsverðar launa- og eignatekjur er líka umtalsverður fjöldi aldraðra sem hefur mjög lítið handa á milli. Mér sýnist að það megi gera ráð fyrir því að um 11 þúsund ellilífeyrisþegar hafi til ráðstöfunar 48–50 þús. kr. á mánuði. Ég held að ég þori að fullyrða að þorri þessara einstaklinga eru konur. Þetta er eitt af því sem er erfitt mál fyrir aldraða. Það sem gerist er að tekjur dragast saman við starfslok og þeir sem eru fátækir í okkar samfélagi verða í raun fátaækari við starfslok þegar þeir komast á ellilifeyrisaldur. Þessi fátækt ásamt auknum hrumleika, fleiri sjúkdómum og vinamissi veldur mörgum öldruðum sorg og þunglyndi í ellinni sem vel væri hægt að koma í veg fyrir með því að búa betur að öldruðu fólki en við gerum. Ef við búum vel að öldruðum erum við í raun að búa í haginn fyrir okkur öll því það á væntanlega fyrir okkur öllum að liggja eða vonandi allflestum að verða gömul.

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 874, brtt. 829.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 841.

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Við fyrri umræður um þetta mál höfum við lagt á það áherslu að málatilbúnaður allur í þessum efnum sé heldur gallaður varðandi frv. um Viðlagatryggingu, fyrst og fremst vegna þess að hér er ekki um heildarendurskoðun að ræða og fjárhagslegar forsendur liggja ekki fyrir. En það versta í málinu er þó það að ríkisstjórnin hefur kosið að hundsa sjónarmið sveitarfélaganna svo að segja alveg. Ég tel ástæðu til að ítreka þetta sjónarmið við lokameðferð málsins þannig að það liggi þó alla vega fyrir að það hafi verið reynt til síðustu stundar að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í þessu efni. Ég tel skynsamlegast að láta málið liggja en auðvitað hlýtur meiri hluti ríkisstjórnarinnar að ráða því í meginatriðum hvaða mál það eru sem hljóta endanlega afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullorðinsfræðsla, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 679, nál. 1039, brtt. 1040.

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um almenna fullorðinsfræðslu á þskj. 1039 og brtt. á þskj. 1040.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk um það umsagnir frá Kennarasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Iðntæknistofnun, Hinu íslenska kennarafélagi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandi samvinnufélaga.

Þá fékk nefndin á sinn fundi til viðræðna um málið Guðnýju Helgadóttur, deildarstjóra fullorðinsfræðslu í menntmrn., og Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í sama ráðuneyti.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Meginbreyting nefndarinnar varðar ákvæði 3. gr. frv. um fullorðinsfræðsluráð. Í frv. er gert ráð fyrir að skipan ráðsins sé

ákveðin í reglugerð. Nefndin telur hins vegar heppilegra að skipan þess sé tilgreind í lögunum og flytur um það tillögu. Þá er gerð breyting á endurskoðunarákvæði frv. og lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra en í frv. er miðað við fjögur ár. Einnig gerir nefndin breytingu á 9. gr. til að taka af öll tvímæli um efni hennar. Að lokum er lagfærð tilvísun í 6. gr. frv. og orðalagsbreyting gerð á 14. gr. þess.

Tómas Ingi Olrich og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndarmenn mæla eindregið með samþykkt frv. Undir það skrifa Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni Johnsen, Kristín Ástgeirsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Björn Bjarnason.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið til umræðu frv. til laga um fullorðinsfræðslu. Ég vil einungis láta það koma fram að þó að ég standi að þessu máli ásamt öðrum nefndarmönnum í menntmn. þá er ég ekki fyllilega ánægð með þá niðurstöðu sem varð varðandi skipan fullorðinsfræðsluráðs og hvernig að þeim málum verður staðið á næstu árum. En það er lögð mikil áhersla á það að þetta mál nái fram að ganga og verði samhliða málinu um starfsmenntun í atvinnulífinu og að þessi frumvörp verði endurskoðuð á sama tíma. Ég ætla því að greiða fyrir því að málið nái fram að ganga en ég hefði kosið aðra lausn ef nefndinni hefði gefist tími til að vinna málið betur

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

154. FUNDUR

miðvikudaginn 20. maí,
að loknum 153. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár þarf að leita afbrigða vegna þess að of skammt er liðið frá 2. umr. um 10. dagskrármálið, Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, 547. mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JGS, JBH, JónS, KSG, KHG, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Um þingsköp.

Kosning í menntamálaráð.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Ætli hæstv. utanrrh. sé staddur í húsinu? Mætti gera honum viðvart vegna þeirrar umræðu sem ég ætla að hefja hér um þingsköp?

Virðulegur forseti. Undanfarna sólarhringa hafa þingflokksformenn rætt saman um það hvernig þinghaldi yrði háttað síðustu daga þingsins. Nú bregður svo við þegar dagskrá er dreift að þar birtist allt í einu kosning aðalmanns í menntamálaráð og verður að segja að það kemur mjög á óvart að það mál skuli birtast hér á síðustu klukkustundum þingsins. Ég held að í því samhengi verði ekki hjá því komist að rifja aðeins upp hvað gerðist í því máli. Ég vil fá að lýsa því hér hvers vegna ég tel það furðu sæta að þetta mál skuli nú komið á dagskrá. (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að þetta mál er 9. mál dagskrárinnar og hv. þm. hefði e.t.v. frekar átt að ræða þetta undir þeim dagskrárlið.) Þetta er um þingsköp, virðulegi forseti og dagskrá þessa fundar, ég er hér að ræða dagskrána eins og hún lítur út, ef ég má halda áfram.

Mig langar að rifja upp að þegar menntamálaráð var kosið sl. vor myndaðist þar þegar í stað meiri hluti sem fór að vinna gegn gildandi lögum um menntamálaráð og Menningarsjóð. Það leiddi til þess að þar komu upp miklar deilur um framtíð menntamálaráðs sem síðan leiddu það af sér að sitjandi formanni var vikið frá og nýr formaður kosinn í staðinn í kjölfar þess að borin var upp tillaga í menntamálaráði um að bókaútgáfa Menningarsjóðs yrði lögð niður. Samkvæmt grein Sigurðar Líndals í Morgunblaðinu og annarra þeirra sem hafa um þetta mál fjallað var formaður menntamálaráðs að leggja fram ólöglega tillögu. Stjórn menntamálaráðs hefur enga heimild til að leggja bókaútgáfuna niður heldur er það einungis á valdi Alþingis.

Fulltrúi Alþfl. í menntamálaráði kaus að koma í veg fyrir að þessi ólögmæta tillaga yrði samþykkt en það þarf ekki að lýsa því fyrir þingheimi hvernig Alþfl. brást við og nú er ljóst að kjósa á nýjan aðalfulltrúa og koma í veg fyrir að sá fulltrúi, sem nú gegnir því starfi, sitji þar áfram.

Ég hlýt að spyrja þá sem ætla að standa að þessari kosningu hvort þeir hafi kynnt sér stefnu núv. meiri hluta í menntamálaráði og hvort ekki væri nær að fresta þessari kosningu og fara lýðræðislega og löglega leið og leggja fyrir lagafrv. á Alþingi til að breyta gildandi lögum ef það er vilji meiri hluta Alþingis að breyta þeirri stefnu sem nú hefur verið upp tekin í menntamálaráði og gengur út á að efla bókaútgáfuna í stað þess að leggja hana niður. Við hljótum að spyrja hvað er þarna á ferð. Það er ljóst í mínum huga að verið er að beita bolabrögðum til að hnekkja núverandi

meiri hluta. Þessu vil ég mótmæla, virðulegur forseti. Ég dreg ekki í efa að auðvitað hefur Alþfl. rétt til að kjósa fulltrúa en þetta mál er miklu flóknara en svo. Það verður ekki annað skilið en að það eigi að koma aftur til valda formanni sem hefur reynst algerlega óhæfur og leggur fram tillögur sem ganga þvert á gildandi lög. Ég vil leggja til, virðulegur forseti, að þessum kosningum verði frestað.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru kosningarnar sem hér eru komnar á dagskrá sem ég vil gera að umtalsefni undir liðnum um þingsköp. Nú er það verkefni Alþfl. og innanflokksmál þar að tilnefna fulltrúa í menntamálaráð. Ég viðurkenni það. En þetta mál snertir mjög þann atburð sem átti sér stað í lok síðasta mánaðar þegar þáv. formaður menntamálaráðs ætlaði að leggja niður bókaútgáfu Menningarjóðs fyrir augunum á stjórnarmönnum án þess að hafa til þess nokkrar lagalegar heimildir. Það er úrskurður umboðsmanns Alþingis og lagaprófessors við Háskóla Íslands að þessar heimildir hafi ekki verið til staðar.

Ég lít svo á að starfandi stjórnarmaður í menntamálaráði, fulltrúi Alþfl., hafi fyrst og fremst verið að fara að lögum þegar hún vildi ekki taka þátt í þessu verki. Nú er staðan sú að þessi fulltrúi Alþfl., sem kom þarna í veg fyrir lagabrot, nýtur ekki trausts flokksins, eftir því sem þessi dagskrá gefur til kynna, til að sitja þar áfram.

Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. í tengslum við þennan atburð að hann gerði þá kröfu að Alþfl. skipti um fulltrúa í menntamálaráði. Sennilega er málið þannig vaxið, þegar allt kemur til alls, að Alþfl. er fyrst og fremst að þóknast Sjálfstfl. og að framfylgja kröfum hæstv. menntmrh. þar sem hann mótmælir því að viðkomandi fulltrúi eigi sæti í ráðinu. Það er þá ekki að ástæðulausu að ég spyr hv. formann þingflokks Alþfl. hvort Sjálfstfl. sé virkilega þess virði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Erindi mitt í þennan ræðustól nú er að fara fram á það við hæstv. forseta að hún taki út af dagskránni þann dagskrárlið sem lýtur að kosningu nýs manns í menntamálaráð af margvíslegum ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri ástæðu að þetta mál hefur aldrei verið kynnt fyrir þinginu. Venjan er sú þegar kosið er í ráð og nefndir að kosningin er sett á dagskrá nokkrum dögum áður en kosningin fer fram. Það hefur ekki gerst í þessu tilviki. Í öðru lagi vegna þess, virðulegi forseti, að á þeim örfáu samráðsfundum sem haldnir hafa verið fyrir lok þingsins með forseta og formönnum þingflokka hefur þetta mál aldrei komið fyrir.

Ég tel að vegna fordæmisgildis málsins, upp á störf þingsins í framtíðinni, eigi að taka málið út af dagskrá. En líka af annarri ástæðu og hún er sú, virðulegur forseti, að kosning í stað varamanns með þessum hætti hefur aldrei gerst áður. Kosningin núna er rökstudd með því einu að varamaðurinn hlýðir ekki. Það eru einu rökin. Einu rökin. Alþfl. hefur ekki flutt fram nein efnisleg rök í þessu máli og það er mjög alvarlegur hlutur. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. og formann Alþfl.: Hver eru rökin önnur en þau að varamaðurinn í menntamálaráði hefur ákveðið að hlýða ekki þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar sem í raun, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir rakti hér áðan, brýtur í bága við anda gildandi laga?

Ég skora því á hæstv. forseta að taka málið út af dagskránni. Ef ákveðið verður að kjósa með þessum hætti er verið að fara út á mjög hættulega braut, braut sem minnir auðvitað mest á viðreisnarárin þegar skoðanafrelsi var bannað í opinberum nefndum og ráðum. Alþfl. er að ganga inn á þá braut og í raun og veru að brjóta gegn hefð og venjum sem gott samkomulag hefur náðst um á Íslandi sl. 20 ár. Þessi niðurstaða er að sjálfsögðu í samræmi við þá flokkseinokun, sem stjórnarflokkarnir hafa tamið sér, við kosningu í ráð og nefndir á undanförnum mánuðum. Það ber að gagnrýna þessi ólýðræðislegu vinnubrögð þar sem bersýnilegt er, ef þetta gengur fram, að Alþfl. telur að fólk sem er fulltrúar Alþfl. í ráðum og nefndum megi ekki hafa sjálfstæðar skoðanir. Það eru skilaboð sem fulltrúar Alþfl. í ráðum og nefndum hljóta að íhuga í framtíðinni.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get ekki sagt að mér hafi komið á óvart þegar ég sá það tilkynnt á dagskránni að hér ætti að fara fram kosning þessara fulltrúa. Ég veit ekki betur en það séu a.m.k. tvær til þrjár vikur síðan hæstv. menntmrh., sjálfstæðismaðurinn Ólafur G. Einarsson, tilkynnti í fjölmiðlum að það yrði skipt um fulltrúa Alþfl. í menntamálaráði. Að sjálfsögðu ræður Sjálfstfl. hvaða fulltrúar Alþfl. sitja í menntamálaráði og væntanlega öðrum nefndum. Fyrrv. formaður menntamálaráðs fór ekki að lögum. Sjálfsagt hefur hún gert það í samráði við hæstv. menntmrh. Þau hengdu sig í ákvæði í heimildargrein fjárlaga sem að sjálfsögðu tekur ekki af lög. En varamaður Alþfl., sem tók sæti í ráðinu, áttaði sig á þessu og vildi ekki taka þátt í að sniðganga lögin með þeim hætti sem fyrrv. formaður gerði og efldi annan fulltrúa til formennsku í ráðinu. Fyrir það er nú verið að refsa henni og Alþfl. lætur Sjálfstfl. skipa sér að gera það og kjósa nýjan aðalfulltrúa. Það er að sjálfsögðu formlega séð á valdi Alþfl. að biðja um kosningu og velja annan fulltrúa. En þetta ber ekki að með þeim hætti að það hafi verið af sjálfsdáðum sem Alþfl. gerir það heldur vegna þess að Sjálfstfl. fyrirskipar honum að gera það og Alþfl. hlýðir. Það eru afar skýr skilaboð til þessa liðs frá Birtingu sem hefur þyrpst í Alþfl. hvernig það eigi að sitja og standa svo Sjálfstfl. þóknist því annars verði því refsað. Mér kemur ekki á óvart að þessi kosning skuli fara hér fram.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ef það mætti eitthvað hjálpa hinu háa Alþingi þá þykir mér rétt undir þessari þingskapaumræðu að vitna í grein í Morgunblaðinu frá 16. maí sl. sem ber yfirskriftina Moldviðri um Menning-

arsjóð og er eftir Sigurð Líndal prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Ég tel að sú grein geti hjálpað þingheimi að hugsa sinn gang. Hér er örstuttur kafli, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta. Hann heitir: Getur Alþingi kosið nýjan aðalmann í stjórn eða ráð þegar sá sem fyrir er fellur frá eða biðst lausnar eða tekur varamaður sæti hans? Prófessorinn segir:

„Um þetta eru ekki neinar afdráttarlausar almennar reglur. Næst liggur að líta til þeirra reglna sem gilda um alþingismenn sjálfa. Í 130. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, er svo mælt að varamaður taki sæti þingmanns sem deyr eða segir af sér þingmennsku. Eðlilegt er að líta á þetta sem aðalreglu og taki hún einnig til þeirra sem Alþingi kýs listakosningu til trúnaðarstarfa í ráð og nefndir, enda séu varamenn kosnir.

Frá þessari aðalreglu má svo gera ráð fyrir tveim undantekningum: að lög mæli á annan veg eða föst venja sé fyrir öðru. Dæmi eru um sérstök lagafyrirmæli en ekki er ástæða til að fjölyrða um þau enda ekkert slíkt ákvæði í lögum um menntamálaráð.

Venja er vandmeðfarnari en sett lög þar sem oft er örðugt að slá föstu hver hún er ... Með nokkurri eftirgrennslan hef ég fundið mörg dæmi um að Alþingi hefur fyllt skörð í nefndir og ráð við afsögn eða fráfall með því að kjósa nýja aðalmenn þótt varamaður væri tiltækur, en einnig eru dæmi um að varamaður hafi tekið sæti aðalmanns. Því verður ekkert fullyrt um fasta venju.

Þessi niðurstaða styrkist þegar haft er í huga að ekki verður annað séð en ætlunin hafi verið að Ragnheiður Davíðsdóttir tæki sæti án kosningar sem aðalmaður í menntamálaráði við fráfall Helgu Kristínar Möller."

Síðan segir prófessorinn og mætti það kannski vera íhugunarefni og lík ég þá tilvitnun minni. „Á kosningu aðalmanns var fyrst minnst þegar Ragnheiður hafnaði því að styðja ólöglegar aðgerðir." Frú forseti, þetta er þungur áfellisdómur eins virtasta prófessors í lögum við Háskóla Íslands ef hann ber það á Alþingi Íslendinga að hér standi til að fara að kjósa aðalmann þó að sitjandi varamaður sé tilbúinn til að taka starfann að sér en henni sé hafnað vegna þess að hún styður ekki ólöglegar aðgerðir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þó það hafi ekki komið 1. þm. Norðurl. v. á óvart að hér skyldi eiga að fara fram kosning í menntamálaráð þá verð ég að vera á annarri skoðun en hann því það kom mér verulega á óvart að þessi kosning skyldi vera hér á dagskrá í nótt. Í fyrsta lagi kom það mér á óvart vegna þess að það er varamaður inni í menntamálaráði sem er tilbúinn að sinna þeim störum sem þar þarf að sinna lögum samkvæmt, hin ágætasta manneskja eins og komið hefur á daginn. Í öðru lagi kom það mér á óvart að Alþfl. skyldi ætla að leggja út í þá ófæru að skipta út þessari manneskju. Þetta finnst mér vera pólitísk fífldirfska hjá Alþfl. En það er skammt stórra högga á milli eða á maður kannski að segja bita hér á Alþingi því að fyrst gleypir Alþfl. lánasjóðinn og síðan menntamálaráð eða svo sýnist mér sem ætlunin sé að gera.

Ég held ég verði að segja það að ég skil satt að segja ekki af hverju er verið að halda uppi sjálfstæðu flokksstarfi í Alþfl., af hverju hann sækir bara ekki um aðild að Sjálfstfl. sem deild nema það væri þá skipulag Sjálfstfl. sem kæmi í veg fyrir það.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er tilefni til þess að minna hv. þm. á það að ástæða þess að Alþfl. hefur óskað eftir því að kosning aðalmanns í menntamálaráð komi á dagskrá er sviplegt fráfall aðalfulltrúa okkar, Helgu Möller kennara.

Um setu í stjórnum, nefndum og ráðum, sem kosin eru af Alþingi, gildir síðan sú regla að falli aðalmaður frá eða segi af sér er kosinn nýr aðalmaður í hans stað. Þessi regla hefur gilt um áratugi um kosningu manna á Alþingi í stjórnir, nefndir og ráð. Reglunni hefur verið beitt mjög markvisst sl. áratug. Alþingi kýs í um 40 stjórnir, nefndir og ráð á hverju kjörtímabili. Á kjörtímabilinu 1987–1991 var a.m.k. fimm sinnum kosin nýr aðalmaður þótt varamenn hefðu áður verið kosnir. Á þinginu 1986–1987 voru kosnir samkvæmt þessari reglu aðalmenn í flestar yfirkjörstjórnir. Á yfirstandandi þingi má minna á að reglunni var beitt við kosningu í útvarpsráð við afsögn Ingu Jónu Þórðardóttur og Magnúsar Erlendssonar og í bankaráð Landsbankans við andlát Kristins Finnbogasonar. Það hefur yfirleitt verið í höndum viðkomandi þingflokks að eiga frumkvæði að því við forseta Alþingis að kjörnir væru nýir aðalmenn. Aðrir þingflokkar en sá sem stóðu að kjöri þess sem fallinn er frá eða hefur sagt af sér hafa undir engum kringumstæðum haft nein afskipti af kjöri nýs aðalmanns eða varamanns. Ég held að það færi best á því að menn virtu þessar reglur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að varamaðurinn er tilbúinn til að gegna störfum þarna áfram. Það liggur fyrir að varamaðurinn hefur skoðanir sem eru ekki forustu Alþfl. þóknanlegar. Með öðrum orðum á að banna varamanninum að vera þarna af skoðanaástæðum. Það er verið að banna skoðanafrelsi í Alþfl. hjá þeim sem eru á vegum hans í ráðum og nefndum. Það er aðalatriðið. Og það er óvenjulegt að aðalmaður hafi verið kosinn í stað varamanns af því að varamaðurinn hafði vitlausar skoðanir að mati flokksforustunnar. Ég fullyrði að rökin á bak við þetta mál eru einsdæmi við kosningu á manni í trúnaðarstöðu á hv. Alþingi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það getur engum blandast hugur um það hvað hér er á ferðinni. Alþingi kýs menntamálaráð og þeir fulltrúar voru kjörnir sl. vor. Í menntamálaráði hafa verið að gerast atburðir sem menn draga í efa að standist lög. Þeir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem þar sitja, leituðu til umboðsmanns Alþingis og hann komst að þeirri niðurstöðu að a.m.k. í einu atriði

hefðu verið brotin lög í starfi menntamálaráðs og formaður þess farið langt út fyrir sitt verksvið. Það kom fram í ummælum hæstv. menntmrh. í útvarpinu þegar formannsskiptin áttu sér stað að skilningur hans á lögum um menntamálaráð og fjárlögum var harla skrítinn og segir Sigurður Líndal lagaprófessor í þeirri grein, sem áður hefur verið vitnað til, að hann sé varla enn þá búinn að jafna sig eftir þau ummæli sem hæstv. menntmrh. lét út úr sér, löglærður maðurinn. Og það er alveg ljóst að Alþingi ber ábyrgð á menntamálaráði. Það kýs menntamálaráð og þess vegna er full ástæða til að kanna hvað þar er að gerast. Það er alveg greinilegt að það á að hnekkja hinum nýja meiri hluta. Ég veit ekki hver það er sem ætlar að taka að sér það verk að gerast þarna aðalfulltrúi. Mér finnst það ekki sérlega hrósvert að taka við því.

Mér finnst það vera hlutverk Alþingis að skoða hvað er að gerast þarna. Hvað er verið að gera í þessu ráði gegn gildandi lögum? Fjárlög eru ekki æðri öðrum lögum. 6. gr. og heimildin sem þar er er ekki æðri öðrum lögum sem gilda í landinu og þeim lögum sem gilda um menntamálaráð.

Þess vegna held ég, hæstv. forseti, að það sé verkefni hæstv. menntmn. að taka þetta mál til athugunar og það beri að fresta þessum kosningum. Það er öllum til góðs að þeim verði frestað til hausts og að hæstv. ríkisstjórn kynni sér í fyrsta lagi hvað hefur verið að gerast í menntamálaráði og hvað hinn nýi meiri hluti vill gera því það veitir ekkert af bókaútgáfu sem stendur fyrir útgáfu merkra bóka í samvinnu við háskólastofnanir en því samstarfi hefur nú verið rift.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum síðan gekk Alþfl. þá götu að taka jafnaðarhugsjónina burtu úr lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Og nú er Alþfl. að leggja upp í þá göngu að taka lýðræðishugsjónina burtu úr því fulltrúakerfi sem flokkurinn hefur valið sér.

Það var hópur manna fyrir nokkrum árum, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem gaf sjálfum sér heitið lýðræðiskynslóðin. (**ÖS:** Það varst þú sem gafst hana.) Hv. þm. segir að ég eigi þá nafngift og ég skal alveg kannast við það ef þingmaðurinn vill halda því fram. Það er heiður að eiga þá nafngift vegna þess að sá hópur manna ætlaði sér ákveðna hluti í íslenskum stjórnmálum, hann ætlaði sér endurnýjun, hann ætlaði sér breytingar, hann ætlaði sér nýja tegund af flokksstarfi og umgengnisháttum á þjóðmálavettvangi. Þessi hópur, sem ætíð og oft notaði heitið lýðræðiskynslóðin um sjálfan sig, trúði því að innan Alþfl. væri að finna vinnubrögð og starfshætti (**ÖS:** Þú kenndir okkur það á rauðu ljósi, manstu.) þar sem sá hugsunarháttur væri við lýði og hv. þm. segir með trega í röddu í dyrunum: „þú kenndir okkur það á rauðu ljósi“ og það er rétt. Ég kenndi þá lexíu á rauðu ljósi, ég hafði með mér annan mann (**ÖS:** Ámunda.) Það má vel vera að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi komist að því af veru sinni í Alþfl. að hinn raunverulegi Jón Baldvin Hannibalsson sé Ámundi Ámundason. En ég hélt að hinn raunverulegi Jón Baldvin Hannibalsson væri eitthvað í veruleikanum, ekki bara leikbrúða í höndunum á Ámunda Ámundasyni. Hins vegar má það vel vera að það sé það sem hv. þm. hefur kynnst innan Alþfl. Það eru hans orð en ekki mín.

Ég var, það er rétt, með hæstv. utanrrh. á fundum sem báru þessa nafngift, þar sem við fluttum þessu unga fólki hugsjónirnar um lýðræði og um jafnaðarstefnuna, um nýja starfshætti í íslenskum stjórnmálum, um kerfi þar sem fólk fengi að vera sjálfstætt og óháð flokkslegu valdi. (**GHelg:** Við fórum yfir á grænu ljósi.) Og ég trúi því ekki fyrr en ég sé það gerast hér í þingsalnum að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætli virkilega, án mótmæla, að láta það gerast hér í nótt að einum úr þessari sveit lýðræðiskynslóðarinnar, sem trúði því að innan Alþfl. væri að finna ný vinnubrögð, verði með þeim flokkslega hroka, sem hæstv. utanrrh. sýndi áðan, hent út úr menntamálaráði fyrir það eitt að hlýðnast ekki skipunum flokksforustu Sjálfstfl. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það gerast hér í þingsalnum að þingmaðurinn ætli að sitja þegjandi og láta það gerast.

Fríverslunarsamningur EFTA við Tyrkland, frh. síðari umr.

Stjtill., 395. mál. — Þskj. 638, nál. 788 og 809, till. til rökst. dagskrár 810.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. til rökst. dagskrár 810 felld með 27:10 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, JGS, JHelg, JHall, PP, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er gerð tilraun til að fá Alþingi Íslendinga til að lýsa yfir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Kúrda, til þess að fordæma ofsóknir stjórnvalda í Tyrklandi gagnvart Kúrdum, til þess að Alþingi árétti þá stefnu sína að smáríki og þjóðarbrot eigi að njóta sjálfsákvörðunarréttar, til þess að lýsa þeirri skoðun að áður en samningur um fríverslun verður staðfestur þá sendi íslensk stjórnvöld sérstakan fulltrúa til að flytja Kúrdum og tyrkneskum stjónvöldum þennan boðskap.

Það er leitt ef það er virkilega þannig að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætlar að beita sér gegn slíku. Það kemur þá í ljós í þessari atkvæðagreiðslu. Við höfum lýst vilja okkar til þess að ná samkomulagi

um það hér á Alþingi. Ef það tekst ekki þá er því miður rofinn í fyrsta sinn sá eindregni einhugur sem skapaðist fyrir tveimur eða þremur árum þegar Alþingi fyrst lýsti yfir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna og síðan við sjálfstæðisbaráttu þeirra sem áður byggðu ríkið Júgóslavíu.

Tillgr. samþ. með 27:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, JÁ, KHG, KÁ, SJS.

13 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JHall, KE, ÓRG, PP, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, JÁ, SJS.

16 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ*, KE, ÓRG, PP, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1053).

Vegáætlun 1991–1994, frh. síðari umr.

Stjtill., 216. mál. — Þskj. 297, nál. 866 og 900, brtt. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 867 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (EH, EgJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það hafa verið notaðar ákveðnar reglur við skiptingu vegafjár í gegnum tíðina. Þessar reglur hafa fyrst og fremst byggst á því að það hefur verið miðað við ástand vega, arðsemi vega og kostnað við byggingu þeirra. Það kemur oft fyrir að einstök umdæmi safni skuldum og þá hafa viðkomandi umdæmi endurgreitt þær skuldir af sínum fjárveitingum. Nú hefur verið brugðist svo við að hin ýmsu kjördæmi landsins eru látin greiða vegna skulda höfuðborgarsvæðisins. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum. Ég vil jafnframt mótmæla því að þegar fé kemur síðan til úthlutunar til viðbótar, þá eru skiptireglurnar ekki notaðar heldur skipt jafnt án tillits til skiptireglnanna. Ef halda á áfram að beita slíkum vinnubrögðum þá verður ekki lengur samstaða um vegáætlun hér á Alþingi. Mér er skapi næst að greiða atkvæði gegn þessari vegáætlun vegna þessa. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh. að endurskoða þessi vinnubrögð. En þrátt fyrir þetta mun ég sitja hjá að þessu sinni í von um að hér verði bætt um og reynt að koma í veg fyrir slíkt, að það verði reynt að vinna að því að skapa betri samstöðu um þessi mál, en það hefur verið hægt í gegnum tíðina að vinna að þessum málum í góðri samstöðu á Alþingi því að auðvitað hafa einstök kjördæmi þurft að sætta sig við það að stundum hefur verið minna fé en þá verður að skipta því í samræmi við þær vinnureglur sem menn hafa komið sér saman um.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Við í minni hluta samgn. höfum í allan vetur reynt að fá meiri hlutann til þess að standa að tillögum um aukið fé til vegaframkvæmda. Við teljum að við þær aðstæður sem nú eru í atvinnulífinu hefði það verið bestu kosturinn til þess að auka atvinnu og skapa möguleika fyrir nýbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Það hefur ekki verið komið til móts við okkur með neinum hætti í þessari vegáætlun. Þess vegna sit ég hjá við afgreiðslu hennar.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, ÓRG, PP, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, KHG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1054).

Vernd barna og ungmenna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 680, nál. 977, brtt. 978.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 978,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,3 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

5. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,4 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,5 (7.–9. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,6 samþ. án atkvgr.

10. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

11. gr. (verður 8. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,7 samþ. án atkvgr.

12. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

13.–16. gr. (verða 10.–13. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,8 samþ. án atkvgr.

17. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

18. gr. (verður 15. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,9 samþ. án atkvgr.

19. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,10 samþ. án atkvgr.

20. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,11 samþ. án atkvgr.

21. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

22. gr. (verður 19. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,12 samþ. án atkvgr.

23. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

24. gr. (verður 21. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,13 samþ. án atkvgr.

25. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,14 samþ. án atkvgr.

26. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

27. gr. (verður 24. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,15 samþ. án atkvgr.

28. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

29. gr. (verður 26. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,16 samþ. án atkvgr.

30. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,17 samþ. án atkvgr.

31. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,18 samþ. án atkvgr.

32. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,19 samþ. án atkvgr.

33. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

34. gr. (verður 31. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,20 samþ. án atkvgr.

35. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,21 samþ. án atkvgr.

36. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

37.–42. gr. (verða 34.–39. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,22 samþ. án atkvgr.

43. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

44. gr. (verður 41. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,23 samþ. án atkvgr.

45. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,24 samþ. án atkvgr.

46. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,25 samþ. án atkvgr.

47. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,26 samþ. án atkvgr.

48. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

49. gr. (verður 46. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,27 samþ. án atkvgr.

50. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,28 samþ. án atkvgr.

51. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

52.–53. gr. (verða 49.–50. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,29 samþ. án atkvgr.

54. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

55.–59. gr. (verða 52.–56. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,30 samþ. án atkvgr.

60. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

61.–70. gr. (verða 58.–67. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 978,31 samþ. án atkvgr.

71. gr. (verður 68. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, EgJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Útboð, frh. síðari umr.

Þáltill. StG og GÁ, 183. mál (nefnd til að semja frumvarp). — Þskj. 201, nál. 967.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 967 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, EgJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, EgJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, EgJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1056).

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, frh. síðari umr.

Þáltill. HAJ og JónK, 292. mál. — Þskj. 497, nál. 949.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 949 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÖS.

20 þm. (EH, EgJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Efling Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis sem miðstöðvar fræðslu á sviði sjávarútvegs, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 152. mál. — Þskj. 164, nál. 979, brtt. 980.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 980 (ný tillgr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

20 þm. (EH, EgJ, FI, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, EKJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1057).

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, frh. síðari umr.

Þáltill. JVK o.fl., 446. mál. — Þskj. 704, nál. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. í nál. 1010 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO, ÖS) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁRÁ, EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1058).

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (heildarlög). — Þskj. 874, brtt. 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 829 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1059).

Kosning aðalmanns í stað Helgu K. Möller kennara í menntamálaráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 6. gr. laga nr. 50 5. júní 1957, um Menningarsjóð og menntamálaráð.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Hlín Daníelsdóttir.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, 3. umr.

Frv. meiri hluta félmn., 547. mál (heildarlög). — Þskj. 1031.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JHall, KÁ*, LMR, MB, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ISG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KE, ÓRG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1060).

Viðlagatrygging Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 127. mál. — Þskj. 841.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JHall, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1061).

Fullorðinsfræðsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 679, nál. 1039, brtt. 1040.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB,

GHall, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þó ég sé ekki fyllilega sátt við þá niðurstöðu sem varð í hv. menntmn. um afgreiðslu þessa máls, sérstaklega hvernig fullorðinsfræðsluráðið er skipað, þá tel ég það svo mikils virði að þetta mál nái fram að ganga að ég mun greiða því atkvæði.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé mjög ánægjulegt að hv. Alþingi afgreiði þetta frv. um fullorðinsfræðslu og það verði að lögum. Ástæðan er ekki síst sú að þingið hefur áður afgreitt frv. til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og ég tel að það sé mikilvægt til að tryggja jafnvægi í þessum málum að því er varðar fullorðinsfræðslu, hvort sem það er utan eða innan skóla, að bæði þessi frv. verði að lögum á þessu þingi.

Ég tel ástæðu til þess að fagna því að meiri hlutinn féllst á það að lokum að þetta mál verður afgreitt væntanlega á þessu þingi.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1040,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

20 þm. (EH, FrS, GunnS, HG, IBA, IP, JBH, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1040,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1040,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

10.–13. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS,

JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (EH, GB, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO) fjarstaddur.

Brtt. 1040,4 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SJS, TIO) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (EH, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1040,5 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (EH, EKJ, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, JVK, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

155. FUNDUR

miðvikudaginn 20. maí,
að loknum 154. fundi.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Leita þarf afbrigða fyrir þeim málum sem eru á dagskrá, þ.e. 1. dagskrármálið, Frestun á fundum Alþingis, 549. mál, þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu tillögunnar. Auk þess þarf að leita afbrigða þar sem of skammt er liðið frá 2. umr. um 2. og 3. dagskrármálið, Vernd barna og ungmenna, 422. mál, og Fullorðinsfræðslu, 421. mál. Fer nú fram atkvæðagreiðsla um þessi afbrigði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (EH, FI, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 549. mál. — Þskj. 1052.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. maí 1992 og standi sú frestun til 17. ágúst 1992 nema kveðja þurfi það saman samkvæmt síðari málsgrein 23. gr. stjórnarskrárinnar.“

Tillaga þessi skýrir sig sjálf og þarf ekki frekari útskýringar við.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (EH, FI, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1063).

Vernd barna og ungmenna, 3. umr.

Stjfrv., 422. mál (heildarlög). — Þskj. 1055.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (EH, FI, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1064).

Fullorðinsfræðsla, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál. — Þskj. 1062.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EGuðn, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (EH, FI, GunnS, HG, IBA, IP, JónS, KSG, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, StG, StH, TIO) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1065).

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. alþingismenn. Eftir miklar annir og álag undanfarna daga og vikur er sú stund upp runnin að þinginu verður frestað um nokkurra mánaða skeið, eða þar til nýtt þing verður kallað saman hinn 17. ágúst nk. Af því tilefni vill forseti, svo sem venja er, fara nokkrum orðum um þinghaldið í vetur og gera í stórum dráttum grein fyrir úrslitum þingmála.
Þingið stóð yfir frá 1. október 1991 til 20. maí 1992. Á þingtímanum urðu þingfundadagar alls 126. Þingfundir hafa verið 155.

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 164. Stjórnarfrumvörp voru 114 og þingmannafrumvörp voru 50.
65 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, einu stjórnarfrumvarpi var vísað til ríkisstjórnarinnar en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 48.
Átta þingmannafrumvörp urðu að lögum, fimm var vísað til ríkisstjórnarinnar, eitt var kallað aftur, en 36 þingmannafrumvörp eru óútrædd.
Af 164 frumvörpum urðu alls 73 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 88.
Stjórnartillögur voru 8 og þingmannatillögur voru 80.
20 tillögur voru samþykktar sem ályktun Alþingis, fjórum var vísað til ríkisstjórnarinnar og 64 óútræddar.

Skýrslur voru samtals 25. Beiðnir um skýrslu frá ráðherrum voru 6 og bárust þrjár skriflegar skýrslur en ein var flutt munnlega. Aðrar skýrslur lagðar fram voru 21.

Fyrirspurnir bornar fram voru 271. Allar voru þessar fyrirspurnir afgreiddar nema 9.
Munnlegar fyrirspurnir voru 183 og af þeim var svarað 178 og tvær kallaðar aftur.
Beðið var um skrifleg svör við 88 fyrirspurnum og bárust 82 svör.

Alls voru til meðferðar í þinginu 549 mál. Þar af voru 371 afgreidd og tala prentaðra þingskjala er 1065.

Eins og heyra má af þessum tölum sem nú hafa verið lesnar hefur málafjöldi á þessu þingi verið áþekkur því sem verið hefur undanfarin þing. Frumvörp þingmanna eru þó ívið færri en áður en þingsályktunartillögur álíka margar, svo og stjórnarfrumvörp. Þó hefur sú eftirtektarverða breyting orðið að fyrirspurnum hefur fjölgað verulega. Þær voru 162 á síðasta þingi, sem var þó reyndar í styttra lagi, en urðu 271 á þessu þingi. Fyrirspurnum hefur fjölgað ár frá ári og er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar. Það er einn liður í því aukna eftirlitshlutverki sem Alþingi, löggjafarvaldið, rækir gagnvart

framkvæmdarvaldinu. Tala prentaðra þingskjala er talsvert lægri en vænta hefði mátt og má þakka það afnámi deildaskiptingar.

Þótt þetta þing sé ekki verulega frábrugðið öðrum þingum í tölum talið, þá hefur það verið óvenjulegt á margan hátt. Þingið er hið fyrsta sem háð er samkvæmt nýjum þingskapareglum en í þeim fólst meiri breyting en áður hefur gerst síðan Alþingi fékk löggjafarvald árið 1874. Það voru bundnar ýmsar vonir við þessa breytingu og því fyllsta ástæða til þess nú að loknu venjubundnu starfi Alþingis að fara yfir það hvernig til hefur tekist.

Mörg ákvæði hinna nýju þingskapa hafa reynst vel og ber þar fyrst og fremst að nefna andsvörin sem hafa lífgað umræður talsvert, svo og hinar óundirbúnu fyrirspurnir til ráðherra þótt á framkvæmd þeirra séu reyndar að dómi forseta nokkrir hnökrar sem auðvelt er að sníða af. Hvort tveggja þetta hefur gert skoðanaskipti hnitmiðaðri.

Þá hefur margt færst í betra horf við nefndastörf í þinginu. Ýmislegt annað hefur hins vegar tekist miður. Það er t.d. ljóst, þótt það tengist ekki beinlínis breytingu á þingsköpum, að sá réttur þingmanna að beiðast skýrslu ráðherra og síðan umræðu um hana hefur ekki verið virkur vegna þess að skýrslur hafa borist seint og ekki gefist tóm til að efna til eðlilegra umræðna um þær þegar þær hafa borist. Er fyllsta ástæða til þess að endurskoða þetta ákvæði þingskapanna því að ef betur tækist til mætti einmitt efna til málefnalegra umræðna um marga þætti þjóðmálanna á grundvelli ítarlegra skýrslna frá ráðherrum um málaflokka þeirra.

Margt hefur verið rætt í vetur um þetta þing, bæði hér í þessum sal og eins meðal fólksins í landinu. En nú hefur drjúgur hluti þess tækifæri til að fylgjast daglega með störfum Alþingis í gegnum sjónvarp. Um störf okkar hefur sitt sýnst hverjum. Það kann að koma á óvart en ég hef það fyrir satt að mjög mikið sé horft á þessar beinu sjónvarpssendingar frá Alþingi. Þingsalurinn er stöðugt í sjónarsviðinu og fylgst er náið með orðum okkar og athöfnum. Þetta veitir okkur aðhald og ætti að vera okkur hvatning til að vanda vinnubrögðin sem allra mest.

Eins og forseti hefur margoft tekið fram í umræðum hefur þetta fyrsta ár sem reynir á ný þingsköp verið um margt óvenjulegt. Til starfa er komin ný ríkisstjórn og ný stjórnarandstaða sem venju samkvæmt heyja marga hildi á fyrsta þingi eftir kosningar. Um það er ekkert að sakast. Hins vegar hefur það sætt gagnrýni hvað umræður hafa dregist mikið á þinginu og það er að dómi forseta rík ástæða til þess að þingmenn taki það til íhugunar hvort ekki sé unnt að gera eitthvað til úrbóta.

Ljóst er að lengd umræðutíma hefur aukist nokkuð frá því sem verið hefur á undanförnum þingum enda þótt menn hafi óneitanlega gert sér vonir um hið gagnstæða í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi þingsins og starfsháttum á sl. ári og miðuðu að því að einfalda alla málsmeðferð og gera hana hnitmiðaðri. Ekki ætlar forseti að leggja dóm á hvað veldur, enda of snemmt að draga víðtækar ályktanir af gangi mála á þessu fyrsta reglulega þingi sem háð er í einni málstofu. Það tekur að sjálfsögðu sinn tíma fyrir þingið að laga sig að gerbreyttum starfsháttum og forseti telur að vart verði komin marktæk reynsla á þetta fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö til þrjú ár. Forseti hefur reyndar margoft áður látið í ljós þá skoðun að það sé eðlilegt að nota tímann fram til næsta þings til þess að yfirfara þingsköpin og sníða af þeim þá hnökra sem komið hafa í ljós í vetur og væntir góðs samstarfs við þingflokkana við það verk.

Í framhaldi af þessu má geta þess að nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka hefur unnið að því ásamt nokkrum starfsmönnum Alþingis að móta tillögur um endurbætur og lagfæringar á atkvæðagreiðslukerfi Alþingis eins og stefnt hefur verið að allar götur síðan í haust. Þingflokkarnir hafa nú fengið þessar tillögur til umfjöllunar.

Forseti hefur sætt nokkurri gagnrýni í vetur fyrir að hafa ekki tekið mál þingmanna jafnoft á dagskrá og mál stjórnarinnar. Það er talsvert til í þeirri gagnrýni og víst er að fleiri mál einstakra þingmanna liggja órædd eftir þetta þing heldur en mál frá ríkisstjórninni. En hér hefur að sönnu ekki skort vilja forseta heldur hafa umræður um hin þýðingarmeiri mál ríkisstjórnarinnar oft orðið svo miklar að ekki hefur tekist að koma á dagskrá málum þingmanna og ýmsar aðrar ástæður legið til þess að auki. Þetta þykir forseta miður og vill gjarnan að þar verði breyting á.

Eins og áður hefur verið rakið hefur oft borið á góma í vetur að of mikil átök séu í þessum sal og of mikið talað og mál gangi ekki skipulega og vel fram. Það má vera að eitthvað sé til í þeirri gagnrýni, en það þótti forseta hins vegar athyglisvert, eftir að hafa hitt forseta Norðurlandaþinga á fundi í síðasta mánuði, að það er vandi í þeim löndum hvað umræður í þingsölum þykja bragðdaufar og forsetar þar leita leiða til að gera umræður líflegri og auka spennu og átök þingsalnum.

Eins og alþingismönnum var kynnt í vetur hefur Alþingi á þessu ári þurft að draga nokkuð saman seglin í rekstrinum til þess að geta lagt af mörkum í þeim sparnaðaraðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í ríkisfjármálum. Óhjákvæmilega hefur þetta komið nokkuð niður á þjónustu við þingmenn þótt reynt hafi verið af fremsta megni að sjá til þess að þingmenn yrðu fyrir sem allra minnstum óþægindum af þessum sökum. Ég er þingmönnum afar þakklát fyrir þann skilning og umburðarlyndi sem þeir hafa sýnt í þessu máli.

Útlit er fyrir að þetta ár verði eitt hið annasamasta í sögu Alþingis. Þótt þinghaldi sé að ljúka og brátt skiljist leiðir er ekki þar með sagt að þingmenn séu lausir allra mála. Nú fer í hönd mikil vinna við EES-samninginn og fylgifrumvörp hans og nefndir Alþingis munu því ekki sitja auðum höndum í sumar. Þessi samningur er tvímælalaust umfangsmesta lagasmíð sem Alþingi hefur nokkurn tíma fengið til umfjöllunar og miklu varðar að nefndunum, þingflokkum og þingmönnum öllum séu skapaðar sem bestar að-

stæður til að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Það mun verða fyrsta verkefni forseta og forsætisnefndar í þinghléi að sjá um að svo verði.

Á næstu árum eru fram undan ýmis merk tímamót í sögu Alþingis. Er þá fyrst að nefna að á næsta ári, hinn 8. mars, verða liðin 150 ár frá því að út var gefin tilskipun um endurreisn Alþingis. Þessa tilefnis mun verða minnst með útgáfu rits um sögu þjóðfundarins og aðdraganda að endurreisn Alþingis. Tveimur árum síðar, 1995, verða 150 ár síðan endurreist Alþingi kom saman í fyrsta sinn og fimm árum síðar verður minnst þess sem kallað hefur verið hin merkasta lagasetning á Alþingi, þ.e. þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Alþingi hefur þegar hafið undirbúning þeirra merku tímamóta og mun í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var fyrir tveimur árum standa að ritun sögu kristni á Íslandi í þúsund ár og hefur verið veitt til þess fé á fjárlögum. Þá hafa forsetar einnig rætt undirbúning hátíðahalda í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisstofnunarinnar og viðræður hafa átt sér stað við forsætisráðherra um málið.

Ég gat þess við upphaf þessa þings að ég liti á mig sem forseta alls þingsins, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég hef lagt mig fram um að starfa með því hugarfari. Í þessu sambandi minnist ég viðtals sem nýlega birtist í erlendu blaði við fyrrverandi forseta breska þingsins sem lét af störfum fyrir skömmu. Hann var virtur og mikils metinn sem forseti og ég ætla að leyfa mér að vitna í orð hans í þessu viðtali sem varða skyldur forseta við stjórn og stjórnarandstöðu. Hann segir:

„Við megum aldrei gleyma því að ríkisstjórn á rétt á því að koma málum sínum í gegnum þingið en jafnframt að stjórnarandstaðan hefur rétt til þess að gagnrýna þau mál. Það er sú jafnvægislist sem ævinlega þarf að stunda og það er verk forsetans að gæta jafnvægisins og tryggja að tíma þingsins sé ekki eytt í ónauðsynlegar umræður um þingsköp."

Þessi orð vil ég leyfa mér að gera að mínum því að þau koma heim og saman við viðhorf mín og þann anda sem ég hef reynt og viljað starfa eftir.

Nú þegar líður að lokum þessa fundar er mér efst í huga þakklæti til hv. þm. fyrir hið ágæta samstarf sem leitt hefur til þess að unnt var að ljúka afgreiðslu þingmála í dag, ef hægt er að tala um dag, þótt eilítið seinna væri en stefnt var að. Sérstaklega vil ég láta í ljósi þakklæti fyrir ánægjuleg samskipti við formenn þingflokka og aðra fulltrúa þingflokka sem að þeim samskiptum hafa komið. Slíkt samstarf er að mínu mati mikilvægt að efla svo að traust og trúnaður geti ríkt þar á milli. Einnig þakka ég öllum hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn fyrir góða samvinnu á þingtímanum og fyrir það traust sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Félögum mínum í forsætisnefnd, sem jafnan hafa verið mér ómetanlegur styrkur í öllum störfum mínum og ljúflega veitt aðstoð við undirstjórn, vil ég enn fremur færa einlægar þakkir. Skrifstofustjóra og starfsliði færi ég bestu óskir og þakklæti fyrir vel unnin störf og góða samvinnu.

Ég óska þingmönnum, sem um langan veg eiga að fara, góðrar heimferðar og þingmönnum öllum og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Hins sama óska ég skrifstofustjóra og starfsliði hans.

Fyrir hönd Alþingis óska ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Ég þakka hæstv. forseta góðar óskir í garð okkar þingmanna og fjölskyldna okkar. Ég þakka hæstv. forseta jafnframt störf hennar í vetur, svo og forsetum öllum þar sem oft hefur þurft að takast á við erfið matsatriði undir nýjum þingsköpum. Að loknum þessum vetri munu þingsköpin verða tekin til endurskoðunar í ljósi reynslunnar og munum við þingmenn þá m.a. taka mið af fundarstjórn hæstv. forseta.

Við þingmenn höfum á stundum virst vanþakklátir en mig langar þó að rifja það upp er við lýstum ánægju okkar yfir snjallri lausn forseta í vandasömu máli. Var þá haft á orði að hér væri salómonsdómur orðinn að Salomedómi. Ég trúi því og treysti að við megum í samstarfi um endurskoðun þingskapa vænta slíkra réttlátra málamiðlana þar sem tekið er tillit til allra sjónarmiða.

Þótt við gerum nú hlé á reglubundnum þingfundum til 17. ágúst nk. samkvæmt samkomulagi fer því fjarri að hlé verði á því erilsama starfi sem forseti og þingmenn gegna. Fram undan eru langir og strangir fundir utan þingsala og vandasöm skipulagsvinna forseta.

Ég vil óska hæstv. forseta allra heilla í því mikilvæga hlutverki. Ég vil nú enn fremur við þinglok óska forseta og fjölskyldu hennar góðs sumars. Enn fremur færi ég skrifstofustjóra Alþingis og öllu öðru starfsfólki hér þakkir okkar þingmanna fyrir ómetanleg og vel unnin störf í þágu þingsins í þeim önnum sem ríkt hafa nú að undanförnu.

Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 9. þm. Reykn. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég ítreka óskir mínar til allra hv. þm. og starfsfólks Alþingis og óska öllum gæfu og gengis.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Handhafar valds forseta Íslands hafa ritað svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gera kunnugt:

Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis 115. löggjafarþings frá 20. maí 1992 og standi sú frestun til 17. ágúst 1992 nema kveðja þurfi Alþingi

saman samkvæmt síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1992.

Davíð Oddsson, Salome Þorkelsdóttir,
Guðrún Erlendsdóttir.

Davíð Oddsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum þessa Alþingis, 115. löggjafarþings, er frestað.

Ég leyfi mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.